Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Ný framsetning fjárlaga og ríkisreiknings	11
3. Helstu þættir ríkisfjármála	15
4. Framvinda og horfur í efnahagsmálum	23
5. Horfur í ríkisfjármálum næstu ár	35
6. Yfirlit lánsfjármála	39
Fylgiskjal: Töfluviðauki	43

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði 1. grein: Rekstraryfirlit A-hluta, 2. grein: Sjóðstreymi A-hluta, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ábyrgðir, 6. grein: Skerðingarákvæði, 7. grein: Heimildir fjármálaráðherra.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur og lögbundin framlög, 4. Lánsfjármál ríkisaðila í A-, B- og C-hluta.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála og ný framsetning fjárlaga, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ábyrgðir, 7. Skerðingarákvæði, 8. Heimildir fjármálaráðherra.

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis, en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Aðild fjárlaganefndar er með nýjum lögum um fjárreiður ríkisins gerð enn skýrari en áður hvað þetta varðar. Sem fyrr verður fjallað um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings, síðari hluta desember.

Breytt framsetning

Fjárlagafrumvarpið er nú lagt fram með mjög breyttu sniði í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum í öðrum kafla greinargerðarinnar. Þá er frumvarpið nú sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær, auk sérstakra yfirlita.

Þar er því að finna nákvæmari upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin, bæði tekjur og gjöld.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir nýrri framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Í þriðja kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum 1997. Í fjórða kafla er fjallað um framvindu efnahagsmála að undanförnu og horfur árið 1998. Í fimmta kafla er lýst horfum í ríkisfjármálum fram yfir aldamót. Í sjötta kafla er yfirlit yfir helstu þætti lánamála ríkissjóðs.

Lagagreinar frumvarpsins - síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ábyrgðir.
6. gr. Skerðingarákvæði.
7. gr. Heimildir fjármálaráðherra.
8. gr. Önnur ákvæði.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Traustari staða ríkisfjármála

Í þessum kafla koma fram megináherslur ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum með sérstöku tilliti til framvindunnar undanfarin misseri og markmiða fjárlagafrumvarpsins.

Fjárlagafrumvarpið endurspeglar helstu áherslur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Annað árið í röð er gert ráð fyrir afgangi á fjárlögum, eftir samfelldan halla frá miðjum síðasta áratug. Þetta er til marks um þann árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu og er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en fyrsta skrefið í átt til jafnvægis var stigið með fjárlögum ársins 1996. Mikilvægt er að stefna að frekari afgangi á ríkissjóði á næstu árum til þess að lækka skuldir ríkisins og draga úr þeim vaxtakostnaði sem hallarekstur undanfarinna ára hefur leitt til. Traustari staða ríkisfjármála hefur einnig gert kleift að lækka skatta heimilanna og auka útgjöld til velferðar- og menntamála.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs



Stöðugleiki í efnahagsmálum

Ríkisstjórninni hefur í öllum meginatriðum tekist að ná efnahagsmarkmiðum sínum. Stöðugleiki ríkir í efnahagslífinu og hagvöxtur hér á landi er meiri en í þeim löndum, sem við helst berum okkur saman við. Kjarasamningar hafa verið gerðir til þriggja ára án þess að markmiðum um stöðugt verðlag hafi verið fórnað. Á næstu árum gefst því tækifæri til að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja enn frekar. Ennfremur hefur náðst jafnvægi í ríkisfjármálum, en það er forsenda þess að draga megi úr skuldum ríkissjóðs, lækka vexti og koma í veg fyrir aukna skattbyrði almennings í framtíðinni.

Skattar lækka

Í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins var tekjuskattskerfið tekið til endurskoðunar til þess að draga úr jaðaráhrifum. Í þessu skyni var horft jafnt á möguleika til að lækka skatthlutfallið og draga úr tekjutengingu ýmissa bótagreiðslna. Þessi vinna, sem fram fór á vettvangi svokallaðrar jaðarskattanefndar, leiddi til þess að ríkisstjórnin ákvað að lækka tekjuskatt einstaklinga um 4 prósentustig á tæplega tveggja ára tímabili. Fyrsti áfanginn, 1,1 prósentustiga lækkun, kom til framkvæmda þegar á þessu ári, um næstu áramót lækkar skatthlutfallið um 1,9 stig í viðbót og loks um 1 stig í ársbyrjun 1999. Auk þess var lögfest að skattleysismörk skyldu hækka um 2,5% á ári næstu þrjú ár. Lækkun tekjuskatts nú kemur í kjölfar þess að undanþiggja lífeyrisiðgjöld launþega skattlagningu, sem kom til framkvæmda á árunum 1995 og 1996, en sú ákvörðun jafngilti 1,5-1,7 prósentustiga lækkun tekjuskatts.

Dregið úr tekjutengingu

Samhliða þessum breytingum var gerð breyting á barnabótakerfinu þar sem skerðingarhlutföll vegna tekna eru lækkuð með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum barnabóta. Fyrsta skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum barnabóta var hins vegar stigið þegar á árinu 1996, en þá voru skerðingarhlutföll einnig lækkuð. Til viðbótar þessum ákvörðunum ákvað ríkisstjórnin síðastliðið vor breytingar á bótum almannatrygginga sem draga verulega úr jaðaráhrifum, meðal annars við greiðslu uppbótar á lífeyri. Í stað niðurfellingar á afnotagjaldi ríkisútvarpsins og fastagjaldi af síma voru bætur hækkaðar. Þá hafa stjórnvöld nýverið ákveðið að draga úr jaðaráhrifum námslána með lagabreytingu þar sem endurgreiðsluhlutfall lána var lækkað úr 7% í 4,75%. Með þessum ákvörðunum stjórnvalda hafa verið stigin veigamikil skref í átt til þess að lækka jaðarskatta og draga úr tekjutengingum.

Næstu skref í skattamálum

Undanfarin ár hefur ýmsum veigamiklum þáttum skattkerfisins verið breytt. Svipað hefur verið upp á teningnum hjá öðrum þjóðum. Á sama tíma kann þróunin, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi, að kalla á enn frekari breytingar á sviði skattamála. Því er full ástæða til þess að skoða hver staða skattkerfisins er í samanburði við það sem er í helstu viðskiptalöndum okkar. Af þessu tilefni hefur fjármálaráðherra ákveðið að skipa nefnd til að meta stöðu íslenska skattkerfisins og reifa hugmyndir um hugsanlegar breytingar.

Kaupmáttur launafólks og lífeyrisþega aukinn

Með þeirri lækkun tekjuskatts og hækkun skattleysismarka sem nú hefur verið lögfest er almenningi tryggður aukinn kaupmáttur á næstu árum umfram það sem rekja má til umsaminna launahækkana í kjarasamningum. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið umtalsverða hækkun á bótum almannatrygginga, sem nemur um 13% frá ársbyrjun 1997 til janúar 1998. Með þessari ákvörðun er lífeyrisþegum tryggð einhver mesta kaupmáttaraukning tryggingabóta síðari ára og kemur það best þeim sem lakast eru settir.

Grunnur að varanlegri velferð

Stöðugleiki í efnahagslífinu hefur skapað skilyrði til að horfa lengra fram á veginn og undirbúa fyrirsjáanlegar breytingar á högum þjóðarinnar, einkum vegna breyttrar aldurssamsetningar. Ríkisstjórnin hefur að undanförnu unnið að endurskoðun lífeyrissjóðsmála til að treysta grundvöllinn enn frekar og auka fjölbreytni langtímasparnaðar. Þannig er lagður grunnur að því að tekjur fólks á starfsævinni dugi til framfærslu til æviloka. Hlutverk almannatrygginga í framtíðinni á fyrst og fremst að vera að aðstoða þá sem verst eru settir, til dæmis vegna skertrar starfsorku, og eiga ekki kost á öðrum tekjum.

Kynslóðareikningar

Að undanförnu hefur Hagfræðistofnun Háskólans, í samvinnu við fjármálaráðuneytið og Þjóðhagsstofnun, unnið að gerð svokallaðra kynslóðareikninga. Markmið þessara reikninga er að meta áhrif fjármálastefnu hins opinbera á hag komandi kynslóða. Niðurstöðurnar geta gefið mikilvæga vísbendingu um hvert stefnir að óbreyttu og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að jafna kjörin milli kynslóða. Nú liggja fyrir fyrstu niðurstöður, en gert er ráð fyrir að endanlegar niðurstöður verði kynntar í skýrslu sem lögð verður fram á Alþingi í haust.

Dregið úr ríkisafskiptum

Að undanförnu hefur skilningur farið vaxandi á því að jafnvægi í ríkisfjármálum sé forsenda stöðugleika í efnahagsmálum. Ennfremur hefur víða um lönd verið lögð áhersla á að draga úr umsvifum hins opinbera og leyfa einstaklingsframtakinu að njóta sín. Þessa hefur einnig gætt hér á landi. Samhliða opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins hafa samskipti innlendra og erlendra aðila farið ört vaxandi. Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli fjárfest erlendis og eftir áratuga stöðnun hefur erlend fjárfesting í orkufrekum iðnaði hér á landi með tilheyrandi uppbyggingu orkuvera hafist að nýju. Enginn vafi er á að þessi þróun glæðir hagvöxt og stuðlar að aukinni atvinnu. Þegar hafa verið stigin mikilvæg skref hér á landi í því skyni að draga úr áhrifum ríkisins á fjármagnsmarkaði, meðal annars með því að ýmis fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins hafa verið gerð að hlutafélögum og stefnt er að sölu þeirra á næstunni.

Markmið velferðarþjóðfélagsins treyst

Íslendingar hafa til skamms tíma verið í öldudal í efnahagsmálum líkt og aðrar Norðurlandaþjóðir. Til þess að treysta undirstöður atvinnulífsins og stuðla að auknum hagvexti og atvinnu hefur verið nauðsynlegt að grípa til ýmissa aðgerða í ríkisfjármálum. Viðurkennt er að blómlegt atvinnulíf, fjölgun starfa og aukin verðmætasköpun er forsenda velferðar. Nýleg norræn skýrsla staðfestir að þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til á undanförnum árum hafa skilað sér í öflugum hagvexti, minnkandi atvinnuleysi, lækkandi vöxtum og jafnvægi í ríkisfjármálum án þess að tekjudreifing hafi raskast, meðal annars vegna sérstakra aðgerða sem stjórnvöld gripu til í því skyni að verja kjör hinna verst settu. Með markvissum aðgerðum hefur þannig tekist að endurreisa atvinnulífið og jafnframt verja meginmarkmið velferðarþjóðfélagsins.

Breytingar í ríkisrekstri

Á undanförnum árum hefur verið unnið að breyttum rekstrarháttum hjá ríkinu, meðal annars með auknum útboðum verkefna, sameiningu ríkisstofnana, sérstökum þjónustusamningum milli stofnana og ráðuneyta og aukinni ábyrgð stjórnenda. Meginreglan á að vera sú að ríkið annist aðeins þau verkefni sem ekki er hægt að fela öðrum. Ennfremur er mikilvægt að jafna aðstöðumun þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila og gera arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja. Einn liður í þessum breytingum snýr að sjálfri fjárlagagerðinni, en undanfarin ár hefur verið unnið að því að styrkja hana. Þannig hefur í vaxandi mæli verið farið út í svokallaða rammafjárlagagerð sem gerir í senn auknar kröfur til einstakra ráðuneyta en eykur um leið sjálfstæði þeirra í fjárlagagerðinni. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut, meðal annars með því að skoða hvort ástæða er til að breyta fjárlagaferlinu, tímasetningum o.fl.

Ný framsetning fjárlaga

Með nýjum lögum um fjárreiður ríkisins er kveðið á um breytta framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Markmið þessara breytinga er meðal annars að auðvelda yfirsýn yfir heildarumsvif ríkisins og jafnframt færa reikningshald nær því sem gerist í fyrirtækjarekstri. Breytt framsetning dregur fram áhrif ýmissa ákvarðana, hvort sem þær lúta að útgjöldum, tekjum eða lánamálum, með mun skýrari hætti en áður. Dæmi um þetta eru ýmsar skuldbindingar sem nú munu koma skýrt fram í fjárlögum, en fram til þessa hafa þau einungis sýnt greiðslur fjárlagaársins. Þessi breyting er hins vegar afar umfangsmikil og gerir samanburð milli ára erfiðan og vandasaman. Nánar er fjallað um helstu atriði þessara breytinga í næsta kafla og reyndar víðar í greinargerðinni.

Nýtt launakerfi ríkisstarfsmanna

Í kjarasamningum við ríkisstarfsmenn á þessu ári hefur verið lagður grunnur að nýju launakerfi. Hugsunin að baki því er að draga úr miðstýringu launaákvarðana og færa vald og ábyrgð á starfsmannamálum til forstöðumanna stofnana og fyrirtækja ríkisins. Jafnframt gefur nýtt launakerfi aukna möguleika á að starfsmenn fái laun í samræmi við hæfni og ábyrgð.

Jafnréttismál

Í kjarasamningum ríkisins á undanförnum árum hafa laun svokallaðra kvennastétta hækkað umfram laun annarra. Auk lögbundinna jafnréttisáætlana hefur verið unnið að því að styrkja stöðu kvenna í störfum hjá ríkinu, meðal annars með því að upplýsa stjórnendur um hvernig megi breyta viðhorfum sem hafa haldið við launamun milli kynjanna. Ríkisstjórnin hefur einnig samþykkt að feður í röðum ríkisstarfsmanna geti sótt um sérstakt tveggja vikna fæðingarorlof, en með því er enn frekar ýtt undir viðhorfsbreytingar um hlutverk kynjanna.

Árangur í efnahagsmálum

Ekki leikur vafi á því að mikill árangur hefur náðst í efnahagsmálum að undanförnu. Hagvöxtur er með því mesta sem þekkist. Atvinnuleysi er mun minna en í nágrannalöndunum. Verðbólga er einnig með minnsta móti. Þessi árangur hefur skilað sér í ört batnandi lífskjörum

heimilanna eins og sést best á því að kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn munu aukast um meira en 20% frá 1995 til ársins 2000. Þessi árangur er mikilsverður, ekki aðeins á íslenskan mælikvarða heldur einnig í samanburði við aðrar þjóðir. Einnig má nefna að Ísland hefur, eitt fárra Evrópuríkja, að undanförnu uppfyllt öll almenn skilyrði Maastrichtsáttmálans, hvort sem litið er til afkomu og skuldastöðu ríkisins eða verðbólgu og vaxta. Þetta hefur einnig orðið til þess að bandarísku matsfyrirtækin Moody's og Standard & Poor's hafa hækkað lánshæfismat íslenska ríkisins að undanförnu með tilvísun til þess árangurs sem traust og ábyrg hagstjórn hér á landi undanfarin ár hefði skilað. Þá hefur efnahagsstefnan stuðlað að bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins, eins og fram kemur í alþjóðlegum samanburði, og er Ísland nú mun framar í röðinni en fyrir 5-10 árum.

Mikilvægt að varðveita stöðugleikann

Þótt árangurinn í efnahagsmálum sé mikill er ástæða til að hafa hugfast að hann kom ekki af sjálfu sér. Íslensk hagsaga geymir því miður mörg dæmi um lausatök í efnahagsmálum, einkum þegar vel árar. Því er mikilvægt að treysta stöðugleikann í sessi. Ef ekki er hyggilega að málum staðið er auðvelt að glutra árangrinum niður. Traust staða í ríkisfjármálum sem miðar að því að greiða niður skuldir á næstu árum er forsenda þess að áfram ríki góðæri í íslensku efnahagslífi. Þannig er best stuðlað að ráðdeild og fyrirhyggju, en það er markmið þessa frumvarps.

2 Ný framsetning fjárlaga og ríkisreiknings

Á síðasta þingi voru sett ný lög um fjárreiður ríkisins sem leystu eldri lög, um gerð ríkisreiknings og fjárlaga, af hólmi. Með þeim var sett heildstæð löggjöf um gerð ríkisreiknings og fjárlaga, framkvæmd fjárlaga og lántökur ríkisins. Nýju lögin taka gildi í ársbyrjun 1998. Því er frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998 samið eins og kveður á um í þeim lögum. Fjárlagafrumvarpið er þannig í senn, lýsandi um þær breytingar sem ákveðnar hafa verið og mótandi um framhaldið.

Hvers vegna breytingar?

Á síðari árum hafa ný viðhorf rutt sér til rúms í opinberum fjármálum og stjórnsýslu sem m.a. kalla á glöggar upplýsingar um fjármál hins opinbera svo haldbært mat verði lagt á árangur starfseminnar. Tekur þetta til tekjuöflunar ríkisins sem og útgjalda, lánsfjáröflunar og áhrifa hennar á vexti og verðlag. Einnig skal nefnt að frá því fyrri lög um reikningshald ríkisins voru sett hafa miklar breytingar orðið á gerð ársreikninga fyrirtækja, bókhaldi, tölvutækni og hvers konar upplýsingastreymi og upplýsingagjöf til stjórnvalda, fjölmiðla og almennings.

Samræmd reikningsskil

Reikningsskil hins opinbera hafa um árabil verið frábrugðin reikningsskilum fyrirtækja sem starfa á almennum markaði. Skýrist það einkum af ólíku hlutverki og markmiðum hins opinbera borið saman við einkafyrirtæki. Í báðum tilvikum er þó lögð áhersla á að sýna kostnað af framleiðslustarfsemi og varpa ljósi á rekstrarárangur. Hlutverk og markmið hins opinbera verða hins vegar seint skilgreind með jafn afgerandi hætti og einkafyrirtækja. Hin síðari ár hefur hlutverk hins opinbera í efnahagsstarfseminni breyst og auknar kröfur verið gerðar til starfseminnar. Jafnframt hefur verið dregið úr beinum afskiptum ríkisins en því ætlað að tryggja skilyrði eðlilegrar samkeppni í efnahagslífinu. Gild rök eru þannig fyrir því að færa reikningsskil ríkisins nær því sem er hjá fyrirtækjum.

Með lögum nr. 144/1994, um gerð ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, voru settar heildstæðar reglur um ársreikningagerð og reikningshald fyrirtækja. Í lögum um fjárreiður ríkisins er ákveðið að reikningshald ríkisins fylgi í meginatriðum sömu grundvallarreglum með þeirri undantekningu að varanlega rekstrarfjármuni ber að gjaldfæra á kaupári í ríkisreikningi í stað þess að eignfæra þá í efnahagsreikningi eins og kveðið er á um í almennum lögum. Fyrirtækjum og sjóðum ríkisins er aftur á móti skylt að fylgja almennum reglum um reikningshald fyrirtækja.

Í stuttu máli má segja að nýjar reikningsskilareglur ríkisins taki allt í senn til uppgjörsháttar ríkissjóðs, flokkunar tekna og gjalda og þeirra aðila sem fram koma í fjárlögum og ríkisreikningi. Hér á eftir er stiklað á stóru um breytingarnar borið saman við fyrri framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings sem mönnum er töm eftir áralanga notkun.

Rekstrargrunnur - greiðslugrunnur

Hingað til hafa fjárlög verið sett fram á greiðslugrunni og áætlaðar greiðsluhreyfingar ársins og heimildir löggjafans tekið mið af honum. Ríkisreikningur hefur aftur á móti sýnt skuldbindingar sem stofnast á fjárlagaárinu, ásamt greiðsluhreyfingum. Með fjárlögum á rekstrargrunni fæst mun marktækari samanburður við niðurstöður ríkisreiknings en áður.

Með framsetningu fjárlaga á rekstrargrunni koma árleg heildarumsvif ríkissjóðs skýrt fram og mat á langtímaáhrifum þeirra verður auðveldara. Fjölmargar ákvarðanir um ríkisfjármál hafa áhrif á ríkissjóð umfram það sem tekur til fjárlagaársins. Þetta á ekki síst við um skuldbindingar ríkisins vegna lífeyrisréttinda starfsmanna þess, vaxtaútgjalda sem safnast upp þó svo greiðsla fari ekki fram fyrr en síðar og skuldbindingar sem felast í samningum. Með þessari grundvallarbreytingu öðlast hugtakið fjárveiting nýja merkingu, þannig að það merkir nú heimild til að stofna til skuldbindinga, jafnhliða því sem sýnt er hvað ríkissjóður mun greiða til hlutaðeigandi stofnunar eða verkefnis á fjárlagaárinu.

Framsetning fjárlaga á greiðslugrunni hefur vissa kosti en einnig takmarkanir. Þessi aðferð hentar vel til eftirlits með greiðslum til ríkisaðila og til að sýna skammtímaáhrif ríkisbúskaparins á hagkerfið, bæði á innlenda eftirspurn og peningamarkaðinn. Stærsti annmarkinn við greiðslugrunnsaðferðina er að ekki eru allar tekjur ríkissjóðs innheimtar um leið og þær eru kræfar og öll gjöld eru ekki staðgreidd. Til þess að nýta kosti hvorrar uppgjörsaðferðar um sig verða fjárlög og ríkisreikningur framvegis sett fram á rekstrargrunni. Einnig verður sýnt sjóðstreymi ársins en það kemst næst því að lýsa framsetningu fjárlaga eins og hún hefur verið til þessa.

Allar heimildir í fjárlögum

Til þessa hefur láns- og útgjaldaheimilda ýmist verið leitað í fjárlögum, lánsfjárlögum eða sérlögum. Framvegis verða allar þessar heimildir ákveðnar í fjárlögum og allar helstu stefnumarkandi ákvarðanir í ríkisfjármálum því teknar samtímis, hvort sem þær snerta lögbundin framlög, rekstur stofnana, fjárfestingu ríkisins, lánsfjármál eða ríkisábyrgðir. Þessi breyting hefur óhjákvæmilega einnig áhrif á störf Alþingis. Hingað til hefur afgreiðsla fjárlaga fallið undir verksvið fjárlaganefndar en afgreiðsla lánsfjárlaga undir verksvið efnahags- og viðskiptanefndar. Nú fellur hvort tveggja undir fjárlaganefnd.

Fjárreiður ríkisaðila

Ríkisreikningi verður framvegis skipt í nokkra hluta. Í A-hluta eru sýndar fjárreiður ríkisstofnana og heildaryfirlit um fjármál ríkissjóðs. Í B-hluta er yfirlit um fjárreiður fyrirtækja ríkisins og í C-hluta er samsvarandi yfirlit um fjárreiður sjóða í ríkiseign. Þá er að nefna að í D- og E- hluta eru fjárreiður fjármálastofnana og hlutafélaga með meirihluta eignaraðild ríkisins skýrðar en til þessa hefur ekki verið gerð grein fyrir þessum aðilum í ríkisreikningi. Í *fjárlögum* aftur á móti verða sýndar fjárreiður A-, B- og C-hluta

ríkisins. Markviss ákvæði um hverjir teljast til ríkisaðila leiða til þess að fjárlög ná nú til fjölmargra nýrra aðila.

Tekjur ríkissjóðs skilgreindar

Tekjuhugtakið hefur nú verið endurskilgreint, einkum út frá alþjóðlegum viðmiðum. Sú skilgreining miðar að því að tekjuhlið ríkissjóðs gefi skýra mynd af afskiptum ríkisins af efnahagsstarfseminni og að tekjur ríkisins séu að fullu taldar í ríkisreikningi og fjárlögum. Markmiðið er að koma í veg fyrir að skattheimta eða gjaldtaka ríkisins lendi utan fjárlaga eða ríkisreiknings. Þá er sú veigamikla breyting gerð að brúttófæra tekjur jafnt sem gjöld í fjárlögum. Hingað til hefur tíðkast að nettófæra skatta, þ.e. draga veittan afslátt eða frádrátt frá skatttekjum í tekjuhlið ríkissjóðs. Styrkir eða afsláttur sem eru útborganlegir og óháðir ákvörðun um skatta munu því framvegis færast til útgjalda á gjaldahlið fjárlaga. Dæmi um þetta eru barnabætur sem ráðast af fjölda og aldri barna en eru ótengdar skattlagningunni sem slíkri. Sama gildir um vaxtabætur.

Lykilhugtök um afkomu ríkisins

Á liðnum árum hefur athygli þeirra sem um ríkisfjármál fjalla ekki síst beinst að mismun tekna og gjalda ríkissjóðs. Minna hefur verið lagt upp úr öðrum mælikvörðum á afkomu ríkissjóðs s.s. fjárþörf ríkissjóðs og handbæru fé frá rekstri. Fleiri þætti ber að skoða og skipta máli þegar afkoma og staða ríkissjóðs er skoðuð:

Í fyrsta lagi er tekjujöfnuður, þ.e. mismunur álagðra tekna og áfallinna gjalda, sterk vísbending um afkomu. Hjá ríkissjóði er þessi uppgjörsmælikvarði þó frábrugðinn því sem er hjá fyrirtækjum að því leyti að fjárfesting er gjaldfærð að fullu við kaup en ekki eignfærð og síðan afskrifuð eins og gert er í atvinnurekstri.

Í öðru lagi er sjóðstreymi, einkum breyting á handbæru fé frá rekstri, önnur lykilstærð. Það sýnir greiðsluhreyfingar vegna reksturs að frádregnum reiknuðum stærðum og breytingum á skammtímaliðum. Hér koma t.d. fram meginárhif af sölu eigna ríkisins. Sala eigna hefur takmörkuð áhrif á jöfnuð af reglubundinni starfsemi ríkissjóðs en hefur aftur á móti bein áhrif á lánsfjárþörf.

Í þriðja lagi er lánsfjárþörf á hverjum tíma mikilvæg stærð í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna. Hún er ýmist skoðuð að meðtöldum afborgunum og endurlánum til annarra aðila eða að þeim frádregnum þ.e. heildarlánsfjárþörf (brúttó) eða hrein (nettó) lánsfjárþörf. Samhliða lánsfjárþörfinni er síðan sýnt hvernig henni er mætt með lántökum en mismunur lánsfjárþarfar og lánsfjármögnunar kemur fram sem breyting á handbæru fé.

Í fjórða lagi mun efnahagsreikningur ríkissjóðs fá breytta þýðingu við það að eignarhluti ríkisins í ríkisfyrirtækjum verður eignfærður í ríkisreikningi. Nú er unnið að því að meta eignir ríkisins í fyrirtækjum og hlutafélögum þannig að eignaskráningin á efnahagshlið lýsi virði þeirra sem best. Önnur eignakaup og stofnkostnaðargjöld

í A-hluta ríkissjóðs verða hins vegar áfram gjaldfærð að fullu en þó skráð í sérstakri eignaskrá ríkisins.

Sala eigna - efnahagsfærslur

Nokkur breyting verður á færslu við sölu ríkisfyrirtækja. Fram til þessa hefur andvirði ríkisfyrirtækja, umfram eignfærslu, verið fært til tekna í ríkisreikningi við sölu. Þetta breytist ekki, en víðtækari eignaskrá og raunvirðismat á eignunum hefur hins vegar töluverð áhrif. Nú mun sala, í ríkari mæli en áður, koma annars vegar fram sem breyting á eignum ríkissjóðs og hins vegar sem söluhagnaður eða tap. Sala hlutabréfa, t.d. í ríkisbanka, birtist þannig sem eignasala á rekstrarreikningi að því marki sem andvirði sölunnar er umfram skráð nafnverð hlutabréfa. Á efnahagsreikningi kemur aftur á móti fram eignaminnkun samsvarandi nafnverði þeirrar eignar sem seld er. Þannig má segja að sala eigna hafi áhrif bæði á jöfnuð tekna og gjalda rekstrarreiknings, en einnig á efnahagsreikning ríkissjóðs og fjármagnsjöfnuð. Með nákvæmlega sama hætti og hingað til hefur sala eigna bein áhrif til lækkunar á lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Samanburður milli ára

Hinar umfangsmiklu breytingar á framsetningu og reikningshaldi ríkisins verða til þess að vandasamt er að bera saman niðurstöður milli ára. Í næsta kafla er leitast við að draga fram helstu kennitölur ríkisfjármálanna, einkum lánsfjárþörf ríkissjóðs og mismun tekna og gjalda fyrir og eftir breytingu.

3 Helstu þættir ríkisfjármála

Í þessum kafla eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps fyrir árið 1998. Jafnframt er gerð grein fyrir horfum í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári með samanburði við áform fjárlaga. Einungis er stiklað á meginatriðunum, en nánar er fjallað um einstaka þætti síðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og síðari hluta.

3.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 1997

Hallalaus fjárlög

Fjárlög ársins 1997 voru afgreidd með afgangi, eftir samfelldan halla frá árinu 1985. Þetta var í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á tveimur árum. Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 126,2 milljarðar króna, en heildarútgjöld 126,1 milljarður. Samkvæmt þessu var talið að afkoma ríkissjóðs árið 1997 gæti orðið í járnum.

Staða ríkissjóðs styrkist

Afkomuhorfur ríkissjóðs á yfirstandandi ári hafa nú verið endurskoðaðar, meðal annars á grundvelli útkomunnar fyrstu átta mánuði ársins og endurskoðaðrar þjóðhagsspár. Nú er talið að staðan í árslok geti orðið talsvert betri en fjárlög gerðu ráð fyrir, eða rúmlega 2½ milljarðs króna afgangur, ef frá er talin um 4 milljarða króna vaxtafærsla vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina sem ekki var á fjárlagaáætlun. Að þessum vaxtagjöldum meðtöldum stefnir hins vegar í tæplega 1½ milljarðs króna halla í árslok.

Afkoma ríkissjóðs, að vöxtum frátöldum, hefur einnig styrkst og er nú talin verða jákvæð um tæplega 11 milljarða króna, eða sem svarar til um það bil 2% af landsframleiðslu. Þessi mælikvarði er gjarnan notaður til að varpa ljósi á grundvallarþætti ríkisfjármálanna. Til samanburðar má nefna að á árinu 1996 var afkoman á þessum mælikvarða jákvæð um 6,7 milljarða króna, en á árunum 1985-1995 var hún hins vegar neikvæð sem nam um 3½ milljarði að jafnaði á ári.

Tekjurnar hækka umtalsvert

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun eru heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1997 taldar geta orðið um 130,9 milljarðar króna, eða 4,7 milljörðum hærri en í fjárlögum. Tekjuaukann má að talsverðu leyti rekja til meiri umsvifa í efnahagslífinu en gengið var út frá við afgreiðslu fjárlaga, meðal annars vegna launahækkana og aukins kaupmáttar heimilanna í kjölfar kjarasamninga. Þá hafa lækkun tekjuskatts einstaklinga, sem kom til framkvæmda síðastliðið vor, og litlar verðbreytingar átt sinn þátt í að auka kaupmáttinn. Einnig koma til sérstök tilefni sem hafa skilað ríkissjóði tekjum umfram áætlun fjárlaga.

Talið er að tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja skili 1,3 milljörðum króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar vegur þyngst betri afkoma fyrirtækja, en tekjur einstaklinga hafa einnig hækkað meira en áður var áætlað. Rétt er að vekja athygli á því að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun tekjuskatts, sem lögfest var

á Alþingi síðastliðið vor, mun aðeins að litlu leyti breyta áætlun fjárlaga þar sem í henni hafði þegar verið gert ráð fyrir fyrsta áfanga lækkunarinnar. Tekjuskattslækkunin mun hins vegar koma fram af fullum þunga í fjárlagatölum næsta árs og raunar næstu tveggja ára. Tekjur af tryggingagjaldi munu einnig aukast vegna aukinna tekna heimilanna, um nálægt hálfan milljarð króna.

Aukin umsvif

Aukin umsvif í efnahagslífinu koma fram í meiri neysluútgjöldum heimilanna, einkum í kaupum á svokölluðum varanlegum neysluvörum eins og bifreiðum og heimilistækjum. Þetta skilar sér í auknum tekjum af vörugjöldum, virðisaukaskatti, bifreiðagjöldum o.fl. Talið er að veltuskattar aukist um 1½ milljarð króna frá áætlun fjárlaga. Tekjur af virðisaukaskatti hækka um rúmlega hálfan milljarð króna frá fjárlagaáætlun, eða heldur minna en nemur almennum veltubreytingum. Skýringin á því er meðal annars áframhaldandi mikill innflutningur á fjárfestingarvöru sem veldur ákveðnum tilfærslum í greiðsluflæði virðisaukaskatts. Þá hefur aukin samkeppni í ýmsum verslunargreinum, einkum matvöruverslun og bifreiðaverslun, leitt til lægri álagningar sem aftur kemur fram í minni tekjum af virðisaukaskatti. Auk áhrifa af meiri umsvifum í efnahagslífinu og auknum kaupmætti koma til sögunnar sérstök tilefni sem hafa styrkt tekjuhlið ríkissjóðs á árinu. Bæði hafa tekjur af sölu eigna verði meiri en reiknað var með í fjárlögum og sama máli gegnir um arðgreiðslur ríkisfyrirtækja. Samanlagt munu þessir tveir liðir líklega skila um 1 milljarðs króna tekjuauka á árinu.

Útgjöldin aukast einnig

Útgjaldahorfur ríkissjóðs fyrir árið 1997 hafa einnig verið endurmetnar í ljósi greiðslustöðu fyrstu átta mánaða ársins og ákvarðana stjórnvalda um ný útgjöld. Samtals er talið að útgjöld ríkissjóðs verði um 132,2 milljarðar króna, eða rúmlega 6 milljörðum umfram fjárlög. Þar af má rekja 4 milljarða króna til aukinna vaxtagreiðslna vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina eins og áður er getið um.

Útgjöld sjúkratrygginga eru talin verða 430 m.kr. umfram fjárlög, en það tengist einkum rekstri daggjaldastofnana, auknum lækniskostnaði, sjúkraþjálfun o.fl. Þá eru 320 m.kr. ætlaðar til að bæta rekstrarafkomu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Til vegamála er áætlað að við bætist 215 m.kr. vegna meiri tekna af þungaskatti og hækkunar á bensíngjaldi. Framlög til utanríkismála aukast um 170 m.kr. vegna viðhalds á fasteignum og opnunar nýrra sendiráða hjá Evrópuráðinu í Strassburg og í Finnlandi. Þá aukast framlög til skóla-, landbúnaðar- og vinnumarkaðsmála um 120-150 m.kr. í hverjum málaflokki. Á móti kemur að ýmsar greiðsluheimildir í fjárlögum verða ekki nýttar að fullu á árinu.

Áhrif kjarasamninga

Þrátt fyrir að kjarasamningar við félög ríkisstarfsmanna hafa kveðið á um meiri launahækkanir en reiknað var með í forsendum fjárlaga mun þessa ekki gæta nema að takmörkuðu leyti á þessu ári. Ástæðan er sú að nokkuð var liðið á árið þegar gengið var frá flestum þeirra.

Samtals má ætla að samningarnir kosti ríkissjóð um 500 m.kr. umfram það sem ætlað var í fjárlögum, eða sem svarar til um 1% af heildarlaunum stofnana í A-hluta. Ákvarðanir ríkisstjórnar um hækkun almanna- og atvinnuleysistryggingabóta eru taldar leiða til 400 m.kr. útgjaldaauka umfram fjárlög. Þá er meðtalin ákvörðun um hækkun á heimilisuppbót um mitt ár sem kom í stað niðurfellingar á afnotagjaldi sjónvarps og fastagjaldi af síma.

Breytingar á lánsfjárþörf

Betri rekstrarafkoma dregur úr lánsfjárþörf ríkissjóðs. Á móti koma nokkur atriði sem verða til þess að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. það fjármagn sem ríkissjóður þarf að afla til að mæta rekstrarhalla og ýmsum lánahreyfingum, er talin fara tæpum 5 milljörðum króna umfram fjárlagaáætlun. Þar vega þyngst 4 milljarða króna vaxtagreiðslur vegna hinnar sérstöku innlausnar spariskírteina. Lánveitingar ríkissjóðs eru í samræmi við áætlun fjárlaga, að því frátöldu að ákveðið var að ríkissjóður hefði milligöngu um útvegun 2,6 milljarða króna láns til að mæta fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins og 200 m.kr. láns fyrir Byggðastofnun. Þá endurlánaði ríkissjóður 200 m.kr. vegna hafnarframkvæmda við Grundartanga og 200 m.kr. vegna framkvæmda við vegtengingu við Hvalfjarðargöng, en þær voru hluti af lánsheimild frá árinu 1996.

Afkoma ríkissjóðs 1996–1998

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	Greiðslugrunnur – eldra uppgjör 1996	Fjárlög 1997	Áætlun 1997	Frumvarp 1998	Nýtt uppgjör Frumvarp 1998
Tekjur	127.735	126.224	130.927	137.600	163.484
Gjöld	139.729	126.100	132.200	134.438	162.963
Gjöld án áhrifa innköllunar [1]	*129.717*	–	*128.200*	–	–
Tekjujöfnuður	**-11.994**	**124**	**-1.273**	**3.162**	**521**
Tekjujöfnuður án áhrifa innlausnar	***-1.982***		***2.727***		
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi [2]	–	–	–	–	1.018
Handbært fé frá rekstri	**-11.994**	**124**	**-1.273**	**3.162**	**1.539**
Fjármunahreyfingar [3]	-713	1.670	-1.825	1.827	3.450
Hrein lánsfjárþörf	**12.707**	**-1.794**	**3.098**	**-4.989**	**-4.989**

1) Árið 1996 voru gjaldfærð vaxtagjöld vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina, rúmlega 10 milljarðar króna. Árið 1997 er hliðstæð gjaldfærsla, sem áætluð er um 4 milljarðar króna.

2) Til þess að fá mat á sjóðstreymi árið 1998 þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

3) Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Byggingarsjóðs ríkisins o.fl. Auk þess koma undir þennan lið hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

3.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps 1998

Tvennt einkennir þetta fjárlagafrumvarp. Annars vegar endurspeglar frumvarpið þær meginátherslur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að ná jafnvægi í ríkisfjármálum, draga úr skuldasöfnun og treysta þannig enn frekar þann stöðugleika sem náðst hefur í efnahagsmálum á undanförnum árum. Hins vegar er frumvarpið nú lagt fram með gjörbreyttu sniði í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins eins og nánar er lýst í öðrum kafla þessarar greinargerðar.

Afkoma ríkissjóðs styrkist

Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldi áfram að batna á árinu 1998. Miðað við hefðbundnar uppgjörsaðferðir (á greiðslugrunni) svarar niðurstaða frumvarpsins til 3,2 milljarða króna tekjuafgangs, en samkvæmt nýju framsetningunni (á rekstrargrunni) er gert ráð fyrir 0,5 milljarða króna afgangi. Til samanburðar má nefna að samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1996 var 8,7 milljarða króna halli á ríkissjóði, miðað við rekstrargrunn. Þótt þessar tölur séu ekki að öllu leyti sambærilegar vegna breyttrar framsetningar gefa þær vísbendingu um þann árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum að undanförnu. Hins vegar er rétt að hafa nokkurn fyrirvara á þessari niðurstöðu þar sem áætlanagerð á rekstrargrunni er eðli máls samkvæmt óviss. Athygli er vakin á að nýjar lífeyrisskuldbindingar eru taldar nema um 10,5 milljörðum króna á næsta ári. Þar af eru 3,8 milljarðar vegna áunninna réttinda o.fl. sem færast til gjalda og 6,7 milljarðar, einkum vegna launa- og verðbreytinga, sem færast til skulda um endurmatsreikning. Þetta er gert til samræmis við uppgjör á ríkisreikningi sem Alþingi hefur staðfest.

Grynnkað á skuldum

Bætt afkoma kemur enn skýrar í ljós þegar horft er á breytingar á lánsfjárþörf ríkissjóðs milli ára, en þessi mælikvarði gefur um margt gleggri mynd af áhrifum ríkisfjármála á efnahagslífið. Árið 1997 er áætlað að ríkissjóður taki 3,1 milljarð króna að láni til að mæta skuldbindingum sínum. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 1998 verður hins vegar veruleg breyting hér á þar sem hrein lánsfjárþörf er talin verða neikvæð um tæplega 5 milljarða króna. Ríkissjóður mun því samkvæmt þessum áætlunum grynnka verulega á skuldum sínum á árinu 1998. Mikilvæg skýring á þessum umskiptum er sú að nú er áformað að selja hlutabréf ríkisins í mun meira mæli en áður, en það skilar sér með beinum hætti í minni lánsfjárþörf. Bætt afkoma ríkissjóðs hefur sömu áhrif.

Breytt framsetning tekna

Sem fyrr segir er frumvarpið nú lagt fram með mjög breyttu sniði. Þetta hefur í för með sér umtalsverðar breytingar á flokkun og framsetningu ríkissjóðstekna. Meðal annars verða tekjur ríkissjóðs birtar með tvennum hætti. Annars vegar er rekstrargrunnur sem sýnir álagðar tekjur á yfirstandandi ári án tillits til þess hvort eða hvenær þær innheimtast. Hins vegar eru sjóðshreyfingar sem sýna þær tekjur sem innheimtast á árinu án tillits til þess hvenær þær eru lagðar á. Þetta breytir niðurstöðum tekna verulega miðað við fyrri ár og því verður samanburður milli ára erfiðari en ella, einkum hvað varðar heildartölur.

Breytingarnar leiða til þess að tekjuhliðin hækkar um rúmlega 18 milljarða króna miðað við sjóðshreyfingar, en 26 milljarða miðað við rekstrargrunn. Þær eru í megindráttum þrenns konar. Í fyrsta lagi verða ýmsar greiðslur, sem áður voru færðar til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga, nú gjaldfærðar. Þar vega þyngst barna- og vaxtabætur, tæplega 8½ milljarður króna, og sóknar- og kirkjugarðsgjöld, um 1,7 milljarðar. Önnur stór breyting er að ýmsir tekjustofnar, sem áður voru færðir sem sértekjur einstakra stofnana og dregnir frá útgjöldum, færast yfir á tekjuhlið fjárlaga. Þessir liðir nema samanlagt rúmlega 8 milljörðum króna. Loks má nefna að afskrifaðar skattaskuldir, sem áður voru dregnar frá tekjum, verða nú gjaldfærðar, en þær eru áætlaðar um 4 milljarðar króna.

Samkvæmt nýja uppgjörinu eru tekjur á rekstrargrunni um 7½ milljarði króna hærri en niðurstaða sjóðsuppgjörs. Skýringin á þessum mun er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar eru álagðir skattar alla jafna hærri en innheimtan innan ársins. Þessi munur kemur fyrst og fremst fram í tekjusköttum einstaklinga, tryggingagjaldi og virðisaukaskatti, en þessir þrír skattstofnar skýra nánast helming mismunarins. Það sem eftir stendur skýrist af því að afskrifaðar skattskuldir eru ekki lengur dregnar frá viðkomandi tekjustofnum á tekjuhlið heldur færast nú á gjaldahlið. Við þessa breytingu hækka tekjurnar á rekstrargrunni.

Með þessum breytingum er verið að laga tekjuuppgjörið að því sem tíðkast á alþjóðavettvangi (OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn). Þessar breytingar hafa þó ekki áhrif á stöðu Íslands hvað varðar alþjóðlegan samanburð því að hinar nýju skilgreiningar hafa um alllangt árabil verið notaðar við úrvinnslu og birtingu talna um Ísland í skýrslum OECD-stofnunarinnar, til dæmis um skattbyrði o.fl.

Áframhaldandi hækkun tekna

Áframhaldandi hagvöxtur og aukin umsvif í efnahagslífinu á árinu 1998 skilar sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Miðað við eldri uppgjörsaðferð er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1998 verði um 137,6 milljarðar króna, eða tæplega 7 milljörðum hærri en á árinu 1997. Þar af má rekja rúmlega 4 milljarða til aukinna veltuskatta, 1,2 milljarða til sölu eigna og 1,2 milljarða til tekjuskatts fyrirtækja. Á móti vegur lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga um 1,9% um næstu áramót og áhrif lækkunar um 1,1% á árinu 1997 sem koma fram að hluta á greiðslugrunni ársins 1998. Samkvæmt nýja uppgjörinu er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1998 verði 163,5 milljarðar króna á rekstrargrunni, en sjóðshreyfingar um 156 milljarðar.

Skatthlutfallið lækkar

Þrátt fyrir aukin umsvif í efnahagslífinu er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs (miðað við eldri uppgjörsaðferð til að fá raunhæfan samanburð) sem hlutfall af landsframleiðslu lækki umtalsvert, eða um 0,6% frá fyrra ári, en það svarar til rúmlega 3 milljarða króna. Þessa lækkun má fyrst og fremst rekja til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga.

Auknar tekjur af sölu eigna

Gert er ráð fyrir umtalsverðum tekjum af sölu eigna árið 1998. Meðal annars er stefnt að sölu á eignarhlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum. Jafnframt er fyrirhugað að nýta heimild til sölu á hlutabréfum ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Að svo stöddu er ekki ljóst hve miklum tekjum eignasala getur skilað, en miðað er við að 1,9 milljarðar króna komi fram á tekjuhlið, en þar er einungis færður söluhagnaður bréfanna, þ.e. söluverðmæti umfram skráð nafnverð bréfanna. Sala hlutabréfanna skilar hins vegar mun hærri heildarfjárhæðum í ríkissjóð, en þær koma fram sem fjármagnstilfærslur og skila sér í minni lánsfjárþörf ríkissjóðs og þar með lækkun skulda. Þessar fjárhæðir geta hækkað, ef hraðar verður gengið í sölu hlutabréfa ríkisins.

Breytt framsetning gjalda

Með nýrri framsetningu fjárlagafrumvarps verða verulegar breytingar á gjaldahlið frumvarpsins. Samanburður við fyrri ár getur því orðið nokkuð flókinn. Allar fjárhæðir eru settar fram á rekstrargrunni og eiga að ná til allra fjárskuldbindinga sem ríkissjóður áformar að stofna til á fjárlagaárinu. Í því sambandi má nefna áfallnar lífeyrisskuldbindingar og vaxtagjöld sem ekki koma til greiðslu á næsta ári. Jafnframt eru birtar, með svipuðum hætti og áður, áætlaðar greiðslueða sjóðshreyfingar á árinu. Þá hafa ríkistekjur verið endurskilgreindar þannig að ýmsar sértekjur stofnana, sem til þessa hafa komið til frádráttar á gjaldahlið, eru nú færðar sem tekjur sem nýttar eru til að fjármagna tiltekin verkefni stofnananna. Þar má nefna tekjur flugmálaáætlunar sem einkum er varið til framkvæmda við flugvelli, sérstakt hafnargjald, en það hefur farið til hafnaframkvæmda og hagnað af Happdrætti Háskóla Íslands sem stendur undir viðhaldi og framkvæmdum Háskóla Íslands.

Fjárlagaliðum fjölgar

Frumvarpið hefur einnig að geyma fjölmarga nýja fjárlagaliði sem ýmist hafa ekki verið hluti af fjárlögum til þessa, verið í B-hluta fjárlaga eða færðir til lækkunar á tekjum. Ofanflóðasjóður, Flutningsjöfnunarsjóður olíu og bensíns og Búnaðarmálasjóður eru dæmi um sjóði sem ekki hafa til þessa verið í fjárlögum. Atvinnuleysistryggingasjóður, Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota og Lánasýsla ríkisins eru dæmi um sjóði og stofnanir sem flytjast úr B-hluta fjárlaga yfir í A-hluta. Ríkisútvarpið og Þróunarsjóður sjávarútvegsins eru dæmi um B-hluta stofnanir og sjóði sem til þessa hafa ekki fengið framlag úr A-hluta þar sem þeir hafa notið markaðra tekjustofna. Nú verða tekjur þeirra hluti af tekjum ríkissjóðs sem færast síðan sem tilfærsluútgjöld í A-hluta fjárlaga. Af fjárframlögum sem til þessa hafa verið dregin frá skatttekjum, en færast nú til gjalda, má nefna barnabætur, vaxtabætur og sóknargjöld.

Útgjöld hækka í krónum ...

Heildarútgjöld á árinu 1998 eru nú áætluð 163 milljarðar króna á rekstrargrunni og hækka vegna breyttrar framsetningar um 28 milljarða króna frá eldri greiðslugrunni. Heildargreiðslur á árinu nema hins vegar 152,6 milljörðum króna. Mismunur útgjalda og

greiðslna, 10,4 milljarðar króna, færist á viðskiptareikninga til hækkunar skuldar ríkissjóðs. Skýringin á þessum mun er í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi eru áfallnir vextir tæplega 4 milljörðum hærri en greiddir. Í öðru lagi er áætlað að afskrifaðar skattkröfur nemi tæplega 4 milljörðum og í þriðja lagi nema áunnar lífeyrisskuldbindingar um 2 milljörðum króna umfram það sem ríkissjóður greiðir til opinberra lífeyrissjóða.

... en lækka að raungildi

Að frátöldum áhrifum breyttrar framsetningar og kjarasamninga lækka útgjöldin um 5 milljarða króna að raungildi frá endurskoðaðri áætlun ársins 1997, en haldast óbreytt í samanburði við fjárlög 1997. Lækkunin skýrist alfarið af 30% lækkun vaxtagreiðslna milli ára, en án þeirra eru útgjöldin óbreytt milli ára að raungildi. Rekstrargjöld stofnana ríkisins, að frádregnum þjónustutekjum, aukast um 1%, en rekstrartilfærslur eru óbreyttar. Viðhalds- og stofnkostnaður lækkar hins vegar um tæp 4% að raungildi.

Velferðar-útgjöld aukast

Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála aukast um ríflega 1,5% að raungildi frá útgjaldaáætlun 1997 og um 3,3% frá fjárlögum 1997. Útgjöldin aukast á flestum sviðum heilbrigðismála að undanskildum sjúkrahúsum og er aukningin að mestu bundin við höfuðborgarsvæðið. Áformað er að hjúkrunarrýmum fjölgi umtalsvert þar sem eftirspurnin hefur verið mest. Þá er stefnt að því að hefja framkvæmdir við byggingu nýs barnaspítala í Reykjavík og ljúka ýmsum framkvæmdum sem hafnar eru. Loks aukast útgjöld til almannatrygginga, einkum vegna fjölgunar lífeyrisþega og sérstakra hækkana bótaflokka.

Útgjöld annarra málaflokka lækka um 1,4% að raungildi milli ára, en haldast óbreytt frá fjárlögum 1997. Útgjöld til málefna fatlaðra, utanríkismála, skólamála og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins aukast milli ára, en útgjöld til annarra málaflokka ýmist lækka eða standa í stað. Þannig lækka útgjöld sjávarútvegsráðuneytis og framlög til landbúnaðar í samræmi við ákvæði búvörusamnings. Á móti kemur sérstakt framlag til framleiðnisjóðs landbúnaðarins umfram ákvæði samningsins.

Skuldir ríkissjóðs lækka

Gangi áform fjárlagafrumvarpsins eftir munu skuldir ríkissjóðs lækka, bæði að raungildi og í hlutfalli við landsframleiðslu. Heildarskuldir ríkissjóðs lækka, þriðja árið í röð, en þær námu 49% af landsframleiðslu í árslok 1996, fara í tæplega 46% samkvæmt áætlun í árslok 1997 og verða 42½% í árslok 1998 samkvæmt frumvarpinu. Þessi lækkun endurspeglast einnig í lækkun heildarskulda hins opinbera, en þær eru taldar verða 54% af landsframleiðslu í árslok 1997, en lækka í 51% í árslok 1998.

4 Framvinda og horfur í efnahagsmálum

Í þessum kafla er fjallað um framvindu og horfur í efnahagsmálum, annars vegar á alþjóðavettvangi og hins vegar hér á landi.

Gróska í efnahagslífinu

Síðustu tíu árin hafa orðið umskipti í íslensku efnahagslífi. Í kjölfar erfiðleikaáranna 1988-1992 þegar fjárfesting og neysla drógust saman, gjaldþrot voru tíð og atvinnuleysi fór vaxandi, hófst tímabil uppbyggingar. Síðustu 3-4 árin hefur ríkt mikil gróska í íslensku efnahagslífi. Fjárfesting í atvinnulífinu hefur aukist, meðal annars vegna ýmissa aðgerða stjórnvalda sem hafa treyst stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Jafnframt hefur undanfarin misseri verið ráðist í umfangsmiklar stóriðjuframkvæmdir. Þannig hefur verið lagður grunnur að verulegri fjölgun starfa. Í kjölfarið hefur dregið úr atvinnuleysi og kaupmáttur heimilanna aukist verulega. Verðbólga hefur einnig haldist lág. Helstu hættumerkin eru þau að viðskiptahalli hefur aukist, ekki einungis vegna stóriðjuframkvæmda og fjárfestingar í atvinnulífinu, heldur einnig vegna vaxandi neyslu heimilanna. Mikilvægt er að hamla gegn þessari þróun með því að auka sparnað, ekki síst í rekstri opinberra aðila.

Hagvöxtur á mann



4.1 Alþjóðlegar efnahagshorfur

Efnahagur OECD-ríkjanna batnar

Efnahagur OECD-ríkjanna einkennist af áframhaldandi uppsveiflu eftir erfiðleika á fyrri hluta áratugarins. Í öllum ríkjum OECD er búist við hagvexti bæði í ár og á næsta ári og í flestum þeirra umfram meðalár. Á árinu 1996 nam hagvöxtur að meðaltali 2½% og búist er við að hagvöxtur í OECD-ríkjunum nemi að meðaltali 3% á þessu ári, en það er mesti vöxtur sem hefur mælst á þessum áratug. Búist er við að örlítið dragi úr hagvexti á árinu 1998, í 2,7%.

Hagvöxtur hefur aftur á móti verið hægari í ríkjum Evrópusambandsins þar sem atvinnuleysi er enn mikið, en búist er við 2,4% hag-

vexti á árinu 1997 og 2,8% á árinu 1998. Í OECD-ríkjum utan Evrópu er fjárhagsstaða fyrirtækja almennt sterk, hagnaður þeirra tiltölulega mikill og þau hafa því lagt í auknar fjárfestingar sem aftur hefur ýtt undir hagvöxt.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD–ríkjum

	Afkoma hins opinbera[1]		Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1997	1998	1997	1998	1997	1998	1997	1998
Ísland	**-0,6**	**-0,6**	**1,9**	**3,0**	**3,9**	**3,6**	**4,5**	**3,5**
Danmörk	0,0	0,7	2,2	2,7	8,1	7,4	2,5	2,9
Finnland	-2,0	-1,4	1,5	2,0	14,7	13,7	4,6	3,6
Noregur	6,7	7,1	2,6	2,5	4,5	4,2	3,8	3,4
Svíþjóð	-2,1	-0,2	2,0	2,2	8,1	7,5	2,0	2,3
Norðurlönd, alls	**0,3**	**1,1**	**2,2**	**2,5**	**7,8**	**7,3**	**3,5**	**3,1**
Bretland	-2,8	-1,8	2,4	2,3	6,1	5,6	3,0	2,7
Frakkland	-3,2	-3,0	1,6	1,4	12,6	12,2	2,5	2,8
Ítalía	-3,2	-3,8	2,0	2,0	12,1	11,9	1,0	1,8
Þýskaland	-3,2	-2,7	1,7	1,8	11,1	10,9	2,2	2,8
Evrópusambandið	**-3,0**	**-2,6**	**2,0**	**2,0**	**11,2**	**10,8**	**2,3**	**2,7**
Bandaríkin	-1,1	-1,2	2,2	2,4	5,0	5,1	3,6	2,0
Japan	-3,1	-2,3	1,5	1,0	3,2	3,1	2,3	2,9
Kanada	-0,2	0,5	1,4	1,4	9,4	9,1	3,5	3,3
OECD–ríkin	**-1,9**	**-1,7**	**2,0**	**2,0**	**7,3**	**7,1**	**3,0**	**2,7**

[1] Afkoma ríkis og sveitarfélaga reiknuð sem hlutfall af landsframleiðslu.
Heimild: OECD Economic Outlook, júní 1997.

Þrálátt atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur verið eitt stærsta vandamál sem OECD-ríkin hafa átt við að glíma. Það mældist 7,5% á síðasta ári, en er áætlað 7,3% á þessu ári. Reiknað er með að það lækki niður í 7,1% á árinu 1998. Í einstökum löndum hefur þó náðst nokkur árangur og gætir þar bæði áhrifa aukinna umsvifa í efnahagslífi og ýmissa aðgerða stjórnvalda. Þar má nefna Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Finnland, Írland og Holland. Í Þýskalandi og Frakklandi hefur atvinnuleysi hins vegar aukist á þessu ári þrátt fyrir meiri hagvöxt, en búist er við að sú þróun snúist við á næstunni. Í Evrópusambandinu er gert ráð fyrir að atvinnuleysi lækki úr 11,2% á þessu ári í 10,8% á því næsta.

Lítil verðbólga

Verðbólga í OECD-ríkjunum hefur verið lítil síðustu ár og nam á liðnu ári tæplega 2%. Almennt virðist ekki vera tilhneiging til aukinnar verðbólgu í ríkjum OECD og því er búist við að hún verði áfram lág þrátt fyrir meiri hagvöxt, eða 2% bæði á þessu ári og því næsta. Í nokkrum ríkjum OECD, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku og Finnlandi, er hins vegar búist við að á næsta ári muni þrýstingur á verðhækkanir aukast, bæði vegna launahækkana og minnkandi atvinnuleysis.

Hallarekstur hins opinbera minnkar

Eftir mikinn halla á rekstri hins opinbera meðal OECD-ríkja, sem náði hámarki í 4,3% af landsframleiðslu á árinu 1993, hefur á undanförnum árum verið fylgt mjög aðhaldssamri stefnu í fjármálum hins opinbera. Þannig nam halli að meðaltali tæplega 3% á árinu 1996, en áætlanir gera ráð fyrir tæplega 2% halla 1997 og búist er við enn minni halla á næsta ári. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur hallinn minnkað enn meira, eða úr 6,5% af landsframleiðslu árið 1993 í 3% á þessu ári. Þetta aðhald hefur þó ekki dregið úr hagvexti í ríkjum OECD þar sem á móti vegur að einkaneysla og fjárfesting hefur aukist og í sumum ríkjum einnig útflutningur.

4.2 Framvinda og horfur hér á landi

Aukinn hagvöxtur

Eftir langvarandi stöðnun tók efnahagsástandið að batna á árinu 1993 og hefur hagvöxtur síðan aukist hröðum skrefum. Búist er við áframhaldandi hagvexti, þótt heldur hægi á honum á næstu árum. Á síðasta ári jókst landsframleiðsla um 5,2% og talið er að hún vaxi um 4,5% á þessu ári, sem er 1% meiri hagvöxtur en spáð var síðastliðið vor. Reiknað með að heldur dragi úr á árinu 1998 og að hagvöxtur nemi 3,5%. Á þessu ári og því síðasta var hagvöxtur aðallega til kominn vegna aukinna þjóðarútgjalda. Á næstu árum má búast við að fjárfesting nái hámarki og að heldur dragi úr neysluaukningu, en á móti komi aukinn útflutningur vegna meiri framleiðslu stóriðju og annars iðnaðar.

Þjóðhagsyfirlit

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1997	1998	1996	1997	1998
Einkaneysla	317.466	343.371	6,4	5,0	5,0
Samneysla	107.401	117.252	1,4	2,2	3,0
Fjárfesting	103.680	108.740	23,5	18,6	1,3
Birgðabreytingar	0	0	-0,7	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld	528.547	569.363	7,1	6,7	3,9
Útflutningur vöru og þjónustu	183.930	196.959	10,0	3,2	4,6
Innflutningur vöru og þjónustu	191.210	204.566	16,6	9,6	5,9
Landsframleiðsla	**521.267**	**561.756**	**5,2**	**4,5**	**3,5**
Viðskiptajöfnuður	-17.507	-18.996	-1,7	-3,4	-3,4

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Kjarasamningar til langs tíma

Á vordögum voru undirritaðir samningar við þorra launafólks. Gildistími þessara samninga er lengri en hingað til hefur þekkst, en flestir þeirra eru í gildi fram á árið 2000. Við undirritun samninga hækkuðu laun almennt um 4,7%, 4% hækkun verður í byrjun árs 1998 og 3,5% í ársbyrjun 1999. Þeir samningar sem gilda langt inn á árið 2000

Atvinnuleysi



fela einnig í sér 3% hækkun í byrjun þess árs. Þrátt fyrir að þessar launahækkanir séu töluvert háar á alþjóðamælikvarða vegur á móti aukinn stöðugleiki og minni óvissa vegna langs samningstíma.

Gerð samninga við opinbera starfsmenn er að mestu lokið. Samningarnir kveða flestir á um nýtt launakerfi þar sem sjálfvirkum hækkunum, eins og vegna aldurs, er haldið í lágmarki. Á móti er svigrúm aukið fyrir forstöðumenn ríkisstofnana til að umbuna starfsmönnum eftir frammistöðu í starfi, ábyrgð og/eða breyttu vinnufyrirkomulagi.

Kaupmáttur eykst

Almennar launahækkanir vegna nýgerðra kjarasamninga eru metnar á 6% á þessu ári. Þannig er búist við að launavísitalan verði 5-5 1/2% hærri á þessu ári miðað við fyrra ár. Kaupmáttur launa eykst því um 3% á þessu ári, en vegna lækkunar tekjuskatts snemma árs eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna enn meira, eða um 4,7%. Í byrjun næsta árs hækka taxtalaun almennt um 4% og er búist við að hækkun launavísitölu milli áranna 1997 og 1998 verði um 7 1/2%. Þar sem tekjuskattur lækkar enn frekar í byrjun næsta árs er búist við áframhaldandi aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna, eða um 4 1/2-5%.

Störfum fjölgar

Störfum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og störfum fjölgi um 2% á þessu ári og 1 1/2% á því næsta, eða um nálægt 5000 störf á tveimur árum. Skráð atvinnuleysi hefur að sama skapi farið lækkandi undanfarin misseri. Á árinu 1996 fór atvinnuleysi niður í 4,3% og á þessu ári er búist við að það lækki enn frekar og fari undir 4%. Fyrstu átta mánuði ársins mældist atvinnuleysi 4,2% samanborið við 4,6% á sama tíma í fyrra. Á næsta ári er búist við að atvinnuleysi minnki enn frekar og fari niður í 3,6%.

Verðbólga



Verðbólga er hófleg

Þrátt fyrir launahækkanir og aukinn hagvöxt hefur verðbólga ekki farið á skrið og reyndar hafa verðhækkanir það sem af er árinu verið minni en búist var við. Nú er gert ráð fyrir að verðlag hækki um tæplega 2% milli áranna 1996 og 1997. Með frekari launahækkunum og vaxandi umsvifum í efnahagslífinu má þó búast við að þrýstingur á hækkun verðlags aukist á næstunni og er spáð 3% hækkun milli áranna 1997 og 1998. Þetta er nokkru meiri verðlagshækkun en í flestum nágrannaríkjunum og kann að rýra samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Útflutningsframleiðsla eykst

Þrátt fyrir aukinn þorskafla er gert ráð fyrir að aflaverðmæti á föstu verði minnki um 0,7% á árinu 1997 þar sem samdráttur í afla annarra tegunda vegur þyngra. Nú hefur verið úthlutað aflaheimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár og hafa þær dregist saman um 0,9% frá fyrra fiskveiðiári talið í þorskígildum. Á árinu 1998 er búist við að aflaverðmæti þorsks aukist um 9% á föstu verði, en annar botnfiskafli dragist saman að verðmæti um nær 6%. Reiknað er með að aflaverðmæti annarra tegunda dragist saman um 2½% og heildaraflaverðmæti verði svipað og á yfirstandandi ári.

Framleiðsla áls hefur aukist á þessu ári vegna stækkunar álversins í Straumsvík og er aukningin frá síðasta ári talin vera ríflega 20%. Á næsta ári er aukningin metin á rúmlega 45%. Með byggingu álvers á Grundartanga mun álframleiðsla aukast enn meira á næstu árum, en gert er ráð fyrir að álverið taki til starfa fyrir aldamót. Þá er búist við að framleiðsla kísiljárns aukist töluvert á næsta ári, eða um nær 18%. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að framleiðsla útflutningsgreina aukist um tæplega 8% árið 1998, samanborið við tæplega 3% aukningu 1997.

Afkoma atvinnugreina áfram góð

Heildarvelta atvinnugreina jókst um 2% að raungildi fyrstu sex mánuði ársins, miðað við sama tíma í fyrra. Aukning mælist í flestum greinum, utan sjávarútvegs og útflutningsverslunar þar sem gætir samdráttar frá fyrra ári. Aukningin er mest í byggingastarfsemi og sérfræðiþjónustu, eða yfir 10%, og heildverslun.

Afkoma atvinnuveganna er talin verða góð á þessu ári eins og undanfarin ár. Þó má gera ráð fyrir að hagnaður þeirra fari minnkandi vegna mikilla launahækkana í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Þetta á sérstaklega við um greinar þar sem laun eru almennt lág, þar sem lægstu laun hækkuðu hlutfallslega meira en laun að meðaltali. Einnig hefur hækkun raungengis krónunnar haft áhrif, sérstaklega í útflutningsgreinum.

Einkaneysla vex hratt

Síðustu tvö ár hefur einkaneysla aukist um nálægt 11% að raungildi og virðist ekki vera lát á þar sem ráðstöfunartekjur hafa aukist á þessu ári í kjölfar nýrra kjarasamninga og lækkunar tekjuskatts. Þannig hefur velta neysluvörugreina aukist um ríflega 4% fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Einnig hefur innflutningur fólksbifreiða aukist verulega að undanförnu. Milli áranna 1995 og 1996 jókst innflutningur þeirra um ríflega 35% og það sem af er ári hefur innflutningur aukist um 7,5% til viðbótar. Búist er við að einkaneysla aukist um 5% á þessu ári og um svipað hlutfall á næsta ári. Samkvæmt þessu aukast neysluútgjöld heimilanna um meira en fjórðung á tímabilinu frá 1994-1998, eða líkt og kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild.

Samneysla vex minna en hagvöxtur

Gert er ráð fyrir að samneysluútgjöld ríkis og sveitarfélaga aukist um 2,2% á þessu ári og 3% á árinu 1998. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa nýgerðra kjarasamninga við opinbera starfsmenn sem í stórum dráttum eru í samræmi við samninga á almenna markaðnum, en launakostnaður er stærsti hluti samneyslu hins opinbera. Ennfremur vaxa útgjöld til heilbrigðis- og menntamála hlutfallslega meira en önnur útgjöld hins opinbera, en það kemur einnig fram í aukinni samneyslu.

Þjóðarútgjöld á mann



Fjárfesting nær hámarki

Á árunum 1991-1995 dróst fjárfesting saman um nálægt fjórðung á sama tíma og landsframleiðsla jókst um 2%. Á árinu 1996 snerist þessi þróun við þegar fjárfesting jókst um ríflega 20%. Nú er gert

ráð fyrir að fjárfesting aukist um 18½% á þessu ári. Á þessum tveim árum hefur fjárfesting því aukist stórum skrefum og er nú meiri en hún var við upphaf samdráttartímabilsins 1991. Sem hlutfall af landsframleiðslu nemur fjárfesting nú nálægt 20%, en það er nálægt meðaltali fyrir ríki OECD. Á komandi ári er gert ráð fyrir örlítilli aukningu fjárfestingar frá fyrra ári, eða um 1,3%.

Þessa fjárfestingu má að miklu leyti rekja til mikilla stóriðjuframkvæmda að undanförnu, stækkunar álvers í Straumsvík, byggingu álvers á Grundartanga og virkjunarframkvæmda. Þá hafa fyrirtæki almennt fjárfest meira á allra síðustu árum sem ekki síst má rekja til bættrar fjárhagsstöðu þeirra. Á árinu 1997 er búist við að fjárfesting atvinnuvega aukist um 27½%, en að heldur hægi á atvinnuvega fjárfestingu á næsta ári, þótt hún verði áfram mikil.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur einnig tekið við sér að undanförnu og er búist við að hún vaxi um 5%, bæði á þessu ári og því næsta. Fjárfesting hins opinbera er talin aukast um 6½% á þessu ári, aðallega vegna framkvæmda við vega- og gatnagerð. Á næsta ári er búist við að þessi þróun snúist við og fjárfesting hins opinbera dragist saman um 2½%.

Útflutningur vex hratt ...

Heildarútflutningur jókst um 10% á árinu 1996. Á þessu ári hefur heldur dregið úr vextinum og er búist við að útflutningur aukist um 3,2%. Fyrstu sjö mánuði ársins hefur orðið töluverður samdráttur í útflutningi landbúnaðarafurða. Einnig gætir samdráttar í útflutningi afurða sjávarútvegs, þótt í minna mæli sé. Á hinn bóginn hefur orðið töluverð aukning í útflutningi iðnaðarvara, bæði afurða stóriðju og annarra iðnaðarvara, eða um 10%. Vöruútflutningur fyrstu sjö mánuði ársins hefur aukist um ríflega 4½% miðað við sama tíma í fyrra. Fyrir árið í heild er búist við að vöruútflutningur aukist um 1½% og þjónustuútflutningur um ríflega 7½%. Á næsta ári er reiknað með að vöruútflutningur aukist um 5%, aðallega vegna aukins útflutnings á áli og kísiljárni. Að meðtalinni 3½% aukningu í þjónustuútflutningi nemur aukning heildarútflutnings 4½%.

... en innflutningur enn meira

Árið 1996 óx innflutningur um 16½%. Á þessu ári hefur heldur dregið úr vextinum og búist er við að innflutningur í heild aukist um 9½%, að hluta til vegna innflutnings til stóriðju. Á árinu 1998 er búist við að enn dragi úr vextinum og að innflutningur aukist um 6%.

Fyrstu átta mánuði ársins jókst vöruinnflutningur um nálægt 10% á föstu verði. Innflutningur á mat- og drykkjarvörum stóð í stað á meðan innflutningur á fjárfestingarvörum og ýmsum neysluvörum, öðrum en matvælum, jókst töluvert. Má þar nefna mikinn innflutning á fólksbílum, en einnig á heimilistækjum og fatnaði. Fyrir árið í heild er gert ráð fyrir 7½% vexti í vöruinnflutningi, samanborið við 6% á árinu 1998.

Innflutningur þjónustu jókst um ríflega 15% á árinu 1996 og búist er við svipuðum vexti á þessu ári. Sem dæmi má nefna að tekjur af erlendum ferðamönnum jukust um ríflega 15% á fyrsta ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra. Reiknað er með að heldur dragi úr vextinum á næsta ári og nemi hann ríflega 3%.

Halli á viðskiptajöfnuði

Talsverður halli er nú á viðskiptum við útlönd. Afgangur var á árunum 1993-1995, en á árinu 1996 snerist afgangurinn í halla. Í ár er búist við að hallinn nemi 3,4% af landsframleiðslu og verði svipaður á næsta ári, eða um 19 milljarðar króna. Halli á viðskiptajöfnuði er að stórum hluta til kominn vegna stóraukins innflutnings fjárfestingarvara til uppbyggingar stóriðju, sem búast má við að skili þjóðarbúinu hagnaði þegar fram í sækir. Þessi fjárfesting skýrir þó ekki allan hallann því að innflutningur neysluvara hefur aukist mjög.

Fyrstu sex mánuði ársins nam halli á viðskiptum við útlönd 3 milljörðum króna sem er heldur minni halli en á sama tíma í fyrra. Afgangur var á vöruskiptajöfnuði sem nam 3,2 milljörðum króna sem er heldur minni afgangur en á fyrra ári, á meðan þjónustuviðskipti voru í jafnvægi. Búist er við að halli á vöruskiptajöfnuði verði um 5,6 milljarðar króna í ár og rúmlega 6 milljarðar á árinu 1998, samanborið við tæplega 2 milljarða króna afgang í fyrra. Þá eykur það viðskiptahallann að vaxtajöfnuður er sem fyrr afar óhagstæður, um 10-11 milljarða króna. Einnig er spáð halla á þjónustujöfnuði á þessu ári og því næsta sem nemur um 1½ milljarði króna hvort ár.

Viðskiptajöfnuður



Fjármagnsmarkaður og vextir

Þróun í peninga- og lánamálum virðist vera nokkuð í samræmi við aukin umsvif í efnahagslífinu að undanförnu. Þó hefur vöxtur útlána verið töluvert mikill undanfarið ár og hafa heildarútlán innlánsstofnana aukist um ríflega 15% síðustu tólf mánuði. Þróunin á peninga- og gjaldeyrismarkaði að undanförnu hefur einkennst af mikilli eftirspurn eftir ríkisvíxlum og stöðugu innstreymi gjaldeyris. Innláns-

stofnanir eiga þar mestan þátt, en erlend lán þeirra hafa aukist um 9,8 milljarða króna fyrstu sex mánuði þessa árs á sama tíma og erlendar eignir þeirra hafa minnkað um 6,5 milljarða króna. Erlendar skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga hafa á hinn bóginn lækkað um 2,3 milljarða króna.

Vextir innanlands hafa haldist háir að undanförnu samanborið við önnur lönd og hefur það ýtt undir lántökur fyrirtækja erlendis. Vaxtamunurinn hefur þó minnkað jafnt og þétt á þessu ári. Þannig minnkaði vaxtamunur á ríkisbréfum og samsvarandi erlendum bréfum úr 4,5% í byrjun árs í 3% í lok júlí sem endurspeglar væntingar um lægri verðbólgu hérlendis. Þá hafa langtímavextir einnig farið lækkandi að undanförnu þótt enn séu þeir hærri en samsvarandi vextir í nágrannaríkjunum.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins

Erlendar skuldir þjóðarbúsins voru í hámarki árið 1993 og námu þá rúmlega 54% af landsframleiðslu. Síðan hafa þær farið lækkandi og námu rúmlega 47% í árslok 1996. Með auknum viðskiptahalla, meðal annars vegna stóriðjuframkvæmda, er nú reiknað með að erlendar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu standi í stað á þessu ári og því næsta. Greiðslubyrði afborgana af erlendum lánum hefur einnig lækkað á undanförnum árum, úr 34,4% af útflutningstekjum árið 1994 í 20% á þessu ári og því næsta.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins



Afkoma og skuldir hins opinbera

Á þessu ári er gert ráð fyrir að halli á rekstri hins opinbera (ríki og sveitarfélaga) lækki úr 1,7% af landsframleiðslu í 0,7%, reiknað á rekstrargrunni. Gert er ráð fyrir að halli á rekstri sveitarfélaga nemi um 1 milljarði króna. Afkoma sveitarfélaga hefur verið mun betri síðustu ár en árin á undan, en halli á rekstri þeirra nam nær 7 milljörðum króna á árinu 1994. Með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga eykst hlutur þeirra í rekstri hins opinbera og nemur nú um fjórðungi.

Árangur af auknu aðhaldi og minni hallarekstri hins opinbera sést best á þróun skulda hins opinbera, en búist er við að þær nemi um 54% af landsframleiðslu á árinu 1997 sem er lækkun frá árinu 1995 þegar skuldir hins opinbera, þ.e. bæði ríkis og sveitarfélaga, náðu hámarki og námu rúmlega 59% af landsframleiðslu. Reiknað er með að skuldir lækki enn frekar á næstu árum og fari í 51% á árinu 1998.

Skuldir hins opinbera



Þjóðhagsforsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998

		Áætlun 1997	Frumvarp 1998
I.	**Helstu þjóðhagsstærðir – magnbreytingar milli ára, %**		
	Einkaneysla	5,0	5,0
	Samneysla	2,2	3,0
	Fjárfesting	18,6	1,3
	Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	6,7	3,9
	Útflutningur vöru og þjónustu	3,2	4,6
	Innflutningur vöru og þjónustu	9,6	5,9
	Almennur vöruinnflutningur án olíu	5,8	4,4
	Verg landsframleiðsla	4,5	3,5
	Þjóðartekjur	5,0	3,7
II.	**Launa- og verðlagsforsendur – meðalbreytingar milli ára, %**		
	Ráðstöfunartekjur á mann	6,7	8,0
	Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	4,7	4,9
	Þjóðartekjur á mann	3,9	2,6
	Vísitala neysluverðs	1,9	3,0
	Byggingarvísitala	4,5	4,2
	Innflutningsverðlag	0,4	1,0
	Verðvísitala samneyslu	4,4	6,0
	Verðvísitala landsframleiðslu	3,0	4,1
	Viðskiptakjör, vörur	0,1	1,6
	Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	3,9	3,6

5 Horfur í ríkisfjármálum næstu ár

Í þessum kafla er fyrst fjallað um vaxandi áherslu stjórnvalda víða um heim á áætlanir og spár um þróun ríkisfjármála til langs tíma litið. Þá eru reifaðar fyrstu niðurstöður svonefndra kynslóðareikninga fyrir Ísland. Loks eru raktar helstu niðurstöður framreikninga um horfur í efnahags- og ríkisfjármálum hér á landi næstu ár.

5.1 Þróun á alþjóðavettvangi

Breytt viðhorf í hagstjórn

Miklar breytingar hafa orðið í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi undanfarin tíu til fimmtán ár. Þessar breytingar hafa öðru fremur einkennst af auknu frjálsræði í viðskiptum, jafnt milli ríkja sem innan þeirra. Þetta á ekki einungis við um vöruviðskipti, heldur einnig fjármagns- og þjónustuviðskipti. Þessar aðstæður hafa kollvarpað ýmsum fyrri hugmyndum um orsakasamhengi ýmissa þátta efnahagslífsins, ekki síst hvað ríkisfjármál snertir og áhrif aðgerða á því sviði á almenna efnahagsþróun.

Áður var sú skoðun útbreidd að aðhaldsaðgerðir í ríkisútgjöldum leiddu óhjákvæmilega til samdráttar í efnahagslífinu. Nú er hins vegar almenn samstaða um að jákvæð efnahagsleg áhrif af traustri stöðu ríkisfjármála í kjölfar aukins aðhalds í útgjöldum geri meira en vega upp hugsanleg samdráttaráhrif aðgerða af þessu tagi. Væntingar markaðsaðila og trúverðugleiki efnahagsstefnunnar eru þannig talin hafa úrslitaáhrif á þróun vaxta og þar með hagvaxtarhorfur.

Aukin áhersla á langtíma-áætlanir

Í samræmi við þessi viðhorf er meginverkefni stjórnvalda í nær öllum iðnríkjum heims nú talið vera að ná tökum á útgjaldavexti ríkissjóðs, einkum tilfærslum til velferðarmála. Samhliða er talið brýnt að mæta fyrirsjáanlegum útgjaldavanda, vegna lífeyrisskuldbindinga hins opinbera og fjölgunar ellilífeyrisþega, með viðeigandi aðhaldsaðgerðum. Breytt viðhorf og horfur um vaxandi útgjöld ríkisins næstu áratugi hafa orðið til þess að beina sjónum stjórnvalda í ríkari mæli að áætlanagerð í ríkisfjármálum til langs tíma.

5.2 Gerð kynslóðareikninga fyrir Ísland

Markmið kynslóða-reikninga

Í þessu samhengi hafa augu manna beinst að svokölluðum kynslóðareikningum, en þeim er ætlað að sýna hvað bíður komandi kynslóða í skattbyrði og ríkisútgjöldum, miðað við óbreyttar áherslur og stefnu í ríkisfjármálum. Aðferðin er í stuttu máli sú að reikna út hve mikið tiltekinn einstaklingur kemur til með að greiða í skatta og hvað hann fær til baka frá ríkinu frá vöggu til grafar, að gefnum forsendum um hagvöxt, ævilíkur o.fl. Ennfremur er skoðað hvað óbreytt stefna í ríkisfjármálum þýðir fyrir afkomu ríkisins. Ef um áframhaldandi hallarekstur er að ræða er gengið út frá því að grípa þurfi til aðgerða til að eyða hallarekstrinum og spurt: Hvað þarf að hækka skatta mikið til að standa undir óbreyttri útgjaldastefnu eða hve mikið þarf

að lækka útgjöldin? Þessir reikningar munu seint leysa hefðbundnar uppgjörsaðferðir af hólmi, enda gefa þeir aðeins grófa vísbendingu um hvert stefnir í ríkisfjármálum á næstu áratugum, að gefnum tilteknum forsendum. Þeir sýna hins vegar hvert horfir að óbreyttri ríkisfjármálastefnu stjórnvalda með því að draga saman í einni tölu hvað komandi kynslóðir þurfa að greiða miklu hærri skatta en núlifandi kynslóðir.

Þessi uppgjörs- eða framreikningsaðferð er tiltölulega ný af nálinni. Bandaríkin voru fyrst til að birta slíka útreikninga, en síðan hafa nokkur lönd bæst við, meðal annars Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Nú liggja einnig fyrir fyrstu niðurstöður slíkra reikninga fyrir Ísland. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur haft umsjón með gerð þeirra í samvinnu við fjármálaráðuneytið og Þjóðhagsstofnun. Hér er aðeins um fyrstu niðurstöður að ræða og þarf að hafa nokkra fyrirvara við þær. Eftir er að þróa útreikningana frekar, meðal annars með því að meta áhrif lífeyriskerfisins á niðurstöðurnar, en margt bendir til að áhrifin séu jákvæðari hér á landi en annars staðar.

Fyrstu niðurstöður

Ein helsta niðurstaða kynslóðareikninganna er að sú kynslóð sem fædd er árið 1995, en það er grunnár reikninganna, komi til með að greiða rúmlega 700 þúsund krónum meira til ríkisins en hún fær frá ríkinu á ævinni, sem fyrst og fremst má rekja til vaxtagreiðslna af skuldum ríkisins. Þessi tala fer síðan hækkandi á næstu árum og áratugum, að óbreyttri stefnu í ríkisfjármálum, þannig að komandi kynslóðir þurfa að greiða tæplega 1.900 þúsund krónum meira en þær fá til baka. Skattbyrði þessara kynslóða er því 161% meiri en skattbyrði þeirrar kynslóðar sem fæddist árið 1995. Til þess að jafna þennan mun milli kynslóða þyrfti að öðru jöfnu að auka tekjur eða lækka útgjöld ríkisins um 4 milljarða króna. Niðurstöður þessara reikninga eru mjög næmar fyrir þeim forsendum sem lagt er upp með. Í dæminu sem kynnt er hér að framan er gert ráð fyrir 1,5% hagvexti á mann og 6% vöxtum. Í kynslóðareikningum sem gerðir hafa verið erlendis er oftast miðað við 5% vexti. Sé gengið út frá þeim forsendum minnkar munurinn milli kynslóða verulega, eða úr 161% í 31%. Þetta er svipuð niðurstaða og kynslóðareikningar sýna fyrir Svíþjóð. Í Noregi er munurinn meiri, eða 53%, og sambærileg tala fyrir Bandaríkin er um 100%.

5.3 Horfur í ríkisfjármálum næstu ár

Líkt og nokkur undanfarin ár hefur fjármálaráðuneytið, í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka, reynt að meta horfurnar í efnahags- og ríkisfjármálum á næstu árum. Eðli máls samkvæmt eru slíkir framreikningar óvissir og að verulegu leyti háðir þeim forsendum sem að baki liggja. Engu að síður eru þessir framreikningar gagnlegir því að þeir gefa mikilvæga vísbendingu um hvert stefnir í ríkisfjármálum á næstunni og hvort ástæða sé til að grípa til sérstakra aðgerða.

Áframhaldandi hagvöxtur fram yfir aldamót

Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur fram yfir aldamót verður hagvöxtur tæplega 3½% að meðaltali á ári á tímabilinu 1998-2001. Þetta er heldur minna en verið hefur hér á landi að undanförnu en nokkru meiri vöxtur en almennt er spáð í nágrannaríkjunum. Gert er ráð fyrir að störfum haldi áfram að fjölga og kaupmáttur heimilanna vaxi. Útflutningur er talinn aukast um tæplega 5% á ári að meðaltali, en innflutningur er talinn aukast minna, eða um 4% á ári. Samkvæmt þessari spá minnkar viðskiptahalli jafnt og þétt næstu ár og er kominn í 1% af landsframleiðslu í lok tímabilsins. Erlendar skuldir þjóðarbúsins munu einnig lækka og verða um 41% af landsframleiðslu árið 2001, samanborið við 47% í lok síðasta árs. Verðbólga er talin verða heldur meiri en að undanförnu, eða nálægt 3% að jafnaði á ári.

Efnahagshorfur 1998–2001

Meðalbreyting á ári	%
Hagvöxtur	3,4
Þjóðarútgjöld	3,1
Einkaneysla	4,0
Samneysla	2,3
Fjárfesting	1,2
Útflutningur	4,8
Innflutningur	4,1
Laun	5,4
Verðlag	3,6
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	3,3
Atvinnuleysi, % af mannafla	3,1

Nauðsyn frekara aðhalds

Forsendur framreikninga um ríkisfjármál eru meðal annars þær að ekki verði gripið til frekari aðgerða í skattamálum en þegar hefur verið ákveðið. Jafnframt er gert ráð fyrir að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Framreikningurinn tekur mið af gildandi lögum og reglum. Áhrif kjarasamninga, vega- og hafnaáætlana eru einnig tekin með auk langtímasamninga á við búvörusamninginn.

Niðurstöður reikninganna benda til þess að afkoma ríkissjóðs verði svipuð og fjárlög næsta árs gera ráð fyrir. Samkvæmt því verður afkoman í járnum næstu ár, miðað við nýja uppgjörið og rekstrargrunn, en með 3 milljarða króna afgang miðað við greiðslugrunn. Heildarskuldir ríkisins, sem hlutfall af landsframleiðslu, fara smám saman lækkandi, eða úr 46% í árslok 1997 í rúmlega 39% árið 2001. Þessar tölur sýna því glöggt að áfram er nauðsynlegt að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum á næstu árum og jafnvel þörf á enn frekara aðhaldi en gert er ráð fyrir í forsendum þessara framreikninga til þess að greiða skuldir ríkissjóðs hraðar niður.

6 Yfirlit lánsfjármála

Í þessum kafla frumvarpsins er fyrst fjallað um lánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári og horfur fyrir næsta ár. Þá verður staða ríkissjóðs á lánamörkuðum reifuð. Gerð er grein fyrir innlendum og erlendum lántökum ríkissjóðs, nýjungum er varða verðbréfaútgáfu og skuldstýringu auk þess sem sérstaklega verður fjallað um lánshæfi ríkissjóðs og ríkisábyrgðir. Loks er greint frá ráðstöfun lánsfjárins til nýrra endurlána og afborgana á eldri lánum.

Lántökur ríkissjóðs dragast saman

Ný framsetning fjárlaga sýnir betur en áður, hvaða ríkisaðilar eru meðtaldir þegar fjallað er um lánamál ríkisins. Auk ríkissjóðs falla undir þennan hatt ríkisfyrirtæki í B-hluta og sjóðir í C-hluta fjárlaganna. Áætlað er að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs nemi alls 12,5 milljörðum króna á árinu 1998 borið saman við 21,9 milljarða króna á þessu ári.

Skuldir lækka

Afborganir af skuldum ríkisins eru á næsta ári taldar verða um 17,5 milljarðar króna sem er 5 milljörðum króna umfram nýjar lántökur. Á þessu ári er spáð að lántökur umfram afborganir nemi aftur á móti um 3,1 milljarði króna. Þannig dregst hrein lánsfjárþörf ríkisins saman um 8,1 milljarð króna.

Beinar lántökur ríkissjóðs segja ekki alla sögu, því ríkið ber ábyrgð á lántökum aðila sem ýmist eru í eigu ríkisins að fullu eða að hluta. Áætlað er að heildarlántökur ríkissjóðs, fyrirtækja ríkisins og sjóða muni alls nema um 43,5 milljörðum króna árið 1998. Afborganir þessara aðila af eldri lánum eru alls taldar verða um 35,4 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. ný lán að frátöldum afborgunum, er því áætluð 8,1 milljarð króna samanborið við 17,7 milljarða á þessu ári. Í síðari hluta fjárlagafrumvarpsins er gerð grein fyrir fjárreiðum þessara aðila og ráðstöfun lánsfjárins.

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



Ríkissjóður og lánamarkaðurinn

Mikið framboð lánsfjár hefur einkennt fjármagnsmarkaðinn á þessu ári. Við bætist aukið innstreymi gjaldeyris á árinu, vegna fjárfestingar í stóriðju ásamt erlendum lántökum útflutnings- og þjónustufyrirtækja. Þá hefur vaxtamunur á innlendum og erlendum fjármagnsmörkuðum án efa hvatt til erlendrar lántöku. Aukið peningamagn í umferð hefur m.a. leitt til mikillar eftirspurnar eftir ríkisvíxlum og öðrum verðbréfum ríkissjóðs. Innlend lánsfjáröflun á árinu hefur því gengið vel og vextir á flestum ríkisverðbréfum hafa lækkað, einkum á lengri skuldbindingum. Með peningamálaaðgerðum hefur Seðlabankinn aftur á móti beitt sér fyrir því að vextir á ríkisvíxlum og öðrum skammtímakröfum hafa ekki lækkað meira en orðið er, til að draga úr eftirspurn og þenslu.

Grynnkað á erlendum skuldum

Hreint innstreymi gjaldeyris var um 10,5 milljarðar króna fyrstu 6 mánuði ársins. Á móti kemur að erlend verðbréfakaup innlendra aðila hafa aukist um tæpa 5 milljarða króna. Þá hefur ríkissjóður greitt erlendar skuldir umfram áætlun og þannig dregið úr peningamagni á innlenda fjármagnsmarkaðinum. Greitt var upp óhagstætt lán í japönskum jenum að fjárhæð um 2,0 milljarðar króna og erlend veltilán (ECP-víxlar) voru lækkuð um 4,5 milljarða króna. Líkur eru á að erlendar skuldir lækki enn frekar fyrir árslok, en það ræðst af afkomu ríkissjóðs á síðari hluta ársins. Á árinu 1997 hefur ríkissjóður tekið tvö erlend lán, samtals að fjárhæð 6,1 milljarður króna, til að mæta afborgunum annarra lána og vegna skuldbreytingar. Ekki er gert ráð fyrir frekari erlendum lántökum, en erlendar afborganir eru áætlaðar um 7,7 milljarðar króna. Allar líkur eru á að lánsfjárþörf ríkissjóðs þetta ár verði að fullu mætt með innlendum lántökum.

Bætt lánshæfi

Kjör ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum hafa batnað mikið á undanförnum árum. Staðfesting á því birtist í lánshæfiseinkunum sem erlendu matsfyrirtækin Standard & Poor's og Moody's hafa gefið ríkissjóði. Á þessu sumri mátu fyrirtækin ríkissjóð að nýju þar sem hann færðist enn upp um flokk í lánshæfi. Í hvert sinn sem lánshæfismat batnar bætast við nýir möguleikar á lántökum á betri kjörum.

Skuldstýring ríkissjóðs

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að efla innlenda verðbréfamarkaðinn og bæta skuldstýringu ríkissjóðs. Innköllun tiltekinna spariskírteinaflokka á þessu og síðasta ári var liður í því. Markmiðið er að fækka útistandandi flokkum ríkisverðbréfa og stækka þá, en með því má bæta vaxtamyndun á eftirmarkaði og styrkja markaðsstöðu spariskírteina. Þannig var flokkum spariskírteina og ríkisbréfa fækkað úr 46 í 10. Í kjölfarið hafa vextir spariskírteina lækkað og Búnaðarbanki Íslands og Íslandsbanki hf. ákváðu að gerast viðskiptavakar fyrir nýja markflokka ríkisverðbréfa.

Tilhögun sölu ríkisverðbréfa

Fjármálaráðherra ákvað í ágúst sl. að gera tilraun með uppkaup á ríkisverðbréfum sem eiga innan við ár í gjalddaga. Markmiðið með tilrauninni er að jafna álag sem stundum verður á fjármagnsmarkaðinum þegar kemur að gjalddögum stórra ríkisverðbréfaflokka. Ákveðið var að endurkaupa bréf fyrir samtals 0,8 milljarða króna á þessu ári.

Á vegum fjármálaráðuneytis er verið að endurskoða núverandi fyrirkomulag á sölu ríkisverðbréfa og vinna að tillögum um úrbætur ef nauðsyn þykir. Gert er ráð fyrir að niðurstaða liggi fyrir í lok þessa árs. Þá hefur, á vegum félagsmálaráðuneytisins, verið unnið að því að viðskiptabankar tengist betur húsbréfakerfinu, m.a. að þeir annist og beri ábyrgð á greiðslumati vegna útgáfu húsbréfa.

Þann 1. maí s.l. var Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa lögð niður. Við það hætti Lánasýsla ríkisins öllum eftirmarkaðsviðskiptum með ríkisverðbréf og beinni þátttöku í útboðum ríkisins.

Samningar um viðskiptavakt

Í byrjun árs 1997 endurnýjaði Seðlabankinn samninga um vörslu á verðbréfaeign bankans, en þeir fela í sér að haldið sé uppi virkri viðskiptavakt með helstu flokka ríkisverðbréfa. Með þessum samningum var vaxtaákvörðun á lengri ríkisskuldabréfum á eftirmarkaði færð frá bankanum. Fleiri aðilar en þeir sem samningsbundnir eru, hafa tekið upp viðskiptavakt með markflokka ríkisverðbréfa. Stefnt er að því að viðskiptabankar og fjármálafyrirtæki gerist viðskiptavakar með ríkisvíxla. Með því móti mætti ná fram meira jafnvægi á eftirmarkaði og létta af Seðlabankanum að annast viðskiptavakt ríkisverðbréfa.

Dregið úr veitingu ríkisábyrgða

Á grundvelli tillagna nefndar sem skipuð var til að endurskoða tilhögun ríkisábyrgða, mun fjármálaráðherra leggja fram frumvarp á haustþingi um ríkisábyrgðir. Frumvarpið verður byggt að stofni til á lögum um ríkisábyrgðir frá 1961. Helstu nýjungar sem koma fram í frumvarpinu eru, að metin verði afskriftarþörf vegna einstakra ábyrgða, áhættugjald verði breytilegt eftir áhættumati, liggja skal fyrir mat á skuldara og tryggingum fyrir veitingu ábyrgðar, hlutfall ábyrgðar í hverri fjárfestingu lækki og að ríkissjóður láni fyrst og fremst til B- og C-hluta stofnana.

Öll þessi atriði miða að því að draga úr veitingu ríkisábyrgða. Þá skal þess getið að með breytingum á ríkisfyrirtækjum og ríkisbönkum yfir í hlutafélög og fjárfestingarlánasjóðum í Fjárfestingarbankann hf., dregur verulega úr útistandandi ríkisábyrgðum.

Ráðstöfun lánsfjár

Fram hefur komið að heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs 1998 nemur um 12,5 milljörðum króna. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri nemi um 1,5 milljörðum króna. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að eignasala umfram eignakaup skili ríkissjóði um 5,8 milljörðum króna. Á móti kemur að áform um nýjar lánveitingar; þ.m.t. nettó hreyfing á viðskiptareikningum, nema um 2,3 milljörðum króna umfram innheimtar afborganir af áður veittum lánum. Þannig hefur ríkissjóður um 5 milljarða króna til ráðstöfunar til að mæta 17,5 milljarða króna afborgunum af útistandandi lánum ríkisins á árinu 1998 og lækka þar með skuldir sínar. Hér á eftir er nánar fjallað um ráðstöfun lánsfjárins.

Umfang endurlána

Lánveitingar ríkissjóðs til ríkisfyrirtækja, sjóða eða aðila utan ríkisins eru breytilegar frá einum tíma til annars. Ráða þar markaðsaðstæður, möguleikar einstakra aðila til eigin lánsfjáröflunar o.fl. Á árinu 1998 er áætlað að endurlán ríkissjóðs nemi alls um 8,5 milljörðum króna. Þar af er 4,2 milljarða króna lánveiting til Byggingarsjóðs ríkisins og 3,3 milljarða króna lánveiting til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Innheimtar afborganir af áður lánuðu fé, alls 6,6 milljarðar króna, vega hér á móti. Nettó lánveitingar, og þar með útstreymi úr ríkissjóði, eru því tæpir 2 milljarðar króna.

Viðskiptareikningar

Viðskiptareikningar ríkissjóðs hafa þýðingu fyrir fjárstýringu ríkisins á fjárlagaárinu. Staða þessara reikninga getur verið mjög breytileg allt eftir því hvernig tekjur innheimtast og þeim er skilað, t.d. vegna gjaldfrests við innflutning eða skil markaðra tekna. Áþekku máli gegnir um viðskiptareikninga þar sem um útstreymi er að ræða, t.d. vegna flýtingar á greiðslum við vörukaup, lántökur hjá verktökum o.s.frv. Með breyttri framsetningu fjárlaga verða þessar fjárhagshreyfingar fyrirferðarmeiri og sýnilegri. Í frumvarpinu er áætlað að nettó útstreymi á viðskiptareikningum verði 400 m.kr. sem er sama fjárhæð og á yfirstandandi ári.

Eignasala ríkisins

Stefna ríkisstjórnarinnar er að draga úr beinni þátttöku ríkisins í hvers konar atvinnustarfsemi. Því hafa ríkisfyrirtæki verið seld eða eignarhlutar í félögum. Framvegis verður gerð betri grein fyrir eignum ríkisins í fyrirtækjum og hlutafélögum í ríkisreikningi en verið hefur. Á árinu 1998 er ráðgerð sala hlutafjár að fjárhæð 6,2 milljarðar króna. Þar af hafa 4,3 milljarðar þegar verið tekjufærðir 1997. Áform um ný hluta- eða stofnfjárframlög nema alls um 400 m.kr. og taka einungis til alþjóðastofnana samkvæmt samningum. Um helmingur fjárhæðarinnar er nú þegar bundinn í slíkum samningum.

Töfluviðauki

Bls.

1. Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1988-1997 45
2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1988-1997 46
3. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1988-1997 á verðlagi ársins 1997 47
4. Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs 1988-1997 48
5. Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs 1988-1997 á verðlagi ársins 1997..... 49
6. Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1988-1997 50
7. Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1988-1997 á verðlagi ársins 1997 51
8. Fjárfesting 1996-1998..... 52
9. Opinberar framkvæmdir 1989-1998 53
10. Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1989-1998 54
11. Skuldir og kröfur opinberra aðila 1989-1998 55
12. Verðlags- og launaþróun 1989-1998 56
13. Þjóðhagsyfirlit 1989-1998 57
14. Greiðslujöfnuður við útlönd 1989-1998 58
15. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1989-1998 59

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [1]	Áætlun 1997 [2]
Tekjur	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	103 220	109 602	114 413	127 735	130 927
Gjöld	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	112 863	116 986	123 344	139 730	132 200
Rekstrarafkoma	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-9 643**	**-7 384**	**-8 931**	**-11 995**	**-1 273**
Veitt lán, nettó	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 621	-9 477	-9 150	41	-1 274
Hlutafé og stofnfjárframlög	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 410	- 158	- 75	- 208	- 150
Viðskiptareikningar, nettó	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	- 24	2 248	- 487	- 546	- 400
Hrein lánsfjárþörf	**8 183**	**7 499**	**7 170**	**14 648**	**7 175**	**10 698**	**14 771**	**18 643**	**12 708**	**3 097**
Lántökur, nettó	**4 724**	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**14 729**	**17 806**	**12 755**	**2 342**
Innlend lántaka	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	8 090	3 568	2 192	5 485	9 907
Ný lán	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	12 831	9 845	13 237	25 025	21 062
Afborganir	3 356	4 549	2 923	5 603	3 821	4 741	6 277	11 045	19 540	11 155
Erlend lántaka	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	4 044	11 161	15 614	7 270	-7 565
Ný lán	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	5 203	20 474	18 839	16 470	109
Afborganir	1 032	1 482	1 226	1 265	4 328	1 159	9 313	3 225	9 200	7 674
Seðlabanki Íslands, nettó	**- 646**	**-5 548**	**-2 031**	**- 755**	**- 776**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
Greiðsluafkoma	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 436**	**- 42**	**- 837**	**47**	**- 755**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	25,1	26,0	25,4	25,2	26,0	25,1	25,2	25,3	26,4	25,1
Gjöld	27,9	27,9	26,6	28,3	27,8	27,4	26,9	27,3	28,8	25,4
Rekstrarafkoma	-2,8	-1,9	-1,2	-3,2	-1,8	-2,3	-1,7	-2,0	-2,5	-0,2
Hrein lánsfjárþörf	3,2	2,4	2,0	3,7	1,8	2,6	3,4	4,1	2,6	0,6
Greiðsluafkoma	-1,6	-0,7	0,2	-1,5	0,6	0,3	0,0	-0,2	0,0	-0,1

[1] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996 og 4.000 milljónir króna árið 1997.

[2] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna og gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997 [1]
Tekjuskattar	**7 980**	**10 610**	**14 738**	**15 550**	**16 462**	**16 103**	**19 163**	**20 992**	**25 564**	**22 674**
Einstaklingar	6 158	8 087	12 060	12 903	13 207	12 835	15 872	16 750	21 371	17 374
Fyrirtæki	1 822	2 523	2 678	2 647	3 255	3 268	3 291	4 242	4 193	5 300
Tryggingagjöld og launaskattar	**4 904**	**5 842**	**7 649**	**9 510**	**9 976**	**10 374**	**10 945**	**11 453**	**13 569**	**14 710**
Eignarskattar	**1 327**	**2 389**	**2 630**	**3 332**	**3 478**	**3 796**	**3 561**	**3 627**	**3 799**	**3 966**
Skattar á vörur og þjónustu	**46 413**	**55 401**	**61 121**	**65 111**	**65 854**	**65 889**	**68 000**	**69 929**	**76 583**	**80 480**
Virðisaukaskattur/söluskattur	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 497	40 899	42 358	45 692	49 128
Innflutnings- og vörugjöld	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	7 696	7 994	8 832	10 505	10 392
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 150	6 600	6 148	7 266	7 128
Bifreiðagjöld [2]	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 512	8 231	8 607	9 224	9 710
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	4 035	4 276	3 984	3 896	4 122
Aðrar tekjur	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**7 058**	**7 933**	**8 412**	**8 220**	**9 097**
Vaxtatekjur	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 420	4 720	5 139	5 122	4 861
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	610	1 267	2 219	2 503	3 474	2 638	3 213	3 273	3 098	4 236
Heildartekjur ríkissjóðs	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**103 220**	**109 602**	**114 413**	**127 735**	**130 927**
Þar af skatttekjur	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	96 162	101 669	106 001	119 515	121 830
Hlutfall af VLF, %										
Heildartekjur ríkissjóðs	**25,1**	**26,0**	**25,4**	**25,2**	**26,0**	**25,1**	**25,2**	**25,3**	**26,4**	**25,1**
Aðrar tekjur	1,5	1,9	1,7	1,6	1,9	1,7	1,8	1,9	1,7	1,7
Skatttekjur	**23,6**	**24,1**	**23,7**	**23,6**	**24,1**	**23,4**	**23,4**	**23,5**	**24,7**	**23,4**
Tekjuskattur	3,1	3,4	4,0	3,9	4,1	3,9	4,4	4,6	5,3	4,3
Tryggingagjöld og launaskattar	1,9	1,9	2,1	2,4	2,5	2,5	2,5	2,5	2,8	2,8
Eignaskattar	0,5	0,8	0,7	0,8	0,9	0,9	0,8	0,8	0,8	0,8
Skattar á vörur og þjónustu	18,1	18,0	16,8	16,4	16,6	16,0	15,6	15,5	15,8	15,4

[1] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna árið 1997.

[2] Sérstakt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997 [2]
Tekjuskattar	**14 045**	**15 591**	**18 547**	**18 170**	**18 563**	**17 714**	**20 664**	**22 033**	**26 331**	**22 674**
Einstaklingar	10 838	11 883	15 177	15 077	14 893	14 119	17 116	17 580	22 012	17 374
Fyrirtæki	3 207	3 707	3 370	3 093	3 670	3 595	3 549	4 452	4 319	5 300
Tryggingagjöld og launaskattar	**8 631**	**8 585**	**9 626**	**11 112**	**11 249**	**11 412**	**11 803**	**12 021**	**13 976**	**14 710**
Eignarskattar	**2 336**	**3 511**	**3 310**	**3 893**	**3 922**	**4 176**	**3 840**	**3 807**	**3 913**	**3 966**
Skattar á vörur og þjónustu	**81 689**	**81 409**	**76 917**	**76 079**	**74 259**	**72 480**	**73 328**	**73 395**	**78 880**	**80 480**
Virðisaukaskattur/söluskattur	51 973	50 183	46 670	45 517	45 042	44 547	44 103	44 458	47 063	49 128
Innflutnings- og vörugjöld	9 095	10 911	10 513	11 054	9 241	8 465	8 620	9 270	10 820	10 392
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	7 524	7 891	7 450	7 580	7 256	6 765	7 117	6 453	7 484	7 128
Bifreiðagjöld [3]	6 637	6 956	6 885	7 483	7 924	8 263	8 876	9 034	9 501	9 710
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	6 459	5 468	5 399	4 446	4 796	4 439	4 611	4 181	4 013	4 122
Aðrar tekjur	**6 833**	**8 605**	**7 947**	**7 537**	**8 657**	**7 764**	**8 555**	**8 829**	**8 467**	**9 097**
Vaxtatekjur	5 759	6 743	5 155	4 612	4 739	4 862	5 090	5 394	5 276	4 861
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	1 074	1 862	2 792	2 925	3 917	2 902	3 465	3 435	3 191	4 236
Heildartekjur ríkissjóðs	**113 533**	**117 700**	**116 346**	**116 791**	**116 650**	**113 545**	**118 189**	**120 084**	**131 567**	**130 927**
Þar af skatttekjur	106 701	109 095	108 399	109 254	107 993	105 781	109 635	111 255	123 100	121 830
Hlutfall af heildartekjum, %										
Tekjuskattur	12,4	13,2	15,9	15,6	15,9	15,6	17,5	18,3	20,0	17,3
Tryggingagjöld og launaskattar	7,6	7,3	8,3	9,5	9,6	10,1	10,0	10,0	10,6	11,2
Eignaskattar	2,1	3,0	2,8	3,3	3,4	3,7	3,2	3,2	3,0	3,0
Skattar á vörur og þjónustu	72,0	69,2	66,1	65,1	63,7	63,8	62,0	61,1	60,0	61,5
Aðrar tekjur	6,0	7,3	6,8	6,5	7,4	6,8	7,2	7,4	6,4	6,9

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

2) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna árið 1997.

3) Sérstakt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 4 **Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [1]	Áætlun 1997 [2]
Rekstrargjöld	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 354**	**45 370**	**48 051**	**52 256**	**47 900**
Laun	19 490	22 410	29 556	33 573	34 343	35 977	37 350	39 610	42 330	38 400
Önnur rekstrarútgjöld	10 969	13 292	12 911	13 445	14 859	15 177	14 655	15 271	17 126	17 300
Sértekjur	3 174	3 584	5 140	4 600	6 820	6 800	6 635	6 830	7 200	7 800
Tilfærslur	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 092**	**45 066**	**47 739**	**49 678**	**52 900**
Almannatryggingar	14 928	18 911	23 851	26 692	27 528	27 927	30 733	31 525	32 276	33 984
Greiðslur til landbúnaðar	5 120	7 067	8 072	9 049	9 415	6 518	5 703	5 818	6 064	5 627
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 497	1 444	1 452	1 600
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	...	...	1 207	1 366	1 497	1 496	1 922	2 057	2 221	2 417
Aðrar tilfærslur	5 895	6 230	4 306	5 570	5 807	5 452	5 211	6 895	7 665	9 272
Vextir	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**9 732**	**10 704**	**12 440**	**23 832**	**17 050**
Viðhald	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 362**	**3 341**	**3 981**	**3 936**	**3 800**
Stofnkostnaður	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**12 323**	**12 505**	**11 133**	**10 028**	**10 550**
Vegagerð	...	2 125	2 599	3 215	3 334	4 504	4 522	4 380	3 843	3 888
Flugvellir og hafnir	...	808	942	1 228	1 317	1 469	1 336	1 139	971	1 077
Húsnæðisstofnun	...	1 150	534	900	1 075	925	918	534	474	300
Annar stofnkostnaður	...	5 519	5 251	7 455	5 369	5 425	5 729	5 080	4 740	5 285
Gjöld samtals	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**116 986**	**123 344**	**139 730**	**132 200**
Hlutfall af VLF, %										
Heildarútgjöld ríkissjóðs	**27,9**	**27,9**	**26,6**	**28,3**	**27,8**	**27,4**	**26,9**	**27,3**	**28,8**	**25,4**
Rekstrargjöld	10,6	10,4	10,2	10,7	10,7	10,8	10,4	10,6	10,8	9,2
Tilfærslur	10,7	11,0	10,9	11,4	11,6	10,5	10,4	10,6	10,3	10,1
Vextir	2,7	2,8	2,3	2,5	2,1	2,4	2,5	2,8	4,9	3,3
Viðhald	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,8	0,8	0,9	0,8	0,7
Stofnkostnaður	3,3	3,1	2,6	3,2	2,8	3,0	2,9	2,5	2,1	2,0

1) Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996 og 4.000 milljónir króna árið 1997.

2) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 5 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [2]	Frumvarp 1997 [3]
Rekstrargjöld	**48 023**	**47 196**	**46 974**	**49 564**	**47 791**	**48 791**	**48 925**	**50 433**	**53 824**	**47 900**
Laun	34 303	32 930	37 194	39 229	38 726	39 576	40 276	41 573	43 600	38 400
Önnur rekstrarútgjöld	19 306	19 532	16 248	15 710	16 755	16 695	15 803	16 028	17 640	17 300
Sértekjur	5 586	5 266	6 468	5 375	7 690	7 480	7 155	7 169	7 416	7 800
Tilfærslur	**48 489**	**49 970**	**49 847**	**52 708**	**52 145**	**47 402**	**48 597**	**50 105**	**51 168**	**52 900**
Almannatryggingar	26 274	27 789	30 015	31 189	31 041	30 721	33 141	33 088	33 244	33 984
Greiðslur til landbúnaðar	9 011	10 385	10 158	10 573	10 617	7 170	6 150	6 106	6 246	5 627
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 828	2 642	2 736	2 842	2 251	1 869	1 614	1 516	1 496	1 600
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	...	...	1 519	1 596	1 688	1 646	2 073	2 159	2 288	2 417
Aðrar tilfærslur	10 375	9 155	5 419	6 508	6 548	5 997	5 619	7 237	7 895	9 272
Vextir	**12 081**	**12 561**	**10 412**	**11 539**	**9 411**	**10 705**	**11 543**	**13 057**	**24 547**	**17 050**
Viðhald	**2 596**	**2 619**	**2 972**	**2 672**	**2 865**	**3 698**	**3 603**	**4 178**	**4 054**	**3 800**
Stofnkostnaður	**14 800**	**14 110**	**11 736**	**14 954**	**12 511**	**13 556**	**13 485**	**11 685**	**10 329**	**10 550**
Vegagerð	...	3 123	3 271	3 757	3 760	4 955	4 876	4 597	3 958	3 888
Flugvellir og hafnir	...	1 187	1 185	1 435	1 485	1 616	1 441	1 195	1 000	1 077
Húsnæðisstofnun	...	1 690	672	1 052	1 212	1 018	990	560	488	300
Annar stofnkostnaður	...	8 110	6 608	8 711	6 054	5 968	6 178	5 332	4 882	5 285
Gjöld samtals	**125 990**	**126 455**	**121 941**	**131 437**	**124 724**	**124 153**	**126 152**	**129 458**	**143 922**	**132 200**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Rekstrargjöld	38,1	37,3	38,5	37,7	38,3	39,3	38,8	39,0	37,4	36,2
Tilfærslur	38,5	39,5	40,9	40,1	41,8	38,2	38,5	38,7	35,6	40,0
Vextir	9,6	9,9	8,5	8,8	7,5	8,6	9,1	10,1	17,1	12,9
Viðhald	2,1	2,1	2,4	2,0	2,3	3,0	2,9	3,2	2,8	2,9
Stofnkostnaður	11,7	11,2	9,6	11,4	10,0	10,9	10,7	9,0	7,2	8,0

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

2) Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996 og 4.000 milljónir króna árið 1997.

3) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 6 **Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997
Æðsta stjórn ríkisins	679	825	1 052	1 090	1 040	1 106	1 182	1 389	1 509	1 458
Forsætisráðuneyti	386	897	731	778	346	379	706	818	788	608
Menntamálaráðuneyti	11 618	13 556	15 144	17 357	16 629	16 750	17 534	17 333	19 702	15 009 [5]
Utanríkisráðuneyti	807	1 009	1 322	1 540	1 453	1 584	1 693	1 866	1 992	2 143
Landbúnaðarráðuneyti	2 893	3 889	3 621	5 426	5 688	7 821 [2]	7 040	6 984	7 304	7 013
Sjávarútvegsráðuneyti	1 620	2 123	923	1 040	1 028	1 126	924	1 124	1 267	1 202
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 639	3 987	4 536	5 022	5 165	5 535	5 986	6 152	6 344	6 421
Félagsmálaráðuneyti	3 162	3 009	3 760	4 977	4 962	5 362	8 579 [3]	9 619	9 338	9 557
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	26 997	32 313	39 765 [1]	45 095	46 391	47 679	47 041 [3]	49 707	51 738	54 217
Fjármálaráðuneyti	10 188	12 534	12 099	15 374	13 142	14 133	14 926	16 608	28 410 [4]	23 086
Samgönguráðuneyti	4 700	5 770	7 118	7 589	7 824	9 398	9 333	9 419	8 806	8 669
Iðnaðarráðuneyti	1 191	1 453	1 205	1 303	1 011	1 029	1 122	1 217	1 174	1 398
Viðskiptaráðuneyti	3 618	4 596	5 478	5 224	5 197	171 [2]	178	198	207	203
Hagstofa Íslands	85	95	110	142	145	138	156	149	162	169
Umhverfisráðuneyti	-	-	34	533	586	652	586	761	991	1 049
Samtals	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**116 986**	**123 344**	**139 730**	**132 200**

[1] Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem jók útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

[2] Niðurgreiðslur búvöru fluttar frá viðskiptaráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis.

[3] Atvinnuleysistryggingasjóður fluttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

[4] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996 og 4.000 milljónir króna árið 1997.

[5] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar útgjöld menntamálaráðuneytis um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 7 Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Æðsta stjórn ríkisins	1 195	1 212	1 324	1 273	1 173	1 217	1 275	1 458	1 554	1 458
Forsætisráðuneyti	679	1 318	920	909	390	417	761	859	811	608
Menntamálaráðuneyti	20 448	19 920	19 058	20 281	18 751	18 426	18 908	18 192	20 293	15 009 [6]
Utanríkisráðuneyti	1 420	1 483	1 664	1 799	1 638	1 742	1 826	1 958	2 051	2 143
Landbúnaðarráðuneyti	5 092	5 715	4 557	6 340	6 414	8 603 [3]	7 592	7 330	7 523	7 013
Sjávarútvegsráðuneyti	2 851	3 120	1 162	1 215	1 159	1 239	996	1 180	1 305	1 202
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 405	5 859	5 708	5 867	5 824	6 089	6 455	6 457	6 534	6 421
Félagsmálaráðuneyti	5 565	4 422	4 732	5 815	5 595	5 899	9 251 [4]	10 096	9 618	9 557
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	47 516	47 482	50 042 [2]	52 691	52 312	52 448	50 727 [4]	52 171	53 290	54 217
Fjármálaráðuneyti	17 931	18 418	15 226	17 964	14 819	15 547	16 095	17 431	29 263 [5]	23 086
Samgönguráðuneyti	8 272	8 479	8 958	8 867	8 823	10 338	10 064	9 886	9 070	8 669
Iðnaðarráðuneyti	2 096	2 135	1 516	1 523	1 140	1 132	1 210	1 277	1 209	1 398
Viðskiptaráðuneyti	6 368	6 754	6 893	6 104	5 861	188 [3]	192	208	213	203
Hagstofa Íslands	150	140	139	166	164	152	168	156	167	169
Umhverfisráðuneyti	-	-	43	623	660	717	632	799	1 020	1 049
Samtals	**125 990**	**126 455**	**121 941**	**131 437**	**124 723**	**124 152**	**126 152**	**129 458**	**143 921**	**132 200**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem jók útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

[3] Niðurgreiðslur búvöru fluttar frá viðskiptaráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis.

[4] Atvinnuleysistryggingasjóður fluttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

[5] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996 og 4.000 milljónir króna árið 1997.

[6] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar útgjöld menntamálaráðuneytis um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 8 Fjárfesting

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %		
	1996	Áætlun 1997	Spá 1998	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Fjárfesting alls	**84 828**	**103 680**	**108 740**	**23,5**	**18,6**	**1,3**
Atvinnuvegir	**51 225**	**66 600**	**69 400**	**47,6**	**27,5**	**1,0**
Landbúnaður	2 156	2 300	2 400	33,3	5,0	1,3
Fiskveiðar [2]	5 236	4 000	3 200	220,6	-23,8	-21,3
Vinnsla sjávarafurða	4 659	3 800	3 600	44,0	-20,8	-8,4
Álverksmiðja	6 020	12 300	5 300	1344,0	100,0	-58,2
Járnblendiverksmiðja	260	300	1 800	171,7	12,9	481,9
Annar iðnaður	6 786	7 500	8 000	17,1	8,9	3,9
Rafvirkjanir og rafveitur	3 359	11 600	11 600	73,8	231,3	-3,2
Hitaveitur	1 100	1 300	1 600	-4,3	13,1	18,1
Vatnsveitur	600	600	700	6,3	-4,3	12,0
Byggingarstarfsemi o.fl.	2 624	2 800	3 200	45,6	6,7	12,0
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4 500	5 300	6 000	13,5	12,7	8,6
Samgöngur	5 183	5 500	11 800	9,7	1,8	105,7
Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	2 750	3 300	3 700	0,4	17,5	8,7
Tölvu- og skrifstofubúnaður	5 992	6 000	6 500	21,7	0,8	6,2
Íbúðarhús	**18 935**	**20 780**	**22 740**	**4,0**	**5,0**	**5,0**
Opinberar framkvæmdir	**14 668**	**16 300**	**16 600**	**-5,1**	**6,4**	**-2,3**
Vegir og brýr	3 268	3 900	3 850	-10,0	14,2	-5,2
Götur og holræsi	2 700	3 300	3 250	-2,0	16,9	-5,5
Byggingar hins opinbera	8 700	9 100	9 500	-4,0	0,1	0,2
Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %						
Þjóðhagslegur sparnaður	15,6	16,5	16,0	.	.	.
- Heildarfjárfesting	17,5	19,9	19,4	.	.	.
- Birgðabreytingar	-0,2	-	-	.	.	.
Mismunur=viðskiptajöfnuður	**-1,7**	**-3,4**	**-3,4**	.	.	.

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar en þar er þó um óverulegar fjárhæðir að ræða á þessum árum.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 9 **Opinberar framkvæmdir**

Milljónir króna	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Á verðlagi hvers árs:										
Vegir og brýr	1 728	2 290	2 602	2 641	4 442	3 982	3 546	3 268	3 900	3 850
Götur og holræsi	2 221	2 565	3 373	3 156	3 290	3 548	2 690	2 700	3 300	3 250
Skólar og íþróttamannvirki	2 723	2 720	2 950	3 220	4 085	4 200	3 900	4 100	4 400	4 800
Sjúkrahús	1 336	1 490	1 920	1 680	1 559	1 540	1 450	1 250	1 250	1 250
Félagsheimili og kirkjur	217	280	280	720	668	460	715	500	600	600
Aðrar byggingar hins opinbera	2 067	3 480	3 650	3 150	2 988	2 900	2 735	2 850	2 850	2 850
Samtals	**10 292**	**12 825**	**14 775**	**14 567**	**17 032**	**16 630**	**15 036**	**14 668**	**16 300**	**16 600**
Verðlag 1998:										
Vegir og brýr	2 643	3 000	3 165	3 100	5 087	4 470	3 874	3 504	4 060	3 850
Götur og holræsi	3 397	3 360	4 103	3 705	3 767	3 983	2 939	2 895	3 435	3 250
Skólar og íþróttamannvirki	4 165	3 563	3 588	3 780	4 678	4 715	4 261	4 396	4 580	4 800
Sjúkrahús	2 044	1 952	2 335	1 972	1 785	1 729	1 584	1 340	1 301	1 250
Félagsheimili og kirkjur	332	367	341	845	765	516	781	536	625	600
Aðrar byggingar hins opinbera	3 162	4 559	4 440	3 698	3 422	3 255	2 988	3 056	2 967	2 850
Samtals	**15 744**	**16 801**	**17 972**	**17 100**	**19 504**	**18 668**	**16 428**	**15 727**	**16 968**	**16 600**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Frumvarp 1998
Tekin lán	**101 662**	**119 344**	**137 530**	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**239 246**	**240 404**	**241 662**
Seðlabanki Íslands	3 221	1 810	757	13	6	-	-	-	-	-
Spariskírteini	26 197	37 602	46 175	51 793	60 796	69 008	74 140	73 889	-	-
Ríkisbréf	-	76	1 257	2 487	6 012	5 563	5 768	8 366	-	-
Ríkisvíxlar	5 892	8 066	8 244	12 545	13 742	14 630	16 406	15 811	-	-
Aðrir innlendir aðilar	7 840	12 011	13 144	12 005	12 709	11 090	9 010	8 962	-	-
Erlend lán	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	113 633	127 261	132 218	-	-
Lánveitingar	**49 222**	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**77 266**	**71 048**	**73 845**	**78 172**
Veitt lán	34 433	34 022	37 902	41 654	46 875	55 469	64 134	63 689	-	-
Lán tengd innlendu verðlagi	16 331	18 306	22 071	22 644	26 405	36 965	45 176	50 339	-	-
Gengisbundin lán	18 102	15 716	15 831	19 010	20 470	18 504	18 958	13 350	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	14 789	18 784	25 189	26 046	18 093	13 597	13 132	7 359	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**52 440**	**66 538**	**74 439**	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**155 319**	**168 198**	**166 559**	**163 490**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	48,4	44,2	45,9	40,8	33,2	32,3	33,2	29,7	30,7	32,3
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	**31,8**	**32,4**	**34,1**	**41,6**	**47,2**	**49,0**	**51,3**	**48,9**	**45,7**	**42,6**
Þar af erlend lán	19,0	16,4	17,1	21,9	24,9	26,1	28,2	27,3	-	-
Veitt lán	**10,7**	**9,2**	**9,4**	**10,4**	**11,3**	**12,7**	**14,1**	**12,9**	**12,5**	**12,2**
Þar af gengisbundin lán	5,9	4,3	4,0	4,8	5,0	4,3	4,2	2,8	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	4,4	5,0	6,2	6,5	4,3	3,1	2,9	1,5	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**16,7**	**18,1**	**18,6**	**24,7**	**31,6**	**33,1**	**34,1**	**34,5**	**31,2**	**28,9**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 11 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Verðlag og gengi hvers árs										
Heildarskuldir hins opinbera	**114 734**	**134 542**	**154 183**	**185 639**	**220 084**	**245 071**	**267 611**	**277 683**	**282 245**	**286 944**
Innlendar skuldir	55 985	74 562	85 612	95 466	113 296	126 467	135 881	141 465	-	-
Erlendar skuldir	58 749	59 980	68 571	90 173	106 788	118 604	131 730	136 218	-	-
Kröfur hins opinbera	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**76 905**	**79 577**	**88 313**	**82 649**	**85 931**	**90 732**
Veitt lán	40 466	40 870	44 546	48 346	54 091	61 559	70 760	70 816	-	-
Skatta- og viðskiptakröfur	19 181	23 158	30 385	30 781	22 814	18 018	17 553	11 833	-	-
Hreinar skuldir hins opinbera	**55 087**	**70 514**	**79 252**	**106 512**	**143 180**	**165 494**	**179 298**	**195 033**	**196 314**	**196 209**
Ríkissjóður	52 440	66 537	74 439	98 417	130 602	144 858	155 390	168 224	166 559	163 490
Bæjar- og sveitarfélög	4 816	6 347	7 288	10 194	14 552	22 185	25 130	27 909	30 745	33 610
Almannatryggingar	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-1 974	-1 549	-1 222	-1 100	- 990	- 891
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]										
Heildarskuldir hins opinbera	183 617	186 199	200 365	235 928	251 431	266 658	284 693	288 777	282 245	279 540
Hreinar skuldir hins opinbera	87 990	98 542	104 142	135 774	163 703	180 044	190 712	202 785	196 314	191 146
Hlutfall af VLF, %										
Skuldir hins opinbera	**37,2**	**36,9**	**38,8**	**46,7**	**53,5**	**56,3**	**59,3**	**57,3**	**54,1**	**51,1**
Innlendar skuldir	18,2	20,5	21,6	24,0	27,5	29,1	30,1	29,2	-	-
Erlendar skuldir	19,1	16,5	17,3	22,7	25,9	27,3	29,2	28,1	-	-
Kröfur hins opinbera	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,7**	**18,3**	**19,6**	**17,1**	**16,5**	**16,2**
Hreinar skuldir hins opinbera	**17,9**	**19,4**	**20,0**	**26,8**	**34,8**	**38,0**	**39,7**	**40,3**	**37,7**	**34,9**

1) Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

2) Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12 **Verðlags- og launaþróun**

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997	Spá 1998
Vísitölur (1980 = 100)										
Neysluvöruverðsvísitala	1 571	1 804	1 926	1 998	2 080	2 111	2 147	2 196	2 238	2 305
Byggingarvísitala	1 420	1 673	1 800	1 843	1 884	1 933	1 995	2 093	2 187	2 279
Meðalgengi	982	1 104	1 103	1 109	1 201	1 263	1 262	1 260	1 240	1 240
Verðvísitala samneyslu	1 440	1 601	1 734	1 798	1 854	1 885	1 958	2 066	2 157	2 286
Verðvísitala einkaneyslu	1 575	1 842	1 970	2 062	2 157	2 192	2 231	2 287	2 329	2 399
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	1 499	1 751	1 886	1 954	2 003	2 043	2 100	2 140	2 204	2 295
Ráðstöfunartekjur á mann	1 941	2 125	2 327	2 357	2 308	2 343	2 476	2 635	2 811	3 036
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	124	118	121	118	111	111	115	120	126	132
Breyting milli ára, %										
Neysluvöruverðsvísitala	21,1	14,8	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,3	1,9	3,0
Byggingarvísitala	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	4,9	4,5	4,2
Meðalgengi	25,7	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,2	-0,1	-0,1	-1,6	0,0
Verðvísitala samneyslu	15,9	11,2	8,3	3,7	3,1	1,7	3,9	5,5	4,4	6,0
Verðvísitala einkaneyslu	23,3	17,0	6,9	4,7	4,6	1,6	1,8	2,5	1,9	3,0
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	19,8	16,8	7,7	3,6	2,5	2,0	2,8	1,9	3,0	4,1
Ráðstöfunartekjur á mann	11,7	9,5	9,5	1,3	-2,1	1,5	5,7	6,4	6,7	8,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-7,8	-4,6	2,5	-2,3	-6,0	0,0	3,9	4,0	4,7	4,9

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 13 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Á verðlagi hvers árs										
Einkaneysla	190 254	223 729	248 365	248 339	248 182	256 949	272 708	296 840	317 466	343 371
Samneysla	60 341	69 989	78 157	80 375	84 818	89 424	94 080	100 679	107 401	117 252
Fjárfesting	58 698	70 102	76 153	69 554	64 176	65 877	65 951	84 828	103 680	108 740
Neysla og fjárfesting alls	309 293	363 820	402 675	398 268	397 176	412 250	432 739	482 347	528 547	569 363
Birgðabreytingar	-8 143	-4 256	- 900	- 445	1 128	8	2 373	-1 035	-	-
Þjóðarútgjöld alls	**301 150**	**359 564**	**401 775**	**397 823**	**398 304**	**412 258**	**435 112**	**481 312**	**528 547**	**569 363**
Útflutningur vöru og þjónustu	106 282	124 246	125 671	121 597	135 694	157 436	161 250	176 761	183 930	196 959
Innflutningur vöru og þjónustu	99 240	119 595	130 491	121 782	122 466	134 631	144 725	173 725	191 210	204 566
Verg landsframleiðsla	**308 192**	**364 215**	**396 955**	**397 638**	**411 532**	**435 063**	**451 637**	**484 348**	**521 267**	**561 756**
Verg þjóðarframleiðsla	**297 028**	**351 614**	**386 312**	**388 727**	**401 711**	**421 618**	**439 135**	**473 545**	**511 412**	**550 750**
Magnbreytingar milli ára, %										
Einkaneysla	-4,2	0,5	4,1	-4,5	-4,5	1,9	4,2	6,4	5,0	5,0
Samneysla	3,0	4,4	3,1	-0,8	2,3	3,7	1,3	1,4	2,2	3,0
Fjármunamyndun	-7,9	3,0	2,0	-11,3	-11,4	-1,1	-2,8	23,5	18,6	1,3
Þjóðarútgjöld alls	**-4,4**	**1,5**	**5,1**	**-5,3**	**-4,1**	**1,5**	**3,1**	**7,1**	**6,7**	**3,9**
Útflutningur vöru og þjónustu	2,9	0,0	-5,9	-1,9	7,1	10,0	-2,1	10,0	3,2	4,6
Innflutningur vöru og þjónustu	-10,3	1,0	5,7	-8,0	-8,6	4,2	3,8	16,6	9,6	5,9
Verg landsframleiðsla	**0,3**	**1,2**	**1,1**	**-3,4**	**1,0**	**3,7**	**1,0**	**5,2**	**4,5**	**3,5**
Verg þjóðarframleiðsla	**-0,1**	**1,2**	**1,6**	**-3,3**	**0,9**	**3,1**	**1,4**	**5,6**	**4,8**	**3,3**
Vergar þjóðartekjur	**-1,6**	**0,6**	**3,2**	**-4,2**	**-0,9**	**2,7**	**1,9**	**4,2**	**5,0**	**3,7**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Vöruskiptajöfnuður	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**- 76**	**12 268**	**19 662**	**13 356**	**1 817**	**-5 579**	**-6 307**
Útfluttar vörur	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**94 658**	**112 655**	**116 607**	**126 304**	**128 939**	**138 552**
Sjávarafurðir	56 812	69 898	73 236	69 881	74 571	84 838	86 694	92 056	92 368	95 139
Ál og kísiljárn	13 317	12 017	9 841	9 710	10 619	13 523	15 746	16 462	18 447	25 846
Annað	9 943	10 537	8 483	8 242	9 468	14 294	14 167	17 786	18 124	17 567
Innfluttar vörur	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**82 390**	**92 993**	**103 251**	**124 487**	**134 518**	**144 859**
Sérstakur vöruinnflutningur	10 828	14 047	13 107	12 237	7 086	9 441	10 219	12 561	17 500	21 447
Almennur innflutningur	61 775	73 605	81 532	75 672	75 304	83 552	93 032	111 926	117 018	123 412
Olía	5 990	8 343	7 406	7 088	7 357	7 237	6 949	9 260	9 164	8 325
Annað	55 785	65 262	74 126	68 584	67 947	76 315	86 083	102 666	107 854	115 087
Þjónustujöfnuður	**- 427**	**- 149**	**-2 283**	**- 619**	**211**	**2 185**	**3 169**	**1 219**	**-1 701**	**-1 299**
Þjónustutekjur	26 210	31 794	33 383	33 415	40 314	43 824	44 643	50 457	54 992	58 407
Þjónustugjöld	26 637	31 943	35 666	34 034	40 103	41 639	41 474	49 238	56 693	59 706
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-11 164**	**-12 401**	**-12 686**	**-11 305**	**-12 142**	**-13 462**	**-12 808**	**-11 267**	**-10 227**	**-11 390**
Viðskiptajöfnuður	**-4 122**	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**337**	**8 385**	**3 717**	**-8 231**	**-17 507**	**-18 996**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-1,3	-2,1	-4,6	-3,0	0,1	1,9	0,8	-1,7	-3,4	-3,4

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 15 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997	Spá 1998
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs										
Langtímalán	151 065	179 712	196 621	208 989	250 265	257 664	253 514	262 721	-	-
Skammtímastaða, nettó	-9 638	-5 846	-8 663	-10 352	660	13 508	11 179	2 749	-	-
Gjaldeyrisstaða	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	14 739	14 021	30 666	-	-
Hrein skuldastaða við útlönd	**142 353**	**161 685**	**180 440**	**190 322**	**222 251**	**229 417**	**228 314**	**229 306**	**245 000**	**264 000**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1998 [1]										
Langtímalán	260 901	273 928	284 583	294 843	294 185	279 328	267 175	270 311	-	-
Hrein skuldastaða	245 855	246 450	261 163	268 508	261 254	248 706	240 617	235 931	250 635	264 000
Hlutfall af VLF, %										
Langtímalán	49,0	49,3	49,5	52,6	60,8	59,2	56,1	54,2	-	-
Hrein skuldastaða	46,2	44,4	45,5	47,9	54,0	52,7	50,6	47,3	47,0	47,0
Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af langtímalánum	9 104	11 360	14 880	19 113	23 769	39 818	32 435	26 545	24 000	25 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	12 295	14 345	14 846	14 021	15 562	16 258	15 939	15 412	15 000	15 500
Samtals	21 399	25 705	29 726	33 134	39 331	56 076	48 374	41 957	39 000	40 500
Nettóvaxtagreiðslur til útlanda	12 951	14 350	14 215	12 820	13 761	14 590	14 288	13 886	14 000	14 500
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	8,3	8,8	11,4	15,0	16,8	24,4	19,4	14,4	12,5	12,2
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	11,2	11,1	11,4	11,0	11,0	10,0	9,5	8,4	7,8	7,6
Samtals	19,5	19,8	22,8	26,0	27,8	34,4	29,0	22,8	20,4	19,8
Nettóvaxtagreiðslur til útlanda	11,8	11,1	10,9	10,1	9,7	9,0	8,6	7,5	7,3	7,1
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	20,1	19,8	22,3	25,1	26,5	33,4	28,0	21,9	19,9	19,3

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997.)

Seinni hluti:
Lagagreinar og athugasemdir

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

		Bls.
Inngangur		3
1.	Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2.	Ný framsetning fjárlaga og ríkisreiknings	11
3.	Helstu þættir ríkisfjármála	15
4.	Framvinda og horfur í efnahagsmálum	23
5.	Horfur í ríkisfjármálum næstu ár	35
6.	Yfirlit lánsfjármála	39
Fylgiskjal: Töfluviðauki		43

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

		Bls.
Efnisyfirlit fyrri- og seinni hluta		63
A-hluti	**Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana**	
1. gr	Rekstraryfirlit ríkissjóðs	65
2. gr.	Sjóðstreymi ríkissjóðs	66
B-hluti	**Fjárreiður ríkisfyrirtækja**	
3. gr.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja	67
C-hluti	**Fjárreiður lánastofnana**	
4. gr.	Fjárreiður lánastofnana	68
Ýmis ákvæði		
5. gr.	Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir	69
6. gr.	Skerðingarákvæði	70
7. gr.	Heimildir	71
Sundurliðanir		
1.	Tekjur A-hluta	77
2.	Fjármál ríkisaðila í A-hluta	81
3.	Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta	249
4.	Fjármál lánastofnana í C-hluta	261

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 274
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 279
3. Markaðar tekjur og lögbundin framlög 280

Athugasemdir

Inngangur 289
1. Yfirlit ríkisfjármála og ný framsetning fjárlaga 290
2. Tekjur A-hluta 293
3. Gjöld 307
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 412
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 417
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 424
7. Skerðingarákvæði 428
8. Heimildir 429

Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar 432

Atriðisorðaskrá 433

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 1998 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**148.106,0**	**142.307,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	30.276,0	27.191,0
Skattar á tekjur lögaðila	7.156,0	6.505,0
Tryggingagjöld	14.990,0	14.625,0
Eignarskattar	7.959,0	7.816,0
Virðisaukaskattur	53.590,0	52.150,0
Aðrir skattar á vörur þjónustu	33.220,0	33.110,0
Skattar ótaldir annars staðar	915,0	910,0
Rekstrartekjur	**12.785,0**	**11.130,0**
Arðgreiðslur	2.104,0	2.104,0
Vaxtatekjur	6.815,0	5.200,0
Aðrar rekstrartekjur	3.866,0	3.826,0
Sala eigna	1.921,0	1.921,0
Fjármagnstilfærslur, framlög	672,0	672,0
Tekjur samtals	**163.484,0**	**156.030,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.315,3	1.315,3
Forsætisráðuneyti	850,3	850,8
Menntamálaráðuneyti	17.260,9	17.260,9
Utanríkisráðuneyti	2.776,2	2.776,2
Landbúnaðarráðuneyti	8.128,1	8.128,1
Sjávarútvegsráðuneyti	2.469,9	2.158,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	8.580,8	8.580,8
Félagsmálaráðuneyti	10.163,1	10.083,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	58.988,8	58.913,8
Fjármálaráðuneyti	21.303,9	15.303,9
Samgönguráðuneyti	10.114,0	10.157,4
Iðnaðarráðuneyti	1.242,9	1.242,9
Viðskiptaráðuneyti	1.083,3	1.083,3
Hagstofa Íslands	174,4	174,4
Umhverfisráðuneyti	2.310,8	2.260,8
Fjármagnskostnaður	16.200,0	12.300,0
Gjöld samtals	**162.962,7**	**152.590,3**
Tekjujöfnuður	**521,3**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 1998 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	521,1
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	4.100,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.554,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	472,4
Handbært fé frá rekstri	**1.539,5**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-8.570,0
Afborganir veittra lána	6.620,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-400,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	6.200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**3.450,0**
Hrein lánsfjárþörf (til lækkunar á skuldum)	**-4.989,5**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0
Tekin löng lán	12.500,0
Afborganir lána	-17.452,0
Fjármögnun samtals	-4.952,0
Breyting á handbæru fé	**37,5**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 1998 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	393,0	445,0	8,0	0
Lyfjabúð Háskóla Íslands	0	0	0	0
Ríkisútvarpið	36,0	0	230,0	0
Þjóðleikhúsið	-32,0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-46,0	0	0	0
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	472,0	470,0	10	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	183,0	0	58,9	0
Ratsjárstofnun	0	0	0	0
Umsýslustofnun varnarmála	10,9	11,9	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.549,3	2.667,0	25,0	0
Alþjóðaflugþjónustan	5,0	0	30,0	70,0
Rafmagnsveitur ríkisins	35,0	152,0	625,0	0
Samtals	**3.606,2**	**3.716,2**	**976,9**	**70,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 1998 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Byggðastofnun	-10,0	1.600,0	0	1.400,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	40,0	3.060,0	15,0	3.300,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-11,8	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	-125,0	1.100,0	0	1.200,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-700,0	0	0	1.000,0
Húsbréfadeild	0	16.100,0	0	16.000,0
Byggingarsjóður ríkisins	-874,0	600,0	15,0	4.400,0
Byggingarsjóður verkamanna	-800,0	2.450,0	0	5.280,0
Framkvæmdasjóður Íslands	-33,0	62,0	0	0
Hafnabótasjóður	-25,0	25,0	0	0
Ferðamálasjóður	21,0	130,0	0	100,0
Orkusjóður	7,3	15,0	0	0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	27,0	300,0	20,0	0
Samtals	**-2.483,5**	**25.442,0**	**50,0**	**32.680,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 12.500 m.kr. á árinu 1998 og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 8.570 m.kr. af fjárhæð skv. lið 1. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.300 m.kr.
   - 2.2. Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 1.000 m.kr.
   - 2.3. Byggingasjóðs ríkisins allt að 4.200 m.kr.
   - 2.4. Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 70 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 1998 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í lið 3.1. til 3.6., sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1. Landsvirkjun, allt að 7.500 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2. Byggingarsjóði verkamanna, allt að 4.900 m.kr., sbr 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
   - 3.3. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 16.000 m.kr., sbr 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
   - 3.4. Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.200 m.kr., sbr 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.5. Byggðastofnun, allt að 1.400 m.kr., sbr 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun með áorðnum breytingum.
   - 3.6. Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

4. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs með sjálfskuldarábyrgð lántöku eftirtalinna aðila:
   - 4.1 Norðuráls hf., allt að 210 m.kr., til að ábyrgjast skaðleysi Hafnarsjóðs Grundartangahafnar vegna lántöku Norðuráls hf. hjá Hafnarsjóði Grundartanga.

5. Að yfirtaka skuldir o.fl.
   - 5.1 Yfirtaka skuldir Baldurs hf. vegna kaupa á ferjunni Baldri og húseignum á Brjánslæk í Barðastrandasýslu.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 315 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, skal framlag ríkissjóðs á árinu 1998 eigi nema hærri fjárhæð en 12,5 m.kr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1998 umfram 185 m.kr. renna í ríkissjóð.

4. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1998 af ráðstöfunarfé sjóðsins, kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 1.064 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1998.

6. Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, skal heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi á árinu 1998 til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

7. Á árinu 1998 skulu 83,3 m.kr. af tekjum Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli renna í ríkissjóð sbr. ákvæði laga nr. 34/1964, um loftferðir, og gjaldskrá nr. 256/1989.

8. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skulu tekjur af brunavarnargjaldi umfram 79 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

1.2 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt eru til landsins á vegum Landsíma Íslands hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1.3 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.

1.4 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld, sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins.

1.5 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða á árinu 1998, í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.

1.6 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar ehf. vegna fjármögnunar jarðganga.

1.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna kaupa MK Flugfélagsins ehf. á flugvél með væntanlega einkennisstafi TF-MKG.

1.8 Að fella niður stimpilgjöld vegna kaupa Eignarhaldsfélags Íslandsflugs hf. á þremur flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ELK, TF-ELA og TF-ELF.

1.9 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélags Íslands hf. á tveimur flugvélum sem bera einkennisstafina TF-JME og TF-JML.

1.10 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélagsins Atlanta ehf. á þremur flugvélum með einkennisstafina TF-ABM, TF-ABE og TF-ABV.

1.11 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugleiða hf. á Boeing 757-200 flugvél með einkennisstafina TF-FIH.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi 9, Reykjavík.
2.2 Að selja fasteignina Laugaveg 114, Reykjavík, og kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.
2.3 Að selja fasteignina Tryggvagötu 1 (Hafnarbúðir), Reykjavík, og verja hluta af andvirði hennar til uppbyggingar sjúkrahúsanna í Reykjavík samkvæmt samkomulagi þar um.
2.4 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
2.5 Að selja fasteignina Skálholtsstíg 7, Reykjavík, og verja andvirðinu til kaupa á þjónustu- og geymsluhúsnæði fyrir Listasafn Íslands.
2.6 Að selja fasteignina Völvufell 20, Reykjavík.
2.7 Að selja fasteignina Túngötu 7, Reykjavík.
2.8 Að selja íbúðarhúsið Kollafjörð, sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til viðhalds á eignum stöðvarinnar.
2.9 Að selja íbúðarhúsið Arnarhól I, sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til greiðslu á skuldum stöðvarinnar við Framkvæmdasjóð Íslands.
2.10 Að selja íbúðarhús sem tilheyra Bændaskólanum á Hvanneyri.
2.11 Að selja læknisbústað og heilsugæslustöð að Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir læknamóttöku.
2.12 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Aðalgötu 7, Stykkishólmi.
2.13 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði, og eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4, Egilsstöðum, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
2.14 Að selja prestsbústað við Húnabraut 3, Blönduósi, og kaupa annan.
2.15 Að selja húsnæði lögreglunnar við Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra.
2.16 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins við Hjalteyri, Arnarneshreppi.
2.17 Að selja fasteignir Ríkisútvarpsins að Ytri-Skjaldarvík, Glæsibæjarhreppi.
2.18 Að selja fasteignina Spítalaveg 11 (Brekkudeild), Akureyri, og verja andvirði sölunnar til nauðsynlegra breytinga á húsnæði og aðstöðu fyrir dagdeild geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins.
2.19 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.20 Að selja prestsbústað við Hlíðartún 18, Höfn í Hornafirði, og kaupa annan.
2.21 Að selja húsnæði Skattstofu Suðurlands að Þrúðvangi 20, Hellu, og kaupa annað hentugra.
2.22 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
2.23 Að selja vitavarðarbústað við Reykjanesvita í Reykjanesbæ.
2.24 Að selja fasteignina Gauksstaðaveg 4, Gerðahreppi.
2.25 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri hennar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
2.26 Að selja bústað varamanns sendiherra í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.27 Að selja sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín.
2.28 Að selja bústað varamanns sendiherra í Osló og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.29 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Laugavegi 24, Reykjavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.4 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Lyngás 11, Garðabæ, og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Hjalla 4, Patreksfirði.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirðinu til Vestfjarðaganga.
3.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hvammstangabraut 13a, Hvammstanga.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Þverbraut 1, Blönduósi, og verja andvirði hennar til kaupa á tækjum og búnaði fyrir Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Norðurgötu 4b, Siglufirði.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Laufás 4, Egilsstöðum, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.14 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði.
3.15 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.16 Að selja húsnæði sjúkrahúsa sem nú er notað fyrir barnaheimili.
3.17 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds.
3.18 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík.
3.19 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar eða þykja ekki henta til skólahalds.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja hluta úr lóð Kópavogshælis.
4.2 Að selja landspildu úr landi Vestra-Kataness, Hvalfjarðarstrandarhreppi, og Klafastaða í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
4.3 Að selja jörðina Svínhól í Dalabyggð, Dalasýslu.
4.4 Að selja jörðina Austmannsdal, Vesturbyggð.
4.5 Að selja hluta af jörðunum Löngumýri, Lauftúni og Krossanesi í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
4.6 Að selja jörðina Hól í Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.7 Að selja allt að 36 ha landspildu úr jörðinni Geitafelli í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Halldórsstaði í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.9 Að selja jörðina Saltvík í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.10 Að selja jörðina Hól í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.

4.11 Að selja jörðina Ánastaði í Hjaltastaðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.12 Að selja jörðina Gvendarnes (Hafnarnes) í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.13 Að selja jörðina Giljur í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Stöðlum í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.15 Að selja hluta af jörðinni Króki í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.16 Að semja við eiganda jarðarinnar Ósgerðis í Ölfushreppi um makaskipti á landspildum úr Ósgerði og Nethömrum í Ölfushreppi, Árnessýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.2 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf.
5.4 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.5 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.7 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Skýrr hf.

Ráðstöfun annarra eigna

6.1 Að selja Hríseyjarferjuna Sævar.
6.2 Að afhenda Ísafjarðarbæ skrúðgarðinn Skrúð á Núpi, Dýrafirði.
6.3 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.

Kaup og leiga fasteigna

7.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
7.3 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.4 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.5 Að kaupa húseignir og byggingarreit á háskólalóðinni við Hringbraut í þágu Þjóðminjasafns Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
7.6 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu, Reykjavík, til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
7.7 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi ríkisskattstjóra og taka til þess nauðsynleg lán.
7.8 Að kaupa eignarhlut Reykjavíkurborgar í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík, til nota fyrir tollstjórann í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.9 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Landsbókasafn Íslands og fleiri safnastofnanir og taka til þess nauðsynleg lán.
7.10 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti og taka til þess nauðsynleg lán.

7.11 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.12 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
7.13 Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Hólmavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.14 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.15 Að kaupa fasteignina Norðurbæ II, Gunnarsholti, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, og taka til þess nauðsynleg lán.
7.16 Að kaupa eignarhlut Íþróttasambands Íslands í húseign Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni og taka til þess nauðsynleg lán.
7.17 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.18 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
7.19 Að kaupa eða leigja sendiherrabústað í París og taka til þess nauðsynleg lán.
7.20 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra í Helsinki og taka til þess nauðsynleg lán.
7.21 Að kaupa nýjan sendiherrabústað í London eða endurnýja lóðarleigusamning um núverandi bústað og taka til þess nauðsynleg lán.
7.22 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

8.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi 1998 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
8.2 Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
8.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
8.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
8.5 Að ábyrgjast mögulegar skaðabótaskyldar afleiðingar af töku lyfsins Thalidomide.
8.6 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1998, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
8.7 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1998 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 15 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Upphæðinni er varið til markaðsátaks erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi.
8.8 Að ráðstafa allt að 20% arðs af eign ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
8.9 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.

8.10 Að lána til fiskeldisfyrirtækja, að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra, greiddar afborganir, vexti og verðbætur af sérstökum rekstrarlánum sem veitt voru til fiskeldisfyrirtækja á árunum 1991 og 1992.
8.11 Að taka þátt í stofnun hlutafélags um rekstur verðbréfamiðstöðvar á Íslandi.
8.12 Að semja við eiganda húsnæðis sendiherra í Moskvu um endurbætur gegn fyrirfram greiddri leigu.
8.13 Að semja við Súðavíkurhrepp um mismun söluverðs og kaupverðs sumarhúsa sem keypt voru í kjölfar snjóflóðs sem féll þann 16. janúar 1995.
8.14 Að ráðstafa allt að 30 m.kr. af aukinni sektarinnheimtu lögreglustjórans í Reykjavík til embættisins í samráði við dómsmálaráðherra.
8.15 Að ráðstafa allt að 90 m.kr. af söluandvirði hlutabréfa ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun hf. til stofnframkvæmda og fasteignakaupa á árunum 1997 og 1998.

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
I	**Skatttekjur**	**148.106**	**142.307**
1	**Skattar á tekjur og hagnað**	**37.937**	**34.196**
1.1	**Einstaklingar**	**30.276**	**27.191**
1.1.1	Tekjuskattur alls	29.326	26.358
1.1.1.1	Tekjuskattur	28.746	25.843
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	580	515
1.1.5	Skattur á fjármagnstekjur	950	833
1.5.	**Lögaðilar**	**7.156**	**6.505**
1.5.1.1	Tekjuskattur	7.156	6.505
1.10	**Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar**	**505**	**500**
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	505	500
2	**Tryggingagjöld**	**14.990**	**14.625**
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	11.940	11.550
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.050	3.050
2.4	Tryggingagjöld, ótalin annars staðar	0	25
3	**Skattar á launagreiðslur**	**105**	**105**
3.2	Ábyrgðagjald vegna launa	105	105
4	**Eignarskattar**	**7.959**	**7.816**
4.2	**Skattar á hreina eign**	**3.920**	**3.777**
4.2.1	Einstaklingar	1.786	1.724
4.2.2	Lögaðilar	2.134	2.053
4.3	**Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé**	420	420

4.4	**Skattar á fjármagnsviðskipti**	**2.805**	**2.805**
4.4.1	Stimpilgjöld	2.805	2.805
4.5	**Sértækir eignarskattar**	**814**	**814**
4.5.2.1	Sértækir skattar á fasteignir	134	134
4.5.2.5	Sértækir skattar á aðrar eignir	680	680
5	**Skattar á vörur og þjónustu**	**86.810**	**85.260**
5.1	**Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu**	**80.744**	**79.284**
5.1.1	Almennir veltuskattar	53.590	52.150
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	53.590	52.150
5.1.2	Sértækir veltuskattar	27.154	27.134
5.1.2.1	Vörugjöld	20.568	20.548
5.1.2.1.1	Almennt vörugjald af innfluttum vörum	1.960	1.960
5.1.2.1.5	Almennt vörugjald af innlendri framleiðslu	675	660
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	4.000	4.000
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.152	2.152
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.035	5.030
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	25	25
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	681	681
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	4.780	4.780
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.260	1.260
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	2.667	2.667
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.399	2.399
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	72	72
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.444	1.444
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	4	4
5.2	**Neyslu- og leyfisgjöld**	**6.066**	**5.976**
5.2.1	Neyslu- og leyfisgjöld á bifreiðar	5.140	5.050
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.085	2.050
5.2.1.5.5	Þungaskattur	3.055	3.000
5.2.2	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	926	926
5.2.2.1	Neyslu- og leyfisgjöld af skipum	125	125
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi o.fl.	57	57
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda	3	3
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	377	377
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	350	350
5.2.2.35	Ýmislegt	14	14

6	**Aðrir skattar**	**305**	**305**
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	108	108
6.1.15	Markaðsgjald	107	107
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	50	50
6.2.1	Sektir á skatttekjur	30	30
II.	**Rekstrartekjur**	**12.785**	**11.130**
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**	**8.941**	**7.326**
8.2	**Arðgreiðslur og leigutekjur**	**2.104**	**2.104**
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	280	280
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.824	1.824
8.3	**Aðrar eignatekjur**	**6.837**	**5.222**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	2.975	1.460
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.740	3.640
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	100	100
8.3.8.	Leiga á lóðum og landréttindum	22	22
9	**Ýmsar tekjur**	**3.289**	**3.289**
9.1	**Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu**	**3.289**	**3.289**
9.1.1	Dómsmálagjöld	500	500
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	105	105
9.1.3	Sértæk leyfisgjöld stofnana í A- og B-hluta	2.645	2.645
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	1.530	1.530
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl	100	100
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl	437	437
9.1.3.20	Prófgjöld	43	43
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl	44	44
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga og eftirlitsgjöld	268	268
9.1.3.35	Ýmislegt	223	223
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	39	39
10	**Sektir**	**430**	**390**
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	300	260
10.2	Dómssektir og viðurlagaákvarðanir	100	100
10.3	Ýmsar sektir	30	30

12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**	**125**	**125**
III	**Tekjur af sölu eigna**	**1.921**	**1.921**
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	1.900	1.900
15.1	Sala á landi og jarðeignum	21	21
V	**Fjárframlög**	**672**	**672**
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**	**672**	**672**
18.1	**Rekstrarframlög**	**304**	**304**
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	100	100
18.1.15	Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Vísindasjóðs	140	140
	Önnur rekstrarframlög	64	64
18.2	**Önnur fjárframlög**	**368**	**368**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	368	368
Heildartekjur ríkissjóðs		**163.484**	**156.030**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	31,3
1.30 Bessastaðir	30,5
1.50 Fálkaorðan	1,5
1.81 Opinberar heimsóknir	16,5
Almennur rekstur samtals	79,8
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	0,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,5
6.11 Bifreiðar	2,5
Stofnkostnaður samtals	4,0
Gjöld samtals	**84,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,4

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	324,4
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	36,7
1.03 Fastanefndir	55,6
1.04 Alþjóðasamstarf	57,8
1.06 Almennur rekstur	285,9
1.07 Sérverkefni	17,6
1.10 Rekstur fasteigna	52,8
Almennur rekstur samtals	830,8
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	28,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 23,0

Gjöld samtals **881,8**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -7,6

Gjöld umfram tekjur **874,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 874,2

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 84,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,8

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 48,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður Alþingis 44,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,2

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 189,7

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -10,0

Gjöld umfram tekjur **179,7**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,7
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**1.315,3**
Greitt úr ríkissjóði	**1.315,3**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	84,7
1.20 Stjórnarráðshús	11,7
Almennur rekstur samtals	96,4
Gjöld samtals	**96,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,4

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	2,0
1.23 Hrafnseyri	3,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	1,9
1.42 Grænlandssjóður	1,5
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	10,2
1.90 Ýmis verkefni	7,3
1.91 Heimssýning í Lissabon	40,0
Almennur rekstur samtals	97,4
Stofnkostnaður:	
6.52 Minningarkapella á Ljósavatni	7,0
Gjöld samtals	**104,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,9
Hlutdeild í ríkistekjum	2,0
Viðskiptahreyfingar	-0,5

m.kr.

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 12,8
1.21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu 5,0
1.22 Ráðherrabústaður Þingvöllum 0,8
Almennur rekstur samtals 18,6

Viðhaldsverkefni:
5.20 Stjórnarráðshús 2,3
5.21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu 1,5
5.22 Ráðherrabústaður Þingvöllum 1,0
5.24 Bessastaðir 3,0
5.25 Staðastaður 2,0
Viðhaldsverkefni samtals 9,8

Gjöld samtals **28,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,4

01-205 Mannvirkjagerð á Bessastöðum

Stofnkostnaður:
6.21 Mannvirkjagerð á Bessastöðum 85,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðhagsstofnun 98,1

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,5

Gjöld umfram tekjur **94,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,3
Hlutdeild í ríkistekjum 47,3

01-221 Byggðastofnun

Stofnkostnaður:
6.01 Byggðastofnun 190,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 190,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 17,9
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 74,6
Almennur rekstur samtals 92,5

Gjöld samtals **92,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **91,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 91,4

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 12,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,6

m.kr.

01-251 Safnahús

Almennur rekstur:
1.01 Safnahús 9,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,9

01-301 Lýðveldissjóður

Almennur rekstur:
1.10 Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar 50,0
1.15 Efling íslenskrar tungu 50,0
Almennur rekstur samtals 100,0

Gjöld samtals **100,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

01-901 Húsameistari ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Húsameistari ríkisins 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 25,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 3,5

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 7,0

Gjöld samtals **35,6**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **30,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,6
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**850,3**
Greitt úr ríkissjóði	**801,5**
Hlutdeild í ríkistekjum	**49,3**
Viðskiptahreyfingar	**-0,5**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	287,6
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**285,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	285,6

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	124,6
1.02 Sameiginleg útgjöld	377,0
1.03 Rekstur fasteigna	212,0
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni	413,0
1.06 Kennslu- og vísindadeildir	1.409,4
1.07 Alþjóðaskrifstofa	14,5
1.09 Verkfræðistofnun	68,2
1.20 Rannsóknarnám	8,0
Almennur rekstur samtals	2.626,7
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	120,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Ritakaupasjóður	31,5
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	248,0
Stofnkostnaður samtals	279,5
Gjöld samtals	**3.026,2**

m.kr.

Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-546,6
Gjöld umfram tekjur	**2.479,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.110,1
Hlutdeild í ríkistekjum	369,5

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	136,0
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	19,7
Almennur rekstur samtals	155,7
Gjöld samtals	**155,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-60,3
Gjöld umfram tekjur	**95,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,3
Hlutdeild í ríkistekjum	3,1

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,9
1.02 Rekstur fasteigna	13,5
1.03 Rannsóknastofur	212,4
Almennur rekstur samtals	244,8
Gjöld samtals	**244,8**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-95,7
Gjöld umfram tekjur	**149,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	149,1

m.kr.

02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

Almennur rekstur:

1.01 Stofnun Sigurðar Nordals	8,3
1.11 Íslenskukennsla erlendis	2,8
Almennur rekstur samtals	11,1
Gjöld samtals	**11,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**10,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,1

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:

1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	54,9
1.20 Bókaútgáfa	7,4
Almennur rekstur samtals	62,3
Gjöld samtals	**62,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**57,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,5

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:

1.01 Orðabók Háskólans	22,6
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**17,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,6

m.kr.

02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:
1.01 Íslensk málstöð 13,2

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **9,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,6

02-208 Örnefnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Örnefnastofnun 5,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **5,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,2

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 257,0
1.02 Rannsóknastarfsemi 20,4
Almennur rekstur samtals 277,4

Gjöld samtals **277,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -18,0

Gjöld umfram tekjur **259,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 259,4

m.kr.

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskóli Íslands	232,2
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-11,0
Gjöld umfram tekjur	**221,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	221,2

02-221 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	40,0
1.02 Rannsóknastarfsemi	31,8
1.03 Rekstur fasteigna	50,8
1.04 Stoðþjónusta	31,8
1.05 Kennsla	188,2
1.10 Íslenska menntanetið	22,8
1.20 Endurmenntun	20,7
1.30 Æfingakennsla	26,1
Almennur rekstur samtals	412,2
Gjöld samtals	**412,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-46,8
Gjöld umfram tekjur	**365,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	365,4

02-223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	43,2
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**37,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,1

02-225 Samvinnuháskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Samvinnuháskólinn 54,3

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **52,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,5

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarráð Íslands 63,7

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -21,2

Gjöld umfram tekjur **42,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,5

02-236 Vísindasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 8,5

Stofnkostnaður:
6.60 Vísindasjóður 156,5

Gjöld samtals **165,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0
Hlutdeild í ríkistekjum 140,0

m.kr.

02-237 Tæknisjóður

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 12,5

Stofnkostnaður:
6.60 Tæknisjóður 187,5

Gjöld samtals **200,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 78,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 50,0

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 94,0

Gjöld samtals **144,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,0

m.kr.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Sáttmálasjóður	20,0
1.15 Nýsköpunarsjóður	15,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin	12,6
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	41,0
Almennur rekstur samtals	88,6
Gjöld samtals	**88,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	68,6
Hlutdeild í ríkistekjum	20,0

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	209,6
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**204,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	204,2

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	150,0
1.09 Önnur verkefni	7,5
Almennur rekstur samtals	157,5
Gjöld samtals	**157,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**153,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	153,8

m.kr.

02-303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 42,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **40,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,5

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 231,4
1.09 Önnur verkefni 39,1
Almennur rekstur samtals 270,5

Gjöld samtals **270,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -18,3

Gjöld umfram tekjur **252,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 252,2

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 193,3

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **188,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 188,3

m.kr.

02-306 Framhaldsskóli Vestfjarða

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	73,3
1.09 Önnur verkefni	5,2
Almennur rekstur samtals	78,5
Gjöld samtals	**78,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-3,4
Gjöld umfram tekjur	**75,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,1

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	80,6
1.09 Önnur verkefni	19,8
Almennur rekstur samtals	100,4
Gjöld samtals	**100,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**97,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	97,3

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	227,5
1.09 Önnur verkefni	12,9
Almennur rekstur samtals	240,4
Gjöld samtals	**240,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**231,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 231,4

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 120,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,9

Gjöld umfram tekjur **117,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,6

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 210,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -200,0

Gjöld umfram tekjur **10,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

02-317 Sameignir skólanna á Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Sameignir skólanna á Laugarvatni 51,7

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -17,3

Gjöld umfram tekjur **34,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,4

m.kr.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.40 Tæki og búnaður	23,0
6.90 Byggingarframkvæmdir	454,0
Stofnkostnaður samtals	477,0
Gjöld samtals	**477,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	477,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	9,8
1.12 Orlof kennara	39,6
1.13 Forfallakennsla	41,3
1.14 Sérkennsla	49,6
1.15 Prófkostnaður	41,9
1.16 Nýjungar í skólastarfi	19,8
1.17 Námsskrárgerð	27,0
1.18 Námsefnisgerð	14,7
1.19 Kennslueftirlit	4,5
1.20 Framhaldsdeildir	6,9
1.21 Nám tannsmiða	6,7
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	5,1
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	11,2
1.26 Þróunarsjóður	20,0
1.27 Íslenskukennsla	11,5
1.28 Mat á skólastarfi	16,7
1.30 Endurmenntun	28,2
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	8,0
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	4,0
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	0,5
1.40 Framhaldsskólar, óskipt	57,9
Almennur rekstur samtals	424,9
Gjöld samtals	**424,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	421,9
Hlutdeild í ríkistekjum	3,0

m.kr.

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	352,0
1.09 Önnur verkefni	47,3
Almennur rekstur samtals	399,3
Gjöld samtals	**399,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-32,7
Gjöld umfram tekjur	**366,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	366,6

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	172,3
1.09 Önnur verkefni	6,3
Almennur rekstur samtals	178,6
Gjöld samtals	**178,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**173,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,7

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	148,8
1.09 Önnur verkefni	26,2
Almennur rekstur samtals	175,0
Gjöld samtals	**175,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-6,7
Gjöld umfram tekjur	**168,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,3

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 203,1
1.09 Önnur verkefni 9,3
Almennur rekstur samtals 212,4

Gjöld samtals **212,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -9,6

Gjöld umfram tekjur **202,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 202,8

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 177,5
1.09 Önnur verkefni 6,2
Almennur rekstur samtals 183,7

Gjöld samtals **183,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -6,7

Gjöld umfram tekjur **177,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 177,0

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 68,4
1.09 Önnur verkefni 2,7
Almennur rekstur samtals 71,1

Gjöld samtals **71,1**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **68,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,0

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 115,1
1.09 Önnur verkefni 7,7
Almennur rekstur samtals 122,8

Gjöld samtals **122,8**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **119,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 119,5

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 185,2
1.09 Önnur verkefni 13,0
Almennur rekstur samtals 198,2

Gjöld samtals **198,2**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -7,9

Gjöld umfram tekjur **190,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 190,3

m.kr.

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	49,5
1.09 Önnur verkefni	4,9
Almennur rekstur samtals	54,4
Gjöld samtals	**54,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**51,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,9

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	303,1
1.09 Önnur verkefni	16,3
Almennur rekstur samtals	319,4
Gjöld samtals	**319,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-15,2
Gjöld umfram tekjur	**304,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	304,2

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	125,6
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-3,4
Gjöld umfram tekjur	**122,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,2

m.kr.

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	26,1
1.09 Önnur verkefni	0,5
Almennur rekstur samtals	26,6
Gjöld samtals	**26,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**25,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,9

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	43,9
1.09 Önnur verkefni	1,1
Almennur rekstur samtals	45,0
Gjöld samtals	**45,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,2
Gjöld umfram tekjur	**43,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,8

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	33,4
1.09 Önnur verkefni	2,5
Almennur rekstur samtals	35,9
Gjöld samtals	**35,9**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**35,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,3

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 155,9
1.09 Önnur verkefni 4,2
Almennur rekstur samtals 160,1

Gjöld samtals **160,1**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -8,0

Gjöld umfram tekjur **152,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,1

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 11,9
1.02 Nám táknmálstúlka 5,0
Almennur rekstur samtals 16,9

Gjöld samtals **16,9**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **15,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,2

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 65,8
1.02 Annað en kennsla 11,5
Almennur rekstur samtals 77,3

Gjöld samtals **77,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,3

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 69,1
1.09 Önnur verkefni 6,7
Almennur rekstur samtals 75,8

Gjöld samtals **75,8**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **72,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,8

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 32,9
1.09 Önnur verkefni 4,8
Almennur rekstur samtals 37,7

Gjöld samtals **37,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **36,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,5

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 444,9
1.09 Önnur verkefni 29,7
Almennur rekstur samtals 474,6

Gjöld samtals **474,6**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -30,7

Gjöld umfram tekjur **443,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 443,9

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 103,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -4,8

Gjöld umfram tekjur **98,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,7

02-523 Fósturskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla í dagskóla 60,0
1.02 Annað en kennsla 21,0
1.09 Önnur kennsla 13,7
Almennur rekstur samtals 94,7

Gjöld samtals **94,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,2

Gjöld umfram tekjur **91,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 91,5

02-524 Þroskaþjálfaskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla í dagskóla 19,5

	m.kr.
1.02 Annað en kennsla	12,2
Almennur rekstur samtals	31,7
Gjöld samtals	**31,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**31,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,0

02-531 Íþróttakennaraskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla í dagskóla	20,4
1.02 Annað en kennsla	6,0
Almennur rekstur samtals	26,4
Gjöld samtals	**26,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,4
Gjöld umfram tekjur	**25,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	7,5
1.02 Annað en kennsla	3,9
Almennur rekstur samtals	11,4
Gjöld samtals	**11,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**9,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,3

m.kr.

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	9,0
1.02 Annað en kennsla	3,1
Almennur rekstur samtals	12,1
Gjöld samtals	**12,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**11,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,9

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla í dagskóla	67,4
1.02 Annað en kennsla	67,7
Almennur rekstur samtals	135,1
Gjöld samtals	**135,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-53,8
Gjöld umfram tekjur	**81,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	81,3

02-562 Leiklistarskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla í dagskóla	14,6
1.02 Annað en kennsla	23,6
Almennur rekstur samtals	38,2
Gjöld samtals	**38,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**38,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,0

02-563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Tónlistarskólinn í Reykjavík 12,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,8

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 14,9
1.02 Annað en kennsla 11,5
Almennur rekstur samtals 26,4

Gjöld samtals **26,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **21,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,2

02-571 Sjómannaskólahúsið

Almennur rekstur:
1.01 Sjómannaskólahúsið 31,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **30,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,9

m.kr.

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	243,8
1.03 Háskólastig	51,2
1.09 Önnur kennsla	5,7
Almennur rekstur samtals	300,7
Gjöld samtals	**300,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-12,8
Gjöld umfram tekjur	**287,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	287,9

02-606 Framhaldsskólinn Skógum

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	7,4
1.02 Annað en kennsla	8,5
Almennur rekstur samtals	15,9
Gjöld samtals	**15,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,9

02-610 Héraðsskólar

Almennur rekstur:	
1.10 Héraðsskólinn Núpi	4,7
1.20 Héraðsskólinn Reykjanesi	2,4
1.30 Héraðsskólinn Reykholti	4,0
Almennur rekstur samtals	11,1
Gjöld samtals	**11,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,1

m.kr.

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.31 Sérstök fræðsluverkefni	35,7
1.33 Þróunarsjóður leikskóla	3,0
1.70 Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	16,4
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum	10,0
Almennur rekstur samtals	65,1
Gjöld samtals	**65,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,1

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsgagnastofnun	357,9
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-95,4
Gjöld umfram tekjur	**262,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	262,5

02-750 Skólar fyrir fatlaða

Almennur rekstur:	
1.40 Dagvist fatlaðra forskólabarna	75,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	7,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,4
Hlutdeild í ríkistekjum	5,6

m.kr.

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 1.770,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.770,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði 110,0
1.10 Skólaakstur 31,0
Almennur rekstur samtals 141,0

Gjöld samtals **141,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 141,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 105,4
1.10 Byggða- og minjasöfn 17,6
Almennur rekstur samtals 123,0

Gjöld samtals **123,0**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -18,8

Gjöld umfram tekjur **104,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,2

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 69,2
1.11 Héraðsskjalasöfn 5,0
Almennur rekstur samtals 74,2

Gjöld samtals **74,2**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **68,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,8

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 267,1

Stofnkostnaður:
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur 23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands 31,5
6.71 Íslenskar fornbókmenntir á Netinu 7,0
Stofnkostnaður samtals 62,0

Gjöld samtals **329,1**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -52,5

Gjöld umfram tekjur **276,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 276,6

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Einars Jónssonar 6,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **6,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,4

m.kr.

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	63,8
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	3,6
Almennur rekstur samtals	67,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Listaverkakaup	12,0
Gjöld samtals	**79,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-15,9
Gjöld umfram tekjur	**63,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,5

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Blindrabókasafn Íslands	37,7
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**36,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,6

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	2,0
1.11 Nýlistasafn	2,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4,0
1.90 Söfn	10,3
Almennur rekstur samtals	18,3
Gjöld samtals	**18,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,3

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana 315,0
6.91 Langbylgjumastur á Gufuskálum 50,0
Stofnkostnaður samtals 365,0

Gjöld samtals **365,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0
Hlutdeild í ríkistekjum 315,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 1.530,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 1.530,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 50,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,9

Gjöld umfram tekjur **46,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,9

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhús 342,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 342,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 133,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,0
Hlutdeild í ríkistekjum 8,0

02-975 Menningarsjóður útvarpsstöðva

Almennur rekstur:
1.10 Menningarsjóður útvarpsstöðva 110,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 110,0

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0
Hlutdeild í ríkistekjum 10,0

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 159,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,7

02-979 Húsafriðunarsjóður

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarsjóður 15,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,5

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:
6.01 Listskreytingasjóður 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

02-981 Kvikmyndasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasjóður 117,9
1.02 Kvikmyndasafn Íslands 10,2
Almennur rekstur samtals 128,1

Gjöld samtals **128,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 128,1

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Rithöfundasjóður Íslands 17,3
1.15 Þýðingarsjóður 7,6
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga 15,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 3,0
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 16,0
1.25 Starfsemi hljómsveita 2,5
1.27 Tónlist fyrir alla 1,5
1.28 Barnamenningarsjóður 1,5
1.30 Íslenska óperan 59,1
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi 33,8
1.51 Höfundaréttarsjóður 26,0
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald 4,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 15,0
1.76 Menningarsjóður félagsheimila 8,7

	m.kr.
1.80 Listahátíð í Reykjavík	15,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.90 Listir	36,0
Almennur rekstur samtals	263,7
Gjöld samtals	**263,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	225,7
Hlutdeild í ríkistekjum	38,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	2,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	2,3
1.20 Iðnsaga Íslands	6,4
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,0
Almennur rekstur samtals	14,0
Gjöld samtals	**14,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.90 Alþjóðleg samskipti	56,0
1.91 Aðildargjöld ESB	250,0
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	9,5
Almennur rekstur samtals	315,5
Gjöld samtals	**315,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 315,5

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands 13,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta 6,0
1.17 Landssamband KFUM og KFUK 6,0
1.90 Æskulýðsmál 6,0
Almennur rekstur samtals 33,0

Gjöld samtals **33,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþróttasamband Íslands 28,0
1.11 Ólympíunefnd Íslands 3,0
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra 12,5
1.15 Skólaíþróttir 3,0
1.16 Íþróttafélög 14,8
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands 1,0
1.19 Handknattleikssamband Íslands 14,0
1.20 Glímusamband Íslands 1,0
1.21 Skáksamband Íslands 4,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 10,5
1.25 Skákskóli Íslands 2,5
1.30 Bridgesamband Íslands 2,8
1.90 Ýmis íþróttamál 2,5
1.91 Smáþjóðaleikar 10,0
Almennur rekstur samtals 113,1

Stofnkostnaður:
6.12 Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur 3,0

	m.kr.
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
Stofnkostnaður samtals	13,0
Gjöld samtals	**126,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,1

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5
1.43 Skriðuklaustur	2,0
1.44 Snorrastofa	6,0
1.90 Ýmis framlög	11,0
Almennur rekstur samtals	26,5
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	1,0
Gjöld samtals	**27,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,5

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**17.260,9**
Greitt úr ríkissjóði	**14.708,7**
Hlutdeild í ríkistekjum	**2.552,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	396,1
1.02 Varnarmálaskrifstofa	43,9
1.53 Þýðingamiðstöð	14,3
Almennur rekstur samtals	454,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,2
Gjöld samtals	**458,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-19,9
Gjöld umfram tekjur	**438,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	438,6

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	4,5
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,6
1.22 American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa	5,6
Almennur rekstur samtals	13,7
Gjöld samtals	**13,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,7

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 29,5
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 123,8
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 120,8
1.30 Fíkniefnaeftirlit 3,6
Almennur rekstur samtals 277,7

Viðhaldsverkefni:
5.20 Fasteignir 1,0

Gjöld samtals **278,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -13,3

Gjöld umfram tekjur **265,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 203,3
Hlutdeild í ríkistekjum 62,1

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli 282,3

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 6,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 27,8

Gjöld samtals **316,8**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -37,1

Gjöld umfram tekjur **279,7**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 279,7

m.kr.

03-221 Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Stofnkostnaður:
6.21 Flugstöð Leifs Eiríkssonar 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

03-301 Sendiráð Íslands í Bonn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Bonn 38,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,5

03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 35,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,7

03-303 Sendiráð Íslands í London

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í London 46,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,9

03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Moskvu 46,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,1

m.kr.

03-305 Sendiráð Íslands í Ósló

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ósló 35,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,2

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNES

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO 54,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 54,8

03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 34,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,2

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Washington 56,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,1

03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 75,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,8

m.kr.

03-310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 83,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,3

03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 51,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,3

03-312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 56,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,8

03-314 Sendiráð Íslands í Peking

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Peking 53,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,7

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki 24,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

m.kr.

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu 29,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,0

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda 35,0

Viðhaldsverkefni:
5.90 Viðhald 11,9

Stofnkostnaður:
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín 150,0
6.90 Tæki og búnaður 26,9
Stofnkostnaður samtals 176,9

Gjöld samtals **223,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 223,8

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands 172,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 172,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 39,8
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 7,5
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 18,3
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 9,5

	m.kr.
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	21,5
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	2,5
1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	27,4
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	11,6
Almennur rekstur samtals	138,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,5
Gjöld samtals	**146,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,6

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	26,6
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	8,5
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	6,7
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	2,2
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	3,8
1.39 Evrópuráðið	14,5
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	14,0
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	34,1
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	36,7
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	50,1
1.72 EFTA-dómstóllinn	18,2
1.73 Þróunarsjóður EFTA	103,6
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	6,7
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	0,6
1.85 Friðargæsla	51,7
Almennur rekstur samtals	378,0
Gjöld samtals	**378,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	378,0

m.kr.

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsráð Íslands 117,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 117,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.776,2**
Greitt úr ríkissjóði **2.317,4**
Hlutdeild í ríkistekjum **458,8**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	99,7
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-3,8
Gjöld umfram tekjur	**95,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	95,9

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	11,3
1.12 Mat á búvörum	9,1
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	8,5
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4,3
1.31 Skógræktarfélag Íslands	3,5
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	1,7
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1,7
1.90 Ýmis verkefni	6,6
Almennur rekstur samtals	46,7
Gjöld samtals	**46,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,6
Hlutdeild í ríkistekjum	9,1

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins 267,8

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 4,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,7
6.20 Fasteignir 1,3
Stofnkostnaður samtals 5,0

Gjöld samtals **276,8**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -127,5

Gjöld umfram tekjur **149,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 140,9
Hlutdeild í ríkistekjum 8,4

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 65,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -38,6

Gjöld umfram tekjur **27,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,2

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastjóri 9,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,4

m.kr.

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	93,1
1.25 Sauðfjárveikivarnir	33,9
1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir	9,1
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	47,2
Almennur rekstur samtals	183,3
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Dýralæknisbústaðir	4,0
Gjöld samtals	**187,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-4,6
Gjöld umfram tekjur	**182,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	134,1
Hlutdeild í ríkistekjum	48,6

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins	9,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	9,5

04-261 Bændaskólinn á Hvanneyri

Almennur rekstur:	
1.01 Bændaskólinn á Hvanneyri	165,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	4,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
6.20 Fasteignir og lóðir	7,0
Stofnkostnaður samtals	14,0
Gjöld samtals	**183,9**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -85,7

Gjöld umfram tekjur **98,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,2

04-271 Bændaskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Bændaskólinn á Hólum 102,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.20 Fasteignir og lóðir 27,0
Stofnkostnaður samtals 29,0

Gjöld samtals **135,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -32,1

Gjöld umfram tekjur **103,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 103,4

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 58,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 5,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2
6.25 Tilraunagróðurhús 6,0
Stofnkostnaður samtals 8,2

Gjöld samtals **71,7**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -10,0

Gjöld umfram tekjur **61,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,7

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 13,7

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **12,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 249,4
1.90 Fyrirhleðslur 19,5
Almennur rekstur samtals 268,9

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5
6.20 Fasteignir 2,0
Stofnkostnaður samtals 6,5

Gjöld samtals **280,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -73,1

Gjöld umfram tekjur **207,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 207,3

m.kr.

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	125,5
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	53,1
1.90 Sérstök verkefni	57,8
Almennur rekstur samtals	236,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	6,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,2
6.20 Fasteignir, óskipt	5,1
Stofnkostnaður samtals	11,3
Gjöld samtals	**253,9**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-94,2
Gjöld umfram tekjur	**159,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,7

04-324 Landgræðslusjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Landgræðslusjóður	23,0
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-23,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:	
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	58,0
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**56,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,2

m.kr.

04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt

Almennur rekstur:

1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt	100,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	100,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:

1.01 Beinar greiðslur til bænda	2.798,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	112,0
Almennur rekstur samtals	2.910,0
Gjöld samtals	**2.910,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2.910,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:

1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.552,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	79,0
1.05 Niðurgreiðslur á ull og gærum	220,0
1.10 Vaxta- og geymslukostnaður	236,0
1.30 Uppkaup á fullvirðisrétti	117,0
1.33 Hagræðing og vöruþróun	53,0
1.34 Umhverfisverkefni	21,0
Almennur rekstur samtals	2.278,0
Gjöld samtals	**2.278,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	2.278,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Bændasamtök Íslands	80,8
1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri	4,5

	m.kr.
1.91 Kynbótastöðvar	24,5
1.92 Héraðsbúnaðarsambönd	47,1
1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	3,2
Almennur rekstur samtals	160,1
Stofnkostnaður:	
6.95 Búfjárræktarframlög	30,0
6.97 Jarðræktarframlög o.fl.	89,0
Stofnkostnaður samtals	119,0
Gjöld samtals	**279,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	279,1

04-813 Framleiðsluráð landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðsluráð landbúnaðarins	142,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	142,4

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	187,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	187,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	175,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:	
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins	147,0

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 147,0

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 113,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 113,2

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár 2,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 2,5

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 351,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 351,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 3,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross 22,5

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 22,5

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 75,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **73,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,5
Hlutdeild í ríkistekjum 42,8

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Fiskeldisrannsóknir 22,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,9

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 17,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **14,0**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 14,0

04-851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar 72,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **8.128,1**
Greitt úr ríkissjóði **7.030,1**
Hlutdeild í ríkistekjum **1.098,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	103,2
1.11 Fiskveiðisamningar	6,3
Almennur rekstur samtals	109,5
Gjöld samtals	**109,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,6
Gjöld umfram tekjur	**103,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	103,9

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	4,0
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	28,4
1.42 Verktakasamningur um upplýsingaröflun	23,2
1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	9,5
1.49 Úrskurðarnefndir	13,6
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	8,5
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	21,6
Almennur rekstur samtals	127,9
Gjöld samtals	**127,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,9

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

m.kr.

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	399,9
1.20 Útibú	21,1
1.30 Rannsóknaskip	191,0
1.36 Veiðarfærakostnaður	24,9
1.39 Annar skiparekstur	48,3
1.41 Lúðueldi á Reykjanesi	17,4
1.43 Fjölstofnarannsóknir	55,7
1.44 Rannsókn á þorskklaki	5,1
Almennur rekstur samtals	763,4
Viðhaldsverkefni:	
5.31 Viðhald skipa	32,6
Stofnkostnaður:	
6.31 Tæki og búnaður í skip	18,0
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa	15,0
Stofnkostnaður samtals	33,0
Gjöld samtals	**829,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-162,8
Gjöld umfram tekjur	**666,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	666,2

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	235,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,1
Gjöld samtals	**250,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-148,2
Gjöld umfram tekjur	**102,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	102,5

m.kr.

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	288,6
1.10 Landamærastöðvar	4,6
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	32,4
Almennur rekstur samtals	325,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**329,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**323,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	162,5
Hlutdeild í ríkistekjum	161,0

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	42,3
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**41,3**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	30,0
Viðskiptahreyfingar	11,2

05-208 Bygging hafrannsóknaskips

Stofnkostnaður:	
6.41 Bygging hafrannsóknaskips	1.300,0
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1.300,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

05-209 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips

Stofnkostnaður:
6.60 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips 300,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 300,0

05-221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsráð sjávarútvegsins 1,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,1

05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknarstofnana sjávarútvegsins 15,8

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 26,7

Gjöld samtals **42,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -30,0

Gjöld umfram tekjur **12,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins 680,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 680,0

m.kr.

05-818 Síldarútvegsnefnd

Almennur rekstur:	
1.10 Síldarútvegsnefnd	30,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	30,0

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	37,2
1.30 Keldnaholt	37,7
Almennur rekstur samtals	74,9
Viðhaldsverkefni:	
5.30 Keldnaholt, viðhald	8,5
Gjöld samtals	**83,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**78,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.469,9**
Greitt úr ríkissjóði	**1.257,6**
Hlutdeild í ríkistekjum	**901,0**
Viðskiptahreyfingar	**311,3**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 140,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **138,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 138,0

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnartíðindi 25,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -19,8

Gjöld umfram tekjur **5,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,2

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:
1.10 Útgáfa lagasafns 10,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -10,4

Gjöld umfram tekjur **0,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:
1.01 Lögbirtingablað 26,0

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 26,0

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 10,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,6

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 3,1
1.21 Próf málflytjenda 2,6
1.22 Próf skjalaþýðenda 0,9
1.23 Próf fasteignasala 1,6
1.31 Matsnefnd eignarnámsbóta 2,7
1.32 Tölvunefnd 4,3
1.33 Mannanafnanefnd 1,2
1.34 Örorkumatsnefnd 11,7
1.41 Útgáfa norræns dómasafns 0,6
1.42 Norræn samvinna á sviði sakfræði 0,4
1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL 3,0
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB 1,2
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands 4,0
1.51 Innheimta meðlaga 3,0
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga 5,3
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð 0,3
1.70 Samfélagsþjónustunefnd 5,8
Almennur rekstur samtals 51,7

Gjöld samtals **51,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -13,2

Gjöld umfram tekjur **38,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,9
Hlutdeild í ríkistekjum 1,6

m.kr.

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 34,1
1.02 Útgáfa hæstaréttardóma 13,2
Almennur rekstur samtals 47,3

Gjöld samtals **47,3**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -7,3

Gjöld umfram tekjur **40,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

06-211 Héraðsdómur Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.02 Héraðsdómur Reykjavíkur 192,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 192,0

06-212 Héraðsdómur Vesturlands

Almennur rekstur:
1.02 Héraðsdómur Vesturlands 14,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,9

m.kr.

06-213 Héraðsdómur Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.02 Héraðsdómur Vestfjarða 14,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,9

06-214 Héraðsdómur Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.02 Héraðsdómur Norðurlands vestra 12,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,2

06-215 Héraðsdómur Norðurlands eystra

Almennur rekstur:
1.02 Héraðsdómur Norðurlands eystra 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

06-216 Héraðsdómur Austurlands

Almennur rekstur:
1.02 Héraðsdómur Austurlands 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

06-217 Héraðsdómur Suðurlands

Almennur rekstur:
1.02 Héraðsdómur Suðurlands 24,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,8

m.kr.

06-218 Héraðsdómur Reykjaness

Almennur rekstur:
1.02 Héraðsdómur Reykjaness 60,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,3

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 99,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -12,6

Gjöld umfram tekjur **87,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,0

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð 16,7
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 10,0
Almennur rekstur samtals 26,7

Gjöld samtals **26,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **25,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,8

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola 45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

m.kr.

06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	3,4
1.11 Meðdómsmenn	16,6
1.14 Óviss útgjöld	2,3
1.15 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	26,6
Gjöld samtals	**26,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,6

06-291 Húsnæði og búnaður dómstóla

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	2,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Upplýsingakerfi dómstóla	4,5
Gjöld samtals	**7,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,0

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	53,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,2

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	154,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,6

m.kr.

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lögregluskóli ríkisins 39,3

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **38,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,9

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 1.206,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0
6.80 Bifreiðir 21,0
Stofnkostnaður samtals 24,0

Gjöld samtals **1.230,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -38,2

Gjöld umfram tekjur **1.192,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.192,2

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Almannavarnir ríkisins 30,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,1

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 52,7

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 52,7

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 58,0
1.10 Ökunám 29,8
1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 3,1
Almennur rekstur samtals 90,9

Gjöld samtals **90,9**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -11,8

Gjöld umfram tekjur **79,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,9
Hlutdeild í ríkistekjum 70,2

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:
1.10 Matsnefnd vínveitingahúsa 1,5
1.20 Fíkniefnamál 1,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 35,0
Almennur rekstur samtals 38,0

Gjöld samtals **38,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,0

06-390 Ýmis löggæslukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 15,0
1.11 Eftirlit með ökuritum 17,8
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips 18,5
1.14 Löggæsla í Bosníu 6,4

	m.kr.
1.15 Biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins	6,5
Almennur rekstur samtals	64,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0
6.03 Tölvukerfi varðandi umferðarlagabrot	4,0
6.10 Bifreiðir	25,0
Stofnkostnaður samtals	39,0
Gjöld samtals	**103,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**98,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,2

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	794,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**799,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-26,6
Gjöld umfram tekjur	**773,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	773,1

m.kr.

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 8,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-397 Schengen samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen samstarf 14,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,0

Gjöld samtals **24,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 166,9

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -6,8

Gjöld umfram tekjur **160,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,1

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 34,3
1.20 Löggæsla 43,7
Almennur rekstur samtals 78,0

Gjöld samtals **78,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,0

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 26,7
1.20 Löggæsla 37,6
Almennur rekstur samtals 64,3

Gjöld samtals **64,3**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **62,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,6

06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 31,9
1.20 Löggæsla 47,5
Almennur rekstur samtals 79,4

Gjöld samtals **79,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,4

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 12,8
1.20 Löggæsla 5,8
Almennur rekstur samtals 18,6

Gjöld samtals **18,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,6

m.kr.

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	22,4
1.20 Löggæsla	22,1
Almennur rekstur samtals	44,5
Gjöld samtals	**44,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**42,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,5

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	12,6
1.20 Löggæsla	10,9
Almennur rekstur samtals	23,5
Gjöld samtals	**23,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,5

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	42,9
1.20 Löggæsla	54,5
1.40 Tollgæsla	1,7
Almennur rekstur samtals	99,1
Gjöld samtals	**99,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**98,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,8

m.kr.

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	14,5
1.20 Löggæsla	7,0
Almennur rekstur samtals	21,5
Gjöld samtals	**21,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**21,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,4

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	28,3
1.20 Löggæsla	31,5
Almennur rekstur samtals	59,8
Gjöld samtals	**59,8**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**59,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,4

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	28,4
1.20 Löggæsla	33,8
1.40 Tollgæsla	1,3
Almennur rekstur samtals	63,5
Gjöld samtals	**63,5**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **62,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,9

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 17,3
1.20 Löggæsla 21,4
Almennur rekstur samtals 38,7

Gjöld samtals **38,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -4,1

Gjöld umfram tekjur **34,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,6

06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 13,5
1.20 Löggæsla 10,7
Almennur rekstur samtals 24,2

Gjöld samtals **24,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,2

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 81,2
1.20 Löggæsla 116,2
1.40 Tollgæsla 7,2
Almennur rekstur samtals 204,6

Gjöld samtals **204,6**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **201,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 201,3

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 37,3
1.20 Löggæsla 49,5
Almennur rekstur samtals 86,8

Gjöld samtals **86,8**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur **86,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,1

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 37,6
1.20 Löggæsla 39,7
1.40 Tollgæsla 6,6
Almennur rekstur samtals 83,9

Gjöld samtals **83,9**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **81,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,9

m.kr.

06-427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	16,4
1.20 Löggæsla	12,5
Almennur rekstur samtals	28,9
Gjöld samtals	**28,9**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**28,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,3

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	29,0
1.20 Löggæsla	30,4
Almennur rekstur samtals	59,4
Gjöld samtals	**59,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**58,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,4

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	17,6
1.20 Löggæsla	18,8
Almennur rekstur samtals	36,4
Gjöld samtals	**36,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**36,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,2

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 14,3
1.20 Löggæsla 11,1
Almennur rekstur samtals 25,4

Gjöld samtals **25,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **25,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,2

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 20,9
1.20 Löggæsla 22,0
Almennur rekstur samtals 42,9

Gjöld samtals **42,9**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **42,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,5

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 35,0
1.20 Löggæsla 46,8
1.40 Tollgæsla 8,1
Almennur rekstur samtals 89,9

Gjöld samtals **89,9**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,7

Gjöld umfram tekjur **84,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,2

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 58,0
1.20 Löggæsla 104,7
1.40 Tollgæsla 3,5
Almennur rekstur samtals 166,2

Gjöld samtals **166,2**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -18,5

Gjöld umfram tekjur **147,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 147,7

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 73,7
1.20 Löggæsla 149,6
1.40 Tollgæsla 9,5
Almennur rekstur samtals 232,8

Gjöld samtals **232,8**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **227,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 227,6

m.kr.

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	102,5
1.20 Löggæsla	145,1
1.40 Tollgæsla	11,8
Almennur rekstur samtals	259,4
Gjöld samtals	**259,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**257,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	257,8

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	79,2
1.20 Löggæsla	97,4
Almennur rekstur samtals	176,6
Gjöld samtals	**176,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**176,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,1

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	18,9
1.20 Kostnaður við löggæslunám	14,8
1.21 Óviss útgjöld	3,8
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	96,1

	m.kr.
1.60 Gagnalínukostnaður	15,7
Almennur rekstur samtals	149,3
Gjöld samtals	**149,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	149,3

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	10,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
6.26 Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði	17,0
6.50 Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.	18,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	46,0
Stofnkostnaður samtals	88,0
Gjöld samtals	**98,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	453,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**463,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-54,3
Gjöld umfram tekjur	**408,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	408,8

m.kr.

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 55,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,0

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðkirkja Íslands 557,9
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands 1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði 1,2
1.91 Skálholtsskóli 6,3
Almennur rekstur samtals 566,6

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 6,0
6.22 Hallgrímskirkja 6,0
6.23 Hóladómkirkja 3,0
Stofnkostnaður samtals 15,0

Gjöld samtals **581,6**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -26,3

Gjöld umfram tekjur **555,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 555,3

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 106,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,0

m.kr.

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	370,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	32,0
Almennur rekstur samtals	402,0
Gjöld samtals	**402,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	402,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	943,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	62,0
1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands	27,0
Almennur rekstur samtals	1.032,0
Gjöld samtals	**1.032,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.032,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	170,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,0

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**8.580,8**
Greitt úr ríkissjóði	**8.430,3**
Hlutdeild í ríkistekjum	**150,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	97,7
1.90 Reynslusveitarfélög	6,6
1.99 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	1,9
Almennur rekstur samtals	106,2
Gjöld samtals	**106,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**106,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	106,1

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

07-272 Byggingarsjóður verkamanna

Stofnkostnaður:	
6.01 Byggingarsjóður verkamanna	275,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	275,0

07-273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla

Stofnkostnaður:	
6.21 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla	40,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	40,0

m.kr.

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 23,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,5

07-311 Jafnréttisráð

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisráð 22,5
1.10 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál 3,6
Almennur rekstur samtals 26,1

Gjöld samtals **26,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,1

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 192,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **197,6**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -6,5

Gjöld umfram tekjur **191,1**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 191,1

07-400 Málefni barna og ungmenna

Almennur rekstur:
1.01 Barnaverndarstofa 38,0
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga 137,2

	m.kr.
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	79,1
Almennur rekstur samtals	254,3
Gjöld samtals	**254,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	254,3

07-401 Barnaverndarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Barnaverndarráð	11,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,3

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.03 Samráðsnefnd um ferlimál	3,1
1.20 Vistun geðfatlaðra	32,3
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	34,1
1.80 Starfsþjálfun	10,5
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	2,6
1.90 Ýmis verkefni	12,8
1.91 Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	55,6
1.93 Ný sambýli	38,4
Almennur rekstur samtals	189,4
Gjöld samtals	**189,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,4

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	43,4
1.10 Svæðisráð	1,5
1.20 Sambýli	264,7
1.21 Heimili fyrir börn Akurgerði 20	17,3

	m.kr.
1.26 Sambýli Stigahlíð 71	16,9
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	26,5
1.31 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	6,9
1.33 Vinnustofa Blindrafélagsins	5,1
1.60 Dagvistun	36,5
1.64 Skammtímavistun Álfalandi 6	28,4
1.77 Vistheimili fyrir börn	25,2
1.85 Félag heyrnarlausra	2,2
Almennur rekstur samtals	474,6
Gjöld samtals	**474,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	474,6

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:	
1.01 Sæðisskrifstofa	32,3
1.10 Sæðisráð	1,2
1.20 Sambýli	118,3
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	25,2
1.30 Verndaður vinnustaður, Örvi	22,9
1.40 Leikfangasafn Keflavík	1,4
1.60 Skammtímavistun	42,2
1.61 Dagvistun Keflavík	9,8
1.64 Hæfingarstöðvar	29,5
1.69 Skammtímavistun, Reykjadal	2,5
1.70 Vistheimilið Tjaldanesi	48,1
1.72 Gistiheimili Kópavogi	2,3
1.73 Vistheimili fyrir börn	45,3
Almennur rekstur samtals	381,0
Gjöld samtals	**381,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-7,1
Gjöld umfram tekjur	**373,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	373,9

m.kr.

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	15,7
1.10 Svæðisráð	0,6
1.20 Sambýli Akranesi	18,4
1.21 Sambýli Borgarnesi	8,4
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	6,5
1.30 Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	26,1
1.40 Leikfangasöfn Vesturlandi	5,1
1.61 Skammtímavistun	13,9
Almennur rekstur samtals	94,7
Gjöld samtals	**94,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-10,5
Gjöld umfram tekjur	**84,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,2

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	11,6
1.10 Svæðisráð	0,6
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4,0
1.31 Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	40,6
1.32 Þjónusta í Strandasýslu	2,8
1.33 Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	2,8
1.34 Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	1,1
Almennur rekstur samtals	63,5
Gjöld samtals	**63,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,5

m.kr.

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	13,0
1.10 Svæðisráð	0,7
1.20 Sambýli	67,5
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4,4
1.40 Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	7,4
1.60 Skammtímavistun	8,1
1.61 Dagvistun	11,2
Almennur rekstur samtals	112,3
Gjöld samtals	**112,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,3

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	4,5
1.10 Svæðisráð	0,7
1.20 Sambýli	21,5
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,7
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	280,9
Almennur rekstur samtals	308,3
Gjöld samtals	**308,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	308,3

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	24,6
1.10 Svæðisráð	0,6
1.20 Sambýli Egilsstöðum	42,3

m.kr.

1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	6,5
1.30 Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	8,3
1.50 Þjónustumiðstöð Vonarlandi	5,6
1.86 Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fatlaða	5,1
Almennur rekstur samtals	93,0
Gjöld samtals	**93,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**91,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	91,2

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	16,1
1.10 Svæðisráð	0,8
1.20 Sambýli Selfossi	56,1
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	5,3
1.30 Verndaður vinnustaður Selfossi	11,2
1.50 Vistheimili fyrir börn	19,7
1.70 Lambhagi	10,2
1.72 Skaftholt	7,8
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	35,1
Almennur rekstur samtals	162,3
Gjöld samtals	**162,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**161,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	161,0

m.kr.

07-710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra

Almennur rekstur:
1.70 Heimili einhverfra 53,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,3

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:
1.20 Sambýli 77,2
1.30 Vinnustofan Ás 27,9
1.60 Dagvistun Lækjarási 35,5
1.61 Dagvistun Bjarkarási 39,4
1.62 Dagvistun Lyngási 57,9
1.63 Skammtímavistun Víðihlíð 9 18,5
1.64 Skammtímavistun Hólabergi 15,1
Almennur rekstur samtals 271,5

Gjöld samtals **271,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -13,8

Gjöld umfram tekjur **257,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 257,7

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 128,1

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **127,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 127,0

m.kr.

07-722 Sólheimar Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi 111,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 111,1

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 90,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **87,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,4

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 205,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0
Hlutdeild í ríkistekjum 185,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 2.550,0

Stofnkostnaður:
6.21 Einsetning grunnskóla 265,0

Gjöld samtals **2.815,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.815,0

m.kr.

07-811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga	80,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,0

07-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:	
1.90 Rekstrarhagræðing	11,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,0

07-972 Bjargráðasjóður Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður Íslands	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	273,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,0
Gjöld samtals	**293,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-66,4
Gjöld umfram tekjur	**226,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,8
Hlutdeild í ríkistekjum	100,0

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	4,8
1.30 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	10,0
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	5,1
1.90 Ýmislegt	22,3
Almennur rekstur samtals	42,2
Gjöld samtals	**42,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,2

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	185,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	105,0
Viðskiptahreyfingar	80,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	2.461,0
1.15 Hlutdeild í rekstri Vinnumálastofnunar	50,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	100,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd	20,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	200,0
1.41 Framlög og styrkir	35,0
1.45 Starfsmenntasjóður	50,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	50,0
Almennur rekstur samtals	2.966,0
Gjöld samtals	**2.966,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-56,0
Gjöld umfram tekjur	**2.910,0**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	2.910,0

m.kr.

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Almennur rekstur	12,3
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4,3
1.30 Norræni verkalýðsskólinn í Genf	0,2
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	4,0
Almennur rekstur samtals	20,8
Gjöld samtals	**20,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,8

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	40,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	40,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	10,8
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	60,6
1.30 Sjómannastofur	1,1
1.31 Félagasamtök, styrkir	26,3
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	20,2
1.41 Stígamót	9,8
1.50 Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	2,0
1.53 Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	3,0
1.60 Verkefni á sviði húsnæðismála	19,2
1.90 Ýmis framlög	32,0
Almennur rekstur samtals	185,0
Gjöld samtals	**185,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 185,0

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **10.163,1**
Greitt úr ríkissjóði **6.512,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **3.571,1**
Viðskiptahreyfingar **80,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	169,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**172,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**170,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,1

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	657,0
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	672,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**702,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-161,3
Gjöld umfram tekjur	**541,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	541,2

m.kr.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	180,0
1.15 Umönnunarbætur	445,0
1.21 Makabætur	35,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	75,0
1.31 Endurhæfingalífeyrir	180,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	55,0
1.41 Heimilisuppbót	1.430,0
1.45 Sérstök heimilisuppbót	145,0
1.51 Uppbætur	2.045,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	80,0
Almennur rekstur samtals	4.670,0
Gjöld samtals	**4.670,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.670,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	4.170,0
1.15 Örorkulífeyrir	1.550,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.000,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.100,0
1.31 Örorkustyrkur	210,0
1.35 Barnalífeyrir	890,0
1.41 Fæðingarorlof	1.450,0
1.91 Annað	30,0
Almennur rekstur samtals	16.400,0
Gjöld samtals	**16.400,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.017,5
Hlutdeild í ríkistekjum	11.382,5

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	2.000,0

	m.kr.
1.15 Lyf	3.900,0
1.21 Hjálpartæki	640,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	50,0
1.31 Þjálfun	550,0
1.35 Tannlækningar	760,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	150,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	360,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	40,0
1.55 Sjúkradagpeningar	200,0
1.91 Annað	50,0
Almennur rekstur samtals	8.700,0
Gjöld samtals	**8.700,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**8.660,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.660,0

08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva

Almennur rekstur:	
1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	1.040,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.040,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	100,0
1.15 Bætur til framfærslu	250,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	30,0
Almennur rekstur samtals	380,0
Gjöld samtals	**380,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,0

m.kr.

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0
Viðskiptahreyfingar 50,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 54,9
1.10 Læknaráð 2,0
1.20 Sjúkraflutningaráð 0,7
1.30 Slysavarnaráð 3,0
1.40 Siðaráð 0,8
Almennur rekstur samtals 61,4

Gjöld samtals **61,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,4

08-311 Héraðslæknir í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir í Reykjavík 12,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,9

08-315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 6,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,3

m.kr.

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 104,3

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 1,0

Gjöld samtals **105,3**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -22,7

Gjöld umfram tekjur **82,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,6

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sjónstöð Íslands 44,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **43,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,6

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 23,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,5

Gjöld samtals **25,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,4
Hlutdeild í ríkistekjum 6,9

m.kr.

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:

1.01 Manneldisráð	10,8
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**10,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,7

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:

1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	12,6
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	4,7
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	11,1
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	12,5
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2,3
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	5,0
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1,6
1.80 Gigtarráð	3,3
1.90 Ýmis starfsemi	1,6
Almennur rekstur samtals	54,7
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	5,0
Gjöld samtals	**59,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,7

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.554,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	20,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0

	m.kr.
6.50 Nýbygging	35,0
Stofnkostnaður samtals	45,0
Gjöld samtals	**1.620,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-185,5
Gjöld umfram tekjur	**1.434,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.434,8

08-368 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði	273,6
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-10,4
Gjöld umfram tekjur	**263,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	263,2

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	111,8
1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili	20,0
Almennur rekstur samtals	131,8
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	80,0
Gjöld samtals	**211,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	211,8

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisspítalar	8.749,4

m.kr.

Viðhaldsverkefni:
5.60 Stjórnarnefnd, viðhald 74,0

Stofnkostnaður:
6.21 Barnaspítali 200,0
6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður 169,0
6.70 Nýframkvæmdir á Landspítalalóð 39,0
Stofnkostnaður samtals 408,0

Gjöld samtals **9.231,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1.048,4

Gjöld umfram tekjur **8.183,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8.158,0
Viðskiptahreyfingar 25,0

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 5.168,6

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 46,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 55,0

Gjöld samtals **5.270,2**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -633,6

Gjöld umfram tekjur **4.636,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.536,6
Hlutdeild í ríkistekjum 100,0

08-378 Læknishéraðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Læknishéraðasjóður 2,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt 25,0

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjakaup, óskipt 17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 156,0
Stofnkostnaður samtals 173,4

Gjöld samtals **198,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 198,4

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.01 Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra 270,0

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur 230,0

Gjöld samtals **500,0**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 500,0

08-393 Lyfjamál

Almennur rekstur:
1.11 Lyfjaverðsnefnd 4,2
1.41 Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár 5,2
1.51 Evrópska lyfjaskráin 0,2
1.61 Norræn samvinna í lyfsölumálum 0,2
1.71 Samheitaverðskrá lyfja 0,6
Almennur rekstur samtals 10,4

Gjöld samtals **10,4**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **7,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,1

08-395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjaeftirlit ríkisins 20,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 20,6

08-396 Lyfjanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjanefnd 48,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 48,6

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 6,0
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 109,1
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð 32,7
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 1,6
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 44,9
1.50 Tannverndarsjóður 10,0
1.53 Tóbaksvarnir 35,0
1.58 Vistun áfengis- og vímuefnasjúklinga 16,4
1.63 Áfallahjálp 8,0
1.65 Heilsuefling 4,2
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn 7,5
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 8,9
1.90 Ýmis framlög 8,5

	m.kr.
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	298,5
Gjöld samtals	**298,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	298,5

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	332,8
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-59,8
Gjöld umfram tekjur	**273,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	273,0

08-407 Sundabúð II, Vopnafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sundabúð II, Vopnafirði	34,6
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-3,6
Gjöld umfram tekjur	**31,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,0

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi	148,0
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**142,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,1

m.kr.

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól 339,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -14,8

Gjöld umfram tekjur **324,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 324,7

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir 361,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -14,3

Gjöld umfram tekjur **346,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 346,7

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Garðvangur, Garði 114,4

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **112,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 112,9

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær 226,9

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 226,9

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum 192,2

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -8,9

Gjöld umfram tekjur **183,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,3

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ 241,1

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -7,8

Gjöld umfram tekjur **233,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,3

08-421 Víðines

Almennur rekstur:
1.01 Víðines 96,4

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **93,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,0

m.kr.

08-422 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.01 Hlaðgerðarkot 43,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,9

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 206,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -7,7

Gjöld umfram tekjur **198,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 198,9

08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Endurhæfingardeild 66,7
1.10 Heilsuhælisdeild 155,4
Almennur rekstur samtals 222,1

Gjöld samtals **222,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 222,1

08-432 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.01 Vistheimilið Bjarg 24,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,4

m.kr.

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 42,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,7

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 81,4

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **81,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,0

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 73,0
1.13 Hornbrekka, Ólafsfirði 36,0
1.15 Dalbær, Dalvík 52,0
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði 39,0
1.19 Hjallatún, Vík 26,0
1.21 Höfði, Akranesi 62,0
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum 47,0
1.25 Barmahlíð, Reykhólum 25,0
1.27 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi 52,0
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði 11,0
1.31 Naust, Þórshöfn 19,0
1.33 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi 15,0
1.35 Jaðar, Ólafsvík 7,6
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri 32,0
1.39 Lundur, Hellu 32,0
1.41 Hrafnista, Reykjavík 473,0
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði 404,0

	m.kr.
1.45 Grund, Reykjavík	390,0
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	94,0
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	96,0
1.51 Fellsendi, Búðardal	33,0
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	546,0
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	7,6
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	37,0
1.59 Reynslusveitarfélag Akureyri	195,0
1.61 Reynslusvetiarfélag Höfn	83,0
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	23,0
1.65 Lindargata, Reykjavík	23,0
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	36,0
1.69 Múlabær, Reykjavík	33,0
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	75,0
1.73 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	4,8
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	28,0
Almennur rekstur samtals	3.110,0
Gjöld samtals	**3.110,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-270,0
Gjöld umfram tekjur	**2.840,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.840,0

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	68,3
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	27,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
6.90 Tölvuvæðing	6,0
Stofnkostnaður samtals	31,0
Gjöld samtals	**126,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 126,3

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkraflutningar 201,7
1.15 Sjúkraflug 15,7
Almennur rekstur samtals 217,4

Gjöld samtals **217,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 217,4

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 422,2

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -59,6

Gjöld umfram tekjur **362,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 362,6

08-511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðin Árbæ 38,8
1.20 Heilsugæslustöðin Grafarvogi 44,8
Almennur rekstur samtals 83,6

Gjöld samtals **83,6**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -16,6

Gjöld umfram tekjur **67,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,0

m.kr.

08-512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	53,7
1.20 Heilsugæslustöðin Mjódd	45,8
Almennur rekstur samtals	99,5
Gjöld samtals	**99,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-22,9
Gjöld umfram tekjur	**76,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,6

08-513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðin Fossvogi	34,0
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,0
Gjöld umfram tekjur	**29,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,0

08-514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðin Hlíðum	34,3
1.20 Heilsugæslustöðin Miðbæ	42,8
Almennur rekstur samtals	77,1
Gjöld samtals	**77,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-12,0
Gjöld umfram tekjur	**65,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,1

m.kr.

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	53,5
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-12,7
Gjöld umfram tekjur	**40,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,8

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	39,1
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-12,2
Gjöld umfram tekjur	**26,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,9

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	30,1
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-8,3
Gjöld umfram tekjur	**21,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,8

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	14,3

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **10,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,7

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 24,1

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **21,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,8

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 15,4

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **12,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,6

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 23,2

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -6,3

Gjöld umfram tekjur **16,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,9

m.kr.

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri 127,7

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -21,0

Gjöld umfram tekjur **106,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,7

08-558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu 36,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -4,7

Gjöld umfram tekjur **31,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,3

08-561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vopnafirði 18,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **15,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,4

08-565 Heilsugæslustöðin Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Eskifirði 25,4

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -4,9

Gjöld umfram tekjur **20,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,5

08-566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði 14,1

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,7

Gjöld umfram tekjur **11,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,4

08-567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Djúpavogi 15,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **14,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,1

08-568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði 29,7

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -6,5

Gjöld umfram tekjur **23,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,2

m.kr.

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 12,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **11,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,3

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 12,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **11,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,1

08-574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 13,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,9

Gjöld umfram tekjur **9,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,6

08-575 Heilsugæslustöðin Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hellu 15,7

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **11,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,9

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 26,2

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **20,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,7

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 11,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,6

Gjöld umfram tekjur **10,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 12,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **10,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,7

m.kr.

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	101,7
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-25,3
Gjöld umfram tekjur	**76,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,4

08-583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ	37,6
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**28,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,6

08-584 Heilsugæslustöðin Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Kópavogi	106,7
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-19,5
Gjöld umfram tekjur	**87,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,2

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	73,1

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -13,2

Gjöld umfram tekjur **59,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,9

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 42,6

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -7,2

Gjöld umfram tekjur **35,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,4

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Áfengisvarnaráð 9,1
1.90 Forvarnasjóður 45,9
Almennur rekstur samtals 55,0

Gjöld samtals **55,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,0

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 38,8
1.11 Sjúkrasvið 560,6
Almennur rekstur samtals 599,4

Gjöld samtals **599,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -54,4

Gjöld umfram tekjur **545,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 545,0

08-715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 19,2
1.11 Sjúkrasvið 130,0
Almennur rekstur samtals 149,2

Gjöld samtals **149,2**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -13,3

Gjöld umfram tekjur **135,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 135,9

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 25,9
1.11 Sjúkrasvið 81,3
Almennur rekstur samtals 107,2

Gjöld samtals **107,2**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -9,9

Gjöld umfram tekjur **97,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,3

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 72,2
1.11 Sjúkrasvið 302,1
Almennur rekstur samtals 374,3

Gjöld samtals **374,3**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -53,9

Gjöld umfram tekjur **320,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 320,4

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 13,6
1.11 Sjúkrasvið 51,5
Almennur rekstur samtals 65,1

Gjöld samtals **65,1**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **61,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,7

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 14,2
1.11 Sjúkrasvið 33,3
Almennur rekstur samtals 47,5

Gjöld samtals **47,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **45,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,2

m.kr.

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	22,8
1.11 Sjúkrasvið	98,9
Almennur rekstur samtals	121,7
Gjöld samtals	**121,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-13,5
Gjöld umfram tekjur	**108,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,2

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	31,9
1.11 Sjúkrasvið	139,5
Almennur rekstur samtals	171,4
Gjöld samtals	**171,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-15,8
Gjöld umfram tekjur	**155,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	155,6

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	35,3
1.11 Sjúkrasvið	325,7
Almennur rekstur samtals	361,0
Gjöld samtals	**361,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-30,1
Gjöld umfram tekjur	**330,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 330,9

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 21,8
1.11 Sjúkrasvið 155,2
Almennur rekstur samtals 177,0

Gjöld samtals **177,0**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -13,1

Gjöld umfram tekjur **163,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 163,9

08-761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 37,7
1.11 Sjúkrasvið 286,5
Almennur rekstur samtals 324,2

Gjöld samtals **324,2**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -38,5

Gjöld umfram tekjur **285,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 285,7

08-765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 45,3
1.11 Sjúkrasvið 121,9
Almennur rekstur samtals 167,2

Gjöld samtals **167,2**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -18,7

Gjöld umfram tekjur **148,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,5

08-771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 12,2
1.11 Sjúkrasvið 93,3
Almennur rekstur samtals 105,5

Gjöld samtals **105,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -9,5

Gjöld umfram tekjur **96,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,0

08-775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 17,8
1.11 Sjúkrasvið 214,1
Almennur rekstur samtals 231,9

Gjöld samtals **231,9**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -25,9

Gjöld umfram tekjur **206,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 206,0

m.kr.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	35,4
1.11 Sjúkrasvið	223,9
Almennur rekstur samtals	259,3
Gjöld samtals	**259,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-33,8
Gjöld umfram tekjur	**225,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	225,5

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	41,2
1.11 Sjúkrasvið	311,4
Almennur rekstur samtals	352,6
Gjöld samtals	**352,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-49,1
Gjöld umfram tekjur	**303,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	303,5

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	109,8
1.11 Sjúkrasvið	333,4
Almennur rekstur samtals	443,2
Gjöld samtals	**443,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-76,4
Gjöld umfram tekjur	**366,8**

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	366,8

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**58.988,8**
Greitt úr ríkissjóði	**46.855,2**
Hlutdeild í ríkistekjum	**12.058,6**
Viðskiptahreyfingar	**75,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	324,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,0
Gjöld samtals	**332,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-13,8
Gjöld umfram tekjur	**318,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	318,4

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisbókhald	132,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**135,8**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**134,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	134,7

09-104 Ríkisfjárhirsla

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisfjárhirsla	37,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,0
Gjöld samtals	**38,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,3

09-105 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 25,2

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **23,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,9

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 224,1
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 73,8
1.20 Skatteftirlit 35,6
Almennur rekstur samtals 333,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0

Gjöld samtals **341,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 341,5

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 220,9

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 10,0

Gjöld samtals **230,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 230,9

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 33,4

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **33,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 33,1

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 22,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **22,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,4

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 24,1

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **23,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,8

m.kr.

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra	52,8
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**52,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,2

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Austurlands	27,8
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**27,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,5

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Suðurlands	35,1
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	5,0
Gjöld samtals	**40,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**39,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,7

m.kr.

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja 13,3

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **13,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,2

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness 117,8

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **115,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,6

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 3,2
1.03 Forúrskurðir í skattamálum 10,6
1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum 12,5
1.10 Skatteftirlit 21,4
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli 25,0
1.20 Olíugjald 5,1
1.30 Þungaskattur 20,6
1.40 Fjármagnstekjuskattur 10,3
Almennur rekstur samtals 108,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 13,0
6.45 Tölvuvæðing útflutningsskýrslna 4,0
Stofnkostnaður samtals 17,0

Gjöld samtals **125,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,7

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Yfirskattanefnd 55,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **56,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,1

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins 63,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **65,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,4

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 234,6
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 5,5
Almennur rekstur samtals 240,1

Stofnkostnaður:
6.91 Uppgjör stofnkostnaðar 8,0

Gjöld samtals **248,1**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -100,0

Gjöld umfram tekjur **148,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,1

09-261 Ríkistollstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkistollstjóri 118,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **121,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **116,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,3

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík 476,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0

Gjöld samtals **484,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -12,5

Gjöld umfram tekjur **472,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 472,2

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 3.077,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna 213,0

	m.kr.
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	53,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	402,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	37,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	12,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	6,0
Almennur rekstur samtals	3.800,0
Gjöld samtals	**3.800,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.700,0
Viðskiptahreyfingar	2.100,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	171,5
1.05 Yfirfasteignamatsnefnd	2,2
Almennur rekstur samtals	173,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,5
Gjöld samtals	**184,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-100,0
Gjöld umfram tekjur	**84,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,7
Hlutdeild í ríkistekjum	38,5

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	160,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,0

m.kr.

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 3.900,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 3.900,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 4.500,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.500,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 3.800,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.800,0

09-901 Framkvæmdasýslan

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýslan 76,2

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -73,2

Gjöld umfram tekjur **3,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.072,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1.072,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

09-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:
1.90 Rekstrarhagræðing 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:
6.01 Ríkisábyrgðir 105,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 105,0

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lánasýsla ríkisins 86,4

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -86,4

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 190,0
6.15 Tjónabætur 20,0
Stofnkostnaður samtals 210,0

Gjöld samtals **210,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 210,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur húsnæðis 79,0

m.kr.

1.05 Rekstur tölvukerfis	7,0
Almennur rekstur samtals	86,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	21,0
6.41 Tölvubúnaður	8,0
Stofnkostnaður samtals	29,0
Gjöld samtals	**115,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-100,0
Gjöld umfram tekjur	**15,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:	
6.60 Sölvhóll	10,0
6.80 Listaskóli	10,0
Stofnkostnaður samtals	20,0
Gjöld samtals	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	95,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	193,5
Gjöld samtals	**289,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-289,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	1.110,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Stofnkostnaður	15,0
Gjöld samtals	**1.125,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.125,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	100,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Almennur rekstur:	
1.01 Launagreiðslukerfi	66,3
1.02 Tekjubókhaldskerfi	127,5
1.03 Skattvinnslukerfi	125,3
1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	44,3
1.05 Innheimtuskilakerfi	15,2
1.06 Forsendukerfi innheimtugagna	17,9
1.09 Fjárlagakerfi	1,0
Almennur rekstur samtals	397,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	16,0
6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	70,0
6.03 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	19,4
6.04 Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	16,0
6.08 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	12,6
6.09 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	4,3
Stofnkostnaður samtals	138,3
Gjöld samtals	**535,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 535,8

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 35,0
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 23,6
1.13 Kjarasamningar 17,7
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 30,7
1.15 Kjararannsóknir 5,8
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður 25,3
1.18 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka 123,2
1.19 Ýmsar endurgreiðslur 40,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 35,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda 115,0
1.45 Ýmsar nefndir 3,3
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) 1,5
1.60 Dómkröfur 52,0
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd 5,0
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 5,0
1.90 Óviss útgjöld 17,8
Almennur rekstur samtals 535,9

Gjöld samtals **535,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 535,9

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **21.303,9**
Greitt úr ríkissjóði **15.160,4**
Hlutdeild í ríkistekjum **143,5**
Viðskiptahreyfingar **6.000,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	131,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,5

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og völuflutningar	14,7
1.14 Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	12,0
1.16 Landflutningasjóður	5,1
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa	15,9
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,9
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	36,2
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	19,8
1.25 GPS-staðsetningarkerfi	7,4
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.27 Slysavarnafélag Íslands	15,7
1.28 Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	9,3
1.29 Snæfellsbær, almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	5,0
1.31 Landsbjörg	11,0
1.33 Flugeftirlitsnefnd	2,7
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Ferðamál og markaðsstarf	10,0
1.91 Athugun á öryggi fiskiskipa	1,2
Almennur rekstur samtals	181,7
Gjöld samtals	**181,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**180,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 176,6
Viðskiptahreyfingar 4,0

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 286,0

Viðhaldsverkefni:
5.05 Þjónusta 1.550,0
5.10 Viðhald 1.300,0
5.52 Þéttbýlisvegir 340,0
Viðhaldsverkefni samtals 3.190,0

Stofnkostnaður:
6.10 Nýframkvæmdir 2.768,0
6.11 Framkvæmdaátak 500,0
6.21 Landsvegir 52,0
6.40 Tilraunir 68,0
6.43 Safnvegir 173,0
6.45 Styrkvegir 25,0
6.47 Reiðvegir 22,0
6.55 Ferjur og flóabátar 440,0
Stofnkostnaður samtals 4.048,0

Gjöld samtals **7.524,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 350,0
Hlutdeild í ríkistekjum 6.966,0
Viðskiptahreyfingar 208,0

m.kr.

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	355,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	411,5
6.72 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	16,0
6.74 Lendingabætur	2,0
6.76 Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	5,0
6.80 Sjóvarnargarðar	51,0
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	18,0
Stofnkostnaður samtals	535,7
Gjöld samtals	**891,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-81,4
Gjöld umfram tekjur	**810,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	754,9
Hlutdeild í ríkistekjum	310,8
Viðskiptahreyfingar	-255,4

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	559,1
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	447,2
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	52,5
Almennur rekstur samtals	1.058,8
Gjöld samtals	**1.058,8**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-608,4
Gjöld umfram tekjur	**450,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	411,9
Hlutdeild í ríkistekjum	38,5

m.kr.

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur flugvalla	344,1
Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	433,0
Gjöld samtals	**777,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-30,1
Gjöld umfram tekjur	**747,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	49,9
Hlutdeild í ríkistekjum	697,1

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	14,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,9

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	116,3
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	116,3

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	38,6
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	6,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	9,7
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	14,5
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	68,0
Almennur rekstur samtals	136,8
Gjöld samtals	**136,8**

m.kr.

Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**134,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	134,0
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**10.114,0**
Greitt úr ríkissjóði	**2.028,7**
Hlutdeild í ríkistekjum	**8.128,7**
Viðskiptahreyfingar	**-43,4**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	57,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,1
Gjöld samtals	**58,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,9

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	40,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,3
Gjöld samtals	**43,8**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	43,8

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	329,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,4
Gjöld samtals	**339,3**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -243,0

Gjöld umfram tekjur **96,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,3

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 169,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,9

Gjöld samtals **174,3**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -117,3

Gjöld umfram tekjur **57,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 13,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,8

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 108,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 108,0

m.kr.

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	18,8
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	5,6
1.30 Alþjóðlegt samstarf	18,3
1.45 Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál	32,5
Almennur rekstur samtals	80,2
Gjöld samtals	**80,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,4
Hlutdeild í ríkistekjum	18,8

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	9,4
1.02 Orkumálasvið	70,9
1.03 Orkurannsóknir	101,5
1.04 Sala rannsókna	175,7
Almennur rekstur samtals	357,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	12,1
Gjöld samtals	**369,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-179,0
Gjöld umfram tekjur	**190,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	190,6

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda	16,8

	m.kr.
1.13 Jarðhitaleit	6,0
1.23 Notendur utan samveitna	2,0
Almennur rekstur samtals	27,3
Gjöld samtals	**27,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,3

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	2,0
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	437,0
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	110,0
1.17 Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	10,0
Almennur rekstur samtals	559,0
Gjöld samtals	**559,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	559,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.242,9**
Greitt úr ríkissjóði	**1.072,3**
Hlutdeild í ríkistekjum	**170,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	85,9
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**85,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,2

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	3,5
1.20 Icepro-nefnd	2,2
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	8,3
Almennur rekstur samtals	14,0
Gjöld samtals	**14,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**11,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,7
Hlutdeild í ríkistekjum	2,2

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

m.kr.

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa 152,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,3

Gjöld samtals **154,5**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **153,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,3
Hlutdeild í ríkistekjum 107,9

12-401 Vátryggingaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Vátryggingaeftirlitið 55,0

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -5,9

Gjöld umfram tekjur **49,1**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 49,1

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 541,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 541,0

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 140,6

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 140,6

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun 82,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,9

Gjöld samtals **84,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,3

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:
1.10 Fjárfestingarskrifstofa viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.083,3**
Greitt úr ríkissjóði **242,5**
Hlutdeild í ríkistekjum **840,8**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	148,7
1.02 Sérstakar kannanir	10,4
1.50 Þjóðskráin	69,4
Almennur rekstur samtals	228,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,6
Gjöld samtals	**236,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-61,7
Gjöld umfram tekjur	**174,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,4

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**174,4**
Greitt úr ríkissjóði	**174,4**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	107,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,5
Gjöld samtals	**109,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	109,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	10,0
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6,5
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	10,2
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,5
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,0
1.56 Vernd Breiðafjarðar	1,5
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,6
1.58 Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	2,0
1.59 Náttúruverndarráð	2,5
Almennur rekstur samtals	76,8
Gjöld samtals	**76,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,8

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

m.kr.

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	9,2
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-3,8
Gjöld umfram tekjur	**5,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,4

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	34,0
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	46,1
Almennur rekstur samtals	80,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	4,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**89,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-25,7
Gjöld umfram tekjur	**63,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,4

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri	45,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,3
Hlutdeild í ríkistekjum	17,0

m.kr.

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:
1.10 Hreindýraráð 5,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 5,5

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 159,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **164,6**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -17,3

Gjöld umfram tekjur **147,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 138,9
Hlutdeild í ríkistekjum 8,4

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0
Viðskiptahreyfingar 50,0

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 10,9
1.10 Eyðing spilliefna 85,0
Almennur rekstur samtals 95,9

Gjöld samtals **95,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 95,9

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald 400,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 400,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 109,3
1.11 Mat á umhverfisáhrifum 18,0
1.12 Skipulag miðhálendis 1,6
Almennur rekstur samtals 128,9

Gjöld samtals **128,9**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -13,0

Gjöld umfram tekjur **115,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,9
Hlutdeild í ríkistekjum 95,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 131,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0

Gjöld samtals **139,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -55,7

Gjöld umfram tekjur **83,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,1
Hlutdeild í ríkistekjum 2,6

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 63,2
1.10 Námssjóður 3,5
1.20 Brunamálaskóli 8,8
Almennur rekstur samtals 75,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,5

Gjöld samtals **79,0**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 79,0

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 500,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 500,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,8
1.02 Setur í Reykjavík 87,7
1.03 Setur á Akureyri 26,7
Almennur rekstur samtals 125,2

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 0,5

Gjöld samtals **125,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -34,7

Gjöld umfram tekjur **91,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 91,0

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 4,7
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum 4,7
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík 4,7
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi 4,7
Almennur rekstur samtals 18,8

Gjöld samtals **18,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,8

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 13,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **15,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,9

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 327,9
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 87,5
Almennur rekstur samtals 415,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 9,5

Gjöld samtals **424,9**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -121,0

Gjöld umfram tekjur **303,9**

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	303,9
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.310,8**
Greitt úr ríkissjóði	**1.057,4**
Hlutdeild í ríkistekjum	**1.203,4**
Viðskiptahreyfingar	**50,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12.300,0
Viðskiptahreyfingar	3.900,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**16.200,0**
Greitt úr ríkissjóði	**12.300,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**3.900,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.950,0
Rekstrargjöld	1.565,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**392,0**
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	1,0
Hagnaður (-tap)	**393,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	393,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	10,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0
Handbært fé frá rekstri	**408,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,0
Sala áhættufjármuna	30,0
Afhending Nýja Garðs til Háskóla Íslands	43,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**65,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	6,0
Greitt í ríkissjóð og til Háskóla Íslands	445,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-451,0**
Breyting á handbæru fé	**22,0**
Handbært fé í ársbyrjun	100,0
Handbært fé í árslok	122,0

m.kr.

22-202 Lyfjabúð Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	143,2
Rekstrargjöld	133,5
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-9,7
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðsstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	0,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	2,1
Handbært fé frá rekstri	**2,3**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,7
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,7**
Breyting á handbæru fé	**-0,4**
Handbært fé í ársbyrjun	0,9
Handbært fé í árslok	0,5

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	903,0
Rekstrargjöld	2.507,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	110,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.494,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.530,0
Hagnaður (-tap)	**36,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	36,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	257,0
Handbært fé frá rekstri	**293,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	230,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-230,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	60,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-60,0**
Breyting á handbæru fé	**3,0**
Handbært fé í ársbyrjun	190,0
Handbært fé í árslok	193,0

m.kr.

22-973 Þjóðleikhúsið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	137,0
Rekstrargjöld	510,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-374,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	342,0
Hagnaður (-tap)	**-32,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-32,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	37,0
Handbært fé frá rekstri	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**5,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,0
Handbært fé í árslok	6,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	36,0
Rekstrargjöld	324,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	11,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-277,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	133,0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	98,0
Hagnaður (-tap)	**-46,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-46,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	46,0
Handbært fé frá rekstri	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,5
Handbært fé í árslok	1,5

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-101 Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	2.895,0
Rekstrargjöld	2.423,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**472,0**
Hagnaður (-tap)	**472,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	472,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	8,0
Handbært fé frá rekstri	**480,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	470,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-470,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	27,2
Handbært fé í árslok	27,2

m.kr.

23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	703,3
Rekstrargjöld	330,9
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-264,4
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**108,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	75,0
Hagnaður (-tap)	**183,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	183,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	138,4
Handbært fé frá rekstri	**321,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	58,9
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-58,9**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	262,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-262,0**
Breyting á handbæru fé	**0,5**
Handbært fé í ársbyrjun	27,7
Handbært fé í árslok	28,2

m.kr.

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	722,0
Rekstrargjöld	722,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðsstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	5,0
Handbært fé frá rekstri	**5,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	5,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-5,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	55,0
Handbært fé í árslok	55,0

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	147,2
Rekstrargjöld	140,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3,7
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**10,9**
Hagnaður (-tap)	**10,9**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	10,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-2,5
Handbært fé frá rekstri	**11,9**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt í ríkissjóð	11,9
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-11,9**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	13,6
Handbært fé í árslok	13,6

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	9.383,8
Rekstrargjöld	6.847,5
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	13,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**2.549,3**
Hagnaður (-tap)	**2.549,3**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.549,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	127,0
Handbært fé frá rekstri	**2.676,3**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	25,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-23,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt í ríkissjóð	2.667,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2.667,0**
Breyting á handbæru fé	**-14,2**
Handbært fé í ársbyrjun	664,9
Handbært fé í árslok	650,7

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	853,0
Rekstrargjöld	848,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**5,0**
Hagnaður (-tap)	**5,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	5,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	25,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**40,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-30,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	70,0
Afborganir af teknum löngum lánum	80,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-10,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3,9
Handbært fé í árslok	3,9

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	4.389,0
Rekstrargjöld	4.399,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-65,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-75,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	110,0
Hagnaður (-tap)	**35,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	35,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	901,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	50,0
Handbært fé frá rekstri	**986,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	625,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-615,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	177,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	152,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-329,0**
Breyting á handbæru fé	**42,0**
Handbært fé í ársbyrjun	10,0
Handbært fé í árslok	52,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

41 Forsætisráðuneyti, C-hluti

41-221 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	430,0
Fjármagnsgjöld	270,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	15,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	100,0
Hreinar fjármunatekjur	**45,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	190,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	265,0
Hagnaður (-tap)	**-10,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-10,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	179,0
Handbært fé frá rekstri	**169,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.600,0
Afborganir af veittum löngum lánum	950,0
Áhættufjármunir	-70,0
Viðskiptahreyfingar	78,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-658,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	925,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**475,0**
Breyting á handbæru fé	**-14,0**
Handbært fé í ársbyrjun	200,0
Handbært fé í árslok	186,0

m.kr.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.060,0
Fjármagnsgjöld	1.750,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	540,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	300,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.530,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.770,0
Önnur rekstrargjöld	200,0
Hagnaður (-tap)	**40,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	40,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	370,0
Handbært fé frá rekstri	**410,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.060,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.600,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	15,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.475,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.235,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.065,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	300,0

m.kr.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	3,0
Fjármagnsgjöld	0,3
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	1,5
Hreinar fjármunatekjur	**-1,8**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	175,0
Aðrar rekstrartekjur	30,0
Önnur rekstrargjöld	215,0
Hagnaður (-tap)	**-11,8**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-11,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	4,0
Handbært fé frá rekstri	**-7,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**10,0**
Breyting á handbæru fé	**2,2**
Handbært fé í ársbyrjun	35,8
Handbært fé í árslok	38,0

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	590,0
Fjármagnsgjöld	690,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	45,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	10,0
Hreinar fjármunatekjur	**-155,0**
Aðrar rekstrartekjur	150,0
Önnur rekstrargjöld	120,0
Hagnaður (-tap)	**-125,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-125,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	55,0
Handbært fé frá rekstri	**-70,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.100,0
Afborganir af veittum löngum lánum	930,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-170,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.200,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**-240,0**
Handbært fé í ársbyrjun	541,0
Handbært fé í árslok	301,0

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	310,0
Fjármagnsgjöld	445,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	45,0
Hreinar fjármunatekjur	**-180,0**
Aðrar rekstrartekjur	680,0
Önnur rekstrargjöld	1.200,0
Hagnaður (-tap)	**-700,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-700,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**-655,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	520,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**520,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.210,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-210,0**
Breyting á handbæru fé	**-345,0**
Handbært fé í ársbyrjun	690,0
Handbært fé í árslok	345,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-270 Húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	7.840,0
Fjármagnsgjöld	7.530,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-10,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	150,0
Hreinar fjármunatekjur	**170,0**
Aðrar rekstrartekjur	56,0
Önnur rekstrargjöld	226,0

Sjóðsstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	406,0
Handbært fé frá rekstri	**406,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	16.100,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-12.900,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	16.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.150,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**12.850,0**
Breyting á handbæru fé	**356,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4.886,0
Handbært fé í árslok	5.242,0

m.kr.

47-271 Byggingarsjóður ríkisins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	2.480,0
Fjármagnsgjöld	3.090,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	253,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	110,0
Hreinar fjármunatekjur	**-973,0**
Aðrar rekstrartekjur	206,0
Önnur rekstrargjöld	107,0
Hagnaður (-tap)	**-874,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-874,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	300,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	100,0
Handbært fé frá rekstri	**-474,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	600,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.300,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	15,0
Uppboðsíbúðir	250,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**1.435,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	4.890,0
Skyldusparnaður	400,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-890,0**
Breyting á handbæru fé	**71,0**
Handbært fé í ársbyrjun	20,0
Handbært fé í árslok	91,0

m.kr.

47-272 Byggingarsjóður verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.990,0
Fjármagnsgjöld	2.740,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	100,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	110,0
Hreinar fjármunatekjur	**-960,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	275,0
Aðrar rekstrartekjur	17,0
Önnur rekstrargjöld	132,0
Hagnaður (-tap)	**-800,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-800,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-164,0
Handbært fé frá rekstri	**-964,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.450,0
Afborganir af veittum löngum lánum	824,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.626,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	5.280,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.600,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.680,0**
Breyting á handbæru fé	**90,0**
Handbært fé í ársbyrjun	30,0
Handbært fé í árslok	120,0

m.kr.

49 Fjármálaráðuneyti, C-hluti

49-972 Framkvæmdasjóður Íslands

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	318,0
Fjármagnsgjöld	331,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-15,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1,0**
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	35,0
Hagnaður (-tap)	**-33,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-33,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	12,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	62,0
Handbært fé frá rekstri	**41,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	62,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.015,0
Sala áhættufjármuna	100,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2.053,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2.220,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2.220,0**
Breyting á handbæru fé	**-126,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.052,0
Handbært fé í árslok	926,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	65,0
Fjármagnsgjöld	16,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	7,0
Hreinar fjármunatekjur	**42,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	18,0
Önnur rekstrargjöld	85,0
Hagnaður (-tap)	**-25,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-25,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	7,0
Handbært fé frá rekstri	**-18,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	-16,0
Veitt löng lán	25,0
Afborganir af veittum löngum lánum	60,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**51,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	35,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-35,0**
Breyting á handbæru fé	**-2,0**
Handbært fé í ársbyrjun	122,6
Handbært fé í árslok	120,6

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	123,0
Fjármagnsgjöld	85,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	4,0
Hreinar fjármunatekjur	**31,0**
Aðrar rekstrartekjur	5,0
Önnur rekstrargjöld	15,0
Hagnaður (-tap)	**21,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	21,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-5,0
Handbært fé frá rekstri	**19,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	130,0
Afborganir af veittum löngum lánum	132,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	140,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-40,0**
Breyting á handbæru fé	**-19,0**
Handbært fé í ársbyrjun	20,0
Handbært fé í árslok	1,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8,1
Fjármagnsgjöld	2,6
Framlög í afskriftasjóð útlána	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**2,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	27,3
Aðrar rekstrartekjur	0,1
Önnur rekstrargjöld	22,6
Hagnaður (-tap)	**7,3**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	7,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-1,4
Handbært fé frá rekstri	**5,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	15,0
Afborganir af veittum löngum lánum	22,8
Áhættufjármunir	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**4,8**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	14,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-14,0**
Breyting á handbæru fé	**-3,3**
Handbært fé í ársbyrjun	137,0
Handbært fé í árslok	133,7

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	129,0
Hreinar fjármunatekjur	**129,0**
Önnur rekstrargjöld	102,0
Hagnaður (-tap)	**27,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	27,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	2,0
Handbært fé frá rekstri	**29,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	215,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	20,0
Áhættufjármunir	400,0
Sala áhættufjármuna	500,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-5,0**
Breyting á handbæru fé	**24,0**
Handbært fé í árslok	24,0

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	1.334,2
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	3.475,0
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	2.195,4
	Samtals	**7.004,6**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	318,6
	Samtals	**318,6**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	175,7
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	150,0
	Samtals	**325,7**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	269,0
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta.	173,5
	Samtals	**442,5**
Almenn opinber þjónusta samtals		**8.091,4**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	3.816,6
	03.1.2 Brunavarnir	79,0
	Samtals	**3.895,6**
03.2	Dómstólar	873,9
03.3	Fangelsi	463,8
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	1.949,7
Löggæsla og öryggismál samtals		**7.183,0**

		m.kr.
04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	694,6
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	4.548,3
	04.2.2 Sérskólastig	1.568,5
	Samtals	**6.116,8**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	5.593,7
	Samtals	**5.593,7**
04.4	Aðrir skólar, óta.	44,4
04.5	Námsaðstoð	141,0
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	423,0
Fræðslumál samtals		**13.013,5**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	18.420,5
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	314,3
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	5.705,5
	Samtals	**24.440,3**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	5.204,1
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	162,2
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	760,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	550,0
	Samtals	**6.676,3**
05.4	Lyf og hjálpartæki	4.616,3
05.5	Heilbrigðisrannsóknir	147,3
05.6	Önnur heilbrigðismál	859,7
Heilbrigðismál samtals		**36.739,9**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	1.930,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	19.250,0

		m.kr.
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	2.950,0
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	5.198,4
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	3.925,0
	Samtals	**33.253,4**
06.2	Velferðarmál	
	06.2.1 Barna- og unglingaheimili	11,3
	06.2.3 Málefni fatlaðra	3.006,0
	06.2.4 Önnur velferðarheimili	30,0
	06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	93,0
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta	722,7
	Samtals	**3.863,0**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**37.116,4**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	337,2
	07.1.2 Skipulagsmál	681,6
	Samtals	**1.018,8**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	400,0
	07.3.2 Mengunarmál	95,9
	Samtals	**495,9**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**1.514,7**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	159,1
	08.0.2 Söfn, listir ofl.	2.103,6
	08.0.3 Fjölmiðlar	1.705,7
	08.0.4 Kirkjumál	2.295,3
	08.0.5 Önnur menningarmál	20,0
	Samtals	**6.283,7**
Menningarmál samtals		**6.283,7**

		m.kr.
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	541,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	574,3
	09.2.3 Orkumál, óta.	202,6
	Samtals	**776,9**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**1.317,9**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	322,4
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	5.456,1
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	746,7
	10.1.5 Dýralæknisþjónusta	182,7
	10.1.6 Farsóttarvarnir	72,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	884,1
	Samtals	**7.664,0**
10.2	Skógræktarmál	200,8
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	1.093,3
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	1.111,8
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	264,8
	Samtals	**2.469,9**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**10.334,7**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	365,2
11.3	Byggingarstarfsemi	57,0
Iðnaðarmál samtals		**422,2**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	7.524,0
	Samtals	**7.524,0**

	m.kr.
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	810,2
Samtals	**810,2**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	1.504,1
Samtals	**1.504,1**
12.7 Önnur samgöngumál	292,3
Samgöngumál samtals	**10.130,6**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	134,0
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	1.363,9
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	718,2
13.6 Önnur atvinnumál	435,6
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**2.651,7**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	16.203,0
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	2.665,0
14.0.3 Önnur þjónusta	9.295,0
Samtals	**28.163,0**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**28.163,0**
Heildargjöld samtals	**162.962,7**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 1998

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	47.290
Önnur gjöld	24.031
Þjónustutekjur	-9.181
Rekstrargjöld samtals	**62.140**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Lífeyristryggingar og félagsleg aðstoð	21.070
Sjúkratryggingar	8.660
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.200
Barnabætur	4.500
Lífeyrisskuldbindingar	3.800
Vaxtabætur	3.800
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.910
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	2.815
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.770
Framlag til sókna og kirkjugarða	1.604
Ríkisútvarpið	1.530
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	10.911
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**68.570**
Fjármagnskostnaður	**16.200**
Viðhald	
Vegagerðin	3.190
Annað	540
Viðhald samtals	**3.730**
Fjárfesting	
Vegagerðin	4.048
Heilbrigðisstofnanir	1.022
Háskólar og framhaldsskólar	850
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	680
Hafnaframkvæmdir	536
Ofanflóðasjóður	500
Flugvellir	443
Annað	4.244
Fjárfesting samtals	**12.323**
Gjöld samtals	**162.963**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur og lögbundin framlög 1998

m.kr.		Sjóðs-hreyfingar
01-301	**Lýðveldissjóður**	
	Lögbundið framlag	100,0
	Lögbundið framlag	100,0
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Almanaksgjald	1,5
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	368,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	369,5
02-202	**Tilraunastöð Háskólans á Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	3,1
	Hlutdeild í ríkistekjum	3,1
02-231	**Rannsóknarráð Íslands**	
	Einkaleyfisgjald af happdrættum	78,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	78,0
02-236	**Vísindasjóður**	
	Framlag Seðlabanka Íslands í Vísindasjóð	140,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	140,0
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	
	Skemmtanaskattur, hlutdeild Sáttmálasjóðs	20,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	20,0
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	
	Skoðunargjald kvikmynda	5,6
	Hlutdeild í ríkistekjum	5,6
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Sérstakur eignarskattur	515,0
	Skerðing markaðra tekna	200,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	315,0
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjald hljóvarps	510,0
	Afnotagjald sjónvarps	1.020,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	1.530,0

02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Framkvæmdasjóður RÚV	90,0
	Lögbundið framlag	90,0
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	
	Skemmtanaskattur, hlutdeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands (10%)	8,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	8,0
02-975	**Menningarsjóður útvarpsstöðva**	
	Menningarsjóðsgjald útvarpsstöðva	110,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	110,0
02-976	**Menningarsjóður**	
	Miðagjald í Menningarsjóð	10,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	10,0
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	159,7
	Lögbundið framlag	159,7
02-982	**Listir, framlög**	
	Rithöfundalaun, lögbundið framlag	17,3
	Höfundaréttargjald	26,0
	Skemmtanaskattur, hlutdeild Menningarsjóðs félagsheimila (10%)	8,0
	Fylgiréttargjald í Myndlistarsjóð Íslands	4,0
	Hlutdeild í ríkistekjum og lögbundin framlög	55,3
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	
	Vopnaleitargjald	34,2
	Tollafgreiðslugjald	12,9
	Hlutdeild í ríkistekjum	47,1
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	363,0
	Skerðing markaðra tekna	83,3
	Hlutdeild í ríkistekjum	279,7
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	117,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	117,0
04-190	**Ýmis verkefni**	
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á kjöti, gærum og ull	9,1
	Hlutdeild í ríkistekjum	9,1

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð	4,2
Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð	4,2
Hlutdeild í ríkistekjum	8,4

04-233 Yfirdýralæknir

Gjald vegna matvælaeftirlits	1,4
Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	47,2
Hlutdeild í ríkistekjum	48,6

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Eftirlitsgjöld með innfluttum áburði og jarðvegsbætandi efnum	0,2
Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	0,9
Innflutningsleyfi vegna sáðvöru	1,0
Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	2,8
Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	4,6
Hlutdeild í ríkistekjum	9,5

04-813 Framleiðsluráð landbúnaðarins

0,275% af búnaðargjaldi (2,65%) á búvöruframleiðslu	39,0
Verðskerðingargjöld landbúnaðarins	76,4
Útflutningsgjald kindakjöts	27,0
Hlutdeild í ríkistekjum	142,4

04-818 Búnaðarsjóður

1,225% af búnaðargjaldi (2,65%) á búvöruframleiðslu	187,0
Hlutdeild í ríkistekjum	187,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

1,15% af búnaðargjaldi (2,65%) á búvöruframleiðslu	147,0
Hlutdeild í ríkistekjum	147,0

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	113,2
Hlutdeild í ríkistekjum	113,2

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Stofnverndarsjóðsgjald búfjár	2,5
Hlutdeild í ríkistekjum	2,5

04-827 Fóðursjóður

Aðflutningsgjöld af fóðri	351,0
Hlutdeild í ríkistekjum	351,0

04-829 Útflutningsgjald á hross

Útflutningsgjald á hross, brúttó	22,5
Hlutdeild í ríkistekjum	22,5

04-831 Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins

Afgjöld ríkisjarða	22,0
Sala jarðeigna jarðasjóðs	20,8
Hlutdeild í ríkistekjum	42,8

04-843 Fiskræktarsjóður

Gjald af veiðitekjum veiðifélaga	5,5
Gjald af tekjum vatnsaflsstöðva	8,5
Hlutdeild í ríkistekjum	14,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Lögbundið framlag til markaðssetningar á vistvænni framleiðslu	25,0
Skerðing lögbundins framlags	12,5
Lögbundið framlag	12,5

05-204 Fiskistofa

Vinnsluleyfi	2,0
Veiðieftirlitsgjald	120,0
Veiðieftirlitsgjald vegna veiða utan lögsögu	30,0
Gjaldtaka fyrir landamæraeftirlit	3,0
Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	6,0
Hlutdeild í ríkistekjum	161,0

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Upptækur afli og veiðarfæri (landhelgisbrot og sektir)	30,0
Hlutdeild í ríkistekjum	30,0

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Þróunarsjóðsgjald á skip	80,0
Þróunarsjóðsgjald á aflamark	600,0
Hlutdeild í ríkistekjum	680,0

05-818 Síldarútvegsnefnd

5% af rekstrarvörum til síldarsöltunar	10,0
2% af fob.verði útfluttrar síldar	20,0
Hlutdeild í ríkistekjum	30,0

06-321 Almannavarnir ríkisins

Notkunargjöld vegna Neyðarlínunnar	52,7
Hlutdeild í ríkistekjum	52,7

06-331 Umferðarráð

Umferðaröryggiseftirlitsgjald	35,6
Prófgjöld bifreiðastjóra	34,6
Hlutdeild í ríkistekjum	70,2

06-705 Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður	106,0
Lögbundið framlag	106,0

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Kirkjugarðsgjöld	370,0
Kirkjugarðasjóður	32,0
Lögbundið framlag	402,0

06-735 Sóknargjöld

Sóknargjöld	1.032,0
Lögbundið framlag	1.032,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður sókna	170,0
Lögbundið framlag	170,0

07-273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla

Tryggingarsjóðsgjald vegna byggingargalla	40,0
Hlutdeild í ríkistekjum	40,0

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Vinnueftirlitsgjald, hluti tryggingagjalds	146,5
Skráning vinnuvéla	36,2
Vottorð frá Vinnueftirliti ríkisins	3,1
Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum	0,6
Hlutdeild í ríkistekjum	186,4

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Erfðafjárskattur	420,0
Skerðing markaðra tekna	235,0
Hlutdeild í ríkistekjum	185,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Mörkuð útgjöld	2.550,0
Lögbundið framlag	2.550,0

07-980 Vinnumálastofnun

Hluti Vinnumálastofnunar í atvinnutryggingagjaldi	100,0
Hlutdeild í ríkistekjum	100,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðargjald vegna launa	105,0
Hlutdeild í ríkistekjum	105,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Hlutdeild í atvinnutryggingagjaldi	2.910,0
Hlutdeild í ríkistekjum	2.910,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Hlutdeild í atvinnutryggingagjaldi	40,0
Hlutdeild í ríkistekjum	40,0

08-204 Lífeyristryggingar

Hluti tryggingagjalds	11.382,5
Hlutdeild í ríkistekjum	11.382,5

08-327 Geislavarnir ríkisins

Eftirlitsgjöld	6,2
Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
Hlutdeild í ríkistekjum	6,9

08-385 Framkvæmdasjóður aldraða

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	500,0
Hlutdeild í ríkistekjum	500,0

08-395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Lyfjaeftirlitsgjald	20,6
Hlutdeild í ríkistekjum	20,6

08-396 Lyfjanefnd

Ýmis leyfi Lyfjanefndar	35,8
Skráning sérlyfja, samhliðalyfja og náttúrulyfja	11,6
Árgjald lyfja	1,2
Hlutdeild í ríkistekjum	48,6

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	35,0
Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
Lögbundið framlag	45,0

08-621 Forvarnasjóður

Hlutdeild í áfengisgjaldi	48,0
Hlutdeild í ríkistekjum	48,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	38,5
Hlutdeild í ríkistekjum	38,5

09-971 Ríkisábyrgðir

Ríkisábyrgðagjald og áhættugjald vegna ríkisábyrgða	105,0
Hlutdeild í ríkistekjum	105,0

10-211 Vegagerðin

Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	5.030,0
Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	2.050,0
Þungaskattur, fast árgjald	950,0
Skerðing markaðra tekna	1.064,0
Hlutdeild í ríkistekjum	6.966,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	160,0
Vitagjald	65,0
Skipagjald	59,8
Ýmis skráningar- og eftirlitsgjöld	24,7
Vottorð frá Siglingamálastofnun	1,3
Hlutdeild í ríkistekjum	310,8

10-471 Flugmálastjórn

Skráning loftfars til atvinnuflugs	4,3
Prófgjöld vegna þjónustu loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar	2,4
Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara	23,5
Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda	8,3
Hlutdeild í ríkistekjum	38,5

10-472 Flugvellir

Eldsneytisgjald (af flugvélabensíni og þotueldsneyti)	62,0
Flugvallagjald	561,0
Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	74,1
Skerðing markaðra tekna	60,0
Hlutdeild í ríkistekjum	637,1

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta	42,1
Greiðslur fyrir þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar skv. verðskrá	74,2
Hlutdeild í ríkistekjum	116,3

11-102 Einkaleyfastofan

Gjöld fyrir einkaleyfi	11,6
Gjöld fyrir vörumerki	31,6
Gjöld fyrir hönnunarvernd	0,6
Hlutdeild í ríkistekjum	43,8

11-245 Samtök iðnaðarins

Iðnaðarmálagjald	108,0
Hlutdeild í ríkistekjum	108,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Staðlaráðsgjald, allt að 0,007% af gjaldstofni tryggingagjalds	18,8
Hlutdeild í ríkistekjum	18,8

12-190 Ýmis verkefni

ICEPRO-nefnd, allt að 0,001% af gjaldstofni tryggingagjalds	2,2
Hlutdeild í ríkistekjum	2,2

12-302 Löggildingarstofan

Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	25,0
Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana	82,9
Hlutdeild í ríkistekjum	107,9

12-401 Vátryggingaeftirlitið

Eftirlitsgjald vegna vátrygginga tryggingafélaganna	49,1
Hlutdeild í ríkistekjum	49,1

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	541,0
Hlutdeild í ríkistekjum	541,0

12-821 Flutningssjóður sements

Flutningsjöfnunargjald af sementi	140,6
Hlutdeild í ríkistekjum	140,6

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Gjald vegna vinnslu starfsleyfa vegna mengunar	1,0
Mengunareftirlitsgjald (árlegt)	5,3
Gjald vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna	2,1
Hlutdeild í ríkistekjum	8,4

14-285 Spilliefnasjóður

Spilliefnagjald	95,9
Hlutdeild í ríkistekjum	95,9

14-289	**Endurvinnslan hf., skilagjald**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	400,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	400,0
14-301	**Skipulagsstofnun**	
	Skipulagsgjald	95,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	95,0
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Stimpilgjald af kortum	2,6
	Hlutdeild í ríkistekjum	2,6
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnagjald	90,0
	Skerðing markaðra tekna	11,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	79,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	500,0
	Hlutdeild í ríkistekjum	500,0
	Heildartekjur og lögbundin framlög	**37.520,7**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**35.854,9**
	Mismunur, skerðing	**1.665,8**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er nú lagt fram með mjög breyttu sniði í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkisins og er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Einnig er gerð grein fyrir lagalegri stöðu frumvarpsins. Í *síðari hluta* eru lagagreinarnar ásamt nánari sundurliðunum og séryfirlitum. Í athugasemdum þar á eftir er ítarleg umfjöllun um lagagreinarnar sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin og stutt lýsing á nýrri framsetningu fjárlaga.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lántökur, endurlán og ábyrgðir, en almenna umfjöllun um lánsfjármál er að finna í fyrri hluta frumvarpsins.
- Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum.
- Í áttunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.

Að lokum er í fylgiskjali birt yfirlit yfir lagabreytingar.

1 Yfirlit ríkisfjármála og ný framsetning fjárlaga

1.1 Ný framsetning fjárlaga

Í þessum kafla er gerð grein fyrir helstu efnisatriðum á tekju- og gjaldahlið frumvarpsins. Ennfremur eru hér dregnar saman helstu niðurstöður frumvarpsins, en nánar er fjallað um þær í þriðja kafla greinargerðarinnar í fyrri hluta.

Ný lög um fjárreiður ríkisins kveða á um verulegar breytingar á framsetningu fjárlaga og er fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1998 sett fram í því ljósi. Nánar er fjallað um þessar breytingar í öðrum kafla í fyrri hluta frumvarpsins.

Lagagreinar frumvarpsins eru sjö talsins og eru frekari sundarliðanir í sérstökum yfirlitum sem jafnframt hafa lagagildi.

Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjurnar eru sýndar eftir meginflokkum tekna og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu tekna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Í sundurliðun 2 eru sýndar fjárreiður ríkisaðila í A-hluta.

Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hrein lánsfjárþörf, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að taka að láni til að fjármagna rekstrarhalla og útstreymi á lánahreyfingum. Lánsfjárþörf er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.

Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu þess til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða. Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.

Í 5. gr. eru ákvæði sem til þessa hafa verið í lánsfjárlögum. Um er að ræða lántökuheimildir ríkisins, heimildir til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.

Í 6. gr. eru sýndar ákvarðanir um skerðingu á mörkuðum tekjustofnum og á ýmsum framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga. Sú skerðing tekna og framlaga sem hér um ræðir er í samræmi við ákvæði annarra greina laganna. Skerðingarheimilda hefur á síðustu árum verið aflað í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Ákvæði 7. gr. eru hliðstæð ákvæðum 6. gr. fjárlaga fram til þessa. Kveðið er á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar má nefna málaflokkaskiptingu gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega

staðla og eftir hagrænni skilgreiningu, þ.e. í rekstur , rekstrartilfærslur, fjármagnskostnað, viðhald og fjárfestingu. Ennfremur er yfirlit yfir markaðar tekjur og lögbundin framlög.

1.2 Yfirlit ríkisfjármála

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður frumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðunum, en nánar er fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði fyrri og síðari hluta.

Afkoma ríkissjóðs 1996-1998

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	Greiðslugrunnur - eldra uppgjör 1996	Fjárlög 1997	Áætlun 1997	Frumvarp 1998	Nýtt uppgjör Frumvarp 1998
Tekjur	127.735	126.224	130.927	137.600	163.484
Gjöld	139.729	126.100	132.200	134.438	162.963
Gjöld án áhrifa innköllunar [1]	*129.717*	-	*128.200*	-	-
Tekjujöfnuður	**-11.994**	**124**	**-1.273**	**3.162**	**521**
Tekjujöfnuður án áhrifa innlausnar	***-1.982***		***2.727***		
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi [2]	-	-	-	-	1.018
Handbært fé frá rekstri	**-11.994**	**124**	**-1.273**	**3.162**	**1.539**
Fjármunahreyfingar [3]	-713	1.670	-1.825	1.827	3.450
Hrein lánsfjárþörf	**12.707**	**-1.794**	**3.098**	**-4.989**	**-4.989**

[1] Árið 1996 voru gjaldfærð vaxtagjöld vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina, rúmlega 10 milljarðar króna. Árið 1997 er hliðstæð gjaldfærsla, sem áætluð er um 4 milljarðar króna.

[2] Til þess að fá mat á sjóðstreymi árið 1998 þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[3] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Byggingarsjóðs ríkisins o.fl. Auk þess koma undir þennan lið hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

Afkoma ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldi áfram að batna á árinu 1998. Miðað við hefðbundnar uppgjörsaðferðir (á greiðslugrunni) svarar niðurstaða frumvarpsins til 3,2 milljarða króna tekjuafgangs, en samkvæmt nýju framsetningunni (á rekstrargrunni) er gert ráð fyrir 0,5 milljarða króna afgangi. Til samanburðar má nefna að samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1996 var 8,7 milljarða króna halli á ríkissjóði, miðað við rekstrargrunn. Þótt þessar tölur séu ekki að öllu leyti sambærilegar vegna breyttrar framsetningar, gefa þær vísbendingu um þann árangur sem náðst hefur í ríkisfjármálum að undanförnu. Hins vegar er rétt að hafa nokkurn fyrirvara á þessari niðurstöðu þar sem áætlanagerð á rekstrargrunni er, eðli máls samkvæmt óviss.

Hrein lánsfjárþörf. Bætt afkoma kemur enn skýrar í ljós þegar horft er á breytingar á lánsfjárþörf ríkissjóðs milli ára, en þessi mælikvarði gefur um margt gleggri mynd af áhrifum ríkisfjármála á efnahagslífið. Árið 1997 er áætlað að ríkissjóður taki 3,1 milljarð króna að láni til að mæta skuldbindingum sínum. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 1998 verður hins vegar veruleg breyting hér á þar sem hrein lánsfjárþörf er talin verða neikvæð um tæplega 5 milljarða króna. Ríkissjóður mun því samkvæmt þessum áætlunum grynnka verulega á skuldum sínum á árinu 1998. Mikilvæg skýring á þessum umskiptum er sú að nú er áformað að selja hlutabréf ríkisins í mun meira mæli en áður, en það skilar sér með beinum hætti í minni lánsfjárþörf. Bætt afkoma ríkissjóðs hefur sömu áhrif.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuþróun ríkissjóðs á árinu 1997 og áætlun fyrir árið 1998. Fyrst eru dregnar saman helstu niðurstöður. Í öðrum hluta verður gerð nánari grein fyrir tekjum ríkissjóðs á árinu 1997 og frávikum frá áætlun fjárlaga. Í þriðja hlutanum er fjallað um áætlun tekna fyrir árið 1998 miðað við nýja framsetningu ríkissjóðstekna. Loks segir frá þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um tekju- og eignarskatt síðastliðið vor.

2.1 Helstu niðurstöður

Horfur 1997. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1997 var áætlað að tekjur ríkissjóðs yrðu samtals 126,2 milljarðar króna. Endurskoðuð áætlun gerir hins vegar ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 4,7 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga. Þessa hækkun má að mestu leyti rekja til meiri umsvifa í þjóðarbúskapnum en spáð var, meðal annars vegna aukinna tekna og meiri kaupmáttar heimilanna í kjölfar kjarasamninga og lækkunar tekjuskattshlutfalls einstaklinga. Talið er að tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja hækki um 1,3 milljarða króna á þessu ári og veltuskattar um 1,4 milljarða króna. Jafnframt munu arðgreiðslur og eignasala hækka tekjuhliðina um 1 milljarð króna. Í heild er því talið að tekjur ríkissjóðs verði um 130,9 milljarðar króna á árinu 1997.

Þjóðhagsforsendur árin 1997 og 1998

Magnbreytingar, %	Fjárlög 1997	Endurskoðuð áætlun 1997	Frumvarp 1998
Einkaneysla	3,5	5,0	5,0
Samneysla	1,5	2,2	3,0
Fjárfesting	5,5	18,6	1,3
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,5	6,7	3,9
Útflutningur vöru og þjónustu	2,8	3,2	4,6
Innflutningur vöru og þjónustu	5,7	9,6	5,9
Landsframleiðsla	2,5	4,5	3,5
Vísitala neysluverðs	2,0	1,9	3,0
Ráðstöfunartekjur á mann	3,5	6,7	8,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,5	4,7	4,9

Áætlun 1998. Eins og nánar er vikið að síðar verða miklar breytingar á framsetningu ríkissjóðstekna í fjárlagafrumvarpi ársins 1998. Það gerir allan samanburð við fyrri ár erfiðari en ella. Í töflunni hér á eftir er tekjum fyrir árið 1998 stillt upp samkvæmt þeirri framsetningu sem var í síðustu fjárlögum.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi efnahagsbata á árinu 1998 en hann skilar sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Miðað við eldri framsetningu er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1998 verði 137,6 milljarðar króna, sem er um 6,7 milljarða aukning frá árinu 1997. Af þeirri

aukningu eru rúmlega 4 milljarðar vegna veltuskatta, 1,2 milljarðar vegna sölu eigna og 1,2 milljarðar í auknum tekjuskatti fyrirtækja. Á móti vegur hins vegar lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga um 1,9% um næstu áramót og áhrif lækkunar um 1,1% á árinu 1997 sem kemur að hluta fram á greiðslugrunni ársins 1998. Þetta tvennt leiðir til þess að staðgreiðsla einstaklinga dregst saman milli ára. Þegar á heildina er litið er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækki umtalsvert, eða um 0,6% frá yfirstandandi ári, en það svarar til rúmlega 3 milljarða króna.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, eldra uppgjör	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Áætlun 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.
Skatttekjur	119.515	117.899	121.830	128.215
Aðrar tekjur	8.220	8.325	9.097	9.385
Tekjur ríkissjóðs, alls	**127.735**	**126.224**	**130.927**	**137.600**
Verg landsframleiðsla	484.348	519.759	521.267	561.756
Heildartekjur sem % af landsframleiðslu	**26,4**	**24,2**	**25,1**	**24,5**
Skatttekjur sem % af landsframleiðslu	**24,7**	**22,6**	**23,4**	**22,8**

2.2 Framvindan 1997

Umsvifin í íslensku efnahagslífi það sem af er árinu 1997 hafa verið talsvert meiri en búist var við þegar fjárlög voru afgreidd. Mest munar um aukinn kaupmátt heimilanna í kjölfar kjarasamninga og lækkunar á tekjuskatti einstaklinga. Þannig er nú gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist þrefalt meira en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Einnig er afkoma fyrirtækja umtalsvert betri en búist hafði verið við. Þetta hefur leitt til aukinnar eftirspurnar, ekki síst í vöruinnflutningi, aðallega á bifreiðum og ýmsum varanlegum neysluvörum. Á tekjuhlið ríkissjóðs koma þessi áhrif því bæði fram í auknum tekju- og launasköttum, sem og veltusköttum, einkum af innflutningi.

Í heild er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 4,7 milljörðum hærri á árinu 1997 en í áætlun fjárlaga, eða 130,9 milljarðar króna. Hér á eftir verður nánar fjallað um frávik einstakra liða frá áætlun fjárlaga.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann



Tekjuskattur einstaklinga. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili ríkissjóði um 600 m.kr. tekjuauka á árinu 1997 umfram áætlun fjárlaga, og er þá

miðað við að tekjur almennings hækki um 7% á árinu, eða helmingi meira en í forsendum fjárlaga. Á móti vegur að innheimta á eftirstöðvum fyrri ára verður talsvert lægri en í fjárlagaáætluninni. Lækkun tekjuskattshlutfallsins um 1,1 prósentustig þann 1. maí síðastliðinn, hefur hins vegar óveruleg áhrif þar sem gert var ráð fyrir henni í forsendum fjárlaga.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur, eldra uppgjör	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Áætlun 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tekjuskattar	**25.564**	**21.325**	**22.674**	**1.349**
Einstaklingar	21.371	16.775	17.374	599
Fyrirtæki	4.193	4.550	5.300	750
Tryggingagjöld	**13.569**	**14.185**	**14.710**	**525**
Eignarskattar	**3.799**	**3.755**	**3.966**	**211**
Skattar á vörur og þjónustu	**76.583**	**78.634**	**80.480**	**1.846**
Virðisaukaskattur	45.692	48.550	49.128	578
Innflutnings- og vörugjöld	10.505	9.474	10.392	918
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	7.266	7.100	7.128	28
Bifreiðagjöld	9.224	9.415	9.710	295
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	3.896	4.095	4.122	27
Aðrar tekjur	**8.220**	**8.325**	**9.097**	**772**
Vaxtatekjur	5.122	5.175	4.861	-314
Arðgreiðslur o.fl.	3.098	3.150	4.236	1.086
Skatttekjur	**119.515**	**117.899**	**121.830**	**3.931**
Tekjur ríkissjóðs, alls	**127.735**	**126.224**	**130.927**	**4.703**

Tekjuskattur fyrirtækja. Afkoma fyrirtækja reyndist mun betri á árinu 1996 en gert hafði verið ráð fyrir sem aftur skilaði sér í því að álagður tekjuskattur hækkaði um 1 milljarð króna milli áranna 1996 og 1997. Búist er við svipaðri hækkun á innheimtum tekjuskatti fyrirtækja árið 1997 sem stefnir í að verða um 750 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Tryggingagjöld. Meiri tekjubreytingar en reiknað var með í forsendum fjárlaga, er meginskýring þess að tryggingagjöld hækka um ríflega 500 m.kr. frá áætlun fjárlaga.

Eignarskattar. Á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs af almennum eignarskatti einstaklinga farið lækkandi, meðal annars vegna aukinnar skuldasöfnunar. Nú verður hins vegar breyting á og álagður eignarskattur á einstaklinga eykst lítillega milli áranna 1996 og 1997. Í heild er gert ráð fyrir að eignarskattar skili ríkissjóði rúmlega 200 m.kr. umfram áætlun fjárlaga og munu eignarskattar fyrirtækja skila um tveimur þriðju hluta þeirrar upphæðar.

Virðisaukaskattur. Í heild er áætlað að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hækki um tæplega 3½ milljarð króna á árinu 1997 sem er um 7½% hækkun milli ára. Þessi hækkun er heldur meiri en þær veltu- og verðlagsbreytingar sem reiknað er með á árinu, sem skýrist

aðallega af lækkun á endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna íbúðarhúsnæðis. Gert er ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti hækki um tæplega 600 m.kr. frá fjárlagaáætlun, en það má fyrst og fremst rekja til aukinna umsvifa í efnahagslífinu.

Innflutnings- og vörugjöld. Talið er að þessi tekjustofn geti skilað ríkissjóði rúmlega 900 m.kr. meiri tekjum en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Það er fyrst og fremst aukinn innflutningur bifreiða sem skýrir þessar viðbótartekjur. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að fluttar yrðu inn 9.400 bifreiðar á árinu 1997. Það sem af er árinu hefur þessi innflutningur hins vegar verið mun meiri og nú er áætlað að fluttar verði inn rúmlega 12.000 bifreiðar á árinu sem er tæplega 20% aukning frá fyrra ári. Þessi aukning endurspeglast í viðbótartekjum af vörugjaldi á bifreiðar sem verða líklega 800-900 m.kr. umfram áætlun. Þrátt fyrir aukningu innflutnings, eru skil vörugjalda af almennum innflutningi undir áætlun fjárlaga. Það stafar af breytingum á gjaldinu sem gerðar voru í ársbyrjun og fólu í sér ýmist niðurfellingu eða lækkun vörugjalds af ákveðnum véruflokkum. Vörugjöld af innlendri framleiðslu eru hins vegar umfram áætlun. Tekjur af tollum stefna í að verða í samræmi við áætlun.

Tekjur af sölu áfengis og tóbaks. Í heild er búist við að tekjur af sölu áfengis og tóbaks hækki lítillega umfram fjárlagaáætlun á árinu 1997. Tekjur af tóbaki hækka talsvert í kjölfar 19% hækkunar á tóbaksgjaldi 1. september síðastliðinn. Aftur á móti er gert ráð fyrir að tekjur af áfengi lækki vegna minni sölu en áætlað var.

Bifreiðagjöld. Undir þennan lið falla annars vegar sérstakt vörugjald af bensíni og þungaskattur, sem eru markaðir tekjustofnar til vegagerðar, og hins vegar bifreiðagjald. Tekjur af þessum gjöldum hafa hækkað nokkuð síðustu árin og kemur þar tvennt til. Stækkandi bílafloti og bætt innheimta á þungaskatti. Í heild er gert ráð fyrir að þessi tekjuliður skili ríkissjóði tæplega 300 m.kr. meiri tekjum árið 1997 en miðað var við í fjárlögum og koma rúmlega tveir þriðju hlutar þeirrar upphæðar í formi þungaskatts.

Aðrir skattar. Þessi tekjuliður er í samræmi við áætlun fjárlaga þrátt fyrir frávik einstakra liða. Þannig hækka tekjur af stimpilgjöldum um 130 m.kr. en á móti lækka tekjur af áhættugjaldi ríkisábyrgða um 60 m.kr.

Aðrar tekjur. Í heild er áætlað að aðrar tekjur ríkissjóðs muni hækka um tæplega 800 m.kr. á árinu 1997 umfram fjárlög. Áætlað er að vaxtatekjur ríkissjóðs verði um 300 m.kr. undir áætlun fjárlaga, sem stafar af meiri uppgreiðslum á endurlánum ríkissjóðs en gert var ráð fyrir. Aftur á móti munu arðgreiðslur til ríkissjóðs hækka um 750 m.kr. vegna sérstakrar arðgreiðslu frá Íslenskum aðalverktökum sem tengdust breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag. Arðgreiðslur annarra aðila voru í samræmi við áætlun fjárlaga. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur af sölu eigna verði um helmingi meiri en í fjárlögum og munar þar mestu um fyrirhugaða sölu á hlut ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu.

2.3 Frumvarp 1998

Ný framsetning. Eins og fram hefur komið er fjárlagafrumvarpið nú lagt fram með gjörbreyttu sniði, í samræmi við ný lög um fjárreiður ríkissjóðs. Þetta hefur í för með sér umtalsverðar breytingar á flokkun og framsetningu ríkissjóðstekna. Þannig verða tekjur ríkissjóðs nú birtar með tvennum hætti. Annars vegar á rekstrargrunni sem sýnir allar álagðar tekjur á yfirstandandi ári án tillits til þess hvort eða hvenær þær innheimtast. Hins vegar sem sjóðshreyfingar sem sýna þær tekjur sem innheimtast á árinu án tillits til þess hvenær þær eru lagðar á. Þetta hefur í för með sér miklar breytingar á niðurstöðum tekna miðað við fyrri ár og því verður samanburður milli ára erfiðari en ella, einkum hvað varðar heildartölur.

Breytt framsetning á fjárlagafrumvarpinu hefur í för með sér verulega hækkun bæði á tekju- og gjaldahlið. Tekjuhliðin árið 1998 hækkar um rúmlega 18 milljarða króna miðað við sjóðshreyfingar en 26 milljarða miðað við rekstrargrunn. Breytingarnar eru í megindráttum þrenns konar. Í fyrsta lagi verða ýmsar greiðslur sem áður voru færðar til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga nú gjaldfærðar. Þyngst vega barna- og vaxtabætur, tæplega 8½ milljarður króna og sóknar- og kirkjugarðsgjöld, um 1,7 milljarðar. Önnur stór breyting er að ýmsir tekjustofnar, sem áður voru færðir sem sértekjur einstakra stofnana og dregnir frá útgjöldum, færast yfir á tekjuhlið fjárlaga. Þessir liðir nema samanlagt rúmlega 8 milljörðum króna. Loks má nefna að afskrifaðar skattaskuldir sem áður voru dregnar frá tekjunum verða nú gjaldfærðar, en þær eru áætlaðar um 4 milljarðar króna árið 1998.

Ríkissjóðstekjur 1997-1998

Milljónir króna	Eldra uppgjör Áætlun 1997	Áætlun 1998	Nýtt uppgjör 1998 Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfing
1. Skatttekjur	**121.830**	**128.215**	**148.106**	**142.307**
Skattar á tekjur og hagnað	22.674	23.675	37.937	34.196
Einstaklingar	17.374	17.170	30.781	27.691
Fyrirtæki	5.300	6.505	7.156	6.505
Tryggingagjöld	14.710	15.232	14.990	14.625
Launaskattar	0	0	105	105
Eignarskattar	3.966	4.200	7.959	7.816
Skattar á vörur og þjónustu	77.390	81.844	86.810	85.260
Virðisaukaskattur	49.128	52.150	53.590	52.150
Vörugjöld	17.882	18.592	20.568	20.548
Aðrir sértækir veltuskattar	5.455	6.052	6.586	6.586
Bifreiðaskattar	4.925	5.050	5.140	5.050
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	0	0	926	926
Aðrir skattar	3.090	3.264	305	305
2. Rekstrartekjur	**8.397**	**7.485**	**12.785**	**11.130**
Arðgreiðslur og leigutekjur	3.172	1.992	2.126	2.126
Vaxtatekjur	4.861	5.110	6.815	5.200
Neyslu- og leyfisgjöld	0	0	3.289	3.289
Aðrar rekstrartekjur	364	383	555	515
3. Sala eigna	**700**	**1.900**	**1.921**	**1.921**
5. Fjárframlög	**0**	**0**	**672**	**672**
Heildartekjur	**130.927**	**137.600**	**163.484**	**156.030**

Samkvæmt nýja uppgjörinu eru tekjur á rekstrargrunni um 7½ milljarði króna hærri en niðurstaða sjóðsuppgjörs. Þessi munur kemur fyrst og fremst fram í tekjusköttum einstaklinga og fyrirtækja, virðisaukaskatti og dráttarvöxtum og stafar alfarið af því að heildarálagning vegna ársins er hærri en innheimtan.

Með þessum breytingum er verið að laga tekjuuppgjörið að því sem tíðkast á alþjóðavettvangi (OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn). Þessar breytingar hafa þó ekki áhrif á stöðu Íslands hvað varðar alþjóðlegan samanburð því að hinar nýju skilgreiningar hafa um alllangt árabil verið notaðar við úrvinnslu og birtingu talna um Ísland í skýrslum OECD-stofnunarinnar, til dæmis um skattbyrði o.fl. Á hinn bóginn er í nokkrum tilvikum munur milli tekjuuppgjörsins og uppgjöri þjóðhagsreikninga sem fyrst og fremst snýr að meðferð rekstrartekna og tekna af sölu eigna.

Horfur fyrir árið í heild. Ný þjóðhagsspá gerir ráð fyrir áframhaldandi efnahagsbata á árinu 1998, en það mun aftur skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Spáð er um 3½% hagvexti, 1% minna en árið 1997. Búist er við að einkaneysla aukist um 5%, svipað og árið 1997. Hins vegar er gert ráð fyrir að verulega hægi á stóriðjuframkvæmdum og fjárfesting aukist því aðeins lítillega. Innflutningur er talinn munu aukast talsvert á árinu 1998, eða um 6% í heild. Almennur vöruinnflutningur, en hann ræður miklu um tekjur ríkissjóðs, eykst nokkru minna eða um 4½%. Spáð er um 3% verðbólgu að jafnaði, nokkru meira en undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að tekjur heimilanna hækki um 6% milli ára. Hins vegar munu ráðstöfunartekjur aukast heldur meira eða um 8%, vegna fyrirhugaðrar lækkunar á tekjuskattshlutfalli einstaklinga um 1,9 prósentustig í upphafi ársins.

Hlutfallsleg skipting á tekjum ríkissjóðs



Í heild er talið að tekjur ríkissjóðs hækki um 6,7 milljarða króna á árinu 1998 miðað við eldra uppgjör. Samkvæmt nýju uppgjöri eru tekjurnar áætlaðar um 163½ milljarður króna á rekstrargrunni en að innheimtan nemi rúmlega 156 milljörðum. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu tekjuliðum og þeim frávikum sem verða frá eldri framsetningu.

Skattar á tekjur og hagnað. Gert er ráð fyrir að álagðir skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og fyrirtækja verði um 37,9 milljarðar króna á árinu 1998, en innheimtar tekjur verði um 34,2 milljarðar.

Skattar á tekjur og hagnað

Milljónir króna	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfing
Einstaklingar	30.781	27.691
Tekjuskattur einstaklinga	28.746	25.843
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	580	515
Fjármagnstekjuskattur	950	833
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	505	500
Fyrirtæki	7.156	6.505
Samtals	**37.937**	**34.196**
Liðir á gjaldahlið:		
Barnabætur	4.500	4.500
Vaxtabætur	3.810	3.810
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	1.710	1.710
Samtals	**10.020**	**10.020**

Einstaklingar. Áætlun um tekjuskatta einstaklinga tekur mið af hækkun launa og þeim breytingum á skattakerfinu sem lögfestar voru síðastliðið vor. Lækkunin á tekjuskattshlutfallinu hefur í för með sér að tekjuskattur einstaklinga skilar ríkissjóði heldur minni tekjum en á árinu 1997 þrátt fyrir umtalsverðar launahækkanir milli ára. Sérstakur tekjuskattur mun hins vegar skila nokkru meiri tekjum en árið 1997, bæði vegna hærri tekna og fyrirhugaðrar hækkunar á hlutfallinu, úr 5% í 7% í ársbyrjun. Talið er að fjármagnstekjuskattur skili tæplega 1 milljarði króna í tekjur á árinu 1998. Tekjur af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra, en það er nú flokkað sem skattur á einstaklinga en féll áður undir tryggingagjöld, hækka lítillega milli ára.

Í heild er reiknað með að álagðir tekjuskattar einstaklinga verði 30,8 milljarðar króna á árinu 1998 og að innheimtan nemi 27,7 milljörðum. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1997 var sem fyrr segir gert ráð fyrir að þessi tekjustofn skilaði 17,4 milljörðum króna. Frávikið felst í því að barnabætur, vaxtabætur og sóknar- og kirkjugarðsgjöld koma til frádráttar tekjuskatti einstaklinga á árinu 1997, en á árinu 1998 færast þessir liðir yfir á gjaldahlið. Samtals er áætlað að þessir liðir verði um 10 milljarðar króna árið 1998 sem er svipað og árið 1997. Greiðslur vaxtabóta og sóknar- og kirkjugarðsgjalda munu hækka, en gert er ráð fyrir að greiðslur barnabóta lækki lítillega. Á árinu 1998 verða miklar breytingar á barnabótakerfinu sem gera áætlun um greiðslu barnabóta nokkuð óvissa. Nánari umfjöllun um þessar og aðrar breytingar á skattakerfinu eru aftast í þessum kafla.

Fyrirtæki. Líkt og á árinu 1997 er gert ráð fyrir að álagður tekjuskattur á fyrirtæki hækki og að innheimtar tekjur verði um 6,5 milljarðar króna á árinu 1998, sem er 1,2 milljarða hækkun milli ára. Hluta þessarar hækkunar má skýra með því að hlutafélagið Póstur og sími mun greiða tekjuskatt í fyrsta sinn árið 1998, en á móti mun draga verulega úr arðgreiðslum fyrirtækisins. Að því frátöldu er gert ráð fyrir að tekjuskattur fyrirtækja hækki í takt við þróun landsframleiðslu.

Tryggingagjöld og launaskattar. Gert er ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum verði um 15 milljarðar króna á árinu 1998, um 600 m.kr. hærri en árið 1997. Tekjur af almennu tryggingagjaldi, sem fer til að mæta fjárþörf almannatrygginga, hækka um tæplega 800 m.kr. í samræmi við áætlaðar launahækkanir. Breytingar á almenna gjaldinu, sem miða að því að samræma gjaldþrepin tvö árið 2000, hafa ekki haft áhrif á tekjur ríkissjóðs af gjaldinu í ár.

Hlutfall atvinnutryggingagjalds, sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs, lækkar um 0,15%. Annars vegar lækkar það um 0,19% í samræmi við spá um minnkandi atvinnuleysi árið 1998 en hins vegar hækkar það um 0,04% sem ætlað er að kosta starfsemi vinnumiðlana til jafns við ríkissjóð. Tekjur af ábyrgðagjaldi, sem renna í Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, munu lækka um helming þar sem gjaldhlutfallið verður lækkað vegna minni fjárþarfar sjóðsins.

Eignarskattar. Áætlað er að þessi skattstofn skili ríkissjóði tæpum 8 milljörðum króna árið 1998, eða helmingi hærri upphæð en árið 1997. Þessi hækkun skýrist aðallega af því að nú eru stimpilgjöld flokkuð sem eignarskattar en þau voru áður flokkuð með sköttum á vörur og þjónustu. Einnig bætist við nýr liður, sértækir eignarskattar, sem eru tekjur sem áður voru færðar á gjaldahlið sem sértekjur einstakra stofnana.

Eignarskattar

Milljónir króna	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfing
Eignarskattar einstaklinga	1.786	1.725
Eignarskattar lögaðila	2.134	2.053
Erfðafjárskattur	420	420
Stimpilgjöld	2.805	2.805
Sértækir eignarskattar	814	814
Samtals	**7.959**	**7.817**

Gert er ráð fyrir að álagning eignarskatta á einstaklinga skili svipuðum eða ívið meiri tekjum árið 1998 en í ár. Aftur á móti er reiknað með að eignarskattar fyrirtækja skili ríkissjóði um 200 m.kr. meiri tekjum en árið 1997. Hluti af þessari aukningu er vegna þess að Póstur og sími mun greiða eignarskatta í fyrsta sinn árið 1998.

Stimpilgjöld eru nú flokkuð með eignarsköttum. Áætlað er að tekjur af þeim hækki í takt við aukin umsvif í efnahagslífinu og aukist um 200 m.kr. milli ára. Sértækir eignarskattar er

nýr tekjuliður sem áður var færður sem sértekjur einstakra stofnana. Stærsti einstaki liðurinn sem fellur þar undir er þróunarsjóðsgjald á aflamark, sem er áætlað að skili um 600 m.kr.

Skattar á vörur og þjónustu. Rúmlega helmingur tekna ríkissjóðs eru skattar á vörur og þjónustu. Í heild er gert ráð fyrir að álagðir skattar á vörur og þjónustu verði um 86,8 milljarðar króna á árinu 1998, en innheimtan verði 85,3 milljarðar. Erfitt er að bera tekjur af þessum lið í heild sinni saman við árið 1997 þar sem framsetningin er mjög frábrugðin þeirri sem verið hefur hingað til. Bæst hafa við margir liðir sem áður voru færðir sem sértekjur stofnana á gjaldahlið, og tekjur sem áður voru flokkaðar sem skattar á vörur og þjónustu eru nú taldar fram undir öðrum tekjuliðum.

Skattar á vörur og þjónustu

Milljónir króna	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfing
Virðisaukaskattur	**53.590**	**52.150**
Virðisaukaskattur af innflutningi	36.350	35.340
Virðisaukaskattur af innlendri starfsemi	20.300	19.795
Endurgreiðslur	3.060	2.985
Vörugjöld	**20.569**	**20.549**
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	1.960	1.960
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	675	660
Vörugjald af ökutækjum	4.000	4.000
Vörugjald af bensíni	2.152	2.152
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.035	5.030
Flutningsjöfnunargjöld	682	682
Áfengisgjald	4.780	4.780
Ýmis vörugjöld	1.285	1.285
Hagnaður af einkasölu ÁTVR	2.659	2.659
Tollar og aðflutningsgjöld	2.399	2.399
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	1.527	1.527
Bifreiðaskattar	5.140	5.050
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	926	926
Samtals	**86.810**	**85.260**

Virðisaukaskattur. Áætlað er að álagður virðisaukaskattur verði um 53,6 milljarðar króna árið 1998, en innheimtan um 52,2 milljarðar króna sem rúmlega 3 milljörðum meira en á árinu 1997. Gert er ráð fyrir að virðisaukaskattur af innflutningi hækki um 2 milljarða króna og virðisaukaskattur af innlendri framleiðslu hækki um 1,2 milljarða króna. Þessi áætlun tekur mið af fyrirliggjandi spám um breytingar á veltu og verðlagi. Gert er ráð fyrir því að einkaneyslan hækki svipað og á þessu ári, en almennur vöruinnflutningur er talinn verða um 1½ % minni.

Almenn vörugjöld. Gert er ráð fyrir að almenn vörugjöld skili ríkissjóði um 2,6 milljörðum króna í tekjur á árinu 1998 sem er um 6% aukning frá þessu ári. Gjaldið leggst bæði á innlenda framleiðslu og innfluttar vörur. Um ¾ hlutar teknanna koma af innflutningi og því hafa spár um innflutning mest áhrif á áætlunina. Á næsta ári er spáð tæplega 6% aukningu í innflutningi, heldur minna en í ár.

Vörugjald af bifreiðum. Tekjur af vörugjöldum af bifreiðum hafa verið talsvert umfram áætlun það sem af er þessu ári vegna minni innflutnings bifreiða. Í tekjuáætlun fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir að fluttar verði inn 13.000 bifreiðar, um 1.000 bifreiðum fleira en í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1997. Gangi þessi áætlun eftir verður þetta mesti bifreiðainnflutningur í rúm 10 ár. Út frá þessum forsendum er áætlað að vörugjöld af bifreiðum skili ríkissjóði 4 milljörðum króna árið 1998.

Innfluttar bifreiðar



Vörugjald af bensíni. Gjaldið er 97% og leggst á innflutningsverð bensíns. Í forsendum fyrir útreikningum á gjaldinu er gert ráð fyrir að innflutningur bensíns aukist um 2% árið 1998 og að heimsmarkaðsverð hækki um 2½%. Miðað við þessar forsendur verða tekjur af vörugjöldum af bensíni 2,2 milljarðar króna árið 1998.

Sérstakt vörugjald af bensíni. Gjaldið er ákveðin krónutala á hvern lítra af seldu bensíni og renna tekjur af því til vegagerðar. Miðað við 2% aukningu í sölu bensíns á árinu 1998 verða tekjur af þessu gjaldi rúmir 5 milljarðar króna.

Flutningsjöfnunargjöld. Flutningsjöfnunargjöld eru lögð á sement og olíuvörur og renna tekjur af þeim í sérstakan sjóð. Þessar tekjur voru áður færðar sem sértekjur á gjaldahlið.

Áfengisgjald. Þessi tekjuliður hefur verið sýndur með tekjum af sölu áfengis og tóbaks en er nú flokkaður með vörugjöldum. Gert er ráð fyrir að tekjur af áfengisgjaldi aukist í takt við almennar veltubreytingar árið 1998 og verði um 4,8 milljarðar króna.

Ýmis vörugjöld. Undir þennan lið falla ýmis gjöld sem áður voru færð sem sértekjur á gjaldahlið. Um helmingur þessara gjalda tengjast landbúnaði, en auk þeirra falla skilagjöld á einnota umbúðir og spilliefnagjöld þarna undir. Í heild er gert ráð fyrir að tekjur af þessum gjöldum verði um 1,3 milljarðar króna.

Hagnaður af einkasölu ÁTVR. Meginhluti af þessum tekjustofni kemur í formi tóbaksgjalds sem ÁTVR innheimtir og skilar í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að þessi tekjustofn skili

um 2,7 milljörðum árið 1998 sem er um 10% hækkun frá árinu 1997. Ástæða þessarar hækkunar er 19% hækkun á tóbaksgjaldi 1. september síðastliðinn. Ljóst er að þessi hækkun mun hafa í för með sér samdrátt í sölu á tóbaki en óvíst er hversu mikill hann verður.

Tollar og aðflutningsgjöld. Þessi tekjustofn er tvíþættur. Annars vegar eru almennir tollar sem renna í ríkissjóð og hins vegar tollar af fóðri sem renna í fóðursjóð, en voru áður utan fjárlaga. Áætlað er að innheimtir verði rúmir 2 milljarðar í almennum tollum á árinu 1998. Það er um 6% aukning frá fyrra ári og er það í samræmi við spár um innflutning.

Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu. Undir þennan lið falla nú ýmis gjöld sem áður voru ýmist færð sem sértekjur á gjaldahlið eða voru utan fjárlaga. Stærstu liðirnir eru flugvallargjald og ofanflóðasjóðsgjald, en samanlagt nema þessi gjöld um 1,1 milljarði króna en í heild eru þessir skattar áætlaðir um 1½ milljarður króna.

Bifreiðaskattar. Bifreiðaskattar eru tvíþættir. Annars vegar eru bifreiðagjöld og hins vegar þungaskattur. Samanlagt er áætlað að bifreiðaskattar nemi rúmum 5 milljörðum króna árið 1998. Bifreiðagjöld eru talin skila um 2,1 milljarði króna og er það um 2,5% aukning frá árinu 1997. Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum og er markaður tekjustofn til vegagerðar. Hann er bæði innheimtur sem fast árgjald og sérstakt gjald á hvern ekinn kílómetra. Áætlað er að þungaskatturinn skili um 3 milljörðum króna árið 1998 sem er tæplega 100 m.kr. aukning milli ára. Tekjur af þungaskatti hafa aukist nokkuð á síðustu árum og munar þar mestu um bætt skil. Fyrirhugað er að í ársbyrjun 1999, gangi í gildi lög um innheimtu olíugjalds í stað þungaskatts, en miðað er við að sú breyting hafi ekki áhrif á tekjur af þessum gjaldstofni.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Þessi liður inniheldur fjölmörg neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld. Samanlagt eiga þessi gjöld að gefa tæplega 1 milljarð króna í tekjur árið 1998. Af þeirri upphæð er um helmingur tekjur sem áður voru flokkaðar sem aukatekjur ríkissjóðs en afgangurinn ýmis gjöld sem voru áður færð sem sértekjur á gjaldahlið.

Aðrir skattar. Tekjur ríkissjóðs af öðrum sköttum en fjallað hefur verið um hér að framan, eru áætlaðar rúmlega 300 m.kr. árið 1998. Undir þennan lið falla aðallega ýmis gjöld á atvinnurekstur, s.s. iðnaðarmálagjald, markaðsgjald og álgjald.

Rekstrartekjur ríkissjóðs. Í heild er áætlað að rekstrartekjur ríkissjóðs verði um 12,7 milljarðar króna árið 1998 eða um 8% af heildartekjum. Innheimtar rekstrartekjur verða hins vegar um 11 milljarðar króna.

Rekstrartekjur

Milljónir króna	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfing
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.126	2.126
Vaxtatekjur	6.815	5.200
Dráttarvextir	3.075	1.560
Vextir af endurlánum	3.740	3.640
Neyslu- og leyfisgjöld	3.289	3.289
Dómsmálagjöld	500	500
Afnotagjöld RÚV	1.530	1.530
Lendingargjöld	433	433
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	826	826
Aðrar rekstrartekjur	555	515
Samtals	**12.785**	**11.130**

Arðgreiðslur og leigutekjur. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur verði um 2,1 milljarður króna árið 1998, rúmlega einum milljarði lægri en árið 1997. Þessi lækkun stafar aðallega af tvennu. Annars vegar 800 m.kr. arðgreiðslu frá Íslenskum aðalverktökum á árinu 1997 sem tengdist breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag. Hins vegar dregur úr arðgreiðslum Pósts og síma á árinu 1998.

Vaxtatekjur. Áætlað er að vaxtatekjur ríkissjóðs verði um 7 milljarðar króna árið 1998 og að um 5,2 milljarðar muni innheimtast innan ársins. Gert er ráð fyrir að innheimtir dráttarvextir verði innan við helmingur þeirrar upphæðar sem lögð er á. Tekjur af vöxtum eru taldar munu aukast um 200 m.kr. árið 1998 og skiptist sá tekjuauki jafnt milli dráttarvaxta og vaxta af endurlánum ríkissjóðs.

Neyslu- og leyfisgjöld. Í heild er áætlað að neyslu- og leyfisgjöld verði um 3,3 milljarðar króna árið 1998. Stærstur hluti þessara gjalda var áður færður sem sértekjur á gjaldahlið; afnotagjöld RÚV, lendingargjöld o.fl. Auk þess falla undir þennan lið dómsmálagjöld og þinglýsingargjöld en tekjur af þeim munu hækka á árinu vegna hækkunar á gjaldskrá.

Aðrar rekstrartekjur. Meginhlutinn af þessum tekjum er í formi innheimtra sektargreiðslna.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir umtalsverðum tekjum af sölu eigna árið 1998. Meðal annars er stefnt að sölu á eignarhlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum. Jafnframt er fyrirhugað að nýta fyrirliggjandi heimild til sölu á hlutabréfum ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Að svo stöddu er ekki ljóst hve miklum tekjum eignasala getur skilað, en miðað er við að 1,9 milljarðar króna komi fram á tekjuhlið, en þar er einungis færður söluhagnaður bréfanna, þ.e. söluverðmæti umfram skráð nafnverð bréfanna. Sala hlutabréfanna skilar hins vegar mun hærri heildarfjárhæðum í ríkissjóð, en þær koma fram sem fjármagnstilfærslur og skila sér í minni lánsfjárþörf ríkissjóðs og þar með lækkun skulda. Þessar fjárhæðir geta hækkað, ef hraðar verður gengið í sölu hlutabréfa ríkisins.

Fjárframlög. Undir þennan lið falla ýmis framlög sem ekki hafa áður verið tekjufærð í A-hluta ríkissjóðs heldur sem sértekjur stofnana o.fl. Í heild nema framlögin tæplega 700 m.kr. og má rekja helminginn til framlags Happdrættis Háskóla Íslands til Háskólans.

2.4 Breytingar á skattakerfinu

Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög um breytingar á tekjuskatti og barnabótum. Með breytingunum var stigið mikilvægt skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og barnabóta sem hafa sætt vaxandi gagnrýni á undanförnum árum. Hér á eftir er gerð grein fyrir aðdraganda og meginþáttum þessara laga.

Aðdragandi. Aðdraganda þessara breytinga má rekja til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið var á um endurskoðun skattkerfisins með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum þess. Í framhaldi af þessu skipaði fjármálaráðherra, í ársbyrjun 1996, nefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna, sveitarfélaga, forsætis- og fjármálaráðuneytis og aðilum vinnumarkaðarins.

Tilefni endurskoðunar á tekjuskattskerfinu var meðal annars umtalsverð hækkun á skatthlutfallinu frá því staðgreiðslukerfið var tekið upp árið 1988. Þá hafa þær raddir sífellt orðið háværari sem telja að háir jaðarskattar og mikil jaðaráhrif í bótakerfunum dragi úr vinnuframlagi fólks og stuðli að skattsvikum. Því sé brýn þörf á úrbótum.

Í nefndinni var fjallað um ýmsar leiðir til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og bótakerfanna. Einnig var horft til þróunar og meginákerslna í skattlagningu annarra þjóða. Umræðan beindist einkum að ákveðnum hugmyndum um lækkun á almenna tekjuskattshlutfallinu, sameiningu barnabótakerfanna í eitt tekjutengt kerfi ásamt lækkun skerðingarhlutfalla og afnámi tekjutengingar í vaxtabótakerfinu.

Um miðjan febrúar kynntu formenn landssambanda ASÍ sameiginlega kjarastefnu sambandanna og hugmyndir um aðgerðir stjórnvalda í skattamálum. Skattatillögur ASÍ voru í meginatriðum samhljóða þeim hugmyndum sem fulltrúar sambandsins höfðu reifað í jaðarskattanefndinni. Gerð var tillaga um að tekið yrði upp nýtt og lægra skattþrep, en þau tvö þrep sem fyrir eru héldust óbreytt. Ekki voru settar fram mótaðar tillögur um breytingar á vaxta- og barnabótum.

Nokkru síðar kynnti ríkisstjórnin tillögur sínar um aðgerðir í skattamálum. Þær voru síðan lögfestar að öðru leyti en því að ekki var gerð tillaga um breytingar á vaxtabótakerfinu. Hér á eftir er lýst meginatriðum breytinganna og áhrifum þeirra eins og þau eru metin.

Lækkun tekjuskatts. Tekjuskattur lækkar um 4% fram til ársins 1999. Lækkunin er í þremur áföngum:

a) Frá 1. janúar 1997 lækkar tekjuskattur um 1,1% og kom sú lækkun til framkvæmda í staðgreiðslu frá og með 1. maí 1997. Skattalækkun fyrir mánuðina janúar til apríl kemur til endurgreiðslu við álagningu árið 1998.
b) 1. janúar 1998 lækkar tekjuskattshlutfallið um 1,9% til viðbótar.

c) 1. janúar 1999 lækkar tekjuskattshlutfallið um 1% til viðbótar. Miðað við óbreytt útsvarshlutfall frá því sem nú er verður samanlagt skatthlutfall útsvars og tekjuskatts þá komið í 37,98%, en það var 41,98% er lögin voru sett.

Hækkun skattleysismarka. Skattleysismörk verði óbreytt á árinu 1997. Síðan hækka skattleysismörk um 2,5% 1. janúar 1998, aftur um 2,5% 1. janúar 1999 og enn um 2,5% 1. janúar árið 2000. Þessi hækkun er í samræmi við þær forsendur sem aðilar vinnumarkaðarins gáfu sér um verðlagsþróun í kjölfar kjarasamninganna og fulltrúar landssambandanna kynntu forystumönnum ríkisstjórnarinnar.

Hækkun annarra fjárhæðamarka. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðrar viðmiðanir í tekjuskattskerfinu taki sömu hlutfallslegu hækkunum og skattleysismörk næstu þrjú ár. Þetta tekur meðal annars til barnabóta, vaxtabóta o.fl.

Sérstakur tekjuskattur hækkar. Sérstakur tekjuskattur hækkar úr 5% í 7% frá 1. janúar 1998. Jafnframt hækkar tekjuviðmiðunin úr 234.000 í 260.000 krónur hjá einstaklingi og úr 468.000 í 520.000 krónur hjá hjónum. Þessi hækkun jafngildir því að hæsta skattþrep samkvæmt gildandi lögum lækkar úr 47% í 45%.

Barnabætur. Almennu barnabæturnar og tekjutengdi barnabótaaukinn eru sameinuð í eitt, tekjutengt barnabótakerfi. Markmiðið með þessu er að skapa svigrúm til þess að lækka tekjuskerðingarhlutföll barnabótaaukans, úr 15% í 11% með þremur börnum eða fleiri, úr 11% í 9% með tveimur börnum og úr 6% í 5% með einu barni.

Áhrif á ríkissjóð. Heildaráhrif þessara tillagna eru metin til 5,2 milljarða króna lækkunar á tekjum ríkissjóðs þegar skattalækkunin er að fullu komin til framkvæmda. Á móti þessu vega nokkur atriði svo sem sú ákvörðun Alþingis við afgreiðslu síðustu fjárlaga að halda bótafjárhæðum óbreyttum á þessu ári. Einnig skilar niðurfelling hlutafjárafsláttar nokkrum tekjuauka. Þá er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur gangi að einhverju leyti til að mæta þessum skattalækkunum. Loks hefur verið rætt við fulltrúa sveitarfélaga um að taka þátt í kostnaði vegna þessara aðgerða.

Áhrif lækkunar tekjuskatts á einstaklinga. Lækkun tekjuskatts um 4% jafngildir um 2% hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna. Skattalækkunin er hlutfallslega mest hjá fólki með lágar tekjur, en minni eftir því sem tekjurnar eru hærri. Ráðstöfunartekjurnar aukast hins vegar hlutfallslega meira hjá fólki með meðaltekjur, enda greiðir lágtekjufólk tiltölulega litla skatta, bæði í krónum talið og í hlutfalli við tekjur.

Heildaráhrif tekjuskattslækkunar og breyttra barnabóta. Breytingin á barnabótakerfinu felur í sér tilflutning á bótum frá fólki með tiltölulega háar tekjur, til fólks með tekjur um eða undir meðallagi. Samanlögð áhrif þessara breytinga eru almennt þau að ráðstöfunartekjur fólks með tekjur um eða fyrir neðan meðallag, hækka hlutfallslega meira en hjá öðrum tekjuhópum.

3 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildargjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1998 og hagræna skiptingu þeirra. Fjallað verður stuttlega um útgjöldin eins og þau hefðu orðið að óbreyttum lögum um gerð fjárlaga. Með því móti er leitast við að sýna samanburð gjalda við fyrri ár. Í annan stað verður gerð grein fyrir veigamestu breytingunum frá yfirstandandi ári sem felast í frumvarpinu og helstu nýmælum. Einnig verður gerð grein fyrir fjölda ársverka hjá stofnunum ríkisins og hverra breytinga þar er að vænta. Loks er fjallað um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Rétt er að geta þess að frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi 1998, en í byrjun kafla 3.2 hér á eftir er gerð grein fyrir verðlagsuppfærslu gjaldategunda milli ára. Launabreytingar milli áranna 1997 og 1998 taka mið af þeim kjarasamningum sem ríkið hefur gert við stéttarfélög starfsmanna en almenn verðbreyting er áætluð tæp 3% í samræmi við þjóðhagsáætlun.

3.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 1998 eru áætluð 163 milljarðar króna á rekstrargrunni. Eins og fram hefur komið kveða lögin um fjárreiður ríkisins á um verulegar breytingar á framsetningu fjárlaga. Á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins felst meginbreytingin í því að fjölmargir nýir ríkisaðilar koma nú inn í fjárlög sem hafa ekki verið þar áður. Allar fjárhæðir frumvarpsins eru settar fram á rekstrargrunni og eiga að ná til allra fjárskuldbindinga sem ríkissjóður áformar að stofna til á fjárlagaárinu. Ennfremur er leitast við að leiðrétta útgjöld og þjónustutekjur stofnana til samræmis við rétt umfang þeirra. Nokkur misbrestur hefur verið á að telja fram í fjárlögum ýmsa starfsemi stofnana sem fjármögnuð er með sjálfsaflafé þeirra, þar sem sú starfsemi hefur ekki haft áhrif á fjárframlög úr ríkissjóði. Útgjöldin eru því ekki samanburðarhæf við fjárlög fyrri ára. Í eftirfarandi töflu eru útgjöld ársins 1998 sett fram samkvæmt eldri framsetningu, og þeirri nýju, til að sýna samanburð við fyrri ár.

Heildarútgjöld ríkissjóðs 1996-1998

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	Greiðslugrunnur Reikningur 1996	Fjárlög 1997	Áætlun 1997	Frumvarp 1998	Rekstrargrunnur Frumvarp 1998
Rekstrargjöld	52.256	47.037	47.900	52.038	62.140
Neyslu- og rekstrartilfærslur	49.678	51.930	52.900	56.018	68.570
Fjármagnskostnaður, vextir	23.832	13.550	17.550	12.300	16.200
Viðhald	3.936	3.853	3.800	3.753	3.730
Stofnkostnaður	10.028	9.730	10.550	10.429	12.323
Samtals gjöld	**139.730**	**126.100**	**132.700**	**134.538**	**162.963**
Hlutdeild í ríkistekjum	-	-	-	-	31.327
Framlag úr ríkissjóði	139.730	126.100	132.700	134.538	121.264
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	10.372

Fyrstu fjórir talnadálkarnir sýna útgjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni miðað við eldri framsetningu. Fimmti og síðasti dálkurinn sýnir útgjöld ársins 1998 á rekstrargrunni samkvæmt nýrri framsetningu. Heildargjöld ríkissjóðs eru talin lækka um 5 milljarða króna að raungildi frá endurskoðaðri áætlun ársins 1997. Að frádregnum vaxtakostnaði eru útgjöldin sem næst óbreytt milli ára að raungildi. Rekstrargjöld A-hluta ríkisins, þ.e. laun og önnur gjöld að frádregnum þjónustutekjum, hækka um 1% að raungildi þrátt fyrir um 1% almennan sparnað í rekstri, tilfærsluútgjöld haldast óbreytt að raungildi þó svo að útgjöld til almannatrygginga aukist um 2% og viðhalds- og stofnkostnaður lækkar um tæp 4% milli ára.

Horfur 1997. Heildargjöld samkvæmt fjárlögum 1997, sem Alþingi samþykkti í desember s.l., námu 126,1 milljarði króna. Frá þeim tíma hafa komið fram ný útgjaldatilefni og ýmis sparnaðaráform hafa ekki gengið eftir. Alls er talið að útgjöld ársins verði 6,6 milljarða króna umfram fjárlög. Í fyrsta lagi aukast vaxtagreiðslur um 4 milljarða króna vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina sem ákveðin var í byrjun árs. Í öðru lagi eru áhrif kjarasamninga talin auka útgjöld ríkissjóðs um tæplega 1 milljarð króna umfram það sem ætlað var í fjárlögum. Skiptist aukningin nokkuð jafnt á launagjöld og bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga. Í þriðja lagi er áætlað að útgjöld sjúkrahúsa og sjúkratrygginga vegna reksturs daggjaldastofnana, læknisþjónustu, sjúkraþjálfunar o.fl. verði um 0,8 milljarða króna umfram fjárlög. Önnur útgjöld umfram fjárlög eru talin nema um 1,5 milljarði króna. Þar af fara um 450 m.kr. til bygginga og viðhalds fasteigna sendiráða og nýrra verkefna utanríkisþjónustunnar, 215 m.kr. til vegamála vegna meiri tekna af þungaskatti og hækkunar á bensíngjaldi og um 150 m.kr. til skólamála. Á móti kemur að ýmsar greiðsluheimildir í fjárlögum verða ekki nýttar á árinu. Nánar verður fjallað um útgjaldahorfur ríkissjóðs í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga 1997 sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum.

Frumvarp 1998. Fjármálaráðherra lagði fram í ríkisstjórn í maí 1997, yfirlit um mat ráðuneyta á útgjaldahorfum fyrir árið 1998 og mat fjármálaráðuneytis á tekjuhorfum ríkissjóðs að óbreyttum skattalögum. Ráðherranefnd um ríkisfjármál, sem skipuð er forsætis-, fjármála-, utanríkis- og landbúnaðarráðherra, útfærði nánar áherslur ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Í byrjun júní ákvað ríkisstjórnin, að tillögu ráðherranefndarinnar, útgjaldaramma fyrir sérhvert ráðuneyti og að tekjuafgangur á greiðslugrunni yrði allt að 3 milljörðum króna. Þannig var ákveðinn einn rammi fyrir rekstrargjöld stofnana ríkisins, annar fyrir neyslu- og rekstrartilfærslur og sá þriðji fyrir framlög til viðhalds og stofnkostnaðar.

Um miðjan ágúst skiluðu ráðuneytin til fjármálaráðuneytisins skiptingu á framlögum til einstakra stofnana og verkefna. Nokkrar breytingar höfðu þá orðið á útgjaldahorfum ársins, m.a. í ljósi ákvörðunar ríkisstjórnar um viðbótarhækkun á bótum almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga. Ráðherranefndin gerði tillögur um útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sem ríkisstjórnin og stjórnarþingflokkarnir afgreiddu í lok ágúst.

Samhliða var í samvinnu fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta unnið að útfærslu þeirra breytinga sem tengjast lögum um fjárreiður ríkisins og nýrri framsetningu fjárlaga.

Breytt sundurliðun gjalda. Sundurliðun gjalda er með nokkuð öðrum hætti en verið hefur í fjárlögum til þessa. Annars vegar er sýnd skipting útgjalda í almennan rekstur, viðhaldsverkefni og stofnkostnað líkt og verið hefur. Hins vegar er ekki sýnd tegundaskipting gjalda, þ.e. í laun, önnur gjöld og tilfærslur. Til frádráttar kemur sá hluti útgjalda sem fjármagnaður er með þjónustutekjum. Gjöld umfram tekjur nema alls 163 milljörðum króna, en skipting þeirra er sýnd í töflunni að framan. Með þjónustutekjum er átt við greiðslur fyrir vöru eða þjónustu opinberra aðila í markaðstengdri starfsemi og greiðslur sem ekki eru lögbundnar. Sem dæmi má nefna tekjur rannsóknastofnana af seldri þjónustu, komugjöld á sjúkrahúsum og innritunargjöld í háskóla og framhaldsskóla. Þá eru innbyrðis viðskipti ríkisaðila færð um þjónustutekjur. Í því sambandi má nefna viðskipti við Ríkiskaup og framlag Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til smíði hafrannsóknaskips.

Fjármögnun útgjalda stofnana er sýnd að frádregnum þjónustutekjum. Sú fjármögnun er ýmist með hlutdeild í ríkistekjum, t.d. mörkuðum tekjum, með framlagi úr ríkissjóði af almennum skatttekjum eða kemur fram sem breyting á viðskiptareikningi. Með öðrum orðum, mismunur sem kann að verða á skuldbundnum útgjöldum ársins og ákvörðun um fjárveitingar kemur fram sem skuld eða inneign á viðskiptareikningi. Þar sem útgjöldin eru umfram greiðslur, sbr. lífeyrisskuldbindingar og vaxtagjöld, eykur það skuldir ríkissjóðs en þegar þessu er öfugt farið, samanber t.d. hafnarframkvæmdir, er ríkissjóður að greiða niður skuldir.

Með ríkistekjum er átt við lögþvingaðar eða skyldubundnar greiðslur fyrir tiltekna þjónustu eða starfsemi á vegum hins opinbera. Dæmi um þetta er ráðstöfun á tryggingagjaldi til lífeyristrygginga og atvinnuleysistrygginga og ráðstöfun á bensíngjaldi og þungaskatti af bifreiðum til vegagerðar. Mörkin milli þjónustutekna og ríkistekna eru oft á tíðum óljós, en alla jafna er það lögþvingunin sem ræður flokkuninni.

Þá bætast við fjölmargir nýir fjárlagaliðir sem ýmist hafa verið utan fjárlaga, verið í B-hluta fjárlaga eða færðir til lækkunar á tekjum. Ofanflóðasjóður og flutningssjóðir olíu og bensíns eru dæmi um sjóði sem til þessa hafa ekki verið í fjárlögum. Atvinnuleysistryggingasjóður og Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota eru dæmi um sjóði sem flytjast úr B-hluta fjárlaga yfir í A-hluta. Lögbundnar tekjur, t.d. Ríkisútvarpsins og Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, eru nú skilgreindar sem hluti af tekjum ríkissjóðs og færast sem tilfærsluútgjöld til stofnana í A-hluta fjárlaga. Loks er að nefna að fjárframlög, sem til þessa hafa verið dregin frá skatttekjum, færast nú til gjalda, t.d. barnabætur, vaxtabætur og sóknargjöld.

Allar þessar breytingar leiða til þess, að gjaldahliðin hækkar um 18 milljarða króna á greiðslugrunni, en um rúmlega 28 milljarða miðað við rekstrargrunn.

Rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs, þ.e. laun og önnur gjöld að frádregnum þjónustutekjum, eru áætluð 62,1 milljarður króna. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum og breyttum fjárreiðum aukast þau um 1% milli ára. Á undanförnum árum hefur hlutur þjónustutekna, þ.e. sjálfsaflafjár stofnana, í fjármögnun á rekstri ríkisins farið vaxandi og

nema þær alls 9,2 milljörðum króna eða um 13% af heildargjöldum. Hæst er hlutfallið hjá stofnunum iðnaðarráðuneytis, eða 55% og hjá stofnunum landbúnaðarráðuneytis um 31%.

Almennt er gerð krafa til ráðuneyta um rúmlega 1% sparnað til að mæta nýjum eða auknum verkefnum. Má í því sambandi nefna að vistrýmum fyrir aldraða og fatlaða fjölgar umtalsvert, teknar verða í notkun nýjar deildir á ríkisspítölum og meira fé verður varið til heilsugæslu. Í annan stað eru framlög til reksturs háskóla og framhaldsskóla aukin. Í þriðja lagi fara umsvif utanríkisþjónustunnar vaxandi og er þeim ætlað að treysta stoðir undir útflutning og markaðsstarf erlendis. Loks má geta nýrrar eða efldar starfsemi, eins og förgun spilliefna, starfsemi vinnumiðlunar sem flyst frá sveitarfélögum, eftirlit með framleiðslu og löggildingar.

Framlög í fjárlögum 1997 sem heimilt var að verja til skipulagsbreytinga í rekstri stofnana er nú fellt niður. Framlaginu, alls um 250 m.kr., var skipt á ráðuneyti og var ráðstöfun þess háð því að þegar á árinu 1998 yrði unnt að lækka fjárheimild til aðnjótandi stofnunar um a.m.k. helming þeirrar fjárhæðar sem veitt var. Líklegt er að heimildin muni ekki nýtast að fullu í ár.

Launagjöld og áhrif kjarasamninga. Heildarlaunagjöld A-hluta stofnana eru áætluð 47,3 milljarðar króna á næsta ári. Á yfirstandandi ári hafa verið gerðir kjarasamningar við flest félög opinberra starfsmanna sem gilda fram yfir aldamót. Að meðaltali er reiknað með að laun hækki um 7% milli áranna 1996 og 1997 og um 6% milli áranna 1997 og 1998. Í þessu frumvarpi eru ákvæði samninganna um launahækkanir metin eftir því sem kostur er. Launabætur á stofnanir eru ákvarðaðar eftir stéttarfélagsaðild starfsfólks. Í þeim tilvikum sem ekki hefur verið gengið frá kjarasamningum við stéttarfélög, er launaleiðrétting stofnana ákveðin út frá hækkun hjá sambærilegum félögum. Þessar launabætur verða endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga hafi þá verið gengið frá kjarasamningi. Á fjárlagaliðnum *Launa- og verðlagsmál* undir fjármálaráðuneyti eru 1.100 m.kr. sem ætlaðar eru til að mæta hærri iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna vegna starfsmanna sem flytjast í nýja A-deild sjóðanna, en einnig til að mæta hugsanlegri leiðréttingu á launakostnaði vegna kjarasamninga. Ennfremur eru færðar í fyrsta sinn til gjalda á fjárlagaliðinn *Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* undir fjármálaráðuneyti, 3,8 milljarðar króna, vegna áætlaðra áunninna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna á árinu 1998.

Í flestum kjarasamningum sem ríkið hefur gert við stéttarfélög opinberra starfsmanna, er kveðið á um að taka upp nýtt launakerfi þar sem meðal annars hlutur dagvinnulauna getur hækkað án þess þó að það hafi áhrif á heildarlaun. Í frumvarpinu er miðað við að heildarlaunakostnaður stofnana hækki ekki vegna útfærslu nýs launakerfis. Því koma engar launabætur til vegna þessa. Þá er einnig gert ráð fyrir því að hækkanir á lífeyrisiðgjöldum vegna nýs launakerfis, rúmist innan fjárveitinga einstakra stofnana. Stefnt er að því að kostnaður vegna lífeyrisiðgjalda greiðist af hlutaðeigandi stofnun óháð því hvort starfsmaður á aðild að A- eða B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Er nú til athugunar hvernig því verður haganlegast komið fyrir.

Fjöldi starfa. Í töflu hér á eftir er sýndur reiknaður fjöldi ársverka samkvæmt launagreiðslum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Fyrstu þrír dálkar töflunnar sýna fjölda ársverka eftir ráðuneytum og eru þau reiknuð eftir samræmdum reiknistuðlum sem fjármálaráðuneyti, ríkisbókhald og Ríkisendurskoðun hafa komið sér saman um. Í fjórða dálki eru sýndar breytingar milli áranna 1995 og 1996 og í fimmta dálki eru tilgreindar breytingar milli fyrstu sex mánaða áranna 1996 og 1997. Tölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1997 verður að taka með varúð þar sem niðurstaðan getur orðið önnur á heilu ári. Breytingar á vinnumagni milli ára 1997 og 1998 eru áætlaðar með því að styðjast við heildarlaunatölur fjárlaga 1997 og fjárlagafrumvarps 1998, áður en launabætur vegna kjarasamninga eru settar inn. Þá hafa tölurnar verið samræmdar í þeim tilvikum þegar stofnanir hafa flust milli ráðuneyta og ársverk vegna grunnskólans eru ekki talin með.

Launaútgjöld metin í fjölda ársverka

Ráðuneyti	Ársverk 1994	Ársverk 1995	Ársverk 1996	Breyting '95-'96 %	Breyting '96-'97 %	Áætluð breyting '97-'98 %
Æðsta stjórn ríkisins	301	312	313	0,3	-0,4	0,6
Forsætisráðuneyti	65	65	64	-1,5	-35,4	3,1
Menntamálaráðuneyti	3.758	3.693	4.074	10,3	2,3	1,2
Utanríkisráðuneyti	235	234	240	2,6	2,0	7,6
Landbúnaðarráðuneyti	512	518	526	1,5	-4,9	3,1
Sjávarútvegsráðuneyti	454	460	516	12,2	-4,1	-0,9
Dómsmálaráðuneyti	2.215	2.222	2.241	0,9	1,7	0,5
Félagsmálaráðuneyti	1.226	1.272	1.241	-2,4	-11,2	12,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.139	4.166	4.094	-1,7	0,4	1,1
Fjármálaráðuneyti	756	772	769	-0,4	-1,7	2,6
Samgönguráðuneyti	1.069	1.125	1.127	0,2	0,5	4,0
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	424	425	431	1,4	0,6	4,9
Hagstofa Íslands	70	75	75	0,0	3,7	4,6
Umhverfisráðuneyti	339	362	395	9,1	5,7	3,6
Samtals	**15.563**	**15.701**	**16.106**	**2,6**	**-0,1**	**2,0**

Taflan sýnir að ársverk á fyrri hluta árs 1997 eru svipuð að fjölda og á sama tímabili á árinu 1996. Fækkun ársverka hjá forsætisráðuneytinu skýrist af því að embætti húsameistara ríkisins var lagt niður um sl. áramót. Ársverkum fækkar einnig í félagsmálaráðueyti, en ráðuneytið gerði samninga við Akureyrarbæ, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjabæ um að taka að sér þjónustu við fatlaða á grundvelli laga um reynslusveitarfélög. Þá fækkar ársverkum nokkuð hjá landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Ársverkum fjölgar mest hjá umhverfisráðuneyti, vegna fjölgunar verkefna hjá Náttúrufræðistofnun og aukinna verkefna hjá Veðurstofu vegna snjóflóðarannsókna o.fl.

Breytingum á ársverkum milli áranna 1997 og 1998 verður að taka sem nálgun, en tölurnar gefa engu að síður nokkuð góða mynd af þróuninni. Af töflunni má ráða að ársverkum ríkisstarfsmanna fjölgar um 2% frá fjárlögum 1997. Fjölgun ársverka í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti stafar af aukinni starfsemi Löggildingarstofu. Fjölgun ársverka í félagsmálaráðuneyti stafar af fjölgun stofnana fatlaðra og að starfsemi vinnumiðlana var flutt til ríkis

frá sveitarfélögum um mitt þetta ár. Þá hafa að framan verið nefnd aukin umsvif í utanríkisþjónustunni með tilkomu nýrra sendiráða og fjölgun starfa í öðrum sendiráðum. Fjölgun ársverka í fjármálaráðuneyti skýrist af auknu skatteftirliti og í samgönguráðuneyti aukast umsvif Póst- og fjarskiptaeftirlits frá því sem var hjá Fjarskiptaeftirliti. Ársverkum fækkar einungis í sjávarútvegsráðuneyti.

Nánar er fjallað um helstu launa- og starfsmannabreytingar í umfjöllun um viðkomandi ráðuneyti þar sem þess gerist þörf.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög, þ.e. svonefndar neyslu- og rekstrartilfærslur, nema 68,6 milljörðum króna sem jafngildir um 42% heildarútgjaldanna. Allmargir nýir fjárlagaliðir sem hafa að geyma lögbundin framlög til stofnana, sjóða og einstaklinga koma inn í fjárlög með nýjum fjárreiðulögum. Í því sambandi má nefna afnotagjöld útvarps og sjónvarps, þróunarsjóðsgjald á aflamark og skip og framlög til Flutningssjóðs olíuvara og Flutningssjóðs sements. Samtals eykur þetta útgjöld ríkisins um 4 milljarða króna frá því sem verið hefur. Þá eru færð á gjaldahlið framlög að fjárhæð 10 milljarða króna sem til þessa hafa verið færð til frádráttar tekjuskatti. Hér er um að ræða barnabætur, vaxtabætur og sóknar- og kirkjugarðsgjöld.

Að þessum breytingum frátöldum eru rekstrartilfærslur óbreyttar að raungildi í samanburði við endurskoðaða útgjaldaáætlun ársins 1997 en aukast um 1% frá fjárlögum 1997.

Bætur til lífeyrisþega og atvinnulausra eru áætlaðar 24 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 21,7 milljarða króna á yfirstandandi ári. Bætur til lífeyrisþega aukast um rúm 2% milli ára en atvinnuleysisbætur lækka með minna atvinnuleysi.

Framlög til landbúnaðar nema 6,6 milljörðum króna og lækka um tæpar 300 m.kr. að raungildi til samræmis við ákvæði í búvörusamningi. Þá nemur framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1,8 milljörðum króna og hækkar um rúmlega 100 m.kr. vegna breytinga á lögum um sjóðinn og áætlaðri fjölgun lánþega.

Fjármagnskostnaður. Áfallnir vextir af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir 16,2 milljarðar króna á árinu 1998. Vaxtagreiðslur eru hins vegar áætlaðar um 12,3 milljarðar króna og lækka um 4,7 milljarða króna frá yfirstandandi ári. Mismunur á áföllnum og greiddum vöxtum, 3,9 milljarðar króna, kemur að mestu fram í spariskírteinum ríkissjóðs þar sem vextirnir eru greiddir í einu lagi við innlausn, og í ljósi gildistíma spariskírteina eru árlegir áfallnir vextir verulega hærri en greiddir. Meginskýring á lækkun vaxtagreiðslna milli ára er sú að á yfirstandandi ári var sérstök innlausn spariskírteina sem jók vaxtagreiðslur ríkisins um 4 milljarða króna. Hluti þeirrar innlausnar hefði að óbreyttu orðið á árinu 1998 með tilheyrandi vaxtagreiðslum.

Viðhaldsverkefni. Til viðhalds á vegum og byggingum er áformað að verja 3,7 milljörðum króna. Áformað er að verja 3,2 milljörðum króna til viðhalds vega sem er álíka fjárhæð og á yfirstandandi ári. Viðhaldi á húseignum ríkisins er víða verulega áfátt. Má þar nefna skólahúsnæði og húsnæði heilbrigðisstofnana. Æ fleiri stofnanir í ríkishúsnæði eru krafðar leigugreiðslu fyrir afnot sem síðan er nýtt til viðhalds eignanna. Þessi háttur hefur

m.a. þann kost í för með sér að stjórnendur stofnana eru sér meðvitaðri um raunkostnað starfseminnar. Þá getur leigugreiðsla fyrir afnot auðveldað ákvörðun um hvort hagkvæmara sé að ráðast í kaup, byggingu húsa eða leigja húsnæði.

Frá og með næstu áramótum er framhaldsskólum ætlað að greiða leigu fyrir afnot af húsnæði sínu. Í byrjun svarar sú leiga aðeins til lítils hluta kostnaðar vegna fjárbindingar en mun fara hækkandi á næstu árum. Þá fjölgar þeim stofnunum sem fela Fasteignum ríkisins að annast rekstur og viðhald síns húsnæðis gegn greiðslu leigu.

Stofnkostnaður A-hluta ríkissjóðs er áætlaður 12,3 milljarðar króna. Sem fyrr eru framlög til vegamála viðamest, en áformað er að verja 3,6 milljörðum króna til nýframkvæmda, samanborið við 3,3 milljarða króna á yfirstandandi ári. Á næsta ári verður að auki 1,5 milljörðum króna varið til framkvæmda við frágang Hvalfjarðarganga en sú framkvæmd er fjármögnuð sérstaklega. Gert er ráð fyrir að opna göngin til almennrar umferðar síðla næsta sumars. Ráðist verður í byggingu nýs hafrannsóknaskips og verður 1,3 milljörðum króna varið til þess á næsta ári. Framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir eru áætlaðar rúmlega 1 milljarður króna, þar af verður um 200 m.kr. varið til að undirbúa og hefja framkvæmdir við barnaspítala á Landspítalalóð. Til framkvæmda við háskóla og framhaldsskóla er áætlað að verja um 800 m.kr. Þá verður tekjum Ofanflóðasjóðs, um 500 m.kr., varið til að reisa varnargarða ofan við þéttbýli þar sem hætta á snjóflóðum er hvað mest. Loks má nefna, að framlög ríkisins til hafna-, grunnskóla- og fráveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga nema rúmlega 1 milljarði króna.

3.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er áhersla lögð á skýringar er taka til heilla málaflokka sem eiga að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka. Er það í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins.

Eins og áður hefur verið vikið að, er frumvarpið sett fram á rekstrargrunni í stað greiðslugrunns áður. Umfjöllunin hér á eftir tekur mið af því. Vegna breyttrar framsetningar og nýrra fjárlagaliða verður erfiðara en ella að bera saman áformuð útgjöld næsta árs við fyrri ár. Þetta á sérstaklega við um samanburð á heildargjöldum ráðuneyta þar sem breytingar eru miklar. Úr þessu rætist síðar þegar fjárlagafrumvarp, gildandi fjárlög og ríkisreikningur liðins árs verða öll komin á rekstrargrunn.

Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1998. Í frumvarpinu er miðað við forsendur kjarasamninga um launahækkanir. Launaliðir allra stofnana í frumvarpinu hafa verið hækkaðar sem þeim nemur. Sama gildir um þann þátt rekstrartilfærslna viðeigandi fjárlagaliða sem svarar til launa. Önnur rekstrargjöld hafa verið hækkuð um tæp 3% í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar um hækkun almenns verðlags. Þjónustutekjur stofnana hafa verið hækkaðar upp þannig að þær svari til sama hlutfalls af rekstrargjöldum fyrir og eftir verðlagshækkun. Í flestum tilvikum ráðast þjónustutekjur af töxtum útseldrar vinnu eða þeim er ætlað að standa undir útgjöldum af tiltekinni starfsemi. Rekstrartilfærslur eru ein-

ungis hækkaðar í þeim tilvikum sem það var óhjákvæmilegt vegna tengingar við laun, vísitölur eða gengi. Viðhald og fjárfestingarframlög hækka ekki.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildargjöld æðstu stjórnar ríkisins skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld æðstu stjórnar ríkisins árið 1998 eru áætluð 1.333 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 18 m.kr. og nema því gjöld umfram þjónustutekjur 1.315 m.kr. Gjöldin eru að fullu fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	1.237,1	17,6	1.219,5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	40,2	-	40,2
Stofnkostnaður og viðhald	55,6	-	55,6
Samtals	**1.332,9**	**17,6**	**1.315,3**

Breytingar á útgjöldum æðstu stjórnar ríkisins frá fjárlögum þessa árs eru minni háttar, fyrir utan þær sem leiða af breyttri framsetningu fjárlaga.

Breytt framsetning fjárlaga

Í lögum um fjárreiður ríkisins er æðsta stjórn ríkisins skilgreind þannig að hún nái til embættis forseta Íslands, Alþingis, ríkisstjórnar og Hæstaréttar. Stofnanir Alþingis, þ.e. Umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun, heyra þar einnig undir. Því hafa aðrir fjárlagaliðir verið færðir til forsætisráðuneytis, þ.e. *211 Lýðveldissjóður, 510 Bessastaðir, mannvirkja-*

gerð, og *999 Ýmis verkefni.* Önnur áhrif á framsetningu á fjárlagatillögum æðstu stjórnar sem leiða af lögum um fjárreiður ríkisins eru minni háttar.

Embætti forseta Íslands

Gjöld forsetaembættisins nema 84,4 m.kr. Fjárlagaliðurinn *520 Opinberar heimsóknir* hefur nú verið fluttur undir embætti forseta Íslands og verður þar að sérstöku viðfangsefni. Framlag nemur 16,5 m.kr. og hækkar um 3,2 m.kr. Að frumkvæði Bílgreinasambandsins hefur verið ákveðið að gera upp embættisbifreið Sveins heitins Björnssonar forseta. Endurbygging bifreiðarinnar er talin geta kostað allt að 10 m.kr. Lagt er til að veitt verði 2,5 m.kr. til verkefnisins á næsta ári og álíka fjárhæð árið 1999. Bílgreinasambandið mun sjá um fjármögnun þess sem á vantar.

Alþingi og stofnanir þess

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Alþingi; 610 Umboðsmaður Alþingis og 620 Ríkisendurskoðun. Heildargjöld málefnaflokksins nema 1.116 m.kr.

210 Alþingi. Gjöld Alþingis nema 882 m.kr. og hækka um 13 m.kr. milli ára fyrir utan hækkun vegna kaup- og verðlags. Framlag til rekstrar hækkar um 10 m.kr., en þar af eru 7,2 m.kr. ætlaðar til að mæta hækkun ýmissa rekstrargjalda, s.s. póstburðargjalda, símakostnaðar og öryggisgæslu og 2,8 m.kr. til reksturs nýendurgerðra húsa og tengibygginga við Kirkjustræti, reksturs annarrar hæðar Kirkjuhvols og aukins geymsluhúsnæðis í Faxaskála. Þá er veitt 3 m.kr. aukið framlag á viðfangsefninu *6.01 Tæki og búnaður,* m.a. til net- og tölvubúnaðar.

610 Umboðsmaður Alþingis. Gjöld embættisins nema 44,2 m.kr. og hækka um 3 m.kr. að raungildi. Með gildistöku laga nr. 85/1997 var starfssviði embættisins breytt og tekur það nú einnig til sveitarfélaga.

620 Ríkisendurskoðun. Gjöld stofnunarinnar nema 189,7 m.kr. og hækka að raungildi um 5,1 m.kr. frá fjárlögum 1997. Hækkunin skýrist af auknum verkefnum vegna nýrra laga um fjárreiður ríkisins og tækjakaupum.

Ríkisstjórn

Fjárveiting til ríkisstjórnar nemur 84,8 m.kr. og hækkar um 12 m.kr. vegna ákvarðana Kjaradóms og kjaranefndar svo og kostnaðartilfærslu frá einstökum ráðuneytum. Kostnaður við laun ráðherra og aðstoðarmanna þeirra er greiddur af þessum lið.

01 Forsætisráðuneyti

Heildargjöld forsætisráðuneytis skiptist á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld ráðuneytisins árið 1998 nema 860 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast 10 m.kr. þjónustutekjur og gjöld umfram tekjur nema því 850 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 801,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 48,8 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	353,3	9,6	343,7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	204,3	-	204,3
Stofnkostnaður og viðhald	302,3	-	302,3
Samtals	**859,9**	**9,6**	**850,3**

Raunhækkun útgjalda frá gildandi fjárlögum nemur um 40 m.kr. að undanskildum breytingum vegna fjárreiðulaga. Helstu breytingar á rekstrargjöldum ráðuneytisins til viðbótar við launa- og verðlagshækkanir eru þær að 13 m.kr. er veitt til aðalskrifstofu ráðuneytisins og 40 m.kr. til þátttöku Íslands í heimssýningunni í Lissabon á næsta ári. Rekstrartilfærslur lækka um 10,4 m.kr. þar sem framlag til norrænu ráðherranefndarinnar verður minna. Þá lækkar stofnkostnaðarframlaga til Byggðastofnunar um 14 m.kr.

Breytt framsetning fjárlaga

Svo sem getið er í kaflanum hér á undan um æðstu stjórn ríkisins færast nokkrir fjárlagaliðir þaðan til forsætisráðuneytis, og er vísað til upptalningar á þeim þar. Útgjöld sem færast til ráðuneytisins frá æðstu stjórn ríkisins nema samtals 202 m.kr. á greiðslugrunni. Eini liðurinn sem bætist við er *190 1.42 Grænlandssjóður;* gjöld hans nema 1,5 m.kr.

Ráðuneyti

Fjárlagaliðirnir 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé heyra undir þennan málefnaflokk. Heildargjöld málefnaflokksins umfram tekjur nema 205,8 m.kr. Á liðnum *101 Yfirstjórn* er sérstök 13 m.kr. fjárveiting; þar af eru 8 m.kr. til þróunarverkefnis um stefnumótun upplýsingasamfélagsins, en til þess verkefnis hefur verið ráðinn verkefnisstjóri, og 5 m.kr. eru vegna aukins umfangs á ýmsum verkefnum yfirstjórnar.

190 Ýmis verkefni. Nýtt viðfangsefni, *1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga,* bætist á þennan fjárlagalið og nema gjöld 2 m.kr. Þá er 40 m.kr. veitt til að kosta þátttöku Íslands í heimssýningunni í Lissabon á næsta ári. Í frumvarpi til fjáraukalaga 1997 er farið fram á 20 m.kr. til þessa verkefnis og mun framlag ríkissjóðs því samtals nema 60 m.kr. Heildarkostnaður við þátttöku Íslands í sýningunni er áætlaður 75 m.kr. og verður mismunurinn kostaður af einkaaðilum. Þá bætist nýtt viðfangsefni við með fjárreiðulögum, *1.42 Grænlandssjóður.* Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 1980 og er vöxtum af höfuðstól hans varið til að veita styrki til eflingar á samskiptum Grænlendinga og Íslendinga. Gjöld sjóðsins nema 1,5 m.kr. Eignir sjóðsins námu 32,3 m.kr. í árslok 1996. Viðfangsefni sem flytjast af æðstu stjórn eru *1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku* og *6.52 Minningarkapella á Ljósavatni.*

Annað

Eftirtaldir fjárlagaliðir tilheyra þessum málaflokki: 201 Fasteignir forsætisráðuneytisins; 211 Þjóðhagsstofnun; 221 Byggðastofnun; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 901 Húsameistari ríkisins og 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Í frumvarpi þessu bætast liðirnir 205 Bessastaðir og 301 Lýðveldissjóður við, en þeir flytjast frá æðstu stjórn ríkisins sem áður getur.

201 Fasteignir forsætisráðuneytisins. Undir þessum lið eru allir rekstrarliðir þeirra fasteigna sem ráðuneytið hefur umsjón með nema rekstur Stjórnarráðshúss sem er undir aðalskrifstofu ráðuneytisins. Gjöld á þessum lið nema 28,4 m.kr. Viðfangsefninu *5.23 Aðrar fasteignir* hefur nú verið skipt í tvennt, *5.24 Bessastaðir* og *5.25 Staðarstaður.*

205 Bessastaðir. Framlag til framkvæmda á Bessastöðum nemur 85 m.kr. Á þessu ári hefur verið unnið að viðgerð á útihúsi og lagfæringu á umhverfi þess. Þá verður viðgerð á kirkjunni lokið á árinu, unnið er að lóðaframkvæmdum og gerð verður landnýtingar-

áætlun í samvinnu við sveitarstjórn sem vinnur að gerð deiliskipulags fyrir hluta hreppslandsins. Á næsta ári er áformað að gera við suðurálmu Bessastaða þar sem er að finna móttökusal og bókhlöðu. Er stefnt að því að viðgerð og framkvæmdum ljúki árið 1999. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar á árunum 1989-97 að báðum meðtöldum og reiknað á verðlagi þessa árs nemur 867 m.kr.

211 ***Þjóðhagsstofnun.*** Gjöld Þjóðhagsstofnunar að frádregnum þjónustutekjum nema 94,6 m.kr. og er helmingur þeirra greiddur af ríkissjóði og hinn helmingurinn af Seðlabankanum.

221 ***Byggðastofnun.*** Framlag til Byggðastofnunar nemur 190 m.kr. Það lækkar um 14 m.kr. frá fjárlögum þessa árs en fjárhagur stofnunarinnar hefur batnað á síðari árum. Byggðastofnun hefur til þessa ekki verið í fjárlögum að öðru leyti en því að framlag til stofnunarinnar hefur komið fram í A-hluta. Með tilkomu fjárreiðulaga er stofnunin tekin inn í C-hluta fjárlaga og er nánari grein gerð fyrir starfsemi stofnunarinnar þar.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Heildargjöld á þessum fjárlagalið nema 91 m.kr. umfram tekjur. Þar af renna 16,4 m.kr. til Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytis og 74,6 m.kr. til norrænu ráðherranefndarinnar, en það framlag lækkar um 10,4 m.kr.

241 ***Umboðsmaður barna.*** Gjöld nema 12,1 m.kr. og þar með talin er sérstök 1 m.kr. hækkun vegna aukinnar starfsemi embættisins en því berast æ fleiri erindi á ári hverju.

301 ***Lýðveldissjóður.*** Fjárveiting til Lýðveldissjóðs nemur 100 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn var stofnaður í kjölfar ályktunar Alþingis á 50 ára afmæli lýðveldisins 1994 og var fyrst veitt til hans 100 m.kr. í fjárlögum 1995 og skal sú fjárveiting haldast til ársins 1999 að því ári meðtöldu. Þetta er því fjórða fjárveiting af fimm. Fjárveitingunni er skipt til helminga á milli tveggja viðfangsefna, *1.10 Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar* og *1.15 Efling íslenskrar tungu.*

Stjórn sjóðsins úthlutaði 41,8 m.kr. til vistfræðirannsókna á lífríki sjávar á þessu ári. Þar af fóru 29,7 m.kr. til rannsókna á rekslóð fiskilirfa og seiða, 10,1 m.kr. til rannsókna á þara og botndýrum og 2,0 m.kr. til annarra verkefna. Nær öllu þessu fé var úthlutað til Hafrannsóknastofnunarinnar, ýmist til hennar einnar eða til samvinnuverkefna sem hún á aðild að. Þá var einstaklingum úthlutað 4,9 m.kr. til minni vistfræðiverkefna. Til eflingar íslenskri tungu úthlutaði sjóðsstjórnin samtals 45 m.kr. Þar af voru 15,8 m.kr. til verkefnisstjórnar í íslensku sem felst í gerð handbóka, kennslubóka og margmiðlunarefnis, 17 m.kr. var varið til Málræktarsjóðs og 12,2 m.kr. til ýmissa verkefna. Þá hlutu einstaklingar samtals 5 m.kr. í styrki.

901 Húsameistari ríkisins. Embætti Húsameistara var lagt niður í ársbyrjun 1997. Fjárveiting á árinu 1998 er ætluð til að greiða biðlaun sem falla enn til en þeim lýkur á næsta ári.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gjöld umfram tekjur nema 30,6 m.kr. m.kr. Gert er ráð fyrir 2,1 m.kr. hækkun til að kosta aukið umfang í rekstri Þjóðgarðsins, en á síðustu árum hefur verið gert átak í að bæta aðstöðu ferðamanna og auka fræðslu þeirra.

02 Menntamálaráðuneyti

Heildargjöld menntamálaráðuneytisins skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld menntamálaráðuneytisins árið 1998 eru áætluð 18.777 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 1.516 m.kr. en þær nema 8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.261 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 14.709 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.552 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	11.147,9	1.284,1	9.863,8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5.499,6	-	5.499,6
Stofnkostnaður og viðhald	2.129,0	231,5	1.897,5
Samtals	**18.776,5**	**1.515,6**	**17.260,9**

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 314 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 1997 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum og breytingum vegna nýrra laga um fjárreiður ríkissjóðs. Útgjöld aukast um 79 m.kr. vegna fjölgunar háskólanema og aukins húsnæðis háskóla, og um 78 m.kr. vegna nemendafjölgunar, aukins húsnæðis og nýrra laga um framhaldsskóla. Hluti af áætluðum kostnaðarauka vegna kjarasamnings við framhaldsskólakennara er vegna breytinga á vinnutíma þeirra og verkefnum til samræmis við breyttar áherslur í framhaldsskólalögum, en þessi kostnaðarbreyting hefur ekki verið metin sérstaklega. Þá er framhaldsskólum ætlað að greiða leigu fyrir afnot af skólahúsnæði og eykur það rekstrarkostnað þeirra um 170 m.kr. Á móti kemur að um 32 m.kr. bókakaup Háskóla Íslands eru flutt af rekstri á stofnkostnað og sérstakt 42 m.kr. framlag vegna hagræðingar í rekstri fellur niður.

Rekstrartilfærslur verða 5.500 m.kr. Helstu raunbreytingar frá gildandi fjárlögum eru 103 m.kr. hækkun á framlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna nýrra laga og fjölgunar lánþega og 10 m.kr. hækkun til rannsóknarstarfsemi. Á móti kemur 1.262 m.kr. lækkun útgjalda vegna verkefna sem falla niður, þar af er 1.229 m.kr. tímabundið framlag til uppgjörs við sveitarfélög vegna grunnskólans.

Viðhald og stofnkostnaður er áætlaður 2.129 m.kr. og hækkar að raungildi um 47 m.kr. Helstu breytingar eru hækkun um 30 m.kr. vegna aukinna tekna af sérstökum eignarskatti og 25 m.kr. vegna undirbúnings framkvæmda við háskóla.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins leiðir til 2.265 m.kr. hærri heildargjalda ráðuneytisins en í fjárlögum 1997 á föstu verðlagi. Skýringin er þríþætt. Í fyrsta lagi bætast við eftirtaldir nýir fjárlagaliðir og viðfangsefni: 299-1.11 Sáttmálasjóður; 971 Ríkisútvarpið, afnotagjöld; 975 Menningarsjóður útvarpsstöðva; 982-1.51 Höfundaréttarsjóður og 982-1.53 Myndlistarsjóður Íslands. Á þessa liði eru færðar rekstrartilfærslur vegna markaðra ríkistekna, samtals 1.690 m.kr. á árinu 1998. Þar vegur þyngst 1.530 m.kr. framlag til Ríkisútvarpsins vegna áætlaðra afnotagjalda af útvarpi og sjónvarpi og 110 m.kr. framlag til Menningarsjóðs útvarpsstöðva vegna álags á auglýsingar í ljósvakamiðlum. Í öðru lagi eru rekstrargjöld og þjónustutekjur stofnana leiðréttar með hliðsjón af raunverulegu umfangi. Hækkar sú leiðrétting útgjöldin um samtals 435 m.kr. og tekjurnar um sömu fjárhæð. Af einstökum liðum vega þyngst verkefni á vegum Háskóla Íslands um 285 m.kr. Í þriðja lagi eru fjárreiður nokkurra liða sem áður voru færðir bæði í A- og B-hluta, nú eingöngu sýndar í A-hluta fjárlaga. Fjárlagaliðirnir eru: 236 Vísindasjóður; 237 Tæknisjóður; 238 Bygginga- og tækjasjóður og 239 Rannsóknarnámssjóður. Þessi breyting hefur þau áhrif að heildarútgjöld hækka um 140 m.kr. sem er áætlað framlag Arðsjóðs Seðlabanka Íslands til Vísindasjóðs.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Áætluð útgjöld aðalskrifstofu verða 287,6 m.kr. sem er raunhækkun um 10 m.kr. þar af eru 2 m.kr. vegna kostnaðar sem er greiddur af þjónustutekjum. Hækkun er að öðru leyti vegna

nýrra verkefna samkvæmt lögum um grunnskóla og framhaldsskóla, meðal annars mats og úttekta á skólastarfi.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201-209 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum: 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála; 231 Rannsóknarráð Íslands; 236 Vísindasjóður; 237 Tæknisjóður; 238 Bygginga- og tækjasjóður; 239 Rannsóknarnámssjóður; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti. Síðast taldi liðurinn var áður talinn til málefnaflokksins Annað.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 5.641 m.kr. og skiptast þannig að 4.183 m.kr. eru vegna almenns rekstrar, 492 m.kr. vegna rekstrartilfærslna og 966 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Áætlað er að þjónustutekjur nemi 823 m.kr. sem er um 20% af rekstrargjöldum. Umframgjöld sem fjármögnuð eru með greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu ríkissjóðstekna eru áætluð 4.818 m.kr. og skiptast þannig á fjárlagaliði:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	2.155,1	1.871,8	2.479,6	32	15
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	89,9	86,4	95,4	10	6
Raunvísindastofnun Háskólans	138,3	142,7	149,1	4	8
Stofnun Sigurðar Nordals	8,7	9,4	10,1	7	16
Stofnun Árna Magnússonar	38,2	48,8	57,5	18	51
Orðabók Háskólans	18,0	16,0	17,6	10	-2
Íslensk málstöð	8,2	8,9	9,6	8	17
Örnefnastofnun	4,1	4,8	5,2	8	27
Háskólinn á Akureyri	198,4	225,5	259,4	15	31
Tækniskóli Íslands	214,4	210,3	221,2	5	3
Kennaraháskóli Íslands	334,0	334,8	365,4	9	9
Rannsóknastofnun uppeldismála	56,5	34,6	37,1	7	-34
Samvinnuháskólinn	42,6	48,9	52,5	7	23
Rannsóknarráð Íslands	40,7	40,1	42,5	6	4
Vísindasjóður	150,0	165,0	165,0	0	10
Tæknisjóður	213,1	200,0	200,0	0	-6
Bygginga- og tækjasjóður	75,8	78,0	78,0	0	3
Rannsóknarnámssjóður	-	20,0	25,0	25	-
Háskóla- og vísindastofnanir, stofnk	73,0	123,0	144,0	17	97
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	49,7	60,7	88,6	46	78
Alþjóðleg samskipti	234,3	322,5	315,5	-2	35
Samtals	**3.908,7**	**3.727,9**	**4.502,8**	**21**	**15**

Fjárhæðir í töflunni hafa verið gerðar sambærilegar vegna tilflutnings framlaga á milli liða og breyttrar fjármögnunar.

Rekstrarframlag ríkissjóðs er áætlað 3.357 m.kr. Framlagið hækkar að raungildi um 95 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og aukins húsnæðis. Á móti kemur um 32 m.kr. lækkun vegna

tilfærslu framlags til bókakaupa Háskóla Íslands á stofnkostnað og 4 m.kr. lækkun tímabundins framlags til Raunvísindastofnunar.

Á síðustu árum hefur þeim fjölgað sem stunda háskólanám hér á landi. Fyrir tíu árum fóru 24% úr hverjum árgangi í háskóla en nú er hlutfallið um 36%. Áætlað er að nemendum á háskólastigi fjölgi úr 7.300 árið 1996 í um 9.000 árið 2000. Byggir þetta á spá um að hlutfallið hækki til jafnaðar um 1% á ári vegna fjölbreyttara námsframboðs og að nám sem nú er á framhaldsskólastigi færist á háskólastig. Haustið 1996 voru um 2.800 nýnemar í skólunum, en áætlað er að 2.080 stúdentar hafi verið brautskráðir úr framhaldsskólum skólaárið á undan.

Nemendur á háskólastigi



Fjárframlög til skólanna ráðast að hluta til af nemendafjölda án beinna tengsla þar á milli. Unnið er að því að gera þessi tengsl skýrari með því að þróa reiknireglur sem taka mið af námsframboði og þátttöku nemenda í prófum. Reglurnar miða að því að áætla kostnað við rekstur háskóla með hliðstæðum hætti og gert er í nágrannalöndunum með hliðsjón af því fámenni sem einkennir íslenskar aðstæður. Menntamálaráðuneytið áformar að gera samning til nokkurra ára við alla háskóla og ákvarða framlög á grundvelli reiknireglna. Tilgangurinn er að breyta rekstrarforsendum skóla og námskröfum til samræmis við það sem er hjá norrænum háskólum. Áætlað er að gengið verði frá samningi við Háskóla Íslands á næstu mánuðum og samningum við aðra háskóla á næsta ári.

Á yfirstandandi þingi verður að nýju lagt fram frumvarp að heildarlöggjöf um háskólastigið sem hefur það að leiðarljósi að skilgreina markmið háskólakennslu, tilgreina prófgráður, inntökuskilyrði og kröfur til stjórnsýslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir heimild menntamálaráðherra til að veita skólum, sem reknir eru af einkaaðilum, starfsleyfi og gera við þá samning um fjárframlög. Unnið er að undirbúningi samninga við Verslunarskóla Íslands og Samvinnuháskólann um þjónustu skólanna við nemendur á háskólastigi og greiðslur úr ríkissjóði vegna hennar en eldri samningar við skólana eru lausir. Þá verður að nýju lagt fram frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla sem tekur við hlutverki Kennaraháskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Áfram verður unnið að stofnun Listaháskóla sem veitir æðri menntun á sviði lista samkvæmt lögum nr. 43/1995.

Framlag ríkisins vegna rekstrartilfærslna er 472 m.kr. sem er um 12 m.kr. raunhækkun. Mestu munar um hækkun framlags í Rannsóknarnámssjóð. Framlag ríkisins til stofnkostnaðar og viðhalds er 765 m.kr. og hækkar um 41 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Til hækkunar

kemur 25 m.kr. framlag vegna undirbúnings og hönnunar framkvæmda við Háskólann á Akureyri, Listaháskóla og Kennara- og uppeldisháskóla og 32 m.kr. tilfærsla milli gjaldategunda hjá Háskóla Íslands. Á móti kemur 10 m.kr. lækkun þar sem lán, vegna byggingar fiskeldishúss Tilraunastöðvarinnar á Keldum, verða færð upp í lánahluta ríkisins og 6 m.kr. lækkun á eignakaupaframlagi til Tækniskóla Íslands.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

*202 **Háskóli Íslands.*** Heildargjöld eru áætluð 3.026,2 m.kr. og hækka um 595,9 m.kr. frá fjárlögum. Áætlað er að heildargjöldin skiptist þannig að um 55% fari til kennslu en 45% vegna rannsóknarstarfsemi og að þjónustutekjur standi undir um 21% af rekstrargjöldum.

Rekstrargjöld og þjónustutekjur á viðfangsefnaliðnum *1.05 Aðrar stofnanir og verkefni* hækka um 285 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig að um 100 m.kr. fara til Endurmenntunarstofnunar, 25 m.kr. til Háskólaútgáfunnar og um 160 m.kr. til verkefna sem verða fjármögnuð með styrkjum úr innlendum og erlendum vísindasjóðum. Þessi rekstur hefur ekki fyrr verið sýndur í fjárlögum. Háskólinn hefur að auki milligöngu um ýmsar styrkveitingar rannsóknarsjóða til einstaklinga og stofnana sem ekki eru sýndar í frumvarpinu og geta numið 180-230 m.kr. Á sama viðfangsefnalið er í fyrsta sinn áætlað fyrir 1,5 m.kr. tekjum Háskólans af einkaleyfisgjaldi almanaka samkvæmt lögum nr. 25/1921.

Háskóli Íslands



Framlög ríkisins vegna kennslu og rekstrs húsnæðis skólans aukast um 60 m.kr. að raungildi. Innritaðir nemendur voru 5.826 haustið 1996 sem er örlítil fækkun frá fyrra ári. Þar af telst ígildi um 70% nemenda stunda fullt nám eða nálægt 4.000. Unnið er að gerð samnings til nokkurra ára við Háskólann um kennslu og rannsóknarstarfsemi.

Áætlað er að Háskólinn verji 325 m.kr. til byggingarframkvæmda, viðhalds og tækja- og búnaðarkaupa sem fjármagnaðar eru af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands samkvæmt lögum nr. 13/1973. Að auki er gert ráð fyrir að Happdrættið afhendi Háskólanum til eignar helming af Nýja Garði og að skólinn gjaldfæri vegna þess 42 m.kr. Ætlast er til að skólinn leggi fram fé til tækjakaupa Tilraunastöðvarinnar á Keldum og Raunvísindastofnunar. Stærstu stofnframkvæmdir Háskólans á árinu 1998 eru við

Náttúrufræðihús að fjárhæð 200-250 m.kr. sem verður fullbyggt um 8.000 fermetrar að stærð og við Læknagarð.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Rekstrargjöld eru áætluð 155,7 m.kr. Þar af eru 23 m.kr. vegna kostnaðar sem tengist verslun með dýralyf og verkefnum sem fjármögnuð verða með styrkjum og hafa til þessa ekki verið tíunduð í fjárlögum. Stöðin fær tímabundið framlag að fjárhæð 1,5 m.kr. vegna 50 ára afmælis hennar á árið 1998. Í því tilefni verður haldin alþjóðleg ráðstefna um hæggenga veirusjúkdóma og starfsemin kynnt fyrir almenningi og skólafólki. Auk ríkisframlags fær stofnunin 3 m.kr. tekjur af fisksjúkdómagjaldi sem hún innheimtir samkvæmt lögum nr. 50/1986. Áætlað er að tekjur af þjónustu standi undir 38% rekstrargjalda.

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Rekstrargjöld eru áætluð 244,8 m.kr. Þar af eru 25 m.kr. vegna verkefna sem fjármögnuð eru með styrkjum og ekki hafa verið tíunduð í fjárlögum. Tímabundið framlag úr ríkissjóði vegna rannsókna á eldsumbrotum í Vatnajökli lækkar um 4 m.kr. og verður 6,5 m.kr. árið 1998 í samræmi við ákvörðun frá því í desember 1996. Áætlað er að þjónustutekjur standi undir 63% rekstrargjalda.

205 Stofnun Árna Magnússonar. Rekstrarkostnaður er áætlaður 11,1 m.kr. og hækkar að raungildi um 4 m.kr. vegna viðgerða á nokkrum stórum skinnbókum sem eru í safninu, kaupa á geymsluöskjum undir handrit og sérfræðiaðstoðar vegna varðveislu og sýningar handrita. Hækkunin er fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði.

206 Orðabók Háskóla Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 17,6 m.kr. Þar af eru 5 m.kr. vegna áætlaðra verkefna sem kostuð verða af þjónustutekjum og ekki hefur verið áætlað fyrir í fjárlögum.

210 Háskólinn á Akureyri. Rekstrargjöld eru áætluð 277,4 m.kr. Þau hækka að raungildi um 7 m.kr. vegna endurgreidds kostnaðar og verkefna sem áætlað er að verði kostuð af styrkjum og ekki hafa verið sýnd í fjárlögum. Rekstrargjöld hækka að auki um 13 m.kr. að raungildi, þar af 6 m.kr. vegna reksturs húsnæðis, m.a. vegna stækkunar bókasafns, lesaðstöðu o.fl. og 7 m.kr. vegna aukins námsframboðs og fjölgunar nemenda. Þessi kostnaður er fjármagnaður með

Háskólinn á Akureyri



greiðslu úr ríkissjóði. Áform skólans gera ráð fyrir auknu námsframboði á næstu árum. Kennsla hófst á þriggja ára leikskólakennarabraut árið 1996 og bætist síðasta námsárið við haustið 1998. Kennsla hófst á matvælaframleiðslubraut haustið 1996 og bætast ný námsár við bæði haustið 1998 og 1999. Nám í iðjuþjálfun hófst haustið 1997 og bætast við námsár næstu þrjú ár. Þá hefst tveggja ára nám í uppeldis- og kennslufræðum í haust. Alls voru innritaðir í skólann 363 nemendur haustið 1996 og er áætlað að þeim fjölgi um 100 nú í haust. Talið er að ígildi 90% nemenda sé í fullu námi.

211 Tækniskóli Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 232,2 m.kr. og aukast að raungildi um 6 m.kr. vegna stærra húsnæðis sem nýlega var tekið í notkun. Áætlað er að haustið 1997 verði innritaðir nemendur um 570 sem er fjölgun um 80 frá fyrra ári. Talið er að ígildi 90% nemenda sé í virku námi. Rúmlega fjórðungur nemenda er í frumgreinadeild. Sérstakt 12 m.kr. framlag í fjárlögum yfirstandandi árs vegna stofnbúnaðar fellur niður hjá skólanum en helmingur fjárhæðarinnar er færður á fjárlagalið 02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

Tækniskóli Íslands



221 Kennaraháskóli Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 412,2 m.kr. sem er óbreytt raungildi. Innritaðir nemendur haustið 1997 eru 744 talsins og fjölgar um 16 frá fyrra ári. Af innrituðum nemendum eru 264 í fjarnámi, þar af 48 í uppeldis- og kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara sem ekki hefur verið kennt áður á þennan hátt. Áætlað er að ígildi um 90% innritaðra nemenda sé í fullu námi.

Kennaraháskóli Íslands



*223 **Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.*** Rekstrargjöld eru áætluð 43,2 m.kr. sem er 5 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Um er að ræða kostnað við verkefni sem áætlað er að verði fjármögnuð með styrkjum og þjónustutekjum.

*225 **Samvinnuháskólinn.*** Rekstrargjöld eru áætluð 54,3 m.kr. sem er óbreytt raungildi. Skólinn veitir fræðslu á sviði viðskipta og rekstrar. Boðið er upp á eins árs nám í frumgreinadeild og rekstrarfræðideild. Nemendur eru brautskráðir eftir tveggja ára nám í rekstrarfræðideild og síðan eftir eins árs viðbótarnám. Innritaðir nemendur eru um 120 og kennsluhúsnæði skólans rúmlega 600 fermetrar að stærð.

Samvinnuháskólinn



*231 **Rannsóknarráð Íslands.*** Rekstrargjöld eru áætluð 54,3 m.kr. sem er 12 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum. Munar mestu um rekstur Kynningarmiðstöðvar Evrópurannsókna sem kostaður er af erlendum styrkjum. Rannsóknarráð annast skrifstofuhald fyrir Vísindasjóð, Tæknisjóð, Bygginga- og tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð.

*236 **Vísindasjóður.*** Fjárreiður sjóðsins eru færðar úr B-hluta fjárlaga í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Áætlað er að heildargjöld sjóðsins nemi 165 m.kr. og skiptist þannig að kostnaður við mat á umsóknum og úthlutanir verði um 8,5 m.kr. og styrkveitingar 156,5 m.kr. Sjóðurinn er fjármagnaður með 25 m.kr. framlagi úr ríkissjóði og tekjum frá Arðsjóði Seðlabanka Íslands, samkvæmt lögum nr. 36/1986, sem áætlaðar eru 140 m.kr. og eru framlögin óbreytt frá fjárlögum 1997.

Hlutverk sjóðsins er að efla íslenskar vísindarannsóknir með því að veita styrki til skilgreindra verkefna. Árið 1997 veitir sjóðurinn 221 styrk samtals að fjárhæð 168 m.kr. og skiptist fjárhæðin nær jafnt á hug- og félagsvísindi, heilbrigðis- og lífvísindi og náttúru- og umhverfisrannsóknir.

*237 **Tæknisjóður.*** Fjárreiður sjóðsins eru færðar úr B-hluta ríkissjóðs í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Heildargjöld sjóðsins eru áætluð 200 m.kr. eins og í fjárlögum 1997 og eru þau greidd með framlagi úr ríkissjóði. Gjöldin skiptast þannig að kostnaður við mat á umsóknum og úthlutanir er áætlaður 12,5 m.kr. og styrkveitingar eru áætlaðar 187,5 m.kr.

Hlutverk sjóðsins er að efla tækniþekkingu, rannsóknir og þróunarstarf. Á árinu 1997 veitir sjóðurinn 120 styrki að fjárhæð samtals 169 m.kr.

*238 **Bygginga- og tækjasjóður.*** Fjárreiður sjóðsins eru færðar úr B-hluta ríkissjóðs í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Áætlað er að útgjöld sjóðsins vegna styrkja verði 78 m.kr. eins og í fjárlögum og verði fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði. Framlag ríkisins nemur áætluðum tekjum ríkisins af einkaleyfisgjaldi Happdrættis Háskóla Íslands samkvæmt lögum nr. 13/1973.

Sjóðurinn veitir styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði, svo og til að byggja eða kaupa húsnæði til rannsóknar- og þróunarstarfa. Samkvæmt reynslu kemur meiri hluti styrkja í hlut rannsóknarstofnana sem ríkið rekur.

*239 **Rannsóknarnámssjóður.*** Fjárreiður sjóðsins eru færðar úr B-hluta fjárlaga í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Heildargjöld sjóðsins eru áætluð 25 m.kr. sem er 5 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1997. Sjóðurinn fær framlag úr ríkissjóði sem nemur gjöldunum.

Sjóðurinn veitir efnilegum stúdentum, sem lokið hafa tilskyldu grunnnámi í háskóla, styrki til meistara- eða doktorsnáms við Háskóla Íslands eða á ábyrgð hans í samvinnu við rannsóknarstofnanir eða fyrirtæki. Búið er að úthluta 20 styrkjum fyrir skólaárið 1997-1998 en þeir voru 35 árið áður.

*269 **Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Heildargjöld vegna viðhalds- og stofnkostnaðar háskóla- og rannsóknastofnana, annarra en Háskóla Íslands, á þessum fjárlagalið verða 144 m.kr. sem er 21 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Gjöldin eru alfarið fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði. Þrennt skýrir breytinguna. Í fyrsta lagi eru 6 m.kr. fluttar frá liðnum 02-211 Tækniskóli Íslands. Í öðru lagi er um að ræða 10 m.kr. lækkun vegna afborgana og vaxta af lánum sem tekin voru vegna bygginga á fiskeldishúsi Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum þar sem lánin verða færð upp í lánahluta ríkisins. Að lokum hækkar liðurinn um 25 m.kr. vegna hönnunar og undirbúnings nýframkvæmda við Háskólann á Akureyri, Kennara- og uppeldisháskóla og Listaháskóla.

Gert er ráð fyrir að ráðstafa framlagi á fjárlagaliðnum þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 1998
Norræna eldfjallastöðin. Samningur við Háskóla Íslands vegna Náttúrufræðihúss	43,0
Háskólinn á Akureyri. Sólborg 20 m.kr. og kaup á búnaði 10 m.kr.	30,0
Kennaraháskóli Íslands. Viðhald húsa 12 m.kr., Varmaland 6 m.kr. og búnaður 10 m.kr.	28,0
Hönnun og undirbúningur nýrra háskólabygginga	25,0
Tækniskóli Íslands. Viðhald húsnæðis 2 m.kr. og kaup á búnaði 6 m.kr.	8,0
Tilraunastöðin Keldum. Endurbætur á húsnæði	7,0
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Viðhald húsnæðis	2,0
Stofnun Árna Magnússonar. Viðhald húsnæðis	1,0
Samtals	**144,0**

Áætlað er að húsnæði háskóla sem ríkið rekur verði samtals um 78.500 fermetrar að stærð árið 1998. Húsnæði Háskóla Íslands er um 55.900 fermetrar, þar af 6.300 fermetrar í leiguhúsnæði og hefur stækkað um 5.600 fermetra frá árinu 1993. Tækniskóli Íslands er í 7.300 fermetra leiguhúsnæði og er þá meðtalin nýleg 1.400 fermetra stækkun. Kennaraháskóli Íslands ræður yfir um 9.000 fermetrum. Háskólinn á Akureyri er með nálægt 6.300 fermetra í notkun. Þá eru meðtaldir 2.000 fermetrar í Sólborgarhúsum sem að hluta til hafa ekki verið endurnýjuð en þau eru samtals um 3.000 fermetrar að stærð. Áætlað er að á allra næstu árum þurfi að auka húsnæði háskóla um 10-15 þúsund fermetra til að leysa brýnasta vanda þeirra, auk þeirra framkvæmda sem ráðast þarf í til að starfsemi hvers skóla komist sem mest fyrir á einum stað.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Heildargjöld á fjárlagaliðnum verða 88,6 m.kr. og hækka að raungildi um 25,4 m.kr. frá fjárlögum. Á nýju viðfangsefni *1.11 Sáttmálasjóður* er áætlað í fyrsta sinn fyrir 20 m.kr. endurgreiðslu á skemmtanaskatti til sjóðsins samkvæmt heimild í lögum nr. 58/1970 um skemmtanaskatt. Fjárhæðin er í samræmi við áætlaða innheimtu Háskólabíós á skemmtanaskatti að frádregnum þeim 20% sem renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Menningarsjóðs. Útgjöld Norrænu eldfjallastöðvarinnar nema 12,6 m.kr. og hækka um 0,8 m.kr. vegna jarðeðlisfræðilegra rannsókna á eldvirkni. Áætlað er að stöðin fái um 75 m.kr. framlag af norrænu fjárlögunum árið 1998 sem er 13 m.kr. hækkun milli ára. Framlag til háskóla- og rannsóknastarfsemi verður 41 m.kr. sem er 4,6 m.kr. raunhækkun og skiptist þannig að 3 m.kr. fara til að undirbúa rekstur og kennslustarf Listaháskóla, 1 m.kr. er vegna aðildargjalda Norræna stjörnusjónaukans sem Ísland gerðist nýlega aðili að og 0,6 m.kr. eru til að greiða aðildargjöld CERN, sem er alþjóðleg rannsóknastofnun á sviði öreindaeðlisfræði og Ísland gerðist nýlega aðili að. Að öðru leyti er framlagi á fjárlagaliðnum einkum varið til að styrkja erlenda námsmenn í íslenskum skólum og til að kosta mat á háskóla- og vísindastarfsemi.

985 Alþjóðleg samskipti. Heildargjöld eru áætluð 315,5 m.kr. sem er nærri sama fjárhæð og í fjárlögum 1997. Aðildargjöld vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samnings um Evrópska efnahagssvæðið eru áætluð 250 m.kr. sem er lækkun um 10 m.kr. Framlagið tekur mið af frumvarpi til fjárlaga ESB fyrir árið 1998 sem venjulega er afgreitt í desember ár hvert. Nálægt 78% aðildargjalda ársins 1998 eru vegna fjórðu rammaáætlunar Evrópusambandsins á sviði rannsókna og tækniþróunar, sem lýkur árið 1998, og 10% eru vegna menntamála. Greiðslur Íslendinga vegna áætlunarinnar eru taldar nema nálægt 700 m.kr. og það sem af er hafa íslenskir aðilar hlotið um 100 styrki samtals að fjárhæð 1.060 m.kr. úr sjóðum Evrópusambandsins. *1.90 Alþjóðleg samskipti* hækka um 1 m.kr. og skiptist hækkunin jafnt milli kostnaðar við þátttöku í Tungumálamiðstöð Evrópuráðsins og námskeiðs á vegum UNESCO sem haldið verður hér á landi árið 1998. Á nýjum viðfangsefnalið *1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* er áætlað fyrir 9,5 m.kr. framlagi til stofnunarinnar. Jafnframt fellur niður 7,5 m.kr. fram-

lag til Menntastofnunarinnar á fjárlagalið 02-999 Ýmislegt. Stefnt er að því að framvegis verði framlag Íslands jafnhátt framlagi Bandaríkjanna.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-309 Menntaskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla, 317 Sameignir skólanna á Laugarvatni; 319 Framhaldsskólar, almennt; 350-365 Fjölbrautaskólar; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 506-581 Ýmsir sérskólar; 606 Framhaldsskólinn að Skógum og 610 Héraðsskólar.

Samkvæmt lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á starfi framhaldsskóla og eiga þær að koma að fullu til framkvæmda haustið 2000. Helstu breytingar snúa að skýrari námsuppbyggingu í framhaldsskólum, auknum tengslum við atvinnulífið, eflingu starfsnáms, auknu frumkvæði og ábyrgð skóla á mótun innra starfs, hvata til nýbreytni og loks er gert ráð fyrir að allar námsbrautir framhaldsskóla verði skipulagðar í samræmi við lokamarkmið náms.

Heildargjöld framhaldsskóla eru áætluð 6.401 m.kr. og skiptast þannig að 5.714 m.kr. eru vegna almenns rekstrar og rekstrartilfærslna, 210 m.kr. vegna viðhaldsverkefna og 477 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Áætlað er að þjónustutekjur nemi 496 m.kr. sem er 7,8% af heildargjöldum og skiptast þær þannig að 296 m.kr. eru vegna innritunar-, efnis- og kennslugjalda en 200 m.kr. eru leigutekjur. Umframgjöld sem fjármögnuð eru með greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu ríkissjóðstekna eru áætluð 6.401 m.kr. og skiptast þannig á gjaldategundir:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framhaldsskólar	**5.620,3**	**5.264,4**	**6.401,0**	**22**	**14**
Rekstur og rekstrartilfærslur	4.553,2	4.552,4	5.714,0	26	25
Viðhaldskostnaður	277,8	184,0	210,0	14	-24
Stofnkostnaður	789,3	528,0	477,0	-10	-40

Áætlað er að 17.650 nemendur innritist í framhaldsskóla haustið 1997 en þeir voru 16.350 haustið 1996. Nemendum hefur fjölgað á síðustu árum og mun fjöldi þeirra væntanlega ná hámarki á árinu 1998 og fækka síðan til ársins 2003 sé litið til stærða aldursárganga. Verði sérskólar á uppeldis- og listasviði fluttir yfir á háskólastig mun nemendum fækka enn meira og kostnaður framhaldsskóla minnka en aukast á háskólastigi.

Rekstrargjöld sem fjármögnuð eru úr ríkissjóði hækka að raungildi um 273 m.kr. Hækkunin skiptist þannig að 48 m.kr. eru vegna nemendafjölgunar, húsnæðis og kaupa á tölvubúnaði, 30 m.kr. vegna fornáms og sérkennslu en 15 m.kr. er varið til ýmissa fræðslu- og þróunarverkefna. Loks er skólunum ætlað að greiða húsaleigu að fjárhæð samtals 170 m.kr. og rekstur á vél- og siglingahermum 10 m.kr.

Sú breyting er gerð að áætluð útgjöld þriggja fjórðuhluta framhaldsskóla vegna kennslu dagskólanemenda, eru byggð á reiknilíkani sem menntamálaráðuneytið hefur smíðað í

Framhaldsskólar



samvinnu við skólana. Ráðuneytið áformar að gera á næstu vikum samning til þriggja ára við skólana um verkefni þeirra og fjárframlög. Áætlað er fyrir kostnaði við kennslu dagskólanema á viðfangsefni *1.01 Almennur rekstur* undir fjárlagaliðum: 301-309 Menntaskólar; 350-365 Fjölbrautaskólar; 506-516 Ýmsir sérskólar. Framlög vegna þjónustu Sameigna skólanna á Laugarvatni og Sjómannaskólahúss við hlutaðeigandi skóla eru reiknuð á sama hátt. Áætlað er að rekstrargjöld skólastofnana sem hér um ræðir, hækki að raungildi um 201 m.kr. og þar af verði 180 m.kr. fjármagnaðar með tilfærslu af viðhaldslið en 21 m.kr. komi sem aukið framlag úr ríkissjóði.

Framlag til hvers skóla í frumvarpinu byggir á áætlun um nám og nemendafjölda og getur tekið breytingum þegar rauntölur liggja fyrir. Ef aðsókn bendir til að nemendur verði meira en 5% umfram áætlun geta skólar sótt um viðbótarframlag en reynist nemendum fækka um meira en 5% frá áætlun er skólunum ætlað að skila hluta af ofáætluðu framlagi. Ráðgert er að menntamálaráðuneytið haldi eftir allt að 4% af áætluðu framlagi til kennslu í dagskóla til að mæta sveiflum í nemendafjölda og verður gert upp við skólana þegar prófþátttaka liggur fyrir. Nánar verður kveðið á um uppgjör framlags í samningum við skóla.

Reiknilíkanið tekur til alls kostnaðar við rekstur hvers framhaldsskóla og fjármögnunar á honum, m.a. kaupa á búnaði. Skólunum er heimilt að færa fé á milli kostnaðarliða. Undanskilin eru verkefni sem eru mismunandi eftir skólum og kostnaður sem er sameiginlegur skólunum og áætlað er fyrir á liðnum Framhaldsskólar, almennt. Gerð er sú meginbreyting að endanleg framlög vegna kennslu verða byggð á upplýsingum skólanna um prófþátttöku nemenda í stað áætlaðs fjölda innritaðra nemenda. Auk þess er áföngum gefið mismikið vægi eftir tegund náms í stað þess að byggja á áætluðu hlutfalli bóknáms og verknáms í hverjum skóla. Nemandi telst vera í fullu námi ef próf sem hann tekur samsvara 17,5 námseiningum á misseri. Verknám og fornám hefur meira vægi en bóknám þar sem gert er ráð fyrir að það sé kennt í minni hópum og að stundafjöldi sé meiri. Vægi þessa náms getur verið allt að tvöfalt á við bóknám. Að auki er tekið tillit til þess að skólar eru misstórir. Við útreikning á framlögum til skóla er miðað við að 19,4 nemendur séu til jafnaðar í bóklegum áföngum, eins og var að meðaltali í framhaldsskólunum skólaárið 1996-1997, en gera má ráð fyrir að meðalfjöldi í áföngum aukist lítillega á næstu árum. Einnig er miðað við að árið 1998 verði samtals um 15.700 nemendur í skólum sem fá framlög samkvæmt reiknilíkani. Áætlað, er með hliðsjón af reynslutölum, að ígildi 88% þeirra sé í fullu námi. Tekið er tillit til meira brottnáms í verknámi og fornámi en í öðru námi með því að reikna með 2% fleiri nemendum. Hús-

næðiskostnaður er áætlaður með tilliti til námsframboðs og nemendafjölda. Skólum með góða nýtingu er frjálst að nota það fjárhagslega svigrúm sem þeir skapa sér til að bæta þjónustu við nemendur. Ætla má að þetta hvetji skóla til að endurskoða námsframboð, koma á skýrari verkaskiptingu sín á milli og auka samvinnu. Þannig má auka sérhæfingu skólanna enn frekar og nýta betur fagþekkingu kennara, tæki og sérhæfða aðstöðu.

Nokkrar breytingar verða á framlögum til einstakra skóla og eru skýringarnar í flestum tilvikum breytt aðsókn, leiðrétting á umfangi náms og nákvæmari útreikningur á hlutfalli verknáms og bóknáms.

Framlög til skóla, sem ekki eru áætluð á grundvelli reiknilíkans, eru samkvæmt óbreyttum reglum. Ástæðan er meðal annars sú að stefnt er að því að sumir þessara skóla verði hluti af Listaháskóla og Kennara- og uppeldisháskóla. Rekstrargjöld og framlög til þessara skóla hækka að raungildi um 57 m.kr. Skýrist hækkunin af fjölgun nemenda og stærra húsnæði og er áætlað er að um 1.950 nemendur stundi nám í þessum skólum. Mestu munar um 45 m.kr. hækkun til Verslunarskóla Íslands vegna áforma um aukið nám á háskólastigi. Listdansskólinn fær 4,4 m.kr. hækkun vegna aukins húsnæðiskostnaðar eftir að Íslenski dansflokkurinn flutti úr húsnæði hans í Borgarleikhúsið. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík fær 2,5 m.kr. hækkun vegna rekstrar haustið 1998. Þroskaþjálfaskóli fær um 3,5 m.kr. hækkun vegna nemendafjölgunar og Myndlista- og handíðaskólinn fær um 1,7 m.kr. vegna fjölþjóðlegs samstarfs um framhaldsnám í grafík, en á móti kemur að tímabundið framlag til kaupa á tölvubúnaði fellur niður.

Nemendum lítilla skóla hefur smám saman fækkað og virðist sú þróun halda áfram. Skólahald í Héraðsskólanum í Reykholti lagðist af haustið 1997 vegna lítillar aðsóknar. Af sömu sökum er að óbreyttu ekki gert ráð fyrir hefðbundnu skólahaldi frá haustinu 1998 að Eiðum á vegum Menntaskólans á Egilsstöðum né í Framhaldsskólanum að Skógum sem áður hét Héraðsskólinn að Skógum. Menntamálaráðuneytið ræðir nú við forráðamenn þessara skóla um framtíðarskipan mála.

Rekstrargjöld á viðfangsefnalið *1.09 Önnur verkefni* hjá viðkomandi skólum eru samtals 239 m.kr. Af þeirri fjárhæð er rekstur heimavista 44 m.kr. og 11 m.kr. vegna reksturs sérdeilda hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Iðnskólanum í Reykjavík og Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þessi kostnaður var áður greiddur af viðfangsefni sérkennslu á almennum lið framhaldsskóla. Útgjöld kvöldskóla og öldungadeilda eru áætluð um 150 m.kr. og lækka að raungildi um 31 m.kr. frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir að nemendum kvöldskóla og öldungadeilda fækki aðeins á milli ára en þeir eru taldir vera um 2.000. Áreiðanlegar upplýsingar um nemendafjölda og nám liggja ekki fyrir, en talið er að um tveir þriðju hlutar skráðra nemenda í hverjum áfanga taki próf. Framlag til fræðslunnar tekur mið af þessu. Áætlað er að skólarnir innheimti um 66 m.kr. vegna þessarar þjónustu, þar sem nemendur greiða samkvæmt lögum sem næst þriðjung kennslulauna auk gjalds vegna kostnaðar við innritun. Af heildartekjum eru um 11 m.kr. vegna innritunargjalds sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður en skólarnir hafa flestir innheimt. Framlag úr ríkissjóði vegna kennslunnar er áætlað 87 m.kr. Önnur verkefni, sem áætlað er fyrir undir þessum viðfangsefnalið, eru meðal annars rekstur vél- og skipstjórnarherma, kennsla í stofnunum og sérstök námstilboð.

316 Fasteignir framhaldsskóla. Á þessum nýja fjárlagalið er áætlað fyrir kostnaði við viðhald framhaldsskóla, samtals 210 m.kr., sem er 36 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1997. Áætlað er að tekjur skólanna af útleigu húsnæðis, aðallega til hótelrekstrar, verði um 30 m.kr. og verður þeim varið til viðhalds á útleigðu húsnæði. Þá er áformað að innheimta samtals 170 m.kr. hjá skólum vegna húsaleigu. Mismunurinn, 10 m.kr., koma úr ríkissjóði og eru ætlaðar til viðhalds húsnæðis sem reiknilíkan framhaldsskóla tekur ekki til.

Húsnæði framhaldsskóla í eigu ríkisins er talið vera um 191 þúsund fermetrar að stærð. Þar af er kennsluhúsnæði þeirra skóla sem fá framlag á grundvelli reiknilíkans um 141,7 þúsund fermetrar. Rekstrarframlag þessara skóla er hækkað vegna húsaleigu og ræðst fjárhæðin að hálfu af húsnæðisstærð skóla og að hálfu af námsframboði og nemendafjölda. Skólarnir greiða hins vegar allir sama fermetraverð, um 100 krónur á mánuði. Gert er ráð fyrir að fjárhæðin hækki smám saman á næstu árum þar til hún stendur undir viðhaldskostnaði skólanna. Leigutekjum verður varið til að kosta viðhaldsframkvæmdir. Fylgt verður þeirri reglu að hver skóli njóti jafnan viðhaldsfjár sem nemur að lágmarki helmingi af leigugreiðslum hans á árinu, en hinn helmingur leigufjárins renni til sérstakra verkefna í þeim skólahúsum sem eru í verstu ástandi á hverjum tíma. Þessi breyting er liður í því að gefa rétta mynd af kostnaði skólanna, auk þess sem talið er líklegt að hún stuðli að bættri nýtingu húsnæðis. Þetta er áþekkt því fyrirkomulagi sem Fasteignir ríkissjóðs nota, enda hefur það almennt gefist vel.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á þessum fjárlagalið eru áætluð 477 m.kr. og lækka um 205 m.kr. frá fjárlögum 1997. Skýringin er annars vegar sú að kostnaður vegna viðhalds er færður á nýjan fjárlagalið 316 Fasteignir framhaldsskóla og hins vegar að nokkrum stofnkostnaðarverkefnum lýkur á árinu 1997. Kostnaður við byggingarframkvæmdir, sem fjármagnaðar eru með framlagi úr ríkissjóði, er áætlaður 454 m.kr. sem er lækkun um 54 m.kr. frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir að ráðstafa framlaginu þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 1998
Borgarholtsskóli	100,0
Menntaskólinn í Kópavogi. Húsnæði 57 m.kr., búnaður 32 m.kr.	89,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	55,0
Endurbygging á húsnæði skóla á Laugarvatni	50,0
Framhaldsskólar við Eyjafjörð	50,0
Menntaskólinn í Reykjavík	22,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki	20,0
Verkmenntaskóli Austurlands á Neskaupstað	18,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi	15,0
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	15,0
Menntaskólinn við Hamrahlíð	15,0
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5,0
Samtals	**454,0**

*319 **Framhaldsskólar, almennt.*** Heildargjöld á þessum fjárlagalið hækka að raungildi um 14 m.kr., vegna verkefna sem áður var áætlað fyrir undir fjárlagaliðnum Fullorðinsfræðsla.

Á nýjum viðfangsefnalið *1.27 Íslenskukennsla* er áætlað fyrir 10 m.kr. framlagi vegna sérstakrar íslenskukennslu fyrir þá sem hafa dvalist langdvölum erlendis og fyrir nýbúa. Að auki er í framlagi til Iðnskólans í Reykjavík gert ráð fyrir 2 m.kr. vegna íslenskukennslu fyrir nýbúa. Á nýju viðfangsefni *1.28 Mat á skólastarfi* er áætlað fyrir 15 m.kr. kostnaði við að efla mat á starfi framhaldsskóla, m.a. með kerfisbundnu sjálfsmati þeirra, í samræmi við framhaldsskólalög. Nýr viðfangsefnaliður *1.26 Þróunarsjóður* fær 20 m.kr. framlag. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til þróunarverkefna vegna náms á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu samkvæmt reglugerð nr. 274/1997.

Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru að sameiginleg þjónusta hækkar um 4 m.kr. vegna kostnaðar við svæðisbundið samstarf skóla og rekstur útibúa. Orlof kennara hækkar um 1,5 m.kr. vegna fjölgunar kennara sem taka námsorlof. Forfallakennsla hækkar um 10 m.kr. með hliðsjón af kostnaðartölum. Sérkennsla lækkar um 9 m.kr. og er fjárhæðinni skipt á milli nokkurra skóla. Nýjungar í skólastarfi og ýmis fræðsluverkefni hækka um 4,7 m.kr. vegna kostnaðar sem greiddur var af framlagi til kaupa á tölvubúnaði á fjárlagalið 318. Framhaldsdeildir lækka um 4 m.kr. þar sem ekki er gert ráð fyrir rekstri framhaldsdeildar á Ólafsfirði vorið 1998. Áætlað er fyrir kennslu aðstoðarfólks tannlækna hjá Fjölbrautaskólanum Ármúla og óskiptur liður lækkar um 24,4 m.kr. vegna endurskoðunar á framlagi til skóla. Framlag á óskiptum lið vegna óvænts kostnaðar og fjölgunar nemenda er 53,7 m.kr.

Grunnskólar og leikskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 720 Grunnskólar, almennt; 725 Námsgagnastofnun og 750 Skólar fyrir fatlaða. Niður fellur fjárlagaliður 977 Uppgjör við sveitarfélög.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 403 m.kr. sem er raunlækkun um 1.228 m.kr. frá fjárlögum 1997. Skýringin er sú að sérstakar greiðslur vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga falla niður. Á fjárlagalið *07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga* er áætlað fyrir framlagi ríkisins til einsetningar grunnskólans í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga. Á fjárlagalið 750 Skólar fyrir fatlaða er áætlað fyrir 75 m.kr. framlagi til að endurgreiða sveitarfélögum viðbótarútgjöld vegna fatlaðra barna í leikskólum skv. 48. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Stefnt er að því að verkefnið færist til sveitarfélaganna í skiptum fyrir önnur verkefni.

*725 **Námsgagnastofnun.*** Heildargjöld stofnunarinnar hækka að raungildi um 50 m.kr. frá fjárlögum 1997 og eru þjónustutekjur hækkaðar um sömu fjárhæð. Skýringin er sú að heildartekjur og gjöld af vörusölu hafa ekki verið sýnd í fjárlögum heldur aðeins mismunatalan. Tímabundið framlag úr ríkissjóði til viðhalds húsnæðis, að fjárhæð 5 m.kr.,

fellur niður en á móti hækkar rekstrarframlag ríkisins um sömu fjárhæð vegna aukinnar útgáfu námsefnis í raungreinum.

Námsaðstoð

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er áætlað 1.770 m.kr. og hækkar um 170 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs. Þar af eru 103 m.kr. vegna lagabreytinga og áætlaðrar fjölgunar lánþega. Fjallað er um Lánasjóðinn í athugasemdum við C-hluta.

Söfn, listastofnanir og fleira

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 902-909 Ýmis söfn; 919 Söfn, ýmis framlög; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið, afnotagjöld; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið og 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 975 Menningarsjóður útvarpsstöðva; 976 Menningarsjóður; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög. Síðast töldu sex liðirnir voru áður taldir til málefnaflokksins Annað.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 3.787 m.kr. og skiptast þannig að 1.063 m.kr. eru vegna almenns rekstrar, 2.700 m.kr. vegna rekstrartilfærslna og 463 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Áætlað er að þjónustutekjur nemi 98 m.kr. Umframgjöld, sem fjármögnuð eru með greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu ríkissjóðstekna, eru áætluð 3.689 m.kr. og skiptast á fjárlagaliði samkvæmt töflunni hér á eftir.

Fjárhæðir í töflunni hafa verið gerðar samanburðarhæfar vegna tilflutnings verkefna á milli liða.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðminjasafn Íslands	99,9	100,3	104,2	4	4
Þjóðskjalasafn Íslands	55,5	60,0	68,8	15	24
Landsbókasafn Ísl.- Háskólabókasafn	241,1	246,0	276,6	12	15
Listasafn Einars Jónssonar	7,3	5,9	6,4	8	-12
Listasafn Íslands	67,0	54,7	63,5	16	-5
Blindrabókasafn Íslands	32,5	34,9	36,6	5	13
Söfn, ýmis framlög	12,5	14,3	18,3	28	46
Menningarstofnanir, viðh. og sto.	179,5	335,0	365,0	9	103
Ríkisútvarpið, afnotagjöld	1.529,4	1.559,0	1.530,0	-2	-
Íslenski dansflokkurinn	41,5	44,0	46,9	7	13
Þjóðleikhúsið	295,1	318,0	342,0	8	16
Sinfóníuhljómsveit Íslands	126,7	123,0	133,0	8	5
Menningarsjóður útvarpsstöðva	-	-	110,0	-	-
Menningarsjóður	18,5	13,0	13,0	-	-30
Listasjóðir	111,9	143,9	159,7	11	43
Húsafriðunarsjóður	0,5	15,5	15,5	-	-
Listskreytingasjóður	7,9	8,0	8,0	-	1
Kvikmyndasjóður	139,0	127,0	128,1	1	-8
Listir, framlög	212,0	217,0	263,7	22	24
Samtals	**3.177,8**	**3.419,5**	**3.689,3**	**8**	**16**

Áætlað er að framlög ríkisins vegna rekstrargjalda og rekstrartilfærslna hækki að raungildi um 30 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs og vegna stofnkostnaðar um 4 m.kr. Að auki hækka rekstrartilfærslur um 110 m.kr. vegna Menningarsjóðs sem fær hlutdeild í ríkistekjum og ekki var áætlað fyrir í fjárlögum 1997, og stofnkostnaður um 30 m.kr. vegna áætlaðrar hækkunar á tekjum af sérstökum eignarskatti sem renna til Endurbótasjóðs menningarbygginga.

Menntamálaráðuneytið áformar að gera samninga við sem flestar menningarstofnanir sem ríkið ber rekstrarlega ábyrgð á eða styður með framlögum. Árið 1996 var gerður samningur við Akureyrarbæ um stuðning við menningarstarfsemi sem gildir frá ársbyrjun 1997 til ársloka 1999. Í ársbyrjun 1997 var gerður samningur við Íslensku Óperuna um að ríkið leggi henni árlega til 49 m.kr. auk sömu fjárhæðar og Styrktarfélag Íslensku Óperunnar safnar frá styrktarfélögum og lætur Íslensku Óperunni í té þó að hámarki 6 m.kr. á ári. Samningurinn gildir út árið 2002. Þá hefur sú stefna verið mótuð að Íslenski dansflokkurinn hætti að vera ríkisstofnun og honum skapaðar nýjar forsendur á sjálfstæðum grunni með samningi við ríkissjóð líkt og Íslenska Óperan hefur gert.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn Íslands. Rekstrargjöld safnsins eru áætluð 7 m.kr. hærri að raungildi en í fjárlögum 1997. Áætlað er fyrir 10 m.kr. kostnaði við verkefni sem ekki hefur verið áætlað fyrir í fjárlögum og eru kostuð af þjónustutekjum. Á móti lækka útgjöld um 3 m.kr. þar sem áætlað er að tölvuvæðingu safnsins sem hófst á árinu 1996 verði lokið.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 68,8 m.kr. sem er 5 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum og er fjármögnuð með framlagi ríkisins. Hækkunin skiptist þannig að 3 m.kr. eru vegna vanáætlaðs rekstrarkostnaðar húsnæðis og 2 m.kr. eru ætlaðar til tölvumála, m.a. til að koma á tengingu við héraðsskjalasöfn.

905 Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Heildargjöld eru áætluð 276,6 m.kr. sem er 44,6 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum. Rekstrargjöld, sem fjármögnuð eru með framlagi úr ríkissjóði, hækka að raungildi um 6,1 m.kr. sem skýrist af eftirfarandi: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 2 m.kr. vegna viðgerða á safnkosti. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lenging á afgreiðslutíma safnsins kosti um 2 m.kr. Að lokum er áætlað að rekstur Kvennasögusafns verði eitt af verkefnum safnsins og er framlag af þeim sökum hækkað um 2,1 m.kr. Í fjárlögum 1997 er áætlað fyrir 1 m.kr. framlagi til Kvennasögusafns á fjárlagalið 02-919 sem fellur niður. Stofnkostnaður hækkar um 31,5 m.kr. vegna bókakaupa safnsins, samkvæmt samningi við Háskóla Íslands, sem eru kostuð af tekjum frá Háskólanum. Þá hækkar stofnkostnaður um 7 m.kr. vegna framlags úr ríkissjóði til tímabundins verkefnis sem felst í því að gera íslenskar fornbókmenntir aðgengilegar á Netinu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Cornell háskóla í Bandaríkjunum með aðild Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi. Áætlað er að veita samtals 21 m.kr. til verksins á þremur árum og greiðist fyrsti hluti á árinu 1997.

907 Listasafn Íslands. Rekstrargjöld hækka að raungildi um 1,1 m.kr. vegna nýs stjórnskipulags og þjónustutekjur lækka um 4,9 m.kr. þar sem dregið er úr kröfu um sértekjuöflun. Ríkisframlag hækkar um 6 m.kr. af þessum sökum.

919 Söfn, ýmis framlög. Rekstrartilfærslur eru 18,3 m.kr. og hækka um 3 m.kr. frá fjárlögum. Framlag til Kvennasögusafns er fært á Landsbókasafn Íslands- Háskólabókasafn. Viðfangsefnaliðurinn *1.90 Söfn* hækkar um 4 m.kr. vegna tölvuvæðingar almenningsbókasafna. Gert er ráð fyrir að jafnhátt framlag verði veitt til þessa verkefnis í fjárlögum 1999-2001.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Fjárframlag til viðhalds- og stofnkostnaðar menningarstofnana verður 365 m.kr. sem er 30 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Innheimtar tekjur af sérstökum eignarskatti eru áætlaðar 515 m.kr. og er gert ráð fyrir að þar af renni 315 m.kr. í Endurbótasjóð menningarbygginga, en mismunurinn renni í ríkissjóð. Að auki er áætlað fyrir 50 m.kr. framlagi vegna framkvæmda Ríkisútvarpsins við langbylgjumastur að Gufuskálum og er hér um að ræða aðra greiðslu af fjórum. Gert er ráð fyrir að framlagi Endurbótasjóðs verði skipt þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 1998
Þjóðminjasafn Íslands	85,0
Þjóðleikhúsið	60,0
Verndun gamalla húsa	50,0
Þjóðskjalasafn	40,0
Safnahúsið við Hverfisgötu	23,0
Þjóðarbókhlaða	15,0
Listasafn Íslands	15,0
Byggðasöfn	15,0
Stýrimannaskólinn við Öldugötu, lokagreiðsla	7,0
Langabúð á Djúpavogi, lokagreiðsla	3,5
Listasafn Einars Jónssonar	1,5
Samtals	**315,0**

971 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Á þessum nýja fjárlagalið eru sýndar greiðslur ríkisins til Ríkisútvarpsins vegna afnotagjalda sem innheimt eru samkvæmt útvarpslögum nr. 68/1985. Tekjurnar eru áætlaðar 1.530 m.kr. í samræmi við reikningstölur 1996 sem er um 30 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1997. Fjallað er um áætlun Ríkisútvarpsins í athugasemdum við B-hluta.

975 Menningarsjóður útvarpsstöðva. Á þessum nýja fjárlagalið er áætlað fyrir framlagi til Menningarsjóðs útvarpsstöðva, sem er 10% álag á allar auglýsingar í útvarpi samkvæmt lögum nr. 68/1985. Tekjur þessar hafa ekki verið sýndar áður í fjárlögum, en eru áætlaðar um 110 m.kr. á árinu 1998. Hlutverk Menningarsjóðsins er að veita framlög til efl-

ingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu. Auk þess greiðir hann hlut Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem er áætlaður um 56 m.kr.

976 Menningarsjóður. Heildarútgjöld sjóðsins eru áætluð óbreytt frá fjárlögum. Sjóðurinn fær tekjur af álagi á aðgöngumiða að dansleikjum og kvikmyndasýningum skv. 8. gr. laga um skemmtanaskatt nr. 58/1970, og eru þær áætlaðar 10 m.kr. Að auki fær hann 3 m.kr. framlag úr ríkissjóði. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita á íslensku skv. lögum nr. 79/1993.

981 Kvikmyndasjóður. Rekstrargjöld eru áætluð 128,1 m.kr. semer óbreytt raungildi. Tímabundið framlag til að greiða 10 m.kr. skuld við ríkissjóð fellur niður. Á móti hækkar framlag til Kvikmyndasjóðs um 7,5 m.kr. vegna aukinnar þátttöku í alþjóðlegu samstarfi sem hefur fært íslenskri kvikmyndagerð verulegar fjárhæðir í formi styrkja. Einnig hækkar framlag til Kvikmyndasafns Íslands um 2,5 m.kr. vegna aukinnar starfsemi og sýningarhalds í nýju húsnæði.

982 Listir, framlög. Heildarútgjöld eru 263,7 m.kr. og hækka um 40 m.kr að raungildi. Tveir nýir viðfangsefnaliðir bætast við. Annar er Höfundaréttarsjóður þar sem áætlað er fyrir 26 m.kr. greiðslu höfundaréttargjalds til Innheimtumiðstöðvar höfundaréttargjalda sem ríkissjóður annast innheimtu á. Hinn er Myndlistarsjóður Íslands þar sem áætlað er fyrir fylgiréttargjaldi að fjárhæð 4 m.kr. sem sjóðurinn innheimtir og skilar til eigenda höfundaréttar. Bæði gjöldin eru innheimt á grundvelli höfundalaga nr. 73/1972.

Framlag til Leikfélags Reykjavíkur vegna 150 ára afmælis fellur niður. Framlag til Rithöfundasjóðs Íslands hækkar um 5 m.kr. vegna áforma um að auka greiðslur til höfunda og þýðenda vegna afnota af verkum þeirra á bókasöfnum. Starfsemi áhugaleikhúsa hækkar um 1,2 m.kr. Listahátíð í Reykjavík fær 15 m.kr. framlag sem er hækkun um 9,5 m.kr. enda er fyrirhugað að halda hátíðina næst á árinu 1998. Framlag á viðfangsefnaliðnum *1.90 Listir* hækkar samtals um 4,5 m.kr. sem skiptist þannig: 0,5 m.kr. eru til að undirbúa stofnun hönnunarsafns; 2,0 m.kr. eru til eflingar Íslensku tónverkamiðstöðinni sem fær 5,6 m.kr. í fjárlögum líðandi árs og 2,0 m.kr. eru ætlaðar til að auka kynningu á íslenskri menningu erlendis.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 802 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt. Eftirtaldir liðir töldust áður til þessa málefnaflokks en eru færðir í frumvarpinu undir málefnaflokkinn Söfn, listastofnanir og fleira: 975 Menningarsjóður útvarpsstöðva; 976 Menningarsjóður; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög. Fjárlagaliðurinn 985 Alþjóðleg samskipti er færður undir málefnaflokkinn Háskólar og rannsóknir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	18,0	17,5	15,2	-13	-16
Kvikmyndaskoðun	6,5	6,6	7,0	6	8
Ýmis fræðistörf	22,2	16,5	14,0	-15	-37
Norræn samvinna	8,3	8,0	8,0	0	-4
Æskulýðsmál	30,5	34,0	33,0	-3	8
Ýmis íþróttamál	88,7	124,8	126,1	1	42
Ýmislegt	39,0	29,0	27,5	-5	-29
Samtals	**213,2**	**236,4**	**230,8**	**-2**	**8**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 233 m.kr. og skiptast þannig að 219 m.kr. eru vegna rekstrar og rekstrartilfærslna og 14 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Umframgjöld sem fjármögnuð eru með greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu ríkissjóðstekna eru áætluð 231 m.kr. og skiptast þannig á fjárlagaliði:

Tölur í töflunni hafa verið gerðar sambærilegar vegna tilflutnings verkefna á milli fjárlagaliða og breyttrar fjármögnunar. Rekstrarútgjöld lækka um 10 m.kr. að raungildi og viðhalds- og stofnkostnaður hækkar um 6 m.kr. frá fjárlögum.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum eru eftirfarandi:

*430 **Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.*** Framlag lækkar um 3,4 m.kr. að raungildi og verður 15,2 m.kr. Framlag til túlkaþjónustu hækkar um 1,1 m.kr. að raungildi en framlag til náms táknmálstúlka lækkar um 4,5 m.kr. þar sem dregur úr náminu.

*983 **Ýmis fræðistörf.*** Rekstrartilfærslur á þessum fjárlagalið verða 14 m.kr. sem er lækkun um 2,5 m.kr. frá fjárlögum 1997. Lokið er greiðslu styrks til Bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar vegna útgáfu Íslendingasagna og Íslendingaþátta á ensku.

*988 **Æskulýðsmál.*** Framlag er 33 m.kr. sem er lækkun um 1 m.kr. frá fjárlögum þar sem tímabundið framlag til endurbóta á húsnæði Ungmennasambands Íslands að fjárhæð 1 m.kr. fellur niður.

*989 **Ýmis íþróttamál.*** Framlag er 126,1 m.kr. sem er 1,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Bætt er við tveimur nýjum viðfangsefnaliðum vegna framlags til Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri samkvæmt samningi sem menntamálaráðuneytið og Akureyrarbær gerðu árið 1997 og gildir til ársloka 2002. Framlag á viðfangsefnalið *1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* er 2 m.kr. vegna helmings stjórnunarkostnaðar og framlag á viðfangsefnalið 6.53 með sama heiti er 10 m.kr. Er þar gert ráð fyrir að ríkissjóður veiti árlega á næstu fimm árum sömu fjárhæð til uppbyggingar en mótframlag Akureyrarbæjar verði alls 100 m.kr.

Framlag til Borgarbyggðar vegna Skallagrímsvallar í tilefni af landsmóti UMFÍ árið 1997 fellur niður. Einnig fellur niður framlag til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum

sem veitt var vegna uppgjörs á skuld við Framkvæmdasjóð. Tímabundið framlag til Ólympíunefndar Íslands vegna Ólympíuleikanna í Atlanta fellur niður.

Framlag til Skáksambands Íslands hækkar um 1 m.kr. og verður 4 m.kr. Einnig hækkar framlag til Bridgesambands Íslands um 0,8 m.kr. meðal annars vegna unglingastarfs og alþjóðlegs bridgemóts.

999 Ýmislegt. Framlag verður 27,5 m.kr. og lækkar um 9 m.kr. Á nýjum viðfangsefnalið *1.13 Útvarpsréttarnefnd* er áætlað fyrir 2,5 m.kr. kostnaði við rekstur nefndarinnar sem veitir leyfi til útvarpsréttar og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt samkvæmt útvarpslögum nr. 68/1985. Kostnaður við rekstur nefndarinnar hefur verið greiddur af óskiptri fjárveitingu á fjárlagaliðnum. Áætlað er fyrir framlagi til Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna á fjárlagalið *985 Alþjóðleg samskipti*, en það var 7,5 m.kr. í fjárlögum 1997.

03 Utanríkisráðuneyti

Heildargjöld utanríkisráðuneytis skiptist á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld ráðuneytisins árið 1998 nema 2.847 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 70 m.kr. en þær nema um 2,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.776 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.317 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 459 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum. Á greiðslugrunni hækka útgjöld að raungildi um 227 m.kr. frá gildandi fjárlögum að undanskildum breytingum vegna fjárreiðulaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 1998 Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	1.767,9	70,3	1.697,6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	826,6	-	826,6
Stofnkostnaður og viðhald	252,0	-	252,0
Samtals	**2.846,5**	**70,3**	**2.776,2**

Helstu breytingar á rekstrargjöldum ráðuneytisins til viðbótar við launa- og verðlagshækkanir eru 33 m.kr. hækkun á gjöldum yfirstjórnar ráðuneytisins, 24 m.kr. framlag til nýs sendiráðs í Helsinki og 15 m.kr. til fastanefndar hjá Evrópuráðinu.

Rekstrartilfærslur nema 841,6 m.kr. Helstu breytingar frá gildandi fjárlögum eru 18 m.kr. aukning á rekstrarframlagi til sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna og 13 m.kr. aukið framlag til Þróunarsjóðs EFTA.

Viðhald og stofnkostnaður er áætlaður 237 m.kr. og er mesta hækkunin 102 m.kr. á framlagi til byggingar sendiráðs í Berlín.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins leiðir til þess að heildargjöld ráðuneytisins á rekstrargrunni eru talin verða um 455 m.kr. hærri en í fjárlögum 1997. Á móti hækka þjónustutekjur um 4 m.kr. og ríkistekjur um 459 m.kr. þannig að framlag úr ríkissjóði verður hið sama og áður. Þar veldur mestu um að nú færist liðurinn *211 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli* úr B-hluta í A-hluta, en heildargjöld á þeim lið eru 317 m.kr. Þá bætist við nýtt framlag til Útflutningsráðs, 117 m.kr., en á móti koma jafnháar ríkistekjur af markaðgjaldi iðnaðarins. Þessu til viðbótar bætast 21 m.kr. við gjöld og þjónustutekjur lækka um 41 m.kr., samtals 62 m.kr. Með því er verið að taka inn ýmis gjöld og tekjur í fjárlög sem til þessa hafa staðið utan þeirra.

Ráðuneyti

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildargjöld til þessa málefnaflokks nema 477 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Gjöld á viðfangsefninu *1.01 Yfirstjórn* hækka um 31 m.kr. og skýrist hækkunin sem hér segir: Aukin verkefni yfirstjórnar vegna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, norræns samstarfs og EES, 4 m.kr., rekstur viðskiptaþjónustu á ársgrundvelli, 9 m.kr., kostnaður vegna fundar Atlantic Policy Advisory Group (APAG) á vegum Atlantshafsbandalagsins sem haldinn verður hér á landi á næsta ári, 5,4 m.kr., ýmis aukinn kostnaður vegna nýrra verkefna ráðuneytisins, 4 m.kr., ráðning nýs fulltrúa á þjóðréttarskrifstofu, 4 m.kr., viðbótarfjárveiting til reksturs húsnæðis ráðuneytisins, 8 m.kr., en við flutning ráðuneytis í ný húsakynni við Rauðarárstíg jókst rekstrarskostnaður húsnæðis og er talið að hann hafi ekki verið að fullu bættur í fjárlögum fyrr en nú. Þá er veitt tímabundið framlag vegna kostnaðar við formennsku Íslands á Evrópska efna-

hagssvæðinu á fyrri hluta árs 1998, 8 m.kr., og framlag vegna aukins kostnaðar á aðalskrifstofu við fjölgun sendiráða, 8 m.kr. Auk þess eru 19 m.kr. færðar af þessu viðfangsefni yfir á fjárlagalið *320 1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda.* Framlag til Útflutningsráðs sem nam 2 m.kr. í fjárlögum 1997 fellur niður 1998, enda mun ráðið fá óskertar tekjur af markaðsgjaldi iðnaðarins á næsta ári, 117 m.kr. Framlagið er flutt á yfirstjórn ráðuneytisins til að sinna aukinni viðskiptaþjónustu. Gjöld á viðfangsefninu *1.53 Þýðingarmiðstöð* lækka um 5 m.kr. þar sem tímabundið framlag í fjárlögum 1997 vegna þýðingar á heilbrigðisreglum EES fellur niður. Þá er viðfangsefnið *1.55 Viðskiptaþjónusta* fellt niður og 25 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 1997 flutt á einstök sendiráð. Þar af eru 4,3 m.kr. fluttar á *301 Sendiráð Íslands í Bonn*, 1,4 m.kr. á *304 Sendiráð Íslands í Moskvu*, 1,3 m.kr. á *314 Sendiráð Íslands í Peking*, 9 m.kr. á *306 Sendiráð Íslands í París* og 9 m.kr. á *309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.*

190 Ýmis verkefni. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að Ísland leggi fram 250 þúsund Bandaríkjadali til samtakanna American Scandinavian Foundation í Bandaríkjunum til kaupa á húsnæði fyrir starfsemi þess, en í því húsnæði er fyrirhugað að hýsa menningarmiðstöð Norðurlanda, „Scandinavian House". Framlagið dreifist á þrjú ár, samtals 16,7 m.kr., og er lagt til að 5,6 m.kr. verði greiddar á næsta ári.

Keflavíkurflugvöllur

Þessi málefnaflokkur er nýr og nær hann til allra fjárlagaliða sem varða Keflavíkurflugvöll og heyra undir utanríkisráðuneytið, en það eru 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, 211 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli sem áður var í B-hluta og 221 Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Gjöld embættisins nema alls 278 m.kr. Framlag á viðfangsefninu *1.01 Yfirstjórn* hækkar um 5 m.kr. vegna rekstrarhalla embættisins. Því til viðbótar hefur sérstakt tollafgreiðslugjald verið leitt í lög en tekjur af því eru áætlaðar 10 m.kr. og falla embættinu í skaut. Því er vel séð fyrir því að embættið á að geta verið rekið innan marka fjárlaga. Framlag til bifreiðakaupa, 3 m.kr., fellur brott, enda tímabundið.

211 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Stofnunin hefur færst úr B-hluta í A-hluta fjárlaga vegna fjárreiðulaga. Ástæða þessa er að helsti tekjustofn Flugmálastjórnar, lendingargjöld, er ákveðinn með reglugerð og er því litið á þær tekjur sem ríkistekjur. Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 316,8 m.kr. en þau munu greiðast með 37,1 m.kr. þjónustutekjum og 279,7 m.kr. hlutdeild í ríkistekjum. Rekstrargjöld eru áætluð 282,3 m.kr. og til viðhalds og stofnkostnaðar er áformað að verja 34,5 m.kr., en þar af eru 24 m.kr. til kaupa á blindflugstækjum. Tekjur af lendingargjöldum eru áætlaðar 363 m.kr.

og eru byggðar á spá um 15,5% aukningu umferðar um flugvöllinn frá 1996. Af þeim renna 83,3 m.kr. til ríkissjóðs en 279,7 m.kr. til stofnunarinnar sem áður getur.

Unnið er að því á vegum utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis að endurskipuleggja fjármál Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar. Er sú vinna m.a. byggð á áfangaskýrslu nefndar er utanríkisráðherra skipaði í febrúar sl. Ríkisstjórnin fjallaði um skipulags- og fjárhagsmálefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sl. vor á grundvelli áfangaskýrslunnar. Þar var mörkuð stefna um rekstur Flugstöðvarinnar og Fríhafnarinnar í framtíðinni og er gerð nánari grein fyrir henni í umfjöllun um báðar stofnanirnar í B-hluta frumvarpsins. Áætlun fyrir Flugmálastjórn mun koma til endurskoðunar fyrir lokaafgreiðslu fjárlagafrumvarps.

Lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi farþega sem fara um völlinn hafa verið sem hér segir á árunum 1985-1995:

Fjöldi í þúsundum	Lendingar	Farþegar héðan	Farþegar hingað	Farþegar í millilendingu	Farþegar samtals
1985	4,0	182	183	201	567
1986	4,3	213	212	179	604
1987	5,3	263	259	226	749
1988	5,7	266	266	274	806
1989	5,9	263	260	179	701
1990	6,3	272	272	192	735
1991	6,4	278	279	184	741
1992	6,4	279	277	201	756
1993	6,4	284	284	193	761
1994	6,6	313	310	220	843
1995	7,3	345	343	242	930
1996	7,8	375	373	277	1.025

Þessar tölur sýna að farþegaumferð um völlinn hefur stóraukist á sl. þremur árum eftir fremur hægan vöxt næstu ár þar á undan.

*221 **Flugstöð Leifs Eiríkssonar.*** Stofnun þessi er í B-hluta og nemur framlag til hennar úr A-hluta 15 m.kr. auk 60 m.kr. framlags af flugmálaáætlun undir fjárlagalið *10 472 Flugvellir, framkvæmdir.* Nánari grein er gerð fyrir áformum um breytingar í rekstri Flugstöðvarinnar í greinargerð með B-hluta.

Sendiráð og fastanefndir

Öll sendiráð Íslands og fastanefndir á erlendri grund heyra undir þennan málefnaflokk. Heildargjöld nema 945 m.kr. og hækka um 220 m.kr. milli ára. Hækkunin skýrist aðallega af því að framlag til byggingar sendiráðs í Berlín eykst um 102 m.kr. og verður 150 m.kr. Veitt er 24 m.kr. til reksturs nýs sendiráðs í Helsinki og 15 m.kr. til reksturs nýrrar fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg auk þess sem 10 m.kr. eru færðar af sendiráðinu í París á fastanefndina og 4 m.kr. frá öðrum sendiráðum. Samtals er fjárveiting til fastanefndarinnar í Strassborg því 29 m.kr. Þá eru 19 m.kr. færðar af yfirstjórn ráðuneytisins á liðinn *320 1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda.* Það eru

ýmis rekstrargjöld tengd sendiráðum sem ekki er skipt niður á einstök sendiráð en til þessa hafa verið greidd af yfirstjórn. Á þann sama lið kemur ný fjárveiting, 9 m.kr., til að greiða aukinn skóla- og sjúkrakostnað sendiráðsstarfsmanna og fjölskyldna þeirra erlendis. Loks er 10 m.kr. fjárveiting til kaupa á tækjum og búnaði fyrir sendiráðið í Helsinki og 6 m.kr. í sama skyni fyrir fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu.

Þróunarmál, alþjóðastofnanir

Þessi málaflokkur nær til fjárlagaliðanna 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir. Fjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 319 m.kr. og hækkar um 41 m.kr. milli ára.

390 ***Þróunarsamvinnustofnun Íslands.*** Framlag til stofnunarinnar nemur 172 m.kr. og verður starfsemi hennar með líku sniði og á þessu ári. Haldið er áfram starfsemi í sömu löndum og nú, Namibíu, Malawí, Grænhöfðaeyjum og Mósambík. Í Namibíu er aðstoðað við kennslu sjómanna og við rekstur hafrannsóknaskips. Nokkrar framfarir hafa orðið í efnahagslífi Namibíu á undanförnum árum og stjórnvöld þar sækjast nú fremur eftir viðskiptasamvinnu við hérlenda aðila en auknum opinberum stuðningi. Namibía fær enn mesta aðstoð allra samstarfslanda stofnunarinnar og eru þar á annan tug starfsmanna á hennar vegum. Enn dregur úr stuðningi við Grænhöfðaeyjar og er hann að mestu bundinn við sérfræðiaðstoð í sjávarútvegi, auk þess sem nokkru fé er veitt til stuðnings kvennahreyfinga þar í landi. Í Malawí er rannsóknum á fiskistofnum Malawívatns lagt lið svo og kennslu í fiskilíffræði og fiskeldi.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Framlög á þessum lið nema 147 m.kr. og hækka um 41 m.kr. milli ára. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna fær 6 m.kr. aukið framlag, Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 4,7 m.kr. og aðstoð Íslands við Bosníu-Herzegóvínu 2 m.kr. Þá er framlag til reksturs Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna aukið um 18 m.kr. og verður 21,5 m.kr. þar sem skólinn á að taka til starfa á ári komanda. Til viðbótar er 8,5 m.kr. framlag til kaupa á tækjum og búnaði við skólann. Aðrar breytingar á fjárveitingum eru minni háttar.

401 ***Alþjóðastofnanir.*** Framlag til alþjóðastofnana nemur 378 m.kr. og skiptist í þrennt; til friðargæslu, til EFTA og tengdra verkefna og til annarra alþjóðastofnana.

Framlög til friðargæsluverkefna hafa nú öll verið færð á eitt viðfangsefni, *185 Friðargæsla.* Þau nema 51,7 m.kr. og lækka um 4 m.kr. milli ára. Mestu munar þar um 10 m.kr. lægra framlag til friðargæslu í fyrrum Júgóslavíu og 4 m.kr. lækkun á framlagi til friðargæslu á Haítí, en önnur framlög hækka nokkuð á móti, mest til Angóla, 4,8 m.kr.

Framlög í tengslum við EFTA nema 208,6 m.kr. og eru nær óbreytt milli ára. Framlag til Þróunarsjóðs EFTA hækkar um 13 m.kr. og er þar um uppgjör á framlagi Íslands að ræða, þar eð þetta verður síðasta árið sem Ísland leggur fram fé til sjóðsins. Á móti lækkar framlagið til EFTA-dómstólsins um 9 m.kr. og til Eftirlitsstofnunar EFTA um 6,3 m.kr.

Framlög til alþjóðastofnana nema 117,7 m.kr. og lækka um tæpar 11 m.kr. Mestu munar þar um 9 m.kr. lægra framlag til Atlantshafsbandalagsins og 2,3 m.kr. minni fjárveitingu til Norðurskautsráðsins, Eystrasaltsráðsins og Barentsráðsins. Á móti hækkar framlag til Sameinuðu þjóðanna og tengdra stofnana um 5 m.kr. Veittar eru 0,6 m.kr. til að greiða nýtt framlag Íslands vegna samnings um bann við tilraunum með kjarnavopn.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld landbúnaðarráðuneytisins árið 1998 eru áætluð um 8.632 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 504 m.kr. en þær nema um 5,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru um 8.128 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 7.030 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.098 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	1.530,3	478,6	1.051,7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.630,3	-	6.630,3
Stofnkostnaður og viðhald	471,4	25,3	446,1
Samtals	**8.632,0**	**503,9**	**8.128,1**

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 196 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana hækka framlög til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og embættis Yfirdýralæknis. Þá fellur niður sérstakt 4 m.kr. framlag vegna hagræðingar í rekstri.

Rekstrartilfærslur aukast um 728 m.kr. milli ára. Aukningin skýrist að mestu af nýjum fjárlagaliðum. Hins vegar lækka framlög tengd búvörusamningum og framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Viðhald og stofnkostnaður eykst um 284 m.kr. milli ára. Lánasjóður landbúnaðarins er nýr liður með 147 m.kr. framlag. Tilfærsla milli gjaldategunda vegna frestunar uppkaupa á fullvirðisrétti nemur 89 m.kr. og gjöld Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins aukast um 43 m.kr.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins leiðir til þess að heildargjöld ráðuneytisins verða um 1.098 m.kr. meiri en í fjárlögum 1997 á föstu verðlagi. Breytingin er tvíþætt. Annars vegar bætast við eftirfarandi nýir fjárlagaliðir í A-hluta: 324 Landgræðslusjóður; 813 Framleiðsluráð landbúnaðarins; 818 Búnaðarsjóður; 823 Lánasjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 826 Stofnverndarsjóður búfjár; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 829 Útflutningsgjald á hross og 843 Fiskræktarsjóður. Þá breytast fjárreiður fjárlagaliðarins 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins sem áður voru sýndar bæði í A- og B-hluta en verða nú einungis færðar í A-hluta. Útgjöld þessara liða nema alls 1.053 m.kr. á árinu 1998. Þar vegur þyngst 350 m.kr. framlag til Fóðursjóðs, 187 m.kr. til Búnaðarsjóðs, 147 m.kr. framlag til Lánasjóðs landbúnaðarins og 142 m.kr. til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hins vegar eru útgjöld og tekjur stofnana leiðréttar til samræmis við raunverulegt umfang þeirra sem nemur 124 m.kr.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Rekstrarútgjöld á árinu 1998 eru 152,4 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á starfsemi aðalskrifstofu ráðuneytisins. Undir liðnum 190 Ýmis verkefni er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. lækkun á framlögum til landgræðslu- og skógræktaráætlana og 2 m.kr. eru færðar undir liðinn 841 Fiskeldisrannsóknir vegna samnings við Stofnfisk hf. um laxakynbætur.

Landbúnaðarstofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 222 Veiðimálastjóri; 223 Yfirdýralæknir; 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Bændaskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum; 238 Garðyrkjuskóli ríkisins og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Rekstrarútgjöld málefnaflokksins eru talin nema 953,6 m.kr.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Rekstrargjöld eru áætluð 276,8 m.kr. á næsta ári og hækka um 77,7 m.kr. milli ára. Tilefni raunhækkunar eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi hækka útgjöld og þjónustutekjur jafnhliða um 36,7 m.kr. vegna veltu sem ekki hafði

verið áætlað fyrir áður í fjárlögum og er þar einkum um aðfengna styrki að ræða. Í öðru lagi er um að ræða 10 m.kr. aukið rekstrarframlag í stað 15 m.kr. framlags frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Loks bætast við tvö ný verkefni sem áður voru færð í B-hluta en þau eru tilraunastöðvarnar að Hesti og á Möðruvöllum. Útgjöld stöðvanna nema samtals 18 m.kr. og eru að fullu fjármögnuð af þjónustutekjum. Nefnd skipuð ráðuneytisstjórum hefur fjallað um endurskipulagningu rannsóknastofnana atvinnuveganna, þ.m.t. starfsemi RALA, sem einkum beinist að gjaldtöku fyrir þjónusturannsóknir vegna samkeppnissjónarmiða. Einnig er verið að kanna möguleika á sameiningu rannsóknastofnana í landbúnaði.

221 Veiðimálastofnun og 222 Veiðimálastjóri. Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 65,8 m.kr. á árinu 1998. Þar af eru 38,6 m.kr. fjármagnaðar af framlögum. Með lögum nr. 24/1997, um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, var gerð sú breyting á skipulagi Veiðimálastofnunar að skilið er á milli rannsóknarstarfsemi og stjórnsýsluþáttar stofnunarinnar. Veiðimálastofnun verður þannig rannsókna- og ráðgjafarstofnun í veiðimálum. Embætti Veiðimálastjóra hefur verið aðskilið frá stofnuninni og mun sjá um stjórnsýslu veiðimála og skýrslugerð tengdri þeirri starfsemi og er áætlað að gjöld þess nemi 9,4 m.kr. Er þessi breyting í samræmi við þau sjónarmið að rétt sé að skilja að framkvæmd rannsókna og stjórnsýslu m.a. í þeim tilgangi að forðast hugsanlegan hagsmunaárekstur. Vegna þessara breytinga voru 7,8 m.kr. millifærðar af Veiðimálastofnun yfir á Veiðimálastjóra. Til viðbótar við launa- og verðlagshækkanir er lagt til að framlög til Veiðimálastofnunar aukist um 4 m.kr. og að embætti Veiðimálastjóra fái 1 m.kr. framlag að auki til ýmissa verkefna.

233 Yfirdýralæknir. Áætlað er að heildargjöld embættisins verði 187,3 m.kr. og hækki um 18,5 m.kr. milli ára. Raunaukning útgjalda er 8 m.kr. sem er ætlað að mæta auknum kostnaði við rekstur embættisins. Kostnaður hefur annars vegar aukist vegna vaxandi eftirlitsstarfsemi í samræmi við ákvæði í EES-samningi um heilbrigði sláturafurða. Hins vegar hafa útgjöldin aukist vegna þess að fleiri embætti héraðsdýralækna eru setin en áður. Nefnd hefur unnið að gerð frumvarps til laga um dýralækningar og verður það væntanlega lagt fram á haustþingi. Í nefndinni er öll starfsemi dýralækna til endurskoðunar.

271 Bændaskólinn á Hólum. Heildargjöld skólans eru áformuð 135,5 m.kr. á árinu 1998 og aukast um 13 m.kr milli ára. Lokið er endurbótum á húsnæði skólans sem tengdist þjónustusamningi landbúnaðarráðuneytis og skólans. Lagt er til að veitt verði 12 m.kr. framlag til að ljúka endurbótum á skólahúsnæðinu á næsta ári og 10 m.kr. til þess að hefja uppbyggingu á aðstöðu fyrir bleikjukynbætur sem nú fara fram í leiguhúsnæði hjá Hólalaxi hf. Áætlað er að heildarkostnaður við framkvæmdina geti numið allt að 30 m.kr.

Skógrækt og landgræðsla

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 324 Landgræðslusjóður; 331 Héraðsskógar og 341 Átak í landgræðslu og skógrækt. Útgjöld eru áætluð 715,3 m.kr. og aukast um 131,2 m.kr. milli ára. Skýringar á hækkun umfram launa- og verðlagsbreytingar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er áætlað að útgjöld og þjónustutekjur Landgræðslunnar og Skógræktarinnar hækki um 67 m.kr. vegna veltu sem ekki hafði verið áætlað fyrir í fjárlögum áður og er þar einkum um aðfengna styrki að ræða. Í öðru lagi eykst framlag til Átaks í landgræðslu og skógrækt um 25 m.kr. milli ára. Til átaksins var stofnað með samþykki ríkisstjórnar í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um bindingu koltvíoxíðs í andrúmslofti. Loks bætist við nýr fjárlagaliður á grundvelli fjárreiðulaga, Landgræðslusjóður, en útgjöld hans eru áætluð 23 m.kr. og eru fjármögnuð af þjónustutekjum.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag nemur 5.188 m.kr. samanborið við 5.240 m.kr. í fjárlögum 1997.

*801 **Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.*** Framlagið nemur 2.910 m.kr. á árinu 1998 samanborið við 2.743 m.kr. í fjárlögum ársins 1997 og hækkar um 167 m.kr. Beinar greiðslur til bænda eru áætlaðar 2.798 m.kr. en greiðslumark í mjólkurframleiðslu er 102 milljónir lítra. Grundvallarverð á mjólkurlítra til bænda vegna verðlagsársins 1997/1998 hækkaði síðast þann 1. september 1997 um 0,95% og nema beingreiðslur til bænda nú 27,43 kr. á lítra. Ákvörðun um beingreiðslur byggir á samningi milli ríkisstjórnar og samtaka bænda sem gerður var árið 1992 og gildir til 31. ágúst 1998. Senn hefjast því viðræður um nýjan samning. Framlag til Lífeyrissjóðs bænda vegna mjólkurframleiðslu verður 111 m.kr. á árinu 1998 sem er 5 m.kr. hækkun frá þessu ári. Framlag ríkissjóðs tekur mið af verðmæti greiðslumarks bænda og er 50% hærra en framlag bænda til sjóðsins.

*805 **Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.*** Framlag nemur 2.278 m.kr. á árinu 1998 samanborið við 2.497 m.kr. í fjárlögum ársins 1997 og lækkar um 219 m.kr. Framlagið tekur mið af samningi um framleiðslu sauðfjárafurða milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands sem gerður var haustið 1995. Gildistími hans er til loka ársins 2000. Beinar greiðslur til bænda nema 1.552 m.kr. og hækka um 42 m.kr. frá 1997 í samræmi við verðlagsákvæði samningsins. Framlag vegna niðurgreiðslu á ull verður 220 m.kr. og vaxta- og geymslukostnaður lækkar um 9 m.kr. og verður 236 m.kr.

Uppkaup á fullvirðisrétti eru samkvæmt samningnum áætluð 117 m.kr. á árinu 1998 og lækka framlög til uppkaupa um tæpar 200 m.kr. en þar er um uppkaup á grundvelli búvörusamnings frá árinu 1991 að ræða.

Í upphaflegum samningi var gert ráð fyrir að það fé sem ekki yrði nýtt til uppkaupa á fullvirðisrétti færi ekki til annarra verkefna heldur rynni í ríkissjóð. Í meðförum

Alþingis var sú breyting gerð að heimilt væri að verja þessu fé til markaðsaðgerða í því skyni að tryggja jafnvægi í birgðum kindakjöts. Í fjárlögum 1997 var frestað ráðstöfun á 89 m.kr. framlagi sem ekki nýttist til uppkaupa. Nú er lagt er til að þessum fjármunum verði veitt til jarðræktarframlaga og annarra verkefna undir liðnum 811 Bændasamtök Íslands. Á grundvelli endurskoðunarákvæðis í 6. gr. búvörusamningsins munu landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra leita eftir samkomulagi við Bændasamtök Íslands um að hluti þeirra fjármuna sem ekki hafa nýst til uppkaupa á fullvirðisrétti verði nýttir með þessum hætti.

Í samræmi við samninginn fellur niður 38 m.kr. framlag til afsetningar birgða á árinu 1998. Þá lækkar framlag til hagræðingar og vöruþróunar um 33 m.kr. og verður 52 m.kr. Framlag til sérstaks umhverfisverkefnis hækkar hins vegar um 6 m.kr. og framlag ríkisins til lífeyrissjóðs bænda hækkar um 2 m.kr. milli ára.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 813 Framleiðsluráð landbúnaðarins; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 823 Lánasjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 826 Stofnverndarsjóður búfjár; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 829 Útflutningsgjald á hross; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Heildargjöld 1998 eru áætluð um 1.622 m.kr. og aukast um 1.016 m.kr. milli ára og er hér fyrst og fremst um að ræða aukningu vegna tilfærsluframlaga sjóða landbúnaðarins en tekjur þessara sjóða færast sem tekjur ríkissjóðs en renna til viðkomandi fjárlagaliða í formi hlutdeildar í ríkistekjum.

811 Bændasamtök Íslands. Framlag til Bændasamtakanna verður 279,1 m.kr. á árinu 1998 en það var 180,2 m.kr. árið 1997. Hækkun milli ára skýrist af því, að lagt er til að þeim 89 m.kr. sem verja skal til uppkaupa á fullvirðisrétti eða markaðsaðgerða samkvæmt núgildandi búvörusamningi, verði veitt til jarðræktarframlaga og fleiri verkefna. Þar af renni 39 m.kr. til jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeiningarstarfsemi og hagræðingar á grundvelli samnings sem áformað er að gera við bændasamtökin, verði fyrirhugað frumvarp til búnaðarlaga samþykkt. Afgangurinn, 50 m.kr., er áformað að renni til greiðslu á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992-1997. Forsenda þess að af framangreindum greiðslum geti orðið, er að samningar takist við bændur um greiðslu ákveðins hlutfalls af reiknuðu framlagi samkvæmt reglugerð nr. 417/1991, um jarðrækt. Kveða þarf skýrt á um að það hlutfall sé fullnaðaruppgjör vegna ofangreindra framkvæmda.

813 Framleiðsluráð landbúnaðarins. Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Framleiðsluráð innheimtir samkvæmt lögum gjald á búvörur til verðskerðingar auk útflutningsgjalds kindakjöts. Áætlað er að þessi innheimta nemi samtals um 103,3 m.kr. á næsta

ári. Þá renna 0,275% eða 39 m.kr. af búnaðargjaldi til reksturs ráðsins. Heildarútgjöld liðarins eru því áætluð um 142,4 m.kr. en tekjurnar færast á tekjuhlið ríkissjóðs og svo aftur til gjalda á þessum fjárlagalið í formi hlutdeildar í ríkistekjum

818 ***Búnaðarsjóður.*** Þetta er nýr fjárlagaliður. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, en það nemur 2,65% og er gjaldstofninn velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Tekjur sjóðsins eru 1,225% af búnaðargjaldi sem áætlað er að nemi 187 m.kr. á næsta ári. Tekjunum er skipt á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs í samræmi við viðauka við ofangreind lög. Tekjurnar færast á tekjuhlið ríkissjóðs, en renna aftur til þessa fjárlagaliðar í formi hlutdeildar í ríkistekjum

821 ***Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Í búvörusamningi er kveðið á um framlög til Framleiðnisjóðs til ársins 1997. Hér er lagt til að sjóðurinn fái 175 m.kr. framlag á næsta ári. Framleiðnisjóður hefur gegnt hlutverki við aðlögun landbúnaðarins að breyttum aðstæðum m.a. á sviði leiðbeiningarþjónustu við atvinnugreinina og hagræðingar. Verði af samningum á grundvelli fyrirhugaðra búnaðarlaga, koma framlög til sjóðsins m.a. til skoðunar. Nánar er fjallað um hlutverk og fjárreiður sjóðsins í C- hluta frumvarpsins.

823 ***Lánasjóður landbúnaðarins.*** Með lögum nr. 68/1997 var Lánasjóður landbúnaðarins settur á fót og mun hann taka yfir hlutverk og skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Umfangsmiklar breytingar voru gerðar á sjóðagjöldum í landbúnaði með samþykki laga nr. 84/1997 um búnaðargjald. Tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins eru 1,15% af búnaðargjaldi og er áætlað að það gefi 147 m.kr. á næsta ári. Við þessar breytingar lækka tekjur sjóðsins umtalsvert og til þess að bæta það upp verða lægstu vextir nýrra útlána hækkaðir úr 2% í 3% auk þess sem útlán verða færð á milli vaxtaflokka. Nánar er fjallað um Lánasjóð landbúnaðarins í C-hluta frumvarpsins. Tekjur lánasjóðsins færast á tekjuhlið ríkissjóðs og verður þeim síðan veitt til sjóðsins sem hlutdeild í ríkistekjum.

824 ***Verðmiðlun landbúnaðarvara.*** Verðmiðlunin starfar á grundvelli laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Verðmiðlunargjald er innheimt á heildsölustigi af afurðum nautgripa og sauðfjár einkum í þeim tilgangi að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum. Áætlað er að innheimta þeirra nemi um 113 m.kr. á næsta ári. Tekjur af gjaldinu færast á tekjuhlið ríkissjóðs og renna aftur til þessa fjárlagaliðar í formi hlutdeildar í ríkistekjum.

827 ***Fóðursjóður.*** Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þar segir að andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum skuli renna í sérstakan sjóð, Fóðursjóð, sem skal vera í vörslu landbúnaðarráðherra. Áætlað er að tekjur sjóðsins á næsta ári nemi allt að 350 m.kr. og munu þær renna í ríkissjóð en sjóðurinn fær aftur framlag sem hlutdeild í ríkistekjum.

*841 **Fiskeldisrannsóknir.*** Í samræmi við samning landbúnaðarráðuneytis við Stofnfisk hf. um verkefni á sviði laxakynbóta auk annarra verkefna á sviði fiskeldisrannsókna, er gert ráð fyrir 22,9 m.kr. framlagi til fyrirtækisins sem hækkar um 2 m.kr. milli ára. Samningurinn, og viðauki hans, gildir til ársins 2006.

*891 **Sérstakar greiðslur í landbúnaði.*** Áfram verður unnið að sérstöku átaki í framleiðslu og markaðssetningu lífrænna landbúnaðarafurða en því líkur á árinu 1998. Gert er ráð fyrir að 12,5 m.kr. verði veitt til verkefnisins sem er helmings lækkun frá því í ár. Til átaksins var stofnað með lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, og þarf því að breyta þeim lögum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld ráðuneytisins árið 1998 eru áætluð um 4.130 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 1.660 m.kr. en þær nema um 40% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur nema 2.470 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.258 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 901 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum. Mismunurinn, 311 m.kr., færist sem viðskiptahreyfing.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 1998 Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	1.542,3	359,1	1.183,2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	186,8	-	186,8
Stofnkostnaður og viðhald	2.399,9	1.300,0	1.099,9
Samtals	**4.129,0**	**1.659,1**	**2.469,9**

Útgjöld ráðuneytisins lækka lítilsháttar að raungildi að undanskildum breytingum vegna fjárreiðulaga. Helstu breytingar á rekstrargjöldum ráðuneytisins frá fjárlögum 1997 fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar, eru að framlag til yfirstjórnar ráðuneytisins hækkar um 3 m.kr., til ýmissa verkefna um 5,7 m.kr., til Hafrannsóknastofnunarinnar um 5 m.kr. en framlag til Fiskistofu lækkar um 13,4 m.kr.

Ýmis tilfærsluframlög hækka um 5,7 m.kr. en svo bætast nýir liðir við með tilkomu fjárreiðulaga, samtals 70 m.kr. Viðhald og stofnkostnaður hækkar um 989 m.kr. Þar af er 980 m.kr. framlag til byggingar nýs hafrannsóknaskips.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins leiðir til 2.560 m.kr. meiri heildargjalda. Eftirfarandi nýir fjárlagaliðir koma inn í fjárlög: Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla, 41,3 m.kr., Byggingarsjóður hafrannsóknaskips, 300 m.kr., Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 680 m.kr. og Síldarútvegsnefnd, 30 m.kr. Þá kemur inn liðurinn Bygging hafrannsóknaskips með 1.300 m.kr. og fjármögnun að fullu á móti, þannig að ekki verður um gjöld umfram tekjur að ræða. Í öðru lagi hækka heildargjöld nokkurra fjárlagaliða um samtals 179 m.kr. vegna breyttra reikningsskila en á móti koma tekjur að fullu, þannig að hin breytta framsetning veldur ekki auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins. Gjöld þessa málefnaflokks nema um 240 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Útgjöld nema 109,5 m.kr. og hækka um 1,5 m.kr. vegna aukins ferðakostnaðar í tengslum við fiskveiðisamninga, 1,5 m.kr. vegna launa íslensks starfsmanns við sjávarútvegsdeild ESB, auk þess sem 10,8 m.kr. framlag á viðfangsefninu *190 1.31 Stjórn fiskveiða* er flutt til aðalskrifstofu. Aðrar breytingar eru vegna launa og verðlags.

190 Ýmis verkefni. Útgjöld nema 128 m.kr. Helstu breytingar fyrir utan flutning á viðfangsefninu *Stjórn fiskveiða* sem að framan getur eru þær að framlag til Norður-Atlantshafsspendýraráðsins, NAMMCO, hækkar um 1,5 m.kr., framlag til Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðiráðsins (NEAFC) hækkar um 3,2 m.kr. og tekið er inn nýtt framlag, til Atlantshafstúnfiskráðsins (ICCAT), 1 m.kr.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir

Eftirtaldir fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk í fjárlögum þessa árs: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla; 208 Bygging hafrannsóknaskips; 209 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

*202 **Hafrannsóknastofnunin.*** Á Hafrannsóknastofnuninni er unnið að rannsóknum á göngum og stofnsveiflum íslenskra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Stofnunin er ráðgjafi stjórnvalda við ákvörðun á hámarksafla nytjastofna og nýtingu veiðisvæða og um önnur vísindaleg atriði er lúta að nýtingu sjávarauðlinda. Við stofnunina starfa 120 manns auk 35 manna í áhöfnum á þremur rannsóknaskipum og tveim bátum. Þá eru starfrækt fimm útibú auk tilraunastöðvar að Stað í Grindavík. Stofnunin tekur þátt í víðtæku erlendu samstarfi, einkum á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Útgjöld nema 829 m.kr. Fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar eykst kostnaður vegna rannsókna á þorskklaki um 5 m.kr. Þá eru gjöld og tekjur stofnunarinnar hækkuð um 140 m.kr. til samræmis við veltu í ríkisreikningi, en undanfarin ár hefur ákveðnum gjöldum, sem alfarið eru kostuð utan ríkisframlags til stofnunarinnar, verið haldið utan fjárlaga.

*203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Gjöld og tekjur stofnunarinnar hafa verið hækkaðar um 30 m.kr. til samræmis við veltu í ríkisreikningi. Aðrar breytingar eru ekki á gjöldum umfram 5 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga.

*204 **Fiskistofa.*** Útgjöld Fiskistofu nema 330 m.kr. Tekið er upp sérstakt 5 m.kr. framlag til að sinna skelfiskseftirliti vegna bandarískra heilbrigðiskrafna um útfluttan skelfisk. Þá hækkar kostnaður við veiðieftirlit um 12 m.kr. og kemur samsvarandi hækkun á tekjum af veiðieftirlitsgjaldi á móti. Framlag á viðfangsefninu *1.10 Landamærastöðvar* lækkar um 18,4 m.kr., enda hefur upphafskostnaður við þetta verkefni að mestu fallið til á þessu ári, sem er fyrsta starfsár þess. Tekjur Fiskistofu eru að mestu leyti grundvallaðar á lögum og teljast því til ríkistekna en voru áður taldar til sértekna. Í frumvarpi þessu eru þær taldar sem hér segir: Gjald fyrir vinnsluleyfi, 2 m.kr., gjald fyrir eftirlit um borð í fiskiskipum, 6 m.kr., veiðieftirlitsgjald utan landhelgi Íslands, 30 m.kr., og innan landhelginnar, 120 m.kr. og loks gjaldtaka fyrir landamæraeftirlit, 3 m.kr. Samtals nema þessar tekjur 161 m.kr. Gjöld Fiskistofu umfram þjónustutekjur nema 323,5 m.kr. Þar af greiðast 161 m.kr. af ríkistekjum og 162,5 m.kr. úr ríkissjóði.

*207 **Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla.*** Til þessa hefur verið gerð grein fyrir þessum sjóði í B-hluta ríkisreiknings en hann hefur ekki verið í fjárlögum. Hann er byggður á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn muni verja 40 m.kr. á næsta ári til hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum

eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðherra. Gert er ráð fyrir að þar af verði 30 m.kr. fjármagnaðar með tekjum sjóðsins en til viðbótar verður gengið á handbært fé hans.

*208 **Bygging hafrannsóknaskips.*** Á næsta ári verður ráðist í byggingu nýs hafrannsóknaskips. Áætlaður kostnaður þess verður 1,3 milljarður króna og verður skipið fjármagnað með eins milljarðs króna framlagi úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins og 300 m.kr. úr Byggingarsjóði hafrannsóknaskips. Ekki kemur til beinna framlaga úr ríkissjóði af þessum sökum. Áætlað er að bjóða út smíði skipsins snemma á næsta ári og ljúka henni veturinn 1998/99.

*209 **Byggingarsjóður hafrannsóknarskips.*** Sjóður þessi hefur til þessa verið í B-hluta ríkisreiknings en ekki í fjárlögum. Áætlað er að á næsta ári leggi sjóðurinn fram 300 m.kr. til byggingar hafrannsóknaskips og verji til þess eignum sínum. Því endurspeglast framlag sjóðsins sem samsvarandi viðskiptahreyfing í fjárlögum.

*272 **Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Framlag á þessum lið hefur til þessa verið tilfærsla til B-hluta þar sem sérstakur fjárlagaliður hefur verið fyrir þetta verkefni. Með tilkomu fjárreiðulaga er þessi liður nú í A-hluta. Framlag nemur 12,5 m.kr. til áframhaldandi framkvæmda við Sjávarútvegshúsið við Skúlagötu. Rekstur hússins sem til þessa hefur verið í B-hluta, er nú færður í A-hluta. Tekjur umfram gjöld eru taldar 14,2 m.kr. og er varið til framkvæmda til viðbóta við 12,5 m.kr. framlag ríkissjóðs, samtals 26,7 m.kr.

*811 **Þróunarsjóður sjávarútvegsins.*** Með lögum nr. 152/1996 var hlutverki Þróunarsjóðs sjávarútvegsins breytt þannig að hann fjármagni byggingu hafrannsóknaskips. Í greinargerð með frumvarpi til laganna er skýrt frá því að áformað sé að byggja hafrannsóknaskip og að sjóðurinn taki til þess eins milljarðs króna lán sem hann noti til að kosta bygginguskipsins. Lánið greiðist síðan af tekjum sjóðsins, en þær eru gjöld á aflamark og á skip. Sjóðurinn er í C-hluta fjárlaga, þar sem gerð er grein fyrir fjárreiðum hans. Tekjurnar nema 600 m.kr. af gjaldi á aflamark og 80 m.kr. á skip. Þær eru færðar meðal ríkistekna og á móti kemur framlag til sjóðsins í C-hluta. Framlag sjóðsins úr C-hluta til byggingar skipsins, einn milljarður króna, færist síðan sem tekjur á lið *208 Bygging hafrannsóknaskips*, eins og greint er frá hér á undan.

Annað

Málefnaflokkur þessi tekur til liðanna 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins og 818 Síldarútvegsnefnd en hún starfar skv. lögum nr. 62/1962, um síldarútflutningsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Starfsemi nefndarinnar hefur verið utan fjárlaga til þessa en nú hefur verið ákveðið að taka hana inn í fjárlög samkvæmt skilgreiningu fjárreiðulaga. Nefndin hefur tvo tekjustofna samkvæmt lögum, 2% af fob-verði útfluttrar síldar og 5% af rekstrarvörum til síldarsöltunar. Áætlaðar tekjur eru taldar nema 30 m.kr. og útgjöld jafnhá á móti.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytisins árið 1998 eru áætluð 8.874 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 293 m.kr. en þær nema rúmum 3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 8.581 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 8.431 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 150 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	6.755,3	275,7	6.479,6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.843,2	-	1.843,2
Stofnkostnaður og viðhald	275,5	17,5	258,0
Samtals	**8.874,0**	**293,2**	**8.580,8**

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um rúmlega 30 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs að frátöldum breytingum vegna nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Útgjöld Landhelgisgæslunnar aukast um 20 m.kr. til samræmis við raunverulegt umfang stofnunarinnar og leigugreiðslur sýslumannsembætta hækka um 11 m.kr. Einnig aukast útgjöld kirkjunnar, m.a. á grundvelli nýrra laga um þjóðkirkjuna. Aðrar breytingar, bæði til hækkunar og lækkunar, eru litlar. Liðurinn 950 Rekstrarhagræðing fellur niður en fjárveiting á þessu ári er 28 m.kr. Hækkun vegna kjarasamninga og verðlagsbóta nemur um 402,8 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 258 m.kr. og lækkar um 47 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mestu um verklok við húsnæði Hæstaréttar, 45 m.kr., og við húsnæði Héraðsdóms Suðurlands, 35 m.kr. Á móti hækkar framlag til upplýsingakerfa sýslumanna um 20 m.kr. auk annarra smærri viðbóta.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins leiðir til þess að heildargjöld ráðuneytisins eru talin verða rúmlega 1.800 m.kr. meiri en í fjárlögum 1997 á föstu verðlagi. Skýringin er tvíþætt. Annars vegar bætast við nýir fjárlagaliðir en útgjöld þeirra nema alls rúmlega 1.744 m.kr. Liðirnir eru þessir: 105 Lögbirtingablað, 396 Landhelgissjóður, 705 Kirkjumálasjóður, 733 Kirkjugarðsgjöld, 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna. Munar þar mestu um liðina sem falla undir málefnaflokkinn kirkjumál, en útgjöld þeirra eru áætluð alls tæplega 1.710 m.kr. á næsta ári. Hins vegar eru heildarútgjöld stofnana leiðrétt til samræmis við raunverulegt umfang þeirra og nemur það um 64 m.kr. Á móti hækka þjónustutekjur samsvarandi.

Fjárreiður kristnisjóðs voru færðar bæði í A- og B-hluta en færast nú alfarið til A-hluta. Sú breyting hefur ekki áhrif á heildargjöld ráðuneytisins þar sem sjóðurinn fékk framlag úr A-hluta í fjárlögum 1997.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 105 Lögbirtingablað; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrarútgjöld, að meðtöldum rekstrartilfærslum, eru talin verða 271,9 m.kr. á næsta ári. Þjónustutekjur Stjórnartíðinda hækka um 4,1 m.kr. til samræmis við rauntölur á síðasta og þessu ári. Fjárheimild sem þessu nemur er færð á fjárlagalið aðalskrifstofu. Við bætist fjárlagaliðurinn 111 Kosningar, en sveitarstjórnarkosningar fara fram vorið 1998 og er framlag vegna þeirra 10,6 m.kr. Kostnaður sem til fellur er aðallega vegna utankjörstaðaatkvæðagreiðslu, auk eftirlits. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Aðalskrifstofa. Útgjöld eru áætluð 140 m.kr. á næsta ári og hækka um 17,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Tilefni raunhækkunar er þríþætt. Í fyrsta lagi hækkar framlag lítilsháttar vegna áfrýjunarnefndar á grundvelli laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Í öðru lagi hækka launagjöld um 4,3 m.kr. vegna tilflutnings frá fjárlagalið Stjórnartíðinda. Að lokum hækka rekstrargjöld um 2,7 m.kr. vegna nýs starfs í tengslum við bíltækni- og skráningarmál í kjölfar sölu Bifreiðaskoðunar hf. og stofnsetningar Skráningarstofunnar hf.

105 Lögbirtingablað. Þetta er nýr fjárlagaliður í A-hluta en fjárreiður blaðsins voru áður færðar í B-hluta. Rekstrargjöld eru talin verða um 26 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt að raungildi frá þessu og síðasta ári. Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar en

dómsmálaráðherra kveður á um gjöld fyrir þær. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð og aftur til þessa fjárlagaliðar sem hlutdeild í ríkistekjum.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld eru áætluð 51,7 m.kr. samanborið við 32,1 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Fjárveiting til viðfangsefnisins *1.21 Prófmálflytjenda* hækkar um 2,2 m.kr. og verður 2,6 m.kr. Hækkunin er til samræmis við raunútgjöld. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga*. Framlag er 5,3 m.kr. og er vegna kostnaðar við læknisvottorð í dómsmálum, hlutastarfs félagsráðgjafa o.fl. á grundvelli nýrra lögræðislaga nr. 71/1997. Framlag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hækkar til samræmis við árgjald Íslands og verður 1,2 m.kr. Þjónustutekjur vegna prófs fasteignasala falla nú niður en samsvarandi fjárhæð, 1,6 m.kr., rennur til þessa liðar sem hlutdeild í ríkistekjum. Að lokum hækka áætluð útgjöld örorkumatsnefndar um 10,1 m.kr. og verða 11,7 m.kr. Á móti hækka þjónustutekjur um sömu fjárhæð og standa þær alfarið undir útgjöldunum. Hækkunin er til samræmis við rauntölur.

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Hæstiréttur; 211-218 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola; 290 Dómsmál, ýmis kostnaður og 291 Húsnæði og búnaður dómstóla.

Rekstrarframlag til þessa málefnaflokks, að meðtöldum rekstrar- og neyslutilfærslum, er áætlað 604,3 m.kr. og er svo til óbreytt frá síðasta ári. Fjárveiting til Hæstaréttar og Héraðsdóms Reykjavíkur hækkar alls um 2,9 m.kr. vegna húsaleigugreiðslna. Á móti þessari hækkun fellur brott viðfangsefnið *1.12 Setu- og varadómarar* á fjárlagalið 290 Dómsmál, ýmis kostnaður en 3,7 m.kr. fjárveiting var tímabundin. Rekstrarfjárveiting annarra liða breytist ekki að raungildi.

Viðhalds- og stofnkostnaður á fjárlagalið 291 Húsnæði og búnaður dómstóla lækkar um 80 m.kr. og verður 7 m.kr. Lækkunin er vegna brottfalls tveggja viðfangsefna, *6.01 Húsnæði Hæstaréttar* og *6.17 Húsnæði Héraðsdóms Suðurlands* en framkvæmdum er lokið. Unnið er að skilamati fyrir þessar framkvæmdir, en ljóst er að kostnaður verður innan þeirra marka sem fjárlög 1997 gera ráð fyrir.

Löggæsla og öryggismál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 325 Neyðarsímsvörun; 331 Umferðarráð; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslukostnaður; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæslan; 396 Landhelgissjóður Íslands og 397 Schengen samstarf.

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 2.628,6 m.kr. og skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting m.kr.
Ríkissaksóknari	49,8	53,2	3,4
Rannsóknarlögregla ríkisins	109,2	-	-109,2
Ríkislögreglustjóri	68,5	154,6	86,1
Lögregluskóli ríkisins	35,2	39,3	4,1
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.145,7	1.230,4	84,7
Almannavarnir ríkisins	31,2	30,1	-1,1
Neyðarsímsvörun	50,0	52,7	2,7
Umferðarráð	82,0	90,9	8,9
Áfengis- og fíkniefnamál	37,9	38,0	0,1
Ýmis löggæslukostnaður	96,5	103,2	6,7
Húsnæði löggæslustofnana	4,0	4,0	0,0
Landhelgisgæsla Íslands	729,4	799,7	70,3
Landhelgissjóður Íslands	-	8,5	8,5
Schengen-samstarf	24,0	24,0	0,0
Samtals	**2.463,4**	**2.628,6**	**165,2**
Þjónustutekjur	73,1	90,5	17,4
Hlutdeild í ríkistekjum	66,6	122,9	56,3
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**2.323,7**	**2.415,2**	**91,5**

Rekstrarútgjöld, að meðtöldum neyslu- og rekstrartilfærslum eru áætluð 2.538,1 m.kr. á næsta ári. Ný lögreglulög, nr. 90/1996, komu til framkvæmda 1. júlí 1997 og eru breytingar vegna þeirra í fjárlögum líðandi árs settar fram miðað við hálfs árs rekstur. Fjárhagsleg áhrif laganna koma nú að fullu til framkvæmda eins og nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um embætti ríkislögreglustjóra. Tímabundin 2,7 m.kr. fjárveiting til Almannavarna vegna björgunaræfinga NATO sl. sumar fellur niður.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar verður 90,5 m.kr. og er óbreytt á milli ára að því frátöldu að framlag til 390 Ýmis löggæslukostnaður hækkar um 4 m.kr. til smíði á nýrri landskrá umferðarlagabrota.

Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

303 Ríkislögreglustjóri. Á 120. löggjafarþingi voru samþykkt ný lögreglulög en þau fela í sér endurskipulagningu æðstu stjórnar lögreglunnar auk annarra þátta. Ríkislögreglustjóraembættið var sett á fót 1. júlí 1997 og fjárveiting í fjárlögum þessa árs tekur því mið af hálfs árs rekstri. Rekstrargjöld á næsta ári eru áætluð 154,6 m.kr. og hækka um 86,1 m.kr. Hluta þeirrar hækkunar er ekki að rekja til nýrra lögreglulaga. Annars vegar hækkar framlag um 5,1 m.kr. en um er að ræða gjald til Neyðarlínunnar. Embættið gerðist aðili að Neyðarlínunni í vor og mun lögreglan koma með beinni hætti að neyðarsímsvörun en nú er og samstarf á þessum vettvangi eflast. Hins vegar eru millifærðar 4 m.kr. af fjárlagalið 390 Ýmis löggæslukostnaður vegna verkefna sem nú verður sinnt af Ríkislögreglustjóra. Á móti framangreindri hækkun vegna lögreglulaga fellur framlag til Rannsóknarlögreglu ríkisins brott en útgjöld samkvæmt fjárlögum 1997 eru 109,2 m.kr. og dreifast á nokkra liði. Útgjöld Lögregluskólans hækka um 4,1 m.kr. vegna nýrra lögreglulaga og verða 39,3 m.kr. Frekari umfjöllun um breytingar á grundvelli lögreglulaga er að finna í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga 1997.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Útgjöld embættisins eru talin verða 1.230,4 m.kr. og hækka um rúm 7% milli ára. Hækkunartilefni er tvíþætt og tengist skipulagsbreytingum vegna nýrra lögreglulaga. Annars vegar hækka launagjöld um 12,1 m.kr. vegna fjögurra nýrra starfa rannsóknarlögreglumanna en kostnaður vegna þeirra frá miðju ári er í fjárlögum 1997 færður á fjárlagalið 390 Ýmis löggæslukostnaður. Hins vegar hækka útgjöld um 32 m.kr. en það nemur um hálfs árs kostnaði af þeim breytingum sem voru gerðar á starfsemi embættisins á grundvelli nýrra lögreglulaga. Á móti lækkar framlag um 30 m.kr. og er embættinu ætlað að hagræða sem því nemur eða afla sér aukinna tekna með bættri innheimtu sekta. Fjárhagslegur ávinningur embætta af innheimtu sekta er enginn þar sem tekjurnar renna í ríkissjóð en embættin bera kostnaðinn. Árangur af innheimtu sekta er því oft á tíðum slakur. Ákveðið hefur verið að gera tilraun á næsta ári í þá veru að veita lögreglunni í Reykjavík hlutdeild í bættri innheimtu sekta og er óskað eftir slíkri heimild í heimildargrein frumvarpsins. Að fenginni reynslu verði athugað hvort taka eigi upp slíkt fyrirkomulag fyrir öll sýslumannsembætti á landinu. Unnið er að útfærslu með hvaða hætti og hve stórt hlutfall af innheimtu skuli fara til lögreglustjórans í Reykjavík, en talið er að með bættri innheimtu geti hlutdeild embættisins numið allt að 30 m.kr.

325 Neyðarsímsvörun. Áætluð útgjöld næsta árs eru 52,7 m.kr. sem er óbreytt að raungildi frá þessu ári. Sú breyting er hins vegar fyrirhuguð á fjármögnun starfseminnar að í stað þess að kostnaður sé greiddur úr ríkissjóði, verður neyðarsímsvörunin fjármögnuð með gjaldtöku af símafyrirtækjum. Tekjur þessar munu renna í ríkissjóð en aftur til þessa fjárlagaliðar í formi hlutdeildar í ríkistekjum.

390 Ýmis löggæslukostnaður. Útgjöld eru áætluð 103,2 m.kr. og skiptast á viðfangsefni sem hér segir:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting m.kr.
Ýmis löggæslukostnaður	20,4	15,0	-5,4
Eftirlit með ökuritum	16,6	17,8	1,2
Tölvulesanleg vegabréf	13,3	-	-13,3
Undirbúningur að smíði varðskips	-	18,5	18,5
Löggæsla í Bosníu	-	6,4	6,4
Biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins	-	6,5	6,5
Störf rannsóknarlögreglumanna	11,2	-	-11,2
Tæki og búnaður	10,0	10,0	0,0
Tölvukerfi varðandi umferðarlagabrot	-	4,0	4,0
Bifreiðir	25,0	25,0	0,0
Samtals	**96,5**	**103,2**	**6,7**

Framlag til viðfangsefnisins *1.10 Ýmis löggæslukostnaður* lækkar um 4 m.kr. vegna tilfærslu fjárveitingar til Ríkislögreglustjóra og um 2 m.kr. vegna útgáfu á nýjum lögregluskírteinum en því verkefni er nú lokið. Fjárveiting til að breyta útgáfu vegabréfa hér á landi fellur niður. Kostnaður vegna starfa rannsóknarlögreglumanna fellur niður á

þessum lið og færist til þriggja embætta, Lögreglustjórans í Reykjavík, sýslumannsins í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kópavogi. Við bætast fjögur ný viðfangsefni. Í fyrsta lagi er framlag til undirbúnings að smíði varðskips 18,5 m.kr. en í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1997 er einnig leitað heimildar vegna þessa. Stefnt er að útboði haustið 1998 þannig að smíði geti hafist í upphafi árs 1999. Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin samþykkt að senda lögreglumenn til starfa í Bosníu og er kostnaður af launum þeirra áætlaður 6,4 m.kr. Kostnaður sem fellur til á þessu ári verður greiddur af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar. Í þriðja lagi er áætlaður kostnaður vegna biðlauna fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins 6,5 m.kr., en fleiri kusu að hætta störfum en ætlað var. Í fjórða og síðasta lagi er áformað að smíða tölvukerfi vegna landskrár um umferðarlagabrot og er kostnaður áætlaður 4 m.kr. Í þeirri skrá verður m.a. fært svokallað punktakerfi en það var tekið upp með breytingu á umferðarlögum á síðasta þingi. Ökumenn sem brjóta af sér safna punktum og er hægt að beita viðurlögum þegar punktar hafi náð ákveðnum fjölda. Önnur viðfangsefni eru óbreytt frá fjárlögum þessa árs.

395 Landhelgisgæsla Íslands. Rekstrarútgjöld eru áætluð 794,7 m.kr. og eru umsvif stofnunarinnar að mestu óbreytt frá yfirstandandi ári. Fjárveiting stofnunarinnar er hins vegar hækkuð til samræmis við útgjöldin en stofnunin hefur nýtt sér afgang frá fyrri árum sem nú er uppurin. Framlag til tækja- og búnaðarkaupa er óbreytt eða 5 m.kr.

396 Landhelgissjóður Íslands. Í lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands, er kveðið á um Landhelgissjóð en í hann skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni auk hlutar Landhelgisgæslunnar af björgunarlaunum. Undanfarin ár hafa einungis björgunarlaunin runnið í sjóðinn en ekki sektarfé. Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæsluskipum eða öðrum varanlegum tækjum til þarfa Landhelgisgæslunnar en fjárveitingarvaldið getur ákveðið að verja hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins til rekstrarútgjalda Landhelgisgæslunnar. Dómsmálaráðherra hefur á hendi stjórn sjóðsins. Erfitt er að áætla inn- og útstreymi úr sjóðnum þar sem það er mjög misjafnt milli ára. Áætlun næsta árs tekur mið af rauntölum síðustu ára og gert ráð fyrir að tekjur og gjöld verði 8,5 m.kr.

Sýslumenn

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Heildarútgjöld þessa málefnaflokks eru áætluð 2.522,5 m.kr. og skiptast samkvæmt töflunni hér á eftir.

Rekstrarútgjöld sýslumannsembættanna eru óbreytt að raungildi að því frátöldu að framlag til sýslumannsins í Hafnarfirði og í Kópavogi hækkar um 6,1 m.kr. hjá hvoru embætti, eða sem nemur tveimur störfum rannsóknarlögreglumanna. Á móti lækkar framlag á fjárlagalið 390 Ýmis löggæslukostnaður um helming fjárhæðarinnar þar sem þar var einungis færður hálfs árs kostnaður. Fjárveiting sýslumannsins á Hólmavík hækkar um 0,6 m.kr. til samræmis

við hækkun húsaleigu. Rekstrargjöld sýslumannsembætta hækka um rúmar 24 m.kr. en á móti hækka þjónustutekjur samsvarandi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting m.kr.
Sýslumannsembætti, rekstur	2.084,2	2.275,2	191,0
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	131,5	149,3	17,8
Húsnæði og búnaður	74,0	98,0	24,0
Samtals	**2.289,7**	**2.522,5**	**232,8**
Þjónustutekjur	29,6	55,9	26,3
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**2.260,1**	**2.466,6**	**206,5**

Fjárlagaliðurinn 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta hækkar um 17,8 m.kr. og verður 149,3 m.kr. og kemur hækkunin öll fram á viðfangsefni *1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður*. Annars vegar hækkar framlag um 11,3 m.kr. vegna húsaleigukostnaðar en fyrirhugað er að nokkrar fasteignir verði færðar í umsjá Fasteigna ríkissjóðs frá og með næstu áramótum. Ekki hefur verið endanlega gengið frá samningum þar að lútandi og er fjárhæðin því færð á þennan lið. Hins vegar hækkar framlag um 2,6 m.kr. vegna aukinnar útgáfu vegabréfa fyrir börn. Stjórnvöld beindu þeim tilmælum til lögreglustjóra að gefa út sérstök vegabréf fyrir börn fremur en að skrá þau í vegabréf foreldra. Við þetta jókst útgáfa vegabréfa og þar með kostnaður við útgáfu þeirra.

Heildarútgjöld fjárlagaliðarins 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna er áætlaður 98 m.kr. eða jöfn framlagi úr ríkissjóði. Útgjöldin hækka um 24 m.kr. Viðfangsefnið *6.26 Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði* hækkar um 4 m.kr. og verður 17 m.kr. Framlagið er ætlað til að ljúka framkvæmdum við endurbætur á skrifstofu sýslumannsins og kaupum á búnaði. Viðfangsefnið *6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna* hækkar um 20 m.kr. og verður 46 m.kr. Sífellt auknar kröfur eru gerðar til tölvubúnaðar sýslumannsembætta enda annast þau margvíslega starfsemi. Nægir þar að nefna innheimtu fyrir ríkissjóð og lögreglumál en aukin samnýting kerfa á landsvísu kallar á góðan tölvubúnað. Fyrirhugað er að dreifa heildarfjárveitingu að stærstum hluta á sýslumannsembættin þannig að embættin sjái sjálf um kaup og viðhald á búnaði en leiti ráðgjafar hjá ráðuneytinu. Að auki er í 7. gr. frumvarpsins heimild til að ráðstafa allt að 90 m.kr. af söluandvirði hlutabréfa ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun hf. til stofnframkvæmda og fasteignakaupa.

Fangelsismál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Heildarútgjöld fangelsismála eru áætluð 518,1 m.kr. á næsta ári og skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting m.kr.
Yfirstjórn	29,3	30,7	1,4
Rekstur fangelsa	391,4	413,7	22,3
Ýmis fangamál	8,5	8,7	0,2
Viðhald fangelsisbygginga	5,0	10,0	5,0
Fangelsisbyggingar, stofnframkvæmdir	55,0	55,0	0,0
Samtals	**489,2**	**518,1**	**28,9**
Þjónustutekjur	48,3	54,3	6,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**440,9**	**463,8**	**22,9**

Áætluð rekstrarútgjöld nema 453,1 m.kr. og lækka um 5 m.kr. að raungildi og flyst fjárhæðin á viðfangsefni *5.01 Viðhald fangelsisbygginga*. Með tilkomu nýs fangelsis á Litla-Hrauni eykst viðhaldsþörfin. Þjónustutekjur hækka um 2,7 m.kr. þar sem verð á bílnúmerum hækkar. Verðhækkuninni er mætt með því að lækka álagningu Skráningarstofunnar.

Framlag til fangelsisbygginga er óbreytt eða 55 m.kr. Ný fangelsisbygging var tekin í notkun haustið 1995 og komst í fullan rekstur vorið 1996. Áfram hefur verið unnið að uppbyggingu, svo sem byggingar vinnuskála og íþróttahús. Á næsta ári er fyrirhugað að ljúka við að girða fangelsissvæðið með nýrri öryggisgirðingu og setja upp ýmis öryggistæki. Auk þess verður gengið frá lóð og umtalsverðar breytingar gerðar á eldra húsnæði. Framkvæmdum við Litla-Hraun mun ljúka að fullu næsta haust eða snemma árs 1999. Ekki er ljóst hvort fjárveiting næsta árs dugir fyrir framkvæmdum eða hvort leita þarf eftir fjárveitingu í fjárlögum 1999.

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 701 Biskup Íslands; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðsgjöld; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Verulegar breytingar verða á þessum málefnaflokki í kjölfar nýrra fjárreiðulaga, en við bætast fimm nýir fjárlagaliðir. Heildargjöld eru 2.260,3 m.kr. og skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting m.kr.
Biskup Íslands	515,7	581,6	65,9
Kirkjumálasjóður	99,1	106,5	7,4
Kristnisjóður	27,3	29,8	2,5
Kirkjugarðsgjald, hlutur kirkjugarða	344,0	369,8	25,8
Kirkjugarðasjóður	30,0	32,2	2,2
Sóknargjald til þjóðkirkjunnar	877,1	942,9	65,8
Sóknargjald til annarra trúfélaga	57,7	61,7	4,0
Sóknargjald til Háskóla Íslands	25,4	27,1	1,7
Jöfnunarsjóður sókna	162,3	169,7	7,4
Samtals	**2.138,6**	**2.321,3**	**182,7**
Þjónustutekjur	14,3	26,3	12,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**2.124,3**	**2.295,0**	**170,7**

701 Biskup Íslands. Heildargjöld þessa fjárlagaliðar eru 581,6 m.kr. og skiptast á viðfangsefni sem hér segir:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting m.kr.
Yfirstjórn	50,7	-	-50,7
Þjóðkirkja Íslands	-	557,9	557,9
Vígslubiskup Skálholti	4,3	-	-4,3
Vígslubiskup Hólum	4,3	-	-4,3
Kirkjumiðstöð Austurlands	1,2	1,2	0,0
Langamýri í Skagafirði	1,2	1,2	0,0
Prestar og prófastar	432,9	-	-432,9
Skálholtsskóli	6,1	6,3	0,2
Skálholtsstaður	6,0	6,0	0,0
Hallgrímskirkja	6,0	6,0	0,0
Hóladómkirkja	3,0	3,0	0,0
Samtals	**515,7**	**581,6**	**65,9**
Þjónustutekjur	14,3	26,3	12,0
Mismunur, greitt úr ríkissjóði	**501,4**	**555,3**	**53,9**

Hækkun að fjárhæð 10 m.kr. má að hluta til rekja til nýrra laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem voru samþykkt á 121. löggjafarþingi, en þau fela í sér verulega breytingu á stjórn kirkjunnar. Lögin eru að hluta til byggð á samkomulagi sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan hafa gert um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Hækkun vegna þessara laga er þríþætt. Í fyrsta lagi hækkar framlag til biskupsstofu um 8,6 m.kr. en í samkomulaginu er kveðið á um að ríkissjóður skuli greiða laun 18 starfsmanna. Í fjárlögum þessa árs var greitt fyrir sem nemur launum 14 starfsmanna. Í öðru lagi aukast launagjöld sem nemur hálfri stöðu prests, en í samkomulaginu er kveðið á um að ríkissjóður standi undir launagreiðslum 138 prestsembætta. Í fjárlögum yfirstandandi árs er greitt fyrir 137,5 embætti. Einnig er greitt fyrir náms- og veikindaleyfi og haldast þeir þættir óbreyttir. Í þriðja lagi hækkar framlag til Kristnisjóðs sem færist nú á nýjan fjárlagalið, 707 Kristnisjóður. Framsetningu fjárlagaliðar Biskups Íslands hefur verið breytt til samræmis við framangreind lög og á viðfangsefnið *1.01 Þjóðkirkja Íslands* færast þær fjárhæðir sem lög og samningur tekur til. Við það falla viðfangsefnin *1.11 Vígslubiskup í Skálholti*, *1.13 Vígslubiskup Hólum* og *1.21 Prestar og prófastar* niður. Þá hækkar framlag til Biskups Íslands vegna tímabundinnar fjárheimildar vegna stöðu aðstoðarprests við Grafarvogssókn. Fjárveitingin nemur 3,9 m.kr. og rennur út í árslok 1998. Framlag vegna stöðu prests sem þjónar Íslendingum á meginlandi Evrópu nemur 5,4 m.kr. Staðan er til þriggja ára eða til seinni hluta ársins 1999, en á síðasta og þessu ári var kostnaður greiddur af ráðstöfunarlið ríkisstjórnarinnar. Að lokum hækkar embættiskostnaður presta um 1,3 m.kr. vegna reglna um að prestar, sem ekki búa í embættisbústað, fái greitt fyrir afnot af eigin húsnæði. Af hálfu kirkjumálaráðuneytis er fyrirhugað að skipa nefnd sem verður falið að vinna að heildarendurskoðun á greiðslum til presta vegna skrifstofukostnaðar og annars starfskostnaðar.

Til viðbótar við framangreindar breytingar hækka útgjöld um 11 m.kr. en þjónustutekjur hækka samsvarandi og hefur þessi breyting því ekki áhrif á framlag til embættisins.

705 ***Kirkjumálasjóður.*** Sjóðurinn var stofnaður árið 1993 og renna til hans sem nemur 11,3% af innheimtum sóknargjöldum þjóðkirkjusafnaða, sbr. umfjöllun hér á eftir. Sjóðurinn skal standa straum af kostnaði við kirkjuþing, kirkjuráð, prestastefnu, biskupsgarð, fjölskylduþjónustu kirkjunnar, söngmálastjórn, tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar og starfsþjálfun guðfræðikandídata. Auk þessa skal kirkjumálasjóður veita ákveðna lágmarksfjárhæð í prestssetrasjóð, en hann stendur undir viðhaldi og endurbótum á prestssetrum. Framlag kirkjumálasjóðs á næsta ári er áætlað 106,5 m.kr. og þar af skal greiða að lágmarki 61 m.kr. til prestssetrasjóðs.

707 ***Kristnisjóður.*** Framlag til sjóðsins verður 29,8 m.kr. á næsta ári og hækkar um 2,5 m.kr. milli ára vegna samkomulags ríkis og kirkju er getið var hér að framan. Þar er kveðið á um að ríkissjóður greiði árlega til sjóðsins næstu 8 ár upphæð er svarar til fastra árslauna eins sóknarprests. Lögum um kristnisjóð var breytt og er framlag til hans nú föst fjárhæð en átti áður að samsvara hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum sem lögð voru niður og laun sem spöruðust á hverjum tíma þegar prestakall var prestslaust. Meginhlutverk sjóðsins er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu, svo sem með útgáfu á kristilegu fræðsluefni og hjálpargögnum fyrir safnaðarstarf. Enn fremur skal sjóðurinn styrkja félög og stofnanir sem vinna að mikilvægum verkefnum á vegum kirkjunnar.

733 ***Kirkjugarðsgjöld.*** Kirkjugarðsgjöld eru innheimt samkvæmt lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Gjaldið er ákveðin fjárhæð á mánuði, sem tekur breytingum til samræmis við breytingar á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga, og er innheimta áætluð 402 m.kr. á næsta ári. Gjaldið er innheimt af öllum landsmönnum sem eru 16 ára eða eldri, óháð því hvort þeir eru skráðir í þjóðkirkjuna eða ekki. Yfirstjórn kirkjugarða er þó nátengd þjóðkirkjunni þar sem hver kirkjugarður er sjálfseignarstofnun í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn prófasts. Sóknarnefndir eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi, kjósa kirkjugarðsstjórn sem hefur umsjón með kirkjugarðinum í viðkomandi sókn. Kirkjugarðasjóður er í umsjá þriggja manna stjórnar sem kosin er af kirkjuráði. Af heildarinnheimtu kirkjugarðsgjalda renna 92% beint til kirkjugarða og eiga að standa undir kostnaði við umsjón og viðhald þeirra. Hluti þar af fer til að greiða laun til presta fyrir útfararþjónustu. Það sem eftir stendur af kirkjugarðsgjöldum rennur í Kirkjugarðasjóð. Megintilgangur hans er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Sjóðurinn stendur einnig undir launum og starfskostnaði framkvæmdastjóra skipulagsnefndar kirkjugarða og störfum nefndarinnar.

735 ***Sóknargjöld.*** Sóknargjöld eru innheimt samkvæmt lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., og eru ákveðin fjárhæð á mánuði sem tekur breytingum til samræmis við breytingar á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga. Gjöldin eru innheimt af öllum einstaklingum 16 ára og eldri og renna til þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga eftir trúfélagsskráningu einstaklinga í þjóðskrá. Gjöld þeirra, sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi samkvæmt lögum nr. 18/1975, um trúfélög, renna til Háskóla Íslands. Sé tekið mið af rauntölum 1996, er hlutdeild þjóðkirkjunnar af heildarinnheimtu gjaldanna rúmlega 91%, hlutur annarra trúfélaga er um 6% og til Háskóla Íslands renna tæp 3%. Áætluð innheimta er 1.031,7 m.kr. á næsta ári og skiptist fjárhæðin þannig að til þjóðkirkjunnar fara 942,9 m.kr., til annarra trúfélaga 61,7 m.kr. og til Háskóla Íslands 27,1 m.kr.

736 ***Jöfnunarsjóður sókna.*** Samkvæmt lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti, gjaldi í jöfnunarsjóð sókna sem nemur 18,5% af þeim sóknargjöldum sem renna til þjóðkirkjusafnaða. Áætlað framlag til sjóðsins á næsta ári er 169,7 m.kr. samanborið við 162,3 m.kr. á þessu ári. Meginhlutverk sjóðsins er að jafna aðstöðu og styrkja kirkjusóknir þar sem lögmætar tekjur nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, veita styrki til þeirra kirkna sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur, að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum og að styrkja kirkjulega félags- og menningarstarfsemi.

07 Félagsmálaráðuneyti

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld félagsmálaráðuneytisins árið 1998 eru áætluð um 10.331 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 168 m.kr. en þær nema um 1,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 10.163 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 6.512 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 3.571 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum. Mismunurinn, 80 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptaskuldum ríkissjóðs.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	2.756,7	168,0	2.588,7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.764,4	-	6.764,4
Stofnkostnaður og viðhald	810,0	-	810,0
Samtals	**10.331,1**	**168,0**	**10.163,1**

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 407 m.kr. milli ára. Helstu breytingar á framlögum auk launa- og verðlagshækkana eru 143 m.kr. hærri útgjöld til málefna fatlaðra og 180 m.kr. útgjöld vegna Vinnumálastofnunar. Sérstakt 9 m.kr. framlag vegna hagræðingar í rekstri fellur niður.

Rekstrartilfærslur hækka um 287 m.kr. milli ára. Helstu breytingar frá gildandi fjárlögum eru 160 m.kr. hækkun á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá aukast útgjöld atvinnuleysistrygginga um 106 m.kr. en á móti aukast fjármunatekjur sjóðsins um 56 m.kr.

Útgjöld Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga nema 40 m.kr. Loks lækkar liðurinn 801 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga um 120 m.kr.

Viðhald og stofnkostnaður eykst um 71 m.kr. milli ára, meðal annars vegna 40 m.kr. hækkunar á framlagi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og 20 m.kr. til Vinnumálastofnunar.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins leiðir til þess að heildargjöld ráðuneytisins eru talin verða um 80 m.kr. hærri en í fjárlögum 1997 þar sem tveir nýir fjárlagaliðir bætast við í A-hluta: 273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla og 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Auk þess breytast fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs sem voru áður sýndar bæði í A- og B-hluta en verða nú einungis færðar í A-hluta.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks heyrir: 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Heildargjöld ársins 1998 verða 111 m.kr. og haldast nær óbreytt að raungildi milli ára. Starfsemi ráðuneytisins verður því að mestu óbreytt.

Húsnæðismál

Til þessa málefnaflokks heyrir: 272 Byggingarsjóður verkamanna og 273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 315 m.kr. Lagt er til að framlag til Byggingarsjóðs verkamanna verði 275 m.kr. og lækki um 25 m.kr. Gert er ráð fyrir fækkun nýrra útlána til kaupa á húsnæði úr 180 í 170. Nefnd hefur unnið að endurskoðun félagslega húsnæðiskerfisins og hefur hún skilað áfangaskýrslu. Nánar verður rætt um málefni Byggingarsjóðs verkamanna í athugasemdum við C-hluta frumvarpsins. Á grundvelli laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal innheimta sérstakt tryggingarsjóðsgjald félagslegra íbúða. Tekjur af gjaldinu eru áætlaðar 40 m.kr. og er þeim veitt til Tryggingarsjóðs byggingargalla.

Stjórnsýslustofnanir

Til þessa málefnaflokks teljast: 302 Ríkissáttasemjari; 311 Jafnréttisráð; og 331 Vinnueftirlit ríkisins. Með lögum nr. 15/1997, um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, tilheyrir Brunamálastofnun ríkisins umhverfisráðuneyti um næstu áramót.

Heildargjöld þessa málefnaflokks eru áætluð 247 m.kr. og lækka um 55 m.kr. frá fjárlögum 1997 sem skýrist nær eingöngu af tilflutningi Brunamálastofnunar.

331 Vinnueftirlit ríkisins. Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 197,6 m.kr. og eru þau að mestu fjármögnuð með innheimtu lögboðinna gjalda. Þar vegur þyngst 0,06% af trygg-

ingagjaldsstofni um 158 m.kr. Á undanförnum árum hefur rekstur stofnunarinnar verið umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi og hefur gengið á inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði þannig að hún er að mestu upp urin. Stofnuninni er ætlað að laga rekstur sinn að þeim tekjum sem henni eru áætlaðar í frumvarpinu.

Málefni barna og ungmenna

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir: 400 Málefni barna og ungmenna og 401 Barnaverndarráð. Heildargjöld þessa málefnaflokks munu á árinu 1998 nema 265 m.kr. sem eru svo til óbreytt útgjöld að raungildi.

400 Málefni barna og ungmenna. Á þessum fjárlagalið eru þrjú viðfangsefni: 1.01 Barnaverndarstofa; 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga og 1.50 Meðferðarstöð ríkisins. Fyrsta viðfangsefnið tekur til yfirstjórnar málefnaflokksins og er áætlað að gjöld þess nemi 38 m.kr. Annað viðfangsefnið nær til meðferðarheimilanna í Árbót í Þingeyjarsýslu, Torfastöðum í Árnessýslu, Geldingalæk í Rangárvallasýslu, Bakkaflöt í Skagafjarðarsýslu og Varpholts í Eyjafirði. Starfsemi sambýlisins Sólheimum 17 var hætt í ár og verður þeim fjármunum varið til reksturs barnahúss. Til þessara viðfangsefna er áætlað að verja 137 m.kr. Gjöld þriðja viðfangsefnisins, sem er rekstur Stuðla, móttöku og meðferðarstöðvar fyrir unglinga, eru áætluð 79 m.kr. á næsta ári.

Málefni fatlaðra

Þessi málefnaflokkur nær til allra stofnana fatlaðra undir fjárlagaliðunum 700-722; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Áætlað er að heildargjöld málefna fatlaðra á árinu 1998 verði 2.739 m.kr.

Raunaukning útgjalda frá fjárlögum 1997 er 183 m.kr. og skýrist af eftirfarandi atriðum. Í fyrsta lagi aukast útgjöld um 33 m.kr. vegna rekstrarvanda hjá stofnunum fatlaðra. Í öðru lagi aukast gjöld um 45 m.kr. vegna reksturs þriggja nýrra sambýla hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík sem taka til starfa í lok þessa árs. Í þriðja lagi er ætlunin að verja 15 m.kr. til að auka dagvist fatlaðra í Reykjavík. Í fjórða lagi verður 35 m.kr. varið til nýrra sambýla undir viðfangsefnalið 1.90 á lið 700 Málefni fatlaðra, en staðsetning þeirra hefur ekki verið ákveðin. Í fimmta lagi verður 7 m.kr. varið til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins vegna yfirtöku hennar á þjónustu við einhverfa sem áður var veitt á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Í sjötta lagi verður 8 m.kr. varið til að uppfylla ákvæði samninga við sveitarfélög um þjónustu við fatlaða. Loks hækkar framlag til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* um 20 m.kr. auk þess sem ríkissjóður mun greiða 20 m.kr. til frekari uppbyggingar á þjónustu við geðfatlaða. Er þar um fimmtu og síðustu greiðslu að ræða. Framlagið byggir á grundvelli 39. gr. laga nr. 59/1992.

Heildargjöld stofnana fatlaðra breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting m.kr.
Málefni fatlaðra	139,3	189,4	50,1
Málefni fatlaðra, Reykjavík	377,0	474,6	97,6
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	346,4	381,0	34,6
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	88,1	94,7	6,6
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	58,2	63,5	5,3
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	102,2	112,3	10,1
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	278,1	308,3	30,2
Málefni fatlaðra, Austurlandi	84,6	93,0	8,4
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	147,9	162,3	14,4
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	47,7	53,3	5,6
Styrktarfélag vangefinna	230,9	271,5	40,6
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	120,3	128,1	7,8
Sólheimar, Grímsnesi	98,8	111,1	12,3
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	77,9	90,8	12,9
Framkvæmdasjóður fatlaðra	165,0	185,0	20,0
Framlag til geðfatlaðra	0,0	20,0	20,0
Samtals	**2.362,4**	**2.738,9**	**376,5**

Í byrjun þessa árs voru gerðir samningar við Hornafjarðarbæ og Vestmannaeyjabæ um að annast þjónustu við fatlaða. Framlög til þessara verkefna eru áætluð um 40 m.kr. og er stefnt að því að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna á árinu 1999. Þess er vænst að samþætting við félagsþjónustu sveitarfélaga geti bætt þjónustuna og nýtingu á því fjármagni sem veitt er til málefnaflokksins.

Sveitarfélög

Undir málefnaflokkinn heyra: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga; 811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga og 972 Bjargráðasjóður Íslands. Hér er eingöngu um tilfærsluframlög að ræða og nema þau 2.895 m.kr. þá er framlag til Bjargráðasjóðs Íslands 15 m.kr. og helst óbreytt á milli ára.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga ákvarðað með tvennum hætti. Annars vegar 1,4% af skatttekjum ríkisins, og er það framlag áætlað 1.792 m.kr., og hins vegar 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og er það framlag áætlað 758 m.kr. Framlag til sjóðsins verður því alls 2.815 m.kr. á árinu 1998. Samkvæmt samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans verður veitt sérstakt framlag, allt að 265 m.kr. á ári, til sjóðsins allt til ársins 2001. Framlagið er ætlað til að styrkja framkvæmdir sveitarfélaga við grunnskólabyggingar vegna einsetningar grunnskóla. Til viðbótar framlagi ríkisins leggur Jöfnunarsjóðurinn árlega fram 135 m.kr. Fé þessu verður varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með yfir 2000 íbúa.

811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir 80 m.kr. Lög um húsaleigubætur sem tóku gildi í upphafi árs 1995 hafa verið í endurskoðun í samræmi

við ákvæði í lögunum. Það hefur verið sameiginleg stefna ríkis og sveitarfélaga að sveitarfélögin standi undir öllum kostnaði við húsaleigubótakerfið og stóð til að gera þá breytingu um næstu áramót. Í forsendum þessa frumvarps er gert ráð fyrir að þetta gangi eftir og hefur verið lögð áhersla á að samkomulag náist milli aðila um að ríkið taki að sér önnur verkefni sem sveitarfélögin hafa annast hingað til. Um mitt yfirstandandi ár tók ríkið yfir starfsemi vinnumiðlana sem sveitarfélögin ráku fram að því og þar með hefur verið létt allt að 120 m.kr. kostnaði af sveitarfélögum en eftir standa 80 m.kr. á þessum lið. Í ljósi þess knappa tíma sem er til stefnu kann niðurstaðan að verða sú að núverandi kerfi verði óbreytt í öllum grundvallaratriðum á næsta ári og að ríkið og sveitarfélög fjármagni áfram húsaleigubætur samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Vinnumál

Undir þennan málefnaflokk heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu og 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Heildargjöld málefnaflokksins verða 3.562 m.kr. árið 1998 og aukast um 396 m.kr. frá fjárlögum 1997.

980 Vinnumálastofnun. Heildargjöld þessarar nýju stofnunar eru áætluð 293 m.kr. sem er 200 m.kr. raunaukning frá fjárlögum 1997. Stofnunin starfar á grundvelli laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, og tók hún við hlutverki vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, auk annarra verkefna, um mitt þetta ár. Tilgangur laganna er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu m.a. með aðstoð við einstaklinga í atvinnuleit. Með lögunum yfirtók ríkið meðal annars starfsemi vinnumiðlana sem sveitarfélögin hafa rekið. Miðað er við að 0,04% af gjaldstofni tryggingagjalds, eða um 100 m.kr., verði varið til að fjármagna rekstur vinnumiðlana.

982 Ábyrgðasjóður launa. Áætlað er að útgjöld sjóðsins nemi 185 m.kr. á árinu 1998, en útgjöld hans hafa farið lækkandi frá stofnun hans. Sjóðurinn er fjármagnaður með tekjum af ábyrgðargjaldi og er gjaldstofn þess sá sami og tryggingagjalds. Ábyrgðargjald lækkar úr 0,08% í 0,04% af gjaldstofni árið 1998. Það skilar 108 m.kr. tekjum og renna þær til sjóðsins í formi hlutdeildar í ríkistekjum. Sjóðurinn á umtalsverðar eignir hjá ríkissjóði og er áformað að ganga á næsta ári á eignir sem nemur 80 m.kr. reynist þess þörf.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Heildargjöld sjóðsins eru áætluð 2.966 m.kr. á árinu 1998. Gert er ráð fyrir því að 2.910 m.kr. verði fjármagnaðar með hlutdeild sjóðsins í tryggingagjaldi sem nemur 1,2% af gjaldstofni og 56 m.kr. með fjármunatekjum af verðbréfaeign sjóðsins. Áætlun sjóðsins gerir ráð fyrir 3,6% atvinnuleysi á árinu 1998 í samræmi við þjóðhagsspá. Í ár er talið að atvinnuleysi verði um 4% og að útgjöld sjóðsins nemi 3.043 m.kr. Á móti minna atvinnuleysi vegur hækkun atvinnuleysisbóta samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Af ofangreindri fjárhæð er reiknað með að 2.461 m.kr. verði varið í atvinnuleysisbætur og átaksverkefni. Styrkir til fiskvinnslustöðva eru áætlaðir 100 m.kr. og hlutdeild í rekstrarkostnaði Vinnumálastofnunar 50 m.kr. Þá er áætlað að verja 20 m.kr. til reksturs Kjararannsóknarnefndar. Kostnaður við námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði er talinn verða 200 m.kr. og áætlað að verja 35 m.kr. í framlög og styrki. Loks er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til Starfsmenntasjóðs og 50 m.kr. til rekstrar úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig útgjöld sjóðsins skiptast og hvernig hann verður fjármagnaður.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 1998
Atvinnuleysisbætur	2.461,0
Hlutdeild í rekstri Vinnumálastofnunar	50,0
Styrkir til fiskvinnslustöðva	100,0
Kjararannsóknarnefnd	20,0
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	200,0
Framlög og styrkir	35,0
Starfsmenntasjóður	50,0
Rekstur úthlutunarnefnda	50,0
Samtals	**2.966,0**
Fjármunatekjur	56,0
Tryggingagjald	2.910,0

*987 **Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**.* Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 47/1997 og er hlutverk hans að greiða sjóðfélögum, þ.e. sjálfstætt starfandi einstaklingum, atvinnuleysisbætur. Tekjur sjóðsins eru hluti af tryggingagjaldi og áætlað að útgjöld sjóðsins nemi 40 m.kr. Tekjurnar renna í ríkissjóð en sjóðurinn fær aftur framlag sem hlutdeild í ríkistekjum.

Annað

Undir þennan málefnaflokk fellur einn fjárlagaliður, *Félagsmál, ýmis starfsemi*. Gjöld málefnaflokksins á næsta ári verða 185 m.kr. en voru 166 m.kr. í ár. Framlag til verkefna á sviði húsnæðismála hækka um 5 m.kr. vegna tímabundinnar vinnu við endurskipulagningu Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá er áætlað á viðfangsefnalið 1.90 Ýmis framlög fyrir 20 m.kr. kostnaði við móttöku flóttamanna frá fyrrum Júgóslavíu sem búsettir eru í Hornafjarðarbæ. Á móti fellur niður 10 m.kr. framlag vegna flóttamanna sem hófu búsetu á Ísafirði.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Heildargjöld til heilbrigðis- og tryggingamála skiptast á málaflokka sem hér segir:



Heildargjöld ráðuneytisins eru 62.260 m.kr. á rekstrargrunni. Frá þeirri fjárhæð dragast þjónustutekjur samtals 3.270 m.kr., þ.e. tekjur frá sjúkratryggingum, rekstrartekjur þvottahúsa o.fl., ásamt greiðslum almennings og nema þær 5,2% af heildargjöldum. Gjöld umfram þjónustutekjur eru 58.990 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 46.855 m.kr. bein framlög ríkissjóðs og 12.060 m.kr. hlutdeild í ríkistekjum, þar af eru 176 m.kr. rekstrartekjur sem stofnanir innheimta sjálfar. Mismunur á fjármögnun og útgjöldum, 75 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	25.342,5	2.960,9	22.381,6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	35.660,4	310,0	35.350,4
Stofnkostnaður og viðhald	1.256,8	-	1.256,8
Samtals	**62.259,7**	**3.270,9**	**58.988,8**

Heildarútgjöld ráðuneytisins aukast samtals um tæplega 6.900 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af eru um 4.440 m.kr. vegna verðlags- og launahækkana, um 680 m.kr. vegna breytinga á framsetningu yfir á rekstrargrunn. Um 1.800 m.kr. teljast hækkun að raunvirði, að frádregnum áformum um sparnað. Hækkun á útgjöldum almannatrygginga vegna fólksfjölgunar og lyfjakostnaðar er um 950 m.kr., sérstakar aðgerðir til að draga úr jaðar-

áhrifum í almannatryggingakerfinu skýra 450 m.kr. hækkun og ný verkefni nema 790 m. kr. Þar af eru ríflega 300 m.kr. til hjúkrunarheimila, 400 m.kr. til sjúkrahúsa og 90 m.kr. til heilsugæslustöðva. Loks má rekja 400 m.kr. til útgjalda sjúkratrygginga umfram forsendur fjárlaga 1997. Á móti nýjum útgjöldum eru áform um 700 m.kr. lækkun útgjalda og niður falla verkefni í fjárlögum 1997 er nema um 100 m.kr. Nánar verður fjallað um framangreindar breytingar síðar í kaflanum.

Breytt framsetning fjárlagafrumvarps

Framsetning fjárlagafrumvarpsins á rekstrargrunni hefur þau áhrif að heildargjöld verða 678 m.kr. hærri en í fjárlögum 1997. Þvottahús ríkisspítalanna flyst úr B-hluta fjárlaga í A-hluta og hækka útgjöld og tekjur um 263 m.kr. af þeim sökum. Þá hækka gjöld og tekjur daggjaldstofnana um 270 m.kr. þar sem framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra er ekki lengur sýnt nettó. Þá hækka útgjöld og sértekjur ýmissa stofnana samtals um 70 m.kr., þar af sjúkratrygginga um 40 m.kr. Framangreindar breytingar hafa ekki áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Eftirlaunasjóði aldraðra er ætlað að ganga á eign sína er nemur 50 m.kr. og áformað er að ríkisspítalar fjármagni 25 m.kr. af stofnkostnaði barnaspítala úr sjóðum sínum. Nokkur breyting verður á milli fjárlagaliða og á framsetningu stofnana innbyrðis. Læknishéraðasjóður og Tannverndarsjóður flytjast úr B-hluta og breytir það ekki fjárhæðum því framlög í sjóðina fóru áður um A-hluta. Sundurliðun almannatrygginga á bótaflokka er sýnd og sundurliðun sjúkratrygginga og daggjaldastofnanir á viðfangsefni.

Ráðuneyti

Undir þennan málaflokk falla aðalskrifstofa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og ráðstöfunarfé ráðherra og eru útgjöld til málaflokksins 180 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Útgjöld aðalskrifstofu eru samtals 172 m.kr. og hækka um 3,6 m.kr. umfram verðlagsbreytingar, aðallega vegna þess að sala á sérlyfjaskrá flyst frá aðalskrifstofu á liðinn *393 Lyfjamál*. Hlutur stefnumörkunar og árangursstjórnunar í starfsemi aðalskrifstofu hefur verið efldur. Unnið er að gerð þjónustusamninga við ýmsar stofnanir sem ráðuneytið kaupir þjónustu af. Stefnt er að því að gerðir verði þjónustusamningar við hjúkrunarheimili, endurhæfingar- og áfengismeðferðarstofnanir sem eru rekin af sveitarfélögum, einkaaðilum eða félagasamtökum.

Tryggingamál

Undir málaflokkinn falla: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva; 208 Slysatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Bætur almannatrygginga hækkuðu um 2% hinn 1. janúar 1997, í samræmi við forsendur fjárlaga. Í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði var ákveðið að hækka bæturnar um 4% þann 1. mars og 2,5% þann 1. ágúst 1997. Áformað er að bæturnar hækki enn um 4% þann 1. janúar 1998. Bætur almannatrygginga verða þannig tæplega 11% hærri á árinu 1998 en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 1997 og hækka um ríflega 13% frá ársbyrjun 1997

til ársbyrjunar 1998. Skýrir hækkun bóta rúmlega 2.000 m.kr. útgjaldaauka frá fjárlögum 1997. Á árinu voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að draga úr jaðaráhrifum í bótakerfi almannatrygginga og er kostnaður við þær áætlaður 450 m.kr. á ári. Niðurfellingu á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins og fastagjaldi af síma var hætt með hækkun á heimilisuppbót. Þá voru viðmiðunarmörk tekna vegna frekari uppbóta hækkuð og loks var ákveðið að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skerði ekki bætur almannatrygginga. Gert er ráð fyrir að greiðslur orlofs- og desemberuppbóta verði í óbreyttu formi frá því sem verið hefur.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu útgjaldaliði tryggingamála. Vakin er sérstök athygli á því að daggjaldastofnanir eru ekki taldar með í útgjöldum sjúkratrygginga:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	499,9	465,7	541,2	16	8
Lög um félagslega aðstoð	3.703,5	3.911,0	4.670,0	19	26
Lífeyristryggingar	13.880,8	14.170,0	16.400,0	16	18
Sjúkratryggingar	7.958,3	7.875,0	8.660,0	10	9
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa	1.059,0	970,0	1.040,0	7	-2
Slysatryggingar	478,0	410,0	380,0	-7	-21
Eftirlaunasjóður aldraða	308,5	318,0	250,0	-21	-19
Samtals	**27.888,0**	**28.119,7**	**31.941,2**	**14**	**15**

*201 **Tryggingastofnun ríkisins, yfirstjórn.*** Útgjöld stofnunarinnar eru 702,5 m.kr., þar af standa þjónustutekjur undir 161,3 m.kr. og 541,2 m.kr. með framlagi úr ríkissjóði. Lagt er til að framlög til yfirstjórnar hækki um 32 m.kr. frá fjárlögum 1997. Þar til viðbótar er lagt til sérstakt 15 m.kr. framlag sem ætlað er til aukinna hagræðingarverkefna og hefur það fé verið millifært af útgjöldum almannatrygginga. Hækkun á rekstrarframlögum er til að koma í veg fyrir hallarekstur á stofnuninni á næsta ári. Útgjöld stofnunarinnar hafa verið umfram heimildir, einkum vegna hækkunar á launakostnaði í kjölfar endurmats á starfsröðun starfsfólks á árinu 1995 og 1996. Nokkuð hefur orðið ágengt í að ná niður launaútgjöldum á móti þeim kostnaðarauka, en önnur rekstrargjöld hafa hækkað m.a. vegna gjaldskrárbreytinga fyrir póstburðargjöld og tölvuþjónustu umfram verðlagsforsendur. Loks er aukinn kostnaður vegna framkvæmdar á EES-samningnum og lögð er til 2 m.kr. hækkun vegna nýrra laga um réttindi sjúklinga. Er það ætlað til að efla upplýsingagjöf um réttindi þeirra samkvæmt almannatryggingalögum. Gert er ráð fyrir að 15 m.kr. framlag til hagræðingarstarfsemi nýtist til að efla eftirlit með þjónustu sjúkratrygginga og til að skilvirkni bóta verði markvissari en nú er. Loks má nefna að fé til viðhalds 2,3 m.kr. er nú fært undir rekstrargjöld, því húsnæði stofnunarinnar var fellt undir Fasteignir ríkissjóðs sem taka við viðhaldsverkefnum og í staðinn greiðir stofnunin húsaleigu.

*203 **Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.*** Heildarútgjöld bóta félagslegrar aðstoðar verða 4.670 m.kr. og aukast um 760 m.kr. eða 19% frá fjárlögum 1997. Þar af

hækka útgjöld vegna heimilisuppbótar um 480 m.kr. og frekari uppbóta um 140 m.kr. Áætlað er að endurhæfingarlífeyrir aukist um 65 m.kr., þar sem aukin áhersla hefur verið lögð á það úrræði í stað þess að fólk sem hægt er að hjálpa fari á örorkulífeyri. Í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnar hækka upphæðir bóta félagslegrar aðstoðar um tæp 11% frá forsendum fjárlaga 1997. Mikil hækkun á heimilisuppbót frá fjárlögum skýrist af ráðstöfunum til að draga úr jaðaráhrifum í bótakerfi almannatrygginga. Hækkun heimilisuppbótar úr 8.872 kr. í 12.480 kr. á mánuði kom í stað niðurfellingar á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins og niðurfellingar á fastagjaldi af síma. Jafnframt var þeim sem áttu rétt á niðurfellingu afnotagjalda RÚV, en ekki nutu heimilisuppbótar, tryggð áframhaldandi niðurfelling afnotagjalda. Þá voru viðmiðunarmörk tekna vegna frekari uppbóta hækkuð úr 75 þús.kr. í 85,8 þús.kr. Loks skerðir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga ekki lengur bætur almannatrygginga og tók sú breyting gildi þann 1. september sl. Lækkun sérstakrar heimilisuppbótar skýrist af fækkun bótaþega. Eftirfarandi tafla sýnir helstu bótaflokka samkvæmt lögum um félagslega aðstoð:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	152,7	160,0	180,0	13	18
Umönnunarbætur	374,6	395,0	445,0	13	19
Makabætur	29,8	30,0	35,0	17	17
Ekkju- og ekklabætur	72,3	70,0	75,0	7	4
Endurhæfingarlífeyrir	103,3	115,0	180,0	57	74
Barnalífeyrir, vegna menntunar	42,9	50,0	55,0	10	28
Heimilisuppbót	922,1	950,0	1.430,0	51	55
Sérstök heimilisuppbót	145,8	160,0	145,0	-9	-1
Uppbætur	1.786,4	1.901,0	2.045,0	8	14
Bifreiðakaupastyrkir	73,6	80,0	80,0	0	9
Samtals	**3.703,5**	**3.911,0**	**4.670,0**	**19**	**26**

204 Lífeyristryggingar. Upphæðir bóta lífeyristrygginga hækka um tæplega 11% frá forsendum fjárlaga 1997 og er það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar í kjölfar kjarasamninga. Nánar er fjallað um hækkun bóta í upphafi þessa kafla. Eftirfarandi tafla sýnir helstu bótaflokka lífeyristrygginga:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	3.515,3	3.665,0	4.170,0	14	19
Örorkulífeyrir	1.225,9	1.310,0	1.550,0	18	26
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	5.270,4	5.200,0	6.000,0	15	14
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	1.746,1	1.790,0	2.100,0	17	20
Örorkustyrkur	188,9	195,0	210,0	8	11
Barnalífeyrir	690,1	760,0	890,0	17	29
Fæðingarorlof	1.224,3	1.245,0	1.450,0	16	18
Annað	19,7	5,0	30,0	500	52
Samtals	**13.880,7**	**14.170,0**	**16.400,0**	**16**	**18**

Áætlað er að heildarútgjöld lífeyristrygginga verði 16.400 m.kr. og aukast þau um 2.230 m.kr. frá fjárlögum, eða um tæplega 16%. Hækkunin stafar að mestu af hækkun á upphæð bóta og að bætur félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga skerða ekki tekjutryggingu. Þá er reiknað með svipaðri fjölgun bótaþega og undanfarin ár og verður sú áætlun endurskoðuð við afgreiðslu fjárlaga í ljósi þróunarinnar í ár. Loks verður tæplega 50 m.kr. hækkun á fæðingarorlofi vegna lagabreytinga sem auka réttindi vegna alvarlegra veikinda barna, fjölburafæðinga, barna sem tekin eru í varanlegt fóstur og vegna veikinda móður.

206 ***Sjúkratryggingar.*** Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 8.700 m.kr. og aukast um 8,7% eða 700 m.kr. frá fjárlögum 1997. Þar af eru 330 m.kr. verðbætur og 330 m.kr. útgjöld umfram áætlun fjárlaga 1997. Helstu útgjöld umfram fjárlög árið 1997 eru 110 m.kr. í lækniskostnaði, 80 m.kr. vegna sjúkraþjálfunar, 90 m.kr. vegna ofáætlaðra sértekna, þar sem afsláttur af lyfjum féll að mestu niður frá síðustu áramótum. Loks stefnir lyfjakostnaður 50 m.kr. umfram forsendur fjárlaga 1997. Liðurinn *annað* undir sjúkratryggingum hækkar um 14 m.kr., þar af eru 6 m.kr. til túlkunar fyrir heyrnarlausa og 8 m.kr. til að bæta þjónustu við Bláa lónið, m.a. til að standa undir kostnaði við þjónustu sjúkrahótels. Sú breyting er gerð á framsetningu að stofnanir, sem fá greiðslur með daggjöldum, og áætlað var fyrir hjá sjúkratryggingum, eru færðar á sérstakan fjárlagalið *08-495 Stofnanir á daggjöldum*. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á framkvæmd daggjaldagreiðslna og mun sjúkratryggingadeild áfram hafa umsjón með þeim. Þá er í talnabálki frumvarpsins sýnd sundurliðun á kostnaði sjúkratrygginga, en hún birtist áður í greinargerð og sem fylgiskjal með fjárlögum. Þess hefur verið gætt með nýrri framsetningu að sem best samræmi verði á milli fjárlagafrumvarps og ríkisreiknings og reikninga Tryggingastofnunar, sem ætti að auðvelda samanburð og eftirlit. Í eftirfarandi töflu eru skipting á útgjöldum sjúkratrygginga:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	1.765,2	1.730,0	2.000,0	16	13
Lyf	3.650,9	3.600,0	3.900,0	8	7
Hjálpartæki	610,8	640,0	640,0	0	5
Hjúkrun í heimahúsum	44,6	50,0	50,0	0	12
Þjálfun	455,2	480,0	550,0	15	21
Tannlækningar	807,2	780,0	760,0	-3	-6
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	132,3	140,0	150,0	7	13
Brýn meðferð erlendis	389,7	330,0	360,0	9	-8
Sjúkrakostn. vegna veikinda og slysa erl.	19,3	35,0	40,0	14	107
Sjúkradagpeningar	180,9	190,0	200,0	5	11
Annað	44,4	30,0	50,0	67	13
Sértekjur	-142,2	-130,0	-40,0	-69	-72
Samtals	**7.958,3**	**7.875,0**	**8.660,0**	**10**	**9**

Til að sporna á móti hækkun útgjalda sjúkratrygginga er gerð tillaga um 410 m.kr. sparnað frá áætluðum útgjöldum næsta árs að öðru óbreyttu. Þar af eru 300 m.kr. í lyfjakostnaði og er um áframhaldandi aðgerðir að ræða frá yfirstandandi ári. Áfram verður stuðlað að aukinni hagkvæmni með því að einfalda og flýta skráningu á samhliðainnflutningi lyfja. Stuðlað verður að frekari útboðum á lyfjakaupum sjúkrahúsa og stefnt að því að gera þjónustusamning við sjúkrahúsin um þau lyf sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða. Þá verður áfram unnið að beinum innflutningi sjúkrahúsa á dýrum lyfjum sem þeim er veitt undanþága til að nota og ekki eru almennt skráð. Lögð verður áhersla á að tekið verði mið af lyfjaverði í nágrannaríkjum við ákvörðun lyfjaverðs. Áfram verður unnið að gæða- og kostnaðarstýringu lyfjaávísana í samvinnu við lækna, útgáfu lyfjalista og upplýsinga til lækna. Loks verða reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði endurskoðaðar. Lagður er til 70 m.kr. sparnaður í tannlæknakostnaði. Ráðgert er að ná þeim sparnaði með breyttu fyrirkomulagi og afnámi tvíverknaðar og með endurskoðun á gjaldskrám. Áformað er að breyta skipulagi skólatannlækninga í samræmi við úttekt Hagsýslu ríkisins. Að lokum er ráðgert að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 40 m.kr. með bættu eftirliti með greiðslu bóta og greiðsluþátttöku almannatrygginga.

207 ***Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.*** Gerð er tillaga um 1.040 m.kr. heildarútgjöld og hækka þau um 7,2% frá fjárlögum, mest vegna verðlagsbreytinga. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1997 voru greiðslur sjúkratrygginga fyrir rannsóknir og röntgenþjónustu sjúkrahúsa færðar á þennan fjárlagalið. Markmiðið með því var að einfalda samskipti milli sjúkrahúsa og Tryggingastofnunar með gerð þjónustusamninga og draga úr kostnaði við þau. Samkvæmt nýlegu samkomulagi á milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík, á að skilja rekstur rannsóknarstofa sjúkrahúsanna í Reykjavík frá öðrum rekstri spítalanna. Jafnframt verður kannað hvort stofna skuli sérstakt félag um þennan rekstur.

208 ***Slysatryggingar.*** Áætlað er að útgjöld slysatrygginga lækki um 30 m.kr. á næsta ári, en þau hafa farið lækkandi frá árinu 1994, er trygging stjórnenda aflvéla og bifreiða var flutt til almennra tryggingafélaga. Árið 1996 hófst innheimta á sérstöku iðgjaldi af útgerðum vegna ábyrgðar slysatrygginga til greiðslu á aflahlut og kaupi sjómanna, umfram slysadagpeninga. Áformað er að kanna kosti þess að greiða styrki beint til íþróttafélaga í stað þess að félögin njóti slysatrygginga án þess að greiða fyrir það iðgjald. Bætur til íþróttamanna úr slysatryggingum nema um 35-40 m.kr. á ári.

214 ***Eftirlaunasjóður aldraðra.*** Eftirlaunasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra. Lífeyrir er greiddur til þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og hafa því óveruleg réttindi hjá lífeyrissjóðum. Áætlað er að útgöld vegna eftirlauna úr sjóðnum verði 270 m.kr. árið 1998, þar af stendur ríkissjóður undir 250 m.kr. og 20 m.kr. koma í hlut Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í fjárlögum 1997 er gert ráð fyrir 318

m.kr. framlagi ríkissjóðs í sjóðinn. Á undanförnum árum hafa framlög í fjárlögum verið umfram útgjöld sjóðsins. Er lagt til að greiðslur ríkissjóðs í sjóðinn árið 1998 verði 200 m.kr. þar sem áformað er að ganga á eign hans er nemur 50 m.kr. Eftirlaunasjóður aldraðra er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins og þarf stofnunin að draga úr heildarsjóðseign sinni til að þessi áform nái fram að ganga.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Undir þennan málaflokk falla eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins; 330 Manneldisráð; 393 Lyfjamál; 395 Lyfjaeftirlit ríkisins og 396 Lyfjanefnd.

Sú breyting er gerð á framsetningu, að lyfjamál eru færð hér, en þau voru áður flokkuð undir málaflokkinn *Annað*. Helstu breytingar innan málaflokksins eru að útgjöld Landlæknisembættisins hækka um 9,5 m.kr. vegna sóttvarnarlaga. Lagt er til að ráðið verði í stöðu sóttvarnarlæknis sem hafi með höndum skipulag sóttvarna og skráningu smitsjúkdóma. Nokkur halli er á rekstri embættisins á þessu ári og er gert ráð fyrir að unnið verði að því á næsta ári að ná útgjöldum að fjárlögum. Tímabundið framlag til tækjakaupa hjá Geislavörnum ríkisins fellur niður, 2,5 m.kr. Loks er gerð 1-2% hagræðingarkrafa til stofnana í þessum málaflokki, annarra en stofnana lyfjamála. Framlög til *393 Lyfjamál* lækka um 2,3 m.kr. þar sem tekjur af sölu sérlyfjaskrár eru fluttar undir lyfjamál frá aðalskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að umfang Lyfjaeftirlits ríkisins verði óbreytt, en umfang Lyfjanefndar vex um rúm 9% að raungildi frá fjárlögum. Kostnaður við Lyfjaeftirlit ríkisins og Lyfjanefnd er borinn uppi af rekstrartekjum og hefur umfang starfseminnar aukist talsvert undanfarin ár m.a. vegna samhliðainnflutnings lyfja, skráningar á náttúrulyfjum og endurskráningar lyfja.

Sjúkrastofnanir og heilsugæsla

Undir þennan málaflokk falla sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili. Kaflanum er skipt í fimm hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um sjúkrahús á Suðvesturlandi og á Akureyri, í öðrum hluta um heilbrigðisstofnanir, í þeim þriðja um heilsugæslustöðvar sem reknar eru án tengsla við sjúkrastofnanir og í fjórða hluta er fjallað um aðrar sjúkrastofnanir, þ.e. hjúkrunarheimili og endurhæfingarstofnanir. Loks er í fimmta hluta kaflans fjallað sérstaklega um stofnkostnað. Nokkrar breytingar eru á framsetningu stofnana í þessum málaflokki og eru „heilbrigðisstofnanir" nýtt hugtak þar sem fjárreiðum heilsugæslu og sjúkrahúss eða hjúkrunarheimilis á ákveðnum svæðum er steypt saman undir einn fjárlagalið. Nánar verður fjallað um fjármál sjúkrastofnana undir hverjum lið.

1. Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús. Hér undir falla 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 375 Sjúkrahús Reykjavíkur; 400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði; 711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi; 785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi og 791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hér er einnig fjallað um 358 Fjórðungssjúkrahúsið

Akureyri. Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög úr ríkissjóði til sjúkrastofnana í fjárlögum 1997 og samkvæmt frumvarpinu, að teknu tilliti til ríkistekna.

Greiðslur úr ríkissjóði og ríkistekjur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.344,8	1.434,8	6,7
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	192,8	211,8	9,9
Ríkisspítalar	7.453,0	8.183,0	9,8
Sjúkrahús Reykjavíkur	4.261,6	4.536,6	6,5
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	253,8	273,0	7,6
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	503,5	545,0	8,2
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	278,7	303,5	8,9
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	336,1	366,8	9,1
Samtals	**14.624,3**	**15.854,5**	**8,4**

*358 **Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.*** Útgjöld sjúkrahússins eru áætluð 1.620 m.kr. þar af eru 1.555 m.kr. til reksturs og 65 m.kr. í viðhald og stofnkostnað. Þar af eru greiðslur úr ríkissjóði 1.434,8 m.kr. og þjónustutekjur 185,5 m.kr. Framlög til viðhalds, stofnkostnaðar og tækjakaupa eru óbreytt. Lokið verður við 1. áfanga nýbyggingar á árinu 1998 og er áformað að barnadeild flytjist í nýtt húsnæði í upphafi árs 1999. Starfsemi barnadeildarinnar tekur nokkrum breytingum við flutning í nýtt húsnæði og er m.a. gert ráð fyrir rekstri dagdeildar. Áætlað er að viðbótarrekstrarkostnaður árið 1999 við flutning barnadeildarinnar verði um 30 m.kr. Ljóst er að það kostar verulegt fé að reka nýja álmu við sjúkrahúsið þegar hún verður öll komin í notkun. Þarf að endurskoða hlutverk sjúkrahússins og sjúkrastofnana á þjónustusvæði þess í samhengi áður en full nýting hússins verður endanlega ákveðin.

*370 **Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.*** Heildarútgjöld eru 211,8 m.kr. og hækka um tæplega 20 m.kr. á milli ára. Hækkunin er öll á nýjum lið *1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili.* Eins og nafnið gefur til kynna, er ráðgert að ráðstafa framlenginu til að ganga frá þjónustusamningum við hjúkrunarheimili, en í einhverjum tilvikum þarf að leiðrétta framlög til þeirra. Önnur framlög á liðnum eru nær óbreytt frá fjárlögum 1997. Í óbreyttu framlagi felst að í raun lækkar liðurinn um 60 m.kr. þar sem rekstrarsparnaður á sjúkrahúsum á landsbyggðinni var færður á þennan lið í fjárlögum 1997. Gert er ráð fyrir að nefndargreiðslur til Samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík, 2 m.kr., falli niður.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gerðu með sér samkomulag þann 28. ágúst 1996 um aðgerðir í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þar voru ákveðnar um 370 m.kr. sparnaðaraðgerðir í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík. Aðilar voru sammála um að gera heildarskoðun á starfsemi sjúkrahúsanna í Reykjavík og nærliggjandi byggðarlögum. Ráðgjafafyrirtæki var fengið, með aðstoð erlendra sérfræðinga, til að gera skipulagsathugun á sjúkrahúsunum. Á sama tíma hefur verið unnið

að gerð fleiri tillagna til hagræðingar á sjúkrahúsunum. Í nýju samkomulagi á milli sömu aðila frá 12. september 1997, er ákveðið að gera 205 m.kr. hagræðingu á sjúkrahúsunum í Reykjavík árið 1998, með breytingu á verkaskiptingu sjúkrahúsanna og endurskipulagningu á rekstri þeirra. Auk þess er gerð krafa um 87 m.kr. sparnað hjá sjúkrahúsunum í Reykjavík, og verður þeim áformum lýst nánar í umfjöllun um hvora stofnun fyrir sig. Með sparnaðaraðgerðunum og 320 m.kr. viðbótarfjárveitingum í fjáraukalögum fyrir árið 1997, á rekstur spítalanna að rúmast innan fjárheimilda ársins. Með umræddu samkomulagi er litið svo á, að það sé alfarið á ábyrgð eigenda og stjórnenda sjúkrahúsanna að tryggja að þau verði rekin innan marka áætlana. Samkvæmt samkomulaginu nema framlög úr ríkissjóði til reksturs sjúkrahúsanna í ár samtals 11.701 m.kr. að meðtalinni ráðstöfun fjár af óskiptum liðum og aukafjárveitingum. Í frumvarpi þessu verða framlög til reksturs 12.136 m.kr., þar af eru launa- og verðlagsbætur 823 m.kr. Á óskiptum liðum eru 34 m.kr. til reksturs sjúkrahúsanna. Eins og að framan greinir er miðað við að hagræðingaraðgerðir í rekstri sjúkrahúsanna, meðal annars samkvæmt fyrirliggjandi samkomulagi, skili 350 m.kr. sparnaði frá fjárlagaheimild ársins 1997.

*371 **Ríkisspítalar.*** Útgjöld ríkisspítala eru áætluð 9.230 m.kr., þar af er 1.048 m.kr. mætt með þjónustutekjum og 8.183 m.kr. með framlagi úr ríkissjóði. Hækka útgjöldin um 1.044 m.kr. frá fjárlögum, þar af eru 551 m.kr. launa- og verðlagsbætur, 263 m.kr. vegna þess að Þvottahús ríkisspítalanna er flutt úr B-hluta í A-hluta frumvarpsins og 230 m.kr. raunhækkun, aðallega vegna áforma um byggingu á nýjum barnaspítala. Ef frá er talinn rekstur þvottahúss, hækka framlög til reksturs spítalans um 51,1 m.kr. Útgjöld til nýrrar og aukinnar starfsemi eru 112 m.kr. Þar af eru 50 m.kr. framlag til reksturs lýtalækningadeildar, 32 m.kr. aukið framlag til reksturs æðarannsóknarstofu og 30 m.kr. til reksturs líknardeildar í húsnæði Kópavogshælis hluta úr ári. Áætlað er að rekstur líknardeildarinnar kosti 60 m.kr. á heilu ári. Á móti er lagt til að spítalinn dragi úr útgjöldum um 53,8 m.kr. umfram það sem ákveðið er í samkomulaginu frá 12. september. Tímabundið framlag, 7 m.kr., í fjárlögum 1997 fellur niður. Til að ná sparnaðinum er gert ráð fyrir auknum útboðum á rekstrarvörum og öðrum rekstrarþáttum spítalans og sparnaði á deildum þar sem sjúklingar flytjast á lýtalækningadeild og líknardeild. Stofnkostnaður hækkar samtals um 179 m.kr. Áformað er að ráðstafa samtals 200 m.kr. til byggingar á nýjum barnaspítala á næsta ári. Lagt er til að 175 m.kr. verði greiddar úr ríkissjóði, þar af koma 140 m.kr. af andvirði sölu á landi Vífilsstaða. Loks renna 25 m.kr. úr sjóðum í vörslu ríkisspítalanna til byggingarinnar. Áætlað er að byggingunni verði lokið árið 2001, miðað við að ráðstafað verði 250 til 300 m.kr. árlega til framkvæmdanna. Stofnkostnaðarframlög sem koma til ráðstöfunar stjórnarnefndar eru óbreytt frá fjárlögum, eða 169 m.kr. Lokið er tímabundnum stofnkostnaðarverkefnum er nema 44 m.kr., þ.e. kaup á línuhraðli og búnaði vegna hjartaaðgerða á börnum. Á móti er gert ráð fyrir tímabundnu 44 m.kr. framlagi til endurnýjunar á æðarannsóknarstofu og verður heildarkostnaður við það verkefni samtals 74 m.kr. á næsta ári. Á árunum 1996 og 1997 hefur samtals verið ráðstafað 60 m.kr. til endurnýjunarinnar, en heildarstofnkostnaður við æða-

rannsóknarstofuna er áætlaður um 140 m.kr. Framlag til nýframkvæmda á Landspítalalóð lækkar um 21 m.kr. og verður 39 m.kr. Er framlagið ætlað til að bæta rafkerfi Landspítalans. Með breyttum forgangi framkvæmda er fyrirhugað að leggja yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð niður og færa verkefnð í hendur stjórnenda spítalans.

Í samræmi við samkomulagið frá 12. september sl. eru ráðgerðar margvíslegar breytingar á rekstri spítalanna. Markmiðið með aðgerðunum er að rekstur spítalanna verði innan fjárheimilda á næsta ári en jafnframt þurfa stjórnendur ríkisspítalanna að grípa til frekari aðgerða til að það markmið náist. Í samkomulaginu er ákveðið að flytja núverandi starfsemi lungnadeildar frá Vífilsstöðum á Landspítala og breyta Vífilsstöðum í hjúkrunarheimili. Í öðru lagi er til athugunar hvort hagkvæmt er að hefja rekstur 24 rúma endurhæfingardeildar í húsnæði Kópavogshælis og að samsvarandi fjölda rúma verði lokað í núverandi húsnæði Landspítalans. Í þriðja lagi verða rannsóknarstofur ríkisspítalanna skildar frá öðrum rekstri sjúkrahússins og kannað hvort hagkvæmt er að stofna sérstakt félag um reksturinn. Í fjórða lagi verður áfram unnið að hagræðingu á skurðstofum með sameiginlegri innritunarstöð, læknateymum og skýrari verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Loks verður gagnavinnsla, í fjármálum og skráningu á starfsemi sjúkrahúsanna, samræmd.

375 ***Sjúkrahús Reykjavíkur.*** Útgjöld Sjúkrahúss Reykjavíkur verða 5.270 m.kr. á næsta ári. Þar af eru 634 m.kr. fjármagnaðar með þjónustutekjum og 100 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum. Tekjur af slysastofugjöldum, sem áður voru taldar með þjónustutekjum, eru nú færðar sem ríkistekjur, samtals 100 m.kr. Heildargjöld hækka um 291 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 340 m.kr. launa- og verðlagsbætur. Rekstrargjöld lækka um 33,5 m.kr. vegna tillögu um rekstrarsparnað, umfram það sem kveður á um í nýgerðu samkomulagi. Stofnkostnaður lækkar um 30 m.kr. Framlag til reksturs á háþrýstiklefa hækkar um 15 m.kr., en rekstrarkostnaður hans er um 30 m.kr. á ári skv. samningi við einkaaðila um reksturinn. Til að ná áformum um rekstrarsparnað er gert ráð fyrir auknum útboðum á rekstrarvörum og þjónustu auk sérstakra aðhaldsaðgerða. Þá leiðir sérstakt samkomulag á milli Sjúkrahúss Reykjavíkur og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, um bæklunaraðgerðir, til lækkunar á kostnaði. Framlög til tækjakaupa verða 55 m.kr., þar af er tímabundið framlag til kaupa á sneiðmyndatæki 20 m.kr. Samtals hefur verið ráðstafað 100 m.kr. til endurnýjunar á sneiðmyndatæki Sjúkrahúss Reykjavíkur. Kostnaður við kaup og uppsetningu á tækinu er áætlaður 120 m.kr. Í samræmi við samkomulag við Reykjavíkurborg verða ýmsar breytingar á rekstri sjúkrahússins. Taugalækningadeild flyst frá Grensási í húsnæði Sjúkrahúss Reykjavíkur í Fossvogi, þá er ráðgert að efla

rekstur sjö daga endurhæfingar hjá sjúkrahúsinu. Geðdeild flyst á Grensás samkvæmt samkomulaginu og skiptingu bráðavakta deildarinnar verður breytt þannig að ríkisspítalar munu sjá um 75% þeirra, en Sjúkrahús Reykjavíkur 25%. Dag- og göngudeild geðdeildar verður starfrækt í húsnæði Hvítabandsins og starfsemi sem nú er rekin á Kleifarvegsheimili flyst til barna- og unglingageðdeildar ríkisspítalanna. Með sama hætti og á ríkisspítölum, verður starfsemi rannsóknarstofa aðskilin frá öðrum rekstri sjúkrahússins og kannaðir möguleikar á að stofna um reksturinn sérstakt félag. Þá verður áfram unnið að hagræðingu í rekstri skurðdeilda.

Útgjöld annarra sjúkrahúsa á Suðvesturlandi breytast óverulega að frádregnum launa- og verðlagsbótum. Útgjöld Sjúkrahúss Suðurnesja, heilsugæslustöðvar Suðurnesja og hjúkrunarheimilisins Víðihlíðar, eru nú færð undir einn fjárlagalið 791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum. Áformað er að uppsteypu D-álmu og frágangi utanhúss verði lokið á árinu 1999. Áætluð verklok 2. hæðar eru um áramótin 2000/2001 og er áætlað að rekstur legudeildar á annarri hæð hefjist árið 2001. Heilsugæslustöð og sjúkrahús á Akranesi eru færð undir fjárlagaliðinn 711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi og sama er að segja um heilsugæslustöð Selfoss og Sjúkrahús Suðurlands sem færast undir liðinn 785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi. Nánar er fjallað um þær breytingar í kaflanum um heilbrigðisstofnanir.

2. Heilbrigðisstofnanir. Hér undir falla fjárlagaliðir með númer frá 715 til 781, þ.e. sjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem eru rekin saman, aðrar en stofnanir á Suðvesturlandi. Sú breyting er gerð á framsetningu, þar sem sjúkrahús og heilsugæslustöðvar eru reknar saman, eða í samvinnu, að fjárveitingarnar eru færðar undir einn fjárlagalið sem skiptist í sjúkrasvið og heilsugæslusvið. Vakin er athygli á því að undir fjárlagaliðinn Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ eru sameinaðar eftirtaldar stofnanir: Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, Heilsugæslustöðin á Ísafirði (þ.m.t. heilsugæslustöðvar á Suðureyri og í Súðavík), Öldrunarstofnun Önfirðinga á Flateyri, Heilsugæslustöðin á Flateyri, Sjúkraskýlið Þingeyri og Heilsugæslustöðin á Þingeyri. Sameining heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana undir einn fjárlagalið er gerð í framhaldi af því að samstarf sjúkrastofnana hefur verið eflt með það að markmiði að styrkja stjórnsýslueiningar og lækka sameiginlegan kostnað svo sem við fjárreiður og innkaup. Við nýja framsetningu verður breyting á heitum fjárlagaliða en stofnanirnar sem undir þá falla halda að sjálfsögðu áfram sínum nöfnum. Greiðslur úr ríkissjóði til stofnananna árið 1997 og tillaga um greiðslur 1998 eru sýndar í eftirfarandi töflu. Áætlun 1997 sýnir greiðslur eftir að sparnaði sem fellur á árið 1997 hefur verið skipt á stofnanirnar:

Greiðslur úr ríkissjóði	Fjárlög 1997 m.kr.	Áætlun 1997 m.kr.	Frumvarp 1998 m.kr.	Breyting frá áætl. %	Breyting frá fjárl. %
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi:					
Heilsugæslusvið	14,2	14,2	15,9	12	12
Sjúkrasvið	114,5	113,5	120,0	6	5
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði:					
Heilsugæslusvið	17,5	17,5	19,6	12	12
Sjúkrasvið	76,6	72,1	77,7	8	1
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ:					
Heilsugæslusvið	53,7	53,7	62,6	17	17
Sjúkrasvið	245,6	240,6	257,8	7	5
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík:					
Heilsugæslusvið	10,2	10,2	11,3	11	11
Sjúkrasvið	46,7	46,7	50,4	8	8
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík:					
Heilsugæslusvið	11,1	11,1	12,3	11	11
Sjúkrasvið	30,3	30,3	32,9	9	9
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga:					
Heilsugæslusvið	10,1	10,1	11,8	17	17
Sjúkrasvið	94,1	93,1	96,4	4	2
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi:					
Heilsugæslusvið	19,4	19,4	24,2	25	25
Sjúkrasvið	128,3	127,3	131,4	3	2
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki:					
Heilsugæslusvið	25,8	25,8	30,3	17	17
Sjúkrasvið	291,1	286,1	300,6	5	3
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði:					
Heilsugæslusvið	14,4	14,4	18,0	25	25
Sjúkrasvið	141,2	140,2	145,9	4	3
Heilbrigðisstofnunin Húsavík:					
Heilsugæslusvið	27,3	27,3	31,0	14	14
Sjúkrasvið	247,2	239,4	254,7	6	3
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum:					
Heilsugæslusvið	27,8	27,8	31,5	13	13
Sjúkrasvið	110,8	109,8	117,0	7	6
Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði:					
Heilsugæslusvið	9,3	9,3	10,3	11	11
Sjúkrasvið	91,3	89,3	85,7	-4	-6
Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað:					
Heilsugæslusvið	13,4	13,4	15,1	13	13
Sjúkrasvið	177,6	177,1	190,9	8	7
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum:					
Heilsugæslusvið	22,0	22,0	25,1	14	14
Sjúkrasvið	189,3	187,3	200,4	7	6
Samtals	**2.260,8**	**2.229,0**	**2.380,8**	**7**	**5**

Útgjöld Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ hækka um 2,6 m.kr. vegna ráðningar í stöðu sálfræðings. Þá hækka útgjöld heilsugæslustöðva undir þessum lið um 4,2 m.kr. vegna breytinga á gæsluvöktum heilsugæslulækna. Í fjárlögum 1997 var gert ráð fyrir 60 m.kr. sparnaði í rekstri sjúkrahúsa sem falla undir þennan kafla. Við útfærslu á sparnaðinum var áformunum breytt og aðeins verður gerð krafa um 30 m.kr. hagræðingu árið 1997 og í frumvarpinu er lagt til að um 50 m.kr. hagræðing komi til viðbótar næsta ár. Skipting á stofnanir er sýnd í meðfylgjandi töflu miðað við verðlag fjárlaga 1997. Er hún í samræmi við tillögur nefndar sem fjallaði um rekstrarsparnað á sjúkrahúsunum á landsbyggðinni.

Sjúkrasvið, m.kr.	Sparnaður 1997	Sparnaður 1998	Samtals
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	1,0	2,5	3,5
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	4,5	0,1	4,6
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	5,0	2,5	7,5
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	1,0	4,3	5,3
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1,0	6,3	7,3
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	5,0	8,8	13,8
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	1,0	5,3	6,3
Heilbrigðisstofnunin Húsavík	7,8	3,9	11,7
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	1,0	1,8	2,8
Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	2,0	9,7	11,7
Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	0,5	0,9	1,4
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	2,0	2,1	4,1
Samtals	**31,8**	**48,2**	**80,0**

Framangreindar tillögur um sparnað á sjúkrahúsunum eru byggðar á breytingum á núverandi starfsemi þeirra með því að innleiða rekstur fimmdagadeilda og með breytingum á vöktum og mönnun o.fl. Meiri árangri má ná með samruna heilbrigðisstofnana á ákveðnum landssvæðum og stækkun rekstrareininga með sameiningu stofnana. Slík breyting eflir stjórnunareiningar og gefi betri yfirsýn yfir þörf fyrir þjónustu á svæðunum. Þá opnast möguleiki á styrkari stofnunum, meiri sveigjanleika og að héraðshlutdeild geti aukist þannig að nýting sjúkrahúsanna aukist.

3. Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús. Undir kaflann falla stofnanir með númer frá 500 til 586, það er Heilsugæslustöðvar almennt, Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og heilsugæslustöðvar sem ekki eru reknar með sjúkrahúsum. Helsta breyting á framsetningu er að nokkur hluti heilsugæslustöðva hefur verið fluttur undir liðinn heilbrigðisstofnanir, eins og fram hefur komið. Fækkar stöðvum um 17 frá því sem áður var. Þá eru heilsugæslustöðvarnar á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn fluttar undir sameiginlegan fjárlagalið 558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu. Lögð er til breyting á heiti fjárlagaliða heilsugæslustöðvanna á Akureyri og á Höfn í Hornafirði vegna samninga um reynslusveitarfélög. Loks eru sjúkraflutningar færðir á sérstakan fjárlagalið 501 Sjúkraflutningar.

Útgjöld stofnana undir þessum kafla verða 1.704 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og hækka um 90 m.kr. á föstu verðlagi frá fjárlögum. Flugfélög verða styrkt um 15 m.kr., vegna sjúkraflutninga sem flytjast frá samgönguráðuneyti. Útgjöld til sjúkraflutninga hækka um 20 m.kr. vegna verðbóta á samninga um sjúkraflutninga. Þá hækka útgjöld Heilsugæslunnar í Kópavogi um 20 m.kr. þar sem áformað er að taka í notkun nýja heilsugæslustöð síðari hluta árs 1998. Áætlað er að rekstrarkostnaður á heilu ári verði um 40 m.kr., en endanleg rekstraráætlun liggur ekki fyrir. Útgjöld heilsugæslustöðvarinnar í Hafnarfirði hækka um 10,8 m.kr. vegna stærra húsnæðis og fjölgunar lækna og hjúkrunarfræðinga í kjölfar aukins álags þar. Þá eykst kostnaður Heilsugæslustöðvarinnar í Mosfellsbæ (áður Reykjalundi) um 9 m.kr. vegna stærra húsnæðis og fjölgunar starfsfólks. Rekstrargjöld heilsugæslustöðvarinnar á Laugarási hækka um 4 m.kr. vegna flutnings í stærra húsnæði og fjölgunar starfsfólks og í Garðabæ hækkar kostnaðurinn um 3 m.kr. vegna stærra húsnæðis og aukins launakostnaðar.

Loks hækka launagjöld ýmissa heilsugæslustöðva samtals um 4 m.kr. vegna endurskoðunar á gæsluvöktum, aðrar breytingar eru minni.

Nokkrar breytingar eru gerðar á milli fjárlagaliða sem breyta ekki heildargjöldum heilsugæslustöðva. Breytingarnar eru liður í að styrkja stjórnsýslueiningar og sjálfstæði einstakra stofnana og að ábyrgð stjórnenda á rekstrinum aukist. Þannig er fjárhagsleg ábyrgð á greiðslu námsleyfa lækna flutt frá heilbrigðisráðuneytinu til heilsugæslustöðva og færast 34 m.kr. af liðnum 500 Heilsugæslustöðvar almennt og framlög til einstakra stöðva hækka. Er breytingin gerð með það í huga að stjórnir og framkvæmdastjórar heilsugæslustöðva annist framkvæmd kjarasamninga starfsmanna sinna líkt og gildir um stjórnendur sjúkrahúsa. Viðhald starfsmannabústaða og leigutekjur af þeim, sem áður runnu í sjóð á vegum heilbrigðisráðuneytisins, færist til heilsugæslustöðva. Áætlaðar leigutekjur og útgjöld til viðhalds hækka samtals um 15 m.kr. hjá stöðvunum og lækka samsvarandi á liðnum 500 heilsugæslustöðvar almennt. Af viðhaldsfénu standa eftir 2 m.kr. sem notaðar verða til að styrkja minni stöðvar.

4. Aðrar sjúkrastofnanir. Undir þennan kafla falla hjúkrunarheimili, endurhæfingarstofnanir og áfengismeðferðarstofnanir. Helsta breytingin á framsetningu er sú, að stofnanir sem fá framlög á daggjöldum eru ekki lengur færðar undir sjúkratryggingar og falla hér undir. Sýnd eru útgjöld hverrar stofnunar miðað við fulla nýtingu. Greiðslur úr ríkissjóði verða aðrar og miðast við nýtingu að frádreginni hlutdeild vistmanna. Heildarútgjöld til stofnana sem falla undir kaflann eru 5.760 m.kr. og aukast um 300 m.kr. frá fjárlögum 1997 á sambærilegu verðlagi. Helstu skýringar á aukningunni eru að framlög til hjúkrunarheimila á föstum fjárlögum hækka samtals um 152 m.kr. Þar af aukast framlög til Skógarbæjar um 133 m.kr. Þá er áformað að hefja rekstur á hjúkrunarheimili í Víðinesi og er áætlaður kostnaður 15 m.kr. hluta árs 1998. Á heilu ári er viðbótarkostnaður við rekstur 24 rúma hjúkrunardeildar á Víðinesi áætlaður 50 m.kr. Loks hækka framlög til Hleinar, heimilis fyrir heilaskaddaða, um 4 m.kr. Útgjöld til daggjaldastofnana hækka samtals um 150 m.kr. frá fjárlögum 1997. Þar af hækka daggjöld til Seljahlíðar, Reykjavík, um 37 m.kr., Hraunbúða í Vestmannaeyjum um 15 m.kr., Reykjalundar, endurhæfingarstöðvar í Mosfellsbæ um 13 m.kr., Grundar í Reykjavík um 10 m.kr., Hrafnistu, Reykjavík, um 10 m.kr., Hrafnistu, Hafnarfirði, um 10 m.kr., Múlabæjar, Reykjavík, um 6,7 m.kr., reynslusveitarfélagsins Akureyri (áður Hlíð) um 5 m.kr., reynslusveitarfélagsins Höfn (áður Skjólgarður) um 4 m.kr., Fellsenda í Búðardal um 3,8 m.kr. og til MS-félags Íslands, Reykjavík um 3,8 m.kr. Loks er óskipt framlag til breytinga á daggjöldum um 30 m.kr. Aðrar breytingar eru minni. Vakin er athygli á því að einnig er óskipt framlag til að gera þjónustusamninga við hjúkrunarheimili, 20 m.kr., á liðnum 370 sjúkrahús með fjölþætta starfsemi og fellur það utan þessa kafla.

5. Stofnkostnaður og tækjakaup. Hér er fjallað um framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á fjárlagaliðunum: 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 375 Sjúkrahús Reykjavíkur, 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

Útgjöld til stofnkostnaðar undir þessum kafla eru samtals 1.022 m.kr. og hækka um 159 m.kr. frá fjárlögum 1997. Helsta breyting er að fyrirhuguð er bygging barnaspítala á Landspítalalóð og er ráðgert að 200 m.kr. fari til verksins. Áætlað er að byggingunni ljúki árið 2001. Áfram verður unnið að byggingu á nýrri álmu við sjúkrahúsið á Akureyri og er fyrirhugað að innréttingu á barnadeild ljúki á árinu 1998. Framkvæmdir á D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja munu hefjast á þessu ári og er fyrirhugað að innréttingu á viðbótarhúsnæði heilsugæslustöðvar ljúki á árinu 1998 og 2. hæð, sem verður legudeild, ljúki um áramótin 2000/2001. Framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði munu hefjast á þessu ári og er áætlað að þeim ljúki árið 1999. Framkvæmdum við innréttingu 3. hæðar Sjúkrahússins á Blönduósi er lokið og er lagt til að gert verði upp við sveitarfélögin vegna flýtiframlaga þeirra. Viðgerðum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði er lokið og er áætlað að greiða til sveitarfélaganna kostnað sem er umfram lögbundið framlag þeirra. Sama má segja um heilsugæslustöð á Laugarási, þar sem framkvæmdum er lokið. Stefnt er að því að ljúka yfirstandandi verkáfanga við heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili á Þingeyri, enda hafi verið staðið við skuldbindingar sveitarfélagsins. Mikil uppbygging á sér nú stað á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdum við nýja heilsugæslustöð í Kópavogi mun ljúka á fyrri hluta árs 1998 og verður byggingin um 860 fermetrar að flatarmáli. Keypt hefur verið 923 fermetra húsnæði fyrir Heilsugæslustöðina í Garðabæ og var kaupverðið greitt skv. heimild í 6. gr. fjárlaga. Er áformað að færa kaupverðið af liðnum *381 Sjúkrahús og læknisbústaðir* á næstu þremur árum. Boðin hefur verið út bygging á heilsugæslustöð við Efstaleiti í Reykjavík og eru áætluð verklok árið 2000. Stöðin er byggð eftir nánast sömu teikningu og ný heilsugæslustöð í Kópavogi og er stærð hennar áætluð um 870 fermetrar.

Helstu verkefni Framkvæmdasjóðs aldraðra eru endurbætur og nýbyggingarstyrkir til hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva sem þegar eru í rekstri. Stærstu verkefnin eru styrkveitingar til nýbyggingar á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík, hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði, endurbóta á húsnæði Landakotsspítala, áframhaldandi uppgjör til ýmissa sveitarfélaga, sér í lagi Reykjavíkur, vegna eldri framkvæmda. Endurbætur á húsnæði hjúkrunarheimila er vaxandi útgjaldaliður hjá sjóðnum. Áður en ákvarðanir verða teknar um nýjar framkvæmdir þarf að gæta að skuldbindingum sem sjóðurinn hefur tekið á sig og jafnframt verður að taka tillit til þess rekstrarkostnaðar sem slíkar framkvæmdir hafa í för með sér fyrir ríkissjóð þegar rekstur í húsnæðinu hefst.

Annað. Hér undir eru nokkur málefni sem falla undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: 340 Málefni fatlaðra; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi og 621 Áfengisvarnir og bindindismál. Breyting á útgjöldum er óveruleg. Útgjöld, á liðnum *399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi*, til kynsjúkdóma og alnæmis lækka um 4 m.kr. og kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir og sóttvarnir lækkar um 2,3 m.kr. Ráðið verður í nýja stöðu sóttvarnarlæknis við embætti Landlæknis, sem tekur þessi verkefni yfir að hluta. Tímabundið framlag til Hjartaverndar, 2,5 m.kr., fellur niður, framlag til krabbameinsskráningar hækkar um 4 m.kr., framlag til tóbaksvarna um 3,4 m.kr. og framlag til Norræna heilsugæsluskólans hækkar um 1 m.kr. Aðrir liðir hækka samtals um 0,8 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Heildargjöld fjármálaráðuneytis skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld ráðuneytisins árið 1998 eru áætluð 23.160 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 1.864 m.kr. en þær nema um 8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 21.304 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru um 15.160 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og um 140 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum. Mismunurinn, 6.000 m.kr., færist til hækkunar sem viðskiptahreyfing við ríkissjóð.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	13.457,5	1.642,1	11.815,4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	8.750,7	-	8.750,7
Stofnkostnaður og viðhald	955,3	217,5	737,8
Samtals	**23.163,5**	**1.859,6**	**21.303,9**

Útgjöld ráðuneytisins hækka um 3.840 m.kr. frá fjárlögum 1997. Með breyttri framsetningu hækka útgjöldin um 16.990 m.kr. vegna nýrra liða, en á móti eru vextir nú færðir á sérstakan lið utan ráðuneytisins og lækka útgjöldin um 13.550 m.kr. af þeim sökum. Það sem eftir stendur af hækkun útgjalda, um 400 m.kr., eru launa- og verðlagsbætur, þar sem ný verkefni jafnast út á móti rekstrarsparnaði og verkefnum sem falla niður.

Breytt framsetning fjárlaga

Hækkun útgjalda um 17 milljarða króna vegna breyttrar framsetningar frumvarpsins er af þrennum toga. Í fyrsta lagi bætast við eftirfarandi nýir fjárlagaliðir í A-hluta: 711 Afskriftir skattkrafna, 811 Barnabætur; 821 Vaxtabætur; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól og 983 Fasteignir ríkisins. Útgjöld þessara liða nema alls 13,7 milljörðum króna. Þar af eru 4,5 milljarðar króna vegna barnabóta, 3,9 milljarða króna vegna afskriftir skattkrafna og 3,8 milljarða króna til greiðslu vaxtabóta. Í annan stað eru lífeyrisskuldbindingar færðar til gjalda, en áður hafði einungis verið áætlað fyrir greiddum uppbótum á lífeyri. Þannig hækkar fjárlagaliðurinn um 3,1 milljarð króna frá fjárlögum 1997. Loks eru útgjöld og tekjur stofnana leiðréttar til samræmis við raunverulegt umfang þeirra og hækkar sú leiðrétting útgjöldin alls um 0,1 milljarð króna. Þjónustutekjur hækka um sömu fjárhæð.

Fasteignamat ríkisins og Lánasýsla ríkisins sem áður voru B-hluta stofnanir eru nú færðar í A-hluta. Þessar stofnanir fengu áður framlag frá A-hluta og hefur breytingin óveruleg áhrif á heildargjöld ráðuneytisins.

Að síðustu skal áréttað að vaxtagjöld ríkissjóðs eru nú aðgreind frá annarri starfsemi fjármálaráðuneytisins og er áætlað fyrir þeim undir *19 Vaxtagjöld ríkissjóðs*.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald, 104 Ríkisfjárhirsla; 105 Ríkislögmaður og 109 Ráðstöfunarfé.

Framlag til þessa málefnaflokks er óbreytt að raungildi að því frátöldu að rekstrargjöld Ríkisbókhalds hækka um 5,4 m.kr. Störfum fjölgar um tvö en fyrirhugað er að koma á fót innri endurskoðun í samræmi við álit Ríkisendurskoðunar þar um.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Framlag til málefnaflokksins hækkar að raungildi um rúmar 70 m.kr. og þar af fara 10 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðar. Hækkun er aðallega að rekja til safnliðarins 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld og til Tollstjórans í Reykjavík vegna yfirtöku embættisins á verkefnum Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Ríkisskattstjóri. Heildargjöld embættisins eru áætluð 341,5 m.kr. á næsta ári og lækka um 15,8 m.kr. án tillits til launa- og verðlagsbreytinga frumvarpsins. Tímabundið framlag að fjárhæð 5,8 m.kr. er ætlað var til kaupa á búnaði til að skanna framtöl inn í tölvuskrár skattvinnslukerfa fellur niður. Auk þessa er gert ráð fyrir 10 m.kr. almennum

sparnaði og hagræðingu á viðfangsefninu *1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstjóra.*

202 - 211 Skattstofur og 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld. Rekstur skattstofanna er óbreyttur að því frátöldu að útgjöld skattstofu Reykjaness hækka um 5,4 m.kr. vegna endurmats á fjárþörf og leiðréttingar. Skattstofa Reykjaness hefur haft lægstu fjárveitingu skattstofanna miðað við fjölda íbúa en með þessari hækkun er fjárveiting á íbúa hliðstæð og hjá öðrum skattstofum, eða um 3.000 kr. á hvern íbúa. Skattstofa Suðurlands fær tímabundið stofnkostnaðarframlag að fjárhæð 5 m.kr. vegna flutnings skattstofunnar í nýtt húsnæði. Á fjárlagalið *212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld* verða töluverðar breytingar milli ára. Heildargjöld að fjárhæð 125,7 m.kr. skiptast á viðfangsefni sem hér segir:

M.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting
Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	3,1	3,2	0,1
Forúrskurðir í skattamálum	-	10,6	10,6
Útgáfa úrskurða í skattamálum	-	12,5	12,5
Skatteftirlit	-	21,4	21,4
Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	25,0	25,0	-
Olíugjald	-	5,1	5,1
Þungaskattur	15,0	20,6	5,6
Fjármagnstekjuskattur	27,5	10,3	-17,2
Tæki og búnaður	13,0	13,0	-
Tölvuvæðing útflutningsskýrslna	4,0	4,0	-
Samtals	**87,6**	**125,7**	**38,1**

Við bætast fjögur ný viðfangsefni. Framlag til forúrskurða í skattamálum er 10,6 m.kr. og er ætlað til að hefja gerð slíkra úrskurða. Ætlunin er að þessu verkefni verði sinnt með fjórum nýjum störfum, tveimur hjá embætti ríkisskattstjóra og tveimur hjá Yfirskattanefnd. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum*, en samkvæmt lögum og reglugerðum ber fjármálaráðuneytinu að gefa út slíka úrskurði. Þessu starfi hefur ekki verið sinnt sem skyldi á undanförnum árum og er ákveðið að ráða bót þar á. Lagt er til að veita auknu fé í skatteftirlit og til ýmiss sameiginlegra verkefna skattkerfisins. Er gert ráð fyrir 21,4 m.kr. framlagi til þessa á næsta ári. Til fjórða nýja viðfangsefnisins, *1.20 Olíugjald,* eru veittar 5,1 m.kr. sem ætlaðar eru til undirbúnings á upptöku olíugjalds árið 1999. Fjárveitingin er tímabundin. Framlag til framkvæmdar þungaskattsálagningar hækkar um 5,6 m.kr. vegna undirbúnings á upptöku olíugjalds í ársbyrjun 1999. Að lokum lækkar fjárveiting vegna fjármagnstekjuskatts um 17,2 m. kr. þar sem kostnaður vegna upptöku kerfisins er að verulegu leyti greiddur. Þær 10,3 m.kr. sem eftir standa á þessu viðfangsefni eru ætlaðar til að standa undir rekstrarkostnaði við álagningu fjármagnstekjuskatts og tengdra verkefna.

250 Innheimtukostnaður. Rekstrargjöld eru talin nema 240,1 m.kr. á næsta ári. Í upphafi næsta árs verður Gjaldheimtan í Reykjavík sameinuð embætti tollstjórans í Reykjavík og fellur fjárveiting til fjárlagaliðarins *251 Gjaldheimtan í Reykjavík* niður. Af þeim sökum bætist nýtt viðfangsefni við fjárlagaliðinn 250 Innheimtukostnaður, *6.91 Uppgjör stofnkostnaðar*, og er 8 m.kr. framlag m.a. ætlað til að kaupa tækjabúnað Gjaldheimtunnar í Reykjavík af Reykjavíkurborg. Að auki lækkar framlag á viðfangsefninu *1.10 Ýmis innheimtukostnaður* um 15 m.kr.

261 - 262 Tollaembætti. Rekstrarliður embættis ríkistollstjóra hækkar um 5,1 m.kr. að raungildi vegna reksturs á nýju útflutningskerfi, en nú er skylt að skrá allan útflutning. Fjárveiting til tollstjórans í Reykjavík breytist verulega. Ákveðið hefur verið að sameina Gjaldheimtuna í Reykjavík embætti tollstjóra frá og með næstu áramótum. Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997, var greint frá því að sameiginlegur rekstur ríkisins og sveitarfélaga á gjaldheimtum væri til endurskoðunar. Í kjölfar þeirrar endurskoðunar hafa gjaldheimturnar á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ, í Garðabæ og á Suðurnesjum verið lagðar niður. Einnig hefur Reykjavíkurborg sagt upp samstarfssamningi um rekstur Gjaldheimtunnar í Reykjavík og var ákveðið að sameina hana rekstri tollstjórans í Reykjavík og færist fjárveiting til gjaldheimtunnar að fjárhæð 140,8 m.kr á þennan lið. Fjárveiting hækkar um 48 m.kr. sem er áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs vegna breyttrar kostnaðarskiptingar og endurskipulagningar á embættinu. Að lokum hækkar framlag til tækja og búnaðar um 3 m.kr. og verður 8 m.kr. og er rekstrarliður lækkaður samsvarandi.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru nú færðar í fyrsta sinn skuldbindingar ríkissjóðs vegna áunninna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna. Hækkun lífeyrisskuldbindinga er áætluð 10,5 milljarðar króna á næsta ári. Mögulegar hækkanir lífeyrisiðgjalda vegna nýs launakerfis eru ekki inni í þeirri fjárhæð, enda eiga þær að rúmast innan fjárveitinga einstakra stofnana. Af framangreindri hækkun eru 3,8 milljarðar króna vegna áunninna réttinda o.fl. sem færast til gjalda en 6,7 milljarðar króna eru einkum vegna launa- og verðbreytinga og færast til skuldar um endurmatsreikning. Þessi skipting á rekstur og efnahag samræmist þeirri aðferð sem notuð er við uppgjör í ríkisreikningi.

Greiðslur úr ríkissjóði á þessum fjárlagalið nema 1.700 m.kr. og eru vegna uppbóta á lífeyri fyrrverandi opinberra starfsmanna. Greiðslurnar hækka um 975 m.kr. frá fjárlögum. Þar af skýrast 600 m.kr. af breyttu ákvæði í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um að vaxtatekjur sjóðsins reiknast ekki lengur til frádráttar greiðslukröfu ríkisins til sjóðsins. Afgangurinn skýrist af launahækkunum og fjölgun lífeyrisþega. Lífeyrisskuldbindingar starfsmanna stofnana og sjóða í B- og C-hluta eru hluti af fjárreiðum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslum þegar þær falla til. Stefnt er að því að sami háttur verði tekinn upp fyrir stofnanir í A-hluta.

Áætlaðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar á árinu 1998 og greiddar uppbætur sundurliðast þannig:

M.kr.	Lífeyris-skuldbindingar	Þar af greitt
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	3.077	1.490
Lífeyrissjóður alþingismanna	213	153
Lífeyrissjóður ráðherra	53	33
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	402	42
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	37	-82
Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	12	64
Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	6	-
Samtals	**3.800**	**1.700**

402 ***Fasteignamat ríkisins.*** Stofnunin er í fjárlögum 1997 færð í B-hluta en færist nú alfarið í A-hluta. Lögboðið hlutverk stofnunarinnar er að halda skrá um allar fasteignir í landinu með upplýsingum um gerð eignanna, rétt til þeirra og mat á verðmæti. Að lögum er henni einnig ætlað að samræma skráningu fasteigna. Sveitarstjórnir bera ábyrgð á því að stofnuninni berist viðeigandi upplýsingar um fasteignir og lóðir, svo sem staðsetning, stærð o.þ.h., og sjá byggingafulltrúar sveitarfélaganna að jafnaði um það. Upplýsingar um gangverð eigna berast með tilkynningum seljenda við eigendaskipti en matsverð fjölda eigna er áætlað. Þá annast stofnunin skoðun og mat á eignum.

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 173,7 m.kr. á næsta ári. Þjónustutekjur eru taldar nema 100 m.kr. og er þar um að ræða tekjur fyrir sölu upplýsinga og veitta þjónustu. Fasteignamatið hefur tekjur af umsýslugjaldi en það er hluti af skipulagsgjaldi og er áætlað 38,5 m.kr. á næsta ári. Gjaldið rennur í ríkissjóð en til stofnunarinnar sem hlutdeild í ríkistekjum. Framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði verður 45,7 m.kr. Framlag til viðfangsefnanna *1.05 Yfirfasteignamatsnefnd* og *6.01 Tæki og búnaður* er óbreytt að raungildi frá fjárlögum.

Á síðustu árum hefur verið unnið í samstarfi við hagsmunaaðila að svonefndri Landskrá fasteigna, sem verður miðlægt upplýsinga- og staðgreinikerfi. Að þessu verkefni koma dómsmála-, fjármála-, umhverfis- og félagsmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Af framlagi ríkisins til Fasteignamatsins er áformað að ráðstafa 8 m.kr. til framhalds þessa verkefnis.

481 ***Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.*** Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 7. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Sérstök umfjöllun er um 7. gr. frumvarpsins og vísast til hennar. Áætlun um nýtingu þessara heimilda er jafnan háð nokkurri óvissu. Framlag er 160 m.kr. og lækkar um 105 m.kr. milli ára. Tvennt ber að hafa í huga. Annars vegar er í fjárlögum yfirstandandi árs gert ráð fyrir að allt að 80 m.kr. verði ráðstafað til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu á svæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju og er það til samræmis við lið 5.16 í 6. gr. fjárlaga. Framlag þetta fellur nú niður. Hins vegar felst í ákvæði fjárreiðulaga að fjárveiting, að

fjárhæð 160 m.kr., lýsi þeim skuldbindingum sem heimilt er að stofna til ekki aðeins hlutaðeigandi gjöldum.

*711 **Afskriftir skattkrafna.*** Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins verða afskrifaðar skattskuldir nú gjaldfærðar, en þær voru áður dregnar frá tekjum. Eðli máls samkvæmt er afar erfitt að áætla þessa stærð og hefur hún breyst talsvert milli ára. Hér er gert ráð fyrir að afskriftir skattskulda nemi um 3.900 m.kr. árið 1998, eða heldur meira en varð í reynd árið 1996. Þar af eru áætlaðar afskriftir tekjuskatta um 1 milljarður króna, um 1 milljarður vegna skatta á vöru og þjónustu, aðallega virðisaukaskatti, og um 1½ milljarður króna í dráttarvöxtum.

*811 **Barnabætur.*** Barnabætur eru nú færðar á gjaldahlið fjárlaga en fram til þessa hafa þær komið til frádráttar frá tekjuskatti einstaklinga. Miklar breytingar verða á barnabótakerfinu á árinu 1998. Almennar barnabætur og tekjutengdi barnabótaaukinn verða sameinuð í eitt tekjutengt barnabótakerfi. Jafnframt verða tekjuskerðingarhlutföll lækkuð. Þessar breytingar gera áætlun um greiðslu barnabóta á árinu 1998 nokkuð óvissa. Áætlað er að greiðslur barnabóta verði um 4½ milljarður króna árið 1998 sem er lítilsháttar lækkun frá árinu 1997. Nánari umfjöllun um breytingar á barnabótakerfinu er að finna í 2. kafla greinargerðarinnar - Tekjur ríkissjóðs.

*821 **Vaxtabætur.*** Líkt og með barnabætur eru vaxtabætur nú færðar á gjaldahlið fjárlaga í fyrsta sinn, en áður hafa þær komið til frádráttar frá tekjuskatti einstaklinga. Áætlað er að greiddir verði um 3,8 milljarðar króna til húsbyggjenda á árinu 1998 í formi vaxtabóta sem er um 150 m.kr. hækkun frá þessu ári.

*905 **Ríkiskaup.*** Þetta er nýr fjárlagaliður en stofnunin annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og er reksturinn fjármagnaður með þóknun frá viðskiptavinum. Rekstrargjöld eru áætluð 1.072,5 m.kr. og koma samsvarandi þjónustutekjur á móti.

*971 **Ríkisábyrgðir.*** Ríkisábyrgðasjóður er í B-hluta fjárlaga þessa árs en færist nú í A-hluta í kjölfar nýrra fjárreiðulaga. Fjárheimild þessa liðar frumvarpsins miðast við að sjóðurinn geti staðið undir allt að 105 m.kr. sem á sjóðinn falla. Verði kröfur umfram þetta er gengið á eignir sjóðsins.

*972 **Lánasýsla ríkisins.*** Fjárreiður stofnunarinnar færast nú í A-hluta en í fjárlögum líðandi árs var stofnunin færð í B-hluta. Stofnunin annast innlendar lántökur ríkissjóðs með útgáfu og sölu ríkisverðbréfa á innlendum markaði. Þá annast Lánasýslan endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir, en *Ríkisábyrgðasjóður* er í vörslu stofnunarinnar. Að auki hefur Lánasýsla ríkisins umsjón með *Framkvæmdasjóði Íslands*, en reikningum hans er haldið aðgreindum í framsetningu B-hluta fjárlagafrumvarpsins.

Áætluð rekstrargjöld á næsta ári eru 86,4 m.kr. og er gert ráð fyrir að á móti komi samsvarandi þjónustutekjur. Þær eru einkum lántökugjöld, vaxtamunur, áhættugjald ríkisábyrgða og umboðslaun.

*973 **Tapaðar kröfur og tjónabætur.*** Heildargjöld eru talin verða 210 m.kr. og skiptast á tvo liði. Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs af töpuðum kröfum munu nema 190 m.kr. á næsta ári en einkar erfitt er að áætla þennan lið. Af þessum fjárlagalið eru einnig greiddar bætur til stofnana vegna fjármunatjóna sem ekki falla undir lögboðnar tryggingar. Fjárheimild til greiðslu tjónabóta er óbreytt frá fjárlögum 1997, eða 20 m.kr.

*980 **Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.*** Fjárlagaliður þessi er í B-hluta fjárlaga þessa árs en færist nú yfir í A-hluta í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Á þennan lið færist kostnaður við rekstur húsnæðis og sameiginlega þjónustu við þau ráðuneyti sem eru við Arnarhól. Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 115 m.kr. en á móti koma þjónustutekjur að fjárhæð 100 m.kr. og er það hlutdeild ráðuneytanna í kostnaðinum. Standa tekjur þessar undir útgjöldum viðfangsefnanna *1.01 Rekstur húsnæðis* og *6.21 Húsnæði.* Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 15 m.kr. er vegna rekstrar og stofnkostnaðar við tölvukerfi en á móti þeirri hækkun fellur niður viðfangsefnið *6.30 Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.* undir fjárlagaliðnum 999 Ýmislegt.

*983 **Fasteignir ríkissjóðs.*** Heildargjöld eru áætluð 289 m.kr. en á móti koma þjónustutekjur jafnháar. Stofnunin hefur með höndum rekstur og viðhald fjölda fasteigna í eigu ríkissjóðs. Reksturinn er fjármagnaður með leigugreiðslum þeirra aðila sem stofnunin leigir húsnæði til. Um er að ræða á annað hundrað eigna, ýmist skrifstofuhúsnæði eða íbúðir. Gegn leigugjaldinu sinna Fasteignirnar viðhaldi húsnæðisins og greiðslu hvers konar gjalda, s.s. fasteignagjalda og trygginga.

*989 **Launa- og verðlagsmál.*** Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1998. Í frumvarpinu er miðað við forsendur kjarasamninga um launahækkanir. Launaliðir allra stofnana í frumvarpinu hafa verið hækkaðir sem þeim nemur að teknu tilliti til stéttarfélagsaðildar starfsfólks. Sama gildir um þann þátt rekstrartilfærslna viðeigandi fjárlagaliða sem svarar til launa. Önnur rekstrargjöld hafa verið hækkuð um tæp 3% í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar um hækkun almenns verðlags.

Á þessum fjárlagalið eru 1.110 m.kr. sem ætlaðar eru til að mæta hærri iðgjaldagreiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna vegna starfsmanna sem flytjast í nýja A-deild sjóðanna, en einnig til að mæta hugsanlegri leiðréttingu á launakostnaði vegna kjarasamninga sem ekki hefur verið gengið frá.

Í flestum kjarasamningum sem ríkið hefur gert við stéttarfélög opinberra starfsmanna, er kveðið á um að taka upp nýtt launakerfi. Miðað er við að heildarlaunakostnaður stofnana hækki ekki vegna útfærslu nýs launakerfis. Því munu engar launabætur koma til vegna þessa.

Þá eru á þessum fjárlagalið 15 m.kr. vegna ófyrirséðra verðbóta á verksamninga um framkvæmdir á vegum ríkisins.

995 Skýrsluvélakostnaður. Á þessum lið eru veitt framlög til rekstrar, viðhalds og nýsmíði helstu tölvukerfa ríkisins. Með stofnkostnaði er talin hönnun hugbúnaðar og meiri háttar endurbætur á kerfunum. Fjárlagaliðurinn hækkar um 60 m.kr. milli ára m.a. vegna 15-20% hækkunar á töxtum Skýrr hf. og sífellt vaxandi notkunar. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.09 Fjárlagakerfi* og er framlag 1 m.kr. en framlag til *6.09 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi* lækkar samsvarandi. Viðfangsefnið *6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi* hækkar um 30 m.kr. þar sem Reykjavíkurborg er hætt að taka þátt í þeim kostnaði eftir að borgin sagði upp samstarfssamningi um rekstur Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Að síðustu er gerð hagræðingarkrafa til kerfanna allra að fjárhæð 30 m.kr. Heildarfjárveiting á næsta ári er þannig áætluð 535,8 m.kr. og skiptist á viðfangsefni sem hér segir:

M.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting
Launagreiðslukerfi	63,0	66,3	3,3
Tekjubókhaldskerfi	121,0	127,5	6,5
Skattvinnslukerfi	119,0	125,3	6,3
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	42,0	44,3	2,3
Innheimtuskilakerfi	14,5	15,2	0,7
Forsendur innheimtugagna	17,0	17,9	0,9
Fjárlagakerfi	-	1,0	1,0
Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	14,0	16,0	2,0
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	35,0	70,0	35,0
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	17,0	19,4	2,4
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	14,0	16,0	2,0
Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	11,0	12,6	1,6
Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	8,3	4,3	-4,0
Samtals	**475,8**	**535,8**	**60,0**

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið er færður ýmis kostnaður sem ekki verður heimfærður til annarra málefnaflokka. Heildarframlag er 535,9 m.kr. samanborið við 518,9 m.kr. á þessu ári og skiptist framlagið á viðfangsefni sem hér segir:

M.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35,9	35,0	-0,9
Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	-	23,6	23,6
Kjarasamningar	16,6	17,7	1,1
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	19,9	30,7	10,8
Kjararannsóknir	5,5	5,8	0,3
Ýmis sameiginlegur kostnaður	14,4	25,3	10,9
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	123,2	123,2	-
Ýmsar endurgreiðslur	40,0	40,0	-
Endurgreiðslur til sveitarfélaga	35,0	35,0	-
Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings	12,0	-	-12,0
Lífeyrissjóður bænda	139,0	115,0	-24,0
Ýmsar nefndir	3,1	3,3	0,2
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,7	1,5	-0,2
Dómkröfur	30,6	52,0	21,4
Kjaradómur og kjaranefnd	4,7	4,7	-
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0	5,0	-
Óviss útgjöld	17,3	17,8	0,5
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15,0	-	-15,0
Samtals	**518,9**	**535,6**	**16,7**

Framlag til viðfangsefnisins *1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið* lækkar um 2 m.kr. að raungildi þar sem starf er flutt frá fjármálaráðuneytinu til Hagstofu Íslands vegna breytts fyrirkomulags á símaafgreiðslu. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir*, að fjárhæð 23,6 m.kr. og á að ráðstafa fjármagninu í samráði við BSRB í samræmi við nýgerða kjarasamninga. Viðfangsefnið *1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum* hækkar um 10,8 m.kr. en útgjöld þessi hafa aukist síðustu árin. Fjárveiting til ýmissa sameiginlegra verkefna hækkar um 10,9 m.kr. þar sem greiðsla fyrir fasteignamatsskrár fyrir sýslumenn færist til fjármálaráðuneytisins frá dómsmálaráðuneyti. Tímabundið framlag 12 m.kr. vegna breytinga á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings fellur nú niður. Áætlað framlag til Lífeyrissjóðs bænda lækkar um 24 m.kr. og stafar af fækkun bótaþega. Að lokum hækkar viðfangsefnið *1.60 Dómkröfur* um 21,4 m.kr. en veruleg aukning hefur orðið í dómkröfum sem falla á ríkissjóð undanfarin ár.

10 Samgönguráðuneyti

Heildargjöld samgönguráðuneytis skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld ráðuneytisins árið 1998 eru áætluð um 10.838 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 724 m.kr. en þær nema um 7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 10.114 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.028 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 8.128 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum. Mismunurinn, 43 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	2.328,6	723,7	1.604,9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	302,4	-	302,4
Stofnkostnaður og viðhald	8.206,7	-	8.206,7
Samtals	**10.837,7**	**723,7**	**10.114,0**

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 232 m.kr. frá fjárlögum 1997. Helstu breytingar á gjöldum til viðbótar launa- og verðlagshækkunum og breytingum vegna fjárreiðulaga, eru 14 m.kr. hækkun hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins, 8 m.kr. hjá rannsóknanefnd sjóslysa og 12 m.kr. vegna þróunarverkefnis í Namibíu. Þá fellur niður sérstakt 7 m.kr. framlag vegna hagræðingar í rekstri.

Rekstrartilfærslur hækka um 54 m.kr. Meginskýringin á því er breytt framsetning á framlagi Íslands til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO.

Viðhald og stofnkostnaður hækkar um 325 m.kr. Útgjöld til vegamála aukast um 435 m.kr. frá fjárlögum 1997 og framlag til framkvæmda í flugmálum hækkar um 47 m.kr. Á móti kemur að samkvæmt hafnaáætlun lækka skuldbindingar ríkissjóðs við hafnasjóði sveitarfélaga vegna framkvæmda við hafnir.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins leiðir til þess að heildargjöld ráðuneytisins eru talin verða um 85 m.kr. hærri en í fjárlögum 1997. Annars vegar bætist við nýtt viðfangsefni, Landflutningasjóður, sem veldur 5 m.kr. hækkun. Hins vegar eru útgjöld og tekjur fjárlagaliðanna 471 Flugmálastjórn og 472 Flugvellir hækkuð um 80 m.kr. til samræmis við raunverulegt umfang þessa reksturs.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildargjöld nema 318 m.kr. samanborið við 293 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og hækkar því um 25 m.kr. Útgjöld aðalskrifstofu verða 131 m.kr. og hækka að raungildi um 13 m.kr. milli ára vegna aukinna umsvifa sem krefjast fjölgunar starfa bæði á fjármálasviði og við ferðamál, en einnig vegna ferðakostnaðar sem leiðir af formennsku í nefnd um þjónustuviðskipti sem ráðuneytið tekur við í ársbyrjun. Þá eykst húsaleigukostnaður um 1 m.kr. en á síðasta ári lauk stækkun og endurbótum á húsnæði ráðuneytisins.

190 Ýmis verkefni. Framlag til rannsóknanefndar sjóslysa hækkar um 8,7 m.kr. að launa- og verðlagsbótum meðtöldum. Til nýs tækniþróunarverkefnis á sviði flugmála í Namibíu er veitt 12 m.kr. en á móti fellur niður framlag til verkefnis tengt Siglingamálastofnun Namibíu sem lýkur á þessu ári. Þá lækkar framlag til vetrarsamgangna og vöruflutninga um 14,8 m.kr. þar sem allt sjúkraflug er flutt undir heilbrigðisráðuneytið. Loks fellur niður 2,5 m.kr. framlag til Slysavarnafélags Íslands vegna uppgjörs á tjóni í nágrenni Hornafjarðar og 2,5 m.kr. framlag til Landsbjargar vegna kaupa á björgunarbátnum Þór. Í meðfylgjandi yfirliti sést samanburður framlaga milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	29,5	14,7	-14,8
Siglingamálastofnun Namibíu	6,2	-	-6,2
Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	-	12,0	12,0
Landflutningasjóður	-	5,1	5,1
Rannsóknanefnd sjóslysa	7,2	15,9	8,7
Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,9	0,9	-
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0	3,0	-
Slysavarnaskóli sjómanna	33,6	36,2	2,6
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	19,8	19,8	-
GPS-staðsetningarkerfi	7,2	7,4	0,2
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,0	1,1	0,1
Slysavarnafélag Íslands	18,2	15,7	-2,5
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	9,3	9,3	-

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting
Snæfellsbær, almannavarna- og björgunarskóli	5,0	5,0	-
Landsbjörg	13,5	11,0	-2,5
Flugeftirlitsnefnd	2,5	2,7	0,2
Flugskóli Íslands	9,7	9,7	-
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	-
Ferðamál og markaðsstarf	10,0	10,0	-
Athugun á öryggi fiskiskipa	1,2	1,2	-
Samtals	**178,8**	**181,7**	**2,9**

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst 211 Vegagerðin. Heildargjöld eru áætluð 7.524 m.kr. samanborið við 7.089 m.kr. í fjárlögum 1997. Gert er ráð fyrir að útgjöld yfirstjórnar Vegagerðarinnar verði 286 m.kr. og til viðhalds vega fari 3.190 m.kr. Þá fara 440 m.kr. til reksturs ferja og afborgana af byggingarlánum þeirra. Það sem eftir stendur, 3.608 m.kr., fer til nýframkvæmda og tilrauna, þar af fara 500 m.kr. til sérstaks framkvæmdaátaks í vegamálum.

Framkvæmdaátakið er fjármagnað til helminga með hækkun bensíngjalds og framlagi úr ríkissjóði og nemur það 350 m.kr. á næsta ári. Til viðbótar fær Vegagerðin markaðar tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti, sem eru áætlaðar 8.030 m.kr. á næsta ári, en forsendur þeirra eru nánar skýrðar í 2. kafla greinargerðarinnar. Af mörkuðum tekjum munu 1.064 m.kr. renna í ríkissjóð, samanborið við 806 m.kr. í fjárlögum 1997.

Ríkissjóður mun veita Vegagerðinni 400 m.kr. lán vegna vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Á móti koma 210 m.kr. endurgreiðslur Vegagerðar af lánum sem tekin voru til flýtingar framkvæmdaátaks 1995. Greiðslur ríkissjóðs til Vegagerðarinnar nema því alls 7.506 m.kr. Af framansögðu er ljóst að endurskoða þarf gildandi vegáætlun.

Loks er mismunur á álagningu og innheimtu markaðra tekna, 48 m.kr., færður sem inneign á viðskiptareikningi við ríkissjóð á næsta ári. Á móti kemur að vinnulán við verktaka lækka um 30 m.kr. Í meðförum Alþingis þarf að leiðrétta sundurliðun á fjármögnun stofnunarinnar, þannig að greiðslur úr ríkissjóði hækki um 190 m.kr. og viðskiptahreyfingar lækki samsvarandi.

Í B-hluta í fjárlaga hefur til þessa verið gerð grein fyrir fjárreiðum stoðdeilda Vegagerðarinnar. Samkvæmt nýjum fjárreiðulögum eru þær hluti af starfsemi Vegagerðarinnar í A-hluta og þykir ekki ástæða til að sýna fjárreiður þeirra þar sérstaklega. Stoðdeildunum er ætlað að annast umsjón, hönnun og eftirlit með öllum framkvæmdum og sjá um nauðsynlegan vélakost og efni til vegagerðar. Í kjölfar aukinna útboða á undanförnum árum hefur vélakostur Vegagerðarinnar minnkað sem og birgðahald og starfsemi áhaldahúss. Sala á þjónustu eða vörum til aðila utan stofnunarinnar er sjaldgæf og er velta þeirra viðskipta brot af heildarveltu deildanna. Þessi viðskipti eiga sér einkum stað þegar ekki er hægt að fá viðkomandi eða vöru á hinum almenna markaði.

Siglingamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 335 Siglingastofnun Íslands. Heildargjöld nema 891 m.kr. Þar af fara 356 m.kr. til reksturs stofnunarinnar. Til hafnamannvirkja verður varið 411 m.kr., 51 m.kr. til sjóvarnargarða og 73 m.kr. til annarra framkvæmda. Að auki er í hafnaáætlun gert ráð fyrir að verja 255 m.kr. til að greiða hafnasjóðum skuldir vegna framkvæmda fyrri ára.

Fjárreiður þjónustumiðstöðvar Siglingastofnunar hefur til þessa verið sýnd í B-hluta fjárlaga. Hér er um stoðdeild að ræða sem einungis selur stofnuninni þjónustu sína og fellur því undir A-hluta fjárlaga.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Flugmálastjórn; 472 Flugvellir og 481 Rannsóknanefnd flugslysa. Heildargjöld á næsta ári eru áætluð 1.851 m.kr. og hækka um 243 m.kr. milli ára.

471 Flugmálastjórn. Gjöld Flugmálastjórnar nema 1.059 m.kr. á næsta ári og hækka um 70 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 1997. Í fyrsta lagi hækka gjöld um 56 m.kr. vegna verkefna sem ekki hafði áður verið áætlað fyrir í fjárlögum. Í öðru lagi er lagt til að 9 m.kr. verði varið til nýrra verkefna sem síðar verði fjármögnuð með þjónustutekjum. Á móti lækkar framlag stofnunarinnar um 11,8 m.kr. og mun ríkið í staðinn standa skil á afborgunum af láni vegna kaupa stofnunarinnar á flugvél. Hér er um fyrstu afborgun af tíu að ræða. Loks hækka gjöld stofnunarinnar um 16,7 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á framlagi ríkisins til Alþjóðaflugþjónustunnar. Ísland er aðili að samningi um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að Alþjóðaflugmálastofnunin tekur að sér að greiða með yfirflugsgjöldum fyrir 95% þeirrar þjónustu sem veitt er á íslenska flugstjórnarsvæðinu af Flugmálastjórn, Veðurstofunni og Pósti og síma hf. Hlutur íslenska ríkisins í þessum kostnaði nemur 5% og er áætlaður 52,5 m.kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir þessum útgjöldum á nýju viðfangsefni, 1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO. Áður hafði hverri stofnun fyrir sig verið ætlað að bera þennan mismun af eigin fjárveitingu.

472 Flugvellir. Heildargjöld við rekstur og viðhald flugvalla á árinu 1998 er áætlaður 344 m.kr. Útgjöld stofnunarinnar eru hækkuð um 23,4 m.kr. vegna rekstrar sem ekki hafði áður verið áætlað fyrir í fjárlögum. Útgjöldum flugvalla verður mætt með 30 m.kr. þjónustutekjum flugvalla, 190 m.kr. af tekjum flugmálaáætlunar, 74 m.kr. tekjum af lendingargjöldum og með 50 m.kr. framlagi úr ríkissjóði.

Markaðar tekjur flugmálaáætlunar, flugvallargjald og eldsneytisgjald, eru taldar nema alls um 623 m.kr. árið 1998. Af þeirri fjárhæð er áformað að verja 60 m.kr. til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og 373 m.kr. til framkvæmda við flugvelli. Þessi áform kalla á endurskoðun á gildandi flugmálaáætlun.

Póst- og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnunin hóf starfsemi þann 1. apríl sl. á grundvelli laga nr. 147/1996. Stofnunin tekur yfir hlutverk og skyldur Fjarskiptaeftirlits ríkisins sem voru fyrst og fremst eftirlit með fjarskiptabúnaði. Að auki bætist við stjórnsýsluþáttur og mun stofnunin hafa yfirumsjón með framkvæmd póst- og fjarskiptamála í landinu á grundvelli laga nr. 143/1996, um fjarskipti, og laga nr. 142/1997, um póstþjónustu. Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 116,3 m.kr. og verða þau að fullu fjármögnuð með hlutdeild stofnunarinnar í ríkistekjum. Í fjárlögum 1997 eru útgjöld Fjarskiptaeftirlitsins áætluð 58,4 m.kr. og hækka því um tæplega 58 m.kr. milli ára að launa- og verðlagsbótum meðtöldum.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Útgjöld næsta árs nema 136 m.kr. samanborið við 129 m.kr. í fjárlögum 1997 sem er 5 m.kr. raunhækkun. Hér er um að ræða útgjöld vegna rannsóknarverkefna skrifstofu ráðsins á Akureyri í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

11 Iðnaðarráðuneyti

Heildargjöld iðnaðarráðuneytisins skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld ráðuneytisins árið 1998 nema 1.782 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 539 m.kr. en þær nema um 30% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Gjöld umfram þjónustutekjur eru 1.243 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 171 m.kr. fjármagnaðar af ríkistekjum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 1998 Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	980,8	539,3	441,5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	770,6	-	770,6
Stofnkostnaður og viðhald	30,8	-	30,8
Samtals	**1.782,2**	**539,3**	**1.242,9**

Að undanskildum breytingum vegna fjárreiðulaga og millifærðra útgjalda, lækka útgjöld á greiðslugrunni frá gildandi fjárlögum að raungildi um 13 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 4 m.kr. að raungildi og neyslu- og rekstrartilfærslur hækka eingöngu vegna þess að 23 m.kr. eru færðar af stofnkostnaði á tilfærslur. Viðhald og stofnkostnaður lækkar auk þess um 7 m.kr. Aðrar breytingar á heildargjöldum stafa af sparnaði í útgjöldum ráðuneytisins, launa- og verðlagsbreytingum og áhrifum fjárreiðulaga.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins leiðir til þess að heildargjöld ráðuneytisins á rekstrargrunni hækka um 145 m.kr. Þá lækka þjónustutekjur um 7 m.kr. og gjöld umfram tekjur því um 152 m.kr. Þeirri fjárhæð er mætt með 18 m.kr. lækkun á greiðslu ríkissjóðs og 170 m.kr. auknum ríkistekjum. Helsta skýringin á auknum gjöldum er að nýr liður kemur inn í fjárlög, *245 Samtök iðnaðarins*, sem til þessa hefur verið utan fjárlaga. Framlag nemur 108 m.kr. og er alfarið kostað af ríkistekjum af iðnaðarmálagjaldi. Hér er ekki um nýja skattheimtu að ræða; gjaldið er lagt á skv. lögum nr. 104/1993. Þá eru gjöld Iðntæknistofnunar hækkuð um 35 m.kr. og þjónustutekjur á móti til samræmis við ríkisreikning. Tekjur Einkaleyfastofu hafa til þessa verið taldar þjónustutekjur en eru nú taldar til ríkistekna; þær nema 44 m.kr. Loks eru gjöld Staðlaráðs fjármögnuð af ríkistekjum, staðlaráðsgjaldi, og nema 18,8 m.kr.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld nema 111 m.kr. og eru sem næst óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á *101 Aðalskrifstofu* er sérstök fjárveiting, 4 m.kr., vegna vinnu við orku- og stóriðjumál.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og 299 Iðja og iðnaður. Heildargjöld þessa málefnaflokks nema 716 m.kr. og eru nær óbreytt milli ára að undanskildum breytingum vegna fjárreiðulaga svo og launa og verðlags.

201 Iðntæknistofnun Íslands. Stofnunin stuðlar að nýsköpun í atvinnulífinu með rannsóknum, vöruþróun, fræðslu, ráðgjöf og prófunum. Heildargjöld stofnunarinnar nema 339 m.kr. og þar af eru 243 m.kr. kostaðar af þjónustutekjum; 87 m.kr. koma úr ríkissjóði. Vegna fjárreiðulaga hefur framsetning á fjárlagatölum stofnunarinnar verið endurskoðuð og gjöld því hækkað um 35 m.kr. og þjónustutekjur um sömu fjárhæð.

240 Iðnaðarrannsóknir. Fjárveitingunni er varið til að athuga ýmsa iðnaðar- og orkunýtingarkosti og til kynningar á virkjunarmöguleikum. Framlag ráðuneytisins til norrænu orkurannsóknaáætlunarinnar er einnig greitt af þessum fjárlagalið. Þeirri áætlun lýkur 1998. Einnig er kostnaður af þátttöku Íslands í SAVE- og ALTERER- áætlunum Evrópusambandsins greiddur af þessum lið, en þar er um að ræða rannsóknir á sviði orkusparnaðar og endurnýjanlegra orkugjafa. Fjárveiting nemur 13,8 m.kr. og er nær óbreytt frá þessu ári.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Ýmis verkefni á sviði iðnaðarmála eru greidd af þessum lið. Útgjöld nema 80 m.kr. og eru óbreytt að raungildi frá þessu ári. Vegna fjárreiðulaga er sú breyting gerð, að fjárveiting á viðfangsefninu *1.19 Staðlaráð* er nú greidd af ríkistekjum, staðlaráðsgjaldi, sem nemur 0,007% af gjaldstofni tryggingagjalds. Gjald þetta var lagt á með lögum nr. 156/1996, um breytingu á lögum um tryggingagjald nr. 113/1990. Það var í fyrsta sinn tekið inn í fjárlög 1997.

Orkumál

Fjárlagaliðirnir 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál. Útgjöld þessa málefnaflokks nema 956 m.kr. Rafmagnseftirlit ríkisins tilheyrði þessum málefnaflokki í fjárlögum 1997 en það hefur nú verið sameinað Löggildingarstofu undir viðskiptaráðuneyti og 59,5 m.kr. fjárveiting til eftirlitsins flutt þar með.

301 Orkustofnun. Orkustofnun veitir stjórnvöldum ráðgjöf um ýmsa þætti orkumála en meginverkefni stofnunarinnar eru á sviði orkurannsókna. Meðal helstu rannsóknaverkefna má nefna undirbúningsrannsóknir fyrir virkjun orkulinda, nýtingarrannsóknir orku, þróunarrannsóknir til að endurbæta rannsóknar- og vinnsluaðferðir svo og söfnun upplýsinga um orkubúskap.

Í lok árs 1996 voru gerðar skipulagsbreytingar á Orkustofnun sem fólu í sér aðskilnað á rannsóknaþættinum frá ráðgjafar- og stjórnsýsluhlutverki stofnunarinnar. Orkustofnun er nú skipt í tvo svið, annað sér um orkumál, hitt fæst við rannsóknir.

Orkumálasviðið sér um orkubúskaparmál og annast ráðgjöf fyrir stjórnvöld auk þess sem það sér um rekstur Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Orkumálasvið fer jafnframt með þær fjárveitingar sem veitt er til orkurannsókna og gerir samninga um slíkar rannsóknir. Rannsóknasvið skiptist í tvær sjálfstæðar rekstrareiningar, rannsóknir og vatnamælingar, sem standa undir sér með sölu á rannsóknarverkefnum, bæði til orkumálasviðs stofnunarinnar, orkufyrirtækja og annarra.

371 Orkusjóður. Framlag til Orkusjóðs nemur 27,3 m.kr. og lækkar um 2,7 m.kr. frá þessu ári. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á viðfangsefnum sjóðsins. Viðfangsefnin *6.14 Lánagreiðslur, framlög* og *6.15 Lán til jarðhitaleitar* eru lögð af og í stað þeirra koma *1.11 Nýting innlendra orkulinda* og *1.13 Jarðhitaleit.*

399 Ýmis orkumál. Framlag á þessum lið nemur 559 m.kr. og er óbreytt á milli ára. Af þessari fjárhæð renna 437 m.kr. til niðurgreiðslu á rafhitun, 102 m.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 8 m.kr. til þróunarverkefna á vegum Rafmagnsveitna ríkisins.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld viðskiptaráðuneytisins skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld ráðuneytisins árið 1998 nema 1.093 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast 10 m.kr. þjónustutekjur og gjöld umfram þjónustutekjur eru 1.083 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 841 m.kr. fjármagnaðar af ríkistekjum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 1998 Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	379,2	10,0	369,2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	709,9	-	709,9
Stofnkostnaður og viðhald	4,2	-	4,2
Samtals	**1.093,3**	**10,0**	**1.083,3**

Að undanskildum breytingum vegna fjárreiðulaga og millifærðra útgjalda hækka útgjöld um 50 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 96 m.kr. að raungildi fyrir utan breytingar vegna fjárreiðulaga. Aðalskýringin á þessari hækkun er sú að 59,5 m.kr. flytjast af Rafmagnseftirliti ríkisins frá iðnaðarráðuneytinu er það var sameinað Löggildingarstofu undir viðskiptaráðuneyti. Því til viðbótar fékk Löggildingarstofa 40 m.kr. aukið framlag. Þá var 8,3 m.kr. fjárveiting flutt frá viðskiptaráðuneyti til Hagstofu þegar hlutafélagaskrá var sameinuð fyrirtækjaskrá Hagstofunnar. Loks hækka gjöld yfirstjórnar ráðuneytisins um 12 m.kr. Rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnaður eru nær óbreytt milli ára.

Breytt framsetning fjárlaga

Með tilkomu breyttra reikningsskila fjárlaga hækka gjöld ráðuneytisins um 774 m.kr. Stærstu liðir þessarar hækkunar eru Flutningsjöfnunarsjóðir olíu og sements, samtals með 682 m.kr. í útgjöld og ríkistekjur á móti. Þá færast 92 m.kr. til ríkistekna sem áður töldust þjónustutekjur og hækka gjöld því samsvarandi.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 12 m.kr. að frátöldum kaup- og verðlagsbreytingum. Þau hækka um 2,5 m.kr. vegna þess að málefni sjálfseignastofnana færast til ráðuneytisins, 3,5 m.kr. hækkun er vegna aukinnar vinnu við vátryggingamál og 6 m.kr. er veitt til aukinna viðfangsefna tengdum EES-málum o.fl. Hækkun vegna launa og verðlags að frádreginni sparnaðarlækkun nemur 3,4 m.kr. Til móts við gjöld á viðfangsefninu *190 1.20 Icepro-nefnd* koma 2,2 m.kr. í ríkistekjur, en skv. lögum nr. 156/1996 um breytingu á lögum nr. 113/1990 er nefndinni tryggður tekjustofn er nemur 0,001% af gjaldstofni tryggingagjalds.

Viðskiptamál

Fjárlagaliðirnir 302 Löggildingarstofa; 401 Vátryggingaeftirlitið; 902 Samkeppnisstofnun og 999 Ýmis viðskiptamál tilheyra þessum málefnaflokki. Heildargjöld þessa málefnaflokks nema 309 m.kr.

302 Löggildingarstofa. Á síðastliðnu þingi voru samþykkt lög nr. 155/1996 sem sameinuðu hina eldri Löggildingarstofu og Rafmagnseftirlit ríkisins í eina stofnun. Í fjárlögum þessa árs eru stofnanirnar enn aðskildar en hafa nú verið sameinaðar á einn fjárlagalið. Við

það flytjast 59,5 m.kr. frá iðnaðarráðuneyti á þennan fjárlagalið. Nokkur verkefni hafa færst frá Löggildingarstofu til einkarekinna skoðunarstofa og þjónustutekjur þar með. Þetta breytir fjárhagsgrundvelli stofnunarinnar og er starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis að vinna að endurskoðun á honum. Tölur fyrir Löggildingarstofu sem settar eru fram í frumvarpi þessu eru því til bráðabirgða og verða endanlegar tölur lagðar fram meðan fjárlagafrumvarpið er í meðförum Alþingis.

401 Vátryggingaeftirlit. Engin raunbreyting er á gjöldum stofnunarinnar en tekjur hennar af eftirlitsgjaldi færast af þjónustutekjum til ríkistekna með tilkomu fjárreiðulaga.

Flutningsjöfnun

Þetta er nýr málefnaflokkur og nær hann til tveggja sjóða, 811 Flutningsjöfnunarsjóðs olíu og 821 Flutningsjöfnunarsjóðs sements. Eins og nöfn sjóðanna benda til, er tilgangur þeirra beggja að jafna vöruverð með jöfnun flutningskostnaðar þannig að verðið geti verið hið sama hvar sem er á landinu. Gjöld þau sem lögð eru á olíuvörur og sement í þessu skyni eru talin til ríkistekna og endurdreifing á tekjum af þeim til gjalda á móti. Lögin um flutningsjöfnun olíu eru nr. 103/1994 og um sement nr. 62/1973.

13 Hagstofa Íslands

Heildargjöld Hagstofu Íslands nema 236 m.kr. á rekstrargrunni og skiptast á tegundir sem hér segir:

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	224,7	61,7	163,0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3,8	-	3,8
Stofnkostnaður og viðhald	7,6	-	7,6
Samtals	**236,1**	**61,7**	**174,4**

Heildargjöld hækka um 10,4 m.kr. að raungildi og skýrist það af flutningi hlutafélagaskrár frá viðskiptaráðuneyti til Hagstofunnar og 8,3 m.kr. fjárveitingu þar með. Þá er 5 m.kr. veitt til endurnýjunar á tölvukerfi fyrirtækjaskrár og 2 m.kr. til greiðslu símkostnaðar Hagstofu sem áður var greiddur af fjármálaráðuneytinu. Lækkun gjalda til að mæta sparnaðarkröfu nemur 4,9 m.kr. og launa- og verðlagshækkanir 9,7 m.kr.

Fjárreiðulög valda ekki breytingu á gjöldum og tekjum Hagstofu Íslands.

14 Umhverfisráðuneyti

Heildargjöld umhverfisráðuneytis skiptast á málefnaflokka sem hér segir:



Heildargjöld umhverfisráðuneytisins árið 1998 eru áætluð 2.582 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast þjónustutekjur að fjárhæð 271 m.kr. en þær nema tæpum 12% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.311 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.057 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.204 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum. Mismunurinn, 50 m.kr., færist til hækkunar sem viðskiptahreyfing við ríkissjóð.

	Frumvarp 1998		
Rekstrargrunnur, m.kr.	Útgjöld	Þjónustu-tekjur	Mismunur
Rekstrargjöld	1.281,6	270,2	1.011,4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	611,4	-	611,4
Stofnkostnaður og viðhald	689,0	1,0	688,0
Samtals	**2.582,0**	**271,2**	**2.310,8**

Rekstrargjöld ráðuneytisins ásamt meðtöldum neyslu- og rekstrartilfærslum hækka um tæplega 180 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs að frátöldum breytingum vegna nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Munar þar mestu um nokkra nýja fjárlagaliði. Útgjöld vegna Spilliefnasjóðs eru tæpar 96 m.kr. en á móti renna samsvarandi tekjur í ríkissjóð. Framlag til Brunamálastofnunar, sem heyrði áður undir félagsmálaráðuneyti, er 79 m.kr. Brunavarnagjald, sem rennur í ríkissjóð, stendur undir rekstrinum. Að lokum bætast við tvær nýjar stofnanir, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norð-

lægum slóðum, CAFF. Á móti framangreindum hækkunum falla nokkrar tímabundnar fjárveitingar niður. Þá er almennt gerð krafa um hagræðingu í rekstri og stofnkostnaði stofnana ráðuneytisins, alls að fjárhæð 19 m.kr. Hækkun vegna kjarasamninga og verðlagsbóta nemur um 50,6 m.kr.

Að frátöldum áhrifum af breyttri framsetningu er áætlaður viðhalds- og stofnkostnaður næsta árs svo til óbreyttur frá fjárlögum 1997, eða 138 m.kr. Nokkuð er um smærri millifærslur milli liða.

Breytt framsetning fjárlaga

Breytt framsetning frumvarpsins vegna nýrra laga um fjárreiður ríkisins leiðir til þess að heildargjöld ráðuneytisins er talin verða rúmlega 970 m.kr. hærri en í fjárlögum 1997 á föstu verðlagi. Skýringin er þríþætt. Í fyrsta lagi bætast við nýir fjárlagaliðir en útgjöld þeirra nema alls um 905 m.kr. Liðirnir eru þessir: 213 Hreindýraráð, 289 Endurvinnslan hf. og 381 Ofanflóðasjóður. Munar þar mestu um tvo síðast töldu liðina en framlag til Endurvinnslunnar er 400 m.kr. og til Ofanflóðasjóðs 500 m.kr. Í öðru lagi eru heildarútgjöld stofnana leiðrétt til samræmis við raunverulegt umfang þeirra og nemur það um 16 m.kr. Á móti hækka þjónustutekjur samsvarandi. Að lokum hækka útgjöld um 50 m.kr. en myndast hefur afgangur á fjárlagalið *281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga*. Fjárhæðin færist til hækkunar sem viðskiptahreyfing við ríkissjóð.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Aðalskrifstofa. Rekstrargjöld eru áætluð 109 m.kr. Hækkun milli ára er eingöngu vegna millifærslu frá fjárlagalið 190 Ýmis verkefni og er það skýrt nánar í umfjöllun um hann. Á móti er gert ráð fyrir hagræðingu hjá aðalskrifstofu.

190 Ýmis verkefni. Til þessa fjárlagaliðar eru veittar 76,8 m.kr. og skiptist fjárveiting á viðfangsefni samkvæmt töflunni hér á eftir.

Viðfangsefnið *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* lækkar um 8 m.kr. Millifærðar eru 5 m.kr. til aðalskrifstofu vegna nefnda- og ferðakostnaðar sem færður hefur verið á þetta viðfangsefni undanfarin ár. Einnig eru 2 m.kr. færðar á nýtt viðfangsefni, *1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF*. Starfandi er fastanefnd nokkurra ríkja um umhverfisvernd á norðurslóðum og hefur skrifstofa þessarar nefndar verið í Kanada en var flutt til Íslands á sl. ári. Fjárveiting að fjárhæð 12,5 m.kr. er ætluð til rekstrar skrifstofunnar og greiðslu aðildargjalda Íslands. Tvö viðfangsefni, *1.39 Mengunarslys* og *1.53 Undirbúningur náttúrustofa*, falla brott og er fjárveiting til þeirra, samtals að fjárhæð 0,7 m.kr., flutt yfir á fjárlagalið aðalskrifstofu. Viðfangsefnið *1.55 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar* fellur brott og er fjárveiting að fjárhæð 3 m.kr.

færð á nýjan fjárlagalið, 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Framlag til rannsóknastöðvar að Kvískerjum lækkar um 2 m.kr. Við afgreiðslu fjárlaga 1997 á Alþingi voru veittar 3 m.kr. til að byggja upp stöðina en gert var ráð fyrir að Háskóli Íslands tæki við rekstri hennar. Veitt er 1 m.kr. til að halda áfram undirbúningi málsins. Að lokum lækkar viðfangsefnið *1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum* um 3,8 m.kr. en framlagið var hækkað tímabundið við afgreiðslu fjárlaga 1997 á Alþingi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1997	Frumvarp 1998	Breyting
Ýmis umhverfisverkefni	18,0	10,0	-8,0
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	10,3	6,5	-3,8
Umhverfisvöktun	28,0	28,0	0,0
Mengunarslys	0,5	-	-0,5
Alþjóðastofnanir	10,2	10,2	0,0
Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	-	12,5	12,5
Undirbúningur náttúrustofa	0,2	-	-0,2
Rannsóknastöð að Kvískerjum	3,0	1,0	-2,0
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	3,0	-	-3,0
Vernd Breiðafjarðar	1,5	1,5	0,0
Þjóðgarður á Snæfellsnesi	2,5	2,6	0,1
Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	2,0	2,0	0,0
Náttúruverndarráð	2,5	2,5	0,0
Samtals	**81,7**	**76,8**	**-4,9**

Umhverfisvernd

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 205 Náttúruvernd ríkisins; 210 Veiðistjóri; 213 Hreindýraráð; 221 Hollustuvernd ríkisins; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 285 Spilliefnasjóður og 289 Endurvinnslan hf., skilagjald.

Rekstrargjöld, að meðtöldum neyslu- og rekstrartilfærslum, eru talin verða 795,6 m.kr. Hækkun milli ára, að frátöldum verðlagsbreytingum, stafar eingöngu af nýjum fjárlagaliðum sem eru 213 Hreindýraráð, 285 Spilliefnasjóður og 289 Endurvinnslan hf., skilagjald.

Viðhalds- og stofnkostnaðarframlag er áætlað 164 m.kr. Framlagið er að meginhluta ætlað til að styrkja framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, sbr. lög nr. 53/1995 þar um. Áætluð útgjöld hækka um 50 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en á þessu og síðasta ári hefur myndast afgangur og eru því alls um 150 m.kr. til ráðstöfunar á næsta ári.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

213 Hreindýraráð. Þetta er nýr fjárlagaliður en ráðið hefur starfað frá árinu 1994 á grundvelli laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Hlutverk hreindýraráðs er að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um það sem viðkemur friðun, vernd, nýtingu og rannsóknum á hreindýrastofninum, að sjá um sölu veiðileyfa o.fl. Tekjur ráðsins eru sérstakt leyfisgjald af hverju felldu hreindýri og er varið til reksturs ráðsins, framkvæmda á þess vegum og til rannsókna á hreindýrum. Auk þess eru tekjur af sölu veiðileyfa sem greiðast sem arður til sveitarfélaga. Heildargjöld

til ráðsins eru áætluð 5,5 m.kr. á næsta ári og þar af eru 4,5 m.kr. ætlaðar til rannsókna á hreindýrastofninum.

*285 **Spilliefnasjóður.*** Á 120. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 56/1996, um spilliefnagjald, og komu lögin til framkvæmda 1. janúar á þessu ári. Ekki var gert ráð fyrir útgjöldum vegna þeirra í fjárlögum yfirstandandi árs en í frumvarpi til fjáraukalaga er farið fram á fjárheimild á grundvelli laganna. Lögin taka til gjaldskyldu vegna förgunar á olíuvörum, lífrænum leysiefnum, málningu, rafhlöðum, rafgeymum, ljósmyndavörum og ýmissa annarra efnavara. Heildartekjur af spilliefnagjaldi eru taldar verða 95,9 m.kr. á næsta ári en þær renna í ríkissjóð. Gjaldið innheimtist með tvennum hætti. Annars vegar innheimtir ríkistollstjóri af innfluttum vörum sem geta orðið að spilliefnum og greiðir spilliefnanefnd 0,5% þóknun fyrir þá innheimtu. Hins vegar innheimtir spilliefnanefnd gjaldið af innlendri framleiðslu. Fjármálaráðuneytið hefur gert samning við spilliefnanefnd í samræmi við ákvæði laganna um vörslu og ávöxtun gjaldsins. Áætlað er að útgjöld vegna söfnunar, flutnings efnanna og förgunar verði 85 m.kr. Í lögunum er einnig kveðið á um störf spilliefnanefndar en hún skal gera áætlun um hvernig best verði staðið að söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna. Áætlaður rekstrarkostnaður nefndarinnar á næsta ári er 10,9 m.kr. en um er að ræða laun starfsmanns, þóknun til nefndarmanna, aðkeypta sérfræðiaðstoð o.fl.

*289 **Endurvinnslan hf., skilagjald.*** Samkvæmt lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, skal lagt skilagjald á einnota umbúðir. Gjald þetta rennur til Endurvinnslunnar hf. sem endurgreiðir það til innflytjenda og framleiðenda eftir því sem umbúðir skila sér. Félagið annast söfnun og endurvinnslu umbúðanna og fjármagnar reksturinn með skilagjaldi af umbúðum sem ekki er skilað til endurgreiðslu og umsýsluþóknun sem nemur 5% af skilagjaldi. Áætlaðar tekjur af skilagjaldi eru 400 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögunum skal félagið greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs en á árinu 1996 nam sú fjárhæð 0,6 m.kr.

Skipulagsmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 301 Skipulagsstofnun; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Heildarframlag er áætlað 847,3 m.kr. en nokkrar breytingar verða á framlagi til fjárlagaliða þessa málefnaflokks. Þær eru helstar:

*301 **Skipulagsstofnun.*** Rekstrargjöld viðfangsefnisins *1.01 Skipulagsstjóri ríkisins* eru áætluð 128,9 m.kr. og hækka um 7 m.kr. að raungildi milli ára. Ný skipulags- og byggingalög, nr. 73/1997, taka gildi 1. janúar 1998 og hafa þau í för með sér um 10 m.kr. útgjaldaauka hjá stofnuninni vegna gerðar aðalskipulags sveitarfélaga, en í lögunum segir að tíu árum eftir gildistöku laganna skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Talið er að það séu um 40 nýjar aðalskipulagsáætlanir og hefur það í för með sér aukinn

kostnað. Auk þess er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna landsskipulags. Á móti hækkar skipulagsgjald sem verður nú innheimt af öllum mannvirkjum sem reist verða en var áður einungis innheimt af nýbyggingum. Gjaldið rennur í ríkissjóð og til Skipulagsstjóra ríkisins í formi hlutdeildar í ríkistekjum. Þar eð skipulagsstjórn leggst af samkvæmt nýju lögunum, munu útgjöld vegna hennar falla niður en á móti verða útgjöld af nýrri úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Loks lækka útgjöld um 3 m.kr. á þessu viðfangsefni vegna hagræðingar. Viðfangsefnið *1.12 Skipulag miðhálendis* lækkar þar sem vinnu við skipulagið er að mestu lokið. Útgjöld á næsta ári eru talin verða 1,6 m.kr. vegna prent- og útgáfukostnaðar.

310 ***Landmælingar Íslands.*** Talið er að rekstrarútgjöld nemi 131,4 m.kr. á næsta ári og eru óbreytt að raungildi milli ára að því frátöldu að tímabundin fjárveiting á þessu ári fellur niður. Framlagið var ætlað til fjölþjóðlegs mæliátaks sl. vor sem miðaði að því að sameina með GPS-mælingum hæðanet og hæðakerfi Evrópu ásamt sjávarborðsmælingum. Útgjöld vegna tækja- og búnaðarkaupa lækka um 2 m.kr.

321 ***Brunamálastofnun ríkisins.*** Þetta er nýr fjárlagaliður en með lögum nr. 15/1997, um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, voru mál er varða brunavarnir og Brunamálastofnun flutt frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis frá og með næstu áramótum. Rétt þykir að flytja yfirstjórn málaflokksins til þess ráðuneytis er fer með skipulags- og byggingarmál. Lög um stofnunina eru að öðru leyti óbreytt og útgjöld hennar eru áætluð 79 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum. Sú breyting verður hins vegar á framsetningu fjárlagaliðarins að brunavarnagjald, sem áður færðist sem sértekjur, rennur nú í ríkissjóð og aftur að hluta til stofnunarinnar sem hlutdeild í ríkistekjum.

381 ***Ofanflóðasjóður.*** Samkvæmt lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, eru tekjur ofanflóðasjóðs að stærstum hluta árlegt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir og nemur 0,3‰ af vátryggingarverðmæti. Talið er að tekjurnar verði 500 m.kr. á næsta ári og renna þær í ríkissjóð en aftur til sjóðsins sem hlutdeild í ríkistekjum. Úr sjóðnum skal greiða kostnað við gerð hættumats og uppdrátta, kostnað við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Þá er sjóðnum heimilt að endurgreiða sveitarfélögum hluta kostnaðar við varnarvirki og hluta kostnaðar við kaup eða eignarnám á húseignum, lóðum eða öðrum fasteignum til varna gegn snjóflóðum. Útgjöld þessi eru alls áætluð 495,5 m.kr. á næsta ári. Einnig skal greiða úr sjóðnum kostnað við rekstur hans og ofanflóðanefndar og er sá kostnaður talinn nema 4,5 m.kr.

Rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Heildarframlag til málefnaflokksins er 585,3 m.kr. Rekstrarútgjöld Náttúrufræðistofnunar Íslands hækka um 11 m.kr. en á móti hækka þjónustutekjur samsvarandi. Gert er ráð fyrir almennri hagræðingu á öllum fjárlagaliðum en aðrar breytingar eru helstar:

403 Náttúrustofur. Samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er umhverfisráðherra heimilt að styrkja starfrækslu einnar náttúrustofu í hverju kjördæmi. Framlag ríkissjóðs takmarkast við laun forstöðumanns og stofnkostnað eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Fjárveiting að fjárhæð 18,8 m.kr. er ætluð til rekstrar fjögurra náttúrustofa, í Neskaupstað, Vestmannaeyjum, Bolungarvík og Stykkishólmi. Hækkun stafar af síðastnefndu stofunni, en í fjárlögum yfirstandandi árs var áætlað fyrir rekstri frá miðju ári og hækkun nemur því hálfs árs rekstri.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Stofnunin var sett á fót með lögum nr. 81/1997, um stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða. Stofnuninni er ætlað að vera samstarfsvettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfisrannsóknir, stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í fjölþjóðasamstarfi á norðurslóðum. Stofnunin hefur aðsetur á Akureyri og eru heildargjöld áætluð 15,9 m.kr. Rekstrargjöld eru metin á 13,9 m.kr. og er þar áætlað fyrir tveimur og hálfu starfi, kostnaði vegna þriggja manna stjórnar yfir stofnuninni og útgjöldum vegna samvinnunefndar um málefni norðurslóða. Til viðbótar við rekstrarframlag er gert ráð fyrir 2 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til tækja- og búnaðarkaupa og hugsanlegum innréttingarkostnaði í nýju húsnæði.

410 Veðurstofa Íslands. Rekstrargjöld almennrar starfsemi Veðurstofunnar hækka um 39,1 m.kr. milli ára og eru áætluð 327,9 m.kr. á næsta ári. Í lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, er kveðið á um að Veðurstofan skuli ráða sérstaka eftirlitsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem þörf er á slíkum athugunum. Af þessum sökum hækkar launaliður stofnunarinnar um 17,6 m.kr. á næsta ári. Til bráðabirgða var kostnaðurinn greiddur af Ofanflóðasjóði á þessu ári. Ríkisstjórnin samþykkti sl. vor að leggja aukna áherslu á vöktun jarðskjálfta og eldgosa á hálendi Íslands. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1997 er lögð til fjárheimild til Veðurstofunnar, m.a. til að koma fyrir nýjum sjálfvirkum jarðskjálftamælum. Rekstrarkostnaður nýju mælistöðvanna er áætlaður um 3,1 m.kr. ári og hækkar framlag til Veðurstofunnar á næsta ári sem því nemur. Áætluð útgjöld viðfangsefnisins *1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug* eru óbreytt að raungildi en tekjur vegna þjónustu við millilandaflug eru hækkaðar þannig að þær standist á við útgjöld. Hækkunin er vegna breytinga á samskiptum við Alþjóðaflugmálastofnunina.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Í þessum kafla er fjallað um vaxtagjöld ríkissjóðs sem áður var áætlað fyrir á fjárlagalið *801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir* undir fjármálaráðuneyti.

Áfallnir vextir af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir 16,2 milljarðar króna á árinu 1998. Vaxtagreiðslur eru hins vegar áætlaðar 12,3 milljarðar króna og lækka um 4,7 milljarða króna frá yfirstandandi ári. Mismunur á áföllnum og greiddum vöxtum, 3,9 milljarðar króna, kemur aðallega fram í áföllnum vöxtum á spariskírteini þar sem vextirnir eru greiddir í einu lagi við innlausn. Einnig er á næsta ári gjalddagi ríkisbréfa að fjárhæð 3,6 milljarðar króna. Þessi bréf báru ekki vexti, heldur voru seld með afföllum og koma vaxtagjöld þeirra því eingöngu fram á rekstargrunni.

Meginskýring á lækkun vaxtagreiðslna milli ára er sú að á yfirstandandi ári var sérstök innköllun á flokkum spariskírteina sem ekki voru komir á gjalddaga. Hluti þeirrar innlausnar hefði að óbreytu orðið á árinu 1998 með tilheyrandi vaxtagreislum. Önnur skýring er sú að vextir á spariskírteinum hafa farið lækkandi á síðustu árum.

Vaxtagjöld af löngum erlendum lánum og erlendum veltilánum eru áætluð rúmlega 8,3 milljarðar króna sem er álíka há fjárhæð og í ár. Vaxtagjöld af löngum lánum hækka um 200 m.kr. milli ára á meðan vaxtagjöld af erlendum veltilánum lækka um 200 m.kr. Stafar það af auknum greiðslum á erlendum skammtímalánum ríkissjóðs, en mikið framboð lánsfjár á innlenda markaðnum hefur gert kleift að lækka útistandandi veltilán.

Í yfirlitinu hér að neðan er sýnd sundurliðun á áætluðum vaxtagjöldum 1998 á rekstrar- og greiðslugrunni:

Vaxtagjöld, m.kr.	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur	Mismunur
Spariskírteini	5.400	2.250	3.150
Önnur innlend lán	1.400	400	1.000
Skammtímalán	1.300	1.300	0
Erlend lán	7.200	7.450	-250
Erlend veltilán	900	900	0
Samtals	**16.200**	**12.300**	**3.900**

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja. Þær breytingar sem gerðar eru í fjárreiðulögum leiða til fækkunar B-hluta aðila úr 47 í 12.

Framsetningu áætlana í B-hluta hefur einnig verið breytt og eru þær nú byggðar á reikningsskilum fyrirtækja. Því þykir ástæða til að gefa skýringar við nokkra liði. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu eða ekki. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári. Til fjármunatekna og fjármagnsgjalda teljast nú meðal annars tekjur og gjöld vegna verðbreytingafærslu samkvæmt tekjuskattslögum. Séu óverðtryggðar eignir meiri en óverðtryggðar skuldir, hækka gjöldin en annars tekjurnar. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess. Frá hagnaði eða tapi eru dregin gjöld og tekjur sem ekki koma til greiðslu eða verða innheimtar á árinu. Hér er einkum um að ræða reiknaða liði svo sem afskriftir, verðbreytingafærslu, reiknaða vexti, gengismun og nettó-breytingar á lífeyrisskuldbindingum.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 22,6 milljarðar króna og heildarrekstrargjöld 20,7 milljarðar króna. Áætlað er að samanlagður hagnaður nemi 3,6 milljörðum króna. Þyngst vegur hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins 2,5 milljarðar króna, Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli 470 m.kr. og Happdrættis Háskóla Íslands um 450 m.kr. Samtals er áætlað að arðgreiðslur í ríkissjóð nemi um 3,7 milljörðum króna sem er 240 m.kr. hærra en áætlað var í fjárlögum 1997 vegna sömu fyrirtækja og skýrist einkum af meiri skilum Áfengis- og tóbaksverslunarinnar. Fjárfesting er áætluð um 1 milljarður króna. Þar af eru 625 m.kr. á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og 230 m.kr. á vegum Ríkisútvarpsins. Lántökur eru áætlaðar 70 m.kr.

Hér á eftir er fjallað nánar um rekstur og fjárreiður þeirra fyrirtækja í B-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Rekstrartekjur happdrættisins eru áætlaðar 1.950 m.kr. og rekstrargjöld 1.565 m.kr. sem er óveruleg breyting frá fjárlögum 1997. Hagnaður er áætlaður 393 m.kr. sem er 4 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Samkvæmt lögum nr. 13/1973 hefur Happdrættið einkaleyfi hér á landi til að reka peningahappdrætti og gildir það til ársloka 2003. Leyfisgjald er 20% af nettóársarði og er áætlað að það nemi 78 m.kr. eins og í fjárlögum 1998. Að öðru leyti er hagnaðinum varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands, viðhalda þeim og greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem

Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Áætlað er að Happdrættið greiði 325 m.kr. til Háskólans og gangi því á höfuðstól sinn sem nemur um 11 m.kr. Einnig er áformað að Happdrættið afhendi Háskólanum helming andvirðis Nýja Garðs á árinu 1998 en húsið var keypt árið 1996 í þeim tilgangi. Síðari hluti andvirðisins verður afhentur Háskólanum 1999.

971 Ríkisútvarpið. Gerð er sú breyting í frumvarpinu að áætlað er fyrir rekstri og framkvæmdum Ríkisútvarpsins á einum fjárlagalið í stað þriggja í fjárlögum 1997. Rekstrargjöld eru áætluð um 2,5 milljarðar króna og er talið að sú hagræðing sem unnið er að leiði til þess að útgjöldin lækki að raungildi milli ára. Áætlað er að rekstrarhagnaður verði um 36 m.kr. sem er verulegur afkomubati. Þjónustutekjur eru áætlaðar 903 m.kr. Stærsti hluti þeirra eru tekjur af auglýsingum sem hafa hækkað nokkuð á síðustu árum og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Tekjur af afnotagjaldi eru áætlaðar 1.530 m.kr. sem er 30 m.kr. lækkun frá áætlun í fjárlögum 1997. Afnotagjald hefur verið óbreytt frá því í febrúar 1993 og innheimta af gjaldstofni farið þverrandi. Fjárfesting er áætluð um 230 m.kr. sem er aukning um 15 m.kr. frá áætlun í fjárlögum. Samkvæmt útvarpslögum skal stofnunin leggja 10% af brúttótekjum sínum í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins og er framlagið áætlað 90 m.kr.

973 Þjóðleikhúsið. Rekstargjöld eru áætluð 510 m.kr. og rekstrartekjur um 137 m.kr. eða 27% rekstrargjalda. Talið er að gjöld og tekjur hafi verið ofmetin í fjárlögum og eru þau lækkuð um 16 m.kr. Framlag ríkissjóðs er 342 m.kr. og er raungildi þess hið sama og í fjárlögum 1997. Áætlað er að rekstrarafkoma batni nokkuð og er rekstrartap áætlað 25 m.kr. Tap skýrist einkum af hækkun lífeyrisskuldbindinga umfram greiðslur.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 324 m.kr. og rekstrartekjur 36 m.kr. sem er 11% af gjöldunum. Miðað er við að rekstrarumfang verði óbreytt. Tap af rekstri hljómsveitarinnar er áætlað um 46 m.kr. og skýrist af áföllnum lífeyrisskuldbindingum umfram greiðslur. Árið 1996 var 36 m.kr. tap á rekstrinum og var eigið fé hljómsveitarinnar þá orðið neikvætt um 547 m.kr. Framlög aðila eru áætluð samtals 223 m.kr. árið 1998 sem skiptast þannig: Ríkið greiðir 125 m.kr., Menningarsjóður útvarpsstöðva um 56 m.kr., Reykjavíkurborg um 40 m.kr. og Seltjarnarnesbær rúmar 2 m.kr. Að auki er áætlað að stofnunin fái 8 m.kr. tekjur af skemmtanaskatti sem varið er til hljómleikaferða innan lands.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli. Breytingar eru áformaðar á rekstri Fríhafnarinnar á næsta ári. Utanríkisráðherra skipaði nefnd í febrúar 1997 til að fjalla um málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Nefndin hefur skilað áfangaskýrslu um málefni Flugstöðvarinnar og verslunarrekstur innan hennar. Hluti verslunar í Flugstöðinni hefur nú verið boðinn út. Ný verslunarfyrirtæki munu því selja ýmsar vörur sem Fríhöfnin hefur selt til þessa. Fríhöfnin mun þó áfram hafa einkarétt á sölu áfengis, tóbaks og snyrtivara í Flugstöðinni. Fjárhagsleg áhrif þessara breytinga eru enn til athugunar hjá fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti en stefnt er að því að endurskoða rekstraráætlun Flugstöðvarinnar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Í því sambandi er vísað til athugasemda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar hér á eftir og 03-211 Flugmálastjórn í A-hluta frumvarpsins.

Rekstrartekjur eru áætlaðar nær 2,9 milljarðar króna með hliðsjón af rekstraráætlun líðandi árs. Rekstrargjöld Fríhafnarinnar eru aftur á móti áætluð 2,4 milljarðar króna. Þar af eru launagjöld 300 m.kr. og hækka þau verulega þar sem Fríhöfnin verður opin nær allan sólarhringinn vegna aukins næturflugs en einnig vegna aukins lífeyriskostnaðar. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda fastra starfsmanna en að afleysingafólki fækki. Húsaleiga hækkar úr um 100 m.kr. á þessu ári í 180 m.kr. á því næsta. Þrátt fyrir mikla óvissu er talið að arðgreiðsla til ríkissjóðs geti numið 470 m.kr. auk þess sem Fríhöfnin skilar ríkissjóði 170 m.kr. vegna innheimtu á áfengisgjaldi.

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstrargjöld eru áætluð rúmar 330 m.kr. Því til viðbótar er fjármagnskostnaður umfram fjármagnstekjur 264 m.kr., og hækkar um rúmar 80 m.kr. frá fjárlögum 1997. Fjárhæðin er óvissu háð því ekki er búið að skuldbreyta lánum Flugstöðvarinnar eins og áformað er í fjárlögum þessa árs. Ríkissjóður greiddi af 22 milljón dollara láni Flugstöðvarinnar í maí á þessu ári. Stefnt að því að ljúka endurfjármögnun lánsins fyrir afgreiðslu fjárlaga m.t.t. tekjuáætlunar Flugstöðvarinnar.

Áformað er að opna sölurými í flugstöðinni fyrir fleiri aðila og að Flugstöðin hafi af því leigutekjur. Tekjur af seldri vöru og þjónustu eru áætlaðar 540 m.kr., þar af 396 m.kr. af húsaleigu og 144 m.kr. af innritunargjaldi. Aðrar tekjur eru áætlaðar 162,9 m.kr. og vega farþegagjöld þyngst í þeirri fjárhæð eða 94 m.kr. Tekjur umfram gjöld eru taldar nema 183 m.kr. sem, að meðtöldum 138 m.kr. afskriftum, gefa 321 m.kr. í ráðstöfunarfé. Ætlunin er að ráðstafa 59 m.kr. af þeirri fjárhæð í fjárfestingu og 262 m.kr. til að greiða af lánum. Fjárfesting skiptist þannig að 25 m.kr. verður varið í bifreiðastæði, 10 m.kr. í færibönd og 24 m.kr. í hringhurðir. Framlag úr ríkissjóði nemur 75 m.kr. og þar af koma 60 m.kr. frá flugmálaáætlun og 15 m.kr. af tekjum Fríhafnarinnar.

Svo sem getið er í greinargerð um 03-311 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli í A-hluta og um Fríhöfnina næst hér á undan, eru miklar breytingar áformaðar í rekstri Flugstöðvarinnar. Nefnd, skipuð af utanríkisráðherra, hefur unnið að endurskipulagningu á rekstri Flugstöðvarinnar og fjármálum á þessu ári. Starf nefndarinnar er langt á veg komið en nokkur óvissa ríkir enn um fjármál í tengslum við endurskipulagninguna. Því eru tölur fyrir Flugstöðina, svo og fyrir Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli og Frí-

höfnina, settar fram til bráðabirgða í frumvarpi þessu. Fjármálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið munu hafa samvinnu um að ganga endanlega frá tölunum á næstu vikum og leggja tillögur sínar fyrir fjárlaganefnd áður en fjárlagafrumvarpið verður að lögum.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur eru áætlaðar 9.384 m.kr. á árinu 1998 sem er 265 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1997. Miðað við sölutölur er gert ráð fyrir að tekjur af áfengi minnki um nálægt 200 m.kr. frá forsendum fjárlaga 1997, en að tekjur af bjór aukist um nálægt 65 m.kr. Tóbaksverð var hækkað 1. september 1997 um 19%. Sölutölur benda til þess að sala á tóbaki dragist saman um 3,5% að magni til en gert er ráð fyrir að verðhækkunin auki tekjur um 375 m.kr. Aðrar tekjur eru áætlaðar 21,3 m.kr. vegna sölu á iðnaðarvörum, plastpokum o.fl.

Rekstrargjöld eru áætluð 6.848 m.kr. og lækka um 10 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs. Kostnaðarverð seldra vara er áætlað 6.021 m.kr. og þar af er áfengisskattur 2.665 m.kr. Önnur rekstrargjöld eru 827 m.kr. og hækka um 190 m.kr. frá fjárlögum 1997. Þar af er hækkun launakostnaðar um 146 m.kr., annars vegar vegna 100 m.kr. hækkunar lífeyrisskuldbindinga og hins vegar vegna aukins kostnaðar við fjölgun útsölustaða, launahækkana og launatengdra gjalda. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 25 m.kr. meðal annars vegna samtengingar kassakerfa í verslunum við tölvukerfi í höfuðstöðvum og endurnýjunar bifreiða. Að lokum er áætlað að fyrirtækið greiði 2.667 m.kr. í ríkissjóð sem er 362 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1997.

30 Samgönguráðuneyti

471 Alþjóðaflugþjónustan. Ísland er aðili að samningi um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, tekur að sér að greiða með yfirflugsgjöldum 95% af kostnaði við þá þjónustu sem veitt er á íslenska flugstjórnarsvæðinu af Flugmálastjórn, Pósti og síma hf. og Veðurstofu Íslands. Alþjóðaflugþjónustan áformar að fjárfesta fyrir um 30 m.kr. á árinu aðallega í hugbúnaði og tækjum. Auk þess er gert ráð fyrir að afborganir af lánum verði um 80 m.kr. Þetta mun fjármagnað þannig að tekið verður 70 m.kr. lán og 40 m.kr. koma frá rekstri. Fjárfestingin eru endurgreidd af tekjum frá ICAO af yfirflugsgjöldum.

31 Iðnaðarráðuneyti

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur og rekstrargjöld verði um 4,4 milljarðar króna og standist nokkurn veginn á. Tap af reglulegri starfsemi er áætlað 75 m.kr. og skýrist að mestu af fjármagnskostnaði. Þrátt fyrir rekstrartap er áætlað að handbært fé frá rekstri verði um 1 milljarður króna og er ástæðan sú að til rekstrargjalda teljast ýmis reiknuð gjöld, þar á meðal afskriftir sem eru áætlaðar 860 m.kr.

Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995, skulu Rafmagnsveiturnar greiða arð í ríkissjóð sem nemur 2% af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Árin 1997 og 1998 skal þó við útreikning á arði lækka eigið fé sem nemur bókfærðu verðmæti dreifiveitna í sveitum. Samkvæmt samningnum ættu arðgreiðslur í ríkissjóð að nema 157 m.kr. Í desember 1995 var ákveðið að lækka árlega arðkröfu um 20 m.kr. á árunum 1997 til 2001. Þessi breyting var gerð til að aðstoða Rafmagnsveiturnar við að mæta tjóni á raforkukerfi fyrirtækisins. Arðgreiðslan lækkar því í 137 m.kr. Samkvæmt samningnum greiðir ríkissjóður fyrirtækinu til baka 110 m.kr. af arðgreiðslu ársins 1998. Þar af verður 102 m.kr. varið til að styrkja og endurnýja dreifikerfi í sveitum og 8 m.kr. verður ráðstafað til rannsóknar- og þróunarverkefna.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Til C-hluta teljast lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Þetta felur í sér verulega breytta framsetningu frá fjárlögum 1997 og er vísað til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar. Sá munur er þó meðal annars á áætlunum í B- og C-hluta að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga samkvæmt skattalögum eru sýndar sérstaklega hjá lánastofnunum í C-hluta.

Heildarfjármunatekjur lánastofnana í C-hluta eru áætlaðar 15,3 milljarðar króna og heildarfjármagnsgjöld 16,9 milljarðar króna. Að auki nema reiknuð gjöld vegna verðbreytinga tæplega 1 milljarði króna og framlög í afskriftasjóð útlána rúmlega 800 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru því neikvæðar um alls 3,4 milljarða króna. Þar munar mestu um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem er neikvæður um 1,5 milljarð króna og byggingarsjóðina tvo sem samanlagt eru neikvæðir um tæpa 2 milljarða króna. Rekstrartap er tæpir 2,5 milljarðar króna og nemur framlag ríkissjóðs sömu fjárhæð. Munar mest um 1,8 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og tæplega 300 m.kr. framlag til Byggingarsjóðs verkamanna. Önnur rekstrargjöld eru 1,5 milljarði króna hærri en rekstrartekjur. Ástæðan er meðal annars sú að 1 milljarðs króna framlag Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til byggingar hafrannsóknaskips er fært til gjalda. Að teknu tilliti til rekstrarliða sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi og breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri muni nema 1,1 milljarði króna. Veitt löng lán eru áætluð 25,4 milljarðar króna og aukast um 12,6 milljarða króna umfram afborganir af veittum lánum. Tekin löng lán eru áætluð nema um 32,7 milljörðum króna og aukast um 14,1 milljarð umfram afborganir af teknum lánum. Samkvæmt þessu er áætlað að lítil breyting verði á handbæru fé lánastofnana milli ára.

Hér á eftir er fjallað nánar um fjárreiður þeirra lánastofnana í C-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

41 Forsætisráðuneyti

221 Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir að starfsemi Byggðastofnunar verði með líku sniði á árinu 1998 og á þessu ári. Áfram verður unnið að stefnumótandi byggðaáætlun og svæðisbundnum áætlunum. Aukin áhersla verður lögð á að rannsaka byggðaþróun, meðal annars í samvinnu við háskóla og heimamenn. Stofnunin hyggst veita a.m.k. 62 m.kr. til atvinnuþróunarstarfa í samræmi við samninga sem gerðir hafa verið í sjö kjördæmum.

Styrkveitingum stofnunarinnar hefur fjölgað á undanförnum árum og er áætlað að þær nemi 110 m.kr. á árinu 1997 auk framlags til atvinnuþróunarfélaga. Lánveitingar stofnunarinnar hafa skilað henni árlega 150-200 m.kr. hreinum fjármagnstekjum og er

reiknað með að svo verði áfram. Þá er áformað að stofnunin taki langtímalán að fjárhæð 1.400 m.kr. Er því talið að stofnunin geti veitt ný lán að upphæð 1.600 m.kr.

Lánveitingum er skipt í tvo flokka, áhættulán og lán gegn tryggum veðum. Ekki er gert ráð fyrir framlögum ríkisins vegna lánastarfsemi. Á afskriftareikningi eru 1.300 m.kr. og vegna góðs ástands í efnahagslífinu hefur verið tekið fé út af reikningnum á þessu ári til að auka áhættulán. Sjóðurinn hefur á undanförnum árum lagt fram hlutafé í nýsköpunar- og fjárfestingarfélög. Leitast verður við að halda því áfram eftir því sem framlag úr ríkissjóði leyfir. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar er áætlaður 160 m.kr.

42 Menntamálaráðuneyti

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Framlag úr ríkissjóði er áætlað 1.770 m.kr. á næsta ári samanborið við 1.600 m.kr. í fjárlögum líðandi árs. Framlagið nemur 56% af áætluðum útlánum, en í fjárlögum yfirstandandi árs er miðað við 52%. Að auki er gert ráð fyrir 55 m.kr. framlagi vegna vaxtastyrks. Með því ætti eiginfjárstaða sjóðsins að halda í horfi að teknu tilliti til þeirrar breytingar sem gerð var á lögum um sjóðinn á árinu 1997. Útlán eru áætluð 3.060 m.kr. sem er 177 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Útlánaáætlun byggir á þeirri forsendu að lánþegum fjölgi um 5% og að meðallán hækki í samræmi við verðlagsbreytingar milli ára. Fjármunatekjur eru áætlaðar 1.060 m.kr. sem er 970 m.kr. hækkun frá fjárlögum líðandi árs og skýrist af hækkun á endurmati veittra lána. Fjármagnsgjöld eru áætluð 1.750 m.kr. sem er hækkun um 560 m.kr. frá fjárlögum og felst skýringin að mestu í endurmati tekinna lána. Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga eru 542 m.kr. og hafa ekki verið sýnd áður í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að gjöld þessi fari hækkandi á næstu árum. Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 300 m.kr. sem er tæplega meðalafskrift tveggja síðustu ára. Innheimtar afborganir eru áætlaðar 1.600 m.kr. og hækka um 140 m.kr. frá fjárlögum 1997. Stafar hækkunin fyrst og fremst af fjölgun greiðenda. Upphæð afborgana af námslánum er tekjutengd og er áætlunin því óvissu háð. Afborganir lána eru áætlaðar 2.235 m.kr. og lækka um 425 m.kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 200 m.kr. þar af er vaxtastyrkur áætlaður 55 m.kr. Gert er ráð fyrir að áætlun sjóðsins verði að venju endurskoðuð fyrir afgreiðslu fjárlaga.

44 Landbúnaðarráðuneyti

*821 **Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Tekjur sjóðsins eru áætlaðar 205 m.kr. á árinu 1998, þar af er 175 m.kr. framlag úr ríkissjóði og 30 m.kr. úr Fóðursjóði. Framleiðnisjóður starfar á grundvelli laga nr. 89/1966, með síðari breytingum. Hann er samstarfsvettvangur stjórnvalda og bænda um mikilvægan hluta landbúnaðarstefnunnar hverju sinni. Í stjórn hans sitja tveir fulltrúar bændasamtakanna og þrír skipaðir af stjórnvöldum, fjögur ár í senn. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til atvinnuuppbyggingar í sveitum sem og að stuðla að hagræðingu og framförum í búvöruframleiðslu. Á undan-

förnum árum hefur hann starfað á grundvelli búvörusamninga ríkis og bænda. Fjármagn hefur verið lagt til eflingar nýrra búgreina gegn verulegu framlagi bænda, en sjóðurinn hefur að hámarki lagt hverri framkvæmd 30% kostnaðar. Þá hefur Framleiðnisjóður í vaxandi mæli stutt við rannsóknir og þekkingaröflun með samvinnu við rannsóknarstofnanir og Rannsóknarráð Íslands. Stuðningur við fræðslu og endurmenntun bænda hefur einnig verið ríkur þáttur í starfi sjóðsins. Sama á við um stuðning um öflun markaða fyrir búvörur og þjónustu í sveitum.

823 Lánasjóður landbúnaðarins. Lánasjóður landbúnaðarins tekur til starfa 1. janúar 1998, samkvæmt lögum nr. 68/1997. Sjóðurinn leysir af hólmi Stofnlánadeild landbúnaðarins. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og mun stjórn sjóðsins setja almennar reglur um lánveitingar og lánakjör. Árið 1998 er gert ráð fyrir 125 m.kr. halla á rekstri sjóðsins miðað við óbreytta útlánavexti. Sú áætlun mun breytast þar sem væntanleg stjórn Lánasjóðsins á eftir að taka afstöðu til lánakjara sjóðsins fyrir það ár er það í samræmi við ákvæði 11. gr. laganna sem segir að sjóðurinn skuli leitast við að varðveita raungildi eiginfjár síns.

45 Sjávarútvegsráðuneyti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn hóf rekstur á miðju ári 1994 og var hlutverk hans í upphafi að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og uppkaupa á fiskvinnslustöðvum og framleiðslutækjum. Ennfremur veitti sjóðurinn lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og greiddi fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis. Sjóðurinn yfirtók við stofnun eignir og skuldbindingar Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja og Hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, að frádregnum 950 m.kr. endurlánum ríkissjóðs sem ríkissjóður yfirtók.

Með lögum nr. 152/1996 var hlutverki sjóðsins breytt frá 1. janúar 1997. Hætt var greiðslu styrkja til að úrelda fiskiskip og fiskvinnslustöðvar með þeirri undantekningu að styrkir til úreldingar á krókabátum í sóknardagakerfi voru greiddir til 1. júlí 1997. Sjóðurinn hefur til þessa veitt 459 styrki til að úrelda fiskiskip sem samtals eru 7.829 rúmlestir að stærð. Alls nema styrkirnir 2.778 m.kr. Þá hefur sjóðurinn keypt 20 fiskverkunarhús fyrir 407 m.kr. samtals, en söluverðmæti húsanna er talið vera um 250 m.kr. Við lagabreytinguna var enn fremur felld úr gildi heimild til að veita lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku í verkefnum erlendis.

Í stað fyrri verkefna er sjóðnum nú ætlað að taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilt að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 1.000 m.kr. vegna þessa verkefnis og er sjóðnum ætlað að greiða lánið og lántökukostnað af tekjum sínum. Tekjur sjóðsins á árinu 1998 eru áætlaðar samtals 988 m.kr. og skiptast þannig að 80 m.kr. eru vegna gjalda sem lögð eru á fiskiskip, 600 m.kr. vegna

gjalds á úthlutað aflamark og 310 m.kr. af fjármunaeign. Vaxtagjöld sjóðsins eru áætluð 445 m.kr. og lækka um 215 m.kr. frá fjárlögum 1997. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 1.200 m.kr. sem er hækkun um 1.055 m.kr. frá fjárlögum. Munar þar mestu um 1.000 m.kr. framlag til byggingar hafrannsóknaskips sem áður getur. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 1.210 m.kr. en afborganir af veittum lánum eru áætlaðar 520 m.kr. Ekki er áætlað að sjóðurinn þurfi að taka frekara lán til að mæta fjárþörf næsta árs þar sem handbært fé í ársbyrjun 1997 er áætlað um 690 m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti

Húsnæðisstofnun ríkisins

Þrír sjóðir mynda Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. Byggingarsjóður ríkisins, Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Rekstrarkostnaði stofnunarinnar er skipt samkvæmt sérstakri reglugerð. Launum og öðrum starfsmannakostnaði, húsnæðiskostnaði og afskriftum fastafjármuna er skipt á hvern sjóð eftir fjölda starfsmanna. Öðrum rekstrarkostnaði er skipt eftir heildareign hvers sjóðs í lok reikningsárs, að frádregnum lánveitingum milli þeirra. Áætlað er að samanlagður rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði 465 m.kr. á árinu 1998 sem er lækkun um 18 m.kr. borið saman við reikning stofnunarinnar fyrir árið 1996. Innkomnar þjónustutekjur eru áætlaðar 279 m.kr. á árinu 1998 en voru 272 m.kr. á árinu 1996. Tekjur eru innheimtar af útsendum greiðsluáskorunum, nauðungarsölu, greiðsluseðlum, vanskilakostnaði, skiptigjaldi húsbréfa og þóknunum. Einnig koma inn tekjur vegna útseldrar vinnu tæknideildar og útleigu á húsnæði.

Innan félagsmálaráðuneytisins er nú unnið að endurskoðun á skipulagi og rekstri Húsnæðisstofnunar. Gert er ráð fyrir að tillögur þar að lútandi liggi fyrir á næstu vikum.

270 Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild. Húsbréfadeild er hluti af Byggingarsjóði ríkisins en fjárhagur hennar er aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi sjóðsins. Rekstrarkostnaður deildarinnar er áætlaður 226 m.kr. sem er lækkun um 7 m.kr. frá niðurstöðu reiknings fyrir árið 1996. Á móti koma 56 m.kr. tekjur, aðallega vegna vanskilainnheimtu. Gert er ráð fyrir að gefin verði út húsbréf á næsta ári að andvirði 16 milljarða króna og er þá miðað við markaðsverð þeirra.

Áætlað er að framlag í afskriftasjóð verði 150 m.kr. sem er svipuð upphæð og á árinu 1996. Þróun innheimtumála sýnir að vanskil hafi farið minnkandi

Afborganir tekinna langra lána (húsbréfa) eru sýndar á sama grunni og afborganir veittra langra lána (fasteignaveðbréfa), þ.e. eins og um jafngreiðslulán væri að ræða. Þessi hluti afborgana tekinna langra lána er 3.150 m.kr. Heildarafborganir af teknum löngum lánum eru hins vegar áætlaðar 6.200 m.kr. og skýrist mismunurinn af um 3.050 m.kr. verðbótum sem færðar eru undir fjármagnsgjöld í rekstraráætluninni.

271 Byggingarsjóður ríkisins. Rekstrarkostnaður Byggingarsjóðs ríkisins er áætlaður 107 m.kr. á árinu 1998 og lækkar um 22 m.kr. frá niðurstöðu reiknings 1996. Með lögum nr.

47/1991, um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, voru felldir niður helstu lánaflokkar hjá Byggingarsjóði ríkisins. Eftir standa þrír lánaflokkar: lán til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir og lán eða styrkir til tækninýjunga í byggingariðnaði. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útlán sjóðsins til þessara flokka verði um 325 m.kr., sem er 75 m.kr. hækkun miðað við yfirstandandi ár. Áætlað er að lán til Byggingarsjóðs verkamanna vegna endursöluíbúða og almennra kaupleiguíbúða nemi 275 m.kr. á árinu 1998, sem er lækkun um 75 m.kr. milli ára. Samtals verða lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins því 600 m.kr. á næsta ári, sem er óbreytt fjárhæð milli ára.

Með lögum nr. 61/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, var ákveði um skyldusparnað ungs fólks til íbúðarbygginga fellt niður. Inneignir skyldusparenda í árslok 1996 námu um 868 m.kr. Í fjárlögum 1997 er gert ráð fyrir að útgreiðsla skyldusparnaðar verði 450 m.kr. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útstreymið verði 400 m.kr.

Alls nema tekin löng lán 4.400 m.kr. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður fjármagni 4.200 m.kr. en að um 200 m.kr. verði teknar að láni hjá húsbréfadeild vegna skuldbreytinga á vanskilum. Stafar þessi lánsfjárþörf af lánveitingum, vaxtamun, neikvæðum skyldusparnaði og rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir því að Byggingarsjóður ríkisins þurfi að taka lán fram yfir aldamót en fljótlega eftir það ætti sjóðurinn að vera aflögufær. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 4.890 m.kr. og hækka um 710 m.kr. milli ára.

272 ***Byggingarsjóður verkamanna.*** Rekstrarkostnaður Byggingarsjóðs verkamanna er áætlaður 132 m.kr. á árinu 1998 og lækkar um 6 m.kr. frá árinu 1996. Á árinu 1998 er gert ráð fyrir að útlán Byggingarsjóðs verkamanna til byggingar félagslegra íbúða nemi 2.450 m.kr. samanborið við 2.320 m.kr. í ár. Framlag til sjóðsins verður 275 m.kr. og lánsheimildir miðast við 170 nýjar íbúðir í stað 180 á þessu ári. Lán til nýbygginga er áætlað 5,6 m.kr. að meðaltali. Áætlað er að veita lán vegna 850 endursöluíbúða á árinu 1998 fyrir um 450 m.kr. Meðallán á endursöluíbúð er því um 530 þús. kr. Talið er að gerðir verði samningar um framkvæmdalán vegna nýrra íbúða fyrir um 750 m.kr. á árinu 1998 og að lánin komi til greiðslu á 15 árum. Áætlað er að viðbótarlán til eigenda félagslegra íbúða í fjölbýlishúsum vegna meiri háttar viðhalds utanhúss nemi 200 m.kr.

Alls nema tekin löng lán 5.280 m.kr. og er þar gert ráð fyrir 125 m.kr. lántöku hjá sveitarfélögum og 275 m.kr. hjá Byggingarsjóði ríkisins. Gert er ráð fyrir því að þess sem útaf stendur, um 4.900 m.kr., verði aflað með sölu húsnæðisbréfa. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 2.600 m.kr. og aukast um 186 m.kr. milli ára.

49 Fjármálaráðuneyti

*972 **Framkvæmdasjóður Íslands.*** Sjóðurinn er nú í vörslu Lánasýslu ríkisins sem hefur það hlutverk að annast um eignir hans en þær eru í formi krafna á atvinnufyrirtæki og fjárfestingalánasjóði. Með sama hætti þarf Lánasýslan að standa skil á afborgunum og vöxtum af innlendum og erlendum skuldum sjóðsins. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að koma eignum sjóðsins, einkum fasteignum og öðrum eignum tengdum fiskeldi, í verð. Þetta er nú langt komið og er gert ráð fyrir að selja á árinu 1998 eignir fyrir 100 m.kr. Áætlað er að fjármagnsgjöld verði nokkuð hærri en fjármunatekjur eða 13 m.kr. og að tap verði 33 m.kr. Þá verður afborgun af teknum lánum 205 m.kr. hærri fjárhæð en innheimtar afborganir af veittum lánum. Mun þessi mismunur koma fram í minnkun á handbæru fé.

50 Samgönguráðuneyti

*335 **Hafnabótasjóður.*** Hlutverk Hafnabótasjóðs er að veita lán og styrki til hafnargerðar og bæta tjón á hafnarmannvirkjum. Í áætluninni er gert ráð fyrir auknum styrkjum til hafnargerðar vegna lækkunar á hámarksþátttöku ríkissjóðs úr 90% í 75% sem mun valda um 25 m.kr. tapi á rekstri sjóðsins.

*651 **Ferðamálasjóður.*** Sjóðurinn er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina sem ferðaþjónusta byggir á, í samræmi við lög nr. 117/1994 og 156/1994. Er honum ætlað að veita einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum. Ekki er heimilt að veita hærra lán til einstakra framkvæmda en sem nemur þriðjungi af ráðstöfunarfé sjóðsins á ári. Útlán eru á sömu kjörum og lán sem sjóðurinn tekur hverju sinni. Lántaka á árinu 1998 er áætluð 100 m.kr. og verður fénu varið í útlán og til að endurgreiða eldri lán.

52 Viðskiptaráðuneyti

*101 **Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er stofnaður á grundvelli laga nr. 61/1997 og tekur til starfa 1. janúar 1998. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán, ábyrgðir eða styrki. Stofnfé til almennrar starfsemi sjóðsins nemur 4 milljörðum króna. Fjárhæðin verður greidd um næstu áramót af sameiginlegu eiginfé Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Annars vegar verður greitt með markaðshæfum hlutabréfum í eigu sjóðanna og hins vegar með verðtryggðu skuldabréfi, útgefnu af Fjárfestingar-

banka atvinnulífsins hf., til 10 ára með 20 afborgunum og ber bréfið markaðsvexti. Sjóðnum ber að viðhalda fyrrgreindu stofnfé sínu, þannig að ekki má verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar sem miðast skal við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins. Auk fyrrgreinds stofnfjár Nýsköpunarsjóðs tekur hann jafnframt við eigin fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs, sbr. lög nr. 76/1987. Sú fjárhæð varðveitist í sérstakri deild innan sjóðsins og er haldið aðgreindri í bókhaldi til ráðstöfunar í framlög til vöruþróunar og markaðsaðgerða samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins mun setja og verða staðfestar af ráðherra. Að liðnum þremur fyrstu starfsárum sjóðsins skulu eftirstöðvar lagðar til almennrar starfsemi sjóðsins.

Þá mun tryggingardeild útflutningslána starfa við sjóðinn, en hún tekur við eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutningslána sem nú er starfsrækt samkvæmt lögum nr. 76/1987 um Iðnlánasjóð. Sömuleiðis verður tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðarsjóð, sbr. lög nr. 60/1970, lögð niður. Auk þessa mun ríkissjóður greiða Nýsköpunarsjóði 1 milljarð króna af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., en heimilt er að selja allt að 49% hlutafjárins. Höfuðstólnum skal haldið aðgreindum og varið til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina.

Tölur fyrir rekstraráætlun og sjóðstreymi eru settar fram með fyrirvara þar sem um áætlanir er að ræða er taka munu breytingum við nánari undirbúning að starfsemi sjóðsins. Við gerð þeirrar áætlunar sem nú er lögð fram er höfð hliðsjón af starfsemi Iðnþróunarsjóðs. Ætla má að fjármunatekjur verði hærri, en þær eru áætlaðar. Einnig má gera ráð fyrir að breytingar verði á áætlun um fjárfestingarhreyfingu. Stjórn Nýsköpunarsjóðs var skipuð 10. september sl. Er henni ætlað að undirbúa starfsemi sjóðsins sem hefst sem fyrr segir 1. janúar 1998.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Með lögum um fjárreiður ríkisins voru heimildir ríkisins til lántöku, lánveitinga og ríkisábyrgða felldar inn í fjárlög, en áður hafði þessara heimilda verið aflað í lánsfjárlögum. Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum í A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og aðila sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins

6.1 Lánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða í ríkiseigu eru alls áætlaðar 43,5 milljarðar króna á árinu 1998. Heildarafborganir eldri lána þessara aðila eru áætlaðar 35,4 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun, þ.e. ný lán, er því áætluð 8,1 milljarður króna, eða sem svarar til 1,4% landsframleiðslu. Lántökur og afborganir Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs Íslands eiga ekki við á árinu 1998 þar sem Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur við hlutverki þeirra og skuldbindingum. Við samanburð við árið 1997 þarf að hafa þetta í huga og skýrir það 2,5 milljarða króna lækkun lántöku þegar árin 1997 og 1998 eru borin saman. Samkvæmt þessu lækkar hrein lánsfjárþörf framangreindra aðila um 7,1 milljarð króna milli ára.

Heildarlántökum er ekki skipt milli innlendra og erlendra lána fremur en undanfarin ár. Þar sem aðgangur að lánamörkuðum er nú opinn, hefur það takmarkað gildi enda ráðast lántökurnar fyrst og fremst af lánskjörum þar sem borið er niður. Lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra aðila sem ríkissjóður ábyrgist lántökur fyrir sést sést í eftirfarandi töflu:

Í milljörðum króna	Áætlun 1997			Áætlun 1998		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**44,5**	**15,3**	**59,8**	**-**	**-**	**43,5**
Ríki	43,5	8,3	51,8	-	-	36,0
A-hluti	21,8	0,1	21,9	-	-	12,5
C-hluti	21,7	8,2	29,9	-	-	23,5
Landsvirkjun	1,0	7,0	8,0	-	-	7,5
Afborganir	**26,9**	**15,2**	**42,1**	**24,2**	**11,2**	**35,4**
Ríki	26,6	13,4	40,0	23,9	9,3	33,2
A-hluti	11,1	7,7	18,8	8,7	8,8	17,5
C-hluti	15,5	5,7	21,2	15,2	0,5	15,7
Landsvirkjun	0,3	1,8	2,1	0,3	1,9	2,2
Hrein lánsfjárþörf	**17,6**	**0,1**	**17,7**	**-**	**-**	**8,1**
Hlutfall af landsframleiðslu	**3,4**	**0,0**	**3,4**			**1,4**

6.2 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs eru taldar verða 12,5 milljarðar króna á árinu 1998 samanborið við 21,9 milljarða króna á þessu ári. Handbært fé frá rekstri er talið nema

rúmlega 1,5 milljörðum króna. Til viðbótar er áætlað að innstreymi fjár vegna fjármunahreyfinga nemi alls um 3,5 milljörðum króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs er því áætluð neikvæð um 5 milljarða króna, en það felur í sér að fært er að greiða niður skuldir sem því nemur.

Eftirfarandi yfirlit sýnir sjóðstreymi og lánsfjárþörf ríkissjóðs 1997 og 1998:

Í milljónum króna	Áætlun 1997	Frumvarp 1998
Handbært fé frá rekstri	**-1.270**	**1.539**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán - viðskiptareikningar	-400	-400
Veitt löng lán	-9.400	-8.570
Afborganir veittra lána	8.125	6.620
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-236	-400
Sala hlutabréfa og eignarhluta	86	6.200
Fjármunahreyfingar samtals	**-1.825**	**3.450**
Hrein lánsfjárþörf (til lækkunar á skuldum)	**3.095**	**-4.989**
Fjármögnun:		
Tekin löng lán	21.900	12.500
Afborganir af teknum lánum	-18.829	-17.452
Fjármögnun samtals	**3.071**	**-4.952**
Breyting á handbæru fé	**-24**	**38**

Hér fer á eftir stutt frásögn um helstu liði sjóðstreymisins og hvernig það leiðir fram lánsfjárþörf og lántökur A-hlutans.

Veitt stutt lán, nettó - viðskiptareikningar. Ávallt eru nokkrar hreyfingar á viðskiptareikningum ríkissjóðs innan fjárlagaársins. Veitt eru tímabundin lán af ýmsum ástæðum. Má þar nefna: við innflutning á vörum í tolli, vegna ýmis konar fyrirgreiðslu við stofnanir og fyrirtæki ríkisins og kröfur sem myndast á ríkissjóð vegna innheimtu, t.d. fyrir sveitarfélögin. Áætlað er að útstreymi á viðskiptareikningum, nettó geti numið um 400 m.kr. á árinu.

Veitt löng lán. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til lánveitinga á árinu 1998 til lengri tíma en eins árs. Lánin eru samtals að fjárhæð 8.570 m.kr., en áformað er að veita lán til eftirfarandi fyrirtækja og sjóða í B- og C-hluta, en ítarlega er gerð grein fyrir fjárreiðum þessara aðila í 3. og 4. gr. frumvarpsins og athugasemdum þar um.

Húsnæðisstofnun ríkisins. Á síðari árum hefur ríkissjóður endurlánað Húsnæðisstofnun ríkisins sem svarar til lánsfjárþarfar Byggingarsjóðs ríkisins. Á næsta ári er lánsfjárþörf sjóðsins áætluð 4.200 m.kr. sem að mestu eru ætlaðar til endurfjármögnunar á eldri lánum en einnig til nýrra lánveitinga að fjárhæð 600 m.kr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gert er ráð fyrir að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 3.300 m.kr. á árinu 1998 og er það 500 m.kr. lægri fjárhæð en í lánsfjárlögum 1997.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Áformað er að ríkissjóður veiti sjóðnum allt að 1 milljarðs króna lán á árinu 1998 til að fjármagna byggingu nýs hafrannsóknaskips eins og lög um sjóðinn kveða á um.

Alþjóðaflugþjónustan. Áætlað er að lána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 70 m.kr. á árinu 1998 vegna afborgana og vaxta af eldri lánum.

Afborganir veittra lána - innheimtar. Á liðnum árum hefur ríkissjóður lánað verulegar fjárhæðir til ríkisfyirtækja og -sjóða. Þá eru útistandandi kröfur á aðila utan ríkisins allnokkrar. Talið er að afborganir af þessum lánum á árinu 1998 muni nema um 6.620 m.kr.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Þessi framlög eru alls áætluð 400 m.kr. á árinu 1998.

Í milljónum króna	Áætlun 1997	Frumvarp 1998
Alþjóðastofnanir	**143**	**172**
Alþjóðabankinn, IBRD, IDA og MIGA, Washington, DC	79	80
Evrópubankinn, EBRD, London	8	11
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, DC	20	20
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	30	54
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	6	7
Annað	**93**	**228**
Samtals	**236**	**400**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Áformað er að selja eignarhlut ríkisins í fyrirtækjum fyrir samtals 6.200 m.kr. á næsta ári. Þar vegur þyngst 49% eignarhlutur í Fjárfestingarbanka Íslands hf., en einnig er ráðgert að selja m.a. eignarhluta ríkisins í Áburðarverksmiðjunni hf. og Íslenskum aðalverktökum hf. Í 2. kafla athugasemda í fyrri hluta frumvarpsins er gerð grein fyrir bókhaldsmeðferð við eignasölu.

Afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 17,4 milljarðar króna á árinu 1998 samanborið við 18,8 milljarða króna á yfirstandandi ári. Innlausn spariskírteina er áætluð um 4,7 milljarðar króna á næsta ári. Þá er á gjalddaga flokkur ríkisbréfa að fjárhæð 3,6 milljarðar króna en á móti er ný sala ríkisbréfa áætluð 600 m.kr. Afborganir af erlendum lánum aukast milli ára um 1,1 milljarð króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs á árunum 1997 og 1998:

Í milljónum króna	Áætlun 1997	Frumvarp 1998
Innlausn spariskírteina	9.514	4.700
Innlausn ríkisbréfa	600	3.000
Önnur innlend lán	1.041	902
Erlend lán	7.674	8.850
Samtals	**18.829**	**17.452**

6.3 Lántökur, ábyrgðir og yfirtaka skulda.

Í 5. gr. frumvarpsins, 3. tölulið, er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Lántökur eftirtalinna aðila þarf ekki að skýra sérstaklega, nema Landsvirkjunar, enda er gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra í 4. gr. frumvarpsins og athugasemdum þar um. Um er að ræða eftirtalda aðila:

1. **Landsvirkjun.** Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 7.500 m.kr. á árinu 1998. Afborganir Landsvirkjunar á næsta ári eru áætlaðar samtals 2.200 m.kr. Nýjar lántökur nema því 5.300 m.kr. og verður fjármagninu ráðstafað til orkuöflunar í tengslum við uppbyggingu stóriðju.

2. **Byggingarsjóðs ríkisins - húsbréfadeild.** Gert er ráð fyrir að heimila útgáfu húsbréfa fyrir allt að 16.000 m.kr. á árinu 1998 og er þá miðað við markaðsvirði bréfanna. Á þessu ári er útlit fyrir að útgáfa húsbréfa nemi allt að 15.000 m.kr. sem er sama fjárhæð og áætluð var í lánsfjárlögum í ár.

3. **Byggingarsjóður verkamanna.** Lagt er til að Byggingarsjóði verkamanna verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 4.900 m.kr. á árinu 1998 en lántökur sjóðsins eru áætlaðar samtals 4.500 m.kr. á árinu 1997. Ráðgert er að veita lán til 170 nýrra íbúða og 850 endursöluíbúða.

4. **Lánasjóður landbúnaðarins.** Miðað er við að Lánasjóði landbúnaðarins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.200 m.kr. á árinu 1998 og er það 100 m.kr. hærri fjárhæð en á þessu ári.

5. **Byggðastofnun.** Lagt er til að Byggðastofnun verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.400 m.kr. á árinu 1998 sem er 400 m.kr. hærri fjárhæð en í ár.

6. **Ferðamálasjóður.** Lagt er til að sjóðnum verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 100 m.kr. á árinu 1998 og er það 50 m.kr. lægri fjárhæð en á yfirstandandi ári.

Sótt er um heimild til handa fjármálaráðherra til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs skaðleysi Hafnarsjóðs Grundartangahafnar vegna 210 m.kr. lántöku Norðuráls hf. hjá hafnarsjóðnum. Loks er sótt um heimild fyrir ríkissjóð til að yfirtaka skuldir Baldurs hf. vegna kaupa á ferjunni og húseignum á Brjánslæk í Barðastrandasýslu.

7. Skerðingarákvæði

Í þessum kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum í 6. gr. frumvarpsins. Ákvæðin eru átta talsins og nemur heildarskerðing markaðra tekna og gjalda samtals 1.666 m.kr. á árinu 1998.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur í sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 1998 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 515 m.kr. Hér er lagt til að af þessum tekjum renni 200 m.kr. í ríkissjóð, samanborið við 150 m.kr. í fjárlögum 1997.

Samkvæmt lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, skal verja 25 m.kr. árlega á árunum 1996 til 1999 til átaksverkefnisins. Hér er lagt til að framlag úr ríkissjóði á árinu 1998 verði 12,5 m.kr. í stað 25 m.kr.

Lagt er til að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti verði 185 m.kr. á árinu 1998 og 235 m.kr. af skattinum renni í ríkissjóð. Þá er lagt til að sjóðurinn standi undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaði við starfsemi stjórnarnefndar á árinu 1998 eins og undanfarin ár.

Lagt er til að af mörkuðum tekjum til vegagerðar renni 1.064 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1998, samanborið við 854 m.kr. í fjárlögum 1997.

Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum, skal tekjum af flugvallagjaldi varið til framkvæmda í flugmálum og til reksturs flugvalla. Hér er lagt til að heimilt verði að verja tekjum af flugvallagjaldi til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í frumvarpinu er lagt til að 60 m.kr. af stofnkostnaði flugstöðvar verði greiddar af tekjum af flugvallagjaldi.

Fram til þessa hefur Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli verið færð í B-hluta fjárlaga og hefur stofnunin greitt arð til ríkissjóðs er nemur tekjum umfram útgjöld á rekstri hennar. Með nýjum lögum um fjárreiður ríkissjóðs er stofnunin færð í A-hluta fjárlaga. Því er óskað eftir sérstakri heimild til að mismunur tekna og gjalda renni í ríkissjóð. Hér er lagt til að heimilt verði að verja 83,3 m.kr. af tekjum Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í ríkissjóð á árinu 1998.

Samkvæmt lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skal verja tekjum af brunavarnagjaldi til Brunamálastofnunar ríkisins. Tekjur af gjaldinu árið 1998 eru áætlaðar 90 m.kr. Hér er lagt til að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 79 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 1998.

Í sérstöku yfirliti með fjárlagafrumvarpinu er listi yfir markaðar tekjur og lögbundin útgjöld. Þar eru sýndar áætlaðar greiðslur á næsta ári ásamt skerðingu, þar sem það á við. Ekki er sýnd áætluð sjóðsstaða í ársbyrjun 1998 og áætluð breyting á árinu. Áformað er á næstunni að vinna að uppgjöri á stöðu markaðra tekjustofna ríkissjóðs. Í mörgum tilfellum er ekki um sjóðsmyndun að ræða þar sem greiðsla tekna fer fram um leið og álagning.

8 Heimildir

Hér er á ferðinni nýr kafli í greinargerð með fjárlagafrumvarpi ætlaður til útskýringar á heimildagrein þess. Í 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins er fjallað um það, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Þetta er gert í 7. gr. frumvarps til fjárlaga. Ákveðið hefur verið að skipta heimildum fjármálaráðherra í átta flokka sem eru: Eftirgjöf gjalda, sala húsnæðis, sala eignarhluta í húsnæði, sala lóða og jarða, sala hlutabréfa, ráðstöfun annara eigna, kaup og leiga fasteigna og að lokum ýmsar heimildir. Í flokkunum um sölu húsnæðis, eignarhluta í húsnæði og sölu lóða og jarða og í flokknum kaup og leiga fasteigna er heimildum raðað þannig að fyrst koma heimildir um sölu eða kaup í Reykjavík og færast síðan réttsælis um landið. Aftast koma, í hverjum flokki, óstaðbundnar almennar heimildir og heimildir vegna eigna erlendis. Heimildirnar eru 122 talsins. Þær skiptast þannig að heimildir til eftirgjafar gjalda eru 11, til sölu húsnæðis 29, til sölu eignarhluta í húsnæði 19, til sölu lóða og jarða 16, til sölu hlutabréfa 7, til ráðstöfunar annarra eigna 3, heimildir til kaupa og leigu fasteigna eru 22 og ýmsar heimildir 15.

Lengi hefur tíðkast að heimila í fjárlögum niðurfellingu stimpilgjalda vegna kaupa eða leigu flugvéla og skipa sem ætluð eru til nota í atvinnuskyni. Að þessu sinni er farið fram á fimm slíkar heimildir og er þar um að ræða kaup eða leigu á flugvélum á vegum eftirtalinna flugfélaga: Flugleiða hf., Flugfélags Íslands hf., Eignarhaldsfélags Íslandsflugs hf., Flugfélagsins Atlanta ehf. og MK Flugfélagsins ehf. Aðrar heimildir í þessum kafla, sem tíðkast hafa lengi, eru í lið 1.1 þar sem heimiluð er niðurfelling virðisaukaskatts af gjöfum til ýmissa aðila sem njóta velvildar í þjóðfélaginu og í lið 1.2, þar sem niðurfelling tolla og vörugjalda af ýmsum búnaði sem fluttur er til landsins á vegum Landsíma Íslands hf. er heimiluð. Þá eru hér einnig heimildir sem sést hafa áður, s.s. heimildir til niðurfellingar ýmissa gjalda vegna fjármögnunar jarðganga, stækkunar og breytinga á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Listahátíðar í Reykjavík og vegna kaupa á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða. Þessar heimildir koma ýmist í kjölfar samkomulags eða yfirlýsinga sem tengjast þessum málum.

Annar og þriðji flokkur fjalla um heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru vegna sölu fasteigna sem annað hvort nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum eða eru óhentugar, og er þá yfirleitt óskað heimildar til að nota andvirði þeirra til kaupa á hentugra húsnæði. Þó er rétt að gera nokkrum þeirra betri skil. Fyrst er að telja lið 2.3 um sölu Hafnarbúða í Reykjavík. Samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík frá 28. ágúst 1996, sem m.a. fjallar um framkvæmdir á Landakoti, var ákveðið að ríkissjóður lánaði á viðskiptareikning 15 m.kr. til framkvæmda, gegn því að við sölu Hafnarbúða yrðu þær endurgreiddar. Annar liður sem nánari skýringa þarfnast er 2.7, um sölu Túngötu 7 í Reykjavík. Ríkissjóði var á sínum tíma gefið húsið en gjöfinni fylgdu ýmsar kvaðir. Áður en af sölu hússins getur orðið þarf að semja við erfingja gefanda um ráðstöfun hluta hússins. Þriðji liðurinn er 3.9 þar sem óskað er heimildar

til sölu eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Þverbraut 1, Blönduósi. Þar er um að ræða íbúð, sem keypt var árið 1991 fyrir söluandvirði svokallaðs Snorrahúss sem þá var selt, og hefur hún verið leigð út til starfsmanna Sjúkrahúss Austur-Húnvetninga. Það hefur síðan orðið að samkomulagi að selja eignina og þar sem upphaflega var um gjöf til sjúkrahússins að ræða rynni andvirði hennar til tækja- og búnaðarkaupa fyrir nýbyggingu þess.

Fjórði flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Hér er um að ræða sölu 9 jarða, hluta úr 9 jörðum auk einna makaskipta og sölu hluta úr lóð Kópavogshælis. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna jarðaumsýslu landbúnaðarráðuneytisins og verður ekki fjallað sérstaklega um einstakar heimildir. Hins vegar er rétt að fjalla um lið 4.2 þar sem leitað er heimildar til að selja landspildu úr landi Vestra-Kataness og Klafastaða. Við gerð samninga um álver Norðuráls hf. voru gerðir nokkrir fylgisamningar. Meðal þeirra var samningur við Grundartangahöfn um sölu lóðar til hafnarinnar, en hún hafði verið lóðarlaus. Í núgildandi fjárlögum er liður 3.74 þar sem heimiluð er sala á spildu úr lóð ríkissjóðs á Grundartanga. Við gerð samningsins náði lóð hafnarinnar að lokum inn á land Vestra-Kataness og Klafastaða og er hér leitað heimildar fyrir sölu þess.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Þar er um að ræða endurteknu söluheimilda frá síðasta ári í Barra hf., Endurvinnslunni hf. og Stofnfiski hf. en af sölu hlutabréfa ríkissjóðs varð ekki á þessu ári. Hér er ennfremur heimild til að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni. Unnið hefur verið að undirbúningi sölu og er leitað heimildar til að vinna áfram að því máli. Leitað er þriggja nýrra heimilda til sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Hólalaxi hf., Íslenskum aðalverktökum hf. og Skýrr hf. Ríkissjóður á um helming hlutabréfa í Íslenskum aðalverktökum hf. en fyrirtækið var gert að hlutafélagi um mitt ár 1997. Stefnt er að því að gera félagið að almenningshlutafélagi og er því óskað heimildar til að hefja sölu bréfanna. Í Skýrr hf. á ríkissjóður enn 22% hlutafjár. Sala hlutabréfa ríkisins hófst á þessu ári og er óskað heimildar til að ljúka henni.

Í sjöunda flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildarliðirnir eru 22 talsins og þarfnast fæstir skýringa. Þó er rétt að skýra liði 7.8 og 7.9. Í lið 7.8 er leitað heimildar til að kaupa eignarhlut Reykjavíkurborgar í Tryggvagötu 28, Reykjavík. Um er að ræða það húsnæði sem Gjaldheimtan hefur haft til umráða, en það er í sameiginlegri eigu ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar. Við yfirtöku tollstjórans í Reykjavík á innheimtu sem áður var á verksviði Gjaldheimtunnar, eykst húsnæðisþörf tollstjóra og er fyrirhugað að nota framangreint húsnæði ef af kaupum verður. Liður 7.9 fjallar um kaup á geymsluhúsnæði fyrir Landsbókasafn Íslands og fleiri safnastofnanir. Landsbókasafn þarf að geyma mikið magn bóka sem ekki eru til almennra útlána. Um er að ræða varaeintök, aukaeintök ýmissa rita, gamlar bækur og tímarit og fleira sem ekki er þörf á í daglegu starfi. Mörg önnur söfn hafa þörf fyrir svipað geymsluhúsnæði. Það er mun ódýrara en fullbúið safnarými og myndi auka svigrúm í því húsnæði sem söfnin hafa nú til umráða.

Í áttunda og síðasta flokki eru ýmsar heimildir. Flestar skýra þær sig sjálfar. Hér verður þó fjallað nánar um liði 8.10, 8.13, 8.14 og 8.15. Á árunum 1991 og 1992 var fiskeldisfyrirtækjum veitt sérstök rekstrarlán vegna slæmrar stöðu greinarinnar. Í heimild 8.10 er leitað heimildar að greiddar afborganir, vextir og verðbætur af þessum lánum verði endurlánuð til

fiskeldisfyrirtækja til þróunarverkefna og framleiðniaukandi aðgerða. Í lið 8.13 er farið fram á heimild til að semja við Súðavíkurhrepp um mismun söluverðs og kaupverðs sumarhúsa. Í kjölfar snjóflóðsins sem féll á Súðavík þann 16. janúar 1995 voru keypt 18 sumarhús. Ætlunin er að selja þau á árunum 1997 og 1998 og er gert ráð fyrir að hreppurinn muni verða fyrir sölutapi. Í lið 8.14 er leitað heimildar til að ráðstafa allt að 30 m.kr. af aukinni sektarinnheimtu lögreglustjórans í Reykjavík til embættisins. Hér er um að ræða tilraun til að bæta innheimtu sekta með því að tengja innheimtuárangurinn fjárhagslegum ávinningi. Innheimtuárangur á lögreglustjórasáttum og á dómssektum var árið 1995 um 60% á landsvísu og á viðurlagaákvörðunum og dæmdum málskostnaði um 18%. Tilgangurinn með aukinni sektarinnheimtu er ekki aðeins að auka tekjur ríkisins heldur ekki síður að borgararnir sitji við sama borð hvað þetta varðar. Í lið 8.15 er farið fram á heimild til að ráðstafa allt að 90 m.kr. af söluandvirði hlutabréfa ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun hf. til stofnframkvæmda og fasteignakaupa. Í fjárlögum 1997 var heimilað að selja ofangreind hlutabréf og nýta allt að 50 m.kr. til framkvæmda. Nú er sölu bréfanna að ljúka og kemur í ljós að verðmæti þeirra var meira en ætlað var í upphafi. Því er lagt til að hækka þessa fjárhæð úr 50 m.kr. í 90 m.kr. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir eru: Húsnæði Héraðsdóms Suðurlands, fangelsið að Litla-Hrauni, fangelsi að Tunguhálsi, skrifstofa sýslumanns á Selfossi, skrifstofa sýslumanns í Stykkishólmi og endurbætur á húsnæði lögreglunnar í Reykjavík.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit um lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Sótt verður um eftirfarandi heimildir til breytinga á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarps:

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Breytingar á gjaldhlutfalli með hliðsjón af spám um fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga á árinu 1998.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarps:

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Lög nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun. Leitað verður heimildar til að innheimta sérstakt gjald af símafyrirtækjum sem eru með starfsemi á Íslandi. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði ríkisins samkvæmt samningi um rekstur samræmdrar neyðarsímsvörunar.

Félagsmálaráðuneyti
Lög nr. 93/1993 um, atvinnuleysistryggingar og lög nr. 46/1997, um tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Fyrirhugað er að sjóðirnir standi undir helmingi af kostnaði við svæðisvinnumiðlanir.

Lög nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir. Ákvæði um að launagreiðendur og sjálfstætt starfandi greiði helming kostnaðar við svæðisvinnumiðlanir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Lög nr. 117/1993, um almannatryggingar. Ákvæði um hækkun bóta sem sett voru til bráðabirgða með lögum nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verði gerð varanleg. Einnig verði leitað heimilda til breytingar á bótafjárhæðum árið 1997, umfram forsendur fjárlaga.

Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl. í stafrófsröð

A

Bls.

Aðfangaeftirlit ríkisins ... 133
Aðildargjöld ESB ... 120, 328
Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun ... 222
Aðrir skattar ... 79, 303
Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu ... 129
Afnotagjöld RÚV ... 79, 304
Afskriftir skattkrafna ... 223, 391
Almannavarnir ríkisins ... 153, 357
Almennt vörugjald af innfluttum vörum ... 78, 301
Almennt vörugjald af innlendri framleiðslu ... 78, 301
Alþingi ... 81, 315
Alþingiskostnaður ... 81
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF ... 128
Alþjóðaflugþjónustan ... 259, 415
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC) ... 142, 351
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO ... 191
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA ... 129
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL ... 148
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO ... 228
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB ... 148, 356
Alþjóðastofnanir ... 129
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) ... 227
Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO ... 129
American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa ... 123, 341
Arðgreiðslur og leigutekjur ... 79, 304
Athugun á öryggi fiskiskipa ... 228
Atlantshafsbandalagið, NATO ... 129, 344
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 179, 369
Atvinnutryggingargjald ... 77, 300

Á

Ábyrgðagjald ... 77, 300
Ábyrgðasjóður launa ... 179, 369
Áfallahjálp ... 191
Áfengis- og fíkniefnamál ... 154
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 258, 415
Áfengisgjald ... 78, 302
Áfengisvarnaráð ... 207
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði ... 197
Átak í landgræðslu og skógrækt ... 137, 347

Bls.
Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 154
Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli 219

B

Bandalag íslenskra leikfélaga 119
Bandalag íslenskra skáta 121
Barmahlíð, Reykhólum 196
Barnabætur 223, 391
Barnamenningarsjóður 119
Barnaspítali 188, 379
Barnaverndarráð 171
Bessastaðir 81
Biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins 155, 359
Bifreiðagjöld 78, 303
Biskup Íslands 167, 362
Bjargráðasjóður Íslands 178
Blindrabókasafn Íslands 116
Borgarholtsskóli 106
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins 226
Bridgesamband Íslands 121, 339
Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur 121
Brunamálaskóli 245
Brunamálastofnun ríkisins 245, 409
Búnaðarsjóður 138, 349
Byggða- og minjasöfn 114
Byggðastofnun 86, 318
Byggðastofnun 261, 417
Bygging hafrannsóknaskips 144, 353
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 145, 353
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 190, 384
Bygginga- og tækjasjóður 95, 327
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips 145, 353
Byggingarsjóður ríkisins 267, 421
Byggingarsjóður verkamanna 268, 421
Byggingarsjóður verkamanna 169, 366
Bændasamtök Íslands 137, 348
Bændaskólinn á Hólum 134, 346
Bændaskólinn á Hvanneyri 133
Bætur brotaþola 151
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 183, 373

D

D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík 197
Daggjaldastofnanir 196, 384
Dagvist fatlaðra forskólabarna 113, 333

Bls.
Dagvistun aldraðra ... 197
Dalbær, Dalvík ... 196
Dómkröfur ... 227, 394
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 147, 354
Dómsmál, ýmis kostnaður ... 152
Dómsmálagjöld ... 79, 304
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi ... 196
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi ... 196
Dýralæknisbústaðir ... 133

E

Efling íslenskrar tungu ... 87, 318
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD ... 129
EFTA-dómstóllinn ... 129, 343
Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands ... 222
Eftirlaunasjóður aldraðra ... 185, 376
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands ... 222
Eftirlit með ökuritum ... 154
Eftirlit og eftirlitsferðir ... 133
Eftirlitsstofnun EFTA, ESA ... 129, 343
Eignarskattar ... 77, 300
Eignarskattar, einstaklingar ... 77, 300
Eignarskattar, lögaðilar ... 77, 300
Einkaleyfastofan ... 233
Einsetning grunnskóla ... 177, 368
Eldi sjávardýra ... 142
Ellilífeyrir ... 183, 374
Embætti forseta Íslands ... 81, 315
Endurbótasjóður menningarstofnana ... 117, 336
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands ... 187
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri ... 187
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík ... 187
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra ... 187
Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir ... 227, 394
Endurvinnslan hf., skilagjald ... 244, 408
Erfðafjárskattar ... 77, 300
Evrópuráðið ... 129
Eyðing spilliefna ... 243

F

Fangelsisbyggingar ... 167, 361
Fangelsismálastofnun ríkisins ... 166, 361
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf ... 127
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu ... 128, 342
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu ... 127

Bls.
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York ... 126
Fasteignamat ríkisins ... 222, 390
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 85, 317
Fasteignir framhaldsskóla ... 99, 332
Fasteignir ríkissjóðs ... 225, 392
Fálkaorðan ... 81
Fellaskjól, Grundarfirði ... 196
Fellsendi, Búðardal ... 197
Ferðamál og markaðsstarf ... 228
Ferðamálaráð ... 231, 399
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda ... 228
Ferðamálasjóður ... 271, 422
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi ... 123
Félagasamtök, styrkir ... 180
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 180, 370
Félagsmálaráðuneyti ... 169, 365
Félagsmálaskóli alþýðu ... 180
Fiskeldisrannsóknir ... 140, 350
Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla ... 142
Fiskistofa ... 144, 352
Fiskræktarsjóður ... 140
Fjárfestingarskrifstofa viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs ... 239
Fjárframlög ... 80, 305
Fjárlagakerfi ... 226, 393
Fjármagnstekjuskattur ... 219, 388
Fjármálaráðuneyti ... 215, 386
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 187, 378
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 103
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 103, 331
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 102, 331
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 102
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 101, 333
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 101
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 104
Flensborgarskóli ... 101
Flugeftirlitsnefnd ... 228
Flugmálastjórn ... 230, 398
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli ... 124, 341
Flugskóli Íslands ... 228
Flugstöð Leifs Eiríkssonar ... 125, 342
Flugstöð Leifs Eiríkssonar ... 255, 414
Flugvellir ... 231, 398
Flutningsjöfnunargjöld ... 78, 302
Flutningssjóður olíuvara ... 238, 404

Bls.
Flutningssjóður sements ... 238, 404
Forsendukerfi innheimtugagna ... 226
Forsætisráðuneyti ... 84, 316
Forúrskurðir í skattamálum ... 219
Forvarnasjóður ... 207
Forvarnastarf í skólum ... 122
Fóðursjóður ... 139, 349
Fósturskóli Íslands ... 108
Framhaldsskólar, stofnkostnaður ... 100
Framhaldsskóli Vestfjarða ... 98
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 105
Framhaldsskólinn á Laugum ... 105
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 105
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 102
Framhaldsskólinn Skógum ... 112, 331
Framkvæmd búvörusamnings ... 131
Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög 180
Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga ... 180
Framkvæmdasjóður aldraða ... 190, 384
Framkvæmdasjóður fatlaðra ... 177, 367
Framkvæmdasjóður Íslands ... 269, 422
Framkvæmdasýslan ... 223
Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands ... 80, 305
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 138, 349
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 263, 418
Framleiðsluráð landbúnaðarins ... 138, 348
Friðargæsla ... 129, 343
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli ... 254, 414
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA ... 129
Fræðistörf ... 120
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna ... 228
Fullorðinsfræðsla fatlaðra ... 106

G

Gagnalínukostnaður ... 166
Garðávaxtasjóður ... 139
Garðvangur, Garði ... 193
Garðyrkjuskóli ríkisins ... 134
Geislavarnir ríkisins ... 186, 377
Gigtarráð ... 187
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands ... 187
Gistiheimili RKÍ, Reykjavík ... 197
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða ... 77, 299
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla ... 144, 352
Gjöf Jóns Sigurðssonar ... 84

Bls.
Glímusamband Íslands ... 121
GPS-staðsetningarkerfi ... 228
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 137, 347
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 137, 347
Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar ... 140
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 177
Grund, Reykjavík ... 197
Grænlandssjóður ... 84, 317

H

Hafnabótasjóður ... 270, 422
Hafrannsóknastofnunin ... 143, 352
Hafsbotnsrannsóknir, iðnaðarráðuneyti ... 236
Hagnaður af einkasölu, ÁTVR ... 78, 302
Hagstofa Íslands ... 240, 404
Hagþjónusta landbúnaðarins ... 135
Hallgrímskirkja ... 167
Handknattleikssamband Íslands ... 121
Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar ... 84
Happdrætti Háskóla Íslands ... 249, 412
Háskóla- og rannsóknastarfsemi ... 96, 328
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 95, 327
Háskóli Íslands ... 89, 323
Háskólinn á Akureyri ... 92, 324
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis ... 119
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ... 182, 371
Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum ... 133
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi ... 191, 385
Heilbrigðisstofnunin Akranesi ... 207, 381
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi ... 210, 381
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík ... 209, 381
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum ... 211, 381
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík ... 209, 381
Heilbrigðisstofnunin Húsavík ... 211, 381
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga ... 210, 381
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ ... 208, 381
Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað ... 212, 381
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði ... 208, 381
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki ... 210, 381
Heilbrigðisstofnunin Selfossi ... 213, 381
Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði ... 212, 381
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði ... 211, 381
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum ... 213, 381
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum ... 213, 381
Heildartekjur ríkissjóðs ... 80, 297

Bls.
Heilsuefling 191
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra 198
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra 199
Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi 199
Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi 199
Heilsugæslustöðin Árbæ 198
Heilsugæslustöðin Borgarnesi 200
Heilsugæslustöðin Búðardal 201
Heilsugæslustöðin Dalvík 201
Heilsugæslustöðin Djúpavogi 203
Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti 199
Heilsugæslustöðin Eskifirði 202
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði 203
Heilsugæslustöðin Fossvogi 199
Heilsugæslustöðin Grafarvogi 198
Heilsugæslustöðin Grundarfirði 200
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 206
Heilsugæslustöðin Hellu 204
Heilsugæslustöðin Hlíðum 199
Heilsugæslustöðin Hveragerði 205
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 204
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 204
Heilsugæslustöðin Kópavogi 206
Heilsugæslustöðin Laugarási 205
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík 200
Heilsugæslustöðin Miðbæ 199
Heilsugæslustöðin Mjódd 199
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 207
Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu 202
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 201
Heilsugæslustöðin Ólafsvík 200
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 206
Heilsugæslustöðin Stykkishólmi 200
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 204
Heilsugæslustöðin Vopnafirði 202
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 205
Heilsugæslustöðvar, almennt 197, 383
Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands 195
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 198
Heimssýning í Lissabon 84
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 186, 377
Héraðsdómur Austurlands 150
Héraðsdómur Norðurlands eystra 150
Héraðsdómur Norðurlands vestra 150
Héraðsdómur Reykjaness 151

Bls.
Héraðsdómur Reykjavíkur ... 149, 356
Héraðsdómur Suðurlands ... 150
Héraðsdómur Vestfjarða ... 150
Héraðsdómur Vesturlands ... 149
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra ... 185, 377
Héraðslæknir í Reykjavík ... 185, 377
Héraðsskjalasöfn ... 114, 335
Héraðsskógar ... 136
Héraðsskólinn Núpi ... 112
Héraðsskólinn Reykholti ... 112
Héraðsskólinn Reykjanesi ... 112
Hjallatún, Vík ... 196
Hjartavernd, rannsóknarstöð ... 191
Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM ... 129
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum ... 194
Hjúkrunarheimilið Eir ... 193
Hjúkrunarheimilið Skjól ... 193
Hjúkrunarheimilið Skógarbær ... 193, 384
Hlaðgerðarkot ... 195
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða ... 196, 384
Hlíðabær, Reykjavík ... 197
Hollustuvernd ríkisins ... 243
Hornbrekka, Ólafsfirði ... 196
Hóladómkirkja ... 167
Hrafnista, Hafnarfirði ... 196
Hrafnista, Reykjavík ... 196
Hrafnseyri ... 84
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum ... 196
Hreindýraráð ... 243, 407
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR ... 226
Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ... 226
Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi ... 226
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi ... 226
Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal ... 226
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi ... 226, 393
Hulduhlíð, Eskifirði ... 196
Húsafriðunarsjóður ... 118
Húsameistari ríkisins ... 87, 319
Húsbréfadeild ... 266, 420
Húsnæði löggæslustofnana ... 155
Húsnæði og búnaður sýslumanna ... 166
Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði ... 166, 360
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað ... 110
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík ... 109, 331
Hæstiréttur ... 149, 356

Bls.
Hæstiréttur 82
Höfði, Akranesi 196
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi 113
Höfundaréttarsjóður 119, 337

I

Icepro-nefnd 237, 403
Iðja og iðnaður, framlög 235, 401
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 234, 401
Iðnaðarráðuneyti 233, 399
Iðnsaga Íslands 120
Iðnskólinn í Hafnarfirði 108
Iðnskólinn í Reykjavík 107, 331
Iðntæknistofnun Íslands 233, 401
Innheimta meðlaga 148
Innheimtukostnaður 220, 389
Innheimtuskilakerfi 226

Í

Íslensk málstöð 92
Íslenska menntanetið 93
Íslenska óperan 119, 335
Íslenskar fornbókmenntir á Netinu 115, 335
Íslenski dansflokkurinn 117, 335
Íslenskukennsla erlendis 91
Íþróttafélög 121
Íþróttakennaraskóli Íslands 109
Íþróttamiðstöð Íslands 121
Íþróttasamband fatlaðra 121
Íþróttasamband Íslands 121

J

Jaðar, Ólafsvík 196
Jafnréttisráð 170
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 140
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 128, 343
Jöfnun á námskostnaði 114
Jöfnunarsjóður sókna 168, 364
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 177, 368

K

Kennaraháskóli Íslands 93, 325
Kirkjugarðar 168, 363
Kirkjugarðasjóður 168, 363

Bls.
Kirkjugarðsgjöld ... 168, 363
Kirkjumálasjóður ... 167, 363
Kirkjumiðstöð Austurlands ... 167
Kjaradómur og kjaranefnd ... 227
Kjararannsóknir ... 227
Kjarasamningar ... 227
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri ... 196
Kosningar ... 148, 355
Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi ... 191
Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 ... 191
Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs ... 165
Kostnaður vegna lögræðislaga ... 148, 356
Kostnaður vegna samnings við ÍSAL ... 235
Kostnaður við löggæslunám ... 165
Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit ... 191
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning ... 191
Kristnisjóður ... 168, 363
Kumbaravogur, Stokkseyri ... 197
Kvennaathvarf í Reykjavík ... 180
Kvennaskólinn í Reykjavík ... 99
Kvikmyndahátíð í Reykjavík ... 120
Kvikmyndasafn Íslands ... 119, 337
Kvikmyndasjóður ... 119, 337
Kvikmyndaskoðun ... 113
Kynsjúkdómar, alnæmi ... 192
Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits ... 142

L

Lagasafn ... 147
Landbúnaðarráðuneyti ... 131, 344
Landflutningasjóður ... 228
Landgræðsla ríkisins ... 135, 347
Landgræðslu- og skógræktaráætlanir ... 131, 345
Landgræðslusjóður ... 136, 347
Landhelgisgæsla Íslands ... 155, 359
Landhelgissjóður Íslands ... 156, 359
Landlæknir ... 185, 377
Landmælingar Íslands ... 244, 409
Landsbjörg ... 228, 396
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn ... 115, 335
Landssamband KFUM og KFUK ... 121
Langamýri í Skagafirði ... 167
Langbylgjumastur á Gufuskálum ... 117, 336
Laufásvegur 72, viðhald ... 81
Launa- og verðlagsmál ... 226, 392

Bls.
Launagreiðslukerfi ... 226
Launasjóður stórmeistara í skák ... 121
Lánasjóður íslenskra námsmanna ... 262, 418
Lánasjóður landbúnaðarins ... 138, 349
Lánasjóður landbúnaðarins ... 264, 419
Lánasýsla ríkisins ... 224, 391
Leiklistarskóli Íslands ... 110
Lendingargjöld ... 79, 304
Lindargata, Reykjavík ... 197
Listahátíð í Reykjavík ... 120, 337
Listasafn ASÍ ... 116
Listasafn Ásgríms Jónssonar ... 116
Listasafn Einars Jónssonar ... 115
Listasafn Íslands ... 116, 336
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 116
Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 ... 118
Listaskóli ... 225
Listdansskólinn ... 111, 331
Listir ... 120, 337
Listskreytingasjóður ... 119
Lífeyrissjóður alþingismanna ... 221
Lífeyrissjóður bænda ... 227
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga ... 222
Lífeyrissjóður ráðherra ... 222
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins ... 221
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun ... 221, 389
Lífeyristryggingar ... 183, 374
Lundur, Hellu ... 196
Lyfjabúð Háskóla Íslands ... 250
Lyfjaeftirlit ríkisins ... 191, 377
Lyfjamál ... 190, 377
Lyfjanefnd ... 191, 377
Lyfjaverðsnefnd ... 190, 377
Lýðveldissjóður ... 87, 318
Læknishéraðasjóður ... 189
Lög- og réttindaskráning sjómanna ... 228
Lögbirtingablað ... 147, 355
Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana ... 152
Löggildingarstofa ... 238, 403
Löggæsla í Bosníu ... 154, 359
Lögregluskóli ríkisins ... 153, 357
Lögreglustjórinn í Reykjavík ... 153, 358

M

	Bls.
Mannanafnanefnd	148
Manneldisráð	187, 377
Mannréttindaskrifstofa Íslands	148
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	129
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	236
Mat á búvörum	131
Mat á umhverfisáhrifum	244
Matsnefnd eignarnámsbóta	148
Matsnefnd vínveitingahúsa	154
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	128
Málefni barna og ungmenna	170, 367
Málefni fatlaðra	171, 367
Málefni fatlaðra	187, 385
Málefni fatlaðra, Austurlandi	174
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	174
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	174
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	172
Málefni fatlaðra, Reykjavík	171
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	175
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	173
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	173
Málskostnaður í opinberum málum	151
Meðdómsmenn	152
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	176
Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	180
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	129
Menningarsjóður félagsheimila	119
Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	118, 337
Menningarsjóður útvarpsstöðva	118, 336
Menntamálaráðuneyti	89, 319
Menntaskólinn á Akureyri	96
Menntaskólinn á Egilsstöðum	98
Menntaskólinn á Laugarvatni	97
Menntaskólinn í Kópavogi	98
Menntaskólinn í Reykjavík	96
Menntaskólinn við Hamrahlíð	97, 331
Menntaskólinn við Sund	97
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	120, 328
Minningarkapella á Ljósavatni	84, 317
MS-félag Íslands, Reykjavík	197
Múlabær, Reykjavík	197
Myndlista- og handíðaskóli Íslands	110, 331
Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	119, 337
Myndlistarskólinn Akureyri	100

Bls.
Myndlistarskólinn í Kópavogi 100
Myndlistarskólinn í Reykjavík 100

N

Naust, Þórshöfn 196
Nám táknmálstúlka 106, 338
Námsgagnastofnun 113, 333
Námsleyfi lögfræðinga 148
Náttúrufræðistofnun Íslands 245
Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum 241
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 242
Náttúrustofa Bolungarvík 246, 410
Náttúrustofa Neskaupstað 246, 410
Náttúrustofa Stykkishólmi 246, 410
Náttúrustofa Vestmannaeyjum 246, 410
Náttúrustofur 246, 410
Náttúruvernd ríkisins 242
Náttúruverndarráð 241
Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 131
Neyðarsímsvörun 153, 358
Neyslu- og leyfisgjöld á bifreiðar 78, 303
Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu 79, 304
Neytendasamtökin 237
Niðurgreiðsla á rafhitun 236, 402
Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO 142, 351
Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 86, 318
Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið 129, 344
Norræn samvinna 120
Norræn samvinna á sviði sakfræði 148
Norræna eldfjallastöðin 96
Norræna ráðherranefndin 86, 318
Norræni heilsugæsluskólinn 191
Nýlistasafn 116
Nýsköpun og markaðsmál, iðnaðarráðuneyti 235
Nýsköpunarsjóður 96, 328
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 273, 422

O

Ofanflóðasjóður 245, 409
Olíugjald 219, 388
Opinber réttaraðstoð 151
Opinberar heimsóknir 81, 315
Orator, almenn lögfræðiaðstoð 148
Orðabók Háskólans 91, 324
Orkusjóður 235, 402

Bls.
Orkusjóður 272
Orkustofnun 235, 401

Ó

Ólympíuleikar í eðlisfræði 100
Ólympíunefnd fatlaðra 121
Ólympíunefnd Íslands 121

P

Póst- og fjarskiptastofnunin 231, 399
Próf fasteignasala 148, 356
Próf málflytjenda 148, 356
Próf skjalaþýðenda 148

R

Rafmagnsveitur ríkisins 260, 416
Rannsóknadeild fisksjúkdóma 90
Rannsóknanefnd flugslysa 231
Rannsóknanefnd sjóslysa 228
Rannsóknarnám, Háskóli Íslands 89
Rannsóknarnámssjóður 95, 327
Rannsóknarráð Íslands 94, 326
Rannsóknastarfsemi, Kennaraháskóli Íslands 93
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 234
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 143, 352
Rannsóknastofnun landbúnaðarins 132, 345
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála 93, 326
Rannsóknastöð að Kvískerjum 241, 407
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 241, 406
Ratsjárstofnun 256
Raunvísindastofnun Háskólans 90, 324
Ráðherrabústaður Tjarnargötu 85
Ráðherrabústaður Þingvöllum 85
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól 224, 392
Rekstrartekjur 79, 303
Reykjalundur, Mosfellsbæ 197
Reynslusveitarfélag Akureyri 197
Reynslusveitarfélagið Akureyri 202
Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði 203
Reynslusvetiarfélag Höfn 197
Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 151
Rithöfundasjóður Íslands 119
Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag 84
Ríkisábyrgðir 224, 391

Bls.
Ríkisbókhald ... 215, 387
Ríkisendurskoðun ... 82, 315
Ríkisfjárhirsla ... 215
Ríkiskaup ... 223, 391
Ríkislögmaður ... 216
Ríkislögreglustjóri ... 152, 357
Ríkissaksóknari ... 152
Ríkissáttasemjari ... 170
Ríkisskattstjóri ... 216, 387
Ríkisspítalar ... 188, 379
Ríkisstjórn ... 82, 315
Ríkistollstjóri ... 221, 389
Ríkisútvarpið ... 251, 413

S

Safnahús ... 87
Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag ... 84
Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa ... 216, 388
Sameignir skólanna á Laugarvatni ... 99, 330
Sameinuðu þjóðirnar, UN ... 129
Samfélagsþjónustunefnd ... 148
Samgönguráðuneyti ... 228, 395
Samkeppnisstofnun ... 239
Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn ... 129, 344
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi ... 119, 335
Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða ... 174
Samningur við Höfn Í Hornafirði um þjónustu við fatlaða ... 175, 368
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 106, 338
Samskipti við Vestur-Íslendinga ... 123
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 194
Samtök iðnaðarins ... 234
Samvinnuháskólinn ... 94, 326
Sauðfjárveikivarnir ... 133
Sáttmálasjóður ... 96, 328
Schengen samstarf ... 156
Sektir ... 79, 304
Seljahlíð, Reykjavík ... 196, 384
Sendiráð, almennt ... 128
Sendiráð Íslands í Berlín ... 128, 342
Sendiráð Íslands í Bonn ... 125
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu ... 127
Sendiráð Íslands í Helsinki ... 127, 342
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn ... 125
Sendiráð Íslands í London ... 125
Sendiráð Íslands í Moskvu ... 125

Bls.
Sendiráð Íslands í Ósló ... 126
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO ... 126
Sendiráð Íslands í Peking ... 127
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi ... 126
Sendiráð Íslands í Washington ... 126
Setur á Akureyri ... 245
Setur í Reykjavík ... 245
Sérstakar greiðslur í landbúnaði ... 141, 350
Sérstakt vörugjald af bensíni ... 78, 302
Sérstakur tekjuskattur ... 77, 299
Sértækir eignarskattar ... 78, 300
Sértækir þjónustuskattar ... 78, 303
Siglingastofnun Íslands ... 230, 398
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 253, 413
Síldarútvegsnefnd ... 146, 353
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið ... 227, 394
Sjálfsbjörg Akureyri ... 187
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun ... 195
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa ... 228
Sjávarútvegsráðuneyti ... 142, 350
Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna ... 129, 343
Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit ... 235
Sjómannaskólahúsið ... 111, 330
Sjómannastofur ... 180
Sjónstöð Íslands ... 186, 377
Sjúkraflug ... 198, 383
Sjúkraflutningar ... 198, 383
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi ... 188, 378
Sjúkrahús Reykjavíkur ... 189, 380
Sjúkrastofnanir SÁÁ ... 194
Sjúkratryggingar ... 183, 375
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ... 219, 388
Skattar á fjármagnsviðskipti ... 78, 300
Skattar á launagreiðslur ... 77, 300
Skattar á tekjur og hagnað ... 77, 299
Skattar á vörur og þjónustu ... 78, 301
Skatteftirlit ... 219, 388
Skatteftirlit ... 216
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 220
Skattstofa Austurlands ... 218
Skattstofa Norðurlands eystra ... 218
Skattstofa Norðurlands vestra ... 217
Skattstofa Reykjaness ... 219, 388
Skattstofa Suðurlands ... 218, 388
Skattstofa Vestfjarða ... 217

Bls.
Skattstofa Vestmannaeyja ... 219
Skattstofa Vesturlands ... 217
Skattstofan í Reykjavík ... 216
Skatttekjur ... 77, 297
Skattur á fjármagnstekjur ... 77, 299
Skattvinnslukerfi ... 226
Skáksamband Íslands ... 121, 339
Skákskóli Íslands ... 121
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ ... 176
Skálholtsskóli ... 167
Skálholtsstaður ... 167
Skipulag miðhálendis ... 244, 409
Skipulagsstofnun ... 244, 408
Skógrækt ríkisins ... 136, 347
Skógræktarfélag Íslands ... 131
Skólaakstur ... 114
Skólaíþróttir ... 121
Skriðuklaustur ... 122
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 146
Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF ... 241, 406
Skýrsluvélakostnaður ... 226, 393
Slysatryggingar ... 184, 376
Slysavarnafélag Íslands ... 228, 396
Slysavarnaskóli sjómanna ... 228
Smáþjóðaleikar ... 121
Snorrastofa ... 122
Snæfellsbær, almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum ... 228
Sóknargjöld ... 168, 364
Sóknargjöld til annarra trúfélaga ... 168, 364
Sóknargjöld til Háskóla Íslands ... 168, 364
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar ... 168, 364
Sólheimar Grímsnesi ... 177
Sólvangur, Hafnarfirði ... 188
Spilliefnasjóður ... 243, 408
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi ... 208, 381
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði ... 192
Staðastaður ... 85, 317
Staðlaráð ... 235, 401
Starfsemi atvinnuleikhópa ... 119
Starfsemi áhugaleikfélaga ... 119, 337
Starfsemi hljómsveita ... 119
Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir ... 142
Stimpilgjöld ... 78, 300
Stígamót ... 180
Stjórn fiskveiða ... 142

Bls.
Stjórnarráðshús ... 85
Stjórnarráðshús ... 84
Stjórnartíðindi ... 147, 355
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi ... 91, 324
Stofnun Sigurðar Nordals ... 91
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ... 246, 410
Stofnverndarsjóður búfjár ... 139
Styrking dreifikerfis í sveitum ... 236, 402
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ... 243, 407
Styrktarfélag vangefinna ... 176
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar ... 227
Stýrimannaskólinn í Reykjavík ... 107
Sumardvalarheimili í Reykjadal ... 187
Sundabúð II, Vopnafirði ... 192
Sunnuhlíð, Kópavogi ... 192
Sýslumaðurinn á Akranesi ... 156
Sýslumaðurinn á Akureyri ... 160
Sýslumaðurinn á Blönduósi ... 159
Sýslumaðurinn á Eskifirði ... 162
Sýslumaðurinn á Hólmavík ... 159
Sýslumaðurinn á Húsavík ... 161
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli ... 163
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði ... 162
Sýslumaðurinn á Ísafirði ... 158
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli ... 124, 341
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði ... 160
Sýslumaðurinn á Patreksfirði ... 158
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki ... 159
Sýslumaðurinn á Selfossi ... 164
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði ... 161
Sýslumaðurinn á Siglufirði ... 160
Sýslumaðurinn í Bolungarvík ... 158
Sýslumaðurinn í Borgarnesi ... 157
Sýslumaðurinn í Búðardal ... 157
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði ... 165, 359
Sýslumaðurinn í Keflavík ... 164
Sýslumaðurinn í Kópavogi ... 165, 359
Sýslumaðurinn í Neskaupstað ... 162
Sýslumaðurinn í Reykjavík ... 156
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi ... 157
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum ... 163
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal ... 163
Söfn, ýmis framlög ... 116
Söluhagnaður hlutabréfa ... 80, 304
Sölvhóll ... 225

T

Bls.

Tannverndarsjóður ... 191
Tapaðar kröfur ... 224
Tapaðar kröfur og tjónabætur ... 224, 392
Tekjubókhaldskerfi ... 226
Tekjur af sölu eigna ... 80, 304
Tekjuskattur, einstaklingar ... 77, 299
Tekjuskattur, lögaðilar ... 77, 300
Tilkynningaskylda íslenskra skipa ... 228
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 90, 324
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti ... 131
Tjónabætur ... 224
Tollar og aðflutningsgjöld ... 78, 303
Tollstjórinn í Reykjavík ... 221, 389
Tóbaksvarnir ... 191
Tónlist fyrir alla ... 119
Tónlistarsaga Íslands ... 120
Tónlistarskólinn í Reykjavík ... 111
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum ... 227, 394
Tryggingagjald, almennt ... 77, 300
Tryggingagjöld ... 77, 300
Tryggingarsjóður vegna byggingargalla ... 169, 366
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ... 180, 370
Tryggingastofnun ríkisins ... 182, 373
Tæknisjóður ... 95, 326
Tækniskóli Íslands ... 93, 325
Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála ... 228
Tölvukerfi varðandi umferðarlagabrot ... 155, 359
Tölvunefnd ... 148
Tölvuvæðing útflutningsskýrslna ... 219, 389

U

Umboðsmaður Alþingis ... 82, 315
Umboðsmaður barna ... 86, 318
Umferðarráð ... 154
Umhverfisráðuneyti ... 241, 406
Umhverfisvöktun ... 241
Umsýslustofnun varnarmála ... 257
Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku ... 84, 317
Undirbúningur að smíði varðskips ... 154, 359
Undirbúningur náttúrustofa ... 241, 406
Ungmennafélag Íslands ... 121, 338
Upplýsingakerfi dómstóla ... 152

Bls.
Upplýsingakerfi sýslumanna 166, 360
Utanríkisráðuneyti 123, 339

Ú

Úrskurðarnefnd upplýsingalaga 84, 317
Úrskurðarnefndir í sjávarútvegsmálum 142
Útboðs- og einkavæðingarverkefni 84
Útflutningsgjald á hross 139
Útflutningsráð Íslands 130, 340
Útgáfa hæstaréttardóma 149
Útgáfa norræns dómasafns 148
Útgáfa úrskurða í skattamálum 219, 388
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 222, 390
Útvarpsréttarnefnd 122, 339

V

Varnarmálaskrifstofa 123
Vaxtabætur 223, 391
Vaxtagjöld ríkissjóðs 248, 411
Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs 79, 304
Vaxtatekjur af skatttekjum 79, 304
Vátryggingaeftirlitið 238, 404
Veðurstofa Íslands 246, 410
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 246, 410
Vegagerðin 229, 397
Veiðimálastjóri 132, 346
Veiðimálastofnun 132, 346
Veiðistjóri 242
Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 219
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 227
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 131
Verðlagsráð sjávarútvegsins 145
Verðmiðlun landbúnaðarvara 139, 349
Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga 178, 368
Verkefni á sviði húsnæðismála 180
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 184, 376
Verkmenntaskóli Austurlands 104
Verkmenntaskólinn á Akureyri 104
Verktakasamningur um upplýsingaröflun 142
Vernd Breiðafjarðar 241
Verslunarskóli Íslands 112, 331
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 121, 338
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar 228, 396
Vélskóli Íslands 107
Viðhald fangelsisbygginga 166, 361

Bls.
Viðskiptaráðuneyti ... 237, 402
Vinnueftirlit ríkisins ... 170, 366
Vinnumál ... 179
Vinnumálastofnun ... 178, 369
Virðisaukaskattur ... 78, 301
Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar ... 87, 318
Vistheimilið Bjarg ... 195
Vistun áfengis- og vímuefnasjúklinga ... 191
Vistun ósakhæfra afbrotamanna ... 196
Víðines ... 194, 384
Vísindasjóður ... 94, 326
Vörugjald af bensíni ... 78, 302
Vörugjald af innfluttum ökutækjum ... 78, 302
Vörugjöld ... 78, 301

Y

Yfirdýralæknir ... 133, 346
Yfirfasteignamatsnefnd ... 222, 390
Yfirskattanefnd ... 220

Ý

Ýmis fræðistörf ... 120, 338
Ýmis innheimtukostnaður ... 220
Ýmis íþróttamál ... 121
Ýmis löggæslukostnaður ... 154, 358
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta ... 165, 360
Ýmis umhverfisverkefni ... 241, 407
Ýmis viðskipta- og bankamál ... 237
Ýmis vörugjöld ... 78, 302
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs ... 225

Þ

Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi ... 123
Þjóðgarðar og friðlýst svæði ... 242
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur ... 241
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 87, 319
Þjóðhagsstofnun ... 85, 318
Þjóðkirkja Íslands ... 167, 362
Þjóðleikhúsið ... 252, 413
Þjóðminjasafn Íslands ... 114, 335
Þjóðskjalasafn Íslands ... 114, 335
Þjóðskráin ... 240, 405
Þroskaþjálfaskóli Íslands ... 108, 331
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP ... 128, 343

Bls.
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 128, 343
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 128, 343
Þróunarsjóður EFTA 129, 343
Þróunarsjóður framhaldsskóla 100, 333
Þróunarsjóður leikskóla 113
Þróunarsjóður sjávarútvegsins 145, 353
Þróunarsjóður sjávarútvegsins 265, 419
Þróunarstarf í grunnskólum 113
Þungaskattur 78, 303
Þungaskattur 219
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis 123, 341
Þýðingarsjóður 119

Æ

Æskulýðsmál 121
Æskulýðsmál 121
Æskulýðsráð ríkisins 121

Ö

Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 154
Ökunám 154
Önnur neyslu- og leyfisgjöld 78, 303
Örnefnastofnun 92
Örorkulífeyrir 183, 374
Örorkumatsnefnd 148, 356
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 129

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 1998.

(Lögð fram af forsætisráðherra 2. október 1997.)

I. INNGANGUR OG YFIRLIT UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Góðæri hefur ríkt í íslenskum þjóðarbúskap frá árinu 1994. Hagvöxtur hefur verið 3,6% að jafnaði á ári samanborið við 2,7% í iðnríkjunum í heild. Horfur eru einnig hagstæðar fyrir næstu ár. Spáð er 3,5% hagvexti 1998 og rúmlega 3% að jafnaði næstu árin þar á eftir.

Áhrif vaxandi umsvifa í þjóðarbúskapnum koma meðal annars fram í minnkandi atvinnuleysi. Þannig svaraði skráð atvinnuleysi til 4,3% af vinnuaflinu í fyrra í stað 5% í hittifyrra og á þessu ári er talið að það verði 3,9%. Talið er að atvinnuleysi hneigist áfram niður á við. Kannanir á fjölda lausra starfa gefa sömu mynd. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur verið mikil að undanförnu, ekki síst á sviði framkvæmda, og reyndar hefur gætt skorts á vinnuafli í sumum greinum.



Þessi hagfelldu skilyrði í þjóðarbúskapnum hafa skilað mikilli aukningu kaupmáttar. Í fyrra jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 3,5% og á þessu ári stefnir í 4,5% aukningu hans. Talið er að kaupmáttaraukningin verði enn meiri á næsta ári eða 5,2%. Þetta er nálega tvöfalt meiri aukning en gert er ráð fyrir að meðaltali í helstu viðskiptalöndum okkar. Hér að baki liggur að launaþróun verði í aðalatriðum í samræmi við niðurstöður kjarasamninga og verðbólga miðað við heilt ár verði að jafnaði ekki meiri en 2½-3% á næstu misserum.

Margir þættir hafa lagst á eitt við að skapa þetta góðæri. Mestu máli skiptir þó að stöðugleiki hefur ríkt í þjóðarbúskapnum og ytri skilyrði hafa verið hagstæð. Þetta hefur leitt til mikillar grósku í efnahagslífinu. Hagvaxtarskeiðið byggðist í byrjun á útflutningi en í framhaldi jókst einkaneysla og fjárfesting verulega. Fjárfesting í stóriðju á þar mikinn hlut að máli og á næstu misserum mun hún skila sér í vaxandi útflutningstekjum. Engu að síður er talið að halli verði á viðskiptajöfnuði öll árin sem áætlunin nær til, eða til ársins 2002, að vísu ekki mikill en þó að meðaltali um 1½% af landsframleiðslu á árunum 1999-2002. Þetta stafar af því að gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöldin aukist nánast í hátt við þjóðartekjurnar, og er þó byggt á varfærnum forsendum um þróun launa og einkaneyslu eftir að gildandi kjarasamningar renna út, flestir um aldamótin.

Þegar horft er fram á við eru brýnustu verkefnin í efnahagsmálum tvíþætt. Annars vegar þarf að gæta þess að þensla myndist ekki því ef svo færi yrði stöðugleikanum stofnað í hættu. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að margt bendir til að vöxtur efnahagsstarfseminnar um þessar mundir sé nálægt þeim mörkum sem samrýmast viðunandi verðlagsþróun. Hins vegar þarf að efla þjóðhagslegan sparnað með það að markmiði að nokkur afgangur verði á viðskiptajöfnuði þegar yfirstandandi fjárfestingum í stóriðju lýkur. Afgangur er forsenda þess að erlendar skuldir þjóðarbúsins minnki. Það er þýðingarmikið að tryggja að svo verði þegar vel árar og fjárfesting er ekki óvenjulega mikil.

Eins og gefur að skilja við þessar aðstæður og horfur í þjóðarbúskapnum er óhjákvæmilegt að fylgja aðhaldssamri stefnu í peningamálum og ríkisfjármálum. Stjórn peningamála verður að miðast við að koma í veg fyrir að þensla grafi um sig og bætt afkoma ríkissjóðs á næstu árum stuðlar að eflingu þjóðhagslegs sparnaðar. Að auki þarf að skoða fleiri leiðir til að tryggja að viðskiptahalli verði ekki viðvarandi. Ríkisstjórnin mun jafnframt vinna áfram að því verkefni að efla markaðsbúskap, meðal annars með sölu ríkisfyrirtækja og aukinni samkeppni.

Hér á eftir er lýst stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í framhaldi er fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum.

II. EFNAHAGSSTEFNAN

Meginmarkmið efnahagsstefnunnar er sem fyrr að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir viðvarandi hagvexti og batnandi lífskjörum. Við núverandi aðstæður í þjóðarbúskapnum beinist viðleitnin helst að því að koma í veg fyrir þenslu sem stofnað gæti stöðugleikanum í hættu. Þetta er meginviðfangsefni stefnunnar í peningamálum og ríkisfjármálum.

Jafnframt því að varðveita stöðugleikann þarf að halda áfram þeim skipulagsbreytingum sem unnið hefur verið að á síðustu misserum. Verkefnið er að efla markaðsbúskap á sem flestum sviðum. Nú er unnið að slíkum umbótum í fjármálastarfsemi og jafnframt er verið að taka fyrstu skrefin á fleiri sviðum, svo sem í orkumálum og fjarskiptum.

Við undirbúning breytinga á Landsbanka og Búnaðarbanka í hlutafélög hefur verið lögð rík áhersla á að tryggja stöðu bankanna á markaði, að framkvæmd breytinganna fari fram með farsælum hætti og að vel verði gætt að fjárhagslegum hagsmunum ríkissjóðs. Þessar breytingar eru hluti af heildaraðgerðum á íslenskum fjármagnsmarkaði og taka mið hver af annarri.

Með sameiningu Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs, Útflutningslánasjóðs og Fiskveiðasjóðs, verða til tvær stofnanir; Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Með því er múrum milli atvinnugreina eytt og til verða sterkar stofnanir sem verða þess megnugar að stunda starfsemi sína með hagkvæmum hætti í sívaxandi samkeppni en jafnframt að bjóða viðskiptamönnum sínum hagstæð lán. Um leið dregur ríkið sig smám saman út úr rekstri almennra fjármálastofnana á samkeppnismarkaði en eykur þátttöku sína á áhættufjármagnsmarkaði. Lagaheimildir til sölu á nýju hlutafé í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. auk lagaheimilda til sölu á 49% hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. undirstrika þennan ásetning.

Peningamál

Stefnan í peningamálum hefur í aðalatriðum verið óbreytt frá því í september 1995 þegar breytt var gengisskráningarvog og vikmörkum gengis. Stefnan er sem hér segir:

- Stöðugt verðlag er höfuðmarkmið stefnunnar í peningamálum. Það byggist annars vegar á því að peningaleg stjórntæki hafa fyrst og fremst áhrif á verðbólgu, þegar litið er til langs tíma, og hins vegar á því að stöðugleiki í verðlagsmálum skapar ákjósanleg skilyrði fyrir nýsköpun og hagvöxt.

- Gengi krónunnar er millimarkmið stefnunnar í peningamálum í þeim skilningi að með stöðugu gengi er stuðlað að stöðugu verðlagi. Gengisstefnan er ákvörðuð sameiginlega af Seðlabanka og ríkisstjórn en síðan í september 1995 hefur hún byggst á því að gengi krónunnar skuli vera innan vikmarka sem eru 6% í hvora átt frá miðgildi gengisvísitölu sem byggir á hlutdeild landa í utanríkisviðskiptum Íslands.

- Seðlabankinn framfylgir peningastefnunni aðallega með því að stýra peningamarkaðsvöxtum með ákvörðun seðlabankavaxta og inngripum á peningamarkaði. Til skemmri tíma litið getur hann einnig haft áhrif á gengi með kaupum og sölu gjaldeyris. Einnig getur hann haft áhrif á langtímavexti með viðskiptum á skuldabréfamarkaði, þótt áhrif hans þar séu takmörkuð.

Fjármagnshreyfingar gagnvart útlöndum hafa verið frjálsar frá ársbyrjun 1995. Reynsla annarra þjóða sýnir að frjálsar fjármagnshreyfingar geta skapað erfiðleika við að framfylgja stefnu stöðugleika í gengismálum. Hins vegar hefur tekist vel til hér á landi frá því núverandi stefna var tekin upp og sveiflur í gengi hafa verið litlar miðað við það sem gerist í öðrum löndum.

Með áhrifum sínum á skammtímavexti hefur Seðlabankinn áhrif á gjaldeyrisstrauma til og frá landinu. Til skemmri tíma litið getur hann látið breytingar á gjaldeyrisstraumum koma fram í breytingum á gjaldeyrisforða og stuðlað þannig að stöðugu gengi. Því eru hins vegar takmörk sett hvað gjaldeyrisforði Seðlabankans getur stækkað eða minnkað mikið og því kemur að því að ójafnvægi á gjaldeyrismarkaði hefur áhrif á gengi krónunnar. Vaxtastefnan og gengisstefnan verða því nátengdar við skilyrði frjálsra fjármagnshreyfinga. Ef stefnt er að því að halda genginu föstu við þessar aðstæður markast vaxtastefnan af því. Ef gengið er hins vegar að einhverju leyti hreyfanlegt verður peningastefnan virkari við að vinna gegn ofþenslu eða samdrætti. Við bætist svo hefðbundin miðlun peningastefnu í gegnum áhrif skammtímavaxta á langtímavexti og síðan áhrif þeirra á útgjaldaákvarðanir heimila og fyrirtækja. Frjálsar fjármagnshreyfingar koma því alls ekki í veg fyrir að peningastefnan virki með eðlilegum hætti.

Mikill hagvöxtur og minnkandi atvinnuleysi í fyrra og í ár hefur skilað hagkerfinu nálægt þeim mörkum sem samrýmst geta til lengdar stöðugleika í verðlagsmálum. Þessar aðstæður kalla fremur á aðhaldssama peningastefnu heldur en hitt. Á sama tíma hafa ytri skilyrði þjóðarbúsins batnað vegna aukinnar stóriðju og uppbyggingar fiskstofna. Af því leiðir að jafnvægisraungengið hefur hækkað. Aðlögun raungengis að hærra jafnvægisraungengi getur gerst með aukinni verðbólgu eða hærra nafngengi. Markmiðið um stöðugt verðlag lá að baki þeirri ákvörðun Seðlabankans að lækka ekki vexti jafnskjótt og ljóst var að verðbólga í framhaldi af kjarasamningum yrði lægri en áður var talið og fjármagnsinnstreymi setti þrýsting á krónuna til hækkunar. Mikil kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði takmörkuðu verulega hækkun gengis íslensku krónunnar.

Síðan Seðlabankinn hækkaði vexti sína um 0,4% í september í fyrra hefur peninga-

stefnan hér á landi verið tiltölulega aðhaldssöm. Til marks um aðhaldið er 2½-3% vaxtamunur á peningamarkaði gagnvart helstu viðskiptalöndum frá þessum tíma. Í kjölfar vaxtahækkunar bankans fór vaxtamunurinn í 2,8%. Hann jókst síðan enn í byrjun árs, fór hæst í rúmlega 3%, en hefur síðan farið lækkandi á ný að undanförnu vegna hækkunar vaxta erlendis. Nú er vaxtamunurinn um 2½%. Þessa stefnu verður að skoða í ljósi þess að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði, sem náðust í lok mars, voru í efri mörkum þess sem samrýmst gat áframhaldandi stöðugleika. Umsamdar launahækkanir voru á bilinu 5½-6%, sem er umtalsvert meira en í helstu viðskiptalöndum. Útlit var fyrir að verðbólga færi að óbreyttu umfram 3% á fyrstu mánuðum ársins 1998. Hins vegar varð þróunin í framhaldi af kjarasamningum hagstæð. Verðbólga varð minni en spáð hafði verið.

Verðbólguvæntingar, sem lesa má út úr mismun óverðtryggðra og verðtryggðra ríkisbréfa til sömu tímalengdar, fóru einnig minnkandi. Mikið gjaldeyrisinnstreymi í apríl og fram í júlí olli hækkun á gengi krónunnar þótt Seðlabankinn legðist þar á móti með miklum gjaldeyriskaupum. Ef framhald hefði orðið á þessari þróun hefði verið tilefni til að skoða hvort hægt væri að lækka skammtímavexti hér á landi. Í því sambandi var þó nauðsynlegt að kanna hvort ýmsar aðrar vísbendingar, t.d. af vinnumarkaði og í peninga- og útlánastærðum, gæfu tilefni til að ætla að það væri óhætt án þess að stefna stöðugleika og markmiði um lága verðbólgu í hættu. Minni verðbólguvæntingar og aukin tiltrú á stöðugleikann fól í raun í sér að sami nafnvaxtamunur gagnvart útlöndum þýddi meira peningalegt aðhald. Ekki var því brugðist við hækkun erlendra vaxta á sumarmánuðum og nafnvaxtamunurinn hélt því áfram að minnka nokkuð, þótt fullrar varúðar væri þörf vegna hættu á ofþenslu.

Þróunin í ágúst var mun óhagstæðari. Útstreymi varð á gjaldeyrismarkaði og gengi krónunnar lækkaði um nærri 0,7% í mánuðinum. Þetta gengissig felur í raun í sér nokkra tilslökun í peningamálum. Verðbólguvæntingar jukust einnig á ný samkvæmt því sem lesa má út úr mun verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta. Til viðbótar þessu kemur að aukning útlána og peningastærða í júlí var umtalsverð. Því hafa ekki enn skapast forsendur til að breyta vaxtastefnunni. Breytingar á seðlabankavöxtum, til lækkunar eða hækkunar, munu þannig ráðast af framvindu þeirra þátta sem helst er horft til við mat á aðstæðum. Staða ríkisfjármála og fjárhagur sveitarfélaga munu þar einnig hafa áhrif.

Eins og fram kemur hér á undan var munur þriggja mánaða peningamarkaðsvaxta hér á landi og í viðskiptalöndum í byrjun september um 2½%. Vaxtamunur 5 ára ríkisbréfa var enn meiri eða nærri 3%. Verðtryggðir vextir eru hins vegar að jafnaði um 1-2% hærri en í öðrum iðnríkjum þar sem verðtryggð ríkisskuldabréf eru gefin út. Þessi vaxtamunur er meiri en æskilegt er til lengdar. Það mun hins vegar ekki skila neinum varanlegum árangri að Seðlabankinn beiti sér fyrir lækkun skammtímavaxta án þess að tiltækar vísbendingar gefi skýrt til kynna að það samrýmist áframhaldandi stöðugleika og lágri verðbólgu. Því verður að huga að rótum vandans sem liggur í of litlum þjóðhagslegum sparnaði. Öruggasta og fljótvirkasta leiðin til að auka þjóðhagslegan sparnað er að bæta afkomu hins opinbera.

Ríkisfjármál

Fjárlagafrumvarpið endurspeglar helstu áherslur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Annað árið í röð er gert ráð fyrir afgangi á fjárlögum, eftir samfelldan hallarekstur frá miðjum síðasta áratug. Afgangur á fjárlögum tvö ár í röð er til marks um þann árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu og er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. En fyrsta skrefið í átt til jafnvægis var stigið með fjárlögum ársins 1996. Mikilvægt er að stefna að frekari afgangi á ríkissjóði á næstu árum til að efla þjóðhagslegan sparnað, lækka skuldir ríkisins og draga úr þeim vaxtakostnaði sem hallarekstur undanfarinna ára hefur leitt til. Traustari staða ríkisfjármála hefur einnig gert kleift að lækka skatta heimilanna og auka útgjöld til heilbrigðis- og menntamála.

Í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins var tekjuskattskerfið tekið til endurskoðunar til þess að draga úr jaðaráhrifum. Í þessu skyni var horft jafnt á möguleika til að lækka skatthlutfallið og draga úr tekjutengingu ýmissa bótagreiðslna. Þessi vinna, sem fram fór á vettvangi svokallaðrar jaðarskattanefndar, leiddi til þess að ríkisstjórnin ákvað að lækka tekjuskatt einstaklinga umtalsvert á árunum 1997-1999. Auk þess var lögfest að skattleysismörk skyldu hækka um 2,5% á ári næstu þrjú ár. Samhliða þessum breytingum var gerð breyting á barnabótakerfinu þar sem skerðingarhlutföll vegna tekna eru lækkuð með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum barnabóta. Fyrsta skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum barnabóta var hins vegar stigið þegar á árinu 1996, en þá voru skerðingarhlutföll einnig lækkuð. Til viðbótar þessum ákvörðunum ákvað ríkisstjórnin síðastliðið vor breytingar á bótum almannatrygginga sem draga verulega úr jaðaráhrifum tryggingabóta, meðal annars við greiðslu uppbótar á lífeyri vegna lyfjakostnaðar og niðurfellingar á afnotagjaldi ríkisútvarpsins. Einnig er vakin athygli á því að stjórnvöld hafa nýverið ákveðið að draga úr jaðaráhrifum námslána með lagabreytingu þar sem endurgreiðsluhlutfall lána var lækkað. Með þessum ákvörðunum stjórnvalda hafa verið stigin veigamikil skref í átt til þess að lækka jaðarskatta og draga úr tekjutengingum hér á landi.

Stöðugleiki í efnahagslífinu hefur skapað skilyrði til að horfa lengra fram á veginn og undirbúa fyrirsjáanlegar breytingar á högum þjóðarinnar, einkum vegna breyttrar aldurssamsetningar. Ríkisstjórnin hefur að undanförnu unnið að endurskoðun lífeyrissjóða til að treysta grundvöllinn enn frekar og auka fjölbreytni langtímasparnaðar. Þannig er lagður grunnur að því að tekjur fólks á starfsævinni dugi til framfærslu til æviloka. Hlutverk almannatrygginga í framtíðinni á fyrst og fremst að vera að aðstoða þá sem verst eru settir, til dæmis vegna skertrar starfsorku, og eiga ekki kost á öðrum tekjum.

Að undanförnu hefur skilningur farið vaxandi á því að jafnvægi í ríkisfjármálum sé forsenda stöðugleika í efnahagsmálum. Ennfremur hefur víða um lönd verið lögð áhersla á að draga úr umsvifum hins opinbera og leyfa einstaklingsframtakinu að njóta sín. Þessa hefur einnig gætt hér á landi. Samhliða opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins hafa samskipti innlendra og erlendra aðila farið ört vaxandi. Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli fjárfest erlendis og eftir áratuga stöðnun hefur erlend fjárfesting í orkufrekum iðnaði hér á landi með tilheyrandi uppbyggingu orkuvera hafist að nýju. Enginn vafi er á að þessi þróun glæðir hagvöxt og stuðlar að aukinni atvinnu.

Íslendingar hafa til skamms tíma verið í öldudal í efnahagsmálum líkt og aðrar Norðurlandaþjóðir. Til þess að treysta undirstöður atvinnulífsins og stuðla að auknum hagvexti og atvinnu hefur verið nauðsynlegt að grípa til ýmissa aðgerða í ríkisfjármálum, ekki einungis hér á landi heldur alls staðar á Norðurlöndunum. Viðurkennt er að blómlegt atvinnulíf, fjölgun starfa og aukin verðmætasköpun er forsenda velferðar. Nýleg norræn skýrsla staðfestir að þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til á undanförnum árum hafa skilað sér í öflugum hagvexti, minnkandi atvinnuleysi, lækkandi vöxtum og jafnvægi í ríkisfjármálum án þess að tekjudreifing hafi raskast, meðal annars vegna sérstakra aðgerða sem stjórnvöld gripu til í því skyni að verja kjör hinna verst settu. Með markvissum aðgerðum hefur þannig tekist að endurreisa atvinnulífið og jafnframt verja meginmarkmið velferðarþjóðfélagsins.

Ríkisstjórninni hefur í öllum meginatriðum tekist að ná efnahagsmarkmiðum sínum. Stöðugleiki ríkir í efnahagslífinu og hagvöxtur hér á landi er meiri en í þeim löndum, sem við helst berum okkur saman við. Kjarasamningar hafa verið gerðir til þriggja ára án þess að stöðugleiki í verðlagsmálum hafi raskast. Þessi árangur hefur skilað sér í ört batnandi lífskjörum heimilanna eins og sést best á því að kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn munu aukast um meira en fimmtung frá 1995 til ársins 2000.

Þessi árangur er mikilsverður, ekki aðeins á íslenskan mælikvarða heldur einnig í samanburði við aðrar þjóðir. Þannig má nefna að Ísland hefur, eitt fárra Evrópuríkja, að undanförnu uppfyllt öll almenn skilyrði Maastrichtsáttmálans, hvort sem litið er til afkomu og skuldastöðu ríkisins eða verðbólgu og vaxta. Þetta hefur einnig orðið til þess að bandarísku matsfyrirtækin Moody's og Standard & Poor's hafa tvívegis hækkað lánshæfismat íslenska ríkisins að undanförnu með tilvísun til þess mikla árangurs í efnahagsmálum sem traust og ábyrg hagstjórn hér á landi undanfarin ár hefur skilað. Ennfremur má nefna að efnahagsstefnan hefur stuðlað að bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins eins og fram kemur í úttekt tveggja erlendra fyrirtækja og er Ísland nú mun framar í röðinni en fyrir 5-10 árum.

Þótt árangurinn í efnahagsmálum sé vissulega mikill er ástæða til að hafa hugfast að hann kom ekki af sjálfu sér. Íslensk hagsaga geymir því miður mörg dæmi um lausatök í efnahagsmálum, einkum þegar vel árar. Því er mikilvægt að vinna að því öllum árum að treysta stöðugleikann í sessi. Ef ekki er hyggilega að málum staðið er auðvelt að glutra árangrinum niður. Traust staða í ríkisfjármálum sem miðar að því að greiða niður skuldir ríkisins á næstu árum er forsenda þess að áfram ríki góðæri í íslensku efnahagslífi.

III. ÁSTAND OG HORFUR

Mikil fjárfesting í atvinnulífinu hefur sett svip sinn á þjóðarbúskapinn undanfarin misseri. Þar vega þyngst framkvæmdir vegna stóriðju en töluverður vöxtur hefur þó einnig verið í annarri fjárfestingu. Af þessum sökum hafa umsvif og eftirspurn aukist mikið hér innanlands. Talið er að þjóðarútgjöldin aukist um 6,7% á þessu ári eftir 7,1% vöxt í fyrra. Þessi vöxtur hefur verið aflvél efnahagsstarfseminnar. Áætlað er að landsframleiðslan aukist um 4,5% á þessu ári í kjölfar 5,2% aukningar í fyrra. Síðastliðin fjögur ár, eða frá því uppsveiflan byrjaði, hefur hagvöxtur hér á landi verið talsvert meiri að jafnaði en í iðnríkjunum.

Á næstu misserum mun framleiðsla vegna umræddra fjárfestinga birtast í auknum mæli í útflutningi þjóðarbúsins en á móti mun hægja á stóriðjuframkvæmdum. Hagvöxturinn verður því byggður á útflutningi fremur en innlendri eftirspurn. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöldin í heild aukist um 3,9% á árinu 1998 og hagvöxtur verði 3,5%. Reiknað er með góðum hagvexti áfram, eða rúmlega 3% á ári til jafnaðar á árunum 1999-2002. Vöxturinn gæti orðið meiri ef áform um frekari framkvæmdir á sviði stóriðju verða að veruleika. Þessar hagstæðu horfur fela í sér vaxandi atvinnu og kaupmátt. Jafnframt er reiknað með á forsendum áætlunarinnar að verðbólga verði innan viðunandi marka. Rétt er þó að hafa góðar gætur á verðlagsþróuninni á næstu mánuðum því þenslumerki má sjá í þjóðarbúskapnum.

Eins og gefur að skilja eykst viðskiptahallinn vegna stóraukinnar fjárfestingar. Áætlað er að hann verði 17,5 milljarðar króna á árinu 1997 og 19 milljarðar 1998. Þegar mesta fjárfestingarhrinan er yfirstaðin er gert ráð fyrir að hallinn minnki, en hann verði þó áfram umtalsverður, eða að meðaltali um 1½% af landsframleiðslu á næstu fjórum árum þar á eftir. Mikilvægt er að vinna að því að hallinn verði minni á þessu árabili en hér er reiknað með.

Alþjóðaefnahagsmál

Bjart er yfir efnahagsmálum í heiminum um þessar mundir. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að heimsframleiðslan aukist um 4,2% árið 1997 og svipað 1998. Spár annarra stofnana eru á sömu lund. Þetta er meiri vaxtarhraði en verið hefur í heimsbúskapnum síðastliðin tíu ár. Ekki er enn að sjá fyrirboða um að senn hægi á vextinum, þótt við því mætti ef til vill búast út frá kenningum um tímalengd hagsveiflna. Er það mat margra að hagsveiflan sé að lengjast og því kunni góðærið að lifa öldina. Þessi bjartsýni styðst við einstaklega hagstæða efnahagsþróun að undanförnu og óvenjugott jafnvægi á alþjóðavettvangi á þessu stigi hagsveiflunnar.

Efnahagsþróunin í iðnríkjunum á þessu ári hefur mótast af miklum vexti í Bandaríkjunum, Bretlandi og nokkrum minni löndum. Þar hefur vöxturinn verið yfir

jafnaðarvexti. Talið er að það hægi nokkuð á honum í þessum löndum á árinu 1998 en á móti aukist hann á meginlandi Evrópu og í Japan. Að öllu samanlögðu er spáð 3% hagvexti í iðnríkjunum á þessu ári og 2,9% á því næsta.

Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum [1]

	1995	1996	Spá 1997	Spá 1998
Hagvöxtur	3,7	4,1	4,2	4,3
Iðnríki	2,5	2,7	3,0	2,9
Bandaríkin	2,0	2,8	3,7	2,6
Evrópusambandið	2,5	1,7	2,5	2,8
Japan	1,4	3,5	1,1	2,1
Þróunarríki	6,0	6,5	6,2	6,2
Umbreytingalönd [2]	-0,8	0,1	1,8	4,1
Alþjóðaviðskipti	9,5	6,3	7,7	6,8
Hráolíuverð	1,9	24,5	0,3	-0,8
Verðbólga				
Iðnríki	2,5	2,4	2,2	2,3
Þróunarríki	22,7	13,2	10,0	8,9
Umbreytingalönd	119,2	40,4	32,3	14,1
Vextir, LIBOR [3]				
Bandaríkjadollarar	6,1	5,6	5,9	6,3
Japönsk jen	1,3	0,7	0,7	1,1
Þýsk mörk	4,6	3,3	3,3	4,0

1) Hlutfallslegar breytingar frá fyrra ári nema annað sé tekið fram.
2) Fyrrum Sovétríki og ríki Austur-Evrópu.
3) Millibankavextir í London á innlánum til sex mánaða.

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Horfur fyrir þróunarríkin eru einnig hagfelldar, einkum Kína og mikinn hluta Asíu. Talið er að hagvöxturinn í þróunarríkjunum í heild verði rúmlega 6% bæði árin 1997 og 1998. Þá er spáð að bati byrji í Rússlandi og styrkist í fleiri umbreytingalöndum.

Þrátt fyrir uppsveifluna, mismikla eftir löndum, hefur verðbólga hvergi farið úr böndum. Í iðnríkjunum er reiknað með að verðbólgan verði áfram á bilinu 2-2½%, hún fari lækkandi í þróunarríkjunum og stórminnki í umbreytingalöndunum. Spáð er 8,9% verðbólgu í þróunarríkjunum á næsta ári og 14,1% í umbreytingalöndunum. Þetta eru mikil umskipti. Fyrir nokkrum árum mældist verðbólga að jafnaði í tveggja stafa tölum í þróunarríkjunum og þriggja stafa tölum í umbreytingalöndunum. Verðbólga er því ekki vandamál í iðnríkjunum um þessar mundir og víðast hvar annars staðar er hún á undanhaldi.

Þegar hagvaxtarskeiðið hefur staðið jafn lengi og núverandi skeið má oft sjá merki vaxandi jafnvægisleysis og spennu. Fá slík merki er nú að sjá. Verðstöðugleiki ríkir, afkoma hins opinbera fer batnandi víðast hvar, gengi gjaldmiðla virðast að öllu jöfnu vera í sæmilegu samræmi við grundvallarskilyrði, þótt nokkurs óróa hafi gætt á þeim vettvangi að undanförnu, og hagstjórn í flestum ríkjum er markvissari en áður. Í þessu ljósi telur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hugsanlegt að vaxtarskeiðið í heiminum nái fram yfir aldamótin.

Þótt bjartsýni í hagspám um þessar mundir megi styðja sterkum rökum er óhjákvæmilegt að benda á að oft skipast skjótt veður í lofti á vettvangi efnahagsmála. Í því sambandi er rétt að nefna hér nokkur atriði. Fyrst ber að nefna að hlutabréfaverð virðist víðast hvar vera orðið hátt og því kann „leiðrétting" að vera fram undan, eins og reyndar hefur verið að koma á daginn að undanförnu. Ef hlutabréfaverð tekur mikla dýfu gæti í kjölfarið dregið úr hagvexti, að minnsta kosti tímabundið. Óvissa um afdrif sameiginlegrar myntar ESB-ríkja, evró, gæti haft sömu áhrif. Loks virðist misvægi í viðskiptum milli landa heldur vera að færast í aukana, sérstaklega í viðskiptum Bandaríkjanna og Japan, sem kann á endanum að leiða til erfiðleika af svipuðu tagi og fyrir um það bil áratug þegar gengi dollars hríðlækkaði gagnvart jeni og fleiri gjaldmiðlum.

Þrátt fyrir þessi varnaðarorð er hér lögð áhersla á að alþjóðaefnahagsstofnanir telja líklegast að framhald verði á núverandi hagvaxtarskeiði í heiminum, jafnvel um nokkur ár.

Afli og útflutningur

Þjóðhagsstofnun reiknar með að heildarafli landsmanna verði um 2.160 þúsund tonn á árinu 1997 og er það aukning úr 2.055 þúsund tonnum frá árinu 1996. Stærsti hluti þessarar aukningar felst í því að loðnuaflinn er talinn aukast um 70 þúsund tonn. Áætlað er að loðnuaflinn verði um 1.250 þúsund tonn en þegar hafa veiðst um 1.150 þúsund tonn. Þessi áætlun gerir ráð fyrir að um 5 þúsund tonn af þorski og um 7 þúsund tonn af rækju veiðist utan Íslandsmiða.

Á föstu verði er gert ráð fyrir að aflinn minnki um 0,7%. Áætlað er að þorskafli aukist um 7,8% á meðan afli af öðrum botnfiski dregst saman um 3,2% á föstu verði. Gert er ráð fyrir að samdráttur í öðrum afla verði 4,1% á föstu verði. Þar af minnkar rækjuafli á Flæmingjagrunni úr 22 þúsund tonnum í um 7 þúsund tonn. Miðað við fyrstu 6 mánuði ársins lítur út fyrir einhvern samdrátt í hráefniskaupum innlendrar fiskvinnslu af erlendum fiskiskipum á árinu 1997. Að teknu tilliti til allra þessara þátta gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða á árinu 1997 verði 1% minni en framleiðsla ársins 1996.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað heimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í þorskígildum talið dregur sjávarútvegsráðuneytið nú heimildir saman um 0,9% frá síðasta fiskveiðiári. Í áætlunum sínum gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að afli kvótabundinna tegunda á Íslandsmiðum verði í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegsráðuneytisins að teknu tilliti til ónýttra aflaheimilda sem flytjast á milli ára. Varðandi veiðar sem ekki eru háðar kvóta er byggt á reynslu undanfarandi ára.

Afli og aflaverðmæti 1997-1998

	Afli þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði
	Spá 1997	Spá 1998	1997-98, %
Þorskur	220	240	9,1
Annar botnfiskur	283	278	-5,8
Síld	100	100	0
Íslandssíld	212	210	-1,0
Loðna	1.250	988	-21,1
Humar	1,2	1,5	25,0
Rækja	78	92	18,0
Hörpudiskur	9	9	0
Annað	5	5	0
Botnfiskur	503	518	1,5
Annað	1.656	1.405	-2,5
Samtals	2.159	1.923	-0,2

Gert er ráð fyrir að þorskafli af Íslandsmiðum fiskveiðiárið 1997/98 verði 230 þúsund tonn sem er 7% aukning frá síðasta fiskveiðiári. Reiknað er með að þorskafli Íslendinga af öðrum miðum aukist lítillega frá þessu ári þannig að þorskafli mun aukast um 9,1%. Reiknað er með að annar botnfiskafli dragist saman um 5,8%. Þá er gert ráð fyrir að annar afli dragist saman um 2,5% og er þá talið að loðnu- og síldarafli dragist saman um 19,4%, en að rækjuafli aukist um 18%.



Afli af fjarmiðum hefur verið veruleg búbót fyrir íslenska þjóðarbúið undanfarin ár. Árið 1996 var samanlagt útflutningsverðmæti þess afla sem kom af fjarmiðum í kringum 10 milljarðar króna ef úthafskarfinn er talinn með. Í ár má gera ráð fyrir töluvert minni afla. Þannig er nú áætlað að aflinn í Barentshafi verði um 5 þúsund tonn á þessu ári í stað 23 þúsund tonna í fyrra. Rækjuafli af Flæmingjagrunni fer úr 21 þúsund tonnum í 6,8 þúsund tonn. Úr norsk-íslenska síldarstofninum veiddust 212 þúsund tonn á móti 165 þúsund tonnum árið áður, en ekki náðist að veiða allan þann kvóta sem Íslendingum var ætlaður. Það sem af er árinu 1997 hafa íslensk skip veitt um 32 þúsund tonn af 45 þúsund tonna heildarkvóta sínum af úthafskarfa á Reykjaneshrygg og eins og útlitið er nú næst heildarkvótinn tæplega í ár. Úthafskarfinn leitar þó venjulega inn í grænlensku lögsöguna seinnihluta sumars og nokkur íslensk skip hafa elt hann þangað. Það er því mögulegt að einhver úthafskarfaafli eigi eftir að bætast við á árinu. Samanlagt útflutningsverðmæti afla af fjarmiðum á árinu 1997 getur þá orðið um 5,5-6 milljarðar króna.

Að öllu samanlögðu gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða verði óbreytt á milli áranna 1997 og 1998.

Viðskiptakjör

Talið er að viðskiptakjör þjóðarbúsins á þessu ári verði nánast óbreytt frá því í fyrra hvort sem miðað er við vöruviðskipti eingöngu eða að þjónustuviðskiptum meðtöldum.

Verð vöruútflutnings hækkaði um 0,6% í íslenskum krónum fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tíma lækkaði verðlag almenns innflutnings um 0,3%. Viðskiptakjörin hafa því batnað um 0,9% fyrstu sjö mánuði ársins samanborið við sama tímabil í fyrra.

Verð á sjávarafurðum mælt í SDR var 2,2% lægra á árinu 1996 en á árinu 1995. Framan af árinu hélt verðlækkunin áfram en svo virðist sem botninum hafi verið náð á miðju ári. Í heild hækkaði verð sjávarafurða um 0,8% á tímabilinu janúar - júlí miðað við sama tímabil í fyrra. Verð á landfrystum afurðum lækkaði um 1,4% en verð á sjófrystum afurðum hækkaði hins vegar um 1,6%. Verð á saltfiski lækkaði um 4%, en aftur á móti hefur skreiðarverð hækkað um rúm 20% á fyrri hluta ársins. Verð á mjöl og lýsi hefur hækkað jafnt og þétt það sem af er árs og eru góðar horfur á að sú þróun geti haldið áfram á næstunni. Þegar á heildina er litið er útlit fyrir að verð á sjávarafurðum hækki nánast í hátt við verðbólgu í viðskiptalöndunum á milli áranna 1996 og 1997.

Verð á botnfiskafurðum er nú tiltölulega lágt og hefur verið stöðugt síðastliðin fjögur ár. Ekki er fyrirsjáanleg nein meiri háttar breyting á verði botnfiskafurða. Þjóðhagsstofnun áætlar því að verðlag sjávarafurða hækki nokkurn veginn í takt við almennt verðlag í helstu viðskiptalöndunum á næsta ári.

Álverð hefur verið fremur lágt það sem af er árinu en hefur þó farið heldur hækkandi á allra síðustu mánuðum. Áætlanir gera ráð fyrir að álverð verði óbreytt milli ára. Verð á kísiljárni í erlendri mynt er enn sögulega hátt, þótt það hafi lækkað framan af þessu ári. Ekki er reiknað með að þessi verðlækkun gangi til baka á næsta ári, heldur að verðið verði svipað áfram og það er nú.



Verð á innflutningi hefur hækkað minna en búast hefði mátt við í ljósi almennra verðhækkana í viðskiptalöndunum. Verðlag almenns innflutnings stóð nánast í stað í íslenskum krónum á fyrri hluta ársins. Sé hins vegar litið fram hjá innflutningi vegna stóriðju og eldsneytis lækkaði innflutningsverð um 1,5% en á þessu tímabili hefur gengið hækkað um rúmlega 1%. Samkvæmt því lætur nærri að verðlag á almennum innflutningi í erlendri mynt hafi einnig haldist óbreytt.

Í forsendum þjóðhagsáætlunar er gert ráð fyrir að viðskiptakjörin batni lítillega á næsta ári og batinn verði sem samsvari 0,4% af landsframleiðslu.

Hagur atvinnuveganna

Þjóðhagsstofnun hefur nú unnið úr ársreikningum 1.050 fyrirtækja úr flestum atvinnugreinum fyrir árið 1996. Úrvinnslan nær þó hvorki til landbúnaðar né orkufyrirtækja. Á árinu 1995 var velta þessara fyrirtækja um 40% af heildarveltu þess árs. Velta þeirra jókst um 11,5% milli áranna 1995 og 1996 sem er tæplega 9% meira en almennar verðbreytingar.

Niðurstöður eru dregnar saman í töflu hér á eftir og til samanburðar eru birtar niðurstöður sömu fyrirtækja fyrir árið 1995. Rétt er að leggja á það áherslu að hér er lýst afkomu þessara 1.050 fyrirtækja en ekki atvinnulífsins í heild og venjulega sýna úrtaksfyrirtækin betri afkomu en atvinnuvegirnir í heild. Helstu niðurstöður eru þær að bókfærður hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum hefur lækkað úr 4,6% í 4,2% eða um 0,4 prósentustig. Hér er átt við hagnað fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta og ekki er tekið tillit til óreglulegra gjalda og tekna.

Afkoma fyrirtækja 1995 og 1996
Hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi sem % af tekjum

	1995	1996
Samtals 1.050 fyrirtæki	4,6	4,2
Án banka og sparisjóða	4,1	3,6

Eigið fé sem % af heildareignum

	1995	1996
Samtals 1.050 fyrirtæki	20,9	20,8
Án banka og sparisjóða	32,9	33,2

Þótt hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum lækki um 0,4 prósentustig er hann nánast óbreyttur í fjárhæðum milli ára eða um 13,5 milljarðar króna árið 1995 og um 13,9 milljarðar árið 1996. Ástæðan er sú mikla veltuaukning sem áður er getið um. Í fjárhæðum versnaði afkoman nokkuð í sjávarútvegi, byggingarstarfsemi, þjónustu og veitingarekstri en batnaði hins vegar í iðnaði, verslun, tryggingum, innlánsstofnunum og í samgöngum.

Arðsemi eigin fjár fyrirtækjanna í heild reyndist 11,6% á árinu 1996 eftir að tekið hefur verið tillit til óreglulegra tekna og gjalda og tekju- og eignarskatta. Óreglulegar tekjur umfram óregluleg gjöld voru tæplega 3 milljarðar króna hjá fyrirtækjunum í heild á árinu 1996 og er það svipað og árið áður. Mest af þessum tekjum komu fram í sjávarútvegi eða 2,9 milljarðar króna árið 1995 og 2,5 milljarðar árið 1996.

Samkvæmt þeim reikningum sem borist hafa Verðbréfaþingi Íslands fyrir fyrri hluta þessa árs hefur hagnaður þingskráðra fyrirtækja af reglulegri starfsemi versnað verulega frá sama tímabili í fyrra. Nú hafa borist til Verðbréfaþingsins reikningar 33 fyrirtækja með um 135 milljarða króna ársveltu. Hagnaður þessara fyrirtækja af reglulegri starfsemi var 2,4% af tekjum fyrstu sex mánuði þessa árs en án banka og sjóða er hlutfallið 0,5%. Ekki liggja fyrir samanburðarhæfar tölur frá fyrra ári fyrir öll þessi fyrirtæki, bæði vegna sameiningar fyrirtækja og einnig vegna þess að sum fyrirtækin hafa ekki birt hálfsársuppgjör áður. En bera má saman niðurstöður úr reikningum 27 fyrirtækja. Ársvelta þeirra er um 105 milljarðar króna og hagnaður þeirra af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum lækkaði úr 3,8% á fyrri hluta árs 1996 í 2,3% í ár, eða um 1,5 prósentustig. Án banka og sjóða hefur hlutfallið farið úr 2,4% á fyrri hluta árs 1996 í –0,2% í ár eða lækkað um 2,6 prósentustig. Þessar vísbendingar um hag þingskráðra fyrirtækja sýna mun lakari afkomu en framreikningur heildarstærða gefur til kynna. Breyting afkomunnar milli ára er einnig mun meiri hjá þingskráðu fyrirtækjunum en heildaráætlanirnar sýna eins og nánar er lýst hér á eftir í lok kaflans um laun og hagnað. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að í fjárhæðum helst hagnaðurinn óbreyttur milli ára eða 1,7 milljarðar króna hvort ár að meðtöldum bönkum og sjóðum. Skýringanna er einkum að leita í aukningu óreglulegra tekna umfram óregluleg gjöld en án þeirra versnaði afkoma fyrirtækjanna 27 um röskan

hálfan milljarð. Aftur á móti er veltuaukning þingskráðu fyrirtækjanna um 14% á fyrri hluta ársins sem er um tvöfalt meiri aukning en vænta má í heildartölum fyrir allt árið.

Afkoma sjávarútvegs

Þjóðhagsstofnun hefur að mestu lokið uppgjöri á ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja fyrir árið 1996. Þessar athuganir sýna að afkoma sjávarútvegsins í heild versnaði nokkuð frá metárinu 1995 en telst þó hafa verið sæmileg á árinu 1996. Hagnaður nam 2,2% af tekjum ef miðað er við árgreiðsluaðferð stofnunarinnar. Afkoma einstakra greina sjávarútvegsins var mjög mismunandi eins og fram kemur í töflu hér fyrir neðan. Afkoma í útgerð var sæmileg og afkoma í loðnuveiðum og -bræðslu var mjög góð, en halli var af botnfiskvinnslunni. Þessi misskipting afkomunnar er mjög svipuð og hún var á árinu 1995 og áætlar stofnunin að hún verði til staðar enn um sinn.

Hreinn hagnaður í hlutfalli af tekjum

	1996	Rekstrarskilyrði í júlí 1997
Sjávarútvegur í heild [1) 2)]	2	1
Veiðar og vinnsla botnfisks [2)]	-1	-6
Veiðar	2½	0
Bátar	4	3
Togarar	-1	-4
Frystiskip	2½	-1½
Botnfiskvinnsla	-4½	-9½
Frysting	-6½	-13
Söltun	-1½	-4½
Veiðar og vinnsla rækju [2)]	½	1½
Loðnuveiðar og -bræðsla [2)]	21½	32½

1) Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og loðnuveiðar og -bræðsla. Þessar greinar ná til tæplega 90% af allri sjávarafurðaframleiðslunni.

2) Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni.

Frá árinu 1996 er talið að afkoman í heild hafi versnað lítið eitt og er áætlað að hagnaður sé af rekstri sjávarútvegsins í heild sem nemur 1,2% af tekjum ef miðað er við rekstrarskilyrðin nú í júlí. Mestu munar að hagnaður er talinn aukast í loðnuveiðum og -bræðslu, en afkoma botnfiskgreinanna hefur versnað. Afkoma botnfiskvinnslunnar, einkum frystingarinnar, er mjög erfið um þessar mundir, en áætlað er að botnfiskvinnslan sé nú rekin með 9,7% tapi. Frá því á árinu 1996 hefur verð á landfrystum botnfiskafurðum hækkað um 5,3%, en afurðaverð á frystri loðnu lækkaði mikið á síðustu vertíð þannig að loðnufrystingin hjálpaði minna upp á lélega afkomu botnfiskvinnslunnar í ár heldur en hún gerði á árinu 1996. Afurðaverð botnfisksöltunar hefur lækkað um 2,9%. Verð á botnfiski til frystingar er talið hafa hækkað um 4,3% á milli áranna 1996 og 1997, en verð á botnfiski til söltunar er talið hafa lækkað um 1,0%.

Laun og hagnaður

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst eins og ráða má í hann út frá bókhaldsuppgjöri fyrirtækjanna. Á þessu máli er einnig önnur hlið. Hún er sú að líta á þau verðmæti sem myndast í þjóðarbúskapnum eins og þau eru skráð í þjóðhagsreikningum og -spám og er þá öll atvinnustarfsemi meðtalin, bæði starfsemi fyrirtækja og hins opinbera. Unnt er að líta þannig á að lagt sé saman framleiðsluverðmæti alls atvinnurekstrar í landinu en síðan dregin frá sú vara og þjónusta sem hver atvinnugrein eða fyrirtæki kaupir frá öðrum fyrirtækjum. Eftir standa þá þau verðmæti sem vinnuaflið og fjármagnið bera úr býtum eða svonefndar vergar þáttatekjur.

Undanfarna röska tvo áratugi, það er frá 1973 til 1994, hefur þessi skipting verið með þeim hætti að í hlut vinnuaflsins hafa komið að meðaltali rúm 64% þáttatekna en hlutur fjármagnsins eða hagnaðarhlutfallið hefur verið tæp 36%. Hagnaðarhlutfallið er nærnt fyrir hagsveiflu. Lægst fór hagnaðarhlutfallið á árunum 1987 og 1988 eða niður í 31-32%. Það hækkaði síðan töluvert árin 1989 og 1990, lækkaði 1991 en fór síðan hækkandi fram til ársins 1994 og náði þá hámarki eða rúmum 38%. Frá þeim tíma hefur hlutfallið lækkað stöðugt og áætlanir benda til þess að í ár verði hlutfallið komið niður í 35%. Samkvæmt forsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1998 er þess að vænta að hlutfallið lækki enn á næsta ári og fari þá niður í 34½ %.

Á meðfylgjandi mynd er þetta hlutfall sýnt fyrir undanfarna áratugi og sambærilegar tölur fyrir OECD. Eins og sjá má er hlutfallið mun stöðugra fyrir OECD löndin í heild því meginhluta tímabilsins er það á bilinu 38-40%.



Eins og áður segir er hagnaðarhlutfallinu ætlað að gefa vísbendingar um skiptingu þess virðisauka sem myndast í þjóðarbúskapnum milli launa og fjármagns. Þetta hagnaðarhlutfall er þó nokkuð annað en sá hagnaður sem fram kemur í bókhaldi fyrirtækja. Ástæðan er sú að hér er um að ræða hagnað áður en gjaldfærðar eru

afskriftir, laun eigenda í einstaklingsfyrirtækjum og raunvextir. Mestu munar hér um raunvextina vegna þess hve mjög þeir sveiflast frá ári til árs en þeir voru jafnvel neikvæðir framan af því tímabili sem hér er miðað við. Til þess að fá nokkurn samanburð við hagnað fyrirtækjanna hefur Þjóðhagsstofnun áætlað hvern þessara þriggja frádráttarliða. Áætlunin nær að heita má til alls atvinnurekstrar annars en hins opinbera og peningastofnana.

Niðurstöður þessara aðferða sýna að á liðnu ári er talið að hreinn hagnaður atvinnurekstrarins, fyrir tekju- og eignarskatta, hafi numið tæpum 3% af tekjum. Þetta er svipuð afkoma og árið 1994 en lakari en 1995 en þá var hagnaðurinn tæplega 3½%. Árin þar á undan, það er 1992 og 1993, var hagnaðurinn aftur á móti mun lakari eða innan við 1%.

Setja má fram lauslega áætlun um hag atvinnurekstrarins í ár og á næsta ári á forsendum þjóðhagsáætlunar. Samkvæmt henni má búast við að hagnaður atvinnurekstrarins í heild verði nokkru lakari í ár en í fyrra eða nálægt 2¾% af tekjum og minnki enn á næsta ári og verði þá 2½%. Í fjárhæðum er hagnaðurinn bæði árin áætlaður um 22½ milljarður króna.

Í þeim afkomuáætlunum sem hér hafa verið raktar hafa afskriftir verið gjaldfærðar með hefðbundnum hætti. Í áætlun fyrir árið í ár nema afskriftir 41 milljarði króna og er þeim ætlað að mæta sliti og úreldingu fjármuna í rekstri. Lætur því nærri að vergur hagnaður ársins sé um 63 milljarðar króna. Á sama tíma er atvinnuvegafjárfestingin áætluð um 66 milljarðar og tekju- og eignaskattar lauslega áætlaðir um 9 milljarðar og vantar þannig um 12 milljarða króna til þess að vergur hagnaður standi undir fjárfestingum ársins, arðgreiðslum og tekju- og eignarsköttum. En þá er þess að geta að orku- og stóriðjuframkvæmdir, sem fjármagnaðar eru með sérstökum lántökum, eru áætlaðar um 24 milljarðar króna. Samkvæmt þessu má því lauslega áætla að framkvæmdaáform almenns atvinnurekstrar eins og þau birtast í þjóðhagsáætlun rúmist vel innan þeirrar fjárhæðar sem reksturinn skilar í vergan hagnað eftir skatta. Munurinn gæti verið 10-12 milljarðar króna.

Á næsta ári er vergur hagnaður atvinnurekstrarins áætlaður litlu meiri en í ár eða um 68 milljarðar króna en fjárfestingar heldur meiri. Hins vegar dregur verulega úr orku- og stóriðjuframkvæmdum en fjárfestingar í almennum atvinnurekstri aukast. Því virðast allar líkur á því að vergur hagnaður eftir skatta í almennum atvinnurekstri standist rétt rúmlega á við framkvæmdaáformin á næsta ári.

Hagnaður atvinnurekstrarins hefur hér verið metinn sem hlutfall af tekjum. Einnig kemur til álita að líta á arðsemi eigin fjár, þ.e. að setja hagnaðinn í hlutfall við eigið fé fyrirtækjanna. Á þann mælikvarða litið má ætla að í ár verði arðsemi eigin fjár 4¼% eftir greiðslu tekju- og eignarskatta og er það um ½% lakari arðsemi en í fyrra og 1¼% lakara en næstu tvö ár þar á undan, það er 1994 og 1995. Við þessa útreikninga á hagnaði og arðsemi hefur ekki verið reiknað með óreglulegum tekjum og gjöldum enda torvelt að áætla slíka liði. Í kaflanum um afkomu fyrirtækja árin 1995-1996 hér að framan kemur fram að óreglulegar tekjur umfram gjöld hjá þeim 1.050 úrtaksfyrirtækjum, sem þar er fjallað um, voru tæplega 3 milljarðar króna bæði árin 1995 og 1996. Samkvæmt því hefði arðsemi úrtaksfyrirtækjanna orðið 2-3% lakari á árinu 1996 ef þau hefðu ekki notið góðs af óreglulegum tekjum.

Verðlag

Í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í vor var búist við að neysluverð hækkaði um 2½% á þessu ári. Miðað við verðlagsþróunina það sem af er árs má ætla að verðbólgan verði nokkru minni, eða um 1,9% milli áranna 1996 og 1997 og 2,6% frá upphafi til loka árs. Ástæðurnar fyrir minni verðbólgu en spáð hafði verið eru einkum tvær. Annars vegar hækkaði gengi krónunnar verulega á fyrri hluta ársins og hins vegar virðast kostnaðarhækkanir vegna kjarasamninganna hafa gengið hægar út í verðlagið en oft áður.

Frá mars til september hefur verðlagið þó hækkað um 1,6% sem jafngildir 3,3% hækkun vísitölunnar yfir heilt ár. Af einstökum liðum hafa matar- og drykkjarvörur hækkað mest eða um 3,3% á þessu sex mánaða tímabili. Áberandi mikil hækkun hefur orðið á grænmeti, sem gera má ráð fyrir að gangi að hluta til baka þegar lengra líður á árið. Drykkjarvörur hafa einnig hækkað nokkuð í verði svo og brauð og kornvörur. Aðrir liðir hafa hækkað minna eða jafnvel lækkað svo sem kostnaður vegna heilsugæslu, ferðir og flutningar og símakostnaður. Innfluttar neysluvörur hafa hækkað mun minna en innlendar. Á fyrrgreindu sex mánaða tímabili hafa innfluttar neysluvörur án áfengis og tóbaks, hækkað um einungis 0,3%, samanborið við 3,2% hækkun innlendrar vöru.

Hækkun gengisins það sem af er árs hefur að sjálfsögðu haft áhrif á verðlagsþróunina. Miðað við innflutningsvog hækkaði gengi krónunnar um 2,5% frá því í mars til júlí og má glöggt sjá áhrifin í tölum um þróun innflutningsverðs. Til að mynda lækkaði verðlag á innfluttum neysluvörum um 1% í íslenskum krónum á fyrstu sex mánuðum ársins samkvæmt innflutningsskýrslum. Verðbólgan í helstu viðskiptalöndum okkar hefur haldist í lágmarki það sem af er árinu, sérstaklega í löndum Evrópusambandsins.

Verðbólga í nokkrum ríkjum og á Íslandi, vísitala neysluverðs

	1995-1996 Des.-des.	1996-1997 Júlí-júlí
Viðskiptalönd	2,1%	1,9%
Bandaríkin	3,3%	2,2%
Japan	0,2%	1,9%
Evrópusambandið	2,2%	1,7%
Ísland	2,1%	1,6%

Þrátt fyrir að verðbólgan í ár verði minni en reiknað var með framan af árinu er ástæða til að hafa góðar gætur á verðlagsþróuninni á næstu mánuðum og misserum, því eftirspurn og umsvif virðast nú vera nálægt þeim mörkum sem þjóðarbúið þolir án þess að ógna stöðugleikanum. Viðvaranir um slík þenslumörk birtast í ýmsum myndum meðal annars í vaxandi spennu á vinnumarkaði, einkum þeim hlutum hans sem tengjast framkvæmdum, í peningastærðum og hækkandi verðtilboðum í útboðum. Athygli er hér sérstaklega vakin á þróun verðtilboða í þessu samhengi því um aðra þætti er fjallað annars staðar í þessari áætlun.



Þjóðhagsstofnun hefur athugað lauslega þróun verðtilboða í útboðum að undanförnu í samráði við nokkra stóra verkkaupa. Með því að bera verðtilboðin saman við kostnaðaráætlanir verkkaupa má fá vísbendingar um eftirspurnarástand í byggingarstarfsemi og tengdum greinum. Myndin sem fylgir hér með sýnir dæmi um þessar vísbendingar. Þar er að finna samningsfjárhæð í útboðum Vegagerðarinnar sem hlutfall af kostnaðaráætlun frá árinu 1985 til og með júlímánuði á þessu ári. Samningsfjárhæðin er að meðaltali 82% af kostnaðaráætlun það sem af er þessa árs borið saman við 76% í fyrra. Umrætt hlutfall hefur ekki verið svona hátt í tíu ár eða frá toppi hagsveiflunnar 1987-1988. Upplýsingar frá öðrum aðilum en Vegagerðinni segja svipaða sögu um þróunina undanfarin misseri.

Að öllu athuguðu er því ástæða til að vera á varðbergi gagnvart verðbólguhættunni til að geta tryggt í tíma að verðþróunin verði innan viðunandi marka. Verðbólguspáin byggist á því að aðhaldið í peninga- og ríkisfjármálum verði nægilega mikið til að þessu markmiði verði náð. Á þeirri forsendu er gert ráð fyrir að verðbólgan verði um 3% á næsta ári. Hér að baki liggja einkum samningsbundnar launahækkanir og hækkun innflutningsverðs í takt við verðbólgu erlendis.

Tekjur og kaupmáttur

Með gerð kjarasamninga til lengri tíma en oftast áður var styrkum stoðum skotið undir stöðugleikann í efnahagsmálum fyrr á þessu ári. Í því andrúmslofti óvissu og tortryggni milli aðila vinnumarkaðarins sem einkenndu íslenskt efnahagslíf um langt skeið voru kjarasamningar einatt til mjög skamms tíma og þá oft með víðtækum endurskoðunarákvæðum. Flestir kjarasamningar sem gerðir voru í vetur og fram eftir sumri gilda til ársins 2000. Í velflestum samninganna eru endurskoðunarákvæði sem lúta að samanburði á ráðstöfunartekjum á milli Íslands og OECD landanna á samningstímanum. Að

óbreyttum efnahagshorfum hér og erlendis er nokkuð ljóst að þessi ákvæði munu ekki leiða til endurskoðunar samninganna.

Kjarasamningarnir bera flestir sama svipmót. Það hefur verið mat manna að samningarnir feli í sér hækkun um allt að 6% á þessu ári. Hafa verður í huga að í samningum á almennum markaði eru ákvæði sem opna fyrir vinnustaðasamninga um tiltekin atriði en þeir eru víða ófrágengnir. Þá tekur gildi nýtt launakerfi hjá mörgum félögum opinberra starfsmanna 1. desember n.k.

Þróun launavísitölu er í hátt við mat á kjarasamningum. Frá febrúar til ágúst hefur vísitalan hækkaði um 6,1%, en ætla má að áhrifa kjarasamninga gæti mjög á því tímabili. Rétt er að hafa í huga að ekki eru allir samningar komnir inn í vísitöluna. Útlit er fyrir að launavísitalan hækki um 5-5½% milli meðaltala áranna 1996 og 1997, en um ríflega 7% frá upphafi til loka ársins.



Lítt er vitað um þróun vinnutíma á þessu ári, en þó er eðlilegt að gera ráð fyrir að vaxandi vinnuaflseftirspurn leiði til lengri vinnutíma. Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar sýnir að vinnutími fólks í fullu starfi var einni klukkustund lengri í fyrra en hittiðfyrra, en samkvæmt sömu heimild var vinnutími heldur styttri í apríl síðastliðnum en á sama tíma í fyrra. Þá gera áætlanir Þjóðhagsstofnunar ráð fyrir að störfum fjölgi á þessu ári um 1,7%. Í heild er því gert ráð fyrir verulegri aukningu á vinnumagni.

Staðgreiðsluskyldar tekjur voru um 6,5% hærri á fyrstu sjö mánuðunum í ár en á sama tíma í fyrra. Að því þarf að gæta að iðgjald er nú að fullu frádráttarbært frá staðgreiðsluskyldum tekjum, en á fyrri hluta árs 1996 var aðeins hluti iðgjalds til frádráttar. Að teknu tilliti til þessa má ætla að tekjur hafi hækkað um 7,1%. Launavísitala Hagstofunnar var 4,4% hærri á sama tíma. Munurinn er hér um 2,5% og má rekja þann mun til fjölgunar starfa, lengri vinnutíma og tilflutnings milli starfa.

Á undanförnum árum hefur verið ráðist í margvíslegar aðgerðir í tengslum við gerð fjárlaga til að draga úr kostnaði af lífeyristryggingum almannatrygginga. Bætur lífeyristrygginga námu í fyrra um 17,6 milljörðum króna sem er um 14% fjárlaga. Tekjutenging var aukin og tekjugrunnurinn víkkaður þannig að eignatekjur koma nú til skerðingar á bótum. Þá má einnig nefna virkara eftirlit s.s. með ýmsum heimildabótum. Með þessu móti hefur verið spornað við útgjaldaaukningu í lífeyristryggingunum. Þrátt fyrir fjölgun lífeyrisþega jukust útgjöld lífeyristrygginga aðeins um 2,9% frá 1995 til 1996 Viðlíka þróunar gætir á þessu ári. Þá hafa útgjöld til atvinnuleysisbóta minnkað til muna vegna minna atvinnuleysis.

Bætur almannatrygginga hafa hækkað meira en laun á þessu ári. Þær voru hækkaðar um 2% í upphafi árs, um 4% í mars og loks um 2,5% í ágúst eða samtals um 8,7%. Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga hækkuðu mjög mikið í fyrra eða um 20% frá árinu á undan. Þetta er meiri hækkun en ráð var fyrir gert og það ásamt því að ýmsar bætur hækkuðu minna en áætlað var hefur í för með sér að nauðsynlegt hefur reynst að endurskoða áætlun um ráðstöfunartekjur á árinu 1996. Nú er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi hækkað um 3,5% í stað 4,5% sem áður hafði verið áætlað. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á lögum um tekjuskatt á þessu ári sem miða að því að draga úr jaðarskatti. Tekjuskatthlutfallið var lækkað um 1,1% frá og með 1. maí í staðgreiðslu. Um mitt síðasta ár var heimilað að draga iðgjald til lífeyrissjóða að fullu frá skatti. Á móti þessum lækkunum á jaðarsköttum vegur að aukinn kaupmáttur leiðir óumflýjanlega til aukinnar skattbyrði, einkum þegar haft er í huga að persónuafsláttur er óbreyttur milli ára. Þegar alls er gætt er reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni aukast um 4,5% á þessu ári.

Horfur um tekjur heimilanna á næsta ári mótast af þeim launahækkunum sem kveðið er á um í kjarasamningum og skattabreytingum. Í upphafi næsta árs mæla samningarnir fyrir um 4% hækkun launa. Að því gefnu en að öðru óbreyttu má ætla að meðalhækkun launavísitölunnar geti orðið í kringum 7%. Spáð er að störfum (mannárum) fjölgi um 1,4%. Þá liggur fyrir að tekjuskattshlutfall mun lækka um 2% í byrjun næsta árs. Hátekjuskatturinn hækkar úr 5% í 7% en mörk skattsins eru hækkuð á móti. Miðað við spá um 2,5% verðbólgu er því útlit fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni batna um 5-5½% á næsta ári.

Vinnumarkaðurinn

Dregið hefur jafnt og þétt úr atvinnuleysi í aðildarríkjum OECD frá árinu 1993 þótt hægt miði. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi í OECD-ríkjum í heild minnki heldur í ár og er áætlað að það verði 7,3% á árinu en það var 7,5% í fyrra. Atvinnuleysi er mun meira meðal ríkja Evrópu en í Bandaríkjunum eða 10% á móti 5% af mannafla. Á næsta ári er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 7,1% í OECD-ríkjum og dregur þá aðallega úr atvinnuleysi í Evrópu. Í ár er áætlað að störfum fjölgi um 2,3% í Bandaríkjunum en um 0,4% í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Hér á landi hefur dregið úr atvinnuleysi samfellt frá árinu 1995. Skráð atvinnuleysi á fyrstu átta mánuðum í ár er 4,2% en var 4,6% á sama tíma í fyrra. Atvinnuleysi karla á fyrstu sjö mánuðunum er 0,6% minna en í fyrra eða 2,9% samanborið við 3,5% í fyrra. Á fyrstu átta mánuðum er atvinnuleysi kvenna hins vegar svipað og í fyrra eða

5,9% í ár en 6% í fyrra. Ástæða þess að ekki hefur dregið úr atvinnuleysi kvenna er m.a. sú að átaksverkefnum hefur fækkað og framkvæmdir við stóriðju tengjast fremur greinum þar sem karlar eru í meiri hluta.



Af einstökum kjördæmum er atvinnuleysi minnst á Vestfjörðum nú sem endranær eða 0,9%. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu í ágúst var 3,8% en var 5,3% í janúar. Meira hefur dregið úr atvinnuleysi á landsbyggðinni. Það var 4,9% í janúar og var komið í 2,3% í ágúst. Skýringin getur m.a. verið sú að töluverður flutningur fólks hefur verið af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á árinu. Það dró úr atvinnuleysi karla og kvenna á landsbyggðinni á fyrstu átta mánuðunum en eingöngu karla á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi kvenna á höfuðborgarsvæðinu var aðeins 0,6% lægra í ágúst en það var í byrjun ársins.

Í atvinnukönnun Þjóðhagsstofnunar sem gerð var í apríl síðastliðnum töldu atvinnurekendur æskilegt að fjölga starfsfólki um rösklega 300 manns á landinu öllu, sem er um 0,3% af áætluðu vinnuafli. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur ekki verið svona mikil síðan árið 1991. Fjölgunin kemur öll fram á höfuðborgarsvæðinu og er æskileg fjölgun starfsfólks mest í þjónustustarfsemi, iðnaði, verslun og veitingastarfsemi. Atvinnurekendur á landsbyggðinni vildu fækka um 20 manns og helst í verslun og veitingastarfsemi. Eftirspurn eftir starfsfólki var mest í iðnaði og þá sérstaklega málmiðnaði.

Spáð er að atvinnuleysi minnki um 400 ársverk og verði 3,9% af vinnuaflinu á árinu 1997 samanborið við 4,3% árið 1996. Það samsvarar því að um 5.200 manns verði án vinnu að meðaltali. Gert er ráð fyrir að störfum fjölgi um 2.000 ársverk eða um 1,7% frá árinu 1996. Atvinnuþátttaka eykst lítillega frá árinu áður. Horfur til næsta árs eru þær að atvinnuleysi muni enn minnka og verða um 3,6% og störfum muni fjölga um 1,4%.

Fjármál hins opinbera

Tekjuhalli hins opinbera á árinu 1997 er áætlaður 3,5 milljarðar króna á rekstrargrunni og skiptist þannig að 2,5 milljarða má rekja til ríkissjóðs og 1 milljarð til sveitarfélaga. Þessi halli svarar til 0,7% af landsframleiðslu borið saman við 1,7% í fyrra. Afkomubatinn er um 4,5 milljarðar króna milli ára og skýrist hann af 3% raunaukningu tekna á sama tíma og útgjöld hafa aðeins aukist um 0,5%.

Áætlað er að heildarútgjöld hins opinbera verði rúmlega 192 milljarðar króna og hækki um 6,5 milljarða króna milli ára og mælist 36,9% af landsframleiðslu. Til samanburðar námu útgjöld síðasta árs 38,4% af landsframleiðslu. Þessa hlutfallslækkun má fyrst og fremst rekja til fjárfestinga og fjármagnstilfærslna milli ára en samneyslan mun hins vegar aukast um 2,2% að raungildi og verða lítið eitt lægra hlutfall af landsframleiðslu og árið á undan eða 20,6%.

Tekjur hins opinbera eru taldar verða um 189 milljarðar króna en voru rúmlega 178 milljarðar króna árið á undan. Miðað við landsframleiðslu lækka tekjurnar um 0,5 prósentustig og mælast 36,2% af landsframleiðslu. Skatttekjur hins opinbera eru taldar aukast um 10 milljarða króna milli ára eða um ríflega 3% að raungildi.

Yfirlit um fjármál hins opinbera 1996-1998

	Í milljörðum króna					
	Brb.	Áætlun	Spá	Hlutfall af VLF		
	1996	1997	1998	1996	1997	1998
Heildartekjur	177,8	188,8	201,8	36,7	36,2	35,9
1. Skatttekjur	165,8	176,1	188,4	34,2	33,8	33,5
2. Aðrar tekjur	12,0	12,7	13,4	2,5	2,4	2,4
Heildarútgjöld	185,9	192,4	205,0	38,4	36,9	36,5
1. Samneysla	100,7	107,5	117,3	20,8	20,6	20,8
- þar af afskriftir	3,0	3,2	3,5	0,6	0,6	0,6
2. Önnur útgjöld	88,0	88,1	91,2	18,2	16,9	16,2
Tekjuafgangur	-8,1	-3,6	-3,2	-1,7	-0,7	-0,6

Fjárlög A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1997, sem eru á greiðslugrunni, voru afgreidd með tekjuafgangi og er það í fyrsta skipti um langa hríð sem það er gert. Gert var ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu ríflega 126 milljarðar króna og útgjöldin lítið eitt lægri. Þá var gert ráð fyrir að kröfu- og hlutafjáreign ríkissjóðs lækkaði um 1,7 milljarða króna, þannig að hrein lánsfjárþörf hans yrði neikvæð um 1,8 milljarða króna. Þessi áform hafa breyst allnokkuð, bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Kemur þar til meðal annars meiri launahækkanir en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þá tók ríkisstjórnin ýmsar ákvarðanir í tengslum við kjarasamninga sem breyttu fyrri áætlunum. Að síðustu er efnahagsframvindan hagstæðari en ráð var fyrir gert og tekjur því hærri en áætlanir stóðu til.

Að öllu þessu samanlögðu er nú reiknað með að tekjurnar verði 4,5 milljörðum króna hærri en í fjárlögum ársins og gjöldin ríflega 6 milljörðum króna meiri, meðal

annars vegna aukinna launaútgjalda og viðbótarútgjalda til almannatrygginga og ekki hvað síst 4 milljarða króna vaxtagreiðslna á árinu vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina. Tekjuafkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni gæti því orðið neikvæð um allt að 1½ milljarð króna.

Afkoma sveitarfélaganna hefur verið mun betri síðustu tvö árin en hún var árin þar á undan. Í áætlunum um fjármál sveitarfélaga fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir að tekjuhalli þeirra verði aðeins meiri en á síðasta ári og mælist ríflega 1 milljarður króna eða um 2,8% af tekjum þeirra. Með flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga hafa heildarútgjöld sveitarfélaganna vaxið verulega og verða þau um 48½ milljarður króna í ár eða 9,3% af landsframleiðslu. Að sama skapi vaxa tekjurnar en þær eru áætlaðar ríflega 47 milljarðar króna á þessu ári. Búskapur sveitarfélaga nemur nú um fjórðungi af búskap hins opinbera.

Heildarskuldir hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs og sveitarfélaga, eru áætlaðar rúmlega 282 milljarðar króna á árinu 1997 og mælast 54,1% af landsframleiðslu, sem er rúmlega 3 prósentustigum lægra hlutfall af landsframleiðslu en árið á undan. Þá er reiknað með að hreinar skuldir þess verði 197 milljarðar króna eða 37,7% af landsframleiðslu. Áfallnir ógjaldfallnir vextir ríkissjóðs teljast nú með skuldum hins opinbera. Erlend lán eru tæplega helmingur heildarskulda hins opinbera.

Fjármál sveitarfélaga 1994-1997

	Í milljörðum króna				Hlutfall af landsframleiðslu			
	1994	1995	1996	1997	1994	1995	1996	1997
Heildartekjur	31,9	34,9	39,9	47,1	7,8	7,7	8,2	9,0
Heildarútgjöld	38,8	36,4	40,7	48,4	9,4	8,0	8,4	9,3
Tekjuhalli	-6,8	-1,5	-0,8	-1,3	-1,7	-0,3	-0,2	-0,3

Í lánsfjárþörf þessa árs var gert ráð fyrir að hrein lánsfjárþörf opinberra aðila yrði um 16½ milljarður króna eða sem svarar til 3,2% af landsframleiðslu. Forsendur áætlunarinnar hafa hins vegar breyst nokkuð meðal annars vegna sérstakrar innköllunar ríkissjóðs á spariskírteinum, en sú ákvörðun fól í sér viðbótar vaxtagreiðslur á árinu upp á 4 milljarða króna. Í heildina stefnir í 18 milljarða króna lánsfjárþörf opinberra aðila á árinu 1997, sem er 3,4% af landsframleiðslu. Til samanburðar mældist lánsfjárþörf síðasta árs 4,8% af landsframleiðslu. Lánsfjárþörf opinberra fjárfestingarlánasjóða og ríkisfyrirtækja, aðallega Landsvirkjunar, vegur þyngst í þessu samhengi en hrein lánsfjárþörf þeirra er áætluð 8,5 milljarðar króna. Þá er lánsfjárþörf hins opinbera húsnæðiskerfis áætluð ríflega 6 milljarðar króna.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1996-1998

	1996	Horfur 1997	Breyting frá fyrra ári	Áætlun 1998
Milljarðar króna				
Hrein lánsfjárþörf, alls	23,5	17,8	-5,0	8,1
- Ríkissjóður A-hluti	12,8	3,1	-9,0	-5,0
- Húsnæðiskerfið	9,4	6,1	-3,3	7,2
- Aðrir opinberir aðilar	1,3	8,5	7,2	5,8
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	4,8	3,4	-1,3	1,4

Með hliðsjón af fjárlagafrumvarpi ársins 1998 og áætlunum um fjármál sveitarfélaga bendir flest til þess að tekjuhalli hins opinbera á næsta ári verði rúmlega 3 milljarðar króna samkvæmt tekju- og útgjaldauppgjöri þjóðhagsreikninga. Þá er reiknað með svipuðum halla á rekstri ríkisins og sveitarfélaga. Í þessum sambandi er rétt að benda á að nokkur munur er á uppgjörsaðferðum þjóðhagsreikninga og ríkisreiknings, meðal annars er hagnaður af sölu eignarhluta ríkisins í félögum ekki færður til tekna í uppgjöri þjóðhagsreikninga heldur yfir endurmatsreikning. Hallinn samsvarar því um 0,6% af landsframleiðslu samanborið við 0,7% á líðandi ári. Reiknað er með að tekjur hins opinbera verði um 202 milljarðar króna eða 35,9% af landsframleiðslu, en það þýðir lækkun um 0,3 prósentustig frá árinu 1997. Útgjöldin munu einnig lækka nokkuð sem hlutfall af landsframleiðslu en þau eru áætluð 205 milljarðar króna eða um 36,5% af landsframleiðslu.

Fjárlagafrumvarp A-hluta ríkissjóðs er nú í fyrsta sinn lagt fram á rekstrargrunni samkvæmt nýjum lögum þar um. Þetta þýðir að allar fjárskuldbindingar, bæði greiddar og ógreiddar, sem A-hluti ríkissjóðs stofnar til á fjárlagaárinu færast til gjalda. Dæmi þar um eru áfallnir ógreiddir vextir og sömuleiðis áfallnar lífeyrisskuldbindingar. Í nýju fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir um 0,5 milljarða króna tekjuafgangi og lækkunar skulda A-hluta ríkissjóðs (nettó) um nálægt því 5 milljarða króna. Lækkun skuldanna verður meðal annars fjármögnuð með sölu hlutabréfa. Afkoma sveitarfélaganna í heild er talin verða heldur lakari 1998 en í ár þótt erfitt sé um það að spá að svo stöddu. Varðandi lánfjárþörf opinberra aðila í heild er áætlað að hún verði rúmlega 8 milljarðar króna á næsta ári. Munar þar mestu um lánsfjárþörf húsnæðiskerfisins.

Peningamál

Eins og jafnan áður við góðan byr í efnahagsmálum hafa peninga- og lánastærðir vaxið töluvert ört að undanförnu. Þannig hafa heildarútlán innlánsstofnana (með markaðsbréfum) aukist um 15,2% síðustu tólf mánuði, peningamagn í víðum skilningi, M4, um 11,0% og M3 um 7,3%. Þótt þessar tölur séu nokkuð háar er álitamál hvort í þeim felist útlánaþensla. Líklega má skýra mikla aukningu útlána innlánsstofnana að hluta með aukinni markaðshlutdeild þeirra. Vöxtur peningamagns er hins vegar nálægt jaðri þess sem telja má viðunandi við núverandi aðstæður og því er mikilvægt að fylgst verði náið með honum á næstunni.



Við þessar aðstæður er eðlilegt að vextir hafi verið nokkuð háir að undanförnu í samanburði við helstu viðskiptalönd. Vaxtamunurinn á peningamarkaði hefur verið 2½-3% það sem af er þessu ári. Vextirnir eru hins vegar mjög mismunandi eftir löndum. Til marks um það má nefna að ávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla er 5,1% í Bandaríkjunum um þessar mundir, 3,2% í Þýskalandi, 4,1% í Svíþjóð og 7,1% í Bretlandi. Sambærilegir vextir hér á landi eru 6,9%, ívið lægri en í Bretlandi. Ástæðan fyrir áþekkum vöxtum hér og í Bretlandi er sú að ástand og horfur í efnahagsmálum eru um margt svipaðar. Í því sambandi nægir að nefna öran hagvöxt, vaxandi atvinnu og nálægð við fulla nýtingu framleiðsluþátta.

Langtímavextir hafa farið lækkandi á þessu ári, bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum skuldbindingum. Í ársbyrjun var ávöxtun tíu ára verðtryggðra ríkisbréfa 5,7% en í september síðastliðnum var hún 5% og á sama tíma lækkaði ávöxtun fimm ára óverðtryggðra ríkisbréfa úr 9,5% í 8,2%. Þótt langtímavextir hafi því lækkað verulega á þessu ári verða þeir að teljast háir í samanburði við önnur lönd. Ef aftur er miðað við Bretland eru sambærilegir vextir þar nú 3,6% þegar verðtryggð ríkisbréf eiga hlut að máli og 6,9% í tilviki óverðtryggðra bréfa.

Gengi krónunnar hækkaði jafnt og þétt framan af árinu og náði hámarki í júlí er það var tæplega 2,5% hærra en um áramótin. Hækkun gengisins má meðal annars rekja til mikils innstreymis gjaldeyris. Þannig nam hreint innstreymi á millibankamarkaði 21 milljarði króna á fyrstu sjö mánuðum ársins. Frá því í lok júlí hefur gengið lækkað og er það þegar þetta er ritað 1,1% hærra en það var í ársbyrjun og 0,6% fyrir ofan miðgildi viðmiðunargengisins. Það felst í gengisstefnu stjórnvalda að gengið geti breyst innan 6% marka frá miðgildi eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Hér er byggt á þeirri tæknilegu forsendu að gengi krónunnar verði óbreytt frá því sem það var þegar

áætlunin var gerð, með öðrum orðum hvorki er reynt að spá fyrir um gengi íslensku krónunnar né innbyrðis breytingar á gengi helstu viðskiptamynta.

Á þessum forsendum og miðað við spá Þjóðhagsstofnunar um þróun verðlags og launa er ljóst að raungengi krónunnar mun halda áfram að hækka á næsta ári. Ætla má að það hækki um 1,4% á mælikvarða verðlags og 2,6% á mælikvarða launa.

Erfitt er að svo stöddu að henda reiður á líklegri þróun vaxta á næsta ári. Vaxtaþróunin hlýtur óhjákvæmilega að ráðast í ríkum mæli af framvindu eftirspurnar og væntinga í þjóðfélaginu. Eins og fram hefur komið hér á undan er búist við að það hægi talsvert á vexti þjóðarútgjalda á árinu 1998. Fyrir vikið ættu vextir að hneigjast niður á við, langtímavextir meira en skammtímavextir því þeir eru hærri um þessar mundir en auðvelt er að færa góð efnahagsleg rök fyrir.

Þjóðarútgjöld

Einkaneysla.

Vísbendingar um þróun einkaneyslunnar það sem af er þessu ári eru nokkuð misvísandi. Þannig jókst velta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum á fyrri hluta ársins um 4,5% að raungildi í helstu greinum sem tengjast einkaneyslu. Á sama tíma jókst innflutningur á neysluvörum um rúmlega 10%. Innflutningur bifreiða vó þar þungt en einnig var mikið flutt inn af varanlegum og hálfvaranlegum vörum sem teljast til einkaneyslu, svo sem heimilistækjum hvers konar. Velta í greiðslukortaviðskiptum og útlánaþróun til einstaklinga styðja einnig meiri vöxt einkaneyslu en ætla má af virðisaukaskattsskýrslum. Rétt er þó að geta þess að virðisaukaskattsskýrslurnar ná aðeins til fyrstu sex mánuða ársins og þær sýna vaxandi útgjöld innan tímabilsins. Jafnframt þarf að hafa í huga kjarasamningana og tímasetningar launabreytinga í kjölfar þeirra.



Að öllu þessu samanlögðu og að teknu tilliti til áætlaðrar aukningar ráðstöfunartekna er hér reiknað með að einkaneyslan á þessu ári verði 5% meiri að raungildi en í fyrra. Til samanburðar var vöxtur hennar 6,4% í fyrra og 4,2% í hittifyrra. Gert er ráð fyrir að vöxtur einkaneyslunnar á næsta ári verði nánast í hátt við þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna. Í því felst að einkaneyslan verði um 5% meiri en á þessu ári.

Samneysla.
Útgjöld til samneyslu eru talin aukast um 2,2% að raungildi á þessu ári og spáð er 3% aukningu þeirra á því næsta. Þetta er töluvert meiri aukning en á árunum 1995 og 1996. Þá jókst hún um 1,3% fyrra árið og 1,4% það seinna. Ástæðuna fyrir vaxandi samneyslu má fyrst og fremst rekja til aukinna útgjalda til heilbrigðismála og menntamála.

Rétt er að benda á að vaxandi útgjöld til samneyslu eru umhugsunarefni því bæði eru slík útgjöld að vaxa hraðar hér á landi en í helstu viðskiptalöndum og jafnframt er samneyslan hærra hlutfall af landsframleiðslu hér á landi en víðast hvar, eða um 21%. Að vísu er þetta hlutfall hærra annars staðar á Norðurlöndum, einkum í Svíþjóð og Danmörku, þar sem það er um 25% borið saman við 16% að meðaltali í OECD ríkjunum í heild.

Fjárfesting.
Líkt og á síðasta ári yfirgnæfir vöxtur fjárfestingarinnar aðra þætti þjóðarútgjaldanna. Framkvæmdir í stóriðju, orkumannvirkjum og samgöngum skipta hér sköpum þótt áfram sé reiknað með aukningu í almennri atvinnuvegafjárfestingu eins og í fyrra. Af fjárfestingu í atvinnuvegunum er áætlað að hlutur nýfjárfestinga í stóriðju og orkuverum nemi alls tæpum 23 milljörðum króna eða sem svarar um þriðjungi af heildinni. Framkvæmdum vegna stækkunar álverksmiðjunnar í Straumsvík var að mestu lokið á fyrri hluta þessa árs en um mitt ár hófust framkvæmdir við nýtt álver Norðuráls hf. á Grundartanga auk þess sem orkuframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar og Hitaveitu Reykjavíkur við Nesjavelli hófust af fullum krafti.

Innflutningur á fjárfestingarvörum jókst verulega á fyrri hluta ársins, en svo virðist sem nokkuð hafi dregið úr innflutningi á flutningatækjum til atvinnurekstrar eftir verulega aukningu á síðasta ári. Velta í atvinnugreinum sem tengjast fjárfestingu hefur aukist umtalsvert á síðustu sex mánuðum miðað við sama tíma í fyrra, eða um 12% samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum.

Í heild eykst atvinnuvegafjárfestingin um 27,5% á þessu ári samkvæmt spánni sem er í reynd heldur minni aukning en áður var reiknað með. Þetta skýrist einkum af því að áætlanir um stóriðjuframkvæmdir og innflutning skipa og flugvéla hafa verið endurskoðaðar til lækkunar.

Að öllu óbreyttu mun hægja verulega á vexti atvinnuvegafjárfestingarinnar á næsta ári eftir gríðarlega mikinn vöxt undanfarin misseri. Þetta stafar af því að stóriðjuframkvæmdir ná hámarki á þessu ári og þótt þær verði áfram miklar á árinu 1998 verða þær samkvæmt áætlunum ívið minni en á þessu ári. Talið er að almenn atvinnuvegafjárfesting vegi þennan samdrátt upp og fyrir vikið er því spáð að atvinnuvegafjárfestingin í aukist lítillega, eða um 1%.



Eftir mikinn samdrátt í nýbyggingum vegna íbúðarhúsnæðis undanfarin ár varð aukning í fjölda samþykktra skuldabréfaviðskipta vegna nýbygginga milli áranna 1995 og 1996 og á fyrri hluta þessa árs. Spáin um fjárfestingu í íbúðarhúsnæði gerir ráð fyrir 5% aukningu milli ára á hvort árið 1997 og 1998.

Opinberar framkvæmdir hafa aukist nokkuð á þessu ári, sérstaklega vega- og brúarframkvæmdir svo og framkvæmdir sveitarfélaga við götur og holræsi. Aftur á móti stefnir í að byggingaframkvæmdir á vegum hins opinbera standi nánast í stað milli ára. Í heild eykst fjárfesting hins opinbera um rúm 6% að magni á þessu ári.

Fyrirliggjandi áform fyrir næsta ár benda til samdráttar í opinberum fjárfestingum. Þetta á sérstaklega við um vega- og brúarframkvæmdir og framkvæmdir við götur og holræsi sem áformað er að minnki um rúm 5%. Aðrir liðir opinberra framkvæmda standa nánast í stað og í heild minnkar fjárfestingin hjá hinu opinbera um 2,3% á næsta ári.

Samandregið stefnir því í að fjárfestingin í heild aukist einungis um 1,3% frá 1997 til 1998 eftir að hafa aukist samtals um 46% frá 1995 til 1997. Á þessum tíma hefur hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu hækkað úr 14,6% árið 1995 í 19,4% á næsta ári, gangi spáin eftir.

Þjóðarútgjöld í heild

Samtals fela þessar áætlanir um neyslu- og fjárfestingarútgjöld í sér að þjóðarútgjöldin í heild aukist um 6,7% á þessu ári og 3,9% á því næsta. Samkvæmt þessum áætlunum hægir því verulega á vexti þjóðarútgjalda á árinu 1998, einkum vegna þess að fjárfesting eykst minna en á þessu ári, og fyrir vikið ætti að draga úr hættu á þenslu í þjóðarbúskapnum.

Utanríkisviðskipti og erlendar skuldir

Halli á viðskiptum við útlönd er eitt af megineinkennum efnahagsþróunarinnar hér á landi um þessar mundir. Fyrri hluta ársins nam hallinn á viðskiptajöfnuði 3 milljörðum króna samanborið við 3,7 milljarða króna halla á sama tíma í fyrra. Betri útkomu í ár má rekja til viðskipta með skip og flugvélar. Þegar litið er fram hjá þeim viðskiptum var hallinn á fyrri hluta þessa árs 3,8 milljarðar króna samanborið við 1,9 milljarða í fyrra.

Á útflutningshlið einkennist þróunin af stöðnun í útflutningi sjávarafurða, en á móti því hefur vegið kröftugur vöxtur í útflutningi iðnaðarvara, bæði stóriðju og annarrar iðnaðarvöru. Í heild jókst almennur vöruútflutningur um 1% að magni fyrstu sjö mánuði ársins. Þjónustuútflutningur jókst um rúm 23% á fyrri hluta ársins.

Erlendum ferðamönnum fjölgaði um 10% á árinu 1996 en þá eru „daggestir" ekki meðtaldir. Þrátt fyrir þessa aukningu drógust tekjur af erlendum ferðmönnum saman um 5% að raungildi milli ára. Fargjaldahluti teknanna heldur þó áfram að vaxa jafnt og þétt og jókst hann um rúmlega 12% að raungildi í fyrra. Á fyrstu átta mánuðum í ár hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um 5% miðað við sama tímabil á síðasta ári. Heildartekjur af erlendum ferðamönnum voru 12% hærri á fyrri helmingi ársins en á sama tímabili í fyrra og munar þar mestu um auknar tekjur af farþegaflutningum. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum gætu því orðið um 22,5 milljarðar króna á árinu 1997 sem þýðir rösklega 6% hækkun að raungildi milli ára. Tekjur vegna útgjalda innanlands gætu orðið um 10,5 milljarðar króna og tekjur vegna fargjalda greiddum í erlendri mynt um 12 milljarðar.

Spáin fyrir árið í heild gerir ráð fyrir því útflutningur vöru og þjónustu aukist að magni um 3,2%, þar af vaxi vöruútflutningur um 1,5% og þjónustutekjur án þáttatekna um 7,7%.



Innflutningshliðin einkennist af mikilli aukningu sérstaks vöruinnflutnings en þar vegur þyngst innflutningur vegna stóriðju- og orkuframkvæmda. Í forsendum fyrir þetta ár nemur sá innflutningur um 15 milljörðum króna. Sú fjárhæð kemur að vísu ekki öll fram á vöruhluta utanríkisviðskiptanna þar sem hluti hennar færist sem innflutt þjónusta.

Fyrir árið í heild er gert ráð fyrir að vöruskiptajöfnuðurinn verði neikvæður um 5½ milljarð króna, sem felur í sér breytingu til hins verra á seinni helmingi ársins miðað við sama tímabil í fyrra um tæpa 6 milljarða. Þjónustujöfnuður án vaxta verður neikvæður um 1,7 milljarða króna en á fyrri hluta ársins var jöfnuður í þessum viðskiptum. Að teknu tilliti til halla á jöfnuði þáttatekna um tæpa 10 milljarða króna, aðallega vegna vaxtagreiðslna af erlendum lánum, stefnir því í að viðskiptajöfnuðurinn verði neikvæður um 17,5 milljarða króna á þessu ári, eða sem svarar 3,4% af landsframleiðslu. Sé litið fram hjá áhrifum fjárfestinga í stóriðju og orkuverum verður viðskiptajöfnuðurinn neikvæður um 0,7% af landsframleiðslu.

Niðurstaða spár um viðskiptajöfnuð fyrir næsta ár leiðir til áþekkrar útkomu og fyrir árið í ár. Aukin álframleiðsla skilar vaxandi útflutningstekjum auk þess sem áfram er reiknað með nokkrum vexti í útflutningi annars iðnvarnings. Þjónustujöfnuður án vaxta verður heldur hagstæðari en á yfirstandandi ári, aðallega vegna minni útgjalda til stóriðjuframkvæmda. Á móti þessu vegur að hluta aukinn halli á jöfnuði þáttatekna, þannig að í heild eykst viðskiptahallinn í tæpa 19 milljarða króna eða í 3,4% af landsframleiðslu og sambærilegt hlutfall án stóriðjuframkvæmda er 1,6%. Í sambandi við þessar áætlanir um halla 1997 og 1998 er rétt að geta þess að erfitt er að henda nákvæmlega reiður á skiptingu innflutnings vegna stóriðju á umrædd ár. Ef slíkur innflutningur færist á milli ára hefði það að sjálfsögðu tilsvarandi áhrif á viðskiptahallann.

Vaxandi halli á viðskiptum við útlönd þýðir að öðru jöfnu að erlendar skuldir þjóðarbúsins fari vaxandi og svo verður einnig raunin á þessu og næsta ári gangi spáin eftir. Að raungildi aukast erlendar skuldir um 3½% á þessu ári og um 4½% á því næsta. Hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu hækkar þó ekki og skýrist það einkum af hækkun raungengis. Hlutfallið verður að heita má stöðugt eða um 46% af landsframleiðslu bæði árin 1997 og 1998.

Yfirlit þjóðhagsspár 1998

Niðurstaða þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1998 er sú að landsframleiðsla aukist um 3,5% og þjóðartekjur aukist um 3,7%. Þjóðarútgjöld eru talin aukast nokkru meira, eða um 3,9%, og því eykst viðskiptahalli lítillega. Þetta er mikil breyting á vexti þjóðarútgjalda frá næstu tveimur árum á undan þegar þau jukust um nálægt því 7% hvort árið. Fyrir vikið gæti dregið úr þeirri spennu eftirspurnar sem hefur verið að myndast að undanförnu vegna mikilla umsvifa í þjóðarbúskapnum. Mikilvægt er að þetta gangi eftir því bæði viðskiptahalli og verðbólga eru við efri mörk þess sem viðunandi er.



Efnahagshorfur á næstu árum

Ef ekki kemur til nýrrar stóriðju mun framkvæmdum við iðju- og orkuver, sem eru í gangi eða hafa verið ákveðnar, ljúka á árinu 1999. Þetta setur nokkurn svip á hagsveifluna á þessu tímabili og verður hagvöxtur hægari síðari hluta tímabilsins en á þeim fyrri. Að jafnaði er gert ráð fyrir 3,3% hagvexti árin 1998-2002, en 3% hagvexti árin 2000-2002. Meðfylgjandi mynd sýnir vel hvernig heildarfjárfestingin og innlend eftirspurn vegna hennar fer minnkandi frá hámarki ársins 1997.

Ætla má að þegar tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga, vaxta- og arðgreiðslna o.s.frv. standi eftir um 0,4% af þjóðarframleiðslu, sem beint framlag iðjuveranna til viðskiptajafnaðar og þjóðarframleiðslu.

Af öðrum sérstökum fjárfestingum ber að nefna áform Flugleiða um kaup á nýjum farþegaþotum á næstu árum. Þær fjárfestingar hafa að sjálfsögðu engin bein áhrif á innlenda eftirspurn fyrir utan aukin umsvif og tekjur Flugleiða, en áhrif á innflutning og viðskiptajöfnuð verða töluvert mikil þegar kaup véla eiga sér stað.

Helstu talnaforsendur Þjóðhagsstofnunar í mati á efnahagshorfum næstu ára eru raktar hér að neðan. Þar sem ekki er annað tekið fram eiga meðaltöl við tímabilið 1998-2002.

Hið opinbera. Gert er ráð fyrir að samneysla aukist að jafnaði um 2,3% á ári að jafnaði 1998-2002. Gert er ráð fyrir að skattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu lækki nokkuð, en að fjárfestingar hins opinbera vaxi lítillega, eða um 1,2% árlega.

Alþjóðahorfur. Að jafnaði er reiknað með 2,8% árlegum hagvexti í OECD ríkjunum og að verðbólga verði um 2% á ári. Gert er ráð fyrir að nafnvextir á erlendum lánum hækki um 0,2 prósentustig árið 1999, en að vextir verði óbreyttir eftir það.



Vöruviðskipti. Gert er ráð fyrir að útflutningur sjávarafurða aukist um 2½% að jafnaði á ári. Útflutningur stóriðjuafurða mun aukast mikið samhliða gangsetningu stækkunar ÍSALs, Norðuráls og stækkunar Íslenska járnblendifélagsins árin 1998-2000. Útflutningur áls eykst úr um 100 þúsund tonnum á ári í um 220 þúsund tonn og útflutningur kísiljárns eykst úr um 70 þúsund tonnum árlega í um 110 þúsund tonn. Iðjuverin verða öll rekin á fullum afköstum árið 2000.

Reiknað er með að álverð hækki einungis um 2% fram til ársins 1999. Hins vegar er gert ráð að álverðið muni hækka um 50% að raungildi árin 2000-2002, en sú hækkun muni þó ganga að miklu leyti til baka árin þar á eftir. Þetta er í samræmi við spár sérfræðinga um álmarkaðinn. Reiknað er með að verðlag á aðföngum til stóriðju fylgi verði afurðanna, en að öðru leyti fylgi verðlag út- og innflutnings erlendri verðbólgu. Vegna forsendunnar um hækkun álverðs batna viðskiptakjör um 1% árlega í reikningunum.

Að gefnum þessum forsendum verður hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu á árunum 1998-2002 um 3,3% að jafnaði eins og áður sagði. Vöxturinn er ívið meiri 1998-1999, eða 3,6%, en um 3% árin 2000-2002. Gert er ráð fyrir um 3,8% vexti einkaneyslunnar, en að fjárfesting aukist einungis um tæp 2% á ári. Hafa ber í huga að fjárfesting er mjög mikil á árinu 1997. Reiknað er með að þjóðarútgjöld í heild vaxi um 3% árlega. Í heild vex útflutningur að jafnaði um 4½% á ári, en innflutningur um 4%.

Eftirspurn eftir mannafla eykst um 1,3% árlega að jafnaði og aukning framleiðni vinnuafls verður um 2%, en það er svipuð framleiðniaukning og í OECD ríkjunum. Kaupmáttur launa á ársverk eykst ívið meira en framleiðnin eða um 2,3% á ári, en í OECD er gert ráð fyrir um 1,5% aukningu kaupmáttar launa á ári. Fjölgun fólks á vinnualdri verður um 1% á ári og miðað við svipaða atvinnuþátttöku lækkar atvinnuleysi úr 4% árið 1997 niður í 2½-3% undir lok tímabilsins.

Það er vert að staldra við nokkur atriði í þessum framreikningum. Fyrst má nefna að þótt gert sé ráð fyrir að framleiðni og raunlaun haldist nokkurn veginn í hendur yfir tímabilið í heild, þá hækka laun á árunum 1998-1999 meira en svarar framleiðniaukningunni og raungengi hækkar um 1% hvort ár um sig. Það er síðan gert ráð fyrir að raungengi fari enn hækkandi árin 2000-2002 Afkastageta hagkerfisins verður því sem næst fullnýtt á þessu tímabili svo það er ljóst að nokkur spenna kemur til með að myndast í hagkerfinu við þessar kringumstæður og ef framleiðniaukning verður ekki meiri en gert er ráð fyrir hér, kemur hagnaður fyrirtækja til með að minnka og staða samkeppnis- og útflutningsgreina mun versna frá því sem nú er.

Einnig ber að benda á að viðskiptajöfnuður er neikvæður um 1% af landsframleiðslu í lok spátímabilsins, þrátt fyrir fremur hagfelldar forsendur að flestu leyti, og þjóðhagslegur sparnaður - undirstaða langtímahagvaxtar - er lágur á sögulegan og alþjóðlegan mælikvarða, eða einungis 4½% að jafnaði. Erfitt er að breyta sparnaði einkaaðila með stjórnvaldsaðgerðum, þótt í lengd megi t.d. stuðla að auknum sparnaði heimilanna með breytingum á skattkerfinu og lífeyriskerfinu, en beinskeyttasta aðferðin til að bæta úr þessu er með aðhaldi í rekstri hins opinbera. Þetta fer einnig saman við nauðsyn á aðhaldssamri hagstjórn á næstu misserum. Það er því brýnt að við núverandi aðstæður verði ríki og sveitarfélög rekin með ríflegum afgangi.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1995-1998

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
1. Einkaneysla	272.708	296.840	317.466	343.371	4,2	6,4	5,0	5,0
2. Samneysla	94.080	100.679	107.401	117.252	1,3	1,4	2,2	3,0
3. Fjármunamyndun	65.951	84.828	103.680	108.740	-2,8	23,5	18,6	1,3
4. Neysla og fjárfesting alls	432.739	482.347	528.547	569.363	2,5	7,9	6,8	3,9
5. Birgðabreytingar [2]	2.374	-1.036	0	0	0,6	-0,7	0,0	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	435.112	481.312	528.547	569.363	3,1	7,1	6,7	3,9
7. Útflutningur vöru og þjónustu	161.250	176.761	183.930	196.959	-2,1	10,0	3,2	4,6
8. Innflutningur vöru og þjónustu	144.725	173.725	191.210	204.566	3,8	16,6	9,6	5,9
9. Verg landsframleiðsla	**451.637**	**484.348**	**521.267**	**561.756**	**1,0**	**5,2**	**4,5**	**3,5**
10. Jöfnuður þáttatekna o.fl.	-12.502	-10.803	-9.855	-11.007	-	-	-	-
11. Rekstrarframlög	-306	-464	-372	-383	-	-	-	-
12. Viðskiptajöfnuður (7.–8.+10.+11.)	3.717	-8.231	-17.507	-18.996	-	-	-	-
13. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**439.135**	**473.545**	**511.412**	**550.750**	**1,4**	**5,6**	**4,8**	**3,3**
14. Viðskiptakjaraáhrif [3]	-	-	-	-	0,5	-1,5	0,1	0,4
15. Vergar þjóðartekjur	-	-	-	-	1,9	4,2	5,0	3,7
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-	-	-	-	0,8	-1,7	-3,4	-3,4

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

[3] Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1995-1998

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1995	1996	Áætl. 1997	Spá 1998	1995	1996	Áætl. 1997	Spá 1998
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	86.694	92.056	92.368	95.139	-3,2	8,8	-1,0	0,0
Ál	12.492	12.532	14.966	21.910	2,2	3,6	21,4	46,4
Kísiljárn	3.254	3.930	3.481	3.936	15,0	-2,4	0,0	17,8
Annað	13.459	13.753	15.124	16.909	15,0	-1,5	9,5	9,6
Samtals	**115.899**	**122.271**	**125.939**	**137.894**	**-0,3**	**6,7**	**2,7**	**7,8**
Útflutt skip og flugvélar	3.761	4.047	2.999	658	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	3.053	14	0	0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	**116.607**	**126.304**	**128.938**	**138.552**	**-2,2**	**9,6**	**1,5**	**5,0**
Vöruinnflutningur alls	**103.251**	**124.487**	**134.517**	**144.859**	**6,5**	**16,6**	**7,6**	**6,9**
Almennur vöruinnflutningur	93.032	111.926	117.017	123.413	6,1	17,8	5,0	4,6
þ.a. olía	7.029	9.260	9.163	8.325	1,9	10,2	-4,2	6,9
þ.a. annað	86.003	102.666	107.853	115.087	6,5	18,5	5,8	4,4
Sérstakur vöruinnflutningur	10.219	12.561	17.500	21.447	-25,0	22,1	45,2	19,7
Vöruskiptajöfnuður	**13.356**	**1.817**	**-5.579**	**-6.307**	-	-	-	-
Þjónustutekjur	44.643	50.457	54.992	58.407	-1,9	10,9	7,7	3,6
Þjónustugjöld	41.474	49.238	56.693	59.706	-2,7	16,6	14,7	3,2
Þjónustujöfnuður	**3.169**	**1.219**	**-1.701**	**-1.299**	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-12.502**	**-10.803**	**-9.855**	**-11.007**	-	-	-	-
Rekstrarframlög [2]	-306	-464	-372	-383	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	**3.717**	**-8.231**	**-17.507**	**-18.996**	-	-	-	-

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Tilfærslur nettó frá útlöndum aðrar en launa- og eignatekjur og fjármagnstilfærslur.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1995-1998

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Fjármunamyndun alls	**65.951**	**84.828**	**103.680**	**108.740**	**-2,8**	**23,5**	**18,6**	**1,3**
I Atvinnuvegir	**33.577**	**51.225**	**66.600**	**69.400**	**7,3**	**47,6**	**27,5**	**1,0**
1. Landbúnaður	1.607	2.156	2.300	2.400	-16,0	33,3	5,0	1,3
2. Fiskveiðar	1.546	5.236	4.000	3.200	-55,3	220,6	-23,8	-21,3
3. Vinnsla sjávarafurða	3.166	4.659	3.800	3.600	27,7	44,0	-20,8	-8,4
4. Ál- og kísiljárnframleiðsla	498	6.280	12.600	7.100	29,1	1.125,1	96,4	-45,4
5. Annar iðnaður	5.616	6.786	7.500	8.000	10,2	17,1	8,9	3,9
6. Rafvirkjanir og rafveitur	1.833	3.359	11.600	11.600	10,8	73,8	231,3	-3,2
7. Hitaveitur	1.115	1.100	1.300	1.600	11,1	-4,3	13,1	18,1
8. Vatnsveitur	548	600	600	700	14,8	6,3	-4,3	12,0
9. Byggingarstarfsemi o.fl.	1.749	2.624	2.800	3.200	35,9	45,6	6,7	12,0
10. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	3.850	4.500	5.300	6.000	5,1	13,5	12,7	8,6
11. Samgöngur	4.642	5.183	5.500	11.800	55,9	9,7	1,8	105,7
12. Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	2.659	2.750	3.300	3.700	-10,4	0,4	17,5	8,7
13. Tölvu- og skrifstofubúnaður	4.747	5.992	6.000	6.500	19,7	21,7	0,8	6,2
II Íbúðarhús	**17.338**	**18.935**	**20.780**	**22.740**	**-9,9**	**4,0**	**5,0**	**5,0**
III Starfsemi hins opinbera	**15.036**	**14.668**	**16.300**	**16.600**	**-12,4**	**-5,1**	**6,4**	**-2,3**
1. Vegir og brýr	3.546	3.268	3.900	3.850	-13,7	-10,0	14,2	-5,2
2. Götur og holræsi	2.690	2.700	3.300	3.250	-26,6	-2,0	16,9	-5,5
3. Byggingar hins opinbera	8.800	8.700	9.100	9.500	-6,3	-4,0	0,1	0,2

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1987-1996

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum, 1990=100

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Bráðab. 1995	Áætlun 1996
1. Einkaneysla	133.557	161.068	190.254	223.729	248.366	248.339	248.182	256.949	272.708	296.840
2. Samneysla	38.981	50.537	60.341	69.989	78.157	80.375	84.818	89.424	94.080	100.679
3. Fjármunamyndun	42.639	50.498	58.698	70.102	76.153	69.554	64.176	65.877	65.951	84.828
4. Birgðabreytingar	-3.779	-3.080	-8.143	-4.256	-901	-445	1.127	8	2.374	-1.036
5. Þjóðarútgjöld alls	211.398	259.023	301.150	359.564	401.775	397.823	398.304	412.258	435.112	481.312
6. Útflutningur alls	71.681	81.721	106.282	124.246	125.671	121.597	135.694	157.436	161.250	176.761
6.1 Vörur, fob	53.053	61.667	80.072	92.452	91.560	87.833	94.658	112.654	116.607	126.304
6.2 Þjónusta	18.628	20.054	26.210	31.794	34.111	33.764	41.036	44.782	44.643	50.457
7. Frádr.: Innflutningur alls	73.965	84.100	99.240	119.595	130.491	121.782	122.466	134.631	144.725	173.725
7.1. Vörur, fob	55.020	61.996	72.603	87.652	94.634	87.908	82.386	92.992	103.251	124.487
7.2. Þjónusta	18.945	22.104	26.637	31.943	35.857	33.874	40.080	41.639	41.474	49.238
8. Verg landsframleiðsla	**209.114**	**256.645**	**308.192**	**364.215**	**396.955**	**397.638**	**411.532**	**435.063**	**451.637**	**484.348**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-4.799	-6.506	-11.164	-12.401	-10.644	-8.911	-9.821	-13.445	-12.502	-10.803
10. Verg þjóðarframleiðsla	**204.315**	**250.138**	**297.028**	**351.814**	**386.311**	**388.727**	**401.711**	**421.618**	**439.135**	**473.545**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-7.083	-8.885	-4.122	-7.750	-15.464	-9.096	3.407	9.360	4.023	-7.767
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	-1.967	-329	7.469	4.800	-3.074	-75	12.272	19.662	13.356	1.817
11.2 Þjónustujöfnuður	-317	-2.050	-427	-149	-1.746	-110	956	3.143	3.169	1.219
11.3 Launa- og eignatekjur frá útl., nett	-4.799	-6.506	-11.164	-12.401	-10.644	-8.911	-9.821	-13.445	-12.502	-10.803
12. Óbeinir skattar	48.320	61.324	72.152	79.167	83.943	83.714	77.009	79.004	82.373	88.010
13. Framleiðslustyrkir	5.988	9.107	12.835	12.953	12.319	13.225	10.504	9.607	9.492	10.087
14. Afskriftir af fjármunaeign	23.473	29.001	37.267	43.814	48.346	51.425	54.579	56.746	57.757	59.851
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuvirði (15.=10.-12.+13.-14.)	138.510	168.920	200.444	241.786	266.341	266.813	280.627	295.475	308.497	335.771
Hlutfallsleg skipting										
1. Einkaneysla	63,9%	62,8%	61,7%	61,4%	62,6%	62,5%	60,3%	59,1%	60,4%	61,3%
2. Samneysla	18,6%	19,7%	19,6%	19,2%	19,7%	20,2%	20,6%	20,6%	20,8%	20,8%
3. Fjármunamyndun	20,4%	19,7%	19,0%	19,2%	19,2%	17,5%	15,6%	15,1%	14,6%	17,5%
4. Birgðabreytingar	-1,8%	-1,2%	-2,6%	-1,2%	-0,2%	-0,1%	0,3%	0,0%	0,5%	-0,2%
5. Þjóðarútgjöld alls	101,1%	100,9%	97,7%	98,7%	101,2%	100,0%	96,8%	94,8%	96,3%	99,4%
6. Útflutningur alls	34,3%	31,8%	34,5%	34,1%	31,7%	30,6%	33,0%	36,2%	35,7%	36,5%
6.1 Vörur, fob	25,4%	24,0%	26,0%	25,4%	23,1%	22,1%	23,0%	25,9%	25,8%	26,1%
6.2 Þjónusta	8,9%	7,8%	8,5%	8,7%	8,6%	8,5%	10,0%	10,3%	9,9%	10,4%
7. Frádr.: Innflutningur alls	35,4%	32,8%	32,2%	32,8%	32,9%	30,6%	29,8%	30,9%	32,0%	35,9%
7.1 Vörur, fob	26,3%	24,2%	23,6%	24,1%	23,8%	22,1%	20,0%	21,4%	22,9%	25,7%
7.2 Þjónusta	9,1%	8,6%	8,6%	8,8%	9,0%	8,5%	9,7%	9,6%	9,2%	10,2%
8. Verg landsframleiðsla	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-2,3%	-2,5%	-3,6%	-3,4%	-2,7%	-2,2%	-2,4%	-3,1%	-2,8%	-2,2%
10. Verg þjóðarframleiðsla	**97,7%**	**97,5%**	**96,4%**	**96,6%**	**97,3%**	**97,8%**	**97,6%**	**96,9%**	**97,2%**	**97,8%**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-3,4%	-3,5%	-1,3%	-2,1%	-3,9%	-2,3%	0,8%	2,2%	0,9%	-1,6%
12. Óbeinir skattar	23,1%	23,9%	23,4%	21,7%	21,1%	21,1%	18,7%	18,2%	18,2%	18,2%
13. Framleiðslustyrkir	2,9%	3,5%	4,2%	3,6%	3,1%	3,3%	2,6%	2,2%	2,1%	2,1%
14. Afskriftir af fjármunaeign	11,2%	11,3%	12,1%	12,0%	12,2%	12,9%	13,3%	13,0%	12,8%	12,4%
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuvirði	*66,2%*	*65,8%*	*65,0%*	*66,4%*	*67,1%*	*67,1%*	*68,2%*	*67,9%*	*68,3%*	*69,3%*
Magnvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	107,9	103,8	99,5	100,0	104,1	99,5	95,0	96,8	100,9	107,3
2. Samneysla	88,9	93,0	95,8	100,0	103,1	102,3	104,6	108,5	109,9	111,4
3. Fjármunamyndun	105,6	105,4	97,1	100,0	102,0	90,5	80,2	79,4	77,1	95,2
4. Þjóðarútgjöld alls	103,6	103,0	98,5	100,0	105,1	99,5	95,4	96,9	99,9	107,0
5. Útflutningur alls	100,8	97,2	100,0	100,0	94,1	92,3	98,8	108,7	106,3	116,8
5.1 Vörur	99,2	98,0	101,4	100,0	92,1	91,2	95,9	107,5	105,1	115,1
5.2 Þjónusta	105,9	94,7	95,7	100,0	99,6	95,2	107,2	111,9	109,8	121,8
6. Frádr.: Innflutningur alls	115,6	110,3	99,0	100,0	105,7	97,3	88,9	92,6	96,1	112,1
6.1 Vörur	118,3	111,9	99,7	100,0	104,9	96,9	83,2	89,6	95,3	111,2
6.2 Þjónusta	107,8	105,8	97,0	100,0	108,0	98,4	104,6	101,0	98,2	114,5
7. Verg landsframleiðsla	**98,7**	**98,6**	**98,8**	**100,0**	**101,1**	**97,7**	**98,7**	**102,3**	**103,3**	**108,7**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	81,0	93,0	100,5	100,0	86,4	83,2	87,2	106,2	97,7	91,5
9. Verg þjóðarframleiðsla	**99,5**	**98,8**	**98,8**	**100,0**	**101,6**	**98,2**	**99,1**	**102,1**	**103,5**	**109,4**
10. Vergar þjóðartekjur	**102,0**	**101,1**	**99,4**	**100,0**	**103,2**	**98,9**	**98,0**	**100,7**	**102,5**	**106,8**

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Bráðab. 1995	Áætlun 1996
Verðvísitala 1990=100										
1. Einkaneysla	55,3	69,3	85,5	100,0	106,9	111,9	117,0	119,0	121,1	124,0
2. Samneysla	62,7	77,6	90,0	100,0	108,3	112,3	115,8	117,8	122,3	129,1
3. Fjármunamyndun	57,6	68,4	86,3	100,0	106,5	109,6	114,1	118,4	122,0	127,1
4. Þjóðarútgjöld alls	**56,7**	**69,9**	**85,0**	**100,0**	**106,5**	**111,4**	**116,3**	**118,6**	**121,3**	**125,3**
5. Útflutningur alls	57,2	67,7	85,5	100,0	106,9	105,5	109,9	116,0	121,4	121,1
5.1 Vörur	57,9	68,1	85,4	100,0	107,5	104,1	106,8	113,3	120,0	118,7
5.2 Þjónusta	55,3	66,6	86,2	100,0	105,4	109,2	117,8	123,1	125,2	127,6
6. Frádr.: Innflutningur alls	53,5	63,7	83,8	100,0	103,3	104,7	115,2	121,6	126,0	129,7
6.1 Vörur	53,0	63,2	83,1	100,0	103,0	103,5	112,9	118,4	123,6	127,8
6.2 Þjónusta	55,0	65,4	85,9	100,0	104,1	107,9	120,1	129,2	132,4	134,8
7. Verg landsframleiðsla	**58,2**	**71,5**	**85,6**	**100,0**	**107,7**	**111,7**	**114,4**	**116,7**	**119,9**	**122,2**
8. Verg þjóðarframleiðsla	**58,4**	**71,9**	**85,5**	**100,0**	**108,1**	**112,6**	**115,3**	**117,4**	**120,6**	**123,2**
%-br. frá fyrra ári, magn										
1. Einkaneysla	16,2%	-3,8%	-4,2%	0,5%	4,1%	-4,5%	-4,5%	1,9%	4,2%	6,4%
2. Samneysla	6,5%	4,7%	3,0%	4,4%	3,1%	-0,8%	2,3%	3,7%	1,3%	1,4%
3. Fjármunamyndun	18,8%	-0,2%	-7,9%	3,0%	2,0%	-11,3%	-11,4%	-1,1%	-2,8%	23,5%
4. Þjóðarútgjöld alls	15,7%	-0,6%	-4,4%	1,5%	5,1%	-5,3%	-4,1%	1,5%	3,1%	7,1%
5. Útflutningur alls	3,3%	-3,6%	2,9%	0,0%	-5,9%	-1,9%	7,1%	10,0%	-2,1%	10,0%
5.1 Vörur	4,4%	-1,2%	3,5%	-1,4%	-7,9%	-1,0%	5,1%	12,1%	-2,3%	9,6%
5.2 Þjónusta	0,2%	-10,6%	1,1%	4,5%	-0,4%	-4,5%	12,7%	4,4%	-1,9%	10,9%
6. Frádr.: Innflutningur alls	23,3%	-4,6%	-10,3%	1,0%	5,7%	-8,0%	-8,6%	4,2%	3,8%	16,6%
6.1 Vörur	25,0%	-5,5%	-10,9%	0,3%	4,9%	-7,6%	-14,1%	7,6%	6,4%	16,6%
6.2 Þjónusta	18,0%	-1,8%	-8,3%	3,0%	8,0%	-8,9%	6,3%	-3,5%	-2,7%	16,6%
7. Verg landsframleiðsla	**8,5%**	**-0,1%**	**0,3%**	**1,2%**	**1,1%**	**-3,4%**	**1,0%**	**3,7%**	**1,0%**	**5,2%**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	3,5%	14,8%	8,0%	-0,5%	-13,6%	-3,8%	4,9%	21,7%	-8,0%	-6,3%
9. Verg þjóðarframleiðsla	**8,7%**	**-0,6%**	**-0,1%**	**1,2%**	**1,6%**	**-3,3%**	**0,9%**	**3,1%**	**1,4%**	**5,6%**
10. Vergar þjóðartekjur	**10,6%**	**-0,9%**	**-1,6%**	**0,6%**	**3,2%**	**-4,2%**	**-0,9%**	**2,7%**	**1,9%**	**4,2%**
%-br. frá fyrra ári, verð										
1. Einkaneysla	15,9%	25,4%	23,3%	17,0%	6,9%	4,7%	4,6%	1,6%	1,8%	2,3%
2. Samneysla	27,1%	23,9%	15,9%	11,2%	8,3%	3,7%	3,1%	1,7%	3,9%	5,5%
3. Fjármunamyndun	16,2%	18,7%	26,2%	15,9%	6,5%	3,0%	4,1%	3,7%	3,0%	4,2%
4. Þjóðarútgjöld alls	17,8%	23,2%	21,6%	17,6%	6,5%	4,6%	4,4%	1,9%	2,3%	3,2%
5. Útflutningur alls	12,0%	18,3%	26,3%	16,9%	6,9%	-1,3%	4,2%	5,5%	4,7%	-0,3%
5.1 Vörur	13,1%	17,7%	25,4%	17,1%	7,5%	-3,1%	2,6%	6,1%	5,9%	-1,1%
5.2 Þjónusta	9,4%	20,4%	29,3%	16,1%	5,4%	3,6%	7,9%	4,5%	1,6%	1,9%
6. Frádr.: Innflutningur alls	7,4%	19,2%	31,5%	19,3%	3,3%	1,4%	10,0%	5,5%	3,6%	3,0%
6.1 Vörur	7,4%	19,2%	31,4%	20,4%	3,0%	0,6%	9,1%	4,9%	4,3%	3,4%
6.2 Þjónusta	7,8%	18,8%	31,4%	16,4%	4,1%	3,7%	11,3%	7,6%	2,4%	1,8%
7. Verg landsframleiðsla	**19,5%**	**22,8%**	**19,8%**	**16,8%**	**7,7%**	**3,6%**	**2,5%**	**2,0%**	**2,8%**	**1,9%**
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	245.962	249.885	252.746	254.788	257.965	261.103	263.783	266.006	267.380	268.933
Vísitala, 1990=100	96,5	98,1	99,2	100,0	101,2	102,5	103,5	104,4	104,9	105,6
Magnvísitölur á mann										
1. Einkaneysla	111,8	105,9	100,3	100,0	102,8	97,1	91,8	92,7	96,1	101,6
2. Samneysla	92,1	94,9	96,6	100,0	101,9	99,8	101,1	103,9	104,7	105,6
3. Fjármunamyndun	109,4	107,4	97,9	100,0	100,8	88,3	77,5	76,0	73,5	90,2
4. Þjóðarútgjöld alls	107,3	105,0	99,3	100,0	103,8	97,1	92,1	92,8	95,2	101,4
5. Útflutningur alls	104,4	99,1	100,8	100,0	92,9	90,0	95,5	104,1	101,3	110,7
6. Frádr.: Innflutningur alls	119,8	112,5	99,8	100,0	104,4	94,9	85,9	88,7	91,6	106,2
7. Verg landsframleiðsla	**102,2**	**100,5**	**99,6**	**100,0**	**99,9**	**95,3**	**95,3**	**98,0**	**98,5**	**103,0**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	83,9	94,8	101,3	100,0	85,4	81,1	84,2	101,7	93,1	86,7
9. Verg þjóðarframleiðsla	**103,1**	**100,8**	**99,6**	**100,0**	**100,4**	**95,9**	**95,7**	**97,8**	**98,7**	**103,6**
10. Vergar þjóðartekjur	**105,6**	**103,0**	**100,2**	**100,0**	**101,9**	**96,5**	**94,7**	**96,4**	**97,7**	**101,2**
Landsframleiðsla á mann í dollurum										
1. VLF á mann, skráð gengi dollars	21.982	23.877	21.377	24.526	26.083	26.464	23.078	23.390	26.075	27.010
2. VLF á mann, jafnvirðisgildi dollars	15.649	15.985	16.538	17.300	17.914	18.399	18.812	19.424	21.711	22.924

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1989-1998

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Spá 1997	Spá 1998
I Vísitölur 1990=100										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	91,3	100,0	109,5	111,0	108,6	110,3	115,5	122,6	130,5	141,4
Atvinnutekjur á framteljanda [1]	89,0	100,0	109,4	111,9	112,1	114,6	120,6	131,2		
Launavísitala	91,6	100,0	108,4	111,5	113,1	114,5	119,6	127,3	133,9	143,6
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	87,1	100,0	106,8	110,8	115,3	117,0	119,0	122,0	124,3	128,0
Byggingarvísitala	84,9	100,0	107,6	110,2	112,6	115,5	119,2	125,0	130,6	135,8
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	104,8	100,0	102,5	100,2	94,2	94,3	97,1	100,5	105,0	110,5
Atvinnutekjur á framteljanda	102,2	100,0	102,4	101,1	97,3	97,9	101,3	107,5		
Launavísitala	105,1	100,0	101,5	100,7	98,1	97,8	100,5	104,4	107,7	112,1
Gengi										
Meðalverð erl. gjaldmiðla [3]	88,0	100,0	100,4	101,8	108,5	113,9	112,9	112,9	111,3	110,5
Raungengi miðað við verð	103,3	100,0	102,6	102,6	97,0	91,7	91,8	92,1	93,1	94,5
Raungengi miðað við laun	112,3	100,0	102,9	106,6	97,7	90,9	93,1	93,5	96,4	98,9
II Breytingar frá fyrra ári, %										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	11,7	9,5	9,5	1,3	-2,1	1,5	5,8	6,0	3,5	8,4
Atvinnutekjur á framteljanda [1]	6,8	12,4	9,4	2,3	0,2	2,2	5,2	8,8		
Launavísitala		9,2	8,4	2,9	1,4	1,2	4,5	6,4	5,2	7,2
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	21,1	14,8	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,5	1,9	3,0
Byggingarvísitala	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	4,8	4,5	4,2
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	-7,8	-4,6	2,5	-2,3	-6,0	0,0	3,0	3,5	4,5	5,2
Atvinnutekjur á framteljanda [1]	-11,8	-2,1	2,4	-1,3	-3,8	0,7	3,5	6,1		
Launavísitala		-4,9	1,5	-0,7	-2,6	-0,3	2,8	3,8	3,2	4,1
Gengi										
Meðalverð erl. gjaldmiðla [3]	24,8	13,6	0,4	1,5	6,6	4,9	-0,8	0,0	-1,4	-0,7
Raungengi miðað við verð	-8,1	-3,2	2,6	0,0	-5,4	-5,5	0,1	0,3	1,1	1,4
Raungengi miðað við laun	-13,5	-10,9	2,9	3,5	-8,3	-6,9	2,3	0,5	3,1	2,6

Skýringar:

[1] Samkvæmt skattframtölum.
[2] Miðað við neysluverðsvísitölu.
[3] Miðað við viðskiptavog.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1989-1998

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Þúsund tonn										
Þorskur	354	334	307	267	261	215	203	204	220	240
Annar botnfiskur	338	339	348	318	324	343	308	298	282	277
Ýsa	62	66	54	46	47	58	60	56	50	50
Ufsi	80	95	99	78	70	63	47	39	40	35
Karfi	92	91	97	94	97	95	89	68	80	70
Úthafskarfi	1	4	8	14	20	47	29	53	35	50
Steinbítur	14	14	18	16	13	13	13	15	12	13
Grálúða	58	37	35	32	34	28	27	22	18	12
Skarkoli	11	11	11	11	13	12	11	11	11	11
Annað	20	21	27	28	32	27	31	34	36	36
Síld	97	90	79	123	117	130	110	100	100	100
Íslandssíld	-	-	-	-	-	21	174	165	212	210
Loðna	653	694	260	798	941	754	716	1.179	1.250	988
Humar	2	2	2	2	2	2	1	2	1	2
Rækja	27	30	38	47	56	75	84	90	78	92
Hörpudiskur	11	12	10	12	12	8	8	9	9	9
Annað	13	4	5	7	4	6	5	9	5	5
Heildarafli	1.495	1.505	1.049	1.575	1.716	1.555	1.609	2.055	2.158	1.923
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði, %: [1]										
Samtals	-3,0	-4,8	-4,6	-3,0	2,6	-0,6	-0,6	7,1	-0,7	-0,2
Samtals án loðnu	-3,1	-3,8	-1,9	-6,9	1,8	-1,1	-1,7	0,2	-2,1	5,2

Skýringar:

[1] Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflmagnið á föstu verði. Aflamagn áranna 1989-1993 er á verðlagi ársins 1990 og aflamagn áranna 1993-1998 er á verðlagi ársins 1995. Allur afli, heima og erlendis er verðlagður á meðalverði útfluttra sjávarafurða. Meðalverðið er fundið með því að deila afla upp úr sjó í verðmæti útflutnings eftir fisktegundum.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1955-1998 [1)]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1955	22,6	9,7%	21,9	10,2%
1956	23,2	2,4%	22,2	1,2%
1957	23,2	-0,1%	21,9	-1,2%
1958	25,0	7,9%	24,2	10,4%
1959	25,5	2,0%	24,8	2,3%
1960	26,3	3,2%	25,1	1,3%
1961	26,3	-0,1%	25,9	3,3%
1962	28,5	8,3%	28,3	9,1%
1963	31,4	10,3%	31,2	10,4%
1964	34,5	9,9%	35,1	12,4%
1965	37,0	7,3%	38,8	10,6%
1966	40,2	8,7%	42,2	8,7%
1967	39,7	-1,3%	40,3	-4,5%
1968	37,6	-5,5%	37,8	-6,2%
1969	38,4	2,4%	38,8	2,7%
1970	41,3	7,5%	43,6	12,2%
1971	46,7	13,1%	50,3	15,5%
1972	49,6	6,2%	53,3	6,0%
1973	53,0	6,8%	59,5	11,6%
1974	56,0	5,7%	60,4	1,5%
1975	56,4	0,6%	57,3	-5,1%
1976	59,7	6,0%	62,5	9,0%
1977	65,0	8,8%	70,1	12,1%
1978	68,8	5,9%	74,4	6,1%
1979	72,2	4,9%	75,5	1,5%
1980	76,3	5,7%	78,8	4,4%
1981	79,6	4,3%	81,5	3,5%
1982	81,3	2,2%	82,6	1,3%
1983	79,5	-2,2%	79,6	-3,7%
1984	82,8	4,1%	82,3	3,4%
1985	85,6	3,3%	84,7	2,9%
1986	90,9	6,2%	92,2	8,9%
1987	98,7	8,6%	102,1	10,7%
1988	98,6	-0,1%	101,2	-0,9%
1989	98,9	0,3%	99,6	-1,6%
1990	100,0	1,1%	100,0	0,4%
1991	101,2	1,2%	103,3	3,3%
1992	97,8	-3,3%	99,0	-4,1%
1993	98,8	1,0%	98,1	-0,9%
1994	102,4	3,7%	100,8	2,7%
1995	103,5	1,0%	102,7	1,9%
1996	108,9	5,2%	107,0	4,2%
1997	113,8	4,5%	112,4	5,0%
1998	117,7	3,5%	116,5	3,7%

Skýringar:

[1)] Bráðabirgðatölur fyrir 1996, áætlun fyrir 1997 og spá fyrir 1998.


Verg landsframleiðsla 1945-1998
Vísitala 1990=100
120
100
80
60
40
20
0
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990
1995


Verg landsframleiðsla 1945-1998
%
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári
20
15
10
5
0
-5
-10
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990
1995

Tafla 8. Skráð atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni árin 1987-1996

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Fjöldi alls	**584**	**820**	**2.125**	**2.255**	**1.901**	**3.868**	**5.601**	**6.209**	**6.538**	**5.790**
Höfuðborgarsvæðið	114	177	859	913	696	1.933	3.173	3.584	3.954	3.872
Landsbyggðin	470	643	1.267	1.343	1.205	1.935	2.428	2.624	2.585	1.918
Vesturland	66	102	192	186	137	216	272	344	275	266
Vestfirðir	27	16	40	22	18	43	115	123	95	61
Norðurland vestra	58	101	179	155	151	196	227	263	279	208
Norðurland eystra	119	166	312	403	351	487	690	800	688	491
Austurland	58	74	160	198	169	219	282	280	297	215
Suðurland	98	134	231	236	202	339	424	451	535	375
Suðurnes	45	50	153	142	177	436	417	364	417	303
Fjöldi karla	**237**	**325**	**938**	**1.063**	**959**	**1.934**	**2.713**	**2.857**	**3.063**	**2.475**
Höfuðborgarsvæðið	52	93	450	479	394	1.017	1.535	1.649	1.898	1.726
Landsbyggðin	185	232	488	584	564	917	1.178	1.208	1.165	749
Vesturland	21	22	46	46	51	95	127	159	130	109
Vestfirðir	15	7	18	11	10	22	54	57	53	30
Norðurland vestra	28	42	71	74	82	112	119	121	114	75
Norðurland eystra	49	67	141	216	184	257	342	394	354	219
Austurland	31	32	68	81	82	116	164	140	144	95
Suðurland	30	45	94	107	93	164	201	199	222	137
Suðurnes	11	17	50	51	62	151	173	137	148	85
Fjöldi kvenna	**347**	**495**	**1.187**	**1.192**	**942**	**1.934**	**2.889**	**3.352**	**3.476**	**3.314**
Höfuðborgarsvæðið	62	84	408	434	301	915	1.639	1.935	2.055	2.146
Landsbyggðin	285	411	779	758	641	1.018	1.250	1.417	1.420	1.169
Vesturland	45	80	147	140	86	121	146	184	145	157
Vestfirðir	12	9	23	11	9	21	62	66	42	31
Norðurland vestra	31	58	108	81	69	84	109	142	165	133
Norðurland eystra	70	99	171	187	166	230	348	406	334	272
Austurland	27	42	92	118	87	104	119	139	153	120
Suðurland	68	89	136	129	109	174	223	253	312	238
Suðurnes	33	33	103	91	115	284	244	227	269	218
Alls, %	**0,4**	**0,6**	**1,7**	**1,8**	**1,5**	**3,0**	**4,4**	**4,8**	**5,0**	**4,3**
Höfuðborgarsvæðið	0,1	0,2	1,1	1,3	1,0	2,6	4,3	4,8	5,2	4,9
Landsbyggðin	0,8	1,2	2,4	2,4	2,2	3,6	4,5	4,8	4,7	3,5
Vesturland	0,9	1,4	2,6	2,5	1,9	3,0	3,9	4,8	3,9	3,7
Vestfirðir	0,5	0,3	0,8	0,4	0,4	0,9	2,4	2,5	1,9	1,3
Norðurland vestra	1,1	2,0	3,4	2,9	3,1	4,0	4,6	5,3	5,5	4,1
Norðurland eystra	0,9	1,4	2,6	3,1	2,7	3,7	5,2	6,0	5,1	3,7
Austurland	0,9	1,2	2,6	3,1	2,7	3,5	4,5	4,5	4,7	3,4
Suðurland	1,0	1,5	2,4	2,2	2,0	3,3	4,1	4,4	5,1	3,5
Suðurnes	0,5	0,7	2,0	1,9	2,4	5,9	5,6	4,9	5,5	4,0
Karlar, %	**0,3**	**0,4**	**1,3**	**1,4**	**1,3**	**2,6**	**3,7**	**3,8**	**4,0**	**3,2**
Höfuðborgarsvæðið	0,1	0,2	1,1	1,2	1,0	2,5	3,7	3,9	4,5	4,0
Landsbyggðin	0,5	0,7	1,5	1,7	1,7	2,8	3,6	3,7	3,5	2,3
Vesturland	0,5	0,5	1,0	1,0	1,2	2,2	3,0	3,7	3,0	2,5
Vestfirðir	0,5	0,2	0,6	0,3	0,3	0,8	1,8	1,9	1,8	1,0
Norðurland vestra	0,9	1,4	2,2	2,3	2,7	3,8	4,0	4,1	3,8	2,4
Norðurland eystra	0,7	0,9	2,0	2,8	2,4	3,3	4,4	5,0	4,4	2,8
Austurland	0,8	0,9	1,8	2,1	2,1	3,0	4,3	3,7	3,7	2,5
Suðurland	0,5	0,8	1,6	1,7	1,5	2,6	3,3	3,2	3,5	2,2
Suðurnes	0,2	0,4	1,1	1,1	1,4	3,4	3,8	3,0	3,2	1,8
Konur, %	**0,6**	**0,9**	**2,2**	**2,3**	**1,8**	**3,6**	**5,4**	**6,1**	**6,3**	**5,8**
Höfuðborgarsvæðið	0,2	0,3	1,3	1,4	1,0	2,9	5,1	5,9	6,2	6,1
Landsbyggðin	1,3	2,0	3,7	3,4	3,0	4,8	5,8	6,5	6,5	5,3
Vesturland	1,5	2,8	5,0	4,6	3,0	4,3	5,2	6,5	5,1	5,3
Vestfirðir	0,5	0,4	1,1	0,6	0,5	1,1	3,3	3,5	2,2	1,7
Norðurland vestra	1,4	2,9	5,0	3,8	3,6	4,4	5,6	7,2	8,2	6,6
Norðurland eystra	1,4	2,0	3,4	3,5	3,1	4,3	6,4	7,4	6,1	5,0
Austurland	1,1	1,8	3,8	4,7	3,5	4,2	4,9	5,7	6,1	4,7
Suðurland	1,8	2,6	3,7	3,0	2,7	4,3	5,5	6,1	7,4	5,5
Suðurnes	1,0	1,1	3,4	3,2	4,1	9,7	8,4	7,8	9,0	7,4

Tafla 9. Samrunaskilyrði EMU og ástand og horfur í ESB-ríkjum og á Íslandi

	Verðbólga			Langtímavextir [1]			Afkoma hins opinbera			Skuldir hins opinbera		
	1996	1997	1998	1996	1997	1998	1996	1997	1998	1996	1997	1998
Þýskaland	1,5	1,8	1,9	6,2	5,9	6,2	-3,8	-3,0	-2,7	60,7	61,8	61,9
Frakkland	2,0	1,6	1,7	6,3	5,9	6,2	-4,1	-3,0	-3,0	56,2	57,9	58,9
Ítalía	3,9	2,3	2,2	9,2	7,3	7,3	-6,7	-3,2	-3,9	123,7	122,4	120,7
Bretland	2,4	2,2	2,5	7,8	7,8	7,9	-4,4	-2,9	-1,4	54,7	54,7	53,8
Spánn	3,6	2,3	2,2	8,7	6,9	7,0	-4,4	-3,0	-2,7	69,6	68,1	67,2
Holland	2,1	2,4	2,2	6,2	5,9	6,2	-2,4	-2,3	-1,8	78,5	76,2	74,2
Belgía	2,0	1,9	1,9	6,5	5,9	6,2	-3,4	-2,7	-2,3	130,0	126,7	123,2
Danmörk	2,1	2,3	2,6	7,2	6,4	6,5	-1,4	0,6	0,8	69,9	66,6	63,5
Grikkland	8,5	6,0	4,8	14,0	11,1	10,1	-7,4	-4,9	-3,4	111,8	108,3	104,9
Portúgal	3,1	2,5	2,3	8,6	6,8	6,9	-4,1	-3,0	-2,8	65,6	64,1	62,9
Írland	1,7	2,0	2,5	7,3	6,7	6,7	-0,9	-1,0	-1,2	72,8	68,3	64,3
Lúxemborg	1,4	1,7	1,9	6,3			2,7	1,1	1,0	6,4	6,7	6,9
Svíþjóð	0,5	0,7	1,7	8,1	7,0	7,1	-3,6	-2,6	-1,7	77,7	76,5	74,7
Finnland	0,6	0,9	1,4	7,1	6,2	6,4	-3,1	-1,9	-0,6	58,7	59,2	58,6
Austurríki	1,9	2,0	1,9	6,3	5,9	6,2	-3,9	-3,0	-2,9	70,0	68,8	68,8
ESB í heild	2,5	2,1	2,1	7,2	6,5	6,7	-4,3	-2,9	-2,5	73,2	72,9	72,3
Samrunaskilyrðin	2,3	2,6	3,1	9,2	8,4	8,6	-3,0	-3,0	-3,0	60,0	60,0	60,0
Ísland	2,3	1,9	3,0	9,4	8,6	8,2	-1,7	-0,7	-0,6	57,3	54,1	51,0

Skýringar:

Samrunaskilyrðin eru í aðalatriðum:

a) Verðbólga má ekki vera meiri en 1,5% yfir meðalverðbólgu þeirra þriggja ríkja sem hafa lægsta verðbólgu.

b) Langtímavextir mega ekki vera meira en 2% hærri en í umræddum þremur ríkjum með lægstu verðbólgu.

c) Halli á rekstri hins opinbera má ekki vera meira en 3% af landsframleiðslu.

d) Heildarskuldir hins opinbera skulu vera innan við 60% af landsframleiðslu, eða að minnsta kosti stefna ótvírætt í átt til lækkunar.

e) Ríkin þurfa að hafa verið aðilar að gengissamstarfi ESB í að minnsta kosti tvö ár áður en að EMU aðild getur orðið.

[1] Ávöxtun 10 ára ríkisverðbréfa nema fyrir Ísland er miðað við 5 ára ríkisverðbréf.

Heimild: ESB, Efnahagsráðuneytið í Danmörku og Þjóðhagsstofnun.

3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

a. Við álagningu tekjuskatts árið 1998 skal, til að draga úr jaðaráhrifum tekjutengingar bótaliða í skattkerfinu, haga útreikningi tekjutengdra bótaliða þannig: Samanlagt hlutfall álagðra skatta og skerðingar bótaliða skal vera að hámarki 50%. Skal skerðing vaxtabóta eða húsaleigubóta reiknuð fyrst en síðan skerðing barnabóta að áðurnefndum mörkum.
b. Alþingi skal kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka, auk formanns sem fjármálaráðherra skipar, til að gera í samráði við samtök launafólks ítarlega úttekt á áhrifum tekjutengingar í skattkerfinu og samspili slíkrar tekjutengingar við aðra þætti, svo sem almannatryggingakerfið, lífeyrisréttindi, tekjutengdar afborganir námslána o.fl.

Nefndin skal skila tillögum um breytingar á skattalögum sem fela það í sér að komist verði hjá óhóflegum jaðaráhrifum vegna tekjutengingar bótaliða, í skattkerfinu og utan þess.

Fjármálaráðherra skal leggja tillögur nefndarinnar fyrir Alþingi haustið 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt. Síðan frumvarpið var lagt fram hafa nokkrar breytingar verið gerðar í skattamálum sem koma að hluta til móts við gagnrýni á óhófleg jaðaráhrif í skattkerfinu. Ber þar hæst nokkra lækkun almennu skattprósentunnar og vægari tekjutengingu barnabóta. Á hinn bóginn var stigið það skref að tekjutengja barnabætur að fullu sem veldur því að barnafjölskyldur njóta einskis skattalegs hagræðis umfram barnlausar ofan við tiltekin tekjumörk. Lækkun almennu skattprósentunnar nýtist auðvitað hátekjufólki vel og þannig má með réttu segja að skattbreytingar ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi komi barnlausu hátekjufólki mest til góða. Frumvarpið er nú endurflutt nokkuð breytt í ljósi breyttra aðstæðna og greinargerðin hefur verið endursamin. Nú er lagt til að þak sé sett á jaðaráhrifin við 50% og tekur lækkun þaksins úr 55% í 50 mið af lækkaðri skattprósentu og skerðingarhlutföllum. Síðan frumvarpið var flutt hefur það einnig gerst að jaðarskattanefnd ríkisstjórnarinnar hefur látið af störfum án nokkurs árangurs. B-liður tillögunnar um nefndarskipan er því í fullu gildi og brýnni en ella.

Á undanförnum árum hefur athygli manna í auknum mæli beinst að óhóflegum jaðaráhrifum eða jaðarskatti vegna tilhneigingar til að tekjutengja ýmsa bótaliði og þætti innan og utan skattkerfisins. Út frá þeim markmiðum í skattamálum að jafna aðstöðu einstakra hópa og styðja t.d. sérstaklega við bakið á barnafólki eða húsbyggjendum getur verið fullkomlega eðlilegt að tekjutengja bætur. Með þeim hætti er reynt að beina takmörkuðum fjármunum til þeirra sem mesta hafa þörfina, þ.e. til fólks með lægstu launin. Þegar hins vegar slíkar tekjutengingar verða virkar samtímis (á svipuðu tekjubili) fyrir marga þætti leggjast áhrifin saman. Ef tekið

er dæmi af barnafjölskyldu sem nýlega hefur ráðist í að koma sér upp húsnæði getur það litið þannig út:

Fyrst eru tekin samtals rúmlega 40% í tekjuskatt og útsvar þegar komið er upp fyrir skattleysismörk. Við tiltekin tekjumörk hjá fjölskyldunni skerðast vaxtabætur um 6% af tekjum, barnabætur vegna fyrsta barns um 5%, 9% vegna tveggja barna og 11% vegna þriggja barna. Auk þess er um að ræða eignatengda skerðingu. Þá þegar eru jaðaráhrifin (jaðarskattsprósentan) orðin 55–60% hjá viðkomandi fjölskyldu, sem þýðir að í reynd skila launatekjur á tilteknu tekjubili aðeins 40–45% í bættri afkomu til fjölskyldunnar. Ef tekið er dæmi af fjölskyldu sem auk þess er með tekjutengdar skuldbindingar utan skattkerfisins, svo sem afborganir námslána, geta samanlögð jaðaráhrif orðið mun meiri og raunverulegur ávinningur fjölskyldunnar af auknum launatekjum á ákveðnu tekjubili mjög óverulegur. Skattalegt hagræði sem ætlunin var að einstakir hópar, svo sem barnafólk og húsbyggjendur, nytu tapast nær alveg. Þótt deila megi um að hve miklu leyti eigi að tekjutengja eða hversu hátt upp í tekjustigann slíkar ívilnanir eigi að ná verður því ekki á móti mælt að núverandi ástand er óverjandi, sérstaklega hvað varðar útkomu ungs barnafólks með húsnæðisskuldbindingar og meðallaun eða lægri. Þetta ástand verkar einnig letjandi en ekki hvetjandi á viðleitni til að vinna sig út úr vandanum með því að afla meiri tekna.

Samspil skattkerfisins, launa og annarra atriða sem áhrif hafa á afkomu fólks er flókið. Á það ekki síst við um þann þátt málsins sem hér er fjallað um. Þannig er nauðsynlegt að fram fari heildarúttekt á umfangi og áhrifum tekjutengingar, bæði innan og utan skattkerfisins. Svipaða sögu er reyndar að segja úr almannatryggingakerfinu og er ekki síður nauðsyn að skriður komist á heildarendurskoðun þess, þar sem tekjutengingu verði sett hófleg mörk. Samspil allra meginþátta velferðarkerfisins, þ.e. skattkerfisins, almannatryggingakerfisins, lífeyrisréttinda, félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga, námslána o.s.frv., þarf svo að hafa í huga.

Frumvarpið gerir því ráð fyrir að sérstök þingkjörin nefnd, skipuð fulltrúum allra þingflokka, taki að sér það verkefni að annast slíka úttekt og gera tillögur til úrbóta í samráði við samtök launafólks. Rétt er að leggja áherslu á mikilvægi þess að um allar aðgerðir á þessu sviði sé haft fullt samráð við verkalýðshreyfinguna, samtök aldraða eða námsmannasamtökin eftir atvikum, enda getur útkoman skipt sköpum um afkomu fjölmennra hópa umbjóðenda þessara aðila.

Erfitt er að meta kostnað vegna þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér fyrir árið 1998, en líklegt er að um nokkur hundruð millj. kr. tekjutap yrði að ræða fyrir ríkissjóð kæmi ekkert annað til. Lægri jaðarskattsprósenta gæti þó orðið til þess að launatekjur ykjust nokkuð og þar með skattar. Það er einnig sjálfstætt ákvörðunaratriði hvort tekjutapi vegna þaks á jaðarskatt er mætt með tekjuskatti og eignarskatti eða öðrum hætti innan skattkerfisins. Tekjuáhrifin ein mega ekki verða til þess að augljós réttlætismál í skattalegu tilliti nái ekki fram að ganga. Rétt er að hafa í huga við lestur fylgiskjals þær breytingar sem orðið hafa á skatt- og skerðingarhlutföllum, en að öðru leyti duga þau dæmi sem þar eru tekin til að útskýra eðli jaðarskattanna, eða jaðaráhrifanna í skattkerfinu.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Fjölskyldan og skattarnir. Steingrímur J. Sigfússon. (Vikublaðið, 25. ágúst 1995.)

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.

Áætlunin miðist m.a. að því að takmarka eins og kostur er:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,
b. tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggjast á ofbeldi,
c. ofbeldi á tölvunetum,
d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,
e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,
f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,
g. aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Forsætisráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem lögð verði fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt fyrir utan það að gert er skýrt í tillögugreininni að átt er við ofbeldi í víðtækustu merkingu þess orðs, þar með talið kynferðisofbeldi.

Fagna ber aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu, orsakir þess og hvað beri að gera til að sporna við því. Lagaákvæði hafa verið hert og vonir eru bundnar við starfsemi nýrra eða nýlegra stofnana eða embætta, eins og Barnaverndarstofu og umboðsmanns barna. Eftir stendur að engin heildstæð áætlun er til um samræmdar aðgerðir á þessu sviði. Það er því óbreytt skoðun flutningsmanna að brýn þörf sé fyrir aðgerðir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir. Bætt er við einu fylgiskjali, blaðaumfjöllun um tölvuleik, sem veitir innsýn í heim ofbeldisleikja er mætti verða ýmsum umhugsunarefni. Að öðru leyti vísast til upphaflegrar greinargerðar sem fylgir hér á eftir.

Sú tilhneiging foreldra að vernda börn sín og hlífa fyrir ljótleika tilverunnar hefur án efa fylgt manninum frá ómunatíð. Í daglegu lífi er reynt að forðast að láta börn horfa upp á þjáningar fólks, þau eru ekki látin vera viðstödd ef aflífa þarf skepnur o.s.frv. Fyrir daga nútímafjölmiðlunar voru aðstæður foreldra í þessu sambandi viðráðanlegar í þeim skilningi að hægt var að halda börnum frá tilteknum stöðum eða sjá til þess að þau væru ekki þátttakendur í athöfnum sem ekki voru taldar við hæfi. Nú er öldin önnur. Ofbeldi í einhverju formi er svo hversdagslegt og útbreitt fyrirbæri á svo fjölmörgum sviðum að ógerningur er að einangra nokkurn þjóðfélagsþegn, þar með talin börn, frá snertingu við það.

Um heim allan hafa áhyggjur manna af áhrifum aukins framboðs ofbeldisefnis, einkum í sjónvarpi og kvikmyndum, aukist síðustu ár og áratugi. Nægir að vísa í því sambandi til fjölda kannana sem gerðar hafa verið á áhrifum þess að börn sem fullorðnir horfi á ofbeldismyndir. Allur þessi fjöldi kannana, allt það fé sem lagt hefur verið í rannsóknir á samhengi ofbeldis í samfélaginu og ofbeldis í fjölmiðlum staðfestir þessar áhyggjur. Hér er hvorki ætlunin að fullyrða neitt né fjölyrða um áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum eða annars staðar þar sem það er að finna. Vandaðar kannanir sýna svo ekki verður um villst að fylgni er t.d. milli ofbeldishegðunar og mikils áhorfs á ofbeldisefni, þótt heimili, félagslegar aðstæður og fleiri þættir skipti vissulega einnig miklu máli. Vísast í því sambandi m.a. til fylgiskjals I með tillögu þessari.

Á síðustu árum hefur framboð ofbeldisefnis aukist gífurlega en einnig hefur orðið breyting á eðli þess og gerð. Til að tíunda aðeins það helsta má nefna tölvuleiki í heimilistölvum og sérstakar leikjatölvur sem tengja má við sjónvarp. Uppistaðan í leikjum í slíkum tækjum er því miður oftast tengd ofbeldi. Sama gildir um sýndarveruleikatæki, leiktæki í spilasölum og leikföng. Ofbeldi í einhverri mynd sem einhvers konar bardagi eða hernaður er langoftast undirstaðan.

Tæknin kemur hér einnig við sögu að því leyti að efnið sem er framleitt er raunverulegt að allri gerð. Tækninni (tölvugerð mynda) sem unnt er að beita til að gera ofbeldisatriðin eðlileg og lifandi ef svo má segja eru orðin lítil takmörk sett.

Síðast en ekki síst er sífellt að verki vítahringur stigmögnunarinnar. Rétt eins og um annað hliðstætt efni virðist það lögmál gilda að hver mynd eða hver tölvuleikur þurfi helst að taka því næsta á undan fram hvað svæsni snertir. Það þarf með öðrum orðum aðeins stærri skammt í hverri umferð, meiri grimmd, afkastameiri drápstól, miskunnarlausari ofurhetjur, meira blóð.

Þótt ekki sé ætlunin að draga hér upp eina allsherjarhryllingsmynd af ástandinu er fróðlegt að taka dæmi af því ofbeldisefni sem venjulegt skólabarn „gæti" haft aðgang að á einum degi, t.d. grunnskólanemi á 12. ári, í 7. bekk:

„Það er föstudagur 13. september 1996 og Siggi í 7AB Háuhólaskóla kemur heim til sín ásamt Bjössa, einum skólafélaga, um kl. 14.30. Þeir kveikja á sjónvarpinu og á Stöð 2 er verið að sýna kvikmyndina Alive sem er bönnuð innan 16 ára. Næst ákveða þeir að fara í tölvuleiki. Annar tengir leikjatölvu, Super Nintendo, við sjónvarpið og leikur um stund leikinn Mortal Kombat, sem byggir á hrottafengnum bardaga. Hinn fer í heimilistölvuna og þar er að finna í safni leikja, sem eldri bróðir Sigga hefur sett inn, m.a. leikina Doom og Quake.

Á eftir fara þeir um stund niður í herbergi Sigga. Þar hanga á veggjum myndir af ofurhetjum og illmennum og meðal leikfanga eru að sjálfsögðu orrustuþotur, skriðdrekar, herskip, eldflaugar, byssur og rifflar, kylfur, sverð o.s.frv.

Nú er klukkan að verða fjögur og móðir Sigga og yngri systkini koma heim. Bjössi á hins vegar að sjá um sig sjálfur fram undir kvöldmat þar sem faðir hans kemur seint heim og móðir hans sem vinnur vaktavinnu er ekki væntanleg fyrr en um miðnætti. Vinirnir fá leyfi til að leigja spólu og horfa á hana heima hjá Bjössa. Þeir fara á myndbandaleigu og fá leigða án teljandi erfiðleika myndina Broken Arrow sem er bönnuð innan 16 ára. Á leiðinni heim koma þeir við í leiktækjasal þar sem meðal annars er að finna leiki þar sem skotið er úr eftirlíkingum af vélbyssum á skotmörk á tölvuskjá í viðeigandi tækjum. Þarna leika þeir sér um stund óáreittir, þrátt fyrir 14 ára aldurstakmark, fyrir afganginn af vasapeningum vikunnar.

Eftir að hafa horft á myndina og blaðað í hasarmyndablöðum, þar sem menn falla eins og hráviði fyrir kúlum ofurhetjunnar, fer Siggi heim til sín. Á báðum heimilum er horft á kvöldfréttir ríkissjónvarpsins og bæði á undan og eftir fréttunum eru sýndar án nokkurrar viðvörunar auglýsingar um kvikmyndir sem bannaðar eru börnum innan 16 ára. Þrjár myndir (The Quest, Diabolique og White Sguall) eru auglýstar kl. 19.50, rétt fyrir fréttir og tvær myndir (Dead Man Walking og The Quest) kl. 20.35, rétt eftir fréttir."

Síðan skulum við vona að þeir Siggi og Bjössi hafi átt friðsælt kvöld yfir námsbókunum og að þeir búi við góðar fjölskylduaðstæður, ekki mun af veita.

Það fer tæpast hjá því að fjölmargar spurningar vakni með þeim sem velta þessum málum fyrir sér. Fyrst kemur auðvitað spurningin: Hvað á að gera? Er eitthvað hægt að gera? Jafnvel: Er ástæða til að gera nokkuð?

Það er eindregin skoðun tillögumanna að bregðast verði við. Við getum ekki horft aðgerðalaus upp á sívaxandi ofbeldi gegnsýra allt umhverfi okkar og barnanna okkar. Jafnvel þótt vísindalegar sannanir liggi ekki fyrir í einstökum atriðum um samhengi vaxandi ofbeldis í samfélaginu og aukins framboðs á ofbeldisefni, enda erfitt um vik, réttlætir það ekki að láta skeika að sköpuðu. Margt fleira en beint orsakasamband milli aukins framboðs ofbeldisefnis og ofbeldishegðunar og glæpatíðni kallar líka á að brugðist sé við. Við viljum væntanlega ekki sætta okkur við það að tilvera okkar og umhverfi sé fyllt ljótleika og ofbeldi, slíkir hlutir gegnsýri allt afþreyingarefni og ýti öðru til hliðar.

Við Íslendingar ráðum að sjálfsögðu litlu um heimsmarkaðinn og komum ekki til með að hafa úrslitaáhrif á stefnuna hvað varðar framleiðslu á ofbeldisefni. En við getum sett sjálfum okkur reglur, við getum haldið fram meðvitaðri stefnu um að takmarka ofbeldisefnisflauminn og talað fyrir henni á norrænum vettvangi og alþjóðlega.

Í framkvæmdaáætlun um að draga úr framboði ofbeldisefnis er hægt að hugsa sér ýmsar aðgerðir:

1. Setja má strangar reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum.
2. Banna ætti auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint í kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Einnig á undan efni í kvikmyndahúsum sem leyft er til sýningar fyrir alla.
3. Aðgöngumiðar að kvikmyndum og útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni gæti borið viðbótargjald sem síðan mætti verja til fræðslu- og forvarnarstarfs á viðkomandi sviði.
4. Stórefla þarf kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995.
5. Framfylgja þarf ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni.
6. Framfylgja þarf ströngum reglum um aðgang að leiktækjum sem byggjast á ofbeldisefni.
7. Beina þarf fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldurstakmörk og takmarka áhorf að ofbeldismyndum eða aðgang að öðru ofbeldisefni o.s.frv.

Flutningsmenn telja brýnt að mál þetta komist formlega á dagskrá og til skoðunar hjá yfirvöldum uppeldis- og menntamála, fjölmiðlunar, félagsmála og heilbrigðismála og annars staðar þar sem ástæða er til og þá auðvitað ekki síst meðal almennings og fjölskyldna í landinu.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Til liðs við hið illa. Árni Matthíasson. (Mbl. 23. ágúst 1997.)
II. Úrskýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi. Hilmar Thor Bjarnason (október 1996).
III. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til menntamálaráðherra um ofbeldisefni í fjölmiðlum og munnlegt svar menntamálaráðherra (Björns Bjarnasonar) (235. mál 120. löggjafarþings). Sjá þskj. 317 í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1893, og svar ráðherra í B-deild, d. 2844–45.
IV. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til viðskiptaráðherra um kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi og munnlegt svar viðskiptaráðherra (Finns Ingólfssonar) (236. mál, 120. löggjafarþings). Sjá þskj. 318 í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1894, og svar ráðherra í B-deild, d. 2842–43.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um veiðileyfagjald.

Flm.: Ágúst Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

Alþingi kjósi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Nefndin skili áliti fyrir lok apríl 1998.

Greinargerð.

Meginefni tillögunnar.

Jafnaðarmenn hafa flutt tillögu til þingsályktunar um veiðileyfagjald á síðustu þingum. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind. Gert er ráð fyrir að veiðileyfagjaldið renni í ríkissjóð en því verði varið til hagsbóta fyrir almenning. Til greina kemur að lækka tekjuskatt einstaklinga, lækka erlendar skuldir, auka vegagerð á landsbyggðinni, auka framlög til mennta- og heilbrigðismála eða styðja sérstaklega eldri borgara eða öryrkja.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi kjósi nefnd til að undirbúa löggjöf um veiðileyfagjald. Flutningsmenn telja eðlilegt að Alþingi, sem tekur hina stjórnmálalegu ákvörðun um veiðileyfagjald með samþykkt tillögunnar, axli einnig ábyrgð á undirbúningi við að hrinda henni í framkvæmd með því að kjósa þá nefnd sem undirbýr væntanlega löggjöf. Nefndinni er ætlað að skila áliti fyrir lok apríl á næsta ári. Gert er ráð fyrir að sú þingnefnd, sem fær tillöguna til umfjöllunar milli umræðna, setji nánari ákvæði um fjölda nefndarmanna og fyrirkomulag á kosningu nefndarinnar. Mikilvægt er að nefndin leiti ráðgjafar víða. Flutningsmenn leggja til að kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði en ekki er gert ráð fyrir að kostnaður við starf nefndarinnar verði mikill.

Vitaskuld er hugmyndafræðin um veiðileyfagjald eða auðlindagjald víðtækari en svo að hún eigi einungis við í sjávarútvegi. Veiðileyfagjald þekkist víða erlendis en þar er einnig greitt sérstaklega fyrir nýtingu á námum sem eru í þjóðareign. Það er fullt samræmi í því að leggja auðlindagjald á aðrar sameiginlegar auðlindir hérlendis eins og vatnsorku og jarðvarma. Sama gildir ef ríkisvaldið úthlutar takmörkuðum verðmætum eins og sjónvarpsrásum. Að mati flutningsmanna kemur til álita að nefndinni semundirbúa á löggjöf um veiðileyfagjald verði einnig falið að kanna leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar.

Flutningsmenn lýsa yfir þeim vilja sínum að unnið verði að löggjöf um auðlindanýtingu og gjaldtöku í því sambandi. Þannig er tillaga um veiðileyfagjald liður í víðtækri stefnumótun um uppstokkun á skattakerfinu þar sem auðlindagjald og umhverfisskattar skipta miklu meira máli en nú er og geta komið í stað annarra skatta. Flutningsmenn telja að stefna eigi að því að lækka tekjuskatt einstaklinga samhliða upptöku veiðileyfagjalds.

Tvíþætt umræða um fiskveiðar.

Umræða um fiskveiðar hérlendis er tvíþætt. Annars vegar er rætt um fiskveiðistjórnunarkerfið, t.d. hvort notað er aflamark eða sóknarmark, takmarkanir á einstök veiðarfæri, svæðalokanir, framsal, verðmyndun o.fl.

Hins vegar er umræðan um veiðileyfagjald sem tengist réttlæti og hagkvæmni, hagstjórn og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Þessu er oft blandað saman í opinberri umræðu. Í tillögunni er eingöngu fjallað um veiðileyfagjald en ekki fyrirkomulag við stýringu veiðanna, enda er álagning veiðileyfagjalds óháð núverandi kvótakerfi.

Þótt nauðsynlegt sé að koma upp stýrikerfi til að stjórna veiðum til að hindra ofnýtingu fiskstofna og nýta þá á hagkvæman hátt breytir það ekki því hverjir eiga fiskinn í sjónum. Eignarréttur þjóðarinnar á fiskimiðunum og fiskstofnunum er ótvíræður og bundinn í lögum þótt útgerðin fái tímabundinn afnotarétt til að draga fisk úr sjó. Þessi tímabundni afnotaréttur felst í úthlutun veiðiheimilda. Fiskimiðin eru sameiginleg og því óeðlilegt að beinn arður af þeim renni eingöngu til þess fámenna hóps sem fær afnotaréttinn. Þannig eru hugtökin veiðileyfagjald, auðlindagjald, veiðigjald og auðlindaskattur samheiti yfir það að taka gjald við úthlutun veiðiheimilda.

Það gildir um veiðiheimildir eins og annað sem er af skornum skammti að þær eru ávísun á verðmæti. Þar sem ekki er unnt að hafa frjálsar veiðar hér við land vegna hættu á ofveiði og óhagkvæmum útgerðarháttum verður ríkisvaldið að stýra veiðum eftir fastmótuðu skipulagi.

Þegar ríkið skammtar þegnunum takmörkuð gæði verða þau fémæti ef þau ganga kaupum og sölum og eru verðlögð á markaði. Einmitt þetta hefur gerst og vitaskuld er mjög eðlilegt að eigandi auðlindarinnar fái í sinn hlut raunverulegt afgjald fyrir nýtingarrétt annarra sem ríkið hefur úthlutað.

Þessi úthlutun verðmæta af hálfu ríkisins hefur verið án gjaldtöku hingað til þótt segja megi að fyrsta skref til veiðileyfagjalds hafi verið stigið með lögunum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Fiskveiðiarður og aðrar atvinnugreinar.

Skilvirkt stýrikerfi við fiskveiðar leiðir til þess að það myndast svokallaður fiskveiðiarður sem er tekjur umfram kostnað við veiðar. Markmið fiskveiðistjórnunar er að hámarka afrakstur innar af auðlindinni til lengri tíma og stefnt er að því að fiskveiðiarðurinn verði meiri en nú er.

Norðmenn notuðu olíuhagnað sinn, sem er sambærilegur við arð okkar af fiskveiðum, til að greiða allar erlendar skuldir sínar. Þeir tóku út úr olíuiðnaðinum hluta af hagnaði með gjaldtöku. Þeir skildu þó nóg eftir innan greinarinnar, enda er mjög góð afkoma á olíuvinnslunni þótt þetta gjald sé tekið og laun starfsmanna mjög há.

Ýmsir hagfræðingar telja að fiskveiðiarðurinn muni nema 15–30 milljörðum kr. árlega þegar fyllstu hagkvæmni er náð. Núverandi fiskveiðiarður er mun minni eða innan við 5 milljarðar kr. Að mati flutningsmanna er eðlilegt að í fyrstu verði u.þ.b. 2 milljarðar greiddir í veiðileyfagjald en það þýddi að mikill hagnaður væri enn innan atvinnugreinarinnar. Fæstir talsmenn veiðileyfagjalds hafa talað um að mjög stór hluti fiskveiðiarðsins yrði tekinn út úr greininni. Ef veiðileyfagjald yrði nýtt til almennrar tekjuöflunar ríkisins telst það hagkvæmur skattur í skilningi hagfræðinnar miðað við aðra skatta, eins og tolla, tekjuskatt og virðisaukaskatt.

Aukinn fiskveiðiarður svarar til uppsveiflu í útgerð og leiðir til raungengishækkunar sem mun valda öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum, þar með talið fiskvinnslu, miklum erfiðleikum. Raungengi, sem er hlutfall verðlags eða launa innan lands og utan, mælt í sömu mynt, ræðst m.a. af framboði og eftirspurn eftir vinnuafli.

Eitt af helstu vandamálum í hagstjórn okkar er hve illa hefur gengið að byggja upp aðrar útflutningsgreinar. Styrkleiki útgerðar er svo mikill, einkum vegna gjöfulla fiskimiða, að annar útflutningsiðnaður hefur oft átt mjög erfitt uppdráttar. Það eru hins vegar takmörk fyrir því hve mikil verðmæti við fáum af íslenskum fiskimiðum. Fiskstofnarnir eru flestir fullnýttir.

Vitaskuld verður verðmætasköpun í sjávarútvegi aukin, m.a. með nýtingu fleiri fiskstofna, meiri úrvinnslu afla og öflugri markaðsstarfsemi. Íslandsmið eru hins vegar ekki ótakmörkuð auðlind. Sókn Íslendinga til betri lífskjara felst m.a. í því að annar öflugur útflutnings- og samkeppnisiðnaður byggist upp við hlið útgerðar.

Það þarf að hafa skýrt í huga að almannavaldið skapaði skilyrði fyrir fiskveiðiarðinum með því að úthluta útgerðarmönnum veiðiheimildum. Með því eru einni stétt manna tryggð verðmæti sem þeir fá nú afhent ókeypis. Aðrir þjóðfélagsþegnar hafa enga möguleika á að hefja útgerð nema með því að kaupa eða leigja veiðiheimildir af þessum útgerðarmönnum. Það er ótvírætt að fiskimiðin eru sameign þjóðarinnar.

Veiðileyfagjald er nauðsynlegt framhald á þjóðarsáttinni um efnahagslegan stöðugleika. Veiðileyfagjald tryggir stöðugt gengi, litla verðbólgu og eflir atvinnulífið. Veiðileyfagjald mun staðfesta þjóðareign á fiskimiðunum og stuðla að skynsamlegri þróun í efnahagsmálum.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi eru ýmiss konar.

Í fyrsta lagi má nefna réttlætissjónarmið. Það særir réttlætiskennd manna að verslað sé með veiðiheimildir og þeir sem fengu úthlutað veiðiheimildum upphaflega geti hagnast verulega með því að selja þær eða leigja. Þrátt fyrir það hafa þeir ekki greitt eigandanum, þjóðinni, fyrir heimildirnar, hvorki við úthlutun í upphafi né árlegt leigugjald.

Í öðru lagi er röksemd fyrir veiðileyfagjaldi að án þess safnist mikill hagnaður, fiskveiðiarður, innan útgerðar þegar fram líða stundir, arður sem ætti að dreifast meðal landsmanna allra. Undanfarna áratugi hefur þetta verið „leyst" þannig að gengið hefur verið tiltölulega hátt skráð sem leiðir til ódýrari innflutnings. Þetta er ástæðan fyrir því að oft er sagt að útgerðin hafi í reynd alltaf greitt nokkurs konar auðlindagjald eða veiðileyfagjald. Þannig hefur afrakstri af útgerðinni verið veitt inn í hagkerfið öllum til hagsbóta. Aðrar atvinnugreinar hafa hins vegar þurft að sætta sig við það gengi sem hentar útgerðinni hverju sinni. Þegar illa hefur gengið í fiskvinnslu hefur gengið verið lækkað með afleiðingum sem allir

þekkja. Þetta á ekki lengur við þegar efnahagsstefnan er sú að halda gengi sem stöðugustu og verðbólgu sem lægstri. Veiðileyfagjald er þannig aðferð til að halda gengi stöðugu og koma í veg fyrir raungengishækkun sem kemur illa niður á útflutnings- og samkeppnisiðnaði, þar með talinni fiskvinnslu.

Í þriðja lagi getur veiðileyfagjald verið leið til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi en sveiflur vegna verðbreytinga á erlendum mörkuðum og aflasveiflur hafa veruleg áhrif hérlendis.

Fjölmörg rök eru því fyrir veiðileyfagjaldi, bæði réttlætissjónarmið og hagkvæmnisrök til að efla annan atvinnurekstur.

Hagræn áhrif veiðileyfagjalds.

Beinn kostnaður hins opinbera við útgerð er um 3 milljarðar kr. á ári. Hafrannsóknir kosta um 700 millj. kr. á ári, annar kostnaður á vegum sjávarútvegsráðuneytis, þar með talinn rekstur Fiskistofu, er um 300 millj. kr. Kostnaður í menntakerfi vegna sjávarútvegs er á annað hundrað milljónir króna og við hafnagerð ríflega 500 millj. kr. Einnig er sérstakur afsláttur í tekjuskattskerfinu, sjómannaafsláttur, rúmlega einn og hálfur milljarður kr. Ýmis annar kostnaður fellur til, svo sem vegna landhelgisgæslu, samgangna, viðskipta o.fl.

Sú atburðarás hjá þjóðum sem eiga verðmæta auðlind til gjaldeyrissköpunar en ná ekki að nýta það sóknarfæri til að örva hagvöxt og bæta lífskjör með skynsamlegri gengisstefnu hefur verið kölluð hollenska veikin. Með því er vísað til vandkvæða sem Hollendingar lentu í þegar jarðgas fannst þar í landi, en tiltölulega fáir vinna í þeim iðnaði. Þetta leiddi til svo hás gengis að annar útflutningsiðnaður lenti í kröggum og afleiðingin varð atvinnuleysi og minnkandi hagvöxtur. Íslendingar hafa lent í sama feni með efnahagsstjórn sína og ekki nýtt þá möguleika sem aukinn útflutningur gefur til hagvaxtar.

Útflutningsviðskipti hafa verið uppspretta aukins hagvaxtar síðustu áratugi hjá flestum þjóðum. Hérlendis hefur hlutur útflutnings í landsframleiðslunni verið um þriðjungur og verið óbreyttur í stað í 30 ár. Hlutdeild útflutnings í verðmætasköpun hjá öðrum þjóðum hefur aukist um helming á sama tíma. Þessi staðreynd tengist umræðunni um veiðileyfagjald. Okkur tókst að losna út úr verðbólguholskeflunni sem einkenndi efnahagslífið 1970–1990 og nú er nauðsynlegt að endurskipuleggja útgerðina eins og hugmyndafræðin um veiðileyfagjald gerir ráð fyrir. Annars fellur allt í sama farið og áður og lífskjör verða lakari og afkoma sjávarútvegsfyrirtækja verri en þyrfti að vera.

Rök gegn veiðileyfagjaldi.

Ýmis rök hafa verið færð gegn álagningu veiðileyfagjalds. Því er m.a. haldið fram að veiðileyfagjald tefli í tvísýnu þeirri þróun sem þegar á sér stað í átt að meiri hagkvæmni. Þetta eru ekki sterk rök ef þess er gætt að stilla álagningu veiðileyfagjalds í hóf.

Þau rök heyrast gegn veiðileyfagjaldi að fái ríkið umráð yfir nýjum tekjustofni verði skatturinn fljótlega hækkaður auk þess sem því er haldið fram að ríkið fari illa með fé. Flutningsmenn tillögunnar telja ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af því, en þeir leggja sérstaka áherslu á að veiðileyfagjaldi verði varið í þágu almennings, t.d. til lækkunar annarra skatta, eins og fyrr er vikið að.

Stundum er sagt að núverandi kerfi sé gott í þeim skilningi að það tryggi varanleg afnot útgerðarmanna á auðlindinni, þeir fari vel með hana og afraksturinn skili sér með einum eða öðrum hætti inn í þjóðarbúið og þannig til landsmanna.

Einnig er nefnt að veiðileyfagjald sé sérstakur skattur á landsbyggðina. Þetta er rangt. Veiðileyfagjald er þvert á móti almenn gjaldtaka fyrir úthlutaðar aflaheimildir, óháð því hvar fyrirtækin eru staðsett. Miklu fremur er hægt að halda því fram að núverandi kerfi, án veiði-

leyfagjalds, sé sérstakur skattur á þá staði sem ráða yfir litlum kvóta og verða að greiða verulegar fjárhæðir til handhafa veiðiheimilda sem hafa fengið þær ókeypis.

Landsbyggðin þarf á því halda að annar og fjölbreyttari atvinnuvegur byggist upp, svo sem ýmiss konar þjónustuiðnaður við sjávarútveginn. Útgerð og fiskvinnsla er einnig víðar rekin en í dreifbýli. Það er því mikil skrumskæling á þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki veiðileyfagjaldi að reyna að reka fleyg milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Ef lagt er á veiðileyfagjald þá greiða útgerðarfyrirtækin það. Þannig er fráleitt að segja að Akureyringar greiði veiðileyfagjald sem yrði lagt á Útgerðarfélag Akureyringa. Eigendur hlutafjár í útgerðarfyrirtækjum eru dreifðir um allt land og síður en svo heimilisfastir á þeim stað þar sem fyrirtækin eru skráð. Veiðileyfagjald verður hins vegar ekki nema hluti af þeim hagnaði sem verður í greininni í framtíðinni.

Ef fiskvinnslan er tekin sérstaklega hefur veiðileyfagjald engin bein áhrif á afkomu hennar. Það eru útgerðarfyrirtækin sem greiða veiðileyfagjaldið. Fiskverð er frjálst þannig að álagning veiðileyfagjalds hefur engin áhrif á það hvað fiskvinnslan greiðir fyrir afla. Það ræðst m.a. af verði á heimsmarkaði.

Hvernig ber að leggja á veiðileyfagjald?

Ýmsir möguleikar eru við útfærslu veiðileyfagjalds. Flutningsmenn telja eftirfarandi leiðir helst koma til greina:

Í fyrsta lagi er hægt að leggja árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. Þetta er einfaldasta leiðin í framkvæmd.

Í öðru lagi gæti ríkisvaldið selt veiðiheimildir á opinberu uppboði. Þannig kæmi vel til greina að bjóða upp þann viðbótarkvóta sem er úthlutað eftir því sem fiskstofnarnir braggast. Þessi aðferð auðveldar nýjum aðilum aðkomu að útgerð.

Í þriðja lagi er hægt að dreifa veiðiheimildum milli allra landsmanna og leyfa þeim að versla með heimildirnar þannig að útgerðarmenn yrðu að kaupa þær á markaði í líkingu við hlutafjármarkað til að geta haldið til veiða. Þetta gæti reynst nokkuð erfitt í framkvæmd en þessi aðferð hefur verið notuð víða við almannaveðingu eða einkaveðingu.

Lokaorð.

Höfuðatriði við fiskveiðar er að fiskveiðistjórnunarkerfið sé hagkvæmt og fiskveiðiarði sé ekki sóað með röngu skipulagi. Það er hins vegar grundvallaratriði að ekki sé hægt að fénýta eign annarra án þess að gjald komi fyrir og fiskimiðin eru eign allrar þjóðarinnar en ekki útgerðarmanna. Hugmyndir um veiðileyfagjald lúta að því að hluti af fiskveiðiarðinum renni að hluta beint til þjóðarinnar, eigenda fiskimiðanna.

Fiskveiðiarður er umtalsverður í núverandi kerfi. Veiðiheimildir ganga kaupum og sölum á háu verði sem er sönnun fyrir því að innan sjávarútvegsins er til fé til að greiða fyrir aflaheimildir. Þau viðskipti eiga sér hins vegar stað án þess að almenningur fái nokkuð í sinn hlut þar sem veiðiheimildunum er úthlutað af stjórnvöldum án endurgjalds. Hækkandi verð á veiðiheimildum sýnir einnig væntingar manna og trú á því hve mikill fiskveiðiarðurinn getur orðið á næstu árum. Væntingar markaðarins um vaxandi fiskveiðiarð birtast einnig í hækkandi verði hlutabréfa í þeim sjávarútvegsfyrirtækjum sem ráða yfir sterkri útgerð.

Nýir aðilar í útgerð greiða nú þegar fyrir veiðiheimildir. Þeir greiða hins vegar ekkert til ríkisvaldsins eða almennings heldur til annarra útgerðarmanna sem fá þessum veiðiheimildum úthlutað ókeypis á hverju ári. Miðað við að fiskveiðiarðurinn aukist mun verð á veiðiheimildum sífellt hækka, eins og reyndar hefur gerst undanfarin ár. Gjaldið rennur hins vegar allt til þeirra sem fá hina árlegu, ókeypis úthlutun. Þeir stjórna því í reynd hverjir fá að veiða.

Almenningi í landinu blöskrar það óréttlæti sem blasir við í núverandi kerfi, þegar einstakir útgerðarmenn geta hagnast um margar milljónir eða tugi milljóna á sölu eða leigu veiðiheimilda án þess að greiða nokkuð fyrir þann rétt.

Aðgangur að sameiginlegri auðlind á ekki að vera ókeypis. Það er óásættanlegt að ríkið skammti mönnum rétt til þess að selja og hagnast á annarra manna eign.

6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur þrívegis áður verið flutt, en aldrei orðið útrædd og reyndar aldrei afgreidd frá nefnd. Ástandið í Írak hefur síst skánað og tala látinna hækkar jafnt og þétt. Samkomulag um takmarkaða olíusölu til að kaupa matvæli og lyf breytir litlu um hörmulegar aðstæður alls almennings, enda er um mjög takmarkað magn að ræða og verulegur hluti tekna af olíusölunni er gerður upptækur í stríðsskaðabætur. Tillagan er því endurflutt í von um að Alþingi taki nú afstöðu í málinu. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Það er óumdeilt að aðgerðir viðskiptalegs eðlis ásamt stjórnmálalegum aðgerðum hafa iðulega skilað árangri í alþjóðamálum og er þar nærtækast að nefna þátt viðskiptahindrana og pólitískrar einangrunar í því að ráða niðurlögum hinnar illræmdu aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku. Í alþjóðasamskiptum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að kappkosta að beita friðsamlegum aðferðum, þ.e. öðrum en vopnavaldi, við lausn deilumála. Aðgerðir á viðskiptasviðinu, svo sem vopnasölubann, ákvarðanir um viðskiptakjör eða jafnvel viðskiptabann, geta reynst áhrifaríkar en aukin umræða hefur orðið um nauðsyn þess að beiting slíkra aðgerða verði þó ávallt að samræmast viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum.

Hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Írak og sú staðreynd að Saddam Hussein er þar enn við völd sýna að þörf er á að taka meðferð slíkra „aðgerða“ eða „ráðstafana“ í alþjóðasamskiptum til gagngerrar endurskoðunar.

Undanfarið, eða síðan fljótlega eftir að Flóastríðinu lauk, hafa verið að koma fram skelfilegar upplýsingar um ástand mála í Írak. Ljóst er að lífskjör þar eru afar bágborin og aðstæður alls þorra almennings hörmulegar. Fer þar allt saman, langvarandi vígbúnaðarkapphlaup, harðstjórn og styrjaldarrekstur og síðan alþjóðlegt viðskiptabann sem leitt hefur til vöruskorts og efnahagshruns.

Fórnarlömb þessa ástands eru ekki valdhafar, því að harðstjórn landsins virðist fastari í sessi en nokkru sinni, heldur almenningur, ekki síst börn. Viðskiptabannið er því ekki að skila neinum sýnilegum árangri varðandi það að knésetja harðstjórn Saddams Hussein eða knýja írösk stjórnvöld til að bæta framferði sitt. Írakar þverskallast enn við að veita fullnægjandi upplýsingar um kjarnorku- og eiturefnaumsvif sín. Afleiðingar viðskiptabannsins eru enn sem

komið er ólýsanlegar hörmungar almennings, vöruskortur og hungursneyð, skortur á lyfjum og læknishjálp o.s.frv. Hið alþjóðlega samfélag getur ekki horft upp á slíkt ástand og enn síður borið ábyrgð á því með viðskiptabanni.

Hvað Íslendinga varðar var ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann fullgilt með auglýsingu frá utanríkisráðuneytinu. Sú sem nú er í gildi er dagsett 28. apríl 1992. Við berum því ábyrgð á þessu ástandi til jafns við aðra.

Íslendingar eiga samkvæmt hefð sinni sem óvopnuð smáþjóð að leggja áherslu á friðsamlegar aðgerðir og mannúðarstefnu í alþjóðastjórnmálum. Endurskoðun viðskiptabannsins á Írak og þessara mála í heild á alþjóðavettvangi er slíkt verkefni.“

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auglýsing nr. 160 1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt. (Lögbirtingablaðið 29. júní 1994.)

II. Grein eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur: Fyrri hluti: „Heil kynslóð íraskra barna að þurrkast út og þið virðist kæra ykkur kollótt.“ (Mbl. 14. maí 1995.)
Seinni hluti: „Við erum að rotna sem manneskjur.“ (Mbl. 21. maí 1995.)

7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um aukið framlag til þróunarsamvinnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að auka skuli framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu og tengdra verkefna í áföngum á árunum 1998–2001 með eftirtöldum aðgerðum:

1. Á árinu 1998 verði framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands aukið sérstaklega um 15 millj. kr. Verði þeim fjármunum varið til áætlanagerðar og undirbúnings aukinna verkefna á komandi árum.
2. Á árunum 1999 og 2000 verði grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar 250 millj. kr. samkvæmt fjárlögum, auk tekna af sérstöku álagi á hátekjuskatt og tekjuskatt fyrirtækja. Á sérstakan tekjuskatt manna leggist 1% álag hvort ár og á tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja (lögaðila) 1,5% álag.
3. Frá og með árinu 2001 verði grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar 350 millj. kr., auk 2% álags á hátekjuskatt og 3% álags á tekjuskatt fyrirtækja.
4. Á árinu 1998 skal Þróunarsamvinnustofnun vinna nauðsynleg undirbúningsverkefni, m.a. verði gerð áætlun um verkefni sem talin eru brýn á sviði þróunarsamvinnu þar sem Íslendingar geta einir sér eða í samvinnu við aðra orðið að liði í krafti sérþekkingar, t.d. á sviði sjávarútvegs eða tengdra greina. Utanríkisráðherra leggi áætlun Þróunarsamvinnustofnunar fyrir Alþingi haustið 1998 í formi skýrslu.

Greinargerð.

Tillagan er endurflutt óbreytt frá síðasta þingi utan að ártöl eru færð fram um eitt ár.

Saga opinberrar þróunaraðstoðar og þróunarsamvinnuverkefna er hvorki ýkja löng né glæsileg af Íslands hálfu.

Á áttunda áratugnum og allt til ársins 1981, þegar Þróunarsamvinnustofnun tók til starfa, var aðstoðin bundin við framlög til alþjóðastofnana og samnorrænna verkefna. Varið var á bilinu 0,03–0,07% af þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar. Undan eru þó skilin framlög til hjálparstarfs og neyðaraðstoðar, oftast í samstarfi við aðila eins og Rauða krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar.

Þegar Þróunarsamvinnustofnun tók til starfa voru bundnar vonir við að úr frammistöðu okkar rættist að þessu leyti. Í kjölfarið komu vissulega til sögunnar fyrstu tvíhliða verkefnin þar sem Íslendingar reyndu að aðstoða fátækar þjóðir við uppbyggingu, oftast á sviði sjávarútvegs. Framlög jukust árin 1982 og 1983, en lækkuðu síðan aftur.

28. maí 1985 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar frá utanríkismálanefnd um þróunaraðstoð Íslands. Ályktunin var um að á næstu sjö árum skyldi með reglubundinni aukningu framlaga ná því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Gengið var út frá þeim viðmiðunarmörkum sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu samþykkt fyrir velmegunarríkin, að varið skyldi a.m.k. jafnvirði 1% þjóðarframleiðslu til aðstoðar við þróunarríki og þar af væri 0,7% opinber þróunaraðstoð.

Skemmst er frá því að segja að framkvæmd þessarar ályktunar Alþingis frá 1985 hefur orðið harla dapurleg. Árin á eftir, þ.e. 1986–88, lækkuðu framlög til þróunarsamvinnu sem hlutfall af þjóðartekjum og fóru niður í um 0,05%. Framlögin hækkuðu hins vegar verulega næstu þrjú ár, 1989–91, og náðu þá hæsta hlutfalli hingað til eða yfir 0,13%. Síðan hafa framlögin aftur farið heldur lækkandi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og samkvæmt nýframlögðu fjárlagafrumvarpi munu þau ekki gera betur en u.þ.b. standa í stað í krónum talið á næsta ári.

Tillagan gerir ráð fyrir að framlag Íslands til þróunarsamvinnu verði verulega aukið á árunum fram yfir aldamót. Í ljósi reynslunnar er lagt til að sú aukning verði að verulegu leyti fjármögnuð með sérstakri tekjuöflun í skattkerfinu, þ.e. sérstöku álagi á hátekjuskatt einstaklinga og á tekjuskatt fyrirtækja. Auk þess verði fjárveiting eða grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar hækkuð nokkuð, í fyrsta sinn strax á næsta ári, og verði þeir fjármunir notaðir til undirbúnings nýrra verkefna. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður framlag til þróunarmála 670 millj. kr. og stendur nokkurn veginn í stað. Hér er miðað við upphæðir skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 (frumvarpi haustið 1996) þegar tillagan var fyrst flutt. Tölur breytast í samræmi við það sem verður niðurstaðan í frumvarpi haustið 1997 (fjárlögum ársins 1998). Til Þróunarsamvinnustofnunar fara 172 millj. kr. og hækkar framlagið um 14,4 millj. kr. til nýrra verkefna í Mósambík. Tillagan gerir ráð fyrir að stofnunin fái 15 millj. kr. í viðbót til að undirbúa aukin verkefni og gera áætlun um hvernig auknum framlögum til þróunaraðstoðar verði best varið.

Tillagan gerir ráð fyrir að framlögin hækki síðan á árunum 1999–2001 með hærra grunnframlagi og sérstakri tekjuöflun. Lauslega áætlað ættu opinber framlög þá að geta orðið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu, reiknað á núgildandi verðlagi. Er þá gert ráð fyrir óbreyttum framlögum til þróunarmála annarra en Þróunarsamvinnustofnunar og til hjálparstarfsemi og alþjóðastofnana sem flokkast undir þróunarmál.

	1998	1999	2000	2001
Framlag til Þróunarsamvinnustofnunar	187	250	250	350
Önnur framlög til þróunarmála og alþjóðastofnana á því sviði	498	500	500	500
Tekjur af álagi á hátekjuskatt	0	65	65	130
Tekjur af álagi á tekjuskatt fyrirtækja	0	220	220	440
Samtals	685	1035	1035	1420
Hlutfall af* þjóðarframleiðslu	0,13%	0,20%	0,20%	0,28%

* Gert er ráð fyrir að allar upphæðir færist upp í takt við aukningu (breytingu) þjóðartekna þannig að hlutfallstalan verði óbreytt.

Þótt þessi áætlun gengi eftir og opinber framlög til þróunarmála rúmlega tvöfölduðust á árunum fram að aldamótum yrði samt langt í land að ná áðurnefndu markmiði um að opinber þróunaraðstoð verði 0,7% af þjóðarframleiðslu. Hér er því fyrst og fremst verið að leggja til fyrstu skref á þeirri löngu leið sem Íslendingar eiga fyrir höndum ef þeir á annað borð vilja kinnroðalaust geta gengist við frammistöðu sinni í þessum efnum. Á árunum eftir aldamótin þarf því að halda áfram á sömu braut og auka framlög til þróunarsamvinnu með frekari hækkun grunnfjárveitinga og/eða aukinni sjálfstæðri tekjuöflun.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Þróunarsamvinna Íslands. 10. kafli skýrslu íslenskra stjórnvalda vegna fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking 1995.
II. Þingsályktun um þróunaraðstoð Íslands (samþykkt 28. maí 1985) og greinargerð með þingsályktunartillögunni. Sjá þskj. 947 (507. mál 107. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1984–85, bls. 3417–3420. Tillagan var samþykkt óbreytt.
III. Svar utanríkisráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um framlög til þróunarsamvinnu og hjálparstarfs. Sjá þskj. 216 (95. mál 109. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1986–87, bls. 1369–1370.

8. Frumvarp til laga [8. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Árni Stefánsson,
Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

„Eiturefnavopn“ merkir vopn sem byggist á notkun skaðlegra efna eða efnasambanda, þar með talið lífefnaeitur, skaðlegar örverur eða líffræðilegir orsakavaldar.

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorku- og eiturefnavopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 12. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Bannað er að búa til eiturefnavopn af nokkru tagi innan hins friðlýsta svæðis, koma fyrir, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn hátt.

9. gr.

Bannað er að flytja eiturefnavopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

10. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

11. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

13. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

14. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

15. gr.

Hver sá, sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

16. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er utanríkisráðherra að fela samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt á Alþingi í fimmta sinn, óbreytt ásamt eldri greinargerðum, enda efnið í fullu gildi.

„Frumvarp þetta hefur fjórum sinnum áður verið flutt á Alþingi, síðast á 120. löggjafarþingi, en ekki orðið útrætt. Efni þess er í fullu gildi og þróun í alþjóðamálum er með þeim hætti að auðvelda ætti framgang þess. Má þar nefna framlengingu samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna (NPT) og niðurstöðu Genfarviðræðna um algert bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Með þeim samningum og þróun í afvopnunarmálum eykst gildi friðlýstra svæða jafnframt. Þannig er t.d. friðlýsing Afríku nú komin á dagskrá. Frakkar lofa bót og betrun í Kyrrahafinu, hafa hætt kjarnorkutilraunum á svæðinu og hyggjast staðfesta og virða Rarotonga-samninginn. Sú mikla mótmælaalda sem reis um allan heim í kjölfar þess að Frakkar hófu að nýju tilraunasprengingar er til marks um vaxandi andúð almennings víða um heim á öllum kjarnorkuvígbúnaði. Ríkur vilji er til þess að banna alla frekari þróun kjarnorkuvígbúnaðar og stöðva allar tilraunir á því sviði. En jafnvel þótt þróunin sé í rétta átt hvað kjarnorkuvígbúnaðinn snertir stafar áfram mikil hætta af nýtingu kjarnorku á öðrum sviðum. Á það bæði við um nýtingu kjarnorku til raforkuframleiðslu, geymslu eða endurvinnslu kjarnorkuúrgangs og alla flutninga geislavirkra efna í því sambandi, og síðast en ekki síst umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Það er því engu minni ástæða nú en verið hefur fyrir Íslendinga sem eiga allt sitt undir nýtingu lífrænna auðlinda hafsins að taka af skarið og friðlýsa land sitt.

Rétt er að geta þess að lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á tveimur greinum frumvarpsins frá upprunalegri gerð. Er þar annars vegar um að ræða orðalag 12. gr. og hins vegar efni 16. gr. þar sem nú er valin sú leið að láta málið heyra undir utanríkisráðherra, enda mun ábyrgðin á að afla slíkri friðlýsingu viðurkenningar fyrst og fremst hvíla á hans herðum. Að öðru leyti vísast til eldri greinargerða:

„Þrátt fyrir að miklir atburðir hafi orðið í afvopnunarmálum og alþjóðastjórnmálum síðan það var samið og flutt í fyrsta sinn á 109. löggjafarþingi veturinn 1986–1987 hefur það í engu tapað mikilvægi sínu. Þvert á móti auðveldar tvímælalaust sú jákvæða þróun sem orðið hefur í samskiptum herveldanna samhliða breytingum í Austur-Evrópu og einnig hinir víðtæku afvopnunarsamningar Íslendingum að ganga á undan með góðu fordæmi eins og hér er lagt til. Því ber að fagna að nú er betra lag en nokkru sinni fyrr til að festa í sessi þá afstöðu að afvopnun verði að taka til hafsvæðanna ekki síður en til lands og lofts. Nýjustu fréttir um einhliða ákvarðanir stórveldanna um stórfelldan niðurskurð kjarnorkuvopna ættu að sannfæra þá sem enn kynnu að hafa efasemdir um að aðgerð af því tagi að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum er raunhæft og tímabært skref af okkar hálfu í takt við þróun mála umhverfis okkur.

Í tilkynningu Bush, forseta Bandaríkjanna, frá 27. september sl. felst m.a. að Bandaríkjamenn ákveða einhliða að taka úr umferð og eyða öllum kjarnorkuvígvallarvopnum og taka úr umferð meðaldræg kjarnorkuvopn um borð í skipum og kafbátum, sem og sprengjur flugvéla í flugmóðurskipum, og að sprengjuflugvélar sem bera kjarnorkuvopn verða teknar úr viðbragðsstöðu og svo mætti áfram telja.

Svar Gorbatsjovs 5. október sl. er á líkum nótum. Rétt er einnig að hafa í huga START-samningana um fækkun langdrægra kjarnorkuvopna, samning um takmörkun hefðbundinna vopna og herafla í Evrópu og yfirstandandi viðræður og umleitanir á mismunandi stigum um framlengingu samnings um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, um tilraunabann og um útrýmingu efnavopna og sýklavopna svo nokkuð sé nefnt. Því verður ekki á móti mælt að það er meira en tímabært að við Íslendingar tökum nú til umfjöllunar hvernig við getum af

okkar hálfu lagt þessari jákvæðu þróun mála lið og verið þar í fararbroddi. Annað sæmir ekki þeirri þjóð sem gjarnan hrósar sér af því að vera vopnlaus og friðelskandi.

Það er skoðun flutningsmanna að með aðgerðum af því tagi sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir væri í senn með afdráttarlausum hætti staðfestur í löggjöf landsins vilji okkar til að tryggja frið, öryggi og varðveislu auðlinda á okkar slóðum og sýnt af Íslands hálfu kjarkmikið fordæmi í anda þeirra stóratburða í afvopnunarmálum og alþjóðasamskiptum sem varðað hafa veginn sl. mánuði og ár.

Frumvarpinu fylgdi á sínum tíma þegar það var endurflutt á 110. löggjafarþingi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt og er því endurflutt. Sú breyting hefur verið gerð að bætt hefur verið inn í frumvarpið einni grein, 11. gr., sem fjallar um sérstakt bann við flutningi eða losun geislavirkra efna innan hins friðlýsta svæðis. Þar sem eitt meginmarkmið laga um friðlýsingu Íslands yrði að draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á og í grennd við landið þótti eðlilegt að taka inn í frumvarpið slík ákvæði.

Ísland er að vísu aðili að svonefndum Lundúnasamningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna en sá samningur er ekki afdráttarlaus hvað t.d. lággeislavirkan úrgang varðar, auk þess sem ekkert er því til fyrirstöðu að við setjum okkur sjálf strangari reglur í eigin lögsögu. Sjálfsagt er að Íslendingar, sem eiga lífsafkomu sína undir auðlindum hafsins, gangi á undan með góðu fordæmi í þessum efnum.

Síðan frumvarpið var samið og lagt fram sl. vetur hefur það gerst að frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland var samþykkt sem lög á þinginu í Wellington. Lögin tóku hins vegar næsta litlum breytingum frá upphaflega frumvarpinu og þykir því ekki ástæða til að láta þýða lögin í sinni endanlegu mynd en látið duga að prenta nýsjálenska frumvarpið sem fylgiskjal eins og áður.

Að öðru leyti getur greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, staðið án athugasemda. Hún er svohljóðandi:

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar og til að hefja umræður um hvernig staðið skuli að því að festa í lög þá yfirlýstu stefnu Alþingis og ríkisstjórna að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn. Rétt þótti að láta sambærilegt bann við eiturefnavopnum fylgja með í lögunum.

Það er eðlileg, lýðræðisleg krafa að sú yfirlýsta stefna, að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn, verði bundin í lögum landsins. Í framhaldi af slíkri lagasetningu hlýtur að koma til skoðunar að taka upp almenn ákvæði þar að lútandi í stjórnarskrá. Með þeim hætti væri vilji bæði Alþingis og þjóðarinnar allrar tryggður að baki friðlýsingar landsins.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við frumvarp um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland sem er til umfjöllunar á þingi þeirra Nýsjálendinga í Wellington, lagt fram af forsætisráðherra landsins, David Lange. Einnig var tekið mið af hugmyndum sem settar hafa verið fram um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Frumvarp þetta á enn fremur í öllum meginatriðum að vera í samræmi við ákvæði um önnur kjarnorkuvopnalaus svæði eða friðlýst svæði, svo sem Tlatelolco-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Ameríku, Rarotonga-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Kyrrahafi og stöðu þessara mála á alþjóðavettvangi, sbr. lokakafla ályktunar frá afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1978, sjá fylgiskjöl.

Höfundur telur rétt að nokkur tími sé til stefnu frá því að frumvarp þetta verður að lögum og þar til lögin taka gildi. Þann tíma þarf að nota m.a. til að afla svæðinu viðurkenningar, undirbúa eftirlit og annað sem að framkvæmdinni lýtur.

Enginn vafi er á því að lagasetning af þessu tagi um kjarnorku- og eiturefnavopnafriðlýsingu væri stórt framlag og hvatning af Íslands hálfu til afvopnunar og friðarviðleitni í heimin-

um. Ótvírætt væri gildi þess fyrir framþróun hugmynda um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum ef Íslendingar tækju fyrir sitt leyti af skarið með kjarnorkufriðlýsingu landsins. Verulegur skriður hefur verið á umræðum og mótun hugmynda um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd upp á síðkastið en því miður virðist svo sem framlag íslenskra yfirvalda hingað til hafi fyrst og fremst orðið það að tefja fyrir málinu. Hér er lagt til að bragarbót verði gerð í því efni í samræmi við ótvíræðan vilja þjóðarinnar ef marka má kannanir. Að sjálfsögðu mundi svo hið friðlýsta íslenska svæði ganga inn í væntanlegt kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og verða hluti af því hvað varðaði samninga um viðurkenningu, eftirlit og alla framkvæmd.

Hér er einnig um stórt umhverfismál að ræða og fyllilega tímabært að við Íslendingar tökum af meiri alvöru á þeirri ógn sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum, kjarnorkuúrgangi, eiturefnum o.s.frv.

Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Skylt er að geta þess að þessu máli og öðrum hliðstæðum hefur verið hreyft áður á Alþingi. Að minnsta kosti fjórum sinnum hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Í öll skiptin hefur þar verið um að ræða tillögur að ályktunum um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf. Fyrst var slík tillaga flutt af Svövu Jakobsdóttur og Magnúsi Torfa Ólafssyni á 97. löggjafarþingi, síðan af Svövu einni á 100. löggjafarþingi og svipuð tillaga af Guðrúnu Helgadóttur o.fl. á 102. og 107. löggjafarþingi. Einnig hafa verið fluttar margs konar tillögur sem efninu tengjast, svo sem um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, afvopnun á Norður-Atlantshafi o.fl., en hér er eftir því sem best er vitað málið í fyrsta sinn komið í frumvarpsbúning.

Um skýringar að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins, fylgiskjöl og í framsöguræðu. Einnig má benda á rit öryggismálanefndar (rit 3) um kjarnorkuvopnalaus svæði eftir Þórð Ingva Guðmundsson, en það er að því leyti ófullnægjandi að það er orðið nokkurra ára gamalt (1982) en þróun þessara mála hefur verið hröð upp á síðkastið."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. laganna er megintilgangur þeirra skýrður nánar en fram kemur í heiti frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi lagagrein fjallar um markmið laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er vikið að skilgreiningum eða merkingu orða að svo miklu leyti sem slíkt var talið nauðsynlegt.

Hugtakið kjarnorkuvopn er hér skilgreint á sama hátt og í flestum hliðstæðum tilfellum, þ.e. þegar verið er að fjalla um eða ákveða hvað skuli teljast „kjarnorkuvopn" við skilgreiningu hugtaka í sambandi við kjarnorkuvopnalaus svæði, sbr. fylgiskjöl.

Eiturefnavopn eru hér nánast í sinni víðustu merkingu látin ná yfir öll skaðleg efni eða efnasambönd sem nota á sem vopn til að skaða fólk, mannvirki eða náttúru. Innifalin eru í þessari skilgreiningu lífefnavopn, en um þau gilda alþjóðlegir samningar um bann við þróun, framleiðslu og uppsöfnun sýklavopna (líffræðilegra vopna) og vopna er nýta lífefnaeitur, og um eyðingu slíkra vopna, frá 10. apríl 1972. Að öðru leyti yrði að afla hinni víðtæku íslensku skilgreiningu sérstaklega viðurkenningar.

Ákvæði um „íslenskt yfirráðasvæði“ og hið „friðlýsta svæði“ skýra sig í raun sjálf. Flutningsmenn telja eðlilegt að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands, á grundvelli þjóðaréttar og full veldisréttar, ná til, sjá einkum lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, og hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta, 55.–57. gr., og VI. hluta, 76. gr.

Um 4.–7. gr.

Í 4.–7. gr. eru tíundaðar kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar eru í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, sjá fskj. II, 1. og 2. gr., og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971). Hér eru hins vegar persónulega lagðar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða sem dvelja innan svæðisins. Þannig er kjarnorku- og eiturefnavopnabannið í senn bundið ríkinu sem samanstendur af borgurunum, íslensku yfirráðasvæði og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum, hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals um skýringar.

Um 8.–9. gr.

Í 8.–9. gr. er lagt hliðstætt bann við umsýslan með eiturefnavopn innan hins friðlýsta svæðis og á við um kjarnorkuvopn. Sjá einnig skilgreiningu á hugtakinu „eiturefnavopn“ í athugasemdum um 3. gr.

Um 10. gr.

Í 10. gr. eru skýr fyrirmæli um að kjarnorkuknúin farartæki megi ekki koma inn á hið friðlýsta svæði nema ferð þeirra falli undir ákvæði 12. gr.

Um 11. gr.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli af Íslands hálfu um að losun geislavirks úrgangs eða geislavirkra efna í íslenskri lögsögu er bönnuð hverjum sem er. Í reynd má segja að slíkt bann sé þegar að flestu leyti í gildi með lögum nr. 20/1972, lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, einnig með aðild Íslands að alþjóðasamningum, einkum samningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sjá lög nr. 20/1973, og samningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn LDZ), sjá lög nr. 53/1973. Flutningar með slík efni skulu lúta sömu takmörkunum og umferð vígvéla og kjarnorkuknúinna farartækja eru sett, en óhjákvæmilegt er að hafa sambærileg ákvæði um rétt til friðsamlegrar umferðar í þessu tilviki, sbr. 23. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 12. gr.

Óhjákvæmilegt er að hafa heimildir til að veita undanþágur vegna alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslands, en gert er ráð fyrir að einungis bein umferð eða gegnumferð, án óþarfa viðdvalar á alþjóðlegum leiðum, geti verið undanþegin ákvæðum 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. og þó aldrei nær landi en að 12 mílna mörkum. Við samningu þessarar greinar var höfð hliðsjón af ákvæðum í frumvarpinu um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, en þetta frumvarp gengur lengra og heimilar engar undanþágur gagnvart íslensku innsævi, íslensku landhelginni (innan 12 mílna marka) og loftrýmisins þar yfir. Frumvarpið byggir því á ýtrustu kröfum um rétt okkar Íslendinga til að friðlýsa án undantekninga land okkar, landhelgi og loft-

helgi þar yfir og til að friðlýsa eftir því sem fært er með tilliti til alþjóðlegrar umferðar efna hagslögsöguna alla, landgrunnið og önnur svæði sem talist geta íslensk yfirráða- eða áhrifasvæði. Að öðru leyti vísast til alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslendinga á sviði samgöngumála, sérstaklega hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 13. gr.

Hér er það skýrt tekið fram að stjórnvöldum sé óheimilt að gefa undanþágur frá ákvæðum um hið friðlýsta svæði, jafnt þó um friðsamlegar heimsóknir sé að ræða. Komi upp vafaatriði í þessu sambandi skal ætíð aflað bestu fáanlegra upplýsinga og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð um allar ákvarðanir í slíkum tilfellum. Hafa má til hliðsjónar ákvæði samninga risaveldanna um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar, svo sem SALT-samningana, um hvenær farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem búin kjarnorkuvopnum.

Um 14. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum (sjá fylgiskjöl) og samþykktir Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðlegra aðila gera ráð fyrir.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um refsiákvæði og er hliðstæð ákvæðinu í nýsjálenska frumvarpinu.

Um 16. gr.

Eðlilegt þykir að framkvæmd laganna heyri undir utanríkisráðherra en honum sé heimilt að fá aðra ráðherra til aðstoðar við sig ef aðstæður mæla með. Náið samráð skal vera milli utanríkisráðherra og Alþingis um framkvæmdina. Í fyrri útgáfum frumvarpsins var tekið mið af nýsjálenska fyrirkomulaginu og framkvæmdin látin heyra undir forsætisráðherra en hér er horfið frá því eins og áður sagði. Ekki er ólíklegt að framkvæmd málsins verði falin fleiri en einum ráðherra, auðvitað fyrst og fremst utanríkisráðherra en einnig samgönguráðherra og e.t.v. umhverfisráðherra. Æskilegt væri að þingnefnd tæki afstöðu til þessara kosta.

Um 17. gr.

Rétt þykir að nokkur tími gefist frá samþykkt laganna til gildistöku þannig að undirbúa megi framkvæmdina sem best.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar (David Lange).
II. Auglýsing um fullgildingu samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum. (Sjá einnig C-deild Stjtíð. 1969, bls. 65–73.)
III. Samþykkt samráðsfundar friðarhreyfinga á Norðurlöndum 23.–24. apríl 1983.
IV. Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningurinn árið 1967).
V. Samanburður á skuldbindingum um takmörkun vopna í Rarotonga-samningnum og Tlatelolco-samningnum (Jozef Goldblat og Sverre Lodgaard).

VI. Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978.
Sjá þskj. 182 (168. mál 115. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1991–92, bls. 1576–1610.

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um fjarkennslu til að jafna aðstöðu til náms.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Sighvatur Björgvinsson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um hvernig nýta megi fjarkennslu á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi til að jafna aðstöðu til náms.

Nefndin taki mið af þeirri reynslu sem fengist hefur af fjarkennslu hérlendis og þeirri þekkingu sem fyrir liggur í öðrum löndum á fjarnámi og móti tillögur sínar m.a. á þeim grundvelli.

Nefndin verði skipuð fagfólki á sviði menntamála með reynslu af fjarkennslu.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir skólaárið 1998–1999.

Greinargerð.

Menntun og þekking eru þau vopn sem líklegust eru til að koma að haldi í lífsbaráttu næstu ára og á nýrri öld. Flestir foreldrar vilja nesta börn sín vel út í lífið þannig að þau eigi möguleika á góðri atvinnu og góðum lífskjörum. Það ræður því miklu um búsetuval fólks að börnin hafi möguleika á að njóta góðrar kennslu og menntunar á grunn- og framhaldsskólastigi. Þar sem ekki eru möguleikar til framhaldsskólanáms og efstu bekkir grunnskóla e.t.v. ekki starfræktir reglulega sökum mannfæðar er ekki óalgengt að fjölskyldur hugsi til búferlaflutninga þegar börnin komast á unglingsár, bæði til að halda fjölskyldunni lengur saman og vegna þess mikla kostnaðar sem fylgir því að senda unglinginn að heiman eða halda tvö heimili. Skipulag menntamála er því afar mikilvægt byggðamál.

Þá kalla breytingar í atvinnulífinu á endurmenntun og símenntun ýmiss konar sem fólk og fyrirtæki vilja og þurfa að eiga aðgang að.

Á vorönn árið 1994 var fjarkennsla hafin við Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA). Fimmtán nemendur hófu þá nám í ensku og kennarar unnu kauplaust að þessari tilraun sem tókst svo vel að nú stunda um 250 nemendur nám í fjarnámsdeild skólans. Yfir 75 áfangar eru kenndir í yfir 30 greinum. Kennarar við deildina eru nú yfir 40 og eru margir þeirra að aðalstarfi kennarar við aðra skóla en VMA. Nemendum hefur ekki aðeins fjölgað innan lands heldur hefur nemendum sem búa erlendis einnig fjölgað og eru nemendur nú í Evrópu, Ameríku og Afríku. Úttekt sem gerð var á kennslunni fyrir menntamálaráðuneytið eftir haustönn 1996 leiddi í ljós að gæðin voru í lagi. Síaukin aðsókn er þó besti mælikvarðinn. Nemendur um allt land og úti á miðum, svo og þeir sem búsettir eru erlendis, kunna vel að meta þessa gerð skóla.

Það sama er að segja um aðra kennslu sem boðið hefur verið upp á með tölvusamskiptum. Kennaraháskólinn hefur t.d. boðið upp á fjarnám um árabil, bæði endurmenntun og kennaranám. Fósturskóli Íslands hefur haft svipaðan hátt á. Báðir skólar gera þó ráð fyrir að nemendur séu við nám í skólanum sjálfum að hluta.

Nemandi á Bakkafirði nýtti sér fjarkennslu við nám í 10. bekk og tók samræmd próf vorið 1996 við Gagnfræðaskóla Akureyrar (nú Brekkuskóli). Sá skóli hefur haldið áfram að þróa fjarkennslu og í fjarnámi er nú um tugur nemenda sem býr erlendis . Um er að ræða nemendur sem áður stunduðu nám við skólann en hafa farið til lengri eða skemmri dvalar erlendis með foreldrum og geta þeir með fjarnámi viðhaldið þekkingu sinni t.d. í íslensku eða öðrum þeim greinum sem eftir atvikum er talið rétt að lesnar séu undir umsjón íslensks kennara.

Hvert viljum við stefna með fjarkennsluna? Mikill áhugi er á því meðal landsbyggðafólks, ekki síst á þeim stöðum þar sem ekki er boðið upp á framhaldsnám, að fjarkennsla verði nýtt skipulega til að nemendur geti verið lengur í foreldrahúsum og að skipulag skólamála valdi ekki röskun á högum fjölskyldunnar. Jafnframt væri brýn nauðsyn að skoða með hvaða hætti fjarkennslan getur komið að gagni þar sem ekki er talið unnt að starfrækja efstu bekki grunnskóla sakir nemendafæðar og/eða skorts á sérhæfðum kennurum. Það er dýrt að þurfa að senda unglinga að heiman í framhaldsskóla og foreldrar vilja gjarnan geta haft hönd í bagga með uppeldi barna sinna lengur en kostur gefst á stöðum þar sem senda þarf unglinginn að heiman strax á fyrstu unglingsárum.

Kanna þyrfti skipulega möguleika á fjarkennslu við þá framhaldsskóla, eða einstök námssvið í dreifbýlinu, þar sem ekki er kostur á sérmenntuðum kennurum í einstökum greinum. Þannig mætti styrkja námið og auka fjölbreytni í námsframboði. Fjarkennsla VMA hefur þegar þjónað ýmsum skólum í þessu efni. Nemendur hafa getað tekið einstaka áfanga í fjarnámi sem af einhverjum ástæðum hafa ekki verið kenndir við viðkomandi skóla.

Fjarnám getur líka verið góður kostur fyrir þá sem hafa verið við framhaldsnám en aldrei lokið námi og útskrifast, svo og þá sem ekki áttu þess kost á sínum tíma að fara í framhaldsskóla. Margir af nemendum í fjarnámi við VMA búa á svæðum þar sem fjölbreytt námstækifæri eru í boði, t.d. í kvöldskólum, en kjósa frekar þessa leið. Fjarnám virðist vera aðgengileg leið fyrir marga sem ekki geta nýtt sér reglubundið nám, svo sem vegna fjölskylduábyrgðar, vinnutíma eða annars. Fjarnám getur skapað þeim annað tækifæri.

Sjómenn hafa nýtt sér möguleika fjarnámsins. Ein skipshöfn hefur komið sér upp móttökubúnaði um borð og notið þannig fjarkennslu frá VMA. Slíkur búnaður hlýtur að verða framtíðarbúnaður um borð í þeim skipum sem hafa langa útivist. Aðrir hafa tekið efnið með sér um borð á disklingum.

Möguleikar á því að nýta fjarkennslu við endur- og símenntun eru nær ótæmandi. Þeir möguleikar nýtast hins vegar ekki sem skyldi verði þeir ekki skipulagðir, stefnan mörkuð, samstarfsaðilar fundnir og möguleikar og framboð kynnt. Sama gildir um þjónustu við þann fjölda barna sem býr erlendis um lengri eða skemmri tíma vegna náms eða starfa foreldra og væri gagnlegt að nefndin skoðaði einnig þá möguleika.

Tölvusamskipti skóla á Íslandi þróuðust og urðu fyrst að veruleika í dreifbýlinu fyrir frumkvæði Péturs Þorsteinssonar, þá skólastjóra grunnskólans á Kópaskeri. Úr varð Íslenska menntanetið. Fjarkennslan hefur einnig þróast ört hjá skólum úti á landi og í þjónustu við fólk á landsbyggðinni. Það er ekki tilviljun heldur undirstrikar það hve mikilvæg sú tækni er fyrir dreifbýlið sem gerir tölvusamskipti möguleg. Með markvissri notkun þeirrar tækni má jafna og bæta möguleika fólksins í landinu, bæði til menntunar og til að njóta menningar. Ljóst er að tækninni fleygir fram og sífellt fleiri búa við þá aðstöðu að geta nýtt sér fjarkennslu.

Í riti menntamálaráðuneytisins „Í krafti upplýsinga“ er sett fram það markmið að „kostir fjarkennslu verði nýttir markvisst til að jafna aðstöðu til náms jafnt innan lands sem erlendis frá“. Þar segir enn fremur: „Kostir upplýsingatækni verði að fullu nýttir til að efla hvers konar símenntun.“ Orð eru til alls fyrst og í ljósi fenginnar reynslu þarf að móta tillögur um aðgerðir til að nýta megi skipulega þá möguleika sem fyrir hendi eru. Þessi tillaga er fram komin til að stuðla að því.

Með tillögunni var fylgiskjal: Kynning á fjarkennslu Verkmenntaskólans á Akureyri, haustönn 1997, ásamt umsóknareyðublaði.

10. Beiðni um skýrslu [10. mál]

frá viðskiptaráðherra um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum.

Í skýrslunni komi m.a. fram hvort haft sé samráð um verð vöru og þjónustu og hvernig hagsmunatengslum og valdasamþjöppun innan þessara fjögurra atvinnugreina sé háttað. Skýrslan leiði í ljós hvort samkeppnishættir í fyrrgreindum atvinnugreinum hamli gegn eðlilegum viðskiptaháttum og leiði til hærra verðs á vöru og þjónustu fyrir neytendur.

Í skýrslunni sé rakin þróun þessara mála síðustu ár og greint frá núverandi stöðu þeirra. Í henni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hver er markaðshlutdeild helstu fyrirtækja í hverri af hinum fjórum atvinnugreinum?
2. Eru sömu einstaklingar í ábyrgðarstöðum (stjórn/framkvæmdastjórn) hjá fleiri en einu af þeim fyrirtækjum sem getið er í lið 1? Eru sömu eignaraðilar, og þá hverjir, sem eiga yfir 5% hlut í fleiri en einu af þessum fyrirtækjum? Sérstaklega er spurt um hvort um sé að ræða stjórnar- eða eignaraðild að fyrirtækjum sem eiga í samkeppni.
3. Bendir svar við liðum 1 og 2 til þess að um sé að ræða samþjöppun valds eða óeðlileg hagsmunatengsl sem hamli samkeppni og leiði til hærra verðs á vöru og þjónustu, t.d. með verðsamráði?
4. Hver er eignarhlutdeild og stjórnarþátttaka helstu fyrirtækja í fyrrgreindum fjórum atvinnugreinum í annarri atvinnustarfsemi og má ætla að slík eignaraðild og stjórnarþátttaka skapi óeðlileg hagsmunatengsl?
5. Hefur dregið úr samkeppni innan atvinnugreinanna fjögurra undanfarin tíu ár og má ætla að einstök fyrirtæki eða stofnanir, og þá hver, hafi í krafti markaðsstöðu eða verðsamráðs samið um skiptingu markaða eða verðlagningu á vöru og þjónustu?

6. Bendir samvinna stærri fyrirtækja í flutningsstarfsemi og eignaraðild þeirra að fyrirtækjum í ferðaþjónustu eða landflutningum til þess að samkeppni sé hamlað og öðrum aðilum sé gert nær ókleift að halda uppi samkeppni við eðlileg skilyrði?
7. Hvert er umfang lánastarfsemi stærstu tryggingafélaganna og hefur henni verið beitt sem tæki í samkeppni? Má ætla að stærstu tryggingafélögin samræmi vátryggingaskilmála sína og verðlagningu þannig að þeir hamli samkeppni?
8. Hve mikið hafa olíufélögin aukið umfang starfsemi sinnar sl. fimm ár. Má ætla að sú aukning og þátttaka í annarri starfsemi en dreifingu á olíu og bensíni, svo sem sala ýmiss konar varnings á bensínstöðvum, hafi leitt til hærra verðs á bensíni og myndað óeðlilega samkeppni við aðra smásöluverslun?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Til að frjáls samkeppni í atvinnu- og viðskiptalífi nái tilgangi sínum og neytendur njóti hennar í lægra vöruverði og betri þjónustu er grundvallaratriði að koma í veg fyrir fákeppni, óeðlilegar viðskiptahindranir og samþjöppun valds í atvinnulífinu. Margt bendir til þess að á liðnum árum hafi tilhneigingar gætt til þess að leggja stein í götu frjálsrar samkeppni. Hringamyndun, valdasamþjöppun og óeðlileg hagsmunatengsl sem takmarkað geta samkeppni verða sífellt sýnilegri og meira áberandi í þjóðfélaginu. Slík þróun er andstæð hagsmunum neytenda, en stjórnvöldum ber skylda til að sjá til þess að leikreglur frjálsrar samkeppni séu þannig að neytendur fái notið hennar í lægra vöruverði og betri þjónustu.

Samþjöppun t.d. á flutningsmarkaði, bæði í loft-, sjó- og landflutningum, er farin að ógna alvarlega eðlilegri samkeppni. Fyrirtæki á flutningsmarkaðnum tengjast líka með beinni eignaraðild trygginga- og olíufélögum sem þau eiga mikil viðskipti við.

Sömu tilhneigingar gætir líka í bankakerfinu þar sem ríkisviðskiptabanki er orðinn stór eignaraðili í vátryggingastarfsemi. Olíufélögin teygja anga sína og umsvif æ meira inn í óskylda starfsemi og liggja undir ámæli fyrir verðsamráð. Hagsmuna- og stjórnunartengsl milli samkeppnisaðila eru algeng og í atvinnulífinu hafa myndast markaðsráðandi fyrirtækjablokkir sem tengjast eigna- og stjórnunarlega. Ekki síst eru það olíufélög, trygginga- og flutningsfyrirtæki, útflutningsfyrirtæki sjávarafurða og ferðaþjónustufyrirtæki sem tengjast með gagnkvæmu eignarhaldi. Stjórnunartengsl eru áberandi þar sem sömu aðilar sitja í stjórnum þessara fyrirtækja sem oft eru í samkeppni.

Öll þess þróun hefur leitt til mikillar samþjöppunar valds og auðs á fárra manna hendur á kostnað almennings og skapað trúnaðarbrest og tortryggni milli atvinnu- og viðskiptalífsins annars vegar og almennings hins vegar.

Alþingi ber að fylgjast vel með þróuninni sem orðið hefur og hvert stefnir í framtíðinni þannig að löggjafinn geti gripið inn í ef ástæða er til. Í þeim tilgangi er beðið um þessa skýrslu, til að Alþingi hafi möguleika á að leggja mat á þá þróun sem orðið hefur á síðustu árum. Með því móti getur löggjafarvaldið lagt mat á þróunina og þá hvernig eigi að bregðast við sé það talið nauðsynlegt.

Samkeppnisráð gerði úttekt á stjórnunar- og eignatengslum fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði á árunum 1993–94 sem nýtast mun í þeirri athugun sem hér er beðið um á banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum. Athuguninni er einkum ætlað að beinast að þeim breytingum sem hafa orðið í viðskiptalífinu síðan úttekt samkeppnisráðs var gerð, auk þess sem í beiðninni er beðið um athugun á nýjum þáttum sem ekki komu til skoðunar þá.

11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um bætt siðferði í opinberum rekstri.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvernig bæta megi siðferði í opinberri stjórnsýslu.

Kannaðar verði þær skráðu og óskráðu reglur sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu, einkum varðandi embættisveitingar í æðstu stöður stjórnkerfisins og ráðstöfun opinberra fjármuna. Nefndinni verði falið að leggja mat á hvort rétt sé að breyta fyrirkomulagi embættisveitinga eða setja hæfnisreglur um ráðningar. Verkefni nefndarinnar verði einnig að kanna hvernig koma megi í veg fyrir hagsmunaárekstra í stjórnsýslunni og viðskiptalífi og draga úr stjórnmálalegum afskiptum í sjóða- og bankakerfinu.

Nefndin geri tillögur um úrbætur varðandi framangreind atriði og undirbúi löggjöf í þessum efnum sé það talið nauðsynlegt.

Nefndin verði skipuð einum aðila tilnefndum af forsætisráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar, einum tilnefndum af Hæstarétti Íslands og einum tilnefndum af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Greinargerð.

Segja má að lýðræðislegt þjóðfélag byggist í grundvallaratriðum á tvenns konar reglum. Annars vegar leikreglum sem settar eru í löggjöf af kjörnum fulltrúum á Alþingi og skráðum reglum sem handhafar framkvæmdavaldsins setja. Hins vegar óskráðum reglum sem treysta á heiðarlega siðferðisvitund og ábyrgð þeirra sem trúað er og treyst fyrir að reka hina opinberu stjórnsýslu, hvort sem um er að ræða opinbera embættismenn eða kjörna fulltrúa þjóðarinnar.

Allar óskráðar siðareglur hljóta að byggjast á þeirri frumskyldu opinberra embættismanna og kjörinna fulltrúa að vinna í þágu almannahagsmuna í samræmi við það vald sem þeim er trúað fyrir. Sé það vald misnotað í eigin þágu eða annarra sérhagsmuna brýtur það í bága við hagsmuni og siðferðisvitund þjóðarinnar.

Skortur á vönduðum vinnubrögðum í stjórnsýslu leiðir oft til trúnaðarbrests milli stjórnvalda og fólksins í landinu. Þessi trúnaðarbrestur hefur með árunum komið skýrar í ljós, ekki síst í tengslum við pólitískar embættisveitingar í æðstu stöður stjórnkerfisins og ráðstöfun opinberra fjármuna, svo og stjórnmálaleg afskipti í sjóða- og bankakerfinu. Ýmsar embættisfærslur af þessum toga hefur þjóðin litið á sem löglegar en siðlausar. Margt bendir til að ekki gæti nægilega faglegra vinnubragða í stjórnsýslu og stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Skilgreining á siðgæði getur verið breytileg frá einum tíma til annars og mismunandi mat á því hjá ólíkum þjóðum. Í þróuðum stjórnkerfum er þó hægt að finna meginreglur sem menn eru almennt sammála um að verði að halda í heiðri. Það er þessi sameiginlegi skilningur sem gerir löggjafanum kleift að setja reglur sem byggjast á siðgæðis- og réttarvitund þjóða.

Siðareglur eru áhrifaríkt tæki til að vinna gegn spillingu á opinberum vettvangi. Það er nauðsynlegt að aðgerðir opinberra aðila séu opinberar og gerðar fyrir opnum tjöldum. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna. Siðareglur, hvort sem eru skráðar eða óskráðar, kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Skráðar siðareglur skýra einnig ábyrgð valdhafa og embættismanna og gera betur kleift en nú er að draga þá til ábyrgðar fyrir embættisfærslu.

Siðareglur gilda nú orðið fyrir fjölmargar starfsstéttir, svo sem lækna, lögfræðinga, viðskipta- og hagfræðinga, blaðamenn o.fl. Það reynir á siðferði í öllum samskiptum. Þessu er lýst í ágripi af fyrirlestri Páls Skúlasonar prófessors og rektors Háskóla Íslands (fylgiskjal I). Sjá einnig erindi Páls á málþingi um siðferði í íslenska stjórnkerfinu (fylgiskjal II).

Finna má mörg dæmi þess gegnum tíðina að trúnaðarbrestur hafi orðið með þjóðinni og opinberum stjórnvöldum vegna ýmissa embættisfærslna sem misboðið hafa siðferðisvitund þjóðarinnar. Því er nauðsynlegt að huga að því hvernig bæta megi siðferði í opinberri stjórnsýslu. Að öðrum kosti getur þetta ástand haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarhagsmuni og skapað tortryggni almennt í störfum stjórnsýslunnar.

Tillagan kveður á um að farið verði yfir þær reglur, skráðar og óskráðar, sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu. Þrjá meginþætti ber einkum að skoða: embættisveitingar, ráðstöfun opinberra fjármuna og stjórnmálaleg afskipti í sjóða- og bankakerfinu.

Rétt þykir að nefndin leggi mat á að annað tveggja verði gert: settar verði siðareglur í opinberum rekstri sem lúta að þessum þáttum eða undirbúin löggjöf sem stuðlað geti að bættu siðferði í opinberri stjórnsýslu.

Rétt er að fram komi að tillögunni er ekki beint gegn ákveðnum stjórnsýsluhafa eða embættisverki. Hún er lögð fram til þess að endurnýjað verði það traust, sem þjóðin á að bera til opinberrar stjórnsýslu, en oft hefur orðið trúnaðarbrestur með þjóðinni og opinberum stjórnvöldum.

Fylgiskjal I.

Páll Skúlason prófessor:

Um siðferði, siðareglur og skráningu þeirra.

(Ágrip af fyrirlestri á aðalfundi Félags viðskipta- og hagfræðinga 6. maí 1993.)

Að undanförnu hafa æ fleiri starfsstéttir verið að íhuga siðferði sitt og unnið skipulega að því að skrá siðareglur sínar. Ástæðurnar fyrir þessu eru vafalaust margar. Nútímaþjóðfélag er flókið og gerir miklar kröfur til fólks um að vanda verk sín og rækja skyldur sínar að öllu leyti. Samviska manna ein og sér dugar oft skammt til að taka skynsamlegar ákvarðanir og greiða úr erfiðum siðferðisvanda. Þess vegna er nauðsynlegt að leiða hugann skipulega að skyldum sínum til þess að styrkja og leiðbeina samviskunni eftir því sem kostur er.

Siðferði er félagslegt kerfi.

Þekking á siðferðinu er nauðsynleg í þessu skyni. Siðferði er félagslegt kerfi hliðstætt tungumálinu og hagkerfinu. Það reynir á siðferðið í öllum mannlegum samskiptum og sé það alvarlega spillt eða vanþroskað fer allt úrskeiðis í mannfélaginu.

Siðferðinu sem félagslegu kerfi má skipta í þrjá þætti sem eru samofnir í veruleikanum. Einn þátturinn eru siðareglur sem skiptast í boð og bönn. Annar þátturinn eru dyggðir og lestir. Þriðji þátturinn er verðmæti og gildismat. Um alla þessa þætti getur okkur skjátlast. Við getum talið slæma siðareglu vera réttmæta, löst vera dyggð og gott vera vont. Þá tökum við rangar ákvarðanir, eins og iðulega gerist í stjórnmálum og viðskiptum.

Meginhlutverk boða og banna er að standa vörð um verðmæti og tryggja það að fólk spilli ekki gæðum af einhverju tagi. Auk þess er það hlutverk siðareglna að vísa fólki veg dyggðar og bjarga því frá löstunum.

Meðferð gæða er siðferðismál.

Öll verðmæti eru til umræðu í siðfræði því að meðferð allra gæða er í sjálfu sér siðferðislegt mál. Raunar er víðtækasta hugtak siðfræðinnar réttlætið, enda varðar það útdeilingu gæðanna.

Gæðum er gjarnan skipt í veraldleg, andleg og siðferðileg gæði, en það eru þau verðmæti sem siðfræðin fjallar sérstaklega um.

Veraldargæðin eru takmörkuð og hverful. Þau eiga ekki að vera takmark í sjálfu sér. Þeir sem sækjast mest eftir veraldargæðum verða ekki hamingjusamir, því þeir geta aldrei fullnægt þörfinni.

Andlegu gæðin tengjast vísindum, listum og leikjum. Þau eru eilíf og varanleg og geta verið markmið í sjálfu sér. Siðferðisgæðin koma sérstaklega við sögu varðandi meðferð veraldargæða og aðgang að andlegu gæðunum.

Víðtækasta hugtakið er réttlætið sem nær yfir öll hugsanleg mannleg samskipti. Siðareglur eru mótaðar til að hjálpa okkur að kveða upp dóma um rétt og rangt á öllum hugsanlegum mannlegum sviðum.

Það ber að líta á sérhverja manneskju sem dýrmæta í sjálfu sér, hvernig sem fyrir henni er komið og hvað sem hún hefur gert af sér. Þetta liggur mannréttindunum til grundvallar og er ákaflega mikilvægt í nútímaþjóðfélagi. Krafan er sú að þetta hugtak um mannhelgi verði alls staðar viðtekið.

Vinátta er uppspretta réttlætis.

Aristóteles sagði að vináttan væri uppspretta réttlætisins. Einungis meðal sannra vina ríkti réttlæti. Sannir vinir virtu enn fremur frelsi og sjálfræði, bæði sitt eigið og annarra. Að hugsa siðferðilega væri að temja sér að bera vinarhug til allra manna. Það sem máli skiptir fyrir gott siðferði er að fólk læri að koma fram við aðra sem vini þótt þeir séu ekki nánir persónulegir vinir.

Meginrökin fyrir því að ranglæti borgi sig ekki eru þau að sá sem gerir sig sekan um ranglæti skaðar sjálfan sig, spillir sjálfum sér og lítilsvirðir sjálfan sig. Hann er óvinur sjálfs sín. Hann eyðileggur möguleika sína á góðum mannlegum samskiptum og getur því ekki orðið hamingjusamur.

Frægastur allra lasta er ofmetnaðurinn, líka kallaður hroki og dramb. Hann er kannski þeirra áhrifamestur og lúmskastur því hann gerist oft af góðum verkum, þegar menn hreykja sér af þeim. Öfund er náskyldur löstur, einnig eigingirni, ágirnd og níska.

Að vera siðferðisvera er að berjast við lestina. Oft þurfum við á hjálp að halda við það, jafnvel einhvers konar meðferð, og sennilega fáum við að sjá fleiri og fjölbreyttari meðferðarstofnanir spretta upp á næstu árum.

Siðaregla er ekki lagaregla.

Siðfræðingar hafa leitast við að móta mælikvarða sem gætu hjálpað okkur til að skera úr um hvaða siðaregla er góð og gild og hver ekki.

Immanuel Kant sagði að það að hugsa siðferðilega væri að breyta einungis eftir þeirri siðareglu sem þú jafnframt gætir viljað að væru almenn lög. Um leið og maður tæki ákvörðun ætti hann að spyrja sig einfaldrar spurningar sem væri þessi: Hvað mundi gerast ef allir gerðu eins

og ég? Við eigum að líta á málið þannig að með breytni okkar séum við að gefa mannkyni öllu fordæmi. Hver maður væri eins konar löggjafi sem tæki mið af hagsmunum allra og hefði alla þessa gífurlegu ábyrgð gagnvart öðrum.

Hér er rétt að minna á mikilvægan greinarmun á lagareglu og siðareglu. Siðaregla er ekki lagaregla. Siðareglan verður til í mannlegum samskiptum og hana uppgötvum við en setjum ekki með sama hætti og lög eru sett.

Tilgangur þess að skrá siðareglur er að hjálpa fólki til að stunda störf sín betur og bæta siðferði stéttarinnar. Reglurnar má flokka í þrennt:

1. Reglur sem minna á tilgang starfsins.
2. Reglur sem kveða á um bróðurlegar og systurlegar skyldur starfsfélaga um samhjálp og stuðning.
3. Reglur sem lúta almennu siðgæði.

Markmið skráningar á siðareglum.

Fyrsta markmiðið með skráningunni er því að komast að því hverjar skyldurnar eru. Annað markmiðið er að styrkja og leiðrétta samvisku einstaklingsins. Kostir skráningar eru þeir að fagfélagið getur tryggt samheldni félagsins í því skyni að láta til sín taka út á við og hafa góð áhrif á samfélagið. Fagfélög ættu að verða fyrst til þess að grípa í taumana þegar eitthvað fer úrskeiðis í þjóðfélaginu.

Fagfélög eiga að vera á undan löggjafanum að setja reglur og um leið eru þau óháð honum og geta gagnrýnt hann. Þetta er mikilvægt í dag. Löggjafinn krukkar í öll mál og sérfræðingar hafa þekkingu umfram það sem stjórnvöld hafa og bera þar af leiðandi ábyrgð gagnvart þjóðfélaginu. Einkenni á öllum ríkjum veraldar er að þau skeyta ekki um siðferði því þau vilja stjórna með lögum. Siðferði er ekki ákvörðunaratriði stjórnvalda heldur nokkuð sem allar manneskjur eiga þátt í að móta. Ókostir regluskráningar geta verið þeir að reglurnar ali á sjálfumgleði fólks í stéttinni. Tilvist hinna skráðu reglna væri skoðuð sem sönnun þess að siðferðið sé í himnalagi. Skráning reglna getur þá orðið til þess að kynda undir hræsni og tvöfeldni.

Þessi hætta er samt óveruleg og í sannleika sagt er miklu líklegra að skráning reglnanna vinni gegn yfirbreiðslu og óheilindum sem setja mark sitt á siðferði manna og einkenna því miður stundum heilu stéttirnar.

Með tillögunni var einnig annað fylgiskjal: Siðferði í íslenskum stjórnmálum. Páll Skúlason prófessor. (Erindi flutt á málþingi um siðferði í íslenska stjórnkerfinu 29. júlí 1986. Birt í Pælingum 1987.)

12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um að minnast landafunda Íslendinga.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning að því að minnast landafunda Íslendinga árið 2000. Þess verði einnig minnst sérstaklega með viðeigandi hætti í

Brattahlíð í Grænlandi og í Haukadal í Dalasýslu að Íslendingar námu land í Grænlandi með Eiríki rauða í fararbroddi.

Forsætisráðuneytið hafi forustu um þessi verkefni.

Greinargerð.

Með tillögunni er gert ráð fyrir

a. að þess verði minnst sérstaklega að Íslendingur fann Vínland hið góða fyrir bráðum þúsund árum,
b. að það verði stutt með ráðum og dáð í samvinnu við grænlensku landsstjórnina að ljúka framkvæmdum við Eiríksbæ og Þjóðhildarkirkju í Brattahlíð á Grænlandi árið 2000,
c. að stutt verði frumkvæði heimamanna í Dalasýslu til að minnast Eiríks rauða og til þess að koma upp Vínlandssafni í Búðardal.

Við setningu Alþingis í haust minnti forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, á nauðsyn þess að þingið sýndi landafundunum áhuga og nefndi hve tilvalið væri að þeirra yrði minnst árið 2000. Þegar forsetinn heimsótti Dalasýslu og Vesturheim sl. sumar varð mikil umræða um það hér á landi hvernig minnast mætti landafunda Íslendinga og frumkvöðlanna fyrir þúsund árum. Um skeið hafði reyndar verið í undirbúningi að minnast þessa sérstaklega í Dalasýslu og Grænlandi.

Er forseti Íslands hafði hitt forseta Bandaríkjanna í sumar skýrði hann frá áhuga hans á því að tengja landafundi Íslendinga við ártalið 2000 þegar mikið verður um dýrðir í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Síðar lýsti Bandaríkjaforseti því yfir að Ísland yrði með í för þegar tekið yrði á móti nýju árþúsundi í Bandaríkjunum.

Aðalefni þessarar tillögu er að Alþingi Íslendinga lýsi vilja sínum til þess að forsætisráðuneytið styðji þetta frumkvæði forseta Íslands myndarlega og að undirbúningur verði hafinn nú þegar.

Einnig er lagt til að landafundanna verði minnst með því að styðja það frumkvæði Dalamanna að minnast Eiríks rauða og þess að Leifur heppni fæddist að Eiríksstöðum í Haukadal vestra. Hafa Dalamenn þegar undir forustu Friðjóns Þórðarsonar, fyrrverandi ráðherra, hafið undirbúning að endurreisn Eiríksbæjar í Haukadal jafnframt því að koma upp Vínlandssafni í Búðardal. Ávarp Friðjóns Þórðarsonar, er hann tók á móti forsetahjónunum sl. sumar að Eiríksstöðum, er birt sem fylgiskjal með tillögunni. Lagt er til að Alþingi lýsi stuðningi við frumkvæði heimamanna í Dölum og að forsætisráðuneytið annist það mál af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Fyrir mörgum árum var hafist handa við að undirbúa að reistur yrði á ný bær Eiríks rauða í Brattahlíð á Grænlandi, svo og Þjóðhildarkirkjan. Hafði Vestnorræna þingmannasambandið fyrir nokkrum árum samþykkt að beita sér í þá veru og hefur Árni Johnsen haft mikið frumkvæði að því að þar yrði aðhafst eitthvað og er niðurstaðan sú að reist verði mannvirki í Brattahlíð, Eiríksbær og Þjóðhildarkirkja, og að þeim verkum verði lokið árið 2000. Má því segja að það ár geti orðið margheilagt á Íslandi og því verðugt verkefni og skynsamlegt að gera árið 2000 að sérstöku minningarári landafundanna og þess að Íslendingar hafa farið víða og hafa viljað fara víða um aldir.

Öll þau verk sem hér þarf að vinna verður að vinna í góðu samstarfi við alla aðila, heimamenn í Dölum, grænlensku landsstjórnina og yfirvöld í Vesturheimi.

Fylgiskjal.

Friðjón Þórðarson,
formaður Eiríksstaðanefndar:

Ávarp flutt á Eiríksstöðum í Haukadal
í tilefni af opinberri heimsókn forseta Íslands í Dalasýslu.
(20. júní 1997.)

Í janúarmánuði í fyrra samþykkti hreppsnefnd Dalabyggðar að fela mér, ásamt Jóhanni Sæmundssyni og sr. Óskari Inga Ingasyni, að gera tillögur og hafa forgöngu um að minnast Leifs heppna Eiríkssonar árið 2000 á 1000 ára afmæli Vínlandsfundar. Þessi Eiríksstaða- eða Vínlandsnefnd tók þegar til starfa. Fljótt kom í ljós að verkefnið var margþætt og vandasamt. Fundir voru haldnir og rætt við fjölda fólks. Almennur áhugi var og er á málinu. Með bréfi, dags. 20. febrúar sl., gerðum við hreppsnefnd grein fyrir störfum okkar. Vorum við þá beðnir að halda áfram, en tveimur mönnum bætt í nefndina, oddvita og sveitarstjóra. Það var gott því að þeir eiga að sjálfsögðu að gæta „kassans" í Dalabyggð.

Fyrst örfá orð um þennan stað þar sem við nemum nú staðar um stundarbil. Þorsteinn Þorsteinsson, hinn sögufróði sýslumaður Dalamanna um 35 ára skeið, segir svo í Árbók Ferðafélags Íslands 1947: „Inn frá Stóra-Vatnshorni, stuttan stekkjarveg, eru Eiríksstaðir, þar sem Eiríkur rauði reisti sér bústað, og þar var Leifur heppni fæddur." Margar fornar heimildir herma frá þeim feðgum, Eiríki og Leifi, og landafundum þeirra, m.a. Íslendingabók Ara fróða, Landnáma Sturlu lögmanns og sagnaritara Þórðarsonar, saga Eiríks rauða og Grænlendingasaga, enda hér um ævintýralegt og heillandi söguefni að ræða. Söguþráðurinn er sá að Þorvaldur Ásvaldsson og sonur hans, Eiríkur rauði, hafi komið frá Jaðri í Noregi og numið land á Hornströndum, búið á Dröngum. Þar andaðist Þorvaldur. Þá flutti Eiríkur norðan og ruddi lönd í Haukadal, kvæntist heimasætu úr dalnum og setti saman bú á Eiríksstöðum. Guðmundur skáld Kamban, einn þeirra sem kannað hafa þessa viðburði alla vandlega samkvæmt heimildum, skrifaði um þá skáldverkið Vítt sé ég land og fagurt. Þar tekur hann svo til orða: „Eiríkur kvæntist (þ.e. þegar faðir hans dó) inn í göfuga ætt, yfirgaf æskustöðvar sínar á Hornströndum og fluttist búferlum til gróðursælli heimkynna konu sinnar, Breiðafjarðardala. Í landnámi þess fólks ruddi hann land og reisti bæ, Eiríksstaði í Haukadal, þar sem elzti sonur hans, Leifur, fæddist." Allir kannast við sögu Eiríks og vígaferli hérlendis, svo og landnám hans og höfðingdóm á Grænlandi. Leifi, syni Eiríks og Þjóðhildar konu hans, er svo lýst að hann „var mikill maður og sterkur, manna skörulegastur að sjá, vitur maður og góður hófsmaður um alla hluti". Þegar Leifur var á siglingu til Grænlands frá fundi Vínlands hins góða, lánaðist honum að bjarga 15 mönnum sem biðu dauðans á skeri einu. Var hann síðan kallaður Leifur hinn heppni. Leifi var nú gott bæði til fjár og mannvirðingar, segir sagan. Með öðrum orðum, hjá Leifi hafa farið saman gæfa og gjörvileiki sem allt of sjaldan hafa orðið samferða hjá íslenskum úrvalsmönnum fyrr og síðar. Á sama hátt og sagt var forðum, að allir vildu Lilju kveðið hafa, vilja nú margir reyna að eigna sér Leif heppna og hlutdeild í frægð hans og frama. Í fallegri bók, sem Íslensk-ameríska félagið gaf út á hálfrar aldar afmæli sínu árið 1990, segir svo: „Leifur Eiríksson lifir ekki aðeins í bókmenntum. Bandaríska þjóðin minntist hins mikla landafundar hans með því að gefa íslensku þjóðinni glæsilega höggmynd af honum í tilefni þúsund ára afmælis Alþingis árið 1930. Styttan var afhjúpuð á Skólavörðuholti 17. júlí 1932." — Önnur höggmynd sömu gerðar stendur í Virginíu vestan hafs. Allar siðmenntaðar þjóðir

og einstaklingar leggja rækt við sögu sína og uppruna. Einar skáld Benediktsson lauk frægu kvæði fyrir hart nær einni öld á orðunum „Í vöggunnar landi skal varðinn standa". Það er löngu kominn tími til að þeir sem vilja koma á fæðingarstað Leifs heppna sjái þar eitthvað fleira en vallgrónar, ómerktar rústaleifar sem að vísu eru friðlýstar að íslenskum lögum. Hugmyndir nefndarinnar um hvað skuli gert eru nú í mótun, en margs þarf að gæta. Brýnt er að góð samstaða héraðsbúa geti náðst um væntanlegar tillögur — og helst allra landsmanna. Hér er ekki um að ræða einkamál Dalamanna einna, heldur í raun og veru allrar þjóðarinnar á heimsvísu, leyfi ég mér að segja. Það snertir samband okkar við Grænland, Kanada og Bandaríkin. Víða í þessum löndum munu framkvæmdir vera fyrirhugaðar og hátíðahöld á þessu stórafmæli landafunda um aldamótin. Þar þyrftu allir að verða samskipa að vissu marki ef vel á að greiðast úr öllum málum.

Helstu hugmyndir Vínlandsnefndar og áform eru þessi:

1. Fornleifafræðingar kanni á þessu sumri nokkru nánar hinar friðlýstu rústaleifar á Eiríksstöðum.
2. Reistur verði minnisvarði um Leif heppna á fæðingarstað hans.
3. Byggður verði upp bær Eiríks rauða og Þjóðhildar eða bygging sem allra líkust bæ þeirra að áliti færustu manna.
4. Bætt verði aðgengi ferðamanna og farartækja þeirra að Eiríksstöðum og aðstaða öll til stundardvalar á staðnum. Bent skal á að á Stóra-Vatnshorni hefur verið rekin myndarleg bændagisting árum saman, en hún er aðeins í um 500 m fjarlægð frá Eiríksstöðum.
5. Nauðsynlegt er að merkja vegi og kennileiti betur svo að vegfarendur nái að átta sig á umhverfinu og helstu leiðum sem farnar hafa verið til sjós og lands að fornu og nýju á þessum víðkunnu söguslóðum.
6. Þá hafa verið settar fram athyglisverðar tillögur um ýmsar framkvæmdir í Búðardal og nágrenni, tengdar þessum viðfangsefnum og nútímaferðaþjónustu, svo sem um Vínlandssafn eða Leifssafn og sýningar, víkingaskip og siglingar á Hvammsfirði og margt fleira sem of langt yrði upp að telja hér, en á það sameiginlegt, að erfitt er að þjónusta slíkan rekstur nema í þéttbýli. Nú er Búðardalur eini staðurinn af því tagi í Dalasýslu. Þaðan eru aðeins um 16 km að Eiríksstöðum. Búðardalur er ákjósanlega í sveit settur í miðju Dalahéraði þar sem vegir liggja til allra átta.

Þeim hugmyndum, sem hér hafa verið reifaðar lauslega, verður ekki hrundið í framkvæmd, nema að vel athuguðu máli og bestu manna yfirsýn. Efniviðurinn er ósvikinn. Ef úrvinnslan tekst vel þarf engu að kvíða.

Ég þakka öllum góðum gestum sem komið hafa hingað að Eiríksstöðum í dag. Sérstakar þakkir færi ég hæstvirtum forsetahjónum. Ég veit að þar hljótum við mikilvægan liðsstyrk í því máli sem við ætlum okkur að bera fram til sigurs í dögun nýrrar aldar.

13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en kjósandi gerir grein fyrir

sér getur hann óskað eftir því við kjörstjórn að umboðsmenn lista fái ekki að vita nafn hans og ber henni að verða við þeirri ósk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 120. þingi og endurflutt á 121. þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar skulu alþingismenn kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu. Samkvæmt kosningalögum er umboðsmönnum þeirra lista sem í kjöri eru heimilt að fylgjast með framkvæmd kosninga, m.a. með því að sitja í kjörfundarstofu. Með þessu fá flokkarnir upplýsingar um hverjir þeirra sem á kjörskrá eru hafa neytt kosningarréttar síns. Þær eru síðan nýttar til þess að hafa samband við hugsanlega kjósendur listans sem ekki hafa kosið en listinn telur æskilegt að kjósi, svokölluð kosningasmölun. Kjósandi hlýtur að eiga rétt á því, í landi þar sem ekki er skylda að greiða atkvæði við alþingiskosningar, að ekki sé haft eftirlit með því hvort hann nýti atkvæðisrétt sinn eða ekki. Taka verður allan vafa af um að hugtakið „leynileg kosning“ nái einnig til þessa atriðis og því er þetta frumvarp flutt. Er til þess ætlast að kjörstjórn tryggi kjósendum þann rétt sem hér er gert ráð fyrir og að hún beiti til þess þeim aðferðum sem æskilegar teljast.“

Þetta frumvarp hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi og um það urðu nokkrar umræður. Spruttu þær af því að allsherjarnefnd, sem hafði málið til meðferðar, afgreiddi aðra breytingu á kosningalögunum (116. mál) en skilaði ekki nefndaráliti um breytinguna sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Var það gagnrýnt sérstaklega. Formaður allsherjarnefndar sagði í umræðum að ekki hefði verið „samkomulag um að málið yrði tekið út úr nefndinni“. „... voru skiptar skoðanir um það mál sem háttvirtur þingmaður var að tala um,“ sagði nefndarformaðurinn jafnframt. Í útskýringum Ögmundar Jónassonar og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, sem sæti áttu í allsherjarnefnd, kom fram að þar hefðu mál stjórnarandstöðunnar fengið lakari meðferð en annars staðar í nefndum þingsins.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi.

Greinargerð.

Málefni heyrnarlausra hafa oft komið til meðferðar á Alþingi. Fullyrða má að þar sé samstaða um að íslenska táknmálið eigi að geta orðið móðurmál heyrnarlausra. Það leiðir reyndar hugann að því að ekki er einfalt að setja slíkt í lög og hætta er á að lögin verði dauður bókstafur ef þeim er ekki fylgt eftir. Reyndar er íslenskan ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskrá, og þess gerist reyndar ekki þörf þar sem hún er móðurmálið í raun

og enginn dregur það í efa. Vaknar sú spurning hvort engu að síður væri rétt að setja lög um móðurmálið eða ákvæði um það í stjórnarskrá. Má hugsa sér í því sambandi almenn lög og breytingar á einstökum lögum, t.d. breytingu á lögum um þingsköp Alþingis þar sem tekið yrði fram að töluð skuli íslenska á Alþingi og að skjöl skuli vera á íslensku.

Sérstök lög um íslenska táknmálið sem móðurmál eru hins vegar annars eðlis, þau eru jafnréttismál sem snýst um að tiltekinn hópur hafi rétt á því að taka þátt í öllum athöfnum þjóðfélagsins til jafns við aðra og að hann eigi því rétt á túlkun. Jafnframt væri samfélagið með slíkri lagasetningu að ákveða að mennta túlka og að rannsaka og þróa íslenska táknmálið svo sem nauðsynlegt er. Hins vegar ráða fjármunir og fjárlög úrslitum. Auðvitað er unnt að taka ákvörðun um að táknmálið sé raunverulegt móðurmál heyrnarlausra með því að veita fjármuni til þess. Tryggja þarf að til sé nægur hópur táknmálstúlka og táknmálskennara, að heyrnarlausir og aðstandendur þeirra hafi tækifæri til að læra táknmálið og að foreldrar heyrnarlausra barna læri það, að heyrnarlaus börn í Vesturhlíðarskóla fái móðurmálskennslu í táknmáli og að allir kennarar kunni táknmál og geti verið málfyrirmyndir. Það þarf að tryggja að börnin fái táknmálstúlkun í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum. Til þess að allt þetta megi gerast þarf að þróa rannsóknir á íslenska táknmálinu. Tryggja þarf að opinberar stofnanir, dómstólar, sjúkrahús o.s.frv. hafi táknmálstúlka. Loks þarf að sjá til þess að skýrt sé hver á að borga hvað svo að réttindi heyrnarlausra merjist ekki sundur á milli ríkis og sveitarfélaga eins og oft hefur gerst.

Mikilvægar ákvarðanir hafa reyndar þegar verið teknar. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur táknmálið verið kennt heyrandi nemendum en auk þess hafa heyrnarlausir nemendur lært um táknmálið sem móðurmál sitt, þ.e. um málfræðilega uppbyggingu málsins, sögu þess og þróun.

Þátttaka í táknmáli fyrir heyrandi sem valgrein hefur verið góð, þar hafa verið 20 nemendur eða svo á ári. Kennslan í táknmáli fyrir heyrnarlausa á að vera fyrir alla heyrnarlausa nemendur á framhaldsskólastigi, einnig þá sem sækja aðra skóla. Þeir eiga að geta stundað námið í MH og fengið það metið. Í Háskóla Íslands er kennd táknmálsfræði sem fullgild aðalgrein til BA-prófs og eins vetrar viðbótarnám í táknmálstúlkun sem telst hagnýtt nám fyrir utan BA-stig. Háskólakennslan er samkvæmt tímabundnum samningi sem rann út sumarið 1997. Nú hefur náðst samkomulag um þriðja árið, kennt verður 1997–98, en framhald er enn óljóst.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd og er því endurflutt.

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Steingrímur J. Sigfússon,
Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða 6 í lögunum, sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Með samþykkt þessa frumvarps taka greiðslur úr almannatryggingakerfinu, þ.e. ellilífeyrir, örorkulífeyrir, tekjutrygging, barnalífeyrir, bætur í fæðingarorlofi, slysatryggingar og sjúkratryggingar, mið af breytingum sem verða á launum. Ríkisstjórnin afnam þessa viðmiðun við launabreytingar með bráðabirgðaákvæði árið 1995 og ákvað að hækkanir þessara greiðslna kæmu fram á fjárlögum hverju sinni. Fullyrt var að ekki stæði til að nota þessa kerfisbreytingu til að skerða bætur en annað hefur komið á daginn.

Stjórnarandstæðingar börðust harkalega gegn þessari stefnu ríkisstjórnarinnar, en þingmenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks felldu tillögu stjórnarandstæðinga um að greiðslur úr almannatryggingakerfinu tækju breytingum eins og launahækkanir. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar hefur gert það að verkum að eldri borgarar eru varnarlausir fyrir geðþóttaákvörðunum ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Skemmst er að minnast kjarasamninganna frá í vor, þá hækkuðu lægstu laun nokkuð en ríkisstjórnin ákvað að greiðslur almannatrygginga hækkuðu minna en eðlilegt var við þær aðstæður. Eftir mikla gagnrýni eldri borgara og stjórnarandstæðinga og í kjölfar ákvörðunar Kjaradóms um enn meiri hækkun á launum æðstu embættismanna ákvað ríkisstjórnin að hækka bætur almannatrygginga um 2,5%. Það er óþolandi fyrir eldri borgara að þurfa að sæta því að bíða mánuðum saman eftir réttmætum breytingum á ellilífeyri.

Eldri borgarar hafa barist mjög fyrir hagsmunum sínum og starfa m.a. innan Félags eldri borgara, Landssambands aldraðra og Aðgerðahóps aldraða. Þeir hafa vakið athygli á stöðu sinni en þeim er ekki veitt sú eftirtekt sem þeim ber. Eldri borgarar hérlendis eru um 27.000, þ.e. yfir 67 ára aldri, og staða þeirra er misjöfn. Þeir eiga þó sammerkt að hafa verið niðurlægðir af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Eldri borgurum mun fjölga verulega á næstu árum og staða þeirra versnar ef ekki er breytt um stefnu. Þessi ríkisstjórnin mun ekki bæta stöðu eldri borgara.

Um 65.000 manns eru yfir 50 ára aldri hérlendis, eða um fjórðungur þjóðarinnar. Þetta fólk hefur lifað tímana tvenna og byggt upp þau lífskjör sem landsmenn njóta nú. Það er skammarlegt að það skuli vera ástæða fyrir aldraða til að fyllast réttmætri gremju gagnvart stjórnvöldum. Þessi hópur á ekki marga kosta völ til að þrýsta á stjórnvöld til að leiðrétta kjör sín. Aldraðir fara ekki í verkfall ef á þá er hallað. Þessi hópur hefur skilað því margföldu til þjóðfélagsins sem rennur til þeirra á síðari hluta ævi þeirra.

Það er mikilvægt réttlætismál að mati flutningsmanna að greiðslur úr almannatryggingakerfinu breytist í samræmi við breytingar á launum. Hér er farin sú leið að færa lögin í fyrra horf, enda ríkti sátt um þá útfærslu. Vitaskuld er mögulegt að haga tengingu greiðslna úr almannatryggingum við laun með öðrum hætti, en meginatriðið er að brjóta hina ósvífnu stefnu ríkisstjórnarinnar á bak aftur.

Íslendingar verja mun minna fé til ellilífeyris en gert er annars staðar á Norðurlöndunum. Tekjutenging í skatta- og almannatryggingakerfinu er of mikil og jaðaráhrif vega þungt. Þessu verður að breyta við heildarendurskoðun á málefnum aldraða. Brýnt er að eldri borgarar fái að taka þátt í tillögugerð á því sviði. Það er einkenni ríkisstjórnarinnar að taka ekkert tillit til óska eldri borgara og kalla þá aldrei til samráðs um fyrirhugaðar breytingar á lögum eða reglugerðum.

Flutningsmenn telja að velferð sé grundvallaratriði. Það er samfélagsleg skylda að veita öldruðum öryggi og gott viðurværi, ásamt því að stuðla að aukinni sjálfsvirðingu þeirra.

Í frumvarpinu er lagt til að afnumið verði bráðabirgðaákvæði í almannatryggingalögum sem kveður á um að ekki gildi lengur tenging bóta almannatrygginga við launabreytingar. Með

afnámi þessa bráðabirgðaákvæðis gilda áfram fyrri lagaákvæði um að greiðslur úr almanna tryggingakerfinu taki sömu breytingum og vikukaup í almennri verkamannavinnu.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um eflingu atvinnu- og þjónustusvæðanna á landsbyggðinni.

Flm.: Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Egill Jónsson,
Einar K. Guðfinnsson, Guðni Ágústsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson,
Hjálmar Árnason, Sturla Böðvarsson, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að móta tillögur um það hvernig efla megi atvinnu- og þjónustusvæðin (vaxtarsvæðin) á landsbyggðinni í því skyni að jafna aðstöðu landsmanna í dreifbýli og þéttbýli.

Kannað verði m.a. hvernig:

a. fólki verður auðvelduð vinnusókn úr dreifbýli í þéttbýli, t.d. með því að aksturskostnaður verði frádráttarbær frá skatti,
b. kostnaður vegna margvíslegrar sérfræðiþjónustu á vegum ríkisins verði jafnaður,
c. bæta megi aðgengi fyrirtækja að stoðkerfi atvinnulífsins, svo sem helstu menntunar-, rannsóknar- og ráðgjafarstofnunum svo og fjárfestingarsjóðum,
d. kostnaður landsmanna vegna húshitunar verði jafnaður, t.d. með því að arðgreiðslur Landsvirkjunar gangi til þess,
e. reglur og vinnubrögð banka og sjóða um lánveitingar til atvinnulífsins og einstaklinga verði samræmdar þannig að þær mismuni ekki landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð.

Samkvæmt „Ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997“ segir að meginmarkmið byggðastefnu séu:

— Að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti.
— Að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags.
— Að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.

Í þessu skyni er unnið að því að tengja þéttbýlisstaði og sveitir með öruggum samgöngum og efla samfelld atvinnu- og þjónustusvæði. Allt landið er eitt atvinnusvæði samkvæmt lögum sem tóku gildi 1. júlí 1997. Þótt greina megi að aðgerðir hafi skilað nokkrum árangri fækkar fólki á landsbyggðinni og fólksflutningur á höfuðborgarsvæðið vex (sjá skýringarmyndir). Eðlilegt er að spurt sé í hversu mörgum tilvikum sá kostur sé nánast neyðarúrræði.

Ljóst er að ýmsar leiðir eru færar til þess að jafna aðstöðu milli landshluta og innan vaxtarsvæðanna. Þar sem ekki er almenningssamgöngum til að dreifa er kostnaður verulegur af því að sækja vinnu um langan veg. Samdráttur í landbúnaði knýr bændafólk til að sækja vinnu frá heimilum sínum og bæta sér upp rýrnandi tekjur af landbúnaði eftir föngum. Þessa atvinnusókn er unnt að auðvelda og gera fólki kleift að búa áfram á jörðum sínum og nýta með því fasteignir sínar áfram þótt tekjur af búskapnum hafi dregist saman.

Jafnframt því sem sveitarfélög og samtök þeirra geta markað atvinnustefnu á stærri svæðum og aukið samstarf sín á milli þarf að jafna aðstöðu fyrirtækjanna til uppbyggingar og atvinnuþróunar. Í því sambandi skal bent á að ferðakostnaður fyrirtækja á landsbyggðinni vegna þjónustu sérfræðinga og ráðgjafa er verulegur. Þetta veldur því að fyrirtækin nota sér ekki að fullu þá þjónustu sem í boði er. Evrópuverkefnið RITTS kemur til að mynda að betri notum við nýsköpun og atvinnuþróun verði þessi aðstöðumunur jafnaður.

Margar og brýnar ástæður eru fyrir því að stjórnvöld landsins taki ákvörðun um markvissar aðgerðir til þess að styðja við búsetu fólks í byggðum landsins, eða taki meðvitaða afstöðu til þeirrar búsetuþróunar sem nú er að verða. Sú undirbúningsvinna sérskipaðrar nefndar sem hér er gerð tillaga um mun auðvelda þá ákvörðunartöku.

Með tillögunni var fylgiskjal, kort er sýndi mannfjölda á Íslandi 1. desember 1996 og breytingu frá 1986 og línurit yfir þróun mannfjölda á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 1971–1996 (upplýsingar frá Byggðastofnun). Sjá þskj. 893 (539. mál 121. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1996–97, bls. 4698–4701.

17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um endurreisn Þingvallaurriðans.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Guðni Ágústsson, Árni M. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns.

Greinargerð.

Hugtakið stórurriði.

Stórurriði er hugtak sem hefur á síðustu árum öðlast þegnrétt innan vatnalíffræðinnar. Athygli vísindamanna hefur í auknum mæli beinst að stórvöxnum urriðastofnum í Norður-Evrópu. Ástæðan er einkum sú að þeir eiga langflestir í vök að verjast fyrir ásælni mannsins. Eftir að skipulegar rannsóknir hófust á þeim kom fljótlega í ljós að ákveðin sérkenni voru sameiginleg lífsferli þeirra allra:

1. Þeir eiga uppruna sinn í ám sem annaðhvort renna úr eða í stór stöðuvötn.
2. Sérhver kynslóð flytur sig kringum þriggja ára aldur úr klakánni yfir í stöðuvatnið.
3. Fiskarnir hætta að nærast á hryggleysingjum af botni skömmu eftir að kemur yfir í stöðuvatnið og verða fiskætur.
4. Hin smágerða fiskibráð er langoftast smágerð bleikja.

Á fyrstu ráðstefnunni sem efnt var til eingöngu um stórurriða (Lillehammer, 1991) urðu þessi samkenni forsendur skilgreiningar fræðimanna á hugtakinu stórurriði: „Með stórurriða er átt við stofn þar sem einstaklingarnir eru að jafnaði fiskætur og nýta stöðuvatn sem vaxtarsvæði og þar sem skipti yfir í fiskibráð leiða til marktækrar vaxtaraukningar.“

Urriðinn í Þingvallavatni uppfyllir öll þessi skilyrði. Samkvæmt skilgreiningu hins alþjóðlega vísindasamfélags fellur hann því án tvímæla undir hugtakið „stórurriði“.

Sérkenni Þingvallaurriðans.

Urriðarnir í Þingvallavatni skera sig einkum um þrennt frá öðrum stofnum vatnaurriða:

1. Mikil stærð. Urriðar Þingvallavatns verða afar stórir. Þær heimildir sem safnað hefur verið benda meira að segja til að hvergi í veröldinni séu vísbendingar um stofna sem urðu stórvaxnari en Þingvallaurriðinn. Frá þessari öld eru heimildir frá næstum öllum bæjum við vatnið, sums staðar margar, um urriða sem vógu vel yfir 20 pund. Sumir verða raunar miklu þyngri. Þannig eru heimildir um 25, 26, 27, 28, 29, 32 og 36 punda urriða sem veiddust áður en útfalli vatnsins um Efra-Sog var lokað árið 1959, þegar Steingrímsstöð var reist.

Tvö fræknustu urriðalönd veraldar eru jafnan talin Svíþjóð og Noregur. Stórurriðastofnum hefur mjög fækkað í þessum löndum, en þó er enn að finna þar mörg vötn sem fóstra stórurriða. Ágætar heimildir liggja fyrir um þyngd stærstu urriðanna í þessum löndum. Samkvæmt þeim virðast þau ekki standa Þingvallavatni á sporði í því efni. Í Svíþjóð hafa þannig veiðst á öldinni 34, 33 og 30 punda urriðar auk nokkurra milli 21 og 25 punda en í Noregi 32, 31, 30, 28 og 26 punda urriðar. Um bæði gildir að hinir stóru fiskar dreifðust á fleiri en eitt vatn. Það leikur því tæpast nokkur vafi á því að ekkert vatn í veröldinni státar af stórvaxnari urriðum en Þingvallavatn.

Þess má geta að þau lönd sem utan Norðurlandanna eru stundum nefnd í tengslum við urriðasæld eru einkum Írland og Skotland. Hvorugt kemst þó í hálfkvisti við Norðurlöndin þrjú sem þegar hafa verið nefnd.

Sérstöðu Þingvallvatns í þessu efni má einnig mæla á öðrum kvarða. Ágæt aðferð til að meta meðalstærð fullþroska fisks í tilteknum stofni er að skoða meðalstærð hrygningarfisks. Einu mælinguna sem nokkru sinni var gerð á hrygningarurriða í Þingvallavatni gerði Jón Kristjánsson fiskifræðingur árið 1973 á urriða úr Öxará. Reikningar hans bentu til að meðalþyngdin í Öxará væri ríflega 11 pund. Í stærsta stöðuvatni Noregs, Mjösa, sem til forna hét Mjörs, er að finna Hunderurriðann sem dregur nafn sitt af Hunderfossinum í Guðbrandsdalsleginum. Nú er hann talinn stórvaxnasti urriðastofn veraldar. Meðalþyngd hans í hrygningu er þó talsvert minni en Öxæringsins, eða 8 pund.

2. Sérstæður kynþroski. Urriðinn í Þingvallavatni er einnig sérstæður fyrir merkilegan kynþroska. Hann verður kynþroska óvanalega seint og jafnframt tekur hann sér hvíld frá hrygningu annað hvert ár.

Í Þingvallavatni er urriði að jafnaði orðinn 8–9 ára gamall þegar hann verður kynþroska. Urriðar annarra vatna eru hins vegar yfirleitt 5–6 ára við fyrstu hrygningu. Hinn mikla vöxt Þingvallaurriðans má að hluta rekja til þessa. Ástæðan er sú að hrygningin er gífurlega orkufrek hjá fiskum og því dregur mjög úr vexti þegar þeir nálgast kynþroska. En vegna þess hversu seint á ævinni urriðinn í Þingvallavatni verður kynþroska er hann orðinn mun stærri en ættingjar hans þegar kemur að fyrstu hrygningu. Þetta skapar honum ríka sérstöðu gagnvart öðrum stofnum.

Það er sömuleiðis mjög sérstakt að upplýsingar sem má lesa úr annálum hreistursýna Veiðimálastofnunar benda eindregið til að urriðar í Þingvallavatni verði að jafnaði ekki kynþroska nema annað hvert ár. Hvíldin frá hrygningunni annað hvert ár býr þeim stóraukið svigrúm til að vaxa og efalítið á það sinn þátt í mikilli stærð urriðans í vatninu.

3. Hár aldur. Eitt af aðalsmerkjum Þingvallaurriðans er hár aldur. Elsti fiskurinn sem finna má í hreistursafni Veiðimálastofnunar varð 16 ára. Hann vó þó ekki nema liðlega 20 pund. Með hliðsjón af því að í vatninu veiddust miklu stærri urriðar, sumir raunar langt yfir 30 pund eins og áður er rakið, má ætla að stærstu urriðarnir hafi komist vel á þrítugsaldur. Langt æviskeið á einnig sinn þátt í miklum vexti Þingvallaurriðans því að hann, eins og aðrir fiskar, heldur áfram að vaxa fram í andlátið.

Ísaldargen og ættfræði.

Allt sem vitað er um urriðann í Þingvallavatni bendir til að hann sé einstakur á heimsvísu. Eiginleika hans má rekja til arfgerðar sem var ráðandi í urriðastofnum við lok ísaldarinnar. Þetta var staðfest með erfðarannsóknum írskra og íslenskra vísindamanna. Ísaldargenin stýrðu þeim sérkennum Þingvallaurriðans sem lýst er að ofan, mikilli stærð, síðbúnum kynþroska og langri ævi.

Áar urriðans í Þingvallavatni voru án vafa stórvaxnir sjóbirtingar, eins og sjógengir urriðar nefnast. Fyrir tíu þúsund árum þegar ísöld tók að slota lá jökull yfir norðurhluta Evrópu og meðal annars stærstum hluta Íslands. Þegar jökullinn hopaði til norðurs fylgdu þeir jökuljaðrinum og námu land í auravötnunum sem flæddu frá honum til sjávar. Þegar jökullinn bráðnaði létti hins vegar gríðarlegu fargi af landinu og það tók að rísa úr sæ. Rannsóknir við Háskóla Íslands sýna þannig að á aðeins þúsund árum reis Ísland um tæpa hundrað metra. Ein af afleiðingum þess var að ókleifir fossar birtust í Soginu. Sjóbirtingurinn ofan fossa varð því innlyksa í jökullóni sem síðar varð að Þingvallavatni.

Ættfærsla er þjóðaríþrótt Íslendinga og svo vill til að hægt er að leiða rök að því hvaðan Þingvallaurriðinn er upprunalega ættaður. Eins og áður segir hafa erfðarannsóknir staðfest að arfgerð hans má rekja til loka ísaldarinnar. Forfeðra hans er því að leita meðal sjóbirtinga sem hafa hátt hlutfall hinna upprunalegu ísaldargena. Þeir eru hins vegar afar sjaldgæfir nú. Á suðvesturodda Írlands, í Cummaragh-vatnakerfinu, er þó enn að finna sjóbirtinga sem ekki aðeins búa að háu hlutfalli ísaldargenanna heldur einnig að þeim líffræðilegu eiginleikum sem einkenna urriðann í Þingvallavatni. Frá suðvesturodda Írlands er nánast bein gönguleið í hánorður að jökulfljótum Suðurlands. Með hliðsjón af þessu er nærtækt að álykta að Þingvallaurriðann megi rekja til Cummaragh á Írlandi og þar með að hann sé upphaflega keltneskur nýbúi.

Aldursgreiningar á sjávarskeljum sem fundust við Sogsfossa benda til að gönguleiðin til hafs hafi einungis staðið opin í þúsund ár. Allt bendir því til að í níu þúsund ár hafi urriðinn lifað einangraður frá ættingjum sínum neðan fossa og ekki blandað blóði við aðra urriða á þeim tíma. Erfðaeiginleikar hans hafa því tæpast breyst mikið frá því að hann einangraðist. Þetta er mikilvæg staðreynd því eins og þegar er rakið voru gen ísaldarstofnanna einstök og eru núna afar fágæt.

Til fróðleiks má geta þess að löngu síðar syntu fram á sjónarsviðið smávaxnari urriðastofnar sem smám saman hafa blandast hinum stórvöxnu stofnum sem nyrst í Evrópu einkenndu tegundina undir lok ísaldarinnar. Í þeim örfáu ísaldarstofnum sem enn lifa er að finna hin merkilegu og eftirsóknarverðu gen sem stýra langlífi, miklum vexti og síðbúnum kynþroska. Hraðfleygar framfarir í erfðatækni á allra síðustu árum hafa opnað ótrúlega möguleika á því að nýta svo fágætar erfðir. Það eitt ætti að nægja til að vekja menn til vitundar um nauðsyn þess að bjarga frá glötun þeim verðmætum sem liggja í erfðavísum ísaldarurriðans í Þingvallavatni.

Veiðiheimildir fyrr á öldum.

Saga urriðans í vatninu er þekkt langt aftur í aldir. Traustar heimildir eru um urriðaveiði úr Þingvallavatni áður en landnámsmenn tóku upp fasta búsetu við vatnið. „En þeir gerðu sér skála þar er þeir höfðu náttból, og kölluðu þar að Skálabrekku," segir Sturlunga um Ketilbjörn Ketilsson sem helgaði sér land við Þingvallavatn og víðar. „En er þeir voru þaðan skammt farnir þá komu þeir á áris og hjuggu á vök og felldu í öxi sína og kölluðu hana af því Öxará. Sú á var síðan veitt í Almannagjá og fellur nú eftir Þingvelli." Landnáma greinir líka frá áningu þeirra Ketilbjarnar undir Reyðarmúla og segir að þeir hafi skilið þar eftir urriða sem þeir

veiddu í ánni. Samkvæmt því hefur veiði á urriða hafist við Þingvallavatn áður en Ketilbjörn festi sér land við vatnið.

Fyrir krókaveiði á tímum landnámsins eru þó enn sterkari sannanir. Í kumli sem opnaðist árið 1946 í Torfnesi, í norðurenda Úlfljótsvatns, fundust leifar af heillegum öngli, hinum elsta sem hér á landi hefur komið í leitirnar. Einnig voru í kumlinu leifar af heillegum færistaumi og sökkur, auk bátsleifa. Stór krókur, sem kann að hafa verið ífæra, var einnig í kumlinu. Ekki leikur því vafi á að á vatnasvæði Þingvallavatns var veitt með krókum allar götur frá landnámi.

Árið 1570 er að finna heimildir um veiði á urriða í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Þingvallakirkju. Í registri yfir eignir kirkjunnar er meðal annars talin „urriðaveiði í allri Öxará". Árið 1638 lýsti svo sterkasti biskup Íslandssögunnar, Gísli Oddsson (Einarssonar biskups), hinum stórvaxna „berglaxi" er biskup kvað renna úr botnleysum dýpstu stöðuvatna. Lýsingin ber með sér að biskup á við stórurriða, enda átti Skálholtsstóll bestu veiðijarðir við Þingvallavatn á tímum Gísla og vitað að menn hans stunduðu netaveiði við þekkt urriðamið.

Skömmu eftir 1700 skrifuðu þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín í Jarðabók sína um urriðaveiði í Öxará og geta þess einnig að í Ölfusvatnsá, sem rennur um Grafning í Þingvallavatn, hafi hún sömuleiðis „að gagni verið og ei örvænt um að enn megi vera". Alþingismenn sem sóttu hið forna Öxarárþing vissu vel af urriðanum. Dæmi þess má finna í texta frá því um 1730 þar sem Þorlákur Magnússon lögréttumaður reifar veiðina í vatninu og kveður þar fást mikið af urriða.

Á átjándu öldinni fóru bændur um vatnið á ís og veiddu urriða á hoppung, sérstakt veiðarfæri sem þróaðist einungis við Þingvallavatn og notað var til að krækja upp fiski. Þórður fróði Sigurðsson á Tannastöðum segir þannig að skömmu fyrir 1800 hafi Jón Snorrason, bóndi á Ölfusvatni, dregið urriða þann „er meira var en tuttugu pund að þyngd" út við Sandey. Um miðja 19. öld tíðkaði Grímur Þorleifsson, langalangafi Ólafs Ragnars Grímssonar forseta, að fara á skautum frá Nesjavöllum þvert yfir vatnið út á hin frægu urriðamið í Skútavík nyrst í landi Kaldárhöfða. Í víkinni veiddi Grímur mikinn urriða á hoppung og varð frægt á Suðurlandi hversu góður reyktur urriði frá Nesjavöllum þótti.

Upp úr 1850 hófst svo netaveiði á urriða. Í fyrstu var það einungis ádráttur en síðar var lagnetum beitt. Í Öxará drógu bændur fyrir urriðann og söltuðu hann í tunnur til vetrarins, hertu, reyktu eða suðu niður. Í bókinni *På Islands Grund* segir danski fiskifræðingurinn Arthur Feddersen frá heimsókn sinni til Þingvalla sumarið 1885 og á ekki nógu sterk orð til að lýsa bragðgæðum niðursoðins urriða hjá séra Jens Pálssyni.

Stangaveiði fyrir urriða hófst líklega árið 1858 með komu skoska kaupmannssonarins Williams Hogarths sem hingað sigldi á slúffu sinni það ár. Haustið 1860 keypti hann svo veiðiréttinn fyrir landi Kaldárhöfða. Í honum fólst meðal annars urriðaveiðin í Efra-Sogi. Í kjölfarið tóku erlendir veiðimenn að sækja til Íslands til að veiða stórurriða á stöng í Efra-Sogi og Þingvallavatni. Afar fróðlegar upplýsingar um veiðina lifa frá þeim tímum í dagbókum hinna útlendu veiðigarpa.

Íslendingar hófu stangaveiði á urriða í kjölfar heimsókna útlendinganna, en segja má að landsmenn hafi ekki byrjað stangaveiði í Þingvallavatni fyrir alvöru fyrr en kringum 1930. Fjölmargar frásagnir frá fyrri hluta aldarinnar bera því vitni að hvergi í veröldinni var að finna urriðaveiði sem jafnaðist á við haustveiðina í útfalli Þingvallavatns. Dagbækur Jóns heitins Ögmundssonar í Kaldárhöfða, eins mesta veiðimanns Íslandssögunnar, eru einstakar og óviðjafnanlegar heimildir um það. Fjölmargar bækur eru til um veiði í bestu urriðavötnum veraldar. Engin lýsir þó veiðisvæðum sem státa af þeim fjölda fiska eða stærð sem dagbækur Jóns Ögmundssonar lýsa.

Hrun og viðreisn.

Alger kaflaskipti urðu í sögu Þingvallaurriðans þegar útfall vatnsins, Efra-Sog, var þvergirt og straumvatnið leitt um jarðgöng í Steingrímsstöð. Virkjunin gjöreyddi mikilvægasta stofninum, sem hrygndi fyrir mynni og í efri hluta Efra-Sogs. Í kjölfar virkjunarinnar hækkaði vatnsborðið og það, ásamt landsigi í norðurhluta Þingvallavatns, linaði straum á hinum mikilvægu hrygningarstöðvum í Öxará. Í kjölfarið virðist viðgangur stofnsins í ánni ekki vera svipur hjá fyrri sjón. Þingvallavatn var jafnframt notað sem miðlunarlón fyrir raforkuver í Soginu með þeim afleiðingum að stofnar sem hrygndu á örgrunnu vatni, meðal annars á nokkrum stöðum fyrir Nesjahrauni, hafa ekki borið barr sitt síðan. Í kjölfar umdeildra sleppinga á urriða fyrir nokkrum árum hefur borið meira á urriða í afla en áður og líklegt er að svo verði um nokkurt skeið, meðan sleppiárgangurinn rennur skeið sitt á enda.

Í hnotskurn er þó staða urriðans í Þingvallavatni þannig að verði ekkert gert eru yfirgnæfandi líkur á að hann muni smám saman hverfa úr vistkerfi vatnsins. Það leikur hins vegar enginn vafi á því að enn er ekki of seint að bjarga Þingvallaurriðanum frá eilífri glötun. Ýmsar leiðir koma til greina, misjafnlega líklegar til árangurs, og sumar líklegar til að valda deilum.

Í Svíþjóð og Noregi hafa menn reynt með ágætum árangri ýmsar leiðir til að styrkja undirstöður stórurriða, sem voru á góðri leið með að hverfa endanlega. Í Noregi er til dæmis nýlega búið að skrá alla stofna stórurriða og búið að gera verndaráætlun fyrir þá sem verst eru staddir. Hér á landi er jafnframt að finna mikla þekkingu á vistfræði stöðuvatna og drjúga reynslu í viðhaldi stofna, fyrst og fremst innan vébanda Veiðimálastofnunar. Flutningsmenn telja því farsælast fyrir framvindu málsins að Alþingi feli ríkisstjórninni að setja á laggirnar nefnd sérfróðra aðila sem dragi saman þá vitneskju, heima og erlendis, sem kynni að nýtast í þessum tilgangi. Á grundvelli þeirra leiða, sem vænta má að spretti af starfi nefndarinnar sem hér er gerð tillaga um, ætti réttum stjórnvöldum ekkert að vera að vanbúnaði til að taka ákvarðanir sem líklegar eru til að tryggja viðreisn urriðans í Þingvallavatni.

Flutningsmenn benda sérstaklega á að nauðsynlegt er að sérfræðingar frá Veiðimálastofnun taki þátt í störfum nefndarinnar, auk þess sem Hólaskóli og Háskóli Íslands búa yfir sérfræðiþekkingu sem gæti efalítið nýst henni. Sömuleiðis væri æskilegt sökum stjórnsýsluhlutverks Þingvallanefndar og formlegra tengsla hennar við Alþingi að hún ætti einnig kost á að tilnefna mann í nefndina. Ekki er hins vegar gerð nein tillaga um hve margir skuli eiga sæti í nefndinni.

Svipuð tillaga var áður flutt af Össuri Skarphéðinssyni, Guðna Ágústssyni og Gunnlaugi Stefánssyni á 116. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu sökum þess hve seint hún var fram komin.

Helstu heimildir.

Norsk seminar om forvaltning af storörret. DN-rapport 1992–94. Trondheim.
Laxfond for Vänern. Ett utvecklings- og framtidsprojekt. 1987. Vänersborg.
Urriðadans eftir Össur Skarphéðinsson. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast tveir nýir tölul., 6. og 7. tölul., svohljóðandi:

6. Ríkissjóði, ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á, svo og Fiskifélagi Íslands.
7. Sveitarfélögum, fyrirtækjum og stofnunum sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hvorki tekjuskatt né eignarskatt“ í inngangslið greinarinnar kemur: ekki tekjuskatt.
b. 4. tölul. fellur brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Erlend ríki og alþjóðastofnanir greiða hvorki tekjuskatt af viðurkenndri starfsemi sinni hér á landi né eignarskatt af fasteignum sem þær nota vegna þeirrar starfsemi. Sérákvæði í öðrum lögum tengd þessum aðilum halda gildi sínu.

3. gr.

Við 74. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú rís ágreiningur um mat á eignum skv. 1.–7. tölul. 1. mgr. og skal þá eiganda heimilt að krefjast þess að ríkissjóður kaupi viðkomandi eign á 85% matvirðis ríkissjóðs gegn staðgreiðslu.

4. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 76. gr. laganna bætist: þó ekki skuldbindingar sem standa á móti réttindum skv. 75. gr.

5. gr.

Á eftir orðunum „nafnskráð stofnfé“ í 77. gr. laganna kemur: enda teljist þau til eignar hjá hluthafa eða stofnfjáreiganda.

6. gr.

78. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í stað orðanna „77. og 78. gr.“ í 1. mgr. 80. gr. laganna kemur: og 77. gr.

8. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur skal vera 0,35% af eignarskattsstofni. Þó skal eignarskattur manna, dánarbúa, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr., og manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. reiknast þannig: Af fyrstu 3.651.749 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 3.651.749 kr. greiðist 0,35%.

Greiða skal eignarskatt af öllum eignum og eigi skal tvígreiða skatt af nokkurri eign.

10. gr.

84. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., eftirfarandi verðbréf, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi: Markaðsverðbréf gefin út af ríkissjóði, ríkisvíxla, ríkisbréf, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi verðbréf þessi verið gefin úr fyrir gildistöku laga þessara. Enn fremur þann hluta hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 20/1989, sem myndaður er af framangreindum skuldaviðurkenningum. Heimild þessi gildir til ársloka 2002.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að eignarskattar á einstaklinga og fyrirtæki verði lækkaðir umtalsvert og að tekin verði upp heilsteypt skattlagning á allar eignir, t.d. eignir lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, sjálfseignarstofnana, opinberra fyrirtækja og eignir líknarfélaga. Horfið verði frá eignarskattsfrelsi spariskírteina og bankainnstæðna. Allar eignir verði þannig skattlagðar með sama hætti en núna fellur einungis ⅓ hluti eigna undir eignarskatt. Þó verði hluti af eign fólks skattfrjáls eða 3,7 millj. kr. hjá einstaklingi og 7,3 millj. kr. hjá hjónum. Svarar það til skuldlausrar meðalíbúðar.

Ekki er gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs skerðist vegna þessa frumvarps nema sem svarar til ⅔ hlutum af endanlegum fjármagnstekjuskatti.

Eignarskattar hér á landi eru með því hæsta sem gerist í OECD-ríkjum. Aðeins í Noregi eru hærri eignarskattar. Auk þess eru stærstu eignir í landinu undanþegnar skattskyldu og er þar átt við opinberar eignir ríkis og sveitarfélaga, lífeyrissjóðina og spariskírteini ríkissjóðs. Í flestum ríkjum OECD eru fyrirtæki undanþegin eignarskattlagningu.

Líta má á eignarskatta sem kröfu um arðsemi eigna. Eignir eru skattlagðar án tillits til þess hvort þær gefa af sér arð eða ekki. Ef eignin gefur ekki af sér arð verður eigandinn að borga með eigninni. Þannig veldur eignarskattur því að eigandinn gerir kröfu til eignarinnar að hún gefi af sér arð. Stór hluti eigna hefur ekki verið eignarskattsskyldur og því hefur skort á að gerð sé krafa um arðsemi, t.d. bankainnstæðna. Annar hluti hefur verið ofskattaður og því lækkað í verði. Nauðsynlegt er að gerð sé sama og hógvær krafa um arðsemi allra eigna.

Háir eignarskattar hafa lengi verið rökstuddir með því að tekjur af eignum séu skattfrjálsar. Það hefur átt við um stærsta hluta eignatekna, vexti og arð undir frítekjumörkum. Aðrar eignatekjur, leiga og söluhagnaður, hafa verið skattskyldar. Nú þegar allar tekjur af eignum hafa verið skattlagðar er rökrétt að lækka eignarskatta umtalsvert. Það er því lagt til í þessu frumvarpi.

Núgildandi reglur um skattfrelsi spariskírteina og ríkisvíxla án tillits til skulda gera það að verkum að eigendur mikilla eigna geta komist hjá því að greiða eignarskatt. Þeir þurfa einungis að kaupa spariskírteini með því að taka lán með veði í þeim sömu spariskírteinum. Vaxtamunurinn er minni en eignarskatturinn. Þessu gati verður að loka hið fyrsta. Það er gert með fyrirliggjandi frumvarpi.

Þá felst í eignarskattsfrelsi spariskírteina og bankainnstæðna óæskileg stýring á fjármagni frá atvinnulífinu til banka og ríkis. Þannig verður hlutabréfaeign að gefa 1,45% hærri ávöxtun en spariskírteini að öðru jöfnu vegna eignarskattanna. Þessi stýring veldur því að íslensk fyrirtæki byggja frekar á lánsfé en áhættufé (hlutafé). Afleiðingin er hættulega veik eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja sem gerir þeim erfitt fyrir í alþjóðlegri samkeppni og veldur því að þau þola mjög illa mótbyr og verða fljótt gjaldþrota.

Háir eignarskattar undangenginna ára hafa valdið verðfalli á eignum til mikils tjóns fyrir eigendur þeirra en einnig hefur verðfallið valdið veðhöfum og sveitarfélögum tjóni. Færa má rök fyrir því að lækkun eignarskatts geti stöðvað verðlækkunina.

Að meðaltali á hver vinnandi Íslendingur réttindi að verðmæti 2 millj. kr. í lífeyrissjóði. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því að þessi eign skuli vera skattfrjáls en ekki aðrar eignir. Því er hér lagt til að eignir lífeyrissjóða verði skattskyldar. Sama á við um eignir sjúkrasjóða og annarra sjálfseignarfélaga. Hér er lagt til að þessar eignir verði skattaðar og gerð til þeirra arðsemiskrafa eins og til annarra eigna.

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og annarra lífeyrissjóða ríkisins munu í reynd ekki verða skattlagðar þar sem réttindin eru fastákveðin en iðgjald ríkisins breytilegt. Þannig mun ríkið bera byrðar af eignarskattslagningunni en ekki opinberir starfsmenn. Sjóðfélagar annarra lífeyrissjóða munu hins vegar bera þessa eignarskattlagningu að fullu. Hér er enn aukið á mun á milli þessara hópa og hækkar því launaígildi lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna enn frekar. Ekki er hægt að komast hjá þessu en þetta hækkar iðgjald (reiknað og óreiknað) vegna starfsmanna ríkisins og ætti að endurspeglast í lægri launum ríkisstarfsmanna en annarra.

Líknarfélög eru orðin mjög umsvifamikil í eign á íbúðarhúsnæði. Eru þau stærstu íbúðaeigendur á landinu. Þau eru í samkeppni við einkaaðila um útleigu á húsnæði. Fjöldi fólks með bágar aðstæður greiðir eignarskatta. Á það sérstaklega við um eldra fólk sem býr í eigin húsnæði en hefur lágar tekjur. Ekki verður séð af hverju það á að greiða eignarskatta á meðan aðrir geta búið í húsnæði sem fellur ekki undir eignarskattslagningu. Enda má spyrja sig hvort líknarfélög eigi að safna eignum sem enginn á.

Það kann að virðast mótsagnakennt að skattleggja ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki þar sem ríkið væri að skattleggja sjálft sig. Hugsunin á bak við það er að skattstofninn verði án undantekninga og að kostnaður við rekstur ríkisfyrirtækja verði sýnilegur í samanburði við einkaaðila, sem oft keppa við ríkisfyrirtækin. Ef einkafyrirtæki, sem veitir t.d. öryggisþjónustu, verður að greiða eignarskatt (og/eða aðra skatta) en hin opinbera löggæsla greiðir enga skatta, kann einhverjum að sýnast opinbera löggæslan veita ódýrari þjónustu á ákveðnu sviði. Þetta á sérstaklega við þegar ríkið starfar í samkeppni við einkaaðila.

Engin rök, hvorki réttlætis- né jafnréttisrök, eru fyrir því að eignir forseta Íslands séu undanþegnar skattskyldu.

Ákvæði alþjóðasamninga, sem Íslendingar hafa undirritað, tryggja starfsmönnum erlendra ríkja og alþjóðastofnana skattfrelsi frá flestum sköttum. Þessi ákvæði vekja upp spurningar um launakjör starfsfólks þessara stofnana, sem iðulega vinnur við hlið innlends fólks sem greiðir afar háa skatta; tekjuskatta, eignarskatta, tolla og virðisaukaskatt. Með þessum ákvæðum, sem upphaflega áttu að tryggja erlenda sendimenn gegn yfirgangi gistilandsins, er

því hugsanlega verið að búa til forréttindahópa sem minna illilega á forréttindi fyrrum sovéskra ráðamanna og eru í andstöðu við lýðræðishugmyndir vestrænna þjóða. Með vaxandi samstarfi þjóða og auknum verkefnum alþjóðastofnana er mikilvægt að hugað sé að því hvort þessi ákvæði séu ekki orðin úrelt og skekki hinn alþjóðlega vinnumarkað. Þrátt fyrir þessi sjónarmið er ekki lagt til í frumvarpi þessu að afnema skattfrelsi þessara aðila hér á landi þar sem slíkt verður ekki gert án heildarendurskoðunar á þeim lagaramma og þjóðréttarsamningum sem um réttarstöðu þeirra gilda.

Mjög fá lönd leggja eignarskatta á eignir fyrirtækja. Sennilega er hugsunin sú að mikilvægt sé að byggja upp eigið fé í fyrirtækjum til þess að þau verði betur fær um að taka á erfiðleikum. Þetta hefur líka óneitanlega áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja á milli landa og það skerðir möguleika íslenskra fyrirtækja í samkeppni við erlend hvað eignarskattar eru háir hér á landi. Ekki er þó lagt til í frumvarpi þessu að eignarskattar fyrirtækja verði felldir niður heldur er gert ráð fyrir að þeir verði lækkaðir umtalsvert og að fyrirtæki greiði sama eignarskatt og allir aðrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er ákvæði um skattskyldu þeirra aðila sem þar eru taldir upp. Má sem röksemd fyrir þessari breytingu nefna að lagt er til með frumvarpinu að eignarskattur verði altækur og nái til allra.

Um 2. gr.

Í 4. gr. laganna eru taldir upp þeir aðilar sem núna greiða hvorki eignarskatt né tekjuskatt. Þeir eru forseti Íslands og maki hans, ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, svo og Fiskifélag Íslands, sýslu- og sveitarfélög og fyrirtæki og stofnanir þeirra, erlend ríki og alþjóðastofnanir vegna fasteigna sinna hér á landi, lögaðilar sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla, félög, sjóðir og stofnanir og sjálfseignarstofnanir sem ekki reka atvinnu og aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að stofn til eignarskatts verði altækur og nái til allra. Eignarskatturinn verður almennur og þannig næst sú lækkun á skatthlutfallinu sem að er stefnt. Ekki verður heldur sýnt með réttlætis- eða jafnréttisrökum að framangreindir aðilar séu verr til þess fallnir að greiða lágan skatt af eignum sínum en einstaklingar sem búa við misjöfn kjör og hafa jafnvel mjög lágar tekjur til þess að greiða skattinn.

Hér er þó gerð sú undantekning, sbr. c-lið, að erlend ríki og alþjóðastofnanir greiði ekki eignarskatt af eignum sínum hér á landi. Þessi undantekning er nauðsynleg að svo stöddu vegna alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa fullgilt og eru skuldbundnir af.

Um 3. gr.

Hið opinbera framkvæmir mat á eignum fólks og leggur síðan á það skatta og skyldur. Þó að ákvæði hafi verið um það að taka skuli mið af markaðsvirði eigna og annarra þátta til þess að vernda einstaklinginn fyrir ofríki ríkisvaldsins eru engin afdráttarlaus úrræði sem skattborgarinn getur gripið til sér til varnar. Hér er lagt til úrræði sem er sanngjarnt og ætti að koma í veg fyrir of hátt mat á eignum.

Lagt er til að kaupverðið sé 85% af matsvirði vegna þess að eignin er staðgreidd og eigandinn getur tekið ákvörðun um kaupskyldu ríkisins einhliða. Eins má reikna með nokkrum kostnaði ríkisins af því að selja eignina aftur.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að kröfur, sem t.d. sjóðfélagi á til lífeyris hjá lífeyrissjóði, teljist ekki til eignar hjá honum og í samræmi við það ekki til skuldar hjá lífeyrissjóðnum. Þannig verði tryggt að þessar eignir séu skattlagðar einu sinni. Það yrði mjög flókið að reikna út allar slíkar kröfur og því er þessi leið farin til einföldunar. Skattskyldan flyst frá sjóðfélaganum til lífeyrissjóðsins en jafnframt leiðir þessi aðferð til þess að greiddur er eignarskattur af eign manna sem eru undir fríeignamörkum, sbr. 7. gr.

Um 5. gr.

Hér er skilgreint nánar hvaða hlutafé, stofnsjóði og nafnskráð stofnfé lögaðilum er heimilt að draga frá eignum sínum en það eru eignir sem taldar eru til eignar hjá eigendum sínum, hluthöfum eða stofnfjáreigendum lögaðilanna. Þetta er í samræmi við það að eignarskattinum er ætlað að vera altækur en jafnframt er komið í veg fyrir tvísköttun þessara eigna.

Um 6. gr.

Hér lagt til að bankainnstæður og hlutabréfaeign umfram skuldir, sem nú eru skattfrjálsar, verði eignarskattsskyldar. Enn fremur að spariskírteini, ríkisvíxlar og húsbréf, sem eru skattfrjáls óháð skuldum, verði eignarskattsskyld. Eins og áður hefur verið nefnt er markmið frumvarps þessa að eignarskattslagningin verði almenn og að greiddur verði eignarskattur af öllum eignum jafnt, þ.e. sama arðsemiskrafa sé gerð til allra eigna, líka til bankainnstæðna og ríkisverðbréfa. Enn fremur er verið að loka löglegri leið til þess að komast hjá því að greiða eignarskatt sem er til staðar nú með því að kaupa húsbréf eða spariskírteini og taka til þess lán.

Ríkisverðbréf, sem þegar hafa verið gefin út, eiga þó að halda eignarskattsfrelsi til ársloka 2002, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Vegna þess að spariskírteini og húsbréf hafa verið seld með tilvísun til eignarskattsfrelsis er gert ráð fyrir að þau bréf sem útgefin hafa verið haldi eignarskattsfrelsi sínu næstu fimm árin.

Um 7. gr.

Felld er niður tilvísun í 78. gr. sem felld hefur verið brott, sbr. 5. gr.

Um 8. gr.

Felld er niður tilvísun í 78. gr. sem felld hefur verið brott, sbr. 5. gr.

Um 9. gr.

Eignarskattur verði 0,35% af eignarskattsstofni. Þó skulu einstaklingar og dánarbú hér eftir sem hingað til njóta skattfrelsis vegna eigna sem eru undir ákveðnum mörkum, fríeignarmörkum.

Miðað við upplýsingar, sem fjármálaráðuneytið hefur veitt, má gera ráð fyrir að heildareign Íslendinga hafi árið 1995 numið (í milljörðum kr.):

Fjármunaeign (fixed assets)	1.429
Erlendar eignir	55
Eignir lífeyrissjóða	262
Peningalegar eignir einstaklinga	um 200
Peningalegar eignir annarra aðila	um 50
Samtals	um 2.000

Til frádráttar komi skuldir en samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands námu eignir (útlán) lánakerfisins að meðtöldum erlendum skuldum 827 milljörðum kr. í árslok 1995. Nettóeign einstaklinga undir fríeignarmörkum, þ.e. 3,7 millj. kr. á einstakling, nam samtals 300 milljörðum kr. í árslok 1995. Miðað við þessar tölur er nýr eignarskattsstofn (= nettóeign þjóðarinnar) um 900 milljarðar kr.

Ef gert er ráð fyrir að ⅔ af áætluðum tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti verði varið til þess að lækka eignarskatta lítur dæmið þannig út:

Samkvæmt ríkisreikningi nam eignarskattur og sérstakur eignarskattur á einstaklinga og fyrirtæki alls 3.562 millj. kr. árið 1995. ⅔ af áætluðum tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti árið 1998 (en þá kemur hann fyrst til greiðslu sem og þessi nýi eignarskattur) verða um 500 millj. kr. Þannig verður hinn nýi eignarskattur að gefa um 3,1 milljarð kr. sem er 0,344% af áætluðum stofni.

Gera má ráð fyrir að lægri eignarskattur laði fram betri skil á eignum. Hins vegar mun áframhaldandi skattfrelsi húsbréfa og spariskírteina lækka skatttekjurnar eitthvað til að byrja með.

Síðari málsgreinin, um að ekki skuli tvígreiða skatt af nokkurri eign, er til að koma í veg fyrir tvísköttun og undirstrika jafnframt að skattur er altækur.

Um 10. gr.

Ekki er talin ástæða til þess að hafa sérstök ákvæði um eignarskatt einstaklinga og lögaðila. Er hvort tveggja skilgreint í 83. gr. Því er lagt til að 84. gr. laganna falli brott.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi. Eignarskattar samkvæmt þeim verða því lagðir á og greiddir seinni hluta árs 1998 á sama tíma og fyrsta álagning fjármagnstekjuskattsins. Fyrsta almenna staðgreiðslan mun eiga sér stað í ársbyrjun 1998 og skattur á söluhagnað er fyrst lagður á seinni hluta ársins 1997. Því er samræmi á milli upptöku eignartekjuskatta og lækkunar eignarskatta, sjá umfjöllun um 7. gr. Þá er lagt til að við gildistöku laganna falli úr gildi lögin um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, í stað þess að þau falli úr gildi 31. desember 1999.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ríkisverðbréf, sem þegar hafa verið gefin út, verði eignarskattsfrjáls næstu fimm ár. Sjá umfjöllun um 5. gr.

19. Beiðni um skýrslu [19. mál]

frá umhverfisráðherra um mengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ragnari Arnalds, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að umhverfisráðherra flytji Alþingi skýrslu um mengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

Víðast hvar þar sem fiskimjölsverksmiðjur eru starfræktar valda þær umtalsverðri mengun. Er þar bæði um að ræða mengun sjávar af völdum grútar, blóðvatns og soðs og lyktar- og reykmengun andrúmslofts. Ástandið er misjafnt eftir stöðum og aðstæðum en sums staðar er það afleitt þannig að líkja má við neyðarástand. Vekja verður athygli á að hreint og ómengað loft er hluti af almennum mannréttindum.

Þar sem verksmiðjur hafa verið endurbyggðar vantar oft aðeins herslumuninn að viðunandi árangur hafi náðst en þó gætir alls staðar meiri mengunar frá verksmiðjunum en ásættanlegt er. Með lengingu veiðitíma og bræðslu að sumarlagi hefur loftmengunin orðið tilfinnanlegri, bæði fyrir heimafólk og ferðamenn. Knýja verður fram úrbætur hið fyrsta með hertum kröfum og eftirliti. Verksmiðjurnar skila nú miklum hagnaði og ber að nota þær aðstæður til að ná fram viðunandi úrbótum.

Til að varpa ljósi á þetta vandamál margra sjávarbyggða, að Reykjavík meðtalinni, er þessi beiðni um skýrslu um mengun frá fiskimjölsverksmiðjum fram borin og til að Alþingi fái upplýsingar um hvernig áformað er að koma í veg fyrir hana. Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hvaða fiskimjölsverksmiðjur eru nú starfræktar, hvernig er háttað starfsleyfum þeirra hverrar um sig, til hve langs tíma eru þau veitt og með hvaða skilyrðum?
2. Út frá hvaða forsendum er gengið við veitingu starfsleyfa að því er varðar mengunarvarnir?
3. Hvað veldur því að kröfur um loftræstingu frá lyktaruppsprettum í verksmiðjunum eru svo slakar sem raun ber vitni, sbr. orðalag í nýlegum starfsleyfum: „Loftræsta skal frá *verulegum* lyktaruppsprettum í verksmiðju ...“?
4. Hvernig er háttað eftirliti af hálfu heilbrigðisyfirvalda með að starfsleyfi séu haldin, m.a. með heimsóknum og reglubundnum mælingum?
5. Kemur mannfæð og fjárskortur í veg fyrir að haldið sé uppi æskilegu eftirliti með verksmiðjunum?
6. Hvernig er háttað innra eftirliti af hálfu rekstraraðila?
7. Er tryggt að eiturefni sem notuð eru við framleiðsluna séu tryggilega varin og geymd þannig að ekki sé hætta á óhöppum eða slysum?
8. Hvert er vald eftirlitsaðila til að grípa inn í og knýja fram úrbætur ef óeðlileg mengun er staðfest eða fyrirtæki rækir ekki skyldur samkvæmt ákvæðum starfsleyfis? Hver er staðan þar sem eftirlit hefur verið falið svæðisbundnu heilbrigðiseftirliti?
9. Hversu oft hefur verið beitt dagsektum vegna mengunar í fiskimjölsverksmiðjum sl. fimm ár?
10. Hvenær er þess að vænta að umhverfismál fiskimjölsverksmiðja verði komin í gott horf? Óskað er eftir yfirliti um hvert einstakt fyrirtæki.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

20. Beiðni um skýrslu [20. mál]

frá fjármálaráðherra um raðsmíðaskip.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Árna R. Árnasyni, Össuri Skarphéðinssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Magnúsi Stefánssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Vilhjálmi Egilssyni, Ágústi Einarssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Pétri H. Blöndal og Kristjáni Pálssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um smíði svokallaðra raðsmíðaskipa. Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. a. Hver var ástæða þess að ráðist var í smíði svokallaðra raðsmíðaskipa?
   b. Hve mörg skip voru smíðuð og hvar?
   c. Var á þessum tíma talin þörf á aukinni sóknargetu íslenska fiskiskipaflotans?
   d. Var kaupendum skipanna gert að úrelda skip á móti og hver var heildarrúmmetrafjöldi skipanna? Hvaða reglur giltu almennt um endurnýjun fiskiskipa á þeim tíma sem skipin voru seld?
2. a. Voru önnur skip smíðuð hér á landi á smíðatíma skipanna? Ef svo er, hvar voru þau smíðuð?
   b. Hvaða aflaheimildir fengu raðsmíðaskipin hvert um sig til ráðstöfunar þegar þau fengu veiðileyfi? Voru þær aflaheimildir úr stofnum sem taldir voru vannýttir?
3. a. Hver var kostnaður við smíði hvers raðsmíðaskips fyrir sig, að meðtöldum vöxtum á smíðatímanum?
   b. Hvert var söluverð þessara skipa, hvers og eins? Hvenær voru skipin seld og afhent?
   c. Ef mismunur var á smíðakostnaði og söluverði skipanna, hver fjármagnaði hann?
   d. Var á þessum tíma veitt aðstoð frá opinberum aðilum vegna nýsmíði annarra skipa en raðsmíðaskipa?
4. a. Hvaða lán ábyrgðist Ríkisábyrgðasjóður vegna raðsmíðaskipanna, þ.e. hver var upphafleg fjárhæð hvers láns um sig, útgáfudagur, lánskjör, lánveitandi og hvernig skiptust þau á hvert skip fyrir sig? Hvert er framreiknað virði þessara lána nú með samningsvöxtum? Hvaða tryggingar tók Ríkisábyrgðasjóður fyrir ábyrgðunum? Voru þær fullnægjandi?
   b. Hver voru sambærileg lánakjör Fiskveiðasjóðs á þessum tíma til nýsmíði skipa?
   c. Hefur verið gengið frá lánunum að fullu við ríkissjóð? Ef svo er, hver var heildarskuld hvers og eins skips þegar því uppgjöri lauk, að meðtöldum dráttarvöxtum?
   d. Hver var ástæða þess að svo langur tími leið frá því að skipin voru seld þar til fullnaðaruppgjör fór fram?
   e. Hvert var heildartap Ríkisábyrgðasjóðs (ríkissjóðs) af smíði raðsmíðaskipanna, bæði tap skipasmíðastöðvanna vegna smíðanna og eins tap vegna yfirtekinna lána?

Allar fjárhæðir miðist við verðlag 1. janúar 1997.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Árni R. Árnason, Árni M. Mathiesen, Kristján Pálsson.

1. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 127. gr. laganna orðast svo: Að því leyti sem hér er ekki mælt á annan veg skuldbindur gjafsókn ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur af máli, þar með talinn þann málskostnað sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli ef gjafsóknarhafi er ógjaldfær.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi en var ekki rætt, og er það því lagt fram að nýju.

Reglur um gjafsókn er meðal annars að finna í XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Hugtakið gjafsókn tekur bæði til gjafsóknar og gjafvarnar og er notað sem samheiti fyrir aðstoð sem aðili getur leitað til að sækja hagsmuni sína eða verja þá í dómsmáli. Ákvæði laganna eru túlkuð með þeim hætti að gjafsókn skuldbindi ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli, að því leyti sem sú skuldbinding sé ekki takmörkuð í gjafsóknarbréfi eða af öðrum fyrirmælum í 127. gr. Í greinargerð með lögunum er sérstaklega tekið fram að gjafsókn geti aldrei náð til þess að ríkið beri að auki þann málskostnað sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framangreindum reglum um gjafsókn verði breytt og sá málskostnaður sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli verði ríkið skuldbundið til að bera ábyrgð á ef gjafsóknarhafi er ógjaldfær. Hafa ber hér hliðsjón af ákvæði 3. mgr. 128. gr. sem kveður á um að gjafsókn breyti engu um að gjafsóknarhafa verði sjálfum gert að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Því er rétt að ítreka að ábyrgð ríkisins í framangreindum tilvikum á aðeins við ef gjafsóknarhafi er ógjaldfær.

22. Skýrsla [22. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra um störf eftirlitsnefndar með framkvæmd mannanafnalaga, nr. 45/1996.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. INNGANGUR

Mannanafnalöggjöf á sér nokkra sögu hér á landi. Lengst af giltu um þetta efni lög um mannanöfn, nr. 54/1925. Þau lög þóttu bæði ágripskennd og ófullkomin. Auk þess var framkvæmd þeirra um margt í ólestri. Þrátt fyrir þessa annmarka á mannanafnalögunum frá 1925

giltu þau í tæpa sjö áratugi, til 1. nóvember 1991 er lög um mannanöfn, nr. 37/1991, leystu þau af hólmi.

Ýmislegt í lögum nr. 37/1991 þótti til bóta. Þau höfðu að geyma margvísleg mikilvæg nýmæli. Má þar nefna:

1. Kveðið var á um skipun mannanafnanefndar, sem m.a. hefur það hlutverk að semja mannanafnaskrá og skera úr ágreiningi um mannanöfn.
2. Yfirstjórn mannanafnamála var færð frá menntamálaráðherra til dómsmálaráðherra.
3. Erlendir menn, sem gerðust íslenskir ríkisborgarar, voru ekki lengur skyldaðir til að leggja niður nafn sitt heldur nægði að þeir tækju sér eitt íslenskt nafn til viðbótar eiginnafni sínu.[1]
4. Kynjamisrétti mannanafnalaganna frá 1925 var að mestu útrýmt, m.a. með ákvæði sem heimilaði að ættarnöfn gengju í kvenlegg.

Þá fólu nýju lögin í sér skýrar reglur um ýmis atriði, svo sem:

1. Hvernig að nafngjöf skyldi standa og hver frestur til hennar væri.
2. Þau skilyrði sem eiginnöfn og kenninöfn skyldu fullnægja.
3. Skráningu og notkun nafna.
4. Nafnbreytingar.
5. Nafnrétt erlendra manna sem gerast íslenskir ríkisborgarar, svo og þeirra sem hafa erlent ríkisfang en eru búsettir hér á landi.

Þótt framför væri að mannanafnalögunum frá 1991 sættu þau brátt nokkurri gagnrýni almennings. Gagnrýnin beindist einkum að ákvæði 2. gr. laganna sem þótti of ströng, en hún fól í sér að öll eiginnöfn af erlendum uppruna urðu óheimil nema þau hefðu unnið sér hefð í íslensku máli, hvort sem þau voru löguð að almennum reglum íslensks máls og hérlendum ritvenjum eða ekki. Auk þess skorti í greinina heimild til að gefa millinöfn, þótt sá siður hefði náð nokkurri útbreiðslu og fengið að þróast að mestu afskiptalaust um alllangt skeið. Auðsætt var af þeirri gagnrýni sem beindist að þessum og fleiri ákvæðum laganna að þau samræmdust ekki réttlætiskennd almennings.

Árið 1993 skipaði dómsmálaráðherra því nefnd sem falið var að endurskoða mannanafnalögin frá 1991. Nefndin samdi frumvarp sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið var lagt fram að nýju, efnislega óbreytt, á 120. löggjafarþingi. Eftir mikla umræðu á Alþingi og nokkrar efnisbreytingar voru ný mannanafnalög samþykkt vorið 1996 og gengu þau í gildi 1. janúar 1997.

Mannanafnalögin frá 1996 veita meira frelsi í nafngiftum en verið hafði, einkum með því að heimila aðlöguð erlend eiginnöfn, jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli. Enn fremur var réttur Íslendinga af erlendum uppruna rýmkaður verulega. Þá heimila lögin millinöfn í fyrsta sinn í sögu íslenskrar mannanafnalöggjafar og aukna fjölbreytni í notkun kenninafna.

2. EFTIRLITSNEFND MEÐ FRAMKVÆMD MANNANAFNALAGA

Við meðferð frumvarps til laga um mannanöfn á Alþingi vorið 1996 var samþykkt breytingartillaga við frumvarpið þess efnis að eftir gildistöku þess skyldi skipuð nefnd til að fylgjast með framkvæmd laganna. Ákvæðið, sem varð ákvæði III til bráðabirgða, er svohljóðandi:

[1] Sambærilegt ákvæði hafði um nokkurn tíma verið sett á hverju ári í sérlög um ríkisborgararétt.

„Dómsmálaráðherra skal, er lög þessi hafa tekið gildi, skipa þriggja manna nefnd er fylgist með framkvæmd laganna. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu menntamálaráðuneytis. Nefndin skal skila greinargerð til ráðherra fyrir 15. september 1997 og tillögum um breytingar á lögunum eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt, m.a. í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af lögunum. Nefndin skal leita álits Hagstofu Íslands.“

Í samræmi við ákvæðið skipaði dómsmálaráðherra nefnd hinn 3. desember 1996. Í nefndina voru skipuð: Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, dr. Halldór Ármann Sigurðsson, prófessor og formaður mannanafnanefndar, og dr. Jónas Kristjánsson, fyrrverandi forstöðumaður Árnastofnunar. Þau tvö fyrstnefndu voru skipuð eftir tilnefningu dómsmálaráðherra en sá síðastnefndi eftir tilnefningu menntamálaráðherra. Eftirlitsnefndin var skipuð frá og með 1. janúar 1997.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 18. febrúar 1997. Nefndin hefur fundað reglulega síðan og haldið alls 10 fundi. Á fundi nefndarinnar hafa komið Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, og Ari Páll Kristinsson, forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar.

Samkvæmt ákvæði III til bráðabirgða er nefndinni gert að skila greinargerð til ráðherra fyrir 15. september 1997 ásamt tillögum um breytingar á lögunum eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt, m.a. í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af lögunum. Nefndin taldi strax að liðlega hálfs árs reynsla af framkvæmd hinna nýju laga væri of stutt til þess að unnt væri að byggja á henni skynsamlegar lagabreytingartillögur. Í samráði við dómsmálaráðherra var því ákveðið að nefndin skilaði honum á tilsettum tíma þeirri áfangaskýrslu sem hér birtist um framkvæmd laganna. Lokaskýrsla nefndarinnar bíður þess að lengri reynsla komist á framkvæmdina.

3. KYNNING MANNANAFNALAGANNA FRÁ 1996

Í ákvæði II til bráðabirgða með mannanafnalögunum frá 1996 voru fyrirmæli um að dómsmálaráðherra skyldi þegar eftir birtingu laganna gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

Í desember 1996 gáfu dóms- og kirkjumálaráðuneytið og mannanafnanefnd út bækling sem nefnist Meginreglur um mannanöfn samkvæmt lögum um mannanöfn, nr. 45/1996. Bæklingurinn var sendur til presta landsins og forstöðumanna trúfélaga, auk þess sem hann hefur legið frammi í ráðuneytinu. Þá var hann sendur til allra sýslumanna.

Eins og vikið verður að hér á eftir skal mannanafnanefnd gefa út mannanafnaskrá, kynna hana og gera aðgengilega almenningi og senda öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Ný mannanafnaskrá samkvæmt mannanafnalögunum frá 1996 var gefin út í janúar 1997. Skráin var send öllum prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga.

Á sl. vori hafði biskupsstofa frumkvæði að því að kynna mannanafnalögin fyrir prestum landsins á sérstökum fundum. Samráð hefur verið haft við dóms- og kirkjumálaráðuneytið um kynninguna. Í vor voru haldnir kynningarfundir um þetta efni í 11 af 16 prófastsdæmum landsins. Á næstu vikum mun þessum kynningarfundum fram haldið í þeim fimm prófastsdæmum sem eftir eru. Biskupsritari hefur annast kynninguna. Þátttaka presta í þessum fundum hefur verið mjög góð og oftast hafa flestir ef ekki allir prestar viðkomandi prófastsdæmis sótt kynningarfundinn.

4. REYNSLA AF FRAMKVÆMD MANNANAFNALAGANNA

Framkvæmd mannanafnalaganna er einkum í höndum fjögurra aðila, presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga, dómsmálaráðuneytis, Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, og mannanafnanefndar.

Á framkvæmd mannanafnalaga reynir annars vegar við nafngjöf og hins vegar þegar sjálfráða einstaklingur eða forsjármaður ósjálfráða einstaklings óskar eftir að breyta nafni.

Framkvæmd laganna vegna nafngjafar hvílir annars vegar á prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga og hins vegar á Hagstofu Íslands, Þjóðskrá. Auk þess þarf mannanafnanefnd að koma að máli ef álita- og ágreiningsmál rísa vegna nafngjafarinnar.

Hagstofu Íslands, Þjóðskrá, tekur þannig við tilkynningum um nafngjöf og gætir þess að barni sé gefið nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess, sbr. 2. og 3. gr. laganna og 25. gr. þeirra. Berist tilkynning um eiginnafn eða millinafn sem ekki er á mannanafnaskrá skal Hagstofan vísa málinu til mannanafnanefndar.

Framkvæmd laganna vegna óska sjálfráða einstaklinga eða forsjármanna ósjálfráða einstaklinga um breytingar á nafni hvílir annars vegar á dómsmálaráðuneyti og hins vegar á Hagstofu Íslands, Þjóðskrá. Í þessum tilvikum getur og þurft atbeina mannanafnanefndar ef álita- og ágreiningsmál rísa.

Eins og síðar verður vikið að öðlast þær breytingar sem lögin heimila ekki gildi fyrr en þær eru færðar í þjóðskrá. Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útbjó viðamikið skráningarkerfi vegna breytinga sem gerðar eru á mannanöfnum eftir gildistöku mannanafnalaganna 1991. Kerfinu var síðan breytt með tilliti til þeirra breytinga sem leiddi af mannanafnalögunum frá 1996. Skráningarkerfið var kynnt fyrir nefndinni fljótlega eftir að hún tók til starfa.

Vegna áfangaskýrslu þessarar hefur eftirlitsnefndin fengið upplýsingar úr kerfinu um fyrstu sex mánuði ársins. Upplýsingar þessar koma fram í töflum 1–7 hér á eftir. Skráningarkerfið gefur tækifæri til að athuga hvernig ákvæðum mannanafnalaganna er beitt og er sérstök ástæða til að benda á vönduð vinnubrögð Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, að þessu leyti.

A. Hlutverk presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga.

Eins og áður hefur verið vikið að er skv. 2. gr. mannanafnalaga skylt að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess. Barn öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni, við skírn eða nafngjöf í skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár.

Algengast er hér á landi að gefa nafn með skírn í þjóðkirkju. Frá gildistöku laganna til 30. júní 1997 voru 2.139 nafngiftir skráðar í þjóðskrá. Tafla 1 sýnir fyrirkomulag þeirra.

TAFLA 1: Fyrirkomulag nafngjafar	**Lagaákvæði**	**Fjöldi barna**	
Skírn í þjóðkirkju	2. mgr. 2. gr.	1.858	(87%)
Skírn eða nafngjöf í skráðu trúfélagi (þar á meðal Fríkirkjum)	2. mgr. 2. gr.	105	(5%)
Nafngjöf tilkynnt Hagstofu	2. mgr. 2. gr.	176	(8%)
	Samtals	**2.139**	

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá.

Í 3. gr. laganna er fjallað um hlutverk presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga vegna nafngjafar. Um leið og skírnar eða nafngjafar er óskað hjá presti eða forstöðumanni skráðs trúfélags skal skýra honum frá því nafni eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé eiginnafnið eða millinafnið ekki á mannanafnaskrá skal prestur eða forstöðumaður trúfélags hvorki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn eða nafngjöf heldur bera málið undir mannanafnanefnd.

Þrátt fyrir þessi skýlausu lagafyrirmæli hefur það gerst 17 sinnum á fyrstu átta mánuðum ársins að prestar gefa nöfn sem ekki eru á mannanafnaskrá og tilkynna nafngjöfina síðan til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár. Hagstofan vísar þessum málum til mannanafnanefndar, eins og lög gera ráð fyrir, því henni er óheimilt að skrá nöfn sem ekki eru á mannanafnaskrá. Grunur leikur á að fjöldi mála af þessu tagi sé nokkuð fleiri því þess munu dæmi að prestar hafi gefið nöfn sem ekki voru á mannanafnaskránni en dregið að tilkynna nafngjöf uns mannanafnanefnd hafði afgreitt málið.

Þótt fjöldi þessara mála sé ekki mikill, eða innan við 1% tilvika, þá sýnir hann engu að síður að allstór hópur presta er tilbúinn til að brjóta skýr ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna. Skv. 2. mgr. 25. gr. varða brot gegn lögunum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

Eins og áður hefur komið fram heimiluðu mannanafnalögin frá 1996 í fyrsta sinn notkun millinafna hér á landi. Það því áhugavert að athuga hversu oft millinafn hefur verið gefið við nafngjöf eftir gildistöku laganna. Tafla 2 sýnir þetta.

TAFLA 2: Millinafn við nafngjöf	**Lagaákvæði**	**Fjöldi**
Millinafn sem barn fær er á mannanafnaskrá	2. mgr. 6. gr.	2
Eiginnafn foreldris í eignarfalli tekið upp sem millinafn barns	2. mgr. 6. gr.	1
Millinafn sem víkur frá ákvæðum 2. mgr. 6. gr. sótt til náins skyldmennis.	3. mgr. 6. gr.	6
Ættarnafn sem barn ber í þjóðskrá gert að millinafni	2. mgr. 7. gr.	1
Ættarnafn sem barn hefur rétt til tekið upp sem millinafn	3. mgr. 7. gr.	2
Ættarnafn sem náið skyldmenni hefur borið (oftast sem eiginnafn eða millinafn) gert að millinafni	4. mgr. 7. gr.	19
	Samtals	**31**

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá.

Það sem hér vekur einkum athygli er tvennt: Sókn í að gefa millinafn við nafngjöf er mjög lítil og sókn í ný millinöfn er nánast engin, þ.e. langflest millinöfn eru ættarnöfn sem eru gefin á grundvelli heimildarákvæða 7. gr. laganna. Af 2.139 nafngiftum var nýfæddu barni í 31 skipti (1,45%) einnig gefið millinafn. Í 61% þeirra tilfella var um það að ræða að ættarnafn sem náið skyldmenni hefur borið sem eiginnafn eða millinafn var gert að millinafni (sbr. 4. mgr. 7. gr.).

B. Hlutverk dómsmálaráðuneytis.

Mannanafnalögin heyra undir dómsmálaráðuneyti. Í VI. kafla laganna er fjallað um nafnbreytingar. Þar eru eftirtaldar nafnbreytingar heimilaðar með leyfi dómsmálaráðherra:

1. Að breyta eiginnafni og/eða millinafni, þar með talið að taka nafn eða nöfn til viðbótar því eða þeim sem einstaklingur ber eða fella niður nafn eða nöfn sem hann ber ef telja verður að ástæður mæli með því, sbr. 13. gr. laganna.
2. Að kenna feðrað barn til stjúpforeldris, sbr. 3. mgr. 14. gr. laganna.

3. Að kenna fósturbarn til fósturforeldris enda sé barnið í varanlegu fóstri hjá því, sbr. 5. mgr. 14. gr. laganna.
4. Að taka upp nýtt kenninafn ef telja verður að gildar ástæður mæli með því, sbr. 16. gr. laganna.

Þá er í V. kafla laganna fjallað um nafnrétt manna af erlendum uppruna. Skv. 4. mgr. 11. gr. er þeim sem fyrir gildistöku laganna fengu íslenskt ríkisfang með nafnbreytingarskilyrðum heimilt með leyfi dómsmálaráðherra að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér.

Eins og áður hefur komið fram tekur leyfi dómsmálaráðuneytisins til nafnbreytinga ekki gildi fyrr en við skráningu í þjóðskrá. Töflur 3–6 sýna þær nafnbreytingar sem dómsmálaráðuneytið hefur leyft fyrstu sex mánuðina eftir gildistöku laganna og sem skráðar hafa verið í þjóðskrá.

C. Hlutverk Hagstofu Íslands, Þjóðskrár.

Eins og áður er komið fram tekur Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, við öllum tilkynningum um nafngjafir, fylgist með því að þær séu í samræmi við fyrirmæli mannanafnalaganna og skráir þær. Hagstofan skráir líka og fylgist með öllum breytingum sem gerðar eru á nöfnum og verður hér fjallað um hlutverk hennar að því leyti.[1]

Í Þjóðskrá skal skrá allar breytingar sem dómsmálaráðherra heimilar samkvæmt mannanafnalögum, fyrr öðlast þær ekki gildi, eins og áður hefur verið rakið. Þá skal og tilkynna til Þjóðskrár allar nafnbreytingar sem ekki eru bundnar leyfi dómsmálaráðherra, hvort sem um er að ræða breytingu á eiginnafni, millinafni eða, sem oftast er, kenninafni.

Tafla 3 sýnir breytingar sem gerðar hafa verið á eiginnöfnum manna í þjóðskrá fyrstu sex mánuðina eftir gildistöku mannanafnalaganna. Fyrir öllum breytingum af þessu tagi þarf leyfi dómsmálaráðherra.

TAFLA 3: Eiginnafnsbreytingar	Lagaákvæði	Fjöldi
Eiginnafn tekið upp til viðbótar öðru eiginnafni	1. mgr. 13. gr.	34
Eiginnafn fellt niður	1. mgr. 13. gr.	6
Eiginnafn tekið upp og annað fellt niður	1. mgr. 13. gr.	7
Nafnbreyting við ættleiðingu	3. mgr. 13. gr.	3
	Samtals	**50**

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá.

Á fyrstu sex mánuðum ársins hafa 50 eiginnafnsbreytingar samkvæmt leyfi dómsmálaráðherra verið skráðar í þjóðskrá. Eins og sjá má er langalgengast að eiginnafn sé tekið upp til viðbótar öðru eiginnafni.

Áður hefur verið vikið að þeim nýmælum sem fólust í millinafnaákvæðum mannanafnalaganna. Tafla 4 sýnir þær millinafnabreytingar sem skráðar voru í þjóðskrá fyrstu sex mánuði ársins 1997. Breytingar þessar byggjast ýmist á leyfi dómsmálaráðherra eða tilkynningu einstaklings til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár.

[1] Samtala í öllum töflum í þessum kafla sýnir fjölda breytinga sem gerðar hafa verið, ekki fjölda þeirra einstaklinga sem í hlut áttu.

TAFLA 4: Millinafnsbreytingar	Lagaákvæði	Fjöldi
Millinafn tekið upp samkvæmt mannanafnaskrá (dómsmálaráðuneyti)	2. mgr. 6. gr.	4
Millinafn sem víkur frá ákvæðum 2. mgr. 6. gr. sótt til náins skyldmennis (dómsmálaráðuneyti)	3. mgr. 6. gr.	7
Ættarnafn sem borið er í þjóðskrá gert að millinafni (Hagstofa)	2. mgr. 7. gr.	1
Ættarnafn sem réttur er til gert að millinafni (Hagstofa)	3. mgr. 7. gr.	17
Ættarnafn sem náið skyldmenni hefur borið (oftast sem eiginnafn eða millinafn) gert að millinafni (Hagstofa)	4. mgr. 7. gr.	114
Ættarnafn maka gert að millinafni (Hagstofa)	5. mgr. 7. gr.	5
Millinafn maka gert að millinafni (Hagstofa)	5. mgr. 7. gr.	2
	Samtals	**150**

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá.

Fyrstu sex mánuði ársins 1997 voru 150 breytingar á millinöfnum skráðar í þjóðskrá. Í langflestum tilfellum eða 114 (76%) var um það að ræða að ættarnafn sem náið skyldmenni hefur borið var gert að millinafni. Í fæstum þessara tilfella var heimilt að taka ættarnafnið upp sem kenninafn. Telja verður að sá fjöldi breytinga á millinöfnum sem gerður hefur verið á ekki lengri tíma sýni að þörf var fyrir heimild af þessu tagi, þótt reyndar megi gera ráð fyrir að hún hafi verið uppsöfnuð að ákveðnu marki.

Tafla 5 sýnir breytingar í þjóðskrá á nöfnum manna af erlendum uppruna, sbr. heimildir 11. gr. laganna. Leyfi dómsmálaráðherra þarf til allra breytinga af þessu tagi.

TAFLA 5: Nafnbreytingar manna af erlendum uppruna	Lagaákvæði	Fjöldi
Breyting vegna íslensks ríkisfangs með lögum	1. mgr. 11. gr.	9
Breyting hjá börnum þeirra sem breytt hafa vegna íslensks ríkisfangs með lögum	2. mgr. 11. gr.	1
Breyting vegna nafnbreytingarskilyrða frá 1952	4. mgr. 11. gr.	20
Breyting hjá niðjum þeirra sem breytt hafa vegna nafnbreytingarskilyrða frá 1952	4. mgr. 11. gr.	68
	Samtals	**98**

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá.

Þessi tafla sýnir að á fyrstu sex mánuðum ársins hafa níu einstaklingar sem fengu íslenskt ríkisfang með lögum og sem ekki þurftu að breyta nafni sínu engu að síður kosið að taka íslenskt nafn. Taflan sýnir enn fremur að á sama tímabili hafa 20 einstaklingar sem áður höfðu fengið íslenskt ríkisfang með þeim skilyrðum að þeir breyttu nafni sínu og tækju upp íslenskt tekið sitt upprunalega nafn að nýju. Þá hafa 68 niðjar einstaklinga sem urðu að gera slíkar breytingar kosið að breyta sínu nafni. Með mannanafnalögunum frá 1996 var niðjum í fyrsta sinn leyft að taka upp erlent ættarnafn fjölskyldu sinnar.[1]

Í IV. kafla mannanafnalaga er fjallað um kenninafnsbreytingar. Kenninafnsbreytingar byggjast flestar á tilkynningu einstaklinga til þjóðskrár um það með hvaða hætti þeir hyggjast breyta kenningu til foreldra á grundvelli ákvæða mannanafnalaganna. Slíkar breytingar eru algengastar eins og fram kemur í töflu 6. Kenninöfnum má þó einnig breyta samkvæmt leyfi dómsmálaráðherra. Leyfi ráðherra þarf ef kenna á feðrað barn til stjúpforeldris, fósturbarn í varanlegu fóstri til fósturforeldris eða ættleitt barn til kjörforeldris. Þá getur ráðherra leyft

[1] Þetta á einvörðungu við um niðja þeirra útlendinga sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt. Réttur annarra útlendinga hér á landi og niðja þeirra til þess að halda ættarnafni sínu var hins vegar óskertur.

kenninafnsbreytingu ef gildar ástæður eru fyrir hendi að öðru leyti. Tafla 6 sýnir allar þær breytingar á kenninöfnum sem skráðar hafa verið í þjóðskrá fyrstu sex mánuði ársins.

TAFLA 6: Kenninafnsbreytingar	Lagaákvæði	Fjöldi
Kenning til föður verður til móður (Hagstofa)	2. mgr. 8. gr.	13
Ættarnafn tekið upp í karllegg (Hagstofa)	2. mgr. 8. gr.	45
Ættarnafn tekið upp í kvenlegg (Hagstofa)	2. mgr. 8. gr.	22
Kenning til beggja foreldra, móðir — faðir (Hagstofa)	2. mgr. 8. gr.	11
Kenning til beggja foreldra, faðir —móðir (Hagstofa)	2. mgr. 8. gr.	6
Kenning til annars foreldris að viðbættu ættarnafni (Hagstofa)	2. mgr. 8. gr.	111
Ættarnafn að viðbættri kenningu til annars foreldris (Hagstofa)	2. mgr. 8. gr.	50
Kenninafn dregið af erlendu eiginnafni foreldris, leyfi mannanafnanefndar (Hagstofa)	4. mgr. 8. gr.	3
Erlendur ríkisborgari kennir sig til föður eða móður maka (Hagstofa)	1. málsl. 12. gr.	7
Erlendur ríkisborgari tekur upp ættarnafn íslensks maka (Hagstofa)	1. málsl. 12. gr.	2
Feðrað barn kennt til stjúpforeldris (dómsmálaráðuneyti)	3. mgr. 14. gr.	3
Fósturbarn í varanlegu fóstri kennt til fósturforeldris (dómsmálaráðuneyti)	5. mgr. 14. gr.	5
Ættleitt barn kennt til kjörforeldris (dómsmálaráðuneyti)	7. mgr. 14. gr.	15
Ættarnafn fellt niður (Hagstofa)	15. gr.	9
Ættarnafn maka fellt niður (Hagstofa)	15. gr.	5
Breyting vegna gildra ástæðna (dómsmálaráðuneyti)	16. gr.	7
Erlendur ríkisborgari tekur upp ættarnafn erlends maka (Hagstofa)		1
	Samtals	**315**

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá.

Taflan sýnir að á fyrstu sex mánuðum ársins voru breytingar í þjóðskrá vegna kenninafna algengastar, eða 315 breytingar. Það vekur athygli að sókn í tvöfalda kenningu, þ.e. bæði til föður og móður er lítil. Í 11 tilvikum (3,5%) hefur kenningu verið breytt þannig að kennt er til móður og föður og í 6 tilvikum (2%) hefur kenningunni verið breytt í kenningu til föður og móður. Ákvæði sem heimilaði tvöfalda kenningu kom inn í lögin í meðförum Alþingis og þótti jafnréttismál. Athygli vekur einnig að talsvert er um að einstaklingar vilji breyta kenningu þannig að hún sé til annars foreldris að viðbættu ættarnafni eða ættarnafn að viðbættri kenningu til annars foreldris. Þessi fjöldi breytinga af þessu tagi endurspeglar væntanlega vilja þeirra sem heimild hafa til að bera ættarnafn til að bera það áfram en kenna sig jafnframt til annars foreldris síns. Í þessum tilvikum er ýmist að ættarnafn komi á undan kenningu til foreldrisins (50) eða á eftir (111).

Mannanafnalögin heimila Hagstofu Íslands, Þjóðskrá, að breyta ritun nafns í þjóðskrá án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Tafla 7 sýnir breytingar sem gerðar eru á nafnritun án þess að um eiginlega nafnbreytingu sé að ræða.

Tafla 7: Aðrar breytingar	Lagaákvæði	Fjöldi
Nafnritun breytt án nafnbreytingar (Hagstofa)	20. gr.	315
	Samtals	**315**

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá.

Það vekur athygli hversu algengt það er að einstaklingar óska eftir breytingu á nafnritun sinni. Lætur nærri að Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, fái tvær slíkar breytingar til afgreiðslu á

hverjum vinnudegi. Algengast er að breyting af þessu tagi eigi rætur að rekja til upphafs þjóðskrár. Ef nöfn voru löng var eingöngu hægt að skrá eitt eiginnafn ásamt kenninafni á gataspjöld sem þá voru notuð. Það þurfti því oft að sleppa eiginnöfnum. Eftir gildistöku mannanafnalaganna 1991 var þess gætt betur en áður að nafnritun í opinberum skjölum, svo sem vegabréfi og ökuskírteini, væri hin sama og í þjóðskrá. Af því hefur leitt að fjölmargir einstaklingar hafa látið breyta nafnritun sinni þannig að skráð séu eiginnafn eða eiginnöfn sem ekki var áður rúm fyrir í eldri skráningarkerfum þjóðskrár.

D. Hlutverk mannanafnanefndar.

Eins og áður hefur komið fram var mannanafnanefnd sett á laggirnar með mannanafnalögunum frá 1991. Um nefndina er fjallað í VIII. kafla laganna frá 1996, 21.–23. gr. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti þrír einstaklingar og jafnmargir til vara. Einn er skipaður að fenginni tillögu heimspekideildar Háskóla Íslands, annar að fenginni tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og sá þriðji að fenginni tillögu Íslenskrar málnefndar.

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem heimil teljast skv. 5. og 6. gr. laganna, svokallaða mannanafnaskrá. Nefndin skal gefa skrána út, kynna hana og gera hana aðgengilega almenningi. Þá skal nefndin senda skrána til allra sóknarpresta og forstöðumanna skráðra trúfélaga. Mannanafnanefnd skal endurskoða mannanafnaskrá eftir því sem þörf er á og gefa hana út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum þessum.
3. Að skera úr öðrum álita- og ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Af þessu má sjá að mannanafnanefnd er úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nöfn og annað sem að nöfnum lýtur. Nefndin skal einnig skera úr um hvort nafn sé heimilt þegar svo stendur á að óskað er eftir nafni sem ekki er á mannanafnaskrá eða þegar nafn hefur verið gefið sem svo háttar um (sbr. 3. gr.). Enn fremur er óskum um að kenninafn barns sé lagað að erlendu eiginnafni foreldris þess skotið til úrskurðar mannanafnanefndar (sbr. 4. mgr. 8. gr.).

Nefndin skal kveða upp úrskurði sína svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá því að mál berast nefndinni. Skv. 2. mgr. 22. gr. eru úrskurðir mannanafnanefndar endanlegir og er því ekki unnt að skjóta þeim til dómsmálaráðherra.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1997 hefur mannanafnanefnd afgreitt 88 erindi um 92 nöfn og ritmyndir nafna. Afgreiðsla erindanna flokkast eins og tafla 8 sýnir.

TAFLA 8: Yfirlit yfir úrskurði mannanafnanefndar 1. janúar til 31. ágúst 1997

	Samþykkt	Hafnað	Samtals
Eiginnöfn	65	5	70
Ritmyndir eiginnafna	3	13	16
Millinöfn	2	1	3
Aðlöguð kenninöfn	3	0	3
Samtals	**73**	**19**	**92**

Heimild: Mannanafnanefnd.

Taflan sýnir að af þeim erindum sem mannanafnanefnd hafa borist hefur hún samþykkt 73 (79%) en hafnað 19 (21%). Það eru fyrst og fremst ritmyndir nafna sem er hafnað, einkum ritmyndir sem ekki samræmast almennum ritreglum íslensks máls og fullnægja því ekki 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna. Dæmi: Cathinca og Rosemarie var hafnað en Katinka og Rósmarý samþykkt. Á meðal annarra nafna sem hafnað hefur verið er Lusifer.

Hlutfall synjana var talsvert hærra á gildistíma mannanafnalaganna frá 1991 og má til samanburðar nefna að á þriggja mánaða tímabili árið 1993 sem tölur eru tiltækar um (17. ágúst til 17. nóvember 1993) fjallaði mannanafnanefnd um 55 beiðnir og hafnaði 25 þeirra eða 45%. Raunverulega hefur hlutfall hafnananna þó lækkað enn frekar en þessar tölur gefa til kynna því langflestar beiðnir um millinöfn eru nú afgreiddar af Hagstofu Íslands, Þjóðskrá, eða dómsmálaráðuneyti og venjulega samþykktar í samræmi við heimildarákvæði 3. mgr. 6. gr. og 7. gr., sbr. töflur 2 og 4. Slík mál hækka því hlutfall samþykktra beiðna talsvert.

5. ÁBENDINGAR

Mannanafnalög, nr. 45/1996, gengu í gildi 1. janúar 1997. Þau hafa því gilt í liðlega átta mánuði. Almennt séð er erfitt að draga ályktanir af lagaframkvæmd eftir svo stuttan tíma. Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um mannanöfn, nr. 45/1996, hafði þó aðgang að góðum tölulegum upplýsingum um framkvæmd laganna, hjá dómsmálaráðuneyti, mannanafnanefnd og Hagstofu Íslands, Þjóðskrá.

Upplýsingar um erindi sem mannanafnanefnd hefur fengið til umfjöllunar og um afgreiðslur þeirra sýna einkum tvennt: Málum hjá nefndinni hefur fækkað og nefndin samþykkir fleiri erindi nú en áður.

Upplýsingar frá Hagstofu Íslands, Þjóðskrá, sýna hvaða breytingar eru helst gerðar á nöfnum manna með stoð í ákvæðum mannanafnalaganna. Breytingar þessar eru af tvennum toga, þær sem gerðar eru með sérstöku leyfi dómsmálaráðherra og þær sem einstaklingar geta tilkynnt beint á grundvelli laganna til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár.

Eftirlitsnefndin hefur hér að framan rakið þær upplýsingar sem hún hefur getað aflað sér um reynsluna af framkvæmd mannanafnalaganna frá 1996. Áður hefur verið á það minnst að nefndin telur varhugavert að draga víðtækar ályktanir af svo stuttri framkvæmd laganna.

Eftirlitsnefnd með framkvæmd mannanafnalaga telur að í flestu hafi vel tekist til um framkvæmdina á þeim stutta tíma sem þau hafa gilt og að í öllum aðalatriðum sé hún í réttum farvegi. Nefndin vill þó vekja athygli á eftirtöldum atriðum.

1. Kynning mannanafnalaganna frá 1996 byrjaði nokkuð seint og hefði mátt vera öflugri. Kynning beindist einkum að prestum og forstöðumönnum trúfélaga. Kynning til almennings, sem sérstaklega er fjallað um í ákvæði II til bráðabirgða, virðist hafa verið óveruleg. Bæta þarf úr og kynna almenningi mannanafnalögin.
2. Þrátt fyrir sérstaka kynningu mannanafnalaganna fyrir prestum gera þeir enn mistök. Auk þess virðist hlýðni þeirra við lögin á stundum ekki nægileg því vitað er um 17 tilvik fyrstu átta mánuði ársins þar sem nafn sem ekki er á mannanafnaskrá hefur verið gefið. Það þýðir í raun að u.þ.b. 10% presta í landinu hafa brotið ákvæði mannanafnalaganna á þessum tíma. Kynningu meðal presta þarf því nauðsynlega að auka. Enn fremur þarf dómsmálaráðuneytið að grípa til aðgerða gagnvart þessum prestum og a.m.k. áminna þá.
3. Reglur samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða með mannanafnalögunum hafa ekki verið settar. Nauðsynlegt er að slíkar reglur verði settar hið fyrsta eins og löggjafinn ætlaðist til.

4. Reglur skv. 20. gr. mannanafnalaganna um heimild Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, til að breyta ritun nafns í þjóðskrá án þess að um eiginlega nafnbreytingu sé að ræða hafa ekki verið settar. Full ástæða sýnist til að huga að setningu þessara reglna.

6. LOKAORÐ

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um mannanöfn, nr. 45/1996, gerir ráð fyrir að halda starfi sínu áfram, a.m.k. þar til heils árs reynsla er komin á framkvæmd laganna.

Eftirlitsnefndin hefur rætt ættarnöfn sérstaklega og stöðu þeirra í hinu íslenska mannanafnakerfi. Í greinargerð með frumvarpi til mannanafnalaga sem varð að lögum nr. 45/1996 er fullyrt að ættarnöfn séu í hraðri sókn, hraðari en menn geri sér almennt grein fyrir. Fullyrt er í frumvarpinu að þróun ættarnafna sé með þeim hætti að íslenska kenninafnasiðnum standi af henni veruleg ógn.

Þótt engar lagabreytingartillögur séu gerðar í áfangaskýrslu þessari hefur nefndin fengið ábendingar um að tiltekin ákvæði laganna kunni að fela í sér brot á jafnræðisreglu. Sömuleiðis hafa nefndinni borist ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara í mannanafnalöggjöfinni.

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um mannanöfn, nr. 45/1996, mun á komandi mánuðum athuga ábendingar sem fram hafa komið um breytingar á mannanafnalögum, íhuga sérstaklega þörf á breytingum vegna ættarnafna og í ljósi reynslunnar af lengri framkvæmd laganna meta þörf fyrir aðrar breytingar á þeim.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Maki eða hver sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki eða takmarkað stundað vinnu utan heimilis á rétt á greiðslum fyrir umönnunarstörf á heimili þeirra. Upphæð þessara greiðslna skal ákveða með reglugerð sem ráðherra setur. Við ákvörðun um upphæð greiðslna skal tekið tillit til umfangs hjúkrunar og annarrar umönnunar og tekna vegna vinnu utan heimilis. Ráðherra skal setja reglugerð um mat á umönnunarþörf lífeyrisþega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 5. gr. gildandi laga getur aðeins maki elli- eða örorkulífeyrisþega fengið umönnunargreiðslur, svokallaðar umönnunar- eða makabætur, leggi hann niður störf vegna umönnunar á heimili þeirra. Foreldrar fatlaðra og alvarlega sjúkra barna geta fengið umönnunarbætur þar til þau verða 16 ára, sbr. 4. gr. gildandi laga. Börnin fá sjálf örorkubætur þegar þau verða16 ára og umönnunarbætur til foreldra falla niður þótt umönnunar sé áfram þörf.

Hér er lögð til sú breyting að ekki einungis maki hafi þennan rétt heldur að hver sá sem heldur heimili með og annast lífeyrisþegann eigi rétt á greiðslum fyrir umönnun. Það er þó háð því skilyrði að viðkomandi geti ekki eða takmarkað vegna umönnunarstarfa sinna stundað vinnu utan heimilis. Ráðherra ákveður með reglugerð hver upphæð þessara greiðslna verður. Taka skal tillit til annarra tekna er launþeginn hefur af vinnu utan heimilis. Jafnframt skal tekið tillit til umfangs hjúkrunar og annarrar umönnunar lífeyrisþegans sem í hlut á. Þá er ráðherra falið að setja reglugerð um mat á umönnunarþörf, þ.e. hver metur og hvað skal metið, en nauðsynlegt er að koma á samræmdu mati á hjúkrunarþörf vistmanna á öldrunarstofnunum.

Á árinu 1994 var unnið rannsóknarverkefnið Daglegt líf á hjúkrunarheimili. Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, öldrunarlækningadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur, Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og nokkurra hjúkrunarheimila. Í framhaldi af verkefninu var sett reglugerð um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum. Á sama hátt mætti koma á samræmdu mati á heilsufari og aðbúnaði lífeyrisþega í heimahúsi sem gæti gefið raunsanna mynd af þörf á hjúkrun og annarri aðhlynningu. Við matið mætti hafa vistunarmat það sem nú er byggt á í öldrunarþjónustunni sem viðmið að einhverju leiti.

Ljóst er að mun fleiri en makar lífeyrisþega vinna umönnunarstörf á heimilum og geta ekki eða takmarkað stundað vinnu utan heimilis vegna þess. Nú þegar legurúmum á sjúkrahúsum fækkar og erfiðara er að fá vistun fyrir þá sem þurfa á henni að halda verða heimilismenn og aðrir aðstandendur sjúkra og fatlaðra að taka að sér þessi störf og því er úrelt að miða aðeins við greiðslu til maka þess sem er umönnunar þurfi.

Fólk sem annast uppkomin börn sín, foreldra, tengdafólk eða aðra ættingja nú á ekki rétt á neinum greiðslum frá hinu opinbera samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Það samræmist ekki anda laganna að fólki sé mismunað eftir tengslum við þann sem það annast.

Nútímaáherslur í heilbrigðisþjónustu eru þær að lögð er áhersla á að sjúkir geti verið eins lengi heima og unnt er og þeir óska og fái þjónustu þar. Það eru einnig rök fyrir því að fleiri en maki fái greitt fyrir umönnun. Margir sjúkir og fatlaðir sem þurfa umönnun heima eiga ekki maka, en e.t.v. er einhver sem býr með þeim sem vill annast þá. Þessar bætur gera þeim sem eru umönnunar þurfi kleift að vera lengur heima og sparar það hinu opinbera dýra sjúkrahúslegu og stofnanavist.

Á undanförnum árum hefur því oft verið lýst yfir af hálfu íslenskra stjórnvalda að stefnt skuli að því að aldraðir og öryrkjar geti sem lengst dvalist í heimahúsi; það sé hagkvæmasta, besta og manneskjulegasta leiðin varðandi aðbúnað þessa þjóðfélagshóps. Margir lífeyrisþegar sem þarfnast mikillar umönnunar dveljast í heimahúsum. Þeir eru þó mun fleiri sem veldu þann kost að dveljast heima ef þess væri nokkur kostur. Munur á lífskjörum einstaklinga og fjölskyldna í þjóðfélaginu er mjög mikill. Sumir hafa rúmar ráðstöfunartekjur og mikinn tíma fyrir fjölskylduna á meðan stór hópur þarf að vinna langan vinnudag en býr engu síður við þröngan fjárhag. Vegna bágra kjara er því margri fjölskyldunni ókleift að annast lífeyrisþega inni á heimili. Ef frumvarpið verður samþykkt þýðir það að aðstandendur lífeyrisþega eiga rétt á launum fyrir umönnunarstörf í heimahúsi, en ekki einungis maki lífeyrisþegans eins og nú er heldur börn, tengdabörn og aðrir sem halda heimili með honum og veita þá hjúkrun og aðra umönnun sem viðkomandi þarfnast. Það er löngu tímabært að þessi störf séu metin að verðleikum.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa lagt fram frumvörp um umönnunargreiðslur sem þessar á fyrri þingum: Ásta R. Jóhannesdóttir á 115. löggjafarþingi árið 1992, á 120. löggjafarþingi 1996 og 121. löggjafarþingi 1996–7 og Margrét Frímannsdóttir á sama þingi. Þau voru send til umsagnar og voru þær undantekningarlaust í þá veru að þetta væru nauðsynlegar réttarbætur fyrir sjúka og fatlaða, og mikilvægt væri að frumvarp sem þetta yrði að lögum.

24. Beiðni um skýrslu [24. mál]

frá forsætisráðherra um aðstöðumun kynslóða.

Frá Svanfríði Jónasdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Sighvati Björgvinssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um aðstöðumun þeirrar kynslóðar Íslendinga sem fædd er 1965–1975 og þeirrar kynslóðar sem fæddist 1940–1964 og stofnaði heimili og haslaði sér völl í atvinnulífinu á sjöunda og áttunda áratugnum.

Í skýrslunni skal þeirri kynslóð sem fædd er 1940–1964 skipt í fimm hópa eftir fæðingarárum. Þá verði þeirri kynslóð sem fædd er 1965–1975 skipt í tvo hópa. Þrír fyrstu liðir skýrslubeiðninnar verði einnig greindir eftir kyni.

Í skýrslunni skal m.a. gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum:

1. tekjum hinna fyrrgreindu sjö hópa á hverju fimm ára tímabili árin 1960–1995 á sambærilegu verðlagi og miða við meðaltalsfjárhæðir í hverjum hópi og dreifingu tekna,
2. eigna- og skuldastöðu sömu sjö hópa á hverju fimm ára tímabili árin 1960 –1995 á sambærilegu verðlagi og miðað við meðaltalsfjárhæðir í hverjum hópi og dreifingu eigna og skulda innan hvers hóps,
3. menntun (grunnskóli, iðnnám, annað framhaldsnám og háskólanám) sömu hópa eftir fimm ára tímabilum, þ.e. hve hátt hlutfall hvers hóps lauk námi á hinum mismunandi skólastigum og hve margir luku þá einungis skyldunámi,
4. raunverulegri endurgreiðslubyrði námslána frá LÍN miðað við námslok 1970, 1975, 1980, 1985, 1990 og 1995,
5. skattgreiðslum (skattar, útsvör og söluskattur eða VSK) hinna fyrrgreindu sjö hópa á hverju fimm ára tímabili árin 1960– 1995 sem hlutfall af tekjum hjá hverjum hópi og dreifingu skattgreiðslna innan hópsins,
6. stuðningi ríkisins við barnafólk (fjölskyldubætur, barnabætur, barnabótaauki o.s.frv.) í hinum fyrrgreindu sjö hópum á tímabilinu 1960–1995 sem hlutfall af tekjum í hverjum hópi,
7. stuðningi hins opinbera við öflun íbúðarhúsnæðis og fjármögnun þess hjá hinum fyrrgreindu sjö hópum sem hlutfall af tekjum í hverjum hópi.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Greinargerð.

Í umræðu um lífskjör á Íslandi hefur ítrekað verið bent á að aðstöðumunur sé milli kynslóða hvað varðar möguleika til að hafa bærilega afkomu og eignast húsnæði. Þessi meinti aðstöðumunur hefur m.a. verið nefndur sem ein af ástæðum þess að um 8% þjóðarinnar hafa nú kosið búsetu utan landsteinanna á móti 3% fyrir 25 árum. Sé svo er sannarlega ástæða til að kanna hann nánar.

Í skýrslu, sem Dagur B. Eggertsson tók saman árið 1996 um „áhrif og afleiðingar breyttra laga um LÍN", er hvatt til opinnar, öfgalausrar og lýðræðislegrar umræðu um þessi mál, umræðu sem „leiði eitthvað áþreifanlegt af sér. Það þarf að gerast ef ekki á að verða trúnaðarbrestur milli kynslóðanna sem byggja Ísland" eins og þar stendur. Einnig segir: „Hvernig sem málum er snúið virðist þó ljóst að kynslóðin sem nú situr að völdum virðist illa skilja þann gríðarlega aðstöðumun sem hún hefur skapað með aðgerðum sínum og ákvörðunum milli sinna uppvaxtarára og þeirra sem nú eru að reyna að koma undir sig fótunum. Verði ekkert úr aðgerðum er ekki aðeins viðbúið heldur eðlilegt að æ stærri hópur ungs fólks sæki út fyrir landsteinana í leit að tækifærum."

Þá kemur fram í umfjöllun Morgunblaðsins 17. ágúst sl. um skólagjöld það viðhorf eins af viðmælendum blaðsins að það sé „umhugsunarefni hvort velta eigi auknum kostnaði yfir á arftaka þjóðfélagsins. Umtalsverðum kostnaði hafi þegar verið komið á yngri kynslóðina bæði í húsnæðismálum og námslánum."

Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktunartillaga frá Steingrími J. Sigfússyni og fleiri um gerð kynslóðareikninga. Með þeirri samþykkt var Alþingi að taka ákvörðun um að „reikna út og spá fyrir um líklega eða væntanlega nettóskattbyrði núlifandi og komandi kynslóða, óhjákvæmilega að gefnum ýmsum forsendum" eins og sagði í greinargerð með tillögunni. Kynslóðareikningar munu í framtíðinni reyna að segja fyrir um aðstöðumun kynslóðanna og mun gerð þeirra væntanlega verða aðhald fyrir ráðandi kynslóðir á hverjum tíma.

Með þessari skýrslubeiðni er hins vegar verið að biðja um að skoðað verði aftur í tímann því að sú sannfæring manna að um umtalsverðan aðstöðumun kynslóðanna sé að ræða er útbreidd. Þeirri skýrslu, sem hér er óskað eftir að forsætisráðherra flytji Alþingi, er ætlað að varpa ljósi á hve mikill hann hefur verið og er og í hverju hann er aðallega fólginn. Hún ætti að geta orðið mikilvægt innlegg í umræðu um þessi mál sem full þörf er á.

25. Skýrsla [25. mál]

forsætisráðherra um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Á 121. löggjafarþingi fór fram umræða utan dagskrár um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Í síðari ræðu minni við þá umræðu lýsti ég því yfir að ég myndi beita mér fyrir að unnin yrði sérstök óháð, lögfræðileg úttekt á aðgangi Alþingis að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins að hluta eða í heild. Í þessu skyni var af minni hálfu leitað til Stefáns Más Stefánssonar prófessors við lagadeild Háskóla Íslands. Jafnframt var þess óskað að gerð yrði grein fyrir aðgangi ráðherra að slíkum upplýsingum og skyldu hans til að veita aðgang að þeim. Álitsgerð um þetta liggur nú fyrir og hef ég ákveðið með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, að gera Alþingi grein fyrir henni með eftirfarandi skýrslu:

„ÁLITSGERÐ

I

Verkefnið.

Með bréfi dags. 26. mars sl. fór forsætisráðuneytið þess á leit við mig undirritaðan að ég gerði lögfræðilega úttekt á aðgangi Alþingis að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins.

Jafnframt var þess óskað að gerð yrði grein fyrir aðgangi ráðherra að upplýsingum um hlutafélög sem hann fer með hlutafjáreign ríkisins í, hvort hlutfall hlutafjáreignar ríkisins hafi þar einhver áhrif á, hvort Alþingi eigi rétt á sömu upplýsingum og ráðherra en ef ekki þá að hverjum og hvort ráðherra sé skylt að afla þeirra þegar eftir því er leitað.

Af þessu tilefni hef ég tekið saman álitsgerð þá sem hér fer á eftir.

II

Efnismeðferðin.

Í þeim köflum sem hér fylgja verður fyrst vikið að aðdraganda þeirra skoðanaskipta á Alþingi sem leiddu til þess að óskað var eftir álitsgerð þessari. Kafli V hefur að geyma almenna úttekt á því hvaða áhrif það hefur að breyta tiltekinni stofnun ríkisins í hlutafélag sem er ætlað að starfa á viðskiptasviði. Í köflum IV og VI er vikið að rétti einstakra alþingismanna fyrir tilstilli Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga. Í framhaldi af því eru tvö álitaefni skoðuð sérstaklega sem varðar ríkið eingöngu. Í kafla VII er kannað hvort lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, hafi að geyma sérákvæði sem eiga við um alla starfsemi ríkisins og veiti svör við þeim álitaefnum sem að er spurt. Í kafla VIII er fjallað sérstaklega um ákvæði laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Ástæðan er sú að í umræðum á Alþingi um aðgang Alþingis að upplýsingum hjá stjórnvöldum um hlutafélög í eigu ríkisins var Póstur og sími hf. sérstaklega í umræðunni. Einnig þykir rétt að reifa þessi lög sérstaklega til að leggja áherslu á það að einstök lög um hlutafélög í eigu ríkisins geta haft að geyma sérákvæði sem geta skipt máli við úrlausn lögfræðilegra álitaefna.

Í köflum IX og X er lýst þeim meginreglum sem gilda samkvæmt hlutafélagalögum og ársreikningslögum um aðgang að upplýsingum um félagsreksturinn. Þær reglur gilda almennt um öll hlutafélög nema ákvæði sérlaga hafi að geyma undantekningu frá því. Í köflum XI–XIV er síðan kannað sérstaklega hvort tiltekin löggjöf, þ.e. tölvulög, upplýsingalög, stjórnsýslulög eða skattalög, hafi að geyma ákvæði sem feli í sér frávik frá hinum almennu ákvæðum hlutafélagalaga og ársreikningslaga.

Loks eru dregnar saman meginniðurstöður í kafla XV.

III

Aðdragandi.

Tilefni beiðni um álitsgerð þessa er samkvæmt skjölum málsins sú að með lögum nr. 103 frá 14. júní 1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, var ríkisstjórn Íslands veitt heimild til að stofna hlutafélag um rekstur þeirrar stofnunar. Félagið skyldi heita Póstur og sími hf. og taka til starfa þann 1. janúar 1997, sbr. 1. og 7. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna er allt hlutafé félagsins í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess og er sala þess óheimil án samþykkis Alþingis. Samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf., sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Í fyrirspurn frá Alþingi, 121. löggjafarþingi, á þingskjali nr. 631, var samgönguráðherra spurður um ýmis atriði varðandi laun og starfskjör æðstu yfirmanna Pósts og síma hf. Fyrirspurnin hljóðar svo:

„1. *Hver eru heildarlaunakjör og starfskjör æðstu yfirmanna Pósts og síma hf., þ.e. forstjóra, framkvæmdastjóra og forstöðumanna sviða, stöðvarstjóra, deildarstjóra og annarra stjórnenda, svo og heildarlaun og starfskjör sömu eða sambærilegra yfirmanna á ári sl. þrjú ár, 1994–96, áður en Pósti og síma var breytt í hlutafélag?*
Svar óskast sundurliðað eftir föstum grunnlaunum, öðrum greiðslum, þóknunum og fríðindum, svo sem ferðakostnaði, risnu og bifreiðahlunnindum.
2. *Hvaða reglur gilda um risnu, ferða- og dvalarkostnað og bílafríðindi fyrrgreindra starfsmanna fyrir og eftir breytinguna og hverjar eru áætlaðar fjárhæðir í því sambandi?*
3. *Sitja eða sátu fyrrgreindir starfsmenn í stjórnum fyrirtækja eða stofnana sem tengjast starfsemi Pósts og síma eða Pósts og síma hf. og hvaða greiðslu hafa þeir þegið fyrir slíkt störf?*
4. *Hver eru heildarlaun og starfskjör stjórnarmanna hjá Pósti og síma hf. og hver tók ákvörðun um þau?*
Svar óskast sundurliðað eftir launum formanns og annarra stjórnarmanna.“

Í svari ráðherra á þingskjali nr. 716 kemur fram að með stofnun Pósts og síma hf. hafi rofnað öll stjórnsýslutengsl sem áður voru milli ráðuneytisins og Póst- og símamálastofnunarinnar. Hafi ráðuneytið því ekki lengur skipunarvald í málefnum Pósts og síma hf. Fram kemur enn fremur að ráðningar og starfskjör starfsmanna Pósts og síma hf. teljist trúnaðarmál milli stjórnar félagsins og starfsmanna þess. Í svarinu segir að ráðuneytið hafi því ekki þær upplýsingar sem um sé beðið í fyrirspurninni að því er varði Póst og síma hf. og telji sér ekki fært að krefjast þeirra.

Þann 13. mars 1997 fór fram fyrsta umræða á Alþingi um frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um ríkisviðskiptabankana. Þar lýsti viðskiptaráðherra, aðspurður, þeirri skoðun sinni að Alþingi ætti, á grundvelli stjórnarskrárvarins fyrirspurnarréttar þingmanna og ákvæða um upplýsingaskyldu hlutafélaga í ársreikningi samkvæmt lögum um ársreikninga og um upplýsingaskyldu bankanna, sérstaklega samkvæmt reglugerð nr. 544/1994, um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, víðtækan aðgang að upplýsingum um launakjör bankastjóra þeirra banka þegar þeim hefði verið breytt í hlutafélög, ekki síst meðan ríkið væri eini eigandi þeirra. Ráðherrann lagði hins vegar ekki mat á hvort þessu væri öðruvísi farið hjá Pósti og síma hf.

Framangreind ummæli ráðherranna urðu tilefni til umræðu utan dagskrár á Alþingi um rétt þingmanna til upplýsinga um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins þann 20. mars sl. Í lok þeirrar umræðu tilkynnti forsætisráðherra að hann myndi beita sér fyrir því að unnin yrði sérstök óháð lögfræðileg úttekt á aðgangi Alþingis að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins að hluta eða í heild. Í máli hans kom jafnframt fram að nauðsynlegt væri að skýra réttarstöðu þingsins að þessu leyti, m.a. í ljósi þess að í vöxt færðist að eignarhald á fyrirtækjum ríkisins væri í öðru formi nú en áður.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið eiga þau álitaefni sem um er spurt einkum rót að rekja til umræðna um málefni Pósts og síma hf. en hafa þó breiðari skírskotun.

IV
Réttur þingmanna til að krefja ráðherra upplýsinga.

Hinn almenni réttur þingmanna til upplýsinga kemur nú fram í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir:

„Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.“

Í 49. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, er að finna nánari fyrirmæli um form og fyrirkomulag fyrirspurna. Gild fyrirspurn verður því aðeins borin upp að forseti eða Alþingi hafi leyft hana. Aðalreglan hlýtur að vera sú að fyrirspurnir skuli ekki leyfa nema því aðeins að þær fullnægi lögmætum skilyrðum. Forseti þingsins eða Alþingi sjálft á að gæta þessa. Sé lögmæt fyrirspurn borin upp samkvæmt framanrituðu er almenna reglan talin sú að viðkomandi ráðherra sé skylt að svara henni. Þessi skylda er þó ekki fortakslaus.

Þannig er ljóst að skylda ráðherra nær ekki til þess að svara fyrirspurnum um annað en opinber málefni. Ráðherra væri ekki skylt að svara slíkri fyrirspurn þótt leyfð væri. Tilvitnuð lagaákvæði heimila ráðherra heldur ekki sérstaklega að svara fyrirspurnum um annað en opinber málefni. Ráðherra er þannig, svo dæmi sé tekið, hvorki skylt né heimilt á grundvelli nefnds ákvæðis að gefa upplýsingar um einkahagi manna þó að fyrirspurn kæmi fram um það á Alþingi.

Náskylt réttaratriði er að hvaða marki eða hversu ítarlega og nákvæmt ráðherra þurfi að svara fyrirspurn þannig að fullnægjandi teljist. Ber væntanlega að líta svo á að orðalagið „upplýsinga ráðherra eða svars um opinber málefni“ beri að túlka þannig að ráðherra sé ekki skylt að gefa aðrar og ítarlegri upplýsingar eða svör en þau sem með sanngirni geta talist falla undir hugtakið „opinber málefni“. Ráðherra er því skylt að gefa almennar upplýsingar sem eru í eðlilegum tengslum við opinber málefni. Honum er hins vegar óskylt að láta þar koma fram nákvæmar upplýsingar sem ekki eru í rökréttum eða eðlilegum tengslum við þau.

Meginniðurstaða þessa kafla er því sú að ráðherra er ekki skylt að gefa aðrar upplýsingar eða svör í tilefni af fyrirspurn alþingismanns sem Alþingi hefur heimilað en þau sem talist geta fallið innan þess ramma að teljast opinber málefni.

V
Hlutafélagavæðing ríkisfyrirtækja.

Nokkuð algengt hefur verið erlendis á síðari árum að ríkið hafi markaðsvætt (einkavætt) tiltekinn hluta starfsemi sinnar og stofnað um hana hlutafélag. Eftir atvikum hafa hlutir síðan verið seldir til einkaaðila. Sama þróun hefur átt sér stað hér á landi. Þýðing þess er m.a. sú sem síðar verður nánar getið að gerð er grein fyrir þessum fyrirtækjum í E-hluta ríkisreikningsins, sbr. lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, sem hafa að geyma sérreglur um einfaldað form á ríkisreikningi fyrir þau fyrirtæki sem teljast sameignar- eða hlutafélög og ríkið á að hálfu eða meira. Geta verður þess á fjárlögum ef slík hlutafélög njóta lána eða styrkja úr ríkissjóði og á sama hátt verður að geta þess ef félögin skila tekjum í ríkissjóð. Fjárveitingavaldið hefur hins vegar ekki áhrif á þessi félög með öðrum hætti, t.d. á ákvarðanatöku þeirra. Áhrif ríkisins verða tryggð á annan hátt, t.d. með lögum eða með ákvæðum í samþykktum viðkomandi félaga. Þessi áhrif geta varðað stjórn félaganna, leyfi til atvinnurekstrar eða eftirlit með þeim.

Almennt er litið svo á að með því að hlutafélagavæða tiltekna starfsemi ríkisins verði ekki aðeins breyting á formi atvinnustarfseminnar heldur einnig á eðli hennar. Þannig ber samkvæmt 17. gr. laganna um fjárreiður ríkisins aðeins að sýna lykiltölur eða samandregna útgáfu ársreikninga þeirra hlutafélaga sem ríkið á meiri hluta í og ríkisendurskoðun verður þá aðeins framkvæmd að því marki, sbr. lög nr. 88/1997. Að jafnaði eiga hvorki stjórnsýslulög nr. 37/1993 né upplýsingalög nr. 50/1996 við um starfsemi þessara hlutafélaga og hún fellur

að jafnaði utan valdsviðs umboðsmanns Alþingis, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Þá eiga hvorki við lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 70/1996, né heldur lög um ríkislögmann, sbr. lög nr. 51/1985.

Venjulega er ekki talið skipta máli um réttarstöðu hlutafélags hvort ríkið er 100% eigandi að hlutum þess, meirihlutaeigandi eða hvort það eigi einungis minni hluta félagsins. Í öllum þessum tilvikum getur áhrifum ríkisins verið þannig háttað að ríkið hafi úrslitaáhrif um stjórn félagsins og aðrar ákvarðanir. Slík áhrif er t.d. unnt að tryggja með hluthafasamkomulagi. Ber að líta á viðkomandi félag sem hlutafélag sem lýtur lagareglum að einkarétti en ekki opinberum rétti. Einnig er almennt litið svo á að unnt sé að leggja opinbert vald til slíkra félaga með lögum, a.m.k. að einhverju leyti. Sé sú raunin getur af því leitt að reglur opinbers réttar eigi við um þann hluta félagsstarfseminnar. Verður síðar að því vikið. Takmarkaðar heimildir til að fara með opinbert vald er þó einnig unnt að veita hlutafélögum almennt án tillits til eignaraðildar.

Álitaefni er hvort stjórnarmaður í hlutafélagi í eigu ríkisins sem ráðherra hefur skipað eða kosið í stjórn þess sé skyldur til þess á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að gefa ráðherra upplýsingar og fylgja fyrirmælum hans ef hann er undirmaður ráðherrans. Starfsmaðurinn er bundinn af lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á grundvelli þeirra hefur hann m.a. hlýðniskyldu og hollustuskyldu við ráðherra, sbr. 14. og 15. gr. laga nr. 70/1996. Hins vegar er viðkomandi starfsmaður persónulega ábyrgur fyrir rekstri hlutafélagsins sem stjórnarmaður. Það færi óneitanlega í bága við valdaskiptingu milli hluthafafundar og stjórnar í hlutafélagi ef litið yrði svo á að hann væri skyldur til að hlýða fyrirmælum ráðherra og gefa upplýsingar um hagi félagsins sem væru í andstöðu við hagsmuni þess. Getur þar því orðið um augljósan hagsmunaárekstur að ræða. Skiptar skoðanir eru um þetta atriði. Hér verður því haldið fram að skylda stjórnarmanns sem opinbers starfsmanns gagnvart yfirboðara sínum nái ekki til þess að gefa honum upplýsingar sem eru ólögmætar gagnvart félaginu. Að því er varðar Póst og síma hf. skiptir álitaefnið þó minna máli því að samgönguráðherra getur krafist upplýsinganna á grundvelli þess að hann er æðsta stjórnvald í félaginu þar sem ríkið er eini hluthafinn og samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkisins samkvæmt þeim lögum.

Meginniðurstöður þessa kafla eru þær að með því að hlutafélagavæða tiltekna starfsemi ríkisins verður ekki aðeins formbreyting á starfseminni heldur einnig breyting á eðli hennar. Aðalreglan er sú að stjórnendum ber að starfa fyrir félagið með hagsmuni þess að leiðarljósi. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort ríkið er 100% eignaraðili eða hvort það á þar einhvern minni hluta.

VI
Um opinber málefni og einkamálefni.

Samkvæmt því sem rakið er í kafla IV skiptir miklu að gerð sé grein fyrir því hvaða málefni eru opinber málefni og hver séu einkamálefni. Eins og þar er rakið er ráðherra einungis skylt að svara fyrirspurnum frá Alþingi um opinber málefni. Löggjöfin kveður nánar á um það undir hvorn flokkinn málefni falla.

Í sjálfu sér eru líkur á því fyrirfram að öll málefni sem stjórnvöld fara með séu opinber málefni þegar þau framkvæma skyldustörf sín lögum samkvæmt. Er það í samræmi við þá reglu að stjórnsýsluaðilar sem taka bindandi ákvarðanir í skjóli stjórnsýsluvalds um rétt eða skyldur manna teljist fara með opinbert vald. Gildir þetta hvort sem málefni er til meðferðar hjá framkvæmdarvaldinu, sveitarstjórnum eða jafnvel öðrum opinberum aðilum. Margar undantekningar eru þó frá þessu. Oft eru t.d. persónuleg málefni manna eða einkamálefni

fyrirtækja til meðferðar hjá stjórnvöldum sem almenningur hefur engan eða takmarkaðan aðgang að. Auk þess er ekki er útilokað að ríkisvaldið standi að einkarekstri eða í viðskiptum við einstaklinga eða fyrirtæki svo sem síðar verður vikið að.

Á svipaðan hátt eru líkur fyrir því að málefni einstakra manna eða fyrirtækja, sem stjórnvöld hafa ekki haft nein afskipti af, séu einkamálefni viðkomandi manna eða fyrirtækja en ekki opinber málefni. Eins og vikið var að í fyrri kafla falla hlutafélög í eigu ríkisins undir þann flokk að vera félög að einkarétti og lúta þeim lögum sem þar gilda í öllum aðalatriðum.

Stjórnsýsluaðilar fara með opinbert vald þegar þeir framkvæma skyldustörf sín lögum samkvæmt sem fyrr greinir. Sé einkaaðila, t.d. hlutafélagi í eigu ríkisins, fengið opinbert vald getur það haft vissar afleiðingar fyrir viðkomandi félag sem einkum felast í því að reglur opinbers réttar og ýmis löggjöf sem tekur til opinberra aðila gildir þá um þann þátt starfseminnar. Þegar þannig stendur á eiga t.d. við stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um umboðsmann Alþingis um slíkan þátt í starfi þessara aðila. Svipað sjónarmið kemur einnig fram í 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Þar segir efnislega að ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar gildi um þá stjórnsýslu sem verktaki samkvæmt greininni tekur að sér að annast (svonefndir þjónustusamningar).

Sé um að ræða upplýsingar sem varða meðferð opinbers valds verður almennt að gera ráð fyrir því að aðgangur Alþingis að þeim upplýsingum á grundvelli 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. laga nr. 55/1991 sé rúmur að því leyti sem um opinber málefni er að ræða nema eitthvað sérstakt mæli gegn því. Sé hins vegar um að ræða upplýsingar sem varða hlutafélög gilda almennar reglur hlutafélagalaga og ársreikningslaga. Þær leiða til þess að hlutafélagið sjálft er sérstakur einkaréttarlegur aðili að lögum sem hefur einnig sérstaka viðskiptavernd lögum samkvæmt.

Ef litið er til þeirra hlutafélaga sem nú eru í eigu ríkisins er nærtæk sú niðurstaða að þau starfi flest á viðskiptalegu sviði og lúti því einkarétti í öllum verulegum atriðum. Af þessum sökum verður það álitaefni sem hér er til meðferðar leyst eingöngu út frá einkarétti.

Meginniðurstaða þessa kafla er því sú að rétt er að gera ráð fyrir því að þau hlutafélög sem ríkið á nú að öllu leyti eða að meiri hluta til starfi á sviði einkaréttar nema sérstök undantekning sé gerð frá því í lögum.

VII
Lög um fjárreiður ríkisins.

Ákvæði laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, taka m.a. til þeirra fyrirtækja í eigu ríkisins sem hér um ræðir. Samkvæmt 2. gr. laganna teljast ríkisaðilar þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta til í eigu ríkisins. Samkvæmt alþjóðastöðlum eru ríkisaðilar þeir sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir ákvörðunarvald stjórnvalda vegna eignarhalds ríkisins á starfseminni og lögþvingunar eða vegna þess að ríkið kostar starfsemina að verulegu eða öllu leyti.

Ríkisreikningur er flokkaður í fimm hluta sem nefndir eru A-, B-, C-, D- og E-hluti, sbr. 3. gr. laganna. Til E-hluta teljast sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira, sbr. 5. tölul. 3. gr. laganna. Þessi fyrirtæki eru talin starfa á svipuðum grundvelli og ríkisfyrirtæki í B-hluta en eru frábrugðin hvað varðar eignaraðild og rekstrarform. Með meirihlutaeign ríkisins í þessum fyrirtækjum eru stjórnvöld talin geta haft bein áhrif á starfsemi þeirra og gert kröfur til þeirra, t.d. um arðgreiðslur. Engu að síður er athafnafrelsi fyrirtækja í E-hluta mun rýmra en ríkisfyrirtækja í B-hluta og afskipti stjórnvalda af þeim fremur fátíð og ekki önnur en lög leyfa. Yfirleitt kýs Alþingi þessum fyrirtækjum stjórnir eða í þær er skipað af framkvæmdarvaldinu. Því hefur þótt eðlilegt að nokkur grein sé gerð fyrir fjármál-

um þeirra í reikningsyfirlitum ríkissjóðs. Dæmi um fyrirtæki í meirihlutaeign ríkisins eru Áburðarverksmiðjan hf. (100%), Sementsverksmiðjan hf. (100%), Breiðafjarðarferjan Baldur hf. (80%), Skallagrímur hf. (65%), Íslenska járnblendifélagið hf. (55%), Íslenskir aðalverktakar sf. (52%) og Landsvirkjun sf. (50%).

Þegar um er að ræða fyrirtæki ríkisins í minnihlutaeign telst fyrirtækið ekki til ríkisaðila í skilningi laganna. Gert er þó ráð fyrir því að birtar séu lykiltölur úr ársreikningum þessara fyrirtækja. Dæmi um slík fyrirtæki eru Herjólfur hf. (46%), Orkubú Vestfjarða hf. (40%) og Endurvinnslan hf. (18%).

Fjármálaráðherra skal leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti. Í E-hluta ríkisreiknings skulu m.a. sýndar lykiltölur eða samandregin útgáfa ársreikninga þeirra sameignar- og hlutafélaga sem ríkið á að hálfu eða meira. Samkvæmt 52. gr. laganna koma þau til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 í fyrsta sinn. Uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997 fer því eftir lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

Ástæða er til að geta þess að í 79. gr. laga nr. 52/1966, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1982 og 19. gr. laga nr. 84/1985, segir svo:

„Með ríkisreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað og risnukostnað einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:
- *a. Heildarlaunagreiðslur.*
- *b. Föst yfirvinna.*
- *c. Önnur yfirvinna.*
- *d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.*

II. Bifreiðakostnaður:
- *a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.*
- *b. Notkun bílaleigubifreiða.*
- *c. Notkun leigubifreiða.*
- *d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.*

III. Risnukostnaður:
- *a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.*
- *b. Risna greidd samkvæmt reikningi.*

IV. Ferðakostnaður:
- *a. Ferðakostnaður innan lands, þ.m.t. dagpeningar.*
- *b. Ferðakostnaður utan lands, þ.m.t. dagpeningar.“*

Rétt skýring laga nr. 52/1966 leiddi til þess að umrætt ákvæði átti tæpast við um fyrirtæki í eigu ríkisins í sérstöku félagaformi, sbr. 4. mgr. 2. gr. laganna. Í þessu sambandi skipti engu máli hvort ríkissjóður var eigandi allra hluta í tilteknu félagi, einhvers tiltekins meiri hluta eða hvort hann var eigandi í smærri stíl.

Ákvæði sem samsvarar 79. gr. laga nr. 52/1966 hefur ekki verið tekið upp í gildandi lög. A-hluti ríkisreiknings skal gerður í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur og að öðru leyti með hliðsjón af þeim sérstöku fyrirmælum sem lög nr. 88/1997 kveða nánar á um. Að öðru leyti gilda lög nr. 144/1994, um ársreikninga, og lög nr. 145/1994, um bókhald, eftir því sem við verður komið, sbr. nánar kafla X. Um aðra hluta ríkisreikningsins nægir stytt útgáfa af ársreikningi, sbr. nánar 16. og 17. gr. laganna.

Meginniðurstaðan í þessum kafla er því sú að hvorki í lögum nr. 52/1966 (sem enn gilda fyrir uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997) né í núgildandi lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 sé að finna sérákvæði sem varpað getur ljósi á það viðfangsefni sem hér er til skoðunar. Þar er með öðrum orðum ekki að finna sérstök ákvæði um rétt ráðherra til aðgangs að upplýsingum varðandi umrædd hlutafélög. Sama gildir um rétt Alþingis til upplýsinga um þau.

VIII
Ákvæði laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Með lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, var ríkisstjórn Íslands veitt heimild til að stofna hlutafélag um rekstur þeirrar stofnunar. Stofnunin skyldi heita Póstur og sími hf. Leggja skyldi til hlutafélagsins allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunarinnar, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavild eins og nánar greinir í lögunum. Félagið tók til starfa þann 1. janúar 1997. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 103/1996 skyldi allt hlutafé félagsins vera í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess, auk þess sem lagt var bann við sölu hlutafjárins án samþykkis Alþingis. Rétt er að geta þess að samgönguráðherra ákvað á hluthafafundi nýlega að skipta Pósti og síma hf. í tvö hlutafélög. Hlutafélagið Íslandspóstur verður stofnað um póstreksturinn. Starfsemi símans verður áfram rekin af sama félagi en undir nýju nafni, þ.e. Landssími Íslands hf. Gert er ráð fyrir að reikningslegur aðskilnaður félaganna miðist við 1. janúar 1998.

Í 3. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um að ákvæði laga um hlutafélög skuli gilda um hið nýja félag að öðru leyti en því sem undantekningar eru gerðar frá þessu í 1. mgr. 3. gr. Undantekningarnar varða einkum innborgun hlutafjár, fjölda stofnenda og hluthafa í félaginu. Samkvæmt 6. gr. laganna skal stjórn Pósts og síma hf. skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf., sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Samkvæmt 9. gr. laganna veitir samgönguráðherra félaginu rekstrarleyfi á tilteknum sviðum til þeirrar starfsemi sem af verkefnum félagsins leiðir samkvæmt lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Við útgáfu rekstrarleyfa getur ráðherra bundið þau þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna félagsins. Þess er að geta að samkvæmt tilskipun EB er gert ráð fyrir því að einkaréttur símastjórna aðildarríkjanna til að veita símaþjónustu verði með öllu afnuminn þann 1. janúar 1998. Af EES-samningnum leiðir að einkaréttur Póst- og símamálastofnunar á sviði fjarskipta verður afnuminn 1. janúar 1998 en í vissum tilvikum má sækja um frest á afnámi einkaréttar þegar um smáþjóðir er að tefla.

Um síðustu áramót tóku einnig gildi ný lög um fjarskipti, lög nr. 143/1996, sem felldu úr gildi eldri fjarskiptalög. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í hinum nýju fjarskiptalögum skal samgönguráðherra veita Pósti og síma hf. einkaleyfi til að reka almenna talsímaþjónustu hér á landi og til þess að eiga og reka almennt fjarskiptanet. Skal það einkaleyfi gilda þar til réttur til að veita einkaleyfi til almenns fjarskiptareksturs fellur niður eða eigi síðar en 1. janúar 1998. Þannig fer Póstur og sími hf. með einkarétt íslenska ríkisins til að veita talsímaþjónustu á Íslandi og eiga og reka almennt fjarskiptanet þangað til slíkur rekstur verður gefinn frjáls.

Stjórn hlutafélagsins Póstur og sími hf. setur gjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt arðsemissjónarmiða og tekið tillit til tækninýjunga. Setning gjaldskrár er háð samþykki samgönguráðherra að því er varðar verðlagningu á póst- og símaþjónustu innan lands sem er veitt vegna einkaleyfis sem félagið kann að hafa á hverjum tíma. Selji félagið búnað og þjónustu í samkeppni við aðra á frjálsum markaði skal félagið halda fjárreiðum deilda í einkaréttar-

þjónustu aðskildum frá öðrum rekstri. Er félaginu óheimilt að nota fjármagn frá rekstri sem grundvallast á einkaleyfi til að lækka verð á búnaði eða þjónustu sem seld er í samkeppni.

Í flestum ríkjum EES hefur verið ráðist í einhvers konar breytingar á rekstrarformi símafyrirtækja. Mislangt hefur verið gengið í þeim efnum. Í nokkrum ríkjum hefur hlutur ríkisins verið seldur á opinberum markaði en annars staðar hefur verið látið staðar numið við að breyta rekstrarformi viðkomandi stofnunar. Í báðum tilvikum hefur verið að því stefnt að búa fyrirtæki undir aukna samkeppni á markaðinum.

Af framansögðu má draga þá ályktun að umrætt hlutafélag sé í ýmsum atriðum frábrugðið almennum hlutafélögum sem starfa samkvæmt lögum nr. 2/1995. Lög nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar hafa þó ekki að geyma sérreglur um það álitaefni sem hér er til meðferðar. Af því leiðir að leita verður svara við þeim álitaefnum í hinum almennu ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Niðurstaða þessa kafla er því sú að lögin um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar hafa að geyma ýmsar sérreglur sem víkja frá hinum almennu ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995. Þar eru þó ekki að finna sérákvæði um þau álitaefni sem til meðferðar eru í álitsgerð þessari. Svara við þeim verður því leitað í hinum almennu lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

IX
Meginreglur hlutafélagalaga um aðgang að upplýsingum um félagsrekstur inn.

Hlutafélög eru félög að einkarétti. Um þau gildir að almenningur eða tilteknir hópar manna hafa ekki aðgang að upplýsingum um þau nema að því leyti sem ákvæði þar um er að finna í hlutafélagalögunum sjálfum eða í annarri sérstakri löggjöf eða hlutafélögin sjálf ákveða að birta. Helstu ástæður fyrir þessari tilhögun eru þær að upplýsingar og skjöl varðandi hlutafélög fela oftlega í sér viðskiptaleyndarmál sem geta skaðað hagsmuni félagsins ef þau eru gerð opinber. Sama meginsjónarmið á við þótt aðgangur sé takmarkaður við minni hópa. Þessi tilhögun er nauðsynleg til að draga úr hættu á því að með slíkar upplýsingar sé farið andstætt hagsmunum félagsins. Reglan er því sú að aðgangur að upplýsingum er takmarkaður við þá eina sem eru í nánu trúnaðarsambandi við félagið.

Þessi viðskiptaleyndarmál tengjast oftast samkeppnisstöðu fyrirtækja en þó þarf ekki alltaf svo að vera.

Samkvæmt hlutafélagalögum hafa stjórnarmenn þeirra aðgang að öllum upplýsingum og skjölum sem snerta félagið og rekstur þess enda er slíkur aðgangur nauðsynlegur til að þeir geti sinnt eðlilegum stjórnunarstörfum. Stjórnarmönnum er þó skylt að gæta hagsmuna félagsins í hvívetna. Þeir eru því bundnir þagnarskyldu gagnvart því varðandi allar upplýsingar sem gætu skaðað hagsmuni félagsins.

Um rétt hluthafa til að fá upplýsingar er fjallað í 91. gr. hlutafélagalaganna. Aðalreglan er sú að stjórn og framkvæmdastjóri skulu leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála sem afstöðu skal taka um á fundinum, ef hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið. Ef upplýsingarnar eru ekki tiltækar á hluthafafundi geta hluthafar fengið aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu innan 14 daga. Hluthafar eiga aðeins rétt á því að fá tilteknar upplýsingar sem stjórnin tekur sérstaklega saman í tilefni af beiðni. Hluthafi á hins vegar ekki heimtingu á því að rannsaka sjálfur bækur félagsins eða skjöl. Tekið skal sérstaklega fram að stjórn félagsins á síðasta orðið um það hvaða upplýsingar hluthafi skuli fá samkvæmt framanrituðu. Hluthafi getur því að jafnaði

ekki knúið stjórn félagsins til þess að afhenda sér þær upplýsingar sem hann kann að óska eftir.

Hluthafafundur getur þó væntanlega sem æðsta stofnun hlutafélags tekið úrslitaákvörðun um það hvaða gögn og upplýsingar skuli fram lögð. Þetta gildir jafnvel þótt þær geti leitt til tjóns fyrir félagið. Hluthafafundurinn hefur þennan rétt sem æðsta stofnun félagsins sem fyrr greinir. Að sjálfsögðu ber honum fyrst og fremst að hafa í huga hagsmuni félagsins þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

Samkvæmt þessu er meginsjónarmiðið það að hluthafar eiga rétt á upplýsingum að því marki sem það telst ekki skaða hagsmuni félagsins og með hliðsjón af því sem telst nauðsynlegt til að hann geti haft áhrif á ákvarðanir sem teknar eru á fundinum. Þær upplýsingar sem hluthafi fær samkvæmt þessu um málefni hlutafélags verða ekki þar með „opinberar" upplýsingar. Þvert á móti verður að telja að í mörgum tilvikum verði hluthafi að fara þannig með upplýsingarnar að ekki skaði hagsmuni félagsins. Þegar svo er komið er það hluthafans að meta á eigin ábyrgð hvort svo sé. Því er heppilegt að stjórn gefi hluthafa fyrirmæli um meðferð upplýsinga ef þær teljast viðkvæmar fyrir félagið.

Hluthafafundur er að jafnaði eini vettvangurinn þar sem hluthafar geta beitt þeim áhrifum sínum sem tengd eru hlutafjáreign þeirra að lögum. Hluthafar eiga ekki lagalegan rétt til þess að hafa áhrif á starfsemi hlutafélags utan hluthafafundar, t.d. með því að snúa sér beint til stjórnar félagsins eða framkvæmdastjóra þess með beiðni eða fyrirmæli.

Samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkissjóðs í hlutafélaginu Pósti og síma hf. Hann er eini hluthafinn enn sem komið er í því félagi (það getur þó breyst síðar, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 103/1996). Slík skipan, þ.e. að aðeins sé einn hluthafi, er ekki heimiluð samkvæmt hlutafélagalögum nr. 2/1995. Hins vegar er hún heimiluð í lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Segir þar í 2. mgr. 55. gr. að hluthafi komi þá í stað hluthafafundar og tekur sjálfur ákvarðanir fyrir hönd félagsins og skráir þær í gerðabók. Hér er kveðið á um annað og einfaldara form um ákvarðanir sem að öðru jöfnu eiga undir hluthafafund þegar svo stendur á að hluthafi er aðeins einn. Þær röksemdir sem liggja að baki þessu eru augljósar, þ.e. ástæðulaust er að halda sérstakan fund þegar hluthafi er aðeins einn. Hins vegar er því hlutverki sem hluthafafundum er ætlað að gegna ekki breytt með þessu. Þetta er þó ekki sú regla sem gildir um Póst og síma hf. því að í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 103/1996 er gert ráð fyrir því að haldinn sé aðalfundur í félaginu þar sem stjórnarmenn séu kosnir.

Meginniðurstaða þessa kafla er því sú að bækur, skjöl og aðrar upplýsingar um hlutafélög eru ekki opin fyrir almenning nema því aðeins að lög kveði á um það sérstaklega eða félagið hafi sjálft gert upplýsingar opinberar. Stjórn félagsins hefur ótakmarkaðan aðgang að gögnum hlutafélags og hluthafar takmarkaðan aðgang að þeim. Í báðum tilvikum gildir sú regla að þessir aðilar eru bundnir vissri trúnaðarskyldu við félagið þannig að þeir mega ekki miðla vitneskju sinni ef það getur skaðað hagsmuni félagsins. Þetta á þó auðvitað alveg sérstaklega við um stjórnarmenn félagsins. Sé ríkið hluthafi að nokkru leyti eða öllu hefur ráðherra sem fer með eignarhlut ríkisins réttindi og skyldur samkvæmt framangreindu.

X
Ákvæði ársreikningslaga.

Í lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, er fjallað um gerð ársreiknings hlutafélags, ársskýrslu stjórnar þess og samstæðureikninga. Hugtakið ársreikningur tekur til rekstrarreiknings, efnahagsreiknings, fjárstreymisyfirlits og skýringa. Markmið laganna er að búa svo um hnútana að ársreikningur gefi sanna og skýra mynd með jöfnu millibili af eignum og skuldum hlutafélags, fjárhagsstöðu þess og afkomu. Lagareglur sem tryggja að þessu markmiði verði

náð eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að taka réttar ákvarðanir við stjórn hlutafélags og til þess að hluthafar, lánardrottnar og aðrir viðskiptamenn geti áttað sig á raunverulegum hag og fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins. Slík gögn skipta sköpum í eðlilegum viðskiptum.

Almennt verður að líta svo á að rekstrarreikningur skuli á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu miðað við góða reikningsskilavenju. Í 43. gr. fjórðu félagaréttartilskipunar EB en efni hennar hefur gildi hér á landi kemur fram að í skýringum með ársreikningi skuli m.a. geta um þá fjárhæð sem veitt er á reikningsárinu í þóknun til stjórnarmanna hlutafélags, framkvæmdastjóra eða annarra stjórnenda vegna starfa þeirra. Í 48. gr. ársreikningslaganna segir um þetta svo:

„Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðatali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir.“

Samkvæmt þessu lagaboði ber í ársreikningi að skýra frá þeim atriðum sem þarna greinir. Hins vegar mælir ákvæðið ekki fyrir um skyldu til að sundurliða heildarlaun eða aðrar þóknanir með hliðsjón af einstökum starfsmönnum eða stjórnendum tiltekins fyrirtækis eða hlutafélags. Verður því að telja óskylt að hafa upplýsingar um það efni í ársreikningi.

Frá aðalreglunni um afhendingu ársreikninga í lögboðnu formi eru tvenns konar undantekningar sem ganga báðar út á það að senda má félagaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi og skýringum þegar um er að ræða félög sem kallast mættu lítil eða meðalstór samkvæmt tilteknum viðmiðunum, sbr. nánar 2. mgr. 69. gr. og 77. gr. ársreikningslaga. Reglugerð nr. 694/1996 fjallar um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi en reglugerð nr. 134/1996 fjallar um skil og birtingu ársreikninga. Í 4. og 5. gr. síðarnefndu reglugerðarinnar koma fram þau skilyrði sem félög þurfa að fullnægja til að mega skila samandreginni útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum. Mörkin eru hærri í 5. gr. Í henni segir nánar svo:

„Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög sem fara tvö reikningsár í röð á reikningsskiladegi ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent ríkisskattstjóra samandreginn rekstrarreikning eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur:

1. *eignir nema 500 milljónum króna;*
2. *rekstrartekjur nema 1.000 milljónum króna;*
3. *fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.“*

Hér verður gert ráð fyrir að hlutafélagið Póstur og sími hf. fari fram úr umræddum viðmiðunum og á því þess ekki kost að skila samandregnum ársreikningi. Svo sem um getur í kafla VII skulu samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins aðeins sýndar lykiltölur eða samandregin útgáfa ársreikninga í E-hluta ríkisreiknings í þeim sameignar- eða hlutafélögum sem ríkið á að hálfu eða meira. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laganna gilda þó ákvæði ársreikningslaga ef þau kveða á um jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningsgerðar. Að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ákvæðin um samandregna útgáfu af ársreikningi

eigi ekki við um Póst og síma hf. Því gilda hér ákvæði ársreikningslaga um gerð þeirra og reglugerð nr. 134/1996 um skil og birtingu þeirra.

Aðalreglan er sú samkvæmt 3. mgr. 69. gr. ársreikningslaganna, sbr. einnig 9. gr. reglugerðar nr. 134/1996, að félagaskrá skal veita almennan aðgang að ársreikningum hlutafélaga, sbr. einnig 2. mgr. 147. gr. hlutafélagalaga eins og henni var breytt með 9. gr. laga nr. 41/1997, um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Almenningur á því almennan og óhindraðan aðgang að öllum þeim upplýsingum sem þar koma fram. Tekið skal fram sérstaklega að einnig er almennur aðgangur að þeim gögnum sem skráð eru hjá hlutafélagaskrá um hlutafélög.

Hlutafélagið Póstur og sími hf. og önnur hlutafélög sem eru yfir fyrrgreindum stærðarmörkum verða að leggja fram venjulegan óstyttan ársreikning. Almennur aðgangur er að þeim reikningi. Samkvæmt 48. gr. ársreikningslaga skal þar m.a. upplýsa um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári og laun og launatengd gjöld sundurliðuð. Jafnframt skal veita upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess. Ekki er þó skylt að sundurliða slíkar greiðslur með hliðsjón af einstökum starfsmönnum í ársreikningnum.

Það fer hins vegar eftir þeim sjónarmiðum sem rakin eru í kafla IX hvort ráðherra sé heimilt að gefa slíkar sundurliðaðar upplýsingar. Samkvæmt því sem þar segir verður hann að meta á eigin ábyrgð hvort þær upplýsingar gætu skaðað hagsmuni fyrirtækisins. Honum er óheimilt gagnvart félaginu að gefa upplýsingarnar ef hann telur þær fara í bága við hagsmuni þess.

Meginniðurstöður þessa kafla eru því þær að viðkomandi ráðherra er að öllum líkindum skylt að gefa þær upplýsingar sem fram koma í ársreikningi og gefa viðeigandi skýringar, sbr. kafla IV, á því sem þar kemur fram. Ástæðan fyrir þessari niðurstöðu er sú að þessar upplýsingar teljast opinberar samkvæmt fyrirmælum ársreikningslaganna og fyrrgreindrar EB tilskipunar sem veitt hefur verið gildi hér á landi með samningnum um EES. Þetta á einnig við um þá þóknun til stjórnarmanna hlutafélags, framkvæmdastjóra eða annarra stjórnenda vegna starfs þeirra sem ekki telst til launa. Honum er hins vegar óskylt að gefa upplýsingar fram yfir þetta. Honum er því t.d. ekki skylt að gefa upplýsingar um sundurliðun einstakra útgjaldaliða með þeim hætti sem áður getur. Honum er þetta heldur ekki heimilt gagnvart félaginu ef upplýsingarnar geta skaðað hagsmuni þess.

XI
Ákvæði tölvulaga.

Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga (tölvulaga), segir svo:

„Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.“

Í lögunum kemur síðan fram að kerfisbundin skráning persónuupplýsinga sé ýmsum takmörkunum háð og í 5. gr. laganna er kveðið á um skilyrði þess að menn geti fengið aðgang að skráðum upplýsingum.

Af þessum ákvæðum verður dregin sú almenna ályktun að félög að einkarétti njóti verndar gagnvart skráningu og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal aðgangi að slíkum upplýsingum, að því er varðar einkamálefni þeirra.

XII
Ákvæði upplýsingalaga.

Í 1. mgr. 1. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 kemur fram að lögin taki til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar taka þau enn fremur til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur verið falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna segir m.a. svo um 1. gr.:

„[...] Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að lögin taki enn fremur til þeirrar starfsemi einkaaðila sem lýtur að því að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Hér er fylgt sömu reglu og í 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga og lögin látin ná til þess þegar einkaaðilum hefur verið fengið stjórnsýsluhlutverk sem að öðru jöfnu er í höndum hins opinbera.

Að öðru leyti gilda lögin ekki um einkaaðila, en undir hugtakið „einkaaðilar" falla m.a. félög einkaréttarlegs eðlis, eins og hlutafélög og sameignarfélög, þótt þau séu í opinberri eigu. Ef rekstrarformi opinberrar stofnunar hefur t.d. verið breytt í hlutafélagsform fellur hlutafélagið sem slíkt utan gildissviðs laganna, jafnvel þótt það sé að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags, nema því hafi verið falið sérstakt stjórnsýsluhlutverk, þ.e. að taka ákvarðanir, í skjóli stjórnsýsluvalds, um rétt eða skyldu manna. Sé hlutafélag í eigu ríkis eða sveitarfélags ná lögin til upplýsinga er varðar eignarhald þessara opinberu aðila á félaginu nema upplýsingarnar lúti að viðkvæmum viðskiptahagsmunum þess, en þá er heimilt að takmarka aðgang að gögnum skv. 3. tölul. 6. gr. laganna með tilliti til samkeppni félagsins við aðra aðila."

Niðurstaðan af framanrituðu er sú að upplýsingar varðandi hlutafélög í eigu ríkisins falla utan gildissviðs laganna. Eins og áður er vikið að gilda þó aðrar reglur að því leyti sem hlutafélag fer með stjórnsýsluhlutverk.

XIII
Ákvæði stjórnsýslulaga.

Ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Í 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að lögin gildi þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taki ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna sagði m.a. svo:

„[...] Við úrlausn á því atriði hvort einhver tiltekinn aðili falli undir gildissvið laganna ber að leggja til grundvallar hvort um sé að ræða eiginlega stjórnsýslu í þágu ríkis eða sveitarfélaga, en að því atriði verður vikið hér á eftir. Þannig getur einkaaðili, sem fengið hefur verið opinbert vald, lotið ákvæðum laganna meðan fyrirtæki í eigu hins opinbera, er einungis stundar almennan atvinnurekstur, fellur utan gildissviðs þeirra."

Af framangreindu verður sú ályktun dregin að stjórnsýslulög taki ekki til hlutafélaga í eigu ríkisins nema að því leyti sem þau kunna að fara með opinbert vald.

XIV
Ákvæði skattalaga.

Í 1. mgr. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er að finna ákvæði sem heimilar að leggja fram til sýnis álagningarskrá eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests samkvæmt 99. gr. laganna. Í 2. mgr. sömu greinar er að finna ákvæði sem heimilar framlagningu og opinbera birtingu á þeim upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfu þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

Tölvunefnd hefur fjallað um það að hvaða marki heimilt sé að birta upplýsingar úr álagningarskrám. Samkvæmt áliti tölvunefndar takmarkast heimildin til þess að birta upplýsingar úr álagningarskrám við þann tíma sem þær liggja frammi almenningi til sýnis. Eftir þann tíma telur tölvunefnd að opinber birting sé óheimil og geti strítt gegn grundvallarreglum laga um friðhelgi einkalífs og persónuvernd. Umboðsmaður Alþingis hefur staðfest þessa túlkun í aðalatriðum, sbr. álit umboðsmanns Alþingis frá 22. júní 1995 (SUA 1995/479).

Hins vegar er heimilt að birta upplýsingar sem fram koma í skattskrá um álagða skatta svo og að gefa út þær upplýsingar í heild eða að hluta.

XV
Meginniðurstöður.

1) Réttur einstakra alþingismanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga samkvæmt 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nær aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber. Löggjöfin kveður nánar á um það hvaða málefni eru opinber. Líkur eru fyrir því að málefni sé opinbert þegar stjórnsýsluaðilar taka ákvarðanir í skjóli opinbers valds lögum samkvæmt, sbr. kafla IV og VI.
2) Ríkishlutafélög teljast aðilar að einkarétti. Um þau gilda sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt. Réttur alþingismanna fyrir tilstilli Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga um eða veita svör við fyrirspurnum um þau er undir því kominn hvort upplýsingarnar eiga að vera opinberar lögum samkvæmt. Það kemur helst til greina samkvæmt ákvæðum ársreikningslaga, sbr. kafla X.
3) Ráðherra getur átt rétt á veigamiklum upplýsingum um hlutafélög sem eru í ríkiseign. Sá réttur er virkastur ef ráðherra fer með hagsmuni ríkissjóðs sem eini hluthafinn eða sem meirihlutaeigandi í viðkomandi hlutafélagi. Rétturinn byggist í því tilviki á almennum hlutafélagalögum og/eða heimildarlögum um viðkomandi hlutafélag. Ráðherra sem fengið hefur upplýsingar með þessum hætti ber hins vegar trúnaðarskyldu gagnvart viðkomandi hlutafélagi sem gengur einkum út á það að hann má ekki veita upplýsingar sem hann hefur fengið með þessum hætti ef þær geta skaðað hagsmuni félagins. Honum er því óheimilt gagnvart félaginu að gefa alþingismönnum eða öðrum upplýsingar sem slík trúnaðarskylda hvílir á, sbr. nánar kafla IX.
4) Almenna reglan er að allar upplýsingar um hlutafélög sem skráðar eru hjá hlutafélagaskrá eru öllum aðgengilegar.
5) Þær upplýsingar sem fram eiga að koma í ársreikningum hlutafélaga teljast opinberar, sbr. nánar kafla X. Því er almennur aðgangur að þessum upplýsingum. Af því leiðir m.a. að ráðherra væri skylt að svara fyrirspurnum sem lúta að þeim upplýsingum sem fram koma í ársreikningi og gefa skýringar á þeim. Enn fremur verður að telja að þær upplýsingar og skýringar á reikningum ríkishlutafélaga sem fram koma í ríkisreikningi séu opinberar upplýsingar með sama hætti og lýst hefur verið. Skylda ráðherra nær hins vegar ekki lengra en þetta. Honum er því óskylt að gefa upplýsingar um ríkishlutafélag sem ekki kæmi fram í ársreikningi. Hér má t.d. nefna sundurliðaðar fjárhæðir um

launakjör eða aðrar greiðslur til einstakra starfsmanna. Ráðherra er einnig óheimilt að gefa slíkar upplýsingar samkvæmt þeim meginreglum sem raktar eru í kafla IX og X.

6) Stjórnir hlutafélaga sem eru að öllu leyti eða að meiri hluta til í eigu ríkisins eða hluthafafundur þeirra (eftir atvikum viðkomandi ráðherra ef ríkið er einn eigandi og ákveðið er í lögum að hann fari með eignaraðild ríkissjóðs) ákveða hvaða málefni það eru sem talist geta viðskiptaleyndarmál og eiga að fara leynt. Ákvörðun um þetta ber að taka með hagsmuni félagsins að leiðarljósi, sbr. tölulið 7). Þetta gildir þó ekki um þær upplýsingar sem fram koma í ársreikningi viðkomandi hlutafélags, sbr. tölulið 5).
7) Þeir sem taka ákvarðanir fyrir hönd hlutafélags í ríkiseign eru bundnir trúnaði gagnvart því. Þetta á við um ráðherra hvort sem hann situr í stjórn slíks félags eða tekur ákvarðanir fyrir þess hönd sem eini hluthafi á hluthafafundi eða hluthafi sem fer þar með meiri hluta atkvæða. Honum ber að fara með þær upplýsingar sem trúnaðarmál ef hann telur þær geta skaðað starfsemi félagsins og samkeppnisaðstöðu ef þær yrðu gerðar opinberar. Alþingi á ekki heimtingu á því að ráðherra gefi upplýsingar um slík málefni á grundvelli 54. gr. stjórnarskrárinnar eða annarra lagaákvæða.
8) Varðandi málefni Pósts og síma hf. sérstaklega skal tekið fram að Alþingi hefur sjálft falið samgönguráðherra að fara með eignaraðild ríkissjóðs varðandi málefni fyrirtækisins. Samgönguráðherra er því skylt að gæta hagsmuna fyrirtækisins samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda í slíkum tilvikum og lýst hefur verið. Honum er ekki skylt og honum er jafnframt óheimilt gagnvart félaginu að gefa Alþingi upplýsingar sem hann telur að leynt eigi að fara og ekki geta talist til þeirra upplýsinga sem um er rætt í tölulið 2).

Reykjavík 30. ágúst 1997.

Stefán M. Stefánsson (sign.).“

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög eru lögaðilar og ákveða sjálf nafngift sína sem þó þarf að hljóta staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

2. gr.

Í stað orðsins „Kaupstaðir“ í 4. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Öll sveitarfélög.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmdastjóri sveitarfélags nefnist sveitarstjóri, sbr. 69. gr. Formaður sveitarstjórnar

nefnist oddviti. Sveitarstjórn er þó heimilt að gefa störfum sveitarstjóra og oddvita önnur heiti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

4. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða sveitarstjórnarkosningar í tilteknu sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal.

5. gr.

Orðin „borgarstjóri, bæjarstjóri eða sveitarstjóri“ í 1. mgr. 50. gr. laganna falla brott.

6. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð og skal það kjörið úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn.

7. gr.

3. mgr. 69. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. og 121. löggjafarþingi og er hér endurflutt óbreytt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Með gildistöku sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986, varð réttarstaða allra sveitarfélaga á Íslandi hin sama. Sýslufélög voru þá lögð niður og þar með urðu hreppar og kaupstaðir samkvæmt eldri lögum jafnréttháir. Eftirlit sýslunefnda með hreppum heyrði sögunni til og kaupstaðarréttindi sköpuðu viðkomandi sveitarfélögum ekki lengur neina sérstöðu. Sveitarstjórnarstigið var þar með skýrar afmarkað en fyrr þótt eftir sem áður væri gífurlegur munur á íbúafjölda milli sveitarfélaga. Eftir þessar breytingar átti m.a. að vera kleift að gera þetta stjórnsýslustig skiljanlegra og gegnsærra fyrir alla, jafnt uppbyggingu þess sem verkefni. Vissir annmarkar á löggjöfinni drógu hins vegar úr eða komu í veg fyrir að öllum almenningi yrði ljós sú grundvallarbreyting sem orðin var þar sem viðhaldið var lagaboði um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda og ýmissa stofnana og stöðuheita á þeirra vegum. Vafalítið hefur fastheldni og metnaður hinna stærri sveitarfélaga ráðið hér miklu og Alþingi hróflaði ekki að þessu leyti við þeim tillögum sem félagsmálaráðherra lagði þá fyrir þingið og undirbúnar höfðu verið af stjórnskipuðum nefndum.

Við framkvæmd sveitarstjórnarlaganna hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á ákvæðum laganna að því er varðar þau atriði sem tekið er á með frumvarpi þessu. Á það ekki síst við um ákvæðin um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar að því er varðar heiti sveitarfélaga og kveðið skýrt á um heiti formanns og framkvæmdastjóra sveitarstjórnar, sem og heiti framkvæmdanefndar sveitarfélagsins. Allar lúta þessar breytingar að því að afnema lögbindingu á nafngiftum eftir íbúafjölda en festa í sessi tiltekin samheiti fyrir öll sveitarfélög, svo sem sveitarstjórn, oddviti, sveitarstjóri og byggðarráð. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að sveitarstjórn sé í sjálfsvald sett að nota jafnframt aðrar nafngiftir á stöðuheitum og binda í samþykktir sínar, ef þær svo kjósa.

Nú er svo fyrir mælt í 1. gr. sveitarstjórnarlaganna að sveitarfélög verði að bera eitthvert heitanna hreppur, bær eða kaupstaður. Enginn greinarmunur er í lögunum gerður á bæ og kaupstað sem hvorir tveggja verða að hafa haft 1.000 íbúa hið fæsta „í þrjú ár samfellt". Hins vegar skuli sveitarfélög heita hreppar sé íbúafjöldi þeirra undir þessum mörkum. Engin rök eru til þess að mati flutningsmanns að viðhalda slíkri aðgreiningu með lagaboði auk þess sem viðbætur af þessu tagi fara oft ekki vel í íslensku máli. Einnig er óæskilegt vegna sameiningar sveitarfélaga sem víða er á döfinni að binda nafngiftir sveitarfélaga við tiltekna íbúatölu.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu gera ráð fyrir að sveitarstjórn ráði nafni síns sveitarfélags, en gert er ráð fyrir staðfestingu af hálfu félagsmálaráðuneytis til að koma í veg fyrir hugsanlega árekstra og tryggja samfellu. Ætti ekki að þurfa að reyna á inngrip af hálfu ráðuneytisins nema í algjörum undantekningartilvikum. Samkvæmt þessu geta sveitarfélög haldið núverandi nafngiftum óátalið en eru jafnframt frjáls að því að breyta þeim, t.d. að fella niður viðbót í sérheiti, hvort sem viðbótin er hreppur, bær eða kaupstaður. Sama máli gegnir um Reykjavík sem stundum skreytir sig með borgarheiti þótt ekki sé það lögboðið.

Athygli vekur að nýlega hafa sveitarfélög tekið upp heitin *byggð* eða *sveit* sem hluta af sérnafni eða sem viðbót þótt engin stoð sé sjáanleg fyrir því í lögum og það stangist á við ákvæði núgildandi sveitarstjórnarlaga. Sýnir það eitt með öðru að þörf er á að rýmka lagaákvæði frá því sem nú er að því er varðar nafngiftir sveitarfélaga. Sveitarfélögin í landinu má flokka eftir heitum, miðað við árslok 1995, sem hér segir: Borg 1, kaupstaðir 16, bæir 12, byggðir 3, sveitir 4 og hreppar 134.

Ákvæði frumvarpsins um starfs- og stöðuheiti á vegum sveitarstjórna eru til verulegrar einföldunar frá gildandi lögum og til samræmis við þá stefnu að hætta að gera lögbundinn greinarmun á sveitarfélögum eftir íbúafjölda. Þannig breytt kvæðu lögin aðeins á um það að framkvæmdastjóri sveitarfélags nefndist sveitarstjóri og formenn sveitarstjórna oddvitar. Sveitarstjórnum verður þó í sjálfsvald sett að velja til viðbótar eða viðhalda öðrum sértækari stöðuheitum ef þær svo kjósa, eins og t.d. bæjarstjóri, borgarstjóri og forseti. Æskilegt væri þó og til skilningsauka fyrir almenning um eðli þessara starfa að ein aðalnafngift sé notuð um hliðstæð störf innan sveitarstjórnarstigsins.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að aðeins heitið byggðarráð verði notað sem samheiti yfir fjárhags- og framkvæmdanefndir sveitarstjórna sem gengið hafa undir ýmsum nöfnum, svo sem bæjar-, borgar- eða hreppsráð. Þykir óheppilegt og ástæðulaust að viðhalda ólíkum nöfnum yfir þessa þýðingarmiklu nefnd innan sveitarstjórna.

Margar umsagnir bárust til félagsmálanefndar um frumvarpið á 120. löggjafarþingi. Nokkrir umsagnaraðilar mæltu með samþykkt frumvarpsins eins og það er, aðrir töldu rétt að á málinu verði tekið í sambandi við heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga sem nú stendur yfir og enn aðrir gerðu ekki athugasemdir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sveitarfélögunum í landinu verði frjálst að ákveða nafn sitt og því felld niður sú skylda að þau skuli ýmist bera heitin hreppar, bær eða kaupstaðir. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir staðfestingu félagsmálaráðuneytisins. Þannig þarf ráðuneytið að staðfesta nafn hvers sveitarfélags og verður þannig t.d. hægt að koma í veg fyrir að tvö sveitarfélög velji svo svipuð nöfn að ruglingi geti valdið.

Um 2. gr.

Í samræmi við breytingar á 1. gr. laganna er lagt til að heimild til aðildar að héraðsnefndum verði ótvírætt fengin öllum sveitarfélögum, en af gildandi lögum mætti ætla að *bæir* og *sveitir* væru þar útilokuð.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú breyting að framkvæmdastjóri sveitarfélags skuli bera heitið sveitarstjóri og formaður sveitarstjórnar heitið oddviti. Þó er með vísan til 69. gr. laganna lögð áhersla á að ekki er skylt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem eru 500 íbúar eða færri. Þá er og gert ráð fyrir að sveitarstjórn sé heimilt að nefna störf sveitarstjóra og oddvita öðru heiti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, er gerð til samræmis við aðrar breytingar og til skýringar og vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 5. gr.

Hér vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 6. gr.

Með breytingum á greininni er lagt til að ákvæði í 4. mgr. 10. gr. laganna frá 1986 þess efnis að fulltrúar í byggðarráði séu kosnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn verði tekið upp hér sem 1. mgr. 55. gr. þar sem rætt er um byggðarráð. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 7. gr.

Til samræmis við aðrar breytingar á lögunum er ákvæði 3. mgr. 69. gr. fellt brott. Vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um endurskoðun á ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd eða fá nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, sem þegar hefur verið skipuð, til að endurskoða ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Sérstaklega verði skoðað ákvæði 3. gr. með það í huga hvort ekki sé rétt að skipstjóri geti ákveðið við löndun hve mikinn hluta afla skips skuli telja til kvóta þess og að allur annar afli skipsins teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Útgerðin sjái þá um að selja afla

rannsóknastofnana og greiða þeim söluverðmætið að frádregnu gjaldi vegna kostnaðar við flutning í land, geymslu, löndun og sölumeðferð aflans.

Greinargerð.

Þingsályktun þessi er endurflutt. Hún var flutt á síðasta þingi en einhverra hluta vegna ekki send til umsagnar. Hafa því ekki fengist fram sjónarmið aðila sem hún varðar og varð tillagan ekki útrædd í nefnd.

Lagt er til að tekið verði til sérstakrar skoðunar hvort ekki sé rétt að breyta lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með það að markmiði að sú regla verði tekin upp að skipstjóri ákvarði hve mikill hluti afla skips teljist til kvóta þess og að allur annar afli teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Þetta yrði þá í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna því að samkvæmt því er ekki unnt að skylda sjómenn til þess að koma með allan afla að landi nema tekið sé á því hvað um þann afla verður.

Gera má ráð fyrir að útgerðinni verði greitt upp í kostnað við að flytja aflann, landa honum og sjá um sölu hans. Með þessu fyrirkomulagi yrðu minni líkur á að afla yrði hent. Flestum finnst slæmt að henda góðum fiski sem slæðist eðlilega með í mismiklu magni. Sá fiskur, sem núna er veiddur og hent, mun skila sér í land þar sem nú er beinlínis refsivert að koma með hann að landi. Ekki á að koma fólki í þá aðstöðu að verða að brjóta lög.

Gjaldið, sem útgerðin fær fyrir að flytja aflann, landa honum og sjá um sölu hans, gæti hugsanlega verið á bilinu 5–15% og mætti vera ákveðið af ráðuneytinu með hliðsjón af tegund afla, veiðum og framboði slíks afla. Mikilvægt er að gjaldið verði nægilega hátt til þess að hvetja sjómenn til þess að koma með aflann að landi en þó ekki svo hátt að sjómenn fari að gera út á þann afla.

Fernt mun hvetja sjómenn til þess að koma með utankvótaafla að landi. Í fyrsta lagi fara þeir með því að lögum, í öðru lagi fá þeir nokkurt verð fyrir aflann, í þriðja lagi þykir flestum leitt að henda verðmætum og að síðustu rennur verðmæti aflans til rannsókna fyrir sjávarútveginn. Þessi aðferð hefur kosti og galla. Búast má við að miklu meiri afli berist að landi. Bæði mun allur sá afli sem nú er hent berast að landi, sem að sjálfsögðu er mikill kostur því að þessi fiskur er deyddur hvort sem er, en jafnframt munu útgerðir ekki forðast, eins og núna, þau mið sem mest gefa af bönnuðum meðafla, t.d. af þorski. Þannig munu utankvótaveiðar aukast eitthvað. Að sjálfsögðu er það galli en á móti kemur að allur þessi afli kemur þjóðfélaginu í heild til góða. Auk þess verður vitað með meiri vissu hve mikið er veitt en það liggur ekki fyrir í dag. Verðmæti utankvótaaflans mun auk þess verða lyftistöng fyrir sjávarrannsóknir og létta byrðum af ríkissjóði.

Einnig er rétt að skoða ákvæði 9. gr. um undirmálsfisk. Ákvæði gildandi laga um að undirmálsfiskur teljist aðeins að hluta með í aflamarki verður óþarft ef framangreind atriði verða tekin til skoðunar og samþykkt.

28. Fyrirspurn [28. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd GATT-samningsins.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hverjar hafa verið tekjur ríkissjóðs af framkvæmd samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina (GATT) vegna innflutnings á landbúnaðarvörum:

a. sundurliðað eftir vöruflokki, hverju númeri fyrir sig,
b. sundurliðað eftir kg í hverjum vöruflokki fyrir sig?

2. Hvert hefur verið kostnaðarverð (cif-verð) hvers vöruflokks/númers fyrir sig sem fluttur hefur verið til landsins í samræmi við framkvæmd á samningnum?
3. Hver hefur verið kostnaður ríkissjóðs af starfsemi ráðgjafanefndarinnar um inn- og útflutning landbúnaðarvara frá því að hún tók til starfa? Þess er farið á leit að kostnaðurinn verði sundurliðaður eftir launum nefndarmanna, ferðakostnaði og öðrum kostnaði.
4. Hversu margar reglugerðir hafa verið settar um framkvæmd á samningnum frá því að nefndin hóf störf?

Skriflegt svar óskast.

29. Fyrirspurn [29. mál]

til menntamálaráðherra um innheimtu endurinnritunargjalds.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða framhaldsskólar hafa innheimt sérstakt endurinnritunargjald (fallskatt), sbr. 7. gr. laga um framhaldsskóla?
2. Hversu háar upphæðir er um að ræða
   a. í heild,
   b. hjá einstökum skólum?
3. Eru dæmi um að nemendum hafi verið vísað frá námi vegna þess að þeir hafi ekki greitt gjaldið?

Skriflegt svar óskast.

30. Fyrirspurn [30. mál]

til menntamálaráðherra um kjarnaskóla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða framhaldsskólar, eða deildir, hafa verið valdir sem kjarnaskólar, sbr. 31. gr. laga um framhaldsskóla, og í hvaða greinum?
2. Hvaða atriði voru aðallega lögð til grundvallar í hverju tilfelli við ákvörðun um hvaða skóli, eða deild, skyldi verða kjarnaskóli?
3. Hafa hagsmunaaðilar á vinnumarkaði átt aðild að samningi um kjarnaskóla eða deild? Ef svarið er jákvætt, hverjum?

Skriflegt svar óskast.

31. Fyrirspurn [31. mál]

til fjármálaráðherra um sölu ríkiseigna.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvaða ríkiseignir hafa verið seldar að einhverju eða öllu leyti frá 1991? Í svarinu óskast eignirnar tilgreindar hver fyrir sig og hvert ár fyrir sig.
2. Hvað var greitt fyrir eignirnar og hvernig? Í svarinu óskast hver eign tilgreind fyrir sig og jafnframt er farið fram á að greiðslan fyrir eignirnar sé á núvirði.
3. Samkvæmt hvaða heimildum voru eignirnar seldar? Var um að ræða heimildir í 6. gr. fjárlaga eða sérlögum um viðkomandi eignir?
4. Hvernig voru málin lögð fyrir Alþingi, í frumvarpsbúningi strax í upphafi eða í formi breytingartillagna við frumvörp til laga eða fjárlaga?

Skriflegt svar óskast.

32. Fyrirspurn [32. mál]

til viðskiptaráðherra um risnu-, bifreiða- og ferðakostnað Landsbankans, Búnaðarbankans og Seðlabankans.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var risnu-, bifreiða- og ferðakostnaður Landsbankans, Búnaðarbankans og Seðlabankans 1993–97? Óskað er sundurliðunar á eftirfarandi upplýsingum í rekstri bankanna frá og með árinu 1993 til 1. október 1997:
   I. Risnukostnaður:
      a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
      b. Risna greidd samkvæmt reikningi.
      Óskað er upplýsinga um stöðuheiti þeirra sem fá greidda risnu samkvæmt a-lið og sundurliðun á helstu kostnaðarliðum.
   II. Ferðakostnaður:
      a. Ferðakostnaður innan lands, þar með taldir dagpeningar.
      b. Ferðakostnaður utan lands, þar með taldir dagpeningar.
      Óskað er upplýsinga um sundurliðun á ferðakostnaði og dagpeningum, fjölda ferða einstakra starfsmanna og stöðuheiti, greiðslur til maka stjórnenda og tilgang ferðanna.
   III. Bifreiðakostnaður:
      a. Fjöldi ríkisbifreiða (tegund og árgerð) og rekstrarkostnaður þeirra.
      b. Notkun bílaleigubifreiða.
      c. Notkun leigubifreiða.
      d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
      Óskað er eftir að fram komi fjöldi og stöðuheiti þeirra starfsmanna/stjórnenda sem falla undir a-lið annars vegar og d-lið hins vegar.

2. Hafa bankastjórar eða aðrir stjórnendur bankanna aðrar starfstengdar greiðslur eða fríðindi en að ofan greinir, t.d. laxveiðifríðindi?
3. Hvenær og af hvaða ástæðum var hætt að birta í ársreikningum bankanna sundurliðaða þá rekstrarþætti sem að framan greinir?

Skriflegt svar óskast.

33. Fyrirspurn [33. mál]

til viðskiptaráðherra um kreditkortafyrirtæki.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Í hvaða löndum OECD tíðkast það að krafist er persónulegrar ábyrgðar þriðja manns fyrir greiðslu í kreditkortaviðskiptum og hver er ástæða þess að krafist er slíkrar ábyrgðar hér á landi?
2. Hvaða tryggingar er krafist í löndum þar sem ábyrgðar þriðja manns er ekki krafist?
3. Hve oft á sl. fimm árum hafa skuldir fallið á ábyrgðarmenn í kreditkortaviðskiptum?

Skriflegt svar óskast.

34. Fyrirspurn [34. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hve oft hefur verið minnt á 12. gr. jafnréttislaganna frá því að hún var lögtekin árið 1991
   a. í bréfum einstakra ráðherra þar sem óskað er tilnefningar í stjórnir, ráð og nefndir,
   b. í sambærilegum bréfum stjórnenda ríkisstofnana,
   c. í bréfum stjórnenda sveitarfélaga?
2. Er meira um að bæði kynin séu tilnefnd ef minnt er á 12. gr. jafnréttislaganna í bréfum fyrrgreindra aðila en ef það er ekki gert?

Greinargerð.

Í framhaldi af opnu bréfi fyrirspyrjanda til menntamálaráðherra (Mbl. 21. ágúst 1997), svargrein hans (Mbl. 23. ágúst) og svargrein fyrirspyrjanda (Mbl. 11. september) er ljóst að menntamálaráðherra hefur ekki farið að lögum þegar hann bað bréflega um tilnefningar í Rannsóknarráð Íslands, sem nýlega hefur verið skipað og í eiga sæti níu karlar og tvær konur. Ráðherrann viðurkennir að hafa ekki farið að 12. gr. jafnréttislaga, nr. 28/1991, sem hljóðar svo:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.“

Tilgangur þessarar fyrirspurnar er að kanna hvort almennt er farið eftir þessari lagagrein.

Skriflegt svar óskast.

35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um eflingu sparnaðar og aukna hlutdeild almennings í atvinnurekstri.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich,
Pétur H. Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu er hafi það að markmiði að efla sparnað í þjóðfélaginu, auðvelda almenningi að eignast hlut í atvinnurekstri og tryggja þannig dreifða eignaraðild í atvinnulífinu. Í því skyni verði starfsfólki fyrirtækja sem skráð eru á hlutabréfamarkaði eða hafa verið einkavædd boðið að stofna sérstaka sparnaðarreikninga með hæstu ávöxtun, sem bundnir verði til þriggja til sjö ára, hjá viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Reikningarnir verði á nafni starfsmanna og verði föst fjárhæð af launum þeirra lögð inn á þá. Að loknum umsömdum binditíma eigi starfsmaðurinn rétt á að nýta sér það fé sem safnast hefur til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu sem hann vinnur hjá á því gengi sem var á hlutabréfum þess þegar sparnaðartímabilið hófst. Kjósi hann hins vegar að verja fénu til annarra nota verði honum það frjálst.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 121. þingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því lögð fram að nýju.

Á síðustu árum hafa einstaklingar tekið vaxandi þátt í hlutabréfakaupum hér á landi og er það mjög í samræmi við alþjóðlega þróun. Enginn vafi er á því að nú er stærri hluti sparnaðar fólks bundinn í hlutabréfaeign en áður.

Þessi þróun er afar æskileg. Með þátttöku í atvinnulífinu aukast áhrif almennings og stuðlar hún jafnframt að þeirri valddreifingu sem flestir telja æskilega. Enginn vafi er heldur á því að vaxandi eignarhlutdeild almennings í fyrirtækjum veitir stjórnendum aðhald og krafan um upplýsingar eykst.

Reynslan frá Bretlandi.

Víða er þátttaka almennings í atvinnulífinu orðin mjög almenn. Bretland er gott dæmi um það. Einkavæðing stórra ríkisfyrirtækja hefur opnað fólki þar leið til þátttöku í atvinnulífinu af þessu tagi. Eignatekjur eru þess vegna orðnar mun stærri hluti af tekjuöflun almennings en áður var.

Þessi þróun er litin jákvæðum augum af stjórnvöldum í Bretlandi og hafa þau stuðlað að henni á ýmsan hátt, svo sem með skattalegum aðgerðum líkt og raunar hefur verið gert hér á landi. Jafnframt hefur verið komið á margs konar sparnaðarformum til þess að auðvelda almenningi að eignast hlutabréf. Á það ekki síst við starfsfólk einstakra fyrirtækja. Sérstaklega hefur verið hugað að því að starfsfólk einkavæddra ríkisfyrirtækja eigi þess kost að eignast hlutabréf í fyrirtækjunum sem það vinnur hjá. Víðast hvar hefur þetta gengið vel og eru dæmi um að allt að 98% starfsmanna eigi hlut í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá. Sú aðferð sem hér

er gert ráð fyrir að verði tekin upp hefur einmitt verið reynd í Bretlandi með mjög góðum árangri.

Þrátt fyrir að tekist hafi verið á um einkavæðingu í Bretlandi er enginn vafi á því að almenn sátt er um þá stefnu að auka hlutdeild almennings í atvinnulífinu með hlutafjárkaupum.

Æskileg þróun.

Þessi þróun er afar æskileg. Fyrir því má nefna margs konar rök:

1. Með auknu hlutafé batnar efnahagur fyrirtækjanna enda er hægt að nýta það til þess að greiða niður skuldir eða efla fyrirtækin á annan máta.
2. Eignadreifing verður meiri. Þetta á ekki síst við í stórum fyrirtækjum með markaðsráðandi stöðu.
3. Sparnaður í þjóðfélaginu eykst en á því er mikil þörf hér á landi.

Til styrktar atvinnulífinu.

Það fer ekki á milli mála að íslenskt atvinnulíf er að jafnaði of skuldugt. Alþjóðlegur samanburður leiðir í ljós að hér á landi standa fyrirtækin á afar veikum grunni og geta því illa brugðist við breytilegum aðstæðum. Fyrirtækjarekstur er í eðli sínu áhættusamur og kallar því á að fyrirtækin séu öflug og geti tekist á við óvænt mótlæti og það sem ekki er síður mikilvægt, að fjárfesta í nýrri tækni og nýjum tækifærum. Áhyggjuefni er að fjárfestingar atvinnulífsins hafa dregist mikið saman, raunar svo mjög að um tíma vógu þær varla upp á móti heildarafskriftum. Nú horfir heldur betur að þessu leyti.

Ljóst er að fjárfrekar fjárfestingar eru fram undan ef hér á að vera unnt að halda uppi lífskjörum sem við getum sætt okkur við. Af þessari fjárfestingu getur hins vegar ekki orðið nema til komi aukið áhættufjármagn inn í fyrirtækin í formi hlutafjár.

Stærri fyrirtæki — aukin valddreifing.

Flest bendir til þess að fyrirtæki muni stækka hér á landi sem annars staðar. Alþjóðleg samkeppni sem ekki þekkir nein landamæri fer vaxandi. Stöðugt aukast kröfur um ýtrustu hagræðingu og lækkun kostnaðar. Svar fyrirtækjanna felst meðal annars í auknum samruna er leiðir til lægri kostnaðar og öflugri eininga. Hér á landi sjáum við glögg merki um þetta í langflestum atvinnugreinum. Þannig hafa einingarnar stækkað mjög í sjávarútvegi og umræður um óeðlilega samþjöppun kvótaeignar hafa að sama skapi aukist á undanförnum mánuðum. Svipaða sögu er að segja af fjármagnsmarkaðnum og á sviði fjölmiðlunar. Jafnframt þessu eru hefðbundin skil á milli atvinnugreina að þurrkast út. Fyrirtæki í einni atvinnugrein hasla sér völl í öðrum greinum atvinnulífsins og bendir allt til þess að sú þróun verði enn örari á næstunni. Þá gerir tæknin það einfaldlega að verkum að skilin á milli fjölmiðlunar og fjarskipta verða óskýr og þess vegna augljóst að á þeim sviðum muni að öllu óbreyttu verða um að ræða verulegan samruna eininga.

Ein leiðin til þess að stuðla að aukinni vald- og eignadreifingu er því sú að örva fleira fólk til þátttöku í atvinnulífinu. Þannig verður minni hætta á því að eignir og völd safnist á hendur fáeinna fyrirtækja, sjóða og samsteypa. Sú leið sem hér er hvatt til gæti verið liður í því að dreifa valdi og eignum, t.d. í sjávarútvegi, fjármálamarkaði og fjölmiðlum.

Aukinn sparnaður — forsenda aukinnar fjárfestingar.

Sparnaður hér á landi var mikill lengst af. Þetta má m.a. sjá á línuritum sem birtust í skýrslu Seðlabanka Íslands sem út kom síðasta haust og fjallar um þróun, horfur og stefnu í peningamálum (sjá fylgiskjal I). Þetta má enn fremur lesa út úr samantekt sem hagfræðideild

bankans hefur unnið og er birt í fylgiskjali II. Nú hefur orðið breyting á því. Í alþjóðlegu samhengi er ljóst að innlendur sparnaður er lítill. Eftirtektarvert er að þetta gerist þrátt fyrir að raunvextir séu hærri en almennt þekkist. Þetta er vissulega mjög alvarlegt. Innlendur sparnaður er vitaskuld ein forsenda þess að unnt sé að örva bráðnauðsynlega fjárfestingu í atvinnulífinu. Það gengur auðvitað ekki til lengdar að fjármagna fjárfestingu með erlendu lánsfé. Íslenskur sparnaður þarf að aukast og peningunum þarf að veita út í atvinnulífið.

Þetta er mun brýnna nú en áður þar sem ýmis þenslumerki sjást í efnahagslífinu. Innflutningur neysluvöru hefur aukist gríðarlega sem og skuldir heimilanna. Aukinn kaupmáttur virðist fremur skila sér í auknum kaupum á neysluvörum en til almenns sparnaðar. Margt bendir til þess að fleiri sparnaðarform gætu verið svarið við þessu.

Innlendur sparnaður stendur ekki undir innlendri fjárfestingu.

Samtök iðnaðarins hafa í ályktun frá 15. september vakið athygli á nauðsyn þess að efla sparnað við núverandi aðstæður. Samtökin segja að sparnaður hérlendis nægi ekki til að fjármagna nema ¾ þeirra fjárfestinga sem verða á árinu. Þó eru fjárfestingar hérlendis einungis í tæpu meðallagi þess sem gerist í OECD-ríkjunum og helmingur þeirrar fjárfestingar sem var hér á sjöunda áratugnum. Afleiðingin er, segja Samtök iðnaðarins, viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun.

Að mati Samtaka iðnaðarins er heppilegast að til staðar séu margvísleg sparnaðarform og nefna þau í því sambandi atriði eins og skattalegt hagræði vegna hlutabréfa, viðbótarlífeyris og húsnæðissparnaðarreikninga. Þessi röksemdafærsla fellur einmitt vel að þeirri grunnhugsun sem liggur að baki þessari þingsályktunartillögu.

Jákvæð þróun.

Hér á landi hefur almenningur tekið æ meiri þátt í kaupum á hlutafé. Fyrir um áratug keyptu sárafáir einstaklingar hlutabréf en árið 1990 varð hins vegar veruleg breyting og um 16 þúsund einstaklingar nýttu sér skattalegt hagræði hlutabréfakaupa. Síðan dró úr þessum kaupum næsta ár á eftir. Frá þessum tíma má segja að hraður og öruggur stígandi hafi verið í þessum kaupum. Þannig keyptu um 16 þúsund einstaklingar hlutabréf á árinu 1995 og á síðasta ári keyptu um 30 þúsund manns hlutabréf í hinum ýmsu fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði skattayfirvalda um frádráttarbærni vegna hlutabréfakaupa. Þetta eru 80% fleiri en nýttu sér afsláttinn árið 1995, en þá hafði verið 40% aukning frá árinu á undan samkvæmt upplýsingum Kauphings. Þetta sést vel á meðfylgjandi súluriti, sbr. fylgiskjal III.

Athyglisvert getur verið að velta fyrir sér hvað þetta þýðir í raun. Talið er að um 150 þúsund manns séu framtalsskyldir. Af þeim greiðir um þriðjungurinn tekjuskatt, eða um 50 þúsund manns. Miðað við þær upplýsingar sem hér er stuðst við lætur því nærri að um það bil 40% þeirra sem greiddu tekjuskatt hafi á síðasta ári keypt hlutabréf í skráðum félögum.

Góðærið til fólksins — með arðgreiðslum.

Margt hefur verið ritað um mikilvægi þess að almenningur eignist hlut í atvinnulífinu. Fyrir því má færa margvísleg rök, auk þeirra sem að framan eru rakin. Einkanlega er þó ástæða til þess að nefna að aukin þátttaka almennings í atvinnurekstri gefur fólki tækifæri til þess að fá beinan arð af fyrirtækjunum þegar vel gengur. Þannig mun góðæri í atvinnulífinu skila sér til alls almennings. Jafnframt þessu eykst gagnkvæmur skilningur á milli vinnuveitenda og launþega, sem vitaskuld er gríðarlega þýðingarmikið, og tryggir þar með efnahagslegan stöð-

ugleika, til lengri tíma litið. Þannig má færa fyrir því rök að þessi aðferð skapi atvinnulífinu stöðugra og betra starfsumhverfi sem muni skila sér í bættum lífskjörum þegar fram í sækir.

Fylgiskjal I.

Upplýsingar úr greinargerð Seðlabanka Íslands um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.
(29. október 1996.)

Mynd 2 **Vergur þjóðhagslegur sparnaður og verg fjármunamyndun**
Hlutfall af landsframleiðslu



Mynd 3 **Vergur þjóðhagslegur sparnaður hins opinbera og einkageirans**
Hlutfall af landsframleiðslu



Mynd 5 **Þjóðhagslegur sparnaður**
Hlutfall af landsframleiðslu, meðaltöl



Mynd 6 **Þjóðhagslegur sparnaður 1990-94**
Hlutfall af landsframleiðslu, meðaltöl



Fylgiskjal II.

Seðlabanki Íslands,
hagfræðisvið.

Þróun sparnaðar árin 1980–96.

	Verðlag hvers árs				Verðlag ársins 1996				Hlutfall af vergri landsframleiðslu			
Ár	Vergur þjóðhagsl. sparnaður	Vergur sparnaður einkageira	Vergur sparnaður hins opinbera	Vergur fjár-sparnaður	Vergur þjóðhagsl. sparnaður	Vergur sparnaður einkageira	Vergur sparnaður hins opinbera	Vergur fjár-sparnaður	Vergur þjóðhagsl. sparnaður	Vergur sparnaður einkageira	Vergur sparnaður hins opinbera	Vergur fjár-sparnaður
1980	3.883	2.619	1.264	546	83.746	56.478	27.267	11.776	24,0%	16,2%	7,8%	3,4%
1981	5.444	3.421	2.023	1.417	78.263	49.186	29.077	20.373	21,5%	13,5%	8,0%	5,6%
1982	7.529	4.366	3.163	776	70.321	40.778	29.544	7.252	19,0%	11,0%	8,0%	2,0%
1983	12.506	8.785	3.721	1.923	66.229	46.525	19.704	10.182	18,3%	12,9%	5,5%	2,8%
1984	14.547	7.226	7.321	6.319	61.386	30.494	30.892	26.665	16,3%	8,1%	8,2%	7,1%
1985	17.705	11.241	6.464	4.105	56.692	35.995	20.697	13.146	14,6%	9,3%	5,3%	3,4%
1986	27.943	19.582	8.361	13.966	72.776	50.999	21.776	36.375	17,3%	12,2%	5,2%	8,7%
1987	31.773	21.518	10.255	21.315	70.255	47.580	22.676	47.132	15,2%	10,3%	4,9%	10,2%
1988	38.528	26.489	12.039	18.574	69.128	47.526	21.601	33.327	15,0%	10,3%	4,7%	7,2%
1989	46.433	34.742	11.691	25.296	68.518	51.266	17.252	37.328	15,1%	11,3%	3,8%	8,2%
1990	57.806	46.066	11.740	31.716	72.536	57.805	14.731	39.798	15,9%	12,6%	3,2%	8,7%
1991	56.879	40.588	16.291	36.192	67.014	47.820	19.193	42.641	14,3%	10,2%	4,1%	9,1%
1992	57.109	42.788	14.321	30.931	64.314	48.186	16.128	34.833	14,4%	10,8%	3,6%	7,8%
1993	64.948	58.287	6.661	27.460	70.079	62.892	7.187	29.629	15,8%	14,2%	1,6%	6,7%
1994	74.270	67.542	6.728	38.986	78.618	71.496	7.122	41.268	17,1%	15,5%	1,5%	9,0%
1995	72.042	64.834	7.208	36.787	74.515	67.060	7.455	38.050	16,0%	14,4%	1,6%	8,1%
1996	75.561	60.394	15.167	56.543	75.561	60.394	15.167	56.543	15,6%	12,5%	3,1%	11,7%

Fylgiskjal III.

Fjöldi þeirra sem nýttu sér skattalegt hagræði hlutabréfakaupa á undanförnum árum.



36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/1981.

1. gr.

Orðið „sjómannaafsláttur“ í 7. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

B-liður 68. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. og 5. gr. laga þessara um afnám sjómannaafsláttar skal sjómannaafsláttur á árinu 1999 nema ⅔ hlutum og á árinu 2000 ⅓ hluta þess sem hann er í árslok 1998 og lúta að öðru leyti sömu reglum og giltu fyrir gildistöku laga þessara.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987.

5. gr.

Orðin „og sjómannaafsláttar skv. 2. mgr. B-liðs sömu greinar þar sem hann á við“ í fyrri málslið 2. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Á 121. löggjafarþingi var flutt frumvarp með sama tilgangi og er það nú flutt í lítið breyttri mynd.

Verði frumvarp þetta að lögum verður að telja eðlilegt að kjarasamningar sjómanna við útgerðarmenn verði endurskoðaðir og má jafnvel líta svo á að með lögfestingu frumvarpsins séu kjarasamningar lausir þar sem forsendum þeirra hafi verið breytt. Nauðsynlegt er því að aðilar þeirra kjarasamninga sem um ræðir taki efni þeirra til endurskoðunar út frá þessum breyttu forsendum.

Á 115. löggjafarþingi, 1990–91, var flutt stjórnarfrumvarp sem meðal annars átti að takmarka sjómannaafsláttinn við þá daga sem sjómaðurinn er á sjó. Með því frumvarpi fylgdi meðal annars eftirfarandi greinargerð:

„Upphaf sjómannaafsláttar má rekja til ársins 1954. Þá var með lögum nr. 41/1954 lögfestur annars vegar svonefndur hlífðarfatafrádráttur og hins vegar fæðisfrádráttur. Hlífðarfatafrádráttur náði til lögskráðra fiskimanna, þó ekki allra í áhöfn togara. Rökin, sem færð voru fyrir honum, voru að hann væri vegna kostnaðar sjómanna af hlífðarfötum umfram aðra launþega. Fæðisfrádrátturinn tók aftur á móti einungis til þeirra sjómanna á fiskiskipum sem þurftu að sjá sér fyrir fæði sjálfir.

Með lögum nr. 37/1957 var hlífðarfatafrádrátturinn aukinn þannig að hann tók til allra skipverja á togurum. Þá var og upp tekinn sérstakur frádráttur sem náði til allra lögskráðra fiskimanna. Breyting þessi var gerð í tengslum við kjarasamninga og einnig rökstudd með því að á þeim tíma var erfitt að manna flotann og talið að fiskiskipaflotinn væri þá nálægt þriðjungi mannaður erlendum sjómönnum.

Með lögum nr. 43/1967 er hlífðarfatafrádrátturinn og sérstaki frádrátturinn látinn ná til allra lögskráðra sjómanna, þ.e. líka til annarra en fiskimanna.

Með lögum nr. 7/1972 er tekinn upp nýr fiskimannafrádráttur, 8% af launum, sem tók í upphafi einungis til sjómanna á fiskiskipum en var ári síðar, með lögum nr. 60/1973, einnig látinn taka til hlutaráðinna landmanna sem fengu einnig með þeim lögum hlífðarfatafrádráttinn og sérstaka frádráttinn. Hundraðshluti fiskimannafrádráttar hækkaði í 10% 1975 og síðan í 12% 1984.

Með lögum nr. 40/1978 voru hlífðarfatafrádráttur og sérstakur frádráttur sameinaðir í einn sjómannafrádrátt sem þá tók til allra lögskráðra sjómanna og hlutaráðinna landmanna. Fæðisfrádráttur fyrir sjómenn á fiskiskipum, sem sáu sér sjálfir fyrir fæði, hélst óbreyttur. Fiskimannafrádráttur fyrir lögskráða sjómenn og hlutaráðna landmenn var með lögum nr. 9/1985 einnig látinn taka til sjómannsstarfa um borð í skipum sem ekki voru fiskiskip.

Með lögum nr. 49/1987 var þessum frádráttarliðum steypt saman og í stað þeirra kom einn sjómannaafsláttur.

Að því leyti sem séð verður af tiltækum gögnum að þessir frádráttarliðir hafi verið rökstuddir sérstaklega virðist fernt koma fram. Í fyrsta lagi kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata umfram aðra launþega. Í öðru lagi ívilnun til þeirra sem sáu sér sjálfir fyrir fæði. Í þriðja lagi kostnaður vegna langra fjarvista frá heimili. Í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga.

Þessi rök höfðu vafasamt gildi þegar í upphafi og hafa þau enn rýrnað í tímans rás. Kostnaður vegna vinnufata er eðlilegur hluti af kostnaði launþega við að sinna starfi sínu og er að jafnaði borinn af honum. Þegar störf gera kröfu um sérstakan hlífðar- eða öryggisfatnað er algengt að í samningum sé kveðið á um að vinnuveitandi leggi slíkan búnað til eða tekið sé tillit til þess í launum. Engin rök eru fyrir mismunandi skattalegri meðferð í þessu efni eftir því hvort þau störf, sem sérstaks búnaðar krefjast, séu í tengslum við sjósókn eða ekki. Með hliðsjón af því að algengast er að vinnuveitendur beri kostnað af sérstökum hlífðarfatnaði má eins líta á skattfrádrátt af þessum ástæðum sem ívilnun þeim til handa en ekki til handa sjómönnum. Að því leyti sem sjómönnum er nú látinn í té hlífðarfatnaður eru forsendur skattaívilnunarinnar brostnar.

Um fæðiskostnað gildir í grundvallaratriðum hið sama og um hlífðarfötin. Að hluta til eru hinar upphaflegu forsendur þess efnis að sjómenn sjái sér sjálfir fyrir fæði brostnar og í annan stað er um að ræða kostnað sem er sambærilegur því sem fjöldi annarra launþega býr við.

Rökunum vegna fjarveru frá heimili hefur að því leyti sem þau voru fyrir hendi verið eytt, m.a. vegna þrýstings frá þeim sem þessarar ívilnunar hafa notið, með því að teygja gildissvið hennar yfir á fjölda aðila án þess að um langtímafjarveru frá heimili sé að ræða eða jafnvel nokkra fjarveru, sbr. hlutaráðna landmenn. Auk þess er að nefna að utan raða sjómanna er

fjöldi launþega sem við slíka fjarveru býr án þess að það sé bætt með skattpeningum.

Um ívilnanir þessar sem launauppbætur í tengslum við kjarasamninga er tvennt að segja. Annars vegar er að á sínum tíma voru ívilnanirnar rökstuddar með tilvísun til sérstaks tímabundins ástands, skorts á sjómönnum o.s.frv. Þær forsendur, sem þá voru í því efni, eru ekki lengur fyrir hendi og ætti því ekki að vera ástæða til að halda bótunum áfram. Hins vegar og e.t.v. enn mikilvægara er að hér er um að ræða óeðlileg afskipti ríkisins af gerð kjarasamninga sem leiðir til óhagræðis í atvinnulífinu og mismunar launþegum jafnt sem fyrirtækjum.

Þá er þess að geta að í framkvæmd eru þessar skattaívilnanir og hafa í vaxandi mæli verið rýmri en lagabókstafurinn segir til um. Sú þróun er dæmigerð fyrir flest undanþágukerfi þar sem reynslan er að ein undanþágan elur af sér aðra. Er það í sjálfu sér rökrétt þar sem undanþágur eru í eðli sínu mismunun og leiða til viðvarandi togstreitu um það hvar eigi að draga línuna á milli þeirra sem eru jafnari en aðrir og hinna. Það er einnig athyglisvert að í því reiptogi er varpað fyrir róða þeim forsendum og rökum sem í upphafi voru notuð fyrir undanþágurnar. Sýnir það vel takmarkað gildi þessara forsendna og það að hagsmunaaðilarnir meta þær ekki mikils, enda er í reynd einfaldlega um það að ræða að andstæðar fylkingar hagsmunaaðila sameinast í sókn á hendur þriðja aðila og tekst að velta yfir á hann kostnaðinum af ávinningi sínum. Kemur það í þessu tilviki að sjálfsögðu fram í því að þriðji aðilinn, þ.e. aðrir skattborgarar, greiðir hærri skatta en ella væri.“

Enn fremur sagði í greinargerðinni:

„Sjómannaafsláttinn ætti fremur að skoða sem niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði en sem ívilnun til sjómanna þó hann geti óneitanlega haft áhrif á starfskjör þeirra. Hann veldur í senn óeðlilegri mismunun milli atvinnugreina og milli einstaklinga. Eðlilegt er að útgerðin beri þann launakostnað sem leiðir af því að kjör sjómanna eftir greiðslu á tekjuskatti séu þannig að manna megi flotann í samkeppni á vinnumarkaði. Því má reikna með að niðurfelling sjómannaafsláttar muni auka launakostnað útgerðar nokkuð. Ástand á vinnumarkaði sjómennsku og almennt bendir þó til að sú hækkun kunni að verða minni en fjárhæð afsláttarins gæti bent til. Í því sambandi er þróun launakjara sjómanna á síðustu árum athyglisverð.

Til viðbótar því að niðurgreiðsla útgerðarkostnaðar er varhugaverð frá almennu sjónarmiði er þversögn fólgin í því að ríkið greiði niður útgerðarkostnað á sama tíma og það gerir ráðstafanir til að draga úr sjósókn vegna verndunarsjónarmiða. Slíkum aðstæðum verður að bregðast við með hagræðingu, m.a. fækkun skipa og áhafna. Niðurgreiðsla á útgerðarkostnaði er engin lausn í því efni. Þvert á móti gera niðurgreiðslur það mögulegt að halda áfram útgerð sem ekki er arðbær þegar á allt er litið. Auka þær þannig sóknina, valda meiri dreifingu aflans og gera útgerð í heild óarðbærari en ella væri.

Sjómannaafsláttur mismunar einnig launþegum og hefur sú mismunun farið vaxandi bæði vegna breyttra starfshátta í útgerð og fiskvinnslu og vegna breytinga á framkvæmd sem m.a. stafar af þeirri tilhneigingu að útvíkka sífellt undanþágur. Sem dæmi um þessa mismunun má nefna að beitingamenn, sem ekki fara á sjó, fá afslátt meðan annað landverkafólk nýtur hans ekki. Sjómenn, sem geta verið í landi og eru að jafnaði heima hjá sér að næturlagi, njóta afsláttar en ekki t.d. langferðabílstjórar eða verkafólk í vinnuflokkum fjarri heimili sínu. Áhafnir sumra fiskiskipa geta verið í landi stóran hluta ársins en njóta samt afsláttar eins og sjósókn og fjarvistir frá heimili væru alla daga ársins. Vinna að fiski um borð í frystitogurum á mjög góðum launum veitir rétt til afsláttar en sömu störf í frystihúsi á miklu lægri launum ekki. Viðurkennd grundvallarregla í réttarríkjum er að þegnarnir skuli njóta jafnræðis við álagningu skatta. Það er í eðli sínu í beinni andstöðu við þessa grundvallarreglu að ívilna einni starfsstétt umfram aðra með sérstökum skattafslætti sem þessum.

Auk þess er að geta að vaxandi vandkvæði eru á skynsamlegri framkvæmd sjómannaafsláttar. Stafar það m.a. af því að hlutlæg tengsl milli réttar til afsláttarins og þeirra markmiða, sem hann á að þjóna, eru torfundin."

Við þessa greinargerð er því að bæta að tekjuskattur hér á landi er skattur á brúttótekjur en ekki nettótekjur. Þannig getur skattgreiðandi almennt ekki dregið frá tekjum sínum kostnað við að afla teknanna. Má þar nefna ferðir til og frá vinnu, gæslu barna, fatnað o.s.frv. Þetta varð sérstaklega áberandi eftir að tekin var upp staðgreiðsla skatta. Þetta veldur því t.d. að fólk á atvinnuleysisbótum og félagslegum bótum verður mjög tregt til að taka við vinnu því tekjurnar verða að vera mjög háar til að aðili, sem t.d. hefur passað tvö börn heima, tapi ekki á því að fara að vinna. Með vísan til þessa verða þau rök fyrir sjómannaafslættinum að hann eigi að bæta upp kostnað við að afla tekna mjög veik.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hér að framan má rekja upphaf sjómannaafsláttarins til þess ástands að ekki tókst að manna síðutogara upp úr 1955. Þá var mjög algengt að erlendir sjómenn, aðallega frá Færeyjum, störfuðu á íslenskum fiskiskipum. Þar sem tekjuskattur var greiddur árlega eftir á komust margir þessara erlendu sjómanna hjá því að greiða tekjuskatt. Þetta olli óánægju meðal innlendra sjómanna og átti þátt í upptöku sjómannaafsláttarins. Þessar ástæður eru með öllu fallnar úr gildi. Mjög mikil eftirspurn er nú eftir plássi á veiðiskipum, sérstaklega frystitogurum, og laun margra sjómanna eru með þeim hæstu hér á landi miðað við kröfur um menntun og ábyrgð í starfi (sbr. meðal annars árlega launakönnun tímaritsins Frjálsrar verslunar).

Eitt af markmiðum skattalaga fyrir utan það að afla ríkissjóði tekna er tekjujöfnun. Fólk nýtur þjónustu ríkisins óháð tekjum. Heilbrigðisþjónusta, öldrunarþjónusta, menntakerfi, löggæsla og önnur þjónusta er veitt jafnt til tekjulágra sem tekjuhárra. Fólk greiðir þó ekki fyrir þjónustuna óháð tekjum. Þeir sem hærri hafa tekjurnar greiða meira. Ekki bara í hlutfalli við tekjur heldur miklu meira. Þannig greiðir fólk sem hefur tvöfaldar tekjur ekki aðeins tvöfaldan skatt heldur margfalt meira. Einstaklingur með 100 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir um 17 þús. kr. í staðgreiðslu útsvars og tekjuskatts. Einstaklingur sem hefur 200 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir aftur á móti 58 þús. kr. í staðgreiðslu eða ríflega þrefalt (3,5) meira. Skattkerfinu er þannig ætlað að jafna út launamun. Þetta á ekki við um sjómenn. Þeir geta haft umtalsverðar tekjur án þess að greiða af þeim háa skatta. Þannig greiðir fiskverkakona með 125 þús. kr. tekjur á mánuði sömu staðgreiðslu og sjómaður eða beitingamaður með 167 þús. kr. á mánuði eða 24 þús. kr. á mánuði. Sjómaður greiðir sömu skatta og aðrir launþegar með 42 þús. kr. lægri laun á mánuði eða um 240 þús. kr. lægri skatta á ári. Þetta eru tvenn mánaðarlaun fiskverkakonu.

Bent hefur verið á að sjómenn greiði skatt af fæðispeningum en þeir sem fara í viðskiptaferðir fái skattfrjálsa dagpeninga fyrir fæði og uppihaldi. Sjómenn og útgerðarmenn geta að sjálfsögðu tekið upp dagpeningakerfi samkvæmt núgildandi lögum eins og aðrar stéttir. Er slíkt mun eðlilegra fyrirkomulag en að hafa í skattalögum sérstakar ívilnanir sjómönnum til handa. En varðandi dagpeninga er einnig ljóst að samræmingar er þörf. Á meðan tekjuskattur er í eðli sínu skattur á inntekjur ætti að skattleggja fæðispeninga í öllum tilfellum. Því er einnig brýnt að taka upp nýjar reglur um skattlagningu dagpeninga sem fyrst.

Sjómannaafslátturinn gerir það að verkum að störf við frystingu í frystitogurum úti á sjó njóta skattfrelsis á meðan sambærileg störf í landi eru sköttuð að fullu. Hann virkar því sem eins konar niðurgreiðsla á vinnu um borð í frystitogurum og stuðlar þannig að því að frystingin flyst út á sjó og veldur atvinnuleysi í landi.

Yfir 98% þeirra sem greiddu til Lífeyrissjóðs sjómanna á árinu 1995 voru karlar. Þannig má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla og vinni gegn launajafnrétti karla og kvenna þar sem yfirgnæfandi fjöldi starfsfólks í fiskvinnslunni eru konur. Launamunur sjómanna og fiskvinnslufólks er mikill. Sjómannaafslátturinn eykur enn frekar þann mun.

Nýverið hefur kvóti verið aukinn. Við það aukast tekjur sjómanna og útgerðar hlutfallslega. Því er lag að afnema sjómannaafsláttinn núna, en hann hefur hækkað tekjur sjómanna um 7,1% að meðaltali.

Sjómannaafslátturinn kostar ríkissjóð 1,6 milljarða á ári. Í því sambandi má benda á að björgunarþyrla, sem keypt var með eðlilega öryggiskröfu sjómanna í huga, kostaði 800 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir staðgreiðslu af launum venjulegs launamanns og sjómanns miðað við að staðgreiðslan sé 40,88%, 4% renni skattfrjálst til lífeyrissjóðs og að sjómannaafsláttur sé 671 kr. á dag í 30 daga í mánuði, auk þess sem taflan sýnir hvernig skattgreiðslur sjómanna munu aukast í þrepum ár hvert þar til þær eru að fullu orðnar samræmdar skattgreiðslum venjulegra launþega, sbr. bráðabirgðaákvæði laganna:

	Venjulegur launþegi	**Sjómaður nú**	**Sjómaður e. 1. jan. 1999**	**Sjómaður e. 1. feb. 2000**
Tekjur, kr.	**Skattur, kr.**			
75.000	5.522	-	-	-
100.000	15.333	-	1.913	8.623
125.000	25.144	5.014	11.724	18.434
150.000	34.955	14.825	21.535	28.245
175.000	44.766	24.636	31.346	38.056
200.000	54.578	34.448	41.158	47.868
250.000	74.200	54.570	60.780	67.490
300.000	93.822	73.692	80.402	87.112
500.000	172.312	152.182	158.892	165.602
700.000	250.802	230.672	237.382	244.092

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sjómannaafslátturinn felldur út úr upptalningu þeirra liða í 7. tölul. 28. gr., sem ekki teljast til tekna, en það eru auk hans persónuafsláttur, barnabætur, barnabótaauki, vaxtabætur og húsnæðisbætur.

Um 2. gr.

Hér er fellt niður það ákvæði að frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul., þ.e. 30,41% af tekjuskattstofni, skuli auk persónuafsláttar skv. 2. tölul. dragast sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr. þegar tekjuskattur ársins er reiknaður.

Um 3. gr.

Í B-lið 68. gr. er fjallað um og skilgreind öll ákvæði sem snerta sjómannaafsláttinn, hverjir eigi að njóta hans og frá hvaða launum megi draga hann. Enn fremur upphæð sjómannaafsláttar fyrir hvern dag, hvaða dagar veiti rétt til sjómannaafsláttar og reglugerðarheimild. Lagt er til að þessi liður verði í heild felldur brott.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að sjómannaafslátturinn verði felldur niður í þremur áföngum. Fyrst verði hann lækkaður um ⅓ í ársbyrjun 1999 og aftur um sömu upphæð í ársbyrjun 2000. Hann falli alveg út í ársbyrjun árið 2001. Tilgangur þess að lækka sjómannaafsláttinn í þremur áföngum er að gefa þeim aðilum sem málið varðar tíma og tækifæri til þess að laga sig að breyttum aðstæðum með nýjum kjarasamningum og hagræðingu en ekki síður að ná fram sátt um breytinguna.

Um 5. gr.

Hér er lögð til breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, til samræmis við meginefni og tilgang þessa frumvarps.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að lögin taki gildi 1. janúar 1999 til þess að gefa þeim aðilum sem málið varðar tækifæri til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum, sbr. athugasemdir við 4. gr.

37. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um öryggismiðstöð barna.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Einarsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að setja á stofn öryggismiðstöð barna. Hlutverk miðstöðvarinnar verður að miðla til foreldra, kennara og annarra sem tengjast uppeldi og umönnun barna hvers konar fræðslu um öryggi og öryggisbúnað sem líkleg þykir til að fækka barnaslysum. Hún skal vera stjórnvöldum til ráðuneytis um aðgerðir sem dregið geta úr slysum barna og sinna ráðgjöf til framleiðenda og innflytjenda á öryggisbúnaði. Samræmd tölvuskráning á barnaslysum skal jafnframt vistuð á vettvangi miðstöðvarinnar.

Greinargerð.

Tíðni barnaslysa.

Mjög hátt hlutfall íslenskra barna slasast áður en þau ná fullorðinsaldri. Tíðni barnaslysa hér á landi er t.d. miklu hærri en í nágrannalöndum á borð við Noreg og Svíþjóð. Í einstökum slysaflokkum, svo sem drukknunarslysum, er tíðnin með því hæsta sem þekkist á Vesturlöndum.

Forvarnir í formi fræðslu virðast skipta miklu máli. Slysum á ungum börnum, 0–4 ára, fækkaði verulega eftir að forvarnarstarfi var hrundið af stað í byrjun síðasta áratugar á vegum heilsugæslustöðvanna, ungbarnaverndar, landlæknisembættisins og síðast en ekki síst Slysavarnafélags Íslands. Óhætt er að segja að barnafulltrúi félagsins, Herdís L. Storgaard hjúkrunarfræðingur, hafi unnið þrekvirki á því sviði og hlaut fyrir það norrænu heilsuverndarverðlaunin árið 1995.

Úttekt á gögnum slysadeildar Borgarspítalans sýndi að árin 1974–91 komu um 6.200 slösuð börn að jafnaði á slysadeildina á hverju ári. Til marks um hvað börn eru hátt hlutfall þeirra sem deildin aðstoðaði má nefna að árið 1991 voru börn yngri en 14 ára um 30% slasaðra Reykvíkinga sem þangað komu. Á hverju ári lagði deildin að meðaltali 158 börn inn á sjúkrahús, eða 2,6% allra barna sem til hennar leituðu.

Athyglisvert er að drengjum er helmingi hættara við slysum en stúlkum. Á úttektartímanum voru þeir 60% barna sem komu á deildina. Í einstökum, alvarlegum slysaflokkum er hlutfall þeirra enn hærra. Úttekt á drukknunarslysum árin 1988–93 sýndi t.d. að drengir urðu fyrir 31 af 48 drukknunarslysum, eða í 65% tilvika.

Nýgengi slysa, mælt sem árlegur fjöldi slysa á hver þúsund börn, var að meðaltali 299 árin 1974–91. Hjá drengjum reyndist nýgengið 345 og 250 hjá stúlkum. Fyrir bæði kynin hækkaði slysatíðnin fram undir miðbik úttektartímans, um 15% á ári hjá drengjum en mun meira, eða um 26%, hjá stúlkum. Hæst fór það árið 1982 þegar 335 slys urðu á hver 1.000 börn. Síðan lækkaði tíðnin aftur og var árið 1991 komin niður í 264 slys hjá hverjum 1.000 börnum.

Sérlega athyglisvert er að skoða þróun slysa hjá 10–14 ára börnum. Í upphafi úttektartímabilsins var nýgengi slysa lægst í þeim aldursflokki, eða 224 árið 1974. Slysatíðni annarra aldursflokka lækkaði þegar á leið, en jókst hins vegar umtalsvert hjá 10–14 ára börnum. Árið 1991 skráði slysadeild Borgarspítalans 311 slys á hvert þúsund þeirra. Aukninguna má alla rekja til íþróttaslysa og slysa í skólanum (sjá síðar) en í þessum aldursflokki eru slík slys algengust. Könnunin leiddi í ljós þá merkilegu niðurstöðu að tíðni slysa meðal 10–14 ára barna er tvöfalt hærri á Íslandi en meðal jafnaldra þeirra í Noregi.

Svokölluð heimaslys voru að jafnaði um þriðjungur barnaslysa. Undantekning var þó yngsti aldurshópurinn, 0–4 ára, þar sem heimaslys námu 60%. Hlutfall heimaslysa jókst um 3–4% á ári fram undir 1980, en eftir það tók þeim góðu heilli að fækka. Fækkunin var um 2% á ári og kom nánast öll fram í yngsta aldursflokknum.

Skólaslysum, en undir þau flokkast einnig slys sem verða á barnaheimilum og í dagvist, fjölgaði í öllum aldursflokkum, en hlutfallslega mest hjá yngstu börnunum. Eftir 1985 og til loka úttektartímabilsins jukust þau hvorki meira né minna en um 18% á hverju ári. Hjá börnum á aldrinum 5–14 ára fjölgaði skólaslysum nokkuð fyrri hluta tímabilsins en eftir 1982 fjölgaði þeim óverulega.

Íþróttaslys á börnum jukust jafnt og þétt allan úttektartímann og eins og áður greindi var fjölgunin langmest hjá 10–14 ára börnum. Aukin þátttaka stúlkna í íþróttum kann að valda því að hjá þeim var aukning íþróttaslysa næstum tvöföld á við aukninguna meðal drengjanna, eða 6,8% á ári meðan þeim fjölgaði um 3,5% hjá drengjunum.

Samanburður við önnur Norðurlönd.

Samanburður leiðir í ljós að barnaslys eru miklu algengari hér en annars staðar á Norðurlöndum. Árið 1990 urðu þannig 128 slys á hvert þúsund 0–4 ára barna í Noregi, en meira en tvöfalt fleiri í Reykjavík, eða 258. Hjá 5–9 ára börnum var tíðnin 119 í Noregi, en 255 í Reykjavík. Fyrir 10–14 ára börn var hún 153 í Noregi, en 327 í Reykjavík.

Í þessum samanburði munar mestu um heima- og skólaslys sem eru miklu algengari í Reykjavík en í Noregi. Minni munur er á íþróttaslysum og ekki var teljandi munur á umferðarslysum barna.

Hinn sláandi munur á tíðni barnaslysa hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum sést þó best í eftirfarandi: Áætlað er að eitt af hverjum fjórum börnum á Íslandi lendi í slysi, í Noregi eitt af hverjum sex og í Svíþjóð aðeins eitt af hverjum átta.

Þessar tölur, og aðrar upplýsingar sem raktar eru að framan, sýna það svart á hvítu að nauðsynlegt er að ráðast í stórátak í slysavörnum sem beinast að börnum. Það er undirrót tillögunnar sem hér er flutt.

Stofnkostnaður og rekstur.

Öryggismiðstöðvar fyrir börn hafa vakið mikla eftirtekt erlendis. Fyrsta miðstöðin var stofnsett í Viktoríufylki í Ástralíu árið 1980. Árangurinn af starfi hennar leiddi til þess að margar svipaðar voru settar á laggirnar annars staðar. Víða á Norðurlöndum er nú í bígerð að setja upp öryggismiðstöðvar þótt tíðni barnaslysa sé þar miklu lægri en hér.

Kostnaður við stofnun og rekstur öryggismiðstöðvanna er ekki mikill. Víða eru þær reknar í tengslum við barnasjúkrahús sem hafa þá lagt til húsnæði undir þær, en tæki og búnaður yfirleitt verið gefinn af frjálsum félagasamtökum. Þannig er t.d. staðið að uppsetningu öryggismiðstöðvanna í Ástralíu. Flutningsmenn telja heppilegast að hér á landi yrði öryggismiðstöð barna starfrækt með svipuðu sniði. Kostnaði við reksturinn er mætt með föstu framlagi frá hinu opinbera, en miðstöðin aflar sér síðan viðbótarfjár eftir öðrum leiðum.

Miðstöðvarnar selja ákveðna þjónustu, t.d. vöruvottun til fyrirtækja, tilteknar upplýsingar eru seldar til samtaka eða fyrirtækja og námskeið á vegum miðstöðvanna hafa reynst ágæt leið til fjáröflunar. Útgáfa á bæklingum og leiðbeiningarspjöldum er jafnan kostuð með því að leita eftir styrkjum frá stórfyrirtækjum sem sjá ávinning í að tengjast herferðum sem miða að því að draga úr barnaslysum. Oft er sjálfsaflafé í kringum 65% af rekstrarkostnaði.

Miðstöðvarnar eru ekki mannfrekar og byggjast að talsverðu leyti á sjálfboðaliðastarfi. Fastir starfsmenn eru einn til fjórir, yfirleitt hjúkrunarfræðingar eða sjúkraþjálfar.

Þjónusta og hlutverk.

Starf öryggismiðstöðvanna er kynnt foreldrum á margvíslegan hátt. Strax á fæðingardeild fá þeir upplýsingabækling frá miðstöðinni. Þegar foreldrar koma svo með börnin í eftirlit til heimilislækna og á heilsugæslustöðvar eru þeir hvattir til að fara og kynna sér starf hennar af eigin raun. Þegar þeir koma á miðstöðina sjá sjálfboðaliðar yfirleitt um að kynna þeim hvað er í boði, en þurfi þeir á sérhæfðum upplýsingum um slysavarnir að halda eru þær veittar af föstum starfsmönnum. Leiðbeiningar eru jafnframt gefnar símleiðis og fjölmargir foreldrar nota þá leið til að afla nauðsynlegra upplýsinga.

Í miðstöðinni er reynt að draga saman allan öryggisbúnað sem foreldrar þurfa að nota til að vernda börn sín. Foreldrar geta t.d. komið og mátað á einum stað allar gerðir bílstóla sem er að finna á markaðnum. Jafnframt eiga þeir kost á að fá um þá umsögn miðstöðvarinnar. Til hagræðis liggur síðan frammi listi yfir fyrirtækin sem selja búnaðinn.

Allar upplýsingar um íþróttaslys eru fáanlegar á miðstöðvunum. Þar er lögð áhersla á að leiðbeina foreldrum hvernig þeir geti búið börn sín undir þátttöku í íþróttum með það fyrir augum að draga úr mögulegum íþróttaslysum.

Margvísleg fræðsla um varnir gegn slysum í umferðinni fer einnig fram á miðstöðvunum. Þar eru yfirleitt ýmsar gerðir hjóla og jafnan allar tegundir hjálma. Hvers kyns fræðsla er á boðstólum um notkun þeirra og margvíslegar hættur sem fylgja hjólreiðum.

Sérstakt sýningareldhús er sett upp í miðstöðvunum þar sem hámarksöryggi er í fyrirrúmi. Þar er foreldrum sýnt hvar helstu hætturnar leynast, hvaða öryggistæki eru á boðstólum og hvernig best er að gera eldhúsið úr garði til að draga úr slysum á börnum. Eldhús tengjast oft alvarlegum brunaslysum á ungum börnum, auk annarra tegunda slysa. Sömuleiðis er sérstakt baðherbergi sett upp til að kenna foreldrum á þær hættur, sem þar geta beðið ungra barna. Sums staðar eru einnig settir upp heitir pottar, en alvarleg brunaslys og drukknanir á börnum tengjast þeim oft, eins og er vel þekkt hér á landi.

Í öryggismiðstöðvum af þessu tagi er jafnframt reynt að byggja upp víðtækan gagnagrunn þar sem hægt er að fletta upp reglum og stöðlum sem tengjast umhverfi barna og einstökum vörutegundum. Jafnt einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld leita í ríkum mæli til miðstöðvanna til að fá upplýsingar um þá þætti.

Námskeið og fyrirlestrar eru snar þáttur í starfi miðstöðvanna. Hvort tveggja er sniðið að þörfum þeirra hópa sem kaupa viðkomandi þjónustu, en auk foreldra leita skólar, fyrirtæki, heilbrigðisstofnanir og aðrir sem á einhvern hátt tengjast uppeldi og umönnun barna mjög eftir fræðslu um slysavarnir frá öryggismiðstöðvunum. Oft standa þær einnig fyrir sérstökum slysavarnaherferðum innan skólanna og beita þá áróðri sem lagaður er sérstaklega að mismunandi aldursflokkum nemenda og öllu starfsfólki skólanna.

Samræmd skráning barnaslysa.

Flutningsmenn leggja jafnframt til að öryggismiðstöð barna hafi með höndum samræmda tölvuskráningu á barnaslysum. Fyrir því liggja eftirfarandi rök.

Slysavarnir byggjast ekki síst á því að geta greint tíðni, eðli og aðdraganda mismunandi tegunda slysa. Því hefur löggjafinn meðal annars mælt fyrir um sérstakar rannsóknarnefndir vegna sjóslysa og flugslysa, sem eðli máls samkvæmt verða oft mjög mannskæð. Hlutverk rannsóknarnefndanna er að grafast fyrir um orsakir slysa, fyrst og fremst til að geta dregið ályktanir um hvernig sé best að koma í veg fyrir að svipuð slys hendi aftur. Samræmd skráning slysa á börnum er ekki síður brýn til að draga af þeim ályktanir um hvers konar aðferðir dugi best til að fækka þeim.

Það sætir því nokkurri furðu að hér á landi gilda engar reglur um skráningu barnaslysa og engri stofnun hefur verið falið það hlutverk að skrá þau og greina með tilliti til slysavarna í framtíðinni. Flutningsmenn telja vel koma til greina að síðar verði sett á stofn sérstök rannsóknarnefnd barnaslysa, en gera þó ekki tillögu um það að sinni. Þess í stað er hér bent á forvarnagildi samræmdrar skráningar og lagt til að öryggismiðstöð barna verði falið að sjá um hana. Um leið yrði sú skylda að sjálfsögðu lögð á herðar allra sem tengjast meðferð barnaslysa að veita miðstöðinni allar þær upplýsingar sem hún þarfnast. Í nútímasamfélagi upplýsingatækninnar ætti það að vera hægur leikur án teljandi skriffinnsku og aukaálags á deildir heilbrigðiskerfisins, sem vissulega eru undir miklu álagi nú þegar.

Ábyrgð á söfnun og úrvinnslu upplýsinga um barnaslys yrði öryggismiðstöð barna jafnframt mikill styrkur við að sinna því ráðgjafarhlutverki gagnvart stjórnvöldum sem henni yrði falið með samþykkt tillögunnar.

38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild ráðuneyta heilbrigðis-, félags- og menntamála og fulltrúum samtaka um málefni langsjúkra barna. Nefndinni verði falið að leggja mat á hvort þörf sé sérstakrar löggjafar um réttindi langsjúkra barna eða hvort fella eigi þennan hóp undir gildissvið laga um málefni fatlaðra. Niðurstöður og nauðsynlegar lagabreytingar verði lagðar fyrir Alþingi haustið 1998.

Greinargerð.

Tillaga sú sem hér er flutt miðar að því að hafinn verði undirbúningur að því að samræma og tryggja betur réttarstöðu langsjúkra barna gagnvart félags- og heilbrigðisþjónustu, dagvist og leikskóla- og skólamálum og þjónustu og fjárhagsstuðning við aðstandendur þeirra.

Staða langsjúkra barna er ekki ósvipuð því sem var hjá fötluðum fyrir tæpum 20 árum. Þá var þjónusta við þá mjög ófullnægjandi og illa skipulögð. Alla samræmingu vantaði, enda féll þjónustan þá undir ákvörðunarvald a.m.k. þriggja ráðuneyta. Þetta bitnaði mjög á allri þjónustu við fatlaða og aðstandendur þeirra sem var vísað milli ráðuneyta í leit að úrlausn sinna mála.

Langsjúk börn þurfa margháttaða, fjölbreytta og sérhæfða þjónustu sem heyrir undir mörg ráðuneyti. Á margan hátt þurfa langsjúk börn og aðstandendur þeirra ekki ósvipaða þjónustu og fatlaðir. Engu að síður er staða þeirra sú að þeir njóta langt í frá sömu réttinda og fatlaðir og falla ekki undir þær margvíslegu réttarbætur sem felast í lögum um málefni fatlaðra. Réttarstaða þeirra er því mjög óljós og alla lagasamræmingu vantar til að tryggja sjúkum börnum og aðstandendum þeirra fullnægjandi og samræmda þjónustu, t.d. á sviði félags-, heilbrigðis,- dagvistar- og skólamála.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða stefnu í málefnum langsjúkra barna og fela nefnd með aðild þriggja ráðuneyta og samtaka langsjúkra barna að meta hvernig það verði best gert. Ýmsar leiðir koma til greina.

Í fyrsta lagi mætti fella réttindi þeirra undir löggjöf um málefni fatlaðra og sjá til þess að langsjúk börn og aðstandendur þeirra njóti sömu réttinda og fatlaðir. Í þeim lögum er skýrt skilgreind ýmis stoðþjónusta, liðveisla, skammtímaþjónusta, sálfræðiþjónusta, þjónustustofnanir, þar með taldar dagvistarstofnanir, félagsleg hæfing og endurhæfing og búsetuúrræði fyrir fatlaða. Samkvæmt lögunum fer líka fram stefnumótun og samræming á allri þjónustu við fatlaða, auk þess sem Framkvæmdasjóður fatlaðra fjármagnar ýmsa uppbyggingu og þjónustu við fatlaða.

Af þessari upptalningu er ljóst að sú þjónusta sem fatlaðir fá samkvæmt þessum lögum fellur að mestu að þörfum langsjúkra barna sem ekki fá þjónustu samkvæmt lögunum nema þau séu jafnframt fötluð. Í öðru lagi gæti komið til greina að undirbúa sérstaka löggjöf sem fæli í sér heildarstefnumótun og samræmda þjónustu við langsjúk börn á sviði félags-, heilbrigðis-, dagvistar- og skólamála. Einnig væri nauðsynlegt að við endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og þegar og ef lög um málefni fatlaðra verða felld að þeim lögum fái samtök um málefni langsjúkra barna fulla aðild að þeirri stefnumótun.

Á 116. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna sem flutt var af Margréti Frímannsdóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Með þingsályktuninni var ríkisstjórninnni falið að skipa nefnd til þess að fara yfir og gera tillögur um bætta réttarstöðu barna með krabbamein, svo og annarra sjúkra barna, og aðstandenda þeirra, einkum með tilliti til almannatrygginga. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði síðan nefnd 21. október 1993 sem falið var að gera tillögur í samræmi við efni þingsályktunarinnar.

Nefndin skilaði niðurstöðu sinni í mars 1995. Í skýrslu nefndarinnar var lýst réttarstöðu langsjúkra barna ásamt því að greina frá réttindum aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndunum. Þá kom einnig fram samantekt um afstöðu skólakerfisins til langsjúkra barna og um helstu sjúkdóma sem hrjá langsjúk börn. Greint var frá afstöðu, athugasemdum, áherslum og ábendingum foreldrahópa sjúkra barna og samtaka þeirra. Loks voru lagðar fram ýmsar tillögur til úrbóta.

Helstu tillögur nefndarinnar (sjá fskj. I) lutu að eftirfarandi þáttum:

- Sérstaklega átti að fjalla um réttindi sjúkra barna í löggjöf um réttindi sjúklinga.
- Leiðrétta átti misræmi milli réttarstöðu fatlaðra sjúkra barna annars vegar og langsjúkra barna hins vegar.
- Fjölga átti samningsbundnum veikindadögum vegna veikinda barna og hækka aldursmörk í 16 ár.
- Kynningarátak í grunnskólum, framhaldsskólum og í fjölmiðlum um þá langvinnu sjúkdóma sem börn eiga við að stríða og vekja athygli á þörfum allra fjölskyldumeðlima í fjölskyldum langsjúkra barna.
- Koma skyldi á fót sérstökum stuðningshópi langsjúkra og heilbrigðra barna í skólum.
- Ýmsar breytingar og bætt aðstaða langsjúkra barna og foreldra þeirra í þjónustu sjúkrahúsa.
- Samræma skyldi umönnunarbætur.
- Endurbætur á skólakerfinu til hagsbóta fyrir langsjúk börn.
- Stofnaður yrði Framkvæmdasjóður langsjúkra barna sem styðja átti uppbyggingu á aðstöðu fyrir langsjúk börn og styrkja foreldra langsjúkra barna sem lenda í fjárhagsvandræðum.
- Tryggja átti lífeyrissjóðsréttindi foreldra sem hætta vinnu vegna meðferðar langsjúks barns.

Langur vegur er frá því að framangreindar tillögur hafi komist til framkvæmda. Það litla sem gert hefur verið er ómarkvisst, nær allt of skammt og er aðeins brot af þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að þörfum sjúkra barna og fjölskyldna þeirra sé mætt af nauðsynlegum skilningi og réttlæti.

Hér á eftir verður farið yfir hverja þessara tillagna fyrir sig, en þær eru birtar í heild í fskj. I með tillögunni. Í eftirfarandi yfirliti er m.a. stuðst við upplýsingar frá samtökum um málefni langsjúkra barna, einkum Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna.

Almennt.

- Lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, tóku gildi 1. júlí 1997. Í VI. kafla þeirra laga eru sérreglur um sjúk börn. Áhersla skal lögð á að með setningu laganna var nánast einvörðungu verið að safna saman á einn stað réttindum sem þegar voru fyrir hendi hvað viðvíkur

sjúkum börnum enda var lagt til grundvallar að með setningu laganna væri ekki verið að auka útgjöld ríkisins að neinu marki. Það er því langur vegur frá því að misræmi á milli réttarstöðu fatlaðra sjúkra og langveikra barna hafi verið leiðrétt.

- Ekki er vitað til þess að undirbúningur sé hafinn að því að veita foreldrum langsjúkra barna sambærilega aðstoð og foreldrum fatlaðra er tryggð samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Í þessu sambandi er rétt að minna á að fyrirhugað er að færa málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og að fella lög um málefni þeirra inn í ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Af hálfu forsvarsmanna sjúkra barna hefur verið reynt, m.a. með bréfum til núverandi félagsmálaráðherra, að fá tækifæri til að koma málefnum sjúkra barna á framfæri við þá sem eiga að undirbúa nefndar breytingar, en án árangurs. Það getur ekki sakað að bæta því við að sú undarlega skoðun virðist ráða ríkjum innan félagsmálaráðuneytisins að sjúk börn „tilheyri" öðru ráðuneyti, nefnilega heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og því eigi málefni þeirra ekkert erindi til hins fyrrnefnda.
- Ekkert hefur verið gert af hálfu stjórnvalda til að bæta aðstandendum sjúkra barna tekjutap sem verður vegna umönnunar. Umönnunarbótum sem TR greiðir er ætlað að koma til móts við kostnaðarauka og aðrar auknar byrðar sem hljótast af aukinni umönnun barns þegar það veikist alvarlega. Ætla má að þær geri það í flestum tilfellum, ekki síst eftir nýlega hækkun. Þó skal bent á að þegar meðferð barns með krabbamein lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldrið sem hætti að vinna þegar barnið veiktist, oftast móðirin, geti hafið störf að nýju. Umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegt líf eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar. Hjá TR er litið á þetta tímabil sem létta umönnun og því sé um lága greiðslu að ræða. Þarna verður hvað mest þörf á bótum vegna tekjutaps.
- Rétt þykir að taka fram að sum stéttarfélög, t.d. VR, hafa komið til móts við þörf launþega fyrir fjárstuðning við veikindi barns með því að setja inn heimildarákvæði í reglur um sjúkrasjóði. Framtakið er virðingarvert en ekki alltaf lausn. Nefna má t.d. að vinnuveitanda er ekki skylt að gefa leyfi nema að hámarki í sjö daga á ári samkvæmt kjarasamningum þegar barn er veikt, enda þótt viðkomandi launþegi fái greitt úr sjúkrasjóði af þeim orsökum. Annað sem má benda á í þessu tilfelli er að opinberir starfsmenn og bankamenn eiga ekki sjúkrasjóði og geta þar af leiðandi ekki nýtt sér úrræði eins og félagar í VR.

Kynning.

- Ísland sker sig úr varðandi bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum, en hér fá aðstandendur margfalt minni bætur en annars staðar á Norðurlöndum (sjá fskj. II). Eftir því sem næst verður komist berast umræddar bætur þar frá stofnunum sambærilegum TR, ekki frá vinnuveitendum. Flutningsmenn þessarar tillögu munu flytja sérstakt þingmál um að auka skuli rétt aðstandenda sjúkra barna til samræmis við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.
- Ekki hefur orðið vart kynningar í skólum. Hvað varðar sérstaka stuðningshópa í skólum má benda á að í reglugerð nr. 388/1996 með grunnskólalögum er skólastjórum *heimilað* að stofna nemendaverndarráð. E.t.v. munu slík ráð virka sem stuðningshópar. Þar sem svo stutt er síðan grunnskólinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga er ótímabært að segja af eða á um það annars vegar og hins vegar hvort skólastjórar nýti sér heimildina.

Þjónusta sjúkrahúsa.

- Sérstakar fræðslueiningar eru óskilgreindar og því ekki ljóst við hvað er átt nákvæmlega. Um þetta atriði má hins vegar segja að engin marktæk breyting hefur orðið á fræðslu fyrir

foreldra og aðstandendur langsjúkra barna á barnadeildum frá því að umræddar tillögur voru kynntar. Algengt er að foreldrum sé bent á bæklinga eða í besta falli afhentir bæklingar. Raunveruleg fræðsla á sér ekki stað nema að mjög takmörkuðu leyti.

- Þrátt fyrir mikla þörf fyrir áfallahjálp til að byrja með og sálfélagslega handleiðslu í því ferli sem hefst þegar börn greinast með alvarlegan sjúkdóm eins og krabbamein hefur þverfaglegu teymi ekki enn verið komið á. Ljósu punktarnir eru að sjúkrahúsprestur er nú starfandi a.m.k. innan Barnaspítala Hringsins. Heilbrigðisráðuneytið hefur líka ákveðið að fjármagna ½ stöðu félagsráðgjafa sem á að sinna eingöngu langsjúkum börnum á barnadeildum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Hvað félagsráðgjafann varðar er augljóst að hann mun aldrei geta sinnt nema broti af þeim verkefnum sem bíða hans á deildunum tveimur. Hins vegar var staðan pressuð í gegn sem tilraun og má því vona að reynslan sem fæst með ofangreindri ráðningu nýtist til frekari framkvæmda.
- Aðstaða sjúkra barna og aðstandenda þeirra er óbreytt og því gjörsamlega óviðunandi á langfjölmennustu barnadeild landsins, þ.e. Barnaspítala Hringsins á Landspítala. Í því sambandi má benda á fjölmörg atriði en verst er þó að einangrunarstofur sem hýsa börn með bælt ónæmiskerfi standa ekki undir nafni hvað öryggi snertir. Bygging sérhannaðs barna- og unglingaspítala er nauðsyn.

  Með flutningi barnadeildar Landakots á Sjúkrahús Reykjavíkur batnaði aðstaða að vissu leyti en versnaði að öðru leyti. Kennsluaðstaða er nánast engin svo dæmi sé tekið.

  Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er í byggingu stækkun á barnadeildinni sem mun bæta alla aðstöðu þar verulega. Síðustu fregnir herma að eitthvert bakslag sé komið í framkvæmdirnar en vonandi stendur það stutt.

Almannatryggingar.

- Segja má TR til hróss að mark hefur verið tekið á umkvörtunum foreldra sjúkra barna á síðustu árum. Með tilkomu samráðsnefndar innan stofnunarinnar þar sem sæti eiga fulltrúar foreldra sjúkra og fatlaðra barna hefur verið brotið blað í samskiptum TR og foreldra. Nefndin hefur nú þegar bent á fjölmörg atriði sem betur mega fara og hefur sumt komist í framkvæmd eins og t.d. ný reglugerð um fjárhagsaðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna ber vott um. Margt er enn óunnið en helsti þrándur í götu nefndarinnar er skilyrði sett af yfirmönnum þess efnis að tillögur hennar megi ekki auka útgjöld ríkisins svo neinu nemi.
- Með nýsettri reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna nr. 504/1997, ásamt breytingum á reglugerðum nr. 68/1996 (529/1997) og nr. 158/1996 (531/1997), má segja að samræmdar hafi verið greiðslur til lífeyrisþega og umönnunarbótaþega með tilliti til kostnaðar af heilbrigðisþjónustu og lyfjum.
- TR hefur tekið sig verulega á, sbr. framangreint, enda hefur umkvörtunum fækkað að undanförnu.

Skólakerfið.

- *Grunnskólinn:* Þar sem enn hefur lítið reynt á hvernig flutningur grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga hefur tekist er erfitt að leggja mat á gæði þjónustu við langveik börn áður en lengra líður. Ástæða er til að ætla að framfarir fylgi þótt eflaust verði þær misjafnar eftir sveitarfélögum. Reglugerðir með grunnskólalögunum, þar sem sjúkra nemenda er sérstaklega getið, gefa tilefni til bjartsýni, svo og sú staðreynd að sveitarfélögin sem hýsa barnadeildirnar, Reykjavík og Akureyri, virðast vera orðin meðvituð um að nemendur sem veikjast alvarlega þurfa að læra jafnt sem hinir heilbrigðu.

- *Framhaldsskólar:* Ekkert er minnst á sjúka nemendur í lögunum og ekki er vitað til þess að reglugerð hafi verið gefin út til að tryggja þeim rétt til sjúkrakennslu, stuðningskennslu né annars. Þessi staðreynd er ámælisverð bæði gagnvart nemendum sem þurfa að fara í krabbameinsmeðferð á námstímanum og ekki síður hinum sem búa við síðbúnar afleiðingar af völdum krabbameins, en námsörðugleikar eru þekkt fyrirbæri á meðal þeirra.
- Ekki vitað til að fræðslu um langveik börn hafi verið bætt inn í námskrá kennara né leikskólakennara. Sama gildir um nám heilbrigðisstétta.

Framkvæmdasjóður – lífeyrisréttindi.

- Ekki vitað til þess að framkvæmdasjóður sjúkra hafi verið ræddur í stjórnkerfinu. Hans væri hins vegar þörf þegar sjúk börn eru annars vegar og má nefna sem dæmi að síðastliðin fjögur ár hafa börn verið send á vegum SKB í sumarbúðir erlendis. Ekkert slíkt athvarf er til hér á landi fyrir börnin og hvergi af hálfu stjórnvalda gert ráð fyrir að foreldrar sjúkra barna hafi þörf fyrir hvíld.

  Dregið er í efa að framkvæmdasjóður væri hentug leið til að mæta fjárhagsþörf foreldra langveikra barna né til að styðja við bakið á foreldrafélögum.
- Ekki er vitað til að tekið hafi verið á þörf launþega sem hættir vinnu til að sinna sjúku barni sínu á viðhaldi lífeyrissjóðsréttinda.

Rétt er að geta þess að breytingartillögur þingmannanna Ástu R. Jóhannesdóttur, Össurar Skarphéðinssonar og Margrétar Frímannsdóttur sem fluttar voru á síðast þingi til breytinga á lögum um réttindi sjúklinga voru felldar, en þær miðuðu að því að tryggja betur réttindi sjúkra barna.

Þótt lítið hafi miðað á undangengnum árum til að tryggja betur réttarstöðu sjúkra barna og aðstandenda þeirra er ljóst að barátta samtaka um málefni langsjúkra barna, eins og Umhyggju, félags til stuðnings sjúkum börnum, og fjölmargra aðildarfélaga þeirra eins og Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna hefur skilað þeim árangri að auka skilning stjórnvalda á málefnum þeirra. Mjög brýnt er að bæta umhverfi barna og fjölskyldna á Íslandi, en á ýmsum sviðum er Ísland langt á eftir öðrum þjóðum sem við berum okkur saman við. Það á ekki síst við um börn og er brýnt að þau geti notið umönnunar foreldra sinna, ekki síst þegar veikindi ber að höndum. Verður að ætla, nema á annað reyni, að breið samstaða geti tekist á Alþingi um heildstæða stefnumótun í málefnum langsjúkra barna.

Í lokin er rétt að geta samanburðar á útgjöldum til barna og fjölskyldna þeirra á Norðurlöndum, ekki síst í ljósi opinberrar fjölskyldustefnu sem Alþingi hefur samþykkt en einnig vegna umræðu um hve velferðarkerfið sé orðið fyrirferðarmikið í þjóðarútgjöldum.

Hlutfallslega eru miklu fleiri börn á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Miðað við börn undir 15 ára aldri er fjöldi barna á Norðurlöndum eftirfarandi:

Fjöldi barna undir 15 ára aldri á Norðurlöndum.

Land	Fjöldi barna	Hlutfall af heild, %
Danmörk	893.343	17,2
Finnland	971.487	19,1
Ísland	**65.724**	**24,5**
Noregur	840.120	19,4
Svíþjóð	1.649.093	18,8

Þrátt fyrir að börn séu hlutfallslega fleiri af heildinni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eru útgjöld til barna og fjölskyldna þeirra langlægst hér á landi. Þannig eru útgjöld á íbúa í íslenskum krónum eftirfarandi:

Útgjöld á íbúa og sem hlutfall af landsframleiðslu.

Land	Útgjöld á íbúa, kr.	Hlutfall af landsframleiðslu, %
Danmörk	72.402	3,9
Finnland	73.010	5,2
Ísland	**42.346**	2,4
Noregur	76.391	3,9
Svíþjóð	87.279	5,7

Nánari sundurliðun útgjalda kemur fram í fskj. III.

Fylgiskjal I.

Tillögur nefndar um réttarstöðu langsjúkra barna frá 2. mars 1995.

1. Almennt:

- Hafinn verði undirbúningur að setningu laga um réttindi sjúklinga þar sem sérstaklega verði fjallað um réttindi sjúkra barna. Óeðlilegt misræmi virðist milli réttarstöðu fatlaðra sjúkra barna annars vegar og langsjúkra barna hins vegar.
- Hafinn verði undirbúningur að því að veita foreldrum langsjúkra barna sambærilega aðstoð og foreldrum fatlaðra er tryggð samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.
- Samningsbundnum veikindadögum vegna veikinda barna verði fjölgað og aldursmörk hækkuð í 16 ár. Jafnframt verði kannað hvort Tryggingastofnun ríkisins geti endurgreitt hluta kostnaðar með sama hætti og nú er gert vegna veikinda starfsmannanna sjálfra.

2. Kynning:

- Hrundið verði af stað kynningarátaki í fjölmiðlum um þá langvinnu sjúkdóma sem börn eiga við að stríða og í því sambandi vakin athygli á þörfum allra fjölskyldumeðlima í fjölskyldum langsjúkra barna.
- Hrundið verði af stað í grunnskólum og framhaldsskólum kynningu meðal kennara og nemenda á þeim sjúkdómum sem langsjúk börn eru haldin og þeim vandamálum sem þeim geta fylgt. Settir verði á laggirnar sérstakir stuðningshópar langsjúkra og heilbrigðra barna í skólum.

3. Þjónusta sjúkrahúsa:

- Settar verði á laggirnar sérstakar fræðslueiningar fyrir foreldra og aðstandendur langsjúkra barna við þau sjúkrahús þar sem barnadeildir eru starfandi.

- Sérstök stuðningsteymi presta, sálfræðinga, félagsráðgjafa og fleiri heilbrigðisstétta verði starfandi við barnadeildir sjúkrahúsa til að veita hinu langsjúka barni, foreldrum og systkinum nauðsynlegan andlegan og félagslegan stuðning meðan á meðferð stendur og eftir að árangur hennar hefur komið í ljós. Skipuð verði nefnd til að skoða sérstaklega og gera tillögur um þverfagleg viðbrögð við síðbúnum afleiðingum hjá langsjúkum börnum og fjölskyldum þeirra.
- Aðstaða langsjúkra barna og foreldra þeirra á sjúkrahúsum verði bætt.

4. Almannatryggingar:
- Samræma greiðslur lífeyrisþega og barna sem njóta umönnunarbóta fyrir heilbrigðisþjónustu.
- Settar verði, í samráði við foreldrahópa langsjúkra barna, viðmiðunarreglur um rétt til umönnunarbóta og ákvörðun því ekki jafnmatskennd og nú virðist vera. Markvisst verði unnið að því að draga úr skriffinnsku sem fylgir umönnunarbótum og öðrum greiðslum almannatrygginga vegna langsjúkra barna.

5. Skólakerfið:
- Tengja betur saman sjúkrahús, skóla og heimili langsjúkra barna og gera foreldra og heimili virkari í meðferð og skipulagi náms.
- Námskrá leikskólakennara og kennara verði endurskoðuð og bætt verði inn í námið kennslu og fræðslu um sérþarfir langsjúkra barna ásamt fræðslu um helstu sjúkdóma og afleiðingar þeirra.
- Endurskoða námskrár í námi heilbrigðisstétta og auka vægi fræðslu um langsjúk börn.

Þá vill nefndin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:
- Kannaður verði möguleiki á stofnun Framkvæmdasjóðs langsjúkra barna sem mundi m.a. styðja uppbyggingu á aðstöðu fyrir langsjúk börn, styrkja foreldra langsjúkra barna sem lenda í fjárhagsvandræðum vegna veikinda barnsins og styrkja foreldrafélög langsjúkra barna.
- Kannaðir verði möguleikar á því að foreldrar sem hætta vinnu vegna meðferðar langsjúks barns geti haldið við lífeyrissjóðsréttindum sínum.

Fylgiskjal II.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna:

Bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum.

Upplýsingar eru samkvæmt erlendum gögnum og niðurstöðu nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem kannaði réttindi langsjúkra barna og skilaði áliti í mars 1995.

Nefndin var stofnuð samkvæmt þingsályktun um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1993.

	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland
Veikindadagar foreldra. Sjúkrabætur. Launauppbót.	90% laun í 120 daga á ári fyrir hvert barn, 0–16 ára.	Allt að 780 dagar (100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga) fyrir hvert barn 0–16 ára, + 10,2% orlof af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.	Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0–18 ára. Greidd er launauppbót (90% laun) til annars foreldis á meðan meðferð stendur yfir. Launauppbót má greiða í þrjá mánuði eftir að forsendur bresta. Sérstök uppbót til atvinnulausra. Orlofsstyrkur.	Greidd eru 66% af launum í 60–90 daga, lengur ef nauðsyn krefur, t.d. vegna barna með krabbamein. Heimilt er að greiða báðum foreldrum ef nauðsyn krefur.	Útivinnandi foreldri á rétt á *sjö veikindadögum* að hámarki á ári til að sinna sjúkum börnum sínum án tillits til fjölda þeirra og alvarleika sjúkdómsins.

Fylgiskjal III.

Þjóðhagsstofnun:

Útgjöld til barna og fjölskyldna á Norðurlöndum.
(Fjárhæðir eru í milljónum myntar hvers lands.)
(September 1997.)

	Danmörk DKK	Finnland FIM	Ísland ISK	Noregur NOK	Svíþjóð SEK
Beinar greiðslur					
A. Fæðingarorlof	4.503	3.317	1.175	5.492	15.842
B. Dagvistun	18	23		405	3251
C. Barnabætur	9.407	9.101	4.849	11.987	16.981
D. Fyrir fram greitt meðlag	143	456	562	452	2.967
E. Húsaleigubætur	1.811	2.403		809	7.189
F. Aðrar beinar greiðslur		3.704		2.382	362
Beinar greiðslur alls	**15.882**	**19.004**	**6.586**	**21.527**	**46.592**
Þjónusta					
A. Dagvistun	14.087	5.527	2.715	8.485	29.117
B. Önnur vistun	741	933	538	227	1.737
C. Barnavernd	5.482	592	464	3.568	5.095
D. Heimilishjálp	222	186	102		
Þjónustur alls	20.532	7.238	3.819	12.280	35.949
Útgjöld alls	**36.414**	**26.242**	**10.405**	**33.807**	**82.541**
Útgjöld á íbúa í ísl. kr. m.v. jafnvirðisgildi gjaldmiðla	72.402	73.010	42.346	76.391	87.279
Útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu	3,9	5,2	2,4	3,9	5,7
Heimild: Social tryghed i de nordiske lande. Omfang, udgifter og finansiering, NOSOSKO, 1996					

39. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin skal skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1998.

Greinargerð.

Þegar gerður er samanburður á rétti foreldra vegna veikinda barna sinna á Norðurlöndum kemur í ljós að Ísland sker sig mjög úr. Þannig hafa foreldrar íslenskra barna nánast engan rétt samanborið við rétt foreldra annars staðar á Norðurlöndum. Eftirfarandi er yfirlit frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna yfir bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum eins og þær voru á sl. ári (sbr. fylgiskjal):

Ísland:	Sjö veikindadagar eru að hámarki greiddir á ári, fyrir börn undir 13 ára aldri, án tillits til hver sjúkdómurinn er, fjölda barna eða hjúskaparstöðu foreldra.
Svíþjóð:	90% launa eru greidd í 120 daga á ári fyrir hvert barn 0–16 ára.
Finnland:	Greidd eru 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna. Heimilt er að greiða báðum foreldrum laun ef nauðsyn krefur.
Noregur:	Allt að 780 veikindadagar. Þar af 100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga fyrir hvert barn 0–16 ára, auk 10,2% orlofs af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.
Danmörk:	Greidd er launauppbót (90% launa) til annars foreldris á meðan meðferð stendur. Launauppbót má síðan greiða í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barnið og foreldra eftir að meðferð lýkur. Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0–18 ára. Sérstök uppbót er til atvinnulausra. Orlofsstyrkur.

Í kjarasamningum hér á landi hefur verið samið um að starfsmaður geti ráðstafað allt að sjö dögum á ári á launum vegna veikinda barna sinna. Auk þess er í reglum einstakra sjúkrasjóða að þeir greiði styrki og jafnvel dagpeninga í fjarveru foreldra frá vinnu í veikindum barna. Hið opinbera veitir enga fjárstyrki eða bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Umönnunarbótum sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir er ætlað að koma til móts við kostnaðarauka og aðrar auknar byrðar sem hljótast af aukinni umönnun barns, þegar það veikist alvarlega, en eru ekki bætur vegna launataps aðstandenda langsjúkra barna. Umönnunarbætur eru nú greiddar foreldrum 2.000 barna, þar af eru um 500 langveik börn.

Benda má á að þegar meðferð barns, t.d. með krabbamein, lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldrið sem hætti að vinna þegar barnið veiktist geti hafið störf að nýju. Umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er

eðlilegt líf eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar sjúkdómsins. Hjá Tryggingastofnun ríkisins er litið á þetta tímabil sem létta umönnun og því eru greiðslur lágar. Við þessar aðstæður verður hvað mest þörf á bótum vegna tekjutaps.

Í kjarasamningi ASÍ/VSÍ og VMS er svohljóðandi ákvæði: „Foreldri skal eftir fyrsta starfsmánuð, heimilt að verja samtals sjö vinnudögum á hverju 12 mánaða tímabili til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, verði annarri umönnun ekki komið við og halda dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við. Réttur samkvæmt þessari grein tekur til greiðslu launa vegna veikinda barna, þar með talið fósturbarna." Hér á landi er rétturinn bundinn við launamanninn og er sá sami hvort sem hann á eitt, fimm eða tíu börn og hvort sem hann er einstætt foreldri eða í hjúskap.

Þennan rétt er ekki hægt að flytja milli ára, t.d. ef barn hefur ekki verið veikt í tvö ár en er svo veikt í 14 daga í einu. Rétturinn tekur einungis til barna undir 13 ára aldri og rétturinn til sjö daga á ári tekur til allra barna foreldranna. Annars staðar á Norðurlöndum nær hann ýmist til 16 eða 18 ára aldurs og heimilaður dagafjöldi nær til hvers barns um sig innan fjölskyldunnar, t.d. 120 dagar á ári fyrir hvert barn í Svíþjóð.

Skilyrði hér á landi fyrir veikindagreiðslum frá atvinnurekendum vegna veikinda barna er að annarri umönnun verði ekki komið við, þannig að báðir foreldrar geta ekki verið heima yfir barni á sama tíma.

Í reglugerðum sumra sjúkrasjóða stéttarfélaganna hér á landi er að finna ákvæði um dagpeningagreiðslur eða greiðslur styrkja vegna langvarandi veikinda barna sjóðfélaga. Reglurnar geta verið breytilegar frá einum sjóði til annars. Einnig má benda á að opinberir starfsmenn eða bankamenn eiga ekki sjúkrasjóði og hafa því ekki möguleika á stuðningi umfram þá sjö daga sem kjarasamningar heimila.

Annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera að mestu bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Ljóst er að stuðningur hins opinbera er enginn vegna slíks launataps ef undan eru skildar umönnunarbætur til að mæta útgjöldum og kostnaði vegna fatlaðra og langsjúkra barna. Kjarasamningar veita líka óverulegan rétt borið saman við kjarasamninga annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn á rétti til fráveru vegna veikinda barna hér á landi og þar er svo sláandi að nauðsynlegt er að kryfja þetta mál til mergjar og leita leiða til að tryggja betur réttindi barna í veikindum til að njóta umönnunar foreldra sinna.

Í lokin er rétt að benda á að tilskipun Evrópusambandsins frá 3. júní 1996, um rammasamning um foreldraorlof, hlýtur einnig að koma til skoðunar í þessu sambandi.Tilskipunin er gerð með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnu EB. Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem fjallar um jafnan rétt karla og kvenna, er meðal annars kveðið á um að „jafnframt þurfi að gera ráðstafanir sem gera körlum og konum kleift að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og í einkalífi". Þannig hefur framkvæmdastjórnin með vísan til samningsins um félagsmálastefnuna haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um hvert skuli stefnt með aðgerðum sem miða að því að samræma atvinnuþátttöku og heimilislíf. Niðurstaðan er sú að gerðar verða lágmarkskröfur um foreldraorlof og tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum. Gert er ráð fyrir því að aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins kveði nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd slíks foreldraorlofs, þannig að unnt yrði að taka mið af aðstæðum, þar með talið fjölskyldustefnu, í hverju aðildarríki um sig, einkum að því er varðar skilyrði fyrir því að veita foreldraorlof og að neyta réttar til foreldraorlofs. Um er að ræða rammasamning þar sem settar eru fram lágmarkskröfur og ákvæði um foreldraorlof, óháð mæðraorlofi, og um leyfi frá störfum af óviðráðanlegum ástæðum.

Tilskipunin lýtur í meginatriðum að rétti foreldra til foreldraorlofs, en samkvæmt rammasamningum er tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum skýrt þannig: „Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja launþegum leyfi frá störfum, í samræmi við landslög, kjarasamninga og/eða réttarvenjur, þegar um óviðráðanlegar fjölskylduástæður er að ræða, svo sem þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum, og launþegi verður að hverfa tafarlaust af vettvangi.“ Þannig tekur þetta ákvæði tilskipunarinnar til fjölskylduábyrgðar á öllum sviðum, t.d. veikinda barna, og á að tryggja að börn geti í veikindum notið umönnunnar foreldra sinna. Tilskipunin felur í sér sjálfstæðan rétt foreldris til töku orlofs/foreldraorlofs í þrjá mánuði vegna hvers barns, til átta ára aldurs barnsins. Enn fremur kemur fram að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 3. júní 1998 eða fullvissa sig um að aðilar vinnumarkaðarins hafi í síðasta lagi þann dag lögfest þessi ákvæði með samningi, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að þau geti ætíð tryggt framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta fengið að hámarki eitt ár til viðbótar ef á þarf að halda vegna sérstakra örðugleika eða vegna framkvæmdar kjarasamninga.

Á þessa tilskipun er bent vegna þess að hún hlýtur að koma sérstaklega til skoðunar hér á landi, bæði í tengslum við fyrirkomulag foreldraorlofs, við rétt barna til umönnunar foreldra sinna í veikindum og rétt foreldra til leyfis frá vinnu vegna veikinda barna sinna.

Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort útgjöld vegna aukins réttar foreldra í veikindum barna lendi á ríkissjóði eða atvinnurekendum, en annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera kostnaðinn.

Í því sambandi er rétt að geta samanburðar á útgjöldum til barna og fjölskyldna þeirra á Norðurlöndum, ekki síst í ljósi opinberrar fjölskyldustefnu sem Alþingi hefur samþykkt en einnig vegna umræðu um að velferðarkerfið sé orðið fyrirferðarmikið í þjóðarútgjöldum.

Hlutfallslega eru miklu fleiri börn á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, eins og sést í eftirfarandi töflu:

Fjöldi barna undir 15 ára aldri á Norðurlöndum.

Land	Fjöldi barna	Hlutfall af heild, %
Danmörk	893.343	17,2
Finnland	971.487	19,1
Ísland	**65.724**	**24,5**
Noregur	840.120	19,4
Svíþjóð	1.649.093	18,8

Þrátt fyrir að börn séu hlutfallslega fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eru útgjöld til barna og fjölskyldna þeirra langlægst hér á landi:

Útgjöld á íbúa og sem hlutfall af landsframleiðslu.

Land	Útgjöld á íbúa, kr.	Hlutfall af landsframleiðslu, %
Danmörk	72.402	3,9
Finnland	73.010	5,2
Ísland	**42.346**	2,4
Noregur	76.391	3,9
Svíþjóð	87.279	5,7

Fylgiskjal.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna:

Bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum.

Upplýsingar eru samkvæmt erlendum gögnum og niðurstöðu nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem kannaði réttindi langsjúkra barna og skilaði áliti í mars 1995.

Nefndin var skipuð samkvæmt þingsályktun um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1993.

	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland
Veikindadagar foreldra. Sjúkrabætur. Launauppbót.	90% laun í 120 daga á ári fyrir hvert barn, 0–16 ára.	Allt að 780 dagar (100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga) fyrir hvert barn 0–16 ára, +10,2% orlof af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.	Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0–18 ára. Greidd er launauppbót (90% laun) til annars foreldis á meðan meðferð stendur yfir. Launauppbót má greiða í þrjá mánuði eftir að forsendur bresta. Sérstök uppbót til atvinnulausra. Orlofsstyrkur.	Greidd eru 66% af launum í 60–90 daga, lengur ef nauðsyn krefur, t.d. vegna barna með krabbamein. Heimilt er að greiða báðum foreldrum ef nauðsyn krefur.	Útivinnandi foreldri á rétt á *sjö veikindadögum* að hámarki á ári til að sinna sjúkum börnum sínum án tillits til fjölda þeirra og alvarleika sjúkdómsins.

40. Frumvarp til laga [40. mál]

um bann við kynferðislegri áreitni.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Kynferðisleg áreitni á vinnustað og í skóla er bönnuð. Atvinnurekendur og yfirmenn skulu gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við því að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum.

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu, hvort sem hún er líkamleg, orðbundin eða myndræn, og sem haldið er áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna (sem verður 9. gr.) kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Atvinnurekendum, yfirmönnum, samstarfsmönnum og kennurum er óheimilt að láta kvartanir starfsfólks eða nema um kynferðislega áreitni eða kynjamismunun bitna á starfi þeirra eða námi, starfsöryggi, starfskjörum eða mati á árangri í starfi eða námi.

II. KAFLI
Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

3. gr.

C-liður 65. gr. laganna orðast svo: stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna. Ákvæði þetta á m.a. við bann við kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu sem beinist að kynferði einstaklinga.

III. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 121. löggjafarþingi, 422. mál, en hlaut ekki afgreiðslu. Umsagnir bárust um málið frá eftirfarandi aðilum: Jafnréttisráði, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Alþýðusambandi Íslands, jafnréttisráðgjafanum í Reykjavík, jafn-

réttisfulltrúa Akureyrar, biskupi Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, Kvennaathvarfinu, Kvenfélagasambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, Stígamótum, Kvennaráðgjöfinni, félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og laganefnd Lögmannafélags Íslands. Ef frá er talinn síðastnefndi aðilinn telja allir sem umsagnir sendu að löggjöf af þessu tagi sé þörf og langflestir mæla með að frumvarpið verði lögfest óbreytt. Efnislegar athugasemdir komu einnig fram og er hér tekið mið af þeim þegar ástæða þykir til.

Kynferðisleg áreitni hefur verið mikið til umfjöllunar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Flest aðildarríki Evrópusambandsins hafa gripið til ráðstafana á þessu sviði, svo sem lagasetningar, fræðsluherferða eða leiðbeinandi reglna fyrir vinnustaði og menntastofnanir. Í Belgíu, Hollandi og Frakklandi hafa verið sett sérstök lög um kynferðislega áreitni og slík löggjöf er nú í undirbúningi í Austurríki og Hollandi. Í Svíþjóð og nokkrum öðrum Evrópuríkjum eru ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislögum og/eða í lögum um vinnuvernd, t.d. í Noregi. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að sérstakri tilskipun um kynferðislega áreitni sem væntanlega mun einnig taka til Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 6. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 28/1991, segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Kærunefnd jafnréttismála hefur túlkað þetta ákvæði þannig að atvinnurekanda beri að sjá til þess að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki á vinnustað. Í sænsku jafnréttislöggjöfinni eru hins vegar skýr ákvæði um kynferðislega áreitni, sbr. 6. og 22. gr. sænsku jafnréttislaganna (1991:433), sem hefur orðið til þess að stofnanir hafa í vaxandi mæli sett sér starfsreglur um það hvernig beri að stemma stigu við og taka á kynferðislegri áreitni.

Ekki þykir nauðsynlegt að svo stöddu að setja sérstaka löggjöf um kynferðislega áreitni, en tímabært þykir að setja ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislög og í vinnuverndarlöggjöfina eins og hér er lagt til. Í Svíþjóð og Noregi hefur slík lögfesting haft þau áhrif að stofnanir hafa orðið að taka á þessum málum af meiri festu en áður. Þegar slík ákvæði hafa verið lögfest verður brýnt að stofnanir komi sér upp skipulagðri meðferð eða leiðbeinandi starfsreglum fyrir mál af þessum toga og að markviss fræðsla um kynferðislega áreitni verði í boði, sbr. þingsályktunartillögu á 121. löggjafarþingi (40. mál). Starfsreglur stofnana um kynferðislega áreitni hafa yfirleitt bæði fyrirbyggjandi tilgang og er ætlað að leysa þau mál sem upp koma og ekki eru kærð.

Kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð með lögum nr. 40/1992, um breytingu á almennum hegningarlögum. Ákvæði þar að lútandi er að finna í 198. gr., 2. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 202. gr. hegningarlaganna.

Ekki er að finna í lögum nr. 40/1992 skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Í greinargerð með þeim lögum er að finna skilgreiningu sem að mati flutningsmanna er ekki nægjanlega skýr miðað við reynslu og rannsóknir á þessu fyrirbæri. Skilgreiningin í greinargerðinni er eftirfarandi: Um er að ræða háttsemi sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Átt er við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga. Þá segir í greinargerðinni að rétt þyki að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður og taka harðara á brotum. Ekki er gerð tillaga um að breyta fyrrnefndum ákvæðum almennra hegningarlaga þar sem rétt þykir að fá meiri reynslu af hvernig þau nýtast. Hér er lagt til að skilgreining á kynferðislegri áreitni verði lögbundin og að sú skilgreining, ef lögfest verður, verði lögð til grundvallar skýringu og túlkun þessara ákvæða almennra hegningarlaga til viðbótar við þá skilgreiningu sem er í greinargerðinni með lögum nr. 40/1992. Einnig skal bent á leiðbeiningarreglur Evrópusambandsins til nánari skýringar á kynferðislegri áreitni. Frá árinu 1992 hefur lítið reynt á fyrr-

nefnd ákvæði almennra hegingarlaga. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar.

Það er eindregin skoðun flutningsmanna að mikilvægt sé að lögfesta skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Í skilgreiningunni sem sett er fram í 1. gr. frumvarpsins er áhersla lögð á það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að hegðunin er óvelkomin. Það er því mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er óvelkomin. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt í skyn að hún sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Hér er m.a. stuðst við eftirfarandi skilgreiningu og útlistun Evrópusambandsins á kynferðislegri áreitni í starfsreglum frá 1992 (*Code of practice: On measures to combat sexual harrassment*).

„Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun eða önnur kynbundin hegðun sem hefur áhrif á sjálfsvirðingu kvenna og karla á vinnustað. Þessi óvelkomna hegðun getur verið líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni nær því yfir margs konar hegðun sem er óvelkomin, óskynsamleg og móðgandi fyrir viðkomandi; það hvort viðkomandi viðurkennir eða mótmælir slíkri hegðun af hálfu yfirmanns eða samstarfsmanns skiptir máli beint eða óbeint fyrir aðgang viðkomandi að starfsþjálfun, atvinnu, hvort starfi er haldið, stöðuhækkun, laun eða annað viðkomandi starfsumhverfi; og/eða hegðunin skapar óþægilegt, fjandsamlegt eða auðmýkjandi vinnuumhverfi fyrir þann sem hegðunin beinist að. Megineinkenni kynferðislegrar áreitni er að hegðunin er óvelkomin, og það er mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er talin móðgandi. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt. Það er fyrst og fremst það einkenni að hegðunin er óvelkomin sem aðgreinir kynferðislega áreitni frá vinalegri hegðun sem er velkomin og gagnkvæm."

Rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum benda til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri áreitni í háskólum, en allt upp í 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Samkvæmt könnun jafnréttisnefndar Helsinkiháskóla árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Af þeim voru 78% starfsfólksins og 70% stúdentanna konur.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt töluvert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til menningarlegar, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir að í vinnuverndartilgangi verði staðið að könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar (liður 2.3.2). Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar, sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum, verði unnið markvisst að því að sporna við kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Þessi könnun hefur nú verið gerð og ekki þykir ástæða til að bíða lengur með að lögfesta bann við og skilgreiningu á kynferðislegri áreitni eins og hér er lagt til.

Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Flest nágrannalanda okkar hafa brugðist markvisst við og hér er lagt til að svo verði gert.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er annars vegar lagt til að inn í jafnréttislögin komi skýrt bann við kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum og að atvinnurekendur og yfirmenn skuli gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við því að starfsfólk, nemar eða skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum. Gert er ráð fyrir að vitneskja atvinnurekenda sé forsenda bótaskyldu hans, þ.e. starfsmaður, nemi eða skjólstæðingur þarf að láta atvinnurekanda, yfirmann skóla eða stofnunar vita að hann verði fyrir kynferðislegri áreitni til að viðkomandi fái tækifæri til að beita öllum nauðsynlegum ráðstöfunum til að stöðva athæfið. Einungis ef hann gerir það ekki verði atvinnurekandi eða yfirmaður bótaskyldur þó að athafnir gerandans séu ætíð refsiverðar.

Hins vegar er hér verið að lögfesta skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Skilgreiningin er byggð á þeim megineinkennum kynferðislegrar áreitni sem reynsla og rannsóknir sýna að skipta meginmáli, þ.e. að um óvelkomna hegðun er að ræða að mati viðkomandi einstaklings, og að hegðunin er endurtekin þrátt fyrir það að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Stuðst er m.a. við skilgreiningar og leiðbeiningarreglur Evrópusambandsins um kynferðislega áreitni. Eitt tilvik getur þó talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt og því þykir rétt að bæta því við skilgreininguna.

Með orðalaginu „annarri ósæmilegri framkomu“ er m.a. átt við einelti í víðari merkingu en einnig má benda á ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga um brot gegn blygðunarsemi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að atvinnurekendum, yfirmönnum, samstarfsmönnum og kennurum sé óheimilt að láta kvartanir um kynferðislega áreitni eða kynjamismunun bitna á starfi viðkomandi, námi, starfsöryggi, starfskjörum eða mati á árangri í starfi eða námi.

Greinin er efnislega svipuð 22. gr. sænsku jafnréttislaganna og skýrir sig sjálf.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að breyting verði gerð á c-lið 65. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Þetta ákvæði á sér samsvörun í norsku vinnuverndarlöggjöfinni (nr. 4/1977, sem var breytt með lögum nr. 2/1995, sbr. 1. mgr. i.f. 12. gr.) en þar segir að starfsmenn skuli ekki verða fyrir (utsettes for) kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri hegðun (annen utilbörlig optreden). Í greinargerð með norska frumvarpinu er vísað í það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að það sé óvelkomin hegðun að mati þess sem fyrir henni verður og að slíkt ákvæði sé nauðsynlegt vegna vaxandi athygli á einelti og kynferðislegri áreitni í þjóðfélaginu. Vinnueftirlit ríkisins fagnar fram komnu ákvæði í umsögn sinni um frumvarpið.

Um 4. gr.

Lagt er til að lög þess taki þegar gildi þar sem um brýnt mál er að ræða sem væntanlega mun hafa mikið fyrirbyggandi gildi, m.a. vegna þess að löggjöfin mun hvetja til þess að vinnustaðir komi sér upp skýrum reglun um mál er varða kynferðislega áreitni.

41. Frumvarp til laga [41. mál]

um að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fyrri málsliðar 66. gr. laganna koma tveir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerð. Í reglugerðinni er þó ekki heimilt að leggja gjöld á þá einstaklinga sem leita þjónustu heilsugæslunnar.

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Ekki eru tekin gjöld fyrir þjónustu heilsugæslunnar við einstaklinga. Um þjónustu sem aðrir greiða fer eftir sérstakri gjaldskrá sem ráðherra setur.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Málið er brýnt og frumvarpið enn í fullu gildi og er því endurflutt. Hér fer á eftir greinargerðin sem fylgdi upphaflega frumvarpinu.

Frá og með fjárlögum fyrir árið 1992 hafa álögur á sjúklinga verið auknar jafnt og þétt. Af þeim sökum hefur kjararýrnun orðið mest hjá því fólki sem á við sjúkdóma að stríða. Þessar álögur hafa birst í ýmsum myndum, dregið hefur verið úr stuðningi við einstaklinga í gegnum almannatryggingar, t.d. með aukinni greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði fyrir börn og ellilífeyrisþega, og gildir það sama almennt um kostnaðarhlutdeild sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Staða þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda hefur þannig stórversnað. Þau gjöld sem hér um ræðir, þ.e. komugjöld á heilsugæslustöðvar, eru aðeins hluti af stærri mynd og þau ber að skoða í ljósi óheillaþróunar síðustu ára. Vegna þess hve mikilvæg heilsugæslan er sem grunnur heilbrigðisþjónustunnar er mikilvægt að einmitt þar verði hafist handa við að snúa til réttrar áttar á ný.

Þess skal getið að ýmsar reglur hafa gilt um hámarksgreiðslur fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu. Í upphafi áratugarins var þannig 8 þús. kr. hámark fyrir aðra en elli- og örorkulífeyrisþega. Þessari upphæð var breytt og einnig var innleidd sú regla að eftir að viðmiðunarupphæð var náð var aðeins veittur afsláttur þar sem áður hafði verið þak á greiðslur. Viðmiðunarupphæðin nú er 12 þús. kr. fyrir einstakling, 6 þús. kr. fyrir öll börn undir 16 ára aldri í sömu fjölskyldu og 3 þús. kr. fyrir lífeyrisþega.

2. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hljóðar nú svo:

„Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar."

Þessi grein eða ígildi hennar hefur verið í lögunum um heilbrigðisþjónustu frá upphafi. Nú er lagt til að hún verði felld niður og að heilsugæsla verði ókeypis framvegis. Ástæðurnar eru þessar:

1. Það gafst vel á árunum fram að 1992 þegar heilsugæsla var ókeypis. Það ýtti undir að fólk notaði sér heilsugæsluna. Um leið á sérfræðingakostnaður að minnka. Því vinnst tvennt, annars vegar sparar heilbrigðiskerfið í heild og hins vegar verður aðgengi almennings að frumþjónustunni greiðara.
2. Komið hefur í ljós á þessum áratug að heilbrigðisráðherrar vilja misnota þessa grein og leggja íþyngjandi byrðar á þá sem þurfa heilbrigðisþjónustu.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að heimildin til að leggja á gjöld í heilsugæslu verði afnumin úr almannatryggingalögum. Þar hljóðar ákvæðið nú á þessa leið:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum."

Hér á eftir fer yfirlit yfir komugjöld í heilsugæslunni frá og með fjárlögum fyrir árið 1992:

Greiðslur fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis.

	Almennt gjald		Lífeyrisþegar og börn yngri en 16 ára	
	Án afsláttarkorts	Með afsláttarkorti	Án afsláttarkorts	Með afsláttarkorti
Koma á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	0	0	0	0
1996	700	300	300	100
Koma á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	500	0	500	0
1996	1.100	700	500	300
Vitjun heilsugæslu- eða heimilislæknis á dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	400	0	400	0
1996	1.100	700	400	300
Vitjun heilsugæslu- eða heimilislæknis utan dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	1.000	0	1.000	0
1996	1.600	1.000	600	400
Krabbameinsleit hjá heimilislækni eða á heilsugæslustöð.				
Fyrir áramót 1991/1992	900	0	300	0
1996	1.500	500	500	300
Koma til röntgengreiningar eða rannsókna.				
Fyrir áramót 1991/1992	300	0	100	0
1996	1.000	400	300	100

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

2. og 3. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að 2. og 3. mgr. 7. gr. laga um framhaldsskóla falli brott. Í 2. mgr. 7. gr. er kveðið á um að skólanefnd ákveði upphæð innritunar- og efnisgjalda sem nemendum er gert að greiða við upphaf hverrar námsannar eða skólaárs. Er annars vegar um að ræða innritunargjald, sem er þjónustugjald vegna kostnaðar við kennsluefni og pappír, og hins vegar efnisgjald sem innheimt er af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efniskostnaðar við efni sem skólinn lætur nemendunum í té. Er kveðið á um það í núgildandi lögum að innritunargjald megi aldrei vera hærra en 6.000 kr. á skólaári, en efnisgjald aldrei hærra en 12.500 kr. á önn.

Í 3. mgr. 7. gr. er að finna reglur um sérstakt endurinnritunargjald sem framhaldsskólum er heimilt að innheimta af nemendum sem endurinnritast í bekkjardeild eða áfanga og gera lögin ráð fyrir því að upphæð gjaldsins miðist við 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu á síðustu önn.

Í frumvarpi þessu er þó gert ráð fyrir að ákvæði síðari málsgreinar 10. gr. haldi gildi sínu, en þar er fjallað um gjöld til nemendasjóða.

43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Kristján Pálsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi, skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.
b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.
c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.

d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.
e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.
f. Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á seinni árum hefur mjög færst í vöxt að íslenskar skipaútgerðir noti í sínum rekstri skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi en manni þau eigi að síður með íslenskri áhöfn, alfarið eða að hluta til. Fá þessir sjómenn laun sín greidd frá hinu íslenska skipafélagi, greiða skatta og skyldur hérlendis og njóta sjómannaafsláttar, sbr. b-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, til jafns á við sjómenn á skipum skráðum á Íslandi.

Í a-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaganna er kveðið á um að launþegar sem starfa hér á landi séu slysatryggðir. Starf um borð í íslensku skipi, þ.e. skipi skráðu hérlendis, eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessu ákvæði. Í kjölfar hins hörmulega slyss þegar Dísarfell fórst í mars sl. kom í ljós að íslenskir sjómenn sem starfa um borð í skipum sem sigla undir erlendum fána en eru eigi að síður í þjónustu íslenskra skipafélaga hafa engan lagalegan rétt til slysatrygginga, þrátt fyrir að þeir gre iði skatta af launum sínum til íslenska ríkisins. Hér er á ferðinni augljós mismunun sem byggist eingöngu á því hvort starfsmanni íslensks skipafélags er gert að sigla á íslenskum skipum félagsins eða þeim sem skráð eru annars staðar í heiminum.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á a-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaganna að sjómenn sem starfa á skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi séu slysatryggðir á sama hátt og þeir starfsbræður þeirra sem starfa á skipum skráðum á Íslandi. Það leiðir af ákvæðum a-liðar 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaganna að til þess að vera slysatryggður samkvæmt þessum lið þarf sjómaður að fá laun sín greidd af íslenskri útgerð. Í þeim tilvikum sem íslenskt skipafélag leigir erlent skip með áhöfn sem fær laun sín greidd erlendis frá er ekki uppfyllt ákvæði laganna um að störf sjómanns um borð í íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi jafngildi störfum launþega sem starfa á Íslandi, sbr. a-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaganna. Hugtakið íslenskt skipafélag getur eftir því sem við á tekið bæði til kaupskipa- og fiskiskipaútgerða, hvort sem félög eða einstaklingar standa að slíkum rekstri.

44. Fyrirspurn [44. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskukennslu erlendis.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Við hvaða erlendar menntastofnanir á háskólastigi er kennd íslenska eða íslensk fræði?

2. Hverjar þeirra njóta stuðnings íslenskra aðila, opinberra eða annarra, og hvernig er þeim stuðningi háttað?
3. Hefur íslenska verið lögð niður sem kennslugrein við einhverjar erlendar menntastofnanir á síðustu tíu árum? Ef svo er, hverjar eru þær stofnanir, hvenær gerðist það og hvaða upplýsingar hefur menntamálaráðuneytið um ástæður þessa?

Skriflegt svar óskast.

45. Fyrirspurn [45. mál]

til menntamálaráðherra um öryggismál sundstaða.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða sveitarfélög og aðrir eigendur sundstaða hafa formlega samþykkt reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar sem gefnar voru út árið 1994?
2. Hvaða sundstaðir uppfylla þær nú þegar?
3. Hvaða sveitarfélög og aðrir eigendur sundstaða hafa ekki enn þá samþykkt reglurnar?
4. Hvaða aðferðum hyggst ráðherra beita til að fá þá sundstaði sem ekki uppfylla reglurnar til að hefjast handa um að hrinda þeim í framkvæmd?

Skriflegt svar óskast.

46. Fyrirspurn [46. mál]

til menntamálaráðherra um öryggismál í skólum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fræðsla sem miðar að því að draga úr slysum á börnum í skólum verði hluti af námsefni grunnskólans?
2. Hyggst ráðherra vinna að því að settar verði sérstakar reglur um öryggismál í skólum, svo sem þjálfun kennara og gæslumanna í skyndihjálp, neyðarbúnað og annað sem varðar öryggi skólabarna?

47. Fyrirspurn [47. mál]

til samgönguráðherra um áhrif lýsingar við Reykjanesbraut á slysatíðni.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hver er fjöldi og umfang slysa sem hafa orðið á Reykjanesbraut eftir að lýsing var sett upp við veginn, borið saman við sambærileg tímabil á fyrri árum?
2. Hafi slysum fækkað, hver er áætlaður sparnaður þjóðfélagsins frá því að lýsingin var sett upp?
3. Telur ráðherra að brýnt sé að setja lýsingu við aðra fjölfarna vegi landsins, t.d. á Hellisheiði, og hyggst hann beita sér fyrir slíkum framkvæmdum?

48. Fyrirspurn [48. mál]

til menntamálaráðherra um fjárframlög til íþróttastarfsemi.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hafa fjárframlög ríkisins til íþróttamála undir liðnum 02-989 Ýmis íþróttamál skipst milli kynja síðustu fimm árin?
2. Hafa verið sett skilyrði af hálfu ríkisins um jafnræði milli kynja við nýtingu þessara fjárframlaga, sbr. samþykktir Alþingis frá árunum 1992 og 1996? Ef ekki, hvað er fyrirhugað í því efni?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

1. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á Alþingi í maí 1992 (þskj. 1018, 177. mál á 115. löggjafarþingi): „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna. Áhersla verði lögð á mikilvægi íþrótta í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerðir til að bæta heilsu og vinnuþrek. *Fjárframlög ríkisins til íþrótta skulu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði* (leturbreyting KH).“
2. Þá var í maí 1996 samþykkt eftirfarandi ályktun (þskj. 1170, 61. mál á 120. löggjafarþingi): „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Nefndin vinni í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands að því að efla íþróttir stúlkna og kvenna og leitist við að koma í veg fyrir eða minnka hið mikla brotthvarf stúlkna úr íþróttum. Þá skoði nefndin sérstaklega umfjöllun fjölmiðla um íþróttir stúlkna og kvenna, *hvaða fjármagn sé veitt til stúlkna- og kvennaíþrótta* (leturbreyting KH), skiptingu kynjanna í forustu íþróttahreyfingarinnar og aðra þá þætti sem geta haft áhrif á stöðu stúlkna- og kvennaíþrótta. Meðal annars verði litið til þess sem gert hefur verið erlendis í átt til umbóta í þessum efnum.“

Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn á síðasta þingi kom fram að 1. október 1996 var leitað eftir tilnefningum í þessa nefnd.
3. Framlög undir framangreindum fjárlagalið hafa numið samtals 437.700 þús. kr. á síðustu fimm árum.

49. Fyrirspurn [49. mál]

til samgönguráðherra um kjör stjórnenda Pósts og síma hf.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hver eru kjör tíu æðstu stjórnenda Pósts og síma hf. og hvernig eru þau ákveðin:
   a. í launum,
   b. í öðrum beinum fjármunum,
   c. í bifreiðum,
   d. í öðru?
2. Hafa verið keyptar bifreiðar sérstaklega fyrir þessa einstaklinga, og þá hverja, og hvað hefur það kostað?

50. Frumvarp til laga [50. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:
a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kw.,
b. þeirra aðila sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kw., þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Gera skal skipulagsáætlun sem lýsi fyrirhuguðum framkvæmdum. Áður en veitt er leyfi skv. 3. gr. skal skipulagsáætlunin hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar þar sem það á við, svo og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1964, að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Ef um er að ræða vatnsaflsvirkjun með uppsett afl meira en 10 megavött eða vatnsmiðlun þar sem meira en 5 ferkílómetrar fara undir vatn getur skipulagsstjórn krafist þess að fram fari umhverfismat á kostnað framkvæmdaraðila áður en skipulagsáætlun er samþykkt.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ í 1. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, kemur: allt að 200 kw.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á 107., 108., 116., 117., 118.,120. og 121. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt.

Flutningsmenn tillögunnar telja að vel komi til álita að breyta viðmiðunum varðandi stærð þeirra virkjana sem heimildir þarf fyrir, sbr. 2. og 3. gr., en í frumvarpinu er miðað við gildandi ákvæði orkulaga. Mætti athuga þetta sérstaklega við endurskoðun þeirra laga.

Að mati flutningsmanna er brýnt að lögfesta ákvæði frumvarpsins út frá almennum sjónarmiðum, en einnig vegna breyttrar réttarstöðu erlendra ríkisborgara hér á landi að gerðum samningi um evrópskt efnahagssvæði. Frumvarpið var upphaflega afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign“. Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn

í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal.

Um framhald greinargerðar og athugasemdir við einstakar greinar vísast til þskj. 179 (157. mál 116. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1992–93, bls. 1736–1742. Tilvísanir í 67. gr. stjórnarskrárinnar eiga nú við 72. gr., sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Nefndarálit um virkjunarrétt fallvatna.

II. Álit minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 61 (59. mál 108. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1985–86, bls. 593–604.

51. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að móta tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Tillögurnar verði kynntar Alþingi á haustþingi 1998.

Greinargerð.

Hrossum hér á landi hefur fjölgað ár frá ári frá 1970 að telja. Þá voru hross á vetrarfóðrum talin vera rúm 33 þúsund en á árinu 1995 var tala hrossa komin yfir 78 þúsund og er nú að líkindum um 80 þúsund. Yfir helmingur þessa fjölda er í tveimur kjördæmum, á Suðurlandi (um 26 þúsund) og á Norðurlandi vestra (um 20 þúsund).

Þessi mikla fjölgun hrossa hefur á ýmsum stöðum leitt til ofbeitar og landskemmda og með frekari fjölgun hrossa stefnir víða í algjört óefni. Tvær mikilvægar athuganir liggja nú fyrir þessu til staðfestingar, annars vegar víðtæk könnun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins á jarðvegsrofi á Íslandi (skýrsla í febrúar 1997), hins vegar mat sömu stofnana á ástandi hrossahaga (skýrslur á ráðunautafundi 1997). Verður hér gerð nokkur grein fyrir þessum úttektum þar eð þær snerta með beinum hætti efni þeirrar tillögu sem hér er flutt.

Forkönnun á hrossahögum.

Kannanir voru gerðar á hrossahögum í 19 sýslum landsins á árunum 1995–96 og stóð Landgræðsla ríkisins að þeim í samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, félagssamtök hestamanna, bændasamtökin og ýmsa fleiri aðila. Þar var um eins konar forkönnun að ræða og land flokkað eftir ástandi samkvæmt kvarða sem þróaður hefur verið hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins (Hrossahagar. Aðferð til að meta ástand lands. Höf.: Borgþór Magnússon,

Ásrún Elmarsdóttir og Björn H. Barkarson. Apríl 1997). Skráðar voru allar jarðir þar sem matsmaður taldi að ástand lands væri slæmt, mjög slæmt eða land óhæft til beitar. Með þessum hætti var unnt að skoða margar jarðir á stuttum tíma. Í þessari forkönnun voru alls gerðar athugasemdir við ástand og nýtingu lands í vörslu 522 aðila sem samtals áttu 17.730 hross samkvæmt forðagæsluskýrslum. Þar af var ástand stórra svæða talið óviðunandi hjá 254 aðilum og voru þeir bæði í þéttbýli og dreifbýli. Um niðurstöður vísast í mynd og töflu sem birtar eru sem fylgiskjal II með tillögunni og fengnar eru úr samantekt eftir Björn H. Barkarson hjá Landgræðslu ríkisins. Þar kemur m.a. fram að ástand hrossahaga er verst í þremur sýslum, Skagafjarðarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Næsta skref könnunarinnar verður að skoða nánar þær jarðir þar sem athugasemdir voru gerðar í samvinnu við umráðaaðlila lands og hrossa svo og viðkomandi búnaðarsambönd. Verður reynt að benda bændum og hrossaeigendum þar sem beitarmál eru í ólestri á æskileg úrræði, m.a. að fækka óþarfa hrossum, friða land tímabundið og stjórna hrossabeit þannig að gróður haldi velli. Almennt þykir æskilegt að gróðurnýting í högum fari ekki yfir 50%.

Jarðvegsrof og hrossabeit.

Frá árinu 1990 hefur verið unnið að heimildasöfnun og kortlagningu á jarðvegsrofi hérlendis undir forustu dr. Ólafs Arnalds hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Með útgáfu á niðurstöðum er fenginn nýr og betri grunnur en áður til að byggja á við landgræðslu og jarðvegsvernd. Víða í skýrslunni Jarðvegsrof á Íslandi (febrúar 1997) er vikið að áhrifum hrossabeitar á gróður og jarðveg. Verður hér á eftir vitnað orðrétt í skýrsluna á nokkrum stöðum:

„Athygli vekur hve rofdílar eru algengir á grónu landi, en þeir eru fyrst og fremst afleiðing beitar. Þá sýnir rannsóknin að víða á sér stað alvarlegt rof í hlíðum landsins og að gæta þarf hófs við nýtingu þeirra. Sérstaklega er varasamt að beita hrossum á viðkvæmt gróðurlendi hlíðanna." (bls. 10)

„Það er nokkuð algeng skoðun hér á landi að jarðvegsvernd og landgræðsla felist fyrst og fremst í því að stöðva hraðfara gróðureyðingu. Jarðvegsvernd felst ekki síður í sjálfbærri landnýtingu þar sem ekki er gengið á landsins gæði. Friðun auðna og rofsvæða er eðlilegur þáttur í landgræðslustarfi, ásamt því að stuðla að skynsamlegri nýtingu, fræðslu, uppgræðslu, aukinni ábyrgð landeigenda og frumkvæði þeirra. Heildstæða jarðvegverndaráætlun þarf að byggja á víðtækri þekkingu á gróðri, jarðvegi og jarðvegsrofi. Hún kallar á hvaðeina sem stuðlar að skynsamlegri nýtingu lands, verndun náttúruauðs og endurheimt landgæða, þar á meðal rannsóknir, stjórnun beitar, fræðslustarf, áætlanagerð og lagasetningu." (bls. 23)

„Á óvart kemur hve mikið rof er sums staðar í annars vel grónum dölum Borgarfjarðarsýslu. Rofið er oftast fólgið í rofdílum og jarðsili (rofdílar í grónum hlíðum) en þessar rofmyndir má fyrst og fremst rekja til beitar og er full ástæða til að hvetja til þess að hlíðar Borgarfjarðardala séu nýttar með varúð, sérstaklega snemma vors þegar jarðvegur er gljúpastur." (bls. 56)

„Jarðsil er einnig víða alvarlegt á Snæfellsnesi og í Dalasýslu. Þessar sýslur eru annars mjög vel grónar og því ber að taka þessar niðurstöður sem aðvörun um að verulegt gróðurlendi geti tapast að fullu á næstu áratugum ef þess verður ekki gætt að beita hlíðarnar hóflega. Beit stóðs í hlíðum ætti að vera bönnuð alls staðar á landinu." (bls. 57)

„Hrossabeit er farin að spilla högum í Húnavatnssýslum og gæti kastað rýrð á hina grænu ásýnd þeirra. Nokkuð víða er alvarlegt rof í hlíðum sökum hrossabeitar, sérstaklega í austursýslunni, en áður hefur verið fjallað um að slíkt rof getur auðveldlega valdið miklu tjóni á stuttum tíma, auk þess sem jarðsil í hlíðum eykur hættu á skriðuföllum." (bls. 62)

„Láglendi Skagafjarðar er vel gróið en hrossabeit veldur skemmdum á gróðri og jarðvegi

á mörgrum jörðum. Ljóst er að beit hrossa er orðin mun meiri í Skagafirði en skynsamlegt getur talist. Beitarhólfin eru þó flest of lítil til þess að þau komi fram á kortlagningu í mælikvarðanum 1:100 000." (bls. 62)

Eyjafjörður: „Víða er mikið jarðsil í hlíðum, sem margar hverjar eru brattar og því mjög viðkvæmar. Áður var vikið að því að tengsl eru á milli skriðufalla, jarðsils og beitarþunga. Skriðuföll eru hluti af eðlilegri þróun í náttúrunni en tíðni margfaldast eftir því sem gengið er nær gróðrinum (sjá umfjöllun um jarðsil í 8. kafla). Flestir hreppar Eyjafjarðar skarta grænni gróðurkápu en Eyfirðingar ættu að huga vel að hlíðunum, eins og nýleg hrina skriðufalla sannar. Óhófleg hrossabeit í þessum hlíðum samræmist ekki skynsamlegri landnýtingu." (bls. 63)

„Á Sléttu, í Þistilfirði og við Bakkaflóa á sér stað mikil frostlyfting. Því eru þúfur oft áberandi og jarðsil mikið. Slík vistkerfi eru mjög viðkvæm og þola illa hrossabeit." (bls. 63)

„Hlíðar Austfjarðafjallanna eru víða illa grónar en þó standa eftir stakar torfur til vitnisburðar um gróðurlendi sem áður verndaði fyrir vatni og vindum. Í þessum hlíðum hefur átt sér stað mikið rof og þær eru mjög viðkvæmar fyrir beit. Draga ber úr beitarálagi undir eins og rofsár taka að myndast í þeim." (bls. 70)

„Flestir afrétta Sunnlendinga eru metnir óhæfir til beitar. ... Hrossabeit á láglendi er sums staðar það mikil á Suðurlandi að hún er tekin að valda eyðingu jarðvegs. Við kortlagningu eru ofbeitt hrossahólf einkum flokkuð sem rofdílasvæði með rofeinkunn 3." (bls. 76)

„Á Suðvesturlandi er rof yfirleitt lítið, ef Krísuvíkursvæðið og suðvesturhorn Reykjanesskagans er undanskilið. Mjög hefur dregið úr jarðvegsrofi eftir að sauðfé fækkaði og mörg rofsvæði hafa nú verið að fullu grædd af bæjarfélögum og áhugamannasamtökum. Hins vegar er hrossabeit farin að spilla landi á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi." (bls. 76)

„Gróður og jarðvegur í hlíðum mynda vistkerfi sem er allajafna svo viðkvæmt að ekki ætti að beita þungum dýrum þar í miklum mæli, allra síst á vorin þegar jarðvegur er gljúpur. Vetrarbeit í hlíðum er mjög skaðleg og það er skoðun höfunda að setja ætti reglur sem takmarka hrossabeit í bröttum hlíðum." (bls. 95)

„Á mörgum afréttarsvæðum er ekki um annað að ræða en að hætta beit því nýtingin getur ekki talist réttlætanleg um fyrirsjáanlega framtíð. Dæmi um slík svæði eru flestir afréttir Rangárvallasýslu og Árnessýslu og afréttir norðanlands, allt frá Eyvindarstaðaheiði austur að Jökulsá á Brú." (bls. 108)

Framangreindar tilvitnanir, sem tengjast hrossabeit og gróður- og jarðvegseyðingu sem henni getur fylgt, fela í sér mikilsverðar ábendingar fyrir löggjafar- og framkvæmdarvald.

Hrossafjöldi verði í samræmi við landgæði.

Einkennandi fyrir hrossabúskap hérlendis síðustu áratugi er að hrossum hefur farið fjölgandi ár frá ári eins og lesa má úr töflu í fylgiskjali I. Álit þeirra sem rannsóknir stunda og fylgst hafa með ástandi jarðvegs og gróðurlenda er að hrossastofninn sé orðinn of stór miðað við núverandi beitarhætti. Eflaust mætti sums staðar létta á ofbeittum högum með bættri stjórnun beitar án þess að grípa til fækkunar hrossa, en það breytir ekki þeirri meginstaðreynd að stofninn er þegar orðinn of stór miðað við gróðurlendi og fer stækkandi að óbreyttu.

Dr. Ólafur Dýrmundsson, landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, hefur margoft bent á þann vanda sem fylgir mikilli fjölgun hrossa í landinu. Í viðtali í Eiðfaxa, 1. tbl. 1997, sem ber yfirskriftina „Landskemmdir af völdum hrossabeitar" segir Ólafur m.a. eftirfarandi:

„Ef landið er ofsetið þá verður hreinlega að fækka hrossunum, það verður að grisja stofninn þar sem þess er þörf. Þá þurfa hestamenn í þéttbýli að gæta hófs bæði í hrossarækt og

hrossaeign almennt. ... Ég tel að félög hrossabænda og hestamanna þurfi að taka þessi beitarvandamál fastari tökum en verið hefur. Að vísu hafa margir einstaklingar úr röðum þessara aðila tekið undir okkar skoðanir á þessum málum. Meðal annars þarf að gæta hófs í hrossafjölgun og leggja áherslu á gæði hrossanna en ekki fjöldann. Samtök hestamanna hafa líka tekið undir það almennt að gæta hófs um beitina. Þó hefur mér fundist skorta á, einkum hjá Félagi hrossabænda, að kveða upp úr um að stöðug fjölgun hrossa þjóni engum tilgangi og hún geti verið skaðleg á sumum stöðum. Að gæta verði hófs í ásetningi folalda og að grisja miskunnarlaust og segja þetta opinberlega. Ekki að líta á þetta sem eitthvert feimnismál. Eitt er víst að þessi vandamál sem nú eru komin upp má flest rekja til þess að menn hafa séð gull og græna skóga í fjölgun hrossa."

Þess má geta að haldi fjölgun hrossa áfram með viðlíka hætti og sl. tíu ár (4,2% á ári að meðaltali) yrði hrossafjöldinn í landinu kominn í um 200 þúsund að 20 árum liðnum.

Markmiðið um sjálfbæra landnýtingu er alvörumál.

Með rannsóknum á jarðvegi og ástandi gróðurs hérlendis hefur nú verið lagður sæmilegur grunnur til að meta þessa þætti og stunda eðlilega vöktun af hálfu notenda lands og eftirlitsaðila. Rannsóknir þarf þó að efla til mikilla muna og m.a. tengja þær ráðgjöf um beitarstjórnun og bætta meðferð landsins.

Búskaparhættir hafa gjörbreyst hér á landi frá því sem áður var samfara stóraukinni ræktun til heyskapar og beitar. Vetrarbeit sauðfjár heyrir að mestu sögunni til og hrossum er gefið meira en áður var. Nautgripir ganga að mestu á ræktuðu landi og sauðfé er einnig beitt á ræktað land vor og haust. Mestu munar um stórfellda fækkun sauðfjár úr um 900 þúsund á vetrarfóðrum árið 1978 niður í 460 þúsund árið 1995. Þó er enn víða stundaður sauðfjárbúskapur þar sem engar forsendur er til þess út frá ástandi bithaga. Á sama tíma hefur fjöldi hrossa hátt í þrefaldast og hafa hross aldrei verið svo mörg í landinu að vitað sé. Talið er að þau taki a.m.k. eins mikið í úthagabeit og sauðfé, en dreifing og plöntuval er með öðrum hætti. Þótt heildarfjöldi hrossa liggi fyrir er þörf á markvissri úttekt á hrossabúskap og hrossaeign með tilliti til landkosta jarða og afrétta.

Þær breytingar á búskaparháttum sem að ofan er lýst hafa ekki orðið með hliðsjón af ástandi gróðurlendis í úthaga og á afréttum heldur hafa þar önnur öfl verið ráðandi. Stjórnlaus fjölgun hrossa er skýrt dæmi um þetta. Menn þurfa einnig að gera ráð fyrir að veðurfar geti snúist til hins verra og að mat á beitarþoli og ásetningur verða að miðast við það sem landið getur sæmilega borið í hörðum árum.

Virk stjórntæki, leiðsögn og skýr stefna þurfa að koma til ef tryggja á sjálfbæra þróun gróðurríkis landsins og eðlilega undirstöðu fyrir beit. Við þá stefnumótun þarf vissulega að líta á beitarálag alls búfénaðar sem og annarra grasbíta í heild.

Með þeirri tillögu sem hér er flutt er sjónum sérstaklega beint að hrossabúskap í landinu og lýst eftir tillögum frá stjórnvöldum til að takmarka frekari fjölgun hrossa og ofbeit af þeirra völdum.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 121. löggjafarþingi. Var tillögunni þá vísað til landbúnaðarnefndar og bárust nefndinni umsagnir um málið frá allnokkrum aðilum. Einnig óskaði landbúnaðarnefnd eftir áliti umhverfisnefndar á málinu. Í svari umhverfisnefndar, dags. 2. maí 1997, kemur fram að nefndin taki undir nauðsyn þess að leitað sé leiða til að takmarka fjölda hrossa og fyrirbyggja landskemmdir af völdum hrossabeitar. Umsagnaraðilar tóku allir undir nauðsyn þess að huga þurfi að þessum málaflokki. Þannig mæla Samband íslenskra sveitarfélaga og Skógrækt ríkisins með samþykkt tillögunnar. Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að enn sé langt í land með að ástand þessara mála sé viðundandi og nauðsynlegt

sé að fjalla um leiðir til úrbóta og í sama streng taka Búnaðarsamband Vestfjarða og Landssamband hestamanna.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Úr Hagtölum landbúnaðarins 1996. Fjöldi hrossa í einstökum landshlutum árið 1995 og fjöldi hrossa árin 1970–95.
II. Tölulegar upplýsingar úr forkönnun á hrossahögum. Ráðunautafundur 1997. Björn H. Barkarson.
III. Svör við könnun Búnaðarfélags Íslands á húsakosti fyrir hross. (Freyr, 9. tbl. 1995. Húsakostur fyrir hross, bls. 365.)
IV. Fjöldi hrossa í landinu 1970–1994 og horfur framundan. (Landgræðslufréttir. Landgræðsla ríkisins. 1. tbl. 5 árg. 1995.)

Sjá þskj. 851 (507. mál 121. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1996–97, bls. 4431–4437.

52. Skýrsla [52. mál]

fjármálaráðherra um skilabréf og greinargerð jaðarskattanefndar.

(Lögð fram á Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er að finna greinargerð jaðarskattanefndar ásamt skilabréfi formanns nefndarinnar. Í greinargerðinni er fjallað um þróun tekjuskattskerfisins og lýst hvernig jaðaráhrif þess og ýmissa bóta hafa breyst í gegnum tíðina. Jafnframt er þar að finna alþjóðlegan samanburð. Í skilabréfinu er gerð grein fyrir tilefni nefndarskipunarinnar, störfum hennar og umræðum. Þar kemur einnig fram að nefndarmenn voru sammála um að starfi nefndarinnar væri lokið. Af þessum ástæðum tel ég eðlilegt að leggja greinargerð nefndarinnar ásamt skilabréfi fram á Alþingi.

Eins og fram kemur í skilabréfinu ræddi nefndin ýmsar leiðir til að draga úr jaðaráhrifum skatta- og bótakerfisins. Í beinum tengslum við undirbúningsstarf nefndarinnar og gerð kjarasamninga lögfesti Alþingi síðastliðið vor umtalsverða lækkun tekjuskatts einstaklinga. Auk þess var lögfest að skattleysismörk skyldu hækka um 2,5% á ári næstu þrjú ár. Loks kemur til framkvæmda á næsta ári breyting á barnabótakerfinu þegar allar barnabætur verða tekjutengdar, en skerðingarhlutföll jafnframt lækkuð. Þessar breytingar koma í kjölfar fyrri ákvörðunar um að undanþiggja lífeyrisiðgjöld launþega skattlagningu, sem kom til framkvæmda á árunum 1995 og 1996, auk þess sem verulega var dregið úr jaðaráhrifum barnabótakerfisins þegar á árinu 1996 með lækkun skerðingarhlutfalla.

Til viðbótar þessum ákvörðunum ákvað ríkisstjórnin síðastliðið vor breytingar á bótum almannatrygginga, en með þeim er verulega dregið úr jaðaráhrifum almannatryggingakerfisins, meðal annars varðandi uppbót á lífeyri vegna lyfjakostnaðar og niðurfellingu á afnotagjaldi ríkisútvarpsins. Þá er einnig ástæða til að vekja athygli á því að stjórnvöld hafa nýverið ákveðið að draga úr jaðaráhrifum í námslánakerfinu með lagabreytingu sem lækkar endurgreiðsluhlutfall lána úr 7% í 4,75%.

Af framangreindu er ljóst að ríkisstjórnin hefur nú þegar stigið mikilvæg skref í þá átt að lækka jaðarskatta og draga úr tekjutengingu. Þótt starfi jaðarskattanefndar sé lokið munu stjórnvöld áfram skoða skattkerfið með tilliti til hugsanlegra breytinga í framtíðinni. Því hef ég ákveðið að fela nýrri nefnd að skoða þróunina í skattamálum hér á landi og erlendis og safna saman upplýsingum sem lagt geta grunn að stefnumörkun og þar með æskilegum breytingum á skattkerfinu.

Friðrik Sophusson.

SKILABRÉF

Fjármálaráðherra
Friðrik Sophusson

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er gert ráð fyrir endurskoðun á ýmsum veigamiklum þáttum skattkerfisins, sbr. eftirfarandi:

„Að taka upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á skattkerfinu með það að markmiði að draga úr skattsvikum, lækka jaðarskatta, einfalda skattkerfið og auka jafnræði innan þess. Með skattaívilnunum verði almenningur hvattur til að leggja áhættufé í atvinnufyrirtæki. Undirbúningi þessara skattbreytinga verði lokið á árinu 1996.“

Í byrjun árs 1996 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að endurskoða skattkerfið með fyrrgreind markmið að leiðarljósi og gera tillögur um málið. Tilefni þessarar endurskoðunar var margþætt, meðal annars þær miklu breytingar sem höfðu orðið á tekjuskattskerfinu frá því að staðgreiðslan var tekin upp í ársbyrjun 1988. Þannig hafði skatthlutfallið hækkað úr 35,2% í tæplega 42%. Þá hefur vægi tekjutengdra bóta verið aukið og þar með hafa jaðaráhrif skattkerfisins orðið enn meiri. Loks hefur verið tekinn upp sérstakur 5% skattur (hátekjuskattur) á tekjur yfir ákveðnum mörkum. Allar þessar breytingar hafa breytt ýmsum grundvallarviðmiðunum í tekjuskattskerfinu og í mörgum tilvikum raskað innbyrðis hlutföllum og markmiðum þess. Þá voru þær raddir sífellt háværari sem töldu að þetta kerfi drægi úr vinnuframlagi og stuðlaði að skattsvikum og því væri þörf á úrbótum.

Í nefndina voru skipaðir:

Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti, formaður nefndarinnar,
Benedikt Davíðsson þáverandi forseti ASÍ, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur, tilnefnd af BSRB,
Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af VSÍ,
Hjálmar Árnason, alþingismaður, tilnefndur af Framsóknarflokki.
Vilhjálmur Egilsson, alþingismaður, tilnefndur af Sjálfstæðisflokki,
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri, fjármálaráðuneyti,
Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri, fjármálaráðuneyti, og
Snorri Olsen, þáverandi ríkisskattstjóri.

Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ tók síðan sæti í nefndinni í stað Benedikts Davíðssonar. Auk þess sátu Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur, varamaður ASÍ og Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, varamaður VSÍ, fundi nefndarinnar. Þá sótti Garðar Jónsson, viðskiptafræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fundi nefndarinnar í fjarveru Vil-

hjálms Þ. Vilhjálmssonar. Með nefndinni störfuðu Bragi Gunnarsson og Maríanna Jónasdóttir, bæði deildarstjórar í fjármálaráðuneytinu. Nefndin hélt 19 fundi, en jafnframt var unnið í minni hópum milli funda.

I. Starf nefndarinnar.

Í starfi sínu fjallaði nefndin um ýmsar leiðir til þess að sníða þá annmarka af tekjuskattskerfinu sem henni er ætlað samkvæmt erindisbréfinu. Þar hafa allir þættir þess verið lagðir undir, skatthlutföll, persónu-, sjómanna- og hlutabréfaafsláttur, barnabætur, barnabótaauki, vaxtabætur o.fl. Lagðar voru fram margvíslegar greinargerðir um þróun skattkerfisins hér á landi á undanförnum árum, stöðuna nú samanborið við önnur ríki OECD og kynntar ýmsar samanburðartölur um skatthlutföll, skattleysismörk, bótagreiðslur o.fl. Þá hefur verið velt upp spurningum um hverjir séu meginstraumar í skattlagningu annarra þjóða og hvað megi læra af reynslu þeirra. Jafnframt hefur verið rætt um ýmsa þætti sem lúta að jafnræði í skattamálum, skattsvikum og aðgerðir gegn þeim o.fl. Þessu efni eru gerð nánari skil í meðfylgjandi greinargerð.

Í febrúar kynntu formenn landssambanda ASÍ hugmyndir sínar um breytingar á tekjuskatti einstaklinga. Lagt var til að tekið yrði upp nýtt og lægra skattþrep, en þau tvö þrep sem í gildi voru héldust óbreytt. Jafnframt voru settar fram hugmyndir um að dregið yrði úr jaðaráhrifum barnabóta og vaxtabóta, án þess að þær væru fullmótaðar. Í kjölfar þessa boðaði ríkisstjórnin aðgerðir í skattamálum sem fólu í sér 4% lækkun tekjuskatts í áföngum og breytingar á barnabótakerfinu. Jafnframt kynnti ríkisstjórnin hugmyndir sínar um breytingar á vaxtabótakerfinu, en þær hlutu ekki hljómgrunn. Þessar breytingar voru í samræmi við þær hugmyndir sem helst voru ræddar í nefndinni án þess þó að nefndarmenn tækju formlega afstöðu til þeirra. Þegar ríkisstjórnin hafði kynnt tillögur sínar í skattamálum, lýstu ASÍ og BSRB yfir andstöðu við þá aðferð sem höfð var við framkvæmd skattalækkunarinnar, um leið og ASÍ ítrekaði fyrri tillögur sínar um skattbreytingar. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar, að vaxtabótunum frátöldum, voru síðan lögfestar á Alþingi í maí og hefur fyrsti áfangi þegar komið til framkvæmda.

II. Umræður í nefndinni.

Hér á eftir er í stuttu máli fjallað um þær hugmyndir sem helst voru ræddar í nefndinni, án þess að einstakir nefndarmenn tækju formlega afstöðu til þeirra.

1. Skatthlutfallið lækki í áföngum. Í upphafi nefndarstarfsins var talsvert rætt um róttækar breytingar á tekjuskattskerfinu þar sem skatthlutfallið yrði lækkað verulega. Eftir vandlega skoðun á uppbyggingu gildandi kerfis virtist ljóst að þessi möguleiki væri tæpast fyrir hendi nema með því að lækka persónuafslátt og fella niður eða lækka verulega aðra afsláttarliði og bótagreiðslur. Þannig kostar lækkun tekjuskatts um 1 prósentustig að óbreyttum persónuafslætti (hærri skattleysismörkum) ríkissjóð 2,3 milljarða króna á ári. Á sama hátt kostar lækkun tekjuskatts um 1 prósentustig að óbreyttum skattleysismörkum (persónuafsláttur er lækkaður á móti lækkun hlutfallsins) ríkissjóð 1,3 milljarða króna árlega. Á hinn bóginn sparar lækkun skattleysismarka um 1.000 krónur á mánuði (420 króna lækkun á persónuafslætti) ríkissjóði 800 m. kr. árlega að öðru óbreyttu. Í þessu samhengi var skoðað að taka upp eitt eða fleiri skattþrep sem væru umtalsvert lægri en almenna skattþrepið er í dag. Jafnframt ræddi nefndin mögulega lækkun persónuafsláttar (skattleysismarka).

Eftir talsverðar umræður í nefndinni þótti einsýnt að ekki næðist samstaða um svo róttækar breytingar. Talið var fullvíst að mikil og almenn andstaða væri gegn lækkun skatt-

leysismarka, þrátt fyrir almenna lækkun á skatthlutfalli. Sama væri upp á teningnum varðandi afnám eða lækkun annarra afsláttar- eða bótaliða. Að þessum forsendum gefnum verður svigrúm til breytinga á skatthlutfalli verulega skert. Þá voru flestir nefndarmanna á því að tæplega lægju rök fyrir fjölgun skattþrepa þar sem slíkt flækir framkvæmd staðgreiðslunnar og kallar í reynd á nýtt kerfi. Raunhæfara væri að ræða breytingar sem gengju skemur og miðuðu við sem næst óbreytt fyrirkomulag hvað persónuafslátt/skattleysismörk varðar. Sú leið sem helst var talin fær var að lækka almenna skatthlutfallið í nokkrum áföngum. Þar var meðal annars nefnd þriggja prósentustiga lækkun á þremur árum að óbreyttum skattleysismörkum. Að öðru óbreyttu mundi sú lækkun kosta ríkissjóð 4 milljarða króna á ári þegar hún væri að fullu komin til framkvæmda.

Þá ræddi nefndin einnig um mögulegar leiðir til að mæta væntanlegu tekjutapi vegna breytinga á hlutfallinu, að frátöldu því svigrúmi sem þegar var fyrir hendi, meðal annars vegna frystingar persónuafsláttar og bótaliða í fjárlögum yfirstandandi árs. Meðal þeirra var afnám hlutafjárafsláttar á næstu árum, ráðstöfun tekna af fjármagnstekjuskatti, breytingar á persónuafslætti, sjómannaafslætti, bótagreiðslum o.fl. Skoðanir nefndarmanna voru mjög skiptar varðandi þessi atriði.

2. Dregið úr tekjuskerðingu barnabóta. Ýmsar leiðir voru ræddar til breytinga á barnabótum, en fæstar þeirra þóttu fýsilegar. Þrjár meginleiðir voru þó skoðaðar nokkuð vandlega.

Beinast lá við að skoða fyrst þá hugmynd að barnabætur yrðu almennt ótekjutengdar með svipuðu sniði og í nágrannalöndunum. Í því felst að í stað tekjujafnandi barnabóta kæmi fastur framfærslustyrkur með hverju barni óháður fjárhagslegum aðstæðum hverju sinni. Á árinu 1996 námu heildargreiðslur barnabóta tæplega 5 milljörðum króna. Þar af voru tekjutengdar barnabætur tæplega helmingur, eða nálægt 2,2 milljörðum króna. Þá eru greiðslur barnabóta mjög háðar stærð og fjárhagsaðstæðum fjölskyldna, auk þess sem aldur barna skiptir töluverðu máli. Enn fremur er talsverður munur á greiðslum barnabóta eftir hjúskaparstétt. Þannig getur munur á hæstu og lægstu bótum með einu barni numið nær 200 þús. kr. á ári. Á árinu 1996 voru meðalgreiðslur á hvert barn um 55 þús. kr. hjá hjónum, en kringum 153 þús. kr. hjá einstæðum foreldrum. Í eftirfarandi töflu er stillt upp samanburði á þessum meðaltölum og hæstu og lægstu bótum á hvert barn til frekari glöggvunar.

Greiðslur barnabóta árið 1996.

Árstölur	Hámarks-bætur þús. kr.	Lágmarks-bætur þús. kr.	Meðal-bætur þús. kr.	-Frávik frá meðaltali- Hámark þús. kr.	Lágmark þús. kr.
I. Hjón:					
Með fyrsta barni yngra en 7 ára	132	39	55	-77	16
Með fyrsta barni eldra en 7 ára	102	9	55	-47	46
Með öðrum börnum yngri en 7 ára	152	59	55	-97	4
Með öðrum börnum eldri en 7 ára	122	29	55	-67	26
II. Einstæðir foreldrar:					
Með fyrsta barni yngra en 7 ára	171	70	153	-18	83
Með fyrsta barni eldra en 7 ára	171	70	153	-18	83
Með öðrum börnum yngri en 7 ára	206	105	153	-53	48
Með öðrum börnum eldri en 7 ára	175	75	153	-22	78

Af þessum tölum má ráða að verði tekju- og eignatenging barnabótaaukans afnumin og þeim fjármunum sem nú fara til greiðslu barnabóta, samtals tæplega 5 milljörðum króna, deilt jafnt niður á hvert barn, þó að teknu tilliti til hjúskaparstéttar, mundi það leiða til verulegrar tilfærslu frá þeim tekjulægri til hinna tekjuhærri. Þannig mundu barnabætur hjóna með tvö börn sem hafa 100 þús. kr. í laun á mánuði, lækka um 10 þús. kr., eða 10%, en barnabætur hjóna með 400 þús. kr. mánaðartekjur hækka um 6 þús. kr. Verði hins vegar farin sú leið að tryggja þeim tekjulægstu sömu barnabætur og greiddar eru í dag með því að viðhalda hámarksbótum mundi það kosta ríkissjóð 4,3 milljarða króna á ári. Tekjujöfnunaráhrifin af þeirri leið yrðu svipuð og af hinni fyrri, þ.e. þeir tekjuhærri njóta fyrst og fremst góðs af slíkri breytingu. Sé tekið sama dæmi og áður mundu hjón með tvö börn og 100 þús. kr. á mánuði fá sömu barnabætur og áður; eða tæplega 19 þús. kr. mánaðarlega, en barnabætur hjóna með um 400 þús. kr. í mánaðarlaun mundu hækka sexfalt, þ.e. úr 3 þús. kr. í 19 þús. kr. á mánuði. Af þessum tölum sést hversu þungt tekjujöfnunin/tengingin vegur í barnabótakerfinu hér á landi ólíkt því sem tíðkast í nágrannalöndunum. Hún gerir það einnig að verkum að barnabætur til tekjulágra fjölskyldna eru mun hærri hér en í löndunum sem við berum okkur helst saman við.

Þá var rædd sú hugmynd að skattleggja barnabætur til að vega á móti þeim kostnaði sem af afnámi tekjuskerðingarinnar hlytist. Ljóst er að með almennri skattlagningu barnabóta að óbreyttum fjárhæðum mætti fjármagna töluverðan hluta af hækkuninni, eða 3½ milljarð króna, væru bæturnar skattlagðar með 42%. Sú aðferð bitnar hins vegar helst á þeim sem eru með tekjur undir meðallagi, eigi að halda bótafjárhæðum óbreyttum. Raunar má halda því fram að skattlagning bóta kalli samhliða á bratt fjölþrepa skattkerfi eigi að hlífa þeim sem minnst hafa.

Í ljósi þess sem að framan er sagt staldraði nefndin því helst við þá hugmynd að fella almennu barnabæturnar, sem ekki eru tekjutengdar í dag, inn í tekjutengdu bæturnar um leið og dregið væri úr sjálfri tekjuskerðingunni. Þessi breyting veldur því að barnabætur til hinna tekjuhærri lækka og falla jafnvel alveg niður, en barnabætur annarra hækka vegna minni tekjuskerðingar eða standa í stað. Þannig var talið að barnabætur hjóna með meðaltekjur og þrjú börn gætu hækkað um allt að 6 þús. kr. á mánuði við breytinguna, eða sem svarar til 2½% af tekjum. Kostnaður við þetta fyrirkomulag yrði hinn sami og við gildandi kerfi. Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að í slíkri breytingu felst ákveðin þversögn. Með henni er að vísu dregið úr hlutfallslegri skerðingu barnabóta, þ.e. jaðaráhrifin minnka, en um leið fjölgar þeim sem verða fyrir einhverri skerðingu þar sem allar barnabætur yrðu tekjutengdar. Með öðrum orðum, jaðaráhrif tekjutengingar barnabóta aukast í vissum tilvikum frá gildandi kerfi, þó svo að meðalbæturnar hækki. Sem dæmi má taka hjón með þrjú börn og tekjur kringum 300 þús. kr. á mánuði. Miðað er við að hámarksbætur með hverju barni verði þær sömu og áður, en dregið sé úr tekjuskerðingunni, eða úr 15% í 11% með þremur börnum.

Í gildandi kerfi nýtur þessi fjölskylda eingöngu ótekjutengdra barnabóta, samtals 97 þús. kr. á ári, og eru jaðaráhrif þeirra engin. Það þýðir að þó fjölskyldan bæti við sig tekjum hefur sú viðbót engin áhrif á barnabæturnar. Að vísu gæti komið upp sú staða að tekjurnar lækkuðu það mikið að hjónin fengju tekjutengdan barnabótaauka. Samkvæmt þeirri hugmynd sem rædd var í nefndinni mundu barnabætur þessarar fjölskyldu hækka um 9 þús. kr. frá því sem nú er, en á móti kemur að bæturnar verða tekjutengdar og eru „jaðaráhrifin“ 11%. Hækki tekjur hennar til dæmis um 100 þús. kr. á ári lækka barnabæturnar um 11 þús. kr. Til samanburðar er einnig stillt upp dæmi um fjölskyldu af sömu stærð, en með 200 þús. kr. í mánaðarlaun, eða rétt undir meðallagi. Hjá þessari fjölskyldu gerist hins vegar hvoru tveggja í senn, jaðaráhrif barnabótanna lækka um 4%, jafnframt því að meðalbæturnar hækka.

Dæmi um barnabætur hjóna með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára.

Árstölur í þúsundum króna	Gildandi kerfi	Tillaga	Frávik
I. Skattskyldar tekjur = 300 þús. kr. á mánuði			
Ótekjutengdar barnabætur	97	-	-97
Barnabótaauki/tekjutengdar barnabætur	-	106	106
SAMTALS	**97**	**106**	**9**
„Jaðaráhrif" barnabóta	-	*11%*	*11%*
II. Skattskyldar tekjur = 200 þús. á mánuði			
Ótekjutengdar barnabætur	97	-	-97
Barnabótaauki/tekjutengdar barnabætur	90	238	148
SAMTALS	**187**	**238**	**51**
„Jaðaráhrif" barnabóta	*15%*	*11%*	*-4%*

3. Dregið úr tekjuskerðingu vaxtabóta. Í nefndinni var mikið rætt um nauðsyn þess að stokka upp vaxtabótakerfið, enda illskiljanlegt og ómarkvisst, auk þess að ýta undir skuldasöfnun. Þá voru nefndarmenn nokkuð sammála um að á kerfinu væru tveir megingallar sem brýnt væri að ráða bót á. Annars vegar eru óæskileg jaðaráhrif þess vegna tekjutengingar vaxtabóta, en þau nema 6% af framtöldum tekjum. Hitt er að í vaxtabótakerfinu felst ákveðinn hvati til skuldasöfnunar. Nefndarmenn ræddu helst þrjár leiðir til lausnar á þessum ágöllum vaxtabótakerfisins.

Ein er sú að hverfa alfarið frá vaxtabótakerfinu og taka upp svipað fyrirkomulag og áður gilti með greiðslu fastrar, tímabundinnar fjárhæðar, þ.e. húsnæðisbóta, til einstaklinga sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn. Með þeirri breytingu væri horfið frá því meginmarkmiði gildandi kerfis að bæturnar séu bein niðurgreiðsla á vöxtum og háðar efnahagslegum aðstæðum bótaþegans hverju sinni. Í staðinn kæmi tímabundið styrkjakerfi óháð efnum og aðstæðum hvers og eins. Nánari skoðun á þessari leið leiddi í ljós að til lengri tíma litið gæti slíkt kerfi dregið allverulega úr kostnaði ríkissjóðs vegna húsnæðisaðstoðar.

Einstakir nefndarmenn töldu hins vegar að hér væri stigið fulllangt skref í átt til breytinga á kerfinu með því að varpa fyrir róða öllum viðmiðunum við efnahagslegar kringumstæður bótaþega. Einnig væri það skilyrði að styrkurinn miðaðist eingöngu við kaup á fyrstu íbúð of þröngt. Til lausnar þessum vanköntum var bent á þá leið að tengja bæturnar nettóeignarstöðu einstaklings með svipuðum hætti og gert er í gildandi kerfi, án sérstakra tímatakmarkana. Við það mundu meðalbætur þeirra efnameiri verða lægri en þeirra sem litlar eignir eiga. Ýmsir agnúar voru hins vegar taldir vera á þessu kerfi. Einn sá stærsti var hversu óljós aðgangur einstaklinga að slíku kerfi væri. Eina haldbæra viðmiðunin virðist vera eignarhald á íbúðarhúsnæði, þar sem viðkomandi einstaklingur/fjölskylda býr að staðaldri. Þá virðist kerfi án tímatakmarkana fremur auka á þennan vanda en hitt. Auk þess væri áfram fyrir hendi ákveðinn hvati til skuldsetningar í kerfinu sem og hætta á málamyndagerningum sem brýnt væri að losna við.

Þriðja leiðin, sem rædd var nokkuð ítarlega í nefndinni, var að breyta vaxtabótakerfinu með því að hverfa frá eða draga verulega úr tekjutengingu, en setja inn sérstakan frádrátt sem tæki mið af fasteignamati. Í reynd væri hér um að ræða eins konar ígildi reiknaðrar leigu, sem er svipað kerfi og er í nágrannalöndunum. Í þessu fólst nokkurs konar lagfæring á gildandi kerfi með því að sniðnir væru af verstu agnúarnir án þess að horfið væri frá því meginmarkmiði þess að niðurgreiða vexti. Jafnframt varð mikil umræða um hvort ekki væri rétt að hafa vaxtabæturnar tímabundnar, til dæmis til 10 ára, án þess að niðurstaða fengist í málinu.

Þó virtust flestir nefndarmenn á því að eðlilegt væri að takmarka bótagreiðslurnar að einhverju leyti í tíma.

Skoðaðar voru margvíslegar útfærslur af þessu kerfi, meðal annars sú sem ríkisstjórnin kynnti í viðræðum sínum við aðila vinnumarkaðarins 10. febrúar síðastliðinn. Sú hugmynd var í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar var lögð til lækkun á tekjutengingu vaxtabóta úr 6% í 3%, auk þess sem tenging þeirra við nettóeign var felld brott. Hins vegar kæmi frádráttur frá vaxtagjöldum sem næmi 1,5% af fasteignamati. Þessar hugmyndir sættu mikilli gagnrýni hjá samtökum launafólks, einkum vegna þess að í vissum tilvikum leiddu þær til lækkunar á vaxtabótum tekjulægri fjölskyldna.

Þá ber þess einnig að geta að í umræðum nefndarinnar um breytt vaxtabótakerfi voru ræddar ýmsar leiðir til þess að efla sparnað sem gæti nýst til húsnæðisöflunar. Meðal þess var hvort ekki væri ástæða til að viðhalda húsnæðissparnaðarreikningunum sem nú eru fallnir úr gildi, með nokkrum breytingum þó, til dæmis með því að binda heimildirnar við tiltekið aldursbil einstaklings (16–35/40 ára). Slíkt fyrirkomulag er til dæmis að finna í Noregi. Skiptar skoðanir voru hins vegar meðal nefndarmanna um ágæti þessa kerfis og hvort slíkt fyrirkomulag leiddi til aukins sparnaðar þegar á heildina er litið.

4. Önnur mál. Hér verður farið nokkrum orðum um ýmis önnur mál sem einnig komu til umræðu í nefndinni, án þess þó að fá jafnítarlega skoðun og þau sem fjallað er um hér að framan. Ástæðan er fyrst og fremst sú að flest þeirra varða fleiri hagsmunaaðila en þá sem áttu fulltrúa í nefndinni og því óhægt um vik að ræða þau í hörgul án beinnar þátttöku þessara aðila.

a) Aðgerðir gegn skattsvikum. Eins og fram kemur í skipunarbréfi nefndinnar er eitt af markmiðum endurskoðunar á skattkerfinu að draga úr skattsvikum. Að ósk nefndarmanna gerði ríkisskattstjóri grein fyrir aðgerðum gegn skattsvikum á síðustu árum. Í máli hans kom fram að margvíslegum breytingum hefur verið hrint í framkvæmd að undanförnu sem treyst hafa skatteftirlit. Meginþorri þeirra á rætur að rekja til tillagna skattsvikanefndar sem skilaði skýrslu til fjármálaráðherra í september 1993. Þegar hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum og reglugerðum er varða aðgerðir gegn skattsvikum, en nokkuð virðist skorta á framkvæmd ýmissa sértækra aðgerða, meðal annars gegn svartri atvinnustarfsemi og að unnið sé að breyttum viðhorfum almennings til skattsvika.

Í skýrslunni er lögð áhersla á nauðsyn þess að herða skatteftirlit og auka skattrannsóknir til að sporna við skattsvikum, en það verði tæpast gert nema með auknum mannafla. Enn fremur var bent á að breyta þyrfti áherslum skattyfirvalda í gildandi kerfi, þannig að unnt verði að fjölga fólki við skatteftirlit og skattrannsóknir. Aukin tækniváðing, eins og skönnun á framtölum, skil einstaklinga og fyrirtækja á tölvutæku formi, stöðluð rekstrarframtöl fyrirtækja o.fl., ætti að skapa talsvert svigrúm varðandi nýtingu mannaflans á næstu árum og telur nefndin brýnt að það svigrúm verði nýtt til eflingar skatteftirlitinu. Á hinn bóginn kann að vera nauðsynlegt að hrinda af stað sérstöku átaki gegn skattsvikum sem kallað gæti á viðbótarmannafla, að minnsta kosti tímabundið. Jafnframt þessu þarf að efla menntun og vitund starfsfólks skattyfirvalda gagnvart skattsvikum, til dæmis með auknu námskeiðahaldi o.fl. Frekari umfjöllun um einstakar tillögur er að finna í skýrslu ríkisskattstjóra í viðauka 2.

b) Skil milli útsvars og tekjuskatts. Talsverð umræða varð í nefndinni um það hvort ástæða væri til að skilja á milli álagningar útsvars til sveitarfélaga og tekjuskatts til ríkisins. Upphafið að þessari umræðu var ábending fjármálaráðuneytisins á hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskattslagningu einstaklinga, meðal annars vegna breyttrar verkaskiptingar. Í tengslum við þetta var rætt um sjálfstæði skattstofna hjá sveitarfélögum og ábyrgð ríkis á persónu-

afslættinum, en í framhaldi af því ræddu nefndarmenn um hvort eðlilegt væri að taka upp sérstakan persónuafslátt gagnvart útsvari sveitarfélaga. Það fyrirkomulag þekkist víða í nálægum löndum og var raunar við lýði hér á landi fyrir daga staðgreiðslunnar.

Í dag er útsvarið í reynd bruttóskattur gagnvart sveitarfélögunum, þ.e. þau fá óskerta í sinn hlut álagningu útsvars á allar tekjur, óháð því hvort þær eru undir skattleysismörkum eða ekki. Talið er að skatttekjur sveitarfélaga vegna einstaklinga undir skattleysismörkum nemi tæplega 4½ milljarði króna á árinu 1997. Í töflu 9 í viðauka kemur fram hvernig nýtingu persónuafsláttar gagnvart útsvari var háttað í einstökum sveitarfélögum á árinu 1995.

Fulltrúi sveitarfélaga taldi það ekki vera hlutverk jaðarskattanefndar, sem nefndin var jafnan kölluð, að gera einhverjar tillögur varðandi svo sérhæft og mikilvægt mál og breyting á þessu skattkerfi er. Mikil og tímafrek vinna hefði verið lögð í síðustu kerfisbreytingu sem sveitarfélögin hefðu komið að. Taldi hann að ef það væri vilji ríkisstjórnarinnar að gera svo viðamiklar breytingar á skattkerfinu þá þyrfti að taka það mál upp á réttum vettvangi, þ.e. á samráðsfundum ríkis og sveitarfélaga, á grundvelli yfirlýsingar sem fulltrúar þessara aðila hafa undirritað.

*c) **Tekjutenging lífeyris, námslána o. fl.*** Eins og fram kom í áfangaskýrslu nefndarinnar til fjármálaráðherra í mars 1996 taldi hún æskilegt að samspil skattkerfis og tryggingakerfis yrði tekið til sérstakrar skoðunar, einkum með tilliti til þeirrar tekjutengingar sem þar er fyrir hendi.

Síðastliðið vor gerði ríkisstjórnin breytingar á bótum almannatrygginga, þar sem jaðaráhrif tekjutengingar voru óeðlilega mikil, meðal annars varðandi uppbót á lífeyri vegna lyfjakostnaðar og niðurfellingu á afnotagjaldi RÚV. Með þeim breytingum sem stjórnvöld hafa nú ákveðið er verulega dregið úr jaðaráhrifum almannatryggingakerfisins, jafnframt því sem fleiri lífeyrisþegar munu njóta þessara greiðslna en áður.

Sama gildir um tekjutengingu námslána, en nýverið ákváðu stjórnvöld að lækka endurgreiðsluhlutfall lána úr 7% í 4,75%. Að lokum þarf að huga að brattri tekjutengingu húsaleigubótakerfisins og þar með miklum jaðaráhrifum þess, en það kerfi er á ábyrgðarsviði sveitarfélaga.

*d) **Þjónustugjöld.*** Í umræðu nefndarinnar um mögulegar breytingar á tekjuskattskerfinu, meðal annars lækkun skattleysismarka, lagði fulltrúi ASÍ áherslu á að samhliða færi fram skoðun á aukinni notkun þjónustugjalda, einkum í heilbrigðiskerfinu. Þannig mætti hugsa sér að neikvæðum áhrifum lægri skattleysismarka á hag tekjulægri fjölskyldna yrði mætt með lækkun þjónustugjalda. Fljótlega varð hins vegar ljóst að ekki næðist samstaða, hvorki innan nefndarinnar né á hinum pólitíska vettvangi, um lækkun skattleysismarka og þar með var grundvöllur umræðu um breyttar áherslur í notkun þjónustugjalda ekki lengur fyrir hendi.

Í þessu skilabréfi hefur verið farið yfir meginatriðin í umræðum nefndarinnar, en í meðfylgjandi greinargerð er nánari umfjöllun um einstök atriði, auk alþjóðlegs samanburðar o.fl. Nefndarmenn eru sammála um að með þessu sé starfi nefndarinnar lokið.

Reykjavík, 18. ágúst 1997.

Virðingarfyllst,
Ólafur Davíðsson, formaður.

GREINARGERÐ
I. Lýsing á núgildandi tekjuskattskerfi.

1.1 Inngangur.

Á síðustu tíu árum hefur íslenska skattkerfinu nánast verið umbylt. Ástæður þess eru einkum tvær. Annars vegar hefur aukið frjálsræði í milliríkjaviðskiptum stuðlað að vaxandi samkeppni á öllum sviðum sem aftur hefur kallað á aðlögun íslenska skattkerfisins til að treysta samkeppnisstöðu innlendra aðila gagnvart erlendum keppinautum. Hins vegar hefur verið leitast við að gera skattkerfið öflugra sem hagstjórnartæki. Skattkerfi, þar sem veltuskattar vega þungt og undanþágur eru margar, líkt og var á dögum söluskattsins, hefur tilhneigingu til að magna þær sveiflur sem verða í efnahagslífinu, ekki síst í litlu opnu hagkerfi eins og hér á landi. Með upptöku staðgreiðslu og einföldun á álagningu tekjuskatts einstaklinga árið 1988, ekki síst með fækkun skattþrepa, undanþágna og frádráttarliða, var stigið mikilvægt skref í átt til þess að draga úr þessum ágalla. Sömu sögu er raunar að segja um upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts.

Hér á eftir er fjallað um helstu einkenni þess tekjuskattskerfis sem hér hefur verið við lýði frá því að staðgreiðslukerfið var tekið upp. Fyrst er lýst þeim markmiðum sem því var í upphafi ætlað að þjóna. Síðan er fjallað um þær breytingar sem gerðar hafa verið frá árinu 1988. Hér er annars vegar litið á helstu breytingar í tímaröð; hins vegar er fjallað um einstaka þætti tekjuskatts- og bótakerfisins í ljósi þessara breytinga. Í lok kaflans eru dregnir saman helstu þættir tekjuskattskerfisins og samspils þess við ýmsar bótagreiðslur og afsláttarliði, meðal annars í ljósi breytinganna frá 1988. Þessar breytingar hafa í ýmsum grundvallaratriðum raskað þeim meginmarkmiðum sem að var stefnt í upphafi og eru þannig í reynd orsök þeirrar endurskoðunar sem nefndinni var falið að gera tillögur um.

1.2 Upptaka staðgreiðslu árið 1988.

Forsagan. Í ársbyrjun 1988 komu til framkvæmda róttækar breytingar á tekjuskattslagningu einstaklinga. Þessar breytingar áttu sér langan aðdraganda og komu margir aðilar að undirbúningi þeirra, meðal annars fulltrúar ASÍ, VSÍ og allra stjórnmálaflokka. Í álitsgerð milliþinganefndar sem falið var að útfæra lokatillögur um breytinguna var almenn samstaða um meginmarkmiðin, þ.e. að gera skattlagninguna einfaldari, skilvirkari og auðskiljanlegri, þótt einstakir fulltrúar hefðu fyrirvara á útfærslu tiltekinna atriða.

Það sem einkenndi gamla kerfið voru þrjú þrep í tekjuskatti, auk útsvars, og fjölmargir frádráttar- og afsláttarliðir. Kerfið var því mjög flókið og erfitt fyrir hinn almenna skattborgara að átta sig á því hve mikið skyldi greiða í skatt hverju sinni. Það flækti enn frekar málið að tekjuskatturinn var lagður á með árstöf. Vegna flókinna álagningarreglna var því skattgreiðandanum sjaldnast ljóst hvort staða hans gagnvart ríkissjóði væri jákvæð eða neikvæð við endanlega álagningu og um leið hvaða tekjur hann hefði í raun til ráðstöfunar innan ársins.

Nýja tekjuskattskerfið gerbreytti þessari mynd. Með tilkomu þess var í senn tekin upp staðgreiðsla á tekjuskatti ásamt því að álagningarreglur voru einfaldaðar, skattstofn breikkaður og bótagreiðslum breytt. Þessum breytingum má í meginatriðum lýsa þannig:

- *Tekið var upp eitt skatthlutfall í stað fjögurra áður, að meðtöldu útsvari til sveitarfélaga.*
- *Skattstofn tekjuskatts var breikkaður með því að felldir voru niður ýmsir frádráttarliðir, eins og iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði, stéttarfélagsgjöld, iðgjöld af líftryggingum, námsfrádráttur, gjafir til menningarmála, frádráttur vegna stofnunar heimilis o.fl.*

– *Í stað þessara frádráttarliða frá skattstofni og afslátta frá tekjuskatti og útsvari kom fastur skattafsláttur, persónuafsláttur, óháður hjúskaparstétt og stærð fjölskyldu. Jafnframt hækkaði persónuafsláttur inn frekar til að draga úr áhrifum þess að skatthlutfall á lægstu tekjur hækkaði.*
– *Sjómannafrádrætti var breytt í fastan skattfrádrátt á hvern lögskráðan dag.*
– *Útsvarshlutfallið var lækkað um leið og skattstofninn var breikkaður og útsvarsafslættir felldir niður, þannig að sveitarfélögin héldu því sem næst sömu tekjum fyrir og eftir breytingu.*
– *Ýmis smærri gjöld, svo sem sóknar- og kirkjugarðsgjald, sjúkratryggingagjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, voru felld inn í tekjuskattshlutfallið.*
– *Frádráttur vaxtagjalda vegna íbúðakaupa frá skattstofni var felldur niður, en í staðinn var tekinn upp sérstakur tímabundinn skattafsláttur, vaxtaafsláttur. Jafnframt voru teknar upp húsnæðisbætur til þeirra sem voru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn.*

Við undirbúning þessara breytinga var gengið út frá þeirri meginforsendu að skattbyrði einstaklings/fjölskyldu héldist sem næst óbreytt þegar á heildina er litið. Þegar upp var staðið mátti greina breytingarnar í eftirfarandi þrjá meginþætti:

- Skattleysismörk einstaklinga hækkuðu verulega.
- Lægsti jaðarskattur hækkaði um tæplega 7%, úr 28% í 35%.
- Hæsta skattþrepið lækkaði um ríflega þriðjung, úr 56% í 35%.

Markmið breytinganna. Auk þess að taka upp staðgreiðslu tekjuskatts og einfalda álagninguna má segja að eitt meginmarkmiðið með breytingunni hafi verið að auka millifærslu- og tekjujöfnunarhlutverk tekjuskattskerfisins. Þetta verkefni var ekki auðleyst þegar jafnframt var verið að fækka skattþrepum, og þar með lækka jaðarskatta hinna hærri launuðu og hækka jaðarskatta hinna sem lægri höfðu launin. Til að leysa þetta vandamál var gripið til þess ráðs að hækka skattleysismörkin verulega með því að hækka persónuafsláttinn. Mikil hækkun á persónuafslætti dró úr áhrifum hærra skatthlutfalls og leiddi til þess að skattbyrði hinna lægst launuðu minnkaði og þeim fjölgaði sem ekki greiddu tekjuskatt. Samspil persónuafsláttar og eins skatthlutfalls varð til þess að skattlagning jókst smám saman eftir því sem tekjur voru hærri. Þannig má segja að skatthlutföllin hafi í reynd verið óteljandi þar sem skatturinn var stighækkandi. Það átti síðar eftir að koma í ljós að þessi aðferð var ekki alveg gallalaus þótt hún liti vel út í upphafi. Þá juku tekjutengdu bæturnar, þ.e. barnabótaauki og vaxtaafsláttur (síðar vaxtabætur) tekjujöfnunaráhrif kerfisins enn frekar.

Breytingar á skattleysismörkum og jaðarskatti einstaklings 1986–88.

	1986 þús. kr.	1988 þús. kr.	Breyting %
Skattleysismörk	197	530	170,0
Lægsti jaðarskattur, %	28,3	35,2	6,9
Hæsti jaðarskattur,%	56,3	35,2	-21,1
Til samanburðar:			
Meðallaun einstaklings	390[1)]	686	75,9
Skattleysismörk sem % af meðallaunum	50,5	77,3	26,8
Skattbyrði m.v. meðallaun, %	***7,9***	***8,0***	***0,1***
Þar af útsvar, %	***6,9***	***6,7***	***-0,2***

[1)] Meðallaun einstaklings árið 1985, þ.e. skattgrunnur ársins 1986, námu 295 þús. kr. árlega.

1.3 Helstu breytingar frá 1988.

Yfirlit. Ekki leið langur tími þar til farið var að breyta hinu nýja álagningarkerfi. Reyndar lætur nærri að kerfinu hafi verið breytt að jafnaði einu sinni á ári frá árinu 1988. Þessar breytingar hafa verið af ýmsu tagi og snerta nánast alla þætti tekjuskattskerfisins. Þannig hefur skatthlutfallið verið hækkað, bæði tekjuskattur til ríkisins og útsvar til sveitarfélaga. Persónu-, sjómanna- og hlutafjárafslætti, svo og frádrætti vegna húsnæðissparnaðar hefur einnig margsinnis verið breytt, bæði til hækkunar og lækkunar. Sömu sögu er að segja af barnabótum, barnabótaauka og vaxtabótum. Loks hefur verið tekinn upp sérstakur skattur á hærri tekjur og þannig í reynd verið bætt við nýju skattþrepi.

Óhætt er að fullyrða að þessar breytingar hafi í ýmsum grundvallaratriðum raskað þeim meginmarkmiðum sem að var stefnt í upphafi. Auk þess að vera tíðar, þá hafa þær oft tengst breytingum á öðrum sköttum, meðal annars í tengslum við gerð kjarasamninga. Hér má nefna hækkun útsvars, lækkun persónuafsláttar, upptöku sérstaks 5% tekjuskatts o.fl. sem kom á móti niðurfellingu aðstöðugjalds og hækkun tekjuskatts vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum. Samanburður á skatthlutföllum og persónuafslætti í einangrun segir því ekki allt um heildaráhrif breytinganna á kjör einstaklinga.

Hér á eftir er í stuttu máli farið yfir helstu breytingar í tímaröð, frá árinu 1988 til síðustu áramóta.

Tekjuárið 1989. Í árslok 1988 var tekjuskattshlutfallið hækkað um 2,3%, þ.e. úr 28,5% í 30,8%. Þótt persónuafsláttur hafi hækkað í takt við verðlag leiddi hækkun skatthlutfallsins til lækkunar skattleysismarka. Jafnframt var ákveðið að hverfa frá sjálfvirkri verðuppfærslu á persónuafslætti, þ.e. í takt við lánskjaravísitölu um hver áramót, og gera breytinguna að sjálfstæðri ákvörðun hverju sinni. Ákvæði laganna um verðuppfærslu afsláttar- og bótaliða á miðju ári hélst hins vegar óbreytt.

Tekjuárið 1990. Annað árið í röð var tekjuskattshlutfallið hækkað verulega, eða um 2%, og hafði þá hækkað um 4,3% á tveimur árum. Þrátt fyrir að persónuafsláttur hafi einnig í þetta sinn verið hækkaður í takt við verðlag leiddi þetta til lækkunar skattleysismarka frá því sem orðið hefði að óbreyttu skatthlutfalli. Á þessu ári varð einnig veruleg breyting á húsnæðisaðstoð hins opinbera með upptöku vaxtabótakerfisins, en það kom í stað gamla vaxtaafsláttarkerfisins og svonefndra húsnæðisbóta. Þessi breyting var í reynd hluti af þeirri kerfisbreytingu sem gerð var á húsnæðislánakerfinu um sama leyti með upptöku húsbréfakerfisins.

Tekjuárið 1992. Umtalsverð breyting varð á barnabótakerfinu í þá veru að auka vægi tekjutengdra barnabóta, en draga úr vægi ótekjutengdra barnabóta. Samanlagt leiddu þessar breytingar til nokkurrar lækkunar barnabóta í heild.

Tekjuárið 1993. Í tengslum við gerð kjarasamninga haustið 1992 var gripið til umfangsmikilla efnahagsaðgerða. Þar skipti mestu ákvörðun um að fella niður aðstöðugjald, mikilvægan tekjustofn sveitarfélaga sem lagt var á fyrirtæki í landinu, og stórauka vegaframkvæmdir. Til þess að bæta sveitarfélögum tekjutap vegna niðurfellingar aðstöðugjalds var tekjuskattshlutfallið hækkað um 1,5% á árinu 1993. Einnig var gripið til þess ráðs að skerða nokkuð framlög til vaxtabóta auk þess sem persónuafsláttur var lækkaður. Loks var ákveðið að taka upp tímabundna álagningu 5% sérstaks skatts á tekjur yfir tilteknum mörkum (hátekjuskatt). Þessi fjármögnun var síðan yfirfærð til sveitarfélaga í formi 80% af álögðu aðstöðugjaldi. Árið eftir var tekjuskattshlutfallið lækkað að nýju um 1,5%, en samhliða því var hámarkshlutfall útsvars hækkað um 1,7%. Hér var hins vegar ekki um eiginlega skattahækkun að ræða þar sem talið var að niðurfelling aðstöðugjalds hefði lækkað almennt vöruverð í landinu um 1,5%, eða svipað og hækkun útsvars.

Tekjuárið 1994. Í tengslum við gerð kjarasamninga var ákveðið að lækka virðisaukaskatt af matvælum úr 24,5% í 14%. Tekjutapi ríkissjóðs vegna þessarar ákvörðunar var að nokkru mætt með 0,35% hækkun tekjuskattshlutfallsins, en að hluta með því að halda persónuafslætti og öðrum bótagreiðslum óbreyttum.

Tekjuárið 1995. Í tengslum við gerð kjarasamninga var ákveðið að lífeyrisiðgjöld launþega yrðu undanþegin álagningu tekjuskatts og kom breytingin til framkvæmda frá apríl 1995 til júlí 1996. Þessi breyting jafngildir 1,5–1,7% lækkun tekjuskattshlutfallsins og var þannig í reynd skref í átt til þess að lækka jaðarskatta.

Tekjuárið 1996. Í því skyni að draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins var ákveðið að lækka verulega tekjuskerðingu barnabótaaukans, jafnframt því sem sett var á hana hámark sem miðaðist við þrjú börn eða fleiri. Enn fremur var ákveðið að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda með því að halda persónuafslætti og öðrum bótagreiðslum óbreyttum á árinu 1996. Það var síðan sjálfstæð ákvörðun að nema úr gildi sjálfvirka verðuppfærslu nær allra liða í tekjuskattskerfinu hinn 1. júlí ár hvert, en með því voru breytingar á einstökum þáttum þess alfarið gerðar að sjálfstæðum ákvörðunum hverju sinni.

1.4 Helstu einkenni núgildandi tekjuskattskerfis.

Hlutfall tekjuskatts og útsvars. Eins og komið hefur fram hefur staðgreiðsluhlutfallið, þ.e. samanlagt hlutfall tekjuskatts og útsvars, hækkað um nálega fimmtung frá því að staðgreiðslan var tekin upp í ársbyrjun 1988, eða úr 35,2% í tæplega 42%. Þessi hækkun varð að mestu leyti á fyrstu tveimur árunum eftir gildistöku staðgreiðslunnar, en þá hækkaði skatthlutfallið úr 35,2% í 39,8%. Frá þeim tíma hafa þrívegis orðið breytingar á hlutfallinu eins og áður hefur verið lýst. Fyrst í tengslum við niðurfellingu aðstöðugjalds árið 1993, en í staðinn fengu sveitarfélög auknar heimildir til að hækka útsvar, eða um 1,7% að hámarki. Sú hækkun kom þó ekki til framkvæmda fyrr en árið 1994, en ríkissjóður fjármagnaði fjárþörf sveitarfélaga á árinu 1993 meðal annars með tímabundinni hækkun á tekjuskattshlutfallinu, hátekjuskatti og lækkun persónuafsláttar. Í öðru lagi varð lítils háttar hækkun á skatthlutfalli ríkisins í ársbyrjun 1994, eða um 0,35%, til að mæta hluta af tekjutapi vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum. Þriðja breytingin kom síðan til framkvæmda um síðustu áramót með aukinni hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskattslagningu einstaklinga vegna yfirtöku þeirra á rekstri grunnskólans og um leið minnkaði hlutdeild ríkissjóðs.

Í upphafi árs 1997 var staðan sú að almenna skatthlutfallið í staðgreiðslu var 41 ,98%. Þar af var útsvarið 11,57%, en hlutfall ríkisins er 30,41%. Þá fela nýsamþykktar breytingar á tekjuskatti einstaklinga í sér 4 prósentustiga lækkun skatthlutfallsins, eða úr 42% í 38%, í þremur áföngum fram til 1. janúar 1999. Fyrsti áfanginn kom til framkvæmda 1. maí 1997 með 1,1% lækkun á hlutfalli ríkisins. Sá næsti tekur gildi í byrjun árs 1998, þegar hlutfallið lækkar um 1,9% og aftur um 1% um áramótin 1998/1999. Loks má geta þess að stjórnvöld hafa rætt við fulltrúa sveitarfélaga um að þau taki þátt í kostnaði vegna þessara aðgerða. Þar var meðal annars nefnd 0,4 prósentustiga lækkun á útsvari sveitarfélaga frá því sem nú er, eða samsvarandi breytingar. Engar ákvarðanir hafa hins vegar enn verið teknar í þessu máli.

Sérstakur tekjuskattur. Árið 1993 samþykkti Alþingi að taka upp tímabundna álagningu sérstaks 5% tekjuskatts (hátekjuskatts) sem átti upphaflega að gilda í tvö ár. Þetta var liður í fjármögnun ríkissjóðs á tekjutapi sveitarfélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds. Álagning hans var síðan framlengd um eitt ár árið 1995, jafnhliða því að viðmiðunarmörk tekna voru hækkuð og svo aftur í lok síðasta árs. Á þessu ári munu einhleypir einstaklingar greiða sérstakan 5% tekjuskatt af tekjum umfram 234 þúsund krónur á mánuði (tekjur ársins 1996) og sama gildir um hjón með sameiginlegar tekjur yfir 468 þús. kr. á mánuði. Á árinu

1996 nam álagning hátekjuskatts tæplega 360 m.kr., en hann greiddu um 2.500 einhleypir einstaklingar og um 3.000 hjón. Þá er rétt að geta þess að í þeim lögum sem nýlega voru samþykkt á Alþingi um breytingar á tekjuskatti einstaklinga mun þessi skattur hækka úr 5% í 7% frá 1. janúar 1998 og gilda fram til ársins 2001. Jafnframt hækkar tekjuviðmiðunin úr 234 þús. kr. á mánuði í 260 þús. kr. hjá einstaklingi, tvöföld sú fjárhæð hjá hjónum.

Persónuafsláttur/skattleysismörk. Einn veigamesti þáttur tekjuskattskerfisins er persónuafslátturinn, en samspil hans og skatthlutfallsins ákvarðar skattleysismörkin á hverjum tíma. Hækkun skatthlutfalls leiðir þannig til lækkunar skattleysismarka þótt persónuafsláttur haldist óbreyttur. Lækkun persónuafsláttar leiðir jafnframt til lækkunar skattleysismarka ef skatthlutfallið helst óbreytt.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á persónuafslættinum frá því að staðgreiðslan var tekin upp. Þar vegur þyngst sú breyting sem gerð var í lok árs 1988, þegar ákvörðun persónuafsláttar fyrir fyrri hluta hvers árs var gerð að sjálfstæðri aðgerð í stað þess að vera tengd sjálfvirkt við lánskjaravísitölu eins og verið hafði í upphaflegu lögunum. Önnur hliðstæð breyting tók gildi í upphafi árs 1996, en þá var alfarið felld niður sjálfvirk tenging persónuafsláttar og reyndar allra afsláttar- og bótaliða við verðlag.

Að lokum má nefna að í tengslum við gerð kjarasamninga snemma árs 1995 var ákveðið að lífeyrisiðgjöld launþega yrðu undanþegin álagningu tekjuskatts. Sem fyrr segir jafngildir þessi breyting 1,5–1,7% lækkun tekjuskattshlutfallsins og hækkar þannig skattleysismörk einstaklings um tæplega 2.500 krónur á mánuði.

Um síðustu áramót nam persónuafsláttur hvers einstaklings 24.544 krónum á mánuði. Það þýðir að skattleysismörk einstaklings voru tæplega 61 þúsund krónur, miðað við gildandi staðgreiðsluhlutfall og skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Hjón geta samnýtt persónuafslátt upp að 80% og skattleysismörk hjóna, þar sem fyrirvinna er ein voru því um 110.000 krónur á mánuði. Samhliða lækkun skatthlutfallsins um 1,1% hinn 1. maí síðastliðinn var persónuafslátt urinn lækkaður úr 24.544 krónum á mánuði í 23.901 krónu. Í því felst að skattleysismörk tekjuskatts haldast óbreytt á þessu ári, eða tæplega 61 þúsund krónur á mánuði. Jafnframt var ákveðið að skattleysismörk hækki um 2,5% í upphafi hvers árs fram til ársins 2000.

Þróun tekjuskatts, útsvars og persónuafsláttar frá 1988.

	Staðgreiðslu-hlutfall %	Hlutur tekjuskatts %	Hlutur útsvars %	Persónu-afsláttur krónur	Skattleysis-mörk [1] krónur
1988	35,20	28,50	6,70	15.552	44.182
1989	37,74	30,80	6,94	18.631	49.367
1990	39,79	32,80	6,99	21.482	53.988
1991	39,79	32,80	6,99	23.377	58.750
1992	39,85	32,80	7,05	23.968	60.144
1993	41,34	34,30	7,04	23.761	57.477
1994	41,84	33,15	8,69	23.930	57.193
1995	41,93	33,15	8,78	24.495	59.310
1996	41,94	33,15	8,79	24.544	60.332
1997, 1. janúar	41,98	30,41	11,57	24.544	60.902
1997, 1. maí	40,88	29,31	11,57	23.901	60.902
1998, 1. janúar	38,98	27,41	11,57	23.360	62.425
1999, 1. janúar	37,98	26,41	11,57	23.329	63.985
2000, 1. janúar	37,98	26,41	11,57	23.912	65.585

[1] Við útreikning á skattleysismörkum er tekið tillit til áhrifa þess að lífeyrisiðgjöld launþega urðu skattfrjáls í þremur áföngum frá 1. apríl 1995 til 1. júlí 1996.

Sjómannaafsláttur. Sem fyrr segir var heimiluðum frádrætti sjómanna frá tekjuskattsstofni breytt í fastan skattfrádrátt á hvern lögskráðan dag við upptöku staðgreiðslunnar. Samkvæmt gildandi lögum er þessi fjárhæð 689 krónur á dag, eða 20.670 krónur að jafnaði á mánuði. Skattleysismörk fullvinnandi sjómanns eru því um kringum 112 þús. kr. á mánuði, eða um 84% hærri en hjá landverkamanni. Þá munu skattleysismörk sjómanna breytast í takt við almennu mörkin á næstu árum, eða fram til ársins 2000.

Aðrir afsláttar/frádráttarliðir. Af öðrum frádráttarliðum ber helst að nefna frádráttarbærni húsnæðissparnaðarreikninga, skattívilnanir vegna hlutafjárkaupa og skattfrelsi arðs. Þessir liðir hafa hins vegar allir tekið verulegum breytingum á undanförnum árum. Á árinu 1992 var ákveðið að fella niður skattalega ívilnun húsnæðissparnaðareikninga í áföngum og kemur hinn síðasti til framkvæmda á þessu ári. Sama gildir um skattalega ívilnun vegna hlutafjárkaupa, en í lok síðasta árs var samþykkt að afnema hana á næstu fjórum árum. Að lokum var skattlagningu arðs gjörbylt um síðustu áramót þegar tekinn var upp samræmdur 10% skattur á allar fjármagnstekjur (vaxtatekjur, arðgreiðslur, leigutekjur, söluhagnað) án sérstakra skattleysismarka. Áður voru arðgreiðslur skattfrjálsar upp að tilteknu marki, eða 131 þús. kr. hjá einstaklingi, tvöföld sú fjárhæð hjá hjónum, en á arðstekjur umfram þau mörk var lagður 42% eða 47% tekjuskattur.

Skattalegar ívilnanir árið 1996 (tekjuárið 1995).

Árstölur	Fjöldi	Hlutfall af heild [1] %	Afsláttur alls m.kr.	— Skattleg áhrif — Alls m.kr.	Á mann þús. kr.
1. Sjómannaafsláttur	9.461	4,9	1.509	1.509	159
2. Hlutafjárafsláttur	9.541	4,9	1.454	625	66
3. Afsláttur v/húsnæðissparnaðarreikn.	4.263	2,2	836	85	20
4. Skattfrelsi arðs	21.312	11,0	586	250	12

[1] Tekjulausir eru undanskildir.

Barnabætur, barnabótaauki. Samkvæmt gildandi lögum eru greiðslur barnabóta tvíþættar. Annars vegar eru almennar barnabætur, en þær eru háðar aldri og fjölda barna svo og hjúskaparstöðu foreldra. Hins vegar er barnabótaauki, en hann er bæði háður tekjum og eignum. Frá því að staðgreiðslan var tekin upp hafa reglur um barnabætur og barnabótaauka tekið margvíslegum breytingum. Meginbreytingin hefur falist í tilfærslu frá almennu barnabótunum yfir í hinn tekju- og eignatengda barnabótaauka. Með þessum breytingum er í reynd verið að færa barnabætur í vaxandi mæli yfir í form sérstaks styrks til tekjulægri fjölskyldna í stað þess að þær séu almennar tilfærslur til allra barnafjölskyldna, en það er einmitt eðli og markmið tekjutengingar. Þannig var hlutur barnabótaauka við upphaf staðgreiðslunnar tæplega fjórðungur af heild, en er nú nær helmingur. Í því felst aukið vægi tekjujöfnunar í tekjuskattskerfinu.

Þróun barnabóta og barnabótaauka 1988–1996.

	Barna-bætur m.kr.	Barna-bótaauki m.kr.	Samtals m.kr.	— Hlutfallsleg skipting — Barna-bætur %	Barna-bótaauki %
1988	2.325	711	3.036	77	23
1989	2.824	894	3.718	76	24
1990	3.277	1.105	4.382	75	25
1991	3.623	1.197	4.820	75	25
1992	2.525	1.874	4.399	57	43
1993	2.555	1.903	4.458	57	43
1994	2.602	1.969	4.571	57	43
1995	2.673	2.057	4.730	56	44
1996	2.685	2.182	4.867	55	45

Þá var samþykkt á Alþingi í lok árs 1995 að lækka tekjuskerðingarhlutföll við útreikning barnabótaauka í því skyni að draga úr jaðaráhrifum hans á afkomu barnmargra fjölskyldna. Sú breyting kom til framkvæmda í ársbyrjun 1996.

Sem fyrr segir eru greiðslur barnabóta afar háðar stærð og fjárhagsaðstæðum fjölskyldna. Þá skiptir aldur barna töluverðu máli, þar sem bætur með börnum yngri en 7 ára eru umtalsvert hærri en með þeim sem eldri eru. Enn fremur eru bætur með börnum einstæðra foreldra mun hærri en með börnum hjóna eða sambýlisfólks. Þannig eru barnabætur með einu barni allt frá því að vera tæplega 10 þús. kr. á ári, þ.e. innan við 800 krónur á mánuði upp í 205 þús. kr. árlega, eða sem svarar til 17 þús. kr. á mánuði. Af þessu sést að greiðslur barnabóta ráða oft miklu um ráðstöfunartekjur fjölskyldna, einkum hjá barnmörgum fjölskyldum með lágar tekjur og einstæðum foreldrum. Í eftirfarandi töflu er stillt upp helstu kennitölum barnabótakerfanna:

Fjárhæðir barnabóta í ársbyrjun 1997.

Árstölur	— Hjón — Yngra en 7 ára	7 ára og eldri	— Einstæðir foreldrar — Yngra en 7 ára	7 ára og eldri
1. Almennar barnabætur, krónur:				
Með fyrsta barni	39.448	9.272	69.624	69.624
Með börnum umfram eitt	58.944	28.768	104.200	74.024
2. Barnabótaauki, krónur	**93.164**	**93.164**	**100.990**	**100.990**
3. Óskertar hámarksbætur (1.+2.):				
Með fyrsta barni	132.612	102.436	170.614	170.614
Með börnum umfram eitt	152.108	121.932	205.190	175.014
Tekjuviðmiðun barnabótaauka, mán.tölur. þús. kr. [1]	*95*	*95*	*48*	*48*
Eignaviðmiðun barnabótaauka, árstölur, m.kr.	*8,3*	*8,3*	*6,3*	*6,3*

1) Samkvæmt gildandi lögum skerðist barnabótaaukinn um 6% af tekjum umfram þessa viðmiðunarfjárhæð með einu barni, 11% með tveimur börnum og 15% með þremur börnum eða fleiri.

Nýverið var samþykkt á Alþingi sameining almennu barnabótanna og tekjutengda barnabótaaukans í eitt tekjutengt barnabótakerfi og munu nýju barnabæturnar með hverju barni

svara til óskertra hámarksbóta samkvæmt gildandi kerfi. Jafnframt var samþykkt að lækka hámark tekjuskerðingar úr 15% með þremur börnum eða fleirum í 11%, eða um 4%. Skerðingarmörkin með tveimur börnum lækka úr 11% í 9% og úr 6% í 5% með einu barni.

Húsnæðisaðstoð ríkisins/vaxtabætur. Á undanförnum árum hafa verið gerðar miklar breytingar á þeirri aðstoð ríkisins við húsbyggjendur sem tengd er tekjuskattskerfinu. Fyrir upptöku staðgreiðslunnar var þessi aðstoð veitt í formi frádráttar vaxtagjalda frá tekjuskattsstofni og því háð skattgreiðslum einstaklinga. Árin 1988 og 1989 gátu þeir sem höfðu keypt sína fyrstu íbúð á árunum 1984–1987 sótt um sérstakar húsnæðisbætur, óháð tekjum og eignum, en þær skyldu greiddar í sex ár. Um var að ræða fasta fjárhæð á hvern einstakling, eða nálægt 80 þús. kr. á núvirði. Á sama tíma var raunar einnig veittur sérstakur tímabundinn vaxtaafsláttur sem var háður skattgreiðslum einstaklinga, en hann gátu þeir fengið sem ella hefðu nýtt sér vaxtafrádrátt. Þessi afsláttur átti að gilda í sex ár, sem var eins konar aðlögunartími, en að þeim tíma liðnum átti húsnæðisbótakerfið að taka við. Einstaklingar sem keypt höfðu á tímabilinu 1984–1987 gátu hins vegar valið milli þessara kerfa.

Árið 1990 var síðan tekið upp nýtt kerfi, vaxtabótakerfið, sem enn er við lýði. Það leysti bæði húsnæðisbótakerfið og vaxtaafsláttinn af hólmi, en þeir sem áttu þegar rétt á húsnæðisbótum héldu þeim rétti í full sex ár, en gátu þó valið milli þeirra og vaxtabóta á árinu 1990.

Meginmarkmið þeirrar breytingar var að hætta beinni niðurgreiðslu vaxta með hagstæðum lánskjörum á almennum húsnæðislánum, en beina aðstoðinni alfarið gegnum skattkerfið. Líkt og í barnabótakerfinu vega tekjujöfnunarsjónarmið afar þungt í vaxtabótakerfinu, enda eru vaxtabætur bæði tekju- og eignatengdar.

Húsnæðisaðstoð ríkisins gegnum tekjuskattskerfið

	— Bótaþegar —		— Heildarfjárhæðir, m.kr. —		
	Fjöldi [2]	Vísitölur	Á verðlagi hvers árs	Á föstu [1] verðlagi '96	Vísitölur
1988 Vaxtaafsláttur/húsnæðisbætur	34.834	100	1.088	1.798	100
1989 – –	35.583	102	1.448	2.021	112
1990 Vaxtabætur/húsnæðisbætur	36.518	105	2.044	2.470	137
1991 – –	39.385	113	2.400	2.698	150
1992 – –	43.797	126	2.812	3.048	170
1993 – –	47.111	135	3.042	3.217	179
1994 Vaxtabætur	43.164	124	2.866	2.976	166
1995 –	43.876	126	3.155	3.225	179
1996 –	47.133	135	3.487	3.487	194

[1] Miðað við lánskjaravísitölu.
[2] Hjón eru hér talin sem tveir einstaklingar.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu hefur kostnaður ríkissjóðs vegna beinnar aðstoðar við þá sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði nær tvöfaldast að raungildi frá árinu 1988. Á sama tíma hefur bótaþegum fjölgað um nær þriðjung. Það þýðir að aðstoð á hvern einstakling/fjölskyldu hefur aukist verulega á þessu tímabili. Hluti af þeirri aukningu skýrist sem fyrr segir af tilfærslu á niðurgreiðslu vaxta inn í vaxtabótakerfið. Að henni frátalinni er hins vegar ljóst að stuðningur við húsnæðiskaupendur hefur aukist nokkuð að raungildi á undanförnum árum, einkum við tekjulægri fjölskyldur.

Kennitölur vaxtabótakerfisins í ársbyrjun 1997

Árstölur	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón
Hámarksbætur, þús. kr.	141	181	233
Hámarksvaxtagjöld og/eða 7% af skuldum, þús. kr.	411	540	668
Tekjuskerðing, hlutfall af tekjum	6%	6%	6%
Neðri eignarmörk (eignir – skuldir), m.kr.	3,1	3,1	5,1
Efri eignarmörk (eignir – skuldir) m.kr.	4,9	4,9	8,2

Samkvæmt gildandi lögum eru vaxtabætur tekju- og eignatengdar, jafnframt því að vera háðar skuldum, en í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman helstu kennitölur kerfisins. Auk þess er hámark á framtöldum vaxtagjöldum og sama gildir um bæturnar sjálfar. Þá eru viðmiðunarmörk bótanna og fjárhæðir mishár eftir hjúskaparstöðu. Enn fremur skerða framtaldar vaxtatekjur rétt til vaxtabóta. Það er því ekki að ósekju að kerfið hefur verið gagnrýnt fyrir það að vera of flókið.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi yfirliti, sem sýnir útreikning vaxtabóta á árinu 1996, vega skerðingaráhrif tekna langþyngst, en næst kemur hámarksvaxtabyrðin, þ.e. 7% af skuldum. Í eftirfarandi yfirliti er þessum viðmiðunum stillt upp í þeirri röð sem þær skerða rétt til vaxtabóta. Niðurstaðan er sú að hið opinbera greiði liðlega fjórðu hverju krónu af vaxtagjöldum einstaklinga í formi vaxtabóta.

Útreikningur vaxtabóta árið 1996.

	Heildar-tölur m.kr.	Hlutfall af heild %
Vaxtagjöld vegna íbúðarkaupa	**11.938**	**100,0**
– Skerðing vegna 7% hámarksvaxta af skuldum	1.517	12,7
– Skerðing vaxtatekna, nettó	329	2,8
– Vaxtagjöld umfram hámark	87	0,7
– Tekjuskerðing, þ.e. 6% af skattskyldum tekjum	5.789	48,5
– Skerðing vegna eigna	441	3,7
– Vaxtabætur umfram hámark	525	4,4
Vaxtabætur til greiðslu	**3.250**	**27,2**

Hinn 10. mars síðastliðinn kynnti ríkisstjórnin hugmyndir sínar um breytingar á vaxtabótakerfinu, en þær voru í meginatriðum tvíþættar. Annars vegar var lækkun tekjutengingar úr 6% í 3%. Hins vegar var lagt til að eignatengingin yrði afnumin, en í stað hennar kæmi frádráttur frá vaxtagjöldum sem svaraði til 1,5% af fasteignamati. Þessar hugmyndir sættu verulegri gagnrýni hjá samtökum launafólks, einkum vegna þess að í vissum tilvikum leiddu þær til lækkunar á vaxtabótum tekjulægri fjölskyldna og hins gagnstæða hjá þeim tekjuhærri. Í greinargerð með frumvarpi um breytingar á tekjuskatti er sagt að áfram verði unnið að tillögum um breytingar á vaxtabótakerfinu í því skyni að draga úr jaðaráhrifum þess.

1.5 Samspil tekjuskattskerfisins, afsláttarliða og bótagreiðslna.

Eins og lýsingin hér að framan ber með sér er ekki auðvelt að átta sig á því hvernig samspili tekjuskattskerfisins og hinna ýmsu bótagreiðslna og afsláttarliða er háttað. Hinar tíðu, og á köflum umfangsmiklu, breytingar sem gerðar hafa verið á kerfinu frá upptöku staðgreiðslunnar, hafa heldur ekki hjálpað til. Þá hafa tengsl þessara breytinga við aðrar skattkerfisbreytingar (niðurfelling aðstöðugjalds, lækkun virðisaukaskatts af matvælum, skattfrelsi lífeyrisiðgjalda) ekki alltaf komist nægilega vel til skila. Loks má ætla að þær breytingar sem orðið hafa á vægi tekjuskatts ríkisins og útsvars sveitarfélaga að undanförnu hafi ruglað menn enn frekar í ríminu.

Millifærsluhlutverkið. Í meðfylgjandi töflu er gerð tilraun til þess að draga fram helstu stærðir tekjuskattskerfisins með því að skipta því upp í meginþætti, annars vegar miðað við áætlaðar fjárhæðir á árinu 1997 og hins vegar hlutfallslega.

Áætluð álagning tekjuskatts og útsvars m.v. tekjuárið 1997.[1]

	Milljarðar króna	%
1. Álagning tekjuskatts og útsvars, brúttó [2]	**118,0**	**41,98**
Þar af ríki	85,5	30,41
Þar af sveitarfélög	32,5	11,57
2. Persónuafsláttur	**55,1**	**19,61**
Þar af á móti tekjuskatti ríkisins	50,4	17,94
Þar af á móti útsvari sveitarfélaga	4,4	1,58
Þar af á móti eignarskatti	0,3	0,09
3. Aðrir afsláttarliðir [3]	**4,6**	**1,64**
Skattfrelsi lífeyrissjóðsiðgjalda	2,4	0,85
Sjómannaafsláttur	1,6	0,55
Hlutafjárafsláttur	0,6	0,24
4. Tekjuskattur og útsvar, að frátöldum afsláttum, sóknar- og kirkjugjöldum	**58,3**	**20,73**
Hlutur ríkis	26,7	9,48
Þar af sóknar- og kirkjugarðsgjöld	1,6	0,55
Hlutur sveitarfélaga	31,6	11,25
5. Bótagreiðslur	**8,8**	**3,13**
Barnabætur	2,8	1,00
Barnabótaauki	2,4	0,83
Vaxtabætur	3,6	1,30
6. Tekjuskattur og útsvar, nettó	**47,9**	**17,05**
Hlutur ríkis [4]	16,3	5,80
Hlutur sveitarfélaga	31,6	11,25

[1] Heildarálagning á tekjur ársins 1997, eða staðgreiðsla ársins 1997 að viðbættum tekjuskatti af þeim tekjum sem lagt er á eftir á, þ.e. á árinu 1998.
[2] Hér er um að ræða brúttóálagningu áður en tekið er tillit frádráttarliða eins og lífeyrissjóðsiðgjalda, persónuafsláttar o.fl. Síðari dálkur töflunnar sýnir hlutfall einstakra þátta af skattskyldum tekjum, brúttó.
[3] Þar af virkar tæplega 1 milljarður króna til lækkunar á útsvarið.
[4] Við þessa tölu bætist síðan um 350 m.kr. hátekjuskattur.

Taflan sýnir glöggt eitt helsta einkenni íslenska tekjuskattskerfisins, þ.e. millifærslu- og tekjujöfnunarhlutverk þess. Þannig er brúttóálagning tekjuskatts og útsvars áætluð 118 millj-

arðar króna á árinu 1997. Þá kemur fram að nálægt þrír fjórðu hlutar álagningarinnar, eða um 86 milljarðar króna, eru vegna tekjuskatts. Þegar afsláttarliðir hafa verið dregnir frá koma í hlut ríkisins 26,7 milljarðar króna. Þegar ríkissjóður hefur greitt bætur og sóknar- og kirkjugarðsgjöld hafa verið dregin frá sitja einungis eftir um 16 milljarðar króna í ríkissjóði. Tæplega 70 milljarðar króna fara þannig út í formi bótagreiðslna og ýmiss konar afsláttarliða. Enn fremur er ástæða til að vekja athygli á því að sveitarfélög njóta nær óskertra tekna af sínu útsvari, enda er hlutur þeirra í heildarálagningunni nær tvöfalt meiri en hlutur ríkisins þegar upp er staðið og verður raunar orðinn þrefalt hærri í ársbyrjun 2000. Sem dæmi má nefna að sveitarfélög fá einnig útsvarstekjur vegna fólks sem er undir skattleysismörkum, þ.e. greiðir hvorki útsvar né tekjuskatt. Skýringin er sú að ríkissjóður greiðir í reynd útsvar þessara framteljenda í formi persónuafsláttar, ekki til þeirra sjálfra heldur til sveitarfélaga.

1.6 Hverjir greiða tekjuskatt?

Annað einkenni tekjuskattskerfisins er hversu fáir framteljendur greiða í reynd tekjuskatt til ríkisins, þegar tekið hefur verið tillit til afsláttarliða og bótagreiðslna. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra var heildarfjöldi framteljenda um 202.000 á árinu 1996, en þá eru hjón talin sem tveir einstaklingar. Þar af voru 3.600 framteljendur tekjulausir, eða tæplega 2%. Það þýðir að útsvar hafi verið lagt á um það bil 198.000 framteljendur, þótt eiginlegir greiðendur séu talsvert færri vegna nýtingar á persónuafslætti, eða tæplega 154.000. Á hinn bóginn greiðir aðeins um helmingur framteljenda, eða um 103.000, tekjuskatt til ríkisins að frádregnum persónuafslætti og öðrum frádráttarliðum (lífeyrisiðgjöldum, hlutafjárafslætti, innleggi á húsnæðissparnaðarreikninga) og réttur þriðjungur sé einnig tekið tillit til bótagreiðslna, þ.e. barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta. Í eftirfarandi töflu er þessum fjöldatölum stillt upp til fróðleiks:

Fjöldi gjaldenda árið 1996 (tekjuárið 1995).

	Fjöldi	% af heild
Heildarfjöldi framteljanda	201.603	100,0
Tekjulausir	3.611	1,8
Fjöldi framteljenda með álagt útsvar	197.992	98,2
Fjöldi þeirra sem nýtir skattafslátt á móti útsvari	94.669	47,0
Fjöldi eiginlegra útsvarsgreiðenda	153.967	76,4
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	103.486	51,3
Fjöldi með barnabætur	67.959	33,7
Fjöldi með barnabótaauka	37.906	18,8
Fjöldi með vaxtabætur	47.133	23,4
Fjöldi framteljenda sem greiða útsvar en ekki tekjuskatt	50.481	25,0
Fjöldi framteljenda sem hvorki greiða tekjuskatt né útsvar	47.636	23,6
Fjöldi framteljenda sem fá endurgreiðslu frá ríkinu	ca. 40.000	19,8

Eins og fram kemur í töflunni greiðir helmingur framteljenda alls engan tekjuskatt og einungis þriðjungur framteljenda greiðir tekjuskatt, þegar tekið hefur verið tillit til allra bótagreiðslna. Fjórði hver framteljandi, eða tæplega 48.000 einstaklingar, greiðir hins vegar hvorki útsvar né tekjuskatt. Að baki geta legið margvíslegar ástæður. Þyngst vegur að tekjur flestra í þessum hópi eru undir almennum skattleysismörkum, sem námu rúmlega 59 þús. kr. á mánuði á árinu 1995. Þá á millifærsla persónuafsláttar milli maka hér einnig hluti að máli, sömuleiðis sjómannaafsláttur og að lokum ýmsir frádráttarliðir eins og hlutafjárafsláttur, frá-

dráttarbært innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga o.fl. Fróðlegt er að skoða þennan hóp nánar.

Í eftirfarandi töflu hefur hópnum verið skipt upp eftir aldri og hjúskaparstöðu. Í ljós kemur að þrír af hverjum fjórum eru einhleypir einstaklingar, þar af eru tveir af þremur 25 ára eða yngri. Þetta er fyrst og fremst námsfólk sem flest vinnur aðeins hluta úr ári. Í hópi hjóna er hins vegar um helmingur ellilífeyrisþegar og í reynd greiðir aðeins annar hver giftur ellilífeyrisþegi tekjuskatt og/eða útsvar.

Framteljendur sem hvorki greiða tekjuskatt né útsvar.
Skipt eftir aldri.

	— Einhleypir —			— Hjón[1] —		
	Fjöldi	Skipting %	% af heild	Fjöldi	Skipting %	% af heild
Yngri en 20 ára	15.853	45,6	23,8	12	0,2	0,2
21–25 ára	7.094	20,4	17,9	269	4,2	3,5
26–30 "	2.551	7,3	11,2	478	7,4	9,9
31–40 "	2.332	6,7	13,6	1.025	15,9	26,6
41–50 "	1.302	3,7	8,6	677	10,5	23,0
51–60 "	903	2,6	6,0	525	8,1	14,5
61–70 "	1.062	3,1	6,8	808	12,5	13,1
Eldri en 70 ára	3.633	10,5	12,1	2.659	41,2	9,2
SAMTALS	**34.730**	**100,0**	**100,0**	**6.453**	**100,0**	**100,0**
Hlutfall af heild	40,8%			11,5%		

[1] Hjón eru hér talin sem einn einstaklingur.

Þessi mynd kemur enn skýrar fram í töflunni hér að neðan sem sýnir skiptingu sama hóps eftir því hvort viðkomandi framteljandi er launþegi, sjómaður, sjálfstæður atvinnurekandi eða bótaþegi. Í hópnum „aðrir" eru þeir einstaklingar sem falla undir fleiri en einn af framangreindum flokkum. Meginhluti þeirra sem hvorki greiða tekjuskatt né útsvar eru einhleypir launþegar, þ.e. námsfólk sem vinnur þrjá til fjóra mánuði á ári. Þá eru ellilífeyrisþegar nokkuð fjölmennir, einkum í hópi hjóna eins og áður var komið fram. Einnig vekur athygli að tæplega fimmtungur hjóna í þessum hópi eru sjálfstæðir atvinnurekendur, eða hlutfallslega mun fleiri en í hópi launþega. Leiða má að því líkur að þetta séu að stórum hluta bændur, en tekjur þeirra eru langt undir meðaltekjum annarra í einstaklingsrekstri.

Framteljendur sem hvorki greiða tekjuskatt né útsvar.

	—Einhleypir —		—Hjón[1] —	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Launþegar	23.006	66,2	788	12,2
Sjómenn	671	1,9	265	4,1
Sjálfstæðir atvinnurekendur	1.139	3,3	1.209	18,7
Atvinnulausir	683	2,0	60	0,9
Öryrkjar	1.849	5,3	408	6,3
Ellilífeyrisþegar	3.864	11,1	2.730	42,3
Aðrir	3.518	10,1	993	15,4
SAMTALS	**34.730**	**100,0**	**6.453**	**100,0**

[1] Hjón eru hér talin sem einn einstaklingur.

1.7 Samantekt.

Af framansögðu sést að þær breytingar sem gerðar hafa verið á tekjuskattskerfinu og bótagreiðslunum allt frá árinu 1988 og fram til ársins 1995 hafa allar hnigið í sömu átt, þ.e. að auka jaðaráhrifin. Þetta hefur bæði gerst með beinni hækkun á skatthlutfallinu og auknu vægi tekjutengingar í barnabótakerfinu. Jafnframt hefur verið tekinn upp sérstakur skattur á hærri tekjur. Þessar breytingar hafa orðið til þess að draga fram ýmsa ókosti tekjuskattskerfisins sem áður voru ekki eins áberandi, en þar vegur þyngst tiltölulega hátt skatthlutfall á tekjur vel undir meðallagi. Við þetta bætast síðan áhrif aukinnar tekjutengingar í barnabótakerfinu.

2. Alþjóðlegur samanburður.

2.1 Þróunin síðustu árin.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað umtalsverðar breytingar á skattkerfum annarra þjóða. Þessar breytingar hafa bæði verið á sviði tekjuskatta, jafnt fyrirtækja sem einstaklinga, sem á almennri skattlagningu vöru og þjónustu. Eitt megineinkenni þeirra er að undanþágum hefur fækkað og skattstofnar hafa verið breikkaðir, meðal annars með afnámi margvíslegra frádráttarliða og sérreglna, sem oft á tíðum hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Jafnframt hefur skattþrepum fækkað og jaðarskattar verið lækkaðir. Allar þessar breytingar hafa gengið í þá átt að einfalda og samræma skattkerfið og draga úr hvers konar mismunun gagnvart einstaklingum og atvinnulífi. Íslenska skattkerfið hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og því er fróðlegt að bera það saman við þau skattkerfi sem eru í löndunum kringum okkur.

Íslenska skattkerfið samanborið við önnur lönd.[1)]

Hlutfallsleg skipting, %	Ísland		Evrópuríki OECD		Norðurlöndin[2)]	
	1985	1994	1985	1994	1985	1994
Tekjuskattar	**22,6**	**33,3**	**34,6**	**32,7**	**45,4**	**44,6**
- Einstaklingar	19,5	30,8	27,7	25,5	38,2	38,5
- Fyrirtæki	3,1	2,5	6,9	7,2	7,2	6,1
Eignarskattar	7,3	9,4	4,1	4,4	2,8	2,9
Launa- og tryggingagjöld	**6,0**	**8,1**	**27,5**	**29,2**	**18,0**	**21,1**
- Launþegar/einstaklingar	0,2	0,4	8,3	8,9	1,9	4,0
- Atvinnurekendur	5,8	7,7	19,2	20,3	16,1	16,1
Skattar á vörur og þjónustu	61,1	49,2	33,0	32,8	33,1	31,8
Aðrir skattar	3,0	-	0,8	0,8	0,7	0,6
Heildarskatttekjur hins opinbera[1)]	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Sem hlutfall af VLF, %	**28,4**	**30,9**	**38,3**	**40,8**	**45,5**	**47,8**

1) Ríki og sveitarfélög.
2) Án Íslands.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu hefur samsetning skattkerfisins hér á landi gjörbreyst á því tíu ára tímabili sem hér er skoðað, og um leið færst nær því sem tíðkast í helstu nágrannalöndum okkar. Þetta á einkum við um tilfærslu frá veltusköttum sem skiluðu ríkissjóði tveimur krónum af hverjum þremur á fyrri hluta níunda áratugarins yfir í tekju- og launaskatta. Íslenska skattkerfið skilur sig þó enn í veigamiklum atriðum frá því sem þar er. Þar vega þrjú atriði þyngst:

1. *Skattar á vörur og þjónustu eru enn mun hærri hér en annars staðar.*
2. *Launa- og tryggingagjöld eru léttvægari hérlendis.*
3. *Enda þótt hlutur tekjuskatta, einkum einstaklinga, hafi aukist hér á landi undanfarin ár eru innbyrðis hlutföll og uppbygging kerfisins talsvert frábrugðin því sem þekkist víða annars staðar.*

Hér á eftir verður fjallað nánar um tekjuskattslagningu einstaklinga hér á landi samanborið við þá sem í gildi er í löndunum kringum okkur.

Tekjuskattshlutföll og skattleysismörk einstaklinga. í Evrópuríkjum OECD árið 1996.

	Fjöldi þrepa	Lægsta þrep %	Hæsta þrep %	Skattleysis-mörk þús. kr. [1]
Ísland, ríki	**2**	**33**	**38**	**60**
sveitarfélög, meðalskattur	**-**	**9**	**9**	**60**
Danmörk, ríki	4	12	34½	28
sveitarfélög, meðalskattur	-	30	30	28
Finnland, ríki	6	7	39	51
sveitarfélög, meðalskattur	1	22	22	0
Noregur, ríki	2	9½	14	190
sveitarfélög, meðalskattur	1	28	28	8
Svíþjóð, ríki	1	25	25	184
sveitarfélög, meðalskattur	1	30	30	10
Belgía, ríki	7	25	55	34
sveitarfélög, meðalskattur	-	7	7	34
Sviss, ríki	10	1	12	44
sveitarfélög, meðalskattur	1	15	15	-
Austurríki	5	10	50	5
Bretland	3	20	40	33
Frakkland	6	12	57	24
Grikkland	4	5	40	2
Holland	3	7	60	22
Írland	2	27	48	23
Ítalía	7	10	51	-
Lúxemborg	17	10	50	42
Portúgal	4	15	40	-
Spánn	17	20	56	21
Þýskaland [2]	?	6	34	21

[1] Hér hefur ekki verið leiðrétt fyrir PPP.
[2] Í Þýskalandi byggist álagning tekjuskatts á sérstakri formúlu en ekki ákveðnum fjölda þrepa.

Heimild: OECD Tax Data Base; 1996.

2.2 Tekjuskattur einstaklinga – skatthlutföll, skattleysismörk.

Þó enn sé talsverður munur á tekjuskatti einstaklinga milli aðildarríkja OECD hafa flest þeirra einfaldað hann verulega á undanförnum árum með því að fækka þrepum og lækka

jaðarskatta. Þó virðist enn nokkuð langur vegur milli þeirra og íslenska kerfisins, bæði hvað varðar fjölda þrepa og hæð jaðarskattsins. Það eru í reynd aðeins þrjú ríki í Evrópu sem leggja tekjuskatt á einstaklinga í tveimur þrepum, þ.e. Ísland, Írland og Svíþjóð. Þá hefur verið tekið tillit til tekjuskattlagningar sveitarfélaga, en í Svíþjóð verður álagning þeirra að sérstöku þrepi vegna þess hversu mishá skattleysismörkin eru milli þessara stjórnstiga. Annars staðar eru þrepin fleiri, eða að jafnaði kringum sex þegar á heildina er litið.

Þá sker Ísland sig einnig úr hvað varðar hæð neðra/neðsta þrepsins, en það er 42% að meðtöldum sveitarfélögunum. Aðeins eitt ríki er með hærra hlutfall, eða Danmörk með 43%. Á hinn bóginn eru flest ríkjanna með hærra skatthlutfall í efra/efsta þrepi. Þar trónir Danmörk einnig á toppnum með 65%.

Hæð skatthlutfalla segir hins vegar ekki nema hálfa söguna, því að skoða þarf hlutföllin í samhengi við þau tekjumörk, þar sem þau verða virk, þ.e. skattleysismörkin. Þannig eru skattleysismörkin óvíða hærri en hér á landi sökum hás persónuafsláttar. Á hinn bóginn veldur hátt skatthlutfall um leið og skattleysismörkunum sleppir því að jaðaráhrifin vega þyngst hjá fólki með miðlungstekjur, þó meðalskattbyrðin sé tiltölulega lág samanborið við önnur lönd. Tekjutenging íslenskra bótakerfa auka enn á þetta eins og síðar verður fjallað um.

Á þessum samanburði er þó rétt að hafa þann fyrirvara að víða í aðildarríkjum OECD er að finna álagningu tryggingagjalda á einstaklinga sem er í mörgum tilvikum ígildi tekjuskatts. Ekki er tekið tillit til þess í tölunum hér að framan. Þá er einnig rétt að árétta að alþjóðlegur samanburður af þessu tagi er vandmeðfarinn, einkum vegna þess hversu mismunandi fjármögnunin er á tryggingakerfum einstakra ríkja. Þá skiptir tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga hér einnig máli, auk þess sem skattstofn og/eða frádráttarliðir kunna að vera mismunandi milli ríkja. Þannig hafa vaxtatekjur verið tekjuskattsfrjálsar hér á landi þar til um síðustu áramót, eitt allra ríkja innan OECD. Enn fremur eru bótakerfin, sem vega oft mjög þungt í slíkum samanburði, afar ólík.

2.3 Barnabætur.

Í nær öllum ríkjum OECD eru greiddar sérstakar barnabætur, oft háðar aldri og fjölda barna, svipað og hér á landi. Einnig er víða að finna sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna barna eða fjölskylduaðstæðna. Aftur á móti sker Ísland sig nokkuð úr varðandi tekju- og eignatengingu barnabóta. Í aðildarríkjum OECD auk Íslands þekkist þó tekjutenging í Ástralíu, Kanada og á Ítalíu. Þá tekjutengja Þjóðverjar greiðslu barnabóta hjá fjölskyldum með tvö börn eða fleiri. Ekkert þessara ríkja eignatengir barnabæturnar, að Íslandi undanskildu. Þá eru barnabætur almennt ekki skattskyldar.

Til að glöggva sig betur á þeim mun sem er milli einstakra ríkja er í meðfylgjandi yfirliti stillt upp samanburði á barnabótagreiðslum nokkurra Evrópulanda. Rétt er að taka fram að tölurnar hafa aðeins verið umreiknaðar yfir í íslenskar krónur en ekki leiðréttar sérstaklega fyrir mismunandi kaupmáttarstigi (purchasing power parity) í viðkomandi ríkjum.

Barnabætur í nokkrum ríkjum Evrópu árið 1995.

Krónur á ári	Grunnfjárhæð með einu barni	Áhrif aldurs	Viðbót einstæðra	Viðbót v/fjölda
Ísland	*133.000*	*0–6*	*68.000 á barn*	*Já*
	102.000	*7–15*		
Danmörk	83.000	0–6	45.000 á barn	Nei
	62.000	7–17	35.000 á fjölskyldu	

Krónur á ári	Grunnfjárhæð með einu barni	Áhrif aldurs	Viðbót einstæðra	Viðbót v/fjölda
Finnland	86.000	0–2	36.000 á barn	Já
	66.000	3–16		
Noregur	159.000	0–2	112.000 á fjölskyldu	Já
	106.000	3–15		
Svíþjóð	87.000	0–15	9.000 á fjölskyldu	Já
Bretland	79.000	0–15	48.000 á fjölskyldu	Nei
Frakkland [1]	57.000	0–9	-	Já
	73.000	10–14		
	86.000	15–17		
Holland	56.000	0–5	-	Já
	79.000	6–11		
	101.000	12–17		
Þýskaland	39.000	0–15	-	Já

1) Það eru ekki greiddar barnabætur með fyrsta barni í Frakklandi.

Heimild: ***Samhällets stöd till barnfamiljerna i Europa; rit gefið út af sænska fjármálaráðuneytinu* 1996.**

Þegar þessar tölur eru skoðaðar kemur í ljós að grunnfjárhæðir með hverju barni eru mun hærri hér á landi en víðast hvar, að Noregi undanskildum. Á móti vegur tekjutenging barnabótaaukans hér á landi. Þá virðist stuðningur við einstæða foreldra í formi barnabóta vera talsvert meiri hjá okkur en í þeim ríkjum sem hér eru skoðuð. Þannig tengist hann fremur fjölskyldugerðinni, þ.e. er föst fjárhæð á hverja fjölskyldu, en fjölda barna eins og tíðkast hér. Enn fremur vekur athygli að í Frakklandi og Hollandi fara barnabæturnar hækkandi eftir aldri barna, en þessu er hins vegar öfugt farið á Norðurlöndunum, þar sem ívilnunin er mest með yngstu börnunum.

2.4 Húsnæðisaðstoð hins opinbera.

Á árinu 1994 kom út á vegum OECD yfirgripsmikil skýrsla um skattlagningu sparnaðar, þar á meðal á fjárfestingu í eigin húsnæði. Þar kemur fram að í flestum aðildarríkjum OECD er að finna einhvers konar ívilnun gagnvart þessu sparnaðarformi, ýmist í formi skattalegra ívilnana, hagstæðari vaxtakjara eða einhvers konar hvata til húsnæðissparnaðar. Á hinn bóginn virðist hvergi vera til kerfi eins og við búum við hér á landi, þar sem bæturnar eru bæði tekju- og eignatengdar. Í umræddum ríkjum tekur aðstoðin nær eingöngu mið af vöxtum, oft þó upp að tilteknu hámarki, en einnig í vissum tilvikum af kaupverði eða byggingarkostnaði. Þá eru ýmis dæmi um að aðstoðin sé bundin við eignina sjálfa, en ekki háð hjúskaparstöðu. Þó er einnig að finna dæmi um það gagnstæða, þ.e. að tekið sé mið af fjölskyldustærð.

Skattaleg meðferð vaxtagjalda og tekna af eigin húsnæði.

	Vaxtagjöld	Reiknuð húsaleiga
Ísland [1]	(S)	U
Danmörk	F	S
Finnland	F	U
Noregur	F	S
Svíþjóð	F	S
Austurríki	F	U
Belgía	F	S
Bretland	S	U
Frakkland	S	U
Grikkland	F	S
Holland	F	S
Írland	F	U
Ítalía	F	S
Portúgal	F	U
Spánn	F	S
Sviss	F	S
Tyrkland	S	U
Þýskaland	S	U
Ástralía	S	U
Bandaríkin	F	U
Japan	F	U
Kanada	S	U
Nýja-Sjáland	S	U

[1] ***Hér á landi eru vaxtagjöld af íbúðarlánum aðeins skattlögð að vissu marki, þar sem þau mynda stofn til vaxtabóta.***

S: Skattlagt.
F: Frádráttarbærir frá tekjuskattsstofni.
U: Undanþegin.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu eru vaxtagjöld vegna fjárfestingar í eigin húsnæði frádráttarbær frá skatti í flestum aðildarríkjum OECD, en á móti kemur að reiknuð eigin leiga er skattskyld. Þetta á sérstaklega við um Norðurlöndin, en í Finnlandi er eigin húsaleiga þó ekki skattlögð. Hér á eftir er fjallað nánar um þær aðferðir sem einstök ríki OECD beita til aðstoðar þeim sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði og byggir sú umfjöllun fyrst og fremst á umræddri skýrslu. Sérstaklega er litið til Norðurlandanna, en einnig Bretlands og Þýskalands.

Danmörk. Vaxtagjöld eru að fullu frádráttarbær frá tekjuskattsstofni í Danmörku, hvort heldur um er að ræða neyslulán, lán vegna íbúðarkaupa eða önnur lán. Á móti kemur að reiknuð leiga af eigin húsnæði er skattskyld. Hún er metin sem 2½% af markaðsvirði eignarinnar upp að ákveðnu marki, eða 16 m.kr., en fari verðmæti eignarinnar yfir þau mörk verður hlutfallið 7½% á það sem umfram er. Engar aðrar ívilnanir tengdar fjárfestingu einstaklinga í eigin húsnæði eru í Danmörku.

Finnland. Vaxtagjöld eru almennt frádráttarbær frá fjármagnstekjum í Finnlandi, en þær síðarnefndu eru skattlagðar með 28% flötum staðgreiðsluskatti. Séu vaxtagjöldin hins vegar

hærri en vaxtatekjurnar, eru 25% af þeirri fjárhæð sem umfram er frádráttarbær frá tekjuskatti af öðrum tekjum (30% hjá þeim sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð). Ákveðið þak er þó á þessum frádrætti, eða 115 þús. kr. hjá einstaklingi (tvöföld sú fjárhæð hjá hjónum), auk sérstaks álags eftir barnafjölda (ca. 30 þús. kr. með fyrsta barni, en 60 þús. kr. ef börnin eru fleiri). Vaxtagjöld umfram hámarkið eru yfirfæranleg í tíu ár. Reiknuð leiga af eigin húsnæði er ekki skattskyld í Finnlandi.

Í Finnlandi er einnig að finna sérstaka bankareikninga ætlaða þeim sem eru að kaupa sér húsnæði í fyrsta sinn. Þeir eru allsendis ótengdir skattkerfinu, en lánsfjárhæð og lánskjör eru hins vegar háð sparnaðinum. Þetta sparnaðarform virðist alfarið óháð hinu opinbera.

Noregur. Svipað fyrirkomulag er í Noregi og Danmörku varðandi frádráttarbærni vaxta og skattskyldu reiknaðrar leigu af eigin húsnæði. Vaxtagjöld eru almennt frádráttarbær frá tekjuskattsstofni og skattskyld eigin leiga er 2,5% af markaðsverði húsnæðis umfram 400 þús. kr.

Hins vegar eru í Noregi heimilaðir sérstakir húsnæðissparnaðarreikningar fyrir einstaklinga yngri en 34 ára, en þeir eru með svipuðu sniði og gilt hefur hér á landi. Eigandi reiknings fær sérstakan skattafslátt sem nemur 20% af árlegum sparnaði, en hámarkssparnaður er 100 þús. kr. á ári (20 þús. kr. skattafsláttur). Þó getur sparnaður á hvern einstakling aldrei orðið hærri en 600 þús. kr. (120 þús. kr.) þegar á heildina er litið.

Svíþjóð. Vaxtagjöld eru almennt frádráttarbær frá fjármagnstekjum í Svíþjóð, en frádráttarheimildin gagnvart öðrum skattskyldum tekjum er hins vegar nokkuð flókin. Fyrst er sett ákveðið þak á frádráttinn frá skattskyldum tekjum, eða við eina milljón. Ef vextirnir eru hins vegar hærri kemur til viðbótarafsláttur frá tekju- eða fasteignaskatti, sem nemur 21% af því sem umfram er. Reiknuð leiga af eigin húsnæði er skattskyld í Svíþjóð.

Bretland. Vaxtagjöld af lánum, þó að hámarki 3½ m.kr., vegna kaupa á eigin húsnæði eru frádráttarbær frá skatti miðað við 25% skatthlutfall. Sé gengið út frá 7% vöxtum af hámarksláni nemur skattafslátturinn rúmlega 60 þús. kr. á ári á hverja eign (virðist óháð fjölda eigenda).

Sérstakir sparireikningar (TESSA) eru í boði í Bretlandi, bundnir til fimm ára, en vaxtatekjur af þeim eru skattfrjálsar. Þeir eru hins vegar ekki bundnir neinum skilyrðum, eins og kaupum á eigin húsnæði. Hver einstaklingur má aðeins eiga einn slíkan reikning.

Þýskaland. Þýska kerfið er nokkuð ólíkt því sem annars staðar gerist. Vaxtagjöld af lánum sem tengd eru kaupum eða byggingu eigin íbúðarhúsnæðis eru frádráttarbær frá tekjuskattsstofni áður en flutt er í húsnæðið. Þá eru vextir af veðlánum líka frádráttarbærir við ákveðin skilyrði eftir að byggingu er lokið, að hámarki 500 þús. kr. á ári í tvö ár.

Meginreglan er hins vegar sú að skattgreiðendur geta dregið hluta af byggingarkostnaði/kaupverði íbúðar frá skattskyldum tekjum á því ári sem bygging hefst eða kaup eiga sér stað og næstu sjö árin á eftir. Frádrátturinn er 6% af byggingarkostnaði/kaupverði íbúðar að hámarki 850 þúsund fyrstu fjögur árin (rúmlega 200 þús. kr. á ári) og rúmlega 700 þúsund næstu fjögur árin. Auk þess er álag með hverju barni, eða rúmlega 40 þúsund á ári.

Auk þess fá einstaklingar sérstakan 10% húsnæðis „bónus" ofan á framlag sitt til sérstakra lánastofnana sem sjá um byggingar á íbúðarhúsnæði, eða að hámarki 34 þús. kr. á ári á hvern einstakling.

2.5 Samantekt.

Af framansögðu er ljóst að sú aðstoð sem hið opinbera veitir íbúðareigendum er afar mismunandi í aðildarríkjum OECD. Við þetta má bæta, að í Frakklandi, Portúgal og Spáni eru sérstakir húsnæðissparnaðarreikningar eins og í Noregi. Í Austurríki eru hins vegar í boði sérstök sparnaðarform, tengd húsnæðiskaupum, sem á reiknast álag með svipuðu sniði og í Þýskalandi.

Aðstoð hins opinbera við íbúðarkaupendur virðist í fljótu bragði talsvert rýmri á hinum Norðurlöndunum en hér á landi, að minnsta kosti í Danmörku og Noregi vegna almennrar frádráttarheimildar á vöxtum, þó svo skattlagning reiknaðrar leigu vegi þar eitthvað á móti. Svipað er uppi á teningnum í Svíþjóð, þó einhverjar hömlur séu á frádrættinum. Kerfið hjá Finnum virðist komast næst íslenska kerfinu, án þess þó að vera tekjutengt og eignatengt eins og hér gerist. Í Bretlandi og Þýskalandi er uppbyggingin hins vegar allt önnur. Þar er aðstoðin bundin við eignina en ekki kaupanda/kaupendur. Þó er tekið tillit til fjölskyldustærðar í Þýskalandi.

3. Gallar gildandi kerfis.

3.1 Yfirlit.

Eins og fram er komið sýnist tekjuskattskerfið hér á landi um margt vera frábrugðið því sem almennast er í flestum öðrum Evrópuríkjum. Þetta gildir sérstaklega um samspil tiltölulegra hárra skattleysismarka og tekjutengingar sem er útbreiddari hér en víðast annars staðar og hás skatthlutfalls. Þessa mynd má draga í eftirfarandi meginþætti:

- Jaðarskattar á fjölskyldur með miðlungstekjur eru mjög háir hér á landi samanborið við önnur lönd.
- Skattleysismörk eru hins vegar óvíða hærri en hér á landi vegna hás persónuafsláttar.
- Meðalskattbyrði íslenskra fjölskyldna er þó lægri en víðast annars staðar.
- Tekjutenging barnabóta þekkist tæpast annars staðar í aðildarríkjum OECD.
- Tekju- og eignatenging húsnæðisaðstoðar hins opinbera, þ.e. vaxtabóta, vegna fjárfestingar í eigin húsnæði er sérískenskt fyrirbrigði.

Það er því ekki að ósekju að þróun tekjuskattskerfisins frá því að staðgreiðslan var tekin upp, þar sem farið hafa saman hækkun skatthlutfalls, hækkun skattleysismarka og aukin tekjutenging, sé áhyggjuefni. Þó svo að meðalskattbyrði íslenskra heimila sé tiltölulega lág samanborið við aðrar þjóðir er jaðarskattur á fjölskyldur með miðlungstekjur hins vegar með því hæsta sem þekkist, ekki síst vegna tekjutengdra bótakerfa. Í vissum tilvikum getur jaðarskattur fjölskyldu orðið um og yfir 60%. Þetta leiðir til þess eins og áður hefur verið bent á að aðeins um helmingur framteljenda greiðir tekjuskatt og einungis þriðjungur þegar tekið hefur verið tillit til bótagreiðslna. Þetta er bein afleiðing þess tekjuskattskerfis sem við búum við í dag.

Ýmsar rannsóknir sýna að háir jaðarskattar, helsti ágalli íslenska tekjuskattskerfisins virka vinnuletjandi, jafnframt því að ýta undir svarta atvinnustarfsemi. Hér þarf að verða bragarbót á.

3.2 Háir jaðarskattar — of miklar tekjutengingar.

Þau miklu jaðaráhrif sem einkenna íslenska skattkerfið verða kannski best dregin fram með raunverulegu dæmi. Sama gildir raunar um hitt megineinkenni kerfisins sem er lágur meðalskattur. Taka má dæmi um fjölskyldu með þrjú börn og miðlungstekjur, eða kringum 200 þús. kr. á mánuði. Fjölskyldan býr í eigin húsnæði og nýtur vaxtabóta sem svara til

10.000 króna á mánuði að meðaltali. Hún greiðir rúmlega 9 þús. kr. í ríkissjóð í formi tekjuskatts en fær á móti barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur, samtals tæplega 26 þús. kr. Til sveitarfélaga greiðir þessi fjölskylda rúmlega 22 þús. kr. í formi útsvars. Séð frá ríkinu nema bótagreiðslur til fjölskyldunnar umfram tekjuskatt rúmlega 16 þús. kr. á mánuði sem samsvarar 8% ofan á heildarlaun. Þetta dæmi sýnir glöggt stærðargráðu meðalskatts hjá barnafjölskyldu með miðlungstekjur.

Ráðstöfunartekjur fjölskyldu með þrjú börn og 200.000 kr. á mánuði.

Krónur	Fyrir hækkun	Eftir hækkun	Frávik	Eftir aðgerðir stjórnvalda	Frávik
Mánaðarlaun, brúttó	*200.000*	*210.000*	*10.000*	*210.000*	*10.000*
Greitt í lífeyrissjóð (4%)	-8.000	-8.400	-400	-8.400	-400
Mánaðarlaun, nettó	**192.000**	**201.600**	**9.600**	**201.600**	**9.600**
Tekjuskattur að frádr. persónuafslætti[1)]	-9.299	-12.219	-2.920	-8.833	466
Útsvar	-22.214	-23.325	-1.111	23.325	-1.111
Mánaðarlaun að frádr. tekjuskatti	**160.487**	**166.056**	**5.569**	**169.442**	**8.955**
Barnabætur	8.082	8.082	-	-	-
Barnabótaauki	7.539	6.099	-1.440	19.656	4.035
Vaxtabætur	10.000	9.424	-576	9.424	-576
Ráðstöfunartekjur	**186.108**	**189.661**	**3.553**	**198.522**	**12.414**
„Jaðarskattur"	*60,5%*	*60,5%*	-	*52,5%*	*-8,0%*
„Meðalskattur"	**5.892**	**11.939**	**6.047**	**3.078**	**-2.814**
Til ríkisins	-16.322	-11.386	4.936	-20.247	-3.925
Til sveitarfélaga	22.214	23.325	1.111	23.325	1.111
„Meðalskattur"	*2,9%*	*5,7%*	*2,8%*	*1,5%*	*-1,4%*

[1)] Tvær fyrirvinnur sem nýta persónuafsláttinn að fullu.

Í meðfylgjandi töflu sést einnig að hækki laun þessarar fjölskyldu um 10.000 kr. á mánuði heldur hún aðeins eftir um 3.500 kr. í launaumslaginu eftir að hún hefur greitt skatta sína og skyldur og að teknu tilliti til lækkunar bóta. Þetta þýðir, með öðrum orðum, að „jaðarskattur" fjölskyldunnar af hverri viðbótarkrónu sem hún aflar sér er í reynd rúmlega 60% að frátöldum lífeyrissjóðnum. Á hinn bóginn er meðalskattur hennar, eða raunveruleg „skattbyrði", mun lægri eins og áður var komið fram, eða kringum 6% eftir hækkunina, en hefur samt sem áður tvöfaldast frá því sem áður var. Hér endurspeglast tvö megineinkenni íslenska tekjuskattskerfisins, *hár jaðarskattur en lágur meðalskattur*.

Í framangreindri töflu eru þessi áhrif einnig skoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem nýverið voru samþykktar á tekjuskattskerfinu með lækkun hlutfallsins um 4 prósentustig og almennri tekjutengingu barnabóta. Hér er gengið út frá óbreyttum skattleysismörkum, en litið framhjá 2,5% árlegri hækkun persónuafsláttar og bótagreiðslna fram til ársins 2000. Eins og fram kemur eru megináhrif breytinganna lækkun „jaðarskatts" um 8%, sem skiptist jafnt á milli lægra skatthlutfalls og breytinga á barnabótum. Jafnframt lækkar meðalskatturinn um liðlega 4% frá því sem orðið hefði að óbreyttu kerfi.

3.3 Há skattleysismörk — fáir skattgreiðendur.

Eins og áður er komið fram er einn veigamesti þáttur tekjuskattskerfisins persónuafslátturinn, en samspil hans og skatthlutfallsins ákvarðar skattleysismörkin á hverjum tíma.

Þá eru skattleysismörk tekjuskatts hjá einstaklingum óvíða hærri en hér á landi sökum hás persónuafsláttar sem veldur því að eiginlegir skattgreiðendur verða tiltölulega fáir. Millifærsla persónuafsláttar og háar bótagreiðslur fækka greiðendum enn frekar. Á hinn bóginn veldur hátt skatthlutfall um leið og skattleysismörkunum sleppir því að jaðaráhrifin vega þyngst hjá fólki með miðlungstekjur, þó meðalskattbyrðin sé tiltölulega lág samanborið við önnur lönd. Þannig greiðir aðeins um helmingur framteljenda tekjuskatt til ríkisins að frádregnum persónuafslætti og öðrum frádráttarliðum (lífeyrisiðgjöldum, hlutafjárafslætti, innleggi á húsnæðissparnaðarreikninga) og réttur þriðjungur sé einnig tekið tillit til bótagreiðslna, þ.e. barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta. Því hefur verið haldið fram að slíkt kerfi slævi þjóðfélagslega vitund skattþegnanna og ýti undir svarta starfsemi.

Í meðfylgjandi töflu er til fróðleiks stillt upp skattlagningu hjóna með þrjú börn og er hópnum sem telur rúmlega 5.000 hjón skipt upp í tíundir eftir tekjuskattstofni. Um er að ræða álagningu tekjuskatts og útsvars að teknu tilliti til millifærslu á persónuafslætti og bótagreiðslna eins og hún birtist í skattframtölum ársins 1996.

	Tekjur á mán. þús. kr.	Fjöldi	Tekjusk. nettó [1] þús. kr.	Útsvar þús. kr.	Barna-bætur þús. kr.	Vaxta-bætur þús. kr.	Ráðst.-tekjur þús. kr.	Skatt-byrði %	Hlutur ríkis %	Hlutur svfélaga %
I.	96.....	525	-7,7	8,4	27,6	6,6	129,5	-34,9	-43,7	8,8
II.	139.....	538	-1,5	12,2	23,2	7,3	158,8	-14,2	-23,0	8,8
III.	168.....	538	8,0	14,8	19,3	7,3	171,8	-2,3	-11,1	8,8
IV.	194.....	538	16,2	17,0	15,6	7,0	183,4	5,5	-3,3	8,8
V.	217.....	538	23,5	19,1	12,4	6,1	192,9	11,1	2,3	8,8
VI.	244.....	538	31,7	21,5	8,9	6,2	205,9	15,6	6,8	8,8
VII.	274.....	538	40,8	24,1	8,0	5,9	223,0	18,6	9,8	8,8
VIII.	308.....	538	51,0	27,1	8,0	5,6	243,5	20,9	12,1	8,8
IX.	360.....	538	66,1	31,6	8,0	4,9	275,2	23,6	14,8	8,8
X.	507.....	541	118,6	44,6	8,0	3,0	354,8	30,0	21,2	8,8
MT 251		**5.370**	**34,7**	**22,1**	**13,9**	**6,0**	**214,1**	**14,7**	**5,9**	**8,8**
E. breytingar [2]			-	-	-	-	-	***12,7***	***1,1***	***11,6***

[1] Tekjuskattur ríkisins að frádregnum persónuafslætti, einnig þeim sem nýtist á móti útsvari.

[2] Hér hefur verið tekið tilliti til tilfærslu tekjuskatts milli ríkis og sveitarfélaga (2,74%) og nýsamþykktrar lækkunar á tekjuskattshlutfallinu um 4% fram til ársins 1999.

VIÐAUKI I

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**
Tafla I.

Viðmiðunarreglur tekjuskattslagningar hjá einstaklingum 1986 og 1988

Árstölur á verðlagi hvors árs	1986	1988
1. Skatthlutföll/viðmiðunarmörk:		
Skatthlutfall – 1. þrep, %	19,5	28,5
Viðmiðunarmörk tekna	<272.000	-
Skatthlutfall – 2. þrep, %	30,5	-
Viðmiðunarmörk tekna, þús. kr.	<544.000	-
Skatthlutfall – 3.þrep, %	43,5	-
Viðmiðunarmörk tekna, þús. kr.	>544.000	-
Útsvar í Reykjavík, %	10,2	6,7
2. Frádráttur frá skattstofni:		
Lágmark hjá einstaklingi eða 10% af tekjum, kr.	47.600	-
Lágmark hjá einstæðu foreldri eða 10% af tekjum, kr.	83.300	-
3. Afsláttur af tekjuskatti/útsvari:		
Tekjuskattur, krónur	47.200	186.629
Útsvar	3.060	-
Afsláttur með hverju barni	612	-
Aukaafsláttur vegna barna > 3	1.224	-
4. Aðrir tekjutengdir skattar:		
Sjúkratryggingagjald, %	2,0	-
Tekjuviðmiðun, þús. kr.	>403.000	-
Gjald í Framkvæmdasjóð, kr.	1.000	-
Tekjuviðmiðun, þús. kr.	>166.000	-
Sóknargjald, % af útsvarsstofni	0,4	-
Kirkjugarðsgjald, % af útsvari	1,5	-
5. Barnabætur:		
Fyrsta barn, krónur	10.200	18.671
Börn umfram eitt, krónur	15.300	28.006
Viðbót með börnum yngri en 7 ára, krónur	10.200	18.671
Lágmarksbætur einstæðra foreldra, krónur	20.400	56.012
6. Barnabótaauki: [1]		
Óskert fjárhæð, krónur	20.400	46.201
Skerðing, með 1. barni, %	8,0	7,0
Skerðing, með 2. barni, %	8,0	6,0
Skerðing, með 3. barni, %	8,0	5,0
Skerðing, með börnum umfram 3, %	8,0	4,0
Tekjuviðmiðun hjóna, kr.	<374.000	<670.000
" einstæðra foreldra, kr.	<255.000	<550.000
7. Vaxtafrádráttur/afsláttur einstaklinga: [2]		
Hámarksfrádráttur frá skattstofni hjá einstaklingi	292.600	-
Hámarksafsláttur	-	184.000

[1] Barnabótaaukinn var tekinn upp árið 1984.
[2] Vaxtabætur voru teknar upp árið 1989 og greiddar í fyrsta sinn 1990.

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**
Tafla 2.

Fjöldi skattgreiðenda og bótaþega

Tekjuár	1986	1988	1990	1995
I. FJÖLDI:				
Framteljendur alls	*179.322*	*187.756*	*193.918*	*201.603*
Tekjuskattur fyrir frádrátt bóta	82.896	90.269	95.639	103.486
Útsvar fyrir nýtingu persónuafsláttar	150.783	181.483	186.890	197.992
Sérstakur 5% tekjuskattur	-	-	-	5.519
Sjómannaafsláttur	10.629	9.468	10.632	9.461
Millifærsla persónuafsláttar milli hjóna	-	25.156	25.506	23.902
Millifærsla persónuafsláttar á móti eignarskatti	19.764	14.794	14.564	12.293
Barnabætur	68.883	65.015	66.500	67.959
Barnabótaauki	-	28.988	29.375	37.906
Vaxtabætur/húsnæðisbætur	-	36.518	39.385	47.133
Skattfrjáls fjárfesting í hlutabréfum	1.302	741	9.611	9.541
Innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga	134	304	582	4.263
II. Sem % af heildarfjölda framteljenda:				
Tekjuskattur fyrir frádrátt bóta	46,2 [1]	48,1	49,3	51,3
Útsvar fyrir nýtingu persónuafsláttar	84,1	96,7	96,4	98,2
Sérstakur 5% tekjuskattur	-	-	-	2,7
Sjómannaafsláttur	5,9	5,1	5,5	4,7
Millifærsla persónuafsláttar milli hjóna	-	13,4	13,2	11,9
Millifærsla persónuafsláttar á móti eignarskatti	11,0	7,9	7,5	6,1
Barnabætur	38,4	34,6	34,3	33,7
Barnabótaauki	-	15,4	15,1	18,8
Vaxtabætur/húsnæðisbætur	-	19,4	20,3	23,4
Skattfrjáls fjárfesting í hlutabréfum	0,7	0,4	5,0	4,7
Innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga	0,1	0,2	0,3	2,1

[1] Þetta hlutfall er ekki sambærilegt við þau sem á eftir koma, þar sem þegar hefur verið tekið tillit til vaxtafrádráttar, en hann var undanfari vaxtabótanna. Að honum frátöldum hefði hlutfallið verið mun hærra.

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**
Tafla 3.

Helstu kennitölur tekjuskattskerfisins

Tekjur	1986	1988	1990	1995
I. Heildarfjárhæðir á verðlagi hvers árs, m.kr.				
Tekjuskattur fyrir frádrátt bóta	5.820	12.933	22.759	27.875
Útsvar fyrir nýtingu persónuafsláttar	7.234	10.620	14.034	21.775
Sérstakur 5% tekjuskattur	-	-	-	358
Nýttur persónuafsláttur á móti tekjuskatti	-	28.339	40.120	48.628
" " á móti útsvari	-	1.945	2.520	3.560
Sjómannaafsláttur, ígildi tekjuskatts og útsvars	~500	792	1.376	1.509
Millifærsla persónuafsláttar milli hjóna	-	1.666	2.314	2.328
Millifærsla persónuafsláttar á móti eignarskatti	171	283	372	360
Barnabætur, greiðslutölur	1.881	2.325	3.277	2.673
Barnabótaauki, greiðslutölur	-	711	1.104	2.057
Vaxtabætur/húsnæðisbætur, greiðslutölur	~850	1.233	2.276	3.487
Skattfrjáls fjárfesting í hlutabréfum, ígildi tsk.	25	25	665	625
Innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga, ígildi tsk.	1	3	8	85
Tekjuskatts/útsvarsstofn	**77.431**	**156.713**	**198.532**	**244.978**
II. Sem % af tekjuskatts/útsvarsstofni:				
Tekjuskattur fyrir frádrátt bóta	7,5	8,3	11,5	11,4
Útsvar fyrir nýtingu persónuafsláttar	9,3	6.8	7,1	8,8
Sérstakur 5% tekjuskattur	-	-	-	0,1
Nýttur persónuafsláttur á móti tekjuskatti	-	18,1	20,2	19,8
" " á móti útsvari	-	1,2	1,3	1,5
Sjómannaafsláttur	0,6	0,5	0,7	0,6
Millifærsla persónuafsláttar milli hjóna	-	1,1	1,2	1,0
Millifærsla persónuafsláttar á móti eignarskatti	0,2	0,2	0,2	0,1
Barnabætur	2,4	1,5	1,7	1,1
Barnabótaauki	-	0,5	0,6	0,8
Vaxtabætur/húsnæðisbætur	1,1	0,8	1,1	1,4
Skattfrjáls fjárfesting í hlutabréfum	0,0	0,0	0,3	0,3
Innlegg á húsnæðissparnaðarreikninga	0,0	0,0	0,0	0,0

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**
Tafla 4.

Tekjudreifing framteljenda árið 1995 [1]

Tekjur á mánuði	Fjöldi	Hlutfalls-skipting %	Samansafnað %
I. Einhleypir			
Undir 50 þús. kr.	24.525	31,6	31,6
51–100 –	32.643	42,1	73,7
101–150 –	11.691	15,1	88,8
151–200 –	4.869	6,3	95,1
201–250 –	1.987	2,6	97,7
251–300 –	903	1,1	98,8
Yfir 300 –	927	1,2	100,0
SAMTALS	**77.545**	**100,0**	-
Tekjulausir	***5.488***	***7,1***	-
II. Einstæðir foreldrar:			
Undir 50 þús. kr.	1.147	15,1	15,1
51–100 –	3.731	49,0	64,1
101–150 –	1.803	23,7	87,8
151–200 –	602	7,9	95,7
201–250 –	215	2,8	98,5
251–300 –	61	0,8	99,3
Yfir 300 –	56	0,7	100,0
SAMTALS	**7.615**	**100,0**	-
Tekjulausir	***46***	***0,6***	-
III. Hjón: [2]			
Undir 100 þús. kr.	3.644	6,5	6,5
101–150 –	10.396	18,6	25,1
151–200 –	10.564	18,9	44,0
201–250 –	9.821	17,6	61,6
251–300 –	7.801	13,9	75,5
301–350 –	5.283	9,4	84,9
351–400 –	3.283	5,9	90,8
401–450 –	1.909	3,4	94,2
Yfir 450 –	3.249	5,8	100,0
SAMTALS	**55.950**	**100,0**	-
Tekjulausir	***1.097***	***2,0***	-

[1] Tekjur ársins 1995.
[2] Samanlagðar tekjur hjóna.

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**
Tafla 5.

Kennitölur úr barnabótakerfinu árið 1996

	EINSTÆÐIR FORELDRAR				HJÓN, SAMBÝLISFÓLK				HEILD	
	Fjöldi	Bætur alls m.kr.	%	Meðal-bætur þús. kr.	Fjöldi	Bætur alls m.kr.	%	Meðal-bætur þús. kr.	Bætur alls m.kr.	%
I. Almennar barnabætur:										
Með fyrsta barni	7.661	528	58	69	30.149	277	16	9	805	30
" öðrum börnum	2.440	231	25	95	18.136	741	42	41	972	36
" börnum yngri en 7 ára	4.215	146	17	35	18.827	757	42	40	903	34
SAMTALS	**7.661**	**905**	**100**	**118**	**30.149**	**1.775**	**100**	**59**	**2.680**	**100**
II. Barnabótaauki:										
Óskertur	1.006	156	21	155	997	180	14	181	336	16
Með skerðingu	6.082	596	79	99	13.763	1.123	86	82	1.719	84
SAMTALS	**7.088**	**752**	**100**	**106**	**14.760**	**1.303**	**100**	**88**	**2.055**	**100**
Hlutfall af heild %	**92,5**				**49,0**					

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**

Tafla 6.1

Greiðslur barnabóta árið 1996
Einstæðir foreldrar

Tekjur á mánuði	Fjöldi foreldra	%	Bætur alls m.kr.	Almennar m.kr.	B.bóta-auki m.kr.	Meðal-bætur þús.kr.	Meðal-tekjur þús.kr.	Bætur sem % af tekjum
Undir 50 þús. kr.	1.194	15,6	329	155	174	23	31	74,2
51–100 –	3.730	48,7	906	461	445	20	74	27,0
101–150 –	1.803	23,5	313	193	120	14	121	11,6
151–200 –	602	7,9	75	62	13	10	171	5,8
201–250 –	215	2,8	22	22	-	9	221	4,1
251–300 –	61	0,8	6	6	-	8	270	3,0
301–350 –	25	0,3	3	3	-	10	320	3,1
351–400 –	12	0,2	1	1	-	7	370	1,9
Yfir 400 –	19	0,2	2	2	-	9	489	1,8
SAMTALS	**7.661**	**100,0**	**1.657**	**905**	**752**	**18**	**94**	**19,1**

Tafla 6.2

Greiðslur barnabóta árið 1996
Hjón, sambýlisfólk

Tekjur á mánuði	Fjöldi foreldra	%	Bætur alls m.kr.	Almennar m.kr.	B.bóta-auki m.kr.	Meðal-bætur þús. kr.	Meðal-tekjur þús. kr.	Bætur sem % af tekjum
Undir 50 þús. kr.	291	1,0	69	19	50	20	21	95,2
51–100 –	1.033	3,4	247	67	180	20	82	24,4
101–150 –	4.094	13,6	773	263	510	19	127	15,0
151–200 –	5.802	19,2	811	363	448	12	176	6,8
201–250 –	5.674	18,8	444	334	110	7	224	3,1
251–300 –	4.777	15,8	278	273	5	5	274	1,8
301–350 –	3.353	11,1	185	185	-	5	323	1,5
351–400 –	2.061	6,8	113	113	-	4	373	1,1
Yfir 400 –	3.064	10,2	158	158	-	4	510	0,8
SAMTALS	**30.149**	**100,0**	**3.078**	**1.775**	**1.303**	**9**	**253**	**3,6**

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**
Tafla 7.

Heildargreiðslur vaxtabóta árið 1996

	Fjöldi bótaþega	Hlutfall af heild %	Bóta-greiðslur m.kr.	Hlutfall af heild %
Einhleypir	8.664	10	697	21
Einstæðir foreldrar	3.224	42	365	11
Hjón [1]	17.667	31	2.238	68
SAMTALS	**29.555**	**20**	**3.300**	**100**

[1] Hjón eru hér talin sem einn einstaklingur.

Heildargreiðslur vaxtabóta árið 1996
Skipt eftir aldri

	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón	Allir
I. Fjöldi:				
25 ára og yngri	915	221	623	1.759
26–45 ára	4.627	2.734	13.323	20.684
46–65 ára	2.134	268	3.112	5.514
66 ára og eldri	988	1	609	1.598
SAMTALS	**8.664**	**3.224**	**17.667**	**29.555**
II. Hlutfallsleg skipting, %:				
25 ára og yngri	10,6	6,9	3,5	6,0
26–45 ára	53,4	84,8	75,5	70,0
46–65 ára	24,6	8,3	17,6	18,6
66 ára og eldri	11,4	-	3,4	5,4
SAMTALS	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
III. Heildarbætur, m.kr.:				
25 ára og yngri	68	21	62	151
26–45 ára	389	315	1.731	2.435
46–65 ára	167	29	386	582
66 ára og eldri	73	-	59	132
SAMTALS	**697**	**365**	**2.238**	**3.300**
IV. Hlutfallsleg skipting bóta, %:				
25 ára og yngri	9,8	5,8	2,8	4,6
26–45 ára	55,8	86,3	77,4	73,8
46–65 ára	24,0	7,9	17,2	17,6
66 ára og eldri	10,4	-	2,6	4,0
SAMTALS	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**
Tafla 8.

Kennitölur úr skattframtölum vaxtabótaþega árið 1996.

Árstekjur 1995	Fjöldi	Meðal-tekjur þús. kr.	Nettó-eign þús. kr.	Skuldir vegna íbúðar þús. kr.	Vaxta-gjöld þús. kr.	Vaxta-bætur þús. kr.	Vaxtagjöld sem % af íbúðar-skuldum	Vaxtabætur sem % af vaxta-gjöldum
I. Einhleypir:								
Undir 1 m.kr.	3.316	667	1.101	2.985	177	80	5,9	45,2
1–2 m.kr.	3.950	1.429	1.178	3.371	213	81	6,3	38,0
2–3 m.kr.	1.102	2.377	1.139	3.991	273	81	6,8	29,6
3–4 m.kr.	242	3.400	1.048	5.077	351	79	6,9	22,5
Yfir 4 m.kr.	54	4.604	1.572	6.771	519	73	7,7	14,1
SAMTALS	**8.664**	**1.333**	**1.142**	**3.371**	**213**	**80**	**6,3**	**37,5**
II. Einstæðir foreldrar:								
Undir 1 m.kr.	1.401	705	738	4.213	198	118	4,7	59,6
1–2 m.kr.	1.547	1.374	856	4.582	224	110	4,9	49,1
2–3 m.kr.	243	2.355	1.060	4.702	291	106	6,2	36,4
3–4 m.kr.	31	3.351	1.455	5.251	366	100	7,0	27,3
Yfir 4 m.kr.	2	4.357	245	4.959	359	64	7,2	17,8
SAMTALS	**3.224**	**1.178**	**825**	**4.437**	**219**	**113**	**4,9**	**51,6**
III. Hjón [1]:								
Undir 1 m.kr.	739	389	810	4.313	281	133	6,5	47,3
1–2 m.kr.	4.294	1.594	2.007	4.708	293	133	6,2	45,4
2–3 m.kr.	6.385	2.474	1.914	5.158	332	127	6,4	38,3
3–4 m.kr.	4.005	3.445	2.147	5.736	395	121	6,9	30,6
Yfir 4 m.kr.	2.244	4.604	2.374	7.042	502	121	7,1	24,1
SAMTALS	17.667	2.669	2.002	5.383	356	127	6,6	35,7

[1] Hjón eru hér talin sem einn einstaklingur.

JAÐARSKATTANEFND **Júlí 1997**
Tafla 9.

Nýting persónuafsláttar á móti útsvari
Álagning á tekjur ársins 1995

	Útsvarstekjur sveitarfélaga		Nýting persónu-afsláttar á móti útsvari	
	m.kr.	%	m.kr.	%
Reykjavík	8.430	38,7	1.309	15,5
Kópavogur	1.527	7,0	214	14,0
Seltjarnarnes	423	1,9	49	11,6
Garðabær	701	3,2	87	12,3
Hafnarfjörður	1.410	6,5	218	15,5
Mosfellsbær	400	1,8	55	13,8
Reykjanesbær	875	4,0	122	14,0
Grindavík	205	0,9	26	12,9
Sandgerði	102	0,5	16	15,3
Akranes	438	2,0	72	16,5
Borgarbyggð	153	0,7	33	21,7
Stykkishólmur	108	0,5	18	16,7
Snæfellsbær	163	0,7	27	16,8
Ísafjörður	343	1,6	35	10,1
Bolungarvík	99	0,5	13	13,0
Vesturbyggð	110	0,5	20	17,9
Siglufjörður	151	0,7	23	15,2
Sauðárkrókur	222	1,0	39	17,4
Blönduós	87	0,4	13	15,4
Akureyri	1.223	5,6	202	16,5
Húsavík	216	1,0	35	16,4
Ólafsfjörður	108	0,5	17	16,0
Dalvík	130	0,6	21	16,4
Seyðisfjörður	74	0,3	12	15,6
Neskaupstaður	154	0,7	23	14,7
Eskifjörður	94	0,4	14	14,7
Egilsstaðir	121	0,6	22	17,9
Hornafjörður	189	0,7	27	14,3
Vestmannaeyjar	413	1,9	54	13,0
Selfoss	329	1,5	55	16,9
Hveragerði	114	0,5	22	19,2
Kaupstaðir og bæir	***19.112***	***87,8***	***2.893***	***15,1***
Önnur sveitarfélög	***2.663***	***12,2***	***667***	***25,0***
SAMTALS	**21.775**	**100,0**	**3.560**	**16,3**

VIÐAUKI II

JAÐARSKATTANEFND **Janúar 1997**

Skýrsla ríkisskattstjóra um aðgerðir gegn skattsvikum á síðustu árum

Í nóvember 1992 skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að meta umfang skattsvika og athuga hvaða breytingar höfðu orðið á skattframkvæmd frá árinu 1985 sem áhrif gætu haft á möguleika til skattsvika. Jafnframt var nefndinni ætlað að athuga hvaða ákvæði skattalaga gæfu helst færi á skattsvikum og hvaða lagabreytingar þyrfti til úrbóta.

Í september 1993 skilaði nefndin skýrslu til fjármálaráðherra þar sem fram komu tillögur um aðgerðir gegn skattsvikum í eftirfarandi ellefu liðum:

1. Hert skatteftirlit og auknar skattrannsóknir.
2. Breytt skipulag og starfshættir skattyfirvalda.
3. Endurskoðun á bókhaldslögum.
4. Nýtt ákvæði í almennum hegningarlögum.
5. Aukin notkun refsiákvæða í skattalögum.
6. Átak gegn svartri atvinnustarfsemi.
7. Hækkun á reiknuðu endurgjaldi hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum.
8. Skýrar reglur um rekstrarkostnað.
9. Hugarfarsbreyting.
10. Opinber birting refsidóma.
11. Aðgerðir með þátttöku fleiri aðila en stjórnvalda.

Á undanförnum árum hafa sérfræðingar fjármálaráðuneytis unnið að frekari útfærslu þessara tillagna og hefur flestum þeirra þegar verið hrint í framkvæmd. Hér á eftir er fjallað nánar um þessar tillögur og stöðu þeirra í lok árs 1996.

1. Hert skatteftirlit og auknar skattrannsóknir. Í skýrslu nefndarinnar er rakið í ítarlegu máli hvernig er háttað framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna, um leið og lögð er á það áhersla að herða þurfi frekar á þessum þætti. Þannig telur nefndin það gagnrýnivert að einungis 12 menn skuli sinna skattrannsóknum og aðeins 34 almennu skatteftirliti. Hér þurfi að koma til breyttar áherslur skattyfirvalda. Náist ekki fullnægjandi árangur með þeim hætti þurfi að bæta starfsmönnum við ytra skatteftirlit og skattrannsóknir. Óðruvísi náist ekki teljandi árangur í baráttunni gegn skattsvikum. Þá þurfi að koma á fleiri námskeiðum fyrir starfsfólk skattyfirvalda.

Í dag eru 15 starfsmenn hjá skattrannsóknarstjóra og hefur þeim fjölgað í samræmi við tillögu nefndarinnar. Þá starfa nú um 46 starfsmenn við skatteftirlit. Samkvæmt þessu hafa um 14 starfsmenn bæst við í skatteftirlit og skattrannsóknir á undanförnum árum og sjást þessa þegar merki í gjaldahækkunum hjá skattrannsóknarstjóra og endurákvörðunum hjá ríkisskattstjóraembættinu.

2. Breytt skipulag og starfshættir skattyfirvalda. Fram til þessa hefur of mikill tími farið í tölvuskráningu, gagnavinnslu og upplýsingaöflun hjá starfsfólki skattstofanna á kostnað raunhæfs skatteftirlits. Þrátt fyrir mikla tæknivæðingu hefur ekki náðst nægilega mikil hagræðing til þess að efla mætti skatteftirlitið frekar. Til að ná árangri á þessari braut taldi nefndin nauðsynlegt að taka upp staðlað skattframtal rekstraraðila og einfalda framtalsskil einstaklinga. Með því mundi nást fram aukin hagræðing innan skattkerfisins og um leið

skapast forsendur fyrir hertu skatteftirliti. Jafnframt þyrfti að efla þátttöku fjármálaráðuneytisins í því að samræma og skipuleggja skatteftirlit og skattrannsóknir til að ná betri árangri í baráttunni við skattsvikin.

Þegar hefur verið tekið í notkun staðlað skattframtal rekstraraðila. Þannig hafa rekstraraðilar val hvort þeir skila stöðluðu framtali fyrir rekstrarárið 1996 eða með hefðbundnum hætti, en frá og með rekstrarárinu 1997 verður þetta skylda.

Þá er hafinn undirbúningur að einfaldari framtalsskilum einstaklinga, þar sem miðað er að því að allt að helmingur framteljenda þurfi ekki að skila hefðbundnu skattframtali, auk þess sem framtalsgerðin verður mun auðveldari fyrir allan þorrann. Með aukinni upplýsingasöfnun í miðlæg gagnasöfn og bættri tæknilegri úrvinnslu er dregið verulega úr undirbúningsvinnu skattstjóra fyrir álagningu og um leið skapast meira svigrúm fyrir virkara skatteftirlit. Stefnt er að því að þetta fyrirkomulag verði tekið upp á árinu 1999 vegna tekjuársins 1998.

3. Endurskoðun á bókhaldslögum. Rannsókn og meðferð refsiverðra bókhaldsbrota hefur lítið verið sinnt hingað til nema jafnframt hafi verið um skattsvik að ræða. Ekki er vitað til þess að mál hafi verið rekið og dæmt út frá bókhaldsbrotum eingöngu. Í skýrslu skattsvikanefndar frá árinu 1986 kemur fram það sjónarmið, sem 1992-nefndin tekur eindregið undir, að ein af meginforsendum öflugs skatteftirlits og rannsókna á skattsvikum sé að bókhald sé fært jafnóðum og viðskipti eiga sér stað, og fylgiskjöl séu fyrir hendi og geymd á skipulegan hátt. Með því að herða eftirlit með bókhaldi sem og viðurlög við bókhaldsbrotum megi draga úr skattsvikum, eða að minnsta kosti að gera þau torveldari. Þá taldi nefndin að endurskoða þyrfti bókhaldslögin sérstaklega með tilliti til skjalaskipta milli tölva.

Segja má að tillögur nefndarinnar er vörðuðu endurskoðun á bókhaldslögunum séu þegar komnar til framkvæmda. Meðal annars hafa verið sett ný lög um bókhald, nr. 145/1994, en í þeim lögum eru mjög ítarleg refsiákvæði. Þannig geta alvarleg brot á þessum lögum varðað varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Jafnframt hafa verið sett lög um ársreikninga, nr. 144/1993, sem hafa einnig að geyma ítarleg refsiákvæði.

4. Nýtt ákvæði í almennum hegningarlögum. Þá taldi nefndin nauðsynlegt að lögfesta nýtt refsiákvæði í almennum hegningarlögum um stórfelld skattsvik, samhliða endurskoðun á 262. gr. laganna, sem fjalla um stórfellda bókhaldsóreiðu. Falli skattsvik (eða bókhaldsbrot) undir slíkt ákvæði verði ekki beitt vægari refsingu en fangelsi, nema almennar refsilækkunarástæður eigi við.

Þessi tillaga er þegar komin til framkvæmda. Með lögum nr. 39/1995, var gerð sú breyting að frá og með 1. janúar 1995 geta skattsvik varðað við hegningarlög.

5. Aukin notkun refsiákvæða í skattalögum. Ekki taldi nefndin nauðsynlegt að breyta refsimörkum í refsiákvæðum skattalaga, heldur yrði að herða refsiframkvæmdina með því að beita gildandi ákvæðum í ríkari mæli en gert hefði verið. Hins vegar taldi hún æskilegt að lögfesta tiltekið refsilágmark, sérstaklega fyrir skattsektir, svo að tryggt væri að sektarfjárhæðir væru að minnsta kosti jafnháar undandregnum skatti. Loks taldi hún koma til greina að lögfesta ákvæði um skyldubundnar refsivistarákvarðanir þegar um alvarleg skattsvik er að ræða.

Þessi tillaga er þegar komin til framkvæmda. Með lögum nr. 42/1995, er búið að lögfesta refsilágmark í skattalögum, þannig að fésekt verður aldrei lægri en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni.

6. Átak gegn svartri atvinnustarfsemi. Í skýrslu nefndinnar var fjallað allítarlega um umfang dulinnar efnahagsstarfsemi hér á landi. Þannig eru skattgreiðslur manna oft og tíðum ekki í neinu samræmi við lífsstíl þeirra eða eignamyndun. Nefndin taldi eitt brýnasta verkefnið til þess að stemma stigu við skattsvikum hér á landi að leita allra leiða til að uppræta það neðanjarðarhagkerfi sem dulin atvinnustarfsemi væri. Þar þyrfti fjármálaráðuneytið að hafa forgöngu um stefnumótun, meðal annars með að setja skattrannsóknarstjóra og öðrum skattyfirvöldum markmið, og ákvarða leiðir til þess að fást við þetta vandamál.

Hjá embætti skattrannsóknarstjóra hefur verið unnið ötullega að því að taka á svartri atvinnustarfsemi eftir því sem mannaflinn hefur leyft. Mest hefur borið á átaki gegn slíkri starfsemi í veitingahúsarekstri með allgóðum árangri. Hér þarf þó að gera enn betur og líta til fleiri atvinnugreina.

7. Hækkun á reiknuðu endurgjaldi hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum. Nefndin gerði það að tillögu sinni að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda varðandi reiknað endurgjald verði endurskoðuð og þær matsreglur sem notaðar hafa verið verði endurákvarðaðar frá grunni og nýjar settar. Þá lýsti nefndin þeirri skoðun sinni að hækka þyrfti viðmiðunarlaunin verulega. Þannig væri ótækt með öllu að viðmiðunarlaun atvinnurekanda væru mun lægri en meðallaun launþega í sömu starfsgrein. Þó væri nauðsynlegt að áfram yrði tekið tillit til mismunandi aðstæðna hjá skattaðilum. Jafnframt taldi nefndin æskilegt að sem víðtækust samstaða næðist um þetta mál með fulltrúum atvinnulífsins og lagði til að fjármálaráðuneytið setti á fót sérstakan starfshóp til að vinna að þessu máli.

Nú þegar er hafin vinna við athugun á reglum um reiknað endurgjald og munu tillögur þar að lútandi væntanlega liggja fyrir síðar á þessu ári.

8. Skýrar reglur um rekstrarkostnað. Á undanförnum árum hefur talsvert borið á ágreiningi milli skattyfirvalda og skattaðila um það hvað sé frádráttarbær rekstrarkostnaður í skilningi 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin taldi þetta ákvæði ekki nægjanlega skýrt og of oft háð mati skattyfirvalda. Þá skorti leiðbeiningar frá skattyfirvöldum til rekstraraðila um það hvað teljist rekstrarútgjöld og hvað ekki. Enn fremur taki of langan tíma að fá niðurstöðu í álitamálum. Nefndin lagði til að fjármálaráðherra gæfi út að nýju reglugerð þar sem kveðið verði á um með skýrari hætti en verið hefur, hvað teljist vera frádráttarbær rekstrarkostnaður í skilningi tekjuskattslaga, en með því verði dregið úr þeirri óvissu sem nú ríkir. Þannig ætti einnig að skapast meira svigrúm til þess að sinna atriðum sem gera kröfur til nákvæmari könnunar á skattskilum framteljenda.

Í framhaldi af skýrslu skattsvikanefndar var skipuð sérstök nefnd til að fjalla um þetta mál og er þegar búið að endurskoða hluta af umræddri reglugerð. Nefndin er enn að störfum og mun verki hennar væntanlega ljúka síðar á þessu ári.

9. Hugarfarsbreyting. Í skýrslunni kom fram að nefndarmenn töldu brýna þörf á því að vinna að breyttum viðhorfum almennings til skattsvika og efla almenna andstöðu gegn þeim. Samkvæmt skoðanakönnun sem nefndin lét framkvæma voru yfir 70% aðspurðra reiðubúnir til skattsvika eða þátttöku í þeim. Þetta hlutfall þarf að lækka með öllum leiðum. Eðlilegt væri að vinna að því í samvinnu við hagsmunasamtök atvinnurekenda og launþega til að skapa sem breiðasta samstöðu. Sýna þarf fram á með einföldum og auðskiljanlegum hætti hinar skaðlegu afleiðingar skattsvika fyrir þjóðfélagið í heild, einstaka hópa þess og þá sem taka þátt í slíku.

Nokkuð hefur verið gert í því að hafa áhrif á afstöðu manna til skattsvika. Með skattframtölum hafa meðal annars verið sendir út bæklingar þar sem varað er við skattsvikum, auk þess sem auglýst hefur verið í blöðum. Þá hefur embætti skattrannsóknarstjóra átt fundi með hagsmunasamtökum. Engin ný könnun hefur þó farið fram meðal landsmanna um afstöðu þeirra til skattsvika.

10. Opinber birting refsidóma. Fram til þessa hafa skattyfirvöld ekki staðið fyrir opinberri birtingu refsidóma sem kveðnir hafa verið upp vegna skattsvika, en nefndin taldi að með því mætti ná fram verulegum varnaðaráhrifum. Þannig gerði nefndin það að tillögu sinni að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins hefði það hlutverk með höndum að kynna fjölmiðlum og almenningi niðurstöður dóma í skattsvikamálum, til dæmis með fréttamannafundum eða útgáfu fréttatilkynninga.

Ákveðið hefur verið að skattrannsóknarstjóri standi árlega fyrir kynningu á þeim dómum sem varða skattsvik. Gert er ráð fyrir því að síðar á þessu ári verði opinber kynning á refsidómum í skattsvikamálum frá síðasta ári.

11. Aðgerðir með þátttöku fleiri aðila en stjórnvalda. Í skoðanakönnun nefndarinnar á skattsvikum kom fram að meira en helmingur nótulausra viðskipta er í tveimur atvinnugreinum, byggingariðnaði og bifreiðaviðgerðum, og taldi nefndin mjög brýnt að ráðast til atlögu í þessum greinum. Lagt var til að könnuð yrði sú leið að beita húsnæðislánakerfinu með einhverjum hætti gegn skattsvikum í byggingariðnaði. Á sama hátt mætti hafa samstarf við tryggingafélög í baráttunni gegn skattsvikum er tengjast bifreiðaviðgerðum. Þá taldi nefndin mikilvægt að huga að sambærilegum aðgerðum gagnvart öðrum greinum þar sem möguleikar á skattsvikum væru verulegir.

Hér hefur fremur lítið áunnist nema leitað hefur verið eftir samstarfi við tryggingafélögin um að upplýsingar um bótagreiðslur berist til skattyfirvalda.

53. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra í samvinnu við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga að auðvelda sveitarfélögum landsins að hefja skipulega vinnu að áætlunum um sjálfbæra þróun með hliðsjón af „Dagskrá 21“.

Stefnt verði að því að sveitarfélög sem ekki hafa þegar byrjað slíkt starf hefji það sem fyrst og ekki síðar en vorið 1998. Miðað verði við að slíkar áætlanir geti legið fyrir hjá sem flestum sveitarfélögum landsins á árinu 2000.

Greinargerð.

Framkvæmdaáætlunin um umhverfi og þróun sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro árið 1992 gengur undir nafninu „Dagskrá 21“ og höfðar heitið til næstu aldar. Áætlunin byggist á hugmyndunum um sjálfbæra þróun og þar er m.a. fjallað um æskilegt frumkvæði héraðs- og sveitarstjórna til stuðnings víðtæku

starfi að umhverfisvernd. Var gert ráð fyrir því að ekki seinna en árið 1996 hefðu sem flestar sveitarstjórnir í hverju landi náð sammæli um það hver á sínu svæði hvernig staðið yrði að „staðbundinni dagskrá 21". Undirbúningur að þessu ferli átti raunar að hefjast þegar á árinu 1993, m.a. með alþjóðlegu samráði og síðan samvinnu og skiptum á upplýsingum milli sveitarstjórna í aðdraganda stefnumótunar.

Leiðsögnin frá Ríó fyrir sveitarstjórnir.

Fjöldi vandamála sem fjallað er um í Dagskrá 21 á rætur í staðbundinni starfsemi og því er samvinna við heimastjórnvöld og þátttaka þeirra talin mikilvæg fyrir lausn þeirra. Sveitarstjórnir standa að uppbyggingu og rekstri á mörgum sviðum heima fyrir, móta skipulag og staðbundnar umhverfisreglur og aðstoða við framkvæmd umhverfisstefnu í hverju landi og svæðisbundið. Sveitarstjórnir eru það stjórnsýslustig sem næst stendur almenningi og gegna því lykilhlutverki í að fræða fólk um sjálfbæra þróun og hvetja til aðgerða.

Samkvæmt leiðsögn Dagskrár 21 er gert ráð fyrir að hver sveitarstjórn hafi forustu um samstarf við íbúa sveitarfélagsins, félagasamtök og fyrirtæki um sjálfbæra þróun í byggðarlaginu. Áhersla er lögð á þátttöku sem flestra og m.a. að tryggja þátttöku kvenna og æskufólks í ákvörðunum, skipulagi og við framkvæmd þessara mála heima fyrir. Auk stuðnings viðkomandi ríkisstjórna er gert ráð fyrir aðstoð ýmissa alþjóðastofnana og samtaka við þessa vinnu að sjálfbærri þróun, m.a. frá Habitat-verkefni Sameinuðu þjóðanna. Áhersla er lögð á að byggja upp þekkingu og þjálfa fólk til starfa til stuðnings sjálfbærri þróun.

Skilgreining á sjálfbærri þróun.

Hugtakið sjálfbær þróun var fyrst sett fram opinberlega á vegum Sameinuðu þjóðanna í skýrslu Brundtland-nefndarinnar árið 1987 undir heitinu Sameiginleg framtíð okkar. Með því er átt við samfélagsþróun á heimsvísu af nýrri gerð þar sem tryggt sé gott og heilbrigt umhverfi samhliða því sem frumþörfum manna sé fullnægt. Framsetningin „maðurinn í sátt við umhverfi sitt til lengri tíma litið" lýsir kannski best viðfangsefninu. Hugmyndin um sjálfbæra þróun gerir ráð fyrir að framleiðslu- og neysluhættir einstaklinga og þjóða virði þau takmörk sem umhverfi jarðar og einstakra vistkerfa setur. Líta ber á málin heildstætt og í samhengi til að tryggja verndun og viðhald umhverfisgæða. Lögð er jafnframt áhersla á lýðræðislega þátttöku og áhrif almennings á ákvarðanir á öllum stigum. — Þess ber að geta að hugtakið sjálfbær þróun er enn ekki fastmótað þar eð ekki hefur verið samþykkt skýrt afmörkuð skilgreining þess á alþjóðavettvangi. Inntak þess getur því breyst og dýpkað með vaxandi skilningi og sammæli þjóða um forsendur umhverfisverndar.

Brundtland-nefndin lagði til við Sameinuðu þjóðirnar að hafin yrði á þeirra vegum vinna að ýmsum alþjóðasáttmálum, m.a. vegna loftslagsbreytinga, um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og um hættuleg efni og úrgang. Í samræmi við tilmæli nefndarinnar ákvað síðan allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að kalla saman ráðstefnu um umhverfi og þróun í Ríó í júní 1992. Í yfirlýsingu hennar eru settar fram 27 meginreglur sem þjóðir heims beri að hafa í heiðri í umhverfis- og þróunarmálum. Í yfirlýsingunni er m.a. að finna nokkrar grundvallarreglur, svo sem greiðsluskyldu þess sem veldur mengun, varúðarreglu til verndar umhverfinu og um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaáætlunin Dagskrá 21 er ein helsta afurð Ríó-ráðstefnunnar og tekur til flestra þátta umhverfis- og þróunarmála. Hún skiptist í fjóra hluta: 1. Félagsmála- og efnahagssvið. 2. Verndun og stjórnun auðlinda til þróunar. 3. Aukið hlutverk helstu þjóðfélagshópa. 4. Tæki til framkvæmdar áætluninni. Kaflar dagskrárinnar eru síðan alls 40. Um þátt héraðs- og sveitarstjórna er fjallað í þriðja hluta, 28. kafla.

Hvernig geta sveitarfélögin nálgast viðfangsefnið?

Með þingsályktunartillögunni er ekki hugmyndin að gefa neina bindandi forskrift um það hvernig sveitarfélög hér á landi eigi að móta sínar áætlanir um sjálfbæra þróun. Hér verður aðeins bent á reynslu sem fengin er í nágrannalöndum okkar þar sem unnið hefur verið markvisst í þessum málum í hartnær áratug, t.d. í Noregi. Þar hófst tilraunaverkefnið „Umhverfisvernd í sveitarfélögunum" árið 1987, stutt af umhverfisráðuneytinu og fjárhagslega af norska ríkinu. Þessu verkefni lauk árið 1991 og upp frá því tryggði ríkið endurgreiðslu launa fyrir umhverfisráðgjafa í hverju sveitarfélagi. Höfðu 415 sveitarstjórnir notfært sér þá heimild haustið 1993. Þá hafði norska umhverfisráðuneytið þegar gefið út leiðbeiningarrit fyrir sveitarstjórnir um áherslusvið í umhverfisvernd undir heitinu „Tenke globalt — Handle lokalt" (Hugsaðu á heimsvísu — Breyttu rétt heima fyrir). Þar er kveðið á um áherslur þjóðþings og ríkisstjórnar og stuðning ríkisstofnana við fylki og sveitarfélög í umhverfismálum, en einnig ábyrgð hinna síðarnefndu í umhverfisvernd. Fimm áherslusvið er varða sveitarfélögin eru tiltekin fyrir níunda áratuginn: 1. Umhverfisvænt skipulag. 2. Sorphirða og endurvinnsla. 3. Varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni. 4. Ferskvatn og strandsvæði. 5. Verndun menningarminja og landslags. Gefnar eru ábendingar og góð ráð á hverju þessara sviða, en áhersla lögð á frumkvæði og sjálfstæða ábyrgð sveitarfélaganna.

Svipaðar áherslur hafa verið ríkjandi í Svíþjóð og Danmörku þar sem sveitarfélög og þriðja stjórnsýslustig (lén og ömt) hafa gegnt miklu og vaxandi hlutverki í framkvæmd og þróun umhverfismála.

Góð fordæmi vísa veginn.

Hér á landi hefur ráðleggingum Dagskrár 21 lítið verið sinnt að því er varðar þátt sveitarfélaga og stuðning af hálfu ríkisins við þau í umhverfismálum. Á einstökum sviðum hefur vissulega náðst umtalsverður árangur og átak er í undirbúningi hjá einstökum sveitarfélögum eða á vegum byggðasamlaga þeirra. Þar má nefna úrbætur í meðferð sorps og frárennslis, gatnagerð og margháttaða viðleitni til fegrunar umhverfis. Það sem hins vegar skortir á víðast hvar er að sveitarstjórnir setji umhverfismálin í þann forgang sem æskilegt væri og samþætti þau vinnu að vistvænu skipulagi og atvinnuþróun.

Svo virðist sem umhverfisráðuneytið hafi ekki megnað að veita þá leiðsögn og hvatningu sem eðlilegt væri, m.a. með hliðsjón af því sem gert hefur verið í grannlöndum okkar. Þau fáu dæmi sem hægt er að benda á hér á landi þar sem sveitarfélög hafa sinnt kvaðningu Dagskrár 21 sýna þetta betur en mörg orð.

Egilsstaðir á Fljótsdalshéraði hafa frá því í maí 1996 verið þátttakandi í verkefni norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfisáætlanir í sveitarfélögum í samvinnu við Færeyinga. Í Færeyjum hafa 17 sveitarfélög samvinnu um þetta verkefni og er Egilsstaðabær fulltrúi Íslands í verkefninu og nýtur til þess fjárhagsstuðnings frá umhverfisráðuneytinu og hefur jafnframt haft samband við Samband íslenskra sveitarfélaga. Það var hins vegar nánast fyrir tilviljun að Egilsstaðabær frétti af þessu verkefni og náði að tengjast því. Á þessu stigi felst í verkefninu að gerð sé úttekt á stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu að því er varðar rekstur og fjárfestingar sem tengjast umhverfismálum. Úttektin á síðan að mynda grunn að umhverfisáætlun með forgangsröðun til fimm ára. Sigurborg Kr. Hannesdóttir hefur verið stjórnandi þessa verkefnis á vegum Egilsstaða. Þessu norræna verkefni lauk í mars 1997 og var því fylgt eftir með tveimur ráðstefnum, annarri í Færeyjum í lok maí og hinni á Egilsstöðum 9.–10. júní 1997. Sú reynsla sem fæst á Egilsstöðum getur nýst öðrum sveitarfélögum í þeirri vinnu að staðbundinni sjálfbærri þróunaráætlun sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Rétt er og að geta þess að Reykjavík gerðist í marsbyrjun 1997 þátttakandi í svonefndu Álaborgarsamstarfi sem er átak með samvinnu 240 borga og héraða í Evrópu til að stuðla staðbundið að sjálfbærri þróun. Samstarfinu var komið á eftir ráðstefnu í Álaborg vorið 1994. Borgarráð Reykjavíkur hefur skipað nefnd sem á í senn að vera verkefnisstjórn fyrir Álaborgarsamstarfið og undirbúa jafnframt stefnumótun Reykjavíkur í umhverfismálum samkvæmt forskriftinni frá Ríó.

Á Stokkseyri hefur þegar verið unnið gott starf að umhverfisáætlun í anda Dagskrár 21.

Vafalaust er svipuð viðleitni víðar í gangi í einstökum sveitarfélögum en samræmt átak og nauðsynlegur stuðningur þarf að koma til svo að sem flest sveitarfélög hefji vinnu að áætlunum um sjálfbæra þróun, hvert á sínum vettvangi. Tillagan gerir ráð fyrir að áætlanir sveitarfélaganna í anda Dagskrár 21 liggi fyrir frá sem flestum þeirra á árinu 2000. Það væri góð viðspyrna á tímamótum til að hefja göngu inn í næstu öld.

54. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um að stofna lífsiðfræðiráð.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma hið fyrsta á fót lífsiðfræðiráði til að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun og afla til þess nauðsynlegra heimilda á Alþingi. Ráðinu verði ætlað að fylgjast með þróun í líftækni innan lands og erlendis, veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings. Um leið verði endurskoðað núverandi kerfi ráðgefandi nefnda hjá hinu opinbera á þessu sviði og stefnt að einföldun þess og samræmingu.

Einnig verði hið fyrsta komið á fót samstarfsnefnd ráðuneyta sem fari með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Nefndin verði m.a. tengiliður lífsiðfræðiráðs við einstök ráðuneyti.

Greinargerð.

Þróun líftækni hefur verið afar hröð og gífurlegu fjármagni á alþjóðamælikvarða er varið í rannsóknir sem henni tengjast. Rúmir þrír áratugir eru síðan tókst að ráða gátuna um uppbyggingu erfðaefnisins og fyrir 24 árum voru fluttir erfðavísar milli örvera. Nokkru síðar hófst tilraunaframleiðsla og markaðssetning á afurðum erfðabreyttra lífvera og nú keppast fjölþjóðafyrirtæki um að tryggja sér einkaleyfi á lífverum til erfðabreytinga og afurðum erfðabreyttra lífvera.

Fyrir um tveimur áratugum tókst að einrækta fyrstu lífverurnar á tilraunastofum og síðan hefur einræktun (klónun) þróast stig af stigi. Fyrsta einræktun mannlegra fósturvísa var framkvæmd við læknamiðstöð Georgs Washington háskólans í Bandaríkjunum í október 1993. Þann 23. febrúar 1997 barst sem eldur í sinu um heimsbyggðina fréttin um skosku sauðkindina Dollý, en hún varð til við einræktun hjá Roslin Institute í Edinborg. Það nýja við þennan atburð er að ekki var einræktað úr frumum fósturvísa heldur notaðar líkamsfrumur úr fullvaxta kindum til að búa til einræktaðan einstakling. Tíu dögum síðar bættist svo við fréttin um að apar hefðu verið einræktaðir úr fósturfrumum vestan hafs. Fáir draga nú í efa að innan skamms verði hægt að einrækta menn. Siðferðilegar spurningar, sem fylgt hafa tilraunum í

sameindalíftækni undanfarna áratugi, hafa að vonum magnast við þessi tíðindi. Joseph Rotblat, sem vann til friðarverðlauna Nóbels 1995 fyrir baráttu Pugwash-samtaka sinna gegn kjarnavopnum, segir nú að mannkyninu stafi meiri hætta af einræktun en gereyðingarvopnum.

Fyrsta löggjöfin hérlendis um erfðabreyttar lífverur var samþykkt á Alþingi 2. apríl 1996 og heyrir hún undir umhverfisráðherra (lög nr. 18/1996). Hún tók mið af ESB-reglum en við lögin var bætt ákvæðum um siðfræðileg og samfélagsleg álitaefni. Sérstök níu manna ráðgjafarnefnd á að fylgjast með framkvæmd laganna og veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráð og beita sér jafnframt fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Á sama þingi, 29. maí 1996, voru samþykkt lög um tæknifrjóvgun (nr. 55/1996) þar sem m.a. er fjallað um rannsóknir á fósturvísum og þær leyfðar í vissum tilvikum. Sérstök vísindasiðanefnd á að fjalla um slíkar rannsóknir. Lögin leggja hins vegar bann við einræktun. Sérstök þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á að fylgjast með framkvæmd laganna sem annars er á hendi dómsmálaráðuneytis. Þá er að geta laga um dýravernd, nr. 15/1994, sem heyra undir umhverfisráðuneytið og kveða m.a. á um tilraunir á lifandi dýrum. Sérstök þriggja manna tilraunadýranefnd fjallar um veitingu leyfa fyrir slíkum tilraunum og er einn nefndarmanna skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði. Þá hafa siðanefndir, er varða heilbrigði og læknisfræðilega meðhöndlun manna, starfað án lagaboðs á vegum einstakra fagfélaga eins og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og á vegum einstakra sjúkrahúsa auk siðaráðs landlæknis sem starfar á vegum landlæknisembættisins.

Í grannlöndum okkar eru starfandi sérstök lífsiðfræðiráð eða líftækninefndir sem fylgjast með þróun á þessu sviði, veita stjórnvöldum ráðgjöf og er ætlað að taka heildstætt á líftækni, þar á meðal á siðferðilegum þáttum hennar. Frakkland var fyrst ríkja í Evrópu til að setja á fót slíka siðanefnd árið 1983. Í Danmörku voru sett lög um siðaráð árið 1987 og nokkru síðar var það einnig gert í öðrum skandinavískum löndum. Danska löggjöfin um „videnskabsetisk komitésystem og behandling af biomedicinske forskningsprojekter" (komitéloven nr. 503/1992) var endurskoðuð 1992 og tillaga um breytingar á ný lögð fram 1996. Evrópuráðið hefur frá árinu 1978 látið sig varða löggjöf og reglur á sviði erfðatækni og rannsókna á fóstrum og fósturvísum. Voru samþykktir ráðsins um þetta efni gefnar út í íslenskri þýðingu á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins árið 1990. (Samþykktir ráðherranefndar og ráðgjafaþings Evrópuráðsins um lífsiðfræði. Rit 2/1990.)

Á 119. og 120. löggjafarþingi fóru fram miklar umræður um erfðabreyttar lífverur og tæknifrjóvganir af tilefni frumvarpa um samnefnd efni sem lögfest voru vorið 1996. Snar þáttur í þeirri umræðu og umfjöllun viðkomandi þingnefnda voru siðferðilegar hliðar líftækni og tæknifrjóvgunar. Þó skorti á að þessi mál væru rædd og sett í samhengi. Það nefndakerfi, sem komið var á fót samkvæmt þessum lögum, kemur ekki í staðinn fyrir siðaráð sem fjallað gæti heildstætt um álitaefni og dregið markalínur. Því er með tillögunni gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar lífsiðfræðiráð sem hafi það meginverkefni að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun. Til að valda slíku verkefni og vera fært um að veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings er óhjákvæmilegt að lífsiðfræðiráði sé gert kleift að fylgjast náið með þróun á líftæknisviði innan lands og erlendis. Unnt ætti að vera að einfalda um leið það nefndakerfi sem fyrir er á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur, tæknifrjóvgun og dýravernd. Þá hlýtur slíkt lífsiðfræðiráð að hafa hliðsjón af alþjóðasamningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og öðrum ákvæðum alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að.

Tillagan gerir enn fremur ráð fyrir að komið verði á fót samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta sem fara með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Þar getur ef grannt er skoðað verið um að ræða flest ráðuneyti innan

Stjórnarráðsins, en þó mæðir líklega mest á umhverfisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti í þessum efnum, því síðasttalda að því er varðar rannsóknir. Þá ber að hafa í huga að Einkaleyfastofa á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis fer lögum samkvæmt með einkaleyfi er snerta erfðabreyttar lífverur.

Hörð viðbrögð víða um lönd við fregninni um einræktuðu sauðkindina Dollý eru skýr vísbending um að margir telji að vísindamenn séu nú komnir lengra en góðu hófi gegnir með inngrip í náttúruleg lífsferli. Menn skynja þá miklu óvissu sem fram undan er ef ekki tekst að koma böndum á tæknigetu mannsins þegar í hlut á stafróf lífsins í formi erfðaefnis og náttúrulegrar tímgunar. Mikilsvert er því að samstaða takist sem víðast um skipuleg viðbrögð, bæði innan þjóðríkja og á alþjóðavettvangi, með það að markmiði að móta sameiginlegar reglur og viðmiðanir. Afar brýnt er að litið sé heildstætt á þetta stóra viðfangsefni og siðfræðileg gildi fái aukinn sess við mat á því hvert skuli stefna. Þeirri tillögu, sem hér er flutt um stofnun lífsiðfræðiráðs, er ætlað að vera lóð á þá vogarskál.

55. Frumvarp til fjáraukalaga [55. mál]

fyrir árið 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1997:

	m.kr.
Tekjur	
Tekjuskattar	1.349,0
Tryggingagjöld, launaskattar	525,0
Eignarskattar	211,0
Skattar á vörur og þjónustu	1.846,0
Aðrar tekjur	772,0
Tekjur samtals	**4.703,0**
Gjöld	
Æðsta stjórn ríkisins	13,4
Forsætisráðuneyti	92,0
Menntamálaráðuneyti	149,2
Utanríkisráðuneyti	182,2
Landbúnaðarráðuneyti	122,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	49,6
Félagsmálaráðuneyti	189,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.694,1
Fjármálaráðuneyti	3.985,6
Samgönguráðuneyti	263,3
Iðnaðarráðuneyti	53,6
Viðskiptaráðuneyti	45,5
Hagstofa Íslands	4,2
Umhverfisráðuneyti	89,2
Gjöld samtals	**6.934,2**
Áætluð yfirfærsla heimilda til næsta árs	-1.134,0
Tekjur umfram gjöld	**-1.097,2**
Lánahreyfingar	
Veitt lán, nettó	3.495,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**4.592,2**
Afborganir af teknum lánum	4.589,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**9.181,2**
Lántökur	9.400,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**218,8**

2. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 1. gr. á liði og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	2,1

00-520 Opinberar heimsóknir

Almennur rekstur:	
1.01 Opinberar heimsóknir	8,8

00-999 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	2,5

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**13,4**
Greitt úr ríkissjóði	**13,4**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 7,0

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.91 Heimssýning í Lissabon 20,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Viðhaldsverkefni:
5.20 Stjórnarráðshús 60,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 5,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **92,0**
Greitt úr ríkissjóði **92,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.61 Norræna eldfjallastöðin 4,0

02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.90 Byggingarframkvæmdir 60,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.40 Framhaldsskólar, óskipt 50,0

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 36,7

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 7,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 33,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 8,2

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.90 Listir 8,3

m.kr.

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.91 Aðildargjöld ESB ..... -60,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis íþróttamál 2,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **149,2**
Greitt úr ríkissjóði **149,2**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	27,2
1.02 Varnarmálaskrifstofa	13,2
Almennur rekstur samtals	40,4
Gjöld samtals	**40,4**

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	7,4

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í Washington	5,0

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki	7,5

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	14,7

03-320 Sendiráð, almennt

Stofnkostnaður:	
6.22 Sendiráð Íslands í Washington	95,0
6.90 Tæki og búnaður	6,0
Stofnkostnaður samtals	101,0
Gjöld samtals	**101,0**

m.kr.

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu 1,4

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.90 Alþjóðastofnanir, óskipt 4,8

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 182,2
Greitt úr ríkissjóði 182,2

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 10,5

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 8,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 64,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 1,5
Almennur rekstur samtals 65,5

Gjöld samtals **65,5**

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:
1.05 Niðurgreiðslur á ull og gærum 38,8

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **122,8**
Greitt úr ríkissjóði **122,8**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Almannavarnir ríkisins	2,0

06-390 Ýmis löggæslukostnaður

Almennur rekstur:

1.10 Ýmis löggæslukostnaður	4,5
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips	6,0
Almennur rekstur samtals	10,5
Gjöld samtals	**10,5**

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:

1.90 Landhelgisgæsla Íslands	20,0

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:

1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	9,5

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Stofnkostnaður:

6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	4,8

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:

1.21 Prestar og prófastar	2,8

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**49,6**
Greitt úr ríkissjóði	**49,6**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Vinnueftirlit ríkisins	40,0

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli	8,8
1.26 Sambýli Stigahlíð 71	1,2
Almennur rekstur samtals	10,0
Gjöld samtals	**10,0**

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli	3,0

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli Egilsstöðum	1,3

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli Selfossi	8,2

07-710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra

Almennur rekstur:

1.70 Heimili einhverfra	0,7

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli	8,0

m.kr.

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 2,5

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 25,0

07-980 Vinnumálaskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 80,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis framlög 10,8

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **189,5**
Greitt úr ríkissjóði **189,5**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Tryggingastofnun ríkisins 37,0

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 150,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:
1.10 Lífeyristryggingar 660,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:
1.10 Sjúkratryggingar 432,0

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisspítalar 154,0

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 166,0

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 2,6

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 36,4

m.kr.

08-511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðin Árbæ	1,2
1.20 Heilsugæslustöðin Grafarvogi	1,2
Almennur rekstur samtals	2,4
Gjöld samtals	**2,4**

08-512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	1,3
1.20 Heilsugæslustöðin Mjódd	1,2
Almennur rekstur samtals	2,5
Gjöld samtals	**2,5**

08-513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðin Fossvogi	1,3

08-514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðin Hlíðum	1,3
1.20 Heilsugæslustöðin Miðbæ	1,3
Almennur rekstur samtals	2,6
Gjöld samtals	**2,6**

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,5

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	1,4

m.kr.

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 1,4

08-542 Heilsugæslustöðin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Blönduósi 1,4

08-543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki 1,4

08-544 Heilsugæslustöðin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Siglufirði 1,4

08-553 Heilsugæslustöðin Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Akureyri 7,4

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 1,0

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 1,4

08-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:
1.90 Rekstrarhagræðing 30,0

	m.kr.
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.694,1**
Greitt úr ríkissjóði	**1.694,1**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-381 Uppbætur á lífeyri

Almennur rekstur:	
1.01 Uppbætur á lífeyri	-50,0

09-801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3.500,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	-560,0
1.95 Yfirfærðar rekstrar- og tilfærsluheimildir frá fyrra ári	324,0
Almennur rekstur samtals	-236,0
Viðhaldsverkefni:	
5.95 Yfirfærðar viðhaldsheimildir frá fyrra ári	-77,6
Stofnkostnaður:	
6.95 Yfirfærðar stofnkostnaðarheimildir frá fyrra ári	792,8
Gjöld samtals	**479,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	34,4
Gjöld umfram tekjur	**513,6**

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Almennur rekstur:	
1.03 Skattvinnslukerfi	17,0
1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	5,0
Almennur rekstur samtals	22,0
Gjöld samtals	**22,0**

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.985,6**
Greitt úr ríkissjóði	**3.985,6**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.14 Tækniþróunarverkefni á sviði flugmála í Namibíu	8,0
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa	7,5
1.70 Útsending bandarísks morgunþáttar frá Íslandi	2,3
1.90 Ýmislegt	4,5
Almennur rekstur samtals	22,3
Gjöld samtals	**22,3**

10-211 Vegagerðin

Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	215,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	30,5

10-472 Flugvellir

Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	-4,5

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**263,3**
Greitt úr ríkissjóði	**263,3**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn 10,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:

1.41 Vegalagning vegna álvers á Grundartanga 34,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:

1.03 Orkurannsóknir 9,6

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **53,6**

Greitt úr ríkissjóði **53,6**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-301 Löggildingarstofan

Almennur rekstur:

1.01 Löggildingarstofan 45,5

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **45,5**

Greitt úr ríkissjóði **45,5**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn 4,2

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur **4,2**

Greitt úr ríkissjóði **4,2**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 6,0

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 3,5

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 11,4

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 14,4
1.10 Eyðing spilliefna 38,6
Almennur rekstur samtals 53,0

Gjöld samtals **53,0**

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 15,3

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **89,2**
Greitt úr ríkissjóði **89,2**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun ársins 1997 og tillögur um hækkanir og niðurfellingar á fjárheimildum ýmissa liða fjárlaga fyrir árið 1997 í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu og ákvarðanir stjórnvalda um ný útgjöld. Þá er í frumvarpinu flutt tillaga um breytingar á gildandi fjárveitingum fjárlagaliða, ýmist til hækkunar eða lækkunar, með hliðsjón af ónotuðum fjárheimildum og umframgjöldum þeirra í árslok 1996. Þær breytingar voru áður kynntar í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1996.

Lagagreinar frumvarpsins eru settar fram með nokkuð breyttu sniði miðað við fyrri ár. Tilefni þeirra breytinga er að í frumvarpi til fjárlaga næsta árs, sem lagt var fram fyrir skömmu, hefur framsetning lagagreina verið færð í nýjan búning í samræmi við ákvæði nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Þar sem afgreiðsla frumvarpanna fer fram samhliða í þinginu og tillögur fyrir yfirstandandi ár og næsta ár þarf iðulega að skoða í samhengi við hverja aðra þykir æskilegt að framsetning lagagreina og talnaefnis sé með sem líkustu sniði í frumvörpunum. Því hafa 1. og 2. gr. frumvarps til fjáraukalaga samkvæmt fyrri framsetningu verið sameinaðar í eina grein í þessu frumvarpi með þeim hætti að skipting á fjárveitingum eftir ráðuneytum er felld inn í 1. gr. í stað hagrænnar skiptingar í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað og vexti. Upplýsingar um hagræna skiptingu útgjalda eru birtar í töflu í greinargerð með frumvarpinu. Í þeirri lagagrein þessa frumvarps þar sem tillögur um breytingar á fjárveitingum eru sundurliðaðar, nú í 2. gr. en áður í 3. gr., er efnisleg breyting einungis sú að felld er niður skipting fjárhæða eftir greiðslutegundunum laun, önnur gjöld, eignakaup, tilfærslur og sértekjur, sem birt var í síðasta sinn í fjárlögum þessa árs. Eftir sem áður eru fjárheimildir tilgreindar eftir skiptingu á fjárlagaliði og einstök viðfangsefni þeirra. Þá skal tekið fram að fjárhæðir í þessu frumvarpi eru miðaðar við uppgjör samkvæmt greiðslugrunni í samræmi við gildandi fjárlög.

Forsendur fjárlaga 1997 og endurskoðaðar afkomuhorfur. Fjárlög ársins 1997 voru afgreidd með afgangi eftir samfelldan hallarekstur frá árinu 1985. Heildartekjur voru áætlaðar 126,2 milljarðar króna og heildarútgjöld 126,1 milljarður króna. Fjármálaráðuneytið hefur endurskoðað áætlanir um afkomu ríkissjóðs á árinu í ljósi upplýsinga sem nú liggja fyrir um stöðu ríkisfjármála eftir fyrstu átta mánuði ársins og um horfur til ársloka. Að óbreyttu er talið að áform um að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á þessu ári gangi eftir og að afgangurinn í árslok verði talsvert meiri en reiknað var með í fjárlögum, eða um 2,7 milljarðar króna í stað 0,1 milljarðs króna.

Í þessu mati á útkomu ársins eru undanskilin áhrif af sérstakri innlausn á spariskírteinum og endurfjármögnun þeirra, eins og nánar er greint frá í athugasemdum við 2. grein frumvarpsins. Vextir og verðbætur af innleystu skírteinunum, alls að fjárhæð 4 milljörðum króna, færast hins vegar til gjalda á greiðslugrunni yfirstandandi árs.

Bætta stöðu ríkissjóðs má einnig merkja af því að rekstrarafkoma að vöxtum undanskildum er talinn verða jákvæð í árslok um nærri 11 milljarða króna. Mæld á þennan mælikvarða var afkoman einnig jákvæð á liðnu ári, eða sem nam 6,7 milljörðum króna, en hafði þá verið neikvæð um tíu ára skeið.

Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, m.kr.	Greiðslur 1996	Fjárlög 1997	Áætlun 1997	Breyting frá fjárl.
Tekjur	127.735	126.224	130.927	4.703
Gjöld	139.729	126.100	132.200	6.100
Gjöld án áhrifa innköllunar á vaxtagjöld	129.717	-	*128.200*	*2.100*
Rekstrarafkoma	**-11.994**	**124**	**-1.273**	**-1.397**
Rekstrarafkoma án áhrifa innlausnar á vaxtagjöld	**-1.982**	-	*2.727*	***2.603***
Veitt lán, nettó	41	2.470	-1.275	-3.745
Hluta- og stofnfjárframlög	-208	-400	-150	250
Viðskiptareikningar	-546	-400	-400	-
Hrein lánsfjárþörf	**12.707**	**-1.794**	**3.098**	**4.892**
Hrein lánsfjárþörf án áhrifa innlausnar á vaxtagjöld	**2.695**	-	*-902*	***892***
Lántökur, nettó	**12.755**	**-1.740**	**3.100**	**4.840**
Innlend lántaka - afborganir	5.485	-	10.700	-
Erlend lántaka - afborganir	7.270	-	-7.600	-
Greiðsluafkoma	**48**	**54**	**2**	**-52**

Bent skal á að í áætlun um útgjöld ársins 1997 er gert ráð fyrir að þau hækki um 6,1 milljarð króna frá fjárlögum að meðtaldri innlausn spariskírteina. Í frumvarpinu er hins vegar leitað eftir nýjum útgjaldaheimildum fyrir 300 m.kr. lægri fjárhæð, þegar yfirfærðar heimildir frá síðasta ári eru frátaldar, þannig að þær hækki sem nemur 5,9 milljörðum króna. Kemur þetta fram í því að breyting á afkomu ríkissjóðs verður 300 m.kr. minni samkvæmt 1. grein frumvarpsins en sýnt er í töflunni hér að ofan um áætlaða afkomu. Þessi mismunur skýrist af því að í útgjaldaáætluninni er reiknað með að verja þurfi um 300 m.kr. síðar á árinu til endurnýjunar á sendiherrabústöðum í London, París og Berlín í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlaga. Þar sem undirbúningi þessara mála er ekki að fullu lokið er sú fjárhæð hins vegar háð talsverðri óvissu. Ekki er því leitað eftir aukinni heimild vegna þessa í frumvarpinu heldur er fyrirhugað að það verði gert við umfjöllun þingsins þegar allar forsendur liggja betur fyrir.

Fjárheimildir og umframgjöld sem flytjast milli ára. Nýjar fjárheimildir sem sótt er um í frumvarpinu vegna framangreindra útgjaldatilefna nema alls rúmlega 1,8 milljörðum króna. Því til viðbótar er lagt til að fjárveitingar gildandi fjárlaga verði hækkaðar sem nemur óhöfnum fjárheimildum í árslok 1996 og lækkaðar sem nemur umframgjöldum á árinu 1996. Nettóhækkun framlaga í frumvarpinu vegna stöðu fjárlagaliða gagnvart eldri heimildum í árslok 1996 verður með þessum hætti 1,1 milljarður króna. Þar við bætist fjárheimild á vaxtagjaldalið, 4 milljarðar króna, vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina. Að samanlögðu nema nýjar heimildir ársins 1997 og yfirfærð staða frá árinu 1996 því um 6,9 milljörðum króna í frumvarpinu.

Á sama hátt er gert ráð fyrir að í lok yfirstandandi árs hafi myndast sambærilegar afgangsheimildir og umframgjöld, sem leitað verði staðfestingar á með frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1998. Áætlað er að nettóstaða þessara heimilda sem færast til næsta árs verði um 1,1 milljarður króna og er sú fjárhæð því dregin frá gjöldum í 1. gr. frumvarpsins til þess að hún birtist ekki sem hækkun á lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Eins og áður getur eru horfur á að verja þurfi 300 m.kr. til húsnæðismála sendiráða. Áætlun um greiðslur ársins 1997 miðast því við að þær aukist um 6,1 milljarðar króna þegar búið er að bæta þeirri fjárhæð við en draga frá heimildir sem áætlað er að færist til næsta árs.

Tekjur

Umsvifin í íslensku efnahagslífi það sem af er árinu 1997 hafa verið talsvert meiri en búist var við þegar fjárlög voru afgreidd. Mest munar um aukinn kaupmátt heimilanna í kjölfar kjarasamninga og lækkunar á tekjuskatti einstaklinga. Þannig er nú gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist þrefalt meira en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Einnig er afkoma fyrirtækja umtalsvert betri en búist hafði verið við. Þetta hefur leitt til aukinnar eftirspurnar, ekki síst í vöruinnflutningi, aðallega eftir bifreiðum og ýmsum varanlegum neysluvörum. Á tekjuhlið ríkissjóðs koma þessi áhrif því bæði fram í auknum tekju- og launasköttum sem og veltusköttum, einkum af innflutningi.

Í heild er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 4,7 milljörðum hærri á árinu 1997 en í áætlun fjárlaga, eða 130,9 milljarðar króna. Hér á eftir verður nánar fjallað um frávik einstakra liða frá áætlun fjárlaga.

Breyttar þjóðhagsforsendur árið 1997

Magnbreytingar, %	Fjárlög	Endurmat	Frávik
Einkaneysla	3,5	5,0	1,5
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,5	6,7	3,2
Landsframleiðsla	2,5	4,5	2,0
Ráðstöfunartekjur á mann	3,5	6,7	3,2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,5	4,7	3,2

Tekjuskattur einstaklinga. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili ríkissjóði um 600 m.kr. tekjuauka á árinu 1997 umfram áætlun fjárlaga, og er þá miðað við að tekjur almennings hækki um 7% á árinu, eða helmingi meira en í forsendum fjárlaga. Á móti vegur að innheimta á eftirstöðvum fyrri ára verður talsvert lægri en í fjárlagaáætluninni. Lækkun tekjuskattshlutfallsins um 1,1 prósentustig þann 1. maí síðastliðinn hefur hins vegar óveruleg áhrif þar sem gert var ráð fyrir henni í forsendum fjárlaga.

Tekjuskattur fyrirtækja. Afkoma fyrirtækja reyndist vera mun betri á árinu 1996 en gert hafði verið ráð fyrir sem aftur skilaði sér í því að álagður tekjuskattur hækkaði um 1 milljarð króna milli áranna 1996 og 1997. Búist er við svipaðri hækkun á innheimtum tekjuskatti fyrirtækja árið 1997 og stefnir í að hann verði um 750 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Tryggingagjöld. Meiri tekjubreytingar en reiknað var með í forsendum fjárlaga er meginskýring þess að tryggingagjöld hækka um ríflega 500 m.kr. frá áætlun fjárlaga.

Eignarskattar. Á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs af almennum eignarskatti einstaklinga farið lækkandi, meðal annars vegna aukinnar skuldasöfnunar. Nú verður hins vegar breyting á og álagður eignarskattur á einstaklinga eykst lítillega milli áranna 1996 og 1997. Í heild er gert ráð fyrir að eignarskattar skili ríkissjóði rúmlega 200 m.kr.umfram áætlun fjárlaga og munu eignarskattar fyrirtækja skila um tveimur þriðja hluta þeirrar upphæðar.

Virðisaukaskattur. Í heild er áætlað að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti hækki um tæplega 3½ milljarð króna frá árinu 1996 sem er um 7½% hækkun milli ára. Þessi hækkun er heldur meiri en þær veltu- og verðlagsbreytingar sem reiknað er með á árinu, sem skýrist aðallega af lækkun á endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna íbúðarhúsnæðis. Gert er ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti hækki um tæplega 600 m.kr. frá fjárlagaáætlun, en það má fyrst og fremst rekja til aukinna umsvifa í efnahagslífinu.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, m.kr.	Greiðslur 1996	Fjárlög 1997	Áætlun 1997	Breyting frá fjárl.	Breyting frá fjárl. í %
Tekjuskattar	**25.564**	**21.325**	**22.674**	**1.349**	**6,3**
Einstaklingar	21.371	16.775	17.374	599	3,6
Fyrirtæki	4.193	4.550	5.300	750	16,5
Tryggingagjöld, launaskattar	**13.569**	**14.185**	**14.710**	**525**	**3,7**
Eignarskattar	**3.799**	**3.755**	**3.966**	**211**	**5,6**
Skattar á vörur og þjónustu	**76.583**	**78.634**	**80.480**	**1.846**	**2,3**
Virðisaukaskattur	45.692	48.550	49.128	578	1,2
Innflutninggjöld, vörugjöld	10.505	9.474	10.392	918	9,7
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	7.266	7.100	7.128	28	0,4
Bifreiðagjöld	9.224	9.415	9.710	295	3,1
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	3.896	4.095	4.122	27	0,7
Aðrar tekjur	**8.220**	**8.325**	**9.097**	**772**	**9,3**
Vaxtatekjur	5.122	5.175	4.861	-314	-6,1
Arðgreiðslur o.fl.	3.098	3.150	4.236	1.086	34,5
Heildartekjur ríkissjóðs	**127.735**	**126.224**	**130.927**	**4.703**	**3,7**

Innflutnings- og vörugjöld. Talið er að þessi tekjustofn geti skilað ríkissjóði rúmlega 900 m.kr. meiri tekjum en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Viðbótartekjurnar skýrast fyrst og fremst af auknuminnflutningi bifreiða. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að fluttar yrðu inn 9.400 bifreiðar á árinu 1997. Það sem af er árinu hefur þessi innflutningur hins vegar verið mun meiri og nú er áætlað að fluttar verði inn rúmlega 12.000 bifreiðar á árinu sem er tæplega 20% aukning frá fyrra ári. Þessi aukning endurspeglast í viðbótartekjum af vörugjaldi á bifreiðar sem verða líklega 800-900 m.kr. umfram áætlun. Þrátt fyrir aukningu innflutnings eru skil vörugjalda af almennum innflutningi undir áætlun fjárlaga. Það stafar af breytingum á gjaldinu sem gerðar voru í ársbyrjun og fólu í sér ýmist niðurfellingu eða lækkun vörugjalds af ákveðnum vöruflokkum. Vörugjöld af innlendri framleiðslu eru hins vegar umfram áætlun. Tekjur af tollum stefna í að verða í samræmi við áætlun.

Tekjur af sölu áfengis og tóbaks. Í heild er búist við að tekjur af sölu áfengis og tóbaks hækki lítillega umfram fjárlagaáætlun á árinu 1997. Tekjur af tóbaki hækka talsvert í kjölfar 19% hækkunar á tóbaksgjaldi 1. september síðastliðinn. Aftur á móti er gert ráð fyrir að tekjur af áfengi lækki vegna minni sölu en áætlað var.

Bifreiðagjöld. Undir þennan lið falla annars vegar sérstakt vörugjald af bensíni og þungaskattur, sem eru markaðir tekjustofnar til vegagerðar, og hins vegar bifreiðagjald. Tekjur af þessum gjöldum hafa hækkað nokkuð síðustu árin og kemur þar tvennt til: stærri bílafloti og bætt innheimta á þungaskatti. Í heild er gert ráð fyrir að þessi tekjuliður skili ríkissjóði tæplega 300 m.kr. meiri tekjum árið 1997 en miðað var við í fjárlögum og koma rúmlega tveir þriðju hlutar þeirrar upphæðar í formi þungaskatts.

Aðrir skattar. Þessi tekjuliður er í samræmi við áætlun fjárlaga þrátt fyrir frávik einstakra liða. Þannig hækka tekjur af stimpilgjöldum um 130 m.kr. en á móti lækka tekjur af áhættugjaldi ríkisábyrgða um 60 m.kr.

Aðrar tekjur. Í heild er áætlað að aðrar tekjur ríkissjóðs muni hækka um tæplega 800 m.kr. á árinu 1997 umfram fjárlög. Áætlað er að vaxtatekjur ríkissjóðs verði um 300 m.kr. undir áætlun fjárlaga, sem stafar af meiri uppgreiðslum á endurlánum ríkissjóðs en gert var ráð fyrir. Aftur á móti munu arðgreiðslur til ríkissjóðs hækka um 750 m.kr. vegna sérstakrar arðgreiðslu frá Íslenskum aðalverktökum sem tengdust breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag. Arðgreiðslur annarra aðila voru í samræmi við áætlun fjárlaga. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur af sölu eigna verði um helmingi meiri en í fjárlögum og munar þar mest um fyrirhugaða sölu á hlut ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu.

Útgjöld

Að undanförnu hefur fjármálaráðuneytið í samvinnu við önnur ráðuneyti farið yfir tilefni til aukinna fjárveitinga með fjáraukalögum og lagt mat á fjárvöntun einstakra verkefna. Þá hefur áætlun um útgjöld ríkissjóðs á yfirstandandi ári verið endurskoðuð í ljósi þeirra upplýsinga vegna undirbúnings fjárlagafrumvarps fyrir árið 1998. Sú endurskoðun bendir til þess að útgjöldin verði um 128,2 m.kr. á árinu, eða um 2,1 milljarði króna hærri en samkvæmt fjárlögum. Frávikið á gjaldahlið jafngildir 1,7% af heildarútgjöldum samkvæmt fjárlögum. Að teknu tilliti til áhrifa áðurnefndrar innköllunar á spariskírteinum verða útgjöldin 132,2 milljarðar króna, eða 6,1 milljarði króna umfram fjárlög. Eins og áður er getið um er þá miðað við að með breytingu við frumvarpið þurfi að afla frekari heimilda vegna húsnæðismála sendiráða erlendis, en þau útgjöld eru á þessu stigi áætluð um 300 m.kr.

Til skýringar er rétt að benda á að greiðsluheimildirnar sem sótt er um í frumvarpinu eru um 1,1 milljarði króna hærri en útgjaldaáætlunin vegna ráðstöfunar á afgangsheimildum og umframgjöldum frá liðnu ári. Einnig er vakin athygli á því að tölur um áætlaða útkomu ársins eru ekki í öllum tilvikum nákvæmlega þær sömu og heimildirnar sem sótt er um með frumvarpinu vegna slíkra yfirfærslna á heimildum bæði frá síðasta ári og til næsta árs.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, m.kr.	Greiðslur 1996	Fjárlög 1997	Áætlun 1997	Breyting frá fjárl.	Breyting frá fjárl. í %
Rekstrarkostnaður	**52.256**	**47.037**	**47.900**	**863**	**1,8**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**49.678**	**51.930**	**52.900**	**970**	**1,9**
Lífeyristryggingar	17.565	18.081	18.891	810	4,5
Sjúkratryggingar	11.255	11.285	11.717	432	3,8
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.628	5.240	5.344	104	2,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.066	2.860	2.860	0	0,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.221	2.655	2.680	25	0,9
Uppbætur á lífeyri	1.001	725	675	-50	-6,9
Annað	8.942	11.084	10.733	-351	-3,2
Vaxtagjöld	**23.832**	**13.550**	**17.050**	**3.500**	**25,8**
Vaxtagreiðslur vegna innköllunar	10.012	-	4.000	-	-
Aðrar vaxtagreiðslur	13.820	13.550	13.050	-500	-3,7
Viðhald	**3.936**	**3.853**	**3.800**	**-53**	**-1,4**
Stofnkostnaður	**10.028**	**9.730**	**10.550**	**820**	**8,4**
Samtals	**139.730**	**126.100**	**132.200**	**6.100**	**4,8**

Rekstrarkostnaður er nú talinn verða um 860 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Rekstrarkostnaðurinn lækkar verulega frá útkomu síðasta árs en það skýrist af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga. Af auknum rekstrarútgjöldum munar mest um 320 m.kr. vegna hallareksturs sjúkrahúsanna í Reykjavík. Gert hefur verið samkomulag milli fjármálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Reykjavíkurborgar í því skyni að ná fram hagræðingu í starfseminni með aukinni verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna og leysa þannig þann rekstrarvanda sem sjúkrahúsin hafa átt við að etja að undanförnu. Þá má nefna að útgjöld félagsmálaráðuneytis aukast um 80 m.kr. vegna verkefna Vinnumálastofnunar sem tekur til starfa samkvæmt nýlegum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld utanríkisþjónustunnar vaxi um 75 m.kr. vegna aukinna verkefna og nýrra sendiráða. Þá stafa 50 m.kr. viðbótarútgjöld af uppsöfnuðum rekstrarvanda nokkurra framhaldsskóla. Önnur útgjaldatilefni eru minni og snúa í flestum tilvikum annað hvort að ákvörðunum stjórnvalda um ný verkefni eða að skuldbindingum sem leiða af lagasetningu Alþingis, eins og nánar er greint frá í athugasemdum um einstakar tillögur í 2. grein frumvarpsins. Þess skal getið að áætlað er að útgjöld stofnana aukist um 500 m.kr. vegna launahækkana á árinu umfram þau 3,5% sem reiknað var með í forsendum fjárlaga. Á móti þeirri hækkun vegur að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður 640 m.kr. fjárveitingu á liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* sem ætluð var til þess að mæta hugsanlegum hækkunum á lífeyrisiðgjöldum stofnana vegna flutnings starfsmanna úr B-deild í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar um 970 m.kr. hærri en í fjárlögum. Umframgjöldin stafa nær öll af tveimur liðum hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Annars vegar stefnir í að 430 m.kr. halli verði á sjúkratryggingum, en hann stafar meðal annars af því að áform um sparnað ganga ekki eftir, t.d. í læknis- og lyfjakostnaði, en forsendur áætlana hafa einnig breyst frá því sem miðað var við, t.d. að nýting rúma hjá daggjaldastofnunum hefur aukist og

kostnaður við sjúkraþjálfun hækkað. Hins vegar er gert ráð fyrir að bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og lífeyrisbætur hækki um 810 m.kr. í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Á móti þeirri hækkun vegur að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður 420 m.kr. fjárveitingu á liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* sem ætluð var til þess að mæta hugsanlegum hækkunum á tryggingabótum á árinu. Þá má nefna að hækkun á grundvallarverði mjólkur samkvæmt ákvæðum búvörusamnings leiðir til 64 m.kr. hækkunar á beinum greiðslum til bænda.

Vextir eru taldir verða 500 m.kr. lægri en reiknað var með í fjárlögum vegna hagstæðari vaxtakjara sem ríkissjóði hefur boðist á lánamarkaði. Á hinn bóginn bókfærast 4 milljarðar króna sem vaxtagreiðslur í greiðslugrunni þessa árs vegna sérstakar innköllunar á spariskírteinum, eins og nánar er vikið að annars staðar í greinargerð frumvarpsins.

Viðhald og stofnkostnaður stefna í að verða tæplega 800 m.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar vegur þyngst að gert er ráð fyrir að verja 215 m.kr. til vegaframkvæmda til viðbótar við framlög gildandi fjárlaga, en það samsvarar áætlaðri hækkun á mörkuðum tekjum vegáætlunar. Þá má nefna að gert er ráð fyrir að jafn há fjárhæð renni til framkvæmda við endurbætur á húsnæði sendiherra í Washington, forsætisráðuneytis og Menntaskólans í Reykjavík.

Óhafnar fjárveitingar og umframgjöld frá árinu 1996. Líkt og undanfarin ár er gert ráð fyrir að með frumvarpinu verði gerðar breytingar á fjárveitingum í fjárlögum þessa árs með tilliti til greiðslustöðu fjárlagaliða gagnvart fjárheimildum í lok síðasta árs. Meginatriðin í fyrirkomulagi þessara fjárráðstafana eru rakin hér á eftir.

Í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1996, eftir að endanlegt greiðsluuppgjör hafði farið fram, var leitað eftir fjárheimildum vegna allra umframgreiðslna ráðuneyta á því ári. Í fylgiskjali með frumvarpinu voru jafnframt kynntar tillögur um fyrirhugaðar hækkanir og lækkanir á fjárveitingum yfirstandandi árs með tilliti til óhafinna fjárveitinga og umframgjalda í lok liðins árs. Á því stigi voru tillögurnar einungis lagðar fram til kynningar og voru ekki hluti af heimildarákvæðum frumvarpsins. Þar sem fjárveitingar fjárlaga ársins 1996 giltu aðeins fyrir það ár eru tillögurnar nú fluttar óbreyttar í 2. gr. þessa frumvarps og koma þannig til ákvörðunar á Alþingi á sama hátt og aðrar heimildir frumvarpsins.

Tillögurnar byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er horft til þess hvort útgjöld eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða eru fremur á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er að umframgjöldum og óhöfnum fjárheimildum í rekstri er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar viðkomandi framkvæmdum er ólokið. Á tilfærsluliðum er hins vegar almennt lagt til að umframgjöld og ónotaðar fjárveitingar falli niður, enda eru þær greiðslur í flestum tilvikum lög- eða samningsbundnar. Í reynd eru fjárheimildir því ekki yfirfærðar eða fluttar sjálfkrafa milli ára, heldur ákvarðar Alþingi breytingar á gildandi fjárlögum með hliðsjón af greiðslustöðu liða í lok liðins árs og að fengnum tillögum fjármálaráðherra.

Skipting tillagna um hækkanir og lækkanir á fjárveitingum yfirstandandi árs eftir ráðuneytum og hagrænni flokkun kemur fram í meðfylgjandi yfirliti. Þar hefur verið tekið tillit til breytinga á framsetningu fjárlagaliða innan og milli ráðuneyta í fjárlögum 1997 miðað við árið áður, sem í nokkrum tilvikum hefur áhrif á heildarfjárhæðir ráðuneyta.

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1996

Greiðslugrunnur, þús. kr.	Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald
00 Æðsta stjórn	11.630	2.691	-	-813
01 Forsætisráðuneyti	6.980	2.649	6.526	26.091
02 Menntamálaráðuneyti	219.464	321.575	139.897	290.794
03 Utanríkisráðuneyti	1.183	18.925	200.270	2.746
04 Landbúnaðarráðuneyti	35.439	48.008	-130.542	-23.800
05 Sjávarútvegsráðuneyti	43.589	15.792	12.029	24.500
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	134.462	104.965	6.646	-7.923
07 Félagsmálaráðuneyti	89.527	66.946	69.259	22.397
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	89.072	268.518	13.019	199.768
09 Fjármálaráðuneyti	107.379	13.798	68.504	170.504
10 Samgönguráðuneyti	20.640	7.242	70.958	-9.504
11 Iðnaðarráðuneyti	25.986	12.739	20.928	1.500
12 Viðskiptaráðuneyti	4.595	8.922	-670	-
13 Hagstofa Íslands	10.524	-	1.300	-7.811
14 Umhverfisráðuneyti	22.972	50.809	371	26.769
Samtals	**823.442**	**943.579**	**478.495**	**715.218**

Í frumvarpinu er lagt til að framlög til rekstrar samkvæmt fjárlögum ársins 1997 verði aukin um 823 m.kr. vegna afgangsheimilda liðins árs, en að rekstrarfjárveitingar skerðist á móti um 944 m.kr. vegna umframgjalda sama árs. Afgangur á tilfærsluframlögum síðasta árs sem gert er ráð fyrir að komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög nemur 478 m.kr. Þá nema óhafnar fjárveitingar ársins 1996 til viðhalds og stofnkostnaðar 715 m.kr. Sótt er um þessar breytingar á fjárveitingum í einu lagi undir liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* í frumvarpinu, en í fylgiskjali 1 er sýnd sundurliðun þeirra eftir fjárlagaliðum. Nánari umfjöllun um ráðstöfun á afgangsheimildum og umframgjöldum einstakra fjárlagaliða milli áranna 1996 og 1997 er að finna í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1996.

Lánahreyfingar

Í fjárlögum ársins 1997 var gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiddi niður skuldir um 1,8 milljarða króna og að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði neikvæð um sem því næmi. Eins og nú horfir er hins vegar gert ráð fyrir að hrein lánsfjárþörf verði 4,8 milljörðum króna hærri en í fjárlögum, eða alls um 3,1 milljarðar króna. Aukningin skýrist að verulegu leyti af því að 4 milljarðar króna af vöxtum og verðbótum bókfærast í greiðslugrunn þessa árs í kjölfar ákvörðunar fjármálaráðherra í byrjun árs um að endurskipuleggja útgáfu ríkisverðbréfa. Þá er reiknað með að lánveitingar aukist um 3,4 milljarða króna frá fjárlögum. Megin hlutinn, eða 2,6 milljarðar króna, eru vegna samnings sem fjármálaráðuneytið gerði við Húsnæðisstofnun ríkisins um að ríkissjóður afli Byggingarsjóði ríkisins lánsfjár á árinu 1997. Betri rekstrarafkoma ríkissjóðs en miðað var við í fjárlögum dregur hins vegar úr lánsfjárþörfinni sem nemur 2,6 milljörðum króna. Þá lækka innheimtar afborganir um 335 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Stofnfjárframlög verða hins vegar 250 m.kr. lægri en í fjárlögum. Er þannig áætlað að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs verði 0,9 milljörðum króna umfram forsendur fjárlaga þegar áhrifin af sérstakri innlausn spariskírteina eru frátalin.

Afborganir af eldri lánum voru áætlaðar 14,2 milljarðar króna í fjárlögum en nú stefnir í að þær verði um 4,6 milljörðum króna hærri. Aukningin stafar nær öll af endurgreiðslum á höfuðstól í tengslum við endurskipulagningu á útgáfu ríkisverðbréfa. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs eykst sem því nemur og verður þannig 9,4 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga, eða alls 21,9 milljarðar króna.

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, m.kr.	Greiðslur 1996	Fjárlög 1997	Áætlun 1997	Breyting frá fjárl.
Rekstrarafkoma	**-11.995**	**124**	**-1.273**	**-1.397**
Rekstrarafkoma án áhrifa innlausnar	*-1.982*	-	*2.727*	*2.603*
Lánveitingar, nettó	**41**	**2.470**	**-1.275**	**-3.745**
Lánveitingar	-8.234	-5.990	-9.400	-3.410
Innheimtar afborganir	8.275	8.460	8.125	-335
Hluta- og stofnfjárframlög	**-208**	**-400**	**-150**	**250**
Viðskiptareikningar	**-546**	**-400**	**-400**	-
Hrein lánsfjárþörf	**-12.708**	**1.794**	**-3.098**	**-4.892**
Hrein lánsfjárþörf án áhrifa innlausnar	*-2.695*	-	*902*	*-892*
Afborganir	**-28.740**	**-14.240**	**-18.829**	**-4.589**
Spariskírteini	-14.465	-5.400	-9.514	-4.114
Önnur innlend lán	-5.075	-1.190	-1.641	-451
Erlend lán	-9.200	-7.650	-7.674	-24
Heildarlánsfjárþörf	**-41.448**	**-12.446**	**-21.927**	**-9.481**
Lántökur	**41.495**	**12.500**	**21.900**	**9.400**

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði, sbr. 2. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 13,4 m.kr.

*101 **Embætti forseta Íslands.*** Gerð er tillaga um að 2,1 m.kr. aukaframlag verði veitt til að endurnýja þjónustubifreið fyrir embætti forseta Íslands.

*520 **Opinberar heimsóknir.*** Sótt er um aukna fjárveitingu að fjárhæð 8,8 m.kr. til þess að mæta kostnaði við opinberar heimsóknir. Þar af eru 3,3 m.kr. eldri reikningar sem fyrir lágu um sl. áramót, 3 m.kr. vegna heimsóknar Ítalíuforseta hingað til lands og 2,5 m.kr. vegna opinberra heimsókna til þriggja Norðurlanda á þessu ári.

*999 **Ýmis verkefni.*** Farið er fram á 2,5 m.kr. aukafjárveitingu til þess að undirbúa hátíðarhöld fyrir 1000 ára afmæli kristnitöku árið 2000. Fyrirhugað er að fénu verði varið til að hefja undirbúning hátíðarhaldanna í öllum prófastsdæmum landsins.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 92,0 m.kr.

*101 **Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Óskað er eftir 7 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins til þess að kosta starf sérstakrar verkefnisnefndar fjögurra ráðuneyta um framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins. Þar er með talinn 1,5 m.kr. kostnaður vegna kaupa á sérstökum vefþjóni fyrir Stjórnarráðið svo og hönnunarkostnaður fyrir heimasíðu þess á Netinu.

*190 **Ýmis verkefni.*** Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á þessu ári að beita sér fyrir 60 m.kr. framlagi vegna þátttöku Íslands í heimssýningunni í Lissabon. Heildarkostnaður er talinn verða 75 m.kr. og er áformað að mismunarins verði aflað með fjárframlögum frá einkaaðilum. Lagt er til að 20 m.kr. verði veittar þegar á þessu ári til undirbúnings en gert er ráð fyrir 40 m.kr. fjárveitingu til þessa verkefnis í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998.

*201 **Fasteignir forsætisráðuneytis.*** Leitað er eftir 60 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið til þess að standa straum af kostnaði við gagngerar viðgerðir og endurnýjun á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg sem unnið er að á þessu ári. Umfang viðgerðanna hefur aukist frá fyrri áætlunum, enda kom í ljós að burðarvirki hússins þarf meiri endurnýjunar við en séð var fyrir í upphafi. Einnig þarf að taka tillit til húsverndunarsjónarmiða. Þá er nokkur kostnaður því samfara að gera húsið aðgengilegt fyrir fatlaða. Í fjáraukalögum 1996 var 25 m.kr.

framlagi veitt til þessa verkefnis en heildarkostnaður við það er nú áætlaður 84 m.kr. Áformað er að ljúka verkinu í nóvember á þessu ári.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Lagt er til að 5 m.kr. viðbótarframlagi verði veitt til hönnunar og mælinga vegna undirbúnings framkvæmda í tengslum við hátíðarhöld á Þingvöllum árið 2000.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 149,2 m.kr.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Farið er fram á að fjárheimild til Norrænu eldfjallastöðvarinnar verði hækkuð samtals um 4 m.kr. Annars vegar er um að ræða 3,2 m.kr. til þess að greiða hluta af kostnaði við flutning stöðvarinnar í nýtt leiguhúsnæði við Grensásveg í lok apríl 1996, en samkvæmt samningi um rekstur hennar ber ríkinu að láta henni í té húsnæði án endurgjalds. Kostnaður við flutningana nam samtals um 13 m.kr. og er að öðru leyti greiddur af sérstakri fjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni og af rekstrarfé stöðvarinnar. Hins vegar er um að ræða 0,8 m.kr. vegna jarðeðlisfræðilegra rannsókna á eldvirkni hér á landi. Við ákvörðun á framlagi ríkisins í gildandi fjárlögum var gert ráð fyrir launakostnaði tveggja sérfræðinga en ekki tekið tillit til ýmiss kostnaðar sem óhjákvæmilega fylgir rannsóknastarfsemi.

318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. Lagt er til að veitt verði 60 m.kr. aukafjárveiting til þess að kosta framkvæmdir við húsnæði Menntaskólans í Reykjavík svo unnt verði að leysa brýnasta húsnæðisvanda skólans fyrir haustið 1998. Skólinn er í þröngu húsnæði og er ástand sumra húsa afar slæmt. Fénu verður varið í fyrsta lagi til þess að kosta endurbætur á húsinu að Þingholtsstræti 18, sem Davíð S. Jónsson afhenti skólanum á árinu 1996 í tilefni af 150 ára afmæli skólans, og er áætlað að þær kosti um 30 m.kr. Í öðru lagi er áformað að reisa tengibyggingu með kennslustofum milli Þingholtsstrætis 18 og Casa Nova þar sem verða fjórar kennslustofur og er kostnaður við hana áætlaður um 50 m.kr. Jafnhliða þessum framkvæmdum er nauðsynlegt að ráðast nú þegar í endurbætur á öðrum húsum sem kosta 15-20 m.kr. til þess að uppfylla kröfur um eldvarnir.

319 Framhaldsskólar, almennt. Farið er fram á 50 m.kr. aukafjárveitingu til nokkurra framhaldsskóla sem glíma við margra ára uppsafnaðan rekstrarhalla en hafa náð árangri í því að grynnka á honum. Umframgreiðslur þessara skóla námu samtals 130 m.kr. um síðustu áramót og færast þær til lækkunar á fjárveitingum í fjárlögum yfirstandandi árs. Margvíslegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta fjármálastjórn skólanna og lækka kostnað en staða einstakra skóla er mismunandi. Menntamálaráðuneytið stefnir að því að ganga frá samningum við framhaldsskóla þar sem fjárveiting hvers skóla er ákvörðuð á grundvelli reiknilíkans. Gert er ráð fyrir að tekið verði á uppsöfnuðum halla í tengslum við samningagerðina. Því hefur ríkisstjórnin samþykkt að leita eftir viðbótarheimild á þessu ári.

*720 **Grunnskólar, almennt.*** Sótt er um samtals 36,7 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Annars vegar er um að ræða 35 m.kr. til þess að standa undir kostnaði við biðlaun og aðrar samningsbundnar greiðslur sem leiddu af flutningi grunnskólaverkefna til sveitarfélaga á síðasta ári. Í fjáraukalögum fyrir árið 1996 voru felldar niður óhafnar fjárveitingar hjá grunnskólum að fjárhæð 98 m.kr. þar sem gert var ráð fyrir að uppgjöri kostnaðar væri að mestu lokið. Í ljós hefur komið að biðlaunagreiðslur á þessu ári eru meiri en áætlað var og að inntar hafa verið af hendi greiðslur í ár sem áætlað hafði verið fyrir á árinu 1996 en var ekki lokið þá. Hins vegar er um að ræða 1,7 m.kr. til þess að greiða viðbótarkostnað við forfallapróf fyrir nemendur í samræmdum prófum, útgáfu upplýsinga um niðurstöður samræmdra prófa og stöðlun prófa í 2. - 7. bekk í íslensku og stærðfræði.

*905 **Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.*** Ríkisstjórnin ákvað fyrr á árinu að leita eftir 7 m.kr. aukafjárveitingu til þess að greiða fyrir samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og Cornell háskóla í Bandaríkjunum, með aðild stofnunar Árna Magnússonar. Verkið er hafið og felst í því að færa hálfa milljón blaðsíðna af íslenskum fornbókmenntum og rímum yfir á stafrænt form og veita aðgang að þeim á Netinu. Heildarkostnaður er áætlaður 86 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi til 21 m.kr. á þremur árum. Í frumvarpi til fjárlaga 1998 er gert ráð fyrir 7 m.kr. framlagi til verkefnisins.

*969 **Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Gerð er tillaga um að fjárheimild Endurbótasjóðs menningarstofnana verði hækkuð um 33 m.kr. eða um sömu fjárhæð og áætlað er að sérstakur eignarskattur skili ríkissjóði á þessu ári umfram áætlun fjárlaga. Umframtekjunum verður varið til að kosta utanhússviðgerðir á Listasafni Einars Jónssonar, gólfviðgerðir á Skriðuklaustri í Fljótsdal og endurbætur á húsnæði Þjóðskjalasafns Íslands.

*972 **Íslenski dansflokkurinn.*** Farið er fram á 8,2 m.kr. aukafjárveitingu til þess að standa straum af flutningi Íslenska dansflokksins í Borgarleikhúsið í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar fyrr á þessu ári um að auka samstarf dansflokksins og Leikfélags Reykjavíkur. Er þar fyrst og fremst um að ræða breytingar á húsnæði og kaup á tækjum og búnaði sem dansflokkurinn samnýtti áður með Listdansskólanum. Með samningi Íslenska dansflokksins og Leikfélags Reykjavíkur er talið að húsnæðismál dansflokksins hafi verið leyst til frambúðar.

*982 **Listir, framlög.*** Lagt er til að veitt verði 8,3 m.kr. aukafjárveiting á þessum lið. Í fyrsta lagi samþykkti ríkisstjórnin um mitt þetta ár að leita eftir 4 m.kr. viðbótarheimild í frumvarpi til fjáraukalaga til þess að standa straum af kostnaði við verkfræðilega úrvinnslu á skýrslu nefndar um byggingu tónlistarhúss. Í öðru lagi er gerð tillaga um 3,3 m.kr. aukafjárveitingu til þess að standa undir kostnaði við þátttöku í alþjóðlegu listsýningunni Tvíæringnum í Feneyjum. Kostnaður við þátttökuna hefur undanfarin ár verið greiddur af óskiptri fjárveitingu á fjárlagaliðnum Listir, framlög, en við fjárlagagerð 1997 láðist að gera ráð fyrir þessum útgjöldum. Að lokum er lagt til að veitt verði 1 m.kr. aukafjárveiting vegna halla sem varð á rekstri Kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík sem haldin var í fyrsta sinn haustið 1996. Umfang hátíðarinnar miðaðist við forsendur sem stóðust ekki og er talið að 1,5 m.kr.

fjárveiting í fjárlögum yfirstandandi árs dugi ekki til að greiða hallann og halda aftur hátíð nú í haust.

985 Alþjóðleg samskipti. Lagt er til að fjárveiting til greiðslu aðildargjalda vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið verði lækkuð um 60 m.kr. Greiðslum er að mestu lokið í ár og er heildargreiðslan áætluð um 200 m.kr. en í fjárlögum er kostnaðurinn áætlaður 260 m.kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs var áætlað fyrir hækkun á fjárveitingu til greiðslu aðildargjalda. Þá var gert ráð fyrir að nýjar reglur OECD um útreikning á þjóðarframleiðslu hækkuðu greiðsluhlutfall EFTA-ríkjanna og að hlutur Íslands hækkaði að sama skapi. Niðurstaðan varð þó sú að hlutfall Íslands af heildarframlagi EFTA-ríkjanna lækkar milli ára.

989 Ýmis íþróttamál. Sótt er um 2 m.kr. viðbótarfjárveitingu til þess að greiða helmingshlut ríkisins í kostnaði við undirbúning og stjórnun Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri á þessu og síðasta ári. Fyrr á þessu ári gekk menntamálaráðherra frá samkomulagi við Akureyrarbæ um uppbyggingu og rekstur miðstöðvarinnar sem gildir til ársloka 2002.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 182,2 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á að fjárheimild liðarins verði hækkuð alls um 40,4 m.kr. af ýmsum tilefnum. Sótt er um 11 m.kr. aukafjárveitingu til þess að standa straum af kostnaði við varnaræfingarnar Samvörður, 7 m.kr., og Norður-Víkingur, 4 m.kr., en ekki var gert ráð fyrir honum í fjárlögum þessa árs. Lagt er til að 8 m.kr. aukaframlag verði veitt til þess að mæta auknum húsnæðiskostnaði ráðuneytisins eftir að það flutti í nýtt húsnæði. Kostnaðinum hefur til þessa ekki verið mætt að fullu í fjárlögum. Óskað er eftir 5,2 m.kr. aukafjárveitingu vegna útgjalda sem hljótast af aðstoð ráðuneytisins við forræðismál í Tyrklandi. Lagt er til að 3,5 m.kr. aukaframlagi verði varið til að kosta birtingu nokkurra alþjóðasamninga í C-deild Stjórnartíðinda. Birting þeirra hefur dregist um skeið, m.a. vegna mikils útgáfukostnaðar, en fullnægja verður lagaskyldu um birtingu þeirra. Tillagan miðast við að gjaldskrá Stjórnartíðinda verði breytt til samræmis við kostnað þegar síðufjöldi hins útgefna efnis er mjög mikill. Gert er ráð fyrir hækkun fjárheimildar sem nemur 4,5 m.kr. til greiðslu á skólagjöldum og sjúkrakostnaði barna sendiráðsstarfsmanna erlendis. Vegna breytinga á starfsmannahaldi hefur börnum sendiráðsstarfsmanna sem ganga í einkaskóla fjölgað um 14 á árinu og var það ekki séð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Óskað er eftir 4,5 m.kr. hækkun á fjárheimild aðalskrifstofunnar vegna útgjalda sem leiða af stofnun fastanefndar hjá Evrópuráðinu í Strassborg og nýs sendiráðs í Helsinki. Farið er fram á aukna heimild að fjárhæð 2,2 m.kr. til að unnt verði að ganga frá deiliskipulagi á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Gerð deiliskipulags er forsenda fyrir frekari byggingaframkvæmdum á svæðinu. Loks er lagt til að 1,5 m.kr. viðbótarframlagi verði varið til þess að mæta útgjöldum ráðuneytisins sökum þess að það tók að sér fyrirsvar fyrir Norð-

urlönd og Eystrasaltsríkin í þróunarnefnd Alþjóðabankans á þessu ári og því næsta. Þá hefur ráðuneytið einnig tekið við málefnum Alþjóðabankans af viðskiptaráðuneytinu.

306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO. Óskað er eftir 7,4 m.kr. aukaframlagi til þess að greiða flutning og geymslu á búslóð svo og leigu á húsnæði til bráðabirgða fyrir sendiherrann í París. Núverandi sendiherrabústaður hefur verið seldur í samræmi við heimild í 6. gr. fjárlaga og húsnæði í staðinn hefur ekki verið keypt. Tekið skal fram að á móti myndast álíka háar vaxtatekjur af andvirði hins selda húsnæðis sem renna í ríkissjóð.

308 Sendiráð Íslands í Washington. Vegna endurbyggingar sendiherrabústaðarins í Washington reyndist óhjákvæmilegt að rýma bústaðinn. Af þessu leiðir ýmis kostnaður vegna flutninga á innbúi, geymslu, leigu á bráðabirgðahúsnæði fyrir sendiherra o.fl. Lagt er til að 5 m.kr. fjárheimild verði veitt í fjáraukalögum til þess að mæta þessum kostnaði.

317 Sendiráð Íslands í Helsinki. Leitað er eftir 7,5 m.kr. aukafjárveitingu til reksturs nýrrar sendiráðsskrifstofu í Helsinki sem ríkisstjórnin ákvað að opnuð yrði á þessu ári.

318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu. Farið er fram á 14,7 m.kr. viðbótarframlag á þessum lið. Ríkisstjórnin ákvað snemma á þessu ári að hefja starfrækslu á fastanefnd hjá Evrópuráðinu í Strassborg og leita eftir fjárheimild til þess að mæta rekstrarkostnaði hennar í frumvarpi til fjáraukalaga þessa árs.

320 Sendiráð, almennt. Sótt er samtals um 101 m.kr. viðbótarheimild á þessum lið. Annars vegar er lagt til að 95 m.kr. verði varið til endurbyggingar á sendiherrabústaðnum í Washington. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á þessu ári að ráðist yrði í endurbyggingu og viðhald hússins, þar sem athugun leiddi í ljós verulega galla á burðarþoli hússins. Hins vegar er farið fram á 6 m.kr. aukafjárveitingu til kaupa á húsbúnaði og tækjum í skrifstofuhúnæði sendiráðs í Helsinki og fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg sem ríkisstjórnin ákvað að komið yrði á fót fyrr á þessu ári.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. viðbótarfjárveitingu sem verði varið til fjárstuðnings við bæjar- og sveitarstjórnarkosningar í Bosníu-Herzegóvínu í samræmi við umboð ÖSE til að undirbúa kosningarnar. Ríkisstjórnin samþykkti sl. sumar að leita eftir heimild vegna þessa verkefnis í frumvarpi til fjáraukalaga þessa árs.

401 Alþjóðastofnanir. Óskað er eftir aukinni fjárheimild að fjárhæð 4,8 m.kr. til greiðslu á aðildargjaldi Íslands til Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar, NASCO. Í fjáraukalögum ársins 1996 var veitt 1 m.kr. aukaframlag til landbúnaðarráðuneytisins til þess að standa straum af aðildargjöldum til samtakanna umfram fjárveitingu í fjárlögum. Var þá fyrirhugað að komið yrði á nýju samkomulagi um greiðsluþátttöku Íslands þar sem viðmiðun árgjaldsins var talin vera óeðlilega há og að fjármögnun yrði eftirleiðis í höndum hagsmunaaðila. Vegna þessa var ekki gert ráð fyrir framlagi til samtakanna hjá landbúnaðarráðuneytinu í

fjárlögum 1997. Ekki hefur orðið af því að breyta þessu fyrirkomulagi og verður því að standa skil á skuldbindingu Íslands vegna þessa árs. Utanríkisráðuneytið hefur farið með fyrirsvar Íslands í samtökunum. Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir framlagi til samtakanna í frumvarpi til fjárlaga ársins 1998.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 122,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Farið er fram á viðbótarframlag að fjárhæð 10,5 m.kr. á þessum lið. Annars vegar eru 4,5 m.kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar á árinu 1995 um að veita framlag til alþjóðlegrar ráðstefnu um landeyðingu og myndun eyðimarka sem haldin var hér á landi. Áætlaður heildarkostnaður við ráðstefnuna er um 9 m.kr. og greiðist það sem á vantar með styrk frá Evrópusambandinu, einkaaðilum og með skráningargjöldum þátttakenda. Hins vegar er farið fram á að veitt verði 6 m.kr. framlag til uppkaupa á laxalögnum í sjó. Ríkisstjórnin veitti 2 m.kr. framlag til verkefnisins á árinu 1996 af ráðstöfunarfé sínu og ákvað síðan á þessu ári að beita sér fyrir viðbótarheimild til þess að styrkja frekari uppkaup á netalögnum.

233 Yfirdýralæknir. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leita eftir 8 m.kr. aukafjárveitingu til þessa liðar. Skýrist það af því að lögboðin verkefni vegna EES-aðildar hafa vaxið mikið að umfangi hjá embætti yfirdýralæknis. Þá hafa útgjöld vegna starfa héraðsdýralækna aukist verulega á síðustu árum vegna þess að fleiri stöður héraðsdýralækna eru nú setnar en áður. Greiðsluhalli hefur því myndast vegna þessa. Áformað er að leggja fram frumvarp að nýjum lögum um starfsemi dýralækna á næsta þingi og eru málefni embættisins til skoðunar í landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Leitað er eftir heimild fyrir 65,5 m.kr. aukaframlagi til þessa liðar. Áætlað er að beinar greiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu hækki alls um 64 m.kr. vegna verðlagsbreytinga á árinu. Þá er óskað eftir 1,5 m.kr. heimild til þess að mæta hækkun iðgjalda til Lífeyrissjóðs bænda vegna samningsbundinna hækkana á verðlagsgrundvelli mjólkur á árinu 1997.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Óskað er eftir aukafjárveitingu að fjárhæð 38,8 m.kr. vegna lokauppgjörs á niðurgreiðslum á ull og gærum árið 1996 samkvæmt fyrri búvörusamningi. Þessi útgjöld reyndust vera talsvert umfram áætlun fjárlaga 1996. Skýrist það einkum af því að mun stærri hluti ullar var metinn í flokka sem eru niðurgreiddir en reiknað hafði verið með.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Ekki er farið fram á aukafjárveitingar á árinu 1997 af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 49,6 m.kr.

321 Almannavarnir ríkisins. Farið er fram á 2 m.kr. aukafjárveitingu annars vegar vegna kostnaðar Almannavarna við að útbúa aðvörunarskilti og bæklinga ferðamönnum á Skeiðarársandi til viðvörunar og hins vegar vegna vinnu við skýrslugerð um eldgosið og flóðin á Skeiðarársandi haustið 1996.

390 Ýmis löggæslukostnaður. Óskað er eftir 10,5 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Annars vegar er farið fram á 6 m.kr. viðbótarframlag vegna tæknilegrar úttektar á smíði nýs varðskips og til að hefja undirbúning að útboði sem farið etur fram á næsta ári. Tillagan er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá sl. vori. Hins vegar samþykkti ríkisstjórnin í vor að fara skyldi fram rannsókn á samskiptum fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og fíkniefnasala og að leita eftir heimild til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknina í frumvarpi til fjáraukalaga. Áætlaður kostnaður vegna úttektarinnar er 4,5 m.kr.

395 Landhelgisgæsla Íslands. Ríkisstjórnin ákvað í vor að leita eftir heimild að fjárhæð 20 m.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1997 vegna kostnaðar við aukið eftirlit með loðnuveiðum erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Farið er fram á 9,5 m.kr. viðbótarfjárheimild á þessum lið og skýrist það af tveimur tilefnum. Hið fyrra er aukin útgáfa vegabréfa fyrir börn en á síðasta ári beindi ráðuneytið þeim tilmælum til lögreglustjóra að gefa út sérstök vegabréf fyrir börn fremur en að skrá þau í vegabréf foreldra. Í kjölfar þessa hefur útgáfa vegabréfa aukist verulega. Innkaupakostnaður er 250 kr. fyrir hvert vegabréf en áætlað er að um 20 þúsund vegabréf verði gefin út frá miðju ári 1996 til ársloka 1997 umfram það sem gert var ráð fyrir áður en tilmæli ráðuneytisins komu til. Kostnaðarauki er 5 m.kr. en reiknað er með að tekjur ríkissjóðs aukist um allt að 30 m.kr. vegna aukinnar útgáfu þar sem vegabréf fyrir börn kosta 1.500 kr. Síðara tilefnið er útgáfa nýrra ökuskírteina sem hófst í ágúst á þessu ári og er sótt um 4,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna þessa. Kostnaður við gerð hvers nýs ökuskírteinis er um 450 kr. hærri en gömlu skírteinanna. Ásókn í ný skírteini hefur verið mjög mikil og miðast beiðnin við að um 10 þúsund ný skírteini verði gefin út til áramóta. Er það fjölgun um 4-5 þúsund skírteini miðað við undanfarin ár. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs aukist um allt að 15 m.kr. vegna þessa þar sem hvert ökuskírteini kostar 3.000 kr.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Farið er fram á 4,8 m.kr. viðbótarframlag vegna kostnaðar við smíði tölvukerfis og endurbætur á þinglýsingarskrám sýslumanna. Á móti kemur að tekjur ríkissjóðs af sölu upplýsinga úr þinglýsingarskránum hafa aukist samsvarandi með meiri notkun einkaaðila og stofnana.

701 Biskup Íslands. Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins vegna reglna um að prestar sem búa ekki í embættisbústað fái greitt fyrir afnot af eigin húsnæði. Samkvæmt

reglunum áttu húsnæðisgreiðslurnar að miðast við grunnlaun presta en þær hafa þó ekki verið hækkaðar til samræmis við úrskurði kjaranefndar þar um. Reglunum var breytt 1. júlí 1997 og hækka greiðslurnar nú í takt við byggingarvísitölu. Í áætluðum embættiskostnaði presta í frumvarpi til fjárlaga 1998 er gert ráð fyrir samsvarandi hækkun.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 189,5 m.kr.

331 Vinnueftirlit ríkisins. Farið er fram á 40 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar til þess að jafna uppsafnaðan rekstrarhalla áranna 1995 og 1996 og áætlaðan rekstrarhalla ársins 1997. Rekstur stofnunarinnar hefur verið miðaður við innheimtu markaðra tekna en þær hafa verið umfram fjárveitingar undanfarin ár. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1998 er gert ráð fyrir að fjárhagsrammi stofnunarinnar hækki um 7 m.kr. og er það talið duga til þess að jafnvægi náist milli umfangs og fjárheimilda stofnunarinnar.

701 -750 Málefni fatlaðra. Ríkisstjórnin ákvað í tengslum við setningu fjárlagaramma fyrir næsta ár að leita eftir auknum framlögum að fjárhæð 33,7 m.kr. til nokkurra stofnana fyrir fatlaða. Gert er ráð fyrir að fjárhæðin skiptist þannig: 8,8 m.kr. til sambýla í Reykjavík, 1,2 m.kr. til sambýlis fyrir blinda að Stigahlíð 71,3 m.kr. til sambýla hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, 1,3 m.kr. til sambýlis á Egilsstöðum, 8,2 m.kr. til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi, 0,7 m.kr. til meðferðarheimila og sambýla einhverfra, 8 m.kr. til Styrktarfélags vangefinna og loks 2,5 m.kr. til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Gert er ráð fyrir að framlög til þessara liða hækki um sömu fjárhæðir í frumvarpi til fjárlaga ársins 1998.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur fengið 1,4% af skatttekjum ríkisins á ári hverju í sinn hlut, auk 0,227% hlutdeildar í útsvarsstofni liðins árs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur árið 1997 verður framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 25 m.kr. hærra en áætlað var við setningu fjárlaga. Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins verði leiðrétt sem því nemur.

980 Vinnumálaskrifstofa. Farið er fram á 80 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna yfirtöku Vinnumálastofnunar á rekstri og þjónustu vinnumiðlana sveitarfélaga. Þessi yfirtaka átti sér stað í júlí sl. í kjölfar samþykktar Alþingis á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Farið er fram á 10,8 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna móttöku flóttamanna. Þar af eru 3,3 m.kr. til uppgjörs við Rauða kross Íslands vegna móttöku flóttamanna sem settust að á Ísafirði og 7,5 m.kr. vegna móttöku flóttamanna sem hefja búsetu í Hornafjarðarbæ.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.694,1 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Farið er fram á 37 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 35 m.kr. viðbótarframlag til reksturs stofnunarinnar. Halli hefur verið á rekstri Tryggingastofnunar ríkisins í ár en hann stafar að hluta til af yfirfærðum umframgjöldum frá fyrra ári. Stjórnendum stofnunarinnar hefur tekist að ná niður launagjöldum að nokkru leyti. Önnur gjöld stefna hins vegar um 43 m.kr. fram úr fjárveitingu fjárlaga. Útgjaldaaukinn skýrist m.a. af hækkunum á gjaldskrám umfram áætlaðar verðlagsbreytingar milli ára svo sem hækkun á kerfisvinnu, póstburðargjöldum, símagjöldum og prentkostnaði, sem nema alls 22 m.kr. Á móti umframútgjöldum áætlar stofnunin að sértekjur verði um 26 m.kr. hærri en áætlun fjárlaga. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 2 m.kr. aukaframlagi vegna laga um réttindi sjúklinga sem tóku gildi hinn 1. júní sl. Kostnaður við framkvæmd laganna á yfirstandandi ári er áætlaður um 4 m.kr. og má vænta að u.þ.b. helmingur hans falli á Tryggingastofnunina vegna vinnu við gerð upplýsingabæklinga, prentun þeirra og dreifingu. Hinn helmingur kostnaðarins mun síðan falla á sjúkratryggingar vegna túlkunar.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Farið er fram á 150 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Skýrist það af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hækkun bóta umfram forsendur fjárlaga í kjölfar kjarasamninga. Þá hækkaði heimilisuppbót vegna þess að afnotagjöld útvarps og fastagjald af síma voru felld inn í bæturnar. Á móti vegur að önnur útgjöld verða talsvert innan áætlunar fjárlaga.

204 Lífeyristryggingar. Farið er fram á 660 m.kr. aukafjárveitingu til lífeyristrygginga vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar fyrr á árinu um hækkun bóta umfram forsendur fjárlaga í kjölfar kjarasamninga.

206 Sjúkratryggingar. Farið er fram á samtals 432 m.kr. aukafjárveitingu til sjúkratrygginga vegna ýmissa frávika frá áformum og forsendum fjárlaga og vegna meiri nýtingar á sjúkrarúmum daggjaldastofnana en gert var ráð fyrir.

Horfur eru á að útgjöld vegna vistgjalda hjúkrunarheimila verði 100 m.kr. hærri en stefnt var að í fjárlögum. Þá stefnir í að lækniskostnaður fari 110 m.kr. umfram það sem áformað var í fjárlögum. Rekja má 80 m.kr. umframútgjaldanna til sjúkraþjálfunar. Lækkun sértekna skýrir 90 m.kr. fjárvöntun sjúkratrygginga á árinu 1997. Forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir að sértekjur sjúkratrygginga héldust óbreyttar frá árinu 1996. Stærsti hluti sértekna er afsláttur af lyfjum sem féll niður með breytingum á ákvæðum laga um ákvörðun lyfjaverðs. Að lokum stefnir lyfjakostnaður 50 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir 2 m.kr. aukaframlagi vegna laga um réttindi sjúklinga sem tóku gildi hinn 1. júní sl. Samkvæmt kostnaðarmati er árlegur kostnaður um 8 m.kr., þannig að 4 m.kr. falla á yfirstandandi ár. Um helmingur þeirrar fjárhæðar fellur á sjúkratryggingar vegna rétts sjúkratryggðra til túlkunar.

371 Ríkisspítalar. Gerð er tillaga um 154 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Samkvæmt upplýsingum ríkisspítala fyrr á þessu ári var áætlað að útgjöld yrðu 270 m.kr. umfram fjárveitingu þessa árs. Í forsendum þeirrar rekstraráætlunar er gert ráð fyrir færri lokunum sjúkrarúma í ár en á sl. ári og að rekstur augndeildar verði kostnaðarsamari en rekstur þeirrar öldrunarþjónustu sem fluttist til Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík ákváðu með samkomulagi 12. september sl. ýmsar breytingar á starfsemi Sjúkrahúss Reykjavíkur og ríkisspítala. Sú hagræðing sem í samkomulaginu felst skilar þó ekki marktækum rekstrarsparnaði fyrr en á árunum 1998 og 1999 þegar breytingum hefur verið hrundið að fullu í framkvæmd. Er því farið fram á hækkun á fjárheimild fjárlagaliðarins til þess að jafna áætlaðan rekstrarfjárvanda sjúkrahúsanna á árinu 1997. Að auki koma til skipta 100 m.kr. af sameiginlegum lið sjúkrahúsanna til reksturs og 45 m.kr. af hagræðingarfé heilbrigðisráðuneytisins. Í hlut ríkisspítala koma alls 223 m.kr., þar af er hér lagt til að 154 m.kr. verði veittar með heimild í fjáraukalögum, 30 m.kr. komi af rekstrarhagræðingarlið heilbrigðisráðuneytisins og 39 m.kr. af liðnum *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.* Með umræddu samkomulagi og fjárframlögum sem hér eru skýrð, hefur fjárþörf sjúkrahússins verið mætt og eins hafa niðurstöður verið kynntar fyrir stjórnendum sjúkrahússins. Litið er svo á að það sé alfarið á ábyrgð stjórnenda sjúkrahússins að tryggja að það sé rekið innan marka áætlana. Fyrir liggur að ekki kemur til frekari fjárframlaga úr ríkissjóði á árinu 1997.

375 Sjúkrahús Reykjavíkur. Gerð er tillaga um 166 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Samkvæmt rekstraráætlun Sjúkrahúss Reykjavíkur fyrr á þessu ári verða útgjöld þar 187 m.kr. umfram fjárveitingu þessa árs. Í forsendum áætlunarinnar er tekið tillit til millifærslu verkefna milli sjúkrahúsanna í Reykjavík (augndeild og öldrunarþjónusta), auk þess sem gert er ráð fyrir sparnaði í rekstri spítalans (skurðlækningasvið) í samræmi við samkomulag þar um. Þessu til viðbótar verður kostnaður við kaup og uppsetningu sneiðmyndatækis rúmar 16 m.kr. umfram sérstaka fjárveitingu.

Heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík ákváðu með samkomulagi 12. september sl. ýmsar breytingar á starfsemi Sjúkrahúss Reykjavíkur. Nánar er gerð grein fyrir breytingunum og heildrafjárframlögum samkvæmt samkomulaginu í umfjöllun um ríkisspítala að framan. Í hlut Sjúkrahúss Reykjavíkur koma alls 232 m.kr., þar af er hér lagt til að 166 m.kr. verði veittar með heimild í fjáraukalögum, 15 m.kr. af rekstrarhagræðingarlið heilbrigðisráðuneytisins, 42 m.kr. af liðnum *370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi*, 7 m.kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra og loks eru 2 m.kr. frá Reykjavíkurborg. Með umræddu samkomulagi og fjárframlögum sem hér eru skýrð og kynnt hafa verið fyrir eigendum og stjórnendum sjúkrahússins hefur fjárþörf vegna starfseminnar verið mætt. Litið er svo á að það sé alfarið á ábyrgð eigenda og stjórnenda sjúkrahússins að tryggja að það sé rekið innan marka áætlana. Fyrir liggur að ekki kemur til frekari fjárframlaga úr ríkissjóði á árinu 1997.

490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna. Rekstur Sogns, þar sem vistaðir eru ósakhæfir afbrotamenn, var til sérstakrar skoðunar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á sl. ári. Í framhaldi af þeirri athugun var gerður samningur við Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi, um að það tæki að sér reksturinn frá og með 1. janúar 1997. Samningurinn gerir ekki ráð fyrir að

Sjúkrahús Suðurlands taki á sig uppsafnaðan halla frá fyrra ári, enda var í samningaviðræðum gengið út frá því að hann yrði gerður upp. Í fjáraukalögum fyrir árið 1996 fékk sjúkrahúsið 10 m.kr. í því skyni. Í ljós hefur komið að hallinn reyndist vera 2,6 m.kr. hærri og er farið fram á aukafjárveitingu sem þeirri fjárhæð nemur.

*500 **Heilsugæslustöðvar, almennt.*** Samtals er farið fram á 36,4 m.kr. aukafjárveitingu til þessa liðar. Veruleg umframútgjöld urðu á fjárlagaliðnum á sl. ári og stefnir í sama horf á yfirstandandi ári. Þessum safnlið er m.a. ætlað að standa undir kostnaði við sjúkraflutninga, námsleyfi heilsugæslulækna, langtímafjarvistir starfsfólks, viðhald og tækjakaup. Ástæður hallans má m.a. rekja til verulega aukins kostnaðar vegna langtímafjarvista starfsfólks heilsugæslustöðvanna og til sjúkraflutninga. Í fjárlögum 1997 var gert ráð fyrir 180,7 m.kr. til sjúkraflutninga, en raunkostnaður verður hins vegar 204,1 m.kr. Árið 1996 var fyrsta árið sem samningur um sjúkraflutninga í Reykjavík var að fullu greiddur út af liðnum. Vegna þessa hafa verðbætur ekki verið í takt við kostnað. Til að mæta halla á þessum fjárlagalið á sl. ári var greiðslu launabóta vegna langtímafjarvista starfsfólks heilsugæslustöðva frestað fram yfir áramót og vandinn því aðeins færður milli ára. Lagt er til að bættur verði 23,4 m.kr. kostnaður vegna sjúkraflutninga, þá verði veitt 10 m.kr. framlag vegna fjarvista starfsfólks í langtímaveikindum og loks 3 m.kr. vegna verðbóta á samning við Læknavaktina sf.

*511 - 585 **Heilsugæslustöðvar.*** Farið er fram á 17,7 m.kr. viðbótarframlag vegna nýrra gæsluvakta heilsugæslulækna. Í september árið 1996 var kjarasamningi við heilsugæslulækna breytt og ákvörðun um laun þeirra færð undir kjaranefnd. Í sama samningi fékk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimild til að ákvarða fyrirkomulag vakta, í stað þess að vaktir yrðu hluti af kjarasamningi. Vaktir hafa nú verið endurskipulagðar með tilliti til öryggis og þjónustumarkmiða. Af því hlýst varanlegur kostnaður á landsbyggðinni, 8,9 m.kr., en á höfuðborgarsvæðinu verða útgjöldin tímabundin, 8,8 m.kr., og falla niður á næsta ári.

*553 **Heilsugæslustöðin Akureyri.*** Um síðustu áramót tók Akureyrarbær við rekstri Heilsugæslustöðvar Akureyrar samkvæmt samningi við heilbrigðisráðuneytið um að bærinn yrði reynslusveitarfélag. Lagt er til að veitt verði aukaframlag til þess að gera upp 7,4 m.kr. uppsafnaðan halla stöðvarinnar í samræmi við samninginn.

*572 **Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal.*** Gerð er tillaga um 1 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Á síðasta ári, þegar kjaradeila heilsugæslulækna stóð yfir, var skipulögð neyðarvakt læknis í Vík, sem leiddi til þess að launakostnaður stöðvarinnar fór umfram fjárheimildir.

*950 **Rekstrarhagræðing.*** Sérstök fjárveiting til rekstrarhagræðingar hjá ráðuneytinu á árinu 1997 var lækkuð um 60 m.kr. vegna fyrirhugaðs sparnaðar í rekstri landsbyggðarsjúkrahúsa. Nú liggja fyrir tillögur um útfærslu þessa sparnaðar sem gera ráð fyrir að helmingi sparnaðarins verði náð á árinu. Með vísun til þess að fyrir liggur fjármögnun ýmissa hagræðingarverkefna á árinu er að mati heilbrigðisráðuneytis nauðsynlegt að hækka fjárveitingu á þeim lið um þær 30 m.kr. sem ekki tókst að útfæra í sparnaði hjá landsbyggðarsjúkrahúsum. Er því farið fram á 30 m.kr. aukafjárveitingu vegna rekstrarhagræðingarverkefna.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 3.985,6 m.kr.

*381 **Uppbætur á lífeyri.*** Lagt er til að fjárheimild þessa liðar verði lækkuð sem nemur 50 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um hlut ríkissjóðs í greiðslu lífeyrisuppbóta á árinu 1997. Skýrist það af því að greiðslur vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verða nokkru lægri en reiknað var með við setningu fjárlaga.

*801 **Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.*** Gerð er tillaga um 3.500 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar til þess að mæta aukinni fjárþörf frá áætlun fjárlaga. Í byrjun þessa árs voru innleystir nokkrir flokkar spariskírteina og voru þeir endurfjármagnaðir með sölu nýrra bréfa sem bera lægri vexti. Innlausnin miðaði að því að fækka flokkum ríkisverðbréfa úr 46 í 10 til þess að þeir flokkar sem eftir eru verði stærri og virkari á eftirmarkaði. Aukin fjárþörf vegna þessara ráðstafana nemur 4.000 m.kr. Á móti vegur að endurskoðuð áætlun um aðrar vaxtagreiðslur ríkissjóðs bendir til þess að þær verði um 500 m.kr. lægri á árinu samanborið við áætlun fjárlaga.

*989 **Launa- og verðlagsmál.*** Gerð er tillaga um að fella niður fjárheimild að fjárhæð 560 m.kr. á þessum lið. Annars vegar er felld niður 420 m.kr. heimild sem ætluð var til að mæta hækkunum á bótum almannatrygginga á yfirstandandi ári. Sótt er um auknar heimildir vegna þeirra hækkana á fjárlagaliðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í frumvarpinu. Hins vegar er felld niður 640 m.kr. heimild sem ætluð var til að bæta stofnunum hækkun lífeyrisiðgjalda vegna tilfærslu starfsmanna úr B-deild yfir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þau útgjöld hafa reynst vera óveruleg.Talið er að það skýrist af því að við setningu nýrra laga um lífeyrissjóðinn skömmu eftir afgreiðslu fjárlaga var sjóðfélögum veittur frestur til 1. desember á þessu ári til að ákveða í hvora deild sjóðsins lífeyrisiðgjöldin verða greidd. Á móti vegur að gert er ráð fyrir 500 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins til þess að mæta áhrifum kjarasamninga ársins 1997 á launaútgjöld stofnana. Í því endurmati hefur verið tekið tillit til þess að við afgreiðslu fjárlaga voru launafjárveitingar stofnana auknar sem nemur 3,5% hækkun allt árið í samræmi við áætlanir um launahækkanir á vinnumarkaði sem miðað var við á þeim tíma.

Loks er á þessum lið sótt um heimild í einu lagi til breytinga á fjárveitingum fjárlaga yfirstandandi árs með tilliti til greiðslustöðu fjárlagaliða í lok síðasta árs, þ.e. miðað við óhafnar fjárveitingar og umframgjöld ársins 1996. Þær tillögur voru kynntar í greinargerð með frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1996. Þessar heimildir nema alls 1.073,6 m.kr. Þar af eru 120,1 m.kr. til lækkunar á rekstrarheimildum stofnana, 478,5 m.kr. til hækkunar á tilfærsluheimildum, 77,6 m.kr. til lækkunar á viðhaldsheimildum og 792,8 m.kr. til hækkunar á stofnkostnaðarheimildum. Sundurliðun tillagna um óhafnar fjárveitingar og umframgjöld ráðuneyta og einstakra fjárlagaliða kemur fram í fylgiskjali 1.

*995 **Skýrsluvélakostnaður.*** Farið er fram á 22 m.kr. viðbótarframlag til reksturs fjármálatölvukerfa vegna hækkana á gjaldskrá SKÝRR hf. umfram þær hækkanir sem gert var ráð fyrir

í fjárlögum. Þar af eru 17 m.kr. vegna skattvinnslukerfa og 5 m.kr. vegna Bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 272,3 m.kr.

190 ***Ýmis verkefni.*** Óskað er eftir 22,3 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Í fyrsta lagi samþykkti ríkisstjórnin fyrr á þessu ári að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1997 til þess að standa straum af kostnaði við tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála. Um er að ræða hátækniverkefni sem unnið verður í samstarfi við flugmálayfirvöld í Namibíu. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir starfsmenn flugmálastjórnar þar og mun hún fara fram á Íslandi. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 30 m.kr. og er gert ráð fyrir að hann skiptist á 3 ár, 8 m.kr. á árinu 1997, 12 m.kr. á árinu 1998 og 10 m.kr. á árinu 1999. Í öðru lagi er óskað eftir 7,5 m.kr. hækkun á fjárheimild Rannsóknanefndar sjóslysa. Á árinu 1995 úrskurðaði þóknananefnd að hækka skyldi þóknun nefndarmanna og að sú hækkun tæki gildi frá 1. nóvember 1993. Þá hefur sjóslysum fjölgað á undanförnum árum. Þetta hefur leitt til þess að uppsafnaður halli er talinn verða um 5 m.kr. í árslok 1997. Þá eru 2,5 m.kr. ætlaðar til þess að nefndin geti flutt í nýtt húsnæði. Gert er ráð fyrir 7,9 m.kr. hækkun á fjárveitingu nefndarinnar í frumvarpi til fjárlaga ársins 1998. Í þriðja lagi er farið fram á 2,3 m.kr. aukaframlag vegna útsendingar sjónvarpsþáttarins *Good morning America* frá Íslandi. Hækkun á gengi bandaríkjadollars á árinu 1997 leiddi til þess að framlög sem áður voru ákvörðuð af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar dugðu ekki til þess að greiða framlag Íslands til verkefnisins. Loks er óskað eftir 4,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til uppgjörs á áföllnum kostnaði Flugmálastjórnar vegna vinnu við smíði flugskýlis við flugminjasafnið á Hnjóti við Patreksfjörð.

211 ***Vegagerðin.*** Gerð er tillaga um að fjárheimild Vegagerðarinnar verði aukin um 215 m.kr. Í fjárlögum 1997 er gert ráð fyrir 7.089 m.kr. framlagi til vegagerðar. Þegar vegaáætlun var samþykkt á Alþingi sl. vor var hins vegar miðað við að markaðar tekjur til vegamála yrðu 150 m.kr. hærri. Þann 1. ágúst sl. var bensíngjald jafnframt hækkað og er talið að sú hækkun skili 65 m.kr. auknum tekjum til vegamála á árinu. Lagt er til að þeim tekjum verði ráðstafað á eftirfarandi hátt: Til endurbóta á vegum á Skeiðarársandi 25 m.kr., lán til Spalar ehf. 10 m.kr., til reiðvega 10 m.kr. og til flóabáta 20 m.kr. Í samningi um gerð Hvalfjarðarganga er gert ráð fyrir að Spölur ehf. greiði hluthöfum arð af fjárfestingu sinni í félaginu. Samkvæmt samningnum fjármagnar Vegagerðin núna þessar arðgreiðslur í formi láns til Spalar ehf. en mun fá það endurgreitt á gildistíma samningsins um rekstur Hvalfjarðarganga.

335 ***Siglingastofnun Íslands.*** Leitað er eftir 30,5 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi eru 12,5 m.kr. vegna rannsókna á flaki Æsu ÍS 87, sem sökk í Arnarfirði í júlí 1996. Ríkisstjórnin ákvað í apríl sl. að sækja um heimild í frumvarpi til fjáraukalaga þessa árs til þess að standa straum af kostnaði við að kafa niður að skipinu, m.a. til að kanna hugsanlegar orsakir slyssins. Í öðru lagi er farið fram á 10 m.kr. vegna

könnunar á stöðugleika íslenskra fiskiskipa í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar fyrr á þessu ári. Könnun þessi hófst árið 1988 og er fjárheimildin ætluð til að ljúka síðasta áfanga verksins en hann nær til 134 skipa. Loks er sótt um 8,0 m.kr. vegna húsaleigu sem Siglingastofnun Íslands greiðir. Við sameiningu Vita- og hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar ríkisins var rekstur þeirra sameinaður í húsnæði Vita-og hafnamálastofnunar. Húsnæði Siglingamálastofnunar hefur staðið autt síðan þá og hefur ekki tekist að framleigja það öðrum aðila.

472 ***Flugvellir.*** Flugmálastjórn hefur staðið undir 4,5 m.kr. kostnaði af framkvæmdum við gerð flugskýlis á flugminjasafninu að Hnjóti. Óskað er eftir að framlag vegna verkefnisins verði flutt af viðfangsefninu *10-472-6.80 Flugvellir, framkvæmdir* yfir á viðfangsefnið *10-190-1.90 Ýmislegt* í þessu frumvarpi og er því gert ráð fyrir samsvarandi hækkun fjárheimildar á því viðfangsefni.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 53,6 m.kr.

101 ***Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Farið er fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Í fyrsta lagi er sótt um 5 m.kr. til þess að greiða kostnað við undirbúning að endurskipulagningu orkumála á grundvelli skýrslunnar *Framtíðarskipan orkumála - tillögur um breytingar.* Þá er farið fram á 5 m.kr. til þess að mæta kostnaði aðalskrifstofu við aukna vinnu vegna nýrra virkjana og stóriðjuvera. Við setningu fjárlagaramma fyrir næsta ár ákvað ríkisstjórnin jafnframt að beita sér fyrir framlagi til þessara verkefna í frumvarpi til fjáraukalaga yfirstandandi árs.

240 ***Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.*** Lagt er til að 34 m.kr. aukaframlag verði veitt til þess að flytja veg að verksmiðjulóð við álbræðslu á Grundartanga. Í lögum um samning um álbræðsluna var ríkisstjórninni heimilað að flytja umræddan veg í samræmi við skipulag á svæðinu. Gerð vegarins skal taka mið af því að hann kunni að heyra undir þjóðvegakerfið í framtíðinni. Gert er ráð fyrir að ef sú verði raunin þá endurgreiðist þessi kostnaður af tekjum til vegamála.

301 ***Orkustofnun.*** Farið er fram á að viðbótarframlag að fjárhæð 9,6 m.kr. verði veitt til uppsetningar á vatnshæðarmælum á Vatnajökulssvæðinu í samræmi við áætlun Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands og Háskóla Íslands um aukna vöktun á jarðskjálftum og eldgosum á hálendi Íslands. Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á árinu að leita eftir fjárheimild í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1997 til verkefnisins.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 45,5 m.kr.

301 ***Löggildingarstofan.*** Farið er fram á að fjárheimild stofnunarinnar verði aukin um 45,5 m.kr. Ný lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, tóku gildi hinn 27. desember 1996 eftir að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1997 var lokið. Í lögunum er Löggildingarstofu falin umsjón með rafmagnsöryggismálum og kveðið á um fjáröflun til þeirrar starfsemi með gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá og með mörkuðum tekjum af álögðum gjöldum. Markaðar tekjur stofnunarinnar hækka verulega í kjölfar þessarar lagasetningar og miðast tillagan við að fjárheimildir verði auknar til samræmis við áætlun um þær tekjur. Auknum heimildum verður varið bæði til að mæta vaxandi umfangi í starfseminni og biðlaunagreiðslum vegna niðurlagningar 11 starfa við samruna Rafmagnseftirlits ríkisins og Löggildingarstofu.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 4,2 m.kr.

101 ***Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.*** Sótt er um 4,2 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Í fjárlögum 1997 var gert ráð fyrir að hlutafélagaskrá færðist til Hagstofu Íslands í upphafi ársins 1997. Það dróst til 1. september og um leið fyrirhuguð hagræðing í rekstri af þeim sökum.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 89,2 m.kr.

101 ***Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Alls er farið fram á 6 m.kr. viðbótarfjárveitingu á þessum lið. Á þessu ári hafa farið fram framkvæmdir við húsnæði umhverfisráðuneytisins sem miða að því að bæta aðgengi fatlaðra að húsinu. Upphaflegur kostnaður var áætlaður 6 m.kr. en vegna ýmissa aukaverka varð kostnaður 1 m.kr. meiri. Reykjavíkurborg greiðir 1,5 m.kr. og er óskað eftir aukafjárveitingu til að standa undir hlut ríkisins. Þá hefur umhverfisráðuneytið nýlega tekið á leigu húsnæði að Vonarstræti 4b. Gera varð nokkrar minni háttar breytingar á húsnæðinu og er óskað eftir 0,5 m.kr. fjárveitingu til að standa undir þeim kostnaði.

205 ***Náttúruvernd ríkisins.*** Í kjölfar lagasetningar á 120. löggjafarþingi, var stjórnsýsla náttúruverndarmála endurskipulögð og komið á fót nýrri stofnun, Náttúruvernd ríkisins, sem tók að mestu yfir þau verkefni sem Náttúruverndarráð hafði áður með höndum. Við afgreiðslu fjáraukalaga 1996 var veitt 3 m.kr. framlag til þess að mæta halla Náttúruvernd-

arráðs á því ári. Hallinn reyndist vera meiri og er því farið fram á 3,5 m.kr. heimild til viðbótar í þessu frumvarpi.

*221 **Hollustuvernd ríkisins.*** Óskað er eftir 11,4 m.kr. viðbótarframlagi til þess að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla sem Hollustuvernd ríkisins hefur átt við að etja undanfarin ár, en verkefni stofnunarinnar hafa farið vaxandi, m.a. vegna ýmissa tilskipana Evrópusambandsins. Að frátöldum þessum halla er gert ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði innan fjárheimilda á þessu ári.

*285 **Spilliefnasjóður.*** Óskað er eftir 53 m.kr. fjárheimild á þessum lið. Á 120. löggjafarþingi voru samþykkt lög um spilliefnagjald og komu lögin til framkvæmda 1. janúar á þessu ári en ekki var gert ráð fyrir framlagi vegna þeirra í fjárlögum. Lögin taka til gjaldskyldu vegna förgunar á olíuvörum, lífrænum leysiefnum, málningu, rafhlöðum, rafgeymum, ljósmyndavörum og ýmissa annarra efnavara. Áætlaður kostnaður að fjárhæð 38,6 m.kr. er vegna förgunar, sem aðallega fer fram erlendis, og við söfnun efna á vegum Sorpu hf. og sorpsamlaga sveitarfélaga. Þá er í lögunum kveðið á um störf spilliefnanefndar, en hún skal gera áætlun um hvernig best verði staðið að söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og eyðingu spilliefna. Nefndin hóf störf til undirbúnings framkvæmda laganna í september á síðasta ári. Óskað er eftir 14,4 m.kr. heimild til að standa straum af rekstrarkostnaði nefndarinnar á þessu og liðnu ári. Um er að ræða laun starfsmanna, þóknun til nefndarmanna, aðkeypta sérfræðiaðstoð o.fl. Heildartekjur af spilliefnagjaldi á þessu ári eru áætlaðar tæplega 50 m.kr. en þær renna í ríkissjóð sem markaðar tekjur.

*410 **Veðurstofa Íslands.*** Óskað er eftir 15,3 m.kr. aukafjárveitingu á þessum fjárlagalið. Í framhaldi af náttúruhamförunum í Vatnajökli og á Skeiðarársandi ákvað ríkisstjórnin að Veðurstofa Íslands hefði með höndum mælingar, vöktun og úrvinnslu á gögnum frá Vatnajökulssvæðinu. Í því skyni verða settir upp nýir jarðskjálftamælar, hugbúnaður endurbættur og úrvinnsla gagna aukin. Verkþættir þessir verða unnir í samvinnu við Orkustofnun og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**					
101	Embætti forseta Íslands	-2.376				-2.376
201	Alþingi	-315				-315
610	Umboðsmaður Alþingis	382				382
620	Ríkisendurskoðun	8.974				8.974
620	Ríkisendurskoðun				-813	-813
999-1.11	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	2.274				2.274
	Samtals æðsta stjórn ríkisins	**8.939**			**-813**	**8.126**
01	**Forsætisráðuneyti**					
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	2.638				2.638
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	-242				-242
190-1.90	Ýmis verkefni		1.526			1.526
190-1.95	Safnahús við Hverfisgötu	-840				-840
199	Ráðstöfunarfé		5.000			5.000
201-5.20	Stjórnarráðshús			22.443		22.443
201-5.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu			2.887		2.887
231	Norræna ráðherranefndin	4.342				4.342
241	Umboðsmaður barna	-572				-572
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-995				-995
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum			1.479		1.479
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum				-718	-718
	Samtals forsætisráðuneyti	**4.331**	**6.526**	**26.809**	**-718**	**36.948**
02	**Menntamálaráðuneyti**					
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.271				3.271
199	Ráðstöfunarfé		5.225			5.225
201	Háskóli Íslands	-47.770				-47.770
203	Raunvísindastofnun Háskólans	-5.657				-5.657

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
204	Stofnun Sigurðar Nordals	543				543
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	1.891				1.891
206	Orðabók Háskólans	1.043				1.043
207	Íslensk málstöð	412				412
208	Örnefnastofnun	24				24
210	Háskólinn á Akureyri	651				651
211	Tækniskóli Íslands	-15.955				-15.955
221	Kennaraháskóli Íslands	5.186				5.186
221	Kennaraháskóli Íslands		1.300			1.300
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	-571				-571
231	Rannsóknarráð Íslands	-182				-182
236	Vísindasjóður				-302	-302
237	Tæknisjóður				-220	-220
269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður			14.136		14.136
269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður				2.744	2.744
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi		9.536			9.536
301	Menntaskólinn í Reykjavík	411				411
302	Menntaskólinn á Akureyri	-9.600				-9.600
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-10.759				-10.759
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-23.019				-23.019
305	Menntaskólinn við Sund	-5.022				-5.022
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	-4.495				-4.495
308	Menntaskólinn í Kópavogi	-1.075				-1.075
308	Menntaskólinn í Kópavogi	-10.263				-10.263
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	-2.211				-2.211
318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-10.351				-10.351
318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður			-61.732		-61.732
318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður				202.110	202.110
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	1.218				1.218

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
319-1.12	Orlof kennara	2.134				2.134
319-1.13	Forfallakennsla	-4.003				-4.003
319-1.14	Sérkennsla	7.407				7.407
319-1.15	Prófkostnaður	-25.254				-25.254
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi		9.343			9.343
319-1.17	Námsskrárgerð	32.935				32.935
319-1.19	Kennslueftirlit	6.653				6.653
319-1.19	Kennslueftirlit		-428			-428
319-1.20	Framhaldsdeildir	3.392				3.392
319-1.21	Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna		5.632			5.632
319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna	3.367				3.367
319-1.25	Nám flugvirkja í Svíþjóð	6.300				6.300
319-1.30	Endurmenntun	3.747				3.747
319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt	-12.480				-12.480
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.274				1.274
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	-3.762				-3.762
352	Flensborgarskóli	-10.621				-10.621
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.681				1.681
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	256				256
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	2.313				2.313
356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-1.594				-1.594
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	3.552				3.552
358	Verkmenntaskóli Austurlands	394				394
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-11.407				-11.407
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-4.082				-4.082
361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	3.734				3.734
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	1.740				1.740
363	Framhaldsskólinn á Laugum	-1.088				-1.088
365	Borgarholtsskóli	-6.493				-6.493

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996

Fylgiskjal 1

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-5.363				-5.363
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra		3.600			3.600
440	Fullorðinsfræðsla		2.950			2.950
441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	6.973				6.973
506	Vélskóli Íslands	-1.885				-1.885
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-4.839				-4.839
514	Iðnskólinn í Reykjavík	50.447				50.447
514	Iðnskólinn í Reykjavík				-32.300	-32.300
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	3.242				3.242
523	Fósturskóli Íslands	-3.710				-3.710
524	Þroskaþjálfaskóli Íslands	8.766				8.766
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	775				775
541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	1.681				1.681
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-2.313				-2.313
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	875				875
562	Leiklistarskóli Íslands	-2.688				-2.688
563	Tónlistarskólinn í Reykjavík	184				184
564	Listdansskólinn	-8.842				-8.842
571	Sjómannaskólahúsið	-849				-849
606	Héraðsskólinn Skógum	2.067				2.067
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	20.819				20.819
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla		648			648
720-1.70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi		-730			-730
720-1.80	Sérkennsla i grunnskólum, óskipt	996				996
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum		1.152			1.152
720-1.90	Grunnskólar, óskipt	14.966				14.966
720-6.90	Tölvuvæðing i grunnskólum				4.199	4.199
725	Námsgagnastofnun	296				296
750	Skólar fyrir fatlaða	7.121				7.121

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
750	Skólar fyrir fatlaða		400			400
750	Skólar fyrir fatlaða			-4.172		-4.172
750	Skólar fyrir fatlaða				-588	-588
804	Kvikmyndaskoðun	340				340
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna		-1.506			-1.506
884	Jöfnun á námskostnaði		-21.400			-21.400
902	Þjóðminjasafn Íslands	4.387				4.387
902	Þjóðminjasafn Íslands		2.383			2.383
903	Þjóðskjalasafn Íslands	-8.829				-8.829
903	Þjóðskjalasafn Íslands		-400			-400
905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-2.606				-2.606
905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn				1.207	1.207
906	Listasafn Einars Jónssonar	-614				-614
907	Listasafn Íslands	-7.701				-7.701
907	Listasafn Íslands				7.542	7.542
909	Blindrabókasafn Íslands	-630				-630
919	Söfn, ýmis framlög		939			939
969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður			21.255		21.255
969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður				122.266	122.266
972	Íslenski dansflokkurinn	-1.168				-1.168
973	Þjóðleikhús		-287			-287
976	Menningarsjóður		-9.080			-9.080
978	Listasjóðir		70.554			70.554
979	Húsafriðunarsjóður				14.249	14.249
980	Listskreytingasjóður				400	400
981	Kvikmyndasjóður	-41.824				-41.824
981	Kvikmyndasjóður		21.900			21.900
982-1.15	Þýðingarsjóður		5.608			5.608
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa		3.420			3.420

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
982-1.31	Leikfélag Reykjavíkur		15.000			15.000
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila		1.042			1.042
982-1.90	Listir		5.433			5.433
983-1.10	Fræðistörf		-12.478			-12.478
983-1.11	Styrkir til útgáfumála		3.456			3.456
983-1.20	Iðnsaga Íslands		515			515
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands		68			68
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag		-200			-200
984	Norræn samvinna		616			616
985	Alþjóðleg samskipti		18.944			18.944
988-1.90	Æskulýðsmál		739			739
989-1.15	Skólaíþróttir		1.054			1.054
989-1.16	Íþróttafélög		1.476			1.476
989-1.90	Ýmis íþróttamál		2.004			2.004
999-1.43	Skriðuklaustur		-4.813			-4.813
999-1.44	Snorrastofa		1.200			1.200
999-1.90	Ýmis framlög		-4.918			-4.918
	Samtals menntamálaráðuneyti	**-102.111**	**139.897**	**-30.513**	**321.307**	**328.580**
03	**Utanríkisráðuneyti**					
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga		1.851			1.851
190-1.90	Ýmis verkefni		4.169			4.169
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-9.562				-9.562
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli				-3.400	-3.400
301	Sendiráð Íslands í Bonn	-617				-617
303	Sendiráð Íslands í London	-436				-436
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	-527				-527
305	Sendiráð Íslands í Ósló	-308				-308
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	-2.602				-2.602

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkostn	Samtals
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	-867				-867
308	Sendiráð Íslands í Washington	-2.003				-2.003
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	-948				-948
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	161				161
311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1.022				1.022
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-1.055				-1.055
320	Sendiráð, almennt				6.146	6.146
390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands		-1.021			-1.021
391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna		3.000			3.000
391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP		38.209			38.209
391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF		9.329			9.329
391-1.14	Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael		61.275			61.275
391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM		2.100			2.100
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu		42.185			42.185
391-1.30	Ýmis framlög til þróunarmála		4.509			4.509
401-1.45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs		386			386
401-1.46	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur		762			762
401-1.49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL		594			594
401-1.52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa		187			187
401-1.53	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Haíti		594			594
401-1.54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA		300			300
401-1.56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga		400			400
401-1.58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR		22.132			22.132
401-1.66	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ		750			750
401-1.69	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Sahara, MINURSO		431			431
401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA		4.468			4.468
401-1.72	EFTA-dómstóllinn		3.660			3.660
	Samtals utanríkisráðuneyti	**-17.742**	**200.270**		**2.746**	**185.274**

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
04	**Landbúnaðarráðuneyti**					
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-4.924				-4.924
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa		1.000			1.000
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	4.243				4.243
190-1.12	Mat á búvörum	-4.424				-4.424
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	-236				-236
190-1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	-231				-231
190-1.90	Ýmis verkefni		1.327			1.327
211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-1.355				-1.355
221	Veiðimálastofnun	-4.537				-4.537
233	Yfirdýralæknir	-8.178				-8.178
233	Yfirdýralæknir				800	800
236	Aðfangaeftirlit ríkisins	89				89
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	-10.595				-10.595
261	Bændaskólinn á Hvanneyri			5.600		5.600
261	Bændaskólinn á Hvanneyri				2.900	2.900
271	Bændaskólinn á Hólum	5.814				5.814
271	Bændaskólinn á Hólum			-15.600		-15.600
271	Bændaskólinn á Hólum				-9.700	-9.700
283	Garðyrkjuskóli ríkisins	12.684				12.684
283	Garðyrkjuskóli ríkisins				-14.100	-14.100
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	-105				-105
311	Landgræðsla ríkisins	4.709				4.709
311	Landgræðsla ríkisins			1.400		1.400
311	Landgræðsla ríkisins				-4.100	-4.100
321	Skógrækt ríkisins	-13.423				-13.423
321	Skógrækt ríkisins			5.900		5.900
321	Skógrækt ríkisins				3.100	3.100
331	Héraðsskógar	7.900				7.900

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
331	Héraðsskógar		-11.900			-11.900
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull og gærum		22.532			22.532
805-1.10	Vaxta- og geymslukostnaður		-1.723			-1.723
805-1.32	Afsetning birgða		-163.364			-163.364
851	Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar		21.586			21.586
	Samtals landbúnaðarráðuneyti	**-12.569**	**-130.542**	**-2.700**	**-21.100**	**-166.911**
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**					
101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	-802				-802
190-1.20	Eldi sjávardýra		600			600
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	10.088				10.088
190-1.31	Stjórn fiskveiða	2.898				2.898
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir		6.715			6.715
190-1.43	Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna	3.267				3.267
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	4.505				4.505
190-1.51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO		-1.426			-1.426
190-1.52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)		3.377			3.377
190-1.90	Ýmislegt	-2.540				-2.540
190-6.01	Undirbúningur sjávarútvegsgarðs				9.500	9.500
199	Ráðstöfunarfé		1.600			1.600
201	Fiskifélag Íslands		1.163			1.163
202	Hafrannsóknastofnunin	19.884				19.884
202	Hafrannsóknastofnunin			-3.100		-3.100
202	Hafrannsóknastofnunin				8.200	8.200
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-12.450				-12.450
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins				12.400	12.400
204	Fiskistofa	2.947				2.947
204	Fiskistofa				-2.500	-2.500
	Samtals sjávarútvegsráðuneyti	**27.797**	**12.029**	**-3.100**	**27.600**	**64.326**

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**					
101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-811				-811
102	Stjórnartíðindi	9.006				9.006
103	Lagasafn	9.207				9.207
190-1.15	Rannsókn á heimilisofbeldi		444			444
190-1.21	Próf málflytjenda	-1.423				-1.423
190-1.22	Próf skjalaþýðenda	-274				-274
190-1.23	Próf fasteignasala	-539				-539
190-1.31	Matsnefnd eignarnámsbóta	-317				-317
190-1.32	Tölvunefnd	-318				-318
190-1.33	Mannanafnanefnd	-500				-500
190-1.34	Örorkumatsnefnd	12.975				12.975
190-1.41	Útgáfa norræns dómasafns	681				681
190-1.42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	382				382
190-1.44	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB		450			450
190-1.45	Mannréttindaskrifstofa Íslands		-1.000			-1.000
190-1.51	Innheimta meðlaga	1.594				1.594
190-1.70	Samfélagsþjónustunefnd	-309				-309
190-1.72	Umferðaröryggistæki	6.865				6.865
190-1.81	Réttur barna, útgáfa	-300				-300
190-1.90	Ýmislegt	59				59
201	Hæstiréttur	-380				-380
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	3.160				3.160
212	Héraðsdómur Vesturlands	496				496
213	Héraðsdómur Vestfjarða	119				119
214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	1.919				1.919
215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	4.219				4.219
216	Héraðsdómur Austurlands	-697				-697
217	Héraðsdómur Suðurlands	5.279				5.279

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
218	Héraðsdómur Reykjaness	9.722				9.722
290-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	-584				-584
290-1.14	Óviss útgjöld	547				547
291-5.01	Húsnæði og búnaður dómstóla			1.087		1.087
291-6.01	Húsnæði Hæstaréttar				-2.951	-2.951
301	Ríkissaksóknari	-2.020				-2.020
302	Rannsóknarlögregla ríkisins	-13.541				-13.541
302	Rannsóknarlögregla ríkisins				3.500	3.500
305	Lögregluskóli ríkisins	3.513				3.513
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-6.927				-6.927
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík				4.000	4.000
321	Almannavarnir ríkisins	1.063				1.063
325	Neyðarsímsvörun		7.015			7.015
331	Umferðarráð	12.175				12.175
341	Áfengis- og fíkniefnamál	-193				-193
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	-90				-90
390-1.11	*Eftirlit með ökuritum*	-830				-830
390-6.01	Tæki og búnaður				-1.452	-1.452
390-6.10	Bifreiðir				-1.827	-1.827
391	Húsnæði löggæslustofnana			-1.269		-1.269
395	Landhelgisgæsla Íslands	1.544				1.544
395	Landhelgisgæsla Íslands				10.000	10.000
397	Schengen samstarf		-350			-350
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	2.471				2.471
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	-19.077				-19.077
413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	-398				-398
414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	1.250				1.250
415	Sýslumaðurinn í Búðardal	478				478
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	-3.270				-3.270

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	-1.012				-1.012
418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	576				576
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	222				222
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	3.550				3.550
421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	-386				-386
422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	1.831				1.831
423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	143				143
424	Sýslumaðurinn á Akureyri	-6.745				-6.745
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	1.713				1.713
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	-6.276				-6.276
427	Sýslumaðurinn í Neskaupstað	22				22
428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	1.647				1.647
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	2.333				2.333
430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	-369				-369
431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	-637				-637
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	5.468				5.468
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	-1.516				-1.516
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	-7.608				-7.608
436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	13.222				13.222
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	804				804
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	-9.667				-9.667
490-1.20	Kostnaður við löggæslunám	6.336				6.336
490-1.21	Óviss útgjöld	-245				-245
490-1.60	Gagnalínukostnaður	-2.029				-2.029
491-6.01	Tæki og búnaður				-1.600	-1.600
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna				-20.102	-20.102
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	-1.734				-1.734
501	Fangelsismálastofnun ríkisins			-723		-723
501	Fangelsismálastofnun ríkisins				2.208	2.208

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
591	Fangelsisbyggingar				-537	-537
701-1.01	Yfirstjórn	-13.160				-13.160
701-1.11	Vígslubiskup Skálholti	-472				-472
701-1.13	Vígslubiskup Hólum	-311				-311
701-1.21	Prestar og prófastar	7.871				7.871
701-1.31	Kristnisjóður		87			87
701-6.22	Hallgrímskirkja				743	743
701-6.23	Hóladómkirkja				1.000	1.000
	Samtals dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**29.497**	**6.646**	**-905**	**-7.018**	**28.220**
07	**Félagsmálaráðuneyti**					
101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	11.661				11.661
272	Byggingarsjóður verkamanna				-113	-113
302	Ríkissáttasemjari	5.700				5.700
311	Jafnréttisráð	2.731				2.731
321	Brunamálastofnun ríkisins	49.375				49.375
321	Brunamálastofnun ríkisins				-1.972	-1.972
331	Vinnueftirlit ríkisins	-23.442				-23.442
331	Vinnueftirlit ríkisins				-4.000	-4.000
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	2.377				2.377
400-6.20	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar				-4.014	-4.014
401	Barnaverndarráð	-34				-34
700	Málefni fatlaðra	3.124				3.124
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	-13.768				-13.768
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.230				4.230
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	-564				-564
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	715				715
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	-3.072				-3.072
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1.587				1.587

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	-1.307				-1.307
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-8.344				-8.344
710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	-670				-670
711	Styrktarfélag vangefinna	-11.681				-11.681
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	-458				-458
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-2.687				-2.687
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra				32.496	32.496
801	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		1.650			1.650
950	Rekstrarhagræðing	7.286				7.286
981-1.10	Félagsdómur	-363				-363
981-1.30	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit		17.360			17.360
981-1.32	Starfsmenntun í atvinnulífinu		1.985			1.985
981-1.70	Atvinnumál kvenna		15.646			15.646
981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO		-800			-800
981-1.90	Ýmislegt		12.871			12.871
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga		3.366			3.366
999-1.30	Sjómannastofur		1.300			1.300
999-1.31	Félagasamtök, styrkir		998			998
999-1.32	Starfsmenntun í atvinnulífinu		5.086			5.086
999-1.50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	-258				-258
999-1.53	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	-298				-298
999-1.60	Verkefni á sviði húsnæðismála	741				741
999-1.90	Ýmis framlög		9.797			9.797
	Samtals félagsmálaráðuneyti	**22.581**	**69.259**		**22.397**	**114.237**
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**					
101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.377				3.377
101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa				-1.280	-1.280
201	Tryggingastofnun ríkisins	-15.446				-15.446

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
301	Landlæknir	-10.130				-10.130
311	Héraðslæknir í Reykjavík	-112				-112
315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-26				-26
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	6.256				6.256
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands		-12.500			-12.500
326	Sjónstöð Íslands	-1.110				-1.110
327	Geislavarnir ríkisins	1.351				1.351
327	Geislavarnir ríkisins				-1.254	-1.254
330	Manneldisráð	140				140
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri		900			900
340-1.80	Gigtarráð		327			327
340-1.90	Ýmis starfsemi		7.043			7.043
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				-5.318	-5.318
370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	53.387				53.387
370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi				-10.300	-10.300
371	Ríkisspítalar	-152.671				-152.671
371	Ríkisspítalar			-79.800		-79.800
371	Ríkisspítalar				220.100	220.100
375	Sjúkrahús Reykjavíkur	95				95
378	Læknishéraðasjóður		1.429			1.429
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir				54.207	54.207
385	Framkvæmdasjóður aldraðra		-2.399			-2.399
393	Lyfjamál	-1.344				-1.344
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	4.709				4.709
396	Lyfjanefnd	7.080				7.080
399-1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	6.764				6.764
399-1.50	Tannverndarsjóður		140			140
399-1.53	Tóbaksvarnir		6.533			6.533
399-1.63	Áfallahjálp		-1.949			-1.949

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
399-1.65	Heilsuefling	-1.956				-1.956
399-1.71	Norræni heilsugæsluskólinn		1.798			1.798
399-1.72	Bláalónsnefnd	441				441
399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO		2.071			2.071
399-1.90	Ýmis framlög		-3.674			-3.674
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	291				291
401	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	253				253
404	Sjúkraskýlið Hólmavík	-253				-253
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	-21.202				-21.202
500-1.15	Leigutekjur starfsmannaíbúða	-4.579				-4.579
500-5.01	Viðhald, óskipt			2.382		2.382
500-5.80	Viðhald starfsmannaíbúða			6.407		6.407
500-6.01	Tæki og búnaður				14.519	14.519
500-6.90	Tölvuvæðing				105	105
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-11.741				-11.741
511	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	-1.129				-1.129
512	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	-7.311				-7.311
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	-3.129				-3.129
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	-8.527				-8.527
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-770				-770
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-2.912				-2.912
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	-1.053				-1.053
553	Heilsugæslustöðin Akureyri	-2.529				-2.529
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	28				28
556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	11				11
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-373				-373
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	-532				-532
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	-599				-599
566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	-54				-54

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-209				-209
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-2.123				-2.123
575	Heilsugæslustöðin Hellu	-1.617				-1.617
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	-3.098				-3.098
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	-370				-370
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-10.325				-10.325
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-253				-253
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	91				91
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-560				-560
621	Forvarnasjóður	-475				-475
621	Forvarnasjóður		13.300			13.300
950	Rekstrarhagræðing	4.798				4.798
	Samtals heilbrigðis- og trygg.málaráðun.	**-179.446**	**13.019**	**-71.011**	**270.779**	**33.341**
09	**Fjármálaráðuneyti**					
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.688				6.688
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa				-2.787	-2.787
103	Ríkisbókhald	-2.857				-2.857
103	Ríkisbókhald				2.809	2.809
104	Ríkisfjárhirsla	118				118
104	Ríkisfjárhirsla				1.000	1.000
105	Ríkislögmaður	-383				-383
105	Ríkislögmaður				1.500	1.500
199	Ráðstöfunarfé		4.861			4.861
201	Ríkisskattstjóri	-1.496				-1.496
201	Ríkisskattstjóri				13.000	13.000
202	Skattstofan í Reykjavík	-707				-707
202	Skattstofan í Reykjavík				2.800	2.800
203	Skattstofa Vesturlands	2.962				2.962

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
205	Skattstofa Norðurlands vestra	-177				-177
206	Skattstofa Norðurlands eystra	5.895				5.895
207	Skattstofa Austurlands	1.156				1.156
208	Skattstofa Suðurlands	2.675				2.675
209	Skattstofa Vestmannaeyja	422				422
211	Skattstofa Reykjaness	3.082				3.082
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	18.507				18.507
212-1.02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	3.166				3.166
212-1.10	Skatteftirlit	6.969				6.969
212-1.20	Olíugjald	-4.441				-4.441
212-1.40	Fjármagnstekjuskattur	2.500				2.500
212-6.01	Tæki og búnaður				1.295	1.295
212-6.41	Fjármagnstekjuskattskerfi				10.000	10.000
212-6.45	Tölvuvæðing útflutningsskýrslna				1.000	1.000
214	Yfirskattanefnd	2.658				2.658
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	3.028				3.028
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins				-1.841	-1.841
261	Ríkistollstjóri	1.708				1.708
261	Ríkistollstjóri				3.168	3.168
262	Tollstjórinn í Reykjavík	-1.876				-1.876
262	Tollstjórinn í Reykjavík				731	731
402	Fasteignamat ríkisins	-105				-105
901	Framkvæmdasýslan	-1.756				-1.756
950	Rekstrarhagræðing	5.100				5.100
981-6.05	Stjórnarráðsbyggingar				10.950	10.950
981-6.40	Tollhúsið við Tryggvagötu				18.158	18.158
981-6.60	Sölvhóll				-3.061	-3.061
981-6.80	Listaskóli				27.920	27.920
981-6.90	Aðrar húseignir				6.276	6.276

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
981-6.91	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga				-1.488	-1.488
981-6.92	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga				1.487	1.487
990	Ríkisstjórnarákvarðanir		1.695			1.695
995-1.01	Launagreiðslukerfi	12.935				12.935
995-1.02	Tekjubókhaldskerfi	9.334				9.334
995-1.03	Skattvinnslukerfi	10.319				10.319
995-1.04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	552				552
995-1.05	Innheimtuskilakerfi	200				200
995-1.06	Forsendukerfi innheimtugagna	4.677				4.677
995-6.01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi				11.401	11.401
995-6.02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				390	390
995-6.03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				16.691	16.691
995-6.04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR				23.749	23.749
995-6.08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal				9.005	9.005
995-6.09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi				10.480	10.480
999-1.09	Rekstrarhagræðing	2.728				2.728
999-1.19	Ýmsar endurgreiðslur		15.817			15.817
999-1.70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík		20.013			20.013
999-1.71	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri		1.868			1.868
999-1.90	Óviss útgjöld		24.250			24.250
999-6.20	Ríkisbifreiðar, framlag				1.700	1.700
999-6.30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.				4.171	4.171
	Samtals fjármálaráðuneyti	**93.581**	**68.504**		**170.504**	**332.589**
10	**Samgönguráðuneyti**					
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-728				-728
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar		920			920
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	-3.342				-3.342
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	-271				-271

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna		7.550			7.550
190-1.25	GPS-staðsetningarkerfi	9.819				9.819
190-1.26	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO		-135			-135
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa		29.267			29.267
190-1.33	Flugeftirlitsnefnd	-170				-170
190-1.34	Flugskóli Íslands		6.320			6.320
190-1.42	Ferðamál og markaðsstarf		15.504			15.504
190-1.43	Heilsárshótel á landsbyggðinni		15.257			15.257
190-1.60	Whilborg-rejser, Bing	-1.489				-1.489
190-1.90	Ýmislegt		-3.725			-3.725
190-1.91	Athugun á öryggi fiskiskipa	-257				-257
190-6.01	Breytingar á húsnæði				-9.504	-9.504
335	Siglingastofnun Íslands	-301				-301
471	Flugmálastjórn	-607				-607
481	Rannsóknanefnd flugslysa	2.208				2.208
511	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	8.613				8.613
651	Ferðamálaráð	-77				-77
	Samtals samgönguráðuneyti	**13.398**	**70.958**		**-9.504**	**74.852**
11	**Iðnaðarráðuneyti**					
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-3.602				-3.602
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa				1.500	1.500
102	Einkaleyfastofan	10.782				10.782
240	Iðnaðarrannsóknir	5.106				5.106
299-1.19	Staðlaráð		2.400			2.400
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	468				468
299-1.24	Alþjóðlegur fjárfestingarsáttmáli	-2.341				-2.341
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	-1.468				-1.468
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf		5.000			5.000

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf		-3.272			-3.272
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf		2.800			2.800
299-1.41	Tækniþróun í sjávarútvegi		6.852			6.852
299-1.42	Jöfnunaraðstoð við skipasmíðaiðnað		7.423			7.423
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar		-17.700			-17.700
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	5.630				5.630
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	-1.886				-1.886
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál		9.425			9.425
299-1.60	Verkefnaútflutningur	-1.122				-1.122
299-1.90	Ýmis verkefni		3.000			3.000
301	Orkustofnun	4.000				4.000
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	-2.320				-2.320
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur		5.000			5.000
	Samtals iðnaðarráðuneyti	**13.247**	**20.928**		**1.500**	**35.675**
12	**Viðskiptaráðuneyti**					
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	-4.453				-4.453
190-1.10	Neytendasamtökin		-1.650			-1.650
190-1.11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir		980			980
190-1.40	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	-894				-894
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-2.836				-2.836
301	Löggildingarstofan	615				615
401	Vátryggingaeftirlitið	560				560
902	Samkeppnisstofnun	3.420				3.420
903	Skráning hlutafélaga	-739				-739
	Samtals viðskiptaráðuneyti	**-4.327**	**-670**			**-4.997**
13	**Hagstofa Íslands**					
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	10.524				10.524
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa		1.300			1.300

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa				-7.811	-7.811
	Samtals hagstofa Íslands	**10.524**	**1.300**		**-7.811**	**4.013**
14	**Umhverfisráðuneyti**					
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-6.278				-6.278
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa		-400			-400
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa				-600	-600
190-1.22	Stefnumörkun í umhverfismálum	-723				-723
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	-13.463				-13.463
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum		-568			-568
190-1.35	Umhverfisvöktun	7.590				7.590
190-1.39	Mengunarslys	1.000				1.000
190-1.40	Alþjóðastofnanir		-261			-261
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum		500			500
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	1.205				1.205
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	1.240				1.240
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	474				474
205	Náttúruvernd ríkisins	-6.068				-6.068
205	Náttúruvernd ríkisins			2.932		2.932
205	Náttúruvernd ríkisins				-2.094	-2.094
210	Veiðistjóri	4.187				4.187
210	Veiðistjóri		2.600			2.600
221	Hollustuvernd ríkisins	-12.254				-12.254
221	Hollustuvernd ríkisins				593	593
281	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga				25.090	25.090
301	Skipulagsstjóri ríkisins	-2.376				-2.376
301	Skipulagsstjóri ríkisins		-1.500			-1.500
310	Landmælingar Íslands	-1.787				-1.787
401	Náttúrufræðistofnun Íslands	-7.860				-7.860

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1996 *Fylgiskjal 1*

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost	Samtals
401	Náttúrufræðistofnun Íslands			848		848
403	Náttúrustofur	5.427				5.427
410	Veðurstofa Íslands	1.849				1.849
	Samtals umhverfisráðuneyti	**-27.837**	**371**	**3.780**	**22.989**	**-697**
	Samtals öll ráðuneyti	**-120.137**	**478.495**	**-77.640**	**792.858**	**1.073.576**

56. Frumvarp til laga [56. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson, Guðrún Helgadóttir.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til upp-leystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr., nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1999 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa skuli í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur oft áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins en ekki verið útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Á 113. löggjafarþingi fjallaði iðnaðarnefnd neðri deildar allítarlega um frumvarpið, en ekki vannst tími til að afgreiða það frá nefndinni. Iðnaðarnefnd barst m.a. erindi frá iðnaðarráðuneytinu 26. nóvember 1990 með tillögum um breytingar á frumvarpinu ásamt athugasemdum og er það birt sem fylgiskjal.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi var lagt fram á ný snemma á 117. löggjafarþingi. Iðnaðarnefnd, sem fékk málið til umfjöllunar, taldi rétt að hinkra við með efnislega umfjöllun þar eð fram kom hjá fulltrúa iðnaðarráðuneytis að í ráðuneytinu væri verið að ljúka vinnu við stjórnarfrumvarp um sama efni og væri stefnt að því að leggja það fyrir þingið. Það frumvarp kom hins vegar ekki fram þrátt fyrir ákvæði í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Þá var frumvarpið lagt fram á 118., 120. og 121. löggjafarþingi.

Lögfesting fyrirliggjandi frumvarps eða annarra hliðstæðra ákvæða er brýnni nú en nokkru sinni fyrr vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem meiri hluti á Alþingi samþykkti í ársbyrjun 1993.

Hvati að undirbúningi þessa frumvarps fyrir meira en áratug var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–74 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknaleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, ásamt smávægilegum breytingum.

Um framhald greinargerðar, athugasemdir við einstakar greinar og fylgiskjal vísast til þskj. 71 (69. mál 116. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1992–93, bls. 926–943. Tilvísanir í 67. gr. stjórnarskrárinnar eiga nú við 72. gr., sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995, og ártal breytist

á einum stað í textanum í athugasemdum við 8. gr. þar sem 1999 kemur í stað 1988. Í fylgiskjali var erindi frá iðnaðarráðuneytinu til iðnaðarnefnda Alþingis 26. nóvember 1990 um frumvarp til laga um jarðhitaréttindi.

57. Frumvarp til laga [57. mál]

um lögmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

2. gr.

Ef aðili fer ekki sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða sá sem að lögum getur verið fyrirsvarsmaður hans í dómsmáli verður ekki öðrum en lögmanni falið að gæta þar hagsmuna hans, sbr. þó 3. mgr.

Ákvæði 1. mgr. gilda um opinber mál með þeim takmörkunum sem kann að leiða af heimildum í lögum til að fela öðrum en lögmanni að koma þar fram sem verjandi, réttargæslumaður eða talsmaður sakbornings eða ákærða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur málsaðili falið þeim sem starfar sem lögmaður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hefur heimild til að fara þar með mál annarra fyrir dómstóli að gæta hagsmuna sinna í máli fyrir samsvarandi dómstóli hér á landi, enda njóti hann í þinghöldum aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slík störf erlendra lögmanna hér á landi.

II. KAFLI
Lögmannaráð og samtök lögmanna.

3. gr.

Til að gegna þeim störfum, sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga, skipar dómsmálaráðherra þrjá menn í Lögmannaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara.

Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, en hina skipar ráðherra án tilnefningar. Eins skal farið að um skipun varamanna. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.

Formaður Lögmannaráðs skal fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara.

Kostnaður af störfum Lögmannaráðs, þar með talin þóknun til nefndarmanna sem dómsmálaráðherra ákveður, skal greiddur úr ríkissjóði af gjaldi skv. 30. gr.

4. gr.

Meðferð mála fyrir Lögmannaráði fer eftir stjórnsýslulögum nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Lögmannaráð setur sér innan þess ramma nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

Ákvarðanir Lögmannaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

5. gr.

Lögmannafélag Íslands kemur fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Lögmannafélag Íslands setur siðareglur fyrir lögmenn. Að fenginni staðfestingu dómsmálaráðherra á reglunum í heild eða að hluta gilda þær um alla lögmenn án tillits til þess hvort þeir eru þar félagsmenn.

Lögmannafélag Íslands skal leitast við að stuðla að því að sérhver sem þarfnast aðstoðar lögmanns fái notið hennar, enda hlíti hann þá ráðum lögmannsins og tryggi greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir aðstoðina.

III. KAFLI
Lögmannsréttindi.

6. gr.

Réttindi til að vera héraðsdómslögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum lögmanns,
2. hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,
3. hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis,
4. hefur lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands,
5. stenst prófraun skv. 7. gr.

Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum Lögmannaráðs ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi nægja þekkingu á íslenskum lögum. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 5. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.

7. gr.

Umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands, en þann þriðja án tilnefningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.

Prófraunin skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Háskóla Íslands og Lögmannafélag Íslands annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar

á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.

Efnt skal til námskeiðs og prófraunar ekki sjaldnar en annað hvert ár. Umsækjandi má þreyta prófraunina þótt hann fullnægi ekki skilyrðum um starfsreynslu til að öðlast réttindi héraðsdómslögmanns.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal fjárhæð þess taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófraunarinnar.

8. gr.

Umsókn um leyfi til að vera héraðsdómslögmaður skal beint til dómsmálaráðherra. Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.

Dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni.

Héraðsdómslögmaður má gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

9. gr.

Réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. hefur haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár,
2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr.,
3. hefur flutt ekki færri en þrjátíu mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli,
4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í flutningi tveggja mála fyrir Hæstarétti, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.

Hæstiréttur tekur afstöðu til umsóknar um heimild til að flytja mál sem hluta prófraunar skv. 4. tölul. 1. mgr. og metur síðan hvort umsækjandi standist hana. Áður en leitað er heimildar til að þreyta prófraun skal umsækjandi afla staðfestingar dómsmálaráðherra á að hann fullnægi öðrum skilyrðum skv. 1. mgr.

Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur ráðherra vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur ráðherra vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja opinber mál fyrir dómi.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.

10. gr.

Umsókn um leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður skal beint til dómsmálaráðherra. Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.

Dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa hæstaréttarlögmanni.

Hæstaréttarlögmaður má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins.

11. gr.

Lögmaður getur ráðið til starfa hjá sér fulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.,

sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á því að skilyrðum þessum sé fullnægt og leggja fyrir hann gögn því til stuðnings.

Að fenginni staðfestingu skv. 1. mgr. skal lögmaður tilkynna dómstólum um ráðningu fulltrúa. Getur lögmannsfulltrúi upp frá því sótt þing fyrir öðrum dómstólum en Hæstarétti í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns og gætt þar hagsmuna umbjóðanda vinnuveitandans, en þó ekki við munnlega sönnunarfærslu eða aðalmeðferð máls. Lögmanni ber að tilkynna dómstólum og ráðherra ef fulltrúi hans lætur af störfum.

Lögmaður getur ráðið annan lögmann til starfa hjá sér. Ber lögmaður ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns, svo og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti.

12. gr.

Lögmanni er skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, varðveita fjármuni annarra á vörslufjárreikningum og afla sér starfsábyrgðartryggingar, allt samkvæmt því sem nánar segir í 19., 23. og 25. gr.

Lögmaður getur sótt um undanþágu til dómsmálaráðherra frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan hann:

1. gegnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður, eða
2. starfar hjá öðrum lögmanni, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Lögmaður sem leitar undanþágu skv. 2. mgr. skal leggja fram samþykki vinnuveitanda síns fyrir henni. Ef undanþágu er leitað skv. 1. tölul. 2. mgr. skal lögmaður láta fylgja yfirlýsingu sína um að hann muni ekki hagnýta sér réttindi sín í ríkara mæli en þar greinir. Ef undanþágu er leitað skv. 2. tölul. 2. mgr. skal fylgja staðfesting um þá ábyrgð vinnuveitanda sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. Er vinnuveitanda jafnt sem lögmanni skylt að tilkynna dómsmálaráðherra ef vinnusambandi þeirra er slitið.

Ef lögmaður fullnægir annars ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. ber honum að skila leyfisbréfi sínu og skulu réttindi hans felld niður.

13. gr.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr.

Lögmanni er skylt að veita dómsmálaráðherra eða löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr. Ber sá sem gegnir eftirliti þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um, að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins.

Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir ber dómsmálaráðherra að fella úr gildi réttindi hans. Ef atvik eru háð mati getur ráðherra leitað álits Lögmannaráðs áður en hann tekur ákvörðun sína.

Ef réttindi lögmanns eru felld niður með þeim hætti sem í 3. mgr. segir er honum heimilt að höfða einkamál eftir almennum reglum gegn ríkinu til ógildingar á ákvörðun ráðherra.

14. gr.

Nú berst Lögmannaráði kvörtun á hendur lögmanni og telur sýnt að hann hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera lögmaður. Getur þá Lögmannaráð í rökstuddu áliti lagt til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmannsins verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu Lögmannaráðs skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því hún berst honum.

Felli ráðherra niður réttindi lögmanns samkvæmt framansögðu getur lögmaðurinn höfðað mál um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 4. mgr. 13. gr.

15. gr.

Taki lögmaður við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda skulu réttindin felld úr gildi. Lögmanninum er heimilt að höfða mál um þá ákvörðun, svo sem um ræðir í 4. mgr. 13. gr.

Lögmanni er alltaf frjálst að afsala sér réttindum sínum.

16. gr.

Hafi réttindi lögmanns verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir eða hann hefur afsalað sér þeim skulu þau veitt honum á ný eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar ef hann fullnægir orðið öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra.

Hafi réttindi lögmanns verið felld niður ótímabundið samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Slíka heimild veitir dómsmálaráðherra að fenginni umsögn Lögmannaráðs.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skal auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu réttinda, svo og ef þau falla niður.

Í dómsmálaráðuneytinu skal halda skrá um þá sem hafa lögmannsréttindi. Skal þar gerð um það sérstök athugasemd ef lögmaður hefur hlotið undanþágu með þeim hætti sem greinir í 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. Skrá þessi skal vera opin almenningi.

IV. KAFLI
Störf lögmanna.

18. gr.

Lögmönnum ber í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

19. gr.

Telji lögmaður sér ekki fært vegna heilsufars síns að hafa opna skrifstofu um lengri tíma má hann leita tímabundinnar undanþágu dómsmálaráðherra frá skyldu til þess.

Lögmönnum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Slík takmörkun breytir ekki því að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum.

20. gr.

Lögmanni er skylt að taka við skipun sem verjandi eða réttargæslumaður í opinberu máli, enda fullnægi hann til þess hæfisskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmuna að gæta vegna sjálfs sín, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda síns.

Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. er lögmanni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um.

21. gr.

Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað.

Sé ekki sýnt fram á annað felur umboð aðila til lögmanns í sér heimild til að gera hvaðeina sem venjulegt má telja til að gæta hagsmuna fyrir dómi. Innan þeirra marka er umbjóðandi bundinn af ráðstöfun lögmanns þótt hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi hefur veitt honum.

Lögmaður getur ekki tekið við greiðslu svo bindandi sé gagnvart umbjóðanda nema hann hafi til þess sannanlegt umboð.

Lögmanni er skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

Umbjóðanda er ætíð heimilt að kalla aftur umboð sitt til lögmanns. Ákvæði um annað í umboði eru ekki skuldbindandi.

Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

22. gr.

Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi tormerki geti risið við rækslu starfans.

23. gr.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi.

Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um vörslufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.

24. gr.

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og skal umbjóðanda hans eftir því sem unnt er gert ljóst hvert það gæti orðið í heild sinni. Þar á meðal getur lögmaður áskilið sér hluta af þeirri fjárhæð sem umbjóðandi fær greitt í máli, svo og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

Loforð um ósanngjarnt endurgjald fyrir starf lögmanns bindur ekki umbjóðanda hans.

Lögmannafélag Íslands getur gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald, sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

25. gr.

Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.

Lögmönnum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi, sem hefur starfsleyfi hér á landi, vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða

starfsmanna þeirra. Að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

Dómsmálaráðherra skal að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands og umsögn vátryggingaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfsáhætta vátryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á stöðu þriðja manns.

Lögmanni er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar skv. 3. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

V. KAFLI
Ágreiningur um störf lögmanna.

26. gr.

Ef lögmann greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir Lögmannaráð til úrskurðar.

Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir Lögmannaráð verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

Ef lagt er fyrir Lögmannaráð ágreiningsefni sem dómsmál er rekið um getur það að ósk annars eða beggja aðila látið í té álitsgerð til afnota þar. Hafi dómsmáli verið lokið um ágreiningsefnið vísar ráðið því frá sér.

27. gr.

Nú telur umbjóðandi að lögmaður, sem sinnir verki fyrir hann, hafi gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr., og getur hann þá lagt fyrir Lögmannaráð kvörtun á hendur lögmanninum. Lögmannaráð vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðið frá því umbjóðandi átti kost á að koma henni á framfæri.

Í máli skv. 1. mgr. getur Lögmannaráð gert lögmanni áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur ráðið brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.

28. gr.

Mál skal lagt fyrir Lögmannaráð með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. Fyrningu kröfu er slitið þegar Lögmannaráði berst erindi um hana.

Lögmannaráði er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir Lögmannaráði er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði þess eða sátt sem gerð er fyrir því eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.

Úrskurði Lögmannaráðs eða sátt sem kemst á fyrir því má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.

Það varðar sektum að taka að sér starfa sem lögmenn mega einir gegna skv. 2. gr. ef sá sem það gerir hefur hvorki réttindi sem lögmaður né starfar sem lögmannsfulltrúi. Einnig varðar sektum að bjóða öðrum þjónustu sem lögmaður ef þann sem það gerir skortir til þess réttindi.

Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður sem hefur fullgild starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

30. gr.

Til að greiða kostnað ríkisins af framkvæmd laga þessara skulu héraðsdómstólar innheimta málagjald við þingfestingu hvers einkamáls, að fjárhæð 400 krónur.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Falla þá úr gildi lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með áorðnum breytingum.

32. gr.

Með lögum þessum raskast ekki réttindi héraðsdómslögmanna og hæstaréttarlögmanna sem hafa verið veitt fyrir gildistöku þeirra, þar á meðal réttindi skv. 2. mgr. 9. gr. eldri laga.

Hafi maður fyrir gildistöku laga þessara byrjað að þreyta prófraun til að afla sér réttinda sem héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður en ekki lokið henni skal hann eiga kost á að ljúka henni eftir eldri reglum fyrir 1. júlí 1999. Fer þá um skilyrði til að veita réttindin eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 14. gr. eldri laga.

Hafi lögmaður verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. júlí 1998 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný.

Lögmenn, sem telja sig við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. til að njóta þargreindrar undanþágu, hafa frest til 1. október 1998 til að leita eftir henni.

33. gr.

Að öðru leyti en um getur í 31. gr. breytir gildistaka laga þessara í engu ákvæðum annarra laga um Lögmannafélag Íslands eða réttindum þess og skyldum í öðru tilliti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi á 121. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Frumvarpið er nú lagt fram á ný með óverulegum breytingum.

Frumvarp þetta var samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með bréfi dags. 9. nóvember 1994 fól dómsmálaráðherra nefndinni nokkur tiltekin verkefni, en meðal þeirra var að gera heildarendurskoðun á lögum um málflytjendur og semja frumvarp þar að lútandi. Við þessa endurskoðun skyldi haft nauðsynlegt samráð við Lögmannafélag Íslands. Hefur nefndin leitast við að eiga slíkt samráð við stjórn félagsins og einstaka stjórnar-

menn, eftir því sem kostur hefur verið, auk þess sem helstu álitaefnin varðandi breytingu á löggjöfinni hafa verið rædd á fundum nefndarinnar með allstórum hópi lögmanna í ágúst og desember 1995. Réttarfarsnefnd hefur ekki komist að einróma niðurstöðu um öll atriði frumvarpsins. Hefur einn nefndarmaður skilað séráliti um nokkur efnisatriði, en þeirra verður nánar getið hér á eftir.

Frumvarp þetta er liður í þeirri heildarendurskoðun löggjafar er varðar réttarfarsleg málefni og hófst með setningu laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Í kjölfar þeirra fylgdi setning nýrra laga er fólu í sér miklar breytingar á flestum sviðum réttarfars og tóku að mestu leyti gildi 1. júlí 1992. Sum hinna eldri laga voru mjög komin til ára sinna og heildarendurskoðun þeirra löngu tímabær.

Lög, er varða störf lögmanna, teljast hluti af réttarfarslöggjöf landsins. Um þau efni gilda nú lög nr. 61/1942, um málflytjendur. Með þeim voru sameinuð í einum lögum ákvæði sem áður voru hver í sínum lögunum að því er varðaði annars vegar flutning mála fyrir héraðsdómi og hins vegar Hæstarétti, auk þess sem ýmsar breytingar voru þá gerðar frá eldri skipan. Þrátt fyrir nokkurn aldur gildandi laga hefur lítt verið við þeim hróflað, og standa þau óbreytt eða lítt breytt frá upphaflegri gerð að því er varðar mörg mikilvæg atriði. Nokkrar breytingar á lögunum hafa engu að síður verið gerðar í rúmlega fimmtíu ára gildistíð þeirra. Er þar helst að nefna að með lögum nr. 24/1995 var nýjum greinum bætt inn í lögin er lögðu skyldu á lögmenn til kaupa á starfsábyrgðartryggingum og að geyma fé viðskiptamanna sinna á sérstökum vörslufjárreikningum. Að auki var þá breytt nokkrum ákvæðum laganna, en meðal þeirra var niðurfelling ákvæðis er veitti stjórn Lögmannafélags Íslands dómsvald í tilteknum málefnum er varða störf lögmanna. Aðrar helstu breytingar á lögum um málflytjendur urðu með lögum nr. 32/1962, en þá var meðal annars að nokkru leyti breytt skilyrðum til að öðlast réttindi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna. Með nokkrum öðrum lögum hefur verið hreyft við fáeinum ákvæðum laganna, en þær breytingar hafa flestar verið minni háttar. Þau lög, sem um ræðir, eru lög nr. 119/1943 (breyting á 14. gr.), lög nr. 25/1953 (breyting á 9. gr. um málflutningsleyfi fyrir Hæstarétti), lög nr. 40/1954 (breyting á 11. og 16. gr. um gjald fyrir málflutningsleyfi), lög nr. 10/1983 (breyting á 8. gr. varðandi sektarmörk), lög nr. 20/1991 (breyting á 5. gr. um einkarétt til málflutningsstarfa, tengd aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds), lög nr. 91/1991 (breyting á 6. og 22. gr. um réttarfarssektir og 13. og 16. gr. um gjafsókn) og loks lög nr. 133/1993 (breyting á 3., 5., 9. og 14. gr.), en hin síðasttöldu varða atvinnuréttindi og leiddi af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Heildarendurskoðun laganna hefur hins vegar ekki farið fram fyrr en nú, þótt hún hafi verið orðin tímabær og það án tillits til þeirrar endurskoðunar réttarfarslöggjafar að öðru leyti sem áður er nefnd. Árið 1972 lagði dómsmálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um málflytjendur er hann hafði falið Benedikt Sigurjónssyni, þáverandi hæstaréttardómara, að semja. Það frumvarp varð ekki útrætt á því þingi. Það var lagt fram aftur á næsta þingi en dagaði uppi. Frumvarp að nýjum heildarlögum var samið allmörgum árum síðar að frumkvæði Lögmannafélags Íslands, en það frumvarp var ekki lagt fram á Alþingi. Dómsmálaráðherra lagði fram á Alþingi 1983–84 frumvarp til breytinga á nokkrum ákvæðum laganna sem náði ekki heldur fram að ganga. Þá hefur stjórn Lögmannafélags Íslands farið þess á leit við ráðherra að lögin verði endurskoðuð í heild.

Enn eitt atriði skal nefnt sem ýtir undir að ráðist verði í heildarendurskoðun laganna, en það er sú breyting á stjórnarskránni sem gerð var með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995. Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún hljóðar nú, má engan skylda til aðildar að félagi, en með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Í gildandi

lögum um málflytjendur er lögð skylda á lögmenn að vera félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands. Stjórnarskrárbreytingin felur því í sér enn eina ástæðuna fyrir þeim tillögum sem hér fara á eftir til nýrra laga á þessu sviði er leysi hin eldri af hólmi.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Eitt þeirra álitaefna sem staðið hefur verið frammi fyrir við samningu frumvarpsins er það sem snýr að skyldu lögmanna til aðildar að Lögmannafélagi Íslands og áður er nefnt. Hefur sérstaklega verið haft til skoðunar hvort leggja skuli af skylduaðild lögmanna að félaginu eða takmarka hana við tiltekin viðfangsefni þess. Hafa ýmsir kostir verið athugaðir hér að lútandi, en um þetta hafa verið mjög skiptar skoðanir meðal lögmanna sjálfra. Ákvörðun um þetta atriði mótar tillögurnar óhjákvæmilega að mörgu öðru leyti, meðal annars um það hverjum skuli falið eftirlit með störfum lögmanna. Var þetta atriði lagt til dómsmálaráðherra til ákvörðunar á meðan frumvarpið var enn á undirbúningsstigi. Hefur hann mótað þá stefnu að í frumvarpinu yrði miðað við að skylduaðild að félaginu skyldi aflögð. Hefur frumvarpið verið gert úr garði í samræmi við það. Einn nefndarmaður í réttarfarsnefnd hefur lýst sig andvígan þessari stefnu og talið rétt að skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands verði áfram við lýði.

Lög nr. 61/1942 bera heitið lög um málflytjendur. Í þessu frumvarpi er hins vegar lagt til heitið lög um lögmenn. Þykir það heiti eiga betur við, meðal annars í ljósi þess að í frumvarpinu er bæði fjallað um samskipti lögmanna við viðskiptamenn sína, dómstóla og stjórnvöld, en ekki aðeins þann þátt starfa þeirra sem snýr að málflutningi. Þá hefur orðið lögmaður stöðugt fest sig í sessi, en notkun orðsins málflytjandi heldur látið undan síga.

Helstu nýmæli í frumvarpinu og tillögur til breytinga frá gildandi lögum eru að öðru leyti eftirfarandi:

1. Í 6.–8. gr. er að finna reglur um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður og í 9.–10. gr. eru ákvæði um málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Þessar greinar frumvarpsins hafa að geyma tillögur sem fela í sér miklar breytingar frá gildandi rétti ef samþykktar verða.

Meginbreytingin skv. 6. gr. er sú að lagt er til að felld verði niður sú tilhögun gildandi laga að sá sem leitar eftir málflutningsréttindum fyrir héraðsdómi þurfi að sýna það með flutningi fjögurra munnlega fluttra mála að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður. Þessi skipan er að flestra áliti gengin sér til húðar og þörf á markvissari undirbúningi við veitingu lögmannsréttinda en flutningur prófmála hefur upp á að bjóða. Gagnrýnin hefur jafnframt beinst að því að aðstaða manna til að fá leyfi lögmanna og umbjóðenda þeirra til að flytja mál sem prófmál sé misjöfn. Feli gildandi fyrirkomulag því í sér mismunun og úr því þurfi að bæta með því að gera aðgang manna að þessum réttindum almennan.

Í stað þessa prófmálaflutnings fyrir dómi er hér lagt til að komi sérstök prófraun sem þriggja manna nefnd skv. 7. gr. frumvarpsins annist. Sambærilega skipan er að finna í lögum um tilteknar aðrar starfsstéttir, svo sem fasteignasala og verðbréfamiðlara. Í 2. mgr. 7. gr. segir að prófraunin skuli vera bæði bókleg og verkleg í þeim greinum er helst varða rekstur lögmannsstarfa, þar á meðal í siðareglum lögmanna. Að öðru leyti skal ákvarða nánar með reglugerð hvert námsefnið skuli vera, svo og önnur atriði sem að framkvæmd námskeiðsins lúta.

Aðrar breytingartillögur varðandi réttindi til að vera héraðsdómslögmaður fela meðal annars í sér hert skilyrði að því leyti að umsækjandi um réttindin má aldrei hafa þurft að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta. Varnagli af þessu tagi þykir sjálfsagður í ljósi þeirrar mikilvægu umsýslu með fjármuni manna sem lögmenn hafa einatt með höndum. Krafa í gildandi lögum um tiltekinn lágmarksaldur héraðsdómslögmanna þykir hins vegar óþörf og er lagt til að hún verði afnumin.

Í 9. gr. er að finna tillögur um réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður. Það setur mark sitt á þær að auknar kröfur eru þar gerðar frá gildandi lögum um starfsreynslu áður en tímabært þykir að veita mönnum rétt til málflutningsstarfa fyrir Hæstarétti. Samkvæmt því skal umsækjandi hafa haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár í stað þriggja ára nú áður en honum er heimilt að sækja um réttindin, og enn fremur með kröfu um að hafa flutt munnlega að minnsta kosti þrjátíu mál fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli. Prófmálum er hins vegar fækkað úr þremur í tvö, en ekki þótti rétt að leggja til algert afnám prófmálaflutnings fyrir Hæstarétti, sbr. síðar. Lagt er til að ákvæði um lágmarksaldur til að hljóta réttindin verði afnuminn.

Í tillögum samkvæmt frumvarpinu felst loks að felld verði niður sérstök heimild fyrir héraðsdómslögmenn, sem flutt hafa a.m.k. 40 mál munnlega fyrir dómi, til að flytja fyrir Hæstarétti mál sem þeir sjálfir eða fulltrúar þeirra hafa flutt í héraði. Þessi regla þykir úrelt og ekki rök fyrir að hún standi áfram í lögum. Gert er þó ráð fyrir að þeir sem hafa öðlast slík réttindi eftir núgildandi lögum fái að halda réttindunum, sbr. 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins.

2. Í 2. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um rétt lögmanns til að gæta hagsmuna málsaðila fyrir dómi. Samkvæmt gildandi lögum hafa lögmenn að mestu einkarétt til að flytja mál fyrir héraðsdómstólum landsins, auk þess að hafa einkarétt til málflutnings fyrir Hæstarétti. Einkarétturinn á héraðsdómsstigi takmarkast þó við tiltekin umdæmi sem eru Reykjavík og Akureyri. Ráðherra getur ákveðið að einkaréttur lögmanna skuli taka til annarra kaupstaða þar sem ekki er neinn hörgull héraðsdómslögmanna. Hefur ráðherra nýtt þessa heimild, sbr. auglýsingu nr. 242, um einkarétt lögmanna, frá 22. júní 1976. Nær þannig einkaréttur lögmanna nú einnig til Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Kópavogs, Njarðvíkur, Seltjarnarness og Vestmannaeyja.

Skiptar skoðanir hafa verið í hópi lögmanna um það hvort afnema beri einkarétt lögmanna til málflutningsstarfa eða viðhalda honum. Rökin, sem teflt er fram fyrir afnámi einkaréttar, eru þau helst að ekki eigi að þvinga neinn til að leggja mál sitt í hendur lögmanns ef hann vill sjálfur fela það öðrum sem hann treystir betur. Á móti er bent á að hagsmunum manna sé best borgið í höndum lögmanna vegna þeirrar reynslu sem þeir búi yfir og þekkingar á réttarfarslögum. Slíkt sé í raun óhjákvæmilegt skilyrði þess að geta gætt hagsmuna fólks fyrir dómi og haldið málsástæðum og lagarökum skilmerkilega til haga. Leiðbeiningarskylda dómara gagnvart ólöglærðum, sem mælt er fyrir í lögum, nái ekki að breyta neinu um þá niðurstöðu. Gagnstæð regla hljóti að leiða til þess að menn verði fyrir skakkaföllum að óþörfu, auk þess sem það auki mjög á skilvirkni dómstóla að lögmenn flytji öll mál fyrir dómi sem málsaðilar flytja ekki sjálfir. Sjónarmið um réttaröryggi og neytendavernd styðji þannig að haldið sé ríkjandi fyrirkomulagi sem hafi reynst vel.

Einkaréttur lögmanna hefur á undanförnum árum í reynd verið takmarkaður með því að ákveðin störf, sem áður töldust til starfa fyrir dómi, gera það ekki lengur. Eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði fara sýslumenn ekki lengur með dómsvald, þannig að rekstur mála við embætti þeirra er ekki lengur háður einkarétti lögmanna.

Tillögur um þetta atriði koma fram í 3. gr. frumvarpsins og gera ráð fyrir að haldið sé gildandi fyrirkomulagi um einkarétt lögmanna. Taki hann bæði til Hæstaréttar, héraðsdómstóla og sérdómstóla sem í reynd er einungis Félagsdómur. Einkarétturinn taki framvegis til landsins alls, enda eru ekki lengur fyrir hendi þær ástæður sem upphaflega bundu hann við stærstu kaupstaðina eina, auk þess sem umdæmi héraðsdómstóla eru nú mörkuð með allt öðrum hætti en gert var við setningu laga nr. 61/1942. Til athugunar kom hvort leggja ætti til að víkka út einkarétt lögmanna, þannig að hann næði ekki einungis til dómstóla heldur einnig til að reka mál fyrir tilteknum stjórnvöldum, svo sem matsnefnd eignarnámsbóta og fleirum.

Frá þeim hugmyndum var hins vegar horfið þótt vissulega standi nokkur rök til þessa. Í frumvarpinu eru undantekningar frá einkarétti íslenskra lögmanna vegna aðildar Íslands að EES með svipuðu móti og nú gildir.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði í gildandi lögum um heimild málsaðila til að fela tilteknum skyldmennum, tengdamönnum og öðrum nákomnum að reka mál sitt fyrir dómi. Í reynd er hér um dauðan bókstaf að ræða. Sama tillaga er gerð varðandi reglu í 19. gr. núgildandi laga um svonefnda málflutningsmenn án lögmannsréttinda, en fáeinir slíkir höfðu atvinnu sína af málarekstri við setningu laganna 1942. Þessi heimild mótaðist af aðstæðum á þeim tíma og hefur runnið sitt skeið á enda. Lagt er til að heimildin verði aflögð. Sama tillaga felst í frumvarpinu að því er varðar heimild í 21. gr. laga nr. 61/1942 um að embættisgengir lögfræðingar án lögmannsréttinda í þjónustu félaga og stofnana flytji mál þeirra fyrir héraðsdómi. Reglan gildir ekki fyrir einstaklinga sem hafa slíka menn í þjónustu sinni, heldur einungis félög og stofnanir. Hún hefur lítt verið notuð í framkvæmd um aðra en starfsmenn ríkisstofnana.

3. Svo sem áður greinir er lagt til í frumvarpinu að skylda til aðildar að Lögmannafélagi Íslands, sem nú hvílir á lögmönnum, verði felld niður. Í þessu felst ein helsta breytingin sem ráðgerð er í frumvarpinu frá gildandi skipan.

Í athugasemdum, er fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 61/1942, kom fram sú skýring að skylduaðildin væri sett með hliðsjón af samsvarandi ákvæðum í dönskum rétti, en þar eins og hér helgast skylduaðild allra lögmanna af því stjórnsýsluhlutverki sem á félag þeirra er lagt. Með lögum nr. 61/1942 var hlutverk þess félags, sem lögmenn skyldu vera í, markað á þann veg að stjórnin skyldi hafa eftirlit með að félagsmenn færu að lögum í starfa sínum og ræktu skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Enn fremur var stjórninni veitt úrskurðarvald ef ágreiningur um endurgjald fyrir málflutningsstarf yrði undir hana borinn. Þá var stjórninni heimilað að veita einstökum félagsmönnum áminningar og gera þeim sektir fyrir framferði í starfa þeirra sem telja megi stétt lögmanna ósamboðið. Loks var sú skylda lögð á stjórn Lögmannafélags Íslands með lögum nr. 24/1995 að hafa eftirlit með félagsmönnum varðandi lögboðin kaup á starfsábyrgðartryggingum og um vörslufjárreikninga.

Hin síðari ár hefur þeim sjónarmiðum verið haldið fram með vaxandi þunga að óhjákvæmilegt sé að gera breytingu á þessu. Vísað er til breyttra viðhorfa hér og erlendis varðandi það að skylda menn til aðildar að félagi. Þau viðhorf lýsi sér meðal annars í dómi er kveðinn var upp í mannréttindadómstóli Evrópu 30. júní 1993 í máli á hendur íslenska ríkinu. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði brotið gegn skyldum sínum skv. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu með því að hafa gert leigubifreiðarstjórum skylt með lögum að vera félagsmenn í stéttarfélögum í sínum starfsgreinum. Þótti þetta ekki samrýmast grundvallarréttindum til að mega standa utan félaga sem talin voru felast í ákvæðum sáttmálans.

Með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 var fest í stjórnarskrána ákvæði um svokallað neikvætt félagafrelsi, þ.e. réttinn til að standa utan félaga. Í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar er því nú svofellt ákvæði: „Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“ Meginreglan er því ótvírætt sú að engan megi skylda til aðildar að félagi. Í kjölfar hennar er þó kveðið á um undantekningar, ef almenn skilyrði um lagafyrirmæli og nauðsyn eru uppfyllt, og að auki verða almannahagsmunir að krefjast slíkrar félagsskyldu eða tillit til annarra. Aðstaðan er því sú að til að réttlæta félagsskyldu þarf að sýna fram á að skilyrði fyrir henni séu uppfyllt.

Svo sem áður getur hefur stjórn Lögmannafélags Íslands samkvæmt gildandi lögum eftirlitshlutverk gagnvart starfandi lögmönnum og getur beitt þá tilteknum agaviðurlögum, ef út

af bregður í störfum þeirra. Þetta viðfangsefni félagsins er þess eðlis að skilyrði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar til að mega skylda menn til aðildar að félagi ættu þó ekki að vera því til fyrirstöðu að um slíka skyldu yrði áfram mælt í lögum varðandi lögmenn með einhverjum hætti. Slíkt mundi sennilega ekki heldur brjóta gegn 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einnig lög nr. 62/1994, um lögfestingu hans. Gagnstæð niðurstaða er þó ekki alveg útilokuð þegar það er virt að unnt er að koma við eftirliti með lögmönnum án þess að félag þeirra þurfi nálægt því að koma.

Aðstaðan að þessu leyti er hins vegar sú að Lögmannafélag Íslands einskorðar starfsemi sína alls ekki við þau lögmæltu verkefni sem að framan getur. Sem dæmi má nefna að sem félag lögmanna hefur það með höndum margháttaða starfsemi sem felst til dæmis í fræðslu og skemmtun, auk hagsmunagæslu í þágu lögmannsstéttarinnar. Þá tekur félagið með ýmsum hætti afstöðu til margs kyns þjóðmála og er þátttakandi í opinberri umræðu, svo sem með því að gefa umsagnir um lagafrumvörp. Slík opinber afstaða félagsins til einstakra mála getur augljóslega farið þvert gegn viðhorfum einstakra félagsmanna til þeirra. Ljóst er að slík umsvif félagsins tengjast ekki áðurnefndu eftirlitshlutverki með lögmönnum sem á það er lagt í þágu almennings. Því verður augljóslega ekki haldið fram með gildum rökum að skilyrði stjórnarskrár séu eftir setningu laga nr. 97/1995 uppfyllt í hvívetna til að skylda megi lögmenn til að vera í Lögmannafélagi Íslands í óbreyttri mynd.

Að því gefnu að skynsamlegt sé og nauðsynlegt vegna almannahagsmuna að viðhalda með einhverjum hætti eftirliti með störfum lögmanna hafa tveir meginkostir komið til athugunar. Annars vegar sá að Lögmannafélag Íslands gegni áfram opinberu hlutverki að þessu leyti og fari með valdheimildir gagnvart félagsmönnum sínum sem geri því kleift að rækja þessi viðfangsefni. Skylduaðild allra lögmanna verði þá áfram að félaginu um þessa tilteknu þætti. Að öðru leyti yrði aðild að því frjáls ef félagið kysi að sinna jafnframt öðrum verkefnum. Það mætti þá til dæmis hafa í deildum sem aðskildar væru frá hinni lögmæltu starfsemi félagsins. Hinn kosturinn er sá að afnema með öllu skylduaðild að Lögmannafélaginu. Það yrði þá félag sem byggðist á frjálsri þátttöku lögmanna, en eftirlit með störfum þeirra yrði framkvæmt á vegum stjórnvalda. Opinbert vald yrði þannig að öllu leyti fært frá Lögmannafélagi Íslands, sem um leið hætti að taka ákvörðun um rétt og skyldu manna á grundvelli lögmælts stjórnsýsluhlutverks. Forsenda samkvæmt fyrrnefndu stjórnarskrárákvæði fyrir skylduaðild að félaginu væri þar með ekki lengur fyrir hendi.

Eins og áður greinir eru skoðanir um þetta skiptar og hvora leiðina sem er má styðja gildum rökum. Tillögur í frumvarpinu byggjast á síðarnefnda kostinum, þ.e. afnámi félagsskyldunnar og að eftirlit með störfum lögmanna færist að öllu leyti frá félagi þeirra til stjórnvalda. Er þá meðal annars til þess litið að eðlilegt sé í ljósi mannréttindasáttmála Evrópu og breytinga á stjórnarskránni að stíga skrefið til fulls sem sé jafnframt einfaldasta leiðin eins og hér hagar til. Það sé að auki tæpast í samræmi við almenn viðhorf til nútímastjórnsýsluhátta að einni stétt manna, þ.e. lögmönnum, sé falið með lagasetningu að hafa eftirlit með sjálfri sér. Til að gera slíkt eftirlit fyllilega trúverðugt þurfi það að vera í höndum opinberra aðila.

Til upplýsingar skal þess getið að í þessum efnum er annars staðar á Norðurlöndum ekki fylgt neinni einni samræmdri leið í settum lögum. Á það bæði við um einkarétt lögmanna, skylduaðild að lögmannafélögum og þá um leið hvernig eftirlits- og agavaldi gagnvart lögmönnum er fyrir komið. Í Noregi njóta lögmenn einkaréttar til málflutnings, en þar er félagsskylda ekki fyrir hendi. Í reynd eru samt um 90% allra lögmanna í félaginu, og í því felst ákveðið gæðamerki að lögmaður geti kynnt sig til dæmis í bréfsefni sínu þannig að hann sé í norska lögmannafélaginu. Meginreglan er sú að félagið hefur farið með agavald gagnvart félagsmönnum sínum, en dómsmálaráðuneytið gagnvart utanfélagsmönnum. Ákvörðunum

félagsins mun þó að einhverju marki vera unnt að skjóta til sérstakrar nefndar. Í Danmörku er að mestu leyti einkaréttur lögmanna til málflutnings, og þar er jafnframt skylduaðild að lögmannafélaginu. Stjórn þess hefur eftirlitsskyldu með félagsmönnum, en agavald er í höndum 18 manna nefndar, svokallaðrar lögmannanefndar. Í henni eiga sæti þrír dómarar, sex nefndarmenn eru tilnefndir af dómsmálaráðherra og skulu þeir ekki vera lögmenn, en níu eru tilnefndir af lögmannafélaginu. Í einstökum málum er unnið í smærri deildum. Hefur danska lögmannafélagið stofnað hlutafélag sem sér um ýmiss konar þjónustu við lögmenn, svo sem fræðslumál, markaðsmál, lífeyris- og tryggingamál og tölvumál. Í Svíþjóð er enn eitt tilbrigðið að finna í þessum efnum. Einkaréttur lögmanna er ekki fyrir hendi. Hins vegar eru einungis lögmenn skipaðir verjendur í opinberum málum, og ef um er að ræða aðstoð í málum, sem greidd eru af ríkinu samkvæmt lögum um opinbera réttaraðstoð, er einungis lögmönnum heimilað að veita slíka aðstoð. Samkvæmt sænskum réttarfarslögum skal vera til lögmannafélag, en ekki er þó um beina félagsskyldu að ræða, heldur fá menn ekki að kalla sig lögmenn nema þeir séu í sænska lögmannafélaginu. Fyrirkomulag þessara mála í Finnlandi líkist mjög hinu sænska. Í báðum þessum ríkjum er agavald með lögmönnum í höndum nefnda, sem að meiri hluta eru skipaður lögmönnum. Félög lögmanna fara þar með eftirlitshlutverk gagnvart lögmönnum.

4. Í II., III. og V. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um eftirlit með störfum lögmanna og beitingu agaviðurlaga gagnvart þeim. Í þeim tillögum, sem þar eru, felast miklar breytingar frá gildandi rétti, ef samþykktar verða. Þær leiðir að miklu leyti beinlínis af afnámi félagsskyldu í Lögmannafélaginu, sem áður er gerð grein fyrir.

Sú stjórnsýsla, sem í þessu felst, yrði annars vegar falin dómsmálaráðuneytinu og hins vegar sérstakri þriggja manna nefnd sem komið yrði á fót, svokölluðu Lögmannaráði. Þessi stjórnvöld tækju samkvæmt því yfir það opinbera hlutverk sem Lögmannafélag Íslands hefur að mestu leyti gegnt hingað til.

Sá þáttur, sem að ráðuneytinu snýr, kemur einkum fram í 12. og 13. gr. frumvarpsins. Skal það fylgjast með því að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn uppfylli jafnan þau skilyrði sem krafist er til að öðlast slík réttindi skv. 6. og 9. gr. Að auki fylgist ráðuneytið með að skyldur skv. 1. mgr. 12. gr. séu uppfylltar, en þær lúta að því að hafa skrifstofu opna almenningi, varðveita fjármuni annarra á vörslufjárreikningum og afla sér starfsábyrgðartrygginga. Bregðist það að lögmaður uppfylli öll framangreind skilyrði skal ráðherra fella réttindi hans úr gildi.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal komið á fót sérstakri nefnd, Lögmannaráði. Það skal skipað þrem mönnum, þar af einum samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, en tvo nefndarmenn skipar ráðherra án tilnefningar. Skipunartími er fjögur ár. Við málsmeðferð sína skal ráðið fylgja stjórnsýslulögum, nema annað leiði af reglum frumvarpsins sjálfs.

Þau viðfangsefni, sem Lögmannráð skal sýsla með, eru tilgreind í V. kafla frumvarpsins, svo og að nokkru í 14. gr. þess. Samkvæmt 26. gr. falla ágreiningsmál milli lögmanns og umbjóðanda hans um endurgjald fyrir störf hins fyrrnefnda undir Lögmannaráð kjósi annar eða báðir deiluaðilar að leggja mál undir úrlausn þess. Samkvæmt 27. gr. falla enn fremur undir Lögmannaráð mál sem byggjast á kvörtun umbjóðanda á hendur lögmanni fyrir háttsemi sem stríðir gegn lögum eða siðareglum lögmanna. Getur ráðið gert lögmanni að sæta áminningu af því tilefni. Hafi hann áður sætt áminningu eða sakir eru miklar getur ráðið lagt til við ráðherra að réttindi lögmanns verði felld niður. Skal ráðherra taka afstöðu til þess innan tveggja mánaða. Þá ber einnig að vekja athygli á því að í 14. gr. frumvarpsins felst heimild handa Lögmannaráði til að taka til meðferðar kvörtun á hendur lögmanni sem berst frá öðrum en umbjóðanda hans, en slík kvörtun gæti varðað brot lögmanns á lögum eða siðareglum lögmanna.

Þess skal getið að í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi tilvist Lögmannafélags Íslands þótt skylduaðild að því sé afnumin. Kemur það víða fram, svo sem í 3. gr. um til-

nefningu af hálfu félagsins í Lögmannaráð. Í 5. gr. segir að félagið setji siðareglur fyrir lögmenn. Að fenginni staðfestingu ráðherra gilda þær fyrir alla lögmenn, óháð því hvort þeir eru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands eða ekki.

5. Af breytingum, sem að framan eru raktar, leiðir einnig breyttar málsmeðferðarreglur. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins skal við meðferð mála fyrir Lögmannaráði farið eftir stjórnsýslulögum, sbr. nú lög nr. 37/1993, nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Hið sama gildir að sjálfsögðu einnig um málsmeðferð fyrir dómsmálaráðuneyti. Með hinum nýju, almennu stjórnsýslulögum voru fest í lögum margvísleg fyrirmæli sem horfa til réttaröryggis í samskiptum borgaranna við stjórnvöld landsins. Meðferð þessara mála fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands er samkvæmt gildandi lögum ekki háð reglum stjórnsýslulaga þótt hins vegar sé ljóst að stjórn félagsins hafi vandað málsmeðferð sína eftir föngum. Í V. kafla frumvarpsins eru sérreglur sem víkja frá stjórnsýslulögum og þrengja meðal annars aðgang manna til að bera ágreining um endurgjald fyrir lögmannsstörf undir úrlausn dómstóla meðan sama ágreiningsefni er rekið fyrir Lögmannaráði, auk þess sem settur er frestur til að beina kvörtun á hendur lögmanni til Lögmannaráðs.

6. Reglur frumvarpsins um sviptingu lögmannsréttinda eru gerðar markvissari en samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. skal ráðherra fella réttindi lögmanns úr gildi komi í ljós að hann uppfyllir ekki lengur almenn skilyrði til að hljóta lögmannsréttindi skv. 6. og 9. gr. eða starfsskilyrði skv. 1. mgr. 12. gr. sem lúta að skrifstofuhaldi lögmanns, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Að þessu leyti er áfram fylgt þeirri stefnu, sem mörkuð var með 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1995, um að festa í lögum með ákveðnari hætti en áður beinar skyldur ráðherra til athafna. Þó er stigið skrefinu lengra þar eð vanræksla á skyldum skv. 1. mgr. 12. gr. skal nú einnig varða sviptingu réttinda.

Kvörtun til Lögmannaráðs á hendur lögmanni getur hvort heldur byggst á ætluðu broti hans á lögum eða siðareglum lögmanna. Slíku máli getur lokið með áminningu, sbr. 27. gr. frumvarpsins. Alvarlegar eða ítrekaðar brotalamir í starfrækslu hans geta hins vegar leitt til þess að Lögmannaráð geri tillögu til ráðherra um sviptingu réttinda, sbr. 14. gr. Mælir greinin jafnframt fyrir um skyldu ráðherra til að afgreiða slík erindi innan tiltekins tíma.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að leitað sé álits hjá Lögmannafélagi Íslands áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu lögmannsréttinda. Í samræmi við afnám skyldu til að vera í því félagi gerir frumvarpið ekki ráð fyrir skyldu til álitsumleitunar þar í slíku máli. Þá er enn fremur lagt til að lögð verði fyrir róða sú regla í gildandi lögum að réttarfarssektir, sem lögmaður hefur sætt, geti varðað hann missi réttinda. Hefur þeirri reglu í reynd aldrei verið fylgt í framkvæmd.

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna reglur um endurveitingu lögmannsréttinda. Þær reglur eru tvenns konar, og byggir sú aðgreining á því hvaða ástæður hafi valdið missi réttindanna. Annars vegar verða þau veitt að nýju án þess að annað þurfi til að koma en umsókn frá viðkomandi. Hafi svipting á réttindum lögmanns hins vegar verið ótímabundin og byggst á lögbrotum hans eða brotum á siðareglum lögmanna þarf meira til að koma svo að réttindi verði veitt honum að nýju. Er við það miðað að hann þurfi að gangast á ný undir prófraun skv. 7. gr. frumvarpsins, og umsókn um það verður fyrst lögð fram fimm árum eftir sviptingu réttindanna.

7. Í IV. kafla frumvarpsins er að finna ýmis nýmæli varðandi störf lögmanna. Meðal þeirra er að í 19. gr. er beinlínis tekið fram að lögmenn geti stofnað félög um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Það breytir þó engu um að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum. Þá eru í 11. gr. frumvarpsins settar skýrari reglur um störf fulltrúa lögmanna en nú eru og um takmörk þess sem þeim verður falið að gera. Í 24. gr. eru ákvæði um heimild

fyrir Lögmannafélag Íslands til að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Ákvæði frumvarpsins um vörslufjárreikninga og starfsábyrgðartryggingu eru hins vegar í stórum dráttum með sama sniði og markað var með lögum nr. 24/1995 að frátöldu því sem lýtur að eftirliti með að þessum skyldum sé fylgt.

Eitt þeirra álitaefna sem komu til umfjöllunar við undirbúning frumvarpsins var það hvort setja beri skorður við því í lögum að aðrir en lögmenn megi eiga hlut í rekstri lögmannsstofu. Að mati réttarfarsnefndar að einum nefndarmanni undanskildum voru þau rök talin vega þyngra sem studdu þá niðurstöðu að ekki bæri að festa hömlur af því tagi í lögum. Þótt eignaraðild annarra að slíku fyrirtæki komi til breytir það engu um skyldur lögmanns, svo sem um þá þagnarskyldu sem á hann er lögð, bæði í frumvarpinu og samkvæmt gildandi lögum. Er því ekki að finna neinar takmarkanir í frumvarpinu að þessu leyti.

II.

Ákvæðum frumvarpsins er skipt í sjö kafla, en greinar þess eru alls þrjátíu og þrjár. Áður en fjallað er nánar um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að lýsa hér stuttlega efnisskipan þess.

Fyrsti kafli frumvarpsins geymir skilgreiningu á því, hverjir séu lögmenn. Þar eru enn fremur reglur um hverjum sé heimilt að fara með mál fyrir dómi.

Annar kafli fjallar um Lögmannaráð, skipan þess og málsmeðferðarreglur. Þar eru að auki ýmis ákvæði um Lögmannafélag Íslands.

Í þriðja kafla eru ákvæði um öflun lögmannsréttinda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, skilyrði til að halda þeim og um sviptingu réttindanna. Þar er einnig ákvæði um undanþágu frá skilyrðum til að halda réttindunum, um lögmannsfulltrúa og um eftirlit dómsmálaráðuneytis með lögmönnum. Loks eru þar reglur um endurveitingu réttinda og skyldu ráðuneytisins til að auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu og niðurfellingu réttinda.

Fjórði kafli hefur að geyma ýmis ákvæði um störf lögmanna, svo sem um umboð þeirra til starfs, þagnarskyldu, fjárvörslureikninga, starfsábyrgðartryggingar og fleira.

Fimmti kafli fjallar um aga- og eftirlitshlutverk Lögmannaráðs ef um er að ræða ágreining um endurgjald til lögmanna og kvartana á hendur þeim.

Í sjötta kafla eru fyrirmæli um refsingar fyrir brot á skyldum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og um málagjald til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna.

Í sjöunda og síðasta kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildistöku og tengsl eldri laga og yngri, svo sem um hvernig fari um eldri réttindi sem menn hafa þegar aflað sér eða eru komnir á veg með að öðlast eftir núgildandi reglum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er að finna skilgreiningu á því hverjir séu lögmenn í þeim skilningi sem stuðst er við í frumvarpinu. Samkvæmt því teljast þeir einir lögmenn sem hafa aflað sér og haldið leyfi sínu til málflutnings fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti og geta með því nefnt sig héraðsdómseða hæstaréttarlögmenn. Samkvæmt 2. mgr. er haldið óbreyttri gildandi reglu um stöðu lögmanna sem opinberra sýslunarmanna.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, kemur maður sjálfur fram í máli sínu ef hann er hæfur að lögum til að ráðstafa sakarefni. Í öðrum málsgreinum 17. gr. koma fram nánari reglur um það hver geti verið í fyrirsvari fyrir einstakling eða lögaðila

og þar með rekið mál slíks aðila fyrir dómi. Upphafsákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins felur í sér tilvísun til þessara reglna einkamálalaga. Þar sem ekki er um slíkt fyrirsvar að ræða mælir greinin fyrir um einkarétt lögmanna til að gæta hagsmuna manna fyrir héraðsdómstólum landsins og fyrir Hæstarétti, svo og til reksturs mála fyrir sérdómstólum. Breytingartillögur, sem í greininni felast varðandi umfang einkaréttar lögmanna, eru skýrðar að framan í almennum athugasemdum.

Í 2. mgr. er fjallað sérstaklega um rekstur opinberra mála þar sem lagt er til að sama meginregla um einkarétt lögmanna gildi. Í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, er að finna sérreglur um heimildir fyrir menn til að gæta síns eigin réttar og til að fela slíkt öðrum en lögmanni, sbr. einkum 34., 37. og 39. gr. þeirra laga. Ekki er gert ráð fyrir að við þeim reglum verði hróflað hér frekar en áðurgreindum ákvæðum einkamálalaga.

Í 3. mgr. er að finna undantekningu frá einkarétti lögmanna skv. 1. mgr. sem byggist á skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þær reglur eru að mestu leyti hinar sömu og lögfestar voru með lögum nr. 133/1993, um breytingu á lögum nr. 61/1942. Svigrúm erlendra lögmanna er þó rýmkað að því leyti að þeim yrði einungis gert skylt að leita aðstoðar íslenskra lögmanna við framgang mála í þinghöldum, en ekki að öllu leyti eins og nú er.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um Lögmannaráð, skipan þess og greiðslu kostnaðar af störfum ráðsins. Eins og rakið er í almennum athugasemdum að framan er hér um að ræða eina helstu breytinguna sem tillaga er gerð um í frumvarpinu. Lögmannafélag Íslands tilnefnir einn af þremur mönnum í ráðinu, en ráðherra skipar tvo án tilnefningar. Er ráðherra ekki bannað að skipa annan þeirra eða jafnvel báða úr hópi lögmanna, en sjónarmið um neytendavernd ráða ferð í tillögum um að lögmenn skuli ekki hafa lögskipaðan meiri hluta í ráðinu. Slíkt hlýtur jafnframt að vera betur til þess fallið að gera þetta nýja fyrirkomulag fyllilega trúverðugt.

Um 4. gr.

Í greininni segir fyrir um málsmeðferðarreglur og að ákvarðanir Lögmannaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru. Þær verða hins vegar bornar undir úrlausn dómstóla eftir almennum reglum.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um Lögmannafélag Íslands. Gert er ráð fyrir áframhaldandi tilvist þess og að starfsemin byggist þá á þátttöku þeirra lögmanna sem sjálfir kjósa að vera þar félagsmenn. Staða félagsins sem málsvari lögmannastéttarinnar helst, sbr. 1. mgr., þótt ekki sé loku fyrir það skotið að önnur félög lögmanna rísi upp við hlið þess.

Samkvæmt 2. mgr. setur félagið lögmönnum siðareglur. Þær gilda fyrir félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands, en að fenginni staðfestingu ráðherra gilda þær fyrir alla lögmenn, óháð því hvort þeir eru í Lögmannafélagi Íslands, öðru félagi lögmanna eða utan slíkra félaga. Þetta ákvæði tengist síðan öðrum greinum frumvarpsins varðandi störf Lögmannaráðs, sbr. 14. og 27. gr.

Loks er í 3. mgr. nýmæli þess efnis, að félagið skuli leitast við að allir sem þurfi fái notið lögmannsaðstoðar, svo sem þar er nánar skýrt.

Um 6. gr.

Þessi grein frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Í henni felast tillögur um verulegar breytingar frá ríkjandi skipan, en um það vísast að mestu til almennra athugasemda að framan.

Vakin skal athygli á skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. um andlegt heilbrigði umsækjenda og 3. tölul. sömu málsgreinar um óflekkað mannorð, en ekki eru ákvæði af þessum toga í gildandi lögum. Samkvæmt 3. mgr. er prófnefnd, sem komið skal á fót, heimilað að staðreyna þekkingu umsækjenda með erlend lagapróf á íslenskum lögum í stað þess að ráðherra leggi mat á slíkt eins og nú er. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 7. gr.

Þessi grein frumvarpsins fjallar um sérstaka prófraun er komi í stað munnlegs flutnings prófmála fyrir héraðsdómi til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður. Er um það fjallað að framan í almennum athugasemdum. Er þess að vænta að nýtt fyrirkomulag í þessum efnum svari betur kröfum tímans svo sem þar er skýrt. Nauðsynlegt er að veita ráðherra heimild til að ákveða með reglugerð sitthvað um tilhögun slíkrar prófraunar svo sem lagt er til í 2. mgr. 7. gr.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um útgáfu lögmannsréttinda fyrir héraðsdómi og gögn sem krefja má umsækjanda um til staðfestingar á því að hann uppfylli öll skilyrði sem til þess er krafist. Í 3. mgr. segir að héraðsdómslögmaður megi gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

Um 9. gr.

Hér er að finna ákvæði um réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður. Í greininni felast tillögur um breytingar frá því sem nú gildir í þessum efnum, en þær ganga þó ekki jafnlangt og tillögur, sem áður er lýst varðandi réttindi fyrir héraðsdómi. Áður er gerð grein fyrir helstu nýmælunum í þessum tillögum í almennum athugasemdum að framan.

Tekið skal fram að rétt þótti að leggja til að viðhalda flutningi prófmála fyrir Hæstarétti þótt annað komi í hans stað fyrir héraðsdómi. Prófmálum yrði þó fækkað úr þremur í tvö. Óhjákvæmilegt þykir að hafa eftir sem áður prófraun sem staðfesti að umsækjandi hafi öðlast þá hæfni og þjálfun á starfstíma sínum sem héraðsdómslögmaður sem krefjast megi af þeim sem hyggst gera flutning mála fyrir Hæstarétti að atvinnu sinni. Ekki yrði auðvelt um vik að hafa slíka prófraun með öðrum hætti en verið hefur. Tillaga um fækkun prófmála stendur hins vegar í beinum tengslum við önnur skilyrði fyrir veitingu réttindanna sem eru lágmarksstarfstími sem héraðsdómslögmaður í fimm ár og að hafa flutt að minnsta kosti 30 mál fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli svo sem greinir í 1. og 3. tölul. 1. mgr.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þessi grein varðar útgáfu lögmannsréttinda fyrir Hæstarétti og er um flest hliðstæð reglum í 8. gr. frumvarpsins um réttindi héraðsdómslögmanna.

Um 11. gr.

Í gildandi lögum er fáum ákvæðum til að dreifa um lögmannsfulltrúa. Með þessari grein frumvarpsins er gerð tillaga um að marka stöðu þeirra skýrar en nú er, svo og um skyldu til að tilkynna öllum dómstólum um þá. Vísast að öðru leyti um það efni til þessarar greinar frumvarpsins sem skýrir sig sjálf.

Þá er í greininni fjallað um þá aðstöðu að lögmaður ráði annan lögmann til fastra starfa hjá sér. Eru settar reglur um ábyrgð á störfum lögmanns við þær aðstæður.

Um 12. gr.

Til að mega halda fengnum réttindum er í 1. mgr. 12. gr. mælt fyrir um skyldu lögmanna til að hafa opna skrifstofu, varðveita fé annarra á vörslufjárreikningum og taka sér starfsábyrgðartryggingu. Er þar síðan vísað til síðari greina frumvarpsins um hvert þessara atriða.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um undanþágur frá skyldum skv. 1. mgr. Sú heimild er einskorðuð við tiltekinn hóp launþega, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. Lögð er skylda á menn að sækja um undanþáguna vilji þeir njóta hennar, en til samanburðar má benda á að samkvæmt gildandi lögum njóta menn sjálfkrafa undanþágu frá reglum um vörslufjárreikninga og starfsábyrgðartryggingar ef skilyrði til þess eru uppfyllt. Er þessi tillaga gerð í þágu eftirlits opinberra aðila með þeim sem lögmannsréttinda njóta. Uppfylli menn hins vegar skilyrði er gert ráð fyrir að þeir eigi jafnframt rétt til undanþágu frá skyldum skv. 1. mgr. svo sem verið hefur.

Í öðrum tilvikum ber þeim sem leyfisbréf hefur öðlast og fullnægir ekki skilyrðum skv. 1. mgr., að skila því hafi hann ekki fengið undanþágu samkvæmt framangreindu. Skulu réttindi hans þar með felld niður.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlitshlutverk dómsmálaráðuneytis með starfsemi lögmanna. Er í almennum athugasemdum að framan gerð grein fyrir nýmælum skv. 3. mgr. um skyldu ráðherra til að fella niður lögmannsréttindi ef skilyrði skv. 6., 9. eða 12. gr. eru ekki uppfyllt. Gert er ráð fyrir að eftirlit með fjárvörslu lögmanna fyrir aðra og starfsábyrgðartryggingum færist með þessu frá Lögmannafélagi Íslands til ráðherra. Í lokamálsgrein 13. gr. er að finna heimild til að höfða dómsmál til ógildingar á ákvörðun ráðherra um niðurfellingu lögmannsréttinda. Sams konar heimild er einnig í 14. gr. að því er varðar niðurfellingu réttinda samkvæmt þeirri grein.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um hvernig kvörtun á hendur lögmanni vegna brota á lögum eða siðareglum lögmanna getur leitt til þess að réttindi hans verði felld niður, annað hvort um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Um 15. gr.

Telji ráðherra opinbert starf, sem maður með lögmannsréttindi tekur við, vera ósamrýmanlegt handhöfn réttindanna fellir hann þau úr gildi. Mat á umfangi starfs gæti til dæmis legið að baki slíkri ákvörðun ráðherra. Ágreiningur um þá ákvörðun ráðherra verður borin undir dómstóla. Lögmaður getur hins vegar sjálfur, hvenær sem hann svo kýs, afsalað sér réttindum sínum, svo sem fram kemur í 2. mgr. 15. gr.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um endurveitingu lögmannsréttinda sem felld hafa verið niður. Í almennum athugasemdum að framan var lýst mismunandi skilyrðum fyrir endurveitingu réttindanna sem leiðir af því hvaða ástæður lágu til niðurfellingar þeirra. Ef brot á lögum eða siðareglum lögmanna lágu þar að baki þykir rétt að gera ríkar kröfur í þessum efnum.

Vakin skal athygli á að ekki er lengur gert ráð fyrir svokallaðri innlögn lögmannsréttinda eða „deponeringu" þeirra, sem stundum er svo nefnd, ef eitthvað skortir á að skilyrði séu uppfyllt fyrir að mega nota þau. Tillögur frumvarpsins ganga út á að réttindi séu einfaldlega felld niður og síðan veitt að nýju ef skilyrði skapast síðar til þess, en eins og tekið er fram í 1. mgr. 16. gr. verður þetta gert án greiðslu gjalds og prófraunar. Með sama hætti er ekki lengur gert ráð fyrir almennri auglýsingu ráðherra um það hver opinber störf séu ósamrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda eins og nú er. Um það vísast að öðru leyti til umfjöllunar um 12. og 15. gr. að framan.

Um 17. gr.

Gera skal heyrumkunnugt hverjum lögmannsréttindi eru veitt og hver eru felld niður. Fjallar frumvarpsgreinin um það efni, svo og skrá sem halda skal í dómsmálaráðuneyti um það hverjir njóti réttinda lögmanna.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar um störf lögmanna í þágu umbjóðenda sinna og felur ekki í sér efnislegar breytingar frá því sem nú gildir.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. greinir frá þeirri aðstöðu að lögmaður telji sér ekki fært af heilsufarsástæðum að hafa opna skrifstofu um lengri tíma. Getur hann þá leitað undanþágu frá þessu skilyrði. Örðugt er um vik að setja nákvæmari reglur í þessum efnum en lagt er til í frumvarpsgreinunum, og verður því að meta hvert tilvik eftir aðstæðum hverju sinni.

Í almennum athugasemdum að framan er vikið að efni 2. mgr. 19. gr. sem fjallar um form á rekstri lögmannsstofu og ábyrgð lögmanns. Rekstur lögmannsstofu með takmarkaðri ábyrgð breytir engu um persónulega ábyrgð þess lögmanns sem unnið hefur eða vanrækt það lögmannsstarf sem gefur tilefni til kröfugerðar á hendur honum. Gæti viðskiptamaður krafist fullnustu í eignum hans og eignum viðkomandi félags, en ekki í persónulegum eignum annarra sem eiga félagið eða vinna hjá því.

Um 20. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er lögmönnum skylt að flytja opinber mál sem þeim eru falin, og gildir það alls staðar á landinu án tillits til einkaréttar lögmanna. Er sú regla áréttuð í 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins, en bætt er við ákvæði er þó getur leyst lögmann undan þessari skyldu, þ.e. ef eitthvað skortir á svo hæfiskröfum sé fullnægt eða ef aðrir hagsmunir standa því í vegi að lögmaður megi inna þessi störf af hendi í því tiltekna máli. Í 2. mgr. er tekið fram að lögmanni sé að öðru leyti aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um. Gildir þessi regla um einkamál og er hún í samræmi við það sem nú gildir.

Um 21. gr.

Í þessari grein er að finna reglur varðandi umboð er lögmenn hafa til rækslu starfa sinna. Eru reglur þessar efnislega áþekkar þeim sem nú eru í 4. gr. gildandi laga, en framsetningu er þó breytt og nokkuð aukið við sem einkum leiðir af dómum um túlkun gildandi laga.

Þá er í 4. mgr. 21. gr. vikið að skyldu lögmanns til að inna sjálfur af hendi lögmannsstörf sín og jafnframt heimild til að fela fulltrúum lögmanna tiltekin störf, sbr. einnig 11. gr. sem um þá fjallar. Loks eru í greininni ákvæði um afturköllun umboðs og heimildir lögmanns til að segja sig frá verki. Þær reglur þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu lögmanns er óbreytt frá því sem nú gildir. Bætt er við ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna lögmanna sem ekki er kveðið á um í gildandi lögum.

2. mgr. greinarinnar hefur að geyma nýmæli um skyldu lögmanns til að gera viðskiptamanni viðvart ef gæsla hagsmuna, sem óskað er eftir að hann taki að sér, kann að mati hans að rekast á aðra, ósamrýmanlega hagsmuni. Reglur af þessum toga eru nú í siðareglum Lögmannafélags Íslands, en rétt þykir að hafa slíka reglu í lögum.

Um 23. gr.

Skylda samkvæmt þessari grein til að halda fé annarra aðgreindu á sérstökum vörslureikningum er hin sama og sú sem felst í gildandi lögum, sbr. lög nr. 24/1995 sem áður hefur verið fjallað um.

Um 24. gr.

Tillögur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru að mestu samhljóða ákvæðum 2. gr. núgildandi laga og lúta að endurgjaldi fyrir störf lögmanna.

Í 3. mgr. er að finna nýmæli um leiðbeiningar sem Lögmannafélag Íslands getur gefið út handa félagsmönnum sínum og öðrum lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Tekið skal fram að hér er ekki um að ræða gjaldskrá milli lögmanns og viðskiptamanns hans, heldur leiðbeiningar um hæfilegar bætur úr hendi þriðja manns, þ.e. skuldara, vegna kostnaðar sem viðsemjandi lögmanns hefur af þjónustu hans. Til stuðnings því að taka í lög slíka heimild er á það bent að skuldarinn ræður engu um hvaða lögmaður kemur fram gagnvart honum við innheimtu kröfu, en gjaldskrár lögmanna gagnvart viðskiptamönnum sínum eru misháar. Óhjákvæmilegt sé vegna neytendasjónarmiða að samræma þann kostnað sem á skuldara er felldur, auk þess sem þessi háttur um samræmingu á kostnaðarþátttöku skuldaranna sé ekki samkeppnishamlandi. Óheimilt yrði að nota þessar leiðbeiningar á nokkurn hátt sem ígildi gjaldskrár og þær mættu ekki ná til annars en kostnaðar við innheimtu peningakröfu þar sem framangreind sjónarmið eiga eingöngu við.

Um 25. gr.

Hér ræðir um bótaábyrgð lögmanna á störfum sínum og starfsmanna sinna og um starfsábyrgðartryggingar. Þar sem rætt er um tjón af völdum gáleysis lögmanns er átt við hvort heldur er einfalt eða stórfellt gáleysi. Eru tillögur frumvarpsgreinarinnar um flest með líkum hætti og fest var í lög með lögum nr. 24/1995 og þarfnast ekki frekari skýringar. Þá er gerð tillaga um heimild fyrir ráðherra til að ákveða með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

Um 26.–28. gr.

Í almennum athugasemdum að framan er gerð grein fyrir nýmælum um eftirlit með störfum lögmanna og hlutverk Lögmannaráðs í því sambandi. Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um ágreiningsmál um endurgjald fyrir störf lögmanna og meðferð þeirra fyrir Lögmannaráði og um kvartanir á hendur lögmönnum vegna ætlaðra brota á lögum eða siðareglum lögmanna. Í 28. gr. eru gerðar tillögur um ýmis atriði sem tengjast málsmeðferð fyrir Lögmannaráði, svo sem um fyrningu og aðfararhæfi úrskurða þess. Heimilt verður að bera úrlausnir ráðsins undir dómstóla til ógildingar eða breytinga á þeim eftir almennum reglum.

Um 29. gr.

Í frumvarpsgreininni eru refsiákvæði vegna brota á lögunum. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Sú stefna er mörkuð í þessari grein frumvarpsins að aflað verði tekna, eins og þar er nánar greint, til að standa undir kostnaði sem á ríkið fellur vegna þeirra eftirlitsstarfa sem það yfirtekur frá Lögmannafélagi Íslands.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Hér er fjallað um ýmis atriði varðandi réttindi, sem menn hafa aflað sér til lögmannsstarfa í tíð eldri laga. Sú tillaga er gerð í 1. mgr. að ekki verði við þeim hróflað. Tekur hún jafnframt til réttinda til flutnings mála fyrir Hæstarétti samkvæmt svonefndri 40 mála reglu, sem áður er nefnd.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt manna til að ljúka öflun réttinda sem hafist hefur fyrir gildistöku laganna og um frest til þess. Fer þá eftir eldri reglum hvernig lokið verður við að afla umræddra lögmannsréttinda.

3. mgr. segir fyrir um endurveitingu réttinda sem felld hafa verið niður eða lögð inn í tíð eldri laga og í 4. mgr. er fjallað um fresti til að sækja um undanþágu skv. 2. mgr. 12. gr. Þessar málsgreinar þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Áður er fram komið að eftir sem áður er gert ráð fyrir tilvist Lögmannafélags Íslands þótt skylduaðild að því hverfi. Þessi grein frumvarpsins er enn ein áréttingin á því og skýrir sig sjálf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögmenn.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um málflytjendur, nr. 61/1942, með síðari breytingum. Það er liður í heildarendurskoðun löggjafar er varðar réttarfarsleg málefni sem hófst með setningu laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Að mati fjármálaráðuneytis munu eftirfarandi þættir hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

Lagt er til að afnumið verði ákvæði núgildandi laga er felur í sér skylduaðild lögmanna að Lögmannafélagi Íslands. Við það færist eftirlitsstarf af ýmsum toga, sem félagið hefur sinnt, á herðar ríkisins. Til að sinna því starfi að hluta er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að skipað verði þriggja manna lögmannaráð til fjögurra ára í senn. Hlutverk ráðsins er m.a. að taka við kvörtunum á hendur lögmönnum og getur það í rökstuddu áliti til dómsmálaráðherra lagt til að réttindi lögmanns verði felld niður. Heimilt er lögmanni eða umbjóðanda hans, að leggja ágreining um endurgjald fyrir lögmannaráð og umbjóðandi getur lagt fyrir ráðið kvörtun telji hann lögmann sinn hafa gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum. Mál skulu lögð fyrir ráðið með skriflegu erindi og því er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu. Miðað við áætlun dómsmálaráðuneytis um störf lögmannaráðs og samanburð við útgjöld tölvunefndar telur fjármálaráðuneyti að kostnaður við ráðið geti numið um 3 m.kr. á ári. Skiptist kostnaður þannig að þóknanir til ráðsmanna eru metnar á 1,5 m.kr. en áætlaður kostnaður vegna starfsmanns ráðsins í hlutastarfi og skrifstofuhalds er um 1,5 m.kr.

Í 13. gr. er fjallað um eftirlitshlutverk ráðuneytisins með starfsemi lögmanna. Gert er ráð fyrir að eftirlit með fjárvörslu lögmanna fyrir aðra og eftirlit með starfsábyrgðartryggingum færist frá Lögmannafélagi Íslands til dómsmálaráðherra. Ætla má að þetta auki vinnu í dómsmálaráðuneyti sem nemi u.þ.b. 1 m.kr.

Á móti framangreindum kostnaðarauka er í 30. gr. lagt til að innheimt verði málagjald í ríkissjóð að fjárhæð 400 kr. við þingfestingu hvers einkamáls. Miðað við fjölda mála á árinu 1996 gætu tekjur þessar numið um 4 m.kr.

Lagt er til að umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verði að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. Ákvæði 7. gr. frumvarpsins um prófnefnd, prófraun og námskeið til undirbúnings prófraun eru ný en prófraunin kemur í stað munnlegs flutnings prófmála fyrir héraðsdómi. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um að dómsmálaráðherra ákveði gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófið og að gjaldið skuli taka mið af kostnaði við námskeið og aðra framkvæmd prófsins. Það er skilningur fjármálaráðuneytisins að gjald þetta eigi að standa að öllu leyti undir kostnaði af framkvæmd ákvæða 7. gr., hver sem hann verður, og því sé ekki um að ræða útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Við þetta fellur brott liður í fjárlögum þar sem er gert ráð fyrir kostnaði vegna prófs málflytjenda. Framlag í fjárlögum 1997 er 0,4 m.kr. en raunkostnaður er nær 2,5 m.kr.

Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarpið óbreytt að lögum sé unnt að framfylgja þeim án þess að útgjaldaauki ríkissjóðs verði hærri en 4 m.kr. Tekjur vegna málagjalds af þingfestingu einkamála eiga því að standa undir þeim kostnaði miðað við núverandi forsendur. Tekjur geta hins vegar orðið breytilegar milli ára eftir því hver fjöldi þingfestra einkamála er hverju sinni. Loks lækka útgjöld ríkissjóðs þegar ríkið greiðir ekki

lengur kostnað vegna prófs málflytjenda heldur er gert ráð fyrir að umsækjendur um réttindin til að vera héraðsdómslögmenn standi undir kostnaði af námskeiði og prófi.

58. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað ártalsins „1997“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða með lögunum, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996, kemur: 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með 3. gr. laga nr. 42/1996, um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, var bætt við lögin ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að dómsmálaráðherra skuli skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Jafnframt segir að ráðherra skuli leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögunum eigi síðar en í október 1997.

Í kjölfar gildistöku laganna skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að vinna að umræddu verkefni. Í nefndinni eiga sæti hæstaréttarlögmennirnir Gestur Jónsson og Sigrún Guðmundsdóttir auk Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstréttardómari, en hann er formaður nefndarinnar. Samkvæmt bréfi nefndarinnar til ráðherra, dags. 15. september 1997, er starf nefndarinnar vel á veg komið. Þó telur nefndin að enn skorti fullnægjandi upplýsingar um tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna eftir gildistöku skaðabótalaganna 1. júlí 1993. Slíkar upplýsingar séu forsenda þess að unnt sé að meta áhrif einstakra tillagna, sem nefndin kynni að gera, á iðgjöld bifreiðatrygginga. Þá telur nefndin að hún hafi fengið misvísandi upplýsingar um fjölda bótaskyldra slysa sem leiða til bótagreiðslu fyrir líkamstjón. Nefndin telur að senn líði að því að slys, sem urðu síðari hluta árs 1993 og árið 1994, verði að mestu uppgerð. Því ættu brátt að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar til að unnt verði að meta áhrif skaðabótalaganna á bætur vegna líkamstjóna. Telur nefndin æskilegt að hún fái lengri tíma til að afla frekari upplýsinga og ljúka starfi sínu. Umrætt bréf nefndarinnar er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Með hliðsjón af röksemdum nefndarinnar er lagt til að ákvæði til bráðabirgða með skaðabótalögum verði breytt þannig að nefnd þeirri sem falið hefur verið að endurskoða lögin verði veitt nauðsynlegt svigrúm til að ljúka störfum sínum. Þykir hæfilegt að sá frestur verði til október 1998, enda er verkefnið í senn flókið og umfangsmikið.

Fylgiskjal I.

Bréf nefndar um endurskoðun skaðabótalaga.

Dómsmálaráðherra
Þorsteinn Pálsson
Arnarhváli

Reykjavík, 15. september 1997

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 42 1996 var yður falið að skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga nr. 50 1993. Í ákvæðinu er tekið fram að sérstaklega skuli hugað „að skaðabótum fyrir líkamstjón, meðal annars með hliðsjón af þeim tillögum sem allsherjarnefnd lét vinna fyrir sig á 120. löggjafarþingi og þeim athugasemdum sem fram hafa komið í nefndinni." Síðan er tekið fram að ráðherra skuli leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögunum í samræmi við niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en í október 1997.

Hinn 17. júlí 1996 skipuðuð þér Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra, Þorgeir Örlygsson, prófessor og Guðmund Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómara í nefnd þessa. Tveir hinir fyrrnefndu viku úr nefndinni að eigin ósk og í stað þeirra voru skipuð hæstaréttarlögmennirnir Gestur Jónsson og Sigrún Guðmundsdóttir. Nefndin var fullskipuð 21. nóvember 1996.

Rétt er að minna á að þetta er þriðja nefndin sem skipuð er til endurskoðunar á skaðabótalögum.

Með bréfi yðar 18. febr. 1994 var hæstaréttarlögmönnunum Gesti Jónssyni og Gunnlaugi Claessen ásamt Guðmundi Skaftasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara falið að leggja mat á hvort efni væru til að breyta nýsettum skaðabótalögum nr. 50 1993. Höfuðáherslan lá á því hvort rétt væri að breyta margföldunarstuðli laganna. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meirihluti nefndarinnar gerði tillögu um breytingu á lögunum þ.m.t. hækkun á margföldunarstuðli. Minnihluti nefndarinnar taldi ekki tilefni til breytinga á nýsettum skaðabótalögum að svo stöddu.

Hinn 6. júní 1995 fól allsherjarnefnd Alþingis þeim Gesti og Gunnlaugi að taka á ný upp athugun þeirra frá árinu 1994. Einkum var þeim falið að taka að nýju upp athugun á margföldunarstuðlinum og þá í ljósi dóms Hæstaréttar 30. mars 1995 um breytta vaxtaforsendu og jafnframt að yfirfara önnur atriði skaðabótalaganna og leggja mat á hvort gera þyrfti breytingar á þeim. Hinn 10. nóvember 1995 skiluðu þeir álitsgerð þar sem fram komu tillögur um breytingar á ákvæðum skaðabótalaganna.

Með lögum nr. 42 1996 var tveimur ákvæðum skaðabótalaganna breytt. Margföldunarstuðullinn var hækkaður og lágmark miskastigs í 2. mgr. 8. gr. var lækkað úr 15% í 10%. Þá var í lögunum mælt fyrir um skipun nefndar þeirrar sem getið er um í upphafi og við undirrituð skipum nú.

Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 42 1996 er gerð grein fyrir gagnrýni sem fram hafi komið á einstaka þætti frumvarpsdraga þeirra Gests og Gunnlaugs. Sérstaklega var um að ræða þrjú atriði, þ.e. gagnrýni á ákvörðun lágmarkslauna til viðmiðunar við bótaútreikning og um afmörkun bótaréttar fyrir varanlega örorku við aldur. Í öðru lagi að tillögurnar myndu í ýmsum tilvikum leiða til ofbóta og í þriðja lagi að aukinn bótaréttur gæti leitt til umtalsverðrar hækkunar iðgjalda.

Auk þessa taldi allsherjarnefnd rétt að huga sérstaklega að nokkrum atriðum: Hvort rétt sé að víkja frá þeirri stöðlun bótareglna sem lögfest var 1993 með því að láta bætur frá öðrum en hinum bótaskylda hafa áhrif á skaðabótakröfu. Hvort unnt sé að láta sömu meginreglu gilda við ákvörðun skaðabóta til tjónþola hvort sem þeir hafa aflað sér atvinnutekna fyrir slysið eða ekki og hvort rétt sé að lögfesta lágmarkstekjur í því sambandi. Hvort rétt sé að greiða örorkulífeyri út mánaðarlega í stað eingreiðslu skaðabóta þegar örorkustig er hátt og hinn bótaskyldi er fær um að taka á sig slíka skuldbindingu. Hvort eðlilegra sé að reikna framtíðartjón út frá nettóárslaunum fremur en heildarárslaunum. Hvort möguleikar á frambúðarávöxtun séu aðrir en Hæstiréttur gekk út frá í dómi sínum 30. mars 1995.

Eins og að framan greinir var nefndin fullskipuð 21. nóvember 1996 og var fyrsti fundurinn haldinn 27. nóvember 1996. Alls hafa verið haldnir 22 fundir. Á fundi nefndarinnar hafa m.a. komið fulltrúar atvinnurekenda, læknar, lögmenn, fulltrúar tryggingafélaganna og tryggingastærðfræðingar. Auk þess hafa nefndinni borist skriflegar greinargerðir frá hópi lögmanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, umboðsmanni barna, Vátryggingaeftirlitinu og fleirum. Þar fyrir utan hefur veruleg gagnasöfnun farið fram.

Starf nefndarinnar er vel á veg komið. Þó telja nefndarmenn að enn skorti fullnægjandi upplýsingar um tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna eftir gildistöku skaðabótalaganna 1. júlí 1993. Slíkar upplýsingar eru forsenda þess að unnt sé að meta áhrif einstakra tillagna, sem nefndin kynni að gera, á iðgjöld bifreiðatrygginga. Þá eru upplýsingar sem nefndin hefur fengið um fjölda bótaskyldra slysa, sem leiða til bótagreiðslna fyrir líkamstjón, misvísandi.

Nú eru liðin rúm fjögur ár frá gildistöku skaðabótalaganna. Senn líður að því að slys sem urðu síðari hluta árs 1993 og árið 1994 verði að mestu uppgerð. Því ættu brátt að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar til þess að meta áhrif skaðabótalaganna á bætur vegna líkamstjóna. Nefndarmenn telja æskilegt að nefndin fái lengri tíma til þess að afla frekari upplýsinga og ljúka starfi sínu.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Jónsson
Gestur Jónsson
Sigrún Guðmundsdóttir

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að veita nefnd, sem falið var að endurskoða skaðabótalögin, nauðsynlegt svigrúm til að ljúka störfum sínum með því að frestur til þess verði í október 1998 í stað október 1997. Kostnaður af nefndinni er talin vera á bilinu 0,2–0,3 m.kr. og greiðist af fjárlagalið aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis. Að mati fjármálaráðuneytis mun frumvarpið ekki hafa önnur áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

59. Frumvarp til laga [59. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.

Flm.: Kristjana Bergsdóttir, Jón Kristjánsson, Hjálmar Árnason.

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert og taka til umræðu á Alþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt þar sem flutningsmönnum þykir skorta vettvang til umræðna um störf umboðsmanns barna. Flutningsmenn telja að lögbundin umræða á Alþingi Íslendinga um árlega skýrslu umboðsmanns barna veiti embættinu aukið vægi og skapi réttindamálum barna og ungmenna fastan sess í störfum þingsins.

Umboðsmanni barna berst árlega fjöldi erinda af vettvangi barna og ungmenna sem spannar nánast öll svið þjóðlífsins. Í skýrslu hans eru þessi erindi tilgreind og flokkuð ásamt umfjöllun um þau verkefni sem umboðsmaður telur brýnt að vinna að til að bæta hag barna á Íslandi og tryggja öryggi þeirra og vellíðan. Það yfirlit sem umboðsmaður barna tekur saman í skýrslunni er þingmönnum þarft til upplýsingar, skilvirkrar umfjöllunar og ákvarðanatöku á Alþingi í málefnum er varða börn og ungmenni.

Í aðfaraorðum umboðsmanns barna að skýrslunni segir: „Í starfi mínu sem umboðsmaður barna hef ég komist að raun um það, að á Íslandi eigum við eftir að að vinna grundvallarstarf í málefnum barna og ungmenna og sömuleiðis eigum við margt ólært í þeim efnum. Að mínu mati erum við almennt séð komin mun styttra á veg en hin Norðurlöndin, sem við að öðru jöfnu berum okkur saman við.“

Þessi orð ættu að vera öllum sem að málefnum barna koma hvatning til að virða réttindi þeirra, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði og vanda til allra verka sem eiga að þjóna hagsmunum og öryggi barna. Árleg umfjöllun á Alþingi um skýrsluna er nauðsynlegur stuðningur við það grundvallarstarf sem fram undan er og getur verið mikilvægur þáttur í almennri vitundarvakningu um réttindi barna í þjóðfélaginu.

Í skýrslunni kemur fram að málefni er varða skólann voru flest þeirra erinda er bárust skrifstofunni á árinu 1996. Þar nefnir umboðsmaður m.a. ábendingar um einelti og hefur ákveðið að taka til sérstakrar umfjöllunar einelti í skólum. Mun sú vinna þegar hafin. Það ofbeldi eða einelti sem viðgengst er ljóður á íslensku skólastarfi. Samkvæmt erlendum rannsóknum má gera ráð fyrir að um 10% íslenskra skólabarna þurfi að þola þær þjáningar sem stöðug ógn ofbeldis eða eineltis er. Viðleitni barna og forráðamanna þeirra til að leita leiða til að tryggja öryggi barna gegn einelti/ofbeldi í skólum getur orðið ein þrautaganga innan kerfisins þar sem hvarvetna er komið að lokuðum dyrum. Þetta ástand samrýmist ekki almennri réttlætisvitund fólks. Á þessu sviði þurfa stjórnvöld m.a. að koma með aðgerðir til úrbóta.

Mikilvægi þess að skapa vettvang á Alþingi til að fjalla um störf umboðsmanns barna er ekki síst vegna sérstöðu barna í þjóðfélaginu. Börn eru ekki þrýstihópur og hafa ekki þroska til að setja sér heilsteypt markmið sem þjóna hagsmunum þeirra og þörfum og til að fylgja

þeim eftir. Þess vegna er þörf á því að yfirvöld séu mjög vakandi gagnvart hagsmunum þessa yngsta aldurshóps sem er tæpur þriðjungur þjóðarinnar.

60. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um sérstakt átak í vegagerð í afskekktum landshlutum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Hjörleifur Guttormsson,
Kristinn H. Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að gera skuli sérstakt átak til að ljúka á næstu þremur árum uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á vegum sem tengja heila landshluta eða fjölmenn byggðarlög við meginþjóðvegakerfið. Á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2000 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi.

Greinargerð.

Ljóst er að enn er mikið verk óunnið í vegamálum hér á landi til að vegakerfið allt komist í nútímalegt horf. Þótt mikið hafi áunnist sl. 20–25 ár, frá því að framlög til vegamála voru aukin verulega upp úr 1970, er enn gífurlegt verk fyrir höndum. Í framtíðinni verður þörf fyrir enn stærri og dýrari mannvirki sökum aukinnar umferðar; það sem þótti gott og fullnægjandi í gær verður orðið úrelt á morgun.

Einn þáttur vegamála sem heitast brennur á þeim sem við búa er aðstæður þeirra landshluta og byggðarlaga sem tengjast þjóðvegakerfi landsmanna með malarvegum. Á korti sem birt er sem fylgiskjal sést að þetta gildir fyrst og fremst um landsvæði á Vestfjörðum og um vestanvert landið og á Norðausturlandi og Austfjörðum. Þar liggja samgönguleiðir til og frá fjölmennum byggðarlögum og jafnvel heilum landshlutum að hluta til eða að miklu leyti um gamla malarvegi með öllu því óhagræði sem fylgir.

Eftir því sem meginhluti vegakerfisins batnar og akstur á bundnu slitlagi verður regla en ekki undantekning verður erfiðara fyrir þá sem eftir sitja að sætta sig við að nota malarvegina. Kemur þar margt til. Hvað öryggi varðar eru malarvegirnir að sjálfsögðu lakari á allan hátt og bílstjórar verða æ óvanari að aka á slíkum vegum. Hefðbundinn fjölskyldubíll er fráleitt framleiddur með akstur á malarvegum í huga enda svo komið að margir veigra sér við því að fara út af bundnu slitlagi, jafnvel ferðamenn við góðar aðstæður á björtum sumardegi, svo ekki sé talað um í rigningartíð á haustin þegar vegirnir eru blautir og holóttir. Ekki skal gert lítið úr þessum þáttum, öryggismálunum og umferð ferðamanna, en þessar lélegu samgöngur bitna ekki síður á heimamönnum vegna skerts notagildis veganna. Valda því bæði erfiðleikar í vetrarsamgöngum vegna snjóþyngsla, því það er sammerkt malarvegunum að þeir eru yfirleitt ekki nægilega vel uppbyggðir, og ekki síður það að þessir vegir hafa yfirleitt ekki fullt burðarþol og þungatakmarkanir eru því frekar reglan en undantekningin á vorin.

Flutningar á landi hafa stóraukist undanfarin ár, m.a. vegna minni sjósamgangna, og flutningatækin gerast æ stærri og afkastameiri en um leið þyngri. Þeim mun fjær eru hinir gömlu malarvegir því að þjóna hlutverki sínu sem fullnægjandi samgönguleiðir fyrir viðkomandi

byggðarlög og landshluta. Eftir sem áður er umfangsmikil útflutningsstarfsemi stunduð í þessum landshlutum og byggðarlögum, jafnvel framleiðsla á ferskum matvælum til útflutnings reglubundið með flugi. Gefur auga leið að þessar samgöngur eru ekki fullnægjandi fyrir starfsemi af því tagi. Á kortinu (fylgiskjali) sjást vel þeir landshlutar þar sem þetta á sérstaklega við. Lauslega áætlað er verðmæti útflutningsframleiðslu á þessum svæðum á vestan- og norðaustanverðu landinu 20–30 milljarðar kr. Hluti þessarar framleiðslu fer landleiðina á markað og verulegur hluti allrar neysluvöru og allra almennra flutninga til og frá þessum byggðarlögum og landshlutum fer um vegina. Nokkrar framkvæmdir standa yfir sem lúta að því að stytta leiðir eða byggja upp vegi á þessum landsvæðum og má þar nefna framkvæmdir á leiðinni inn Djúp og einnig á Vesturlandi þótt allt of hægt gangi. Þegar litið er til norðausturhorns landsins, svæðisins frá Húsavík austur um og til Vopnafjarðar, og einnig svæða á Austfjörðum er ljóst að enn hægar miðar og gríðarlega mikið er ógert. Verkefnið er þó ekki stærra en svo að ætla má að verði ríflega veitt til þessara verkefna á vegáætlun og til viðbótar allt að 2.500 millj. kr. af fjárlögum á næstu þremur árum, þ.e. 800–900 millj. kr. hvert ár á árunum 1998–2000, megi ljúka þessu verkefni að mestu. Hér yrði um sérstakt framlag að ræða, samgöngu- eða byggðaframlag sem rynni til þess að jafna þann geysilega aðstöðumun sem felst í því að hluti þjóðarinnar býr enn við hinar frumstæðu malarvegasamgöngur.

Nauðsyn þess að ráðast í þetta verkefni og ljúka því ætti í raun að vera augljós en benda má á að uppbygging í samgöngumálum verður væntanlega hér eftir sem hingað til þrotlaust verkefni. Nýir tímar og ný tækni krefjast nýrra lausna, stærri og dýrari mannvirkja. Kröfur um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu munu aukast og miklir fjármunir fara til mislægra gatnamóta og aðskildra margra akreina brauta (hraðbrauta) sem byggðar eru samkvæmt nútímastöðlum. Þess verður og án efa ekki langt að bíða að gerðar verði háværar kröfur til þess að mikilvægustu kaflarnir á þjóðvegi 1 verði endurbyggðir og þá miðað við mun hærri gæðastaðal en gert var á sínum tíma. Elstu kaflar þess hluta þjóðvegakerfisins sem lagðir eru bundnu slitlagi, þeir kaflar sem fyrst voru byggðir upp, standa þegar í dag langt að baki þeim sem nýjastir eru. Ef ekki næst að ljúka því að tengja öll helstu byggðarlög og landshluta þjóðvegakerfinu með bundnu slitlagi á allra næstu árum mun þrýstingur aukast á að fjármunir renni í stórauknum mæli til annarra verkefna. Þau byggðarlög og svæði sem hér um ræðir eiga jafnframt í vök að verjast hvað byggðaþróun snertir og er óþarfi að fjölyrða um þau mál. Sá stuðningur sem raunhæfastur er og kemur að mestu gagni er fólginn í því að bæta aðstæður fólks, ekki síst hvað samgöngur varðar. Þá skal því ekki gleymt að þjóðin nýtur þrátt fyrir allt mikillar verðmætasköpunar og útflutningsframleiðslu á þessum svæðum þar sem einmitt er lagður grunnur að mun hærra hlutfalli gjaldeyristekna á hvern íbúa en að meðaltali í landinu.

Fylgiskjal.

Bundið slitlag í árslok 1996.
(Strikuð og rúðustrikuð svæði sýna þau byggðarlög og landshluta sem tengjast meginþjóðvegakerfinu með malarvegum.)



61. Fyrirspurn [61. mál]

til samgönguráðherra um vegtengingu Vopnafjarðar við hringveg.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Er samgönguráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að samhliða lagningu nýs kafla á hringvegi frá Langadal að Ármótaseli (Háreksstaðaleið) verði lagður nýr vegur frá Brunahvammshálsi stystu leið suður á hringveg sem liður í stórverkefninu yfir Fjöllin?

Skriflegt svar óskast.

62. Fyrirspurn [62. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuhreinsunarstöð.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Með hvaða hætti hefur að undanförnu af hálfu íslenskra stjórnvalda verið fjallað um byggingu stórrar olíuhreinsunarstöðvar hérlendis?
2. Hvaða erlendir aðilar koma að þessu máli og hverjar eru tæknilegar og viðskiptalegar forsendur þess?
3. Liggur fyrir úttekt á áhættuþáttum að því er snertir mengunarhættu frá rekstri og sjóflutningum?
4. Hvað liggur fyrir um hugsanlega staðsetningu olíuhreinsunarstöðvar hérlendis?
5. Hvert er ráðgert framhald málsins?

Skriflegt svar óskast.

63. Fyrirspurn [63. mál]

til iðnaðarráðherra um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða athugana á byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði?
2. Hafa að undanförnu átt sér stað viðræður við erlenda aðila um málið?
3. Er ríkisstjórnin reiðubúin að taka frumkvæði í málinu, ef hagkvæmt þykir, með innlendri fjármögnun eins og gert var ráð fyrir er lög voru sett um verksmiðjuna árið 1982?

Skriflegt svar óskast.

64. Fyrirspurn [64. mál]

til iðnaðarráðherra um viðræður við Atlantsál um álbræðslu á Keilisnesi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staðan í viðræðum íslenskra stjórnvalda um byggingu álbræðslu á Keilisnesi?
2. Hvaða breytingar hafa orðið á stöðu þessa máls frá árinu 1992?
3. Hafa viðræður íslenskra stjórnvalda við Norsk Hydro um álbræðslu áhrif á viðræður við Atlantsáls-hópinn?
4. Hefur af hálfu Atlantsáls verið lögð fram skýrsla um mat á umhverfisáhrifum verksmiðjunnar, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum, eða verið sótt um starfsleyfi, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit?
5. Hver er bókfærður kostnaður íslenska ríkisins og Landsvirkjunar vegna undirbúnings málsins, í heild og sundurliðað eftir árum, fært til núvirðis?

Skriflegt svar óskast.

65. Fyrirspurn [65. mál]

til iðnaðarráðherra um álbræðslu Norsk Hydro (Hydro Aluminium) á Íslandi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða viðræðna íslenskra stjórnvalda við Norsk Hydro og/eða Hydro Aluminium um byggingu álbræðslu hérlendis og hvert er ráðgert framhald þeirra?
2. Hver er áætluð hámarksstærð og áfangaskipting álbræðslunnar og ráðgerður byggingartími?
3. Hvar er fyrirhugað að staðsetja álbræðsluna?
4. Hversu mikillar raforku yrði þörf fyrir álbræðsluna og hvaða virkjanir og stofnlínur þyrfti að byggja hennar vegna? Hver er áætlaður fjárfestingarkostnaður vegna byggingar raforkuvirkja og álbræðslunnar, í heild og sundurliðað eftir byggingaráföngum?
5. Hefur verið rætt um raforkuverð til álbræðslunnar og ef svo er, hvaða meginviðhorf eru þar lögð til grundvallar?
6. Er fyrirhuguð eignaraðild Íslendinga í álbræðslunni og ef svo er, hversu mikil?
7. Er ráðgert að útlendingar, og þá hverjir, eigi hlut í virkjunum vegna álbræðslunnar og ef svo er, hversu mikinn og með hvaða skilmálum?
8. Hefur umhverfisráðuneytið komið að viðræðum um þetta mál og hefur verið mótuð stefna um mengunarvarnir verksmiðjunnar?
9. Hvernig samræmist bygging álbræðslu fyrirhuguðum alþjóðasamningi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?
10. Hafa fleiri ráðuneyti en framangreind komið að þessu máli og hefur ríkisstjórnin gert samþykktir varðandi það?

Skriflegt svar óskast.

66. Fyrirspurn [66. mál]

til iðnaðarráðherra um sölu á raforku um sæstreng.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða viðræðna um lagningu sæstrengs frá Íslandi til Bretlandseyja eða meginlands Evrópu?
2. Hverjir eru tækni- og kostnaðarþættir málsins, m.a. flutningsgeta og áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður?
3. Um hversu mikla orku er rætt í þessu samhengi, afl og ársframleiðslu, og til hvaða virkjana hefur einkum verið horft í því samhengi?
4. Á hvaða forsendum yrði samið um slíka orkusölu, fjármögnun, afhendingu og orkuverð?
5. Hverjir hafa umsjón með málinu af Íslands hálfu og hvaða áfangar eru fram undan í viðræðum um það?

Skriflegt svar óskast.

67. Fyrirspurn [67. mál]

til dómsmálaráðherra um framhald Schengen-málsins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Verður samstarfssamningur um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, sem undirritaður var 19. desember 1996 af Íslandi og aðildarríkjum Schengen-samningsins, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar?
2. Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við innlimun efnisþátta Schengen-samningsins í réttarreglur Evrópusambandsins samkvæmt Amsterdam-sáttmálanum frá 17. júní 1997?
3. Telur ráðherra líklegt, með vísan til þeirra breytinga sem urðu á stöðu Schengen-samningsins með Amsterdam-sáttmálanum þar sem m.a. Evrópudómstólnum er ætluð lögsaga, að unnt sé að finna lausn á samstarfsaðild Íslands, sérstaklega dómstólaþættinum, sem samræmist íslensku stjórnarskránni og ásættanleg verði fyrir Evrópusambandið?
4. Hefur staða Schengen-málsins í Noregi að loknum stórþingskosningum áhrif á afstöðu og aðgerðir íslenskra stjórnvalda? Ef svo er, þá hvernig?
5. Hefur væntanleg þjóðaratkvæðagreiðsla í Danmörku um Amsterdam-sáttmálann í mars 1998 áhrif á málsmeðferð af Íslands hálfu?
6. Hvaða áhrif hefur núverandi staða Schengen-málsins á framkvæmdaáform vegna stækkunar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli?
7. Hefur verið lokið við þýðingu gagna er varða Schengen-samninginn á íslensku, m.a. á viðaukum, reglugerðum og handbókum? Hvenær verða þessi gögn aðgengileg alþingismönnum og hvenær mun ráðherra leggja þau fram á Alþingi til kynningar?

Skriflegt svar óskast.

68. Skýrsla [68. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

INNGANGUR

Með skýrslu þessari er Alþingi gerð grein fyrir framgangi verkefna á sviði stóriðju sem Alþingi hefur veitt heimild fyrir á undanförnum tveimur árum. Um er að ræða þrenn lög. Í fyrsta lagi lög nr. 155/1995, um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu í Straumsvík. Í öðru lagi lög nr. 64 frá 27. maí 1997, um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og í þriðja lagi lög nr. 62 27. maí 1997, um heimild til samninga um álver á Grundartanga. Í lögum um raforkuver, nr. 60/1981, eins og þeim var breytt með lögum nr. 74/1990, eru jafnframt heimildir til virkjana og annarra framkvæmda í orkumálum sem nýttar hafa verið á síðustu mánuðum. Í skýrslunni er greint frá því hvernig þær heimildir, sem iðnaðarráðherra voru veittar með umræddum lögum, hafa verið nýttar við stækkun álversins í Straumsvík, stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og byggingu nýs álvers á Grundartanga.

Í skýrslunni er enn fremur gerð stuttlega grein fyrir undirbúningi og framkvæmdum við iðjuverin á Grundartanga og orkumannvirki, áætlunum um verklok og fleiri þætti. Framkvæmdum við stækkun álversins er að ljúka og er þriðji kerskálinn í álverinu í Straumsvík kominn í fullan rekstur. Þá er gerð grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum umsaminna framkvæmda.

Loks er gerð grein fyrir undirbúningi annarra verkefna sem eru á undirbúnings- eða umræðustigi á sviði orkufreks iðnaðar. Þessi verkefni eru á ólíku stigi allt frá könnun hugmyndar að verkefnum þar sem athuganir eru langt á veg komnar og unnt væri að taka ákvörðun um framkvæmdir á komandi vetri.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytunum, 6. október 1997.

Finnur Ingólfsson

iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

1. STAÐA UNDIRBÚNINGS OG FRAMKVÆMDA VEGNA IÐJUVERA

1.1. STÆKKUN ÁLVERS ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS HF Í STRAUMSVÍK

Fimmti viðaukasamningur um stækkun álvers Íslenska álfélagsins hf. í Straumsvík var undirritaður 16. nóvember 1995 og öðlaðist lagagildi með samþykki Alþingis og staðfestingu forseta við birtingu 29. desember 1995.

Framkvæmdir við stækkun álversins hófust snemma á sl. ári og hafa gengið betur en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Gangsetning kera hófst um þremur mánuðum fyrr og framkvæmdakostnaður er lægri en áætlanir. Gangsetningu kera í nýja kerskálanum er lokið og er áætlað að framkvæmdum við uppsetningu vélbúnaðar í stækkun steypuskála ljúki í lok október.

Kostnaður við stækkunarframkvæmdir í Straumsvík, sem áætlaður var 250 milljónir svissneskra franka eða um 12 milljarðar kr. miðað við núverandi gengisskráningu, verður um 10% lægri eða um tæpir 11 milljarðar króna. Kostnaður við nýjan viðlegukant í Straumsvíkurhöfn,

að fjárhæð 4,8 milljónir svissneskra franka eða um 230 millj. kr. var einnig fjármagnaður af ÍSAL. Viðlegukanturinn er nú fullfrágenginn og kominn í notkun.

Við stækkun verksmiðjunnar fjölgar starfsmönnum um 80 manns í framleiðslu- og þjónustudeildum.

Framleiðsluaukning um 62.000 árstonn eykur útflutningstekjur félagsins um 110 millj. Bandaríkjadala eða 7,3 milljarða kr. á núverandi verðlagi. Af þessari fjárhæð má áætla að 44 milljónir dala, þ.e. um 3,1 milljarður kr. skili sér inn í þjóðarbúið.

Á árinu 1998 er gert ráð fyrir að innflutningur á vegum félagsins nemi 405.000 tonnum og flutt verði út 180.000 tonn, sem auk áls innifelur skautleifar, gjall og aðrar aukaafurðir.

Ef markaðsverð á áli helst svipað og nú, er gert ráð fyrir góðri afkomu félagsins á komandi árum.

1.2. ÁLVER NORÐURÁLS HF Á GRUNDARTANGA

Þann 7. ágúst sl. voru undirritaðir samningar um álver Norðuráls hf. á Grundartanga en lög nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, voru staðfest og birt 27. maí 1997.

Framkvæmdir við álbræðslu Norðuráls hf. hófust um miðjan apríl sl., ganga þær vel og eru í samræmi við áætlun um að rekstur verksmiðjunnar hefjist í júní árið 1998. Lóðarframkvæmdir eru á lokastigi og steypuvinna við kerskála hálfnuð. Hluti yfirbyggingar kerskálans er nú þegar kominn og hófust framkvæmdir við að reisa hana um miðjan septembermánuð. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við kerskálann ljúki í byrjun apríl 1998.

Áætlað er að kostnaður við álverið verði um 180 milljónir Bandaríkjadala eða um 12,7 milljarða kr. Gerðir voru samningar við íslenska verktaka um lóðarundirbúning og byggingu kerskálans. Stærstu samningar um tækjabúnað eru annars vegar við ABB um afhendingu og uppsetningu rafbúnaðar og hreinsivirkis og við Alesa Alusuisse Engineering hins vegar um losunarbúnað og færibönd.

Fjármögnun verkefnisins hefur einnig gengið vel. Hollenski bankinn ING Bank NV og franski bankinn Banque Paribas munu standa sameiginlega fyrir rúmlega 100 millj. Bandaríkjadala verkefnaláni til félagsins.

Norðurál hf. hefur nýlega ráðið stjórnendur og hluta af starfsfólki fyrirtækisins. Skrifstofur verða í Reykjavík á meðan meginálhersla er lögð á framkvæmdir og hönnunarvinnu í samstarfi við verkfræðistofurnar Hönnun hf., Rafhönnun hf. og VST hf. Gert er ráð fyrir að skrifstofur félagsins flytji til Grundartanga í byrjun næsta árs. Nú vinna 75 til 100 iðnaðar- og verkamenn á svæðinu. Gert er ráð fyrir að um 400 iðnaðar- og verkamenn verði við vinnu á svæðinu þegar þeir verða flestir á fyrsta ársfjórðungi 1998. Áætluð velta Norðuráls á fyrsta heila rekstrarárinu er um 100 millj. Bandaríkjadala eða um 7 milljarðar króna.

Vinna á hafnarsvæðinu var hafin með greftri fyrir súrálstanka. Hafnarsjóður Grundartangahafnar vinnur að lengingu hafnarbakkans vegna losunarbúnaðar og annarra mannvirkja. Áætlað er að hafnarframkvæmdum ljúki í júní 1998.

Í fylgiskjölum I–IV með frumvarpi til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, sem lagt var fyrir á 121. löggjafarþingi á 1363. þingskjali, var fyrirliggjandi drögum að samningum um álver á Grundartanga lýst ítarlega. Um er að ræða fjóra samninga. Í fyrsta lagi fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands, Norðuráls hf. og Columbia Ventures Corporation. Í öðru lagi lóðarsamning milli ríkisins og Norðuráls hf. Í þriðja lagi hafnarsamning milli ríkissjóðs og Norðuráls hf. Í fjórða lagi rafmagnssamning milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. Í umræðum um málið á þinginu og á fundum með iðnaðarnefnd

þegar fjallað var um málið var gerð grein fyrir því að drög samninga kynnu að taka einhverjum breytingum.

Í sumar hafa íslensku samningsaðilarnir yfirfarið samningana með fulltrúum Norðuráls hf. og Columbia Ventures, ásamt fjármála- og lögfræðiráðgjöfum þeirra og fulltrúum lánastofnananna, ING Bank NV og Banque Paribas. Bankarnir fóru fram á að gerðar yrðu fáeinar afmarkaðar breytingar á lóðarsamningi og drögum að fjárfestingarsamningi, hafnarsamningi og rafmagnssamningi sem áritaðir voru í desember og janúar sl. og lágu fyrir þegar frumvarpið um heimild til samninga um álbræðsluna var til afgreiðslu á Alþingi. Fyrst og fremst er um að ræða breytingar á orðalagi eða breytingar sem hafa engin eða óveruleg áhrif á efni samninganna. Þrjár þessara breytinganna varða þó efnisatriði í áðurnefndum fylgiskjölum með frumvarpinu og er því rétt að gera sérstaklega grein fyrir þeim.

Í fyrsta lagi er um að ræða tilnefningu gerðardómsmanna. Í árituðum drögum að samningum var miðað við að ef annar hvor aðili máls neitar að tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu eða ef gerðardómsmenn geta ekki komið sér saman um oddamann skyldi leita til héraðsdóms Reykjavíkur og hann beðinn um að tilnefna viðkomandi mann í dóminn. Í endanlegum samningum er hins vegar kveðið á um að í stað héraðsdóms Reykjavíkur tilnefni gerðardómsstofnun verslunarráðsins í Stokkhólmi í dóminn. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að í samningnum er eins og í árituðu samningsdrögunum tekið fram að oddamaðurinn skuli hvorki vera af sama þjóðerni og aðilar né heldur Columbia Ventures eða aðrir hluthafar í félaginu.

Í öðru lagi breyttist dagsetning þess hvenær samningsaðilum er fyrst heimilt að óska eftir breytingum á samningnum á grundvelli sanngirnissjónarmiða, þ.e. að í stað 1. júní árið 2008 verður slíkt heimilt frá 1. júlí árið 2008.

Í þriðja lagi lengist frestur sem lánveitendur fá til þess að inna af hendi greiðslur fyrir hönd félagsins vegna vangoldinnar lóðarleigu eða gjalda til hafnarsjóðs, eftir að viðkomandi samningi hefur verið sagt upp, úr 60 dögum í 90 daga, eða til sama tíma og uppsögnin ætti að taka gildi.

Samningarnir voru undirritaðir 7. ágúst 1997 að viðstöddum fulltrúum lánastofnananna. Samhliða undirritun samninganna voru undirritaðir ýmsir hliðarsamningar og minnisblöð sem tengjast þeim, þar á meðal samningar milli ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga annars vegar og hafnarsjóðs Grundartangahafnar hins vegar. Jafnframt var undirritaður rafmagnssamningur milli Reykjavíkurborgar og Landsvirkjunar um sölu á rafmagni frá Nesjavöllum.

Enn fremur voru undirritaðir svokallaðir beinir samningar milli íslensku samningsaðilanna, Columbia Ventures Corporation og fjármálastofnananna sem hafa tekið að sér að fjármagna hluta af framkvæmdum við álver Norðuráls. Þessir samningar miða að því að tryggja byggingu og rekstur álversins ef til þess kemur að grípa þurfi til framsalsákvæða samninganna. Í þeim eru meðal annars ákvæði um framsal réttinda og skyldna Norðuráls samkvæmt samningnum til lánastofnananna eða lögaðila sem hann tilnefnir, komi til þess að fjármálastofnanir gangi að tryggingu Columbia á lánasamningi. Áskilið er að lögaðilinn sé félag sem stofnað er í ríki innan OECD.

Fjárfestingarsamningurinn, hafnarsamningurinn og rafmagnssamningurinn öðluðust gildi þann 15. ágúst sl. í framhaldi af undirritun samninga milli Norðuráls og áðurnefndra fjármálastofnana um fjármögnun verkefnisins. Viðaukasamningurinn við lóðasamninginn tók gildi við undirritun.

1.3. STÆKKUN ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGSINS HF

Þann 27. maí 1997 voru staðfest og birt lög nr. 64/1997, um breyting á lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. og eignaraðilar hafa hver um sig staðfest samkomulag það sem gert var 12. mars sl. Á aðalfundi 13. júní 1997 var lokið við þær breytingar sem gera þurfti í kjölfar samkomulagsins, m.a. á samþykktum félagsins og greiðslu Elkem vegna hlutafjáraukningar.

Í framhaldi af ákvörðun stjórnar Íslenska járnblendifélagsins hf. á fundi sínum 12. mars sl. þess efnis að staðfesta samninga við Landsvirkjun um raforkukaup fyrir ofn 3 var verkefnisstjórn fyrir framkvæmdina skipuð í aprílmánuði. Verkefnisstjórnin hefur unnið samfellt að undirbúningi síðan.

Ofn 3 verður fyrsti nýi ofninn sem Elkem tekur þátt í rekstri á um langt skeið. Nýr kísiljárnofn hefur ekki verið tekinn í notkun hjá Elkem samsteypunni frá því að straumi var hleypt á síðari ofninn á Grundartanga 1980. Allmikil vinna hefur því farið í að taka saman reynslu af rekstri járnblendiofna og skilgreina hönnunarforsendur. Markmiðið er að nýr ofn nýti orku og hráefni eins vel og kostur er. Jafnframt er lögð höfuðáhersla á öruggi og stöðugleika í rekstri. Reiknað er með að ofn 3 verði stærsti og afkastamesti kísiljárnofn Elkem samsteypunnar en afköstin ráða verulegu um arðsemi framkvæmdarinnar.

Kostnaðaráætlun fyrir ofn 3 var unnin árið 1995 og uppfærð árið 1996 og lögð þannig fyrir stjórn Járnblendifélagsins. Nú er unnið að lokaáætlun um verkið er felur í sér hönnun ofns og búnaðar auk endanlegra áætlana um kostnað, verktíma, mannaflaþörf og arðsemi. Stefnt er að því að leggja áætlunina fyrir stjórn Íslenska járnblendifélagsins 24. október nk.

Endanleg hönnun og gerð útboðsgagna munu fara fram í beinu framhaldi af samþykkt stjórnar á lokaáætlun verksins og verða verkþættir og búnaður boðnir út á næstu mánuðum. Stefnt er að því að steypuvinna við undirstöður mannvirkja hefjist á fyrsta ársfjórðungi 1998.

Áætlað er að starfsmenn á byggingarstað verði um 140 þegar mest er á síðari hluta næsta árs og fram á árið 1999. Útlit er fyrir að verulega verði farið að draga úr verkþunga við álver Norðuráls á Grundartanga þegar framkvæmdir við ofn 3 ná hámarki. Áætlun gerir ráð fyrir að ofn 3 skapi um 120 ársverk á framkvæmdatímanum en að fastráðnum starfsmönnum Járnblendifélagsins fjölgi um 30 þegar ofninn er kominn í rekstur.

Rekstur félagsins gekk mjög vel á síðastliðnu ári en rekstrarmet var sett er verksmiðjan skilaði 72.476 tonnum reiknuðum sem 75% af kísiljárni. Þá var afkoma félagsins með því besta sem verið hefur frá upphafi, en hagnaður félagsins nam 611,7 millj. kr. Eigendum félagsins var greiddur út arður sem nam 364 millj. kr. og hefur svo mikill arður ekki verið áður greiddur út til eigenda í sögu félagsins. Fyrirsjáanlegt er að afkoma ársins 1997 verður einnig góð þótt ekki sé að vænta jafn mikils hagnaðar og árið 1996.

Eftir að þriðji ofninn er að fullu kominn í rekstur munu rekstrartekjur félagsins aukast um tæpa tvo milljarða kr. og verða nærri 5,3 milljörðum kr. miðað við markaðsverð, sem er 15% lægra en verðið er nú.

Unnið er að undirbúningi á skráningu Íslenska járnblendifélagsins hf. á Verðbréfaþingi Íslands og sölu íslenska ríkisins á 26,5 prósentum hlutafjár í félaginu í samræmi við 4. gr. laga nr. 64/1997, um breyting á lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Gert er ráð fyrir að hlutabréfin verði boðin til sölu á almennum markaði í byrjun nóvember nk. og munu Landsbréf hf. annast útboð og sölu hlutabréfa ríkisins. Áætlað söluandvirði umræddra eignarhluta er um 900 millj. króna. Eftir þessa sölu mun ríkið eiga 12% hlutafjár í félaginu í stað 55% í upphafi árs.

2. ORKUÖFLUN

2.1. FRAMKVÆMDIR Á VEGUM LANDSVIRKJUNAR

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu virkjunarframkvæmdum Landsvirkjunar sem umþessar mundir miðast við að Landsvirkjun geti afhent orku til stækkunar álversins við Straumsvík á þessu ári, álvers Norðuráls á Grundartanga um mitt ár 1998 og til þriðja ofns Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga seint á árinu 1999 og mætt aukinni raforkuþörf hins almenna markaðar.

Hækkun Blöndustíflu.

Á árinu 1996 var lokið við hækkun Blöndustíflu um fjóra metra og miðlun Blöndustöðvar þannig aukin úr 220 Gl í 400 Gl, sem jók orkuvinnslugetu stöðvarinnar um 160 GW-stundir á ári.

Aflaukning og endurnýjun Búrfellsstöðvar.

Þann 4. desember 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl ásamt tilheyrandi flutningslínum og aðveitustöðvum, sbr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, og lög nr. 74/1990 sem breyttu þeim lögum.

Með því að skipta um vatnshjól í aflvélum Búrfellsstöðvar, auka rennsli, bæta nýtni og endurnýja jafnframt hluta rafala, spenna og ýmsan annan búnað stöðvarinnar verður afl stöðvarinnar aukið um 60 MW. Eftir að 5. áfanga Kvíslaveitu er lokið og aflaukningu Búrfellsstöðvar eykst orkuvinnslugeta raforkukerfis Landsvirkjunar um 380 GW-stundir á ári.

Vinna við framleiðslu nýrra vatnshjóla og annars búnaðar hófst á árinu 1996 en við framkvæmdir í virkjuninni seint á því ári. Fyrsta vélin var gangsett með nýju vatnshjóli í mars sl. og í haust verður lokið endurnýjun vatnshjóla í fjórum aflvélum af sex. Vorið 1998 verður metið með hliðsjón af ástandi í vatnsbúskapnum hvort hægt verður að taka upp fleiri vélar á því ári, en annars verður að bíða með að skipta um vatnshjól síðustu tveggja vélanna þar til rekstur Sultartangavirkjunar hefst. Við verkið hafa að jafnaði unnið um 25 manns.

Kvíslaveita, 5. áfangi.

Með leyfi 4. desember 1991 heimilaði iðnaðarráðherra Landsvirkjun að ljúka 5. áfanga Kvíslaveitu.

Framkvæmdir við 5. áfanga (lokaáfanga) Kvíslaveitu hófust vorið 1996. Eftir hlé sl. vetur var þeim framhaldið í vor og Þjórsá veitt með bráðabirgðastíflu um Kvíslaveitu til Þórisvatns í lok júlí 1997. Framkvæmdum lýkur í nóvember nk. Að jafnaði hafa unnið um 50 manns við þessar framkvæmdir. Aukning orkuvinnslugetunnar með tilkomu 5. áfangans er áætluð um 290 GW-stundir á ári.

Hágöngumiðlun.

Þann 11. febrúar 1997 gaf iðnaðarráðherra út leyfi til Landsvirkjunar til að gera 385 Gl miðlun úr Syðri-Hágöngu, en áður hafði farið fram mat á umhverfisáhrifum miðlunarinnar.

Vinna við gerð Hágöngumiðlunar hófst sl. vor. Áætlanir gera ráð fyrir að hægt verði að byrja að safna vatni í lónið um miðjan júlí árið 1998 og er stefnt að því að ljúka framkvæmdum að fullu í nóvember sama ár. Miðlunin mun auka orkuvinnslugetu raforkukerfisins um 200 GW-stundir á ári. Um 50–60 manns munu að jafnaði vinna við framkvæmdirnar.

Sultartangavirkjun.

Iðnaðarráðherra gaf 12. mars sl. út virkjunarleyfi til Landsvirkjunar fyrir allt að 125 MW Sultartangavirkjun ásamt aðalorkuveitum, samanber 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, eins og þeim var breytt með lögum nr. 74/1990. Áður en leyfið var veitt hafði farið fram mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Gerðir hafa verið allir meiri háttar verksamningar um byggingarvinnu og um kaup og uppsetningu véla og rafbúnaðar vegna Sultartangavirkjunar. Byrjað var að grafa fyrir stöðvarhúsi og jöfnunarþró um miðjan apríl sl. og í kjölfarið fylgdi gröftur skurða og gerð jarðganga. Framkvæmdir voru komnar á góðan skrið og gengu samkvæmt áætlun síðla sumars 1997. Verktaki við vélar og rafbúnað hóf um mitt sumar undirbúning að hönnun og framleiðslu búnaðar en uppsetning hans mun hefjast í byrjun næsta árs. Samið hefur verið um að fyrri vél virkjunarinnar verði tilbúin til rekstrar í október árið 1999 og seinni vélin í janúar árið 2000. Uppsett afl virkjunarinnar verður 120 MW í tveim aflvélum, 60 MW hvor. Með tilkomu hennar verður orkuaukning í raforkukerfi landsins um 880 GW-stundir á ári. Í september sl. unnu rúmlega 100 manns á byggingarstað en gera má ráð fyrir að þeir verði flestir um 350 á árinu 1999.

Lokið við Kröfluvirkjun.

Á síðasta ári var tekin ákvörðum um að ljúka Kröfluvirkjun með uppsetningu á vél 2 og gufuöflun fyrir hana en með því móti eykst afl virkjunarinnar um 30 MW og orkuvinnslugetan um 240 GW-stundir á ári. Verkinu er skipt í tvo áfanga. Í fyrsta áfanga, sem ljúka á í þessum mánuði, verður aflað lágþrýstigufu fyrir virkjunina, lokið uppsetningu á vél 2 og öðrum búnaði og afl virkjunarinnar aukið um 15 MW. Áætlanir gerðu ráð fyrir að ljúka áfanganum í þessum mánuði en ákveðið hefur verið af hagkvæmnisástæðum að færa gangsetningu vélar 2 fram í miðjan nóvember 1997 og kemur slíkt ekki að sök vegna góðrar stöðu í vatnsbúskap Landsvirkjunar. Annar áfangi felst í öflun háþrýstigufu fyrir síðari 15 MW ásamt stækkun gufuveitu. Þessum áfanga á að verða lokið í september árið 1998. Á árinu 1996 var lokið borun tveggja lágþrýstihola er gefa samanlagt það gufumagn sem að var stefnt fyrir fyrri 15 MW áfangann. Lokið er borun tveggja háþrýstihola, en fyrirhugað er að bora tvær holur til viðbótar á þessu ári. Við verkið hafa mest unnið um 90 manns en að jafnaði um 50 – 60 manns.

Stækkun tengivirkis við Búrfellsstöð.

Vegna tengingar 400 kV háspennulínu frá Sultartanga og lagningar 400 kV línu frá Búrfelli að Sandskeiði (Búrfellslínu 3A) þarf að stækka tengivirki Búrfellsstöðvar. Tilboð í rofabúnað fyrir tengivirkið voru opnuð í ágúst sl. en nýtt hús verður reist fyrir búnaðinn. Verkinu lýkur að mestu haustið 1998 en að fullu ári síðar með tengingu háspennulínu frá Sultartanga.

Þéttavirki og varnarbúnaður.

Til aukningar á flutningsgetu raforkukerfisins á Suðvesturlandi hafa verið settir upp raðþéttar í Búrfellslínu 3A á Sandskeiði og samsíðaþéttar í aðveitustöðvunum á Geithálsi og í Hamranesi. Jafnframt hefur ýmis varnarbúnaður verið endurnýjaður í raforkukerfinu á svæðinu.

Stækkun tengivirkisins á Brennimel.

Tengivirki á Brennimel verður stækkað vegna tengingar álvers Norðuráls á Grundartanga við raforkukerfi Landsvirkjunar með tveimur 220 kV háspennulínum. Tilboð í rofabúnað voru

opnuð í ágúst sl. Framkvæmdir hefjast í október en verklok eru áætluð í byrjun apríl árið 1998.

Norðurálslínur 1 og 2.

Þann 7. ágúst 1997 gaf iðnaðarráðherra út leyfi til Landsvirkjunar til að leggja tvær háspennulínur, Norðurálslínur 1 og 2. Línurnar verða 220 kV og tengja nýtt álver á Grundartanga við raforkukerfið í tengivirki Landsvirkjunar á Brennimel. Tilboð í slóðagerð, jarðvinnu og undirstöður hafa verið opnuð og búið er að auglýsa útboð á efni. Hafist verður handa um að reisa möstur í byrjun næsta árs. Verklok eru áætluð í lok mars 1998.

Búrfellslína 3A.

Þann 24. júlí 1991 gaf iðnaðarráðherra Landsvirkjun heimild til að reisa Búrfellslínu 3A. Línan verður 400 kV og liggur frá Búrfellsstöð að Lyklafelli við Sandskeið. Heildarlengd línunnar er um 95 km. Framkvæmdir við slóðagerð eru hafnar ásamt framkvæmdum við undirstöður. Efni í sjálfa línuna ásamt gerð turna og strengingu leiðara hefur verið boðið út og verða tilboð opnuð í þessum mánuði. Gert er ráð fyrir að hafist verði handa um að reisa turna í apríl 1998 og að línan verði tilbúin í lok október 1998. Borist hafa tvær stjórnsýslukærur vegna afgreiðslu skipulagsstjóra ríkisins á framkvæmdinni sem eru til umfjöllunar í umhverfisráðuneyti.

2.2. FRAMKVÆMDIR Á VEGUM HITAVEITU REYKJAVÍKUR VIÐ NESJAVALLAVIRKJUN

Þann 16. júní sl. gaf iðnaðarráðherra út virkjunarleyfi til Hitaveitu Reykjavíkur til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu að Nesjavöllum með allt að 60 MW afli, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, eins og þeim var breytt með 2. gr. laga nr. 74/1990.

Á Nesjavöllum standa yfir framkvæmdir við stækkun varmaorkuvers úr 150 MW (varmaorka) í 200 MW (varmaorka) og byggingu raforkuvers með 2 x 30 MW afli. Samkvæmt fyrirliggjandi samningum á fyrri vélasamstæða raforkuversins um að hefja framleiðslu inn á net Landsvirkjunar 1. október árið 1998 og síðari vélarsamstæðan 1. janúar árið 1999. Á Nesjavöllum hafa verið boraðar 18 holur og fæst úr þeim næg orka fyrir orkuverið.

Í apríl sl. voru undirritaðir samningar við japanska fyrirtækið Mitsubishi Corporation um meginvélbúnað raforkuversins. Samningurinn kveður á um að fyrri vélasamstæða virkjunarinnar verði tilbúin 1. október 1998 og sú síðari 1. nóvember 1998. Samið hefur verið við GEC Alstohm í Sviss um kaup á háspennurofabúnaði og við Koncar í Króatíu um spenna.

Í apríl var einnig gerður samningur við Ármannsfell hf. um byggingu stöðvarhúss. Samningurinn miðast við að vélasal verði lokið í lok febrúar 1998, annað rými frágengið mánuði síðar en endanlegum frágangi lokið 15. júlí 1999. Þetta verk er lítið eitt á eftir áætlun, en ekki það mikið að verktaki eigi ekki að geta lokið því á tilsettum tíma.

Samningar hafa verið gerðir um lagningu safnæða frá borholum, stækkun skiljustöðvar og kaldavatnsdælustöðvar, smíði nýs geymis fyrir kalt vatn, lagningu skiljuvatnsaðveitu, breytingar í varmaorkuveri o.fl. Gengið hefur verið frá samningum um flest þau verk sem nauðsynleg eru vegna áformaðra framkvæmda.

Lánsfé til framkvæmdanna hefur verið tryggt með samningum við Norræna fjárfestingarbankann (NIB) og Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB).

Undirbúningur og framkvæmdir eru nokkurn veginn samkvæmt áætlun. Ekki er á þessari

stundu ástæða til að ætla annað en að staðið verði við samninga um afhendingu orku frá fyrri vélasamstæðunni 1. október 1998 og þeirri síðari 1. janúar 1999.

Skipulagsstjóri ríkisins féllst 23. júlí 1997 á lagningu háspennulínu frá Nesjavöllum að Mosfellsdal eins og henni var lýst í frummatsskýrslu, sem og lagningu slóða með nokkrum skilyrðum. Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins hefur verið kærður til umhverfisráðuneytis og er kæran nú til umfjöllunar hjá því.

3. ÞJÓÐHAGSLEG ÁHRIF UMSAMINNA FRAMKVÆMDA

Meðfylgjandi er tafla yfir fjárfestingar í iðjuverum og orkuframkvæmdum sem tengjast þeim og yfirlit yfir þjóðhagsleg áhrif þessara framkvæmda. Tekið skal fram að í meðfylgjandi töflu er gerð grein fyrir heildarfjárfestingu í iðjuverum og orkuframkvæmdum. Af 52 milljarða kr. heildarfjárfestingu eru um það bil 25 milljarðar kr. í orkuframkvæmdum en 27 milljarðar kr. í iðjuverum.

Framkvæmdir	ÍSAL 1996 – 1997	Norðurál 1997 – 2000	Járnblendið 1998 – 2000	Samtals
Framlag til landsframleiðslu				
- Í ma. kr. á ári	4,0	4,0	1,5	9,5
- Hlutfall	0,8%	0,8%	0,3%	1,9%
Útflutningur				
- Í ma. kr. á ári	7,3	6,8	1,7	15,8
- Hlutfall af vöruútflutningi 1996	5,8%	5,4%	1,3%	12,5%
Fjárfesting				
- Í ma. kr. á framkvæmdatíma	16	30	6	52
- Hlutfall af fjárfestingu 1996	19%	35%	7%	61%
Mannafli				
- Ársverk við framkvæmdir	750	1300	300	2350
- Frambúðarstörf	80	150	30	260

4. ÖNNUR STÓRIÐJUVERKEFNI Í UNDIRBÚNINGI

Hér á eftir verður vikið að nokkrum verkefnum sem hafa verið til athugunar á vegum Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, sveitarfélaga o.fl. Líklegt er að aðeins fáein þessara verkefna komi til framkvæmda á næstu tíu árum, auk stækkana á þeim stóriðjufyrirtækjum sem eru í rekstri eða á framkvæmdastigi.

Þess skal getið að verkefnin eru ekki komin á það stig að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum og því hafa verkefnin ekki komið til umfjöllunar hjá umhverfisyfirvöldum. Gengið er út frá því að nýtt verði besta fáanlega tækni „Best Available Technology" (BAT) í nýjum stóriðjuverum sem verða reist á næstu árum.

4.1. Á VEGUM MARKAÐSSKRIFSTOFU IÐNAÐARRÁÐUNEYTIS OG LANDSVIRKJUNAR (MIL)

Norsk Hydro.

Nú stendur yfir sameiginleg athugun íslenskra stjórnvalda, Landsvirkjunar og MIL annars vegar og Hydro Aluminium Metals Product (HAMP) hins vegar á byggingu stórs álvers á Íslandi með norskri rafgreiningartækni.

HAMP er hluti norska stórfyrirtækisins Norsk Hydro. Það framleiðir árlega 700.000 tonn af áli og er næst stærsti álframleiðandi í Evrópu og sá sjötti í röðinni í heiminum. Stjórnendur félagsins hafa lýst því yfir að það hyggist tvöfalda álframleiðslu sína fyrir árið 2005. HAMP er nú að kanna möguleika á byggingu álvera á nokkrum stöðum í heiminum, þar með talið á Íslandi.

Hugmyndin um byggingu álvers í samvinnu við HAMP felst í stofnun tveggja sjálfstæðra fyrirtækja með mismunandi eignaraðild. Annað um álbræðsluna og hitt um verkefnafjármagnað orkufyrirtæki til að reisa og reka virkjun eða virkjanir fyrir álbræðsluna. Viðskiptahugmyndin gerir ráð fyrir að gerður verði orkusamningur til langs tíma með ákveðinni áhættuskiptingu.

Álbræðslan yrði í meirihlutaeigu Hydro Aluminium og íslenskra fjárfesta, skráð á verðbréfaþingum á Íslandi og í Noregi og um reksturinn yrði gerður stjórnunarsamningur við Hydro, sem einnig mundi annast sölu afurða.

Orkufyrirtækið yrði verkefnafjármagnað með blandaðri eignaraðild raforkufyrirtækja og langtímastofnanafjárfesta. Ríkið mundi ekki gangast í ábyrgð fyrir heildarskuldum orkufyrirtækisins eins og nú er raunin með Landsvirkjun og reksturinn yrði að standa undir endurgreiðslu lána. Gert er ráð fyrir að gerður yrði stjórnunarsamningur við Landsvirkjun um að reka orkufyrirtækið.

Framleiðslugeta álversins yrði í upphafi að minnsta kosti 200.000 tonn á ári. Álver hafa farið stækkandi á undanförnum árum og til þess að nýta hagkvæmni stærðarinnar verður að gera ráð fyrir að tvöfalda megi framleiðslugetu álversins að nokkrum árum liðnum. Á næstu mánuðum verða bornir saman eftirtaldir tveir kostir varðandi aðstæður til fjárfestinga. Annars vegar við Reyðarfjörð miðað við að það verði í næsta nágrenni við rafveitu og hins vegar á Keilisnesi nálægt stóru atvinnusvæði.

Stefnt er að því að sameiginlegri hagkvæmniathugun á þessum kostum ljúki á fyrri hluta næsta árs og þá verði teknar ákvarðanir um hvort ganga eigi til samninga. Framkvæmdir gætu í fyrsta lagi hafist um aldamót og framleiðsla hæfist í fyrsta lagi á árunum 2002 til 2005.

Sameiginleg heildarfjárfesting í álbræðslu og virkjunum er áætluð 106 milljarðar kr. en ársvelta álbræðslunnar er áætluð nærri 28 milljarðar króna. Starfsmannafjöldi álbræðslunnar yrði í kringum 560 manns.

Atlantsál.

Frá því að samkomulag um að hefja að nýju viðræður við Atlantsálshópinn um álver á Keilisnesi var undirritað í mars 1996 hafa verið haldnir nokkrir fundir. Ákvarðanir um framhald verkefnisins hafa tafist, m.a. vegna óvissu um orkusölu til Norðuráls og Íslenska járnblendifélagsins þar til að gengið var frá samningum við fyrirtækin fyrr á þessu ári. Fyrirtækin sem standa að Atlantsálshópnum (Alumax, Hoogovens og Gränges) hafa samtímis verið endurskipulögð og eignaraðild þeirra hefur breyst og þau hafa því ekki verið tilbúin til að taka ákvörðun um svo mikla fjárfestingu sem álver á Keilisnesi yrði.

Forsendur fyrir orkusölu hafa breyst umtalsvert eftir að orkusölusamningar hafa verið gerðir við ÍSAL, Norðurál og Íslenska járnblendifélagið. Raforkunni sem áður átti að selja Atlantsáli hefur nú að verulegu leyti verið ráðstafað í þessi verkefni. Landsvirkjun hefur að undanförnu skoðað nýja möguleika til að selja raforku til álvers á Keilisnesi miðað við mismunandi stærðir og mismunandi byggingarhraða og er ljóst að orkuverð yrði nú talsvert hærra en rætt var um árið 1991 þegar málinu var skotið á frest. Þessar niðurstöður hafa verið kynntar Atlantsálshópnum og er nú beðið viðbragða frá fyrirtækjunum þremur.

Heildarfjárfesting miðað við 240.000 tonna álver Atlantsáls var áætluð um það bil 72 milljarðar kr. og ársvelta nálægt 32 milljörðum kr. Starfsmannafjöldi var áætlaður í kringum 600 manns.

Polyol.

Nýlega var sett á fót verkefnisstjórn þriggja aðila, MIL, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Íslkem til þess að vinna að frumhagkvæmniathugun á verksmiðju er framleiða mundi ýmis polyol-efni. Polyol er mjög stór flokkur fjölalkóhólefna sem nú er að langmestu leyti unnin úr jarðolíu. Í þessari verksmiðju yrðu polyol-efnin unnin úr lífrænni sterkju og sykurefnum og notuð á ýmsan hátt í matvælaframleiðslu, framleiðslu á snyrtivörum, plasti og í lyfjaiðnaði. Umhverfisáhrif við framleiðsluna eru minni en þegar efnin eru unnin úr jarðolíu. Við hana er notuð mikil gufa og nýtist jarðhiti því á hagkvæman hátt í framleiðsluferlinu.

Verkefnið er unnið í samvinnu við bandaríska efnafyrirtækið International Polyol Chemicals Inc., sem hefur yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu á þessu sviði, auk þess að eiga fjölda einkaleyfa í þessum iðnaði. Markmið verkefnisins er að kanna hagkvæmni þess að reisa og reka polyol-verksmiðju á Íslandi og ef slík verksmiðja virðist hagkvæm að setja saman efni til kynningar meðal fjárfesta, hráefnissala og hugsanlegra samstarfsaðila á markaðssviði. Stefnt er að því að komast að niðurstöðu um hagkvæmni verkefnisins seint á næsta ári.

Fjárfesting í slíkri verksmiðju er áætluð ríflega 7 milljarðar kr., en ársvelta er áætluð um 100 til 130 millj. Bandaríkjadala eða um 7 til 9 milljarðar kr. Starfsmenn í verksmiðjunni yrðu um 100 manns.

Slípiefni.

Tvö erlend fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að kanna hagkvæmni slípiefnaverksmiðja hérlendis. Um er að ræða hörð og hitaþolin málmefni sem unnin eru ýmist með bræðslu á súráli eða með bræðslu á kvarssandi og kolefni við háan hita (kísilkarbíð). Efnin má nota með fjölbreyttum hætti í slípiefnaiðnaði og þar sem þörf er hitaþolinna efna. Iðnaðurinn er raforkufrekur og því gæti verið hagkvæmt að reisa slíka verksmiðju á Íslandi. Markaður fyrir afurðirnar er bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Tveir staðir hafa komið til álita fyrir staðsetningu slíkrar efnaverksmiðju, Reyðarfjörður og Þorlákshöfn. Á næstu mánuðum skýrist væntanlega hvort áhugi er fyrir að ráðast í framkvæmdir.

Fjárfesting í 25.000 tonna kísilkarbíð-verksmiðju er um 2 milljarðar kr. Ársvelta gæti numið einum milljarði kr. og starfsmannfjöldi um það bil 70 manns.

Endurskoðun áforma um kísilmálmvinnslu.

Á vegum MIL er í samvinnu við orku- og stóriðjunefnd Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi verið að hefja endurskoðun á hagkvæmni þess að reisa kísilmálmbræðslu á Reyðarfirði. Fyrir níu árum voru áform um byggingu slíkrar verksmiðju lögð til hliðar eftir að markaðsverð á kísilmálmi lækkaði samhliða hækkun á verði aðfanga. Iðnaðurinn hefur gengið í gegnum miklar þrengingar og endurskipulagningu á undanförnum árum, en eftirspurn eftir kísilmálmi hefur nú aukist aftur. Var því talið rétt að skoða málið að nýju þó svo að ekki hafi verið byggð ný verksmiðja sl. 10 ár.

Við endurskoðun á þessu verkefni verður stuðst við undirbúningsgögn um nánast fullhannaða verksmiðju sem unnið var að á vegum Kísilmálmvinnslunnar hf. á árunum 1984 til 1986. Lögð verður áhersla á að finna erlendan samstarfsaðila sem hefur reynslu í rekstri slíkra

verksmiðja og þekkingu á markaðinum. Málið er skammt á veg komið og of snemmt að spá fyrir um árangur.

Fjárfesting í 30.000 tonna kísilmálmbræðslu gæti numið nærri 7 milljörðum kr. Ársvelta slíkrar verksmiðju gæti numið um það bil 3 milljörðum kr. og starfsmenn um 70.

4.2. Á VEGUM SVEITARSTJÓRNA, VEITUFYRIRTÆKJA O.FL.

Pappírsverksmiðja.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbær stofnuðu á síðasta ári Jarðgufufélagið til að kanna möguleika á nýtingu jarðhita við Trölladyngju eða Krísuvík til iðnaðarnota við Straumsvík. Gerður var samstarfssamningur milli Jarðgufufélagsins og bandarískra fyrirtækisins Southern Paper Corporation um könnun á hagkvæmni þess að reisa pappírsverksmiðju við Straumsvík. Verksvið félagsins skiptist í þrennt, þ.e. í fyrsta lagi undirbúning rannsóknaáætlunar fyrir Krísuvík/Trölladyngju, í öðru lagi könnun á forsendum til öflunar jarðgufu til stóriðnaðar sem afhent yrði í Straumsvík, og í þriðja lagi framkvæmd rannsóknaráætlunar og að kanna markaðsforsendur og annast markaðssetningu á jarðgufu.

Mat breska ráðgjafarfyrirtækisins Ernst & Young á samkeppnisstöðu benti til að forsendur væru fyrir pappírsframleiðslu, en samkeppnisstaðan á hinn bóginn ekki sérstaklega sterk. Jafnframt kynnu aðrir þættir að vera ráðandi um áhuga erlendra fjárfesta.

Gert er ráð fyrir að frekari ákvarðanir um framhald þessa verkefnis verði teknar síðar í haust.

Magnesíumverksmiðja.

Íslenska magnesíumfélagið hf. undir forystu Hitaveitu Suðurnesja, hefur á undanförnum mánuðum ásamt ráðgjöfum sínum unnið að gerð hagkvæmniathugunar fyrir 50.000 tonna magnesíumverksmiðju sem staðsett yrði við Sandvík á Reykjanesi. Síðastliðið vor lá fyrir áfangaskýrsla um slíka verksmiðju ásamt kostnaðar- og rekstraráætlun. Stofnkostnaður verksmiðjunnar var þá áætlaður um 30 milljarðar kr. Hinir erlendu verktakar sem unnu að gerð skýrslunnar buðust til að reisa verksmiðjuna fyrir þetta verð og ábyrgjast þannig að kostnaðaráætlun stæðist. Ákveðið var að leita leiða til að lækka stofnkostnaðinn og ná fram meiri hagkvæmni til þess að auðveldara yrði að vekja áhuga erlenda fjárfesta og væntanlegra kaupenda að málminum. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í árslok. Lokið var við skýrslu um mat á umhverfisáhrifum og hefur hún verið afhent viðkomandi yfirvöldum óformlega til yfirlestrar. Samtímis mati á umhverfisáhrifum hjá Skipulagi ríkisins verður sótt um starfsleyfi hjá Hollustuvernd ríkisins. Gengið hefur verið frá samningum milli landeigenda og Reykjanesbæjar um kaup á hæfilega stórri lóð fyrir verksmiðjuna við Sandvík nálægt Höfnum.

Safnað hefur verið hlutafé að upphæð um 250 millj. króna sem varið hefur verið til verkfræðilegs undirbúnings og rannsókna, mats á umhverfisáhrifum og hagkvæmniathugunar. Samkomulag var nýlega gert við kanadíska fjármálafyrirtækið Nesbitt Burns, sem er í eigu Bank of Montreal, um að afla viðbótarhlutafjár til að ljúka undirbúningi að verksmiðjunni og síðar eigin fjár og láns til byggingar verksmiðjunnar. Vonir standa til að unnt verði að taka ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar snemma á næsta ári.

Ársvelta 50.000 tonna magnesíumverksmiðju gæti numið um 10 milljörðum kr. og starfsmenn yrðu um 400.

Vetnisperoxíð.

Að frumkvæði Reykjavíkurborgar var nýlega stofnað undirbúningsfélag að byggingu vetnisperoxíðverksmiðju hér á landi, m.a. með aðild MIL.

Niðurstöður forathugunar benda til þess að hagkvæmt sé að reisa og reka 15.000 tonna vetnisperoxíðverksmiðju á Reykjavíkursvæðinu. Nú er unnið að því að kanna betur markaðsforsendur, leita að erlendum samstarfsaðila með markaðsaðgang og kanna nánar tæknilegar forsendur 15.000 tonna verksmiðju.

Stofnkostnaður 15.000 tonna verksmiðju gæti numið um 3 milljörðum kr. Ársvelta gæti numið rúmlega einum milljarði króna og starfsmenn yrðu um 70.

69. Frumvarp til laga [69. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ágúst Einarsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna er málið varða og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, bæði af embættismönnum, einstökum mönnum og lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 121. löggjafarþingi, 21. mál, en náði ekki fram að ganga, því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur því smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til fram-

kvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær nú þegar hafa í 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð er gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þingnefnd en einnig eru dæmi þess að nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri mgr. 1. gr. frumvarpsins og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem fyrir er mælt um í seinni málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum.

70. Frumvarp til laga [70. mál]

um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Starfsemi stjórnmálasamtaka.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast þau samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar, starfa í samræmi við lög þessi og eru skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

2. gr.

Við skráningu stjórnmálasamtaka hjá dómsmálaráðuneyti skal leggja fram lög samtakanna og stefnuskrá. Stjórnmálasamtök skulu birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir.

3. gr.

Stjórnmálasamtök skulu opin öllum landsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri.

4. gr.

Stjórnmálasamtök skulu gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og skipulagi.

5. gr.

Engan skal heimilt að skrá í stjórnmálasamtök nema hann undirriti yfirlýsingu þess efnis eða lýsi því yfir á annan sannanlegan hátt að hann óski eftir inngöngu.

6. gr.

Æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skal vera í höndum félagsmanna eða fulltrúa þeirra á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

7. gr.

Stjórnmálasamtök skulu setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega.

8. gr.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að skrá niður upplýsingar á kjörstað.

9. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og þeim ber einnig að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi stjórnmálasamtaka og þeir síðan sendir dómsmálaráðuneyti sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

10. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300.000 kr. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 9. gr.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka.

11. gr.

Stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til Alþingis, skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök, sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti, eiga rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði til þingflokka tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

13. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

14. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum er forseti setur. Sama gildir um þingmann utan flokka.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sviptingu fjárframlaga, svo og þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum þar sem það á við.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 og jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að móta samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám og aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

II.

Dómsmálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga undirbúa löggjöf sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum til starfsemi þeirra. Skal undirbúningi lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á þremur síðustu þingum en hlaut ekki afgreiðslu. Að lokinni fyrstu umræðu á 119. þingi var frumvarpið til umfjöllunar í allsherjarnefnd sem sendi það til umsagna. Umsagnir bárust frá Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra (sjá fylgiskjöl) og var tekið tillit til ábendinga þeirra við endurflutning frumvarpsins. Í umsögn ríkisskattsjóra segir m.a.: „Af þessu tilefni tekur ríkisskattstjóri fram að telja verður mjög til bóta að settar séu réttarreglur um fjárreiður á því sviði sem hér er til umfjöllunar.“

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið. Annars staðar á Norðurlöndum eru engin heildarlög um stjórnmálaflokka nema í Finnlandi. Í Noregi fær stjórnmálaflokkur, sem býður fram til Stórþingsins, framlag af fjárlögum hafi hann boðið fram í a.m.k. helmingi kjördæma og hlotið meira en 2,5% heildaratkvæða yfir landið. Flokkar, sem bjóða fram til sveitarstjórna, fá einnig ríkisstyrk. Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokka árið 1972. Þar eru þau bundin við þá stjórnmálaflokka sem bjóða fram til þings. Árið 1986 voru samþykkt lög í Danmörku um fjárframlög frá ríkinu til stjórnmálaflokka, bæði í tengslum við lands- og sveitarstjórnarframboð. Framangreind lög taka ekki til starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti. Í Finnlandi voru lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka árið 1969, svo og fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings.

Skortur á vönduðum vinnubrögðum í stjórnmálum og stjórnsýslu leiðir oft til trúnaðarbrests milli stjórnvalda og fólksins í landinu. Margt bendir til að ekki gæti nægilega faglegra vinnubragða í stjórnsýslu og stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna og gera starfsemi stjórnmálasamtaka sýnilegri en áður hefur verið. Skilgreining á siðgæði getur verið breytileg frá einum tíma til annars og mismunandi mat á því hjá ólíkum þjóðum. Í þróuðum stjórnkerfum er þó hægt að finna meginreglur sem menn eru almennt sammála um að verði að halda í heiðri. Það er þessi sameiginlegi skilningur sem gerir löggjafanum kleift að setja reglur sem byggjast á siðgæðis- og réttarvitund þjóða.

Það er brýn nauðsyn að settar verði siðareglur í stjórnmálum. Það er áhrifaríkt tæki til að vinna gegn spillingu á opinberum vettvangi. Nauðsynlegt er að aðgerðir opinberra aðila séu opinberar og gerðar fyrir opnum tjöldum. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna. Siðareglur, hvort sem eru skráðar eða óskráðar, kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Með siðareglum stjórnmálamanna gera þeir heyrinkunnugt hvernig þeir líta á störf sín. Skráðar siðareglur skýra

einnig ábyrgð valdhafa og gera betur kleift en nú er að draga þá til ábyrgðar fyrir embættisfærslu.

Siðareglur gilda nú orðið fyrir fjölmargar starfsstéttir, svo sem lækna, viðskipta- og hagfræðinga, blaðamenn o.fl. Það reynir á siðferði í öllum samskiptum. Í hugum ýmissa heimspekinga er siðaregla ekki lagaregla. Siðaregla verður til í mannlegum samskipum. Þessu er lýst í ágripi af fyrirlestri Páls Skúlasonar prófessors (sjá fylgiskjal).

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem hefur þótt vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka sem ekki náði fram að ganga. Í frumvarpinu var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er farin sú leið að setja lagaramma um starfsemi allra stjórnmálaflokka, einnig þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna. Engin haldbær rök eru fyrir því að stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til sveitarstjórna, þurfi ekki að búa við nauðsynlegt aðhald löggjafans. II. kafli laganna nær hins vegar aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis. Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt fyrir dómsmálaráðherra að undirbúa löggjöf í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokkanna hér á landi, enda eru þeir hvorki framtalsskyldir né skattskyldir. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg, enda er slík leynd einungis til þess fallin að auka tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi fram endurskoðaða reikninga árlega í dómsmálaráðuneytinu.

Þess ber að geta að skv. 7. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði, í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni ef hún telur ástæðu til.

Til álita kemur að skylda Ríkisendurskoðun til að endurskoða ársreikinga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði. Lög um Ríkisendurskoðun kveða hins vegar á um að endurskoðunarskylda stofnunarinnar sé bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslu meginhluta rekstrarkostnaðar. Þótt stjórnmálsamtök fái framlög úr ríkissjóði er starfsemi þeirra ótengd ríkinu og rekstri þess. Þess vegna er ekki talið rétt að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga þeirra, enda eru ársreikningarnir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt frumvarpinu og jafnframt hefur Ríkisendurskoðun heimild til afskipta eins og áður segir. Hér er gerð breyting frá upprunalegu frumvarpi í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þá stjórnmálaflokka sem þeir styðja. Það getur skapað tortryggni að leynd skuli hvíla yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er það óeðlilegt. Hætta getur einnig verið á hagsmunaárekstrum.

Árið 1993 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjárframlög til stjórnmálaflokka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi

af því var gerð breyting á reglugerð, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Þetta frumvarp fjallar ekki um slík fjárframlög þannig að framkvæmd skattyfirvalda á fyrrnefndu reglugerðarákvæði breytist ekki þótt það verði að lögum.

Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekingalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar geri grein fyrir fjárreiðum sínum hvort sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af opinberu fé eða framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Slík lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í umræðunum á Alþingi um frumvarpið komu fram ýmsar ábendingar sem rétt er að allsherjarnefnd skoði við umfjöllun sína. Má þar t.d. nefna hvort hámark eigi að vera á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka, hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka, hvort setja eigi reglur um prófkjör, þar með talinn fjárhagslegan ramma þeirra, hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu, hvort setja eigi reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem allir stjórnmálaflokkar geti gengið að. Rétt þykir að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir sérfræðiaðstoð eingöngu ætlaðar, eins og nafnið bendir til, til aðstoðar þingflokkum. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrksins verður virkari.

Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1994 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Þessi nefnd er m.a. skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka en illa gekk að fá tilnefningar í nefndina. Nefndin hafði ekki komið saman fyrir kosningar vorið 1995. Nokkur umræða varð um þessa nefnd þegar frumvarpið var til umræðu á vorþingi 1995. Óskað var eftir tilnefningu Þjóðvaka í nefndina en þegar beðið var um nánari upplýsingar um starfssvið nefndarinnar var fátt um svör. Þjóðvaki hefur því ekki tilnefnt fulltrúa í þessa nefnd, enda hefur hún aldrei komið saman. Það er því ljóst að þessum málum verður að finna annan farveg og er frumvarpið liður í því. Að lokinni fyrstu umræðu verður gerð tillaga um að frumvarpinu verði vísað til allsherjarnefndar. Það er von flutningsmanna að allsherjarnefnd vinni faglega að málinu og nái nauðsynlegri samstöðu um efnisatriði þess því brýnt er að sett verði löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka hérlendis.

Um athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og fylgiskjöl vísast til þskj. 189 (158. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1436–1442. Eftirfarandi fylgiskjöl voru með frumvarpinu:

I. Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka. Ríkisskattstjóri (1. september 1995).
II. Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka. Ríkisendurskoðun (26. septemper 1995).
III. Um siðferði, siðareglur og skráningu þeirra. Ágrip af fyrirlestri fluttum á aðalfundi Félags viðskipta- og hagfræðinga 6. maí 1993. Páll Skúlason prófessor.

71. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um rétt þeirra sem ekki hafa atvinnu.

Flm.: Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir,
Ögmundur Jónasson, Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka og vinnumarkaðarins til þess að semja heildstæða skýrslu um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, eru að leita sér að vinnu eða hafa misst vinnu og gera tillögur til að bæta hag þeirra og tryggja þeim skilyrðislaust sömu mannréttindi og aðrir hafa. Nefndin skili áliti fyrir 1. júní 1998 og fjalli m.a. um eftirfarandi atriði:

1. Hvort þeir sem ekki hafa atvinnu njóti sömu mannréttinda og þeir sem hafa atvinnu og ef svo er ekki hvaða aðgerða sé þörf til úrbóta, bæði hvað varðar opinbera aðila og einkaaðila.
2. Hvernig unnt sé að tryggja að enginn verði atvinnulaus lengur en sex mánuði í senn.
3. Hvort líta megi á greiðslur til atvinnulausra sem laun fremur en bætur eins og nú er gert, enda verði nýtt fyrirkomulag ekki notað til að knýja fólk til vinnu sem það á erfitt með að sinna.
4. Hvort koma eigi upp miðstöðvum fólks í atvinnuleit um land allt með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur í Reykjavík og á Akureyri.
5. Hvort unnt sé að draga verulega úr atvinnuleysi með því að skipta vinnunni jafnar og draga úr yfirvinnu.
6. Hvort unnt sé að ná um það víðtæku samkomulagi að afnema atvinnuleysi á tilteknu árabili og tryggja það í lögum eða stjórnarskrá að allir eigi rétt á vinnu við hæfi.

Greinargerð.

Vinnuaflið er það eina sem ekki verður frá okkur tekið nema við heilsubrest. Flestir hafa framfæri af því að selja vinnuafl sitt og hafa af því tekjur. Vinnuaflið er margs konar þekking eða þjálfun og hvaðeina annað. Við höfum tekið ákvörðun um að notast við markaðsþjóðfélagið sem efnahagslega hreyfivél samfélagsins. Í slíku samfélagi skapast oft þær aðstæður að fólk missir atvinnuna nema gripið sé til sértækra ráðstafana og gildir þá einu hvort um er að ræða ríkisfyrirtæki, annan félagslegan rekstur eða einkafyrirtæki. Hvar sem fólk vinnur getur það orðið fyrir barðinu á atvinnuleysi. Þess vegna er það sameiginlegt verkefni okkar allra en ekki aðeins þeirra sem verða atvinnulausir að grípa til samfélagslegra ráðstafana til þess að tryggja að atvinnulausir geti staðið uppréttir frammi fyrir vandamálum dagsins rétt eins og þeir sem geta selt vinnuafl sitt; að sá sem er án atvinnu njóti með öðrum orðum mannréttinda.

Mikið vantar á að atvinnulausir geti treyst því að staða þeirra sé metin sem skyldi. Þess vegna er tillagan flutt, bæði til að knýja fram úrbætur og minna á skyldur þingmanna og ráðherra í þessum efnum. Atvinnuleysistryggingasjóður var mikið baráttumál á sinni tíð. Hann hefur þjónað vel en sl. vetur var hann skemmdur verulega með löggjöf sem félagsmálaráðherra knúði í gegnum þingið þar sem m.a. bótaréttur var skertur. Það er mjög alvarlegt, sérstaklega í ljósi þess að verkafólkið á Atvinnuleysistryggingasjóð. Annað sem snýr að atvinnulausum og einnig þarf að skoða er skráningarkerfið, bótagreiðslukerfið og viðmót samfélagsins almennt. Fara þarf yfir það lið fyrir lið hvernig aðrir þættir samfélagsins þjóna atvinnulausum, svo sem bankar eða opinberar stofnanir, aðrar þjónustustofnanir, skólar, heilbrigðisstofnanir og hvaðeina.

Tillagan er að nokkru leyti framhald af tillögum Alþýðubandalagsins á fyrri þingum um rétt atvinnulausra. Alþýðubandalagið hafði forustu um setningu síðustu laga um atvinnuleysistryggingar sem afnumin voru af núverandi ríkisstjórn á síðasta þingi. Er Alþýðubandalagið beitti sér fyrir setningu fyrri laga um atvinnuleysistryggingar var það gert í samvinnu við samtök launafólks og með fullri virðingu fyrir þeim sem eiga Atvinnuleysistryggingasjóð. Í upphafi þings minntist starfsaldursforseti, Ragnar Arnalds, Guðmundar J. Guðmundssonar, fyrrverandi þingmanns Alþýðubandalagsins og formanns Dagsbrúnar. Guðmundur komst einmitt til æðstu áhrifa í verkalýðshreyfingunni eftir verkfallið 1955 er barist var fyrir því að eignast Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er því í beinu framhaldi af baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar á umliðnum áratugum að þessi tillaga er flutt.

Hér er einnig hreyft því nýmæli að kannað verði hvort líta eigi á atvinnuleysisbætur sem atvinnuleysislaun. Rökin eru þau að bæturnar séu í raun laun sem samfélagið, sem ber ábyrgð á atvinnuleysinu, greiðir hinum atvinnulausa. Hins vegar er þessi hugmynd vandmeðfarin þar sem hætta gæti verið á því að atvinnuleysislaun yrðu notuð sem skálkasjól til að knýja fólk til að vinna vinnu sem væri því erfið eða til þess að lækka almennt verðið á því vinnuafli sem samið er um laun fyrir hverju sinni. Þess vegna er hér ekki flutt tillaga um atvinnuleysislaun í stað atvinnuleysisbóta heldur að kannað verði hvort slík kerfisbeyting kæmi til greina. Þá er í tillögunni nefnd sú hugmynd að miðstöðvar fólks í atvinnuleit verði til víðar en í Reykjavík og á Akureyri og að komið verði á skipulegu samstarfi þessara aðila.

Í tillögunni er jafnframt varpað fram þeirri hugmynd hvort draga megi úr atvinnuleysi með því að skipta vinnunni jafnar og draga úr yfirvinnu.

Loks er lagt til að kannað verði hvort unnt sé að ná víðtæku samkomulagi um að afnema atvinnuleysi stig af stigi á tilteknu árabili. Það er vissulega stórmál, en minna má á að það er að verða aðalkeppikefli vinstriflokka um allan heim að afnema atvinnuleysið. Íslendingar börðust lengi við verðbólgudrauginn og verkalýðshreyfingin réð úrslitum í þeirri glímu. En nú hafa menn atvinnuleysi í staðinn. Það bitnar ekki á öllu þjóðfélaginu á jafnaugljósan hátt og verðbólgan. Í því er vandinn að sumu leyti fólginn og ástæða þess að þeir sem bera ábyrgð á atvinnuleysinu, stjórnvöld og aðrir, vilja ýta því til hliðar. Verðbólgan var aftur á móti eilíft viðfangsefni stjórnvalda.

Sú hætta er ávallt yfirvofandi að atvinnuleysið gleymist þeim sem ekki eiga við það að stríða. Þó er atvinnuleysi svo útbreitt vandamál á Íslandi að það snertir nánast hverja fjölskyldu. Algengt er að vandi þeirra sem ekki hafa atvinnu sé settur til hliðar í stjórnmálaumræðunni. Sláandi er dæmið frá síðustu kosningum í Bretlandi þegar Verkamannaflokkurinn minntist ekki á atvinnuleysi í málflutningi sínum og það komst ekki á dagskrá fyrr en kirkjan minnti á vanda heimilislausra og atvinnulausra. Atvinnuleysið er alvarlegt vandamál sem er á ábyrgð okkar allra.

Þessi tillaga er flutt til að knýja á um úrbætur og tryggja umræðu um þetta alvarlega þjóðfélagsvandamál. Það er skoðun Alþýðubandalagsins að allir í samfélaginu eigi rétt á atvinnu og Alþýðubandalagið hefur hafnað því sem kallað er náttúrulegt atvinnuleysi. Alþýðubandalagið hefur aldrei viljað beygja sig eða aðra í duftið fyrir markaðslögmálunum þótt sjálfsagt sé að nota markaðinn sem tæki til að dreifa vörum og þjónustu.

72. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um atvinnusjóð kvenna.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem endurskoði og geri tillögur um framhald á starfi atvinnusjóðs kvenna.

Félagsmálaráðherra skipi tvo nefndarmenn, Byggðastofnun einn og Kvenfélagasamband Íslands einn og einn komi úr hópi atvinnuráðgjafa.

Greinargerð.

Árið 1989 var gerð úttekt á atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni. Í þeirri könnun kom í ljós að þörf var á að styrkja konur sérstaklega til að koma sér upp eigin atvinnurekstri sem jafnframt veitti öðrum konum atvinnu. Frá árinu 1991 hefur félagsmálaráðherra veitt 20 millj. kr. á ári til styrktar atvinnumálum kvenna. Styrkur úr atvinnusjóði kvenna hefur án efa komið mörgum konum vel og styrkt búsetu á landsbyggðinni. Nú síðari ár hafa konur á höfuðborgarsvæðinu einnig fengið styrki úr sjóðnum.

Enginn vafi er á því að þessir styrkir hafa farið til góðra mála og hafa nýst vel til að styrkja atvinnu kvenna. Á vegum Vinnumálastofnunar er nú unnið að úttekt á árangri þeirra styrkja sem veittir hafa verið til kvenna á vegum sjóðsins. Enn er mikil þörf, en síðan sjóðurinn hóf störf hafa ýmsar aðstæður breyst, bæði hvað varðar atvinnu- og byggðaþróun. Með tilliti til þess er rétt að endurmeta úthlutunarreglur sjóðsins.

Gera þarf úttekt á því hvernig styrkir úr sjóðnum hafa verið nýttir og hvort ástæða sé til að endurskoða reglur. Einnig þarf að skoða samspil atvinnusjóðs kvenna og annarra sjóða og atvinnuþróunarverkefna.

73. Frumvarp til laga [73. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný fyrirsögn, **Landslagsvernd**, og sjö nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (21. gr.)

Eftirtaldar landslagsgerðir skulu njóta almennrar verndar og má ekki raska þeim nema samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins:

a. gosmyndanir frá nútíma, eldstöðvar, gervigígar, eldhraun og hraunhellar;
b. aðrar athyglisverðar jarðmyndanir, samkvæmt reglugerð er umhverfisráðherra setur;
c. stöðuvötn og tjarnir yfir 250 fermetrar að flatarmáli;
d. náttúrulegir vatnsfarvegir, ár og lækir;
e. votlendi, mýrar og flóar, yfir 2,5 hektarar að flatarmáli;
f. fjörur, strendur og leirusvæði.

Þá skal þess gætt við ræktunarframkvæmdir, svo sem túnrækt, skógrækt, landgræðslu og skjólbeltagerð, að þær raski ekki sérstæðum náttúruminjum og falli sem best að heildarsvipmóti lands.

b. (22. gr.)

Óheimilt er að breyta landslagi varanlega með jarðraski, efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt nema í samræmi við staðfest skipulag og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993.

Ekki skal heimila efnistöku ef hætta er á að hún raski svipmóti lands, merkum náttúruminjum eða vistkerfum. Þá má efnistakan hvorki ganga í berhögg við ákvæði laga þessara um friðlýsingu náttúruminja né staðfesta skipulagsáætlun.

c. (23. gr.)

Á landi í einkaeign er eiganda að teknu tilliti til ákvæða 22. gr. heimil efnistaka hafi sveitarstjórn samþykkt áætlun um hana, sbr. 2. mgr., að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til umhverfisráðherra er úrskurðar um málið að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Óheimilt er að hefja efnistöku áður en endanlegur úrskurður liggur fyrir. Áður en efnistaka hefst samkvæmt málsgrein þessari skal framkvæmdaraðili senda sveitarstjórn áætlun um hana með ósk um leyfi til efnistöku. Þar skal tilgreint magn og gerð efnis, fyrirhugaður tími efnistöku og frágangur að henni lokinni.

Sá er óskar leyfis til efnistöku skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs, sbr. 26. gr., og sem nemur áætluðum úrbótakostnaði verði eigi staðið við sett skilyrði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er landeiganda heimil lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda sé gætt ákvæða 2. mgr. 22. gr., svo og 26. gr. um frágang.

d. (24. gr.)

Jarðefnanám í afréttum og almenningum er bannað hafi ekki verið ráð fyrir því gert á staðfestu skipulagi, nema fyrir liggi leyfi umhverfisráðherra og jákvæð umsögn Náttúruverndar ríkisins um áætlun um efnistöku, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Eigi má hefja jarðefnanám í landi sem er í eigu sveitarfélags, nema fyrir liggi jákvæð umsögn Náttúruverndar ríkisins og skipulagsstjóra ríkisins. Unnt er að skjóta ágreiningi sem rísa kann vegna þessa til umhverfisráðherra.

e. (25. gr.)

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð hættu á að landið breyti varanlega um svip, að merkum

náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar er skylt að leita álits Náttúruverndar ríkisins á frumstigi framkvæmdaundirbúnings.

Ef það er vanrækt getur Náttúruvernd ríkisins krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því að verk verði hafið eða því fram haldið.

Við hönnun stórra mannvirkja, svo sem virkjana og verksmiðja, skal hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins. Sama gildir um vegalagningu að slíkum mannvirkjum.

f. (26. gr.)

Hafi jarðrask orðið við efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt af manna völdum skal þeim er valdið hefur skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Náttúruvernd ríkisins getur sett fyrirmæli um hvernig við skuli skilið og m.a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi. Skal þessi frestur aldrei vera lengri en eitt ár. Sveitarstjórn skal ganga frá efnistökustað, þar með talið loka efnisnámum og græða upp jarðvegssár á kostnað viðkomandi, ef sýnt þykir að ekki verði sinnt fyrirmælum um frágang. Heimilt er að innheimta slíkan kostnað með aðför. Óheimilt er að láta efnistökustað standa ófrágenginn lengur en tvö ár enda þótt frekara efnisnám sé fyrirhugað síðar.

Bannað er að fleygja eða farga rusli eða öðru óskyldu efni í efnisnámur, nema það sé liður í samþykktum frágangi þeirra enda sé þá gætt ákvæða í lögum og reglugerðum um mengunarvarnir.

g. (27. gr.)

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd landslagsverndar og efnistöku skv. 21.–27. gr.

2. gr.

21., 22. og 23. gr. laganna falla brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisráðuneyti skal vegna frágangs eftir efnistöku og jarðrask, sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara, láta gera áætlun um úrbætur í samvinnu við sveitarstjórnir. Í því skyni fari fram skipuleg könnun og flokkun á efnistökustöðum og öðru áberandi jarðraski vegna mannvirkjagerðar og fylgi tillögur um hversu frá skuli gengið og hverjir skuli bera kostnað af viðhlítandi frágangi.

Greinargerð.

Umhverfis- og náttúruverndarmál hafa á undanförnum áratugum hlotið aukið vægi. Augu margra beinast að þeim verðmætum sem fólgin eru í ósnortinni náttúru og þeirri staðreynd að víða er verið að vinna óbætanlegt tjón á náttúruverðmætum.

Mikið starf er óunnið hér á landi við heimildasöfnun og rannsóknir á náttúru landsins til að skapa traustan grunn að löggjöf á ýmsum sviðum umhverfismála og til að byggja á eftirlit og eðlilega varúð. Þetta á m.a. við um löggjöf varðandi hvers konar landnotkun og skipulag þar sem brýnna úrbóta er þörf vegna vaxandi umsvifa, breyttrar búsetu og tækniþróunar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, varðar afmörkuð atriði á sviði náttúruverndar sem brýnt er að kveða á um í lögum með mun ákveðnari og skýrari hætti en verið hefur. Þar er um

að ræða víðtæk almenn ákvæði um landslagsvernd og frekari skorður við efnistöku og jarðraski en settar eru í gildandi löggjöf. Valin er sú leið með frumvarpinu að fella nýjan kafla inn í lög nr. 93/1996 undir heitinu Landslagsvernd, setja þar inn nýmæli og breytt ákvæði um efnistöku, en þau er að finna í gildandi lögum um náttúruvernd undir kaflaheitinu „Aðgangur almennings að náttúru landsins, umgengni, framkvæmdir o.fl.“

Frumvarp um sama efni var lagt fram til kynningar af fyrsta flutningsmanni á 119. löggjafarþingi. Flutningsmaður sendi frumvarpið nokkrum aðilum til umsagnar með ósk um að þeir gæfu ábendingar sem hafa mætti hliðsjón af við endurflutning. Viðbrögð við þessari beiðni komu frá Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Náttúruverndarráði. Þessir aðilar taka jákvætt undir meginefni frumvarpsins og gefa jafnframt ábendingar um nokkur atriði til breytinga. Er frumvarpið var endurflutt á 120. löggjafarþingi voru flutningsmenn þess þeir sömu og nú endurflytja frumvarpið. Höfðu þeir hliðsjón af framkomnum ábendingum og voru umræddar umsagnir lagðar fram í þingnefnd. Umhverfisnefnd sendi málið síðan til umsagnar á 120. löggjafarþingi og bárust umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skipulagi ríkisins, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Skógrækt ríkisins, Náttúruverndarráði, Vegagerðinni, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Samorku, Náttúrufræðistofnun Íslands, Sjálfboðaliðasamtökum um náttúruvernd og Samtökum iðnaðarins. Við endurflutning málsins á 121. löggjafarþingi voru aðeins gerðar lítils háttar breytingar á frumvarpinu og er það nú lagt fram óbreytt.

Í gildandi löggjöf um náttúruvernd vantar tilfinnanlega tengsl við lög um skipulag að því er varðar ákvarðanir um ráðstöfun lands til mismunandi nota. Sú aðferð að friðlýsa þurfi með formlegum hætti landsvæði og einstakar náttúrumyndanir til að koma í veg fyrir óeðlilega röskun er allsendis ófullnægjandi, ekki síst þegar almenn ákvæði um efnistöku og annað jarðrask eru jafnopin og lítils megandi út frá náttúruverndarsjónarmiði og raun ber vitni.

Við setningu laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, gerðist það að ákvæði um efnistöku urðu mun veigaminni en þau sem var að finna í því frumvarpi sem lá til grundvallar lagasetningunni. Má segja að lögin hafi í reynd orðið haldlaus þar eð ekki hafi tekist að fylgja annars veikum ákvæðum þeirra eftir. Afleiðingin blasir við sjónum manna í öllum byggðum landsins og víða í óbyggðum þar sem eru ófrágengnar efnisnámur og annað jarðrask. Þrátt fyrir óbrúkleg lagaákvæði hefur í sumum tilvikum tekist allgott samstarf milli Náttúruverndarráðs og framkvæmdaraðila eða sveitarstjórna um efnistökustaði og frágang að lokinni efnistöku. Dæmi um þetta er samvinna milli eftirlitsaðila Náttúruverndarráðs og Vegagerðar ríkisins sem lagður var grunnur að á árunum 1972–73.

Efnisnám verður æ stórtækara, einkum nærri þéttbýli, og hafinn er útflutningur í allríkum mæli á lausum gosefnum án þess að fyrir liggi heildstætt mat á hvar slík efnistaka sé réttlætanleg. Oft er ráðist í framkvæmdir af bráðræði án þess að fram hafi farið nauðsynlegar rannsóknir og aflað hafi verið þekkingar á gerð og gæðum jarðefnanna. Efnistaka er hins vegar nauðsynleg og sjálfsögð til brýnna verkefna en þarf að byggjast á þekkingu, athugun og mati á eðlilegri landnotkun. Góður frágangur lands að efnisnámi loknu verður að vera óaðskiljanlegur hluti framkvæmda.

Ólífræn náttúra landsins er ein af auðlindum þess, enda Ísland alþekkt vegna fjölbreyttra landslagsgerða og gosmyndana sem óvíða í veröldinni eru jafnsýnilegar og aðgengilegar og hérlendis. Sérstætt landslag og jarðmyndanir fá yfirleitt ekki notið sín nema í víðu samhengi og þarf að hafa það í huga þegar settar eru reglur um vernd. Fyrir allan almenning hefur náttúra landsins ómetanlegt gildi og hver kynslóð ber ábyrgð á að hún sé varðveitt fyrir ókomnar

kynslóðir. Íslendingar bera jafnframt ábyrgð á því gagnvart heimsbyggðinni að þessar jarðmyndanir séu varðveittar, m.a. vegna vísindarannsókna.

Þá ber einnig að hafa í huga að náttúra landsins, landslag og jarðfræði hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda. Sé þessum gæðum spillt af gáleysi og skammsýni mun það fyrr en varir draga úr áhuga náttúruskoðara á að ferðast um Ísland. Skipulagsleysi í mannvirkjagerð og hömlulítil umferð vélknúinna tækja um landið ásamt gapandi sárum eftir efnistöku er vísasti vegurinn til að gera að engu viðleitni til að byggja upp ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Fari sem horfir í þessum efnum verða Íslendingar fljótlega og því miður með réttu frægir að endemum fyrir ómenningu í samskiptum við eigið land.

Mótuð er með frumvarpinu stefna um almenna verndun tiltekinna landslagsgerða og farin svipuð leið og mörkuð er í danskri náttúruverndarlöggjöf. Þannig eru allar gosmyndanir frá jarðsögulegum nútíma felldar undir slíka vernd og aðrar sérstæðar jarðmyndanir frá síðasta jökulskeiði eða eldri samkvæmt nánari reglum er ráðherra umhverfismála setur. Stöðuvötn og tjarnir eru felld undir sömu ákvæði, svo og náttúrulegir vatnsfarvegir og votlendi miðað við ákveðið flatarmál. Ekki er seinna vænna að setja inn slík almenn ákvæði um votlendisvernd svo mjög sem hefur verið gengið á mýrar og annað votlendi með framræslu undangengin 50 ár. Stærðarmörk fyrir tjarnir og votlendi, sem njóti landslagsverndar, voru rýmkuð frá fyrstu gerð frumvarpsins að fenginni umsögn frá Bændasamtökum Íslands. Í umsögn frá landgræðslustjóra er talið æskilegt að undanskilja fyrirhleðslur unnar af Landgræðslu ríkisins til varnar landbroti frá ákvæðum frumvarpsins. Þar er um sértækt mál að ræða sem þó þarf að vanda til áður en ráðist er í framkvæmdir. Með stefnu af því tagi sem hér er lögð til á að tryggja að náttúrufari og landslagi verði ekki breytt hugsunarlítið heldur verði ákvarðanir um breytta landnotkun teknar að athuguðu máli og af þar til bærum aðilum. Slíkar almennar takmarkanir ganga ekki að mati flutningsmanna gegn eignarréttarákvæðum þótt þröngt væru túlkuð og eru þau sjónarmið sem að baki liggja stöðugt að vinna á í alþjóðarétti.

Með frumvarpinu er lögð áhersla á það sem meginreglu að landið sér verndað fyrir breytingum og raski, nema ákvarðanir séu teknar um annað í staðfestu skipulagi eða á þær fallist af skipulags- og náttúruverndaryfirvöldum. Lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eiga að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag liggi fyrir slíkt mat og verði það fastur liður í gerð skipulagsáætlana. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, þar á meðal vatnsorku- og jarðvarmavirkjanir, lagning háspennulína, ýmsar verksmiðjur, förgunarstöðvar fyrir úrgang og efnistökustaðir, allt innan tiltekinna stærðarmarka. Umhverfisráðherra hefur hins vegar heimild til að víkja frá þeim mörkum og bæta við hliðstæðum skilyrðum um mat vegna annarra framkvæmda. Almenna reglan að því er varðar efnistökustaði (malarnám) á landi er 50.000 fermetrar eða stærra eða yfir 150 þúsund rúmmetrar að umfangi. Þessi stærðarmörk þarfnast endurskoðunar við þar eð þau virðast of há miðað við íslenskar aðstæður. Þá þyrfti og að tryggja að ákvæði laganna taki einnig til efnisnáms á sjávarbotni.

Um efnistöku eru í frumvarpinu auk framangreindra meginreglna sett fram nánari ákvæði með hliðsjón af því hver telst hafa eignar- eða umráðarétt yfir landinu. Í þeim felast almennar takmarkanir eða skilyrði sem uppfylla verður áður en ráðist er í efnistöku þannig að ekki hljótist af spjöll á landi og náttúruminjum eða varanlegar breytingar á landslagi sem ekki hefur verið ráð fyrir gert samkvæmt staðfestu skipulagi. Ákvæði þessi varða fyrst og fremst sölu eða ígildi sölu á jarðefnum en undanþegin er lítils háttar efnistaka landeiganda til eigin nota, enda valdi hún ekki landskemmdum og vel sé gengið frá efnistökustað.

Sett eru inn fyllri ákvæði en nú eru í gildi um viðhlítandi frágang eftir efnistöku og annað jarðrask og fjárhagslega tryggingu fyrir því að við sett skilyrði verði staðið af hálfu framkvæmdaraðila. Einnig er mælt svo fyrir að ekki megi nota efnisnámur til að fleygja eða farga þar rusli eða öðru óskyldu efni, en að því eru mikil brögð til enn frekari lýta en fylgja ófrágengnum efnisnámum auk þess sem slíkur úrgangur getur torveldað frágang.

Ófrágengnar efnisnámur skipta hundruðum ef ekki þúsundum í heild á landinu. Athugun á fjölda efnisnáma á Austurlandi, sem gerð var af eftirlitsmanni Náttúruverndarráðs á árinu 1987, leiddi í ljós að efnisnámur í Múlasýslum væru um 400 talsins fyrir utan smærri efnistökustaði bænda og einstaklinga. Stærsti hlutinn var í umsýslu Vegagerðarinnar sem eðlilega hefur mikla þörf fyrir efnistöku.

Í greinargerð Einars Þórarinssonar, eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs, segir m.a. í skýrslu um efnisnám á Austurlandi sem dagsett er 8. febrúar 1995: „Ljóst er að drjúgur hluti þessara náma er ófrágenginn og sumar valda verulegu lýti í umhverfinu. Taka ber fram að Vegagerðin hefur í seinni tíð lagt metnað sinn í að ganga sómasamlega frá öllum stærri námum að notkun lokinni og sama gildir um Landsvirkjun. Ég tel mikla þörf á að gera samræmda úttekt á stöðu þessara mála í fjórðungnum og leggja mat á hvað gera þurfi til að ástandið komist í viðunandi horf. Sem eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs tel ég nauðsynlegt að endurskoða þau lög sem taka til efnisnáms og samræma þau ákvæði sem stangast á svo sem í náttúruverndarlögum og námalögum. Tel ég það algjöra forsendu fyrir að hægt verði í framtíðinni að vinna skipulega og skynsamlega að efnistökumálum í landinu."

Með ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er reynt að taka á því hvernig staðið verði að frágangi eftir efnistöku og jarðrask sem átt hefur sér stað fyrir lögfestingu þessa frumvarps. Þar er verk að vinna og ekki seinna vænna að leggja á ráðin um úrbætur.

Brýnt er að auka eftirlit með að ákvæði náttúruverndarlaga séu virt, þar á meðal um efnistöku. Á þessu sviði blasa við verkefni um allt land og þarf að gera eftirlit í senn einfalt og skilvirkt. Til álita ætti að koma að sameina vissa eftirlitsþætti á sviði umhverfismála og skipta landinu í svæði eða umdæmi í þessu skyni. Það eftirlit, sem Náttúruverndarráð hefur haldið uppi allt frá árinu 1973 að telja, er góðra gjalda vert, en það hefur verið takmarkað af þröngum fjárhag og yfirleitt verið unnið sem hlutastarf. Náttúrustofur, sem nú eru að rísa í kjördæmum í krafti nýrra lagaákvæða, gætu verið eðlilegur aðili til að taka að sér svæðisbundið eftirlit af þeim toga sem hér um ræðir.

Nauðsynlegt er að horfa til annarra laga er varða skyld efni, svo sem námulaga, nr. 24/1973, og laga nr. 123/1940, um bann við jarðraski, og fella ákvæði þeirra að þessu frumvarpi þannig að réttarstaðan verði sem ljósust. Iðnaðarráðherra setti þann 15. september 1995 reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs á grundvelli námulaga og er það jákvætt skref. Þá er æskilegt að taka tillit til ákvæða frumvarpsins við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga þannig að fyllsta samræmis sé gætt. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til breytinga á námulögum til að tryggja að við framkvæmd þeirra laga verði tekið tillit til ákvæða laga um náttúruvernd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að skipta ákvæðum sem falla undir kaflann „Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni" í tvo kafla og beri hinn síðari heitið Landslagsvernd. Það heiti lýsir nokkuð vel inntaki þeirra ákvæða sem færð eru undir hann samkvæmt frumvarpinu.

Um a-lið (21. gr.).

Í ákvæðinu eru taldar upp ákveðnar landslagsgerðir og kveðið á um að þær njóti almennrar verndar. Í henni felst að ekki má raska náttúrufyrirbærum af þessum gerðum nema þá samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Með skipulagsyfirvöldum er átt við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og skipulagsstjóra ríkisins. Sveitarstjórnir þurfa að gæta þess að farið sé að staðfestu aðalskipulagi en breytingar á því þurfa að fara fyrir skipulagsstjóra. Sama máli gegnir ef ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag.

Um landslagsgerðir var höfð hliðsjón af danskri löggjöf (Lov 1992-01-03 nr. 9 om naturbeskyttelse) um umhverfisvernd, en stærðarmörk skv. c- og e-lið voru þó höfð rýmri en þar er kveðið á um. Þegar talað er um gosmyndanir „frá nútíma" er átt við tímann frá lokum síðasta jökulskeiðs fyrir 10–12 þúsund árum. Þessar gosmyndanir eru flestar auðgreindar frá öðrum og eldri jarðmyndunum, svo sem jökulurðum og blágrýtishraunlögum frá fyrri jarðsöguskeiðum. Varðandi athyglisverðar jarðmyndanir, sbr. b-lið, sem æskilegt er að njóti landslagsverndar samkvæmt reglugerð sem umhverfisráðherra setur, má nefna auk þess sem talið er upp í a-lið móbergs- og bólstrabergsfjöll sem flest eru frá síðasta jökulskeiði og stórar sandauðnir sem teljast mega einkennandi fyrir Ísland.

Um b-lið (22. gr.).

Í greininni eru dregnar fram helstu almennar takmarkanir við jarðraski og efnistöku. Meginreglan er að í staðfestu skipulagi sé gert ráð fyrir framkvæmdum sem jarðrask fylgir sem og efnistöku. Þá er vísað til laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, en falli framkvæmd utan ramma þeirra ber engu að síður að fylgja skipulagsákvörðun þegar framkvæmd getur haft varanlegar breytingar á landslagi í för með sér.

Í 2. mgr. eru taldar upp frekari takmarkanir við efnistöku þegar hún snertir sérkennilegt landslag, merkar náttúruminjar eða vistkerfi. Efnistaka má ekki ganga gegn ákvæðum um friðlýsingu að náttúruverndarlögum né heldur gegn staðfestum skipulagsáætlunum. Er þá m.a. haft í huga svæðaskipulag eða aðrar skipulagsáætlanir er varða landnotkun.

Um c-lið (23. gr.).

Í greininni eru settar fram vinnureglur um leyfi fyrir efnistöku á landi í einkaeign. Gert er ráð fyrir að sá er hyggst nema efni leggi fyrir sveitarstjórn áætlun um efnisnámið og leiti hún umsagnar viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins um hvort leyfa skuli. Jákvæð umsögn þessara aðila er skilyrði fyrir því að sveitarstjórn megi veita umbeðið leyfi en eðlilegt er að rökstuðningur fylgi synjun. Sá er sækir um leyfi skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs og úrbóta á landi að lokinni efnistöku.

Þá er landeigendum samkvæmt síðustu málsgrein heimiluð lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda raski hún ekki náttúruverðmætum eða gangi í berhögg við friðlýsingar og virt séu ákvæði um góðan frágang.

Um d-lið (24. gr.).

Efni greinarinnar varðar jarðefnanám í afréttum og almenningum og á landi í eigu sveitarfélaga. Í fyrra tilvikinu ber að fara eftir staðfestu skipulagi, en ella sé farið að ákvæðum 19. gr. um að framkvæmdaraðili sæki um leyfi til umhverfisráðherra um efnistöku samkvæmt áætlun um verk og frágang. Tilskilið er að Náttúruvernd ríkisins fallist fyrir sitt leyti á áætlun um efnistöku.

Sé land í eigu sveitarfélags er eðlilegt að Náttúruvernd ríkisins og skipulagsstjóri fjalli um umsókn um efnistöku í stað sveitarstjórnar, en umhverfisráðherra úrskurði um hugsanlegan ágreining.

Um e-lið (25. gr.).

Greinin er að stofni til byggð á gildandi 23. gr. náttúruverndarlaga. Gerð er sú breyting að fellt er niður hugtakið jarðrask í 1. mgr. sem þannig breytt vísar almennt til mannvirkjagerðar. Er sem áður skylt að leita álits Náttúruverndar ríkisins en nú á frumstigi framkvæmdaundirbúnings sem er ekki aðeins „áður en framkvæmdir hefjast". Þá er talið fullnægjandi að heimild um að setja „nánari fyrirmæli" um ákvæði samkvæmt greininni falli undir almenna heimild laganna til ráðherra um að hann setji reglugerð um framkvæmd þeirra.

Um f-lið (26. gr.).

Greinin kveður á um frágang eftir jarðrask sem hlotist hefur við efnistöku eða mannvirkjagerð og gerir framkvæmdaraðila skylt að ganga frá því á viðhlítandi hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Er miðað við að þessi regla gildi einnig þó að halda eigi efnisnámi áfram á sama stað síðar. Náttúruvernd ríkisins getur gefið fyrirmæli um frágang og sett mönnum frest til að ljúka honum innan árs. Sinni viðkomandi ekki fyrirmælum um frágang skal sveitarstjórn sjá um að verkið sé unnið á hans kostnað. Til hægðarauka fyrir sveitarstjórnir er gert ráð fyrir að kröfur þeirra á hendur framkvæmdaraðlila vegna slíks kostnaðar séu aðfararhæfar og kemur slík heimild í veg fyrir að sveitarstjórnir þurfi að afla sér dómsúrskurðar áður en hægt er að krefjast aðfarar.

Síðari málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um g-lið (27. gr.).

Með ákvæðum greinarinnar er umhverfisráðherra gert að setja nánari fyrirmæli um landslagsvernd og efnistöku.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 21. og 22. gr. laganna falli brott, en kafli sá sem lagt er til að bætist við inniheldur reglur um það sama og greinar þessar. Einnig er lagt til að 23. gr. laganna falli brott en hún er í aðalatriðum samhljóða hinni nýju 25. gr. í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 107 (46. mál 119. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995, bls. 675–679.

I. Vinnsla lausra gosefna. Bréf til þeirra sem málið varðar. Arnþór Garðarsson, formaður Náttúruverndarráðs (9. janúar 1995).
II. Svar Hins íslenska náttúrufræðifélags (17. janúar 1995).
III. Svar Raunvísindastofnunar Háskólans (7. febrúar 1995).

74. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um úttekt á hávaða- og hljóðmengun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun hérlendis og leggja fyrir næsta þing niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta.

Greinargerð.

Hávaði og hljóðmengun af margvíslegu tagi fer vaxandi ár frá ári. Þar er ekki aðeins um að ræða hávaða frá umferð og atvinnurekstri heldur einnig tónlist og talað orð úr hátölurum á almannafæri, í almenningsfarartækjum, verslunum, veitinga- og samkomuhúsum, líkamsræktarstöðvum og á útivistarsvæðum ætluðum almenningi. Hljóðmengun yfir ákveðnum mörkum getur verið heilsuspillandi, valdið skemmdum á heyrn auk truflunar og margvíslegra sálrænna áhrifa sem valdið geta andlegri vanlíðan. Því er brýnt að af opinberri hálfu sé unnið skipulega gegn óþörfum og truflandi hávaða til verndar heilsu manna og til að tryggja rétt einstaklingsins til ómengaðs umhverfis. Hávaði frá tólum og tækjum er röskun sem halda ber í lágmarki og enginn á að þurfa að þola síbylju úr hátölurum í formi talaðs orðs eða hljómflutnings sem hann kærir sig ekki um. Þar sem margir koma saman á réttur minni hluta gagnvart hljóðmengun að vera jafn ríkur og meiri hluta, jafnt á vinnustað sem á almannafæri.

Undanfarið hafa orðið miklar umræður um hávaðamengun frá umferð. Talið er að allt að 1.700 íbúðir í Reykjavík séu þannig staðsettar að hávaði við húsvegg sé óleyfilegur og dæmi eru um svo mikinn hávaða í íbúðarhúsnæði að heilu fjölskyldurnar sofa ekki á nóttunni nema með því að taka sterkar svefntöflur.

Yfirvöld eru nú orðin mun meðvitaðri en áður um skaðsemi hljóðmengunar og má í því sambandi nefna að 16. júlí 1996 samþykkti borgarráð að veita aukið fé til embættis borgarverkfræðings til að flýta gerð tillagna um hvernig megi bregðast við umferðarhávaða í ýmsum hverfum Reykjavíkur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins hefur aldrei verið gerð heildarúttekt á hávaða á Íslandi, en talið er víst að hérlendis búi margir við hávaða sem er langt yfir settum viðmiðunarmörkum. Telja verður mjög brýnt að gerð verði úttekt á hávaða þannig að unnt sé að leggja grunn að úrbótum. Þar við bætist þörfin á að settar verði reglur til að vernda fólk fyrir hávaða á almannafæri, en í því skyni getur einnig verið þörf á könnun á ríkjandi aðstæðum.

Um hávaðamengun hefur áður verið fjallað og ályktað á Alþingi. Á 110. löggjafarþingi var samþykkt svohljóðandi þingsályktunartillaga sem flutt var af Ragnari Arnalds og fleiri þingmönnum: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun.“ Í greinargerð með tillögunni var vitnað til blaðagreinar sem Steingrímur G. Kristjánsson ritaði í Morgunblaðið 24. september 1987.

Þann 30. apríl 1992 svaraði forsætisráðherra fyrirspurn á Alþingi um hvað liði samningu frumvarps um þetta efni. Í svarinu kom fram að ekki væri talin þörf á nýrri löggjöf á þessu sviði. Í því sambandi vísaði ráðherra til laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og mengunarvarnareglugerðar, nr. 386/1989, með síðari breytingum, sem og heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, með síðari breytingum.

Samkvæmt þessu hefur það verið mat framkvæmdarvaldsins að ekki skorti lagaheimildir til að bregðast við hávaða- og hljóðmengun. Það breytir ekki þeirri staðreynd að í íslenskum rétti er ekki að finna um þetta efni heildarlöggjöf sem kann að vera æskileg til að tryggja betur en nú er réttarstöðu manna gagnvart hávaða- og hljóðmengun og auðvelda um leið framkvæmdarvaldinu aðhald og eftirlit.

Flutningsmenn hafa látið kanna hvar er að finna helstu laga- og reglugerðarákvæði um hávaðamengun (sjá fylgiskjal).

Á þessu stigi er brýnast að aflað verði glöggra upplýsinga um ástand þessara mála hér á landi til að undirbúa aðgerðir og réttarbætur til að verjast óæskilegri og sívaxandi hávaða- og hljóðmengun á almannafæri.

Fylgiskjal.

Helstu reglur sem gilda um hávaðamengun samkvæmt íslenskum rétti.

Í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er að finna skilgreiningu á mengun. Þar kemur fram að til mengunar teljast m.a. óþægindi vegna hvers konar hávaða. Þá kemur einnig fram í lögunum að í heilbrigðisreglugerð skuli vera almenn ákvæði um hávaða, m.a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum. Í lögunum eru einnig fyrirmæli um að setja skuli í mengunarvarnareglugerð ákvæði um hávaða og titring þar sem fram komi viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða með hliðsjón af umhverfinu.

Í 7. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. reglugerð nr. 378/1994, er að finna ákvæði um varnir gegn hávaðamengun. Þar kemur fram að mengun af völdum hávaða skal vera undir ákveðnum viðmiðunarmörkum sem koma fram í 5. viðauka með reglugerðinni og að enn fremur skuli leitast við að uppfylla þau leiðbeiningarmörk sem fram koma í viðaukanum.

Þá kemur fram í reglugerðinni að forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða. Einnig ber eigendum vélknúinna ökutækja að sjá svo um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfahávaða. Loks kemur fram að við allar framkvæmdir, svo sem byggingar, gröft og gatnagerð, skuli þess sérstaklega gætt að ekki verði óþægindi af völdum hávaða. Ef sérstakar óviðráðanlegar aðstæður eru fyrir hendi er mögulegt að fá leyfi fyrir því að hávaði sé yfir viðmiðunarmörkum.

Eins og áður segir koma viðmiðunarmörk fyrir hámarkshávaða fram í 5. viðauka mengunarvarnareglugerðarinnar, en þar er að finna reglur um hávaða utan húss. Var viðaukanum breytt með reglugerð nr. 378/1994. Í þessum reglum koma fram viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir hljóðstig í og við íbúðarhúsnæði, kennslu- og sjúkrastofur, hljóðstig frá fyrirtækjum og annarri starfsemi og hljóðstig frá umferð. Við nýskipulag hverfa skal taka mið af þessum viðmiðunargildum, en ef um er að ræða svæði þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir má veita undanþágur varðandi umferðarhávaða. Ef upp koma tilvik sem reglurnar ná ekki yfir skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum á einhverju Norðurlandanna.

Í 22. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 er að finna ákvæði um hávaða og titring. Þar kemur fram að forráðamönnum stofnana og fyrirtækja er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að draga úr eða koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða eða hávaða sem veldur óþægindum. Einnig kemur fram í sömu reglugerð að unnt er að krefjast sérstaks búnað-

ar á veitinga- og samkomuhúsum til að fyrirbyggja að gestir verði fyrir óþægindum eða heyrnarskaða af völdum hávaða.

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, er að finna ákvæði er stuðla eiga að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi, m.a. er í lögunum mælt fyrir um setningu frekari reglna um varnir gegn hávaða á vinnustöðum. Frekari fyrirmæli um hávaðavarnir er að finna í ýmsum reglugerðum. Má þar nefna reglur nr. 500/1994, um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna, en þeim reglum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða.

Í 35. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, kemur fram að ökumaður vélknúins ökutækis skuli haga meðferð þess og akstri þannig að frá því stafi ekki hávaði að óþörfu.

Þá er einnig að finna ákvæði í flestum lögreglusamþykktum sem banna hvers konar hávaða á almannafæri, sem líklegur er til að valda ónæði eða truflun.

75. Fyrirspurn [75. mál]

til fjármálaráðherra um fæðingarorlof feðra.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Eiga allir karlar sem eru í starfi hjá ríkinu, og uppfylla skilyrði um starfsaldur, rétt til fæðingarorlofs, sbr. fréttatilkynningu fjármálaráðuneytis nr. 13/1997, án tillits til þess í hvaða stéttarfélagi þeir eru?

76. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich, Árni R. Árnason.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Tekjur skv. 2. mgr. A-liðar 7. gr. sem aflað er við rannsókna- eða þróunarverkefni að fjárhæð allt að 500.000 kr. Skilyrði þess að skattstjóri veiti slíka undanþágu er að umsögn liggi fyrir um verkefnið frá Rannsóknarráði Íslands sem hafi staðfest það sem rannsókna- og þróunarverkefni og skráð sem slíkt. Fjármálaráðherra skal setja reglur um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Jafnháa fjárhæð og færð hefur verið til gjalda sem rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. við rannsókna- og þróunarverkefni samkvæmt nánari skilyrðum sem fjármálaráðherra setur í reglugerð. Frádráttur þessi skal einungis heimill fyrir verkefnabundna rannsókna- og þróunarstarfsemi sem Rannsóknarráð Íslands hefur staðfest.

3. gr.

Við 2. mgr. 31. gr. A bætist nýr stafliður, c-liður, sem orðast svo: Jafnháa fjárhæð og árlega er færð skv. b-lið þessarar málsgreinar, enda sé um að ræða kostnað fyrirtækis við öflun einkaleyfis eða hönnunarverndar til að hagnýta þekkingu sem rekstraraðili hefur sjálfur aflað með rannsókna- og þróunarstarfsemi á eigin vegum eða í samvinnu við rannsóknastofnanir. Frádráttur þessi skal einungis heimill fyrir verkefnabundna rannsókna- og þróunarstarfsemi sem Rannsóknarráð Íslands hefur staðfest.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. og 121. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram að nýju.

Framfarir og framþróun í atvinnulífinu byggjast að verulegu leyti á rannsóknum. Mörg dæmi eru um mikinn kostnað við rannsóknir og þróun sem fyrirtæki og einstaklingar hafa þurft að leggja í til að hefja starfsemi eða þróa starfsemi sína. Fleiri dæmi eru eflaust um að rannsóknir hafi ekki farið fram áður en fjárfest var í búnaði, tækjum og byggingum sem engan arð báru en koma hefði mátt í veg fyrir með rannsóknum. Slík tilvik hafa kostað þjóðarbúið mikið.

Það er því skoðun flutningsmanna að hvetja eigi til rannsókna og hvers konar þróunarstarfa. Það leiði til framfara, auki hagsæld og skili sér til ríkissjóðs með tekjum af öflugra atvinnulífi. Rannsóknaverkefni af ýmsu tagi eru atvinnulífinu afar mikilvæg og brýn. Sé litið til nýrrar aldar er augljóst að auka verður þann þátt. Því er mikilvægt að fyrirtæki fái hvatningu eins og hér er gert ráð fyrir til að efla rannsóknir á öllum sviðum. Þar með yrðu rannsóknir hagnýtari þar sem þær miðuðust við þarfir atvinnulífsins.

Sú kenning er viðurkennd að vöxtur atvinnulífsins á komandi árum felist í uppbyggingu smárra fyrirtækja. Lítil fyrirtæki hafa ekki burði til að sinna miklum rannsóknum eða þróun en með hvatningu eins og þeirri sem frumvarpið gerir ráð fyrir gætu þau sinnt slíkri starfsemi í samstarfi við stærri fyrirtæki, auk þess sem svigrúm og möguleikar þeirra til þess að stunda rannsóknir og þróun á eigin vegum ykjust. Það er mat flutningsmanna að samþykkt frumvarpsins muni auka rannsókna- og þróunarstarf í smærri fyrirtækjum, svo og þátttöku stærri fyrirtækja í því starfi.

Markmið.

Það hefur lengi verið markmið að auka hlut fyrirtækja í fjármögnun og framkvæmd rannsókna. Með stofnun Rannsóknasjóðs í vörslu Rannsóknarráðs Íslands var stigið mikilvægt skref í þá átt og hefur það sýnt sig að þátttaka fyrirtækja í rannsóknum hefur aukist. Markmiðið með frumvarpi þessu er að auka hlut fyrirtækja í fjármögnun og framkvæmd rannsókna enn frekar. Enn fremur að auðvelda öflun einkaleyfa og hlutafjár á vegum eigenda fyrirtækja með vinnuframlagi við viðurkenndar rannsóknir og þróunarstörf. Það mun síðan draga úr þörf fyrir sérstakar aðgerðir af hálfu hins opinbera.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir tilfellum þar sem einstaklingar taka þátt í þróunar- og rannsóknaverkefnum. Til slíkra verkefna telst t.d. öflun verkefna erlendis sem í mörgum tilfellum skila

ekki arði fyrr en eftir langan tíma. Einnig er um að ræða verkefni sem lítil einstaklingsfyrirtæki vinna að, t.d. þróun nýrrar framleiðsluvöru þar sem langur tími líður þar til hún skilar arði. Oft á tíðum byggist verðmætasköpunin í slíkum verkefnum á mikilli og fórnfúsri vinnu þeirra einstaklinga sem leggja vinnuframlag sitt til viðkomandi verkefnis. Ekki er hægt að sýna vinnuframlag í bókhaldi því að þá þarf að greiða tekjuskatt af því. Þetta leiðir til þess að verðlagning á verkefninu verður röng og oft heftir það framgang verkefnanna. Enn fremur er hægt að nefna dæmi um verkefnaöflun erlendis þar sem gerðir hafa verið samningar um kostnaðarþátttöku innlenda aðilans sem í mörgum tilfellum er vinnuframlag. Í mörgum tilfellum verður slík kostnaðarþátttaka erfiðari, sérstaklega hjá minni fyrirtækjum, því að greiða þarf tekjuskatt af vinnuframlaginu.

Ákvæðið miðast við að heimilt verði að sækja um lækkun á tekjuskattsstofni þeirra einstaklinga, sem leggja fram vinnu í rannsókna- og þróunarverkefni, um 500.000 kr., þar til ljóst verður hvort verkefnið skilar arði eða ekki. Fá verður viðurkenningu Rannsóknarráðs á því að verkefnið teljist rannsókna- og þróunarverkefni og veitir skattstjóri síðan heimild. Fjárhæðin er óveruleg miðað við þá vinnu sem venjulega er lögð í rannsókna- og þróunarverkefni og verður í flestum tilvikum aðeins lítill hluti heildarkostnaðar vegna vinnu.

Um 2. gr.

Lagt er til að fyrirtæki sem stunda markvisst rannsókna- og þróunarstarf fái heimild til að gjaldfæra tvöfaldan þann kostnað sem þau hafa lagt í þróun eða rannsóknir. Þetta er beinlínis gert til að lækka skattskyldar tekjur viðkomandi fyrirtækja og hvetja fyrirtæki til þess að leggja fjármuni í rannsókna- og þróunarstörf.

Erfitt er að meta áhrif heimildarákvæða 2. gr. frumvarpsins. Hægt er þó að benda á þrjú atriði:

— Með því að lækka skattstofn fyrirtækja mun afkoma þeirra batna.
— Áhrif á möguleika fyrirtækjanna til þess að ráða meiru um eigin framtíð án þess að þurfa að hætta öllu til eða takmarka getu sína við að bregðast við breyttum ytri aðstæðum sem áhrif hafa á reksturinn.
— Líkur á auknum framlögum fyrirtækja til rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Dæmi um áhrif frumvarpsins á afkomu fyrirtækja.

Bein áhrif á afkomu fyrirtækis:	*Án álags* %	*Með 100% álagi* %
Heildartekjur	100	100
Rekstrarhagnaður af rannsókna- og þróunarverkefni	20	20
Eigið framlag til rannsókna- og þróunarverkefna	–5	–5
Ívilnun fyrir framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi	0	–5
Stofn til tekjuskatts	15	10
Tekjuskattur (33%)	–4,95	–3,30
Hagnaður fyrir breytingar á eigin fé	10,05	6,75
Leiðrétting vegna rannsókna- og þróunarálags	0	5
Eigið fé til næsta árs	**10,05**	**11,75**

Í dæminu breytist afkoma fyrirtækisins lítið þrátt fyrir verulega hækkun á rannsókna- og þróunarframlagi fyrirtækisins. Hins vegar geta stjórnendur fyrirtækisins hlutast mun meira

til um framtíð þess með ákvörðunum um þátttöku í rannsókna- og þróunarstarfi. Jafnframt er haldið opnum möguleikum fyrirtækisins til umsvifa sem eru í reynd mun meiri en ef heimildin væri ekki til staðar. Með þessari heimild geta stjórnendur haft meiri áhrif á rekstrargrundvöll eigin fyrirtækis.

Ekki verður með neinni vissu spáð fyrir um aukin framlög fyrirtækjanna til rannsókna- og þróunarstarfsemi ef sú heimild sem hér um ræðir verður lögfest. Þó má leiða líkur að því að aukningin verði nokkur og liggja til þess nokkrar ástæður.

Með því að takmarka réttinn til að nota heimildina við þau fyrirtæki sem verja umtalsverðum fjármunum til rannsókna- og þróunarstarfsemi er verið að skapa rýmri skilyrði til slíkra verka hjá fyrirtækjum þar sem skilningur ríkir á mikilvægi rannsókna- og þróunarstarfs og á tækifærunum sem í því felast.

Einnig er vert að benda á að rýmri möguleikar fyrirtækjanna til þess að fjárfesta í rannsókna- og þróunarstarfsemi sem skattaívilnun skapar ættu að geta leitt til þess að rannsóknaverkefnin verði umfangsmeiri og um leið markvissari. Því meira sem fyrirtækin leggja til einstakra verkefna þeim mun meira er í húfi að vel takist til. Þannig ætti að fást aukin trygging fyrir markvissri stjórnun verkefnanna.

Geta fyrirtækjanna við núverandi aðstæður til þess að verja tiltölulega háum fjárhæðum til rannsókna- og þróunarverkefna takmarkar líklega nokkuð viðleitni til að stytta úrlausnartíma verkefnanna. Dæmi eru um að of langur tími líði uns niðurstöður rannsóknaverkefna liggja fyrir og það leiði til þess að tækifæri renna úr greipum fyrirtækja. Með samþykkt frumvarpsins ætti að fást nokkur úrlausn í þessu efni. Þetta atriði, sem og þau sem áður var getið, ræðst mest af þeim ákvörðunum sem stjórnendur fyrirtækjanna taka.

Í greininni er gert ráð fyrir að skattstjóri úrskurði um heimild til frádráttar, að fenginni umsókn fyrirtækisins, en hún skal staðfest af löggiltum endurskoðanda fyrirtækisins. Það hvílir á herðum endurskoðandans að fylgja reglum um hvað telst rannsókna- og þróunarkostnaður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem sett yrði samkvæmt þessari grein.

Þeim sem nýta sér heimildina er skylt að halda sérstakt bókhald fyrir rannsókna- og þróunarverkefnin sem fyrirtækið tekur þátt í. Í álitamálum skal skattstjóri leita umsagnar Rannsóknarráðs um hvort tæknilegt nýnæmi og framvinda verkefnisins sé þannig að fullvíst sé að alvara fylgi málum. Ráðið fær nauðsynlegar upplýsingar beint frá fyrirtækjum sem í hlut eiga.

Í reglugerð skal kveðið á um hvaða kostnaðarliðir heyra til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Við samningu reglugerðarinnar má taka mið af skilgreiningum OECD og Evrópusambandsins svo að samsvörun náist við þær aðstæður sem fyrirtækjum í samkeppnislöndum okkar eru búnar. Jafnframt verði höfð hliðsjón af alþjóðlegum reikningsskilastaðli nr. 9, en hann fjallar um reikningsskil fyrir rannsókna- og þróunarstarfsemi. Í reglugerð skal fylgt þeirri meginreglu að einungis verði meðtalinn kostnaður lögaðila sem beinlínis verður rakinn til verkefnisins sem sótt er um heimild fyrir. Stofnkostnaður lýtur öðrum reglum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki er heimilt að reikna sem eigin framlög styrki sem opinberir sjóðir veita til verkefnanna.

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er verið að tryggja hagsmuni íslenskra fyrirtækja vegna tækniþekkingar sem þau hafa lagt í kostnað við og aflað með rannsókna- og þróunarstarfsemi sem annaðhvort hefur verið stunduð hjá þeim sjálfum eða í vísindastofnunum, samkvæmt samningum, hvort sem um er að ræða háskólastofnanir eða aðrar. Það er mikilvægt að hvetja og styðja nýsköpunarverkefni fyrirtækjanna um leið og tryggja verður að ávinningur af rannsókna- og þróunar-

starfinu hafni hjá þeim sem borið hafa kostnaðinn. Þetta ákvæði má skoða sem aukinn opinberan stuðning við rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna í landinu.

Ekki þykir annað fært en að bæði einkaleyfishæfar uppfinningar og vörur sem þróaðar hafa verið og njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/1993, um hönnunarvernd, falli undir þetta ákvæði.

Gera má ráð fyrir að útlagður kostnaður fyrirtækis fram að veitingu einkaleyfis hér á landi gæti verið 200 þús. kr. Sótt er um 20–30 einkaleyfi á ári og má gera ráð fyrir að fjórða hver umsókn endi með veitingu einkaleyfis sem bundið er við Ísland. Sé gert ráð fyrir að meðalkostnaður við öflun einkaleyfis í öðrum löndum sé 250 þús. kr. og sótt sé um einkaleyfi fyrir veitt íslensk einkaleyfi í átta löndum er kostnaðurinn um 10 millj. kr. Bókfært 100% álag nemur þá tvöfaldri þeirri upphæð og tekjuminnkun hins opinbera því 5 millj. kr. frá því sem nú er. Hér er um óverulega upphæð að ræða en kostnaður fyrirtækjanna af því að sleppa einkaleyfisumsóknum getur hins vegar verið verulegur, einkum ef haft er í huga að í rannsókna- og þróunarstarfinu hefur fyrirtæki með stuðningi opinberra aðila, háskóla, rannsóknastofnana og sjóða einatt varið tugum milljóna króna í verkefnið. Mikilvægt er að tryggja frekari árangur af rannsókna- og þróunarstarfi með því að hvetja fyrirtæki til að afla einkaleyfis- og hönnunarverndar að því loknu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

77. Frumvarp til laga [77. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Við C-lið 7. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Hagnaður af sölu aflahlutdeildar samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Hagnaðurinn er mismunur söluverðs og þess hluta kaupverðs sem ekki hefur verið færður til gjalda. Hagnaður samkvæmt þessum tölulið skal ávallt teljast að fullu til skattskyldra tekna á söluári.

2. gr.

Við 52. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Kaupverð eða tap af sölu aflahlutdeildar samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, en aflahlutdeild telst vera réttindi tengd ófyrnanlegum náttúruauðæfum og verða þau réttindi eigi fyrnd.

3. gr.

Við 75. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var flutt á síðasta þingi, 611. mál, og er nú endurflutt að mestu óbreytt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi því þá:

Í frumvarpi þessu er mörkuð skýr stefna um skattalega meðferð viðskipta með aflahlutdeild sem úthlutað er með lögum um stjórn fiskveiða. Nauðsynlegt er af hálfu Alþingis að taka af skarið um hvernig með slíkt skuli fara, enda margt álitaefnið. Lagt er til í frumvarpinu að aflahlutdeild verði skilgreind sem ófyrnanleg réttindi til þess að nýta náttúruauðæfi og því verði kostnaður vegna kaupa á slíkum réttindum ekki færður til gjalda í rekstrarreikningi. Á hinn bóginn verði hagnaður af sölu aflahlutdeildar færður til skattskyldra tekna samkvæmt frumvarpinu. Með þessari skattalegu meðferð stendur einungis hagnaður af rekstri eftir skatta undir kaupum á aflahlutdeild nema til komi framlög frá eigendum eða önnur eiginfjáraukning. Þar með er loku skotið fyrir það fyrirkomulag sem nú er að útgerðarmaður geti komist hjá því að nokkru leyti að greiða tekjuskatt af hagnaði útgerðar með því að festa kaup á aflahlutdeild. Sú takmörkun leiðir til þess að verð á aflaheimildum mun óhjákvæmilega lækka í verði sem hlýtur að teljast æskilegt markmið. Þá er gert ráð fyrir að verð mæti aflahlutdeildar verði ekki fært til eignar í skilningi skattalaganna, þ.e. það verðmæti myndi ekki stofn til eignarskatts.

Í fylgiskjali er sá hluti skýrslu nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu sem fjallar um skattalega meðferð aflaheimilda, en nefndin skilaði af sér ítarlegri greinargerð í aprílmánuði 1993.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að hagnaður af sölu aflaheimilda færist sem skattskyldar tekjur. Hagnaður er mismunur á söluverði og kaupverði, ef það er til staðar, annars er söluverðið allt skattskylt. Þar sem til þessa hefur verið heimilt að afskrifa kaupverð hefur það verið fært til gjalda í rekstrarreikningi og þar sem svo háttar til færist sem skattskyldar tekjur mismunur á söluverði og eftirstöðvum kaupverðs, þ.e. því sem ekki hefur verið fært til gjalda. Loks er kveðið á um að söluhagnaðurinn skuli ávallt teljast að fullu til skattskyldra tekna á söluári og eiga því ekki við um þann hagnað ákvæði um frestun eða dreifingu söluhagnaðarins sem er að finna í 19.–27. gr. laganna.

Um 2. gr.

Bætt er við í upptalningu 52. gr., sem fjallar um hvað telst ekki til rekstrarkostnaðar, ákvæði um aflahlutdeild og kveðið á um að hún teljist vera réttindi tengd ófyrnanlegum náttúruauðæfum og að þau réttindi verði eigi fyrnd. Tekið er fram að kaup á slíkum réttindum eða tap af sölu þeirra teljist ekki til rekstrarkostnaðar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við 75. gr. að aflahlutdeild teljist ekki til eignar og leiðir af breytingartillögunni að verðmæti aflahlutdeildarinnar telst ekki með við ákvörðun á eignarskattsstofni. Er það til áréttingar því sjónarmiði að réttindin til að nýta fiskimiðin verði ekki varanleg og því ekki eðlilegt að líta ekki á þau sem eign.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Úr skýrslu nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu.

(Á þskj. 360 á 117. löggjafarþingi.)

2.9. Skattaleg meðferð aflaheimilda.

Alþingi hefur ekki markað skýra stefnu um skattalega meðferð viðskipta með aflahlutdeildir. Ágreiningur hefur verið milli skattyfirvalda um eðli þessara viðskipta og hvernig túlka beri skattalög viðvíkjandi þeim. Ekki er deilt um viðskipti með aflamark innan eins árs, heldur eingöngu um hvernig líta skuli á viðskipti með varanlega aflahlutdeild. Viðskipti með aflamark innan árs koma fram sem tekjur hjá seljanda og kostnaður færist hjá kaupanda eins og hver önnur rekstrargjöld.

Ríkisskattstjóri hefur litið viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir sömu augum og viðskipti með skip. Venjulegast er að varanlegar aflahlutdeildir fylgi með skipum í viðskiptum með þau þótt oftsinnis sé hluti aflahlutdeilda undanskilinn þegar skip eru seld eða að varanlegar aflahlutdeildir ganga sjálfstætt kaupum og sölum. Samkvæmt sjónarmiðum ríkisskattstjóra má afskrifa þann kostnað sem lagt er í vegna keyptra varanlegra aflahlutdeilda um 6%–8% á ári. Með söluhagnað vegna aflahlutdeilda er farið með sama hætti og þegar skip eiga í hlut. Um það gilda ákvæði laga um tekju- og eignarskatt sem taka til söluhagnaðar af eignum sem heimilt er að fyrna.

Ríkisskattanefnd (sem nú er yfirskattanefnd) hefur litið á viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir þannig að þau ætti að gera alfarið upp innan ársins. Það sem seljandi fær í sinn hlut skal þá tekjufært á söluári og það sem kaupandi greiðir skal gjaldfært á kaupári. Rökstuðningur ríkisskattanefndar í úrskurði hennar frá 20. maí 1992 byggðist „... m.a. á eðli (veiðiheimildanna), að engum sérstökum ákvæðum er til að dreifa um meðferð veiðiheimildanna í skattskilum svo og að ekki er hægt að henda reiður á neinu afmörkuðu tímabili til gjaldfærslu eins og fyrirkomulagi er nú háttað á þessu sviði ...“

Rétt er að geta álits reikningsskilanefndar Félags löggiltra endurskoðenda frá 26. ágúst 1991 þar sem það ráð er gefið að kostnað vegna sjálfstæðra kaupa á varanlegum aflahlutdeildum skuli gjaldfæra á fimm árum. Hefur sú aðferð verið mest notuð af fyrirtækjum vegna eigin uppgjörs.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa einkum komið fram tvö sjónarmið um hvernig skattaleg meðferð viðskipta með varanlegar aflaheimildir skuli vera. Nefndin er þeirrar skoðunar að tekjur og gjöld vegna viðskipta með aflamark innan árs færist alfarið til tekna og gjalda á viðkomandi ári.

Nefndin getur ekki fallist á að úrskurður ríkisskattanefndar frá 20. maí 1992 sé eðlilegt fyrirkomulag. Nefndin telur að eðli viðskipta með aflamark innan árs sé gjörólíkt viðskiptum með varanlegar aflahlutdeildir og því hljóti skattaleg meðferð þessara viðskipta að endurspegla þennan mismun.

Annars vegar hefur komið fram það sjónarmið í nefndinni að líta eigi á viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir svipað og viðskipti með eignir sem eigi er heimilt að fyrna. Þannig eigi ekki að vera mögulegt að afskrifa kostnað vegna kaupa á varanlegum aflahlutdeildum nema sú staða komi upp að aflamarkskerfinu verði breytt og að verðmæti varanlegra aflahlutdeilda í viðskiptum falli mjög verulega eða verði að engu. Eðli varanlegra aflahlutdeilda sé þannig að verðmæti þeirra rýrnar ekki við notkun en slíkt er grundvallaratriði þegar fyrnanlegar eign-

ir eiga í hlut. Því ætti í sjálfstæðum viðskiptum með varanlegar aflahlutdeildir og eins þegar skip eiga jafnframt í hlut að færa viðskiptin með varanlegu aflahlutdeildirnar sér. Slíkt fyrirkomulag hlýtur að endurspegla vilja til þess að aflamarkskerfið verði varanlegt.

Hins vegar hefur komið fram það sjónarmið að vegna sögulegra ástæðna sé vart annað fært en að fara með sölu á varanlegum aflahlutdeildum með sama hætti og viðskipti með skip. Þegar takmarkanir voru settar á innflutning skipa og viðbætur við fiskiskipaflotann takmarkaðar seint á áttunda áratugnum hækkaði verð fiskiskipa í viðskiptum innan lands. Sú verðhækkun stafaði af því að sjálfur aðgangurinn að veiðunum varð að verðmæti í viðskiptum. Þetta verðmæti endurspeglaðist líka í verði skipa á tímum sóknarmarksins. Síðan þegar aflamarkskerfi er tekið upp alfarið má segja að verð skipa í viðskiptum taki mið af ástandi skipsins sjálfs svo og þeim aflahlutdeildum sem því fylgja. Þannig hafa öll viðskipti um meira en 10 ára skeið með skip með aðgangsrétt að miðunum og síðar með skip með aflahlutdeildir byggst á því að viðskiptalegt verðmæti eða kostnaður vegna keypts aðgangsréttar eða aflahlutdeilda væri afskrifanlegur með sama hætti og skip. Á þessu hafa fjárhagslegar skuldbindingar fjölmargra fyrirtækja byggt. Með því að gera kostnað vegna keyptra varanlegra aflahlutdeilda óafskrifanlegan væri verið að lækka verð þeirra verulega í viðskiptum og þar með rýra eignir, verðmætamat og veðhæfni allra sjávarútvegsfyrirtækja með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Slíkt kalli á svo mikla röskun á stöðu sjávarútvegsins gagnvart lánardrottnum sínum og hlutabréfamarkaði að það sé ekki fært að líta á kostnað vegna keyptra aflahlutdeilda sem óafskrifanlegan. Því verði að meðhöndla viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir skattalega með sama hætti og viðskipti með skip. Enn fremur eru þau rök færð fyrir því að kostnaður vegna varanlegra aflahlutdeilda eigi að vera afskrifanlegur að rétturinn til nýtingar fiskstofnanna sé háður ákvörðun Alþingis og því óviss þrátt fyrir að líta megi á náttúruauðlindina sem varanlega. Því sé það eðlileg varfærni í rekstri að afskrifa kostnaðinn við öflun varanlegra aflaheimilda.

Niðurstaða nefndarinnar er sú í ljósi ofansagðs að leggja til að óheimilt verði að fyrna (afskrifa) kaupverð varanlegra aflahlutdeilda sem eigendaskipti verða að frá og með upphafi fiskveiðiársins sem hefst 1. september 1996. Fram til þess tíma verði farið með þessi viðskipti í samræmi við fyrrgreind sjónarmið ríkisskattstjóra og lögum breytt til að taka af tvímæli um þessi atriði.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til sjávarútvegsráðherra um túnfiskveiðar.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Er heimild í lögum til þess að stunda túnfiskveiðar í atvinnuskyni innan íslensku fiskveiðilögsögunnar með íslenskum skipum eða erlendum leiguskipum á leigusamningi hjá íslenskum fyrirtækjum? Ef ekki, stendur þá til að breyta lögunum?
2. Eru fyrirhugaðar einhverjar aðgerðir af hálfu ráðuneytisins til að auðvelda íslenskum útgerðarmönnum að stunda túnfiskveiðar innan eða utan íslensku fiskveiðilögsögunnar?
3. Er verið að undirbúa inngöngu Íslands í Alþjóðatúnfiskráðið?
4. Hver er árangur af tilraunaveiði á túnfiski í samstarfi Íslendinga og Japana á þessu og síðasta ári?

79. Fyrirspurn [79. mál]

til landbúnaðarráðherra um Áburðarverksmiðjuna hf.

Frá Svavari Gestssyni.

Er það ætlun ráðherra og ríkisstjórnarinnar að seldur verði hlutur í Áburðarverksmiðjunni hf. eða hún öll? Hvenær má gera ráð fyrir því að óvissunni í rekstri verksmiðjunnar linni?

80. Fyrirspurn [80. mál]

til fjármálaráðherra um starfskjör kvenna og karla hjá ráðuneytum og opinberum stofnunum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptast
   a. bílastyrkir,
   b. greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu,
   c. greiðslur fyrir nefndarstörf,
   d. greiðslur vegna ferðakostnaðar og dagpeninga innan lands og utan,
   e. aðrar greiðslur eða fríðindi og þá hver,
   milli kynja hjá ráðuneytum og opinberum stofnunum á árunum 1995 og 1996 og hve háar voru greiðslurnar?
   Óskað er eftir að fram komi fjöldi kvenna og karla í hverjum staflið fyrir sig.
2. Hve háar voru greiðslur samkvæmt a–e-lið 1. liðar sem hlutfall af heildargreiðslum skipt milli kynja?

Skriflegt svar óskast.

81. Fyrirspurn [81. mál]

til samgönguráðherra um vegasamband við þéttbýlisstaði.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hvaða þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni hafa ekki vegasamband með bundnu slitlagi við þjóðveg 1? Um hve langa malarvegi er að ræða frá hverjum þéttbýlisstað fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

82. Frumvarp til laga [82. mál]

um umboðsmann jafnréttismála.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Stofna skal embætti umboðsmanns jafnréttismála sem hafi það hlutverk að hafa eftirlit með jafnréttismálum hér á landi og hvernig fyrirmælum alþjóðasamninga um jafnrétti kynjanna sem Ísland er aðili að er fylgt. Embættið skal einnig stuðla að því að náð verði markmiðum laga er varða jafnrétti kynjanna, m.a. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og vinna sérstaklega að bættri stöðu kvenna.

2. gr.

Forseti Íslands skipar, að tillögu forsætisráðherra, umboðsmann jafnréttismála til fimm ára í senn. Skipa má umboðsmanninn að nýju til fimm ára án auglýsingar en eigi oftar nema sérstaklega standi á.

Umboðsmaður jafnréttismála skal hafa lokið háskólaprófi. Hafi umboðsmaður jafnréttismála ekki lokið embættisprófi í lögfræði skal lögfræðingur starfa við embættið.

Laun og starfskjör umboðsmanns jafnréttismála skulu ákveðin með hliðstæðum hætti og gerist um sambærileg störf hjá ríkinu. Umboðsmanni jafnréttismála er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

3. gr.

Umboðsmaður jafnréttismála skal vinna að því að stjórnvöld, atvinnurekendur og stéttarfélög, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna hafi í heiðri ákvæði laga, alþjóðasamninga og hliðstæðra samþykkta um jafnrétti kynjanna. Í starfi sínu skal umboðsmaður jafnréttismála setja fram ábendingar og tillögur til að ná megi sem víðast jafnri stöðu kvenna og karla.

Umboðsmaður jafnréttismála skal einkum:

a. hafa frumkvæði að fræðslu og stefnumarkandi umræðu um jafnréttismál,
b. koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda er varða jafnrétti kynjanna,
c. stuðla að því að virtir séu þjóðréttarsamningar sem varða jafnrétti kvenna og karla og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu og stuðla að því að samningar um þetta efni verði fullgiltir,
d. bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að aðilar þeir, er greinir í 1. mgr., hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn ákvæðum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla,
e. kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða jafnrétti kynjanna og beita sér fyrir því að gerðar séu rannsóknir á sviði jafnréttismála.

Telji umboðsmaður jafnréttismála að brotið hafi verið gegn ákvæði d-liðar 2. mgr. skal hann beina rökstuddri álitsgerð til viðkomandi aðila ásamt tillögum um úrbætur, eigi það við.

4. gr.

Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns jafnréttismála með erindi sín.

Umboðsmaður jafnréttismála tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir rökstuddum ábendingum. Hann ákveður hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu.

Umboðsmaður jafnréttismála tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslu og hjá dómstólum.

5. gr.

Umboðsmaður jafnréttismála skal eiga samvinnu við aðra opinbera aðila sem starfa að jafnréttismálum, m.a. Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála, sbr. lög nr. 28/1991. Náist ekki viðunandi sættir eða leiðrétting mála fyrir tilstuðlan umboðsmanns jafnréttismála getur hann vísað viðkomandi máli til kærunefndar jafnréttismála.

Skrifstofa jafnréttismála sem annast þjónustu við Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála er jafnframt skrifstofa umboðsmanns jafnréttismála.

Félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við forsætisráðherra nánari reglur um samskipti umboðsmanns jafnréttismála, kærunefndar jafnréttismála og Jafnréttisráðs og um skipulag sameiginlegrar skrifstofu þessara aðila.

6. gr.

Stjórnvöldum er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að veita umboðsmanni jafnréttismála allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga skylt að veita umboðsmanni jafnréttismála allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti rækt skyldur sínar skv. d-lið 3. gr. Umboðsmaður jafnréttismála getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Komi upp ágreiningur vegna ákvæðis 1. mgr. er umboðsmanni jafnréttismála heimilt að leita úrskurðar dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir lögum um meðferð einkamála.

7. gr.

Umboðsmanni jafnréttismála ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns jafnréttismála. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Að öðru leyti fer um þagnarskyldu umboðsmanns jafnréttismála og starfsmanna hans samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins.

8. gr.

Umboðsmaður jafnréttismála ræður sjálfur starfsmenn embættisins. Honum er einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

9. gr.

Forsætisráðherra skal hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Umboðsmaður jafnréttismála skal gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega sem hluta af ársskýrslu skrifstofu jafnréttismála fyrir 1.

september ár hvert. Að öðru leyti er umboðsmaður jafnréttismála sjálfstæður og óháður fyrirmælum framkvæmdarvalds.

Forsætisráðherra setur nánari reglur um starfshætti umboðsmanns jafnréttismála að fengnum tillögum umboðsmanns.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 121. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt. Þá fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa um langt árabil verið starfandi umboðsmenn jafnréttismála og er reynslan af störfum þeirra talin góð. Í Danmörku hefur verið rætt um að koma á hliðstæðri skipan en jafnréttislöggjöf þar er nú til endurskoðunar. Þegar lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru til endurskoðunar 1988–90 lagði fyrsti flutningsmaður frumvarpsins til í nefnd sem vann að endurskoðun laganna fyrir félagsmálaráðherra að stofnað yrði embætti umboðsmanns jafnréttismála. Það varð þó ekki niðurstaðan er lög nr. 28/1991 voru sett, en í umfjöllun um málið kom fram áhugi á að slíkt skref yrði stigið innan tíðar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns jafnréttismála frá ársbyrjun 1999. Skrifstofa jafnréttismála verði styrkt til að geta tekið við þjónustu við embættið. Með því næst fram ákveðin hagkvæmni er kemur í veg fyrir óeðlilega skörun verkefna.

Afar góð reynsla er af starfi umboðsmanns Alþingis þau ár sem liðin eru frá því að embættið var stofnað. Á árinu 1994 var stofnað til embættis umboðsmanns barna. Er sú starfsemi hafin og lofar góðu. Skynsamlegt er að stíga nú næsta skref í þessu efni með stofnun embættis umboðsmanns jafnréttismála. Nauðsyn góðrar og vandaðrar stjórnsýslu á sviði jafnréttismála er nú almennt viðurkennd og stofnun embættis jafnréttismála getur vegið þungt til að því markmiði verði náð.

Meginverkefni umboðsmanns eru sett fram í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. að fylgjast með því að hvarvetna í þjóðfélaginu séu höfð í heiðri ákvæði laga, alþjóðasamninga og hliðstæðra samþykkta um jafnrétti kynjanna. Jafnframt skal umboðsmaður bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að brotið sé gegn þessum ákvæðum, þar á meðal getur hann vísað máli til kærunefndar jafnréttismála. Fræðsla og kynning er einnig mikilvægur þáttur slíks embættis og gerð tillagna um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda um jafnrétti kynjanna.

Gert er ráð fyrir samstarfi embættis umboðsmanns jafnréttismála við aðra aðila stjórnsýslunnar er vinna að jafnrétti kynjanna, sbr. 5. gr. Skrifstofa jafnréttismála sem annast þjónustu við Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála skal jafnframt vera skrifstofa umboðsmanns jafnréttismála. Með því geta sparast fjármunir þar eð unnt verður að samnýta starfskrafta, hafa sameiginlegan gagnabanka og koma að öðru leyti við hagkvæmri verkaskiptingu.

Um líklegan kostnað við embættið má hafa hliðsjón af umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarp um umboðsmann barna (117. löggjafarþing, þskj. 573), en hann var þá metinn á um 10 millj. kr. á ári miðað við tvö stöðugildi, þ.e. umboðsmann og lögfræðing og ritara, þau síðartöldu eru reiknuð sem hálft starf. Þá var áætlað að fljótlega mætti reikna með auknum launakostnaði og kostnaði við aðkeypta þjónustu þannig að árlegur kostnaður við embættið gæti hækkað um 2–3 millj. kr.

Flutningsmenn telja að jafnframt því sem sett verði á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála sé tímabært að hefja endurskoðun laga nr. 28/1991, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna

og karla. Þótt gerðar hafi verið endurbætur á eldri löggjöf um jafnréttismál fyrir fimm árum varð margt út undan við þá endurskoðun. Síðan hefur fengist reynsla af þeim nýmælum sem þá voru tekin upp, m.a. af kærunefnd jafnréttismála, og af annarri réttarþróun á þessu sviði hér heima og erlendis. Úr öllu þessu þarf að vinna hið fyrsta til að löggjöf á þessu sviði sé í samræmi við réttarþróun og framsækin viðhorf um jafnrétti kynjanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að stofnað skuli embætti umboðsmanns jafnréttismála. Embættið skal hafa eftirlit með jafnréttismálum hér á landi og fylgjast með hvernig fyrirmælum alþjóðasamninga á sviði jafnréttismála sem Ísland er aðili að er fylgt. Embættið skal einnig stuðla að því að náð verði markmiðum laga er varða jafnrétti kynjanna. Embættinu er þannig falin hagsmunagæsla með tilteknum málaflokki og er ætlað að ná jafnt til opinberra aðila sem einkaaðila.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. segir að umboðsmaður jafnréttismála skuli skipaður af forseta Íslands að tillögu forsætisráðherra til fimm ára í senn. Heppilegt er talið að sami einstaklingur gegni starfinu að jafnaði ekki lengur en í tíu ár eða tvö skipunartímabil. Embætti umboðsmannsins kemur til með að mótast af þeim sem gegnir starfinu hverju sinni. Þannig má búast við að áherslur í starfi verði mismunandi eftir því hver gegnir því á hverjum tíma og verður að telja það af hinu góða.

Með hliðsjón af þeim verkefnum sem umboðsmanni eru ætluð í frumvarpinu þykir nauðsynlegt að gera kröfu um háskólamenntun, sbr. 2. mgr. Án efa mun umfjöllun um ýmis lagaleg atriði á sviði jafnréttismála og túlkun þeirra verða eitt meginverkefni umboðsmanns jafnréttismála í framtíðinni. Hafi umboðsmaður jafnréttismála ekki lokið embættisprófi í lögum er talið nauðsynlegt að við embættið starfi lögfræðingur.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að laun og starfskjör umboðsmanns jafnréttismála skuli ákveðin með hliðstæðum hætti og gerist um sambærileg störf hjá ríkinu. Ákvæðið miðar að því að tryggja umboðsmanni fjárhagslegt sjálfstæði og virðingu í starfi. Til að tryggja enn frekar sjálfstæði og hlutleysi umboðsmanns er honum óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf og á það jafnt við um störf hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum. Æskilegt er enn fremur að sá sem gegnir embættinu hverju sinni hafi ekki með höndum ólaunuð störf eða starfi í þágu félagasamtaka eða annarra hagsmunahópa sem telja verður að samrýmist ekki starfi umboðsmanns jafnréttismála.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er hlutverk umboðsmanns jafnréttismála skilgreint. Umboðsmanni er hvorki ætlað að taka til meðferðar mál sem heyra undir verksvið umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna né mál sem eru til meðferðar hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Umboðsmaður getur hins vegar vakið athygli á, gert athugasemdir við eða gert tillögur í tilefni af niðurstöðu dómsmáls eða stjórnvalds ef niðurstaðan er þess eðlis að hún varði jafnréttismál almennt.

Í 2. mgr. ber ekki að skilja orðalagið „umboðsmaður jafnréttismála skal einkum“ svo að um tæmandi talningu á verkefnum embættisins sé að ræða heldur eru hér talin upp mikilvægustu verkefnin. Í a-lið er lögð sú skylda á umboðsmann að hann hafi frumkvæði að stefnumark

andi umræðu um jafnréttismál. Umboðsmaður skal taka þátt í almennri þjóðfélagsumræðu með það fyrir augum að vekja athygli á jafnréttismálum almennt. Honum er ætlað að setja fram tillögur og úrbætur í jafnréttismálum og metur hann sjálfur hvort og þá hvaða mál hann tekur til umræðu hverju sinni. Með réttarreglum í b-lið er átt við skráðar réttarheimildir, svo sem lög og reglugerðir. Einnig er átt við óskráðar réttarheimildir, svo sem réttarvenju, fordæmi, lögjöfnun, meginreglur laga og eðli máls. Jafnframt skal umboðsmaður koma á framfæri tillögum um úrbætur á fyrirmælum stjórnvalda og framkvæmdavenju í stjórnkerfinu. Umboðsmaður metur sjálfur hvert hann beinir tillögum sínum um úrbætur samkvæmt ákvæði þessu. Ákvæði c-liðar tekur til allra alþjóðasamninga á þessu sviði sem Ísland er nú þegar aðili að og einnig til samninga sem umboðsmaður telur rétt að fullgilda á þessu sviði. Í d-lið kemur sérstaklega fram að umboðsmaður fer ekki með úrskurðarvald í þeim málum sem hann tekur til meðferðar. Honum er hvorki ætlað að hafa afskipti af deilum einstaklinga né heldur hefur hann heimild til að gera athugasemdir við einstaklingsbundin afskipti stjórnvalda. Hins vegar er honum í ákvæðinu tryggður víðtækur réttur til að bregðast við ef hann telur tilgreinda aðila með athöfnum sínum eða athafnaleysi hafa brotið gegn ákvæðum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Með stjórnvaldi í frumvarpinu er átt við handhafa stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, stofnanir og hvers konar rekstur á þeirra vegum.

Í 3. mgr. er síðan kveðið á um viðbrögð umboðsmanns telji hann að brotið sé gegn ákvæði d-liðar 2. mgr. Athugasemdir til hlutaðeigandi aðila skulu rökstuddar og getur umboðsmaður sett fram tillögur um úrbætur telji hann ástæðu til.

Um 4. gr.

Í ákvæði 1. mgr. er kveðið á um að öllum sér heimilt að leita til umboðsmanns jafnréttismála með erindi sín. Erindi eða ábending þarf ekki að uppfylla sérstakar formkröfur og ekki er gerð krafa um að viðkomandi telji rétt á sér brotinn á einn eða annan hátt. Þannig felst í ákvæðinu ótakmarkaður aðgangur að embætti umboðsmanns jafnréttismála.

Í 2. mgr. segir að umboðsmaður taki mál til meðferðar í kjölfar ábendinga eða erinda að eigin frumkvæði. Hann ákveður sjálfur hvort ábending eða erindi gefi tilefni til meðferðar af hans hálfu og er ákvörðun hans endanleg. Í 3. mgr. er hins vegar gert ráð fyrir því að umboðsmaður taki ekki til meðferðar eða sinni persónulegum ágreiningsmálum milli einstaklinga. Berist slík mál umboðsmanni veitir hann þeim sem til hans leita upplýsingar um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslunnar, hjá dómstólum eða með því að vísa máli til umboðsmanns Alþingis eða umboðsmanns barna.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um samvinnu umboðsmanns jafnréttismála við aðra opinbera aðila sem starfa að jafnréttismálum og er gert ráð fyrir því að félagsmálaráðherra setji að höfðu samráði við forsætisráðherra nánari reglur um samskipti umboðsmanns, kærunefndar jafnréttismála og Jafnréttisráðs og skipulag sameiginlegrar skrifstofu. Um samstarfið vísast að öðru leyti til almennra athugasemda í greinargerð.

Um 6. gr.

Til þess að umboðsmaður jafnréttismála geti sinnt hlutverki sínu er nauðsynlegt að veita honum óheftan og greiðan aðgang að öllum gögnum hjá stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga sem snerta mál er hann hefur til meðferðar. Umboðsmaður skal meta hvort og hvaða upplýsingar eru honum nauðsynlegar. Einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga er einnig skylt

að veita umboðsmanni upplýsingar, en upplýsingaskylda þeirra nær einungis til d-liðar 3. gr. og er því takmarkaðri. Þá er í ákvæðinu sérstaklega tekið fram í hvaða tilvikum umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga.

Um 7. gr.

Í störfum sínum verða umboðsmanni jafnréttismála án efa kunn ýmis atvik er varða einka- og almannahagsmuni sem þurfa að fara leynt. Hins vegar er ljóst að til að rækja hlutverk sitt skv. 1. og 3. gr. frumvarpsins kunngjörir hann álit sitt í einstökum málum og skýrir opinberlega frá málefnum sem hann vinnur að. Því er í greininni lögð sú skylda á umboðsmann að hann meti frá hverju sé viðeigandi að skýra og leggja til grundvallar álitsgerðum sínum.

Um 8. gr.

Með greininni er ætlað að stuðla frekar að sjálfstæði umboðsmanns jafnréttismála í starfi með því að hann ráði hverja hann velur sem starfsmenn sína og sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

Um 9. gr.

Lagt er til að embætti umboðsmanns jafnréttismála heyri undir forsætisráðuneytið fremur en félagsmálaráðuneytið sem jafnréttismál heyra að öðru leyti undir. Hlutleysi gagnvart fagráðuneyti er umboðsmanni jafnréttismála nauðsyn til þess að hann geti unnið að jafnréttismálum af fullri einurð. Telja verður að traust almennings á störfum umboðsmanns verði best tryggt með því að embættið heyri undir ráðuneyti sem fjallar almennt lítið um jafnréttismál. Til að tryggja sjálfstæði umboðsmanns er þó forsætisráðuneyti eingöngu ætlað að hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Um boð- eða eftirlitsvald af hálfu ráðuneytisins er því ekki að ræða. Fyrirsjáanlegt er að tillögur, ábendingar eða gagnrýni umboðsmanns jafnréttismála geti beinst að ríkjandi stjórnvöldum á hverjum tíma og því er umboðsmanni nauðsyn á sjálfstæði í starfi. Þá er lagt til að skýrsla umboðsmanns, sem hluti af ársskýrslu skrifstofu Jafnréttismála, skuli gefin forsætisráðherra árlega. Skýrsla af þessu tagi er gagnleg heimild um störf embættisins og jafnframt til þess fallin að vekja athygli á og undirstrika enn frekar þau málefni sem umboðsmaður beitir sér fyrir.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að settar verði reglur um starfshætti umboðsmanns jafnréttismála, svo sem aðgang að embættinu og meðferð og afgreiðslu mála.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

83. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er þríþættur: að stuðla að jarðvegs- og gróðurvernd, að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp örfoka og lítt gróið land.

Við framkvæmd laganna skal byggt á vistfræðilegri þekkingu og varúðarreglu. Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri landsins.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Því aðeins skal taka til notkunar í landgræðslu innflutta plöntutegund að óhætt sé talið að mati Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, með hliðsjón af umsögnum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Sé nauðsyn talin á skal Rannsóknastofnun landbúnaðarins beita sér fyrir rannsóknum á viðkomandi tegund, einkum með tilliti til þess hvort hætta sé á að hún valdi röskun á lífríkinu þannig að vegið sé að fjölbreytni þess og náttúrulegum gróðursamfélögum.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

3. gr.

Síðari málsgrein 40. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins ber ásamt Landgræðslu ríkisins að leita nýrra leiða við uppgræðslu lands og gera rökstuddar tillögur um plöntutegundir sem vænlegar gætu orðið til landgræðslu, enda falli þær að ákvæðum laga þessara um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda.

4. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslu ríkisins, eða öðrum aðilum, er heimilt að fjölga plöntum af þeim tegundum sem ákveðið hefur verið að nýta til landgræðslu á grundvelli laga þessara.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskóla Íslands leggja mat á hvort einhverjar tegundir, sem nú eru notaðar til landgræðslu, falli ekki að alþjóðlegum skuldbindingum og lagaákvæðum um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda og skila um það áliti til ráðherra fyrir árslok 1998. Landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra skulu fjalla sameiginlega um álitið og gefa út fyrirmæli til Landgræðslu ríkisins á grundvelli þess.

II.

Landbúnaðarráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum, og leggja fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um gróður- og jarðvegsvernd og landgræðslu fyrir árslok 1998.

Greinargerð.

Mikill og vaxandi áhugi er á gróðurvernd og landgræðslu hérlendis. Núverandi ásýnd gróðurlenda og jarðvegs er öðru fremur afleiðing búsetunnar. Gróður- og jarðvegsvernd og rannsóknir á því sviði þurfa að verða meðal forgangsmála. Veruleg reynsla er fengin af starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins á þessari öld sem og af starfi áhugamanna. Breyttir búskaparhættir og auknir möguleikar á stjórnun beitar og friðun stórra landsvæða fyrir beit skapa nýja möguleika sem hagnýta þarf skipulega til að endurheimta landgæði. Í því starfi þarf að beita bestu tiltækri þekkingu á vistkerfum landsins og auka við hana með rannsóknum. Alþjóðleg reynsla og þekking getur einnig orðið að liði en aðlaga þarf þá reynslu að aðstæðum hér á landi. Mikið er um þessi efni fjallað erlendis, m.a. var þeim helgaður sérstakur kafli í árbók Worldwatch Institute 1996.

Nýmæli samkvæmt frumvarpinu.

Það frumvarp sem hér er flutt um breytingu á lögum um landgræðslu snertir aðallega notkun innfluttra plantna í landgræðslu. Í gildandi löggjöf er ekki tekið á þeim þætti og því er hér um nýmæli að ræða. Markmiðið með frumvarpinu er að reynt verði að tryggja að notkun innfluttra plantna í þessu skyni falli að stefnu um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Eins og nú háttar má segja að hver og einn geti tekið sér sjálfdæmi um að breyta gróðurríkinu að eigin geðþótta, t.d. á afréttum.

Frumvarpið var lagt fram á 118. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fram aftur á 120. löggjafarþingi og var endurflutt á 121. löggjafarþingi með nokkrum breytingum sem gerðar voru í ljósi umsagna sem bárust landbúnaðarnefnd. Meðal annars var gerð breyting á 2. gr. með hliðsjón af umsögn umhverfisnefndar, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Mat á því hvort óhætt sé talið at taka innflutta tegund til notkunar í landgræðslu er sett í hendur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, að fengnum umsögnum tiltekinna aðila. Með þessu er m.a. komið til móts við athugasemdir umhverfisnefndar, sem ekki taldi rétt að einstakir umsagnaraðilar hefðu neitunarvald. Að öðru leyti lýsti umhverfisnefnd sig hlynnta því að settar yrðu reglur um notkun innfluttra plantna í landgræðslu og tók undir með flutningsmönnum um að mikilvægt sé að notkun innfluttra plantna við landgræðslu falli að stefnumörkun um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um líffræðilega fjölbreytni (sjá fylgiskjal III). Þá er Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands bætt við sem umsagnaraðilum.

Alþjóðasamningur um líffræðilega fjölbreytni var gerður á vegum Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og lagður fram til undirritunar á Ríó-ráðstefnunni í júní 1992. Alþingi heimilaði fullgildingu hans með þingsályktun 6. maí 1994. Ýmis ákvæði í samningnum varða efni þessa frumvarps og er þau m.a. að finna í 6.–9. gr. hans. Í 8. gr. samningsins er fjallað um vernd upprunalegs umhverfis og segir þar m.a.: „Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær.“

Álit starfshóps um umhverfismál og landbúnað.

Í áliti starfshóps um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði, sem skilaði í maí 1994 skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir, segir m.a. í kafla um innflutning plantna:

„Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins. ... Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig."

Í starfshópnum áttu sæti 19 fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka; formaður hans var Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbúnaðarráðuneyti. Í tillögum hópsins um aðgerðir segir m.a.:

„Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. ... Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkta Evrópuráðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst."

Þessi kafli úr áliti starfshópsins er birtur í heild sem fylgiskjal I með frumvarpinu.

Á umhverfisþingi sem haldið var í Reykjavík 8.–9. nóvember 1996 var fjallað um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og framkvæmdaáætlun til aldamóta. Þar segir í kafla um innflutning plantna í kafla um landbúnað:

„Settar verði reglur um notkun á innfluttum tegundum. Þar verði tilgreint við hvaða aðstæður notkun þeirra eigi við og metnar afleiðingar þess að dreifa þeim á svæðum þar sem þær teljast ekki eiga heima."

Skaðleg röskun vegna innflutnings tegunda.

Í erindum sem flutt voru á ráðstefnu um innflutning plantna, sem Líffræðifélag Íslands, Landgræðsla ríkisins og fleiri stofnanir efndu til 21. mars 1994, kom fram margvíslegur fróðleikur um þetta efni. Auk margra innlendra fyrirlesara flutti bandarískur prófessor, Richard N. Mack frá Washington State University, erindi um innflutning plantna til Bandaríkjanna og fleiri landa. Hann rakti dæmi um reynslu af slíkum innflutningi og tilgreindi margar tegundir í því sambandi. Ályktunarorð hans voru að reynslan af slíkum innflutningi sýni ljóslega að vandlega þurfi að meta hugsanlegar neikvæðar afleiðingar, ekki síður en jákvæðar, af sérhverri framandi plöntutegund áður en hún er tekin í notkun.

Hér verða nefnd örfá dæmi af mörgum um að innflutningur og dreifing aðfluttra plöntutegunda geti haft meiri háttar áhrif á umhverfið:

— Trjátegundin Myrica faya á Hawaii, en hún bindur köfnunarefni líkt og lúpína.
— Runninn Mimosa pigra af belgjurtaætt, en hann barst frá Mið-Ameríku til Ástralíu og hefur frá 1950 breiðst út á flóða- og votlendissvæðum í norðanverðri Ástralíu.
— Jurtin Heracleum mantagazzianum af sveipjurtaætt sem á heimkynni í vestanverðu Kákasus en hefur borist til margra Evrópulanda og veldur þar miklum vandræðum, meðal annars í Svíþjóð.
— Jurtin Lythrum salicaria sem barst til Norður-Ameríku snemma á 19. öld og hefur síðan breiðst út um stór landsvæði þar sem hún leggur undir sig votlendi. Innflutningur hennar og dreifing er nú bönnuð í 13 ríkjum Bandaríkjanna.

— Eucalyptus-tré í Tælandi sem flutt var þangað frá Ástralíu til nota sem hráefni í pappírsiðnaði. Tegundin er mjög hraðvaxta, frek til vatns og kæfir meginhluta undirgróðurs.
— Runnar og jurtir sem flutt hafa verið til Nýja-Sjálands, svo sem Ulex europeus, Cytisus scoparius og Hieracium pilosella, en aðstæðum á Nýja-Sjálandi svipar um sumt til þess sem er hér á landi vegna mikilla beitaráhrifa.

Innfluttar tegundir á Íslandi — áhrif alaskalúpínu.

Sem dæmi um innfluttar tegundir hérlendis sem dreifa sér hratt og vaxa þétt og geta kæft annan gróður má nefna alaskalúpínu (Lupinus nootkatensis), spánarkerfil (Myrrhis odorata) og skógarkerfil (Anthriscus sylvestris).

Hér á landi hefur mest umræða og deilur orðið um alaskalúpínu og notkun hennar til landgræðslu. Tegundin var flutt hingað til lands frá Alaska árið 1946 og var fyrst í stað dreift á nokkrum skógræktarsvæðum. Plantan er afar öflug og bindur köfnunarefni úr lofti með aðstoð rótargerla. Nú er hana að finna víða á landinu og Landgræðsla ríkisins hefur hafið fjölgun á henni í stórum stíl til nota í landgræðslu (sjá fylgiskjal II, greinargerð frá Náttúruverndarráði um vistfræði lúpínu og notkun hennar í landgræðslu á Íslandi).

Rannsóknir á vistfræði og útbreiðsluháttum alaskalúpínu á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Borgþór Magnússon o.fl.) hafa m.a. leitt í ljós að hún breiðist ekki aðeins út á bersvæði heldur einnig á grónu landi (mosaþembum, mólendi, blómlendi, snjódældum og hraunum). Í erindi á fyrrgreindri ráðstefnu Líffræðifélags Íslands um innflutning plantna sagði Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur m.a.:

„Gróðurframvinda í lúpínubreiðum er mjög breytileg. Á Suðurlandi ber víða á mosum, vallarsveifgrasi, blásveifgrasi og túnvingli. Plöntutegundunum fækkar yfirleitt til muna þar sem lúpínan breiðist yfir land, einkanlega ef um gróið land er að ræða.

Óvíða sjást merki um að lúpínan hafi hörfað af landi en víða hefur hún gisnað talsvert. Dæmi um algjöra hörfun eru aðeins af litlum blettum á þremur til fjórum stöðum. Í Múlakoti í Fljótshlíð er lúpínan enn í miklum þrótti eftir 40 ár. Eindregnust merki um gisnun eru frá þurrum svæðum í innsveitum á Norðurlandi. Fræforði er talsverður í jarðvegi í gömlum lúpínubreiðum. Gera má ráð fyrir að lúpínan verði víða viðvarandi í gróðri."

Á Kvískerjum í Öræfum var alaskalúpína sett niður í brekku við bæinn sumarið 1954 og hafa Kvískerjabræður fylgst náið með útbreiðslu hennar síðan. Um plöntuna segir Hálfdán Björnsson í viðtali við DV 19. júlí 1995:

„Ég held mikið upp á lúpínu þar sem hún má vera en hins vegar er ég alveg í vandræðum með hana þar sem hún má ekki vera og fer út fyrir. Hún er ákaflega gjörn á að fara um allt með vatni og jafnvel vindum.

Þetta er alveg ódrepandi jurt þar sem hún nær fótfestu og ég held að menn átti sig ekki alltaf á því að lúpínan útrýmir öðrum jurtum og getur verið stór skaðvaldur. Og það er mjög varasamt að planta henni innan um annan gróður þar sem fé nær ekki til.

Ýmsum sögum fer reyndar af því hvernig jurtin fer í sauðfé en sjálfur hef ég orðið var við að rollur hafi orðið „drukknar" eftir að hafa étið lúpínur. Sauðfénaðurinn náði þó alveg að jafna sig eftir „drykkjuna" en rollurnar eru ekki síst hrifnar af ungplöntum.

Ég er ekki frá því að Landgræðslan hafi litið á lúpínur sem patentlausn en jurtin má vissulega vera í friði á ákveðnum svæðum eins og á Mýrdalssandi þar sem er lítill mannagróður. Þar getur hún átt rétt á sér.

Það þarf hins vegar að passa vel upp á lúpínur og að þær renni ekki út um allt. Hún hefur breiðst mjög mikið út hin seinni ár og er enn þá að breiðast út. Það vantar t.d. að hafa varanlegar leiðbeiningar með frænjunum þegar þau eru seld en plantan er mjög öflug og hún er í engum vandræðum með að breiðast út um allt."

Hörður Kristinsson grasafræðingur sagði m.a. um alaskalúpínu á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1994:

„Það er tegund sem við verðum að læra að umgangast með varúð. Svo ágæt sem hún er til að græða sanda og mela og bæta rýran jarðveg, þá er hún jafnframt mjög hættuleg íslenskum gróðurlendum, ef hún fær lausan tauminn. Þar sem hún sáir sér í gróðurlendi eyðir hún flestum þeim tegundum sem fyrir eru. Það er því ófyrirgefanlegt kæruleysi, þegar verið er að hvetja almenning til þess að dreifa lúpínu sem víðast um gróðurlendi Íslands."

Vandamál vegna lúpínu eru þekkt víðar en hér á landi. Önnur lúpínutegund, Lupinus arboreus, hefur breiðst hratt út í framandi umhverfi, svo sem á strandsvæðum við Humboldt Bay í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Á Nýja-Sjálandi hefur Russel-lúpína (lupinus polyphyllus) tekið að breiðast ört út undanfarna áratugi og er hún sumsstaðar talin ógna sérstæðu lífríki í þjóðgörðum og á verndarsvæðum, þar sem gripið hefur verið til aðgerða til að hefta útbreiðslu hennar.

Hér er ekki lagt til að notkun lúpínu til landgræðslu verði bönnuð fyrir fullt og allt, heldur að notkun hennar verði endurmetin og mörkuð um það stefna við hvaða aðstæður forsvaranlegt sé að nýta hana. Jafnframt verði ráðist í frekari rannsóknir er varða vistfræði hennar og áhrif á umhverfið.

Heildarendurskoðun laga um landgræðslu.

Frumvarpið, sem hér er flutt, felur í sér breytingu á þremur greinum núgildandi laga um landgræðslu auk þess sem bætt er við nýju ákvæði um notkun innfluttra plöntutegunda í landgræðslu.

Ákvæði til bráðabirgða eru tvíþætt. Hið fyrra varðar mat á þeim tegundum sem nú eru notaðar til landgræðslu, það síðara gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að endurskoða í heild lög nr. 17/1965, um landgræðslu.

Lögin um landgræðslu eru að stofni til 30 ára gömul og viðhorf til gróðurverndarmála hafa breyst mikið frá þeim tíma og þekkingu hefur fleygt fram. Nægir að minna á þá byltingu í viðhorfum til náttúruverndar sem síðan er orðin og að lítið var farið að huga að jarðvegsvernd og gróðurvistfræði hérlendis á þeim tíma. Við mótun nýrrar löggjafar á þessu sviði er m.a. æskilegt:

— að samþætta lagaákvæði um verndun jarðvegs og gróðurs,
— að gera vistfræðileg og siðræn gildi að undirstöðu í verndun og nýtingu,
— að hafa að leiðarljósi ákvæði alþjóðasáttmála, m.a. um baráttu gegn eyðimerkurmyndun og verndun líffræðilegrar fjölbreytni,
— að tengja ákvæði löggjafar um jarðvegs- og gróðurvernd ásamt landgræðslu við aðra umhverfislöggjöf, m.a. lög um skipulagsmál og lög um náttúruvernd,
— að festa í sessi ákvæði um að landnotandi beri ábyrgð á meðferð og ástandi lands og að eftirlit á þessu sviði verði vel skilgreint og gert virkt.

Þótt flutningsmenn þessa frumvarps telji sig þannig geta bent á ýmislegt sem betur mætti fara til viðbótar því sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu þykir rétt að fleiri komi að heildarendurskoðun laganna. Hér verður til viðbótar bent á nokkur atriði sem augljóslega þurfa athugunar við í slíkri endurskoðun:

— Skipan gróðurverndarmála og landgræðslu í stjórnkerfinu.

— Tengsl við stofnanir er fjalla um skógrækt og skógvernd.
— Innra skipulag í málaflokknum, m.a. tengsl við skyld málefni.
— Menntunarkröfur til starfsmanna.
— Tilhögun rannsókna- og þróunarstarfs og yfirstjórn þess.
— Svæðisbundin tengsl í stað eða til viðbótar núverandi gróðurverndarnefndum.
— Áætlanagerð og annar undirbúningur landgræðsluaðgerða, þar á meðal mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar landnotkunar.
— Fjármögnun fyrir málaflokkinn, tengd framkvæmdaáætlun.
— Samningar og tengsl við umráðaaðila yfir landi og sveitarfélög.
— Skilyrði fyrir styrkjum til landgræðslu og meðferð lands í kjölfar aðhlynningar.
— Beitarmálefni, þar með talin lausaganga sauðfjár og hrossa.
— Tengsl við rannsóknaraðila.
— Almennt eftirlit með jarðvegi og gróðri.
— Áætlanir um rannsóknaþörf og fjármögnun rannsókna.
— Tengsl og samstarf við frjáls félagasamtök.

Æskilegt er að hraða setningu nýrrar löggjafar um gróðurvernd og landgræðslu þar eð margþætt verkefni blasa við á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á markmiðsgrein laganna, 1. gr.

Meginefnisbreyting sem lögð er til í fyrri málsgrein greinarinnar er að bætt er við þriðja markmiðinu; að stuðla skuli að jarðvegs- og gróðurvernd. Með því er átt við að eitt af meginmarkmiðum með lögunum verði að hlúa að þeim jarðvegi og gróðri sem fyrir er og vernda gegn ofnýtingu. Þá er lagt til að uppsetningu greinarinnar verði breytt og að í stað orðanna „eydd" og „vangróin", sem þykja óljós og of matskennd, komi orðin „örfoka" og „lítt gróið" en þau þykja lýsa betur því ástandi sem réttlætir beinar landgræðsluaðgerðir.

Í síðari málsgrein er lagt til að við markmiðsgrein laganna verði bætt nýrri málsgrein þar sem fram koma þau grundvallaratriði sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að áður en ráðist verði í framkvæmdir skuli liggja fyrir vistfræðileg þekking og að aðgerðir skuli að öðru leyti byggjast á varúðarreglu sem er m.a. skilgreind í formála alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni (samningurinn öðlaðist þjóðréttarlegt gildi með samþykki Alþingis 6. maí 1994) með eftirfarandi orðum: „... þar sem hætta er á umtalsverðri rýrnun eða tjóni á líffræðilegri fjölbreytni ætti ekki að nota ónóga vísindalega þekkingu sem tilefni þess að fresta aðgerðum til að forðast eða draga eins mikið úr þeirri hættu og mögulegt er". Hins vegar er lagt til að aðgerðir skuli miða að því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri og er það í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist, sbr. m.a. samninginn um líffræðilega fjölbreytni.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að á eftir 5. gr. laganna komi ný grein þar sem kveðið er á um skilyrði þess að innflutt plöntutegund verði tekin til notkunar í landgræðslu hér á landi. Þetta ákvæði er í samræmi við breytingar sem lagt er til að gerðar verði á markmiðsgrein laganna. Rannsóknastofnun landbúnaðarins er falið að meta hvort óhætt sé að taka innfluttar plöntutegundir til notkunar í landgræðslu, og þá með hliðsjón af umsögnum tiltekinna rannsóknastofnana og

stjórnsýsluaðila á sviði náttúruverndar. Meðal annars er talið mikilvægt að Náttúruvernd ríkisins, sem gegnir lögbundnu hlutverki á sviði gróðurverndar og fer m.a. með yfirstjórn friðlýstra svæða og þjóðgarða hér á landi, fjalli um þessi mál áður en ákvarðanir eru teknar. Þá er einnig lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins geti átt frumkvæði að því að gerðar verði rannsóknir áður en tekin er ákvörðun um að taka til notkunar í landgræðslu nýjar plöntutegundir. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra frekari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Um 3. gr.

Lagt er til að síðari málsgrein 40. gr. laganna, sem fjallar um rannsóknir, verði breytt á þann veg að Rannsóknastofnun landbúnaðarins komi, auk Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, að athugunum á nýjum leiðum við uppgræðslu lands og plöntutegundum til landgræðslu. Eðlilegt er að nýta í þessu skyni þá þekkingu og aðstöðu sem Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins býr yfir.

Um 4. gr.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 41. gr. laganna, eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að fleiri en Landgræðslu ríkisins verði heimilað að annast fjölgun plantna sem ákveðið hefur verið að taka til landgræðslu. Er talið eðlilegt að fleiri en Landgræðslan geti stundað þá starfsemi. Þá er lagt til að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra reglur þar sem kveðið er á um framkvæmd, m.a. um þau skilyrði sem viðkomandi aðilar þurfa að uppfylla og eftirlit með starfsemi þeirra.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um skýringu vísast til greinargerðar með frumvarpinu.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Úr skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir. (Starfshópur um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði, maí 1994.)
II. Greinargerð um vistfræði lúpínu (Lupinus nootkatensis) og notkun hennar í landgræðslu á Íslandi (Náttúruverndarráð, febrúar 1995.)
III. Umsögn umhverfisnefndar um frumvarp til laga um landgræðslu. (14. maí 1996.)

Sjá þskj. 212 (190. mál 121. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1996–97, bls. 1775–1793.

84. Frumvarp til laga [84. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 109. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðru sveitarfélagi nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir. Ef hins vegar um er að ræða þrjú eða fleiri sveitarfélög og tillaga samstarfsnefndar hlýtur meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameiningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á sl. þremur til fjórum áratugum hefur verið mikil umræða um nauðsyn þess að efla sveitarfélögin með sameiningu þeirra. Síðastliðin 10 ár hefur náðst nokkur árangur. Árið 1986 voru sveitarfélögin 223 en hafði fækkað um 27 eða í 196 í nóvember árið 1992 þegar fram fór atkvæðagreiðsla í landinu um sameiningu sveitarfélaga. Frá áramótum 1993–94 til september árið 1997 hafa orðið 14 sameiningar með fækkun sveitarfélaga um 32. Samtals hefur sveitarfélögum því fækkað um 58 á liðlega 10 ára tímabili og í dag eru sveitarfélögin 165 talsins. Ef einnig eru teknar með sameiningartillögur sem hafa verið samþykktar á þessu ári, en ekki staðfestar, atkvæðagreiðslur sem áætlaðar eru á næstu mánuðum og staðir þar sem viðræður eru hafnar en atkvæðagreiðsla ekki ákveðin og gert ráð fyrir að allt gangi þar eftir og sameiningar takist verða sveitarfélögin 128. Þar af eru 35 sveitarfélög með íbúatölu undir 400.

Af framangreindu er ljóst að sameiningarátakið sem hrundið var af stað fyrir nokkrum árum og umræðan um nauðsyn sameiningar fyrir og eftir atkvæðagreiðsluna í nóvember 1993 hafa skilað umtalsverðum árangri. Í dag eru 107 sveitarfélög með íbúatölu undir 400. Þessi 107 sveitarfélög telja samtals um 16.816 íbúa. Samtals 133 sveitarfélög eru með íbúatölu undir 1.000 og telja samtals 33.828 íbúa.

Enn er langt í land að öll sveitarfélög á landinu verði það öflug að þau geti veitt íbúum sínum nauðsynlega þjónustu og verið fær um að taka við auknum verkefnum. Nauðsynleg framþróun atvinnulífs og aukin verðmætasköpun til að standa undir velferðarþjónustunni og tryggja fólkinu örugga atvinnu kallar á umbætur í sveitarstjórnarmálum ekki síður en hjá ríkisvaldinu. Stækkun og efling sveitarfélaganna stuðlar að því að treysta byggð í landinu og brjóta niður þær hindranir sem eru í atvinnuuppbyggingunni og til að ná fram betra og hagkvæmara skipulagi, sem og að skapa skilyrði fyrir meiri, betri og jafnari þjónustu við íbúana.

Einhæfni atvinnulífs er eins og kunnugt er aðalvandamál margra byggðarlaga. Smæð margra sveitarfélaga hindrar að þau geti veitt íbúum sínum ýmsa þjónustu sem talin er sjálfsögð í nútímaþjóðfélagi. Skortur á þjónustu felur hins vegar í sér að ekki eru til störf í þjónustugreinum sem gætu laðað að fólk til búsetu í hinum dreifðu byggðum. Þannig hníga rök að

því að einhæfni atvinnulífsins megi í verulegum mæli rekja til þess að sveitarfélögin eru of smá til að geta myndað sterkar þjónustuheildir. Þetta kemur víða fram, ekki síst á sviði félagslegrar þjónustu þar sem smæð sveitarfélaga kemur í veg fyrir að grundvöllur sé fyrir rekstri. Víða um land er því ekki að finna fullnægjandi félagsþjónustu sem fólk hefur þörf fyrir og veldur því að það hefur leitað til höfuðborgarsvæðisins til þess að fá þörfum sínum mætt. Á þetta ekki síst við um aldraða og unga fólkið sem verða að treysta á ýmsa félagslega þjónustu og verða oft að taka sig upp og flytja í stærri sveitarfélögin þar sem þjónustuna er að fá. Í ýmsum smærri sveitarfélögum hefur einhæfni atvinnulífsins og minni félagsleg þjónusta leitt til þess að um langt árabil hefur verið stöðugur straumur fólks frá landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Á síðasta áratug fjölgaði Íslendingum um tæplega 28 þúsund manns. Vegna mikilla fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins fjölgaði íbúum þar engu síður um ríflega 28 þúsund en á landsbyggðinni einungis um 1.800 sem eru aðeins liðlega 6% af heildarfjölguninni.

Staðreyndin er einnig sú að við erum langt á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum í sameiningu sveitarfélaga. Þær gengu í gegnum veigamikla sameiningu sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins fyrir mörgum áratugum. Um 1970 var þessu ferli að mestu lokið þar. Verulegur árangur í stækkun sveitarfélaga þar náðist þó ekki fyrr en í kjölfar lagasetningar þó að sveitarfélögin hafi haft umsagnarrétt. Til þessarar lögþvingunar í sameiningu sveitarfélaga var gripið þar sem lítill árangur hafði orðið í frjálsri sameiningu þeirra. Reynslan þar af sameiningunni er mjög góð og hefur skilað verulegum árangri í að efla sveitarfélögin og sjálfsforræði þeirra og auðvelda verkefnaflutninga frá ríkisvaldinu til sveitarstjórna. Sveitarstjórnarstigið hér á landi er mjög veikt samanborið við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Þar hafa sveitarstjórnir fleiri verkefni sem falla betur að stjórnsýslu þeirra, eins og að sinna ýmissi staðbundinni þjónustu, og hlutur þeirra í skattheimtunni er einnig miklu meiri en hér á landi.

Eins og sjá má á eftirfarandi töflu er hlutfall sveitarfélaganna í samneyslunni langminnst hér á landi, en aftur á móti er hlutur ríkisvaldsins stærstur hér á landi:

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Ríki	9,59	7,68	14,35	8,96	8,94
Sveitarfélög	21,09	15,47	4,29	14,58	21,77
Alls:	30,68	23,15	18,64	23,54	30,41

Ljóst er að á Íslandi er ríkisvaldið með á sinni hendi ýmis verkefni sem sveitarfélögin annast annars staðar á Norðurlöndum. Þar er þjónusta við fatlaða, heilsugæsla og grunnskólar verkefni sveitarfélaga og sjúkrahús og framhaldsskólar verkefni fylkja, amta eða léna.

Í Svíþjóð þótti sameiningin ganga hægt fyrir sig og helsta hindrunin var sú að öll sveitarfélög sem áttu að sameinast þurftu að samþykkja sameininguna. Árið 1969 voru sett lög þess efnis að sveitarfélögin hefðu frest til 1. janúar 1974 til þess að sameinast. Þessi lagasetning skilaði miklum árangri en meðalíbúafjöldi í sveitarfélagi þar er nú um 30 þúsund íbúar. Í Noregi var lögum einnig beitt til að flýta fyrir sameiningu sveitarfélaga, en sameining norskra sveitarfélaga gerðist aðallega á árunum 1960–67 undir lagaboði þar að lútandi. Mest varð sameiningin á árunum 1964–65, en þá sameinuðust alls 223 sveitarfélög. Í Danmörku voru á árinu 1970 samþykkt lög sem fólu í sér mjög umfangsmikla breytingu á danskri stjórnsýslu og lagaboð um sameiningu sveitarfélaga. Eftir þá breytingu voru sveitarfélögin 275 talsins og hafði fækkað um 1.113 eða um 80%. Í Finnlandi voru samþykkt lög um sameiningu sveitarfélaga á árinu 1966, en í þeim lögum var kveðið á um að lágmarksstærð sveitarfélaga skyldi

miðast við 8.000 íbúa og að sveitarfélög með færri en 4.000 íbúa skyldu eingöngu vera í sérstökum undantekningartilvikum.

Af framangreindu er ljóst að annars staðar á Norðurlöndum komst ekki verulegur skriður á sameiningu sveitarfélaga fyrr en í kjölfar laga sem fólu í sér skyldu til sameiningar þeirra, en áður hafði verið reynd leið frjálsrar sameiningar sem gekk afar hægt fyrir sig.

Fjöldi sveitarfélaga hér á landi ræður illa við að sinna ýmsum þeim verkefnum sem nú þegar eru lögboðin. Veruleg hætta er einnig á því að þau hafi ekki getu til að taka að sér ný verkefni, en auk grunnskólans hefur verið rætt um heilsugæsluna, öldrunarþjónustu, málefni fatlaðra, félagslega húsnæðiskerfið og jafnvel framhaldsskólann. Mörg stærri sveitarfélögin hafa lýst yfir vilja sínum til að taka við auknum verkefnum frá ríkinu, en afstaða smærri sveitarfélaganna til sameiningar sveitarfélaga hefur allt of lengi tafið þá framþróun sem er bæði í þágu eflingar sveitarstjórnarstigsins og til að bæta hag íbúanna. Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga ályktaði á fundi sínum 26. og 27. febrúar 1993 að það teldi rétt að fela sveitarfélögum að fullu rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva og að þau yfirtaki verkefni á sviði málefna fatlaðra og aldraðra. Telja verður hæpið að þessi verkefnaflutningur gangi eftir nema til komi veruleg stækkun sveitarfélaganna.

Víst er að krafa stærri sveitarfélaganna mun fá aukinn þunga á næstu árum, ekki síst ef vel tekst til hjá reynslusveitarfélögunum sem tímabundið hafa yfirtekið til reynslu ýmis verkefni sem verið hafa hjá ríkisvaldinu. Það verður líka að telja það andhverfu á lýðræðinu að lítil sveitarfélög komi sífellt í veg fyrir eflingu sveitarfélaganna og getu þeirra til að yfirtaka fleiri verkefni frá ríkinu. Verði sameiningunni ekki hraðað er ekki ólíklegt að til verði tvenns konar sveitarfélög á Íslandi, annars vegar stór sveitarfélög sem fara sjálf með verkefni eins og heilsugæslu, öldrunarmál og málefni fatlaðra og hins vegar lítil sveitarfélög sem áfram munu þurfa að lúta ríkisforsjá í þessum málaflokkum.

Kosningarnar um sameiningu sveitarfélaga, sem fram fóru í nóvember árið 1993, sýndu að mikill meiri hluti um allt land var samþykkur sameiningu sveitarfélaga, en fyrirkomulag kosninganna var með þeim hætti að samþykki meiri hluta í hverju einstöku sveitarfélagi þurfti til að ná fram sameiningu. Af um 62 þúsund kjósendum sem tóku þátt í kosningunni sögðu tæp 36 þúsund já við sameiningunni en 26 þúsund nei. Niðurstaða kosninganna sýndi einnig að á annað hundrað hreppar með færri en 300 íbúa sem telja 15.000 manns höfðu neitunarvald um sameiningu.

Mikilvægt er að hraðað verði eins og kostur er sameiningu og eflingu sveitarfélaganna þannig að þau fái aukið sjálfsforræði og möguleika til að yfirtaka málaflokka sem eðlilegt er að þau sinni og falla undir ýmsa staðbundna þjónustu í skóla-, félags- og heilbrigðismálum. Með því yrði verulega dregið úr umsvifum ríkisvaldsins og staða landsbyggðarinnar og sveitarfélaganna styrkt verulega. Það er skoðun flutningsmanna að lágmarksíbúatala í hverju sveitarfélagi eigi ekki að vera undir 1.000 til að skapa nauðsynleg skilyrði til að flytja til þeirra fleiri verkefni og tekjustofna. Það er reyndar í samræmi við álit fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga frá fundi þess 23. nóvember 1991 þar sem lýst var yfir stuðningi við hugmyndir um stækkun og eflingu sveitarfélaganna með sameiningu þeirra sem taki eins og kostur er mið af leið nr. 2 í áfangaskýrslu nefndar um skiptingu landsins í sveitarfélög. Þar er lagt til að sveitarfélög nái yfir mjög stór svæði og verði aðeins í undantekningartilvikum með færri íbúa en 1.000. Sveitarfélögin í landinu yrðu þannig 30–35. Í ályktun ráðsins kom einnig fram eftirfarandi: „Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga telur nauðsynlegt að efla sveitarstjórnarstigið og sveitarfélögin í landinu, til þess að gera þau betur fær um að sinna verkefnum sínum og taka við nýjum. Ef landinu væri skipt í færri og stærri sveitarfélög, yrðu þau mun

betur í stakk búin til að standa undir þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar varðandi þjónustu, sem þau veita íbúunum. Skilyrði myndu skapast fyrir hreinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þannig að samstarfsverkefni þeirra gætu lagst af að mestu. Sveitarfélögin myndu í flestum tilfellum ná yfir heildstæð þjónustusvæði, stjórnunarkostnaður þeirra myndi lækka og hagkvæmni í fjárfestingum og rekstri myndi aukast verulega. Stjórnsýsla sveitarfélaganna yrði mun einfaldari í sniðum en nú er og atvinnusvæði myndu stækka.“

Góður skriður virðist vera á sameiningarmálum sveitarfélaga eins og að framan er lýst. Það ætti að tryggja að ekki þurfi að koma til lögbindingar á hækkun lágmarksíbúatölu eins og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. Flutningsmenn telja því rétt að sjá hverju fram vindur og leggja hér einungis til þá breytingu á sveitarstjórnarlögum sem tryggir að eitt sveitarfélag geti ekki komið í veg fyrir sameiningu fleiri sveitarfélaga. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og samþykkt var sem ákvæði til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögum á 120. löggjafarþingi árið 1995 í tengslum við sameiningu Flateyrarhrepps, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps, Þingeyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar. Í athugasemdum með því frumvarpi kom fram að það var samið og lagt fram að frumkvæði samstarfsnefndar um framangreinda sameiningu. Jafnframt kom fram að samstarfsnefndin teldi að sá möguleiki væri fyrir hendi að íbúar eins eða tveggja sveitarfélaga gætu fellt tillögu nefndarinnar og að óbreyttum lögum yrði þá að hefja nýja tillögugerð og efna til nýrra kosninga.

Með þessu ákvæði var verið að koma í veg fyrir með líkum hætti og lagt er til í 1. gr. þessa frumvarps að kjósendur í miklum minni hluta hlutaðeigandi sveitarfélaga geti fellt tillögu um sameiningu sveitarfélaga og þannig komið í veg fyrir sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkja hana. Eins og áður hefur komið fram í þessari greinargerð er nú verið að gera nokkrar sameiningartilraunir og er ljóst af samtölum við ýmsa sveitarstjórnarmenn að þeir telja að þessi hætta geti verið til staðar nú og má ætla að stuðningur sé allverulegur hjá sveitarstjórnarmönnum við lagasetningu sem felur í sér að eitt sveitarfélag geti ekki komið í veg fyrir sameiningu fleiri sveitarfélaga.

85. Frumvarp til laga [85. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Margrét Frímannsdóttir, Kristján Pálsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verður 5. tölul., svohljóðandi: Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

2. gr.

Við 2. mgr. A-liðar 68. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er heimilt að greiða út að hluta eða að öllu leyti, eftir mati skattstjóra, þann hluta sem þá er óráðstafað ef uppfyllt er skilyrði 66. gr. til lækkunar á tekjuskattsstofni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Útgjöld heimilanna vegna tannlæknisþjónustu hafa rúmlega þrefaldast á 15 ára tímabili, 1980–95. Markmið þessa frumvarps er að létta undir með þeim sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Lagt er til að skattstjóra verði veitt heimild til að veita sérstaka skattívilnun þegar svo stendur á að gjaldþol skerðist verulega af þessum sökum.

Í 66. gr. skattalaga eru ýmis ákvæði sem heimila skattstjórum að lækka tekjustofn ef gjaldþol skattgreiðanda skerðist verulega. Um er að ræða eftirfarandi tilvik:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum eru sett af ríkisskattstjóra.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt óbreytt. Frumvarp sama efnis var flutt á 105. löggjafarþingi, 1982–83, en náði þá ekki fram að ganga. Heilbrigðis- og tryggingarnefnd, sem fjallað hafði um málið, mælti með samþykkt frumvarpsins en það var fellt við 2. umræðu í fyrri deild. Ljóst var af ummælum þingmanna við afgreiðslu málsins að afstaða margra þeirra sem atkvæði greiddu gegn frumvarpinu byggðist á því að þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði upplýst að ríkisstjórnin hygðist breyta reglugerðum almannatrygginga á þann veg að greidd yrðu 20% af tannlækniskostnaði fyrir alla þá sem ekki höfðu áður fengið greitt úr almannatryggingum. Þáverandi heilbrigðisráðherra gaf síðan út reglugerð í apríl 1983 sem heimilaði 20% þátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði fyrir þessa hópa og skyldi hún koma til framkvæmda í júní 1983. Við stjórnarskipti var sú reglugerð hins vegar numin úr gildi með reglugerð frá 31. maí 1983 og komst sú fyrrnefnda því aldrei til framkvæmda.

Frá því að þessi vilji kom fram á Alþingi til að koma til móts við þá sem verða fyrir verulegum útgjöldum vegna tannlækniskostnaðar hafa útgjöld heimilanna vegna tannlæknisþjónustu meira en þrefaldast. Það er alkunna að tannviðgerðir geta kostað tugi þúsunda króna árlega fyrir fjölskyldur og algeng dæmi eru um hundruð þúsunda króna fyrir meiri háttar tannviðgerðir.

Ljóst er því að gjaldþol margra skerðist ekki minna undir slíkum kringumstæðum en þeim sem önnur ákvæði 66. gr. skattalaga heimila nú. Í verklagsreglum ríkisskattstjóra um framkvæmd 66. gr. kemur fram varðandi túlkun á fyrsta tölulið, sem kveður á um skert gjaldþol vegna veikinda, að til álita geti komið að veita ívilnun vegna kostnaðar sem leiðir af tannsjúkdómum ef þessi kostnaður er það mikill að hann skerði gjaldþol framteljanda verulega. Þetta ákvæði verklagsreglnanna er túlkað mjög þröngt og er langt frá að ná því markmiði sem að er stefnt með þessu frumvarpi.

Í ljósi verulegrar aukningar á útgjöldum heimilanna vegna tannlækniskostnaðar á undanförnum áratug er hér um réttlætismál að ræða og brýnt að láta á það reyna hvort sá vilji sem til staðar var á Alþingi fyrir nokkrum árum til að koma til móts við verulegan tannlækniskostnað heimilanna sé enn fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýjum tölulið verði bætt við 66. gr. sem felur það í sér að ef maður hefur veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum skuli taka til greina umsókn hans um lækkun tekjuskattsstofns. Þetta er lagt til vegna þess mikla kostnaðar sem tannviðgerðir geta haft í för með sér og þar með haft veruleg áhrif á fjárhag einstaklinga og fjölskyldna.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að sé einhverjum hluta persónuafsláttar óráðstafað eftir að ákvæðum 1.–4. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. hefur verið fullnægt sé heimilt að greiða hann út að hluta eða að öllu leyti, eftir mati skattstjóra, ef eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru upp í 1. mgr. 66. gr. er uppfyllt. Ákvæði þetta er sett til að koma til móts við þá sem eru undir skattleysismörkum og geta ekki nýtt sér beint ákvæði 66. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

86. Fyrirspurn [86. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjárveitingar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til búháttabreytinga.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hve miklum fjármunum hefur verið varið til búháttabreytinga á starfstíma Framleiðnisjóðs?
2. Hverjir hafa hlotið styrk úr Framleiðnisjóði til breytinga á búháttum úr einhverju formi búskapar í hrossabúskap, á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

87. Fyrirspurn [87. mál]

til landbúnaðarráðherra um hestabúgarð í Litháen.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Er ráðherra ljóst hver árangur hefur orðið af rekstri hestabúgarðs í Litháen á vegum Isen hf., sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkti á árunum 1994 og 1995?

2. Hversu mikið styrkti Framleiðnisjóður verkefnið alls, sundurliðað eftir árum?
3. Hvaða skilyrði eru fyrir styrkveitingunum? Eru styrkir endurkræfir?
4. Hverjir aðrir styrktu verkefnið (sem gekk undir nafninu „Issawa“ (hestur guðs))?

Skriflegt svar óskast.

88. Fyrirspurn [88. mál]

til landbúnaðarráðherra um hrossaútflutning og kynningu á íslenska hestinum erlendis.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins lánað eða styrkt hrossaútflutning eða kynningar á íslenska hestinum erlendis á árunum 1990–97? Ef svo er, hversu háar upphæðir? Svar óskast sundurliðað eftir lánum og styrkjum.
2. Hverjum hefur hefur verið synjað um markaðsstuðning til kynningar og útflutnings á hrossum á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

89. Fyrirspurn [89. mál]

til landbúnaðarráðherra um markaðssetningu íslenskra landbúnaðarvara erlendis.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitt styrki til markaðssetningar íslenskra landbúnaðarvara erlendis sl. sjö ár? Ef svo er, hverjir eru þeir? Svar óskast sundurliðað eftir búgreinum.
2. Hver er faglegur rökstuðningur Framleiðnisjóðs við styrkveitingar og synjanir styrkja úr sjóðnum?

Skriflegt svar óskast.

90. Fyrirspurn [90. mál]

til forsætisráðherra um lán og styrki Byggðastofnunar.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Hafa einhverjir á sl. fjórum árum fengið lán hjá Byggðastofnun eða styrki til hrossabúskapar, kynningar íslenska hestsins erlendis eða innan lands eða hrossaræktar innan lands eða erlendis? Sé svo, hversu mikil eru þau lán og hverjir hafa fengið styrki og hve mikinn hver fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

91. Fyrirspurn [91. mál]

til fjármálaráðherra um réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða reglur — samkvæmt lögum, reglugerðum og kjarasamningum — gilda um launagreiðslur, lífeyrisgreiðslur, starfsaldurshækkanir og aðra réttindaávinnslu, lengd orlofs, rétt feðra og annað sem máli skiptir í fæðingarorlofi, hjá
   a. ríki,
   b. sveitarfélögum,
   c. bönkum,
   d. öðrum?
2. Hvað voru greiðslurnar háar á síðasta ári vegna starfa hjá
   a. hinu opinbera,
   b. bönkum,
   c. öðrum?
3. Hve margar fæðingar var um að ræða og hver er áætlaður launatengdur kostnaður að meðaltali í hverju tilviki? Hver var heildarkostnaðurinn á hvert fæðingarorlof að meðaltali, annars vegar útlagður kostnaður og hins vegar að meðtöldum tengdum kostnaði?
4. Hve mikill mundi kostnaðurinn á ári verða ef réttindi yrðu samræmd þannig að allir nytu bestu réttinda?

Skriflegt svar óskast.

92. Beiðni um skýrslu [92. mál]

frá dómsmálaráðherra um rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar.

Frá Lúðvík Bergvinssyni, Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi sjálfstæða skýrslu um rannsókn sem fram fór í kjölfar umræðu á Alþingi um ásakanir á hendur lögreglu þess efnis að meintur fíkniefnasali starfaði í hennar skjóli. Jafnframt er þess farið á leit að ráðherra skili ítarlegri greinargerð og rökstuðningi um eftirtalin atriði:

a. Hvað leiddi rannsóknin í ljós um stjórnskipulag lögreglunnar í Reykjavík og starfshætti fíkniefnadeildarinnar? Uppfyllti skipulag stofnunarinnar þær kröfur sem gera má til slíkrar stofnunar? Hefur ráðherra með einhverjum hætti brugðist við niðurstöðu skýrslunnar og þá hvernig?
b. Leiddi rannsóknin í ljós að lögreglan sinnti ekki ábendingum um starfsemi meints fíkniefnasala og voru rannsóknir á hendur honum jafnítarlegar og efni stóðu til? Þótti settum rannsóknarlögreglustjóra ástæða til þess að frekari rannsókn færi fram?
c. Hver var undanfari þess að ákvörðun var tekin um að dæmdum fíkniefnasala var veitt reynslulausn eftir hafa afplánað helming refsivistar? Hver tók þá ákvörðun og hvaða meðferð fékk málið í stjórnsýslunni? Hvaða almennar reglur gilda eða eftir hvaða sjónarmiðum er farið þegar ákvörðun er tekin um reynslulausn sakborninga sem hafa afplánað helming fangelsisvistar? Samræmist umrædd ákvörðun þeim reglum?
d. Hver var rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir því að ákæra ekki að lokinni rannsókn málsins?
e. Fór lögregla fram á það við ríkissaksóknara eða dómsmálaráðherra að settar yrðu reglur sem farið yrði eftir þegar óhefðbundnar rannsóknaraðferðir væru nauðsynlegar? Voru þessar reglur gefnar út og þá hvenær?
f. Brást ráðherra á einhvern hátt við skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra og þá hvernig?
g. Hvers vegna var ekki skipaður sérstakur saksóknari í þessu máli? Komu ekki vanhæfissjónarmið til skoðunar innan ráðuneytisins áður en sú ákvörðun var tekin að skipa ekki sérstakan ríkissaksóknara í málinu þar sem rannsóknin beindist að starfsháttum lögreglu við rannsóknir opinberra mála og ríkissaksóknari hefur stöðu sinnar vegna eftirlit með þeim? Hyggst ráðherra nýta sér heimildir 1. og 2. tölul. 26. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með því að krefja ríkissaksóknara skýrslu um málið eða hyggst hann leggja til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara verði breytt og setja sérstakan saksóknara í málið?
h. Greinir skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra frá rannsóknum lögreglunnar í Reykjavík sem ekki fengu eðlilega framhaldsmeðferð eftir rannsókn lögreglu? Ef svo er, hversu margar voru þær rannsóknir, hversu umfangsmikil mál var þar um að ræða og hyggst dómsmálaráðherra bregðast við þessum athugasemdum á einhvern hátt?

Greinargerð.

Í kjölfar umræðu sem fram fór á Alþingi um starfsemi lögreglunnar setti dómsmálaráðherra sérstakan rannsóknarlögreglustjóra, Atla Gíslason hrl., til að fara með rannsókn á samskiptum lögreglunnar í Reykjavík og meints fíkniefnasala. Nú síðsumars skilaði settur rannsóknarlögreglustjóri skýrslu um rannsókn sína til ríkissaksóknara og dómsmálaráðherra sem ekki hefur verið birt.

Með vísan til þess að rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra á starfsemi lögreglunnar hlýtur beint eða óbeint að beinast að ríkissaksóknara sem yfirmanni rannsókna opinberra mála og dómsmálaráðherra sem yfirmanni lögreglunnar sem og eftirlitsskyldu Alþingis með framkvæmdarvaldinu telja flutningsmenn nauðsynlegt að dómsmálaráðherra gefi Alþingi sjálfstæða skýrslu um þá rannsókn sem fram fór auk upplýsinga um þau atriði sem fram koma í beiðninni.

93. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um athugun á nýtingarmöguleikum gróðurhúsalofttegunda.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson,
Sigríður A. Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta athuga til hlítar möguleika á að nýta gróðurhúsalofttegundir til eldsneytisframleiðslu og í hvers konar iðnaði eða iðnaðarferlum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Með henni er lagt til að athugað verði til hlítar hverjir möguleikar eru á að nýta gróðurhúsalofttegundir til eldsneytisframleiðslu og í hvers konar iðnaði eða iðnaðarferlum.

Að undanförnu hefur orðið mikil almenn umræða um útstreymi gróðurhúsalofttegunda hérlendis og hvers muni að vænta miðað við fyrirætlanir og ráðagerðir um aukna stóriðju og orkuframleiðslu. Vísað hefur verið til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og nauðsynjar á að vernda umhverfi og náttúru og að verjast mengun með árangursríkum hætti.

Í svari umhverfisráðherra, í þskj. nr. 513 á 121. löggjafarþingi, birtust upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á undanförnum árum og áætlun um það í nálægri framtíð. Þar kom m.a. fram að reiknað í koltvíoxíð-ígildum (CO_2) var útstreymið:

— árið 1990 samtals 2.860 þús. tonn, þar af koltvíoxíð (CO_2) 2.147 þús. tonn eða 75,1%,
— árið 1995 samtals 2.744 þús. tonn, þar af koltvíoxíð 2.282 þús. tonn eða 83,2%,
— árið 2000 áætlað samtals 3.036 þús. tonn, þar af koltvíoxíð 2.457 þús. tonn eða 80,9%, og var þá tekið tillit til stækkunar álvers Ísals við Straumsvík.

Þá kom og fram spá um aukningu þessa útstreymis ef verður af öllum þeim hugmyndum um stóriðju sem nú eru uppi, þ.e. um álver og stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga, álver á Keilisnesi og magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Sú spá gerði ráð fyrir aukningu, reiknaðri í koltvíoxíð-ígildum, um 3.706 þús. tonn. Samtals yrði útstreymi því 6.743 þús. tonn, þar af koltvíoxíð 3.712 þús. tonn eða 55%. Þess ber þó að geta að í skjalinu gætti ónákvæmni varðandi upplýsingar um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi og raunhæfar upplýsingar breyta talsverðu um niðurstöðu þessarar spár. Enn fremur kom fram að Ísland er

aðili að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og er í hópi ríkja sem hafa sameiginlega skuldbundið sig til að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda verði árið 2000 ekki meiri en hún var árið 1990. Nú er talið að til þess þurfi þau sameiginlega að draga úr útstreyminu um 50% frá því sem nú er.

Af hálfu stjórnvalda er unnið að ýmsum aðgerðum sem ætlað er að hvetja til orkusparnaðar og notkunar eldsneytis sem losi minna af þessum lofttegundum við brennslu. Til umfjöllunar er áætlun um stóraukna landgræðslu og skógrækt, bæði til þess að styrkja og auka gróðurþekju landsins og að auka koltvíoxíðbindingu í gróðri um 100 þús. tonn fram til ársins 2000. Ekki er ljóst um heildarárangur af þessum aðgerðum, en þess er vart að vænta að hann muni vega upp á móti framangreindri aukningu útstreymis. Af þeim sökum er full ástæða til að kanna til hlítar alla möguleika sem kunna að vera til að nýta þessar lofttegundir. Skulu hér nefnd nokkur dæmi um möguleika sem athuga þarf.

— Fram hefur komið að koltvíoxíð má nýta ásamt vetni til framleiðslu metanóls sem er hentugt eldsneyti fyrir bíla og skip í stað bensíns og olíu. Metanól er hentugra en vetnið sjálft og brennur með minni losun gróðurhúsalofttegunda en bensín og olíur. Ef verður af magnesíumverksmiðju á Reykjanesi mun vetnisframleiðsla hérlendis, sem nú er lítil og því ekki hagkvæm, verða nægileg til að ná hagkvæmni. Frá stóriðju og jarðvarmavirkjunum má væntanlega fá mikið af koltvíoxíði. Því er ástæða til að rannsökuð verði framleiðsla á metanóli, hvaða nýjungar hafi komið fram í framleiðsluaðferðum, hvort slík hagkvæmni náist að metanól gæti orðið samkeppnisfært við bensín og brennsluolíur, og þá með tilliti til þess að koltvíoxíðútstreymi kann að verða skattlagt vegna mengunar. Slík gjaldtaka er orðin meira en hugsanleg.
— Fyrirtækið Ískem, sem m.a. Iðntæknistofnun og Hitaveita Suðurnesja eiga aðild að, hefur kannað möguleika á nýtingu ýmissa gróðurhúsalofttegunda frá jarðvarmavirkjunum í nokkrum iðnaðarferlum. Þær athuganir hafa leitt í ljós margvíslega möguleika á þessu sviði sem ástæða er til að verði kannaðir til hlítar.
— Margar gróðurhúsalofttegundir eru fluttar inn til fjölbreytilegra nota. Rétt er að ganga úr skugga um hverjar þeirra megi framleiða hér innan lands, t.d. sem aukaafurðir annarrar starfsemi eða með því að vinna þær úr útblæstri.

94. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um íslenskt sendiráð í Japan.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1998.

Greinargerð.

Tillaga um opnun íslensks sendiráðs í Japan var fyrst flutt á 115. löggjafarþingi (þskj. 434) af Hjörleifi Guttormssyni, Gunnlaugi Stefánssyni, Jóni Helgasyni og Kristínu Einarsdóttur. Veigamikil röksemd með flutningi tillögunnar voru sífellt aukin samskipti Íslendinga og Jap-

ana, bæði á sviði menningar og viðskipta. Utanríkismálanefnd fjallaði um tillöguna en hún hlaut ekki afgreiðslu.

Þrátt fyrir opnun sendiráðs í Kína í ársbyrjun 1995 telja flutningsmenn þessarar tillögu enn brýna hagsmuni mæla með því að opnað verði íslenskt sendiráð í Japan, bæði vegna mikilvægis tengsla Íslands og Japans og einnig vegna vaxandi samskipta og markaðsmöguleika í öðrum fjölmennum ríkjum Austur-Asíu. Sú skoðun hefur komið fram allvíða að undanförnu að ekki sé nægilegt að reka eitt íslenskt sendiráð í þeim heimshluta heldur sé full þörf á öðru til viðbótar til að sinna íslenskum hagsmunum sem skyldi og þá hlýtur opnun sendiráðs í Japan að vera efst á blaði. Sendiráðið í Peking annast nú samskipti við Japan, sbr. fylgiskjal um íslensk sendiráð og starfsmannafjölda. Einnig ber að hafa í huga gagnkvæma hagsmuni Íslendinga og Japana af opnun íslensks sendiráðs í Japan þar sem það gæti eftir atvikum leitt til þess að Japanir settu á fót eigið sendiráð hérlendis.

Efnahagsveldi Japana hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár þannig að þeir keppa nú við fremstu stórveldi um forustu í heimsviðskiptum. Ísland og Japan tóku upp stjórnmálasamband á árinu 1956. Hafa komist á traust viðskipti milli Íslands og Japans hin síðari ár og var Japan í öðru til þriðja sæti með Bandaríkjunum á eftir EES-löndunum að því er varðar verðmæti útflutnings héðan til einstakra landa árið 1995 og á árinu 1996 er Japan í fjórða sæti á eftir Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Alls nam verðmæti útflutnings til Japans á árinu 1995 rúmum 13 milljörðum kr. eða 11,3% af heildarútflutningi Íslendinga. Fyrir árið 1993 voru sambærilegar tölur tæpir 9 milljarðar kr. og 9,3% af heildarútflutningi en árið 1994 voru fluttar út vörur til Japans að verðmæti tæplega 16 milljarðar kr. eða 14 % af heildarútflutningi. Langstærstur hluti útflutningsvara til Japans eru fiskafurðir, en árið 1995 var útflutningsverðmætið 11 milljarðar kr. eða 83,7% heildarútflutnings þangað. Mikilvægustu sjávarafurðir okkar á Japansmarkaði á árinu 1995 voru heilfrystur karfi, heilfrystur flatfiskur, fryst loðna, fryst rækja og fryst loðnuhrogn. Árið 1995 voru landbúnaðarafurðir seldar til Japans fyrir 144 millj. kr. sem er 1,1% af heildarútflutningi og iðnaðarvörur voru seldar fyrir 100 millj. kr. sem er 0,8% af heildarútflutningi. Nefna má að sala á kísiljárni til Japans dróst saman um rúman 1,1 milljarð kr. á milli áranna 1994 og 1995. Annar útflutningur til Japans nam um 2 milljörðum kr. á árinu 1995.

Vöruskiptajöfnuður Íslands og Japans hefur verið Íslendingum hagstæður. Innflutningur þaðan hefur numið um 4–6% af heildarinnflutningi síðustu ár. Árið 1993 voru fluttar inn vörur frá Japan fyrir rúma 5 milljarða kr., fyrir um 4,1 milljarð kr. á árinu 1994 og á árinu 1995 fyrir um 5 milljarða kr., að stærstum hluta vélar og samgöngutæki og fatnaður. Vöruskiptajöfnuður landanna var því Íslandi hagstæður um 8 milljarða kr. árið 1995.

Það er flestra álit að viðskipti Íslands og Japans geti vaxið enn frekar frá því sem nú er ef vel er að málum staðið. Í því sambandi getur starfræksla íslensks sendiráðs í Japan skipt verulegu máli til að kynna ímynd Íslands og greiða götu viðskipta og annarra samskipta. Slíkt er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst þegar samkeppni fer harðnandi um markaði. Þá er og æskilegt að rækta samskipti sem víðast, m.a. til að geta brugðist við breyttum markaðsaðstæðum. Íslensk fyrirtæki hafa um nokkurra ára skeið starfrækt söluskrifstofur í Tókíó sem sýnir mikilvægi þess markaðar.

Þótt fjarlægð milli landanna sé mikil er sitthvað skylt með Japönum og Íslendingum. Japan er eyríki eins og Ísland. Einnig þar er sjávarútvegur mikilvæg atvinnugrein og fiskneysla hefðbundin og vaxandi. Bæði löndin hafa stundað hvalveiðar og haft samvinnu um þá hagsmuni, m.a. í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Eldvirkni er mikil í Japan eins og hér, jarðskjálftar tíðir og

jarðvarmi hagnýttur, m.a. til raforkuframleiðslu. Í Tókíó eru aðalstöðvar Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna en útibú frá þeirri stofnun er starfrækt í Reykjavík.

Samskipti í menningarmálum hafa verið nokkur og farið vaxandi síðustu árin. Ísland var kynnt á mörgum stöðum í Japan árið 1987 ásamt öðrum ríkjum á Norðurlöndum á sýningunni „Scandinavia today". Á árunum 1990–1991 var Japan kynnt hér á landi með listviðburðum og sýningum undir fyrirsögninni „Japan today in Iceland". Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti Íslands, hafði mikinn áhuga á að efla samskipti milli landanna og heimsótti hún Japan nokkrum sinnum um og eftir 1990. Þess má og geta að japönsk þingmannanefnd kom hingað í boði Alþingis haustið 1989. Sú heimsókn var endurgoldin af forsætisnefnd Alþingis haustið 1991 og var tillaga sem þá var flutt um opnun íslensks sendiráðs í Tókíó að nokkru sprottin upp af þeim kynnum.

Með stofnun sendiráðs ætti að mega styrkja frekar og auka gagnkvæm samskipti Íslands og Japans. Nefna má að á sviði ferðamála kann að vera sóknarfæri að kynna Japönum Ísland, en fjöldi ferðamanna frá Japan hefur aukist verulega á síðasta áratug. Árið 1985 komu 716 japanskir ferðamenn til landsins en á árinu 1995 voru þeir 2.410 og 2.567 á árinu 1996. Þó var þessi fjöldi aðeins 1,3% af heildarfjölda erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árin 1995 og 1996.

Talsverður kostnaður er því fylgjandi að koma á fót sendiráði og reka það. Í Tókíó er húsnæðiskostnaður hærri en gerist víða annars staðar. Ekki er í tillögunni tekin afstaða til hvort mæta skuli þessum tilkostnaði vegna sendiráðs í Japan með endurskipulagningu á sendiráðsstarfsemi okkar annars staðar, eða hvort nauðsynlegt reynist að auka það fjármagn sem utanríkisþjónustan hefur til ráðstöfunar til að gæta hagsmuna Íslands á erlendri grundu á tímum sífellt aukinna alþjóðasamskipta.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur að því að opna sendiráð í Japan taki um það bil eitt ár og því er í tillögunni gert ráð fyrir að sendiráðið verði opnað á árinu 1998.

Fylgiskjal.

Listi yfir íslensk sendiráð og starfsmannafjölda þeirra, unninn upp úr handbók utanríkisráðuneytisins.

(Mars 1996.)

1. Íslensk sendiráð eru í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel, Washington og Peking. Fastanefndir eru í Brussel, Genf og New York.
2. Umdæmi stofnana þeirra, sem nefndar eru í 1. lið hér að framan, eru:
   a. Kaupmannahöfn. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur, sendiráðsprestur og tveir ritarar. Auk Danmerkur falla Bosnía og Hersegóvína, Litháen og Tyrkland undir umdæmi sendiráðsins.
   b. Ósló. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur og tveir ritarar. Auk Noregs falla Króatía, Kýpur, Makedónía, Pólland, Slóvakía og Tékkland undir umdæmi sendiráðsins.
   c. Stokkhólmur. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, sendiráðsprestur og tveir ritarar. Auk Svíþjóðar falla Albanía, Eistland, Finnland, Lettland og Slóvenía undir umdæmi sendiráðsins.

d. London. Í starfsliði eru sendiherra, sendifulltrúi, sendiráðsfulltrúi, sendiráðsprestur og tveir ritarar. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands falla Grikkland, Holland, Indland og lýðveldið Írland undir umdæmi sendiráðsins.
e. París. Í starfsliði eru sendiherra, sendifulltrúi, sendiráðsritari og þrír ritarar. Auk Frakklands falla Ítalía, Portúgal og Spánn undir umdæmi sendiráðsins. Forstöðumaður sendiráðsins er fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Evrópuráðinu og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
f. Moskva. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, viðskiptafulltrúi og tveir ritarar. Auk Rússlands falla Búlgaría, Georgía, Moldóva, Mongólía, Rúmenía og Úkraína undir umdæmi sendiráðsins.
g. Bonn. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, sendiráðsfulltrúi, viðskiptafulltrúi og tveir ritarar. Sendiráðið er með útibú í Berlín og hafa viðskiptafulltrúinn og annar ritarinn aðsetur þar. Auk Þýskalands falla Austurríki, Serbía-Svartfjallaland, Sviss og Ungverjaland undir umdæmi sendiráðsins.
h. Brussel. Tvær skrifstofur eru í Brussel:
   1. Fyrir sendiráðið í Belgíu. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur, tveir sendiráðsritarar, sendiráðsfulltrúi, fulltrúi fjármálaráðuneytis, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, fulltrúi landbúnaðar- og samgönguráðuneytis, tveir fulltrúar menntamálaráðuneytis, fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis, fulltrúi umhverfisráðuneytis og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og þrír ritarar. Auk Belgíu falla Liechtenstein og Lúxemborg undir umdæmi sendiráðsins. Forstöðumaður sendiráðsins er sendiherra hjá Evrópusambandinu.
   2. Fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu (NATO) og Vestur-Evrópusambandinu. Í starfsliði eru fastafulltrúi (sendiherra), varafastafulltrúi, sendiráðsritari og ritari.
i. Washington. Í starfsliði eru sendiherra, sendifulltrúi og þrír ritarar. Auk Bandaríkja Norður-Ameríku falla Argentína, Brasilía, Chile, Kanada, Kólumbía, Mexíkó, Perú, Úrúgvæ og Venesúela undir umdæmi sendiráðsins.
j. Peking. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, sendiráðsfulltrúi og einn ritari. Auk alþýðulýðveldisins Kína falla Indónesía, Japan, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Tæland og Víetnam undir umdæmi sendiráðsins.
k. Genf. Í starfsliði eru fastafulltrúi, varafastafulltrúi, sendiráðsritari og tveir ritarar. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf er fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf.
l. New York. Í starfsliði eru, að meðtöldu starfsliði aðalræðisskrifstofunnar í New York, fastafulltrúi, aðalræðismaður, varafastafulltrúi, sendiráðunautur, viðskiptafulltrúi, sendiráðsfulltrúi og ritari. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York er fastafulltrúi Íslands í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

95. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson,
Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson,
Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að heimila tímabundnar tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Náttúrustofa Vestfjarða hafi eftirlit með tilraunaveiðunum og gefi ráðherra skýrslu þar sem fram komi niðurstöður tilraunarinnar. Að tilraunatímabilinu loknu verði mat lagt á nauðsyn á framhaldi veiða á ref og mink á svæðinu.

Greinargerð.

Árið 1985 var ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar með voru veiðar á ref og mink bannaðar á svæðinu. Meðal reglna sem gilda um friðlandið er að hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

Hér er verið að leggja til að umhverfisráðherra nýti rétt til undanþágu frá settum reglum í friðlýsingu, enda liggja til þess ríkar ástæður í þessu tilviki.

Meginregla laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, er að villt dýr séu friðuð, en undantekningar eru gerðar um einstakar dýrategundir. Þá segir í 7. gr. þeirra að í reglugerðum skuli kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. Þar skuli m.a. kveða á um hvaða tegundir séu alfriðaðar, hverjar sé heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð vopna, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur umhverfisráðherra sett reglugerð nr. 358/1994.

Í VI. kafla laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er að finna sérákvæði um veiðar. Í 12. gr. er ákvæði um refi, svohljóðandi:

Refir. Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt þessari málsgrein.

Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Umhverfisráðherra getur í samráði við veiðistjóra heimilað sveitarstjórnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar þeim sem ákvörðuð hafa verið skv. 2. mgr. og falla þau þá ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum, sbr. 2. mgr., um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Í 13. gr. eru sérákvæði um minka, og er ákvæðið svohljóðandi:

Minkar. Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og annarra greiðslna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 2. mgr. Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd veiðanna og um tilhögun endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.

Þannig er meginregla laganna sú að refir séu friðaðir, en minkar ekki.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er þess farið á leit við umhverfisráðherra að nýtt verði heimild ráðherra til að veita undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar, sbr. 28. gr. laga um náttúruvernd, nr. 93/1996, en þar er fjallað um friðlýsingu landsvæða og er ákvæðið svohljóðandi:

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðað í heild landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu ef ástæður eru fyrir hendi.

Athygli hefur verið vakin á því að með því að veiðar á ref og mink eru ekki heimilaðar í friðlandinu á Hornströndum hafi orðið gríðarleg fjölgun á þessum tegundum. Ferðamenn og aðrir þeir sem eiga leið um svæðið hafa veitt því eftirtekt að mófuglar sjást þar tæplega og augljóst að þeir hafa orðið ref og mink að bráð. Skynsamleg veiði á þessum tegundum myndi því auðga lífríkið og söngur mófuglanna hæfist að nýju.

Íbúar nærliggjandi byggða, jafnt á Ströndum sem við Ísafjarðardjúp, hafa og bent á að gengdarlaus fjölgun á ref og mink í friðlandinu ylli miklum búsifjum utan friðlandsins. Hjarðir minka og refa streyma suður Strandir og inn í Djúp, leggjast á búfénað, granda fuglum og eyðileggja veiðiár. Hlunnindabændur hafa þannig vakið athygli á að mikil fjölgun refa og minka hafi leitt af sér stórtjón í æðarvörpum og laxveiðiám og skaðað þannig bændur og rýrt afkomu þeirra.

Af þessu hefur síðan leitt að kostnaður við grenjaleit og veiðar á mink hefur vaxið gríðarlega í sveitarfélögum sem næst liggja friðlandinu. Fámenni þeirra hefur hins vegar gert að verkum að stóraukinn veiðikostnaður verður þeim ofviða og eykur enn vandamálið.

Af þessu sést að brýna nauðsyn ber til að aflétt sé banni við veiðum á mink og ref í friðlandinu á Hornströndum. Á hinn bóginn er skynsamlegt að þessar veiðar fari fram undir eftirliti, vegna þess að um friðland er að ræða. Eðlilegast er að nýstofnuð Náttúrustofa Vestfjarða annist eftirlitið og leggi mat á það innan hæfilegs tíma hvernig staðið skuli að verki til frambúðar.

Í viðtali við Ásbjörn Dagbjartsson veiðistjóra í Morgunblaðinu 28. september sl. víkur hann meðal annars að því að minkur hafi verið veiddur í landinu frá árinu 1937 með óbreyttu álagi. „Útkoman er sú að minkurinn hefur gersigrað okkur," segir hann. Enn fremur segir hann um minkinn: „Hann hefur farið hringveginn og stofninn hefur alltaf verið í vexti. Það er aðeins á afmörkuðum svæðum þar sem miklu er kostað til að tekist hefur að halda honum í burtu."

Veiðistjóri segir að stofnstærð refsins hafi þrefaldast á síðustu 20 árum þó svo að veiðar hafi verið svipaðar og áður. „Veiðin hefur minnkað nokkuð síðustu tvö árin og mesta hættan núna er sú að nýliðun í refastofninum aukist í kjölfarið. Það væri í raun stórhættulegt að aflétta snögglega veiðiálagi."

Hér ber allt að í einu. Öll rök hníga að því að veiðar á ref og mink skuli auknar og einkanlega á það við í friðlandi sem á Hornströndum, þar sem fjölgun þessara tegunda er orðin að alvarlegu vandamáli.

Fylgiskjal.

Auglýsing um friðland á Hornströndum.

(Stjt. nr. 332, 13. ágúst 1985.)

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnsfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Mörkin fylgja Skorará frá ósi og í Skoravatn. Þaðan liggja þau meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan í beina línu úr suðausturhluta þess og í upptök þeirrar kvíslar, sem næst er vatninu og fellur í Furufjarðarós. Miðast mörkin við hugsaða línu 200 m fyrir sunnan kvíslina og síðan ámóta vegalengd sunnan Furufjarðaróss allt til sjávar í Furufjörð.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmun (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.
3. Leyfi landeiganda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar.
   Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.
   Hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns, mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.
4. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.
   Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
8. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
9. Náttúruverndarráð og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 47/1971.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 44/1985 um friðland á Hornströndum.


HORNSTRANDIR
JÖKULFIRÐIR
FLJÓTAVÍK
Látrar
AÐALVÍK
Hesteyri
GRÆNAHLÍÐ
FANNA-
FJALL
HESTEYRARFJÖRÐUR
VEIÐILEYSUFJÖRÐUR
HORNBJARG
HORNVÍK
ALMENNINGAR
KVÍARFJALL
BARÐSVÍK
LÓNAFJÖRÐUR
FURUFJÖRÐUR
HRAFNSFJÖRÐUR
LEIRUFJÖRÐUR
Skorarvatn
SKÓRARHEIÐI
DRANGA-
JÖKULL
GEIRSFJALL
1:250 000
0 1 2 3 4 5

96. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á lögum nr. 4 frá 19. febrúar 1963, um ráðherraábyrgð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr liður, c-liður, er orðast svo:

c. ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 116. löggjafarþingi flutti háttvirtur þingmaður og núverandi félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðherraábyrgð. Með frumvarpinu fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Lögin um ráðherraábyrgð frá 4. febrúar 1963 taka ekki til ábyrgðar ráðherra gagnvart Alþingi ef hann greinir því rangt frá, gefur því villandi upplýsingar eða leynir það upplýsingum er mikilvægar eru fyrir meðferð máls. Ráðherrar hafa því ekki nauðsynlegt aðhald og geta freistast til að gefa Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leyna það mikilvægum upplýsingum. Þetta getur leitt til óvandaðrar meðferðar mála og orsakað fullkominn trúnaðarbrest Alþingis og ráðherra. Í lögum Dana um ráðherraábyrgð (Lov 1964-04-15 nr. 117 om ministres ansvarlighed) eru hins vegar skýr ákvæði um þetta atriði. Lagt er til að þau ákvæði verði tekin í íslensk lög. Það er mjög mikilvægt að Alþingi geti treyst því að upplýsingar, er ráðherrar gefa því, séu fullnægjandi og sannleikanum samkvæmar og að ráðherra leyni ekki upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls.“

Í framsöguræðu flutningsmanns kom fram að hann teldi ákaflega mikilvægt að Alþingi geti treyst þeim upplýsingum sem ráðherrar gefa og það geti treyst því að ráðherra segi allan sannleikann og ekkert nema sannleikann í ræðustóli. Jafnframt kom fram að trúverðugleiki er mikið höfuðatriði í þessu efni og höfuðnauðsyn til þess að Alþingi geti tekið réttar ákvarðanir.

Fram kom einnig að frumvarpið væri bundið við formlegar upplýsingar til Alþingis. Orðrétt sagði framsögumaður: „Ég tel að þetta eigi einungis að gilda um upplýsingar sem ráðherra gefur Alþingi, þjóðþinginu, með formlegum hætti. Þeim upplýsingum verður að vera hægt að treysta. Annars getur Alþingi ekki tekið réttar eða skynsamlegar ákvarðanir ef það er leitt í villu eða af framkvæmdarvaldsins hálfu leynt staðreyndum.“

Taldi flutningsmaður að það ætti að vera refsivert ef ráðherra greinir Alþingi formlega rangt frá staðreyndum eða leynir þýðingarmiklum upplýsingum þegar hann veit sannanlega betur. Jafnframt kom fram hjá flutningsmanni að hægt væri að finna fjölmörg dæmi úr fortíð og nútíð þar sem ráðherrar hafi farið frjálslega með sannleikann. Kom fram í ræðunni að á síðustu og verstu tímum hafi þetta gengið lengra en áður hefur tíðkast.

Frumvarpið um breytingu á lögum um ráðherraábyrgð, sem flutt var á 116. löggjafarþingi, er hér tekið upp óbreytt og taka flutningsmenn þess bæði undir það sem fram kom í greinargerð

með frumvarpi Páls Péturssonar um nauðsyn breytingarinnar og þau orð úr ræðu þingmannsins sem vitnað er til hér að framan

Tilefni flutnings þessa frumvarps nú er ekki síst að flutningsmaður nefnds frumvarps frá 116. löggjafarþingi og núverandi ráðherra, Páll Pétursson, hefur með eigin verkum sannað nauðsyn þessarar breytingar. Tvívegis á síðasta Alþingi var ráðherrann borinn þeim sökum að hafa gefið Alþingi rangar og villandi upplýsingar, um stöðu félagslega húsnæðiskerfisins og um samanburð á afföllum og kostnaði húsbréfakerfisins við húsnæðislánakerfið frá 1986, auk þess að leyna Alþingi upplýsingum sem höfðu verulega þýðingu fyrir málið. Þær ásakanir voru studdar gögnum frá Ríkisendurskoðun og Húsnæðisstofnun. Það er grundvallaratriði til að styrkja bæði þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa þinginu. Þegar fyrir liggur að alvarlegur trúnaðarbrestur er kominn upp milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins verður að taka á því máli eins og hér er lagt til að verði gert.

Verði frumvarpið að lögum munu 10. og 11. gr. laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, hljóða svo:

„10. gr.

Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

a. ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín,
b. ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir,
c. ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða við meðferð máls á Alþingi leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Við ákvörðun refsingar skal höfð hliðsjón af 70. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi ráðherra jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, skal hegning sú, sem hann hefur til unnið, tiltekin í einu lagi samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga.“

Fylgiskjal.

Dönsku lögin um ráðherraábyrgð.

(Lög 1964-04-15 nr. 117.)

1. gr.

Lögin gilda um ábyrgð ráðherra á embættisfærslu sinni.

2. gr.

Ákvæði almennra hegningarlaga taka einnig til starfa ráðherra.

3. gr.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild í lögbroti taka til ráðherra fyrir athafnir undirmanns hans þegar:

honum hefur verið kunnugt um þær og ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær,

brotið er nauðsynlegur eða eðlilegur þáttur framkvæmdar á ákvörðun sem ráðherrann ber ábyrgð á,

hann hefur stuðlað að brotinu með því að sinna ekki eðlilegu eftirliti eða setja skýr fyrirmæli.

4. gr.

Ábyrgð á embættisathöfn, sem atbeina konungs þarf til, hvílir bæði á þeim ráðherra sem hefur áritað með konungi og þeim ráðherrum sem hafa stuðlað að þeirri athöfn.

5. gr.

Ráðherra skal sæta refsingu ef hann af ásetningi eða af vítaverðu gáleysi vanrækir þær skyldur sem á honum hvíla samkvæmt stjórnarskrá, almennum lögum eða embættisstöðu hans.

Ákvæði 1. mgr. eiga við ef ráðherra veitir þinginu rangar eða villandi upplýsingar eða leynir mikilvægum upplýsingum við meðferð máls á þingi.

6. gr.

Brot á ákvæðum 5. gr. varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ef brotið er framið af gáleysi varðar það sekt eða varðhaldi.

Við ákvörðun fjársektar skal taka mið af ákvæðum almennra hegningarlaga um dagsektir.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. gilda því aðeins að önnur lög tiltaki ekki þyngri refsingu.

Ákvæði 155.–157. gr. almennra hegningarlaga gilda ekki um ráðherra.

8. gr.

Ábyrgð ráðherra fyrnist samkvæmt ákvæðum 93.–95. gr. almennra hegningarlaga. Fyrningarfrestur er þó aldrei skemmri en fimm ár.

9. gr.

Um skaðabótaábyrgð vegna embættisfærslu ráðherra gilda almennar reglur um skaðabætur vegna tjóns sem opinberir embættismenn valda í störfum sínum í þjónustu ríkisins.

97. Frumvarp til laga [97. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1996 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1996
A-HLUTI

Tekjur:	
Skatttekjur	
Skattar á tekjur einstaklinga	21.848.138
Skattar á tekjur lögaðila	3.955.069
Tryggingagjöld	13.641.233
Eignarskattar	3.760.824
Virðisaukaskattur	46.203.932
Vörugjöld og ýmis gjöld af innflutningi	19.592.174
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	3.192.215
Skattar ótaldir annars staðar	7.400.916
Skatttekjur samtals	**119.594.501**
Rekstrartekjur	
Arðgreiðslur	2.503.345
Vaxtatekjur	5.462.587
Aðrar rekstrartekjur	467.626
Rekstrartekjur samtals	**8.433.558**
Sala eigna	**252.988**
Tekjur samtals	**128.281.047**
Gjöld:	
Æðsta stjórn ríkisins	1.545.304
Forsætisráðuneyti	776.811
Menntamálaráðuneyti	19.790.540
Utanríkisráðuneyti	2.035.908
Landbúnaðarráðuneyti	7.036.707
Sjávarútvegsráðuneyti	1.179.005
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6.379.884
Félagsmálaráðuneyti	9.614.420
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	51.988.645
Fjármálaráðuneyti	22.411.506
Samgönguráðuneyti	11.749.590
Iðnaðarráðuneyti	1.090.764
Viðskiptaráðuneyti	212.058
Hagstofa Íslands	166.264
Umhverfisráðuneyti	1.000.958
Gjöld samtals	**136.978.364**
Tekjujöfnuður	**-8.697.316**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1996
A-HLUTI

Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankareikningar	4.735.538
Óinnheimtar ríkistekjur	23.370.252
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	7.850.322
Skammtímakröfur, aðrar	7.645.844
Vöru- og efnisbirgðir	368.179
Veltufjármunir samtals	**43.970.135**
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Veitt löng lán	63.661.485
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur	-7.850.322
Hlutabréf	10.446.801
Stofnfjárframlög	4.829.298
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**71.087.264**
Eignir samtals	**115.057.398**
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	427.412
Krafa á ríkistekjur og innheimtufé	1.386.818
Ógreidd gjöld (án vaxta)	2.622.754
Hlutafjárloforð	7.446.205
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	6.122.592
Tekin stutt lán	16.581.883
Aðrar skammtímaskuldir	6.077.773
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	16.838.893
Skammtímaskuldir samtals	**57.504.331**
Langtímaskuldir	
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	13.569.269
Tekin löng innlend lán	76.877.052
Næsta árs afborganir af innlendum lánum fluttar á skammtímaskuldir	-9.466.914
Tekin löng erlend lán	132.217.686
Næsta árs afborganir af erlendum lánum fluttar á skammtímaskuldir	-7.371.979
Langtímaskuldir samtals	**205.825.114**
Lífeyrisskuldbindingar	**90.393.953**
Höfuðstóll:	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-224.272.275
Endurmat	-5.696.409
Tekjujöfnuður	-8.697.316
Höfuðstóll í árslok	**-238.666.001**
Skuldir og höfuðstóll samtals	**115.057.398**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1996 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1996
B-HLUTI

Tekjur:	
Rekstrartekjur	44.450.134
Vaxtatekjur	19.939.887
Aðrar fjármunatekjur	263.916
Framlög samtals	11.018.429
Óreglulegar tekjur	512.082
Tekjur samtals	**76.184.448**
Gjöld:	
Rekstrargjöld	
Laun og launatengd gjöld	10.857.495
Hráefni og vörur til endursölu	14.108.033
Afskriftir	2.872.162
Önnur rekstrargjöld	12.792.567
Rekstrargjöld samtals	**40.630.257**
Vaxtagjöld	20.439.630
Önnur fjármagnsgjöld	1.012.806
Tilfærslur	6.574.736
Óregluleg gjöld	1.524.749
Gjöld samtals	**70.182.178**
Hagnaður til ráðstöfunar	**6.002.270**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1996
B-HLUTI

Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður:	7.790.539
Skammtímakröfur	22.870.496
Vöru- og efnisbirgðir	2.336.673
Veltufjármunir samtals	**32.997.708**
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur/veitt löng lán	260.035.037
Afskriftarreikningur útlána	-10.482.337
Hlutafé og stofnfjárframlög	508.093
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**250.060.793**
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Farartæki og vélar	12.162.408
Fasteignir	21.268.565
Orkumannvirki	10.878.551

Aðrar eignir	1.816.643
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	**46.126.167**
Eignir samtals	**329.184.668**
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	81.944
Ógreidd gjöld	3.688.318
Viðskiptareikningar	8.351.599
Tekin stutt lán	1.741.984
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	4.460.849
Skammtímaskuldir samtals	**18.324.694**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	226.357.801
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir	-4.460.849
Langtímaskuldir samtals	**221.896.952**
Lífeyrisskuldbindingar	**12.594.276**
Eigið fé:	
Eigið fé í ársbyrjun	73.933.124
Ráðstöfun hagnaðar á eigið fé	1.274.096
Aðrar breytingar	1.161.526
Eigið fé í árslok samtals	**76.368.746**
Skuldir og eigið fé samtals	**329.184.668**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1996 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta þingsins í júlí 1997.

Helstu niðurstöður.

Á árinu 1996 nam tekjuhalli ríkissjóðs 8,7 milljörðum króna eða 6,8% af tekjum ársins. Árið á undan nam hallinn 15,2 milljörðum króna eða 13,3% af tekjum þess árs. Tekjuafkoman batnaði því töluvert á milli ára. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 12,0 milljörðum króna á árinu 1996 sem jafngildir 2,5% af landsframleiðslu ársins, samanborið við 18,5 milljarða króna árið 1995 eða um 4,1% af landsframleiðslu þess árs.

Í millj. kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting fjárhæð	Breyting %	Greiðslu-uppgjör 1996
Tekjur	128.281	114.190	14.091	12,3	127.735
Gjöld	136.978	129.356	7.622	5,9	139.730
Tekjujöfnuður	**-8.697**	**-15.166**	**6.469**	.	**-11.994**
Hrein lánsfjárþörf	**11.963**	**18.459**	**-6.496**	.	**12.708**

Tekin lán, nettó	**11.073**	**16.977**	**-5.904**	.	**12.755**
Innlend lán	4.431	1.892	2.539	.	5.485
Erlend lán	6.642	15.085	-8.443	.	7.270
Breyting á handbæru fé	**-888**	**-1.482**	**592**	.	**49**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %					
Tekjur	26,4	25,3	.	.	26,3
Þar af skatttekjur	24,6	23,5	.	.	24,6
Gjöld	28,2	28,6	.	.	28,7
Tekjujöfnuður	**-1,8**	**-3,4**	.	.	**-2,5**
Hrein lánsfjárþörf	**2,5**	**4,1**	.	.	**2,6**

Tekjur ríkissjóðs námu alls 128,3 milljörðum króna á árinu 1996 eða um 26,4% af landsframleiðslu ársins. Frá árinu á undan hækkuðu þær um 14,1 milljarð króna eða um 12,3%. Tekjur af virðisaukaskatti hækkuðu um 4,8 milljarða króna, tekju- og eignarskatti um 4,4 milljarða króna, tryggingagjaldi um 2,0 milljarða króna, sköttum af vöru og þjónustu um 1,7 milljarða króna og af öðrum sköttum um 0,5 milljarða króna. Arðgreiðslur og aðrar tekjur hækkuðu um 0,7 milljarða króna.

Tekjurnar skiptust þannig á árinu 1996 að beinir skattar námu 23,4%, óbeinir skattar 69,8%, fjármunatekjur 6,2% og aðrar tekjur 0,6%. Af beinum sköttum er tekjuskattur veigamestur eða 20,1% af heildartekjum ríkissjóðs. Virðisaukaskattur var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 36,0% af heildartekjunum, en innflutnings- og vörugjöld námu 15,3% og tryggingagjöld 10,6%.

Gjöld ríkissjóðs námu alls 137,0 milljörðum króna á árinu 1996 eða um 28,2% af landsframleiðslu ársins. Gjöld ríkissjóðs hækkuðu um 7,6 milljarða króna eða um 5,9% á milli ára. Af einstökum hækkunum á milli ára má nefna; yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum Pósts og síma um 1,7 milljarða króna, framlög til tryggingamála um 1,4 milljarða króna, kaup á Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi um 1,4 milljarða króna, framlög til grunnskóla um 1,1 milljarð króna og til framhaldsskóla um 0,8 milljarða króna. Á móti lækkaði fjármagnskostnaður um 0,8 milljarða króna, framlög til viðhalds og fjárfestingar hjá Vegagerðinni um 0,6 milljarða króna og Atvinnuleysistryggingasjóðs um 0,2 milljarða króna. Loks hækkuðu sértekjur stofnana um 1,3 milljarða króna á milli ára, en í því felst lækkun á heildargjöldum ríkissjóðs.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 12,0 milljörðum króna á árinu 1996 og lækkaði um 6,5 milljarða króna frá árinu undan. Er það svipuð fjárhæð og tekjuafkoma ríkissjóðs batnaði um á milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam lánsfjárþörfin 2,5% árið 1996 samanborið við 4,1% árið 1995.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs 1996.

Yfirlitið að framan sýnir einnig greiðsluuppgjör ársins 1996. Þar kemur fram að tekjuhalli ríkissjóðs lækkar úr 12,0 milljörðum króna í greiðsluuppgjöri í 8,7 milljarða króna í reikningi eða um 3,3 milljarða króna. Í stuttu máli skýrast þessi frávik af því að við lokauppgjör þarf ávallt að taka tillit til ýmissa þátta sem hafa ekki greiðsluhreyfingar í för með sér en fela í sér skuldbindingar eða kröfur fyrir ríkissjóð.

Helstu frávik á milli greiðsluuppgjörs og lokauppgjörs ársins 1996 eru lífeyrisskuldbindingar ársins umfram greiðslur til lífeyrissjóða um 2,7 milljarðar króna, yfirtaka ríkissjóðs á hluta af lífeyrisskuldbindingum Pósts og síma að fjárhæð um 1,7 milljarðar króna og kaup ríkissjóðs á Herjólfi með yfirtöku á áhvílandi lánum skipsins um 1,4 milljarðar króna. Hins vegar reyndust vaxtagreiðslur ársins verulega meiri en vaxtagjöldin eða sem nam 8,5 milljörðum króna. Skýrist sá munur í aðalatriðum af því að á árinu 1996 var ákveðið að greiða upp þrjá flokka spariskírteina, frá árunum 1984–1986, fyrir gjalddaga þeirra. Skírteinin báru 8–9% raunvexti og áttu að endurgreiðast í síðasta lagi árið 2000, en heimilt var að segja þeim upp fyrir lokagjalddaga, þannig að þau bæru ekki vexti eða verðbætur eftir það. Á þessi spariskírteini hafa safnast upp verulegar fjárhæðir í áföllnum vöxtum í gegnum árin, en þeir hafa verið gjaldfærðir jafnóðum í ríkisreikningi ár hvert en komu í einu lagi til greiðslu við innlausn skírteinanna í greiðsluuppgjörinu fyrir árið 1996. Heildarandvirði innlausnarinnar nam 17,3 milljörðum króna á árinu 1996, þar af voru vextir 10,1 milljarður króna og afborganir 7,2 milljarðar króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir vaxtagjöld og vaxtagreiðslur ríkissjóðs.

Í millj. kr.	Reikningur 1996	Reikningur 1995	Breyting fjárhæð	Breyting %	Greiðslu-uppgjör 1996
Vextir og lántökukostnaður					
Innlend lán	7.009	7.580	-571	-7,5	15.307
Erlend lán	8.275	8.402	-127	-1,5	8.525
Vextir og lántökukostnaður samtals	15.284	15.982	-698	-4,4	23.832

Lánamál ríkissjóðs.

Yfirlitið hér að neðan gefur vísbendingu um umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 1996. Lántökur ríkissjóðs umfram afborganir námu 4,4 milljörðum kr. á innlendum fjármagnsmarkaði á árinu 1996 og 6,6 milljörðum króna erlendis. Umsvif ríkissjóðs á innlenda markaðinum voru töluvert meiri en þessar tölur gefa til kynna. Hér að framan hefur verið skýrt frá víðtækri innköllun spariskírteina og endurfjármögnun þeirra með nýjum bréfum, þá átti ríkissjóður mikil viðskipti á skammtíma fjármagnsmarkaði á árinu 1996 en sala ríkisvíxla nam alls 66,6 milljörðum króna og endurgreiðsla þeirra 67,2 milljörðum króna.

Í millj. kr.	Staða í ársbyrjun 1996	Ný lán umfram afborganir	Endurmat ársins	Staða í árslok 1996
Skuldaviðurkenningar				
Spariskírteini	55.130	2.729	2.610	60.469
Ríkisvíxlar	16.399	-589	-	15.810
Ríkisbréf	5.774	2.592	-	8.367
Önnur innlend lán	9.009	-301	105	8.813
Erlend lán samtals	127.261	6.642	-1.686	132.218
Tekin lán samtals	**213.575**	**11.073**	**1.029**	**225.677**
Áfallnir ógjaldfallnir vextir af spariskírteinum.	19.011	-5.442	-	13.569
Skuldaviðurkenningar samtals	**232.586**	**5.631**	**1.029**	**239.246**
Lánveitingar				
Veitt löng lán	64.063	-1.303	902	63.661
Veitt stutt lán	70	-42	-	28
Skammtímakröfur umfram -skuldir	13.061	-5.908	179	7.332
Lánveitingar samtals	**77.194**	**-7.253**	**1.081**	**71.021**

Skuldaviðurkenningar umfram lánveitingar ...	**155.392**	**12.884**	**-52**	**168.225**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %				
Skuldaviðurkenningar samtals	**51,5**	**1,2**	.	**49,2**
Þar af erlendar skuldir	28,2	1,4	.	27,2
Lánveitingar samtals	**17,1**	**-1,5**	.	**14,6**
Skuldaviðurkenningar umfram lánveitingar ...	**34,4**	**2,7**	.	**34,6**

Skuldaviðurkenningar ríkissjóðs í árslok 1996 námu 239 milljörðum króna, en að teknu tilliti til lánveitinga voru þær 168 milljarðar króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu ársins námu skuldir ríkissjóðs 49,2% í árslok 1996 samanborið við 51,5% árið 1995. Skuldir ríkissjóðs umfram lánveitingar námu hins vegar 34,6% af landsframleiðslu í árslok 1996 en voru 34,4% árið á undan.

Markverðar breytingar urðu á samsetningu langtímaskulda ríkissjóðs á árinu 1996 eftir tiltölulega litlar breytingar árin þrjú á undan. Af einstökum breytingum má nefna að hlutdeild bandaríkjadollars í skuldinni lækkaði úr 24,5% í árslok 1995 í 20,7% í árslok 1996, en á móti jókst vægi þýskra marka úr 11,7% í 18,9%. Vægi lána í innlendri mynt hefur breyst tiltölulega lítið á milli ára og nam rösklega þriðjungi í langtímaskuldum ríkissjóðs.

Hér að framan hefur verið tæpt á helstu stærðum í fjárhag ríkissjóðs á árinu 1996 en í ríkisreikningi er að finna ítarlegar sundurliðanir og skýringar á einstökum liðum ríkisfjármálanna.

98. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. 10. tölul. orðast svo: Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti erlendis. Skattskyld þjónusta sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi telst ávallt nýtt hér á landi. Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Sé þjónusta ekki að öllu leyti nýtt erlendis er skilyrði fyrir undanþágu að fyrir liggi í bókhaldi seljanda vottorð frá bærum yfirvöldum í heimalandi kaupanda þar sem fram kemur hvers konar atvinnurekstur hann hefur með höndum og gildir vottorð þetta í tvö ár frá útgáfudegi. Eftirtalin þjónusta fellur undir þennan tölulið:
   a. framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og mynsturs, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda,
   b. auglýsingaþjónusta,

c. ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi,
d. tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun,
e. kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið,
f. atvinnumiðlun,
g. leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja,
h. þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið.

b. 11. tölul. orðast svo: Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattskylda þjónustu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: þjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Aðili, sem skylt er að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera grein fyrir kaupum á þjónustu á sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.

3. gr.

Í stað orðanna „erlendir ferðamenn“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: aðilar búsettir erlendis.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á ákvæðum virðisaukaskattslaganna varðandi skattskyldu vegna sölu á þjónustu til erlendra aðila. Frá 1. júlí sl. hafa gilt nýjar og strangari reglur um slíka sölu, en með lögum nr. 55/1997, um breyting á lögum um virðisaukaskatt, voru gerðar ýmsar breytingar er lutu að afdráttarlausari ákvæðum um skattskyldu og ákvörðun hennar í lögunum. Þannig voru felld brott ákvæði laganna um heimild fjármálaráðherra til þess að kveða á um skattskyldu, undanþágur og endurgreiðslur í reglugerðum. Meðal þeirra breytinga sem þá voru gerðar var að fella brott heimild til að kveða á í reglugerð um undanþágur vegna sölu á þjónustu til erlendra aðila sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi. Þess í stað var lögfest með skýrum hætti í 12. gr. laganna hvaða þjónusta væri undanþegin við sölu til erlendra aðila og að uppfylltum hvaða skilyrðum. Um leið voru undanþágur takmarkaðar við þjónustu sem nýtt er erlendis en áður var nægjanlegt að uppfylla annað tveggja skilyrða, þ.e. að þjónustan væri nýtt erlendis eða að hinn erlendi aðili væri í starfsemi sem teldist skattskyld samkvæmt íslenskum virðisaukaskattslögum. Hins vegar voru undanþágur rýmkaðar að því leyti að þær ná nú til allrar þjónustu sem mögulega getur verið nýtt erlendis

í stað upptalningar þeirrar sem fram kemur í reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá. Í reynd hafði þessi breyting ekki áhrif á skattbyrði fyrirtækja því að allir aðilar sem á annað borð gætu fengið skráningu samkvæmt íslenskum virðisaukaskattslögum geta fengið þann virðisaukaskatt endurgreiddan sem heimilt er að telja til innskatts skv. 15. og 16. gr. virðisaukaskattslaga. Í breytingunni fólst m.a. að skatteftirlit yrði tryggara og skattframkvæmdin sömuleiðis og hins vegar var sett regla sem talin var einfaldari í framkvæmd þar sem ekki þyrfti að túlka hvaða tegund þjónustu væri veitt heldur einungis hvar hún væri nýtt.

Nýja fyrirkomulagið, sem tók gildi 1. júlí sl., hefur mætt nokkurri gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila, þ.e. þeirra sem að jafnaði selja þjónustu til erlendra aðila. Helstu umkvartanir lúta að því að það krefjist meiri fyrirhafnar af hálfu hins erlenda aðila að þurfa að greiða virðisaukaskatt af keyptri þjónustu og sækja síðan um endurgreiðslu, heldur en að fá þjónustuna afhenta án virðisaukaskatts. Jafnframt hafa heyrst þau sjónarmið að í einhverjum tilvikum sé hætta á röskun samkeppnisstöðu og í því sambandi á það bent að ekki sé alltaf skýrt hvenær þjónusta sé nýtt erlendis en á þá túlkun reynir mun meira eftir breytinguna 1. júlí sl. Með hliðsjón af þessum ábendingum var ákveðið að taka breytinguna frá 1. júlí til endurskoðunar. Með þessu frumvarpi er lagt til að fyrirkomulag skattmeðferðar á þjónustu við erlenda aðila sem ekki hafa starfsstöð hér á landi verði fært til fyrra horfs í meginatriðum og um leið til samræmis við þær reglur sem gilda annars staðar í Evrópu.

Í frumvarpinu er lagt til að meginreglur reglugerðar nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, sem féll úr gildi 1. júlí sl. séu lögfestar. Þessi breyting hefur í raun ekki áhrif á skattbyrði erlendra aðila sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi samkvæmt íslenskum virðisaukaskattslögum. Þeir aðilar hafa átt þess kost að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri þjónustu sem undanþegin verður skatti samkvæmt þessu frumvarpi. Á hinn bóginn verður eftirlit með framkvæmdinni ekki jafn reglubundið og ella og því reynir frekar á það að skattstjórar hafi frumkvæði að því að kanna framkvæmd reglnanna og mun fjármálaráðuneytið leggja áherslu á að átak verði gert í þeim málum. Til að auðvelda framkvæmdina er lagt til að kveðið verði skýrar á um það hvenær þjónusta telst vera nýtt hér á landi og er þessi breyting m.a. hugsuð til þess að auðvelda framkvæmd og eftirlit með þessum reglum.

Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna verði breytt, þannig að endurgreiðsluheimildin miðist við aðila sem búsettir eru erlendis en ekki eingöngu erlenda ferðamenn eins og samkvæmt núgildandi ákvæði. Tilgangur breytingarinnar er að gera Íslendingum búsettum erlendis kleift að kaupa vörur á Íslandi án virðisaukaskatts og taka með sér úr landi á sama hátt og aðrir ferðamenn. Að öðru leyti vísast til athugasemda með einstökum greinum til frekari skýringa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfestar verði meginreglur ákvæða reglugerðar nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá. Er lagt til að ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar verði felld undir 10.–11. tölul. 12. gr. laganna. Þó er vikið í einstökum atriðum frá orðalagi og/eða efni reglugerðarinnar, sbr. eftirfarandi:

- Í 2. málsl. a-liðar er gert ráð fyrir að sala skattskyldrar þjónustu sem veitt er í tengslum við ýmsa starfsemi sem er undanþegin skv. 3. mgr. 2. gr. laganna skuli ávallt talin nýtt hér á

landi. Hér er fyrst og fremst verið að ákvarða skattlagningarstað þjónustu sem í flestum tilvikum væri afhent og þá nýtt hérlendis, til dæmis þjónusta sem veitt er í sambandi við samkomuhald hér á landi.

- Í c-lið sem kveður á um undanþágu vegna ýmissar sérfræðiþjónustu (3. tölul. 2. gr. reglug.) er settur fyrirvari sem þó er efnislega sá sami og kveðið er á um í 4. og 5. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar. Hann er sá að undanþágan taki ekki til vinnu við eða þjónustu sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi. Rökin fyrir því eru m.a. þau að um er að ræða þjónustu sem er ekki flytjanleg milli landa ásamt því að í þeim tilvikum sem þjónustan varðar fasteignir væri um að ræða þjónustu sem ekki væri innskattsfrádráttarbær nema viðkomandi aðili hefði með höndum skattskylda starfsemi hér á landi og félli þar af leiðandi ekki undir gildissvið reglnanna. Jafnframt verður að telja að erlendur aðili, sem hefur ekki með höndum skattskylda starfsemi hér á landi, væri í fáum tilvikum að kaupa vinnu eða þjónustu er varðar lausafjármuni hans hér á landi. Ákvæðið er því sett til öryggis og ef svo bæri undir að erlendur aðili keypti slíka þjónustu án þess að hafa með höndum starfsemi hér á landi gæti hann í þeim tilvikum, þegar um frádráttarbæran innskatt að ræða, sótt um endurgreiðslu á skattinum samkvæmt reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.
- Felld er brott undanþága á ábyrgðarviðgerðum þar sem yfirskattanefnd hefur úrskurðað á þann veg að greiðsla til innlends viðgerðaraðila sem ber ábyrgð á söluhlut teljist greiðsla skaðabóta en ekki sala á skattskyldri þjónustu.
- Felld er brott undanþága varðandi vöruflutninga enda ekki um að ræða þjónustu í því tilfelli sem er hreyfanleg á milli landa. Ástæðan fyrir þessari undanþágu í reglugerðinni var að tilvik sem þessi komu upp árið 1994, en þá var ekki fyrir hendi í lögunum heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Var því málið leyst með því að setja ákvæðið í reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá. Heimildarákvæðið var lögfest með lögum nr. 40/1995, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og á grundvelli þess var sett reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

Verði frumvarpið samþykkt hafa allar efnisreglur reglugerðar nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, verið lögfestar og útgáfa annarrar reglugerðar til frekari útfærslu óþörf. Það sem einkennir þær þjónustugreinar sem taldar eru upp í 10. tölul. er að um er að ræða þjónustu sem er flytjanleg á milli landa, þ.e. að auðvelt er að veita hana án þess að setja á stofn starfsstöð í öðru landi. Til nánari skýringar á einstökum stafliðum í upptalningu 10. tölul. skal eftirfarandi tekið fram:

- Undir ákvæði a-liðar 10. tölul. fellur hvers kyns framsal á hugverkaréttindum án tillits til hvort þau eru framseld í heild eða hluta. Jafnframt fellur leiga á þessum réttindum gegn endurgjaldi undir ákvæðið án þess að beinlínis sé um sölu að ræða.
- Við mat á því hvað teljist undanþegið skattskyldri veltu við sölu á sérfræðiþjónustu skv. c-lið 10. tölul. þarf að líta til 2. málsl. c-liðar.
- Í ákvæði e-liðar 10. tölul. sem fjallar um kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- og framleiðslustarfsemi er m.a. átt við samkeppniskvaðir og afsal á hagnýtingu réttinda skv. a-lið. Samkeppniskvaðir fela t.d. í sér áskilnað um að reka ekki atvinnustarfsemi á tilteknum stað í tiltekinn tíma í því skyni að varna samkeppni.
- Ákvæði g-liðar 10. tölul. tekur bæði yfir langtímaleigu og leigu til styttri tíma, svo og eignarleigu.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að efni 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 194/1990 verði fellt undir sérstakan tölulið (11. tölul.), þ.e. undanþága á þjónustu sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna. Ástæðan er sú að þessi þjónusta er í eðli sínu frábrugðin þeirri sem talin er upp í 10. tölul., þar sem hún er ávallt nýtt hér á landi og einstaklingar eru ávallt kaupendur þjónustunnar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er verið að samræma reglur laganna um í hvaða tilvikum þjónusta er skattskyld hér á landi við sölu erlendis frá. Með lagabreytingunni síðasta vor var gert ráð fyrir að öll þjónusta væri skattskyld á sama hátt og öll þjónusta seld til útlanda var undanþegin skattskyldri veltu. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem lúta að því að telja upp hvaða þjónustugreinum er heimilt að halda utan skattskyldrar veltu við sölu úr landi. Hér er lagt til að sömu þjónustugreinar verði skattskyldar við sölu til landsins. Með þessari reglu er tryggt að ekki komi til tvísköttunar við kaup á þjónustu frá löndum sem hafa sambærilegar reglur um skattlagningu á þjónustu á milli landa. Jafnframt er kveðið á um hvernig kaupandi á að standa að skilum skattsins.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að rýmkuð verði heimild laganna til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa erlendra ferðamanna á vörum hér á landi. Lagt er til að heimildin nái til allra aðila sem búsettir eru erlendis, í stað þess að ná einungis til erlendra ferðamanna eins og nú er. Við þessa breytingu öðlast Íslendingar búsettir erlendis sama rétt og erlendir ferðamenn hafa til endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum er þeir kaupa hér á landi og hafa með sér úr landi. Þessi breyting er í samræmi við framkvæmd þessara mála í nágrannalöndum okkar, en þar miðast réttur til endurgreiðslu við búsetu en ekki ríkisborgararétt.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum laga um virðisaukaskatt á þjónustu sem seld er erlendum aðilum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

99. Frumvarp til laga [99. mál]

um ríkisábyrgðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum þeim, sem ábyrgð heimila. Um veitingu ríkisábyrgða fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um endurlán ríkissjóðs eftir því sem við á. Endurlán verða þó ekki veitt aðilum utan B- og C-hluta ríkissjóðs, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum, sem ábyrgð heimila.

2. gr.

Í frumvarpi sem fjármálaráðherra leggur fram um veitingu ríkisábyrgða, skal liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs, skv. lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins, á eftirtöldum þáttum:

1. Mat á greiðsluhæfi skuldara.
2. Mat á afskriftaþörf vegna áhættu af ábyrgðum.
3. Mat á tryggingum sem lagðar verða fram vegna ábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða hámark veðsetningarhlutfalls.

3. gr.

Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Kveðið sé á um heimild til ríkisábyrgðar í lögum þeim sem ábyrgð heimila.
2. Ef lánsfjárþörfina er ekki hægt að uppfylla á almennum lánamarkaði og sýnt þykir að starfsemin sé hagkvæm.
3. Ábyrgðarþegi leggi fram a.m.k. 20% af heildarfjárþörf verkefnisins.
4. Ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs.

Ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærra hlutfalli en 75% af lánsfjárþörf verkefnis sem veitt er ríkisábyrgð.

Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum við ríkissjóð eða Ríkisábyrgðasjóð.

4. gr.

Hver sá sem ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir, ábyrgðarþegi, skal greiða við ábyrgðarveitingu í ríkissjóð áhættugjald er nemi 0,25–4,00% af höfuðstól ábyrgðarskuldbindingar fyrir hvert ár lánstímans. Áhættugjaldið skal greiða í upphafi lánstíma og rennur í ríkissjóð. Áhættugjald skal ákveðið af Ríkisábyrgðasjóði og taka mið af þeirri áhættu sem talin er vera af ábyrgðinni og hvort um einfalda ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð er að ræða.

Ábyrgðarþegi skal greiða afgreiðslugjald samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur. Skal það taka mið af kostnaði við afgreiðslu og mat á viðkomandi ábyrgð. Afgreiðslugjaldið skal renna til Ríkisábyrgðasjóðs.

Lánveitandi annast innheimtu áhættu- og afgreiðslugjalda hjá ábyrgðarþega.

5. gr.

Ríkisábyrgðasjóður skal halda afskriftareikning vegna veittra ábyrgða. Afskriftareikningur sjóðsins skal á hverjum tíma gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum allra ábyrgða sjóðsins. Jafnharðan og ákvarðanir eru teknar um ábyrgðir sbr. 3. gr., leggur sjóðurinn við afskriftareikning fjárhæð sem nemur áætlaðri afskriftaþörf.

Eigi sjaldnar en árlega skal endurmeta áhættu og afskriftaþörf Ríkisábyrgðasjóðs vegna ábyrgða og endurlána og á grundvelli þess, endurákvarða framlag á afskriftareikning. Leiði sú endurskoðun í ljós að varasjóður Ríkisábyrgðasjóðs nægi ekki til að mæta þannig metnum skuldbindingum, skal fjármálaráðherra gera Alþingi viðvart og gera tillögu um aðgerðir til að koma jafnvægi á fjárhag sjóðsins.

Ríkisábyrgðasjóður skal fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir eða veitt lán. Ábyrgðarþegum er skylt að láta Ríkisábyrgðasjóði í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er nauðsynlegar teljast, til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga, er ráðherra heimilt að beita dagsektum, uns gögnin eru komin fram. Um fjárhæð dagsekta skal nánar kveðið í gjaldskrá er fjármálaráðherra setur. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.

6. gr.

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta, eða hafa notið, ábyrgðar ríkissjóðs hvort sem hún er tilkomin vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars, skulu greiða ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á. Almennar viðskiptaskuldir skulu þó undanþegnar gjaldinu.

Ábyrgðargjald skv. 1. mgr. nemur 0,0625% af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 9. gr. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Lán, sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, húsbréf útgefin af Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum og útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð og Seðlabanki Íslands, eru undanþegin greiðslu ábyrgðargjalds skv. 6. gr.

Ábyrgðargjald vegna skuldbindinga fyrirtækja, sem eru að hluta í eigu ríkissjóðs, skal reikna í sama hlutfalli og eignaraðild ríkissjóðs nemur. Eignaraðild ríkissjóðs í félögum og fyrirtækjum, þar sem ábyrgð eigenda takmarkast við framlag þeirra, t.d. í hlutafélögum, veldur ekki gjaldskyldu.

8. gr.

Ríkisábyrgðasjóður annast útreikning, álagningu og innheimtu áhættugjalds skv. 4. gr. og ábyrgðargjalds skv. 6. gr. Ábyrgðarþegi skal veita Ríkisábyrgðasjóði allar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar í því sambandi.

Gjaldskyldir aðilar skv. 6. gr. skulu skila skýrslu í því formi sem Ríkisábyrgðasjóður ákveður þar sem fram komi brúttófjárhæð allra gjaldskyldra skuldbindinga eins og höfuðstóll þeirra er hinn 10., 20. og síðasta dag hvers mánaðar á hverju gjaldtímabili. Gjaldstofn ábyrgðargjalds er einfalt meðaltal fyrrgreindra fjárhæða.

Ábyrgðargjaldi skv. 7. gr. skal skila, ásamt skýrslu skv. 2. mgr. ársfjórðungslega eftir á. Gjalddagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga, skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, með síðari breytingum.

9. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Falla þá úr gildi lög nr. 37/1961 um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir gildistöku laga þessara skal fara fram athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs með það að markmiði að leiða í ljós áhættu sjóðsins og meta hvort ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til fjármagn til að eignir sjóðsins standist á við skuldbindingar hans. Uppgjör þetta skal miðast við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um vaxtamál, dags. 29. október 1993, kemur fram að ríkisábyrgðir verði teknar til endurskoðunar. Í því skyni skipaði fjármálaráðherra, með bréfi dags. 16. nóvember 1993, nefnd til að taka eftirfarandi atriði til skoðunar og gera tillögur um úrbætur:

1. Áhrif ríkisábyrgða á samkeppnisstöðu fjármálastofnana verði skýrð og þau metin. Jafnframt verði tilhögun og notkun ríkisábyrgða í öðrum löndum skoðaðar.
2. Gerðar verði tillögur um notkun ríkisábyrgða þannig að eignarhald ríkissjóðs á fyrirtækjum og lánastofnunum, — bein ríkisábyrgð og eigendaábyrgð — verði samræmd og mismuni ekki einkaaðilum.
3. Skoðað verði hvernig áhættu ríkissjóðs af útgáfu húsbréfa verður best mætt.
4. Lagt verði mat á hvort og hvernig ríkisábyrgðum verði beitt í sambandi við afurða- og framleiðslustarfsemi atvinnugreina, t.d. til fiskeldis og til að örva útflutning.
5. Gjaldtaka fyrir ríkisábyrgðir verði skoðuð með tilliti til áfalla, áhættuþóknunar o.fl.
6. Meðferð ríkisábyrgða, þ.e. hvernig til þeirra er stofnað og hvaða skilyrði aðilar þurfa að uppfylla, verði metin sbr. skýrslu starfshóps um ríkisábyrgðir dags. 30. júlí 1992.
7. Teljist nauðsynlegt að endurskoða lög og reglugerðir hér að lútandi, verði gerð drög að frumvarpi til laga og nauðsynlegum reglugerðum.

Í nefndina voru skipaðir þeir Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri, Sigurgeir Jónsson forstjóri Lánasýslu ríkisins og Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Með nefndinni hafa starfað þeir Sigurður Thoroddsen hjá Lánasýslu ríkisins, Yngvi Örn Kristinsson hjá Seðlabanka Íslands og Skarphéðinn B. Steinarsson hjá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin skilaði af sér til fjármálaráðherra ítarlegri skýrslu auk tillögu að frumvarpi til laga um ríkisábyrgðir, ásamt reglugerð sem kæmu í stað núgildandi laga og reglugerðar um ríkisábyrgðir, sem eru að stofni til frá 1961. Auk þess fylgdu skýrslunni tvær samantektir unnar af Seðlabanka Íslands. Annars vegar um skuldir og ábyrgðir ríkisins, uppgjör fyrir árin 1994 og 1995. Hins vegar greinargerð um samkeppnisstöðu viðskiptabankanna. Skýrsla nefndar-

innar, ásamt samantektum, verður á næstunni gefin út af fjármálaráðuneytinu. Frumvarp þetta er byggt á frumvarpsdrögum nefndarinnar. Efnisatriði eru flest þau sömu en uppsetningu hefur verið breytt. Eina efnislega breytingin leiðir af breytingu á fjárreiðum ríkisins sbr. lög nr. 88/1997.

Samdráttur í ríkisábyrgðum.

Í erindisbréfi nefndarinnar er óskað eftir tillögum til breytinga á núverandi meðferð og tilhögun ríkisábyrgða telji nefndin á því þörf. Frá því nefndin hóf störf hafa ýmsir þættir ríkisábyrgða skýrst verulega og ákvarðanir verið teknar af stjórnvöldum sem hafa áhrif á stöðu og framtíð ríkisábyrgða. Einnig hafa aðstæður breyst hin síðari ár með þroska innlenda lánamarkaðarins. Hann ræður nú við miklu stærri verkefni en áður og hefur þannig dregið úr þörf fyrir ríkisábyrgðir sem oft er krafist af lánveitendum við erlendar lántökur. Hér á eftir fara ábendingar og tillögur nefndarinnar um þau málefni sem henni var einkum falið að fjalla um og höfð voru að leiðarljósi við samningu frumvarpsins.

1. Skoðun nefndarinnar er að skuldbindingum og ábyrgðum ríkisins, og raunar annarra opinberra aðila, þurfi að gefa meiri gaum. Opinberir aðilar hafa orðið fyrir umtalsverðum skakkaföllum á liðnum árum vegna ábyrgða sem þeir hafa tekið á sig. Ábyrgðir á lánum einkaaðila hafa fallið á ríki og sveitarfélög, bein lán til atvinnufyrirtækja hefur reynst nauðsynlegt að afskrifa og eignir ríkisins í atvinnufyrirtækjum og fjármálastofnunum hafa rýrnað vegna tapa þessara aðila. Nefndin telur að stefna beri að því að draga úr ríkisábyrgðum einkum þar sem aðild ríkisins skekkir samkeppnisstöðu einkaaðila. Einnig telur nefndin brýna þörf á að reglur um veitingu ríkisábyrgða, séu skýrar. Jafnframt sýnist líklegt að í framtíðinni muni reyna meira á ábyrgðir vegna útflutnings á framleiðsluvörum og þekkingu.
2. Um áhrif ríkisábyrgða á samkeppnisstöðu fjármálastofnana bendir nefndin á, að ríkisbankarnir og veigamiklir fjárfestingarlánasjóðir hafa notið ríkisábyrgða, í misríkum mæli þó. Ekki fer á milli mála að eigendaábyrgð ríkissjóðs felur í sér aðra samkeppnisstöðu en þá sem einkaaðili býr við. Ekki verður fullyrt að hún sé í öllum tilvikum betri vegna annarra þátta sem koma til áhrifa, en ríkisábyrgðin ein og sér er hagfelld fyrir hlutaðeigandi. Markvissasta aðgerðin til að jafna starfsskilyrðin er breyting ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Með því að ríkið seldi hlutabréf sín í félögunum, a.m.k. að hluta, væri enn meiri jöfnuði náð. Meðferð ábyrgða ríkisins á núverandi skuldbindingum bankanna er ótvírætt eitt veigamesta atriðið til úrlausnar við breytingu á rekstrarformi bankanna. Stjórnvöld hafa nú tekið ákvörðun um stofnun hlutafélaga um viðskiptabanka ríkisins, sbr. lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Því er ekki gerð önnur tillaga í þessu efni, enda best tryggt að markmiðum verði náð með þeim hætti.
3. Hvað fjárfestingarlánasjóði ríkisins varðar annars vegar og Lánasjóð íslenskra námsmanna og Byggingarsjóðina hins vegar, telur nefndin að greina eigi skýrt á milli hinna fyrrnefndu, þ.e. Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs, Ferðamálasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins og þeirra síðartöldu. Árlega hefur verið fjallað um starfsemi þessara sjóða við afgreiðslu fjárlaga þar sem settar eru skorður við lántöku þeirra. Ríkið ber í flestum tilfellum eigendaábyrgð á þeim en ekki er veitt sérstök ábyrgð á hverri lántöku um sig. Ríkissjóður er þó ekki ábyrgur vegna lána Fiskveiðasjóðs. Tvennt kemur til álita í þessu efni. Annars vegar að afnema ábyrgð ríkisins á lántöku allra fjárfestingarlánasjóða líkt og á við um Fiskveiðasjóð eða að reka sjóðina

í formi hlutafélaga. Alþingi hefur nýlega samþykkt lög nr. 60/1997 um sameiningu Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs og að þeim verði breytt í hlutafélag, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Með lögunum hefur verið stigið veigamikið skref í þá átt að draga úr ábyrgð ríkissjóðs á þessu sviði enda er hér um að ræða stærstu fjárfestingarlánasjóðina ef undan eru skildir íbúðalánasjóðirnir. Á Alþingi hafa einnig verið samþykkt lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins. Samkvæmt þeim lögum skal sjóðurinn taka við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Í lögunum er gert ráð fyrir að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til enda um stofnun í eigu ríkisins að ræða. Um aðra sjóði, svo sem Byggðastofnun og Lánasjóð íslenskra námsmanna, þarf ekki að fjalla sérstaklega, enda reknir á félagslegum grundvelli og því réttlætanlegt að þeir starfi á ábyrgð ríkisins.

4. Um áhættu af útgáfu húsbréfa bendir nefndin á, að verjast má mögulegum áföllum með því að viðhalda sérstöku vaxtaálagi. Reglulega þarf að meta líkur á áföllum og endurskoða vaxtaálagið í því ljósi. Þessu formi hefur verið komið á og nemur álagið nú 0,35%. Þessi tilhögun breytir því ekki að ríkissjóður ber ábyrgðina á þeim skuldbindingum sem húsbréfadeildin stofnar til. Eigi að aflétta ábyrgðinni af ríkinu væri eðlilegt að færa starfsemina frá ríkinu og ætla bönkum og sparisjóðum verkefnið til úrlausnar. Það gæti verið í formi yfirtöku þeirra á húsbréfadeildinni eða að stofnuð verði sérstök lánastofnun sem annist verkefnið. Hana mætti reka í formi hlutafélags.
5. Nefndin gerir ekki sérstakar tillögur um útflutningsábyrgðir en vísar til nýsamþykktra laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins þar sem gert er ráð fyrir að allar ábyrgðir ríkisins vegna útflutnings verði framvegis hjá sérstakri deild sjóðsins sem veiti slíkar ábyrgðir á viðskiptagrundvelli og í takmörkuðum mæli vegna áhættu sem einkaaðilar eru ekki færir um að taka.
6. Nefndin telur að ríkisábyrgðir beri að nota af mikilli gætni. Hin almenna regla hljóti alltaf að vera sú að lán séu tekin á almennum markaði, án ábyrgðar ríkisins. Ríkisábyrgðir geti hins vegar verið réttlætanlegar í vissum tilfellum en þá er mikilvægt að í gildi séu lög og reglugerðir sem kveði á um hvernig með þær skuli farið. Sérhvert tilvik þurfi að skoða mjög vandlega. Nauðsynlegt er að glöggt komi fram hvers vegna ríkisábyrgð er réttlætanleg, að áhætta sem ábyrgðinni fylgir sé metin og að eftirlit sé virkt með þeim sem ríkisábyrgðar nýtur. Einnig þarf að meta hættuna á því að ríkið tapi fjármunum vegna ábyrgðar- eða lánveitingar og leggja í afskriftasjóð í samræmi við það.
7. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að lánveitingum ríkissjóðs til annarra en fyrirtækja og sjóða í B- og C-hluta ríkisreiknings og fjárlaga, verði hætt. Veitt lán ríkissjóðs til annarra verði háð því að það sé sérstaklega tilgreint í þeim lögum sem heimila ríkisábyrgð. Á undanförnum árum hefur af og til tíðkast að ríkissjóður hefur endurlánað af teknum lánum sínum til þeirra sem heimilt er að gangast í sjálfskuldarábyrgð fyrir. Má þar m.a. nefna sveitarfélög og einkafyrirtæki. Eðlilegt er að þessir aðilar leiti til lánastofnana um lántökur sínar, jafnvel þó að ríkið veiti ábyrgð, enda yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að draga úr afskiptum ríkisins á fjármagnsmarkaði.

   Forstjóri Lánasýslu ríkisins telur hins vegar nauðsynlegt, að áfram verði heimilt að veita lán af lánsfé ríkissjóðs í stað sjálfskuldarábyrgðar á láni frá öðrum aðila, þegar það er talið tryggara fyrir ríkissjóð, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Í frumvarpi þessu er tekið á þeim þáttum sem snúa að veitingu beinna ríkisábyrgða og endurlána. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 37/1961 um ríkisábyrgðir, með síðari

breytingum. Ýmsar breytingar eru gerðar frá gildandi lögum. Megintillögur að breytingum eru í átta liðum:

- Í fyrsta lagi er lagt til að áður en heimild til ábyrgðar er veitt af Alþingi skuli liggja fyrir mat á áhættu og afskriftaþörf vegna ábyrgðarinnar.
- Í öðru lagi að myndaður verði afskriftareikningur hjá Ríkisábyrgðasjóði til að mæta útlánatöpum. Kveðið er á um að ábyrgð verði ekki veitt nema að afskriftareikningur sé nægjanlegur til að mæta metinni afskriftaþörf.
- Í þriðja lagi er lagt til að árlegt áhættugjald verði mismunandi eftir áhættu (0,25%–4% pr. ár). Áhættumat Ríkisábyrgðasjóðs ráði hvert áhættugjald verði. Áhættugjald renni í ríkissjóð.
- Í fjórða lagi er lagt til að innheimt verði afgreiðslugjald við veitingu ábyrgðar vegna útlagðs kostnaðar. Skal það standa undir kostnaði Ríkisábyrgðasjóðs við umsýslu.
- Í fimmta lagi verði sú breyting gerð, að allar skuldbindingar sem njóta ríkisábyrgðar skuli mynda gjaldstofn við álagningu ábyrgðargjalds, óháð því hvort þær eru innlendar eða erlendar. Ábyrgðargjaldið verði hlutfallslegt, 0,0625% á ársfjórðungi, af höfuðstól skuldbindinga sem ríkissjóður ber ábyrgð á, með svipuðum hætti og verið hefur. Til þessa hefur ábyrgðargjald einungis verið innheimt af erlendum skuldbindingum en framvegis einnig af innlendum skuldbindingum. Undanþegnar eru þó skuldbindingar vegna innstæðna í innlánsstofnunum, húsbréf útgefin af Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, enda eru þær skuldbindingar tryggðar með sérstökum hætti, svo og útflutningsábyrgðir sem njóta ríkisábyrgðar. Ábyrgðargjald renni í ríkissjóð.
- Í sjötta lagi skal við gildistöku laganna gera sérstaka athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs. Ef í ljós kemur að fjárhagsstaða sjóðsins er óviðunandi gæti ríkissjóður þurft að leggja sjóðnum til nægjanlegt framlag til að mæta áætluðum skuldbindingum.
- Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að fyrirkomulagi endurlána verði breytt þannig að horfið verði frá því að ríkissjóður láni til annarra en aðila í B- og C-hluta, þ.e. ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign.
- Í áttunda lagi verði sú breyting gerð, að þrengja þátt ábyrgðar sem hlutfall af þeirri fjárfestingu sem hún er veitt til. Samkvæmt gildandi reglum er heimilt að ábyrgjast allt að 80% heildarkostnaðar þess verkefnis sem í hlut á, gegn viðurkenndum veðum. Með frumvarpinu er lagt til að þessu verði nú hagað þannig að bæði þurfi að uppfylla kröfu um eiginfjárhlutfall í fjármögnun (a.m.k. 20%) og að setja hámarkshlutfall ábyrgðar af lánsfjárhæð, að hámarki 75%. Gerð verði sú krafa hverju sinni að lántaki hætti sjálfur hluta með framlagi eigin fjár og að aðrir lánveitendur taki hluta áhættunnar með því að leggja til hluta lánsfjár.

Form ríkisábyrgða.

Ábyrgð ríkissjóðs vegna fjárskuldbindinga fyrirtækja og sjóða eða annarra aðila, getur verið með ýmsum hætti, auk skuldbindinga vegna lána sem ríkissjóður hefur sjálfur tekið innan lands eða utan. Rétt þykir að skilgreina hér á eftir mismunandi form ríkisábyrgða og þau hugtök sem notuð eru um þau.

- Í fyrsta lagi getur ríkissjóður tekist á hendur ábyrgð á lánum tiltekinna aðila á grundvelli sérstakrar lagaheimildar sem þarf að vera fyrir hendi í hverju tilviki. Slíkar ábyrgðir eru nefndar ***veittar ábyrgðir***. Um þessar ábyrgðir er fjallað í 1. gr. þessa frumvarps. Samkvæmt henni er ríkisábyrgð ***einföld***, nema sérstaklega sé tekið fram í lögum sem ábyrgðina heimila, að hún skuli vera ***sjálfskuldarábyrgð***. Munurinn á þessu liggur í því á hvaða stigi

lánveitandinn getur krafið ábyrgðaraðilann um greiðslu. Þegar um er að ræða sjálfskuldarábyrgð getur lánveitandi gengið beint að ábyrgðaraðila þegar gjalddagi er liðinn, og þarf ekki að reyna frekari innheimtu hjá aðalskuldara. Við einfalda ábyrgð er hins vegar ekki hægt að krefja ábyrgðaraðila um greiðslu lánsins fyrr en sannað hefur verið að aðalskuldari getur ekki greitt skuldina.

- Í öðru lagi getur ríkissjóður verið í ábyrgð fyrir skuldbindingum þótt ábyrgðarveiting hafi ekki farið um farveg fyrrgreindra laga um ríkisábyrgðir eða að sérstök lög hafi verið sett er heimila viðkomandi ábyrgð. Byggist það á þeirri ótvíræðu reglu íslensks réttar að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum stofnana sinna og fyrirtækja, nema sú ábyrgð sé takmörkuð með beinu lagaákvæði, samanber t.d. Fiskveiðasjóð, eða þar sem ábyrgð ríkissjóðs í hlutafélagi takmarkast við hlutafjárframlagið. Þessi svokallaða ***eigendaábyrgð*** ríkissjóðs getur verið ***bein***, þannig að krefja megi ríkissjóð beint um greiðslu kröfunnar, eða ***óbein***, þannig að fyrst þurfi að reyna innheimtu hjá viðkomandi ríkisfyrirtæki eða stofnun. Almenna reglan með þá ríkisaðila sem hafa sjálfstæðan fjárhag er að ábyrgð ríkisins á skuldbindingum þeirra sé óbein. Þessi hugtök samsvara að nokkru sjálfskuldarábyrgð og einfaldri ábyrgð, en eiga betur við þegar um er að ræða ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisaðila.

  Ábyrgð ríkissjóðs á húsbréfaútgáfu er óbein og byggist á því að Byggingarsjóður ríkisins, sem er í eigu ríkisjóðs, gefur húsbréfin út og er skuldari þeirra. Ríkissjóður ber einnig ábyrgð á skuldbindingum tryggingadeilda útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð og við Iðnlánasjóð vegna eignar sinnar á þeim, þó að jafnframt sé sérstakt ákvæði um ríkisábyrgðina sem snertir þann síðarnefnda.
- Í þriðja lagi mætti síðan nefna lífeyrisskuldbindingar sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir með víðtækum hætti. Á síðustu árum hefur opinberum stofnunum og fyrirtækjum verið gert að greina frá lífeyrisskuldbindingum sem stofnað hefur verið til vegna starfsmanna þeirra. Ríkissjóður hefur nú þegar fært nokkurn hluta þessara skuldbindinga í ríkisreikning. Er það vegna stofnana í A-hluta. Öðrum stofnunum er gert að standa undir þessum skuldbindingum. Stefnt er að því að allar skuldbindingar af þessu tagi komi til bókar í reikningum ríkisins. Lífeyrissjóðsskuldbindingar námu rúmum 81 milljarði króna í árslok 1995, þ.a. 76 milljörðum króna hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Hér er fyrst og fremst um skuldbindingar að ræða sem ekki koma til greiðslu fyrr en síðar.

Umfang ríkisábyrgða.

Umfang ríkisábyrgða er mun meira en flestir gera sér grein fyrir og hefur stóraukist á undanförnum árum. Í samantekt frá Seðlabanka Íslands kemur fram að í árslok 1995 námu þær heildarskuldir sem ríkið bar ábyrgð á 569,6 milljörðum kr. Hafði þá verið jafnað út innbyrðis skuldbindingum ríkisaðila. Hér að neðan er skipting þessara skuldbindinga sundurliðuð í grófum dráttum. Skuldbindingarnar eru flokkaðar eftir ríkisaðilum með sama hætti og flokkun þeirra er í lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Allar tölur eru í milljörðum króna:

A-hluti, Ríkissjóður og ríkisstofnanir	**213,7**
Endurlán ríkissjóðs	67,8
Ríkissjóður – ríkisbókhald	137,7
Stofnanir og sjóðir	8,2
B-hluti, Ríkisfyrirtæki	**5,2**
Ríkisfyrirtæki	5,2
C-hluti, Lánastofnanir ríkisins	**175,0**
Íbúðalánasjóðirnir	135,6
Aðrir lánasjóðir	39,4
D-hluti, Fjármálastofnanir ríkisins	**153,3**
Landsbanki Íslands	85,9
Búnaðarbanki Íslands	40,4
Seðlabanki Íslands	25,7
Aðrar fjármálastofnanir ríkisins	1,3
E-hluti, Sameignarfélög ríkisins	**22,3**
Landsvirkjun	22,3
Önnur félög	0,0
Utan hluta: Sameignarfélög	**0,1**
SAMTALS	**569,6**

Um ríkisábyrgðir og meðferð þeirra er kveðið á í lögum nr. 37/1961 eins og áður segir. Fyrir ríkisábyrgð þarf að vera heimild í lögum. Þannig er fjármálaráðherra veitt heimild f.h. ríkissjóðs að veita tilteknum aðila ríkisábyrgð á láni sem hann hyggst taka til þar til greindra hluta. Fjármálaráðherra ákveður síðan hvort þessi heimild skuli nýtt. Ríkisábyrgðasjóður kannar hvort skilyrði laga og reglugerðar séu uppfyllt, t.d. að fyrir hendi séu viðunandi tryggingar. Þegar frá þeim atriðum hefur verið gengið og áhættugjaldið greitt, eru ábyrgðarskjöl undirrituð.

Lagaheimildir til að veita ríkisábyrgð eru nú ýmist nýttar þannig að ríkissjóður ábyrgist lán ábyrgðarþegans hjá innlendri eða erlendri lánastofnun eða endurlánar af eigin lánsfé til ábyrgðarþegans þegar það er talið henta betur. Hingað til hefur sú regla gilt, samkvæmt reglugerð, að veitt ábyrgð ríkisins á lántöku eða endurláni má ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur 80% af hinni nýju fjárfestingu sem ábyrgð er veitt fyrir. Þannig er gerð krafa um að 20% séu fjármögnuð með öðrum hætti.

Gjaldtaka fyrir veittar ríkisábyrgðir er skv. gildandi lögum aðallega með tvennum hætti: Annars vegar er svonefnt áhættugjald skv. 4. gr. laga um ríkisábyrgðir. Er það 1,5% af ábyrgðarfjárhæð þegar um einfalda ábyrgð er að ræða, en 2% af ábyrgðarfjárhæð þegar um er að ræða sjálfskuldarábyrgð. Áhættugjald er innheimt í eitt skipti við ábyrgðarveitingu. Ríkisábyrgðasjóður innheimtir gjaldið af öllum lánum sem um hann fara og gjaldið rennur í ríkissjóð.

Þá er svonefnt *sérstakt ábyrgðargjald* skv. 8. gr. fyrrnefndra laga. Þar er kveðið á um að þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta ríkisábyrgðar, hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkisins eða öðru, skuli ársfjórðungslega greiða ábyrgðargjald sem nemur 0,0625% af höfuðstól erlendra skuldbindinga, enda hafi ekki verið greitt af þeim áhættugjald skv. 4. gr. Ríkisábyrgðasjóður innheimtir einnig þetta gjald og skilar í ríkissjóð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessa grein eru tekin óbreytt ákvæði 1. og 2. gr. laga nr 37/1961. Þó er það nýmæli að lögin skuli einnig gilda um endurlán ríkissjóðs eftir því sem við á.

Óheimilt er að skuldbinda ríkissjóð með veitingu ábyrgðar nema að sérstaklega sé kveðið á um slíkt í lögum. Sjálfskuldarábyrgð má ekki veita nema að það sé sérstaklega tekið fram í þeim lögum sem ábyrgð heimila.

Í frumvarpinu er fjallað um framgang við afgreiðslu ríkisábyrgða, þ.m.t. skilyrði fyrir því að fjármálaráðherra leggi til við Alþingi að ríkisábyrgð sé veitt.

Engin lagaákvæði hafa verið til um framkvæmd endurlána ríkissjóðs, sem þó nema verulegum fjárhæðum á hverju ári. Í framkvæmd hefur þó ákvæðum laga um ríkisábyrgð verið beitt um endurlánin, og er hér lagt til að sú tilhögun fái stoð í lögum.

Gert er ráð fyrir að mjög verði dregið úr notkun endurlána ríkissjóðs. Engu að síður þykir rétt að notkun þeirra verði í sömu lagalegu skorðum og ríkisábyrgðir. Framvegis verði lántakendum utan A-, B- og C-hluta ríkissjóðs ekki veitt endurlán nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að mat á áhættu liggi fyrir þegar ákvörðun er tekin um veitingu ábyrgðar. Ríkisábyrgðasjóði er ætlað það hlutverk að meta áhættuna og fjármálaráðherra að gera Alþingi grein fyrir hver hún er þegar frumvarp um veitingu ábyrgðar er lagt fram. Með þessu getur Alþingi metið hvort ástæða sé til að veita fremur fjárstyrk en ábyrgð, enda verður að vera tryggt skv. 5. gr. að Ríkisábyrgðasjóður hafi lagt nægjanlega fyrir á afskriftareikning til að mæta töpuðum kröfum.

Ríkisábyrgðasjóði er ætlað að annast umsjá ríkisábyrgða. Í því felst m.a. mat skv. þessari grein og umsjón afskriftareiknings skv. 5. gr. Ríkisábyrgðasjóður er deild í Lánasýslu ríkisins skv. lögum nr. 43/1990.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að heimild Alþingis verði eftirleiðis ekki ítarlegri en hingað til hefur verið um að fjármálaráðherra sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast skuldbindingar tiltekins aðila. Greinin fjallar um þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fjármálaráðherra nýti heimild Alþingis um veitingu ábyrgðar.

Það er hlutverk þeirra lánastofnana sem starfa hér á landi að veita lán. Ríkið hefur verið að draga úr umsvifum sínum á þessu sviði m.a. með formbreytingu ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Í greininni er kveðið á um það að ríkisábyrgð skuli einungis veitt ef lánsfjárþörfina er ekki hægt að uppfylla á almennum lánamarkaði og sýnt þykir að þrátt fyrir það sé starfsemin hagkvæm, þ.e. að ætla megi að hún standi undir greiðslu þeirra lána sem ábyrgð ríkissjóðs er á.

Gert er ráð fyrir að ábyrgð ríkisins nemi að hámarki 75% af lánsfjárþörf viðkomandi. Eðlilegt þykir að lánveitandi taki nokkra áhættu með ríkissjóði á lánveitingum enda verður það þá til þess að hann meti vandlega þá áhættu sem er samfara lánsviðskiptunum. Að auki verði krafa um að 20% af þeirri fjárfestingu sem ábyrgðar nýtur verði fjármögnuð með eiginfé. Þessi skilyrði samanlögð jafngilda því að ábyrgð ríkisins getur mest orðið 60% af heildarfjárfestingu verkefnisins.

Skýrt er kveðið á um að ekki megi veita ábyrgð nema sett sé trygging fyrir henni. Um mat á tryggingum fer samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Greinin fjallar efnislega um sömu atriði og 3. gr. núgildandi laga. Því er þó bætt við að vanskil ábyrgðarþega við ríkissjóð hafi sömu verkun og vanskil við Ríkisábyrgðasjóð, þ.e. að ábyrgð megi ekki veita nema að um slík vanskil hafi verið samið, en slíkt ákvæði hefur verið í reglugerð.

Um 4. gr.

Hingað til hefur þeim sem hafa notið ábyrgða ríkissjóðs á lántökum sínum verið gert að greiða áhættugjald í ríkissjóð. Svo verður áfram. Hins vegar verður sú breyting að ábyrgðarþegum verður nú gert að greiða breytilegt gjald er nemi 0,25%–4% af lánsfjárhæð fyrir hvert ár lánstímans og að álagið taki mið af þeirri áhættu sem ábyrgðinni er talin fylgja. Gjaldið verði innheimt í upphafi lánstíma fyrir allan lánstímann. Við ákvörðun gjaldsins skal meðal annars tekið mið af því hvort um einfalda ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð er að ræða og ábyrgðartíma.

Þá greiða ábyrgðarþegar til sjóðsins sérstakt afgreiðslugjald við ábyrgðarveitingu, samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur, til að mæta kostnaði vegna afgreiðslu og mati á áhættu ábyrgðarinnar.

Í gildandi lögum er föst ákveðin hlutfallstala áhættugjalds sem greitt er í upphafi lánstíma. Rétt þykir að gjaldið geti verið breytilegt eftir áhættu Ríkisábyrgðasjóðs og gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari ákvæði um það í reglugerð.

Um 5. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að halda sérstakan afskriftareikning vegna áætlaðra tapaðra ábyrgða ríkisins vegna fjárhagslegrar áhættu sjóðsins. Við sérhverja ábyrgðarveitingu skal lagt í afskriftareikning til að mæta þeirri áhættu sem talin er fylgja ábyrgðinni. Lagt er til að við veitingu ábyrgða sé sérstaklega skoðað hvort afskriftareikningur sjóðsins nægi til þess að mæta hinni nýju skuldbindingu. Dugi hann ekki til að mæta áföllum, skal Alþingi samþykkja framlag úr ríkissjóði er tryggi að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Þá er lagt til að árlega skuli endurmeta afskriftaþörf sjóðsins. Komi í ljós að eignir sjóðsins séu ónógar skal fjármálaráðherra gera Alþingi viðvart.

Ríkisábyrgðasjóður er hluti af efnahagsreikningi A-hluta ríkissjóðs skv. nýjum lögum um fjárreiður ríkisins. Afskriftareikningur sjóðsins verður því á meðal annarra liða þess efnahagsreiknings. Hér er um frávik að ræða frá tillögu nefndar fjármálaráðherra. Nefndin gerði ráð fyrir að Ríkisábyrgðasjóður væri sjálfstæður aðili með sérgreindan efnahagsreikning og því skyldi hverju sinni færa í varasjóð til að mæta áætluðum töpuðum kröfum. Þar sem Ríkisábyrgðasjóður verður framvegis innan A-hluta ríkisreiknings, hefur slíkt engan tilgang.

Önnur ákvæði greinarinnar, um eftirlit með þeim aðilum sem ríkisábyrgðar njóta, eru hliðstæð ákvæðum gildandi laga um ríkisábyrgðir sbr. 7. gr. laga nr. 37/1961. Mikilvægt er að eftirlit með ábyrgðarþegum sé öflugt og þeim sé gert skylt að upplýsa ábyrgðarveitanda um fjárhag sinn með reglulegum hætti. Slíkt fyrirkomulag ætti að draga úr áföllum vegna tapaðra krafna og að færslur á afskriftareikning séu sem réttastar.

Í greininni er heimild til að beita dagsektum verði dráttur á skilum umbeðinna upplýsinga. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur kveði nánar á um fjárhæðir dagsekta. Til greina kemur einnig að dagsektir miðist við hlutfall ábyrgðar í stað fastra fjárhæða.

Um 6. gr.

Hér er lögð til sú breyting, að hið sérstaka 0,0625% ársfjórðungslega ábyrgðargjald sem ríkisaðilum er gert að greiða, nái nú einnig til innlendra skuldbindinga þeirra annarra en innlána. Miklar breytingar hafa orðið á lánamarkaðnum síðan þetta ákvæði var upphaflega sett með lögum nr. 65/1988 um breyting á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum. Lán eru fengin innan lands eða utan, eftir því hvaða kjör bjóðast hverju sinni. Sú mismunun sem felst í núgildandi reglum á milli innlendra og erlendra lánveitenda er hæpin með tilliti til þeirra skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur undirgengist með samningnum um EES.

Almennar viðskiptaskuldir skulu undanþegnar ábyrgðargjaldi. Með því er t.d. átt við reikningsviðskipti við seljendur aðfanga til rekstrar stofnana.

Ábyrgðargjaldið skal renna í ríkissjóð til að mæta þeirri almennu áhættu sem ríkissjóður ber vegna ábyrgða á lánastofnunum, sjóðum og fyrirtækjum í eigu ríkisins. Einnig er með þessu ákvæði gert ráð fyrir að skuldbindingar með ríkisábyrgð hjá þeim sem almennt njóta ekki ríkisábyrgðar, skuli bera ábyrgðargjald. Það á m.a. við um banka og sjóði sem nú njóta eigendaábyrgðar ríkisins en verður formbreytt á næstunni þannig að sú ábyrgð verður ekki á nýjum skuldbindingum. Fyrri skuldbindingar þeirra aðila munu áfram verða með ábyrgð ríkisins þar til þær eru greiddar upp og þykir því rétt að greitt verði ábyrgðargjald af þeim.

Um 7. gr.

Grein þessi er nokkuð breytt frá gildandi lögum. Undanþágur vegna lána eða ábyrgða sem tengjast utanríkisviðskiptum eru felldar niður þar sem ekki er lengur hægt að greina í sundur þessa þætti með fullnægjandi hætti í efnahag stofnunarinnar. Eftir að lög um breytingu ríkisbanka í hlutafélög gengu í gildi, munu þeir ekki lengur njóta ríkisábyrgðar á lánum og ákvæðið því óþarft. Gert er ráð fyrir að undanþágur frá greiðslu ábyrgðargjalds verði vegna innstæðna í innlánsstofnunum, húsbréf Byggingarsjóðs ríkisins, skuldbindinga Seðlabanka Íslands, útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð auk þeirra lána sem bera áhættugjald.

Um 8. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal Seðlabanki Íslands annast útreikning og álagningu ábyrgðargjalds skv. 7. gr. Eðlilegt þykir að framvegis verði þetta verkefni hjá Ríkisábyrgðasjóði enda sér hann um allt er viðkemur daglegri umsjón ríkisábyrgða.

Önnur ákvæði greinarinnar eru efnislega eins og 10. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um ýmis atriði er varða upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila, innheimtu og álagningu gjalda skv. 4. og 6. gr. og um afgreiðslugjald sem ætlað er að mæta beinum kostnaði Ríkisábyrgðasjóðs við afgreiðslu og veitingu ríkisábyrgðar. Einnig þarf að kveða á um í reglugerð eftirlit með ábyrgðarþegum og fjárhæð dagsekta reynist nauðsynlegt að beita þeim.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að sérstakt mat verði lagt á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs við gildistöku laga þessara í því skyni að leiða í ljós hver afskriftareikningur sjóðsins þarf að vera til að mæta ábyrgðum hans.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ríkisábyrgðir.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum. Tekið er á þeim þáttum sem snúa að veitingu beinna ríkisábyrgða og endurlána. Samkvæmt frumvarpinu eru skilyrði um afgreiðslu ríkisábyrgða til þriðja aðila þrengd frá því sem nú er. Í fyrsta lagi er lagt til að áður en heimild til ábyrgðar er veitt af Alþingi skuli liggja fyrir mat á áhættu og afskriftaþörf vegna ábyrgðarinnar. Í öðru lagi verður myndaður afskriftarreikningur hjá Ríkisábyrgðasjóði til að mæta útlánatöpum. Í þriðja lagi er lagt til að árlegt áhættugjald sem renni í ríkissjóð, verði mismunandi eftir áhættu (0,25%–4%á ári). Í fjórða lagi er sú breyting gerð að ábyrgðargjald til ríkissjóðs verði innheimt bæði af innlendum og erlendum skuldbindingum sem njóta ríkisábyrgðar. Til þessa hefur ábyrgðargjald einungis verið innheimt af erlendum skuldbindingum. Í fimmta lagi er lagt til að innheimt verði afgreiðslugjald við veitingu ábyrgðar vegna útlagðs kostnaðar. Í sjötta lagi skal við gildistöku laganna gera sérstaka athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs. Ef í ljós kemur að fjárhagsstaða sjóðsins er óviðunandi gæti ríkissjóður þurft að leggja sjóðnum til nægjanlegt framlag til að mæta áætluðum skuldbindingum. Í sjöunda lagi er hlutfall ábyrgðar af þeirri fjárfestingu sem hún er veitt til þrengt verulega, annars vegar með því að lántaka er ætlað að leggja fram a.m.k. 20% með eigin fé og hins vegar er ábyrgð veitt að hámarki sem nemur 75% af þeirri fjárþörf sem þá á eftir að brúa.

Ábyrgðar- og áhættugjaldi er ætlað að standa undir hugsanlegum töpuðum ábyrgðum og afgreiðslugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við veitingu ábyrgðar og eftirlit. Ekki verður séð að leggja þurfi fé úr ríkissjóði umfram þetta verði frumvarpið að lögum.

100. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um endurskoðun á ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Kristín Halldórsdóttir,
Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða ákvæði laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 121. löggjafarþingi en var ekki rædd og er því flutt að nýju.

Tillögunni er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á ákvæðum laganna um gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni. Sérstaklega verði skoðað ákvæði 5. gr. þar sem fjallað er um gjaldtöku vegna nauðungarsölu en þar er m.a. gert ráð fyrir að greitt sé 1% gjald þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni. Gjald vegna beiðni um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign sé þó ekki lægra en 9.000 kr. og eigi hærra en 30.000 kr. Gerðarbeiðandi krefur gerðarþola síðan um þetta gjald og með hliðsjón af framangreindum fjárhæðum er ljóst að sú staða getur komið upp að gerðarþoli verði krafinn um háar fjárhæðir ef margir gerðarbeiðendur hafa lagt fram beiðni um sölu á eign hans. Það gefur auga leið að einstaklingur í þessari stöðu ræður illa við slík útgjöld sem þrengja enn erfiða greiðslustöðu hans. Því er lagt til að athugað verði hvort ekki sé unnt að koma við undanþáguheimild, t.d. að sýslumanni verði heimilt að endurgreiða gjaldið, í þeim tilvikum þar sem ekkert hefur orðið af sölu eignar vegna úrræða gerðarþola.

101. Frumvarp til laga [101. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir,
Gísli S. Einarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristjana Bergsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir,
Pétur H. Blöndal, Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Enn fremur skal fylgja álitinu mat á stöðu kynjanna á viðkomandi sviði og hvaða áhrif ný lög eða ályktun hafi á þá stöðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

2. mgr. 30. gr. laga um þingsköp Alþingis hljóðar svo: „Mæli nefnd með samþykkt lagafrumvarps eða þingsályktunartillögu skal hún láta prenta með áliti sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.“ Með þessu frumvarpi er lögð til sú breyting á 30. gr. að nefndum sé gert skylt að hafa stöðu kynjanna í huga við afgreiðslu mála á sama hátt og þeim er skylt að leggja mat á kostnað vegna framkvæmdar nýrrar lagasetningar eða ályktana.

Saga kvennabaráttunnar er vörðuð mörgum smáum og stórum sigrum sem hver um sig hefur fært okkur nær markinu um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Á lagalega sviðinu er nú svo komið að Íslendingar standa sig með miklum ágætum og hafa fengið lof fyrir frammistöðu sína hjá alþjóðaeftirlitsaðilum. Sú var niðurstaðan eftir úttekt, skýrslugerð og yfirheyrslur í tengslum við undirbúning fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kína 1995 og eftirfylgni að henni lokinni. Þeirri staðreynd ber vissulega að fagna, en lög og raunveruleiki eru sitt hvað og áreiðanlega taka flestir undir þá fullyrðingu að hér sé um að ræða jafnrétti í orði en því miður ekki á borði. Það er engin ástæða til að slaka á þótt löggjöf teljist í lagi meðan raunveruleikinn talar öðru máli. Staða kynjanna er enn langt frá því að vera sambærileg og því þarf sífellt að velta upp nýjum flötum og leita nýrra leiða.

Á síðustu árum hefur sú stefna rutt sér æ meira til rúms víða um lönd að flétta þurfi jafnréttisbaráttuna sem mest inn í alla aðra þætti mannlegra samskipta, stjórnunar og hvers konar starfsemi í stað þess að afgreiða hana sem einhvers konar sérfyrirbæri eins og mörgum hættir til. Umræðan þarf að vera sívakandi, sífellt þarf að meta stöðu kynjanna á öllum sviðum og leita leiða til að jafna hana. Alþingi og framkvæmdarvaldið hljóta að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna þann vilja sinn í verki sem lýst er í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig er rétt að minna á 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþátta, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Tilgangur þessa frumvarps er að tryggja sífellda áminningu um stöðu kynjanna og skuldbindingar löggjafans um leiðréttingu á þeirri stöðu.

102. Fyrirspurn [102. mál]

til fjármálaráðherra um tekjuhópa undir skattleysismörkum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve stór hópur fólks var með tekjur undir skattleysismörkum árin 1994, 1995 og 1996 og hvernig skiptist hann eftir kyni og stöðu?
2. Hve margir ellilífeyrisþegar, 67 ára og eldri, voru með tekjur undir skattleysismörkum á framangreindu tímabili, skipt eftir árum og kyni?

3. Hve margir einstæðir foreldrar voru með tekjur undir skattleysismörkum á framangreindu tímabili, skipt eftir árum og kyni?

Skriflegt svar óskast.

103. Fyrirspurn [103. mál]

til heilbrigðisráðherra um elli- og örorkulífeyrisþega.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir ellilífeyrisþegar fengu fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri annars vegar og hins vegar heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum og kyni? Óskað er eftir að fram komi hve hátt hlutfall af heildarfjölda 67 ára og eldri hefur haft fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri hvert ár um sig og hve hátt hlutfall hafi einnig haft heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót.
2. Hve margir örorkulífeyrisþegar fengu fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri annars vegar og hins vegar heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum og kyni?
3. Hverjar telur ráðherra vera helstu skýringar á því að örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað úr 3.456 í 7.834 á árunum 1985–96?

Skriflegt svar óskast.

104. Fyrirspurn [104. mál]

til umhverfisráðherra um förgun mómoldar og húsdýraáburðar.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir förgun mómoldar og húsdýraáburðar?

105. Fyrirspurn [105. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurskoðun laga er varða rétt tannsmiða og sjóntækjafræðinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Eru fyrirhugaðar breytingar á starfsréttindum tannsmiða og sjóntækjafræðinga? Ef svo er, hverjar eru þær?

106. Fyrirspurn [106. mál]

til viðskiptaráðherra um biðlauna- og lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisbankanna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Telur ráðherra það samrýmast 72. gr. stjórnarskrárinnar að mikilvægur þáttur í lögkjörum starfsmanna ríkisbankanna, svo sem réttur til biðlauna, sé skertur eins og gert var með lögum nr. 50/1997 eða réttur ríkisstarfsmanna til biðlauna eins og gert var með lögum nr. 70/1996?
2. Telur ráðherra vafa leika á að áunninn lífeyrisréttur starfsmanna ríkisbankanna þar til hlutafélögin um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands voru stofnuð verði ríkistryggður?

107. Fyrirspurn [107. mál]

til félagsmálaráðherra um samstarf í framhaldi af jafnréttisráðstefnunni í Valmiera í Lettlandi.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hyggjast norrænu jafnréttisráðherrarnir stuðla að því að efld verði tengslin sem mynduðust á ráðstefnunni í Valmiera í Lettlandi í ágúst sl. milli baltneskra og norrænna stofnana og félagasamtaka á sviði jafnréttismála? Ef svo er, hvernig?
2. Hyggst ráðherra stuðla að frekari samskiptum á milli baltneskra og íslenskra einstaklinga, stofnana og félagasamtaka á sviði jafnréttismála í framhaldi af ráðstefnunni? Ef svo er, hvernig?

108. Frumvarp til laga [108. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um almenna tannlæknaþjónustu.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 17 ára og yngri, 90% en hver einstaklingur í þessum aldurshópi skal eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

2. Heimilt er að greiða 80% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og ungmennum, 20 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 100% kostnaðar, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur, brýr eða tannplanta. Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum tryggingaráðs að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna þessara þátta.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur tilkostnaður barnafólks og elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar stóraukist og er svo komið að margt efnalítið fólk á ekki lengur kost á því að leita sér lækninga.

Í skýrslu landlæknisembættisins, Heilbrigðisþjónustan — árangur og skipulag í nútíð og framtíð, sem gefin var út í apríl 1997, er varað við þjónustugjöldum og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni því í ljós hafi komið „að meðal barnafólks sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts. Ekki virðist vera munur varðandi aðsókn að aðgerðum á læknastofum en mikill munur varðandi tannlæknameðferð sem reyndar hefur borið á áður. Flest bendir til þess að rekja megi þetta ástand til hækkandi þjónustugjalda sl. átta ár. Allar götur eru þjónustugjöldin of há fyrir þá lægst launuðu. Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum."

Með samþykkt þessa frumvarps yrði stigið skref til að vinna gegn óheillaþróun undangenginna ára.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt og var svo fram á þennan áratug.

Reglugerð um lækkun tannlækniskostnaðar var upphaflega sett af Magnúsi Kjartanssyni í upphafi áttunda áratugarins og er á leið voru stigin ýmis skref fram á við. Þannig setti þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Svavar Gestsson, reglugerð árið 1983 um rétt sjúklinga til endurgreiðslu á tannlækniskostnaði. Við stjórnarskipti var sú reglugerð reyndar felld úr gildi en í henni var mörkuð svipuð stefna og í þessu frumvarpi. Stefnumörkunin sem fólst í þeim lögum og reglugerðum sem hér er vísað til hefur staðist tímans tönn en á síðasta kjörtímabili var grundvöllur þeirra veiktur verulega. Heita má að þá hafi verið snúið við eftir langt uppbyggingartímabil.

Skerðing og aukin greiðslubyrði.

Árið 1992 var hlutdeild Tryggingastofnunar í tannlækniskostnaði barna undir 16 ára aldri færð úr 100% niður í 85%. Á árinu 1993 var framlagið enn skert og fært í 75% fyrir börn og unglinga. Sama ár var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem búa

við skerta tekjutryggingu var færður niður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem áður höfðu fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum, fengu engan stuðning. Fleiri ráðstafanir hafa verið gerðar í skerðingarátt, einkum á sviði tannréttinga.

Athyglisvert er að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar á henni á liðnum árum. Þannig kemur fram að þegar dregið er úr stuðningi hins opinbera á árunum 1992–93 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapa eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75% (sbr. skýrslu Hagsýslu ríkisins: Tannlækningar — skipulag og stjórnsýsla, júlí 1997). Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr. (þar af 620,8 millj. kr. vegna 37. gr. laga nr. 117/1993) en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þessar breytingar höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað eða að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana enda staðhæfir fólk að svo sé samkvæmt skýrslu landlæknis sem vísað var til að framan.

Breytt aldursmörk í áföngum.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttu greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannlækniskostnaði en einnig er aldursviðmiðunarmörkum breytt úr 15 árum í 17 ár og er ekki gert ráð fyrir fyrirkomulagi með þrepum eins og nú er, þ.e. gagnvart 16 ára unglingum sem nú fá stuðning en lægra endurgreiðsluhlutfall en yngri aldurshópar. Gert er ráð fyrir að fram að 17 ára aldri greiði fólk einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt er að endurmeta síðan með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að færa hlutfallið upp í 100%. Annars staðar á Norðurlöndunum eru aldursmörkin og þátttaka hins opinbera í tannlækniskostnaði hærri en hér. Allur kostnaðurinn er greiddur af hinu opinbera í Danmörku til 18 ára aldurs, í Finnlandi og Noregi til 19 ára aldurs og í Svíþjóð til 20 ára aldurs. Æskilegt er að innan fjögurra ára verði búið að hækka aldursmörkin í 20 ár og byggjum við þá við svipað fyrirkomulag og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti.

Dregið úr jaðaráhrifum hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum.

Samkvæmt frumvarpinu er sú breyting gerð á 1. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar að felld er niður tilvísun til tannréttinga og sama gildir um tilvísun til gullfyllinga, krónu- og brúargerðar í 1. málsl. 2. mgr. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga.

Áætlaður kostnaður.

Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Það eitt að bæta tannheilsu og efla vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir.

Að öllu óbreyttu má hins vegar gera ráð fyrir því að þær breytingar sem hér eru lagðar til mundu, að mati yfirtannlæknis Tryggingastofnunar ríkisins, hafa í för með sér útgjaldaauka fyrir Tryggingastofnun að upphæð 263,7 millj. kr. sem skiptist eins og sést í eftirfarandi töflu.

Útgjöld almannatrygginga til einstakra hópa barna og lífeyrisþega árið 1995 og áætlun um útgjöld samfara breytingum á 37. gr. laga um almannatryggingar.

	Útgjöld TR 1996 í m.kr.	Núverandi endurgr. %	Breytt endurgr. %	Eftir breyt. í m.kr.
Börn og unglingar				
16 ára unglingar	24,4	50	90	43,9
Börn, 0–15 ára í Reykjavík	23,1	75	90	27,7
Börn, 6–15 ára í Reykjavík, forvarnir	39,3	75	90	47,2
Börn, 0–15 ára utan Reykjavíkur	308,5	75	90	370,2
Öll börn, 0–15 ára, ein ókeypis skoðun á ári	36,3	100	100	36,3
Börn, 6-15 ára, önnur skoðun á árinu	16,4	75	90	19,7
Börn, 6-15 ára í Reykjavík, annað en forvarnir	33,4	60	90	50,1
Þroskaheftir, allir aldurshópar	8,3	90	100	9,2
17 ára ungmenni	0	0	90	44
Börn samtals, fyrir og eftir breytingar	**489,7**			**648,3**
Elli- og örorkulífeyrisþegar				
Ellilífeyrisþegar með fulla tekjutryggingu	36,8	75	100	49
Ellilífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu	28,1	50	100	56,3
Örorkulífeyrisþegar með fulla tekjutrygginu	30	75	100	40
Örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu	15,8	50	100	31,7
Ellilífeyrisþegar á stofnun án vasapeninga	6,2	75	100	8,3
Örorkulífeyrisþegar á stofnun án vasapeninga	1,4	75	100	1,8
Elli-/örorkulífeyrisþ. á stofnun m. vasapen. o.fl.	12,8	100	100	12,8
Elli-/örorkulífeyrisþegar án tekjutryggingar	0	0	100	36,3
Lífeyrisþegar samtals, fyrir/eftir breytingar	**131,1**			**236,2**
Allir samtals, fyrir og eftir breytingar	**620,8**			**884,5**
			Vegna barna	**Vegna lífeyrisþega**
Hækkun í millj. kr.	**263,7**		**158,6**	**105,1**
Hækkun í %	**42,5**		**25,6**	**16,9**

109. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem geri tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna, en upplýsingar um misvægi í sérfræðiþjónustu, athygli kennara og námsárangri benda til að úrbóta sé þörf.

Nefndin ljúki störfum fyrir vorið 1999 og verði störfum hennar hagað þannig að tillit verði tekið til tillagna hennar við gerð nýrrar námsskrár fyrir grunnskóla en endanlegar tillögur verði síðar hluti af námsskrá grunnskólans.

Greinargerð.

Ólík staða drengja og stúlkna í skólakerfinu hefur lengi verið til umræðu meðal skólamanna. Hafa menn einkum haft áhyggjur af því að erfiðleikar og fyrirferð margra drengja bentu til þess að skólinn kæmi ekki nægjanlega til móts við þarfir þeirra og hefðu jafnframt neikvæð áhrif á félagslega stöðu og sjálfsvirðingu stúlkna. Drengir aðlagast kröfum og væntingum skólans ekki með sama hætti og stúlkurnar. Kannanir hafa t.d. sýnt að drengirnir taka mun meira af tíma kennarans því vandamálin sem kennarinn og skólinn þurfa að fást við, hvort sem þau eru tengd námi eða aga, tengjast mun oftar drengjum en stúlkum. Miklu fleiri drengir en stúlkur þurfa á sérþjónustu og stuðningi innan skólanna að halda. Þá hefur námsárangur stúlkna að jafnaði verið betri á öllum samræmdum prófum grunnskólans.

Á móti hafa menn áhyggjur af því hve hlutur stúlkna í tíma kennarans er lítill og að það bendi til þess að stúlkurnar fái ekki sinn réttláta skerf af hvatningu og leiðsögn, að þögn þeirra og bið eftir athygli sé til marks um veika félagslega stöðu þeirra hvað sem námsárangri líður og ýti undir hugmyndir um að strákarnir eigi að ráða ferðinni.

Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir um mismunandi hlutfall kynjanna þegar kemur að mælanlegum þáttum þeirrar þjónustu og stuðnings sem skólinn veitir. Það liggur fyrir að drengir eru yfir 70% þeirra nemenda sem taldir eru þurfa sérkennslu í grunnskólunum. Sama er uppi á teningnum þegar röðin kemur að sérdeildum skólanna, þar eru drengirnir einnig u.þ.b. ⅔ nemenda. Þá er hlutfallið svipað þegar litið er til ráðgjafar og sálfræðiþjónustu grunnskólanna. Þeir eru líka til sem segja að skólinn leitist við að losna við óstýriláta nemendur út úr bekkjum og inn í sérkennsluna og slíkra úrræða sé fremur beitt á drengi en stúlkur.

Grunnskólinn hefur með stuðningi og sérfræðiþjónustu reynt að koma til móts við mismunandi stöðu og þarfir nemenda sinna. Það er hins vegar ljóst að skilgreina þarf betur þann vanda sem stúlkur og drengir þurfa að glíma við og tengist kynferði þeirra svo unnt verði að mæta mismunandi þörfum þeirra strax við upphaf skólagöngu og þroska þau í samræmi við ákvæði grunnskólalaga, nr. 66/1995, þar sem segir í 2. gr. að grunnskólinn skuli „leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins“.

Sérfræðingar hafa sett fram tilgátur um að þroski kynjanna sé mismunandi þegar grunnskólanám hefst. Þannig sé námið fyrstu árin eins og eðlilegt framhald af leikjum og föndri stúlknanna en drengirnir eigi mun erfiðara með bæði fínhreyfingar og tjáningu. Þetta rímar við tilfinningu margra kennara. Markviss þjálfun strax í leikskóla gæti bætt hér úr ef niðurstaðan verður sú að taka þurfi sérstaklega á þessum þáttum. Þá hefur verið bent á að unglingsdrengir eigi einnig erfiðara en stúlkur með að tjá sig með orðum og því líklegra að þeir loki tilfinningar sínar inni eða láti hendur skipta. Um 65% gesta Unglingaheimilis ríkisins hafa verið drengir. Afskipti lögreglu af unglingum sýna einnig að drengir eru mun líklegri til að lenda undir eftirliti lögreglu, eða 86% á móti 14% stúlkna. Dauði af völdum slysa er einnig margfalt algengari meðal drengja og pilta og sama á við um sjálfsvíg.

Þá er ein ástæða þess að drengir eiga við aðlögunarvanda að etja í skólum talin sú að fáir karlar eru við kennslu og því fáar fyrirmyndir í grunnskóla, og þá ekki síður leikskóla, sem þeir geta samsamað sig. Þessi staðhæfing er þeim mun alvarlegri að margir feður vinna fjarri heimilum, þ.m.t. þúsundir sjómanna, og u.þ.b. fjórðungur barna býr með einstæðum mæðrum. Karlmaður sem starfar sem kennari getur því verið raunveruleg fyrirmynd þeim börnum sem lítt kynnast körlum í uppeldi sínu og hann er a.m.k. staðfesting þess að karlar sinna líka uppeldisstörfum.

Drengirnir fá ákveðin skilaboð frá umhverfinu um hvers konar manneskjur þeir eiga að vera. Bæði fagfólk og foreldrar hafa vaxandi áhyggjur af því að nútímasamfélag bjóði drengjum upp á stöðugt verri fyrirmyndir og að hetjuímyndin verði sífellt ofbeldiskenndari. Það hefur komið í ljós að fyrirmyndir drengja sem leita til skólasálfræðinga eru ekki raunverulegir karlmenn heldur oftar einhvers konar ofurmenni myndbanda og kvikmynda. Stúlkur fá einnig sín skilaboð frá umhverfinu og þær hafa ekki síður en drengir liðið fyrir kynbundna fordóma og staðlaðar fyrirmyndir. Það er talin mikil þörf á því að styrkja stúlkurnar til frumkvæðis því óvirk staða þeirra í grunnskóla kemur niður á þeim síðar, bæði í námi og félagslega.

Jafnréttisbaráttan hefur aðallega verið háð af konum. Hún hefur leitt til þess að losnað hefur um staðlaða ramma kvenímyndarinnar og staða kvenna hefur að ýmsu leyti breyst. Jafnréttisbaráttan virðist hafa haft jákvæð áhrif á stúlkurnar og rannsóknir sýna að stúlkur hafa öðlast aukinn félagslegan styrk og sjálfstraust. Ábyrgð á börnum og heimili er þó enn hlutskipti flestra kvenna og kann að vera ein af orsökum þess launamisréttis sem þær búa við. Við þessu þarf að bregðast. Það verður ekki gert nema við beinum sjónum okkar frekar að stöðu og uppeldi barnanna, ekki síst innan skólanna þar sem veigamikill þáttur félagsmótunarinnar fer fram. Fyrirferð drengjanna innan skólanna er ekki einhlít vísbending um sterka stöðu þeirra, heldur e.t.v. þvert á móti. Athyglin sem þeir fá er oft fyrst og fremst neikvæð. Á meðan taka stúlkurnar betri próf og bíða prúðar eftir að röðin komi að þeim.

Starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins setti árið 1990 fram eftirfarandi meginmarkmið: „Í skólastarfinu skal leitast við að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu bæði stúlkna og drengja og búa þau jafnt undir virka þátttöku í fjölskyldulífi, atvinnulífi og mótun samfélagsins alls.“ Þetta eru eðlileg markmið í þjóðfélagi sem vill kenna sig við lýðræði. En þótt markmiðin hafi verið sett fram er ljóst að kennurum er vandi á höndum, enda hafa þau hvorki ratað með beinum hætti inn í námsskrá né námsefni tekið nægjanlegt mið af þeim. Ef kennarar ætla sér að sinna þessu verkefni þegar út í skólana er komið verða þeir að brjóta venjur sem ríkja í skólastarfinu og leggja á sig vinnu við mótun eigin námsskrár og jafnvel námsefnis.

Mikið efni um rannsóknir á skólastarfi og mismunandi áhrifum þess á kynin liggur fyrir. Bæði er um að ræða rannsóknir og niðurstöður þróunarstarfs hér heima og erlendis. Á undanförnum árum hafa líka nokkrir skólar verið að gera tilraunir með að skipta nemendum í bekki

eftir kyni. Þá hafa ýmis jafnréttisverkefni verið reynd. Svokölluð Hjallastefna sem þróuð hefur verið í leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði hefur einnig vakið óskipta athygli og verið öðrum leikskólum fyrirmynd og skólafólki hvatning til endurmats á viðteknum vinnubrögðum og aðferðum. Þannig er að verða til reynsla sem þarf að fara að vinna markvisst úr með tilliti til skólastarfs í landinu öllu og námsskrárgerðar.

Einnig er nauðsynlegt að tengja þær hugmyndir og tillögur sem fram koma um breyttar áherslur í skólastarfinu við kennaranám. Í Kennaraháskóla Íslands, við kennslufræðideild í Háskóla Íslands og í kennaradeild Háskólans á Akureyri hefur verið fjallað um kynferði og jafnrétti á námskeiðum í þróunarsálfræði. Það er í áttina en engan veginn nóg því slík umfjöllun þarf einnig að koma inn í kennslufræðina.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur umfjöllun um jafnrétti og kynferði farið vaxandi innan uppeldisgreina. Sú umfjöllun mótast af þeim viðhorfum að kynjamisrétti endurspeglist í skólastarfinu og því sé unnt að vinna gegn misrétti kynja og stuðla að jafnrétti með vinnunni innan skólanna. Í anda þess er þessi tillaga fram komin.

110. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um nýbyggingu fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að nýbyggingu fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Hið fyrsta verði á vegum menntamálaráðuneytisins skipuð byggingarnefnd fyrir skólann til að velja honum stað í Hornafirði og hafa forgöngu um hönnun bygginga. Stefnt verði að því að nýr áfangi skólahúss verði tekinn í gagnið við upphaf skólaárs haustið 2000.

Greinargerð.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu var stofnaður vorið 1987 og hefur nú starfað í áratug. Á þessum tíma hefur skólinn sannað tilverurétt sinn, nemendur sem í upphafi voru um 50 talsins eru nú um og yfir 100 og síðustu árin hafa verið útskrifaðir 5–10 stúdentar árlega og á undanförnum árum hafa verið útskrifaðir frá skólanum 110 starfsnámsnemendur (sjúkraliðar, 30 tonna skipstjórnarréttindi, fyrsta stigs stýrimenn, vélaverðir og annars stigs vélstjórar). Samhliða fjölgun nemenda hefur fjölbreytni í námi aukist, verknám og stutt hagnýtt nám hefur náð að festa rætur og fullorðinsfræðsla með námskeiðum og öldungadeild orðið snar þáttur í tengslum við skólann.

Framhaldsskólinn hóf störf til bráðabirgða í Nesjaskóla og hefur verið þar að mestu við óbreyttar aðstæður síðan. Þröngur húsakostur setur skólanum miklar skorður, eins og þeir geta sannfærst um sem hann heimsækja, en aðeins um 6 m^2 eru þar á hvern nemanda. Því er afar brýnt að hefja nú þegar undirbúning að nýbyggingu fyrir skólann með það að markmiði að hann geti innan fárra ára starfað við góðar aðstæður. Heimamenn með sveitarstjórn Hornafjarðar í fararbroddi leggja á þetta ríka áherslu og ekkert eitt mál er varðar samskipti við ríkið er þeim ofar í huga.

Eðlilegt er að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu verði alhliða miðstöð framhaldsmenntunar á Suðausturlandi í góðri samvinnu við aðra framhaldsskóla í kjördæminu. Samkomulag liggur nú fyrir um slíkt samstarf milli framhaldsskólanna á Austurlandi og rekstrarsamningur við menntamálaráðuneytið til þriggja ára. Fyrir liggur að tiltölulega lágt hlutfall fólks eða aðeins 40% íbúa á aðsóknarsvæði skólans á aldrinum 15–19 ára stundar þar framhaldsnám, en þetta hlutfall er 70–80% á landinu í heild. Vafalaust á ófullkomið húsnæði og lélegur aðbúnaður þátt í þessu og með nýbyggingu fyrir skólann mundu aðstæður hans og ímynd gerbreytast. Gera þarf skólanum kleift að rækta tengslin við atvinnulíf í héraðinu en með því gæti hann orðið að miklu liði við að treysta byggðina og stuðla að nýsköpun í atvinnu- og menningarlífi.

Sem sveitarfélag varð Hornafjörður til sumarið 1994 við sameiningu þriggja sveitarfélaga, Mýrahrepps, Nesjahrepps og Hafnar. Það starfar nú sem reynslusveitarfélag með góðum árangri á öllum sviðum. Samstarf innan héraðsnefndar Austur-Skaftafellssýslu er jafnframt gott og einhugur í flestum efnum. Atvinnulíf er þróttmikið og hefur styrkst að undanförnu og gróska og vöxtur hafa einkennt þetta svæði síðustu árin. Unnið er að því að koma á fót svonefndum Nýherjabúðum til að efla nýsköpun í atvinnulífi, og hefur Háskóli Íslands tekið að sér ráðgjöf við það verkefni. Öflugur framhaldsskóli í Hornafirði er nauðsynlegur og ómissandi þáttur í byggðarlaginu og fyrir allt Suðausturland. Með samþykkt tillögunnar sem hér er flutt leggur Alþingi sitt lóð á vogarskálina til að svo megi verða.

111. Fyrirspurn [111. mál]

til forsætisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 01-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

112. Fyrirspurn [112. mál]

til forsætisráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið framlögum til rekstrarhagræðingar á eftirtöldum liðum á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 2 millj. kr. á liðnum 00-950,

b. 1 millj. kr. á liðnum 01-950,
c. 1 millj. kr. á liðnum 13-950?

Skriflegt svar óskast.

113. Fyrirspurn [113. mál]

til forsætisráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið fjárframlagi af óskiptum lið 01-190 190 Ýmis verkefni að fjárhæð 7,3 millj. kr. á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

114. Fyrirspurn [114. mál]

til utanríkisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 03-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

115. Fyrirspurn [115. mál]

til utanríkisráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 03-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

116. Fyrirspurn [116. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 18 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 02-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

117. Fyrirspurn [117. mál]

til menntamálaráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 42 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 02-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

118. Fyrirspurn [118. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 3,6 millj. kr. á liðnum 02-919 190 Söfn, ýmis framlög,
b. 14,2 millj. kr. á liðnum 02-982 190 Listir,
c. 1,6 millj. kr. á liðnum 02-988 190 Æskulýðsmál,
d. 2,2 millj. kr. á liðnum 02-999 190 Ýmis framlög?

Skriflegt svar óskast.

119. Fyrirspurn [119. mál]

til umhverfisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 4 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 14-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

120. Fyrirspurn [120. mál]

til umhverfisráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 4 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 14-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

121. Fyrirspurn [121. mál]

til umhverfisráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 18 millj. kr. framlagi til ýmissa umhverfisverkefna á liðnum 14-190 123 á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

122. Fyrirspurn [122. mál]

til viðskiptaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 12-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

123. Fyrirspurn [123. mál]

til viðskiptaráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 1 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 12-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

124. Fyrirspurn [124. mál]

til viðskiptaráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 8,2 millj. kr. framlagi til ýmissa viðskipta- og bankamála á liðnum 12-190 190 á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

125. Fyrirspurn [125. mál]

til iðnaðarráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 11-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

126. Fyrirspurn [126. mál]

til iðnaðarráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 11-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

127. Fyrirspurn [127. mál]

til iðnaðarráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 32 millj. kr. framlagi til nýsköpunar og markaðsmála á liðnum 11-299 150 á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

128. Fyrirspurn [128. mál]

til samgönguráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 10-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

129. Fyrirspurn [129. mál]

til samgönguráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 7 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 10-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

130. Fyrirspurn [130. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 6 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 09-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

131. Fyrirspurn [131. mál]

til fjármálaráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 15 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 09-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

132. Fyrirspurn [132. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 265 millj. kr. fjárframlagi á óskiptum lið á fjárlögum 1997, 09-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum?

Skriflegt svar óskast.

133. Fyrirspurn [133. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. fjárframlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 08-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

134. Fyrirspurn [134. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 45 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 08-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

135. Fyrirspurn [135. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum á fjárlögum 1997:

a. 1,5 millj. kr. á liðnum 08-340 190 Ýmis starfsemi,
b. 3,6 millj. kr. á liðnum 08-399 190 Ýmis starfsemi,
c. 31,9 millj. kr. á liðnum 08-621 190 Forvarnasjóður?

Skriflegt svar óskast.

136. Fyrirspurn [136. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 07-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

137. Fyrirspurn [137. mál]

til félagsmálaráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 20 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 07-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

138. Fyrirspurn [138. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 3,9 millj. kr. á liðnum 07-999 131 Félagasamtök, styrkir,
b. 2,2 millj. kr. á liðnum 07-999 190 Ýmis framlög?

Skriflegt svar óskast.

139. Fyrirspurn [139. mál]

til dómsmálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 06-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

140. Fyrirspurn [140. mál]

til dómsmálaráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 28 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 06-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

141. Fyrirspurn [141. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 05-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

142. Fyrirspurn [142. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 05-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

143. Fyrirspurn [143. mál]

til landbúnaðarráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 6 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 04-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

144. Fyrirspurn [144. mál]

til landbúnaðarráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið 4 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 04-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

145. Fyrirspurn [145. mál]

til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni,
Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 6,4 millj. kr. á liðnum 04-190 190 Ýmis verkefni,
b. 15 millj. kr. á liðnum 04-805 134 Umhverfisverkefni?

Skriflegt svar óskast.

146. Frumvarp til laga [146. mál]

um breytingu á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Össur Skarphéðinsson, Ágúst Einarsson.

1. gr.

Á eftir 6. mgr. 5. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðherra skal, þrátt fyrir ákvæði 2. og 6. mgr., bjóða árlega út veiðiheimildir á norsk-íslenska síldarstofninum. Er þá útgerðum fiskiskipa sem hæf eru til þess að stunda síldveiðar heimilt að gera tilboð í tiltekið aflamark af síld. Ráðherra skal ákveða útboðsskilmála og skal þar kveðið á um hámark og lágmark þess aflamarks sem heimilt er að bjóða í vegna einstaks fiskiskips, skilafrest á tilboðum og önnur atriði er máli skipta vegna útboðsins. Þá er ráðherra heimilt að ákveða í útboðslýsingu að ekki verði tekið tilboðum undir tilteknu lágmarksverði.

Hæstu tilboðum skal jafnan tekið meðan aflaheimildir hrökkva til. Séu tvö eða fleiri tilboð jafnhá en heildaraflamark ekki nægjanlegt til þess að taka þeim að fullu skal tilboðunum tekið með hlutfallslegri skerðingu. Tilboðsgjafi er bundinn af tilboði sínu en á þó rétt á að falla frá því sé um slíka skerðingu að ræða. Tilboðsgjafi skal staðgreiða aflamark og skal aflamarkið skráð á viðkomandi fiskiskip þegar það hefur verið greitt að fullu. Tekjum af útboði aflaheimilda skal varið til haf- og fiskirannsókna og til slysavarna sjómanna, þar á meðal til rannsókna sjóslysa samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 121. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt.

Eins og alkunna er hafa veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki verið stundaðar svo neinu nemi í yfir 30 ár. Á allra síðustu árum hefur orðið þar breyting á. Norsk-íslenski síldarstofninn hefur verið í mikilli framför eftir langvarandi lægð og eru nú merki um að hann sé að ganga á gamlar slóðir. Með samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna á norðanverðu Atlantshafi, sem gerður var á sl. ári og Íslendingar eru aðilar að, tryggðu Íslendingar sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðunum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar, og á síðustu vertíð öðluðust Íslendingar rétt til veiða á 230 þúsund tonnum af síld úr stofninum. Á þessu og síðasta ári hófust því á ný síldveiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum — veiðar sem miklar vonir eru bundnar við og þá ekki síst ef stofninn hefur göngu sína á fornar veiðislóðir innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

Vegna þess hve langur tími er liðinn frá því að síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum er ekki á neinni veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem hyggst stunda þessar veiðar. Síldveiðiskipin, sem veiðarnar stunduðu fyrir þrjátíu árum, eru flest horfin úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra hættar störfum. Íslendingar standa því frammi fyrir aðstæðum sem eru alls ólíkar því sem átt hefur við um veiðar úr öðrum fiskstofnum á Íslandsmiðum og utan þeirra þar sem byggt var á margra ára veiðireynslu skipa sem í útgerð voru þegar stjórnkerfisleiðir voru valdar.

Á síldarvertíðinni sl. vor var gert ráð fyrir frjálsum veiðum með þeim einu takmörkunum að þau skip ein fengju veiðiheimildir sem sérútbúin voru til síldveiða. Þar sem líklegt var talið að árið 1997 yrði fyrsta ár af 3–6 árum þar sem síldveiðiútgerðir öfluðu sér veiðireynslu er yrði grundvöllur að aflamarksúthlutunum síðar var óttast mikið kapphlaup meðal síldarútgerða um að hefja veiðar sem allra fyrst og veiða strax sem allra mest til þess að tryggja sér sem hæsta hlutdeild úr heildarkvótanum, 230 þús. tonnum, sem var ákveðinn. Rökin voru ekki síst þau að með því væru útgerðarmenn síldarskipa að tryggja sem best stöðu sína hvað aflahlutdeild varðaði í þeim tilgangi að standa sem best að vígi þegar að því kæmi að aflakvóta yrði úthlutað í samræmi við veiðireynslu. Fari svo er m.a. óttast að manneldismarkmið í síldveiðum verði víkjandi og verðmæti síldveiðanna fyrir þjóðarbúið verði mun minna en vera ætti og verið gæti. Þá er einnig á það bent að sé stefnt að úthlutun aflamarks á skip með slíkum aðdraganda sé ráðgert að ganga enn lengra á þeirri braut að úthluta ókeypis verðmætum til tiltekinna einstaklinga og útgerða — ókeypis aflakvótum í síldveiðum — sem að þessu sinni hafi ekki verið undirbyggð á grundvelli veiða skipa heldur fyrir tilstilli samninga sem handhafar almannavalds hafa gert við aðrar þjóðir. Því er óeðlilegt með öllu að gera ráð fyrir að slíkum verðmætum verði innan fárra ára skipt upp á milli nokkurra aðila án þess að gjald komi fyrir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú stefna verði mótuð varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum að ákveðið verði í lögum að í stað veiða með ókeypis aðgangi tiltekinna veiðiskipa og með úthlutun ókeypis aflakvóta í framtíðinni séu veiðiheimildir seldar á frjálsum markaði til útgerða þeirra skipa sem búin eru til síldveiða. Í frumvarpinu eru jafnframt ákvæði um hvernig að slíku útboði á aflaheimildum skuli staðið.

Í umræðum um veiðileyfagjald, þ.e. sölu aflaheimilda, hafa komið fram ýmsar tillögur og hugmyndir um útfærslu, en með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda. Í frumvarpinu er sú útfærsluleið valin hvað varðar sölu veiðileyfa á norsk-íslenska síldarstofninum að selja veiðileyfi í almennu útboði þar sem útgerðir allra íslenskra skipa, sem stundað geta síldveiðar, hafa sama rétt til þátttöku. Þótt sú útfærsluaðferð sé valin hér ber ekki að hafa það til marks um að flutningsmenn séu þeirrar skoðunar að hana beri að velja öðrum fremur hvað varðar framkvæmd veiðileyfagjalds í öðrum fiskveiðum. Þar koma aðrar aðferðir ekki síður til greina.

Litlar upplýsingar eru tiltækar um markaðsverð á aflaheimildum vegna síldveiða í frjálsum viðskiptum og engar um slík viðskipti með aflaheimildir í norsk-íslenska síldarstofninum því að engin slík viðskipti hafa orðið. Ógerningur er því með öllu að spá fyrir um hver gætu orðið markaðsverðmæti þeirra aflaheimilda í útboði sem hér er gerð tillaga um. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að allar tekjur, sem ríkið kynni að hafa af útboðinu, renni til þess að greiða kostnað í þágu sjávarútvegsins sjálfs og sjómanna, þ.e. til haf- og fiskirannsókna og slysavarna sjómanna, þar á meðal til rannsókna sjóslysa. Fyrir það fé, sem fengist með útboðinu, ætti að vera unnt að efla mjög þá starfsemi sem hér um ræðir sjávarútveginum og sjómönnum til velfarnaðar.

Með útboði á aflaheimildum er einnig komið í veg fyrir að manneldismarkmiðum í síldveiðum verði vikið til hliðar eins og margir óttast að verða muni við núverandi aðstæður. Séu veiðiheimildir keyptar gegn gjaldi í stað ókeypis aðgangs verður ríkari nauðsyn til þess að verðmæti aflans verði sem allra mest. Munu útgerðarmenn og sjómenn þá huga að því að skipuleggja veiðar sínar þannig í stað þess að ná sem mestu magni án tillits til verðmætis.

Umræður um sölu aflaheimilda í hefðbundnum veiðum hafa verið vaxandi á Íslandi og samkvæmt nýrri skoðanakönnun á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hafa rösklega 75% landsmanna lýst sig fylgjandi því grundvallarsjónarmiði. Tímabært er því orðið að lögð sé fram á Alþingi tillaga í mynd lagafrumvarps um hvernig af slíku geti orðið og vegna þeirrar sérstöðu, sem veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum hafa, er tilvalið að beita þar slíkri aðferð. Með samþykkt frumvarpsins gefst einstakt tækifæri til þess að framkvæma þá stefnu sem mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur lýst fylgi við og verða sér úti um mjög dýrmæta reynslu af slíkri framkvæmd sem gæti nýst við endurskoðun á fyrirkomulagi aflamarkskerfisins í öðrum veiðum sem stundaðar eru frá Íslandi. Þá hafa ýmsir aðilar, þar á meðal ráðherrar, lýst þeirri skoðun sinni að útboð veiðiheimilda á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum komi vel til álita.

Öfugt við flestar aðrar fiskveiðar miðast síldveiðiárið við almanaksár og er því lagt til að frumvarp þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi 1. janúar 1998. Eru þá a.m.k. fjórir mánuðir þar til síldarvertíð getur hafist og er það góður tími til þess að undirbúa þá nýju framkvæmd, sölu aflaheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

147. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við 2. mgr. 27. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna skráningu verðbréfa.

2. gr.

4. tölul. 120. gr. laganna orðast svo: Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs og sérstök skilyrði varðandi þann rétt.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 121. gr. laganna orðast svo: Í greinargerðinni skal fjalla um efnahagslegar og lagalegar ástæður til grundvallar samrunaáætluninni, svo og ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

4. gr.

2. málsl. 3. mgr. 122. gr. laganna orðast svo: Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins og skal þar lagt mat á hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi í þessu tilviki.

5. gr.

Við 126. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigendum annarra verðbréfa en hlutabréfa, sem sérstök réttindi fylgja, skulu í yfirtöku-

félaginu eigi veitt minni réttindi en þeir höfðu í hinu yfirtekna félagi nema fundur eigenda bréfanna, ef kveðið er á um slíkan fund í lögum, hafi samþykkt breytingar á réttindum, eigendur þeirra hafi samþykkt breytingarnar hver um sig eða eigendurnir eigi rétt til þess að yfirtökufélagið innleysi bréf þeirra.

6. gr.

2. og 3. mgr. 133. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 6.–8. gr., 1. mgr. 37. gr. og 119.-128. gr. gilda um skiptingu eftir því sem við á. Í skiptingaráætlun, sbr. 120. gr., skal vera nákvæm lýsing á þeim eignum og skuldum sem yfirfæra skal og úthlutað er til hvers viðtökufélags. Greina skal frá aðferðum sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun úthlutunar til handhafa félagsins, sem skipt er, á hlutum í viðtökufélögum endurgjaldsins. Enn fremur skal í greinargerð félagsstjórna, sbr. 1. mgr. 121. gr., lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem liggja til grundvallar úthlutun á hlutum. Þar skal greina sérstaklega frá samningu sérfræðiskýrslu á grundvelli 6.–8. gr. vegna greiðslu í öðru en reiðufé til hluthafa félagsins sem skipt er, svo og að skýrslan verði send hlutafélagaskrá. Stjórn eða framkvæmdastjórar félagsins, sem skipt er, skulu skýra hluthafafundi þess félags frá öllum umtalsverðum breytingum, sem átt hafa sér stað á eignum og skuldum félagsins frá því að skiptingaráætlun var samin og þar til haldinn verður sá hluthafafundur félagsins sem taka skal ákvörðun um áætlunina, og auk þess stjórn eða framkvæmdastjórum viðtökufélaga svo að vitneskjunni verði komið til hluthafafunda viðtökufélaganna.

Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.

7. gr.

1. mgr. 141. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Ákvæði XVII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á. Í tilkynningu um stofnun útibús skal tekið fram berum orðum eftir hvaða landslögum erlenda hlutafélagið starfar. Þá skal geta skrárinnar, þar sem erlenda hlutafélagið er skráð, ásamt skráningarnúmeri félagsins í þeirri skrá, svo og forms félagsins. Í tilkynningu um útibú erlends hlutafélags eða félags í samsvarandi lagalegu formi, sem á lögheimili og varnarþing í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal geta lagalegs forms félagsins, aðalstarfsstöðvar og tilgangs þess og minnst einu sinni á ári fjárhæðar hlutafjár ef þessar upplýsingar koma ekki fram í stofnsamningi og samþykktum eða skjölum með breytingu þar á. Séu útibú hins erlenda hlutafélags fleiri en eitt nægir að senda stofnsamning, samþykktir og tilkynningar um breytingar þar á, svo og ársreikninga félagsins, einu sinni en vísa með glöggum hætti í skráningu fyrra útibús, m.a. skráningarnúmer (kennitölu) útibúsins, sbr. 142. gr.

8. gr.

142. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 149. gr., og 1. mgr. 141. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokun reikningsárs, sbr. 1. mgr. 141. gr.

9. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það, svo og hverjir sjái um gjaldþrotaskiptin eða félagsslitameðferðina, hver völd þeirra séu og hvenær skiptunum eða meðferðinni ljúki. Sambærilegar upplýsingar skal gefa um greiðslustöðvun, nauðasamninga og samsvarandi gerðir. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanskilinni fyrirhugaðri breytingu í 1. gr. er frumvarp þetta lagt fram vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög (hfl.), og 3., 6. og 11. félagaréttartilskipunarinnar en þær eru hluti EES-samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin í þessari grein er tilkomin vegna fyrirhugaðrar setningar laga um rafræna skráningu verðbréfa og heimilar útgáfu hlutabréfa með rafrænum hætti.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af d-lið 2. mgr. 5. gr. 3. félagaréttartilskipunarinnar er því bætt við að ef binda á rétt til arðs sérstökum skilyrðum er nauðsynlegt að þess sé getið í samrunaáætlun.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af 9. gr. 3. félagaréttartilskipunarinnar er því bætt við í 2. málsl. 1. mgr. 121. gr. hfl. að í greinargerð félagsstjórnar um samrunaáætlun skuli fjalla um þær efnahagslegu og lagalegu ástæður sem liggja til grundvallar samrunaáætluninni.

Um 4. gr.

Með hliðsjón af b-lið 2. mgr. 10. gr. 3. félagaréttartilskipunarinnar er því bætt við að endurskoðendur eða skoðunarmenn samrunafélaganna skuli í skýrslu sinni leggja mat á hvort aðferðir við að ákvarða endurgjald fyrir hluti í yfirtekna félaginu séu fullnægjandi.

Um 5. gr.

Með hliðsjón af 15. gr. 3. félagaréttartilskipunarinnar er bætt við ákvæði sem mælir fyrir um réttarstöðu eigenda annarra verðbréfa en hlutabréfa sem sérstök réttindi fylgja.

Um 6. gr.

Með hliðsjón af ákvæðum 6. félagaréttartilskipunarinnar eru hér sett nánari ákvæði um hvernig haga skuli skiptingu hlutafélaga með það að markmiði að tryggja réttarstöðu hluthafa og lánardrottna félagsins sem skipt er.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir breytingum á 2. mgr. 133. gr. hfl. Ákvæði 1. málsl. málsgreinarinnar eru samkvæmt orðanna hljóðan óbreytt en fela þó, vegna tilvísana í breyttar greinar um samruna hlutafélaga, í sér breytingar á reglum laganna um skiptingu hlutafélaga. Með því er tekið tillit til d-liðar 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 8. gr. og 13. gr. 6. félagaréttartilskipunarinnar. Ákvæði 2. málsl. taka mið af h-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, ákvæði 3. málsl. af i-lið 2. mgr. 3. gr., ákvæði 4. málsl. af 1. mgr. 7. gr., ákvæði 5. málsl. af 2. mgr. 7. gr. og ákvæði 6. málsl. af 3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir breytingum á 3. mgr. 133. gr. hfl. sem taka mið af 3. mgr. 12. gr. 6. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Með hliðsjón af 11. félagaréttartilskipuninni er gert ráð fyrir því að 1. mgr. 141. gr. hfl. verði ítarlegri en nú er en málsgreinin varðar stofnun útibúa erlendra hlutafélaga á Íslandi. Ákvæði 3.–6. málsl. eru ný. Taka ákvæði 3. málsl. mið af c-lið 8. gr. í tilskipuninni, ákvæði 4. málsl. af c- og d-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar og ákvæði 5. málsl. af f-lið 8. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 6. málsl. taka mið af 5. gr. tilskipunarinnar. Efnislega felst í þessum breytingum að geta skal þess, þegar útibú er stofnað, eftir hvaða landslögum erlenda hlutafélagið starfi, geta þarf skrárinnar, þar sem erlenda hlutafélagið er skráð, ásamt skráningarnúmeri félagsins í þeirri skrá, svo og formi þess, bætt er við ákvæðum um hvaða upplýsingar þurfi að fylgja við skráningu útibús erlends hlutafélags sem á lögheimili og varnarþing utan Evrópska efnahagssvæðisins og slakað er á kröfum gildandi laga um upplýsingar við skráningu síðari útibúa ef útibú hins erlenda hlutafélags eru fleiri en eitt.

Um 8. gr.

Í samræmi við framangreindar breytingar á 141. gr. hfl. vísa 1. og 2. mgr. 142. gr. til 1. mgr. 141. gr. Leiðir þetta af 5. gr. 11. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 9. gr.

Með hliðsjón af ákvæðum f-liðar 1. mgr. 2. gr. 11. félagaréttartilskipunarinnar er í 1. málsl. gerð krafa um að útibússtjóri hins erlenda félags skuli koma á framfæri við hlutafélagaskrá ákveðnum upplýsingum um þá sem sjá um gjaldþrotaskipti eða slit á erlendu hlutafélagi sem er með útibú á Íslandi. Ákvæði 2. málsl. um upplýsingagjöf varðandi greiðslustöðvun, nauðasamninga og samsvarandi gerðir leiðir sömuleiðis af f-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum. Bæði frumvörpin eru flutt vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA við gildandi lög. Ekki verður séð að samþykkt þeirra valdi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

148. Frumvarp til laga [148. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

4. tölul. 95. gr. laganna orðast svo: frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veita rétt til arðs og sérstök skilyrði varðandi þann rétt.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 96. gr. laganna orðast svo: Í greinargerðinni skal fjalla um efnahagslegar og lagalegar ástæður til grundvallar samrunaáætluninni, svo og ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins og skal þar lagt mat á hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi í þessu tilviki.

4. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigendum verðbréfa, sem sérstök réttindi fylgja, skulu í yfirtökufélaginu eigi veitt minni réttindi en þeir höfðu í hinu yfirtekna félagi nema fundur eigenda bréfanna, ef kveðið er á um slíkan fund í lögum, hafi samþykkt breytingar á réttindum, eigendur þeirra hafi samþykkt breytingarnar hver um sig eða eigendur eigi rétt til þess að yfirtökufélagið innleysi bréf þeirra.

5. gr.

1. mgr. 115. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends einkahlutafélags. Ákvæði XVII. kafla

um skráningu einkahlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á. Í tilkynningu um stofnun útibús skal tekið fram berum orðum eftir hvaða landslögum erlenda einkahlutafélagið starfar. Þá skal geta skrárinnar, þar sem erlenda hlutafélagið er skráð, ásamt skráningarnúmeri félagsins í þeirri skrá, svo og forms félagsins. Í tilkynningu um útibú erlends einkahlutafélags eða félags í samsvarandi lagalegu formi, sem á lögheimili og varnarþing í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal geta lagalegs forms félagsins, aðalstarfsstöðvar og tilgangs þess og minnst einu sinni á ári fjárhæðar hlutafjár ef þessar upplýsingar koma ekki fram í stofnsamningi og samþykktum eða skjölum með breytingu þar á. Séu útibú hins erlenda einkahlutafélags fleiri en eitt nægir að senda stofnsamning, samþykktir og tilkynningar um breytingar þar á, svo og ársreikninga félagsins, einu sinni en vísa með glöggum hætti í skráningu fyrra útibús, m.a. skráningarnúmer (kennitölu) útibúsins, sbr. 116. gr.

6. gr.

116. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 123. gr. og 1. mgr. 115. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs, sbr. 1. mgr. 115. gr.

7. gr.

117. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það, svo og hverjir sjái um gjaldþrotaskiptin eða félagsslitameðferðina, hver völd þeirra séu og hvenær skiptunum eða meðferðinni ljúki. Sambærilegar upplýsingar skal gefa um greiðslustöðvun, nauðasamninga og samsvarandi gerðir. Gæta skal ákvæða 4. mgr. 1. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög (ehfl.), og 11. félagaréttartilskipunarinnar sem er hluti EES-samningsins, svo og vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 4. tölul. 120. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er hér bætt við ákvæði er mælir fyrir um að ef binda á rétt til arðs sérstökum skilyrðum er nauðsynlegt að þess sé getið í samrunaáætlun.

Um 2. gr.

Til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 2. málsl. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er hér bætt við ákvæði þess efnis að í greinargerð félagsstjórnar við samruna-

áætlun skuli fjalla um þær efnahagslegu og lagalegu ástæður sem liggja til grundvallar samrunaáætluninni.

Um 3. gr.

Til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 2. málsl. 3. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er því bætt við í 2. málsl. 1. mgr. 96. gr. ehfl. ákvæði sem mælir fyrir um að endurskoðendur eða skoðunarmenn samrunafélaganna skuli í skýrslu sinni leggja mat á hvort aðferðir við að ákvarða endurgjald fyrir hluti í yfirtekna félaginu séu fullnægjandi.

Um 4. gr.

Til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 126. gr. laga nr. 2/1995,um hlutafélög, er hér bætt við ákvæði sem mælir fyrir um réttarstöðu eiganda verðbréfa sem sérstök réttindi fylgja.

Um 5. gr.

Með hliðsjón af 11. félagaréttartilskipuninni er gert ráð fyrir því að 1. mgr. 115. gr. ehfl. verði ítarlegri en nú er en málsgreinin varðar stofnun útibúa erlendra einkahlutafélaga á Íslandi. Ákvæði 3.–6. málsl. eru ný. Taka ákvæði 3. málsl. mið af c-lið 8. gr. í tilskipuninni, ákvæði 4. málsl. af c- og d-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar og ákvæði 5. málsl. af f-lið 8. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 6. málsl. taka mið af 5. gr. tilskipunarinnar. Efnislega felst í þessum breytingum að geta skal þess, þegar útibú er stofnað, eftir hvaða landslögum erlenda einkahlutafélagið starfi, geta þarf skrárinnar, þar sem erlenda einkahlutafélagið er skráð, ásamt skráningarnúmeri félagsins í þeirri skrá, svo og formi þess, bætt er við ákvæðum um hvaða upplýsingar þurfi að fylgja við skráningu útibús erlends einkahlutafélags sem á lögheimili og varnarþing utan Evrópska efnahagssvæðisins og slakað er á kröfum gildandi laga um upplýsingar við skráningu síðari útibúa ef útibú hins erlenda einkahlutafélags eru fleiri en eitt.

Um 6. gr.

A- og b-liður. Í samræmi við framangreindar breytingar á 115. gr. ehfl. vísa 1. og 2. mgr. 116. gr. til 1. mgr. 115. gr. Leiðir þetta af 5. gr. 11. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Með hliðsjón af ákvæðum f-liðar 1. mgr. 2. gr. 11. félagaréttartilskipunarinnar er í 1. málsl. gerð krafa um að útibússtjóri hins erlenda félags skuli koma á framfæri við hlutafélagaskrá ákveðnum upplýsingum um þá sem sjá um gjaldþrotaskipti eða slit á erlendu félagi sem er með útibú á Íslandi. Ákvæði 2. málsl. um upplýsingagjöf varðandi greiðslustöðvun, nauðasamninga og samsvarandi gerðir leiðir sömuleiðis af f-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Bæði frumvörpin eru flutt vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA við gildandi lög. Ekki verður séð að samþykkt þeirra valdi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

149. Frumvarp til laga [149. mál]

um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim.

Rafræn útgáfa verðbréfa og skráning eignarréttinda yfir þeim með þeim réttaráhrifum sem kveðið er á um í lögum þessum er einungis heimil verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

rafbréf: framseljanlegt rafrænt eignarskráð verðbréf,

eignarskráning: útgáfa á rafbréfum í verðbréfamiðstöð og skráning eignarréttinda yfir þeim; slík eignarskráning að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda lögformlega sönnun fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að, sbr. IV. kafla þessara laga, um réttaráhrif skráningar,

verðbréfamiðstöð: hlutafélag sem annast eignarskráningu rafbréfa,

reikningsstofnun: félag eða stofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfum í verðbréfamiðstöð,

lokafærsla: endanleg prófun og færsla eignarskráninga í verðbréfamiðstöð samkvæmt tilkynningum til hennar,

reikningur: skrá um lokafærslur reikningseiganda yfir rafbréf í verðbréfamiðstöð.

3. gr.

Viðskiptaráðherra veitir verðbréfamiðstöð starfsleyfi að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Slík leyfi verða aðeins veitt skráðum hlutafélögum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. innborgað hlutafé sé að lágmarki 65 milljónir króna, og er fjárhæð þess bundin gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við opinbert kaupgengi hennar við gildistöku laga þessara,
2. fyrir liggi fullnægjandi rekstraráætlun, byggð á traustum rekstrarforsendum, svo og öryggis- og skipulagslýsing,
3. að uppfyllt sé skilyrði 30. gr. laga þessara um ábyrgðarsjóð.

Ákvörðun ráðherra um umsókn um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd. Verðbréfamiðstöð er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið að fullu greitt.

Verðbréfamiðstöð er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í lögum þessum eða er í eðlilegum tengslum við hana.

4. gr.

Stjórnarmenn í verðbréfamiðstöð skulu vera þrír hið fæsta og skulu þeir vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðum, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

5. gr.

Einstaklingar og lögaðilar skulu tilkynna bankaeftirliti Seðlabankans beina eða óbeina þátttöku í verðbréfamiðstöð sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn hlutafélagsins, svo og um hve mikil eign þessi er.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut í verðbréfamiðstöð sem segir í 1. mgr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur verðbréfamiðstöðvarinnar getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir verðbréfamiðstöðina að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

6. gr.

Verðbréfamiðstöð ber að tilkynna til bankaeftirlits Seðlabankans ef hún verður þess áskynja eða grunar að lög þessi eða reglugerð sett samkvæmt þeim hafi verið brotin.

7. gr.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar skal setja sér starfsreglur. Í starfsreglum skal meðal annars kveðið á um að stjórnin taki afstöðu til skipulags félagsins, til dæmis hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi, fjárhagsáætlanir og hvernig hagað sé reglubundnu eftirliti með ákvörðunum stjórnar um þau atriði og með hvaða hætti slíkar ákvarðanir skuli endurskoðaðar.

Breytingar á stjórn verðbréfamiðstöðvar skal tilkynna til bankaeftirlits Seðlabankans innan tveggja vikna frá því að breytingin er gerð.

Samruni verðbréfamiðstöðvar við annað félag er óheimill nema með fengnu samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabankans. Hið sama gildir um skiptingu hennar í tvö eða fleiri félög.

8. gr.

Stjórn, endurskoðendum og framkvæmdastjóra, svo og öðrum starfsmönnum verðbréfamiðstöðvarinnar, er óheimilt að skýra frá nokkru því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða stöðu sinni samkvæmt um hagi reikningseiganda, verðbréfamiðstöðvarinnar og viðskiptamanna hennar án undangengins dómsúrskurðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Ákvæði 1. mgr. hindrar þó ekki að verðbréfamiðstöðin geri samstarfssamning við annað félag sem stundar hliðstæða starfsemi og veiti þeim aðila upplýsingar, enda gildi sambærileg ákvæði um þagnarskyldu hans.

9. gr.

Endurskoðaður ársreikningur, staðfestur af stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar, ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabankans innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu fyrirtækisins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um félagið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn verðbréfamiðstöðvar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi verðbréfamiðstöðvar fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hana. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

II. KAFLI
Aðild að eignarskráningu.

10. gr.

Rétt til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð hafa:

1. Seðlabanki Íslands,
2. viðskiptabankar og sparisjóðir,
3. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hafa heimildir til fjárvörslu,
4. lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.

11. gr.

Þeir aðilar, sem nefndir eru í 10. gr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 12. gr., skulu gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð og er það skilyrði þess að þeir hafi heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt að gera aðildarsamning við útgefendur markaðsverðbréfa um heimild þeirra til að hafa milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð á útgáfu og fyrsta framsali rafbréfa útgefinna af viðkomandi aðila í samræmi við starfsheimildir þeirra á fjármagnsmarkaði.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er einnig heimilt að veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi. Hið sama gildir um verðbréfasjóði.

12. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, er heimilt að ákveða:

1. nánari reglur um grundvöll og framkvæmd eignarskráningar, svo og með hvaða hætti einstaklingar, sem eru starfsmenn verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, skuli framkvæma þau verkefni sem tengjast skráningu réttinda í verðbréfamiðstöðinni,
2. nánari reglur um skráningu takmarkaðra eignarréttinda að rafbréfum,
3. heimildir verðbréfamiðstöðvar til gjaldtöku fyrir umsýslu með rafbréf og skráningu í tengslum við þau.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórna verðbréfamiðstöðva sem starfa á grundvelli þessara laga, er heimilt að ákveða:

1. að erlendum verðbréfamiðstöðvum og erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum með heimild til fjárvörslu, sem hafa heimild til að starfa hér á landi og eru undir opinberu eftirliti, sé heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð með þeim réttaráhrifum sem getið er um í IV. kafla að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans,
2. að verðbréfamiðstöð sé heimilt, að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans, að annast milligöngu um eignarskráningu í erlendum og innlendum verðbréfamiðstöðvum,
3. að veita megi aðilum, öðrum en reikningsstofnunum, rétt til að sækja upplýsingar varðandi eigin reikning beint til verðbréfamiðstöðvar á grundvelli aðildarsamnings sem hlutaðeigandi aðilar gera við verðbréfamiðstöðina.

III. KAFLI
Skráningarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar ber ábyrgð á því að fyllsta öryggis sé gætt í starfsemi hennar og reksturinn fari fram á hagkvæman hátt. Stjórn verðbréfamiðstöðvar setur nánari reglur um hvaða verðbréf er unnt að taka til skráningar sem rafbréf. Reglur þessar skulu tryggja jafnræði allra hlutaðeigandi og skulu birtar opinberlega. Rafbréf í sama verðbréfaflokki verða aðeins skráð í einni verðbréfamiðstöð.

14. gr.

Verðbréfamiðstöð er óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi, sbr. þó ákvæði laga þessara.

Jafnframt er verðbréfamiðstöð heimilt að veita upplýsingar í hagtöluskyni að fenginni heimild tölvunefndar.

15. gr.

Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð og annast efndalok (nettun) viðskipta þeirra með rafbréf. Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein.

Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva og Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skipar tvo fulltrúa í nefndina og verðbréfamiðstöðvar, sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, skipa tvo fulltrúa. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva og Seðlabankans í tengslum við efndalok viðskipta.

Seðlabankinn getur beitt reikningsstofnanir viðurlögum skv. 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.

IV. KAFLI
Réttaráhrif skráningar o.fl.

16. gr.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð skal gagnvart skuldara jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu.

Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamiðstöð.

Reikningsstofnun er skylt án tafar að tilkynna verðbréfamiðstöð um beiðnir um eignarskráningar, enda framvísi viðkomandi aðili viðhlítandi gögnum um grundvöll beiðninnar.

17. gr.

Telji reikningsstofnun að vafi leiki á um staðreyndir eða atriði sem áhrif hafa á lögvarinn rétt samkvæmt skráningunni, eða á rétt þeirra sem skráningin hefur þýðingu fyrir, og að skráning kunni að brjóta rétt á þriðja aðila ber henni að hafa milligöngu um að réttindin verði einungis eignarskráð til bráðabirgða.

Verðbréfamiðstöð tekur ákvörðun um hvort og hvernig réttindi sem skráð hafa verið samkvæmt þessari grein skuli færð í eignarskrá hennar.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bráðabirgðaeignarskráningar samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Reikningsstofnun, ein eða fleiri eftir því sem við getur átt, skulu tilkynna öllum hlutaðeigandi um sérhverja skráningu réttinda sem hún hefur haft milligöngu um. Einnig skal hún tilkynna ef vandkvæði eru á skráningu þeirra. Breytingu og afmáningu réttinda ber reikningsstofnunum að tilkynna hlutaðeigandi aðilum með sama hætti eftir því sem við getur átt.

Rétthafi skráðra réttinda og reikningsstofnanir geta óskað eftir því á grundvelli reglna, sem verðbréfamiðstöð setur að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans, að tilkynningar til þeirra séu sendar með jöfnu millibili, svo og afþakkað að hluta til eða öllu leyti að þeim verði sendar tilkynningar um breytingar á réttindum. Samkomulag um hvaða háttur skuli hafður á tilkynningum skal skrá á reikning hlutaðeigandi rétthafa.

Reikningsstofnun og stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt að gera samning um að verðbréfamiðstöð sendi þær tilkynningar sem um ræðir í 1. mgr. Bankaeftirlit Seðlabankans skal staðfesta samninga samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr.

Eftir að lokafærsla á sér stað í verðbréfamiðstöð verða réttindi grandlauss framsalshafa ekki vefengd. Við eignarskráningu í verðbréfamiðstöð glatast þó ekki mótbárur sem lúta að meiri háttar nauðung eða fölsun.

20. gr.

Verðbréfamiðstöð setur reglur um millifærslu fjármuna og réttinda í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim, sbr. og ákvæði 15. gr. þessara laga.

Verðbréfamiðstöð hefur milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda fyrir hönd útgefanda rafbréfs til þess sem hefur rétt til að taka við greiðslu samkvæmt skráningu í miðstöðinni. Hún ber enga ábyrgð þrátt fyrir að viðtakanda skorti rétt til þess að taka við greiðslu eða hann sé ólögráða, enda hafi hún ekki vitað né mátt vita að svo væri háttað aðstæðum viðtakanda. Þetta á þó ekki við ef krafa skráðs rétthafa er byggð á samningi sem er ógildur vegna þess að hann er byggður á fölsun eða meiri háttar nauðung.

21. gr.

Um stofnun réttinda yfir rafbréfum fer að öðru leyti en greinir í lögum þessum eftir almennum reglum laga.

22. gr.

Hafi reikningsstofnun orðið þess áskynja að mistök hafi orðið í tengslum við skráningu, þá skal hún gera verðbréfamiðstöðinni viðvart og óska leiðréttingar. Áður en til leiðréttingar kemur er skylt að veita þeim er leiðrétting kann að varða kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

23. gr.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að afmá réttindi sem augljóslega eru ekki lengur til staðar.

Telji verðbréfamiðstöð að á reikningi séu skráð réttindi sem telja má að hafi ekki lengur þýðingu eða um er að ræða réttindi sem eru 20 ára gömul eða eldri og sem telja verður að séu sannanlega úr gildi fallin eða sannanlega hefur enginn rétthafi fundist að réttindunum getur hún birt innköllun í Lögbirtingablaðinu til þeirra sem telja sig eiga rétt til hinna skráðu réttinda og skal innköllunarfrestur vera þrír mánuðir. Hafi enginn gefið sig fram áður en innköllunarfrestur er liðinn skal verðbréfamiðstöðin afmá réttindin.

Í reglugerð er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 2. mgr.

V. KAFLI
Reikningsyfirlit.

24. gr.

Á reikning í verðbréfamiðstöð skal eignarskrá rafbréf reikningseiganda. Á hvern reikning skal skrá reikningsstofnun eða reikningsstofnanir sem hafa heimild til eignarskráningar á reikninginn. Verðbréfamiðstöð skal gefa út reikningsyfirlit um þau réttindi sem þar eru skráð.

Reikningsyfirlit skulu gefin út með jöfnu millibili handa eigendum rafbréfa. Á reikningsyfirliti skal koma fram yfirlit yfir þau rafbréf sem viðkomandi reikningseigandi er skráður eigandi að við dagsetningu yfirlitsins. Samsvarandi yfirlit skulu gefin út til eiganda takmarkaðra eignarréttinda yfir rafbréfi. Reikningsstofnun er heimilt að senda skráðum rétthafa aukareikningsyfirlit, enda hafi hann óskað eftir því.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal setja nánari reglur um gerð reikninga og útgáfu reikningsyfirlita skv. 1. mgr., svo og hvaða atriði skulu koma fram á yfirlitinu.

VI. KAFLI
Úrskurðarnefnd og kærumeðferð.

25. gr.

Kæra vegna ágreinings sem kann að rísa í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eða önnur atriði sem falla undir gildissvið laganna skal send til úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðvar. Þetta á þó ekki við um skaðabótakröfur.

Ráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til þess að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á rafrænni skráningu eignarréttinda. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna sem greiðist úr ríkissjóði.

Kæra skv. 1. mgr. skal send til úrskurðarnefndar innan 12 vikna frá því að skráning fór fram í verðbréfamiðstöð. Úrskurðarnefnd er heimill aðgangur að öllum gögnum hjá verðbréfamiðstöð og reikningsstofnun og sem tengjast kærumáli.

Úrskurðarnefnd fellir rökstuddan úrskurð í kærumáli og skal hann tilkynntur aðilum málsins.

Úrskurðarnefnd getur í sérstökum tilvikum tekið mál til úrskurðar eftir að kærufrestur skv. 3. mgr. er runninn út.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um störf úrskurðarnefndar. Heimilt er að setja reglur um greiðslu kostnaðar fyrir meðferð kærumáls og um birtingu úrskurða sem úrskurðarnefnd fellir.

26. gr.

Kæruaðilar skv. 25. gr. geta verið:

1. sérhver aðili sem telja verður að hafi nægilegra lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu,
2. reikningsstofnun þegar hún dregur í efa ákvarðanir verðbréfamiðstöðvar skv. 17., 22. og 23. gr., svo og
3. verðbréfamiðstöð þegar hún dregur í efa tilkynningar reikningsstofnunar vegna skráningar í miðstöðinni.

27. gr.

Heimilt er að bera úrskurð úrskurðarnefndar undir dómstóla með venjulegum hætti innan fjögurra vikna frá því að hann er uppkveðinn.

Mál, sem skv. 25. og 26. gr. er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, verða ekki borin undir dómstóla nema að undangenginni kærumeðferð skv. 1. mgr.

VII. KAFLI
Skaðabætur.

28. gr.

Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í miðstöðinni þrátt fyrir að saknæmri háttsemi sé ekki til að dreifa. Bótaábyrgð nær þó hvorki til tjóns vegna glataðra viðskiptatækifæra, né til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeur).

Hafi tjónþoli af ásetningi eða gáleysi átt þátt í því að tjón varð er heimilt að lækka eða fella niður skaðabætur til hans.

Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð gagnvart þeim aðilum sem grandlausir verða fyrir tjóni vegna ákvæða 2. málsl. 19. gr. fáist það ekki bætt samkvæmt almennum reglum.

Samanlagðar skaðabætur fyrir tjón vegna sama tjónsatburðar geta ekki orðið hærri en sem nemur helmingi fjárhæðar ábyrgðarsjóðs skv. 30. gr.

29. gr.

Reikningsstofnun er skaðabótaskyld fyrir því tjóni sem rakið verður til mistaka af hennar hálfu í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í verðbréfamiðstöðinni, svo og greiðslum út af slíkum reikningi, þrátt fyrir að orsök tjónsins verði rakin til óhappaatvika.

Hafi tjónþoli af ásetningi eða gáleysi átt þátt í því að tjón varð er heimilt að lækka eða fella brott skaðabætur til hans.

30. gr.

Samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal aldrei nema lægri fjárhæð en 650 milljónum króna í formi ábyrgða eða á annan hátt.

Nánari reglur um ábyrgðir verðbréfamiðstöðvar skv. 1. mgr. skal setja í samþykktir hennar.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

31. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi verðbréfamiðstöðvar sé í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirliti Seðlabankans þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnunar sem það telur nauðsyn á. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands og lög um verðbréfaviðskipti.

32. gr.

Telji bankaeftirlit Seðlabankans reikningsstofnun hafa brotið ítrekað eða með alvarlegum hætti gegn ákvæðum laga þessara, laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða að háttsemi reikningsstofnana sé að öðru leyti ekki eðlileg, traust eða heilbrigð, er því heimilt að svipta hlutaðeigandi aðila rétti til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð.

IX. KAFLI
Viðurlög.

33. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðila að sæta sviptingu starfsréttinda.

Tilraun til og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar samkvæmt almennum hegningarlögum.

X. KAFLI

Ýmis réttaráhrif, gildistaka o.fl.

34. gr.

Lokafærsla verðbréfamiðstöðvar um greiðslu afborgunar og vaxta inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf.

35. gr.

Sé rafbréf gefið út og skráð samkvæmt lögum þessum sem víxill skal fylgja þeim lagareglum sem um víxla gilda eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Hafi verðbréf verið tekin til rafrænnar eignarskráningar í verðbréfamiðstöð ganga ákvæði laga þessara framar ákvæðum sérlaga um útgáfu og form slíkra verðbréfa.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum þessum hefur starfsemi sína skal stefna að því að eignarskrá með rafrænum hætti réttindi yfir öllum eftirtöldum verðbréfum, sem þá verða í fullu gildi eða eru innan lokagjalddaga, fyrir árslok 2000:

1. spariskírteinum ríkissjóðs,
2. ríkisbréfum,
3. ríkisvíxlum,
4. húsbréfum og húsnæðisbréfum,
5. hlutabréfum félaga sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands,
6. skuldabréfum og víxlum sem útgefnir eru af bönkum, sparisjóðum, sveitarfélögum og öðrum ótilgreindum aðilum og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands,
7. öðrum verðbréfum sem stjórn verðbréfamiðstöðvar samþykkir til eignarskráningar, sbr. ákvæði 13. gr. laga þessara.

II.

Í stað innkallaðra verðbréfa skal eignarskrá eignarréttindi yfir þeim í verðbréfamiðstöð og ógilda jafnframt hið áþreifanlega verðbréf. Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal kveða nánar á um tilhögun innköllunar og eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði I til bráðabirgða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Allt frá byrjun þessa áratugar hefur verið áhugi á því að koma á fót tölvuskráningu verðbréfa hér á landi sem leysa mundi af hólmi áþreifanleg verðbréf líkt og gerst hefur í nágrannalöndum okkar. Hér er um að ræða verkefni sem leiða mun til mikillar hagræðingar og sparnaðar fyrir aðila á fjármagnsmarkaði auk þess sem verkefnið telst vera umhverfisvænt þar sem það dregur mjög úr notkun pappírs.

Í október 1991 skilaði nefnd á vegum viðskiptaráðuneytis áliti um tölvuskráningu verðbréfa á Íslandi. Í nefnd þessa voru skipuð Bjarni Ómar Jónsson, tilnefndur af Reiknistofu bankanna, Ólafur Örn Ingólfsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sveinn E. Sigurðsson, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, Vilborg Lofts, tilnefnd af Verðbréfaþingi Íslands, Vilhjálmur Egilsson, tilnefndur af Verslunarráði Íslands, og Tryggvi Axelsson, tilnefndur af viðskiptaráðuneytinu, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Í áliti nefndarinnar um fyrstu aðgerðir var bent á tvær leiðir án þess þó að afstaða væri tekin til þess hvora þeirra væri æskilegt að fara:

1. Að helstu aðilar á íslenskum fjármagnsmarkaði stæðu sameiginlega að stofnun verðbréfamiðstöðvar og miðað yrði við að arður, sem hlytist af starfrækslu hennar, yrði ekki greiddur út heldur rynni til verðbréfamiðstöðvarinnar sjálfrar.

2. Að ríkissjóður Íslands setti á stofn verðbréfamiðstöð og markmiðið í byrjun yrði eingöngu að taka upp tölvuskráningu á markaðsverðbréfum ríkissjóðs, svo sem ríkisskuldabréfum, húsbréfum og ríkisvíxlum. Í fyllingu tímans mundi starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar síðan taka til allra markaðsverðbréfa á fjármagnsmarkaðnum.

Málinu var ekki þokað lengra áleiðis fyrr en 9. febrúar 1993 þegar viðskiptaráðherra skipaði starfshóp er fékk það verkefni að „semja drög að frumvarpi til laga um skráningarmiðstöð fyrir eignarhald á verðbréfum". Í starfshópinn voru skipuð Páll Ásgrímsson frá viðskiptaráðuneyti, sem jafnframt var formaður, Jóhann Albertsson, bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Pétur Kristinsson, Lánasýslu ríkisins, Sveinn E. Sigurðsson, Seðlabanka Íslands, og Selma Filippusdóttir, Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja.

Við samningu þessa frumvarps var gert ráð fyrir að fyrri leiðin hér að framan yrði farin, þannig að helstu aðilar á íslenskum fjármagnsmarkaði stæðu saman að stofnun verðbréfamiðstöðvar í formi sjálfseignarstofnunar. Með hliðsjón af skipunarbréfi tók starfshópurinn ekki afstöðu til þess í einstökum atriðum hvernig framkvæmd einstakra þátta yrði hagað, svo sem hvernig staðið skyldi að kaupum á hugbúnaði o.s.frv. Þó var bent á að sá möguleiki væri fyrir hendi að þjónustan við tölvuskráningu verðbréfa yrði að öllu leyti keypt erlendis frá og upplýsingar sendar um fjarvinnslubúnað sem settur yrði upp hér á landi. Fram kom að vilji var fyrir hendi af hálfu forráðamanna dönsku verðbréfamiðstöðvarinnar til þess að athuga þennan möguleika.

Það sem næst gerist í þessu efni er að iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipar 28. apríl 1994 verkefnisstjórn til þess að gera hagkvæmnisathugun á starfsemi verðbréfamiðstöðvar á Íslandi. Verkefnisstjórnina skipuðu Sveinn E. Sigurðsson, Seðlabanka Íslands, formaður (tilnefndur af Seðlabanka Íslands), Einar Sigurjónsson, fjármálaráðuneyti (tilnefndur af fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti), Jón Ragnar Höskuldsson, Tölvumiðstöð sparisjóðanna (tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða), Selma Filippusdóttir, Verðbréfamarkaði Íslandsbanka (tilnefnd af Sambandi íslenskra verðbréfafyrirtækja og Verðbréfaþingi Íslands), og Valgarður Sverrisson, Lífeyrissjóði verslunarmanna (tilnefndur af Húsnæðisstofnun, Landssambandi lífeyrissjóða og Sambandi almennra lífeyrissjóða). Hagkvæmnisathugun var lokið í febrúar 1995 með útgáfu skýrslu þar sem bornir voru saman eftirgreindir þrír valkostir:

Leið A: Hönnun á nýju tölvukerfi fyrir íslenskan markað.

Leið B: Kaup á tilbúnu kerfi erlendis frá sem starfrækt yrði hér á landi.

Leið C: Notkun erlends tölvukerfis í verðbréfamiðstöð erlendis.

Áætlaðan kostnað við stofnun og rekstur verðbréfamiðstöðvar á Íslandi, miðað við þær þrjár leiðir sem að framan eru greindar, má draga saman í eftirfarandi töflu:

Heildarkostnaður.
(Í millj. kr.)

Valkostir	Rekstrar-kostnaður	Stofn-kostnaður	Fyrstu fimm árin
Leið A	34	29	165
Leið B	53	400	612
Leið C	61	6	250

Af þessu má sjá að stofnkostnaður er lægstur sé leið C farin, en rekstrarkostnaður er lægstur ef leið A er valin. Kostur B er augljóslega lakasti kosturinn, einkum þar sem stofnkostnaður er afar hár.

Þegar litið er til lengri tíma er það rekstrarkostnaður sem ræður úrslitum þegar valið er á milli þessara kosta. Ef litið er á heildarkostnað fyrstu fimm árin, þ.e. stofnkostnað og rekstrarkostnað fyrstu fjögur starfsárin, er leið A til muna hagkvæmust.

Niðurstaða skýrslunnar er sú að árlegur kostnaður vegna umsýslu með verðbréf sé 215–226 m.kr. Þannig er augljóslega hagkvæmt að koma á fót verðbréfamiðstöð á Íslandi og er rekstrarkostnaður hennar samkvæmt leið A aðeins 20% af þeim kostnaði sem áætlað er að nú falli til árlega vegna umsýslu með verðbréf og félli að mestu niður við stofnun verðbréfamiðstöðvar.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu fól verkefnisstjórnin VSÓ – Rekstrarráðgjöf hf. að kanna nánar og áætla af sem mestri nákvæmni hvað kostaði að hanna nýtt tölvukerfi fyrir verðbréfamiðstöð. Vinnu þessari lauk með því að lögð var fram skýrsla um forgreiningu á hugbúnaðarkerfi fyrir slíka miðstöð og áætlun um stofn- og rekstrarkostnað þess. Í skýrslunni, sem lögð var fram í nóvember 1995, er að finna forgreiningu á tölvukerfi fyrir verðbréfamiðstöð.

Í skýrslunni er gagnaflæðirit, einindavenslarit, lausleg lýsing á verkliðum og greinargerð um almennar kröfur til hugbúnaðarins. Í henni er að finna skilgreiningu á starfsemi verðbréfamiðstöðvar og þeim verkliðum sem tölvukerfi slíkrar miðstöðvar þarf að geta ráðið við. Í þessari skilgreiningu er gert ráð fyrir að kerfið geti annast skráningu á eignarhaldi og útreikninga á greiðslum allra þeirra tegunda markaðsverðbréfa sem nú eru þekkt á innlendum verðbréfamarkaði. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að kerfið muni hlutast til um allar greiðslur afborgana og arðs vegna verðbréfa með beintengingu við viðskiptabanka og sparisjóði um Reiknistofu bankanna sem annist millifærslur á milli bankareikninga.

VSÓ – Rekstrarráðgjöf og verkefnisstjórn höfðu samvinnu um skilgreiningu á starfsemi verðbréfamiðstöðvar. Á grundvelli hennar gerði Bjarni Júlíusson tölvunarfræðingur áætlun um stofn- og rekstrarkostnað tölvu- og hugbúnaðarkerfis verðbréfamiðstöðvar.

Í framhaldi af því að verkefnisstjórnin skilaði af sér tveimur framangreindum skýrslum skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra 23. febrúar 1996 undirbúningsnefnd um stofnun verðbréfamiðstöðvar. Í henni áttu sæti Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, formaður, Einar Sigurjónsson, fjármálaráðuneyti, Sveinn E. Sigurðsson, Seðlabanka Íslands, Stefán Halldórsson, Verðbréfaþingi Íslands, Jón Ragnar Höskuldsson, Tölvumiðstöð sparisjóðanna (tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða), Valgarður Sverrisson, Lífeyrissjóði verslunarmanna (tilnefndur af Landssambandi lífeyrissjóða, Sambandi almennra lífeyrissjóða og Húsnæðisstofnun ríkisins), Gísli Heimisson, Landsbréfum hf. (tilnefndur af Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja).

Jafnframt skipun undirbúningsnefndarinnar voru 11. mars 1996 Sveinbjörn Hafliðason, aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands, og Tryggvi Axelsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneyt-

inu, skipaðir af viðskiptaráðherra í vinnuhóp til þess að semja frumvarp til laga um verðbréfamiðstöð og skyldu þeir vinna að frumvarpinu í samráði við undirbúningsnefndina.

Undirbúningsnefndin vann að gerð útboðsgagna á grundvelli framangreindrar forgreiningarskýrslu. Gerðar voru nokkrar breytingar á skýrslunni til að einfalda kerfi verðbréfamiðstöðvar. Þar má nefna að í útboðslýsingu er ekki gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöð sjái um að reikna út greiðslur af skuldabréfum heldur sjái reikningsstofnun útgefanda um útreikninginn og komi boðum til verðbréfamiðstöðvar. Gert er ráð fyrir að hún taki til starfa á árinu 1998. Kostnaður við verðbréfamiðstöð þar til tekjur fara að myndast er áætlaður 80 millj. kr. Hann skiptist í kostnað vegna vél- og hugbúnaðar, 29 millj. kr., og ýmsan undirbúnings- og kynningarkostnað, 51 millj. kr. Undirbúnings- og kynningarkostnaður greinist í launakostnað starfsmanna á undirbúningstíma, kynningar- og þjálfunarkostnað og annan rekstrarkostnað. Rekstrarkostnaður er metinn um 34 millj. kr. á ári þegar starfsemin er komin í fullan rekstur.

Undirbúningsnefnd efndi til forvals og lokaðs útboðs að forvali loknu. Forval var auglýst í Morgunblaðinu og Evrópska útboðsbankanum, TED, 21. apríl 1996. Forvalsgögn voru opnuð hjá Ríkiskaupum 20. júní 1996. Tíu hugbúnaðarhús lögðu inn forvalsgögn, þar af eitt erlent hugbúnaðarhús í samstarfi við íslenskt. Undirbúningsnefndin valdi þrjú hugbúnaðarhús til að taka þátt í lokuðu útboði. Það voru Tölvumyndir hf., Verk- og kerfisfræðistofan hf. og samstarfsaðilarnir Nýherji hf. og EFA frá Kanada. Tilboð voru opnuð 11. nóvember 1996. Tölvumyndir hf. áttu lægsta tilboð í verkið, 9.760.500 kr., með afhendingu í desember 1997. Frá Tölvumyndum kom einnig frávikstilboð upp á 8.784.450 kr. með afhendingu í nóvember 1997. Verk- og kerfisfræðistofan gerði tilboð upp á 10.288.000 með afhendingu í desember 1997. Nýherji og EFA gerðu aðaltilboð upp á 685.685 USD með afhendingu 12 mánuðum frá undirritun verksamnings og frávikstilboð upp á 449.525 USD með afhendingu sex mánuðum frá undirritun verksamnings.

Til þess að greina sem ítarlegast frá tilgangi, stærð og starfsemi verðbréfamiðstöðvar þykir eðlilegt að taka orðrétt upp þrjá þátt útboðslýsingar á hugbúnaðarkerfi verðbréfamiðstöðvar (Ríkiskaup – útboð 10673 – 27. september 1996):

3. Forgreining - kerfislýsing.

Í kafla þessum er að finna forgreiningu á tölvukerfi fyrir verðbréfamiðstöðina. Hér er lýsing sem inniheldur gagnaflæðirit, einindavenslarit, lauslega lýsingu á verkliðum og almennar kröfur til hugbúnaðarins. Verkliðalýsingar í skýrslunni eru einfaldaðar þar sem um er að ræða forgreiningu en ekki eiginlega kerfisgreiningu. Útfærsla lágmarksskjámynda er að vali verktaka, þó í samráði við verkkaupa. Endanlegar skilgreiningar gagnasafns munu framkvæmdar af verktaka en byggðar á einindavenslariti forgreiningarskýrslu. Almennar kröfur til hugbúnaðarins hafa verið skilgreindar af undirbúningsnefnd og í framhaldi af því voru fyrstu stigs gagnaflæðiritin unnin, þá verkliðalýsingar og loks einindavenslarit ásamt gagnaskrárlýsingum. Skráning verðbréfa í verðbréfamiðstöð verður eina lögformlega skráningin á eignarhaldi þeirra verðbréfa sem þar eru skráð og hún kemur þannig í stað verðbréfanna sjálfra. Því þarf tölvukerfi verðbréfamiðstöðvar að halda skrá yfir alla eigendur þeirra verðbréfa sem þar eru skráð og eignarhlut hvers og eins (nafnlausir reikningar þó meðhöndlaðir sérstaklega). Fyrirhugað er að skrá einungis markaðsverðbréf í verðbréfamiðstöðinni, þ.e. mörg einsleit verðbréf sem gefin eru út í ákveðnum flokkum. Kerfið heldur ekki utan um önnur verðbréf.

Allir eigendur verðbréfa sem skráð eru í verðbréfamiðstöðinni þurfa að stofna reikning í verðbréfamiðstöðinni fyrir milligöngu reikningsstofnunar[1]. Slíkur eigandi getur verið einstaklingur eða lögaðili, íslenskur ríkisborgari eða erlendur. Sami aðili getur átt marga verðbréfareikninga. Á hverjum reikningi geta verið margar tegundir og flokkar verðbréfa. Kerfið geymir nafnverðseign per flokk og allar hreyfingar á flokknum, þ.e. við kaup og sölu[2] á verðbréfum er staða reiknings uppfærð.

Sérhver flokkur verðbréfa er skráður í verðbréfamiðstöðina fyrir milligöngu reikningsstofnana. Þannig verður til skrá yfir alla útgefendur markaðsverðbréfa auk þeirra verðbréfaflokka sem þeir gefa út. Við stofnun nýrra flokka er stofnaður útgáfureikningur útgefanda og verðbréfaeignin færist yfir á eigendur verðbréfanna eftir því sem þau seljast.

Kaup og sala á verðbréfum fer alfarið í gegnum reikningsstofnanir. Reikningsstofnanir kaupenda og seljenda tilkynna síðan viðskiptin á rafrænu formi til verðbréfamiðstöðvarinnar. Þegar verðbréfamiðstöðin hefur fengið tilkynningar frá báðum aðilum, framkvæmt endanlega prófun og sannreynt viðskiptin, gengur verðbréfamiðstöðin frá viðskiptunum. Slíkur frágangur innifelur eignabreytingar á verðbréfareikningum og peningafærslur milli reikninga reikningsstofnana í Seðlabanka. Að frágangi loknum sendir verðbréfamiðstöðin staðfestingu á afgreiðslu viðskiptanna til reikningsstofnunar kaupanda og seljanda. Staðfestingin er framsett á þann

---

[1] Með reikningsstofnun er átt við verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, viðskiptabanka, sparisjóði, Seðlabanka Íslands og sambærilegar stofnanir innan EES sem hlotið hafa staðfestingu bankaeftirlitsins um starfsemi hér á landi.

[2] Þó hér sé rætt um kaup og sölu verðbréfa skal tekið fram að eigendaskipti geta orðið með öðrum hætti, t.d. gjöf, arfur o.s.frv. Miða skal allar aðgerðir við eigendaskipti.

máta að hún sé sannanlega komin frá verðbréfamiðstöðinni, t.d. með kótakerfi sambærilegt við heimildanúmer rafrænna greiðslukorta. Ef viðskiptavinir reikningsstofnunar óska eftir að fá afrit staðfestingar þá mun reikningsstofnun sjá um það en sú staðfesting/sending er utan þess kerfis sem hér er lýst.

Hlutverk verðbréfamiðstöðvar er enn fremur að millifæra peningagreiðslur frá útgefendum verðbréfa til eigenda þeirra með beiðni til viðskipta- eða seðlabanka og sparisjóða. Þessar greiðslur eru m.a. arðgreiðslur eftir ákvörðun aðalfundar hlutafélaga, greiðslur vegna útdráttar húsbréfa og greiðslur á gjalddaga skuldabréfa.

3.1 Notendur

Samskipti verðbréfamiðstöðvar eru að langmestu leyti við reikningsstofnanir. Reikningsstofnanir sjá um skráningu grunnupplýsinga um nýja reikninga og verðbréfaflokka og tilkynna verðbréfamiðstöð um viðskipti með verðbréf. Reikningsstofnanir sjá um að þjónusta reikningseigendur. Reikningseigendur hafa því engin bein samskipti við verðbréfamiðstöðina heldur eru þeir tengdir reikningsstofnun sinni. Aðrir notendur, svo sem útgefendur verðbréfa, geta hins vegar kallað eftir takmörkuðum upplýsingum er varða þá sérstaklega. Að auki er um nokkurs konar innri notendur að ræða, þ.e. starfsmenn verðbréfamiðstöðvarinnar sem hafa umsjón með kerfinu og rekstri þess.

Notendur kerfisins hafa mismunandi aðgang að kerfinu, enda notkun þeirra á kerfinu með mismunandi hætti. Flokka má helstu notendur í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar í eftirtalda hópa:

Reikningsstofnanir:

Almenna reglan er sú að reikningsstofnanir hafa aðgang að upplýsingum um öll sín viðskipti og alla reikninga sem stofnaðir eru hjá þeim. Það er gert til þess að reikningsstofnanir geti gefið viðskiptavinum sínum upplýsingar um stöðu á reikningum þeirra, sent þeim yfirlit o.s.frv. Þannig hefur verðbréfamiðstöðin ekki bein samskipti við reikningseigendur[3] varðandi upplýsingar um stöðu reikninga, enda geta reikningsstofnanir betur sinnt mismunandi þörfum þeirra, t.d. varðandi tíðni yfirlita. Þegar viðskiptavinur opnar reikning í verðbréfamiðstöðinni hjá reikningsstofnun er þó gert ráð fyrir að hann geti skilgreint hverjir hafi aðgang að upplýsingum varðandi reikninginn. Þannig getur hann heimilað öðrum reikningsstofnunum aðgang eða útilokað alla frá upplýsingaaðgangi, þar á meðal þá reikningsstofnun sem hann stofnar reikninginn hjá.

Hlutafélög og verðbréfasjóðir:

Almenningshlutafélög geta fengið upplýsingar um hluthafa og eignarhlut þeirra. Slíkar upplýsingar yrðu aðgengilegar á prentuðu eða tölvutæku formi. Aðilarnir eru þó ekki tengdir tölvukerfi

[3] Reikningseigendur eru eigendur verðbréfa sem hafa reikninga í verðbréfamiðstöðinni, hvort sem um er að ræða einstaklinga, stærri fjárfesta eða reikningsstofnanir.

verðbréfamiðstöðvarinnar beint. Hugsanlega fara samskipti og gögn á milli verðbréfamiðstöðvar og hlutafélaga með tölvupósti. Aðrar útfærslur eru þó mögulegar. Verðbréfasjóðir geta með sama hætti fengið upplýsingar um eigendur hlutdeildarskírteina.

Útgefendur skuldabréfa:

Útgefendur skuldabréfa hafa ekki aðgang að upplýsingum um eigendur bréfanna. Þeir munu hins vegar geta fengið, með milligöngu reikningsstofnunar, upplýsingar um hversu mikið hefur verið selt af hverjum flokki verðbréfa sem þeir gefa út.

Upplýsingamiðstöðvar/-veitur:

Hér er átt við aðila sem miðla upplýsingum eða vinna frekar úr þeim. Þessir aðilar munu fá tölfræðilegar upplýsingar um kaup og sölu á einstökum verðbréfaflokkum sem þó verður á engan hátt hægt að tengja við einstaka eigendur. Leggja þarf mikla áherslu á verndun persónuupplýsinga við alla meðferð og vinnslu upplýsinga úr verðbréfamiðstöðinni. Slík upplýsingagjöf er ekki hluti af kerfi verðbréfamiðstöðvar. Ekki verður nánar skilgreindur hér aðgangur þessara aðila að upplýsingum frá verðbréfamiðstöðinni, enda hlýtur hann að fara eftir lögum um verndun og meðferð persónuupplýsinga svo og þeim lögum sem sett yrðu um starfsemi verðbréfamiðstöðvar.

Erlendar verðbréfamiðstöðvar:

Gera verður ráð fyrir að erlendar verðbréfamiðstöðvar muni tengjast kerfinu.[4]

Lífeyrissjóðir og stærri fjárfestar:

Þeir munu ekki hafa bein samskipti við verðbréfamiðstöðina frekar en aðrir reikningseigendur. Hins vegar er gert ráð fyrir að þeir muni hafa lesaðgang að upplýsingum um eigin verðbréfareikninga í gegnum reikningsstofnanir. Gert er ráð fyrir að reikningseigendur geti slegið inn sérstakt leyninúmer við stofnun reiknings (eða síðar) sem loki fyrir skoðunaraðgang allra reikningsstofnana. Reikningsstofnun er það síðan í sjálfsvald sett hvaða skilyrði hún setur við opnun slíkra reikninga og á hvaða stigi hún geti krafist opnunar. Það á þó aðeins við um þær reikningsstofnanir sem bera ábyrgð á viðkomandi verðbréfareikningi.

3.2 Starfsumhverfi.

Gert er ráð fyrir að hjá verðbréfamiðstöðinni verði alls 5 stöðugildi, þar af tveir starfsmenn sem yrðu í þjónustu við notendur Einn starfsmaður annast daglegan rekstur tölvukerfisins og annar starfsmaður yrði hugsanlega við þróun og viðhald kerfisins. Á fyrsta starfsári verðbréfamiðstöðvarinnar er jafnframt gert ráð fyrir kennslu og þjálfun fyrir notendur kerfisins.

---

[4] Verktaki skal gera ráð fyrir að aðrir aðilar geti tengst kerfinu á sem auðveldastan máta þegar fram líða stundir og skal ganga þannig frá uppbyggingu kerfisins að slíkar tengingar verði sem einfaldastar í framkvæmd og unnt verði að útfæra þær með lágmarkstilkostnaði.

Gert er ráð fyrir að notendur kerfisins geti verið allt að 300 talsins og samtímanotendur á bilinu 100 til 200 á miklum álagstímum.

Þeir notendur sem gert er ráð fyrir að tengist verðbréfamiðstöðinni reglulega eru á listanum hér fyrir neðan:

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu :	*Fjöldi staða*	*Áætlaður fjöldi notenda*
Verðbréfafyrirtæki	7	50
Verðbréfamiðlanir	10	10
Bankar:		
Seðlabanki Íslands	1	
Búnaðarbanki Íslands	30	
Landsbanki Íslands	60	
Íslandsbanki hf.	26	
Sparisjóðirnir	26	
Útibú samtals	143	150
Reikningsstofnanir alls:	**160**	**210**
Aðrir - (tengjast gegnum reikningsstofnanir):		
Hlutahafaskrár	50-70	50-70
Upplýsingaveitur	10	10
Heild:	**220-240**	**270-290**

3.3 Öryggiskröfur.

Miklar kröfur eru gerðar til öryggismála, bæði hvað vélbúnaðinn og umhverfi hans varðar, en ekki síður til gagna og aðgangstakmarkana notenda að gögnum. Verktaki skal tryggja að útfærsla hans á hugbúnaði verði í samræmi við þær kröfur sem hér er lýst.

3.3.1 Öryggi vélbúnaðar.

Gert er ráð fyrir að auk aðaltölvu verði í höfuðstöðvum verðbréfamiðstöðvar varatölva sem taki yfir vinnslu kerfisins ef bilun verður í aðaltölvu, þannig að starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar haldi áfram án truflunar. Diskar aðaltölvu verði speglaðir og varatölvan er síðan tengd diskastæðunni þannig að bilun aðaltölvu hafi engin áhrif á varðveislu gagna og rekstur verðbréfamiðstöðvar.

Gert er ráð fyrir sjálfvirkri afritatöku. Til að tryggja rekstur kerfisins enn frekar er auk þessa gert ráð fyrir að gögn séu spegluð á þriðju tölvuna, sem staðsett yrði annars staðar. Sú tölva gæti annast rekstur kerfisins kæmi til þess að aðaltölva og varatölva yrðu óstarfhæfar, t.d. eftir eldsvoða.

3.3.2 Aðgangs- og gagnaöryggi.

Gerðar verða miklar öryggiskröfur hvað varðar gagnaleynd og aðgang mismunandi aðila að upplýsingum. Þannig verður aðgangur hvers og eins notanda að kerfinu skilgreindur sérstaklega og aðgangur að upplýsingum bundinn við það sem reikningseigandi heimilar við stofnun reiknings.

Tengingum við verðbréfamiðstöðina verður þannig háttað að fyllsta öryggis sé gætt. Hugsanlega verður um fastlínutengingar, háhraðanetstengingar eða samnetstengingar (ISDN) notenda við verðbréfamiðstöð að ræða. Gert er ráð fyrir öruggum TCP samskiptum, t.d. „secure socket layer" eða sambærilegt, þ.e. gagnabrenglun er notuð í samskiptunum sjálfum. Líklega verður um tölvupóstsamskipti að ræða við ýmsa aðila, t.d. hlutafélög og verðbréfasjóði vegna upplýsingagjafar um hluthafaskrár. Fyllsta öryggis skal gætt ef til slíks kemur, t.d. má gera ráð fyrir að pósttenging sé einangruð frá neti verðbréfamiðstöðvarinnar sem verði síðan varið með netvörn. Líklegt er að notkun kerfisins muni tengjast internetinu í náinni framtíð. Þá þarf að huga enn frekar að öryggismálum.

Verðbréfamiðstöð geymir gífurlega viðkvæm og mikilvæg gögn. Gera verður ráð fyrir þeim kosti að kerfið nýti sér gagnabrenglunarmöguleika gagnasafnskerfis að einhverju leyti.

3.3.3 Rekjanleiki upplýsinga.

Allar breytingar á gögnum verði skráðar sérstaklega, þannig að eldri útgáfa gagnanna haldi sér og unnt verði að rekja sig áfram færslu fyrir færslu og skoða breytingar sem gerðar eru á hverju stigi. T.d. er ólöglegt að breyta færslum í bókhaldi samkvæmt íslenskum bókhaldslögum en bakfærslur og millifærslur eru notaðar þess í stað. Í kerfinu skal því að finna verkliði sem gefa kost á endurskoðun slíkra breytinga.

3.3.4 Kvittun breytinga.

Í hvert sinn sem aðgerð er gerð í kerfinu sem hefur í för með sér einhverja breytingu á gögnum kerfisins, þá er kvittað fyrir hver framkvæmdi aðgerðina og á hvaða tíma aðgerðin var framkvæmd. Í kerfinu skal að finna verkliði er leyfa könnun slíkra breytinga.

3.3.5 Aðgangskröfur.

Sérstakar aðgangsheimildir þarf til að skoða viðkvæm gögn, aðrar heimildir þarf til að breyta gögnum o.s.frv. Byggt verði á „stigveldi" lykilorða, þ.e. sumir notendur hafa heimildir til rýmri aðgerða innan kerfisins en aðrir. Kerfið skal gefa kost á utanumhaldi slíks lykilorðakerfis.

3.4 Kerfislýsing.

3.4.1 Kröfulýsing fyrir hugbúnað.

Eftirfarandi atriði eru samantekt á almennum kröfum til hugbúnaðarins. Kröfum er skipt í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi eru verkþættir er varða skráningu og meðhöndlun verðbréfa. Í öðru lagi verkliðir er varða frágang viðskipta. Í þriðja lagi verkliðir er varða kerfisumsjón.

3.4.1.1 Skráning verðbréfa.

- Haldið utan um hverjir eigi einstök verðbréf á hverjum tíma. Eignin er skráð á nafnverði.
- Annast nýskráningar allra verðbréfa og verðbréfaflokka. Unnt sé að bæta við útgáfu verðbréfaflokka.
- Tekið við upplýsingum við stofnun reikninga og skráðar allar eignir reikningseigenda á nafnverði.

  Utanumhald með veðsetningu bréfa og veðsettum bréfum. Ekki mega fara fram eignarbreytingar á veðsettum bréfum. Eigendur veðsettra bréfa eiga sérstaka reikninga fyrir bréfin og eru þeir merktir: læstir.
- Gefinn kostur á skráningu umboðsmanns eiganda vegna tiltekinnar verðbréfaeignar.
- Tekið við upplýsingum um eigendaskipti verðbréfa frá reikningsstofnunum. Fjöldi kaupenda og seljenda þarf ekki að standast á.
- Skráning jöfnunarhlutabréfa hlutafélaga, skráning niðurfærslu hlutafjár, skráning gjaldþrota. Skráning getur leitt til þess að öll verðbréf er tengjast útgefandanum flytjist á sérstaka reikninga, t.d. við gjaldþrot.

3.4.1.2 Utanumhald og frágangur viðskipta

- Útgreiðsla arðgreiðslna af skuldabréfum á gjalddögum. Þegar gjalddagi nálgast skal kerfið aðvara hlutaðeigandi reikningsstofnun og minna á að upplýsingar um greiðslur þurfi að berast í tæka tíð.
- Gengið frá greiðslum milli reikningsstofnana eftir að viðskipti hafa farið fram með því að senda beiðni um millifærslu á milli reikninga reikningsstofnana (nettófjárhæðir millifærðar í lok hvers tímabils). Taka tillit til þess að eignabreyting getur átt sér stað án þess að peningar færist á milli (t.d. gjafir, arfur o.fl.).
- Sjálfvirk uppfærsla í hluthafaskrám.

- Veita upplýsingar úr hluthafaskrám á tölvutæku formi til almenningshlutafélaga[5].
- Annast útgreiðslu afborgana, vaxta og verðbóta. (Reikningsstofnanir munu í umboði útgefenda, senda upplýsingar til verðbréfamiðstöðvarinnar um rétt greiðsluhlutföll, þ.e. nafnverðsafborgun, vaxtagreiðslur, verðbætur o.fl.)
- Sér um staðfestingu á eignarskiptum til reikningsstofnunar (reikningsstofnun sér síðan um að staðfesta viðskiptin til kaupenda og seljenda ef þeir óska eftir slíku). Heimilisföng geti verið skráð í kerfinu eða sótt í þjóðskrá.
- Utanumhald um viðskiptaverð milli reikningsstofnana.
- Utanumhald vegna nettunar[6]. Nettun á sér stað í lok dags. Kerfið þarf að geta útbúið sérstakar aðvaranir yfir daginn ef innistæða er ekki næg á reikningi reikningsstofnunar.
- Gefinn kostur á að merkja verðbréf sem reikningsstofnanir hafa að láni.

3.4.1.3 Kerfisumsjón.

- Stjórnun aðgangs að upplýsingum eftir réttindum þess sem tengist kerfinu (lesréttindi, réttindi til að framkvæma breytingar á færslum, viðbætur o.s.frv.).
- Reiknar út eigin tekjur sem innheimtar eru hjá reikningsstofnunum. Unnt skal vera að setja upp verðskrá og breyta forsendum hennar.
- Hægt sé að rekja allar hreyfingar gagna, þ.e allar breytingar á gögnum eru skráðar sérstaklega, þannig að eldri útgáfa gagnanna haldi sér og unnt sé að rekja sig áfram, færslu fyrir færslu og skoða breytingar sem gerðar eru á hverju stigi [7].
- Hægt sé að rekja öll viðskipti, þ.e. hver framkvæmdi viðskiptin og hvenær þau fóru fram. Slíkar upplýsingar yrðu geymdar í sérstökum dagfærsluskrám.
- Fullnægt skal ýtrustu kröfum um gagnaleynd og aðgangstakmarkanir. Sérstakar aðgangsheimildir þarf til að skoða viðkvæm gögn, aðrar heimildir þarf til að breyta gögnum o.s.frv. Byggt er á „stigveldi" lykilorða, þ.e. sumir notendur hafa heimildir til rýmri aðgerða innan kerfisins en aðrir.
- Boðið skal upp á vinnslu með allar töflur kerfisins í stöðluðum hjálpartækjum, t.d. vegna uppflettinga og útprentana, þó þannig að kröfum um gagnaleynd sé fullnægt.
- Ýmsar tölfræðilegar vinnslur t.d. vegna ársskýrslugerðar.
- Skráning, utanumhald og breytingar á helstu forsendum (sjá forsenduskrá).

---

[5] Hér er um hliðarvinnslu að ræða.
[6] Nettun, uppgjör á öllum viðskiptum sem reiknistofnanir hafa átt sín á milli yfir tiltekið tímabil.
[7] Færslur verði tímastimplaðar niður á 1/10 úr sekúndu.

3.4.1.4 Sérstakar takmarkanir.

Vert er að taka eftirfarandi takmarkanir fram:

- Ekki er gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin skrái önnur verðbréf en markaðsverðbréf, þ.e. einungis mörg einsleit verðbréf sem gefin eru út í ákveðnum flokkum.
- Verðbréfamiðstöðin mun ekki halda utan um viðskiptaverð á verðbréfareikningum, þó skráð sé viðskiptaverð við sölu, heldur eingöngu eignir á nafnverði.
- Hætt var við að leyfa tengingu stærri fjárfesta með takmörkuðum lesaðgangi.
- Upplýsingar um viðskiptaverð verða eingöngu í dagfærsluskrám/söguskrám sem miða að því að geta gengið frá viðskiptum á milli reikningsstofnana.
- Verðbréfamiðstöð mun ekki annast útreikninga á vöxtum, verðbótum eða afborgunum skuldabréfa, né heldur á arðgreiðslum hlutafjár. Reikningstofnanir munu senda verðbréfamiðstöð þessar upplýsingar í umboði útgefenda. Þó skal áréttað að kerfið þarf að kalla eftir upplýsingunum og heldur utanum hvort þær hafa borist.
- Útgefendur skuldabréfa munu ekki hafa aðgang að upplýsingum um eigendur skuldabréfanna.
- Verðbréfamiðstöðin mun ekki bjóða hlutafélögum upp á þá þjónustu að prenta út hlutafjármiða, atkvæðaseðla fyrir aðalfundi o.s.frv. Þess í stað getur hlutafélagið, eða reikningsstofnun fyrir hönd þess, fengið hluthafaskrána á tölvutæku formi frá verðbréfamiðstöðinni og annast sjálft alla frekari úrvinnslu.
- Ekki er gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin muni annast sérvinnslu gagna eða útgáfu tölfræðilegra upplýsinga. (Hugsanlega þó í takmörkuðu mæli t.d. vegna ársskýrslugerðar). Þess í stað er gert ráð fyrir að reikningsstofnanir eða aðrir aðilar sem tengdir eru verðbréfamiðstöðinni geti annast slíka úrvinnslu í gegnum fyrirspurnaaðgang sinn. Enginn mun hafa aðgang að upplýsingum um einstaka eigendur verðbréfa.
- Ekki er gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin muni senda reikningseigendum yfirlit. Slík þjónusta verður alfarið á hendi reikningsstofnana.
- Ekki er gert ráð fyrir því að kerfið haldi utan um númer einstakra verðbréfa. Vegna þessa er gert ráð fyrir að við útdrátt húsbréfa verði ákveðinn fjöldi grunneininga greiddur út, en ekki ákveðin húsbréfanúmer eins og nú er gert. Við útdrátt eru grunneiningar dregnar út eftir slembiaðferð. Þessi aðferð við útdrátt er viðhöfð í Danmörku og í Noregi. Á þennan hátt hefur verið hægt að losna undan númeraskráningu.

3.4.2 Kerfismynd

Eftirfarandi kerfismynd (context diagram) er gerð fyrir kerfið. Myndin sýnir þátttakendur í verðbréfamiðstöð og tengsl þeirra á milli.



3.4.3 1. stigs gagnaflæðirit.

Gagnaflæðiritið lýsir því hvernig viðskipti eiga sér stað og hvernig þau tengjast verðbréfamiðstöðinni. Á myndinni má sjá hvaða verkliðir heyra beint undir verðbréfamiðstöðina og hverjir koma frá þeim sem eiga viðskipti með verðbréfin.



3.4.4 2. stigs gagnaflæðirit og kerfislýsing.

Eftirfarandi gagnaflæðirit er unnið út frá 1. stigs gagnaflæðiritinu og fylgir síðan nánari lýsing á einstökum verkliðum.



1. KAUP, SALA OG SKRÁNING GRUNNUPPLÝSINGA.

1.1 Skráning grunnupplýsinga og stofnun verðbréfareikninga.

1.1.1 Upplýsingar eru skráðar um útgefanda (nafn, heimili, kennitala, skuldfærslureikningur[8]), ákvæði verðbréfs (afborganir/ vaxtagreiðslur/jafngreiðslur/ útdráttarfyrirkomulag), heildarfjárhæð útgáfu, verðtrygging eða gengisviðmiðun, mynt, grunneining, tegund vaxtaútreiknings, útgáfudagur, útgáfugengi/vísitala, fyrsti gjalddagi vaxta, tími á milli gjalddaga og afborgana, breytanleg ákvæði eða uppgreiðsluákvæði, jöfnun hlutabréfa og arðgreiðslur. Þær upplýsingar sem þarf að slá inn eru háðar tegund þess bréfs sem valið er.
Einnig er æskilegt að kerfið sé sjálfvirkt þannig að nægjanlegt sé að færa inn upplýsingar um kennitölu útgefanda ef hann er til fyrir í kerfinu. Kæmu þá fram grunnupplýsingar um viðkomandi sem til eru fyrir þar.
Hverjum verðbréfaflokki er síðan gefið ákveðið númer, sem ýmist getur verið samkvæmt ISIN[9]-staðli eða annað númer samkvæmt ákvörðun verðbréfamiðstöðvarinnar. Upplýsingar um ný verðbréf berast eingöngu frá reikningsstofnunum.

1.1.2 Stofnun verðbréfareikninga fer fram hjá reikningsstofnunum. Skráðar upplýsingar eru: Nafn, kennitala, heimili, bankareikningur og reikningsstofnun. Séu fastar upplýsingar, svo sem heimilisfang, ekki skráðar, er gert ráð fyrir að þeirra sé aflað úr þjóðskrá. Einnig yrðu skráðar upplýsingar um hvaða reikningsstofnanir hafa aðgang að reikningnum. Jafnframt yrðu skráðar upplýsingar um þá einstaklinga sem mega ráðstafa eignum á reikningnum, t.d. maka, fjárhaldsmann, umboðsmann o.s.frv. Heimilt er að stofna nafnlausa reikninga. Þá yrði mögulegt að skrá inn á reikninga veðsetningu einstakra verðbréfa. Ekki yrði hægt að eiga viðskipti með veðsett verðbréf. Einnig þarf að vera hægt að merkja sérstaklega verðbréf sem reikningsstofnanir hafa að láni frá fjárfestum og hafa því ráðstöfunarrétt yfir. Reikningsstofnanir geta breytt stofnupplýsingum að beiðni reikningseiganda.

1.2 Reikningsstofnun seljanda sendir tilkynningu um viðskipti í verðbréfamiðstöð.

1.2.1 Tilkynningin berst með beintengingu við reikningsstofnun. Hverjum viðskiptum þarf að fylgja númer sem yrði ákvarðað í viðskiptum reikningsstofnana. Með þessu móti er hægt að athuga hvort allar upplýsingar passi saman hjá kaupanda og seljanda. Hér eru því færðar upplýsingar um reikningsstofnun kaupanda, reikningsstofnun seljanda, nafn og kennitala seljanda, nafnverð, númer verðbréfaflokks og kaupverð. Einnig kemur fram hvenær viðskipti fóru fram og hvaða dag

---

[8] Skuldfærslureikningur hjá reikningsstofnun er reikningur sem verðbréfamiðstöðin hefur heimild til að skuldfæra á gjalddögum.

[9] International Standard Identification Number, alþjóðlegur staðall vegna auðkenna á verðbréfum.

ganga á frá greiðslum og yfirfærslu eignarinnar frá seljanda til kaupanda (settlement date).

1.3 Reikningsstofnun kaupanda sendir tilkynningu um viðskipti í verðbréfamiðstöð.

1.3.1 Eins og 1.2.1 nema upplýsingarnar varða kaupanda verðbréfsins. Tilkynningar eru sendar bæði um kaupanda og seljanda jafnvel þótt ein og sama reikningsstofnunin sé fulltrúi beggja.

2. VIÐSKIPTAFERLIÐ.

Þegar viðskipti fara fram er gert ráð fyrir að eftirfarandi ferli fari af stað í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hversu langur ferlistíminn á að vera, en það hefur ekki áhrif á sjálft ferlið.

2.1 Viðskipti eru tengd í verðbréfamiðstöð.

2.1.1 Tilkynning um kaup er móttekin frá reikningsstofnun kaupanda. Tilkynningin er geymd í biðskrá kaupa þar til tilkynning um sölu berst frá seljanda. Í biðskránni geta að jafnaði verið mörg verðbréf sem bíða eftir staðfestingu.

2.1.2 Tekið á móti sölutilkynningu frá reikningsstofnun seljanda. Þetta getur verið sama reikningsstofnun og kaupanda. Tilkynningin er geymd í biðskrá sölu þar til tilkynning um kaup berast frá kaupanda. Eins og í 2.1.1.

2.1.3 Tilkynningar um kaup og sölu eru bornar saman. Farið er í gegnum sölutilkynningar og reynt að finna samsvarandi kauptilkynningu. Finnist hún er athugað hvort allar upplýsingar séu eins.

2.1.4 Listi yfir tilkynningar sem ekki stemma er sendur viðkomandi reikningsstofnunum.

2.1.5 Tekið á móti leiðréttingum frá reikningsstofnunum.

2.1.6 Kerfið athugar hvort verðbréfaeignin sé til eða verði til á verðbréfareikningi seljanda.

2.1.7 Ef svo er ekki er gerð athugasemd til viðkomandi reikningsstofnunar.

2.1.8 Kerfið athugar hvort peningaeign (heimild) sé eða verði til á bankareikningi reikningsstofnunar kaupanda.

2.1.9 Ef svo er ekki frystir kerfið viðkomandi aðgerð.

2.1.10 Millifært milli reikninga reikningsstofnana hjá Seðlabanka þegar kaupandi og seljandi eru hvor hjá sinni reikningsstofnuninni. Eingöngu verða færðar nettófjárhæðir allra viðskipta tímabilsins á milli reikninga reikningsstofnana í lok þess.

2.1.11 Kerfið færir verðbréfaeign viðkomandi viðskipta frá reikningi seljanda á reikning kaupanda. Þessar upplýsingar eru einnig færðar í hreyfingalista fyrir endurskoðun og eftirlit.

2.1.12 Kerfið sendir staðfestingu viðskipta til reikningsstofnunar kaupanda og seljanda.

Eftirfarandi mynd sýnir í tíma hvernig gengið er frá viðskiptum. S táknar þann tíma sem gengið er frá greiðslum og tilflutningi eignar frá seljanda til kaupanda (settlement date). Tölurnar geta táknað daga eða aðrar tímaeiningar. Tímaeiningarnar þurfa ekki að vera jafnar. Þannig getur bilið milli S-1 og S-2 verið annað en bilið á milli S-2 og S-3. Á myndinni stendur S-3 fyrir þann tíma þegar viðskiptin eru ákvörðuð (trade date).



Mynd 1.

FERLI VIÐSKIPTA - NÁNARI SKÝRINGAR VIÐ MYND 1.

Tímabil S-3 - Viðskipti

Reikningsstofnanir eiga viðskipti með verðbréf sín á milli eða á meðal viðskiptavina sinna. Viðskiptin geta ýmist verið gerð fyrir hönd viðskiptavina reikningsstofnananna eða í eigin reikningi þeirra.

Viðskiptin eru tilkynnt verðbréfamiðstöðinni með skráningu í biðskrá í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar.

Tilkynningar um kaup og sölu berast verðbréfamiðstöðinni frá reikningsstofnunum (skráning í biðskrá viðskipta) og eru bornar saman. Tilkynningar um kaup og sölu geta borist frá einni reikningsstofnun eða fleiri. Tilkynningarnar innihalda m.a. eftirfarandi upplýsingar:

- Dagsetning viðskipta (trade date).
- Dagsetning frágangs viðskipta (settlement date)
- Númer viðskipta (sama og númer viðskipta á verðbréfaþingi eða ákvarðað í samningum á milli reikningsstofnana).
- Flokkur verðbréfs.
- Nafnverð, fjöldi grunneininga.
- Gengi.
- Viðskiptaverð (kostnaður o.fl. meðtalinn).
- Númer verðbréfareiknings kaupanda eða seljanda.
- Tegund uppgjörs (t.d. peningalegt uppgjör á grundvelli viðskiptaverðs eða verðbréfatilfærsla milli reikninga).

Þær tilkynningar sem ekki stemma eru teknar frá og verðbréfamiðstöðin sendir á rafrænu formi upplýsingar til viðkomandi reikningsstofnunar um að viðkomandi tilkynning hafi ekki stemmt.

Viðkomandi reikningsstofnun getur sent leiðrétta tilkynningu á næsta tímabili (S-2).

Hafa ber í huga að í mörgum tilfellum getur verið um að ræða einn seljanda en marga kaupendur (eða öfugt) að baki viðskiptum sem stemma þarf af.

Þegar tilkynning um sölu stemmir við tilkynningu um kaup eru viðkomandi verðbréf merkt sérstaklega sem frátekin vegna viðskipta og getur viðkomandi seljandi ekki selt þau aftur. Hins vegar getur kaupandinn þegar ráðstafað þeim aftur, enda hafa þau verið frátekin í hans nafni, jafnvel þótt greiðsla og eignayfirfærsla (settlement) hafi ekki átt sér stað.

Tímabil S-2 - Leiðréttingar

Leiðréttar tilkynningar sem ekki höfðu stefnt á S-3 eru mótteknar og leiðréttingar gerðar.

Þær tilkynningar sem ekki hafa settlement tíma S eru teknar frá. Þetta er vegna þess að í viðskiptum geta aðilar gert samkomulag um að greiðsla og eignayfirfærsla eigi sér stað á síðari tíma en S.

Tímabil S-1 - Sannreynsla

Þegar komið er að S-1 er athugað hvort seljandi viðkomandi verðbréfs sé eða verði eigandi að bréfinu á tímanum S, þ.e. hvort verðbréfið sé skráð sem eign viðkomandi eða frátekið í hans nafni, sbr. aðgerð í S-3.

Einnig er athugað hvort peningaeign sé eða verði til staðar á bankareikningi þeirrar reikningsstofnunar sem er viðskiptaaðili fyrir kaupanda. Ef peningaeignin (eða yfirdráttarheimild) er ekki til staðar er athugað hvort hún sé væntanleg vegna fyrri viðskipta sem hafa verið frátekin fyrr í ferlinu. Ef peningar eru ekki til staðar eða væntanlegir er viðkomandi reikningsstofnun tilkynnt um það og henni gefin kostur á að leiðrétta sína stöðu. Slíkar færslur færast á biðskrá. Í hvert sinn er nýjar viðskiptafærslur berast frá reikningsstofnuninni skal athugað hvort slíkar færslu leiði til jákvæðrar peningaeignar, þ.e. unnið verði úr færslum á biðskrá.

Þetta þýðir að verðbréfamiðstöðin þarf að halda skrá yfir peningalega stöðu á bankareikningum reikningsstofnana ásamt væntanlegum inn- og útgreiðslum vegna viðskipta sem eru í vinnslu.

Tímabil S - Uppgjör

Þegar viðskipti hafa gengið í gegnum fyrri stig og allar upplýsingar stemma og eru staðfestar er gengið frá uppgjöri vegna viðskiptanna (settlement). Það er framkvæmt þannig að verðbréfaeign er færð frá reikningi seljanda yfir á reikning kaupanda.

Peningar þurfa jafnframt að færast frá bankareikningi þeirrar reikningsstofnunar sem er fulltrúi kaupanda yfir á bankareikning þeirrar reikningsstofnunar sem er fulltrúi seljanda. Gert er ráð fyrir að allar reikningsstofnanir eigi peningareikning í Seðlabanka þar sem allar nettó peningafærslur vegna viðskipta í verðbréfamiðstöðinni eigi sér stað.

Millifærslur á milli þessara bankareikninga fara þannig fram að verðbréfamiðstöðin sendir á rafrænu formi millifærsluaðgerð til Reiknistofu bankanna. Gert er ráð fyrir að eingöngu séu færðar á milli bankareikninga nettófjárhæðir í viðskiptum á milli reikningsstofnana hverju sinni. Þannig er safnað saman öllum viðskiptum tímabilsins (dagsins) og mismunur reiknaður áður en millifærslubeiðni er gerð.

Tímabil S+1 - Staðfesting

Þegar gengið hefur verið frá viðskiptum (sbr. að ofan) er staðfesting um það send til viðkomandi reikningsstofnana. Þetta er gert með þeim hætti að

reikningsstofnanirnar geta á engan hátt breytt þeirri staðfestingu, enda er það mikið öryggisatriði fyrir kaupanda og seljanda viðkomandi verðbréfa.

2.2 Peningafærslur í Seðlabanka.

2.2.1 Gert er ráð fyrir að reikningsstofnanir verði allar skyldaðar til að hafa reikning í Seðlabanka. Þetta byggir á þeirri forsendu að bankinn veiti slíka heimild. Ástæða þess að reikningarnir yrðu í Seðlabanka er sú að ekki er talið rétt að verðbréfamiðlarar eigi reikninga í viðskiptabanka þar sem þeir eru í samkeppni við þá á sviði verðbréfamiðlunar.
Í lok hvers viðskiptadags lætur kerfið millifæra nettófjárhæðir í viðskiptum á milli reikningsstofnana á milli bankareikninga þeirra í Seðlabanka. Þessar upplýsingar eru einnig færðar í hreyfingalista fyrir endurskoðun og eftirlit.

2.3 Arðgreiðslur vegna hlutabréfa.

2.3.1 Verðbréfamiðstöð tekur á móti upplýsingum um númer verðbréfaflokks, gjalddaga arðgreiðslna og arðgreiðsluhlutfall frá reikningsstofnun útgefanda.

2.3.2 Verðbréfamiðstöð hefur fengið úr frumskráningu og hefur viðhaldið hluthafaskrá með færslu á kaupum og sölu og er því ávallt uppfærð. Valfrjálst er hvort greiðsla arðs miðist við hluthafaskrá eins og hún er þegar ákvörðun um arðgreiðslu er tekin á hluthafafundi eða eins og hluthafaskráin er þann dag sem arðurinn er greiddur. Ef valið er að greiða arð eða jöfnunarhlutabréf eftir stöðu hluthafaskrár á aðalfundi þarf að tilkynna það til verðbréfamiðstöðvar með fyrirvara svo hægt sé að taka frá stöðuna eins og hún er meðan á aðalfundinum stendur.

2.3.3 Arðgreiðsla er reiknuð út og skráð.

2.3.4 Fjárhæðir eru millifærðar inn á bankareikninga verðbréfaeigenda og mótfærslan í einu lagi út af bankareikningi útgefandans. Þetta verður gert fyrir milligöngu Reiknistofu bankanna.

2.4 Útgáfa jöfnunarhlutabréfa.

2.4.1 Verðbréfamiðstöð móttekur upplýsingar um hlutfall og útgáfu jöfnunarhlutabréfa samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

2.4.2 Verðbréfamiðstöð hefur upplýsingar um eigendur hlutabréfanna og hlutafjáreign þeirra.

2.4.3 Reiknaður er út hlutur eigenda og færður á verðbréfareikning þeirra.

2.5 Útdráttur húsbréfa.

2.5.1 Verðbréfamiðstöð móttekur upplýsingar um hlutfall hvers húsbréfaflokks sem draga á út. Út frá heildarfjárhæðinni sem greiða á

út fæst ákveðinn fjöldi grunneininga (nafnverðseiningar) sem greiða á upp. Grunneiningar eru síðan valdar eftir slembiaðferð og greiddar upp. Þetta er sú aðferð sem notuð er m.a. hjá verðbréfamiðstöðinni í Danmörku. Þessi aðferð kæmi í stað þess fyrirkomulags sem nú er notað hér á landi og felst í því að ákveðin númer húsbréfa eru greidd upp. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að þannig er útdrátturinn einfaldaður og kallar ekki á að verðbréfamiðstöðin haldi utan um húsbréf eftir númerum, heldur eingöngu eftir því hvað hver eigandi á margar nafnverðseiningar.

Útdráttur húsbréfa og útgreiðsla þeirra í kjölfarið fer ekki saman í tíma.

2.5.2 Verðbréfamiðstöðin hefur upplýsingar um eigendur húsbréfanna.

2.5.3 Verðbréfamiðstöð tekur á móti greiðslu til eigenda og færir eign út af verðbréfareikningi þeirra. Upplýsingar sem þarf eru númer verðbréfaflokks og upphæð.

2.5.4 Fjárhæðir eru millifærðar inn á bankareikninga verðbréfaeigenda og mótfærslan í einu lagi út af bankareikningi útgefandans. Þetta verður gert fyrir milligöngu Reiknistofu bankanna af skuldfærslureikningi útgefanda og á bankareikninga hluthafa með beiðni þar um til viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

2.6 Greiðslur af skuldabréfum.

2.6.1 Dagsetningar á gjalddögum eru meðal þeirra forsendna sem skráðar eru fyrir sérhvert skuldabréf. Þegar líða tekur að gjalddaga sendir verðbréfamiðstöðin þeirri reikningsstofnun sem annast útreikning bréfanna í umboði útgefandans, áminningu um að nú sé komið að greiðslu. Reikningsstofnunin sendir til baka upplýsingar um rétt greiðsluhlutföll, t.d. nafnverðsútborgun, vaxtaþátt og verðbætur.

2.6.2 Fjárhæðir yrðu millifærðar út af skuldfærslureikningi útgefanda inn á bankareikninga eigenda með beiðni þar um til viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Slíkar beiðnir fara í gegnum Reiknistofu bankanna.

2.7 Eignabreyting og staðfesting viðskipta.

2.7.1 Reikningsstofnun fær senda staðfestingu fyrir breytingum á reikningum frá verðbréfamiðstöð. Reikningsstofnun sér síðan um að tilkynna hlutaðeigandi aðilum viðskiptin. Þetta á bæði við um öll viðskipti svo og aðrar eignabreytingar, svo sem vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

2.8 Yfirlit og reikningsstaða.

2.8.1 Engin yfirlit yfir verðbréfaeign eru send frá verðbréfamiðstöðinni.

2.9 Eignabreytingar á verðbréfareikningum.

2.9.1 Upplýsingar berast ýmist frá reikningsstofnunum við viðskipti með verðbréf eða eru hluti af grunnupplýsingum sem ákvarða greiðslu á gjalddaga. Upplýsingar vegna jöfnunarhlutabréfa berast frá reikningsstofnun viðkomandi útgefanda eftir ákvörðun aðalfundar hlutafélagsins. Upplýsingarnar eru notaðar til þess að breyta reikningsstöðu eigenda.

3. EIGNABREYTING Á BANKAREIKNINGI.

3.1 Millifærslur á bankareikningum reikningseigenda.

3.1.1 Beiðni um millifærslur eru til Reiknistofu bankanna. Með beiðninni fylgja upplýsingar um upphæðir, kennitölur og reikningsnúmer. Ef millifærsla getur af einhverjum ástæðum ekki átt sér stað eru tilkynningar sendar til hlutaðeigandi aðila. Millifærslur eru framkvæmdar þegar arðgreiðslur eru greiddar frá hlutafélögum, greiðslur koma frá útgefendum skuldabréfa á gjalddögum og við útdrátt húsbréfa.

Allar greiðslur vegna viðskipta með verðbréf varða millifærslur á milli reikninga reikningsstofnana í Seðlabanka, sbr. 2.2. Reikningsstofnanir annast sjálfar greiðslur til eða frá reikningseigendum í viðskiptum sem þær hafa milligöngu um.

3.1.2 Staðfestingar á millifærslum á bankareikningum berast frá viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði og við það færast upplýsingar sjálfkrafa á hreyfingalista.

3.1.3 Ef millifærsla er ekki staðfest frá viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði er hætt við viðkomandi færslu. Hlutaðeigandi aðilar fá sendar tilkynningar um að millifærslan sé ekki staðfest og engar breytingar verða gerðar á verðbréfareikningum.

4. TEKJUR VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR.

4.1 Útreikningur á tekjum verðbréfamiðstöðvar.

4.1.1 Tekjur verðbréfamiðstöðvar eru reiknaðar út eftir umfangi viðskipta. Hér er ekki tekin afstaða til þess hvaða þættir ákvarða þóknun hennar, enda er það ekki talið hafa áhrif á umfang hugbúnaðarins hvaða leið yrði valin. Þóknun verðbréfamiðstöðvarinnar, sem innheimt yrði hjá reikningsstofnunum og öðrum viðskiptavinum eftir notkun þeirra á kerfinu, gæti ákvarðast af einhverjum eftirtalinna þátta: Fjölda færslna, fjárhæð viðskipta, fjárhæð eigna á reikningum, fjölda fyrirspurna, stofnun reikninga, grunnnotkun tölvukerfisins (vélatími eða diskaðgerðir), geymslurými gagna, stofnskráningu flokka, stofnun nýrra reikninga, greiðslna í kerfinu og fjölda notenda. Þessi listi er ekki tæmandi og í raun hægt að hugsa sér hvaða leið sem er til ákvörðunar á þóknun.

4.1.2 Upphæð þóknunar er reikningsfærð á viðkomandi reikningsstofnun. Reikningur tengist bókhaldskerfi verðbréfamiðstöðvarinnar[10].

4.2 Innheimta frá reikningsstofnunum og öðrum notendum.

4.2.1 Við innheimtu á tekjum verðbréfamiðstöðvarinnar frá reikningsstofnunum og öðrum notendum kerfisins er notast við bókhaldskerfi verðbréfamiðstöðvarinnar. Bókhaldskerfið er sjálfstætt og ekki hluti af því kerfi sem hér er til umfjöllunar.

5. BREYTINGAR Á HLUTHAFASKRÁ.

5.1 Upplýsingar í hluthafaskrá.

5.1.1 Upplýsingar úr hluthafaskrám eru veittar viðkomandi hlutafélagi á stöðluðum listum eða tölvutæku formi. Þessar upplýsingar eru nafn hlutafélags, nafn eiganda og nafnverðseign.

6. UPPLÝSINGAR.

6.1 Upplýsingar til upplýsingaveitna.

6.1.1 Upplýsingar takmarkast við almennar upplýsingar í samræmi við lög um verndun og meðferð persónuupplýsinga.

6.2 Upplýsingar til endurskoðanda.

6.2.1 Ótakmarkaðar upplýsingar gefnar með lesaðgangi að öllum skrám.

---

[10] Ekki hefur verið ákveðið hvaða bókhaldskerfi verður fyrir valinu. Líklegt verður þó að teljast að slíkt kerfi byggi á sama gagnasafnskerfi og væntanlegt verðbréfakerfi.

3.4.5 Einindavenslarit og gagnaskrárlýsingar.



1. Reikningseigendur:
1.1 Fjárhaldsmaður/umboðsmaður.
1.2. Kennitala.
1.3. Heimili, uppfærslustýring fyrir heimili.
1.4. Bankareikningur.
1.5. Reikningsstofnun.
1.6. Aðrar reikningsstofnanir sem hafa heimild til að framkvæma viðskipti.
1.7. Veðsetning.
1.8. Fjárhaldsmaður/umboðsmaður.

2. Útgefendur:

2.1 Fjárhaldsmaður/umboðsmaður.
2.2 Kennitala.
2.3. Heimili, uppfærslustýring.
2.4. Bankareikningur.
2.5. Reikningsstofnun.
2.6. Aðrar reikningsstofnanir.
2.7. Veðsetning.

3. Útgefnir verðbréfaflokkar:
3.1. Tegund.
3.2. Afborganir.
3.3. Vaxtagreiðslur.
3.4. Jafngreiðslur.
3.5. Útdráttarfyrirkomulag.
3.6. Verðtrygging/gengisviðmiðun.
3.7. Mynt.
3.8. Grunneining.
3.9. Tegund vaxtaútreiknings.
3.10 Útgáfudagur.
3.11 Útgáfugengi /-vísitala.
3.12 Fyrsti gjalddagi afborgunar og/eða vaxta.
3.13 Næsti gjalddagi, viðhaldið af reikningsstofnun.
3.14 Tími milli gjalddaga/afborgana.
3.15 Breytanleg ákvæði/uppgreiðsluákvæði.
3.16 Vísitölur.
3.17 Breytilegir vextir.
3.18 Gengi gjaldmiðla (14).
3.19 Vaxtareglur.
3.20 Tenging við aðra flokka.
3.21 Númer verðbréfaflokks.
3.22 Aðrar upplýsingar?
3.23 Reikningsstofnun.
3.24 Útgefandi.
3.25 Heildarútgefið nafnverð.

4. Arðgreiðslur:
4.1. Gjalddagar.
4.2. Hlutfall.
4.3. Hlutabréf.
4.4. Reikningseigendur (1).

5. Viðskipti:
5.1. Verðbréf.
5.2. Nafnverð.
5.3. Kaupverð.
5.4. Kaupandi (1).
5.5. Seljandi (1).

5.6. Reikningsstofnun kaupanda (11).
5.7. Reikningsstofnun seljanda (11).
5.8. Dagsetning kaupa/sölu.
5.9. Dagsetning settlement.
5.10. Verðbréfareikningur kaupanda (13).
5.11. Verðbréfareikningur seljanda (13).
5.12 Heildarverðmæti viðskipta.
5.13 Tegund viðskipta (t.d. viðskipti án peninga).
5.14 Númer viðskipta (vegna pörunar, t.d. viðskiptanúmer Verðbréfaþings).

6. Kauptilkynningar:
6.1-6.10 Sama og 5.1-5.10.
6.11 Afgreiðslumaður hjá reikningsstofnun.

7. Sölutilkynningar:
7.1-10 Sama og 5.1-5.10.
7.11 Afgreiðslumaður hjá reikningsstofnun.

8. Samþykktar tilkynningar:
8.1-8.10 Sama og 5.1-5.10.
8.11. Afgreiðslumaður hjá reikningsstofnun kaupanda.
8.12. Afgreiðslumaður hjá reikningsstofnun seljanda.

9. Jöfnunarhlutabréf:
9.1. Hlutabréf.
9.2. Hlutfall.
9.3. Hluthafi(10).

10. Hlutahafaskrá:
10.1. Nafn.
10.2. Heimili.
10.3. Kennitala.
10.4. Hlutafé.
10.5. Útgefandi.

11. Reikningsstofnanir og aðrir sem hafa aðgang:
11.1. Stofnun.
11.2. Aðgangstakmarkanir.
11.3. Nafn aðila.
11.4. Lykilorð (brenglað).
11.5. Tengimáti.

12. Hreyfingalisti:
Allar upplýsingar sem komið geta að gagni við endurskoðun.

13. Verðbréfareikningar:
13.1. *Verðbréf (3).*
13.2. *Reikningsstofnun (11).*
13.3. *Reikningseigendur (1).*
13.4 Staða reiknings (veðsetningar, gjaldþrot, o.fl.).
13.5 Reikningsnúmer.
13.6 Bankareikningur.

14. Almennar færslurskrár:
Söguskrár, dagfærsluskrár, o.fl.

15-20 Hjálparskrár:
T.d. gengistöflur, vaxtatöflur, vísitölur o.fl.

II. Frumvarpið.

Á grundvelli kerfislýsingar og með hliðsjón af lögum um þetta efni í nágrannalöndum okkar var hafist handa við samningu frumvarps þessa. Leitað var helst í smiðju til nágrannaþjóða okkar sem hafa lengsta reynslu af starfsemi verðbréfamiðstöðva, sérstaklega Danmerkur. Danir hafa nýlega safnað í einn lagabálk öllum ákvæðum er varða verðbréfaviðskipti (Lov om værdipapirhandel m.v. nr. 1072 20. desember 1995), þar á meðal eru ákvæði um verðbréfamiðstöðvar, sbr. IV. hluta laganna (Registrering). Einnig var litið til lagasetningar í Noregi og Svíþjóð um þetta efni.

Hér á landi hefur átt sér stað á undanförnum árum viðamikil endurskoðun á löggjöf á fjármagnsmarkaði, einkum á árinu 1992, m.a. vegna væntanlegrar þátttöku Íslands í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), og leiddi hún til umfangsmikillar lagasetningar á árinu 1993 um verðbréfaviðskipti, verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands. Á 120. löggjafarþingi hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á flestum greindra laga vegna nýrra tilskipana frá Evrópusambandinu (ESB) og vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Á vettvangi Evrópusambandsins er ekki að finna löggjöf sem tekur beinlínis til verðbréfamiðstöðva, en þörf fyrir slíkar miðstöðvar er engu að síður brýn og hagkvæm fyrir verðbréfamarkaðinn í heild eins og fram kemur í fyrri hluta athugasemda þessara. Starfsemi verðbréfamiðstöðva og rafræn skráning á eignarhaldi verðbréfa er því orðin vel þekkt innan EES og annars staðar í heiminum þar sem löng reynsla er komin á starfrækslu rótgróinna fjármálamarkaða.

Frumvarpi þessu hefur verið valið heitið „Frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa". Ákvæði þess eru nýmæli hér á landi og í því koma einnig fyrir ýmis nýyrði. Frumvarp þetta er hugsað sem almenn rammalög um þá starfsemi sem hér um ræðir. Hugmyndum um að starfsemi sem þessi nyti verndar einkaréttar var hafnað. Ákvæði frumvarpsins gera m.a. ráð fyrir að einungis þau fyrirtæki, sem uppfyllt geta lágmarksskilyrði um stofnfé og ábyrgðarsjóð, sbr. 3. og 30. gr., sbr. og skilyrði sem sett eru stjórnarmönnum í 4. gr. frumvarpsins, hljóti starfsleyfi. Nánar er í þessu efni vísað til athugasemda um einstakar greinar hér á eftir.

Þar sem ákvæði frumvarpsins eru nýmæli og hugsuð sem rammalöggjöf þykir eðlilegt að veittar séu í frumvarpinu víðtækar heimildir til að setja reglur og reglugerðir um framkvæmd og fyrirkomulag ýmissa þátta á verksviði verðbréfamiðstöðva.

Meginefni frumvarpsins skiptist í eftirtalda kafla auk ákvæða til bráðabirgða:

I. kafli Almenn ákvæði (þar með talið form, stofnfé, stjórnun, starfsleyfi).
II. kafli Aðild að eignarskráningu.
III. kafli Skráningarstarfsemi.
IV. kafli Réttaráhrif skráningar o.fl.
V. kafli Reikningsyfirlit.
VI. kafli Úrskurðarnefnd og kærumeðferð.
VII. kafli Skaðabætur.
VIII. kafli Eftirlit.
IX. kafli Viðurlög.
X. kafli Ýmis réttaráhrif, gildistaka o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið frumvarpsins en ákvæði þess skulu gilda um rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim. Á undanförnum árum hefur út-

gefnum verðbréfum fjölgað mjög samhliða örri þróun og vexti hins íslenska verðbréfamarkaðar. Aukin umsvif og fjölgun verðbréfa hafa krafist sífellt meiri vinnu við umsýslu verðbréfanna, svo sem framsöl, geymslu og flutning þeirra milli kaupanda og seljanda, svo og fjárvörsluaðila. Aukin samkeppni við erlenda verðbréfamarkaði, óhagkvæmni viðskipta með pappírsverðbréf og þörf fyrir meiri hraða og aukið öryggi í verðbréfaviðskiptum eru nokkur atriði sem mæla með því að hafin verði rafræn útgáfa verðbréfa. Í nágrannaríkjum okkar hafa verið sett lög um þetta efni. Lög um rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim voru sett í Danmörku árið 1981, í Svíþjóð árið 1989 og í Noregi árið 1985. Í Finnlandi hafa rafræn viðskipti með verðbréf þróast þannig að sett hafa verið sérstök lög um ýmsa þætti málsins, fyrst árið 1991, en á haustþingi árið 1996 var samþykkt heildstætt frumvarp til laga um rafræna útgáfu verðbréfa. Einnig hafa verið teknir upp rafrænir viðskiptahættir með verðbréf í flestum ríkjum Evrópu, í Bandaríkjunum og í ýmsum Asíuríkjum þar sem starfa þróaðir verðbréfamarkaðir.

Í 1. mgr. er skýrt tekið fram að ákvæði frumvarpsins taki til rafrænnar útgáfu á verðbréfum og skráningar á eignarhaldi og réttindum yfir þeim. Ljóst er að eitt þýðingarmesta einkenni á þeirri starfsemi sem frumvarp þetta tekur til er að hér er um að ræða skráningarstarfsemi sem nýtur sérstakrar réttarverndar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Auk þess má segja að skráningin hafi mikilvægu þjónustuhlutverki að gegna á íslenskum verðbréfamarkaði, enda mun ábyrgð á varðveislu og umsýslu þeirra verðbréfa sem þar eru skráð framvegis verða þar sem réttindin eru skráð.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að rafræn útgáfa verðbréfa og skráning eignarréttinda yfir þeim skuli einungis heimil verðbréfamiðstöðvum sem uppfylla skilyrði frumvarpsins og hafa hlotið starfsleyfi. Verðbréfamiðstöð verður einungis stofnuð í formi hlutafélags, sbr. ákvæði 3. gr. frumvarpsins, og skal einnig vísað til þeirrar greinar um önnur almenn skilyrði til útgáfu starfsleyfis. Í frumvarpinu er ekki valin sú leið að veita einkarétt á þeirri starfsemi sem frumvarp þetta tekur til. Engin ástæða er talin vera fyrir hendi til þess að veita slíkan einkarétt að lögum í þessu tilviki. Hafa verður í huga að talsverð fyrirhöfn og kostnaður fylgir því að ráðast í stofnun verðbréfamiðstöðvar. Með samstilltu átaki ýmissa aðila sem hafa ríka hagsmuni af stofnun verðbréfamiðstöðvar hér á landi hefur náðst samstaða þeirra á meðal um að stofna verðbréfamiðstöð á Íslandi. Ekki er fyrirsjáanlegt að ríkir hagsmunir séu fyrir því að stofnsett verði önnur verðbréfamiðstöð hér á landi, enda stærð verðbréfamarkaðarins tæpast slík að margir aðilar geti starfað hér að rafrænni útgáfu verðbréfa. Auk þess verður að hafa í huga að innlend verðbréfamiðstöð mun á vissan hátt eiga í samkeppni við erlendar verðbréfamiðstöðvar. Skapist hins vegar þær aðstæður hér á landi að rekstrargrundvöllur verði fyrir fleiri stöðvar þykir rétt að ákvæði laga standi ekki í vegi fyrir því með því að einum aðila sé fenginn einkaréttur á starfseminni. Rétt er þó að taka fram að ákvæði frumvarpsins breyta ekki heimild fyrirtækja í verðbréfaþjónustu samkvæmt ákvæðum laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, til að gefa út og halda skrá um eigendur hlutdeildarskírteina, en reynslan mun leiða í ljós hvort þau muni færa slíka skráningu undir ákvæði laganna verði frumvarpið samþykkt.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna ýmsar skilgreiningar sem nauðsynlegar eru og stuðst er við í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Sum þessara hugtaka eru þekkt, en einnig eru nýyrði í greininni og það á við um hugtakið *rafbréf*. Þegar í frumvarpinu er notað hugtakið rafbréf er það notað sem samheiti yfir öll framseljanleg og rafrænt skráð verðbréf sem tekin eru til skráningar í verðbréfamiðstöð. Við samningu frumvarpsins hefur komið í ljós að nauðsynlegt og gagnlegt

er að hafa samheiti yfir slík verðbréf og hefur það einnig verið gert í dönskum lögum um þetta efni, en þar er notað hugtakið „fondsaktiv".

Með *eignarskráningu* er átt við að gefin eru út rafbréf á nafn frumeiganda þeirra, svo og eftirfarandi skráningu á réttindum til rafbréfsins í hina rafrænu skrá verðbréfamiðstöðvar. Slík eignarskráning veitir hinum skráða eiganda lögformlega sönnun fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að skv. IV. kafla frumvarpsins um réttaráhrif skráningar í verðbréfamiðstöð. Eignarskráning er því afar þýðingarmikill löggerningur sem einungis verður heimill þeim aðilum sem nefndir eru í 10. gr. frumvarpsins. Í 11. gr. kemur einnig fram að framangreindum aðilum ber skylda til að gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð áður en heimild fæst til að hafa milligöngu um eignarskráningu. Aðildarsamningur hefur mikla þýðingu, enda munu þar verða gerðar nánari kröfur til þeirra sem veitt verður heimild til að hafa milligöngu um eignarskráningu, svo sem hvaða lágmarkskröfur um öryggi tölvukerfi þeirra ber að uppfylla, hvernig tengingar eru og hvaða skilyrði verðbréfamiðstöðin setur í þessu sambandi.

Í frumvarpinu eru félög sem leyfi hafa fengið til að annast rafræna eignarskráningu nefnd *verðbréfamiðstöðvar*. Við undirbúning málsins hefur orðið allnokkur umræða um hvaða samheiti skuli notað yfir þessa starfsemi og hefur niðurstaðan orðið þessi.

Reikningsstofnun telst vera félag eða stofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfum í verðbréfamiðstöð, en í 10. gr. er kveðið á um hvaða aðilar geta tekið að sér eignarskráningu í miðstöðinni.

Hugtakið *lokafærsla* eins og það er notað í frumvarpinu er skilgreint í þessari grein. Lokafærsla telst vera hin endanlega prófun og færsla skráðra eigna á reikning í verðbréfamiðstöð samkvæmt tilkynningum til hennar og í samræmi við þær reglur sem gilda um sannprófun eignarskráningar hjá verðbréfamiðstöðinni. Eftir að hún tekur til starfa munu reikningsstofnanir tilkynna henni kaup og sölu rafbréfa (eignarskrá). Í tilkynningum munu koma fram upplýsingar er varða kaupanda og seljanda. Þannig munu í tilkynningu kaupanda koma fram upplýsingar um greiðslu fyrir rafbréfið og í tilkynningu seljanda verður framsal á rafbréfinu ef skilyrði fyrir sölunni eru uppfyllt. Tölvukerfi verðbréfamiðstöðvar mun bera saman kaup- og sölutilkynningar og þegar gagnkvæmar tilkynningar og endanleg staðfesting hafa borist tölvukerfinu um að greiðsla sé fyrir hendi fer fram uppgjör og eignarskráning.

Loks er í þessari grein skilgreint hugtakið *reikningur* eins og það er notað í frumvarpinu. Reikningur er skilgreindur sem sérstök rafræn skrá í verðbréfamiðstöð þar sem eignarhald og réttindi yfir rafbréfum eru skráð. Reikningseigendur geta allir verið sem átt geta og borið réttindi að lögum, einstaklingar svo og lögaðilar.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagt til að verðbréfamiðstöðvar verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að hlutafélagaformið hefur á undanförnum árum sótt á sem rekstrarform fyrir ýmsan rekstur, óháð því hvort fyrirtæki eru í eigu opinberra aðila eða einkaaðila. Kostir hlutafélagaformsins eru ótvíræðir, svo sem að um það gilda ítarleg lög þar sem finna má ákvæði um hlutverk og ábyrgð stjórnar og réttindi hluthafa og hlutafélög eru félög sem takmarka mega ábyrgð sína.

Óheimilt er að hefja þá starfsemi sem frumvarp þetta fjallar um nema að fengnu starfsleyfi ráðherra og er skylt að leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabankans áður en leyfi er gefið út. Í 1.–3. tölul. eru nánari skilyrði fyrir útgáfu leyfisins. Í 1. tölul. er sett það skilyrði að innborgað hlutafé sé að lágmarki 65 milljónir króna. Þetta er sama skilyrði og sett er fyrir veitingu starfsleyfis til verðbréfafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Telja verður eðlilegt að gerð sé krafa um lágmarksstofnfé þegar um jafnþýðingarmikla starfsemi er að ræða og kveðið er á um í frumvarpi þessu. Miðað er við að um verðbréfamiðstöð gildi svipaðar reglur og gilda um lánastofnanir almennt. Þess vegna hefur verið sett það skilyrði að fjárhæð innborgaðs hlutafjár skuli bundið við gengi evrópsku mynteiningarinnar (ecu). Í reglum nr. 348/1996, um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, eru í e-lið 2. tölul. 12. gr. nefnd þau fyrirtæki sem falla undir viðkomandi áhættuvog reglnanna. Miðað er við að um verðbréfamiðstöð gildi sömu reglur og gilda samkvæmt framangreindum e-lið 12. gr. reglnanna. Í 2. tölul. er að finna það skilyrði að umsókn um starfsleyfi beri að fylgja rekstraráætlun, svo og ítarleg öryggis- og skipulagslýsing. Í öryggis- og skipulagslýsingu skulu koma fram upplýsingar um hvernig öryggismálum verði háttað, fyrirhuguðum tengingum við reikningsstofnanir og fleira. Ljóst er að rafræn skráning á réttindum til verðbréfa, svo og sú varsla sem verðbréfamiðstöðin hefur með höndum á þeim rafbréfum sem skráð eru í miðstöðinni, verður að vera fullkomin og örugg og í samræmi við ýtrustu kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Í 3. tölul. er getið um það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að eigendur leggi fram ábyrgðir í sérstakan ábyrgðarsjóð sem kveðið er á um í 30. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða sérstakt skilyrði sem rétt þykir að setja fyrir starfsemi verðbréfamiðstöðva, en slíkur ábyrgðarsjóður er nauðsynlegur til þess að veita viðskiptamönnum verðbréfamiðstöðvar fullnægjandi tryggingu gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir og miðstöðin ber ábyrgð á.

Í 2. mgr. er tekið fram að ráðherra beri að tilkynna umsækjanda um ákvörðun um veitingu starfsleyfis innan þriggja mánaða frá því að fullbúin umsókn hefur borist um starfsleyfi. Ákvæðið er í samræmi við samsvarandi ákvæði í öðrum gildandi lögum, til dæmis lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Í 3. mgr. er tekið fram að verðbréfamiðstöð er óheimilt að stunda aðra starfsemi en kveðið er á um í lögum þessum eða aðra starfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um fjölda stjórnarmanna og hæfi þeirra. Stjórnarmenn skulu ekki vera færri en þrír og er það í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

Í 1. mgr. eru sett fram ítarleg hæfisskilyrði sem gilda um stjórnarmenn verðbréfamiðstöðvar. Ákvæði þessa töluliðar er samhljóða sambærilegu ákvæði í 3. tölul. 3. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Hæfisskilyrði sem hér eru sett fram verður að telja eðlileg um stjórnendur fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Í 2. mgr. er tekið fram að stjórnarmenn sem eru ríkisborgarar í EES-ríki og búsettir á hinu Evrópska efnahagssvæði eru undanþegnir búsetuskilyrðinu í 1. mgr. þessarar greinar.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að tilkynna skuli bankaeftirliti Seðlabankans beina eða óbeina þátttöku sem nemur a.m.k. 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti í félaginu eða minna ef hún felur í sér verulega áhrif á stjórn félagsins. Svipuð ákvæði eru í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 6. gr.

Í þessari grein er skýrt tekið fram að sú ótvíræða skylda hvíli á hlutafélaginu, þ.e. stjórn, framkvæmdastjórn og starfsmönnum þess, að tilkynna bankaeftirliti Seðlabankans ef grunur leikur á því að lög þessi, svo og reglur sem að öðru leyti gilda um starfsemina, hafi verið brotin. Hið sama gildir ef sömu aðilar verða þess beinlínis áskynja að brot hafi verið framið.

Um 7. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki eru sérákvæði í lögum um starfsemi verðbréfamiðstöðvar skulu ákvæði laga um hlutafélög eiga við. Hér þykir þó rétt að ítreka að stjórn verðbréfamiðstöðvar skuli setja sér starfsreglur. Í verðbréfamiðstöð fer fram sérstaklega þýðingarmikil starfsemi og þykir eðlilegt að í lögum sé sérstakt ákvæði um skyldu stjórnar til þess að taka á mikilvægum atriðum er varða stjórnun félagsins. Að öðru leyti þarfnast ákvæði 1. mgr. ekki skýringa.

Í 2. mgr. er lögð sú skylda á verðbréfamiðstöð að auk tilkynninga til hlutafélagaskrár um breytingar á stjórn skuli tilkynna bankaeftirliti Seðlabanka Íslands allar slíkar breytingar eigi síðar en innan tveggja vikna frá því að breyting var gerð.

Samkvæmt ákvæði 3. mgr. er samruni verðbréfamiðstöðvar við annað félag, svo og skipting hennar í tvö eða fleiri félög, ekki leyfilegur nema að fengnu samþykki ráðherra.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að þagnarskylda hvíli á starfsmönnum verðbréfamiðstöðvar og er ákvæðið sambærilegt og það sem er að finna í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Rétt er þó að taka fram að þagnarskylda samkvæmt þessu ákvæði tekur til allra viðskiptamanna verðbréfamiðstöðvarinnar, svo sem reikningsstofnana, reikningseigenda eða eigenda takmarkaðra eignarréttinda o.s.frv., en ekki er unnt að telja á tæmandi hátt þá aðila sem gætu fallið hér undir.

Um 9. gr.

Um gerð ársreiknings og ársskýrslu verðbréfamiðstöðvar fer samkvæmt almennum reglum, sbr. lög nr. 144/1994, um ársreikninga. Hér er þó í 1. mgr. lögð sú skylda á félagið að senda ársreikning og ársskýrslu til bankaeftirlitsins innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Í 2. mgr. er að finna sambærilegt ákvæði og nú er að finna í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, um skyldur endurskoðenda í sambandi við endurskoðun stofnana sem starfa á fjármagnsmarkaði.

Um 10. gr.

Í 1.–4. tölul. þessarar greinar eru taldar upp þær reikningsstofnanir sem rétt þykir að hafi heimild til þess að stunda eignarskráningu í verðbréfamiðstöð, en það eru Seðlabanki Íslands, sbr. lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hafa heimild til fjárvörslu, sbr. lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, svo og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 123/1993, ásamt síðari breytingum. Þeir aðilar sem gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð taka á sig ýmsar skyldur auk réttar til að hafa milligöngu um eignarskráningu. Ljóst er að ekki mun það henta öllum þátttakendum á verðbréfamarkaði að gerast reikningsstofnun í verðbréfamiðstöð. Einnig kann ýmsum öðrum aðilum en reikningsstofnunum að vera nauðsyn á því að hafa aðgang að verðbréfamiðstöð til dæmis til að sækja upplýsingar um eigin reikning eða reikninga. Í frumvarpinu er komið til móts við þá aðila sem vilja hafa aðgang að tilteknum takmarkaðri þáttum í starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar. Þannig er að finna heimild í 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. um að veita megi öðrum aðilum en reikningsstofnunum rétt til að sækja upplýsingar um eigin reikning beint til verðbréfamiðstöðvarinnar, enda hafi þeir gert sérstakan aðildarsamning um aðgang sinn að miðstöð-

inni. Telja verður að þetta muni einkum henta ýmsum stærri aðilum á fjármagnsmarkaði, svo sem lífeyrissjóðum.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein ber þeim aðilum sem taldir eru upp í 10. gr. frumvarpsins að gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð og öðlast þeir hvorki rétt til aðgangs að miðstöðinni né heldur til þess að hafa milligöngu um eignarskráningu nema slíkur samningur hafi verið gerður. Í aðildarsamningi er kveðið nánar á um réttindi og skyldur reikningsstofnunar, svo sem nánari skilyrði um tölvutengingar og öryggismál o.fl. Stjórn verðbréfamiðstöðvar ber að annast gerð aðildarsamningsins og endurnýja hann í samræmi við ýtrustu kröfur sem gerðar eru til starfseminnar hverju sinni. Synji stjórn umsókn samkvæmt þessari grein skal slík ákvörðun ávallt rökstudd.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir því að útgefendur markaðsverðbréfa geri aðildarsamning við verðbréfamiðstöð um útgáfu og fyrsta framsal rafbréfa útgefinna af viðkomandi aðila í samræmi við starfsheimildir sínar á fjármagnsmarkaði. Hér er m.a. átt við að stórir útgefendur, t.d. Byggingarsjóður ríkisins geti beint og án milligöngu reikningsstofnunar gefið út og annast fyrsta framsal slíkra rafbréfa. Hér er um að ræða hliðstæða heimild og hann nýtur samkvæmt gildandi rétti og réttarframkvæmd.

Í 3. mgr. kemur fram að hlutafélögum og verðbréfasjóðum er heimill aðgangur að upplýsingum sem þeim ber skylda til samkvæmt lögum að hafa tiltækar. Stjórn verðbréfamiðstöðvar getur auk þess heimilað aðgang að upplýsingum eftir því sem það getur samrýmst ákvæðum þessa frumvarps, sbr. 14. gr., eða öðrum lögum, t.d. lögum um vernd persónuupplýsinga.

Um 12. gr.

Unnt þarf að vera að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði og tæknimál er varða eignarskráningu rafbréfa í reglugerð sem ráðherra setur. Í 1.–3. tölul. 1. mgr. eru talin upp þau atriði sem gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um í reglugerð. Í 1.–3. tölul. 2. mgr. eru talin upp atriði sem kann að vera nauðsynlegt að kveða nánar á um í reglugerð að fengnum tillögum frá stjórn verðbréfamiðstöðvar, enda verða slíkar reglur vart settar nema í nánu samráði við hana.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið svo á að stjórn verðbréfamiðstöðvar beri ábyrgð á því að starfsemi hennar fari fram á öruggan og hagkvæman hátt. Ljóst er að mikil og stöðug þróun á sér stað þegar tölvur eru annars vegar og þykir rétt að ítreka þá ábyrgð sem hvílir á stjórn verðbréfamiðstöðvar um að gæta fyllsta öryggis og búa þannig að starfseminni að öll varðveisla rafbréfa sé örugg og í samræmi við strängustu kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma. Þá er kveðið á um að það sé á verksviði stjórnar að taka ákvörðun um það hvaða verðbréf séu tæk til skráningar í miðstöðinni. Miðað er við að hún setji reglur sem séu kunngerðar opinberlega og tryggi að jafnræði ríki milli allra hlutaðeigandi aðila sem kynnu að vilja notfæra sér þá nýjung við útgáfu verðbréfa sem frumvarp þetta fjallar um. Einnig er kveðið á um að útgefendur verðbréfa geti ekki skráð hvern flokk verðbréfa nema í einni verðbréfamiðstöð.

Um 14. gr.

Í þessari grein er ítrekað að rík þagnarskylda hvíli á verðbréfamiðstöð varðandi þá starfsemi sem þar fer fram. Rétt er að gera hliðstæðar kröfur að þessu leyti og gerðar hafa verið hingað til um starfsemi fjármálastofnana, svo sem viðskiptabanka og sparisjóða. Í nokkrum ákvæðum frumvarpsins er þó að finna skyldu til að veita upplýsingar, sbr. t.d. 8., 11., 25. og 31. gr. frumvarpsins.

Rétt þykir að veita heimild í 2. mgr. til að nýta ýmsar þær upplýsingar sem safnast saman hjá verðbréfamiðstöðinni í tengslum við viðskipti með rafbréf. Hér er átt við heildarupplýsingar en ekki upplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum og leynt eiga að fara, svo sem persónuupplýsingar o.s.frv. Á vallt verður þó að liggja fyrir samþykki tölvunefndar sem starfar samkvæmt lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um að Seðlabanki Íslands skuli taka við innlánum frá reikningsstofnunum sem eiga aðild að verðbréfamiðstöðinni. Í miðstöðinni fer fram athugun á þeim tilkynningum um eignarskráningu sem berast frá aðilum að miðstöðinni. Gert er ráð fyrir því að verðbréfamiðstöðin haldi utan um viðskiptin og í kerfislýsingu er gert ráð fyrir að í lok dags (eða tiltekins tímabils) eigi sér stað nettun á viðskiptum sem fram hafa farið á tímabilinu, sbr. kafla 3.4.1.2 í kerfislýsingu í almennum athugasemdum hér að framan. Í því felst að einungis nettóniðurstaða viðskipta verður færð milli reikningsstofnana í lok hvers viðskiptadags (viðskiptatímabils). Til þess að tryggja efndalok og örugg viðskipti í verðbréfamiðstöðinni munu reikningsstofnanir opna reikninga í Seðlabanka Íslands sem hafa á eftirlit með því reikningsstofnanir uppfylli skyldur sínar að þessu leyti. Seðlabanki Íslands mun setja nánari reglur um viðskipti sín og reikningsstofnana samkvæmt þessari grein.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skipa skuli samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva og Seðlabanka Íslands sem hafi það hlutverk að fjalla um samskipti þessara aðila í tengslum við efndalok viðskipta. Eðlilegt þykir að tengsl Seðlabankans og verðbréfamiðstöðva séu lögfest með þessum hætti. Mikil umræða hefur verið á alþjóðavettvangi um áhættu og skipulag greiðslumiðlunar. Ástæður þessa eru margvíslegar en ekki síst sú að í ljós hefur komið að mörg greiðslumiðlunarkerfi taka með ófullnægjandi hætti á ýmsum áhættuþáttum greiðslumiðlunar. Sjónum hefur ekki síst verið beint að kerfisáhættu, en með henni er átt við þá áhættu þegar greiðslufall eins aðila í greiðslumiðluninni veldur keðjuverkun á aðra aðila greiðslumiðlunarinnar þannig að uppgjör siglir í strand. Hagkvæmnissjónarmið hafa einnig verið til skoðunar í þessari umræðu og áhersla lögð á að greiðslumiðlunarkerfi séu hagkvæm. Vegna hlutverks seðlabanka hefur víðast verið litið svo á að þeim beri að stuðla að því að greiðslumiðlunarkerfi séu hagkvæm og örugg. Því er hér farin sú leið að lögskipa fjögurra manna samráðsnefnd undir forustu Seðlabanka Íslands.

Í 3. mgr. er Seðlabanka Íslands veitt sambærileg heimild og hann hefur í 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, til þess að beita reikningsstofnanir samkvæmt þessari grein viðurlögum ef reglum bankans og skilyrðum er ekki hlítt.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að til þess að réttindi að rafbréfum njóti réttarverndar verði þau að vera eignarskráð í verðbréfamiðstöðinni. Við frumútgáfu rafbréfs er útgefandi skráður eigandi að rafbréfi en eftirfarandi framsöl njóta því aðeins réttarverndar að þau hafi öll verið tilkynnt til eignarskráningar hjá verðbréfamiðstöðinni. Hið sama gildir um önnur réttindi sem

kunna að vera takmarkaðri, til dæmis veðréttindi eða fjárnám. Jafnframt er skýrt tekið fram að óheimilt sé að gefa út og framselja skráð réttindi samkvæmt rafbréfi með áþreifanlegum hætti, þ.e. á pappír. Þannig er tryggt að skýrt sé greint milli pappírslausra viðskipta með verðbréf og hefðbundinna viðskipta með verðbréf á pappír.

Í 2. mgr. er einnig að finna ákvæði sem er nauðsynlegt til að gera stöðu skráðs rétthafa að rafbréfi skýra gagnvart skuldara. Þar er kveðið svo á að eignarskráning í verðbréfamiðstöð komi í stað handhafnar áþreifanlegs verðbréfs, en þetta þýðir m.a. að hafi skuldari greitt rétthafa sem skráður er samkvæmt eignarskráningu verðbréfamiðstöðvar er um að ræða fullgilda greiðslu af hans hálfu. Í 34. gr. frumvarpsins er einnig að finna ákvæði sem tekur af tvímæli varðandi greiðslu afborgana og/eða vaxta, sjá nánar athugasemdir við þá grein.

Í 3. mgr. er skýrt tekið fram að forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda yfir rafbréfi ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð. Um röð rétthafa fer að öllu leyti eftir því hvenær réttindi eru tilkynnt, sbr. nánar um þetta atriði í 4. og 5. mgr. þessarar greinar.

Í 4. mgr. er tekið fram að réttaráhrif skráningar teljist vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur farið fram hjá verðbréfamiðstöð. Með lokafærslu er, eins og segir í 2. gr. frumvarpsins, átt við færslu sem fram fer að lokinni hinni endanlegu prófun sem fram fer í tölvukerfi verðbréfamiðstöðvarinnar á þeirri eignarskráningu sem tilkynnt hefur verið til dagbókar í verðbréfamiðstöð.

Í 5. mgr. er tekið fram að reikningsstofnun, sem fengið hefur beiðni um það, er skylt að eignarskrá réttindi án tafar í verðbréfamiðstöð enda leggi viðkomandi aðili fram viðhlítandi gögn um grundvöll beiðninnar. Reikningsstofnanir hafa rétt og jafnframt skyldu til að annast eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Mikilvægt er að alveg skýrt sé tekið fram að á þeim hvílir rík skylda til að annast þær eignarskráningar sem nauðsynlegar eru hverju sinni til dæmis vegna erfða- eða búskipta eða annarra ráðstafana sem varða réttindi yfir rafbréfum. Í hefðbundnum viðskiptum með verðbréf er greiður aðgangur fyrir slíka aðila til að framkvæma þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru hverju sinni og ber að tryggja að svo gildi einnig um rafbréf. Unnt verður að fá staðfestingu á því hvenær tilkynnt hafi verið um skráningu, en öll eignarskráning er umsvifalaust færð í dagbók verðbréfamiðstöðvar. Í tilkynningunni er að finna allar nánari upplýsingar um greiðslufyrirkomulag og þess háttar, en að öðru leyti fer um viðskiptin eftir samningi þeim sem liggur til grundvallar hverju sinni. Tölvukerfi verðbréfamiðstöðvarinnar ber saman allt sem tilkynnt hefur verið og að lokafærslu og efndalokum kemur þegar fullnægt hefur verið öllum skilyrðum fyrir viðskiptunum.

Um 17. gr.

Hér er veitt heimild til þess að eignarskrá réttindi til bráðabirgða telji reikningsstofnun að vafi leiki á um lögvarinn rétt samkvæmt skráningunni. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt heimildarákvæði, enda getur fullkominn vafi leikið á rétti þeirra sem skráningunni er ætlað að taka til, til dæmis getur verið að dómsmál hafi verið höfðað o.s.frv. Engu að síður geta aðilar haft af því ríka hagsmuni að skráningin fari fram á þeirri stundu sem þeir hafa óskað eftir og fer hún þá fram til bráðabirgða þar til óvissu er eytt. Um bráðabirgðaeignarskráningu réttinda samkvæmt þessari grein skulu gilda hliðstæðar reglur og um skráningu takmarkaðra eignarréttinda. Réttindum verður því ekki ráðstafað í andstöðu við skráningu til bráðabirgða samkvæmt þessari grein.

Um 18. gr.

Reikningsstofnun skal hafa milligöngu um að tilkynna hlutaðeigandi aðila sem réttindi eignast samkvæmt skráningunni um hana, sbr. þó heimild í 3. mgr. þessarar greinar. Hér er því ekki gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin taki að sér að senda rétthafa tilkynningu í hvert sinn sem skráning hefur átt sér stað á reikningi viðkomandi reikningseiganda. Þetta er m.a. gert til þess að tryggja að tilkynningar verði ekki sendar að óþörfu, en reikningsstofnun sem á í beinum viðskiptum við reikningseiganda getur betur annast þetta hlutverk. Rétt er þó að taka fram að skv. 24. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að einu sinni á ári sendi verðbréfamiðstöðin út reikningsyfirlit til reikningseigenda í verðbréfamiðstöðinni.

Í 2. mgr. er tekið fram að rétthafar skráðra réttinda og reikningsstofnanir geta samið um að ekki verði sérhver tilkynning um eignarskráningu send til reikningseiganda heldur fái hann tilkynningar sendar með þeim hætti sem hann telur fullnægjandi hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að verðbréfamiðstöðin setji um þetta nánari reglur og skulu þær háðar samþykki bankaeftirlitsins. Þetta er m.a. nauðsynlegt til þess að tryggja að skilmálar reikningsstofnana að því er varðar tilkynningar um eignarskráð réttindi í verðbréfamiðstöð verði ekki of íþyngjandi fyrir reikningseigendur. Þannig gæti til dæmis reikningsstofnun ekki gert það að skilyrði fyrir stofnun reiknings að eigandi hans gangi að því að tilkynningar skuli ekki sendar nema eftir ákvörðun reikningsstofnunar. Tryggja verður einnig að reikningsstofnanir setji til dæmis ekki óeðlilega há gjöld á vissar tegundir yfirlita o.s.frv. Meginatriði er að rétthafi á að geta valið um það hversu oft reikningsstofnun sendir honum yfirlit og er henni jafnframt skylt að gera reikningseiganda grein fyrir hvaða möguleikar honum standa til boða varðandi þetta atriði.

Í 3. mgr. er kveðið á um að reikningsstofnun og stjórn verðbréfamiðstöðvar geti samið um að tilkynningar til rétthafa samkvæmt eignarskráningu hennar verði sendar beint frá miðstöð til reikningseiganda án milligöngu reikningsstofnunar.

Um 19. gr.

Í þessari grein segir að eftir að lokafærsla hefur átt sér stað í verðbréfamiðstöð verði réttindi grandlauss framsalshafa ekki vefengd. Hér er um að ræða að fullt framsal réttinda fer fram við eignarskráningu réttindanna í verðbréfamiðstöð, enda hafi sá sem þeim hefur ráðstafað að öllu leyti heimild til þess að ráðstafa réttindunum. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð skal gagnvart skuldara jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Þrátt fyrir ákvæði greinarinnar er kveðið svo á að fullt mark verði eftir sem áður tekið á þeirri mótbáru að samningur sé ógildur ef hann er byggður á fölsun eða meiri háttar nauðung og er hér stuðst við svipuð sjónarmið og gilda til dæmis um réttaráhrif þinglýsingar, sbr. lög nr. 39/1978, þinglýsingalög. Í ákvæðinu er ekki að finna heimild til að meta gildar ógildingarástæður sem varða lögræðisskort en það er í samræmi við gildandi íslenskan og norrænan rétt að um verðbréf gilda ríkari reglur um traustfang.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að verðbréfamiðstöð skuli setja nánari reglur um millifærslu fjármuna og réttinda. Ljóst er að til þess að uppgjör og lokafærslur á viðskiptum geti farið fram í verðbréfamiðstöð verða öll atriði sem varða viðskiptin að ganga upp. Við uppgjörsferlið þarf verðbréfamiðstöðin að bera saman tilkynningar um eignarskráningu, hvort reikningseigandi hafi fulla ráðstöfunarheimild, hvernig greitt skuli fyrir réttindin o.s.frv. Til þess að tryggja að uppgjörsferlið verði eins skilvirkt og öruggt og unnt er er eðlilegt að stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar hafi slíka heimild til þess að setja nánari reglur að þessu leyti. Jafnframt ber að

taka tillit til þeirra ákvæða sem sett eru í frumvarpi þessu, ef að lögum verður, svo og reglna sem kunna að verða settar með reglugerð sem ráðherra setur eða reglna sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setur. Hið sama gildir um reglur sem Seðlabanki Íslands kann að setja á grundvelli 15. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram að verðbréfamiðstöð ber ekki ábyrgð á því ef viðtakanda greiðslu hefur skort rétt til þess að taka við henni, enda liggi það fyrir að viðkomandi færsla hefur verið gerð í góðri trú og miðstöðin verði á engan hátt talin hafa vitað né mátt vita að viðtakanda skorti rétt til að veita fjármununum viðtöku. Hér er staðfest að skráning í eignarskrá er yfirleitt talin fela í sér að þeir sem þar eru skráðir eigi þau réttindi til reiknings sem skráningin kveður á um. Hafi skráður eigandi verið beittur meiri háttar nauðung eða sé um svik að ræða eiga framangreind sjónarmið ekki við, sbr. ákvæði í 3. málsl.

Um 21. gr.

Í 16. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla að eigi réttindi að rafbréfi að njóta réttarverndar verður að skrá þau hjá verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt frumvarpinu. Hafi kröfuréttindi verið gefin út á rafrænan hátt er ekki öðrum heimildum til að dreifa um tilvist réttindanna og rétthafa til þeirra en þeim sem finna má í skráningu verðbréfamiðstöðvarinnar. Hinn nýi háttur við útgáfu og geymslu kröfuréttindanna hefur hins vegar engin áhrif á lögskipti aðila sem kunna að eiga rétt til greiðslu samkvæmt rafbréfi. Í þessari grein er því ítrekað að um stofnun réttinda yfir rafbréfum fari að öðru leyti eftir almennum reglum laga.

Um 22. gr.

Í greininni er tekið fram að reikningsstofnun er skylt að óska leiðréttingar komi í ljós að mistök hafi orðið í tengslum við skráningu í verðbréfamiðstöðinni. Mistök geta átt sér stað áður en uppgjör fer fram og kunna því að vera þess eðlis að þau valdi hlutaðeigandi aðilum ekki tjóni. Ef mistök koma ekki í ljós fyrr en síðar og eignarskráningin er e.t.v. farin að hafa réttaráhrif er eðlilegt að eiganda réttindanna sé gefinn kostur á að tjá sig um málið áður en til leiðréttingar kemur, sbr. ákvæði 2. málsl.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er verðbréfamiðstöð veitt heimild til þess að afmá réttindi sem eru augljóslega ekki lengur til staðar. Nefna má að hafi verðbréfareikningur, sem stofnaður hefur verið hjá verðbréfamiðstöðinni, aldrei verið notaður og sé þar engin rafbréf að finna væri heimilt að loka slíkum reikningi. Líta verður svo á að einungis sé heimilt að afmá réttindi sem ótvírætt og augljóslega hafa enga þýðingu. Leiki vafi á um þetta atriði ber að varðveita réttindin og verður því að styðjast við ákvæði 2. mgr. um afmáningu þeirra.

Í 2. mgr. er um að ræða réttindi sem eru 20 ára eða eldri og hafi sannanlega enginn rétthafi fundist að þeim getur verðbréfamiðstöðin birt innköllun í Lögbirtingablaðinu. Innköllunarfrestur er þrír mánuðir og hafi enginn gefið sig fram að þeim tíma liðnum er heimilt að afmá réttindin.

Í 3. mgr. er að finna heimild til þess að setja nánari reglur um framkvæmd 2. mgr. um afmáningu réttinda ef þess gerist þörf.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um reikning sem skylt er að stofna og færa fyrir eigendur rafbréfa. Í 2. gr. frumvarpsins er hugtakið reikningur skilgreint eins og það er notað í frumvarpinu, þ.e. skrá um lokafærslur yfir verðbréf, en lokafærsla er, eins og þar segir, endanleg eignarskráning í verðbréfamiðstöð. Reikninga, þar sem færð er rafbréfaeign reikningseiganda, getur einungis reikningsstofnun stofnað í verðbréfamiðstöð. Jafnframt er hér kveðið svo á að skylt sé að skrá á reikninginn hvaða reikningsstofnun, eða reikningsstofnanir, hefur heimild eiganda til að hafa milligöngu um eignarskráningar á reikninginn. Reikningsstofnun annast samskipti við eiganda reiknings og lætur honum í té endurrit reikningsyfirlits verðbréfamiðstöðvarinnar þar sem fram kemur hver er heildareign á reikningi þegar yfirlit er gefið út, svo og upplýsingar um takmörkuð eignarréttindi sem hafa verið skráð ef það á við. Það er þýðingarmikið fyrir eiganda að fá reglulega reikningsyfirlit og hafa yfirsýn og eftirlit með þeirri eignarskráningu sem fram fer á reikningi hans. Skylt er að á reikningi komi fram upplýsingar um þann bankareikning sem verðbréfamiðstöð er rétt og skylt að greiða inn á þegar það á við. Hafi verðbréfamiðstöð haft milligöngu um afhendingu greiðslu og byggt þar á upplýsingum sem skráðar hafa verið um viðtakanda greiðslu ber hún ekki ábyrgð á því ef annmarki er á skráningunni, sbr. nánar um þetta í 20. gr. frumvarpsins. Verðbréfamiðstöð gefur út reikningsyfirlit yfir þau réttindi sem þar eru skráð. Eigendur rafbréfa eiga rétt á því að verðbréfamiðstöð gefi út staðfestingu á þeim réttindum yfir rafbréfum sem þeir eiga hjá henni. Hér er miðað við að a.m.k. einu sinni á ári gefi verðbréfamiðstöðin út reikningsyfirlit yfir þau réttindi sem skráð eru hjá henni en um einstök viðskipti og tilkynningar um þau fer skv. 18. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að skylt sé að gefa út með jöfnu millibili reikningsyfirlit til reikningseiganda. Líta verður svo á að hér sé um samningsatriði að ræða milli hans og reikningsstofnunar um hversu oft eigandi vill fá send yfirlit yfir réttindi sín, en að lágmarki mun reikningseigandi fá eitt yfirlit á ári, þ.e. í lok hvers almanaksárs. Einnig er skylt að láta eigendum takmarkaðra eignarréttinda í té staðfestingu á því að réttur þeirra til rafbréfsins hafi verið skráður. Aukayfirlit er einnig hægt að fá, þ.e. bæði yfir reikninginn í heild og tiltekna eignarskráningu, til dæmis til að ganga úr skugga um að hún sé rétt o.s.frv.

Í 3. mgr. felst heimild til ráðherra til þess að setja í reglugerð nánari reglur um gerð reikningsins og yfirlitsins. Hugbúnaðargerð er ekki lokið þegar frumvarp þetta er samið og liggur því ekki fyrir neitt notendaviðmót. Það er þó ljóst að mjög mikilvægt er að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram og mun það verða tryggt með reglugerð svo sem hér er lagt til.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að sett verði á stofn úrskurðarnefnd til þess að úrskurða í ágreiningsmálum sem kunna að rísa í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamiðstöðinni. Hér er farin svipuð leið og farin hefur verið bæði í Danmörku og Noregi. Í verðbréfamiðstöðinni fer fram eignarskráning sem reikningsstofnanir eða starfsmenn þeirra standa á bak við. Eignarskráning hefur réttaráhrif og geta því misfærslur eða mistök haft verulega réttarfarslega þýðingu fyrir hlutaðeigandi aðila. Nauðsynlegt er því að það sé tryggt að sá sem telur að á sér hafi verið brotið við eignarskráningu geti með skjótum hætti fengið úrskurð sérfróðra manna um ágreiningsefnið. Úrskurðarnefnd er ekki ætlað að dæma um skaðabótakröfur. Aðilum máls stendur ávallt opið að skjóta úrskurðum kærunefndar til almennra dómstóla, sbr. ákvæði 27. gr. frumvarpsins. Úr öllum ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma í tengslum við skaðabótakröfur, skal skorið af dómstólum. Einnig er rétt að ítreka að úrskurðarnefndinni er ætlað að leysa úr ágreiningi um skráningu réttinda, en hún fjallar ekki um þau málsatvik og lagarök sem liggja til grund-

vallar kröfuréttindunum, svo sem hvort samningur aðila hafi verið bindandi eða sé ógildur og þess háttar. Komi upp vafi í þessu efni getur nefndin ákveðið að vísa máli alfarið til dómstóla. Þess má geta að á 15 ára starfstímabili verðbréfamiðstöðvarinnar í Danmörku hafa alls um 30 mál komið til umfjöllunar hjá kærunefnd þeirri sem þar starfar og aldrei hefur komið upp skaðabótamál þar í landi vegna starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þrjá menn í úrskurðarnefnd og skal einn þeirra uppfylla þau skilyrði að vera skipaður héraðsdómari, sbr. 5. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Úrskurðarnefnd er ætlað að kveða á um rétt og skyldu manna í tengslum við eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Úrskurðir nefndarinnar teljast því til stjórnvaldsákvarðana og fer að öllu leyti um störf nefndarinnar eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Sem fyrr segir er ein meginástæða þess að lagt er til að sett verði á stofn úrskurðarnefnd að tryggja skjóta og örugga málsmeðferð þeirra mála sem hún hefur úrskurðarvald um. Leggja verður því ríka áherslu á að í störfum nefndarinnar verði fylgt ákvæði 9. gr. stjórnsýslulaga um að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er. Ekki þykir rétt að setja inn sérákvæði um þann hámarkstíma sem úrskurðarnefnd skuli hafa til að fjalla um mál sem henni berast enda kunna mál að vera misjafnlega flókin og ætti því einn almennur frestur ekki alltaf við. Áðurnefnd meginregla stjórnsýslulaga um málshraða á því að öllu leyti við um störf úrskurðarnefndar.

Í 3. mgr. er kærufrestur vegna eignarskráningar ákveðinn 12 vikur og hefur nefndin aðgang að öllum gögnum verðbréfamiðstöðvar sem tengjast máli því sem til úrlausnar er hverju sinni. Eðlilegt þykir að í tilkynningum verðbréfamiðstöðvar til eigenda skráðra réttinda sé upplýst um kærufrest samkvæmt þessari grein.

Í 4. mgr. er tekið fram að úrskurðir skuli vera rökstuddir og hlutaðeigandi aðilum tilkynnt um þá.

Í 5. mgr. er veitt heimild til þess að víkja frá þeim fresti sem er ákveðinn í 3. mgr. Þetta kann að þykja sanngjarnt undir vissum kringumstæðum, til dæmis hafi skráður eigandi samið um að fá reikningsyfirlit aðeins einu sinni á ári.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir að nánari reglur verði settar um málsmeðferð og reglur um störf úrskurðarnefndar, svo og um þau gjöld sem greiða þarf til að standa undir kostnaði við málið.

Um 26. gr.

Í greininni eru taldir upp þeir aðilar sem kært geta mál til úrskurðarnefndar skv. 25. gr. Í 1. tölul. segir að sérhver aðili sem hefur nægilegra lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu geti kært mál til úrskurðarnefndar. Hér er um að ræða sama skilyrði og almennt gildir við dómstóla samkvæmt gildandi réttarfarslögum. Í 2. tölul. er tekið sérstaklega fram að reikningsstofnun geti skotið til úrskurðarnefndar málum sem snerta ákvarðanir sem teknar eru skv. 17., 22. og 23. gr. frumvarpsins, en rétt þykir að fela úrskurðarnefnd að leysa úr ágreiningi ef vandamál koma upp. Loks er tekið fram í 3. tölul. að verðbréfamiðstöð eða stjórn hennar geti skotið til kærunefndar ágreiningi sem upp kann að koma í tengslum við tilkynningar sem sendar eru frá reikningsstofnun.

Um 27. gr.

Úrskurði úrskurðarnefndar er heimilt að skjóta til dómstóla innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var felldur í málinu. Um stefnu og málsmeðferð fer að öllu leyti eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði. Í 2. mgr. er tekið fram að mál verði ekki borin undir dómstóla fyrr en kæruleið til úrskurðarnefndar hefur verið reynd. Ætla má að kærumál sem falla

undir úrskurðarvald nefndarinnar snúist að verulegu leyti um tæknileg atriði sem tengjast eignarskráningu í verðbréfamiðstöð. Þykir því eðlilegt að úrskurðarnefndin, sem skipuð er m.a. sérfróðum mönnum á þessu sviði, fjalli um málið áður en ágreiningur er borinn undir almennan dómstól. Í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga hvílir leiðbeiningarskylda á úrskurðarnefnd um málshöfðunarfrest fyrir dómstólum.

Um 28. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skaðabótaábyrgð verðbréfamiðstöðvar vegna mistaka af hennar hálfu í tengslum við tilkynningar um eignarskráningu, breytingar eða afmáningu réttinda í verðbréfamiðstöðinni. Ákvæðið er að danskri fyrirmynd, eins og reyndar ákvæði kaflans í heild. Í Danmörku hafa fyrir skemmstu verið sett ný lög um þetta efni að fenginni 15 ára reynslu af eldri lögum sem hafa gilt þar í landi og þótti því rétt að taka nokkurt mið af reynslu Dana við gerð þessa frumvarps.

Brýn þörf er á því að settar séu skýrar reglur sem stuðli að því að almenningur eða fyrirtæki bíði ekki fjárhagslegt tjón ef mistök verða í starfsemi verðbréfamiðstöðvar. Stuðla verður að því að reglur séu þannig að þær skapi fullt traust allra hlutaðeigandi aðila á að verðbréf verði að öllu leyti skráð með rafrænum hætti eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Ákvæði þessarar greinar, sem og önnur ákvæði þessa kafla frumvarpsins, miða að því að starfsemin sé rekin á þeim grundvelli að almenningur þurfi ekki að óttast um öryggi fjármuna sinna. Því má líta svo á að þær reglur, sem hér er lagt til að fylgt verði, séu forsenda þess að sú hagræðing sem fylgir rafrænni skráningu verðbréfa nái fram að ganga.

Eignarskráningu í verðbréfamiðstöð er í eðli sínu stjórnað af fleiri en einum þar sem um er að ræða ákveðna verkaskiptingu milli verðbréfamiðstöðvar og reikningsstofnunarinnar. Eðlilegt þykir því að ábyrgð sé skipt þannig að hvor aðili um sig beri ábyrgð á eigin mistökum sem kunna að verða við eignarskráninguna. Áður var ábyrgðin í Danmörku alfarið á verðbréfamiðstöðinni, en sem fyrr segir hefur ábyrgðinni nú verið dreift að þessu leyti. Eins og fram kemur í ákvæðinu er ábyrgð verðbréfamiðstöðvar hlutlæg. Hún ber ekki aðeins ábyrgð á grundvelli sakarreglu heldur ber hún einnig ábyrgð á tjóni þó að orsök þess verði rakin til óhappaatvika. Reglur um skiptingu ábyrgðar milli verðbréfamiðstöðvar og reikningsstofnunar sem við er miðað í þessari grein og 29. gr. frumvarpsins leiða til þess að afmarka verður ábyrgð hvors aðila um sig. Ekki er unnt að rekja á tæmandi hátt hvernig þessari skiptingu skuli háttað, en almennt verður að líta svo á að tilkynningar til verðbréfamiðstöðvar, svo og annar undirbúningur eignarskráningar sem fram fer í reikningsstofnun, séu á ábyrgð hennar. Um skiptingu ábyrgðar milli reikningsstofnunar og viðskiptamanna hennar fer eftir almennum reglum. Hafi útgefandi rafbréfs til dæmis tilgreint ranga vaxtaprósentu eru slík mistök á hans ábyrgð. Ef reikningsstofnun hefur við skráningu ekki skráð vaxtaprósentuna rétt, þá ber hún ábyrgð á þeim mistökum sínum.

Úrvinnsla tilkynninga sem sendar eru til verðbréfamiðstöðvar, skráningin og ábyrgð á því að tilkynningar sem sendar eru aftur þaðan til reikningsstofnunar séu réttar verður að telja að falli undir ábyrgðarsvið verðbréfamiðstöðvar. Almennt má segja að eftir að starfsemi miðstöðvarinnar hefst verði verkaskipting skýr í flestum smáatriðum og þess því ekki að vænta að í framkvæmd verði erfitt að greina á milli verkþátta reikningsstofnunar og verðbréfamiðstöðvar.

Í 2. mgr. er minnt á þá eðlilegu reglu skaðabótaréttarins að verði tjón á einhvern hátt rakið til eigin sakar tjónþola er heimilt að fella brott eða lækka skaðabætur hans. Um nánari greinargerð fyrir eigin sök vísast til fræðirita um skaðabótarétt.

Í 3. mgr. segir að verðbréfamiðstöð skuli bæta rétthafa tjón sem hann kann að verða fyrir þegar ákvæði 2. málsl. 19. gr. á við, þ.e. að ógilda þurfi viðskiptin þar eð beitt hafi verið fölsun eða meiri háttar nauðung. Hér verður að líta til þess að keðja viðskipta með verðbréf kann oft að vera allflókin og oft gæti því verið erfitt að slá föstu afdráttarlaust hver í keðjunni sé í þeirri aðstöðu sem þar er getið um. Greinin tekur mið af þessari aðstöðu og er því unnt að bæta tjónþola tjón hans óháð því hvar í framangreindri röð hann stóð, enda fáist það ekki bætt samkvæmt almennum reglum.

Í 4. mgr. er hámarksfjárhæð vegna tjóns sem rekja má til sömu mistaka af hálfu verðbréfamiðstöðvarinnar takmörkuð við helming ábyrgðarsjóðs skv. 30. gr. frumvarpsins, eða sem nemur 325 millj. kr.

Um 29. gr.

Reikningsstofnun ber samkvæmt þessari grein ábyrgð á því tjóni sem rakið verður til mistaka af hennar hálfu í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingu eða afmáningu réttinda á reikningi í verðbréfamiðstöðinni. Um verkaskiptingu milli reikningsstofnunar og verðbréfamiðstöðvar skal vísað til þess sem sagt hefur verið um þetta atriði í athugasemdum við 28. gr. Reikningsstofnun ber líka ábyrgð með sama hætti og verðbréfamiðstöð ef tjón verður rakið til óhappaatviks. Ábyrgð samkvæmt þessari grein tekur til tjóns sem verður í tengslum við tilkynningar og skráningu réttinda sem eru á hennar ábyrgð. Reikningsstofnanir munu eftir sem áður bera ábyrgð að öðru leyti samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins gagnvart viðskiptamönnum sínum hafi þeir til dæmis orðið fyrir öðru tjóni en því sem tengist störfum reikningsstofnunar að eignarskráningu rafbréfs.

Í 2. mgr. er hliðstætt ákvæði um eigin sök tjónþola og er að finna í 28. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að reikningsstofnanir beri hér eftir sem hingað til ábyrgð á eigin mistökum sem verða í tengslum við framsal og skráningu réttinda til verðbréfa.

Í nýlegum lögum í Danmörku hefur verið lagt til að auk annars skuli reikningsstofnanir mynda sérstakan sjóð til tryggingar á skaðabótagreiðslum ef einhver reikningsstofnun reynist ófær að greiða skaðabætur eins og samkvæmt þessari grein. Við undirbúning þessa frumvarps var sú tilhögun kynnt þeim sem standa að stofnun verðbréfamiðstöðvar. Mikillar andstöðu gætti við slíkar hugmyndir um varasjóð og er ekki að finna fordæmi fyrir slíkum tryggingum við meðferð áþreifanlegra verðbréfa. Engin ástæða er því talin vera fyrir hendi til að taka slíkt kerfi upp hér á landi.

Um 30. gr.

Ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal aldrei nema lægri fjárhæð en 650 millj. kr. Hér er um að ræða tífalt hærri fjárhæð en lágmarkshlutafé skal vera, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar, þ.e. eigið fé ásamt samanlögðum ábyrgðum eignaraðila, skal ávallt ná því lágmarki sem hér er kveðið á um. Í ákvæðinu er því sett framangreint hámark á þá ábyrgð sem þátttakendum í verðbréfamiðstöðinni kann að verða gert að standa skil á. Ábyrgðarsjóðurinn er til að standa skil á greiðslum bóta sem kunna að falla á verðbréfamiðstöðina almennt, þ.e. bæði vegna eigin mistaka og mistaka er leiða til bótaskyldu, og ekki verða lagðar á reikningsstofnun eða aðrar verðbréfamiðstöðvar. Það er gert að skilyrði að ábyrgðarsjóðurinn standi ávallt í því lágmarki sem hér er kveðið á um og verður því að bæta við ábyrgðum ef sjóðurinn minnkar af einhverjum ástæðum. Mikilvægt er að ábyrgðin sé skýrt skilgreind með þessum hætti þannig að þátttakendur geti lagt mat á þá áhættu sem henni tengist. Í dönsku verðbréfamiðstöðinni (Værdipapircentralen) er ábyrgðarsjóður upp á 12 milljarða íslenskra króna. Miðað við veltu og markaðsverðmæti verðbréfa er

sá ábyrgðarsjóður sem hér er kveðið á um að verði stofnaður hlutfallslega stærri en í Danmörku. Rétt þykir þó að gera ríkari kröfur um ábyrgðarsjóð hér á landi þar sem engin reynsla er hér á landi af rafrænum verðbréfaviðskiptum auk þess sem verðbréfamarkaður er í örum vexti hérlendis.

Ábyrgðarsjóður skal vera í formi ábyrgða eða annarra fullnægjandi trygginga. Við undirbúning að stofnun verðbréfamiðstöðvar hefur komið fram að ýmsir sem að verkefninu standa telja æskilegt að aflað verði starfsábyrgðartryggingar hjá þriðja aðila að svo miklu leyti sem það er unnt. Til greina kemur að við slíka starfsábyrgðartryggingu taki þátttakendur á sig sjálfsábyrgð í hlutfalli við hlutafjárframlög sín fyrir samsvarandi fjárhæð og nemur lágmarkshlutafé stöðvarinnar. Einnig kann sú leið að verða farin að byggður verði upp sjálfstæður sjóður til að standa undir þeirri lágmarksábyrgð sem kveðið er á um í þessari grein. Ekki þykir rétt að setja nánari reglur en hér er gert um fyrirkomulag ábyrgðarsjóðsins og gefa verður aðilum kost á því að leysa það mál á sem hagkvæmastan hátt án þess að vikið sé frá þeirri lágmarksfjárhæð sem hér er gerð krafa um.

Í 2. mgr. er tekið fram að nánari reglur um ábyrgðir verðbréfamiðstöðvar skuli settar í samþykktir hlutafélagsins.

Um 31. gr.

Gert er ráð fyrir því að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi eftirlit með starfsemi verðbréfamiðstöðva sem starfsleyfi hafa hlotið á grundvelli ákvæða þessa frumvarps. Í lögum, sem sett hafa verið um fjármagnsmarkaðinn, hefur bankaeftirlitinu verið falið eftirlit með starfsemi á sviði fjármálaþjónustu og þykir það eiga við með sama hætti um starfsemi verðbréfamiðstöðva. Bankaeftirliti Seðlabankans eru veittar sambærilegar heimildir og tíðkast hefur í hliðstæðum lagaheimildum til að hafa aðgang að upplýsingum og gögnum sem það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að verðbréfamiðstöð skuli greiða þann kostnað sem leiðir af hinu opinbera eftirliti samkvæmt lögum þessum.

Um 32. gr.

Bankaeftirliti Seðlabankans er heimilt að svipta reikningsstofnun rétti til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð brjóti hún ítrekað eða alvarlega lög eða reglugerðir sem um eignarskráningu gilda. Hið sama á við ef háttsemi reikningsstofnunar getur ekki talist eðlileg, traust eða heilbrigð. Ákvæði þetta er eðlilegt til að tryggja nauðsynleg úrræði ef atvik eru með þeim hætti sem hér er kveðið á um.

Um 33. gr.

Brot á lögum þessum kann að varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Stjórnendur lögaðila er heimilt að beita framangreindum viðurlögum hafi brot verið framið í þágu lögaðila. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 34. gr.

Reikna má með því að stór hluti þeirra verðbréfa sem eignarskráð yrðu sem rafbréf í verðbréfamiðstöð verði að formi og efni skuldabréf sem gangi kaupum og sölum á markaði, sbr. upptalningu í ákvæði I til bráðabirgða.

Fá lagaákvæði er að finna í íslenskum rétti um skuldabréf sérstaklega. Enn er þó í gildi tilskipun frá 9. febrúar 1798 um áritun afborgana á skuldabréf, en hún er svohljóðandi:

„1. gr. Eins og það er skylda lánardrottins, þegar skuldunautur borgar allan höfuðstól skuldabréfs, að skila honum aftur bréfinu með áritaðri kvittun, eins á hann, þegar nokkuð er afborgað af höfuðstólnum, að hafa við höndina frumrit skuldabréfsins, og vera skyldur til, í nærveru skuldunauts eða umboðsmanns hans, að rita bæði á bréfið sjálft það, er afborgað er, og að gefa auk þess sérstaka kvittun fyrir því.

Ef lánardrottinn skorast undan að gera þetta, þá er skuldunaut (sem vottfast býður fram afborgun þá, er greiða skyldi) heimilt að fresta afborguninni, þangað til lánardrottinn gegnir fyrrgreindri skyldu sinni; og er skuldunaut eigi skylt, meðan svo stendur, að svara vöxtum af þeim hluta höfuðstólsins, sem í gjalddaga var fallinn og boðinn var fram.

2. gr. Kvittanir á lausu blaði fyrir afborgunum af höfuðstól, er skuldabréf er fyrir, skulu, ef afborganirnar eru eigi einnig ritaðar á skuldabréf sjálft, aðeins hafa gildi gagnvart þeim, sem gaf þær út, en eigi teljast gildar gagnvart öðrum, sem fyrir veðsetningu, framsal eða á annan löglegan hátt eru orðnir réttmætir handhafar skuldabréfsins.

3. gr. Þó má vaxtagreiðsla vera undanþegin þessum fyrirmælum, og sérstakar kvittanir fyrir vöxtum vera fullgildar, eigi aðeins gagnvart þeim, er út gaf kvittunina, heldur og gagnvart hverjum öðrum, sem skuldabréfið hefir síðar verið selt í hendur að veði eða til eignar."

Með tilurð rafrænnar skráningar á eignarhaldi og réttindum yfir verðbréfum er nauðsynlegt að setja sérreglu um gildi lokafærslu verðbréfamiðstöðvar um greiðslu skuldara á afborgunum eða vöxtum inn á reikning til eignarskráðs rétthafa af rafbréfi.

Því er hér lagt til að um þetta sé sett sérstakt ákvæði.

Um 35. gr.

Eins og málum er háttað nú má búast við því að skammtímaskuldbindingar í formi víxla verði eignarskráðar sem rafbréf í verðbréfamiðstöð. Sérstaklega á þetta við um flokka ríkisvíxla, bankavíxla, víxla sveitarfélaga og annarra ótilgreindra aðila. Sammerkt með víxlum af þessu tagi er að þeir ganga kaupum og sölum á markaði og eru allir í formi eiginvíxla. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 79/1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, er ákvæði um að um ríkisvíxla skuli gilda almennar reglur laga um eiginvíxla.

Með þessari grein frumvarpsins er því lagt til að ef rafbréf sem gefið er út er skráð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins sem víxill gildi ákvæði laga nr. 93/1933 (víxillög), um eiginvíxla, um slík rafbréf eftir því sem við getur átt.

Um 36. gr.

Í þessari grein er tekið fram að hafi verðbréf verið tekin til skráningar í verðbréfamiðstöð gangi ákvæði þessara laga framar ákvæðum sérlaga um útgáfu og form slíkra verðbréfa. Hér er haft í huga til að mynda ákvæði í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, sbr. til dæmis 27. gr. laganna. Nauðsynlegt er að taka á því í frumvarpinu að slík ákvæði skuli víkja til hliðar ef þau fá ekki samrýmst þeim nýmælum sem hér er kveðið á um. Ráðuneytið mun síðar skoða hvort ekki þyki ástæða til að breyta ákvæðum sérlaga sem þessara þannig að þau taki fullt tillit til ákvæða þessa frumvarps.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að stefnt sé að því fyrir árslok 2000 að eignarskrá með rafrænum hætti réttindi yfir öllum þeim verðbréfum sem talin eru upp í ákvæðinu og eru þá í fullu gildi eða eru innan lokagjalddaga. Taldir eru upp mikilvægustu flokkar verðbréfa sem að jafnaði ganga kaupum og sölum á markaði hérlendis og eru í flestum ef ekki öllum tilvikum skráðir á Verðbréfaþingi Íslands. Auk þess er í 7. tölul. gert ráð fyrir að rafræn eignarskráning geti náð til annarra verðbréfa sem stjórn verðbréfamiðstöðvar samþykkir til eignarskráningar á grundvelli 13. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að útgefendur verðbréfa sem greind eru í ákvæði I til bráðabirgða sem ákveðið hafa að nota það hagræði sem felst í rafrænni eignarskráningu verðbréfa skuli innkalla öll verðbréf sem þar um ræðir. Í stað þeirra verðbréfa sem innkölluð verða skal útgefandinn fyrir milligöngu reikningsstofnunar eignarskrá með rafrænum hætti réttindi kröfuhafa með þeim réttaráhrifum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og jafnframt ógilda hið áþreifanlega verðbréf.

Þar sem hér er um að ræða mikilvæga og nýstárlega aðgerð er nauðsynlegt að veita ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um hvernig haga skuli slíkri innköllun og eftirfarandi eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði I til bráðabirgða. Ráðgerð reglugerð tæki í fyrsta sinn hérlendis á praktískum atriðum varðandi innköllun, tímamörk, fresti og þess háttar, svo og hvernig eignarskráning skuli fara fram í verðbréfamiðstöð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hrint verði í framkvæmd hugmynd sem lengi hefur verið unnið að. Ætlunin er að setja á stofn verðbréfamiðstöð sem skráir eigendur og viðskipti manna með hvers konar verðbréf. Hætt verði að gefa út verðbréf með tilheyrandi kostnaði og tölvutæknin verði í staðinn notuð til að skrá útgáfu, kaup, sölu og innlausn hvers konar verðbréfa. Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og er endurflutt nú með smávægilegum breytingum.

Ætlunin er að stofna félag um rafræna verðbréfamiðstöð með 65–100 m.kr. hlutafé og þar af hyggst ríkissjóður leggja fram 1/7 hluta. Rekstrarkostnaður verðbréfamiðstöðvarinnar er áætlaður um 40 m.kr. á ári og stofnkostnaður um 35 m.kr. Sú áætlun var unnin af Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar í febrúar 1995 og hefur verið færð til núgildandi verðlags.

Verði frumvarp þetta að lögum mun það hafa verulegan sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Kostnaður ríkissjóðs vegna umsýslu Seðlabankans með spariskírteini nam um 35 m.kr. á sl. ári. Auk þess nemur prentkostnaður spariskírteina um 20 m.kr. á ári og húsbréfa rúmlega 5 m.kr. til viðbótar. Auk þess má búast við talsverðu hagræði í rekstri Lánasýslu ríkisins, Seðlabanka, ríkisviðskiptabanka og Húsnæðisstofnunar ríkisins við að öll verðbréf verða rafræn og ekki lengur prentuð á pappír. Ekki er unnt að meta það hagræði til fjár. Á móti kemur

að ríkissjóður og aðrir opinberir aðilar munu verða að taka þátt í rekstrarkostnaði með notendagjöldum í samræmi við viðskipti sín.

Samkvæmt 25. gr. er lagt til að stofnað verði til úrskurðarnefndar er felli úrskurði í ágreiningsmálum er kunna að rísa í viðskiptum verðbréfamiðstöðvarinnar. Er hér um þriggja manna nefnd að ræða og á ríkissjóður samkvæmt frumvarpinu að greiða kostnað af henni. Með hliðsjón af hliðstæðum úrskurðarnefndum er talið að nefndarlaun fyrir slíka nefnd fari ekki yfir 0,5 m.kr. og annar kostnaður verði um 0,2 m.kr.

Í 30. gr. er sagt að samanlagður ábyrgðasjóður verðbréfamiðstöðvarinnar skuli vera 650 m.kr. hið lægsta, en sjóðnum er ætlað að mæta skaðabótakröfum sem gerðar eru til verðbréfamiðstöðvarinnar. Í greinargerð er skýrt frá að ekki sé búið að ganga frá hvernig sá sjóður verði saman settur né hverjir leggja fram fé í hann. Ein leið hljóti að vera að hluthafar leggja fram fé eða ábyrgðir í sjóðinn í samræmi við hlutafjáreign sína. Þar kann að koma til kasta ríkisábyrgðar þótt það sé enn óráðið.

150. Frumvarp til laga [150. mál]

um þjónustukaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingaframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir.

Með neytanda er átt við einstakling þegar um er að ræða kaup á þjónustu sem lög þessi taka til og ekki eru liður í atvinnurekstri einstaklingsins.

2. gr.

Lög þessi eiga ekki við um:

1. smíði á hlut þegar sá á að leggja til efnið sem hlutinn býr til og um er að ræða kaup í skilningi laga um lausafjárkaup,
2. samsetningar, smíði eða annars konar vinnu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í samningi hans og neytanda um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup,
3. úrbætur á göllum sem seljandi gerir eða lætur gera á grundvelli laga um lausafjárkaup,
4. vinnu við eða geymslu á lifandi dýrum.

3. gr.

Eigi má með samningi víkja frá ákvæðum laga þessara neytanda í óhag.

II. KAFLI
Samningur um kaup þjónustu o.fl.

Efni og vinna verks.

4. gr.

Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.

Seljandi þjónustu leggur fram nauðsynleg efni og aðföng nema um annað sé sérstaklega samið.

Öryggi.

5. gr.

Seljandi þjónustu skal gæta þess að hún sé í samræmi við almennar reglur, staðla, reglur sem stjórnvöld setja, stjórnvaldsákvarðanir og lög sem gilda um veitta þjónustu í þeim tilgangi að vernda öryggi neytanda.

Leiðbeiningarskylda seljanda.

6. gr.

Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.

Verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en vinna er hafin eða að verð þjónustunnar muni verða verulega hærra en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir skal seljandi tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um hvort frekari vinna skuli af hendi leyst. Hafi seljandi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, ekki óskað eftir fyrirmælum og ætla má að neytandi hefði hætt við samninginn að fengnum upplýsingum skulu greiðslur fyrir verkið miðast við að neytandi hefði dregið sig út úr samningnum á því stigi.

Hafi seljanda þjónustu ekki tekist að ná til neytanda eða hann hefur ekki fengið fyrirmæli frá neytanda innan sanngjarns frests er honum heimilt að hætta og leysa ekki frekari vinnu af hendi samkvæmt þjónustusamningnum. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sérstaka ástæðu til að ætla að neytandi vilji að lokið verði við verkið.

7. gr.

Seljandi getur þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.

Viðbótarverk.

8. gr.

Seljanda þjónustu ber að tilkynna neytanda ef í ljós kemur þegar verk er unnið að eðlilegt sé að vinna önnur verk samtímis vegna tengsla þeirra við aðalverk. Skal seljandi óska eftir fyrirmælum neytanda um viðbótarverk.

Náist ekki til neytanda eða seljandi þjónustu fær ekki fyrirmæli frá honum innan sanngjarns frests skal hann vinna viðbótarverkið ef:

1. viðbótarkostnaður vegna þess er óverulegur eða má teljast óverulegur miðað við verð þjónustu sem samið hefur verið um,
2. sérstakar ástæður mæla með því að neytandi vilji láta vinna viðbótarverkið í tengslum við kaup hans á þjónustunni,
3. ekki er unnt að fresta því vegna hættu sem af því getur stafað.

Hafi seljandi þjónustu unnið viðbótarverk í samræmi við ákvæði þessara laga ber honum greiðsla fyrir þau verk samkvæmt ákvæðum VII. kafla.

III. KAFLI
Galli á seldri þjónustu.

Galli.

9. gr.

Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,
2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,
3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,
4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,
5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að hann fer á ný að búa við áhættu og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,
6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.

10. gr.

Neytandi getur borið fyrir sig galla á veittri þjónustu í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1.–4. og 6. tölul. 9. gr. þótt seljandi þjónustu hafi tekið að sér að vinna verk með fyrirvara sem ekki telst sanngjarn.

Úrbótaskylda seljanda.

11. gr.

Ef seld þjónusta er gölluð getur neytandinn krafist þess að seljandi hennar bæti úr göllunum nema það valdi seljanda þjónustunnar óhæfilega miklum kostnaði eða verulegu óhagræði.

Hafi neytandi rétt til að krefjast úrbóta skv. 1. mgr. og seljandi þjónustu bætir ekki úr galla innan hæfilegs frests er neytanda heimilt að láta bæta úr gallanum á kostnað seljanda þjónustunnar enda sé unnt að bæta úr án óhóflegs kostnaðar og til frádráttar komi sú greiðsla sem neytanda ber að greiða hefði seljandi sjálfur bætt úr hinni seldu þjónustu, sbr. 12. gr.

Neytanda er heimilt að halda eftir greiðslu þar til úrbætur hafa farið fram. Teljist gallinn óverulegur getur neytandinn aðeins haldið eftir fjárhæð sem nemur því sem kostar að bæta úr gallanum.

12. gr.

Bæti seljandi úr galla á þjónustu sem hann hefur innt af hendi er eingöngu heimilt að krefja neytanda um greiðslu fyrir þjónustu sem honum hefði borið að greiða ef hún hefði í upphafi verið innt af hendi rétt og gallalaus.

Afsláttur.

13. gr.

Sé veitt þjónusta gölluð getur neytandinn krafist afsláttar frá verði þjónustunnar sem svarar til gallans.

Riftun.

14. gr.

Ef seld þjónusta er gölluð og vinnu sem hefur verið unnin er verulega áfátt miðað við tilgang verksins og þjónustu sem fyrirhugað var að kaupa getur neytandinn rift samningnum.

Ef hluta verksins er lokið og gera má ráð fyrir að því verði ekki lokið að fullu án þess að það verði verulega gallað er neytanda heimilt að rifta samningnum um kaup á þjónustunni að þeim hluta sem ólokið er. Séu skilyrði 1. mgr. jafnframt fyrir hendi getur neytandinn einnig rift kaupum á þjónustu sem veitt hefur verið.

Ákvæði 22. gr. eiga við um uppgjör milli aðila eftir því sem við getur átt.

Skaðabætur.

15. gr.

Verði neytandi fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu á hann rétt til skaðabóta nema seljandi þjónustunnar sýni fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans. Neytandi á einnig rétt til skaðabóta ef á hina seldu þjónustu skortir eitthvað sem telja má að áskilið sé.

Þessi grein á ekki við um bætur vegna líkams- og eignatjóns sem neytandi kann að verða fyrir.

Úrbótaréttur seljanda þjónustu.

16. gr.

Tilkynni neytandi um galla og bjóðist seljandi þjónustunnar til að bæta úr honum getur neytandi ekki krafist afsláttar frá verði né heldur rift samningi um kaup á þjónustunni enda sé bætt úr galla innan sanngjarns frests og án kostnaðar eða verulegs óhagræðis fyrir neytandann. Þetta gildir nema neytandi hafi sérstakar ástæður til þess að hafna að seljandi þjónustunnar taki að sér að bæta úr gallanum. Ákvæði 12. gr. eiga við eftir því sem við getur átt.

Tilkynningarskylda neytanda.

17. gr.

Vilji neytandi bera fyrir sig galla á keyptri þjónustu skal hann tilkynna seljanda það innan sanngjarns frests eftir að neytandinn vissi eða mátti hafa verið ljóst að hún væri gölluð. Hafi neytandi ekki gætt þess glatar hann rétti sínum til að bera fyrir sig gallann.

Ef neytandi kvartar ekki innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki, ef seljandi þjónustu hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Þessi grein á ekki við ef seljandi þjónustu hefur brotið gegn almennum viðskiptaháttum eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi.

18. gr.

Tilkynningu skv. 17. gr. er hægt að beina til fyrri söluaðila sem í tengslum við verk sem unnið er samkvæmt samningi hefur tekið að sér að bæta úr göllum sem kunna að verða á því.

IV. KAFLI
Áhætta af verki flyst frá seljanda til neytanda.

19. gr.

Seljandi þjónustu ber áhættu af tjóni, eða rýrnun, sem verður áður en hann skilar af sér verki nema hann sýni fram á að tjónið sé vegna atvika sem ekki eru á hans valdi. Heimilt er að semja um að seljandinn skili af sér verkinu í áföngum ef telja má að samningurinn sé sanngjarn með hliðsjón af framkvæmd og eðli verksins eða öðrum aðstæðum.

Þegar keypt þjónusta varðar hlut sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu telst seljandi hafa skilað af sér verkinu þegar sá hlutur er kominn aftur í vörslu neytanda. Í öðrum tilvikum telst seljandi hafa skilað af sér verki þegar telja má að allri vinnu sé lokið.

Þegar vinnu er að fullu lokið en verki hefur ekki verið skilað á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda verður áhættan þar með hans, sbr. þó 4. mgr.

Komi gallar í ljós við afhendingu verksins og neytandi krefst þess að bætt verði úr, sbr. ákvæði 11. gr., eða seljandi þjónustu býðst til að bæta úr á grundvelli 16. gr. verður áhættan neytandans eftir að úrbætur hafa farið fram og verki hefur verið skilað.

V. KAFLI
Dráttur á að ljúka þjónustu.

20. gr.

Seldri þjónustu skal vera lokið á þeim tíma sem samið hefur verið um. Bregðist það vegna atvika sem neytandi ber ekki áhættu af er um drátt á því að ræða.

Hafi seljandi þjónustu ekki tekið fram í samningi hvenær henni skuli vera lokið eða það hefur ekki á annan hátt verið ákveðið telst dráttur vera til staðar ef seljandi þjónustu skilar ekki af sér verki innan sanngjarns frests eftir að krafa um það kemur fram.

Að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt getur seljandi þjónustu áskilið sér frest til að inna hana af hendi vegna óviðráðanlegra atvika. Í því tilviki gilda ekki ákvæði 2. mgr. Seljandi þjónustu getur aðeins borið fyrir sig slík atvik ef hann hefur innan sanngjarns frests eftir að slík atvik komu upp tilkynnt neytanda um þau og hvaða áhrif þau hafi.

Riftun.

21. gr.

Verði dráttur á að þjónustu ljúki getur neytandi rift samningi ef:

1. drátturinn skiptir hann verulegu máli og seljanda þjónustu mátti vera það ljóst,
2. seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa hefur komið fram um afhendingu.

Sé verk hafið getur neytandi aðeins rift samningi fyrir þann hluta verksins sem ólokið er. Neytandi getur þó krafist riftunar á verkinu öllu hafi tilgangurinn með því minnkað verulega vegna þess dráttar sem orðið hefur.

22. gr.

Komi til riftunar samnings skulu aðilar skila því sem þeir hafa fengið afhent að svo miklu leyti sem það er unnt og gert verður án verulegs óhagræðis. Fyrir vinnu sem seljandi hefur leyst af hendi á hann rétt til greiðslu.

Komi til riftunar samnings að hluta getur seljandi þjónustu krafist greiðslu fyrir þann hluta verksins sem hefur verið unninn. Greiðsla getur þó aldrei orðið hærri en nemur heildarverði þjónustunnar samkvæmt samningi við neytanda að frádregnu almennu verði þeirrar þjónustu sem ólokið er.

Neytanda er heimilt að halda eftir því sem honum hefur verið skilað til að tryggja endurgreiðslu á því sem hann hefur greitt eða greiðslu á skaðabótum sem hann á rétt til.

Skaðabætur.

23. gr.

Neytandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna dráttar sem verður á að þjónustu ljúki, nema seljandi hennar sýni fram á að drátturinn sé ekki af hans völdum.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um tjón sem neytandi verður fyrir vegna þess að seljandi þjónustu virðir ekki tímamörk sem samið hefur verið um og valdið hafa neytanda verulegum óþægindum.

Seljandi þjónustu á kröfu með sama hætti og neytandi ef tímamörk sem samið hefur verið um eru ekki virt.

24. gr.

Vilji neytandi bera fyrir sig að dráttur hafi orðið á að seld þjónusta væri af hendi leyst skal hann tilkynna seljanda hennar um það innan sanngjarns frests. Hafi hann ekki gætt þess glatar hann rétti sínum til að rifta samningnum eða krefjast skaðabóta. Hið sama gildir ef neytandi vill bera fyrir sig ákvæði 2. mgr. 23. gr.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um rétt til riftunar á samningi þegar engin vinna hefur verið unnin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef seljandi þjónustunnar hefur brotið gegn góðum viðskiptaháttum eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi.

VI. KAFLI
Tjón á eignum neytanda.

25. gr.

Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.

26. gr.

Hafi hlutur sem vinna á við verið afhentur seljanda þjónustu ber hann áhættu af því ef hlutnum er stolið eða hann skemmist af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Þetta gildir þó ekki ef hlutur hefur ekki verið afhentur neytanda á réttum tíma vegna ástæðna sem varða hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda með sama hætti um efni sem nota á til að vinna verk sem neytandi hefur falið seljanda þjónustu.

27. gr.

Sé hlutur sem vinna á við mun meira virði en seljandi þjónustu má gera ráð fyrir ber neytanda að gera seljanda þjónustu grein fyrir því. Hið sama gildir ef við geymslu eða meðferð hlutarins ber að sýna sérstaka varkárni. Hafi neytandi vanrækt upplýsingaskyldu sína er heimilt að takmarka eða fella niður bótaskyldu seljanda þjónustu skv. 25. og 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. gilda með sama hætti um skyldu neytanda til að gefa upplýsingar um efni sem nota á til verksins og neytandinn hefur afhent seljanda þjónustunnar.

VII. KAFLI
Verðið.

28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.

29. gr.

Hafi seljandi þjónustu látið neytanda verðáætlun í té má verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun.

30. gr.

Þrátt fyrir að seljandi þjónustu hafi gert tilboð eða verðáætlun ber honum viðbótargreiðsla hafi verð hækkað vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir.

31. gr.

Hafi seljandi þjónustu áskilið sér fyrirvara um verð og í ljós kemur að það muni hækka verulega eða atvik verða sem nefnd hafa verið í 30. gr. skal seljandi tilkynna neytanda það án tafar og óska eftir fyrirmælum um verkið.

Fullnægi seljandi þjónustu ekki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. getur hann ekki gert kröfu um fullt verð eða krafist viðbótargreiðslu, sbr. þó ákvæði 7. gr.

32. gr.

Í tilgreindu verði skulu innifalin öll opinber gjöld nema neytandi hafi sannanlega haft vitneskju um að þau væru það ekki.

33. gr.

Seljanda þjónustu, sem að beiðni neytanda hefur tekið að sér undirbúningsvinnu í þeim tilgangi að skilgreina hve vinna væri mikil eða verð þjónustu sem inna skal af hendi, er heimilt að krefjast greiðslu fyrir hana.

34. gr.

Hafi ekki verið samið um verð getur neytandi krafist þess að seljandi geri honum sundurliðaðan reikning fyrir hinni seldu þjónustu, þannig að hann geti séð með hvaða hætti heildarverð þjónustunnar er reiknað út.

Neytanda ber ekki skylda til að greiða seljanda fyrir þjónustu fyrr en hann hefur fengið reikning sem er í samræmi við ákvæði 1. mgr. og gildandi opinber fyrirmæli um gerð reikninga.

VIII. KAFLI
Réttur neytanda til að afpanta verk.

35. gr.

Neytanda er heimilt að afpanta þjónustu sem hann hefur óskað eftir og óska eftir að frekari vinnu verði hætt þótt verk sé hafið.

36. gr.

Seljanda þjónustu er heimilt að krefjast greiðslu fyrir vinnu sem innt hefur verið af hendi þótt neytandi afpanti þjónustu, sbr. 35. gr., svo og fyrir þá vinnu sem nauðsynlegt er að ljúka þrátt fyrir afpöntun. Fjárhæð endurgjalds ber að ákveða með tilliti til heildarverðs fyrir þjónustuna og að öðru leyti með hliðsjón af 28. gr.

Auk endurgjalds samkvæmt 1. mgr. getur seljandi þjónustu krafist skaðabóta fyrir afleitt tjón enda sýni hann fram á það. Þetta á ekki við ef neytandi afpantar þjónustu vegna tilkynningar seljanda þjónustu á grundvelli 2. mgr. 6. gr., 3. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 31. gr.

Skyldur neytanda skv. 1. og 2. mgr. geta ekki orðið meiri en sem nemur heildarverði þess verks sem samið hefur verið um.

IX. KAFLI
Hlutir sem neytandi sækir ekki.

37. gr.

Hafi hlutur verið afhentur seljanda þjónustu og hann ekki verið sóttur á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda skal seljandi þjónustu annast hlutinn á kostnað neytanda.

Seljanda þjónustu ber að vara neytanda við því með sannanlegum hætti til hverra ráðstafana hann muni grípa. Sé söluandvirði hlutar hærra en krafa seljanda á hendur neytanda ber honum að endurgreiða neytanda án tafar þann mismun.

38. gr.

Hlut, sem afhentur er seljanda þjónustu og neytanda ber að sækja, er heimilt að selja á kostnað neytanda ef:

1. þrír mánuðir eða meira eru liðnir frá því að vinnu við hlutinn var lokið og unnt var að afhenda hann í samræmi við samning aðila enda hafi neytandi ekki á nokkurn hátt gert ráðstafanir til að sækja hann,
2. salan fer fram á tryggilegan hátt.

Ef ekki er unnt að selja hlut eða augljóst er að kostnaður vegna sölu er meiri en nemur söluverði hans er seljanda þjónustu heimilt að fleygja hlut enda sé fullnægt skilyrðum 1. tölul. 1. mgr.

39. gr.

Seljanda þjónustu er óheimilt að áskilja sér frekari rétt en kveðið er á um í þessum kafla.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.

Hafi tilkynning sem nefnd er í ákvæðum þessara laga verið afhent til flutnings með ritsíma, pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum sem gilt þykir að nota missir tilkynnandi engan rétt við það að tilkynningunni seinkar eða hún kemst ekki til skila.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi að liðnum sex mánuðum frá samþykkt Alþingis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur þörf á almennri lagasetningu sem tekur til seldrar þjónustu farið vaxandi. Þjóðfélagið tekur örum breytingum og verður flóknara og neytendur þurfa í síauknum mæli að treysta á þjónustu sem hinar ýmsu fagstéttir veita. Lög um þjónustukaup hafa verið sett annars staðar á Norðurlöndum að Danmörku undanskilinni. Finnsk lög um þjónustukaup ganga einna lengst í vernd til handa neytendum en sænsk og norsk lög nokkuð skemmra. Frumvarp þetta tekur mið af lagasetningu annars staðar á Norðurlöndum en danskt frumvarp sem samið var árið 1988 um þetta efni hefur enn fremur verið haft til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Ákvæði þessa frumvarps um neytendavernd þegar keypt er þjónusta er nýmæli í löggjöf hér á landi.

Velta þjónustugreina hefur aukist um 10–20% að raunvirði á tímabilinu 1990–1995. Þar af hefur velta í bifreiðaviðgerðum aukist um 15% og velta í skóviðgerðum um 9%. Velta í greinum eins og tölvuþjónustu hefur aukist mun meira.

Hlutur þjónustu af einkaneyslu landsmanna hefur jafnframt aukist, eða úr 35,4% af allri einkaneyslu á árinu 1990 og upp í 37,8% af einkaneyslu árið 1995. Enn fremur er þjónusta, sem veitt er í tengslum við fasteignir og sumarhús, stór útgjaldaliður enda hefur fasteignum fjölgað mjög á seinni árum og nauðsynlegt viðhald og endurbætur á þessum eignum þar af leiðandi stóraukist.

Nýjar þjónustugreinar hafa bæst við eins og geymsla á lausafjármunum þar sem engin eiginleg vinna er tengd hlutunum, t.d. búslóðageymsla, frystigeymslur o.fl. Af þessari ástæðu ná ákvæði frumvarpsins einnig til þjónustu sem felst í geymslu muna og er stunduð í atvinnuskyni gegn endurgjaldi.

Umsvif aukast sífellt á sviði seldrar þjónustu, svo og fjölbreytni hennar, og má nefna í því sambandi ráðgjafarþjónustu af ýmsu tagi. Um ýmsar þjónustugreinar gilda einnig oft á tíðum sérlög, sbr. t.d. lög nr. 34/1986, um fasteignasala, og lög nr. 117/1994, um ferðaskrifstofur. Aðalhvatinn að lagasetningu á sviði þjónustu hér á landi er hinn sami og í öðrum ríkjum sem sett hafa sérstök lög um þjónustukaup, þ.e. að leysa úr brýnni þörf á lagareglum til að greiða úr réttarágreiningi sem kann að rísa vegna kaupa á þjónustu. Að vísu geta skýr samningsákvæði seljanda og kaupanda þjónustu oft leyst úr vandamálum er upp kunna að koma en það er sjaldgæft að gert sé ítarlegt samkomulag um þau þjónustuverk sem á að vinna. Enn fremur er oft stuðst við ákvæði laga sem gilda um kaup á vöru þegar leysa á úr réttarágreiningi en takmarkaðar leiðbeiningar getur verið að finna í slíkum lagaákvæðum.

Að öllu framangreindu athuguðu þótti rétt að leggja fram frumvarp til laga um þjónustukaup. Í 1. gr. er kveðið á um gildissvið þessa frumvarps. Samkvæmt 1. gr. gilda ákvæði þess um hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í atvinnustarfsemi hans. Í 2. gr. er að finna ýmsar mikilvægar undantekningar frá gildissviði frumvarpsins en meginatriði þeirrar afmörkunar er að ef um viðskipti aðila fer eftir ákvæðum laga um lausafjárkaup gilda ekki ákvæði þessa frumvarps.

Í frumvarpinu er nokkrum sinnum vísað til laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Tilvísun til þeirra laga er einnig að finna í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins en þar hefur verið kosið að nota orðið kaupalög í stað hins formlega heitis laganna enda eru þau ekki síður þekkt undir því heiti.

Meginefni frumvarpsins skiptist í eftirtalda kafla:
I. kafli. Gildissvið.
II. kafli. Samningur um kaup á þjónustu o.fl.
III. kafli. Galli á seldri þjónustu.
IV. kafli. Áhætta af verki flyst frá seljanda til neytanda.
V. kafli. Dráttur á að ljúka þjónustu.
VI. kafli. Tjón á eignum neytanda.
VII. kafli. Verðið.
VIII. kafli. Réttur neytanda til að afpanta verk.
IX. kafli. Hlutir sem neytandi sækir ekki.
X. kafli. Ýmis ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpi þessu er ætlað að taka jafnt til vinnu við fasteignir og lausafjármuni, sbr. 1. og 2. tölul. greinarinnar. Ekki er unnt að telja upp á tæmandi hátt þær þjónustugreinar sem falla undir ákvæði frumvarpsins. Þau eru nýmæli hér á landi og tilgangur frumvarpsins er að auka vernd neytenda við kaup á þeirri þjónustu sem fellur undir gildissvið þess.

Um 1. mgr.

Í þessari málsgrein eru taldar upp þjónustugreinar sem frumvarpið tekur til. Hvers konar viðgerðarþjónusta á ýmsum lausafjármunum er dæmigerð þjónusta sem fellur undir 1. tölul., svo sem bifreiðaviðgerðir, skóviðgerðir, úraviðgerðir, viðgerðir á heimilistækjum o.s.frv. Í 2. tölul. er kveðið svo á að þjónusta sem felur í sér vinnu við fasteignir, byggingaframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á landi falli undir gildissvið frumvarpsins. Vart er unnt að telja upp með tæmandi hætti þau tilvik sem fallið geta undir þennan lið. Nefna má þó að hvers kyns þjónusta, sem veitt er í tengslum við fasteignir, svo sem vegna pípulagna, raflagna, málningarvinnu, þakvinnu og annarrar þjónustu, hvort heldur sem er innan eða utan húss, fellur undir gildissvið frumvarpsins. Hið sama gildir um vinnu við nýbyggingar. Enn fremur fellur þjónusta sem felur í sér vinnu í tengslum við byggingaframkvæmdir, undir ákvæði frumvarpsins, enda verði ekki talið að um samning aðila fari eftir ákvæðum kaupalaga en slík tilvik eru undanskilin gildissviði þessa frumvarps, sbr. ákvæði 2. gr. Yfirleitt mun aðilum vera ljóst hvort um er að ræða kaupsamning eða samning um að inna af hendi tiltekna þjónustu fyrir neytanda. Sem dæmi má nefna að eigandi sumarhúss kann að óska eftir því að járniðnaðarmaður smíði við sumarhús sitt grindverk úr járni milli steyptra stólpa sem þar eru. Efni og annað sem þarf til verksins er á staðnum. Hér væri um að ræða kaup á tiltekinni þjónustu og um vanefndir vegna galla færi eftir ákvæðum þessa frumvarps. Ef eigandi sumarhússins hefur hins vegar keypt tilbúið grindverk af járnsmiðju sem tekur að sér að flytja það á staðinn og setja upp mundi vera um að ræða kaup í skilningi kaupalaga og mundu þau lög gilda um efndir og vanefndir á samningi aðila.

Frumvarpinu er ætlað að taka til þjónustustarfsemi sem eingöngu felst í því að taka hluti til geymslu, sbr. 3. tölul. Á undanförnum árum hafa þróast ýmsar nýjar þjónustugreinar, t.d. búslóðageymsla, og þykir því rétt að taka sérstaklega fram að ákvæðum frumvarpsins er ætlað að ná til slíkra tilvika enda sé um að ræða starfsemi sem fram fer í atvinnuskyni og endurgjald kemur fyrir. Þjónusta, sem felur í sér geymslu á fatnaði, þ.e. fatageymsla, t.d. á hótelum og veitingastöðum, fellur hér undir enda komi endurgjald fyrir. Endurgjald getur verið hluti af

heildarverði ákveðinnar þjónustu, svo sem aðgangseyri að leikhúsi, matsölu- eða skemmtistað. Í vafatilvikum fer ábyrgð seljanda þjónustu eftir samningi hverju sinni.

Í 4. tölul. er tekið fram að frumvarpið nái til ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við sölu á þjónustu. Aðilum, sem gera úttektir og veita ráðgjöf um endurbætur á fasteignum, svo sem arkitektum og verkfræðingum, verður skylt að hlíta ákvæðum þessa frumvarps. Vernd af því tagi sem lögð er til í frumvarpinu er ekki síður nauðsynleg vegna starfsemi þessara aðila en ýmissa annarra sem það beinist að. Í samskiptum neytenda og ráðgjafa reynir á svipuð atriði og svipuð sjónarmið og frumvarpið snýst um, svo sem leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu, hvernig leitað skuli eftir heimild til viðbótarverkefna og hvenær seld þjónusta telst gölluð.

Um 2. mgr.

Í þessari málsgrein er hugtakið þjónusta skilgreint. Þjónusta telst vera heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir en hér getur verið um að ræða greiðslu fyrir vinnu sem innt er af hendi, svo og greiðslu fyrir varahluti og annan kostnað, svo sem akstur. Þannig liggur fyrir með skýrum hætti hvað átt er við þegar í frumvarpi þessu er vísað til þjónustu.

Um 3. mgr.

Megintilgangur frumvarpsins er að auka neytendavernd í viðskiptum við seljendur þjónustu. Hér gildir sú afmörkun að þegar rætt er um neytanda í frumvarpinu, er átt við að kaupandi þjónustu sé einstaklingur og viðskipti hans og seljanda þjónustu eru ekki talin vera liður í atvinnurekstri einstaklingsins. Framangreind skilgreining á neytanda er í samræmi við sambærilegar skilgreiningar sem stuðst er við í norrænni löggjöf, svo og tilskipunum Evrópusambandsins.

Um 2. gr.

Gildissvið frumvarpsins er hér afmarkað nánar. Ljóst er að ákvæði frumvarpsins eiga ekki við ef ákvæði kaupalaga gilda um viðskiptin. Tekið er mið af skilgreiningu kaupalaga í þessu sambandi. Stundum kann að vera mjótt á munum hvort um er að ræða verksamning eða kaupsamning. Þá kemur til athugunar sá samningur sem liggur til grundvallar viðskiptunum. Ef meginmarkmið samningsins lýtur að framsali eignarréttinda verður að líta svo á að um kaup sé að ræða í skilningi kaupalaga.

Um 1. tölul.

Um smíði á hlut þegar sá leggur til efnið sem hlutinn býr til fer eftir ákvæðum kaupalaga. Þá er ekki um að ræða að viðgerð eða endurgerð hlutar heldur er verið að kaupa nýjan hlut.

Um 2. tölul.

Í 2. tölul. kemur fram að ákvæði frumvarpsins taki ekki til vinnu sem er liður í samningi um kaup á lausafjármum. Þá hefur seljandi selt hlut og samkvæmt samningi hvílir á honum skylda að afhenda hlutinn tilbúinn og fullfrágenginn. Sé hið selda gallað fara úrræði kaupanda að öllu leyti eftir ákvæðum kaupalaga. Þetta gildir þótt gallann megi rekja að hluta eða öllu leyti til þess að það sem gert var við hlutinn teljist til þjónustu sem ákvæði frumvarpsins taka til.

Um 3. tölul.

Svipuð sjónarmið eru höfð í huga varðandi þennan tölulið og 2. tölul. og tekið er fram að vinna sem unnin er í tengslum við ákvæði kaupalaga um úrbætur falli utan ramma þessa frumvarps enda ber að líta á árangur þess verks með hliðsjón af kaupalögum.

Um 4. tölul.

Í 4. tölul. er tekið fram að ákvæði þessa frumvarps skuli ekki gilda um vinnu við eða geymslu á lifandi dýrum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er m.a. kveðið á um upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu í viðskiptum hans við neytanda. Seljanda þjónustu ber einnig að leita eftir fyrirmælum frá kaupanda þjónustunnar ef upp koma vafaatriði í tengslum við verk sem vinna skal.

Um 4. gr.

Um 1. mgr.

Verk skulu byggð á og unnin af fagþekkingu. Ekki er þó átt við að óheimilt sé að gera samning um að verk sé unnið þar sem gerðar eru minni gæða- og/eða verðkröfur. Samningur aðila gildir í öllum tilvikum og í reynd mun þetta ekki valda erfiðleikum í framkvæmd. Til dæmis má nefna að ef samkomulag er gert um að teppi sé ekki fest við gólf, heldur aðeins tilsniðið í herbergið, er slíkur samningur gildur og ekki um galla að ræða nema teppið sé ekki sniðið rétt. Segja má að ekki sé faglega rétt að vinna verkið með þeim hætti sem hér er getið en unnt er að vinna verk þar sem slegið er af kröfum ef um það hefur verið samið. Hvað sé fagþekking miðast því við aðstæður hverju sinni en hefur mikla almenna þýðingu við mat á því hvernig til hefur tekist við framkvæmd verks og hvort seld þjónusta er gölluð eða ekki. Kröfur, sem gerðar eru til fagþekkingar seljenda þjónustu, hafa einnig áhrif á mat á því hvort leiðbeiningarskyldu hafi verið sinnt með fullnægjandi hætti en þar er um að ræða aðra mikilvæga grundvallarreglu samkvæmt þessu frumvarpi, sbr. 6. gr.

Um 2. mgr.

Hér er kveðið á um að sú meginregla skuli gilda að seljandi þjónustu leggi til efni sem til þarf. Í því felst einnig að gerð er sú krafa að hann velji það á grundvelli faglegrar þekkingar sinnar og reynslu.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru gerðar ákveðnar kröfur til þeirrar þjónustu sem neytendum er seld og að hún uppfylli þau lágmarksskilyrði sem sett eru á hverjum tíma með tilliti til öryggis o.fl. Kveðið er á um að veitt þjónusta skuli ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem stjórnvöld setja og staðla. Hér eru einkum höfð í huga ýmis ákvæði sem sett eru af hinu opinbera. Telja má að mikilvægustu dæmi um framangreind lög og fyrirmæli séu t.d. byggingarreglugerð og ýmsar reglur er varða öryggi í sambandi við rafmagnsvörur og tengingu rafmagns. Í gildi eru einnig ýmsir íslenskir staðlar sem fara ber eftir. Þá er í greininni einnig nefnt að ekki skuli vinna verk í andstöðu við stjórnvaldsákvörðun sem tekin hefur verið t.d. í þeim tilgangi að vernda öryggi neytandans. Í þessu sambandi koma til athugunar nýleg lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, en samkvæmt þeim lögum er stjórnvöldum heimilt að leggja bann við notkun tiltekinnar vöru ef sannað þykir að hún sé ekki nægilega örugg. Slíkt bann gildir gagnvart þeim sem það beinist að, þ.e. framleiðanda og dreifingaraðilum, en getur eftir atvikum einnig náð til seljanda þjónustu. Þetta á við ef seljandi þjónustu notar vísvitandi hluti sem stjórnvöld hafa úrskurðað að standist ekki kröfur sem gerðar eru til vörunnar samkvæmt áðurnefndum lögum. Neytandi getur því borið fyrir sig að þjónustan sé gölluð ef svo er háttað sem hér segir. Til álita koma því venjuleg vanefndaúrræði neytandans, svo sem afsláttur frá uppsettu verði o.s.frv. Rétt er þó að benda á að þetta ákvæði útilokar ekki að tekin verði til athugunar sjónarmið sem varða eigin sök neytanda. Líta verður svo á að ákvæði 5. gr.

beri að skoða með hliðsjón af VI. kafla frumvarpsins, þannig að unnt væri að lækka bætur til neytanda eða fella þær alveg niður hafi hann með einhverjum hætti stuðlað að því að ekki var farið eftir ákvæðum þessarar greinar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lögð á seljanda þjónustu leiðbeiningarskylda gagnvart neytanda. Ákvæði þessarar greinar er rétt að skoða með tilliti til ákvæðisins í 4. gr. þar sem gerð er krafa um faglega þekkingu. Segja má að ákvæðið sé á vissan hátt nánari útfærsla á þeim meginsjónarmiðum sem koma fram í 4. gr. frumvarpsins. Markmiðið með ákvæðum 6. gr. er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld. Ákvæði þessarar greinar hafa einnig þýðingu þegar leysa þarf úr ágreiningi sem kann að rísa um kaup á þjónustu og uppgjör milli aðila í því sambandi.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. er kveðið á um leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu gagnvart neytanda. Neytandi er í lakari stöðu að dæma um hvort tiltekin þjónusta sem hann óskar eftir, t.d. viðgerð á hlut, sé hagkvæm eða ekki með tilliti til verðgildis hlutarins. Aðili sem atvinnu hefur af því að selja þjónustu sína á grundvelli fagþekkingar, er betur fær um að gera sér grein fyrir hvort það svari kostnaði að vinna verkið. Af reglunni leiðir einnig að seljandi þjónustu og kaupandi eiga að ræða sem nánast um verk sem vinna skal og komast að samkomulagi um hvað gera eigi í hverju einstöku tilviki. Æskilegt væri að í framkvæmd yrði meira stuðst við eyðublöð en nú þegar þjónusta er pöntuð til að auðveldara verði að sanna hvaða upplýsingar hafa verið veittar, svo og til að ljóst sé hvaða þjónustu neytandinn hefur óskað eftir. Venjulega mun leiðbeiningarskylda seljanda hafa í för með sér að hann ráðleggi kaupanda hvort vinna eigi verkið eða ekki. Rétt þykir þó að ákvörðun um það sé alfarið í höndum neytandans á grundvelli þeirra upplýsinga sem seljandi veitir honum. Gera verður ráð fyrir að neytandinn viti hvert er markaðsverð hlutar sem hann hefur komið með í viðgerð og geti metið af upplýsingum sem hann fær hvort gera eigi við hlutinn eða ekki. Í 1. mgr. segir einnig að miða skuli við að fyrirhuguð kaup á þjónustu séu ekki óhagkvæm fyrir neytandann. Hér er átt við að það eigi að vera fjárhagslega hagkvæmt fyrir neytanda að verkið sé unnið. Ákvæðið á því ekki við um verk sem með réttu verða ekki talin hafa fjárhagslegt gildi fyrir neytanda. Til dæmis ef óskað er eftir að málaðar séu skrautrendur á bifreið verður vart talið að þær hafi fjárhagslegt gildi. Hins vegar getur staðið þannig á að vafasamt sé að leggja í kostnað við málningu, t.d. ef bifreið er mjög ryðguð. Rétt væri að vekja athygli neytanda á því. Í 1. mgr. er auk atriða sem snerta hagkvæmni verksins nefnt að upplýsingar skuli veittar með hliðsjón af verðgildi hlutarins og kostnaði við verkið. Framangreind atriði styðja það að ætlast er til að fram fari hlutlægt mat, byggt á fagþekkingu seljanda þjónustunnar, á því hvort ráðlegt sé að framkvæma verkið á þann hátt sem neytandi hefur óskað eftir. Loks er nefnt að seljandi skuli veita upplýsingar með hliðsjón af öðrum atriðum en þeim sem hér hafa verið nefnd, eftir því sem við getur átt. Hér er haft í huga að af samskiptum sínum við neytanda verði seljanda þjónustunnar ljóst að neytandi telji að til þess að unnt sé að nota ákveðinn hlut þurfi að gera á honum tiltekna viðgerð eða vinna við hlutinn. Ef seljandi veit að óþarfi er að vinna það verk sem farið er fram á ber honum að upplýsa neytandann um það. Markmið 1. mgr. er að veita seljanda þjónustu aðhald varðandi upplýsingaskyldu. Greinin kemur hins vegar ekki í veg fyrir að seljandi þjónustu sinni verkefnum sem telja verður að séu ekki hagkvæm, t.d. af því að neytandi vill að verkið sé unnið óháð því mati, þar sem hluturinn, ef um hlut er að ræða, hefur mikið tilfinningagildi fyrir hann. Rétt er þó að vekja athygli á því að undir vissum kringum-

stæðum getur seljanda þjónustu verið rétt að neita að taka að sér verkefni, einkum ef hann telur hættu á því að neytandi muni síðar beita vanefndaúrræðum vegna galla á þjónustunni með tilvísun til 1. og 4. tölul. 9. gr. frumvarpsins.

Um 2. mgr.

Hér er kveðið svo á að verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en verk er hafið ber honum að tilkynna það og óska eftir fyrirmælum neytandans. Tilgangur þessa ákvæðis er hinn sami og í 1. mgr. Óski neytandi ekki eftir því að frekari vinna verði leyst af hendi fer um rétt hans til þess að afpanta þjónustuna í heild eða að hluta samkvæmt ákvæðum VIII. kafla frumvarpsins. Ákvæðið getur átt við þegar seljandi hefur gefið upp áætlað verð, sbr. VII. kafla frumvarpsins. Meginsjónarmið að baki þessu ákvæði er að verð þjónustunnar hefur mikla þýðingu fyrir neytandann. Hafi hann tekið ákvörðun sína um hvort vinna eigi verkið á grundvelli upplýsinga um verð og verði breytingar þar á getur hann þurft að endurskoða þá ákvörðun.

Enn fremur er hér kveðið á um að seljanda beri að tilkynna neytanda ef þjónustan verður mun dýrari en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir. Ekki þykir rétt að setja nákvæmari viðmiðun inn í lagatextann en hér er gert. Það verður að ráðast fyrst og fremst í framkvæmd hvað átt er við með orðunum „mun dýrari“. Um þetta atriði hljóta þó ávallt að gilda mismunandi venjur eftir því á hvaða þjónustusviði samningur er gerður. Æskilegt væri að fagsamtök í einstökum þjónustugreinum stuðluðu, t.d. í samvinnu við Neytendasamtökin, að gerð staðlaðra eyðublaða sem nota mætti þegar samið væri um kaup á þjónustu. Nánari leiðbeiningum um eðlilegar viðmiðanir væri unnt að koma á framfæri á slíkum eyðublöðum.

Hér er einnig kveðið á um afleiðingar þess að seljandi þjónustu vanrækir leiðbeiningarskyldu sína og veitir ófullnægjandi upplýsingar um hagkvæmni verksins og önnur atriði sem máli skipta. Meginreglan er að neytanda ber ekki að greiða hærri fjárhæð en nemur því er hann hefði þurft að greiða seljanda ef hann hefði hætt við verkið á grundvelli fullnægjandi upplýsinga af hans hálfu. Hér er kveðið svo á að neytandi eigi að vera eins settur og ef hann hefði ekki óskað eftir þjónustunni hefði seljandi hefði uppfyllt með fullnægjandi hætti leiðbeiningarskyldu sína skv. 6. gr. Hnígi sterk rök til þess að neytandi hefði ekki óskað eftir þjónustunni ef hann hefði fengið fullnægjandi upplýsingar er honum heimilt að neita að greiða seljanda þjónustu að fullu fyrir það verk sem unnið er. Í því tilviki að neytandi hefði afþakkað að frekari vinna yrði innt af hendi er honum aðeins skylt að greiða þann útlagða kostnað sem þykir sanngjarnt hverju sinni, sbr. nánar ákvæði 7. gr. frumvarpsins.

Um 3. mgr.

Í málsgreininni eru leiðbeiningar um hvað gera skuli þegar ekki tekst að ná í neytanda sem pantað hefur þjónustu. Neyðist seljandi þjónustu til þess að hætta við verk af þeim ástæðum sem hér er rætt um er hugsanlegt að í því séu fólgin aukaútgjöld fyrir hann og ber neytanda að bæta honum þann kostnað. Ákvæðið getur því haft áhrif við mat á kostnaði sem neytanda er skylt að greiða.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein ber seljanda greiðsla fyrir vinnu og útlagðan kostnað og tillit skal tekið til þess hvort notagildi, t.d. viðgerðs hlutar, hefur aukist.

Um 8. gr.

Algengt er að eftir að verk er hafið komi í ljós að eðlilegt sé að vinna meira en upphaflega var áætlað. Undir þessum kringumstæðum reynir enn á leiðbeiningarskyldu seljanda þjónust-

unnar, rétt hans og skyldu til að halda vinnunni áfram. Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins tekur á slíkum tilvikum og bætir úr brýnni þörf á leiðbeiningum hvernig með skuli fara.

Um 1. mgr.

Ákvæðið á einungis við ef upp kemur sú staða að seljanda verður ljóst að vinna þarf viðbótarverk sem ekki verður talið að hafi falist í upphaflegu samkomulagi við neytandann. Seljanda ber að gera neytanda grein fyrir þeirri viðbótarvinnu sem hann telur nauðsynlega og óska eftir fyrirmælum hans um verkið. Nánar fer um þetta eftir samningi aðila. Sem dæmi má nefna að samningur mæli fyrir um viðgerð á bifreið, þannig að hún „komist í gegnum skoðun". Þegar samningur er svo almennur kemur ákvæði þessarar greinar ekki til álita en hins vegar yrði að líta til 2. mgr. 6. gr. þegar svo háttar. Þegar rætt er um „viðbótarverk" er átt við verk sem ætla má að hefðu getað verið í upphaflegum samningi aðila en undir þetta hugtak falla ekki verk sem liggja utan starfssviðs seljanda þjónustunnar. Skylda seljanda til að upplýsa neytandann um viðbótarverk sem vinna þarf, en liggja utan hans starfssviðs, mótast af almennum reglum um óbeðinn erindisrekstur og þeim meginviðhorfum sem koma fram í 4. gr. Með ákvæðum 8. gr. er stefnt að því að aðalreglan sé að neytandinn taki sjálfur ákvörðun um hvort verk sé unnið eða ekki. Því er mikilvægt að seljandi þjónustu hafi fullt samráð um verkið og leiti fyrirmæla ef þörf krefur.

Um 2. mgr.

Frávik frá þeirri aðalreglu að kaupandi taki sjálfur ákvörðun um hvort verk sé framkvæmt eða ekki er að finna í 1.–3. tölul. 2. mgr. Þar kemur fram að fái seljandi þjónustu ekki fyrirmæli frá neytanda eða náist ekki til hans er seljanda þjónustu skylt undir sérstökum kringumstæðum að inna af hendi tiltekin verk. Hér er um að ræða verk sem hafa í för með sér óverulegan viðbótarkostnað eða um er að ræða viðbótarverk sem er óverulegt ef miðað er við verð þjónustunnar sem samið hefur verið um. Hið sama gildir ef augljóst er að það ylli beinlínis hættu ef viðbótarverk yrði ekki unnið, svo og þegar seljandi þjónustu getur ekki aflað fyrirmæla frá neytanda nægilega fljótt og þörf er skjótra aðgerða.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um réttarstöðu seljanda þjónustu og neytanda þegar seld þjónusta er gölluð. Til hliðsjónar eru höfð sambærileg ákvæði í dönsku frumvarpi sem samið hefur verið um þetta efni en þau ákvæði eru m.a. byggð á ófrávíkjanlegum reglum sem settar voru um neytendakaup í tengslum við breytingu á kaupalögum í Danmörku árið 1979.

Í 9.–10. gr. er hugtakið galli afmarkað. Í 11.–15. gr. er lýst vanefndaúrræðum neytanda vegna gallaðrar þjónustu. Í 16. gr. er kveðið á um úrbótarétt seljanda þjónustu þegar neytandi telur að seld þjónusta sé gölluð.

Loks er að finna í 17.–18. gr. ákvæði um tilkynningarskyldu neytanda þegar hann verður var við að seld þjónusta er gölluð og hann vill beita þeim úrræðum sem lögð eru til í frumvarpinu.

Um 9. gr.

Um 1. tölul. 1. mgr.

Hér er vísað til þess að ef árangur af unnu verki stenst ekki þær almennu kröfur sem gera má til útseldrar þjónustu sem veitt er í atvinnuskyni, sbr. 4. gr., eða hin selda þjónusta er ekki fullnægjandi, sbr. 5. gr., er þjónustan gölluð í skilningi þessa frumvarps.

Ákvæði þetta nær einungis til þess að verk skuli fullnægja ákveðnum opinberum skilyrðum svo að það geti talist lögmætt. Þessar kröfur eru settar til að vernda almannahagsmuni, t.d.

gæða-, öryggis- og umhverfishagsmuni. Einungis er um að ræða reglur sem settar eru í lögum, reglugerðum o.s.frv. Sem dæmi má nefna ákvæði í umferðarlögum um ökutæki og útbúnað þeirra eða ákvæði um rafmagnsvörur og prófun á þeim. Einnig nær þetta ákvæði frumvarpsins til reglna um hvaða efni heimilt er að nota við þjónustu.

Ef samið er um ákveðið verk og því lokið en samt næst ekki sá árangur að öðru leyti sem þörf var á er það á ábyrgð neytandans. Ef t.d. bifreiðaverkstæði tekur að sér að lagfæra bremsur í bíl er verkið gallað ef ekki er gert við þær þannig að þær standist reglur umferðarlaga. Ef stýrisbúnaður er einnig bilaður er það á ábyrgð neytandans.

Viðmiðunartíminn, þ.e. hvenær seljandi á að skila verkinu ógölluðu, er þegar áhættan af verkinu flyst frá seljandanum til neytandans.

Um 2. tölul. 1. mgr.

Ákvæðið nær til rangra eða villandi upplýsinga sem hafa áhrif á ákvörðun neytanda um kaup á þjónustunni. Upplýsingarnar geta varðað allt verkið eða hluta þess, t.d. efni sem nota skal eða þá aðferð sem beitt er. Þetta geta verið upplýsingar um verð eða endingu svo dæmi séu nefnd. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að vekja hjá neytanda vonir sem ekki eiga við rök að styðjast falla þær upplýsingar undir þetta ákvæði enda séu þær forsenda fyrir kaupum á þjónustunni.

Ekki eru sett nein skilyrði fyrir því hvernig þessum upplýsingum er komið á framfæri. Því geta þær verið bæði munnlegar og skriflegar. Jafnvel geta viðtöl í fjölmiðlum fallið undir þetta ákvæði. Ef um er að ræða upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar fagfólki en ekki almenningi getur neytandi ekki byggt rétt sinn á þeim.

Neytandinn getur byggt rétt sinn á upplýsingum frá aðilum á fyrri stigum máls, framleiðendum og dreifingaraðilum sem markaðssetja vöruna.

Ef neytandinn útvegar sér sjálfur upplýsingar frá þjónustuaðilum á fyrri stigum og þær reynast rangar ber seljandi ekki ábyrgð á þeim. Sama á við ef upplýsingarnar koma frá samkeppnisaðila seljanda eða samkeppnisaðila fyrri þjónustuaðila. Seljendur bera heldur ekki ábyrgð á upplýsingum frá yfirvöldum eða neytendasamtökum.

Neytandanum verður að hafa verið kunnugt um þessar upplýsingar í síðasta lagi þegar gengið var frá samningi við seljanda um þann hluta af samningnum sem upplýsingarnar tengjast.

Seljandi þjónustu getur firrt sig ábyrgð með því að skýra neytanda frá því áður en samningur er gerður að upplýsingar sem neytandi hefur séu rangar og vara hann við að taka mið af þeim.

Um 3. tölul. 1. mgr.

Ákvæðið fjallar um það þegar seljandi fullnægir ekki upplýsingaskyldu sinni. Sú skylda er lögð á seljanda að upplýsa um það sem hann veit eða má vita. Á seljanda hvílir sú skylda að fylgjast með nýjungum á sínu sviði.

Ekki er unnt að gera þá kröfu til seljandans að hann upplýsi neytandann um að unnt sé að kaupa þjónustuna á lægra verði hjá öðrum. Slíkt gæti ekki talist galli. Sama á við ef seljandi telur að upplýsingarnar skipti neytandann engu máli og byggir þá skoðun á atriðum sem liggja fyrir við samningsgerð. Ef neytandinn er fagmaður á viðkomandi samningssviði eða hefur fagmann sér til ráðgjafar við samningsgerðina má gera vægari kröfur til upplýsingaskyldu ef seljandi má gera ráð fyrir að viðkomandi fagmaður hafi leiðbeint neytanda um þau atriði.

Hafi seljandi ekki veitt neytanda upplýsingar í samræmi við 6. gr. frumvarpsins hefur hann einnig brotið gegn þessu ákvæði. Neytandinn getur því valið á milli þess hvort hann vill beita ákvæðum 6. gr. eða vanefndaúrræðum vegna galla. Hann getur ekki farið eftir úrræðum 6. gr.

um verðið og einnig krafist afsláttar, svo dæmi sé tekið. Ef seljandi er skaðabótaskyldur á neytandi alltaf rétt á að fá bættan þann kostnað sem hlýst af tjóninu, t.d. vegna matsgerða o.s.frv.

Um 4. tölul. 1. mgr.

Samkvæmt frumvarpinu er seld þjónusta gölluð ef hún felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni.

Þjónustan verður að fullnægja almennum öryggisskilyrðum. Ef neytandi hefur við samningsgerð gefið til kynna að þjónustan eigi einungis að tryggja ákveðinn árangur er ekki unnt að taka tillit til hættu í tengslum við annað. Sem dæmi má nefna að ef einhver er fenginn til að gera við bátsskrokk og að lokinni viðgerð kemur í ljós að báturinn er ekki vatnsheldur er ekki um galla að ræða ef neytandi hefur skýrt frá því að ekki eigi að nota bátinn til siglinga heldur eigi hann að standa á þurru landi.

Ef verkið hefur t.d. í för með sér hættu á ofnæmi eða heilsuspillandi áhrifum verður að meta það hverju sinni hvort um sé að ræða almenna hættu, þannig að verkið sé gallað. Ef svo er gæti 6. tölul. þessarar greinar átt við.

Ákvæði þetta á eingöngu við ef þjónustan sjálf hefur í för með sér hættu, ekki ef hluturinn sem unnið er við er hættulegur að öðru leyti.

Ákvæðið nær einnig til þeirra efna sem seljandi notar, jafnvel þótt neytandinn útvegi þau, en hér getur átt við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

Ákvæðið nær til líkamstjóns, þ.e. tjóns á líkama eða heilbrigði. Það getur verið varanlegt eða tímabundið. Tjónið getur varðað neytandann sjálfan og eignir hans eða þriðja mann og hans eignir. Hætta, sem stafar af verkinu á meðan unnið er að því, getur haft í för með sér riftun á grundvelli þessa ákvæðis.

Um 5. tölul. 1. mgr.

Þjónustan verður með tilliti til notagildis að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda enda uppfylli hún eðlilegar kröfur. Verð þjónustunnar getur skipt máli, svo og hvaða upplýsingar seljandi hefur gefið.

Þjónustan er gölluð þótt hún sé ekki minna virði en ella fjárhagslega ef hún hefur minna notagildi en um var samið, t.d. ef veggur er málaður í öðrum lit en óskað var eftir.

Ef árangur þjónustunnar verður ekki sá sem um var samið og það er ekki á ábyrgð neytanda er þjónustan gölluð, óháð því hvort um sök er að ræða hjá seljanda. Ábyrgðin er hlutlæg að þessu leyti en varðandi vanefndaúrræðin skiptir sök máli. Þegar samið er um ráðgjöf verður hún að vera í samræmi við það sem gera má almennt kröfu til hjá seljendum slíkrar þjónustu. Strangari kröfur eru gerðar við mat á galla ef seljandi er eða læst vera vera sérfræðingur á sínu sviði.

Ef minna verðgildi eða notagildi þjónustunnar en ella er tengt efnisgalla er þjónustan gölluð, jafnvel þótt seljandi hafi ekki tekið á sig neina ábyrgð á efninu, enda sé um að ræða vanrækslu af hans hálfu. Þegar þjónustan hefur minna notagildi en annars væri vegna einhvers sem neytandi ber ábyrgð á er verkið ekki gallað. Neytandinn ber sjálfur áhættuna af því að verkið sé minna virði eða hafi minna notagildi en ella ef efni sem neytandi útvegar er óhentugt eða leiðbeiningar, sem neytandi eða aðili á hans vegum veitir seljanda um hvernig á að vinna verkið, leiða til þeirrar niðurstöðu. Ef seljandi vissi eða mátti vita að niðurstaðan yrði þessi bar honum að leiðbeina neytanda um það, að öðrum kosti telst þjónustan gölluð. Sama gildir ef túlka má samninginn þannig að seljandi hafi lofað ákveðnum árangri af þjónustunni og sá árangur næst ekki.

Hugsanlega getur orðið að skipta sök ef gallanum valda ástæður sem tengjast bæði seljanda og neytanda.

Ef neytandi hefur sérstaka ráðgjafa, svo sem arkitekt eða verkfræðing, getur seljandi haft ástæðu til að treysta ráðum þeirra, t.d. varðandi mat á efni og hvernig vinna skuli verkið. Ef það er unnið í samræmi við ráðleggingar sérfræðinganna verður þjónusta seljanda að teljast gallalaus þótt hún sé minna virði en ráð var fyrir gert.

Meta skal hvernig þjónustan er þegar áhættan af verkinu flyst frá seljandanum til neytandans. Ef verkið hefur á þeim tíma ekki verið unnið eins og neytandi átti kröfu til er það gallað, jafnvel þótt gallinn komi í ljós síðar. Ef seljandi er í vafa um hvort þjónustan fullnægir settum skilyrðum verður hann að skýra neytanda frá því og gæti hann þannig firrt sig bótaábyrgð. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða öryggisatriði, sbr. 1. tölul.

Þegar notuð eru ný efni eða aðferðir ber seljandi ábyrgð á hvernig þau reynast nema efnin/aðferðirnar séu notuð samkvæmt fyrirmælum sérfræðinga á vegum neytanda eða eftir þeirra ráðgjöf. Ef langur tími líður áður en kemur í ljós að þessi nýju efni/aðferðir duga ekki er hvorki unnt að rifta samningi né krefjast skaðabóta. Unnt er að krefjast úrbóta í samræmi við skilyrði sem sett eru fyrir úrbótarétti seljanda.

Ef annað leiðir ekki af samningi aðila á neytandi aðeins kröfu til þess að þjónustan nýtast honum og dugi þann tíma sem venja er.

Meginreglan er sú að neytandi beri sönnunarbyrðina vilji hann sanna að ágallar séu á þjónustunni þegar hann fer að búa við áhættuna af seldri þjónustu á ný. Ef unnt er að sýna fram á að á henni hafi á þeim tíma verið ýmsir annmarkar ber seljandi ábyrgð á því nema hann geti sannað að sök neytanda sé ástæðan fyrir því að ekki náðist sá árangur með þjónustunni sem til var ætlast.

Ákvæði þetta er bundið því skilyrði að um vanrækslu sé að ræða hjá seljanda eða starfsmönnum hans.

Um 6. tölul. 1. mgr.

Þessi töluliður þarfnast ekki skýringar.

Um 2. mgr.

Ákvæði þetta nær til reglnanna í 1. og 4. tölul. 1. mgr.

Sem dæmi um notkun á þessu ákvæði má nefna að ef neytandi hefur gefið seljanda rangar upplýsingar og þær haft áhrif á mat seljanda á ólögmæti eða hættu samfara þjónustunni eða neytandi sjálfur hafi borið ábyrgð á því að þjónustan var andstæð lögum, hættuleg eða fól í sér hættu á líkams- eða eignatjóni.

Tilgangur ákvæðisins er aðallega að koma í veg fyrir að neytandi geti séð sér fjárhagslegan hag í framangreindu.

Ef seljandi vissi eða mátti vita um ólögmæti eða hættu sem stafað gat af þjónustunni getur hann ekki borið fyrir sig 2. mgr. nema hann hafi leiðbeint neytanda og skýrt honum frá þessu. Hafi ekki verið svo er um gallaða þjónustu að ræða, sbr. 3. tölul. 1. mgr. Ef seljandi gætir þessarar leiðbeiningarskyldu en neytandi kýs samt að láta verkið halda áfram getur seljandi borið fyrir sig ákvæði þessarar málsgreinar.

Annar megintilgangurinn með þessu ákvæði er að koma í veg fyrir að seljandi sé gerður ábyrgur fyrir galla sem neytandi ber áhættuna af. Sérstaklega á það við þegar ólögmæti eða hættur stafa t.d. af leyndum göllum í efni sem neytandi útvegar.

Ef opinberar reglur eru til um hvernig leysa skuli verk af hendi eða hvaða efni skuli nota og seljandi hefur fylgt þessum reglum á þessi grein við ef þjónustan, sem afleiðing af því að fylgja reglunum, felur í sér einhverjar hættur.

Um 10. gr.

Ef seljandi þjónustu hefur sett fyrirvara sem ekki telst sanngjarn getur neytandi borið fyrir sig galla á veittri þjónustu í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Hafi ekki verið sanngjörn ástæða fyrir fyrirvara seljanda í sambandi við verk hefur fyrirvarinn engin áhrif á rétt neytanda. Þetta á einnig við ef seljandi hefur þrátt fyrir fyrirvara reiknað sér sérstaklega hátt verð fyrir þjónustuna eða talið neytanda trú um að þjónusta sín hefði sérstaklega mikla kosti og hann gæti þannig sinnt henni eins og best yrði á kosið við hvaða aðstæður sem er. Taka þarf tillit til þess á hvaða forsendum þessi almenni fyrirvari er settur, t.d. þegar neytandinn vill að verkið sé unnið við erfiðar aðstæður eða á styttri tíma en venjulegt er eða þegar seljandi er ekki fagmaður. Einnig væri fyrirvari hugsanlegur ef neytandi vill láta vinna verkið á ódýran hátt, efnið sem á að nota samkvæmt ósk hans er ekki fullnægjandi eða neytandinn hefur aðeins óskað eftir að gert sé við það allra nauðsynlegasta.

Um 11. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar hvílir ákveðin úrbótaskylda á seljanda þjónustu. Ekki er þó unnt að krefjast úrbóta ef seljandi getur sýnt fram á að það muni valda honum óhæfilegum kostnaði eða verulegu óhagræði.

Yfirleitt má segja að það séu bæði hagsmunir seljanda og neytanda að bætt sé úr galla sem er á verki. Neytandi á þess þó kost að beita öðrum vanefndaúrræðum ef hann vill. Skv. 12. gr. frumvarpsins er sá réttur takmarkaður ef seljandi kýs að bæta úr galla.

Í 2. og 3. mgr. er getið um úrræði neytanda þegar svo háttar til að seljandi fullnægir ekki úrbótaskyldu sinni.

Um 1. mgr.

Að bæta úr galla felur í sér að veita gallalausa þjónustu.

Ekki er sett skilyrði um hvers eðlis gallinn þurfi að vera til þess að neytandi eigi rétt á úrbótum. Seljandi getur sjálfur ákveðið hvort hann bætir úr galla eða lætur annan bæta úr honum. Úrbætur eru á kostnað seljanda. Ef þær verða til þess að seljandi þarf að vinna verk sem ekki var samið um í upphafi getur hann krafist greiðslu fyrir það, svo framarlega sem neytandi þarf ekki að greiða meira en hann hefði þurft ef þjónustan hefði verið rétt af hendi leyst frá upphafi. Neytandi er skuldbundinn til að leggja sitt af mörkum svo að unnt sé að bæta úr gallanum. T.d. þarf hann að hleypa seljanda inn á heimili sitt ef það er nauðsynlegt. Ef um litla og létta hluti er að ræða þarf hann að koma þeim á starfsstofu seljanda til viðgerðar. Sérstök regla gildir um hvar áhættan liggur þegar gallinn kemur í ljós við afhendingu, sbr. 4. mgr. 19. gr. Verði skemmdir á verkinu þegar verið er að bæta úr galla verður að líta á þær skemmdir sem galla.

Úrbótaskyldan nær ekki til þess ef úrbætur eru óhæfilega kostnaðarsamar eða valda seljanda verulegu óhagræði. Ekki er unnt að gera kröfu um að úr öðru sé bætt þótt galli á þjónustunni hafi valdið tjóni en neytandi getur þó átt rétt á skaðabótum vegna þess.

Um 2. mgr.

Neytandi á rétt á að láta bæta úr galla á kostnað seljanda ef seljandi hefur ekki bætt úr honum innan hæfilegs frests.

Krafa um úrbætur skv. 1. mgr. getur verið munnleg eða skrifleg en hún verður að berast seljanda til að hafa réttaráhrif. Neytandi verður að sanna að hann hafi komið slíkri kröfu á framfæri.

Úrbæturnar verða að eiga sér stað innan hæfilegs frests að teknu tilliti til þess tíma sem tekur að lagfæra gallann. Meta verður hvert tilvik og taka sérstakt tillit til þess hver er þörf

neytandans fyrir úrbætur og hvaða möguleika seljandi hefur til að bæta úr. Ef úrbætur hafa tekist að mestu leyti er rétt að gefa seljanda kost á að bæta alveg úr gallanum.

Um 3. mgr.

Neytandi getur haldið eftir greiðslu samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Neytandi getur haldið eftir greiðslu meðan annar aðili en upphaflegur seljandi þjónustunnar bætir úr. Ef gallinn er verulegur má halda eftir allri greiðslunni. Ef gallinn er óverulegur má aðeins halda eftir því sem augljóslega kostar að bæta úr galla.

Forsenda þessa ákvæðis er að úrbótakrafa neytandans sé réttmæt. Ef seljandi er ekki úrbótaskyldur vegna þess að óhóflega kostnaðarsamt er að bæta úr gallanum eða það ylli honum verulegu óhagræði fellur niður réttur til að halda eftir greiðslu.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að seljandi sem bætir úr gallaðri þjónustu sem hann hefur veitt eigi einungis kröfu á neytanda um greiðslu fyrir þessar úrbætur að svo miklu leyti sem seljandi hefði átt kröfu á greiðslu ef þjónustan hefði verið leyst óaðfinnanlega af hendi í upphafi.

Neytandi skal, eftir að bætt hefur verið úr göllum, vera eins settur fjárhagslega og þjónustan hefði frá upphafi verið leyst óaðfinnanlega af hendi.

Neytandi og seljandi þjónustu geta gert með sér samkomulag um dýrari úrbætur en samið var um upphaflega og á þá seljandi kröfu á greiðslu sem því nemur.

Um 13. gr.

Sambærilegt ákvæði er í kaupalögum. Ekki er skilyrði að neytandi hafi skorað á seljanda að bæta úr galla áður en því er beitt. Ákvæðið á einkum við ef ekki er unnt að krefjast úrbóta. Seljandi getur með því að bjóðast til að bæta úr galla komist hjá afsláttarkröfu samkvæmt þessari grein.

Skilyrði fyrir afsláttarkröfu er að þjónustan sé minna virði en ella vegna gallans. Þá lækkar endurgjaldið hlutfallslega í samræmi við það.

Afsláttur getur aldrei orðið meiri en nemur þeirri fjárhæð sem greiða átti í upphafi. Miða skal afslátt við hvers virði þjónustan er neytandanum eftir að hún hefur verið innt af hendi.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um heimild neytanda til riftunar þegar þjónustan er ekki fullnægjandi en í 2. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar í ljós kemur meðan á verkinu stendur að ekki verður unnt að ljúka því án þess að gallar séu á. Í 3. mgr. er vísað til 22. gr. frumvarpsins um réttaráhrif þess að rift er kaupum á þjónustu í heild eða hluta.

Um 1. mgr.

Mat á því hvort þjónustu er verulega áfátt byggist á því hvers konar þjónusta var keypt og hverjir ágallarnir voru.

Þjónustunni telst verulega áfátt ef vinnan er svo illa af hendi leyst eða svo fjarri því sem um var samið að hún hefur litla sem enga þýðingu fyrir neytanda. Sem dæmi má nefna málningarvinnu sem er svo illa unnin að aftur þarf að mála.

Þjónustunni getur verið verulega áfátt án þess að um sé að kenna vanefndum seljanda. Sem dæmi má nefna að verk komi fyrir lítið vegna atvika sem neytandinn sjálfur ber ábyrgð á og verður að taka á sig áhættuna af. Ef svo er getur neytandi hvorki rift kaupum á þjónustu né beitt öðrum vanefndaúrræðum. Neytanda ber að sanna hvort verki er verulega áfátt vegna galla.

Hugsanlegt er að gallar séu á verki í skilningi þessa ákvæðis, til dæmis ef fenginn er málari til að mála tvær stofur í húsi neytandans og gallar eru á málningu annarrar en hinnar ekki. Um uppgjör vegna riftunar fer skv. 22. gr.

Um 2. mgr.

Neytandinn getur rift samningi sýni hann fram á að að verulegir gallar séu á þeim verkhluta sem þegar er lokið eða á pöntuðu eða afhentu efni til verksins og ef ætla má að á verkinu verði verulegir gallar þegar því lýkur. Ef seljandi getur sýnt fram á að þeir verði lagfærðir og verkinu skilað án verulegra galla á ákvæðið ekki við. Ef seljanda tekst þetta ekki getur neytandi án frekari fyrirvara rift kaupunum á þeim hluta sem ólokið er. Þetta á einnig við um efni sem ekki hefur enn verið notað þótt búið sé að afhenda það. Um uppgjör er vísað til 2. mgr. 22. gr. Ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi er einnig unnt að rifta verkinu í heild og fer um uppgjör skv. 1. mgr. 22. gr.

Um 3. mgr.

Þar sem réttaráhrif þess að rifta samningi vegna galla eru þau sömu og þegar honum er rift vegna afhendingardráttar er vísað til 22. gr. um uppgjör milli aðila. Ef samningi er rift í heild á 1. mgr. 22. gr. við. Ef verkinu er rift að hluta er vísað til 2. mgr. sömu greinar. Í 3. mgr. 22. gr. er neytanda tryggður réttur til að halda eftir greiðslu.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um tjón sem neytandi verður fyrir vegna gallaðrar þjónustu. Hafa verður í huga að neytandi verður að bera fyrir sig galla innan sanngjarns frests, sbr. ákvæði 17. gr. Þetta ákvæði á ekki við um líkams- eða eignatjón, sbr. 2. mgr. Bótagrundvöllurinn er sá sami og vegna afhendingardráttar, sbr. 23. gr.

Um 1. mgr.

Sönnun fyrir því að verk sé gallað hvílir á neytanda, sbr. 11. gr. Einnig hvílir sönnunarbyrðin á neytanda vilji hann sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna gallans. Ef neytanda tekst að sanna hvort tveggja hvílir sönnunarbyrðin á seljanda vilji hann sanna að gallinn tengist ekki vanrækslu hans.

Ef seljandi felur öðrum að vinna verk hvílir bótaskylda á seljanda nema hann geti sýnt fram á að óhætt verið að fela öðrum að vinna verkið og allt hafi verið gert til að vinna það á réttan hátt. Þetta á við hvort sem seljandi fól starfsmanni sínum eða öðrum að vinna verkið.

Ef gallar eru á verki vegna galla í efni sem notað var verður seljandi skaðabótaskyldur nema hann sýni fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að efnið var gallað.

Sé verk gallað skv. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. er seljandi skaðabótaskyldur nema hann geti sýnt fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að upplýsingar sem veittar voru hafi verið rangar eða villandi.

Þegar verk telst gallað með vísan til 3. eða 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. er seljandi skaðabótaskyldur enda um að ræða vanrækslu hans í báðum tilvikum.

Teljist verk gallað með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. er seljandi skaðabótaskyldur nema hann geti sýnt fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að verkið var í andstöðu við opinber fyrirmæli eða reglur. Ef neytandi hefur fengið seljanda til að víkja frá þessum fyrirmælum getur 2. mgr. 9. gr. átt við eða bætur verða lækkaðar eða felldar niður vegna eigin sakar neytanda.

Ef galli telst vera fyrir hendi með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. er seljandi skaðabótaskyldur nema hann geti sýnt fram á að hann hafi ekki vitað eða mátt vita að verkið gæti haft í för með sér hættu á líkams- eða eignatjóni. Ef seljandi sýnir fram á að hann hafi innt verkið

af hendi með þeim hætti sem talinn var eðlilegur á verktímanum er hann ekki skaðabótaskyldur, jafnvel þótt síðar sé leitt í ljós að vinnan hafi haft í för með sér hættu á líkams- eða eignatjóni.

Samkvæmt ákvæðinu á neytandi einnig rétt til bóta ef á hina seldu þjónustu skortir eitthvað sem telja má að sé áskilið. Þetta á við hvort sem seljandi vissi eða mátti vita að svo væri. Þetta er sambærilegt við ákvæði í kaupalögum. Það er áskilið sem seljandi hefur lofað eða ábyrgst að yrði til staðar. Sama á við ef seljandi hefur veitt upplýsingar um að eitthvað sem telja má áskilið yrði til staðar eða hann hefur með framkomu sinni að öðru leyti gefið neytanda ástæðu til að ætla að svo yrði.

Um 2. mgr.

Ákvæðið undanskilur tjón sem neytandi verður fyrir á líkama eða eignum. Ef neytandi bíður eignatjón í tengslum við verkið fer um það skv. VI. kafla.

Um 16. gr.

Í þessu ákvæði kemur fram réttur seljanda til að bæta úr göllum á hinni seldu þjónustu og koma þannig í veg fyrir að neytandi beiti vanefndaúrræðum. Þau vanefndaúrræði eru riftun og krafa um afslátt. Neytandi á þó kröfu á skaðabótum en úrbætur geta haft áhrif á hve háar þær verða.

Það skilyrði er sett að seljandi bjóðist til að bæta úr galla og geri það innan sanngjarns frests. Seljandi verður að bjóða úrbætur án óþarfa dráttar eða umleið og hann fær tilkynningu frá neytanda um galla. Ekki er alltaf unnt að krefjast þess af seljanda að hann taki afstöðu til þess án umhugsunar hvort og hvernig hann sé tilbúinn að bæta úr galla. Verður hann að fá tíma til að meta verkið og staðfesta að um galla sé að ræða og hvort og hvernig unnt sé að bæta úr honum.

Ef seljandi býðst til að bæta úr verður neytandi að sætta sig við það nema það valdi neytanda verulegu óhagræði og kostnaði eða hann hafi sérstakar ástæður til að neita seljanda þjónustunnar um að taka að sér að bæta úr gallanum.

Úrbætur verður að gera innan sanngjarns tíma. Sá tími hefst þegar neytandi hefur tilkynnt seljanda um gallann, sbr. einnig 17. og 18. gr.

Lengd frestsins byggist á því hver þörf neytanda er fyrir gallalausa þjónustu og aðstæðum að öðru leyti í hverju tilviki. Um þetta má vísa til athugasemda við 11. gr. Þar sem frumkvæði að úrbótum er hjá seljanda samkvæmt þessari grein er fresturinn styttri en skv. 11. gr.

Úrbætur mega ekki valda neytanda kostnaði eða verulegu óhagræði. Neytandi verður þó að leggja sitt af mörkum eins og við á skv. 11. gr. Seljandi á ekki úrbótarétt ef galli kemur fram við aðstæður sem krefjast þess að bætt sé úr þegar í stað og það mundi valda neytanda verulegu óhagræði að gefa seljanda færi á úrbótum. Sem dæmi má nefna að ef neytandi er á ferðalagi í bíl sem hefur verið í viðgerð en fram kemur að henni hefur verið ábótavant á hann rétt á að láta bæta úr gallanum án þess að tilkynna seljanda og veita honum rétt til að bæta úr.

Neytandi hefur heimild til að hafna úrbótum seljanda af sérstökum ástæðum. Neytandi getur synjað seljanda um að bæta úr ef seljandi hefur reynst ófær um að vinna verkið, ef verulegt ósamkomulag er milli aðila eða ef seljandi hefur ekki staðið við umsamin tímamörk. Gera verður þá kröfu til neytanda að hann geti sýnt fram á að seljandi gæti ekki hagsmuna hans eins og við á.

Um rétt neytanda til að halda eftir greiðslu vísast til 12. gr. frumvarpsins og athugasemda með henni.

Úrbætur hafa oft í för með sér vinnu sem ekki er hluti af þjónustunni sem samið var um. Þetta á t.d. við þegar seljandi á rétt á greiðslu skv. 30. gr. eða fær greitt samkvæmt reikningi og gallinn felst í því að minna var gert en þurfti og reikningur er miðaður við vinnuna sem unnin var. Tilvísun ákvæðisins í 12. gr. hefur þá þýðingu að neytandi þarf þó ekki að greiða meira en hann hefði þurft í upphafi ef verkið hefði verið unnið rétt. Um þetta er vísað til athugasemda með 12. gr.

Ef gallinn tengist skorti á leiðbeiningum af hálfu seljanda á hann ekki úrbótarétt.

Um 17. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldu neytanda til að tilkynna seljanda um galla ef hann ætlar að bera hann fyrir sig.

Um 1. mgr.

Frestur samkvæmt ákvæðinu reiknast frá þeim tíma þegar neytandi vissi eða mátti vita að verk væri gallað. Ekki er lögð nein skylda á neytanda til þess að athuga verkið sérstaklega.

Aðilum er heimilt að semja um að neytandi eða einhver á hans vegum athugi verkið sérstaklega þegar því er lokið. Slíkur samningur gæti haft áhrif á þau tímamörk sem ákvæðið fjallar um. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að unnt sé að tilkynna um galla eftir á enda sé það gert innan sanngjarns frests og slíkur samningur breytir ekki réttarstöðunni vegna leyndra galla sem ekki koma fram við athugun.

Lengd frestsins verður að byggja á aðstæðum hverju sinni.

Yfirleitt má þó ekki líða langur tími frá því að neytandi veit eða má vita um galla uns tilkynning er send seljanda. Neytandi verður að hafa tíma til að hugsa sig um og ráðfæra sig við aðra. Einnig getur þurft að taka til tillit til aðstæðna hans, t.d. fjarveru. Sérstakar ástæður geta valdið því að senda ber tilkynningu fyrr en ella, t.d. ef viðgerð fer fram á húsi og þar eru vinnupallar sem á að fara að taka niður en eru nauðsynlegir vegna viðgerðar. Frestur telst vera í fyrsta lagi frá þeim tíma þegar verki er skilað.

Tilkynning getur verið munnleg eða skrifleg. Ef tilkynning er send með pósti veldur það neytanda ekki tjóni þótt hún glatist eða henni seinki. Þetta er í samræmi við ákvæði kaupalaga. Sú byrði hvílir á neytandanum að sýna fram á að hann hafi sent slíka tilkynningu. Í henni þarf að koma fram að verk sé gallað og neytandi muni beita vanefndaúrræðum.

Ef tilkynning er ekki send innan sanngjarns tíma hefur það í för með sér að neytandi glatar rétti sínum til að beita vanefndaúrræðum. Þetta á þó ekki við ef seljandi hefur brotið gegn almennum viðurkenndum viðskiptaháttum eða sýnt af sér vítavert gáleysi. Krafa neytanda fellur niður í síðasta lagi þegar hinn almenni fyrningarfrestur fyrir kröfur af þessu tagi er liðinn.

Um 2. mgr.

Í gildandi lögum um lausafjárkaup er frestur til að bera fyrir sig galla eitt ár. Í drögum að nýju frumvarpi til laga um kaup er lagt til að þessi frestur verði tvö ár. Til að gæta samræmis við væntanlega nýja löggjöf um lausafjárkaup er lagt til að samsvarandi frestur í þjónustukaupum verði tvö ár.

Um 3. mgr.

Málsgreinin þarfnast ekki skýringa en benda má á samsvarandi ákvæði í kaupalögum.

Um 18. gr.

Unnt er að senda öðrum en seljanda tilkynningu skv. 17. gr. Um getur verið að ræða framleiðanda efnis eða innflytjanda eða einhvern annan aðila sem getur bætt úr göllum á verkinu.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er einungis ein grein og er þar fjallað um hvenær áhættan af unnu verki flyst frá seljanda til neytanda.

Um 19. gr.

Greinin kveður á um hver beri áhættuna ef tjón rýrir gildi þjónustu að einhverju eða öllu leyti. Hvíli áhættan á seljanda getur neytandi beitt vanefndaúrræðum nema seljandi bæti úr tjóni tímanlega og endurgjaldslaust. Hvíli áhættan á neytanda skal hann greiða þjónustuna að fullu.

Meginreglan í 1. mgr. er sú að áhættan af þjónustunni hvílir á seljanda þar til hann hefur skilað af sér verki og allri vinnu er lokið, sbr. 2. mgr. Skýran greinarmun ber að gera á því hvar áhættan liggur eftir því hvort hlutur er afhentur seljanda þjónustu, sbr. 2. mgr., eða ekki, sbr. 1. mgr. Dæmi um tilvik sem falla undir 1. mgr. er þegar gert er við ljósritunarvél á vinnustað neytanda. Hafi ljósritunarvél verið afhent seljanda þjónustu á 2. mgr. við.

Sérregla kemur fram í 3. mgr. þegar aðstæður er varða neytanda valda afhendingardrætti. Þá er fyrir hendi viðtökudráttur sem hefur áhrif á hvar áhættan liggur.

Í 4. mgr. eru ákvæði um galla við afhendingu og úrbætur á þeim. Áhættan færist yfir á neytanda eftir að úrbætur seljanda þjónustu hafa verið gerðar.

Um 1. mgr.

Hér kemur fram sú meginregla að áhætta af tjóni hvílir á seljanda þar til afhending hefur farið fram.

Sé um sök að ræða hjá seljanda þjónustu eða starfsmönnum hans er um að ræða vanefnd hvort sem tjónið verður fyrir eða eftir afhendingu. Ef neytandi eða einhver á hans vegum veldur tjóninu skal neytandi án tillits til þess hvenær tjónið varð greiða fullt endurgjald fyrir þjónustuna. Verði tjón, svo sem vegna eldsvoða eða þjófnaðar, ber seljandi þjónustu áhættu af því tjóni nema hann sanni að það verði rakið til atvika sem ekki eru á hans valdi.

Hafi seljandi þjónustu ekki getað séð að því fylgdi ákveðin áhætta að inna af hendi vinnu eins og óskað var eftir er áhættan neytandans nema um annað hafi verið samið. Seljandi þjónustu rækir að þessu leyti samningsskyldur sínar og á rétt á venjulegu endurgjaldi fyrir.

Hafi seljandi þjónustu mátt sjá að hætta væri á ófullnægjandi árangri er um vanefnd af hans hálfu að ræða. Engu breytir um skiptingu áhættu hvort vinna fer fram samkvæmt reikningi eða tilboði.

Heimilt er að leysa af hendi þjónustu í áföngum ef það telst sanngjarnt með hliðsjón af eðli og framkvæmd verksins. Forsenda þess er að unnt sé að skipta henni í þætti. Ef umsaminni þjónustu er lokið að einhverjum hluta og neytandi óskar eftir að nota sér það þegar í stað telst það sanngjarnt að seljandi skili þeim verkþætti af sér.

Um 2. mgr.

Hafi hlutur sem vinna á við verið afhentur seljanda þjónustu telst hann hafa skilað honum af sér þegar hluturinn er kominn aftur í vörslu neytanda. Eigi neytandi að sækja hlut telst hann afhentur þegar hann eða fulltrúi hans tekur við honum. Hafi verið samið um að seljandi þjónustu sendi hlut til neytanda hefur afhending farið fram þegar hluturinn er kominn í vörslu neytanda eða þeirra sem flytja eiga. Hafi neytandi óskað eftir að hlutur sé sendur öðrum en honum hefur afhending farið fram þegar hlutur er kominn í vörslu viðkomandi eða þeirra sem flytja eiga. Afhendi seljandi þjónustu hlut án samráðs við neytanda, t.d. nágranna, hefur afhending ekki farið fram nema sérstakar ástæður valdi því að seljandi þjónustu hafi mátt ætla að neytandi væri samþykkur þessu.

Hafi hvorki verið samið um verklok í áföngum né hlutur verið afhentur seljanda þjónustu hefur afhending farið fram þegar þjónustu er endanlega lokið, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar. Hafi seljandi þjónustu ekki látið neytanda vita um verklok og leiki á því vafi hvort tjón hafi orðið fyrir eða eftir verklok hvílir sönnunarbyrðin á seljanda þjónustunnar.

Hér er gerð krafa um að allri þjónustu sé lokið. Með því er átt við að seljandi þjónustu teljist hafa skilað af sér verki þegar hann hefur jafnframt lokið „hliðarskyldum“ sínum í sambandi við það, t.d. hreingerningu eða öðrum verkum sem venja hefur verið að innt séu af hendi fyrir verklok.

Hafi aðilar samið um þjónustuverklok á ákveðnum tíma er það í samræmi við almennar reglur kröfuréttar að seljandi þjónustu getur ekki firrt sig ábyrgð fyrir þann tíma. Sé þjónustu lokið fyrir umsaminn tíma þarf að bíða hans nema neytandi samþykki að seljandi skili af sér fyrr. Neytandi telst gera það taki hann t.d. hlut í notkun.

Um 3. mgr.

Málsgreinin fjallar um hvar áhættan liggur ef um viðtökudrátt neytanda er að ræða. Það er viðtökudráttur ef afhending getur ekki farið fram á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda. Ekki er um viðtökudrátt að ræða hafi umsaminn afhendingartími verið framlengdur.

Dæmi um aðstæður sem valdið geta viðtökudrætti er ef neytandi lætur hjá líða að útvega nauðsynleg efni til vinnu eða hann veitir seljanda þjónustu ekki nægilegar leiðbeiningar um hvernig vinna skuli verkið. Sama á við ef þjónustu er lokið í áföngum.

Hindri neytandi seljanda þjónustu í að inna af hendi eðlilegar hliðarskyldur við verklok flyst áhættan yfir á neytanda.

Þótt samið hafi verið um afhendingu á ákveðnum tíma þýðir það ekki að neytanda beri skylda til að sækja hlutinn á þeim tíma. Afhending innan hæfilegs eða sanngjarns frests yrði einnig talin vera á réttum tíma. Mat á því hvað teljist hæfilegur eða sanngjarn frestur fer eftir því hversu íþyngjandi það er fyrir seljanda þjónustu að geyma hlutinn. Neytanda ber t.d. skylda til að sækja bifreið sem fyrst eftir að honum hefur verið tilkynnt um verklok. Annað á við um t.d. skartgripi og þess háttar, þá þarf neytandi að sækja hlut innan hæfilegs tíma nema seljandi þjónustu hafi sérstaklega tekið annað fram.

Um 4. mgr.

Málsgreinin tekur til þess þegar við afhendingu koma í ljós gallar sem bæta skal úr. Þá flyst áhættan yfir á neytanda eftir að úrbætur hafa verið gerðar.

Hafi neytandi tekið við hlut en afhent hann aftur seljanda þjónustu til að fá bætt úr galla flyst áhættan yfir á neytanda þegar hluturinn er kominn í hans vörslu á ný, sbr. meginregluna í 2. mgr. Ef ekki er unnt að afhenda neytanda hlutinn eins og um var samið eftir að úrbótum er lokið vegna atvika er varða hann er um viðtökudrátt að ræða og á þá 3. mgr. við. Sé ekki um hlut að ræða flyst áhættan yfir á neytanda eftir að úrbótum er að fullu lokið, sbr. 2. mgr.

Um V. kafla.

Markmið þessa kafla er að tryggja neytanda sanngjörn réttarúrræði vegna afhendingardráttar. Í 20. gr. er skilgreint hvenær afhendingardráttur er fyrir hendi. Skilgreiningin er rakin til hins almenna hugtaks kröfuréttarins um afhendingardrátt. Í 21.–24. gr. eru reglur um riftunar- og skaðabótakröfu neytanda og einnig um tilkynningarskyldu hans.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er skýrt hvenær afhendingardráttur er fyrir hendi.

Um 1. mgr.

Hér er hugtakið afhendingardráttur skilgreint þegar samið er um afhendingartíma. Um afhendingardrátt er að ræða ef verki er ekki skilað á umsömdum tíma.

Ef í ljós kemur áður en skila á verki að það verði ekki gert á réttum tíma, þ.e. vanefnd er fyrirsjáanleg, getur neytandi borið fyrir sig afhendingardrátt. Sama á við ef seljandi þjónustu viðurkennir að hann geti ekki skilað af sér verki á réttum tíma.

Hafi afhending dregist vegna aðstæðna neytandans sem seljandi þjónustu gat ekki séð fyrir við samningsgerð verður neytandi í samræmi við almennar reglur kröfuréttar að bera áhættuna af því sjálfur.

Sem dæmi má nefna að neytandi ber áhættuna ef efni sem hann á að útvega seinkar eða seljandi þjónustu gat ekki framkvæmt verkið vegna tafa af völdum þriðja aðila.

Framangreindar ástæður valda því að samningsákvæði eða forsendur samningsins um afhendingartímann eru ekki lengur bindandi fyrir seljanda þjónustu.

Um 2. mgr.

Ef ekki hefur verið samið um afhendingartíma eða hann er ekki með öðrum hætti ákveðinn telst það afhendingardráttur ef verki er ekki skilað innan sanngjarns frests.

Við mat á sanngjörnum fresti skal miða við eðlilegan verktíma í þjónustugreininni. Þó skal taka tillit til þess ef óvenjulegar hindranir verða áður en eða á meðan verk er unnið. Meta þarf þó, eftir að hafa tekið tillit til framangreinds, hvenær ekki sé lengur sanngjarnt að meina neytanda að beita vanefndaúrræðum.

Gera má ríkari kröfur en ella ef seljandi þjónustu veit að á miklu veltur fyrir neytanda að verklok verði sem fyrst. Sama á við þótt seljandi þjónustu fái fyrst vitneskju um það eftir að verk er hafið enda hafi hann möguleika á að flýta verkinu án aukinna óþæginda eða kostnaðar.

Kröfu um afhendingu má bæði setja fram skriflega og munnlega. Þar sem sönnunarbyrðin fyrir því að krafa sé komin fram hvílir á neytanda er ráðlegt að gera það skriflega. Sé krafa skrifleg er hún gild eftir að hún berst seljanda þjónustu.

Ef afhendingartíminn er ekki ákveðinn getur neytandi hvenær sem er sett fram kröfu um afhendingu.

Hafi neytandi krafist afhendingar innan frests sem ekki telst sanngjarn getur hann ekki borið fyrir sig vanefndaúrræði enda þótt verkið sé ekki afhent innan þess frests. Krafa um afhendingu hefði samt í för með sér að seljandi þjónustu ætti að skila af sér verkinu innan sanngjarns tíma.

Um 3. mgr.

Ákvæðið lýtur að því hvort og hvenær seljandi þjónustu geti frestað afhendingu af óviðráðanlegum ástæðum.

Seljandi þjónustu getur krafist afhendingarfrests í nokkrum tilvikum, t.d. vegna eldsvoða, verkfalla, verkbanna eða náttúruhamfara.

Hafi seljandi þjónustu tilkynnt neytanda við samningsgerð að hætta væri á því að afhending drægist, eins og fram kemur í athugasemdum við 2. mgr., ber að veita seljanda þjónustu lengri frest en ella. Enda þótt seljandi þjónustu geti krafist afhendingarfrests samkvæmt ákvæðinu glatar hann þeim rétti ef hindrun verður og hann tilkynnir neytandanum það ekki innan sanngjarns frests frá því að það gerist og skýrir fyrir honum hvaða áhrif það hafi. Seljandi þjónustu skal bæði upplýsa hvers eðlis hindrunin sé og hvenær búast megi við að hann geti skilað af sér verkinu eða á hverju það velti hvenær það verður. Veita má þessar upplýsingar munnlega eða skriflega. Þar sem það hvílir á seljanda þjónustu að sanna að upplýsingum hafi verið komið á framfæri er ráðlegt að veita þær skriflega. Seljandi þjónustu ber ábyrgð á því að upplýsingar berist neytanda en fyrr hafa þær ekki áhrif.

Fyrir neytanda hefur lenging afhendingarfrests einkum þau áhrif að honum er meinað að beita riftunarúrræðum 21. og 22. gr. en hún hefur ekki áhrif á skaðabótakröfu hans þar sem ekki er um sök að ræða hjá seljanda þjónustu, sbr. athugasemdir við þessa grein. Sé verkinu lokið eru riftunarúrræði neytanda mjög takmörkuð, sbr. 2. mgr. 21. gr. Sé afhendingarfrestur lengdur getur neytandi afpantað þann hluta verks sem ólokið er skv. 36. gr. Neytandi getur því losað sig undan samningsskyldum sínum án þess að seljandi þjónustu krefjist skaðabóta vegna hagnaðarmissis fyrir verk það sem eftir var. Lenging afhendingarfrests hefur mikil áhrif á endurgjaldskröfu þess sem selur þjónustu vegna vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi þegar neytandi óskar ekki eftir að verki verði haldið áfram. Ef samþykkt er að fresta afhendingu fer um uppgjör skv. 1. mgr. 36. gr. Sé það ekki samþykkt og neytandi riftir samningnum um þann hluta verksins sem eftir er er endurgjaldskrafa þess sem þjónustuna selur háð þeim takmörkunum sem getið er í 2. málsl. 2. mgr. 22. gr.

Um 21. gr.

Ákvæðið varðar rétt neytanda til að rifta samningi í heild eða að hluta vegna þess að afhending dregst. Skilyrði riftunar koma fram í 1. mgr. Reglurnar eiga sér fyrirmynd í kaupalögum. Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt fer það eftir ákvæðum 2. mgr. hvort neytandi getur rift samningi í heild eða aðeins að hluta.

Um réttaráhrif af því að rifta samningi í heild eða að hluta vísast til 22. gr. og athugasemda við hana.

Um 1. mgr.

Neytandi getur beitt riftunarúrræðum ef seljanda þjónustu er ljóst að afhendingardráttur skiptir neytanda verulegu máli, sbr. 1. tölul. Í 2. tölul. kemur fram að neytandi eigi riftunarkröfu ef seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa um það hefur komið fram.

Séu skilyrðin í 1. mgr. fyrir hendi er heimilt að rifta samningi í heild. Sé verk hafið ræðst riftunarheimild neytanda af reglunni í 2. mgr.

Um 1. tölul.

Riftunarréttur neytanda eftir þessari reglu er háður því að hann geti fært sönnur á að afhendingardráttur hafi skipt hann verulegu máli og að seljanda þjónustu hefði mátt vera það ljóst.

Við mat á því hvað sé verulegt verður að miða við það hvað seljandi þjónustu mátti vita samkvæmt samningnum. Taka verður þó tillit til þess að seljandi þjónustu getur frestað afhendingu með því að setja fyrirvara um afhendingartíma. Um þetta vísast til athugasemda við 2. og 3. mgr. 20. gr.

Hafi riftun í för með sér tjón fyrir seljanda þjónustu er neytandi skyldugur að bíða lengur en ella áður en hann getur haldið fram kröfu sem byggð er á því að afhendingardrátturinn hafi veruleg áhrif, sbr. athugasemdir við 22. gr.

Um 2. tölul.

Neytandi á rétt til riftunar ef seljandi þjónustu skilar ekki af sér verki innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa um það hefur komið fram. Um form og efni kröfunnar vísast til athugasemda um 2. mgr. 20. gr.

Hvað telst umsaminn frestur og sanngjarn frestur fer eftir aðstæðum hverju sinni. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 20. gr. Einkum skal tekið tillit til þess hvers eðlis verkið er, hve neytanda er mikil þörf á að fá því lokið og hvaða möguleika seljandi þjónustu hefur til að skila því af sér.

Við mat á því hvað sé sanngjarn frestur þarf einnig að taka tillit til þess hvort riftun muni valda seljanda þjónustu verulegu tjóni.

Um 2. mgr.

Meginreglan er sú að neytandi getur, sé verk hafið, aðeins rift samningnum fyrir þann hluta verksins sem ekki hefur verið unninn. Vafi getur leikið á því hvenær verk telst hafið. Verk er alltaf hafið þegar seljandi þjónustu hefur gert eða látið gera eitthvað í tengslum við það. Ef seljandi þjónustu hefur t.d. útvegað efni til verksins er eðlilegt að kaupandi greiði andvirði þess ef rift er samningi en verði þá jafnframt eigandi þess. Önnur niðurstaða væri ósanngjörn gagnvart seljanda enda óvíst um skilarétt hans á efninu.

Um endurgjaldskröfu seljanda þjónustu fyrir þann hluta verks sem unninn hefur verið þegar samningi er rift að hluta vísast til athugasemda við 2. mgr. 22. gr.

Um 22. gr.

Ákvæðið fjallar um réttaráhrif þess ef neytandi riftir samningi í heild eða að hluta hvort sem það er gert vegna þess að afhending hefur dregist eða að hinni seldu þjónustu er verulega áfátt.

Í 1. mgr. er fjallað um uppgjör milli aðila þegar samningi þeirra er rift í heild án tillits til þess hvort öllu verkinu hefur verið lokið eða aðeins hluta þess. Sé samningi rift áður en seljandi þjónustu hefur innt af hendi verk sitt leiðir það af almennum reglum að neytandi er jafnframt leystur undan skyldu sinni samkvæmt samningnum og hann því í raun felldur úr gildi. Hafi annar eða báðir aðilar innt greiðslu af hendi er meginreglan sú að hvor aðili um sig á rétt til að endurheimta greiðslu sína.

Sé samningi einungis rift vegna vinnu sem eftir er að inna af hendi samkvæmt honum á seljandi þjónustu kröfu til greiðslu fyrir þann hluta verksins sem hefur verið unninn skv. 2. mgr.

Að lokum er neytanda í 3. mgr. tryggður sami réttur til að halda eftir greiðslu og kveðið er á um í kaupalögum.

Um 1. mgr.

Aðalreglan er sú að hafi aðilar innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi sem rift er í heild ber þeim að endurgreiða það sem greitt hefur verið að svo miklu leyti sem það er unnt og verður gert án verulegs óhagræðis.

Telja verður að ávallt sé unnt að endurgreiða ef einungis er um að ræða efni til verksins sem enn þá hefur ekki verið tekið í notkun.

Þegar unnt er að skila aftur greiðslu samkvæmt samningi ber að gera það. Ef efni sem aðilar hafa lagt til fylgir með við endurgreiðslu ber jafnframt að greiða andvirði þess. Seljandi þjónustu verður einnig að lagfæra eign neytanda þegar rift er samningi þeirra og svo stendur á að hlutur hefur verið tengdur við eign neytanda. Ef seljandi neitar að taka hlut til baka á neytandi rétt á bótum sem nema þeim kostnaði sem hann kann að hafa af því að koma eign sinni í fyrra horf eða það ástand sem hann var í áður en samningur var gerður.

Þegar samningi um þjónustu er rift hvílir sú skylda á aðilum að annast þá hluti sem þeir vilja skila aftur á sama hátt og þegar um viðskipti aðila fer eftir kaupalögum.

Aðilar eiga á hættu að glata rétti sínum samkvæmt þessu ákvæði ef þeir hafa ekki gætt hlutar nógu vel.

Um 2. mgr.

Sé samningi eingöngu rift fyrir þann hluta verks sem enn hefur ekki verið unninn getur seljandi þjónustu aðeins krafist greiðslu fyrir hann. Réttur seljanda nær þó ekki til greiðslu fyrir ónotuð efni.

Krafa seljanda um greiðslu byggist á því hvaða verð skyldi greitt fyrir þjónustuna samkvæmt samningi aðila. Hafi enginn samningur verið gerður eða ekki verður á annan hátt ráðið af atvikum hvernig reikna eigi út hluta verðsins ber að fara eftir ákvæðum VII. kafla frumvarpsins.

Kröfu seljanda um greiðslu ber þó að takmarka á þann hátt sem gert er í 2. málsl. en þar segir að greiðsla geti aldrei orðið hærri en sem nemur mismun á verði þjónustunnar í heild eins og um hefur verið samið og almennu verði þeirrar þjónustu sem eftir er að inna af hendi þegar riftunin á sér stað.

Annar málsliður gildir þrátt fyrir að verki hafi verið lokið samkvæmt samningi um að skila því af sér í áföngum, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 19. gr.

Um 3. mgr.

Þetta ákvæði hnykkir á ákvæði 1. mgr. en samkvæmt því er neytanda heimilt að halda eftir því sem hann hefur fengið afhent til að tryggja endurgreiðslu á því sem hann hefur áður afhent seljanda þjónustu.

Ef seljandi þjónustu á rétt á að fá hlut til baka getur neytandi sett það skilyrði fyrir afhendingu hans að seljandi þjónustu setji fram tryggingu fyrir hugsanlegum útgjöldum t.d. við að koma eign neytanda í fyrra horf.

Um 23. gr.

Ákvæðið skyldar seljanda þjónustu til að greiða skaðabætur þegar afhending hefur dregist og hann hefur ekki virt þau tímamörk sem samið hefur verið um, nema hann geti sýnt fram á að það sé ekki hans sök.

Sambærilegar reglur gilda um rétt seljanda þjónustu hafi neytandi ekki staðið við umsamin tímamörk. Ákvæði 23. gr. kemur ekki í veg fyrir að á aðilum geti hvílt víðtækari bótaábyrgð á öðrum grundvelli.

Um 1. mgr.

Ákvæðið tryggir neytanda skaðabætur vegna tjóns af því ef afhending dregst, nema seljandi þjónustu geti sýnt fram á að það sé ekki honum að kenna.

Það er neytandans að sanna að um afhendingardrátt sé að ræða og af því hafi leitt fjárhagstjón. Sýni neytandi fram á það hvílir á seljanda þjónustu að sanna að afhendingardrátturinn sé ekki honum að kenna.

Ef seljandi þjónustu hefði við samningsgerð átt að sjá að hann gæti ekki skilað af sér verkinu á réttum tíma er hann bótaskyldur.

Ef seljandi þjónustu er bótaskyldur vegna þess að afhending dregst getur neytandi krafist bóta vegna afleidds tjóns, þ.e. hann getur krafist skaðabóta sem gera hann eins settan fjárhagslega og hefði verkið verið afhent á réttum tíma. Þetta felur í sér að seljandi þjónustu verður sjálfur að bera ábyrgð á kostnaðarauka við verk vegna afhendingardráttar. Einnig getur neytandi krafist skaðabóta vegna nauðsynlegra útgjalda sem hann verður fyrir vegna þess að hann getur ekki notað þá eign sína sem falin hefur verið seljanda þjónustu í hendur.

Ef neytandi verður fyrir tjóni af því að hann hefur gert ráðstafanir samfara samningnum getur neytandi einnig krafist þess að þess háttar tjón skuli bætt enda séu orsakatengsl á milli afhendingardráttarins og tjónsins. Sem dæmi má nefna að neytandi hafi leigt íbúðina sína frá tilteknum degi í trausti þess að verki sem lofað var yrði lokið þann dag.

Neytanda ber að takmarka tjón sitt eins og mögulegt er enda getur hann ekki krafist skaðabóta fyrir ónauðsynleg útgjöld eða tjón sem komast mátti hjá.

Um 2. mgr.

Samkvæmt ákvæðinu á neytandi kröfu til skaðabóta fyrir tjón sem hann verður fyrir þegar seljandi þjónustu virðir ekki umsamin tímamörk nema seljandi þjónustu geti sýnt fram á að það sé ekki honum að kenna. Dæmi um þetta er ef seljandi kemur ekki til umsamins fundar þegar verk er hafið eða meðan á því stendur eða honum seinkar.

Ef seljandi þjónustu tilkynnir neytanda svo fljótt sem verða má að hann geti ekki staðið við samninginn getur hann dregið úr hugsanlegu tjóni.

Sé um tilviljanakenndan atburð að ræða, t.d. umferðaróhapp eða að verk vegna annarra viðskiptamanna dregst á óvæntan og óvenjulegan hátt, á seljandi þjónustu einnig að láta neytanda vita eins fljótt og unnt er að hann geti ekki staðið við umsamin tímamörk.

Sem dæmi um bótaskylt tjón má nefna tapaðar vinnutekjur vegna þess að neytandi hafi árangurslaust beðið eftir seljanda þjónustu eða nauðsynlegt hafi verið að semja um nýjan fundartíma.

Ákvæðið á eingöngu við þegar seljandi þjónustu hefur að engu tímamörk og það hefur valdið neytanda verulegum óþægindum.

Neytandi þarf að sýna fram á að þetta hafi valdið honum verulegum óþægindum. Kröfu um bætur má þó eftir atvikum fella niður ef seljandi þjónustu hafði vegna vísbendingar neytanda ástæðu til að ætla að vanefndir á tímamörkunum yllu honum ekki óþægindum.

Um 3. mgr.

Til að tryggja jafnræði aðila á seljandi samkvæmt þessari málsgrein með sama hætti kröfu á neytanda ef tímamörk sem samið hefur verið um eru ekki virt.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um skyldu neytanda til að tilkynna seljanda þjónustu ef hann vill bera fyrir sig að dráttur hafi orðið á afhendingu.

Um 1. mgr.

Vilji neytandi bera fyrir sig að afhending hafi dregist á hann að tilkynna seljanda þjónustu það innan sanngjarns frests. Upphaf frests miðast við umsaminn afhendingartíma eða hvenær telja verður að eðlilegur afhendingartími sé kominn.

Afhendingardrátt er unnt að tilkynna skriflega eða munnlega.

Koma þarf fram í tilkynningu neytanda að um sé að ræða afhendingardrátt og að hann muni bera hann fyrir sig. Ekki eru gerðar sérstakar formkröfur til tilkynningarinnar. Sönnunarbyrðin hvílir á neytanda ef sanna á að kvörtun hafi verið komið á framfæri.

Við ákvörðun um lengd frests skal meta aðstæður í hverju tilviki. Ætla verður neytanda hæfilegan tíma til að hugleiða stöðu sína og til að ráðfæra sig við aðra. Ákveðnar aðstæður geta þó orðið til þess að neytandi þarf að tilkynna um ætlun sína fyrr en ella.

Réttaráhrif þess að neytandi gerir það ekki á réttum tíma eru að hann glatar rétti sínum til að rifta samningi eða krefjast skaðabóta.

Hafi seljandi þjónustu ekki virt tímamörk 2. mgr. 23. gr. á neytandinn einnig að tilkynna ef hann ætlar að krefjast skaðabóta.

Um 2. mgr.

Hafi engin vinna verið innt af hendi á neytandi aftir atvikum rétt til riftunar. Möguleiki neytanda til að rifta samningi er ekki háður því að hann hafi látið vita um afhendingardráttinn innan sanngjarns frests.

Um 3. mgr.

Ákvæðið felur í sér að réttaráhrifin skv. 1. mgr. eiga ekki við ef seljandi þjónustu hefur brotið gegn góðum viðskiptaháttum eða sýnt af sér vítavert gáleysi.

Um VI. kafla.

Kaflinn fjallar um skyldu seljanda þjónustu til að bæta tjón á eignum neytanda sem verður við vinnu eða í tengslum við verk. Skv. 25. gr. er seljandi þjónustu skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur nema hann sýni fram á að það sé ekki vanrækslu hans að kenna. Í 26. gr. segir að hafi hlutur sem vinna á við eða efni sem nota á við vinnuna verið afhent seljanda þjónustunnar beri hann áhættuna af hvarfi hlutarins eða tjóni á honum. Sama á við um efni sem nota á í hann. Þetta á m.a. við um þjófnað, bruna, vatnstjón eða önnur tilviljunarkennd atvik að því tilskildu að ekki hafi verið um viðtökudrátt af hálfu neytanda að ræða.

27. gr. varðar skyldu neytanda til að upplýsa seljanda þjónustu um verðmæti eða sérstaka meðferð hlutarins ef hann má ætla að seljandi þjónustu viti ekki um það. Hafi neytandi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni takmarkast skaðabótaskylda seljanda þjónustu skv. 25. og 26. gr. eða fellur eftir atvikum niður.

Um 25. gr.

Verði tjón á eignum neytanda við vinnu eða í tengslum við þjónustu ber seljanda að bæta það tjón nema hann sýni fram á að það stafi ekki af vanrækslu hans. Hið sama gildir ef hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustunnar glatast eða skemmist.

Ákvæðið á við hvort sem tjónið er í tengslum við galla á þjónustu eða ekki.

Hafi þjónustu verið áfátt getur neytandi krafist þess að tjón hans sé bætt skv. III. kafla frumvarpsins.

Sé unnið við fasteign neytanda eða við hlut sem ekki hefur verið afhentur seljanda þjónustu á ákvæðið aðeins við ef tjón hefur orðið við þjónustu eða í tengslum við hana. Verði tjón eftir að þjónustu lýkur á ákvæðið ekki við.

Hafi hlutur í eigu neytanda verið afhentur seljanda þjónustu á ákvæðið við þar til hlutur hefur verið afhentur neytanda aftur. Ákvæðið á því við enda þótt um viðtökudrátt af hálfu neytanda sé að ræða, sbr. IX. kafla frumvarpsins.

Liggi fyrir að tjón hafi orðið við þjónustu eða í tengslum við hana og hlutur hefur verið afhentur seljanda þjónustunnar er hann skaðabótaskyldur nema hann sýni fram á að ekki sé um vanrækslu hans að ræða.

Hafi seljandi þjónustu vikið frá samningsskyldum sínum við meðferð á eigum neytanda eða notað hlut hans í óleyfi er seljandi þjónustu skaðabótaskyldur vegna alls tjóns, þar með talið tilviljunarkennds tjóns.

Á seljanda þjónustu getur því hvílt skaðabótaábyrgð á öðrum grundvelli.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að seljandi þjónustu ber áhættuna af tilviljunarkenndum atburðum eftir að hluturinn hefur verið afhentur seljanda. Sama á við um efni sem nota á til að vinna verk sem neytandi hefur falið seljanda þjónustu.

Um 1. mgr.

Hafi hlutur sem vinna á við verið afhentur seljanda þjónustu ber hann samkvæmt ákvæðinu áhættuna af því að hluturinn hverfi eða verði fyrir tjóni, svo sem vegna þjófnaðar, eldsvoða, vatnsskaða eða annars tilviljunarkennds atburðar.

Seljandi þjónustu getur tryggt sig gegn slíku tjóni.

Sendi seljandi þjónustu hlut sem honum hefur verið afhentur til annars seljanda þjónustu, t.d. framleiðanda eða viðgerðarmanns, ber viðtakandi áhættuna með sama hætti.

Um 2. mgr.

Hér er kveðið á um að 1. mgr. gildi einnig um efni sem nota á við vinnuna og neytandi hefur afhent seljanda þjónustu.

Um 27. gr.

Um 1. mgr.

Sé hlutur sem vinna á við meira virði en seljandi þjónustu mátti reikna með ber neytanda samkvæmt ákvæðinu að greina seljanda þjónustu frá því. Sama gildir ef þarf að meðhöndla eða geyma hlut á sérstakan hátt.

Upplýsingaskylda neytanda hvílir á honum sem almenn skylda. Vanræki hann að upplýsa seljanda þjónustu um slíkt getur það leitt til þess að dragi úr skaðabótaskyldu seljanda þjónustu skv. 25. og 26. gr. eða hún falli niður.

Neytandi má ætla að seljandi þjónustu sé sem fagmaður á sínu sviði fær um að meta hvers virði hlutur er og hvernig með hann skuli fara. Í ljósi þessa nær upplýsingaskyldan einungis til sérstakra aðstæðna sem tengjast hinum tiltekna hlut og neytandi getur ekki búist við að seljanda þjónustu sé kunnugt um.

Um 2. mgr.

Hér er kveðið á um að 1. mgr. eigi einnig við um skyldu neytanda til að veita upplýsingar um efni sem nota á við verkið og neytandinn hefur afhent seljanda þjónustunnar.

Um VII. kafla.

Þessi kafli fjallar einkum um það hvernig verð fyrir keypta þjónustu skuli ákveðið. 28. gr. felur í sér reglu um hvernig verð skuli ákveðið ef ekki hefur verið samið um það eða það verður ekki ráðið af atvikum að öðru leyti. Ef seljandi þjónustu hefur látið í té verðáætlun gildir reglan í 29. gr. þar sem segir að verðið megi ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun. Skv. 30. gr. ber seljanda þjónustu viðbótargreiðsla ef hækkun verður á seldri þjónustu vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir. Ef aðstæður leiða til hækkunar á verði þjónustunnar og seljandi hennar hefur haft fyrirvara um verðið skal tilkynna neytanda það án tafar, sbr. 31. gr. Í 32. og 34. gr. eru reglur um gerð reikninga fyrir selda þjónustu. Skv. 33. gr. er heimilt að krefjast greiðslu fyrir undirbúningsvinnu.

Um 28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð skal greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef seljandi þjónustu hefur vísað til verðs í verðlistum, auglýsingum eða bæklingum skal það lagt til grundvallar. Sé samið um verk miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað.

Verðið skal ákveðið með hliðsjón af því hve þjónustan er mikil og hvers eðlis hún er. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort efnisnotkun og tímafjöldi sé sanngjarnt skal miða við hvað yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Seljanda ber að taka tillit til hagsmuna neytanda. Ef hátt verð stafar af því að skipulagning verks er ekki forsvaranleg af hálfu seljanda þjónustunnar getur neytandi neitað að greiða

annað en sanngjarnt verð. Sama á við þegar seljandi þjónustu hefur notað kostnaðarsamara vinnufyrirkomulag en nauðsynlegt er eða notað er efni sem er óþarflega dýrt. Það getur einnig leitt af leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu að upplýsa neytanda um hversu mikla vinnu borgi sig að vinna. Ef þjónusta tekur lengri tíma en ella vegna aðstæðna sem varða neytanda getur seljandi farið fram á hærri greiðslu. Ef vinna er ekki leyst af hendi eins fljótt og unnt er eða tekur lengri tíma vegna aðstæðna er varða seljanda þjónustu þarf neytandi ekki að greiða hærra verð sem af því leiðir.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um það þegar verðáætlun stenst ekki. Ef seljandi þjónustu hefur gert neytanda tilboð eða krafist hæsta verðs er ekki um að ræða verðáætlun í skilningi þessarar greinar.

Hlutlægt mat ræður því hvort verðið telst hafa farið verulega fram úr áætlun. Við matið skal líta til þess hvaða upplýsingar seljandi hefur veitt neytanda um hvort verðáætlunin mundi standast, tegund þjónustunnar og venju í þjónustugreininni. Það hefur áhrif á matið hvort seljandi þjónustu hefur skýrt neytanda frá því að um hafi verið að ræða lauslegt mat.

Ef seljandi hefur látið í té verðáætlun sem er byggð á ákveðnum skilyrðum verður að leggja fyrirvara hans um þau til grundvallar. Sem dæmi má nefna af seljandi hefur gert fyrirvara um að unnt verði að útvega ákveðið efni, að ákveðið efni verði útvegað á sanngjörnu verði o.s.frv.

Um 30. gr.

Sérstakar aðstæður geta komið upp sem seljandi þjónustu gat ekki séð fyrir og getur hann þá borið fyrir sig að um brostnar forsendur sé að ræða fyrir þeim verðupplýsingum sem hann gaf. Í slíkum tilvikum ber seljanda þjónustu viðbótargreiðsla enda tilkynni hann neytanda án tafar um hækkun á verði þjónustunnar.

Við mat á því hvað seljandi þjónustu mátti sjá fyrir skal miða við hvers seljendur í viðkomandi þjónustugrein hefðu yfirleitt tekið tillit til áður en samningur var gerður.

Seljandi þjónustu getur ekki borið fyrir sig þetta ákvæði ef hækkun verður vegna atvika sem varða hann, svo sem vegna veikinda eða skorts á vinnuafli. Seljandi þjónustu hefur getað metið rangt hve vinna væri mikil eða hvaða efni ætti að nota. Hann getur þó því aðeins borið fyrir sig ákvæði þessarar greinar að hann hafi ekki getað áttað sig á aðstæðum þegar hann mat eðli og umfang verksins og ekki verið hægt að ætlast til þess, sbr. einnig ákvæði II. kafla frumvarpsins.

Ef hækkun stafar af vanefndum seljanda þjónustu getur hann ekki krafist viðbótargreiðslu.

Um 31. gr.

Greinin kveður á um tilkynningarskyldu seljanda þjónustu í þeim tilvikum sem nefnd eru. Berist neytanda engin tilkynning getur hann treyst þeim verðupplýsingum sem gefnar hafa verið.

Um 1. mgr.

Hafi seljandi haft fyrirvara, t.d. um almenna launahækkun eða önnur hliðstæð atriði, skal taka tillit til þess.

Seljanda þjónustu ber skylda til að tilkynna neytanda um hækkanir sem fara verulega fram úr áður upp gefnu verði. Þegar meta skal hvað sé verulegt í skilningi greinarinnar skal það gert á sama hátt og þegar metið er hvað sé verulegt skv. 29. gr. Ef gefið er upp hæsta verð er öll hækkun veruleg. Sama á við þegar seljandi hefur gert tilboð án nokkurs fyrirvara.

Seljandi þjónustu skal tilkynna neytanda um atvik sem leiða til hækkunar og óska fyrirmæla án tafar eftir að honum eru orðin þau ljós.

Um 2. mgr.

Í þessari málsgrein er sett fram sú regla að hafi seljandi þjónustu ekki farið eftir ákvæðum 1. mgr. getur hann ekki gert kröfu um fullt verð eða krafist viðbótargreiðslu. Hins vegar getur seljandi krafist greiðslu fyrir þann kostnað sem hann verður fyrir ef það er sanngjarnt með tilliti til þess hvaða gildi vinnan hefur fyrir neytandann og atvika að öðru leyti, sbr. 7. gr.

Eins og nefnt var í umfjöllun um 1. mgr. greinarinnar hefur ákvæðið þann tilgang að tryggja að neytandi geti treyst þeim verðupplýsingum sem hann fær.

Um 32. gr.

Í tilgreindu verði eiga að vera innifalin öll opinber gjöld. Markmiðið með þessari grein er að skylda seljendur þjónustu til að gera grein fyrir því ef virðisaukaskattur er ekki innifalinn í verði eða verðáætlun. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nægilegt að seljandi þjónustu vísi til þess að í þjónustugreininni gildi sérstök venja um hvenær virðisaukaskattur sé innifalinn í uppgefnu verði. Í slíkum tilvikum verður seljandi þjónustu að sýna fram á að neytanda hafi verið ljóst að verð eða verðáætlun hafi verið án opinberra gjalda, svo sem virðisaukaskatts.

Um 33. gr.

Ákvæðið á eingöngu við ef neytandi hefur beðið um undirbúningsvinnu í þeim tilgangi að geta gert sér grein fyrir hve mikið þurfi að gera og hvað það kosti áður en gerður er samningur um það.

Algengasta undirbúningsvinnan felst í skilgreiningu á því hve vinna er mikil og hvað þjónustan kostar og er það því sérstaklega tekið fram í ákvæðinu.

Um 34. gr.

Um 1. mgr.

Neytandi getur krafist þess að seljandi þjónustu geri honum sundurliðaðan reikning, þannig að hægt sé að sjá hvernig verðið er reiknað út. Ákvæðið á við þegar gefið hefur verið upp hæsta verð eða verðáætlun, sbr. athugasemdir við 28. gr.

Ef seljanda þjónustu er heimilt við tilboðsvinnu að krefjast viðbótargreiðslu, annaðhvort á grundvelli atvika sem nefnd voru í 30. gr. eða vegna þess að vinna sé meira verk en það sem mælt er fyrir um í tilboði, á ákvæðið einnig við um viðbótargreiðsluna nema aðilar samnings hafi einnig samið um það fyrir fram hve há hún skuli vera.

Neytandi getur krafist þess að reikningur sé sundurliðaður, annars vegar í laun fyrir vinnu og hins vegar í efnisnotkun. Ef annar seljandi þjónustu en sá sem tók að sér verkið hefur unnið það má ekki koma fram í reikningi að vinna hans hafi verið unnin af upphaflegum seljanda þjónustu. Þegar vinnulaun eru tilgreind skal taka fram hvenær verkið var unnið, hversu margir tímar voru unnir og hversu hátt tímakaup seljandi þjónustu hefur áskilið sér.

Þegar efnisnotkun er tilgreind verður að koma fram í reikningi hve mikið hefur verið notað af efni og hvað það kostaði. Ef um er að ræða greiðslu vegna sérstaks framlags, t.d. vegna flutnings á efni, verður það að koma fram í reikningi. Ef seljandi hefur tekið sérstakt gjald vegna aksturs verður hann að tilgreina hvort um sé að ræða fast gjald eða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra.

Um 2. mgr.

Neytandi getur haldið eftir greiðslu þar til seljandi hefur rækt þá skyldu sína að gera honum sundurliðaðan reikning. Sú skylda gæti bæði byggst á opinberum fyrirmælum og á því að neytandi hafi óskað eftir sundurliðun skv. 1. mgr., þannig að hann gæti séð hvernig verð þjónustunnar er reiknað út.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur um rétt neytanda til að afpanta verk. Samkvæmt 35. gr. getur neytandi ætíð afpantað verk með þeim réttaráhrifum að seljandi getur ekki krafist efnda eftir aðalefni samningsins. Afpöntun verks hefur þó áhrif á fjárhagslegt uppgjör á milli aðilanna, sbr. 36. gr.

Um 35. gr.

Neytandi þarf ekki að tilgreina ástæðuna fyrir afpöntun verks. Engar sérstakar formkröfur eru gerðar til afpöntunar og getur hún því hvort heldur sem er verið munnleg eða skrifleg. Sönnunarbyrðin hvílir á neytanda ef sanna á hvort tilkynnt hafi verið um afpöntun. Tilkynningin hefur réttaráhrif frá þeim tíma er hún kemur fram.

Ef tilkynning berst seljanda þjónustu áður en verk er hafið skal hann ekki hefja verkið. Sé verk hafið skal seljandi leggja það á hilluna en honum ber þó skylda til að inna af hendi þá vinnu sem nauðsynleg er án tillits til afpöntunar. Dæmi um slíkt er að taka niður verkpalla eða gera það sem gera þarf til að koma í veg fyrir að sú vinna sem unnin hefur verið geti valdið tjóni.

Þótt það sé ekki tekið fram í ákvæðinu sjálfu er gert ráð fyrir að neytandi geti afpantað verk að hluta.

Um 36. gr.

Samkvæmt greininni á seljandi þjónustu kröfu til greiðslu fyrir vinnu sem leyst hefur verið af hendi. Auk þess getur seljandi krafist skaðabóta fyrir tjón sem af því leiðir ef hann getur sýnt fram á það. Ef neytandi afpantar verk vegna atvika sem nefnd eru í 2. málsl. 2. mgr. á seljandi ekki rétt á skaðabótum. Í þeim tilvikum verður neytandi þó að greiða fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið og greiða seljanda jafnvirði þeirra útgjalda sem hann hefur orðið fyrir vegna vinnu sem ekki verður unnin.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. kemur fram hvað seljandi getur krafið neytanda um þegar afpantað er. Markmiðið með ákvæðinu er að gera seljanda fjárhagslega eins settan og hafi samningur ekki verið gerður.

Seljandi getur krafist greiðslu fyrir vinnu sem unnin hefur verið eða nauðsynlegt er að vinna án tillits til afpöntunar neytanda. Undir vinnu sem hefur verið unnin falla ráðstafanir sem hún byggist á, t.d. undirbúningsrannsóknir, uppsetning verkpalla o.s.frv. Greiðsla skal ákveðin á grundvelli þess verðs sem þjónustan í heild sinni átti að kosta og að öðru leyti á grundvelli 28. gr. Ef samið hefur verið um ákveðið tíma verð eða verð á ákveðna einingu verð ur yfirleitt að taka mið af því. Ef aðilar hafa samið um ákveðið verð fyrir verkið í heild skal ákveða verð fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið með tilliti til hins upprunalega umsamda verðs og athuga sérstaklega hvort verðið fyrir það sem gert hefur verið sé í samræmi við 28. gr.

Seljandi getur auk þess krafist endurgreiðslu kostnaðar vegna þeirrar þjónustu sem afpöntuð er. Undir þetta fellur kostnaður vegna greiðslu launa og efnis sem ekki nýtist. Skilyrði er að það sé afpöntun þjónustu sem veldur því að greiða þarf þennan kostnað. Aðeins er hægt að krefjast endurgreiðslu hans ef hann hefur valdið seljanda þjónustu tjóni sem hann gat ekki komið í veg fyrir. Seljandi þjónustu getur ekki gert kröfu um að fá bættan kostnað sinn þó að keypt hafi verið efni vegna tiltekins verks ef hægt er að nota það við annað verk.

Ef seljandi þjónustu hefur óskað eftir vinnu undirverktaka eða fengið sérstaka hjálp vegna þess sem gera átti áður en þjónusta er afpöntuð verður seljandi þjónustu að reyna að draga úr tjóni sínu eins og unnt er, t.d. að ógilda pöntun sína hjá viðkomandi undirverktaka og segja upp því viðbótarstarfsfólki sem hann hefur ráðið eins fljótt og hann getur. Ef seljandi verður samt sem áður fyrir tjóni, t.d. vegna þess að hann verður að greiða undirverktaka bætur eða viðbótarstarfsfólki laun áður en unnt er að segja því upp með löglegum hætti verður neytandi að greiða honum það tjón en til frádráttar kemur sparnaður og ávinningur sem af þessu hlýst, t.d. ef seljandi getur nýtt viðbótarstarfsfólk í öðrum tilgangi.

Um 2. mgr.

Seljandi getur einnig krafist skaðabóta vegna afleidds tjóns. Með afleiddu tjóni er m.a. átt við tjón verktaka vegna þess að hann hafnar öðru verki eða missir af því þar sem hann hefur treyst á það verk sem er afpantað. Seljandi verður að sýna fram á að þetta hafi valdið honum tjóni. Annað afleitt tjón sem afpöntun veldur og er sennileg afleiðing hennar skal bætt samkvæmt þessu ákvæði. Seljandi verður þó að gera allar ráðstafanir til að draga úr tjóni sínu.

Seljandi getur ekki krafist skaðabóta vegna afleidds tjóns ef neytandi afpantar þjónustu vegna atriða sem talin eru upp í 2. mgr. Þau lagaákvæði sem þar eru nefnd tengjast öll tilkynningarskyldu seljanda.

Þannig ber seljanda að sinna leiðbeiningarskyldu sinni eftir að vinna er hafin ef í ljós kemur að þjónusta reynist óhagkvæm, sbr. 2. mgr. 6. gr. Seljandi getur undir sérstökum kringumstæðum áskilið sér frest á afhendingu en verður þá jafnframt að tilkynna neytanda það innan sanngjarns frests, sbr. 3. mgr. 20. gr. Seljandi verður einnig að tilkynna neytanda ef verð á þjónustu hækkar verulega, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 31. gr.

Ef ógildingarástæður samkvæmt almennum reglum samningaréttar valda afpöntun neytanda getur hann ætíð borið fyrir sig slíkar reglur.

Um 3. mgr.

Þetta ákvæði kemur í veg fyrir að skyldur neytanda skv. 1. og 2. mgr. verði meiri en nemur því verði sem samið hefur verið um.

Um IX. kafla.

Ef hlutur, sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu, er ekki sóttur á réttum tíma vegna aðstæðna er varða neytanda verður að taka tillit til þeirra hagsmuna seljanda að fá greiðslu fyrir verkið og losa sig við hlutinn og að hluta til eignarréttarhagsmuna neytanda. Markmið þessa kafla er að gæta jafnvægis milli þessara tveggja meginsjónarmiða.

Um 37. gr.

Um 1. mgr.

Ákvæði þetta fjallar um hina almennu umönnunarskyldu seljanda þjónustu og er sambærilegt við ákvæði í kaupalögum.

Sé hlutur ekki sóttur vegna aðstæðna er varða neytanda skal seljandi annast hlutinn. Ef seljandi hefur orðið fyrir kostnaði vegna flutnings hlutar, geymslu hans eða annars sambæri-

legs, eftir að viðtökudráttur átti sér stað, getur hann krafist þess að sá kostnaður sé endurgreiddur af neytanda. Seljandi þjónustu verður þó að sanna að viðtökudráttur neytanda hafi bakað seljanda kostnað, t.d. vegna leigu á geymslustað.

Um 2. mgr.

Áður en hlutur er seldur eða honum fleygt skal vara neytanda við þeim ráðstöfunum sem til verður gripið. Það skal gert með sannanlegum hætti og verður því seljandi þjónustunnar að gera slíkt skriflega. Seljandi uppfyllir þetta skilyrði með því að afhenda neytanda móttökukvittun við afhendingu hlutar þar sem fram kemur að hlutur verði seldur eða honum fleygt ef hann verður ekki sóttur að þremur mánuðum liðnum, sbr. 38. gr. Jafnframt er neytanda gerð grein fyrir því að hlutur geti selst á kostnaðarverði. Æskilegt er að láta neytanda undirrita móttökukvittun.

Kostnaður vegna sölu er á reikning neytanda en á seljanda hvílir sú skylda að koma í veg fyrir að á neytanda falli ónauðsynlegur kostnaður.

Ef söluandvirði hlutar er hærra en krafa seljanda á hendur neytanda, þ.e. fyrir þóknun og kostnaði vegna geymslu og sölu, ber seljanda að endurgreiða neytanda mismuninn án tafar.

Um 38. gr.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. eru talin upp þau skilyrði sem uppfylla þarf áður en hlutur er seldur.

Um 1. tölul.

Þrír mánuðir verða að vera liðnir frá því að vinnu við hlutinn lauk. Ef seljandi þjónustu hefur samþykkt að tilkynna neytanda þegar hlutur er tilbúinn til afhendingar hefst fresturinn ekki fyrr en hann hefur sinnt þeirri skyldu. Seljandi þjónustu getur neitað að afhenda hlut ef neytandi neitar að greiða eða setja tryggingu fyrir kröfu seljanda vegna vinnu eða geymslu.

Um 2. tölul.

Ef seljandi þjónustu selur hlut verður hann að gera það á tryggilegan hátt, t.d. á opinberu uppboði.

Ef seljandi þjónustu selur hlut án þess að gæta ákvæða 1. og 2. tölul. er hann skaðabótaskyldur gagnvart neytanda. Tjón neytanda skal bætt samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar sem svarar þeirri upphæð sem kostar að útvega annan hlut sambærilegan þeim sem seldur var, að frádreginni verðmætarýrnun, svo sem vegna aldurs, notkunar og minni nytsemi hlutarins en áður.

Um 2. mgr.

Hér er fjallað um það þegar ekki er unnt að selja hlut eða augljóst er að kostnaður af sölu er meiri en sem nemur söluandvirði hans. Þegar svo stendur á er seljanda þjónustu heimilt að fleygja hlut enda uppfylli hann skilyrði 1. tölul. 1. mgr. Ekki er unnt að selja hlut ef það er óheimilt lögum samkvæmt. Beiting þessa ákvæðis er háð því skilyrði að seljandi þjónustu geti sannað að þrátt fyrir tilraunir hafi verið ómögulegt að selja hlutinn eða fá fyrir hann verð sem dygði fyrir kostnaði.

Um 39. gr.

Seljandi getur ekki áskilið sér frekari rétt en kveðið er á um í 38. og 39. gr. Ef skilyrði 2. mgr. 38. gr. eða 39. gr. eru ekki fyrir hendi getur seljandi nýtt sér þær heimildir sem hann hefur samkvæmt almennum reglum um fullnustu.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um það hver beri áhættuna af því ef tilkynningu sem send hefur verið seinkar eða hún kemst ekki til skila. Einnig er í kaflanum gildistökuákvæði.

Um 40. gr.

Samkvæmt ákvæðinu glatar tilkynnandi engum rétti ef tilkynning sem nefnd er í ákvæðum frumvarpsins er send á réttmætan hátt, með ritsíma eða pósti, þótt henni seinki eða hún komist ekki til skila. Sama á við ef notuð er önnur viðurkennd flutningatækni.

Um 41. gr.

Miðað er við að lögin taki gildi sex mánuðum eftir að Alþingi hefur samþykkt frumvarpið sem lög. Lögin skulu gilda um samninga sem gerðir eru frá þeim tíma. Um þá samninga sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma skulu gildandi reglur eiga við. Frumvarpið hefur því ekki afturvirk áhrif. Nauðsynlegt þykir að veita sex mánaða aðlögunarfrest að gildistöku laganna. Með því móti gefst tími til að kynna efni hinna nýju laga fyrir hagsmunaaðilum. Einnig getur verið að ýmsir seljendur þjónustu vilji taka upp eyðublöð til notkunar í viðskiptum sínum við neytendur þegar það er talið henta.

151. Frumvarp til laga [151. mál]

um verslunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til verslunar í atvinnuskyni hvort sem hún er gerð fyrir eigin reikning eða reikning annars manns eða í eigin nafni eða í nafni annars manns.

Með orðinu verslun er átt við hvers kyns milligöngu um yfirfærslu á beinum eignarrétti að lausafé.

Lög þessi taka þó ekki til sérákvæða annarra laga sem setja sérstök skilyrði varðandi tilteknar vörur eða tilteknar atvinnugreinar.

Verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögum þessum sker firmaskrárritari úr honum innan þrjátíu daga. Þeim úrskurði má áfrýja til viðskiptaráðuneytisins innan þrjátíu daga frá því að kæranda berst tilkynning um úrskurð firmaskrárritara. Úrskurður ráðuneytisins skal liggja fyrir innan þrjátíu daga frá því að kæra er móttekin.

2. gr.

Til að stunda verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi skal uppfylla skilyrði laga þessara og atvinnustarfsemin skal skráð í samræmi við lög um fyrirtækjaskrá, firmu og prókúruumboð.

3. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

föst starfsstöð: húsnæði eða annað rými þar sem rekin er, staðbundið og reglulega, verslun í atvinnuskyni,

hreyfanleg starfsstöð: rými sem er færanlegt og þar sem rekin er reglulega verslun í atvinnuskyni, svo sem bifreiðar og dráttarvagnar,

markaður: verslun í atvinnuskyni sem fram fer utan fastrar starfsstöðvar, hvort heldur sem er innan eða utan húss (sala á torgum),

farandsala: verslun í atvinnuskyni utan fastrar starfsstöðvar, þar með taldar hreyfanlegar starfsstöðvar og markaðir,

sjálfsali: tæki sem notað er til verslunar og afhendingar vöru gegn endurgjaldi.

II. KAFLI
Almenn skilyrði fyrir rétti til að stunda verslun.

4. gr.

Skylt er að skrásetja í firma- eða hlutafélagaskrá eftir því sem við á verslun sem stunduð er skv. 1. gr. þessara laga.

Dánarbú eða gjaldþrotabú hefur rétt til að stunda áfram verslun í samræmi við ákvæði laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Verslun á grundvelli starfsleyfis skv. V. kafla skal rekin á fastri starfsstöð. Á fastri starfsstöð skal framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. og 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. Þetta á þó ekki við um útibú hlutafélags eða einkahlutafélags sem hlotið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja.

5. gr.

Á hinni föstu starfsstöð skal vera nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem hefur skráð verslunarrekstur. Sjálfsalar skulu einnig merktir með sama hætti. Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum þess sem skráð hefur verslun skal greina heiti verslunar, kennitölu og heimilisfang. Sama á við um verslun með fjarskiptatækni (fjarsölu).

6. gr.

Firmaskrárritari lætur í té staðfestingu á því að verslun hafi verið skráð samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Smásöluverslun utan fastrar starfsstöðvar — farandsala.

7. gr.

Að því leyti sem ekki eru sett ákvæði um það í lögum þessum skulu samþykktir sveitarstjórna gilda um réttindi og skyldur þeirra sem stunda farandsölu.

8. gr.

Hverjum þeim er stundar farandsölu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim ber að afhenda kaupanda nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem skráð hefur verslunarrekstur.

IV. KAFLI
Um sölu notaðra lausafjármuna.

9. gr.

Þegar notuðum lausafjármunum er veitt móttaka til endursölu eða umboðssölu skulu þeir skráðir og verðmerktir.

10. gr.

Heimilt er ráðherra með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd skráningar og varðveislu skrárinnar.

11. gr.

Sá sem verslun rekur samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu notaðra lausafjármuna. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku notuðum lausafjármunum til endursölu frá ólögráða aðila.

V. KAFLI
Um sölu notaðra ökutækja.

12. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftirgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi milligönguaðilans.
2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.

Lögin taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

13. gr.

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt kafla þessum.

Heimilt er bifreiðasala að leggja inn til ráðuneytisins starfsleyfi sitt. Óheimilt er honum að segja upp starfsábyrgðartryggingu sinni fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins á innlögn leyfisins.

14. gr.

Leyfi skv. 13. gr. skal veitt til fimm ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Eru búsettir á Íslandi.
2. Hafa náð tuttugu ára aldri.
3. Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og lögum um sölu notaðra ökutækja.

4. Hafa forræði á búi sínu.
5. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, aflað sér bankatryggingar eða lagt fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptamönnum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum sem bifreiðasalar. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginuna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.
6. Hafa sótt námskeið og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra ákveður. Kostnað vegna námskeiða og prófa skal greiða með kennslu- og prófgjöldum er viðskiptaráðuneytið ákveður. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skal fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr. Þó eru stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undanþegnir búsetuskilyrðum 1. tölul. Ráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins eða yfirmaður viðkomandi starfsemi innan þess skal fullnægja skilyrðum 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr.

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 20. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 6. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

15. gr.

Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

Þá skal fylgja vottorð úr ökutækjaskrá sem sýnir ótvírætt að seljandi sé eigandi þess ökutækis sem selt er eða hafi umboð til sölunnar. Bifreiðasali skal staðfesta að fullnægjandi ástandslýsing, sbr. 1. mgr., fylgi ökutæki og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda þess og hvort veðbönd hvíli á ökutækinu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um þær lágmarksupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu þeirra. Þar á meðal er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjónaferill viðkomandi ökutækis.

16. gr.

Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem væru þau verk hans sjálfs. Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Kostnað við slíkt mat skal kaupandi greiða nema um annað verði samið.

Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun, þar á meðal þegar um skipti á bifreiðum er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfseminnar liggi frammi á starfsstöð.

Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim annmarka.

17. gr.

Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

Bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá án tafar.

18. gr.

Hyggist bifreiðasali, fyrirtæki er hann starfar við eða aðrir starfsmenn við sölu notaðs ökutækis selja eigið ökutæki eða kaupa ökutæki sem þessum aðila hefur verið falið að annast sölu á skal viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í kaupsamningi. Sama gildir um maka og náin skyldmenni bifreiðasala eða starfsmanna við söluna.

19. gr.

Þeim einum er rétt að nefna sig bifreiðasala sem fengið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna og skal þá lögreglustjóri tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi starfsleyfi.

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna réttinda og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

VI. KAFLI
Frjáls uppboð.

21. gr.

Þeim sem hafa skráð verslunarrekstur samkvæmt lögum þessum er heimilt að selja lausafjármuni á frjálsu uppboði nema aðrar takmarkanir séu gerðar í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Frjáls uppboð utan fastrar starfsstöðvar eru háð leyfi lögreglustjóra í umdæmi því þar sem uppboð skal haldið hverju sinni. Rétt er lögreglustjóra að synja um leyfi ef almannahagsmunir krefjast eða hann telur að skipulagi uppboðsins sé verulega áfátt. Þetta á þó ekki við frjálst uppboð á listmunum sem fram fer í öðru húsnæði en fastri starfsstöð.

Heimilt er sveitarstjórn að setja nánari reglur um frjálst uppboðshald á grundvelli laga þessara.

22. gr.

Sá sem ber ábyrgð á frjálsu uppboði er í kafla þessum nefndur uppboðsstjóri.

23. gr.

Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

24. gr.

Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir áður en uppboð hefst.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, er leggjast ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skylt að geta og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Uppboð eru opin almenningi og skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið.

Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu.

Á málverk, myndir og listmuni sem seldir eru á listmunauppboðum skal leggja 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundarréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna. Um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna sölu á listmunauppboði vísast til 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

VII. KAFLI
Samþykktir um lokunartíma sölubúða.

25. gr.

Sveitarstjórnir geta sett samþykktir um afgreiðslutíma verslana.

26. gr.

Í samþykktum þessum má kveða á um að kaup og sala megi eigi fara fram í verslunum tiltekinn tíma á sólarhring hverjum eða tiltekna daga, eftir því sem til hagar á hverjum stað, svo og að kaupmenn skuli skyldir til að loka verslunum sínum á tilteknum tíma.

27. gr.

Nú hefur sveitarstjórn gert samþykkt skv. 25. gr., og skal hún þá senda frumvarpið til staðfestingar viðskiptaráðherra.

Nú virðist ákvæði í samþykkt ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi eða brjóta í bág við almennar grundvallarreglur laga, og skal þá synja samþykkt staðfestingar en tilkynna skal sveitarstjórn um ástæður fyrir synjun. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina og ákveður hvenær hún skuli koma til framkvæmda.

Samþykkt heldur gildi sínu 10 ár í senn nema breytt sé eða afnumin áður en endurnýja má hana á sama hátt og hún var sett, jafnlangan tíma.

28. gr.

Staðfestar samþykktir sveitarstjórna samkvæmt lögum þessum skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

VIII. KAFLI
Viðurlög við brotum.
29. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi. Heimilt er að krefjast þess að verslun verði afmáð úr firmaskrá í samræmi við lög um fyrirtækjaskrá, firmu og prókúruumboð hafi skráð verslun ítrekað brotið gegn ákvæðum laga er um starfsemina gilda.

Nú hefur sá sem ábyrgð ber á verslun verið dæmdur til greiðslu sektar vegna brots í starfi sínu og ber firmað þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð firma verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

Brot á samþykktum sveitarstjórna, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.
30. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um hana. Fyrir skráningu á verslun samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs skv. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum, lög nr. 61/1979, um sölu notaðra lausafjármuna, með síðari breytingum, lög nr. 36/1987, um listmunauppboð o.fl., með síðari breytingum, lög nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, með síðari breytingum, lög nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, með síðari breytingum, svo og 1.–5. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar útgefin verslunarleyfi koma til endurnýjunar skal skrá viðkomandi verslunarstarfsemi hjá firma- eða hlutafélagaskrá í samræmi við ákvæði laga þessara. Skráningu á verslunarstarfsemi skal lokið innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um verslunaratvinnu eru nr. 41 frá 2. maí 1968, ásamt síðari breytingum. Auk þeirra laga hafa verið sett ýmis sérlög um sérmálefni sem varða verslunaratvinnu, sbr. t.d. lög um sölu notaðra lausafjármuna, lög um sölu notaðra ökutækja o.s.frv. Með bréfi viðskiptaráðherra dags. 8. október 1996 var skipuð nefnd sú sem samið hefur þetta frumvarp.

Nefndina skipuðu:

Atli Freyr Guðmundsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Baldvin Hafsteinsson hdl. frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Símon Sigurpálsson frá Kaupmannasamtökum Íslands, Skúli Skúlason frá Samtökum samvinnuverslana, Þuríður Jónsdóttir hdl. frá Neytendasamtökunum og Tryggvi Axelsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, ritari nefndarinnar.

Um árabil hefur verið rætt um nauðsyn þess að færa lög um verslunaratvinnu til nútímalegra horfs. Árið 1987 var skipuð nefnd sem skyldi endurskoða lög um verslunaratvinnu. Frumvarp það sem nefndin samdi var lagt fram á 111. löggjafarþingi 1988–89 en náði ekki fram að ganga.

Í kjölfar samningsins um evrópska efnahagssvæðið voru gerðar smávægilegar breytingar á gildandi lögum um verslunaratvinnu, sbr. lög nr. 70/1993, en ekki varð af því að lögin væru tekin til heildarendurskoðunar. Auk þess hefur gildandi starfslögum verið breytt smávægilega nokkrum sinnum frá því að þau voru sett árið 1968.

Sem fyrr segir var í október 1996 skipuð ný nefnd til þess að taka gildandi lög um verslunaratvinnu til heildarendurskoðunar. Fljótlega varð ljóst að auk endurskoðunar á gildandi lögum um verslunaratvinnu væri eðlilegast að fella inn í heildarlöggjöf um verslunaratvinnu ýmis lög sem sett hafa verið í tímans rás og varða verslunina sérstaklega. Árangur af því starfi birtist í þessu frumvarpi en eins og fram kemur í 31. gr. frumvarpsins eru felld úr gildi ýmis sérlög um málefni verslunarinnar. Nefndin hefur þó gætt þess að ekki séu felld brott ákvæði úr þeim lögum sem enn þá hafa efnislega þýðingu að hennar mati.

Brýnt er að færa löggjöf um verslunaratvinnu í nútímalegra horf. Þetta frumvarp felur því í sér þá meginbreytingu að ekki verður framar krafist sérstakra verslunarleyfa af þeim sem vilja stunda hinar ýmsu tegundir verslunar, svo sem smásölu, heildsölu og umboðssölu. Þeir sem uppfylla skilyrði frumvarpsins og ákvæði laga um skráningu í firma- eða hlutafélagaskrá, eftir því sem við getur átt, hafa því rétt til að stunda verslunaratvinnu.

Jafnframt er staðfest sú stefna að einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa skráð verslunarrekstur sinn sé eins frjálst að stunda verslun um landið allt og frekast er kostur og eru því verslunarleyfi ekki framar háð þröngum staðartakmörkunum svo sem verið hefur.

Verslunarhættir hafa verið í örri þróun á Íslandi á undanförnum árum og því er mikilvægt að lög um verslunaratvinnu séu í fullu samræmi við þróunina og réttarframkvæmdina. Endurskoðun laga um verslunaratvinnu er því nauðsynleg til þess að skapa eðlilegan ramma fyrir verslunaratvinnu sem stunduð er í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er skilgreint til hvaða verslunaratvinnu frumvarpinu er ætlað að taka. Af 1. mgr. þess er ljóst að ákvæði þess taka jafnt til smásölu- og heildsöluverslunar og umboðssölu. Í 2. mgr. er skilgreint hvað átt er við með orðinu verslun en þar er átt við þá þjónustu sem veitt er við kaup og endursölu á hvers kyns lausafé.

Í 3. mgr. kemur fram að ákvæði sérlaga sem kunna að hafa verið sett um verslun halda gildi sínu, sbr. t.d. sérákvæði um áfengi, lyf og matvæli.

Í 4. mgr. er lagt til að úrskurðarvald um til hvaða starfsemi lög þessi taki verði í höndum firmaskrárritara en úrskurði hans má í samræmi við stjórnsýslulög skjóta til viðskiptaráðuneytisins innan þrjátíu daga frá því að kæranda berst tilkynning um úrskurð firmaskrárritara.

Um 2. gr.

Í þessari grein kemur fram að til þess að mega stunda verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi er skylt að viðkomandi verslunarrekstur hafi uppfyllt skilyrði frumvarpsins um skráningu verslunar hjá firmaskrá o.s.frv.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að skilgreina nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu og er það gert í greininni. *Föst starfsstöð* er skilgreind sem húsnæði eða annað rými þar eða þaðan sem rekin er, staðbundið og reglulega, verslun í atvinnuskyni. Algengast er að verslun sé rekin í fastri starfsstöð og er gert ráð fyrir því að svo verði áfram. Verslunarhættir eru í örri þróun og annar háttur á verslunarstarfsemi hefur orðið algengari en var en það er verslun í því sem nefnt er í frumvarpinu *hreyfanleg starfsstöð*. Þar er um að ræða verslun sem rekin er í starfsstöð sem er hreyfanleg, svo sem bifreiðar sem innréttaðar eru sem verslanir og vagnar sem dregnir eru frá einum stað til annars. *Markaðir* eru í frumvarpinu skilgreindir sérstaklega en þar er um að ræða verslun sem rekin er utan fastrar starfsstöðvar hvort heldur sem er innan eða utan húss, t.d. sala á torgum eða önnur álíka starfsemi. Í þessari grein er einnig skilgreint hugtakið *farandsala* en það er verslun sem fram fer utan fastrar starfsstöðvar með þeim hætti að sá sem skráð hefur verslunarrekstur fer fótgangandi hús úr húsi eða ekur t.d. milli bæja í dreifbýli og veitir þjónustu með þeim hætti. Loks er skilgreint hugtakið *sjálfsali* en það er nauðsynlegt, m.a. vegna ákvæða 5. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í þessari grein kemur fram það grundvallarskilyrði frumvarpsins að til þess að mega stunda verslunaratvinnu ber að skrá verslunarreksturinn í firma- eða hlutafélagaskrá eftir því sem við getur átt og í samræmi við þau lög sem um hana gilda. Skráningarskyldan tekur því til allrar verslunar hvort heldur sem um er að ræða starfsemi hlutfélags eða einkahlutafélags, sameignarfélags, stofnunar eða verslunaratvinnu sem einstaklingar stunda. Eldri lög um verslunaratvinnu hafa byggst á því að allir sem stunda vilja verslunaratvinnu skuli fá útgefið verslunarleyfi. Nefndin telur að slíkum leyfisveitingum fylgi skrifræði sem íþyngi þeim sem stunda verslunaratvinnu. Nauðsynlegt er þó að aðhald og eftirlit sé með þeim sem hana stunda og miða ákvæði þessa frumvarps að því að settur verði slíkur rammi um verslunina. Nefndin sem samið hefur frumvarpið telur eðlilegt að notað sé það eftirlitskerfi sem felst í lögum um skráningu firma og félaga og ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir sérstökum leyfisbréfum svo sem verið hefur heldur að byggt verði á því að öll verslun skuli skráð í firma- eða hlutafélagaskrá (fyrirtækjaskrá). Loks má geta þess að samkvæmt gildandi lögum um verslunaratvinnu eru gerðar menntunarkröfur til þeirra sem vilja stunda hana. Í lögunum er þó undanþáguheimild frá þeim ákvæðum og hefur henni verið beitt í ríkum mæli nánast frá því að lögin voru sett árið 1968. Í reynd hefur réttarframkvæmd við veitingu verslunarleyfa verið afar rúm og eru því ákvæði frumvarpsins í reynd staðfesting á ríkjandi fyrirkomulagi.

Í 2. mgr. er kveðið á um rétt dánarbúa og gjaldþrotabúa til að stunda áfram verslun samkvæmt ákvæðum laga um firmaskrár.

Í 3. mgr. er tekið fram að sala notaðra ökutækja sé eingöngu heimil á fastri starfsstöð. Þá er hér lagt til að á sérhverri starfsstöð skuli framkvæmdastjóri eða yfirmaður hafa leyfi skv. 14. gr. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða útibú hlutafélags eða einkahlutafélags sem fengið hefur slíkt leyfi.

Um 5. gr.

Í þessari grein er sett regla til hagsbóta fyrir neytendur og aðra viðskiptavini þess sem skráður er fyrir verslunarrekstri. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skal setja upp nafnspjald sem sýni á greinilegan hátt nafn, kennitölu og heimilisfang verslunarinnar. Erfitt kann oft á tíðum að vera fyrir neytendur og aðra viðskiptavini að átta sig á því hver ber ábyrgð á þeirri verslun sem þeir eiga viðskipti við, t.d. sjálfsala, farandsala og torgsölu. Ákvæðinu er ætlað

að koma til móts við þau sjónarmið að ávallt sé skýrt hver sé ábyrgur fyrir þeim verslunarrekstri sem stundaður er. Ákvæði af þessu tagi eru þekkt annars staðar á Norðurlöndum.

Einnig er lagt til að á pöntunareyðublöðum, bréfsefni og öðrum skjölum sem verslun notar í viðskiptum sínum komi fram upplýsingar um þann sem hefur skráð verslunarrekstur. Loks er í ákvæðinu tekið fram að hið sama skuli gilda um svonefnda fjarsölu en það er verslun sem að öllu leyti fer fram með notkun fjarskiptatækni.

Fjarsala byggist á því að við samningsgerð er notaður hvers kyns fjarskiptabúnaður, svo sem tölvur. Í viðskiptaráðuneytinu er í undirbúningi frumvarp til laga um fjarsölusamninga og neytendavernd þegar notuð er fjarskiptatækni við vörukaup.

Rétt er því að taka fram sérstaklega í þessu frumvarpi að ákvæði þessarar greinar um auðkenningu verslunar eigi við með sama hætti um fjarsölu og þegar sala á sér stað á hefðbundinn hátt.

Um 6. gr.

Firmaskrárritari eða hlutafélagaskrá, eftir því sem við getur átt, lætur í té staðfestingu á því að verslun sé skráð í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast ákvæði þetta ekki skýringar.

Um 7. gr.

Verslun og þjónusta í tengslum við hana er í stöðugri þróun. Ljóst er að ekki er ávallt rekstrargrundvöllur fyrir verslun í fastri starfsstöð, einkum í hinum dreifðari byggðum landsins. Ýmiss konar farandsala hefur oft leyst úr brýnni þörf neytenda fyrir verslunarþjónustu á heimili þeirra eða í nágrenni heimilisins. Auk þess hefur farandsala oft leitt til aukins vöruframboðs og stuðlað að aukinni samkeppni, bæði hvað varðar verð vöru og gæði. Frjáls samkeppni á sviði verslunar og þjónustu er hornsteinn þess að neytendum standi til boða vörur á eins lágu verði og markaðsaðstæður leyfa hverju sinni. Mikilvægt er því að í lögum sé ekki þrengt að farandsölu til þess að framangreindum markmiðum verði náð. Í frumvarpinu eru því ekki ákvæði sem takmarka á nokkurn hátt farandsölu og ber við þá starfsemi einungis að fara eftir þeim almennu ákvæðum sem um verslunina gilda samkvæmt frumvarpinu, svo og þeim sérlögum sem kunna að eiga við hverju sinni, svo sem lög um matvæli, lyfjalög, o.s.frv. Rétt þykir þó að veita sveitarstjórnum heimild í þessari grein til þess að setja staðbundnar samþykktir sem varða réttindi og skyldur farandsala ef þær telja ástæðu til þess. Hér er haft í huga að nauðsynlegt kann að þykja að setja slíkar reglur, svo sem um það á hvaða dögum slík starfsemi kann að vera bönnuð og þess háttar. Samþykktir sveitarstjórna ber að senda til ráðuneytisins til samþykktar, sbr. ákvæði 27. gr. frumvarpsins, og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda enda telji ráðuneytið að ákvæði 26. gr. frumvarpsins standi ekki í vegi fyrir því.

Um 8. gr.

Þeir sem stunda farandsölu skulu afhenda kaupanda vöru upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang þess sem er ábyrgur fyrir verslunarresktrinum og er þetta svipað ákvæði og í 5. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að ítreka hér framangreinda skyldu skv. 5. gr.

Um 9.–11. gr.

Í 9.–11. gr. eru ákvæði sem eru efnislega samhljóða ákvæðum í lögum nr. 61/1979, um sölu notaðra lausafjármuna.

Rétt þykir að krefjast þess að þeir sem taka að sér endur- eða umboðssölu á notuðum lausafjármunum sýni fyllstu aðgát við kaup þeirra og sölu. Seljendum ber skylda til þess að skrá og verðmerkja allan slíkan varning. Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að kveða nánar á um skráningu varnings og varðveislu skrárinnar.

Um 12.–20. gr.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði sem eru efnislega samhljóða ákvæðum í lögum nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, ásamt síðari breytingum á þeim lögum. Auk þeirra athugasemda sem hér fara á eftir þykir rétt varðandi athugasemdir við einstakar greinar að vísa til athugasemdanna sem fylgdu því frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

Í 12. gr. kemur fram að um sölu notaðra ökutækja gilda ákvæði þessa kafla auk annarra ákvæða frumvarpsins. Sem fyrr segir hafa sérlög sem áður giltu um þetta efni verið felld inn í frumvarpið sem sérstakur kafli.

Í 13. gr. er kveðið á um að þeir sem hafa milligöngu um sölu notaðra ökutækja skuli hafa ábyrgðartryggingu og hafa lokið sérstöku námskeiði og prófi. Um tryggingar, svo og námskeið og próf, skal enn fremur vísað til ákvæða í gildandi reglugerðum um þetta efni, sbr. reglugerð nr. 406/1994 og reglugerð nr. 407/1994.

Í 14.–20. gr. frumvarpsins eru efnisreglur um réttindi og skyldur bifreiðasala sem eru að öllu leyti samhljóða gildandi lögum um þetta efni. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki skýringar.

Um 21. gr.

Í 21.–24. gr. eru tillögur um að sett verði í lög sérstök ákvæði um frjáls uppboð og er það nýmæli. Þangað til lög voru sett um aðgreiningu dómsvalds og umboðsvalds í héraði og þær lagabreytingar urðu sem fylgdu í kjölfar þeirra var litið svo á að einungis sýslumenn og fógetar hefðu heimild til að halda frjáls uppboð, sbr. Hrd. XXV: 494. Þetta byggðist á því að fram til þess tíma voru í gildi ákvæði tilskipunar frá 16. desember 1693 um uppboðsþing í Danmörku og Noregi en hún hefur nú verið felld brott.

Í 1. mgr. er tekið fram að þeim sem hafa skráð verslunaratvinnu er því heimilt að halda uppboð. Rétt þykir þó að settar séu nánari reglur um uppboðshaldið, sbr. ákvæði 21.–24. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að lögreglustjórar í því umdæmi þar sem uppboð skal haldið utan fastrar starfsstöðvar veiti leyfi til uppboðshaldsins hverju sinni enda eðlilegt með tilliti til almannareglu. Þetta á þó ekki við frjálst uppboð á listmunum sem fram fer í öðru húsnæði en fastri starfsstöð.

Í 3. mgr. er einnig heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að setja nánari reglur um uppboðshald á grundvelli ákvæða frumvarpsins telji þær ástæðu til þess.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 23. og 24. gr.

Í þessum greinum er kveðið nánar á um skyldur þess er stendur fyrir uppboði, þ.e. uppboðsstjóra, og hvernig hann skuli haga uppboðshaldinu.

Mikilvægt er að uppboðsskilmálar séu skýrir og þannig að þeir veiti uppboðsgestum fullnægjandi upplýsingar. Hér er einnig kveðið á um rétt uppboðsgesta til að skoða þá hluti sem sem seldir eru því að hæstbjóðandi verður eigandi við hamarshögg nema uppboðsskilmálar mæli fyrir um að það skuli vera á annan veg. Mótbárum sem kaupandi getur haft uppi vegna þeirrar vöru sem hann kaupir á uppboði eru þrengri skorður settar en almennt gerist við kaup og sölu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Verði lögfest almenn ákvæði um frjáls uppboð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu er ekki framar þörf fyrir sérstök lög um listmunauppboð og er í 31. gr. frumvarpsins lagt til að lög nr. 36/1987, um listmunauppboð o.fl., verði felld úr gildi. Í þeim lögum er hins vegar ákvæði um að sérstakt gjald sem lagt skal á málverk, myndir og listmuni skuli renna til listamanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum en samsvarandi ákvæði er í 6. mgr. 24. gr. þessa frumvarps. Sé höfundarréttur fallinn niður rennur gjald þetta til starfslauna handa myndlistarmönnum og er menntamálaráðherra falið að setja nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins en nánar vísast um það til gildandi reglugerðar um þetta efni, sbr. reglugerð nr. 244/1993. Sem fyrr segir hefur verið lögð á það áhersla við samningu þessa frumvarps að ekki séu felld brott þau ákvæði gildandi sérlaga sem telja verður að hafi enn sjálfstæða efnislega þýðingu. Ákvæði 6. mgr. 24. gr. frumvarpsins er einmitt dæmi um slíkt ákvæði.

Um 25.–28. gr.

Í 25.–28. gr. eru ákvæði um samþykktir um lokunartíma sölubúða. Ákvæðin eru efnislega í samræmi við gildandi lög um þetta efni, nr. 17/1936, en þau lög eru jafnframt felld úr gildi, sbr. ákvæði 31. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að samþykktir sveitarstjórna verði staðfestar af viðskiptaráðuneytinu en hingað til hefur slík staðfesting fengist í félagsmálaráðuneytinu. Við undirbúning þessa frumvarps taldi félagsmálaráðuneytið réttast að slíkar samþykktir yrðu framvegis staðfestar af viðskiptaráðherra og er við það miðað í 27. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki frekari skýringar.

Um 29. gr.

Í þessari grein er kveðið svo á að um brot gegn lögunum fari að hætti opinberra mála auk þess sem kveðið er á um viðurlög við brotum.

Í fyrri málslið 2. mgr. er fólgið almennt refsiákvæði ef tilkynningar eru vanræktar til firmaskrár en samkvæmt ákvæðinu geta slík brot varðað sektum eða varðhaldi. Í síðari málslið 2. mgr. er lagt til að unnt sé að beita þeim úrræðum sem firmaskrá hefur til að afmá fyrirtæki úr firmaskrá hafi sá sem skráð hefur verslun ítrekað brotið gegn þeim lagaákvæðum sem um verslunarstarfsemi gilda. Nauðsynlegt er að í lögum sé slík heimild til að koma í veg fyrir að þeir sem ítrekað brjóta lög, svo sem með því að setja á markað vörur sem eru hættulegar lífi og heilsu manna eða með öðrum samsvarandi hætti, geti stundað verslunarrekstur áfram.

Í 3. mgr. er heimild til þess að dæma firma til greiðslu sektar. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 30. gr.

Í greininni er tekið fram að viðskiptaráðherra skuli fara með framkvæmd laganna og honum veitt heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þeirra ef þörf krefur. Einnig er lagt til að fyrir skráningu á verslun samkvæmt frumvarpinu verði greitt skráningargjald í

samræmi við 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru felld úr gildi ýmis lög sem sett hafa verið um verslunaratvinnu á árunum 1936–1996 en eins og áður hefur komið fram þykir rétt að ákvæðum þessara laga sé nú skipað með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Auk þess er er hér lagt til að felldir verði brott 1.–5. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sem kveða á um greiðslu fyrir verslunarleyfi samkvæmt lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, sem felld eru úr gildi með þessu frumvarpi. Verði frumvarpið að lögum eiga fyrrgreind ákvæði ekki við. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda og athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í gildandi lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, er gert ráð fyrir að verslunarleyfi séu gefin út til fimm ára í senn. Að þeim tíma liðnum ber að endurnýja leyfin. Gert er ráð fyrir því samkvæmt ákvæði til bráðabirgða að jafnóðum og leyfishafar leita eftir endurnýjun þeirra leyfa sem þeim hafa verið veitt á grundvelli gildandi laga skrái firmaskrá viðkomandi verslunarstarfsemi á grundvelli ákvæða í þessu frumvarpi. Innan fimm ára frá gildistöku laganna ætti því skráningu á þeim rétthöfum sem nú hafa gild verslunarleyfi að vera lokið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verslunaratvinnu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að nokkur lög er varða verslun og viðskipti verði sameinuð í einn lagabálk. Í 31. gr. er lagt til að 1.–5. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs falli niður. Í þeim lagagreinum er kveðið á um að heildsöluleyfi skuli kosta 70.000 kr., umboðssöluleyfi 50.000 kr., smásöluleyfi 50.000 kr., lausaverslunarleyfi 50.000 kr. og endurnýjun verslunarleyfis 20.000 kr. Ekki eru til gögn um tekjur af útgáfu þessara leyfa sérstaklega, en heildartekjur af útgáfu leyfa til atvinnustarfsemi og tengdra leyfa námu 24,5 m.kr. á árinu 1996. Nái frumvarpið að verða að lögum munu tekjur þessar falla brott hvað umrædd leyfi varðar. Á móti kemur að skv. 4. gr. er skylt að skrásetja stundaða verslun í firma- eða hlutafélagaskrá, en það hefur ekki verið skylda til þessa þegar um einstaklinga er að ræða. Slík skráning kostar 40.000 kr. skv. 4. tölul. 13. gr. aukatekjulaganna. Árlegar tekjur ríkissjóðs vegna framangreindra breytinga munu lækka eitthvað. Erfitt er að meta með nákvæmni hve lækkunin er mikil, en 2–4 m.kr. er ekki ósennilegt.

152. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [152. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir 72. gr. kemur ný grein er verður 73. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin hljóðar svo:

Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar. Kveðið skal á um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til stjórnarskipunarlaga var áður flutt á síðasta þingi en var eigi útrætt. Síðan þá hefur umræðan í þjóðfélaginu verið mikil um mikilvægi þess að nytjastofnar á hafsvæðinu í kringum Ísland haldist í þjóðareign eins og lög gera ráð fyrir. Þverpólitísk almannasamtök hafa verið mynduð sem hafa það að meginmarkmiði að fiskveiðiauðlindin verði sameign íslensku þjóðarinnar en ekki einstaklingseign þeirra sem hafa nytjaréttinn hverju sinni. Ein mikilvæg leið til að tryggja að það markmið náist er að setja ákvæði um slíkt inn í stjórnarskrá eins og hér er lagt til.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar. Í lögum um stjórn fiskveiða hefur frá árinu 1988 verið ákvæði um að þeir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er verið að tryggja stjórnskipulega stöðu þess ákvæðis.

Með ákvæði fyrra málsliðar greinarinnar er verið að tryggja annars vegar forræði Íslendinga yfir auðlindinni og hins vegar að auðlindin sé sameign íslensku þjóðarinnar en ekki þeirra sem fara með nýtingarréttinn samkvæmt lögum hverju sinni. Ástæða þykir til að tryggja stjórnskipulega stöðu þessa ákvæðis þó að það sé þegar lögbundið vegna þess hvernig núverandi fiskveiðistjórn er framkvæmd.

Síðara ákvæði greinarinnar kveður annars vegar á um að nýta beri auðlindina á sjálfbæran hátt, en með því er átt við að nýtingin mæti þörfum núverandi kynslóðar án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar til sambærilegrar nýtingar. Í því sambandi skal minnt á hið mikla brottkast sem getur ógnað sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Hins vegar er yfirlýsing um að hagnýting auðlindanna eigi að vera til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og ákveðin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Ástæða þykir til að ítreka hagsmuni þjóðarheildarinnar í ljósi þess að heilu byggðarlögin geta misst lífsviðurværi sitt við kaup og sölu einstaklinga á aflahlutdeildum. Það getur einnig átt sér stað þegar aflahlutdeildum er úthlutað án endurgjalds til einstaklinga og fyrirtækja sem nýta ekki veiðirétt sinn en hagnast á því að selja hann eða leigja til þeirra sem stunda fiskveiðar, þeirra sem ekki fá veiðileyfi eða aflahlutdeild þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannaheill krefji.

Um skilgreiningu á hugtakinu nytjastofnar vísast til 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeirri grein teljast til nytjastofna sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð. Það hafsvæði, sem fullveldisréttur nær nú til, er skilgreint í lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Er fullveldisréttur Íslands yfir landhelgi og efnahagslögsögu skilgreindur í 2. og 4. gr. laganna. Athygli skal vakin á því að ákvæði fyrri málsliðar 1. gr. frumvarpsins nær einnig til botnlægra fiskstofna á landgrunninu utan efnahagslögsögu sem fullvirðisréttur Íslands nær til skv. 6. gr. laga nr. 41/1979.

Frumvarp þetta er nær samhljóða frumvarpi því sem forsætisráðherra flutti á síðasta kjörtímabili, 118. löggjafarþingi 1994–1995, sem stjórnarfrumvarp Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er stefnt að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Af þessu má ráða að um efni þessa frumvarps sé víðtæk sátt í þinginu.

153. Frumvarp til laga [153. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 65. gr. a í lögunum kemur: Reglugerð ráðsins nr. 1610/1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna, 6. liður a í viðaukanum, fylgir og lögunum og telst hluti þeirra. Ákvæði reglugerðanna skulu hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 2. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 59/1997, um að fella inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1610/1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna.

Í 6. lið XVII. viðauka við EES-samninginn er reglugerð ESB-ráðsins nr. 1768/1992, frá 18. júní 1992, um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja. Reglugerðinni var veitt lagagildi hér á landi með 24. gr. laga nr. 36/1996. Í frumvarpinu er lagt til að hliðstæð reglugerð um plöntuvarnarefni fái lagagildi hér.

Reglugerðir þessar mæla fyrir um að sá sem hefur öðlast einkaleyfi fyrir lyfi eða plöntuvarnarefni geti sótt um viðbótarleyfi þannig að verndartími einkaleyfisins lengist um allt að fimm ár. Þessar reglur eru til komnar vegna þess að hinn raunverulegi eða virki gildistími einkaleyfa á þessum sviðum er oft mun styttri en annarra einkaleyfðra uppfinninga. Ástæðuna má rekja til þeirra umfangsmiklu tilrauna sem eru undanfari framleiðslu og markaðssetningar slíkra efna. Ekki er óalgengt að helmingur einkaleyfistímans, sem er 20 ár, líði án þess að heimilt sé að markaðssetja þessi efni. Með ákvæðum reglugerðanna er leitast við að nálgast hinn venjulega virka verndartíma uppfinninga á öðrum tæknisviðum.

Ákvæði um viðbótarvernd samkvæmt reglugerð ESB-ráðsins nr. 1768/1992 öðlast ekki gildi hér á landi fyrr en 2. janúar 1998, sbr. 31. gr. laga nr. 36/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1996. Gert er ráð fyrir að reglur varðandi plöntuvarnarefni öðlist gildi á sama tíma. Reglur þessar eru mjög svipaðar og því eðlilegt að framkvæmd þeirra hefjist á sama tíma.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1610/96

frá 23. júlí 1996
um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna.

EVRÓPUÞINGIÐ OG
RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar[1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar[2],

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum[3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rannsóknir á plöntuvarnarefnum stuðla að áframhaldandi framförum í framleiðslu og framboði á gnótt góðra matvæla á viðráðanlegu verði.
2) Rannsóknir á plöntuvarnarefnum stuðla að áframhaldandi framförum í ræktun plantna.
3) Haldið verður áfram að þróa plöntuvarnarefni innan bandalagsins og í Evrópu, einkum þau efni sem að baki liggja langvarandi og kostnaðarsamar rannsóknir, ef um þau gilda hagstæðar reglur sem kveða á um nægilega vernd til að hvetja til slíkra rannsókna.
4) Plöntuvarnarefnaiðnaðurinn er þess eðlis að eigi hann að vera samkeppnishæfur krefst það sambærilegrar verndar á nýjungum við þá vernd sem lyfjum er veitt með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja[4].
5) Eins og sakir standa er tíminn sem líður frá því að umsókn um einkaleyfi fyrir nýtt plöntuvarnarefni er lögð fram þar til leyfi til að setja það á markað liggur fyrir svo takmarkaður að tímabilið sem efnið nýtur einkaleyfisverndar nægir ekki til þess að fjárfesting í rannsóknum skili sér til baka eða til þess að skapa það fjármagn sem þarf til að halda áfram rannsóknum á háu stigi.
6) Við þessar aðstæður verður vernd ófullnægjandi og kemur það niður á rannsóknum á plöntuvarnarefnum og samkeppnishæfni iðnaðarins.
7) Eitt helsta markmið viðbótarvottorðsins um vernd er að gera evrópskan iðnað samkeppnishæfan við norður-ameríska og japanska iðnað.
8) Með ályktun sinni frá 1. febrúar 1993[5] um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun samþykkti ráðið hina almennu aðferð og skipulagsáætlun sem fram kemur í áætlun framkvæmdastjórnarinnar, þar sem lögð var áhersla á samband hagvaxtar og gæða umhverfisins. Forsenda aukinnar umhverfisverndar er því að fjárhagslegri samkeppnishæfni iðnaðarins sé viðhaldið. Af þessum sökum má líta á útgáfu viðbótarvottorðs um vernd sem jákvæða ráðstöfun sem kemur umhverfisvernd til góða.
9) Finna þarf samræmda lausn á vettvangi bandalagsins til að koma í veg fyrir að landslög þróist á mismunandi vegu og auki enn á ósamræmið sem getur orðið til hindrunar frjálsum flutningi á plöntuvarnarefnum innan bandalagsins og þar með haft bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Þetta er í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er skilgreind í 3. gr. b í sáttmálanum.
10) Því er nauðsynlegt að gefa út viðbótarvottorð um vernd sem er veitt með sömu skilyrðum í öllum aðildarríkjum að beiðni þess sem hefur innlent eða evrópskt einkaleyfi fyrir plöntuvarnarefni og hefur fengið leyfi til að setja það á markað. Reglugerð er því sá lagagerningur sem helst á við í þessu tilviki.
11) Sú vernd sem vottorðið veitir skal vara nógu lengi til að vernda plöntuvarnarefnið á árangursríkan hátt. Til að svo megi verða ber að sjá til þess að sá sem hefur bæði einkaleyfi og vottorð skuli njóta einkaréttar til framleiðslu í fimmtán ár að minnsta kosti frá þeim tíma að plöntuvarnarefnið sem um ræðir fær fyrst markaðsleyfi í bandalaginu.
12) Þó ber að taka tillit til allra sem eiga hagsmuna að gæta í

---

[1] Stjtíð. EB nr. C 390, 31.12.1994, bls. 21 og Stjtíð. EB nr. C 335, 13.12.1995, bls.15.
[2] Stjtíð. EB nr. C 155, 21.6.1995, bls. 14.
[3] Álit Evrópuþingsins frá 15. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. C 166, 3.7.1995, bls. 89), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. nóvember 1995 (Stjtíð. EB nr. C 353, 30.12.1995, bls. 36) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 1996 (Stjtíð. EB nr. C 96, 1.4.1996, bls. 30).
[4] Stjtíð. EB nr. L 182, 2.7.1992, bls. 1.
[5] Stjtíð. EB nr. C 138, 17.5.1993, bls. 1.

málinu þar eð framleiðsla plöntuvarnarefna er bæði flókin og viðkvæm atvinnugrein. Af þeirri ástæðu er óheimilt að veita vottorð til lengri tíma en fimm ára.

13) Vottorðið veitir sömu réttindi og grunneinkaleyfi. Ef grunneinkaleyfið veitir vernd vegna virks efnis og hinna ýmsu afleiðna þess (salta og estera) veitir vottorðið því þá sömu vernd.

14) Útgáfa vottorðs vegna framleiðsluvöru úr virku efni kemur ekki í veg fyrir útgáfu annarra vottorða vegna afleiðna efnisins (salta og estera), að því tilskildu að sérstök einkaleyfi nái til afleiðnanna.

15) Einnig skal leitast við að ná jafnvægi þegar bráðabirgðafyrirkomulag er ákveðið. Með slíku fyrirkomulagi skal veita plöntuvarnarefnaiðnaðinum í bandalaginu möguleika á að vinna upp að einhverju marki það forskot sem aðalkeppinautar hans hafa haft, en gæta þess jafnframt að fyrirkomulagið torveldi ekki framkvæmd annarra réttmætra markmiða sem stefnt er að í landbúnaðar- og umhverfismálum bæði í aðildarríkjunum sjálfum og á vettvangi bandalagsins.

16) Aðeins er unnt að ná því markmiði að tryggja fullnægjandi vernd fyrir nýjungar á sviði plöntuvarnarefna, án þess að missa sjónar á því að innri markaðurinn starfi eðlilega hvað varðar plöntuvarnarefni, með aðgerðum á vettvangi bandalagsins.

17) Reglurnar sem fram koma í 12., 13. og 14. forsendu og í 3. (2. mgr.), 4., 8. (c-lið 1. mgr.) og 17. (2. mgr.) gr. þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda einkum um túlkun 9. forsendu og 3., 4., 8. (c-lið 1. mgr.) og 17. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1768/92.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Plöntuvarnarefni“: virk efni og efnablöndur sem innihalda eitt eða fleiri virk efni í því formi sem þau eru afhent neytanda og eru ætluð til að:
   a) verja plöntur eða plöntuafurðir gegn öllum skaðlegum lífverum eða koma í veg fyrir virkni þessara lífvera, að svo miklu leyti sem þessar efnablöndur eða efni eru ekki skilgreind hér á eftir;
   b) hafa áhrif á lífsferil plantna á annan hátt en sem næringarefni (t.d. stýriefni);
   c) verja plöntuafurðir, að svo miklu leyti sem efni þessi eða afurðir falla hvorki undir sérstök ákvæði ráðsins né framkvæmdastjórnarinnar um rotvarnarefni;
   d) eyða óæskilegum plöntum; eða
   e) eyða plöntuhlutum, draga úr eða hindra óæskilegan vöxt plantna.
2. „Efni“: frumefni og sambönd þeirra, náttúrleg eða iðnaðarframleidd, að meðtöldum óhreinindum sem eru óhjákvæmileg afleiðing iðnaðarvinnslu.
3. „Virk efni“: efni eða örverur að meðtöldum veirum sem hafa almenn eða sértæk áhrif á:
   a) skaðlegar lífverur; eða
   b) plöntur, plöntuhluta eða plöntuafurðir.
4. „Efnablöndur“: blöndur eða lausnir, samsettar úr tveimur eða fleiri efnum þar sem er minnst eitt virkt efni, sem eru notaðar sem plöntuvarnarefni.
5. „Plöntur“: lifandi plöntur og lifandi plöntuhlutar, að meðtöldum ferskum ávöxtum og fræjum.
6. „Plöntuafurðir“: plöntuafurðir, óunnar eða unnar með einföldum aðferðum, svo sem mölun, þurrkun eða pressun, að undanskildum plöntunum sjálfum eins og þær eru skilgreindar í 5. tölul.
7. „Skaðlegar lífverur“: lífverur sem skaða plöntur eða plöntuafurðir og teljast til dýra- eða jurtaríkisins og einnig veirur, bakteríur, berfrymingar og aðrir sýklar.
8. „Framleiðsluvara“: virka efnið eins og það er skilgreint í 3. tölul. eða samsetningar virkra efna í plöntuvarnarefni.
9. „Grunneinkaleyfi“: einkaleyfi sem verndar framleiðsluvöru sem slíka, eins og hún er skilgreind í 8. tölul., efnablöndu eins og hún er skilgreind í 4. tölul., aðferð til að vinna framleiðsluvöru eða aðferð við notkun framleiðsluvöru, og sem einkaleyfishafi þarf að tilgreina þegar til þess kemur að gefa út vottorð.
10. „Vottorð“: viðbótarvottorðið um vernd.

2. gr.

Gildissvið.

Heimilt er að gefa út vottorð, samkvæmt þeim skilmálum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fyrir hvaða framleiðsluvöru sem er, ef hún nýtur einkaleyfaverndar á yfirráðasvæði aðildarríkis og er háð opinberu leyfi áður en hún er markaðssett sem plöntuvarnarefni, samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE[6], eða samkvæmt jafngildu ákvæði landslaga, ef um ræðir plöntuvarnarefni sem sótt var um leyfi fyrir áður en tilskipun 91/414/EBE kom til framkvæmda í viðkomandi aðildarríki.

3. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu vottorðs.

1. Gefa skal út vottorð ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt í aðildarríkinu þar sem umsóknin er um getur í 7. gr. er lögð fram á þeim tíma sem sótt er um:

a) framleiðsluvaran nýtur verndar grunneinkaleyfis sem er í gildi;
b) framleiðsluvaran hefur fengið gilt markaðsleyfi sem plöntuvarnarefni í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngilt ákvæði í landslögum;
c) framleiðsluvaran hefur ekki þegar fengið vottorð;
d) leyfið sem um getur í b-lið er fyrsta leyfið til að setja framleiðsluvöruna á markað sem plöntuvarnarefni.

2. Handhafi sem hefur fleiri en eitt einkaleyfi fyrir sömu framleiðsluvöru getur einungis fengið eitt vottorð vegna þeirrar vöru. Ef tvær eða fleiri umsóknir vegna sömu framleiðsluvöru berast frá tveimur eða fleiri handhöfum mismunandi einkaleyfa er þó heimilt að gefa út vottorð til hvers þeirra um sig.

---

6 Stjtíð. EB nr. L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/36/EB (Stjtíð. EB nr. L 172, 22.7.1995, bls. 8).

4. gr.

Efni sem nýtur verndar.

Sú vernd sem vottorð veitir takmarkast af umfangi grunneinkaleyfisins og tekur einungis til þeirrar framleiðsluvöru sem markaðsleyfið fyrir plöntuvarnarefnið gildir um og til þeirra nota framleiðsluvörunnar sem plöntuvarnarefni sem heimiluð hafa verið á gildistíma vottorðsins.

5. gr.

Áhrif vottorðs.

Með fyrirvara um ákvæði 4. gr. skal vottorðið veita sama rétt og grunneinkaleyfið og vera háð sömu takmörkunum og skuldbindingum.

6. gr.

Réttur til vottorðs.

Vottorðið skal veitt handhafa grunneinkaleyfis eða þeim sem síðar kann að yfirtaka þann rétt.

7. gr.

Umsókn um vottorð.

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er leyfið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. var veitt til að markaðssetja framleiðsluvöruna sem plöntuvarnarefni.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal leggja inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er grunneinkaleyfið var veitt, enda hafi markaðsleyfi verið veitt vegna plöntuvarnarefnisins áður en grunneinkaleyfið var veitt.

8. gr.

Innihald umsóknar um vottorð.

1. Umsókn um vottorð skal hafa að geyma:

a) beiðni um útgáfu vottorðs, þar sem einkum kemur fram:
   i) nafn og heimilisfang umsækjanda,
   ii) nafn og heimilisfang fulltrúa hans, ef hann hefur tilnefnt fulltrúa,
   iii) númer grunneinkaleyfisins og heiti uppfinningarinnar,
   iv) númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og, ef þetta er ekki fyrsta markaðsleyfið innan bandalagsins, númer og dagsetning þess leyfis;
b) afrit af markaðsleyfinu eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., með lýsingu á framleiðsluvörunni, einkum númeri og dagsetningu leyfisins og samantekt um eiginleika framleiðsluvörunnar eins og fram kemur í 1. þætti A-hluta (1.–7. lið) eða í 1. þætti B-hluta (1.–7. lið) í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða í jafngildum landslögum aðildarríkisins þar sem umsóknin var lögð fram;
c) ef leyfið sem um getur í b-lið er ekki fyrsta markaðsleyfið sem fengist hefur fyrir plöntuvarnarefnið innan bandalagsins, upplýsingar um framleiðsluvöruna sem leyfi hefur fengist fyrir og lagaákvæði sem farið var eftir við veitingu leyfisins, ásamt afriti af opinberu tilkynningunni um markaðsleyfi, eða, ef slík tilkynning hefur ekki verið gefin út, öðru skjali sem færir sönnur á að leyfið hafi verið veitt, dagsetningu leyfisins og deili á framleiðsluvörunni sem leyfi fékkst fyrir.

2. Aðildarríki geta kveðið á um gjald sem greiða skal þegar sótt er um vottorð.

9. gr.

Umsókn um vottorð lögð fram.

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð hjá lögbærri einkaleyfastofu í aðildarríkinu sem gaf út grunneinkaleyfið eða sem ber ábyrgð á veitingu leyfisins og þar sem markaðsleyfið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. fékkst fyrir framleiðsluvöruna, nema það aðildarríki tilnefni annað yfirvald til þess.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal birta tilkynningu um umsókn um vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang umsækjanda;
b) númer grunneinkaleyfisins;
c) heiti uppfinningarinnar;
d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir um;
e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt hefur verið vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins.

10. gr.

Útgáfa vottorðs eða synjun umsóknar.

1. Ef umsókn um vottorð og framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefa út vottorðið.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal, með fyrirvara um 3. mgr., synja umsókn um vottorð ef umsóknin eða framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Ef umsókn um vottorð uppfyllir ekki skilyrði sem mælt er fyrir um í 8. gr. skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. veita umsækjanda færi á að ráða bót þar á eða greiða gjaldið innan tilskilins frests.

4. Verði ekki ráðin bót á ágöllum eða gjaldið ekki greitt innan tiltekins frests, eins og greint er frá í 3. mgr., skal yfirvaldið synja umsókninni.

5. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefi út vottorð án þess að það hafi gengið úr skugga um að skilyrðin sem mælt er fyrir um í c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. hafi verið uppfyllt.

11. gr.

Birting.

1. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að vottorð hafi verið gefið út. Í tilkynningunni skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn og heimilisfang þess sem hefur fengið vottorð;
b) númer grunneinkaleyfisins;
c) heiti uppfinningarinnar;
d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir fyrir;
e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt hefur verið vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins;
f) gildistími vottorðsins.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að umsókninni hafi verið synjað. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr.

12. gr.
Árgjald.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um greiðslu árgjalds fyrir vottorðið.

13. gr.
Gildistími vottorðs.

1. Vottorðið tekur gildi þegar lögbundinn gildistími grunneinkaleyfisins rennur út og gildir á tímabili sem er jafnlangt þeim tíma sem hefur liðið frá því umsóknin um grunneinkaleyfi var lögð fram þar til fyrsta markaðsleyfið var veitt fyrir framleiðsluvöruna innan bandalagsins, að frádregnum fimm árum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vottorðið ekki gilda lengur en í fimm ár reiknað frá gildistökudeginum.

3. Þegar gildistími vottorðsins er reiknaður skal því aðeins taka tillit til fyrsta bráðabirgðamarkaðsleyfis að beint í kjölfar þess fylgi endanlegt leyfi vegna sömu framleiðsluvöru.

14. gr.
Vottorð fellur úr gildi.

Vottorðið fellur úr gildi:

a) þegar tímabilið sem kveðið er á um í 13. gr. er útrunnið;
b) ef handhafi vottorðs skilar því;
c) hafi árgjald sem kveðið er á um í samræmi við 12. gr. ekki verið greitt á tilsettum tíma;
d) ef og svo lengi sem óheimilt verður að setja framleiðsluvöruna, sem vottorðið gildir um, á markað í kjölfar þess að markaðsleyfi hefur verið afturkallað í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngild ákvæði í landslögum. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. getur ákveðið að fella vottorð úr gildi, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þriðja aðila.

15. gr.
Ógilding vottorðs.

1. Vottorðið skal ógilt ef:

a) það hefur verið gefið út á forsendum sem stangast á við ákvæði 3. gr.;
b) grunneinkaleyfið hefur fallið niður áður en gildistími þess er útrunninn;
c) grunneinkaleyfið hefur verið afturkallað eða takmarkað þannig að framleiðsluvaran, sem vottorðið var gefið út fyrir, nýtur ekki lengur verndar grunneinkaleyfisins eða, eftir að grunneinkaleyfið er útrunnið, ástæða er fyrir því að afturkalla það eða takmarka það með þessum hætti.

2. Hver sem er getur sótt um að fá vottorð ógilt, eða hafið mál til þess, hjá þeim aðila sem ber ábyrgð samkvæmt landslögum á endurnýjun á samsvarandi einkaleyfi.

16. gr.
Tilkynning um vottorð sem hafa fallið úr gildi eða verið ógilt.

Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu um það ef vottorð fellur úr gildi í samræmi við b-, c- eða d-lið 14. gr. eða er ógilt í samræmi við 15. gr.

17. gr.
Áfrýjun.

1. Unnt skal vera að áfrýja ákvörðunum yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. 9. gr. eða aðilans sem um getur í 2. mgr. 15. gr., sem teknar eru í samræmi við þessa reglugerð, á þann hátt sem kveðið er á um í landslögum um ákvarðanir í einkaleyfamálum í viðkomandi landi.

2. Ef dagsetning fyrsta markaðsleyfis fyrir vöruna innan bandalagsins, sem fram kemur í umsókninni um vottorð sem kveðið er á um í 8. gr., er röng, skal vera unnt að áfrýja ákvörðuninni um veitingu vottorðsins til að leiðrétta gildistíma þess.

18. gr.
Málsmeðferð.

1. Sé ekki kveðið á um sérstaka málsmeðferð í þessari reglugerð skal sú málsmeðferð sem gildir um grunneinkaleyfið samkvæmt landslögum gilda um vottorðið og, ef við á, málsmeðferðarákvæði sem gilda um vottorðin sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1768/92, nema í þeim lögum sé kveðið á um sérstaka málsmeðferð fyrir vottorð sem um getur í þessari reglugerð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal undanskilja málsmeðferð vegna andmæla við útgáfu vottorðs.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

19. gr.

1. Heimilt er að gefa út vottorð fyrir allar framleiðsluvörur sem njóta verndar gilds grunneinkaleyfis þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að því tilskildu að fyrsta leyfi til að markaðssetja vöruna sem plöntuvarnarefni í bandalaginu hafi verið veitt eftir 1. janúar 1985 skv. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngildu ákvæði í landslögum.

2. Umsókn um vottorð, sem er lögð fram á grundvelli 1. mgr., skal koma fram innan sex mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi.

20. gr.

Í þeim aðildarríkjum þar sem landslög gerðu ekki ráð fyrir veitingu einkaleyfa vegna plöntuvarnarefna 1. janúar 1990 skulu ákvæði þessarar reglugerðar gilda frá 2. janúar 1998.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki í þeim aðildarríkjum.

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 23. júlí 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
K. HÄNSCH
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
M. LOWRY
forseti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Lögð er til minni háttar breyting á lögunum þess efnis að reglugerð ESB-ráðsins um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna verði hluti af lögunum. Ákvæði þetta mun auka við starf Einkaleyfastofu, en á móti munu myndast tekjur af útgáfu vottorða þannig að ætla verður að framlag ríkissjóðs af almennum tekjum hans muni ekki aukast.

154. Skýrsla [154. mál]

fjármálaráðherra um kynslóðareikninga.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Inngangur.

Gerð kynslóðareikninga fyrir Ísland hefur verið til umræðu og undirbúnings hér á landi um nokkurra ára skeið, enda eru þeir taldir mikilvægt framlag til almennrar umræðu um efnahags- og ríkisfjármál. Markmið þessara reikninga er að meta áhrif fjármálastefnu hins opinbera á hag komandi kynslóða. Niðurstöðurnar geta gefið mikilvæga vísbendingu um hvert stefnir að óbreyttu og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að jafna kjörin milli kynslóða. Hins vegar er jafnljóst að þessir reikningar koma ekki í staðinn fyrir hefðbundnar uppgjörsaðferðir og áætlunargerð.

Á árinu 1996 var gengið til samstarfs fjármálaráðuneytis, Þjóðhagsstofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um gerð slíkra reikninga. Hagfræðistofnun hefur síðan unnið að þessu verkefni, í nánu samráði og samstarfi við fjármálaráðuneyti og Þjóðhagsstofnun, og voru fyrstu niðurstöður lauslega reifaðar í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998. Enn fremur samþykkti Alþingi vorið 1997 tillögu til þingsályktunar um gerð kynslóðareikninga.

Framreikningar af þessu tagi eru tiltölulega nýtt fyrirbæri og einungis örfá ár síðan fyrstu áætlunum var komið á framfæri í fyrsta sinn í fjárlagafrumvarpinu í Bandaríkjunum, en Bandaríkjamenn eru frumkvöðlar á þessu sviði. Jafnframt hafa verið gerðir kynslóðareikningar bæði í Noregi og Danmörku. Ísland er því eitt fárra landa sem birt hafa kynslóðareikninga.

Í þessari skýrslu er gerð frekari grein fyrir helstu niðurstöðum þessara reikninga. Um nánari umfjöllun og aðferðafræði er vísað til ítarlegrar skýrslu Hagfræðistofnunar. Áfram verður unnið að gerð og þróun þessara reikninga.

Friðrik Sophusson (sign.)

Kynslóðareikningar.

1. Inngangur.

Miklar breytingar hafa orðið í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi undanfarin tíu til fimmtán ár. Þessar breytingar hafa öðru fremur einkennst af auknu frjálsræði í viðskiptum, jafnt milli ríkja sem innan þeirra. Þetta á ekki einungis við um vöruviðskipti, heldur einnig fjármagns- og þjónustuviðskipti. Þessar aðstæður hafa kollvarpað ýmsum fyrri hugmyndum um orsakasamhengi ýmissa þátta efnahagslífsins, ekki síst hvað ríkisfjármál snertir og áhrif aðgerða á því sviði á almenna efnahagsþróun.

Áður var sú skoðun útbreidd að aðhaldsaðgerðir í ríkisútgjöldum leiddu óhjákvæmilega til samdráttar í efnahagslífinu. Nú er hins vegar almenn samstaða um að jákvæð efnahagsleg áhrif af traustri stöðu ríkisfjármála í kjölfar aukins aðhalds í útgjöldum geri meira en vega upp hugsanleg samdráttaráhrif aðgerða af þessu tagi. Væntingar markaðsaðila og trúverðugleiki efnahagsstefnunnar eru þannig talin hafa úrslitaáhrif á þróun vaxta og þar með hagvaxtarhorfur.

Í samræmi við þessi viðhorf er meginverkefni stjórnvalda í nær öllum iðnríkjum heims nú talið vera að ná tökum á útgjaldavexti ríkissjóðs, einkum tilfærslum til velferðarmála. Samhliða er talið brýnt að mæta fyrirsjáanlegum útgjaldavanda, vegna lífeyrisskuldbindinga hins opinbera og fjölgunar ellilífeyrisþega, með viðeigandi aðhaldsaðgerðum. Breytt viðhorf og horfur um vaxandi útgjöld ríkisins næstu áratugi hafa orðið til þess að beina sjónum stjórnvalda í ríkari mæli að áætlanagerð í ríkisfjármálum til langs tíma.

2. Gerð kynslóðareikninga fyrir Ísland.

Í þessu samhengi hafa augu manna beinst að svokölluðum kynslóðareikningum, en þeim er ætlað að sýna hvað bíður komandi kynslóða í skattbyrði og ríkisútgjöldum, miðað við óbreyttar áherslur og stefnu í ríkisfjármálum. Aðferðin er í stuttu máli sú að reikna út hve mikið tiltekinn einstaklingur kemur til með að greiða í skatta og hvað hann fær til baka frá ríkinu frá vöggu til grafar, að gefnum forsendum um hagvöxt, ævilíkur o.fl. Ennfremur er skoðað hvað óbreytt stefna í ríkisfjármálum þýðir fyrir afkomu ríkisins. Ef um áframhaldandi hallarekstur er að ræða er gengið út frá því að grípa þurfi til aðgerða til að eyða hallarekstrinum og spurt: Hvað þarf að hækka skatta mikið til að standa undir óbreyttri útgjaldastefnu eða hve mikið þarf að lækka útgjöldin? Þessir reikningar munu seint leysa hefðbundnar uppgjörsaðferðir af hólmi, enda gefa þeir aðeins grófa vísbendingu um hvert stefnir í ríkisfjármálum á næstu áratugum, að gefnum tilteknum forsendum. Þeir sýna hins vegar hvert horfir að óbreyttri ríkisfjármálastefnu stjórnvalda með því að draga saman í einni tölu hvað komandi kynslóðir þurfa að greiða miklu hærri skatta en núlifandi kynslóðir.

Þessi uppgjörs- eða framreikningsaðferð er tiltölulega ný af nálinni. Bandaríkin voru fyrst til að birta slíka útreikninga, en síðan hafa nokkur lönd bæst við, meðal annars Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Nú liggja einnig fyrir fyrstu niðurstöður slíkra reikninga fyrir Ísland. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur haft umsjón með gerð þeirra í samvinnu við fjármálaráðuneytið og Þjóðhagsstofnun. Hér er aðeins um fyrstu niðurstöður að ræða og þarf að hafa nokkra fyrirvara við þær. Eftir er að þróa útreikningana frekar, meðal annars með því að meta áhrif lífeyriskerfisins á niðurstöðurnar, en margt bendir til að áhrifin séu jákvæðari hér á landi en annars staðar.

Einhelsta niðurstaða kynslóðareikninganna er að sú kynslóð sem fædd er árið 1995, en það er grunnár reikninganna, komi til með að greiða rúmlega 700 þúsund krónum meira til ríkisins en hún fær frá ríkinu á ævinni, sem fyrst og fremst má rekja til vaxtagreiðslna af skuldum ríkisins. Þessi tala fer síðan hækkandi á næstu árum og áratugum, að óbreyttri stefnu í ríkisfjármálum, þannig að komandi kynslóðir þurfa að greiða tæplega 1.900 þúsund krónum meira en þær fá til baka. Skattbyrði þessara kynslóða er því 161% meiri en skattbyrði þeirrar kynslóðar sem fæddist árið 1995. Til þess að jafna þennan mun milli kynslóða þyrfti að öðru jöfnu að auka tekjur eða lækka útgjöld ríkisins um 4 milljarða króna. Niðurstöður þessara reikninga eru mjög næmar fyrir þeim forsendum sem lagt er upp með. Í dæminu sem kynnt er hér að framan er gert ráð fyrir 1,5% hagvexti á mann og 6% vöxtum. Í kynslóðareikningum sem gerðir hafa verið erlendis er oftast miðað við 5% vexti. Sé gengið út frá þeim forsendum minnkar munurinn milli kynslóða verulega, eða úr 161% í 31%. Þetta er svipuð niðurstaða og kynslóðareikningar sýna fyrir Svíþjóð. Í Noregi er munurinn meiri, eða 53%, og sambærileg tala fyrir Bandaríkin er um 100%.

3. Viðmiðunartímabil.

Viðmiðunartímabilið fyrir Ísland er árið 1995 og miðast allir útreikningar við þær reglur sem þá giltu um skatta og skyldur hins opinbera, arð af eignum, skuldir og fleiri þætti. Árið 1995 einkenndist efnahagslífið af stöðugleika en þó var hagvöxtur meiri en verið hafði í mörg ár á undan. Stöðugleikinn er ein ástæða þess að þetta ár var valið en hann kom meðal annars fram í lítilli verðbólgu, jafnvægi á viðskiptum við útlönd, góðri afkomu fyrirtækja og hagstæðri launaþróun.

Kynslóðareikningar endurspegla efnahagsástandið hverju sinni. Miklu skiptir því að ástandið á viðmiðunartímabilinu sé dæmigert fyrir meðalár og alla jafna væri betra að viðmiðunartímabilið væri lengra en eitt ár. Jafnframt verður þá hægt að skoða allar breytingar sem hið opinbera gerir á skatta- og útgjaldastefnu á ákveðnu tímabili og áhrifum þeirra á afkomu kynslóðanna.

4. Dreifing tekna og gjalda á kynslóðir.

Hvorki er unnt að skipta öllum útgjöldum hins opinbera á ákveðnar kynslóðir né rekja allar tekjur til ákveðinna kynslóða. Á Íslandi reyndist unnt að tengja um 92% tekna hins opinbera við einstaklinga, en það er mjög hátt hlutfall miðað við það sem gerist erlendis. Hlutfall þetta var t.d. 73% í Danmörku. Þær 8% tekna hins opinbera sem ekki var mögulegt að tengja við einstaklinga eru meðal annars vaxtatekjur af ýmsum kröfum hins opinbera, innborganir frá Seðlabanka og arðgreiðslur ríkisfyrirtækja.

1. TAFLA. *Heildarumsvif hins opinbera á grunnári* (1995)

Tekjur		Útgjöld	
Skipt á kynslóðir:		Skipt á kynslóðir:	
Tekjuskattur + útsvar	52.752	Fræðslukerfi	24.482
Eignarskattur	9.311	Heilbrigðiskerfi	31.244
Launatengd gjöld	11.641	Velferðarkerfi	15.872
Aðrir skattar	4.974	Almannatryggingar	19.010
		Aðrar endurgreiðslur	2.962
Virðisaukaskattur	42.763		
Tollar og vörugjöld	16.468	Önnur útgjöld	52.221
Neysluskattar + leyfisgjöld	6.847		
Einkasöluskattur	5.644	Verg fjárfesting	14.533
Aðrar tekjur	12.357	Vaxtaútgjöld	18.673
Heildartekjur	162.757		
Halli á fjárlögum	13.397		
Afskriftir	2.843		
Samtals:	178.997	**Samtals:**	178.997
		Neysla hins opinbera	54.398
		(Önnur útgjöld+verg fjárfesting)-aðrar tekjur)	

Í milljónum króna.

Ekki tókst að tengja jafnhátt hlutfall af útgjöldum hins opinbera við einstaklinga eða einungis um 53%. Þetta er þó sambærilegt við það sem gerist erlendis. Í sumum tilfellum var ekki einsýnt hvernig skipta ætti kostnaði á einstaklinga. Kostnaðarmat í heilbrigðiskerfinu var sérstaklega vandmeðfarið mál. Það mat sem notað var er það besta sem völ er á enn sem komið er. Til þess að bæta kostnaðarmatið eru uppi áform um að nota svokallaða DRG sjúkdómaflokkun sem er nákvæmari aðferð til að meta kostnað við hvern sjúkling. Vegna þess hve stór hluti ríkisútgjalda rennur til heilbrigðismála skiptir miklu fyrir kynslóðareikninga að mat á skiptingu kostnaðar sé nákvæmt. Af sömu ástæðu er skipting kostnaðar við menntakerfið mikilvæg. Í framtíðinni er ætlunin að fylgja svokölluðum ISCED-stöðlum við mat á skiptingu kostnaðar vegna menntunar við gerð kynslóðareikninga.

Þau útgjöld sem ekki er hægt að skipta á einstaklinga eftir aldri og kyni teljast í útreikningunum *neysla* hins opinbera. Sem dæmi má nefna að til neyslu hins opinbera teljast útgjöld til samgöngumála, löggæslu, orkumála, ýmissa atvinnumála og fleiri þættir, samtals um 30% af heildarútgjöldum hins opinbera á Íslandi árið 1995. Um 17% af heildarútgjöldum hins opinbera telst fjárfesting og einnig fer stór hluti í vaxtagreiðslur. Athygli skal vakin á því að hluti þess sem telst, í skilningi kynslóðareikninga, neysla hins opinbera á ákveðnu ári, svo sem uppbygging samgöngumannvirkja, byggir upp þjóðarauð og kemur væntanlega að notum um langa framtíð. Í samræmi við erlendar venjur eru þó slíkar varanlegar eignir, sem ekki skila tekjum í ríkissjóð, ekki taldar með eignum ríkisins í íslensku kynslóðareikningunum. Þetta þýðir að neysla fortíðarkynslóða er ofmetin en sá auður sem fortíðarkynslóðir skila til framtíðarkynslóða vanmetinn.

Í töflu 1 má sjá heildarumsvif ríkisins árið 1995 og hvernig tekjur og gjöld skiptust á flokka í kynslóðareikningum. Tafla 2 sýnir nánar hvaða þættir teljast til hvers flokks.

Við gerð kynslóðareikninganna var hreinum auði hins opinbera, þ.e. eignum að frádregnum skuldum, skipt í tvo hluta. Annars vegar eru allar fjárhagslegar eignir og skuldbindingar hins opinbera, skuldabréf útgefin af hinu opinbera til langs og skamms tíma, svo sem spariskírteini og ríkisvíxlar. Skattakröfur eru undanskildar svo og sjóðir sem eru eign almennings en hið opinbera rekur og, eins og áður segir, varanlegar eignir hins opinbera sem ekki er greiddur arður af. Hins vegar eru metnir tekjustraumar fyrirtækja og stofnana í eigu hins opinbera, tekjur af landi og eignaleyfum, sektir, tekjutilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarstyrkir til fyrirtækja og stofnana í eigu hins opinbera.

Heildareignir fást með því að leggja saman hlutana tvo. Til eigna teljast því allar þær eignir ríkissjóðs og sveitarfélaga, svo sem eignir hjá Seðlabanka, viðskiptabönkum og einkaaðilum, sem skila arði til hins opinbera. Skuldamegin munar mest um skuldabréf ríkis og áfallna vexti á þau, lífeyrisskuldbindingar og erlend lán. Fundinn var mismunur heildareigna og skulda og hann notaður sem mat á hreint verðmæti hins opinbera. Niðurstaðan er að hreint virði hins opinbera var neikvætt um 233 milljarða árið 1995, það er eignir voru minni en skuldir.

Tafla 3 sýnir skiptingu á verðmæti hins opinbera fyrir árið 1995. Sjá má að mestu munar um hreinar skuldir A-hluta ríkissjóðs upp á 295 milljarða króna, í B-hluta eru eignir umtalsvert meiri en skuldir og hrein eign um 88 milljarðar króna. Hér er skipting í A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt eldra uppgjöri, eins og það var árið 1995. Loks eru hreinar skuldir sveitarfélaga um 25 milljarðar króna.

2. TAFLA. *Skipting skatttekna og útgjalda hins opinbera*

Sköttum og útgjöldum er skipt í níu flokka eins og hér segir:

A. Skattar:

1. *Tekjuskattur*: tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, tekjuskattur barna, tekjuskattur lögaðila, útsvar og sjómannaafsláttur.
2. *Eignarskattur*: eignarskattur, sérstakur eignarskattur, eignarskattur lögaðila og fasteignagjald.
3. *Aðrir beinir skattar*: sértækur eignarskattur, gatnagerðargjöld, skattar á fjármagnsviðskipti - stimpilgjöld, tryggingargjald, ábyrðarsjóður launa, gjald í framkvæmdasjóð aldraða og frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.
4. *Virðisaukaskattur*: heildargreiðslur í virðisaukaskatt.
5. *Aðrir óbeinir skattar*: vörugjöld, tollar, einkasöluskattur, neyslu- og leyfisgjöld, sérstakir þjónustuskattar og aðrir skattar.

B. Útgjöld:

1. *Fræðslukerfi*: dagvist, grunnskólar, menntaskólar, fjölbrautaskólar, verslunar- og viðskiptaskólar, sérskólar, háskóla, aðrir skólar á háskólastigi, fullorðinsfræðsla og Lánasjóður íslenskra námsmanna.
2. *Heilbrigðiskerfi*: sjúkraþjónusta, sérfræðiþjónusta (heilsugæsla), öldrunarþjónusta, lyf og slysadeild.
3. *Velferðarkerfi*: unglinga- og öldrunarheimili, málefni fatlaðra, húsaleigubætur, önnur velferðarþjónusta, atvinnuleysisbætur, barnabætur, barnabótaauki og vaxtabætur.
4. *Almannatryggingar*: 115 bótaflokkar Tryggingastofnunar (flokkar nr. 10101 - 121403).

3. TAFLA. *Verðmæti hins opinbera á grunnári* (1995)

A-Hluti

Eignir		Skuldir	
Sjóðir	323	Skammtímalán	16.992
Banki	5.136	Ríkisvíxlar	16.399
Seðlabanki	2.832	Ríkisbréf	6
Innlendir	1.512	Ríkissjóður	50
Erlendir	469	A-hluta stofnanir	537
Yfirdráttur	460	Aðrar skammtímakröfur	5.647
Seðlabanki	267	Ríkissjóður	1.992
Innlendir	193	A-hluta stofnanir	3.655
Áfallnar ógjaldfallnar vaxtatekjur	2.297	Áf. ógj.fallnir vextir (sparisk.)	19.011
Skammtímakröfur	3.651	Langtíma lán	195.961
Stutt lán	70	Stofnanir í A-hluta	4
Viðsk.reikn. og bráðab.lán	3.087	Fyrirt. og sj. í B-hluta	0
Fyrirframgreidd gjöld	494	Innlánsstofnanir	4.979
		Sveitarfélög	0
Langtímakröfur	12.031	Lánastofnanir	1.803
Til A-hluta stofnana	75	Fyrirt. og atvinnuvegir	83
Fyrirt. og stofn. í B-hluta	0	Seld markaðsbréf	61.831
Fyrirt. með eignarhl. ríkis	6.390	Erlendir aðilar	127.261
Sveitarfélög	0		
Fyrirtæki og atvinnuvegir	4.461	Lífeyrisskuldbindingar	81.399
Einst., félög og samtök	450		
Lánastofnanir	899		
Aðrir	-244		
Samtals:	23.575	Samtals:	319.010
Hreinar skuldir A.-hluta		295.435	

B.-Hluti

Eignir		Skuldir	
Skammtímakröfur	20.432	Tekin löng lán	160.421
Veitt löng lán	242.894	Lífeyrisskuldbindingar	15.401
Samtals:	263.326	Samtals:	175.822
Hreinar skuldir B.-Hluti			-87.504

Sveitarfélög

Eignir		Skuldir	
Veltufjármunir	11.525	Skammtímaskuldir	11.252
Sjóðir	1.605		
Skammtímakröfur	9.713	Langtímaskuldir	27.876
Aðrar eignir	207	Ríkissjóður	0
		Lífeyrisjóðir	792
Langtímakröfur	2.668	Bank og sp.	4.118
Ríkissjóður	0	Ýmsir sjóðir	7.800
Fyrirtæki sveitarf.	185	Aðr. innl. aðil.	10.697
Aðrir aðilar	2.483	Erlend skuld	4.469
Samtals:	14.193	Samtals:	39.128
Hreinar skuldir sveitarfélaga		24.935	
Hreinar skuldir hins opinbera 1995 A.-og B.-hluti og sveitarfélög		232.866	

Í milljónum króna.

5. Forsendur útreikninganna.

Yfirleitt var aðgengi gagna og úrvinnsla þeirra fyrir kynslóðareikninga ágætt á Íslandi. Flestar þjóðir hafa þurft að aðlaga gögn á ýmsan hátt t.d. vegna þess að þau eru frá mismunandi tímum eða aðeins hafa verið til upplýsingar fyrir annað kynið o.s.frv. en þessa þurfti sjaldnast hér á landi. Stofnanir hins opinbera á Íslandi virðast halda vel utan um ýmsar upplýsingar í samanburði við stærri lönd og mikið er fyrirliggjandi af gögnum. Smæð íslensks samfélags auðveldar gagnaöflun. Þannig fást upplýsingar um raunverulegar greiðslur eftir kyni og aldri einstaklinga, til dæmis í almannatryggingakerfinu eða í skatta, sem er óhugsandi víðast hvar erlendis.

Gengið var út frá tilteknum forsendum um mannfjöldaþróun, hagvöxt og ávöxtunarkröfu. Gert var ráð fyrir því að skuldasöfnun hins opinbera væru takmörk sett, nánar tiltekið að árið 2200 þyrftu eignir hins opinbera að vera jafnar skuldum. Þetta þýðir að samanlögð skattbyrði núlifandi kynslóða og þeirra sem fæðast fyrir 2200 verður að standa undir allri neyslu hins opinbera fram til 2200, auk þess að greiða upp skuldir umfram eignir árið 1995.

Til að bera saman upphæðir sem ríkið eða einstaklingar reiða af hendi á mismunandi tíma er beitt svokallaðri núvirðingu. Núvirðingin gerir kleift að bera saman fjárhæðir á mismunandi tímum og tekur hún þannig tillit til þess að upphæðir sem greiddar eru nú skipta meira máli en upphæðir sem greiddar eru síðar, að öðru jöfnu. Miðað er við ákveðna vaxtakröfu og var hún ákveðin 6% fyrir Ísland. Þetta þýðir að upphæð sem reidd er af hendi eftir ár þarf að vera 6% hærri en upphæð sem reidd er af hendi í dag til þess að áhrif hennar mælist þau sömu í kynslóðareikningunum. Vegna núvirðingarinnar skipta upphæðir, sem koma til greiðslu eftir lokaár reikninganna, árið 2200, hverfandi máli.

Reiknað var með 1,5% hagvexti, þ.e. vexti vergrar landsframleiðslu á mann á ári. Afar erfitt er að spá fyrir um hagvöxt langt fram í tímann. Talan sem notuð var er nokkuð lægri en meðaltal eftirstríðsáranna á Íslandi en sambærileg við þær sem notaðar hafa verið við kynslóðareikninga í nágrannalöndunum og nálægt meðaltali hagvaxtarspáa fyrir iðnríki á Vesturlöndum. Spá um mannfjöldaþróun var fengin frá Byggðastofnun.

Rétt er að taka fram að lífeyrissjóðakerfinu var haldið fyrir utan reikningana en sá háttur er viðhafður í öðrum löndum þar sem kynslóðareikningar hafa verið gerðir. Þetta gerir það að verkum að hrein skattbyrði kynslóða framtíðarinnar virðist nokkru meiri en búast má við. Nokkuð verk er að meta áhrif lífeyrissjóðakerfisins en það mun verða gert síðar.

6. Helstu niðurstöður.

Mynd 1 sýnir hvernig skattbyrði skiptist á aldurshópa og kyn árið 1995. Sjá má að skattgreiðslur karla eru að jafnaði hærri en kvenkyns jafnaldra þeirra og endurspeglar það meðal annars launamun kynjanna. Hlutur karla í eignarskatti er þó líklega ofmetinn vegna þess að eignir hjóna eru fremur skráðar á eiginmann en eiginkonu. Ekki reyndist unnt að skipta virðisaukaskattsgreiðslum með neinni vissu á milli kynja og er því gert ráð fyrir að þær skiptist jafnt.



1. mynd. *Meðalskattbyrði hverrar kynslóðar árið* 1995 (92% dreift á kynslóðir)



2. mynd. *Meðalendurgreiðslur til hverrar kynslóðar árið* 1995 (52% dreift á kynslóðir)

Mynd 2 sýnir skiptingu á greiðslum frá hinu opinbera eftir aldri og kyni þiggjenda. Sjá má að kostnaður vegna heilbrigðis- og almannatryggingakerfis fellur að stórum hluta til vegna elstu aldurshópanna, kostnaður vegna fræðslukerfis nýtist einkum yngstu þegnunum en kostnaður vegna velferðarkerfis skiptist mun jafnar á aldurshópa. Útgjöld vegna fræðslu- og heilbrigðiskerfis skiptast nokkuð jafnt á kynin. Konur njóta hins vegar stærri hluta útgjalda hins opinbera í velferðar- og almannatryggingakerfinu. Hlutur kvenna hér er þó væntanlega ofmetinn vegna þess að ýmsar bætur, t.d. barnabætur, eru í þessum reikningum skráðar á mæður fremur en feður.

Mynd 3 sýnir hreina skattbyrði núlifandi kynslóða og tafla 4 sýnir hvernig hreina skattbyrðin verður til vegna skiptingar vergrar skattbyrði og greiðslna frá hinu opinbera. Þegar myndin og taflan eru skoðaðar verður að hafa í huga að kynslóðareikningar eru framtíðarreikningar. Það þýðir að eingöngu er miðað við þær greiðslur sem einstaklingar eiga eftir að fá, eða greiða, til hins opinbera. Ekki er tekið tillit til þeirra fjárhæða sem einstaklingar hafa þegar greitt, eða fengið, fyrir grunnár reikninganna.

Sem dæmi má nefna að ef litið er á niðurstöður kynslóðareikninga fyrir núlifandi kynslóðir virðist 35 ára einstaklingur hafa margfalt hærri hreina skattbyrði en nýfæddur einstaklingur. Þetta stafar m.a. af núvirðingu tekju- og greiðslustrauma. Nýfæddur einstaklingur greiðir ekki samsvarandi fjárhæðir í skatta og 35 ára einstaklingur fyrr en eftir 35 ár. Því er hrein skattbyrði nýfædds einstaklings eftir 35 ára aldur núvirt yfir tímabil sem er 35 árum lengra en hjá eldri einstaklingnum. Þegar skattbyrði þessara tveggja einstaklinga er borin saman á grunnárinu virðist skattbyrði 35 ára einstaklings því hærri. Jafnframt eru framtíðarskattgreiðslur nýfædds einstaklings sem greiddar eru eftir 35 ára aldur léttvægar miðað við endurgreiðslur þær sem nýfæddur einstaklingur þiggur frá hinu opinbera í formi sjúkraþjónustu, dagvistar og skólagöngu fyrstu ár ævi sinnar.

Breytingar á tekjum og útgjöldum hins opinbera hafa mjög mismunandi áhrif á einstaklinga eftir kyni eða aldurshópi þeirra. Þannig kemur t.d. hækkun skatta harðar og jafnar niður á körlum en konum. Þá kæmi skerðing á framlögum til menntakerfis harðast niður á ungu fólki, en áhrif af lækkun á fjárframlagi til velferðarkerfis dreifast nokkuð jafnt á fullorðna einstaklinga.

Skattbyrði framtíðarkynslóða er fundin sem afgangsstærð. Þar sem fyrr eða síðar verður að afla tekna til að greiða öll útgjöld ríkisins verður hrein skattbyrði framtíðarkynslóða að nægja til að greiða muninn annars vegar á neyslu ríkisins allt tímabilið sem verið er að skoða, að viðbættum skuldum nú umfram eignir, og hins vegar hreinni skattbyrði núlifandi kynslóða. Gert er ráð fyrir að allir einstaklingar sem fæddir eru eftir grunnárið, 1995, beri sömu skattbyrði.

Þegar skattbyrði núlifandi og framtíðarkynslóða er skoðuð, kemur í ljós að skattbyrði einstaklings sem fæddist árið 1995 er að meðaltali 713 þúsund krónur á verðlagi þess árs, en byrði einstaklinga af komandi kynslóðum verður að vera að meðaltali 1.862 þúsund krónur til þess að eignir ríkisins nægi fyrir skuldum árið 2200. Munurinn er 161%. Til að ná jafnvægi á milli kynslóða þarf því að auka skattbyrði núlifandi kynslóða eða draga úr útgjöldum hins opinbera.

3. mynd. *Hrein skattbyrði núlifandi kynslóða.*



4. TAFLA. *Hrein skattbyrði núlifandi kynslóða*

Aldur	Hrein skattbyrði	Tekju-skattur	Eignar-skattur	Aðrir b. skattar	VSK	Aðrir ób. skattar	Fræðslu-kerfi	Heilbr.-kerfi	Velferðar-kerfi	Almanna-tr.kerfi
N	713	2.437	372	803	2.192	1.474	-3.291,7	-1.668	-940	-666
5	1.581	2.731	416	904	2.480	1.667	-3.278,9	-1.541	-1.038	-758
10	3.929	3.812	585	1.257	3.438	2.311	-3.060,8	-1.941	-1.399	-1.073
15	6.313	4.463	684	1.476	4.037	2.714	-2.145,4	-2.072	-1.602	-1.239
20	8.652	5.287	821	1.652	4.538	3.091	-1.240,9	-2.251	-1.801	-1.443
25	11.367	6.564	1.068	1.888	5.324	3.627	-599,5	-2.619	-2.099	-1.786
30	11.910	6.728	1.181	1.838	5.234	3.565	-252,7	-2.638	-1.902	-1.845
35	12.277	6.958	1.338	1.809	5.115	3.484	-148,9	-2.813	-1.565	-1.900
40	11.269	6.555	1.381	1.655	4.714	3.211	-90,5	-3.023	-1.181	-1.953
45	9.291	5.820	1.361	1.445	4.154	2.830	-50,8	-3.278	-891	-2.099
50	6.719	4.961	1.300	1.236	3.638	2.478	-31,3	-3.679	-739	-2.445
55	3.810	4.188	1.227	1.045	3.212	2.187	-16,0	-4.328	-672	-3.034
60	322	3.231	1.097	815	2.692	1.834	-7,4	-4.933	-651	-3.757
65	-2.769	2.123	848	516	1.919	1.307	-4,5	-4.908	-555	-4.015
70	-5.960	1.314	708	326	1.458	993	-2,5	-5.709	-380	-4.669
75	-6.899	756	475	225	1.059	721	-1,6	-5.828	-271	-4.034
80	-7.790	525	354	181	861	587	-1,4	-6.485	-203	-3.609
85	-8.576	351	252	143	662	451	-1,2	-7.230	-121	-3.083
90+	-1.422,0	48	33	22	99	67	-0,2	-1.197	-19	-475
Greiðslubyrði framtíðarkynslóða				1.862						
Ójafnvægi milli kynslóða				2,61						

Í þúsundum króna, r = 6% og g = 1,5%.

Margar leiðir eru færar til að jafna afkomumun kynslóðanna án þess að hér sé ein leið tekin fram yfir aðra. Heildartekjur hins opinbera af tekjuskatti og útsvari mætti t.d. hækka um 0,91% af vergri landsframleiðslu ársins 1995 (4,1 milljarð króna) á ári. Sama marki mætti ná með því að skerða útgjöld til menntakerfisins um 1,01% af landsframleiðslu (4,6 milljarða króna). Ekki var reynt að meta áhrif þessara aðgerða, eða annarra sem skoðaðar voru, á hagvöxt, en gera má ráð fyrir að hækkun tekjuskatts dragi úr hagvexti og það sama má segja um lægri framlög til menntunar.

Nokkuð minni lækkun þyrfti að verða á fjárframlagi til velferðarkerfisins til að jafna aðstöðumun kynslóðanna eða um 0,97% af landsframleiðslu (4,4 milljarðar króna). Lægri framlög hins opinbera til þessa málaflokks myndu að öllum líkindum koma verst niður á ungu fólki og öldruðum. Hér er átt við velferðarkerfið í víðum skilningi þess orðs og nær það yfir framlög til hjúkrunarheimila, greiðslu ýmissa bóta á vegum ríkis og sveitarfélaga o.s.frv.

Þá væri hægt að lækka neysluútgjöld hins opinbera, þ.e.a.s. draga úr þeim útgjöldum sem ekki er hægt að skipta niður á kynslóðirnar. Sú aðgerð leiðir til beinnar lækkunar á skattgreiðslum komandi kynslóða en auk þess til lægri framlaga til málaflokka eins og vega-, dóms-, orku- og atvinnumála.

Skuldasöfnunar hins opinbera gætir mjög í kynslóðareikningunum. Ef eignir hins opinbera nægðu fyrir skuldum mældist hrein skattbyrði framtíðarkynslóða neikvæð um tæpar 398 þúsund krónur. Það þýðir að ef núverandi fjármálastefnu stjórnvalda yrði fylgt í framtíðinni greiddu núlifandi kynslóðir of mikið í skatta miðað við komandi kynslóðir. Lækka mætti skatta, eða auka útgjöld, um allt að 4 milljarða króna en halda samt jafnvægi á milli kynslóðanna. Það ójafnvægi sem er á skattbyrði núverandi og komandi kynslóða má því að stórum hluta skrifa á fortíðarreikning skuldasöfnunar hins opinbera.

Aldursdreifing þjóðarinnar hefur mikil áhrif á útgjöld og tekjur hins opinbera. Við skoðun á mannfjöldaspá Byggðastofnunar sést að yfir tímabilið 1995 til 2200 er fjölgunin mest í aldurshópnum 25–64 ára sem er sá hópur sem almennt er virkastur á vinnumarkaði. Þessi hópur greiðir hæsta skatta og þannig eru heildartekjur hins opinbera háar vegna þessa hóps en útgjöldin aftur á móti ekki mikil. Einnig verður talsverð fjölgun í elstu aldurshópunum, það er 65 ára og eldri. Sú fjölgun kallar á aukin útgjöld vegna ellilífeyris, sjúkra- og velferðarþjónustu. Heildartekjuaukning hins opinbera vegna fjölgunar í aldurshópunum 25–64 ára virðist þó verða meiri en útgjaldaaukning vegna aukins fjölda aldraðra miðað við áætlaða mannfjöldaþróun.

Tafla 5 sýnir dæmi um áhrif aðgerða sem myndu jafna skattbyrði núlifandi kynslóða og framtíðarkynslóða. Miðað við núverandi ástand verður skattbyrði einstaklinga framtíðarinnar að jafnaði 161% hærri en hrein skattbyrði þeirra sem fæddust árið 1995. Til þess að jafna þetta hlutfall mætti til dæmis hækka tekjuskatt. Væri það gert lækkaði hrein skattbyrði framtíðarkynslóða úr 1.862 þúsundum í 910 þúsund. Út úr töflunni má á sama hátt lesa áhrif breytinga á virðisaukaskatti og lækkunar útgjalda.

5. TAFLA. *Breyting á greiðslubyrði framtíðarkynslóða*

	Greiðslubyrði framtíðarkynslóða			Ójafnvægi milli kynslóða		
	Allir	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur
Grunnviðmiðun	1.862	7.603	-4.371	2,61	2,61	2,61
Hækkun tekjuskatts	910	3.204	-1.580	1,00	-	-
Hækka virðisaukaskatt	924	3.117	-1.456	1,00	-	-
Lækka greiðslur til fræðslukerfis	1.336	3.547	-1.065	1,00	-	-
Lækka greiðslur til velferðarkerfis	973	3.121	-1.360	1,00	-	-
Skuldir ríkisins engar	-398	-1.624	933	-0,56	-	-
Óbreyttur mannfjöldi	1.839	33.287	-32.304	17,41	17,41	17,41

Í þúsundum króna.

Þá má sjá í töflu 5 að ef hreinar skuldir hins opinbera væru engar fengju kynslóðir framtíðarinnar meira frá hinu opinbera en þær greiða til þess að öðru óbreyttu. Loks sést að bregðist fólksfjöldaspár og engin fólksfjölgun verður, munu karlar framtíðarinnar þurfa að standa undir mun meiri greiðslum til hins opinbera en þeir fá frá því. Þessu er hins vegar öfugt farið með konur framtíðarinnar.

7. Samanburður við önnur lönd.

Við útreikningana var eins og áður segir gert ráð fyrir 6% ávöxtunarkröfu. Þetta er nokkuð hærri krafa en í þeim nágrannalöndum okkar sem unnið hafa kynslóðareikninga, en þar hefur oftast verið miðað við 5%. Ástæða þess að valin var hærri ávöxtunarkrafa fyrir Ísland er að hún endurspeglar meðal annars áhættu eða óvissu og telja má að smæð Íslands og nokkuð einhæft atvinnulíf valdi því að meiri óvissa ríki um framtíðina en í stærri löndum sem hafa fleiri stoðir undir atvinnulífi sínu. Til þess að gera alþjóðlegan samanburð kleifan voru reikningarnir fyrir Ísland endurteknir miðað við 5% ávöxtunarkröfu. Í töflu 6 má sjá niðurstöður þessara reikninga.

Byrði framtíðarkynslóða er misjöfn milli landa. Ísland stendur vel að vígi í þessum samanburði og eru íslenskir karlar framtíðarinnar með sambærilega skattbyrði í hlutfalli við nýfædda og karlar í Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi. Karlar framtíðarinnar á Ítalíu þurfa hins vegar að bera mun meiri hreina skattbyrði í samanburði við nýfædd sveinbörn þarlend en í hinum löndunum. Danskir karlar virðast, ólíkt körlum í samanburðarlöndunum, bera of þunga skattbyrði miðað við framtíðarkynslóðir. Ef ójöfnuður framtíðarkynslóða er skoðaður fyrir bæði kynin í Danmörku verður niðurstaðan þó svipuð því sem gerist á Íslandi, hrein skattbyrði framtíðarkynslóða virðist 26% hærri en núlifandi kynslóða. Af þessu má vera ljóst að ef ávöxtunarkrafan sem notuð er í kynslóðareikningunum er lækkuð í 5% verður niðurstaðan fyrir Ísland mjög sambærileg við það sem gerist hjá þeim nágrannaþjóðum okkar sem gert hafa kynslóðareikninga.

6. TAFLA. *Alþjóðlegur samanburður á kynslóðareikningum–núvirði hreinna meðalskattgreiðslna karla* (þúsundir dollara)

Aldur kynslóðar árið 1993	Ísland*	Danmörk*	Noregur	Svíþjóð	Banda-ríkin	Þýska-land	Ítalía
N	84	35	110	156	121	197	65
5	104	77	128	179	141	233	80
15	209	229	165	231	192	334	156
25	308	330	185	269	224	369	205
35	308	297	159	266	197	279	145
45	222	172	100	211	126	135	34
55	119	0	11	98	9	-74	-97
65	-16	-134	-57	-9	-108	-163	-144
75	-97	-155	-58	-36	-104	-100	-169
85	-116	-169	-32	-21	-78	-39	-61
Framtíðar-kynslóðir	111	-53	171	204	243	250	354
Ójöfnuður	31%	-56%	53%	31%	100%	27%	446%

Heimild: OECD (1996b), Jensen og Raffelhüschen (1996) og útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

*Tölurnar fyrir Ísland og Danmörku eru frá árinu 1995. Tölunum fyrir Ísland er breytt með meðalgengi íslensku krónunar gagnvart Bandaríkjadal á millibankamarkaði árið 1995 sem var 64,79 kr. Í öllum tilfellum er miðað við 1,5% hagvöxt á mann og 5% afvöxtunarþátt.

155. Frumvarp til laga [155. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji útgerð skips að ekki náist að veiða upp í úthlutað aflamark skips af einhverri tegund skal útgerðin tilkynna Fiskistofu um hve mikið af aflamarki tegundarinnar hún hyggst ekki nýta á fiskveiðiárinu. Aflamarki hverrar tegundar sem þannig er skilað til Fiskistofu skal úthlutað á fiskveiðiárinu, gegn umsýslugjaldi er renni í ríkissjóð, til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum. Aflamarki tegunda, sem ekki nýtast á fiskveiðiárinu og ekki er heimilt að flytja milli ára skv. 12. gr., skal í byrjun næsta fiskveiðiárs úthlutað gegn umsýslugjaldi til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum.

Umsýslugjald skal miðast við 5% af meðalverði viðkomandi tegundar á fiskmörkuðum innan lands á síðastliðnu fiskveiðiári.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess.
b. 6. mgr. fellur brott.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipta á aflamarki milli skipa, enda sé um jöfn skipti á tegundum að ræða að mati Fiskistofu. Þó er óheimilt að skipta aflamarki þeirra tegunda sem skipið fær til sín samkvæmt ákvæði 5. mgr. 7. gr. í lögum þessum.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um skipti á aflamarki tegunda milli skipa og eru skiptin ekki heimil fyrr en Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um þau frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998.

Greinargerð.

Það frumvarp til laga sem hér er lagt fram hefur þann tilgang að afnema að mestu leyti heimildir til framsals veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki veiðast á fiskveiðiárinu, verði skilað til Fiskistofu og þeim síðan úthlutað til annarra skipa gegn umsýslu-

gjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem eru ónýttar í lok fiskveiðiársins, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári gegn umsýslugjaldi. Markmið frumvarpsins er að einfalda og auka skilvirkni gildandi kerfis um stjórn fiskveiða og renna þannig stoðum undir almennari þjóðarsátt þar um.

Framsal veiðiheimilda á grundvelli heimilda í lögum um stjórn fiskveiða hefur verið gagnrýnt látlaust á undanförnum árum. Gagnrýnin hefur verið færð fram af mörgum samtökum, félögum og einstaklingum úr öllum þjóðfélagshópum. Vafasamt er að þjóðarsátt sé um gildandi kerfi um stjórn fiskveiða, hvað þá heldur almenn sátt um framsal veiðiheimilda.

Yfirlýstur tilgangur með setningu laga um stjórn fiskveiða var af tvennum toga. Í fyrsta lagi átti kerfið að tryggja að heildarafli tegunda í kvóta skyldi vera innan þeirra marka sem stjórnvöld ákvæðu hverju sinni. Í öðru lagi var reiknað með að kerfið leiddi til aukinnar hagkvæmni í sjávarútvegi þar sem það mundi með sjálfvirkum hætti leiða til að afkastageta fiskiskipaflotans aðlagaðist afrakstursgetu fiskstofnanna við landið. Það sem átti að koma í kring þessari aðlögun var fyrst og fremst frjálst framsal veiðiheimilda og þröngar takmarkanir á aukinni veiðigetu fiskiskipaflotans, sbr. ákvæði um úreldingu fiskiskipa í samræmi við stækkun annarra fiskiskipa.

Afar erfitt er að mæla hreinan ávinning í sjávarútvegi, ef einhver er, af framsali veiðiheimilda þar sem taka verður tillit til ýmiss konar kostnaðar sem framsalið leiðir af sér. Í þessu sambandi ber að nefna beinan viðskiptakostnað samhliða samningum og umsjón með tilfærslum veiðiheimilda milli aðila, en fjöldi tilfærslna á hverju fiskveiðiári er mjög mikill. Þessi miklu umsvif með framsali veiðiheimilda hafa kallað á síaukið opinbert eftirlit til að sjá um að farið sé að lögum. Þá ber að nefna að framsal veiðiheimilda hefur í för með sér óbeinan kostnað sem stafar af miklu óöryggi í rekstri fyrirtækja og framfærslu heimila í þéttbýli á landsbyggðinni sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Einnig ber að tilgreina tvö allsherjarverkföll sjómanna á fiskiskipum á undanförnum árum. Verkföllin má að stærstum hluta rekja til óánægju sjómanna með versnandi hlutskipti sitt þar sem þeir hafa nauðugir viljugir verið látnir taka þátt í kostnaði við kaup á veiðiheimildum. Þessi nauðung virðist enn eiga sér víða stað þrátt fyrir setningu nýrra ákvæða í ýmsum lögum til að spyrna við þessum gjörningum.

Eins og áður segir er vafasamt að framsal veiðiheimilda hafi skilað sjávarútveginum þeim ávinningi sem upphaflega var reiknað með. Hins vegar bendir ýmislegt til þess að framsalið leiði til aukins kostnaðar fyrir greinina og þjóðarbúið í heild. Ef heldur áfram sem horfir með óbreytt kerfi um stjórn fiskveiða má búast við vaxandi ósætti meðal þjóðarinnar í afstöðu hennar til kvótakerfisins. Við slíkar aðstæður verður ekki unað til langframa og er því nauðsynlegt að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að sem flestir geti sætt sig við þau. Það er meginmarkmið frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða ný ákvæði um að útgerð geti skilað Fiskistofu veiðiheimildum sem ekki verða nýttar á fiskveiðiárinu og verði þeim þá úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki nýttust á fiskveiðiárinu, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári. Þessi úthlutun miðast við aflahlutdeild viðkomandi tegundar sérhvers skips. Ef einhverjar útgerðir óska ekki eftir úthlutun þessara veiðiheimilda skal úthluta þeim til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum. Fyrir veiðiheimildir sem úthlutað er með þessum hætti greiða útgerðir sérstakt umsýslugjald er renni í ríkissjóð.

Þetta eru ný ákvæði og nauðsynleg til að tryggja að auðlindin verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt.

Um 2. gr.

Í a-lið er tekinn af allur vafi um að aflahlutdeild fylgir skipi við sölu þess innan lands. Þetta ákvæði á augljóslega ekki við þegar skip er selt úr landi eða það úrelt. Komi annað skip í stað þess sem úrelt var eða selt úr landi skal aflahlutdeild flytjast til þess. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rýra veðhæfni skips þar sem útgerðin, sem átti skipið eða keypti það, heldur ávallt aflahlutdeild skipsins.

Þar sem frumvarpið veldur því að hvorki má leigja kvóta innan ársins né færa varanlega hluta af aflamarki milli skipa er sjálfgefið að 6. mgr. 11. gr. núgildandi laga falli brott, eins og kveðið er á um í b-lið.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ávallt sé öllum frjálst að skipta á jöfnum heimildum af þeim tegundum sem aflamarki sæta. Fiskistofa skal leggja mat á það hvort hér sé um jöfn skipti að ræða, ella væri þarna opin leið til þess að greiða fyrir mismun verðmætis, en frumvarpinu er einmitt ætlað að koma í veg fyrir það óeðlilega verslunarkerfi sem viðgengist hefur undanfarin ár samfara því ósætti sem „kvótabraskið“ hefur valdið.

Þá er jafnframt tekið fyrir það í 1. mgr. greinarinnar að skip, sem fær til sín aflaheimildir í tegund gegn greiðslu umsýslugjalds vegna vöntunar í þeirri tegund, noti þá tegund í skiptimynt í jöfnum skiptum enda markmið frumvarpsins að fái menn til sín aflaheimildir eða sé úthlutað þeim nýti þeir þær sjálfir. Það samrýmist einnig vel þeim meginmarkmiðum kvótakerfisins að jafna veiðiheimildum til þeirra sem þurfa þeirra með vegna verkefnisskorts og skömmtunar aðgangs að afla innan kvótakerfisins.

Loks er tekið fram að önnur skipti en jöfn séu óheimil. Fiskistofa staðfestir að flutningur sé heimill í jöfnum skiptum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

156. Frumvarp til laga [156. mál]

um brottfall laga nr. 73/1994, um söfnunarkassa.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Gísli S. Einarsson,
Guðni Ágústsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Lög nr. 73/1994 eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Þegar lögin um íslenska söfnunarkassa voru til afgreiðslu á Alþingi voru þingmenn ekki á einu máli um ágæti slíkrar fjáröflunar. Íslenskir söfnunarkassar eru í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands og skal tekjum af kössunum varið til starfsemi þessara samtaka. Stuðningur við þessa lagasetningu byggðist á góðum málstað þeirra.

Í lögunum er ákvæði um að dómsmálaráðherra setji „í reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íslenskra söfnunarkassa, nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir söfnunarkassa, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu framlaga, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem nota mega kassana til að leggja fram framlög en hann skal þó eigi vera lægri en 16 ár“. Þá getur ráðherra sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal greiðslu kostnaðar við eftirlit og endurskoðun.

Engin reglugerð hefur hins vegar verið sett um framkvæmd laganna, eftirlit er nánast ekkert og víst er að börn og unglingar eiga greiðan aðgang að kössunum. Þá er það staðreynd að fjöldi fólks hefur ánetjast spilafíkn vegna þeirra og er nú svo komið að miklum fjármunum er varið til að veita meðferð vegna þeirrar ógæfu sem þessi starfsemi hefur kallað yfir fólk.

Tekjur af söfnunarkössum voru á reikningsárinu frá júlí 1995 til júníloka 1996 samtals 992,8 millj. kr. og eru þær undanþegnar skatti. Það eru vinningar einnig.

Ástæðulaust er að tíunda frekar í greinargerð hvað þessi starfsemi er fáránleg. Flutningsmenn telja reynsluna sýna að brýnt sé að leggja hana niður sem fyrst og því er frumvarpið flutt.

157. Fyrirspurn [157. mál]

til heilbrigðisráðherra um breytingar á kjörum lífeyrisþega almannatrygginga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á reglum (lögum, reglum, reglugerðum og vinnureglum sem hafa áhrif á kjör lífeyrisþega almannatrygginga) um
   a. grunnlífeyri ellilífeyris,
   b. grunnlífeyri örorkulífeyris,

c. tekjutryggingu (tekjutengingu, frítekjumörk gagnvart almennum tekjum og lífeyrissjóðstekjum) ellilífeyris,
d. tekjutryggingu (tekjutengingu, frítekjumörk gagnvart almennum tekjum og lífeyrissjóðstekjum) örorkulífeyris,
e. heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót ellilífeyris,
f. heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót örorkulífeyris,
g. sérstaka uppbót, svokallaða uppbót á lífeyri,
h. makabætur,
undanfarin fimm ár og hvenær voru þær gerðar?

2. Hvenær og hvernig hafa upphæðir
a. grunnlífeyris,
b. tekjutryggingar,
c. heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar,
d. makabóta,
breyst á umræddu tímabili?
3. Hvenær og hvernig breyttust frítekjumörk grunnlífeyris á tímabilinu?
4. Hvenær hafa viðbótarupphæðir, svo sem orlofsuppbót, desemberuppbót o.fl., lagst ofan á grunnlífeyrinn?
5. Er lífeyrisþegum mismunað eftir því hvenær þeir hafa sótt um heimilisuppbæturnar?
6. Hversu margir öryrkjar sem fá greiðslur úr almannatryggingunum fá
a. engar greiðslur úr lífeyrissjóði,
b. undir 5.000 kr.,
c. undir 10.000 kr.,
d. undir 20.000 kr.?
7. Hversu margir ellilífeyrisþegar sem fá greiðslur úr almannatryggingunum fá
a. engar greiðslur úr lífeyrissjóði,
b. undir 5.000 kr.,
c. undir 10.000 kr.,
d. undir 20.000 kr.?
8. Hversu margir ellilífeyrisþeganna sem spurt er um í 7. tölulið voru öryrkjar áður en þeir hófu töku ellilífeyris, í hverjum flokki fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

158. Fyrirspurn [158. mál]

til heilbrigðisráðherra um breytingar á réttindum lífeyrisþega í sjúkratryggingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig hafa eftirtalin þjónustugjöld lífeyrisþega í heilbrigðiskerfinu breyst á undanförnum fimm árum:
a. greiðslur fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, á dagvinnutíma og utan hans,

b. greiðslur fyrir læknisvitjun til sjúklings, á dagvinnutíma og utan hans,
c. greiðslur fyrir komu til sérfræðings,
d. greiðslur fyrir röntgengreiningu og rannsóknir?

2. Hvernig og hvenær hafa reglur um árlegar hámarksgreiðslur fyrir heilsugæslu- og læknisþjónustu og réttindi til slíkra greiðslna breyst á síðustu fimm árum?
3. Hvenær, hversu oft og hvernig hafa reglur um endurgreiðslu vegna mikils læknis- og lyfjakostnaðar breyst undanfarin fimm ár?
4. Hversu oft og hvernig hafa reglur um þátttöku sjúkratrygginga og hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði breyst sl. fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

159. Fyrirspurn [159. mál]

til heilbrigðisráðherra um mistök við læknisverk.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margar kærur hafa borist frá sjúklingum til landlæknisembættisins vegna meintra mistaka lækna á árunum 1990 til og með 1997:
   a. á sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu, skipt niður á ár og stofnanir,
   b. á sjúkrahúsum utan höfuðborgarsvæðisins, skipt niður á ár og stofnanir,
   c. á heilsugæslustöðvum, skipt niður á ár,
   d. á einkareknum læknastofum, skipt niður á ár og stofur?
2. Hversu margar kærur hafa átt við rök að styðjast?
3. Hversu margir hafa fengið bætur vegna læknamistaka og um hvaða upphæðir er að ræða í hverju tilviki, skipt niður á ár?
4. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að settar verði reglur er bæta réttarstöðu sjúklinga sem sannanlega hafa borið skaða af mistökum lækna og auðvelda þeim sem telja sig hafa orðið fyrir slíkum skaða að sækja mál sitt? Ef svo er hvenær má þá vænta þeirra?

Skriflegt svar óskast.

160. Fyrirspurn [160. mál]

til landbúnaðarráðherra um störf útflutnings- og markaðsnefndar.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hvert er hlutverk útflutnings- og markaðsnefndar sem hóf störf árið 1995, sbr. lög um útflutning hrossa?
2. Hverjar eru megináherslur í störfum nefndarinnar?

3. Hvaða verkefni hefur nefndin haft með höndum á starfstíma sínum?

Skriflegt svar óskast.

161. Fyrirspurn [161. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd EES-reglugerðar um félagslegt öryggi.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvaða fjárhæðir, sundurliðaðar eftir árum, hefur íslenska ríkið þurft að greiða vegna lyfjakaupa íslenskra lífeyrisþega búsettra um stundarsakir erlendis sem nýta sér rétt til hvers konar lyfjakaupa þar samkvæmt EES-reglugerð E/121, um félagslegt öryggi? Hver er heildarfjöldi lífeyrisþeganna orðinn frá því að Ísland gerðist aðili að samkomulagi um þann rétt?

162. Fyrirspurn [162. mál]

til heilbrigðisráðherra um hlunnindi lífeyrisþega almannatrygginga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig hafa eftirtalin hlunnindi lífeyrisþega aukist eða minnkað og reglur um þau breyst undanfarin fimm ár:
   a. réttur til að fá fellt niður fastagjald af síma,
   b. réttur til að fá afnotagjald Ríkisútvarpsins (útvarps/sjónvarps) fellt niður?
2. Er lífeyrisþegum mismunað á einhvern hátt gagnvart þessum hlunnindum, svo sem eftir því hvenær þeir hafa sótt um greiðslur frá almannatryggingum, eftir sambúðarformi eða af öðrum ástæðum?

Skriflegt svar óskast.

163. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason,
Guðjón Guðmundsson, Kristján Pálsson.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að fella niður stimpilgjöld af kaupsamningum, veðböndum og afsölum kaupskipa á árinu 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 6. gr. fjárlaga hefur lengi tíðkast að veita fjármálaráðherra heimild til að fella niður stimpilgjöld sem stofnað er til í tengslum við kaup eða leigu á flugvélum. Sambærilegar heimildir hafa ekki verið til staðar varðandi kaupskip. Íslenskar kaupskipaútgerðir og flugfélög eiga í sívaxandi samkeppni við erlenda aðila. Mismunun milli þessara flutningsaðila á alþjóðamarkaði hlýtur því að teljast vafasöm og í andstöðu við almenn jafnræðissjónarmið. Hér er lagt til að þessi mismunun verði leiðrétt þannig að við stimpilgjaldslögin bætist sérstakt ákvæði til bráðabirgða með heimild til að fella niður stimpilgjald í tengslum við kaup slíkra skipa á árinu 1998. Flutningsmenn telja eðlilegt að slíkt ákvæði verði síðan tekið inn í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1999.

Kaupskipastóll Íslendinga samanstendur af 25 skipum sem eru í reglubundnum rekstri íslenskra útgerða. Þess utan er nokkur fjöldi erlendra kaupskipa í leigu íslenskra aðila um stundarsakir vegna ýmissa flutninga, t.d. á mjöli og lýsi.

Af þeim 25 skipum sem fyrr er getið eiga íslenskar útgerðir 19 skip og eru aðeins fjögur þeirra skráð á Íslandi og sigla undir íslenskum fána.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða hefur lýst því yfir að ástæða þess að svo fá skip eru skráð undir íslenskum fána sé fyrst og fremst óeðlilega há skráningargjöld hér á landi sem nemi milljónum króna á meðan kaupskipaútgerðir í Noregi greiði aðeins um sex þúsund íslenskra króna í gjald á hvert skip. Nauðsynlegt er að grípa í taumana og lækka stimpilgjöld hér á landi svo að um ókomin ár megi kaupskip undir íslenskum fána sjást sem víðast. Öflugur íslenskur kaupskipafloti er einn þáttur í sjálfstæði þjóðarinnar og því er rétt að stuðla að því að sem flest kaupskip í eigu íslenskra útgerða sigli undir íslenskum fána. Sem fyrr kemur fram eru 15 kaupskip í eigu íslenskrar kaupskipaútgerðar skráð erlendis. Nái þetta frumvarp fram að ganga má ætla að þau skip verði skráð á Íslandi. Í engu mundi ríkissjóður verða af tekjum við samþykkt þessa frumvarps nema síður yrði, enda nánast engar skráningar á kaupskipum hér á landi hin síðari ár.

Með kaupskipum er hér átt við skip sem notuð eru til flutnings á farmi gegn endurgjaldi en geta jafnframt flutt 12 farþega eða færri í samræmi við alþjóðlegar reglur, sbr. skilgreiningu í 2. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

Fylgiskjal.

Skráning íslenskra kaupskipa erlendis.
Ríkið verður af 220 milljónum.
(Mbl. 23. janúar 1997.)

Áætla má að ríkissjóður verði af allt að 220 milljónum króna vegna skráningar íslenskra kaupskipa erlendis. Skráningargjöld kaupskipa eru reiknuð út frá andvirði þeirra en gera má ráð fyrir því að skráningargjöld skips, sem siglir undir íslenskum fána, séu að meðaltali í kringum tíu milljónir króna.

Af þeim 26 kaupskipum sem nú eru í rekstri íslenskra útgerða eru aðeins fjögur sem sigla undir íslenskum fána, þar af eru tvö skip í eigu olíufélaganna. Alls eru 18 skip í eigu útgerð-

anna en átta eru leiguskip. Andvirði skipanna er mjög mismunandi og eru verðminnstu skipin um 100 milljón króna virði en það verðmesta um 1.500 milljón króna virði. Þegar reiknuð eru gjöld vegna skráningar skipa hér á landi er tekið mið af verðmæti þeirra og samkvæmt heimildum Morgunblaðsins væru skráningargjöld af hverju skipi um tíu milljónir króna.

Samkvæmt reglum um nýskráningar skipa ber að greiða 0,26% af andvirði skips við skráningu þess. Ef skipið er í flokkunarfélagi, viðurkenndu af íslenskum stjórnvöldum, greiðir útgerð skipsins 60% af skráningargjaldinu. Árlegt gjald til Siglingamálastofnunnar eru 170 þúsund krónur á skip.

Stimpilgjöld stærsti hluti kostnaðar.

Verulegur hluti kostnaðar við skráningu skipa hér á landi felst hins vegar í stimpilgjöldum. Í lögum um skráningu skipa segir að fyrir skip sem kemur til nýskráningar undan erlendum fána skuli greiða stimpilgjald af afsali, 0,4% af heildarverði skipsins. Sé skipið selt úr landi er útgerð þess einnig skylt að greiða sömu upphæð í stimpilgjald af afsali.

Einnig ber að taka tillit til þess að í flestum tilvikum þurfa viðkomandi aðilar á verulegum lánafyrirgreiðslum að halda til kaupa á eignum af þessari stærðargráðu. Ef um nýbyggingu er að ræða má áætla að um 80% af verði skipsins séu tekin að láni. Af þeirri upphæð þarf lántakandinn að borga 1,5% í stimpilgjöld.

20 milljónir í gjöld.

Allt byggist þetta á kaupverði skipsins. Sé tekið dæmi af nýju skipi Eimskipa, Brúarfossi, sem kom til landsins í sumar, þá kostaði það um 1,5 milljarða króna og er dýrasta kaupskip í eigu Íslendinga. Þá má gera ráð fyrir að skráningarkostnaður skipsins hafi numið 2,8 milljónum króna. Ef miðað er við 80% lánsfjármögnun skipsins þarf útgerðin að greiða um 18 milljónir króna miðað við gefnar forsendur. Þá er ekki meðtalið stimpilgjald af afsali skipsins verði það selt úr landi, sem verður að teljast líklegur kostur þar sem eftirspurn eftir kaupskipum hér á landi er lítil sem engin.

Refsað fyrir að eiga skip.

Í nágrannalöndunum eru skráningargjöld lægri en á Íslandi og í Noregi greiða útgerðir því sem nemur sex þúsund íslenskum krónum í gjald fyrir hvert skip, óháð stærð þess eða andvirði. Einar Hermannsson, hjá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, segir þessi háu gjöld meðal annars hafa ýtt undir þá þróun að kaupskip hætti að sigla undir íslenskum fána. Hann segir að ef gjöldin væru lægri og vænlegra væri að gera út kaupskip hér á landi, mundu útgerðir nota eigin skip í hærra hlutfalli í stað leiguskipa. „Það má segja að mönnum sé beinlínis refsað fyrir að vera með skip undir íslenskum fána. Svokallaður skráningarkostnaður er margþættur en það er ekki hægt að segja að siglingamálayfirvöld séu að innheimta óeðlilega háar upphæðir. Kostnaðurinn liggur fyrst og fremst í stimpilgjöldunum sem eru í raun skattur sem innheimtur er af fjármálaráðuneytinu. Við höfum ítrekað leitað til ráðuneytisins um niðurfellingu á þessum gjöldum í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndunum. Það hefur hins vegar ekki fengið mikinn hljómgrunn," segir Einar.

164. Frumvarp til laga [164. mál]

um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd er nefnist örnefnanefnd. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár í senn. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Örnefnastofnun Íslands, annar af umhverfisráðuneyti en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allir skulu nefndarmenn vera kunnáttumenn á sviði örnefna- og staðfræði.

Örnefnanefnd fer með ákvörðunarvald um býlanöfn samkvæmt lögum þessum og jafnframt ákvarðar hún hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Málsaðild eiga Landmælingar Íslands, aðrir kortagerðarmenn, Örnefnastofnun Íslands, landeigendur, sveitarstjórnir og hlutaðeigandi ráðuneyti, en um málsaðild fer að öðru leyti að hætti stjórnsýslulaga. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslusviði. Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið nánar á um starfsemi örnefnanefndar. Skulu þar m.a. vera ákvæði um undirbúningsferli ákvarðana nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf, þar á meðal um að örnefni, sem ágreiningur er um, skuli auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi komi, gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Einnig má þar setja ákvæði um sambærilegt undirbúningsferli að annars konar ákvörðunum nefndarinnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, sem skráð hafa verið hjá Fasteignamati ríkisins, má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa nema með leyfi örnefnanefndar.

4. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Ágreiningi um nafngift skv. 1. mgr. verður skotið til endanlegs úrskurðar örnefnanefndar.

5. gr.

Fimm fyrstu málsliðir 8. gr. laganna orðast svo: Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt eftir að henni hafa borist beiðnir um nafnfesti á býlum eða þorpum eftir 5. og 7. gr., sem og önnur erindi til ákvörðunar, leggja rökstuddan úrskurð á málið. Telji nefndin nafntökunni ekkert til fyrirstöðu gefur hún út leyfisbréf til hennar. Nú telur örnefnanefnd ekki rétt

að lögfesta nafn sem um er beðið á nýbýli og skal hún þá tilkynna það umsækjanda og jafnframt benda honum á nöfn sem hann megi velja á milli á býli sitt. Hafi umsækjandi ekki innan sex mánaða valið eitt þeirra eða nýtt nafn sem nefndin fellst á og tilkynnt það örnefnanefnd úrskurðar nefndin um það hvert nafn býlið skuli fá og gefur út fyrir því leyfisbréf. Leyfisbréf fyrir nafntöku býlis sendir örnefnanefnd hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar og skal hann skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni ef þeir eru kunnir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998. Rennur þá jafnframt út skipunartími þeirrar örnefnanefndar er starfað hefur samkvæmt heimild í 2. gr. núgildandi laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa örnefnanefnd fyrir þann tíma sem þar er greindur þannig að hún geti tekið við störfum 1. ágúst 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið hefur nú verið endurskoðað með hliðsjón af þeim umsögnum sem menntamálanefnd aflaði.

Efni frumvarpsins hefur nokkur tengsl við frumvarp til laga um Örnefnastofnun Íslands sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Með frumvörpunum er stefnt að því að ef þau ná lögfestingu verði búinn fullnægjandi lagarammi um stjórn örnefnamálefna, að því marki sem þau heyra undir menntamálaráðuneytið.

Haft var samráð við umhverfisráðuneyti og fulltrúa Landmælinga Íslands hvað varðar þann þátt þessa frumvarps er snýr að úrskurðarvaldi um það hvaða örnefni verða sett á opinber landabréf.

Meginatriði frumvarpsins miðar að því að komið verði á fullnægjandi aðferð til þess að 1) fara með ákvörðunarvald um býlanöfn og nöfn á nýjum þéttbýliskjörnum og 2) skera úr um ágreiningsatriði og álitamál um nafnsetningar á landakort og um ný eða breytt gatnanöfn og þess háttar. Um fyrra atriðið hafa verið ákvæði í lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., og á grundvelli þeirra hefur menntamálaráðherra farið með ákvörðunarvaldið en sérstök nefnd, örnefnanefnd, verið ráðgefandi í því efni. Um síðara atriðið er það hins vegar að segja að um það hafa engin ákvæði verið í lögum til þessa og hefur það í reynd verið bagalegt. Samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. er örnefnanefnd þó ætlað að vera til ráðgjafar um nafnsetningar á landabréf, en úrskurðar- eða ákvörðunarvald hefur hún ekki á því sviði. Er tímabært að úr þessu verði bætt með viðunandi hætti.

Er hér lagt til að ákvörðunarvaldið um báða þá stjórnsýsluþætti sem nú voru nefndir verði alfarið lagt í hendur nefndarinnar og þannig að úrskurðir hennar séu endanlegir á stjórnsýslusviði sem táknar að þeim verði ekki skotið undir æðra stjórnvald, þ.e. ráðuneyti, til endurskoðunar. Nefndin sjálf heyrir hins vegar stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneyti sem hefur almennt eftirlit með starfi hennar og lögmæti einstakra úrskurða hennar verður jafnframt borið undir dómstóla á venjubundinn hátt, ef því er að skipta. Þykir rétt vera og eðlilegt að örnefnanefnd, sem skipuð verður sérfróðum mönnum, fjalli um bæði þau svið örnefnamálefna sem hér var vikið að fremur en að sérstök nefnd starfi á hvoru sviði um sig.

Tekið skal fram að með ákvæðum frumvarps þessa um starfsemi örnefnanefndar er á engan hátt stefnt að því að draga úr núverandi frumkvæði sveitarstjórna varðandi nafngiftir gatna, torga og þess háttar heldur er hér einungis fjallað um úrskurðarvald vegna ágreinings á því sviði.

Það fyrirkomulag sem hér var lýst er sambærilegt við það form á úrskurðarvaldi um mannanöfn sem verið hefur síðari ár samkvæmt lögum um það efni og bærilega hefur þótt gefast. Á þetta m.a. við um tölu nefndarmanna en einnig um það fyrirkomulag að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir. Minnt skal á að þau fræði er lúta að mannanöfnum og örnefnum heyra undir greinina nafnfræði sem er viðurkennd sérgrein á sviði málvísinda.

Ekki þótti að sinni næg ástæða til þess að gera tillögur til víðtækari breytinga á lögum um bæjanöfn en sem svarar til þess markmiðs er hér var lýst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um meginatriði ákvæðisins vísast til almennra athugasemda hér að framan. Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á síðustu málsgrein 2. gr. laganna eins og henni er ætlað að hljóða hljóti frumvarpið lögfestingu. Þar segir að í reglugerð skuli kveðið nánar á um starfsemi örnefnanefndar, m.a. um undirbúningsferli ákvarðana nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf, en um það efni hafa engin ákvæði gilt til þessa. Hér er gert ráð fyrir að örnefni, sem ágreiningur er um, verði auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara þannig að unnt sé að koma við ábendingum sem að gagni kunna að koma í því sambandi. Þetta fyrirkomulag á sér m.a. nokkra fyrirmynd í bandarískri stjórnsýslu á sambærilegu sviði og hefur þótt gefast vel þar. Má einnig benda á að með þessu móti er skírskotað til almennings líkt og er nú lögboðið á sviði tiltekinna umhverfismála sem geta varðað marga, sbr. ákvæði þar um varðandi skipulagsmál og umhverfismat. Þá er og lagt til að í reglugerð megi kveða á um sambærilegt undirbúningsferli að annars konar ákvörðunum nefndarinnar.

Í greininni er gert ráð fyrir breyttri skipan örnefnanefndar. Í stað fimm manna, sem ráðherra skipar án tilnefningar eftir gildandi lögum, koma þrír og skal einn þeirra tilnefndur af Örnefnastofnun Íslands en annar af umhverfisráðuneyti.

Um 2.–4. gr.

Þær breytingar á hlutaðeigandi ákvæðum núgildandi laga sem hér koma fram eru einfaldar og leiðir beinlínis af hinni nýju skipan á úrskurðarvaldi á þessu sviði sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki sérstakra skýringa.

Um 5. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 8. gr. núgildandi laga, eru í samræmi við það meginmarkmið frumvarpsins sem lýst var í almennum athugasemdum. Auk þess er sú breyting gerð að ábending örnefnanefndar, ef hún fellst ekki á nafnumsókn, er ekki bundin við þrjú nöfn eins og í gildandi lögum.

Um 6. gr.

Gildistökuákvæðið tekur mið af því tímamarki sem fram kemur í frumvarpi til laga um Örnefnastofnun Íslands, en um skyldleika frumvarpanna vísast til almennra athugasemda. Rétt þótti að miða jafnframt við það að á sama tíma renni út skipunartími þeirrar örnefnanefndar sem starfað hefur eftir gildandi lögum.

Um ákvæði til bráðbirgða.

Rétt þykir að gerðar verði ráðstafanir til þess að unnt verði að skipa nýja örnefnanefnd það tímanlega að hún geti tekið við störfum 1. ágúst 1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um bæjarnöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að fela örnefnanefnd ákvörðunarvald hvað varðar nafngiftir á býlum og nýjum þéttbýliskjörnum og fara með úrskurðarvald í ágreiningi um nafngiftir gatna, torga, nafngiftir á landabréfum og þess háttar. Samkvæmt gildandi lögum er vald þetta hjá menntamálaráðuneytinu og nefndin ráðgefandi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að nefndarmönnum í örnefnanefnd fækki úr fimm í þrjá og að vinna við úrskurði og ákvarðanatöku færist frá menntamálaráðuneyti til örnefnanefndar. Að því er séð verður mun frumvarpið ekki hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs.

165. Frumvarp til laga [165. mál]

um háskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Gildissvið og hlutverk háskóla.

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra menntastofnana sem veita æðri menntun. Ákvæði IV. kafla laganna taka þó einvörðungu til ríkisháskóla.

Nánari reglur um starfsemi háskóla er að finna í sérlögum, reglugerðum, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrám háskóla.

2. gr.

Háskóli er menntastofnun sem jafnframt sinnir rannsóknum ef svo er kveðið á um í reglum um starfsemi hvers skóla. Háskóli skal veita nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, nýsköpun og listum og til þess að gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu þar sem æðri menntunar er krafist. Háskólar skulu miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

3. gr.

Ríkisreknir háskólar eru sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyra stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra og lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum um hvern skóla. Háskólar geta

verið sjálfseignarstofnanir og starfa þá eftir staðfestri skipulagsskrá. Heimilt er einkaaðilum að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Allir háskólar skulu hafa sjálfstæðan fjárhag gagnvart ríkissjóði.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita og að þeir uppfylli ákvæði laga þessara og þeirra sérfyrirmæla sem um þá gilda.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita háskólum sem kostaðir eru af einkaaðilum starfsleyfi ef þeir starfa eftir samþykktum eða skipulagsskrám sem menntamálaráðherra staðfestir.

Uppfylli háskóli sem fengið hefur starfsleyfi ekki ákvæði laga þessara, sérfyrirmæla sem um hann gilda eða þær kröfur, sem gerðar eru til kennslu og rannsókna, getur menntamálaráðherra afturkallað starfsleyfið.

5. gr.

Menntamálaráðherra skal setja almennar reglur um eftirfarandi þætti:

1. Með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað.
2. Með hvaða hætti hver háskóli, sem hefur rannsóknarhlutverk, skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum rannsóknanna og nýtingu þeirra fjármuna sem fara til rannsókna.
3. Kærur eða málskotsrétt nemenda í málum þar sem þeir telja brotið á rétti sínum. Slíkar reglur geta falið í sér ákvæði um að kærumál nemenda skuli fara fyrir sérstaka áfrýjunarnefnd sem hafi endanlegt úrskurðarvald.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

6. gr.

Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar viðkomandi háskóla.

Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

Háskólar geta ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði ef þörf gerist, þar á meðal að láta nemendur sem uppfylla framangreind skilyrði gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

7. gr.

Kennarar í háskóla skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Nánari fyrirmæli um dómnefndir, kröfur til kennara, hæfni þeirra og starfsskyldur eru sett í sérlög og reglugerð, samþykktir eða skipulagsskrá um hvern háskóla.

III. KAFLI
Fyrirkomulag kennslu.

8. gr.

Yfirstjórn hvers skóla tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og um skipulag rannsókna.

9. gr.

Kennsla í háskólum skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum.

Námi á háskólastigi skal ljúka með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar.

Menntamálaráðherra skal gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Nánari fyrirmæli um kennslu, nám og prófgráður eru sett í reglugerðir, samþykktir eða skipulagsskrá um hvern háskóla.

IV. KAFLI
Stjórn ríkisháskóla.

10. gr.

Yfirstjórn hvers háskóla er falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráðum og deildarforseta ef skólanum er skipt í deildir.

11. gr.

Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers skóla nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum eða í sérlögum sem gilda um hvern skóla.

Ef háskóla er í lögum skipt upp í sjálfstæða skóla færist yfirstjórn skólans frá háskólaráði til skólastjórna. Háskólaráð fær þá það hlutverk að vera samráðsvettvangur skólanna og ráðgefandi aðili og fer með yfirstjórn í sérstaklega tilgreindum málaflokkum.

12. gr.

Háskólaráð skal samþykkja eftirfarandi nema annað sé berum orðum tekið fram í sérlögum eða reglugerð um hvern skóla:

1. Stjórnskipulag skólans og þar á meðal stjórnskipulag deilda.
2. Rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun skólans, þar á meðal rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun hverrar deildar.
3. Kennsluskrá.

13. gr.

Háskólaráð hvers skóla skal skipað allt að tíu fulltrúum og þar á meðal rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og er forseti þess. Allt að fimm fulltrúar úr hópi kennara skólans eiga setu í ráðinu samkvæmt nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Nemendur skulu kjósa allt að tvo fulltrúa hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Menntamálaráðherra skal skipa allt að tvo fulltrúa til tveggja ára í senn. Í deildaskiptum háskólum, þar sem æðsta ákvörðunarvald er í höndum háskólaráðs, eru fulltrúar í háskólaráði hvorki kjörgengir í stöðu deildarforseta né í deildarráð og þeir geta ekki gegnt stjórnunarstöðum í deildum.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi fulltrúa háskólans sem setu eiga í ráðinu. Varaforseti er staðgengill rektors í forföllum hans.

Falli atkvæði í háskólaráði jöfn ræður atkvæði rektors úrslitum.

14. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu viðkomandi háskólaráðs eftir nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Skal staðan auglýst til umsóknar.

Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors.

15. gr.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á skipulagi hans.

16. gr.

Nú er háskóla skipt í háskóladeildir og telst þá hver deild grunneining skólans. Í háskóla, sem ekki er deildaskiptur, heyrir öll starfsemi skólans undir háskólaráð. Háskólaráð tekur ákvörðun um deildaskiptingu.

Deildir eru sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka sem lög og reglugerðir hvers háskóla setja. Yfirstjórn hverrar deildar er falin deildarforseta, deildarfundum og deildarráði.

Nánar skal kveða á um kjör í deildarráð, kjör fulltrúa til setu á deildarfundum og val á deildarforseta í sérlögum eða reglugerð hvers skóla.

17. gr.

Háskólaráð getur að fengnum tillögum deildarráðs skipt viðkomandi deild upp í skorir. Hver skor kýs sér stjórn og formann.

18. gr.

Nánar skal kveða á um starfssvið, starfshætti og tengsl háskólaráðs, rektors, deildarforseta, deildarfunda, deildarráðs og skora í sérlögum, reglugerð og starfsreglum hvers skóla.

V. KAFLI
Fjárhagur.

19. gr.

Hver ríkisháskóli hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára. Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við hvern skóla um tilhögun á greiðslum af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við háskóla sem rekinn er af einkaaðilum og fengið hefur starfsleyfi skv. 4. gr. um að annast tiltekna menntun á háskólastigi gegn því að ríkissjóður greiði ákveðna fjárhæð fyrir þjónustuna.

Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í sérlög hvers ríkisháskóla skal setja reglur um öflun sértekna með gjaldtöku fyrir þjónustu er skólarnir bjóða.

20. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til háskóla skal miða við eftirfarandi:

1. Fjárveitingar vegna kennslu miðast við fjölda stúdenta í fullu námi. Menntamálaráðherra setur reglur um kennslukostnað og þar á meðal um hvað telst fullt nám í þessu tilliti og útreikning á fjölda stúdenta í fullu námi.
2. Fjárveitingar vegna rannsókna, nýsköpunar og þróunar í þeim háskólum, sem hafa rannsóknarhlutverk, skulu taka mið af fjölda fastra kennara og sérstakra framlaga til rannsóknarverkefna og þjónustustofnana. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framlög til rannsókna.
3. Fjárveitingar vegna húsnæðis skulu taka mið af fjölda fastra kennara, fjölda nemenda og sérstakrar aðstöðu sem námið krefst. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framlög til húsnæðismála.

21. gr.

Í samningum sem menntamálaráðherra kann að gera við einkaaðila skv. 2. mgr. 19. gr. skal eftirfarandi koma fram:

1. Námsframboð og námskröfur.
2. Áætlaður fjöldi nemenda í hverri námsgrein.
3. Hvaða þjónustustarfsemi skólinn býður.
4. Áætlaður fjöldi kennara.
5. Upplýsingar um námsárangur.
6. Hvernig greiðslum úr ríkissjóði skuli hagað á samningstímabilinu.

Samningar þessir skulu endurskoðaðir árlega með hliðsjón af fjölda nemenda og námsframboði. Þá skal fara fram uppgjör á milli samningsaðila vegna mismunar á raunverulegum og áætluðum tilkostnaði. Fyrir lok samningstímans skal menntamálaráðherra láta fara fram úttekt á starfsemi viðkomandi háskóla í heild.

22. gr.

Ríkisháskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð viðkomandi háskóla fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum.

23. gr.

Árlega skal hver háskóli sem nýtur fjárframlaga frá ríkissjóði halda opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt.

VI. KAFLI
Samstarf háskóla.

24. gr.

Háskólar skulu hafa með sér samráð og samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Í því skyni skulu háskólar m.a. setja reglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta.

Samstarfsnefnd háskólastigsins skal skipa á grundvelli þessara laga. Í henni skulu eiga sæti rektorar háskóla. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um málefni háskólamenntunar. Nefndin skal veita umsögn í málum sem menntamálaráðherra eða einstakir háskólar vísa þangað.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

26. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skólakerfi, nr. 55/1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Háskólar sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu innan tveggja ára frá gildistökudegi að telja laga starfsemi sína að lögum þessum. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið hefur verið endurskoðað, m.a. með hliðsjón af þeim athugasemdum sem komu fram við umfjöllun Alþingis, en er efnislega óbreytt. Við gerð þess var höfð hliðsjón af skýrslu þróunarnefndar Háskóla Íslands frá árinu 1994, skýrslu Hagsýslu ríkisins um stjórnsýslu Háskóla Íslands frá árinu 1996, nefndaráliti um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar á Íslandi frá árinu 1995 og tillögum samstarfsnefndar háskólastigsins frá árinu 1995, en fulltrúar 13 skóla eiga aðild að nefndinni. Eftirtaldir skólar eiga fulltrúa í nefndinni: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Tækniskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands, Leiklistarskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Tónlistarskóli Íslands, Verslunarskóli Íslands, Samvinnuháskólinn á Bifröst, Bændaskólinn á Hvanneyri.

Helsta markmiðið með setningu þessara laga er að festa í sessi skipan þess skólastigs sem tekur við af framhaldsskólastigi og kallað hefur verið háskólastig. Í frumvarpinu eru dregin saman þau meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til að geta talist háskóli og veita háskólagráðu við námslok. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um starfsemi hvers háskóla í sérlögum, reglugerð, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrá hvers skóla.

Nokkuð skiptar skoðanir hafa verið um hversu ítarleg löggjöf þessi eigi að vera, þ.e. hvort setja eigi ítarleg lög um háskólastigið og hverjum háskóla síðan starfsreglur í reglugerð eða hvort almennu lögin eigi að vera einföld og nánari fyrirmæli sett í sérlög. Við samningu þessa frumvarps hefur verið reynt að fara bil beggja í þessu efni. Gert er ráð fyrir að lögin geymi einungis einfaldar meginreglur um starfsemi háskóla. Löggjöf hvers skóla verði síðan endurskoðuð og einfölduð en allar nánari útfærslur á starfsemi hvers skóla verði að finna í reglugerð og starfsreglum hvers skóla. Gengið er út frá því í frumvarpinu að háskólar geti bæði verið ríkisreknir og einkareknir. Í samræmi við það eiga ákvæði IV. kafla frumvarpsins, um stjórn ríkisháskóla, eingöngu við um ríkisháskóla. Hins vegar er reiknað með því að starfsreglur einkarekinna háskóla komi fram í samþykktum eða skipulagsskrám skólanna.

Eftir að þetta frumvarp hafði verið samið var samið frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla sem fellur að ákvæðum þessa frumvarps og var það flutt á síðasta þingi.

Af hálfu Háskóla Íslands hafa komið fram athugasemdir vegna einstakra þátta frumvarpsins og hefur þeim verið svarað á þann veg af hálfu menntamálaráðuneytisins að niðurstaða um stjórnskipulag Háskóla Íslands ráðist af sérlögum um hann, en að ósk Háskóla Íslands hefur menntamálaráðherra skipað þrjá fulltrúa í nefnd sem vinnur að smíði sérlaga um Háskóla Íslands.

II.

Á undanförnum árum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að breytt umhverfi háskólastarfsemi kalli á samræmda löggjöf, þ.e. almenn lög um háskólastigið, jafnframt því að endurskoða þurfi lög um hvern háskóla og að endurskoða eða fella úr gildi lög um skólakerfi, nr. 55/1974. Í lögum nr. 55/1974 er mörkuð sú stefna að rétt sé að setja samræmda löggjöf um hvert skólastig, skyldunámsstigið, framhaldsskólastigið og háskólastigið. Nú þegar hafa verið sett lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að lög nr. 55/1974 hafa runnið sitt skeið á enda þar sem stefna sú sem lögin mörkuðu, sbr. 10. gr. laganna, hefur komist til framkvæmda. Því er lagt til í 26 gr. frumvarpsins að lög nr. 55/1974 verði felld úr gildi.

Sjálfstæði háskóla hefur vaxið jafnt og þétt án þess að stjórnsýsla þeirra hafi verið aðlöguð þeim auknu völdum og þeirri ábyrgð sem hefur fylgt í kjölfar aukins sjálfstæðis þeirra. Löggjöf einstakra háskólastofnana er um margt of flókin og ábyrgð stjórnenda ekki nógu vel skilgreind. Aukin samkeppni stofnana um opinbert fjármagn kallar á auknar kröfur um skilvirkni og skýrari mælikvarða um árangur. Stóraukin erlend samskipti hafa leitt til meiri samkeppni íslenskra háskóla við erlendar menntastofnanir og einkaaðilar hér á landi hafa í auknum mæli sýnt áhuga á því að reka háskóla í samkeppni við ríkisvaldið. Á síðustu árum hefur sú stefna ríkt bæði hér á landi og í nágrannalöndunum að færa völd í auknum mæli til undirstofnana ráðuneytanna.

Breytt starfsumhverfi, ný viðhorf við stjórn ríkisfjármála, ný lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, ný stjórnsýslulög og ný upplýsingalög, allt kallar þetta á ný vinnubrögð innan háskólastofnana. Um þetta hafa flestir sem um málefni háskólastigsins hafa fjallað verið sammála.

Í erindisbréfi þróunarnefndar Háskóla Íslands segir m.a. að nefndin skuli afla gagna um háskólamenntun og rannsóknir og skýra gildi þeirra fyrir atvinnulíf og menningu þjóðarinnar. Einnig segir í erindisbréfinu að nefndin skuli gera tillögur til menntamálaráðuneytis og háskólaráðs um mótun stefnu í þróun Háskóla Íslands, svo og tillögur um samvinnu Háskólans og verkaskiptingu við aðra skóla á háskólastigi. Í skýrslu þróunarnefndar Háskóla Íslands er víða fjallað um breytt starfsumhverfi Háskólans og aukna samkeppni. Þar segir m.a. orðrétt á bls. 26 um breytt starfsumhverfi Háskóla Íslands: „Háskóli Íslands hefur keppt við aðrar rannsóknarstofnanir um fé úr sjóðum til verkefna. Hann hefur hins vegar ekki búið við neina samkeppni um kennslu. Mat á kennslustörfum hans hefur byggst á orðspori brautskráðra nemenda í störfum hér á landi eða í framhaldsnámi erlendis. Nokkur samkeppni gæti orðið milli íslenskra skóla á háskólastigi, þótt líklegra sé að þeir hafi með sér verkaskipti.“ Í sama kafla skýrslunnar segir einnig orðrétt á bls. 30: „Háskóli Íslands stendur frammi fyrir vaxandi samkeppni á öllum sviðum háskólastarfsins þar sem þau lönd, sem fremst standa í Evrópu og tilbúin eru til að leggja mikið í sölurnar hvað menntun snertir, munu ráða mestu um markmið og kröfur sem gerðar verða í nánustu framtíð. Þessum kröfum verða íslenskir skólar og aðrir skólar í Evrópu að vera tilbúnir að mæta.“ Í skýrslunni er einnig fjallað um nauðsyn þess að

setja almenn lög um háskólastigið. Um það segir í III. kafla skýrslunnar á bls. 36: „Á Íslandi starfa nú 13 skólar sem bjóða nám eftir stúdentspróf. Þeir standa að samstarfsnefnd háskólastigsins. Auk Háskóla Íslands með 5.100 nemendur eiga þar sæti fulltrúar skóla með samtals um 1700 nemendur á háskólastigi. Flestir þeir skólar eru sérskólar og aðgangur að þeim takmarkaður. Þar sem skólar sem veita háskólamenntun eru orðnir jafnmargir og raun ber vitni er nauðsynlegt að sett verði löggjöf um þetta skólastig þar sem háskólanám verði skilgreint og m.a. kveðið á um undirbúning nemenda."

Í skýrslu Hagsýslu ríkisins um stjórnsýslu Háskóla Íslands frá árinu 1996 segir í inngangi að skýrslan sé afrakstur könnunar á stjórnsýslu skólans sem Hagsýsla ríkisins framkvæmdi að ósk háskólarektors og stjórnsýslunefndar skólans. Í skýrslunni segir orðrétt um löggjöf og stefnumótun á bls. 48: „Semja þarf heildarlöggjöf um háskólastigið þar sem fram koma hlutverk háskóla, meginviðmið í stjórnskipulagi, samband þeirra við stjórnvöld, þar á meðal á hvaða grundvelli fjárveitingar eru ákvarðaðar, hlutverk menntamálaráðuneytis, gæðakröfur til skóla o.s.frv."

Þann 11. janúar 1995 skilaði samstarfsnefnd háskólastigsins til Ólafs G. Einarssonar, þáverandi menntamálaráðherra, tillögum að drögum um háskólalög. Í bréfi sem Sveinbjörn Björnsson, rektor og formaður nefndarinnar, ritaði ráðherra af því tilefni segir orðrétt: „Með lögum um háskóla yrðu settar samræmdar almennar reglur um hlutverk háskóla, inntökuskilyrði, kröfur til kennara, prófgráður og viðurkenningu þeirra, kennslu og mælieiningu námsins sem við er miðað, starfsskilyrði sem háskólum skulu búin, fjárveitingar og tekjustofna, samráð og samstarf á milli háskóla. Þörf slíkrar samræmingar er brýn til að tryggja að háskólar standi undir nafni sem slíkir og til að gera þeim kleift að vinna saman, bæði að kennslu og rannsóknum." Eins og áður segir er í frumvarpi þessu að miklu leyti byggt á frumvarpsdrögum samstarfsnefndarinnar.

Drög að frumvarpi þessu voru send Hagsýslu ríkisins til umsagnar og hefur að mörgu leyti verið tekið tillit til ábendinga og athugasemda stofnunarinnar. Jafnframt hefur verið leitað ráða hjá ýmsum aðilum sem sérfróðir eru á þessu sviði og sérstakra hagsmuna hafa að gæta.

III.

Í flestum nágrannaríkjum okkar hefur löggjöf um háskólastarfsemi verið endurskoðuð. Þar hefur verið talið nauðsynlegt að laga háskólastarfsemina að nýju og breyttu starfsumhverfi. Í Danmörku voru sett ný lög um háskóla og æðri menntastofnanir árið 1993. Í þeim lögum er gerð tilraun til þess að draga úr miðstýringu og auka sjálfstæði háskóla. Í Noregi voru lögfest lög um æðri menntun árið 1995 eftir miklar umræður um stöðu og þróun háskólastigsins. Sú löggjöf er byggð á skýrslu nefndar sem var undir stjórn Gudmund Hernes, síðar menntamálaráðherra Noregs, er út kom 1988. Þar var m.a. fjallað um markvissari aukningu fjárveitinga til háskóla auk skýrari markmiðssetningar innan háskólanna. Í Svíþjóð voru sett almenn lög um háskólastigið árið 1993 en þau lög eru nú til endurskoðunar. Í Finnlandi hafa til þessa gilt sérlög um hvern háskóla með þeirri undantekningu að árið 1991 voru sett almenn lög um verkmenntaháskóla. Hins vegar er nú í Finnlandi verið að ganga frá frumvarpi um heildarlög fyrir háskólastigið og er búist við því að það verði lagt fram á þessu ári. Í frumvarpsdrögunum er m.a. gert ráð fyrir auknu sjálfstæði háskóla og því að utanskólamenn sitji í helstu ráðum og stjórnum skólanna.

Á vegum Evrópuráðsins hefur mikil umræða farið fram um stöðu æðri menntunar á undanförnum árum. Sérstök nefnd um stöðu æðri menntunar og rannsókna, The Higher Education and Research Committee, hefur unnið að sérstöku verkefni um endurskoðun á löggjöf um æðri menntun. Þar hefur sérstaklega verið lögð áhersla á að endurskoða samband eða tengsl há-

skólastofnana við ríkisvaldið, m.a. með það í huga að auka sjálfstæði þeirra gagnvart ríkisvaldinu án þess að veikja stjórnsýslu þeirra. Sérstakt vægi fékk þetta verkefni eftir að mörg ríki Austur-Evrópu höfðu fengið inngöngu í Evrópuráðið.

IV.

Eins og fram kemur í heiti frumvarpsins er lögunum ætlað að staðfesta almenna stefnu stjórnvalda í málefnum háskólastigsins og tryggja lágmarkssamræmi í löggjöf einstakra háskólastofnana. Lögunum er ætlað að ná til allra menntastofnana sem taka við nemendum sem lokið hafa framhaldsskólanámi og uppfylla nánar tilgreind inntökuskilyrði. Þau ná jafnt til skóla sem sinna rannsóknum og þeirra sem eingöngu sinna kennslu. Gert er ráð fyrir að lögin myndi ramma um ákvæði í sérlögum hvers skóla. Því er nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög um hvern háskóla. Í lögunum er að því stefnt að skilgreina markmið háskólastarfseminnar, tryggja betur sjálfstæði háskóla, tryggja möguleika á virkara gæðaeftirliti með starfsemi skólanna og opna leið fyrir virka árangursstjórnun. Auk þess er lagt til að lögfestar séu meginreglur um stjórnsýslu ríkisháskóla og hlutverk æðstu stjórnenda þeirra skilgreind.

1. Aukið sjálfstæði.

Í frumvarpinu er lagt til að sjálfstæði háskóla verði eflt og ábyrgð þeirra aukin jafnframt því sem háskólunum er veitt víðtækara umboð til fjármálaumsýslu. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til skólanna byggist m.a. á fjölda nemenda og að ríkisvaldið semji sérstaklega við hvern skóla til nokkurra ára í senn. Hvort sem slíkur samningur er kallaður þjónustusamningur eða ekki er skólanum veitt fjárhagslegt svigrúm innan ramma samningsins. Lagt er til að ríkisreknir háskólar verði sjálfstæðar ríkisstofnanir og yfirstjórnir þeirra taki ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, námskeiða, námsmats og rannsókna, hafi skólinn rannsóknarhlutverk. Tilgreind eru sérstaklega þau svið þar sem ráðherra skal setja sérstakar reglur. Er það aðallega á þeim sviðum þar sem nauðsynlegt er að tryggja samræmi í skólastarfinu, t.d. reglur um heiti og inntak viðurkenndra háskólagráða. Einnig er talið rétt að nánari fyrirmæli um námskeið verði sett í reglugerð, sérlög eða starfsreglur hvers skóla. Háskólalöggjöf á Norðurlöndum hefur nokkuð verið gagnrýnd fyrir það að ekki hafi tekist sem skyldi að auka sjálfstæði háskólanna. Þar sé ráðherra nánast falið takmarkalaust vald til þess að stjórna háskólastiginu með reglugerðum. Nauðsynlegt er að forðast þá leið. Þess vegna eru sérstaklega tilgreind þau svið þar sem ætlast er til þess að ráðherra setji nánari fyrirmæli. Jafnframt er talið heppilegt að ráðherra geti í samráði við háskólana sett reglur til samræmingar á ýmsum sviðum, t.d. reglur um heiti og inntak háskólagráða eða reglur um innra og ytra gæðaeftirlit. Slíkar reglur geta um margt verið flóknar og síbreytilegar og því óskynsamlegt að lögbinda þær.

2. Gæðaeftirlit.

Lagt er til að menntamálaráðherra hafi heimild til þess að setja sérstakar reglur um ytra og innra gæðaeftirlit með starfsemi skólanna en jafnframt að skólarnir sjálfir sinni virkara gæðaeftirliti með eigin starfsemi. Samkvæmt lögunum eiga háskólarnir að bera meginábyrgð á starfsemi sinni en hlutverk ráðuneytisins verður fyrst og fremst að fylgjast með því að skólarnir framfylgi þeim áætlunum sem þeir hafa sett sér og að þeir uppfylli þær kröfur sem þeir gera til kennslunnar.

3. Efling rektorsembætta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að staða rektorsembætta verði efld. Lagt er til að rektorar verði skipaðir af ráðherra til fimm ára og að þeim verði falið ráðningarvald yfir öllum

undirmönnum sínum þar sem annað er ekki tekið fram berum orðum í lögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að staða rektors sé auglýst bæði innan og utan háskólasamfélagsins. Hver háskóli tilnefnir hins vegar þann sem samstaða er um. Hins vegar getur verið mismunandi hvernig tilnefningin fer fram og er gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli um tilnefninguna komi fram í sérlögum hvers skóla.

4. Breytingar á skipulagi skólastjórnar.

Lagt er til að fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra eigi sæti í háskólaráði. Einnig er lagt til í samræmi við tillögur þróunarnefndar Háskóla Íslands að háskólaráðsfulltrúum verði fækkað. Vegna umræðna sem átt hafa sér stað um breytingar á lögum um Háskóla Íslands er lagt til að meginhlutverk háskólaráðs geti flust til skólastjórna sé háskóla skipt upp í sjálfstæða skóla. Þannig hafa komið fram hugmyndir um að Háskóla Íslands verði skipt upp í samfélagsvísindaskóla, hugvísindaskóla, heilbrigðisvísindaskóla og verkfræði- og raunvísindaskóla. Þessar hugmyndir hafa verið til umræðu í nefnd sem skipuð var til þess að endurskoða núgildandi lög um Háskóla Íslands. Í þeirri nefnd eiga sæti þrír fulltrúar tilnefndir af háskólaráði og þrír fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.

5. Kærumál nemenda.

Lagt er til að ráðherra setji almennar reglur um kærumál nemenda og að slíkar reglur geti falið í sér ákvæði um sérstaka kærunefnd eða áfrýjunarnefnd sem hefur endanlegt úrskurðarvald í kærumálum nemenda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55/1974 mynda allir skólar sem styrktir eru að hálfu leyti eða meira af almannafé samfellt skólakerfi sem skipt er í þrjú stig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Skv. 1. gr. taka lög þessi til allra menntastofnana er tilheyra háskólastiginu eða sem veita æðri menntun eins og það er kallað. Hugtakið æðri menntun þarfnast ekki flókinna skýringa enda er löng venja fyrir notkun þess. Hér er miðað við að æðri menntun sé sú menntun sem tekur við af framhaldsskólanámi og þar sem sérstakar kröfur eru gerðar til nemenda er skrá sig til náms, umfram það sem gert er á framhaldsskólastiginu. Við skilgreiningu hugtaksins í þessu frumvarpi verður einnig að taka mið af 6. gr. frumvarpsins en þar er skýrt kveðið á um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda sem hefja nám í háskóla. Þar kemur fram að nemendur skuli hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi skólastjórnar. Þar með er gerður skýr greinarmunur á námi á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Í 1. mgr. er jafnframt tekið fram að IV. kafli frumvarpsins, sem tekur til stjórnsýslu ríkisháskóla, eigi einungis við um háskóla sem eru ríkisstofnanir en taki ekki til annarra háskóla þó svo að þeir kunni að vera styrktir af almannafé að einhverju leyti. Notast er við hugtakið ríkisháskóli en aðrir skólar eru þá einkaskólar reknir af einkaaðilum.

Skv. 2. mgr. er allar nánari reglur um starfsemi háskóla að finna í sérlögum, reglugerðum, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrám háskóla. Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir að lögin séu almenn og myndi ákveðinn ramma utan um þær reglur sem gilda um háskóla.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á hlutverki háskóla. Megintextinn er sóttur í gildandi lög um Háskóla Íslands en textinn er kominn frá Birni M. Olsen, fyrsta rektor Háskóla Íslands,

sem skilgreindi hlutverk skólans við vígslu hans. Jafnframt er bætt við skilgreininguna því vaxandi hlutverki háskóla að miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu margvíslega þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Víða erlendis er háskólastarfsemi bundin við rannsóknarskóla. Sú leið er ekki farin í þessu frumvarpi. Hér kemur fram að háskólar eigi að sinna rannsóknum ef svo er kveðið á um í reglum hvers skóla. Hlutverk háskóla er mismunandi. Ljóst er að sumum háskólum er ætlað rannsóknarhlutverk en öðrum ekki. Orðalag greinarinnar má því ekki skilja svo að allir háskólar hafi rannsóknarhlutverk, allir háskólar eigi rétt á rannsóknarstyrkjum eða að allir kennarar í háskólum hafi rannsóknarskyldur. Úr þessu verður leyst í sérlögum eða sérreglum hvers skóla.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði að ríkisháskólar séu sjálfstæðar ríkisstofnarnir. Þetta er sett fram með þessum hætti til þess að taka af allan vafa um sjálfstæði skólanna. Í samræmi við það verður ákvörðunum þeirra því almennt ekki skotið með stjórnsýslukæru til ráðherra, sjá einnig 11. gr. Oft koma upp deilur um eðli ríkisstofnana og þá hvort sjálfstæði þeirra sé slíkt að ekki sé hægt að skjóta ákvörðunum þeirra til ráðherra. Hér er, með grein þessari sem og 11. gr., lagt til að tekinn sé af allur vafi um þetta atriði. Jafnframt er lagt til að lögfest verði að fleiri en ríkissjóður geti rekið háskóla. Í greininni segir að einkaaðilum sé heimilt að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Þetta ákvæði verður að skýra með hliðsjón af 2. mgr. 4. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er sett fram sú meginregla að menntamálaráðherra beri að hafa eftirlit með gæðum þeirrar menntunar er háskólar veita og að þeir uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í lögum og reglum sem um þá gilda.

Jafnframt er hér lagt til að menntamálaráðherra geti veitt einkaskólum starfsleyfi starfi þeir eftir samþykktum eða skipulagsskrám sem menntamálaráðherra hefur staðfest. Staðfesting ráðherra er því forsenda starfsleyfisins. Jafnframt er lagt til að ráðherra geti svipt skóla starfsleyfi eða afturkallað það uppfylli viðkomandi skóli ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til hans.

Um 5. gr.

Þrátt fyrir að einn megintilgangur frumvarpsins sé að efla sjálfstæði háskóla er hér lagt til að ráðherra skuli setja reglur um tiltekin atriði. Í 1. tölul. er lagt til að ráðherra setji almennar reglur um innra og ytra gæðaeftirlit með háskólastarfseminni. Litið er á virkt gæðamat sem skilyrði fyrir fjárhagslegu og faglegu sjálfstæði háskóla. Í reglum um ytra gæðaeftirlit verða meðal annars fyrirmæli um úttektir á starfsemi viðkomandi háskóla og hvernig ytra gæðaeftirliti verði almennt háttað.

Háskólar munu eftir sem áður bera meginábyrgð á gæðum starfsemi sinnar. Sama á við um eftirlit með gæðum rannsókna. Í 3. tölul. er fjallað um kærumál nemenda. Lagt er til að ráðherra geti sett almennar reglur um slík mál og sett á laggirnar sérstaka kærunefnd er hafi endanlegt úrskurðarvald í slíkum málum. Er þetta gert til þess að tryggja örugga og skjóta málsmeðferð í kærumálum nemenda.

Um 6. gr.

Í greininni er skilgreint hverjir hafa rétt til þess að hefja háskólanám. Jafnframt er lagt til að háskólar geti ákveðið sérstök inntökuskilyrði til viðbótar þeim almennu kröfum sem gerðar

eru til þeirra sem ætla að hefja nám í háskóla. Samkvæmt núgildandi löggjöf geta allir skólar á háskólastigi nema Háskóli Íslands gert viðbótarkröfur til umsækjenda um nám. Nokkrir þeirra, skóla sem munu tilheyra háskólastigi eftir setningu þessara laga en kallast í dag sérskólar, hafa nú sérstök inntökuskilyrði. Hér er lagt til að sama regla gildi um alla skóla á háskólastigi hvað þetta varðar og að það heyri undir ákvörðun hvers skóla hvort slík sérstök inntökuskilyrði skuli sett og þá hvers eðlis þau eru.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að kennarar í háskóla skuli hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafi jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Að öðru leyti er lagt til að nánari fyrirmæli um kröfur til kennara, starfsskyldur þeirra og dómnefndir verði sett í reglur hvers skóla. Gert er ráð fyrir að sú regla verði viðhöfð við val í dómnefndir á vegum ríkisháskóla að menntamálaráðherra skipi a.m.k. einn dómnefndarmanna. Krafa um meistarapróf eða jafngilda þekkingu og reynslu á eingöngu við um kennara en ekki svokallaða gestafyrirlesara eða aðra sem tímabundið kenna eða kynna tiltekið námsefni.

Um 8. gr.

Í greininni er sett fram sú meginregla, sem gildir um starfsemi háskóla, að yfirstjórn hvers skóla hafi ákvörðunarvald um fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og um skipulag rannsókna. Hver skóli á að hafa faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði og bera ábyrgð á starfsemi sinni. Er þetta í samræmi við 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ríkisháskólar séu sjálfstæðar ríkisstofnanir.

Um 9. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvað er fullt nám að jafnaði á námsári. Við einingamat skal miða við fasta grunntölu um fullt nám, 30 einingar á hverju námsári. Einingin á að endurspegla alla námsvinnu nemandans og þátttöku í hvers kyns kennslustundum, svo sem viðveru í fyrirlestrum, umræðutímum, æfingum, verklegum tímum og prófum, fjölda og umfangi verkefna og lesefni. Nám getur verið skipulagt með ýmsum hætti, í hefðbundnum námskeiðum, verkefnum sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu kennara o.s.frv. Hvert svo sem fyrirkomulag kennslunnar og námsins er skal samanlagður einingafjöldi allra námskeiða og verkefna eins námsárs vera 30 einingar og námskeiðum og verkefnum hvers námsárs skulu gefnar einingar í hlutfalli við innbyrðis vægi þeirra. Ekki skiptir máli í því sambandi hversu margar kennsluvikur eru á ári.

Hér er einnig lagt til að menntamálaráðherra gefi út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra. Slík skrá er nauðsynleg til þess að mögulegt sé að tryggja samræmi á milli háskóla og sem mest samræmi á milli íslenskra og viðurkenndra erlendra háskóla.

Um IV. kafla.

Hér eru settar fram meginreglur um stjórnskipulag ríkisháskóla. Byggt er á því að í deildaskiptum háskóla séu deildir grunneiningar skólans. Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan hvers skóla. Ef sjálfstæðir skólar starfa innan háskóla, þ.e. ef háskóla er skipt upp í sjálfstæða skóla, færist hlutverk háskólaráðs að mestu leyti til einstakra skólastjórna eða ráða. Deildir heyra þá beint undir sjálfstæðar skólastjórnir. Í slíkum skólum yrði háskólaráð fyrst og fremst ráðgefandi aðili, samstarfsvettvangur skólastjórnanna, en hefði hugsanlega ákvörðunarvald í einstökum nánar tilgreindum málaflokkum. Mismunandi getur verið eftir skólum hvort deildarráð eða deildarfundur er æðsti ákvörðunaraðili innan hverrar deildar. Hér er lagt

til að nánari fyrirmæli um hlutverk deildarráða og deildarfunda verði sett í sérlögum um hvern skóla.

Um 10. gr.

Lagt er til að yfirstjórn hvers skóla skuli falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráði og deildarforseta ef skólum er skipt í deildir. Hér eru lagðar meginlínur en eins og fram kemur í 18. gr. er lagt til að nánar skuli kveða á um tengsl þessara stjórnunareininga í reglum er gilda um hvern skóla.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að æðsta ákvörðunarvald innan hvers skóla sé í höndum háskólaráðs nema lög kveði á um annað. Hér er jafnframt lagt til að hlutverk háskólaráðs geti flust til sjálfstæðra skólastjórna starfi sjálfstæðir skólar innan viðkomandi háskóla.

Um 12. gr.

Til þess að tryggja ákveðna festu í stjórn hvers skóla er lagt til að háskólaráði sé falið að taka ávörðun um stjórnskipulag skólans innan þess ramma, er lög og reglugerðir setja, og skuli jafnframt árlega samþykkja fjárhagsáætlun og starfsáætlun hverrar deildar og jafnframt kennsluskrá fyrir skólann í heild.

Um 13. gr.

Hugmyndir hafa verið uppi um að fækka í háskólaráði Háskóla Íslands og gera það skilvirkara. Er þetta m.a. ein af tillögum þróunarnefndar Háskóla Íslands. Hér er lagt til að háskólaráð verði ekki skipað fleiri en tíu fulltrúum, að meðtöldum háskólarektor sem er sjálfkjörinn í ráðið. Jafnframt er lagt til að allt að tveir fulltrúar skuli skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn. Er það fyrirkomulag einnig í samræmi við tillögur þróunarnefndarinnar. Þessir fulltrúar eiga að vera með víðtæka þekkingu á málefnum þjóðlífs og atvinnulífs og traustan skilning á starfsemi háskóla. Með þessu fyrirkomulagi á að tengja skólana betur við atvinnulífið en nú er gert. Ráðherra getur sett reglur um með hvaða hætti þessir fulltrúar skuli skipaðir en ekki er talið heppilegt að lögbinda hvernig val þeirra skuli fara fram, enda geta þær reglur breyst í tímanna rás. Ekki er talið koma að sök að tala ráðsmanna geti verið jöfn þar sem atkvæði rektors ræður úrslitum falli atkvæði jöfn. Er hér um að ræða undantekningu frá meginreglu þeirri sem fram kemur í 34. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Lagt er til að tveir fulltrúar nemenda verði kosnir hlutfallsbundinni kosningu í ráðið til tveggja ára í senn. Nauðsynlegt er að tryggja áhrif nemenda á stjórn skólanna. Því er lagt til að fulltrúar þeirra séu kosnir til tveggja ára í senn þannig að þeir, eins og aðrir háskólaráðsfulltrúar, geti öðlast nauðsynlega stjórnunarreynslu og þannig tryggt áhrif sín innan háskólaráðanna. Sé háskólaráð skipað tíu fulltrúum eru þeir samkvæmt þessu eftirtaldir: Rektor, sem er sjálfkjörinn, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra og fimm fulltrúar kjörnir af kennurum skólans.

Fyrirkomulag það sem hér er lagt til losar um sjálfvirk tengsl milli fjölda deilda og fjölda ráðsmanna. Í sérlög eða í reglugerð hvers skóla verða sett nánari fyrirmæli um hvernig fulltrúar kennara eru kosnir í ráðið. Þannig geta deildir skipt sér upp í fagsvið eftir skyldleika deildanna og tryggt að hvert fagsvið eigi fulltrúa í ráðinu.

Hér er lagt til að í deildaskiptum háskólum, þar sem æðsta ákvörðunarvald er í höndum háskólaráðs, séu þeir sem sitja í háskólaráði ekki kjörgengir til þess að gegna ábyrgðarstöðum í deildum. Á tímum vaxandi umræðu um hæfi stjórnsýslu til þess að fjalla um mál í ljósi

mögulegra hagsmunaárekstra er eðilegt að gera skil á milli þeirra sem hafa með höndum almenna stefnumörkun skólastarfsins eða fara með endanlegt úrskurðarvald og hinna sem eiga að framkvæma stefnuna eða koma að ákvarðanatöku hjá lægra settu stjórnsýslustigi innan viðkomandi skóla. Þannig er ekki talið eðlilegt að þeir sem með beinum hætti koma að ákvarðanatöku í deildum geti verið í þeirri aðstöðu að endurskoða ákvarðanir deilda í háskólaráði. Slíkt samræmist illa meginreglum stjórnsýsluréttarins. Jafnframt stuðlar regla þessi að aukinni valddreifingu. Í háskólum þar sem endanlegt ákvörðunarvald er í höndum skólastjórnar og háskólaráð er fyrst og fremst samráðsvettvangur og ráðgefandi aðili geta gilt aðrar reglur.

Um 14. gr.

Lagt er til að menntamálaráðherra skipi rektor til fimm ára eftir tilnefningu háskólaráðs. Rektor er forstöðumaður viðkomandi skóla og tekur skipunartími hans mið af meginreglu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þar sem fram kemur að forstöðumenn ríkisstofnana teljist til embættismanna og þá skuli skipa tímabundið til fimm ára. Þó er í þessari grein sett sú sérregla að óheimilt sé að framlengja skipunartíma rektors og er þessi regla sett í ljósi þess sjónarmiðs að óæskilegt sé að vísindamenn, sem taka að sér að gegna stöðu rektors, verji til þess of löngum tíma frá vísindastörfum þar sem þekking þeirra og þjálfun nýtist sem best. Háskólaráð hvers skóla ber ábyrgð á tilnefningu og vali rektors, enda þótt skipunarvaldið sé í höndum menntamálaráðherra sem getur þá einnig, samkvæmt almennum reglum, leyst rektor frá störfum. Lagt er til að staðan skuli auglýst til umsóknar áður en tilnefning fer fram. Samkvæmt því verður öllum frjálst að sækja um stöðuna. Þannig verður ekki eingöngu kosið um starfsmenn háskólans þegar val á rektor fer fram, fleiri eiga kost á tilnefningu svo fremi sem þeir fullnægja öðrum skilyrðum laganna.

Um 15. gr.

Í greininni er staða rektors í stjórnkerfi háskólans skilgreind. Hann er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Að miklu leyti er hér stuðst við lagatexta í núgildandi lögum um Háskóla Íslands. Hins vegar er hér að finna nýmæli sem skerpa á stöðu rektors gagnvart öðru starfsliði skólans og gagnvart háskólaráði. Í fyrsta lagi er hér lagt til að rektor hafi ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sér berum orðum tekið fram í lögum. Í öðru lagi á rektor að bera ábyrgð á daglegum rekstri skólans og er honum falið ákvörðunarvald í öllum málum á milli funda háskólaráðs sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á stjórnkerfi hans. Það kann að vera augljóst að rektor hefur vald til þess að taka ákvörðun í einstökum málum sem snúa að því að framfylgja stefnu háskólaráðs eða varða fjárhagsmálefni skólans. Sum mál kunna hins vegar að vera þannig að eðli málsins samkvæmt heyri þau undir háskólaráð. Ef málin þola enga bið er þó talið rétt að veita rektor vald til þess að taka ákvörðun í umboði háskólaráðs. Þetta á þó ekki við í málum er varða veruleg fjárhagsmálefni og er þá miðað við að um sé að ræða ákvarðanir sem alls ekki samrýmast fjárhagsáætlun skólans. Þetta á einnig við ef ákvörðunin snýr að því að breyta stjórnkerfi skólans. En í frumvarpi þessu er lagt til að háskólaráð hafi eitt vald til þess að samþykkja stjórnkerfisbreytingar eða skipulagsreglur skólans innan þess ramma er lög og reglugerðir setja.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að í deildaskiptum háskólum teljist hver deild grunneining skólans. Deildir eiga að vera sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka sem lög og reglugerðir hvers skóla

setja. Í sérlögum hvers skóla eða í reglugerðum er hægt að skilgreina nánar í hvaða málaflokkum deildir hafi endanlegt ákvörðunarvald. Lagt er til að yfirstjórn hverrar deildar sé falin deildarráði, deildarfundum og deildarforseta. Það getur verið mismunandi eftir skólum hvort ákvörðunarvaldið sé í höndum deildarfunda eða deildarráðs.

Um 17. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að háskólaráð geti tekið ákvörðun um að skipta deildum upp í skorir ef viðkomandi deildarráð leggja það til. Hver skor kýs sér stjórn og formann.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir að nánar sé kveðið á um starfssvið, starfshætti og tengsl einstakra stjórnunareininga háskóla í sérlögum eða í reglugerð hvers skóla. Ekki er gert að skilyrði að nánari útfærsla á hlutverki þeirra sé að öllu leyti lögbundin. Háskólar eiga að vera í stöðugri þróun og mótun stjórnkerfis þeirra innan marka þessara laga getur verið í höndum ráðherra og skólanna sjálfra. Þess vegna er hér lagt til að skólarnir geti sett sér starfsreglur um skipulag starfsemi sinnar innan þess ramma sem markaður er í lögum og reglugerðum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um fjárhagslegan grundvöll háskólastarfseminnar. Gert er ráð fyrir að háskólar hafi yfir að ráða miklu sjálfstæði um ráðstöfun eigin fjármuna. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að gerður er samningur á milli stjórnvalda og ríkisstofnana um þau fjárráð er stofnuninni eru ætluð gegn skilgreiningu á þeirri þjónustu er stofnunin veitir, m.a. til þess að tryggja festu í stjórnun og skjótari viðbrögð við breytingum sem kunna að verða á starfsumhverfi hennar. Gert er ráð fyrir að samið verði með þessum hætti við ríkisháskólana og jafnframt er gert ráð fyrir að samninga um tiltekna þjónustu megi gera við einkaskóla. Slíkir samningar til langs tíma eiga að tryggja að þær námsleiðir sem viðkomandi skóli kennir séu í samræmi við vilja stjórnvalda og teknar með heildarsýn yfir háskólastigið. Með fjárveitingum sem byggjast á slíkri langtímaáætlun er viðkomandi skóla veitt svigrúm til þess að sveigja starfsemi sína að þeim áherslum sem stjórnvöld kjósa og fjármunum sem til starfseminnar eru veittir.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir að hver ríkisháskóli hafi sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Fjárveitingarnar séu grundvallaðar á fjárhags- og starfsáætlun hvers skóla til fimm ára. Gert er ráð fyrir að á grundvelli slíkra áætlana sé mögulegt að gera þjónustusamning við viðkomandi skóla. Lagt er til að menntamálaráðherra geti gert samning við félög, fyrirtæki eða stofnanir um að annast tiltekna menntun gegn ákveðinni greiðslu. Skilyrði fyrir slíkum samningi er að sjálfsögðu að viðkomandi skóli hafi fengið leyfi til þess að kenna á háskólastigi, sbr. 4. gr. lagafrumvarps þessa. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að í sérreglum hvers skóla verði kveðið á um hvernig gjaldtöku af nemendum sé háttað. Reglur um gjaldtöku geta verið mismunandi eftir skólum en miklu skiptir að þær séu skýrar þannig að nemendum sé ljóst að hverju þeir ganga í þessum efnum. Einnig er gert ráð fyrir að í sérlög hvers skóla verði sett fyrirmæli um gjaldtöku fyrir þjónustu og reglur um öflun sértekna.

Um 20. gr.

Hér eru settar reglur sem leggja skal til grundvallar þegar fjárþörf háskóla er metin. Fjárveitingar til kennslu eiga að miðast við fjölda stúdenta. Menntamálaráðherra skal setja

nánari reglur um kennslukostnað og þar á meðal um hvað telst fullt nám og hvernig kennslukostnaður skuli reiknast út miðað við fjölda stúdenta. Reglur þessar kunna í upphafi að taka örum breytingum og því er ekki lagt til að nákvæm útfærsla á þeim sé lögbundin.

Gert er ráð fyrir að framlög til rannsókna, nýsköpunar og þróunar miðist við fjölda fastra kennara og sérstakra framlaga til rannsóknarverkefna og þjónustustofnana. Eingöngu þeir háskólar sem sinna rannsóknum fá framlög skv. 2. mgr. Menntamálaráðherra á að setja nánari reglur um rannsóknarframlög. Í 3. mgr. er sett fram regla um fjárveitingar til húsnæðismála. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um þær fjárveitingar eins og aðrar.

Um 21. gr.

Hér eru sett fram ákveðin viðmið sem liggja eiga til grundvallar samningum sem gerðir eru við einkaaðila á grundvelli 19. gr. Jafnframt er lagt til að samningar þessir skuli endurskoðaðir árlega með hliðsjón af fjölda nemenda og námsframboði og að við árlegt uppgjör sé tekið mið af mismun á raunverulegum og áætluðum tilkostnaði.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að háskólar geti átt aðild að fyrirtækjum sem sinna rannsóknar- og þróunarstarfi og að viðkomandi háskólaráð fari með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum. Hér er gert ráð fyrir að það sé í höndum yfirstjórnar hvers skóla hvort skóli gerist aðili að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, en að leyfi eða samþykki menntamálaráðherra þurfi til þess að skólinn geti nýtt sér þessa heimild. Sambærilegt ákvæði er í 36. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

Um 23. gr.

Gerð er sú krafa að allir háskólar sem njóta fjárframlaga frá ríkissjóði, bæði ríkisháskólar og aðrir skólar sem njóta fjárframlaga á grundvelli 2. mgr. 19. gr., haldi opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt. Þannig er stuðlað að aukinni festu í starfsemi háskólanna, aukinni samkeppni þeirra innbyrðis og að sem bestri nýtingu þess fjármagns sem skólarnir hafa yfir að ráða.

Um 24. gr.

Í greininni er lagt til að háskólar setji sér reglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Með því eykst samræmi á milli kennslu og náms einstakra háskóla.

Jafnframt er hér lagt til að samstarfsnefnd háskólastigsins skuli skipa á grundvelli laganna. Nefndin skal vera umsagnaraðili fyrir menntamálaráðherra og einstaka háskóla. Gert er ráð fyrir að allir rektorar háskóla eigi sæti í nefndinni.

Um 25. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1998, með þeim undantekningum þó sem bráðabirgðaákvæði frumvarpsins felur í sér.

Um 26. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með lagafrumvarpi þessu er ljóst að verði frumvarpið að lögum hefur stefna sú sem mörkuð er í lögum nr. 55/1974 komist til framkvæmda með því að sett hefur verið samræmd löggjöf um hvert skólastig. Þess vegna er lagt til að lögin verði felld úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að þeir háskólar sem í dag starfa samkæmt sérstökum lögum fái tveggja ára aðlögunartíma og að á þeim tíma verði lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra. Allir háskólar eiga þó mun fyrr að geta lagað starfsemi sína að V. kafla frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um háskóla.

Tilgangur frumvarpsins er að setja sameiginlegan lagaramma um starfsemi menntastofnana sem veita æðri menntun. Gert er ráð fyrir að sérlög sem gilda um einstaka háskóla verði endurskoðuð innan tveggja ára frá því að lög um háskóla taka gildi.

Í frumvarpinu og athugasemdum með því er lítið fjallað um fjárhagslegar forsendur fyrir ýmsum breytingum sem lagðar eru til. Óvissuþættir eru margir og ráðast fyrst og fremst af sérlögum og reglum sem settar verða um einstaka skóla.

Í 2. gr. er kveðið á um hlutverk háskóla. Þar er að finna nýtt ákvæði um að háskólar skuli miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Ekki er kveðið á um hvernig skólarnir ræki þessa skyldu sína, en verði tekið gjald fyrir þjónustu við þessa aðila, eins og heimilt er skv. 19. gr. frumvarpsins, ætti þessi breyting ekki að leiða til aukins kostnaðar ríkissjóðs.

Í 4. og 5. gr. eru ákvæði um eftirlit með gæðum skólastarfs og með framkvæmd laga og fyrirmæla sem gilda um háskóla. Ekki kemur fram hvernig eftirliti verður háttað en gera má ráð fyrir að aukin skráning og úrvinnsla upplýsinga auk sérstakra úttekta geti aukið kostnað tímabundið en ætti að leiða til markvissari vinnubragða sem geta lækkað kostnað.

Í 4. gr. er heimild fyrir ráðherra til að veita háskólum sem kostaðir eru af einkaaðilum starfsleyfi og í 19. gr. er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að gera samning við slíkan háskóla um að annast tiltekna menntun á háskólastigi á kostnað ríkissjóðs. Í 21. gr. er nánar kveðið á um innihald samninga. Í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er ráðherrum veitt almenn heimild til að gera samninga til langs tíma að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í 7. gr. er kveðið á um að kennarar í háskóla skuli hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Kennarar skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Samkvæmt þessu ákvæði verða gerðar mun strangari kröfur til menntunar og starfsreynslu kennara í háskólum en fram til þessa sem mun án efa leiða til aukinna launagreiðslna. Upplýsingar um menntun og starfsárangur kennara í háskólum liggja ekki fyrir við gerð þessarar umsagnar og því ekki unnt að áætla líklegan kostnaðarauka. Lauslega áætlað veldur 1% hækkun launa kennara á háskólastigi um 20 m.kr. kostnaði.

Í 10.–18. gr. er fjallað um stjórn ríkisháskóla. Hlutverk og verkaskipting háskólaráðs og rektors eru gerð skýrari en í gildandi lögum sem ætti að stuðla að virkari stjórnun og lækkun kostnaðar. Einnig er lagt til að fulltrúum í háskólaráði verði fækkað þannig að þeir verði ekki fleiri en tíu að rektor meðtöldum. Fækkun fulltrúa getur einfaldað ákvarðanatöku og lækkað stjórnunarkostnað, en ekki er unnt að meta fjárhæðir í þessu sambandi.

Í 19. gr. er gert ráð fyrir því nýmæli að menntamálaráðherra geri tillögur um fjárveitingar til ríkisháskóla á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára. Hliðstætt ákvæði er í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Jafnframt geti menntamálaráðherra gert samninga við ríkisháskóla um tilhögun á greiðslum af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Hér er gert ráð fyrir að slíkir samningar verði gerðir í samræmi við almennar reglur og lagaákvæði um framkvæmd fjárlaga og leiði því ekki til aukins kostnaðar.

Í 22. gr. er lagt til að ríkisháskólum verði heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að atvinnurekstri í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Jafnframt er lagt til að háskólaráð viðkomandi skóla fari með eignarhluta skólans í slíkum fyrirtækjum. Í 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins er kveðið á um að aðilar í A-hluta fjárlaga þurfi hverju sinni að afla heimilda í lögum til að kaupa eða selja eignarhluta í félögum. Samkvæmt auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, er almenna reglan sú að fjármálaráðuneytið fer með eignir ríkisins, þar á meðal eignarhluta í félögum og fyrirsvar þeirra vegna.

Að öllu samanlögðu verður ekki séð að frumvarpið, verði það að lögum, hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs að undanskildu því sem leiða kann af auknum kröfum sem gerðar eru til menntunar kennara.

166. Frumvarp til laga [166. mál]

um Örnefnastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Hlutverk Örnefnastofnunar Íslands er að safna íslenskum örnefnum frá öllum tímum þjóðarsögunnar og skrá þau og varðveita á aðgengilegan hátt eftir viðurkenndum fræðilegum kröfum á hverjum tíma. Þá skal stofnunin og starfsmenn hennar stunda og stuðla að fræðistörfum á sviði örnefnafræða, m.a. með fræðilegri útgáfu, og leggja rækt við náið og virkt samstarf og samráð við aðrar stofnanir og einstaka fræðimenn, innan lands sem utan, er fást við hvers kyns fræði og starfsemi er örnefnum tengjast eftir því sem frekast má verða örnefnafræðum til eflingar. Stofnunin tekur þátt í fjölþjóðlegu samstarfi í örnefnafræðum eftir því sem föng eru á.

Stofnunin þjónar eftir megni öllum þeim er leita eftir upplýsingum og leiðbeiningum um hvaðeina er heyrir til fræðasviðs hennar og býður fram vinnuaðstöðu í því augnamiði eftir því sem aðstæður leyfa. Lögð skal áhersla á að almenningur geti aflað sér glöggra upplýsinga um örnefni, fræðirit í safni stofnunarinnar og ýmsar aðrar heimildir á sviði örnefnafræða, m.a. með tilstilli nettengingar um tölvur. Þá skal stofnunin styðja við kennslu í örnefnafræðum eftir því sem henni verður komið á við Háskóla Íslands eða á öðrum vettvangi.

2. gr.

Örnefnastofnun Íslands tekur til varðveislu öll örnefna- og heimildasöfn sem nú eru geymd í Örnefnastofnun Þjóðminjasafns og tekur jafnframt við öllum eignum þeirrar stofnunar.

Auk þess fjár sem veitt verður til stofnunarinnar á fjárlögum ár hvert er henni heimilt að

afla sértekna, m.a. fyrir verkefni eftir samkomulagi við tiltekna aðila, svo sem sveitarfélög og félagasamtök.

Stofnuninni er heimilt að semja svo um, eftir því sem fé fæst til, að tilteknir aðilar, einstaklingar eða stofnanir, er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði örnefnasöfnunar, annist afmörkuð söfnunar- og skráningarstörf fyrir stofnunina sem verktakar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Örnefnastofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður skipaður að tilnefningu þjóðminjaráðs, annar að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður stjórnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin vinnur, ásamt forstöðumanni, að stefnumörkun og hefur eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni forstöðumann til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og fræðilega reynslu á vísindasviði er tengist örnefnafræðum. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar í samráði við stjórn hennar.

Ágreiningi, er varðar ákvarðanir stjórnar stofnunarinnar, verður skotið til menntamálaráðherra að hætti stjórnsýslulaga.

4. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að mæla fyrir um að Örnefnastofnun Íslands hafi nánar tiltekin rekstrar- eða aðstöðutengsl, svo sem um bókhald og húsnæði, við aðra stofnun er undir ráðuneyti hans heyrir sé það talið hagkvæmt.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Örnefnastofnunar Íslands.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998. Frá sama tíma leggst af Örnefnastofnun Þjóðminjasafns sem sett var á stofn með bréfi menntamálaráðherra frá 23. júní 1969.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa stjórn stofnunarinnar fyrir þann tíma sem þar er greindur og hlutast til um að starf forstöðumanns verði auglýst laust til umsóknar með þeim hætti að unnt verði að ráða hann frá 1. ágúst 1998 og að stjórninni gefist áður tækifæri til að láta ráðherra í té umsögn sína um umsóknir um það starf. Verði þessi heimild notuð er stjórn stofnunarinnar ekki ætluð önnur starfsemi fram til hins almenna gildistökudags laganna.

Þeim starfsmönnum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, er starfa þar við gildistöku laga þessara í heimiluðum stöðugildum, skal gefinn kostur á sambærilegum störfum við Örnefnastofnun Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið hefur verið endurskoðað með hliðsjón af þeim umsögnum sem menntamálanefnd Alþingis aflaði.

Efni frumvarpsins hefur nokkur tengsl við frumvarp til laga um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl. sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Með frumvörpunum er stefnt að því að ef þau ná lögfestingu verði búinn fullnægjandi lagarammi um stjórn örnefnamálefna, að því marki sem þau heyra undir menntamálaráðuneytið.

Eðlilegt þykir að sett verði heildarlög um þá starfsemi á sviði örnefnafræða sem fram hefur farið á vegum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, en um þá stofnun hafa ekki gilt sérstök lagaákvæði. Er hér lagt til að sett verði á stofn sjálfstæð stofnun, Örnefnastofnun Íslands, sem taki við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, en jafnframt verði kveðið skýrt á um hlutverk stofnunarinnar og starfsemi hennar í megindráttum. Er m.a. lagt til að stofnuninni verði skipuð stjórn, en stjórnarnefnd hefur ekki starfað við Örnefnastofnun Þjóðminjasafns þótt hún hafi hins vegar í reynd notið nær fullkomins sjálfstæðis gagnvart Þjóðminjasafni.

Mikilvægt er að tryggt sé, svo sem framast má verða, að Örnefnastofnun Íslands hafi góð tengsl og samráð við sem flesta þá aðila sem starfa á sviðum örnefnafræða, bæði innan lands og utan, svo sem nánar er kveðið á um í 1. gr. frumvarpsins. Skal þá haft hugfast að enda þótt örnefnafræði falli undir nafnfræði og þar með málvísindi hafa þau tengst við fjölmargar aðrar fræðigreinar, svo sem landafræði, almenna sagnfræði, ýmsa þætti almennrar þjóðmenningarsögu, þar á meðal réttarsögu, byggðaþróunarsögu (þar á meðal svokölluð „eyðibýlafræði“) og sögu einstakra byggðarlaga, almenna og sérhæfða staðfræði, þjóðfræði (þjóðsagna- og þjóðháttafræði), fornleifafræði (m.a. að því er snýr að fornleifaskráningu), lögfræði (t.d. varðandi landamerkjamál og annars konar mál út af eignarrétti að landi), jarðfræði og gróðurfræði, auk þeirra fræða er lúta sérstaklega að kortagerð. Skiptir miklu máli að til allra þessara fræðaþátta verði horft í starfsemi stofnunarinnar, en einkum varðar miklu að komið sé á traustu samstarfi við Landmælingar Íslands um allt það er örnefnamálefni og staðfræði varðar, við Orðabók Háskólans um hvaðeina er lýtur að nafnfræði sem grein málvísinda og til styrktar rannsóknum á orðaforða tungunnar og við Þjóðminjasafn Íslands um margt er lýtur að fornleifafræði og þjóðfræði.

Meðal annarra Norðurlandaþjóða hefur starfsemi örnefnastofnana yfirleitt mikil tengsl við rannsóknir í nafnfræði (málvísindum), en rétt þykir að við Örnefnastofnun Íslands verði, auk nafnfræðinnar, tekið mið af þörfum ýmissa annarra fræðasviða sem láta sig örnefni varða.

Með bréfi menntamálaráðherra frá 23. júní 1969 var Örnefnastofnun Þjóðminjasafns sett á stofn. Var þar tilkynnt að stofnunin yrði deild í Þjóðminjasafni og hefði þar aðsetur. Vísað var til 8. gr. þágildandi þjóðminjalaga, nr. 52/1969, en þar var kveðið á um heimild til að skipta Þjóðminjasafni Íslands í deildir. Í bréfinu var tekið fram að stofnunin hefði aðskilinn fjárhag og reikningshald sem hún annaðist sjálf. Samkvæmt nefndu bréfi skyldi verkefni stofnunarinnar vera „að safna íslenskum örnefnum, rannsaka þau og semja og birta um þau skrár. Er ætlunin að sameina í þessari stofnun þau störf, sem nú eru unnin á þessu sviði á vegum annarra aðila, og skulu örnefnagögn Þjóðminjasafns flytjast í hina nýju deild, Örnefnastofnunina.“ Með bréfi ráðuneytisins sama dag var Þórhalli Vilmundarsyni, prófessor í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands, falin forstaða stofnunarinnar og dagleg umsjón hennar. Forstaða Örnefnastofnunar var aukastarf Þórhalls sem hann gegndi lengst af jafnhliða prófessorsembætti sínu. Frá 1981 naut hann hins vegar leyfis frá kennsluskyldu prófessors til að sinna örnefnarannsóknum þar til hann lét af prófessorsembætti fyrir aldurs sakir í árslok 1994. Hefur hann síðan annast umsjón stofnunarinnar samkvæmt sérstöku bráðabirgðafyrirkomulagi sem ráðuneytið staðfesti fyrir sitt leyti.

Áður en Örnefnastofnun Þjóðminjasafns var komið á laggirnar hafði um langt skeið framan af öldinni verið starfað mjög að örnefnasöfnun á vegum Hins íslenska fornleifafélags, með opinberum fjárstuðningi. Hafði félagið lengi barist fyrir allsherjarsöfnun örnefna en það var

eigi fyrr en árið 1929 að hún gat hafist af krafti er ríkisstjórnin hóf samstarf við félagið í tilefni af 50 ára afmæli þess. Var einkum miklu efni safnað um og eftir miðja öldina á vegum félagsins, en jafnframt var hlúð að þeirri söfnun á vettvangi Þjóðminjasafns. Urðu þannig til mikil örnefnasöfn og hefur Örnefnastofnun varðveitt þau frá því að hún tók til starfa, ásamt ýmsum öðrum örnefnasöfnum einstaklinga sem þangað fóru í upphafi eða síðar. Þá hefur stofnunin sjálf alla tíð staðið að myndarlegri söfnun og skráningu örnefna þannig að í vörslum hennar er nú ómetanlegur menningarfjársjóður sem ríkisvaldinu ber að standa vörð um. Forstöðumaður stofnunarinnar hefur einnig áratugum saman stundað fræðistörf á þessu sviði sem athygli hafa vakið.

Hinni nýju stofnun, Örnefnastofnun Íslands, er ætlað að taka að öllu leyti við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns og halda áfram því þjóðmenningarstarfi er þar hefur verið unnið, en á víðtækari grundvelli og í samstarfi við aðra aðila í meiri mæli en verið hefur, auk þess sem lögð verður áhersla á þjónustuhlutverk stofnunarinnar við almenning og stuðningshlutverk við kennslu í örnefnafræðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er hlutverki stofnunarinnar lýst, sbr. nánar það sem segir í almennum athugasemdum hér að framan. Ættu einstakir þættir ákvæðisins ekki að þarfnast nánari skýringar.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Örnefnastofnun Íslands taki við öllum eignum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, en einnig er tekið fram að til varðveislu hjá hinni nýju stofnun verði öll örnefna- og heimildasöfn sem nú eru geymd hjá Örnefnastofnun Þjóðminjasafns. Er með því orðalagi ekki tekin afstaða til eignarréttar að sumum hinna eldri gagna.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að stofnunin geti aflað sértekna, ef því er að skipta, á sama hátt og gildir um margar aðrar opinberar stofnanir.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að stjórn stofnunarinnar sé heimilt að semja við tiltekna aðila um söfnun og skráningu örnefna. Getur þessi háttur verið hagkvæmur og skilvirkur við söfnunar- og skráningarstörfin.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um yfirstjórn Örnefnastofnunar Íslands, þ.e. um stjórnarnefnd hennar og forstöðumann, en sjálf heyrir stofnunin stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneyti. Með ákvæðinu um að háskólaráð og þjóðminjaráð tilnefni sinn manninn hvort í stjórn er leitast við að tryggja að í stjórninni sitji menn er líklegt sé að hafi reynslu af mismunandi fræðasviðum sem tengjast örnefnafræðum þannig að ætla megi að tekið sé fullt mið af þörfum þeirra fræðigreina og tengslum við þær í starfsemi stofnunarinnar og að þess sé gætt við stjórn stofnunarinnar og stefnumörkun.

Hvað varðar skilyrði um menntun forstöðumanns skv. 3. mgr. skal minnt á fjölbreytni þeirra fræðasviða sem á einn eða annan hátt snerta örnefnafræði, svo sem nánar er lýst í almennum hluta athugasemdanna.

Um 4. gr.

Með stoð í þessu ákvæði, ef að lögum verður, getur menntamálaráðherra hlutast til um að stofnunin hafi tiltekin tengsl við aðra stofnun er heyrir undir ráðuneyti hans verði það talið hagkvæmt. Mætti þá t.d. ákveða að stofnunin verði enn um sinn í nokkrum tengslum við

Þjóðminjasafn, m.a. um húsnæði, svo sem verið hefur um Örnefnastofnun Þjóðminjasafns allt frá upphafi.

Á vegum Háskóla Íslands fer nú fram sérstök athugun á forsendum fyrir auknu samstarfi eða samruna stofnana sem starfa á sviði íslenskra fræða. Sú athugun mun m.a. taka til Örnefnastofnunar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að upphaf gildistíma laganna verði miðað við 1. ágúst 1998. Í bráðabirgðaákvæði er hins vegar mælt fyrir um ráðstafanir er gera má fyrir þann tíma til þess að tryggja að forstöðumaður geti tekið við starfi sínu við almenna gildistöku laganna. Ákvæði 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins eiga einnig að tryggja að sem minnst röskun fyrir núverandi starfsmenn fylgi umskiptum þeim sem verða við gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Örnefnastofnun Íslands.

Frumvarpið felur í sér að sett verður á fót sjálfstæð ríkisstofnun, Örnefnastofnun Íslands, sem tekur við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins sem er sjálfstæð deild innan Þjóðminjasafnsins.

Samkvæmt frumvarpinu og athugasemdum sem því fylgja er hinni nýju stofnun, Örnefnastofnun Íslands, ætlað að taka að öllu leyti við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins og halda áfram því starfi er þar hefur verið unnið, en á víðtækari grundvelli og í samstarfi við aðra aðila í meiri mæli en verið hefur. Auk þess verður lögð áhersla á að efla þjónustuhlutverk stofnunarinnar við almenning og stuðningshlutverk við kennslu í örnefnafræðum.

Gera verður ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar. Hinni nýju stofnun er ætlað að hluta til að starfa með öðrum og víðtækari hætti en áður, sett er sérstök þriggja manna stjórn yfir stofnunina auk þess sem ráðinn verður forstöðumaður að stofuninni, en lengst af hefur einn af prófessorum Háskóla Íslands gegnt starfinu. Lauslega áætlað er talið að kostnaður við þessar breytingar geti numið 3–8 m.kr. á ári og að hann falli til í áföngum á nokkrum árum.

Ekki liggur fyrir hvernig væntanlegum kostnaðarauka verður mætt. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnunin fái lagaheimild til að afla sértekna og verður að gera ráð fyrir að aukið starf verði a.m.k. að einhverju leyti fjármagnað með sértekjum fyrir veitta þjónustu. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild menntamálaráðherra til að ákveða að stofnunin hafi tiltekin aðstöðutengsl við aðra stofnun er undir ráðuneyti hans heyrir. Það hvernig þessari heimild verður beitt getur haft veruleg áhrif á kostnað stofnunarinnar. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að á vegum Háskóla Íslands fari fram athugun á forsendum fyrir auknu samstarfi eða samruna stofnana sem starfa á sviði íslenskra fræða sem muni m.a. taka til Örnefnastofnunar.

167. Frumvarp til laga [167. mál]

um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Kennara- og uppeldisháskóli Íslands er miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna störfum á sviði kennslu, uppeldis og umönnunar og til þess að sinna sjálfstætt fræðilegum rannsóknum á því sviði.

Nánari fyrirmæli um skilgreiningu þess náms sem háskólinn veitir og hvernig samstarfi við aðra háskóla á sviði kennara- og uppeldismenntunar skuli háttað skal setja í reglugerð.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

2. gr.

Kennarar við Kennara- og uppeldisháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur fastráðinna kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsstöður, dósents- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra, til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina, þar af annan formann nefndarinnar. Annar fulltrúanna sem háskólaráð tilnefnir skal starfa utan háskólans.

Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Rektor skal eftir ábendingu viðkomandi deildar tilnefna sérfræðing, hverju sinni, er skal vera dómnefnd til ráðgjafar þegar fræðistörf umsækjenda eru metin.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna stöðunni. Engum manni má veita prófessorsstöðu, dósentsstöðu eða lektorsstöðu nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að sambærileg ákvæði gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við skólann.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deildarráða, staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar deildir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild.

Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningargjald skal taka mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi háskólans. Skrásetningargjald skal ekki vera hærra en sem nemur 25.000 kr.

Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem skrá sig til náms eftir að auglýstu skrásetningartímabili lýkur.

Þeir einir teljast nemendur við Kennara- og uppeldisháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms.

III. KAFLI
Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess,
2. fjórir fulltrúar fastráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi fastráðinna kennara hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn,
3. tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans,
4. tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa fastráðinna kennara.

6. gr.

Rektor boðar til funda í háskólaráði eftir þörfum. Óski þrír háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði forseta úr.

Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildarskipan skólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar.

Deildarfundir og deildarráð, í umboði háskólaráðs og rektors, stjórna málefnum hverrar deildar og fer deildarforseti með framkvæmdarvald í málefnum deildarinnar.

Háskólaráð setur reglur um skipan deildarráða og val á deildarforsetum. Háskólaráð setur reglur um deildarfundi, hverjir hafi rétt til setu á deildarfundum og hvert skuli vera verksvið þeirra, vald og ábyrgð. Háskólaráð setur deildarráðum starfsreglur. Háskólaráð setur jafnframt reglur um skipan annarra stjórnunareininga.

Stofnanir og einstakir starfsmenn innan háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

9. gr.

Fyrir hverja deild skólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talin starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Á grundvelli námskrár skal árlega gefin út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði sem varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrá en deildarráð bera ábyrgð á gerð þeirra.

IV. KAFLI
Rannsóknir.

10. gr.

Heimilt er Kennara- og uppeldisháskóla Íslands að setja á stofn rannsóknarstofnun. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga að stofnuninni. Háskólaráð getur falið rannsóknarstofnun umsjón með útgáfustarfsemi á vegum háskólans. Háskólaráð skipar stjórn stofnunarinnar.

Rannsóknarstofnun skal, eftir því sem aðstæður leyfa, veita uppeldisstéttum og nemendum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar og þar með talið um gjaldtöku fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

Reglurnar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra staðfestir. Skipulagsskráin skal birt í Stjórnartíðindum.

V. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

11. gr.

Við gildistöku þessara laga renna eignir Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

12. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, öðlast gildi 1. janúar 1998 og skulu vera komin að fullu til framkvæmda eigi síðar en 31. júlí 1999.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands, lög nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands, og lög nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um þá sem við gildistöku laga þessara eru starfsmenn eða nemendur í Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands gildir eftirfarandi:

a. Nemendur eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna.
b. Rektor Kennaraháskóla Íslands er rektor Kennara- og uppeldisháskóla Íslands þar til nýr rektor hefur verið skipaður, sbr. e-lið. Störf skólastjóra Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands eru lögð niður frá og með 1. janúar 1998.
c. Skipaðir og fastráðnir kennarar við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla eru starfsmenn Kennara- og uppeldisháskóla Íslands frá og með 1. janúar 1998. Hið sama gildir um prófessora, dósenta og lektora við Kennaraháskóla Íslands og þá starfsmenn skólanna sem gegna öðrum störfum en þeim sem upp eru talin í d-lið.
d. Störf skipaðra og fastráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands semekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla skulu lögð niður 1. janúar 1998. Þó er heimilt að fresta niðurlagningu starfanna til 31. júlí 1999. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfanna nýtt teljast starfsmenn samkvæmt þessum málslið vera starfsmenn Kennara- og uppeldisháskóla Íslands frá og með 1. janúar 1998.
e. Er Alþingi hefur samþykkt lög þessi skal menntamálaráðherra skipa níu manna háskólaráð til 31. júlí 1999. Það skal starfa í samræmi við ákvæði laga þessara og tryggja framkvæmd þeirra, sbr. 14. gr. Skólanefnd Fósturskóla Íslands, skólanefnd Íþróttakennaraskóla Íslands, skólaráð Kennaraháskóla Íslands og skólastjórn Þroskaþjálfaskóla Íslands skulu hver um sig tilnefna einn fulltrúa til setu í því ráði og menntamálaráðherra tvo fulltrúa. Jafnframt skulu stjórnir nemendafélaga skólanna tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa í ráðið. Rektor Kennara- og uppeldisháskóla Íslands, sbr. b-lið, skal vera forseti háskólaráðs þar til nýtt háskólaráð hefur verið skipað, sbr. 5. gr., og nýr rektor skipaður, sbr. 7. gr., samkvæmt tilnefningu þess háskólaráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Efnislega er frumvarpið óbreytt ef frá er talin örlítil breyting á ákvæði til bráðabirgða.

Frumvarp þetta er lagt fram til þess að sameina starfsemi eftirtalinna stofnana í eina háskólastofnun: Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hugmyndir um aukið samstarf eða sameiningu þessara menntastofnana hafa verið að mótast á undanförnum árum. Í nefndaráliti um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar á Íslandi, sem menntamálaráðuneytið gaf út í mars 1995, er á bls. 24 sett fram svohljóðandi tillaga: „Nefndin leggur til að Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands sameinist Kennaraháskóla Íslands í einum kennaraháskóla.“ Í greinargerð með tillögunni segir: „Slík sameining myndi að mati nefndarinnar efla faglegt umhverfi þessarar menntunar og bæta nýtingu kennslukrafts, húsnæðis og annarra aðfanga. Hin nýja stofnun yrði deildaskipt en hefði sameiginlega yfirstjórn og sameiginlega stoðþjónustu, svo sem bóksafn, nemendaskráningu og skrifstofuhald . . .“

Í umsögnum um þær tillögur, sem í nefndarálitinu er að finna, kemur fram víðtæk samstaða um sameiningu þessara stofnana þótt þar séu einnig slegnir ýmsir varnaglar sem flestir miða

að því að varðveita sérstakar áherslur í menntun tiltekinna stétta, svo sem leikskólakennara, þroskaþjálfa.

Í nóvember 1995 fól menntamálaráðherra embættismönnum menntamálaráðuneytisins ásamt Ólafi H. Jóhannssyni, endurmenntunarstjóra Kennaraháskóla Íslands, að undirbúa drög að frumvarpi. Fyrstu hugmyndir ráðuneytisins um frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla voru kynntar forsvarsmönnum áðurgreindra stofnana á fundi í mars 1996. Eftir að ráðuneytið hafði unnið frumvarp að lögum um háskóla var vinnu við frumvarp þetta haldið áfram og þá höfð hliðsjón af þeim hugmyndum sem frumvarp til laga um háskóla byggjast á. Nýjum lögum um háskóla er ætlað að mynda ramma utan um háskólastigið. Í frumvarpi að þeim lögum er sett fram sú regla að hver ríkisháskóli skuli lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum og að sérreglur geti gilt um ákveðna þætti í starfsemi einstakra háskóla. Að því leyti er frumvarpi þessu ætlað að vera háskólalögunum til fyllingar. Um starfsemi Kennara- og uppeldisháskóla Íslands munu því gilda lög um háskóla ásamt sérreglum þeim um stofnunina sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Færa má margvísleg rök fyrir því að sameina áðurnefndar stofnanir í einn háskóla. Rökin eru einkum af tvennum toga, annars vegar menntapólitísk rök og hins vegar hagkvæmnisrök og vega þau fyrrgreindu þyngra. Eftirfarandi rök skulu tilgreind hér:

— Menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta á margt sameiginlegt sem auðveldara er að efla og samhæfa undir einni yfirstjórn. Gildir það bæði um grunnmenntun þeirra, endurmenntun og framhaldsnám.
— Með sameiningunni færist menntun allra þessara stétta ótvírætt á háskólastig og verður því í auknum mæli tengd rannsóknum sem leiða á til betri og markvissari starfsmenntunar en ella.
— Gera má ráð fyrir að rannsóknum á sviði uppeldis og skólastarfs vaxi fiskur um hrygg við þessa breytingu og á því er full þörf.
— Þær stofnanir, sem ekki eru á háskólastigi, eru allt of smáar til að raunsætt sé að ætla að þær geti öðlast fullgildan sess sem háskólastofnanir af eigin rammleik.
— Betri nýting fæst á fjármunum, húsnæði og hvers kyns búnaði.

II.

1. Í frumvarpinu er eftirfarandi lagt til grundvallar: Með lögum þessum verður sameinuð starfsemi fjögurra ríkisstofnana: Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands í eina háskólastofnun sem hefur skýra lagalega stöðu. Af þessum stofnunum hefur Kennaraháskóli Íslands verið eina háskólastofnunin, hinir skólarnir þrír hafa verið á „gráu svæði“ milli framhaldsskóla og háskóla þar sem stúdentspróf hefur í reynd verið inntökuskilyrði.
2. Lög þessi ásamt háskólalögunum eiga að mynda ramma um starfsemi stofnunarinnar sem gerir henni kleift að þróast og móta starfsemi sína og starfshætti án þess að til þurfi að koma lagasetningar í hvert sinn. Stofnuninni og stjórn hennar verður fengið sjálfdæmi um flest innan þeirra marka sem lög þessi og háskólalögin munu setja verði frumvörpin að lögum. Þetta felur m.a. í sér að 1. gr. frumvarpsins er almennt orðuð, skólinn ákvarðar sjálfur deildaskiptingu og aðrar stjórnunareiningar, rektor ræður alla kennara, þar með talda prófessora, ekki eru í lögunum tilgreind einstök störf og starfsheiti innan stjórnsýslu háskólans, svo sem kennslustjóri, endurmenntunarstjóri og fjármálastjóri, heldur er gert ráð fyrir að ráðið verði í þau störf sem talin er þörf á og falla innan þess fjárhagsramma er stofnunin starfar eftir. Í tengslum við aukið sjálfstæði um innri málefni kemur ákvæði um utanaðkomandi fulltrúa í háskólaráð og er það í samræmi við háskólafrumvarpið.

3. Ekki er í frumvarpinu nákvæmlega skilgreint hvaða nám skuli vera í boði innan Kennara- og uppeldisháskólans (kennaranám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, þroskaþjálfanám, íþróttafræði o.s.frv.) heldur er gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli um námið sem í boði er verði sett í reglugerð. Í því sambandi er þó rétt að benda á að ljóst er að verði frumvarpið að lögum tekur Kennara- og uppeldisháskóli Íslands við lögboðnum skyldum þeirra skóla sem sameinaðir verða. Ekki er í frumvarpinu tiltekið hvar háskólinn verður til húsa. Ljóst er þó að höfuðstöðvarnar verða í húsnæði Kennaraháskóla Íslands á Rauðarárholti, en einnig er til ráðstöfunar húsnæði Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni, húsnæði Fósturskóla Íslands við Laugalæk, húsnæði Þroskaþjálfaskóla Íslands við Skipholt og menntasetur Kennaraháskóla Íslands að Varmalandi í Borgarfirði. Þá er einnig rétt að vekja á því athygli að líklegt er að nemendur muni í auknum mæli fyrir tilstilli upplýsingatækninnar geta stundað nám þar sem þeir búa.
4. Ekki er tilgreint í lögunum hvernig deildarskipan skólans skuli vera. Lengd náms verður ákvarðað í námskrá og mun það taka mið af skilgreindum þörfum með hliðsjón af því námi sem er í boði.
5. Í frumvarpi að lögum um háskóla er skýrt afmarkað hverjir fara með formleg völd og ábyrgð í háskólum.
6. Í frumvarpi að lögum um háskóla er nákvæmlega tilgreint hvernig fjárveitingar til háskóla skulu ákvarðaðar.

Enda þótt Kennara- og uppeldisháskóli Íslands verði miðstöð fyrir menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta er með frumvarpi þessu ekki verið að setja alla slíka menntunarkosti undir einn hatt. Áfram verður í boði menntun leik-, og grunnskólakennara við Háskólann á Akureyri og kennaramenntun fyrir framhaldsskóla við Háskóla Íslands. Þá er gert ráð fyrir að menntun listgreinakennara verði í boði að einhverju eða öllu leyti við fyrirhugaðan listaháskóla. Tíminn verður að leiða í ljós hvort ástæða þykir til að skipa þessum málum með öðrum hætti, en frumvarp þetta, sem og háskólafrumvarpið, gerir það tiltölulega auðvelt í framkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er hlutverk eða markmið háskólans almennt orðað og er í svipuðum anda og gildir t.d. um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Með þessari framsetningu er ekki um of að því þrengt hvaða starfsstéttir skulu hljóta menntun innan skólans. Greinin tekur einnig mið af 2. gr. frumvarps til laga um háskóla. Hér er sérstaklega tekið fram að háskólinn er rannsóknarskóli.

Um 2. gr.

Í greininni eru talin upp starfsheiti kennara skólans. Gert er ráð fyrir að háskólaráð setji almennar reglur um hvernig starfsskyldur kennara skiptast á einstaka þætti (kennsla, rannsóknir, þjónusta og stjórnun) og geti einnig hlutast til um aðra skiptingu vegna einstakra kennara. Starfsskylda háskólakennara er nú um það bil 50% kennsla, 40% rannsóknir og 10% stjórnun. Hugmyndir hafa komið fram um að binda ákveðið lágmark af starfi kennara við rannsóknir en skapa meiri sveigjanleika en nú er með öflugum rannsóknarsjóði, sbr. nefndarálit um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar frá mars 1995, bls. 26–27. Tillagan um aðjúnkta er liður í að skapa meiri sveigjanleika. Háskólaráð getur eitt tekið ákvörðun um að stofna nýja kennarastöðu. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 3. gr.

Lagt er til í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um háskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að forstöðumaður stofnunarinnar annist sjálfur ráðningu allra kennara. Þetta er í samræmi við sjónarmið um aukið sjálfstæði háskólastofnana og þar með aukna ábyrgð. Hér er einnig lagt til að rektor skipi dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda um prófessorsstöður og lektors- og dósentsstöður. Dómnefndin á að meta allar umsóknir um nýráðningar í stöður sem og framgang, sbr. 7. mgr., á skipunartíma sínum en í hverju tilviki á hún að njóta leiðsagnar ráðgjafa er rektor tilnefnir eftir ábendingu frá viðkomandi deild. Þannig er tryggt að dómnefndarkerfið sé skilvirkt og einfalt en jafnframt sé í hverju tilviki hægt að meta hæfni umsækjenda út frá reynslu og þekkingu þeirra er starfa á viðkomandi fræðasviði. Gert er ráð fyrir að kennarar skólans geti flust úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu eftir ákveðnum reglum er háskólaráð setur. Jafnframt er hér lagt til að háskólaráð setji reglur um ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa. Önnur ákvæði þessarar greinar eru að mestu samhljóða þeim sem nú eru í gildi fyrir háskólana og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt frumvarpi til laga um háskóla geta háskólar ákveðið sérstök inntökuskilyrði til viðbótar þeim almennu sem eru stúdentspróf eða sambærileg menntun. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari reglur um inntökuskilyrði eftir tillögum deildarráða. Þannig geta inntökuskilyrði verið mismunandi eftir deildum. Hér er þó gert ráð fyrir að háskólaráð hafi síðasta orðið. Rétt er að minna á að samkvæmt frumvarpi til laga um háskóla er gert ráð fyrir að háskólaráð eigi að samþykkja fjárhagsáætlun allra deilda skólans og skólans í heild og síðan að semja við menntamálaráðherra um fjárveitingar til skólans á grundvelli langtímaáætlunar. Þannig hefur menntamálaráðherra tök á því að hafa áhrif á menntastefnu skólans og þar á meðal hefur ráðherra í raun síðasta orðið um upphæð skólagjalda og fjölda nemenda í hverri deild. Ákvæði þessarar greinar um skrásetningargjald er sambærilegt öðrum slíkum lagaákvæðum, svo sem ákvæði um efnisgjald í framhaldsskólalögum og ákvæði um skrásetningargjald í lögum um Háskóla Íslands.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um skipan háskólaráðs. Greinin er í samræmi við IV. kafla frumvarps til laga um háskóla. Lagt er til að háskólaráð verði ekki fjölmennara en nauðsynlegt má teljast eða að níu fulltrúar skipi ráðið. Fjórir verði kjörnir fulltrúar fastráðinna kennara. Nemendur kjósi tvo fulltrúa og er gert ráð fyrir því að nemendafélag skólans setji sér sérstakar reglur um kjör þeirra. Lagt er til að menntamálaráðherra skipi tvo fulltrúa í ráðið. Rökin fyrir því að utanaðkomandi aðilar eigi sæti í æðstu stjórn skólans eru af þrennum toga, það styrkir stofnunina, eflir tengsl hennar við samfélagið og veitir henni aukið aðhald. Samkvæmt frumvarpi til laga um háskóla eru stjórnendur deilda ekki kjörgengir í ráðið og gildir sú regla um háskólann.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Verksvið og ábyrgð rektors er skýrt afmarkað í frumvarpi til laga um háskóla. Einnig er þar að finna skýrar reglur um skipan rektors. Menntamálaráðherra skipar rektor eftir til-

nefningu háskólaráðs. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að háskólaráð taki ákvörðun um deildarskipan skólans og aðrar stjórnunareiningar. Þessi tillaga er í fullu samræmi við háskólalagafrumvarpið sem m.a. er ætlað að tryggja aukið sjálfstæði háskólana. Þessi tilhögun felur ekki í sér að stofnunin hafi sjálfdæmi um að ákvarða hvaða menntun er í boði eða hvaða starfsstéttum stofnunin veitir menntun heldur tengist ákvörðun þar að lútandi samningi við stjórnvöld um fjármögnun stofnunarinnar.

Í greininni er kveðið á um að deildarfundir og deildarráð stjórni málefnum hverrar deildar og að deildarforseti fari með framkvæmdarvald deildarráðs. Háskólaráð setur reglur um hvernig deildarráð skuli skipað, hvernig deildarforseti er valinn og hvert skuli vera vald- og verksvið deildarfunda. Hliðstætt gildir um aðrar stjórnunareiningar sem háskólaráð telur nauðsynlegt að afmarka sérstaklega. Þeir starfsmenn eða stofnanir, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir rektor. Þetta ákvæði breytir engu um það að rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans, sbr. frumvarp til laga um háskóla.

Um 9. gr.

Þessi grein kveður á um skyldur skólans til að gefa út náms- og kennsluskrá fyrir það nám sem í boði er. Háskólaráði ber að staðfesta námskrár, en í þeim er að finna hina opinberu stefnumörkun skólans um það nám sem í boði er. Námskrár gefa því aðilum utan skólans færi á að koma á framfæri tillögum um skipan námsins eða gera athugasemdir við einstaka þætti þess. Einnig má líta á þær sem hluta af upplýsingaskyldu stofnunarinnar til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings. Kennsluskrár eru nánari útfærsla á ákvæðum námskrár um tilhögun náms. Háskólaráð ber einnig að staðfesta kennsluskrá og er það í samræmi við ákvæði háskólalagafrumvarpsins.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að sett verði heimildarákvæði um að háskólinn geti sett á laggirnar rannsóknarstofnun sem hafi umsjón með rannsóknum og útgáfustarfsemi og annist einnig ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd rannsókna. Slíkt almennt ákvæði er ekki að finna í háskólalagafrumvarpinu. Greininni er einnig ætlað að leggja áherslu á mikilvægi rannsókna sem órjúfanlegs hluta af starfsemi háskólans, sbr. 1. gr. frumvarpsins um hlutverk háskólans.

Um 11. gr.

Hér er lagt til, í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins, að eignir hinna fjögurra menntastofnana renni til Kennara- og uppeldisháskólans.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi þann 1. janúar 1998, eða sama dag og háskólalögunum er ætlað að taka gildi, með þeirri undantekningu sem bráðabirgðaákvæðið felur í sér. Þannig haldast í hendur aðlögunarákvæði beggja laganna, þ.e. lagt er til að lögin verði komin til fullra framkvæmda innan tveggja ára frá gildistökudegi að telja.

Um 15. gr.

Greinin staðfestir að háskólinn yfirtekur starfsemi fjögurra menntastofnana. Því falla úr gildi ákvæði laga um þær menntastofnanir sem þessi leysir af hólmi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er fjallað um réttindi nemenda og starfsmanna og stjórnskipulag hinnar nýju stofnunar. Þar er m.a. annars kveðið á um að nemendur eigi rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna og er þessu ákvæði ætlað að koma í veg fyrir að samhliða því að ný stofnun rís af grunni og aðrar lagðar niður rofni námsferill þeirra nemenda sem þá stunda þar nám.

Hvað störf við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands varðar þá eru þau ýmist lögð niður í skilningi laga nr. 70/1996 eða að þau flytjast til hinnar nýju stofnunar.

Þau störf sem lögð eru niður 1. janúar 1998 eru annars vegar störf skólastjóra Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, enda er gert ráð fyrir að rektor Kennaraháskóla Íslands verði rektor hins nýja skóla þar til nýr rektor hefur verið skipaður. Hins vegar eru störf skipaðra og fastráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla. Þó er heimilt að fresta niðurlagningu þessara starfa til 31. júlí 1999, m.a. til þess að gefa þessum starfsmönnum svigrúm til að afla sér frekari menntunar. Þetta er gert til þess að framhaldsskólakennarar færist ekki á háskólastig nema þeir hafi til þess hæfni. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfa nýtt teljast starfsmenn vera starfsmenn Kennara- og uppeldisháskóla Íslands frá og með 1. janúar 1998 en halda þeim réttindum sem núverandi starfi fylgja.

Önnur störf í skólunum fjórum flytjast til hinnar nýju stofnunar og skiptast þau einkum í þrennt, störf skipaðra og fastráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla, störf prófessora, dósenta og lektora við Kennaraháskóla Íslands enda hafa þeir hlotið hæfnisdóm til að starfa á háskólastigi og störf þeirra starfsmanna skólanna sem gegna ýmsum þjónustustörfum.

Gert er ráð fyrir að lögin verði að fullu komin til framkvæmda 31. júlí 1999 og er stjórnskipulag stofnunarinnar markað fyrir þetta tímabil. Er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi samkvæmt tilnefningum níu manna háskólaráð sem sitji þetta tímabil undir forustu rektors. Með þessu er verið að tryggja markvissa stjórn stofnunarinnar á aðlögunartímabilinu og tryggja að sjónarmið hagsmunaaðila kom fram.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er að sameina í eina háskólastofnun Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Með því er talið auðveldara að efla og samhæfa menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta og tengja hana betur rannsóknum auk þess sem gefst betri kostur á hagkvæmari rekstri.

Helstu breytingar sem kunna að hafa áhrif á kostnað fara hér á eftir.

Í 1. gr. er hlutverk háskólans skilgreint og tekið fram að hann er rannsóknarstofnun. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að fastir kennarar hafi kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Frumvarpið felur í sér breytingu á hlutverki annarra skóla sem hlut eiga að máli en Kennaraháskólans. Launakjör kennara, skipting vinnutíma og mat á vinnu kennara hafa að hluta til verið mismunandi milli skólanna. Mestu munar á vinnuskyldu kennara við rannsóknir og stjórnun. Verði hún samræmd að fullu milli skólanna gæti kostnaður aukist um 8–12 m.kr. á ári. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að hugmyndir hafa komið fram um að breyta skiptingu vinnutíma fastra kennara þannig að rannsóknarskylda hvers kennara verði minnkuð en jafnframt verði rannsóknarsjóður efldur. Slík tilhögun gæti verið liður í því að nýta betur þann tíma sem varið er til rannsókna og gera þær markvissari.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að rektor ráði kennara skólans. Einnig er lagt til að dómnefnd meti umsækjendur um stöður prófessora, dósenta og lektora og á ákvæðið sér hliðstæðu í lögum um Kennaraháskóla Íslands. Í hinum skólunum sem frumvarpið tekur til hafa stjórnendur og stjórnir skólanna metið umsækjendur og annast ráðningar. Því mun breytt fyrirkomulag væntanlega hafa óveruleg áhrif á kostnað.

Í 4. gr. er heimild til að innheimta skrásetningargjald sem tekur mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynleg er vegna starfsemi skólans. Miðað er við að gjaldið sé að hámarki 25 þús. kr. á nemanda. Aðrir skólar en Kennaraháskólinn sem frumvarpið tekur til hafa tekið töluvert lægra gjald af nemendum sínum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað við innritun og gögn sem skólarnir láta nemendum í té. Innheimta hámarksgjalds mun auka tekjur skólans um 4–6 m.kr. á ári.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir níu manna háskólaráði. Leysir það af hólmi 13 manna skólaráð Kennaraháskóla Íslands, þriggja manna skólanefnd og fimm manna skólaráð í Fósturskóla Íslands, fimm manna skólanefnd og sex manna skólaráð Íþróttakennaraskóla Íslands og fimm manna skólastjórn Þroskaþjálfaskóla Íslands. Þóknun til nefndarmanna hefur verið tiltölulega lág og er ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum á kostnaði við þann þátt, en gera má ráð fyrir að tími stjórnenda nýtist á annan hátt.

Í 10. gr. er heimild handa hinum nýja háskóla til að setja á stofn rannsóknarstofnun og til að stofna sérstaka rannsóknarsjóði. Kennaraháskólinn rekur nú þegar rannsóknarstofnun þótt ekki sé kveðið á um hana í lögum og fær á fjárlögum framlag í rannsóknarsjóð. Því er ekki gert ráð fyrir frumvarpið leiði til aukins kostnaðar hvað þetta varðar.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að rektor Kennaraháskóla Íslands verði rektor hins nýja skóla en stöður skólastjóra Íþróttakennaraskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands verði lagðar niður frá og með 1. janúar 1998. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn Kennaraháskóla Íslands, fastir kennara hinna skólanna sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla og starfsmenn sem eru í almennum störfum í skólunum verði starfsmenn hins nýja skóla. Störf skipaðra og fastráðinna kennara við Fósturskóla, Íþróttakennaraskóla og Þroskaþjálfaskóla sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla skulu lögð niður 1. janúar 1998, en þó er heimilt að fresta niðurlagningu starfanna til 31. júlí 1999. Hluti fastra kennara þessara skóla hafa þegar aflað sér tilskilinna réttinda eða stefna að því að afla þeirra. Samkvæmt upplýsingum sem menntamálaráðuneytið hefur aflað er þó talið að 12 fastir kennarar geti átt rétt á biðlaunum auk skólastjóranna þriggja. Biðlaunakostnaður er áætlaður 9–15 m.kr.

Áætlað er að undirbúningur fyrir sameiningu framangreindra skóla leiði til nokkurs kostnaðar sem gæti verið á bilinu 3–5 m.kr. en í framtíðinni á rekstur eins skóla í stað fjögurra að leiða til hagræðingar. Í því sambandi má nefna samkennslu ákveðinna greina og hagkvæmari

rekstur stoðþjónustu, svo sem yfirstjórnar, fjármálastjórnar, bókasafns, gagnasmiðju, tölvukerfa og húsakosts. Ekki er unnt að meta væntanlega kostnaðarlækkun af nákvæmni, en hún gæti orðið yfir 10 m.kr. á ári þegar fram líða stundir. Þessi hagræðing skapar svigrúm til að efla aðra þætti rekstrarins, svo sem rannsóknir.

Í frumvarpinu er ekki tilgreint hvar skólinn verður til húsa en ljóst er þó að höfuðstöðvarnar verða í húsnæði Kennaraháskóla Íslands á Rauðarárholti. Gera má ráð fyrir að í kjölfar sameiningar á skólunum aukist áhugi á að sameina rekstur þeirra á einum stað. Ekki eru forsendur til að meta kostnað þessu samfara, en hann gæti orðið töluverður.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er sú að breyting á vinnuskyldu kennara vegna aukinna rannsókna og stjórnunar gæti aukið kostnað um 8–12 m.kr. á ári. Á móti ættu innritunargjöld að auka tekjur um 4–6 m.kr. á ári og aukin samkennsla og hagkvæmari rekstur stoðþjónustu lækka kostnað um 10 m.kr. á ári að lágmarki. Biðlaunakostnaður er áætlaður 9–15 m.kr. og undirbúningskostnaður 3–5 m.kr.

168. Fyrirspurn [168. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á lífríki sjávar.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hafa farið fram rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar eða annarra aðila sem miða að því að kanna skaðleg áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar? Ef svo er, hvenær hófust þær rannsóknir, hversu víðtækar eru þær og hver er árlegur kostnaður af þeim?
2. Hefur verið reynt að meta hugsanlegan skaða sem veiðarfæri hafa valdið á lífríki sjávarbotnsins innan efnahagslögsögunnar og áhrif þess skaða á vistkerfið í heild sinni eða á einstaka nytjastofna? Ef slíkt mat hefur farið fram, hverjar voru niðurstöður þess?

Skriflegt svar óskast.

169. Fyrirspurn [169. mál]

til iðnaðarráðherra um málefni skipasmíðaiðnaðarins og smíði nýs hafrannsóknaskips.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað hefur verið aðhafst af hálfu iðnaðarráðuneytis til að gera innlendum skipasmíðastöðvum og tengdum iðnfyrirtækjum kleift að annast að einhverju eða öllu leyti smíði nýs hafrannsóknaskips, framleiðslu eða niðursetningu búnaðar í það eða annað tengt því verkefni?
2. Til hvaða ráðstafana, ef einhverra, hyggst iðnaðarráðuneytið grípa til stuðnings innlendum skipasmíðaiðnaði í kjölfar frétta af tillögum um áframhaldandi ríkisstyrki til skipasmíða innan Evrópusambandsins og e.t.v. víðar?

170. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um aðgang nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Árni M. Mathiesen, Drífa Hjartardóttir, Egill Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðni Ágústsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Hjálmar Árnason, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristinn H. Gunnarsson, Kristín Halldórsdóttir, Kristján Pálsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Tómas Ingi Olrich, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera áætlun um að innan þriggja ára hafi sérhver nemandi í opinberum skólum aðgang að tölvum og tölvutæku námsefni minnst einn tíma á dag.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðast þingi en varð ekki útrædd og er því flutt hér aftur í lítið breyttri mynd.

Stefna ríkisstjórnar.

Í framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið er sett fram það meginmarkmið að Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar. Skilgreind eru eftirfarandi þrjú forgangsverkefni sem eru sögð mikilvæg til að stefna stjórnvalda í málefnum upplýsingasamfélagsins nái fram að ganga:

— átak á sviði menntamála,
— áhersla á flutningsgetu og flutningsöryggi tölvutækra upplýsinga,
— að útboðsstefnu ríkisins verði framfylgt við kaup hugbúnaðar fyrir ríkisstofnanir og ráðuneyti.

Menntamálaráðuneytið hefur mótað mjög ítarlega stefnu sem sett er fram í ritinu *Í krafti upplýsinga*. Þar kemur meðal annars fram að kenna verði notkun upplýsingatækni á öllum skólastigum. Við námsgagnagerð verði að nýta kosti margmiðlunar til að efla menntun og auka fjölbreytni í skólastarfi. Lögð er áhersla á að í skólum landsins eigi að vera fullnægjandi tölvubúnaður til að nemendum og starfsmönnum sé gert kleift að nýta sér möguleika upplýsingatækni í námi, kennslu, rannsóknum, stjórnun og samskiptum innan lands og utan. Að þessu er nú unnið og hluti stefnunnar hefur þegar verið framkvæmdur.

Afleiðing niðurskurðar.

Mikill og flatur niðurskurður undangenginna ára hefur bitnað mest á þeim stofnunum sem síst skyldi, þ.e. þeim sem reyna að fara að fjárlögum. Slíkur niðurskurður leiðir stefnuna frá raunverulegu markmiði velferðarkerfisins: Hvert viljum við stefna og hver á þáttur ríkisins að vera? Nokkur hluti menntakerfisins er þegar í höndum einkaaðila og má þar nefna Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, listaskóla og tölvuskóla. Almenna skólakerfið er þó að mestu í höndum opinberra aðila og það varðar þjóðina miklu, fjölskyldur og atvinnulíf, hvernig til tekst með menntun barnanna okkar. Þess vegna er mikilvægt að tryggja að mennta-

kerfið sé skilvirkt og skili menntuðum, upplýstum, framtaksömum og sjálfstæðum einstaklingum út í atvinnulífið.

Framleiðniaukning.

Mikil framleiðniaukning einkennir alla þætti atvinnulífsins hin síðari ár. Stór þáttur í þessari framleiðniaukningu er notkun örgjörva eða tölva í iðnaði, verslun, sjávarútvegi og landbúnaði. Opinbera stjórnsýslan hefur og tekið þetta verkfæri í auknum mæli í þjónustu sína. Í menntamálum hafa margir einstaklingar lagt hönd á plóginn við að tölvuvæða menntakerfið á ýmsan hátt og nægir þar að nefna Íslenska menntanetið. Enn fremur hafa einstök foreldrafélög, kennarar og skólastjórnendur lyft grettistaki í því að tölvuvæða einstaka skóla. Það vekur svo aftur upp spurningar um stöðu þeirra nemenda sem ekki verða þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast tölvukennslu. En þrátt fyrir þetta gleðilega framtak er ljóst að betur má ef duga skal. Nýleg könnun á getu íslenskra nemenda í raungreinum sýnir að þeir hafa hugsanlega ekki þá þekkingu eða færni sem er æskileg og nauðsynleg ef þjóðin ætlar að standa sig í samkeppni þjóðanna í framtíðinni. Því er þörf úrbóta. Í framangreindri könnun stóðu sig nemendur frá Singapúr áberandi best og því gæti virst eðlilegt að fólk leitaði þangað að fyrirmyndum. En aðrar námsgreinar og önnur atriði eru ekki síður mikilvæg í kennslu en raungreinar. T.d. er nauðsynlegt að hafa mikla færni í tungumálum í ört vaxandi alþjóðasamskiptum. Frumkvæði, sjálfstæði, áhættugleði og hugmyndaauðgi eru ekki síður nauðsynleg. Einnig hefur verið bent á hugsanlegar skuggahliðar samfara námsárangrinum. Of mikill metnaður og streita kann að fylgja þessum árangri barnanna í Singapúr. Því er nauðsynlegt að huga að mörgum þáttum þegar leitað er leiða til að auka metnað og færni íslenskra skólabarna.

Möguleikar tölvuhugbúnaðar.

Á undanförnum mánuðum og árum hefur sýnt sig þvílíkir möguleikar búa í tölvum og netkerfum þegar litið er til upplýsingaöflunar og miðlunar. Nú er ekkert mál að senda bréf og flókinn hugbúnað heiminn á enda á nokkrum sekúndum sem áður tók vikur og mánuði. Unnt er að afla upplýsinga frá öllum heimshornum um ákveðið málefni sem áður fyrr var ekki hægt nema með miklum tilkostnaði og tíma. Þar sem kennsla er aðallega fólgin í miðlun þekkingar og upplýsinga er ljóst að tölvan getur verið mjög mikilhæft verkfæri í menntakerfinu. Nægir í því sambandi að benda á sambland texta, tóna, mynda og kvikmynda sem hægt er að miðla yfir net eða á ódýrum geisladiskum í margmiðlunartölvu. Kostir þessa miðils umfram bókina og skólatöfluna eru ótvíræðir. Tölvuvæðing getur komið öllum námsgreinum til góða. Möguleikar tölvunnar sem verkfæris í íslenskukennslu og tungumálakennslu eru ekki síðri en í stærðfræði og eðlisfræði. Hugmyndaauðgi kennara og hugbúnaðarfólks mun skapa nýjar víddir í kennslu með aðstoð þessa verkfæris þar sem blandað er saman texta (bók), hljóði (framburður), myndum (lýsing) og kvikmyndum. Nemandinn stjórnar hraðanum og að vissu leyti stefnunni. Tölvan hefur auk þess þann kost að hún er alltaf til staðar fyrir nemandan og hann er virkur. Tölvan þreytist aldrei, verður ekki óþreyjufull, þegar nemandinn spyr í þrítugasta skipti hvað sama orðið í dönsku þýðir. Ásókn ungmenna í tölvuleiki sýnir einnig þá möguleika sem gott námsefni í tölvutæku formi gæti haft til örvunar og hvatningar. Þannig munu ekki aðeins færustu nemendurnir njóta slíks námsefnis heldur munu aðrir nemendur, fá þann tíma sem þeir þurfa því að þeir stjórna hraðanum sjálfir. Tölvuvæðingin mun því nýtast öllum nemendum vel án tillits til námsgetu.

Breyting á kennsluháttum.

Hægt er að sjá fyrir miklar breytingar ef notkun tölva verður almenn í menntakerfinu. Hið hefðbundna form kennslu, sem hefur verið við lýði í hundruð ára, kann að riðlast. Í stað hefðbundinnar skólastofu þar sem kennarinn er virkur og hópur nemenda er meira og minna óvirkur, verður skólastofan opin og nemendur eða litlir hópar nemenda eru virkir við hverja tölvu en kennari eða kennarar ganga á milli, örva nemendur, leysa vandamál og stýra verkum. Kennarinn verður verkstjóri. Gera má ráð fyrir að kennsla verði virkari og því mun tími til að þjálfa nemendur í framkomu og tjáningu aukast en nokkuð hefur skort á slíka þjálfun. Vegna mikilvægis innsláttar á tölvu mætti huga að því að kenna hann strax í byrjun grunnskóla, þ.e. um leið og börnin læra að lesa og skrifa.

Félagsleg einangrun.

Bent hefur verið á að seta við tölvu geti leitt til félagslegrar einangrunar. En það á ekki síður við setu í hefðbundnum bekk. Þess vegna er mjög mikilvægt að hugað sé að frímínútum sem brjóta upp kennsluna og jafnframt að láta börnin vinna saman í litlum hópum við að leysa verkefni og ætti kröfulýsing til námsgagna að miða að því. Þar sem tölvutækt námsefni getur gert miklar kröfur til nemandans þarf að gæta vel að því að ofgera ekki börnunum. Við framkvæmd þingsályktunarinnar mætti t.d. miða við að yngstu börnin, 5–8 ára, væru ekki lengur en eina kennslustund á dag fyrir framan tölvuna. Lengja mætti þennan tíma í áföngum þannig að 15 ára nemendur væru e.t.v. 75% af virkum kennslutíma við tölvuna.

Hugbúnaðargerð.

Til að ná fram markmiðum þessarar þingsályktunartillögu er ekki nóg að kaupa tölvur. Má jafnvel orða það þannig að tölvukaup ættu að vera aukaatriði. Aðalatriðið er gerð nýs hugbúnaðar eða að þýða og staðfæra erlendan kennsluhugbúnað. Mikilvægt er að koma á greiðslu fyrir afnot af kennsluhugbúnaði sem hvetji kennara, hugbúnaðarfólk og fjárfesta til þess að taka höndum saman við að búa til eða staðfæra hugbúnað. Greiðslurnar gætu verið í því formi að greitt sé fyrir notkun á forriti á netinu eða að skólarnir fengju stórauknar fjárveitingar til að kaupa hugbúnað. Þannig myndaðist eftirspurn eftir góðum hugbúnaði sem hvetti kennara og hugbúnðarfólk til dáða.

Hugbúnaðurinn þarf bæði að fræða og kenna, hvetja og vera skemmtilegur. Enn fremur þarf hugbúnaðurinn að geta mælt árangur nemandans. Átak í kennsluhugbúnaðargerð getur verið mikil hvatning fyrir kennara og ef vel tekst til gæti það leitt til útflutnings á kennsluhugbúnaði.

Stöðug fjárfesting.

Margir átta sig ekki á því hve þróun tölva og hugbúnaðar er ör um þessar mundir. Tölvur, sem þóttu nýjasta nýtt fyrir þremur árum, teljast varla gjaldgengar lengur. Hugbúnaðurinn er jafnvel enn skammlífari. Þetta þarf að hafa í huga þegar ákveðið er að fjárfesta samkvæmt ályktuninni. Ekki má gera ráð fyrir að nóg sé að þróa hugbúnað og kaupa tölvur í eitt skipti fyrir öll. Hér verður að vera um stöðuga fjárfestingu að ræða, fjárfestingu sem fyrst mun skila arði eftir áratugi. Hún er hins vegar nauðsynleg ef við ætlum að halda stöðu okkar meðal þjóða sem búa við bestu lífskjörin. Hluti af framkvæmd ályktunarinnar gæti falist í því að vaka yfir og fylgjast með því sem er nýjast í kennsluhugbúnaði á alþjóðamarkaði. Í þessu felst leit að hugbúnaði, kaup á honum, aðlögun og prófun. Oft vill gleymast að kennsla og umsjón og viðhald tölvukerfa og hugbúnaðar er mjög viðamikið starf. Því þarf að gera ráð fyrir þjálfun starfsfólks og kennara á þessum sviðum.

Upplýsingar til kennara.

Hluti átaksins hlýtur að vera að upplýsa kennara um möguleika og kosti þessa nýja kennslumiðils og kenna þeim á þann hugbúnað sem stendur til boða. Einnig þarf að gera ráð fyrir að kennarar taki þátt í að þróa nýjan hugbúnað og aðlaga erlendan hugbúnað íslenskum aðstæðum. Tryggja þarf leiðir sem styðja og hvetja til að gert sé nýtt kennsluefni. Þeir sem koma með skynsamlega hugmynd fái styrk, hlutafé eða víkjandi lán til þess að koma henni í framkvæmd með aðstoð hugbúnaðarfólks. Eins og áður sagði þarf að setja reglur um greiðslur fyrir afnot slíks efnis. Það yrði hvatning til kennara, hugbúnaðarfólks og fjárfesta að gera forritin skemmtileg og áhugaverð.

Lauslegt mat á kostnaði.

Ljóst er að slíkt átak kostar mikið fé en líta má á það sem langtímafjárfestingu. Til þess að árangur náist er nauðsynlegt að verja ekki minna fé í þróun hugbúnaðar en kaup á tölvum. Í grunnskólum landsins eru um 42 þús. nemendur, ef gert er ráð fyrir að þrír verði um hverja tölvu þarf 14 þús. tölvur í grunnskólana. Í framhaldskólunum eru um 17 þús. nemendur. Ef gert er ráð fyrir að hver þeirra þurfi eina tölvu þyrfti alls um 30 þús. tölvur. Þannig þyrfti að kaupa um 10.000 tölvur á ári ef ná ætti markmiðinu á þremur árum. Áætla má að sá kostnaður verði um 600–900 millj. kr. Samkvæmt framansögðu væri eðlilegt að verja sömu upphæð til hugbúnaðargerðar. Átakið mundi því kosta 1.200–1.800 millj. kr. á ári. Kanna þarf hvernig þeim kostnaði mætti dreifa á ríki, sveitarfélög, styrktaraðila og foreldrafélög.

Þátttaka sveitarfélaga.

Ljóst er að hafa þarf samstarf við sveitarfélög um framkvæmd þessarar stefnu þar sem þau sjá um rekstur grunnskólans. Mikilvægt er að þeim sé séð fyrir fjármunum í því skyni að kaupa tölvur og hugbúnað og ekki síður að nemendur eigi jafnan kost á að nota það verkfæri sem tölvan er. Þess vegna er brýnt að átakið, sem lagt er til í tillögunni, nái til allra opinberra skóla, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Slík tölvu- og upplýsingavæðing mun auka möguleika á fjarkennslu sem aftur mun styrkja hefðbundna kennslu og jafna þannig muninn á skólum í þéttbýli og dreifbýli.

Framkvæmd áætlunarinnar.

Áætlun þessa má framkvæma t.d. með því að velja nokkra skóla til þess að ríða á vaðið. Þar yrði sett upp net og fengið tölvufólk til þess að vinna með kennurum við að velja kennsluhugbúnað. Kennarar þessara skóla mundu svo leysa þau vandamál sem efalaust munu koma upp við framkvæmd þessarar nýju stefnu. Einnig má hugsa sér að tölvuvæða skólakerfið ofan frá, háskólastigið fyrst, síðan framhaldsskólstigið og að lokum grunnskólastigið.

Þróunin undanfarið.

Undanfarið hafa borist fréttir af því að foreldrafélög og ýmis félagasamtök hafi gefið tölvur til skóla. Fréttir eru af því að 600 börn muni stunda nám í *Framtíðarbörn 800*. Minna má á myndarlegt frumkvæði Verkmenntaskólans á Akureyri á sviði fjarkennslu og Globeumhverfisfræðsluverkefnið. Breska stjórnin hyggst leggja ríka áherslu á samvinnu stjórnarinnar og einkafyrirtækja um að öllum skólum landsins verði séð fyrir tölvum ekki síðar en árið 2002. Frá Bandaríkjunum berast þær fréttir að sett hafi verið það markmið að tölva verði í hverri kennslustofu fyrir árið 2000. Þannig mætti lengi telja og verður vikið að því nánar við umfjöllun málsins í þinginu.

171. Frumvarp til laga [171. mál]

um breytingu á lögum nr. 89 26. maí 1997, um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað ártalsins „1997“ í 4. gr. laganna kemur: 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 89/1997, um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, var lögfestur samningur sérfræðinga EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá nóvember 1996 um að fella inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir. Samningurinn felur í sér samningsbundna endurskoðun á I. viðauka við EES-samninginn frá 1992, afnám landamæraeftirlits á svæðinu og samræmdar reglur varðandi innflutning frá þriðju ríkjum. Með samningnum tekur Ísland upp gerðir er varða fisk, fiskafurðir, fiskmjöl, lifandi humar, lúðuseiði, barrahrogn og hrogn og svil Atlantshafslax, regnbogasilungs og bleikju. Samkomulag þetta þykir afar hagstætt Íslandi. Til að flýta sem mest fyrir framkvæmd samningsins var ákveðið að lögin tækju gildi 1. nóvember 1997. Það hefur komið í ljós að sá tími sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins ætlaði sér til að ljúka málsmeðferð í stofnunum sínum var ekki nægur og er henni ekki lokið. Framkvæmdastjórnin er nú að vinna úr nokkrum lagatæknilegum athugasemdum sem fram hafa komið í málsmeðferð hennar og varða eftirlitshlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA. Er vonast til að þeirri vinnu ljúki á næstu vikum. Að því loknu fer samningurinn til umfjöllunar í ráðherraráði ESB og til kynningar í Evrópuþinginu. Að loknu þessu ferli verður ákvörðun um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn lögð til samþykktar fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Miðað við hve skammt framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins er komin í afgreiðslu samningsins er ljóst að fresta þarf gildistöku laganna. Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistökunni verði frestað um eitt ár, frá 1. nóvember 1997 til 1. nóvember 1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 89 26. maí 1997, um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fresta um eitt ár gildistöku samnings sérfræðinga

EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um að fella inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

172. Fyrirspurn [172. mál]

til utanríkisráðherra um lánastefnu Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hver er afstaða ráðherra til þeirrar lánastefnu Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að setja pólitísk skilyrði um markaðs- og einkavæðingu fyrir lánveitingum?

Skriflegt svar óskast.

173. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á íslenskum lögum og réttarframkvæmd sem varða réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Nefndin geri tillögur sem miði að því að tryggja að börnin fái notið umgengni og samvista við báða foreldra sína betur en nú er.

Nefndin skili tillögum sínum um úrbætur fyrir 1. maí 1998.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur orðið að undanförnu um réttarstöðu þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns síns. Auðvelt virðist að brjóta rétt forsjárlauss foreldris til umgengni við barn sitt en vegna skorts á úrræðum í löggjöf reynist erfitt að fylgja eftir lögbundnum rétti þeirra. Þá eru og engar reglur sem segja fyrir um hvernig bregðast eigi við því þegar forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundnum skyldum sínum til umgengni við barn.

Gildandi réttur.

Fyrst árið 1972 var umgengnisréttur forsjárlauss foreldris við skilgetið barn sitt festur í lög. Fyrir þann tíma voru engar lögbundnar reglur um umgengnisrétt. Lögin tóku aðeins til skilgetinna barna og gert var ráð fyrir að foreldrar semdu um fyrirkomulag umgengninnar. Með 40. gr. barnalaga frá 1981 var kveðið á um umgengnisrétt foreldris við barn sem það hafði ekki forsjá fyrir og átti það jafnt við um óskilgetin börn sem skilgetin.

Í 1. mgr. 37. gr. núgildandi barnalaga, nr. 20/1992, er kveðið á um að barn eigi rétt á umgengni við það foreldri sitt sem ekki fer með forsjá og samkvæmt sama ákvæði er því for-

eldri skylt að sinna umgengni við barn sitt. Í 29. gr. sömu laga er það talið meðal forsjárskyldna að forsjárforeldri stuðli að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema það sé andstætt hag og þörfum þess að mati lögmælts stjórnvalds. Í lögunum er gengið út frá því að umgengnisréttur sé fyrir hendi, síðan sé það foreldra að semja um inntak hans. Ef samningar milli foreldranna skv. 2. mgr. 37. gr. takast ekki úrskurðar sýslumaður um fyrirkomulag umgengninnar að kröfu annars foreldrisins. Þá getur umgengnisréttur flust til náinna vandamanna við sérstakar aðstæður.

Samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að er réttur barnsins til samveru við báða foreldra sína tryggður og má þar nefna 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, en þar segir að barn sem skilið hefur verið frá foreldri sínu eða foreldrum sínum eigi rétt til að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði reglulega, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess.

Þegar foreldri sem hefur forsjá barns tálmar hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar við barnið sem úrskurðaður hefur verið getur sýslumaður skv. 38. gr. barnalaga að kröfu þess skyldað þann sem fer með forsjá barnsins til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum allt að 5.000 kr. Dagsektirnar má síðan innheimta með fjárnámi og renna þær í ríkissjóð. Þegar forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundinni skyldu sinni til umgengni við barn sitt er engar reglur að finna í íslenskum rétti sem hægt er að beita til að knýja fram slíka umgengni.

Erlendur réttur.

Í Danmörku er gert ráð fyrir að hægt sé að fylgja eftir ákvörðunum um umgengni með sektum eða beinni fógetagerð. Fógetinn er ekki bundinn af gerðarbeiðni við val á þvingunarúrræðum en gert er ráð fyrir sektum sem meginreglu. Óheimilt er að beita þvingunarúrræðum ef það gæti haft í för með sér einhverja áhættu fyrir sálarlega eða líkamlega velferð barnsins. Í vafatilvikum er yfirvöldum boðið að ráðfæra sig við sérfróða einstaklinga. Í Noregi er álagning sekta eina úrræðið við brotum á umgengnisrétti. Í Svíþjóð er heimilt að beita lögregluvaldi til að knýja fram umgengnisrétt ef sýnt er að annars mundi ekki verða af umgengninni og barnið hefur sérstaklega mikla þörf fyrir forsjárlaust foreldri sitt. Þar er ekki gert ráð fyrir sektum þegar brotinn er umgengnisréttur. Flutningsmönnum er ókunnugt um að til séu reglur hjá nágrönnum okkar annars staðar á Norðurlöndum sem heimila að knýja foreldri til umgengni við barn sitt.

Rökin fyrir því að tryggja beri börnum umgengni við báða foreldra.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum föðurleysis á börn og ber flestum saman um að það hafi miður góð áhrif á tilfinningaþroska þeirra, félagsmótun og frammistöðu í námi. Nú er svo komið að hjónaskilnaðir eru um 40% á móti fjölda árlegra hjónavígslna. Þannig leysast rúmlega 500 heimili upp á ári hverju vegna hjónaskilnaða, en þá er óvígð sambúð ekki talin með. Við bætast börn fædd utan hjónabands eða sambúðar. Alls eru greidd meðlög með 13.473 börnum í landinu. Mikilvægt er að skilnaður foreldra hafi ekki þær afleiðingar að börn missi af öðru foreldri sínu. Rétturinn til samveru með báðum foreldrum telst til grundvallarmannréttinda. Það er ljóst að viðhorf manna og virðing fyrir rétti barna hefur breyst mikið síðari ár. Þá er afstaða til aukinnar þátttöku feðra í uppeldi barna öll önnur en var. Menn líta til aukinnar ábyrgðar feðra á uppeldi barna sinna, svo og réttar þeirra til þátttöku í forsjárskyldum og réttar til rúmrar umgengni við börn sem búa ekki hjá þeim. Rannsókn á högum barnafjölskyldna, sem kom út í skýrslu landsnefndar um ár fjölskyldunnar á vegum félagsmálaráðuneytis árið 1995, leiddi í ljós að feður án forsjár vildu almennt hafa meiri tengsl við börn sín og bera meiri ábyrgð á þeim. Í meðfylgjandi samantekt Félags einstæðra foreldra á

erindum sem berast félaginu hefur það færst mikið í vöxt að feður leiti aðstoðar í forsjár- og umgengnismálum.

Ef umgengnisréttur yrði betur tryggður leiddi það til þess að sameiginleg forsjá barna yrði ákjósanlegri kostur. Hugmyndin um sameiginlega forsjá hefur hins vegar átt fremur erfitt uppdráttar hér á landi.

Máttlaust úrræði.

Sektarákvæðið var fyrst sett í lög með 3. mgr. 40. gr. barnalaga, nr. 9/1981. Það var síðan tekið efnislega óbreytt upp í núgildandi barnalög en útfært nánar. Tekið er fram að öðrum lagaúrræðum verði eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti. Það er almennt sjónarmið þeirra sem fara með þessi mál að úrræðið sé máttlaust, enda er því í reynd lítið beitt. Ýmis sjónarmið mæla gegn beitingu þess, t.d. að auknar fjárhagsbyrðar einstæðs foreldris mundu auka enn aðstöðumun barna einstæðra foreldra og barna sem búa hjá báðum foreldrum sínum. Þá eru dagsektirnar engin trygging fyrir því að foreldri láti af tálmunum. Séu brot á umgengnisrétti forsjárlausra foreldra við börn sín síendurtekin særir það hins vegar réttlætiskennd þeirra. Brot gegn rétti barns til umgengni og samvista við báða foreldra sína er gróft mannréttindabrot gegn þeim sem ekki hafa burði til að vernda rétt sinn.

Rökin fyrir því að ekki hafa verið settar í lög reglur til að knýja foreldri til að sinna lögbundinni skyldu sinni til umgengni við barn eru m.a. þau að það þjóni síst hagsmunum barnsins að foreldri sem skortir áhuga á að umgangast barn sitt sé þvingað til samvistanna. Flutningsmenn telja að stuðla beri að því að skilnaður foreldra hafi ávallt sem minnsta röskun í för með sér fyrir barnið. Eðlilegt og uppbyggilegt samband við báða foreldra er bæði mikilvægt fyrir uppeldi og þroska barnsins og samfélagið í heild. Nauðsynlegt er að laga löggjöf okkar að þessari staðreynd. Löggjöfin er alls ekki í samræmi við almenn viðhorf og ef ekki verður brugðist við getur hún orðið dragbítur á frekari þróun.

Leiðir til að tryggja umgengnisrétt barna og foreldra.

Nauðsynlegt er að nefndin geri úttekt á íslenskum rétti og réttarframkvæmd og komi með tillögur til úrbóta. Við val á leiðum er nauðsynlegt að horfa til nágrannaþjóðanna og bera aðstæður og úrræði þeirra saman við íslenskan veruleika.

— Við skoðun á framkvæmd umgengnisréttarmála hér á landi þarf að athuga hvort gagnrýni sem fram kemur á seinagang í stjórnsýslunni eigi við rök að styðjast. Stjórnvald er bundið af reglum um málshraða og á það sérstaklega við í þessum málum því að verði óeðlilega langt hlé á samskiptum foreldris og barns getur það haft í för með sér varanlegan skaða fyrir tilfinningatengsl milli þeirra. Þá má athuga hvort eðlilegt væri að ágreiningur um umgengni fari til úrlausnar dómstóls eða dómsmálaráðuneytisins. Þetta á sérstaklega við þegar leyst er úr ágreiningi um forsjá. Úrskurður um ríflega umgengni til handa þeim sem fer halloka í forsjárdeilu getur verið þýðingarmikill hluti af ákvörðun um forsjá barns.
— Flutningur barns af heimili sínu með yfirvaldsaðgerð er vissulega hastarlegur og getur í mörgum tilvikum magnað upp deilur foreldra og komið beint niður á hagsmunum barnsins. Úrræðið getur hins vegar hentað vel við ýmsar aðstæður, t.d. í þeim tilvikum þegar barn sýnir mótþróa við umgengni til að þóknast forsjáraðila. Ákveðin, örugg skilaboð sem taka af skarið geta hjálpað barni við þær aðstæður. Því kemur vel til greina að hafa svipað úrræði sem farið yrði varlega í að beita. Þessi leið ásamt sektarákvæðinu eru úrræði sem hafa á sér blæ þvingunar og refsingar.
— Nauðsynlegt er að koma upp hér á landi vandaðri skilnaðarráðgjöf í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit. Hægt er að setja sem skilyrði fyrir útgáfu skilnaðarleyfis eða

staðfestingu forsjárákvörðunar að foreldrar hafi sótt t.d. 3–5 ráðgjafartíma, þar sem lögfræðingar og félagsráðgjafar eða sálfræðingar aðstoða foreldra við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum. Þetta er fyrirbyggjandi úrræði sem hefur reynst vel annars staðar, m.a. í Noregi, og er talið að slíkt fyrirkomulag spari einstaklingum og samfélaginu í heild bæði orku, tíma og fjármuni. Í niðurstöðum áðurnefndrar skýrslu félagsmálaráðuneytis um rannsókn á högum barnafjölskyldna kom fram að brýn þörf væri á endurgjaldslausri ráðgjöf fyrir fólk í skilnaðarhugleiðingum. Í umsögn Félags einstæðra foreldra kemur fram að eitt viðtal við báða foreldra geti verið árangursríkt til að eyða spennu milli foreldra. Þar kemur einnig fram að deilur foreldra snúast oftar um óuppgerðar tilfinningar en velferð barnanna.

— Flutningsmenn telja að við úrlausn á því vandamáli sem hér er til meðferðar skuli réttur barnsins ávallt lagður til grundvallar. Til þess að tryggja hagsmuni þess sem best telja flutningsmenn að til greina kæmi að skipa barni talsmann um leið og ágreiningur verður um umgengi. Talsmaður gæti þá orðið milligöngumaður milli foreldra og foreldra og barns. Hlutverk hans yrði fyrst og fremst að gæta hagsmuna barnins og tryggja því umgengni við forsjárlaust foreldri eða forsjárforeldri sem það býr ekki hjá. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og unglinga, er heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann við úrlausn barnaverndarmála. Skv. 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er kveðið á um heimild til að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármála. Eðlilegt væri að skipa barni talsmann um leið og umgengnismál er komið í hnút. Milligöngumaður gæti einnig komið að gagni þegar forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundinni umgengnisskyldu sinni. Dæmi er um að áhugaleysi foreldris stafi af óuppgerðum tilfinningum gagnvart barnsmóður sinni eða barnsföður. Skipaður talsmaður sem hefur aðeins það hlutverk að standa vörð um hagsmuni barns gæti hugsanlega komið sambandi á milli foreldra þegar svo háttar. Ljóst er að hér er nýtt úrræði sem ekki felur í sér þvingun eða refsingu heldur miðar gagngert að því að styrkja fjölskyldutengsl. Reynsla og rannsóknir sýna að aðgerðir til stuðnings barnafjölskyldum geta beinlínis komið í veg fyrir að börn bíði skaða af óhjákvæmilegum skilnaði. Þetta úrræði ásamt vandaðri ráðgjöf sem nauðsynlegt er að koma hér upp í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit miða að því að laða fram hæfni foreldra og skila hamingjusamari einstaklingum út í þjóðfélagið.

Fylgiskjal.

Frá Félagi einstæðra foreldra.

Frá því snemma á níunda áratugnum hefur Félag einstæðra foreldra boðið félagsmönnum sínum aðgang að lögfræðiráðgjöf og árið 1995 var þjónustan bætt með því að ráðinn var félagsráðgjafi til félagsins. Sérfræðingarnir eru til viðtals hér á skrifstofu félagsins einu sinni í viku. Um helmingur allra þeirra mála sem hingað koma eru forsjár- og umgengnismál. Við sáum fljótlega að þörf væri á endurgjaldslausri aðstoð fyrir báða foreldra til þess að ganga frá svo mikilvægum málum sem þessum til frambúðar. Vönduð ráðgjöf á þessu stigi getur komið í veg fyrir mikil átök innan fjölskyldunnar síðar meir. Fyrir rúmlega ári síðan var tekin upp hér ráðgjöf og viðtalstímar fyrir báða foreldra í tilefni af ágreiningi varðandi umgengnismál. Dæmi er um að nýr maki foreldris komi með í slíkt viðtal. Lögfræðingur félagsins og félagsráðgjafi fara þá yfir ágreiningsmálin með foreldrunum. Eitt slíkt viðtal getur verið mjög

árangursríkt því oftar er að deilur foreldra snúast um óuppgerðar tilfinningar sín á milli en velferð sameiginlegra barna. Foreldrar geta komið í fleiri viðtöl ef þau telja þess þörf.

Þegar samsetning hópsins sem leitar ráðgjafar hjá okkur er skoðaður kemur í ljós að hlutfall karlmanna sem leitar eftir aðstoð hefur aukist um 14% þrjú síðustu ár. Forsjár- og umgengnismál eru u.þ.b. helmingur allra þeirra erinda sem berast. En mikil aukning hefur orðið síðustu þrjú ár hjá karlmönnum sem leita aðstoðar vegna þessara mála en hlutfall þeirra hækkar úr 22% árið 1994 í 63% árið 1996. Á árinu 1996 er mikill meiri hluti þeirrasem leita aðstoðar félagsins í umgengnis- og forsjármálum karlmenn.

Þóra B. Guðmundsdóttir, formaður.

Heildarfjöldi erinda sem bárust Félagi einstæðra foreldra árin 1994, 1995 og 1996.







Fjöldi umgengnismála 1994 var 41, þar af áttu í hlut 9 karlmenn. Árið 1995 voru umgengnismál 33, þar af áttu í hlut 12 karlmenn. 1996 voru þau 38, þar af áttu í hlut 24 karlmenn.



Fjöldi forsjármála 1994 var 26, þar af áttu í hlut 6 karlmenn. Árið 1995 voru forsjármál 29, þar af áttu í hlut 10 karlmenn. 1996 voru þau 28, þar af áttu í hlut 18 karlmenn.



174. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Gísli S. Einarsson,
Guðni Ágústsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Rauði kross Íslands fékk á árinu 1972 leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að hefja rekstur spilavéla í fjáröflunarskyni, en vélar þessar gátu skilað mönnum allt að fimmföldum peningavinningi. Ýmis skilyrði um eftirlit fylgdu leyfisveitingunni og skyldu kassarnir merktir Rauða krossinum. Á árunum 1972–76 veitti ráðuneytið leyfi fyrir notkun ákveðinnar myntar í vélarnar og til breytinga á hlutfalli vinninga. Árið 1977 fékk Rauði krossinn leyfi fyrir innflutningi og uppsetningu nýrrar tegundar spilakassa með sömu skilyrðum og áður, og enn voru veitt leyfi fyrir nýjum tegundum spilakassa árin 1986 og 1987. Skyldi lögreglan hafa eftirlit með notkun og staðsetningu kassanna sem fyrr.

Árið 1981 fékk SÁÁ leyfi til að reka spilakassa sem merktir yrðu samtökunum. Kassarnir tóku við 1 kr. mynt og vinningar máttu vera allt að 9 kr. Lögreglan skyldi hafa eftirlit með rekstrinum. SÁÁ nýtti sér ekki leyfið en samtökin tóku hins vegar upp samstarf við Rauða krossinn árið 1989 um rekstur spilakassa á vínveitingastöðum.

Fleiri aðilar eygðu hér ábata og stofnað var svokallað Lukkutríó sem Slysavarnafélag Íslands, Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita máttu starfrækja. Vinningar voru að þessu sinni hlutir en ekki peningar. Rauði krossinn og eigendur Lukkutríósins rugluðu síðar saman reytum og gerðu með sér samning um rekstur spilakassa og enn voru sett skilyrði um eftirlit lögreglu og fleira. Landssamböndin tvö sameinuðust og urðu að Landsbjörg, og spilakassafyrirtækið var heitið Íslenskir söfnunarkassar sem tók til starfa 1. janúar 1994. Engin lög voru þá til um starfsemina en frumvarp kom fram skömmu seinna.

Þegar hér var komið fór Háskóli Íslands að hugsa sér til hreyfings. Með lögum nr. 23/1986 var dómsmálaráðherra veitt heimild til að leyfa Háskóla Íslands að reka skyndihappdrætti með peningavinningum, svo og peningahappdrætti sem ekki yrði rekið sem flokkahappdrætti. Háskólinn nýtti sér þessa heimild án frekari lagabreytingar og hóf rekstur happdrættisvéla árið 1993 samkvæmt reglugerð nr. 455/1993. Þegar dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp um Íslenska söfnunarkassa hefur eflaust þótt rétt að lögfesta einnig rétt Happdrættis Háskóla Íslands til reksturs spilakassanna sem þegar voru komnir í gagnið. Var þá einnig lagt fram frumvarp um þann rekstur og urðu bæði frumvörpin að lögum árið 1994. Eini meginmunurinn á rekstri þessara tveggja aðila var sá að happdrættisvélar Háskólans má samtengja, einstakar vélar og á milli sölustaða. Sú samtenging felur í sér meiri uppsöfnun fjár í kössunum og þar af leiðandi aukna möguleika á háum vinningum.

Í eðli sínu er lítill munur á þessum rekstri. Hvort tveggja er fjárhættuspil af ógeðfelldustu gerð, enda voru margir alþingismenn lítt hrifnir af þessari nýbreytni. Það hefur eflaust ráðið úrslitum um framgang frumvarpanna að afraksturinn skyldi renna til óumdeildra málefna. Reynslan hefur hins vegar sýnt að þessi starfsemi hefur valdið mörgum manninum mikilli óhamingju, þar sem menn hafa ánetjast spilafíkn sem heilbrigðiskerfið verður nú að kljást við í vaxandi mæli. Fjölmörg dæmi eru um menn sem misst hafa heimili sín og fjölskyldur vegna áráttu sinnar í kassana og er nú svo komið að einn eignaraðilinn, SÁÁ, ver miklum fjármunum og faglegri þekkingu í að lækna þetta gæfulausa fólk. Þá er jafnljóst að börn og unglingar eiga greiðan aðgang að spilakössum og verulegur vafi leikur á hvernig eftirliti með því er háttað.

Heildarbrúttótekjur Happdrættis Háskóla Íslands, sem eru skattfrjálsar eins og vinningarnir, voru reikningsárið 1995 1.810,1 millj. kr. Þar af skiladi „Gullnáman", þ.e. spilakassarnir, 619,4 millj. kr. Þó eru aðrir vinningar en gull- og silfurpottar hvorki tekju- né gjaldfærðir, en þeir nema 86% af veltu. Eru því tekjur umtalsvert hærri en að framan segir.

Í framsöguræðu fyrir frumvarpi þessu og systurfrumvarpi þess, sem fjallar um Íslenska söfnunarkassa, verður nánar fjallað um þessi leiðu fyrirbæri. Hér hefur saga þeirra einungis verið rakin. Annað bíður umræðu.

175. Frumvarp til vopnalaga. [175. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Með vopni er í lögum þessum átt við hvert það tæki eða efni sem unnt er að beita til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega, enda sé með tilliti til aðstæðna ástæða til að ætla að fyrirhugað sé að nota tækið eða efnið í slíkum tilgangi.

Með skotvopni er í lögum þessum átt við vopn eða tæki sem hægt er með sprengikrafti, samanþjöppuðu lofti eða á annan sambærilegan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum.

Með skotfærum er í lögum þessum átt við hvers konar skot eða skeyti sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

Með sprengiefni er í lögum þessum átt við fast eða fljótandi efni eða efnablöndu sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræði.

Með skoteldum er í lögum þessum átt við flugelda, reyk- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða nánar en um getur í 2.–5. mgr. hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar og kveða nánar á um flokkun þeirra.

2. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um:

a. skotvopn,
b. skotfæri,

c. sprengiefni,
d. skotelda,
e. önnur vopn, svo sem hnúajárn, örvaboga, högg-, stungu- eða eggvopn, rafmagnsvopn og gasvopn,
f. efni og tæki sem samkvæmt skilgreiningu 1. gr. teljast ekki til skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda en hafa svipaða eiginleika og verkanir og
g. eftirlíkingar þeirra vopna sem getur í liðum a.–f.

Ákvæði laganna gilda einnig um einstaka hluta þeirra efna og tækja sem tilgreind eru í 1. mgr., svo sem láshús, hlaup, hvellhettur og púður.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um meðferð og notkun vopna sem greinir í 1. og 2. mgr. Þar er m.a. heimilt að kveða á um bann við einstökum vopnum.

3. gr.

Lög þessi gilda ekki um vopn, tæki og efni skv. 1. og 2. gr. sem eru í eigu Landhelgisgæslu, lögreglu eða fangelsa. Ráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Ákvæði laganna gilda ekki um eftirgreind tæki og efni:

a. naglabyssur og skothamra sem ætluð eru til að nota í byggingariðnaði,
b. línubyssur og tilheyrandi skotfæri, merkjabyssur eða önnur slík skotvopn og skotelda sem eingöngu eru notaðir við björgunarstörf,
c. vopn og tæki sem eingöngu eru notuð við aflífun dýra í löggiltum sláturhúsum,
d. önnur tæki og efni sem valda óverulegri hættu samkvæmt ákvörðun ráðherra.

II. KAFLI
Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

4. gr.

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda í atvinnuskyni nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra, Vinnueftirlits ríkisins og slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda er með brunamál fara.

Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita þeim einstaklingi sem hefur skotvopnaleyfi og sýnir að öðru leyti fram á hæfni sína til framleiðslunnar.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi skv. 1. mgr., enda tilnefni það einn starfsmann sinn eða fleiri sem fullnægja skilyrðum 2. mgr. til þess að annast framleiðsluna.

Handhafa skotvopnaleyfis er heimilt að fengnu leyfi lögreglustjóra að hlaða skothylki til eigin nota í þau skotvopn sem hann hefur leyfi fyrir, enda sé heimilt að nota slík skotfæri hér á landi. Skilyrði slíks leyfis eru að lögreglustjóri telji viðkomandi hafa nægilega þekkingu til þess að hlaða skothylki og fara með hleðslubúnað, að hann hafi haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár og gengist undir námskeið í hleðslu skotfæra, en ríkislögreglustjóri þarf að samþykkja námsefni og fyrirkomulag slíkra námskeiða. Í leyfi skal koma fram hversu mikið magn af púðri, hvellhettum og skothylkjum leyfishafa er heimilt að kaupa.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um réttindi og skyldur framleiðanda samkvæmt þessari grein, þar með talið um framleiðslu, búnað framleiðsluhúsnæðis og nauðsynlegar öryggisreglur. Áður en slík reglugerð er sett skal haft samráð við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins.

5. gr.

Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda skv.

7. gr. felur jafnframt í sér leyfi til innflutnings á þeim vörum. Ríkislögreglustjóra er heimilt að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi. Áður en leyfi er veitt til innflutnings skotvopna skal leita umsagnar lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda er með brunamál fara. Sé sótt um leyfi til innflutnings á sprengiefni skal og leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita þeim sem hafa skotvopnaleyfi leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að flytja til landsins eða framleiða skotvopn sem ekki eru númeruð eintaksnúmeri framleiðanda. Ríkislögreglustjóra er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar skotvopn hefur ótvírætt söfnunargildi.

Óheimilt er að flytja inn eða framleiða:

a. sjálfvirka eða hálfsjálfvirka skammbyssu,
b. sjálfvirkan eða hálfsjálfvirkan riffil,
c. sjálfvirka haglabyssu,
d. hálfsjálfvirka eða handhlaðna fjölskota haglabyssu með skothylkjahólfum sem tekur fleiri en tvö skothylki nema henni hafi verið breytt til samræmis við þennan áskilnað.

Innflutningur og framleiðsla á eftirlíkingum vopna er bannaður, enda sé ástæða til að ætla að erfitt sé að greina þær frá fyrirmyndinni.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða eiga sérstaklega hættulegar tegundir vopna sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og slík skotfæri, skotelda og sprengiefni.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–6. mgr. er heimilt með leyfi ríkislögreglustjóra að framleiða vopn til útflutnings. Ríkislögreglustjóri getur og heimilað innflutning slíkra vopna ef þau hafa ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs þeirra eða tengsla við sögu landsins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd innflutnings samkvæmt þessari grein, m.a. um staðfestingu lögreglustjóra á vörureikningum áður en tollafgreiðsla fer fram, um innflutning þeirra efna og tækja sem greind eru í 3.–6. mgr. og eftirlíkinga þeirra. Í reglugerðinni er einnig heimilt að ákveða nánar hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

6. gr.

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri má fela lögreglustjórum að gefa út slík leyfi þar sem um er að ræða tímabundinn flutning á milli landa.

Ekki þarf leyfi fyrir greindum tækjum og efnum sem flutt eru úr landi með skipum eða flugförum ef þessar vörur teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

7. gr.

Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema að fengnu leyfi ríkislögreglustjóra.

Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita þeim einstaklingi sem hefur verslunarleyfi og skotvopnaleyfi eða sérþekkingu á þeim vörum sem þar um ræðir eftir nánari reglum sem ráðherra setur.

Leyfi skv. 1. mgr. má veita skrásettu firma eða félagi sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann sem fullnægi skilyrðum 2. mgr. og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félagasamtökum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þau hafi ekki verslunarleyfi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ríkislögreglustjóri heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til að selja skotelda í smásölu.

Aðeins skal veita þeim leyfi skv. 1. mgr. sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda sem með brunamál fara.

Leyfi skv. 1. mgr. skal ekki veita til lengri tíma en fimm ára eða til skemmri tíma ef ástæða þykir til að mati ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita leyfi til reksturs skotvopnaleigu, enda sé fullnægt ákvæðum 2., 3., 5., 6. og 7. mgr. 7. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um rekstur skotvopnaleigu og þar skal m.a. kveða nánar á um skilyrði sem leigutaki og leigusali skulu fullnægja, svo og um starfsemina að öðru leyti.

9. gr.

Verslunareigandi, innflytjandi eða framleiðandi skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda skal halda færslubók yfir keypt og seld skotvopn og skotfæri. Skal hann gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar, krafist þess að fá aðgang að húsnæði þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

10. gr.

Sá sem hefur fengið leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda eða leyfi til reksturs skotvopnaleigu má ekki selja eða á annan hátt afhenda þargreindar vörur öðrum en þeim sem sýnir skilríki fyrir því að hann megi kaupa eða taka á móti vörunum.

Óheimilt er að afhenda kaupanda skotfæri í önnur vopn en þau sem hann hefur heimild til að nota samkvæmt skilríkjum þeim sem hann framvísar skv. 1. mgr. Sama gildir um kaup á púðri og nauðsynlegum hlutum til hleðslu skotfæra skv. 2. mgr. 2. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja takmarkanir á magn skotfæra sem einstaklingi er heimilt að kaupa.

11. gr.

Sá sem hefur leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri eða sprengiefni eða reksturs skotvopnaleigu og sá sem hefur leyfi til sýninga og söfnunar skv. 15. gr. er ekki heimilt að nota greindar vörur nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

III. KAFLI
Meðferð skotvopna og skotfæra.

12. gr.

Enginn má eignast eða nota skotvopn nema að fengnu skotvopnaleyfi. Leyfið veitir lögreglustjóri í umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili. Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um að hafa skotvopnaleyfi fyrir þann sem er á æfingum á vegum viðurkenndra skotfélaga á viðurkenndu æfingasvæði.

Skotvopnaleyfi skal vera skriflegt. Í því skal tilgreina nafn, kennitölu og heimilisfang leyfishafa. Þar skal vera nýleg ljósmynd af leyfishafa. Einnig skal tilgreina nákvæmlega hvers konar skotvopn leyfishafa er heimilt að nota. Í skotvopnaleyfi skal skrá öll skotvopn í eigu leyfishafa, gerð þeirra, lástegund, hlaupvídd, hámarksfjölda skota og eintaksnúmer framleiðanda. Lögreglustjóra er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir leyfi telji hann þess þörf.

Skotvopnaleyfi skal ekki gefið út til lengri tíma en tíu ára í senn og til skemmri tíma ef ástæða þykir til. Við endurnýjun skotvopnaleyfis er lögreglustjóra heimilt að kanna hæfni leyfishafa ef sérstök ástæða þykir til.

13. gr.

Veita má leyfi fyrir skotvopnum til veiða, íþróttaiðkunar skv. 17. gr., starfa skv. 14. gr. og til sýninga og söfnunar skv. 15. gr. Umsækjandi skal gera grein fyrir því í hverju skyni sótt sé um leyfi. Skilyrði fyrir veitingu skotvopnaleyfis eru:

a. að hafa náð 20 ára aldri og hafa ekki verið sviptur sjálfræði. Í reglugerð er heimilt að víkja frá þessu aldursskilyrði vegna íþróttaskotfimi, sbr. 17. gr.,
b. að hafa ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni, laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða þessara laga,
c. að hafa nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, vera andlega heilbrigður og að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi fyrir skotvopni þótt viðkomandi hafi brotið ákvæði laga þeirra sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að brot var framið. Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið getur lögreglustjóri þó veitt umsækjanda leyfi, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða varðhaldi og ekki verið um að ræða árásar- eða ofbeldisbrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, ítrekuð ölvunarbrot eða brot á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða lögum þessum.

Þeir sem sækja um leyfi fyrir skotvopnum skulu sækja námskeið í meðferð og notkun skotvopna. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um námskeið þessi.

14. gr.

Lögreglustjóri getur veitt félagi, stofnun eða einstaklingi leyfi til þess að eiga skotvopn ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar. Í slíku tilviki skal tilnefndur ákveðinn aðili er annist vörslu skotvopnanna og tilheyrandi skotfæra.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra, að víkja frá ákvæði laganna um að skotvopn skuli númerað eintaksnúmeri framleiðanda við veitingu leyfa skv. 1. mgr. þegar um er að ræða umsókn bónda sem er ábúandi á lögbýli eða dýralæknis um leyfi fyrir hlaupstuttri einskota byssu, þó ekki stærri en 22 cal. (fjárbyssu) til aflífunar búfjár.

15. gr.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað einstaklingi, samtökum og opinberu safni að eiga og varðveita skotvopn sem hefur ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs, tengsla við sögu landsins eða af öðrum sérstökum ástæðum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um þessi atriði. Heimilt er að veita sömu aðilum leyfi til að eiga og varðveita takmarkað magn skotfæra fyrir framangreind vopn, enda hafi skotfærin ótvírætt söfnunargildi.

Óheimilt er að nota vopn skv. 1. mgr. til veiða og kaupa fyrir þau skotfæri nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Vopn þessi skal skrá sérstaklega í skotvopnaskrá.

16. gr.

Skotvopni, sem er hluti dánarbús, skal innan tólf mánaða frá andláti leyfishafa ráðstafað til aðila sem hefur leyfi til að eiga slíkt skotvopn. Þegar um er að ræða skotvopn sem hefur ótvírætt minja- eða tilfinningagildi er heimilt að víkja frá þessu skilyrði.

17. gr.

Félagi er óheimilt að hafa iðkun skotfimi að markmiði án leyfis ríkislögreglustjóra. Áður en slíkt leyfi er gefið út skal ríkislögreglustjóri afla umsagnar lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slík leyfi.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um skotvopnaleyfi til einstaklinga til iðkunar skotfimi og um leyfi til skotfélaga til eignar á skotvopnum.

18. gr.

Halda skal sérstaka skotvopnaskrá fyrir landið í heild. Í hana skrá lögreglustjórar upplýsingar um veitt skotvopnaleyfi samkvæmt reglum er ráðherra setur í reglugerð. Í skotvopnaskrá skal skrá allar breytingar á skotvopnum skv. 38. gr. Þar skal jafnframt skrá öll horfin skotvopn.

19. gr.

Eiganda skotvopns er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar, nema viðtakandi sýni fram á að hann hafi leyfi lögreglustjóra til að eiga það eða nota.

Eiganda skotvopns er heimilt að lána það manni til tímabundinna afnota sem leyfi hefur til að nota sams konar skotvopn. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slík afnot.

20. gr.

Hver sá sem ber á sér eða notar skotvopn skal hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna það þegar lögregla krefst þess. Nú sýnir maður ekki skotvopnaleyfi og getur þá lögregla tekið vopnið í sína vörslu til bráðabirgða þar til viðkomandi leggur fram skilríki fyrir því að hann hafi heimild til þess að nota vopnið.

Nú er viðkomandi með vopnið að láni eða á leigu og skal hann þá leggja fram skriflega heimild eiganda skotvopnsins því til sönnunar.

21. gr.

Sá sem fer með eða notar skotvopn skal ætíð gæta fyllstu varúðar. Óheimilt er að bera skotvopn á almannafæri.

Sá sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa er óheimil meðferð skotvopns.

Þegar ástæða er til að ætla að maður hafi brotið framangreind ákvæði getur lögregla fært hann til læknisrannsóknar, þar á meðal blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð sem heilbrigðisstarfsmaður telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Ekki má hleypa af skoti á vegi, yfir veg, úr ökutæki, á almannafæri eða annars staðar þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Ekki má hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðruvísi fyrir um. Mál út af broti á ákvæðum þessarar málsgreinar skal því aðeins höfða að sá krefjist sem misgert var við.

22. gr.

Ekki má afhenda öðrum skotfæri en þeim sem skráður er fyrir því skotvopni sem þau eru ætluð fyrir, enda framvísi viðkomandi leyfi fyrir skotvopninu. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um afhendingu skotfæra í reglugerð, þar á meðal um bann við einstökum gerðum skotfæra.

23. gr.

Eigandi eða vörsluaðili skotvopns og skotfæra skal ábyrgjast vörslu þeirra með þeim hætti að óviðkomandi aðili nái ekki til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum og læstum hirslum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vörslu skotvopna og skotfæra. Er m.a. heimilt að setja skilyrði um tiltekna geymslu skotvopna eftir að tilteknum skotvopnafjölda er náð.

24. gr.

Skotfélagi eða öðrum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga á öðru svæði en lögreglustjóri hefur leyft að notað verði til slíkrar starfsemi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð og búnað skotsvæða, þar með talið um geymslu skotvopna og skotfæra. Samráð skal haft við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins áður en slíkar reglur eru settar.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal lögreglustjóri leita umsagnar sveitarstjórnar, Vinnueftirlits ríkisins og Brunamálastofnunar ríkisins.

25. gr.

Nú eyðileggst skotvopn eða því er fargað og skal það þá afskráð. Týnist skotvopn eða sé því stolið skal eigandi þess tilkynna lögreglu um það þegar í stað og skal hvarfið skráð í skotvopnaskrá.

IV. KAFLI
Meðferð sprengiefnis.

26. gr.

Enginn má kaupa sprengiefni nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfisbeiðandi hefur lögheimili. Ef umsækjandi er lögaðili veitir lögreglustjóri leyfið þar sem starfsstöð umsækjandans er.

Aðeins má veita þeim leyfi til þess að kaupa sprengiefni sem sýnir fram á að honum sé það nauðsynlegt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal gefið út fyrir ákveðinni tegund og magni sprengiefnis.

Eigandi sprengiefnis skal ábyrgjast vörslur þess og sjá um að óviðkomandi nái ekki til þess.

Þegar lögaðili fær leyfi skv. 1. mgr. skal hann að jafnaði tilnefna ákveðinn mann eða menn sem annist vörslur sprengiefnisins.

Þeim sem fengið hefur leyfi til þess að kaupa sprengiefni er óheimilt að afhenda það öðrum nema með leyfi lögreglustjóra.

27. gr.

Sá einn má fara með sprengiefni og annast sprengingar sem fengið hefur til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili og gildir það í fimm ár frá útgáfudegi.

Aðeins má veita þeim leyfi skv. 1. mgr. sem að mati Vinnueftirlits ríkisins hefur næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni eftir nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Sá sem fer með og notar sprengiefni skal ætíð gæta fyllstu varúðar.

28. gr.

Sprengiefni skal geyma í sérstakri sprengiefnageymslu.

Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um geymslu á sprengiefni, um flutning á því og meðferð þess. Áður en slík reglugerð er sett skal leita eftir tillögum frá Brunamálastofnun ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins.

29. gr.

Nú finnst sprengiefni eða hlutir, sem ætla má að hafi að geyma sprengiefni, rekið á land eða á víðavangi og skal þá finnandi, landeigandi eða ábúandi þegar tilkynna lögreglustjóra um fundinn.

V. KAFLI
Meðferð annarra vopna.

30. gr.

Vopnaburður á almannafæri er bannaður. Heimilt er að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hætta er því samfara.

Bannað er að flytja til landsins, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum:

a. bitvopn ef blaðið er lengra en 12 cm, enda sé það ekki ætlað til notkunar við heimilishald eða atvinnu,
b. fjaðrahníf, fjaðrarýting, fallhníf, fallrýting, stunguvopn eða önnur slík vopn,
c. höggvopn, svo sem hnúajárn, gaddakylfu, felukylfu, kylfu sem ekki er ætluð til íþróttaiðkunar eða önnur slík vopn, svo og rafmagnsvopn,
d. sverð, sem eru sambland högg- og bitvopna,
e. kaststjörnu, kasthníf eða önnur slík vopn,
f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn, svo og örvarodda. Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi.

Heimilt er að víkja frá banni 2. mgr. með leyfi ríkislögreglustjóra ef vopn hefur söfnunargildi eða sérstakar ástæður mæla með.

Öðrum en lögreglu er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eignast handjárn og fótajárn úr málmi eða öðru efni. Sama gildir um gasvopn.

31. gr.

Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar.

VI. KAFLI
Meðferð skotelda.

32. gr.

Bannað er að selja eða afhenda skotelda barni yngra en 16 ára sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum. Öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára er óheimil.

33. gr.

Þeir sem fara með skotelda skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Ráðherra setur ákvæði í reglugerð um sölu og meðferð skotelda, þar á meðal getur hann sett reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda. Jafnframt getur hann kveðið á um sérstakt eftirlit í því skyni og að innflytjandi skuli eftir atvikum bera kostnað af því.

VII. KAFLI
Refsingar, eignaupptaka o.fl.

34. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum getur leyfisveitandi afturkallað hvenær sem er ef ekki teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, leyfishafi hefur ekki farið eftir settum fyrirmælum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni og tæki sem leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi skv. 12. gr. eða 27. gr. skal lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfishafi á lögheimili taka ákvörðun um leyfissviptingu án tillits til þess hvar leyfið er upphaflega gefið út.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án fyrirvara ef brýna nauðsyn ber til.

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu vara ábótavant að mati lögreglustjóra og getur hann þá til bráðabirgða og án fyrirvara lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni.

35. gr.

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað skal sá sem sviptur er leyfinu skila því til lögreglu ásamt þeim vopnum, efnum og tækjum sem hann hefur í vörslum sínum á grundvelli leyfisins.

Þegar ekki eru fyrir hendi skilyrði til eignaupptöku getur lögreglustjóri að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu ákveðið að selja greindan varning. Við sölumeðferð skal svo sem kostur er haft samráð við eiganda varningsins. Söluandvirði að frádregnum kostnaði skal renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri vopn, efni eða tæki svo lélegt og verðlaust eða verðlítið að ekki sé rétt að selja það og skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eru refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

37. gr.

Skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skoteldar, sem fluttir hafa verið til landsins eða framleidd eru í landinu án heimildar eða finnast vörslulausir eða í vörslu manns án heimildar, skal gera upptæk til ríkissjóðs. Jafnframt skal gera upptæk með sama hætti önnur vopn sem ólögmæt teljast samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Nú fremur maður brot með nefndum tækjum eða efnum og skilyrði til upptöku þeirra er fyrir hendi, og er þá heimilt, ef brot er stórfellt, að gera einnig upptæk önnur slík tæki og efni sem sökunautur hefur leyfi fyrir.

Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Allar breytingar, svo sem á lásgerð, mögulegum skotafjölda eða aukabúnaði sem hefur áhrif á eiginleika skotvopns eða verkan, eru óheimilar nema með leyfi lögreglustjóra.

Breytingar skv. 1. mgr. skulu skráðar í skotvopnaskrá og í skotvopnaleyfi.

39. gr.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu. Frumvarpið er nú lagt fyrir Alþingi á ný óbreytt að því frátöldu að gerðar hafa verið fáeinar lagfæringar á orðalagi.

Hinn 13. febrúar 1995 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem falið var að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda. Var nefndinni falið að skila drögum að lagafrumvarpi og reglugerðum varðandi öll tæki sem telja má til vopna. Var nefndinni og falið að gera tillögur um meðferð vopna í eigu lögreglu og fangelsa og þjálfun í meðferð þeirra.

Í nefndinni áttu sæti Páll Hersteinsson, fyrrverandi veiðistjóri, Helgi Skúlason, kennari við Lögregluskóla ríkisins, og Högni S. Kristjánsson, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin ákvað í upphafi að láta vinnu við gerð almennra laga og reglna um skotvopn, skotfæri og önnur vopn, sprengiefni og skotelda hafa forgang umfram gerð reglna um meðferð vopna hjá opinberum valdhöfum.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um gildandi reglur á öðrum Norðurlöndum og hafði til hliðsjónar við samningu frumvarpsins og draga að reglugerð.

Nefndin ákvað að leitast við að eiga samstarf við þau samtök sem hagsmuna hafa að gæta af löggjöf sem þessari. Var í því skyni leitað eftir hugmyndum frá Skotsambandi Íslands og Skotveiðifélagi Íslands (SKOTVÍS). Jafnframt var óskað hugmynda frá Skotfélagi Austurlands, Skotfélagi Reykjavíkur, umhverfisráðuneytinu, Eldvarnaeftirliti Reykjavíkur og Vinnueftirliti ríkisins. Einnig var leitað eftir afstöðu tollstjóraembættisins í Reykjavík og allra lögreglustjóra. Á lokastigum frumvarpsgerðarinnar átti nefndin fundi með forsvarsmönnum SKOTVÍS og Skotsambands Íslands.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um fjölda skráðra skotvopna í landinu, sbr. fylgiskjal I með frumvarpi þessu.

Frumvarp þetta byggir efnislega á tillögum framangreindrar nefndar, en orðalagi hefur víða verið breytt.

II. Almennar athugasemdir.

Hér á landi voru fyrst sett ákvæði um skráningu skotvopna, svo og um innflutning og sölu skotvopna, skotfæra og sprengiefna, með lögum nr. 69/1936. Þau lög sættu ekki breytingum fyrr en árið 1977 þegar samþykkt voru gildandi lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Á gildistíma laganna hafa orðið ýmsar breytingar á sviði skotvopnamála. Má þar m.a. nefna aukningu á vopnaeign til veiða, aukna iðkun skotíþrótta o.fl. Er eðlilegt að slíkum nýjungum sé markaður skýrari grundvöllur í löggjöf, ekki síst eftir setningu laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 (hér eftir nefnd veiðilöggjöf), svo sem nánar verður vikið að síðar.

Nefndin valdi að semja nýtt frumvarp um málefnið á grundvelli gildandi laga þar sem það var mat nefndarmanna að í grundvallaratriðum væri um að ræða löggjöf sem staðist hefði tímans tönn.

Í vinnu sinni setti nefndin sér þær forsendur:

a. að vopn væru hættuleg tæki og almennt bæri að stuðla að því að þau væru ekki höfð um hönd nema í undantekningartilvikum þegar það styddist við gild rök,
b. að það sé þekkt vandamál um allan heim að vopn tengjast afbrotum og af þeirri ástæðu verði að leitast við að takmarka vopnaeign svo sem kostur er,
c. að meginreglan sé sú að öll vopn séu bönnuð nema þau séu sérstaklega leyfð samkvæmt lögum,
d. að samræmi eigi að vera á milli löggjafar í landinu sem varðar meðferð skotvopna.

Ísland er bundið af ýmsum alþjóðaskuldbindingum á þessu sviði löggjafarinnar. Höfð hefur verið hliðsjón af þessum skuldbindingum við gerð frumvarpsins. Hins vegar eru íslenskar reglur að ýmsu leyti strangari en hinar alþjóðlegu skuldbindingar.

Með setningu veiðilöggjafarinnar á árinu 1994 voru settar ýmsar reglur sem snertu beint meðferð skotvopna og annarra vopna við veiðar. Eftir gildistöku laganna er m.a. óheimilt að nota við veiðar ýmis stungu- og eggvopn, rafvædd vopn og búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum. Einnig er nú óheimilt að nota við veiðar sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur og hálfsjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki. Hefur þetta verið túlkað svo að heimilt sé að nota skotvopn sem taka tvö skothylki í skothylkjahólf og eitt í hlaup eða alls þrjú skot. Í frumvarpi að veiðilöggjöfinni kemur fram að þær takmarkanir, sem settar eru um hvaða vopn megi nota við veiðar, eiga sér allar uppruna í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Með hliðsjón af því ákvað nefndin að leggja til í frumvarpinu að hér á landi verði einungis leyfður innflutningur skotvopna er samræmast framangreindu ákvæði veiðilöggjafarinnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að frá meginreglunni megi víkja í íþróttaskotfimi, söfnun og sýningu á skotvopnum. Í frumvarpinu er ekki hróflað við tilvist þeirra vopna sem lögleg eru samkvæmt gildandi lögum. Má ætla að þau hverfi smám saman úr notkun, en hafa verður í huga að við notkun þeirra við veiðar verða þau að fullnægja skilyrðum veiðilöggjafarinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði rúmar heimildir ráðherra til útgáfu reglugerða. Má því segja að á ýmsum sviðum sé um rammalöggjöf að ræða. Kostur þessa fyrirkomulags felst í því að þetta er sveigjanlegt form og gefur möguleika til að bregðast við ófyrirséðri þróun á þessu sviði sem að mati nefndarinnar er nauðsynlegt.

III. Helstu nýmæli.

Í frumvarpinu er að finna nokkur nýmæli frá gildandi lögum:

1. Í frumvarpinu er hugtakið vopn skilgreint. Er skilgreiningin nokkuð víðtæk, enda er henni ætlað að ná til allra tækja og efna sem nota má til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega. Markmiðið með skilgreiningunni er að ná yfir öll tæki sem flokka má undir árásarvopn við tilteknar aðstæður. Með því að binda skilgreininguna við tilteknar aðstæður er leitast við að flokka frá þau tilvik þar sem handhöfn vopna í þessum skilningi er eðlileg, svo sem við vinnu.
2. Um langt skeið hefur skotfimi verið stunduð hér á landi sem íþrótt. Ekki hefur í lögum verið tekið á því hvernig skuli almennt fara um iðkun þessarar íþróttar. Hún hefur þá sérstöðu að notuð eru tæki sem strangar takmarkanir gilda um. Er í frumvarpinu kveðið á um að skotvopnaleyfi verði m.a. veitt til iðkunar íþróttaskotfimi. Í 13. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til að víkja frá aldursskilyrði í þessu tilviki. Í 17. gr. frumvarpsins er almenn heimild fyrir ráðherra til að útfæra í reglugerð þann ramma sem settur skal þessari starfsemi.
3. Í frumvarpinu er að finna sérstök ákvæði um söfnun og sýningar vopna. Er nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um þennan þátt vopnaeignar þar sem nokkuð er um að í skjóli söfnunar hafi einstaklingar komið sér upp verulegu magni skotvopna. Í frumvarpinu er leitast við að setja strangari takmarkanir við söfnun skotvopna en verið hafa.
4. Kveðið er á um samræmda landsskrá yfir skotvopn. Hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð slíkrar skrár í dómsmálaráðuneytinu. Með því að koma upp samræmdri landsskrá yfir skotvopn verður allt eftirlit mun virkara.
5. Sérstök ákvæði er að finna í frumvarpinu um hnífa og önnur árásarvopn. Vísað er til þess með tillögu um breytt heiti á löggjöfinni. Er hér í fyrsta sinn tekið heildstætt á öllum vopnum í landinu. Frá árinu 1988 hefur verið að finna ákvæði um vopn sem þessi í reglugerð um skotvopn og skotfæri, sbr. nú 37. gr. reglugerðar nr. 265/1997. Þau ákvæði hafa að ýmsu leyti verið gölluð. Hér er lagt til að ákvæðin verði tekin upp í löggjöf nokkuð breytt.
6. Á undanförnum árum hafa gengið nokkrir dómar sem kveðið hafa á um að upptökuákvæði gildandi laga taki ekki til hnífa og annarra slíkra vopna. Er bætt úr þessu í frumvarpinu.
7. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sú meginregla gildi að ekki skuli veitt leyfi fyrir öðrum skotvopnum en þeim sem eru lögleg samkvæmt veiðilöggjöfinni. Gert er ráð fyrir undantekningum í ákveðnum tilvikum.
8. Lagt er til að heimilað verði að reka skotvopnaleigu. Er það rökstutt sérstaklega í athugasemdum með viðkomandi ákvæði frumvarpsins.
9. Lagt er til að ríkislögreglustjóri taki yfir þau stjórnsýsluverkefni sem ráðherra fer með samkvæmt gildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um gildissvið þess en þar er að mestu leyti miðað við gildandi lög.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er hugtakið vopn skilgreint. Er skilgreiningin mjög rúm þar sem henni er ætlað að taka yfir öll þau tæki sem nota má til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega. Tekur skilgreiningin þannig til allra skotvopna, eggvopna, stunguvopna, raf-

magnsvopna o.fl. Sama gildir um tæki sem markaðssett eru sem tæki til sjálfsvarnar og ætlað er að lama einstakling með einum eða öðrum hætti. Skilgreining þessi er nauðsynleg þar sem frumvarpinu er ætlað að taka til fleiri hluta en skotvopna. Í ljósi þess hversu rúm skilgreiningin er þykir nauðsynlegt að binda hana við tilteknar aðstæður. Í því felst að tæki sem í venjulegum skilningi eru ekki vopn geta orðið það við tilteknar aðstæður, þ.e. þegar gera má ráð fyrir að þeim sé ætlað að skaða heilsu manna eða dýra.

Í 2. mgr. er hugtakið skotvopn skilgreint. Sú skilgreining er í samræmi við 1. mgr. 1. gr. gildandi laga. Tekur skilgreiningin í raun til allra þeirra tækja sem búin eru þeim eiginleikum að senda frá sér tiltekin skeyti sem til þess eru fallin að valda tjóni á mönnum, dýrum eða hlutum, nema slík tæki séu sérstaklega undanskilin svo sem gert er í 3. gr. frumvarpsins. Hefur þessi skilgreining ekki valdið vandræðum í framkvæmd.

Í 3. mgr. er hugtakið skotfæri skilgreint. Er skilgreiningin í samræmi við 2. mgr. 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er talin ástæða til að taka sérstaklega fram að skilgreiningin nái yfir einstaka hluta skotfæranna eins og púður og hvellhettur. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir að ákvæði þess gildi einnig um einstaka hluta þeirra efna og tækja er ákvæði frumvarpsins taka til, svo sem hvellhettna og púðurs. Felur skilgreiningin þannig í sér að ekki er nauðsynlegt að skeytið innihaldi púður, högl eða slíkt heldur getur t.d. einnig verið um vökva að ræða.

Í 4. mgr. er hugtakið sprengiefni skilgreint. Er skilgreiningin í samræmi við skilgreiningu þess í gildandi reglugerð um sprengiefni.

Í 5. mgr. er hugtakið skoteldur skilgreint. Skilgreining þess er í samræmi við 4. mgr. 1. gr. gildandi laga. Hefur skilgreining hugtaksins ekki valdið vafa í framkvæmd.

Í 6. mgr. er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um hvaða efni og tæki falli undir 2.–5. mgr. og um nánari flokkun þeirra. Byggist heimild þessi á því að nauðsynlegt er að löggjöfin sé sveigjanleg og veiti ráðherra heimildir til að bregðast við þróun mála á sviði vopna. Telja verður að heimild þessari muni ekki verða mikið beitt með hliðsjón af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Felst einnig í ákvæðinu heimild til að flokka vopn nánar en gert er í frumvarpinu en slíkt kann að verða nauðsynlegt, t.d. vegna alþjóðlegra skuldbindinga.

Um 2. gr.

Hér eru talin upp vopn sem frumvarpinu er ætlað að taka til. Er m.a. um að ræða sömu vopn og greinir í 2.–5. mgr. 1. gr. frumvarpsins en að auki er í e- og f-lið bætt við ýmsum efnum og tækjum sem greind eru í 3. gr. gildandi laga. Sú breyting er gerð frá 3. gr. gildandi laga að beinlínis er kveðið á um að tilgreind vopn skuli falla undir ákvæði frumvarpsins í stað þess að ráðherra geti ákveðið að lögin taki til tilgreindra hluta. Þykja almannahagsmunir leiða til þess að lögfesta eigi takmarkanir við handhöfn þeirra tækja er greinir í e-lið 1. mgr. Ákvæði 37. gr. gildandi reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 265/1997, sem fjallar um ýmis þessara vopna, hefur reynst ófullkomið að ýmsu leyti. Við upptalningu e-liðar er við gildandi ákvæði bætt rafmagnsvopnum og gasvopnum.

Annað nýmæli í 1. mgr. er að sérstaklega er kveðið á um það í g-lið að eftirlíkingar þeirra vopna er greinir í a–f-liðum falli einnig undir ákvæði frumvarpsins. Er röksemdin fyrir þessu sú að eftirlíkingar eru orðnar þannig úr garði gerðar að þær líkjast mjög fyrirmyndum sínum, og við það hefur aukist hætta á að slík tæki séu notuð við brotastarfsemi.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli sem er í samræmi við norræna löggjöf þar sem sérstaklega er tekið fram að ákvæði frumvarpsins taki einnig til einstakra hluta þeirra efna og tækja sem fjallað er um í 1. mgr. Felur þetta í sér að ákvæðin eiga við um einstaka hluta skotvopna og

verða þeir því t.d. ekki fluttir inn án leyfis ríkislögreglustjóra. Er í dæmaskyni talið upp láshús, hlaup, hvellhettur og púður.

Í 3. mgr. er lagt til að ráðherra fái heimild til að setja nánari reglur um vopn sem greinir í 1. og 2. mgr. og eftir atvikum banna þau. Þykir nauðsynlegt að ráðherra hafi ótvíræða heimild til að banna tiltekin vopn.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um þau vopn, tæki og efni sem eru undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Er ákvæðið að mestu leyti í samræmi við 2. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. segir að vopn í eigu lögreglu, Landhelgisgæslu og fangelsa séu undanþegin ákvæðum frumvarpsins en ráðherra setji um þau sérstakar reglur. Þetta ákvæði er í samræmi við gildandi lög og löggjöf annarra þjóða og alþjóðasamninga þar sem vopn opinberra yfirvalda eru almennt undanþegin almennum reglum.

Í 2. mgr. eru í fjórum liðum talin upp tæki og efni sem undanþegin eru ákvæðum frumvarpsins. Þar er lagt til að sú breyting verði gerð frá gildandi lögum að umrædd tæki og efni verði alfarið undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Í gildandi lögum er um að ræða heimild til handa dómsmálaráðherra til að undanþiggja þau. Þeirri heimild hefur verið beitt og eru tækin sem tilgreind eru í a- og b-liðum undanþegin reglum gildandi laga. Þá er lögð til orðalagsbreyting að því er varðar björgunartæki þannig að ljóst sé að tækin séu undanþegin ákvæðum frumvarpsins án tillits til þess hvar ætlunin er að nota þau við björgun. Verður ekki séð að rök standi til að setja takmarkanir að því leyti. Í c-lið er að finna nýmæli þar sem lagt er til að vopn og tæki sem notuð eru við aflífun dýra í löggiltum sláturhúsum verði undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Samkvæmt 35. gr. gildandi reglugerðar um skotvopn og skotfæri eru undanþegin ákvæðum hennar skotvopn sem eingöngu eru notuð við slátrun dýra og eru þannig úr garði gerð að ekki hleypur af skot en út þrýstist pinni. Þykja ekki standa rök til að binda undanþáguna við þessa gerð skotvopna. Með því að takmarka undanþágu við löggilt sláturhús er komið í veg fyrir að skotvopn bænda verði undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Í d-lið er að finna heimild til handa ráðherra til að ákveða frekari undanþágur og er sú heimild í samræmi við gildandi lög. Er rétt að taka fram að ákvæði þetta skerðir ekki heimildir Vinnueftirlits ríkisins til setningar reglna um meðferð þessara vopna og tækja.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um framleiðslu, innflutning, útflutning og verslun með vopn.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á ákvæðum 8. gr. þar sem lagt er til það nýmæli að ríkislögreglustjóra verði heimilt að veita leyfi til reksturs skotvopnaleigu.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði 5. og 6. gr. gildandi laga verði sameinuð í eitt ákvæði. Þar segir að leyfi ríkislögreglustjóra þurfi til framleiðslu á skotvopnum, skotfærum, sprengiefni eða skoteldum.

Í 1. mgr. er lagt til að settar verði nákvæmari reglur en nú gilda um hvernig staðið skuli að leyfisveitingu á grundvelli ákvæðisins. Lagt er til að leita skuli umsagnar lögreglustjóra, Vinnueftirlits ríkisins og yfirvalda brunamála. Það er eðlileg öryggiskrafa að þessir aðilar kanni aðstæður á framleiðslustað.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skilyrði þess að leyfi til framleiðslu verði veitt. Þar segir að einstaklingur skuli hafa skotvopnaleyfi svo sem nú gildir og sýna að öðru leyti fram á hæfni sína til framleiðslunnar. Hér á landi er ekki löggilt iðngrein á þessu sviði og veldur það

nokkrum erfiðleikum við að móta þær kröfur sem rétt er að setja, en í öðrum ríkjum er unnt að stunda sérstakt nám í þessari iðn. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð skilyrði um próf á þessu sviði.

Í 3. mgr. er fjallað um skilyrði þess að félag eða firma fái leyfi til framleiðslu og er ákvæðið óbreytt frá gildandi lögum.

Í 4. mgr. er lagt til að handhafa skotvopnaleyfis sé, að fengnu leyfi lögreglustjóra, heimilt að hlaða skothylki til eigin nota. Er ákvæðið í samræmi við 1. mgr. 5. gr. gildandi laga og 33. gr. gildandi reglugerðar. Hins vegar er nokkuð aukið við þau skilyrði sem sett eru og m.a. kveðið á um að viðkomandi þurfi að hafa haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár og gangist undir sérstakt námskeið í þessu skyni. Er þetta gert til að tryggja að þeir er fást við að hlaða skotfæri, gjarnan í heimahúsum, hafi næga þekkingu og reynslu til að bera. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja öryggi. Ríkislögreglustjóra er veitt heimild til að útfæra þessi skilyrði nánar og er í því efni m.a. horft til þess að unnt væri að koma á fót námskeiðum í samvinnu við hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir því að lögreglustjóri kveði í leyfi til hleðslu skothylkja á um það magn púðurs, hvellhettna og skothylkja sem leyfishafa er heimilt að kaupa.

Í 5. mgr. er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framleiðsluna og um hleðslu skotvopnaleyfishafa á skotfærum og að áður en slík reglugerð verður sett skuli hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun. Slíkt ákvæði í gildandi lögum hefur ekki verið nýtt.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um innflutning á skotvopnum, skotfærum, sprengiefni og skoteldum. Ákvæðin svara til 7. gr. gildandi laga og ákvæða í reglugerð um skotvopn og skotfæri.

Í 1. mgr. er lagt til að leyfi ríkislögreglustjóra þurfi til innflutnings á þar tilgreindum vörum og að tekið verði upp það nýmæli að þeir sem fái leyfi til verslunar með skotvopn og skotfæri skv. 7. gr. fái um leið innflutningsleyfi. Reynslan sýnir að vel flestir sem á annað borð hafa leyfi til verslunar með skotvopn og skotfæri hafa einnig leyfi til innflutnings á viðkomandi vörum. Horfir þetta fyrirkomulag til einföldunar. Þá er lagt til að ríkislögreglustjóri geti falið lögreglustjórum að veita slík leyfi. Hefur dómsmálaráðherra gert það varðandi innflutning skotelda en samkvæmt gildandi reglugerð er yfirumsjón þess í höndum lögreglustjórans í Reykjavík.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli sem lýtur að heimild ríkislögreglustjóra til að veita einstaklingi heimild til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota. Í slíkum tilvikum þarf almennt ekki að viðhafa sömu málsmeðferð og við veitingu leyfa skv. 1. mgr. og því eðlilegt að um hann gildi sérstakar reglur.

Í a-lið 4. mgr. er lagt til að bannað verði að flytja inn eða framleiða hálfsjálfvirka eða sjálfvirka skammbyssu. Er þetta ákvæði nýmæli. Samkvæmt gildandi lögum er þetta ekki bannað beinlínis, en þar eru hömlur á því að eignast vopn sem þessi. Í b-lið er lagt til að bannað verði að framleiða eða flytja til landsins sjálfvirkan og hálfsjálfvirkan riffil og er það í samræmi við gildandi reglugerð. Í c-lið er lagt til að óheimilt verði að flytja inn eða framleiða sjálfvirka haglabyssu og í d-lið er lagt til að bannað verði að flytja inn eða framleiða hálfsjálfvirka eða handhlaðna fjölskota haglabyssu sem tekur fleiri en tvö skothylki. Taki haglabyssa fleiri en tvö skothylki verður að breyta henni til samræmis við þennan áskilnað.

Í 5. mgr. er lagt til að innflutningur og framleiðsla á eftirlíkingum skotvopna verði almennt bannaður. Gildir það um skotvopn þar sem ástæða er til að ætla að erfitt sé að greina eftirlíkinguna frá fyrirmynd hennar. Þetta er lagt til því fordæmi eru fyrir því hér á landi og erlendis að afbrot hafa verið framin með eftirlíkingum skotvopna. Þá er það staðreynd að oft er um að

ræða eftirlíkingar sem fyrir allflesta er erfitt að greina frá fyrirmyndinni. Með þessu ákvæði verður ekki bannað að flytja inn eða framleiða tæki sem bersýnilega eru leikföng.

Í 6. mgr. er lagt til bann við innflutningi á sérstaklega hættulegum tegundum vopna sem ætluð eru til nota í hernaði. Styðst slíkt bann við þau rök að hér á landi er ekki her sem kallar á slíkan innflutning. Ríkislögreglustjóra verður heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu hafi vopn ótvírætt söfnunargildi eða tengsl við sögu landsins. Er það lagt til m.a. vegna þess að atburðir í sögu landsins geta legið því til grundvallar að safnað sé gömlum hernaðartækjum sem tengjast henni.

Í 7. mgr. er að finna ákvæði er heimilar undantekningu frá ákvæðum greinarinnar þegar um er að ræða framleiðslu vopna til útflutnings. Þá er ríkislögreglustjóra heimilað að leyfa innflutning vopna er greinir í 1.–6. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Á það t.d. við þegar reglur um íþróttaskotfimi og söfnun réttlæta slíkt en gert er ráð fyrir að slíkar viðmiðanir verði útfærðar í reglugerð.

Um 6. gr.

Greinin er í samræmi við 8. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að heimild ríkislögreglustjóra til að framselja lögreglustjórum vald til að gefa út útflutningsleyfi verði takmörkuð við leyfi þar sem um er að ræða tímabundinn flutning á milli landa. Má t.d. nefna það tilvik að skotíþróttamenn fara til keppni erlendis.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda. Er hún að mestu leyti í samræmi við gildandi lög en þó er á einstökum sviðum leitast við að færa skilyrði leyfisveitinga að þeirri framkvæmd sem mótast hefur í dómsmálaráðuneytinu.

Í 1. mgr. er lagt til að ríkislögreglustjóri veiti leyfi til verslunar með tilgreind tæki og í 2. mgr. er kveðið á um þau skilyrði sem umsækjandi verður að fullnægja til að fá leyfi til verslunar. Eru þau í samræmi við gildandi lög að öðru leyti en því að ekki er skilyrði að umsækjandi hafi sérþekkingu á umræddum vörum. Er í þessu efni talið nægilegt að viðkomandi hafi skotvopnaleyfi. Hins vegar er og tekið fram að í stað skotvopnaleyfis geti komið sannanleg sérþekking á greindum vörum.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að ríkislögreglustjóri geti veitt leyfi til reksturs skotvopnaleigu. Markmiðið með þessu ákvæði er að einstaklingar geti í auknum mæli haft skotvopnaleyfi án þess að eiga sjálfir skotvopn. Hér á landi er það helst rjúpa og gæs sem veiddar eru með skotvopnum og er veiðitímabilið takmarkað. Margir nota skotvopn ekki til annarra hluta. Sá sem sjaldan fer til veiða kann frekar að kjósa að leigja sér skotvopn eða fá það lánað. Með skotvopnaleigu er lagður grunnur að því að fækka eigendum skotvopna og þar með þeim stöðum þar sem skotvopn eru varðveitt.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna sams konar heimildir og eru í 11. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um almennar heimildir lögreglu til eftirlits. Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði að þeir sem í ákvæðinu greinir skuli halda sérstakar færslubækur yfir keypt og seld skotvopn og skotfæri. Þykir þetta nauðsynlegt til að tryggja að ávallt sé unnt að rekja uppruna skotvopns og skotfæra.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur þeirra sem hafa leyfi til verslunar og leigu skotvopna og skotfæra til að ganga eftir því að viðskiptavinir framvísi skilríkjum fyrir því að mega eignast þær vörur sem frumvarpið fjallar um. Er ákvæðið í samræmi við 12. gr. gildandi laga, en aukið er við það þannig að óheimilt er að afhenda kaupanda skotfæri í önnur vopn en hann hefur heimild samkvæmt skilríki sínu til að nota. Sama gildir um þá sem kaupa efni í skotfæri til eigin hleðslu.

Í 3. mgr. er heimild til handa ráðherra að takmarka þann fjölda skotfæra sem einstaklingi er heimilt að kaupa.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 13. gr. gildandi laga og fela í sér að þótt einstaklingur hafi leyfi til að versla með skotvopn og skotfæri eða til að leigja slíkar vörur eða safna þeim felur það ekki í sér heimild til að nota umrædd vopn án þess að hafa fyrir þeim tilskilin leyfi.

Um III. kafla.

Í III. kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði um meðferð skotvopna og skotfæra, svo sem um leyfisveitingu, skilyrði leyfis o.s.frv.

Helstu nýmæli sem hér eru lögð til eru að í 13. gr. er tekið fram í hvaða tilgangi veitt verði skotvopnaleyfi. Jafnframt eru nýmæli í 15.–17. gr. um söfnun og sýningar skotvopna, arfleiðslu á skotvopnum og um íþróttaskotfimi. Í 19. gr. eru lagðar til breyttar reglur að því er varðar afnot annarra en leyfishafa af skráðu skotvopni. Þá skal sérstaklega nefnt ákvæði í 23. gr. um heimild til handa ráðherra til að krefjast sérstakra geymslna fyrir vopn hjá þeim einstaklingum sem hafa leyfi fyrir tilteknum fjölda skotvopna og í 18. og 25. gr. er að finna nýmæli að því er varðar skráningu skotvopna.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um útgáfu á skotvopnaleyfum.

Samkvæmt 1. mgr. má enginn eignast eða nota skotvopn nema að fengnu skotvopnaleyfi. Ekki er nauðsynlegt að sá sem aflar sér skotvopnaleyfis eigi skotvopn. Með skotvopnaleyfi er hann einungis að afla sér heimildar til að nota skotvopn. Eignist hann skotvopn er það fært á skotvopnaleyfi hans, ella kemur fram í skilríkjum hans að hann hafi heimild til að nota skotvopn. Talið er að þetta ásamt öðru geti dregið úr skotvopnaeign einstaklinga og e.t.v. í auknum mæli stuðlað að því að einstaklingar fái lánuð eða leigð skotvopn í þau fáu skipti sem vopn eru notuð. Lagt er til að lögreglustjóra verði heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu vegna æfinga á vegum viðurkenndra skotfélaga á viðurkenndum æfingasvæðum. Er með þessu komið til móts við skotfélög sem telja mikilvægt fyrir íþrótt sína að hafa rýmri reglur að þessu leyti. Þrátt fyrir rýmkun þessa er leitast við að tryggja öryggi með því að binda heimildina við viðurkennd skotfélög á viðurkenndu skotsvæði.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hvað skrá skuli í skotvopnaleyfi. Þar segir m.a. að í skotvopnaleyfi skuli skrá, auk persónulegra upplýsinga um leyfishafann, hvaða skotvopn honum er heimilt að nota. Jafnframt að skrá skuli í leyfi öll skotvopn í eigu leyfishafa ásamt nánar tilgreindum upplýsingum um hvert einstakt skotvopn. Þar segir að í skotvopnaleyfi skuli vera nýleg mynd af leyfishafa. Þá er lögreglustjóra heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir útgáfu skotvopnaleyfis, t.d. að leyfi sé veitt fyrir ákveðinni stærð skotvopns og að það megi einungis nota í tilteknu skyni o.s.frv.

Um 13. gr.

Í þessari grein er fjallað um þau skilyrði sem einstaklingur þarf að fullnægja til að fá heimild skv. 12. gr. til að eignast og nota skotvopn.

Í 1. mgr. eru lagðar til nokkrar breytingar frá gildandi reglum þar sem mælt er fyrir um í hvaða skyni veitt verði leyfi til notkunar skotvopna. Undirstrikar það enn frekar að útgáfa leyfa sem þessara er undantekning frá banni við vopnanotkun. Í ákvæðinu segir að leyfi verði einungis veitt til að stunda veiðar, til íþróttaskotfimi, vegna atvinnustarfsemi og til söfnunar og sýninga. Er gert ráð fyrir að umsækjandi geri grein fyrir í hvaða skyni sótt er um leyfi og fer mat á umsókn hans m.a. eftir því hver uppgefin ástæða er.

Í 1. mgr. eru ákvæði um hvaða skilyrði sett eru fyrir útgáfu skotvopnaleyfis. Eru þau að flestu leyti þau sömu og í gildandi lögum. Aldurstakmörk eru t.d. þau sömu, en þó er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð ákvæði um frávik frá þeim vegna íþróttaskotfimi. Með þessu er aukið svigrúm þeirra félaga sem stunda skotfimi til að bjóða yngra fólki til æfinga og keppni, að almennum skilyrðum reglugerðar uppfylltum. Er ástæða til að ætla að slíkar æfingar geti verið jákvæðar fyrir viðhorf ungmenna gagnvart þeirri takmörkuðu heimild sem almennt gildir um notkun skotvopna. Þá segir að umsækjandi megi ekki hafa gerst brotlegur við tiltekin lög og er þar um sömu ákvæði að ræða og í 15. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að brot gegn lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum hafi sömu áhrif og brot gegn tilgreindum lögum. Er með þessu lögð rík áhersla á alvarleika þess að brjóta gegn ákvæðum þeirra laga. Helgast það af því að með broti á þeim er brotið gegn ákveðnu trausti sem mönnum er sýnt en leyfi fyrir notkun skotvopns er byggt á því trausti.

Í 2. mgr. eru lagðar til undanþágur frá b-lið 1. mgr. sem fela í sér nokkrar breytingar frá gildandi ákvæðum. Lagt er til að lögreglustjóri geti þrátt fyrir þessi brot veitt leyfi ef brot var smávægilegt eða langt er um liðið. Ekki þykir rétt að setja fram ákveðin tímamörk hvað þetta varðar. Verður að meta slíkt í hverju tilviki, en áhersla er lögð á að hér er um undantekningu að ræða sem eðli máls samkvæmt ber að túlka þröngt, eins og dómsmálaráðherra hefur gert í samræmi við gildandi lög. Í gildandi reglugerð um skotvopn og skotfæri segir að lögreglustjóri geti gefið út skotvopnaleyfi þegar tvö ár eru liðin frá broti, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða varðhaldi og ekki verið um að ræða brot gegn tilteknum ákvæðum tilgreindra laga. Lagt er til að þetta ákvæði verði lögfest og jafnframt að afnumin verði heimild dómsmálaráðherra til að veita undanþágur frá þessum ákvæðum.

Í 3. mgr. er lagt til að þeir sem sæki um leyfi til að nota eða eignast skotvopn skuli sækja sérstakt námskeið í meðferð og notkun skotvopna eftir nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð. Skotvopnanámskeið eru nú byggð upp með þeim hætti að umsækjandi öðlast fræðslu um vopnið og veiðar. Samkvæmt reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna, nr. 291/1995, skulu umsækjendur um veiðikort sækja tiltekin námskeið um veiðar. Æskilegt er að námskeið lögreglustjóra um skotvopn og skotfæri verði endurskipulögð og eftir atvikum sameinuð námskeiðum um veiðar.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að eins og í gildandi lögum geti fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir sótt um leyfi fyrir skotvopnum, enda tilnefni þau hæfan aðila til að annast viðkomandi skotvopn. Slík heimild er nauðsynleg svo að lögaðili sem þarf á skotvopni að halda vegna eðlis starfsemi sinnar geti fengið slíkt leyfi en þurfi ekki að sækja um það í nafni tiltekins einstaklings. Má í þeim efnum nefna veiðistjóra, atvinnustarfsemi sem verjast þarf vargi o.s.frv. Í greininni er einnig að finna heimild til að veita leyfi fyrir hlaupstuttum einskota skotvopnum en samkvæmt

gildandi reglum er slík heimild takmörkuð við bændur. Er sú breyting lögð til að þessi heimild verði bundin við skotvopn af stærðinni 22 cal. og að hið sama gildi um dýralækna. Hins vegar er lagt til að afnumin verði heimild til útgáfu á skammbyssuleyfum til meindýraeyða þar sem gild rök eru ekki talin vera fyrir hendi.

Um 15. gr.

Hér er lagt til nýmæli. Nokkur dæmi eru um að gefin hafi verið út söfnunarleyfi til einstaklinga sem eiga töluvert magn af skotvopnum. Lagt er til að það fyrirkomulag verði afnumið og þess í stað lögfest ákvæði um leyfi til söfnunar sem verði bundið við eldri vopn.

Ekki er ætlunin að unnt sé í skjóli söfnunarleyfis að safna vopnum sem ella fengist ekki leyfi fyrir með sjálfstæðri umsókn heldur er með ákvæði þessu fyrst og fremst verið að stuðla að því að einstaklingar og opinber söfn geti innan skýrra marka safnað skotvopnum sem hafa gildi fyrir sögu lands og þjóðar, svo sem tengdum styrjöldum, sérstökum veiðiaðferðum o.s.frv. Þrátt fyrir slíka heimild er ástæða til að gjalda varhuga við því að heimilað verði að einstaklingar komi sér upp safni vopna á grundvelli söfnunarleyfis.

Í 2. mgr. er lagt til að óheimilt verði að nota vopn sem safnað er í skjóli heimildar skv. 1. mgr., svo og að kaupa skotfæri í þau, nema að fengnu leyfi ríkislögreglustjóra. Rökin að baki þessari takmörkun eru m.a. þau að vopn sem safnað er kunna að vera þess eðlis að þau séu beinlínis hættuleg vegna aldurs eða að notkun þeirra brjóti gegn ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti.

Um 16. gr.

Í greininni eru tillögur um hvernig fara eigi með skotvopn sem tilheyrir dánarbúi. Segir þar að skotvopni skuli innan tólf mánaða ráðstafað til aðila sem leyfi hefur fyrir sambærilegu vopni. Með ákvæðinu er leitast við að tryggja að skotvopn, sem er hluti dánarbús, fari í tiltekinn lögbundinn farveg. Tólf mánaða fresturinn er m.a. til að erfingi geti aflað sér skotvopnaleyfis ef hann kýs svo. Þegar um er að ræða skotvopn sem hefur ótvírætt minja- eða tilfinningagildi er heimilt að víkja frá þessu skilyrði. Með þessu er leitast við að koma til móts við tilfinningalegt gildi sem á stundum er bundið við skotvopn sem hluta af dánarbúi. Í þessu felst að ríkislögreglustjóri getur heimilað að skotvopn verði í eigu erfingja þrátt fyrir að hann hafi ekki skotvopnaleyfi og í því skyni vikið frá skilyrðum laganna sem annars eru fyrir því að eiga skotvopn.

Um 17. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um skilyrði fyrir því að skotfélag fái viðurkenningu sem slíkt og um leyfi til slíkra félaga og félagsmanna þeirra til að eiga skotvopn til iðkunar á skotfimi. Það er reynsla dómsmálaráðuneytisins að nauðsynlegt sé að setja veitingu slíkra leyfa í fastari skorður. Er markmiðið fyrst og fremst að marka starfseminni ákveðinn ramma. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa rúma heimild til setningar reglugerðar. Markmiðið er að setja ákveðnar reglur um þau skilyrði sem félag þarf að fullnægja til að fá viðurkenningu sem skotfélag og að komið verði í veg fyrir að félög verði stofnuð til málamynda til þess eins að afla leyfa fyrir skotvopnum sem ella fengist ekki leyfi fyrir.

Í Noregi og Danmörku er skotfélögum almennt veitt nokkurt gildi með því að leyfi fyrir tilteknum skotvopnum eru bundin því skilyrði að leyfishafi sé í skotfélagi og stundi þar æfingar og keppni í skotfimi. Jafnframt eru þeir flokkar skotvopna sem veitt er heimild fyrir bundnir við keppnisskrár skotfélaganna. Með þessu er leitast við að koma til móts við skotfimi sem

íþrótt en jafnframt tryggja ákveðna stjórn á málaflokknum. Er lagt til að svipuð leið verði farin hér á landi.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra setja í reglugerð ákvæði um skotvopnaleyfi til einstaklinga til iðkunar skotfimi og um leyfi til skotfélaga til eignar á skotvopnum. Í þessu felst rúm heimild til handa ráðherra til að mæla fyrir um reglur sem gilda skuli um skotfimiiðkun á vegum skotfélaga og eign skotvopna í því sambandi, en ekki þykir æskilegt að mæla ítarlega fyrir um slíkt í lögum. Er gert ráð fyrir að í þessum reglum sé m.a. kveðið á um það hvaða vopn sé heimilt að nota við skotfimi, þar með taldar skammbyssur, hvaða skilyrði einstaklingur þarf að uppfylla til að fá leyfi fyrir slíkum vopnum persónulega, í hvaða tilvikum skotfélagi er heimilt að eiga slík vopn og lána til félagsmanna við æfingar, um skotfimiiðkun yngri en 20 ára o.s.frv.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að haldin skuli skotvopnaskrá fyrir landið í heild og að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um hana. Til viðbótar gildandi ákvæðum um skráningu skotvopna er gert ráð fyrir að um landsskrá verði að ræða, en ekki einungis skráningu í hverju umdæmi, sem felur í sér að allir lögreglustjórar munu skrá útgefin skotvopn í sömu skrána. Slík skráning bætir möguleika á eftirliti o.fl. Í greininni segir að í skotvopnaskrá skuli skrá allar breytingar sem gerðar eru á skotvopni skv. 38. gr. frumvarpsins, en það er eðlilegt þar sem rétt er að skotvopnaskrá endurspegli hvernig vopn er raunverulega úr garði gert. Öll horfin skotvopn skal og skrá, sbr. og 25. gr. frumvarpsins. Þetta leiðir til þess að með landsskrá verður á allan hátt einfaldara að halda saman upplýsingum um skotvopn sem hverfa hér á landi.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um heimild eiganda skotvopns til að ráðstafa því til annars manns og eru þau í samræmi við ákvæði 18. gr. gildandi laga. Lagt er til að meginreglan verði sú að óheimilt sé að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar, nema viðtakandi sýni fram á að hann hafi leyfi lögreglustjóra fyrir slíku vopni. Er þessi regla í samræmi við þá gildandi meginreglu að óheimilt sé að hafa skotvopn undir höndum nema með leyfi lögreglustjóra.

Í 2. mgr. er ákvæði er heimilar að eigandi skotvopns láni það öðrum manni sem leyfi hefur til að nota sams konar skotvopn. Er sú regla í samræmi við 18. gr. gildandi laga. Er með þessu haldið í þá meginreglu að skotvopn séu ekki í höndum annars en þess er leyfi hefur til að nota slík vopn.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 19. gr. gildandi laga þar sem mælt er fyrir um skyldu þess er hefur skotvopn undir höndum að sýna fram á heimild sína til þess að nota vopnið. Mælt er fyrir um heimildir lögreglu til aðgerða ef skotvopnaleyfi er ekki sýnt. Heimild til aðgerða er bundin við lögreglu. Með þessu er átt við að þeir sem fara með lögregluvald, hvort heldur á sjó eða landi, geti gripið til þessara ráðstafana.

Í 2. mgr. er tekið fram að hafi viðkomandi vopn að láni eða á leigu beri honum að leggja fram skriflega heimild því til staðfestingar. Er þetta í samræmi við 1. mgr. og til þess gert að tryggja að fyrir liggi annars vegar að viðkomandi hafi almenna heimild til notkunar skotvopna og hins vegar að hann sé löglega að því vopni kominn sem hann hefur undir höndum.

Um 21. gr.

Í þessari grein er almenn varúðarregla svo sem nú er í 20. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er lagt til að óheimilt verði að bera skotvopn á almannafæri. Með þessu er átt við að óheimilt sé að bera skotvopn við aðstæður sem ekki teljast eðlilegar í ljósi annarra ákvæða frumvarpsins eða annarra laga. Í því felst að ekki er bannað að bera vopn við veiðar á afréttum eða almenningum, við aflífun dýra eða á leið frá húsi til bifreiðar, á leið til veiða o.s.frv. Hins vegar er ljóst að óheimilt er að bera á sér skotvopn á ferð í þéttbýli nema á leið til og frá lögmætum aðgerðum.

Samkvæmt 2. mgr. er meðferð skotvopna bönnuð undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og skv. 3. mgr. er heimilt að færa þann sem grunaður er um brot á 2. mgr. til nauðsynlegra læknisrannsókna. Eru ákvæðin með sama hætti og 2. og 3. mgr. 20. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er ákvæði sem er í samræmi við 4. mgr. 20. gr. gildandi laga. Þar er að finna þá öryggisreglu um meðferð skotvopna að óheimilt sé að beita þeim við þær aðstæður og með þeim hætti að leitt geti til hættu fyrir almenna vegfarendur. Frá þessu er heimilt að víkja ef nauðsyn krefur. Með því er átt við að í tilteknum tilvikum kunni að vera nauðsynlegt að víkja frá þessari reglu vegna neyðarréttarsjónarmiða.

Í 5. mgr er ákvæði sem er í samræmi við 5. mgr. 20. gr. gildandi laga um bann við að hleypa af skoti á eða yfir annars manns landi, nema lög mæli á annan veg. Með ákvæðinu er leitast við að vernda rétt landeiganda til þess að ráða yfir eigin landi.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 21. gr. gildandi laga og 1. mgr. 32. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri. Með orðalagsbreytingu er lögð áhersla á að skotfæri verði ekki afhent nema gegn framvísun skotvopnaleyfis sem staðfesti að viðkomandi hafi heimild til að nota skotvopn sem þau skotfæri eru ætluð fyrir. Er með öðrum orðum ætlast til þess að allir sem taka við skotfærum framvísi skotvopnaleyfi sínu í hvert sinn. Brot á þessum ákvæðum getur varðað afturköllun leyfis skv. 34. gr. frumvarpsins.

Í greininni er það nýmæli að ráðherra er heimilt að mæla fyrir um bann við tilteknum gerðum skotfæra en slíkt telst nauðsynlegt til að unnt sé að bregðast við þróun á markaði fyrir skotfæri. Getur ráðherra með heimild í þessu ákvæði sett í reglugerð bann við tilteknum gerðum skotfæra sem samræmast ekki þeirri notkun skotvopna sem heimil er. Hér er og átt við skotfæri í skotvopn sem samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eru bönnuð eða má að öðru leyti telja hættuleg.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er lögð til regla sem er í samræmi við 1. mgr. 22. gr. gildandi laga. Er um að ræða varúðarreglu sem leggur þá skyldu á eigendur eða umráðamenn skotvopna að þeir varðveiti skotvopn með þeim hætti að tryggt sé svo sem kostur er að óviðkomandi aðilar nái ekki til þeirra. Um vörslu skotvopna og skotfæra er fjallað nánar í 2. mgr.

Í öðrum ríkjum er það vaxandi vandamál að óviðkomandi hafi komist yfir skotvopn með ólögmætum hætti, t.d. innbroti. Hér á landi eru og dæmi um að einstaklingar komist yfir skotvopn sem varðveitt eru á heimilum manna og fremji með þeim voðaverk. Af þessu tilefni er að finna þá heimild, sem lögð er til í 2. mgr., um að ráðherra geti mælt fyrir um sérstakar geymslur þegar tilteknum skotvopnafjölda er náð. Ljóst er að fjölmargir einstaklingar eiga verulegt safn skotvopna og er nauðsynlegt að leitast við að tryggja vörslur slíkra vopna.

Um 24. gr.

Í þessari grein er ákvæði sem er í samræmi við 23. gr. gildandi laga þar sem mælt er fyrir um að óheimilt sé að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði sem hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra. Í því felst að skotfélögum er óheimilt að koma sér upp æfingaaðstöðu án þess að lögreglustjóri samþykki að svæðið sé notað fyrir slíka starfsemi. Með þessu er ekki ætlunin að koma í veg fyrir venjulega notkun skotvopna, svo sem prófun þeirra við eðlilegar aðstæður.

Í 2. og 3. mgr. eru nýmæli sem ætlað er að styrkja frekar að aðstæður á viðurkenndu skotsvæði séu fullnægjandi þar sem lagt er til að reglur um þau verði settar að fengnu áliti Vinnueftirlits ríkisins og Brunamálastofnunar þannig að lögreglustjórar hafi skýrar viðmiðanir til að vinna eftir þegar beðið er um viðurkenningu á skotsvæði. Er þar m.a. mælt fyrir um setja skuli reglur um gerð og búnað skotæfingasvæða.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að eiganda skotvopns verði skylt að tilkynna lögreglu þegar skotvopn hverfur. Það er í samræmi við 24. gr. gildandi laga. Í greininni er það nýmæli að þegar skotvopn eyðileggst eða því er fargað skuli það afskráð. Jafnframt er mælt fyrir um að hverfi skotvopn skuli hvarfið skráð í skotvopnaskrá. Með þessu er stefnt að því að skotvopnaskráning endurspegli ávallt raunverulega stöðu mála á þessu sviði.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins er að finna reglur um sprengiefni. Er í kaflanum mælt fyrir um reglur varðandi kaup, notkun og meðferð sprengiefnis. Rétt er að vekja athygli á að í gildi er reglugerð um notkun og meðferð spengiefnis, nr. 497/1996.

Ákvæði þessa kafla eru í samræmi við ákvæði IV. kafla gildandi laga.

Um 26. gr.

Samkvæmt 1. mgr. má enginn kaupa sprengiefni nema að fengnu leyfi lögreglustjóra.

Í 2. mgr. er lagt til að sá sem óskar eftir heimild til að kaupa sprengiefni skuli sýna fram á að honum sé nauðsyn að kaupa það. Samkvæmt þessu veitir það eitt ekki sjálfstæða heimild til að kaupa ótakmarkað magn af sprengiefni þótt viðkomandi hafi heimild til að nota og fara með slík efni. Sýna þarf fram á ákveðna þörf hverju sinni.

Í 3. mgr. segir að lögreglustjóri skuli gefa út leyfi fyrir ákveðinni tegund og tilteknu magni sprengiefnis hverju sinni.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um ábyrgð leyfishafa á vörslum sprengiefnis.

Í 5. mgr. eru ákvæði um tilnefningu ábyrgðarmanna á sprengiefni í þeim tilvikum að lögaðili hefur fengið leyfi til kaupa á sprengiefni.

Í 6. mgr. er lagt bann við því að leyfishafi afhendi öðrum sprengiefni án sérstaks leyfis lögreglustjóra.

Um 27. gr.

Í greininni er lagt til að þeir einir megi fara með sprengiefni og annast sprengingar sem hafi til þess leyfi lögreglustjóra og til þess að fá slíkt leyfi þurfi Vinnueftirlit ríkisins að staðfesta að viðkomandi hafi næga kunnáttu til að fara með sprengiefni.

Um 28. gr.

Hér er lagt til að sprengiefni skuli geyma í sérstökum sprengiefnageymslum sem fullnægi nánari kröfum sem settar verði í reglugerð.

Um 29. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá 28. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um reglur um önnur vopn en skotvopn og sprengiefni.

Í 3. gr. gildandi laga er mælt fyrir um heimild til handa dómsmálaráðherra til að ákveða að ákvæði laganna gildi að einhverju eða öllu leyti um vopn eins og hnúajárn, örvaboga og högg-, stungu- eða eggvopn. Að öðru leyti er ekki ákvæði í lögum um þessi vopn. Hins vegar var með reglugerð nr. 474/1988 sett ákvæði um bann við tilteknum vopnum og eru þau óbreytt í gildandi reglugerð.

Í þessum kafla frumvarpsins er lagt til að þessi ákvæði reglugerðarinnar verði lögfest nokkuð breytt. Slíkt er nauðsynlegt m.a. til að tryggja að heimilt verði að gera vopn sem þessi upptæk án tillits til þess hvort með þeim hefur verið framið brot eður ei.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að vopnaburður sé bannaður á almannafæri. Með slíku banni verður lögfest að allur hnífaburður á almannafæri verður ólöglegur nema við þær aðstæður sem eðlilegar geta talist. Gildir einu hvort vopn er borið opinberlega í þeim skilningi að það sé sýnilegt eða hvort það er borið innanklæða og með þeim hætti falið. Með hliðsjón af skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins á hugtakinu vopn felst í þessari grein að óheimilt er að bera á sér á almannafæri ýmis tæki sem í venjulegum skilningi og umhverfi teldust ekki vopn en unnt er að nota til að skaða fólk eða dýr.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði ákvæði sem nú eru í reglugerð um bann við því að flytja til landsins, framleiða eða eignast tiltekin vopn. Er markmiðið með því að stemma stigu við innflutningi og notkun alls kyns felu- og götuvopna, en hin síðari ár hafa slík vopn orðið algengari hér á landi, sem og í nágrannalöndum.

Þau vopn, sem lagt er til að verði bönnuð samkvæmt greininni, eru:

1. *Bitvopn ef blaðið er lengra en 12 cm, enda sé það ekki ætlað til notkunar við heimilishald eða atvinnu:* Með þessu ákvæði er leitast við að setja ákveðin stærðarmörk á þau bitvopn sem heimiluð eru í landinu. Eru þessi stærðarmörk þau sömu og samkvæmt gildandi reglum og sett að danskri fyrirmynd. Þess er hins vegar sérstaklega getið að þetta eigi ekki við um bitvopn sem ætluð eru til heimilishalds eða atvinnu þar sem ljóst er að þörf er á að nota stærri bitvopn.
2. *Fjaðrahnífar, fjaðrarýtingar, fallhnífar, fallrýtingar, stunguvopn eða önnur slík vopn:* Hér er lagt til bann við tilteknum götuvopnum og hættulegum vopnum. Fjaðrahnífar eru þannig útbúnir að blaðið er falið í skaftinu. Með því að ýta á hnapp skýst blaðið fram fyrir áhrif fjaðrarinnar. Fjaðrarýtingar eru sama eðlis að öðru leyti en því að í stað hnífsblaðs er rýtingsblað eða stingur. Fallhnífur eða fallrýtingur hefur sömu virkni, en útbúnaðurinn er þannig að opinu á skaftinu er snúið niður og ýtt á takka og fellur þá hnífsblaðið niður vegna þunga síns. Undir ákvæðið mundu falla svokallaðir „Butterfly" hnífar sem eru þess eðlis að skaftið er tvískipt og þegar það er opnað kemur hnífsblaðið í ljós. Hægt er að opna skaftið með snöggri handarhreyfingu.

3. *Höggvopn, svo sem hnúajárn, gaddakylfur, felukylfur, kylfur sem ekki eru ætlaðar til íþróttaiðkunar eða önnur slík vopn, svo og rafmagnsvopn:* Samkvæmt þessu er lagt bann við ýmsum vopnum sem notuð eru til að komi höggi á annan mann. Sem dæmi um felukylfur má nefna kylfu sem þannig er úr garði gerð að hún fellur inn í skaftið en er með gormi innan í sem hefur stálkúlu á endanum. Með snöggri handarhreyfingu er kylfunni skotið fram úr skaftinu og er þá um að ræða banvænt vopn. Að öðru leyti er í ákvæðinu lagt almennt bann við kylfum, hnúajárnum o.fl.
4. *Sverð sem eru sambland högg- og bitvopna:* Tæki sem þessi hafa í nokkrum mæli verið flutt inn en þykja engu hættuminni en þau sem bönnuð hafa verið.
5. *Kaststjörnur, kasthnífar eða önnur slík vopn:* Kaststjörnur eru málmskífur í laginu eins og stjörnur með beittum brúnum. Eru þær eins og nafnið gefur til kynna ætlaðar til að kasta. Jafnframt eru til sérstakir kasthnífar sem eðlilegt er að banna.
6. *Lásbogar, langbogar, slöngubyssur eða önnur slík vopn, svo og örvaroddar, sbr. þó 15. og 17. gr. vegna íþróttaiðkunar eða söfnunar:* Í ákvæðinu er lagt bann við tilteknum bogum og slöngubyssum. Slöngubyssur eru sérstaklega hættuleg tegund af teygjubyssum. Eru þær gerðar til að skjóta stálkúlum og eru hættulegar fyrir það að kúlan nær miklum hraða og lendir með miklum krafti á skotmarki innan ákveðinnar fjarlægðar, svo og að hægt er að miða með nokkurri nákvæmni. Í ákvæðinu er lagt bann við innflutningi örvarodda en ekki hefur tíðkast að nota slík tæki til veiða hér á landi og því ekki ástæða til annars en að banna þá. Sérstaklega eru undanþegin þessu ákvæði bogar sem notaðir eru til íþróttaiðkunar, en bogfimi er stunduð hér á landi sem íþróttagrein.

Í 3. mgr. er að finna heimild til að víkja frá banni 2. mgr. með leyfi ríkislögreglustjóra ef vopn hefur söfnunargildi eða sérstakar ástæður mæla með. Við mat á þessu verður að hafa hliðsjón af því að almennt eru þessi vopn bönnuð og frá því verður ekki vikið nema fyrir því séu gild rök.

Samkvæmt 4. mgr. er öðrum en lögreglu óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eignast handjárn og fótajárn úr málmi eða öðru efni. Sama gildir um gasvopn. Er um að ræða slík tæki að eðlilegt þykir að setja takmörk sem þessi en þau eru í samræmi við gildandi reglugerð.

Um 31. gr.

Í greininni er lagt til bann við sölu á tilteknum bogum og örvum til barna yngri en 16 ára. Er ákvæðið í samræmi við gildandi reglur. Þykir eðlilegt að setja tiltekin takmörk við kaupum barna á bogum sem kunna að hafa slíkan togkraft að sérstakri hættu geti valdið.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um meðferð skotelda sem eru að mestu óbreytt frá ákvæðum gildandi laga.

Um 32. gr.

Í greininni er lagt til að bannað verði að selja börnum yngri en 16 ára skotelda komi það fram í leiðbeiningum að skoteldur sé ekki ætlaður yngri börnum en 16 ára. Er jafnframt lagt til að lögfest verði bann við sölu allra skotelda til barna yngri en 12 ára. Slíkt bann hefur fram til þessa verið í reglugerð en eðlilegra þykir að það sé í lögum.

Um 33. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lögð til almenn varúðarregla. Auk þess er lögð til heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um sölu og meðferð skotelda. Tekur það m.a. til þess hvenær heimilt er að nota skotelda.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins eru ákvæði um refsingar, eignaupptöku, afturköllun leyfa o.fl. Er hér um að ræða samsvarandi ákvæði og nú eru í VI. og VII. kafla gildandi laga. Leitast er við að skýra og skerpa á einstökum atriðum frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.

Um 34. gr.

Í þessari grein er fjallað um afturköllun leyfa. Ákvæði greinarinnar taka til allra leyfa samkvæmt frumvarpinu.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um heimild til afturköllunar leyfa og er það með sama hætti og í 1. mgr. 31. gr. gildandi laga. Mat á því hvort afturkalla skuli leyfi er í höndum hvers lögreglustjóra. Það sem kemur til skoðunar hverju sinni er hvort skilyrði fyrir leyfi séu ekki lengur fyrir hendi, hvort farið sé að settum fyrirmælum o.s.frv. Í dæmaskyni má nefna að handahafi skotvopnaleyfis sé orðinn andlega vanheill eða að varsla á skotfærum eða skoteldum fullnægi ekki öryggisskilyrðum. Heimild þessari verður ekki beitt nema fyrir hendi séu nægjanlega ríkar ástæður til afturköllunar.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hvaða lögreglustjóri skuli afturkalla skotvopnaleyfi þegar leyfishafi hefur flutt milli umdæma eftir útgáfu leyfis.

Í 3. mgr. er lagt til það nýmæli að lögreglustjóri geti afturkallað leyfi til bráðabirgða án fyrirvara beri brýna nauðsyn til. Með þessu er átt við að lögreglustjóri geti afturkallað leyfi til bráðabirgða án þess að gæta reglna stjórnsýslulaga um andmælarétt. Þessi regla er reyndar talin gilda, þótt ólögfest sé, á grundvelli öryggissjónarmiða. Hins vegar ber að lokinni afturköllun til bráðabirgða að fara að reglum stjórnsýslulaga við endanlega ákvörðun í málinu, þar með talið um andmælarétt.

Í 4. mgr. er lagt til að lögfest verði sams konar heimild að því er varðar haldlagningu á vörum sem varðveittar eru á ótryggan hátt. Er ákvæðið í samræmi við 3. mgr. 11. gr. gildandi laga, en eðlilegra þykir að skipa því hér innan frumvarpsins með öðrum ákvæðum um afturköllun og viðurlög.

Um 35. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 32. gr. gildanda laga.

Í 1. mgr. er lagt til að við afturköllun leyfis beri leyfishafa að skila til lögreglu vopnum, efnum og tækjum sem hann hefur í vörslu sinni og tengjast því leyfi sem afturkallað hefur verið.

Í 2. mgr. eru ákvæði um ráðstöfun á vopnum, efnum og tækjum þegar skilyrði eignaupptöku eru ekki fyrir hendi. Eignaupptaka kemur einkum til þegar framið hefur verið refsivert brot með munum eða þeirra aflað með ólögmætum hætti. Þegar hlutir sem þessir komast í vörslu lögreglu er ekki ávallt um tengsl hluta við refsiverða háttsemi að ræða heldur getur t.d. verið um að ræða afturköllun á leyfi án þess að lögbrot hafi verið framið. Eru þá skilyrði eignaupptöku ekki til staðar. Í slíkum tilvikum ber að ráðstafa greindum munum eins og hér er lagt til, þ.e. með sölu. Ekki er kveðið sérstaklega á um söluaðferð slíkra muna og er það því í valdi lögreglustjóra hverju sinni hvernig salan fer fram en gæta ber þess að fyrir muni fáist sann-

gjarnt verð og er í því skyni eðlilegt að haft sé samráð við eiganda viðkomandi muna en söluverð að frádregnum kostnaði rennur til hans.

Í 3. mgr. er lagt til að lögreglu sé heimilt að eyðileggja muni sem teljast lélegir og verðlausir eða verðlitlir.

Um 36. gr.

Í þessari grein er lagt til að fyrir brot á frumvarpinu og reglum settum samkvæmt því verði refsað með sekt, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Þá er einnig lagt til að tilraun og hlutdeild verði refsiverð. Lagt er til að refsirammi verði þyngdur nokkuð frá því sem er í 34. gr. gildandi laga. Með hliðsjón af því hve alvarleg þessi brot geta verið og afleiðingar af þeim þykir nauðsyn að þyngja nokkuð refsingar.

Um 37. gr.

Í þessari grein er heimild til eignaupptöku skotvopna, skotfæra sprengiefnis og skotelda sem aflað hefur verið andstætt ákvæðum frumvarpsins eða finnast vörslulausir. Ákvæðið er að mestu í samræmi við 1. mgr. 35. gr. gildandi laga. Þó er sérstaklega tekið fram í ákvæðinu nú að heimild til eignaupptöku taki einnig til annarra vopna sem ólögmæt teljast samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Nauðsynlegt er að þessi ákvæði verði lögfest til að upptökuheimildin nái einnig til hnífa og annarra þeirra vopna er greinir í 30. gr. en dómar hafa gengið þess efnis að upptökuheimild gildandi laga taki ekki til slíkra vopna.

Í 2. mgr. er ákvæði, sem einnig er í 2. mgr. 35. gr. gildandi laga, um heimild til að gera önnur tæki og efni þess er brýtur af sér með nefndum tækjum eða vopnum upptæk þótt hann hafi ekki beitt þeim við brot. Er um að ræða eðlilegt ákvæði með tilliti til þess atferlis sem viðkomandi hefur gerst sekur um. Er ákvæðið byggt á öryggis- og almannahagsmunum.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla frumvarpsins eru ýmis ákvæði, svo sem um heimild ráðherra til að setja reglugerð, um breytingar á skotvopnum og gildistöku.

Um 38. gr.

Í þessari grein er lagt til að allar breytingar og/eða aukabúnaður sem hefur áhrif á eiginleika skotvopns eða verkan verði óheimilar nema með leyfi lögreglustjóra. Eru í dæmaskyni nefndar breytingar á lásgerð eða mögulegum skotafjölda skotvopns. Má þannig nefna styttingu á hlaupi, breytingu á skotgeymi o.s.frv. Einnig tekur ákvæðið til aukahluta sem settir eru á skotvopn og er þar t.d. átt við hljóðdeyfa.

Í 2. mgr. segir að allar breytingar sem heimilaðar eru og allir aukahlutir sem leyfðir eru á skotvopn skuli skráðir í skotvopnaskrá og í skotvopnaleyfi. Þykir slíkt eðlilegt til að fylgjast með þróun þessa og til að halda skrá um eiginleika skotvopna.

Um 39. og 40. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjöldi skráðra skotvopna á Íslandi 1995.[1]

	Hagla-byssur	Rifflar	Skamm-byssur	Önnur skotvopn	Fjöldi skotvopna	Skotvopna-leyfi
Akranes	462	202	2	23	**685**	**385**
Borgarnes	577	349	6	84	**1016**	**536**
Stykkishólmur	545	437	7	80	**1069**	**614**
Búðardalur	137	118		33	**288**	**168**
Patreksfjörður	392	289		23	**704**	**460**
Bolungarvík						
Ísafjörður	733	594	68	8	**1396**	**817**
Hólmavík	282	190		24	**486**	**252**
Sauðárkrókur	820	475	2	146	**1443**	**742**
Blönduós	692	516	8	166	**1382**	**705**
Siglufjörður	206	114	2	13	**335**	**180**
Ólafsfjörður	124	63		18	**205**	**96**
Akureyri	2178	927	23	122	**3250**	**1806**
Húsavík						
Seyðisfjörður	1090	835	6	64	**1993**	**990**
Neskaupstaður	270	136	2	14	**422**	**123**
Eskifjörður	909	413		65	**1387**	**1098**
Höfn						
Vík						
Hvolsvöllur	347	282	11	126	**766**	**497**
Vestmannaeyjar	435	151	4	28	**618**	**351**
Keflavík	964	609	31	32	**1636**	**1038**
Keflavíkurflugv.						
Hafnarfjörður	2199	1174	78	58	**3508**	**1744**
Kópavogur						
Reykjavík	6526	4193	468	104	**11291**	**5446**

1 Hér verður að hafa í huga að misjafnt er í upplýsingunum hvort vopn er gefið upp sem skammbyssa eða önnur vopn en stærsti hluti skammbyssa eru fjárbyssur. Hafa verður og í huga að undir hælinn er lagt hvort leyfishafar flytja leyfi sín á milli umdæma þegar þeir flytja. Því er ekki unnt að útiloka að ýmsir séu skráðir leyfishafar á fleiri en einum stað.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til vopnalaga.

Frumvarpið byggist á lögum nr. 46/1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda, en er víðtækara og nær til allra tækja sem telja má til vopna. Frumvarpið miðar einnig að því að setja rammalöggjöf en lagt er til að lögfestar verði rúmar heimildir dómsmálaráðherra til útgáfu reglugerða. Helstu nýmæli frá núgildandi lögum eru rakin í greinargerð. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að haldin verði samræmd landsskrá yfir skotvopn en í núgildandi lögum er kveðið á um að lögreglustjórar skuli halda skrá yfir veitt skotvopnaleyfi. Landsskrá þessi er víðtækari og hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð hennar í dómsmálaráðuneytinu en ekki er talið að það hafi teljandi kostnaðaráhrif í för með sér. Að öðru leyti er það mat fjármálaráðuneytis að nýmæli frumvarpsins muni hafa lítil eða hverfandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

176. Frumvarp til laga [176. mál]

um dómstóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Dómstólaskipanin.
1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Dómstólar í héraði eru átta. Heiti þeirra, aðsetur og umdæmi eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Borgarhreppur, Borgarbyggð, Álftaneshreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Skógarstrandarhreppur, Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.
3. Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður,

Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.

4. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur, Skagahreppur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fljótahreppur og Siglufjarðarkaupstaður.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Ólafsfjarðarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Árskógshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.
6. Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Tunguhreppur, Eiðahreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Bæjarhreppur, Hornarfjarðarbær, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
7. Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúpárhreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfossbær, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur, Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Ölfushreppur.
8. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur og Kópavogskaupstaður.

Umdæmi hvers héraðsdómstóls skal vera ein þinghá. Frá þessu má dómsmálaráðherra þó víkja með reglugerð sem hann getur sett að fengnum meðmælum hlutaðeigandi héraðsdómstóls og dómstólaráðs.

3. gr.

Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.

II. KAFLI
Hæstiréttur Íslands.

4. gr.

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar, sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra.

Þann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.
8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

Áður en skipað verður í dómaraembætti skal dómsmálaráðherra leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda til að gegna því. Umsækjanda verður ekki veitt embættið ef í umsögninni kemur fram það álit að hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 8. tölul. 2. mgr.

5. gr.

Hæstaréttardómarar kjósa sér forseta til tveggja ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddur. Biðjist forseti eða varaforseti lausnar frá því starfi eða láti hann af dómaraembætti áður en kjörtímabili er lokið skulu dómarar kjósa annan í hans stað til loka þess. Hæstiréttur tilkynnir um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum laga, stýrir forseti meðal annars þeirri starfsemi Hæstaréttar sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavald yfir þeim. Hann ber ábyrgð á rekstri Hæstaréttar og fjárreiðum og kemur fram af hálfu dómstólsins út á við, auk þess að gegna þeim sérstöku störfum sem mælt er fyrir um í öðrum lögum.

Nú eru hvorki forseti Hæstaréttar né varaforseti við störf eða hvorugur þeirra getur tekið þátt í afgreiðslu máls eða öðru embættisverki, og kemur þá í stað forseta sá dómari sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

6. gr.

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun dómenda þar. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri

Hæstaréttar er embættismaður og fer um stöðu hans að öðru leyti eftir almennum reglum um slíka starfsmenn ríkisins. Þann einn má skipa í embættið sem hefur lokið embættisprófi í lögum eða hliðstæðri prófgráðu í lögfræði eða annarri grein við háskóla.

Forseti ræður til Hæstaréttar lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Hann fer og með vald til að slíta ráðningu þeirra eftir þeim almennu reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

7. gr.

Eftir ákvörðun forseta taka þrír eða fimm dómarar við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómarar skipi dóm. Þá getur forseti ákveðið að einn dómari skipi dóm í kærumáli sem er skriflega flutt og varðar ekki mikilsverða hagsmuni, svo og að einn dómari haldi þing til að taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm.

Þegar fimm eða sjö dómarar skipa dóm í máli skulu að jafnaði eiga þar sæti þeir sem lengst hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar. Varadómari skv. 8. gr. verður ekki kvaddur þar til setu nema tölu dómara verði ekki náð vegna vanhæfis eða forfalla reglulegra dómara.

Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómari, sem tekur ekki annars þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum ef annar dómari verður síðar fyrir forföllum.

Þegar Hæstiréttur fæst lögum samkvæmt við annað en meðferð máls fyrir dómi taka allir reglulegir dómarar þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum. Hafi dómari forföll eða sé hann vanhæfur skal að jafnaði ekki kvaddur til varadómari skv. 8. gr. nema færri en fimm hæstaréttardómarar geti sinnt því.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur Hæstiréttur falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi eða endurupptöku máls. Þá getur Hæstiréttur einnig falið forseta einum að ráða til lykta ýmsum minni háttar málefnum.

8. gr.

Nú er hæstaréttardómari vanhæfur til að skipa dóm í máli eða hann fær leyfi eða hefur forföll frá störfum um skamman tíma, og skipar þá dómsmálaráðherra samkvæmt tillögu forseta varadómara til að taka sæti hans í tilteknu máli. Varadómari skal vera úr röðum héraðsdómara, prófessora í lögum, hæstaréttarlögmanna eða fyrrverandi dómara við Hæstarétt og fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómara.

Séu allir hæstaréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli skal forseti gera tillögu til dómsmálaráðherra um einn varadómara til að sitja þar í forsæti. Þegar slíkur varadómari hefur verið skipaður gerir hann tillögu til ráðherra um skipan dómsins að öðru leyti.

Varadómari verður ekki leystur frá starfi í máli nema samkvæmt eigin ósk eða hann missi að mati Hæstaréttar almenn dómaraskilyrði áður en starfi hans lýkur.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa varadómara fyrir hvert mál sem hann tekur sæti í.

9. gr.

Hæstaréttardómara verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt. Dómsmálaráðherra veitir dómara leyfi frá störfum. Að fenginni tillögu Hæstaréttar setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur, enda verði ekki farið svo að á leyfistímanum sem í 8. gr. segir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita hæstaréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 4. mgr. 4. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti hæstaréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími.

10. gr.

Hæstiréttur heldur dómþing í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

Forseti Hæstaréttar stýrir dómi ef hann á þar sæti, en ella varaforseti. Taki hvorugur þeirra þátt í meðferð máls situr þar í forsæti sá dómari í málinu sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

Hæstiréttur getur ákveðið að draga úr eða fella niður tímabundið reglulega starfsemi til að koma megi við orlofi dómara og annarra starfsmanna.

11. gr.

Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Hæstiréttur setur.

Dómar Hæstaréttar skulu gefnir út. Um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

III. KAFLI
Héraðsdómstólar.

12. gr.

Dómarar í héraði eru 38 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af dómsmálaráðherra.

Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi, sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti, né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður, stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.

Dómsmálaráðherra skipar þrjá menn í dómnefnd til þriggja ára í senn til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Hæstarétti og er hann formaður nefndarinnar. Tilnefnir Dómarafélag Íslands annan mann í nefndina úr röðum héraðsdómara en Lögmannafélag Íslands þann þriðja úr hópi starfandi lögmanna. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er þrjú ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

Dómnefnd skv. 3. mgr. skal láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Ráðherra setur að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar.

13. gr.

Í dómstólaráði eiga sæti þrír menn sem dómsmálaráðherra skipar. Tveir þeirra skulu kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Skipunartími í dómstólaráð er sex ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út annað hvert ár. Hver þessara þriggja manna skal hafa varamann sem skipaður er og eftir atvikum tilnefndur á sama hátt og aðalmaður. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í dómstólaráði oftar en tvisvar samfleytt.

Láti héraðsdómari, sem á sæti í dómstólaráði, af embætti áður en skipunartími hans er á enda eða fái hann lausn frá setu í ráðinu skal annar kjörinn og skipaður í hans stað til loka skipunartímans. Ráðherra skipar til sama tíma nýjan mann í dómstólaráð ef sá sem hann skipar án tilnefningar hverfur frá starfinu áður en skipunartíma lýkur.

Dómstólaráð kýs sér formann frá byrjun hvers árs að telja. Það ákveður hvar starfsemi þess fer fram.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun fyrir setu í dómstólaráði.

14. gr.

Auk þess sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga er hlutverk dómstólaráðs sem hér segir:

1. Að fara með á sína ábyrgð fjárreiður héraðsdómstóla, gera tillögur til dómsmálaráðherra um sameiginlega fjárveitingu til þeirra og skipta á milli þeirra fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.
2. Að ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, svo og að setja almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.
3. Að skipuleggja endurmenntun héraðsdómara og annarra lögfræðinga í þjónustu héraðsdómstóla.
4. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla, en dómstólaráð getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni, sbr. 1. mgr. 24. gr.
5. Að safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við héraðsdómstóla og gera eftir þörfum ábendingar af því tilefni, svo og að stuðla að öðru leyti að því að gætt sé þar skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála.
6. Að setja eftir þörfum almennar reglur um viðveruskyldu héraðsdómara á vinnustað og tilhögun orlofs þeirra, þar á meðal um hvort og þá hvernig dregið verði úr starfsemi héraðsdómstóla vegna orlofs dómara og annarra starfsmanna.
7. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega.
8. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla eða löggjöf sem um þá gildir.

Dómstólaráð skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna.

15. gr.

Dómstólaráð ákveður við hvaða héraðsdómstól dómari skuli eiga fast sæti. Heimilt er þó að ákveða að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól, heldur sinni þeir störfum við alla héraðsdómstóla eftir því sem þeim kann að vera úthlutað af málum við

hvern þeirra í skjóli almennrar heimildar dómstólaráðs. Dómstólaráð ákveður hvar slíkir dómarar hafi starfsstöð.

Ákvörðun dómstólaráðs um starfsvettvang skv. 1. mgr. skal hvort heldur gilda um óákveðinn tíma eða tiltekið tímabil. Þegar embætti héraðsdómara er laust skal að jafnaði taka ákvörðun um fyrsta starfsvettvang væntanlegs dómara áður en það er auglýst laust til umsóknar.

Eftir því sem frekast er unnt skal dómstólaráð taka tillit til óska héraðsdómara þegar starfsvettvangur hans er ákveðinn.

Héraðsdómari á rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða má eftir að hafa starfað í þrjú ár samfleytt við sama dómstól eða án fasts sætis við tiltekinn dómstól, enda standi ákvæði 5. mgr. því ekki í vegi að fengið verði fyrir hann dómarasæti á öðrum vettvangi, sbr. og 39. gr.

Héraðsdómari verður ekki færður á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum í lengri tíma en sex mánuði á hverju tíu ára tímabili ef hann getur ekki með góðu móti sótt vinnu þar án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

Ef þörf er á héraðsdómara, sem á fast sæti við héraðsdómstól, til að starfa að tilteknu dómsmáli við annan héraðsdómstól, þar á meðal í fjölskipuðum dómi, ákveður dómstólaráð hverjum verði falið starfið. Dómara er skylt að hlíta slíkri ákvörðun dómstólaráðs.

16. gr.

Dómsmálaráðherra skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól til fimm ára í senn. Þar sem þrír eða fleiri dómarar eiga fast sæti við héraðsdómstól kjósa þeir einn úr sínum röðum til að gegna starfinu, en séu dómararnir tveir tilnefnir dómstólaráð annan þeirra til starfans ef þeir koma sér ekki saman um valið. Kosning eða tilnefning bindur ekki ráðherra um skipun dómstjóra. Ef dómari er einn við héraðsdómstól skal hann skipaður þar dómstjóri. Skipun dómstjóra raskast ekki þótt dómurum við dómstól fjölgi eða fækki á skipunartímanum.

Við héraðsdómstól þar sem þrír eða fleiri héraðsdómarar eiga fast sæti er þeim heimilt að kjósa varadómstjóra, en að öðrum kosti telst staðgengill dómstjóra vera sá dómari við dómstólinn sem lengst hefur verið skipaður í embætti héraðsdómara.

Flytjist dómari, sem gegnir starfi dómstjóra, til annars dómstóls eða sé honum veitt lausn frá starfinu eða embætti héraðsdómara skal skipaður nýr dómstjóri samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Nú telur dómstólaráð dómstjóra brjóta af sér í því starfi og skal það þá gefa honum kost á að tjá sig um ávirðingarnar. Telji dómstólaráð skýringar dómstjóra óviðunandi getur það veitt honum skriflega áminningu. Ef sakir eru miklar eða brot ítrekað getur dómstólaráð lagt til í rökstuddu erindi að dómstjóra verði veitt lausn frá starfinu. Dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um hvort dómstjóra verði veitt lausn, en um meðferð slíks máls gilda að öðru leyti ákvæði stjórnsýslulaga.

Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Dómstjóri skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum. Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en héraðsdómara og slítur ráðningu þeirra. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra samkvæmt ákvæðum 28.–30. gr. Hann fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólaráð leggur dómstólnum í hendur, hann annast samskipti við dómstólaráð um þau málefni sem undir það heyra og hefur annars með höndum verkefni sem dómstólaráð kann

að fela honum sérstaklega. Þá kemur dómstjóri að öðru leyti fram út á við í þágu dómstólsins og er í fyrirsvari um sérstök málefni hans.

17. gr.

Til aðstoðar dómurum má ráða til héraðsdómstóla lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Dómstjóri annast slíka ráðningu og gilda um hana almennar reglur um starfsmenn ríkisins að öðru leyti en því að hún skal vera tímabundin og ekki til lengri tíma en fimm ára við sama dómstól.

18. gr.

Við úthlutun mála til dómara eða deilda þeirra skal dómstjóri gæta þess að starfsálag þeirra verði svo jafnt sem auðið er, en eftir föngum skal leitast við að tilviljun ráði hvaða dómari fær mál til meðferðar. Dómstólaráð getur sett leiðbeiningarreglur um úthlutun mála.

Sé máli úthlutað deild dómara ákveða þeir sem hana skipa hver þeirra fari með það.

Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli nema annað sé skylt að lögum. Dómstjóri getur þó ákveðið að neytt verði heimildar í öðrum lögum til að dómur verði fjölskipaður héraðsdómurum. Hann úthlutar þeim þá máli í sameiningu og velur einn úr hópi þeirra til að sitja þar í forsæti. Sé þörf á héraðsdómara frá öðrum dómstóli til að skipa dóm í máli leitar dómstjóri til dómstólaráðs sem felur dómara verkið.

Dómara er heimilt að biðjast undan úthlutun máls vegna tengsla við efni þess, aðila, fyrirsvarsmann eða lögmann þótt hann verði ekki talinn vanhæfur til að fara með það, enda sé beiðni hans studd haldbærum rökum og kostur annars dómara við dómstólinn til að fara með málið. Þá er dómara og heimilt að biðjast undan úthlutun vegna sérstakra anna eða þess að jafnaðar sé ekki gætt með henni. Dómstjóri tekur afstöðu til beiðna sem þessara, en dómara þeim sem í hlut á er heimilt að skjóta ákvörðun hans til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Dómstjóra er heimilt að draga aftur úthlutun án beiðni þess dómara sem hefur fengið mál til meðferðar ef hann verður ekki við tilmælum dómstjóra um að ljúka því innan hæfilegs frests eða veikindi hans eða hliðstæð atvik torvelda að hann geti sinnt því. Hlutaðeigandi dómara er heimilt að skjóta slíkri ákvörðun dómstjóra til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nú víkur héraðsdómari sæti í máli, og skal þá dómstjóri úthluta því á ný, enda fullnægi annar dómari sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með það. Ef með þarf getur dómstjóri leitað til dómstólaráðs um að það feli dómara við annan dómstól að taka við úthlutun málsins.

19. gr.

Fullnægi enginn dómari við héraðsdómstól sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður dómstjóri í einu lagi upp úrskurð um að þeir víki allir sæti í því. Reynist enginn dómari við annan dómstól heldur hæfur til að fara með málið gefur dómstólaráð skriflegt og rökstutt álit um það. Skal þá dómsmálaráðherra skipa setudómara til að fara með málið.

Setudómari skal fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara. Nú hefur setudómari verið skipaður og hann telur þörf á að dómur verði fjölskipaður í málinu með öðrum en sérfróðum meðdómsmönnum eða það er skylt að lögum. Skal dómsmálaráðherra þá að ósk hans skipa aðra tvo setudómara til að fara með málið með honum en sá sem fyrst var skipaður situr í forsæti í dóminum.

Setudómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.

Dómstólaráð ákveður þóknun setudómara og greiðist hún úr ríkissjóði.

20. gr.

Héraðsdómara verður ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleytt en tólf mánuði nema vegna veikinda. Dómstólaráð getur þó veitt undanþágu til leyfis í lengri tíma, til mest tólf mánaða í senn, ef dómari leitar eftir því til náms. Dómstólaráð setur að öðru leyti reglur um leyfi héraðsdómara frá störfum. Dómstólaráð veitir leyfi vegna orlofs, auk þess að taka afstöðu til umsóknar um leyfi í öðru skyni, sem stendur í heild í mánuð eða skemmri tíma. Að öðrum kosti gerir það tillögu um afgreiðslu umsóknar héraðsdómara um leyfi, en dómsmálaráðherra ákveður hvort það skuli veitt að fenginni slíkri tillögu.

Nú hefur héraðsdómari forföll eða honum er veitt leyfi skv. 1. mgr., og verður þá annar því aðeins settur í embætti hans að sérstakar annir krefji og dómstólaráð mæli með því. Dómsmálaráðherra setur þá dómara að fenginni ábendingu dómstólaráðs um mann til starfans. Ráðherra getur þó að eigin frumkvæði eða eftir tillögu dómstólaráðs auglýst embættið laust til setningar meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, en dómstólaráð skal þá velja einn úr hópi umsækjenda til að benda á til starfans.

Þrátt fyrir framangreint er dómsmálaráðherra heimilt að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við aðra alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 3. og 4. mgr. 12. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti héraðsdómara sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari.

21. gr.

Héraðsdómstólar skulu hver um sig hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, svo og annars í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra séu þær fleiri en ein innan umdæmis dómstóls. Um slíka ákvörðun skal mælt í reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu hlutaðeigandi dómstóls.

Héraðsdómari getur háð þing utan fasts þingstaðar til að taka fyrir mál innan umdæmis síns ef það þykir heppilegt vegna rekstrar þess. Með sama skilyrði getur héraðsdómari einnig háð þing utan umdæmis síns til að taka fyrir mál eftir þingfestingu þess.

22. gr.

Við héraðsdómstóla skulu háð regluleg dómþing á föstum þingstöðum samkvæmt því sem dómstólaráð ákveður að fengnum tillögum dómstjóra. Dómstólaráð tilkynnir slíka ákvörðun með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

IV. KAFLI
Réttindi og skyldur dómara.

23. gr.

Ákvæði þessa kafla taka jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara nema annars sé sérstaklega getið.

Til að gegna störfum sem mælt er nánar fyrir um í þessum kafla skipar dómsmálaráðherra þrjá menn til að sitja í nefnd um dómarastörf, svo og jafnmarga til vara. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands en hina tvo skipar ráðherra án tilnefninga, þar af annan sem formann nefndarinnar og skal hann fullnægja skilyrðum til að verða skipaður í embætti hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarmanna er sex ár en þó

þannig að skipunartími eins þeirra rennur út annað hvert ár. Sömu reglur gilda um skipun varamanna. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

Úrlausnum nefndar um dómarastörf verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nefnd um dómarastörf skal hafa eftir þörfum samvinnu við dómstólaráð um starfsemi sína. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun fyrir setu í nefndinni.

24. gr.

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum nema með málskoti til æðra dóms.

Dómara er skylt að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Dómara ber að hlíta boði forstöðumanns dómstóls um önnur atriði varðandi störf sín en meðferð og úrlausn máls. Héraðsdómurum ber og að hlíta lögmætum ákvörðunum dómstólaráðs.

Dómurum ber að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þeim skal eftir föngum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar.

25. gr.

Kjaradómur ákveður laun dómara fyrir embættisstörf þeirra. Dómarar eiga ekki rétt á frekari greiðslum vegna embættisstarfa sinna en hér segir:

1. Greiða skal héraðsdómurum samkvæmt almennri ákvörðun kjaradóms fyrir útkallsvaktir og útköll utan reglulegs vinnutíma.
2. Greiða skal kostnað af nauðsynlegum ferðum dómara vegna rækslu starfa þeirra samkvæmt almennum reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.
3. Greiða skal héraðsdómurum staðaruppbót samkvæmt ákvörðun Kjaradóms vegna tímabundinna starfa þeirra við dómstól þar sem þeir eiga ekki fast dómarasæti, enda sé dómstóllinn í þeirri fjarlægð frá heimilum þeirra að þeir geti ekki með góðu móti sótt þaðan vinnu sína daglega.
4. Greiða skal kostnað héraðsdómara af búferlaflutningum sem tengjast tilfærslu milli starfa, enda séu flutningarnir nauðsynlegir til að þeir geti með góðu móti sótt vinnu á nýjum vettvangi.

Dómstólaráð tekur ákvörðun um greiðslur til héraðsdómara skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. en forseti Hæstaréttar um greiðslur til hæstaréttardómara skv. 2. tölul. 1. mgr. Rísi ágreiningur um rétt til greiðslu skal hann lagður fyrir nefnd um dómarastörf til úrlausnar.

Um rétt dómara til orlofs, réttindi þeirra vegna veikindaforfalla, lífeyrisréttindi og önnur áþekk atriði fer eftir almennum reglum um starfsmenn ríkisins eftir því sem átt getur við, enda leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga.

26. gr.

Dómara er óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Dómari skal tilkynna nefndinni um aukastarf áður en hann tekur við því. Sé ekki getið um heimild til að gegna starfinu í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um að hvaða marki samrýmanlegt sé embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómari skal tilkynna nefndinni um hlut sem hann eignast í félagi eða fyrirtæki. Sé ekki getið um heimild til að eiga slíkan hlut í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómara ber að hlíta slíku banni, en heimilt er að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess.

27. gr.

Hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á hans hlut með störfum sínum er heimilt að beina skriflegri kvörtun af því tilefni til nefndar um dómarastörf. Í slíkri kvörtun skal greint frá atvikum og röksemdum fyrir því að brotið hafi verið á rétt þess sem hana ber fram. Berist nefndinni kvörtun sem hún telur þegar sýnt að gefi ekki tilefni til frekari aðgerða vísar hún kvörtuninni frá sér. Að öðrum kosti gefur nefndin hlutaðeigandi dómara og forstöðumanni dómstóls kost á að skila skriflegum athugasemdum innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að taka í einu lagi til meðferðar tvær eða fleiri kvartanir sem beinast að sama dómara.

Sé kvörtun metin tæk til meðferðar skal nefnd um dómarastörf ljúka málinu með skriflegu og rökstuddu áliti. Telji nefndin kvörtunina gefa tilefni til aðgerða getur hún í áliti sínu fundið að störfum hlutaðeigandi dómara eða veitt honum áminningu eftir ákvæðum 28. gr.

28. gr.

Nú telur forstöðumaður dómstóls að háttsemi dómara eða vanræksla í starfi eða framferði hans utan starfs sé slík að aðfinnsluvert sé án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við. Getur þá forstöðumaðurinn beint munnlegum eða skriflegum tilmælum til dómarans um úrbætur.

Beri tilmæli skv. 1. mgr. ekki árangur eða telji forstöðumaður dómstóls ávirðingar dómara alvarlegri en svo að tilmæli hans ein séu við hæfi skal hann beina málinu til nefndar um dómarastörf með skriflegu og rökstuddu erindi. Eins skal farið að ef dómari hlítir ekki ákvörðun dómstólaráðs eða banni skv. 4. mgr. 26. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að beina máli til nefndar um dómarastörf með sama hætti og greinir í 2. mgr. Þá er nefndinni og heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði ef atvik eru með þeim hætti sem þar segir.

Berist nefnd um dómarastörf mál samkvæmt því sem um ræðir í 2. eða 3. mgr. skal hún gefa hlutaðeigandi dómara kost á að taka til andsvara í skriflegri greinargerð. Nefndinni ber að öðru leyti að afla gagna eftir því sem hún telur nauðsyn bera til. Um meðferð máls fer annars samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem átt getur við.

Nefnd um dómarastörf skal ljúka máli með skriflegri og rökstuddri ákvörðun um hvort hlutaðeigandi dómara verði veitt áminning. Sé áminning veitt skal hún birt dómaranum með sannanlegum hætti, en jafnframt skal þá ákvörðunin send forstöðumanni dómstólsins sem hann starfar við auk dómsmálaráðherra. Dómstólaráði skal jafnframt send ákvörðunin ef héraðsdómari á í hlut.

Dómara, sem hefur sætt áminningu, er heimilt að höfða mál á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins til að fá hana fellda úr gildi, en það skal þá gert innan mánaðar frá því hún var birt dómaranum.

29. gr.

Veita má dómara lausn frá embætti um stundarsakir ef hann hefur sætt áminningu en lagar sig ekki að henni innan hæfilegs tíma eða gerist innan þriggja ára á ný sekur um ávirðingar sem

gefa tilefni til áminningar. Dómara verður einnig veitt lausn frá embætti um stundarsakir ef hann missir almenn hæfisskilyrði til að gegna því. Það sama gildir jafnframt ef opinber rannsókn beinist að dómara eða opinbert mál er höfðað á hendur honum og áfellisdómur um sakirnar sem hann er borinn yrði til þess að hann missti almenn hæfisskilyrði.

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra, en ráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

Nú hefur dómara verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir af öðrum ástæðum en þeim sem getur í lokamálslið 1. mgr., og skal þá innan tveggja mánaða höfða á hendur honum mál samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 30. gr., en ella fellur lausnin sjálfkrafa niður. Verði máli vísað frá dómi eða sé það fellt niður fellur lausnin jafnframt sjálfkrafa niður ef nýtt mál er ekki höfðað innan tveggja vikna en þannig verður þó ekki farið að oftar en eitt skipti. Lausn sem veitt hefur verið um stundarsakir eftir ákvæði lokamálsliðar 1. mgr. stendur þar til opinberri rannsókn lýkur með ákvörðun um að hlutaðeigandi dómari verði ekki sóttur til sakar, sex mánuðir eru liðnir án þess að ákæra sé gefin út á hendur honum eða opinberu máli lýkur með endanlegum dómi um sýknu hans en annars þar til tvær vikur eru liðnar frá því endanlegur dómur hefur gengið um sakfellingu hans.

Dómari heldur fullum embættislaunum meðan á lausn um stundarsakir stendur.

30. gr.

Þegar dómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Um rekstur máls fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

Þótt dómur gangi í héraði í máli skv. 1. mgr. stendur lausn um stundarsakir áfram meðan kostur er á áfrýjun innan almenns frests, svo og enn eftir það meðan mál er rekið fyrir Hæstarétti ef áfrýjað er.

Endanlegur dómur um að dómara sé vikið frá leiðir sjálfkrafa til lausnar hans úr embætti.

Sé dómari sýknaður af kröfu um frávikningu tekur hann sjálfkrafa við embætti sínu á ný frá þeim tíma sem dómur um það telst endanlegur.

31. gr.

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra en dómsmálaráðherra héraðsdómurum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ef hann leitar eftir henni sjálfur, enda sé það gert með þeim fyrirvara, sem gildir almennt um starfsmenn ríkisins.

Dómari telst sjálfkrafa fá lausn frá embætti ef hann tekur við skipun í annað embætti.

Heimilt er að veita dómara lausn frá embætti án óskar hans ef hann er orðinn 65 ára, en hann skal þá upp frá því taka eftirlaun svo sem hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ekki síðar en frá þeim degi sem hann nær 70 ára aldri.

32. gr.

Um refsiábyrgð dómara vegna háttsemi hans í embætti fer eftir almennum hegningarlögum og sérákvæðum annarra laga. Mál af slíku tilefni verður rekið eftir almennum reglum.

Verði athafnir dómara í starfi eða athafnaleysi öðrum til tjóns ber ríkið á því bótaábyrgð eftir almennum reglum. Dómari verður ekki sjálfur krafinn um bætur, en ríkinu er þó heimilt að gengnum áfellisdómi að beina að honum framkröfu, enda hafi ásetningsverk hans leitt til bótaskyldu.

Vísa skal frá dómi máli á hendur ríkinu til heimtu skaðabóta skv. 2. mgr. sé það ekki höfðað innan sex mánaða frá því að tilefni til bótaskyldu mátti vera orðið ljóst, nema afsakanlegt þyki að það hafi ekki verið gert innan þess frests. Um rekstur slíks máls fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

33. gr.

Um önnur atriði en að framan greinir gilda almennar reglur um starfsmenn ríkisins um dómara eftir því sem átt getur við.

V. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga o.fl.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanteknum ákvæðum 38. gr. sem taka þegar gildi.

35. gr.

Við gildistöku þessara laga falla brott eftirtalin lög og ákvæði laga:

1. Lög um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.
2. I. kafli laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, með áorðnum breytingum.
3. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989.
4. 160. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.
5. 3. mgr. 3. gr., 2. málsl. 4. mgr. 4. gr., 3. mgr. 6. gr., 3. mgr. 143. gr. og 4. mgr. 165. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með áorðnum breytingum.

36. gr.

Við gildistöku þessara laga verða svofelldar breytingar á ákvæðum annarra laga:

1. Í 10. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, fellur brott orðið „Hæstaréttarritari“, en í stað þess kemur: Skrifstofustjóri Hæstaréttar.
2. Heiti laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, verður: Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

Kaflanúmer og kaflafyrirsagnir í sömu lögum falla brott.

Greinarnúmer í sömu lögum breytast þannig að 10.–16. gr. verða 1.–7. gr.

Í 1. gr. (áður 10. gr.) sömu laga fellur brott tilvísun í 12. gr., en í staðinn kemur: 3. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. (áður 2. mgr. 14. gr.) sömu laga falla brott orðin „1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur: almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur.

Í 3. mgr. 6. gr. (áður 3. mgr. 15. gr.) sömu laga falla brott orðin „ákvæði 1. og 3.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur: sömu reglur og um sýslumenn að öðru leyti en um starfsreynslu.

17.–20. gr. sömu laga falla brott.

3. Í 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með áorðnum breytingum falla brott orðin „hann þá með samþykki forstöðumanns dómstólsins kvatt til tvo

aðra héraðsdómara til setu í dómi", en í stað þeirra kemur: dómstjóri þá ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu.

Í 1. og 3. mgr. 155. gr. sömu laga falla brott orðin „hæstaréttarritari" og „hæstaréttarritara", en í staðinn koma í viðeigandi falli orðin: skrifstofa Hæstaréttar.

4. Í 1. mgr. 2. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með áorðnum breytingum falla brott orðin „hann kveðji", en í stað þeirra kemur: kvaddir verði.

Í 3. mgr. sömu greinar falla brott orðin: „er dómara rétt, að fengnu samþykki forstöðumanns dómstólsins, að kveðja til héraðsdómara til setu í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni eða tvo héraðsdómara", en í stað þeirra kemur: getur dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu eða tveir héraðsdómarar með einum sérfróðum meðdómsmanni.

Í 2. mgr. 3. gr. sömu laga fellur brott orðið „hæstaréttarritara", en í stað þess kemur: starfsmenn hæstaréttar.

Upphafsmálsliður 3. mgr. 155. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Synjað skal um útgáfu áfrýjunarstefnu ef hún telst ekki vera í réttu horfi. Í lokamálslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „hæstaréttarritara".

Í 1., 2. og 4. mgr. 155. gr., 3. mgr. 156. gr. og 1. mgr. 158. gr. sömu laga falla brott orðin „hæstaréttarritari" og „hæstaréttarritara", en í staðinn koma í viðeigandi falli orðin: skrifstofa Hæstaréttar.

5. 3. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, svo sem því ákvæði var breytt með 9. gr. laga nr. 150/1996, verður svohljóðandi: Hæstaréttardómarar, skrifstofustjóri Hæstaréttar og héraðsdómarar.

VI. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

37. gr.

Með gildistöku laga þessara er ekki raskað skipun eða setningu í dómaraembætti.

Þeir sem gegna embættum héraðsdómara við héraðsdómstóla við gildistöku laga þessara hljóta þá sjálfkrafa embættisheitið héraðsdómari sem ekki verður bundið við ákveðinn dómstól.

Þeir sem gegna starfi dómstjóra við héraðsdómstóla þegar lög þessi öðlast gildi skulu halda þeim starfa til loka yfirstandandi skipunartímabils.

38. gr.

Dómsmálaráðherra skipar menn í dómstólaráð, dómnefnd um héraðsdómaraembætti og nefnd um dómarastörf þegar þessi grein hefur öðlast gildi. Ráðið og nefndirnar taka þá þegar til starfa.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í dómstólaráð skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til tveggja ára, annar aðalmaður ásamt varamanni til fjögurra ára, en þriðji aðalmaðurinn og varamaðurinn til sex ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Við gildistöku þessarar greinar fellur niður skipun nefndar skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989. Þegar skipað er í fyrsta sinn í nýja dómnefnd um héraðsdómaraembætti skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára, en þriðji aðalmaðurinn og varamaðurinn til þriggja ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í nefnd um dómarastörf skal farið eins að og um ræðir í 2. mgr.

39. gr.

Héraðsdómara, sem er skipaður í embætti við gildistöku þessara laga, verður ekki gert að skipta um starfsvettvang gegn vilja sínum nema hann geti með góðu móti sótt vinnu á nýjum vettvangi án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

Ákvæði 6. mgr. 15. gr. gilda um héraðsdómara þótt hann hafi verið skipaður í embætti fyrir gildistöku laga þessara.

40. gr.

Innan mánaðar frá gildistöku þessara laga ber dómurum við Hæstarétt og héraðsdómurum, sem hafa með höndum aukastörf, ótilkvöddum að gera nefnd um dómarastörf grein fyrir þeim og leita eftir atvikum heimildar hennar til að gegna þeim áfram. Telji nefndin dómara óheimilt að gegna aukastarfi áfram skal hann fá sig leystan frá því innan sex mánaða frá því að honum er tilkynnt um afstöðu nefndarinnar.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beitt um eignarhlut dómara í félögum og atvinnufyrirtækjum, en þó þannig að frestur til að láta af hendi hlutann skal vera eitt ár frá tilkynningu um að nefndin telji dómara óheimilt að eiga hann.

41. gr.

Þeir sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku þessara laga skulu eiga kost á starfi skv. 17. gr., en þó þannig að þargreindar takmarkanir á ráðningartíma gilda ekki um þessa starfsmenn.

Starfandi dómarafulltrúar við gildistöku laga þessara, sem neyta ekki heimildar skv. 1. mgr., skulu eiga kost á að láta af störfum fyrir árslok 1998 með rétti til biðlauna. Um biðlaunarétt þeirra gilda annars almennar reglur um starfsmenn ríkisins.

42. gr.

Verði heiti sveitarfélags, sem getið er í 2. gr., breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til dómumdæmisins, sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Ef sameinuð eru tvö eða fleiri sveitarfélög sem hvort eða hvert heyra til síns dómumdæmis eftir ákvæðum 2. gr. skal dómsmálaráðherra ákveða með reglugerð undir hvaða umdæmi nýja sveitarfélagið eigi þar til annarri skipan verður komið á með lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Unnið var að frumvarpinu í nánu samráði við réttarfarsnefnd, en að auki var fjallað um efni þess á fundum með stjórn Dómarafélags Íslands og nokkrum fjölda starfandi dómara, svo og á fundum á vegum félagsins. Þá voru drög að frumvarpinu kynnt stjórn Lögmannafélags Íslands og veitti hún ýmsar ábendingar.

Frumvarpinu er einkum ætlað að koma í stað núgildandi reglna um dómstóla og dómendur, sem eru annars vegar í lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, og hins vegar í I. kafla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í fyrrnefndu lögunum eru einu ákvæðin í réttarfarslöggjöf sem hafa ekki enn komið til heildarendurskoðunar í vinnu á undanförnum áratug að nýskipan á því sviði. Reglum í síðarnefndu lögunum um héraðsdómstóla og héraðsdómara, sem tóku gildi 1. júlí 1992, var ekki ætlað að standa til frambúðar, enda voru lögin sett til að hrinda í framkvæmd umfangsmikilli breytingu á dómstólaskipaninni í héraði og var við það miðað að á síðari stigum yrðu ákvæði þeirra um þetta efni færð í nýja heildar-

löggjöf um dómstóla. Með gerð frumvarpsins er því í reynd verið að ljúka heildarendurskoðun íslenskra réttarfarslaga sem hófst á árinu 1987.

Áður en vikið verður að einstökum ákvæðum frumvarpsins verður gerð grein fyrir meginefni þess og helstu sjónarmiðum að baki því, svo og veigamestu breytingunum, sem eru lagðar hér til frá núgildandi lögum.

I.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir að dómendur fari með dómsvaldið. Því er ljóst að samkvæmt stjórnskipunarlögum skulu vera til dómstólar og dómendur sem annast meðferð dómsmála. Stjórnarskráin tryggir einnig hlutleysi dómenda í störfum sínum. Þannig segir í 61. gr. hennar að dómendur skuli í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögum. Stjórnarskráin hefur ekki sjálf að geyma nánari ákvæði til skýringar á þessu, en ljóst er að þessi regla felur meðal annars í sér að dómara sé í störfum sínum óheimilt og óskylt að taka við fyrirmælum frá öðrum, hvort sem er opinberum aðilum eða einkaaðilum. Einnig er mælt svo fyrir í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989 að sérhver héraðsdómari starfi sjálfstætt og á eigin ábyrgð. Stjórnarskráin hefur að auki að geyma ákvæði sem eiga að tryggja persónulegt starfsöryggi dómenda. Þessi ákvæði öll sýna svo ekki verður um villst að íslenska stjórnarskráin tryggir að hér skuli vera til sjálfstæðir og óháðir dómstólar. Þessu til viðbótar segir í 59. gr. stjórnarskrárinnar að skipan dómsvaldsins verði ekki ákveðin nema með lögum. Þetta ákvæði hefur verið skilið þannig að reglur þurfi að vera í settum lögum um dómstóla, dómendur og meðferð dómsmála. Er með þessu beint athyglinni að því að öll starfsumgjörð dómstóla og dómenda þurfi að vera ákveðin með lögum og nægi ekki í því efni stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar slíkar ákvarðanir.

Hér á landi var viðhlítandi aðskilnaði á milli dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði ekki komið á fyrr en við gildistöku laga nr. 92/1989 á miðju árinu 1992 og var það löngu síðar en í öðrum vestrænum ríkjum. Frá þeim tíma hefur umræða hér um skipan dómstóla og skilin á milli þeirra og framkvæmdarvaldsins hins vegar beinst að líkum atriðum og í næstu nágrannalöndum. Í slíkum umræðum hefur borið hvað hæst undanfarið hvort samrýmanlegt sé meginreglunni um sjálfstæða og óháða dómstóla að ákvörðunarvald um svokölluð innri málefni dómstóla, þar á meðal um beiðnir um fjárveitingar til þeirra, sé að meira eða minna leyti í höndum ráðherra, en hér á landi gætir þess í nokkrum mæli að dómsmálaráðherra hafi með hendi slíkt vald. Í umræðu um þessi efni hefur verið bent á að ráðherra gæti með afskiptum sínum af beiðnum um fjárveitingar, starfsmannahaldi og veitingu dómaraembætta haft talsverð áhrif á starfsemi dómstólanna. Við þetta bætist að hér á landi eins og í öðrum norrænum ríkjum fer dómsmálaráðherra með æðstu stjórn ákæruvalds og lögreglu. Af þessum sökum hefur því verið hreyft að unnt sé að draga í efa að dómstólar séu fyllilega sjálfstæðir og óháðir þessum þáttum ríkisvaldsins. Við mótun frumvarpsins hefur tillit verið tekið til þessarar umræðu. Þá hefur einnig verið hugað sérstaklega að þróun sambærilegrar löggjafar í öðrum ríkjum Evrópu. Þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands, einkum hvað varðar mannréttindi og viðskipti, valda því að sú viðmiðun er ekki aðeins eðlileg, heldur í sumum tilvikum einnig óhjákvæmileg.

Við mótun löggjafar um dómstólana verður að hafa í huga að þeim ber að hafa eftirlit með hinum tveimur þáttum ríkisvaldsins, löggjafarvaldinu annars vegar og framkvæmdarvaldinu hins vegar. Þannig kemur í hlut dómstóla að skera endanlega úr um embættistakmörk yfirvalda, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar, og hvort löggjafinn hafi haldið sér innan þess ramma sem honum er settur með stjórnarskránni. Hér ber einnig að nefna það mikilvæga hlutverk dómstóla að dæma í refsimálum sem framkvæmdarvaldið höfðar á hendur sökuðum mönnum.

Með framangreint í huga hefur þeirri stefnu verið fylgt við samningu frumvarpsins að tryggja verði í sem ríkustum mæli að dómstólarnir verði óháðir hinum tveimur þáttum ríkis-

valdsins sem þeir hafa eftirlit með. Verði jafnframt að miða ákvæði frumvarpsins við það að ekki sé nægilegt að þetta sjálfstæði dómstólanna sé tryggt í raun, heldur að sjálfstæðið og trúverðugleikinn, sem því fylgir, sé öllum sýnilegur. Þá hefur og verið fylgt þeirri stefnu, sem þróun beinist tvímælalaust í átt til í nágrannalöndunum, að búa verði svo um hnútana að dómstólar séu einnig sjálfstæðir í ríkum mæli varðandi stjórn innri málefna sinna.

Samkvæmt fyrrgreindum sjónarmiðum gæti virst rökrétt að með frumvarpinu yrði stefnt að því að dómstólar væru sjálfstæðir í sérhverju tilliti, þannig að þeir féllu hvorki undir ákvörðunarvald löggjafans né framkvæmdarvaldsins í fjárhagslegu eða stjórnunarlegu tilliti. Sjálfstæði í þeim mæli gengi þó of langt og væri ekki í samræmi við íslenskar stjórnskipunarreglur. Að auki ætti slík skipan sér vart fordæmi í ríkjum Vestur-Evrópu. Með svipuðum hætti væri hugsanleg sú lausn að fjárhagsmálefni dómstóla ættu beint undir Alþingi. Það hefði þó ókosti sökum þess að dómstólar hafa ekki aðeins úrskurðarvald um athafnir framkvæmdarvaldsins, heldur einnig löggjafarvaldsins. Með henni yrði jafnframt að engu pólitísk ábyrgð ráðherra á þessu sviði. Með þetta í huga hefur niðurstaðan orðið sú við mótun frumvarpsins að styrkja verði sjálfstæði dómstólanna í innri málefnum sínum án þess að gera grundvallarbreytingar á því kerfi sem fyrir er.

II.

Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna sem þriðju valdstoð ríkisins og meðal annars auka þannig tiltrú almennings á starfsemi þeirra. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af nýlegum dönskum og norskum lagafrumvörpum um stjórn dómstóla. Jafnframt hefur verið tekið tillit til tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (94) frá 13. október 1994, um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda, svo og meginreglna Sameinuðu þjóðanna um sjálfstæði dómsvalds sem samþykktar voru á allsherjarþingi þeirra í nóvember 1985. Loks hefur verið litið til sáttmála dómenda í Evrópu frá árinu 1993, með breytingum frá 1996, sem samþykktur var af evrópsku dómarasamtökunum.

Hér á landi hafa ekki verið til dómstólalög sem hafa að geyma samfelldar reglur um skipan dómstólanna í héraði og á áfrýjunarstigi, skilyrði fyrir veitingu dómaraembætta, réttindi og skyldur dómenda og fleiri atriði sem snerta dómstólana. Á hinn bóginn eru að nokkru leyti í gildi sambærilegar reglur og lagðar eru til í frumvarpinu í lögum nr. 75/1973 og I. kafla laga nr. 92/1989. Ákvæði um þetta efni má einnig finna í öðrum lögum. Með frumvarpinu er stefnt að því að færa þessi dreifðu ákvæði í einn lagabálk sem yrði meðal annars til að gera löggjöfina gleggri yfirlits. Þá felur frumvarpið í sér ýmis mikilvæg nýmæli, sem eins og fyrr greinir er ætlað það meginhlutverk að styrkja sjálfstæði dómstólanna í sem ríkustum mæli. Af þeim meiði eru tvö atriði öðrum mikilvægari.

Annars vegar er ein meginbreytingin, sem stefnt er að með frumvarpinu, fólgin í því að innri stjórnsýsla héraðsdómstólanna, að því leyti sem hún á ekki undir forstöðumenn þeirra sjálfra, verður að verulegu leyti falin sérstakri stjórnarnefnd sem kallist dómstólaráð. Valdsviði dómstólaráðs er ekki ætlað að ná til Hæstaréttar, enda fer hann þegar að gildandi lögum sjálfur fyrir sitt leyti með mörg þau atriði sem dómstólaráði er ætlað að annast varðandi héraðsdómstólana, og er ekki ráðgerð með frumvarpinu breyting að því leyti. Samkvæmt frumvarpinu á dómstólaráð að vera sjálfstæð stofnun sem dómarar skipi að meiri hluta til. Er meðal annars gert ráð fyrir því að dómstólaráð verði sameiginlegur málsvari héraðsdómstólanna út á við, hafi eftirlit með starfsemi þeirra og verði aflvaki að ýmsum breytingum og nýjungum í starfsháttum. Þannig er lagt til að dómstólaráð komi fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega. Enn fremur að dómstólaráð fari með fjárreiður héraðsdómstólanna og geri tillögur til dómsmálaráðherra um fjárveitingar til þeirra sameiginlega.

Dómstólaráði er ætlað að hafa eftirlit með héraðsdómstólunum, meðal annars með því að safna upplýsingum um afgreiðslu mála og gefa út ársskýrslu um starfsemi þeirra, svo sem nánar getur í 14. gr. frumvarpsins. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því í sama ákvæði að dómstólaráð geri tillögur um hvaðeina sem geti orðið til úrbóta á störfum héraðsdómstóla eða löggjöf sem um þá gildir. Samkvæmt því er ljóst að dómstólaráði er einnig ætlað að gegna því hlutverki að vera aflvaki að hvers kyns nýbreytni í starfsemi héraðsdómstólanna.

Hins vegar er önnur meginbreyting samkvæmt frumvarpinu fólgin í því að sett verður á stofn óháð nefnd um dómarastörf. Lagt er til að valdsvið þeirrar nefndar taki til allra dómstóla landsins, einnig Hæstaréttar. Nefndinni er meðal annars ætlað það hlutverk að setja almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara og leysa úr því hvort dómari megi gegna tilteknum störfum af þeim meiði, svo og að gegna samsvarandi hlutverki varðandi heimildir dómara til að eiga hlut í félögum og fyrirtækjum. Einnig er nefndinni ætlað að taka við og leysa úr kvörtunum sem berast frá hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á sinn hlut við rækslu dómstarfa. Lagt er til að nefndin taki til meðferðar sambærilegar kvartanir frá forstöðumönnum dómstóla og dómsmálaráðherra. Þá er miðað við að nefndin hafi með hendi vald til að veita dómara áminningu vegna framferðis hans í starfi eða utan þess sem geti orðið grundvöllur fyrir því að dómsmálaráðherra veiti honum lausn frá embætti um stundarsakir, en um slíka ráðstöfun yrði að leita umsagnar nefndarinnar, sbr. 29. gr. frumvarpsins.

Eftir núgildandi lögum fer dómsmálaráðherra með yfirstjórn og ákvörðunarvald í mörgum þeim málaflokkum sem lagt er til í frumvarpinu að færðir verði í hendur dómstólaráðs eða nefndar um dómarastörf. Þannig hefur ákvörðun um beiðnir um fjárveitingar handa dómstólunum í raun verið í höndum dómsmálaráðherra, þótt forstöðumenn dómstólanna hafi auðvitað beint þangað beiðnum og rökstutt þær eftir þörfum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri breytingu í þessum efnum að dómstólaráð geri tillögu til ráðherra um sameiginlega fjárveitingu handa héraðsdómstólunum og skipti síðan á milli þeirra því fé sem veitt yrði á fjárlögum. Kæmi síðan í hlut dómstólaráðs að bera ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna. Með hliðstæðum hætti er ráðgert í frumvarpinu að dómstólaráði verði falin ýmis málefni, sem snerta innri stjórnsýslu héraðsdómstólanna. Ákvörðunarvald um sambærileg atriði er nú að miklu leyti hjá dómsmálaráðherra, en í einstökum tilvikum hjá forstöðumönnum dómstólanna. Þessar valdheimildir eru í mörgum tilvikum lítt notaðar, en í öðrum er réttarstaðan óljós eða ómarkviss. Þetta á til dæmis við um skipulag og framkvæmd endurmenntunar dómara og setningu reglna um samræmda starfsemi dómstólanna. Þá er dómstólaráði einnig ætlað að annast ýmis mikilvæg verkefni sem ekki er sérstaklega fjallað um í núgildandi lögum. Sem dæmi um þetta má benda á að lagt er til að dómstólaráð fari með vald til að ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við einstaka héraðsdómstóla, hafi margþætt eftirlit með starfsemi dómstólanna og komi fram út á við í þágu þeirra allra í senn. Svipaða sögu má segja um þau viðfangsefni sem falin eru nefnd um dómarastörf með ákvæðum frumvarpsins.

Þótt frumvarpið miði að því samkvæmt framansögðu að færa ákvörðunarvald um ýmis mikilvæg atriði varðandi fjárreiður og innri starfsemi dómstólanna frá dómsmálaráðherra er ljóst að eftir sem áður hefði hann valdið til ákvörðunar um margvísleg atriði ef frumvarpið yrði að lögum. Þannig má nefna að gert er ráð fyrir að ráðherra skipi héraðsdómara, veiti þeim lausn um stundarsakir eða að fullu og öllu, svo og að hann geri tillögur til forseta Íslands um sömu atriði varðandi hæstaréttardómara. Jafnframt er lagt til að ráðherra skipi dómstjóra við héraðsdómstóla. Því hefur verið hreyft í umræðum í sumum nágrannalöndum að skipan sem þessi sé óeðlileg í ljósi þess að dómsmálaráðherra sé jafnframt æðsti yfirmaður lögreglunnar, hafi eftirlit með ákæruvaldi og geti farið með það vald í vissum málum. Geti af þessum sökum farið betur á því að annar ráðherra en dómsmálaráðherra fari með það vald varðandi dóm-

stólana sem hér um ræðir. Við gerð frumvarpsins var ekki talið að tilefni væri til að gera tillögur um breytingar á núverandi skipan að þessu leyti, en slíkur kostur hefur heldur ekki orðið fyrir valinu annars staðar í nágrannalöndum okkar, þar sem umræður sem þessar hafa farið fram. Í því sambandi er meðal annars haft hér í huga að ef frumvarpið verður að lögum yrði sjálfstæði dómstóla aukið til muna, þannig að nægilegt sé með tilliti til atriða sem þessara.

III.

Efni frumvarpsins er skipað í sex kafla. Í þeim fyrsta er mælt fyrir um meginatriði dómstólaskipunarinnar. Í öðrum kafla frumvarpsins eru ákvæði um Hæstarétt, en í þeim þriðja eru reglur um héraðsdómstóla. Í fjórða kafla eru síðan fyrirmæli um réttindi og skyldur dómara sem eiga að taka jöfnum höndum til hæstaréttardómara og héraðsdómara. Í fimmta kafla eru kveðið á um gildistöku, brottfall laga og breytingar á lögum, en í sjötta og síðasta kafla frumvarpsins eru nokkur ákvæði til bráðabirgða.

Til glöggvunar verður nú gerð stuttlega grein fyrir helstu efnisatriðum frumvarpsins, einkum að því er varðar nýmæli sem felast í því.

1. Eins og ráðið verður af I. kafla frumvarpsins er lagt til að dómstig hér verði eins og hingað til tvö, með því að Hæstiréttur sé áfrýjunardómstig en héraðsdómstólar fari með mál á fyrsta stigi. Þá er ráðgert í frumvarpinu að héraðsdómstólar verði áfram átta talsins og að umdæmi þeirra verði óbreytt frá því sem nú er. Í því sambandi er þó til þess að líta að ýmis ákvæði frumvarpsins miða að því að draga úr skilum á milli héraðsdómstóla. Þannig er sem áður segir lagt til að allir héraðsdómstólarnir eigi undir sameiginlega stjórn dómstólaráðs á ýmsum atriðum, svo sem nánar verður gerð grein fyrir hér síðar. Þá er ráðgert að héraðsdómarar verði ekki lengur skipaðir til starfa við tiltekinn dómstól, heldur geti þeir færst á milli dómstóla samkvæmt ákvörðun dómstólaráðs og skipt þannig um starfsvettvang. Ákvæði frumvarpsins stefna þannig að vissu marki að því að gera héraðsdómstólana að einni einingu. Má telja að það hafi margvíslega kosti, þar á meðal að jafna álagi á dómstólana, stuðla að samræmi í framkvæmd við þá og styrkja stöðu minni dómstóla, sem væntanlega yrðu mannaðir af reyndum dómurum fremur en hingað til. Benda má á að yfirliti yfir dómstólaskipanina í I. kafla frumvarpsins lýkur með því að tekið er fram í 3. gr. að auk Hæstaréttar og héraðsdómstólanna séu Félagsdómur og Landsdómur einnig dómstólar. Með þessu eru íslenskir dómstólar tæmandi taldir með sama hætti og leiðir af núgildandi löggjöf.
2. Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar frá núgildandi reglum um skilyrðin sem verður að vera fullnægt til að skipa megi mann í embætti hæstaréttardómara. Helstu breytingarnar felast í ákvæðum 4.–8. tölul. 2. mgr. greinarinnar, svo og 4. mgr. hennar, en nánari greinargerð er um þetta í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins.
3. Í 5. og 6. gr. frumvarpsins eru öllu ítarlegri reglur en í núgildandi lögum um stjórnun Hæstaréttar, þar á meðal um verksvið forseta dómsins, svo og skrifstofustjóra, en verði frumvarpið að lögum kemur það embætti í stað stöðu hæstaréttarritara sem verður þá lögð niður. Forseta dómsins er ætlað að skipa skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun dómenda og á skrifstofustjórinn að stýra daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans. Skilgreining á starfi skrifstofustjóra er nokkuð önnur en á starfi hæstaréttarritara samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk og störf forseta Hæstaréttar, sem ekki lúta beinlínis að meðferð mála fyrir dómi, eru jafnframt skilgreind í 5. gr. frumvarpsins. Þar segir meðal annars að forseti fari með yfirstjórn Hæstaréttar og stýri þeirri starfsemi hans sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi. Þá kemur þar einnig

fram að forseti beri ábyrgð á rekstri Hæstaréttar og fjárreiðum. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í núgildandi löggjöf.

4. Hæstiréttur þarf að taka ýmsar ákvarðanir, sem lúta ekki beinlínis að meðferð einstakra dómsmála. Í núgildandi lögum er ekki að finna skýr ákvæði um hvert sé hlutverk forseta dómsins í þessum efnum eða hvernig dómstóllinn taki að öðru leyti ákvarðanir sínar. Þykir nauðsynlegt að bæta úr þessu, svo sem leitast er við í 5. og 7. gr. frumvarpsins. Kemur þar meðal annars fram sú aðalregla að allir dómarar skuli taka þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum, sbr. 4. mgr. 7. gr. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar gæti þó Hæstiréttur falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi eða endurupptöku máls. Einnig gæti Hæstiréttur falið forseta einum að ráða til lykta ýmsum minni háttar ákvörðunaratriðum. Með þessum reglum er ekki stefnt að verulegum efnisbreytingum miðað við þær starfsreglur sem Hæstiréttur hefur myndað og leiða að öðru leyti af eðli málsins.
5. Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að settar verði skýrar reglur um leyfi hæstaréttardómara frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda. Í þessum nýmælum er aðalreglan sú að dómara verði ekki veitt leyfi, til dæmis vegna náms eða starfs annars staðar, til lengri tíma en tólf mánaða samfleytt. Ráðgert er að við veitingu slíks leyfis verði annað tveggja að setja dómara til tímabundinna starfa eða kveðja varadómara skv. 8. gr. til setu í einstökum málum. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. mætti þó gera undantekningu frá framangreindri reglu ef hæstaréttardómari tæki sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi hjá alþjóðastofnun. Í því tilviki gæti ráðherra veitt dómaranum leyfi í allt að sex ár, en þá væri skylt að auglýsa embættið laust til setningar á leyfistímanum.
6. Í frumvarpinu er lagt til að fjöldi héraðsdómara verði óbreyttur frá því sem nú er, þannig að þeir verði alls 38. Við gerð frumvarpsins hefur ekki komið til svo rækilegrar upplýsingasöfnunar sem þyrfti til að leggja rökstutt mat á það hvort þessi fjöldi dómara sé hæfilegur. Verði frumvarpið að lögum má hins vegar gera ráð fyrir því að dómstólaráð muni fljótlega hefjast handa við að safna upplýsingum um fjölda dómsmála og afgreiðslu þeirra á grundvelli 14. gr. frumvarpsins og geti þá gert tillögur um hvort og þá hvernig aukin skilvirkni og hraði náist við rekstur dómsmála. Þá kæmi einnig í ljós að hvaða marki nýmæli um starfsvettvang héraðsdómara, sem nánar er vikið að í næsta lið hér á eftir, kynnu að leiða til hagræðingar og aukinna afkasta. Með þessu gæti hugsanlega orðið grundvöllur til að fækka héraðsdómurum á síðari stigum að fenginni reynslu af breyttri skipan.
7. Það er nýmæli samkvæmt frumvarpinu að héraðsdómarar verði ekki skipaðir til starfa við ákveðinn dómstól, heldur í embætti héraðsdómara og gætu á grundvelli þeirrar skipunar starfað við hvaða héraðsdómstól sem verða vildi. Þetta er lagt hér til með það í huga að auðveldara yrði að koma við breytingu á starfsvettvangi dómara í styttri eða lengri tíma, en gert er ráð fyrir að slík tilhögun sé til þess fallin að skila aukinni skilvirkni en nú er. Þessi tilhögun ætti auk þess að skila betur samræmdum vinnubrögðum héraðsdómstólanna og verða hvati til að dómendur afli sér aukinnar reynslu og þekkingar. Í frumvarpinu er lögð til sú aðalregla að dómstólaráð ákveði við hvaða héraðsdóm hver og einn dómari skuli eiga fast sæti. Slík ákvörðun gæti verið tekin til tiltekins tímabils eða staðið um óákveðinn tíma. Dómstólaráð gæti hins vegar gert undantekningu frá þessu, þannig að allt að þrír héraðsdómarar ættu ekki fast sæti við tiltekinn dómstól. Slíkir dómarar gætu sinnt störfum við alla héraðsdómstólana eftir því sem þörf krefði og dómstólaráð mundi ákveða. Í 15. gr. frumvarpsins eru sérstakar reglur um rétt eða skyldu héraðsdómara til að skipta um starfsvettvang. Gert er ráð fyrir því að tekið skuli að jafnaði fram við auglýsingu lauss embættis héraðsdómara hver verði fyrsti starfsvettvangur þess sem það

hlýtur. Eftir þetta ætti héraðsdómari rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða mætti eftir að hafa starfað í þrjú ár samfleytt á sama vettvangi. Héraðsdómari yrði hins vegar ekki færður á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum í lengri tíma en sex mánuði samfleytt á hverju tíu ára tímabili ef hann gæti ekki með góðu móti sótt þar vinnu án búferlaflutninga. Ákvæði um skylduflutning dómara við sambærilegar aðstæður eiga sér erlendar fyrirmyndir. Verði frumvarpið að lögum mundi þessi heimild til að flytja dómara tímabundið til annars starfsvettvangs gegn vilja hans þó ekki að gilda um héraðsdómara, sem skipaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, sbr. 39. gr. frumvarpsins. Slíkum dómara yrði ekki gert að skipta um starfsvettvang gegn vilja sínum nema hann gæti sótt vinnu á nýjum vettvangi án búferlaflutninga. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir þeirri undantekningu frá öllum framangreindum takmörkunum á heimildum til að færa héraðsdómara til í starfi gegn vilja hans að hann verði að sæta slíkri tilfærslu sé verið að fækka dómurum varanlega við þann dómstól þar sem hann hefur starfað. Verði frumvarpið að lögum getur reynt á það í ýmsum tilvikum að héraðsdómarar verði eftir ákvörðun dómstólaráðs að taka sæti í dómstólum annars staðar en fastur starfsvettvangur þeirra er í lengri eða skemmri tíma. Það getur til dæmis átt við ef þörf væri á dómara til að starfa að tilteknu dómsmáli við annan héraðsdómstól. Þetta gæti einnig orðið raunin vegna tímabundins álags við tiltekinn dómstól ef dómara vantaði í fjölskipaðan dóm eða vegna vanhæfis eða forfalla reglulegs dómara við dómstólinn. Allir héraðsdómarar yrðu skyldir til að verða við boði dómstólaráðs um að starfa að tilteknu dómsmáli við annan héraðsdómstól og mundi þá ekki skipta máli hvenær þeir hafa verið skipaðir í dómaraembætti.

8. Sem fyrr greinir er lagt til það nýmæli með frumvarpinu að sett verði á stofn dómstólaráð þar sem þrír menn ættu sæti, þar af tveir héraðsdómarar, sbr. 13. gr. Þessari reglu um skipan dómstólaráðs er ætlað að tryggja að meiri hluti þess verði ávallt skipaður úr röðum héraðsdómaranna sjálfra. Samkvæmt frumvarpinu yrði dómstólaráð sjálfstæð stofnun, sem lyti hvorki boðvaldi ráðherra né annarra. Hlutverk þess yrði sem áður segir að fara með fjárreiður héraðsdómstólanna og taka ákvarðanir um ýmis önnur málefni sem varða innri málefni dómstólanna. Viðfangsefni dómstólaráðs eru að þó nokkru leyti talin upp í 14. gr., en auk þess er mælt fyrir um frekari viðfangsefni ráðsins í öðrum ákvæðum frumvarpsins. Eins og áður segir miðar hugmyndin um sérstaka óháða stofnun, sem falið yrði að taka ákvarðanir um fjárreiður og ýmis innri málefni héraðsdómstólanna, að því að styrkja stöðu þeirra. Í stjórnskipun ríkisins er gert ráð fyrir sjálfstæðum og óháðum dómstólum og verður sjálfstæði þeirra og hlutleysi að vera hafið yfir allan vafa. Er því ekki nægjanlegt að sjálfstæðið og hlutleysið sé tryggt í reynd, heldur verður það einnig að vera sýnilegt hverjum sem er. Ekki verður talið að það sé fallið til að skapa traust á dómstólum ef pólitískur ráðherra getur tekið lokaákvarðanir um ýmislegt sem snertir innri málefni þeirra. Sjálfstætt dómstólaráð, sem yrði skipað og hefði með höndum verkefni eins og lagt er til í frumvarpinu, ætti hins vegar vafalaust að styrkja þá ímynd að dómstólar standi sterkt gagnvart öðrum þáttum ríkisvaldsins. Hugmyndin um sjálfstæða stofnun, sem fari með líkt hlutverk og dómstólaráði er ætlað í frumvarpinu, hefur verið uppi víða erlendis á síðustu árum, þar á meðal annars staðar á Norðurlöndunum, og er henni þar ætlað að þjóna sama tilgangi og vikið hefur verið að hér. Þess skal að lokum getið að þau störf, sem lagt er til í frumvarpinu að dómstólaráði verði falin, hafa til þessa að sumu leyti átt undir dómsmálaráðuneytið eða forstöðumenn einstakra dómstóla. Að öðru leyti er hér um að ræða störf, sem ekki hefur áður verið sinnt, til dæmis gerð ársskýrslna um starfsemi héraðsdómstóla og að koma fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu dómstólanna allra í senn.

9. Dómarafulltrúar hafa um langa hríð starfað við flesta héraðsdómstóla landsins. Réttarstaða þeirra var áður fyrr ekki eins trygg og skipaðra dómenda, enda var meðal annars unnt að segja þeim upp störfum. Dómarafulltrúar hafa framkvæmt dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns viðkomandi héraðsdómstóls, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989. Löng venja var fyrir því að dómarafulltrúar færu með og dæmdu í hvers kyns dómsmálum, bæði einkamálum og sakamálum. Á þessu varð breyting eftir dóm Hæstaréttar frá 18. maí 1995 þar sem talið var að meðferð dómarafulltrúa á mikilvægum dómsmálum væri brot á ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu. Í kjölfar þessa dóms var 6. gr. laga nr. 92/1989 breytt með lögum nr. 80/1995 á þann veg að dómarafulltrúar mættu ekki fara með og leysa úr deiluefni í einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi. Einnig var girt þar fyrir að dómarafulltrúar mættu fara með opinber mál frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Með sömu lögum var 8. gr. laga nr. 92/1989 hins vegar breytt þannig að réttarstaða dómarafulltrúa var bætt að nokkru leyti. Þessar reglur eru nú í gildi. Við mótun nýrrar löggjafar um þetta efni þykir rétt að rifja upp að bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi er það skilyrðislaus krafa að dómstólar sem stofnanir og dómendur sem persónur skuli njóta sjálfstæðis. Dómarar eiga þannig að vera sjálfstæðir í starfi sínu og njóta enn fremur öryggis í starfi. Þessu til viðbótar verða dómstólar að vera þannig að skipan að ekki sé unnt að draga í efa sjálfstæði þeirra út frá fyrrgreindum sjónarmiðum. Sjálfsagt er unnt að styrkja réttarstöðu dómarafulltrúa enn frekar en nú er og notast þannig við núgildandi kerfi áfram. Þetta þykir hins vegar ekki heppileg leið vegna fyrrgreindra röksemda og þróun hugmynda um aukið réttaröryggi. Í frumvarpinu er því ráðgert að staða dómarafulltrúa verði alveg lögð niður í núverandi mynd, en um réttarstöðu þeirra sem gegna slíku starfi við gildistöku laganna ef frumvarpið nær fram að ganga eru lagðar til sérstakar reglur í 41. gr. Í stað dómarafulltrúa er lagt til að tekin verði upp störf löglærðra aðstoðarmanna héraðsdómara. Um starfssvið slíkra aðstoðarmanna eru ekki nánari ákvæði í frumvarpinu, en svo sem starfsheitið bendir til er ætlunin að þeir verði héraðsdómurum til aðstoðar og geti þannig innt af hendi ýmis verk við undirbúning og framkvæmd þinghalda og meðferð einstakra mála. Dómstólaráð og héraðsdómstólarnir hefðu þannig svigrúm til að móta stefnuna í þessum efnum.
10. Í núgildandi lögum er ekki að finna efnisákvæði um hvernig málum fyrir héraðsdómi skuli úthlutað til einstakra dómenda eða deilda innan dómsins. Í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989 segir þó að dómstjórar við héraðsdómstóla úthluti dómurum málum til meðferðar. Miklu skiptir að reglur um úthlutun dómsmála leiði til þess að tilviljun ráði því að jafnaði hvaða dómari fari með tiltekið mál. Alveg er ljóst að aðilar máls eða aðrir utanaðkomandi eigi ekki að geta haft áhrif á þetta, enda gæti slík skipan ekki samrýmst skoðunum um sjálfstæða og óháða dómstóla. Þá þarf einnig að hafa í huga að úthluta verður málum með þeim hætti að gætt sé jafnræðis og fyllstu sanngirni á milli einstakra dómenda eða deilda þeirra. Á hinum Norðurlöndunum eru ekki mjög strangar reglur um úthlutun dómsmála. Dómsforseti hefur þar víðast hvar talsverð völd til að meta hvernig úthlutun verði best við komið, enda gæti hann ávallt fyrrgreindra meginsjónarmiða. Í Þýskalandi eru hins vegar mjög strangar og ítarlegar reglur um úthlutun mála, en með þeim á að tryggja að einber tilviljun ráði hvaða dómari fái mál til meðferðar. Í 18. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um efnisreglu um úthlutun mála þar sem byggt er á áðurnefndum meginsjónarmiðum án þess að ganga svo langt sem síðast var hér getið um erlendan rétt. Samkvæmt frumvarpinu er dómstólaráði þó ætlað að setja nánari leiðbeiningarreglur um þetta efni. Í ákvæðinu eru jafnframt reglur um heimild dómara til að biðjast undan úthlutun máls með ákveðnum skilyrðum, svo og um heimild til að draga aftur úthlutun án beiðni viðkomandi

dómara. Einnig má vekja athygli á því að ráðgert er að bera megi ágreining á milli dómara og dómstjóra um úthlutun undir dómstólaráð. Nauðsynlegt er að hafa reglur um þetta til þess að náð verði þeim megintilgangi, sem stefnt er að með reglum um úthlutun dómsmála, að hún verði bæði hlutlæg og réttlát.

11. Um skipun og störf dómstjóra við héraðsdómstóla er nú fjallað í 4. og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989. Þar segir meðal annars að dómstjórar hafi með höndum yfirstjórn héraðsdómstóla og beri ábyrgð á henni. Þeir fari hver um sig með fyrirsvar héraðsdómstólsins út á við. Þeir úthluti einnig dómsmálum til héraðsdómara og skipi þeim í deildir ef dómstóllinn er deildarskiptur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að starfssvið dómstjóra breytist nokkuð frá því sem nú er. Eiga sum störf þeirra að færast til dómstólaráðs, til dæmis þau sem lúta að gerð tillagna um fjárveitingar og yfirumsjón með fjárreiðum viðkomandi dómstóls. Svipað má eflaust segja um ýmis önnur störf, til dæmis að safna upplýsingum um afgreiðslu dómsmála og setja reglur um viðveruskyldu héraðsdómara á vinnustað. Önnur störf yrðu hins vegar eftir hjá dómstjórum og er í sumum tilvikum kveðið skýrar á um þau. Þá verða einnig til samkvæmt frumvarpinu ný störf, sem dómstjórum bæri að inna af hendi. Hér má sem dæmi nefna öll samskipti við dómstólaráð, svo og önnur þau störf sem dómstólaráð kynni að fela dómstjórum sérstaklega. Sérstök ákvæði um störf dómstjóra eru einkum í 5. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Þau ákvæði eru að ýmsu leyti ítarlegri en núgildandi reglur og miða að því að gera sem skýrust valdmörk dómstjóra annars vegar og dómstólaráðs hins vegar. Í umræddri málsgrein kemur meðal annars fram að dómstjórar hafi með höndum stjórn héraðsdómstóla, beri ábyrgð á starfsemi þeirra og komi fram út á við fyrir hönd þeirra. Dómstjórum er þar ætlað að skipta verkum á milli dómara og annarra starfsmanna, þeim er heimilað að skipa dómurum í deildir og þeim ber að úthluta málum til dómara eða deilda þeirra. Þá er dómstjórum falið að ráða aðra starfsmenn við dómstólana en héraðsdómara og slíta ráðningu þeirra. Þeim ber einnig að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim. Dómstjórar eiga jafnframt að bera ábyrgð á fé, sem dómstólaráð leggur dómstólunum í hendur, og annast samskipti við dómstólaráð um þau efni sem undir það heyra. Þá verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir því að dómstjórar fari með dómsmál og leysi úr þeim eins og aðrir dómendur, eftir því sem önnur störf þeirra leyfa.

12. Í 20. gr. frumvarpsins eru lagðar til skýrari reglur en nú gilda um leyfi héraðsdómara frá störfum. Gert er ráð fyrir þeirri aðalreglu að héraðsdómara verði ekki veitt lengra leyfi frá störfum samfleytt en í tólf mánuði nema vegna veikinda. Heimild væri þó til að veita undanþágu til leyfis í lengri tíma, mest til tólf mánaða í senn, ef dómari leitaði eftir því til náms. Slíka undanþágu mundi dómstólaráð veita, enda bæri það ábyrgð á fjárreiðum viðkomandi dómstóls. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að alls ekki er víst að til setningar dómara kæmi í tilefni af leyfisveitingu, sbr. 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Þvert á móti gæti verið að þeir dómarar, sem fyrir eru, gætu annað auknu álagi eða dómstólaráð mundi beita heimildum sínum til að skipa fyrir um tímabundinn flutning héraðsdómara á milli dómstóla til að jafna það aukna álag sem kynni að leiða af leyfi annars dómara. Þá er í 20. gr. gert ráð fyrir að sams konar heimild gildi og um hæstaréttardómara til að veita héraðsdómara leyfi til allt að sex ára til að taka við starfi við alþjóðlegan dómstól eða alþjóðastofnun. Fyrirmælin í 20. gr. frumvarpsins um leyfisveitingar handa héraðsdómurum eru mun rýmri en ákvæði 9. gr. um hæstaréttardómara. Er þannig einkum leitast við að örva yngri héraðsdómara til frekari menntunar eða endurmenntunar.

13. Í IV. kafla frumvarpsins eru lagðar til öllu ítarlegri reglur um einstök atriði varðandi réttindi og skyldur dómara en eru í núgildandi sérlögum um þá. Um ýmis ákvæði kaflans af

þeim meiði verður þó sagt að samsvarandi reglur hafi gilt til þessa um dómara, ýmist með ályktun af öðrum lögum, svo sem stjórnarskránni eða almennum lögum um starfsmenn ríkisins, vegna eðli máls eða sem óskráðar meginreglur. Tilgangurinn með því að taka reglurnar upp í frumvarpinu er einkum sá að gefa gleggri heildarmynd af stöðu dómara, svo og að komast sem mest hjá óvissu um það að hvaða marki almennar reglur um starfsmenn ríkisins, sem taka einkum mið af stöðu starfsmanna á sviði framkvæmdarvaldsins, geti gilt um dómara.

14. Í frumvarpinu felst sem áður segir það nýmæli að komið verði á fót sérstakri og óháðri nefnd sem hefði tiltekið valdsvið varðandi skyldur dómenda. Gagnstætt því sem lagt er til um dómstólaráð tæki valdsvið þessarar nefndar bæði til hæstaréttardómara og héraðsdómara. Nefndinni er ætlað að vera algerlega óháð í störfum sínum og að vera æðsta stjórnvald í þeim málum sem henni eru falin. Samkvæmt frumvarpinu yrðu störf nefndar um dómarastörf einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi kæmi í hlut hennar að setja almennar reglur um aukastörf dómara og heimildir þeirra til að eiga hlut í félögum og fyrirtækjum, svo og að leysa úr um heimildir dómara í þeim efnum í einstökum tilvikum. Í öðru lagi tæki nefndin við kvörtunum vegna starfa dómara, en með því væri almenningi gefinn kostur á að fá leyst úr slíku. Í þriðja lagi gæti forstöðumaður dómstóls eða dómsmálaráðherra sent nefndinni erindi vegna ætlaðra ávirðinga dómara, en af slíku tilefni gæti nefndin veitt dómara áminningu. Þá kæmi einnig í hlut nefndarinnar að gefa umsögn um ávirðingar á hendur dómara áður en honum yrði veitt lausn frá embætti um stundarsakir. Í núgildandi lögum er ekki að finna sambærileg ákvæði. Sá sem telur dómara hafa brotið á rétti sínum getur kvartað um það til forstöðumanns dómstóls eða dómsmálaráðherra, en það fer eftir viðbrögðum viðkomandi hvort eitthvað frekar verður aðhafst í máli. Einnig er í vissum tilvikum unnt að bera ágreining af þessu tagi undir Hæstarétt ef kvörtun varðar starf héraðsdómara, sbr. 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Getur Hæstiréttur þá veitt dómara áminningu eða gert honum sekt. Þá er að finna í 8. gr. laga nr. 92/1989 ákvæði um áminningu á hendur héraðsdómara. Áminninguna getur forstöðumaður dómstóls veitt þegar hún beinist að dómara eða dómarafulltrúa, en forseti Hæstaréttar ef forstöðumaður héraðsdómstóls á í hlut. Þessi ákvæði eru ómarkviss og hafa ekki þótt gefa góða raun í framkvæmd. Að því er varðar aukastörf dómara og eignarhald þeirra að hlutum í félögum og fyrirtækjum eru reglur allar óljósar í gildandi rétti. Tilgangur ákvæða frumvarpsins um sérstaka nefnd um dómarastörf er enn og aftur að styrkja stöðu dómstólanna sem sjálfstæðra og óháðra stofnana, jafnt inn á við sem út á við. Nefnd af því tagi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, á sér fyrirmyndir í ýmsum nágrannaríkjum okkar. Augljóst er að gagnsæjar reglur um aukastörf dómara og eignaraðild þeirra að félögum og fyrirtækjum eru fallnar til að ná fyrrnefndu markmiði. Á það enn frekar við um kæruheimild almennings, sem telur dómara hafa gert á sinn hlut. Loks auðveldar aðgangur forstöðumanna dómstóla og dómsmálaráðherra að nefndinni eftirlit með dómurum.

15. Núgildandi reglur um brottvikningu dómara er einkum að finna í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989. Með frumvarpinu er ekki stefnt að stórfelldum breytingum í þessu efni, en leitast er við að gera reglurnar skýrari og ítarlegri. Í 29. gr. frumvarpsins er ráðgert að dómara verði veitt lausn frá embætti um stundarsakir í þrenns konar tilvikum. Í fyrsta lagi ef dómari hefur sætt áminningu, sem nefnd um dómarstörf veitir, en lagar sig ekki að henni eða gerist sekur um nýjar ávirðingar innan þriggja ára. Í öðru lagi ef dómari missir almenn dómaraskilyrði, en í því sambandi má vekja athygli á að í 5. tölul. 2. mgr. 4. gr. og 5. tölul. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er meðal annars sett það almenna hæfisskilyrði

að dómari megi ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem dómarar verði almennt að njóta. Í þriðja lagi ef opinber rannsókn beinist að dómara eða opinbert mál er höfðað á hendur honum og áfellisdómur um sakirnar, sem beinast að honum, yrði til þess að hann missti almenn dómaraskilyrði. Í öllum þessum tilvikum yrði dómsmálaráðherra að afla skriflegrar umsagnar nefndar um dómarastörf áður en lausn um stundarsakir yrði veitt. Samkvæmt frumvarpinu er aðalreglan sú að lausn dómara frá embætti um stundarsakir yrði að fylgja eftir með dómsmáli, sem dómsmálaráðherra höfðar á hendur honum þar sem krafist yrði að honum yrði vikið úr embætti. Hér er um að ræða sambærilega reglu og nú gildir. Nýmæli eru hins vegar í frumvarpinu um að málið verði að höfða innan tveggja mánaða frá því að lausn var veitt um stundarsakir, en annars falli lausnin niður. Frá þessu er þó gert ráð fyrir undantekningu vegna tilvika þar sem dómara væri veitt lausn um stundarsakir vegna opinberrar rannsóknar eða höfðunar opinbers máls, svo sem nánar er vikið að í athugasemdum við 29. gr. Ástæðan fyrir þessu er sú að ekki þykir fært að láta dómara gegna störfum sínum á meðan opinber rannsókn á alvarlegum sakargiftum stendur yfir eða rekstur opinbers máls á hendur honum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein frumvarpsins er upphafsákvæði I. kafla þess þar sem tekið er saman eins konar yfirlit yfir dómstólaskipanina hér á landi. Í 1. gr. er mælt fyrir um Hæstarétt, en í 2. gr. um héraðsdómstóla. Loks er í 3. gr. mælt fyrir um aðra dómstóla, Félagsdóm og Landsdóm sem eru sérdómstólar. Með þessu eru tæmandi taldar þær stofnanir ríkisins sem teljast dómstólar í lagalegri merkingu.

Af ákvæðum I. kafla má ráða að lagt er til grundvallar í frumvarpinu að ekki verði gerð breyting á þeirri skipan að dómstig hér á landi séu tvö eða á þeirri stefnu, sem var fylgt við endurskoðun dómstólaskipunarinnar í tengslum við setningu laga nr. 92/1989, að sérdómstólar skyldu heyra til algerra undantekninga. Varðandi fjölda dómstiga má rifja upp að á árum áður var oft hreyft hugmyndum um að koma á fót þriðja dómstigi, sem stæði á milli héraðsdómstólanna og Hæstaréttar, og var meðal annars flutt á Alþingi á árunum kringum 1980 frumvarp til laga um lögréttu, sem miðaði að þessu. Öðrum þræði beindust slíkar hugmyndir að því að koma fram aðskilnaði á milli dómsvalds og framkvæmdarvalds, en einnig var því stundum haldið fram að þriðja dómstigið yrði eina raunhæfa leiðin til að létta álagi af Hæstarétti og draga úr óhæfilegum biðtíma mála þar. Sem kunnugt er var skilið á milli umræddra greina ríkisvaldsins með þeirri skipan sem komið var á með lögum nr. 92/1989, án þess að komið væri á millidómstigi. Sú skipan hefur ekki sætt teljandi gagnrýni, svo séð verði. Þá hafa breytingar, sem voru gerðar 1994 á reglum um meðferð mála fyrir Hæstarétti og að nokkru á reglum um skipan réttarins, orðið til þess að stytta þar biðtíma mála svo verulega að nú verður vel við unað, enda tekur líklega hvergi orðið í nágrannalöndunum okkar skemmri tími að ljúka málum á áfrýjunardómstigi en hér á landi. Hafa hugmyndir um þriðja dómstig því lítið sem ekkert komið til tals í tengslum við gerð þessa frumvarps, en slík tilhögun yrði til að auka mjög kostnað af dómstólakerfinu og er hætt við að hún yrði einnig til tafa við að koma fram málalokum. Meðal annars mundu sömu ókostir fylgja því að setja á fót sérdómstóla til að fara með tilteknar tegundir mála.

Ákvæði 1. gr. svara til fyrirmæla í 1. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ekki verður séð að þessi grein þarfnist sérstakra skýringa.

Um 2. gr.

Samkvæmt upphafsorðum 1. mgr. 2. gr. miðar frumvarpið að því að héraðsdómstólar á landinu verði átta og er það óbreytt skipan frá því sem nú gildir, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Við undirbúning frumvarpsins voru kannaðir ýmsir kostir varðandi sameiningu héraðsdómstóla en hugmyndir í þeim efnum snerust um allt frá því að fækka dómstólum um einn með sameiningu dómstólanna tveggja á Norðurlandi og til þess að sameina alla héraðsdómstóla í einn, en mæla fyrir um fastar starfsstöðvar slíks dómstóls á nokkrum fjölda staða um land allt. Mjög skiptar skoðanir voru um þetta efni meðal starfandi dómara og annarra sem létu í ljós álit á þessu. Var því horfið að því ráði að leggja til að fjöldi héraðsdómstóla yrði óbreyttur. Því til mótvægis eru á hinn bóginn tillögur í frumvarpinu sem miða að því að ná fram einhverjum af þeim kostum sem hefðu getað fylgt sameiningu héraðsdómstólanna, hvort heldur í einn eða fleiri. Þannig er meðal annars lagt til að skipun héraðsdómara verði ekki bundin við ákveðinn dómstól heldur geti þeir flust á milli dómstóla, hvort sem er til fastra starfa um lengri eða skemmri tíma eða til að fara með eitt dómsmál, sbr. einkum 15. gr. frumvarpsins. Þá er ráðgert að dómstólaráð gegni ákveðnu hlutverki varðandi stjórnun og samræmingu sem tæki til allra héraðsdómstóla, sbr. einkum 14. gr., en um þetta vísast nánar til þess sem segir hér að framan í almennum athugasemdum, svo og til athugasemda við þá grein.

Umdæmi héraðsdómstólanna eru afmörkuð í átta töluliðum 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þar er miðað við að mörkin á milli umdæmanna verði óbreytt frá því sem nú gildir en umdæmin yrðu þar með þau sömu og kjördæmin við Alþingiskosningar, ef frá eru talin mörkin á milli héraðsdómstólanna í Reykjavík og á Reykjanesi. Nokkuð önnur leið er hins vegar farin í frumvarpinu við afmörkun á umdæmunum en í gildandi lögum, því hér er lagt til að umdæmi hvers dómstóls verði ákveðið með upptalningu þeirra sveitarfélaga, sem undir hann heyra, í stað þess að miða við landfræðileg mörk, sem að mestu taka mið af sýslum, svo sem nú er gert í 2. gr. laga nr. 92/1989. Tillagan um þetta á einkum rætur að rekja til þess að eftir breytingar á síðasta áratug á skipan sveitarstjórnarmála eru sýslur ekki lengur til sem lagalega skilgreind landsvæði. Verður því ekki útilokað að skírskotun til sýslumarka geti leitt til óvissu að ýmsu leyti. Upptalning sveitarfélaganna í 1. mgr. 2. gr. er óneitanlega nokkuð fyrirferðarmikil, auk þess að sá ókostur fylgir þessari tilhögun að breytingar yrði að gera á ákvæðinu vegna sameiningar sveitarfélaga eða breytinga á heitum þeirra. Við síðarnefnda atriðinu er þó að nokkru séð með ákvæðum 42. gr. frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um hvernig farið verði að undir þeim kringumstæðum, sem hér um ræðir.

Í einstökum töluliðum við 1. mgr. 2. gr. kemur fram hvar héraðsdómstólarnir eiga hver um sig að hafa aðsetur. Í þeim efnum eru ekki lagðar til breytingar frá núgildandi reglum í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 92/1989.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um nýmæli varðandi skiptingu umdæma héraðsdómstólanna í þinghár. Í núgildandi reglu um þetta efni í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989 er dómsmálaráðherra heimilað að skipta dómumdæmum í tvær eða fleiri þinghár með fyrirmælum í reglugerð. Það hefur verið gert með reglugerð nr. 58/1992. Samkvæmt henni er dómumdæmum utan Reykjavíkur skipt í þinghár, sem í meginatriðum eru þau sömu og stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Í reglugerðinni er jafnframt mælt fyrir um regluleg dómþing í hverri þinghá. Þessi skipan hefur ekki þótt gefa góða raun því í sumum þinghám eru sárafá dómsmál ár hvert en umtalsverður kostnaður hefur fylgt ferðum héraðsdómara á milli þingháa til að halda regluleg dómþing, þar sem jafnvel engin mál koma upp. Er af þessum sökum lagt til í 2. mgr. 2. gr. að aðalreglan verði sú að hvert dómumdæmi verði ein þinghá, en dómsmálaráðherra megi víkja frá því með reglugerð að fengnum meðmælum viðkomandi dómstóls

og dómstólaráðs. Að því leyti sem dómumdæmum yrði ekki skipt í fleiri en eina þinghá samkvæmt þessari heimild, yrðu regluleg dómþing ekki háð nema á aðsetursstað hvers dómstóls, sbr. 22. gr. Þetta mundi þó ekki breyta því að dómþing mætti heyja annars staðar en á aðsetursstað dómstóls, svo sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr.

Um 3. gr.

Í þessari grein er svo sem áður er getið lokið upptalningu í I. kafla frumvarpsins á dómstólum hér á landi með því að nefndir eru Félagsdómur og Landsdómur, sem nú eru einu sérdómstólarnir. Sérdómstólum hefur fækkað hér mjög frá því sem áður var en í því sambandi má benda á að á þessum áratug hafa horfið af sjónarsviðinu Siglingadómur, Kirkjudómur og Synódalréttur, auk þess að dómsvald stjórnar Lögmannafélags Íslands á afmörkuðu sviði hefur verið afnumið. Sé litið aftar í tímann hafa enn fleiri sérdómstólar verið lagðir niður, svo sem sjó- og verslunardómur á árinu 1981. Hefur þróunin í íslenskri dómstólaskipan að þessu leyti verið í samræmi við þróunina í flestum nágrannalöndum sem hefur miðað að því að sem flest mál sæti meðferð fyrir almennum dómstólum.

Í 3. gr. eru engar efnisreglur um þá tvo sérdómstóla sem þar er getið um enda er markmið ákvæðisins líkt og 9. gr. laga nr. 92/1989 að taka af skarið um hvaða stofnanir verði í lagalegu tilliti taldar til dómstóla. Í síðari málsl. 3. gr. segir að um dómstólana tvo gildi ákvæði í öðrum lögum, en um Félagsdóm eru fyrirmæli í lögum nr. 80/1938 og nr. 94/1986, en um Landsdóm í lögum nr. 3/1963.

Um 4. gr.

Þessi grein er upphafsákvæði II. kafla frumvarpsins sem fjallar um Hæstarétt Íslands. Þessum kafla er ætlað að koma í stað þeirra fyrirmæla sem standa orðið eftir í lögum um Hæstarétt, nr. 75/1973, en öll ákvæði þeirra laga um meðferð mála fyrir þeim dómi, sem stóðu upphaflega í II. til VI. kafla þeirra, voru færð með lögum nr. 91/1991 og nr. 38/1994 inn í almenna löggjöf um meðferð einkamála. Ákvæði I. kafla laga nr. 75/1973 hafa í ýmsum atriðum sætt endurskoðun á liðnum árum, einkum með lögum nr. 91/1991 og nr. 39/1994, og þykir því ekki þörf neinna teljandi breytinga á þeim. Er því efni II. kafla frumvarpsins að miklu leyti á sama veg og I. kafla laga nr. 75/1973, en því er þó skipað hér með nokkuð öðrum hætti.

Í 4. gr. frumvarpsins eru ákvæði um skipun hæstaréttardómara, þar á meðal um skilyrði sem fullnægja þarf til að hljóta það embætti. Kemur þessi grein þannig í stað 1. mgr. 2. gr. og 5. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. eiga níu dómarar að eiga sæti í Hæstarétti, en þetta er sami fjöldi dómara og eftir núgildandi reglu í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1973, svo sem henni var síðast breytt með lögum nr. 39/1994. Þá er tekið fram í þessu ákvæði frumvarpsins að hæstaréttardómarar skuli skipaðir í embætti ótímabundið af forseta Íslands. Að þessu leyti er ákvæðið á sama veg og núverandi regla í síðari málslið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1973 eins og henni var breytt með 17. gr. laga nr. 83/1997.

Í 2. mgr. 4. gr. eru talin upp helstu almennu skilyrðin sem umsækjandi um embætti hæstaréttardómara yrði að fullnægja til að geta hlotið skipun í það, en núgildandi fyrirmæli um sama efni eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973. Með þessu ákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri breytingu að umrædd skilyrði verði þar talin í heild sinni, en í núgildandi reglu er á hinn bóginn áskilið annars vegar að umsækjandi verði að fullnægja almennu skilyrðunum til að geta orðið héraðsdómari, sem sett eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989, og hins vegar að umsækjandi fullnægi þremur tilgreindum skilyrðum til viðbótar. Efnislega felur 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins í sér tillögu um nokkrar breytingar frá umræddum núgildandi reglum. Af þeim

skal í fyrsta lagi bent á að samkvæmt 1. tölul. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að lágmarksaldur hæstaréttardómara verði 35 ár í stað 30 ára eftir núverandi reglu. Í öðru lagi yrði þess krafist samkvæmt 4. tölul. ákvæðisins að umsækjandi um embætti hæstaréttardómara mætti aldrei hafa misst forræði á búi sínu, eða með öðrum orðum að bú hans hafi aldrei verið tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989, sem gildir um hæstaréttardómara að þessu leyti, er þess hins vegar aðeins krafist að dómaraefni hafi forræði á búi sínu, eða með öðrum orðum að bú hans sé ekki undir gjaldþrotaskiptum á þeim tíma sem embætti er veitt. Þessi breyting þykir eðlileg í ljósi þeirra krafna sem gera verður til þeirra sem gegna þessu embætti. Í þriðja lagi er í 5. tölul. ákvæðisins gerð krafa um að umsækjandi megi ekki hafa gerst sekur um refsivert athæfi sem megi telja svívirðilegt að almenningsáliti eða sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem dómarar verði almennt að njóta. Þessum fyrirmælum er ætlað að koma í stað þess skilyrðis í 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989 að umsækjandi um dómaraembætti verði að hafa óflekkað mannorð. Með tillögunni, sem hér er gerð um breytingu, er litið til þess að áskilnaður um óflekkað mannorð hefur reynst mjög vandmeðfarið í framkvæmd, enda er inntak þess hugtaks nokkuð á reiki. Í því sambandi hefur þó einkum verið leitað skýringa með því að líta til skilgreiningar á hugtakinu í 3. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis. Kröfurnar, sem felast í þeirri skilgreiningu, eru of vægar til að geta orðið skilyrði fyrir veitingu dómaraembættis. Má í því sambandi vísa til þess að samkvæmt 8. gr. laga nr. 92/1989 getur það eitt nægt til að dómara verði vikið úr embætti að hann hafi rýrt svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna því. Skýtur skökku við ef vægari kröfur væru gerðar við veitingu embættis en til að víkja mætti dómara úr því. Af þessum sökum er með umræddu ákvæði frumvarpsins leitast við gera skilyrði af þessum meiði fyrir veitingu dómaraembættis markvissara þótt inntak þess sé vissulega matskennt. Í fjórða lagi felst í 6. tölul. ákvæðisins tillaga um að afnema áskilnað, sem nú er í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, um að dómari við Hæstarétt verði að hafa lokið lögfræðiprófi með fyrstu einkunn. Að baki þessari tillögu býr meðal annars að erlent próf í lögfræði verður metið jafngilt íslensku prófi sem hæfisskilyrði til að hljóta dómaraembætti samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 133/1993 í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Erlend lagapróf eru byggð upp með mjög mismunandi hætti. Af þeim sökum verður áskilnaður um tiltekinn námsárangur, sem tekur eingöngu mið af íslensku menntakerfi, ómarkviss. Í fimmta lagi er í 7. tölul. ákvæðisins gert ráð fyrir því að rýmka nokkuð reglur um hvers konar starfsreynslu dómaraefni við Hæstarétt þurfi að hafa öðlast til að fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embætti. Í 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, sem nú gildir um þetta efni, er áskilið að dómari þurfi að hafa um minnst þriggja ára skeið gegnt einhverjum af þeim störfum sem þar eru talin upp. Tæmandi upptalning af þessu tagi þykir óheppileg með tilliti til þess að hún kann að útiloka umsækjendur sem hafa haldgóða starfsreynslu, en þó ekki af einhverjum þeim sviðum sem þar eru greind. Er því lagt til í niðurlagi 7. tölul. að bætt verði við þá upptalningu sem nú er í lögum að skilyrðum um starfsreynslu verði fullnægt með öðru líku starfi sem veiti hliðstæða lögfræðilega starfsreynslu við þau störf sem upp eru talin. Loks eru í sjötta lagi lögð til nýmæli í 8. tölul. ákvæðisins þar sem gert er ráð fyrir því skilyrði fyrir skipun í dómaraembætti við Hæstarétt að viðkomandi teljist hæfur til að gegna því í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar. Skilyrði sem þetta kemur ekki fram í núgildandi lögum þótt ganga verði út frá því að það hafi gilt eðli málsins samkvæmt. Lagt er til að þetta atriði verði tekið upp í talningu hæfisskilyrða, en það er gert með hliðsjón af þeim nýmælum í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins sem vikið er að hér á eftir.

Í 3. mgr. 4. gr. er tekið upp ákvæði sama efnis og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973 þar sem girt er fyrir að hjón eða skyldir menn eða mægðir innan ákveðinna marka geti samtímis átt dómarasæti í Hæstarétti. Orðalagi er hér lítillega breytt frá eldri reglu, en þær breytingar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973 ber dómsmálaráðherra að leita umsagnar Hæstaréttar um umsækjendur um dómaraembætti áður en það verður veitt. Hvorki er þar tilgreint nánar að hverju umsögnin á að lúta né mælt sérstaklega fyrir um gildi hennar eða áhrif. Í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði um umsögn af þessum toga verði mun ítarlegra. Er þannig tekið fram að umsögn Hæstaréttar, sem aflað yrði um umsækjendur um dómaraembætti, eigi að fela í sér mat á hæfi og hæfni umsækjenda til að gegna því. Enn fremur er lagt til að útilokað verði að skipa umsækjanda í dómaraembætti ef Hæstiréttur lætur það álit í ljós að hann fullnægi ekki hæfisskilyrðum samkvæmt 5. eða 8. tölul. 2. mgr. 4. gr., en þau skilyrði varða sem fyrr greinir mannorð umsækjandans og hæfni til að gegna starfinu. Með þessu síðastgreinda ákvæði yrði Hæstarétti falið vald til að útiloka að umsækjanda verði veitt þar dómaraembætti, en ástæða er til að árétta að þetta gæti því aðeins gerst að brestur væri á hæfi umsækjandans í þeim atriðum sem áður er getið. Verður að ætla að farið yrði með þetta vald af varfærni.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um forseta og varaforseta Hæstaréttar, svo og staðgengil forseta ef hvorugs þeirra nýtur við, ásamt fyrirmælum um starfssvið forsetans. Þessi ákvæði eru samsvarandi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1973, en þó mun ítarlegri og taka að því leyti að mestu mið af núverandi framkvæmd.

Í 1. mgr. 5. gr. eru reglur um kjör forseta og varaforseta Hæstaréttar. Þar er með sama hætti og í fyrrnefndu ákvæði í núgildandi lögum miðað við að dómarar Hæstaréttar kjósi þá úr sínum röðum og verði kjörtíminn tvö ár. Líkt og í gildandi lögum er tekið fram í 2. málslið þessarar málsgreinar að varaforseti gegni störfum forseta ef hann hefur forföll eða er fjarstaddur, en þar á meðal getur komið til þess að varaforseti gegni störfum forseta vegna vanhæfis þess síðarnefnda til að fást við tiltekið verk. Í 3. málsl. eru nýmæli um hvernig eigi að bregðast við ef forseti eða varaforseti lætur af því starfi eða dómaraembætti áður en kjörtíma er lokið. Lagt er til að annar dómari verði þá kjörinn forseti eða varaforseti til loka kjörtíma þess sem hverfur frá starfi. Í lokamálslið þessarar málsgreinar er síðan mælt fyrir um að tilkynna eigi kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði, en engin ákvæði eru um þetta í gildandi lögum.

Í núgildandi lögum eru ekki heildstæð fyrirmæli um störf forseta Hæstaréttar á öðrum sviðum en við meðferð dómsmála. Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til almennar reglur um slík störf. Kemur þar meðal annars fram að forseti fari með yfirstjórn Hæstaréttar og stýri starfsemi dómsins, sem varðar ekki meðferð einstaks dómsmáls, með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum laga. Slíkar takmarkanir felast meðal annars í 4. og 5. mgr. 7. gr. frumvarpsins þar sem ráðgert er að ýmist taki allir hæstaréttardómarar eða þrír eða fimm úr hópi þeirra ákvarðanir um margvísleg málefni sem heyra undir dómstólinn lögum samkvæmt og snúa ekki að úrlausn dómsmáls. Að öðru leyti er í 2. mgr. 5. gr. mælt fyrir um að forseti skipti verkum á milli dómara og annarra starfsmanna, fari með agavald yfir þeim, beri ábyrgð á rekstri og fjárreiðum Hæstaréttar og komi fram af hálfu dómsins út á við. Þá er í niðurlagi málsgreinarinnar vísað til þess að forsetinn gegni að auki störfum sem honum eru falin með öðrum lögum. Sem dæmi af slíku má nefna hlut forseta Hæstaréttar í handhöfn forsetavalds í fjarveru eða forföllum forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæði 2. mgr.

5. gr. frumvarpsins fela ekki í sér neinar teljandi breytingar frá þeirri framkvæmd sem hefur mótast um störf forseta Hæstaréttar, en skýrara þykir að lögfesta bein fyrirmæli um þessi efni.

Í 3. mgr. 5. gr. er mælt fyrir um hver fari með hlutverk forseta ef hvorki forseti Hæstaréttar né varaforseti eru við störf eða hvorugur þeirra tekur þátt í embættisverki. Fellur þá starf forseta í viðkomandi tilviki í hlut þess dómara sem hefur lengst verið skipaður í embætti hæstaréttardómara. Varðandi þetta ákvæði er ástæða til að benda í fyrsta lagi á að samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. ætti varaforseti alltaf að gegna störfum forseta vegna forfalla eða fjarvista þess síðarnefnda og mundi því ekki reyna á reglu 3. mgr. nema hvorugur þeirra væri tiltækur, svo sem felst í upphafsorðum hennar. Í öðru lagi má vekja athygli á því að ákvæði 3. mgr. snýr einkum að annarri starfsemi Hæstaréttar en meðferð einstakra dómsmála, enda eru sérstakar reglur í 2. mgr. 10. gr. sem varða stjórnun þinghalda. Reglan í þessari málsgrein um staðgengil forseta mundi þannig einkum gilda um stjórnun við töku ákvarðana um annað en meðferð dómsmáls ef bæði forseti og varaforseti hefðu forföll eða væru vanhæfir til að eiga hlut að ákvörðun. Þá gæti reglan að auki gilt um yfirstjórn daglegrar starfsemi Hæstaréttar á tímabili þegar bæði forseti og varaforseti hefðu forföll eða væru fjarverandi. Í þriðja lagi skal nefnt að staðgengill forseta samkvæmt 3. mgr. væri sá hæstaréttardómari sem lengst hefði verið skipaður í það embætti. Með orðalagi ákvæðisins um þetta er því tekið af skarið um að eingöngu verði miðað við skipunartíma í dómaraembætti við Hæstarétt, en hvorki verði þá litið til setningar í dómaraembætti né starfa á öðrum vettvangi á fyrri stigum. Varðandi þessa reglu má hafa í huga að ekki er útilokað að fleiri en einn dómari gætu verið skipaðir í embætti frá sama tíma að telja, en í henni er ekki tekið af skarið um hvor eða hver þeirra væri þá staðgengill forseta. Yrði þá væntanlega að gera upp á milli þeirra með þeim hætti sem nú er mælt fyrir um í niðurlagi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1973, en í ljósi líkinda fyrir því að á þetta geti reynt þykir ekki ástæða til að lengja ákvæðið með ítarlegri fyrirmælum um þetta efni.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. eru fyrirmæli um skrifstofustjóra Hæstaréttar, en svo sem áður greinir er lagt til með frumvarpinu að staða hæstaréttarritara verði lögð niður og embætti skrifstofustjóra tekið upp í þess stað. Fyrir þessu eru einkum þær ástæður að starfssvið hæstaréttarritara hefur þróast þannig að hann stjórnar ekki síst daglegum rekstri dómstólsins, en löglærðir aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn gegna orðið að þó nokkru leyti þeim störfum sem gert er ráð fyrir að hæstaréttarritari annist skv. 9. gr. laga nr. 75/1973. Er starfsheitið jafnframt orðið villandi í ljósi þess sem hæstaréttarritari fæst í reynd mest við. Um efni 1. mgr. 6. gr. skal að öðru leyti bent á að gert er ráð fyrir að forseti Hæstaréttar skipi skrifstofustjóra, en dómarar ákveði þó í sameiningu eða eftir atvikum meiri hluti þeirra hver verði skipaður í embættið. Ákvæðið er að þessu leyti samsvarandi því sem segir í upphafi 1. mgr. 8. gr. laga nr. 75/1973. Þá er tekið fram um starfsvið skrifstofustjórans að hann eigi að stýra daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta Hæstaréttar og í umboði hans, en að auki gegni skrifstofustjórinn öðrum störfum sem forsetinn kann að mæla fyrir um. Er með þessu lögð áhersla á að stjórnun daglegrar starfsemi eigi að vera helsta viðfangsefni skrifstofustjórans og að hann lúti í þeim efnum boðvaldi forseta sem beri ábyrgð á þessum störfum, sbr. 2. mgr. 5. gr. Æskilegt þykir að láta að öðru leyti ráðast af ákvörðun forseta hvaða störfum skrifstofustjórinn gegnir og hvaða verk verða falin öðrum starfsmönnum, sbr. 2. mgr. 6. gr., fremur en að leitast við að telja upp einstök viðfangsefni í lögum, svo sem nú er gert í fyrrnefndri 9. gr. laga nr. 75/1973. Í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. er tekið fram að skrifstofustjóri Hæstaréttar sé embættismaður, en um stöðu hans fari að öðru leyti eftir almennum reglum um embættismenn. Er með síðastgreindu einkum vísað til ákvæða II. hluta laga nr. 70/1996, um réttindi og skyld-

ur starfsmanna ríkisins. Þá er í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. lagt til það almenna skilyrði fyrir því að hljóta skipun í embætti skrifstofustjóra, til viðbótar við skilyrði samkvæmt 6. gr. laga nr. 70/1996, að viðkomandi þurfi að hafa lokið embættisprófi í lögum eða hliðstæðri prófgráðu í lögfræði eða annarri grein við háskóla. Samkvæmt þessu yrðu almennu skilyrðin til að gegna þessu embætti nokkuð önnur en gilda nú um hæstaréttarritara, en samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 75/1973 verður hann að fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. er ætlast til að forseti Hæstaréttar ráði þangað lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveði verksvið þeirra og stöðu, auk þess að fara með vald til að slíta ráðningu slíkra starfsmanna eftir almennum reglum um starfsmenn ríkisins. Þetta ákvæði, sem er að nokkru sama efnis og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 75/1973, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru fyrirmæli um hversu margir dómarar sitji í dómi í hverju máli fyrir Hæstarétti. Er þar gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að ýmist sitji þrír eða fimm dómarar í máli, en í sérlega mikilsverðum málum geti sjö dómarar átt sæti. Einnig geti einn dómari skipað dómi skriflega fluttu kærumáli sem varðar ekki mikilverða hagsmuni, tekið ákvarðanir um rekstur máls og kveðið upp dóm. Í öllum tilvikum kæmi í hlut forseta að ákveða fjölda dómara hverju sinni. Ákvæðið er að miklu leyti sama efnis og núgildandi fyrirmæli í 1.–3. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973, en þó ber á milli í nokkrum atriðum. Í því sambandi skal þess getið að í núgildandi ákvæði er gengið út frá þeirri aðalreglu að fimm dómarar skipi dóm hverju sinni, en undir tilteknum kringumstæðum megi víkja frá því þannig að einn, þrír eða sjö dómarar eigi sæti í dómi. Sem fyrr segir er í þessu ákvæði frumvarpsins gert ráð fyrir því að aðalreglan verði sú að þrír eða fimm dómarar sitji í hverju máli og er ekki gerður greinarmunur á því hvenær hvor kosturinn geti fremur átt við. Breytingin, sem hér er lögð til, er í reynd ekki teljandi, enda leysa þrír dómarar úr miklum meiri hluta mála fyrir Hæstarétti í núverandi framkvæmd og er það gert í skjóli fremur rúmra heimilda í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973 til að víkja í þá átt frá lögfestu meginreglunni um að fimm dómarar skipi dóm hverju sinni. Ganga má út frá því að ef frumvarpið verður að lögum mundi valið á milli þess hvort þrír eða fimm dómarar sætu í máli ráðast sem hingað til af mikilvægi þess og fordæmisgildi. Þá má í annan stað benda á að með frumvarpinu er lögð til breyting á núgildandi heimildum til að dómari geti sinnt verki einn síns liðs að því leyti að gert er ráð fyrir því að einn dómari geti tekið mál fyrir á dómþingi í öðru skyni en til munnlegs flutnings og þá annaðhvort í þinghaldi, sem efnt yrði til fyrir málflutning til að útkljá til dæmis formsatriði máls, eða til uppkvaðningar dóms sem eftir atvikum einn, þrír, fimm eða sjö dómarar stæðu að. Nokkurt hagræði gæti orðið af þessari breytingu. Loks skal nefnt að í 1. mgr. 7. gr. er sem áður segir gengið út frá því að forseti taki ákvörðun hverju sinni um hversu margir dómarar fari með mál, en samkvæmt upphafsorðum 3. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973, sem nú gildir um þetta efni, er það dómsins að ákveða fjölda dómara. Í framkvæmd eftir núgildandi lögum hefur forseti tekið ákvörðun um þetta efni og felur frumvarpið því í reynd ekki í sér tillögu um breytingu að þessu leyti.

Í 2. mgr. 7. gr. eru ákvæði sem eiga að vissu marki að ráða fram úr því hvaða dómarar taki þátt í meðferð hvers dómsmáls. Segir þar nánar tiltekið að þegar fimm eða sjö dómarar skipa dóm í máli eigi það að jafnaði að vera þeir dómarar sem lengst hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar. Þá er það jafnframt tekið fram að varadómari verði ekki kvaddur til setu í dómi, sem er skipaður fimm eða sjö dómurum, nema þeirri tölu dómenda verði ekki náð úr röðum reglulegra hæstaréttardómara vegna forfalla þeirra eða vanhæfis. Þessi ákvæði verður að skoða að öðru leyti í ljósi almennrar reglu í 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. þar sem fram kemur að forseti Hæsta-

réttar skipti verkum á milli dómara. Samkvæmt því kæmi í hans hlut að ákveða hvaða dómarar sætu í hverju máli þegar sleppir takmörkunum á ákvörðunarvaldi hans varðandi mál sem fimm eða sjö dómarar ættu sæti í. Fyrirmæli 2. mgr. 7. gr., sem hér um ræðir, eru efnislega eins og ákvæði síðari málsliðar 3. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973 að öðru leyti en því að eftir núgildandi reglu um skipan dóms, þar sem fimm eða sjö dómarar eiga sæti, er fortakslaust að þar skuli sitja þeir dómarar sem eru elstir að starfsaldri við Hæstarétt, en samkvæmt frumvarpinu yrði hliðstæðri reglu beitt að jafnaði. Ætla verður að þessi breyting hefði ekki teljandi áhrif í framkvæmd, en með henni gæfist kostur á lítils háttar svigrúmi til að liðka fyrir í starfsemi Hæstaréttar.

Ákvæði 3. mgr. 7. gr. eru sama efnis og 4. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973 og verður ekki séð að þau þarfnist skýringa.

Í 4. og 5. mgr. 7. gr. eru lagðar til reglur um hversu margir dómarar taki þátt í meðferð og úrlausn annarra erinda en dómsmála, en um þetta efni eru nánast engin ákvæði í núgildandi lögum. Þessum reglum er ætlað að ná til erinda af ýmsu tagi, til dæmis umsókna um áfrýjunarleyfi, endurupptöku máls og prófraun til að öðlast málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti og tilnefningar í ýmiss konar stöður eftir ákvæðum annarra laga, auk þeirra atriða sem önnur ákvæði frumvarpsins fjalla um, svo sem gerð umsagna um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara, ákvörðun um hvern skipa eigi í embætti skrifstofustjóra dómsins og ákvörðun þóknunar handa varadómurum. Í 4. mgr. 7. gr. er gengið út frá þeirri meginreglu, sem nú er beitt í framkvæmd á þessu sviði, að allir hæstaréttardómarar verði að eiga hlut að ákvörðun um atriði af þessum meiði nema mælt sé sérstaklega fyrir um annað í lögum. Tekið er þó fram í ákvæðinu að ekki þurfi að kveðja til varadómara til að fylla tölu dómenda vegna forfalla eða vanhæfis einhvers eins eða fleiri dómara nema færri en fimm reglulegir dómarar geti sinnt viðkomandi málefni. Yrði því að kveðja til varadómara til að ná að minnsta kosti þessum fjölda dómenda, en með þessum fyrirmælum er ekki girt fyrir að Hæstiréttur gæti ákveðið í sérstökum tilvikum að kalla til varadómara þannig að sjö eða níu dómarar gætu tekið þátt í afgreiðslu erindis. Í 5. mgr. 7. gr. eru heimildir til að víkja frá framangreindum reglum, þannig að ákvarðanir um tiltekin atriði yrðu teknar af færri dómurum en áður er getið. Segir í fyrri málslið málsgreinarinnar að Hæstiréttur geti falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi eða endurupptöku mála. Með þessu er ráðgert að taka mætti almenna ákvörðun innan Hæstaréttar um að hafa þennan hátt á afgreiðslu einstakra tegunda erinda, en samkvæmt 2. mgr. 5. gr. kæmi þá í hlut forseta að fela ákveðnum dómurum að sinna þeim verkum. Ákvörðun sem þessi kæmi ekki í veg fyrir að fleiri dómarar gætu átt hlut að ákvörðun um einstök mikilvæg erindi af þessum meiði. Loks er í síðari málslið 5. mgr. gengið út frá því að Hæstiréttur geti falið forseta að sinna einum síns liðs ýmsum minni háttar erindum, en sömu sjónarmið ættu við um þessa heimild og áður er getið varðandi fyrri málslið sömu málsgreinar.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru lagðar til reglur um svokallaða varadómara við Hæstarétt, en þetta heiti er notað í frumvarpinu um dómara sem er kvaddur til starfa við dóminn til að taka sæti í tilteknu máli eða eftir atvikum taka þátt í ákvörðun um tiltekið erindi. Í 9. gr. frumvarpsins eru aftur á móti ákvæði um setta dómara við Hæstarétt, en þá er átt við dómara sem er settur í embætti í tiltekinn tíma og tekur þá þátt í störfum dómsins eftir sömu reglum og gilda um dómara sem skipaðir hafa verið í embætti. Í 4. gr. laga nr. 75/1973 er fjallað meira eða minna í einu lagi um varadómara og setta dómara í fyrrnefndri merkingu og þá rætt um báðar tegundir dómara sem

setta dómara. Í framkvæmd hefur hins vegar tíðkast að ræða um varadómara og setta dómara með þeim hætti sem byggt er á í frumvarpinu.

Í upphafi 1. mgr. 8. gr. er gengið út frá því að varadómari verði kvaddur til ef reglulegur dómari er vanhæfur til að sitja í máli eða fær leyfi eða hefur forföll um skamman tíma. Varðandi þessa talningu á tilefnum fyrir kvaðningu varadómara, sem er samsvarandi fyrirmælum í upphafi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973, er rétt að taka fram að í framkvæmd er varadómari yfirleitt ekki kvaddur til þótt einhver reglulegu dómaranna við Hæstarétt sé vanhæfur til að taka sæti í máli, því að öðru jöfnu er slíkt leyst með því að annar reglulegur dómari taki sæti hans. Varadómari er því yfirleitt ekki kvaddur til af þessu tilefni nema það takist ekki að fylla sæti dómara vegna forfalla eða vanhæfis fleiri en eins reglulegs dómara. Með frumvarpinu er ekki ráðgert að breyting verði á þeirri framkvæmd. Þá er jafnframt ástæða til að benda á að ef reglulegur dómari við Hæstarétt hefur forföll eða fær leyfi eru þeir tveir kostir til að afla staðgengils fyrir hann að kveðja annaðhvort til varadómara til að sitja í einstökum málum eftir því sem þörf krefur eða setja dómara til reglulegra starfa á meðan forföll eða leyfi stendur yfir. Líkt og í núverandi framkvæmd er ráðgert í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. að velja yrði á milli þessara tveggja kosta um hvernig staðgengill yrði fenginn vegna fjarveru dómara. Í lok 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. er mælt þannig fyrir um hvernig staðið verði að skipun varadómara til að taka sæti í einstöku máli að dómsmálaráðherra skipi dómarann eftir tillögu forseta Hæstaréttar. Þessi regla er efnislega sú sama og nú er í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973. Um hæfisskilyrði til að taka sæti í Hæstarétti sem varadómari segir í síðari málslið 1. mgr. 8. gr. að viðkomandi þurfi að koma úr röðum héraðsdómara, prófessora í lögum, hæstaréttarlögmanna eða fyrrverandi hæstaréttardómara og fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti dómara við Hæstarétt, sbr. 2. og 3. mgr. 4. gr. Þessar hæfiskröfur eru á sama veg og núgildandi fyrirmæli í 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973, en rétt er að taka fram að með frumvarpinu er lagt til að afnumin verði skylda héraðsdómara, lagaprófessora og hæstaréttarlögmanna til að taka að sér störf sem varadómarar, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973.

Í 2. mgr. 8. gr. er gerð tillaga um sérstaka reglu um þá aðstöðu, sem hverfandi lítið hefur reynt á í framkvæmd, að kveðja þurfi til varadómara í máli, þar sem allir reglulegu dómararnir við Hæstarétt eru vanhæfir, en engin sérákvæði eru um þetta í núgildandi lögum. Kæmi upp sú staða að til dæmis átta af níu reglulegum dómurum við Hæstarétt væru vanhæfir til að fara með mál tæki níundi dómarinn sjálfkrafa við sæti forseta dómsins, sbr. 3. mgr. 5. gr., og gæti þá gert einn síns liðs tillögu til dómsmálaráðherra um hverja ætti að skipa í sæti varadómara til að dómur yrði fullskipaður í máli. Ef dómararnir væru aftur á móti allir vanhæfir yrði að skipa dóminn að öllu leyti varadómurum. Telja verður óæskilegt að leggja í vald forseta Hæstaréttar, sem væri þá meðal dómaranna sem væru vanhæfir til að leysa úr máli, að gera tillögu til ráðherra um alla þá sem taka ættu sæti sem varadómarar. Á hinn bóginn yrði sú niðurstaða tæplega heldur fær að leggja alveg í hendur ráðherra að velja varadómara, enda gæti ríkið hæglega átt aðild að máli. Í frumvarpinu er því lögð til sú leið að forseti Hæstaréttar tilnefni við þessar aðstæður einn varadómara sem yrði sjálfkrafa forseti dómsins en sá varadómari gerði síðan tillögu til ráðherra um val á öðrum varadómurum til að fullskipa dóminn. Þótt vissir annmarkar séu á þessari tillögu er vandséð hvernig lausn verði fundin á þessari aðstöðu með öðru móti.

Með 3. mgr. 8. gr. eru lagðar til reglur um hvaða ástæður gætu valdið því að varadómari yrði leystur frá starfi, en miðað er við að það geti ekki orðið nema samkvæmt ósk hans sjálfs eða vegna þess að hann hafi misst skilyrði til að fá skipun í embætti hæstaréttardómara eftir

að honum hafi verið falið starfið. Hliðstæðar reglur eru ekki til í núgildandi lögum, en væntanlega yrði gengið út frá því að þær giltu eftir eðli máls.

Ákvæði 4. mgr. 8. gr. um þóknun fyrir starf varadómara er sama efnis og síðari málsliður 3. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973 og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru gerðar tillögur um talsvert ítarlegri reglur en nú gilda um veitingu leyfis handa hæstaréttardómara og hvernig sæti hans verði skipað meðan á leyfi stendur. Fyrirmæli um þessi efni eru nú að nokkru í 4. gr. laga nr. 75/1973, svo og 7. gr. laga nr. 92/1989, sem gildir um héraðsdómara en getur þó eftir eðli máls einnig átt að einhverju marki við um dómara við Hæstarétt.

Í upphafi 1. mgr. 9. gr. er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að hæstaréttardómara verði ekki veitt lengra samfellt leyfi frá störfum en í eitt ár nema forföll stafi af veikindum. Um slíkan hámarkstíma eru ekki bein ákvæði um hæstaréttardómara í lögum nr. 75/1973, en af 3. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 má ályktа að slík regla gildi um héraðsdómara. Þykir rétt að setja ákveðna reglu um hámarkslengd leyfis hæstaréttardómara því fjarvistir dómara geta leitt til ýmissa vandkvæða í starfsemi dómstólsins. Samkvæmt ákvæðinu kæmi eins og nú í hlut dómsmálaráðherra að taka afstöðu til beiðni dómara um leyfi frá störfum, sbr. 2. málsl. málsgreinarinnar. Í lokamálslið málsgreinarinnar er síðan mælt fyrir um hvernig sæti dómara verði skipað á leyfistíma, en gengið er út frá því að kostir um það verði tveir. Annars vegar gæti dómsmálaráðherra sett dómara í embætti á meðan skipaður dómari nyti leyfis, en Hæstarétti er þá ætlað að gera tillögu til ráðherra um hvern eigi að setja, svo sem nú gildir samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973. Ástæða er til að benda á að eftir frumvarpinu yrði tillaga Hæstaréttar ekki bindandi fyrir ráðherra fremur en leiðir af núgildandi reglu um sama efni, en í framkvæmd virðist þó slíkum tillögum alltaf hafa verið fylgt. Hins vegar miðar ákvæðið að því að kostur verði á að kveðja til varadómara til að taka sæti í einstökum málum vegna leyfis dómara fremur en að setja dómara. Sú leið gæti verið hagfelldari ef til dæmis dómara væri veitt leyfi á tímabili þegar minni annir væru hjá dómstólnum en endranær eða leyfið ætti aðeins að standa um skamman tíma. Verður að ætla að Hæstiréttur tæki af skarið um hvor af þessum tveimur kostum yrði valinn hverju sinni.

Í 2. mgr. 9. gr. er gerð tillaga um nýmæli sem fela í sér undantekningu frá fyrrnefndri aðalreglu 1. mgr. um hámarkslengd leyfis hæstaréttardómara. Er nánar tiltekið miðað við að leyfi geti staðið í allt að sex ár að hámarki ef tilefni þess er að dómarinn taki sæti í alþjóðlegum dómstóli eða starfi við alþjóðastofnun um tiltekinn tíma. Yrði þá leyfinu markaður sami tími og ráðningu dómarans á erlendum vettvangi. Þessi undantekning er einkum reist á því að æskilegt getur verið fyrir starfsemi íslenskra dómstóla að dómarar fari héðan til tímabundinna starfa hjá alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum og færi hingað aftur að loknum ráðningartímanum mikils verða reynslu, bæði af viðkomandi málaflokki og vinnubrögðum. Hámarkstími leyfis samkvæmt ákvæðinu miðast við þann kjörtíma eða ráðningartíma sem sýnist vera algengur við þá alþjóðlegu dómstóla og stofnanir sem Ísland á hlut að. Um ráðstöfun embættis dómara, sem fengi leyfi á þessum grundvelli, er mælt svo fyrir í lokamálslið þessarar málsgreinar að það skuli auglýst laust til setningar á leyfistímanum. Yrði dómari því ekki settur með þeim hætti sem um ræðir í 1. mgr. og áður er lýst, heldur yrði í alla staði farið að á sama hátt og við skipun dómara í laust embætti ef frá er talið að setningunni væri fyrir fram markaður tími. Þessi mismunur á aðferðum við setningu þykir eðlilegur í ljósi þess hversu lengi setning gæti staðið þegar ákvæði 2. mgr. ætti við.

Samkvæmt upphafsorðum 3. mgr. 9. gr. yrði settur dómari að fullnægja öllum skilyrðum til að geta fengið skipun í embætti hæstaréttardómara og er þá átt við ákvæði 2. og 3. mgr. 4. gr., en sama regla gildir nú samkvæmt niðurlagi 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973. Í síðari málslið 3. mgr. 9. gr. er tekið fram að settur dómari njóti sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er fyrir fram markaður ákveðinn tími. Með þessu ákvæði frumvarpsins yrðu settum dómara ekki aðeins tryggð sömu laun fyrir störf á setningartímanum og skipuðum dómurum, heldur einnig sama öryggi í starfi á meðan setningin gilti og yrði honum því ekki vikið frá á því tímaskeiði nema eftir fyrirmælum 29. og 30. gr. frumvarpsins. Reglan er að þessu leyti ítarlegri en fyrirmæli í núgildandi lögum, þar sem aðeins er mælt fyrir um laun handa þeim sem er settur í embætti hæstaréttardómara, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973. Telja má þó líklegt að reglan, sem felst að þessu leyti í frumvarpinu, yrði allt að einu talin gilda nú eftir eðli máls ef á það reyndi.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru fyrirmæli varðandi þinghöld Hæstaréttar, sem eiga að koma í stað ákvæða í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 11. gr. laga nr. 75/1973. Þessi fyrirmæli taka aðeins til afmarkaðra atriða, enda eru ítarlegar reglur um önnur atriði í sambandi við þinghöld í opinberum málum í XVIII. kafla laga nr. 19/1991 og í einkamálum í XXV. kafla laga nr. 91/1991.

Í 1. mgr. 10. gr. segir að Hæstiréttur haldi dómþing í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars. Þetta ákvæði er sama efnis og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 75/1973 og þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. 10. gr. eru fyrirmæli um hver stýri dómi hverju sinni. Miðað er við að það sé forseti Hæstaréttar ef hann á sæti í dómi í viðkomandi máli, að honum frágengnum varaforseti, en skipi hvorugur þeirra dóm í málinu sé það sá dómaranna sem þar situr og hefur lengst verið skipaður í embætti hæstaréttardómara. Þessi fyrirmæli eru samsvarandi reglum sem eru nú í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 75/1973 á dómsmálaráðherra að setja reglur um þá daga og þann tíma dags sem dómþing Hæstaréttar verður háð, svo og um þingleyfi dómsins að fengnum tillögum hans. Í frumvarpinu er ekki ráðgert að atriði sem þessi geti framvegis átt undir ráðherra, en þess skal getið að dómþing hafa ekki ráðist af ákvörðun ráðherra um áratuga skeið. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þingleyfi eða svokallað réttarhlé verði til í þeirri mynd sem nú þekkist. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því að í framkvæmd taka aldrei færri en þrír dómarar þátt í meðferð hvers máls fyrir Hæstarétti. Er af þessum sökum í reynd ógerlegt að koma við orlofi dómaranna, svo og annarra starfsmanna, öðruvísi en með því að starfsemi dómsins verði að mestu felld niður nokkurn fjölda vikna að sumarlagi. Er því lagt til í 3. mgr. 10. gr. að Hæstiréttur taki ákvörðun um að draga úr eða fella niður tímabundið reglulega starfsemi dómsins til að komið verði við orlofi dómara og annarra starfsmanna.

Um 11. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar er gengið út frá því að Hæstiréttur setji sjálfur reglur um tilteknar bækur og skrár sem verði færðar í störfum dómsins. Þetta ákvæði er samsvarandi því sem mælt er fyrir um í 1.–4. tölul. 10. gr. laga nr. 75/1973, en annað það sem kemur fram um þessi efni í þeirri grein gildandi laga verður að teljast úrelt og er því ekki miðað við að ný fyrirmæli komi í þess stað.

Í 2. mgr. 11. gr. er lagt til að tekin verði upp fyrirmæli um dómasafn Hæstaréttar, en núgildandi reglur um það efni eru í 4. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991 sem ráðgert er að falli niður samkvæmt 5. tölul. 35. gr. frumvarpsins ef það verður að lögum. Í umræddri reglu, sem nú

gildir, eru öllu ítarlegri fyrirmæli en í frumvarpsákvæðinu um hvað eigi að birtast í dómasafninu. Þykir óþarfi að hafa lögfestar svo rækilegar reglur um þetta efni sem raun ber vitni, enda takmarkar sú tilhögun svigrúm til að laga útgáfu dómasafns að þörfum og tækni á hverjum tíma. Er því miðað við það í 2. mgr. 11. gr. að aðeins þurfi að taka fram að skylt sé að gefa út dóma Hæstaréttar, en um tilhögun útgáfunnar fari síðan eftir ákvörðun dómsins sem dómsmálaráðherra samþykki.

Um 12. gr.

Þessi grein er upphafsákvæði III. kafla frumvarpsins, sem hefur að geyma reglur um héraðsdómstóla og dómara við þá. Núgildandi fyrirmæli um þetta efni eru í I. kafla laga nr. 92/1989, sem fellur niður ef frumvarpið verður að lögum, sbr. 2. tölul. 35. gr.

Í 12. gr. er ákvæði um skipun héraðsdómara, en eins og greint hefur verið frá í almennum athugasemdum hér að framan er lagt til með frumvarpinu að þeir verði ekki lengur skipaðir til starfa við tiltekinn héraðsdómstól, heldur verði þeir skipaðir héraðsdómarar án þess að tilgreina sérstakan dómstól og þar með færir um að starfa við alla héraðsdómstóla landsins. Kæmi í hlut dómstólaráðs að ákveða hvar einstakir dómarar ættu að starfa, en að því atriði er vikið nánar í athugasemdum við 15. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. er ráðgert að héraðsdómarar verði alls 38 eða jafn margir og eftir núgildandi lögum. Eins og getið er hér áður í almennum athugasemdum fór ekki fram í tengslum við gerð frumvarpsins rækileg upplýsingasöfnun til að leggja rökstutt mat á það hvort efni væru til að breyta heildarfjölda héraðsdómara. Þótti réttara að fengin yrði reynsla af þeirri skipan sem miðað er að með frumvarpinu áður en ráðist yrði í gerð tillagna um nauðsynlegan fjölda héraðsdómara, en ætla má að reglur frumvarpsins geti ef eitthvað er leitt til þess að fækka megi dómurum þegar fram í sækir. Er nærtækt að ætla að gögn til að meta þetta gætu orðið aðgengileg með störfum dómstólaráðs að öflun upplýsinga um fjölda og afgreiðslu mála fyrir héraðsdómstólum, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Varðandi 1. mgr. 12. gr. skal að öðru leyti bent á að gengið er þar út frá því að héraðsdómarar verði skipaðir ótímabundið í embætti af dómsmálaráðherra. Þessi regla er sama efnis og sú sem nú gildir, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989, svo sem henni var breytt með 25. gr. laga nr. 83/1997.

Í 2. mgr. 12. gr. eru talin upp í sjö töluliðum skilyrðin sem fullnægja verður til að fá skipun í embætti héraðsdómara. Samsvarandi talning skilyrða er nú í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989 og er hún sama efnis og umrætt ákvæði frumvarpsins nema að tvennu leyti. Annars vegar ber það á milli frumvarpsins og núgildandi reglna að í 4. tölul. 2. mgr. 12. gr. er lagt til það skilyrði að væntanlegur héraðsdómari megi aldrei hafa misst forræði á búi sínu, en í 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989 er aðeins áskilið að viðkomandi hafi forræði á búi sínu. Hins vegar er áskilið í 5. tölul. 2. mgr. 12. gr. að væntanlegur dómari megi hvorki hafa gerst sekur um refsivert athæfi, sem megi telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem dómarar verði almennt að njóta. Í núgildandi ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989 er þess krafist að dómaraefni hafi óflekkað mannorð. Breytingarnar, sem hér eru lagðar til, eiga sér hliðstæður í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og hafa þegar verið skýrðar í athugasemdum við það ákvæði. Má því láta við það sitja að vísa hér til þeirrar umfjöllunar.

Í 3. og 4. mgr. 12. gr. eru fyrirmæli um dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara, sem eru efnislega eins og núgildandi reglur í 2. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989 að öðru leyti en um tvennt. Annars vegar er lagt til að skipunartími nefndarmanna verði þrjú ár í stað fjögurra ára eftir núgildandi reglu, svo og að skipunartíma eins nefndarmannanna þriggja ljúki ár hvert, en eftir núgildandi reglu rennur skipunartími allra nefndarmanna út á sama tíma. Með síðastnefndri tillögu um breytingu er litið til þess að það geti orðið

til að raska starfsemi nefndarinnar ef teljandi endurnýjun verður samtímis á skipan hennar. Í tengslum við þetta skal að öðru leyti bent á það að í bráðabirgðaákvæði í 3. mgr. 38. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hvernig skipað verði í nefndina í fyrsta sinn, þar á meðal um hvað ráði því hvaða nefndarmaður gangi fyrst úr nefndinni. Hins vegar er ráðgert í frumvarpinu að girt verði fyrir að sami maður verði skipaður í nefndina sem aðalmaður oftar en tvisvar samfleytt, eða með öðrum orðum lengur en til sex ára, en í núgildandi reglum eru engar takmarkanir af þessu tagi. Þykir eðlilegt að stuðla með þessum hætti að mannabreytingum innan nefndarinnar. Að frátöldum þessum atriðum í 3. og 4. mgr. 12. gr., sem fela í sér ráðagerðir um breytingar frá núgildandi reglum, verður ekki séð að ákvæðin þarfnist sérstakra skýringa.

Um 13. gr.

Í 13. og 14. gr. eru helstu ákvæði frumvarpsins um dómstólaráð, en fyrrnefnda ákvæðið fjallar um skipan ráðsins og það síðarnefnda um helstu viðfangsefni þess. Í almennum athugasemdum hér að framan hefur verið lýst í nokkru máli hvaða rök búi að baki tillögum um að koma dómstólaráði á fót og fela því viðfangsefni af því tagi, sem miðað er að með frumvarpinu, svo og hvers vegna ráðgert er að binda starfssvið þess eingöngu við héraðsdómstólana. Um þessi atriði skal nú vísað til þess, sem áður segir.

Í 1. mgr. 13. gr. eru fyrirmæli um fjölda þeirra sem lagt er til að eigi sæti í dómstólaráði, hvernig þeir verði tilnefndir og skipaðir og hversu lengi þeir geti átt þar sæti. Um einstök atriði í þessu sambandi skal þess í fyrsta lagi getið að af þeim þremur mönnum, sem ráðgert er að dómsmálaráðherra skipi í dómstólaráð, er lagt til að tveir verði kosnir af héraðsdómurum úr þeirra eigin röðum. Er þannig stefnt að því að héraðsdómararnir, sem eiga að heyra undir dómstólaráð, velji meiri hluta þess. Þessa skipan verður að telja eðlilega þegar þess er gætt að mörg viðfangsefni dómstólaráðs varða innri málefni héraðsdómstólanna. Í öðru lagi er lagt til að dómsmálaráðherra skipi einn mann í dómstólaráð, en sá megi ekki vera úr röðum starfandi dómara. Í þessu sambandi er litið til þess að héraðsdómstólarnir heyra stjórnarfarslega undir dómsmálaráðherra og varðar starfsemi þeirra ábyrgð hans. Með því að áskilja að sá sem ráðherra er ætlað að skipa í dómsmálaráð án tilnefningar komi ekki úr röðum starfandi dómara er leitast við að tryggja að þeir sem þar eigi sæti komi ekki allir af sama vettvangi. Gæti til dæmis verið eðlilegt að velja mann úr röðum héraðsdómslögmanna eða hæstaréttarlögmanna eða úr hópi annarra menntastétta, svo sem rekstrarráðgjafa. Í þriðja lagi skal vakin athygli á því að í 1. mgr. 13. gr. er miðað við að skipunartími í dómstólaráð verði sex ár, en skipun allra þeirra sem þar eigi sæti, renni þó ekki út á sama tíma, heldur hjá einum þeirra annað hvert ár. Þetta er lagt til svo komist verði hjá því að mannabreytingar í dómstólaráði raski starfsemi þess. Í tengslum við þetta má vekja athygli á því að í 2. mgr. 38. gr. er bráðabirgðaákvæði um hvernig skipað verði í dómstólaráð í fyrsta sinn, þar á meðal um hvað ráða eigi í hvaða röð skipunartími einstakra nefndarmanna renni út. Loks má í fjórða lagi benda á að sú takmörkun er lögð til í niðurlagi 1. mgr. 13. gr. að engan megi skipa aðalmann í dómstólaráð oftar en tvisvar samfleytt, eða samanlagt í tólf ár. Þetta þykir nauðsynlegt til að stuðla að endurnýjun innan ráðsins.

Í 2. mgr. 13. gr. er ráðgert að sæti héraðsdómara, sem hefur verið kjörinn í dómstólaráð, geti losnað þar annaðhvort vegna þess að hann biðjist undan að gegna starfinu til loka skipunartíma síns eða með því að hann láti af dómaraembætti, en undir síðarnefndu kringumstæðunum mundi sætið í dómstólaráði losna sjálfkrafa frá sama tíma og dómarinn fengi lausn frá embætti. Þá er jafnframt ráðgert í ákvæðinu að sá sem ráðherra skipi í dómstólaráð án tilnefningar geti óskað eftir að verða leystur frá starfi sínu. Í öllum þessum tilvikum er lagt til

að annar verði skipaður, eftir atvikum að undangengnu kjöri héraðsdómara, til að sitja í dómstólaráði til loka þess tíma, sem forveri hans átti að eiga þar sæti.

Samkvæmt fyrri málslið 3. mgr. 13. gr. er ætlast til að dómstólaráð kjósi sér formann til eins árs í senn og hefjist kjörtímabil um áramót. Er með þessu tekið tillit til þess að eftir 1. mgr. 13. gr. gæti mannabreyting orðið í dómstólaráði annað hvert ár og væri óeðlilegt að binda hendur nýrra nefndarmanna með löngum kjörtíma formanns. Í síðari málslið 3. mgr. er mælt fyrir um að dómstólaráð eigi sjálft að ákveða hvar starfsemi þess fari fram. Í sambandi við þetta er rétt að taka fram að ekki er reiknað með að störf í dómstólaráði verði sérlega tímafrek nema eftir atvikum á því tímabili sem festa væri að komast á starfsemi þess á fyrstu stigum. Af þessum sökum verður ekki séð að tormerki séu á að starfsemi dómstólaráðs geti farið fram þar sem til dæmis formaður þess hefur vinnustað eða nefndarmenn koma sér annars saman um með tilliti til aðstæðna sinna.

Í lokamálsgrein 13. gr. er lagt til að þóknun verði greidd fyrir setu í dómstólaráði og fari fjárhæð hennar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. Þetta ákvæði gefur ekki tilefni til sérstakra skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru talin upp ýmis viðfangsefni sem dómstólaráði er ætlað að sinna. Talningin þar er ekki tæmandi, enda kemur fram í upphafi greinarinnar að dómstólaráð hafi jafnframt með höndum önnur verk sem getið sé um í öðrum ákvæðum frumvarpsins. Upptalningin í greininni á viðfangsefnum dómstólaráðs er í átta töluliðum. Verður nú vikið að einstökum liðum eftir því sem efni standa til.

Fram kemur í 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. að dómstólaráði sé ætlað að fara með fjárreiður héraðsdómstólanna á sína ábyrgð, gera tillögur til dómsmálaráðherra um sameiginlega fjárveitingu til dómstólanna og skipta síðan á milli þeirra því fé sem veitt er í einu lagi með fjárlögum. Í þessu felst að Alþingi er ekki ætlað að veita fé með fjárlögum sérstaklega til hvers héraðsdómstóls um sig, heldur til þeirra allra með einni heildarfjárhæð, en dómstólaráð, sem hefði með höndum heildarfjárreiður dómstólanna, mundi síðan skipta fjárveitingunni á milli þeirra eftir þörfum. Rökin fyrir þessari tilhögun eru einkum þau að ef fjárveiting væri greind niður á einstaka dómstóla væri Alþingi í reynd að ákveða hversu mikil umsvif hvers þeirra yrðu. Er þá hætt við að erfitt yrði að koma við hagræðingu innan dómstólakerfisins með tilfærslu dómara og annars starfsliðs eftir því sem annir á hverjum tíma mundu krefjast. Með því að dómstólaráð fengi í hendur eina heildarfjárveitingu gæti það fyrst tekið frá laun og launatengdan kostnað vegna allra dómara án þess að sú ráðstöfun sé tengd rekstri eins dómstóls öðrum fremur. Einnig mætti taka af óskiptri fjárveitingu fé til að standa straum af ýmsum sameiginlegum kostnaði dómstólanna, svo sem til endurmenntunar dómara og annarra starfsmanna og kaupa á sameiginlegum búnaði. Afgangi fjárveitingar yrði unnt að úthluta einstökum dómstólum fé til kaupa á búnaði og rekstrar og er þá miðað við að leggja mætti það fé að einhverju eða öllu leyti í hendur hvers dómstóls um sig, en dómstjóri á hverjum stað bæri þá ábyrgð á meðferð þess fjár, sbr. 5. mgr. 16. gr. Væri þá í höndum dómstólaráðs að deila þessu fé út eftir fyrirsjáanlegum önnum og umsvifum við hvern dómstól.

Í 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. er ráðgert að dómstólaráð ákveði hversu margir dómarar og aðrir starfsmenn verði við hvern dómstól og jafnframt hvaða almennar reglur gildi um flutning dómara á milli dómstólanna. Í sambandi við síðastnefnt atriði skal bent á að í 15. gr. er mælt fyrir um að dómstólaráð ákveði við hvaða dómstól hver af héraðsdómurunum 38 hafi fast sæti á hverjum tíma, þar á meðal um flutning dómara á milli einstakra dómstóla. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. er ætlast til að dómstólaráð setji almennar reglur um flutning dómara á milli

dómstóla, þar sem byggt yrði á ákvæðum 15. gr., en á grundvelli almennu reglnanna yrðu síðan teknar einstakar ákvarðanir í þessum efnum. Varðandi töku ákvarðana um fjölda dómara og annarra starfsmanna við einstaka dómstóla má að öðru leyti vekja athygli á því að í 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. kemur fram að dómstólaráði sé ætlað að halda saman upplýsingum um fjölda mála við hvern dómstól og afgreiðslu þeirra, en á þeim grunni yrði meðal annars fært að meta þörfina á starfsliði. Ef óvæntar breytingar yrðu á málafjölda á einstökum stöðum mundi sá sveigjanleiki, sem fengist með hlutverki dómstólaráðs, geta nýst til að bregðast skjótt við með tímabundinni tilfærslu dómara á milli dómstóla og eftir atvikum heimilda til að ráða annað starfslið.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 14. gr. kæmi í hlut dómstólaráðs að skipuleggja endurmenntun dómara og annarra lögfræðinga í þjónustu héraðsdómstólanna. Er með þessu reynt að stuðla að aukinni endurmenntun, en til þessa hefur engin heildarstefna verið mótuð í þeim efnum og hefur framkvæmd verið fremur laus í böndum. Með ákvæðinu er gengið út frá því að endurmenntun verði reglulegur og eðlilegur þáttur sem tengist starfi dómenda, sbr. einnig 3. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Í tengslum við þetta skal bent á að í 1. mgr. 20. gr. er ráðgert að dómstólaráð setji almennar reglur um leyfi handa héraðsdómurum frá störfum og afgreiði umsóknir um leyfi sem ætti að standa í einn mánuð eða skemur, en geri tillögu til dómsmálaráðherra um afgreiðslu umsókna um lengra leyfi. Undir þessi ákvæði mundu meðal annars eiga umsóknir um leyfi til endurmenntunar.

Í 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. er lagt til að dómstólaráð gegni meðal annars því hlutverki að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla. Í þessu ákvæði er gengið út frá því að slíkar reglur gætu verið af tvennum meiði og varðað þá annars vegar atriði sem til úrlausnar koma í einstökum dómsmálum og dómarar í þeim bera ábyrgð á, svo sem ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar í einkamálum og málsvarnarlauna í opinberum málum, en hins vegar atriði sem dómari bæri ekki einn ábyrgð á, til dæmis ýmislegt varðandi þinghöld, meðferð dómskjala og afgreiðslu dómsendurrita. Samkvæmt ákvæðinu gæti dómstólaráð ákveðið að reglur, sem varða síðarnefndu atriðin, yrðu bindandi, en að öðrum kosti væru starfsreglurnar, sem hér um ræðir, til leiðbeiningar.

Í 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. er ráðgert að dómstólaráð safni upplýsingum um fjölda dómsmála við hvern dómstól og afgreiðslu málanna, auk þess að gera eftir þörfum ábendingar varðandi afgreiðslu mála og stuðla annars að því að gætt sé skilvirkni og hraða við rekstur þeirra. Í tengslum við þetta má vekja athygli á að upplýsingum er nú safnað um fjölda og afgreiðslu dómsmála af dómsmálaráðuneytinu og hagstofunni til notkunar í skýrslugerð, en upplýsinga hefur hins vegar almennt ekki verið aflað til að fylgjast með afköstum einstakra dómstóla, bera þau saman og veita ábendingar ef tilefni er til. Upplýsingasöfnun dómstólaráðs væri hins vegar meðal annars ætlað að gegna umræddu hlutverki, en jafnframt gæti það miðlað í einu lagi upplýsingum til ráðuneytis eða hagstofu til annars konar nota. Verður að ætla að þörf sé á athugunum á borð við þær sem hér er lagt til að dómstólaráð annist, svo og að þeim sé fylgt eftir ef þörf krefur, en benda má á að eins og málum er nú skipað eru vandkvæði á að koma við eftirliti og aðhaldi af þessum toga.

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. kæmi í hlut dómstólaráðs setja eftir þörfum almennar reglur um viðveruskyldu héraðsdómara á vinnustað og tilhögun orlofs þeirra, þar á meðal hvort dregið verði úr starfsemi héraðsdómstólanna á orlofstímabilum starfsmanna. Með þessu ákvæði er meðal annars leitast við að koma á ákveðnum reglum um viðveru héraðsdómara á vinnustað, en til þessa hefur að einhverju marki verið talið óljóst hvort og eftir atvikum hvernig skylda standi til slíks. Um önnur atriði ákvæðisins skal bent á að með því er ráðgert að lagt verði af þingleyfi eða svokallað réttarhlé við héraðsdómstóla í núverandi mynd, en í

staðinn komi í hlut dómstólaráðs að taka ákvörðun um hvort og þá hvernig yrði hliðrað til í starfsemi dómstólanna á þeim tímum árs sem orlof dómara og annarra starfsmanna þeirra gætir helst.

Í 7. tölul. 1. mgr. 14. gr. er miðað við að dómstólaráð gegni því hlutverki að koma fram út á við sem eins konar sameiginlegur málsvari allra héraðsdómstóla, hvort heldur gagnvart stjórnvöldum eða öðrum. Eftir núgildandi reglum er enginn slíkur málsvari fyrir hendi, heldur verða forstöðumenn einstakra dómstóla að vera í fyrirsvari um málefni þeirra eftir því sem efni standa til. Með þessu ákvæði frumvarpsins yrði lagt í hendur dómstólaráðs að koma fram gagnvart ríkisstjórn, Alþingi og opinberum stofnunum um sameiginleg málefni héraðsdómstólanna, auk þess að það kæmi fram í þeim efnum gagnvart almenningi eftir því sem þörf mundi krefja.

Í 8. tölul. 1. mgr. 14. gr. er að endingu ráðgert að dómstólaráð geti gert tillögur um hvað eina sem geti orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla eða löggjöf varðandi þá. Með þessu er haft í huga að dómstólaráð gæti meðal annars beint tillögum af umræddum meiði til ráðherra, Alþingis eða nefnda sem fjalla um lagasetningu á ákveðnum sviðum, ef það teldi efni til að breyta löggjöf eða öðrum reglum sem snerta störf dómstóla. Væri dómstólum þannig fengið með þessum óbeina hætti aukið frumkvæði um mótun reglna sem um þá gilda.

Í 2. mgr. 14. gr. er lagt til að dómstólaráði verði gert að gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna. Upplýsingar af þessum toga hafa ekki verið teknar saman eða birtar fram til þessa. Telja verður að ástæða sé til að gefa almenningi kost á að fylgjast með starfsemi dómstóla með þessum hætti, auk þess að aðgengilegar upplýsingar í þessum búningi gætu komið stjórnvöldum og öðrum að notum.

Eins og áður segir kemur fram í upphafi 14. gr. að dómstólaráði sé ætlað að gegna fleiri störfum en þeim sem talin eru upp í greininni, en um þau fari eftir öðrum fyrirmælum í frumvarpinu. Sérstök ákvæði um önnur störf dómstólaráðs eru í 15., 16., 18., 19., 20. og 22. gr., svo og að nokkru í 23., 24. og 28. gr., en að efni þeirra verður vikið í athugasemdum við viðeigandi greinar frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í 15. gr. eru fyrirmæli um hvernig það eigi að ráðast við hvaða dómstól einstakir héraðsdómarar starfi. Eins og áður greinir byggjast ákvæði greinarinnar á því að héraðsdómarar verði ekki skipaðir við veitingu embættis síns til starfa við ákveðinn dómstól, heldur verði skipun þeirra opin, ef svo má að orði komast, þannig að þeir geti starfað við alla héraðsdómstólana. Kæmi þá í hlut dómstólaráðs að ákveða eftir nánari fyrirmælum þessarar greinar við hvaða dómstól héraðsdómari ætti að starfa hverju sinni. Í ákvæðinu er gerður greinarmunur á tvenns konar ákvörðunum dómstólaráðs um þessi efni, því annars vegar á það að taka ákvörðun um fast sæti eða fastan starfsvettvang dómara, sbr. 1.–5. mgr. greinarinnar, en hins vegar getur það ákveðið að fela dómara að starfa að tilteknu dómsmáli við annan dómstól en þar sem hann hefur fastan starfsvettvang, sbr. 6. mgr. Verður nú vikið nánar að þessu í einstökum atriðum.

Í upphafi 1. mgr. kemur fram að dómstólaráð ákveði við hvaða héraðsdómstól hver og einn dómari eigi að hafa fast sæti. Er þannig miðað við þá aðalreglu að dómararnir hafi allir sinn fasta stað, þótt þeir kunni stundum að þurfa að starfa að einstökum málum við aðra dómstóla, sbr. 6. mgr. Í 1. mgr. er hins vegar gert ráð fyrir þeirri undantekningu frá umræddri aðalreglu að dómstólaráð geti ákveðið að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við ákveðinn dómstól, heldur taki þeir við málum frá öllum dómstólum samkvæmt nánari heimild sem dómstólaráð veiti. Með þessari reglu er gefinn kostur á að dómstólaráð hafi mannafla til að

geta með auðveldum hætti jafnað álag við dómstóla, þar sem til dæmis viðfangsefnin stæðu ekki undir viðbótardómara í fullu starfi og tímabundinna sveiflna gætti í málafjölda, eða látið leysa af dómara í forföllum eða leyfi. Ef nýta ætti dómara í þessari stöðu til að jafna álag er miðað við að dómstólaráð gefi dómstjórum við einstaka héraðsdómstóla hverjum fyrir sig heimild til að úthluta honum ákveðnum fjölda mála án frekari milligöngu dómstólaráðs, en til þessa er vísað með ummælum í niðurlagi 2. málsl. þessarar málsgreinar. Í lok málsgreinarinnar er tekið fram að dómstólaráð ákveði hvar dómarar án fasts sætis hafi starfsstöð, en ætla verður að þeir hafi hver um sig bækistöð við ákveðinn dómstól, þar sem þeir hefðu skrifstofu, aðgang að dómsal og aðra nauðsynlega aðstöðu þótt þeir yrðu væntanlega að leysa af hendi störf sín við aðra dómstóla eftir þörfum.

Í fyrri málslið 2. mgr. er ráðgert að ákvörðun dómstólaráðs um starfsvettvang héraðsdómara geti hvort heldur gilt um óákveðinn tíma eða tiltekið tímabil, en með starfsvettvangi er hér bæði átt við fast sæti sem dómari fengi við tiltekinn dómstól og störf við alla héraðsdómstólana samkvæmt 2. og 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. Ætla verður að ákvörðun dómstólaráðs um starfsvettvang yrði að öðru jöfnu látin gilda um óákveðinn tíma, en tímabundnar ákvarðanir gætu einkum átt við ef dómara væri falið að starfa við alla héraðsdómstólana, hann væri fenginn til að leysa af annan dómara í leyfi eða honum yrði gert að færast á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum, svo sem mælt er fyrir um í 5. mgr. Í seinni málslið 2. mgr. er lögð til regla þess efnis að við auglýsingu lauss embættis héraðsdómara eigi að jafnaði að liggja fyrir hvar fyrsti starfsvettvangur væntanlegs dómara verði. Með þessu er haft í huga að það geti skipt máli fyrir þann sem íhugar að sækja um dómaraembætti hvar honum yrði falið að starfa ef embættið yrði veitt honum, því þar yrði hann að vera viðbúinn að sitja í þrjú ár eða lengur, sbr. 4. mgr. Reglan um þetta atriði er á hinn bóginn ekki svo fortakslaus að ráðagerð um fyrsta starfsvettvang væri bindandi, enda verður að gefa því gætur að við ákvörðun um þetta efni gætu hagir væntanlegs dómara skipt miklu, svo sem fjölskylduaðstæður, starfsreynsla og búseta við veitingu embættisins. Gæti því verið óheppilegt að binda algerlega ákvörðun um fyrsta starfsvettvanginn fyrir fram.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þá aðalreglu varðandi ákvarðanir dómstólaráðs um starfsvettvang að taka eigi tillit til óska viðkomandi dómara eftir því sem frekast er unnt. Þótt vona megi að dómstólaráði tækist að skipa dómurum á starfsvettvang í sem ríkasta mæli eftir þessari aðalreglu gæti sitthvað valdið því að slíkt reyndist ekki unnt. Til dæmis gæti verið misjafnt hvort dómarar mundu sækjast eftir störfum við litla dómstóla, þar sem þeir yrðu að starfa einir eða í fámennum hópi. Eins gæti verið misjafnt hvort dómarar vildu forðast að þurfa að taka við starfi sem mundi kosta búferlaflutninga. Þá gæti þótt ástæða til að skipta um dómara við fámennan dómstól, til dæmis til að breyta þar vinnubrögðum, þótt sá eða þeir dómarar, sem þar störfuðu, kærðu sig ekki um að færast í stærri dómstól. Er af þessum sökum lagt til í 5. mgr. að dómstólaráð fái heimild til að færa dómara á annan starfsvettvang gegn vilja hans, en þeirri heimild eru þó settar verulegar skorður, svo sem nánar er getið hér á eftir. Þá er ástæða til að vekja athygli á því að í bráðabirgðaákvæði í 39. gr. frumvarpsins er lögð til sérregla um starfandi dómara við gildistöku laganna, ef frumvarpið nær fram að ganga, um að þeir njóti að verulegu leyti undanþágu frá flutningsskyldu samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Í 4. mgr. eru fyrirmæli um rétt dómara til að fá að skipta um starfsvettvang, en lagt er til að dómari geti krafist þess að vera færður til eftir að hafa starfað á sama vettvangi í þrjú ár samfleytt, hvort sem hann hafi haft fast sæti við tiltekinn dómstól eða starfað við alla héraðsdómstólana í senn. Undir þessum kringumstæðum gæti dómarinn ekki valið hvert hann yrði færður, en eftir fyrrnefndri reglu í 3. mgr. yrði vissulega að taka tillit til óska hans. Rétti dómara til flutnings eru settar þær skorður í ákvæðinu að reglur 5. mgr. 15. gr. og 39. gr. standi

ekki þar í vegi. Með þessu er nánar tiltekið vísað til þess að kostur verði að vera á að manna stöðu dómarans sem leitar eftir tilflutningi, ef kleift á að vera að mæta óskum hans. Þyrfti því að minnsta kosti að vera unnt að skylda einhvern til að taka við sæti viðkomandi dómara, en með 5. mgr. 15. gr. og 39. gr. er sem áður segir gert ráð fyrir takmörkunum á heimildum til að knýja á um slíka skyldu. Gæti þessi fyrirvari í 4. mgr. því leitt til þess að dómari yrði að sæta því að halda um sinn kyrru fyrir á starfsvettvangi sínum, þótt öðrum skilyrðum ákvæðisins væri fullnægt, en af tilfærslu yrði þá að verða um leið og umræddar takmarkanir stæðu henni ekki lengur í vegi.

Samkvæmt 5. mgr. yrði héraðsdómara að meginreglu ekki gert að færast á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum. Frá þessari meginreglu eru hins vegar ráðgerðar þrjár undantekningar í ákvæðinu. Þannig yrði dómari í fyrsta lagi að hlíta því að færast á annan starfsvettvang í allt að sex mánuði á hverju tíu ára tímabili þótt hann sé því andvígur. Í öðru lagi yrði dómara skylt að færast á annan starfsvettvang ef sú tilfærsla hefði ekki í för með sér að hann gæti ekki með góðu móti sótt vinnu á nýjum vettvangi án búferlaflutninga. Í þriðja lagi yrði dómari að sæta því að flytjast á nýjan starfsvettvang ef dómurum væri varanlega fækkað við þann dómstól þar sem hann starfar. Þessu til viðbótar skal svo aftur minnt á það að í 39. gr. eru sérstakar reglur um frekari takmarkanir á því að dómarar, sem skipaðir hafa verið í tíð eldri laga, verði færðir til í starfi. Af þessu er ljóst að heimildir dómstólaráðs til að skylda dómara til að taka við starfi á öðrum vettvangi mundu sæta verulegum takmörkunum, en þessara heimilda er þó þörf til að tryggja að unnt verði að manna alla dómstóla með viðunandi móti og hæfilegum fjölda dómara.

Í 6. mgr. er ákvæði um hvernig dómari verði fenginn til að sinna afmörkuðu verki við annan dómstól en þann þar sem hann eigi fast sæti án þess að hann skipti að öðru leyti um starfsvettvang. Þörfin á þessu gæti einkum komið upp annaðhvort í sambandi við mál þar sem héraðsdómur ætti að vera fjölskipaður en kostur væri ekki á dómara til þeirra þarfa á viðkomandi dómstóli, eða ef allir dómarar þar væru vanhæfir til að fara með mál. Samkvæmt þessu ákvæði yrði þá dómstólaráð að ákveða hvaða dómara yrði falið slíkt verk, en því mundi ekki fylgja sérstök greiðsla fyrir viðkomandi dómara nema að því leyti sem um ræðir í 2. og 3. tölul. 1. mgr. 25. gr. Dómara væri skylt að hlíta boði dómstólaráðs um að taka slíkt verk að sér, svo sem tekið er fram í niðurlagi 6. mgr.

Um 16. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um dómstjóra við héraðsdómstólana, sem er ætlað að koma í stað núgildandi reglna í 4. og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989. Ákvæði 16. gr. eru öllu ítarlegri en tilvitnaðar reglur í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. eru gerðar tillögur um hvernig dómstjóri verði valinn og skipaður. Í 1. málsl. þessarar málsgreinar er ráðgert að dómsmálaráðherra skipi dómstjóra við hvern héraðsdómstól og gildi sú skipun í fimm ár. Með þessu er miðað að breytingu að því leyti að í núgildandi reglum verða dómstjórar aðeins skipaðir við héraðsdómstóla þar sem fleiri en einn héraðsdómari starfar, en við aðra dómstóla gegnir héraðsdómarinn stöðu forstöðumanns dómstólsins án sérstaks starfsheitis. Samkvæmt frumvarpinu yrði slíkur greinarmunur ekki gerður á dómstólum eftir fjölda dómara, en í því sambandi er meðal annars litið til þess að eftir ákvæðum frumvarpsins eiga einstakir dómstólar ekki að hafa varanlegan og fastan fjölda dómara, heldur á fjöldinn að ráðast af ákvörðun dómstólaráðs á hverjum tíma, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. Þá er jafnframt ráðgerð hér breyting frá gildandi reglu varðandi skipunartíma dómstjóra, en hann er nú sex ár. Er í þessu sambandi tekið tillit til almennra reglna um skipunartíma embættismanna samkvæmt fyrirmælum laga nr. 70/1996. Varðandi val á dómstjóra er lagt til með 2.–4.

málsl. 1. mgr. að hann verði kosinn við dómstól þar sem þrír eða fleiri dómarar eiga fast sæti. Dómstjórinn verði valinn með samkomulagi dómara ef tveir eiga þar fast sæti, en takist samkomulag ekki velji dómstólaráð annan dómarann til að gegna starfinu. Loks verði dómari, sem starfi einn við dómstól sjálfkrafa dómstjóri. Í tilvikunum, þar sem tveir eða fleiri dómarar eiga í hlut er ráðgert að dómsmálaráðherra verði ekki bundinn af kjöri eða samkomulagi dómaranna, heldur geti hann valið annan dómara við dómstólinn til skipunar í starfið. Þetta er í samræmi við framkvæmd eftir núgildandi reglum. Loks er tekið fram í niðurlagi 1. mgr. að skipun dómstjóra raskist ekki þótt dómurum við dómstól fjölgi eða fækki á skipunartíma hans. Með þessu eru tekin af tvímæli um að skipun dómstjóra standi þótt dómurum við dómstól yrði til dæmis fjölgað úr einum í þrjá á skipunartímanum, en dómstjórinn sæti þá til enda skipunartíma síns og yrði fyrst að honum loknum efnt til kosningar dómaranna um nýjan dómstjóra.

Með 2. mgr. er gerð tillaga um þau nýmæli að héraðsdómarar geti kosið varadómstjóra við dómstóla, þar sem dómarar eru þrír eða fleiri og yrði hann þá staðgengill dómstjórans. Eftir núgildandi reglu í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989 er sá dómari, sem er elstur að embættisaldri við dómstól, sjálfkrafa í hlutverki staðgengilsins. Með þessu er stefnt að því að meiri festa geti orðið á starfi staðgengils dómstjóra við stærri dómstólana. Samkvæmt frumvarpinu mundi hins vegar sama regla og nú gildir eiga við um staðgengilinn við héraðsdómstóla, þar sem ekki yrði neytt heimildar til að kjósa varadómstjóra, en þar sem dómarar væru tveir við dómstól mundi leiða af sjálfu sér hver gegni þessu hlutverki.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hvað gera eigi ef sæti dómstjóra verður laust, en samkvæmt ákvæðinu getur það gerst vegna einhverrar af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi tekur ákvæðið til þess tilviks að sá héraðsdómari, sem hefur verið skipaður dómstjóri, flytjist á annan starfsvettvang samkvæmt ákvörðun dómstólaráðs. Í öðru lagi á ákvæðið við ef héraðsdómari verður leystur frá starfi dómstjóra samkvæmt fyrirmælum 4. mgr. 16. gr., án þess að láta þó af embætti héraðsdómara. Loks á það hér í þriðja lagi undir ef héraðsdómari, sem hefur verið skipaður dómstjóri, lætur af dómaraembætti. Í öllum þessum tilvikum er ráðgert að nýr dómstjóri verði skipaður eftir þeim reglum, sem eru lagðar til í 1. mgr. og áður er lýst, en það yrði þá gert til fulls fimm ára skipunartímabils án tillits til skipunartíma þess sem hefði látið af starfinu.

Í 4. mgr. eru fyrirmæli um agavald yfir dómstjóra sem kynni að gerast sekur um brot í starfi, svo og um heimildir til að leysa dómara frá þessu sérstaka starfi sínu áður en skipunartími hans sem dómstjóri væri á enda. Lagt er til að dómstólaráð fari með þetta agavald. Í upphafi þessarar málsgreinar er ráðgert að dómstólaráð eigi að bregðast þannig við ætluðu broti dómstjóra í starfi að gefa honum kost á að tjá sig um ávirðingar sem að honum beinast og veita honum áminningu ef ekki verði unað við skýringar hans. Sé brot stórfellt eða ítrekað er dómstólaráði ætlað að hafa vald til að gera rökstudda tillögu til dómsmálaráðherra um að dómstjóri verði leystur frá starfi. Samkvæmt lokamálslið 4. mgr. kæmi í hlut ráðherra að taka ákvörðun í þessum efnum, en meðferð málsins færi annars eftir reglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ástæða er til að benda sérstaklega á að þessar reglur snúa eingöngu að því hvernig héraðsdómara verði veitt lausn frá starfi sínu sem dómstjóri, en varða á engan hátt lausn hans frá embætti héraðsdómara. Gæti því komið til þess að viðkomandi yrði leystur frá starfi dómstjóra eftir ákvæðum 4. mgr. 16. gr., en gegndi eftir sem áður embætti héraðsdómara.

Í 5. mgr. eru fyrirmæli um helstu störf dómstjóra og eru þau öllu ítarlegri en núgildandi ákvæði um það efni í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989. Í upphafi málsgreinarinnar kemur fram að dómstjóra sé eins og öðrum héraðsdómurum ætlað að gegna dómstörfum, en þetta verður vitanlega að skoðast með tilliti til þeirra takmarkana, sem slíkum störfum yrðu settar vegna annarra skyldustarfa dómstjórans. Samkvæmt ákvæðinu væru þessi skyldustörf fólgin aðal-

lega í því að dómstjórinn stjórni héraðsdómstólnum og beri ábyrgð á starfsemi hans, skipti verkum á milli dómara og annarra starfsmanna, skipti eftir atvikum dómurum í deildir, úthluti dómurum eða deildum þeirra málum, ráði aðra starfsmenn en héraðsdómara og slíti ráðningu þeirra, hafi eftirlit með störfum héraðsdómara og annarra starfsmanna, gæti aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki komi til kasta annarra eftir ákvæðum 28.–30. gr. frumvarpsins, annist og beri ábyrgð á meðferð fjár sem dómstólaráð leggur dómstólnum til, annist samskipti við dómstólaráð, sinni verkefnum sem dómstólaráð kann að fela honum, komi fram út á við í þágu dómstólsins og verði í fyrirsvari um sérstök málefni hans. Vekja verður athygli á að finna má nánari fyrirmæli um sum þessara starfa í öðrum ákvæðum frumvarpsins, svo sem um ráðningu aðstoðarmanna í 17. gr. og úthlutun mála í 18. gr., auk þess að kveðið er á um enn frekari störf í til dæmis 19. gr. Eru því störf dómstjóra ekki tæmandi talin í 5. mgr. 16. gr.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um lögfræðimenntaða aðstoðarmenn við héraðsdómstóla, en gert er ráð fyrir að störf af þessu tagi komi í stað núverandi starfa dómarafulltrúa. Í almennum athugasemdum hér að framan er lýst ástæðunum fyrir þeirri tillögu sem felst í 17. gr., að störf dómarafulltrúa verði lögð niður og í staðinn komi annars konar störf lögfræðinga sem hafi takmarkaðra starfsvið. Skal vísað til þess, sem þar kemur fram.

Í 17. gr. er ekki vikið sérstaklega að verksviði aðstoðarmanna við héraðsdómstóla, en starfsheitið eitt út af fyrir sig gefur hins vegar í meginatriðum til kynna til hvers sé ætlast í þeim efnum. Á störfum aðstoðarmanna og dómarafulltrúa samkvæmt núgildandi reglum í 6. gr. laga nr. 92/1989 yrði sá meginmunur að aðstoðarmönnum væri ekki heimilt að gegna dómstörfum, svo sem fulltrúar geta nú í takmörkuðum mæli. Þess í stað er miðað við að aðstoðarmenn vinni margháttuð störf í þágu einstakra héraðsdómara í sambandi við til dæmis skipulagningu á vinnu þeirra, athugun á málum, heimildaröflun vegna mála, samskipti við málsaðila eða málflytjendur þeirra í tengslum við meðferð máls og samningu dómsúrlausna. Yrði að móta starfsvið aðstoðarmanna í framkvæmd, en vekja má athygli á að dómstólaráð gæti sett almennar reglur til leiðbeiningar í þeim efnum í skjóli 4. tölul. 1. mgr. 14. gr.

Samkvæmt 17. gr. verða aðstoðarmenn að fullnægja sömu hæfisskilyrðum og áskilin eru til að fá skipun í embætti héraðsdómara samkvæmt 2. mgr. 12. gr., ef frá eru talin skilyrði um lágmarksaldur og starfsreynslu, sbr. 1. og 7. tölul. tilvitnaðrar málsgreinar. Lagt er til að dómstjórar annist hver um sig ráðningu aðstoðarmanna og hafi jafnframt með höndum vald til að slíta ráðningunni. Þetta verður að telja sjálfgefið í ljósi þess að ekki er ætlast til að aðstoðarmenn verði færðir á milli dómstóla með hliðstæðum hætti og héraðsdómarar og yrðu þeir því í fyrstu starfi við sama dómstól allan ráðningartíma sinn. Ráðning yrði tímabundin, að hámarki til fimm ára við sama dómstól, en í ljósi orðalags um þetta í niðurlagi 17. gr. væri ekki girt fyrir að aðstoðarmaður gæti ráðið sig til starfa við annan dómstól að loknum hámarksráðningartíma á einum stað.

Vekja ber athygli á því að í bráðabirgðaákvæði í 41. gr. eru sérreglur um stöðu þeirra sem gegna störfum dómarafulltrúa eftir núgildandi lögum, ef frumvarpið nær fram að ganga.

Um 18. gr.

Í 18. gr. eru ákvæði um úthlutun mála við héraðsdómstóla eða með öðrum orðum hvernig staðið verði að því að fela tilteknum dómara að fara með mál og leysa úr því við dómstól þar sem fleiri en einn dómari eru við störf. Með sama hætti og í núgildandi lögum er mælt hér fyrir um að dómstjóri úthluti málum, en að þessu frágengnu felur 18. gr. í sér nýmæli, enda eru ekki efnislegar reglur um úthlutun í gildandi löggjöf.

Í fyrri málslið 1. mgr. er almenn regla, þar sem getið er tveggja meginsjónarmiða sem dómstjóri eigi að gæta við úthlutun mála til einstakra dómara eða deilda þeirra. Segir þar annars vegar að dómstjóri verði að gæta að því að starfsálag dómara verði svo jafnt sem auðið er, en með þessu er leitast við að afstýra því að dómurum verði mismunað að því er starfsálag varðar. Hins vegar kemur fram að dómstjóri verði eftir föngum að leitast við að láta tilviljun ráða hvaða dómari fái mál til meðferðar. Með þessu er aðallega litið til hagsmuna málsaðila af því að dómari verði ekki valinn sérstaklega til að fara með mál þeirra, heldur að hending búi þar að baki. Vissulega getur reynst erfitt við úthlutun mála að gæta í senn beggja þessara sjónarmiða, en við því er unnt að sjá með því til dæmis að dómurum sé fyrir fram skipað í ákveðna röð til að fá úthlutað málum, en umfang og vægi málanna verði vegið. Þannig gæti sami dómari til dæmis fengið samtímis úthlutað tveimur málum sem væru í meðallagi að umfangi, sá næsti fengi fjögur lítil mál, en sá sem kæmi þar á eftir í röð dómaranna fengi eitt stórt mál. Um aðferðir í þessum efnum er væntanlega unnt að leita erlendra fyrirmynda að einhverju marki, en í síðari málslið 1. mgr. er ráðgert að dómstólaráð geti sett almennar leiðbeiningarreglur um úthlutun, sem mætti eftir atvikum styðja við slíkar fyrirmyndir.

Í 2. mgr. er ráðgert að málum geti verið úthlutað til deilda dómara, en í tengslum við þetta má vísa á ný til þess að í 5. mgr. 16. gr. er meðal annars mælt fyrir um það að dómstjóri geti skipt dómurum við héraðsdómstól í deildir. Samsvarandi heimildir felast nú í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989, en þeim hefur fremur lítið verið beitt í framkvæmd. Ef þessarar heimildar yrði neytt og málum úthlutað til deildar er miðað við það í 2. mgr. að dómararnir, sem skipa deildina, taki ákvörðun um hver þeirra fari með hvert einstakt mál.

Í upphafi 3. mgr. er með sama hætti og í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989 mælt fyrir um þá meginreglu að einn héraðsdómari skipi dóm í hverju máli, en gert er ráð fyrir því að tvenns konar undantekningar geti verið frá þeirri reglu. Annars vegar er þar vísað til þess að annað geti verið skylt að lögum. Fyrirmæli um skyldu til að fleiri héraðsdómarar en einn skipi dóm í máli eru líklega hvergi í gildandi lögum, en í frumvarpinu er á hinn bóginn gert ráð fyrir slíku í niðurlagi 1. mgr. 30. gr. Hins vegar er í 3. mgr. vísað til þeirrar undantekningar frá áðurgreindri meginreglu að heimildir geti staðið í öðrum lögum til að dómur verði fjölskipaður héraðsdómurum, en í þessu felst einkum skírskotun til ákvæða 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991. Í þessum efnum eru að öðru leyti lagðar til breytingar frá núgildandi reglum að því leyti að í 3. mgr. er ráðgert að dómstjóri taki ákvörðun um hvort dómur verði fjölskipaður héraðsdómurum og úthluti þá máli í sameiningu til þriggja dómara, en úr þeirra hópi velji hann einn til að sitja í forsæti dómsins. Eftir núgildandi reglum er það hins vegar á valdi héraðsdómara, sem hefur fengið máli úthlutað, að ákveða með samþykki dómstjóra að dómur verði fjölskipaður á þennan hátt og kemur í hlut dómarans að velja þá sem taka eiga sæti með honum í dóminum. Með þessari tillögu um breytingu er einkum horft til þess að núgildandi skipan tryggir ekki sem skyldi að gætt sé samræmis um beitingu heimilda til að dómur verði fjölskipaður héraðsdómurum, en þær heimildir hafa að nokkru verið notaðar um of. Að auki verður að telja óeðlilegt að dómari, sem hefur fengið máli úthlutað, velji sjálfur tvo aðra héraðsdómara til að taka sæti í því, enda veldur þátttaka meðdómendanna tveggja í máli auknu álagi á þá sem taka verður tillit til við úthlutun annarra mála til þeirra. Í niðurlagi 3. mgr. eru jafnframt nýmæli, þar sem kveðið er á um að dómstólaráð eigi að fela dómara að taka sæti í fjölskipuðum héraðsdómi ef leita þarf til dómara utan viðkomandi dómstóls til að sinna því verki. Með þessu er lögð til breyting frá núgildandi reglum því eftir þeim getur héraðsdómari, sem hefur fengið máli úthlutað, leitað sjálfur til dómara við annan dómstól um að taka sæti sem meðdómsmaður í því, en til þess er þó áskilið samþykki forstöðumanns dómstólsins, þar sem sá dómari starfar, sbr. 3. mgr. 3. gr.

laga nr. 91/1991. Byggist þessi breytingartillaga á sömu sjónarmiðum og áður er getið. Að öðru leyti er ástæða til að geta þess í sambandi við ákvæði 3. mgr. að í frumvarpinu er miðað við að þátttaka héraðsdómara í fjölskipuðum dómi verði liður í skyldustörfum þeirra, sem ekki verður greitt sérstaklega fyrir nema að því leyti sem það geti stafað af ákvæðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 25. gr., en í núverandi framkvæmd hefur tíðkast að greiða sérstaka þóknun fyrir þessi störf. Þá er jafnframt ástæða til að vekja athygli á því að ákvæði 3. mgr. eiga aðeins að taka til þess þegar dómur er fjölskipaður héraðsdómurum, en um kvaðningu sérfróðra meðdómsmanna mundu hins vegar gilda sömu reglur og hingað til.

Með 4. mgr. eru lögð til nýmæli um heimildir dómara til að biðjast undan úthlutun máls, en til þessa hafa engar settar reglur gilt í þeim efnum. Í ákvæðinu er ráðgert að dómara geti verið þetta heimilt í þrenns konar tilvikum. Í fyrsta lagi geti þetta komið til greina ef dómari færir haldbær rök fyrir því að hann sé tengdur sakarefni málsins, aðila þess eða lögmanni eða fyrirsvarsmanni málsaðila, þótt þau tengsl valdi ekki vanhæfi til að fara með málið eftir ákvæðum 5. gr. laga nr. 91/1991, en kostur verður þá að vera á öðrum dómara við sama dómstól til að fara með málið. Farið hefur verið að með líkum hætti um langt árabil í framkvæmd og miðar þannig ákvæði frumvarpsins um þetta að því að festa þá framkvæmd í sessi. Í öðru lagi er ráðgert að dómari geti beðist undan úthlutun máls vegna sérstakra anna í starfi, en þær gætu til dæmis stafað af því að mál, sem hann hefur fengið til meðferðar, hafi reynst umfangsmeiri en reiknað var með við úthlutun þeirra. Í þriðja lagi gæti dómari vikist undan úthlutun ef hann gæti fært rök fyrir því að með henni væri ekki gætt jafnaðar á milli hans og annarra dómara við sama dómstól. Í öllum þessum tilvikum kæmi í hlut dómstjóra að taka afstöðu til beiðni dómarans um að verða leystur undan úthlutun. Gerð er tillaga í ákvæðinu um sérstaka heimild handa dómara, sem vill ekki una við ákvörðun dómstjóra um beiðni sem þessa, til að skjóta henni til dómstólaráðs sem tæki þá fullnaðarákvörðun innan stjórnsýslunnar um málefnið. Telja verður eðlilegt að dómari hafi aðgang af þessu tagi til málskots, en slíkt getur meðal annars stuðlað að samræmi við beitingu heimilda dómstjóra í þessum efnum.

Í 5. mgr. eru jafnframt lögð til nýmæli sem snúa að heimild dómstjóra til að draga aftur úthlutun máls til héraðsdómara án beiðni hans, en um þetta eru engar reglur í núgildandi lögum. Samkvæmt ákvæðinu getur þetta komið til ef héraðsdómari sinnir ekki tilmælum dómstjóra um að ljúka málinu innan tiltekins og hæfilegs tíma eða veikindi héraðsdómarans eða hliðstæð atvik torvelda að hann geti sinnt því. Þessum heimildum yrði að beita af varfærni, en tilgangur þeirra er öðru fremur að koma í veg fyrir að mál dragist óeðlilega á langinn vegna ástæðna sem varða dómarann sem hefur verið falið að fara með það. Í 2. og 3. málsl. 5. mgr. eru ákvæði um heimild viðkomandi dómara til að skjóta til dómstólaráðs ákvörðun dómstjóra um að draga aftur úthlutun máls, en þau eru sams konar og málskotsreglurnar í 4. mgr, sem áður er vikið að.

Í 6. mgr. eru fyrirmæli um hvað gert verði ef héraðsdómari víkur sæti í máli vegna vanhæfis, sbr. 5. gr. laga nr. 91/1991. Gert er ráð fyrir þeirri aðalreglu að dómstjóri verði þá að úthluta málinu á ný, en þeim kosti eru þó sett þau augljósu takmörk að annar dómari við sama dómstól verði þá að fullnægja hæfisskilyrðum til að fara með málið. Sé ekki slíkur kostur á öðrum dómara yrði dómstjóri að kveða upp úrskurð um að allir aðrir dómarar við dómstólinn víki sæti í málinu, sbr. 19. gr., og leita til dómstólaráðs um að það feli dómara við annan dómstól að taka við úthlutun á því. Ef ekki tækist með þessum hætti að fela málið dómara, sem fullnægði hæfiskröfum til að fara með það, yrði að leita skipunar setudómara samkvæmt 19. gr. sem nánar er lýst hér á eftir. Þessi ákvæði 6. mgr. 18. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um setudómara sem yrðu skipaðir með líkum hætti og eftir núgildandi reglum í 7. gr. laga nr. 92/1989 til að fara með mál ef reglulegu héraðsdómararnir reyndust ekki fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum samkvæmt 5. gr. laga nr. 91/1991 til að fara með það.

Samkvæmt 1. mgr. ætti skipun setudómara þann aðdraganda að allir dómarar við héraðsdómstólinn, þar sem viðkomandi mál væri rekið, væru vanhæfir til að fara með það, auk þess að komið væri fram að það sama gilti um alla dómara við aðra héraðsdómstóla. Kæmi í hlut dómstjóra við héraðsdómstólinn, þar sem málið væri til meðferðar, að kveða á um vanhæfi allra dómara þar með einum úrskurði, en dómstólaráði er síðan ætlað að taka við málinu úr höndum dómstjóra og láta í té skriflegt og rökstutt álit um vanhæfi allra annarra héraðsdómara. Um samanburð á þessari skipan við núgildandi reglur ber í fyrsta lagi að vekja athygli á því að eftir frumvarpinu yrði setudómari aldrei skipaður nema áður væri fullreynt að enginn héraðsdómari á landinu öllu væri hæfur til að fara með mál. Eftir 1. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 verður setudómari hins vegar skipaður þegar vegna þeirra atvika að allir dómarar við héraðsdómstólinn, þar sem mál er rekið, hafa vikið sæti í því. Í öðru lagi eru lögð til þau nýmæli í þessu ákvæði frumvarpsins að dómstjóri geti kveðið upp einn úrskurð um að allir dómarar við viðkomandi héraðsdómstól víki sæti, en í framkvæmd hefur 1. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 verið skýrð svo að hver og einn héraðsdómari verði að víkja sæti fyrir sitt leyti með sérstökum úrskurði. Í þriðja lagi verður að benda á að samkvæmt frumvarpinu kæmi í hlut dómstólaráðs að kveða á um það að við aðra héraðsdómstóla væri hvergi að finna dómara sem fullnægði sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál, en slík aðferð á sér enga hliðstæðu í gildandi lögum. Með tillögu um þetta er haft í huga að samkvæmt 6. mgr. 18. gr., sem áður er vikið að, kæmi í hlut dómstólaráðs að leita dómara til að fela mál ef allir dómararnir við dómstólinn, þar sem það er rekið, reyndust vera vanhæfir til að fara með það. Í viðleitni til að koma þessu við yrði þannig dómstólaráð að kanna eftir þörfum hæfi dómara vítt og breitt um landið til að taka málið að sér og þykir þá nærtækt og til verksparnaðar að látið verði við það sitja að dómstólaráð láti uppi rökstutt álit um að ekki takist að finna héraðsdómara, sem fullnægi hæfisskilyrðum til að leysa úr málinu. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. væri það fyrst að loknum þessum aðdraganda sem til þess kæmi að setudómari yrði skipaður, en með sama hætti og eftir 1. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 kæmi í hlut dómsmálaráðherra að velja mann til verksins án þess að aðrir eigi þar hlut að máli.

Í upphafsmálslið 2. mgr. kemur fram krafa um að setudómari verði að fullnægja öllum skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara. Núgildandi meginregla um þetta efni í 4. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 er á sama veg, en frá henni er hins vegar heimiluð undantekning, þannig að setudómari þurfi ekki skilyrðislaust að hafa náð lágmarksaldri og öðlast þá starfsreynslu sem áskilin er til skipunar í dómaraembætti. Með umræddu ákvæði frumvarpsins yrði því þessi heimild afnumin, en telja verður hana orðið ástæðulausa, ekki síst ef litið er til þess að samkvæmt frumvarpinu yrði skipun setudómara miklum mun sjaldgæfari en eftir núgildandi reglum. Að öðru leyti eru ákvæði í 2. mgr., sem eiga sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum, um hvernig staðið verði að verki ef ástæða þykir til eða skylt er að dómur í máli, sem setudómara hefur verið falið, verði fjölskipaður héraðsdómurum. Er þá ráðgert að setudómari, sem dómsmálaráðherra mundi skipa í byrjun, beini því til ráðherra að hann skipi tvo setudómara til viðbótar en sá, sem fyrst var skipaður yrði þá í forsæti fjölskipaða dómsins. Litlar líkur eru á að reglur um þetta hafi teljandi gildi í framkvæmd, en á liðnum árum hefur þetta þó gerst að minnsta kosti eitt skipti og skorti þá formlegar reglur um það úrræði sem hér er lagt til og beitt var í því tilviki.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að setudómara verði ekki vikið úr því starfi sínu nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara. Þessi regla er sama efnis og núgildandi ákvæði í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, svo sem þeirri grein var breytt með lögum nr. 80/1995.

Samkvæmt 4. mgr. kæmi í hlut dómstólaráðs að ákveða þóknun setudómara sem greidd verði úr ríkissjóði. Með þessum fyrirmælum er lögð til sú breyting frá núverandi skipan að dómstólaráð tæki ákvörðun um þetta efni í stað dómsmálaráðherra. Þessa breytingu má telja eðlilega þegar þess er gætt að dómstólaráð hefði með höndum fjárreiður héraðsdómstólanna og bæri ábyrgð á þeim, en þóknun fyrir störf setudómara yrði að greiðast af fjárveitingu til héraðsdómstólanna.

Um 20. gr.

Í 20. gr. eru lagðar til reglur um leyfi héraðsdómara frá störfum og setningu staðgengils fyrir hann. Þessum reglum er ætlað að koma í stað fyrirmæla um sama efni í 3. og 4. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989 og eru þær öllu ítarlegri en gildandi ákvæði.

Í 1. mgr. eru lagðar til almennar reglur um leyfisveitingar handa héraðsdómurum. Í þessum efnum er miðað við þá aðalreglu að héraðsdómara verði ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleytt en eitt ár, en frá því eru ráðgerðar tvenns konar undantekningar. Annars vegar er þessum hámarkstíma ekki ætlað að gilda um veikindaforföll, en um þau færi eftir almennum reglum um starfsmenn ríkisins. Hins vegar er lagt til að dómstólaráði verði heimilað að veita héraðsdómara undanþágu frá hámarkstíma leyfis ef þess væri leitað til að sinna námi. Undir þeim kringumstæðum mætti veita framlengingu á leyfi í allt að tólf mánuði í senn og þá oftar en eitt skipti ef dómstólaráð teldi rök standa til þess. Þessi síðastgreinda heimild til leyfisveitingar er öllu rýmri en sú sem lögð er til í 9. gr. um hæstaréttardómara, en um ástæður þess hefur áður verið fjallað. Samkvæmt 3. málsl. þessarar málsgreinar er dómstólaráði ætlað að setja reglur til fyllingar framangreindum ákvæðum um heimildir til að veita héraðsdómurum leyfi frá störfum, en þær reglur gætu jöfnum höndum varðað almennar heimildir til leyfis innan ramma aðalreglunnar um eins árs hámark á leyfistíma og sérstöku heimildina til að framlengja slíkt leyfi. Í 1. mgr. er að öðru leyti mælt fyrir um það hvernig afstaða verði tekin til umsóknar héraðsdómara um leyfi. Í því sambandi er í fyrsta lagi tekið fram að dómstólaráð veiti leyfi vegna orlofs, en eftir atvikum gæti dómstólaráð falið dómstjórum að annast þetta í umboði þess, sbr. 5. mgr. 16. gr. Í öðru lagi mundi dómstólaráð vera fært um að veita hvers kyns leyfi sem stæði ekki lengur í heild en í einn mánuð. Í þriðja lagi kæmi í hlut dómsmálaráðherra að veita leyfi til lengri tíma, en beiðni um slíkt leyfi yrði í byrjun beint til dómstólaráðs, sem er ætlað að gera tillögu til ráðherra um afgreiðslu hennar. Rétt er að taka fram að með þessum ákvæðum er á engan hátt tekin afstaða til þess hvort héraðsdómari nyti launa á leyfistíma, en um það færi eftir öðrum reglum.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um hvort staðgengill verði settur í embætti á meðan héraðsdómari nyti leyfis og hvernig verði þá staðið að því. Um fyrrnefnda atriðið er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að setning staðgengils komi því aðeins til greina að sérstakar annir krefjist þess og dómstólaráð mæli með því. Í tengslum við þetta verður að benda á að þessi regla mundi gilda jöfnum höndum hvort sem héraðsdómari væri í leyfi vegna veikindaforfalla, orlofs eða annarra ástæðna, svo sem vegna náms. Miðað er við það að almennt ætti ekki að vera þörf á staðgengli þótt dómari fari í leyfi, enda virðist mega ætla að dómstólaráði geti verið kleift að flytja dómara til í starfi ef sá sem nyti leyfis starfaði við fámennan dómstól, en við stærri dómstóla ætti að öðru jöfnu að vera unnt að jafna álag vegna fjarvistar dómara með aukinni úthlutun mála til annarra. Er þá einnig til þess að líta að dómara, sem leitaði eftir leyfi, væri rétt áður en til leyfisins kæmi að ljúka eftir föngum málum sem hann hefði til meðferðar og þyldu ekki

bið eftir endurkomu hans. Samkvæmt ákvæðinu kæmi í hlut dómstólaráðs að leggja mat á þörfina fyrir setningu staðgengils, en við það mat væri meðal annars sjálfsagt að leita viðhorfa dómstjóra viðkomandi dómstóls. Dómsmálaráðherra gæti ekki sett dómara í stað þess sem nyti leyfis nema dómstólaráð mælti með því, en á hinn bóginn væri ráðherra ekki skylt að fara eftir tillögu dómstólaráðs um að setja dómara. Með þessum fyrirmælum eru lagðar til breytingar frá núverandi skipan, enda tíðkast nú að setja alltaf dómara í embætti ef sæti verður laust af öðrum sökum en vegna orlofs, svo og í orlofi dómara sem starfar einn við dómstól. Varðandi val á staðgengli er mælt svo fyrir í 2. mgr. að dómsmálaráðherra hafi það með höndum að fenginni ábendingu dómstólaráðs um mann til starfans, en eftir orðalagi ákvæðisins væri slík ábending ekki bindandi fyrir ráðherra, þótt eflaust yrði að jafnaði farið eftir henni í framkvæmd. Frá þessu er lögð til sú undantekning að ráðherra geti, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu dómstólaráðs, auglýst embætti héraðsdómara laust til umsóknar á leyfistíma, en dómstólaráði væri þá ætlað að velja einhvern úr hópi umsækjenda til að benda á til starfans. Með þessari tillögu eru einkum höfð í huga tilvik þar sem dómari fengi leyfi til lengri tíma, svo sem vegna náms, þannig að fyrirsjáanlegt væri að setning gæti staðið allt að einu ári eða jafnvel lengur í fleiri áföngum en einum. Telja verður eðlilegt að gefa kost á þessari leið til að leita eftir staðgengli fyrir dómara á leyfistíma, enda væri engan veginn sjálfgefið að dómstólaráði væri fyrir fram kunnugt um þá sem kynnu að hafa áhuga á að sækjast eftir setningu í dómaraembætti. Ábending dómstólaráðs á einhvern umsækjandann undir þessum kringumstæðum yrði ekki frekar en í fyrrnefndu tilvikunum bindandi fyrir ráðherra, en hér mundi hún á vissan hátt koma í stað umsagnar dómnefndar, sem leitað yrði við skipun í embætti samkvæmt 3. og 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir því að sams konar undantekningarheimild standi til að veita héraðsdómara leyfi til allt að sex ára vegna starfa hans við alþjóðadómstól eða alþjóðastofnun og mælt er fyrir um varðandi hæstaréttardómara í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Búa sömu sjónarmið að baki þessari heimild í 3. mgr. 20. gr. og áður hefur verið greint frá í athugasemdum við 9. gr. Ef þessarar heimildar yrði neytt væri skylt samkvæmt 3. mgr. að auglýsa embætti dómarans laust til setningar. Tekið er fram í ákvæðinu að við veitingu þess verði að gæta fyrirmæla 3. og 4. mgr. 12. gr., en samkvæmt því yrði dómnefndin, sem þar er fjallað um, að leggja mat á hæfni umsækjendanna áður en sett yrði í embættið. Kæmi þá í hlut ráðherra að velja umsækjanda til setningar að fengnu áliti dómnefndarinnar, en í þessum tilvikum kæmi ekki til kasta dómstólaráðs að fjalla um umsækjendur, svo sem rætt er um við setningu samkvæmt fyrirmælum 2. mgr.

Í 4. mgr. er áskilið að sá sem setja á í embætti héraðsdómara verði að fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embættið, en með þessu er vísað til almennu dómaraskilyrðanna í 2. mgr. 12. gr. Er hér lagt til að strangari kröfur verði gerðar til hæfis setts dómara en nú eru gerðar samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 92/1989, þar sem heimilað er í undantekningartilvikum að setja mann í embætti héraðsdómara þótt hann hafi ekki náð lágmarksaldri og starfsreynslu til að fá skipun í það. Þá er tekið fram í 4. mgr. að sá sem hefur verið settur í embætti héraðsdómara eigi að njóta sömu stöðu og skipaður dómari á meðan á setningu hans standi. Með þessu á meðal annars að tryggja að settum dómara verði ekki vikið frá nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara, en að þessu leyti eru ákvæði 4. mgr. sama efnis og fyrirmæli 4. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, svo sem greininni var breytt með lögum nr. 80/1995.

Um 21. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um fasta þingstaði, svo og hvar héraðsdómari geti að öðru leyti tekið mál fyrir á dómþingi. Þessar reglur eiga að koma í stað ákvæða í 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. laga nr. 92/1989 og fela ekki í sér ráðagerð um teljandi breytingar.

Í upphafi 1. mgr. kemur fram að héraðsdómstólarnir eigi hver um sig að hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, sem greint er frá í einstökum töluliðum 1. mgr. 2. gr. Að auki er ráðgert að dómstólarnir hafi fastan þingstað í hverri þinghá ef neytt yrði heimildar í 2. mgr. 2. gr. til að skipta umdæmum þeirra í tvær eða fleiri þinghár. Dómsmálaráðherra er ætlað að mæla fyrir um fasta þingstaði í reglugerð, en tekið er fram í niðurlagi 1. mgr. að áður skuli hann afla tillagna um þetta hjá hverjum héraðsdómstóli fyrir sig. Að frátöldum fyrirmælum um skyldu ráðherra til að leita tillagna dómstólanna um þingstaði eru öll þau atriði í 1. mgr., sem hér hefur verið getið, samsvarandi núgildandi reglum í 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989, en á grundvelli þeirra ákvæða í gildandi lögum hefur ráðherra mælt fyrir um þingstaði héraðsdómstólanna í reglugerð nr. 58/1992, með áorðnum breytingum.

Í 2. mgr. eru lagðar til reglur um tvenns konar heimildir héraðsdómara til að taka mál fyrir á dómþingi sem verði háð utan fasts þingstaðar. Annars vegar væri héraðsdómara heimilt að heyja þing hvarvetna innan umdæmis dómstólsins, sem málið er rekið fyrir, ef það þætti heppilegt vegna rekstrar þess, en þetta mundi gilda jöfnum höndum hvort sem þingfesta ætti þar málið eða taka það fyrir í öðru skyni. Hins vegar gæti héraðsdómari með sama skilyrði háð þing utan umdæmis dómstólsins til að taka fyrir mál, sem hefði þegar verið þingfest, en í þessu felst sú takmörkun að mál yrði aldrei þingfest utan umdæmis viðkomandi dómstóls. Þessar heimildir eru lítillega rýmri en núgildandi reglur um sama efni í 2. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989. Verður að telja eðlilegt að heimildir verði hafðar með þeim hætti sem hér er lagt til í ljósi þess að í frumvarpinu er sem fyrr segir ráðgert að héraðsdómarar kunni að fara með mál sem eru rekin fyrir öðrum dómstóli en þar sem þeir eiga fast sæti, svo og að dómarar geti sinnt störfum við marga dómstóla í senn án þess að eiga fast sæti við nokkurn þeirra.

Um 22. gr.

Í 22. gr. eru fyrirmæli um regluleg dómþing héraðsdómstólanna á föstum þingstöðum þeirra. Lagt er til að dómstólaráð taki ákvörðun í þessum efnum að fengnum tillögum hlutaðeigandi dómstjóra, en þar verði kveðið á um tíðni regulegra dómþinga, svo og þann stað og þá stund sem þau verði háð. Með ákvæðinu er dómstólaráði falið að birta ákvörðun um þetta með auglýsingu í Lögbirtingablaði. Þessi fyrirmæli er nokkuð frábrugðin reglum um sama efni í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989, þar sem dómsmálaráðherra er falið að mæla fyrir um regluleg dómþing í reglugerð. Um þetta gilda nú ákvæði í reglugerð nr. 58/1992, með áorðnum breytingum, þar sem mælt er fyrir um tíðni reglulegra dómþinga, en að öðru leyti er lagt í hendur héraðsdómstólanna sjálfra að ákveða þingdaga á hverjum þingstað, sem birta á auglýsingu um í Lögbirtingablaði. Breytingarnar, sem eru lagðar til í 22. gr., miða þannig að því að færa ákvörðunarvald um þessi efni frá ráðherra til dómstólaráðs, svo og að leggja í hendur dómstólaráðs að ákveða þingdaga og birta auglýsingu um þá í stað þess að hver dómstóll geri það fyrir sig innan ramma fyrirmæla í áðurnefndri reglugerð. Með því síðarnefnda er stefnt að því að samræmi verði á milli ákvarðana um þingdaga hjá einstökum dómstólum, auk þess að gleggra yrði að leita upplýsinga um þá í einu lagi í stað þess að athuga auglýsingar frá einstökum dómstólum.

Um 23. gr.

Þessi grein frumvarpsins er upphafsákvæði IV. kafla þess þar sem lagðar eru til reglur um réttindi og skyldur dómara. Í núgildandi lögum eru ákvæði um þessi efni dreifð og skortir þannig á að yfirsýn verði fengin af heildarmynd þeirra með góðu móti. Fyrirmælin í þessum kafla eiga því ekki að koma í stað samfelldra reglna í gildandi lögum. Að auki gætir nokkuð nýmæla í þessum kafla, auk þess að lagt er hér til að lögfestar verði ýmsar reglur sem gengið hefur verið út frá að gildi í núverandi framkvæmd.

Í 1. mgr. 23. gr. er tekið fram að ákvæði IV. kafla gildi jöfnum höndum um hæstaréttardómara og héraðsdómara nema að því leyti sem annað sé sérstaklega tekið fram. Greinarmunur af þessu tagi á dómurum við Hæstarétt og héraðsdómstólana er ekki gerður víða í ákvæðum kaflans, en vekja má þó athygli á að slíkt er gert um afmörkuð atriði í 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 25. gr., 5. mgr. 28. gr., 2. mgr. 29. gr. og 1. og 4. mgr. 31. gr. Er annars leitast við að samræmdar reglur gildi um réttindi og skyldur dómara á báðum dómstigum, enda ekki teljandi ástæða til að gera yfirleitt mun á þeim í þessum atriðum.

Í almennum athugasemdum hér að framan er greint frá þeim nýmælum í frumvarpinu að lagt er til að komið verði á fót sérstakri stjórnsýslunefnd, nefnd um dómarastörf, sem er ætlað að gegna aðallega tvíþættu hlutverki. Annars vegar er ráðgert að hún hafi með höndum agamál dómara, þar á meðal að taka við og leysa úr kvörtunum vegna starfa þeirra og veita áminningar. Hins vegar er nefndinni ætlað að fjalla um heimildir dómara til að gegna aukastörfum og eiga hlut í félögum og fyrirtækjum. Hér á fyrri stigum hefur verið fjallað almennt um röksemdir fyrir þessari skipan og þær breytingar sem hún hefði í för með sér frá núverandi reglum. Má því vísa til fyrri umfjöllunar um þau atriði. Í 2.–4. mgr. 23. gr. eru fyrirmæli um skipan umræddrar nefndar og fleiri almenn atriði varðandi hana sem nú verður hugað nánar að í einstökum atriðum.

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. á að koma í hlut dómsmálaráðherra að skipa menn til setu í nefnd um dómarastörf, en aðalmenn í nefndinni eiga að vera þrír og jafnmargir varamenn. Lagt er til að einn nefndarmaður verði skipaður eftir tilnefningu Dómarafélags Íslands, en ráðherra skipi hina tvo án tilnefninga, þar af annan sem formann nefndarinnar sem verði að fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embætti hæstaréttardómara, sbr. 4. gr. Sömu reglur mundu gilda um varamenn. Benda má á að ekki er ætlast til að ráðherra verði bundinn af því að skipa dómara til setu í nefndinni nema eftir tilnefningu dómarafélagsins og hefði hann því frjálsar hendur um það úr hvaða starfsstéttum tveir nefndarmanna kæmu með þeim takmörkunum sem leiðir af fyrrnefndri reglu um hæfisskilyrði varðandi formann nefndarinnar. Ráðgert er að skipunartími nefndarmanna verði sex ár og að óheimilt verði að skipa þann sama oftar en tvisvar í sæti aðalmanns í nefndinni. Þá er miðað við að skipun renni ekki út hjá öllum nefndarmönnum í senn, heldur ljúki skipunartíma eins þeirra annað hvert ár, en um skipun nefndarinnar í fyrsta skipti eru fyrirmæli í bráðabirgðaákvæði í 4. mgr. 38. gr. Þessi tilhögun er sú sama og lögð er til um dómstólaráð og dómnefnd um umsækjendur um embætti héraðsdómara, en um hana hefur áður verið fjallað í athugasemdum við 12. og 13. gr., sem hér má vísa til.

Í 3. mgr. kemur fram að úrlausnum nefndar um dómarastörf verði ekki skotið til annars stjórnvalds. Með þessu er ætlunin að taka af tvímæli um að stjórnsýslukæru verði ekki beitt til að leita endurskoðunar á úrlausnum nefndarinnar, en úr lögmæti þeirra mætti fá leyst með málshöfðun eftir almennum reglum.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir því að nefndin hafi samvinnu við dómstólaráð um starfsemi sína. Þótt verksvið þessara tveggja nefnda skarist ekki má telja eðlilegt að þær hafi samvinnu um atriði sem lúta að umsýslu í tengslum við starfsemi þeirra, enda hafa þær vissa sérstöðu meðal stjórnsýslunefnda að því leyti að þeim er ætlað að fjalla um málefni dómstóla og þurfa að vera

sjálfstæðar og óháðar framkvæmdarvaldinu í störfum sínum. Í niðurlagi 4. mgr. er síðan mælt fyrir um þóknun til nefndarmanna vegna starfa þeirra, en hún yrði ákveðin af dómsmálaráðherra.

Um 24. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfestar verði nokkrar almennar reglur um störf dómenda og sjálfstæði þeirra við rækslu starfa sinna, svo og um skyldu þeirra til að halda við þekkingu sinni í lögum og um kost á endurmenntun. Fyrirmælin í greininni um störf og sjálfstæði dómenda eiga sér ekki að öllu leyti hliðstæðu í núgildandi lögum, en þau taka meðal annars mið af grundvallarreglum sem eru í gildi hér á landi.

Í upphafi 1. mgr. er mælt fyrir um að dómarar séu sjálfstæðir í dómstörfum og leysi þau af hendi á eigin ábyrgð. Sambærileg regla er í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989, en eftir hljóðan hennar tekur hún aðeins til héraðsdómara. Einhverju mikilvægasta inntaki þessa sjálfstæðis er lýst nánar í 2. málsl. 1. mgr., sem byggist á þeirri grundvallarreglu að dómari taki aldrei við fyrirmælum, hvorki frá yfirmanni sínum innan dómstóls, handhafa framkvæmdarvalds eða löggjafarvalds né öðrum, um hvernig farið verði með dómsmál og leyst úr því, heldur ráðist meðferð máls og úrlausn eingöngu af lögum, sbr. einnig upphafsorð 61. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er í 3. málsl. 1. mgr. áréttaður annar þáttur í sjálfstæði dómenda, sem felst í því að dómsathafnir þeirra verði ekki endurskoðaðar af öðrum nema með málskoti til æðra dóms. Þessi fyrirmæli eru reist á meginreglunni um að handhafar annarra þátta ríkisvaldsins geti ekki endurskoðað gerðir dómstóla, heldur sé það aðeins á færi æðri dómstóls, svo og dómarans sjálfs að því leyti sem slíkt er sérstaklega heimilað í réttarfarslögum. Þessu sjálfstæði dómenda fylgir hins vegar ábyrgð þeirra sjálfra á gerðum sínum, svo sem tekið er fram í niðurlagi 1. málsl. 1. mgr. Með sama hætti og í núgildandi lögum er miðað við það í frumvarpinu að dómari geti bæði sætt refsiábyrgð og bótaábyrgð vegna dómstarfa sinna, sbr. 32. gr. Að auki er sjálfgefið að á dómara hvíli siðferðisleg ábyrgð á gerðum sínum í starfi, sem hvorki er mælt fyrir um í gildandi lögum né frumvarpinu, en hún skiptir þó ekki síður máli en þeir þættir ábyrgðar hans sem áður er getið.

Mikilvægt er að hafa í huga að sjálfstæði dómenda snýr að meðferð og úrlausn máls, en það undanþiggur þá á hinn bóginn að engu leyti frá skyldu til að sinna störfum sínum og fara eftir fyrirmælum yfirboðara sinna um önnur atriði í starfi en áður getur. Til áréttingar á þessu er mælt sérstaklega fyrir um það í 2. mgr. að dómara beri að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum, sem honum eru fengin til meðferðar, og rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Jafnframt er kveðið á um skyldu dómara til að fara eftir boði forstöðumanns dómstóls um önnur atriði starfa sinna en meðferð og úrlausn máls, en þegar rætt er hér um boðvald forstöðumanns dómstóls er átt við boðvald forseta Hæstaréttar yfir hæstaréttardómurum og dómstjóra yfir héraðsdómurum. Þá er að auki tekið fram í niðurlagi 2. mgr. að héraðsdómurum sé skylt að hlíta lögmætum ákvörðunum dómstólaráðs. Með þessum fyrirmælum er einkum verið að leggja áherslu á að dómari verði að hlíta boðum yfirmanns dómstólsins sem hann starfar við, og eftir atvikum dómstólaráðs, en um skyldurnar, sem slík boð geta snúið að, er aðallega rætt í öðrum ákvæðum frumvarpsins, auk þess að þær geta leitt af almennum reglum um starfsmenn ríkisins og eðli máls. Vanræksla dómara um að verða við slíkum boðum gæti leitt til viðbragða eftir 28. og 29. gr. frumvarpsins.

Í fyrri málslið 3. mgr. er kveðið á um skyldu dómara til að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þetta er að sjálfsögðu brýnt viðfangsefni fyrir dómara, enda gætir þess í sívaxandi mæli að örar og miklar breytingar verði á ýmsum sviðum löggjafar. Á hinn bóginn er af augljósum ástæðum ekki reynt að mæla hér fyrir um hvernig sinna eigi þessari skyldu í

einstökum atriðum eða hverju vanræksla í þeim efnum gæti varðað, en afleiðingar hennar gætu komið fram með ýmsu móti. Til að stuðla frekar að því að dómarar geti haldið þekkingu sinni við er tekið fram í síðari málslið 3. mgr. að þeim skuli eftir föngum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar. Ætlunin með þessum fyrirmælum er ekki síst að minna forstöðumenn dómstóla, dómstólaráð og þá sem hafa að öðru leyti með höndum ráðstöfun fjár til dómstóla, á að þetta sé sjálfgefinn þáttur í starfsemi dómstóla ef tryggja á að dómarar hafi nauðsynlega þekkingu til að leysa af hendi störf sín sem skyldi. Í ákvæðinu felst einnig hvatning til dómara til að afla og auka þekkingu sína með þeim úrræðum sem standa til boða.

Um 25. gr.

Í 25. gr. eru reglur varðandi launakjör og önnur skyld réttindi dómara. Um þessi atriði eru ekki sérstakar reglur í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. eru fyrirmæli um laun dómara fyrir embættisstörf þeirra. Er þar miðað við að launin verði ákveðin af Kjaradómi, svo sem nú leiðir af ákvæðum I. kafla laga nr. 120/1992. Ætlunin með ákvæðum 1. mgr. er fyrst og fremst að taka af tvímæli um hvað dómarar geti átt rétt til greiðslu fyrir í sambandi við rækslu embættisstarfa sinna. Eru þessi fyrirmæli þannig til fyllingar því, sem segir í síðari málslið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 120/1992 og er gengið út frá því að hér séu tæmandi taldir þeir liðir, sem sérstök greiðsla geti komið fyrir utan við föst laun og laun fyrir yfirvinnu. Ástæða er hins vegar til að benda sérstaklega á að með 1. mgr. 25. gr. er á engan hátt ætlast til að raskað verði rétti dómara til greiðslna fyrir aukastörf sem eru ekki þáttur í embættisstörfum þeirra. Í 1. mgr. 25. gr. eru talin upp í fjórum töluliðum þau atriði varðandi embættisstörf dómara sem þeim bæri sérstök greiðsla fyrir og áður er vikið að. Er þar í fyrsta lagi um að ræða útkallsvaktir og útköll utan reglulegs vinnutíma, en þessir þættir í störfum héraðsdómara tengjast að mestu veitingu heimilda handa lögreglunni til að beita úrræðum við rannsókn opinberra mála og úrlausn um kröfur um gæsluvarðhald. Er hér miðað við að Kjaradómur taki almenna ákvörðun um hvað greiða eigi fyrir vaktir og útköll af þessu tagi. Í öðru lagi er ráðgert að dómarar fái greiðslu vegna kostnaðar af nauðsynlegum ferðum í tengslum við störf sín, en slíkar ferðir geta meðal annars komið til vegna afleysinga fyrir dómara í leyfi, úthlutunar máls til héraðsdómara, sem ætti ekki fast sæti við dómstól þar sem það er rekið, og vettvangsgöngu til athugunar á staðháttum varðandi mál. Ætlast er til að greiðslur vegna ferðakostnaðar og eftir atvikum dagpeninga fari eftir almennum reglum um starfsmenn ríkisins. Í þriðja lagi er lagt til að héraðsdómarar fái greidda staðaruppbót vegna tímabundinna starfa við annan dómstól en þann, þar sem þeir eiga fast sæti, ef þeir geta ekki sótt þangað vinnu með góðu móti með daglegum ferðum frá heimilum sínum. Með þessu er ráðgert að dómarar fái ekki aðeins greiddan kostnað af ferðum og dvöl utan heimilis síns, heldur einnig að þeim verði ákveðið sérstakt álag vegna óþæginda og röskunar, sem mundu fylgja þessari starfsskyldu. Kæmi í hlut Kjaradóms að setja almennar reglur um fjárhæð greiðslna af þessu tagi. Loks er í fjórða lagi gerð tillaga um að héraðsdómarar fái sérstaklega greiddan kostnað af búferlaflutningum í tengslum við tilfærslu á milli starfa samkvæmt ákvörðun dómstólaráðs, en réttur til slíkrar greiðslu væri þó háður því að ekki væri unnt með góðu móti að sækja vinnu á nýjum stað án slíkra flutninga. Greiðsla í þessum tilvikum kæmi fyrir beinan útlagðan kostnað og yrðu því ekki settar frekari reglur um umfang hennar. Að öðru leyti er rétt að benda á að umrædd ákvæði í 1.–4. tölul. 1. mgr. 25. gr. eru bundin við héraðsdómara að frátöldum 2. tölul., sem varðar kostnað af ferðum í tengslum við embættisstörf dómara. Þetta stafar af þeirri augljósu ástæðu að hæstaréttardómarar standa hvorki útkallsvaktir né verða þeir fluttir til í störfum á milli dómstóla, svo sem sérstakar greiðslur eru ráðgerðar fyrir með 1., 3. og 4. tölul. ákvæðisins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að dómstólaráð taki ákvarðanir um greiðslur til héraðsdómara samkvæmt einstökum töluliðum 1. mgr., en forseti Hæstaréttar taki hins vegar ákvarðanir um greiðslur til hæstaréttardómara samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. Lagt er til að nefnd um dómarastörf fái það hlutverk að leysa úr ágreiningi sem kynni að rísa á milli dómara annars vegar og dómstólaráðs eða forseta Hæstaréttar hins vegar um rétt dómarans til aukagreiðslu samkvæmt þessum fyrirmælum. Er þá haft í huga að vafaatriði gætu til dæmis komið upp um hvort skilyrðum væri fullnægt fyrir aukagreiðslu í einstökum tilvikum eða hvert umfang hennar ætti að verða. Með því að nefndinni yrði falið þetta verkefni kæmi ekki í hlut Kjaradóms að taka afstöðu til atriða af þessum meiði, svo sem annars kynni að hafa komið til greina vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. laga nr. 120/1992.

Samkvæmt 3. mgr. er ætlast til að almennar reglur um starfsmenn ríkisins gildi eftir því sem á við um rétt dómara til orlofs, réttindi þeirra vegna veikindaforfalla, lífeyrisréttindi og önnur áþekk atriði, ef ákvæði frumvarpsins leiða ekki til annarrar niðurstöðu. Með þessum fyrirmælum er eingöngu leitast við að taka af tvímæli um hvaða reglur ráði umræddum réttindum dómara, en ekki verður séð að þetta ákvæði þarfnist frekari skýringa.

Um 26. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur um nýmæli varðandi heimildir dómara til að taka að sér aukastörf og eiga hlut í félögum eða atvinnufyrirtækjum, þar á meðal um hvernig leyst verði úr um þær heimildir, svo og að þetta megi banna dómara með bindandi hætti. Með ákvæðum frumvarpsins er stefnt að því að bæta úr þörf á reglum um þessi efni, enda er ekkert mælt fyrir um þau í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. kemur fram að dómara sé óheimilt að taka að sér aukastörf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstörfum sínum sem skyldi. Þetta er í raun aðeins almenn leiðbeiningarregla um meginatriðin sem dómari verður annars vegar sjálfur að gæta að í þessum efnum og nefnd um dómarastörf verður hins vegar að taka mið af við gerð nánari reglna um þessi efni og úrlausn um heimildir dómara í einstökum tilvikum, svo sem nánar ræðir um í 2.–4. mgr.

Í upphafi 2. mgr. er lagt til að nefnd um dómarastörf setji almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Er þar miðað við að nefndin geri eins konar skrá um störf sem nefndin telur ekki tormerki á að dómari sinni meðfram aðalstarfi og eftir atvikum störf sem hún telur ósamrýmanleg dómaraembætti. Slíkar almennar reglur yrðu til þess að dómurum gæfist kostur á að gera sér strax ljóst hvort aukastarf, sem leitað væri til þeirra um, gæti komið til álita vegna aðalstarfa þeirra. Reglunum er að auki ætlað að leiða til hagræðingar í störfum nefndarinnar, því samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. þyrfti dómari ekki að leita sérstakrar heimildar hennar hverju sinni til að mega taka við aukastarfi, sem heimild stæði til í reglunum, heldur mundi nægja að hann tilkynnti nefndinni um starfið áður en hann tæki við því. Með þessu fengi nefndin vitneskju um væntanlegt aukastarf og gæti þá eftir atvikum gripið strax í taumana ef hún teldi dómara hafa mistúlkað reglur hennar. Í lokamálslið 2. mgr. er á hinn bóginn ráðgert að dómari leiti alltaf fyrir fram eftir sérstakri heimild nefndarinnar til að taka við aukastarfi sem afstaða væri ekki tekin til í almennum reglum hennar. Væri dómaranum þá óheimilt að taka við starfinu fyrr en hann fengi leyfi nefndarinnar til þess.

Í 3. mgr. er lagt til að nefnd um dómarastörf setji almennar reglur um heimildir dómara til að eiga hlut í félögum og atvinnufyrirtækjum. Miðað er við að dómari þurfi ekki að leita sérstaks leyfis nefndarinnar til að eignast slíkan hlut ef heimild stendur til þess í almennum reglum hennar, heldur nægi að hann tilkynni henni um það. Skorti hins vegar slíka heimild í

reglunum yrði dómari fyrir fram að leita leyfis nefndarinnar til að eignast hlutinn. Þessar reglur eru í öllum atriðum sams konar og fyrirmæli 2. mgr., sem lýst er nánar hér að framan, og á því sú lýsing hér einnig við.

Samkvæmt upphafsmálslið 4. mgr. gæti nefnd um dómarastörf með rökstuddri ákvörðun meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Er hér miðað við að nefndin geti tekið slíka ákvörðun hvort sem er til að svara sérstakri umsókn dómara um leyfi í þessum efnum, sbr. 3. málsl. 2. mgr. og 3. málsl. 3. mgr., eða í kjölfar tilkynningar dómara samkvæmt 2. málsl. beggja málsgreina. Tekið er fram í 4. mgr. að dómara beri að hlíta banni nefndarinnar í þessum efnum, en honum sé þó heimilt að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess. Dómara væri því skylt að laga sig að ákvörðun nefndarinnar að því viðlögðu að gripið yrði til agaráðstafana í hans garð, sbr. síðari málslið 2. mgr. 28. gr. Mundi engu breyta í því sambandi hvort dómarinn hygðist höfða mál til að fá banni nefndarinnar hnekkt eða léti verða af því, svo lengi sem dómsniðurstaða væri ekki gengin honum í hag, en slík málshöfðun færi eftir almennum reglum.

Vekja verður athygli á því að sérstakar reglur eru lagðar til í bráðabirgðaákvæði í 40. gr. um hvernig fari um aukastörf, sem dómarar hafa þegar með höndum, ef frumvarpið verður að lögum, svo og um eignarhluta að félögum og atvinnufyrirtækjum sem þeir kynnu að eiga við gildistöku laganna. Er þar miðað við að dómarar verði að leita heimildar nefndar um dómarastörf til að halda áfram aukastörfum eða eiga áfram hlut í félögum eða fyrirtækjum og eru þeim veittir þar sérstakir frestir til að laga sig að niðurstöðum nefndarinnar ef synjað yrði um heimild.

Um 27. gr.

Í 27. gr. eru nýmæli um heimild þess, sem telur dómara hafa gert á sinn hlut í starfi til að koma fram kvörtun af því tilefni, en nefnd um dómarastörf er ætlað að taka við slíkum kvörtunum og leysa úr þeim. Reglur í líkingu við þessar eru ekki nú til í lögum, en í almennum athugasemdum hér að framan er gerð grein fyrir þeim úrræðum sem kostur er á eftir gildandi lögum af tilefni sem þessu, svo og þeim röksemdunum sem búa að baki þessu ákvæði frumvarpsins. Um þau atriði skal því vísað til þess sem þar kemur fram.

Í upphafi 1. mgr. er mælt fyrir um rétt til að koma fram kvörtun. Þessi réttur er þar veittur hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á sinn hlut í starfi. Kvörtunarheimildin væri samkvæmt þessu einkum í höndum aðila að dómsmáli sem viðkomandi dómari færi með, en einnig gæti fyrirsvarsmaður málsaðila eða lögmaður hans notið þessarar heimildar, svo og vitni eða matsmaður sem kæmi við sögu máls, eða annar sem ákvörðun dómara við rekstur máls gæti varðað. Ekki verður útilokað að enn aðrir gætu sýnt fram á lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kvörtun á hendur dómara vegna framferðis hans í tengslum við dómsmál. Samkvæmt ákvæðinu yrði réttur til kvörtunar háður því að störf dómara hafi með einhverjum hætti bitnað á þeim sem bæri hana fram, enda er áskilið að dómari hafi gert á hlut viðkomanda með störfum sínum. Að fullnægðum þessum skilyrðum mætti viðkomandi beina kvörtun til nefndar um dómarastörf, en samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. yrði hann að greina þar frá atvikum og röksemdum fyrir því að brotið hafi verið á rétt hans. Vegna þessa áskilnaðar um efni kvörtunarinnar er ljóst að hún yrði að vera skrifleg og leiðir af sjálfu sér að nauðsynleg gögn verði að fylgja henni. Að öðru leyti varða ákvæði 1. mgr. meðferð nefndarinnar á kvörtun á fyrstu stigum. Þar er ráðgert að nefndin geti þegar í stað vísað kvörtun frá sér ef hún telur sýnt að kvörtunin gefi ekki tilefni til frekari aðgerða, en annars bæri nefndinni að gefa hlutaðeigandi dómara og forstöðumanni dómstóls kost á að skila skriflegum athugasemdun innan tiltekins frests. Sérstaklega er tekið fram að nefndin megi taka í einu lagi til meðferðar tvær

eða fleiri kvartanir sem beinast að sama dómara. Er þar ekki áskilið að kvartanirnar séu bornar fram af þeim sama, í tengslum við sama dómsmál eða vegna sambærilegrar háttsemi dómarans. Hefði því nefndin frjálsar hendur til ákvörðunar um að sameina meðferð tveggja eða fleiri kvartana í garð sama dómara. Um meðferð kvörtunar fyrir nefndinni mundu að öðru leyti gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um afgreiðslu kvörtunar sem metin hefur verið tæk til meðferðar, en með því er átt við kvörtun sem nefnd um dómarastörf hefur ekki vísað frá sér þegar á fyrstu stigum samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. Samkvæmt fyrri málsl. 2. mgr. verður að leysa úr öllum tækum kvörtunum með skriflegu og rökstuddu áliti, en í því sambandi gildir þá einu hvort kvörtun verði hafnað eða hún þyki gefa tilefni til aðgerða. Í síðari málsl. 2. mgr. er ráðgert að nefndin geti brugðist þannig við kvörtun sem þykir gefa tilefni til aðgerða að hún annaðhvort finni að störfum dómarans sem á í hlut eða veiti honum áminningu eftir því sem nánar er lýst í 28. gr. Aðfinnslur af því tagi, sem hér um ræðir, hefðu almennt ekki sérstakar afleiðingar í för með sér fyrir dómara nema hvað varðar starfsheiður hans, en við ítrekun á sams konar háttsemi gætu undanfarandi aðfinnslur þó leitt til þess að áminningu yrði beitt. Að öðru leyti er ástæða til að benda á að í 27. gr. er ekki mælt sérstaklega fyrir um heimild til að bera undir dómstóla niðurstöðu nefndarinnar um kvörtun sem leiðir ekki til áminningar, en ætla verður að hvort heldur sá sem bar kvörtun fram eða dómarinn, sem hún beindist að, gæti reynt á lögmæti úrlausnar nefndarinnar með málshöfðun eftir almennum reglum.

Um 28. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um áminningu til dómara vegna háttsemi hans eða vanrækslu í starfi eða aðfinnsluvert framferði hans utan starfs, svo og um tilmæli forstöðumanns dómstóls til dómara af sömu ástæðum ef ekki þykja nægileg efni til áminningar. Ákvæði um áminningar til dómara eru nú í 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, sem gilda þó eftir orðanna hljóðan eingöngu um héraðsdómara. Með 28. gr. frumvarpsins eru lagðar til reglur sem eiga að taka til allra dómara og eru að auki talsvert ítarlegri en þær sem nú gilda.

Í 28. gr. er gerður greinarmunur á því hvort ávirðingar í garð dómara séu þess eðlis að hæfilegt sé að forstöðumaður dómstóls beini tilmælum til hans um að bæta ráð sitt, sbr. 1. mgr., eða hvort þær séu þeim mun alvarlegri og ástæða geti verið til áminningar, sem fjallað er um í 2.–6. mgr. Munurinn á tilefnum fyrir þessum tvenns konar viðbrögðum við ávirðingum er ekki afmarkaður nákvæmlega, heldur er gengið út frá því í 1. og 2. mgr. að forstöðumaður dómstóls verði að meta hverju sinni hvort hann láti við tilmæli sitja eða beini málefninu til nefndar um dómarastörf með það fyrir augum að tekin verði afstaða til þess hvort áminningu skuli beitt, en valdið til að beita áminningu er lagt í hendur nefndarinnar með ákvæðum 28. gr. Forstöðumaðurinn hefði þó alls ekki endanlegt vald til að leggja mat á þetta, því ráðgert er í 3. mgr. að dómsmálaráðherra geti beint máli til nefndar um dómarastörf vegna ávirðingar dómara og eins að nefndin sjálf geti tekið mál upp að eigin frumkvæði. Í þeim tilvikum mætti einu gilda hvort forstöðumaður dómstólsins hafi talið tilmæli nægjanleg vegna ávirðinga dómara og hafi þannig ekki hlutast til um að málið kæmi til kasta nefndarinnar. Þá gæti meðferð kvörtunar í garð dómara samkvæmt 27. gr. leitt til þess að honum yrði gerð áminning, svo sem ráðgert er í niðurlagi 2. mgr. þeirrar greinar, en ákvæði 28. gr. mundu gilda um veitingu áminningar í slíku tilviki. Er þannig miðað við að ávirðingar í garð dómara geti komið til kasta nefndar um dómarastörf á fjóra vegu, með því að forstöðumaður dómstóls beini þangað slíku máli eða dómsmálaráðherra, kvörtun berist nefndinni eftir fyrirmælum 27. gr. eða nefndin taki ávirðingarnar til umfjöllunar af sjálfsdáðum.

Með frumvarpinu er lagt til að forstöðumaður dómstóls hafi sem áður segir með höndum

vald til að bregðast við ávirðingum dómara með því að beina tilmælum til hans um að bæta ráð sitt, en nefnd um dómarastörf fjalli um alvarlegri ávirðingar og taki þá afstöðu til þess hvort bregðast eigi við þeim með áminningu. Í núgildandi lögum eru ekki fyrirmæli um tilmæli af því tagi sem hér um ræðir, en telja má að forstöðumaður dómstóls hafi allt að einu almenna heimild til að beita slíku úrræði í skjóli stöðu sinnar. Eftir gildandi lögum er valdið til að áminna dómara í höndum dómstjóra ef héraðsdómari á í hlut, en í höndum forseta Hæstaréttar ef beina á áminningu að dómstjóra, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989. Lítið hefur reynt á þessar reglur í framkvæmd, en að því leyti sem til þess hefur komið virðast þær ekki hafa reynst sem skyldi. Kemur þar meðal annars til að forstöðumanni dómstóls er vandi á höndum að beita sjálfur svo alvarlegu úrræði sem áminningu við samstarfsmann sinn sem eftir atvikum hefur meðal annarra dómara við viðkomandi dómstól átt þátt í kjöri forstöðumannsins í þá stöðu. Þá er í reynd nánast útilokað að sjá hvernig það gæti komið til að forseti Hæstaréttar færi að beina áminningu til forstöðumanns héraðsdómstóls, enda gegnir sá fyrrnefndi engu eftirlitshlutverki með störfum dómenda við aðra dómstóla. Meðal annars í þessu ljósi þykir nauðsynlegt að breyta þessari skipan verulega, svo sem lagt er til í frumvarpinu.

Í 1. mgr. 28. gr. er sem áður segir lýst þeim ávirðingum dómara sem ráðgert er að geti orðið tilefni til þess að forstöðumaður beini tilmælum til hans. Er miðað við að til þessa geti komið ef háttsemi eða vanræksla dómara í starfi eða framferði hans utan starfsins sé aðfinnsluvert, án þess þó að nægilegt tilefni þyki til áminningar. Hér er því ráðgert með sama hætti og í núgildandi ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989 að það sé ekki aðeins framkoma, athafnir eða vanræksla dómara í starfi sem geti orðið tilefni til agavirðurlaga, heldur einnig framferði hans utan starfsins sem verði talið ósamrýmanlegt dómaraembætti. Benda má á að síðastgreint atriði skarast að nokkru leyti við almenna skilyrðið fyrir veitingu dómaraembættis í 5. tölul. 2. mgr. 4. gr. og 5. tölul. 2. mgr. 12. gr., þar sem áskilið er að dómaraefni megi ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem dómarar verði almennt að njóta. Starfandi dómari, sem sýndi af sér slíka háttsemi, mundi missa almenn dómaraskilyrði og væri unnt að víkja honum úr embætti eftir ákvæðum 29. gr. Af þessu má draga þá ályktun að það framferði dómara utan starfs síns, sem átt er við í 1. mgr. 28. gr., sé ekki á svo alvarlegu stigi að umrædd viðbrögð eftir 29. gr. séu við hæfi. Eins og greinir hér áður er miðað við það í 1. mgr. 28. gr. að forstöðumaður dómstóls beini tilmælum til dómara ef háttsemi hans, vanræksla eða framferði þykir ekki gefa næga ástæðu til áminningar. Er því augljóst að tilmælin yrðu vægasta agaúrræðið sem beitt yrði við umræddar aðstæður, og yrði forstöðumaðurinn að meta hvort þetta úrræði hæfði tilefninu. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. gætu tilmælin verið hvort sem er munnleg eða skrifleg, en í ljósi þess að ef árangur yrði ekki af tilmælunum kæmi samkvæmt 2. mgr. til áminningar gagnvart dómara má ætla að betur væri við hæfi að öðru jöfnu að tilmælin yrðu skrifleg, svo tilvist þeirra og efni væri sannanlegt. Í lokaorðum 1. mgr. kemur fram að tilmælin eigi að vera um úrbætur á þeim atriðum sem hafa leitt til ávirðinga. Með þessu er ekki ætlast til að forstöðumaður dómstóls þurfi að tiltaka hvers konar úrbóta sé þörf, heldur aðeins að fram komi hvað hafi gefið tilefni til ávirðinga og að úr því verði að bæta.

Í 2. mgr. 28. gr. er gert ráð fyrir því að forstöðumanni dómstóls sé skylt í ferns konar tilvikum að beina máli vegna ávirðinga á hendur dómara við dómstólinn til nefndar um dómarastörf. Í fyrsta lagi kæmi til þess ef tilmæli samkvæmt 1. mgr. bæru ekki árangur, en í þeim efnum færi hverju sinni eftir atvikum hvernig komist yrði að niðurstöðu um að tilmælin kæmu ekki að haldi. Í öðru lagi yrði forstöðumaðurinn að fara þessa leið ef hann teldi ávirðingar dómarans alvarlegri en svo að það ætti við að beita tilmælum samkvæmt 1. mgr. Áður hefur verið vikið hér að því að forstöðumaðurinn yrði að meta í hverju tilviki hvort hann ætti að beita tilmælum eða beina málinu til nefndar um dómarastörf, en að auki gæti verið

álitamál hvort ávirðingarnar væru enn alvarlegri og gæfu tilefni til að telja viðkomandi dómara hafa misst almenn dómaraskilyrði. Ef svo væri gæti verið tilefni til að víkja dómara úr embætti eftir reglum 29. gr., en af þeim sökum væri forstöðumanni dómstóls rétt að greina dómsmálaráðherra frá ávirðingum sem gæfu tilefni til vafa í þessum efnum, enda væri í höndum ráðherra að kanna frekar skilyrði fyrir frávikningu samkvæmt síðastnefndri grein. Í þriðja lagi er ráðgert að forstöðumaður beini máli til nefndar um dómarastörf ef honum yrði kunnugt um að dómari hlíti ekki ákvörðun dómstólaráðs. Í þessu sambandi skal bent á að dómstólaráði er ekki ætlað að geta beint máli af þessu tilefni til nefndar um dómarastörf, en það breytir ekki því að dómstólaráð gæti veitt nefndinni upplýsingar um atvik sem þessi með það fyrir augum að hún tæki málið upp að eigin frumkvæði. Í fjórða lagi yrði forstöðumaður dómstóls að beina máli til nefndarinnar ef hann yrði þess var að dómari sinni aukastarfi eða eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki í trássi við bann nefndarinnar samkvæmt 4. mgr. 26. gr., en að þessu mundi nefndin væntanlega einnig gæta og taka upp málið af sjálfsdáðum ef tilefni sem þetta gæfist til. Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. yrði ætlast til þess að forstöðumaður dómstóls beindi máli til nefndar um dómarastörf með skriflegu og rökstuddu erindi. Á hinn bóginn er ekki ráðgert að forstöðumaðurinn hafi uppi kröfu um málalok fyrir nefndinni eða láti á annan hátt í ljós hvernig hann telji hæfa að brugðist verði við ávirðingum hlutaðeigandi dómara.

Í 3. mgr. er lagt til að dómsmálaráðherra geti beint máli til nefndar um dómarastörf með sama hætti og forstöðumaður dómstóls mundi gera samkvæmt 2. mgr. Með þessu er átt við það að ráðherra gæti beint máli til nefndarinnar af sömu ástæðum og rætt er um í 2. mgr., en þetta gæti komið til ef til dæmis ráðherra teldi forstöðumanninn láta ranglega hjá líða að eiga frumkvæði að málinu eða forstöðumaðurinn leitaði gagngert til ráðherra um að gera þetta. Þá er jafnframt ráðgert í 3. mgr. að nefndin geti tekið upp mál af þessu tilefni að eigin frumkvæði, en um það hefur þegar verið fjallað hér að framan.

Í 4. mgr. eru reglur um meðferð máls af þessu tilefni fyrir nefnd um dómarastörf. Samkvæmt ákvæðinu bæri nefndinni að gefa hlutaðeigandi dómara kost á að taka til andsvara í skriflegri greinargerð, en að auki er nefndinni ætlað að afla allra nauðsynlegra gagna af sjálfsdáðum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að málsmeðferðin sjálf færi eftir almennum reglum í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Samkvæmt 5. mgr. er ætlast til að nefnd um dómarastörf ljúki máli sem þessu með skriflegri og rökstuddri ákvörðun, hvort sem komist væri að þeirri niðurstöðu að veita eigi áminningu eða ekki. Áminningin sem slík fælist í ákvörðun nefndarinnar ef niðurstaðan yrði á þann veg að efni væru til að veita hana. Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu nefndarinnar til að birta dómaranum ákvörðunina ef áminning er þar veitt, en þetta gæti nefndin gert sjálf með því að kveðja dómarann á sinn fund eða látið birta hana fyrir dómaranum með sannanlegum hætti eftir almennum reglum. Þá er nefndinni jafnframt ætlað að senda ákvörðunina til forstöðumanns viðkomandi dómstóls og dómsmálaráðherra, svo og dómstólaráðs ef um héraðsdómara er að ræða, sé þar komist að þeirri niðurstöðu að áminning skuli veitt.

Í 6. mgr. er lagt til að dómari, sem fengið hefur áminningu og vill ekki una við hana, eigi kost á að reyna að fá henni hnekkt með því að höfða mál í því skyni eftir almennum reglum gegn dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins. Þessi heimild verður að teljast eðlileg þegar litið er til þess að áminning getur haft alvarlegar afleiðingar sem undanfari að brottvikningu dómara samkvæmt fyrirmælum 29. gr., auk þess að áminning er fallin til að varpa rýrð á mannorð hans. Samkvæmt niðurlagi 6. mgr. hefði dómari þó skamman frest til að höfða mál af þessu tilefni, því það yrði að gerast innan mánaðar frá því að áminning væri birt honum. Þessi skammi frestur þykir nauðsynlegur með hliðsjón af því að óvissa um gildi áminningar til fram-

búðar gæti orðið til vandkvæða í sambandi við áframhaldandi beitingu agaviðurlaga gagnvart dómaranum, ef tilefni gæfist til þeirra.

Um 29. gr.

Í 29. gr. eru ákvæði um hvenær og hvernig dómara verði veitt lausn frá embætti um stundarsakir vegna ávirðinga á hendur honum, hversu lengi slík lausn geti staðið og hvernig fari um rétt dómarans til launa á meðan lausnin stendur, en í 30. gr. eru síðan fyrirmæli um hvernig slíkri lausn verði fylgt eftir með málshöfðun ríkisins á hendur dómaranum til að víkja honum til fullnaðar úr embætti. Ákvæði þessara tveggja greina eru í mörgum atriðum samsvarandi reglum í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, svo langt sem þær ná, en eru mun ítarlegri að ýmsu leyti.

Í 1. mgr. 29. gr. er mælt fyrir um ástæður þess að veita megi dómara lausn um stundarsakir. Þetta gæti í fyrsta lagi gerst ef dómari hefur sætt áminningu samkvæmt 28. gr., en ekki lagað sig að henni innan hæfilegs tíma. Þegar rætt er hér um að dómari lagi sig að áminningu er að sjálfsögðu átt við það að hann ráði bót á þeirri vanrækslu í starfi eða því framferði í starfi eða utan þess sem gaf tilefni til áminningarinnar. Væri háð atvikum hverju sinni hvort þessi aðlögun ætti sér stað með beinum aðgerðum, svo sem ef ráðin væri bót á vanrækslu í starfi með því að sinna því af festu, eða með athafnaleysi, til dæmis ef dómari léti af háttsemi utan starfs síns sem hefur þótt ósamrýmanleg embætti hans. Einmitt af þessum ástæðum verður að telja óhjákvæmilegt að reglan verði á þann veg að dómari hafi hæfilegan tíma til að laga sig að áminningu, enda gæti verið mjög ólíkt hversu langan tíma þyrfti til í þessu skyni eftir því hvert tilefni áminningarinnar hefur verið. Í öðru lagi er ráðgert að dómara verði veitt lausn um stundarsakir ef hann hefur þegar sætt áminningu og gerist aftur innan þriggja ára sekur um ávirðingar sem gefa tilefni til nýrrar áminningar. Í sambandi við þetta ber að vekja athygli á því að ekki er hér áskilið að nýjar ávirðingar dómarans séu sama eðlis og þær sem leiddu áður til áminningar. Þá er heldur ekki áskilið að dómaranum sé veitt áminning öðru sinni, heldur mundi hér nægja að tilefni samkvæmt 28. gr. væri komið upp til nýrrar áminningar, sem þyrfti þá ekki að afla sérstaklega. Jafnframt er ástæða til að benda hér á að þriggja ára fresturinn, sem miðað er við í þessu sambandi, mundi teljast frá þeim tíma sem fyrri áminning var veitt, en atvikin, sem gætu leitt til nýrrar áminningar, yrðu að koma fram innan frestsins og þeim yrði að fylgja eftir án ástæðulausrar tafar með veitingu lausnar um stundarsakir. Í þriðja lagi er miðað við að dómara verði veitt slík lausn ef hann missir almenn skilyrði samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eða 2. mgr. 12. gr. til að gegna dómaraembætti, en lausn yrði þá veitt án undangenginnar áminningar. Tilefnin, sem gætu gefist samkvæmt þessu til lausnar, eru augljós ef almennu dómaraskilyrðin í tilvitnuðum ákvæðum eru skoðuð með tilliti til þessa, svo sem að dómari missi nauðsynlegt andlegt eða líkamlegt heilbrigði, bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta eða hann er sviptur lögræði. Sérstök ástæða er til að benda á að tilefni gæfist einnig til lausnar um stundarsakir á þessum grundvelli ef dómari sýndi af sér háttsemi sem gæti rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 4. gr. og 5. tölul. 2. mgr. 12. gr., en af þessum sökum er óþarft að hafa í frumvarpinu sérákvæði, eins og nú er í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, um að dómara verði veitt lausn um stundarsakir ef hann rýrir svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna embætti sínu. Loks er í fjórða lagi ráðgert að dómara verði veitt lausn um stundarsakir ef opinber rannsókn beinist að honum eða opinbert mál er höfðað gegn honum og áfellisdómur um sakirnar, sem hann er borinn, yrði til þess að hann missti almenn dómaraskilyrði. Hæfisskilyrðin, sem þar eru höfð í huga, eru í 5. tölul. 2. mgr. 4. gr. og 5. tölul. 2. mgr. 12. gr., þar sem áskilið er að umsækjandi um dómaraembætti megi hvorki hafa gerst sekur um refsivert athæfi sem megi telja svívirðilegt að almenningsáliti né

sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem dómarar verði almennt að njóta. Þessi fyrirmæli í 1. mgr. 29. gr. eru byggð á því sjónarmiði að óviðunandi sé að dómari sitji í embætti á meðan opinber rannsókn beinist að honum vegna gruns um brot, sem einhverju varðar, eða opinbert mál er rekið gegn honum til að koma fram refsingu vegna slíks brots.

Í fyrri málslið 2. mgr. er þess getið hver veiti dómara lausn um stundarsakir að fullnægðum skilyrðum 1. mgr., en annars vegar væri það forseti Íslands ef hæstaréttardómari ætti í hlut og hins vegar dómsmálaráðherra ef um héraðsdómara væri að ræða. Um þetta eru ekki bein fyrirmæli varðandi dómara í núgildandi lögum, en niðurstaðan yrði þó allt að einu sú sama og hér um ræðir á grundvelli almennra reglna. Í síðari málslið 2. mgr. er tekið fram að dómsmálaráðherra sé skylt að afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf áður en lausn verður veitt um stundarsakir. Slíka umsögn, sem mundi að sjálfsögðu snúast um það hvort tilefni væri til að veita dómara lausn um stundarsakir, yrði nefndin að gera á skömmum tíma og er því ekki ráðgert að hún leiti sérstaklega eftir afstöðu dómarans sem ætti í hlut, eða afli sjálf gagna, heldur yrði hún að öðru jöfnu að miða umsögn sína við það, sem lagt væri fyrir hana þegar leitað væri umsagnarinnar. Umsögn nefndarinnar yrði ekki bindandi fyrir ráðherra, enda bæri hann vitanlega sjálfur ábyrgð á gerðum sínum í þessum efnum. Þessi ákvæði 2. málsl. 2. mgr. eiga sér enga hliðstæðu í núgildandi lögum.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um hvernig dómsmálaráðherra verði að fylgja því eftir að dómara hafi verið veitt lausn um stundarsakir, en greinarmunur er hér gerður á tilvikum eftir því hvert tilefni lausnarinnar hafi verið. Ef dómara hefur verið veitt lausn um stundarsakir að undangenginni áminningu eða vegna þess að hann hefur misst almenn dómaraskilyrði, sbr. 1. og 2. málsl. 1. mgr., ber ráðherra að höfða mál á hendur honum til embættismissis innan tveggja mánaða frá því lausn var veitt, en að öðrum kosti fellur lausnin sjálfkrafa niður og getur þá dómarinn tekið aftur við embætti sínu. Sérstakt ákvæði er í 2. málsl. 3. mgr. um hvað gerist ef mál af þessu tagi hefur verið höfðað, en því er síðan vísað frá dómi eða það er fellt niður. Yrði þá að höfða nýtt mál á hendur hlutaðeigandi dómara til embættismissis innan tveggja vikna frá lokum fyrra málsins, að því viðlögðu að lausnin um stundarsakir félli niður að þeim tíma liðnum, en til þessa úrræðis vegna ónýtingar fyrra máls yrði ekki gripið oftar en einu sinni. Hafi mál verið höfðað innan umrædds frests og því væri réttilega fram haldið mundi lausnin um stundarsakir standa sjálfkrafa á meðan á rekstri þess stæði, sbr. nánar í 2. mgr. 30. gr. Ef dómara hefur verið veitt lausn um stundarsakir vegna opinberrar rannsóknar eða opinbers máls, sem beinist gegn honum, sbr. 3. málsl. 1. mgr., er ráðgert í 3. málsl. 3. mgr. að lausnin standi um tiltekinn tíma og málshöfðun komi ekki til beinlínis í tilefni af henni. Í þessu sambandi verður þó að gera greinarmun á tveimur flokkum tilvika. Annars vegar er miðað við að lausn um stundarsakir falli sjálfkrafa niður og dómarinn geti tekið þegar í stað við embætti sínu á ný ef ákveðið er við lok opinberrar rannsóknar að hann verði ekki sóttur til sakar, lausn hefur staðið í sex mánuði án þess að ákæra hafi verið gefin út á hendur honum eða endanlegur dómur gengur í opinberu máli um sýknu hans. Í sambandi við þessi tilvik verður að benda á að þótt dómari gæti samkvæmt þessu tekið við embætti sínu á ný er ekki sjálfgefið að hann gæti gegnt því til frambúðar því hann kynni allt að einu að vera talinn hafa sýnt af sér háttsemi sem rýri það traust sem dómarar verði almennt að njóta þannig að hann hafi misst almenn dómaraskilyrði. Þetta gæti hugsanlega átt við ef til dæmis opinber rannsókn hefur beinst að dómara vegna alvarlegs brots, sem hann hefur gengist við, en fallið hefur verið frá ákæru á hendur honum vegna fyrningar sakar. Undir kringumstæðum sem þessum gæti komið til álita að víkja dómaranum frá embætti um stundarsakir öðru sinni og þá á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 29. gr., en þeirri lausn yrði að fylgja eftir með málshöfðun eins og að framan greinir. Hins vegar er miðað við það í niðurlagi 3. mgr. að lausn um stundarsakir falli niður þegar tvær

vikur eru liðnar frá því að endanlegur dómur hefur gengið um sakfellingu dómara í opinberu máli. Um framhald máls undir þessum kringumstæðum er ekki mælt frekar í ákvæðinu, en gert er ráð fyrir því að á þeim tveimur vikum, sem líða frá sakfellingu dómara, verði dómsmálaráðherra að taka afstöðu til þess hvort dómarinn hafi misst almenn dómaraskilyrði vegna þessara atvika. Ef ráðherra teldi svo vera yrði hann að hlutast til um að dómaranum yrði áfram veitt lausn um stundarsakir og þá á grundvelli 2. málsl. 1. mgr., en í kjölfarið yrði að höfða mál á hendur honum til embættismissis með þeim hætti sem áður greinir. Ef á hinn bóginn ekkert yrði að gert innan umrædds tveggja vikna frests tæki dómarinn á ný við embætti sínu, þrátt fyrir sakfellingu í opinberu máli. Af þessu má sjá að ætlast er til að lausn um stundarsakir vegna þeirra atvika, sem greinir í 3. málsl. 1. mgr., verði aðeins eins konar bráðabirgðaráðstöfun, en ekki beinn aðdragandi að málshöfðun á hendur dómara til embættismissis. Að endingu má vekja hér athygli á því að í niðurlagi 3. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989 er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra geti veitt dómara lausn um stundarsakir vegna tiltekinna ávirðinga og verði síðan að höfða mál á hendur dómaranum til embættismissis svo fljótt sem verða má. Ákvæði 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins eru þannig reist á sama grunni og núgildandi reglur, en svo sem sjá má eru þau talsvert ítarlegri.

Í 4. mgr. 29. gr. er tekið fram að dómari haldi fullum embættislaunum meðan á lausn um stundarsakir stendur. Í núverandi framkvæmd hefur því verið slegið föstu að sama regla gildi þótt sérregla hafi ekki verið lögfest um þetta atriði varðandi dómara.

Um 30. gr.

Í 30. gr. eru fyrirmæli um málshöfðun á hendur dómara til embættismissis í kjölfar lausnar um stundarsakir, en með sama hætti og í núgildandi reglu 3. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989 er að sjálfsögðu miðað hér við að dómara verði ekki vikið úr embætti nema með dómi, svo sem mælt er fyrir um í 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Í upphafi 1. mgr. segir að þegar dómara hefur verið veitt lausn um stundarsakir höfði dómsmálaráðherra mál á hendur honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Varðandi þessi fyrirmæli skal bent á að gengið er út frá því að lausn um stundarsakir þurfi alltaf að vera undanfari málshöfðunar til embættismissis, enda má telja óviðeigandi að dómari, sem slíku máli væri beint að, sæti að störfum meðan á rekstri þess stæði. Þá má einnig vekja athygli á því að í þessu ákvæði eru nýmæli í samanburði við núgildandi reglur í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989 að því leyti að lagt er til að mál sem þetta verði alltaf rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Varðandi rekstur málsins að öðru leyti er tekið fram í 2. málsl. 1. mgr. að almennar reglur um meðferð einkamála gildi í þeim efnum, að tveimur atriðum undanskildum. Annars vegar er lagt til að mál sem þetta verði alltaf að sæta flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 og hins vegar að það verði alltaf rekið fyrir þremur dómurum í héraði. Samsvarandi sérreglur eru ekki í núgildandi lögum, en rökin að baki þeim má telja augljós.

Í 2. mgr. er tekið fram að lausn dómara frá embætti um stundarsakir skuli standa áfram, þótt dómur hafi gengið í héraði í máli á hendur honum til embættismissis, svo lengi sem kostur er á að áfrýja dóminum til Hæstaréttar innan almenns frests, svo og áfram eftir það á meðan mál er rekið fyrir Hæstarétti ef áfrýjað er. Lagt er til að þessar reglur verði teknar hér upp til að taka af öll tvímæli um þetta, en í núgildandi lögum eru ekki fyrirmæli þessa efnis. Varðandi einstök atriði í þessari málsgrein skal vakin athygli á því að umræddum reglum er ætlað að gilda á hvorn veginn sem héraðsdómur gengi. Áfrýjunarfresturinn, sem vísað er til í ákvæðinu, er þrjár vikur frá uppkvaðningu héraðsdóms, sbr. 5. mgr. 124. gr. laga nr. 91/1991, en rætt er hér um almennan áfrýjunarfrest til að taka af vafa um að ekki eigi að taka tillit til þess að leita

mætti áfrýjunarleyfis í þrjá mánuði eftir lok hans, sbr. 2. mgr. 153. gr. sömu laga. Ef krafa um frávikningu dómara væri tekin til greina í héraði stæði lausn um stundarsakir þar til áfrýjunarfrestur væri á enda án þess að málinu hafi verið skotið til Hæstaréttar, en þá væri héraðsdómur orðinn endanlegur og lausn dómarans það einnig, sbr. 3. mgr. Ef kröfu um frávikningu væri hafnað í héraðsdómi stæði lausn um stundarsakir allt að einu áfram þar til áfrýjunarfrestur liði án málskots, en að þeim fresti liðnum tæki dómarinn á ný við embætti sínu, sbr. 4. mgr. Að auki gæti héraðsdómur orðið endanlegur í þessum skilningi áður en áfrýjunarfrestur væri liðinn ef aðilar málsins afsöluðu sér rétti til áfrýjunar eða misstu hann á annan hátt. Ef til áfrýjunar kæmi stæði síðan lausn um stundarsakir áfram þar til málinu lyki fyrir Hæstarétti, en einu mundi þá gilda hvernig málið hefði farið fyrir héraðsdómi.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það að endanlegur dómur um að dómara sé vikið úr embætti leiði sjálfkrafa til lausnar hans úr því. Héraðsdómur þessa efnis gæti orðið endanlegur með þeim hætti sem rætt er um í athugasemdum við 2. mgr. hér að framan, en dómur Hæstaréttar er endanlegur í þessum skilningi frá því að hann er kveðinn upp. Í þessu ákvæði felst að öðru leyti að dómur um frávikningu leiði einn og sér til þess að dómari hafi fengið lausn frá embætti sínu og þyrfti því dómsmálaráðherra eða eftir atvikum forseti Íslands ekki að veita dómaranum lausn með sérstakri aðgerð í kjölfar dómsins. Samsvarandi regla og þessi er ekki í núgildandi lögum.

Í 4. mgr. kemur fram að dómari taki sjálfkrafa við embætti sínu á ný frá þeim tíma, sem dómur um sýknu hans af kröfu um frávikningu yrði endanlegur. Um tímamörk þess að dómur verði endanlegur gildir það sama og segir hér að framan í sambandi við ákvæði 3. mgr. Með þessu ákvæði er annars tekið af skarið um hvernig það komi til að dómari taki á ný við embætti í kjölfarið á því að endanlega sé hafnað kröfu um frávikningu hans, en miðað er við að engra frekari aðgerða sé þörf til að fella niður lausn um stundarsakir eða til að gefa dómara kost á að taka aftur við starfi sínu. Í núgildandi lögum er ekki mælt fyrir um þetta.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um lausn dómara frá embætti af öðrum ástæðum en þeim sem um ræðir í 30. gr. Þessi fyrirmæli eiga sér ekki beina hliðstæðu í núgildandi sérlögum varðandi dómara, ef frá eru talin ákvæði 4. mgr., sem svara efnislega til 6. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, sbr. einnig 61. gr. stjórnarskrárinnar. Önnur ákvæði greinarinnar eru hins vegar í samræmi við það sem hefur verið talið gilda um dómara í framkvæmd.

Í 1. mgr. er tekið fram hverjir veiti dómurum lausn frá embætti, en í 2.–5. mgr. er mælt fyrir um tilefni sem geti orðið til þess. Samkvæmt 1. mgr. væri það forseta Íslands að veita hæstaréttardómurum lausn frá embætti, en dómsmálaráðherra að veita héraðsdómurum lausn. Hér má minna á að í 1. mgr. 4. gr. er ráðgert að forseti skipi hæstaréttardómara, en héraðsdómarar yrðu skipaðir af dómsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 12. gr. Þessi fyrirmæli í 1. mgr. 31. gr. eru þannig í samræmi við þá almennu reglu að sama stjórnvald veiti bæði embætti og lausn frá því, sbr. 1. mgr. 31. gr. 70/1996.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að veita beri dómara lausn frá embætti að ósk hans, en áskilið er að hann leiti lausnar með þeim fyrirvara sem gildir almennt um starfsmenn ríkisins. Er því ætlast til að ákvæði 37. gr. laga nr. 70/1996 gildi um dómara hvað varðar síðastgreinda atriðið.

Samkvæmt 3. mgr. teldist dómari sjálfkrafa fá lausn frá embætti ef hann tæki við skipun í annað embætti. Er í þessu sambandi miðað við að þetta gerist ef dómari hefur sjálfur leitað eftir öðru embætti, en hafa verður í huga að vegna ákvæða 61. gr. stjórnarskrárinnar verður

dómari ekki fluttur á milli embætta eftir almennri reglu 36. gr. laga nr. 70/1996 og felur 3. mgr. 31. gr. því ekki í sér ráðagerð um slíka tilfærslu.

Í upphafi 4. mgr. er kveðið á um heimild til að veita dómara, sem er orðinn 65 ára að aldri, lausn frá embætti án óskar hans, en um þessa sérstöku heimild varðandi dómara er mælt í 3. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar. Um stöðu dómara, sem væri veitt lausn eftir þessari heimild, segir í 4. mgr. að hann skuli upp frá því taka eftirlaun eins og hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum. Varðandi þessi fyrirmæli má annars vegar vekja athygli á því að þar er miðað við þá aðalreglu að dómari taki eftirlaun upp frá þeim tíma sem lausn hans tekur gildi og verði þau hin sömu og ef hann hefði setið í embætti til 70 ára aldurshámarks skv. 5. mgr. Af þessu leiðir að dómarinn héldi ekki launum frá því hann fengi lausn og fram til 70 ára aldurs. Orðalag 4. mgr. um þetta er ekki eins og í núgildandi reglu 6. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, en sú regla virðist hafa verið skilin á sama veg og hér er lagt til grundvallar. Hins vegar verður að benda á að í 4. mgr. er gert ráð fyrir undantekningu frá fyrrgreindri aðalreglu um þá dómara sem kunna að njóta ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum. Með þessu er skírskotað til þess að í fyrrnefndum málslið 61. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem honum var breytt með stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991, segir að veita megi dómara, sem er orðinn 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skuli ekki missa neins í af launum sínum. Langvarandi venja er fyrir því að skýra þessi fyrirmæli og eldra ákvæði sama efnis í stjórnarskránni þannig að hæstaréttardómari, sem er veitt lausn eftir að hafa náð 65 ára aldri, haldi óskertum launum til ævilengdar. Þessu stjórnarskrárákvæði og venjuhelgaðri skýringu hennar verður ekki raskað með almennum lögum og er því óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir þessari stöðu með fyrirmælunum í 4. mgr. 31. gr. um undantekningu frá fyrrnefndri aðalreglu ákvæðisins.

Samkvæmt 5. mgr. verður dómara veitt lausn frá embætti ekki síðar en frá þeim degi sem hann nær 70 ára aldri. Bein fyrirmæli hafa ekki verið í lögum gagngert um þetta aldurshámark dómara, en gengið hefur verið út frá því í framkvæmd að þessi regla gildi um þá með svipuðum hætti og um aðra opinbera starfsmenn. Miðað hefur þó verið við, líkt og felst í orðalagi 5. mgr., að dómari geti ekki setið í embætti eftir 70 ára afmælisdag sinn og hefur því verið lítils háttar munur á stöðu dómara og annarra opinberra starfsmanna að þessu leyti. Ekki þykir þó ástæða til að gera breytingu á þessu með því að samræma ákvæði 5. mgr. við 1. mgr. 33. gr. laga nr. 70/1996 sem gildir almennt um opinbera starfsmenn.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. þessar greinar eru ákvæði um refsiábyrgð dómara vegna háttsemi þeirra í embætti. Segir að um þá ábyrgð fari eftir almennum hegningarlögum og sérákvæðum annarra laga, en refsimál á hendur dómara af slíku tilefni verði rekið eftir almennum reglum. Í síðari málslið 1. mgr. 8. gr. a laga nr. 92/1989 segir að um refsiábyrgð dómara fari samkvæmt almennum hegningarlögum og sérákvæðum einstakra laga. Er því þetta ákvæði frumvarpsins sama efnis að þessu leyti. Í núgildandi lögum er hins vegar ekki mælt sérstaklega fyrir um rekstur máls til að koma fram refsingu á hendur dómara vegna háttsemi hans í embætti, en um það mundi fara eftir almennum reglum fyrst annars er ekki getið í lögum. Eru því fyrirmæli 1. mgr. um þetta á sama veg og gildandi reglur, en hins vegar þykir rétt að taka þetta beinlínis fram, enda gætir þess víða í nágrannalöndum að sérreglur gildi um hvernig mál af þessu tagi verði sótt á hendur dómara.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um bótaskyldu vegna athafna dómara í starfi eða athafnaleysi, sem verður öðrum til tjóns og í 3. mgr. er gert ráð fyrir vissum sérreglum um hvernig mál verði sótt af því tilefni. Ákvæði þessara málsgreina eru í ýmsum atriðum frábrugðin gildandi reglum um

sama efni í 8. gr. a laga nr. 92/1989 og skal nú gerð nánari grein fyrir helstu atriðunum í því sambandi. Í fyrsta lagi má benda á að í frumvarpinu er ráðgert að bótaábyrgð fari í þessum tilvikum eftir almennum reglum, en með því orðalagi er vísað til almennu skaðabótareglunnar svokölluðu, sem mundi þannig eiga hér við. Í 1. mgr. 8. gr. a laga nr. 92/1989 segir að bæta skuli tjón af dómaraverkum sem dómari veldur af ásetningi eða gáleysi. Þau fyrirmæli fela í raun í sér skírskotun til sömu skaðabótareglu og áður greinir, en orðalagið er ekki svo markvisst sem skyldi. Í öðru lagi verður að vekja athygli á því að í tilvitnuðu ákvæði núgildandi laga er kveðið á um að dómari skuli bæta það tjón sem áður greinir og miðar því reglan aðallega að persónulegri bótaskyldu hans, þótt sækja megi jafnframt eða eingöngu bætur úr ríkissjóði af þessu tilefni eftir almennum reglum um húsbóndaábyrgð. Að því leyti sem núgildandi ákvæði leggur bótaskyldu persónulega á dómara, stangast það á við ýmsar alþjóðasamþykktir um viðmiðanir varðandi réttarstöðu dómara þar sem ástæða hefur þótt til að leggja áherslu á að óviðunandi sé að dómari geti þurft að eiga yfir höfði sér að aðili dómsmáls, sem hann hefur leyst úr, beini af mismunandi tilefnum bótakröfum að honum. Þá verður að benda á að bætur verða almennt ekki sóttar á þennan hátt úr hendi annarra starfsmanna ríkisins vegna tjóns sem leiðir af störfum þeirra. Þessu til samræmis er lögð til sú breyting með 2. mgr. 32. gr. að bótakröfum verði beint að ríkinu, en það geti að gengnum áfellisdómi í skaðabótamáli sótt framkröfu á hendur dómaranum ef tjónið hefur orðið af ásetningsverki hans. Með þessu væri fyllilega tryggður réttur þess sem hefði orðið fyrir tjóni, án þess að dómarinn þyrfti persónulega að eiga þar hlut að máli, en stöðu ríkisins í þessum efnum væri jafnframt nægilega borgið með umræddum rétti til framkröfu. Í þriðja lagi felst breyting í 3. mgr. 32. gr. frá núgildandi reglum í 2. og 3. mgr. 8. gr. a laga nr. 92/1989 að því leyti að í frumvarpinu er ráðgert að bótamál vegna tjóns af störfum dómara verði sótt í máli sem er rekið eftir almennum reglum, en af því leiðir meðal annars að málið yrði höfðað fyrir héraðsdómi og gæti síðan eftir atvikum sætt áfrýjun til Hæstaréttar. Eftir núgildandi reglum verður bótakrafa af þessu tilefni að öðru jöfnu eingöngu sótt með sérstakri málshöfðun fyrir Hæstarétti eða með því að beina henni að héraðsdómara við málskot á úrlausn hans til Hæstaréttar, en samkvæmt því er aðalreglan sú að mál sem þessi fái aðeins meðferð á einu dómstigi, sem er einsdæmi innan almenna dómstólakerfisins. Viðunandi rök þykja ekki standa til að sú sérregla verði áfram í lögum. Í fjórða lagi er ráðagerð í 3. mgr. 32. gr. um breytingu á reglum um frest til að höfða mál um bótakröfu vegna embættisstarfa dómara. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. a laga nr. 92/1989 gildir sú regla nú um þetta efni að höfða verði mál til heimtu bóta fyrir Hæstarétti innan frestsins til að áfrýja þeirri dómsathöfn sem leiddi til tjóns. Ef tjón hefur orðið vegna aðgerða dómara í einkamáli getur málshöfðunarfrestur samkvæmt þessu lengst orðið sex mánuðir frá uppkvaðningu héraðsdóms, sbr. 1. og 2. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991, en í opinberu máli fjórar vikur eftir birtingu dóms fyrir ákærða eða eftir atvikum átta vikur frá uppkvaðningu dóms ef sá frestur rynni síðar út, sbr. 2. mgr. 151. gr. og 152. gr. laga nr. 19/1991. Nú er það oft svo að tjón af til dæmis mistökum héraðsdómara kemur ekki í ljós fyrr en að gengnum dómi Hæstaréttar í máli, en samkvæmt þeim reglum, sem áður er lýst, væri þá yfirleitt þegar liðinn fresturinn til að hafa uppi bótakröfu. Þykir því full ástæða til að breyta reglum um þetta efni. Í 3. mgr. 32. gr. er lagt til að frestur til málshöfðunar í þessum tilvikum verði sex mánuðir frá þeim tíma sem tilefni til bótaskyldu mátti vera orðið ljóst, en að auki er heimilað að láta þann frest verða lengri ef afsakanlegt þykir að mál hafi ekki verið höfðað innan umrædds tíma. Má ætla að með þessu fáist viðunandi svigrúm til að koma fram bótakröfu þannig að réttur til bóta verði ekki í reynd óvirkur, svo sem hætta er á eftir núgildandi reglum um málshöfðunarfrest.

Um 33. gr.

Í þessari grein eru almenn fyrirmæli til fyllingar öllum áðurnefndum sérákvæðum frumvarpsins um dómara, en í henni er vísað til þess að eftir því sem átt geti við eigi almennar reglur um starfsmenn ríkisins að gilda um dómara um önnur atriði en þau sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Með þessu er vitnað til ýmissa almennra reglna, sem er ástæðulaust að leitast við að telja hér sérstaklega upp, en sá eðlilegi fyrirvari er þó gerður að þær gildi aðeins að því leyti sem þær geti átt við um dómara. Við mat á því hvort þessi fyrirvari komi til álita í einstökum tilvikum verður meðal annars að gæta að grundvallarreglum um sérstöðu dómara í samanburði við aðra starfsmenn ríkisins.

Um 34. gr.

Í 34. gr. er mælt fyrir um gildistöku laganna ef frumvarpið nær fram að ganga. Miðað er við að lögin taki gildi 1. júlí 1998, en ekki er ástæða til teljandi fyrirvara á gildistöku vegna aðlögunar eða undirbúnings. Vekja verður athygli á því að undantekning er gerð varðandi gildistöku á bráðabirgðaákvæði 38. gr. frumvarpsins, sem ætlast er til að taki gildi þegar við birtingu laganna, en það stafar af því að þar eru fyrirmæli um skipun nefnda sem eiga að starfa samkvæmt frumvarpinu og er nauðsynlegt að þær geti fengið ráðrúm til að undirbúa störf sín með einhverjum fyrirvara áður en lögin kæmu til framkvæmda.

Um 35. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um brottfall laga og einstakra lagaákvæða, sem þarfnast ekki teljandi skýringa. Í 1. og 2. tölul. greinarinnar er mælt fyrir um brottfall laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, og I. kafla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Miðað er við að fyrrnefndu lögin falli nú endanlega niður, enda eru ekki önnur ákvæði í þeim orðið en um þau atriði, sem mælt er fyrir um í II. kafla frumvarpsins. Þá eru í I. kafla síðarnefndu laganna eingöngu fyrirmæli, sem svara til einstakra ákvæða í III. og IV. kafla frumvarpsins, en vekja má athygli á að í 2. tölul. 36. gr. frumvarpsins eru tillögur um breytingar á II. kafla laganna. Í 3. tölul. 35. gr. er lagt til að ákvæði í 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför, nr. 90/1989 falli niður, en þar er mælt fyrir um nauðsyn þess að beiðni um aðfarargerð, sem styðst við svokallaðan lögtaksrétt, komi á fyrstu stigum til meðferðar fyrir héraðsdómi áður en leita megi til sýslumanns um að framkvæma aðför samkvæmt henni. Á þeim árum, sem nú eru liðin frá gildistöku umræddra laga, hefur komið fram að ekki sé raunhæf þörf á þessari málsmeðferð, sem leiðir þannig í reynd aðeins til kostnaðar af aðfarargerðum og umtalsverðrar vinnu við héraðsdómstóla. Brottfall þessa ákvæðis tengist ekki neinum ákveðnum fyrirmælum í frumvarpinu, en rétt þykir að leggja það hér allt að einu til í ljósi þess að hagræði og sparnaður getur orðið af því við rekstur dómstóla. Í 4. tölul. 35. gr. er lagt til brottfall 160. gr. laga nr. 19/1991, þar sem mælt er fyrir um heimild Hæstaréttar til að gera héraðsdómara refsingu vegna meðferðar opinbers máls, en gengið er út frá því að ákvæði IV. kafla frumvarpsins um aga viðurlög á hendur héraðsdómara komi nægilega að haldi hér í staðinn. Í 5. tölul. 35. gr. er síðan mælt fyrir um brottfall nokkurra ákvæða í lögum nr. 91/1991, en þau varða heimildir til að fjölskipa dóm með héraðsdómurum, sérstakt hæfi dómarafulltrúa, heimild Hæstaréttar til að áminna eða sekta héraðsdómara vegna meðferðar einkamáls og útgáfu dómasafns Hæstaréttar.

Um 36. gr.

Í 36. gr. eru fyrirmæli um breytingar á öðrum lögum. Fyrirmæli eru í 1., 3., 4. og 5. tölul. um breytingar á lögum nr. 3/1963, 19/1991, 91/1991 og 70/1996, sem tengjast ýmist því að

ráðgert er í frumvarpinu að starf hæstaréttarritara verði lagt niður og í staðinn tekið upp starf skrifstofustjóra Hæstaréttar, svo sem áður er skýrt í athugasemdum við 6. gr., eða að breytingar leiði af ákvæðum frumvarpsins varðandi tilvik, þar sem dómur er fjölskipaður héraðsdómurum. Í 2. tölul. er lagt til að lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, fái nýtt heiti með hliðsjón af því að eftir brottfall I. kafla þeirra, sbr. 2. tölul. 35. gr. frumvarpsins, varða þau ákvæði laganna sem eftir standa störf sýslumanna og hliðsettra embættismanna við meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði. Þá er og lagt til að kaflafyrirsagnir hverfi úr lögunum og greinarnúmer breytist, þannig að heildstæð mynd verði á lögunum eftir þær breytingar sem verða við brotthvarf I. kafla þeirra. Að öðru leyti eru lagðar til óhjákvæmilegar breytingar á ákvæðum núverandi II. kafla laganna um almenn hæfisskilyrði sýslumanna og löglærðra starfsmanna þeirra og um tilvísun á milli greina, auk þess að lagt er til að niður falli bráðabirgðaákvæði við lögin sem hafa þjónað sínu hlutverki og hafa ekki lengur raunhæft gildi.

Um 37.–42. gr.

Þessar greinar frumvarpsins hafa að geyma ákvæði til bráðabirgða sem ekki þykir ástæða til að fjalla neitt teljandi um.

Í 37. gr. eru fyrirmæli um hvernig fari með stöðu þeirra sem eru skipaðir eða settir í dómaraembætti og stöðu dómstjóra við gildistöku laganna ef frumvarpið nær fram að ganga. Gert er ráð fyrir því að gildistaka laganna raski ekki slíkri skipun eða setningu að öðru leyti en því að héraðsdómarar, sem eru skipaðir eða settir í dómaraembætti við tiltekna dómstóla eftir núgildandi lögum, hafi eftirleiðis sama starfsheiti án þess að tilgreindur verði ákveðinn dómstóll sem þeir starfi við.

Í 38. gr. eru ákvæði um upphaf starfa dómstólaráðs, dómnefndar um héraðsdómaraembætti og nefndar um dómarastörf, en svo sem vikið er að í athugasemdum við 34. gr. er ráðgert að þessi grein öðlist gildi fyrr en aðrar greinar frumvarpsins. Eins og áður hefur verið rakið er lagt til í 12., 13. og 23. gr. að skipun manna í þessar þrjár nefndir verði tímabundin og standi að auki þannig af sér að aðeins eitt sæti losni þar í senn, ýmist árlega eða á öðru hverju ári. Meginefni 38. gr. snýr að því að í upphafi verði skipunartími einstakra nefndarmanna þessu til samræmis mislangur, svo og hvað ráði lengd þess tíma hjá hverjum þeirra. Þá eru að auki fyrirmæli um að nefndirnar þrjár eigi að taka til starfa þegar í stað.

Í 39. gr. eru sérstök fyrirmæli um stöðu þeirra sem skipaðir eru í embætti héraðsdómara við gildistöku laganna gagnvart ákvæðum um skyldu til að sæta tilfærslu í starfi. Er þar miðað við að þessir dómarar verði ekki skyldugir til að skipta um fastan starfsvettvang gegn vilja sínum samkvæmt 5. mgr. 15. gr. nema því verði komið við án þess að þörf verði á búferlaflutningum eða ef flutningur starfar af varanlegri fækkun dómara við þann dómstól þar sem viðkomandi hefur starfað. Vekja má athygli á því að í 2. mgr. 39. gr. er sérstaklega tekið fram að ákvæði 6. mgr. 15. gr. gildi einnig um þá dómara, sem hér um ræðir, en samkvæmt því yrðu þeir að hlíta ákvörðunum dómstólaráðs um að taka að sér einstök dómsmál utan dómstólsins, þar sem þeir hefðu föst sæti.

Í 40. gr. er lagt til að starfandi dómarar verði innan mánaðar frá gildistöku laganna að gera nefnd um dómarastörf grein fyrir aukastörfum, sem þeir hafa með höndum, og eignarhaldi sínu að félögum og atvinnufyrirtækjum. Er miðað við að nefndin geti bannað dómara að halda aukastarfi áfram eða að eiga áfram hlut í félagi eða fyrirtæki, en mælt er fyrir um fresti handa dómara til að laga sig að slíku banni, sex mánuði að því er aukastörf varðar, en eitt ár varðandi eignarhluta í félögum og fyrirtækjum. Reikna verður með að því nefndin þurfi að sýna nokkurn sveigjanleika í þeim tilvikum, sem eiga undir 40. gr., enda lýtur ákvæðið að störfum og eign-

um, sem dómarar hafa gegnt og átt í núverandi starfi án þess að lögákveðnar takmarkanir stæðu því í vegi.

Í 41. gr. eru fyrirmæli um réttarstöðu þeirra, sem gegna starfi dómara fulltrúa við gildistöku laganna. Ráðgert er að þeir eigi kost á starfi aðstoðarmanna við héraðsdómstóla samkvæmt 17. gr. og geti gegnt því án tillits til þargreindra fyrirmæla um hámarkstíma ráðningar. Þeir, sem vilja ekki taka við slíku starfi, eiga að njóta réttar til að hætta störfum fyrir lok ársins 1998 með rétti til biðlauna. Er þá haft í huga að með frumvarpinu er stefnt að því að leggja niður störf dómarafulltrúa, en störf aðstoðarmanns samkvæmt 17. gr. verða ekki sambærileg eldri störfunum. Gengið er út frá því að þeir sem standa í þessari stöðu, geti beðið með að segja til um vilja sinn til að láta af störfum og taka biðlaun í allt að sex mánuði eftir gildistöku laganna, en að öðru leyti en því mundu almennar reglur í 34. gr. laga nr. 70/1996 gilda um biðlaunaréttinn.

Í 42. gr. eru reglur um afleiðingarnar af því að sveitarfélög, sem eru talin upp í 2. gr. við afmörkun á umdæmi einstakra héraðsdómstóla, sameinist eða skipti um heiti. Með þessu ákvæði frumvarpsins er þess vænst að komist verði hjá því að þurfa að gera breytingar á 2. gr. jafnharðan og breytingar af þessu tagi verða á skipan sveitarfélaga, heldur mætti breyta umræddri grein með einhverju millibili eftir því sem tilefni kynnu að verða til.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dómstóla.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað núgildandi reglna um dómstóla og dómendur sem eru annars vegar í lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, og hins vegar í I. kafla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Umsögn þessi er unnin í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneyti en að mati fjármálaráðuneytis munu eftirtaldir þættir helst hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1. Dómstólaráð er nýtt og er ætlað töluvert umfangsmikið hlutverk (13.–15. gr.). Ráðsmenn verða þrír og er gert ráð fyrir að þeir fái fasta, mánaðarlega þóknun. Ætla má að árlegur kostnaður geti orðið 1,5–2 m.kr. með launatengdum gjöldum. Í 1. tölul. 14. gr. er kveðið á um að fjárveiting til allra héraðsdómstóla skuli sett fram í einu lagi með fjárlögum. Þetta þýðir að fjárveiting til einstakra dómstóla verður ekki sýnd í fjárlögum né annar sameiginlegur kostnaður.
2. Héraðsdómarar verða 38 eins og nú er en sá meginmunur verður að þeir verða ekki skipaðir við ákveðinn dómstól og því getur dómstólaráð fært þá á milli eftir því sem nauðsyn krefur. Einnig er dómstólaráði ætlað að setja samræmdar reglur um viðveruskyldu héraðsdómara, tilhögun orlofs og fleiri rekstrartengda þætti. Ætti þetta að leiða til verulegs hagræðis og þótt erfitt sé að áætla fjárhagslegan ávinning er gert ráð fyrir að sá sparnaður vegi upp kostnað af dómstólaráði, kostnað sem mun falla til vegna staðaruppbóta og greiðslur vegna búferlaflutninga (3. og 4. tölul. 25. gr.).

3. Dómarafulltrúar eru nú 12 talsins en þær stöður verða lagðar niður. Í 41. gr. er gert ráð fyrir að þeir eigi kost á stöðu löglærðs aðstoðarmanns skv. 17. gr. frumvarpsins. Ekki er talið að biðlaunagreiðslur verði miklar vegna niðurlagningar starfa dómarafulltrúa en fyrir hvern dómarafulltrúa sem ekki þiggur stöðu löglærðs fulltrúa verður biðlaunakostnaður 0,6–1,3 m.kr.
4. Sú breyting er gerð að ekki verða skipaðir setudómarar til að fara með mál nema allir héraðsdómarar séu vanhæfir. Ekki er heldur gert ráð fyrir að dómari verði settur vegna forfalla eða leyfis reglulegs dómara nema dómstólaráð mæli með því en talið er að þessari heimild verði lítið beitt. Að lokum falla niður sérstakar greiðslur til héraðsdómara fyrir setu í fjölskipuðum dómum. Sé tekið mið af útgjöldum ársins 1996 munu þessir þrír þættir leiða til 6–7 m.kr. sparnaðar en þessi kostnaður hefur verið nokkuð breytilegur milli ára.
5. Nefnd um dómarastörf er ný nefnd (23. gr.) en ekki er talið að störf hennar verði umfangsmikil og er kostnaður áætlaður á bilinu 0,2–0,4 m.kr.

Á heildina litið er það mat fjármálaráðuneytis að heildarútgjöld vegna dómstóla kunni að lækka frá því sem nú er um allt að 6 m.kr. Talið er að hagræði við rekstur héraðsdómstóla muni vega upp kostnað af dómstólaráði, nefnda um dómarastörf og tilflutningi dómara í starfi. Áætlað er að kostnaður vegna forfalla og ýmissa greiðslna til dómara lækki um rúmlega 6 m.kr. Á þessu stigi er ekki ljóst hvort um biðlaunagreiðslur verður að ræða en það talið er að flestir ef ekki allir dómarafulltrúar muni þiggja störf löglærðra aðstoðarmanna. Eins og að framan greinir er talið að biðlaunakostnaður fyrir hvern dómarafulltrúa sem ekki þiggur starf aðstoðarmanns verði á bilinu 0,6–1,3 m.kr.

177. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Einar K. Guðfinnsson, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson, Guðný Guðbjörnsdóttir.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði ættleiðingarlaga um að veita megi öðru hjóna með samþykki hins leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn gilda um einstaklinga í staðfestri samvist.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Önnur ákvæði ættleiðingarlaga um hjón en getur í 2. mgr. 5. gr. og ákvæði laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Hinn 27. júní 1996 gengu í gildi lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996. Með lögunum var börnum samkynhneigðra tryggður réttur til að njóta forsjár beggja aðila í staðfestri samvist. Rökin voru þau að við þessar kringumstæður, þ.e. í sameiginlegu heimilishaldi einstaklinga í staðfestri samvist og barns annars þeirra, væri eðlilegt og í samræmi við hagsmuni barnsins að regla 3. mgr. 30. gr. barnalaga um lögbundna forsjá stjúpforeldris gilti á sama hátt og um hjúskap væri að ræða.

Börn samkynhneigðra í staðfestri samvist njóta þó enn ekki fulls jafnræðis við börn gagnkynhneigðra í sömu stöðu og er frumvarpi þessu ætlað að tryggja öllum börnum sömu stöðu.

Frumvarpið fjallar um rétt til ættleiðingar stjúpbarna, eða það að stjúpforeldri í staðfestri samvist fái sama rétt til að ættleiða barn maka síns og stjúpforeldri í hjónabandi hefur skv. 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Stjúpættleiðing þjónar öðru fremur því markmiði að skapa ákveðna festu um fjölskylduböndin, stuðla að samheldni og tryggja rétt barna til að njóta alls þess sem ættleiðingartengsl bjóða upp á frá báðum þeim aðilum sem gegna hlutverki foreldris. Stjúpættleiðing er að sumu leyti mikilvægari en sameiginleg forsjá því að ættleiðing af þessu tagi kemur kannski helst til álita þegar lítil tengsl eru milli barnsins og hins forsjárlausa kynforeldris og markmiðið verður að tryggja því sem best raunverulegan stuðning tveggja í stað eins í foreldrahlutverkinu. Þá er stjúpættleiðing um margt ólík svokallaðri frumættleiðingu sem stofnar til algerlega nýrra fjölskyldusambanda þar sem hér er um það að ræða að hlúa betur að barni sem oftast hefur búið á sama heimili og stjúpforeldri um nokkurt skeið og þegar myndað tengsl við viðkomandi. Eins og ætíð við ráðstafanir sem varða börn er litið til þess hvað barni er fyrir bestu við mat á umsókn stjúpforeldris um leyfi til ættleiðingar stjúpbarns og í lagaframkvæmd hafa mótast reglur um meðferð slíkra umsókna. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að sömu sjónarmið gildi um umsóknir stjúpforeldra í staðfestri samvist og endranær, eða að hægt sé að tryggja þennan rétt barna þegar það þykir henta best hag og þörfum þeirra, enda miðast frumvarpið við að tryggja jafnan rétt allra barna sem búa við sömu aðstæður.

Krafan um að tryggja jafnan rétt allra barna byggist á ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, þar sem segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til stöðu sinnar. Að mismuna börnum að þessu leyti þykir einnig brjóta í bága við ákvæði 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 62/1994. Síðast en ekki síst eru skýr ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 sem fullgiltur var af hálfu Íslands árið 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992, um bann við því að mismuna börnum. Í inngangi þess samnings er yfirlýsing um að tryggja beri fjölskyldu, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velferðar barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu. Skv. 2. mgr. 3. gr. samningsins skuldbinda aðildarríki sig til þess að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og að gera í því skyni allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Ákvæði 2. gr. samningsins fjallar um skyldu aðildarríkis til að tryggja hverju barni öll þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum án mismununar af nokkru tagi, t.d. án tillits til félagslegrar stöðu og annarra aðstæðna barnsins, foreldris þess eða lögráðamanns. Í 2. mgr. 2. gr. segir orðrétt: „Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.“

Frumvarp þetta felur því í sér afnám misréttis sem er fyrir hendi samkvæmt núgildandi lögum gagnvart tilteknum hópi barna.

Í 1. gr. frumvarpsins er orðuð reglan um að ákvæði ættleiðingarlaga um rétt stjúpforeldris til að ættleiða stjúpbarn gildi um einstaklinga í staðfestri samvist. Með þessu er átt við að öll þau ákvæði ættleiðingarlaga sem fjalla um famkvæmd slíkrar ættleiðingar gildi um umsókn stjúpforeldris í staðfestri samvist. Ákvæði þetta þykir eiga heima sem viðbót við 5. gr. laganna sem fjallar sérstaklega um réttaráhrif staðfestrar samvistar.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. gr. laganna sem fjallar um undantekningar frá meginreglunni um réttaráhrif staðfestrar samvistar. Verði framangreind breyting gerð á 5. gr. laganna þarf að þrengja 1. mgr. 6. gr. til samræmis. Þetta þýðir að ákvæði ættleiðingarlaga um svokallaða frumættleiðingu gilda ekki um staðfesta samvist.

178. Frumvarp til laga [178. mál]

um lækkun fasteignaskatta og hlutdeild sveitarfélaga í virðisaukaskatti.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

Lækkun fasteignaskatta.

A. Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Stofn til álagningar fasteignaskatts skal vera fasteignamat eignarinnar.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Skatturinn skal vera allt að 1,12% af álagningarstofni. Undanþegin skatti eru íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
c. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „sveitarstjórn“ og „sveitarfélaga“ í 3.–5. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarföllum): ríkissjóður.

3. gr.

4. og 5. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

4. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Árið 1998 skal ríkissjóður bæta sveitarfélögum tekjutap sem leiðir af breyttum stofni til álagningar fasteignaskatts.

B. Breyting á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

6. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera fasteignamat eignarinnar.

C. Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

7. gr.

Í stað „1,2%“ í 83.gr. laganna kemur: 1,7%.

II. KAFLI
Hlutdeild sveitarfélaga í virðisaukaskatti.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

8. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Til sveitarfélaga renna 12% af þeirri fjárhæð sem ríkissjóður hefur í tekjur af virðisaukaskatti. Skal fjárhæðinni skipt milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda þeirra. Skal hlutfallið þannig ákvarðað að ár hvert verður íbúafjöldinn í hverju sveitarfélagi miðaður við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

III. KAFLI
Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði b–c-liðar 1. gr., 2.–4. gr. og 7. og 8. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Hér er gerð tillaga um róttækar breytingar á skattkerfinu. Tilgangur frumvarpsins er fjórþættur.

Í fyrsta lagi er lagt til að skattar almennings verði lækkaðir með því að lækka fasteignaskatta. Sú aðgerð lækkar húsnæðiskostnað fólks bæði í eigin íbúð og í leiguhúsnæði og má ætla að dreifing skattalækkunarinnar verði þannig að lágtekjufólk fái jafnvel meira í sinn hlut en yrði við almenna lækkun á tekjuskatti.

Í öðru lagi er lagt til að afnumin verði skattlagning á annan álagningarstofn en fasteignamat, en það endurspeglar markaðsvirði eignarinnar. Í þriðja lagi er fasteignaskattur gerður að skatti til ríkissjóðs einvörðungu samhliða þeirri breytingu að fella saman að nokkru leyti eignarskatt til ríkissjóðs og fasteignaskatt til sveitarfélaga og að nokkru leyti fella niður fasteignaskattinn.

Loks eru þau nýmæli að sveitarfélögum er ætlaður hlutur úr sköttum á vörur og þjónustu, en lagt er til að hluti af virðisaukaskatti renni til sveitarfélaga.

Skattalækkun tengd húsnæðiskostnaði í stað tekna.

Ákvæði frumvarpsins lækka fasteignaskatt í tveimur áföngum. Lækkun vegna breytinga á álagningarstofni tæki strax gildi, en gerð er tillaga um þá breytingu að álagning miðist við fasteignamat í stað þess að leggja skattinn á afskrifað endurstofnverð fasteigna margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Víða er mikill munur á þannig reiknuðum álagningarstofni og fasteignamati. Í dreifbýli getur munurinn verið á bilinu 50–75% sem þýðir að lagt er á t.d. 10 millj. kr. stofn í stað 2,5–5,0 millj.

kr. Í þéttbýli er einnig víða mikill munur, oft 30–40%. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins er það einungis í fimm sveitarfélögum landsins sem fasteignamatið er gjaldstofn til fasteignaskatts. Í öðrum sveitarfélögum er fasteignamatið uppreiknað samkvæmt framangreindri aðferð. Þessi fimm sveitarfélög eru Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnarfjörður. Frumvarpið lækkar gjaldstofn til fasteignaskatts á mannvirki í öðrum sveitarfélögum en þeim fimm sem áður eru talin úr 433 milljörðum kr. í 309 milljarða kr. og miðað við áætlaða meðalálagningarprósentu 0,38 verður skattalækkunin tæplega 500 millj. kr. á ári. Samkvæmt áðurgreindum upplýsingum kemur einnig fram að að meðaltali er fasteignamat eigna hækkað um 40% til að fá út gjaldstofninn.

Ef íbúðir og íbúðarherbergi eru athuguð sérstaklega kemur í ljós að fasteignamat þeirra er um 178 milljarðar kr. en gjaldstofninn liðlega 265 milljarðar kr. Þar er hækkunin liðlega 87 milljarðar kr. eða um 50%. Með öðrum orðum er að meðaltali lagður 50% hærri fasteignaskattur á íbúðareigendur í sveitarfélögum landsins, að frátöldum sveitarfélögunum fimm, en fasteignamat eignarinnar réttlætir. Með því að færa gjaldstofn til fasteignamats verður lækkunin að meðaltali um þriðjungur af núverandi fasteignaskatti hjá hverjum íbúðareiganda.

Síðari áfanginn verður í upphafi árs 1999, en þá fellur niður fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði jafnhliða því að eignarskattur ríkisins hækkar úr 1,2% í 1,7% af eignarskattsstofni eins og hann er skilgreindur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi breyting lækkar skatta á einstaklinga um 1.800 millj. kr, fasteignaskatturinn sem fellur niður er um 2.500 millj. kr. og hækkun eignarskattsins á móti er um 700 millj. kr.

Þá er til viðbótar lagt til að fasteignaskattur á landbúnað sé alveg felldur niður og er áætlað að það nemi um 100 millj. kr. Stærstur hluti er vegna útihúsa á jörðum og ræktaðs lands.

Þá er ákvæðum um álagningarstofn til vatnsgjalds breytt til samræmis við breytingar á álagningarstofni til fasteignaskatts og leiðir sú breyting til svipaðrar hlutfallslegrar lækkunar á vatnsgjaldi að óbreyttri álagningarprósentu. Lækkunin gæti numið um 150 millj. kr. en á það er að líta að vatnsgjald á að standa undir kostnaði sveitarfélags við rekstur vatnsveitu og leiði breytingin til þess að tekjur dugi ekki fyrir útgjöldum munu sveitarfélögin væntanlega hækka álagningarhlutfallið til að auka tekjurnar. Ekki er því gert ráð fyrir að til lengdar verði um neina lækkun að ræða vegna þessarar breytingar.

Samanlögð áhrif af breytingunni eru að fasteignaskattur lækkar um 2.100 millj. kr. á einstaklinga og um 300 milljónir á atvinnurekstur, eða samtals um 2.400 millj. kr. Ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir að lækkun gjalda einstaklinga verði um 21 þús. kr. á ári að meðaltali um landið allt þegar breytingin er að fullu komin til framkvæmda. Lækkunin verður eðlilega meiri í sveitarfélögum sem í dag leggja á uppreiknað fasteignamat eða um 27 þús. kr. á ári.

Af lækkuninni leiðir einnig að húsaleiga ætti að lækka sem nemur lækkun á rekstrarkostnaði húsnæðisins.

Afnumin skattlagning á skattstofn umfram verðmæti eignar.

Á árinu 1990 var lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytt þannig að í stað þess að leggja fasteignaskatt til sveitarfélaga á samkvæmt fasteignamati, sem endurspeglar mat á markaðsvirði eignarinnar, var tekin upp sú regla að miða við áætlað markaðsverð eignarinnar eins og það væri, ef eignin væri í Reykjavík. Með öðrum orðum var verðmæti eignarinnar ekki lengur álagningarstofninn heldur hærri tala. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að óeðlilegt hlýtur að teljast að mönnum sé gert skylt að borga eignarskatt af verðmætum sem þeir eiga ekki. Það hlýtur að koma mjög til álita hvort slík skattlagning hafi nokkurn tíma staðist ákvæði stjórnarskrár, ekki síst eftir að ákvæði jafnræðisreglu voru færð í stjórnarskrána

fyrir tveimur árum. Má færa fyrir því gild rök að skattlagningu af þessu tagi svipi mjög til eignaupptöku.

Skiljanlegt er að sveitarfélög telji sig þurfa svipaðar tekjur þar sem þau hafi sambærileg verkefni og útgjöld, en það er ekki réttlætanlegt að jafna tekjur sveitarfélaga með misháum eignarskatti. Benda má á að eignarskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt er lagður á raunverulegt matsverð eignarinnar, þ.e. fasteignamat og álagningarreglur gilda um land allt.

Fasteignaskattar verði einvörðungu ríkisskattur.

Lagt er til í frumvarpinu að fasteignaskattur verði tekjustofn ríkissjóðs. Fyrir því eru gild rök. Eðlilegt er að skattar af fasteignum séu á einni hendi og þannig verði betra samræmi milli álagningarreglna og yfirsýn yfir það hverju skatturinn skilar. Þá er verðmæti fasteigna mjög mismunandi eftir því hvar á landinu eignin er og því skilar eignarskattur mismunandi miklum tekjum. Af þeim sökum eru skattar á fasteignir óheppilegur tekjustofn fyrir sveitarfélög.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins fellur niður fasteignaskattur skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og annar fasteignaskattur flyst til ríkissjóðs. Þá er lagt til að eignarskattur einstaklinga hækki úr 1,2% í 1,7% af eignarskattsstofni. Með þessari breytingu greiða einstaklingar einungis eignarskatt af eignum sínum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sú grundvallarbreyting verður þá að eignarskattur verður lagður á eignir samkvæmt markaðsvirði og að frádregnum skuldum, en telja verður afar óeðlilegt að lagður sé eignarskattur á hærra mat en markaðsvirði eignarinnar og auk þess án þess að skuldir séu dregnar frá eigninni eins og nú er gert með fasteignaskatti til sveitarfélaganna.

Gert ráð fyrir að í framtíðinni verði núverandi eignarskattur og fasteignaskattur á atvinnurekstur samræmdir á sambærilegan hátt og lagt er til varðandi einstaklinga og verður auðveldara við það að eiga þegar báðir skattarnir eru orðnir ríkisskattar.

Sveitarfélög fá hlutdeild í sköttum af vörum og þjónustu.

Samkvæmt núgildandi lögum eru tekjustofnar sveitarfélaga ekki tengdir almennum hagvexti í þjóðfélaginu beint heldur ráðast þeir að mestu af staðbundnum efnahagssveiflum auk launabreytinga samkvæmt kjarasamningum. Þannig hafa sveitarfélög, sem byggjast að mestu á sjávarútvegi, búið við verulegan samdrátt á undanförnum árum, sérstaklega þar sem stuðst er við botnfiskveiðar, á sama tíma og nokkur hagvöxtur varð almennt í efnahagslífi landsmanna. Þetta er mjög áberandi um þessar mundir þar sem umtalsverð uppsveifla er í hagkerfinu bæði vegna þess að uppsveiflan nær ekki til landsins alls og hins að tekjur af uppsveiflunni renna nær eingöngu í ríkissjóð. Telja verður eðlilegt að aukinn hlutur af tekjum sveitarfélaga komi af óbeinum sköttum en minni af staðbundnum tekjustofnum og þannig verði leitast við að jafna að nokkru um landið mismunandi efnahagslegum áhrifum eftir atvinnugreinum og landsvæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að 12% tekna af virðisaukaskatti renni til sveitarfélaga og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð nú jafngildi tekjum sveitarfélaga af fasteignaskatti.

Fjármagnstekjuskatti verði varið til lækkunar á fasteignasköttum.

Á næsta ári koma til hjá ríkissjóði tekjur af fjármagnstekjuskatti. Er áætlað að þær nemi um 700 millj. kr. fyrst í stað en geti orðið um 1.100 millj. kr. Þykir eðlilegt að verja þessum tekjum til þess að lækka skatta almennings af fasteignum. Slík skattalækkun skilar sér vel til almennra launþega og dreifing hennar verður þannig að stærri hluti skattalækkunarinnar fer til tekjulágra en við lækkun á skattprósentu til tekjuskatts.

Fjárhagsleg áhrif.

Á næsta ári nemur lækkun fasteignaskattsins um 500 millj. kr. Sveitarfélögunum verður bætt tekjutapið með greiðslu úr ríkissjóði. Tekjur ríkisjóðs af fjármagnstekjuskatti á næsta ári sem áætlaðar eru um 700 millj. kr. gera það að verkum að ríkissjóður stendur jafnréttur eftir og vel það.

Á árinu 1999 koma ákvæði frumvarpsins að fullu til framkvæmda, ef samþykkt verður. Skattalækkun verður um 3.100 millj. kr., um 300 millj. kr. á atvinnurekstur vegna lækkunar á álagningarstofni fasteignaskatts og afnámi skattsins á eignir í landbúnaði og um 2.800 millj. kr. vegna niðurfellingar fasteignaskatts á einstaklinga. Þá flyst fasteignaskattur á atvinnurekstur til ríkissjóðs. Fasteignaskattur hefur skilað sveitarfélögum um 5.800 millj. kr. og er lagt til að þeim verði bætt það með hlutdeild í virðisaukaskatti. Á móti þessu tekjutapi ríkissjóðs kemur í fyrsta lagi fasteignaskattur sem er áætlaður vera um 2.700 millj. kr., hækkun á eignarskatti einstaklinga um 700 milljónir kr. og áætlaðar tekjur af fjármagnstekjuskatti sem hér eru áætlaðar um 1.100 millj. kr. Samtals eru þetta um 4.500 millj. kr. og gera má ráð fyrir að nýjar tekjur ríkissjóðs af óbreyttum tekjustofnum vegna hagvaxtar skili þeim 1.300 millj. kr. sem upp á vantar. Má í því sambandi benda á að í skattatillögum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að lækkun skatta frá og með 1999 nemi liðlega 5.000 millj. kr. sem tekjur vegna hagvaxtar muni borga að mestu leyti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að álagningarstofn fasteigna verði fasteignamat þeirra og þar með fallið frá því að leggja fasteignaskattinn á annan og hærri stofn en markaðsverðs þeirra eins og Fasteignamat ríkisins metur það.

Í b-lið er lagt til að aðeins verði eitt þrep í fasteignaskatti og lægra þrepið fellt niður. Þær eignir, sem verið hafa skattlagðar samkvæmt lægra þrepi, verða undanþegnar fasteignarskatti og auk þeirra eignir í landbúnaði. Gert er ráð fyrir að þessi breyting taki gildi í ársbyrjun 1999.

Um 2.–4. gr.

Í þessari grein og c-lið 1. gr. eru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga til þess að færa fasteignaskattinn til ríkissjóðs, svo og felld úr lögunum ákvæði sem verða þýðingarlaus við það og niðurfellingu fasteignaskatts á einstaklinga.

Um 5. gr.

Kveðið er á um það að ríkissjóður skuli bæta sveitarfélögunum tekjutap þeirra árið 1998 sem breytingin á álagningarstofni til fasteignaskatts hefur í för með sér. Er gert ráð fyrir að um beinar greiðslur verði að ræða til hvers og eins sveitarfélags.

Um 6. gr.

Álagningarstofni til vatnsgjalds er breytt og verður fasteignamat eignanna svo sem verður varðandi fasteignaskatt.

Um 7. gr.

Lagt er til að eignarskattur manna lækki úr 1,2% af eignarskattsstofni eins og hann er skilgreindur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt í 1,7%. Þessi breyting verði samhliða niðurfellingu fasteignaskatts einstaklinga.

Um 8. gr.

Í stað tekna af fasteignaskatti er sveitarfélögunum ætlaður hlutur af virðisaukaskatti og er miðað við að þau verði ekki af tekjum við breytinguna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fasteignamat ríkisins:

Yfirlit um áætlað samanlagt fasteignamat og stærðir fasteigna í fasteignaskrá ársins 1996. Samtölur fyrir sveitarfélög 1603 til 8717.

	Fjöldi	Flatarmál	Lóðarmat	Mat mannv.	Heildarmat	Gjaldstofn	Heildarst.
Íbúðir og íbúðarherbergi ..	35.416	4.316.255	10.133.382	165.087.525	175.220.907	230.152.792	240.286.174
Bílskúrar, sérmetnir	13.779	528.995	67.758	9.235.254	9.303.012	12.068.654	12.136.412
Sumarbústaðir	8.597	367.354	2.202.648	9.331.309	11.533.957	13.388.433	15.591.081
Verslunar- og skrifst.	1.895	443.092	1.171.278	11.110.586	12.281.864	15.452.716	16.623.994
Iðnaðarhús	3.280	1.125.808	2.913.742	20.624.498	23.538.240	28.065.720	30.979.462
Vörugeymslur	1.040	234.151	679.911	2.788.556	3.468.467	3.833.109	4.513.020
Sérhæfðar byggingar	9.552	1.703.287	3.685.602	52.237.506	55.923.108	71.100.068	74.785.690
Önnur mannvirki	968	79.237	42.720	750.335	793.055	876.916	919.636
Óbyggðar lóðir[1]	5.920	0	3.149.414	0	3.149.414	0	3.149.414
Ræktað land[2]	5.943	0	0	4.782.636	4.782.636	4.782.636	4.782.636
Óræktað land jarða	7.108	0	1.973.101	0	1.973.101	0	1.973.101
Íbúðarhús á jörðum	6.362	729.293	0	14.754.587	14.754.587	35.213.646	35.213.646
Útihús á jörðum	32.373	2.868.175	0	12.826.366	12.826.366	12.826.366	12.826.366
Hlunnindi	4.487	10.000	0	5.171.693	5.171.693	5.171.693	5.171.693
Samtals		**12.405.647**	**26.019.556**	**308.700.851**	**334.720.407**	**432.932.769**	**458.952.325**

Alls eru 174.999 matseiningar í sveitarfélögunum. Rúmmál bygginga er samtals 51.504.087,0 m³.

[1] Alls eru 43.832 lóðir í sveitarfélögunum að stærð 122.639.050,9 m² og 49.278,2 ha.

[2] Ræktað land er alls 135.629,9 ha.

Yfirlit um áætlað samanlagt fasteignamat og stærðir fasteigna í fasteignaskrá ársins 1996. Samtölur fyrir landið allt.

	Fjöldi	Flatarmál	Lóðarmat	Mat mannv.	Heildarmat	Gjaldstofn	Heildarst.
Íbúðir og íbúðarherbergi ..	94.574	11.041.744	50.836.436	518.900.729	569.737.165	583.965.996	634.802.432
Bílskúrar, sérmetnir	30.733	1.076.297	369.122	21.424.289	21.793.411	24.255.793	24.624.915
Sumarbústaðir	8.982	376.306	2.368.769	9.513.699	11.882.468	13.571.893	15.940.662
Verslunar- og skrifst.	4.927	1.657.027	9.924.517	48.793.408	58.717.925	53.135.538	63.060.055
Iðnaðarhús	5.489	2.141.735	9.200.884	42.443.267	51.644.151	49.885.149	59.086.033
Vörugeymslur	1.712	610.207	3.711.334	9.338.620	13.049.954	10.383.173	14.094.507
Sérhæfðar byggingar	23.287	3.236.935	16.520.951	103.996.192	120.517.143	122.858.940	139.379.891
Önnur mannvirki	1.000	88.467	103.007	953.040	1.056.947	1.079.621	1.182.628
Óbyggðar lóðir[1]	8.370	0	11.832.797	0	11.832.797	0	11.832.797
Ræktað land[2]	5.964	0	0	4.797.785	4.797.785	4.797.785	4.797.785
Óræktað land jarða	7.127	0	1.981.624	0	1.981.624	0	1.981.624
Íbúðarhús á jörðum	6.374	729.387	0	14.773.850	14.773.850	35.232.909	35.232.909
Útihús á jörðum	32.427	2.868.237	0	12.832.601	12.832.601	12.832.601	12.832.601
Hlunnindi	4.496	10.019	0	5.201.540	5.201.540	5.201.540	5.201.540
Samtals		**23.836.361**	**106.849.441**	**792.969.020**	**899.818.461**	**917.200.938**	**1.024.050.379**

Alls eru 285.932 matseiningar í sveitarfélögunum. Rúmmál bygginga er samtals 94.242.589,0 m³.

[1] Alls eru 68.164 lóðir í sveitarfélögunum að stærð 159.955.114,3 m² og 85.890,3 ha.

[2] Ræktað land er alls 135.907,5 ha.

179. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um samræmda samgönguáætlun.

Flm.: Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að kanna hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun og gera í framhaldi af því tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum.

Nefndin skili niðurstöðu fyrir 1. apríl 1998.

Greinargerð.

Gerð áætlana um uppbyggingu samgangna og samgöngumannvirkja er mikilvæg stefnumótun til lengri tíma og varðar þróun byggðar og atvinnu í landinu. Lög kveða á um vegáætlun, hafnaáætlun og flugmálaáætlun sem hver um sig gerir ráð fyrir framkvæmdum og uppbyggingu samgöngumannvirkja en framgangur þessara áætlana fer síðan eftir fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Þessar áætlanir eru sjálfstæðar hver á sínu sviði og við gerð hverrar og einnar er lítið mið tekið af hinum. Það er því ekki sett upp heildstæð mynd af þörfum og ástandi þessara mála í landinu í heild eða á einstökum landsvæðum. Þannig er t.d. ljóst að við gerð vegáætlunar og hafnaáætlunar er ekki höfð nægileg hliðsjón af því að vöruflutningar frá mörgum stöðum hafa í miklum mæli færst frá sjóflutningum um hafnir til landflutninga. Þjóðvegirnir eru hins vegar í mjög mörgum tilfellum og á heilum landsvæðum ekki undir aukna þungaumferð búnir.

Samkvæmt þeim aðferðum, sem beitt hefur verið við gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja, liggur fyrir að fjárframlögum til þeirra verður mjög misskipt eftir landsvæðum. Þannig er ljóst að landsvæði sem hafa minni þörf fyrir fjármagn til flugvalla eða hafnaframkvæmda, en mikla þörf fyrir vegaframkvæmdir, fá mun minni fjárveitingar til samgöngumála í heild sinni en landsvæði sem hefur meiri þörf fyrir uppbyggingu á öllum sviðum. Þannig getur þörf fyrir dýrar hafnaframkvæmdir vegna vöruflutninga verið lítil á einu landsvæði en þörf fyrir uppbyggingu vega mikil vegna þungaflutninga sem hafa færst af sjó og upp á land. Með gerð samræmdrar samgönguáætlunar má taka meira tillit til slíkra aðstæðna og mismunandi þarfa en nú er gert. Þá má með samræmdri áætlun betur setja fram þarfir fyrir fjármagn til uppbyggingar samgöngumannvirkja í heild og má eflaust færa rök fyrir því að fjármagn sem veitt er til samgöngumála nýtist betur út frá heildstæðri áætlun en nú er. Loks má með samræmdri áætlun treysta byggð á einstökum landsvæðum.

Með gerð samræmdrar samgönguáætlunar má á tryggari hátt móta stefnu um uppbyggingu samgöngukerfisins út frá margvíslegri þróun sem á sér stað hér á landi. Má þar m.a. nefna að með bættum samgöngum opnast nýir möguleikar fyrir ferðaþjónustuna sem er orðin einn mikilvægasti vaxtarbroddurinn í atvinnuuppbyggingu víða um land.

Við uppbyggingu samgöngukerfisins í heild ber m.a. að taka tillit til umhverfisþátta, t.d. að því er varðar eldsneytisnotkun og losun mengandi lofttegunda. Með gerð samræmdrar samgönguáætlunar má á markvissari hátt byggja upp þjóðhagslega hagkvæmar samgönguleiðir sem hafa í för með sér eldsneytissparnað og minni mengun. Í þessu sambandi má vísa til framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar frá október 1995 í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar þar sem m.a. er kveðið á um heildstætt skipulag samgangna með tilliti til umhverfis- og orkumála.

Á 110. löggjafarþingi árið 1987 var lögð fram þingsályktunartillaga um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Fyrsti flutningsmaður var Steingrímur J. Sigfússon. Alþingi samþykkti að vísa tillögunni til ríkisstjórnar og var unnið nokkuð að málinu árin þar á eftir en síðan hefur lítið gerst frekar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra verði falið að skipa nefnd til þess að fara yfir lög og reglur sem gilda um gerð samgönguáætlana og komast að niðurstöðu um það hvort og þá hvernig megi samræma gerð áætlananna í eina heildstæða áætlun. Þar sem um er að ræða viðamikið og á margan hátt flókið verkefni þykir eðlilegt að sérstakur starfshópur fari yfir málið og skili um það niðurstöðu. Varðandi skipan starfshópsins má telja eðlilegt að fulltrúar Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar eða flugráðs eigi þar sæti, sem og fulltrúar þingflokka. Til þess að niðurstöður starfshópsins fái umfjöllun áður en 122. löggjafarþingi lýkur þurfa niðurstöður að liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 1998.

180. Skýrsla [180. mál]

umhverfisráðherra um loftslagsbreytingar.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

INNGANGUR

Þessi skýrsla er tekin saman fyrir Alþingi í því skyni að gera grein fyrir ýmsum atriðum er varða Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, gang samninga viðræðna

um að styrkja hann og hvernig staða okkar Íslendinga er í ljósi þeirra viðræðna. Nú í desember 1997 á að ganga frá bókun við Rammasamninginn á fundi í Kyoto í Japan, þar sem fyrirhugað er að herða ákvæði hans verulega. Á þessari stundu er óvíst hvort að samkomulag helstu ríkja náist á Kyoto-fundinum, eða hvað muni felast í nýjum skuldbindingum. Hitt er ljóst að æ fleiri sérfræðingar telja að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu eitt alvarlegasta umhverfisvandamál sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir og að krafan um raunhæfar aðgerðir til að draga úr þessum breytingum mun fara vaxandi, hver sem niðurstaðan á Kyoto-fundinum verður.

Meginhluti þessarar skýrslu er efnislega samhljóða Annarri skýrslu Íslands til skrifstofu loftslagssamningsins („Second Status Report for Iceland pursuant to the United Nations Framework Convention on Climate Change"), sem aðildarríkjum samningsins ber að skila. Í þeirri skýrslu, sem rituð er á ensku, er að finna upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, sem reiknað er út samkvæmt reglum sem skrifstofa loftslagssamningsins setur, auk spár sem unnin er af Hollustuvernd ríkisins um líklega þróun útstreymis fram til ársins 2025. Þessar upplýsingar er einnig að finna í þessari skýrslu til Alþingis, en að auki er hér að finna almennar upplýsingar um gróðurhúsaáhrif og aðgerðir á alþjóðavettvangi til þess að draga úr þeim, auk yfirlits yfir gang samningaviðræðna til undirbúnings fyrir Kyoto-fundinn.

SAMANTEKT

- Árið 1995 var útstreymi koltvíoxíðs á Íslandi 2.281 þúsund tonn. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda í heild var 2.640 þúsund tonn, mælt í ígildum koltvíoxíðs. Þetta var um 0,01% heildarútstreymis á jörðinni.
- Útstreymi koltvíoxíðs á hvern íbúa á Íslandi var um 8,5 tonn árið 1995, en var um 12 tonn á íbúa að meðaltali í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).
- Hlutur einstakra lofttegunda í útstreymi var árið 1995:
  Koltvíoxíð – 86%
  Metan – 6%
  Tvíköfnunarefnisoxíð – 5%
  Aðrar lofttegundir – 3%
- Útstreymi koltvíoxíðs árið 1995 skiptist þannig eftir uppsprettum:
  Fiskiskip – 33%
  Innanlandssamgöngur - 32%
  Iðnaðarferli – 18%
  Jarðhitavirkjanir – 3%
  Annað – 14%
  Það sem er einkennandi fyrir útstreymi koltvíoxíðs á Íslandi miðað við önnur ríki er hið háa hlutfall útstreymis frá farartækjum og hið lága hlutfall útstreymis frá staðbundinni orkuframleiðslu. Um ⅔ hlutar af heildarorkuframleiðslu Íslendinga og um 95% af staðbundinni orkuframleiðslu kemur frá hreinum og endurnýjanlegum orkulindum.
- Heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda dróst saman um 3,5% á tímabilinu 1990–1995. Helsta ástæða þessa var minnkun á losun flúorkolefna frá álverinu í Straumsvík. Útstreymi koltvíoxíðs jókst hins vegar um ríflega 6% á þessu tímabili.
- Útstreymi gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa á Íslandi minnkaði um 7,5% á tímabilinu 1990–1995. Útstreymi koltvíoxíðs á íbúa jókst um 1,4% á þessu tímabili.
- Samkvæmt spám er búist við auknu útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi á næstu árum. Heildarútstreymi mun samkvæmt spám aukast um 16% til ársins 2000, um 26% til

ársins 2010 og um 35% til ársins 2020, miðað við árið 1990, ef ekki verður gripið til aðgerða.

- Erfitt er að spá um hvaða áhrif loftslagsbreytingar af mannavöldum munu hafa á Íslandi. Flest tölvulíkön spá lítils háttar hlýnun á Íslandi og svæðinu í kring, en að sú hlýnun verði minni en að meðaltali á sömu breiddargráðum. Kólnun loftslags er ekki útilokuð. Helsta áhyggjuefni Íslendinga eru hugsanleg áhrif veðurfarsbreytinga af mannavöldum á stefnu og styrk hafstrauma, þar á meðal Golfstraumsins, sem aftur gætu haft ófyrirséð og alvarleg áhrif á loftslag og fiskgengd við Ísland.
- Stefna íslenskra stjórnvalda er að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda árið 2000, þannig að það verði ekki meira þá en árið 1990. Til þess að framfylgja þessari stefnu samþykkti ríkisstjórnin framkvæmdaáætlun um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum í október 1995. Sérstök nefnd skipuð sjö aðstoðarmönnum ráðherra sér um að fylgja framkvæmdaáætluninni eftir. Nefndin hefur skilað tillögum til umhverfisráðherra, en áfram er unnið að frekari útfærslu þeirra tillagna í vinnuhópum í einstökum ráðuneytum, sem leita leiða til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda í iðnaði, samgöngum, sjávarútvegi o.s.frv.
- Meðal aðgerða sem eru í skoðun til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda eru: upptaka koltvíoxíðsskatts, markviss efling orkusparnaðar við fiskveiðar, efling almenningssamgangna, orkusparnaðarátak í iðnaði, minnkun sorpmagns til urðunar (sem dregur úr útstreymi metans) og aukin binding koltvíoxíðs í lífmassa með skógrækt og landgræðslu.
- Meðal aðgerða sem þegar hafa skilað árangri við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda má nefna afslátt á verði ótryggðs rafmagns til gufuframleiðslu í rafskautakötlum í fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðnfyrirtækjum, sem hefur leitt til minnkunar á olíubrennslu um 11–12 þúsund tonn, sem aftur þýðir um 35.000 tonna minnkun á útstreymi koltvíoxíðs. Í framhaldi af lækkun gjaldskrár til að gera landrafmagn samkeppnisfært við rafmagn framleitt í ljósavélum skipa hefur CO_2-losun minnkað um 5.000 tonn. Vinnsla Sorpu bs. á metani á urðunarstað í Álfsnesi er hafin og mun draga úr losun sem svarar ígildum rúmlega 16.000 tonna af CO_2.
- Ríkisstjórnin leggur áherslu á að markmiðum Íslendinga um takmörkun á útstreymi gróðurhúsalofttegunda verði náð á sem hagkvæmastan hátt. Átak til að auka hlutdeild jarðvarmaorku gerði það að verkum að hitaveitu var komið í yfirgnæfandi meiri hluta íslenskra húsa fyrir viðmiðunarárið 1990. Hlutur staðbundinnar orkuvinnslu er óverulegur og skiptir litlu í heildarmyndinni. Erfitt kann að reynast að koma við verulegri minnkun á útblæstri frá fiskiskipum og samgöngum, nema til komi ný tækni sem eykur sparneytni verulega eða opnar fyrir víðtæka notkun á öðrum orkugjöfum en olíu og öðru jarðefnaeldsneyti.
- Ísland getur lagt sitt af mörkum við að draga úr loftslagsbreytingum af mannavöldum með því að auka bindingu koltvíoxíðs í gróðri. Þannig má sameina aðgerðir gegn gróðurhúsaáhrifum og aðgerðir gegn uppblæstri og gróðureyðingu. Ríkisstjórnin hefur hrint af stað átaki sem miðar að því að auka bindingu koltvíoxíðs um 100.000 tonn á ári á næstu árum miðað við árið 1990, eða sem svarar um 4–5% af losun Íslendinga á koltvíoxíði.
- Á alþjóðavettvangi hefur Ísland lagt sitt af mörkum við að draga úr losun koltvíoxíðs með því að veita aðstoð við nýtingu jarðhita, sem kemur í stað mengandi orkugjafa. Stefnt er að áframhaldandi aðstoð á því sviði.
- Óvíst er hvaða áhrif alþjóðlegar skuldbindingar munu hafa á uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi. Útstreymi frá iðnaðarferlum mun auka útstreymi frá Íslandi verulega.

Á hinn bóginn má segja að orkufrekur iðnaður sem er staðsettur á Íslandi og nýtir endurnýjanlegar orkulindir losi mun minna af koltvíoxíði (í mörgum tilvikum um 90% minna) á heimsvísu en verksmiðjur sem nota jarðefnaeldsneyti sem orkugjafa. Þannig tryggir stóriðja staðsett á Íslandi lágmarksútstreymi gróðurhúsalofttegunda. Ríkisstjórn Íslands hefur af þessum sökum undanskilið nýja stóriðju sem nýtir endurnýjanlegar orkulindir frá markmiðum sínum um takmörkun á útstreymi gróðurhúsalofttegunda, enda fullnægi hún skilyrðum um lágmarksútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá iðnaðarferlum. Frekari skuldbindingar, samþykktar í Kyoto, mega ekki koma í veg fyrir að framleiðsla fari fram þar sem heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda er minnst. Náttúruverndarsjónarmið ráða hins vegar miklu um nýtingu endurnýjanlegra orkulinda hér á landi.

1. Gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar.

1.1. ANDRÚMSLOFTIÐ OG NÁTTÚRULEG GRÓÐURHÚSAÁHRIF

Andrúmsloftið er að mestu samansett af köfnunarefni (N_2), eða um 78%, og súrefni (O_2), um 21%. Að auki er þar að finna í mun minna mæli lofttegundir á borð við vatnsgufu (H_2O) og koltvíoxíð (CO_2), sem hafa umtalsverð áhrif á hitabúskap lofthjúpsins.

Lofthjúpi jarðar má líkja við gler í gróðurhúsi, að því leyti að hann gleypir í sig hluta þess varma, sem ella myndi geisla út frá yfirborði jarðar. Lofthjúpurinn hleypir í gegn um sig sólargeislun til yfirborðs jarðar, sem hitnar fyrir vikið. Jörðin sendir síðan þessa orku til baka út í geiminn í formi innrauðrar geislunar, en lofttegundir á borð við koltvíoxíð gleypa í sig innrauða geisla og halda þannig eftir hluta hitaorkunnar sem streymir frá yfirborðinu. Þessi eiginleiki lofthjúpsins hefur verið nefndur gróðurhúsaáhrif og reiknað hefur verið út að náttúruleg gróðurhúsaáhrif valdi því að hitastig á jörðinni sé um 30 °C hærra en ella væri, sem er mikilvæg, ef ekki nauðsynleg, forsenda þess að líf þrífist á jörðinni.

1.2. GRÓÐURHÚSAÁHRIF AF MANNAVÖLDUM

Helstu lofttegundir sem valda gróðurhúsaáhrifum eru koltvíoxíð (CO_2), vatnsgufa (H_2O), óson (O_3), metan (CH_4), tvíköfnunarefnisoxíð (N_2O) og ýmis flúorkolefnissambönd (CFC, HFC og PFC). Að flúorkolefnum undanskildum voru þessar lofttegundir allar til staðar í lofthjúpnum fyrir tilkomu mannsins, en samtals er magn þeirra í andrúmsloftinu minna en 1% af heildinni.

Maðurinn hefur með athöfnum sínum, einkum eftir iðnbyltinguna, aukið hlutfall þessara lofttegunda í lofthjúpnum og þar með haft áhrif á gróðurhúsaáhrifin. Koltvíoxíð myndast þegar olía, kol og annað kolefniseldneyti er brennt til orkuvinnslu, við ýmis iðnaðarferli og þegar skógar eru felldir eða brenndir. Metan og tvíköfnunarefnisoxíð myndast m.a. vegna rotnunar á lífrænu efni og ýmissar landbúnaðarstarfsemi. CFC og önnur manngerð efni eru m.a. notuð í iðnaði og sleppa út í andrúmsloftið.

Koltvíoxíð veldur um 60% gróðurhúsaáhrifa af mannavöldum. Árlegt útstreymi af mannavöldum nemur um 7 milljörðum tonna af hreinu kolefni, eða sem nemur um 1% af heildarmagni CO_2 í andrúmsloftinu. Metan er talið valda um 15–20% af gróðurhúsaáhrifum af mannavöldum og aðrar lofttegundir um 20–25% samanlagt.

Samkvæmt spám vísindamanna er líklegt að hitastig á jörðinni hækki um 1–3,5 °C fram til ársins 2100 vegna aukinna gróðurhúsaáhrifa af mannavöldum. Þessi breyting yrði meiri en nokkur breyting á hitastigi og loftslagi sem orðið hefur á jörðinni sl. 10.000 ár. Þessi spá er byggð á núverandi þróun á útstreymi gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið og miðað við að ekki verði gripið til ráðstafana til þess að draga úr útstreymi. Spár um loftslagsbreytingar af

mannavöldum eru bundnar mikilli óvissu og enn erfiðara er að spá fyrir um hver áhrif þeirra verða á einstökum svæðum. Það eykur óvissuna í slíkum spám að náttúrulegar sveiflur í veðurfari kunna að draga úr eða magna sveiflur vegna gróðurhúsaáhrifa af mannavöldum. Víst er þó að fyrstu einkenni gróðurhúsaáhrifa verður vaxandi tíðni afbrigðilegrar veðráttu, aukin ofsaveður, vindur og úrkoma. Spálíkön gera ráð fyrir því að áhrif losunar gróðurhúsalofttegunda komi ekki strax fram við yfirborð jarðar, þannig að hækkun hitastigs og breytingar á loftslagi myndu halda áfram í nokkra áratugi jafnvel þó að styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu hætti að aukast nú þegar.

Haldi núverandi þróun í útstreymi gróðurhúsalofttegunda áfram er líklegt að það jafngildi árið 2030 tvöföldun á magni þess koltvíoxíðs sem var í andrúmsloftinu fyrir daga iðnbyltingarinnar og þreföldun árið 2100. Ef útstreymi koltvíoxíðs af mannavöldum eykst ekki frá því sem nú er munu gróðurhúsaáhrifin verða hægari, eða sem nemur tvöföldun CO_2 árið 2100. Talið er að draga þurfi úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda um 30% frá því sem nú er, ef við settum okkur það markmið að styrkur þeirra í andrúmslofti nái jafnvægi við þau mörk sem nemur tvöföldun á CO_2 fyrir iðnbyltingu.

Sumar athafnir mannkyns kunna að hafa áhrif til kólnunar frekar en hlýnunar lofthjúpsins. Loftagnir sem innihalda brennisteinssambönd og myndast við bruna olíu og kola endurkasta sólargeislun út í geiminn áður en hún nær yfirborði jarðar og draga með því úr gróðurhúsaáhrifum. Þetta kann að valda staðbundinni kólnun (eða minni hlýnun) á svæðum þar sem brennisteinsmengun er mikil, en þessar brennisteinsagnir eru mun skammlífari í andrúmsloftinu en gróðurhúsalofttegundir og munu því breyta litlu um meginframvindu loftslagsbreytinga. Þá ber þess að gæta að brennisteinssambönd í andrúmslofti valda ýmsum umhverfisvandamálum, svo sem súru regni og teljast því óæskileg.

Talið er að magn koltvíoxíðs í andrúmslofti hafi aukist um 30% síðan um 1800 til okkar dags og vísindamenn telja líklegt að gróðurhúsaáhrif af mannavöldum hafi nú þegar haft merkjanleg áhrif á loftslag á jörðinni. Mælingar benda til þess að hitastig hafi að meðaltali hækkað um 0,3–0,6 °C síðan árið 1860 og að sjávarborð kunni að hafa hækkað um 10–25 sentimetra. Mælingar á jöklum á háfjöllum víða um heim sýna að þeir hafa nær undantekningalaust hopað síðastliðna öld, en það er þó ekki talið að ástæða þessa sé eingöngu aukning á útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

1.3. ÁHRIF LOFTSLAGSBREYTINGA Á UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Spár um afleiðingar aukinna gróðurhúsaáhrifa og loftslagsbreytinga eru ekki síður undirorpnar mikilli óvissu en spár um hve mikið hitastig muni hækka á næstu áratugum. Það er þó mat vísindamanna að loftslagsbreytingar muni hafa umtalsverð áhrif á allt umhverfi og lífsskilyrði mannsins og annarra lífvera og að þau áhrif verði því meiri sem loftslagsbreytingarnar taki skemmri tíma. Eftirfarandi niðurstöður eru settar fram í skýrslu Alþjóðavísindanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC).

Talið er að yfirborð sjávar muni hækka um 15–95 sentimetra fram til ársins 2100 vegna bráðnunar jökla og rúmmálsaukningar hafanna vegna hlýnunar. Þessi hækkun sjávarborðs mun aftur valda sjávarflóðum á strandsvæðum og láglendi og öðru tjóni. Nú er talið að um 46 milljónir manna búi á svæðum þar sem hætta er á sjávarflóðum, en 50 sm hækkun sjávarborðs myndi þýða að um tvöfalt fleiri manns myndu búa við slíka hættu. Hækkun um 1 metra mundi sökkva um 6% Hollands og yfir 17% af Bangladesh, ef ekkert yrði gert til varnar og myndi gera margar láglendar kóraleyjar í Indlands- og Kyrrahafi óbyggilegar.

Loftslagsbelti kunna að færast til frá miðbaug og sú tilfærsla kann að nema 150–550 km á breiddargráðum miðja vegu milli miðbaugs og pólanna. Þetta mun hafa í för með sér samsvarandi tilfærslu á gróðurbeltum, vistkerfum og landbúnaðarframleiðslu. Vegna þess hve skamman tíma þessar breytingar munu taka verði ekkert að gert er líklegt að fjöldi tegunda dýra og plantna nái ekki að færa sig til eða aðlagast nýjum aðstæðum og muni þ.a.l. deyja út.

Ekki er talið líklegt að loftslagsbreytingar muni hafa stórkostleg áhrif til hins verra á matvælaframleiðslu í heiminum, ef litið er á jörðina í heild, en á sumum svæðum kann að verða uppskerubrestur, sem gæti leitt til hungursneyðar. Aukið magn koltvíoxíðs í lofthjúpnum kann að auka ljóstillífun plantna og þ.a.l. uppskeru þegar til langs tíma er litið, en röskun á gróðurbeltum myndi vega upp á móti slíku á næstu öld. Ekki er talið að loftslagsbreytingar muni hafa umtalsverð áhrif á fiskafla í heiminum, en þó kunna að verða verulegar staðbundnar breytingar á stærð og hegðun fiskistofna sem gætu haft veruleg áhrif á samfélög sem byggja afkomu sína á fiskveiðum. Meðalúrkoma er talin munu aukast, en stór svæði gætu þó þornað upp á meðan annars staðar yrði vætusamara og/eða snjóþyngra. Ferskvatnsöflun mun breytast í kjölfar breytinga á úrkomu og uppgufun. Tíðni tjóna á húsum og öðrum mannvirkjum er talin munu fara vaxandi, vegna sjávarflóða og aukinnar tíðni fellibylja og ofsaveðra sem talin er fylgja í kjölfar hlýnunar lofthjúpsins.

Erfitt er að segja til um áhrif loftslagsbreytinga á heilsufar manna, en þó bendir flest til þess að afleiðingarnar verði einkum neikvæðar. Með aukningu á meðalhitastigi munu ýmis sníkjudýr og sjúkdómsberar breiðast út til nýrra staða. Nú er talið að um 45% mannkyns búi á svæðum þar sem moskító-flugur sem bera malaríu þrífast; á síðari helming næstu aldar er líklegt að það hlutfall hækki í 60%, sem gæti þýtt að 50–80 milljónir manna til viðbótar sýktust árlega. Loftslagsbreytingar munu hafa fjölmargar aðrar afleiðingar, beinar og óbeinar, á efnahagsstarfsemi, byggð og heilsufar fólks. Þeir jarðarbúar sem búa við mestan skort og fátækt munu væntanlega verða mest fyrir barðinu á afleiðingum loftslagsbreytinga af mannavöldum.

Reynt hefur verið að spá fyrir um áhrif loftslagsbreytinga af mannavöldum fyrir einstök svæði á jörðinni, með aðstoð tölvulíkana, en slíkar spár eru eðli málsins samkvæmt háðar enn meiri óvissu en spár um meðaltalsáhrif loftslagsbreytinga á jörðinni. Flest líkön benda til þess að hlýnun verði mest á köldum meginlandssvæðum á norðurhveli jarðar að vetri til. Þannig gerir eitt spálíkan ráð fyrir að meðalhitastig í hluta Kanada og Síberíu muni hækka um 10 °C að vetri til, en um 2 °C á sumrin. Almennt er gert ráð fyrir að hlýnun verði hraðari á meginlöndum og fjarri sjó en yfir höfum og við strendur. Ekki er talið útilokað að aukin gróðurhúsaáhrif geti valdið snöggum og ófyrirséðum loftslagsbreytingum, svo sem með breytingum á hafstraumum.

Ljóst er að mannkynið mun þurfa að grípa til aðgerða til að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga á komandi öld, óháð því hvort það tekst að stöðva aukningu á útstreymi gróðurhúsalofttegunda eða minnka það.

1.4. LOFTSLAGSSAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Árið 1979 var haldið fyrsta heimsþing um loftslag (First World Climate Conference), sem skoraði á ríki heims að „reyna að spá fyrir um og draga úr loftslagsbreytingum af mannavöldum, sem gætu haft neikvæð áhrif á velferð mannkyns". Árið 1988 settu Umhverfisstofnun S.þ. (UNEP) og Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO) á laggirnar alþjóðavísindanefndina um loftslagsbreytingar (Intergovernmental Panel on Climate Change — IPCC) til að gefa álit um loftslagsbreytingar og hugsanlegar aðgerðir til að bregðast við þeim. Álit nefndarinnar um að vísindarannsóknir styddu þá tilgátu að loftslagsbreytingar af mannavöldum væru þegar hafnar

og myndu líklega aukast á komandi áratugum varð til þess að annað heimsþing um loftslag skoraði árið 1990 á þjóðir heims að gera alþjóðasamning um viðbrögð við loftslagsbreytingum. Undirbúningur að gerð slíks alþjóðasamnings hófst í desember það ár.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (United Nations Framework Convention on Climate Change — UNFCCC) var lagður fram til undirritunar á Heimsráðstefnu S.þ. um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro í Brasilíu árið 1992. Fulltrúar 156 ríkja, auk Evrópusambandsins rituðu undir samninginn í Ríó, en nú eru aðildarríki hans um 165 talsins. Samningurinn gekk í gildi 21. mars 1994, eftir að 50 ríki höfðu staðfest hann.

Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda iðnvædd ríki sig sem heild til þess að grípa til aðgerða sem miða að því að reyna að auka ekki útblástur gróðurhúsalofttegunda, þannig að hann verði ekki meiri árið 2000 en árið 1990 (iðnvædd ríki eru tilgreind í Viðauka I við samninginn, en þau eru ríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), auk ríkja Austur-Evrópu og fyrrum Sovétríkjanna). Þessi skuldbinding felur þó ekki í sér ákveðin losunarmörk fyrir einstök ríki. Iðnvæddu ríkin hafa skuldbundið sig til þess að veita þróunarríkjum fjárhagslega og tæknilega aðstoð til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þróunarríkin eru ekki skuldbundin til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda samkvæmt ákvæðum loftslagssamningsins, enda bera iðnríkin langmesta ábyrgð á núverandi útstreymi og hafa meira bolmagn og svigrúm til þess að draga úr útstreymi. Iðnríkin hafa skuldbundið sig til þess að taka reglulega saman upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegunda og þær aðgerðir sem viðkomandi ríki hyggst grípa til í samræmi við ákvæði loftslagssamningsins.

Í loftslagssamningnum er að finna leiðbeinandi ákvæði um hvaða grundvallarsjónarmið þurfi að hafa í huga við aðgerðir til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda, þar á meðal eftirfarandi:

— gæta ber jafnræðis aðildarríkja,
— gæta verður hagsmuna komandi kynslóða jafnt sem núlifandi,
— huga þarf sérstaklega að þörfum og sérstöðu þróunarríkja
— aðgerðir skulu vera í samræmi við hagkvæmnisjónarmið, sjálfbæra þróun og opið alþjóðlegt efnahagskerfi.

Markmið loftslagssamningsins er að draga úr uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu þannig að magn þeirra stöðvist við mörk sem myndu koma í veg fyrir hættulegar breytingar á loftslagi af mannavöldum. Engin nákvæm skilgreining er þó til á því hver þau mörk skuli vera eða hve miklar breytingar þurfi að verða til þess að þær teljist „hættulegar". Aðilar eru þó sammála um að með loftslagssamningnum sé ekki miðað að því að reyna að ná styrk gróðurhúsalofttegunda niður á sama stig og var fyrir iðnbyltingu — slíkt yrði enda tæknilega og efnahagslega óraunhæft — heldur að draga úr hraða breytinganna þannig að auðveldara verði fyrir vistkerfi og þjóðir heims að aðlagast breyttu loftslagi. Þannig er talið að hitabreyting um 3,5 °C eða meira á næstu 100 árum muni verða of hröð til þess að margar tegundir trjáa geti aðlagað sig breyttum aðstæðum eða numið land á nýju kjörlendi, en hægari aukning á hitastigi auðveldar vistkerfum að aðlagast og/eða flytja sig um set í kjölfar breyttra umhverfisaðstæðna.

Fyrsti sameiginlegi fundur aðildarríkja Rammasamningsins (COP-1) var haldinn í Berlín í mars/apríl 1995, en samkvæmt samningnum á að taka allar ákvarðanir um frekari útfærslu samningsins á slíkum fundum, sem haldnir skulu árlega. Í Berlín var ákveðið að stefna skyldi að því að setja ákveðin töluleg markmið um að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda í iðnríkjunum fyrir árin 2005, 2010 og 2020, en að engin mörk skyldi setja að svo stöddu fyrir þróunarríkin. Annar fundur aðildarríkjanna (COP-2) var haldinn í Genf í júlí 1996, en þar var m.a. ákveðið að þróunarríki skyldu halda bókhald um útstreymi gróðurhúsalofttegunda, á

sama hátt og iðnríkin og skila því til skrifstofu UNFCCC í Bonn. Á þriðja fundi ríkjanna, sem halda á í Kyoto í Japan í desember nk. á m.a. að reyna að ákveða bindandi mörk um útstreymi einstakra aðildarríkja í byrjun næstu aldar í samræmi við ákvörðun COP-1 og má segja að þar sé stefnt að metnaðarfyllstu og erfiðustu ákvörðun um framfylgd Rammasamningsins hingað til.

2. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Í þessum kafla er fjallað um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi á árunum 1990–1995. Stuðst er við útreikninga Hollustuverndar ríkisins, sem reiknar út útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi í samræmi við reglur sem alþjóðavísindanefndin um loftslagsbreytingar (IPCC) hefur sett.

Einkum er fjallað hér um útstreymi eftirtaldra lofttegunda, sem valda beinum gróðurhúsaáhrifum: Koltvíoxíðs (CO_2), metans (CH_4), tvíköfnunarefnisoxíðs (N_2O), vetnisflúorkolefna (HFC) og flúorkolefna (PFC). Einnig er stuttlega fjallað um útstreymi sk. óbeinna gróðurhúsalofttegunda, þ.e. köfnunarefnisoxíða (NOx), koloxíðs (CO) og rokgjarnra lífrænna efna. Þessar lofttegundir eru taldar geta haft óbein áhrif á hitabúskap lofthjúpsins, en ekki í jafnmiklum mæli og hinar fyrrnefndu, þannig að ekki er gert ráð fyrir takmörkunum á útstreymi þeirra í loftslagssamningi S.þ. Einnig er fjallað um útstreymi brennisteinsoxíða (SOx) og sexflúorbrennisteins (SF_6).

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda er flokkað eftir uppsprettum í eftirfarandi sex flokka, í samræmi við vinnureglur IPCC: orkuvinnslu, iðnaðarferli, útgufun leysiefna, landbúnað, skógarhögg og landnotkun, úrgang og fráveituvatn. Þessum aðalflokkum er síðan skipt í smærri flokka. Einum flokki hefur verið bætt við uppsprettuflokkun IPCC — útstreymi frá jarðhitavirkjunum — þar sem virkjun jarðhita eykur útstreymi jarðgufu og þeirra lofttegunda sem eru til staðar í henni.

Í samræmi við þær reglur sem IPCC hefur sett, er útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna alþjóðasamgangna, þ. á m. útstreymi vegna eldsneytisbrennslu skipa og flugvéla í millilandasamgöngum ekki tekið með í útreikningum á heildarútstreymi frá Íslandi en er gefið upp sérstaklega í skýrslu Íslands til skrifstofu loftslagssamningsins.

2.1. ÚTSTREYMI EINSTAKRA GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

2.1.1. Útstreymi koltvíoxíðs.

Útstreymi koltvíoxíðs af mannavöldum á Íslandi var 2.147 þúsund tonn árið 1990. Í þeirri tölu er ekki tekið með útstreymi vegna alþjóðasamgangna. Helsta uppspretta koltvíoxíðs var eldsneytisbrennsla, með um 78% af heildarútstreymi, en 18% útstreymis var vegna iðnaðarferla. Útstreymi koltvíoxíðs vegna virkjunar jarðvarma var áætlað um 4% af heildarútstreymi af mannavöldum. Ef nánar er farið ofan í saumana á útstreymi eftir starfsemi, þá kemur í ljós að stærsti hluti útstreymis CO_2 var frá fiskiskipum, rúmlega 30% af heildarútstreyminu. Útstreymi vegna vegasamgangna var nálægt því jafn mikið, eða um 29%. Eldsneytisbrennsla vegna iðnaðar veldur um 11% útstreymis, en þar munar mestu um fiskimjölsverksmiðjur og Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Það er áberandi að farartæki (skip, bifreiðar og flugvélar í innanlandsflugi) leggja til nærri tvo þriðju hluta af heildarútstreymi (eða 64%), á meðan önnur eldsneytisbrennsla og iðnaðarferli leggja til 36%. Hlutur samgangna í losun gróðurhúsalofttegunda er óvenju mikill á Íslandi, samanborið við önnur lönd og kemur þar einkum til hátt hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa á öðrum sviðum, svo sem húshitun og rafmagnsframleiðslu.

Árið 1995 hafði útstreymi koltvíoxíðs á Íslandi aukist um 6% miðað við útstreymið árið 1990 og var 2.282 þúsund tonn. Útstreymi CO_2 frá fiskiskipaflotanum jókst um 18% á tímabilinu frá 1990 til 1995, aukning vegna samgangna á landi var 8% og aukning vegna iðnaðarferla var 9%.

Ef útstreymi CO_2 á Íslandi er borið saman við útstreymi ríkja í Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) sést að það er um 30% minna hér á landi, eða um 8,5 tonn á íbúa borið saman við 12 tonn. Á hinn bóginn er útstreymið nálægt því hið sama og er að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins. Hér að neðan sést samanburður á útstreymi CO_2 (mælt í tonnum á íbúa) á Íslandi og í nokkrum helstu iðnríkjum heims árið 1990:

Lúxemborg	28,9
Bandaríkin	19,8
Kanada	16,7
Ástralía	16,2
Þýskaland	12,8
Belgía	11,4
Holland	11,2
Finnland	10,8
Bretland	10,1
Danmörk	10,1
Japan	9,1
Írland	8,8
Ísland	**8,6**
Noregur	8,5
Grikkland	8,0
Austurríki	7,7
Ítalía	7,5
Nýja Sjáland	7,4
Frakkland	6,7
Sviss	6,6
Svíþjóð	6,4
Spánn	5,8
Portúgal	4,3

Útstreymi koltvíoxíðs jókst í flestum vestrænum ríkjum á tímabilinu 1990–1994, samkvæmt tölum frá skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Hér að neðan sést breyting á útstreymi CO_2 í nokkrum iðnvæddum ríkjum á þessu tímabili. Í þeim tilvikum þar sem ríki eru merkt með stjörnu (*) eru tölurnar fengnar frá Evrópusambandinu, en ekki skrifstofu loftslagssamningsins.

Danmörk	21%
*Portúgal	14%
*Spánn	10%
Finnland	8%
Nýja Sjáland	8%
*Grikkland	7%
Japan	7%

Noregur	6%
Holland	5%
Ísland	**5%**
Kanada	5%
Bandaríkin	3%
*Írland	3%
*Austurríki	-2%
*Ítalía	-2%
Bretland	-4%
Sviss	-4%
*Frakkland	-5%
Svíþjóð	-5%
*Þýskaland	-10%
Eistland	-43%

2.1.2. Útstreymi metans.

Heildarútstreymi metans (CH_4) á Íslandi var áætlað um 14 þúsund tonn árið 1990. Helsta uppspretta metanútstreymis var vegna landbúnaðar, eða um 85%. Þar munaði langmest um metan frá meltingarstarfsemi búfjár, en einnig er nokkurt útstreymi frá búfjárúrgangi. Aðrar uppsprettur metans voru vegna urðunar úrgangs, eða um 13% heildarútstreymis og frá eldsneytisbrennslu, um 2% af heildinni.

Árið 1995 var útstreymi metans tæplega 14 þúsund tonn, örlítið minna en 1990. Helsta ástæðan fyrir þessari minnkun var fækkun búfjár, sérstaklega sauðfjár.

2.1.3. Útstreymi tvíköfnunarefnisoxíðs.

Útstreymi tvíköfnunarefnis (N_2O) árið 1990 var 410 tonn. Talið er að notkun tilbúins áburðar og búfjáráburðar leggi til rétt rúman helming af heildarútstreymi, en óvissan í útreikningum á útstreymi af þessum völdum er stór. Áburðarframleiðsla er talin valda 38% útstreymis, fiskiskipaflotinn um 4% og farartæki 4%.

Árið 1995 var útstreymi tvíköfnunarefnisoxíðs um 390 tonn, sem er lítilsháttar minnkun frá 1990. Nokkur breyting varð á hlutfalli einstakra uppsprettna í heildarútstreymi; þannig jókst hlutur farartækja upp í 10% af heildarútstreymi vegna aukinnar notkunar hvarfakúta.

2.1.4. Útstreymi vetnisflúorkolefna.

Útreikningar á útstreymi vetnisflúorkolefna (HFC) eru byggðir á tölum um innflutning slíkra efna. Fyrir árið 1992 var enginn innflutningur á slíkum efnum, en frá þeim tíma hefur innflutningur þeirra aukist hröðum skrefum þar sem þau koma í stað efna (einkum CFC) sem talin eru valda eyðingu ósonlagsins. Árið 1995 voru flutt inn 10,5 tonn af HFC.

2.1.5. Útstreymi flúorkolefna.

Álbræðsla er eina uppspretta útstreymis flúorkolefna (PFC) á Íslandi. Árið 1990 var áætlað að um 45 tonn af PFC hafi verið losuð, en nokkur óvissa er um þá tölu. Mikil áhersla hefur verið lögð á að draga úr þeim ferlum sem valda myndun PFC í álframleiðslunni. Árið 1995 er talið að útstreymi PFC hafi dregist saman um meira en 80% hér á landi frá því sem var árið 1990 vegna slíkra aðgerða.

2.1.6. Sexflúorbrennisteinn.

Sexflúorbrennisteinn (SF_6) finnst í ýmsum raftækjum. Talið er að heildarmagn efnisins á Íslandi sé um 11 tonn og að um 200–250 kg leki út á ári.

2.2. ÚTSTREYMI ÓBEINNA GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

2.2.1. Útstreymi köfnunarefnisoxíða.

Árið 1990 var útstreymi köfnunarefnisoxíða (NOx) áætlað yfir 26 þúsund tonn. Þar af var 61% rakið til fiskiskipaflotans, 28% til farartækja og véla og tæplega 6% til vöruflutninga með skipum innanlands. Um 2% útstreymis var rakið til iðnaðarferla og um 1,5% vegna brennslu lífræns efnis (aðallega vegna starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar).

Árið 1995 hafði útstreymi NOx aukist í rúmlega 28 þúsund tonn, sem er 8% aukning frá 1990. Þessi aukning stafar af aukinni eldsneytisbrennslu fiskiskipaflotans, en útstreymi NOx frá honum jókst um 18% á tímabilinu 1990–1995. Útstreymi frá farartækjum dróst á hinn bóginn lítillega saman vegna aukinnar notkunar hvarfakúta.

2.2.2. Útstreymi koloxíðs.

Árið 1990 var heildarútstreymi koloxíðs (CO) áætlað um 58 þúsund tonn. Langstærsta uppspretta koloxíðs var eldsneytisbrennsla farartækja og véla, eða um 95% heildarútstreymis. Fiskiskipaflotinn lagði til tæp 3% af útstreymi CO og brennsla úrgangs um 2%.

Árið 1995 var útstreymi koloxíðs verulega minna en árið 1990, eða um 49 þúsund tonn. Ástæðan er fyrst og fremst aukin notkun hvarfakúta í bifreiðum, en einnig hefur dregið úr brennslu úrgangs með opinni sorpbrennslu.

2.2.3. Útstreymi rokgjarnra lífrænna efna.

Útstreymi rokgjarnra lífrænna efna annarra en metans var áætlað nærri 13 þúsund tonn árið 1990. Útstreymi frá farartækjum var um 76% af heildarútstreymi, frá notkun lífrænna leysiefna um 20% og frá fiskiskipum tæp 4%.

Árið 1995 nam útstreymið um 12 þúsund tonnum. Minnkunin skýrist fyrst og fremst af aukinni notkun hvarfakúta í bifreiðum.

2.2.4. Útstreymi brennisteinsoxíða.

Heildarútstreymi brennisteinsoxíða (einkum brennisteinstvíoxíðs, SO_2) var um 24 þúsund tonn árið 1990. Það er talið að tvo þriðju hluta útstreymisins megi rekja til útblásturs brennisteinsvetnis (H_2S) í gufu frá jarðhitavirkjunum. Í þessu sambandi ber að taka það fram að mikil óvissa er í áætlunum um útstreymi gufu frá jarðhitavirkjunum og í hvaða mæli brennisteinsvetni ummyndast í brennisteinsoxíð. Aðrar uppsprettur SO2 eru iðnaðarferli (um 13% af heildarútstreymi), eldsneytisbrennsla vegna iðnaðar (11%) og fiskiskipaflotinn (um 7%).

Árið 1995 var útstreymi brennisteinsoxíða áætlað álíka mikið og árið 1990. Útstreymi frá fiskiskipaflotanum jókst um 50% frá árinu 1990.

2.3. HEILDARÚTSTREYMI GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Árið 1990 var heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi jafngildi 2.730 þúsund tonna af koltvíoxíði. Þessi tala er reiknuð þannig út að gróðurhúsaáhrif fimm lofttegunda (CH_4, N_2O, HFC, PFC og SF_6) eru reiknuð út sem ígildi koltvíoxíðs og þeim ígildum síðan bætt við útstreymi koltvíoxíðs. Árið 1990 var ekkert útstreymi HFC, þar sem þau efni voru ekki flutt inn til landsins fyrr en 1992.

Árið 1995 jafngilti áætlað heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda 2.640 þúsund tonnum af koltvíoxíði, sem var um 3% minnkun frá 1990.

2.4. UPPTAKA KOLEFNIS

Landgræðsla og skógrækt eru kappsmál Íslendinga vegna aldalangrar jarðvegs- og gróðureyðingar í landinu, enn fremur eru miklir möguleikar á að auka um leið kolefnisupptöku í gróðri í viðbót við það sem þegar er gert á því sviði. Ríkisstjórnin hefur með samþykkt framkvæmdaáætlunar sinnar um aðgerðir til þess að draga úr loftslagsbreytingum hrundið af stað áætlun sem miðar að því að auka bindingu koltvíoxíðs um 100.000 tonn á ári fram til ársins 2000 frá því sem var árið 1990. Áætlunin miðar meðal annars að því að sá lúpínu og grasi og dreifa áburði, auk aukinnar skógræktar.

Áætlað hefur verið hvað algengustu landgræðslu- og skógræktaraðgerðir leiða almennt af sér mikla bindingu koltvíoxíðs. Þar var einnig tekið tillit til bindingar kolefnis í jarðvegi vegna uppsöfnunar lífræns forða. Við þessa útreikninga var stuðst við leiðbeiningar IPCC.

	Árleg binding tonn CO_2/ha
Lúpína á snauðu landi	3.0
Almenn landgræðsla	2.5
Almenn skógrækt	2.0
Nytjaskógur	5.0

Lagt hefur verið mat á umfang nýrra uppgræðslu- og skógræktaraðgerða síðan 1991 og reiknað hvað þær leiða til mikillar bindingar koltvíoxíðs. Þar eru ekki teknar með aðgerðir sem tengjast stöðvun hraðfara jarðvegseyðingar.

	ha	Árleg binding tonn CO_2
Lúpína á snauðu landi	3000	9000
Almenn landgræðsla	7200	18000
Almenn skógrækt	3600	7200
Nytjaskógur	2500	12500
Alls	16300	46700

Miðað við óbreyttan framkvæmdahraða til aldamóta má gera ráð fyrir að árleg binding vegna nýrrar ræktunar 1991–2000 verði 77.800 tonn koltvíoxíðs. Það þarf því að bæta við núverandi ræktun nýrri ræktun sem bindur 22.200 tonn svo markmið framkvæmdaáætlunarinnar náist. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita 450 millj. kr. til viðbótar því sem verið hefur svo þau markmið náist. Því má ætla að árið 2000 verði árleg binding koltvíoxíðs um 100 þús. tonnum meiri en hún var árið 1990.

3. Losunarspár og aðgerðir Íslands gegn loftslagsbreytingum.

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um spár um losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi í nánustu framtíð og til hvaða aðgerða hægt er að grípa til þess að draga úr losun þeirra. Hér verður aðeins stiklað á stóru í þessu sambandi, en nánari útfærsla á spám um losun gróður-

húsalofttegunda er að m.a. að finna í töflum í skýrslu Íslands til UNFCCC (Second Status Report for Iceland pursuant to the United Nations Framework Convention on Climate Change).

3.1. KOLTVÍOXÍÐ

Árið 1990 nam útstreymi koltvíoxíðs á Íslandi 2.147 þúsund tonnum. Í útstreymisspá, sem unnin er af Hollustuvernd ríkisins samkvæmt leiðbeiningum frá UNFCCC, er gert ráð fyrir að útstreymi CO_2 árið 2000 nemi um 2.697 þúsund tonnum (aukning um 26% frá 1990). Útstreymi CO_2 verður samkvæmt spánni um 2.893 þúsund tonn árið 2010 (35% aukning frá 1990) og 2.944 þúsund tonn árið 2020 (37% aukning).

Ef aðeins er litið á útstreymi koltvíoxíðs vegna orkuvinnslu, þ.e. útstreymi vegna iðnaðarferla undanskilið, þá var það 1.753 þúsund tonn árið 1990. Í útstreymisspá er gert ráð fyrir að útstreymi CO_2 vegna orkuvinnslu verði 1.957 þúsund árið 2000 (aukning um 12% frá 1990), 2.153 þúsund tonn árið 2010 (23% aukning frá 1990) og 2.203 þúsund tonn árið 2020 (26% aukning).

Í spánni er gert ráð fyrir verulegri aukningu á útstreymi vegna iðnaðarferla vegna aukinnar stóriðju: nýs álvers Norðuráls á Grundartanga og stækkunar álversins í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Einnig er gert ráð fyrir aukningu á útstreymi CO_2 vegna samgangna og fiskveiða. Gert er ráð fyrir að útstreymi CO_2 vegna orkuframleiðslu til annarra en farartækja muni minnka, en þetta mun hafa lítil áhrif vegna þess að slík orkuframleiðsla var óveruleg árið 1990.

Á árunum 1990–2000 er gert ráð fyrir 89% aukningu á CO_2-útstreymi vegna iðnaðarferla. Spáð er 12% aukningu á útstreymi CO_2 vegna bruna eldsneytis. Þar af mun útstreymi frá fiskiskipaflotanum aukast um 22% og um 17% vegna samgangna á landi. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að samdráttur verði á losun CO_2 vegna innanlandsflugs, rafmagnsframleiðslu og orkuvinnslu til iðnaðar.

Meðal aðgerða til að draga úr losun og auka upptöku CO_2 má nefna:

- **Kolefnisupptaka.** Ríkisstjórnin ákvað árið 1996 að veita 450 milljónum króna til landgræðslu og skógræktar í því skyni að auka upptöku koltvíoxíðs úr andrúmslofti, þannig að hún verði 100.000 tonnum meiri árið 2000 en árið 1990.
- **Breytingar á skattlagningu eldsneytis og bifreiða.** Á komandi ári verður tekin upp breytt skattlagning á eldsneyti og þungaskattur lagður af. Þessi breyting er talin nauðsynleg forsenda þess að hægt verði að leggja á skatt á koltvíoxíðútstreymi, en engin ákvörðun um slíka skattlagningu liggur þó ennþá fyrir. Hugmyndir um skattlagningu á eldsneytisnotkun bifreiða í stað virðisaukaskatts og innflutningsgjalda hafa verið til skoðunar, sömuleiðis hugmyndir um undanþágu gjalda fyrir rafmagnsbíla og rafgeyma í þá.
- **Rafmagn til skipa í höfnum.** Sala á rafmagni til skipa í höfnum hefur aukist úr 8 GWh árið 1992 í 14 GWh árið 1995, sem svarar til um 1.500 tonna sparnaðar á gasolíu. Óvíst er hvort hægt sé að ná umtalsvert betri árangri á þessu sviði, en starfshópur á vegum sjávarútvegsráðherra vinnur nú að því að meta heildareftirspurn eftir rafmagni í höfnum og hvort unnt sé að mæta henni.
- **Aðgerðir til að draga úr útstreymi frá fiskiskipaflotanum.** Vinnuhópur í sjávarútvegsráðuneyti skoðar nú hugmyndir um að auka hagkvæmni veiða og draga úr eldsneytiseyðslu fiskiskipa á heimamiðum jafnt sem á fjarlægum miðum. Vonast er til að aukinn afli vegna betra ástands helstu nytjastofna leiði ekki til aukinnar eldsneytisnotkunar, heldur dragi úr eldsneytisnotkun á sóknareiningu.

- **Aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa.** Stjórnvöld hafa lagt á það áherslu á undanförnum árum og áratugum að auka hlut jarðvarma og rafmagns frá endurnýjanlegum orkulindum á kostnað jarðefnaeldsneytis, með þeim árangri að nú eru einungis tæp 2% húsa hituð með olíu. Afsláttur á verði ótryggðs rafmagns til rafskautakatla í fiskimjölsverksmiðjum, sem fyrst var veittur árið 1993, hefur leitt til þess að nú eru um 111 GWh seldar til verksmiðja sem hafa breytt úr olíu í rafmagn, sem samsvarar 11–12 þúsund tonnum minni notkunar svartolíu. Möguleikar eru á að auka hlut rafmagns á þessu sviði enn frekar.
- **Orkusparnaður í samgöngum og iðnaði.** Starfshópar í samgöngu- og iðnaðarráðuneytum vinna nú að tillögum um orkusparnað á sínum sviðum.
- **Útstreymi frá iðnaðarferlum.** Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hefur verið að draga úr notkun kola, en brenna í þeirra stað úrgangstimbri, sem telst endurnýjanlegur orkugjafi (lífmassi) og er ekki tekið með í útreikningum á heildarútstreymi Íslands.

3.2. METAN

Útstreymi metans var um 14 þúsund tonn árið 1990. Útstreymisspá gerir ráð fyrir lítils háttar minnkun á losun metans í náinni framtíð, þar sem búist er við minnkun sorpmagns sem fer til urðunar vegna aukinnar endurvinnslu og endurnýtingar og ekki er búist við miklum breytingum á fjölda búfjár.

Aðgerðir sem miða að því að draga úr losun metans eru eftirfarandi:

- **Söfnun metans** hófst hjá Sorpu bs. á urðunarstað á Álfsnesi í lok árs 1996. Búist er við að innan nokkurra ára muni um 1.500 tonn af metani verða safnað á Álfsnesi, eða um 10% losunar á Íslandi. Þetta myndi þýða minnkun útstreymis sem svarar um 16,5 þúsund tonnum af koltvíoxíði.
- **Aukin endurvinnsla** mun væntanlega minnka sorpmagn til urðunar og þar með útstreymi metans frá urðunarstöðum. Á höfuðborgarsvæðinu hefur hlutfall úrgangs sem er endurunninn aukist úr 8% árið 1990 í yfir 37% árið 1996. Stjórnvöld stefna að því að helmingur úrgangs verði endurunninn árið 2000. Í því skyni verður m.a. reynt að auka endurvinnslu á pappír og lífrænum úrgangi.

3.3. TVÍKÖFNUNAREFNISOXÍÐ

Útstreymi tvíköfnunarefnisoxíðs var um 400 tonn árið 1990. Ekki er búist við miklum breytingum á losun N_2O á næstu árum, en talið er að notkun köfnunarefnisáburðar, sem leggur til obbann af útstreyminu, muni standa í stað eða aukast eitthvað. Útstreymi á N_2O mun aukast eitthvað með aukinni notkun hvarfakúta, en þetta mun þó ekki hafa mikil áhrif. Engar sérstakar aðgerðir eru ráðgerðar til þess að takmarka útstreymi þessarrar lofttegundar.

3.4. FLÚORKOLEFNI

Útstreymi flúorkolefna á Íslandi nam um 45 tonnum árið 1990, en var aðeins um 11 tonn árið 1995, vegna uppsetningar nýs tæknibúnaðar og bættrar stýringar í álveri ÍSAL í Straumsvík. Stækkun álversins og starfsemi álvers Norðuráls mun valda aukningu á útstreymi flúorkolefna, en það mun þó verða minna en árið 1990.

3.5. VETNISFLÚORKOLEFNI

Notkun og útstreymi vetnisflúorkolefna (HFC) var að því að best er vitað engin árið 1990. Því er hins vegar spáð að notkun þessarra efna fari vaxandi, þannig að þau verði verulegur þáttur í gróðurhúsaáhrifum af mannavöldum í byrjun næstu aldar. Ástæðan fyrir því er sú að samkvæmt alþjóðasamningum um takmörkun á losun ósoneyðandi efna ber að hætta notkun

efna á borð við klórflúorkolefni (CFC) og vetnisklórflúorkolefni (HCFC). Á næstu árum mun íslenski fiskiskipaflotinn því taka upp notkun á vetnisflúorkolefnum (HFC), sem ekki eru skaðleg ósonlaginu, en valda á hinn bóginn gróðurhúsaáhrifum. Mikilvægt er að reyna að finna efni, sem hvorki valda gróðurhúsaáhrifum eða skaða ósonlagið og mun starfshópur í sjávarútvegsráðuneytinu m.a. kanna möguleika á því að draga úr fyrirsjáanlega vaxandi notkun á HFC. Reglugerð um notkun og losun þessarra efna verður væntanlega sett innan skamms, en markmið hennar er að draga úr útstreymi þeirra.

3.6. ÓBEINAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

Búist er við að útstreymi koloxíðs og rokgjarnra lífrænna efna minnki á komandi árum vegna aukinnar notkunar á hvarfakútum. Vegagerð ríkisins hyggst reyna að draga úr notkun og þar með losun rokgjarnra lífrænna efna við vegagerð og lofa niðurstöður tilrauna í þá veru góðu.

3.7. HEILDARÚTSTREYMI GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi var árið 1990 um 2.730 þúsund tonn, mælt í ígildum koltvíoxíðs. Árið 1995 var heildarútstreymið um 2.640 þúsund tonn, sem er um 3,3% samdráttur síðan 1990. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 1996 var útstreymi þá 2.694 þúsund tonn, sem þýðir um 1,3% samdrátt frá 1990.

Heildarútstreymi árið 2000 er áætlað 3.161 þúsund tonn árið 2000 (16% aukning frá 1990), 3.445 þúsund tonn árið 2010 (26% aukning), 3.675 þúsund tonn árið 2020 (35% aukning) og 3.821 þúsund tonn árið 2025 (um 40% aukning). Þessi útstreymisspá er byggð á orkuspá og upplýsingum um aukið útstreymi vegna þegar samþykktrar stóriðju, en í henni er ekki gert ráð fyrir nýjum aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka upptöku koltvíoxíðs, sem kunna að koma til framkvæmda á næstu árum.

3.8. ÞRÓUNARAÐSTOÐ OG ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

Framlög Íslendinga til þróunarhjálpar hafa numið um 0,1% af þjóðarframleiðslu undanfarin ár, en yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar er að auka framlög þannig að þau nemi 0,3–0,4% af þjóðarframleiðslu árið 2000. Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum verður áhersla lögð á aðstoð á sviði jarðhitanýtingar og endurheimt gróðurlendis.

Íslendingar geta líklega lagt einna mest af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á alþjóðavettvangi með því að aðstoða þróunarríki og önnur ríki við að nýta jarðhita til orkuvinnslu. Jarðhitaskóli S.þ. hefur starfað á Íslandi síðan 1979 og leggja íslensk stjórnvöld til um 80% fjármagns. Auk þessa hafa íslenskir aðilar aðstoðað við uppsetningu jarðvarmaveitna í Kína, Litháen, Rúmeníu, Slóvakíu og fleiri ríkjum.

Líklegt er að í nýjum viðauka við samninginn verði að finna ákvæði um sameiginlega framkvæmd, þar sem iðnríkin geta í stað þess að minnka losun í eigin landi tekið þátt í verkefnum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, sem leiða til minni losunar gróðurhúsalofttegunda og fengið það viðurkennt til frádráttar á losun í eigin landi.

Íslendingar búa yfir umtalsverðri þekkingu á jarðvegseyðingu og aðferðum við að stemma stigu við henni. Samkvæmt framkvæmdaáætluninni um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum mun Þróunarsamvinnustofnun Íslands leitast við að bjóða fram aðstoð íslenskra sérfræðinga á sviði gróðureyðingar og landgræðslu í verkefnum á þessu sviði í þróunarríkjum. Nú í september var haldin hér á landi alþjóðleg ráðstefna um eyðimerkurmyndun og jarðvegs-

eyðingu, þar sem þátttakendum gafst tækifæri á að bera saman orsakir og afleiðingar gróðureyðingar við ólíkar aðstæður og kynnast þeim aðferðum sem hér hafa verið notaðar við að hefta gróðureyðingu og endurheimta landgæði.

4. Áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi.

Mikil óvissa ríkir um hugsanlegar afleiðingar loftslagsbreytinga af mannavöldum á Íslandi. Niðurstaða nýlegra útreikninga benda til þess að líkur séu til þess að hlýnun á norðanverðu Atlantshafi, þ.m.t. Íslandi, verði heldur minni en annars staðar á svipuðum breiddargráðum.

Ísland liggur á hafsvæði þar sem mætast kaldir og hlýir haf- og loftstraumar. Hugsanlegar breytingar á hafstraumum og veðrakerfum, þar á meðal lægðabrautum, gætu því haft umtalsverðar afleiðingar fyrir Íslendinga. Spálíkön um veðurfarsbreytingar eru að svo stöddu ekki nægjanlega fullkomin til þess að hægt sé að gefa út nákvæmar spár fyrir einstök haf- og landsvæði og óvissumörk eru fremur há hvað varðar Ísland og hafið í kring. Samkvæmt niðurstöðum norræns rannsóknarverkefnis um veðurfarsbreytingar og orkuvinnslu, þá er talið hugsanlegt að meðalhiti á sumrum á Íslandi aukist á næstu áratugum sem svarar um 0,25 °C á áratug og að meðalhiti á veturna aukist um 0,35 °C á áratug. Þessum spám ber að taka með varúð, þar sem óvissumörk eru mjög há. Talið er líklegast að einhver hlýnun eigi sér stað næstu áratugi á Íslandi, en það er þó ekki talið útilokað að veðurfarsbreytingar hafi í för með sér kólnun hér á landi. Eitt helsta áhyggjuefni Íslendinga varðandi loftslagsbreytingar af mannavöldum eru hugsanlegar afleiðingar þeirra á hafstraumakerfi jarðar og Golfstrauminn, sem veldur því að meðalhiti á Íslandi er mun meiri en búast mætti við miðað við hnattstöðu landsins.

Vegna hinnar miklu óvissu um hvaða áhrif veðurfarsbreytingar af mannavöldum kynnu að hafa á Íslandi, hefur ekki verið ráðist í gerð áætlana um hvernig bregðast skuli við þeim. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að auka rannsóknir og vöktun, til þess að byggja hugsanlegar aðlögunaraðgerðir á. Sérstök áhersla verður lögð á rannsóknir á því hver áhrif veðurfarsbreytinga á hafsvæðið í kringum Ísland og þar með á fiskigengd kunni að verða.

4.1. FISKVEIÐAR

Að svo stöddu er talið ákaflega erfitt að spá um hugsanlegar afleiðingar veðurfarsbreytinga af mannavöldum á fiskistofna og fiskveiðar í kringum Ísland og á nálægum hafsvæðum. Hitt er ljóst að allar breytingar á hafstraumum og hitastigi sjávar myndu hafa miklar afleiðingar á alla grunnþætti sem hafa áhrif á fiskveiðar, svo sem frumframleiðslu (ljóstillífun þörunga) í hafinu, útbreiðslu einstakra fiskistofna, fiskigöngur og staðsetningu hrygningarstöðva. Þetta sést glöggt á þeirri staðreynd að breytingar á ytra umhverfi hafa haft veruleg áhrif á viðkomu og hegðun fiskistofna á Íslandsmiðum á þessari öld.

Vegna mikilvægi fiskveiða fyrir afkomu Íslendinga hefur ríkisstjórnin ákveðið að auka rannsóknir á beinum og óbeinum áhrifum hugsanlegra loftslagsbreytinga á fiskimiðin, í því skyni að auðvelda aðlögun að þeim.

4.2. HÆKKUN SJÁVARBORÐS

Hugsanleg hækkun á sjávarborði vegna hlýnunar lofthjúpsins er nokkurt áhyggjuefni fyrir Íslendinga, enda býr mikill meirihluti landsmanna við ströndina eða skammt frá henni. Hækkun sjávarborðs gæti valdið tölуverðum skaða vegna aukinnar tíðni sjávarflóða og skemmda sem þau gætu valdið á höfnum, vegum og öðrum mannvirkjum.

Sjávarflóð hafa valdið umtalsverðu tjóni í bæjum við suðurströndina og á fleiri stöðum undanfarna áratugi. Í sumum bæjum þyrfti líklega að grípa til sérstakra aðgerða til þess að

vernda þá gegn sjávarflóðum, jafnvel þó að hækkun sjávarborðs yrði ekki mikil. Auk hættu á tíðari og skaðlegri sjávarflóðum gæti hækkun á yfirborði sjávar valdið því að rof af völdum sjávar ykist, einkum við suðurströndina.

4.3. LANDBÚNAÐUR OG SKÓGRÆKT

Sveiflur í veðurfari hafa umtalsverð áhrif á landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Hugsanlegar afleiðingar veðurfarsbreytinga af mannavöldum á íslenskan landbúnað voru kannaðar af íslenskum vísindamönnum í tengslum við verkefni, sem unnið var fyrir Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP). Athugun þeirra leiddi í ljós að hlýnun sem svaraði um 1,3 °C gæti leitt til 16–19% aukningu á heyframleiðslu á Íslandi. Ekki var reiknað með öðrum hugsanlegum áhrifum loftslagsbreytinga á einstaka þætti veðurfars, svo sem úrkomu, vinda og skýjafars.

Búast mætti við því að aukning meðalhita á Íslandi myndi verða til þess að ýmsar plágur (skordýr og plöntusjúkdómar) myndu færast í vöxt í landbúnaði.

4.4. VATNSORKA OG RAFORKUFRAMLEIÐSLA

Í tengslum við norrænt rannsóknarverkefni um loftslagsbreytingar og orkuvinnslu var reynt að meta hvaða áhrif hugsanleg hlýnun kynni að hafa á vatnsbúskap og raforkuvinnslu á Íslandi. Talið var að áhrifin yrðu einkum þau að möguleikar til raforkuframleiðslu myndu aukast, vegna bráðnunar jökla og aukins rennslis í jökulám.

5. Samningaviðræður um að styrkja ákvæði loftslagssamningsins.

5.1. AÐDRAGANDI

Á fyrsta þingi aðildarríkja Rammasamnings S.þ. um loftslagsbreytingar sem haldið var í Berlín 28. mars til 7. apríl 1995 var niðurstaðan að núverandi ákvæði samningsins væru ekki fullnægjandi ef ná ætti markmiðum hans og var því samþykkt að hefja samningaviðræður um ráðstafanir til að styrkja ákvæði samningsins og efla framkvæmd hans eftir árið 2000. Í ákvörðun þingsins segir að stefnt sé að því að samningaviðræðurnar leiði til niðurstöðu þar sem skuldbindingar til handa aðildarríkjum sem skráð eru í Viðauka I við samninginn (þ.e. OECD-ríkin og ríki Austur-Evrópu) verði auknar með ákvæðum um:

— stefnumörkun og aðgerðir,
— mælanlegar takmarkanir eða samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og bindingu gróðurhúsalofttegunda, miðað við tilgreind ártöl, svo sem árin 2005, 2010 og 2020.

Í ákvörðuninni segir að m.a. skuli taka mið af mismunandi upphafsstöðu aðila, tækni sem tiltæk er og öðrum kringumstæðum sem og þörfinni á sanngjörnu og viðeigandi framlagi frá hverju og einu aðildarríkjanna.

Í ákvörðuninni segir enn fremur að samningaviðræðurnar skuli ekki fela í sér auknar skuldbindingar þróunarríkja, en að leitað skuli leiða til að efla framkvæmd þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í grein 4.1 í rammasamningnum (í grein 4.1 eru ýmis ákvæði sem varða öll aðildarríki samningsins).

Með ákvörðuninni var stofnuð sérstök samninganefnd (Ad-hoc Group on the Berlin Mandate – AGBM) sem kom saman í fyrsta sinn í ágúst 1995. Áttundi og síðasti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður í október 1997. Niðurstöður samningaviðræðna verða lagðar fyrir þing aðildarríkjanna sem haldið verður í Kyoto í desember nk.

5.2. ÁHERSLUATRIÐI ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA

Íslensk stjórnvöld skrifuðu undir rammasamninginn þegar hann var lagður fram til undirritunar í Ríó de Janeiro í júní 1992. Tillaga um fullgildingu samningsins var lögð fyrir 116. löggjafarþing og var hún samþykkt og Ísland varð 26. aðildarríki samningsins á árinu 1994.

Þátttaka Íslands í samningaviðræðunum eftir fyrsta fund aðildarríkjanna kom til sérstakrar umfjöllunar í ríkisstjórninni um mitt ár 1995 og var þá ákveðið að taka virkan þátt í viðræðunum með áherslu á eftirfarandi atriði:

— að nýjar skuldbindingar taki til allra gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir til að binda kolefni í jörðu og gróðri verði metnar jafngildar aðgerðum til að draga úr losun,
— að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja, sérstaklega ríkja sem mæta orkuþörf sinni að verulegu leyti með endurnýjanlegum orkugjöfum,
— að nýjar skuldbindingar takmarki ekki möguleika aðildarríkja til að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa vegna iðnframleiðslu jafnvel þó framleiðsluferlin auki losun staðbundið.

Við upphaf samningaviðræðnanna ákvað ríkisstjórnin að skipa sérstakan samráðshóp undir stjórn umhverfisráðuneytis til að fylgjast með og undirbúa þátttöku Íslands í samningaviðræðunum. Frá upphafi áttu landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og viðskipta-, samgöngu- og utanríkisráðuneyti aðild að þessu samráði. Á þessu ári hafa embættismenn úr forsætis- og fjármálaráðuneyti einnig tekið þátt í undirbúningi samningaviðræðnanna.

5.3. HELSTU TILLÖGUR SEM FRAM HAFA KOMIÐ

Frestur til að leggja fram tillögur í samingaviðræðunum rann út í byrjun júní 1997. Fjölmargar tillögur liggja nú fyrir og á samningafundi í júlí náðist mikilvægur árangur í því að slá saman áþekkum tillögum og að jafna ýmis minniháttar ágreiningsatriði. Öll mikilvægustu atriði samningsins eru þó enn óútkljáð, eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti, þar sem stuttlega er fjallað um erfiðustu ágreiningsefnin:

5.3.1. Losunar- og tímamörk.

Nokkuð víðtæk samstaða er um að samningurinn skuli fela í sér lagalega bindandi losunarmörk miðað við ákveðna tímasetningu. Aftur á móti eru mjög skiptar skoðanir um hver þau mörk eiga að vera.

Fyrir Berlínarfundinum 1995 lá tillaga að bókun frá Samtökum smáeyjaríkja þess efnis að losun koltvíoxíðs af mannavöldum í ríkjum sem tiltekin eru í Viðauka I í samningnum, skuli vera 20% minni árið 2010 en árið 1990. ESB hefur lagt fram tillögu um að losun tiltekinna gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum í löndum í Viðauka I skuli vera 7,5% minni árið 2005 og 15% minni árið 2010 miðað við árið 1990. Þá hafa verið lagðar fram tillögur um 5% minnkun árið 2005 og 10% árið 2010. Þá er rétt að geta þess að Ástralía hefur lagt til að miðað verði við að losunarkvótar einstakra ríkja í Viðauka I verði frá -30% til +40% miðað við viðmiðunarár, allt eftir getu einstakra ríkja til að draga úr losun. Í sumum tillögum er viðmiðunarár ekki tiltekið, en almennt er talið að ekki sé mögulegt að ná samkomulagi um annað viðmiðunarár en 1990.

Íslensk stjórnvöld hafa hvorki sett fram tillögu um losunarmörk né tekið afstöðu til fyrirliggjandi tillagna, en hafa lagt áherslu á sveigjanleika, þar sem tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja.

Bandaríkjamenn vilja að losunarmörk verði lagalega bindandi, en hafa enn ekki gefið upp hvaða tölur þeir vilji að miðað verði við.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í þeim losunarspám sem gerðar hafa verið gera allflest ríki ráð fyrir að losun gróðurhúsaloftegunda af mannavöldum muni vaxa meira en 20% á tímabilinu 1990 til 2010.

5.3.2. Sérstakar aðstæður einstakra ríkja.

Í samningsumboðinu sem samþykkt var á Berlínarfundinum árið 1995 segir að taka beri tillit til mismunandi upphafsstöðu og hvernig aðilar hafi nú þegar brugðist við vandanum, uppbyggingar hagkerfisins og auðlindagrunns, þörfinni fyrir að viðhalda sjálfbærum hagvexti, þeirri tækni sem tiltæk er og öðrum kringumstæðum hvers og eins ríkis. Þá hefur alþjóðavísindanefndin um loftslagsbreytingar (IPCC) viðurkennt að flatur niðurskurður leiði til mun hærri heildarkostnaðar við að ná sama árangri en ef losunarmörkum er skipt á aðildarríkin í samræmi við aðstæður hvers og eins.

Þrátt fyrir þessi ákvæði og niðurstöðu IPCC er eitt helst ágreiningsefni samningaviðræðnanna hvort og hvernig eigi að taka tillit til sérstakra aðstæðna í einstökum ríkjum þegar losunarmörk eru sett.

ESB, Bandaríkjamenn og ýmis þróunarríki hafa mælt gegn því að samið verði um mismunandi losunarmörk fyrir einstök ríki sem tiltekin eru í Viðauka I við samninginn. Þess í stað vilja þessi ríki flatan niðurskurð, þ.e. sömu hlutfallstölu (%) fyrir hvert og eitt Viðauka I ríki.

Fjölmörg ríki, þar með talið Ísland í samstarfi við norsk stjórnvöld, hafa lagt fram tillögur um að losunarmörk verði mismunandi eftir aðstæðum hvers og eins. Í þeim hópi eru m.a. Japan, Sviss og Ástralía sem hafa lagt tillögur um mismunandi leiðir til að taka tillit til aðstæðna þannig að þau ríki sem geti sýnt fram á að þau eigi erfiðara með að draga úr losun fái meira svigrúm en hin sem talin eru eiga tiltölulega auðvelt með að draga úr losun.

Bandaríkjamenn og ESB viðurkenna að aðstæður til að draga úr losun séu mismunandi og af þeim sökum yrði kostnaði vegna aðgerða misskipt. En þessir aðilar og ýmis þróunarlönd telja að ekki sé ráðrúm til að þróa framkvæmanlega leið til að taka á þessu atriði á þeim stutta tíma sem til stefnu er. Talsmenn þessara viðhorfa hafa þó gefið í skyn að það megi hugsanlega taka þetta til frekari skoðunar síðar.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ESB-ríkin hafa gert samkomulag sín á milli um hvernig þau hyggjast dreifa byrðunum ef samningar takast um að draga úr heildarlosun um 15%. Samkvæmt því koma nokkur ríki til með að geta aukið losun, t.d. Portúgalir um 43%, Grikkir um 31% og Svíar um 5%, á meðan önnur þurfa að draga úr losun um meira en 15%, t.d. Lúxemborg um 30% og Danir og Þjóðverjar um 25%. Þá geta Frakkar og Finnar verið með óbreytta losun miðað við 1990.

5.3.4. Sveigjanleiki.

Mörg ríki leggja áherslu á að samningurinn verði að tryggja sveigjanleika sem geri mögulegt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á sem hagkvæmastan hátt. Í þessu sambandi hafa komi fram tillögur um að hægt verði að eiga viðskipti með losunarkvóta á milli ríkja og að fleiri en eitt ríki geti haft samvinnu um framkvæmdir sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Nokkur ríki, þ.m.t. Samtök smáeyjaríkja, hafa andmælt slíku fyrirkomulagi og leggja áherslu á að hvert ríki um sig eigi að takast á við sínar skuldbindingar og að ákvæði um sveigjanleika muni virka letjandi á aðgerðir til að draga úr losun.

Bandaríkin, Ástralía, Nýja-Sjáland, Noregur og fleiri ríki vilja tryggja sem mestan sveigjanleika þannig að litlar sem engar takmarkanir verði settar á viðskipti á milli þeirra ríkja sem tiltekin eru í Viðauka I. Þá vilja þessi ríki einnig opna fyrir þann möguleika að þau ríki sem

tiltekin eru í Viðauka I geti átt samstarf innbyrðis og við þróunarríki um framkvæmdir sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og jafnframt bókfært hluta af þeirri minnkun sem kann að skapast af þeim framkvæmdum á þann aðila sem fjármagnar verkið (sameiginleg framkvæmd eða „joint implemention").

ESB styður ákvæði um sveigjanleika en með þeim fyrirvara að fyrst verði að tryggja að samningurinn í heild dragi verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá hefur ESB haft efasemdir um sameiginlegar framkvæmdir með þróunarríkjum þar sem erfitt geti reynst að meta raunveruleg áhrif þeirra.

Íslensk stjórnvöld hafa verið jákvæð gagnvart hugmyndum sem skapa sveigjanleika við framkvæmd samningsins.

5.3.5. Lofttegundir og binding.

Skiptar skoðanir eru um hvaða lofttegundir eigi að falla undir samninginn þrátt fyrir að Berlínarumboðið sé miðað við allar gróðurhúsalofttegundir. Samtök smáeyjaríkja leggja til að eingöngu verði miðað við koltvíoxíð. Japan hefur einnig verið á sömu skoðun þar sem enn sé talsverð óvissa bundin við þær aðferðir sem notaðar eru til að mæla losun og meta áhrif annarra efna.

Bandaríkjamenn hafa lagt til að samningurinn nái til 6 helstu gróðurhúsalofttegundanna (CO_2, CH_4, N_2O, HFC, PFC og SF_6), en ESB hefur þrjár lofttegundir í sínum tillögum og leggur til að öðrum þremur verði bætt við eftir árið 2000.

Sömuleiðis eru skiptar skoðanir um hvort taka eigi tillit til aðgerða einstakra ríkja til að auka bindingu koltvíoxíðs, eins og þó er gert ráð fyrir í Berlínarumboðinu. Bandaríkin, Nýja-Sjáland og ýmis önnur ríki hafa lagt til að tekið verði tillit til sérstakra aðgerða til að auka bindingu koltvíoxíðs í losunarbókhaldi einstakra ríkja. Japan hefur aftur á móti mælt gegn því og bendir á að slíku bókhaldi fylgi talsverð óvissa sem kunni að veikja samkomulagið. ESB hefur enn ekki fullmótaða afstöðu til þessa máls.

Íslensk stjórnvöld hafa stutt hugmyndir um að samningurinn nái til allra gróðurhúsalofttegunda sem skipta máli, þ.e. fyrrgreindra sex lofttegunda, og að tekið verði tillit til aðgerða einstaka ríkja við að auka bindingu.

5.3.6. Stefnumörkun og aðgerðir.

ESB hefur lagt fram tillögu um ýmsar aðgerðir sem aðildarríki samningsins sem skráð eru í Viðauka I yrðu skuldbundin til að framkvæma. Í tillögum ESB eru m.a. tillögur um að Viðauka I ríkin yrðu skuldbundin til að afnema styrki sem hvetja til notkunar á kolefnaríkum orkugjöfum og að komið verði á koltvíoxíðsskatti. Þá er einnig að finna í tillögum ESB ákvæði um að afnema alþjóðlegt samkomulag sem segir að eldsneyti sem selt er flugvélum í alþjóðlegu flugi og skipum í alþjóðlegum siglingum skuli vera skattfrjálst.

Bandaríkin, Ástralía, Japan og fleiri ríki leggja áherslu á sjálfstæði einstakra ríkja til að velja þær leiðir sem þau telja heppilegastar. Þessi ríki telja óheppilegt að samningurinn hafi nákvæm fyrirmæli um tilteknar aðgerðir þar sem aðstæður í einstökum ríkjum séu mismunandi.

Íslensk stjórnvöld hafa tekið undir hugmyndir um sameiginlega stefnumörkun og aðgerðir, en hafa gert efnislegar athugasemdir við einstaka liði í tillögum ESB.

5.4. HORFUR Í SAMNINGAVIÐRÆÐUNUM

Aðgerðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda munu hafa veruleg áhrif á efnahagsstarfsemi og lífsafkomu einstakra ríkja. Því er eðlilegt að samningagerð sé erfið.

Framangreind upptalning sýnir að ýmis vandasöm atriði hafa enn ekki verið til lykta leidd á þeim 7 samningafundum sem fram hafa farið hingað til. Einn samningafundur er eftir fyrir aðildarríkjaþingið í desember og því er eðlilegt að ýmsir sjái á því tormerki að samningar takist á þeim stutta tíma sem til stefnu er.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að fjölmargir þjóðarleiðtogar hafa ítrekað undirstrikað mikilvægi þess að ná einhverju samkomulagi í Kyoto. Það er því mikill þrýstingur um einhvern sýnilegan árangur af þeirri miklu vinnu sem fram hefur farið frá því að Berlínarumboðið var samþykkt árið 1995.

Þá er einnig mikilvægt að gera sér ljóst að almennt er álitið að væntanlegt samkomulag í Kyoto verði aðeins fyrsti áfangi af mörgum til að styrkja samninginn svo takast megi að stöðva vaxandi uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.

Það er ólíklegt að það takist að leysa úr öllum þeim ágreiningsmálum sem lýst hefur verið hér að framan, en almennt virðist vera mikill vilji til þess og að á Kyotofundinum verði jafnframt ákveðið að halda áfram tilraunum til að finna ásættanlegar leiðir til að taka á þeim sem ekki tekst að leiða þar til lykta. Enn fremur er lögð áhersla á að mörkuð verði einhver stefna um frekari skuldbindingar þróunarríkja þar sem verulegur vöxtur í losun er fyrirsjáanlegur í þróunarríkjunum á næstu árum og áratugum ef ekkert verður að gert. Í þessu sambandi þarf sérstaklega að huga að þeim ríkjum sem langt eru komin í iðnvæðingu og hafa hug á aðild að OECD.

181. Fyrirspurn [181. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um umferðaröryggismál.

Frá Hjálmari Jónssyni.

1. Hefur ráðherra skipað starfshóp um verkaskiptingu og samstarf ráðuneyta til þess að tryggja betur skilvirka framkvæmd umferðaröryggismála?
2. Hefur skráning slysa verið samræmd milli Umferðarráðs, lögreglu og sjúkrastofnana?
3. Hafa skýrslur opinberra aðila sem vinna að umferðaröryggismálum skilað sér til dómsmálaráðuneytisins?
4. Er fyrirhugað að lögleiða notkun hjólreiðahjálma fyrir alla án tillits til aldurs?
5. Hvað líður heildarendurskoðun á innheimtukerfi sekta fyrir umferðarlagabrot?
6. Hvenær má búast við því að „Umferðaröryggisáætlun 1997–2001“ verði rædd á Alþingi?

182. Fyrirspurn [182. mál]

til samgönguráðherra um hvíldar- og þjónustustaði fyrir ökumenn flutningabifreiða.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Eru fyrirhugaðar framkvæmdir við gerð „útskota“ (hvíldar- og þjónustustaða) fyrir flutningabifreiðar við helstu þjóðvegi landsins?

183. Fyrirspurn [183. mál]

til menntamálaráðherra um dreifikerfi Ríkisútvarpsins.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Á hvaða svæðum landsins næst ekki ótrufluð útsending sjónvarps frá Ríkisútvarpinu?
2. Á hvaða svæðum nást útsendingar á FM-bylgju ekki ótruflaðar?
3. Hver er útbreiðsla sendinga á langbylgju?
4. Hefur Ríkisútvarpið áform um aukna notkun ljósleiðara til að dreifa útvarps- og sjónvarpsefni?

184. Fyrirspurn [184. mál]

til fjármálaráðherra um þróun fasteignaverðs.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hvernig hefur fasteignaverð (markaðsverð) þróast á tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðum, auk meðalstórra einbýlishúsa (u.þ.b. 150 fermetra), á eftirtöldum stöðum frá árinu 1975 til ársins 1996: Reykjanesbæ (Keflavík), Akranesi, Stykkishólmi, Patreksfirði, Flateyri, Ísafirði, Hólmavík, Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði, Akureyri, Húsavík, Vopnafirði, Egilsstöðum, Neskaupstað, Höfn í Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri, Vík í Mýrdal, Hvolsvelli, Hellu, Vestmannaeyjum, Flúðum, Selfossi, Þorlákshöfn, Stokkseyri, Eyrarbakka og Reykjavík?

Skriflegt svar óskast.

185. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

B-liður 5. gr. laganna orðast svo: Tekjur af búnaðargjaldi skv. 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, og viðauka með þeim lögum.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra stendur skil á hlut Bjargráðasjóðs í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laga nr. 84/1997.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Forsenda styrkveitinga úr búnaðardeild sjóðsins er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga nr. 84/1997.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs og Bændasamtök Íslands í framhaldi af setningu laga um búnaðargjald, nr. 84/1997. Með þeim lögum er leitast við að einfalda fyrirkomulag innheimtu á búnaðargjaldi og gera hana öruggari. Framlag búgreina til Bjargráðasjóðs er nú ákveðið í hinum nýju lögum um búnaðargjald. Af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta lögum um Bjargráðasjóð svo fyllsta samræmis sé gætt.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir breyttu orðalagi b-liðar 5. gr. laganna til samræmis við fyrirmæli nýrra laga um búnaðargjald.

3. mgr. 7. gr. laganna er breytt í 2. gr., þar sem lög um búnaðargjald gera ekki lengur ráð fyrir hlutverki Framleiðsluráðs landbúnaðarins við innheimtu gjaldsins og skil á því til Bjargráðasjóðs. Vísað er í skyldu fjármálaráðherra til að standa skil á gjaldinu, sbr. 6. gr. laga nr. 84/1997.

Í 3. gr. er orðalagi varðandi forsendu styrkveitinga úr búnaðardeild sjóðsins breytt til samræmis við ný lög um búnaðargjald.

Gildistaka er hin sama og laga um búnaðargjald.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 146/1995, um Bjargráðasjóð.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði með lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Í stað hlutdeildar Bjargráðasjóðs í búnaðarmálasjóðsgjaldi kemur hlutdeild í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laganna og viðauka við þau.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það að lögum, muni leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

186. Svar [67. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um framhald Schengen-málsins.

1. *Verður samstarfssamningur um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, sem undirritaður var 19. desember 1996 af Íslandi og aðildarríkjum Schengen-samningsins, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar?*
2. *Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við innlimun efnisþátta Schengen-samningsins í réttarreglur Evrópusambandsins samkvæmt Amsterdam-sáttmálanum frá 17. júní 1997?*

Í Amsterdam-sáttmálanum eru ákvæði um að efnisatriði Schengen-samstarfsins verði innlimuð í réttarreglur Evrópusamsambandsins. Í sáttmálanum er einnig ákvæði sem gerir ráð fyrir áframhaldandi þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Ísland og Noregur stefna að því að gera samning við Evrópusambandið sem felur í sér að ESB yfirtaki skuldbindingar Schengen-ríkjanna samkvæmt samstarfssamningnum frá 19. desember 1996. Stefnt að því að leggja báða samningana fyrir Alþingi.

3. *Telur ráðherra líklegt, með vísan til þeirra breytinga sem urðu á stöðu Schengen-samningsins með Amsterdam-sáttmálanum þar sem m.a. Evrópudómstólnum er ætluð lögsaga, að unnt sé að finna lausn á samstarfsaðild Íslands, sérstaklega dómstólaþættinum, sem samræmist íslensku stjórnarskránni og ásættanleg verði fyrir Evrópusambandið?*

Ekkert hefur komið fram sem bendir til að ekki verði unnt að finna viðunandi lausn á þeim atriðum sem leiðir af breytingum á stöðu Schengen-samstarfsins, þar með talið dómstólaþættinum.

4. *Hefur staða Schengen-málsins í Noregi að loknum stórþingskosningum áhrif á afstöðu og aðgerðir íslenskra stjórnvalda? Ef svo er, þá hvernig?*

Ekki er hægt að skilja á annan veg stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Noregs en að engar breytingar verði á stefnu stjórnvalda þar sem þingmeirihluti er fyrir Schengen-samstarfinu.

5. *Hefur væntanleg þjóðaratkvæðagreiðsla í Danmörku um Amsterdam-sáttmálann í mars 1998 áhrif á málsmeðferð af Íslands hálfu?*

Fyrir fram verður ekki séð hvaða áhrif þjóðaratkvæðagreiðsla í Danmörku kann að hafa. Aftur á móti er ekki ástæða á þessu stigi til að láta þá atkvæðagreiðslu hafa áhrif á undirbúning Schengen-samstarfsins og málsmeðferð af Íslands hálfu.

6. *Hvaða áhrif hefur núverandi staða Schengen-málsins á framkvæmdaáform vegna stækkunar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli?*

Að því er stefnt að Norðurlöndin framkvæmi ákvæði Schengen-sáttmálans á árinu 2000. Fyrir þann tíma þarf að vera búið að breyta flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli þannig að unnt verði að skilja að farþega sem ferðast innan svæðisins og utan þess.

7. *Hefur verið lokið við þýðingu gagna er varða Schengen-samninginn á íslensku, m.a. á viðaukum, reglugerðum og handbókum? Hvenær verða þessi gögn aðgengileg alþingismönnum og hvenær mun ráðherra leggja þau fram á Alþingi til kynningar?*

Unnið er að þýðingu framangreindra gagna og er hún langt komin. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær þau verði lögð fram á Alþingi.

187. Svar [44. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um íslenskukennslu erlendis.

Menntamálaráðuneytið leitaði til Stofnunar Sigurðar Nordals, en samkvæmt reglugerð ber stofnuninni að hafa forgöngu um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis. Eru svörin sem hér fylgja byggð á efni frá henni.

1. *Við hvaða erlendar menntastofnanir á háskólastigi er kennd íslenska eða íslensk fræði?*

Norræna hefur lengi verið kennd við háskóla víða um heim, einkum þó í Norður-Evrópu, vegna málsögu, málfræðisamanburðar og fornískenskra bókmennta. Er ýmist að hún hafi verið kennd sem sérstök grein eins og á Norðurlöndum eða sem hluti af námi í þýsku, ensku og öðrum norrænum málum en íslensku. Oftar en ekki hefur norrænunámið verið lítið tengt námi í íslensku nútímamáli. Nemendur hafa aðeins lært að lesa fornbókmenntirnar með samræmdri stafsetningu og framburði og kunna skil á málfræði fornmálsins án þess að til þess væri ætlast að þeir settu sig inn í þróun íslenskrar tungu og hefðu skilning á að þeir væru að læra lifandi mál. Norrænunám við háskóla erlendis hefur hins vegar hvatt marga útlendinga til að læra að tala íslensku til nokkurrar hlítar.

Raunar hefur íslenskt nútímamál notið vaxandi athygli erlendis á þessari öld. Á því er að nokkru sú skýring að samskipti þjóðarinnar við umheiminn hafa stóraukist, sérstaklega eftir seinni heimstyrjöldina. Þá hafa rannsóknir í málvísindum beinst meira að samtímamáli en áður og félagsvísindi hafa þróast og jafnframt haft áhrif innan sagnfræðinnar. Útlendingum hefur því orðið ljósari sérstaða íslenskrar tungu, gildi íslenskrar nútímamenningar og sú einstaka samfélagsþróun sem hér hefur orðið síðustu hundrað árin.

Ekki eru til neinar kannanir á því hvar íslensk miðaldafræði eru stunduð. Hins vegar má benda á að á milli 200 og 300 manns sækja að jafnaði alþjóðleg fornsagnaþing sem haldin eru þriðja hvert ár. Flestir þátttakendanna eru fræðimenn í íslenskum fræðum. Þá hefur Stofnun Sigurðar Nordals hátt í 600 manns á skrá yfir fræðimenn í íslenskum fræðum erlendis. Þessir fræðimenn starfa einkum í Evrópulöndum, Norður-Ameríku og Eyjaálfu. Í Asíu er einkum áhugi á íslenskum fræðum í Japan.

Kennslu í nútímaíslensku við háskóla erlendis má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru á nokkrum stöðum prófessorar og lektorar sem hafa íslenskt mál og bókmenntir sem aðalkennslugrein, í flestum tilfellum er um Íslendinga að ræða. Í öðru lagi eru nokkrir erlendir háskólakennarar sem kenna íslensku ásamt öðrum greinum. Í þriðja og síðasta lagi kenna Íslendingar, oft stúdentar sem búsettir eru erlendis, íslensku í stundakennslu. Þá er rétt að minna á að íslenska er kennd allvíða utan háskóla í einkakennslu, námsflokkum og hjá Íslandsvinafélögum.

Erfitt er að gera sér fulla grein fyrir kennslu í íslensku við þá háskóla erlendis þar sem ekki eru fastar stöður í greininni, enda mjög breytilegt frá ári til árs hvort boðið er upp á íslenskukennslu, hversu mikla, hver kennir og við hvaða námsefni er stuðst. Verður í því sambandi að reiða sig á stopular upplýsingar frá skólunum sjálfum eða kannanir. Þær verða þó aldrei einhlítar þar sem fyrst þarf að hafa haldgóða vitneskju um þá skóla um víða veröld sem hafa einhvern tíma boðið upp á íslenskukennslu og síðan afla svara frá þeim um kennsluna en það reynist ekki alltaf auðvelt. Árið 1983 gerðu Jón Friðjónsson og Svavar Sigmundsson könnun á kennslu í forníslensku og nútímamáli erlendis. Sendu þeir spurningalista til um 150 stofnana og svöruðu um ⅔ þeirra. Þótt könnun þessi sé meira en tíu ára er ekkert sem bendir til þess að niðurstöður hennar, svo langt sem þær ná, séu ekki enn að mestu leyti í fullu gildi; breytingarnar á kennsluframboði eru ekki það örar.

Samkvæmt könnun þeirra Jóns og Svavars og öðrum upplýsingum sem þeir höfðu haldbærar var nútímaíslenska kennd við 45 háskóla víða um heim, þ.e. á Norðurlöndunum, Bretlandi, Þýskalandi, Hollandi, Frakklandi, Sviss, Spáni, Ítalíu, Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi, Sovétríkjunum (Rússlandi), Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Japan. Þá var íslenskt nútímamál skylda fyrir þá sem stunduðu norræn fræði við tólf háskóla af þessum 45, þar á meðal átta háskóla á Norðurlöndum, en valgrein við 30. Annars staðar var hún ekki reglulegur hluti af náminu.

Á síðustu árum hafa Austurríki, Belgía og Litháen bæst í hóp þeirra ríkja þar sem íslenskt nútímamál er kennt við háskóla. Þá hefur íslenska verið gerð að sérgrein til prófs við Óslóarháskóla og University College í Lundúnum. Auk þess má geta þess að stjórnvöld í Kanada og samtök Vestur-Íslendinga hafa efnað í lektorsstöðu í íslensku og vesturíslenskum fræðum við háskólann í Winnipeg og kom sú staða til viðbótar prófessorsstöðunni í íslensku. Háskólinn í Winnipeg er sá eini í Norður-Ameríku sem býður upp á íslensku sem sérstaka námsgrein til prófs.

2. *Hverjar þeirra njóta stuðnings íslenskra aðila, opinberra eða annarra, og hvernig er þeim stuðningi háttað?*

Núna eru þrettán Íslendingar í starfi sem íslenskulektorar við erlenda háskóla, þrír í Frakklandi, tveir í Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi og einn í Finnlandi, Danmörku, Austurríki og Bretlandi. Íslenska ríkið styrkir kennslu þessara svokölluðu sendikennara. Er um launaframlag og bókastyrk að ræða. Jafnframt veitir ríkið fé til árlegs kennarafundar sendilektoranna. Þá er íslenskukennsla styrkt við háskólann í Cambridge. Í fjárlögum fyrir 1996 var varið til þessa liðar 3.600.000 ísl. kr., þar af fóru 1.100.000 kr. til lektorsstöðu í Lundúnum sem ríkið

hefur skuldbundið sig til að greiða að hálfu. Í ár er varið til þessara mála 4.200.000 ísl. kr., þar af 1.600.000 til lektorsstöðunnar í Lundúnum. Annars staðar er um óverulegan kostnað að ræða.

Á sínum tíma lagði íslenska ríkið fram fé til að koma á fót prófessorsstöðu í íslensku við Manitobaháskóla. Sá skóli og Cornellháskólinn í Bandaríkjunum fá árlega nokkurn bókastyrk frá menntamálaráðuneytinu. Á þessu ári nemur styrkurinn 275.000 kr. handa hvorum skóla. Þá fær Norræna bókasafnið í París 50.000 kr. styrk á árinu 1997 til að bæta íslenskan bókakost sinn en á undanförnum árum hefur safnið auk þess fengið árlega 200.000 kr. styrk til að bæta skráningu íslensku bókanna.

Ekki er kunnugt um að aðrir aðilar hér á landi en ríkissjóður styrki skipulega kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis.

Á undanförnum árum hafa margs konar rannsókna-, nemenda- og kennaraskipti milli Háskóla Íslands og annarra evrópskra háskóla aukist fyrir tilstuðlan norrænnar samvinnu og Evrópusambandsins.

3. *Hefur íslenska verið lögð niður sem kennslugrein við einhverjar erlendar menntastofnanir á síðustu tíu árum? Ef svo er, hverjar eru þær stofnanir, hvenær gerðist það og hvaða upplýsingar hefur menntamálaráðuneytið um ástæður þessa?*

Á undanförnum tíu árum hefur skipulögð kennsla í íslensku nútímamáli verið hafin við háskóla í Lyon, London, Erlangen í Þýskalandi, Vín, Berlín, Vilníus, Tókíó og Moskvu. Stofnun Sigurðar Nordals er aðeins kunnugt um að kennslu hafi verið hætt á einum stað, þ.e. í Amsterdam. Ástæður þess voru fjárhagsvandræði skólans en ekki skortur á nemendum. Kennsla í nútímaíslensku hafði staðið þar með blóma um árabil. Tilraunir Stofnunar Sigurðar Nordals til að koma í veg fyrir að kennslunni yrði hætt báru ekki árangur. Rétt er þó að benda á að íslenska er enn kennd í kvöldskóla í Amsterdam.

188. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins.

Flm.: Hjálmar Árnason, Guðni Ágústsson,
Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að leggja fram tillögur um aukinn aga í skólum landsins.

Í nefndinni sitji fulltrúar menntamálaráðherra, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Landssamtakanna heimili og skóli, Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, samtaka framhaldsskólanema, Kennarasambands Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Skólastjórafélags Íslands, Skólameistarafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Æskulýðssambands Íslands.

Greinargerð.

Oft er því haldið fram hérlendis að unga fólkið og jafnvel þjóðin öll sé óöguð. Þetta heyrist gjarna í kjölfar atburða eins og óláta í miðborginni, vandamála í samskiptum kynslóðanna, niðurstaðna af samræmdum prófum og samanburðarrannsóknum við aðrar þjóðir, biðraða-

menningu o.s.frv. Niðurstaðan er einatt sú að þjóðin sé agalaus. Hins vegar virðist skilgreining fólks á hugtakinu agi vera nokkuð á reiki enda hugtakið vandmeðfarið. Þannig getur verið skammt á milli aga og bælingar ellegar hömluleysis og agaleysis. Fyrir því má þó færa nokkur rök að íslensk ungmenni búi við heldur óagað umhverfi og eigi jafnvel á stundum erfitt með að gera sér grein fyrir því til hvers er ætlast af þeim. Veldur þar margt, m.a. miklar breytingar sem orðið hafa á högum fjölskyldunnar á síðustu árum, þar sem langur vinnutími beggja foreldra utan heimilis veldur því að börn og ungmenni eru skilin eftir á eigin ábyrgð, gjarna í því sem kalla mætti agaleysi. Ýmsir halda því fram að samverutími fjölskyldna sé skammur af fyrrgreindum ástæðum og við bætist einangrun einstaklinga innan fjölskyldna með ástundun hvers og eins við fjölmiðlun, tölvur og aðra nútímatækni.

Færa má fyrir því rök að skólar og aðrar stofnanir hafi tekið við hluta af uppeldishlutverki heimila og því til viðbótar verji mörg börn drjúgum hluta tómstunda sinna undir takmörkuðu eftirliti á götum úti. Á það hefur verið bent að samband og samstarf heimila, skóla, íþróttafélaga og ýmissa samtaka, sem starfa í þágu barna, sé mjög takmarkað og skilaboð til barna um hegðan og ábyrgð séu misvísandi og óljós. Þetta er það sem kallað hefur verið óagað umhverfi og leiðir m.a. til þess að ungmenni eiga örðugt með að þroska með sér sjálfsaga. Skýrar leikreglur og agað umhverfi er með öðrum orðum forsenda þess að einstaklingur geti náð að þroska með sér nauðsynlegan sjálfsaga.

Árangur af skólastarfi ræðst af mörgum þáttum. Vert er að benda á að skólastarf á sér ekki einungis stað innan veggja skólans heldur skipta heimilin þar og miklu máli. Ástæða er til að velta fyrir sér hvort langur vinnutími foreldra á Íslandi kunni ekki að leiða til tiltölulega stuttra samvista foreldra og barna með þeim afleiðingum að börn verði rótlaus og óöguð. Þannig má hugsanlega tengja vaxandi ofbeldi, fíkniefnanotkun og skemmdarverk meðal barna og unglinga við það rótleysi sem margir telja að ríki á heimilum. Kann þar margt að valda, svo sem langur vinnutími og vaxandi ofbeldi í fjölmiðlum og kvikmyndum. Draga má í efa að eðlileg samskipti barna og foreldra séu nægileg. Börnum er mikilvægt að alast upp við agað umhverfi en finna jafnframt til kærleika og öryggis. Velta má upp þeirri spurningu hvort það öryggi og agi sé til staðar í þjóðfélaginu almennt og ef ekki, hvaða félagslegar afleiðingar það hefur.

Þá er rétt að fram fari athugun á því hvort kennsluhættir og skipulag skólastarfs hafi náð að þróast eðlilega. Í því sambandi er ástæða til að skoða áhrif launakjara kennara á starfsgleði þeirra, yfirvinnu og þá þróun að kennarar ráði sig í auknum mæli í hlutastörf. Með einsetnum grunnskóla hlýtur að þurfa að taka þessi mál öll til endurskoðunar með kjör kennara og vinnutíma í huga en ekki síður það að grunnskólanemendur geti sinnt í skólanum hefðbundnu námi, heimanámi, leikjum, dansnámi, tónslistarnámi og íþróttaæfingum í samstarfi við íþróttafélög og aðra aðila.

Þá má spyrja hvort sú stefna, sem kölluð hefur verið blöndun í bekki, hafi skilað því sem til var ætlast. Margir hafa haldið því fram að hugmyndafræðin hafi ekki náð fram að ganga af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að stoðaðgerðir flestar hafi ekki fylgt með og afleiðingin sé sú sem kölluð hefur verið „útþynning“ krafna og námsárangurs. Einnig hefur því verið velt upp hvort kröfur til nemenda séu almennt nægar í námi, umgengni o.s.frv. Inn í umræðuna hefur komið gagnrýni á minnkandi utanbókarlærdóm nemenda án þess að fylgt hafi hver áhrif þess séu ef rétt reynist.

Í samanburði við helstu samkeppnislönd hefur komið í ljós að íslensk skólabörn sækja árlega færri kennslustundir en jafnaldrar þeirra í löndum OECD. Kanna þarf áhrif þess á menntunarstig þjóðarinnar.

Heyra má þær raddir frá aðilum vinnumarkaðarins að nokkuð skorti á sjálfsaga nemenda þegar þeir koma úr skóla til starfa á almennum vinnumarkaði. Nefndinni er ætlað að fjalla um hvað hæft er í því og birta tillögur til úrbóta, reynist þess þörf.

Drjúgur hópur ungmenna stundar íþróttir á vegum íþróttafélaga og ýmsa aðra tómstundaiðju á vegum félaga og samtaka, auk þess að stunda skólanám. Á það hefur ítrekað verið bent að lítil formleg tengsl eru milli þessara aðila. Þá hefur margoft verið vakin athygli á því hversu takmarkað samstarf foreldra og ýmissa aðila sem sinna uppeldi barna og unglinga beint eða óbeint er víðast hvar.

Fleiri atriði mætti nefna en ljóst má vera af því sem hér hefur verið talið upp að verkefni nefndar á borð við þá sem hér er lagt til að verði skipuð eru ærin. Meginatriðið er að málið verði skoðað í sem víðustu samhengi og kynntar verði tillögur sem taka á þeim vanda sem við blasir. Ísland á í aukinni samkeppni við þjóðir heims á flestum sviðum. Forsenda þess að þjóðin standist hana og geti haldið hér uppi traustu velferðarþjóðfélagi hlýtur að vera sú að einstaklingar alist upp við þau skilyrði að þeir geti þroskað með sér aga á öllum sviðum.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að menntamálaráðherra skipi vinnuhóp sem skilgreini þau sjónarmið er hér hafa verið nefnd með það í huga að birta tillögur til bóta þannig að íslensk ungmenni viti til hvers er ætlast af þeim og séu fær um að axla þá ábyrgð.

189. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [187. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þriðjungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum þriðjungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði þriðjungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 120. og 121. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt með nokkrum breytingum.

Með frumvarpinu er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¾ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Færa má að því gild rök, eins og að framan segir, að frumvarp til laga um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt mál sem rétt hefði verið að bera undir þjóðina með þessum hætti. Þegnar landsins geta átt réttmæta kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikilvæg atriði, eins og að framan greinir. Því er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir þeim þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Í frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er því lagt til að þriðjungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Til greina kemur í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku. Krafa um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt frestar ekki gildistöku laga.

Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr.

stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að þriðjungur kosningarbærra manna þarf alltaf að greiða atkvæði gegn gildi laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá þriðjungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Til skýringar er eftirfarandi dæmi: Í apríl 1996 voru 194.705 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft þriðjung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 64.900 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 66% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 155.764, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.882 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt tekur í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir 66% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta þriðjungsreglunnar þannig að a.m.k. 33% kosningarbærra manna þarf að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

190. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (ábyrgðar- og slysatryggingar).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað „250.000.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 800 millj. kr., og í stað „50.000.000 kr.“ kemur: 160 millj. kr.
b. Í stað „Tryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. kemur: Vátryggingaeftirlitsins.

2. gr.

92. gr. laganna orðast svo:

Eiganda skráningarskylds vélknúins ökutækis er skylt að kaupa vátryggingu fyrir ökumann þess. Gildir vátryggingin fyrir hvern ökumann, sem ökutækinu stjórnar, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 90. gr.

Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

Slasist vátryggingartaki sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr vátryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

Vátryggingin skal tryggja bætur allt að 60 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggingarfjárhæðin skal breytast í samræmi við reglu 3. mgr. 91. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 48 22. maí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvennar breytingar á umferðarlögunum. Annars vegar eru lagðar til breytingar á vátryggingarfjárhæðum ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns. Hins vegar eru lagðar til nokkrar breytingar á slysatryggingunni.

Vátryggingarfjárhæðir vegna ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns, sem ákveðnar voru með umferðarlögunum 1987, hafa árlega tekið breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Fjárhæðir í ábyrgðartryggingunni eru frá 1. mars 1997 495 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna munatjóns. Fjárhæð slysatryggingar ökumanns frá sama tíma er 20 millj. kr. Með skaðabótalögum, nr. 50/1993, er tóku gildi 1. júlí 1993, voru hæstu bætur til einstaklings vegna alvarlegra slysa hækkaðar verulega. Með hækkun á margföldunarstuðli skaðabótalaganna samkvæmt lögum nr. 42/1996 geta hámarksbætur vegna slysa nú orðið um 52 millj. kr. Ekki er kunnugt um tjón í slysatryggingu ökumanns sem áætlað er að muni nema hærri fjárhæð en nemur vátryggingarfjárhæðinni. Hins vegar hafa orðið nokkur slysatjón í ábyrgðartryggingu ökutækja þar sem bætur eru áætlaðar hærri eða á bilinu 20–30 millj. kr. Án lagabreytingar er ekki unnt að hækka vátryggingarfjárhæðir umferðarlaganna umfram verðlagsbreytingar. Nauðsynlegt er hins vegar að vátryggingarfjárhæðirnar séu jafnan það háar að þær hrökkvi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni og að tillit sé tekið til vaxta og kostnaðar sem við kann að bætast. Er því lagt til að vátryggingarfjárhæð í slysatryggingu ökumanns verði ákveðin 60 millj. kr. Jafnframt er lagt til að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar vegna líkamstjóns eða missis framfæranda verði ákveðin 800 millj. kr. og að vátryggingarfjárhæð í munatjónum ábyrgðartryggingar verði ákveðin 160 millj. kr. Ekki er talið að þessar breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatrygginganna einar sér hafi teljandi áhrif á iðgjöld fyrir vátryggingar þessar.

Slysatrygging ökumanns var lögfest með umferðarlögunum 1987. Slysatryggingin veitir ökumanni bætur vegna slyss sem hann verður fyrir, jafnvel þótt hann beri sjálfur ábyrgð á slysinu. Lagt er til að ákvæði um slysatrygginguna verði skýrð frekar og að bótasvið hennar verði tengt bótasviði ábyrgðartryggingarinnar með því að taka notkunarhugtak ábyrgðartryggingarinnar upp í reglur slysatryggingarinnar. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um að slysatryggingin nái ekki til ökumanns sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Loks er lagt til að inn í slysatrygginguna komi ákvæði þess efnis að hún nái einnig til vátryggingartaka sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki eða á annan hátt af völdum eigin ökutækis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að vátryggingarfjárhæðir vegna ábyrgðartryggingar ökutækja skv. 2. mgr. 91. gr. verði hækkaðar umfram þá heimild sem leiðir af verðlagsbreytingum, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þetta þykir rétt með hliðsjón af hækkun bóta í kjölfar nýrra skaðabótalaga og eftirfarandi hækkun margföldunarstuðuls þeirra laga og að öðru leyti til að tryggja að vátryggingarfjárhæðir hrökkvi nú, ekki síður en þegar grunntölur vátryggingarfjárhæðanna voru lögfestar 1987, til að greiða bætur í alvarlegum umferðarslysum.

Þá er lagt til að heiti Tryggingaeftirlitsins í 3. mgr. 91. gr. verði breytt í samræmi við ný lög um vátryggingastarfsemi.

Um 2. gr.

Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á 92. gr. Með greininni var lögfest sú regla að ökumaður skuli slysatryggður sérstakri vátryggingu. Með því voru ökumanni tryggðar bætur vegna slyss sem hann verður fyrir, jafnvel þótt hann bæri sjálfur ábyrgð á tjóninu. Var með því stefnt að því að svipaðar reglur giltu að þessu leyti um farþega og ökumann. Í raun hefur bótasvið slysatryggingarinnar þó orðið rýmra þar sem notkunarhugtak 88. gr. umferðarlaga sem er grundvöllur ábyrgðartryggingarinnar vantar í 92. gr. Er því lagt til að notkunarhugtakið í 88. gr. verði einnig tekið upp í 92. gr. Þá er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að slysatryggingin taki ekki til ökumanns sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi og verði þá vísað til 2. mgr. 90. gr. laganna þar sem kveðið er á um að fébótaskylda færist yfir á þann sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Þá er enn fremur lagt til að slysatryggingin taki einnig til þess ef vátryggingartaki (eigandi/umráðamaður) slasast sem farþegi í eigin ökutæki eða á annan hátt af völdum eigin ökutækis, en samkvæmt orðalagi greinarinnar fellur vátryggingartaki nú ekki undir slysatrygginguna. Loks er lagt til að tilvísun til slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar í greininni verði felld brott. Ökumannstrygging almannatryggingalaga var felld niður með lögum nr. 104/1992, m.a. með vísun til þess að sú trygging væri óþörf eftir tilkomu slysatryggingar 92. gr.

Auk þessa er lagt til að vátryggingarfjárhæð slysatryggingarinnar verði hækkuð í 60 millj. kr. Með skaðabótalögum hafa hæstu bætur til einstaklinga vegna alvarlegra slysa hækkað verulega þannig að vátryggingarfjárhæð skv. 1. mgr. 92. gr. hrekkur ekki til greiðslu hæstu bóta. Þykir nauðsynlegt að vátryggingarfjárhæð slysatryggingarinnar sé það há að hún nægi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni.

Um 3. gr.

Lagt er til að lagabreytingarnar taki gildi 1. janúar 1998, þar á meðal hækkun vátryggingarfjárhæða, og að þær taki þannig til tjóna sem verða 1. janúar 1998 eða síðar, óháð gildistíma vátryggingarsamnings.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á vátryggingarfjárhæðum ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns. Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar á slysatryggingunni sem miða að því að ákvæðið verði skýrt frekar en nú er og tengt bótasviði ábyrgðartryggingarinnar. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér breytingu á útgjöldum ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

191. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Heimilt er að framselja þorskaflahámark krókabáts að hluta til eða að öllu leyti til annars krókabáts.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 11. mgr. og orðast svo:
   Bátum minni en 6 brl., er stunda veiðar samkvæmt aflamarki, er heimilt að stunda veiðar með handfæri eingöngu síðustu tvo mánuði fiskveiðiársins. Afli þeirra þann tíma telst ekki til aflamarks.

2. gr.

Á eftir 6. gr. a laganna kemur ný grein er verður 6. gr. b, svohljóðandi:

Maður, sem verið hefur sjómaður á íslensku fiskiskipi í 20 ár samtals, á rétt á að stunda veiðar með handfærum eingöngu samkvæmt ákvæðum 6. gr. og skal honum veitt veiðileyfi á bát minni en 6 brl. sem hann eignast í því skyni, hafi báturinn ekki veiðileyfi fyrir. Sameiginlegur hámarksþorskafli skv. 9. mgr. 6. gr. skal hækka fyrir hvern bát sem þannig bætist við um meðaltalsafla báts í þessum útgerðarflokki fiskveiðiárið á undan.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sé fiskur veiddur á línu eða handfæri, veiðiferð stendur skemur en einn sólarhring og aflanum landað til vinnslu innan lands skulu aðeins 50% aflans teljast til aflamarks.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Eigi að selja fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, aflahlutdeild þess eða þorskaflahámark, að hluta eða að öllu leyti, eða hvort tveggja til útgerðar, sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi, á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu og aflahlutdeildinni eða þorskaflahámarkinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og þar tilgreint söluverð skips annars vegar og aflahlutdeildar eða þorskaflahámarks hins vegar svo og aðrir skilmálar á tæmandi hátt.
b. Á eftir orðunum „kaupa skipið“ í 4. mgr. kemur: og aflahlutdeild eða þorskaflahámark.
c. Á eftir orðinu „skipi“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: og aflahlutdeild eða þorskaflahámarki.
d. 2. málsl. 5. mgr. fellur brott.
e. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, er verður 6. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði greinarinnar um forkaupsrétt sveitarfélaga ná einnig til sölu milli aðila innan sveitarfélagsins þegar bersýnilega er verið að sniðganga forkaupsrétt sveitarfélagsins, svo sem með því að stofna félag í sveitarfélaginu eða flytja félag til þess kaupa skip, aflahlutdeild eða þorskaflahámark og flytja síðan félagið burt úr sveitarfélaginu með hinu selda þegar kaupin hafa verið gerð.

5. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% af aflamarki sínu í einstakri tegund fellur niður aflahlutdeild þess í viðkomandi tegund.

6. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein er verði 12. gr. a og orðast svo:

Skilyrði fyrir samþykki Fiskistofu á framsali þorskaflahámarks skv. 6. gr., aflahlutdeildar skv. 11. gr. og aflamarks skv. 12. gr. er að fram komi upplýsingar um verð sem greitt kann að vera fyrir veiðiheimildirnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessi eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, sem snúa einkum að lagfæringum á gildandi lagaákvæðum. Ekki eru að sinni gerðar tillögur um róttækar breytingar enda ekki talið rétt að blanda saman í eitt frumvarp tillögum til lagfæringa á núverandi stjórnkerfi og tillögum um grundvallarbreytingar á sama kerfi.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

— Ákvæði um rétt sjómanns til handfæraveiða eftir 20 ára starf á íslensku fiskiskipi.
— Rýmkaðar veiðiheimildir smábáta í aflahlutdeildarkerfinu.
— Rýmkuð heimild krókabáta sem stunda veiðar með þorskaflamarki til framsals á þorskaflahámarki sínu til annars krókabáts sem einnig hefur þorskaflahámark.
— Hert er á ákvæðum sem takmarka framsal aflahlutdeildar og aflamarks m.a. með því að gera auknar kröfur til skipa um veiði veiðiheimilda sinna.

— Aukinn er forkaupsréttur sveitarfélaga með því að hann nái til aflahlutdeildar, aflamarks og þorskaflahámarks auk skips og gildi einnig gagnvart opinberu uppboði.
— Stuðlað er sérstaklega að veiðum með línu og handfærum þar sem aflanum er landað sem ferskustum til vinnslu innan lands. Er það gert með því að telja aðeins helming aflans til aflamarks.

Eins og tillögurnar bera með sér miða þær að því að styrkja stöðu sveitarfélaga til þess að hafa áhrif á flutning skipa og veiðiheimilda ásamt því að treysta rekstrargrundvöll smábáta. Þá er það nýmæli að sjómönnum er veittur sjálfstæður réttur til veiða í fiskveiðilögsögunni sem þeir geta nýtt sér með því að eiga smábát og halda honum til veiða.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi til kynningar og er nú endurflutt lítið breytt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru lagðar til tvær breytingar á gildandi 6. gr. laganna. Fyrri breytingin varðar framsal á þorskaflahámarki smábáta og er lagt til að heimilt verði að framselja það að hluta eða að öllu leyti til báts í sama útgerðarflokki. Samkvæmt gildandi lögum er einungis heimilt að framselja þorskaflahámarkið í einu lagi og þá með því skilyrði að niður falli veiðileyfi bátsins sem flutt er frá og rétti til endurnýjunar afsalað. Er því um nokkra rýmkun að ræða sem er í samræmi við samþykktir Landssambands smábátaeigenda. Eftir sem áður verður leiga þorskaflahámarksins óheimil.

Þá er lagt til að smábátar á aflamarki fái heimild til þess að stunda veiðar með handfæri í júlí og ágúst ár hvert. Veiði þeirra þann tíma kemur til viðbótar aflamarkinu. Óþarft er að hafa mörg orð um ástæðuna fyrir þessari tillögu. Þessi útgerðarflokkur valdi aflamark fyrir tæpum sex árum í kjölfar nýrra laga á grundvelli forsendna sem tilgreindar voru í lögunum. Þær forsendur breyttust mikið þeim í óhag með síðari lagasetningu frá Alþingi, sem best er lýst þannig að aflamark þeirra lækkaði ár frá ári meðan aðrir smábátar juku verulega hlutdeild sína. Afleiðingarnar urðu þær að aflamarksbátunum hefur fækkað mikið, úr 894 við upphaf fiskveiðiársins 1991/1992 í 453 við upphaf yfirstandandi fiskveiðiárs, þar af hefur aðeins 331 bátur hlutdeild í þorski. Aflahlutdeild þeirra í þorski hefur lækkað úr 11,15% í 7,56% frá 1991 til 1997/1998 og úthlutað aflamark lækkaði úr 21.714 tonnum í 11.607 tonn. Til samanburðar jókst afli krókabáta úr 11.228 tonnum í 30.302 tonn af þorski á sama tíma.

Um 2. gr.

Í greininni eru þau nýmæli að sjómaður, sem stundað hefur fiskveiðar í 20 ár samtals á íslensku fiskiskipi, fær rétt til þess að stunda handfæraveiðar á báti sem er minni en 6 brl. Rétturinn er bundinn manninum og starfi hans en ekki einvörðungu eignarhaldi á báti. Til þess að nýta þennan rétt þarf maðurinn að eignast bát og getur hann keypt bát sem hefur verið úreltur og fengið á hann veiðileyfi. Leyfið er skilyrt á þann veg að það er óframseljanlegt og bundið viðkomandi sjómanni og nær aðeins til handfæraveiða. Með tillögugreininni er viðurkennt að starf á sjó veitir rétt til sjósóknar og þannig rétt til þess að nýta fiskimiðin. Til þess að koma í veg fyrir að afli báta samkvæmt þessari grein fækki sóknardögum þeirra báta sem fyrir eru er gert ráð fyrir að sameiginlegur hámarksþorskafli útgerðarflokksins hækki fyrir hvern bát um meðaltalsafla báta í þessum útgerðarflokki árið á undan.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að stuðla að veiðum með línu og handfæri og að aflanum sé landað sem ferskustum til vinnslu innan lands. Eru fyrir því þau rök að um sé að ræða besta hráefnið sem völ er á og eðlilegt að stuðla að því að úr aflanum verði unnin sem mest verðmæti.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru nokkrar breytingar á 11. gr. laganna sem allar lúta að því að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga við eigendaskipti að fiskiskipi. Í fyrsta lagi nær forkaupsréttarákvæðið til aflahlutdeildar skipsins eða þorskaflahámarks í stað þess að afmarkast við skipið einvörðungu eins og nú er. Þá er fellt brott það ákvæði laganna að forkaupsréttarákvæðið nái ekki til sölu skips á opinberu uppboði og þannig er forkaupsréttur sveitarfélaganna útvíkkaður sem því nemur. Loks er bætt við lagagreinina nýrri málsgrein sem kveður á um að forkaupsrétturinn geti náð til sölu milli aðila innan sama sveitarfélags þegar bersýnilega er verið að sniðganga forkaupsrétt sveitarfélagsins. Síðustu ár hefur mjög færst í vöxt að væntanlegur kaupandi stofnar hlutafélag í sveitarfélagi seljanda eða flytur félagið þangað, síðan fer salan fram og við þessar aðstæður er forkaupsréttur sveitarfélaga ekki virkur og að sölu lokinni er félagið flutt úr sveitarfélaginu til sveitarfélags kaupanda. Þessi leikur er iðkaður í þeim tilgangi einum að komast hjá forkaupsrétti sveitarfélaga og ber löggjafanum að bæta úr þessum galla á núverandi löggjöf, að öðrum kosti er eins gott að fella brott úr lögum ákvæði um forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga. Telja verður að forkaupsréttur sveitarfélaganna hafi það gildi sem til er ætlast fyrst einstaka útgerðarmenn leggja það á sig að komast fram hjá honum og treysta því ekki að kaupin nái fram að ganga ef heimamönnum stendur til boða að ganga inn í kaupin.

Um 5. gr.

Hér eru gerðar ríkari kröfur til þess að skip veiði sjálft aflamark sitt en er í gildandi lögum. Í stað þess að nú dugar að veiða 50% af aflamarki annað hvert fiskveiðiár er lagt til að það hlutfall þurfi að veiða ár hvert og það af aflamarki í sérhverri fisktegund í stað þess að miða við samanlagt aflamark í þorskígildum. Veiði skip ekki að lágmarki umrætt hlutfall af aflamarki í tiltekinni fisktegund eitthvert fiskveiðiár fellur aflahlutdeild þess niður í þeirri sömu fisktegund, en skipið heldur aflahlutdeild sinni í fisktegundum þar sem veiði þess er a.m.k. 50% af úthlutuðu aflamarki. Á móti er fellt úr lögunum ákvæði um að skipið missi veiðileyfi sitt, enda slík viðurlög fullþung þar sem ætla má að skipið haldi aflahlutdeild sinni í einhverjum fisktegundum. Þá er ekki gert ráð fyrir að hækka aflahlutdeild annarra fiskiskipa í viðkomandi tegund sem nemur þeirri aflahlutdeild sem skipið missir. Kemur það til móts við aukinn afla vegna ákvæða 1. og 2. gr. frumvarpsins til handa handfæraveiðismábátum á aflamarki og sjómanna með 20 ára starfsreynslu.

Um 6. gr.

Í þessari grein er það gert að skilyrði fyrir framsali milli skipa hvort heldur er um að ræða aflahlutdeild, aflamark eða þorskaflahámark að til Fiskistofu berist upplýsingar um það verð sem greitt kann að vera fyrir aflaheimildirnar. Með þessu ákvæði fá stjórnvöld ítarlegar upplýsingar um viðskipti með veiðiheimildir og umfang þeirra að magni til og í fjárhæðum. Auk þess er þess vænst að frumvarpsgreinin komi í veg fyrir þátttöku sjómanna í kaupum á veiðiheimildum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

192. Fyrirspurn [190. mál]

til félagsmálaráðherra um starfsmat.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Að hve miklu leyti hefur verið unnið eftir tillögum starfshóps um starfsmat sem fram komu í skýrslu frá febrúar 1996?
2. Hefur tilraunaverkefni verið hrint úr vör? Ef svo er, hvar er þá verið að vinna slíkt verkefni?
3. Hyggst ráðherra leggja til að starfsmat verði liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum?
4. Að hve miklu leyti er reynsla af starfsmati sveitarfélaganna nýtt til áframhaldandi þróunar á starfsmati á vegum félagsmálaráðuneytisins?

193. Fyrirspurn [191. mál]

til samgönguráðherra um reiðvegi fyrir hestafólk.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að tryggja hestamönnum greiða leið á ferðum sínum um landið?

194. Fyrirspurn [192. mál]

til menntamálaráðherra um kennara og leiðbeinendur.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum á landinu?
2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum á landinu?

3. Hvernig skiptast leiðbeinendur í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar eftir menntun og kyni, þ.e. hvert er hlutfall kvenna og karla sem hafa:
   a. lokið háskólaprófi,
   b. háskólamenntun án lokaprófs,
   c. stúdentspróf sem lokapróf,
   d. aðra menntun á framhaldsskólastigi,
   e. grunnskólapróf sem lokapróf,
   f. ekki grunnskólapróf?

Skriflegt svar óskast.

195. Fyrirspurn [193. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Fyrir hvaða skip hafa verið greiddir úreldingarstyrkir frá stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins í júní 1994:
a. aflamarksskip,
b. krókabáta?
Óskað er upplýsinga um heimahöfn, stærð skips og styrkupphæð.

Skriflegt svar óskast.

196. Svar [29. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um innheimtu endurinnritunargjalds.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
1. *Hvaða framhaldsskólar hafa innheimt sérstakt endurinnritunargjald (fallskatt), sbr. 7. gr. laga um framhaldsskóla?*
2. *Hversu háar upphæðir er um að ræða*
   1. í heild,
   2. hjá einstökum skólum?
3. *Eru dæmi um að nemendum hafi verið vísað frá námi vegna þess að þeir hafi ekki greitt gjaldið?*

Leitað var upplýsinga hjá 34 framhaldsskólum og bárust svör frá þeim öllum. Af þeim hefur 21 skóli innheimt endurinnritunargjald:

Skóli	Kr.
Menntaskólinn í Reykjavík	111.000
Menntaskólinn á Akureyri	123.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð	801.500
Menntaskólinn við Sund	48.000
Framhaldsskóli Vestfjarða	4.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	128.500
Menntaskólinn í Kópavogi	337.500
Kvennaskólinn í Reykjavík	81.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.020.000
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	311.500
Flensborgarskóli	425.500
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	478.000
Fjölbrautaskóli Vesturlands	220.500
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	212.500
Fjölbrautaskóli Suðurlands	354.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	569.500
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	359.000
Framhaldsskólinn á Húsavík	27.500
Framhaldsskólinn á Laugum	49.500
Borgarholtsskóli	273.000
Iðnskólinn í Reykjavík	621.000
Samtals	**6.556.000**

Samkvæmt upplýsingum frá skólunum eru ekki dæmi um að nemendum hafi verið vísað frá námi vegna þess að þeir hafi ekki greitt gjaldið.

197. Frumvarp til laga [194. mál]

um hollustuhætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Markmið, skilgreiningar og framkvæmd.

1. gr.

Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra.

3. gr.

Með *hollustuháttum* er í lögum þessum átt við heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir.

Heilbrigðiseftirlit tekur til eftirlits með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum þeim tengdum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra. Einnig tekur það til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum, m.a. með tilliti til manneldismála.

Mengunarvarnir taka til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarna.

Með *mengun* er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Með *bestu fáanlegri tækni* er átt við framleiðsluaðferð og tækjakost sem beitt er til að lágmarka losun mengunarefna og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með *fáanlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

Eftirlit merkir athugun á vöru, þjónustu, hönnun vöru, ferli eða verksmiðju til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

Faggilding merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Prófun merkir tæknilega framkvæmd sem felur í sér ákvörðun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferlis eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklagsreglum.

Vottun merkir aðferð sem þriðji aðili beitir til að veita formlega staðfestingu á því að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreindar kröfur.

Vöktun merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

4. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd heilbrigðiseftirlits setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir þessa grein og er útgáfa þess í höndum heilbrigðisnefnda,
2. umgengni og þrifnað utanhúss,
3. meindýr og eyðingu þeirra, svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra,
4. hreinsun hunda, m.a. vegna sullaveiki, katta og gæludýra,
5. íbúðarhúsnæði, starfsmannabústaði og starfsmannabúðir,
6. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði,
7. skóla og aðra kennslustaði,
8. rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur,
9. leikskóla og leikvelli,
10. heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili og meðferðar- og vistunarstofnanir og stofnanir fyrir fatlaða,
11. íþróttastöðvar, íþróttahús, sundstaði, baðhús, gufubaðstofur, sólbaðstofur og almenna baðstaði, baðvatn og því um líkt,
12. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna,

13. samkomuhús, þar á meðal kirkjur,
14. farþegaskip, almenningsbifreiðar, farþegaflugvélar og því um líkt,
15. þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra,
16. töku sýna og úrvinnslu þeirra,
17. viðmiðanir fyrir eðlis-, efna- og örverufræðilega þætti,
18. önnur sambærileg atriði.

5. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, þar á meðal ákvæði um staðsetningu, viðmiðunarmörk, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar; krafist skal bestu fáanlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því,
2. endurskoðun starfsleyfa vegna verulegra breytinga á atvinnurekstri eða vegna tækniþróunar,
3. áhættumat fyrir atvinnurekstur þar sem hætta er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum,
4. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,
5. umhverfisstjórn, vöktun og eftirlitskerfi fyrirtækja, svo og viðurkenningu, úttekt og eftirlit með slíkum kerfum,
6. umhverfismerki á vörur, m.a. um veitingu þeirra og gjaldtöku,
7. eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og tilkynningarskyldu þeirra sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang,
8. úttekt á hugsanlegri mengunarhættu,
9. meðferð vatns og sjávar í atvinnurekstri þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinna efna,
10. úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs,
11. fráveitur og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka,
12. varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn,
13. varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði, mengandi efni og losun þeirra út í andrúmsloftið,
14. varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg og mengandi efni,
15. hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi,
16. varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun hennar,
17. önnur sambærileg atriði.

6. gr.

Umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun ef samanlögð fjárfesting er meiri en 950 millj. kr. Fjárhæð þessi miðast við byggingarvísitölu í september 1997, 225,9 stig, og breytist í samræmi við breytingar á henni.

Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, í öðrum tilvikum en segir í 1. mgr., eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

Hollustuvernd ríkisins skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Hollustuverndar ríkisins innan átta vikna frá auglýsingu.

Hollustuvernd ríkisins skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rennur út senda ráðherra tillögu sína að starfsleyfi ásamt greinargerð um fram komnar athugasemdir og afgreiðslu þeirra. Þá skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim er athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna og gerð grein fyrir hvort og þá að hve miklu leyti athugasemdirnar hafa verið teknar til greina. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu Hollustuverndar til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um afgreiðslu.

Að þeim fresti liðnum sem tilgreindur er í 4. mgr. tekur umhverfisráðherra ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Starfsleyfi sem gefið er út skv. 1. mgr. skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, veitt tímabundna undanþágu í allt að 12 mánuði frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr.

Ráðherra setur almenn ákvæði í reglugerð um valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins, svo og dagsektir.

Við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga.

8. gr.

Sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld sveitarfélaganna, sem og ríkisstofnanir, skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir vegna framkvæmda sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Stjórn, skipan og starfsmenn.

9. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum nr. 106/1954 og skal hann semja við þar til bæra aðila samkvæmt mati Hollustuverndar ríkisins um framkvæmd eftirlits á varnarsvæðum. Utanríkisráðherra skal hafa samráð við umhverfisráðherra um alla framkvæmd eftirlits á varnarsvæðum og gilda lög þessi eftir því sem við á.

Landlæknir er ráðgjafi ráðherra um það er að lögum þessum lýtur og undir embætti hans fellur.

10. gr.

Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg.

11. gr.

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn. Fjórir skulu kosnir

af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður. Einn skal tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á svæðinu. Sömu reglur gilda um varamenn.

Eftirlitssvæði skv. 1. mgr. eru:

1. Reykjavíkursvæði.
   Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
2. Vesturlandssvæði.
   Starfssvæði: Vesturlandskjördæmi.
3. Vestfjarðasvæði.
   Starfssvæði: Vestfjarðakjördæmi.
4. Norðurlandssvæði vestra.
   Starfssvæði: Norðurlandskjördæmi vestra.
5. Norðurlandssvæði eystra.
   Starfssvæði: Norðurlandskjördæmi eystra.
6. Austurlandssvæði.
   Starfssvæði: Austurlandskjördæmi.
7. Suðurlandssvæði.
   Starfssvæði: Suðurlandskjördæmi.
8. Suðurnesjasvæði.
   Starfssvæði: Reykjanesbær, Grindavíkurkaupstaður, Sandgerði, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
9. Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.
   Starfssvæði: Hafnarfjarðarbær, Bessastaðahreppur, Garðabær og Kópavogsbær.
10. Kjósarsvæði.
    Starfssvæði: Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, kveðið á um sameiningu eftirlitssvæða.

Heimilt er heilbrigðisnefndum að gera samkomulag um annað fyrirkomulag eftirlits á milli eftirlitssvæða. Í slíkum tilvikum hafa heilbrigðisfulltrúar sama rétt til afskipta þar og á eigin svæði.

12. gr.

Sveitarfélög bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna á viðkomandi svæði. Þau hafa umsjón með fjármálum þess, gerð fjárhagsáætlunar, skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga og álagningu eftirlitsgjalda. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

Náist ekki samkomulag milli sveitarfélaga innan eftirlitssvæðis um hvaða sveitarfélag annist fjárreiður fyrir eftirlitið skal umhverfisráðherra úrskurða hvert þeirra skuli annast fjárreiðurnar að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Heimilt er sveitarfélögum, að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda, að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Umhverfisráðherra, utanríkisráðherra á varnarsvæðum, setur, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, hámarksgjaldskrá sem sveitarstjórnir geta innheimt eftir. Upphæðin skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

13. gr.

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á. Nefndin skal vinna að bættu heilbrigðiseftirliti og mengunarvörnum á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

14. gr.

Heilbrigðisnefnd skiptir með sér verkum og ræður meiri hluti atkvæða afgreiðslu máls. Telst afgreiðsla fullnægjandi séu þrír nefndarmanna viðstaddir. Um vanhæfi nefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna eða heilbrigðisfulltrúi í umboði hans skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann getur krafist þess að fundir verði haldnir og að tekin verði þar fyrir tiltekin mál.

Héraðslæknir eða sá heilsugæslulæknir sem hann tilnefnir skal vera ráðgjafi og heilbrigðisnefndum til aðstoðar um heilbrigðisþjónustu. Héraðslæknir á seturétt á fundum heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétti. Héraðslæknir getur krafist þess að haldinn verði fundur í heilbrigðisnefnd.

15. gr.

Á hverju eftirlitssvæði skulu starfa a.m.k. tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi og skal annar þeirra jafnframt vera framkvæmdastjóri eftirlitsins.

Sveitarstjórnir ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda til að annast eftirlit sveitarfélaganna með þeim viðfangsefnum sem undir lögin falla. Sveitarstjórnir setja þeim starfslýsingar að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar og ákveða í samráði við heilbrigðisnefnd aðsetur þeirra. Eingöngu má ráða í starf heilbrigðisfulltrúa þá sem fengið hafa leyfi umhverfisráðherra til starfans. Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

16. gr.

Heilbrigðisfulltrúar, fulltrúar í heilbrigðisnefndum og aðrir sem starfa samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Upplýsingar og tilkynningar heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu. Sama gildir um aðra sem starfa samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Ráðherra skipar hollustuháttaráð til fjögurra ára í senn sem hefur það hlutverk að fjalla um þá þætti sem falla undir lögin og varða atvinnustarfsemi, svo sem samhæfingu krafna og eftirlits, stefnumörkun um atvinnustarfsemi og gera tillögu um framkvæmdina. Ráðherra skal leita álits ráðsins um þá þætti er varða atvinnustarfsemi, svo sem um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár.

Í ráðinu eiga sæti fimm menn: Fulltrúi umhverfisráðherra er formaður, forstjóri Hollustuverndar ríkisins skal eiga sæti í ráðinu, Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir einn, Vinnumálasambandið einn og Samband íslenskra sveitarfélaga einn.

Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum þess.

III. KAFLI
Hollustuvernd ríkisins.

18. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins og annast hún eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.

Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og mengunarvörnum og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming eftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina þegar um landið allt er að ræða og við heilbrigðisnefndir þegar um einstök svæði er að ræða. Öll starfsemi stofnunarinnar, sem er eða gæti verið í samkeppnisrekstri, skal vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar. Undir þetta fellur m.a. sala á þjónustu, ráðgjöf, rannsóknum og prófunum og hvers konar eftirlitsstarfsemi sem þar kann að vera stunduð.

Stofnunin skal sjá um gerð fræðsluefnis og upplýsa og fræða þá er starfa að heilbrigðiseftirliti og mengunarvörnum.

19. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal vinna að samræmingu eftirlits í landinu og koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina.

20. gr.

Við stofnunina skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri.

Stofnuninni skal skipt í svið og skal forstöðumaður starfa yfir hverju þeirra. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn. Einn forstöðumanna skal gegna starfi staðgengils forstjóra.

Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

21. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, sbr. 18. gr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við hlutaðeigandi eftirlit byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

IV. KAFLI
Faggilding og innra eftirlit.

22. gr.

Ráðherra getur, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, ákveðið með reglugerð að stofnunin skuli hljóta faggildingu vegna prófunar á vegum stofnunarinnar. Ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða með reglugerð, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, að starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga skuli hljóta faggildingu vegna prófunar og eftirlits og þá hvernig að henni skuli staðið. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

23. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð kröfur um gæðastjórnun og innra eftirlit í fyrirtækjum sem eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum þessum. Þar skal m.a. kveðið á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.

24. gr.

Heilbrigðisnefndum og Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og annað sem greint er frá í VI. kafla er þó eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

V. KAFLI
Samþykktir sveitarfélaganna.

25. gr.

Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,
2. meðferð úrgangs og skólps,
3. gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu,
4. ábyrgðartryggingar.

Upphæð gjalda skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og umsögn Hollustuverndar ríkisins, sett hámarksgjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustu sveitarfélaga sem sveitarfélög geta nýtt sér kjósi þau það fremur en að setja sér sérstaka gjaldskrá. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Skulu gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi, leiga eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins áður en hann staðfestir samþykktina.

Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

VI. KAFLI
Valdsvið og þvingunarúrræði.

26. gr.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum, reglugerðum, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum geta heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun, þar með lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs.

Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skal nota sérstök innsigli er auðkenni viðkomandi eftirlitssvæði heilbrigðisfulltrúa.

27. gr.

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Þegar verk það sem heilbrigðisnefnd lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

28. gr.

Heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sama gildir um starfsmenn Hollustuverndar ríkisins þegar um er að ræða starfsemi sem stofnunin hefur eftirlit með.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

29. gr.

Telji Hollustuvernd ríkisins svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

30. gr.

Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda með tillögurétti og málfrelsi.

Fulltrúum Hollustuverndar er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla fer fram og lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sveitarfélaga ná til. Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit fer um valdsvið og þvingunarúrræði í samræmi við þennan kafla laganna.

VII. KAFLI
Málsmeðferð og úrskurðir.

31. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaganna og/eða ákvarðana yfirvalda er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra fer með úrskurðarvald samkvæmt lögunum, sbr. ákvæði 32. gr., eða gefur út starfsleyfi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr.

Í úrskurðarnefnd skv. 1. mgr. eiga sæti þrír lögfræðingar sem uppfylla skulu starfsgengisskilyrði héraðsdómara, formaður tilnefndur af Hæstarétti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar.

32. gr.

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

VIII. KAFLI
Viðurlög.

33. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum, samþykktum sveitarfélaga og fyrirmælum heilbrigðisnefnda skal refsa með sektum, varðhaldi eða fangelsi séu sakir miklar.

Með mál sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum sveitarfélaga skal farið að hætti opinberra mála.

IX. KAFLI
Gildistaka.

34. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Þrátt fyrir ákvæði 34. gr. skal sú skipan sem kveðið er á um í 11. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. ágúst 1998. Þar til skulu núverandi heilbrigðisnefndir starfa og fer um störf þeirra samkvæmt þessum lögum. Núverandi svæðisnefndir skulu starfa áfram til sama tíma og gegna því hlutverki sem kveðið er á um í lögum nr. 81/1988, með áorðnum breytingum.

II.

Þær reglugerðir sem í gildi eru samkvæmt lögum nr. 81/1988, með áorðnum breytingum, skulu halda gildi sínu þar til þeim hefur verið breytt, að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við ákvæði þessara laga.

III.

Þrátt fyrir breytingar á eftirlitsstarfsemi Hollustuverndar ríkisins varðandi innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum skal starfsemin haldast óbreytt þar til reglugerð hefur verið sett sem kveður á um eftirlitshlutverk aðila.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Skipun og störf stjórnskipaðrar nefndar.

Frumvarp til laga um hollustuhætti er í megindráttum samið af nefnd sem umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason, skipaði 16. febrúar 1996. Hlutverk nefndarinnar var að endurskoða lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Í nefndinni áttu sæti Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri, formaður, Guðjón Ólafur Jónsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, Ingunn St. Svavarsdóttir, stjórnarformaður Hollustuverndar ríkisins, tilnefnd af Hollustuvernd ríkisins, Karl Björnsson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Baldur Hjaltason framkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Halldór Runólfsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. Sigurbjörg Sæmundsdóttir deildarstjóri var skipaður ritari og starfsmaður nefndarinnar.

Auk framangreindra aðila tóku þátt í störfum nefndarinnar Óskar Maríusson, efnaverkfræðingur, varamaður Baldurs Hjaltasonar, Jón Erlingur Jónsson, varaformaður stjórnar Hollustuverndar ríkisins, varamaður Ingunnar St. Svavarsdóttur, og Guðrún Hilmisdóttir verkfræðingur, varamaður Karls Björnssonar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var ekki kveðið á um hvernig endurskoðun laganna skyldi háttað þannig að nefndinni var falið að móta vinnuna. Við upphaf starfa í nefndinni var lagt fram frumvarp til laga um hollustuvernd og mengunarvarnir sem unnið var á vegum stjórnskipaðrar nefndar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og umhverfisráðherra settu á fót í desember 1991 og lauk störfum í janúar 1993. Það frumvarp var aldrei lagt fram í heild heldur aðeins tilteknir þættir þess sem vörðuðu starfsemi Hollustuverndar ríkisins.

Í október 1996 sendi nefndin í samráði við umhverfisráðherra drög að frumvarpi til hollustuháttalaga til þeirra sem tilnefndu í nefndina, þ.e. stjórnar Hollustuverndar ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vinnuveitendasambands Íslands og Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. Auk þess sendi nefndin drögin til allra ráðuneyta, Neytendasamtakanna, Vinnumálasambandsins, landshlutasamtaka sveitarfélaganna, heilbrigðiseftirlitssvæðanna sem eru 13, landlæknisembættisins og framkvæmdastjóra og forstöðumanna Hollustuverndar ríkisins. Í bréfi sem fylgdi með drögunum var þess sérstaklega farið á leit að fjallað yrði um fjölda starfssvæða og fækkun heilbrigðisnefnda, samsetningu heilbrigðisnefnda, stjórn Hollustuverndar ríkisins og gjaldskrármál. Umsagnir og athugasemdir voru að berast nefndinni fram í febrúarmánuð 1997. Af þeim 42 sem fengu frumvarpið til umsagnar bárust athugasemdir frá 26, misjafnlega ítarlegar. Umsagnir og athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Framkvæmdastjóra og forstöðumönnum Hollustuverndar ríkisins,

Heilbrigðiseftirliti Akraness svæðis,

Heilbrigðiseftirliti Austurlands,

Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar,
Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis,
Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis,
Heilbrigðiseftirliti Kópavogssvæðis,
Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra,
Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur,
Heilbrigðiseftirliti Suðurlands,
Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja,
Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða,
Heilbrigðiseftirliti Vesturlands,
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti,
Neytendasamtökunum,
Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum,
Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi,
Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Eyþingi,
Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra,
Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,
Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga,
Stjórn Hollustuverndar ríkisins,
Vinnumálasambandinu og
Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin vann úr umsögnum og athugasemdum þessara aðila með það að leiðarljósi að samræma þau sjónarmið sem þar komu fram og leita frekari skýringa þar sem þess gerðist þörf.

B. Þróun hollustuháttalöggjafar frá 1982.

Lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem öðluðust gildi 1. ágúst 1982, voru tímamótalög um margt. Þótt lögunum hafi verið breytt verulega í tvígang frá 1981 eru þau að grunni til hin sömu og þá. Í lögunum var í fyrsta skipti kveðið á um að heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit skyldi rekið í landinu öllu með skipulegum hætti og að ekkert sveitarfélag væri án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits. Jafnframt var kveðið á um að heilbrigðisfulltrúar með tilskilin réttindi, byggð á menntun, reynslu og hæfni, skyldu starfa á öllum eftirlitssvæðum en þau voru upphaflega 12 en var fjölgað með reglugerð í 13 skömmu síðar er Akranes og nærsveitir voru gerðar að sérstöku svæði. Heilbrigðisnefndum var fækkað úr rúmlega 200 niður í 46, en áður voru heilbrigðisnefndir í hverju sveitarfélagi. Í lögunum var í fyrsta skipti tekið skipulega á mengunarmálum í íslenskri löggjöf og kveðið á um setningu sérstakrar mengunarvarnareglugerðar. Í lögunum var kveðið á um stofnun og starfsemi Hollustuverndar ríkisins og voru þar sameinaðar nokkrar ríkisstofnanir í einni stofnun, þ.e. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins, auk þess sem stofnað var sérstakt svið innan stofnunarinnar, mengunarvarnasvið. Auk þess voru þau nýmæli í lögunum að kveðið var á um þvingunarúrræði fyrir heilbrigðiseftirlitið til þess að auðvelda því starfsemina. Með lögum nr. 117/1985 voru Geislavarnir teknar undan stofnuninni og gerðar að sjálfstæðri stofnun.

Á vegum Hollustuverndar ríkisins var þannig starfrækt undir einum hatti starfsemi sem átti sér nokkra sögu en Heilbrigðiseftirlit ríkisins tók til starfa 1970, Matvælarannsóknir ríkisins 1977 og Geislavarnir ríkisins höfðu verið starfandi sem hluti af starfsemi Landspítalans um tveggja áratuga skeið. Að öðru leyti var um að ræða nýja starfsemi, svo sem mengunarvarnir,

og fór því skiljanlega mestur tími fyrstu árin í að byggja upp þá starfsemi sem og að aðstoða sveitarfélögin við að koma á viðhlítandi heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirliti í landinu en það var fyrir gildistöku laganna aðeins rekið í Reykjavík og nágrenni og á Eyjafjarðarsvæðinu á ásættanlegan hátt, fyrst og fremst matvælaeftirlit og híbýlaeftirlit.

Frá því að lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit voru sett, sbr. lög nr. 50/1981, hefur þeim verið breytt nokkrum sinnum, þar á meðal tvisvar að verulegu leyti. Með lögum nr. 109/1984 voru gerðar veigamiklar breytingar á lögunum í tengslum við gjaldtöku og gjaldskrármál. Þá var skotið inn í lögin heimild fyrir sveitarfélögin og Hollustuvernd ríkisins til þess að ákveða í gjaldskrá sem ráðherra staðfesti leyfis- og eftirlitsgjöld í samræmi við þá stefnu að opinber þjónustustarfsemi skyldi sem mest standa undir sér fjárhagslega. Í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þar sem felld eru saman lög nr. 109/1984 og lög nr. 30/1988, er að finna veigamiklar breytingar á lögunum í tengslum við starfsemi Hollustuverndar ríkisins. Samkvæmt þeim breytingum skyldi starfa framkvæmdastjóri yfir Hollustuvernd ríkisins en ekki forstjóri og auk þess skyldu starfa forstöðumenn sviða sem bæru faglega ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar en ekki gagnvart forstjóra eins og verið hafði. Með þessu var ætlunin að leggja meiri áherslu á faglega starfsemi stofnunarinnar sem aukist hafði verulega og um leið var sett á stofn sérstakt eiturefnasvið við stofnunina þannig að sviðin urðu fjögur; heilbrigðiseftirlitssvið, rannsóknarsvið, mengunarvarnasvið og eiturefnasvið.

Í 8. gr. laga nr. 47/1990, sem breyta ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála, þar sem kveðið er á um starfsemi umhverfisráðuneytis er ákvæði um að þeir þættir í starfsemi Hollustuverndar ríkisins sem snerta mengun skuli heyra undir umhverfisráðuneyti í stað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og færðist málaflokkurinn milli ráðuneytanna í febrúar 1990. Með lögum nr. 54/1994 voru öll mál er falla undir lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, færð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti yfir til umhverfisráðuneytis og varð sú breyting 1. júní 1994 þannig að frá og með þeim degi fellur málaflokkurinn allur sem og öll starfsemi Hollustuverndar ríkisins undir umhverfisráðuneytið.

Í lögum nr. 70/1995 er kveðið á um að mengunardeild Siglingamálastofnunar ríkisins skuli færast yfir til Hollustuverndar ríkisins sem sérstakt svið og sú starfsemi sem deildin annaðist samkvæmt lögum og alþjóðasamþykktum einnig og fór yfirfærslan fram 1. júlí 1995.

Auk áðurnefndra breytinga hefur lögunum verið breytt með lögum nr. 28/1990 þar sem kveðið er á um þvingunarúrræði fyrir Hollustuvernd ríkisins til að fylgja eftir málum, með lögum nr. 64/1993, vegna eftirlits á varnarsvæðum, og með lögum nr. 65/1994, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Nú er liðinn hálfur annar áratugur frá því lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðluðust gildi og hefur reynslan af löggjöfinni verið góð að mestu leyti. Þannig hefur tekist að koma heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirliti á í landinu öllu undir stjórn vel menntaðra og þjálfaðra heilbrigðisfulltrúa. Hollustuvernd ríkisins hefur verið byggð upp sem matvæla- og umhverfisstofnun og starfar nú á fimm sviðum sem eru: matvæla- og heilbrigðiseftirlitssvið, mengunarvarnasvið, eiturefnasvið, mengunarvarnir sjávar og rannsóknarstofa.

Á þeim hálfa öðrum áratug sem lögin hafa gilt hafa orðið verulegar breytingar innan málaflokksins, ekki síst á sviði mengunarmála, auk þess sem aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur kallað á lögfestingu Evrópugerða sem tilheyra samningnum. Hollustuvernd ríkisins þarf að fylgjast með um 400 Evrópugerðum sem tengjast þeim málaflokkum sem stofnunin annast á sviði matvæla, mengunarmála, eiturefna og rannsókna. Hefur þetta kallað á gríðarlega vinnu af hálfu stofnunarinnar sem og umhverfisráðuneytisins. Þetta hefur m.a. leitt til þess að stjórnsýsluhlutverk Hollustuverndar ríkisins hefur aukist verulega

frá því sem áður var og beinist endurskoðun laganna m.a. að þeirri staðreynd auk annarra atriða sem sérstaklega verður gerð grein fyrir hér á eftir.

C. Endurskoðun laganna.

Þótt ákveðið hafi verið að taka til endurskoðunar alla þætti laganna eftir því sem ástæða þótti til beindist endurskoðunin fyrst og fremst að tilteknum grundvallaratriðum, svo sem hvort ástæða væri til þess að stíga skrefið til fulls sem stigið var með lögum nr. 50/1981 og fækka heilbrigðisnefndum verulega og að starfssvæði heilbrigðisnefnda yrðu hin sömu og eftirlitssvæði. Í dag eru eftirlitssvæðin 13 en heilbrigðisnefndirnar 46. Í sumum tilvikum falla eftirlitssvæðin og starfssvæði heilbrigðisnefnda saman eins og í Reykjavík, Kópavogi, á Akranessvæði, Suðurnesjasvæði og Kjósarsvæði. Í hinum tilvikunum er um að ræða misjafnlega margar heilbrigðisnefndir innan hvers svæðis. Þannig eru fjórar nefndir á Vesturlandssvæði, sex á Vestfjarðasvæði, fjórar á Norðurlandssvæði vestra, þrjár á Eyjafjarðarsvæði, fjórar á Norðurlandssvæði eystra, níu á Austurlandssvæði, níu á Suðurlandssvæði og tvær á Hafnarfjarðarsvæði. Skipan heilbrigðisnefnda var einnig til endurskoðunar og umræðu. Fram kom það viðhorf fulltrúa sveitarfélaga og atvinnulífs í nefndinni að atvinnulífið á viðkomandi eftirlitssvæði tilnefni einn af fimm fulltrúum í heilbrigðisnefnd og skapi þannig samstarfsgrundvöll þeirra aðila sem að eftirlitinu koma. Ekki voru allir sammála þessu og töldu sumir að sveitarstjórnir eigi einar að skipa fulltrúa í heilbrigðisnefndir.

Annar meginþáttur í endurskoðun laganna tengdist hlutverki Hollustuverndar ríkisins, stjórnskipulagi hennar og starfsemi. Að undanförnu hafa þær breytingar orðið á starfsemi stofnunarinnar að sá þáttur sem snertir beina stjórnsýslu hefur aukist þannig að stofnunin er í ríkari mæli en áður orðin framkvæmdaaðili innan málaflokksins. Það eru ekki síst Evrópumálin og aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði sem breytt hafa starfsgrundvelli stofnunarinnar. Þannig var sérstaklega fjallað um hvort æskilegt væri að halda í það stjórnarfyrirkomulag sem gildandi lög gera ráð fyrir sem er sérstök stjórn, framkvæmdastjóri og forstöðumenn sviða. Í því tilviki er enn fremur rétt að benda á ný starfsmannalög, þ.e. lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og breytingar á ýmsum lögum þar sem meira er lagt upp úr starfi forstjóra en áður og sú stefna mörkuð að ekki skulu vera stjórnir yfir stjórnsýslustofnunum ríkisins. Er það einnig í samræmi við þá starfsvenju sem myndast hefur við stjórn systurstofnana annars staðar á Norðurlöndum. Enn fremur var sérstaklega litið á hvernig og í hvaða mæli Hollustuvernd ríkisins skyldi koma að umhverfisvöktun en í lögunum eru engin ákvæði um hver og hvernig sinna skuli umhverfisvöktun. Sérstaklega var fjallað um starfsleyfisvinnslu í tengslum við starfsemi er fellur undir lögin og útgáfu starfsleyfa en ljóst er að skilgreina þarf betur þessa þætti en gert er í gildandi löggjöf og kveða skýrt á um það í lögunum hver skuli gefa út starfsleyfi. Þessu tengist starfsemi sérstakrar úrskurðarnefndar sem starfað hefur samkvæmt lögunum frá því að þau öðluðust gildi 1. ágúst 1982 og í hvaða tilvikum hún skal fara með fullnaðarúrskurðarvald á stjórnsýslustigi.

Fjallað var um gjaldskrármál og ákvarðanir um gjaldtöku samkvæmt lögunum. Þannig var fjallað um hvort æskilegt væri að umhverfisráðherra gæfi út sérstaka hámarks- eða viðmiðunargjaldskrá að höfðu samráði við sveitarfélögin sem heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlitið gætu notað í stað þess að sveitarfélögin settu sérstakar gjaldskrár fyrir hvert eftirlitssvæði.

Sérstaklega var fjallað um eftirlitsþáttinn og í hvaða mæli hann ætti að vera í höndum Hollustuverndar ríkisins í stað heilbrigðisnefnda en sveitarfélögin annast heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Ekki er ætlunin að breyta því. Eigi að síður var ákveðið að fara sérstaklega

yfir þá þætti sem snerta eftirlit Hollustuverndar ríkisins og að hún færi eingöngu í undantekningartilvikum með eftirlit og þegar um meiri háttar eftirlit væri að ræða og þá að höfðu samráði við sveitarfélögin. Sem dæmi um slíkt meiri háttar eftirlit má nefna eftirlit með stóriðju, förgun úrgangs, innflutningi matvæla og innflutningi eiturefna og hættulegra efna. Nefndin álítur að draga eigi úr beinu eftirliti Hollustuverndar ríkisins en leggja skuli meiri áherslu á stjórnsýslu- og samræmingarhlutverk stofnunarinnar og að nauðsynlegt sé að fulltrúar atvinnulífsins komi meira að málaflokknum en verið hefur með hliðsjón af því að meginhluti kostnaðar er borinn af atvinnulífinu í formi þjónustugjalda, svo sem vegna eftirlits og útgáfu leyfa. Einnig telur nefndin að nauðsynlegt sé að taka á faggildingarmálum í tengslum við eftirlit og rannsóknir í samræmi við gildandi lög þar að lútandi.

D. Helstu breytingar og nýmæli.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum og nýmælum sem fram koma í frumvarpinu:

1. Lagt er til að lögin heiti „Lög um hollustuhætti" í stað „Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit". Þegar hefur skapast rík venja um þessa orðnotkun en hið samsetta orð hollustuhættir er tiltölulega stutt og markvisst. Ganga lögin ætíð undir heitinu hollustuháttalög. Nafnið er þjált og hefur öðlast fasta merkingu og sess í málinu. Til að ekkert fari á milli mála er í 3. gr. frumvarpsins skýrt hvað átt er við með hugtakinu hollustuhættir en það er annars vegar heilbrigðiseftirlit og hins vegar mengunarvarnir.
2. Lagt er til í 2. gr. að gildissvið laganna nái yfir efnahagslögsöguna og til farkosta sem ferðast undir íslenskum fána.
3. Í 3. gr. frumvarpsins koma fram orðskýringar sem eru nauðsynlegur grundvöllur túlkunar laganna. Þar er lögð til skilgreining á hugtakinu hollustuhættir. Auk þess eru skilgreind önnur atriði sem ekki eru skilgreind í gildandi lögum, svo sem besta fáanleg tækni, eftirlit, faggilding, prófun, vottun og vöktun.
4. Í 4. gr. er fjallað um framkvæmd heilbrigðiseftirlits, þ.e. setningu heilbrigðisreglugerðar, og í 5. gr. um mengunarvarnir, þ.e. setningu mengunarvarnareglugerðar. Þar eru skilgreindir þeir þættir sem reglugerðirnar eiga að ná yfir. Gerð er tillaga í 6. gr. um hvernig staðið skuli að útgáfu starfsleyfa fyrir starfsemi sem fellur annars vegar undir heilbrigðisreglugerð og hins vegar mengunarvarnareglugerð. Sú stefna er mörkuð að starfsleyfi fyrir starfsemi sem fellur undir heilbrigðisreglugerð verði í höndum heilbrigðisnefnda og sé um að ræða starfsleyfi gefið út samkvæmt mengunarvarnareglugerð skuli það vera í höndum umhverfisráðherra sé um að ræða meiri háttar atvinnurekstur, en annars í höndum Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefnda.
5. Lagt er til í 4. gr. að þau ákvæði laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, sem ekki rúmast innan nýsamþykktra laga um sóttvarnir, nr. 19/1997, verði færð inn í heilbrigðisreglugerð, þ.e. um hreinsun hunda og annarra gæludýra. Lagt er til í 34. gr. að lög um hundahald verði felld úr gildi þegar lögin hafa öðlast gildi.
6. Lagt er til í frumvarpinu að krafist verði bestu fáanlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem hún hefur verið skilgreind og að ákvæði um mengunarvarnir skuli taka mið af því. Slík ákvæði yrðu sett í mengunarvarnareglugerð.
7. Lagt er til í 7. gr. að umhverfisráðherra einn geti veitt tímabundnar undanþágur í allt að 12 mánuði frá einstökum greinum reglugerða sem settar verða skv. 4. og 5. gr., þ.e. heilbrigðisreglugerðar og mengunarvarnareglugerðar. Engin ákvæði eru um það í gildandi lögum hvernig staðið skuli að veitingu undanþága frá reglugerðum önnur en að um slíkt skuli kveðið á í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð. Hér yrði aðeins um tímabundnar undanþágur að ræða.

8. Lagt er til í 7. gr. að haft skuli samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau atriði er varða skyldur sveitarfélaganna og framkvæmd laganna, svo sem setningu reglugerða.
9. Lagt er til í 8. gr. að ekki aðeins sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld héraðanna skuli leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir sem framkvæmdar eru samkvæmt lögunum heldur skuli það og gilda um ríkisstofnanir.
10. Lagt er til í 2. mgr. 11. gr. að heilbrigðisnefndum verði fækkað í tíu og að þær verði jafnframt svæðisnefndir þannig að saman fari starfssvæði heilbrigðisnefndar og eftirlitssvæði. Lagt er til að í hverri heilbrigðisnefnd sem kjörin skal eftir sveitarstjórnarkosningar verði fimm aðilar og fimm til vara. Gert er ráð fyrir að samtök atvinnulífs á eftirlitssvæðinu tilnefni einn fulltrúa en aðrir verði kosnir af sveitarstjórnum og skal einn vera formaður.
11. Lagt er til í 3. mgr. 11. gr. að umhverfisráðherra geti, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, ákveðið enn frekari sameiningu eftirlitssvæða og að heilbrigðisnefndir geti með samkomulagi kveðið á um skiptingu eftirlitsins sín í milli.
12. Lagðar eru til í 12. gr. skýrar línur um fjármál og rekstur heilbrigðiseftirlitsins og að hann sé í höndum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. þeirra sem standa að eftirlitssvæðinu, og á ábyrgð allra sveitarfélaganna á svæðinu sem heildar. Jafnframt er lagt til að umhverfisráðherra geti úrskurðað með hvaða hætti sveitarfélög skuli annast fjárreiður náist ekki samkomulag milli sveitarfélaganna innan heilbrigðiseftirlitssvæðisins.
13. Lagt er til í 12. gr. að umhverfisráðherra og utanríkisráðherra á varnarsvæðum setji, að fengnum tillögum sveitarfélaganna og umsögn Hollustuverndar ríkisins, hámarksgjaldskrá sem sveitarstjórnir geta innheimt eftir af eftirlitsskyldri starfsemi en samkvæmt gildandi kerfi setur hvert svæði sér gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.
14. Í stað þess að héraðslæknir verði formaður svæðisnefndar er lagt til í 14. gr. að hann hafi seturétt á fundum heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétti og geti krafist þess að fundur verði haldinn í nefndinni.
15. Í 1. mgr. 15. gr. er lagt til að ekki skuli starfa færri en tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi á hverju svæði.
16. Lagt er til í 2. mgr. 15. gr. að sveitarstjórnir ráði heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda í stað þess að svæðisnefndir ráði þá.
17. Í 16. gr. er lögð til fortakslaus þagnarskylda er nái til allra sem starfa samkvæmt lögunum um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd.
18. Í 17. gr. er lagt til að ráðherra skipi „hollustuháttaráð“ sem hafi það hlutverk að fjalla um þá þætti sem undir lögin falla og varða atvinnustarfsemi, svo sem um samhæfingu krafna og stefnumörkun varðandi atvinnustarfsemi og að gera tillögur um framkvæmdina.
19. Í 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. er gert ráð fyrir því að Hollustuvernd ríkisins fari aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða að ráðherra ákveði það með reglugerð. Getur þá verið um tvenns konar eftirlit að ræða, annars vegar eftirlit sem tekur til landsins alls og hins vegar til ákveðins svæðis.
20. Lagt er til í 2. málsl. 3. mgr. 18. gr. að öll starfsemi Hollustuverndar ríkisins, sem er eða getur verið í samkeppnisrekstri, skuli vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar.
21. Ekki er gert ráð fyrir stjórn yfir Hollustuvernd ríkisins heldur er lagt til í 20. gr. að yfir stofnuninni verði forstjóri sem fari með stjórn hennar. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar.
22. Gerð er tillaga í 22. gr. um faggildingu. Umhverfisráðherra getur, að höfðu samráði við

Hollustuvernd ríkisins, ákveðið með reglugerð að stofnunin hljóti faggildingu vegna prófunar á vegum stofnunarinnar og sama gildir um starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

23. Lagt er til í 23. gr. að umhverfisráðherra ákveði í reglugerð kröfur um gæðastjórnun og innra eftirlit með starfsemi sem er eftirlitsskyld. Heilbrigðisnefndum og Hollustuvernd ríkisins er heimilt samkvæmt tillögu í 24. gr. að fela tiltekna þætti eftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum.
24. Gerð er tillaga í 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. um að ráðherra geti, að fengum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og umsögn Hollustuverndar ríkisins, sett viðmiðunargjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustu sveitarfélaga sem sveitarfélög geta nýtt sér kjósi þau það fremur en að setja eigin gjaldskrár.
25. Lagt er til í 29. gr. að Hollustuvernd ríkisins geti gripið til aðgerða ef svo alvarleg hætta stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið. Slík stöðvun yrði til bráðabirgða.
26. Lögð er til í 2. mgr. 31. gr. sú breyting á úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt lögunum að í henni skuli eiga sæti þrír lögfræðingar sem uppfylli starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Jafnframt er lagt til í 3. mgr. að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar. Lagt er til að Hollustuvernd ríkisins verði ekki úrskurðaraðili eins og gildandi lög gera ráð fyrir, en samkvæmt þeim skal vísa málum til stjórnar stofnunarinnar áður en þau fara til úrskurðarnefndar.
27. Til þess að taka af allan vafa um að úrskurðarnefndinni sé ekki ætlað að úrskurða í málum sem ráðherra afgreiðir er sérstaklega tekið fram í 2. málsl. 1. mgr. 31. gr. um hvaða mál sé að ræða.
28. Lagt er til í 33. gr. að viðurlög við brotum gegn lögunum verði hert og geti varðað sektun, varðhaldi eða fangelsi séu sakir miklar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram markmið laganna en það er efnislega það sama og í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í 2. gr. kemur fram gildissvið laganna en það verður land, lofthelgi, efnahagslögsaga og farkostir sem ferðast undir íslenskum fána.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreind nokkur grundvallarhugtök sem lögunum er ætlað að byggja á. Gerð er tillaga um skilgreiningu á hugtakinu hollustuhættir, sbr. heiti lagafrumvarpsins, en það tekur til heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna. Lagt er til að eiturefni og hættuleg efni sem tengjast matvælum og matvælaframleiðslu falli undir heilbrigðiseftirlit og að eiturefni og hættuleg efni sem tengjast mengun lofts, láðs eða lagar falli undir mengunarvarnir. Þannig eru eiturefni og hættuleg efni ekki sjálfstæður þáttur löggjafarinnar heldur geta þau ýmist fallið undir heilbrigðiseftirlit eða mengunarvarnir.

Hugtakið heilbrigðiseftirlit er skilgreint. Rétt er að taka fram að rannsóknir og prófanir eru liður í heilbrigðiseftirliti og felast í rannsókn sýna bæði vegna opinbers eftirlits og innra eftirlits á vegum eftirlitsskyldra aðila.

Þá er hugtakið mengunarvarnir skilgreint. Reglubundnar mælingar á einum eða fleiri mengunarþáttum í umhverfi eru þáttur í mengunarvarnaeftirliti, svo og mat á mengunaráhrifum vegna fyrirhugaðrar starfsemi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt taka mengunarvarnir til eftirlits með þeim sem valda eða valdið geta mengun.

Fram kemur að vöktun umhverfisins telst til mengunarvarna og er það nýmæli en í íslenskri umhverfislöggjöf eru nánast engin ákvæði um vöktun ef frá eru talin ákvæði um vöktun náttúru og náttúrufars í lögum er um slíkt fjalla.

Lögð er til skilgreining á hugtakinu besta fáanlega tækni, „Best Available Techniques“ (BAT). Hér er í fyrsta skipti í löggjöf, svo vitað sé, lagt til að krafan um bestu fáanlegu tækni verði lögfest með beinum hætti. Skilgreiningin er í samræmi við skilgreiningu í tilskipun ráðsins nr. 96/61/EB sem fjallar um mengunarvarnir. Þessi ákvæði er einnig efnislega að finna í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, t.d. í 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar. Lögð er til skilgreining á hugtakinu eftirlit sem er í samræmi við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, og merkir samkvæmt þessari grein athugun á vöru, þjónustu, hönnun vöru, ferli eða verksmiðju til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur eða almennar kröfur og skal þá byggjast á faglegum úrskurði. Þar sem eftirlitið er svo snar þáttur í framkvæmd laganna þarf að liggja ljóst fyrir hvað er átt við með eftirliti og er hér um mjög víða skilgreiningu að ræða í samræmi við viðtekna venju um að eftirlit skuli skýrt rúmt.

Lögð er til skilgreining á hugtökunum faggilding, prófun og vottun og er það einnig í samræmi við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Loks er hugtakið vöktun skilgreint sem kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu. Slíkar breytingar geta átt sér náttúrulegar orsakir eða verið af manna völdum. Vöktun er óaðskiljanlegur hluti af öllum tilraunum til að stjórna auðlindanýtingu á sjálfbæran hátt.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um framkvæmd heilbrigðiseftirlits sem lagt er til að verði sem áður framkvæmt samkvæmt heilbrigðisreglugerð. Lagt er til, svo ekkert fari milli mála, að starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem starfræktur er í samræmi við ákvæði greinarinnar eða á þeim vettvangi sem hún tekur til falli undir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna. Einnig er lagt til að almenn ákvæði yrðu sett um starfsleyfisvinnslu og útgáfu starfsleyfanna í heilbrigðisreglugerð eins og verið hefur.

Lagt er til að þau ákvæði laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, er varða hundahreinsun fari inn í heilbrigðisreglugerð, sbr. 4. tölul., en það eru einu ákvæði laganna sem hafa í raun þýðingu í dag eftir að ný sóttvarnalög hafa verið sett, sbr. lög nr. 19/1997, sem taka gildi 1. janúar 1998 en áður voru komin inn í hollustuháttalög ákvæði er varða samþykktir sveitarfélaga um hundahald, gjaldtöku, ábyrgðartryggingar o.s.frv. Enn fremur er lagt til að hægt sé að grípa til sömu ráðstafana eigi hlut að máli kettir og önnur gæludýr.

Um 5. gr.

Lagt er til í greininni að við framkvæmd mengunarvarna verði stuðst við ákvæði í mengunarvarnareglugerð eins og verið hefur.

Lagt er til að krafist verði bestu fáanlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því, sbr. nánar það sem segir um 3. gr. hér á undan og er hér um nýmæli að ræða.

Að öðru leyti er 5. gr. efnislega óbreytt frá 3. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til, svo ekkert fari á milli mála varðandi útgáfu starfsleyfa sé um mengandi starfsemi og meiri háttar atvinnurekstur að ræða, að hún skuli vera í höndum umhverfisráðherra. Í því tilviki er miðað við að samanlögð fjárfesting sé meiri en 950 milljónir króna miðað við byggingarvísitölu í september 1997, 225,9 stig. Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna gefa út starfsleyfi í öðrum tilvikum eftir því sem mælt er fyrir í reglugerð. Bent hefur verið á að hvergi komi beint fram í lögunum hver skuli gefa út starfsleyfi að öðru leyti en því að fram kemur í 16. gr. gildandi laga, sbr. breytingu nr. 70/1995, að umhverfisráðherra setji í mengunarvarnareglugerð ákvæði um útgáfu starfsleyfa á vegum Hollustuverndar ríkisins. Frá setningu reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, hefur starfsleyfisútgáfa þegar um mengandi starfsemi er að ræða verið í höndum ráðherra, fyrst í höndum heilbrigðisráðherra og síðan eftir stofnun umhverfisráðuneytis í höndum umhverfisráðherra. Með mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992 var stærsti hluti starfsleyfa færður yfir til Hollustuverndar ríkisins án lagabreytinga. Í lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er tekið fram í ákvæðum til bráðabirgða að reglugerð nr. 164/1972 skuli halda gildi sínu og það endurtekið í lögum nr. 81/1988, en fyrsta mengunarvarnareglugerð kom út á árinu 1989 og tók gildi 1. janúar 1990.

Í 2. mgr. er kveðið á um að önnur starfsleyfi en þau sem ráðherra gefur út skuli vera í höndum Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefnda og að kveðið skuli á um það í reglugerð. Þannig mundu stærri og tæknilega flóknari mál vera í höndum Hollustuverndar ríkisins en allur þorri starfsleyfa í höndum heilbrigðisnefnda. Í gildandi mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, kemur ferlið skýrt fram og yrði um óverulegar breytingar á því að ræða að öðru leyti en því að starfsleyfin yrðu kæranleg beint til úrskurðarnefndar eigi heilbrigðisnefnd hlut að máli í stað þess að vera kæranleg fyrst til Hollustuverndar ríkisins og síðar til úrskurðarnefndar eins og gildandi lög kveða á um, sbr. nánar athugasemdir við 31. gr.

Í 3.–5. mgr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að undirbúningi, auglýsingu og útgáfu starfsleyfis skv. 1. mgr., þ.e. þegar ráðherra gefur út leyfi. Þá er kveðið á um rétt manna til að koma að athugasemdum áður en starfsleyfi er gefið út, svo og um meðferð þeirra athugasemda. Rétt þykir að kveða á um í lögum með ótvíræðum hætti hvernig staðið skuli að útgáfu starfsleyfa sem ráðherra gefur út og um rétt manna til athugasemda fyrir útgáfu þeirra. Er almenningi tryggður víðtækur réttur til að koma að athugasemdum sínum, bæði áður en Hollustuvernd ríkisins sendir ráðherra tillögu sína að starfsleyfi, og eins áður en ráðherra tekur endanlega ákvörðun um útgáfu þess. Skv. 3. mgr. skal Hollustuvernd ríkisins vinna starfsleyfistillögur, sbr. 1. mgr., og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast tillögurnar. Gera má athugasemdir skriflega til Hollustuverndar ríkisins við auglýstar tillögur innan átta vikna frá auglýsingu. Þegar sá frestur er liðinn hefur stofnunin skv. 4. mgr. fjórar vikur til að senda ráðherra tillögu sína að starfsleyfi þar sem búið er að fara yfir innkomnar athugasemdir. Tillögunni á að fylgja greinargerð um þær athugasemdir sem gerðar voru og afgreiðslu þeirra. Þá er Hollustuvernd ríkisins gert að tilkynna umsækjanda um starfsleyfi um afgreiðslu sína, svo og þeim sem gerðu athugasemdir og skal þeim gerð grein fyrir hvort og þá að hve miklu leyti athugasemdirnar voru teknar til greina. Enn má koma að athugasemdum og er heimilt að gera skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögu Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um afgreiðslu. Ráðherra er óheimilt að taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrr en að þeim tíma liðnum, sbr. 1. málsl. 5. mgr. Í 2. málsl. 5. mgr. er kveðið á um birtingu starfsleyfis sem ráðherra gefur út í Stjórnartíðindum.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að umhverfisráðherra geti, að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins, veitt tímabundna undanþágu frá einstökum greinum heilbrigðisreglugerðar, sbr. 4. gr., og mengunarvarnareglugerðar, sbr. 5. gr., eða öðrum reglugerðum sem ráðherra setur samkvæmt þeim greinum. Samkvæmt gildandi lögum skulu vera almenn ákvæði í reglugerðunum um undanþágur og hafa þær verið með ýmsu móti allt frá því að ráðherra hafi veitt þær að fenginni umsögn Hollustuverndar og heilbrigðisnefndar til þess að vera í höndum heilbrigðisnefnda að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélag og að fengnum meðmælum Hollustuverndar ríkisins. Hefur þar verið um að ræða bæði tímabundnar og ótímabundnar undanþágur. Hér eftir er eingöngu gert ráð fyrir tímabundnum undanþágum í allt að 12 mánuði og að þær skuli vera í höndum umhverfisráðherra.

Lagt er til í 2. mgr. að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins, svo og um dagsektir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Við setningu reglugerða sem fjalla um atriði er varða skyldur sveitarfélaga skal hafa samráð við sambandið, sbr. það sem lagt er til í 3. mgr. Þar sem framkvæmd málaflokksins er í höndum sveitarfélaganna og um er að ræða verkefni sveitarfélaganna samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, má segja að nánast allar reglugerðir um framkvæmd laganna varði sveitarfélögin.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að ekki aðeins sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld héraðanna skuli leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir um framkvæmdir sem lögin taka til á þeirra starfssvæði heldur skuli hið sama gilda um ríkisstofnanir, þ.e. ráðuneyti og stofnanir þeirra.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um yfirstjórn málaflokksins en hann verður í höndum umhverfisráðherra og utanríkisráðherra á varnarsvæðum. Er þetta í samræmi við 4. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir því að landlæknir verði áfram ráðgjafi ráðherra um það er að lögunum lýtur og undir embætti hans fellur, sbr. 4. gr. gildandi laga. Mjög brýnt er að treysta sem best tengsl umhverfismála við heilbrigðiskerfið og er landlæknir kjörinn aðili til þess enda hefur verið náið samstarf milli umhverfisráðuneytis, Hollustuverndar ríkisins og landlæknis um málefnið. Auk þess eru tengsl landlæknis við héraðslækna mikil en þeir gegna veigamiklu hlutverki samkvæmt lögunum, sbr. nánar 14. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 5. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Lagt er til að starfandi verði tíu heilbrigðisnefndir í landinu á tíu eftirlitssvæðum í staðinn fyrir 46 nefndir á 13 eftirlitssvæðum eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Talið er rétt að stíga nú til fulls það skref sem stigið var við gerð laganna 1981 þegar heilbrigðisnefndum var fækkað úr rúmlega 200 niður í 46 og ákveðið að heilbrigðiseftirlitið skyldi rekið svæðisbundið með mismunandi mörgum heilbrigðisnefndum á hverju svæði allt frá því að vera eitt og hið sama upp í níu nefndir. Reynsla undanfarinna ára bendir ótvírætt til þess að nú sé tímabært að stíga skrefið til fulls en eftirlitsstarfsemi hefur verið rekin í landinu öllu í meira en áratug. Æskilegt er að starfandi sé ein nefnd yfir hverju svæði en ekki svæðisnefnd og mismunandi margar

heilbrigðisnefndir sem fari með valdið en svæðisnefndirnar eru samræmingaraðilar og nokkurs konar eftirlitsaðilar í héraðinu með því að eftirlitinu sé fylgt. Í stað 13 svæða eru lögð til tíu svæði og er breytingin fólgin í því að lagt er til að Akranes- og Vesturlandssvæði verði eitt svæði, „Vesturlandssvæði", Eyjafjarðarsvæði og Norðurlandssvæði eystra verði eitt svæði, „Norðurlandssvæði eystra", og að Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði verði sameinuð og heiti „Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði". Með þessu yrðu sveitarfélögin á viðkomandi svæði sem heild ábyrg fyrir rekstri eftirlitsins innan hvers svæðis en ekki einstök sveitarfélög, þ.e. þar sem ákvörðun er framkvæmd. Þetta mun styrkja eftirlitið því í mörgum tilvikum eru teknar ákvarðanir um framkvæmdir í sveitarfélögum sem eru fámenn og því lítt fær um að standa undir kostnaði jafnvel þótt endurgreiðslur séu tryggðar með lögunum. Þetta er og viðleitni í þá átt að sameina sveitarfélögin í landinu enn frekar um að standa sameiginlega að verkefnum en lög nr. 50/1981 mörkuðu á sínum tíma stefnu í sameiningarmálum sveitarfélaganna.

Lagt er til að í heilbrigðisnefndum verði fimm aðilar skipaðir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Fjórir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum á svæðinu, þar á meðal formaður nefndarinnar. Fimmti aðilinn í nefndinni skal skipaður samkvæmt tilnefningu samtaka atvinnurekenda á svæðinu. Samband íslenskra sveitarfélaga, sem og VSÍ, hafa lagt á það mikla áherslu að samtök atvinnurekenda tilnefni í nefndina, enda stendur atvinnulífið undir stærstum hluta kostnaðar við eftirlitið eða 70–80%.

Ekki er gerð tillaga um að ráðherra geti fjölgað eftirlitssvæðum og þar með heilbrigðisnefndum heldur aðeins kveðið á um nánari sameiningu með reglugerð.

Gert er ráð fyrir að með samkomulagi geti heilbrigðisnefndir kveðið á um skiptingu eftirlits sín í milli og að heilbrigðisfulltrúar sem taka að sér slíkt eftirlit hafi sama rétt til afskipta þar og geti beitt sömu þvingunarúrræðum og á eigin svæði. Í nokkrum tilvikum hefur reynst nauðsynlegt að gera slíka samninga vegna aðstæðna og staðhátta en ákvæði skortir í lög um valdsvið heilbrigðiseftirlitsins í slíkum tilvikum og er hér reynt að bæta úr því.

Um 12. gr.

Í greininni er haldið í það fyrirkomulag að sveitarfélögin bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlitsins á viðkomandi svæðum. Sú breyting er lögð til að sveitarfélögin sjálf hafi umsjón með fjármálum, geri fjárhagsáætlanir og annist skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga um álagningu eftirlitsgjalda. Þannig er sveitarfélögunum ætlað að annast þessa þætti í stað þess að blanda svæðisnefndum í málið en þær verða lagðar niður. Ekkert er því þó til fyrirstöðu og er reyndar eðlilegt að framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits geri tillögu að fjárhagsáætlun til heilbrigðisnefndar sem sendir hana til viðkomandi sveitarfélaga til afgreiðslu. Þar sem um er að ræða starfsemi á vegum sveitarfélaganna er rétt að sveitarfélögin annist þetta með sama hætti og aðra starfsemi sem þau fara með.

Í þeim tilvikum þar sem ekki næst samkomulag milli sveitarfélaga um hvaða sveitarfélag annist fjárreiður fyrir eftirlitið er í 2. mgr. lagt til að umhverfisráðherra skuli úrskurða í slíkum málum að fenginni umsögn sveitarfélaganna. Þannig á að vera tryggt að frá málum verði gengið en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að stærsta sveitarfélagið taki að sér reksturinn í slíkum tilvikum en slík fyrirmæli í lögum hafa sætt gagnrýni.

Í 3. mgr. er lagt til að í stað þess að sveitarfélögin setji sér sjálf gjaldskrár innan hvers eftirlitssvæðis eins og verið hefur setji umhverfisráðherra hámarksgjaldskrá að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins. Slík gjaldskrá verður sett í samræmi við ákvæði 3. mgr. 7. gr. þar sem kveðið er á um samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og 1. mgr. 17. gr. þar sem kveðið er á um hlutverk hollustuháttaráðs. Mestur hluti eftirlitsgjalda er borinn af atvinnu-

vegunum eða á bilinu 70–80%. Fulltrúar atvinnuveganna hafa ítrekað lýst þeirri skoðun að í landinu verði að gilda samræmd gjaldskrá fyrir eftirlit hvort sem sveitarfélögin vilja nýta sér slíka gjaldskrá að öllu leyti, að hluta til eða alls ekki. Gjaldskrár, bæði sem sveitarfélög setja sjálf, svo og hámarksgjaldskrá, verða að byggja á sannanlegum rekstrarkostnaði við eftirlitið því um er að ræða þjónustu- og eftirlitsgjald en ekki skatt.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhjóða 7. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um starfsemi heilbrigðisnefnda, svo sem um vægi atkvæða og afgreiðslu mála. Sú breyting er lögð til að héraðslæknir skuli sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétti en samkvæmt gildandi lögum er héraðslæknir formaður svæðisnefndar um heilbrigðiseftirlit sem lagt er til að verði lögð niður í samræmi við breytta skipan, sbr. það sem segir hér að framan um 11. gr. Mikilvægt er eigi að síður að treysta sambandið við héraðslækna en alls eru starfandi átta héraðslæknar í læknishéruðum landsins sem eru þau sömu og kjördæmin. Héraðslæknir getur auk þess krafist þess að haldnir séu fundir í heilbrigðisnefnd en hann er ekki atkvæðisbær í nefndinni enda æskilegt að starfsmenn ríkisins hafi ekki áhrif á starfsemi sveitarfélaganna, þar á meðal fjármál, með atkvæðisrétti. Héraðslæknar eru starfsmenn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og undir faglegri stjórn landlæknis.

Um 15. gr.

Sú breyting er lögð til í 1. mgr. að á hverju eftirlitssvæði skuli ekki starfa færri en tveir heilbrigðisfulltrúar en í dag gilda engin ákvæði um fjölda þeirra að öðru leyti en því að á hverju hinna 13 eftirlitssvæða verður að vera starfandi heilbrigðisfulltrúi eigi þar að fara fram viðhlítandi eftirlit eins og lögin kveða á um. Mikilvægt er að ekki starfi færri en tveir heilbrigðisfulltrúar á hverju eftirlitssvæði bæði til þess að tryggja að ætíð sé heilbrigðisfulltrúi á staðnum og eins til þess að fyrirbyggja faglega einangrun aðila. Vegna eðlis starfans er mjög mikilvægt að ávallt sé heilbrigðisfulltrúi tiltækur auk þess sem sú verkaskipting hefur komist á í eftirlitinu með auknum kröfum til mengunarvarna að einn heilbrigðisfulltrúi sérhæfi sig í mengunarvarnaeftirliti.

Lögð er til sú breyting í 2. mgr. að sveitarstjórnir ráði heilbrigðisfulltrúa samkvæmt tillögum heilbrigðisnefnda í stað þess sem nú er að svæðisnefndir ráði heilbrigðisfulltrúa. Telja verður eðlilegt að sveitarfélögin sjálf annist ráðningu heilbrigðisfulltrúa enda eru þeir starfsmenn sveitarfélaganna. Hins vegar verður að tryggja aðkomu heilbrigðisnefnda að málinu enda fara heilbrigðisnefndir með sjálfstætt vald gagnvart sveitarfélögunum og eru ekki settar undir boð þeirra í faglegu starfi. Brýnt er hins vegar að ekki komi til ágreinings milli sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar um ráðninguna en tryggt er að aðeins megi ráða þá til starfa sem til þess hafa leyfi umhverfisráðherra.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að allir sem starfa samkvæmt lögunum séu bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu og verslunarleynd. Þótt ákvæði hér að lútandi sé í lögum um ríkisstarfsmenn, sbr. ný lög nr. 70/1996, og gildi einnig um starfsmenn sem starfa samkvæmt sveitarstjórnarlögum er mikilvægt að ítreka hér að innan þessa málaflokks gildir fullur trúnaður um framleiðslu- og verslunarleynd enda oft um mjög viðkvæm mál að ræða. Þessu tengt er og ákvæði um upplýsingar og tilkynningar þeirra sem starfa samkvæmt lögunum til

fjölmiðla og að þær verði að vera efnislega rökstuddar og þess skuli gætt að einstaka atvinnugreinar, stofnanir og fyrirtæki verði ekki fyrir tjóni og álitshnekki að óþörfu.

Um 17. gr.

Í greininni er lagt til að umhverfisráðherra skipi sérstakt ráð, hollustuháttaráð, til fjögurra ára í senn, sem hafi það hlutverk að fjalla um þá þætti sem undir lögin falla og varða atvinnustarfsemi, svo sem samhæfingu krafna og eftirlits, stefnumörkun varðandi atvinnustarfsemi og gera tillögu um framkvæmdina. Ráðherra skal leita álits ráðsins um þá þætti er varða atvinnustarfsemi, svo sem lagabreytingar, stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár. Lagt er til að í ráðinu eigi sæti fulltrúi umhverfisráðherra sem verði formaður, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni einn, Vinnumálasambandið einn og Samband íslenskra sveitarfélaga einn.

Í samræmi við þá niðurstöðu að ekki er lagt til að stjórn verði yfir Hollustuvernd ríkisins, sbr. 18. gr., er æskilegt að þeir aðilar sem áður eru taldir komi að málum með lögskipuðum hætti, hafandi hugfast að stærsti hluti kostnaðar við eftirlitið er borinn af atvinnuvegunum, þar á meðal ríki og sveitarfélögum. Vinnuveitendasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa lagt á það mikla áherslu að þessari skipan verði komið á en það ætti að auðvelda framgang mála þannig að síður komi til deilna, t.d. um eftirlitsgjöld, framkvæmd og samræmingu eftirlitsins.

Í stuttu máli má segja að þessi grein taki mið af því að þeim aðilum sem ætlað er að standa undir kostnaði við eftirlitið gefist færi á að taka þátt í stefnumótun innan málaflokksins með lögbundnum hætti.

Um 18. gr.

Lagt er til að hlutverk Hollustuverndar ríkisins verði að mestu leyti óbreytt sem er að hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvörnum og eiturefnaeftirliti, svo og að sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í þessu felst m.a. samræming eftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti í landinu öllu. Meginhlutverk Hollustuverndar ríkisins verður að annast eftirlit með framkvæmd laganna og að vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er falla undir lögin. Stofnuninni er ekki ætlað að vera yfirvald í þeim skilningi að hún fari með eftirlitsmál en eftirlitið verður í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og aukin áhersla lögð á uppbyggingu þess samkvæmt lögunum.

Í stað þess að stofnunin fari með tiltekið eftirlit eins og gildandi lög gera ráð fyrir, svo sem innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum og hættulegum efnum og eftirlit með starfsemi sem veldur meiri háttar mengun, er lagt til að stofnunin fari eingöngu með eftirlit þegar um slíkt er samið við sveitarfélögin og getur þá tvennt komið til, annars vegar eftirlit sem nær yfir landið allt, svo sem innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum og hættulegum efnum og hins vegar eftirlit sem getur náð til ákveðinna eftirlitssvæða, m.a. vegna þess að of dýrt þyki að byggja upp sérfræðiþekkingu í fámennum eftirlitssvæðum.

Enn fremur segir í 2. málsl. 3. mgr. greinarinnar að öll starfsemi stofnunarinnar, sem er og gæti verið í samkeppnisrekstri, skuli vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar. Hér er einkum átt við rannsóknarstarfsemi en matvælarannsóknir stofnunarinnar eru reknar í samkeppni við einkafyrirtæki að hluta til.

Helsta nýmælið varðandi starfsemi stofnunarinnar er að lagt er til að stofnunin verði einnig vöktunarstofnun, þ.e. annist umhverfisvöktun í samræmi við skilgreiningu sem er að finna í 3. gr., sbr. það sem segir í athugasemd við hana. Mjög mikilvægt er að umhverfisvöktun verði sinnt skipulega og að hana annist aðili sem ekki fer með beint eftirlit. Vöktunaraðilinn verður að vera sjálfstæður gagnvart eftirlitsaðila, í þessu tilviki heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhjóða 3., 6. og 8. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að yfir Hollustuvernd ríkisins starfi forstjóri skipaður til fimm ára í senn, í stað þess að yfir stofnuninni starfi sérstök stjórn, rekstrarlegur framkvæmdastjóri og forstöðumenn sem eru faglega ábyrgir gagnvart stjórn. Er þetta í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana, sbr. og lög um starfsmenn ríkisins, nr. 70/1996. Hafa verður og í huga að Hollustuvernd ríkisins hefur í auknum mæli færst yfir í það að vera stjórnsýslustofnun, ekki síst í tengslum við þær skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir í samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Engum tilgangi þjónar að vera með sérstaka stjórn yfir stofnun sem byggir starfsemi sína á framkvæmd laga og reglugerða sem bæði að formi og efni eru ljós. Í staðinn er lagt til í 17. gr., sbr. það sem áður segir, að sérstakt hollustuháttaráð starfi sem hafi það hlutverk m.a. að gera tillögur um mótun stefnu og samræmingu eftirlits. Forstjóri skal fara með stjórn stofnunarinnar og móta stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri og snýr ábyrgðin beint að umhverfisráðherra. Sem fyrr er gert ráð fyrir að stofnuninni verði skipt í svið og að forstöðumaður með sérþekkingu starfi yfir hverju sviði. Forstöðumenn verða ábyrgir gagnvart forstjóra enda ræður forstjóri þá.

Um 21. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga.

Um 22. gr.

Hér er fjallað um faggildingu Hollustuverndar ríkisins vegna prófunar á vegum stofnunarinnar og að með sama hætti geti ráðherra ákveðið með reglugerð að faggilda starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna vegna prófunar og eftirlitsþátta eftirlitsins. Um faggildingu gilda sérstök lög, sbr. lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Um 23. gr.

Gerð er tillaga um að ráðherra ákveði í reglugerð kröfur um gæðastjórnun og innra eftirlit með starfsemi sem er eftirlitsskyld samkvæmt lögunum. Ráðherra getur m.a. kveðið á um umfang eftirlitsins og tekið ákvörðun um eftirlitsgjöld er taki mið af innra eftirliti þeirrar starfsemi sem eftirlitið beinist að og þá gefst tækifæri fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki til að lækka þann kostnað sem hlýst af eftirliti hins opinbera.

Um 24. gr.

Hér er gerð tillaga um að heilbrigðisnefndum og Hollustuvernd ríkisins sé heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum ákveðna hluta eftirlitsins og að þá skuli gerður sérstakur samningur um framkvæmdina. Þar sem heilbrigðisnefndum eru fengin í hendur þvingunarúrræði til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar þykir rétt að það komi skýrt fram að það vald sé ekki hægt að framselja til skoðunarstofu og þurfi að beita þvingunarúrræðum laganna skuli heilbrigðisnefndin eða Hollustuvernd ríkisins standa fyrir slíku eftir því sem við á.

Um 25. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 18. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um samþykktir sveitarfélaganna en einhugur hefur ríkt um framkvæmd hennar frá því að hún var sett inn í lög 1981. Sú breyting er lögð til að ráðherra geti sett gjaldskrá að fengnum tillögum Sambands

íslenskra sveitarfélaga og umsögn Hollustuverndar ríkisins til viðmiðunar fyrir eftirlit og þjónustu sveitarfélaga í tengslum við sérstakar samþykktir þeirra. Hins vegar er sú heimild ekki tekin af sveitarfélögunum að setja sér sérstakar gjaldskrár sem verða að vera í samræmi við þann kostnað sem af eftirliti og þjónustunni hlýst.

Lagt er til að innheimta megi gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi enda um lág gjöld að ræða sem vefja oft mikið upp á sig þar sem í dag þarf að fara dómstólaleiðina og fá aðfarardóm. Með þessu er og gætt samræmis við 12. gr.

Um 26. og 27. gr.

Greinarnar eru samhljóða 23. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að tekið er mið af breyttu fyrirkomulagi.

Um 28. gr.

Greinin er að efni til eins og 8., 10. og 11. mgr. 23. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Greinin er að efni til eins og 2. mgr. 25. gr. gildandi laga en fellt er úr lögunum ákvæði 1. mgr. 25. gr. þar sem gert er ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins geri tillögu til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunar í þeim tilvikum þar sem heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægjanlega ríkt eftir framkvæmdinni þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar. Þessi grein telst óþörf með hliðsjón af efni greinarinnar eins og hún birtist hér.

Um 30. gr.

Greinin er samhljóða 5. og 6. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 26. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um ágreining er rís um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaganna og ákvarðana yfirvalda og úrskurð sérstakrar úrskurðarnefndar í slíkum málum. Lagt er til að í þeim tilvikum þar sem ráðherra fer með afgreiðslu mála verði þeim afgreiðslum ekki vísað til úrskurðarnefndarinnar enda kemur úrskurðarnefndin í stað ráðherra sem endanlegur úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi og getur ekki úrskurðað í málum sem ráðherra fer með ákvörðunarvald eða úrskurðarvald í. Er þetta gert til þess að taka af allan vafa um hvernig túlka beri greinina. Einnig er lagt til að Hollustuvernd ríkisins sé ekki milliúrskurðaraðili eins og samkvæmt gildandi lögum enda óeðlilegt að vera með mörg úrskurðarstig. Þetta hefur í för með sér að ágreiningi um framkvæmd samkvæmt þessari grein við heilbrigðisnefndir eða Hollustuvernd ríkisis, t.d. um starfsleyfi, skal vísa beint til úrskurðarnefndar sem er endanlegur úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi.

Gerð er sú breyting á samsetningu úrskurðarnefndarinnar að þar skuli sitja þrír lögfræðingar sem uppfylli skilyrði til þess að geta verið héraðsdómarar en ekki aðeins einn eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Jafnframt er lagt til að í stað þess að landlæknir tilnefni einn fulltrúa í nefndina skipi umhverfisráðherra einn án tilnefningar. Þau atriði sem hafa komið til kasta nefndarinnar eru fyrst og fremst lögfræðilegs eðlis, bæði að formi og efni til. Er því viðbúið að sé einn löglærður fulltrúi í nefndinni ráði sjónarmið hans mestu um úrlausn mála og er því ástæða til að allir nefndarmenn hafi lögfræðiþekkingu og standi þannig sem mest jafnir. Eðlilegt hlýtur að teljast að umhverfisráðherra sem færi með úrskurðarvald ef ekki væri kveðið á um sérstaka úrskurðarnefnd skipi fulltrúa í hana án tilnefningar í stað landlæknis en hafa verður í huga að landlæknir hefur ráðgjafarhlutverki að gegna samkvæmt lögunum, sbr.

nánar 2. mgr. 9. gr., auk þess sem hann fer með faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisfulltrúa. Það samrýmist því lítt hutverki hans að hann tilnefni þar að auki aðila í úrskurðarnefnd til að fjalla um framkvæmd laganna.

Í 3. mgr. er lagt til að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og er það gert til þess að ekki fari á milli mála að um fullnaðarúrskurð sé að ræða þar sem nefndin kveður upp úrskurði en í gildandi lögum kemur það ekki fram.

Um 32. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða 3. mgr. 27. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að ráðherra fari með úrskurðarvald í þeim tilvikum þar sem ris upp ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um framkvæmd laganna en hafa verður í huga að heilbrigðisnefndir eru ekki settar undir vald sveitarstjórna í ákvörðunum sínum en sætti sveitarstjórn sig ekki við ákvörðun heilbrigðisnefndar hefur hún þann möguleika að óska eftir úrskurði ráðherra í málinu en getur ekki ógilt ákvörðun heilbrigðisnefndar né breytt henni. Ekki er talið eðlilegt að úrskurðarnefnd skv. 31. gr. fjalli um mál sem þessi, enda hefur svo ekki verið til þessa.

Um 33. gr.

Lagt er til að fyrir brot gegn lögunum, reglugerðum, samþykktum sveitarfélaga og fyrirmælum heilbrigðisnefnda skuli refsa með sektum og varðhaldi eða fangelsi séu sakir miklar í stað þess að refsa með sektum og varðhaldi. Það er nokkuð sammerkt með umhverfislöggjöfinni hér á landi að refsiákvæði eru væg og sæta þeir sem brjóta gegn henni í fáum tilvikum meiri refsingu en varðhaldi séu sakir miklar. Ástæða er til þess að breyta þessu og taka eins á málum þar sem brotið er gegn umhverfislöggjöfinni og öðrum brotum á stjórnsýslulöggjöf landsins eins og gert er í löggjöf nágrannalandanna.

Um 34. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1998 að öðru leyti en varðar skipan sem kveðið er á um í 11. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, falli niður en öll ákvæði þeirra laga er að finna í öðrum lögum, svo sem gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum, og í sóttvarnarlögum, nr. 19/1997, sem og í frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að sú skipan sem kveðið er á um í 11. gr. taki ekki gildi fyrr en 1. ágúst 1998. Þangað til skulu núverandi heilbrigðisnefndir starfa og um störf þeirra fer samkvæmt þessum lögum. Núverandi svæðisnefndir skulu starfa áfram til sama tíma og gegna því hlutverki sem kveðið er á um. Hafa verður í huga að sveitarstjórnarkosningar fara fram vorið 1998 og þannig gefst sveitarfélögunum kostur á að koma á hinu nýja nefndakerfi sem frumvarpið gerir ráð fyrir þegar að afloknum þeim kosningum. Annað er ekki talið raunhæft.

Þær reglugerðir sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 81/1988, með áorðnum breytingum, svo sem heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð, halda gildi sínu þar til þeim hefur verið breytt, að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við ákvæði laganna. Að sjálfsögðu verða þessar reglugerðir endurskoðaðar fljótlega til þess að laga þær að breyttum lögum. Hvorki er að finna í gildandi heilbrigðisreglugerð né mengunarvarnareglugerð ákvæði sem stríða gegn þeim ákvæðum frumvarpsins sem fjalla um framkvæmd mála að öðru leyti en varðar uppbyggingu stjórnkerfisins.

Með frumvarpinu er mörkuð sú stefna, sbr. 18. gr., að Hollustuvernd ríkisins fari aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ákvörðun sé tekin um það af umhverfisráðherra í reglugerð að höfðu samráði við stofnunina og sveitarfélögin í landinu. Samkvæmt lögum nr. 81/1988, með síðari breytingum, fer stofnunin með eftirlit með innflutningi matvæla og skráningu upplýsinga um framleiðslu og dreifingu matvæla í þágu matvælaeftirlits, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum í nauðsynjavörum og vöruskráningu vegna eiturefna og hættulegra efna, svo og eftirlit með atvinnurekstri sem hefur í för með sér meiri háttar mengun, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar. Þessu er ekki ætlunin að breyta samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II fyrr en settar hafa verið reglur um það, þ.e. eftirlitshlutverk sveitarfélaganna á þessu sviði. Eftir sem áður mun stofnunin annast beint eftirlit séu ákvæði um það í sérlögum eins og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti.

Frumvarpið er samið af nefnd sem umhverfisráðherra skipaði í febrúar 1996 til að endurskoða núgildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Frumvarpið felur í sér breytingar á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga sem miða að því að skýra og einfalda það. Lagðar eru til breytingar á starfsemi Hollustuverndar ríkisins, meðferð gjaldskrármála er einfölduð og að lokum eru refsiákvæði gerð skýrari.

Umsögnin er samin í samráði við umhverfisráðuneyti en að mati fjármálaráðuneytis munu eftirfarandi þættir hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs:

1. Samkvæmt núgildandi lögum skal umhverfisráðherra skipa Hollustuvernd ríkisins stjórn en í frumvarpinu er lagt til að leggja hana niður. Á móti kemur skipan hollustuháttaráðs sem er nýtt en hefur svipað hlutverk og núverandi stjórn Hollustuverndar ríkisins að því frátöldu að hollustuháttaráð mun ekki hafa afskipti af rekstri stofnunarinnar. Ráðið skal skipað fimm mönnum en gert er ráð fyrir að umsvif þess verði heldur minni en stjórnarinnar og að heildaráhrif af þessari breytingu verði lítils háttar sparnaður.
2. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk Hollustuverndar ríkisins að mestu óbreytt. Gert er ráð fyrir breytingum á yfirstjórn stofnunarinnar þar sem forstjóra er ætlað að bera bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð á starfseminni. Í núgildandi lögum bera forstöðumennirnir faglega ábyrgð gagnvart stjórn en framkvæmdastjóri ber rekstrarlega ábyrgð. Þessi breyting mun gera starfsemi stofnunarinnar skilvirkari og skapa möguleika til sparnaðar eða betri nýtingar fjármuna.
3. Í frumvarpinu er kveðið á um að starfsemi Hollustuverndar ríkisins sem er í samkeppni skuli vera fjárhagslega aðgreind frá öðrum rekstri. Gjaldskrá stofnunarinnar hefur ekki endurspeglað raunkostnað við prófanir, rannsóknir o.fl. Talið er að þessi breyting muni hafa þau áhrif að gjaldskrá hækki til samræmis við raunkostnað og að tekjur stofnunarinnar aukist þar með. Einnig gæti breytingin leitt til þess að umsvif minnki. Að óbreyttu ætti þessi breyting að leiða til lækkunar ríkisframlags en ógerlegt er að áætla að hve miklu marki.

4. Í 22. gr. frumvarpsins segir að stofnunin skuli hljóta faggildingu vegna prófunar og eftirlits hennar en þetta hefur verið í undirbúningi hjá stofnuninni á þessu ári. Að mati framkvæmdastjóra Hollustuverndar ríkisins mun heildarkostnaður nema 3–4 m.kr. en nokkur kostnaður hefur þegar fallið til. Það sem eftir stendur mun væntanlega falla til á næsta ári. Að mati fjármálaráðuneytis á stofnunin að geta kostað það af fjárveitingu sinni þar sem skilvirkari starfsemi mun draga úr vinnumagni og kostnaði.

Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að frumvarpið hafi ekki för með sér teljandi breytingar á útgjöldum ríkissjóðs. Fjárhagsleg aðgreining þess rekstrar Hollustuverndar ríkisins sem er í samkeppni gæti leitt til lækkunar ríkisframlags en ekki er ljóst hvort það verður og þá að hve miklu marki.

Frumvarpið leiðir til breytinga á skipulagi heilbrigðiseftirlits hjá sveitarfélögum og má ætla að það leiði til hagræðis. Gert er ráð fyrir að leggja niður svæðisnefndir, fækka eftirlitssvæðum og að ein heilbrigðisnefnd starfi á hverju svæði. Hefur það í för með sér fækkun nefnda. Einnig er lagt til að a.m.k. tveir heilbrigðisfulltrúar starfi á hverju svæði. Loks eru ákvæði er snúa að gjaldskrám og gjaldtöku sem ættu að auðvelda sveitarfélögum umsýslu þeirra mála.

198. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 26. maí 1997, um breyt. á l. nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Halldór Þorsteinsson frá sjávarútvegsráðuneyti. Ekki þótti tilefni til að senda frumvarpið til umsagnar. Mikil áhersla er lögð á að gildistöku laga nr. 89 26. maí 1997 verði frestað þar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur enn ekki lokið málsmeðferð í stofnunum sínum á endurskoðuðum samningsákvæðum viðauka I (um heilbrigði dýra og plantna) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Að lokinni málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar fer samningurinn til umfjöllunar í ráðherraráði ESB og til kynningar í Evrópuþinginu. Ákvörðun um breytingu á viðauka I við EES-samninginn verður fyrst lögð til samþykktar fyrir sameiginlegu EES-nefndina að loknu framangreindu ferli. Það er því ljóst að sú tilskipun sem lögfesta átti frá og með 1. nóvember nk. með lögum nr. 89 26. maí 1997 hefur því ekki hlotið gildi innan Evrópska efnahagssvæðisins og er því nauðsynlegt að fresta gildistöku lögfestingarlaganna. Hér er valinn sá kostur að ráði sjávarútvegsráðuneytisins að fresta gildistöku laganna um eitt ár. Er þar með vonast til að hvorki þurfi að fresta frekar né flýta gildistöku laganna frá því sem hér er lagt til að ákveðið verði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Vilhjálmur Egilsson og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. okt. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm. | Árni R. Árnason. | Stefán Guðmundsson.

Lúðvík Bergvinsson. | Hjálmar Árnason. | Guðmundur Hallvarðsson.

Sighvatur Björgvinsson.

199. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um aðlögun að lífrænum landbúnaði.

Flm.: Þuríður Backman, Egill Jónsson, Gísli S. Einarsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt sé að styðja bændur sem aðlaga búskap sinn viðurkenndum lífrænum búskaparháttum í samræmi við lög nr. 162/1994 og reglugerð nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Greinargerð.

Búvöruframleiðsla sem byggist á lífrænni ræktun er í örum vexti í mörgum löndum. Víðast hvar er skortur á lífrænt vottuðum vörum enda markaðseftirspurn vaxandi. Á Norðurlöndum og víðar er efling lífræns búskapar liður í landbúnaðarstefnunni, t.d. að 10–20% búvöruframleiðslunnar verði vottuð lífræn fyrir aldamót. Slíkt er í anda þeirrar stefnu að efla beri sjálfbæra þróun enda mun meiri kröfur gerðar til umhverfis- og búfjárverndar í lífrænum búskap en í þeim hefðbundna. Bændur, sem vilja taka upp viðurkennda lífræna búskaparhætti, geta fengið sérstaka aðlögunarstyrki í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Bretlandi, Austurríki, Þýskalandi, Sviss og víðar. Verið er hverfa frá framleiðslutengdum stuðningi til umhverfistengds stuðnings við landbúnað og er aðlögunarstyrkur við lífrænan búskap veigamikill liður í þeirri þróun. Þar með er viðurkennt að bændur sem stunda lífrænan búskap séu að taka á sig mun stærri hluta umhverfiskostnaðar en þeir sem stunda efna- og lyfjavæddan búskap er veldur sums staðar mengun og öðrum vandamálum. Bóndi, sem fer út í lífræna ræktun, þarf að kosta töluverðu til endurræktunar, breyta gripahúsum, aðlaga vélakost og standa straum af eftirlits- og vottunarkostnaði, en vottun er neytendum trygging fyrir því að varan sé framleidd og unnin samkvæmt reglum og stöðlum fyrir lífrænan landbúnað.

Í samræmi við ályktun á búnaðarþingi 1996 um lífrænan búskap (mál nr. 42, þingskjal nr. 81) var unnin skýrsla og henni skilað í nóvember sama ár undir heitinu *Stuðningur við aðlögun að lífrænum búskap*. Í lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, er ekki heimild til að veita slíkan stuðning og ljóst er að lög nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistrænna og lífrænna afurða, varða ekki beinan stuðning til einstakra bænda sem hyggjast framleiða lífrænar afurðir með búháttabreytingu sem felur í sér

verulega aðlögun samkvæmt lögum nr. 162/1994. Því þarf að marka aðlögunarstuðningi við lífrænan búskap ákveðinn bás í landbúnaðarlöggjöfinni og mætti í því sambandi einnig nefna lög um búfjárrækt, nr. 84/1989, og jarðræktarlög, nr. 56/1987, en þau eru nú í endurskoðun. Þess ber að geta að í aðlögun að lífrænum búskap gæti falist stuðningur við landgræðslu og skógrækt og þá sérstaklega skjólbeltarækt sem verður að teljast nauðsynlegur liður lífrænnar ræktunar víða um land. Þá má tengja aðlögunarstyrkjum ákveðin skilyrði um náttúruvernd, svo sem verndun votlendis og viðhald erfðafjölbreytni dýra og plantna.

Fylgiskjal.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson:

Hvers vegna lífrænn landbúnaður?

(Grein í Bændablaðinu, 13. tbl., 2. árg. 1996.)

Undanfarin þrjú ár hefur umræða um lífræna ræktun og lífræna búskaparhætti aukist mjög hér á landi. Við erum að vísu um áratug á eftir nágrannalöndunum en gætum dregið mjög á þau ef átak er gert til að efla þessa búskaparhætti. Eitt er víst að markaður fyrir lífrænt vottaðar landbúnaðarafurðir fer vaxandi og í flestum tilvikum er greitt hærra verð fyrir þessar vörur en þær hefðbundnu enda er framleiðslukostnaðurinn hærri.

Lífræn ræktun, sem byggist á uppbyggingu langtímafrjósemi jarðvegs með hvers konar lífrænum áburði, er undirstaðan. Hér á landi hafa verið settar skýrar reglur lögum samkvæmt um þessa búskaparhætti, verið er að efla leiðbeiningar og fræðslu og tvær vottunarstofur, Tún í Mýrdal og Vistfræðistofan í Reykjavík, hafa fengið starfsleyfi til að annast eftirlit og vottun samkvæmt lögum og reglugerð um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Þá er unnið að markaðsöflun erlendis.

Ljóst er að hér á landi eru skilyrði til lífræns búskapar ákjósanleg að mörgu leyti. Þar sem minna er um sjúkdóma í búfé og nytjajurtum hér en víðast hvar erlendis er lyfja- og efnanotkun minni. Einnig eru búskaparhættir hér að mörgu leyti í betri sátt við náttúruna en gerist erlendis þar sem mengun vegna áburðar og ýmissa eiturefna er víða stórfellt vandamál. Þó er ljóst að flestir íslenskir bændur eru mjög háðir notkun tilbúins áburðar á ræktað land og er það tvímælalaust helsti þröskuldurinn sem þarf að yfirstíga ef fara á út í aðlögun að lífrænni ræktun í stórum stíl. Þeir bændur sem rutt hafa brautina sýna að á mörgum búum í landinu væri hægt að taka upp viðurkennda lífræna búskaparhætti í ýmsum búgreinum, þótt í smáum stíl væri til að byrja með.

Ég fæ ekki betur séð en að það sé hagur okkar allra, jafnt bænda sem neytenda, að efla lífrænan landbúnað, því að öll viljum við vernda umhverfið, og helst bæta það, og framleiða um leið hollustu matvæli sem völ er á á byggðu bóli. Ekki skaðar að lífrænn búskapur er atvinnuskapandi og gæti stuðlað að viðhaldi og vernd byggðar í landinu. Þetta getur verið liður í nýsköpun og aukinni fjölbreytni. Þótt mest sé rætt um möguleika á útflutningi þarf einnig að sinna heimamarkaði. Verið er að flytja inn lífrænt vottaðar vörur sem sumar hverjar væri hægt að framleiða hér, t.d. grænmeti, og við skulum ekki gleyma þeim erlendu ferðamönnum sem í heimalöndum sínum eru fastir kaupendur lífrænna vara og tengja neyslu þeirra eftirsóknarverðum lifnaðarháttum og umhverfisvernd. Athygli vakti hvað poppstjarnan David Bowie vildi hafa á matseðlinum þegar hann heimsótti Ísland fyrr í sumar. Lífrænt og aftur lífrænt.

Í könnun, sem gerð var í vor, kom í ljós töluverður áhugi meðal sauðfjárbænda á að framleiða lífrænt vottað dilkakjöt til útflutnings. Nú er það orðið deginum ljósara að eigi að stunda útflutning á dilkakjöti þarf að koma til gæðavottun í æ ríkari mæli. Þar mundi lífræn vottun vega þyngst vegna þess að ímynd lífrænna búvara er mjög sterk á markaðnum. Í vetur var gerð úttekt á útbreiðslu kúariðu á lífrænt vottuðum búum í Bretlandi og kom þá í ljós að engin riðutilfelli voru þekkt á slíkum búum nema á þeim sem höfðu keypt að kálfa frá hefðbundnum búum. Með öðrum orðum, lífrænu búin í Bretlandi hafa öðlast ákveðið traust neytenda vegna þeirra búskaparhátta sem þar eru stundaðir.

Á sama tíma og verksmiðjubúskapurinn sætir vaxandi gagnrýni og hefðbundinn landbúnaður er í kreppu víða um lönd blása nú ferskir vindar um lífræna búskaparhætti. Við megum ekki láta þá jákvæðu strauma fram hjá okkur fara. Eftir hverju er verið að bíða?

200. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]

um textun íslensks sjónvarpsefnis.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

Greinargerð.

Ljóst er að þeir sem eru heyrnarlausir eða heyrnardaufir eiga mun erfiðara með að fylgjast með innlendu sjónvarpsefni en erlendu því að aðaltengiliður þeirra við efnið er skrifaði textinn sem fylgir með. Hann hefur fram að þessu aðeins fylgt erlendu efni sem hefur verið íslenskað. Hópur þeirra sem eru heyrnarlausir eða svo heyrnardaufir að þeir eiga í erfiðleikum með að fylgjast með töluðu orði í ljósvakamiðlum er mjög stór. Þeir sem nota heyrnartæki að staðaldri eru 15–18 þúsund og auk þess er mikill fjöldi heyrnardaufra sem ekki getur nýtt sér heyrnartæki. Alls er talið að á milli 25 og 30 þúsund Íslendingar séu heyrnarskertir en vilji lifa í íslensku málsamfélagi og geti það. Þetta er sennilega stærsti hópur fatlaðra í samfélaginu.

Því miður hefur í mörgum tilfellum gengið erfiðlega að dempa aukahljóð í heyrnartækjum þannig að sumir heyrnardaufir varast að nota þau mikið þegar þeir horfa á sjónvarp. Mörgum finnst því orðið brýnt jafnréttismál að texta íslenskt sjónvarpsefni eftir því sem við verður komið. Slíkt hefur verið gert í nágrannalöndunum nokkuð lengi. Auðvitað hlýtur alltaf eitthvert efni að vera undanskilið, svo sem fréttir sem berast á síðustu stundu og beinar útsendingar frá umræðum, en það yrði strax til mikilla bóta ef hafist yrði handa við að texta það efni sem hægt væri að vinna þannig með góðu móti.

Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis orðinn sjálfsagður liður í rekstri sjónvarpsstöðva og má benda á að textun íslensks efnis ýtir mjög undir bætta lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga.

201. Svar [62. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um olíuhreinsunarstöð.

1. *Með hvaða hætti hefur að undanförnu af hálfu íslenskra stjórnvalda verið fjallað um byggingu stórrar olíuhreinsunarstöðvar hérlendis?*

Hugmyndin á sér rætur í þátttöku Íslands í Barentsráðinu sem er stofnað til að efla samstarf Norðurlanda við norðvesturhluta Rússlands. Síðastliðinn vetur var kannað óformlega viðhorf rússneskra embættismanna o.fl. til hreinsunar olíu á Íslandi á leið frá olíuríkum norðvesturhéruðum Rússlands til markaða í Bandaríkjunum og Evrópu. Einnig var lauslega kannað hvort líklegt mætti telja að áhugi væri í Bandaríkjunum á samstarfi um slíkan rekstur. Gáfu þessar þreifingar til kynna að hugmyndin gæti verið raunhæf.

Fjárfestingarskrifstofa Íslands hefur síðan gert ráðstafanir til að unnin verði af sérfróðum mönnum forhagkvæmniathugun varðandi byggingu olíuhreinsunarstöðvar, hefur kynnt þeim fjárfestingarumhverfi hér á landi og haft forgöngu um öflun nauðsynlegra upplýsinga.

2. *Hvaða erlendir aðilar koma að þessu máli og hverjar eru tæknilegar og viðskiptalegar forsendur þess?*

Ekki er unnt á þessu stigi að greina frá erlendum samstarfsaðilum fjárfestingarskrifstofunnar í verkefninu en hugmyndin snýst sem fyrr segir um að nýta hagkvæma legu Íslands til að hreinsa olíu sem kemur frá norðvesturhéruðum Rússlands á leið sinni á markað í Bandaríkjunum eða Evrópu. Litið hefur verið svo á að algjör forsenda fyrir framgangi málsins væri að samstarf gæti komist á milli aðila sem bærir eru til að gera langtímasamninga um afgreiðslu á olíu til vinnslu og tryggja afsetningu á áðurnefndum mörkuðum, auk traustra vestrænna fjárfesta. Æskileg stöðvarstærð, mannaflaþörf og fjárfesting eru meðal þeirra atriða sem athuguninni er ætlað að upplýsa.

3. *Liggur fyrir úttekt á áhættuþáttum að því er snertir mengunarhættu frá rekstri og sjóflutningum?*

Engar úttektir liggja fyrir á þessu stigi um neina þætti málsins en fram hefur komið að andstætt eldri gerðum olíuhreinsunarstöðva megi gera þær sem nú eru reistar svo úr garði að rekstrinum fylgi lítil mengunarhætta. Dæmi séu þess að hreinsunarstöðvar standi í borgum og við baðstrendur. Lögð hefur verið áhersla á það að hér þurfi að uppfylla ströngustu kröfur í þessum efnum.

4. *Hvað liggur fyrir um hugsanlega staðsetningu olíuhreinsunarstöðvar hérlendis?*

Frumathugun tekur mið af því að verksmiðjan verði á Austurlandi.

5. *Hvert er ráðgert framhald málsins?*

Miðað er við að forhagkvæmniathugun verði skilað í lok ársins. Niðurstöðu hennar er ætlað að varpa ljósi á hvort forsendur séu fyrir áframhaldi verkefnisins.

202. Svar [63. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

1. *Hver er staða athugana á byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði?*

Í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á þingskjali 68 er gerð grein fyrir endurskoðun áforma um kísilmálmvinnslu. Auk þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni hefur markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) nýverið undirritað samkomulag við orku- og stóriðjunefnd Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi (OSSA) um sameiginlegar athuganir á aðstæðum og undirbúningi fyrir stóriðju á Reyðarfjarðarsvæðinu. Sérstök verkefnisstjórn hefur verið tilnefnd sem í sitja tveir fulltrúar frá hvorum aðila og mun starfsmaður hennar hafa aðsetur á Reyðarfirði. Meðal verkefna verkefnisstjórnarinnar er endurskoðun á áformum um byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Endurskoðunin er á byrjunarstigi, sbr. framangreinda skýrslu iðnaðarráðherra.

2. *Hafa að undanförnu átt sér stað viðræður við erlenda aðila um málið?*

Engar viðræður hafa átt sér stað við hugsanlega erlenda samstarfsaðila enda málið á byrjunarstigi.

3. *Er ríkisstjórnin reiðubúin að taka frumkvæði í málinu, ef hagkvæmt þykir, með innlendri fjármögnun eins og gert var ráð fyrir er lög voru sett um verksmiðjuna árið 1982?*

Eins og áður er komið fram er málið á byrjunarstigi, og því ekki tímbært að taka afstöðu til spurningarinnar. Það frumkvæði sem iðnaðarráðuneytið, MIL og OSSA hafa tekið lýtur að endurskoðun eldri áætlana og leit að erlendum samstarfsaðila sem hefur reynslu af rekstri slíkra verkefna og þekkingu á markaðinum.

203. Svar [64. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um viðræður við Atlantsál um álbræðslu á Keilisnesi.

1. *Hver er staðan í viðræðum íslenskra stjórnvalda um byggingu álbræðslu á Keilisnesi?*
2. *Hvaða breytingar hafa orðið á stöðu þessa máls frá árinu 1992?*

Í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju, sem lögð var fyrir Alþingi á þingskjali 68, er að finna ítarlegar upplýsingar um stöðu viðræðnanna.

3. *Hafa viðræður íslenskra stjórnvalda við Norsk Hydro um álbræðslu áhrif á viðræður við Atlantsáls-hópinn?*

Nei, ekki að svo komnu máli.

4. *Hefur af hálfu Atlantsáls verið lögð fram skýrsla um mat á umhverfisáhrifum verksmiðjunnar, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum, eða verið sótt um starfsleyfi, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit?*

Af hálfu Atlantsálsaðilanna var sótt um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins í júní 1990. Í framhaldi af umsókninni vann mengunarsvið Hollustuverndar að tillögu að starfsleyfi sem var auglýst og lá frammi til kynningar haustið 1991. Í tillögunni var gert ráð fyrir margvíslegum umhverfisathugunum og á vegum Atlantsálsaðilanna var unnið að ýmsum slíkum athugunum í framhaldi af auglýsingunni. Atlantsálsaðilarnir hafa ekki endurnýjað umsókn um starfsleyfi eða lagt fram skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

5. *Hver er bókfærður kostnaður íslenska ríkisins og Landsvirkjunar vegna undirbúnings málsins, í heild og sundurliðað eftir árum, fært til núvirðis?*

Útlagður kostnaður í millj. kr. á verðlagi í október 1997 vegna verkefnisins er sem hér segir, en hlutdeild verkefnisins í föstum kostnaði (launum og öðrum skrifstofukostnaði) hefur ekki verið áætluð sérstaklega:

Ár	Ráðuneyti m.kr.	MIL m.kr.	Landsvirkjun m.kr.
1988	5,7	2,2	18,1
1989	20,6	9,9	149,4
1990	30,1	33,7	498,4
1991	21,2	12,6	564,7
1992	6,4	1,4	132,4
1993	0,6	-0,5	0
1994	0	0,5	0
1995	0	0,6	0
1996	0	1,0	0
Samtals	**84,6**	**61,4**	**1.363,0**

Verulegur hluti af útlögðum kostnaði ráðuneytisins og MIL á árunum 1990 og 1991 er vegna staðarvals og umhverfisrannsókna á Keilisnesi, við Reyðarfjörð og við Eyjafjörð. Þessar athuganir munu væntanlega einnig nýtast vegna annarra verkefna. Kostnaður Landsvirkjunar er að mestu vegna undirbúnings virkjanaframkvæmda sem mun nýtast síðar, þegar ráðist verður í hlutaðeigandi framkvæmdir vegna almennra þarfa og stóriðju á Keilisnesi eða í öðrum landshlutum.

204. Svar [65. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um álbræðslu Norsk Hydro (Hydro Aluminium) á Íslandi.

1. *Hver er staða viðræðna íslenskra stjórnvalda við Norsk Hydro og/eða Hydro Aluminium um byggingu álbræðslu hérlendis og hvert er ráðgert framhald þeirra?*

Í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju, sem lögð var fyrir Alþingi á þingskjali 68, er að finna upplýsingar um sameiginlega athugun íslenskra stjórnvalda, Landsvirkjunar og MIL annars vegar og Hydro Aluminium Metals Product hins vegar á byggingu álvers á Íslandi með norskri rafgreiningartækni. Þar er gerð grein fyrir stöðu málsins.

2. *Hver er áætluð hámarksstærð og áfangaskipting álbræðslunnar og ráðgerður byggingartími?*

Hydro Aluminium hefur lýst áhuga á byggingu álbræðslu með 240.000 tonna framleiðslugetu á ári sem stækka mætti í allt að 720.000 tonn. Athugunin miðast í upphafi við tvo áfanga með allt að 240.000 tonna framleiðslugetu á ári í hvorum og er gert ráð fyrir að fyrsti áfanginn tæki til starfa árin 2004 eða 2005 og síðari áfanginn fimm árum síðar.

3. *Hvar er fyrirhugað að staðsetja álbræðsluna?*

Ákvörðun um staðsetningu liggur ekki fyrir.

4. *Hversu mikillar raforku yrði þörf fyrir álbræðsluna og hvaða virkjanir og stofnlínur þyrfti að byggja hennar vegna? Hver er áætlaður fjárfestingarkostnaður vegna byggingar raforkuvirkja og álbræðslunnar, í heild og sundurliðað eftir byggingaráföngum?*

Gert er ráð fyrir að raforkuþörf fyrsta áfanga yrði um 3600 gW-stundir á ári og orkuþörf seinni áfanga svipuð. Verið er að athuga hvaða virkjanir og stofnlínur þyrfti að reisa hennar vegna, en reiknað er með að virkjanir á Norðaustur- og Austurlandi mundu anna meginhluta raforkuþarfarinnar. Þá er einnig verið að athuga hvaða stofnlínukerfi mundi fylgja slíkum virkjunum og er ekki fullkannað hvernig því yrði háttað. Nánari áætlanir um fjárfestingarkostnað en fram koma í áðurnefndri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra á þingskjali 68 liggja ekki fyrir þar sem athuganir eru á byrjunarstigi.

5. *Hefur verið rætt um raforkuverð til álbræðslunnar og ef svo er, hvaða meginviðhorf eru þar lögð til grundvallar?*

Eins og fram kom í svari við 1. lið er hér um sameiginlega athugun að ræða og eru umræður um orkuverð ekki hafnar, enda liggja nauðsynlegar upplýsingar og forsendur ekki fyrir.

6. *Er fyrirhuguð eignaraðild Íslendinga í álbræðslunni og ef svo er, hversu mikil?*

Já, eins og fram kemur í framangreindri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem lögð hefur verið fyrir Alþingi. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hversu mikil eignaraðildin verður.

7. *Er ráðgert að útlendingar, og þá hverjir, eigi hlut í virkjunum vegna álbræðslunnar og ef svo er, hversu mikinn og með hvaða skilmálum?*

Það er ekki útilokað. Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal aðilum í einu ríki innan EES vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri í öðru ríki á svæðinu. Til að laga íslenska löggjöf að ákvæðum samningsins var lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, breytt með lögum nr. 46/1996. Með breytingunni var einstaklingum sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilum sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki veittur sami réttur til að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og íslenskum ríkisborgurum og öðrum íslenskum aðilum. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvort, hverjir, hversu stór hlutur eða hvaða skilmálar muni gilda.

8. *Hefur umhverfisráðuneytið komið að viðræðum um þetta mál og hefur verið mótuð stefna um mengunarvarnir verksmiðjunnar?*

Umhverfisráðuneytið hefur ekki komið að viðræðunum. Gert er ráð fyrir að notuð verði besta fáanleg tækni (BAT) í mengunarvörnum.

9. *Hvernig samræmist bygging álbræðslu fyrir huguðum alþjóðasamningi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?*

Í 2. gr. rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar segir: „*Lokamarkmið þessa samnings og hvers konar löggerninga honum tengdum sem þing aðila kann að samþykkja er, í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins, að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Þeim mörkum ætti að ná innan tímamarka sem nægðu til að vistkerfi geti sjálf aðlagað sig að loftslagsbreytingum til þess að tryggja að matvælaframleiðsla sé ekki í hættu og til að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.*“

Það er í fullu samræmi við ákvæði loftslagssamningsins og Dagskrár 21 sem samþykkt var í Rio de Janeiro að stuðla að því að framleiðsla fari fram þar sem losun gróðurhúsalofttegunda er minnst. Hér á landi, þar sem vatnsafl er nýtt til raforkuvinnslu, er losun gróðurhúsalofttegunda við álframleiðslu í lágmarki. Þannig er losun koldíoxíðs um tíundi hluti þess sem er losað þegar kol eru nýtt til raforkuvinnslunnar. Í því sambandi má geta þess að talið er að árið 1990 hafi rúmlega þriðjungur af álframleiðslu í heiminum nýtt rafmagn sem unnið var úr jarðefnaeldsneyti, einkum kolum. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna rammasamningsins sem samþykkt var í október 1995 kemur skýrt fram það álit ríkisstjórnarinnar að skuldbindingar um takmörkun útstreymis gróðurhúsalofttegunda eigi ekki að koma í veg fyrir að reist verði ný stóriðjufyrirtæki í landinu, ef þau vilja nýta sér hinar hreinu orkulindir landsins, jafnvel þótt fyrirtækin noti kol eða koks sem hráefni og auki útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna þess. Í skýrslum Íslands sem lagðar hafa verið fram fyrir þing aðildarríkja samningsins er gerð grein fyrir þessu og í skýrslu sem sendinefnd á vegum skrifstofusamningsins hefur tekið saman um skýrslu Íslands er þetta álit tíundað án þess að gerðar séu nokkrar athugasemdir við það.

Leggja verður áherslu á að ávallt verði nýtt besta fáanlega tækni (BAT) í nýjum stóriðjuverum, sem kunna að verða reist á Íslandi á næstu árum.

10. *Hafa fleiri ráðuneyti en framangreind komið að þessu máli og hefur ríkisstjórnin gert samþykktir varðandi það?*

Önnur ráðuneyti hafa ekki komið að málinu. Það hefur verið kynnt í ríkisstjórn en ekki gerðar samþykktir um það.

205. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Egill Jónsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að stefna beri að því að öll hefðbundin matvælaframleiðsla skuli vottuð á forsendum sjálfbærrar þróunar fyrir árið 2001. Á framangreindum forsendum skal stefnt að því að 20% landbúnaðarframleiðslunnar verði vottuð lífræn.

Þá skal unnið að því ötullega að koma á vottunarkerfi sjávarafurða sem byggist á stjórnunarkerfi og vinnslu sjávarafurða þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi.

Greinargerð.

Nágrannalönd okkar hafa flest sett sér markmið hvað varðar framleiðslu lífrænna landbúnaðarafurða. Þau búa þó við þann ókost að á mörgum svæðum er jörð mengaðri af völdum áburðarnotkunar en þekkist hér á landi. Íslendingar geta margt lært af nágrannaþjóðunum í þessu efni, en möguleikar okkar eru ekki síðri, m.a. vegna legu landsins. Hins vegar getur Ísland verið forustuland hvað varðar vottun sjávarafurða, ekki þarf annað að gera en að byggja á því stjórnunarkerfi sem nú er unnið eftir í landinu og er meðal þeirra fremstu í heiminum. Ísland hefur þá sérstöðu að 82% gjaldeyristekna vegna vöruútflutnings koma úr sjávarútvegi og það undirstrikar mikilvægi málsins sem hér er fjallað um. Við getum ekki beðið eftir að aðrar þjóðir setji okkur leikreglur um hvernig skuli fara með sjávarafurðir heldur eigum við að setja upp vottunarkerfi á þeim grunni sem við höfum byggt upp í landinu. Það má ljóst vera að neytendur gera æ meiri kröfur um að vita um uppruna þeirra matvæla sem þeir kaupa, hvaða tegund sem um er að ræða. Það verður spurt um alla þætti, frá veiðum á fiski eða framleiðslu landbúnaðarvara til þess þegar afurðirnar eru komnar á borð neytenda. Því verður að vinna ötullega að framgangi vottunar íslenskra matvæla um heilbrigði, hreinleika og hollustu.

Miklar breytingar eiga sér stað á aðferðum við framleiðslu matvæla. Ástæðan er aukin krafa neytenda til umhverfisþátta og siðferðisþátta í umgengni við dýr, svo og um aukin gæði framleiðslunnar og hollustu fæðunnar. Mikilvægt er að koma á jafnvægi milli náttúruverndarsjónarmiða, gæða með tilliti til heilsufars og góðrar meðferðar á skepnum og þjóðhagslegra sjónarmiða sem lúta að arðbærum rekstri atvinnugreinanna.

Á Íslandi er lítið um lífræna framleiðslu en þó hefur í nokkurn tíma verið stunduð slík ræktun og náðst mjög góður árangur. Má þar nefna starf bænda í Pétursey í nágrenni Víkur í Mýrdal, Skaftholti í Gnúpverjahreppi, Sólheimum í Grímsnesi, Dyrhólum, Mýrdal, Neðri-Hálsi í Kjós og Vallarnesi á Héraði sem dæmi. Afurðir þessara bænda eru mjög eftirsóttar, þær hafa vakið athygli fyrir hollustu og seljast vel þegar þær eru í boði.

Neytendur krefjast í æ ríkari mæli meira framboðs lífrænna matvæla og gera einnig kröfu um að fæðuframleiðslan taki tillit til umhverfisþátta. Einnig er þung áhersla lögð á að landbúnaður valdi sem minnstu álagi á umhverfið og að bændur framleiði gæðavöru.

Traust neytenda á lífrænt ræktuðum vörum á sér stoð í þróuðu eftirlitskerfi og leyfisveitingum. Nú eru fyrirliggjandi lög nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, og reglugerð þar að lútandi, þannig að umgerðin er til, en tilgangur tillögu þessarar er að fylgja lögunum eftir.

Ef skyggnst er fram til þess tíma sem tillaga þessi er miðuð við má gera ráð fyrir að neytendur muni þá gera enn stífari kröfur í þessum efnum. Því mætti telja eðlilegt að setja það markmið að árið 2002 verði hlutur lífrænna framleiðsluvara 20% af smávöruverslun á heimamarkaði.

Langtímamarkmið í landbúnaði verður að snúast um sjálfbæran búskap sem er grundvöllur lífrænnar matvælaframleiðslu og að greinin standist kröfur um vörugæði, meðferð dýra og vistvæna sambúð við náttúruna. Matvælaframleiðsluna verður að byggja á samstilltri hringrás lífræns efnis. Ljóst er að maturinn endurspeglar umhverfið sem hann er framleiddur í. Því verður að skerpa áherslur varðandi þessi mál til að svara kröfum tímans.

Íslendingar, íslenskir bændur, eiga að setja sér það markmið að framleiða búvörur í heimsins hreinasta landi. Með þessu markmiði getum við mætt alþjóðasamkeppni. Við þurfum að geta gefið, og staðið við, þau skilaboð til umheimsins að Íslendingar rækti í hreinustu moldinni, noti hreinasta vatnið, búi við hreinasta loftið og lúti ströngustu kröfum um meðferð matvæla.

Nágrannaþjóðir okkar hafa sett sér markmið um lífræna framleiðslu. Danir stefna t.d. að því að árið 2000 verði 15–20% landbúnaðarframleiðslu þeirra viðurkennd sem slík, þar af grænmeti u.þ.b. 50%, og stefna þeir að verulegum útflutningi lífrænt ræktaðs grænmetis ásamt auknu framboði á heimamarkaði.

Sums staðar erlendis hefur notkun áburðar og varnarefna aukist mikið frá árinu 1970 og því er framboðsaukningin mikil. Heildarframleiðsla margfaldaðist í fyrstu, dróst síðan snögglega saman til ársins 1980 en hefur aukist jöfnum skrefum síðan þá. Talið er að sjö alþjóðleg fyrirtæki ráði u.þ.b. 80% af matvælamarkaðinum í heiminum. Því er ekki að undra að fjármagnið leiti út fyrir frumframleiðsluna.

Lífrænn landbúnaður væri mótvægi við þessa þróun. Kostnaður af aðföngum og vélum minnkar og það vegur upp tekjutap af minni uppskeru. Milliliðakostnaður er miklu minni á lífrænu mörkuðunum en það skilar sér í auknum tekjum til bænda. Þetta verður tvímælalaust hagur þjóðfélagsins og landbúnaðarins í heild því að lífræn framleiðsla hlífir umhverfinu og gerir kröfu til þess að viðkvæm svæði séu ekki of nytjuð. Draga mun úr kostnaði vegna efnamengunar en það stuðlar að betri ímynd landbúnaðarins.

Segja má að að lífrænn landbúnaður sé lykillinn að bættri sambúð manns og náttúru, landbúnaðar og samfélagsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Áhrif ES-reglugerðar nr. 2078/92, um þróun lífræns landbúnaðar í Evrópusambandinu. Dr. Nicolas Lampkin, rannsóknastofnun landbúnaðarins við háskólann í Wales (frá CEPFAR/IFOAM-ráðstefnunni um lífrænan landbúnað, Vignola, Ítalíu, 6.–8. júní 1996).

II. Súlurit sem sýna vistræna framleiðslu í Vestur-Evrópu (úr ES-reglugerð nr. 2078/92).

Sjá þskj. 81 (80. mál 121. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1996–97, bls. 771–780.

206. Frumvarp til laga [198. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Gísli S. Einarsson,
Jón Baldvin Hannibalsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Í hverri sýslu skal starfa jarðanefnd skipuð þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Viðkomandi héraðsnefnd tilnefnir tvo aðalmenn og jafnmarga varamenn og búnaðarsamband viðkomandi sýslu tilnefnir þriðja aðalmanninn og varamann hans. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi aðalmanna.

Jarðanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Orðin „gjöf“ og „fyrirframgreiðslu arfs“ í 1. mgr. falla brott.

b. 2. og 3. mgr. orðast svo:
Nú eru sveitarstjórn og jarðanefnd sammála um að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins og er þá heimilt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar, enda séu lagðar fram skriflega rökstuddar ástæður, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.
Rísi ágreiningur milli viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar getur hvor um sig vísað ágreiningnum til ráðherra á grundvelli rökstuddrar greinargerðar. Ráðherra fellir úrskurð að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Úrskurður skal felldur innan eins mánaðar frá því erindið barst ráðherra. Um slíka úrskurði skulu eiga við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.
c. 6. tölul. 4. mgr. orðast svo: Þegar fyrir liggur yfirlýsing um að jörðin verði tekin til skógræktar og/eða landgræðslu og yfirlýsingin hefur verið staðfest af Skógrækt ríkisins og/eða Landgræðslu Íslands.
d. 6. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „eða afsala fasteigninni til aðila, sem uppfyllir skilyrðin“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: og skal þá taka fram í tilkynningunni um frestinn nákvæmlega hvaða skilyrði það eru sem á skortir að uppfyllt séu.

3. gr.

Síðari málsliður 7. gr. laganna orðast svo: Hafi svar þá ekki borist er hin áformaða ráðstöfun heimil.

4. gr.

Á eftir orðunum „áformaða sölu fasteignar“ í 1. málsl. 8. gr. laganna kemur: á grundvelli rökstudds álits.

5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:
Eiganda eða forráðamanni jarðar, sbr. 3. gr., er heimilt að uppfylltum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, að reisa á landi sínu gistiaðstöðu fyrir ferðamenn, svo sem veiðihús eða sumarbústaði, án þess að afla þurfi leyfis jarðanefndar.

6. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Óski félagasamtök, svo sem stéttarfélög, eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn er jarðanefnd rétt að heimila það, enda liggi fyrir samþykki jarðeiganda. Sama gildir ef félagasamtök eða einstaklingar óska eftir landi til skógræktar eða landgræðslu.

8. gr.

20. gr. laganna orðast svo:
Kostnaðurinn við störf jarðanefnda greiðast af viðkomandi sveitarsjóðum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

9. gr.

2. málsl. 2. mgr. 37. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Fyrir 1. október 1998 skal ráðherra hafa lokið við að láta endurskoða ákvæði jarðalaga, einkum og sér í lagi ákvæði IV. kafla laganna, um forkaupsrétt. Frumvarp þess efnis skal lagt fyrir Alþingi það haust.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Greinargerð.

Markmiðið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er það að auðvelda kaup og sölu jarða þannig að sannvirði geti fengist fyrir bújarðir bænda en eins og jarðalög, nr. 65/1976, eru nú úr garði gerð, ekki síst eftir breytingar sem gerðar voru vorið 1994, eru miklar hindranir lagðar í veg fyrir viðskipti með bújarðir þannig að möguleikar bænda til jarðasölu eru stórlega skertir og verðmæti eigna þeirra rýrð að sama skapi. Hitt meginmarkmiðið með breytingum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir er að auðvelda bændum sem stunda landbúnað að nýta jarðir sínar jafnframt til tekjusköpunar vegna annarrar starfsemi, svo sem til bygginga og útleigu á sumarbústöðum og til útleigu eða eigin framkvæmda vegna landgæðslu og skógræktar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir ýmsum öðrum breytingum á gildandi lögum, svo sem að breyta nokkuð skipan jarðanefnda, draga úr völdum þeirra, sem verið hafa óhemju mikil og oft hindrað eðlileg viðskipti með jarðnæði, og leggja þeim þá skyldu á herðar að rökstyðja skriflega ákvarðanir sínar ef þær leggjast gegn eigendaskiptum en það hafa þær ekki þurft að gera og skapar það hættu á geðþóttaákvörðunum. Þá hefur komið fram að álitamál kunni að vera hvort ákvarðanir jarðanefnda og/eða sveitarstjórna samkvæmt jarðalögum falli undir ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Flutningsmenn telja að allan vafa eigi að taka af um hvort stjórnsýslulögin eigi hér við og í frumvarpinu er lagt til að svo sé gert.

Þegar jarðalögin voru sett á sínum tíma var rekstrarumhverfi landbúnaðarins allt annað en það er nú orðið. Þá var uppgangur í landbúnaði og mikil ásókn í jarðir, ekki síst hlunnindajarðir. Þótti því nauðsyn bera til að takmarka rétt jarðeigenda til þess að ráðstafa jörðum sínum, en slík takmörkun á eignarrétti hefur ávallt í för með sér að lægra verð fæst fyrir eignirnar. Jarðalögin eru því lög um takmarkanir á ráðstöfunarrétti eigna og valda verðlækkun viðkomandi eigna og geta jafnvel gert þær hartnær óseljanlegar. Með breytingum, sem gerðar hafa verið á lögunum, t.d. með ákvæðum 6. mgr. 6. gr., þar sem heimilt er að binda samþykki fyrir jarðakaupum því skilyrði að væntanlegur kaupandi hafi allt að tvö ár haft fasta búsetu á eigninni eða í næsta nágrenni hennar og skuldbindi sig jafnframt til þess að eignin verði nýtt til landbúnaðar, hafa slíkar hindranir verið lagðar í veg fyrir eðlileg viðskipti með jarðir að segja má að bújarðir bænda hafi verið gerðar verðlausar. Þetta ákvæði var sett í lög vegna ótta manna um að aðild Íslendinga að Evrópska efnahagssvæðinu kynni að valda því að útlendingar keyptu upp bújarðir á Íslandi í stórum stíl í því skyni að taka þær úr ábúð. Reynslan hefur sýnt að fáar eða engar fyrirspurnir hafa borist frá útlöndum um kaup á íslenskum bújörðum og því hafa umrædd ákvæði eingöngu torveldað viðskipti milli landsmanna sjálfra. Þá er það einnig andi jarðalaganna, eins og þau eru nú úr garði gerð, að tryggja, m.a. með viðskiptahindrunum, að allar jarðir á Íslandi, sem nýttar voru til hefðbundins landbúnaðar árið 1976, verði nýttar þannig um ókominn tíma. Slíkt markmið stangast að sjálfsögðu algerlega á við umhverfið þar sem miklum fjármunum hefur verið varið úr

ríkissjóði til þess að draga úr landbúnaðarframleiðslu, einkum sauðfjárrækt, með uppkaupum og öðrum aðgerðum sem beinast að því að draga úr eða hætta hefðbundnum landbúnaði á bújörðum.

Jafnhliða því sem slíkt er gert má auðvitað ekki leggja björg í götu bænda sem vilja selja bújarðir sínar og fá sem hæst verð fyrir eða nýta þær til annarrar tekjuöflunar samfara því sem dregið verður úr hefðbundinni landbúnaðarnýtingu þeirra. Jarðalögin í núverandi mynd eru slíkt bjarg í vegi bænda og valda mikilli og óeðlilegri verðrýrnun á eignum þeirra sem er í hæsta máta óeðlilegt eins og nú er komið fyrir íslenskri bændastétt. Breytingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, yrðu því til stóraukins hagræðis fyrir bændur landsins og mundu auðvelda þeim að takast á við þá erfiðleika sem þeir standa nú frammi fyrir.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 120. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu landbúnaðarnefndar. Frumvarpið er nú endurflutt óbreytt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

4. gr. gildandi laga kveður á um skipan jarðanefnda. Þar er gert ráð fyrir því að Búnaðarsamband viðkomandi sýslu skipi meiri hluta nefndarinnar, þ.e. tvo nefndarmenn og varamenn þeirra, en í upphaflegum lögum var gert ráð fyrir að sýslunefnd skipaði einn nefndarmann. Þegar sýslunefndir voru lagðar niður með lögum, en héraðsnefndir komu í þeirra stað, var lögunum breytt þannig að héraðsnefnd skipaði einn fulltrúa í stað sýslunefndar.

Sýslunefndirnar voru skipaðar fulltrúum dreifbýlissveitarfélaga í viðkomandi sýslu (engir fulltrúar kaupstaða) en að héraðsnefndunum eiga öll sveitarfélög sýslunnar aðild. Koma þannig fram í héraðsnefndunum viðhorf allra sveitarfélaga sýslunnar, þar á meðal þéttbýlissveitarfélaga. M.a. af þeim ástæðum þykir flutningsmönnum eðlilegt að héraðsnefndirnar með aðild allra sveitarfélaga viðkomandi sýslu skipi meiri hluta jarðanefnda, tvo fulltrúa af þremur, en viðkomandi búnaðarsamband einn fulltrúa. Til samræmis við það er svo ráð fyrir því gert í 8. gr. frumvarpsins að sveitarfélögin greiði allan kostnað við störf jarðanefndanna.

Þá er einnig gerð tillaga um það í 1. gr. frumvarpsins að fellt verði brott ákvæði 4. gr. gildandi laga um að áskilja að þeir sem sæti taka í jarðanefnd skuli kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni og vera þar búsettir. Óþarfi er að taka slíkt sérstaklega fram í lögum þar sem gert er ráð fyrir að jarðanefndarmenn séu skipaðir af fulltrúum heimamanna sjálfra, búnaðarsambandi og héraðsnefnd.

Um 2. gr.

6. gr. gildandi laga er meginefnisgrein þeirra þar sem miklar kvaðir eru reistar gegn ráðstöfun eigenda bújarðar á eign sinni og mjög mikil völd lögð í hendur jarðanefnda í því skyni. Með þeim breytingum, sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins, eru völd nefndanna takmörkuð og að sama skapi ráðstöfunarréttur jarðeiganda á eign sinni aukinn.

Í 1. mgr. 6. gr. eru taldar upp þær ráðstafanir eigenda jarðnæðis á fasteign sinni sem honum eru óheimil nema með samþykki jarðanefndar. Þar með talið er að eigandi má ekki gefa eign sína t.d. til góðgerðastarfsemi nema samþykki jarðanefndar fáist. Eigi má heldur jarðeigandi ráðstafa fasteign sinni til barna sinna sem fyrirframgreiðslu arfs nema samþykki nefndarinnar komi til. Þetta er að áliti flutningsmanna allsendis óhæfilegar kvaðir á ráðstöfunarrétti jarðeigenda á eign sinni og er því lagt til í a-lið 2. gr. frumvarpsins að ekki þurfi að afla samþykkis jarðanefndar til slíkra ráðstafana.

Í 2. mgr. 6. gr. gildandi laga eru ákvæði sem heimila sveitarstjórn og jarðanefnd að synja um áformaða ráðstöfun fasteignar telji þessir aðilar hana andstæða hagsmunum sveitarfélags-

ins og í 3. mgr. 6. gr. eru ákvæði um að greini þessa aðila á felli ráðherra úrskurð. Athyglisvert er að engin ákvæði eru um það í lögunum að færa þurfi fram rök fyrir synjuninni. Dæmi eru um að jarðanefnd hafi hafnað kaupum á þeim forsendum að nefndarmönnum hafi ekki litist á væntanlegan kaupanda. Þeir starfshættir að ekki þurfi að leggja fram rökstuddar ástæður fyrir synjun valda því einnig að grunsemdir geta vaknað um að jarðanefndarmenn eða viðkomandi sveitarstjórnir vilji með afstöðu sinni ráða því að einhver tiltekinn einstaklingur fái jarðnæðið fremur en einhver annar hvað sem líður vilja eiganda. Mörg mál hafa risið vegna deilna af þessu tagi og er umhugsunarvert hversu mikið skortir á að greinargóð rök séu færð fyrir synjunum jarðanefnda og sveitarstjórna. Nægir í því sambandi að vitna til dóms héraðsdóms Rangárvallasýslu frá 20. júní 1989 í aukadómþingsmálinu nr. 1/1989, en þar eru raktir málavextir þar sem, að áliti flutningsmanna, ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til eðlilegra og nútímalegra sjónarmiða í stjórnsýslu og samskiptum opinberra valdsaðila við borgara. Synji jarðanefnd, sveitarstjórn og/eða ráðherra eigenda jarðnæðis um þá ráðstöfun eigna sinna sem hann sjálfur kýs verða synjunaraðilar að rökstyðja synjun sína skriflega og á greinargóðan hátt þannig að aðilar málsins geti gengið úr skugga um ástæður og gætt réttar síns í framhaldi af úrskurðinum. Breytingar þær, sem b-liður 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, eru einmitt þess eðlis að gera skuli kröfu um rökstuðning fyrir synjunum jarðanefnda og/eða sveitarstjórna á ráðstöfun eigenda jarðnæðis og rísi ágreiningur skuli ráðherra skera úr á grundvelli slíkra gagna og skuli úrskuður falla ekki síðar en 30 dögum eftir að ágreiningsmálið barst ráðuneytinu. Þá er einnig lögð til sú breyting að ráðherra leiti umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en hann kveður upp úrskurð sinn sem ekki er áskilið í gildandi lögum, svo og að annar umsagnaraðili skuli vera Bændasamtök Íslands en ekki Búnaðarfélag Íslands sem sameinað hefur verið Stéttarsambandi bænda í hinum nýju samtökum, Bændasamtökum Íslands. Víðar í gildandi lögum er vísað í Búnaðarfélag Íslands þar sem nú ætti að vísa til Bændasamtaka Íslands og gera flutningsmenn ráð fyrir því að sú leiðrétting verði gerð í nefndinni sem fær frumvarpið til meðferðar. Þá er loks rétt að geta þess að með vísan til stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eru tekin af öll tvímæli um réttarstöðu þeirra aðila sem þurfa að sækja mál sín til jarðanefnda og sveitarstjórna samkvæmt jarðalögum, svo sem áfrýjunarrétt vegna úrskurða og rétt til upplýsinga. Með tilvísuninni er tekinn af allur vafi um að ákvarðanir jarðanefnda, sveitarstjórna og ráðherra samkvæmt jarðalögum falla undir ákvæði stjórnsýslulaganna.

Í c-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 6. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna falli brott, enda er í þeim tölulið vísað til 1. mgr. 12. gr. laganna sem lagt er til í 7. gr. frumvarpsins að felld verði brott. Þess í stað er lagt til að 6. tölul. orðist eins og segir í c-lið, þ.e. að samþykkis jarðanefndar þurfi ekki að afla ef jörð er tekin til landgræðslu eða skógræktar og það hefur verið staðfest af Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins.

Í d-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 6. mgr. 6. gr. laganna falli brott. Í þessari málsgrein, sem kom inn í lögin 1995, eru ákvæði um heimild til þess að binda samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna fyrir eigendaskiptum á bújörðum því að væntanlegur kaupandi hafi haft búsetu á eigninni allt að tvö ár eða „innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni“. Á sama hátt sé heimilt að binda í skilyrði að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við tiltekin áform og verði slíkum skilyrðum þinglýst sem kvöð á eigninni. Umrædd ákvæði gera bújarðir því sem næst óseljanlegar og stríða auk þess gegn þeirri stefnu stjórnvalda að draga úr hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu á bújörðum og stuðla að því að bændur geti snúið sér að annarri atvinnustarfsemi. Því er lagt til að umrædd ákvæði verði afnumin.

Í e-lið 2. gr. frumvarpsins er felld niður sú heimild sveitarstjórna að skylda jarðeiganda til þess að afsala jörð sinni til aðila sem að mati sveitarstjórnar uppfyllir skilyrði hennar til þess að eignast jarðnæðið, hafi hún ekki fallist á þá ráðstöfun sem jarðeigandinn sjálfur kaus. Þess í stað er lagt til að ef sveitarstjórn með samþykki ráðherra veitir væntanlegum kaupanda jarðnæðis frest til þess að uppfylla þau skilyrði sem hún telur á skorta til þess að vilja samþykkja kaupin skuli hún greina nákvæmlega frá því hvaða skilyrði hún telur vera óuppfyllt. Geti væntanlegur kaupandi ekki uppfyllt þau skilyrði, enda séu þau í samræmi við ákvæði laganna, sé það seljanda að finna nýjan en sveitarstjórn hafi ekki heimild til þess að fyrirskipa honum að selja aðila sem sveitarstjórnin telur henta sem ábúanda.

Um 3. gr.

Í ákvæðum 7. gr. gildandi laga er svo kveðið á að hafi sveitarstjórn eða jarðanefnd ekki afgreitt erindi um jarðakaup innan 30 daga sé hin áformaða ráðstöfun heimiluð næstu sex mánuði. Með öðrum orðum geta kaup hafa farið fram og eigendaskipti hafa orðið og bæði kaupandi og seljandi verið í góðri trú en allt að sex mánuðum síðar getur þriðji aðili komið og rift kaupunum. Þetta er að áliti flutningsmanna óviðunandi bæði fyrir kaupendur og seljendur og er því lagt til að sú breyting verði gerð að hafi jarðanefnd og sveitarstjórn ekki hafnað eigendaskiptum innan þess 30 daga frests sem lögin setja skuli hin áformaða ráðstöfun teljast vera heimil.

Um 4. gr.

Hér er gerð tillaga um að kveðið verði á um að neitun sveitarstjórnar og/eða jarðanefndar við áformaðri sölu fasteignar þurfi að byggjast á rökstuddu áliti og er það til samræmis við tillögur frumvarpsins hér að framan.

Um 5. gr.

Í 10. gr. laganna eru ákvæði sem banna eiganda bújarðar þar sem stundaður er hefðbundinn búskapur að reisa sumarbústaði á landi sínu nema samþykki jarðanefndar komi til. Í 5. gr. er lagt til að sú breyting verði gerð að samþykki jarðanefndar þurfi ekki til að koma vilji bóndi, sem stundar hefðbundinn búskap á jörð sinni, byggja þar sumarbústaði eða veiðihús til sölu eða leigu og er þetta m.a. til þess að auðvelda bændum, sem stunda hefðbundinn búskap, að auka tekjur sínar með annarri starfsemi án kvaða, annarra en þeirra sem kveðið er á um í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Um 6. gr.

Í 11. gr. laganna eru ákvæði um að samþykki skuli ekki veitt fyrir sölu fasteignar til landbúnaðar nema væntanlegur kaupandi hafi starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi, en ráðherra geti veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar. Að áliti flutningsmanna er hér enn um að ræða hömlur á sölu jarðnæðis sem leiða til verðrýrnunar á eignum bænda. Flutningsmenn telja þessar hindranir óþarfar og óæskilegar og leggja til að greinin falli brott.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. gildandi laga eru ákvæði um að óheimilt sé að taka það land, sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laganna (árið 1976), til annarra nota nema með lagaheimild eða með samþykki ráðherra að tilskildu samþykki viðkomandi jarðanefndar og sveitarstjórnar og að fenginni umsögn Skipulags ríkisins og Búnaðarfélags Íslands. Sé slíkt samþykki veitt beri

að þinglýsa því. Að áliti flutningsmanna eru þessar hindranir á því að taka jarðnæði til annarra nota en til hefðbundins landbúnaðar í hrópandi ósamræmi við það sem nú er að gerast í íslenskum landbúnaði þar sem stjórnvöld stuðla af fremsta megni að því að hefðbundinn landbúnaður, fyrst og fremst sauðfjárrækt, dragist saman. Tími er því kominn til þess að auðvelda bændum að taka land til annarra nota en hefðbundins landbúnaðar og er það best gert með því að fella umrædda 1. mgr. 12. gr. brott.

Þá er í b-lið lagt til að 2. mgr. 12. gr. verði umorðuð, m.a. þannig að til greina geti komið að heimila fleiri félagasamtökum en stéttarfélögum að eignast land til reksturs orlofshúsa, svo og að samþykki landeiganda sé áskilið eins og eðlilegt er.

Um 8. gr.

Í 20. gr. gildandi laga er kveðið á um að kostnaður við störf jarðanefnda greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr viðkomandi sveitarsjóði. Þar sem héraðsnefndir hafa komið í stað sýslunefnda eins og var í upphaflegri gerð laganna og í héraðsnefndum sitja, öfugt við það sem átti við um sýslunefndirnar, fulltrúar þéttbýlissveitarfélaga viðkomandi sýslu ásamt fulltrúum dreifbýlissveitarfélaganna er óeðlilegt að ríkissjóður þurfi að bera helming kostnaðar við störf jarðanefnda enda er meginhlutverk þeirra að gæta hagsmuna sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Hér er því lögð til sú breyting að viðkomandi sveitarfélög greiði að fullu kostnað við störf jarðanefnda samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um 9. gr.

Í 37. gr. gildandi laga eru m.a. ákvæði um að heimilt sé að leigja ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til nota af hálfu hins opinbera, til allt að tíu ára í senn. Síðan segir í 2. málsl. 2. mgr. að sé sótt um jörð til fastrar ábúðar sem leigð hafi verið með slíkri leigu sé hægt að segja slíkum leigusamningi upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga þar á eftir.

Nú liggur fyrir að aðili, einstaklingur eða samtök, sem leigt hefur ríkisjörð t.d. til skógræktar eða til annarra nytja og fengið samning til allt að tíu ára, kann að hafa gert ýmsar fjárhagslega skuldbindandi ráðstafanir og lagt í verulegan kostnað vegna nytjanna. Óeðlilegt er að ríkið geti einhliða rift samningnum með þeim hætti sem 2. málsl. 2. mgr. gerir ráð fyrir. Flutningsmenn leggja því til að ákvæði 2. málsl. 2. mgr. um einhliða riftun á leigusamningi verði afnumin.

Um 10. gr.

Rík ástæða er til þess að endurskoða ýmsa aðra þætti jarðalaganna í frjálsræðisátt en þá sem í frumvarpi þessu hefur verið gerð tillaga um breytingar á. Það á ekki síst við um IV. kafla laganna sem fjallar um forkaupsrétt. Þar er hins vegar um að ræða ýmis stór lögfræðileg álitamál sem vandlega þarf að huga að í samráði við ýmsa aðila, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra. Því er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði landbúnaðarráðherra falið að láta fram fara slíka endurskoðun og leggja fram frumvarp að endurskoðuðum lögum á næsta hausti.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

207. Svar [30. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um kjarnaskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða framhaldsskólar, eða deildir, hafa verið valdir sem kjarnaskólar, sbr. 31. gr. laga um framhaldsskóla, og í hvaða greinum?*
2. *Hvaða atriði voru aðallega lögð til grundvallar í hverju tilfelli við ákvörðun um hvaða skóli, eða deild, skyldi verða kjarnaskóli?*
3. *Hafa hagsmunaaðilar á vinnumarkaði átt aðild að samningi um kjarnaskóla eða deild? Ef svarið er jákvætt, hverjum?*

Heimild til stofnunar kjarnaskóla er að finna í 31. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, en þar segir:

„Menntamálaráðherra getur, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila, gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði."

Samkvæmt þessari grein gegnir kjarnaskóli veigamiklu hlutverki varðandi nám og kennslu á viðkomandi sviði og hann hefur jafnframt sérstöðu miðað við aðra skóla. Gert er ráð fyrir að gert verði samkomulag milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi skóla þar sem hlutverk skólans er skilgreint. Nú stendur yfir vinna í ráðuneytinu sem miðar að því að skýra og útfæra hugtakið „kjarnaskóli" og hvað felst í því, m.a. með tilliti til þeirra skuldbindinga og verkefna sem kjarnaskólar munu hafa gagnvart öðrum skólum. Ákveðnum starfsmanni hefur verið falið þetta verk og standa vonir til þess að hann skili áliti sínu fyrir áramót svo að unnt verði í framhaldi af því að taka ákvarðanir um hvaða skólar verði valdir sem kjarnaskólar í einstökum greinum.

Fram hafa komið óskir frá nokkrum skólum um að gerast kjarnaskólar fyrir tiltekið nám eða námssvið. Þessar beiðnir verða teknar til afgreiðslu þegar nauðsynlegri undirbúningsvinnu er lokið en enginn skóli hefur verið skilgreindur formlega sem kjarnaskóli samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði enn sem komið er.

Einnig hafa komið fram óskir um að stofnaðir verði „kjarnaskólar" í öðrum greinum en starfsgreinum og má t.d. nefna beiðni Verkmenntaskólans á Akureyri um að hann verði kjarnaskóli í fjarkennslu. Ef lögin eru túlkuð bókstaflega er ljóst að kjarnaskóla verður ekki komið á fót í þessum greinum með stuðningi í lögum. Hins vegar er ekkert sem mælir gegn því að einstakir skólar taki að sér þróunarverkefni á afmörkuðum sviðum og miðli öðrum af reynslu sinni. Staða þessara skóla gagnvart öðrum verður þó ekki sú sama og kjarnaskóla sem starfa samkvæmt áður nefndum lagaákvæðum.

Nauðsynlegt er því að athuga vel allar hliðar málsins áður en frá því er gengið.

208. Frumvarp til laga [199. mál]

um breytingu á grunnskólalögum, nr. 66/1995.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og foreldra“ í 4. mgr. kemur: foreldra og nemenda.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nemendur kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda í viðkomandi skóla.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tveir fulltrúar nemenda, eða nemendaráðs þar sem það er starfandi, eiga rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur þau mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samningurinn um réttindi barna, oftast nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og með samþykkt þingsályktunar á Alþingi 13. maí 1992 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Það var gert hinn 28. október sama ár. Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum.

Í 12. gr. samningsins segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Flest börn dvelja stóran hluta dagsins í skóla og viðurkennt er að skólinn hefur mikil áhrif á uppeldi og félagsmótun barna og ungmenna. Fyrir mörg börn er skólinn bæði leik- og vinnustaður. Það er þess vegna mikilvægt að börn og unglingar eigi þess kost að setja með formlegum og skipulegum hætti fram skoðanir sínar og álit á skipulagi vinnunnar, aðstöðu nemenda og vinnubrögðum á þessum mikilvæga vinnu- og leikstað sínum.

Í núgildandi lögum um grunnskóla er hlutur foreldra við stjórn grunnskólans og möguleikar til að hafa áhrif á störf hans auknir frá því sem var og er það vel. En í þeim sömu lögum er skertur réttur nemenda til að geta með formlegum hætti komið skoðunum sínum á framfæri um skipulag skólastarfsins eða annað sem hefur bein áhrif á aðstæður nemenda í skólanum.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var gert ráð fyrir því að fulltrúi nemenda eða nemendaráðs ætti „rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins.“ Við setningu núgildandi laga var þetta ákvæði fellt út með eftirfarandi rökstuðningi í greinargerð: „Rétt þykir að hafa það á valdi hvers skóla hvernig formlegri aðild nemenda að stjórn skólans er fyrir komið.“

Í ljósi ákvæða barnasáttmálans um að börnum skuli tryggður réttur til að láta í ljósi skoðanir á öllum málum sem þau varða þykir rétt að ákvæði séu í grunnskólalögum þess efnis að börnin eigi þennan rétt án tillits til aðstæðna í viðkomandi skóla.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var einnig ákvæði um skólaráð sem skipað skyldi fulltrúum starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Skólum var þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði og fámenni nefnt sem gild ástæða. Ákvæði þess efnis í núgildandi lögum að skólastjóri skuli a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til að veita upplýsingar um skólastarfið og til að fjalla um starfsemi þessara ráða er e.t.v. sambærilegt við ákvæði eldri laga um skólaráð.

Í eldri lögum var ekki ákvæði þess efnis að fulltrúar nemenda ættu rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað væri um málefni sem snerta hagsmuni nemenda sérstaklega.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðanir sínar um öll mál sem snerta þau sjálf. Til að tryggja betur en nú er formlegan farveg fyrir nemendur grunnskólans til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þá sjálfa, er gerð tillaga um þessar breytingar á lögum um grunnskólann.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að nemendum sé bætt við í upptalningu 4. mgr. 13. gr. laganna á þeim sem rétt eiga til setu á fundum skólanefndar þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins eða önnur bein hagsmunamál nemenda.

Í ljósi þeirra verkefna sem skólanefnd eru falin þykir eðlilegt að nemendur eigi rétt til setu á fundum skólanefnda með málfrelsi og tillögurétti þegar skólanefnd fjallar um málefni sem snerta nemendur í viðkomandi skóla sérstaklega en í sumum skólahverfum eru fleiri en einn skóli. Skólanefnd staðfestir m.a. áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með námi og kennslu, skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi og skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Allt eru þetta verkefni sem eðlilegt er að nemendur fái að láta í ljós skoðun á þegar um þau er fjallað.

Ný málsgrein sem lagt er til að bætist við 13. gr. laganna fjallar um fyrirkomulag kosninga á fulltrúum nemenda til setu á skólanefndarfundum. Rétt þykir að nemendur kjósi fulltrúa beint úr sínum hópi þar sem einungis er heimilt en ekki skylt samkvæmt núgildandi lögum að stofna nemendaráð. Einnig þykir rétt að fulltrúar nemenda séu tveir svo þeir hafi stuðning hvor af öðrum. Með því yrði tekið tillit til veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 2. gr.

Ný 2. mgr. er felld inn í 17. gr. Með málsgreininni er gert ráð fyrir því að nemendur, eða nemendaráð, eigi tvo fulltrúa á kennarafundum, þetta er stutt sömu rökum og sett eru fram fyrir tveimur fulltrúum nemenda í skólanefnd, þ.e. að þeir styrki hvor annan vegna veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

209. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um umboðsmann aldraðra.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson,
Árni R. Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna forsendur fyrir stofnun embættis umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra.

Greinargerð.

Með hliðsjón af þeim staðreyndum að Íslendingar verða elstir allra þjóða, að um 27.000 Íslendingar eru 67 ára og eldri og að hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda fer vaxandi er mikil nauðsyn á að stjórnvöld taki tillit til hagsmuna aldraðra þegar teknar eru ákvarðanir sem þá varða.

Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Því er nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra. Í vaxandi mæli eru byggðar fyrir aldraða sérstakar íbúðir sem verða að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Á því hefur því miður orðið misbrestur enda þótt löggjafinn hafi reynt að hafa þar nokkur áhrif á.

Fjöldi aldraðra á lögheimili sitt á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem félagsleg og persónuleg vandamál geta skapast, jafnvel deilumál milli nánustu ættingja um fjármál og eignir. Oft þurfa forstöðumenn og starfsfólk að blanda sér í slík mál til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og því væri augljóslega léttir fyrir þá að geta vísað þeim til umboðsmanns.

Umboðsmanni aldraðra væri ætlað að vinna að málum sem snerta sérstaklega hagsmuni aldraðra, fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur í málum er snerta hag aldraðra á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig væri umboðsmanni aldraðra ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra og stuðla að úrbótum á réttarreglum og stjórnsýslufyrirmælum er snerta aldraða.

210. Frumvarp til laga [201. mál]

um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda á íslensku yfirráðasvæði og um borð í íslenskum loftförum hvar sem þau eru stödd, nema samningar við önnur ríki eða lög þess ríkis er loftfarið fer um leiði til annars.

Samgönguráðherra ákveður að hve miklu leyti reglur settar samkvæmt heimild í lögum þessum gildi utan íslensks yfirráðasvæðis.

2. gr.

Loftfar samkvæmt lögum þessum telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um tæki sem ætluð eru til að hreyfast um loftið en eru eigi loftför.

Ráðherra getur undanþegið ákvæðum laga þessara eða sett sérreglur um loftför sem ekki hafa stjórnanda innan borðs, eru ekki knúin hreyfli eða eru annars sérstakrar tegundar.

3. gr.

Loftfari er aðeins heimil ferð um íslenskt yfirráðasvæði að uppfylltu einhverju af eftirfarandi skilyrðum:

a. Það hafi íslenskt þjóðerni.
b. Það hafi þjóðerni ríkis sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenskt yfirráðasvæði.
c. Það hafi sérstaka heimild samgönguráðherra til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði. Slík leyfi má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru þau afturkallanleg án fyrirvara.

4. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis eða allsherjarreglu, getur samgönguráðherra takmarkað eða bannað loftferðir almennt eða um hluta af íslensku yfirráðasvæði.

Flugmálastjórn er heimilt að banna flug yfir hljóðhraða innan íslensks yfirráðasvæðis.

II. KAFLI
Stjórn flugmála.

5. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn flugmála.

6. gr.

Flugmálastjórn Íslands er sjálfstæð stofnun undir stjórn flugmálastjóra, sem fer með framkvæmdarvald samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og stjórnvaldsreglum sem settar eru á sviði loftferða.

Samgönguráðherra skipar flugmálastjóra til fimm ára í senn. Ráðherra ræður framkvæmdastjóra einstakra sviða stofnunarinnar að fenginni umsögn flugmálastjóra. Flugmálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Nánar skal kveðið á um hlutverk Flugmálastjórnar Íslands með reglugerð.

7. gr.

Flugmálastjórn skal heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna og eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfeignarstofnanir með það að markmiði að vinna að rannsókn og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöður þess starfs.

Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar.

Þá skal Flugmálastjórn heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnan-

ir og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíku félagi eða fyrirtæki gagngert komið á fót í þessu skyni.

8. gr.

Samgönguráðherra skipar flugráð til fjögurra ára í senn. Skipunartími ráðsins skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar. Það skal skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara.

Flugráð skal vera ráðherra til ráðuneytis um flugmál.

Flugmálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir.

Heimilt skal að kveða nánar á um hlutverk og starfshætti flugráðs með reglugerð.

III. KAFLI

Skrá um íslensk loftför.

9. gr.

Flugmálastjórn skal halda skrá um íslensk loftför, loftfaraskrá.

Hafi loftfar verið skráð samkvæmt ákvæðum laga þessara hlýtur það íslenskt þjóðerni og Flugmálastjórn gefur út númerað þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa loftfarinu. Loftfarið hefur íslenskt þjóðerni meðan skírteinið heldur gildi sínu.

Þegar loftfar er skráð skal merkja það íslensku þjóðernismerki, skrásetningarmerki og gefa því skrásetningarnúmer. Þjóðernis- og skráningarmerki skal loftfarið bera meðan skrásetning þess er í gildi. Skrásetningarnúmeri má ekki breyta.

Um skrásetningu réttinda í loftförum gilda lög nr. 21/1966. Sýslumaðurinn í Reykjavík annast framkvæmd þeirrar réttindaskrár. Skjöl, sem slík réttindi varða, skulu vera undanþegin stimpilgjöldum.

Flugmálastjórn skal tilkynna skrásetjara réttinda í loftförum svo fljótt sem verða má allar breytingar er verða á loftfaraskrá.

10. gr.

Heimilt skal að skrásetja hér á landi loftfar sem er í eigu íslenskra ríkisborgara er eiga lögheimili hérlendis eða íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi. Réttur til skrásetningar loftfars er þó háður því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Þó er heimilt að skrá á Íslandi loftfar sem íslenskum flugrekanda er heimilt að nota í rekstri sínum ef það er í eigu einstaklinga eða lögaðila með ríkisfang og heimilisfesti í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Flugmálastjórn getur heimilað skráningu loftfars hér á landi þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr., enda sé loftfarið í umráðum íslensks aðila og sérstakar ástæður mæli með slíku leyfi.

11. gr.

Loftfar, sem skrásett er erlendis, verður eigi skráð hér á landi fyrr en það hefur verið strikað af erlendri skrá.

Ef á loftfari hvíla skráð réttindi sem meta skal gild hér á landi samkvæmt samningi við erlent ríki verður loftfarið eigi tekið á íslenska skrá, nema rétthöfum hafi verið gerð full skil, þeir samþykki flutninginn eða réttindin séu niður fallin við nauðungarsölu.

12. gr.

Loftfar skal eigi skrásetja, nema það hafi tegundarskírteini sem Flugmálastjórn hefur gefið út eða metið gilt eða annars konar vottorð sem Flugmálastjórn metur fullnægjandi.

Heimilt er ráðherra að setja sérreglur um loftför án tegundarskírteina, svo sem heimasmíðuð loftför, og um skráningu slíkra loftfara með reglugerð.

13. gr.

Skrásetja skal loftfar samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess. Umsókn skal geyma skýrslur sem nauðsynlegar eru til skrásetningar og henni skulu fylgja skilríki fyrir því að umsækjandi sé eigandi loftfarsins, hvenær og af hverjum það er smíðað og svo að skilyrðum 10.–12. gr. sé fullnægt. Ef eignarréttur umsækjanda er bundinn skilyrðum eða takmörkunum sem geta leitt til þess að eignarrétturinn flytjist til annars aðila skal geta þess í umsókn.

14. gr.

Ef skilyrði eru til skrásetningar að dómi Flugmálastjórnar skrásetur hún loftfar og lætur því í té skrásetningarmerki og númer.

Á skrá skal setja:

a. þjóðernismerki, skrásetningarmerki og skrásetningarnúmer loftfars,
b. nauðsynlega skýrslu um annað það er einkennir loftfar, svo sem tegund og gerð loftfars, verksmiðjunúmer á skrokk og hreyflum og smíðaár,
c. skýrslu um eiganda, nafn hans, heimili og eignartöku hans á loftfari og, sé því að skipta, skilyrði og hömlur sem greindar eru í 13. gr.,
d. hver er umráðandi ef hann er annar en eigandi,
e. dag og ár skrásetningar,
f. aðrar skýrslur eftir ákvörðun Flugmálastjórnar.

15. gr.

Ef eigandaskipti verða á loftfari eftir skrásetningu, að nokkru eða öllu, eigandi þess breytir þjóðerni sínu eða gerð er breyting á loftfarinu sem máli skiptir um kennsl á því skal eigandi tafarlaust tilkynna Flugmálastjórn breytinguna og leggja fram nauðsynlegar skýrslur og skilríki. Á sama hátt skal fara með þegar eigandi fullnægir eigi lengur skilyrðum 10. gr.

Verði eigendaskipti að loftfari að nokkru eða öllu leyti með samningi hvílir tilkynningarskylda einnig á afsalsgjafa. Fari eigendaskipti á loftfari fram fyrir nauðungarsölu, gjaldþrot eða opinber skipti hvílir slík skylda á þeim sem gefur út afsal og kaupanda.

Flugmálastjórn skal skrá breytingu og gæta ákvæða 13. og 14. gr. eftir því sem þörf er á.

16. gr.

Loftfar skal strika af skrá þegar:

a. skráður eigandi krefst þess,
b. skilyrðum 10. gr. er eigi lengur fullnægt, enda veiti Flugmálastjórn eigi leyfi til að skráning loftfarsins haldist,
c. loftfar er rifið eða það hefur eyðilagst,
d. loftfar er horfið; loftfar telst horfið þegar liðnir eru þrír mánuðir frá því að síðasta flug hófst og eigi er vitað að það sé enn óskaddað.

Hafi eitthvert þeirra tilvika fyrir borið sem nefnd eru í b–d-liðum þessarar greinar skal eigandi loftfars tafarlaust tilkynna það skráningaryfirvöldum, enda hafi það eigi þegar verið gert skv. 15. gr.

Hafi loftfar eigi haft gilt lofthæfisskírteini í þrjú ár má strika það af skrá, enda afli eigandi eigi slíks skírteinis áður en liðinn er frestur sem skrásetningaryfirvöld setja honum.

Ef skráð eru réttindi í loftfari skal ekki fella það niður af loftfaraskrá, nema rétthafi samþykki það.

17. gr.

Ef skráð loftfar er selt gegn afborgun og eignarréttarfyrirvara eða samningur gerður um kaup- eða fjármögnunarleigu skal tilkynna samninginn tafarlaust til Flugmálastjórnar. Tilkynningarskylda hvílir bæði á eiganda og umráðanda.

Flugmálastjórn skal skrá málavexti og fá afrit viðkomandi samninga.

Ef loftfar, sem skráð er hér á landi, er látið í forræði leigutaka, eða annars sem notar það á eigin kostnað, er leigutaka eða þeim sem notar það skylt að afla samþykkis Flugmálastjórnar áður en notkun hefst.

18. gr.

Ef loftfar er fellt niður af skrá skal eigandi þess, eða fyrri eigandi sé það komið í eigu erlends aðila, tafarlaust senda Flugmálastjórn þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Ef færð er í skrána einhver breyting á þeim atriðum sem getur í skírteininu skal eigandinn án tafar senda Flugmálastjórn skírteinið og skráir hún breytingarnar á skírteinið eða gefur út nýtt skírteini í stað hins.

19. gr.

Í íslensku loftfari, sem er í flugferðum samkvæmt lögum þessum, skal vera:

a. staðfesting á þjóðernisskráningu,
b. gilt lofthæfisskírteini,
c. gilt leyfisbréf fyrir hverri flugliða sem skylt er að beri skírteini við starf sitt,
d. loftferðadagbók,
e. talstöðvarskírteini,
f. farþegalisti, ef loftfarið flytur farþega í flugi milli landa, og skulu þar greind nöfn þeirra, flugvöllur þar sem þeir eru teknir og flugvöllur sá er þeir ætla til; farþegalisti skal jafnframt liggja frammi í brottfararflughöfn, og gildir það einnig um innanlandsflug,
g. farmskírteini og sundurliðuð skýrsla um farm, ef það flytur farm í flugi milli landa.

Í erlendu loftfari á íslensku yfirráðasvæði skulu vera samsvarandi skilríki frá viðkomandi erlendu ríki eða ríkjum sem rétt hafa til flugferða um íslenskt yfirráðasvæði.

Sá sem hagsmuna hefur að gæta að lögum hefur rétt til að kynna sér efni dagbóka og annarra loftfarsskjala.

Ef ekki er öðruvísi mælt í sérstökum lögum setur Flugmálastjórn reglur um dagbækur og önnur loftfarsskjöl, vist þeirra í loftfari og, ef þurfa þykir, gerð þeirra, ritun og geymslu.

IV. KAFLI
Lofthæfi.

20. gr.

Loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal vera lofthæft.

Loftfar er einungis lofthæft ef það fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a. það er hannað samkvæmt viðeigandi stöðlum og hefur skírteini er vottar slíkt,
b. það er framleitt af viðurkenndum framleiðanda; heimilt er þó að sérreglur gildi um heimasmíðuð loftför, sbr. 12. gr.,
c. viðhald þess og reglubundið eftirlit er í samræmi við reglur og fyrirmæli flugmálayfirvalda um grannskoðun, viðgerðir, breytingar og ísetningu búnaðar,

d. það uppfyllir stjórnvaldskröfur um mengunarvarnir, m.a. vegna hávaða og útblásturs,
e. loftfarið, áhöfn þess og farþegar eru vátryggð á fullnægjandi hátt svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

21. gr.

Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að loftför, sem notuð eru til loftferða eftir lögum þessum, séu lofthæf.

Flugmálastjórn er heimilt að láta íslenskan eða erlendan aðila eða erlent stjórnvald, sem hún velur og til þess er hæft, framkvæma skoðun og eftirlit.

22. gr.

Ef sannreynt er með skoðun eða á annan hátt að loftfar sé lofthæft gefur Flugmálastjórn út lofthæfisskírteini handa loftfarinu. Gefa má út skírteini til tiltekins tíma og má takmarka það við loftferðir tiltekinnar tegundar eða á tilteknu svæði.

Flugmálastjórn getur kveðið svo á að taka skuli upp í skírteinið eða sérstakt skjal, sem fylgir skírteininu, leiðbeiningar um notkun loftfarsins, enda teljist það þá lofthæft þegar leiðbeiningunum er fylgt.

23. gr.

Íslenskt loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal til sönnunar um lofthæfi sitt hafa lofthæfisskírteini um borð sem er gefið út eða staðfest af Flugmálastjórn.

Erlent loftfar í loftferðum um íslenskt yfirráðasvæði skal annaðhvort hafa slíkt skírteini eða lofthæfisskírteini sem gefið hefur verið út eða staðfest í erlendu ríki sem samið hefur verið við um viðurkenningu þess háttar skírteinis hér á landi.

24. gr.

Lofthæfisskírteini verður ógilt:

a. þegar skyldubundin skoðun hefur ekki verið framkvæmd á loftfari,
b. þegar gerð hefur verið óheimil breyting á loftfari eða búnaði þess,
c. þegar loftfar eða búnaður þess hefur orðið fyrir spjöllum sem einsýnt er að máli skipta um lofthæfi þess,
d. lögskyldar vátryggingar falla úr gildi.

Verði skírteini ógilt getur Flugmálastjórn krafist afhendingar þess. Ógildingin helst uns bætt hefur verið úr ágöllum þeim sem um er að ræða.

25. gr.

Ákvæði 22. og 24. gr. um íslenskt lofthæfisskírteini skulu með tilsvarandi hætti eiga við um staðfestingu Flugmálastjórnar á erlendu lofthæfisskírteini og um endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

26. gr.

Umráðanda loftfars samkvæmt loftfaraskrá, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum, ber skylda til að sjá svo um að loftfar í notkun sé lofthæft og ber hann ábyrgð á að því fylgi gilt lofthæfisskírteini.

Ef eitthvað ber við sem máli skiptir um lofthæfi skal skráður umráðandi í loftfaraskrá eða flugstjóri loftfars tilkynna Flugmálastjórn það svo fljótt sem verða má og veita henni alla vitneskju sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu.

27. gr.

Flugmálastjórn, svo og aðila þeim eða yfirvaldi er getur í 2. mgr. 21. gr. og Flugmálastjórn hefur samþykkt, er heimill aðgangur að hverju því loftfari sem notað er til loftferða eftir lögum þessum. Nefndum aðilum er heimilt að framkvæma hverja þá rannsókn á loftfarinu og búnaði þess sem þeir telja nauðsynlega við skoðun og eftirlit. Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að krefja umráðanda samkvæmt loftfaraskrá, flugstjóra og áhöfn loftfars þeirrar aðstoðar sem þörf er á. Þeim er þannig heimilt að krefjast þess að loftfarið sé haft tiltækt til skoðunar, það affermt og prófflug og önnur próf framkvæmd. Heimild þessi tekur jafnframt til erlendra loftfara sem eiga viðdvöl á Íslandi.

Rannsókn samkvæmt þessari grein skal framkvæma með þeirri nærgætni sem kostur er.

28. gr.

Flugmálastjórn getur ákveðið að smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og nánar tiltekin störf við viðhald, viðgerðir og breytingar á loftförum, búnaði, tækjum og varahlutum þeirra skuli einungis falin viðurkenndum viðhaldsaðilum eða framleiðendum.

V. KAFLI
Flugverjar.

29. gr.

Hvert það loftfar sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum skal skipað áhöfn í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda. Í áhöfn eru starfsmenn sem gegna starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur, enda telst starf þeirra nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Skráður umráðandi samkvæmt loftfaraskrá og flugstjóri loftfars ábyrgjast að það sé réttilega skipað áhöfn.

30. gr.

Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að ákvæði um áhöfn séu haldin. Henni er heimilt að láta íslenskan eða erlendan aðila eða erlent yfirvald, sem til þess er hæft samkvæmt íslenskum lögum, framkvæma eftirlitið.

31. gr.

Samgönguráðherra ákveður með reglugerð hvaða skilyrðum flugliðar er í loftfari starfa skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun. Hann ákveður jafnframt með reglugerð hvaða flugverjar skuli bera skírteini því til staðfestu að þeir fullnægi skilyrðunum og nefnast þeir flugliðar.

32. gr.

Flugmálastjórn gefur út skírteini flugliða, enda sanni sá er í hlut á að hann fullnægi skilyrðum til að rækja starfann.

Skírteini má binda við loftferðir loftfara tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði.

Skírteini skal gefa út í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur, enda fullnægi handhafi þess lögmæltum skilyrðum til starfans. Um staðfestingu erlendra skírteina skal fara samkvæmt sömu reglugerð.

Heimilt er Flugmálastjórn að synja þeim manni skírteinis sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun sem veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið, enda hafi brot varðað varðhaldi eða fangelsi.

33. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að synja um viðurkenningu á skírteini sem annað ríki hefur veitt íslenskum ríkisborgara, að því er tekur til loftferða yfir íslensku yfirráðasvæði, ef ekki leiðir annað af milliríkjasamningum.

34. gr.

Hafi maður skírteini, sem Flugmálastjórn hefur gefið út eða metið gilt, skal hann svo fljótt sem verða má tilkynna henni atriði sem máli skipta er meta skal hvort hann fullnægir áfram skilyrðum til starfans. Honum er skylt hvenær sem er að gangast undir þá rannsókn og þau próf sem Flugmálastjórn telur nauðsynleg.

Verði læknir þess vís að flugliði er haldinn slíkri heilsubilun að hætta stafi af starfa hans í loftfari ber lækninum að vara hann við og tilkynna Flugmálastjórn vitneskju sína.

Flugmálastjórn getur hvenær sem er fellt skírteini úr gildi ef hún telur að skírteinishafi fullnægi ekki lengur skilyrðum til þess starfs sem skírteinið varðar. Að jafnaði skal skírteinið þá fyrst fellt úr gildi um stundarsakir eða þar til útkljáð er hvort það skuli endanlega fellt úr gildi.

35. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að leyfa að loftfar sé notað til loftferða í æfingarskyni eða annars séu sérstakar ástæður til þótt það sé eigi skipað áhöfn samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

36. gr.

Flugverji skal hlýða skipunum yfirmanna sinna í starfa sínum, vera umhyggjusamur um loftfar, menn og varning sem í því eru og rækja starfsskyldur sínar af samviskusemi.

37. gr.

Enginn flugverji, flugumferðarstjóri eða annar starfsmaður má hafa með hendi starfa í loftfari, vera við stjórn loftfars, stjórna loftferðum eða veita öryggisþjónustu vegna loftferða sé hann vegna neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarrar líkrar orsakar óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt.

Nú er vínandamagn í blóði yfir 0,2‰ eða áfengi í líkama sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóði og telst hlutaðeigandi þá undir áhrifum áfengis og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 1. mgr. Það leysir ekki undan sök þótt maður haldi vínandamagn í blóði sínu minna.

Enginn þeirra sem hér um ræðir má neyta áfengis síðustu átta klukkustundirnar áður en störf eru hafin né heldur meðan verið er að starfi. Varðar það að jafnaði skírteinismissi, ekki skemmur en í þrjá mánuði en fyrir fullt og allt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað. Þá mega þeir ekki neyta áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja næstu sex klukkustundir eftir að vinnu lauk, enda hafi þeir ástæðu til að ætla að atferli þeirra við starfann sæti rannsókn. Lögreglumönnum er heimilt þegar rökstudd ástæða er til að flytja aðila til læknis til rannsóknar, þar á meðal til blóð- og þvagrannsóknar, og er honum skylt að hlýta nauðsynlegri meðferð læknis.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma með það að markmiði að tryggja fyllsta flugöryggi.

38. gr.

Ef flugverji veikist eða slasast fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfs hans ber vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans.

39. gr.

Samgönguráðherra kveður á um að hve miklu leyti ákvæði þessa kafla skuli taka til erlends loftfars á íslensku yfirráðasvæði.

40. gr.

Flugstjóri skal vera í hverju því íslensku loftfari sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum.

Flugstjóri hefur æðsta vald í loftfari.

41. gr.

Flugstjóri sér um að loftfar sé lofthæft og tilhlýðilega búið, skipað áhöfn og fermt, og að flug sé að öðru leyti undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi reglum.

Flugstjóri skal tilkynna Flugmálastjórn um atriði sem máli skipta um lofthæfi og láta henni í té skýrslur sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu. Honum er skylt samkvæmt reglum, er Flugmálastjórn setur, að gefa Flugmálastjórn skýrslur um atriði sem máli skipta þegar meta skal starfshæfni flugverja.

42. gr.

Flugstjóri hefur undir sinni forsjá loftfar, áhöfn, farþega og farm.

Honum er heimilt, þegar hann telur nauðsyn til, að setja flugverja um stundarsakir til annarrar þjónustu en þeirrar sem þeir eru ráðnir til.

Farþegum er skylt að fara eftir þeim fyrirmælum sem flugstjóri setur um góða hegðun og reglu í loftfari.

Flugstjóra er heimilt, þegar nauðsyn ber til, að synja viðtöku í loftfar eða vísa úr því flugverjum, farþegum eða varningi og farangri.

43. gr.

Flugstjóra er heimilt að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig, enda sé það nauðsynlegt til að halda uppi góðri hegðun og reglu í loftfari.

Ef loftfar er í hættu statt eða annars konar neyðarástand er fyrir hendi er flugstjóra heimilt að beita hverri þeirri aðferð sem nauðsynleg er til að koma á reglu og hlýðni. Hverjum flugverja er skylt, án þess að á hann sé skorað, að veita flugstjóra aðstoð.

Ef manni, sem neitar að hlýða, er veittur áverki getur hann einungis komið fram ábyrgð af þeim sökum að harðari aðferðum hafi verið beitt en ástæða var til.

44. gr.

Ef stórfellt lögbrot er framið í loftfari ber flugstjóra að gera þær ráðstafanir sem hann getur og nauðsynlegar eru til að afla réttrar vitneskju um málið og sem eigi má að meinalausu fresta.

Flugstjóri skal, svo sem kostur er, sjá um að hinn seki komist eigi undan og er flugstjóra heimilt, ef nauðsyn ber til, að setja hann í gæslu uns hann verður afhentur lögreglu á Íslandi eða yfirvöldum er í hlut eiga erlendis.

Flugstjóra er heimilt að taka í sína umsjá hluti sem ætla má að séu sönnunargögn uns þeir verða afhentir lögreglu eða yfirvöldum.

45. gr.

Flugstjóri ber ábyrgð á að lögmæltar dagbækur og önnur flugskjöl séu í loftfari og að skráð sé í bækur þessar og skjöl svo sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli segja til um.

46. gr.

Lendi loftfar í háska skal flugstjóri gera allt sem honum er unnt til bjargar loftfari, mönnum og varningi sem í því eru. Ef nauðsyn ber til að yfirgefa loftfarið skal hann eftir megni sjá um að flugskjölum sé komið á óhultan stað.

47. gr.

Verði flugslys sem af hlýst mannslát, stórfelld meiðsl á mönnum eða stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess ber flugstjóra tafarlaust að sjá um að rannsóknarnefnd flugslysa sé tilkynnt um slysið og gefa síðan skýrslu um það svo fljótt er verða má. Sama gildir ef alvarleg hætta á slíku slysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur gerst sem til þess bendir að meiri háttar löstur sé á loftfari, flugvelli eða flugleiðsögubúnaði eða rekstri þeirra.

Ef flugstjóra er eigi unnt að gefa hina lögmæltu tilkynningu eða skýrslu hvílir skylda til þess á skráðum umráðanda loftfars í loftfaraskrá.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um þessa tilkynningarskyldu, að ákveða að skylda þessi taki til fleiri flugverja en flugstjóra eða að tilkynna skuli fleirum en rannóknarnefnd flugslysa.

VI. KAFLI
Vinnuumhverfi áhafna loftfara.

48. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um alla starfsemi sem áhöfn loftfars vinnur fyrir flugrekanda.

Flugrekandi er sá sem fengið hefur leyfi til loftferðastarfsemi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Með ákvæðum þessa kafla er leitast við að:

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi,
b. tryggja að flugrekendur og áhafnir geti í sameiningu leyst öryggis- og heilbrigðisvandamál um borð í loftförum.

49. gr.

Flugrekandi skal stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi um borð í loftförum og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi þar fullnægi settum kröfum.

50. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa einn til fjórir flugverjar, skulu úrbætur á vinnuumhverfi gerðar í nánu samstarfi flugrekanda og áhafna.

51. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skulu starfsmenn tilnefna einn öryggistrúnaðarmann fyrir hverja tegund loftfara eða annað afmarkað vinnusvæði til að vera fulltrúi sinn í málum sem varða vinnuumhverfi um borð í loftförum.

Atvinnurekandi ber kostnað af starfi öryggistrúnaðarmanns og bætir honum tekjutap sem af því kann að hljótast.

Öryggistrúnaðarmenn njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

52. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd.

Í öryggisnefnd eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar flugrekanda.

Öryggisnefndin skipuleggur aðgerðir varðandi bætt vinnuumhverfi um borð í loftförum og annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

53. gr.

Þegar starfsmenn Flugmálastjórnar koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki skulu þeir hafa samband við hlutaðeigandi öryggistrúnaðarmann og fulltrúa í öryggisnefnd. Þeim aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja mál fyrir Flugmálastjórn.

54. gr.

Flugmálastjórn setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum um borð í loftförum. Þar má nefna reglur um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi er lýtur að auknu öryggi og bættu vinnuumhverfi.

55. gr.

Flugmálastjórn skipar vinnuverndarráð.

Verkefni ráðsins skal vera:

a. að vera ráðgefandi fyrir flugmálastjóra í málum varðandi vinnuumhverfi um borð í loftförum,
b. að gera tillögur og veita umsagnir um nýjar reglur eða breytingu á eldri reglum um vinnuumhverfi um borð í loftförum,
c. að fjalla um einstök mál sem ráðherra eða flugmálastjóri leggur fyrir það og eiga frumkvæði að málum sem hafa áhrif á vinnuumhverfi áhafna.

Flugmálastjórn skal sjá um að þegar nauðsyn krefur standi ráðinu til boða sérfræðileg aðstoð.

Vinnuverndarráðið er skipað fjórum fulltrúum frá áhöfnum og fjórum fulltrúum frá flugrekendum. Flugmálastjórn skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Flugmálastjóri eða fulltrúi hans situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

Flugmálastjórn setur nánari reglur um starfsemi ráðsins.

VII. KAFLI
Flugvellir og flugleiðsaga.

56. gr.

Flugvellir skulu fullnægja þeim kröfum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa.

57. gr.

Vilji annar aðili en íslenska ríkið útbúa og starfrækja flugvöll til afnota fyrir almenning þarf leyfi samgönguráðherra. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Leyfið skal vera tímabundið og bundið þeim skilyrðum sem samgönguráðherra telur nauðsynleg.

Leyfið má taka aftur ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga eða reglna sem slíkan rekstur varða.

58. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að framkvæma eignarnám á hvers kyns fasteignaréttindum vegna gerðar og reksturs flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar. Um framkvæmd eignarnámsins fer samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

59. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem ætlaðir eru til almennrar notkunar.

Skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um það svæði utan sjálfs flugvallarins þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glöggt á um mörk þess svæðis sem skipulagið tekur yfir.

60. gr.

Innan skipulagssvæðis skal greina hinar mismunandi takmarkanir á mannvirkjahæð sem nauðsynlegar eru til öruggrar lendingar og öruggs flugtaks.

Skipulagsreglur skulu kveða á um tiltekna geira fyrir aðflug og brottflug.

Setja má reglur um tímabundið skipulag.

Uppkast að fyrirhuguðum skipulagsreglum skal liggja frammi mönnum til sýnis á hentugum stað og skal auglýsa framlagningu í Lögbirtingablaði og skora á fasteignaeigendur og aðra sem í hlut eiga að gera athugasemdir við það áður en liðinn er frestur sem eigi má vera styttri en fjórar vikur.

Flugmálastjórn skal taka til ítarlegrar athugunar þær athugasemdir sem fram kunna að koma og gefa þeim sem í hlut eiga færi á því að kynna sér breytingar áður en gengið er frá skipulagi til fullnaðar. Fullnaðarskipulag skal birta með sama hætti og uppkastið.

Þinglýsa skal kvöð sem lögð er á fasteignir vegna flugvalla, enda skipti kvöð máli.

61. gr.

Eigi má víkja frá hæðartakmörkun eða öðrum takmörkunum um forræði eigna, sem í skipulagsreglum segir, án samþykkis Flugmálastjórnar. Fyrir slíku samþykki má setja skilyrði, svo sem um breytingar eða merkingar þeirra bygginga sem máli skipta.

Ef takmörkun er eigi hlítt án þess að fyrir liggi samþykki skal Flugmálastjórn setja þeim er í hlut á frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir ef eigi eru haldin skilyrði fyrir samþykki eftir 1. mgr.

Ef frestur líður án þess að úr sé bætt er Flugmálastjórn heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina lögreglu og á kostnað þess sem í hlut á.

62. gr.

Ef loftferðatálmi er fyrir hendi sem fer í bága við skipulagið þegar skipulagsreglur taka gildi skal fjarlægja hann, enda samþykki Flugmálastjórn eigi að hann haldist.

63. gr.

Ef lögð er kvöð á eign manns eða forræðisskerðing vegna flugvallar á eigandi hennar eða réttindahafi kröfu til skaðabóta úr hendi eiganda flugvallar, enda hafi kvöð eða forræðis-

skerðing í för með sér að eignin verði eigi hagnýtt til fulls miðað við stærð hennar, legu og allar aðstæður, eða eigandi hennar verður fyrir fjárhagstjóni sem hann á að fá bætt eftir meginreglum laga.

Bóta má einnig krefjast úr hendi eiganda flugvallar þegar aðili verður fyrir skaða vegna framkvæmda er getur í 62. gr.

Ríkið ábyrgist að skaðabætur séu af hendi inntar.

64. gr.

Skaðabætur skal ákveða eftir reglum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Krefjandi skaðabóta getur beiðst mats innan þess frests sem ákveðinn er í skipulagsreglum. Frestur má eigi vera styttri en tvö ár frá birtingu skipulagsreglna. Samgönguráðherra er heimilt að veita framlengingu um sex mánaða tímabil frá lokum frests.

65. gr.

Flugmálastjórn skal sjá um að hinni fyrirskipuðu forræðisskerðingu á eignum og mannvirkjum sé hlítt. Ef brugðið er út af þessu ber að tilkynna það Flugmálastjórn tafarlaust.

66. gr.

Við breytingu á skipulagsreglum skal beita sömu aðferð og við setningu nýrra. Veita má tilslökun á forræðisskerðingu án þess að uppkast liggi áður frammi til sýnis.

67. gr.

Skipulagsreglur skulu halda gildi sínu uns samgönguráðherra fellir þær úr gildi eða gildistími þeirra er útrunninn.

Ef skipulagsreglur eru felldar úr gildi taka ákvæði 3. og 4. mgr. 60. gr. til þess með tilsvarandi hætti.

68. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að krefjast þess að tálmar utan svæðis sem skipulag tekur yfir, er vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð, séu fjarlægðir eða merktir. Beitt skal eignarnámi ef þörf krefur. Kostnaður, þar með taldar skaðabætur handa eiganda eða notanda, greiðist úr ríkissjóði.

69. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að kveða svo á að eigi skuli setja upp eða nota og, sé því að skipta, að brott skuli, nema eða færa í annað horf merki, ljós eða hljóðvirki, tæki er senda frá sér útvarpsbylgjur eða annan tækjabúnað sem telja má flugumferð stafa hættu af.

Um skaðabætur fer eftir almennum reglum laga.

70. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að takmarka aðgang að flugvöllum og flugvallarsvæðum, umferð um þau og dvöl loftfara á þeim, svo og að banna umgengni eða dvöl á slíkum svæðum ef hún telur það nauðsynlegt vegna öryggis.

71. gr.

Heimta má gjöld fyrir not flugvallar eða flugleiðsögutækja í þágu loftferða, sem eru til almennra nota, eftir reglum sem samgönguráðherra setur. Taka má afgjöld fjárnámi.

Enn fremur er heimilt að heimta gjöld til greiðslu á kostnaði við rekstur flugumferðarstjórnar í þágu loftferða eftir reglum sem settar eru af samgönguráðherra. Gjöld þessi eru kræf vegna loftferða yfir íslensk yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, þegar um það hefur verið samið milli Íslands og viðkomandi ríkis. Taka má gjöld þessi með fjárnámi.

Heimilt er samgönguráðherra að semja við stjórnvöld annarra ríkja um að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum.

Gjaldskyldan hvílir á skráðum umráðendum í loftfaraskrá að íslenskum loftförum og á eigendum erlendra loftfara vegna ferða um svæðið þar sem þjónusta er veitt eða flugvellir eru. Taka má gjöldin fjárnámi.

72. gr.

Flugvelli og önnur mannvirki í þágu loftferða sem eru til almennra nota mega erlend loftför einnig nota með sömu skilyrðum og íslensk loftför í sams konar milliríkjaferðum, enda sé fyrir hendi samningur um þetta við það erlenda ríki sem í hlut á. Við komu til eða brottför frá landinu er þó skylt að nota tollhafnir.

73. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða á um hvaða skilyrðum þeir þurfa að fullnægja sem starfa við flugumferðarstjórn, á flugvelli eða við flugleiðsögubúnað eða hafa á hendi annað það starf utan loftfars sem mikilsvert er fyrir öryggi loftferða. Ráðherra getur jafnframt sett reglur um starfsskírteini fyrir slíkum starfa.

74. gr.

Ákvæði 34. og 37. gr. taka með viðeigandi hætti til flugumferðarstjóra og einnig þeirra sem hafa eftirlit með loftförum og loftferðum eða hafa á hendi tæknistörf við loftfar eða önnur mikilsverð störf fyrir öryggi loftferða eftir því sem samgönguráðherra kveður um í reglugerð.

VIII. KAFLI
Umferð í lofti og stjórn hennar.

75. gr.

Flugumferðarþjónustu skal veita loftförum til að tryggja flugöryggi.

Samgönguráðherra setur reglur um flugumferðarþjónustuna og ákveður að hve miklu leyti aðrir en ríkisstofnanir skuli hafa hana á hendi.

76. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða á um að loftferðir á tilteknum leiðum eða yfir tilteknum svæðum skuli háðar sérstöku skipulagi.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um flugleiðir loftfara inn á íslenskt yfirráðasvæði og yfir því og hverja flugvelli megi nota í millilandaflugi.

Samgönguráðherra setur reglur um verndarráðstafanir sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum.

77. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að skipa loftfari að lenda, enda miði sú aðgerð að því að halda uppi allsherjarreglu og öryggi. Lenda skal þá svo skjótt sem kostur er. Ef skipun er ekki annars efnis skal loftfar lenda á næsta flugvelli hér á landi sem er til almennra flugnota og lenda má á.

Ef loftfar flýgur inn á svæði þar sem loftferðir eru bannaðar skal loftfarið tafarlaust fljúga út fyrir svæðið og tilkynna þetta þeim handhafa stjórnvalds sem í hlut á.

Fari stjórnandi loftfars eigi eftir fyrirmælum þessarar greinar er handhafa stjórnvaldsins heimilt með viðeigandi ráðum að hindra áframhaldandi flug loftfarsins.

78. gr.

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra. Samgönguráðherra setur í samráði við dómsmálaráðherra fyrirmæli um hvað hergögn merkja. Samgönguráðherra er heimilt í samráði við dómsmálaráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

Samgönguráðherra er heimilt að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi.

79. gr.

Flugmálastjórn, lögreglu og tollyfirvöldum er heimilt að rannsaka loftfar og sannreyna þau skjöl sem loftfar og flugverjar skulu hafa meðferðis.

IX. KAFLI
Flugrekstrarleyfi.

80. gr.

Leyfi Flugmálastjórnar þarf til loftferða í atvinnuskyni yfir íslensku yfirráðasvæði.

81. gr.

Flugrekstrarleyfi skal veita sé fullnægt skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

82. gr.

Skilyrði flugrekstrarleyfis eru:

a. að umsækjandi uppfylli skilyrði 10. gr. laga þessara um skrásetningu á loftfari,
b. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem samgönguráðherra skal setja um tæknilega þekkingu og hæfi starfsmanna flugrekanda,
c. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem samgönguráðherra setur um fjármögnun flugrekstrarins,
d. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem samgönguráðherra setur um aðstöðu og aðbúnað að flugrekstrinum,
e. að umsækjandi hafi flugrekandaskírteini í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

83. gr.

Veita skal leyfi um tiltekinn tíma og binda þau skilyrðum sem nauðsynleg þykja að því marki sem það samrýmist öðrum lögum eða milliríkjasamningum auk skilyrða skv. 82. gr.

84. gr.

Brjóti leyfishafi í mikilvægum atriðum lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði leyfis eða hann reynist ófær um að reka starfsemina skal svipta hann leyfi.

85. gr.

Flugmálastjórn getur ákveðið að erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, skuli lúta lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er varða íslensk loftför.

Sé skilyrðum 1. mgr. fullnægt telst loftfarið íslenskt í skilningi 2. tölul. 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

X. KAFLI
Loftflutningar.

Gildissvið.

86. gr.

Ákvæði þessa kafla taka yfir flutninga í loftfari á farþegum, farangri eða varningi, enda sé flutningur inntur af hendi í atvinnuskyni sem liður í flugrekstri hlutaðeigandi flytjanda.

Nú framkvæmir flugrekandi flutninga, og gilda þá ákvæði þessa kafla, enda þótt flutningur sé ókeypis.

87. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda eigi um póstflutninga.

Ákvæðin um flutningaskjöl í 88.–94. gr. taka eigi til flutninga sem inntir eru af hendi við óvenjulegar aðstæður og falla utan venjulegrar loftferðastarfsemi.

Flutningaskjöl.

88. gr.

Þegar farþegar eru fluttir skal flytjandi afhenda farseðil þar sem greina skal:

a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum sem með samsvarandi hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á mannskaða og glötun eða tjóni á farangri, með þeim takmörkunum þó sem greinir í lögum þessum.

Nú eru eigi færðar sönnur á annað, og telst farseðill sönnun um gerð flutningssamnings og flutningskjör.

Ef farseðill er eigi gefinn út eða efni hans er eigi það er mælt var eða hann hefur glatast er flutningssamningur engu að síður gildur.

Þegar farþegi er með samþykki flytjanda í loftfari, án þess að farmiði sé afhentur, eða farmiði geymir eigi þá tilvísun sem í c-lið greinir getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

89. gr.

Þegar innrituðum farangri er veitt viðtaka til flutnings skal gefa út farangursmiða. Ef farangursmiði er eigi festur við eða felldur inn í farseðil farþega sem fullnægir kröfum 1. mgr. 88. gr. skal á farangursmiða greina:

a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum sem með sama hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á farangri.

Ef eigi eru færðar sönnur á annað telst farangursmiði sönnun um innritun og viðtöku farangurs til flutnings og um flutningskjör.

Nú er farangursmiði eigi gefinn út eða efni hans er eigi það sem mælt var eða hann hefur glatast, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

Ef flytjandi hefur tekið við farangri án þess að afhenda farangursmiða eða farangursmiði geymir eigi þá tilvísun sem í c-lið 1. mgr. greinir og hann er eigi heldur festur við eða felldur inn í farmiða sem geymir tilvísun þá sem greinir í c-lið 1. mgr. 88. gr. getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

90. gr.

Þegar varningur er fluttur getur flytjandi krafist þess að sendandi gefi út og afhendi honum skjal sem nefnist flugfarmbréf. Sendandi getur og krafist þess að flytjandi taki við skjali þessu.

Nú er flugfarmbréf eigi gefið út eða það geymir eigi efni það er mælt var eða það hefur glatast og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

91. gr.

Sendandi skal gefa flugfarmbréf út í þremur eintökum og afhenda þau flytjanda ásamt varningi. Á fyrsta eintakið skal rita „Handa flytjanda“ og skal sendandi undirrita það. Á annað eintakið skal rita „Handa viðtakanda“ og skulu bæði sendandi og flytjandi undirrita það. Skal það fylgja varningnum. Þriðja eintakið skal flytjandi undirrita og skila sendanda því er varningnum hefur verið veitt viðtaka.

Flytjandi skal undirrita flugfarmbréf áður en varningur er færður í loftfar. Undirritun má rita með stimpli. Einnig er heimilt að undirritun sendanda sé prentuð eða letruð með stimpli.

Nú hefur flytjandi gefið út flugfarmbréf eftir beiðni sendanda og skal talið að hann hafi gert það fyrir hönd sendanda, nema annað sannist.

92. gr.

Þegar fleiri en einn hlutur varnings eru fluttir skal sendandi gefa út sérstök flugfarmbréf, enda krefjist flytjandi þess.

93. gr.

Í flugfarmbréfi skal greina:

a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum sem með sama hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi.

94. gr.

Ef varningur er með samþykki flytjanda færður í loftfar án þess að flugfarmbréf sé gefið út eða flugfarmbréf geymir eigi tilvísun þá sem greinir í c-lið 93. gr. getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

95. gr.

Sendandi er ábyrgur fyrir tjóni sem flytjandi eða einhver sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart bíður vegna þess að frásögn sendanda í flugfarmbréfi um varning geymir eigi þau atriði sem mælt var eða er annars röng eða ófullkomin.

96. gr.

Flugfarmbréf er gild sönnun fyrir gerð flutningssamnings, viðtöku varnings og flutningsskilmálum, enda séu eigi leiddar sönnur að öðru.

Frásögn flugfarmbréfs um þyngd varnings, umtak, umbúðir og hlutatölu telst rétt, enda séu eigi sönnur leiddar að öðru. Aðrar skýrslur í flugfarmbréfi um magn varnings eða rúmtak eða ástand gilda hins vegar eigi sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda kannað réttmæti þeirra og staðfest það með áritun á flugfarmbréfið eða skýrslurnar varða sýnilegt ástand vöru.

Réttur til að ráðstafa varningi og afhending hans.

97. gr.

Nú fullnægir sendandi skuldbindingum sínum samkvæmt flutningssamningi, og er honum, flytjanda eða öðrum sendendum heimilt að ráðstafa varningi þann veg að hann endurheimtir hann á brottfarar- eða ákvörðunarflugvelli, stöðvar flutning hans þá er lent er á leiðinni, lætur afhenda hann á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim sem tilgreindur er í flugfarmbréfi sem viðtakandi eða krefst þess að hann sé fluttur aftur til brottfararflugvallar. Sendandi skal þó greiða kostnað af þessum ráðstöfunum. Nú er eigi unnt að framkvæma fyrirmæli sendanda, og skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Fari flytjandi eftir fyrirmælum sendanda án þess að lagt sé fram eintak það af farmbréfi sem sendanda var skilað er flytjandi ábyrgur fyrir tjóni sem réttur handhafi flugfarmbréfs bíður við það, en framkröfur á flytjandi þó á hendur sendanda.

Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda hefst skv. 98. gr. Nú neitar viðtakandi að taka við flugfarmbréfi eða varningi eða fundi hans verður eigi náð, og öðlast þá sendandi á ný ráðstöfunarrétt á varningnum.

98. gr.

Flytjandi skal, þegar er varningur er kominn á leiðarenda, tilkynna það viðtakanda, enda sé eigi öðruvísi um samið.

Þegar varningurinn er kominn á ákvörðunarstað getur viðtakandi, sé eigi tilvikum 97. gr. til að dreifa, krafist þess að flytjandi láti af hendi við hann flugfarmbréfið og varninginn gegn greiðslu þess sem ógoldið er og gegn efndum á flutningsskilmálum þeim sem í flugfarmbréfi greinir.

99. gr.

Viðurkenni flytjandi að varningur hafi glatast eða hann er eigi kominn á leiðarenda í síðasta lagi sjö dögum eftir áætlun er viðkomanda rétt að neyta þess réttar er flutningssamningurinn veitir honum gegn flytjanda.

100. gr.

Samningur, sem geymir frávik frá ákvæðum 97.–99. gr., er ógildur, nema hann sé tilfærður í flugfarmbréfi.

101. gr.

Sendanda er skylt að gefa þær skýrslur og láta fylgja flugfarmbréfi þau skjöl sem nauðsynleg eru til fullnægju toll- og lögregluákvæðum áður en varningur verður afhentur viðtakanda. Sendandi ber ábyrgð gagnvart flytjanda á því tjóni sem hljótast kann af því að þessar skýrslur eða skjöl vantar eða þau eru ófullkomin eða eigi í samræmi við settar reglur, nema flytjandi eða starfsmenn hans hafi gerst sekir um yfirsjón eða vanrækslu.

Flytjanda er eigi skylt að rannsaka hvort þessar skýrslur og skjöl eru rétt eða fullnægjandi.

Ábyrgð flytjanda.

102. gr.

Nú lætur farþegi lífið eða hlýtur líkamsmeiðsl eða heilsutjón af völdum slyss sem verður í loftfari eða þá er farið er upp í loftfar eða úr því, og ber flytjandi ábyrgð á því.

103. gr.

Spillist eða týnist innritaður farangur eða varningur af völdum atburðar sem gerist á þeim tíma er farangurinn eða varningurinn er í vörslum flytjanda, hvort heldur það er á flugvelli, í loftfari eða á hverjum stað öðrum þá er lent er utan flugvallar, ber flytjandi ábyrgð á því.

Nú tekur flutningssamningur einnig til flutninga á láði eða legi utan flugvallar við fermingu, afhendingu eða endurfermingu, og skal hvers konar tjón, sem verður á farangri eða varningi, teljast hafa orðið á þeim tíma er getur í 1. mgr. uns annað sannast.

104. gr.

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni sem verður af völdum dráttar við loftflutning farþega, innritaðs farangurs eða varnings.

105. gr.

Flytjandi skal laus úr ábyrgð ef hann leiðir sönnur að því að hann sjálfur og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að afstýra tjóni eða það hafi eigi verið á þeirra valdi.

Málsvörn samkvæmt ákvæðum 1. mgr. er flugrekanda þó því aðeins heimilt að bera fyrir sig að höfuðstóll bótaskyldrar tjónsfjárhæðar þeirra tjóna sem um getur í 102. gr. fari fram úr jafnvirði 100.000 SDR í íslenskum krónum, nema ákvæði 106 gr. eigi við. Slík málsvörn er þó því aðeins heimil hvað varðar þann hluta sem fram úr þessum fjárhæðarmörkum fer að ákvæði 106. gr. eigi við.

106. gr.

Nú sannar flytjandi að sá sem fyrir tjóninu varð hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur þess, og má færa skaðabætur niður eða fella þær niður.

107. gr.

Þegar farþegar eru fluttir skulu bótafjárhæðir í tjónstilvikum sem valda örorku eða dauða ákvarðaðar samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Flugrekandi skal þó án tafar og ekki síðar en 15 dögum eftir að ljóst er hver hinn slasaði eða látni er inna af hendi fyrirframgreiðslu til að mæta bráðum fjárhagsþörfum og skal greiðslan taka mið af aðstæðum. Greiðsla þessi skal ekki vera lægri en sem nemur jafnvirði 15.000 SDR í íslenskum krónum vegna hvers farþega sé um dauðaslys að ræða. Það að inna fyrirframgreiðslu þessa af hendi jafngildir þó ekki viðurkenningu á ábyrgð og kemur til frádráttar við endanlegt uppgjör bóta vegna slyssins. Hún er þó ekki afturkræf, nema í þeim tilvikum sem greinir í 106. gr., þ.e. að flugrekandi sannar að farþegi hafi verið valdur eða samvaldur að slysinu eða að sá sem greiðsluna fékk hafi ekki átt lögvarið tilkall til hennar.

Nú er innritaður farangur eða varningur fluttur, og skal hámarksábyrgð flytjanda vera jafnvirði 17 SDR í íslenskum krónum á kg. Nú hefur farþegi eða sendandi, þá er farangur eða varningur er afhentur flytjanda, tilgreint sérstaklega þá hagsmuni sem tengdir eru við afhendingu farangurs eða varnings á ákvörðunarstað og greitt það aukafarmgjald sem kveðið kann að vera á um, og gildir þá hin tiltekna fjárhæð sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann

sanni að raunverulegir hagsmunir farþega eða sendanda hafi verið minni. Nú er um að tefla glötun, spjöll eða seinkun á hluta hins innritaða farangurs eða varnings eða einhvers sem í farangri eða varningi kann að felast, og skal einungis leggja heildarþunga þess varnings sem þannig stendur á um, til grundvallar við ákvörðun á hámarksábyrgð flytjanda. Ef glötun, spjöll eða seinkun lækkar verðmæti annarra hluta varnings sem sami farangursmiði eða sama flugfarmbréf tekur til skal einnig taka heildarþunga þessara varningshluta við ákvörðun á hámarksábyrgð.

Hámarksábyrgð flytjanda á varningi, sem farþegar halda í vörslum sínum, skal vera jafnvirði 332 SDR í íslenskum krónum til hvers farþega.

Heimilt er dómara að dæma sækjanda málskostnað án tillits til hámarksábyrgðar samkvæmt grein þessari. Þetta gildir þó eigi ef flytjandi hefur áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er atburður sá gerðist er tjónið hlaust af eða áður en mál er höfðað boðið sækjanda skriflega skaðabætur sem eigi eru lægri en dæmd fjárhæð að undanskildum málskostnaði.

Með SDR er vísað til sérstakra dráttarréttinda eins og þau er skilgreind af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og gengisskráningar Seðlabanka Íslands á þeim. Umreikningur í íslenskar krónur skal miðast við skráð gengi á þeim degi sem bótaskylt tjón varð.

108. gr.

Ógildur er áskilnaður sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða kveða á um lægri hámarksábyrgð en í 105. og 107. gr. segir.

Farseðill skal greina skilmála skv. 105. gr. og 107 gr. á einfaldan og skýran hátt.

Þegar varningur er fluttur er flytjanda leyfilegt að gera ábyrgðartakmarkanir varðandi tjón eða spjöll sem leiðir af eðli varnings eða eðlislægum galla á honum.

109. gr.

Ef sannast að flytjandi eða starfsmenn hans hafa við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu, annaðhvort af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi samfara vitneskju um að tjón mundi sennilega hljótast af, skal eigi beita ákvæðum 107. gr. um hámarksábyrgð.

110. gr.

Nú eru starfsmenn flytjanda sóttir til fébóta fyrir skaða sem þeir hafa við framkvæmd starfa síns valdið af minna gáleysi en því sem í 109. gr. getur, og má heildarfjárhæð þeirra skaðabóta, sem þeim og flytjanda er gert að greiða, eigi fara fram úr hámarksábyrgð flytjanda.

111. gr.

Þegar tekið er við innrituðum farangri eða varningi án fyrirvara af hálfu viðtakanda skal telja að farangurinn eða varningurinn hafi verið afhentur í góðu lagi og í samræmi við flutningsskírteini, enda sannist eigi annað.

Hafi farangur eða varningur orðið fyrir spjöllum eða eitthvað af honum glatast skal tilkynna það flytjanda jafnskjótt og tjónsins verður vart og í síðasta lagi áður en liðnir eru sjö dagar frá viðtöku að því er varðar farangur en fjórtán dagar að því er til annars varnings tekur. Tilkynningu um seinkun skal gefa áður en liðinn er tuttugu og einn dagur frá þeim degi að telja er farangur eða varningur var boðinn viðtakanda til umráða.

Tilkynningu skal skrá á flutningsskírteini eða senda bréflega áður en frestur er liðinn.

112. gr.

Nú er tjón eigi tilkynnt áður en liðnir eru frestir þeir sem í 111. gr. getur, og fellur þá niður sérhver krafa á hendur flytjanda, nema hann hafi farið sviksamlega að ráði sínu.

113. gr.

Skaðabótamál skal höfða annaðhvort fyrir dómi á þeim stað þar sem flytjandi býr eða hefur aðalskrifstofu sína eða útibú það sem gerði flutningssamninginn eða á ákvörðunarstaðnum.

Nú tekur Varsjársáttmálinn yfir flutninginn, og verður skaðabótamál einungis höfðað fyrir íslenskum dómstól eða dómstól í ríki sem gerst hefur aðili að nefndum sáttmála.

114. gr.

Réttur til skaðabóta eftir ákvæðum þessa kafla fellur niður ef mál er eigi höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða frá þeim degi er loftfar skyldi koma þangað eða frá því er flutningur stöðvaðist.

115. gr.

Eigi fleiri en einn flytjandi, hver á eftir öðrum, að annast flutning sem ber samkvæmt flutningssamningi eða flutningssamningum að telja einn og sama flutning er hver þeirra, þá er hann tekur við farþegum, innrituðum farangri eða varningi, ábyrgur fyrir þeim hluta flutningsstarfans sem hann á að inna af hendi.

Nú er um að tefla flutning á innrituðum farangri eða varningi, og getur sendandi einnig beint kröfum sínum gegn fyrsta flytjanda og sá sem á rétt til afhendingar gegn síðasta flytjanda þótt tjón eða seinkun hafi orðið meðan varningurinn var í vörslu annars flytjanda.

Ef fleiri flytjendur eru ábyrgir samkvæmt þessu bera þeir óskipta ábyrgð.

Flutningur sem framkvæmdur er af öðrum en þeim er gert hefur flutningssamning.

116. gr.

Þegar flutningur er framkvæmdur að hluta eða að öllu leyti af öðrum en þeim sem hefur gert flutningssamninginn gilda ákvæði 117.–121. gr., nema það sannist að flutningurinn hafi ekki verið samþykktur af þeim sem gerði flutningssamninginn.

Ákvæði 118. gr., 120. gr. og 121. gr. eiga einungis við um þann hluta loftflutningsins sem ekki er framkvæmdur af þeim sem hefur gert flutningssamninginn.

117. gr.

Bæði sá sem gert hefur flutningssamninginn og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn skulu teljast flytjendur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Gagnvart þeim er gert hefur flutningssamninginn skal svo gilda allan loftflutninginn en gagnvart þeim sem framkvæmir flutninginn á þetta við þann hluta loftflutningsins er hann annast.

118. gr.

Við mat á bótaskyldu flytjanda skal aðgerð eða aðgerðaleysi annars flutningsaðilans, starfsmanna hans eða umboðsmanna, þegar þeir eru að störfum fyrir hann, jafngilda því að hinn flutningsaðilinn hafi sjálfur átt í hlut. Þetta raskar ekki því sem segir um bótaskyldu í 105. og 107. gr.

Þó að sá sem gerði flutningssamning hafi tekið á sig skyldur umfram það er segir í þessum kafla eða farþegi eða sendandi hafi lýst hærri kröfu skv. 105. og 107. gr. er flytjandi sem framkvæmir flutninginn ekki bundinn af því, nema hann hafi samþykkt það.

119. gr.

Kvörtun eða fyrirmæli samkvæmt þessum kafla sem beint er gagnvart einum flytjanda hefur einnig gildi gagnvart hinum. Fyrirmæli skv. 97. gr. fá hins vegar ekki gildi, nema þeim sé beint gagnvart þeim er gerði flutningssamninginn.

120. gr.

Sá sem gert hefur flutningssamninginn og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn og starfsmenn hans eða umboðsmenn þegar þeir eru að störfum fyrir hann bera ekki meiri ábyrgð en nemur hæstu bótum sem hver flytjandi á að inna af hendi. Hver bótaskyldur svarar aðeins til bóta að því hámarki sem fyrir hann gildir.

121. gr.

Hvort sem bótamál er sótt á hendur öllum flytjendum eða einum má sækja það fyrir dómstól þar sem heimilt er að höfða mál gegn þeim er gerði flutningssamninginn skv. 113. gr. eða á heimilisvarnarþingi þess sem framkvæmdi flutninginn.

Flutningur með fleiri en eins konar flutningstækjum.

122. gr.

Nú fer flutningur að nokkru fram með loftfari og að nokkru með öðru flutningstæki og taka ákvæði laga þessara einungis til loftflutningsins.

Taka má upp í loftflutningsskjalið skilmálana fyrir hinum greinum flutningsins.

Önnur ákvæði.

123. gr.

Ógildir skulu vera fyrirvarar í flutningssamningi og samningar gerðir áður en tjón verður þar sem aðilar víkja frá ákvæðunum um þau lög sem fara skal eftir eða ákvæðum um varnarþing.

124. gr.

Nú er loftflutningaskjal gert utan Íslands eða það varðar loftflutninga milli ríkja, og er viðvörun skv. c-lið 1. mgr. 88. gr., c-lið 1. mgr. 89. gr. og c-lið 93. gr. nægilega framkvæmd ef skjalið ber það greinilega með sér að flutningurinn geti hlítt Varsjársáttmálanum og að hann takmarki að jafnaði ábyrgð flytjanda í þeim tilvikum sem viðkomandi ákvæði tekur til.

Nú er um að tefla loftflutning milli ríkja sem Varsjársáttmálinn tekur eigi yfir, og getur flytjandi borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar skv. 107. gr., jafnvel þótt flutningsskjalið geymi eigi viðvörun þá sem í 1. mgr. getur.

125. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að gera undantekningu frá ákvæðum 1. mgr. 88. gr., 1. mgr. 89. gr. og 93. gr. um farseðla, farangursmiða og flugfarmbréf með reglugerð.

126. gr.

Þá er rætt er um Varsjársáttmálann í lögum þessum er átt við sáttmála þann um alþjóðaloftflutninga sem gerður var í Varsjá 12. október 1929 með þeim breytingum sem á honum urðu samkvæmt sáttmálaauka, undirrituðum í Haag 28. september 1955.

Ákvæðum kafla þessa skal eigi beita um milliríkjaloftflutninga sem framkvæmdir eru samkvæmt áskilnaði, gerðum með heimild í viðbótarbókun við 2. gr. Varsjársáttmálans frá 12. október 1929 eða XXVI. gr. Haag-sáttmálaaukans frá 28. september 1955.

Ákvæði laga þessara hrófla eigi við Varsjársáttmálanum frá 12. október 1929 að svo miklu leyti sem hann heldur gildi sínu í milliríkjaskiptum Íslands og annarra ríkja sem eigi hafa fullgilt sáttmálaaukann sem gerður var í Haag 28. september 1955.

Guadalajara-sáttmálinn merkir í lögum þessum sáttmála þann um alþjóðaloftflutninga framkvæmda af öðrum flytjanda en þeim er undirritar flutningssamning sem gerður var í Guadalajara 18. september 1961.

127. gr.

Gerðardómssamningar, gerðir áður en tjón verður, eru einungis gildir að því er varðar flutning á munum, enda sé gerðardómur háður á einhverjum þeim stað sem er löglegt varnarþing eftir 113. gr. og málið útkljáð samkvæmt ákvæðum Varsjársáttmálans og Guadalajarasáttmálans að því leyti sem ákvæði þeirra taka til þess.

Greinargóðar upplýsingar um skilmála skv. 105. gr. og 107. gr. laga þessara skulu vera farþegum til reiðu á söluskrifstofum flugrekanda, hjá ferðaskrifstofum og umboðsaðilum hans og við innritunarborð til brottfarar.

Flugrekendur, sem starfa á grundvelli flugrekstarleyfa útgefinna í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins en flytja farþega til og frá Íslandi, án þess að samningsskilmálar byggist á ákvæðum sem samsvara 105. og 107. gr. laga þessara, skulu skilmerkilega vekja athygli farþeganna á því. Skal það gert þegar farseðlar eru keyptir hjá ferðaskrifstofum og umboðsaðilum og við innritun til brottfarar.

Skylt er að tilgreina ferðaskilmála skriflega í farseðli. Það að tilgreina í farseðli að flugrekandi beri fyrir sig heimildir til að takmarka ábyrgð sína telst ekki fullnægjandi tilgreining skilmálans.

XI. KAFLI

Skaðabætur og vátryggingar.

128. gr.

Nú hlýst af notkun loftfars skaði á mönnum eða hlutum sem eru utan loftfarsins, og er eigandi þess eða, eftir því sem við á, aðili sá, sem ber kostnað af rekstri þess, skyldur að bæta skaðann fé.

Skaðabótaskyldan fellur niður ef sannað er að sá sem fyrir skaða verður hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

129. gr.

Nú er um að tefla tjón sem verða á mönnum eða hlutum innan marka viðurkennds flugvallar, og skal eigi beita ákvæðum 1. mgr. 128. gr.

Verði tjón á loftfari eða farmi við árekstur loftfara skal beita ákvæðum siglingalaga um árekstur skipa.

Nú verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara tjón sem hver þeirra er bera kostnaðinn af rekstri loftfaranna á að greiða samkvæmt ákvæði 1. mgr. 128. gr., og eru þeir allir sam-

ábyrgir. Dómstólar skera úr með hliðsjón af aðstæðum hversu mikinn hluta goldinna skaðabóta hver þeirra megi framkrefja úr hendi þess eða þeirra sem samábyrgir eru.

130. gr.

Ákvæði 128. og 129. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta sem leiðir af almennum reglum.

131. gr.

Eigandi loftfars, sem nota skal til loftferða samkvæmt lögum þessum, skal taka og halda við vátryggingu er örugg telst, til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess. Vátrygging þessi skal meðal annars tryggja greiðslu kostnaðar við hreinsun á slysstað og brottnám flaks. Leita skal viðurkenningar Flugmálastjórnar á vátryggingafélagi og vátryggingarskilmálum.

Nú fellur vátrygging úr gildi, og ber vátryggingafélag gagnvart þriðja aðilja ábyrgð á tjóni samkvæmt hljóðan vátryggingarskírteinis í tvo mánuði frá því er það tilkynnti Flugmálastjórn að vátryggingin væri niður fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af skrá eða flugleyfi skv. c-lið 3. gr. afturkallað.

Flugrekendur skulu taka vátryggingu gegn tjóni á mönnum eða hlutum í loftfari eða við för eða flutning þeirra í loftfar eða úr því og svo gegn tjóni á innrituðum farangri og varningi meðan flytjandi ber ábyrgð á honum skv. X. kafla.

Vátryggingafjárhæðir skulu tryggja bætur samkvæmt ákvæðum 105. og 107. gr. laga þessara, en jafnframt skal vátryggt gegn þeirri áhættu sem fjárhæðamörk íslenskra skaðabótalaga geta leitt til varðandi lífs- og líkamstjón.

Samgönguráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um vátryggingarskyldu þá sem hér er mælt fyrir um, þar á meðal um vátryggingarfjárhæðir og afleiðingar þess að vátryggingu eða tryggingu er eigi haldið í gildi.

XII. KAFLI
Aðstoð og björgun.

132. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um leit og björgun er viðhafa skal þegar loftfars er saknað eða því hefur hlekkst á eða það hefur farist, þar á meðal um aðstoð þá sem einstaklingum og fyrirtækjum er skylt að veita við leit og björgunarstörf og um þóknun fyrir slíka aðstoð.

Flugmálastjórn stjórnar leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst, en þá tekur rannsóknarnefnd flugslysa við vettvangsstjórn.

Kostnað, sem ríkissjóður hefur af leit að loftfari sem er saknað, skal Flugmálastjórn heimilt að leggja að nokkru eða öllu leyti á skráðan umráðanda loftfarsins í loftfaraskrá eða eiganda ef hann er erlendur, enda hnígi rök til þess og það brjóti eigi í bága við milliríkjasamninga. Sama gildir um kostnað af björgunarstarfi að því leyti sem ekki greiðist með björgunarlaunum.

Heimilt er að skylda skráðan eiganda loftfars að hlutast til um brottflutning flaks og hreinsun á slysstað.

133. gr.

Ef maður bjargar eða stuðlar að björgun á loftfari, sem hlekkst hefur á eða er statt í háska, farangri eða vöru sem í því er eða nokkru því sem telst til slíks loftfars, farangurs eða vöru

á hann, hvort heldur bjargað er í lofti, á láði eða legi, rétt til björgunarlauna samkvæmt gildandi reglum um björgun skipa og varnings sem til þeirra telst. Ef maður bjargar eða stuðlar að björgun á mannslífum úr þeim háska sem varð tilefni til björgunar á hann kröfu til hlutdeildar í björgunarlaununum.

Hafi maður stofnað til óvenjulegra útgjalda sem nauðsynleg voru til varðveislu á loftfari eða varningi úr því á hann rétt til að honum sé endurgreitt, enda hafi hann eigi breytt gegn beinu og réttmætu banni flugstjóra þess sem í hlut á.

Krafa um björgunarlaun eða endurgjald fyrir óvenjuleg útgjöld má eigi fara fram úr verðmæti því sem bjargað var, svo sem loftfari, ásamt flutningsgjaldi fyrir farangur, varning og farþega.

134. gr.

Eigandi bjargaðs varnings ábyrgist einungis björgunarlaun með verðmæti þess sem bjargað var. Krafa um björgunarlaun er tryggð með veði í loftfari, farangri og varningi og gengur það fyrir öllum öðrum veðböndum. Veðkrafa sem stafar af síðari atburði gengur fyrir veðkröfu sem stafar af fyrri atburði.

Ef farangur eða varningur er látinn af hendi fellur veðrétturinn niður. Veðréttur í loftfari fellur niður eftir þrjá mánuði ef hann er eigi þinglesinn og fjárhæð hans samþykkt eða mál höfðað til staðfestu veðrétti. Mál má höfða þar sem björgunarstarfi lauk eða þar sem loftfar og varningur er.

XIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

135. gr.

Ef ástæða er til að ætla að loftfar, sem á að hefja á loft, sé ekki lofthæft eða ekki tilhlýðilega skipað áhöfn eða það muni verða notað andstætt ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim er Flugmálastjórn heimilt að leggja bann við för loftfarsins og, beri nauðsyn til, að aftra því að það sé hafið upp af flugvelli uns úr er bætt. Flugmálastjórn getur kallað eftir aðstoð lögregluyfirvalda til að halda uppi slíku banni og ber að veita hana.

136. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á eða annarrar starfsemi flugrekandans.

137. gr.

Til aukins öryggis við loftferðir er samgönguráðherra heimilt að setja reglur um meðferð, geymslu og afhendingu eldsneytis og annars sem til búnaðar loftfara þarf og um eftirlit með því að reglurnar séu haldnar.

138. gr.

Skráður umráðandi loftfars í loftfaraskrá, flugrekstraraðili, þar með talinn erlendur aðili, og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðamannvirkis er skyldur til að láta í té þær upplýsingar sem Flugmálastjórn krefst. Sömu skyldu hefur fyrirsvarsmaður viðurkenndrar starfsemi skv. 28. gr. eða annarrar starfsemi sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Flugmálastjórn er óheimilt að skýra þriðja aðila frá vitneskju sem hún hefur fengið með framangreindum hætti eða skv. 27. gr., nema að því leyti sem það er nauðsynlegt í samstarfi við önnur yfirvöld, þar með talin erlend.

139. gr.

Samgönguráðherra kveður á um gjöld sem inna ber af hendi fyrir stjórnvaldsgerðir framkvæmdar eftir lögum þessum með setningu sérstakrar gjaldskrár.

Samgönguráðherra er heimilt að ákveða að sá sem hefur hag af þeim gerðum sem í 1. mgr. segir greiði kostnað af þeim.

Gjöld samkvæmt þessari grein má heimta með fjárnámi.

140. gr.

Flugmálastjórn skal gefa út upplýsingabréf um flugmál og flugmálahandbók. Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa, flugkennsluleyfa og handhafar skírteina, útgefinna af Flugmálastjórn, vera áskrifendur að útgáfum þessum. Í flugmálahandbók skulu birtar þær ákvarðanir Flugmálastjórnar sem teknar eru á grundvelli laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og hafa almennt gildi en birtast ekki í Stjórnartíðindum. Skulu þær vera á íslensku eða ensku eftir því sem við á.

141. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fimm árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

142. gr.

Svipta skal skírteinishafa rétti til starfa þess sem skírteinið veitir ef hann hefur gerst sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem skírteinishafa varhugavert að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

143. gr.

Nú telur Flugmálastjórn skilyrði til sviptingar starfsréttinda vera fyrir hendi og skal hún þá svipta hlutaðeigandi starfsskírteini til bráðbirgða svo skjótt sem unnt er. Vari bráðabirgðasvipting lengur en fjórar vikur má bera ákvörðun Flugmálastjórnar undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal Flugmálastjórn leiðbeina hlutaðeigandi um þann rétt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

144. gr.

Áfrýjun dóms þar sem kveðið er á um sviptingu réttar frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar er sérstaklega stendur á.

145. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir til framkvæmda og skýringar á lögum þessum.

146. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 34 frá 21. maí 1964, um loftferðir, lög nr. 32 frá 14. júní 1929, um loftferðir, og lög nr. 119 frá 28. desember 1950, um stjórn flugmála.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara fellur skipun núverandi flugráðs úr gildi og skal samgönguráðherra endurskipa í ráðið samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II.

Reglugerðir og auglýsingar, sem gefnar hafa verið út samkvæmt heimildum í lögum nr. 34/1964 og í gildi eru við gildistöku laga þessara, skulu halda gildi sínu þar til þær verða sérstaklega felldar úr gildi með reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum sem leysa þær eldri af hólmi.

III.

Vátryggingar þær, sem lögboðnar eru í XI. kafla laga þessara skulu komnar í gildi innan (?) mánaða frá gildistöku laganna.

IV.

Að því marki sem frávik eru frá ákvæðum laga nr. 41/1949, sbr. lög nr. 46/1956, í ákvæðum X. kafla laga þessara, skulu ákvæði kaflans ganga framar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Formáli.

Frumvarp þetta var lagt fram á 118. þingi en varð eigi útrætt. Það var samið að ósk Halldórs Blöndals samgönguráðherra, en hann fól Pétri Einarssyni, lögfræðingi og fyrrverandi flugmálastjóra, að vinna að endurskoðun laga um loftferðir, nr. 32/1929, og nr. 34/1964, laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, og laga um stjórn flugmála, nr. 119/1950.

Frumvarpið var endurskoðað í samgönguráðuneytinu með hliðsjón af athugasemdum og breytingum á alþjóðareglum og nýjum reglum ESB um ábyrgð á sviði loftflutninga.

Þegar frumvarpið var upphaflega lagt fram fylgdu því svohljóðandi almennar athugasemdir:

„Helstu rit sem notuð hafa verið til stuðnings eða staðfestu við endurskoðun gildandi loftferðalaga:

* Lög Noregs; Svíþjóðar; Finnlands; Danmerkur; Þýskalands; Frakklands; Stóra-Bretlands og Evrópusambandsins um loftferðir eða loftflutninga ásamt greinargerðum eftir því sem við átti.
* Sáttmáli um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation), Chicago-sáttmálinn ásamt 18 viðbætum og ýmsum skýringum — eða leiðbeiningarritum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni, svo sem:
  ICAO Lexicon Volume I Vocabulary, 1974.
  ICAO Lexicon Volume II Definitions; 1985.

Repertory — Guide to the Convention on Internal Civil Aviation, second edition, 1977. Policy and Guidance Material on the Regulation of International Air Transport, first edition, 1992.
* Heere, W.P., International Bibliography of Air Law 1900–1971, með viðbótum.
* Cheng, Bin, The Law of International Air Transport, 1962.
* Shawcross, C.N. and K.C. Beaumont, Air Law 1977, með viðbótum.
* A.F. Lowenfeld, Aviation Law, 1981.
* Nicholas M. Matte, Treatise on Air-Aeronautical Law, 1981.
* I.H.Ph. Diederiks-Verschoor, An Introduction to Air Law, 1993.
* Stefán Már Stefánsson, Evrópuréttur, 1991.
* Gunnar G. Schram, Ágrip af þjóðarétti, 1986.
* Giemulla/Schmid, European Air Law, 1993, með viðbótum.
* Giemulla/Schmid/Ehlers, Warsaw Convention, 1993, með viðbótum.
* Air Transport and the European Community, 1989. Sakkoulas — Kluwer.
* Air Travel Within Europe, 1970, The National Swedish Consumer Council.
* Air Worthy, Liber Amicorum hon. Prof. Dr. I.H.Ph. Diederiks-Verschoor, 1985.
* Aeroscience, 1973, Aero Products Research.
* Jane's Aerospace Dictionary, 1986.
* Dictionary of Air Transport and Traffic Control, 1984, Granada.
* IATA and what it does, 1977, A.W. Sijthoff — Leyden.
* Samningar Íslands við erlend ríki, 1963. Utanríkisráðuneytið.
* Samningur um Evrópska efnahagssvæðið EES, I. og II. bindi, 1992. Utanríkisráðuneytið.
* Air Law, tímarit.
* Annals of Air and SpaceLaw/Annales de Droit Aérien et Spatial, tímarit.
* Lloyd's Aviation Law, tímarit.
* Study on the Possibilities of Community Action to Harmonise Limits of Passenger Liability and Increase the Amounts of Compensation for International Accident Victims in Air Transport — Volume I — Main report — Volume 2 — Appendices. Sven Brise.
* Airline Hull and Total Loss (Including Spares) and Liability Insurance 1st December, 1992 to 30th November, 1993. Ábyrgðartrygging Flugleiða hf.
* Flugorðasafn. Rit íslenskrar málnefndar. Reykjavík 1993.

I.
Inngangur.

Flugrétturinn rekur sögu sína til ársins 1900 þegar franski lögfræðingurinn Fauchille lagði til við lagastofnunina „Institut de Droit International" að gerðar yrðu alþjóðlegar samþykktir um flugleiðsögu. Það er athyglisvert að sú gerð er ein af fáum þar sem réttarþróun fer á undan tækniþróun, en eins og alkunna er þá er fyrsta vélflugið talið flogið af Wright-bræðrum í Kitty Hawk í Norður-Karolínu í Bandaríkjum Norður-Ameríku 17. desember 1903. Reyndar hófst umfjöllun um nauðsyn á lagareglum vegna flugferða e.t.v. með útgáfu lögreglutilskipunar í Frakklandi 23. apríl 1784 er beindist eingöngu að loftbelgjum Montgolfier-bræðranna, en með henni var þeim bannað flug án undanfarandi samþykkis lögregluyfirvalda, allt með öryggi almennings í huga — væntanlega.

Fyrsta skráða tilraunin til samræmingar reglna á alþjóðlegum grunni var gerð árið 1910 þegar þýskir loftbelgir flugu ítrekað yfir franskt yfirráðasvæði. Ríkisstjórn Frakklands taldi að nauðsynlegt væri að komast að samkomulagi um flug af þessu tagi. Í beinu framhaldi var Parísarráðstefnan 1910 haldin. Vegna stjórnmálaágreinings náði ráðstefna þessi ekki þeim

árangri sem menn höfðu vænst, að öðru leyti en því að fulltrúar ríkja fengu tækifæri til að skiptast á skoðunum um þetta nýja svið lögfræðinnar. Hliðstæða hins nýja réttarsviðs „flugréttarins eða loftréttarins“, sjórétturinn, hafði þróast um aldir og var og er mjög mótaður af kenningum hollenska lögvísindamannsins Hugo Grotius sem í riti sínu Mare Liberum (1625) hélt fram kenningum um frelsi úthafanna. Sams konar kenningar hafa ekki þróast í flugrétti.

Í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar, eða 8. febrúar 1919, hófst fyrsta reglubundna flugið milli Parísar og London og nauðsyn varð að landsréttarreglur yrðu sameinaðar í þjóðréttarreglur. Við þá umfjöllun tókust á sjónarmiðin um frelsi innan lofthelginnar samsvarandi hugmyndum sjóréttarsins eða lofthelgi sem lyti algerum yfirráðum ríkja þeirra sem undir lágu. Vegna afleiðinga fyrri heimsstyrjaldarinnar var sterk tilhneiging til að vernda réttindi þjóðanna og það sjónarmið varð ofan á að ekki mætti fara um lofthelgi ríkja án heimildar þeirra.

Parísarsáttmálinn 1919 varð fyrsti flugréttarsáttmálinn. Hann var staðfestur af 32 ríkjum. Alger og full yfirráð ríkja í lofthelgi þeirra voru viðurkennd, í samræmi við rómversku kenninguna „est solum, ejus est usque ad coelum et ad inferos“.

Nokkrir tæknilegir viðbætar voru samþykktir við Parísarsáttmálann. Þeir fjölluðu um m.a. lofthæfi, hæfniskírteini flugverja o.s.frv. Sáttmálinn hafði einnig að geyma upphaf CINA (Commission Internationale de la Navigation Aérienne) sem veitt var víðtækt vald til reglusetninga er einkum skyldu fjalla um tæknileg málefni. Í sáttmálanum var einnig kveðið á um söfnun og útgáfu upplýsinga varðandi flugleiðsögu og dreifingu upplýsinga frá aðildarríkjunum.

Sáttmálinn hafði einnig að geyma fyrstu viðurkenndu skilgreininguna á hugtakinu „loftfar“ (aircraft) sem á frönsku hljóðaði þannig: „Le mot aéronef désigne tout appareil pouvant se soutenir dans l'atmosphére grace aux reactions de l'air.“ Þetta hugtak náði yfir öll tæki sem hreyfst gátu um loftið fyrir áhrif þess.

CINA og fyrrgreind skilgreining héldu sínu gildi um áratugi. CINA-samtökin störfuðu til ársins 1944, er Alþjóðaflugmálastofnunin (International Civil Aviation Organization), ICAO, var sett á laggirnar og hugtakið var notað til ársins 1967 er það var endurnýjað með núverandi skilgreiningu sem undanskilur tæki sem ferðast geta um loftið vegna loftpúðaáhrifa. Svifnökkvar falla þannig ekki undir skilgreininguna og þar af leiðandi ekki undir frumvarp þetta að loftferðalögum.

Umdeilt er hvort eldflaugar falla undir framangreinda skilgreiningu, en ef litið er til eðliseiginleika þeirra þá haldast þær á lofti af þrýstikrafti en ekki fyrir áhrif af lyftikrafti lofts. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að lagafrumvarp þetta nái yfir þær.

Helstu stofnanir, sem stuðlað hafa að þróun flugréttar, hafa verið ýmsar auk þeirrar sem að framan er getið. CITEJA (Comité International Technique D'Experts Juridiques Aériens) var stofnuð 1925 og hafði nokkrar undirnefndir sem fjölluðu um ýmis réttarsvið einkaréttarlegs eðlis sem snertu loftferðir, svo sem ábyrgð flytjanda, veðsetningu loftfara o.s.frv.

Við lok seinni heimsstyrjaldarinnar, þegar mikil aukning varð í almennum loftflutningum, var PICAO (Provisional International Civil Aviation Organisation) sett á laggirnar, en sú stofnun var fyrirrennari Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem telur nú 183 aðildarþjóðir, en sjálfstæðar þjóðir heims munu vera taldar 187 þegar þetta er skrifað. ICAO varð í tímans rás sérstök hliðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Dagleg stjórnun er í höndum fastaráðs sem í sitja 33 fulltrúar. ICAO starfrækir nokkrar fastanefndir, þar á meðal laganefnd sem hefur haldið áfram starfi CITEJA og CINA. ICAO er stofnun þar sem fulltrúar ríkisstofnana hittast og ráða ráðum sínum en IATA (International Air Transport Association), stofnað 1919, er samtök flugfélaga sem hefur að markmiði öruggar, reglulegar og hagkvæmar flugsamgöngur. IATA hefur náið samband við stjórnvöld sem láta sig flugmál skipta og hefur mikil alþjóðleg

áhrif m.a. í fargjaldamálum. Nær öll áætlunarflugfélög eru aðilar að samtökunum. Leiguflugfélög hafa einnig með sér samtök, svo sem NACA (National Air Carrier Association); IACA (International Air Charter Association) og ACCA (Air Charter Carriers Association).

Áhrifamikil eru einnig samtök flugmanna IFALPA (International Federation of Air Line Pilots Associations) og International Union of Aviation Insurers eða alþjóðasamtök vátryggjenda í flugi.

II.
Réttarheimildir.

Réttarheimildir flugréttarins eru einkum sóttar í fjölþjóðlega sáttmála; tvíhliða samninga; landsrétt; samninga milli ríkja og flugfélaga; samninga milli flugfélaga og grundvallarreglur í alþjóðarétti.

Fjölþjóðlegir sáttmálar eru þýðingarmesta réttarheimild flugréttarins og er rétt að hafa í huga að flugrétturinn hefur frá upphafi sínu 1919 verið alþjóðlegur. Vegna þess hve hröð tækniþróun í flugi hefur hert á lagaþróun á flugrétturinn sér nær engan venjurétt heldur eru réttarheimildir að mestu skráðar reglur og sáttmálar.

Það sem einkennir loftfar umfram annað er hraði auk þeirrar staðreyndar að það getur hreyfst í um þrenns konar ása, þ.e. um þverás, láréttan ás og lóðréttan ás. Hraðinn gerir það að verkum að loftfar getur á ferð sinni milli staða farið um lofthelgi margra ríkja sem hvert um sig hefur sinn landsrétt og tollalögsögu. Þannig fer loftfarið á miklum hraða frá yfirráðasvæði eins ríkis til annars.

Það eru augljósir hagsmunir allra sem þátt eiga í loftflutningum, þ.e. ríkis, eiganda, flugrekanda, farþega, eiganda varnings og veðhafa, að réttar þeirra sé gætt. Einn megingrundvöllur flugréttarins er að ná þessu markmiði. Leiðum að þessum markmiðum er lýst í hinum ýmsu alþjóðlegu sáttmálum og samþykktum um loftflutninga og flugmál.

Flugréttinn má greina í landsrétt og þjóðarétt; einkarétt og opinberan rétt. Alþjóðlegur einkaréttur er í þessu tilfelli þær reglur er eiga við um samskipti einstaklinga sem þátt taka í rekstri eða notkun loftfars, en opinber alþjóðaréttur eru reglur er varða tengsl ríkja og alþjóðastofnana hvað loftflutninga varðar. Enn frekar má skilja milli stjórnmálalegra, tæknilegra, efnahagslegra, fjárhagslegra, félagslegra og lagalegra þátta flugréttarins.

III.
Fjölþjóðlegir sáttmálar.

Sáttmáli um alþjóðaflugmál.

Frumheimild flugréttarins er að finna í „Samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944", „ICAO Convention", en hún var undirrituð af Íslands hálfu 7. desember 1944. Samþykktin var fullgilt af Íslandi 21. mars 1947 og gekk í gildi hvað Ísland varðaði 20. apríl 1947, sbr. auglýsingu nr. 45/1947. Ísland er einnig aðili að eftirtöldum breytingum á samþykktinni:

a. Á greinum 48 (a), 49 (e) og 61, sbr. auglýsingu nr. 100/1955.
b. Á grein 50 (a), sbr. auglýsingu nr. 18/1975, nr. 1/1981 og nr. 1/1988.
c. Á grein 48 (a); 83 (bis) og 56, sbr. auglýsingu nr. 10/1990.

Rétt þykir að gefa stutt yfirlit um meginreglur Chicago-sáttmálans eins og hann hefur verið kallaður.

Sáttmálinn staðfestir í 1. gr. meginreglu um alger yfirráð ríkis í lofti yfir landi sínu. Hann veitir réttindi í 5. gr. til loftferða yfir land sáttmálaríkja og lendingar til að taka eldsneyti, þ.e. lendingar sem er ekki í atvinnuskyni. Í II., VI., XIV. og XVI. kafla leggur hann grundvöll að skipulagi alþjóðaloftferða. Í VIII.–X. kafla leggur hann grunninn að Alþjóðaflugmálastofn-

uninni, International Civil Aviation Organization (ICAO), sem hefur það hlutverk að efla almennt alþjóðaflug.

Fimmtándi kafli sáttmálans er og hefur verið sérstaklega mikilvægur fyrir Ísland því hann heimilar ICAO aðstoð við rekstrarkostnað loftsiglingatækja. Alþjóðaflugþjónustan á Íslandi og Grænlandi sækir sínar réttarheimildir í fyrrgreindan kafla sáttmálans sem er einstakt því ICAO ber hvergi kostnað loftsiglingatækja, nema á fyrrgreindu flugstjórnarsvæði. Vegna þessarar þjónustu er í gildi samningur milli Íslands og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, „Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi", frá 25. september 1965 með breytingum frá 31. ágúst 1987 (Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Iceland). Með sérstöku samkomulagi við Danmörku annast Ísland einnig stjórn flugumferðar yfir Grænlandi og Færeyjum, sbr. auglýsingu nr. 19/1975. Innheimtu yfirflugsgjalds vegna þjónustunnar annast Bretland samkvæmt samningi þar um, sbr. auglýsingu nr. 21/1982.

Alþjóðaflugmálastofnunin er samsett af þingi, fastaráði og nokkrum fastanefndum.

Þingið er skipað fulltrúum allra sáttmálaríkja og hefur hvert ríki eitt atkvæði, sbr. 48. gr. Fastaráðið starfar á ábyrgð þingsins. Í því skulu 33 sáttmálaríki eiga fulltrúa og kýs þingið þá til þriggja ára, sbr. 50. gr. Ísland átti í fyrsta sinn fulltrúa í fastaráðinu árin 1993–1996.

Samkvæmt 37. gr. sáttmálans skuldbinda sáttmálaríkin sig til að starfa saman að því að vinna að sem fyllstri samræmingu reglna, staðla, tilmæla og ráðlegginga um loftför, áhafnir, flugleiðir og samstarf í öllum atriðum þar sem slíkt samræmi auðveldar og stuðlar að framför í loftferðum, sbr. 82. gr. Í þessu skyni skal ráðið, sbr. 54. gr., samþykkja og endurbæta alþjóðlega staðla eftir því sem nauðsyn krefur á hverjum tíma,

Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt og gefið út 18 viðbæta sem margir hafa verið þýddir á íslensku og allir hafa lagagildi hér á landi annaðhvort með orðréttri þýðingu eða efni þeirra er fólgið í lögum eða reglum um flugmál, enda er það skylda aðildarríkja ICAO að gera staðla að lögum í sínu heimalandi eða láta ella skrá sérstöðu í bókum ICAO. Viðbætarnir eru:

1. Starfsskírteini. (Personnel Licensing.)
2. Flugreglur. (Rules of the Air.)
3. Veðurþjónusta fyrir alþjóðaflug. (Meteorological Service for International Air Navigation.)
4. Flugkort. (Aeronautical Charts.)
5. Mælieiningar til notkunar við fjarskipti flugvéla. (Units of Measurement to be Used in Air and Ground Operations.)
6. Flutningaflug. (Operation of Aircraft.)
7. Þjóðernis- og skráningarmerki loftfara. (Aircraft Nationality and Registration Marks.)
8. Lofthæfi. (Airworthiness of Aircraft.)
9. Flugvallavirkt. (Facilitation.)
10. Flugfjarskipti. (Aeronautical Telecommunications.)
11. Flugumferðarþjónusta. (Air Traffic Services.)
12. Leit og björgun. (Search and Rescue.)
13. Rannsókn flugslysa. (Aircraft Accident Investigation.)
14. Flugvellir. (Aerodromes.)
15. Upplýsingar fyrir flug. (Aeronautical Information Services.)
16. Umhverfisvernd. (Environmental Protection.)
17. Flugvernd. (Security — Safeguarding International Civil Aviation against Acts of Unlawful Interference.)
18. Öruggur flutningur hættulegra efna. (Safe Transport of Dangerous Goods by Air.)

Aðrir fjölþjóðlegir sáttmálar.

Eins og fyrr segir eru fjölþjóðlegir samningar höfuðréttarheimildir flugréttarins. Þeir munu nú vera um 50 talsins og er Ísland aðili að um 13 fjölþjóðlegum samningum er varða flugmál, en þeir eru:

* Alþjóðasamningur um samræmingu nokkura reglna varðandi loftflutninga milli landa (Varsjársáttmálinn), gerður 1929, síðari breytingar 1955 o.fl.
* Samþykkt um alþjóðaflugmál (Chicago-sáttmálinn) gerður 1944 ásamt breytingum, svo sem að framan segir.
* Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi loftfara (IAST) frá 1944.
* Alþjóðasamningur um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu frá 1956.
* Alþjóðasamningur um aðild Íslands að sameiginlegri greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi (Alþjóðaflugþjónustan) frá 1956.
* Samningur um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum (Genfarsáttmáli) frá 1948.
* Evrópusamningur um vernd dýra í millilandaflutningum frá 1969.
* Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningur) frá 1972.
* Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningur) frá 1972.
* Evrópusamningur um flutning líka, gerður 1973.
* Alþjóðasamningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum (Tókíósamningur) frá 1970.
* Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara (Haag-samningur) frá 1973.
* Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna (Montreal-samningur) frá 1973.

Þá er rétt að geta GATS (General Agreement on Trade in Services) er undirritaður var í Marrakesh 15. apríl 1994 en í honum er fjallað um viðskiptafrelsi m.a. í alþjóðaflugi.

IV.
Tvíhliða samningar.

Tvíhliða loftferðasamningar eru mikilvæg réttarheimild og eru taldir um 1.200 gildandi samningar í heiminum. Ástæða þessa mikla fjölda samninga er að samkvæmt alþjóðasamningi um viðkomuréttindi loftfara (International Air Services Transit Agreement) frá 1944 og Chicago-sáttmálanum frá sama ári eru eingöngu tryggð réttindi loftfara aðildarþjóðanna til að fljúga um lofthelgi aðildarlandanna og lenda á tollflughöfnum þeirra án viðskipta. Ef þjóð hyggur á áætlunarflug milli landa þarf að gera um það sérstakan samning. Við stofnun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 1944 voru þrír samningar lagðir til grundvallar, tveir eru nefndir hér að framan. Allar aðildarþjóðir ICAO hafa samþykkt stofnsáttmálann og þar með fyrrgreind tvenn réttindi. Þriðji samningurinn „The International Air Transport Agreement" frá 1944 hafði að geyma fyrrgreind tvenn flugréttindi en einnig þrenn önnur sem nauðsynleg voru talin til alþjóðlegs millilandaflugs. Þessi samningur náði ekki alþjóðlegri viðurkenningu. Hér er rétt að vekja athygli á að vegna misskilnings var með auglýsingu nr. 94/1945 tilkynnt að Ísland hefði staðfest þennan samning og er hann í auglýsingunni kallaður „Alþjóðasamkomulag um loftflutninga".

Til að fylla tómarúm sem var vegna þess að samningurinn hlaut ekki fullgildingu gerðu Bandaríki Norður-Ameríku og Stóra-Bretland samning sín á milli 1946 sem síðan hefur verið kallaður Bermúda I (síðar kom Bermúda II, eða 1977). Bermúdasamningurinn varð síðan fyr-

irmynd flestra, ef ekki allra, tvíhliða loftferðasamninga í heiminum og hafa heimildir til alþjóðlegs millilandaflugs síðan verið greindar á grundvelli fyrrgreindra heimilda og kallast hin fimm flugréttindi. Í tímans rás hafa þróast hjá hinum ýmsu fræðimönnum fjögur afbrigði flugréttindanna svo nú er talað um níu flugréttindi. Í stuttu máli eru flugréttindin flokkuð þannig:

1. Heimild til flugs um lofthelgi ríkis án lendingar.
2. Heimild til lendingar án viðskipta.
3. Heimild til að flytja farþega, póst og vöru frá heimalandi loftfars til annars lands.
4. Heimild til að flytja farþega, póst og vöru frá öðru landi til heimalands loftfars.
5. Heimild til að flytja farþega, póst og vöru til og frá þriðja landi til og frá öðru landi.
6. Heimild til flutnings til og frá öðru ríki á flutningi til og frá þriðja ríki sem farið hefur um heimaríki loftfars á aðskildu flugi.
7. Heimild flugfélags sem starfar utan heimaríkis síns til flutnings milli annars ríkis og þriðja ríkis.
8. Heimild til flutnings milli staða innan yfirráðsvæðis annars ríkis.
9. Heimild til að stöðva loftflutninga.

Ísland hefur ekki verið atkvæðamikið við gerð loftferðasamninga og eru aðeins samningar við 11 ríki í gildi (Bandaríki Norður-Ameríku, Danmörku, Holland, Noreg, Lúxemborg, Tæland, Sambandslýðveldið Þýskaland, Finnland, Svíþjóð, Spán og Stóra-Bretland). Þess ber hins vegar að gæta að við inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið öðlast landið sjálfkrafa loftferðaréttindi til allra aðildarríkja svæðisins, en þau eru nú 17 (Belgía, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Spánn, Stóra-Bretland, Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð). Ríki Austur-Evrópu sækja á um inngöngu í svæðið og ef það verður má búast við fjölgun um allt að 15 ríki. Af framangreindu leiðir að ekki er nauðsynlegt að Íslendingar afli sér frekari flugréttarheimilda innan Efnahagssvæðis Evrópu eða Bandaríkja Norður-Ameríku. Aðrar heimsálfur og lönd þeirra eru hins vegar nær óplægður akur því enginn samningur er í gildi nema við Tæland.

Ísland hefur enn fremur gert tvíhliða samninga um skatta- og tollamál vegna flugvéla og eru átta slíkir í gildi við Þýskaland, Benelúx-löndin, Bandaríki Norður-Ameríku, Belgíu, Sviss, Frakkland og Lúxemborg.

V.
Evrópuréttur.

Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) þróaðist frá upphafsdögum sínum 1944 m.a. þannig að stofnuð voru svæðasamtök, og innan Evrópu var sett á laggirnar Evrópusamband flugmálastjórna ECAC (European Civil Aviation Conference) árið 1955. Stofnþjóðir voru 19 og var Ísland þar á meðal. Aðildarþjóðir ECAC nú munu vera 32 talsins og munar þar mest um Austur-Evrópuþjóðir sem nær allar hafa sótt um þátttöku. Skýringarmynd í fylgiskjali V gerir glögga grein fyrir aðildarríkjum ECAC og þátttöku þeirra ríkja í öðrum Evrópusamtökum.

Tilgangur ECAC var og er einkum að fylgjast með þróun flugmála innan svæðisins, stuðla að samvinnu og samræmingu og eflingu loftflutninga innan Evrópu. ECAC er ráðgefandi aðili og þarf samþykki ríkisstjórna við ályktunum þess. Nokkrar fastanefndir starfa á vegum samtakanna. ECAC hafði forgöngu um ýmsa samninga vegna flugs innan Evrópu, svo sem samning um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu frá 30. apríl 1956 (Multilateral Agreement on Commercial Rights of Non-Scheduled Air Services in Europe). Ísland er aðili að þeim samningi, sbr. auglýsingu nr. 91/1961. Samningur um lofthæfisskírteini vegna innfluttra flugvéla frá 20. apríl 1960 (Multilateral Agreement Relating to Certificates of

Airworthiness for Imported Aircraft). Alþjóðlegur samningur um aðferðir við ákvörðun far- og farmgjalda í áætlunarflugi frá 10. júlí 1967 (International Agreement on the Procedure for the Establishment of Tariffs for Scheduled Air Services). Samþykkt um flugumferðarþjónustu í Evrópu EUROCONTROL frá 13. desember 1960 (Convention for the Safety of Air Navigation). Samþykkt um samtök flugmálastjórna í Evrópu, JAA (Joint Aviation Authorities Convention final draft 17. November 1993).

Undirstofnanir ECAC eru þannig tvær: Flugumferðarþjónusta í Evrópu, EUROCONTROL, sem annast samræmingu flugumferðarstjórnar í hluta af Evrópu (Ísland er ekki aðili að þeirri stofnun), og samtök flugmálastjórna í Evrópu, JAA, en þar á Ísland fulla aðild. JAA-samtökin hafa verið mjög atkvæðamikil frá stofnun en hlutverk þeirra er að annast samræmingu tæknilegra reglna innan ECAC-aðildarþjóðanna og samræma þær reglur reglum Bandaríkja Norður-Ameríku. Nú þegar þetta er skrifað í upphafi árs 1994 hafa 10 reglugerðir JAA tekið gildi hjá aðildarþjóðunum og aðrar 14 eru í bígerð. Reglur þessar eru í samræmi við alþjóðasáttmála og hafa því ekki kallað á breytingar á íslenskri löggjöf.

Efnahagssvæði Evrópu.

Efnahagsbandalag Evrópu varð til með Rómarsáttmálanum frá 1957. Því var breytt í Evrópusambandið (European Union), ESB, með undirritun samnings í Maastricht 7. febrúar 1992 og er því hér eftir kallað Evrópusambandið. Í þeim sáttmála eru ýmis ákvæði sem víkja að flutningum, þ.e. 74.–84. gr. Ekki er minnst á loftflutninga í fyrrgreindum greinum svo um árabil var ágreiningur innan bandalagsins hvort Rómarsáttmálinn næði yfir þá flutninga. Með dómi Evrópudómstólsins í málinu „The Nouvelles Frontiéres case" 1986 var hins vegar skorið úr án tvímæla að Rómarsáttmálinn ætti við um loftflutninga. Í framhaldi af niðurstöðu dómsins hóf ESB gagngeran undirbúning að einu markaðssvæði loftflutninga innan sinna vébanda þar sem haft yrði að markmiði sjónarmið neytenda, þ.e. aukin tíðni flutninga, lægri fargjöld, aukin samkeppni flugfélaga, afnám hafta á loftflutningum á svæðinu og afnám opinberra afskipta af fargjöldum jafnframt því sem fyllsta öryggis yrði gætt.

Frá upphafi fyrstu flugfélaga árið 1919 var opinbert eftirlit og stjórnun á flugrekstri mjög mikið, nánast hvað varðaði alla þætti flugsins þ.e. öryggi, verðlagningu, tíðni, flugleiðir, flugrekstrarleyfi o.s.frv. Skýring þessa kann að vera að flugfélög voru mörg, ef ekki flest, í ríkiseigu og voru fánaberar sinnar þjóðar. Þá má ekki gleyma að hafa í huga áhrif tveggja heimsstyrjalda sem að sumra áliti leiddu af sér frekari lokun landamæra ríkja en annars hefði orðið. Flugið var enn fremur nýr ferðamáti sem menn áttu eftir að venjast, átta sig á hættum þess og kostum — það átti eftir að verða sú almenningseign sem það síðar varð.

Bandaríki Norður-Ameríku stigu fyrstu spor í frjálsræðisátt í flugmálum heimsins með því að gefa loftflutninga á yfirráðasvæði sínu algerlega frjálsa árið 1978 og í þeirri aðgerð lögðu þeir m.a. niður sitt flugráð. Í framhaldi af innanlandsfrjálsræði kom fyrsta tilraun til frjálsræðis í milliríkjaflugi með loftferðasamningi Bandaríkja Norður-Ameríku og Hollands 1978. Í kjölfar þessara miklu breytinga í loftferðum Bandaríkjamanna styrktist einnig umræða um frjálsræði í flugmálum innan ESB.

Frjálsræðisaðgerðir ESB hafa verið í þremur þáttum, þ.e. því sem kallað hefur verið:

I. pakki frá því í desember 1987 sem innihélt fjórar gerðir ráðsins;
II. pakki frá nóvember 1990 sem innihélt tvær gerðir ráðsins og loks
III. pakki frá júní 1992 sem innihélt fjórar reglugerðir.

Með lögum frá 13. janúar nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið (EES), gerðist Ísland aðili að samþykktum EES. Frá þeim tíma gilda einnig reglur þess um flug hvað Ísland varðar, en aðeins I. og II. pakki urðu bindandi fyrir Ísland frá þeim tíma.

Með þingsályktun 11. maí 1994 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið sem samþykktur var í Brussel 21. mars 1994. Svokallaður III. pakki er hluti af þeim breytingum. III. pakkinn varð því bindandi fyrir landið í maí 1994 með fyrrgreindri ályktun Alþingis. Þann 30. júní 1994 voru gerðirnar birtar í Stjórnartíðindum og öðluðust gildi innan lands.

Fyrrgreindar gerðir ESB fjalla fyrst og fremst um efnahagslegt umhverfi flugfélaga og sem slíkar hafa þær ekki haft áhrif á íslenska löggjöf því gerðirnar hafa rúmast innan þeirra, nema gerðir sem áhrif hafa á rétt útlendinga til að eiga íslensk flugfélög, að skrá flugfélög hér á landi og rétt manna til að hefja flugrekstur í atvinnuskyni. Gerðirnar hafa hins vegar gífurleg áhrif á efnahagslegt umhverfi íslenskra flugmála sem hafa lotið mikilli opinberri forsjá frá byrjun fimmta áratugarins þegar flugleiðum var skipt milli Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf.

Gerðir Evrópusambandsins með tölumerkingum ESB, sem um er að ræða, eru:

I. pakki.

Reglugerð nr. 3975/87. Reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Regulation laying down the procedure for the application of the rules on competition to undertakings in the air transport sector).

Reglugerð nr. 3976/87. Reglur um beitingu greinar 85 (3) í Rómarsáttmálanum við loftflutninga (Regulation on the application of Article 85 (3) of the Treaty to certain categories of agreements and concerted practices in the air transport sector).

Tilmæli nr. 87/601. Um fargjöld í áætlunarflugi milli aðildarríkja (Directive on fares for scheduled air services between Member States).

Ákvörðun nr. 87/602. Um sætaframboð milli áætlunarflugs og annars flugs milli aðildarríkjanna og aðgengi fyrir annað flug að áætlunarleiðum milli aðildarríkjanna (Decision on the sharing of passenger capacity between air carriers and scheduled air services between Member States and on access for air carriers to scheduled air service routes between member states).

II. pakki.

Reglugerð nr. 2342/90. Reglur um fargjöld í áætlunarflugi (Regulation on fares for scheduled Air Services).

Reglugerð nr. 2343/90. Reglur um aðgang flugfélaga að áætlunarflugleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði fyrir farþega milli flugfélaga í áætlunarflugi milli aðildarríkja (Regulation on access for air carriers to scheduled intra-Community air service routes).

III. pakki.

Reglugerð nr. 2411/92. Reglur um breytingu á reglugerð 3976/87 um beitingu á 3. mgr. 85. gr. Rómarsáttmálans (um samkeppni) gagnvart sérstökum samningum og starfsvenjum í loftflutningum (Regulation amending Regulation (EEC) no. 3976/87 on the application of Article 85 (3) of the Treaty to certain categories of agreements and concerted practices in the air transport sector).

Reglugerð nr. 2410/92. Reglur um breytingu á reglugerð 3975/87 um verklagsreglur við beitingu reglna um samkeppni gagnvart fyrirtækjum í flugrekstri (Regulation amending Reglulation (EEC) no. 3975/87 laying down the procedure for the application of the rules on competition to undertakings in the air transport sector).

Reglugerð nr. 2409/92. Reglur um fargjöld og farmgjöld fyrir flugþjónustu (Regulation on fares and rates for air services).

Reglugerð nr. 2408/92. Reglugerð um aðgang flugrekstraraðila innan bandalagsins að flugferðum milli staða innan þess (Regulation on access for Community air carriers to intra-Community air routes).

Reglugerð nr. 2407/92. Reglur um leyfi til flugreksturs (Regulation on licencing of aircarriers).

Alls hefur Evrópusambandið gefið út 53 gerðir um flugmál. Þar af eru 33 um viðskiptafrelsi, tæknireglur eru 9 talsins, 4 eru um samskipti við aðrar þjóðir og 7 eru af ýmsum toga. Íslendingar eru aðilar að 18 gerðum um flug og auk þess skal taka mið af 7 gerðum.

Gerðir sem Ísland er aðili að.

* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1284/91 frá 14. maí 1991.
* Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4261/88 frá 16. desember 1988 um kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2343/90 frá 24. júlí 1990 um aðgang flugfélaga að áætlunarflugleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði fyrir farþega milli flugfélaga í áætlunarflugi milli aðildarríkja.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 294/91 frá 4. febrúar 1991 um rekstur farmflugs milli aðildarríkjanna.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2342/90 frá 24. júlí 1990 um fargjöld í áætlunarflugi.
* Tilskipun ráðsins 80/1266/EBE frá 16. desember 1980 um framtíðarsamvinnu og gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna við rannsóknir flugslysa.
* Ákvörðun ráðsins 80/50/EBE frá 20. desember 1979 um tilhögun samráðs vegna samskipta aðildarríkjanna við ríki utan bandalagsins á sviði flutninga í lofti og vegna aðgerða í þeim málum á vegum alþjóðastofnana.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 295/91 frá 4. febrúar 1991 um sameiginlegar reglur um skaðabætur til handa farþegum sem er vísað frá vegna umframskráningar í áætlunarflugi.

Framangreindar gerðir voru allar birtar með auglýsingu nr. 567/1993.

* Tilskipun ráðsins 80/51/EBE frá 20. desember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 83/206/EBE frá 21. apríl 1983.
* Tilskipun ráðsins 89/629/EBE frá 4. desember 1989 um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða.

Báðar framangreindar gerðir voru birtar með auglýsingu nr. 102/1994.

* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum.

* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.
* Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3089/93 frá 29. október 1993 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa.
* Tilskipun ráðsins 91/670/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum.

Gerðir þessar voru allar birtar með auglýsingu nr. 439/1994.

Þá má einnig nefna eftirtaldar þrjár reglugerðir:
* Reglugerð um málsmeðferð og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 593/1993.
* Reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 594/1993 með breytingu nr. 375/1994 en með henni eru m.a. þessi fylgiskjöl:

c. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum.
d. Reglugerð um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga milli fyrirtækja um tölvufarskráningarkerfi fyrir flugrekstur nr. 3652/93.

Á vegum ESB eru m.a. í undirbúningi gerðir um: tengsl við ríki utan ESB; bætur fyrir tapaðan farangur eða töf á afgreiðslu hans; flugumferðarþjónustu í Evrópu; tengsl milli flugvalla og notenda þeirra; flugskyldutíma og um bótaskyldu flugrekstraraðila.

VI.
Innlendur réttur.

Fyrstu lögin á Íslandi um loftferðir voru nr. 32. frá 14. júní 1929 og hétu lög um loftferðir. Þeim var síðar breytt með lögum nr. 49. frá 17. maí 1947. Þá voru sett lög um flugvelli, nr. 24. frá 12. febrúar 1945, og því næst lög um stjórn flugmála, nr. 119. frá 28. desember 1950, sem breytt var með lögum nr. 26. frá 24. mars 1954. Núgildandi lög um loftferðir eru nr. 34 frá 21. maí 1964. Um þau segir í greinargerð: „Svo sem áður var greint, ber nauðsyn til þess, að ríkin samræmi, svo sem kostur er, innanlandslög sín hinum alþjóðlega loftferðarétti. Á Norðurlöndum hafa starfað nefndir að þessu verkefni allt frá árinu 1948. Hafa hinar norrænu nefndir unnið saman og gert uppköst að loftferðalögum, sem í flestum aðalefnum eru samhljóða og eru reist á alþjóðasjónarmiðum. Hafa nú verið lög sett á grundvelli samstarfsins í Svíþjóð og í Danmörku. Frumvarp til slíkra laga hefur verið til meðferðar í Noregi. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er lagað eftir hinum norrænu lögum og alþjóðareglum."

Frumvarpið, sem lagt var fram á Alþingi árið 1962, var því staðfærð þýðing á hinu umsvifamikla starfi sem unnið hafði verið á Norðurlöndum um nær 20 ára skeið. Norrænu lögin voru grundvölluð á þýskum og frönskum rétti en svo mikil samræming var í álfunni hvað flugrétt varðaði. Íslensku loftferðalögin hafa þjónað sínu hlutverki ágætlega þau 30 ár sem þau hafa verið í gildi og er efnisskipun þeirra tvímælalaust greinargóð og eðlileg. Hins vegar hafa

þau ekki tekið nauðsynlegum breytingum í tímans rás. Því er nauðsyn á þessu frumvarpi til loftferðalaga að tækniþróun flugsins hefur orðið miklu hraðari en nokkurn óraði fyrir og að hin unga fræðigrein, flugrétturinn, hefur öðlast mikinn þroska á þeim árum sem liðið hafa frá upphafi hans árið 1919."

Hér á eftir verður gerð stuttleg grein fyrir helstu breytingum frá núgildandi lögum og þeim breytingum sem frumvarpið hefur sætt frá framlagningu þess á 118. þingi.

Helstu breytingar frá núgildandi lögum.

Í II. kafla er kveðið á um stjórn flugmála.

Skrá um íslensk loftför. Kaflinn hefur allur verið endurskipulagður og ákvæði um skrásetningu verið færð í það horf sem þjónar því sem tíðkast hefur hérlendis og erlendis. Skilyrði fyrir skrásetningu loftfars hafa verið aðlöguð gildandi lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og réttarreglum þeim sem fylgja þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hefur verið lögð sú skylda á herðar íslenskum flugrekstraraðila sem notar loftfar í atvinnuskyni að hann skrásetji umráð sín þegar hann fær loftfarið til rekstrar. Samkvæmt frumvarpinu eru margvíslegar skyldur bæði á sviði opinbers réttar og einkaréttar, tengdar skráðum umráðanda til að forðast óvissu sem hefur skapast samkvæmt núgildandi lögum þar sem ekki er greint milli notanda, umráðanda og eiganda. Nánari grein er gerð fyrir áhrifum þessara breytinga í athugasemdum við þær lagagreinar sem við á.

Lofthæfi. Í kaflann hefur verið sett nútímaskilgreining á lofthæfi, skilyrði um mengunarvarnir og heimild til framsals til erlendra aðila á reglubundnu eftirliti. Að öðru leyti hefur verið leitast við að gera efni kaflans skýrara.

Flugverjar. Heiti kaflans hefur verið breytt og settar inn nútímaskilgreiningar, ábyrgð flugstjórans er gerð afmarkaðri og skýrari, ákvæði um bráðabirgðasviptingu skírteinis eru gerð afdráttarlaus, skylda lögð á flugverja að hafa skírteini sín meðferðis í flugi og skylda lögð á lækna að tilkynna Flugmálastjórn er þeir verða varir við heilsubilun hjá flugverja er áhrif getur haft á hæfni hans til að stjórna loftfari.

Flugvellir og flugleiðsaga. Kaflanum hefur verið breytt til samræmis við reynslu flugmálayfirvalda og orðalag verið aðlagað nútímaorðnotkun.

Umferð í lofti og stjórn hennar. Heiti kaflans hefur verið breytt og ákvæði verið sett inn um flugumferðarþjónustu og flugumferðarstjóra.

Flugrekstrarleyfi. Miklar breytingar hafa verið gerðar á þessum kafla til samræmis við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

Loftflutningar. Kaflinn er mikið breyttur, en hann byggist á Varsjársáttmálanum frá 1929, Haag-sáttmálanum frá 1955, Guadalajara-sáttmálanum frá 1961 og væntanlegri reglugerð ESB um ábyrgð í loftflutningum. Bótamarki hefur verið breytt og það stórhækkað, ábyrgð flytjanda hefur enn fremur verið aukin. Viðmiðun bótafjárhæðar hefur verið breytt frá gullfæti í SDR.

Skaðabætur. Kaflinn er breyttur, einkum hvað snertir skyldu til að taka og viðhalda vátryggingu og þannig aðlagaður reglum EES.

Ýmis ákvæði. Kaflinn geymir m.a. breytingar á refsiákvæðum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efni þessarar greinar er í meginatriðum í samræmi við núgildandi 5. gr. loftferðalaga. Lögð er áhersla á lofthelgi landsins, þ.e. þar sem flugið fer fram, en hún miðast við tollalögsögu, þ.e. landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og 12 sjómílna landhelgi

umhverfis það, sbr. tollalög, nr. 55 frá 30. mars 1987, 26. gr., sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41 frá 1. júní 1979.

Engin ein alþjóðleg skilgreining er staðfest um efstu mörk yfirráðasvæðis ríkis í lofthelginni en ýmsar kenningar hafa verið settar fram, m.a. um efstu mörk andrúmsloftsins, mörk aðdráttarafls jarðar, markalínu milli loftferða og geimferða og svæði sem ríki getur í raun stjórnað.

Talið er nægjanlegt að staðfesta mörk í mestu hæð sem loftfar getur flogið í, eða um 83.000 kílómetrum, þar sem áhrifa loftsins hættir að gæta og kraftar miðflóttaaflsins byrja að virka.

Ríki hafa óskoraða lögsögu í lofthelgi sinni. Þessi grundvallarregla er orðuð svo í 1. gr. Chicago-sáttmálans um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944: „Ríki þau, sem aðilar eru að samþykkt þessari, viðurkenna full og óskoruð yfirráð hvers ríkis yfir loftinu, sem uppi yfir því er." Í þessu felst að flugför erlendra ríkja hafa ekki heimild til að koma inn í lofthelgi ríkis án leyfis þess. Þar er ekki um að ræða neinn rétt þeirra til friðsamlegrar umferðar svo sem er á sjó. Umferðarréttur verður því ætíð að byggjast á heimild ríkisins samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum eða sérstakri leyfisveitingu, sbr. ákvæði Chicago-sáttmálans frá 1944 og þeirra fjölmörgu tvíhliða loftferðasamninga sem í gildi eru milli ríkja um gagnkvæman lendingarrétt flugfara og heimild til að flytja farþega og vöru.

Um 2. gr.

Grein þessi skilgreinir loftfar samkvæmt viðurkenndri skilgreiningu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og ákvarðar sérstaklega að lög þessi ná ekki yfir svokallaða svifnökkva, en það eru farartæki sem ferðast má á yfir land og lög fyrir loftpúðaáhrif við yfirborð jarðar. Önnur málsgrein á einkum við um eldflaugar, flugskeyti, fallhlífar, fasta loftbelgi o.s.frv. 3. mgr. varðar einkum svifflugur, loftbelgi, fjarstýrð loftför o.fl. Rétt er í þessu sambandi að minna á ákvæði 8. gr. Chicago-sáttmálans þar sem segir að ekkert fjarstýrt loftfar megi fljúga um yfirráðasvæði sáttmálaríkis, nema sérstakt leyfi sé til þess og í samræmi við skilyrði leyfisins. Efni kunna einnig að vera til að víkja frá ákvæðum laganna um merkingu og loftferðaskjöl svifflugna sem einungis er ætlað mjög takmarkað flugsvið. Undanþágu mætti veita einstöku loftfari sem sérstaklega væri búið þótt önnur loftför af sömu tegund fengju hana ekki.

Samgönguráðherra er ekki heimilt að veita undanþágur frá skaðabóta- og refsiákvæðum laganna. Á þetta einkum við um X., XI. og XIII. kafla.

2. og 3. mgr. samsvara 185. gr. núgildandi laga og eru nær óbreyttar.

Um 3. gr.

Grein þessi er í öllum aðalatriðum samhljóða 3. gr. núgildandi laga og greinir hverjir hafa rétt til farar um íslenskt yfirráðasvæði. Ákvæði 2. tölul. vitnar óbeint til alþjóðaflugmálasáttmálans frá 7. desember 1944 og alþjóðasamnings um viðkomuréttindi flugfara er undirritaður var af Íslands hálfu 4. júní 1945. Fyrrgreindir samningar heimila öllum aðildarlöndum samninganna m.a. eftirtalin flugréttindi í millilandaflugi:

1. Réttindi til að fljúga yfir land þeirra án þess að lenda.
2. Réttindi til viðkomu án viðskipta í fjáröflunarskyni, þ.e. til annars en að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst, svo sem til að taka eldsneyti og láta fara fram viðgerðir, sbr. d-lið 96. gr. Chicago-sáttmálans.

Skv. 4. gr. sáttmálans mega sáttmálaríki setja ýmis skilyrði um flugleiðir og lendingarstaði og sáttmálaríki áskilja sér skv. 5. gr. sáttmálans að afturkalla eða neita um leyfi til flugrekstraraðila annars ríkis þegar ekki þykir sannað að hinn raunverulegi eignarréttur og eftirlit með

flugrekstrinum sé í höndum ríkisborgara í sáttmálaríki eða loftferðafyrirtæki hlítir eigi lögum þess ríkis þar sem það hefur sinn flugrekstur eða fullnægir eigi skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum.

Chicago-sáttmálinn og viðkomusamningurinn veita loftförum þannig mjög takmörkuð réttindi.

Hinn 7. desember 1944 var í Chicago undirritaður alþjóðaloftflutningasamningur (International Air Transport Agreement). Samkvæmt honum veita samningsríkin hvert öðru hin svonefndu fimm flugréttindi til handa loftförum hvers annars, en þeirra er getið í inngangi greinargerðarinnar. Einungis örfá ríki hafa fullgilt sáttmálann um alþjóðaborgaralega loftflutninga og er Ísland ekki þar á meðal. Svíþjóð hefur fullgilt hann en ekki önnur ríki á Norðurlöndum.

Í stað fyrrgreinds samnings hafa ríki farið inn á þá braut að gera tvíhliða samninga um loftferðaréttindi hvert handa öðru á yfirráðasvæðum sínum.

Ákvæði 83. gr. Chicago-sáttmálans veita sáttmálaríkjunum heimild til að gera slíka samninga, enda brjóti þeir í engu gegn Chicago-sáttmálanum. Í lokabókun við Chicago-sáttmálann er tekið upp uppkast að slíkum samningi (Form of standard agreement for provisional air routes).

Bermúdasamningurinn, sem Bandaríki Norður-Ameríku og Bretland gerðu með sér 11. febrúar 1946, hefur haft mikil áhrif á slíka samninga. Þar veittu ríkin hvort öðru gagnkvæma heimild til að hefja loftferðir milli ríkja, hvort um yfirráðasvæði hins, með ýmsum skilyrðum og takmörkunum. Fyrirmynd að loftferðasamningi sem sniðinn var í mörgum greinum eftir uppkastinu frá Chicago-sáttmálanum og Bermúdasamningnum var samþykkt á ráðstefnu í Genf 1947. Rétt er að vekja athygli á 7. gr. Chicago-sáttmálans, en þar er kveðið svo á að hvert sáttmálaríki hafi rétt til að synja loftförum annars ríkis leyfis til flugflutninga innan lands (cabotage/gestaflug). Innan Evrópska efnahagssvæðisins verða öll slík höft endanlega afnumin milli bandalagsríkjanna eftir 1. apríl 1997. Með 22. gr. sáttmálans tekst hvert sáttmálaríki á hendur að gera allar framkvæmanlegar og haganlegar ráðstafanir með setningu reglna eða á annan hátt til að auðvelda loftferðir og flýta þeim milli landa sáttmálaríkjanna og afstýra töfum loftfara, farþega og farms, einkum með skjótri framkvæmd laga um innflutning fólks, sóttkvíun og afgreiðslu. Skv. 11. gr. sáttmálans skal með þeim takmörkunum sem leiðir af sáttmálanum beita lögum og reglum hvers sáttmálaríkis sem varða komu loftfara í millilandflugi, stjórn þeirra og brottför um öll loftför sáttmálaríkjanna án mismunar vegna þjóðernis. Skulu loftför hlíta reglum þessum og skv. 13. gr. sáttmálans skal hlíta lögum og reglugerðum sáttmálaríkis um innflutning, landtöku og útflutning farþega, áhafnar og farms, t.d. reglugerðum um innflutning, afgreiðslu, vegabréf, tollskoðun, sóttkvíun o.s.frv. Í samræmi við það er nú var sagt skal beita íslenskri löggjöf bæði um íslensk og erlend loftför á íslensku yfirráðasvæði. Þetta gildir t.d. um lofthæfi loftfars, en lofthæfisskírteini heimaríkis nægir hinu erlenda loftfari skv. 31. og 33. gr. Chicago-sáttmálans. Íslensk löggjöf tekur og hér á landi yfir erlend loftför að því er varðar áhöfn þeirra, umferð þeirra í lofti, lendingarskyldu, flutning þeirra á hergögnum, skaðabótskyldu umráðenda þeirra, vátryggingarskyldu og hald á loftförum. Beita skal hér á landi íslenskri löggjöf um vegabréf, sóttvarnir og tollgæslu að því er erlend loftför varðar.

Samkvæmt c-lið 3. gr. frumvarpsins getur samgönguráðherra veitt loftfari, skrásettu í ríki sem ekki hefur gert sáttmála við Ísland, leyfi til loftferða á íslensku yfirráðasvæði, svo og loftfari sem hvergi er skrásett og hefur enn eigi þjóðerni, t.d. loftfari er framkvæmir prófflug og loks loftfari sem eigi hefur verið skrásett.

Um 4. gr.

Greinin er hliðstæðs efnis og 4. gr. núgildandi laga, en efnið er sameinað og texti styttur.

Í a-lið 9. gr. Chicago-sáttmálans er svo kveðið á að hvert samningsríki geti af hernaðarnauðsyn eða vegna almenns öryggis takmarkað eða bannað algerlega loftförum annarra ríkja að fljúga yfir sérstök svæði, enda sé engin mismunun gerð að þessu leyti á loftförum í milliríkjaáætlunarflugi hvort sem þau eiga heima í því ríki sem bannið setur eða öðru sáttmálaríki. Slík bannsvæði skulu einungis vera hæfilega stór og svo í sveit sett að þau trufli ekki loftferðir að óþörfu. Tilkynna skal Alþjóðaflugmálastofnuninni og sáttmálaríkjum um bannsvæðin og breytingu á þeim.

Sáttmálaríki getur skv. b-lið 9. gr. nefnds sáttmála takmarkað eða bannað loftferðir um hluta af eða allt yfirráðasvæði sitt án fyrirvara, enda sé það nauðsynlegt af öryggisástæðum, t.d. á styrjaldartímum, en bannið verður þá að taka til loftfara allra ríkja. Athuga ber einnig 89. gr. Chicago-sáttmálans er veitir sáttmálaríki aukinn rétt til að banna loftferðir um yfirráðasvæði sitt á styrjaldar- og hættutímum.

Þá er einnig það nýmæli í þessari grein frumvarpsins að heimilt verður að banna flug yfir hljóðhraða innan íslensks yfirráðasvæðis. Hávaði frá flugi yfir hljóðhraða getur verið skaðvænlegur mönnum og dýrum og því nauðsynlegt að takmarka hann svo sem kostur er. Hraði hljóðsins er í mállofti við sjávarmál 340,294 metrar á sekúndu eða um 1.225 kílómetrar á klukkustund. Venjulegur flughraði nútímafarþegaþotu er 0,80–0,87 af hljóðhraða. Takmarkanir á þess háttar flugi hafa verið í gildi í leiðbeiningarreglum íslensku flugmálastjórnarinnar um árabil og hafa verið prentaðar í handbók flugmanna.

Um II. kafla.

Með ákvæðum þessa kafla er leitast við að koma á skýrari stjórnskipan í íslenskum flugmálum, en viðgengist hefur á undanförnum árum. Hvati að því skipulagi sem í frumvarpinu er ráðgert er m.a. setning stjórnsýslulaga á árinu 1993.

Samkvæmt gildandi lögum fer flugráð með stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra en í reynd er það Flugmálastjórn Íslands sem gegnir lykilhlutverki sem aðalframkvæmdarvaldshafinn á þessu sviði. Þannig er Flugmálastjórn falin framkvæmd og eftirlit með framkvæmd flestra þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem út eru gefin á þessu sviði, auk þess sem framkvæmd þeirra ákvæða loftferðalaga, sem samgönguráðuneytinu sjálfu er ekki berum orðum falin, er í höndum starfsmanna hinna ýmsu deilda Flugmálastjórnar.

Með setningu stjórnsýslulaga var áréttað að boðleiðir og málskotsleiðir í stjórnsýsluframkvæmd þurfa að vera skýrar. Þess eru dæmi að málskot eða kærur á ákvörðunum Flugmálastjórnar hafi lent inni á borðum flugráðs, sem hefur vísað kæruefni frá sér, þegar talið hefur verið að málskoti ætti að réttu lagi að beina til samgönguráðuneytisins. Þrátt fyrir að slíkar ákvarðanir af hálfu flugráðs séu rökréttar skoðaðar í ljósi viðtekinna sjónarmiða í stjórnsýslu, eru þær allt að einu nokkrum vafa undirorpnar í ljósi þeirra fyrirmæla laga sem lúta að stjórn flugráðs í flugmálum.

Með frumvarpi þessu er Flugmálastjórn Íslands falið að fara með framkvæmdarvaldið á sviði flugmála, en ráðgert að flugráð verði ráðgefandi nefnd á sviði flugmála sem yfirvöld, samgönguráðherra og starfsmenn ráðuneytisins eigi aðgang að.

Flugmálastjórn Íslands er í raun aðalstjórnvaldshafinn í íslenskum flugmálum þrátt fyrir að lengst af hafi stofnunin ekki átt sér traustan lagagrundvöll.

Fyrir rúmum 50 árum voru áform uppi um að koma á fót með lögum sérstakri flugmálastjórn. Í 7. gr. laga nr. 24/1945, um gerð flugvalla og lendingarstaði fyrir flugvélar, sagði á þá leið að þegar atvinnu- og samgönguráðherra þætti tímabært skyldi setja á stofn sérstaka

stjórn flugmála og þá niður falla störf flugmálaráðunautar ríkisins. Þar til þessari stofnun yrði komið á laggirnar færi ráðuneytið með stjórn þessara mála en vegamálastjóri og flugmálaráðunautur skyldu vera til aðstoðar við framkvæmd laganna. Í greinargerð kom fram að enn þótti ekki tímabært að skipa sérstakan flugmálastjóra.

Sú ráðagerð sem þarna var uppi komst ekki til framkvæmda því með lögum nr. 65/1947 var 7. gr. laga 24/1945 felld úr gildi og sérstakur viðauki settur við áðurnefndu lögin þar sem fimm manna flugráði, þar sem a.m.k. tveir skyldu hafa sérþekkingu á flugmálum, var falin stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra.

Undir stjórn flugráðs skyldu flugmálastjóri og flugvallastjóri starfa. Þeir skyldu skipaðir af ráðherra sem og flugráð.

Í greinargerð frumvarpsins sagði að með lögum nr. 24/1945, hefði verið gert ráð fyrir að ráðherra sá sem með flugmál færi setti á stofn sérstaka stjórn flugmála, þegar tímabært þætti, og enn fremur að forstöðumaður þessarar nýju stofnunar skyldi nefnast flugmálastjóri. Þetta hefði verið framkvæmt þannig að yfirstjórn flugmálanna hefði verið hjá ráðherra, en daglegar framkvæmdir og stjórn flugmálanna og þar með talin yfirstjórn þeirra flugvalla sem reknir væru af ríkinu væri hjá einum manni, flugmálastjóra. Með frumvarpinu væri yfirstjórn flugmálanna breytt á þann veg að færa hana í hendur fimm manna flugráðs sem skyldi hafa hana með höndum ásamt ráðherranum, en síðan skyldu skipaðir tveir aðalstarfsmenn, flugmálastjóri og flugvallastjóri ríkisins. Þessi breyting þætti nauðsynleg til þess að fleiri menn yrðu kvaddir til að marka stefnuna um hin margvíslegu vandamál í sambandi við flugið en áður hefði verið. Fljótt á litið kynnu menn að telja að af þessu yrði kostnaðarauki einn en við nánari íhugun mundu menn komast að raun um að tiltölulega *lítill* aukakostnaður við flugráð væri aukaatriði.

Þessi skipan stóð til 1950 er núgildandi lög voru sett í sinni upprunalegu mynd. Samkvæmt þeim var embætti flugmálastjóra lagt niður og verksvið hans fært undir flugvallastjóra ríkisins. Í ljós kom, samkvæmt því sem í greinargerð sagði, að ekki hefði reynst heppilegt og því síður nauðsynlegt að skipta framkvæmdastarfinu milli tveggja jafnréttbærra embættismanna. Því skyldi þessi óþarfa tvískipting afnumin og framkvæmdastjórn flugvallanna og það annað sem flugið varðaði fært til flugvallastjóra.

Á árinu 1954 var embættisheiti flugvallastjóra breytt í flugmálastjóra með lögum nr. 26 þar sem talið var að fyrra embættisheiti gæfi engan veginn rétta hugmynd um störf þau sem undir embættið féllu, eins og sagði í greinargerð.

Núgildandi löggjöf á þessu sviði er minnisvarði átaka og togstreitu sem ekki er ástæða til að halda við lýði. Þess utan hefur hún valdið því að skipan mála hefur verið úr takti við nútímaleg stjórnsýsluviðhorf og verkaskipting ekki svo skýr sem skyldi. Svo sem framanrakin saga ber með sér var stofnun flugráðs á sínum tíma hugsuð sem myndun eins konar mótvægisafls við flugmálastjóra og svo langt gengið um tíma að leggja embætti hans niður. Þetta fyrirkomulag styðst ekki við neinar raunhæfar forsendur lengur.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að yfirstjórn flugmála sé í höndum samgönguráðherra. Sem æðsta stjórnvald á þessu sviði setur ráðuneyti hans réttarreglur á sviði flugsamgangna og afgreiðir stjórnsýslukærur á ákvörðunum Flugmálastjórnar sem fer með daglegan rekstur þessa málaflokks.

Um 6. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar má segja að rammi sé settur í lögum um starfsemi Flugmálastjórnar Íslands. Til skamms tíma hefur starfsemi Flugmálastjórnar einkum byggst á reglugerðarákvæðum.

Flugmálastjórn er í raun aðalstjórnvaldshafinn á sviði flugmála og fer með umfangsmikið þjónustu og eftirlitshlutverk. Til réttaröryggis horfir að skipa með lögum nokkrum grundvallaratriðum sem starfsemina varða.

Í greininni segir að stofnunin sé sjálfstæð stofnun. Samgönguráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar sem æðra stjórnvald. Til samgönguráðuneytisins á því að beina stjórnsýslukærum sem varða ákvarðanir Flugmálastjórnar, en beint boðvald um afgreiðslu einstakra mála hefur ráðuneytið ekki yfir stofnuninni.

Æðsti yfirmaður Flugmálastjórnar nefnist flugmálastjóri og undir hann heyra framkvæmdastjórar hinna ýmsu deilda stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða verið um rekstur ríkistofnana, hlutverk þeirra og hvernig hagkvæmni þeirra verði aukin.

Í því sambandi hefur samstarf ríkisstofnana við íslensk og erlend fyrirtæki aukist og frekari aukning í vændum, enda eru tækifærin mörg. Markmið samstarfs af þessu tagi er að sjálfsögðu bæði að efla þekkingu og framfarir hér á landi, auka rannsóknir og bæta áætlunargerð og enn fremur að koma á framfæri á erlendum mörkuðum búnaði og þekkingu sem fyrir hendi er hér á landi og selja þjónustu. Það er því nauðsynlegt að hlutaðeigandi stofnanir hafi svigrúm til að taka þátt í slíku samstarfi, t.d. með stofnun hlutafélaga eða annari þátttöku í fyrirtækjarekstri í þessu markmiði. Slíkt svigrúm hafa stofnanir ekki í dag að óbreyttum lögum. Með því að heimila þeim þátttöku í fyrirtækjarekstri er stofnunum gert kleift að nýta tækifæri sem gefast til að auka sjálfstæði þeirra, ná meiri hagkvæmni og bæta afkomu á breyttum tímum.

Ákvæði greinar þessarar hafa þríþættan tilgang. Í fyrsta lagi er lagarammi settur um samstarf eins og samstarf Flugmálastjórnar og Kerfisfræðistofu verkfræðideildar Háskóla Íslands sem staðið hefur árum saman og lýtur að þróun hugbúnaðar fyrir flugumferðarþjónustu. Er um þetta fjallað í 1. mgr., en fyrirmynd hennar er sótt í gildandi lög um Háskóla Íslands.

Jafnframt er lagt til að Flugmálastjórn verði heimilað að stofna fyrirtæki til að selja þjónustu stofnunarinnar.

Skv. 3. mgr. er hins vegar opnuð leið fyrir þann möguleika að færa hluta af starfsemi flugmálastjórnar í hendur sjálfstæðra aðila sem starfa mundu í nánum tengslum við embættið, en erlendis er nokkuð tíðkað að stofna sérstök félög um t.d. flugumferðarþjónustu.

Um 8. gr.

Hér eru meginlínur lagðar um skipan og starfsháttu flugráðs. Lagt er til að flugráð verði ráðgjafarnefnd stjórnvöldum til ráðuneytis.

Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, hefur flugráð lögbundið hlutverk að rækja sem ráðgert er að haldast muni óbreytt þrátt fyrir þær breytingar sem að öðru leyti eru gerðar á skipan og starfsháttum flugráðs.

Samkvæmt lokamálsgrein 8. gr. frumvarpsins er samgönguráðherra heimilt að kveða nánar á um hlutverk og starfsháttu flugráðs með setningu reglugerðar, sbr. til hliðsjónar núverandi starfsreglur fyrir flugráð nr. 235/1976 sem þarf að endurskoða, verði hlutverki flugráðs breytt svo sem frumvarp þetta ráðgerir, því væntanlega mun flugráð verða samráðsvettvangur ráð-

herra í stefnumarkandi efnum og þess er að vænta að samgönguráðuneytið muni leita umsagnar ráðsins í slíkum málum líkt og reyndin hefur orðið í siglingaráði og hafnaráði.

Um III. kafla.

Þróun þjóðernis loftfara og áhrif þess hefur eins og annað innan flugréttarins tekið hröðum og sjáanlegum breytingum frá upphafi 20. aldarinnar. Upphaflega urðu Frakkar til að kalla eftir alþjóðlegum reglum sem síðar leiddi til þess að hin upphaflega Parísarsamþykkt innihélt margar greinar er fjölluðu um þennan þátt. Sú meginregla að loftfar skuli hafa þjóðerni þess lands sem það er skrásett í var fest á blað með 6. gr. Parísarsamþykktarinnar; 6. gr. Ibero-American-samþykktarinnar; 7. gr. Pan-American-samþykktarinnar og síðar með 17. gr. Chicago-sáttmálans en þar segir: „Aircraft have the nationality of the State in which they are registered." Í 18. gr. Chicago-sáttmálans segir að loftfar geti ekki verið skráð í fleiri en einu ríki, en það er leyfilegt að breyta skráningu frá einu ríki til annars. Skv. 19. gr. sama sáttmála skal skráning eða flutningur skráningar loftfars hjá einhverju samningsríki vera gerður í samræmi við lög þess og reglur. 20. gr. sama sáttmála mælir fyrir um að sérhvert loftfar, sem notað er í millilandaflugi, skuli bera tilhlýðileg þjóðernis- og skráningarmerki er því hafi verið úthlutað af alþjóðastofnun. Loks er í 21. gr. sáttmálans lagt svo fyrir að sáttmálaríkin hafi skyldu til að upplýsa Alþjóðaflugmálastofnunina eða önnur sáttmálaríki um skrásetningu og eignarrétt þeirra loftfara sem skráð eru í ríkinu. Í viðbæti nr. 7 við Chicago- sáttmálann er kveðið á um þjóðernis- og skráningarmerkingu loftfars.

Í alþjóðaflutningum hefur það alltaf verið mjög mikilvægt fyrir loftfar eða skip að njóta verndar þess ríkis sem það tilheyrir og einnig hefur það verið ríkjum mikilvægt að fánaberar þeirra, skip eða loftför beri rétt merki. Athyglisvert er að þjóðerni hefur ekki haft sama gildi fyrir landflutninga, þ.e. bifreiðar eða járnbrautir, og er því ekki um sams konar þjóðernisvernd að ræða þar.

Þjóðerni loftfars leiðir því af sér að í mörgum tilvikum nær lögsaga skráningarríkisins til loftfarsins hvar sem það er statt eða milliríkjasáttmálar greina mörk lögsögu skráningarríkisins og lögsögu þess ríkis er atburðurinn verður í eða milliríkjasáttmálar kveða á um meðferð máls:

a. Fæðing, dauði, stofnun hjúskapar eða samningur sem er gerður um borð í loftfari fylgir lögum skráningarríkis loftfarsins eins og atburðurinn hefði orðið innan yfirráðasvæðis skráningarríkisins.
b. Almenn regla alþjóðalaga er sú að hvert ríki ber ábyrgð á því að loftför þeirra uppfylli alþjóðlegar reglur um lofthæfi, öryggi og alþjóðasamninga hvar sem þau eru stödd. Þannig gilda reglur skráningarríkis um skyldur og réttindi áhafnarinnar um borð, en reglur þess ríkis sem farið er um gilda hvað varðar för loftfarsins og áhafnarinnar um yfirráðasvæði þess ríkis.
c. Ef glæpir eru framdir um borð hafa alþjóðlegar ákvarðanir verið teknar um lögsögu með Tókíósamþykktinni, Haag-samþykktinni og Montreal-samþykktinni.

Viðfangsefni innlenda réttarins er því að ákveða með hvaða hætti loftför hljóti þjóðernisskráningu og hvaða skilyrði þau þurfa að uppfylla, allt þó í samræmi við alþjóðasamninga. Íslensk löggjöf hafði að geyma miklar takmarkanir á skráningu loftfara og þurfti sérstakt leyfi samgönguráðherra til skrásetningar loftfars hérlendis ef það var í eigu erlends aðila, sbr. 7. gr. núgildandi laga. Það var í samræmi við lagareglur landa í nágrenni við okkur og reyndar almennar reglur aðildarlanda Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Með aðild okkar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. reglugerð ráðsins nr. 2407/92 um veitingu leyfa til handa flugfélögum og undanfarandi rýmri íslenskum lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 121/1993, hefur rýmkast mjög um heimildir til skrá-

setningar loftfara hérlendis sem eru í eigu erlendra aðila svo fremi þau uppfylli alþjóðleg og innlend tækniskilyrði. Þessi staðreynd kallar á frekari greiningu milli eiganda og umráðanda því í mörgum tilfellum er ekki um sama aðila að ræða, t.d. þegar annar aðili en notandi fjármagnar kaup á loftfari og kýs að hafa það á sínu nafni þar til það er greitt eða leigutíma lýkur. Í þessu lagafrumvarpi er gengið út frá því að skrá skuli umráðanda loftfars ef hann er annar en eigandi og að hann sé ábyrgur gagnvart íslenskum yfirvöldum um að öllum reglum og fyrirmælum sé réttilega fylgt. Þó að hömlur hafi verið minnkaðar á skráningu loftfara í eigu erlendra aðila þýðir það engan veginn að sama gildi um leyfi til loftferðastarfsemi. Þar eru enn á hömlur þótt þeim hafi verið aflétt frá núgildandi loftferðalögum hvað varðar þegna hins Evrópska efnahagssvæðis. Rétt er að vekja sérstaka athygli á að tvenns konar skráning er á loftförum, þ.e. annars vegar þjóðernisskráning sem haldin er og gerð hjá Flugmálastjórn og skráning réttinda í loftförum sem aðeins skal vera á einum stað í landinu samkvæmt alþjóðasamningnum um skrásetningu réttinda í loftförum, gerðum í Genf 1948. Sú skráning fer fram hjá sýslumanninum í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 21 frá 16. apríl 1966, um skrásetningu réttinda í loftförum, sbr. 1. tölul. 45. gr. laga nr. 92/1991. Þessi háttur er ólíkur skráningu réttinda í skipum sem fer eftir gildandi þinglýsingalögum og fer fram hjá sýslumanni viðkomandi lögsagnarumdæmis.

Samkvæmt frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á skráningu réttinda í loftförum en hún fer fram samkvæmt fyrrgreindum lögum um skrásetningu réttinda í loftförum.

Í löggjöf annarra ríkja á Norðurlöndum, t.d. Noregs, fer um skrásetningu réttinda í loftförum samkvæmt gildandi þinglýsingalögum og er það einfaldari framgangsmáti en í gildandi íslenskum rétti. Aðferð sú, sem hefur verið viðhöfð hérlendis í 30 ár, hefur á hinn bóginn reynst vel og því ekki ráðlegt, né ástæða til, að leggja til breytingar þó að það væri til samræmis við rétt nágrannaþjóða okkar. Lögin um skrásetningu réttinda í loftförum eru, að mestu, þýðing á alþjóðasamþykkt er gerð var í Genf í júní 1948 sem Ísland gerðist aðili að með fyrrgreindum lögum og staðfesti 6. febrúar 1967. Alþjóðasamningnum var ekki ætlað að vera fyrirmynd staðbundinnar löggjafar, svo sem hinnar íslensku, heldur skyldi hann gilda gagnvart loftförum skráðum í öðru landi og ætlaður til að vernda rétt lánveitenda og krafna þeirra. Meginatriði Genfarsamningsins eru að aðildarríki samningsins fallast á að viðurkenna eftirfarandi réttindi:

a. Eignarrétt að loftfari. Þó að eignarréttur sé alþjóðlega viðurkenndur var talið nauðsynlegt að fjalla um hugtakið vegna þjóðernisskráningar loftfars.
b. Rétt til leigukaupa á loftfari þar sem leigjandinn hefur eignarumráð yfir loftfarinu. Ákvæði samningsins ná yfir almenn óskilyrt kaup; leigukaup; skilyrta kaupsamninga og veðsetningu loftfars.
c. Rétt til eignaryfirráða á loftfari þegar um er að ræða leigu í sex mánuði eða lengur.
d. Veðsetningu, tryggingu og samsvarandi réttindi í loftfari sem reist eru á samningi um tryggingu fyrir greiðslu skuldar.

Eftirfarandi eru þær breytingar sem gerðar eru frá núgildandi lögum með þessum kafla frumvarpsins um þjóðernisskráningu:

a. Sérhvert loftfar skal hljóta skrásetningarnúmer er fylgi því meðan það er á íslenskri skrá.
b. Réttur íslenskra ríkisborgara til skráningar á loftförum hérlendis er gerður afdráttarlausari en í núgildandi rétti.
c. Lögð er á skylda til að skrá alltaf umráðanda loftfars ef annar er en eigandi. Er það gert í því skyni að forðast réttaróvissu sem leitt hefur af orðalagi núgildandi laga þar sem ábyrgð á loftfari er lögð á eiganda eða umráðanda (notanda) loftfars, sbr. eftirfarandi

greinar í núgildandi lögum: 30.; 31.; 34.; 50.; 78.; 133.; 137.; 138.; 144.; 151.; 153.; 155.; 156.; 158.; 159.; 165. og 182.

Ábyrgð á því að loftfar uppfylli öryggiskröfur um lofthæfi, tæknilegt og lögformlegt, er því samkvæmt frumvarpinu lögð á skráðan umráðanda og þar sem það á við flugstjóra loftfarsins og í einstaka tilfellum einnig á þann aðila sem annast hefur nýsmíði, breytingar eða viðhald á loftfari. Rétt er að leggja áherslu á að hugtakinu „umráðandi loftfars“ er ekki ætlað að raska túlkun á eða notkun hugtaksins „flytjandi“, sbr. IX. kafla laganna um loftflutninga sem er nánast bein þýðing á Varsjársáttmálanum frá 1929 sem Ísland staðfesti 21. ágúst 1948, en sáttmálinn fjallar um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

Um 9. gr.

Grein þessi samsvarar 6. gr. núgildandi laga og er að meginefni til óbreytt. Samkvæmt Genfarsamningnum um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum frá 1948, sbr. III. gr. og 17., 18., 19., 20. og 21. gr. sáttmála um alþjóðaflugmál (ICAO-sáttmálans) frá 1944, sbr. viðbæti nr. 7 við ICAO-sáttmálann um þjóðerni og skráningu loftfara, skal halda þjóðernisskrá og nefnist hún loftfaraskrá í frumvarpi þessu. Enn fremur skal aðgreina frekar tvenns konar alþjóðlega skráningu loftfara, þ.e. þjóðernisskráninguna sem er tæknileg skráning sem fjallar um staðfestingu lofthæfis (sbr. það sem síðar segir um lofthæfisvottorð) og að fullnægt sé skilyrðum þess að loftfar megi hljóta íslenskt þjóðerni og þannig tilsvarandi þjóðernismerkingu og þjóðernisvernd og hins vegar skráningu réttinda í loftförum sem er skráning eignar- og/eða fjárréttinda í loftförum og fer nú eftir lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966. Eins og áður segir er ekki með frumvarpi þessu lögð til breyting á þeirri tilhögun.

Á undanförnum árum hefur sú venja skapast að fella niður stimpilgjöld af láns- og leigusamningum vegna loftfara sem notuð hafa verið í atvinnurekstri íslenskra aðila, en afsöl loftfara eru undanþegin gjaldinu samkvæmt ákvæðum laga um stimpilgjald. Varðandi láns- og leigusamninga hafa hins vegar verið gerðar sérstakar ráðstafanir með öflun sérstakrar heimildar til niðurfellingarinnar í tengslum við fjárlagagerð. Í 4. mgr. 9. gr. frumvarpsins er það lagt til að undanþága nefndra skjala frá stimpilgjaldi verði lögfest í samræmi við þá framkvæmd sem komist hefur á.

Enn fremur er lögð sú skylda á Flugmálastjórn að tilkynna jafnharðan breytingar til skrásetjara réttinda í loftförum, þ.e. sýslumannsins í Reykjavík, ef þær verða.

Þá er efni 19. gr., 2. mgr. 21. gr. og 23. gr. núgildandi laga fært í meginmál þessarar greinar.

Um 10. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. núgildandi laga en er nokkuð breytt. 2. mgr. greinarinnar er tekin úr tilskipun Evrópubandalagsins nr. 2407/1992 og felur í sér framanskráða undanþágu frá meginreglu 1. mgr. Undanþáguheimild 3. mgr. hefur verið í loftferðalögum frá 1964, en samkvæmt frumvarpinu er ákvörðunarvaldið fært frá samgönguráðherra til Flugmálastjórnar. Heimild þessari er einkum ætlað að móta þörf fyrir skráningu loftfara í umráðum íslenskra flugrekenda þegar eignarhaldið er erlent. Um leigusamninga getur verið að ræða varðandi slík loftför, en einnig eignarleigu, svo sem kaup- eða fjármögnunarleigu.

Um 11. gr.

Greinin samsvarar 8. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt. Í 18. gr. ICAO-sáttmálans er kveðið á um að loftfar megi eigi vera skráð nema í einu ríki. Loftfar hlýtur þjóðerni

þess ríkis þar sem það er skráð. Það og áhöfn þess hlítir fyrst og fremst lögum heimaríkisins. Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við 9. gr. Genfarsamningsins um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum. Flugmálastjórn ber að krefjast vottorðs frá þjóðernisskrásetjara lands þess sem hefur loftfarið á skrá um að loftfarið hafi verið fellt af loftfaraskrá og einnig skal hann krefjast vottorðs lögbærs aðila erlendis um niðurfellingu réttinda sem á loftfari hafa hvílt.

Um 12. gr.

Greinin samsvarar að mestu leyti 9. gr. núgildandi laga, nema skilyrði skráningar er tegundarskírteini, eða samsvarandi vottorð, þar sem núgildandi lög greina lofthæfisskírteini sem skilyrði. Loftfari verður að sönnu ekki flogið án lofthæfisskírteinis, en þar með er ekki sjálfgefið að rétt sé að girða fyrir skráningu þess í loftfaraskrá. Tegundarskírteini er staðfesting yfirvalda í framleiðsluríki loftfarsins þess efnis að hönnun og smíði þess sé í samræmi við gildandi staðla. Tegundarskírteini fylgir ekki öllum loftförum og er því í 2. mgr. veitt nokkurt svigrúm til frávika frá meginreglunni.

Um 13. gr.

Greinin samsvarar 10. gr. núgildandi laga og er óbreytt að efni til.

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 11. gr. núgildandi laga. Að meginefni til er greinin óbreytt en gert er að skilyrði að loftfar hljóti númer við skráningu og greinilegar er orðað hvað skuli skrá varðandi loftfarið og eiganda þess. Þá er gert að skilyrði að skrá verði umráðanda ef hann er annar en eigandi og í 17. gr. frumvarpsins er lögð skylda á herðar eiganda og umráðanda að láta skrá leigusamning um loftfar strax og hann er gerður.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar 12. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin samsvarar 13. gr. núgildandi laga og er í meginatriðum óbreytt. Efni 14. gr. núgildandi laga er fellt inn í efni þessarar greinar.

Um 17. gr.

Greinin samsvarar 15. gr. núgildandi laga og er nær óbreytt, nema inn er skotið ákvæði um kaup- og fjármögnunarleigu til samræmis við nútíma viðskiptahætti. Næstu greinar núgildandi laga, þ.e. 16., 17., 18. og 21. gr., eru felldar brott. Skráningar á loftfari í smíðum er ekki þörf til að skapa þjóðréttarlega vernd því loftfari í smíðum verður ekki flogið og ekki er hennar þörf vegna réttindaskráningar í loftförum því um loftfar í smíðum gilda almennar reglur um eignarhald eða veðsetningu lausafjár.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. núgildandi laga og er óbreytt að meginefni til.

Um 19. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. núgildandi laga og er að meginefni til lítið breytt, en tíunduð eru öll gögn sem loftför þurfa að hafa meðferðis í flugferðum. Skv. 29. gr. ICAO-sáttmálans skulu loftför hafa meðferðis þau gögn er getur í þessari grein. Þær kröfur eru teknar hér upp.

Ákvæði sama efnis og í þessari grein eru í 93.–95. gr. núgildandi laga en þau eru felld brott.

Um IV. kafla.

Lofthæfi loftfars er skilgreint sem tæknilegt lofthæfi, ferðbundið lofthæfi og formlegt lofthæfi.

Tæknilegt lofthæfi er að loftfar sé hannað samkvæmt viðeigandi stöðlum og framleitt af viðurkenndum smiðjum eða verksmiðjum. Viðhald þess og reglubundið eftirlit sé í samræmi við reglur flugmálayfirvalda um grannskoðun, viðgerð, breytingar og ísetningu. Skv. 31. gr. ICAO-sáttmálans skal sérhvert loftfar, sem er í milliríkjaflugi, hafa meðferðis lofthæfisskírteini útgefið eða staðfest af heimaríki loftfarsins og skal slíkt lofthæfisskírteini skv. 33. gr. sáttmálans tekið gilt af öðrum sáttmálaríkjum, enda fullnægi skírteinið kröfum sem séu hinar sömu eða strangari en lágmarkskröfur þær sem settar verða á hverjum tíma samkvæmt sáttmálanum. Alþjóðaflugmálastofnunin skal skv. 37. gr. sáttmálans setja alþjóðareglur um lofthæfi loftfara. Skv. 39. gr. sáttmálans ber að rita á lofthæfisskírteini eða telja upp í viðfestu skjali það sem á kann að vanta til að loftfar fullnægi alþjóðastöðlum um lofthæfi og getu. Skv. 40. gr. sáttmálans skal eigi nota loftfar í milliríkjaflugi þá er lofthæfisskírteini hefur verið áritað með nefndum hætti, nema til komi leyfi þess ríkis eða þeirra ríkja sem yfir er flogið. Í viðbæti nr. 8 (Airworthiness of Aircraft/Lofthæfi) við ICAO-sáttmálann eru taldar upp og tíundaðar kröfur sem gerðar eru til lofthæfis loftfara af ýmsu gerðum. Þá eru Íslendingar aðilar að Flugöryggissamtökum Evrópu (Joint Aviation Authorities) frá 1991 en sú stofnun hefur annast samræmingu staðla og aðferða innan Evrópusambands flugmálastjórna (European Civil Aviation Conference) vegna lofthæfis, útgáfu skírteina, viðhalds og margra annarra málaflokka. Þátttakan skyldar Ísland til að gera reglur sambandsins að sínum. Nú hafa verið gefnar út allmargar samræmingarreglugerðir, m.a. Skilgreiningar; Sviffflugur; Stór loftför; Viðurkenning viðhaldsstöðva; Flug við öll veðurskilyrði; Hreyflar; Skrúfur; Aðstoðarorkugjafar; Stöðluð tæknifyrirmæli og Fis.

Í undirbúningi eru samræmingarreglugerðir á þessum sviðum: Reglusetning; Viðurkenning framleiðslu loftfara eða hluta til þeirra; Létt loftför; Afturvirkt lofthæfi; Léttar þyrlur; Þungar þyrlur; Útblástur; Hávaði; Leiðbeiningar um lofthæfi; Viðurkenning réttinda áhafna fyrir þungar flugvélar og atvinnuflug; Flugmenn; Atvinnuflugflutningar; Almannaflug og Atvinnuflug með þyrlum.

Ferðbundið lofthæfi felur í sér að væntanlegt flug sé réttilega og vandlega undirbúið með það í huga að því megi ljúka farsællega. Því verður hið tæknilega lofthæfi að vera í lagi og loftfarið réttilega skipað áhöfn, hlaðið í samræmi við reglur og fyrirmæli og svo útbúið flugleiðsögutækjum og eldsneyti að nægi til að ljúka megi ferðinni farsællega. Þá þarf undirbúningur ferðarinnar að vera vandaður með athugun á veðurútliti, ástandi flugleiðsögutækja og flugvalla þeirra sem notaðir verða eða eru til vara vegna flugsins. Í viðbæti nr. 6. við ICAO-sáttmálann (Operation of Aircraft/Reglugerð um flutningaflug) er nánar fjallað um ýmsa þætti hins ferðbundna lofthæfis. Viðbætir nr. 6. hefur verið þýddur á íslensku og birtur sem reglugerð um flutningaflug, nr. 641 frá 30. desember 1991 með síðari breytingum.

Formlegt lofthæfi felur í sér að uppfyllt séu skilyrði loftferðalaga um þann tiltekna flutning sem fyrirhugaður er, t.d. að loftfar og flutningur þess hafi vátryggingar svo sem mælt er fyrir um í lögum, að viðeigandi skírteini loftfars og áhafnar séu gild o.s.frv.

Um 20. gr.

Greinin samsvarar 24. gr. núgildandi loftferðalaga. 1. mgr. er óbreytt. Skilgreining lofthæfis er aðlöguð nútímanotkun og er í samræmi við túlkun gildandi reglugerða. D-liður 2. mgr. er nýlunda, ætluð til að veita lagaheimild fyrir kröfum um mengunarvarnir, m.a. vegna

hávaða eða útblásturs, sem eru nú orðnar alþjóðlegar og eru settar fram í viðbæti nr. 16 við ICAO-sáttmálann (Environmental Protection/umhverfisvernd). Þá er e-liður einnig nýlunda, ætlað að herða skilyrði um vátryggingar og veita aukið aðhald og eftirlit með því að loftfar og farþegar séu vátryggð á fullnægjandi hátt, sbr. 131. gr. frumvarps þessa.

Grannskoðun er þýðing á enska orðinu „overhaul" og merkir prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun að nokkru eða öllu leyti og hafa í för með sér að talning flugtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta þeirra hefst að nýju frá byrjun.

Um 21. gr.

Greinin samsvarar 25. gr. núgildandi loftferðalaga. Ákvæði 31. gr. ICAO-sáttmálans og II. kafli viðbætis nr. 8 við hann leggja ábyrgð á því að loftfar sé lofthæft á heimaríki loftfars.

Með breytingu á 83. gr. ICAO-sáttmálans var gerð breyting á skipan mála þannig að ríkjum er heimilað að framselja eftirlits- og skoðunarskyldu sína og fjallar 2. mgr. 21. gr. um það. Breytingin á 83. gr. var fullgilt af Íslandi 9. maí 1990 og hljóðar hún þannig:

„83. gr. bis. Flutningur á ákveðnum skyldum og skuldbindingum. Þrátt fyrir ákvæði 12.; 30. og 31. gr. og a-liðar 32. gr. getur samningsríki, er flugfar sem þar er skráð er notað samkvæmt samningi um leigu, afnot, skipti á flugförum eða svipaða tilhögun, af atvinnurekanda sem hefur aðalstarfsstöð sína í öðru samningsríki, eða hefur þar varanlegt aðsetur hafi hann enga slíka starfsstöð, gert samkomulag við það ríki um að það taki að öllu leyti eða að hluta við skyldum þess og skuldbindingum sem heimaríkis flugfarsins skv. 12.; 30. og 31. gr. og a-lið 32. gr. Heimaríkið er þá laust undan ábyrgð varðandi þær skyldur og skuldbindingar sem fluttar hafa verið. Flutningurinn skal ekki hafa áhrif gagnvart öðrum samningsríkjum fyrr en samkomulagið milli ríkja þeirra sem í hlut eiga hefur annaðhvort verið skráð hjá ráðinu og birt skv. 83. gr. eða aðili að samkomulaginu hefur tjáð stjórnvöldum annars samningsríkis eða samningsríkja þeirra, sem samkomulagið varðar, beint um gerð samkomulagsins og gildissvið þess. Ákvæðum a- og b-liða skal einnig beitt um tilvik sem 77. gr. tekur til."

Ákvæði 2. mgr. 21. gr. nær þannig yfir tvö tilvik, í fyrsta lagi að Flugmálastjórn fær innlendan eða erlendan aðila til að framkvæma skoðun eða eftirlit og ber ábyrgð á því eða í öðru lagi að flugmálastjórnin framselur vald sitt til erlends stjórnvalds til að framkvæma skoðun eða eftirlit og ber ekki ábyrgð á því.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. núgildandi laga.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. núgildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 28. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar 29. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt. Í 13. og 33. gr. ICAO-sáttmálans eru lögð að jöfnu lofthæfisskírteini sem skráningarríki gefur út og skírteini sem nefnt ríki staðfestir þótt gefið sé út af öðru ríki, sjá viðbæti nr. 8, II, 5, 2. Nefndar reglur um útgáfu, endurnýjun og ógildingu íslensks lofthæfisskírteinis gilda einnig varðandi staðfestingar á erlendum lofthæfisskírteinum og enn fremur um endurnýjun og ógildingu á þeim.

Um 26. gr.

Greinin samsvarar 30. gr. núgildandi loftferðalaga og er að meginefni til óbreytt.

Í 2. mgr. er tilgreint hver tilkynnir frávik á lofthæfi til Flugmálastjórnar.

Um 27. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt en skyldan lögð á skráðan umráðanda samkvæmt loftfaraskrá og flugstjóra bætt við til aðstoðar við eftirlit. Þá er 32. gr. núgildandi laga felld brott, enda felur 27. gr. frumvarpsins einnig í sér efni hennar.

Um 28. gr.

Greinin samsvarar 33. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, utan þess að ákvörðunarvald í þeim efnum sem greinin fjallar um er fært frá samgönguráðherra til Flugmálastjórnar.

Um V. kafla.

Kröfur um tæknilega staðla vegna loftfara og útgáfu skírteina flugverja, sem sanna eiga getu þeirra og hæfni, hafa verið lengi til meðferðar vegna þarfar á alþjóðlegri samræmingu. Því hljóðar 32. gr. ICAO-sáttmálans svo:

„a. Stýrimaður (pilot) hvers flugfars sem er í millilandaflugi, svo og aðrir menn úr flugáhöfn þess, skulu hafa hæfnisvottorð og leyfisbréf, útgefin eða árituð af heimaríki flugfarsins.

b. Hvert samningsríki áskilur sér rétt til að neita að taka til greina hæfnisvottorð og leyfi sem önnur samningsríki kunna að hafa gefið borgurum þeirra til flugs um eða yfir landi þeirra."

Og 33. gr. sáttmálans hljóðar þannig:

„Loftfærnisskírteini þau, hæfnisvottorð og leyfisbréf, sem út eru gefin eða árituð af samningsríki, heimaríki flugfars, skulu tekin gild af öðrum samningsríkjum, enda séu kröfur þær sem slík skírteini og leyfisbréf fullnægja hinar sömu eða strangari en lágmarkskröfur þær sem settar kunna að verða á hverjum tíma í samræmi við samþykkt þessa."

Í viðbæti nr. 1 við ICAO-sáttmálann er fjallað um reglukerfi fyrir skírteini flugliða. Þessar reglur voru settar vegna öryggisnauðsynjar. Viðbætirinn er ítarefni í framhaldi af ákvæðum 32. og 33. gr. ICAO-sáttmálans.

Flugstjórinn hefur sérstaka stöðu innan hins lagalega kerfis. Frá byrjun þróunar flugréttarins hefur mikilvægi flugstjórans verið viðurkennt og hefur verið vandlega skoðað frá 1926, fyrst af CITEJA og seinna af ICAO. Þegar árið 1891 var gefin út athugun á fyrrgreindu efni vegna flugs með loftbelgjum. CITEJA lagði fram tvö uppköst fyrir seinni heimsstyrjöldina. Hið fyrra var viðvíkjandi stöðu flugstjórans en hið síðara fjallaði um stöðu áhafnarinnar. Árið 1946 voru bæði uppköstin endurskoðuð og nýtt gert en hlutu ekki staðfestingu þjóðanna.

Frá 1947 hefur ICAO unnið að skilgreiningu á lögformlegri stöðu áhafnar flugvéla. Rannsóknir og uppkast frá CITEJA hafa verið notuð sem grundvöllur. Þrátt fyrir það hefur ICAO ekki orðið mikið ágengt.

Almennt séð er vald og ábyrgð flugstjórans eftirfarandi: 1. Flugstjórinn ber ábyrgð á fullkomnu ástandi loftfarsins og velferð áhafnarinnar, undirbúningi flugsins og að því ljúki farsællega. Það felur í sér skyldu hans til að afla sér tilhlýðilegra skjala vegna flugsins og farmbréfa, að gera fyrirflugsskoðun o.s.frv. 2. Flugstjórinn hefur rétt til að gefa áhöfninni og farþegum skipanir. Þessi réttur er sérlega mikilvægur ef refsiverður verknaður er framinn um borð. Fræðimenn hafa talið þennan rétt gagnvart farþegum grundvallast á þöglu samkomulagi milli farþeganna og flugfélagsins, en gagnvart farþegum hafi flugfélagið framselt skipunar-

vald sitt til flugstjórans. 3. Flugstjórinn hefur stöðuumboð og vald til að gera allar nauðsynlegrar ráðstafanir til að tryggja að fluginu ljúki örugglega og farsællega. Hann er jafnvel talinn hafa vald t.d. til að láta gera við loftfarið þegar það er nauðsynlegt og að annast útvegun nýrra birgða fyrir hönd atvinnuveitanda síns. Í þeim löndum þar sem enginn umboðsmaður flugfélagsins er starfandi er flugstjórinn talinn fulltrúi atvinnuveitanda síns. 4. Stjórnunarskyldur flugstjórans ná í sumum löndum yfir skráningu fæðinga og dauðsfalla um borð í loftfari og réttinn til að gefa saman hjón og semja og staðfesta erfðaskrár. 5. Flugstjórinn ákveður hvort og hvernig aðstoð er veitt við leit og björgun þegar um slys er að ræða í samræmi við ákvæði 25. gr. ICAO-sáttmálans og enn frekar í viðbæti nr. 12 við hann (Search and rescue/Leit og björgun).

Margir fræðimenn telja að refsi- eða bótaábyrgð flugstjóra eigi að takmarkast við ásetningsbrot eða meiri háttar gáleysi. Hvað þetta varðar er rétt að benda á að mjög lítið er fjallað um ábyrgð flugstjóra í Varsjársáttmálanum eða Rómarsáttmálanum, en það er hins vegar gert í 10. gr. Tókíósamningsins. Ábyrgð flugstjóra er því fyrst og fremst bundin að innlendum rétti en ekki með alþjóðasamningum. Höfð er hliðsjón af fræðikenningum og vinnu sem farið hefur fram á vegum alþjóðasamtaka og hér er lýst. Í viðbætum við ICAO-sáttmálann eru víða tilmæli um starfsaðferðir flugstjórans, en þau eru ekki lagalega bindandi.

Lagaleg staða flugstjórans var enn skoðuð 1980 af ICAO-sérfræðingum og gefin út skýrsla um þá vinnu (Study on the Legal Status of the Aircraft Commander, ICAO Doc. C/WP/6946 October 26 1979). Fyrrgreind skýrsla er sá grunnur sem sérfræðingar reisa nú ályktanir sínar og skoðanir á, en ICAO-ráðið ákvað 1981 að ekki yrði frekar unnið að þessu máli.

Í tengslum við lagalega stöðu flugstjórans er einnig rétt að skoða réttarstöðu þeirra er vinna að flugi á jörðu niðri. Afleiðing tæknilegra framfara, svo sem ratsjár, er að þeir sem loftförum stjórna reiða sig sífellt meira á aðstoð og samvinnu við stjórnendur á jörðu, aðila eins og flugvallarstjórnendur, flugumferðarstjórn, flugradíómenn og veðurfræðinga. Þetta umhverfi er til dæmis mjög ólíkt rekstri járnbrauta þar sem járnbrautarfélagið rekur alla sambærilega þjónustu fyrir þær.

Í viðbæti nr. 2 við ICAO-sáttmálann (Rules of the Air/Flugreglur) eru umferðarreglur flugsins settar fram í smáatriðum. Í 3. kafla er því lýst að flugstjórinn er ábyrgur fyrir því að fylgt sé fyrirmælum flugumferðarstjórnarinnar. Enn fremur er því lýst að flugstjórinn er sá sem endanlega ber ábyrgðina. Hvernig geta þá þessar andstæðu reglur samrýmst? Almennt talað er flugstjórinn bundinn af fyrirmælum flugumferðarstjórnar, en í vissum tilfellum, svo sem í beinni neyð, má flugstjórinn víkja frá fyrirmælum flugumferðarþjónustunnar en verður að tilkynna það strax og fært er.

Loks er rétt að benda á að vald flugstjórans vegna refsiverðs verknaðar um borð hefur verið greinilega skilgreint í Tókíósamningnum 1963 og Haag-samningnum 1970.

Í þessum kafla loftferðalaganna hafa þær breytingar verið gerðar að efni núgildandi laga, hvað varðar flugverja, hefur að mestu verið fært í þennan kafla til hagræðis og samræmis; lögfest er hugtakið „flugverji“ og skilgreining þess; ástæður fyrir synjun skírteinis eru skilgreindar; skylda er lögð á lækna að tilkynna Flugmálastjórn ef þeir verða þess áskynja að flugmaður uppfyllir ekki heilsufarsskilyrði.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 34. gr. núgildandi laga.

Þó er nánar skilgreint hvaða aðilar bera ábyrgð á því að loftfar sé réttilega skipað áhöfn. Skráður umráðandi, sem einnig getur verið eigandi, sbr. það er að framan segir, skal ábyrgj-

ast rétta mönnun loftfars og eðli málsins samkvæmt skal flugstjóri sjá til þess og ábyrgjast að ferð sé ekki hafin án þess að loftfarið sé réttilega skipað áhöfn.

Um 30. gr.

Greinin samsvarar 35. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema hvað orðunum „rétt er“ er breytt í „er heimilt“.

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 36. gr. núgildandi laga.

Um 32. gr.

Greinin samsvarar 37. gr. núgildandi laga með þeim breytingum að 40. gr. laganna er felld brott og efni hennar fellt inn í 3. mgr. Þá er orðunum „rétt er“ í 4. mgr. breytt í „heimilt er“. Enn fremur er í 4. mgr. ákveðið nánar um skilyrði þess að synja megi manni um skírteini og er það nú bundið við önnur brot en þau sem varða sektum, en um þetta atriði hefur ríkt óvissa og mörg álitaefni risið.

Um 33. gr.

Greinin samsvarar 38. gr. núgildandi laga en hefur verið einfölduð.

Um 34. gr.

Greinin samsvarar 39. og 41. gr. núgildandi laga og geymir þá breytingu í 2. mgr. að lækni ber að tilkynna til Flugmálastjórnar heilsubilun flugverja ef hætta stafar af vegna starfa hans í loftfari.

Sett er skýrt ákvæði um að Flugmálastjórn geti hvenær sem er fellt skírteini úr gildi ef hún telur að skírteinishafi fullnægi ekki lengur skilyrðum til starfans.

Um 35. gr.

Greinin samsvarar 42. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema orðin „er rétt“ verða „er heimilt“.

Um 36. gr.

Greinin samsvarar 51. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, en hefur verið færð í kaflann um flugverja vegna samhengis. Sama er að segja um næstu greinar frumvarpsins, þ.e. 37.–39. gr. er samsvara 52.–54. gr. núgildandi laga.

Um 37. gr.

Ákvæði 37. gr. frumvarpsins koma í stað ákvæða 52. greinar núgildandi laga. Meginbreytingin felst í því að mörk leyfilegs vínandamagns í blóði eru færð úr 0,4‰ í 0,2‰. Á hinn bóginn er sá tími sem skemmstur má líða frá því að áfengis er síðast neytt og fram til þess að störf hefjast styttur í 8 klst. en hann er 18 klst. í núgildandi lögum. Er í þessum efnum stuðst við sameiginlegar reglur ríkja í Flugöryggissamtökum Evrópu, JAR-OPS 1.085.

Um 38. gr.

Greinin samsvarar 53. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 39. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 40. gr.

Greinin samsvarar 43. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 41. gr.

Greinin samsvarar 44. gr. núgildandi laga með þeirri breytingu í 1. mgr. að hert er á orðalagi um að hlutverk flugstjórans sé að ábyrgjast undirbúning flugs.

Um 42. gr.

Greinin samsvarar 45. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema orðin „er rétt“ verða „er heimilt“.

Um 43. gr.

Greinin samsvarar 46. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema orðin „er rétt“ verða „er heimilt“.

Um 44. gr.

Greinin er samsvarandi 47. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema orðin „er rétt“ verða „er heimilt“.

Um 45. gr.

Greinin er samsvarandi 48. gr. núgildandi laga. Hert er á hlutverki flugstjórans og hann gerður ábyrgur fyrir færslu bóka loftfarsins.

Um 46. gr.

Greinin samsvarar 49. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 47. gr.

Greinin samsvarar 50. gr. núgildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. A núgildandi laga, sbr. lög nr. 81/1989, og er efnislega óbreytt.

Um 49. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. B núgildandi laga og er óbreytt.

Um 50. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. C núgildandi laga og er óbreytt.

Um 51. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. D núgildandi laga og er óbreytt.

Um 52. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. E núgildandi laga og er óbreytt.

Um 53. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. F núgildandi laga.

Um 54. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. G núgildandi laga. Framkvæmd ákvæða þessa kafla frumvarpsins er færð frá samgönguráðherra til Flugmálastjórnar.

Um 55. gr.

Greinin samsvarar 54. gr. H núgildandi laga.

Um VII. kafla.

Fyrstu alþjóðlegu ákvæðin um flugvelli og mikilvægi þeirra voru sett fram í 1. gr. viðbætis H við Parísarsamþykktina, en samkvæmt henni varð erlent loftfar að lenda eða hefja flugtak frá flugvelli sem sérstaklega hafði verið samþykktur til þess af yfirvöldum í viðkomandi landi. Nær öll ríki hafa tekið þessa reglu upp í landsrétt. Á upphafsárum flugsins gátu flugmenn lent þar sem þeim hentaði, en þegar yfirstignir höfðu verið fyrstu tæknilegu erfiðleikarnir urðu flugvellir einu löggiltu lendingarstaðirnir.

Í Parísarsamþykktinni var ákveðið að á flugvöllum yrði tollafgreiðsla, enn fremur var hvatt til sóttvarnareftirlits. Skv. 28. gr. ICAO-sáttmálans tekst hvert ríki á hendur eftir því sem fært þykir:

„a. Að sjá fyrir flughöfnum, radíóþjónustu, veðurupplýsingum og öðrum þægindum innan lands síns, til að auðvelda millilandaloftsiglingar, í samræmi við reglur þær og venjur, sem mælt kann að verða með, eða settar kunna að verða framvegis samkvæmt samþykkt þessari ...“ Skv. 37. gr. sáttmálans hefur ICAO látið semja ýmsa viðbæta vegna þessa, svo sem nr. 3 (Meteorological Service for International Air Navigation/Flugveðurfræði); nr. 4 (Aeronautical Charts/Flugkort); nr. 5. (Units of Measurement to be used in Air and Ground Operations/Mælieiningar); nr. 9 (Facilitation/Flugvallarvirkt); nr. 10 (Aeronautical Telecommunication/Flugfjarskipti); nr. 11 (Air Traffic Services/Flugumferðarþjónusta); nr. 14 (Aerodromes/Flugvellir) og nr. 17 (Security — Safeguarding International Civil Aviation against Acts of Unlawful Interference/Flugvernd).

Í 10. gr. ICAO-sáttmálans segir: „Öllum flugförum, sem koma inn yfir landsvæði samningsríkis, skal leyft að lenda í flughöfn, sem það ríki tilgreinir í þessu skyni til tollskoðunar og annarrar skoðunar, ef reglugerðir þess ríkis mæla svo fyrir. Þetta gildir þó ekki, er flugförum er leyft samkvæmt sérstakri heimild eða ákvæðum samþykktar þessarar að fljúga yfir land samningsríkis án lendingar. Þegar flugför fara frá landi samningsríkis, skulu þau fara frá tollflughöfn, sem á sama hátt hefur verið tilgreind. Upplýsingar um allar tilgreindar tollflughafnir skulu birtar viðkomandi ríki og látnar í té Alþjóðaflugmálastofnuninni, sem stofnsett verður skv. II. hluta þessarar samþykktar, enda tilkynni hún þær öðrum samningsríkjum.“ Þetta ákvæði verður að skoða í tengslum við ákvæði 15. gr. sáttmálans en þar segir: „Sérhver flughöfn samningsríkis, sem opin er til almennra afnota flugförum þjóðarinnar, skal einnig (sjá þó ákvæði 68. gr.) vera opin flugförum allra annarra samningsríkja með samræmdum skilmálum. Sömu samræmdu skilmálar skulu gilda um afnot flugfara allra samningsríkja af öllum loftsiglingatækjum, og er þar með talin radíó- og veðurþjónusta, sem látin er almennt í té til öryggis og flýtis loftsiglingum.

Þau gjöld, sem lögð kunna að verða á eða leyft verður að leggja á af hálfu samningsríkis fyrir að leyfa flugförum annarra samningsríkja að nota slíkar flughafnir eða loftsiglingatæki, skulu ekki vera hærri en:

a. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem ekki starfa að áætlunarbundnu millilandaflugi, og á þetta við þau flugför erlend, sem í sama flokki teljast,
b. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem eru í áætlunarmillilandaflugi, og á þetta við þau flugför, sem í sama flokki teljast.

Öll slík gjöld skal auglýsa og tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það er tilskilið að, að fengnum tilmælum samningsríkis, sem hlut á að máli, skuli gjöld fyrir afnot flughafna og annarra þæginda háð endurskoðun flugmálaráðs, sem skal gefa um það skýrslu og gera tillögur til athugunar því ríki eða þeim ríkjum, sem í hlut eiga. Ekkert samningsríki má krefjast þóknunar, skatta eða annarra gjalda af flugförum samningsríkis eða þeim mönnum eða eignum, sem þau flytja, fyrir þau réttindi ein að mega fljúga yfir, koma inn í eða fara frá landsvæði þess.“ Í 68. gr. segir: „Öll samningsríki mega, að tilskildum ákvæðum þessarar samþykktar, ákvarða þær leiðir, sem í milliríkjaflugi verður að fara innan landsvæðis þeirra, svo og þær flughafnir, sem nota má í slíku flugi.“

Í 16. gr. segir: „Réttum yfirvöldum sérhvers samningsríkis skal heimilt að leita í flugfari annars samningsríkis. þegar það kemur eða fer, og skoða skírteini og önnur skilríki, sem gert er ráð fyrir í samþykkt þessari. Skal slík skoðun fara fram án óhæfilegrar tafar“, sbr. viðbæti nr. 9 við ICAO-sáttmálann, kafla 5, 3. mgr. Samkvæmt henni er ekki heimilt að leita í loftförum sem hafa viðkomu án þess að taka um borð eða setja frá borði flutning, nema vegna flugöryggis, eiturlyfja eða vegna annarra sérstakra kringumstæðna.

Samanburður milli flugvalla í Evrópu og Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur sýnt að bandarískir flugvellir eru flestir í einkaeigu en í Evrópu eru flestir flugvellir í opinberri eigu. Því er erfitt að setja alþjóðlegar reglur um stjórn flugvalla þrátt fyrir þær reglur sem settar eru í viðbæti nr. 14 við ICAO-sáttmálann (Airports/Flugvellir), en þar segir fyrir um tæknilega uppbyggingu flugvalla.

Áætlunarflugvellir á Íslandi hafa allir verið í opinberri eigu og rekstur þeirra á vegum ríkisins. Nokkrir litlir og frumstæðir flugvellir eru í einkaeigu, en varla fleiri en tugur. Reglur um sérleyfi til reksturs flugvallar hafa því ekki haft raunhæft gildi hérlendis frá upphafi flugs hér 1919 og ekki fyrirsjáanlegt að svo megi verða.

Flugvellir eru aðgreindir í tvo flokka, þ.e. herflugvelli og flugvelli til almenningsnota. Þessi mismunur hefur þýðingu því mismunandi reglur gilda á herflugvelli og almenningsflugvelli. Keflavíkurflugvöllur er gott dæmi um blandaðan her- og almenningsflugvöll með öllum þeim úrlausnarefnum sem því fylgja.

Eftirfarandi lögfræðiatriði koma gjarnan upp varðandi flugvelli:

a. Vandamál viðvíkjandi eignarhaldi á flugvelli og hindranir í nágrenni hans.
b. Ábyrgð þess er annast rekstur flugvallarins ef um slys er að ræða, en ábyrgðin er í flestum tilfellum innan almennu skaðabótareglunnar, þ.e. saknæmisreglunnar. Rétt er að vekja athygli á því að reglurnar eru aðrar en þær sem beitt er við flugumferðarstjórnun.
c. Lögfræðileg vandamál við flugvallarstjórnun, svo sem rekstrarform, ríkisrekstur, einkarekstur, hlutafélag o.s.frv. Þá geta einnig risið álitaefni um hverjum beri að annast viðhald.
d. Lagaleg tengsl notenda flugvallar og stjórnenda og einnig tengsl þeirra við yfirvöld, svo sem flugvallarlögreglu og fleiri.

Orðið flugvöllur tekur yfir hvern þann stað þar sem loftför hefja sig til flugs eða lenda, hvort sem er á láði, legi eða ís og hvort sem um lítinn eða stóran völl er að ræða.

Flugleiðsögubúnaður tekur yfir allan annan búnað á jörðu sem notaður er til flugleiðsögu.

Í þessu frumvarpi eru ekki lagðar til miklar breytingar á kaflanum, en orðfæri er fært til nútímamáls og frekari skýringar.

Um 56. gr.

Greinin samsvarar 55. og 63. gr. núgildandi laga.

Um 57. gr.

Greinin samsvarar núgildandi ákvæðum en hefur verið aðlöguð hugsanlegri þörf fyrir einkarekna almenningsflugvelli. Ákvæði er varða sérleyfi til flugvallarreksturs hafa verið felld brott en á 30 ára gildistíma núgildandi laga hefur aldrei komið fram þörf á notkun þeirra. Undanþágan frá skattskyldu til sveitarsjóðs er í samræmi við 14. gr. hafnalaga, nr. 23/1994. Eðlilegt þykir að um flughafnir gildi hið sama og um aðrar hafnir í þessum efnum.

Um 58. gr.

Greinin samsvarar 64. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema að „flugvirki“ er breytt í „flugleiðsögubúnaðar“.

Um 59. og 60. gr.

Greinarnar samsvara 66. gr. núgildandi laga í meginatriðum.

Um 61. gr.

Greinin samsvarar 67. gr. núgildandi laga.

Um 62. gr.

Greinin samsvarar 68. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 63. gr.

Greinin samsvarar 69. gr. núgildandi laga og er í meginatriðum óbreytt.

Um 64. gr.

Greinin samsvarar 70. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema leiðrétt er tilvísun í lög og orðunum „rétt er“ breytt í „getur“ og „heimilt“.

Um 65. gr.

Greinin samsvarar 71. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema orðin „Eigandi eða umráðamaður (notandi)“ verður „Flugmálastjórn“.

Um 66. gr.

Greinin samsvarar 72. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 67. gr.

Greinin samsvarar 73. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um 68. gr.

Greinin samsvarar 74. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema „rétt er“ verður „heimilt“.

Um 69. gr.

Greinin samsvarar 75. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema „rétt er“ verður „heimilt“.

Um 70. gr.

Greinin samsvarar 76. og 77. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema „rétt er“ verður „heimilt“; og „í samráði við samgöngumálaráðherra“ fellur brott.

Um 71. gr.

Greinin samsvarar 78. gr. núgildandi laga og er nokkuð breytt. Skráður umráðandi að íslensku loftfari er nú gerður ábyrgur fyrir greiðslu afgjalda vegna nota á þjónustu og taka má gjöld fjárnámi.

Um 72. gr.

Greinin samsvarar 79. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, nema bætt er við setningu til að ítreka skyldu um að nota tollhafnir svo sem kveður á um í tollalögum.

Um 73. gr.

Greinin samsvarar 80. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt utan orðin „í öðru flugvirki“ verða „við flugleiðsögubúnað“.

Um 74. gr.

Greinin samsvarar 81. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um VIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla miða að því að auka öryggi við flugtak loftfara, umferð í lofti og lendingu. Réttarheimildir eru sóttar í ICAO-sáttmálann, II. kafla, sem fjallar um flug yfir land samningsríkis. Í 11. gr. sáttmálans sem fjallar um beitingu loftferðareglna segir svo: „Um komu flugfara, sem stunda millilandaflug, eða brottför þeirra frá landi samningsríkis, svo og um rekstur og stjórn slíkra flugfara, meðan þau eru innan landsins, skal beita lögum og reglugerðum ríkisins, jafnt um flugför allra samningsríkja, án tillits til þjóðernis (sjá þó ákvæði þessarar samþykktar). Skulu þau flugför hegða sér í samræmi við slík lög og reglur, þegar þau koma til lands þess ríkis, fara þaðan eða meðan þau dveljast þar.“ Í 12. gr. sáttmálans er fjallað um loftferðareglurnar og segir þar: „Öll samningsríkin skuldbinda sig til að gera ráðstafanir til tryggingar því, að sérhvert flugfar, sem flýgur yfir eða stýrt er innan landsvæða þeirra, og sérhvert flugfar, sem ber þjóðernismerki þeirra, skuli alls staðar fara eftir þeim reglum og reglugerðum um flug og loftsiglingar, sem þar gilda. Skuldbindur hvert ríki sig til að hafa sínar reglugerðir um þessi efni sem líkastar þeim, sem eftir því sem tímar líða verða settar í samræmi við samþykkt þessa. Yfir úthöfum skulu þær reglur gilda, sem settar eru með samþykkt þessari. Hvert samningsríki tekur að sér að tryggja, að lögum verði komið yfir aðila, sem brjóta settar reglur.“ Reglur þær sem settar hafa verið samkvæmt þessari grein sáttmálans eru einkum í viðbæti nr. 2 (Rules of the Air/Flugreglur) og hafa verið birtar á Íslandi með auglýsingu um setningu flugreglna, nr. 55 frá 7. janúar 1992.

I. kafli flugreglnanna fjallar um orðaskýringar; II. kafli um gildissvið flugreglnanna; III. kafli um almennar reglur; IV. kafli um sjónflugsreglur; V. kafli um blindflugsreglur og í viðbætinum er enn fremur að finna reglur um flugmerki og ljósabúnað loftfara o.s.frv.

Í 68. gr. sáttmálans er kveðið á um ákvörðun leiða og flughafna. Þar segir: „Öll samningsríki mega, að tilskildum ákvæðum þessarar samþykktar, ákvarða þær leiðir, sem í milliríkjaflugi verður að fara innan landsvæðis þeirra, svo og þær flughafnir, sem nota má í slíku flugi.“

Á Íslandi eru flugleiðir í blindflugi ákvarðaðar af flugumferðarþjónustu flugmálastjórnarinnar, m.a. með flugleiðsögukorti (Radionavigation Chart–Iceland) og aðflugs- og lendingarkortum. Kortin eru unnin og útbúin í samræmi við viðbæti nr. 4 við sáttmálann sem fjallar um flugkort. Flugmálastjórnin fer með stjórn flugleiða í blindflugi eða sjónflugi og notar til þess flugumferðarþjónustu. Við flugumferðarþjónustu starfa flugumferðarstjórar sem einkum grundvalla vinnuaðferðir sínar á eftirfarandi gögnum:

viðbæti nr. 2 við ICAO-sáttmálann sem fjallar um flugreglur;
viðbæti nr. 11 við sáttmálann sem fjallar um flugumferðarþjónustu;
ICAO-skjali nr. 4444 RAC/501 (Procedures for Air Navigation Services, Rules of the Air and Traffic Services);
ICAO-skjali 8168 — OPS/611 (Procedures for Air Navigation Services, Aircraft Operations) og því til viðbótar hérlendis, ICAO-skjali 7030 (Regional Supplementary Procedures North Atlantic Region).

Loftrými það sem Íslandi hefur verið úthlutað af ICAO til að stjórna utan íslensku lofthelginnar nefnist Reykjavík FIR (Flight Information Region).

Flughafnir, sem nota skal, eru ákvarðaðar í tollalögum á hverjum tíma, nú lögum nr. 55 frá 30. mars 1987. Skv. 51. gr. laganna er aðkomufari skylt að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, en tollstjóri getur þó veitt undanþágu frá því þegar sérstaklega stendur á. Aðaltollhafnir hérlendis fyrir flug eru Reykjavík; Ísafjörður; Sauðárkrókur; Siglufjörður; Akureyri; Húsavík; Neskaupstaður; Vestmannaeyjar; Keflavík og Egilsstaðir, sbr. 28. gr. tollalaga. Frekari ákvæði eru í reglugerð um komu, brottflug og yfirflug nr. 107/1972. Efni þeirrar reglugerðar er byggt á heimild í gildandi loftferðalögum og alþjóðasamningi um viðkomuréttindi flugfara er gerður var í Chicago 7. desember 1944.

Í 10. gr. ICAO-sáttmálans er fjallað um lendingu í tollflughöfn og þar segir: „Öllum flugförum, sem koma inn yfir landsvæði samningsríkis, skal leyft að lenda í flughöfn, sem það ríki tilgreinir í þessu skyni til tollskoðunar og annarrar skoðunar, ef reglugerðir þess ríkis mæla svo fyrir. Þetta gildir þó ekki, er flugförum er leyft samkvæmt sérstakri heimild eða ákvæðum samþykktar þessarar að fljúga yfir land samningsríkis án lendingar. Þegar flugför fara frá landi samningsríkis skulu þau fara frá tollflughöfn, sem á sama hátt hefur verið tilgreind. Upplýsingar um allar tilgreindar tollflughafnir skulu birtar viðkomandi ríki og látnar í té Alþjóðaflugmálastofnuninni, ...“

Enn fremur segir í 13. gr. sáttmálans: „Lög og reglugerðir samningsríkis um landtöku farþega, áhafnar eða flutnings flugfara, svo og um brottför frá landi þess, t.d. reglugerðir um komu, afgreiðslu, landgöngu, vegabréf, tollskoðun og læknisskoðun, skulu haldin um þá farþega, áhöfn eða farm þegar þau koma inn í landið, fara þaðan eða dveljast innan landamæra þess.“ Skv. 22. gr. sáttmálans ber sáttmálaríkjum að auðvelda, svo sem kostur er, milliríkjaflug milli yfirráðasvæða sinna og skv. 23. gr. skulu þau setja reglur um tollskoðun og landgöngu fólks í samræmi við reglur þær er settar hafa verið af ICAO, sbr. reglur í viðauka nr. 9 við ICAO-sáttmálann (Facilitation/Flugvallarvirkt).

Ákvæði 5. gr. ICAO-sáttmálans veitir sáttmálaríki rétt til að krefjast lendingar loftfars sem er í óreglubundnu flugi, þ.e. eigi áætlunarflugi, yfir yfirráðasvæði þess. Sams konar ákvæði eru í 2. lið I. gr. milliríkjasáttmála um viðkomuréttindi loftfara. Í 6. gr. ICAO-sáttmálans segir að eigi megi reka milliríkjaáætlunarflug um eða inn á yfirráðasvæði sáttmálaríks nema samkvæmt sérstöku leyfi eða heimild þess ríkis, enda sé slíku flugi hagað í samræmi við leyfið eða heimildina. Í c-lið 9. gr. ICAO-sáttmálans er enn fremur kveðið á um að hverju sáttmálaríki sé rétt samkvæmt þeim reglum er það setur að krefjast þess að hvert það loftfar sem flýgur inn á bannsvæði þau sem greind eru í a–b-liðum greinarinnar, þ.e. hernaðarsvæði o.fl., skuli svo fljótt sem kostur er lenda í einhverri tilgreindri flughöfn innan lands.

Í 35. gr. ICAO-sáttmálans segir: „Ekki má flytja hergögn eða hernaðartæki yfir eða um land samningsríkis í flugfari, sem stundar millilandaflug, nema leyfi þess ríkis komi til. Skal hvert ríki setja reglur um það, hvað skoða beri hergögn eða hernaðartæki, að því er til þessarar greinar tekur, og fyrir samræmis sakir skal taka fullt tillit til þess, sem loftferðaráð kann að mæla með á hverjum tíma.“ Enn segir: „Vegna allsherjarreglu og öryggis áskilur hvert samningsríki sér rétt til að setja reglur um flutning um eða yfir land sitt eða banna hann, ef

um annan varning er að ræða en þann, sem getur í staflið a, og það tilskilið, að enginn munur sé gerður í þessu efni á flugförum eigin þjóðar, sem stundar millilandaflug, og flugförum annarra ríkja, sem stunda sama starf, og ekki má heldur leggja hömlur á flutning og afnot tækja þeirra í flugförum, sem nauðsynleg eru við stjórn flugfara eða áhöfn og farþegum til öryggis.“

Til að fyllsta öryggis sé gætt við stjórn flugumferðar er leiðbeining flugstjórnarmiðstöðvar nauðsynleg. Skyldum flugumferðarstjórans má líkja við skyldur lóðsa á skipum, því þeir gefa skipanir til loftfara á sínu umráðasvæði.

Í viðbæti nr. 2 við ICAO-sáttmálann, sem fjallar um flugreglur, er staðfest að flugstjórinn verður að fylgja fyrirmælum flugumferðarstjórans, en það er einnig staðfest að endanleg ábyrgð á fluginu hvílir hjá flugstjóranum. Hér er bersýnilega um að ræða að atburðarás þar sem erfitt getur verið að greina hvar sök eða ábyrgð liggur ef slys verður. Til að létta á óvissunni hefur eftirfarandi skilgreining verið gerð: Flugstjórinn skal fylgja fyrirmælum flugumferðarstjórans, nema um neyðartilfelli sé að ræða.

Landsréttur gerir yfirleitt ráð fyrir því að flugumferðarstjórar séu opinberir starfsmenn og svo er hér á Íslandi, en sú réttarstaða ákveður stöðu þeirra hvað varðar réttindi, skyldur, vinnuumhverfi, verkfallsrétt, refsingar o.fl.

Ábyrgð flugumferðarstjóra er afar mikil í starfi þeirra þótt þeir verði að miklu leyti að reiða sig á tækjabúnað til að leysa starf sitt af hendi. Að því leyti er flugumferðarstjórinn í verri aðstöðu en flugstjórinn því flugumferðarstjórinn á yfirleitt enga möguleika á að sjá raunverulega stöðu mála með eigin augum. Þrátt fyrir það getur ábyrgð stundum frekar legið hjá flugumferðarstjóra en flugstjóra.

Um 75. gr.

Greinin samsvarar 57. gr. núgildandi laga og eru ákvæðin í meginatriðum óbreytt utan orðið „Flugöryggisþjónusta“ verður „flugumferðarþjónusta“ til samræmis við núverandi heiti.

Um 76. gr.

Fyrsta málsgreinin samsvarar 56. gr. núgildandi laga og er að mestu leyti óbreytt, nema „er rétt“ verður „er heimilt“.

Um 77. gr.

Greinin samsvarar 91. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt utan, í stað orðanna „Rétt er þeim handhafa stjórnvalds“ kemur „Flugmálastjórn“ í 1. mgr. og í 2. mgr. eru felld niður orðin „og mæli hann eigi annað, lenda á næsta flugvelli hér á landi, sem er til almennra flugnota og lenda má á“, því þetta er talið óþarft, og í 3. mgr. breytist „rétt“ í „heimilt“.

Um 78. gr.

Greinin samsvarar 92. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt utan að í 1. mgr. „er rétt“ verður „er heimilt“, í 2. mgr. verður „Rétt er samgönguráðherra“ „Samgönguráðherra er heimilt“.

Um 79. gr.

Greinin samsvarar 96. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um IX. kafla.

Í fyrstu íslensku loftferðalögunum, nr. 32 frá 14. júní 1929, voru í 22. og 23. gr. IV. kafla ákvæði um fyrirtæki til loftferða og hljóðuðu þau þannig: „Fyrirtæki þau, sem gera sér að at-

vinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu. Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 10 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar. Leyfi þetta nægir öryggiskröfum alþjóðar. Leyfi þetta veitist Flugfélagi Íslands hf. til 10 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að félagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Félagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur félög um loftferðir milli landa." Og í 23. gr. sagði: „Leyfi skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis flutningaskilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefur sett." Greinargerð með lögunum er fáorð um fyrrgreindar lagagreinar en þar segir: „Sjálfsagt þykir, vegna þess, hve mikils það er virði fyrir þjóðlífið, að ráðuneytið veiti samþykki sitt til atvinnufyrirtækja þeirra, er koma vilja á reglubundnum flugferðum á Íslandi." Í upphafi athugasemdanna segir: „Sambandsþjóð vor, Danir, hafa með lögum frá 1. maí 1923 skipað fyrir um loftferðir og þykir því hlýða að taka hæfilegt tillit til þessara laga."

Af þessu verður ráðið að m.a. tilvitnuð ákvæði um leyfi til flugreksturs hafi verið samin eftir danskri fyrirmynd.

Skilyrði um að leyfi þurfi til loftferðastarfsemi voru ekki reist á alþjóðlegum samningum heldur á landsrétti hinna ýmsu landa og voru forsendur þess að tryggja þyrfti öryggi í flugsamgöngum og enn fremur að vernda yrði áætlunarflug landsflugfélaganna.

Með lögum um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., nr. 23 frá 27. mars 1991, 7. gr., varð gerbreyting á heimild til skrásetningar loftfara í eigu útlendinga hérlendis með því að hömlum var algerlega aflétt, nema ef útlendingarnir taka þátt í íslensku atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur hér á landi má samanlagður eignarhluti þeirra á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%, sbr. lög nr. 34 frá 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 4. mgr. 4. gr.

Með setningu laga um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 frá 13. janúar 1993, varð enn gerbreyting á íslenskum reglum hvað varðar íbúa efnahagssvæðisins því samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992, um veitingu leyfa handa flugfélögum, má engar hömlur leggja á eignarhlutdeild. Því getur íslenskt flugfélag í framtíðinni verið algerlega í eigu útlendinga svo fremi þeir uppfylli skilyrði fyrrgreindrar reglugerðar. Reglugerðin er enn fremur fyrsti fjölþjóðlegi samningurinn um flugrekstrarleyfi og flugrekendaskírteini.

Með reglugerðinni eru settar sameiginlegar reglur um útgáfu leyfa fyrir öll flugfélög innan efnahagssvæðisins. Hún fjallar ekki um leyfi til að starfrækja flutninga á ákveðnum leiðum, heldur tæknikröfur og formkröfur er gera skal til flugrekenda. Frá gildistöku hennar getur sérhver flugrekstraraðili á efnahagssvæðinu, sem uppfyllir öryggis- og fjárhagskröfur, fengið leyfi til að stunda flugrekstur hvar sem er innan svæðisins, sbr. þó takmarkanir er greinir í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992, um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Reglugerðin inniheldur kröfur um að meiri hluti hlutafjár í EES-flugfélagi verði að vera á virkan hátt í höndum íbúa eða ríkja efnahagssvæðisins, að aðalskrifstofur flugfélagsins verða að vera í ríkinu sem hefur gefið út leyfið, að loftförin uppfylli evrópskar öryggisreglur og að loftfarið hafi rétta vátryggingu, sérstaklega hvað varðar farþega, farangur, farm, póst og þriðja aðila, sbr. 6. gr. rg.

Flugrekstrarleyfi, sem til staðar voru við gildistöku reglugerðarinnar, máttu halda gildi sínu í þrjú ár og féllu áætlunarleyfi innan lands úr gildi hinn 1. júlí 1997 þegar þrjú ár voru liðin frá gildistöku reglugerðar hér á landi en eftir það verður flugrekandinn að aðlaga rekstur sinn reglugerðinni. Nýir umsækjendur verða að sýna fram á fjárhagsgetu samkvæmt ákveðnum reglum og verða að leggja fram tveggja ára áætlun.

Einnig eru í reglugerðinni nokkrar mikilvægar reglur er varða notkun, skráningu og leigu á loftfari. Þegar félag leigir loftfar frá öðru félagi þarf áður að afla samþykkis frá þeirri landsstofnun er veitir leyfin. Þegar um er að ræða leigu með áhöfn þarf leigusalinn að uppfylla kröfur flugrekandaskírteinis (AOC) leigutakans. Grundvallarreglan er að öll loftför sem flugrekandi notar verða að vera skrásett í aðildarlandi efnahagssvæðisins, en aðildarlöndin geta haft mismunandi takmarkanir á skráningu. Undantekning frá þessu er að aðildarland getur leyft skammtímaleigu, t.d. vegna sumarumferðar, á loftfari sem skráð væri utan efnahagssvæðisins og þá til að mæta tímabundinni þörf eða í undantekningartilfellum.

Aðili, sá sem flugrekstrarleyfi hlýtur, verður að undirgangast ýmsar skyldur, svo sem gagnvart öryggi loftfara sinna, m.a. með útgáfu og viðhaldi handbóka um notkun þeirra og hleðslu og reglna um notkun þeirra flugvalla sem fljúga skal til (flugvallalágmörk). Enn fremur er flugrekandinn ábyrgur fyrir þjálfun og hæfni starfsmanna sinna og að viðurkenndum hvíldarreglum áhafna sé fylgt. Þá hefur flugrekandinn ábyrgð gagnvart farþegum sínum, þriðja aðila er kann að hljóta skaða vegna notkunar loftfarsins og gagnvart flugmálastjórninni, t.d. með því að halda tilskildar skýrslur.

Vegna þess sem að framan segir er eftirfarandi kafli mjög breyttur frá núgildandi lögum.

Um 80. gr.

Greinin samsvarar 82. gr. núgildandi laga. Greininni er ætlað að ná yfir starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni.

Ákvæði um sérleyfi eru felld brott.

Útgáfa flugrekstrarleyfa færist frá samgönguráðuneyti til Flugmálastjórnar.

Um 81. gr.

Greinin samsvarar 83. gr. núgildandi laga en er breytt í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992, um veitingu leyfa til handa flugfélögum.

Um 82. gr.

Greinin samsvarar 84. gr. núgildandi laga og er töluvert breytt, en hér eru talin upp þau skilyrði leyfis sem sett eru í reglugerð EBE nr. 2407/92, um veitingu leyfa til handa flugfélögum.

Um 83. gr.

Greinin samsvarar 85. gr. núgildandi laga hvað efni varðar og er ætlað að opna heimild fyrir samgönguráðherra til að hnýta við leyfi skilyrðum, t.d. um flugleiðir innan lands, sem samrýmst gætu milliríkjasamningum.

Um 84. gr.

Greinin samsvarar 86. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt, en samsvarar samt sem áður skilyrðum reglugerðar EES nr. 2407/92.

Um 85. gr.

Greinin samsvarar 186. gr. núgildandi laga og er efnislega óbreytt.

Um X. kafla.

Kafli þessi byggist á ákvæðum Varsjársáttmálans frá 1929 og sáttmálaauka við hann sem undirritaður var í Haag 1955. Núgildandi lög geyma ákvæði þessara sáttmála nær óbreytt,

en auk þess sem Ísland hefur staðfest þá að þjóðarétti voru þeir lögfestir hér sem lög nr. 41/1949 og nr. 46/1956. Þessi kafli frumvarpsins byggist á ákvæðum sáttmálanna, en nokkrar breytingar eru gerðar með hliðsjón af væntanlegri reglugerð Evrópusambandsins um ábyrgðarreglur, bótafjárhæðir og vátryggingar. Þá er jafnframt bætt inn ákvæðum sem byggjast á sáttmála þeim sem gerður var í Guadalajara í Mexíkó árið 1961 og fjallar um ábyrgðarreglur gagnvart farþegum þegar flugrekendur sinna flutningum hver fyrir annan, þ.e. loftför eru leigð með áhöfn, en fram til þessa hefur ekki verið tekið á þeirri aðstöðu í íslenskum loftferðalögum.

Viðleitni í þá veru að endurbæta reglur sem Varsjár/Haag-sáttmálarnir geyma hefur ekki gengið sem skyldi. Sáttmáli sem gerður var í þesssu skyni í Guatemala árið 1971 hefur ekki hlotið alþjóðlega viðurkenningu og aldrei náð tilskyldum staðfestingafjölda, þrátt fyrir að Alþjóðaflugmálastofnunin hafi í hart nær 25 ár hvatt aðildarríkin til staðfestingar hans. Sömu sögu er að segja um viðleitni til endurbóta með fjórum sáttmálaaukum sem gerðir voru í Montreal í Kanada 1975. Breytingarnar hafa m.a. sætt andstöðu Bandaríkjamanna og enn ekki fengið tilskilið fylgi.

Þegar frumvarp þetta til loftferðalaga var lagt fram á 118. löggjafarþingi 1994 geymdi það ákvæði sem byggðust á sáttmálunum frá Guatemala og Montreal. Um það leyti sem frumgerð þess var skrifuð voru jafnvel taldar líkur á að Bandaríkjaþing mundi staðfesta breytingarnar og í löggjöf annars staðar á Norðurlöndum hafði þegar verið tekið tillit til þeirra.

Vaxandi óþreyju hefur gætt meðal yfirvalda í ýmsum ríkjum og meðal flugrekenda og samtaka þeirra í bið eftir niðurstöðu í endurskoðunarstarfi þessu á alþjóðlegum vettvangi. Árið 1988 rufu ítölsk yfirvöld samstöðu ríkja og beittu sér fyrir setningu sérstakra laga sem skylda öll flugfélög þarlend sem erlend, sem fljúga til landsins, til að viðurkenna ábyrgð í samræmi við Guatemala-sáttmálann og árið 1992 ákváðu japönsk flugfélög að ábyrgð þeirra vegna dauða eða líkamstjóns skv. 22. gr. Varsjársáttmálans skyldi vera skilyrðislaus að 100.000 SDR en félögin áskildu sér rétt til varnar samkvæmt ákvæðum 20. gr. sáttmálans gagnvart kröfum sem færu fram úr þeim fjárhæðarmörkum. Ákvæði þessi um varnir eru á þá lund að flugrekandi skal laus úr ábyrgð ef hann sannar að hann hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að afstýra slysi eða það hafi ekki verið í hans valdi að afstýra því. Þessi regla er ýmist nefnd sakalíkindaregla eða reglan um öfuga sönnunarbyrði. Í raun vörpuðu japönsku félögin þannig fyrir róða reglu um hámarksbætur, en ein af meginreglum Guatemala-sáttmálans er að ábyrgð flytjanda getur aldrei farið fram úr 1.500.000 gullfrönkum sem samsvara 100.000 SDR samkvæmt sáttmálaauka nr. 3 frá 1975 í Montreal. Þessi regla um ófrávíkjanlega hámarksábyrgð er talin ein af meginástæðum þess að þjóðir heims staðfestu ekki Guatemala-sáttmálann í ríkari mæli en raun varð á.

Á ársþingi Alþjóðasamtaka flugfélaga, IATA, sem haldið var í Kuala Lumpur í október 1995 urðu hins vegar atburðir sem valda því að væntanlega á Guatemala-sáttmálinn aldrei eftir að verða að alþjóðalögum. Aðildarfélögin ákváðu með sérstakri samþykkt að afsala sér vernd sem fælist í hámarksbótum heldur skyldi bótaréttur hvers farþega í aðalatriðum fara samkvæmt landsrétti í heimaríki hans. Í samþykktinni er sérstakt ákvæði þar sem tillit er tekið til þeirrar ákvörðunar sem japönsku félögin tóku árið 1992. Þá bindast aðildarfélögin sammælum um að hvetja þau félög sem sem ekki eru aðilar að samtökunum til að taka upp þá skilmála sem felast í samþykktinni. Samþykkt þessi átti að ganga í gildi í nóvember 1996 en gildistakan hefur dregist.

Á árinu 1993 hófust á vettvangi evrópskra flugmálastjórna umræður um hækkun bótafjárhæða samkvæmt ákvæðum Varsjár/Haag-sáttmálanna og í kjölfar samþykktar IATA sem að framan greinir tók Evrópusambandið málið til meðferðar, enda var sá mismunur kjara

gagnvart farþegum, sem í því felst hvort félagið er innan samtaka flugfélaga eða ekki, lítt í samræmi við það samræmingarstarf sem hefur verið unnið á vettvangi Evrópusambandsins. Liggja nú fyrir drög að reglugerð Evrópusambandsins þar sem aðferð sú sem japönsku félögin tóku upp á sínum tíma er lögð til grundvallar og er byggt á þeim drögum í ákvæðum þessa kafla frumvarpsins.

Gengið er út frá að Varsjár/Haag-sáttmálarnir myndi eftir sem áður grunninn að því kerfi sem stuðst verður við en gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum núgildandi laga sem miða að því að hrinda í framkvæmd efnisatriðum hinnar fyrirhuguðu tilskipunar Evrópusambandsins. Megininntak hinnar nýju skipunar er að bótaábyrgð gagnvart lífs- og líkamstjónum farþega er gerð skilyrðislaus upp að bótaskyldum tjónum að fjárhæðinni 100.000 SDR, en flugrekendum áskilinn varnarréttur gagnvart tjónum sem fara fram úr þeim fjárhæðarmörkum samkvæmt ákvæðum sáttmálanna. Við þær varnir er flugrekandinn hins vegar undirseldur sakarlíkindareglu eða reglu um öfuga sönnunarbyrði eins og hún er einnig nefnd þannig að raunhæfar líkur á að varnir leiði til sýknu eru takmarkaðar.

Hversu langt fram úr jafnvirði 100.000 SDR bótafjárhæðir kunna að fara er látið ráðast af þeim fjárhæðarmörkum sem bótareglur íslenskra skaðabótalaga leiða til. Af þeim munu hámarksbætur ákvarðast, nema einstakir flugrekendur lofi farþegum hærri bótum, en eins og fram kom áður gerir samþykkt Alþjóðasamtaka flugfélaga ráð fyrir að bótaréttur ráðist af þeim lögum sem gilda um skaðabætur í heimaríki farþega.

Þegar frumvarp til loftferðalaga var lagt fram á 118. löggjafarþingi 1994 geymdi það svofellt yfirlit um efni Varsjár/Haag-sáttmálanna:

„Gildissviði Varsjársáttmálans er lýst í 1. gr. hans, en þar segir að hann eigi aðeins við um flutning milli landa (fjölmörg lönd láta meginefni hans gilda um innanlandsflutninga sína meðal annars öll ríki á Norðurlöndum). Enn fremur er því lýst í 1. gr. að sáttmálinn eigi við um allan flutning á fólki, farangri eða vörum milli landa gegn endurgjaldi. Ókeypis flutningur með flugi fellur einnig undir sáttmálann þegar hann er framkvæmdur af loftflutningafyrirtæki. Annar ókeypis flutningur fellur ekki undir samninginn. Ástæða þess að sáttmálinn gildir fyrir ókeypis flutning með loftflutningafyrirtæki er sú að „frímiðar“ eru venjulega gefnir út með eitthvert endurgjald í huga, svo sem kynningu á fyrirtækinu eða þjónustu þess. Reglur um ókeypis flutning eru í landsrétti viðkomandi ríkja.

Framangreint leiðir óhjákvæmilega að spurningunni, hvernig skilgreina skuli hugtakið „flug milli landa“. Í 1. gr. sáttmálans er það skilgreint: „... í sáttmála þessum er flutningur talinn vera „milli landa“, þegar brottfararstaður og ákvörðunarstaður samkvæmt flutningssamningi eru innan tveggja sáttmálaríkja, og gildir það jafnvel þótt hlé verði á flutningunum eða skipt sé um loftfar. Séu brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan sama samningsríkis, er flutningur talinn vera milli landa, ef lenda skal innan annars ríkis á leiðinni, enda þótt það ríki sé eigi aðili að sáttmála þessum. Flutningur skal ekki talinn vera milli landa, ef flogið er án slíkrar viðkomu milli landsvæða, sem hlíta fullveldi, vernd, gæslu eða yfirráðum sama samningsríkis.“ Gildi sáttmálans rofnar ekki þó loftfar þurfi af óviðráðanlegum ástæðum að lenda einhvers staðar, svo sem vegna nauðlendingar.

Alþjóðlegt gildi flutningssamnings milli landa ákvarðast af ætlan aðila eins og henni er lýst í samningnum, en þar eru þrjár undantekningar á sem eru:

a. Sáttmáli þessi gildir eigi um loftflutning milli landa sem framkvæmdur er af loftflutningafyrirtæki „... sem fyrsta tilraun með það fyrir augum að stofna til skipulagðra loftflutninga ...“ (34. gr.). Dæmi um þetta getur verið þegar loftflutningafyrirtæki voru fyrst að athuga með flug yfir Norðurheimskautið.

b. Sáttmálinn gildir ekki um flutning í alveg sérstökum tilvikum sem ekki getur talist eðlilegur og venjulegur loftflutningur. Nefna má til dæmis ef slys hendir loftfar sem flytur nýja vél í skip sem lent hafði í vélarbilun á veiðum (34. gr.).
c. Sáttmáli þessi skal eigi gilda um flutning bréfa og póstböggla. (2. gr. 2. mgr.).

Sáttmálinn nær ekki yfir alla þætti sambands flytjanda og farþega eða sendanda vöru. Í IATA-skilmálum (Alþjóðasamtök flugfélaga) eru viðbótarreglur sem grundvallaðar eru á sáttmálanum, en komið verður að þeim síðar.

Rétt er að skoða um hvers konar loftfarategundir sáttmálinn gildir, en hann geymir sjálfur engin ákvæði þar um. Til þess verður að leita fanga í almennum skilgreiningum ICAO á því hvað loftfar er, en þær eru í viðbætum við samþykktina um alþjóðaflugmál frá 1944. Skilgreiningin hljóðar þannig: „Sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.“ Skilgreiningin leiðir af sér að sáttmálinn gildir um flugvélar; þyrlur; svifflugur; loftbelgi o.fl., en lokaorð hennar útiloka flutning með svifnökkva (Hoovercraft).

Í skilningi sáttmálans er farþegi maður sem er fluttur í loftfari samkvæmt skilmálum flutningssamnings. Umdeilt er hvort starfsmaður flugfélagsins er farþegi í skilningi sáttmálans. Fræðimenn halda því fram annars vegar að sáttmálinn nái aðeins yfir samband flugfélags og farþega og hins vegar að starfsmaður sé ekki aðeins bundinn starfssamningi heldur einnig ákvæðum sáttmálans.

Flutningsskjöl.

Farseðill.

Farseðillinn er flutningsskjal sem flytjandinn er skyldugur að gefa út vegna flutnings á farþegum. Hann á að innihalda eftirfarandi:

— Brottfarar og ákvörðunarstað.
— Ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis skal geta um a.m.k. einn slíkan stað.
— Ákvæði þess efnis að sé ferð farþega heitið til annars lands eða af henni leiði dvöl í öðru landi komi ákvæði Varsjársáttmálans til framkvæmda og að sá samningur gildi um og takmarki að jafnaði bótaskyldu flytjenda vegna dauða, slysa eða tjóns eða skaða á farangri.
— Farseðill skal, ef hið gagnstæða sannast ekki, gilda sem sönnun á því að flutningssamningur hafi verið gerður, svo og á ákvæðum hans. Ef farseðill er eigi fyrir hendi eða hann er með óreglulegri gerð eða hann hefur glatast, breytir það engu um, hvort flutningssamningur er fyrir hendi né um gildi hans en hann skal engu að síður háður ákvæðum sáttmálans. Hafi farþegi samt sem áður með samþykki flytjanda farið um borð án þess að farseðill hafi verið útgefinn eða án þess að í farseðlinum sé ákvæði það sem getur hér að ofan þá er flytjanda óheimilt að notfæra sér ákvæði um hámarksbætur sem eru í 22. gr. sáttmálans.

Ef enginn farmiði hefur verið gefinn út, týnist eða ónákvæmni gætir heldur flutningssamningurinn gildi sínu og ákvæði Varsjársáttmálans eiga við. Hins vegar hefur það víðtækar afleiðingar fyrir flytjanda að taka við farþega án þess að gefa út farseðil. Flytjandinn getur ekki borið fyrir sig takmörkun á bótum eða ábyrgð sem tilgreind eru í sáttmálanum og ber hann fulla ábyrgð. Samkvæmt Haag-sáttmálaaukanum frá 1955 á framangreind takmörkun heldur ekki við ef ekki er tilgreint í farseðlinum að ákvæði Varsjársáttmálans eigi við um hann.

Farangursmiði.

Í 4. gr. sáttmálans er krafa um að farangursmiða skuli gefa út vegna flutnings á öðrum farangri en þeim sem farþeginn annast um sjálfur. Farangursmiða skal gefa út í tveimur eintökum og heldur farþegi öðru en flytjandi hinu og skal hann geyma sömu ákvæði og farmiðinn. Hann verður einnig að innihalda tilvísun til raðnúmers farseðilsins, fjölda og þyngd varnings, verðmæti hans ef farþeginn hefur gefið þannig yfirlýsingu og loks yfirlýsingu um að farangurinn verði afhentur handhafa farangursmiðans. Ef farangursmiði hefur týnst, vantar eða er ekki fyllilega útfylltur heldur flutningssamningurinn samt gildi sínu og sáttmálinn á við. Flytjandinn getur ekki skýlt sér bak við takmarkaða ábyrgð ef hann veitir móttöku farangri án þess að gefa út farangursmiða.

Framangreindar kröfur voru verulega minnkaðar með Haag-sáttmálaaukanum og var það í samræmi við daglega hætti. Nú er því nægjanlegt að sameina eða tengja saman farseðil og farangursmiða. Aðeins er nauðsynlegt að tilvísun sé í þess háttar miðum um takmarkaða ábyrgð.

IATA (Alþjóðasamband flugfélaga) hefur sett fram skilgreiningu um hvað farangur er í 1. gr. almennra flutningsskilmála sinna sem þannig hljóðar: „Farangur er hlutir, útbúnaður og aðrar eignir farþega sem eru nauðsynlegir eða viðeigandi til klæðnaðar, notkunar, þæginda eða hagræðingar í ferðinni. Ef ekki er annað tekið fram nær skilgreiningin bæði yfir skráðan og óskráðan farangur farþega.“ Í IX. gr. 1. mgr. (a) flutningsskilmálanna er tekið fram að farþegi eigi ekki að hafa í farangri sínum:

(i) Hluti sem ekki falla undir skilgreininguna hér að ofan.
(ii) Hluti sem gætu sett í hættu öryggi loftfars, manna um borð eða varnings.
(iii) Hluti sem bannað er lögum samkvæmt að flytja.
(iv) Hluti sem að áliti flytjanda eru ekki hæfir til flutnings vegna þyngdar, stærðar eða eiginleika.
(v) Lifandi dýr ... (með undantekningum).

Flytjandi getur neitað að flytja sem farangur sérhvern hlut sem fellur undir ofangreinda lýsingu og hann getur neitað að flytja áfram sérhvern farangur ef hann verður þess áskynja meðan á flutningi stendur að hluturinn uppfyllir ekki ofangreinda skilmála. Flytjandinn getur enn fremur krafist þess af farþeganum að hann heimili að leitað sé á honum sjálfum eða í farangri til að ganga úr skugga um að farangur falli ekki undir ofangreinda lýsingu.

Í 5. mgr. IX. gr. eru frekari skilmálar viðvíkjandi hluti sem ekki verða samþykktir sem skráður farangur eins og t.d. brothættir eða viðkvæmir hlutir, peningar, skartgripir, verðmætir málmar, viðskiptabréf, verðbréf og önnur verðmæti, viðskiptaskjöl eða sýnishorn.

Skráður farangur er fluttur með sama loftfari og farþeginn, nema flytjandi telji það óhagkvæmt. Ekkert er hins vegar sagt um hvort flytja skal annan farangur með sama loftfari og farþegann.

Loks segir í IX. gr. lið 9 (a) að farþeginn skuli taka farangur sinn eins fljótt og mögulegt er á áfanga- eða áningarstað.

Flugfarmbréf.

Flugfarmbréfið skal gefið út af sendanda í þremur eintökum og hafa þau öll sama gildi skv. 6. gr. sáttmálans. Fyrsta eintakið skal merkt „handa flytjanda“ og verður að vera undirritað af sendanda varningsins. Annað eintakið skal merkt „handa viðtakanda“ og verður að vera undirritað af flytjanda og sendanda og fylgja farminum. Þriðja eintakið er undirritað af sendanda og skal því skilað sendanda þegar tekið hefur verið við vörunum.

Eftir aðra heimsstyrjöldina hófst umfjöllun um framseljanleg flugfarmbréf sem tækju mið af farmbréfum vegna sjóflutninga, en þau eru framseljanleg. Aukinn flutningur varnings og flug heimsálfa á milli urðu hvati þessarar umræðu. Þrátt fyrir það hefur flugfarmbréf ekki sama gildi og farmbréf vegna sjóflutninga. Í Varsjársáttmálanum var ákvæði í f-lið 8. gr. sem gerði ráð fyrir því að flugfarmbréfið gæti verið framseljanlegt. Í henni er gefið svigrúm til að hafa eyðu þar sem nafn viðtakanda ætti að vera. Með Haag-sáttmálaaukanum var bætt 3. mgr. við 15. gr. Í henni segir: Ekkert ákvæði samnings þessa skal skilið svo að það geti hindrað útgáfu framseljanlegs flugfarmskírteinis. Kosti þess að flugfarmbréf er framseljanlegt má skýra þannig:

1. Þegar flugfarmbréfið kemur fyrr en varningurinn og varningurinn er endurseldur þá getur seinni kaupandi fengið varninginn afhentan.
2. Það gerir seljandanum kleift að fara í banka og taka út sína greiðslu áður en kaupandi hefur greitt og einnig þarf kaupandinn ekki að greiða fyrr en eftir að hann hefur tekið á móti varningnum.
3. Framseljanlegt flugfarmbréf gerir það að verkum að viðskipti með varninginn geta átt sér stað meðan á flutningstímanum stendur.
4. Flutningur á sjó og í lofti verður auðveldari þar sem farmbréf vegna sjóflutninga eru framseljanleg og því lengri tíma sem flutningurinn tekur því fleiri eru kostirnir við framseljanleg flugfarmbréf.

Samkvæmt 10. gr. sáttmálans ber sendandi ábyrgð á að upplýsingar þær sem greindar eru í flugfarmskírteininu varðandi vörurnar séu réttar. Hann ber ábyrgð á hvers konar tjóni sem flytjandi kann að bíða, eða aðrir þeir sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart, sakir þess að upplýsingar er hann hefur gefið eru óreglulegar, ónákvæmar eða ófullkomnar. Greinina þarf að lesa í samhengi við 16. gr. sáttmálans þar sem segir að sendanda er skylt að gefa þær upplýsingar og að láta fylgja flugfarmskírteini þau skjöl sem nauðsynleg teljast til að lögmæltar athuganir af hendi tollyfirvalda og lögreglu geti fram farið áður en varan er afhent viðtakanda. Sendandi ber gagnvart flytjanda ábyrgð á tjóni sem hljótast kann af því að slíkar upplýsingar eða skjöl vantar eða eru ófullkomin og ekki samkvæmt settum reglum, nema því aðeins að flytjandi eða starfsmenn hans eigi sök á því. Á flytjandanum hvílir ekki skylda til að rannsaka hvort þessar upplýsingar eða skjöl eru réttar eða tæmandi.

Samkvæmt 11. gr. sáttmálans gildir flugfarmskírteini sem sönnun fyrir samningsgerð, móttöku vöru til flutnings og skilmálum fyrir flutningi uns annað sannast. Upplýsingar í flugfarmskírteini varðandi þyngd vöru, stærð, umbúðir og stykkjatölu skulu taldar réttar þar til annað sannast. Aðrar upplýsingar um magn eða rúmtak vöru eða ástand gilda hins vegar ekki sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda athugað þær og staðfest það með áritun á flugfarmbréf eða upplýsingarnar snerta sýnilegt ástand vöru.

12., 13. og 14. gr. sáttmálans hljóða um réttindi farmsendanda og móttakanda farms gagnvart farmflytjanda. Samkvæmt 12. gr. hefur sendandi ráðstöfunarrétt á eftirfarandi máta:

a. með því að endurheimta hana á brottfarar- eða ákvörðunarstað;
b. með því að stöðva flutninginn ef lent er á leiðinni;
c. með því að láta afhenda vöruna á ákvörðunarstaðnum eða á leiðinni, öðrum en þeim sem tilgreindur er í flugfarmskírteini sem viðtakandi eða
d. hann getur krafist þess að varan verði flutt aftur til brottfararstöðvar.

Þessar ráðstafanir getur sendandi gert, en með fullri hliðsjón af skyldu flytjanda til að annast flutninginn. Sé eigi hægt að framkvæma fyrirmæli sendanda skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Ef flytjandi fer eftir fyrirmælum sendanda um ráðstöfun vöru án þess að lagt sé fram eintak sendanda af flugfarmbréfi er flytjandi ábyrgur fyrir tjóni sem sá aðili kann að verða fyrir er hefur eintakið löglega í sínum vörslum. Flytjandi hefur þó alltaf rétt til að krefjast bóta af sendanda vegna fyrrgreindra ráðstafana.

Réttur sendanda fellur niður þegar réttur viðtakanda vöru hefst skv. 13. gr. sáttmálans, en sendandi heldur rétti sínum ef viðtakandi neitar að taka á móti flugfarmbréfi eða varningi eða ef hann finnst ekki.

Viðtakandi getur krafist þess að flytjandi láti flugfarmbréfið og vöruna af hendi við hann þegar varan er komin á ákvörðunarstað gegn greiðslu þeirrar upphæðar er hvílir á vörunni, enda uppfylli hann öll þau flutningsskilyrði sem um ræðir í flugfarmbréfinu. Ef annað er ekki tilgreint skal flytjandi tilkynna viðtakanda án tafar um komu vörunnar.

Viðurkenni flytjandi að varan hafi glatast eða varan er ekki komin fram í síðasta lagi sjö dögum eftir áætlun getur viðtakandi beitt ákvæðum samningsins gegn flytjanda.

Samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. sáttmálans geta sendandi og viðtakandi hvor um sig notað sér öll þau réttindi sem þeir hafa gegn því að uppfylla þær skuldbindingar sem samningurinn leggur þeim á herðar. Gildir það hvort sem þeir koma fram fyrir hönd sjálfs sín eða annarra.

Ákvæði 15. gr. sáttmálans kveða á um að skilyrði 12., 13. og 14. gr. sáttmálans snerta hvorki sambandið milli sendanda og viðtakanda, né sambandið við þriðja aðila sem byggir rétt sinn á öðrum hvorum hinna.

Bótaábyrgð flytjanda.

Varsjársáttmálinn.

Samkvæmt 17. gr. sáttmálans er flytjandinn bótaskyldur vegna skaða er verður við dauða, líkams- eða heilsutjóns er farþegi verður fyrir. Skv. 18. gr. sáttmálans hefur flytjandinn einnig bótaábyrgð vegna skráðs farangurs eða vöru. Enn fremur er kveðið á um í 19. gr. sáttmálans að flytjandinn hefur bótaábyrgð vegna tafa er verða við flutning farþega, farangurs eða vöru í flugi.

Rétt er að leggja áherslu á að reglur sáttmálans gilda aðeins um flutning, þær gilda til dæmis ekki um ábyrgð framleiðenda eða flugumferðarstjórnar. Um ábyrgð þeirra fer að landsrétti ýmist opinberum eða einkamálarétti.

Flutningssamningurinn skyldar flytjandann til að annast flutninginn án þess að valda tjóni eða töfum sem leiðir af sér að flytjandinn verður að hafa lokið flutningnum innan sanngjarnra tímamarka. Lögfræðilegur grunnur bótaskyldu flytjandans er saknæmisábyrgð með öfugri sönnunarbyrði sem þýðir að flytjandinn ber sönnunarbyrðina. Þessi háttur stafar af meginreglu sáttmálans sem er að flytjandi ber ábyrgð að settu hámarki, nema honum takist að sanna brottfall bótaskyldu sinnar. Hafa verður hliðsjón af því að loftför voru nýlunda árið 1929 þegar sáttmálinn er gerður. Ekki má gleyma því að farþeginn getur einnig tekið sér tryggingu vegna áhættu við ferðalagið og hefur sú trygging ekki áhrif á ákvæði sáttmálans.

Í 20. gr. sáttmálans segir að flytjandi verði ekki bótaskyldur ef hann sannar að hann og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að forða skaða eða þeim var ómögulegt að gera þær ráðstafanir. Það er síðan hlutverk dómstóla að skýra hvað „nauðsynlegar ráðstafanir“ eru í hverju tilfelli.

Samkvæmt Varsjársáttmálanum er flytjandi ekki ábyrgur ef hann sannar að skaðinn orsakaðist af vænrækslu við stjórnun flugvélarinnar eða leiðsögu og að hann og umboðsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Þessi undanþága á eingöngu við um vörur og farangur. Ákvæði þetta var fellt niður með Haag-sáttmálaaukanum 1955. Flytjandinn get-

ur einnig losnað að hluta eða öllu leyti við bótaábyrgð ef hann sannar að skaðinn hafi orsakast eða orsaka skaða megi leita til vanrækslu tjónþolans.

Flytjandinn er einungis ábyrgur vegna tækjabúnaðar síns að því leyti að hann þarf að sanna, hafi tjón orðið, að loftfarið hafi haft lofthæfisskírteini í gildi, hafi ekki verið yfirhlaðið og í góðu ásigkomulagi. Verði slys og ástæður eru ókunnar þá leiðir af sjálfu að flytjandi getur ekki sannað að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Sumir fræðimenn telja nægjanlegt að loftfar hefji sig til flugs vel tækjum búið með vel þjálfaða áhöfn um borð. Aðrir eru hins vegar þeirrar skoðunar að flytjandi sé bótaskyldur vegna tjóns að mörkum tilgreindum í Varsjársáttmálanum vegna þess að hann getur sjaldnast sannað sakleysi sitt og þess að hann getur tryggt sig gegn bótaskyldunni. Í flestum tilfellum hafa dómar í bótamálum fallið í samræmi við síðari skoðunina.

Í tveimur tilvikum verður ábyrgð flytjanda ótakmörkuð:

1. Ef skaðinn verður vegna ásetnings hans eða aðgerðar sem líkja má við ásetning.
2. a. Þegar farseðil vantar, sbr. 2. mgr. 3. gr.,
   b. þegar farangursmiða vantar eða hann uppfyllir ekki kröfur, sbr. 2. mgr. 4. gr.,
   c. ef flugfarmbréf hefur ekki verið gefið út eða það uppfyllir ekki kröfur 9. gr.

Í öllum öðrum tilfellum verður flytjandinn bótaskyldur í samræmi við mark sem ákveðið er í 22. gr. sáttmálans, þ.e. 124.000 gullfrankar vegna farþega og vegna skráðs farangurs og vöru 250 gullfranka hvert kílógramm, nema sendandinn hafi gefið sérstaka yfirlýsingu þegar hann afhenti vöruna til flytjanda um verðmæti við afhendingu og greitt aukreitis ef farið er fram á það. Í því tilfelli verður flytjandi skyldur að greiða upphæð sem fer ekki fram úr yfirlýstu verðmæti, nema hann sanni að upphæðin sé hærri en raunverulegt verðmæti sendingarinnar við afhendingu.

Í 3. mgr. 22. gr. segir að vegna farangurs sem farþegar hafi í eigin umsjá takmarkist bótaábyrgð við 5.000 gullfranka. Í 4. mgr. sömu greinar er skilgreining á gullfranka, þ.e. gullfranki er sextíu og fimm og hálft milligramm gulls sem er níu hundruð þúsundustu að skírleika. Fjárhæðir þær sem greindar eru í samningnum eru endanlegar hámarksbótafjárhæðir sem hægt er að krefjast.

Í 17. gr. sáttmálans segir: „Flytjandi er ábyrgur vegna tjóns er verður við það að farþegi lætur lífið eða verður fyrir líkamsmeiðslum eða heilsutjóni að því tilskildu að atburðurinn sem olli skaðanum, sem þannig varð, hafi gerst um borð í loftfari eða við að farið var um borð í loftfarið eða frá borði."

Hér er rétt að gera sér grein fyrir hvað átt er við með orðunum „atburðurinn sem olli skaðanum", en það er þýðing á enska orðinu accident. Í fræðiritum um Varsjársáttmálann er slys skilgreint þannig: „óvæntur og skyndilegur atburður sem var ófyrirséður".

Tímabil það er ábyrgð flytjandans nær yfir samkvæmt sáttmálanum er ekki lýst greinilega í sáttmálanum. Það er hins vegar almennt viðurkennt að ábyrgð flytjandans byrjar þegar farþeginn gefur sig í umsjá starfsmanna flytjandans og endar þegar farþeginn kemur inn í móttökusal flugstöðvar á ákvörðunarstað. Þegar um vörur er að ræða gildir 2. málsl. 18. gr. sem greinir ábyrgðartímabil flytjandans. Tímabil flutnings nær ekki yfir flutning utan flugvallarsvæðis, nema flutningur þessi sé samkvæmt skilmálum flutningssamningsins vegna hleðslu, afhendingar eða umhleðslu. Tjón sem við það verður skal talið verða í loftflutningum, nema annað sannist. Þegar um er að ræða flutning á vöru milli landa er ábyrgðartímabil flytjandans þann tíma sem varan er í hans umsjá hvort sem er á flugvelli eða um borð í loftfari. Verði mistök frá hendi loftflutningafyrirtækis við afhendingu vöru til viðtakanda sem valda tjóni er flytjandi ábyrgur samkvæmt sáttmálanum. Flytjandinn ber ábyrgð samkvæmt sáttmálanum

þann tíma sem varan er hjá honum á flugvellinum, um borð í loftfari eða á sérhverjum stað sem varð að lenda á uns varan hefur endanlega verið afhent viðtakanda.

Samkvæmt 19. gr. er flytjandinn bótaskyldur vegna tjóns sem orsakast af töf á flutningi farþega, farangurs eða vara loftleiðis. Bótaskylda flytjanda vegna tafar er hin sama og vegna líkamstjóns og dauða farþega og vegna þess að vara týnist eða skemmist. IATA hefur sett reglur sem fjalla um tafir þar sem krafist er af flytjanda að hann leggi sig allan fram um að flutningurinn gangi snurðulaust. Ekki er tekin ábyrgð á tímasetningu í miða, tímatöflum eða annars staðar. Samkvæmt því er ekki hægt að krefjast bóta fyrir tjón er verður við að áætlaður tími raskast. Töfin þarf að vera utan sanngjarnra marka þannig að bótaskylda vakni. Töf getur átt sér margar ástæður hvað snertir farþega, t.d. bókun var ekki gerð eða bókað var tvisvar vegna sömu ferðar; frestun flugs; rangar upplýsingar gefnar um brottfarartíma; áningarstaður yfirfloginn; áætlun var breytt eða lendingarstöðum var fjölgað. Tafir vegna farangurs eða vöru geta t.d. stafað af: bókun var ekki gerð; vöntun var á rými; farangur eða vörur voru ekki settar um borð; farangur eða vörur voru settar í rangt loftfar; breytingu áætlunar; farangur eða vörur voru ekki afhlaðnar á réttum stað; nauðsynleg fylgiskjöl týnast eða misfarast.

Bótakrafa vegna tjóns verður að vera metanleg til fjár með nákvæmni og verður að vera bein afleiðing af atburðinum sem leiddi til tjónsins. Í þessu sambandi er rétt að nefna nýleg tilfelli um geislunaráhrif á farþega og áhöfn frá geislavirkum farangri, en aukning hefur orðið á þess konar flutningi. Í 17. gr. er getið um líkamsmeiðsli og heilsutjón, en ekki er getið um andlegt tjón. Bandarískir dómstólar hafa tekið tillit til andlegs tjóns í úrlausnum sínum.

Í 26. gr. segir að ef tjón verður á vöru skal tjónþoli senda kröfu innan þriggja daga frá móttöku. Ef um töf er að ræða skal krafa koma fram innan 14 daga frá því varan var tilbúin til afhendingar. Kröfur verður að gera skriflega. Kröfur á hendur flytjanda falla niður að loknum þessum tímafresti, nema hann hafi haft svik í frammi. Frestir þessir voru lengdir með sáttmaálauka gerðum í Haag 1955.

Rétt er að minnast á mismun reglna um ókeypis flutning og flutning sem greitt er fyrir, en hann er sá að við ókeypis flutning er ekki um að ræða öfuga sönnunarbyrði og ekki er þörf á flutningssamningi. Flytjandi getur ekki í því tilviki nýtt sér hámark bóta sem greind eru í Varsjársáttmálanum.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á flutningi þegar eitt flugfélag tekur við af öðru, sbr. 3. málsl. 1. gr. og 30. gr. Þannig flutningur skoðast sem einn flutningur ef aðilar líta á hann sem eina aðgerð. Það getur því skipt miklu máli að vita ætlan samningsaðilanna.

Þegar um er að ræða flutning með ýmislegum farartækjum skoðast sérhver flytjandi einn aðili flutningssamnings hvað hans þátt í flutningnum snertir. Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. getur farþegi eða umboðsmaður hans aðeins stefnt þeim flytjanda sem annaðist flutninginn þegar tjónið eða töfin varð, nema í þeim tilfellum þegar fyrsti flytjandi hefur fallist á bótaskyldu vegna allrar ferðarinnar. Varðandi farangur eða vöru geta farþegi eða sendandi stefnt fyrsta flytjanda og farþegi eða viðtakandi geta stefnt síðasta flytjanda og þar fyrir utan geta þeir stefnt flytjanda sem annaðist flutninginn þegar hinn bótaskyldi atburður gerðist, þ.e. eyðilegging, glötun, skemmd eða töf. Þessir flytjendur eru bótaskyldir einn fyrir alla og allir fyrir einn gagnvart farþega, sendanda eða viðtakanda.

Samkvæmt Varsjársáttmálanum verður krafa vegna tjóns að hafa komið fram innan tveggja ára frá því að loftfar kom á ákvörðunarstað eða átti að hafa komið á ákvörðunarstað. Útreikningur tímabilsins fer eftir landsrétti. Dæmi eru um að frestur þessi hafi verið lengdur í einstaka tilfellum, t.d. vegna dauða upprunalegs kröfuhafa og erfingjar hafa tekið við kröfu. Aðild að kröfu fer annars að landsrétti.

Sóknarþing eru ákveðin þannig í 28. gr. sáttmálans: Heimilisvarnarþing; atvinnuvarnarþing; varnarþing þar sem flutningssamningurinn var gerður og varnarþing á ákvörðunarstað, allt að vali sækjanda, en varnarþingið verður að vera í einhverju af aðildarríkjum sáttmálans.

Haag-sáttmálaaukinn.

Með sáttmálaaukanum undirrituðum í Haag 1955 var 16 greinum Varsjársáttmálans frá 1929 breytt, einkum með það í huga:

1. Að hækka bótahámark skv. 22. gr. sáttmálans vegna líkamstjóns úr 125.000 gullfrönkum í 250.000 gullfranka.
2. Að einfalda formskilyrði við útbúnað flutningsskjala, sbr. breytingar á 3. gr. er fjallar um farseðil, á 4. gr. er fjallar um farangursmiða og á 6. og 8. gr. er fjalla um flugfarmbréf en einkum í 8. gr. er mikil einföldun formsatriða.
3. Breytt er hugtökum um bótaábyrgð, minni áhersla er lögð á saknæmisþátt og meiri áhersla lögð á hlutlægan þátt ábyrgðar. Þess vegna eru nú færri atriði sem leysa flytjanda undan ábyrgð en áður var og sönnunarbyrðin er öfug, þ.e. að flytjandi þarf að sanna þau atriði sem leysa hann undan ábyrgð eða lækka hana.
   Sönnunarbyrðin hvílir þannig ekki á farþeganum, sendandanum eða viðtakanda heldur flytjanda fyrst og fremst.
   Ákvæði Varsjársáttmálans um að ábyrgð flytjanda félli brott ef hann gæti sannað að tjónið orsakaðist vegna vanrækslu við stjórn loftfarsins var fellt brott úr 2. mgr. 20. gr. og í stað þess var sett viðbót við 2. mgr. 23. gr., en hún fjallar um að flytjandi getur ekki gert samninga sem lækka bótahámark sáttmálans. Enn fremur segir að 1. mgr. eigi ekki við þegar um er að ræða að vörur, sem fluttar eru, hafi glatast eða orðið fyrir tjóni vegna upprunalegrar vöntunar, ástands eða galla.
   Mikilvæg breyting var gerð á 25. gr. en þar segir að takmarkanir á bótaskyldu vegna flutnings á farþegum og farangri sem í 22. gr. eru taldar skuli eigi gilda ef það sannast að tjónið stafaði frá aðgerð eða aðgerðaleysi flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna hvort sem gert var af ásetningi til að valda tjóni eða af gáleysi og vitandi að tjón mundi væntanlega hljótast af, að því tilskildu að sannanlega hafi starfsmaður eða umboðsmaður verið innan verksviðs þess er hann var ráðinn til við aðgerð þessa eða aðgerðaleysi, en með því eru rýmkuð mjög skilyrði fyrir afnámi hámarksbótaskyldu.
   Með nýrri 25. gr. A er staðfest í sáttmálanum að starfsmenn eða umboðsmenn flytjanda geti hagnýtt sér hámarksbótaákvæði sáttmálans í máli á hendur þeim.
4. Frestum til að bera fram kvartanir skv. 26. gr. er breytt og þeir lengdir þannig að þeir verða 14 dagar í stað 7 vegna vöru og 7 dagar í stað 3 vegna farangurs og vegna tafa 21 dagur í stað 14."

Um 86. gr.

Greinin svarar til 97. gr. núgildandi loftferðalaga. Orðalagi er breytt á þann veg að í gildandi lögum segir: „enda sé flutningurinn inntur af hendi gegn endurgjaldi", en í frumvarpinu: „enda sé flutningurinn inntur af hendi í atvinnuskyni sem liður í flugrekstri hlutaðeigandi flytjanda". Ákvæðum kaflans er ætlað að taka til flutningaflugs, þ.e. flutnings með farþega og vörur, að pósti undanskildum. Einkaflug fellur því utan við gildissvið kaflans og hefði ávallt átt að gera það, þegar horft er til hinna erlendu fyrirmynda að ákvæðum hans. Í hæstaréttardómi frá 1971, á bls. 781 í dómasafni, komst meiri hluti dómsins, eða þrír dómarar, að niðurstöðu sem vart samrýmist þeirri reglu sem ákvæði 97. gr. gildandi laga eiga að endurspegla og er orðalaginu því breytt.

Um 87.–104. gr.

Ákvæði þessara greina svara til 98. gr.–115. gr. gildandi laga utan þess að orðalagi hefur lítillega verið breytt.

Um 105. gr.

Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum við þennan kafla er væntanleg tilskipun frá Evrópusambandinu um bótaábyrgð flytjanda gagnvart farþegum. Er inntak reglnanna það að bótaábyrgðin skal vera skilorðslaus að 100.000 SDR hvað lífs- og líkamstjón varðar, að því frátöldu að ekki er hróflað við réttarreglum um eigin sök. Flugrekendum er hins vegar heimilt að bera fyrir sig varnir samkvæmt Varsjár/Haag-sáttmálunum þegar tjónsfjárhæðir fara fram úr 100.000 SDR. Er varnarheimild þessari lýst í 105. gr.

Um 106. gr.

Greinin er samhljóða 117. gr. gildandi laga.

Um 107. gr.

Samkvæmt gildandi lögum getur flugrekandi takmarkað bótaábyrgð sína gagnvart lífs- og líkamstjónum farþega við tiltekna hámarksfjárhæð, tilgreinda í „gullkrónum“ en hámark þetta nemur u.þ.b. 1,7 milljónum íslenskra króna. Skilyrði er að vísað sé í farseðli til takmörkunar samkvæmt ákvæðum Varsjársáttmálans. Hámarksfjárhæð þessi hefur lengi verið talin óraunhæf og ekki í samræmi við tíðarandann. Gerir frumvarpið ráð fyrir að eftirleiðis verði bótafjárhæðir fyrir lífs- og líkamstjóni ákvarðaðar samkvæmt ákvæðum íslensku skaðabótalaganna, þó þannig að flugrekanda er áskilinn varnarréttur ef tjón fer fram úr 100.000 SDR, sbr. ákvæði 105. gr. Frekari takmörkun á hámarksbótum en leiðir af ákvæðum þeirrar greinar og af bótaákvörðunarreglum íslensku skaðabótalaganna verður ekki um að ræða í lífs- og líkamstjónum verði frumvarp þetta að lögum.

Hvað varðar tjón á farangri og handfarangri er um óbreyttar reglur að ræða frá gildandi lögum. Þar er flugrekendum eftir sem áður heimilt að binda ábyrgð sína við tiltekið hámark, að uppfylltum þeim formreglum sem lýst er í ákvæðum kaflans. Í stað þess að greina hámarksábyrgðina í gullkrónum er hún tilgreind í sérstökum dráttarréttindum, SDR, en verðmætin eru þau sömu.

Hin væntanlega tilskipun Evrópusambandsins varðar aðeins lífs- og líkamstjón og bætur fyrir þau. Hún gerir ráð fyrir að Varsjár/Haag-kerfið muni halda velli þar til alþjóðleg samstaða næst um endurskoðun annarra þátta þess en hvað lífs- og líkamstjón varðar. Breytingar á gildandi lögum takmarkast því við reglur um lífs- og líkamstjón að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja ákvæðum tilskipunarinnar.

Um 108.–115. gr.

Ákvæði þessara greina svara til 119.–126. gr. gildandi laga utan þess að orðalagi hefur lítillega verið breytt.

Um 116.–121. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum þessa kafla frumvarpsins var á árinu 1961 gerður í Guadalajara sáttmáli um þá réttarstöðu sem gildir þegar flugrekendur taka að sér þjónustu hver við annan, þannig að farþeginn er fluttur af öðrum flugrekanda en hann samdi við um flutninginn. Byggist ákvæði 116.–121. gr. á ákvæðum þessa sáttmála, sem Ísland hefur ekki fullgilt, en skilyrði skapast til að fullgilda eftir gildistöku efnisákvæða hans í lögum.

Þegar Varsjársáttmálinn var gerður árið 1929 var leiguflug nærri óþekkt. Upp úr síðari heimstyrjöld tók að tíðkast gerð leigusamninga um flugvélar með áhöfn, nefnt blautleiga. Við þetta skapaðist þörf fyrir reglur sem ekki breyttu Varsjársáttmálanum heldur væru til fyllingar honum. Guadalajara-sáttmálinn skilgreinir ábyrgð flytjandans sem gerir flutningssamninginn og flytjandans sem í raun annast flutninginn að hluta eða að öllu leyti. Samningsflytjandi er aðili sem gerir samning við farþega eða sendanda eða umboðsmann þessara aðila um flutning sem lýtur ákvæðum Varsjársáttmálans. Raunverulegur flytjandi er hins vegar aðili annar en samningsflytjandi sem í umboði hans framkvæmir flutninginn að hluta eða öllu leyti. Dómsmál á hendur báðum þessum aðilum má sækja í einu máli. Í 121. gr. bætist nýtt varnarþing við upptalningu 113. gr. þegar svo stendur á sem í greininni segir.

Um 122.–124. gr.

Þessar greinar samsvara 127.–129. gr. í gildandi lögum og er efni þeirra óbreytt.

Um 125. gr.

Í núgildandi 130. gr. loftferðalaga er samgönguráðherra heimilað að veita undanþágur frá ákvæðum laganna um farseðla, farangursmiða og flugfarmbréf þegar um innanlandsflug er að tefla, en í frumvarpinu er þessi takmörkun heimildarinnar við innanlandsflug felld brott.

Um 126. gr.

Greinin svarar til 131. gr. og 132. gr. núgildandi laga, en skilgreining á Guadalajara-sáttmálanum er þó nýmæli, enda hans ekki getið í núgildandi lögum.

Um 127. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga sér samsvörun í 2. mgr. 128. gr. gildandi laga, en ákvæði 2., 3. og 4. mgr. eiga rætur að rekja til hinnar væntanlegu tilskipunar Evrópusambandsins um ábyrgð flugrekenda gagnvart lífs- og líkamstjóni farþega.

Samræmdar bótareglur munu gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði, þ.e. í flugi á vegum flugrekenda sem fengið hafa gefið út flugrekstrarleyfi í aðildarríkjum þess. Til aðildarríkjanna munu hins vegar fljúga flugrekendur frá öðrum heimshornum og kann þá að vera undir hælinn lagt hvort bótaréttur hjá þeim er jafnvel tryggður og samkvæmt hinum samræmdu evrópsku reglum. Tilskipunin gerir ekki ráð fyrir að flugrekendur utan svæðisins verði skyldaðir til upptöku hinna samræmdu skilmála, heldur skal þeim skylt að vekja á því athygli ef samningsskilmálar farþega tryggja þeim ekki bótarétt til jafns við það sem þeir nytu samkvæmt tilskipuninni.

Um XI. kafla.

Ákvæðum þessa kafla er lítið breytt frá gildandi lögum en við setningu skaðabótalaga, nr. 50/1993, voru nokkur ákvæði kaflans felld niður í samræmingarskyni, þar eð þau geymdu efnisreglur sem verið var að lögfesta með setningu skaðabótalaganna. Vaxandi áhuga á umhverfisvernd sér merki í ákvæðum 131. gr.

Um 128.–130. gr.

Greinar þessar samsvara 133.–135. gr. í gildandi lögum og hefur orðalagi aðeins verið breytt lítillega.

Um 131. gr.

Greinin kemur í stað 137. gr. í gildandi lögum. Nýmæli er að vátrygging sú sem skylt er að taka skal tryggja greiðslu kostnaðar við hreinsun á slysstað og brottnám flaks, en til skamms tíma hefur ekki þótt tiltökumál að skilja flök eftir í óbyggðum, eftir að það sem nýtilegt hefur þótt úr þeim og fémætt hefur verið fjarlægt. Í þágu flugslysarannsókna hefur þó stundum verið gengið eftir því að ná flugvélarflökum af hafsbotni sem aftur hefur valdið því að álitaefni hafa risið um greiðslu kostnaðar af slíkum aðgerðum. Fyrir slíkum kostnaði skal vátryggt verði frumvarpið að lögum.

Í hinni væntanlegu tilskipun Evrópusambandsins eru fyrirmæli um vátryggingu vegna lífs- og líkamstjóns að fjárhæð 100.000 SDR en jafnframt skulu vátryggingar teknar gagnvart áhættu umfram þá fjárhæð allt upp að viðunandi marki eins og þar segir. Í frumvarpinu er þessum reglum svarað með því að mæla fyrir um að vátryggingarfjárhæðir skuli miðast við þau mörk sem leiðir af ákvæðum íslenskra skaðabótalaga um ákvörðun bótafjárhæða í tilvikum lífs- og líkamstjóns.

Um XII. kafla.

Ákvæði þessa kafla samsvara í öllum aðalatriðum núgildandi reglum um þetta efni í XI. kafla loftferðalaga sem ber yfirskriftina flugslys. Með lögum nr. 59/1996 voru nýjar reglur lögfestar hér á landi um flugslysarannsóknir, en ákvæði sem þær vörðuðu voru áður í kafla með björgunarreglunum.

Um 132. gr.

Greinin svarar til 138. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að í 2. mgr. er sett fram regla sem er í samræmi við það skipulag sem viðgengist hefur, að Flugmálastjórn stjórnar leitarstarfi þegar slys hefur orðið og skipuleggur samstarf aðila eins og Landhelgisgæslu, lögreglu og björgunarsveita.

Um 133.–134. gr.

Ákvæði þessara greina eru samhljóða 139.–140. gr. í gildandi loftferðalögum.

Um XIII. kafla.

Svo sem heiti kaflans ber með sér geymir hann ákvæði af ýmsum toga, þar með talin refsi- og viðurlagaákvæði.

Um 135. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til 148. gr. gildandi laga. Nýmæli er þó að kveðið er á um atbeina lögreglu við að halda uppi banni því sem um ræðir og er fyrirmynd að því sótt í lög um eftirlit með skipum.

Um 136. gr.

Greinin kemur í stað 149. gr. gildandi laga en gildissviðið hefur verið útvíkkað nokkuð frá því sem gilt hefur, því samkvæmt núgildandi ákvæðum takmarkast beiting þessarar heimildar við síðustu lendingu þess loftfars sem í hlut á.

Um 137. gr.

Greinin er sama efnis og 150. gr. núgildandi laga.

Um 138. gr.

Ákvæði um skyldu til upplýsingagjafar til Flugmálastjórnar og um meðferð slíkra upplýsinga eru nú í 151. gr. loftferðalaga, en er hér breytt nokkuð m.a. með tilliti til samstarfsverkefnis flugmálastjórna í Evrópu um eftirlit með öryggismálum erlendra flugrekenda. Flugmálayfirvöld í Evrópuríkjum þeim sem aðild eiga að samstarfinu framkvæma skoðanir á erlendum loftförum sem í þeim eiga viðdvöl og skila skýrslum um skoðanirnar til sameiginlegrar skrifstofu í Hollandi. Að upplýsingum þessum eiga aðeins yfirvöld hlutaðeigandi ríkja aðgang og ótækt væri með tilliti til samkeppnissjónarmiða að skylda hvíldi á yfirvöldum á hverjum stað til að veita hverjum sem um biður aðgang að upplýsingum sem fengnar eru með þessum hætti og í þessu skyni.

Um 139. gr.

Ákvæði þessar greinar svara til 152. gr. gildandi laga.

Um 140. gr.

Grein þessi geymir nýmæli sem helgast af því aukna hlutverki sem Flugmálastjórn er falið við framkvæmd loftferðalaga. Þeim ákvörðunum stofnunarinnar sem almennt gildi hafa, er hér búinn nýr birtingarvettvangur.

Um 141.–144. gr.

Refsiákvæði frumvarpsins sækja fyrirmynd til umferðarlaga. Frávik er þó að bráðabirgðasviptingar til skemmri tíma en fjögurra vikna hefur Flugmálastjórn endanlegt ákvörðunarvald um.

Um 145. og 146. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um loftferðir.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um loftferðir sem komi í stað laga nr. 32/1929 og laga nr. 34/1964, um loftferðir, og laga nr. 119/1950, um stjórn flugmála.

Veigamestu efnislegu breytingarnar er að finna í II. kafla, um stjórn flugmála. Í 6. gr. er kveðið á um að Flugmálastjórn Íslands fari með framkvæmdarvald á sviði loftferða undir yfirstjórn samgönguráðherra. Í núgildandi lögum fer flugráð með það vald, en skv. 8. gr. frumvarpsins skal það vera ráðherra til ráðuneytis um flugmál.

Ekki er að finna ákvæði í frumvarpinu sem ætla má að auki kostnað ríkissjóðs við starfsemi Flugmálastjórnar. Hins vegar er ástæða til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Í 7. gr. er að finna heimildir fyrir Flugmálastjórn, með samþykki samgönguráðherra, til að stofna og eiga hlutdeild í fyrirtækjum eða sjálfseignarstofnunum. Örfá dæmi eru um að A-

hluta stofnunum sé heimilt að stofna eða eiga hlut í fyrirtækjum. Hins vegar mun það færast í vöxt á næstu árum að ríkisstofnunum verði gert skylt að aðgreina rekstur sem er í samkeppni við einkafyrirtæki frá öðrum hlutum starfseminnar.

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að öll skjöl er varða réttindi í loftförum skuli vera undanþegin stimpilgjöldum. Á undanförnum árum hafa í heimildagrein fjárlaga verið veittar undanþágur frá greiðslu stimpilgjalda af láns- og leigusamningum vegna loftfara sem notuð hafa verið í atvinnurekstri íslenskra aðila. Í fjármálaráðuneyti er nú unnið að endurskoðun laga um stimpilgjöld þar sem til stendur að setja almenn ákvæði um undanþágur frá stimpilgjöldum.

211. Frumvarp til laga [202. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að brott falli 4. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Greinin kveður annars vegar á um rétt alþingismanns til leyfis frá opinberu starfi, sem hann gegnir, í allt að fimm ár frá þeim tíma er hann hlýtur kosningu og enn fremur um forgangsrétt að öðru jöfnu að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera þaðan í frá í önnur fimm ár. Hins vegar er ákvæði þess efnis að alþingismaður sem starfar hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku skuli njóta launa fyrir það starf samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

Fyrra ákvæðið er nýmæli, kom fyrst í lög fyrir rúmum tveimur árum. Um það segir svo í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, sem síðar varð að núgildandi lögum: „Eðlilegt þykir að alþingismaður geti fengið leyfi frá störfum fram á annað kjörtímabil sitt, þ.e. að hann verði að sleppa starfinu ef hann er kosinn á Alþingi í annað sinn í röð. Sanngjarnt þykir líka að þingmaður, sem þannig verður að velja milli opinbers starfs og þingmennsku, hafi tryggingu fyrir hliðstæðu starfi hjá hinu opinbera í nokkurn tíma, fimm ár, ef hann afsalar sér því starfi sem hann er skipaður eða ráðinn í. Áherslu ber að leggja á í þessu sambandi að um lágmarksrétt alþingismanns er að ræða samkvæmt greininni og ekkert því til fyrirstöðu að hann njóti rýmri réttar ef stofnun ákveður svo, en dæmi eru um það, m.a. í Háskóla Íslands. Loks ber að nefna að í 48. gr. stjórnarskrárinnar voru ákvæði hliðstæð þessu, þ.e. að embættismenn, sem kosnir eru til Alþingis, þurfi ekki „leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna“. Málsgreinin, 2. mgr. 48. gr., var hins vegar felld brott með stjórnarskipunarlögum 1991.

Um þetta ákvæði fórust framsögumanni, Geir H. Haarde, svo orð í ræðu sinni 15. júní 1995: „Ákvæðið um rétt alþingismanna til að fá leyfi frá opinberu starfi í allt að fimm ár til þess að gegna þingmennsku er nýtt. Það er hins vegar eðlilegt að dómi okkar flutningsmanna að afsali hann sér starfinu eftir fimm ára leyfi eigi hann að öðru jöfnu forgang í allt að fimm ár frá þeim tíma að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera. Hér er verið að tryggja opinberum starfsmönnum sem hljóta kosningu til Alþingis ákveðin lágmarksréttindi og er að okkar dómi eðlilegt að kveða á með skýrum hætti um slíkt í lögum, en á það hefur nokkuð skort að um þetta atriði væru skýr ákvæði.“

Í framangreindum rökstuðningi fyrir lagaákvæðinu er ekki að finna nein rök sem réttlæta að veita alþingismönnum sem áður störfuðu hjá hinu opinbera starfsöryggi í allt að tíu ár. Ekki hefur verið sýnt fram á að þeim alþingismönnum sé hættara við að missa þingsæti sitt en hinum sem áður störfuðu á almennum vinnumarkaði. Verður því ekki séð að ástæða sé til þess að grípa til mismununar af þessu tagi og því lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Þá er jafnræðis milli þegnanna ekki gætt í lagasetningunni og vafasamt verður að teljast að lagaákvæðið sé í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Því er umrætt lagaákvæði hvorki eðlilegt né sanngjarnt.

Eftir stendur þá að það verður samningsatriði milli viðkomandi stofnunar og alþingismannsins hvort hann heldur stöðu sinni, þó innan ramma gildandi lagaákvæða sem varða stofnunina. Eðlilegra verður að telja að í löggjöf um þingfararkaup séu almenn ákvæði um starfsmöguleika þingmanna að lokinni þingmennsku, fremur en sérstök ákvæði í þágu fárra eins og nú er.

Síðara ákvæði lagagreinarinnar sem lagt er til að falli brott setur mörk á launagreiðslur til alþingismanns ef hann starfar hjá hinu opinbera jafnhliða þingmennskunni og er miðað við að laun hans verði að hámarki 50% af launum fyrir fullt starf. Ekki þykir eðlilegt að festa í lög ákvæði sem geta falið í sér að starfsmanni hins opinbera sé gert að vinna að einhverju leyti án þess að fá laun fyrir. Vinni starfsmaðurinn meira en hálft starf á hann að sjálfsögðu að fá laun í samræmi við starfshlutfall sitt. Lagaákvæðið gerir í raun upptæk laun fyrir vinnu umfram 50% af starfi. Slík lagasetning getur ekki talist samboðin lýðræðisríki og er því lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Það er hins vegar annað mál hvort eðlilegt er að alþingismenn hafi aðra launaða vinnu samhliða þingmennskunni og kemur til greina að reisa skorður við því. En á meðan ekki hafa verið settar almennar reglur þar um verða allir alþingismenn að sitja við sama borð í þessum efnum og eiga það við sig og kjósendur sína hvort þeir hafi annað starf samhliða þingmennskunni.

212. Fyrirspurn [203. mál]

til menntamálaráðherra um húsnæðismál Sjómannaskólans.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður við endurbætur á húsnæði Sjómannaskólans miðað við að þar verði annars vegar óbreytt starfsemi og hins vegar starfsemi á vegum Kennara- og uppeldisháskóla Íslands?
2. Hvenær stendur til að hefjast handa um endurbætur á húsnæði Sjómannaskólans ef hann verður áfram til húsa á sama stað?
3. Hver er áætlaður kostnaður eingöngu við flutning starfseminnar í annað húsnæði, sem og þess hluta búnaðar Sjómannaskólans sem ekki yrði endurnýjaður, og hvaða röskun yrði því samfara á skólastarfinu?
4. Hver er áfallinn kostnaður af vinnu arkitekta og annarra aðila vegna þessa máls?
5. Hvernig hefur verið háttað samráði við stjórnendur, starfsfólk og nemendur Sjómannaskólans um framtíðarlausn í húsnæðismálum skólans?
6. Hver er afstaða ráðherra til þess að Sjómannaskólinn verði áfram í eigin húsnæði eða gerist leiguliði annarra?
7. Hver er eigandi húsnæðisins sem hugmyndir eru um að Sjómannaskólinn flytjist í og hvaða viðræður hafa átt sér stað við hann um þetta mál?

213. Fyrirspurn [204. mál]

til samgönguráðherra um vegakerfi á Suðurlandi.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvernig er vegakerfið á Suðurlandi samsett, að lengd og efnisgerð, sundurliðað eftir sýslum:
   a. stofnbrautir,
   b. tengivegir,
   c. safnvegir,
   d. landsvegir?
2. Hver er umferðarþungi á fyrrgreindum vegum? Hvernig er ástand þeirra og hve mikill hluti þeirra er lagður bundnu slitlagi?
3. Hver er árlegur rekstrarkostnaður starfsstöðva Vegagerðarinnar á Suðurlandi, sundurliðað eftir sýslum?
4. Hefur Vegagerðin skoðað þann möguleika að færa verkefni frá Reykjavík, í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um flutning ríkisfyrirtækja út á landsbyggðina?

Skriflegt svar óskast.

214. Fyrirspurn [205. mál]

til samgönguráðherra um niðurlagningu starfsstöðvar Vegagerðarinnar í Rangárvallasýslu.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Er ráðherra samþykkur fyrirhugaðri niðurlagningu starfsstöðvar Vegagerðarinnar í Rangárvallasýslu?
2. Hvaða rök liggja að baki ákvörðuninni? Eru þau fjárhags-, skipulags- eða stjórnunarlegs eðlis?
3. Hver er áætlaður sparnaður Vegagerðarinnar vegna lokunar starfsstöðvarinnar? Hvernig hyggst stofnunin ná honum og hvernig verður því fé varið? Hvert er áætlað söluverð áhaldahússins á Hvolsvelli?
4. Hver er heildarstefna Vegagerðarinnar varðandi lokun starfsstöðva annars staðar en á Suðurlandi?

215. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um staðsetningu nýrra ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stefnumörkun um hvernig tryggja megi aukna hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu með því að staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins þar sem það er mögulegt.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 121. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er nú lögð fram að nýju.

Miklar umræður hafa farið fram á undanförnum árum um flutning ríkisstofnana frá höfuðborgarsvæðinu og út á landsbyggðina. Um það efni hafa verið lagðar fram skýrslur og tillögur en tiltölulega lítið orðið úr framkvæmdum. Skemmst er þó að minnast velheppnaðs flutnings höfuðstöðva Skógræktar ríkisins til Egilsstaða og embættis veiðistjóra til Akureyrar. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að flytja Landmælingar Íslands til Akraness á miðju ári 1999.

Þótt vitaskuld séu full rök fyrir þessum ákvörðunum hafa þær ævinlega haft í för með sér togstreitu og deilur. Það má hins vegar ekki verða til þess að horfið verði frá því að staðsetja einstakar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.

Hið opinbera er stærsti vinnuveitandi á Íslandi. Enginn vafi er þess vegna á því að staðsetning ríkisfyrirtækja og opinberrar stjórnsýslu getur verið ráðandi um það hvar menn kjósa sér búsetu. Framboð atvinnu ræður því oft hvar fólk sest að. Þegar stærsti vinnuveitandinn kýs að koma starfsemi sinni fyrir að mestu á einum stað er augljóst að það hefur mikil áhrif á búsetuþróun í landinu.

Þjóðfélagið tekur miklum og örum breytingum sem flestar eru óumflýjanlegar. Það kallar á stöðuga endurskoðun á mjög mörgum sviðum. Ríkið er þar engin undantekning. Skipulag opinberrar þjónustu verður að breytast með breyttum tímum. Ríkisstofnanir eru lagðar niður og aðrar koma í staðinn, jafnvel á nýju sviði þar sem þörf krefur. Í sjálfu sér skiptir ekki máli hvort menn ætla ríkisvaldinu stórt hlutverk eða lítið í samfélaginu, ævinlega hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir miklum breytingum og nýjum og breyttum ríkisfyrirtækjum og stofnunum.

Undir þetta sjónarmið var m.a. tekið í ályktun á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í október á sl. ári, en þar segir: „Hið opinbera þarf að tryggja eðlilega hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu. Ný fjarskiptatækni gerir það mögulegt að fyrirtæki séu staðsett í auknum mæli á landsbyggðinni. Því þarf að marka ákveðna stefnu um flutning ríkisfyrirtækja út á land og staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins."

Orsakir búferlaflutninga af landsbyggðinni eru margslungnar. Þar ræður talsverðu sú fábreytni atvinnulífsins sem er víða ríkjandi. Enginn vafi er á að ríkisvaldið ber þar nokkra ábyrgð. Alls voru unnin 34.614 ársverk á vegum hins opinbera árið 1994 samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar. Þar af voru 22.982 á höfuðborgarsvæðinu. Það svarar til þess að tvö af hverjum þremur ársverkum hjá hinu opinbera séu unnin á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1984–95 fjölgaði ársverkum á vegum hins opinbera um 5.648 á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni fjölgaði þeim hins vegar um 2.114. Mismunurinn er 3.534 ársverk.

Þessi þróun veldur ekki litlu um hvar fólk kýs sér búsetu, ekki eingöngu vegna þess að um langan veg sé að fara eftir opinberri þjónustu af landsbyggðinni heldur ekki síður vegna þess að framboð atvinnutækifæra hjá hinu opinbera beinist á svo afmarkaðan stað á landinu og

stuðlar því að þeirri byggðaþróun sem hefur orðið hér á landi undanfarin ár og áratugi. Til þess að tryggja heilbrigða og hagkvæma byggðaþróun er því fullkomlega eðlilegt að mótuð sé stefna um staðsetningu ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni eins og mælt er fyrir um í tillögunni.

Fylgiskjal.

Hlutfall höfuðborgarsvæðisins (HBS) af ársverkum opinberra aðila og af íbúafjölda.



216. Lög [171. mál]

um breytingu á lögum nr. 89 26. maí 1997, um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 23. okt.)

Samhljóða þskj. 171.

217. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um flugmálaáætlun árin 1998–2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1998	1999	2000	2001
1.1 Flugmálaáætlun				
Tekjur				
1. Flugvallagjald	561	583	600	618
2. Eldsneytisgjald	62	65	67	69
	623	648	667	687
Gjöld				
Til rekstrar	190	145	100	100
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	60	73	82	92
Reykjavík	29	105	206	224
Aðrir flugvellir og fleira	344	325	279	271
	623	648	667	687
1.2 Flugmálastjórn				
Tekjur				
Ríkistekjur	113	113	113	113
Sértekjur	191	191	191	191
Frá flugmálaáætlun	190	145	100	100
Framlag á fjárlögum	462	507	552	552
	956	956	956	956
Gjöld				
Rekstur flugvalla	344	344	344	344
Annar rekstur	559	559	559	559

	1998	1999	2000	2001
Hlutdeild Flugmálastjórnar v/Alþjóðaflugþjónustu	29	29	29	29
Hlutdeild Pósts og síma v/Alþjóðaflugþjónustu	18	18	18	18
Hlutdeild Veðurstofu v/Alþjóðaflugþjónustu	6	6	6	6
	956	956	956	956
1.3 Alþjóðaflugþjónustan				
Tekjur				
Yfirflugsgjöld Flugmálastjórnar	384	384	384	384
Gjöld				
Rekstur Flugmálastjórnar	413	413	413	413
Hlutdeild Flugmálastjórnar	-29	-29	-29	-29
	384	384	384	384

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1998	1999	2000	2001
2.1. Rekstur				
1. Allar deildir	956	956	956	956
2. Alþjóðaflugþjónustan	384	384	384	384
	1.340	**1.340**	**1.340**	**1.340**
2.2 Áætlunarflugvellir I				
1. Flugbrautir og hlöð	52	104	242	229
2. Byggingar	89	84	30	14
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	28	45	46	11
	169	**233**	**318**	**254**
2.3 Áætlunarflugvellir II				
1. Flugbrautir og hlöð	0	0	0	34
2. Byggingar	7	0	0	12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9	2	2	2
	16	**2**	**2**	**48**
2.4 Áætlunarflugvellir III				
1. Flugbrautir og hlöð	18	25	0	5
2. Byggingar	4	0	0	17
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8	5	6	2
	30	**30**	**6**	**24**
2.5 Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta	**69**	**73**	**74**	**81**
2.6 Annar kostnaður	**89**	**92**	**85**	**88**
2.7 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	**60**	**73**	**82**	**92**
Samtals	**1.773**	**1.843**	**1.907**	**1.927**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.
Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík og Sauðárkrókur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.
Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður og Grímsey.

3.3 Áætlunarflugvellir III.
Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Þingeyri og Þórshöfn.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
A. Þjónustuflugvellir: Bakki, Blönduós, Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík, Norðfjörður, Ólafsfjörður, Patreksfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.
B. Aðrir flugvellir: Álftaver, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Sprengisandur og Þórsmörk.
C. Sportflugvellir: Borgarnes, Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.
D. Lendingarstaðir: Arngerðareyri, Bakkafjörður, Búðardalur, Bær, Dagverðará, Djúpivogur, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Tálknafjörður og Þórisdalur.
E. Lendingarstaðir í eigu og umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar: Auðkúluheiði, Forsæti, Freysnes, Gunnarsholt, Hvolsvöllur, Múlakot, Tungubakkar og Þórisós.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Staður – verkefnaflokkur	1998	1999	2000	2001
4.1 Reykjavík				
1. Flugbrautir og hlöð	29	95	196	214
2. Byggingar		10	10	10
	29	**105**	**206**	**224**
4.2 Akureyri				
1. Flugbrautir og hlöð	5			
2. Byggingar	9	27	10	
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	14	10	10	2
	28	**37**	**20**	**2**
4.3 Vestmannaeyjar				
1. Flugbrautir og hlöð			29	
2. Byggingar	20	25		
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		20	21	
	20	**45**	**50**	**0**
4.5 Egilsstaðir				
1. Flugbrautir og hlöð	18	4		
2. Byggingar		15	6	
	18	**19**	**6**	**0**

Staður – verkefnaflokkur	1998	1999	2000	2001
4.6 Ísafjörður				
1. Flugbrautir og hlöð			17	15
2. Byggingar	40			
	40	**0**	**17**	**15**
4.7 Hornafjörður				
1. Flugbrautir og hlöð		5		
2. Byggingar			4	
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	10	5		
	10	**10**	**4**	**0**
4.8 Húsavík				
2. Byggingar	20	7		
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2	10	15	5
	22	**17**	**15**	**5**
4.9 Sauðárkrókur				
2. Byggingar				4
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2			4
	2	**0**	**0**	**8**
4.10 Bíldudalur				
2. Byggingar				12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9	2	2	
	9	**2**	**2**	**12**
4.11 Grímsey				
1. Flugbrautir og hlöð				15
2. Byggingar	7			
	7	**0**	**0**	**15**
4.12 Siglufjörður				
1. Flugbrautir og hlöð				9
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður				2
	0	**0**	**0**	**11**
4.13 Þórshöfn				
1. Flugbrautir og hlöð		10		
2. Byggingar				12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8	5	6	2
	8	**15**	**6**	**14**
4.14 Vopnafjörður				
1. Flugbrautir og hlöð				10
	0	**0**	**0**	**10**
4.15 Hólmavík				
2. Byggingar				5
	0	**0**	**0**	**5**
4.16 Þingeyri				
1. Flugbrautir og hlöð	15	15		
	15	**15**	**0**	**0**

Staður – verkefnaflokkur	1998	1999	2000	2001
4.17 Gjögur				
1. Flugbrautir og hlöð	3			5
	3	0	0	5
4.18 Mývatn				
2. Byggingar	4			
	4	**0**	**0**	**0**
4.18 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	**69**	**73**	**74**	**81**
4.19 Annar kostnaður	**89**	**92**	**85**	**88**
4.20 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	**60**	**73**	**82**	**92**
4.21 Til reksturs flugvalla	**190**	**145**	**100**	**100**
Flugmálaáætlun samtals	**623**	**648**	**667**	**687**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Í þessari greinargerð er gefin nánari lýsing á helstu viðfangsefnum, sem koma fram í ofangreindri sundurliðun á framkvæmdum fyrir árin 1998–2001. Þessi viðfangsefni skiptast í þrjá meginflokka:

1. Framkvæmdaverkefni tengd einstökum flugvöllum.
2. Framkvæmdir við flugumferðar- og flugleiðsögukerfi.
3. Annar kostnaður vegna framkvæmda eða kaupa á tækjabúnaði.

Auk framangreindra framkvæmda fara 60 millj. kr. til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 1998 og nokkru hærri upphæðir næstu ár á eftir.

Framkvæmdaverkefni flugvalla.

Markmið framkvæmda á flugvöllum landsins er nú einkum að ljúka gerð flugvallarmannvirkja sem unnið hefur verið að á helstu áætlunarflugvöllum á undanförnum árum og eru flest komin vel á veg. Jafnframt er nú lögð rík áhersla á að bæta aðflugs- og flugöryggisbúnað, ekki síst lýsingu og annan rafmagnsbúnað, svo sem raflagnir og vararafstöðvar, en segja má að slík verkefni hafi setið á hakanum á undanförnum árum. Þá er gert ráð fyrir að hafist verði handa um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar sem er mjög brýnt verkefni.

Verkefnin vegna flugvallarmannvirkja eru tvíþætt, þ.e. flugbrautir og hlöð annars vegar og hins vegar byggingar. Eftirfarandi þættir falla undir liðinn flugbrautir og hlöð:

— Uppbygging flugbrauta.
— Bundið slitlag.
— Öryggissvæði.
— Flughlöð.
— Bílastæði og lóð.

Í þessari tillögu að flugmálaáætlun er gert ráð fyrir að verja 709 millj. kr. í þessi verkefni á fjögurra ára tímabilinu, þar af 534 millj. kr. vegna endurbyggingar Reykjavíkurflugvallar. Undir byggingarframkvæmdir á flugvöllunum koma eftirfarandi þættir:

— Flugstöðvar.
— Tækjageymslur.
— Sandgeymslur.

Tillagan gerir ráð fyrir að til þessara verkefna verði varið 257 millj. kr. þar af 30 millj. kr. til undirbúnings byggingar flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli.

Á sviði aðflugs- og flugöryggisbúnaðar á flugvöllum er einkum um að ræða flugvallarlýsingu og raforkukerfi. Alls er gert ráð fyrir að verja 166 millj. kr. til þessa verkefnaflokks á áætlunartímabilinu.

Flugumferðar- og flugleiðsögukerfi.

Meginmarkmið verkefna á sviði flugumferðar- og flugleiðsögukerfa er að stuðla að auknu flugöryggi, m.a. með því að færa sér í nyt nýjustu tækni á sviði upplýsingatækni, gervihnattaleiðsögu og gagnafjarskipta. Gott dæmi um þetta er nýtt aðflug að Hornafjarðarflugvelli með GPS-gervihnattakerfinu sem tekið verður í notkun haustið 1997. Þessi verkefni skiptast í eftirfarandi meginþætti:

— Flugumferðarstjórnarkerfi.
— Flugupplýsingakerfi.
— Gervihnattaleiðsögukerfi.
— Sérhæfðan prófanabúnað.
— Rannsóknarverkefni.

Til flugumferðarstjórnarkerfa er gert ráð fyrir að verja 80 millj. kr. á fjögurra ára tímabili til að standa við skuldbindingar við ICAO um þátttöku í framkvæmdum vegna alþjóðaflugþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að til annarra verkefna, sem einkum eru vegna þjónustu við innanlandsflugið, verði varið 217 millj. kr. á tímabilinu.

Aðrar framkvæmdir og búnaður.

Hér er um að ræða framkvæmdaverkefni við flugvelli aðra en áætlunarflugvelli og framlög til tækjasjóðs auk nokkurra fjármuna til kaupa á tækjabúnaði, einkum slökkvibúnaði, sem ekki hefur verið ráðstafað til tiltekinna flugvalla.

Til flugvalla og lendingarstaða, sem ekki er þjónað með áætlunarflugi, er áætlað að verja 48 millj. kr. Um er að ræða 61 flugvöll og lendingarstaði þar af 12 þjónustuflugvelli sem flestir voru áætlunarflugvellir fyrr á árum.

Stofnun tækjasjóðs er nýmæli sem gert er ráð fyrir að standi undir endurnýjun á þeim tækjabúnaði sem notaður er á flugvöllum landsins, t.d. til snjóruðnings og brautarhreinsunar. Gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins verði 27 millj. kr. á fyrsta ári og hækki í 36 millj. kr. í lok tímabilsins.

Auk framangreindra verkefna er að venju gert ráð fyrir nokkru fjármagni til leiðréttingar og til að sinna brýnum verkefnum. Þessi liður hefur reynst afar mikilvægur til að hægt sé að sinna þörfum sem oft koma upp með skömmum fyrirvara. Þetta á ekki síst við nú eftir að sérleyfi hafa fallið niður á áætlunarflugleiðum innan lands og virk samkeppni flugfélaganna hefur hafist á mörgum flugleiðum.

Stjórnunarkostnaður Flugmálastjórnar vegna flugmálaáætlunar er verulegur, bæði vegna almennrar umsýslu og ekki síður vegna undirbúnings og stjórnunar framkvæmda. Því er gert ráð fyrir að þessi liður hækki nú í 15 millj. kr. sem meðal annars er ætlað að mæta auknum kröfum frá opinberum aðilum um aukna áherslu á áætlana- og skýrslugerð.

Tekjur.

Í lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun, voru markaðir tveir tekjustofnar til framkvæmda í flugmálum, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald. Árið 1996 var umræddum lögum breytt þannig að tekjum af flugvallaskatti má einnig ráðstafa til reksturs flugvalla. Gert er ráð fyrir

að tekjur flugmálaáætlunar muni aukast um 4% milli áranna 1998 og 1999 og um 3% milli ára eftir það. Aðrar tekjur Flugmálastjórnar eru lendingargjöld, loftferðaeftirlitsgjöld, leigugjöld, þjónustugjöld, verksala og aðrar tekjur, alls 289 millj. kr. Þá er einnig um að ræða svokallaðar ICAO-tekjur sem eru tekjur af yfirflugi fyrir stjórnun loftrýmisins í íslenska flugstjórnarsvæðinu, hlutur Flugmálastjórnar. Póstur & sími og Veðurstofa Íslands sinna einnig þessari þjónustu.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna sundurliðun tekna Flugmálastjórnar í millj. kr.:

	Millj. kr.	%
Flugvallagjald	561	42,8
Eldsneytisgjald	62	4,7
Lendingargjald	74	5,6
Loftferðaeftirlitsgjald	36	2,7
Leigugjöld	16	1,2
Þjónustugjöld	51	3,9
Verksala	72	5,5
Aðrar tekjur	55	4,2
ICAO-tekjur	384	29,4
Tekjur alls	**1.311**	**100,0**



Útgjöld.

Heildarútgjöld Flugmálastjórnar og Alþjóðaflugþjónustunnar á árinu 1998 eru áætluð 1.749 millj. kr. sem skiptast þannig:

	Millj. kr.	%
Rekstur FMS	903	51,6
Alþjóðaflugþjónustan	413	23,6
Stofnkostnaður	433	24,8
Útgjöld alls	**1.749**	**100,0**

Rekstur.

Rekstrarafkoma Flugmálastjórnar undanfarin ár hefur verið innan fjárheimilda. Laun og önnur rekstrargjöld hafa aukist vegna nýrra umsvifa og tekjur hafa þá hækkað á móti. Í fjárlagagerð fyrir 1998 er gert ráð fyrir að 5% hlutur Pósts og síma vegna Alþjóðaflugþjónustunnar komi fram sem rekstrarkostnaður (hlutdeild) hjá Flugmálastjórn í fyrsta skipti. Meðfylgjandi tafla og mynd sýna kostnað og tekjur deilda Flugmálastjórnar samkvæmt áætlun 1998:

Deild	Gjöld	Tekjur
Yfirstjórn	119	61
Loftferðaeftirlit	46	38
Reykjavíkurflugvöllur	115	55
Aðrir flugvellir	229	49
Flugleiðsöguþjónusta	144	64
Flugumferðarþjónusta	250	37
Alþjóðaflugþjónusta	413	384
Samtals	**1.316**	**688**

Tekjum og gjöldum skipt eftir deildum



Framkvæmdir á einstökum flugvöllum.

Reykjavíkurflugvöllur.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að undirbúningi að endurnýjun flugbrauta flugvallarins. Meðal annars hafa verið teknar saman nákvæmar upplýsingar um uppbyggingu flugvallarins og gerðar víðtækar rannsóknir á burðarþoli og ástandi flugbrauta.

Í skýrslu sem Flugmálastjórn lét vinna um ástand flugbrauta, akbrauta og flughlaða og kom út í mars 1995 eru helstu niðurstöður þessar:

1. Heildarflötur malbikaðs yfirborðs á flugbrautum er nú um 162.000 m^2 en þyrfti að vera um 230.000 m^2 til að uppfylla skilyrði um breidd brauta, axlir og endaöryggissvæði.
2. Langhalli á brautum virðist vera í lagi miðað við núverandi aðflugsbúnað að öðru leyti en því að sjónlengd á N–S braut er of stutt á norðurhluta brautarinnar. Hækka þarf brautina um 1,5 m í norðurenda til að uppfylla skilyrði um sjónlengd. Breytingar á langhalla eru víða of krappar á öllum brautum.
3. Þverhalli flugbrauta, akbrauta og flughlaða er mjög víða ófullnægjandi fyrir afvötnun. Niðurfallskerfi vantar því sem næst alveg í flughlöð. Pollar myndast víða á flughlöðum og akbrautum og á stöku stað á flugbrautum.
4. Sléttleiki flugbrauta er almennt alls ófullnægjandi miðað við þær kröfur sem gerðar eru í dag til slíkra mannvirkja. Akbrautir uppfylla nánast engar af þeim rúmfræðilegu (geometrísku) kröfum sem til þeirra eru gerðar.
5. Merkingum er víða áfátt og ljósabúnaður rangt staðsettur.
6. Flugbrautir, akbrautir og flughlöð eru almennt byggð upp þannig að landið sem fyrir var (víða blaut tún) var sléttað með 0,4–0,7 m þykkri rauðamöl og síðan var steypt 15–20 sm þykk plata sem slitlag. Seinna hefur verið malbikað nokkrum sinnum yfir og er malbikið víðast 10–15 sm. Malbikið er misjafnlega gamalt, frá 1966–67 á N–S brautinni, frá 1969–70 á A–V brautinni og frá 1981 á SV–NA brautinni. Stærstur hluti flughlaðanna var síðast malbikaður á áttunda áratugnum. Malbikið er í misjöfnu ástandi og eru sérstaklega útlagnarsamskeyti farin að gefa sig. Steypan er sums staðar heilleg en annars staðar mikið brotin.
7. Frá því að flugvöllurinn var byggður hefur N–S brautin verið lengd bæði til suðurs og norðurs. Þar er slitlag malbik og undir því möl. Sama uppbygging er á 30 m breiðum brautarhluta norðarlega á N–S brautinni sem var endurbyggður 1966. A–V brautin var lengd til austurs og austurendi hennar endurbyggður 1972 og er þar slitlag einnig malbik og undir því möl.
8. Burður flugbrauta og flughlaða er nokkuð misjafn. Almennt má segja að burður sé tiltölulega góður fyrir léttar vélar, svo sem Fokker 50. Hins vegar benda falllóðsmælingar til að burður sé hlutfallslega lakari þar sem steypan er brotin og þar sem hana vantar en þar sem steypan er enn í góðu lagi. Þar sem mýrarjarðvegur er enn í undirlagi brauta er hætt við missigi ef undirlagið verður fyrir álagsaukningu eins og getur orðið við lagfæringar á brautum.

Eins og fram kemur er ástand flugbrautanna alls óviðunandi þegar það er borið saman við þá staðla sem Alþjóðaflugmálastofnunin setur sem skilyrði og/eða mælist til að notaðir séu fyrir flugvelli.

Þá lét Flugmálastjórn einnig vinna samanburðaráætlanir um endurbætur sem út kom í október 1995. Í skýrslunni er valkostum skipt í þrjá meginflokka samkvæmt eftirfarandi:

1. Flokkur N (fyrir nýbyggingu) en þar er gert ráð fyrir nýbyggingu flugbrauta og flughlaða að verulegu leyti. Með nýbyggingu er átt við að núverandi brautir og hlöð séu

brotin upp (í mismunandi miklum mæli) og skipt um efni niður að klöpp, þar sem því er ekki lokið nú þegar, og þannig byggðar brautir og hlöð upp á nýtt.

2. Flokkur U (fyrir uppbrot) en þar er gert ráð fyrir að brjóta upp núverandi slitlag (malbik og steypu) og leggja nýtt burðarlag og nýtt slitlag á þá fyllingu sem nú er undir slitlaginu. Í flokki U er ekki gert ráð fyrir jarðvegsskiptum niður á klöpp og getur því orðið missig á brautum og hlöðum eftir framkvæmdir.
3. Flokkur Y (fyrir yfirlögn) þar sem gert er ráð fyrir endurbótum með yfirlögn malbiks yfir núverandi brautir og hlöð til að koma þeim í viðunandi horf. Við áætlanagerðina kom í ljós að eigi að ganga út frá lagfæringum á yfirborði brauta til að þær uppfylli rúmfræðikröfur (geometrískar) Annex 14 frá ICAO verður yfirlögn á núverandi brautir dýrari en uppbrot slitlags og endurbygging þess ásamt viðeigandi burðarlögum. Hins vegar er hægt að leggja malbik ofan á núverandi brautir og lagfæra þær aðeins lítillega, en þá munu þær eftir sem áður ekki fullnægja þeim kröfum sem almennt eru gerðar til slíkra mannvirkja.

Á fundi Flugráðs 4. desember 1995 var samþykkt að mæla með því að við endurbyggingu flugbrautanna skyldi miðað við að þær mundu að loknum framkvæmdum í öllum atriðum uppfylla hönnunarforsendur samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) sbr. Annex 14. Einungis einn af framangreindum valkostum kemur til með að gera það til frambúðar, þ.e. flokkur N. Bæði flokkur U og Y munu samkvæmt skýrslunni bjóða upp á hættu á missigi þegar fram í sækir.

Flugmálastjórn hefur átt mjög gott samstarf við borgaryfirvöld um undirbúning þessa verkefnis og var þar meðal annars ákveðið að láta vinna frummatsskýrslu vegna umhverfisáhrifa og er sú vinna nú á lokastigi. Deiliskipulag flugvallarins hefur verið til umfjöllunar hjá skipulagsyfirvöldum borgarinnar og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið haustið 1997. Að því loknu verður gengið frá frummati framkvæmdarinnar og er gert ráð fyrir að verkið verði boðið út á árinu 1998.

Á árinu 1999 er samkvæmt þessari tillögu ráðgert að hefja undirbúning að byggingu nýrrar flugstöðvar. Mjög brýnt er að móta ákveðna stefnu nú þegar um slíkt mannvirki þar sem flugrekendur búa nú við mjög skerta aðstöðu á flugvallarsvæðinu sem kallar jafnframt á sífelldar bráðabirgðaaðgerðir við stækkun farþegaaðstöðu og flugstæða.

Í áætlunum um endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar er innifalin endurbygging á flugvallarlýsingu og veðurmælibúnaði. Lýsingarbúnaður á Reykjavíkurflugvelli er orðinn mjög gamall. Ráðgert er að samhliða endurbyggingu flugbrauta verði öll flugvallarlýsing endurnýjuð á brautum 02/20 og 14/32, ásamt því að braut 07/25 verði lýst. Flugvallarlýsingin verður með 200W ljósabúnaði og uppfyllir ICAO-kröfur til CAT I flugvallar.

Akureyrarflugvöllur.

Á árinu 1996 var flugbrautin breikkuð úr 30 m í 45 m, enn fremur var lagt út nýtt malbiksslitlag. Núverandi ástand flugbrautar er því að verða mjög gott þar sem á þessu ári verður einnig unnið að breikkun snúningsenda. Á þessu ári verður einnig lokið við gerð bílastæða og lóðar. Þá verður flughlað stækkað um 4000 m^2.

Nauðsynlegt er að halda áfram endurbótum á flugstöðinni, en eftir er að ljúka endurbótum á miðhluta og 2. hæð hússins að innan. Þá er einnig nauðsynlegt að ljúka ýmsum lagfæringum á innra skipulagi flugstöðvarinnar ásamt endurbótum utan húss.

Á undanförnum árum hefur umferð í millilandaflugi stóraukist um Akureyrarflugvöll, jafnframt því gegnir flugvöllurinn mjög þýðingarmiklu hlutverki sem varaflugvöllur í millilandaflugi.

Árið 1996 voru sett upp aðflugsljós við suðurenda flugbrautarinnar á Akureyri. Þessi ljós uppfylla kröfur ICAO fyrir CAT I aðflugsljós. Einnig var komið upp framtíðaraðstöðu fyrir stjórnbúnað flugvallarlýsingarinnar í sandgeymsluhúsi. Á árunum 1998 til 1999 er lagt til að brautarlýsing á Akureyrarflugvelli verði endurnýjuð. Í ljósi mikilvægis Akureyrarflugvallar er lagt til að þetta verkefni hafi forgang. Verkinu er skipt í þrjá áfanga. Á árinu 1998 verður brautarlýsingin endurnýjuð, með nýjum ljósum, lögnum og efni sem uppfyllir ICAO-kröfur um CAT I flugvöll. Á árinu 1999 verður aðflugshallalýsingin endurnýjuð og gengið frá þröskulds- og endaljósum. Árið 2000 verður endanlega gengið frá öllum lagnakerfum um flugvöllinn og stjórnbúnaður í flugturni endurnýjaður. Á Akureyrarflugvelli er hljóðupptökubúnaður. Lagt er til að endurnýja hann með stafrænum búnaði árið 2001.

Vestmannaeyjaflugvöllur.

Flugstöðin er 580 m^2 og var tekin í notkun 1980. Vegna mikillar fjölgunar farþega sem farið hafa um flugvöllinn á undanförnum árum er orðið nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar og endurbætur á flugstöðinni í því skyni að aðskilja komu- og brottfararfarþega. Hugsanlegt er að eitthvað þurfi að stækka húsið. Ráðgert er að hefja framkvæmdir við flugstöðina árið 1998.

Á árinu 2000 er ráðgert að leggja nýtt klæðingaryfirlag á báðar flugbrautirnar, en upphafleg klæðning var lögð út á árinu 1991. Enn fremur er ráðgert að malbika u.þ.b. 1200 m^2 sem eftir eru á flughlaði.

Í Vestmannaeyjum er 45W brautarlýsing. Þessa lýsingu er brýnt að bæta sérstaklega vegna þess að hraun og sjór sem eru í umhverfinu hafa mjög litla endurkastseiginleika. Lagt er til að árinu 1999 verði brautarlýsing á flugbraut 13/31 endurbyggð samkvæmt ICAO CAT I kröfum. Árið 2000 verði síðan aðflugshallalýsingin og lagnaleiðir endurbyggðar, samhliða endurbyggingu á brautarlýsingu brautar 04/22. Síðari áfangi brautar 04/22 er lagt til að bíði fram yfir árið 2001, en leiðarlýsing inn á braut 04/22 verði sett upp á árinu 1999. Þessi lýsing mun bæta að- og fráflug brautar 04/22.

Egilsstaðaflugvöllur.

Ráðgert er að ljúka gerð bílastæða og lóðar á árinu 1998, en mjög mikill óþrifnaður er í dag í flugstöðinni vegna ástands lóðar. Gert er ráð fyrir að ljúka síðasta áfanga við endurbyggingu flugstöðvarinnar á árinu 1999 og innréttingum vegna stækkunar tækjageymslu árið 2000.

Ísafjarðarflugvöllur.

Á þessu ári var hafist handa við stækkun og gagngerar endurbætur á flugstöðinni og áætlað að ljúka því verki á næsta ári. Árið 2000 verður nauðsynlegt að leggja nýtt klæðingaryfirlag á flugbrautina en hún var fyrst klædd árið 1991. Lokið verður við bílastæði og lóð árið 2001.

Hornafjarðarflugvöllur.

Nauðsynlegt er að ljúka gerð öryggissvæða og er það ráðgert árið 1999. Þá er einnig gert ráð fyrir að byggja sandgeymslu á árinu 2000.

Árið 1996 voru flugbrautarljós á Hornafjarðarflugvelli endurbyggð samkvæmt ICAO kröfum fyrir CAT I flugvöll með 200W ljósabúnaði. Á árinu 1997 verður aðflugshallaljósabúnaður endurnýjaður og sett verða upp aðflugsljós fyrir aðflug úr suðri. Árið 1997 verður heimilað grunnaðflug sem byggist á GPS-staðsetningarkerfi inn á norðurenda flugbrautar-

innar. Á árunum 1999–2000 er áætlað að WAAS-kerfið muni gefa möguleika á nákvæmnisaðflugi á Hornafjarðarflugvelli. Í ljósi þess er gert ráð fyrir aðflugsljósum á þann enda árið 1998. Þar sem reynslan hefur sýnt að afhending raforku er tiltölulega örugg á þessu svæði er ekki gert ráð fyrir vararafstöð fyrr en árið 1999.

Húsavíkurflugvöllur.

Ráðgert er að hefja byggingu nýrrar tækjageymslu á næsta ári og ljúka henni á árinu 1999. Núverandi tækjageymsla verður þá notuð sem sandgeymsla.

Uppsetning á hljóðupptökubúnaði er áætluð á árinu 1998. Árin 1999–2000 er áætluð endurnýjun á flugvallarlýsingu. Núverandi lýsing er með 45W ljósabúnaði og aðeins einni fæðilögn. Samkvæmt áliti flugmanna Flugmálastjórnar mun aukin lýsing á Húsavíkurflugvelli auka öryggi og nýtingu flugvallarins, sérstaklega við aðflug úr suðri sem búið er aðflugsstefnusendi. Ráðgert er að brautarlýsing verði endurnýjuð árið 1999, en aðflugshallalýsing, frágangur lagnaleiða og stjórnbúnaður í flugturni árið 2000. Árið 2001 er áætlað að setja upp vararafstöð.

Alexandersflugvöllur, Sauðárkróki.

Gert er ráð fyrir að byggð verði sandgeymsla á árinu 2001. Byggingu nýrrar tækjageymslu var lokið sl. ár.

Árið 1998 er ráðgert að koma upp hljóðupptökubúnaði. Brautarlýsing er með 200W ljósabúnaði, en uppfyllir ekki ICAO CAT I kröfur. Lagt er til að 1. áfangi í endurbyggingu brautarljósa hefjist árið 2001. Það ár er ráðgert að lagfæra hluta flugbrautarljósanna.

Bíldudalsflugvöllur.

Ráðgert er að byggja nýja tækjageymslu árið 2001.

Á Bíldudalsflugvelli er engin flugvallarlýsing. Ráðgert er að koma upp brautarlýsingu og aðflugshallalýsingu á árunum 1998–1999. Lýsingin verður 200W og uppfyllir ICAO CAT I kröfur. Núverandi heimtaug á Bíldudalsflugvöll er einfasa og of lítil til að bera fulla flugvallarlýsingu. Því er ráðgert að styrkja heimtaugina árið 2000 þegar öll flugvallarlýsing hefur verið tekin í notkun.

Grímseyjarflugvöllur.

Nauðsynlegt er að endurnýja farþegaskýlið á flugvellinum þar sem ástand gamla skýlisins er orðið mjög lélegt. Ráðgert er að kaupa 60–70 m^2 tilbúið einingahús og selja húseignina að Básum sem stendur við flughlaðið og hefur verið nýtt sem sumarhótel undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að hefja 1. áfanga að bundnu slitlagi, klæðingu, árið 2001.

Siglufjarðarflugvöllur.

Nauðsynlegt verður að leggja nýtt klæðingarslitlag árið 2001 en þá verða liðin sjö ár frá því að upphafleg klæðing var lögð.

Þórshafnarflugvöllur.

Ráðgert er að ljúka gerð öryggissvæða árið 1999. Enn fremur er gert ráð fyrir að byggja nýja tækjageymslu árið 2001.

Á Þórshafnarflugvelli er engin flugvallarlýsing. Lagt er til að komið verði upp lýsingu á árunum 1998–2000. Árið 1998 verður sett upp brautarlýsing samkvæmt ICAO CAT I kröfum með 200W ljósabúnaði. Árið 1999 er ráðgert að koma upp aðflugshallalýsingu og

árið 2000 að ganga frá raflagnakerfi um flugvöllinn og stjórnbúnaði í flugturni. Árið 2001 er lagt til að taka í notkun hljóðupptökubúnað.

Vopnafjörður.
Fyrsta áfanga að lengingu flugbrautarinnar er ráðgert að hefja árið 2001. Í millitíðinni er nauðsynlegt að færa þjóðveginn að Hellisheiði þannig að koma megi fyrir 300 m lengingu flugbrautarinnar.

Hólmavíkurflugvöllur.
Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við 1. áfanga tækjageymslu árið 2001.

Þingeyrarflugvöllur.
Þar sem Flugráð hefur lagt til að flugvöllurinn verði varaþjónustuflugvöllur fyrir Ísafjörð er nauðsynlegt að gera ýmsar endurbætur á flugbrautinni og er gert ráð fyrir að ráðast í þessar endurbætur árin 1998 og 99.

Gjögursflugvöllur.
Gert er ráð fyrir að endurnýja yfirlag flugbrautarinnar árið 1998.

Mývatnsflugvöllur.
Gert er ráð fyrir að endurbæta farþegaaðstöðu á Mývatnsflugvelli á árinu 1998.

Flugumferðar- og flugleiðsögukerfi.
Undir þennan lið falla verkefni sem ekki er hægt að heimfæra á einstaka flugvelli.

Flugstjórnarmiðstöð.
Af þessum lið er fjármagnaður hlutur Íslands í verkefnum á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Hlutdeild Íslands er almennt 18% af heildarkostnaði verkefna.

Upplýsingakerfi.
Ráðgert er að endurbæta gagnatengingu milli flugvalla sem og milli flugvalla og flugstjórnarmiðstöðvar. Þessar nýju tengingar munu þjóna bæði til tal- og gagnaviðskipta. Í dag eru engin gagnafjarskipti fyrir hendi hvorki milli flugvalla, né milli flugvalla og flugstjórnarmiðstöðvar. Ráðgert er að leigja gagnafjarskiptalínur sem mynda net milli flugvalla og flugstjórnarmiðstöðvar. Með sérstökum endabúnaði er síðan mögulegt að senda bæði gögn og talviðskipti um þessar línur. Flugmálastjórn hefur þegar tekið upp þessar aðferðir við fjarskiptasambönd til aðliggjandi flugstjórnarmiðstöðva.

GPS/WAAS/NAAN/Aðflb.
Á undanförnum árum hefur flugleiðsöguþjónustan fylgt framkvæmdaáætlun GPS-áætlunar Flugmálastjórnar. Fyrsta GPS-grunnaðflugið sem er að Hornafjarðarflugvelli verður gefið út á komandi hausti. Á árunum 1998 til 2001 verður lögð áhersla á að auka notkun GPS í almennu flugi og kanna notagildi WAAS-leiðréttingarkerfisins hér á Íslandi. Stefnt er að því að koma upp GPS-nákvæmnisaðflugi að flestum flugvöllum á Íslandi á næstu fjórum árum. Á árunum 1998–2001 er ráðgert að koma upp fjareftirlitsbúnaði með aðflugsstefnusendunum á Akureyri, Sauðárkróki, Húsavík og í Ögri.

DGPS-leiðréttingarkerfi.

Árið 2001 er ráðgert að hefja uppbyggingu á staðbundnu GPS-leiðréttingakerfi (DGPS) á þeim flugvöllum sem ekki geta nýtt WAAS-leiðréttingarkerfið til nákvæmnisaðflugs.

Veðurupplýsingakerfi.

Árin 1998–1999 er ráðgert að koma upp miðlægum búnaði sem safnar veðurgögnum frá öllum flugvöllum. Þessi búnaður sér síðan um að dreifa gögnunum til annarra aðila.

Flugprófanabúnaður.

Á árunum 1998 til 2000 er ráðgert að endurbyggja flugprófanabúnað í flugvél Flugmálastjórnar. Markmiðin eru að auðvelda úrvinnslu gagna og endurbæta flugprófanabúnaðinn þannig að hann uppfylli þær kröfur sem nú eru gerðar til slíks búnaðar og auka þannig möguleika á flugprófunarverkefnum erlendis.

Rannsóknarverkefni.

Undir þennan lið falla ýmis rannsóknarverkefni sem Flugmálastjórn stendur fyrir og tengjast undirbúningi og framkvæmd verkefna á flugmálaáætlun. Auk þeirra verkefna sem þegar eru í gangi er ráðgert er að auka mælingar á veðurfari á flugvöllum og aðflugsleiðum.

Ýmis verkefni.

Undir þennan lið falla ýmis verkefni flugleiðsöguþjónustunnar sem ekki er hægt að flokka beint í framangreinda flokka. Einnig er þessi liður til að sinna sérstökum verkefnum á sviði flugöryggis.

Annar kostnaður.

Þessi tillaga gerir enn fremur ráð fyrir að fjárveitingar til annarra flugvalla og lendingastaða verði 12 millj. kr. á ári hverju. Í þessum flokki eru nú 61 flugvöllur og lendingastaðir.

Þá er einnig nýmæli við gerð þessarar flugmálaáætlunar að stofnaður verður tækjasjóður til endurnýjunar á snjóhreinsibúnaði og slökkvi- og björgunarbúnaði. Tækjasjóðurinn verður eigandi að þessum búnaði sem verður leigður flugvöllunum og rekinn af þeim. Einnig er gert ráð fyrir sérstöku framlagi á árunum 1998 og 1999 til kaupa á slökkvibúnaði.

Fylgiskjal.

Sundurliðun verkefna.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður – verkefni	1998	1999	2000	2001
4.1 Reykjavík				
1. Flugbraut	29	95	196	214
2. Flugstöð		10	10	10
	29	**105**	**206**	**224**
4.2 Akureyri				
1. Flughlað	5			
2. Flugstöð	9	27	10	
3. Brautarljós, endurnýjun	14	10	10	

4. Upptökubúnaður				2
	28	**37**	**20**	**2**
4.3 Vestmannaeyjar				
1. Slitlagsyfirlag			25	
2. Flugstöð	20	25		
3. Flughlað			4	
4. Leiðarljós		10		
5. Brautarljós, braut 13/31		10	11	
6. Brautarljós, braut 04/22, 1. áfangi.			10	
	20	**45**	**50**	**0**
4.5 Egilsstaðir				
1. Bílastæði og lóð	18			
2. Flugstöð		15		
3. Varnargarðar		4		
4. Tækjageymsla			6	
	18	**19**	**6**	**0**
4.6 Ísafjörður				
1. Flugstöð	40			
2. Slitlagsyfirlag			17	
3. Bílastæði og lóð				15
	40	**0**	**17**	**15**
4.7 Hornafjörður				
1. Öryggissvæði		5		
2. Sandgeymsla			4	
3. Aðflugsljós norðurendi	10			
4. Vararafstöð		5		
	10	**10**	**4**	**0**
4.8 Húsavík				
1. Tækjageymsla	20	7		
2. Upptökubúnaður	2			
3. Brautarljós, endurnýjun		10	15	
4. Vararafstöð				5
	22	**17**	**15**	**5**
4.9 Sauðárkrókur				
1. Sandgeymsla				4
2. Upptökubúnaður	2			
3. Brautarlýsing, endurnýjun, 1. áfangi				4
	2	**0**	**0**	**8**
4.10 Bíldudalur				
1. Tækjageymsla				12
2. Brautarlýsing, ný	9	2		
3. Ný heimtaug			2	
	9	**2**	**2**	**12**
4.11 Grímsey				
1. Flugstöð	7	0		
2. Bundið slitlag, 1. áfangi				15
	7	**0**	**0**	**15**

4.12 Siglufjörður				
1. Yfirlagsslitlag				9
2. Upptökubúnaður				2
	0	**0**	**0**	**11**
4.13 Þórshöfn				
1. Öryggissvæði		10		
2. Tækjageymsla				12
3. Brautarlýsing	8	5	6	
4. Upptökubúnaður				2
	8	**15**	**6**	**14**
4.14 Vopnafjörður				
1. Flugbraut, lenging, 1.áfangi				10
	0	**0**	**0**	**10**
4.15 Hólmavík				
1. Tækjageymsla, 1. áfangi				5
	0	**0**	**0**	**5**
4.16 Þingeyri				
1. Flugbraut, 1. áfangi	15	15		0
	15	**15**	**0**	**0**
4.17 Gjögur				
1. Flugbraut, yfirlag	3			5
	3	**0**	**0**	**5**
4.18 Mývatn				
1. Farþegaskýli	4			
	4	**0**	**0**	**0**
4.19 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður				
1. Flugstjórnarmiðstöð	20	20	20	20
2. Upplýsingakerfi	5	10	15	10
3. GPS/WAAS/NAAN/ADS/Aðflbún.	15	15	10	10
4. DGPS-leiðréttingarstöðvar				21
5. Veðurupplýsingakerfi	10	5		
6. Flugprófanabúnaður	2	5	10	
7. Rannsóknarverkefni	7	8	9	10
8. Ýmis verkefni	10	10	10	10
	69	**73**	**74**	**81**
4.20 Annar kostnaður				
1. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	12	12	12	12
2. Slökkvibúnaður	10	10		
3. Ýmis flugvallabúnaður	5	5	5	5
4. Tækjasjóður	27	30	33	36
5. Til leiðr. og brýnna verkefna	20	20	20	20
6. Stjórnunarkostnaður	15	15	15	15
	89	**92**	**85**	**88**
4.21 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	**60**	**73**	**82**	**92**
4.22 Til reksturs flugvalla	**190**	**145**	**100**	**190**
Samtals flugmálaáætlun	**623**	**648**	**667**	**687**

218. Svar [28. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um framkvæmd GATT-samningsins.

1. *Hverjar hafa verið tekjur ríkissjóðs af framkvæmd samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina (GATT) vegna innflutnings á landbúnaðarvörum:*
   a. *sundurliðað eftir vöruflokki, hverju númeri fyrir sig,*
   b. *sundurliðað eftir kg í hverjum vöruflokki fyrir sig?*

Innflutningur á landbúnaðarvörum vegna skuldbindinga Íslands við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) skiptist í lágmarksmarkaðsaðgang og ríkjandi markaðsaðgang á tímabilinu 1. júlí 1995 til 31. desember 1996. Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum vegna innflutnings samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangi námu samtals 71.256.952 kr., þar af var virðisaukaskattur í tolli 8.750.860 kr. Samtals voru flutt inn 291,7 tonn af vörum sem falla undir lágmarksmarkaðsaðgang. *Sjá fylgiskjal I.*

Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi úr 6. og 7. kafla tollskrárinnar var sem hér segir:

Tekjur skv. 6. kafla námu samtals 136.168.177 kr., þar af virðisaukaskattur í tolli 26.796.141 kr., en alls var innflutningurinn 1.037,1 tonn. *Sjá fylgiskjal II.*

Tekjur skv. 7. kafla námu samtals 307.158.939 kr., þar af virðisaukaskattur í tolli 37.721.299 kr. og nam innflutningurinn alls liðlega 7. 433 tonnum. *Sjá fylgiskjal III.*

Tekjur ríkissjóðs af sölu tollkvóta nema samtals 15.730.209 kr. á umræddu tímabili.

2. *Hvert hefur verið kostnaðarverð (cif-verð) hvers vöruflokks/númers fyrir sig sem fluttur hefur verið til landsins í samræmi við framkvæmd á samningnum?*

Á tímabilinu 1. júlí 1995 til 31. desember 1996 var samtals kostnaðarverð innflutnings sem fellur undir lámarksmarkaðsaðgang 132.889.236 kr. *Sjá fylgiskjal IV.* Á sama tímabili nam kostnaðarverð innflutnings sem fellur undir ríkjandi markaðsaðgang 268.50.890 kr. af vörum úr 6. kafla og 519.885.368 kr. af vörum úr 7. kafla tollskrár. *Sjá fylgiskjal V.*

3. *Hver hefur verið kostnaður ríkissjóðs af starfsemi ráðgjafanefndarinnar um inn- og útflutning landbúnaðarvara frá því að hún tók til starfa? Þess er farið á leit að kostnaðurinn verði sundurliðaður eftir launum nefndarmanna, ferðakostnaði og öðrum kostnaði.*

Kostnaður ríkissjóðs af starfsemi ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara nemur samtals 6.559.581 kr. á árunum 1995 og 1996. *Sjá nánari sundurliðun á fylgiskjali VI.*

4. *Hversu margar reglugerðir hafa verið settar um framkvæmd á samningnum frá því að nefndin hóf störf?*

Alls hafa 56 tímabundnar reglugerðir verið settar frá því að nefndin hóf störf, þar af eru sjö þeirra í gildi. *Sjá fylgiskjal VII.*

Fylgiskjal I.

Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum vegna innflutnings samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangi.

(1. júlí 1995 til 31. desember 1996.)

Vörulýsing	Vöru-liður	Magn í tonnum	Aðflutnings-gjöld brúttó, kr.	Niðurfelld aðflutnings-gjöld, kr.	Greidd að-flutnings-gjöld, kr.	Vsk. í tolli, kr.	Samtals vsk. og aðflutn-ingsgjöld í tolli, kr.
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni:	0201						
	0202						
	0206						
	0210						
Samtals		0,102	108.393	0	108.393	**15.175**	**123.568**
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203						
	0206						
	0209						
	0210						
Samtals		1,08	774.689	292.423	482.267	**67.517**	**549.784**
Unnar kjötvörur:	1502						
	1602						
Samtals		61,529	53.182.230	38.279.361	14.902.868	**2.086.403**	**16.989.271**
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207						
	0210						
Samtals		1,512	1.607.009	1.022.568	584.440	**81.822**	**666.262**
Egg:	0407						
	0408						
Samtals		90,08	17.896.159	14.383.659	3.512.500	**491.750**	**4.004.250**
Smjör:	0405						
Samtals		0,045	33.264	0	33.264	**4.657**	**37.921**
Ostur:	0406						
Samtals		131,272	86.600.433	47.208.511	39.391.925	**5.514.874**	**44.906.799**
Annað kjöt:	0208						
	0210						
Samtals		6,11	7.173.727	3.683.292	3.490.436	**488.661**	**3.979.097**
Samtals		**291,73**	**167.375.904**	**104.869.815**	**62.506.092**	**8.750.860**	**71.256.952**

Heimild: Hagstofa Íslands/ríkistollstjóri.

Fylgiskjal II.

Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum vegna innflutnings vara úr 6. kafla tollskrár, samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi.

(1. júlí 1995 til 31. desember 1996.)

Vöru-liður	Vörulýsing	Magn í tonnum	Aðflutnings-gjöld brúttó, kr.	Niðurfelld aðflutnings-gjöld, kr.	Greidd aðflutnings-gjöld, kr.	Vsk. í tolli, kr.	Samtals vsk. og aðflutnings-gjöld í tolli, kr.
úr 0601	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríu-plöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:						
	Samtals	186.579	31.378.999	14.136.729	17.242.269	4.224.355	**21.466.624**
0602	Aðrar lifandi plöntur (þar með taldar rætur), græð-lingar og gróðurkvistir; sveppagró:						
	Samtals	238.550	143.410.170	124.549.228	18.860.943	4.620.929	**23.481.872**
0603	Afskorin blóm og blóm-knappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lif-andi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:						
	Samtals	39.453	51.867.122	33.519.400	18.347.722	4.495.191	**22.842.913**
0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:						
	Samtals	572.566	55.452.696	531.594	54.921.102	13.455.666	**68.376.768**
	Alls	**1.037.148**	**282.108.987**	**172.736.950**	**109.372.036**	**26.796.141**	**136.168.177**

Heimild: Hagstofa Íslands/ríkistollstjóri.

Fylgiskjal III.

Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum vegna innflutnings vara úr 7. kafla tollskrár, samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi.

(1. júlí 1995 til 31. desember 1996.)

Vöru-liður	Vörulýsing	Magn í tonnum	Aðflutnings-gjöld brúttó, kr.	Niðurfelld aðflutnings-gjöld, kr.	Greidd aðflutnings-gjöld, kr.	Vsk. í tolli, kr.	Samtals vsk. og aðflutnings-gjöld í tolli, kr.
0701	Kartöflur, nýjar eða kældar:						
	Samtals	1.723.650	124.635.860	66.197.334	58.438.526	8.181.400	**66.619.926**
0702	Tómatar, nýir eða kældir:						
	Samtals	468.001	22.726.646	80.609	22.646.037	3.170.448	**25.816.485**
úr 0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:						
	Samtals	1.726.439	20.826.397	223.067	20.603.331	2.884.468	**23.487.799**
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:						
	Samtals	1.377.144	58.849.917	8.944.279	49.905.638	6.986.795	**56.892.433**
0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:						
	Samtals	732.499	31.552.958	417.547	31.135.410	4.358.961	**35.494.371**
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:						
	Samtals	481.165	20.177.433	4.860.804	15.316.629	2.144.330	**17.460.959**
0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:						
	Samtals	267.193	6.803.620	28.677	6.774.942	948.493	**7.723.435**
úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:						
	Samtals	656.928	86.514.527	21.897.401	64.617.126	9.046.405	**73.663.531**
	Samtals	**7.433.019**	**372.087.358**	**102.649.718**	**269.437.639**	**37.721.300**	**307.158.939**

Heimild: Hagstofa Íslands/ríkistollstjóri.

Fylgiskjal IV.

Kostnaðarverð innflutnings samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangi.
(1. júlí 1995 til 31. desember 1996.)

Vörulýsing	Vöru-liður	1.7.1995–31.12.1995 Innflutningur í tonnum	í kr.	1.1.1996–30.06.1996 Innflutningur í tonnum	í kr.	1.7.1996–31.12.1996 Innflutningur í tonnum	í kr.	1.7.1995–31.12.1996 Samtals innflutningur í tonnum	í kr.
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni:	0201								
	0202								
	0206								
	0210								
Samtals		0	0	0	0	0,102	62.781	**0,102**	**62.781**
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203								
	0206								
	0209								
	0210								
Samtals		0,031	24.302	0	0	1,049	597.795	**1,08**	**622.097**
Unnar kjötvörur:	1502								
	1602								
Samtals		16,63	7.988.669	10,774	5.316.232	34,125	17.856.528	**61,529**	**31.161.429**
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207								
	0210								
Samtals		0,456	92.230	0	0	1,056	805.809	**1,512**	**898.039**
Egg:	0407								
	0408								
Samtals		26,913	6.973.017	27,212	8.065.116	35,955	11.212.645	**90,08**	**26.250.778**
Smjör:	0405								
Samtals		0,045	12.366	0	0	0	0	**0,045**	**12.366**
Ostur:	0406								
Samtals		33,441	18.408.970	42,09	22.746.414	55,741	26.877.395	**131,272**	**68.032.779**
Annað kjöt:	0208								
	0210								
Samtals		0,291	89.560	2,065	1.618.682	3,754	4.140.725	**6,11**	**5.848.967**
Samtals		**77,807**	**33.589.114**	**82,141**	**37.746.444**	**131,782**	**61.553.678**	**291,73**	**132.889.236**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Fylgiskjal V.

Kostnaðarverð innflutnings samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi, vörur úr 6. og 7. kafla tollskrár.

(1. júlí 1995 til 31. desember 1996.)

	Vöru-liður	Vörulýsing		1.7.1995–31.12.1995 Innflutningur í tonnum	1.7.1995–31.12.1995 Innflutningur í kr.	1.1.1996–30.06.1996 Innflutningur í tonnum	1.1.1996–30.06.1996 Innflutningur í kr.	1.7.1996–31.12.1996 Innflutningur í tonnum	1.7.1996–31.12.1996 Innflutningur í kr.	1.7.1995–31.12.1996 Samtals innflutningur í tonnum	1.7.1995–31.12.1996 Samtals innflutningur í kr.
úr	**0601**	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forða-stönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:									
			Samtals	74.901	25.853.886	49.316	15.920.142	62.362	19.795.566	**186.579**	**61.569.594**
	0602	Aðrar lifandi plöntur (þar með taldar rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:									
			Samtals	114.502	17.244.883	59.095	20.249.026	64.953	22.060.359	**238.550**	**59.554.268**
	0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:									
			Samtals	9.845	8.625.543	19.669	19.298.755	9.939	9.456.697	**39.453**	**37.380.995**
	0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:									
			Samtals	274.088	51.249.092	17.291	12.817.411	281.187	45.933.530	**572.566**	**110.000.033**
			Samtals	**473.336**	**102.973.404**	**145.371**	**68.285.334**	**418.441**	**97.246.152**	**1.037.148**	**268.504.890**

	Vöru-liður	Vörulýsing		1.7.1995–31.12.1995 Innflutningur í tonnum	1.7.1995–31.12.1995 Innflutningur í kr.	1.1.1996–30.06.1996 Innflutningur í tonnum	1.1.1996–30.06.1996 Innflutningur í kr.	1.7.1996–31.12.1996 Innflutningur í tonnum	1.7.1996–31.12.1996 Innflutningur í kr.	1.7.1995–31.12.1996 Samtals innflutningur í tonnum	1.7.1995–31.12.1996 Samtals innflutningur í kr.
	0701	Kartöflur, nýjar eða kældar:									
			Samtals	496.559	14.427.123	745.933	23.197.830	481.158	13.533.787	**1.723.650**	**51.158.740**
	0702	Tómatar, nýir eða kældir:									
			Samtals	88.767	7.904.089	305.858	37.353.732	73.376	8.554.508	**468.001**	**53.812.329**
úr	**0703**	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:									
			Samtals	618.229	24.906.701	543.521	23.142.511	564.689	19.100.911	**1.726.439**	**67.150.123**
	0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:									
			Samtals	425.524	22.977.180	623.025	52.775.080	328.595	20.821.765	**1.377.144**	**96.574.025**
	0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:									
			Samtals	233.863	21.976.188	225.142	31.579.930	273.494	26.832.144	**732.499**	**80.388.262**
	0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:									
			Samtals	127.505	5.257.820	242.170	12.008.597	111.490	7.526.224	**481.165**	**24.792.641**
	0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:									
			Samtals	73.188	5.502.804	139.273	18.611.714	54.732	6.205.306	**267.193**	**30.319.824**
úr	**0709**	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:									
			Samtals	160.645	24.975.881	337.200	62.945.944	159.083	27.767.599	**656.928**	**115.689.424**
			Samtals	**2.224.280**	**127.927.786**	**3.162.122**	**261.615.338**	**2.046.617**	**130.342.244**	**7.433.019**	**519.885.368**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Fylgiskjal VI.

Kostnaður af starfsemi ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara.
(1995–96.)

	1995 7 mán.	1996 12 mán.	Samtals kr.
Launagjöld	1.866.227	2.845.438	**4.711.665**
Ferðakostnaður	123.491	75.914	**199.405**
Auglýsingar	265.737	1.214.347	**1.480.084**
Annar kostnaður	74.917	93.510	**168.427**
Samtals kr.	**2.330.372**	**4.229.209**	**6.559.581**

Fylgiskjal VII.

Yfirlit yfir settar reglugerðir um úthlutun á tollkvótum.
(Gildar reglugerðir eru feitletraðar.)

1. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum nr. 367/1995.
2. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum nr. 408/1995.
3. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á jólatrjám o.fl. nr. 446/1995.
4. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 367/1995 um úthlutun á tollkvótum nr. 455/1995.
5. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum nr. 458/1995.
6. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 408/1995 um úthlutun á tollkvótum nr. 478/1995.
7. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 458/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum nr. 503/1995.
8. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og grænmeti nr. 539/1995.
9. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum nr. 544/1995.
10. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti nr. 559/1995.
11. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum nr. 571/1995.
12. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 559/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti nr. 605/1995.
13. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 408/1995 um úthlutun á tollkvótum nr. 623/1995.
14. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum nr. 679/1995.
15. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum nr. 25/1996.
16. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 559/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti nr. 35/1996.

17. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 559/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti nr. 93/1996.
18. Reglugerð nr. 148/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.
19. Reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
20. Reglugerð nr. 151/1996 um breytingu á reglugerð nr. 679/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.
21. Reglugerð nr. 194/1996 um breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
22. Reglugerð nr. 241/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.
23. Reglugerð nr. 258/1996 um breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
24. Reglugerð nr. 271/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína- og fuglakjöti.
25. Reglugerð nr. 272/1996 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
26. Reglugerð nr. 311/1996 um (4.) breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
27. Reglugerð nr. 322/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.
28. Reglugerð nr. 323/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.
29. Reglugerð nr. 327/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.
30. Reglugerð nr. 328/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
31. Reglugerð nr. 490/1996 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 328/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
32. Reglugerð nr. 508/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.
33. Reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
34. Reglugerð nr. 527/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.
35. Reglugerð nr. 563/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á jólatrjám.
36. Reglugerð nr. 580/1996 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
37. Reglugerð nr. 629/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.
38. Reglugerð nr. 630/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.
39. **Reglugerð nr. 631/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.**
40. Reglugerð nr. 644/1996 um breytingu á reglugerð nr. 508/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.
41. Reglugerð nr. 14/1997 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
42. Reglugerð nr. 157/1997 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
43. Reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

44. Reglugerð nr. 208/1997 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
45. Reglugerð nr. 227/1997 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
46. Reglugerð nr. 254/1997 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
47. **Reglugerð nr. 272/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.**
48. Reglugerð nr. 300/1997 um (4.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
49. **Reglugerð nr. 345/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.**
50. **Reglugerð nr. 346/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.**
51. **Reglugerð nr. 363/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.**
52. Reglugerð nr. 394/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
53. Reglugerð nr. 440/1997 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 394/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
54. Reglugerð nr. 541/1997 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 394/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.
55. **Reglugerð nr. 553/1997 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 272/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.**
56. **Reglugerð nr. 560/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

219. Svar [114. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 03-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi verkefni hafa fengið framlag af ráðstöfunarfé ráðherra:

Verkefni	Kr.
Útgáfa forvarnablaðs um áfengis- og vímuefnamál	60.000
Styrkur til Íslendingafélagsins í Chicago	45.000
Kynnisferð lögregluskólanema af Keflavíkurflugvelli til lögreglunnar í Kaupmannahöfn	10.000
Kynnisferð lögregluskólanema af Keflavíkurflugvelli til lögreglunnar í Kaupmannahöfn	10.000
Kynnisferð lögregluskólanema af Keflavíkurflugvelli til lögreglunnar í Kaupmannahöfn	10.000
Kynnisferð lögregluskólanema af Keflavíkurflugvelli til lögreglunnar í Kaupmannahöfn	10.000
Kynnisferð lögregluskólanema af Keflavíkurflugvelli til lögreglunnar í Kaupmannahöfn	10.000
Leiðangur Íslendinga á Mont Everest	100.000
Kynnisferð til Unesco	77.700
Norræna málflutningskeppnin	75.000

Verkefni	Kr.
Fyrirlestrarferð á slóðir Vestur-Íslendinga í Kanada	30.000
Kynning á skáldverkum í Bandaríkjunum og Bretlandi	40.000
Þátttaka í ráðstefnu um réttindi maka stjórnarerindreka	100.525
Þátttaka í ráðstefnu um réttindi maka stjórnarerindreka	100.525
Þátttaka í ráðstefnu alþjóðasamtaka sagnfræðinema í Póllandi	30.000
Ólympíuleikar smáþjóða	50.000
Þátttaka í baráttu til að fá samviskufangann Mansur Rajih leystan úr haldi í Jemen	95.000
Tónleikaferð Íslensku óperunnar til Ítalíu	100.000
Þýðing og kynning á íslensku skáldverki erlendis	30.000
Þátttaka í alþjóðamóti í bridds	100.000
Aðalfundur „International Sport and Culture Association“	100.000
Menningardagar í Kína	100.000
Styrkur til verkefnis í London vegna samstarfssamnings utanríkisráðuneytis og Tækniskóla Íslands	50.000
Styrkur til verkefnis í Kaupmannahöfn vegna samstarfssamnings utanríkisráðuneytis og Tækniskóla Íslands	50.000
Heimildarmyndin „Wild Life in Iceland“	150.000
Fræðslu- og námsferð kennara nýbúa til Tælands	50.000
Höggmyndasýningin „Kristnitaka í Skálholti“	50.000
Undirbúningar þáttagerðar um landnám Íslendinga í Vesturheimi	75.000
Þáttagerð um Bosníu	250.000
Sjónvarpsþáttur um Norðmenn á Íslandi á árum síðari heimstyrjaldar	60.000
Styrkur til þátttöku stúdenta HÍ á NOM-fundi í Stokkhólmi	50.000
Styrkur til Landssamtakanna heimili og skóli vegna ráðstefnu norrænna foreldrahreyfinga	100.000
Þáttagerð um Bosníu, síðari hluti	250.000
Félagsstarf Íslendinga á Norður-Jótlandi	30.000
Til málverkasýningar í Argentínu	70.000
Til kynningar erlendis á bókinni „Ísfyglu“	30.000
Samtals	**2.548.750**

220. Svar [115. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 03-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Ekki hefur verið ráðstafað 5 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 03-950 í fjárlögum 1997.

221. Fyrirspurn [208. mál]

til dómsmálaráðherra um veitingahús með vínveitingaleyfi.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvaða veitingahús hér á landi hafa vínveitingaleyfi? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.

Skriflegt svar óskast.

222. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 11. gr. a og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 6. mgr. 11 gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarks-aflahlutdeild
Þorskur	10%
Ýsa	10%
Ufsi	20%
Karfi	20%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að ofan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sem ákveðið er af sjávarútvegsráðuneytinu skv. 1. mgr. 10. gr. laga þessara, og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, samkvæmt lögum þessum og 5. gr. l. nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sem ákveðið er af sjávarútvegsráðuneytinu skv. 1. mgr. 10. gr. laga þessara, sbr. 1. mgr. 5. gr. l. nr. 151/1996 og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1., 2. og 5. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra lögaðila, eða tengdra aðila, nema allt að 10% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda skv. 2. mgr., eigi enginn aðili, einstaklingur eða lögaðili eða tengdir aðilar, meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Engar hömlur mega vera á viðskiptum með eignarhluta í viðkomandi lögaðilum. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessari mgr. telst einnig eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg. Ef um tengda aðila er að ræða þurfa báðir eða allir að fullnægja skilyrðum þessarar mgr. Það á þó ekki við um eignarhlut móðurfyrirtækis í dótturfyrirtæki. Samvinnufélög teljast fullnægja skilyrðum þessarar mgr. ef félagsaðilar þess eru 100 eða fleiri.

Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1. 2. eða 5. mgr. þessarar greinar, að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða samkvæmt 1. og 2. tölul. 4. mgr. hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu í té upplýsingar, með reglubundnum hætti, um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með afla-

hlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframaflahlutdeild hans er. Aðila skal veittur þriggja mánaða frestur, frá því honum barst tilkynningin með sannanlegum hætti, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframaflahlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi aðila hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins, skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra aðila. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna, af þeim tegundum sem um ræðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Ákvæði til bráðabirgða.

Sé aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 1. gr. skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi 6. mgr. 1. gr. Fiskistofa skal í samræmi við 7. mgr. 1. gr. tilkynna aðila hver umframaflahlutdeild hans er og gildir 7. mgr. 1. gr. um frest aðila til að ráðstafa umframaflahlutdeildinni og áhrif þess að umframaflahlutdeildinni er ekki ráðstafað innan tilskilins frests.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta fjallar um reglur til að koma í veg fyrir að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila geti farið umfram tiltekið hámark.

Samkvæmt gildandi lögum um stjórn fiskveiða, l. nr. 38/1990, sbr. l. nr. 151/1996, er meginreglan sú að aflahlutdeild í þeim tegundum sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla er úthlutað til fiskiskipa á grundvelli veiðireynslu. Um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa gilda ákvæði 11. gr. laga nr. 38/1990. Flutningur aflahlutdeildar milli fiskiskipa er frjáls, þó með þeirri takmörkun sem kveðið er á um í 6. mgr. greinarinnar. Á sama hátt eru kaup og sala á fiskiskipum með aflahlutdeild frjáls, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. en þar er kveðið á um forkaupsrétt sveitarfélaga ef selja á fiskiskip til útgerðar sem hefur heimilisfesti í öðru sveitarfélagi en seljandi. Slíkur forkaupsréttur nær þó ekki til aflahlutdeildarinnar sérstaklega. Samkvæmt gildandi lögum eru því engar skorður settar við því hversu há aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða aðila þeim tengdum getur verið.

Í tengslum við þá miklu hagræðingu sem átt hefur sér stað í íslenskum sjávarútvegi á síðustu árum, m.a. við samruna fyrirtækja, hefur komið upp umræða um það hvort rétt sé að setja löggjöf til að tryggja dreifða eignaraðild að sjávarútvegsfyrirtækjum og koma þannig í veg fyrir að aflaheimildir safnist á fáar hendur. Að auki hafa verið settar fram skoðanir um að setja beri tiltekið hámark á aflahlutdeild einstakra aðila og aðila þeim tengdum til að tryggt verði að ekkert fyrirtæki ráði yfir meira en sem nemur tilteknum hundraðshluta heildaraflaheimilda.

Í janúar á þessu ári skipaði sjávarútvegsráðherra starfshóp til að fjalla um þetta álitaefni. Starfshópnum var annars vegar falið að fjalla um hvort ástæða væri til að setja hámark á hve mikla aflahlutdeild skip í eigu tiltekinna aðila geti haft til ráðstöfunar og hins vegar hvort gera ætti kröfu til að eignaraðild að félögum sem hafa forræði yfir aflahlutdeild umfram tiltekin mörk skuli dreifð. Var Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður skipaður formaður starfshópsins en auk hans voru skipaðir í starfshópinn alþingismennirnir Einar K. Guðfinnsson og Magnús Stefánsson, Andri Teitsson verkfræðingur, Árni Tómasson löggiltur endurskoðandi og Hermann Hansson stjórnarformaður Íslenskra sjávarafurða. Kristján Skarphéðinsson skrifstofustjóri hefur verið ritari hópsins og þá hefur Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur starfað með hópnum við gerð lagafrumvarpsins.

Í starfi sínu aflaði hópurinn upplýsinga hjá Fiskistofu um heildaraflahlutdeild fiskiskipa í eigu sömu aðila. Eru þessar upplýsingar birtar í fylgiskjali I með frumvarpi þessu. Auk þess ritaði starfshópurinn bréf, sjá fylgiskjal II, til 50 stærstu útgerðarfyrirtækja landsins þar sem óskað var eftir upplýsingum um ýmis atriði er lúta að fjölda hluthafa, hlutafjáreign stærstu eigenda og um eignarhald í öðrum útgerðarfyrirtækjum. Alls bárust svör frá rúmlega 30 fyrirtækjum. Starfshópurinn ritaði Samkeppnisstofnun bréf, sjá fylgiskjal III, og leitaði álits stofnunarinnar m.a. á því hvort ákvæði samkeppnislaga taki til þess er samþjöppun eignarhalds að aflahlutdeild á sér stað. Svar Samkeppnisstofnunar er að finna í fylgiskjali IV. Þá ræddi starfhópurinn við Alastair MacFarlane frá Nýja-Sjálandi um reglur sem gilda þar í landi um hámarksaflahlutdeild einstakra aðila.

Starfshópurinn lauk störfum hinn 30. september sl. og sendi sjávarútvegsráðherra skilabréf sitt ásamt skýrslu og drögum að frumvarpi til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða.

Frumvarp þetta ásamt athugasemdum við einstakar greinar og þeim almennu athugasemdum sem hér fara á eftir er samhljóða þeim drögum sem fylgdu skilabréfi starfshópsins. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að skotið verði inn nýrri grein í lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er verði 11. gr. a.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að sett verði hámark á leyfilega aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila og tengdra aðila. Er gerð tillaga um að tiltekið hámark verði sett á átta fisktegundir sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Lagt er til að hámarkið verði 10% fyrir þorsk og ýsu en 20% fyrir ufsa, karfa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsrækju.

Tillagan um að setja framangreint hámark á einstakar tegundir miðar að því að koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki verði of ráðandi í veiðum á einstökum tegundum, án þess þó að skerða um of möguleika útgerðarfyrirtækja til hagræðingar og sérhæfingar varðandi veiðar á einstökum tegundum. Miðað við gildandi reglur er ekkert sem kemur í veg fyrir að eitt fyrirtæki ráði yfir öllum aflaheimildum af loðnu, svo dæmi sé tekið, en tillögur starfshópsins hafa það hins vegar í för með sér að slík fyrirtæki geta aldrei orðið færri en fimm. Þó þykir eðlilegt að miða við nokkuð lægri mörk fyrir þorsk og ýsu, eða 10%, enda eru þessar tegundir veiddar af flestum þeim skipum og bátum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni.

Ekki er gerð tillaga um að sérstakt hámark verði sett á innfjarðarækju, hörpuskel, humar, sandkola, skarkola, skrápflúru, steinbít og langlúru. Starfshópurinn ákvað að miða tillögugerð sína við að hið sérstaka tegundarhámark næði einungis til þeirra tegunda þar sem verðmæti heildaraflamarks nemur meira en 2% af heildarverðmæti allra þeirra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Upplýsingar um heildarverðmæti einstakra tegunda koma fram í fylgiskjali V. Við mat á þessu hafði starfshópurinn jafnframt hliðsjón af því að flestar þær tegundir sem eru innan við 2% markið veiðast á takmörkuðum svæðum og eru veiðar þá oft bundnar við báta á viðkomandi svæði. Takmarkaður fjöldi útgerða stundar því þessar veiðar sem veldur því að aflahlutdeild einstakra fyrirtækja getur verið allhá í sumum

tilvikum án þess þó að verðmæti aflahlutdeildarinnar vegi þungt í heildina. Þá er ekki gerð tillaga um að sett verði sérstakt hámark á aflahlutdeild í úthafskarfa, enda takmarkast veiðar við tiltölulega fá fyrirtæki þar sem einungis stærstu skip flotans geta stundað veiðarnar. Þá má benda á að hér er um að ræða stofn sem fellur undir Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina (NEAFC) og því ræðst nýting og skipting stofnsins af samningum ríkja á vettvangi NEAFC. Eins og vikið verður að hér að neðan er hins vegar gert ráð fyrir að tekið verði tillit til aflahlutdeildar í úthafskarfa við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar.

Starfshópurinn leggur til að ef verðmæti aflamarks annarra tegunda en þeirra átta sem að framan greinir, fer umfram 2% af heildarverðmæti aflamarks skuli ráðherra ákvarða 20% hámark á aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Á sama hátt falli hámarkið niður ef verðmæti þeirra tegunda sem um ræðir fer niður fyrir mörkin. Við upphaf hvers fiskveiðiárs þarf því ráðherra að endurskoða fyrir hvaða tegundir sérstakt hámark eigi að gilda. Þessi endurskoðun á þó ekki við um tegundirnar átta, enda er gert ráð fyrir að hámark vegna þeirra verði óbreytt, án tillits til breytinga sem kunna að verða á aflamarki og verðmætastuðlum.

Til viðbótar við sérstakt hámark á einstakar tegundir, sem fjallað var um hér að framan, er lagt til að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila og tengdra aðila, reiknuð til verðmæta miðað við þorskígildi, geti ekki numið meira en 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar. Við þá útreikninga er miðað við verðmæti allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla en ekki einungis þeirra átta sem mundu sæta sérstöku tegundarhámarki. Þó er gert ráð fyrir að hámarkið verði nokkru hærra, eða 10%, fyrir félög sem uppfylla tiltekin skilyrði um dreifða eignaraðild. Er þá miðað við að enginn einn aðili eigi meira en 20% í viðkomandi félagi og að engar hömlur séu á viðskiptum með eignarhluti.

Heildarverðmæti aflaheimilda fiskiskipa í eigu einstakra aðila og tengdra aðila er fundið út með því að reikna aflamark einstakra tegunda til þorskígilda miðað við þá verðmætastuðla sem sjávarútvegsráðherra ákvarðar fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs. Við þá útreikninga er eins og áður segir miðað við allar þær tegundir sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Kannaðir voru kostir þess að nota aðra verðmætastuðla í þessu skyni. Var m.a. kannað hvort hægt væri að styðjast við upplýsingar um verð sem myndast í viðskiptum aðila með aflamark og aflahlutdeild. Að athuguðu máli var ekki talið fært að byggja á slíkum upplýsingum enda er markaðsverð aflamarks og aflahlutdeildar hvergi skráð með reglubundnum hætti. Auk þess benti lausleg athugun til þess að verðmæti aflaheimilda miðað við markaðsverð annars vegar og verðmætastuðla hins vegar leiddi ekki til mikilla breytinga á dreifingu aflahlutdeildar milli fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Með hliðsjón af framansögðu og til að tryggja örugga framkvæmd var því ákveðið að gera tillögu um að byggt yrði á þeim verðmætastuðlum sem birtir eru í reglugerð við upphaf hvers fiskveiðiárs.

Á undanförnum árum hafa stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja leitað leiða til að skapa skilyrði fyrir bættu rekstraröryggi og svara kröfu þjóðfélagsins um aukna hagkvæmni í sjávarútvegi. Útgerðarfyrirtæki, sem mjög hafa byggt á þorskveiðiheimildum, hafa brugðist við aflasamdrætti með því að sameinast fyrirtækjum sem byggja t.d. á veiðum og vinnslu uppsjávarfiska eins og loðnu og síldar. Tilgangur slíkrar sameiningar er þá að dreifa áhættu í rekstri og renna fleiri stoðum undir starfsemina. Þá hafa stjórnendur fyrirtækja séð sér hag í því að sameina fyrirtæki til að standa betur að vígi í alþjóðlegri samkeppni og til að treysta grundvöll undir áhættusama fjárfestingu í sjávarútvegi erlendis.

Skiptar skoðanir eru uppi í þjóðfélaginu um það hvort of mikil samþjöppun aflaheimilda eigi sér stað. Sumir eru þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að setja hámark á hve mikla aflahlutdeild skip í eigu einstakra aðila geti haft. Slíkt hámark geti vikið til hliðar því meginmarkmiði stjórnenda fyrirtækjanna að reka fyrirtækin á sem hagkvæmastan hátt og tak-

markað möguleika þeirra til að dreifa áhættu í rekstri með því t.d. að ráða yfir aflahlutdeild í sem flestum tegundum. Stór og traust fyrirtæki hafi að öllu jöfnu betri aðgang að áhættufjármagni til að þróa nýja tækni og aðferðir og ættu því frekar að vera í stakk búin til að tryggja atvinnuöryggi og að skapa störf fyrir sérmenntað og sérhæft starfsfólk. Þá eru rekstrarskilyrði stærri sjávarútvegsfyrirtækja jafnari en ella og grundvöllur til að takast á við verkefni á alþjóðavettvangi traustari.

Aðrir benda á þá ókosti sem geti fylgt samþjöppun aflahlutdeildar, sérstaklega þegar haft er í huga hversu mikilvæg útgerð fiskiskipa er fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Of sterk yfirráð fárra aðila yfir fiskveiðiauðlindinni þýði að viðkomandi fái mikil völd í þjóðfélaginu og staða þeirra sem ráða útgerðarfyrirtækjunum geti orðið of sterk gagnvart stjórnvöldum, lánastofnunum og starfsfólki. Þeir sem væru fyrir í greininni gætu í raun ráðið hverjir kæmu nýir inn og gætu þannig komið í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það stafi m.a. af þeirri sérstöðu í þessari atvinnugrein að nauðsynlegt sé að takmarka aðgang að auðlindinni og því sé t.d. ekki hægt að veita nýjum skipum rétt til veiða, án þess að annað sambærilegt skip hverfi úr rekstri í þess stað. Eina leiðin fyrir nýja aðila til að komast inn í atvinnugreinina sé því að kaupa út þá sem fyrir eru. Fyrir utan það ójafnvægi sem mikil samþjöppun í útgerð geti falið í sér þá geti samþjöppun beinlínis reynst hættuleg fyrir þjóðina, sérstaklega ef viðkomandi standi sig ekki í því að skapa sem mest verðmæti úr auðlindinni. Þá er bent á að mikil samþjöppun aflaheimilda leiði til tilfærslu aflaheimilda milli byggða og geti af þeim sökum leitt til röskunar. Jafnframt verði tilflutningur milli útgerðarflokka sem oft leiði til þess að minni útgerðir fari halloka. Það geti haft þau áhrif að fjölbreytni í útgerð minnki og svigrúm verði minna til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Spyrja má hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu vegna samþjöppunar í sjávarútvegi þegar til þess er litið að í gildi eru samkeppnislög. Í bréfi Samkeppnisstofnunar til starfshópsins kemur fram það mat stofnunarinnar að samkeppnislög taki að fullu til atvinnureksturs sjávarútvegsfyrirtækja, þ.m.t. viðskipti með aflahlutdeild, nema sérlög geymi ósamrýmanleg ákvæði. Í þessu sambandi er þó á tvennt að líta. Engan veginn er útilokað að ákvæði sérlaga um stjórn fiskveiða sem kveða á um að flutningur aflahlutdeildar á milli fiskiskipa skuli, með þeirri undantekningu er greinir í 6. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990, vera frjáls, yrðu talin ganga framar almennum ákvæðum samkeppnislaga. Hitt skiptir þó meiru að jafnvel þótt gengið sé út frá því að samkeppnislög taki að fullu til atvinnureksturs sjávarútvegsfyrirtækja er það, eins og á er bent í bréfi Samkeppnisstofnunar, úrslitaatriði varðandi það hvort samruni fyrirtækja teljist samkvæmt samkeppnislögum vera lögmætur eða ekki, hvort hann leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða hún eflist. Mat á því hvenær fyrirtæki hefur náð markaðsráðandi stöðu er margþætt og margslungið. Niðurstaða starfshópsins er sú að líklegt sé að ákvæði samkeppnislaga yrðu ekki talin eiga við fyrr en samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra sjávarútvegsfyrirtækja hefði náð mun hærra hlutfalli en miðað er við í tillögum starfshópsins, sem byggja á sérstöðu sjávarútvegs hér á landi og gildandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Þá er og með öllu óvíst að samkeppnislög yrðu yfir höfuð talin ná til aflahlutdeildar einstakra tegunda. Það er því niðurstaða starfshópsins að eðlilegast sé að taka afstöðu til samþjöppunar aflaheimilda í lögum um stjórn fiskveiða, þótt ákvæði samkeppnislaga eftir sem áður taki til atvinnurekstrar sjávarútvegsfyrirtækja, eftir því sem við á.

Ljóst er að það er flókið verkefni að finna jafnvægi milli þess að leyfa hagkvæmni stærðarinnar að njóta sín og að setja á sama tíma reglur til að reyna að koma í veg fyrir ýmsa ókosti sem geta fylgt of mikilli samþjöppun í útgerð. Það er mat starfshópsins að slíkar reglur geti aldrei leyst öll þau atriði sem sæta gagnrýni þegar um þetta mál er fjallað. Starfshópurinn telur hins vegar að það sé skynsamlegt að gera breytingar á gildandi lögum um stjórn

fiskveiða með það að markmiði að einstök fyrirtæki geti ekki orðið það stór að það beinlínis hamli eðlilegri samkeppni í útgerð. Með því er fyrst og fremst átt við að setja reglur til að tryggja að þeir sem fyrir eru í útgerð verði ekki svo öflugir að þeir geti með samtakamætti sínum komið í veg fyrir að nýir aðilar komi inn í útgerðina. Tillögur starfshópsins eins og þær birtast í meðfylgjandi frumvarpi ber því að skoða með þetta meginmarkmið í huga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar er lagt til að sett verði hámark á aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Er annars vegar lagt til í 1. mgr. að sett verði hámark á aflahlutdeild átta tegunda sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla og hins vegar lagt til í 2. mgr. að sett verði hámark á samanlagða aflahlutdeild miðað við verðmæti. Fyrir einstakar tegundir þá er lagt til að hámarkið fyrir þorsk og ýsu verði 10% en 20% fyrir ufsa, karfa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsrækju. Gerð er tillaga um að fari heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, umfram 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, skuli sett 20% hámark á aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Heildarverðmæti aflamarks tegunda skal reiknað við fiskveiðiáramót og skulu þær tegundir sem á því tímamarki ná framangreindu verðmæti tilgreind í reglugerð. Ráðherra verður því að endurskoða það við hver fiskveiðiáramót á hvaða tegundir skal sett hámark á aflahlutdeild. Einstakar tegundir, svo sem íslensk sumargotssíld og úhafskarfi, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum nr. 151/1996, falla ekki undir 1. mgr. Við útreikning á samanlagðri aflahlutdeild samkvæmt 2. mgr. er miðað við verðmæti allra þeirra tegunda sem sæta ákvörðun um aflamark á grundvelli laga nr. 38/1990, auk úthafskarfa sbr. 5. gr. laga. nr. 151/1996. Því má segja að frumvarpið taki til allra þeirra tegunda þar sem aflaheimildum er skipt upp á milli skipa ef undan eru skildar aflaheimildir af rækju á Flæmingjagrunni. Með samanlagðri aflahlutdeild allra tegunda er átt við að aflamark fiskiskipa í eigu aðila af öllum þeim tegundum sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla verði reiknað til þorskígilda miðað við verðmæti einstakra tegunda á hverjum tíma samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Það verðmæti er síðan lagt saman fyrir hverja tegund fyrir sig og fást þá heildarþorskígildi hvers aðila. Er lagt til að heildarþorskígildi hvers aðila geti ekki farið umfram 8% af heildarþorskígildum eins og þau eru á hverjum tíma. Í fylgiskjali I koma fram upplýsingar um aflahlutdeild einstakra fyrirtækja þann 1. september 1997 af þeim tegundum sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, auk samanlagðrar aflahlutdeildar miðað við þorskígildi skv. 2. mgr. Eins og fram kemur í þessari töflu var aflahlutdeild einstakra aðila þann 1. september 1997 í öllum tilvikum vel innan þeirra marka sem um ræðir. Hins vegar verður að hafa í huga að þessar upplýsingar taka ekki tillit til tengdra aðila, eins og hugtakið er skilgreint í 4. mgr.

Taki aðili fiskiskip með aflahlutdeild á leigu eða kaupleigu skal skipið metið sem eign aðila í skilningi 1. og 2. mgr. Er þannig tryggt að skilyrði greinarinnar nái til aflahlutdeildar fiskiskipa sem aðilar raunverulega ráða yfir á hverjum tíma. Ekki eru nein lágmarkstímamörk eða skilyrði um efni leigu- eða kaupleigusamninga og nær ákvæðið því til allra kaupleigu- eða leigusamninga sem gerðir eru um skip með aflahlutdeild.

4. mgr. er ætlað að skýra hvaða aðilar teljast tengdir í skilningi greinarinnar. Nauðsynlegt er að eign tengdra aðila sé metin sem ein heild svo ekki sé unnt að komast hjá þeim skilyrðum sem settar eru í greininni. Markmiðið með málsgreininni er að fella undir tengda aðila þá aðila sem raunverulega stjórna öðrum aðila og þá aðila sem með þeim hætti er stjórnað.

Ákvæði 1. tölul. 4. mgr. nær til þess þegar aðili, einstaklingur eða lögaðili, á með beinum eða óbeinum hætti meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum aðila. Aðili á meiri hluta í öðrum lögaðila með óbeinum hætti þegar móðurfyrirtæki, í sameiningu með dótturfyrirtæki, eða dótturfyrirtæki eitt sér eða með öðrum dótturfyrirtækjum, á meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í öðrum lögaðila eða meiri hluta atkvæðisréttar. Þetta má skýra með dæmi: Ef móðurfyrirtækið A á t.d. 30% hlutafjár í lögaðilanum X og lögaðilarnir B og C, sem eru dótturfyrirtæki A, eiga 30% í X telst A eiga með óbeinum hætti meiri hluta í X. Sama á við ef A á engan hlut í X en dótturfyrirtækið B á eitt sér eða með C yfir 50% hlutafjár í X. Aðilarnir A, B, C og X teljast þá allir tengdir og A telst móðurfyrirtæki X.

Aðilar geta haft úrslitaáhrif á rekstur og stjórn lögaðila með ýmsum hætti og þannig farið með raunveruleg yfirráð yfir lögaðilanum. Í 1. tölul. eru talin upp tilfelli sem leiða sjálfkrafa til þess að aðili verður talinn hafa yfirráð yfir öðrum aðila. Undir 2. tölul. falla í raun hvers konar yfirráð sem ekki eru talin í 1. tl og gefa einum aðila úrslitaáhrif í rekstri og stjórn annars aðila. Sem dæmi má nefna rétt aðila til að tilnefna meira en helming fulltrúa í stjórn lögaðila eða rétt eins aðila til að stýra rekstri annars aðila. Síðarnefnda dæmið tekur til dæmis til þess þegar ákvarðanir þarf að taka samhljóða og aðili sem á minni hluta atkvæðisréttar getur því í raun haft úrslitaáhrif. Enn fremur má hugsa sér þá aðstöðu að aðili hafi svo sterka samningsstöðu við annan aðila að hann ráði í raun stjórnarákvörðunum, svo sem vegna samnings um notkun eða ráðstöfun eigna viðkomandi, samnings um einkarétt til að nýta allan afla aðilans eða samnings við hluthafa eða stjórnarmenn sem geta haft úrslitaáhrif við ákvarðanatöku aðilans.

Í 3. tölul. 4. mgr. er fjallað um það ef sömu aðilar, einstaklingar, lögaðilar eða tengdir aðilar, skv. 1. og 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í tveimur eða fleiri lögaðilum. Hver aðili verður að eiga a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilunum. Þegar hver aðili á þetta stóran hlut og aðilarnir ná sameiginlega meiri hluta verður að telja að aðilarnir geti stýrt lögaðilunum á samræmdan hátt og því eðlilegt að telja að báðir eða allir lögaðilarnir séu tengdir. Undir þessa grein falla einnig lögaðilar sem aðilarnir eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í til samans með lögaðila sem þeir eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í, en þó ekki minna en 10% hver. Þetta má skýra með dæmi: Aðilarnir A, B, og C eiga saman meiri hluta í lögaðilunum X, Y og Z og er eignarhlutur hvers um sig 20%. A, B og C eiga bara 15% hver í lögaðilanum Þ. Lögaðilinn X á 20% í Þ og eiga því aðilarnir A, B og C og lögaðilinn X til samans meiri hluta í lögaðilanum Þ, eða 65%. Lögaðilarnir X, Y, Z og Þ eru því allir tengdir. Niðurstaðan yrði önnur ef A ætti aðeins 8% í X en B og C ættu 22% hvor. Þá væru það aðeins Y og Z sem teldust tengdir. Til að koma í veg að einstaklingar geti komast hjá ákvæði þessu með því að skrá eignarhlut sinn í lögaðilum á maka eða ættinga er lagt til að eignarhluti og atkvæðisréttur maka eða skyldmenna einstaklinga í beinan legg skuli talinn með eignarhluta og atkvæðisrétti viðkomandi einstaklinga.

5. mgr. felur í sér undantekningu frá 2. mgr. Þykir rétt að heimila hærra hlutfall samanlagðrar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu lögaðila þar sem eignaraðild að lögaðilunum er dreifð. Er lagt til að skilyrði fyrir dreifðri eignaraðild verði að enginn einn aðili, einstaklingur, lögðili eða tengdir aðilar, eigi meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti og að engar hömlur verði á viðskiptum með eignarhluti í lögaðilanum. Af sömu ástæðu og greinir í sambandi við 3. tölul. 4. mgr. er lagt til að eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg í lögaðila teljist með eignarhluta og atkvæðisrétti viðkomandi einstaklings. Tengdir aðilar verða einnig að uppfylla skilyrði 5. mgr. með þeirri undantekningu að móðurfyrirtæki getur átt meira en 20% hluta í dótturfyrirtæki. Undantekning þessi er eðli-

leg með tilliti til þess að ella féllu aðilar sem teljast tengdir samkvæmt 1. tölul. 4. mgr. aldrei undir ákvæðið. Viðskipti með eignarhluti í samvinnufélögum sæta lögbundnum takmörkunum. Í 17. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, segir að hlutdeild félagsaðila í stofnsjóði eða A-deild stofnsjóðs samvinnufélags sé ekki framseljanleg. Til þess að koma í veg fyrir þá niðurstöðu að samvinnufélög geti aldrei uppfyllt skilyrði 5. mgr. er valin sú leið að samvinnufélög teljist uppfylla skilyrði málsgreinarinnar ef félagsaðilar eru 100 eða fleiri.

Í 6. mgr. er lagt til að ákveðin tilkynningarskylda hvíli á aðilum. Megi aðili sjá að gerningur hans eða dótturfyrirtækja hans færi aflahlutdeild fiskiskipa í hans eign umfram tilgreind mörk og hann gefur Fiskistofu ekki upplýsingar um gerninginn áður en til hans er stofnað hefur viðkomandi aðili brotið gegn lögum þessum og getur því sætt viðurlögum samkvæmt IV. kafla laganna. Sem dæmi um tilvik þar sem aðili gat ekki vitað um að aflahlutdeild hans færi umfram tilgreind mörk má nefna þegar verðmætastuðlum einstakra tegunda er breytt eða leyfilegur heildarafli einstakra tegunda er aukinn. Auk þess má nefna sem dæmi að samband tengdra aðila samkvæmt 3. tölul. 4. mgr. getur verið slíkt að aðili getur ekki vitað um tengsl sín við annan aðila eða hvaða afleiðingar gerningur, sem slíkur aðili stendur að, hefur á sameiginlega heildaraflahluteild fiskiskipa þeirra. Tilkynningarskylda hvílir á aðilum jafnt þegar þeir mega sjá fyrir að aflahlutdeild þeirra getur farið umfram sett mörk og þegar þeir mega vita að aflahlutdeild þeirra er þegar komin umfram sett mörk.

Tilkynningarskylda er lögð á alla lögaðila, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, þar sem eignaraðild er svo háttað að einstakur aðili á 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í lögaðilanum. Ber þeim lögaðila að gefa Fiskistofu reglubundnar upplýsingar um eignarhluta slíkra aðila. Í samræmi við 3. tölul. 4. mgr. er gert ráð fyrir að eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg teljist með eignarhluta einstaklinga. Samkvæmt því er nauðsynlegt að leggja skyldu á lögaðila að tilkynna um eignarhlut einstaklings og maka hans og skyldmenna ef samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra í lögaðilanum er 10% eða meira. Enn fremur er í samræmi við 3. tölul. 4. mgr. nauðsynlegt að leggja þá skyldu á lögaðila að gefa upplýsingar um eignarhlut lögaðila í öðrum lögaðilum sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

Samkvæmt 6. mgr. á Fiskistofa að fá upplýsingar um stöðu aðila áður en hann fer umfram tilgreind mörk. Er því gert ráð fyrir í 7. mgr. að Fiskistofa gefi aðila upplýsingar um hvort gerningurinn leiði raunverulega til þess að aðili fari umfram mörkin. Þar sem upplýsingar þær sem Fiskistofa hefur undir höndum kunna að vera óljósar þykir rétt að Fiskistofa sé ekki bundin við tilkynningu sína þess efnis að aðili sé ekki kominn umfram mörkin. Fiskistofa getur á síðara stigi endurmetið stöðu aðila ef ástæða þykir til. Komi það í ljós að aðili er kominn umfram mörkin ber Fiskistofu að tilkynna aðila að svo sé og um hversu háa umframaflahlutdeild er að ræða. Fiskistofa getur komist að þessari niðurstöðu eftir tilkynningu aðilans sjálfs eða með eigin rannsókn. Við gagnaöflun getur Fiskistofa beitt almennri heimild 2. mgr. 15. gr. laganna. Engin skylda hvílir á Fiskistofu að hafa eftirlit með stöðu aðila, þvert á móti hvílir frumkvæðisskylda alfarið á aðilanum sjálfum.

Aðila er gefinn þriggja mánaða frestur til að gera þær ráðstafanir sem honum eru nauðsynlegar til að ná aflahlutdeild fiskiskipa sinna niður fyrir tilgreind mörk og gildir þá einu hvort hann selur eða leigir fiskiskip, selur hlut í fyrirtæki eða gerir aðrar ráðstafanir. Frestur aðila til að gera nauðsynlegar ráðstafanir byrjar að líða þegar hann hefur sannanlega fengið tilkynningu Fiskistofu um að hann sé kominn umfram mörkin. Komi til úthlutunar aflamarks á þriggja mánaða tímabilinu myndar umframaflahlutdeildin grundvöll fyrir úthlutun aflamarks.

Geri aðili ekki viðeigandi ráðstafanir innan tilgreinds frests skerðist aflahlutdeild allra fiskiskipa hans hlutfallslega miðað við tegundir. Sé um tengda aðila að ræða skerðist aflahlutdeild allra fiskiskipa í eigu allra hinna tengdu aðila hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Viðkomandi aðili eða aðilar halda þó aflamarki sínu til næstu úthlutunar eftir lok þriggja mánaða frestsins. Við þá úthlutun kemur umframaflahlutdeildin til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra aðila en þess eða þeirra sem skert var hjá og verður hækkunin í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Í ákvæðinu er kveðið á um hvernig með skuli fara ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, er yfir þeim mörkum sem sett eru í lögum þessum þegar þau taka gildi.

Fylgiskjal I.

55 stærstu sjávarútvegsfyrirtækin 1. september 1991 og 1. september 1997 samkvæmt skrá Fiskistofu.

Forsendur

30. ágúst 1997

Skjölin sýna aflahlutdeild 55 stærstu fyrirtækjanna þ. 1. september 1991 og þ. 20. ágúst 1997, samkvæmt skrá Fiskistofu. Fram kemur aflahlutdeild í þorski, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsrækju. Auk þess kemur fram samanlögð hlutdeild fyrirtækjanna í þorskígildum. Verðmætastuðullinn (þorskígildi) sem þorskígildin eru reiknuð frá tekur til framangreindra tegunda, annarra tegunda undir aflamarki innan efnahagslögsögunnar og til úthafskarfa.

Þorskígildisstuðlar 97/98:

Þorskur	1,00	Langlúra	1,40
Ýsa	1,00	Loðna	0,06
Ufsi	0,60	Síld	0,12
Karfi	0,70	Humar (slitinn)	8,80
Grálúða	2,40	Rækja	1,20
Skarkoli	1,20	Hörpudiskur	0,40
Steinbítur	0,80	Úthafskarfi *)	0,54

*) Þorskígildisstuðull úthafskarfa skv. breyting á rg. nr 27/1997. Breyting dags. 11. apríl 1997.

Ábending

Þegar borin er saman aflahlutdeild einstakra fyrirtækja í þorskígildum 1. september 1991 og aflahlutdeild sömu fyrirtækja 1. september 1997 er rétt að hafa í huga að úthlutað magn einstakra tegunda er með ólíku móti þessi ár. Þorskígildin reiknast líka frá fleiri tegundum seinna árið. Einnig má minna á að taflan sýnir upphafsúthlutun og magn loðnu og innfjarðarrækju á að jafnaði eftir að aukast töluvert þegar líður á fiskveiðiárið. Eftirfarandi tafla sýnir úthlutað magn einstakra tegunda og hlutfall þeirra af þorskígildum hvors árs:

(Magn í tonnum.)

Tegund	Úthlutun '91	Þ.íg. '91	Hlutfall	Úthlutun '97	Þ.íg. '97	Hlutfall
Þorskur	196.405	196.405	41,5%	153.466	153.466	33,0%
Ýsa	38.311	38.311	8,1%	35.952	35.952	7,7%
Ufsi	59.556	35.734	7,6%	23.939	14.363	3,1%
Karfi	90.000	63.000	13,3%	65.000	45.500	9,8%
Steinbítur				9.449	7.559	1,6%
Grálúða	23.000	55.200	11,7%	9.200	22.080	4,8%
Skarkoli	10.163	12.195	2,6%	8.280	9.936	2,1%
Langlúra				1.012	1.417	0,3%
Síld	110.000	13.200	2,8%	99.993	11.999	2,6%
Loðna	187.200	11.232	2,4%	569.476	34.169	7,4%
Humar (Slitinn)	646	5.685	1,2%	370	3.256	0,7%
Úth.rækja	28.000	33.600	7,1%	75.000	90.000	19,4%
Innfj.rækja	5.100	6.120	1,3%	6.150	7.380	1,6%
Skel	5.860	2.344	0,5%	8.000	3.200	0,7%
Úthafskarfi				45.000	24.300	5,2%
Þorskígildi samtals:		**473.026**			**464.577**	

Misjafnt vægi aflahlutdeildar fyrirtækis í einstökum tegundum leiðir til verulegra breytinga á stærð þess milli viðmiðunarára þegar miðað er við þorskígildiskvarða.

Fiskistofa

Aflahlutdeild 1. september 1991

55 stærstu útgerðarfyrirtækin

30. ágúst 1997

Skv. skrá Fiskistofu

Nr.	Fyrirtæki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Síld	Loðna	Úth.ræka	Þorskígildi
	----	--------	---	----	-----	-------	----	-----	----------	----------
1	Útgerðarfélag Akureyringa hf	***3,36%***	***2,88%***	***2,59%***	***7,02%***	***10,35%***	0,00%	0,00%	0,00%	**3,98%**
2	Samherji hf	***3,02%***	***2,11%***	***1,98%***	***5,52%***	***6,22%***	0,00%	0,00%	***5,38%***	**3,44%**
3	Grandi hf	***1,69%***	1,45%	***5,50%***	***11,25%***	***3,21%***	0,00%	0,00%	0,00%	**3,12%**
4	Ögurvík hf	0,80%	0,66%	***1,74%***	***5,32%***	***4,36%***	0,00%	0,00%	0,00%	**1,73%**
5	Síldarvinnslan hf	***1,86%***	***1,86%***	***2,72%***	0,95%	1,60%	0,00%	***4,93%***	***1,28%***	**1,67%**
6	Skagstrendingur hf	***1,81%***	***2,18%***	0,96%	0,96%	***4,22%***	0,00%	0,00%	0,00%	**1,63%**
7	Haraldur Böðvarsson hf	0,86%	0,73%	1,59%	***3,52%***	***2,34%***	***1,11%***	***1,87%***	0,43%	**1,39%**
8	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	***1,33%***	0,83%	0,88%	***2,98%***	***2,37%***	0,00%	0,00%	0,00%	**1,37%**
9	Knörr h/f,útgerðarfélag	1,03%	***2,40%***	***2,68%***	1,60%	0,70%	***2,22%***	0,00%	0,06%	**1,26%**
10	Þormóður rammi hf	***1,28%***	0,86%	1,23%	2,17%	1,98%	0,00%	0,00%	0,45%	**1,25%**
11	Miðnes ehf	0,69%	***1,73%***	1,61%	***3,68%***	1,24%	0,00%	0,00%	0,00%	1,21%
12	Útgerðarfélag Dalvíkinga hf	***1,45%***	0,87%	0,61%	0,99%	***2,74%***	0,00%	0,00%	0,00%	1,19%
13	Þorbjörn hf	***1,16%***	1,01%	1,33%	1,89%	0,76%	***2,22%***	0,00%	***0,85%***	1,14%
14	Bergur-Huginn h.f.	0,83%	***2,43%***	***2,10%***	1,89%	1,13%	0,00%	0,00%	0,22%	1,14%
15	Hrönn hf	***1,37%***	1,08%	0,57%	0,93%	1,98%	***1,11%***	0,00%	0,50%	1,13%
16	Hraðfr.st. í Reykjavík h.f	0,43%	0,44%	***2,66%***	***4,34%***	0,77%	0,00%	0,00%	0,00%	1,08%
17	Sjólastöðin hf	0,58%	0,57%	1,12%	***3,31%***	1,99%	0,00%	0,00%	0,00%	1,05%
18	Sæberg hf	1,05%	0,87%	1,00%	1,92%	1,68%	0,00%	0,00%	0,00%	1,05%
19	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja	0,76%	***2,08%***	1,28%	0,11%	0,00%	***3,33%***	***8,64%***	***1,95%***	1,05%
20	Stálskip ehf	0,97%	0,85%	0,81%	2,20%	1,52%	0,00%	0,00%	0,00%	1,01%
21	Útgerðarfélagið Barðinn hf	1,00%	***2,34%***	1,29%	0,63%	0,02%	***3,33%***	0,00%	***1,10%***	0,98%
22	Meitillinn hf	0,74%	0,52%	1,32%	2,64%	1,31%	0,00%	0,00%	0,00%	0,97%
23	Krossvík hf	0,63%	0,63%	0,97%	***3,02%***	1,45%	0,00%	0,00%	0,00%	0,96%
24	Hraðfr.hús Fáskrúðsfjarðar	1,06%	***1,72%***	1,36%	0,60%	0,61%	0,00%	0,00%	***1,32%***	0,93%
25	Álfttfirðingur ehf	0,89%	0,67%	0,42%	0,40%	***2,55%***	0,00%	0,00%	0,77%	0,89%
26	Miðfell hf	1,09%	0,84%	0,80%	0,47%	1,87%	0,00%	0,00%	0,00%	0,87%
27	Hraðfrystihúsið Norðurtangi	0,89%	0,71%	0,50%	0,59%	***2,01%***	0,00%	0,00%	0,52%	0,83%
28	Fiskiðjan h.f.	0,61%	1,02%	***2,78%***	1,61%	0,21%	0,00%	0,00%	0,00%	0,79%
29	Borgey hf	0,82%	1,04%	1,10%	0,49%	0,09%	***3,33%***	0,00%	0,18%	0,76%

ATH: Feitletrað 10 stærstu
í hverri tegund

Þorskígildi reiknast af öllum
tegundum í aflamarki
fiskveiðiárið 1991/1992 samkvæmt
verðmætastuðlum fiskveiðiársins 1997/1998

Aflahlutdeild 1. september 1991

55 stærstu útgerðarfyrirtækin

Skv. skrá Fiskistofu

Nr.	Fyrirtæki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Síld	Loðna	Úth.rækja	Þorskígildi
	----	--------	---	----	-----	-------	----	-----	----------	----------
30	Fiskanes hf	0,69%	0,67%	1,06%	0,15%	0,04%	***3,33%***	***2,34%***	***1,24%***	0,71%
31	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf	0,54%	0,52%	0,57%	0,55%	0,78%	0,00%	***4,36%***	***1,71%***	0,70%
32	Glettingur h.f.	0,59%	0,33%	***2,40%***	0,08%	0,00%	***2,22%***	0,00%	0,53%	0,69%
33	Gunnvör hf	0,86%	0,41%	0,41%	0,40%	1,36%	0,00%	0,00%	0,00%	0,66%
34	Magnús Gamalíelsson hf	0,77%	0,42%	0,28%	0,45%	1,56%	0,00%	0,00%	0,21%	0,65%
35	Þ.B Baldurs hf c/o Páll A.Pálsson	0,60%	0,56%	0,56%	0,53%	1,99%	0,00%	0,00%	0,00%	0,65%
36	Útgerðarf. Flateyrar h.f.	0,66%	0,46%	0,64%	0,53%	1,69%	0,00%	0,00%	0,00%	0,64%
37	Fáfnir h.f.	0,67%	0,68%	0,48%	0,54%	1,31%	0,00%	0,00%	0,00%	0,61%
38	Útgerðarfélag Bílddælinga hf	0,58%	0,48%	0,60%	0,61%	1,27%	0,00%	0,00%	0,55%	0,59%
39	Gullberg ehf	0,65%	0,58%	0,53%	0,68%	1,03%	0,00%	0,00%	0,00%	0,57%
40	Ingimundur hf	0,39%	0,19%	0,65%	0,04%	0,01%	***2,22%***	***3,60%***	***2,29%***	0,54%
41	Hvalur hf	0,27%	0,48%	0,89%	1,40%	1,10%	0,00%	0,00%	0,00%	0,53%
42	Gjögur ehf,Grenivík	0,46%	0,46%	0,69%	0,17%	0,25%	***1,11%***	***2,07%***	***1,05%***	0,53%
43	Hólmadrangur hf	0,63%	0,29%	0,25%	0,32%	1,54%	0,00%	0,00%	0,00%	0,53%
44	Skinney hf	0,55%	0,56%	0,46%	0,04%	0,00%	***3,33%***	0,00%	0,34%	0,52%
45	Arnarnúpur hf	0,42%	0,35%	0,40%	0,58%	1,40%	0,00%	0,00%	0,66%	0,52%
46	Siglfirðingur ehf	0,77%	0,49%	0,36%	0,23%	0,80%	0,00%	0,00%	0,00%	0,51%
47	Búlandstindur hf	0,61%	0,78%	0,76%	0,36%	0,40%	***1,11%***	0,00%	0,04%	0,51%
48	Skjöldur h/f	0,30%	0,36%	0,37%	1,26%	1,25%	0,00%	0,00%	0,00%	0,50%
49	Snæfellingur hf	0,44%	0,26%	0,71%	0,86%	1,03%	0,00%	0,00%	0,00%	0,50%
50	Ísnaf h.f.	0,57%	0,40%	0,55%	0,20%	1,35%	0,00%	0,00%	0,00%	0,49%
51	Jökull hf	0,73%	0,46%	0,36%	0,19%	0,76%	0,00%	0,00%	0,00%	0,48%
52	Hraðfr.hús Tálknafj. h.f.	0,48%	0,29%	0,29%	0,70%	1,18%	0,00%	0,00%	0,00%	0,48%
53	Útg.félag N.-Þingeyinga	0,55%	0,23%	0,23%	0,44%	1,27%	0,00%	0,00%	0,00%	0,47%
54	Hraðfr.h. Stokkseyrar h.f.	0,41%	1,47%	0,84%	0,06%	0,00%	0,00%	0,00%	0,01%	0,46%
55	Guðmundur Runólfsson h.f.	0,34%	0,34%	0,75%	1,07%	0,76%	0,00%	0,00%	0,00%	0,46%
	Samtals:	48,62%	49,92%	61,59%	85,43%	85,39%	29,95%	27,82%	23,67%	54,37%

ATH: Feitletrað 10 stærstu
í hverri tegund

Þorskígildi reiknast af öllum
tegundum í aflamarki
fiskveiðiárið 1991/1992 samkvæmt
verðmætastuðlum fiskveiðiársins 1997/1998

Fiskistofa

Aflahlutdeild 1. september 1997

55 stærstu útgerðarfyrirtækin

30. ágúst 1997

Skv. skrá Fiskistofu

Nr.	Fyrirtæki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Síld	Loðna	Úth.rækja	Þorskígildi
1	Samherji hf	***4,13%***	***3,21%***	***2,31%***	***6,01%***	***8,17%***	***2,22%***	0,00%	***7,37%***	**4,81%**
2	Grandi hf	***2,20%***	***2,48%***	***7,68%***	***16,97%***	***4,59%***	0,00%	0,00%	0,00%	**4,03%**
3	Þormóður rammi - Sæberg hf	***3,02%***	***2,50%***	***2,57%***	***4,22%***	***4,57%***	0,00%	0,00%	***7,95%***	**3,65%**
4	Útgerðarfélag Akureyringa hf	***4,04%***	***3,94%***	***4,05%***	***8,04%***	***10,87%***	0,00%	0,00%	0,90%	**3,49%**
5	Haraldur Böðvarsson hf	***1,89%***	***2,15%***	***3,17%***	***7,76%***	***3,95%***	***2,22%***	***7,89%***	1,45%	**3,10%**
6	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	***2,31%***	***1,83%***	1,54%	***5,19%***	***5,41%***	0,00%	0,00%	0,00%	**2,20%**
7	Síldarvinnslan hf	***1,60%***	***1,82%***	***2,42%***	1,03%	2,27%	***3,33%***	***7,50%***	***2,89%***	**2,16%**
8	Ingimundur hf	1,02%	0,47%	1,01%	1,36%	0,98%	***2,22%***	***3,60%***	***4,64%***	**1,83%**
9	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf	1,06%	1,13%	1,38%	1,06%	1,40%	0,00%	***8,14%***	***2,59%***	**1,76%**
10	Ísfélag Vestmannaeyja hf	1,02%	***3,16%***	***2,44%***	0,63%	0,03%	***5,36%***	***10,00%***	0,30%	**1,69%**
11	Básafell hf	0,71%	0,75%	0,46%	0,54%	1,99%	1,11%	0,00%	***5,45%***	**1,66%**
12	Skagstrendingur hf	***2,32%***	***2,67%***	***1,74%***	1,55%	***4,33%***	0,00%	0,00%	1,07%	**1,64%**
13	Vinnslustöðin hf	***1,72%***	***2,89%***	***4,82%***	***2,61%***	0,21%	***2,22%***	1,97%	0,00%	**1,52%**
14	Miðnes ehf	0,86%	1,63%	1,63%	***3,92%***	1,25%	***2,22%***	***2,79%***	0,75%	**1,49%**
15	Ögurvík hf	1,09%	0,89%	1,50%	***4,33%***	***4,47%***	0,00%	0,00%	0,00%	**1,35%**
16	Útgerðarfélag Dalvíkinga hf	***1,98%***	1,46%	1,15%	1,06%	***3,01%***	1,11%	0,00%	1,21%	**1,34%**
17	Stálskip ehf	1,05%	0,92%	0,53%	2,21%	1,47%	0,00%	0,00%	0,50%	**1,23%**
18	Bakki Bolungarvík hf	1,23%	1,48%	0,88%	1,26%	***3,51%***	0,00%	0,00%	1,59%	**1,22%**
19	Ljósavík hf	0,13%	0,11%	0,13%	0,12%	0,16%	0,00%	1,90%	***4,93%***	**1,17%**
20	Þorbjörn hf	1,10%	0,94%	1,23%	1,90%	0,85%	0,00%	0,00%	1,55%	**1,12%**
21	Fiskanes hf	1,20%	0,82%	1,66%	0,33%	0,04%	***3,33%***	***2,94%***	0,99%	**1,11%**
22	Gjögur ehf,Grenivík	0,73%	0,90%	1,01%	0,25%	0,32%	1,11%	***2,57%***	2,26%	**1,08%**
23	Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf	1,01%	0,81%	0,92%	0,28%	1,55%	0,00%	0,00%	2,10%	**1,02%**
24	Gunnvör hf	0,83%	0,50%	0,45%	0,71%	2,76%	0,00%	0,00%	1,76%	**1,01%**
25	Kristján Guðmundsson h/f	1,58%	1,79%	***1,67%***	0,19%	2,54%	0,00%	0,00%	0,10%	**0,93%**
26	Frosti hf	0,30%	0,32%	0,33%	0,92%	1,74%	0,00%	0,00%	***2,95%***	**0,91%**
27	Pétur Stefánsson	0,19%	0,30%	0,16%	0,12%	0,07%	0,00%	0,08%	***3,96%***	**0,89%**
28	Jökull hf	1,10%	0,62%	0,50%	0,05%	0,79%	0,00%	0,00%	1,60%	**0,86%**
29	Sjólaskip hf	0,41%	0,57%	0,04%	1,78%	0,90%	0,00%	0,00%	0,00%	**0,79%**

ATH: Feitletrað 10 stærstu
í hverri tegund

Þorskígildi reiknast af
tegundum í fiskveiðilandhelgi
auk úthafskarfa

Aflahlutdeild 1. september 1997

55 stærstu útgerðarfyrirtækin

Skv. skrá Fiskistofu

Nr.	Fyrirtæki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Síld	Loðna	Úth.ræksja	Þorskígildi
		------	---	----	-----	----	-----	----	----	
30	Miðfell hf	1,24%	0,93%	0,88%	0,49%	1,49%	1,11%	0,00%	0,28%	0,78%
31	Sigurður Ágústsson ehf	0,50%	0,16%	0,15%	0,01%	0,00%	0,00%	0,00%	1,72%	0,71%
32	Njáll ehf	0,72%	1,46%	1,01%	0,09%	0,00%	***2,22%***	0,00%	0,82%	0,71%
33	Sigluberg hf	0,19%	0,06%	0,31%	0,01%	0,00%	***4,44%***	***6,20%***	0,19%	0,69%
34	Siglfirðingur ehf	0,76%	0,48%	0,39%	0,23%	0,80%	0,00%	0,00%	0,55%	0,68%
35	Hólmadrangur hf	0,55%	0,31%	0,56%	0,49%	2,14%	0,00%	0,00%	1,49%	0,68%
36	Hraðfrystihúsið Norðurtangi	1,16%	0,70%	0,39%	0,36%	1,79%	0,00%	0,00%	0,25%	0,66%
37	Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	1,15%	1,75%	1,50%	0,60%	0,61%	0,00%	0,00%	0,00%	0,66%
38	Snæfellingur hf	0,58%	0,54%	1,08%	0,93%	1,07%	***2,22%***	0,00%	0,86%	0,66%
39	Hvalur hf	0,26%	0,47%	0,47%	1,40%	1,10%	1,11%	0,50%	0,00%	0,65%
40	Bergur-Huginn ehf	0,54%	1,76%	1,11%	1,42%	0,63%	0,00%	0,00%	0,00%	0,63%
41	Vísir hf	0,89%	1,57%	1,57%	0,11%	0,31%	***2,22%***	0,00%	0,00%	0,61%
42	Búlandstindur hf	0,85%	1,75%	1,26%	0,55%	0,53%	***2,22%***	0,00%	0,00%	0,60%
43	Magnús Gamalíelsson hf	0,77%	0,72%	0,53%	0,53%	2,07%	0,00%	0,00%	0,34%	0,57%
44	Þinganes ehf	0,49%	1,12%	0,91%	0,07%	0,03%	***2,22%***	0,00%	0,79%	0,55%
45	Stokksnes hf	0,52%	0,28%	0,89%	***2,71%***	1,19%	0,00%	0,00%	0,00%	0,55%
46	Valdimar ehf	0,92%	0,86%	0,76%	0,64%	0,01%	0,00%	0,00%	0,08%	0,54%
47	Geiri Péturs ehf	0,07%	0,00%	0,00%	0,00%	0,64%	0,00%	0,00%	***2,31%***	0,53%
48	Árnes hf,Stokkseyri	0,53%	0,28%	0,76%	0,03%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,53%
49	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf	0,68%	0,43%	0,55%	0,22%	1,27%	***2,22%***	0,00%	0,54%	0,52%
50	Saltver ehf	0,28%	0,22%	0,56%	0,01%	0,04%	***2,22%***	0,00%	1,54%	0,50%
51	Tangi hf	0,73%	0,93%	0,63%	0,82%	1,04%	0,00%	0,35%	0,00%	0,50%
52	Sólbakki ehf	0,12%	0,16%	0,10%	0,00%	0,01%	1,11%	***3,62%***	0,52%	0,48%
53	Guðmundur Runólfsson hf	0,56%	0,54%	0,84%	1,08%	0,82%	0,00%	0,00%	0,00%	0,47%
54	Meitillinn hf	0,68%	1,03%	1,09%	0,37%	0,00%	0,00%	0,00%	0,19%	0,46%
55	Nökkvi hf	0,02%	0,00%	0,03%	0,00%	0,53%	0,00%	0,00%	2,20%	0,46%
	Samtals:	57,54%	61,57%	67,71%	89,55%	92,32%	49,72%	60,06%	75,52%	61,51%

ATH: Feitletrað 10 stærstu
í hverri tegund

Þorskígildi reiknast af
tegundum í fiskveiðilandhelgi
auk úthafskarfa

Fylgiskjal II.

Sýnishorn.

3. apríl 1997

Sjávarútvegsráðherra hefur nýlega skipað starfshóp sem gera á tillögur um reglur varðandi dreifða eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjum. Starfshópnum er m.a. ætlað að fjalla um hvort ástæða sé til að setja hámark á hve mikla aflahlutdeild skip í eigu einstakra aðila geti haft og hvort gera eigi kröfu til þess að eignaraðild að félögum sem hafa forræði yfir aflahlutdeild umfram tiltekin mörk skuli dreifð og félögin opin, t.d. skráð á verðbréfaþingi.

Starfshópurinn telur æskilegt að við umfjöllun hópsins um það hvort gera eigi þá kröfu um dreifða eignaraðild, sem að framan greinir, liggi fyrir upplýsingar um það hvernig nú sé háttað eignaraðild að sjávarútvegsfyrirtækjum og hvernig hún hafi breyst á undanförnum árum. Því var ákveðið að skrifa 50 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins (m.v. kvóta samkvæmt þorskígildum) og óska upplýsinga um nokkur atriði.

Í samræmi við framangreint er þess hér með farið á leit við yður að þér upplýsið eftirfarandi:

1. Hver er fjöldi hluthafa félagsins miðað við 1. apríl 1997? Hvaða breytingar hafa orðið á hluthafafjöldanum frá árslokum 1990 (eða frá stofnun félagsins ef það er stofnað eftir árslok 1990) miðað við lok hvers árs? Ef breytingar á hluthafafjölda eiga rætur að rekja til samruna fyrirtækja óskast þess getið.

2. Hversu hátt hlutfall hlutafjár í félaginu á/eiga miðað við 1. apríl 1997
   a) Stærsti hluthafi félagsins?
   b) Stærstu 3 hluthafar félagsins?
   c) Stærstu 5 hluthafar félagsins?
   d) Stærstu 10 hluthafar félagsins?

   Hver var staðan að þessu leyti miðað við árslok 1990 annars vegar og árslok 1995 hins vegar?

3. Ef annað sjávarútvegsfyrirtæki á hlut í félaginu er óskað upplýsinga um það hvaða fyrirtæki þar um ræðir og hver eignarhlutur þess eða þeirra er.

4. Hver, ef einhver, er samanlagður hlutfallslegur eignarhlutur sveitarfélaga, lífeyrissjóða, hlutabréfasjóða og verðbréfasjóða í félaginu miðað við 1. apríl 1997, og til samanburðar miðað við árslok 1990 og 1995?

5. Eru viðskipti með hluti í félaginu frjáls samkvæmt samþykktum félagsins eða er þar kveðið á um hömlur á viðskipti (t.d. gerður áskilnaður um að stjórn félags samþykki sölu eða veðsetningu hluta eða kveðið á um forkaupsrétt félagsins sjálfs og/eða einstakra hluthafa)?

6. Eru uppi einhver áform um að bjóða út hlutafé í félaginu á almennum markaði? Ef svo er, hvenær og í hvaða mæli?

7. Ef félagið á eignarhlut í öðru eða öðrum fyrirtækjum sem ráða yfir aflaheimildum óskast upplýsingar um þau fyrirtæki og hver eignarhlutur félagsins er í hverju tilviki.

Vonast er til að þér sjáið yður fært að taka saman og miðla starfshópnum fyrrgreindum upplýsingum. Svar óskast fyrir 1. maí n.k. Það stílist á:

Starfshópur um dreifða eignaraðild sjávarútvegsfyrirtækja
b/t Kristjáns Skarphéðinssonar, ritara
Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Öllum fyrirspurnum óskast beint til undirritaðs

Með fyrirfram þakklæti

F.h. starfshópsins

Kristján Skarphéðinsson
ritari starfshópsins.

Fylgiskjal III.

Bréf til Samkeppnisstofnunar frá starfshópi um dreifða eignaraðild sjávarútvegsfyrirtækja.
(3. apríl 1997.)

Sjávarútvegsráðherra hefur nýlega skipað starfshóp sem gera á tillögur um reglur varðandi dreifða eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjum. Starfshópnum er m.a. falið að fjalla um hvort ástæða sé til að setja hámark á hve mikla aflahlutdeild skip í eigu einstakra aðila geti haft.

Starfshópurinn leyfir sér hér með að óska liðsinnis Samkeppnisstofnunar varðandi þann þátt í gagnaöflun hópsins er snýr að gildissviði innlendrar og erlendrar samkeppnislöggjafar gagnvart samþjöppun í atvinnurekstri á borð við þá sem hópnum er ætlað að fjalla um.

Sem kunnugt er fer um stjórn fiskveiða samkvæmt sérstökum lögum, nr. 38/1990, með síðari breytingum. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á aflahlutdeild einstakra fiskiskipa sem er framseljanleg. Samþjöppun eignarhalds að aflahlutdeild ("kvóta") getur því bæði átt sér stað með því að einstakir útgerðaraðilar festi kaup á eða eignist með öðrum hætti skip ásamt aflahlutdeild þeirra og með kaupum einstakra útgerðaraðila á aflahlutdeild eða hluta aflahlutdeildar skipa sem eru í eigu annarra aðila, en eru þá fluttar yfir á skip í eigu viðkomandi útgerðaraðila. Þá geta kaup eins útgerðaraðila á hlutabréfum eða eignarhlut í öðru útgerðarfyrirtæki í reynd veitt fyrrnefnda fyrirtækinu yfirráð yfir aflahlutdeild hins síðara.

Þess er hér með farið á leit við Samkeppnisstofnun að hún láti starfshópnum í té skriflegar upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hvort og þá í hvaða tilvikum og á hvern hátt ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993, þ.m.t. ákvæði laganna um *eftirlit* og *aðgerðir samkeppnisyfirvalda*, taki til þess er samþjöppun eignarhalds að aflahlutdeild á sér stað.

2. Ákvæði, ef fyrir hendi eru, í samkeppnislöggjöf nágrannaríkja eða annarra ríkja sem íslensk samkeppnislög draga dám af, sem Samkeppnisstofnun telur að haft gætu þýðingu að því er varðar samþjöppun aflahlutdeildar, ef þau giltu hér á landi.

Þess er vænst að þér sjáið yður fært að láta starfshópnum umbeðnar upplýsingar í té. Æskilegt væri að það gæti þá orðið fljótlega.

Virðingarfyllst,
f.h. starfshópsins

Baldur Guðlaugsson, formaður.

Fylgiskjal IV.

SAMKEPPNISSTOFNUN

Starfshópur um dreifða eignaraðild
sjávarútvegsfyrirtækja,
Baldur Guðlaugsson, formaður,
Skólavörðustíg 12,
121 Reykjavík.

LAUGAVEGI 118
PÓSTHÓLF 5120
125 REYKJAVÍK
SÍMI 552 7422
BRÉFASÍMI 562 7442
KT. 680269 - 5569

Reykjavík, 5. júní 1997

Samkeppnisstofnun vísar til bréfs yðar, dags. 3. apríl sl. Í bréfinu er óskað liðsinnis stofnunarinnar varðandi gagnaöflun starfshóps yðar er snýr að gildissviði innlendrar og erlendar samkeppnislöggjafar gagnvart samþjöppun í sjávarútvegi. Í því skyni eru settar fram tvær spurningar. Samkeppnisstofnun vill til svars taka eftirfarandi fram:

1.

Í fyrri spurningunni er óskaða upplýsinga um hvort og þá í hvaða tilvikum og á hvern hátt ákvæði samkeppnislaga taki til þess er samþjöppun eignarhalds að aflahlutdeild á sér stað.

Í 1. mgr. 2. gr. samkeppnislaga segir:

> *„Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum."*

Að mati samkeppnisstofnunar þykir ljóst að ofangreint ákvæði leiðir til þess að samkeppnislög taka að fullu til atvinnureksturs sjávarútvegsfyrirtækja, þ.m.t. viðskipti með aflahlutdeild, nema sérlög geymi ósamrýmanleg ákvæði.

2.

Að meginstefnu til virðist Samkeppnisstofnun að samþjöppun eignarhalds að aflahlutdeild geti fallið undir ákvæði 18. gr. samkeppnislaga en 1. mgr. hennar hljóðar svo:

> *„Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki leiði til markaðsyfirráða þess, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna eða yfirtöku skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Sama á við ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki þannig að slíkt valdi markaðsyfirráðum, hamli samkeppni og brjóti í bága við markmið laganna. Við mat á lögmæti samruna eða yfirtöku skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis.“*

Heimildir 18. gr. samkeppnislaga eru veittar í því skyni að beita fyrirbyggjandi aðgerðum vegna samþjöppunar sem talin er skaðleg samkeppninni á tilteknum markaði, þ.e. vegna breytinga á sjálfri markaðsgerðinni. Þeir samningar sem falla undir greinina verða að vera þannig að þeim sé ætlað að hafa langtíma áhrif á markaðsgerðina, þ.e. ekki samningar sem aðeins hafa áhrif á makaðshegðun fyrirtækjanna. Samningar sem ætlað er að hafa tímabundin áhrif á hegðun fyrirtækja falla undir önnur ákvæði samkeppnislaga.

Ef útgerðafyrirtæki A rennur saman við útgerðafyrirtæki B þannig að til verði fyrirtæki C telst það vera samruni í skilningi 18. gr. Einnig fellur yfirtaka útgerðafyrirtækis A á fyrirtæki B undir ákvæðið. Undir greinina geta líka fallið samningar sem valda breytingum á stjórnun eða valdahlutföllum innan fyrirtækja án þess að breytingarnar leiði til þess að lögpersóna sé lögð niður eða til verði ný lögpersóna.[1] Samruni af þessum toga á sér stað þegar eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki. Virk yfirráð eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa úrslitaáhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur (a) haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslur eða ákvarðanir fyrirtækisins eða (b)

[1] Segja má að þrjár tegundir gerninga falli undir 18. gr., þ.e. samruni, yfirtaka og samningar sem leiða til breytinga á stjórnun. Hugtakið samruni verður notað sem almennt hugtak um þessar þrjár tegundir, þegar það á við.

notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækisins, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Ekki skiptir máli hvaða aðstæður það eru sem veita aðila virk yfirráð yfir öðru fyrirtæki. Það sem skiptir máli er að viðkomandi aðili hafi öðlast raunverulegan möguleika á því að hafa áhrif á viðskiptaákvarðanir annars fyrirtækis. Hins vegar hefur ekki þýðingu hvort aðili nýtir möguleika sinn til þess að hafa áhrif eða atvik séu með þeim hætti að ólíklegt sé að áhrifum verði beitt. Möguleikinn einn og sér dugar. Til að skýra þetta má nefna ímyndað dæmi. Útgerðafyrirtæki A kaupir 20% hlut í útgerðafyrirtæki B og öðlast rétt til að tilnefna einn mann í fimm manna stjórn B. Gerður er hluthafasamningur milli aðila þar sem fram kemur að samþykki allra stjórnarmanna þurfi til þess að taka ákvaðaranir um ýmis mikilvæg málefni, t.d. uppsögn og ráðning framkvæmdastjóra, fjárhagsáætlun og verulegar fjárfestingar. Á grundvelli slíks ákvæðis hefur A í raun öðlast neitunarvald varðandi ákvarðanir stjórnar B um málefni sem hafa grundvallarþýðingu fyrir rekstur B. Þrátt fyrir að A eignist einungis 20% hlut þá leiðir hluthafasamkomulagið til þess að hann hefur í skilningi samkeppnislaga öðlast virk yfirráð yfir B og lögmæti gernings af þessum toga gæti komið til athugunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga.

Af ofangreindu má ráða, að flestar þær tegundir gerninga sem leiða til samþjöppun eignarhalds á aflahlutdeild geta fallið undir 18. gr. samkeppnislaga. Þá er að líta til þess með hvaða hætti mat er lagt samkeppnisleg áhrif og þar með lögmæti þeirra samninga sem leiða til samþjöppunar.

Í 18. gr. samkeppnislaga kemur fram að samkeppnisráð geti ógilt samruna ef hann leiðir til markaðsyfirráða, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæður markmiði samkeppnislaga. Í fljótu bragði mætti ályktа sem svo að upfylla þurfi þrjú skilyrði til þess að heimilt sé að ógilda samruna. Það er hins vegar ekki svo. Í þessu sambandi er gagnlegt að horfa til eftirfarandi ummæla samkeppnisráðs í ákvörðun nr. 10/1997, samruni innanlandsflugs Flugleiða hf. og Flugfélags Norðurlands hf.:

> *„Í 18. gr. samkeppnislaga kemur fram að samruni þurfi að leiða til markaðsyfirráða, draga verulega úr samkeppni og vera andstæður markmiði laganna til þess að unnt sé að grípa til íhlutunar. Í samkeppnisfræðum hefur lengi verið á því byggt að samruni geti verið jafn skaðlegur samkeppni hvort sem hann hefur það í för með sér að markaðsráðandi staða verði til eða hún styrkist við samrunann. Sökum þessa er í samkeppnisrétti almennt miðað við að unnt sé að grípa til aðgerða þegar samruni eða yfirtaka skapar eða eflir*

markaðsráðandi stöðu. Samkeppnisráð telur augljóst að unnt sé að beita 18. gr. samkeppnislaga jafnt gagnvart samruna sem annars vegar leiðir til markaðsráðandi stöðu og sem hins vegar eflir eða styrkir markaðsráðandi stöðu. Hvort tveggja leiðir óumdeilanlega til markaðsyfirráða í skilningi 18. gr. samkeppnislaga. Þannig er auðsýnt að efli markaðsráðandi fyrirtæki stöðu sína með yfirtöku á keppinauti er mun líklegra að fyrirtækið haldi þeirri markaðsráðandi stöðu. Samruni sem eflir eða skapar markaðsráðandi stöðu dregur eðlis síns vegna verulega úr virkri samkeppni því það er skilgreiningaratriði að sköpun eða efling markaðsráðandi stöðu hefur slík skaðleg áhrif, sbr. og a-lið 17. gr. samkeppnislaga. Dragi samruni úr virkri samkeppni er það jafnframt ljóst að hann fer gegn markmiði samkeppnislaga því markmið þeirra er að efla virka samkeppni í viðskiptum, sbr. 1. gr. laganna.“

Ljóst má því vera að úrslitaatriði varðandi það hvort samruni teljist vera lögmætur eða ei er hvort hann leiðir til þess að markaðsráðandi staða verði til eða hún eflist. Við mat á þessu verður að líta til tveggja þátta. Í fyrsta lagi verður að skilgreina þann markað sem um er að tefla. Þetta er frumskilyrði því markaðsyfirráð geta aðeins átt sér stað í tengslum við kaup eða sölu á tiltekinni vöru eða þjónustu. Það sem ræður úrslitum um hvort ákveðnar vörur teljist til sama markaðar er innbyrðis staðganga þeirra, þ.e. hvort ein vara geti að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar. Til þess að meta staðgöngu verður m.a. að hafa hliðsjón af eiginleikum vöru eða þjónustu, verði og til hvaða nota varan er ætluð. Einnig verður að skilgreina hver hinn landfræðilegi markaður sé sem samrunin hefur áhrif á.

Því næst verður að meta styrk hins sameinaða fyrirtækis eða þeirrar starfsemi sem runnið hefur saman á viðkomandi markaði. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga felst í markaðsráðandi stöðu að fyrirtæki hafi þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á viðkomandi markaði og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina eða neytenda. Markaðshlutdeild segir mikið um efnahagslegan styrkleika. Því meiri sem hún er því líklegra er að um markaðsráðandi stöðu sé að ræða. Aðrir þættir sem m.a. geta skipt máli eru styrkleiki keppinauta, tæknilegir yfirburðir hins sameinaða fyrirtækis, yfirráð yfir hráefnum, fjárhagslegur styrkur, stærðarhagkvæmni o.s.frv.

Ef samkeppniráð telur að t.d. samruni tveggja sjávarútvegsfyrirtækja leiði til markaðsyfirráða hins sameinaða fyrirtækis og hafi þar með skaðleg áhrif á samkeppni hefur ráðið tvenns konar úrræði til að vinna gegn samkeppnishömlum. Það getur ógilt samrunann eða sett honum skilyrði. Mat á því til hvaða úrræða skuli gripið ræðst af aðstæðum á þeim markaði sem samrunin hefur áhrif á. Ef setning skilyrða þykir duga til þess að vernda samkeppni á viðkomandi markaði er gripið til þeirra. Í þessu sambandi gæti t.d. það skilyrði komið til greina að hið sameinaða sjávarútvegsfyrirtæki seldi hluta aflahlutdeildar sinnar til keppinautar. Ef fyrirséð er að setning skilyrða hafi ekki nægileg áhrif til að draga úr skaðsemi samrunans á samkeppni verður að ógilda hann til að tryggja virka samkeppni.

Eins og fram kemur í 2. mgr. 18. gr. samkeppnislaga verður að taka ákvörðun um ógildingu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samkeppnisyfirvöldum varð kunnugt um samruna. Að mati Samkeppnisstofnunar byrjar þessi frestur að líða þegar samkeppnisyfirvöld hafa fengið í hendur þau gögn sem gera þeim kleift að leggja mat á samrunan. Ef aðilar fara ekki að þeim skilyrðum sem sett eru samruna getur það varðað viðurlögum skv. XIII. kfl. samkeppnislaga.

3.

Í ákveðnum tilvikum gæti samþjöppun eignarhalds að aflahlutdeild komið til athugunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Í þeirri grein eru samkeppnisráði veittar valdheimildir til þess m.a. að vinna gegn þeim samkeppnishömlum sem stafað geta af hegðan markaðsráðandi fyrirtækja. Ef sýnt þætti að kaup markaðsráðandi fyrirtækis í einhverri grein sjávarútvegs á aflahlutdeild væru til þess fallinn að viðhalda eða styrkja markaðsráðandi stöðu þess gæti það kallað á íhlutun samkeppnisráðs. Hafa ber í huga að í tilvikum af þessum toga verður ávallt að meta hvort rétt sé að beita 17. eða 18. gr. samkeppnislaga og geta mörkin verið óskýr. Einnig er hugsanlegt að samþjöppun eignarhalds á aflahlutdeild falli undir bannreglu 10. gr. samkeppnislaga. Atvik gætu verið með þeim hætti að útgerðarfyrirtæki A er með aflahlutdeild í fiskitegundum X og Y. A gerir síðan samning við fyrirtæki B sem hefur yfir að ráða aflahlutdeild í sömu fiskitegundum. Í samningnum felst að A afsali B hlutdeild sinni í veiðum á X og B afsali A hlutdeild sinni í Y. Í samningi af þessum toga gæti falist ólögmæt markaðsskipting ef fyrirtækin hafa verið keppinautar. Hins vegar væri unnt að veita slíkum samningum undanþágu frá bannreglum samkeppnislaga ef sýnt þætti að þeir hefðu jákvæð áhrif í för með sér, t.d. leiddu til aukinnar sérhæfingar.

4.

Í seinni spurningu sinni óskar starfshópurinn eftir upplýsingum um ákvæði í samkeppnislöggjöf erlendra ríkja sem gætu haft þýðingu að því er varðar samþjöppun aflahlutdeildar, ef þau giltu hér á landi.

Samkeppnistofnun er ekki kunnugt að í samkeppnisrétti þeirra ríkja sem stofnunin þekkir til séu ákvæði sem þýðingu gætu haft í þessu sambandi og eru annars konar en þau ákvæði samkeppnislaga sem lýst er hér að framan. Í meginatriðum telur Samkeppnisstofnun að ákvæði samkeppnislaga veiti fullnægjandi heimildir til þess að bregðast við þeim samkeppnishömlum sem geta stafað af samþjöppun aflahlutdeildar, svo fremur sem ákvæði í sérlögum takmarki ekki beitingu þessarra valdheimilda. Rétt er þó að benda á þá tilkynningarskyldu sem t.d. er lögð á fyrirtæki sem falla undir samrunareglugerð ESB.[2] Í 4. gr. reglugerðarinnar segir að tilkynna skuli framkvæmdastjórninni um samruna eigi síðar en einni viku eftir að samningi er lokið. Ákvæði af þessum toga auðvelda allt eftirlit með samkeppnishömlum sem geta stafað af samþjöppun aflahlutdeildar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar.



Ásgeir Einarsson

[2] Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

Fylgiskjal V.

Verðmæti aflamarks einstakra tegunda.

Tegund	Aflahámark slægt	Verðm.-stuðull	Ígildi þorsks	Hlutdeild %
Þorskur	183,12	1,00	183,12	34,29
Rækja-djúpsl.	75,00	1,20	90,00	16,85
Loðna*	986,70	0,06	59,20	11,08
Karfi	65,00	0,70	45,50	8,52
Ýsa	37,80	1,00	37,80	7,08
Úthafskarfi	45,00	0,54	24,30	4,55
Grálúða	9,20	2,40	22,08	4,13
Ufsi	25,20	0,60	15,12	2,83
Síld	100,00	0,12	12,00	2,25
Skarkoli	8,28	1,20	9,94	1,86
Steinbítur	11,70	0,80	9,36	1,75
Rækja-grunnsl.	7,15	1,20	8,58	1,61
Sandkoli	7,00	0,70	4,90	0,92
Humar	0,46	8,80	4,07	0,76
Skrápflúra	5,00	0,70	3,50	0,66
Hörpudiskur	8,00	0,40	3,20	0,60
Langlúra	1,01	1,40	1,42	0,27
Samtals	1575,62		534,08	100,00

*Miðað við áætlað aflamark Íslands á vertíðinni 1997/1998

Fylgiskjal VI.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Frumvarp þetta fjallar um reglur til að koma í veg fyrir að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila geti farið framyfir tiltekið há mark. Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa hans fari framyfir sett hámörk, að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda. Fiskistofa skal meta þær upplýsingar og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er.

Að mati sjávarútvegsráðuneytis og í ljósi þróunar síðustu ára eru mörkin nú það rúm að líða mun einhver tími þar til reyna tekur á ákvæði frumvarpsins. Þannig mun ekki reyna á það hvort útgjöld Fiskistofu aukast á næsta ári, en þegar að því kemur má gera ráð fyrir að hvert mál sem kemur til mats kalli á um tveggja vikna vinnu hjá Fiskistofu. Að hámarki má ætla að umfang stofnunarinnar aukist sem svarar hálfu starfi, en líklegra er að auknu álagi megi mæta með vinnuhagræðingu á öðrum sviðum.

223. Fyrirspurn [210. mál]

til iðnaðarráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu málmbræðsluvera landsins?

Hver er hlutdeild þeirra í kaupum á orku til orkufreks iðnaðar?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

224. Fyrirspurn [211. mál]

til iðnaðarráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækja landsins í framleiðslu steinsteypu?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

225. Fyrirspurn [212. mál]

til iðnaðarráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í öl- og gosdrykkjaframleiðslu?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

226. Fyrirspurn [213. mál]

til sjávarútvegsráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í útflutningi sjávarafurða?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

227. Fyrirspurn [214. mál]

til sjávarútvegsráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild fimm stærstu sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtækja landsins?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

228. Fyrirspurn [215. mál]

til samgönguráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í áætlunarflugi?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

229. Fyrirspurn [216. mál]

til samgönguráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í sjóflutningum?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

230. Fyrirspurn [217. mál]

til viðskiptaráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í útgáfu tímarita?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

231. Fyrirspurn [218. mál]

til viðskiptaráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja landsins í dagblaðaútgáfu?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

232. Fyrirspurn [219. mál]

til viðskiptaráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild tveggja stærstu fyrirtækja á íslenskum matvælamarkaði?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þeirra umfram það sem samkeppnislög segja til um?

233. Fyrirspurn [220. mál]

til viðskiptaráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækja landsins í bankastarfsemi?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi fyrirtækja í bankastarfsemi umfram það sem samkeppnislög segja til um?

234. Fyrirspurn [221. mál]

til viðskiptaráðherra um markaðshlutdeild fyrirtækja.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Hefur ráðherra upplýsingar um markaðshlutdeild stærstu greiðslukortafyrirtækja landsins?

Telur ráðherra ástæðu til, með tilliti til markaðshlutdeildar þessara fyrirtækja, að setja lög sem takmarka umsvif og starfsemi þessara fyrirtækja umfram það sem samkeppnislög segja til um?

235. Fyrirspurn [222. mál]

til samgönguráðherra um ljósleiðara.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hver var heildarkostnaður við lagningu ljósleiðara um landið?
2. Hve stór hluti þess kostnaðar var greiddur af Póst- og símamálastofnun og hve stóran hlut greiddu aðrir?

3. Hvernig verður samkeppnisstaða aðila í útvarps- og sjónvarpsrekstri tryggð þegar Póstur og sími hf. hefur rekstur á þessu sviði?
4. Er fyrirhugað að jafna kostnað við beinar útsendingar sjónvarpsefnis um ljósleiðara frá landsbyggðinni?

236. Fyrirspurn [223. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla dragnótarbáta í Faxaflóa.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hve mikill dragnótarafli barst á land úr Faxaflóa sl. fjögur fiskveiðiár:
a. heildarmagn hvert ár, sundurliðað eftir fisktegundum,
b. löndunarstaðir?

Skriflegt svar óskast.

237. Fyrirspurn [224. mál]

til sjávarútvegsráðherra um færslu aflaheimilda.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hve mikið var flutt af aflaheimildum milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1996 til 31. ágúst 1997:
a. heildarmagn hverrar fisktegundar,
b. flutningur til og frá hverri verstöð?

Skriflegt svar óskast.

238. Svar [33. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kreditkortafyrirtæki.

a. *Í hvaða löndum OECD tíðkast það að krafist er persónulegrar ábyrgðar þriðja manns fyrir greiðslu í kreditkortaviðskiptum og hver er ástæða þess að krafist er slíkrar ábyrgðar hér á landi?*

Kreditkortafyrirtæki, líkt og aðrir lánveitendur, reyna að tryggja sig gegn greiðslufalli skuldara og draga með því móti úr áhættu sinni af viðskiptunum. Hægt er að tryggja sig með

ýmsum hætti. Þannig geta kreditkortafyrirtæki t.d. hækkað þjónustugjöld í því skyni að mynda sjóð til mótvægis við líklegt tap vegna greiðslufalls. Hér á landi hafa lánveitendur, jafnt í kreditkortaviðskiptum sem öðrum lánsviðskiptum, yfirleitt krafist persónuábyrgða til tryggingar skilvísum greiðslum.

Nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins kannaði á síðasta ári umfang persónuábyrgða og komst að þeirri niðurstöðu að flest benti til að persónuábyrgðir væru mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum (Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga. Viðskiptaráðuneytið, nóvember 1996). Ráðuneytið hefur hins vegar ekki undir höndum tölulegar upplýsingar um umfang persónuábyrgða í kreditkortaviðskiptum í OECD-löndum og eftirgrennslan ráðuneytisins bendir til þess að slíkum upplýsingum sé ekki til að dreifa.

Upplýsingar sem ráðuneytið hefur aflað sér benda til að persónuábyrgðir á kreditkortum séu þekkt form í ýmsum löndum OECD, þótt leiða megi að því líkur að þær séu víðast mun sjaldgæfari en hér á landi. Þannig munu persónuábyrgðir á bak við kreditkort hafa verið algengar í eina tíð í Svíþjóð og Finnlandi en heyra nú orðið til undantekninga. Í Noregi og Danmörku eru debetkort mun algengari en kreditkort og viðskiptaumhverfið því ólíkt okkar að þessu leyti. Ráðuneytið hefur einnig fengið upplýsingar um að persónuábyrgða sé krafist í vissum tilfellum í Bandaríkjunum, Englandi og Írlandi.

Frá því að kreditkortaviðskipti hófust hér á landi hefur meginreglan verið sú að persónuábyrgða er krafist. Áður var ábyrgðarskuldbindingin gjarnan í formi óútfylls tryggingavíxils en nú síðustu árin hafa víxlarnir yfirleitt verið með fjárhæð í hlutfalli við úttektarheimild korthafans. Að sögn kreditkortafyrirtækjanna hefur mjög dregið úr notkun persónuábyrgða á síðustu missirum, en ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um það.

Síðustu missirin hefur gagnrýni á notkun persónuábyrgða í kreditkortaviðskiptum aukist. Bent hefur verið á að óeðlilegt sé að neysluútgjöld á borð við almenn kreditkortaviðskipti séu tryggð með ábyrgð þriðja aðila. Viðskiptaráðuneytið hefur tekið undir þetta sjónarmið. Nefnd um persónuábyrgðir, sem minnst var á hér að framan og skipuð var fulltrúum stjórnvalda, bankakerfisins og Neytendasamtakanna, var sammála um að grípa skuli til aðgerða til að draga almennt úr veitingu lána með persónuábyrgðum. Viðskiptaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið eiga nú í samstarfi við bankakerfið, kreditkortafyrirtæki og Neytendasamtökin um hvernig best sé að draga úr persónuábyrgðum. Í því sambandi hafa ráðuneytin lagt áherslu á að sé persónuábyrgða krafist skuli lánveitandi ávallt meta greiðslugetu lántaka og ábyrgðarmanns. Viðskiptaráðuneytið hefur að undanförnu jafnframt hugað að lagalegri stöðu kreditkortafyrirtækjanna.

b. Hvaða tryggingar er krafist í löndum þar sem ábyrgðar þriðja manns er ekki krafist?

Kreditkortafyrirtæki, eða þær lánastofnanir sem að baki þeim standa, verjast skakkaföllum með ýmsum hætti. Algengt er í ýmsum nágrannalöndum að gefin séu út aukakort, t.d. á foreldra, sé um ungt fólk með litla reynslu í viðskiptum að ræða. Þá er algengt að þeir sem óska eftir kreditkorti séu metnir með hliðsjón af upplýsingum sem fyrir liggja hjá sérhæfðum upplýsingaþjónustum um skulda-, vanskila- og greiðslusögu umsækjandans. Hafi umsækjandi traustan feril að baki að mati kreditkortafyrirtækis er ekki krafist frekari tryggingar. Að öðrum kosti er viðskiptum hafnað eða frekari tryggingar krafist.

Íslenskar lánastofnanir hafa ekki haft sama aðgengi að upplýsingum um fjárhagsstöðu lántaka og algengt er víða erlendis. Nú hefur hins vegar verið stofnað fyrirtæki sem sérhæfir sig í slíkri upplýsingaþjónustu. Auk þess er nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins að kanna hvort og þá hvernig megi bæta aðgengi lánveitenda að upplýsingum um fjárhagsstöðu lántaka.

Þess má að lokum geta að sum alþjóðleg kortafyrirtæki, sem ekki hafa banka eða sparisjóð að bakhjarli, taka meiri áhættu í kreditkortaviðskiptum sínum. Þau veita korthöfum víðtækari úttektarheimildir, krefjast ekki trygginga og hafa hærri viðmiðunarmörk án heimildarleitar. Þessi fyrirtæki krefjast á móti hærri þjónustugjalda af söluaðilum en þau fyrirtæki sem minni áhættu taka.

c. Hve oft á sl. fimm árum hafa skuldir fallið á ábyrgðarmenn í kreditkortaviðskiptum?

Engar upplýsingar liggja fyrir um hve oft skuldir hafa fallið á ábyrgðarmenn í kreditkortaviðskiptum því ekki er sérstaklega haldið utan um hver kemur með greiðsluseðil til greiðslu á afgreiðslustöðum banka, sparisjóða eða pósthúsa. Hins vegar má hér vísa til skýrslu nefndar um persónuábyrgðir. Nefndin lét gera skoðanakönnun um umfang persónuábyrgða og voru ábyrgðarmenn spurðir sérstaklega hvort þeir hefðu greitt skuld fyrir lántaka á síðustu fimm árum. Spurningin laut að persónuábyrgðum almennt, ekki aðeins í kreditkortaviðskiptum. Niðurstaðan var sú að tíundi hver Íslendingur á aldrinum 18–75 ára segist hafa greitt skuld vegna ábyrgðar á síðustu fimm árum. Sú niðurstaða bendir til að um 18 þúsund Íslendingar hafi þurft að leysa til sín skuld á tímabilinu. Í tæplega helmingi tilfella er um að ræða fjárhæðir undir 500 þús. kr. og tæp 60% hafa greitt minna en 1 millj. kr. Rétt er að ítreka að hér er átt við ábyrgðarmenn á öllum ábyrgðarskuldbindingum, ekki einungis ábyrgðarmenn í kreditkortaviðskiptum.

239. Svar [145. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 6,4 millj. kr. á liðnum 04-190 190 Ýmis verkefni,

b. 15 millj. kr. á liðnum 04-805 134 Umhverfisverkefni?

Af liðnum ýmis verkefni 04-190 190 hafði 24. október sl. samtals verið ráðstafað 2,87 millj. kr. af 6,4 millj. kr. fjárveitingu. Eftirfarandi verkefni voru styrkt:

Verkefni	**Kr.**
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	
Útgáfa leiðbeiningabæklings um mat á ástandi hrosshaga	100.000
Stofnfiskur hf.	
Viðbótarsamningur við landbúnaðarráðuneytið um laxakynbætur	2.000.000
Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins	
Kostnaðarhlutdeild í starfsemi upplýsingaþjónustu landbúnaðarins	770.000
Samtals	**2.870.000**

Af liðnum umhverfisverkefni 04- 805 134 hafði 24. október sl. samtals verið ráðstafað 9 millj. kr. af 15 millj. kr. fjárveitingu. Eftirfarandi verkefni voru styrkt:

Verkefni	Kr.
Landgræðsla ríkisins	
landgræðsluverkefni	5.000.000
Skógrækt ríkisins	
skógræktarverkefni	2.000.000
Félagið Skjólskógar, Ísafjarðarbær	
skógræktarverkefni á Vestfjörðum	2.000.000
Samtals	**9.000.000**

240. Svar [143. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 6 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 04-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi verkefni hafa fengið framlag af ráðstöfunarfé ráðherra:

Verkefni	Kr.
Vottunarstofan Tún hf.	
Lífræn ræktun	50.000
Jakob Örn Haraldsson kjötiðnaðarmaður	
Hönnun á tækjum til heilsteikingar á lambaskrokkum	100.000
Pétur J. Jónasson	
Ferð til Japan, ásamt Þórarni Benedikz, sérfræðingi á Mógilsá, til söfnunar á trjáfræjum	150.000
Samband íslenskra loðdýrabænda	
Sýning á íslenskum minka- og refaskinnum og fatnaði úr þeim	100.000
Félag garðyrkjumanna	
Útgáfa á erindum sem flutt voru á ráðstefnu um innflutning á plöntum	200.000
Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	
Úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaða ferðamenn hjá Ferðaþjónustu bænda á Íslandi	250.000
Kennaraháskóli Íslands	
Til Fræðslustofnunar Kríu, til undirbúnings kennsluefnis og námskeiðahalds með verklegri þjálfun um landgræðsluaðferðir	200.000
Maður og umhverfi	
Rannsókn um erlent ferðafólk í náttúru Íslands	15.000
Tónlistarskóli Njarðvíkur	
Ferð til Hollands	40.000
Sumarheimili templara	
Jarðvegsbætur og landgræðslustörf í landi Galtalækjar í Landssveit	100.000
Sólheimar í Grímsnesi	
Vistræn og lífræn landbúnaðarframleiðsla	250.000
Gæðastjórnunarfélag Íslands	
Málþing um innra eftirlit í matvælafyrirtækjum	50.000

Anna M. Stefánsdóttir bóndi	
Ferð til Króatíu á Tenth International Rural Development Summer School	100.000
Félag skógarbænda á Fljótsdalshéraði	
Stofnun landssamtaka skógarbænda	100.000
Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands	
Kynning á nýjungum í matvælaframleiðslu	100.000
Miðlun ehf.	
Útgáfa „Iceland Export Directory“	150.000
Hestaíþróttasamband Íslands	
Útgáfa handbókar um ferðalög á hestum á Íslandi	250.000
Samtök afurðarstöðva í mjólkuriðnaði (SAM)	
Aðalfundur Alþjóðasamtaka mjólkuriðnaðarins, IDF	500.000
Kjötumboðið hf.	
Evrópuþing JC	150.000
Félag íslenskra búvísindamanna	
Félagsstörf	50.000
Ferðaþjónusta bænda	
Ráðstefna International Conference Marketing for Sustainable Agritourism	250.000
Trausti Steindórsson fiskeldisfræðingur	
Verkefni íslenskra og franskra fiskeldisfyrirtækja í eldi hlýsjávartegunda	50.000
Íslenska lífmassafélagið	
Athugun á ræktun lífmassa og framleiðslu á etanóli og öðrum afurðum	350.000
Sunneva Design ehf.	
Sýning á fatnaði úr íslenskum landbúnaðarvörum	100.000
Kvenfélagasamband Íslands	
Ferðastyrkur á þing Alheimssamtaka bændakvenna	50.000
Samtals	**3.705.000**

241. Svar [172. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um lánastefnu Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er afstaða ráðherra til þeirrar lánastefnu Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að setja pólitísk skilyrði um markaðs- og einkavæðingu fyrir lánveitingum?

Fyrst skal á það bent að viðskiptaráðuneytið hefur málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með höndum, en ekki utanríkisráðuneytið. Eftirfarandi svar mun því einungis beinast að starfsháttum og reglum Alþjóðabankans um lánveitingar.

Í stofnsamþykkt Alþjóðabankans segir m.a. að markmið hans sé að stuðla að bættri nýtingu framleiðsluþátta og auðlinda þróunarríkjanna, auk þess að efla alþjóðleg viðskipti og styðja aukna fjárfestingu erlendra einkafjárfesta í þróunarlöndum. Jafnframt segir að bankinn skuli tryggja að veittum lánum verði eingöngu varið í því skyni sem til var stofnað. Taka ber tillit til efnahags- og viðskiptalegra þátta en ekki til pólitískra sjónarmiða eða annarra áhrifa sem ekki eru efnahagslegs eðlis. Telja verður að Alþjóðabankinn starfi innan þess ramma sem honum var settur í upphafi.

Alþjóðabankinn hefur alla tíð starfað á þeim grunni að markmiðum hans verði best náð með frjálsræði í viðskiptum og virkum markaði. Þannig megi auka alþjóðleg viðskipti, framleiðni fyrirtækja og erlenda fjárfestingu. Áratuga hagrannsóknir bankans hafa auk þess sýnt að frjáls

markaðsbúskapur í stað miðstýringar er besta leiðin til að örva hagvöxt. Meginstefna bankans telst vænleg leið til að bæta lífskjör íbúa þróunarríkjanna.

Mikilvægur þáttur í starfi Alþjóðabankans er að veita tækniaðstoð jafnhliða lánveitingum. Slík aðstoð er unnin samkvæmt forskrift sem bankinn og viðkomandi lántakandi hafa unnið í sameiningu. Á síðustu árum hefur tækniaðstoð bankans beinst í æ ríkari mæli að bættri hagstjórn lántökulanda. Slíkar áherslur hafa m.a. beinst að niðurfellingu innflutningshafta, einföldun útflutnings- og gjaldeyrisviðskipta, endurskipulagningu opinberra stofnana og einkavæðingu opinberra fyrirtækja.

Bankinn hefur á síðustu árum veitt lán háð skilyrðum um bætta hagstjórn. Í slíkum tilfellum eru skilyrði ákvörðuð í náinni samvinnu við lántökuland. Slík lán námu á síðasta fjárhagsári 5,1 milljarði Bandaríkjadala, eða 26,5% af heildarútlánum bankans.

Álíta verður að áherslur Alþjóðabankans og lántökulanda um bætta hagstjórn séu af hinu góða og hafi jákvæð áhrif á efnahagsumhverfi þeirra landa er í hlut eiga. Í því sambandi má nefna rannsókn á efnhagsárangri 29 Afríkuríkja sunnan Sahara í lok níunda áratugarins og upphafi þess tíunda. Sú rannsókn leiddi í ljós greinilegan mun milli þeirra ríkja er gert höfðu umfangsmiklar úrbætur á sviði verslunar, viðskipta og fjármála og hinna er engu höfðu breytt. Til dæmis höfðu lönd í fyrrnefnda hópnum að meðaltali aukið útflutning sinn um 8% árlega á meðan útflutningur landa í síðarnefnda hópnum dróst saman. Eins hafði iðnframleiðsla fyrrnefnda hópsins aukist þrefalt á við þann síðarnefnda.

Telja verður að markmiðum Alþjóðabankans verði best náð með frjálsum markaðsbúskap og að styðja beri áframhaldandi áherslu á uppbyggingu einkageirans í þróunarlöndunum. Þessi afstaða kom skýrt fram í sameiginlegri yfirlýsingu Norðurlandanna á aðalfundi Alþjóðabankans í september sl. þar sem m.a. var lögð áhersla á bætt rekstrarumhverfi einkafyrirtækja. Þar var jafnframt nefnt að forsenda fyrir efnahags- og félagslegri þróun felist m.a. í endurbótum á sviði mennta- og heilbrigðismála, aukinni skilvirkni opinberra stofnana og minnkandi beinni þátttöku ríkisvaldsins í viðskiptalífinu.

242. Svar [116. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 18 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 02-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Á lið 02-199 í fjárlögum 1997 er 18 millj. kr. framlag, auk 5,225 millj. kr. frá fyrra ári. Ráðstöfunarfé ráðherra er því samtals 23,225 millj. kr.

Eftirfarandi verkefni hafa verið styrkt:

Verkefni	Kr.
Fært á 999 190 10 ýmsir styrkir	
AIESEC, framadagar í Háskóla Íslands	100.000
Skemmtun á samkomu í Chicago	45.000
Félag framhaldsskólanema, aðalfundur EGN í Finnlandi	100.000

Jafningjafræðslan, verkefni 1997	500.000
Dagur bókarinnar 23. apríl 1997	200.000
Íslenska söguþingið í maí	400.000
KATUAQ – Grönlands Kulturhus	130.668
Félag um átjándu aldar fræði, útgáfa „rafrits“	50.000
Junior Chamber Iceland, Evrópuþing JCI í Reykjavík	150.000
Upplýsinga- og menningarmiðstöð nýbúa (ÍTR), náms- og kynnisferð til Tælands	250.000
Íslenska stærðfræðafélagið, 50 ára afmæli	150.000
Ráðstefnan CapBIT, tveir þátttakendur frá Íslandi	200.000
Heimasíða Everest-leiðangursins	100.000
Stofnun Árna Magnússonar, þrjár sýningar í sumar	200.000
Textílsýning í Bandaríkjunum	200.000
600 ára afmæli Kalmarsambandsins	90.826
Nemendafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands, viðurkenning vegna jafningjafræðslu	200.000
Samtök móðurmálskennara, ráðstefna í París	108.000
Norðurlandamót framhaldsskóla í skák	40.000
Útgáfustyrkur vegna 100 ára afmælis Æskunnar	250.000
Ráðstefna um skrift í Óðinsvéum í nóvember	60.000
Sýningarsvæði Íslands á Bok och Bibliotek í Gautaborg	350.000
Ráðstefnan Nordsaga 97	100.000
Verðlaun í alþjóðlegri myndbandakeppni, Menntaskólinn í Kópavogi	170.000
Aðalfundur Alþjóðasamtaka læknanema í Suður-Afríku	250.000
Útgáfa margmiðlunardisksins „Stafakarlarnir“	250.000
Fært á 988-11000 Æskulýðsráð ríkisins	
Útgáfa upplýsingabókar fyrir ungt fólk, „Stálminni“	300.000
Fært á 984 190 10 norrænt samstarf	
Norræna barnaleikhúshátíðin 1997	50.000
Óperusýningin Runkärlek í Stokkhólmi	121.000
Stormen i Norden, farandleiksýning	152.000
Fært á 983 110 fræðistörf	
Til fræðistarfa	375.000
Fært á 983 111 styrkir til útgáfumála	
Útgáfa á „Veröld sem ég vil“	200.000
Fært á 982 125 starfsemi hljómsveita	
Myrkir músíkdagar	700.000
Fært á 982 190 81 Bandalag íslenskra listamanna	
Ársþing Evrópuráðs listamanna í Brussel	100.000
Fært á 982 190 60 menningarkynning í Frakklandi	
Menningarhátíð í Normandí	600.000
Fært á 982 190 50 kvikmyndir	
Móttaka verðlauna fyrir „Eider of Man“	150.000
Fært á 982 190 36 tónlist erlend samskipti	
Erlend samskipti íslenskra tónlistarmanna	450.000
Fært á 982 190 30 tónlist almennt	
Styrkir til tónlistarmanna	410.000

Fært á 982 190 20 leiklist almennt
Erlend samskipti íslenskra leiklistarmanna 261.000
Fært á 982 190 10 bókmenntir
Kynning á „Sjálfstæðu fólki" í New York 73.508
Fært á ýmsa liði undir 982 190
Ýmis listastarfsemi 5.000.000
Fært á 982 125 starfsemi hljómsveita
Starfsemi hljómsveita 200.000
Fært á 919 190 90 ýmis söfn
Styrkir til safna 750.000
Fært á 919 111 00 Nýlistasafnið
Nýlistasafnið, viðgerðir á húsnæði 500.000
Fært á 319-116 00 nýjungar í skólastarfi
ÍM Gallup, til könnunar um menntamál. 659.000
Ýmislegt ógreitt en lofað 1.025.000

Samtals greitt og lofað 21. október 1997 ..... **16.721.002**
Eftirstöðvar 6.503.998

243. Svar [118. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 3,6 millj. kr. á liðnum 02-919 190 Söfn, ýmis framlög,
b. 14,2 millj. kr. á liðnum 02-982 190 Listir,
c. 1,6 millj. kr. á liðnum 02-988 190 Æskulýðsmál,
d. 2,2 millj. kr. á liðnum 02-999 190 Ýmis framlög?

Í eftirfarandi töflum eru sundurliðuð öll framlög af tilgreindum fjárlagaliðum.

02-919 190 Söfn, ýmis framlög.

Á lið 02 919 Söfn, ýmis framlög í fjárlögum 1997 er 6,3 millj. kr. framlag auk 0,939 millj. kr. frá fyrra ári og 0,5 millj. kr. af ráðstöfunarfé ráðherra eða samtals 7,739 millj. kr.

190 22 Edinborgarhúsið 300.000
190 31 Vesturfarasetrið Hofsósi 1.200.000
190 41 Listasafn Kópavogs 500.000
190 42 Listasafn Ísafjarðar 400.000
190 43 Safnasafnið 200.000
190 61 Náttúrugripasafn Neskaupstað 300.000
190 68 Botndýrasafn í Sandgerði 500.000

190 69 Safnið „Líf í fersku vatni“ á Hólum	500.000
190 71 Áhugamannahópur um varðveislu Tryggvaskála	500.000
190 72 Íslandsdeild ICOM	300.000
190 90 Ýmis söfn	
Norræn bátasýning í Stokkhólmi 1998	300.000
Minjasafn Austurlands	300.000
Sýningin „Konur á Króknum“	50.000
Kynning á íslenskri ljósmyndasögu hér á landi og erlendis	250.000
Stofnun norræns kvennabókasafns á Internetinu	75.000
Poppminjasafn í Keflavík	200.000
Farskóli íslenskra safnmanna 1997	150.000
Ráðstefna um búsetulandslag	250.000
Ferð um Vesturland og Vestfirði að heimsækja og skoða söfn	130.000
Formannafundur Félags norrænna forvarða í Helsinki	50.000
Fornleifastofnun Íslands	200.000
Fornleifarannsóknir í mynni Laxárdals í Hornafirði	500.000
Útgáfa og sýning á verkefninu „Íslensk innsigli“	200.000
Samtals greitt og lofað 24. október 1997	7.355.000
Eftirstöðvar	384.000

02-982 190 Listir.

Á lið 02-982 190 Listir í fjárlögum 1997 er 31,5 millj. kr. framlag auk 5,433 millj. kr. frá fyrra ári, 7,289 millj. kr. af ráðstöfunarfé ráðherra, 1,5 millj. kr. af lið 02-984 og 3,247 millj. kr. aukafjárveiting eða samtals 48,969 millj. kr.

Bókmenntir	
190 10 Bókmenntir almennt	357.818
190 11 Rithöfundasambandið, höfundamiðstöð	300.000
190 12 Rithöfundasamband, rekstur	300.000
190 16 Bókmenntakynningarsjóður	3.266.182
Samtals	4.224.000
Leiklist	
190 20 Leiklist almennt	1.521.000
190 21 Útileikhúsið	400.000
190 22 Leikbrúðuland	500.000
190 23 Íslenska brúðuleikhúsið	400.000
190 24 Ferðaleikhúsið	500.000
190 25 Leiklistarráð	600.000
190 26 Flugfélagið Loftur	2.000.000
190 28 Möguleikhúsið	1.000.000
190 29 Kaffileikhúsið	500.000
Samtals	7.421.000
Tónlist	
190 30 Tónlist verkefnastyrkir	740.000
190 31 Tónlist rekstrarstyrkir	250.000
190 312 Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000.000

190 313 Samband íslenskra lúðrasveita	400.000
190 314 Kammersveit Reykjavíkur	1.300.000
190 315 Sumartónleikar á Norðurlandi	500.000
190 316 Djassklúbbur Egilsstaða	400.000
190 317 Skaftárhreppur, tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	400.000
190 318 Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300.000
190 319 Efling Stykkishólms, tónleikahald	300.000
190 33 Íslensk tónverkamiðstöð	5.600.000
190 34 Sinfóníuhljómsveit æskunnar	1.800.000
190 35 Tónlistarhátíðir	250.000
190 36 Tónlist, erlend samskipti	2.250.000
Samtals	16.490.000
Myndlist	
190 40 Myndlist almennt	1.624.000
190 42 Listvinafélag Vestmannaeyja	300.000
190 43 Myndlist – stofnstyrkir	2.500.000
190 44 Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000.000
190 45 Myndlist, ferðastyrkir	200.000
Samtals	5.624.000
Kvikmyndir	
190 50 Kvikmyndir almennt	342.000
Samtals	342.000
Menningarhátíðir	
190 60 Menningarverkefni erlendis	5.600.000
190 62 Biennal í Feneyjum	3.247.000
Samtals	8.847.000
Listir og menning	
190 80 Listir og menning	3.395.000
190 81 Bandalag íslenskra listamanna	600.000
190 84 Höfundagreiðslur samkvæmt höfundalögum	400.000
Samtals	4.395.000
Ýmislegt	
190 90 Undirbúningur tónlistarhúss	492.000
190 91 Dagur íslenskrar tungu	1.134.000
Samtals	1.626.000

02-988 190 Æskulýðsmál.

Á lið 02-988 190 Æskulýðsmál í fjárlögum 1997 er 6 millj. kr. framlag auk 0,739 millj. kr. frá fyrra ári eða samtals 6,739 millj. kr.

190 51 Alþjóðlegar sumarbúðir barna á Íslandi	400.000
190 80 Skátaskólinn að Úlfljótsvatni	1.500.000
190 81 Fræðsluskóli KFUM, Vatnaskógi	1.500.000
190 82 Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmum	300.000

190 85 Landssamband hestamannafélaga	700.000
190 90 Ýmsir styrkir	
AFS á Íslandi	150.000
Alþjóðleg ungmennaskipti	150.000
Bandalag íslenskra sérskólanema	75.000
Bindindisfélag ökumanna, unglingadeild	50.000
Félag framhaldsskólanema	75.000
Hjálpræðisherinn á Íslandi, æskulýðsstarf	150.000
Íslenskir ungtemplarar	100.000
Kristilega skólahreyfingin	150.000
Slysavarnafélag Íslands, unglingadeildir	100.000
Ungmennahreyfing Rauða krossins	75.000
Æskulýðsnefnd Sjálfsbjargar Ný – ung	75.000
Æskulýðsnefnd Blindrafélagsins	45.000
Æskulýðssamband Íslands	105.000
Hitt húsið – unglist	75.000
Samtals greitt og lofað 24. október 1997	5.775.000
Eftirstöðvar	964.000

02-999 190 Ýmis framlög.

Á lið 02-999 190 Ýmis framlög í fjárlögum 1997 er 11 millj. kr. framlag að frádregnum 4,918 millj. kr. frá fyrra ári eða 6,082 millj. kr.

190 10 Ýmsir styrkir	
Útvarpsréttarnefnd	1.886.000
Listasetrið Kirkjuhvoll á Akranesi	250.000
Stefánsdagar í Austurbæjarskóla	100.000
Íslensk bókaskrá	60.000
190 11 Sjómannadagsráð	200.000
190 12 Edinborgarhúsið	500.000
190 13 Skaftfell, listamiðstöð Seyðisfirði	500.000
190 14 Hreppar í Rangárvallasýslu, „Á Njáluslóð“	500.000
190 15 Saga Film	1.000.000
190 16 Mannréttindastofnun	300.000
190 17 Ísark	500.000
190 19 Surtseyjarfélagið	400.000
190 20 Kvenfélagasamband Íslands	1.500.000
190 21 Kvenréttindafélag Íslands	500.000
190 22 Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	700.000
190 40 Heimilisiðnaðarskólinn	1.300.000
190 50 Landssamtökin Heimili og skóli	400.000
190 80 Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500.000
Samtals lofað og greitt 24. október 1997	11.096.000
Eftirstöðvar	5.014.000

244. Svar [34. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga.

1. *Hve oft hefur verið minnt á 12. gr. jafnréttislaganna frá því að hún var lögtekin árið 1991*
   a. *í bréfum einstakra ráðherra þar sem óskað er tilnefningar í stjórnir, ráð og nefndir,*
   b. *í sambærilegum bréfum stjórnenda ríkisstofnana,*
   c. *í bréfum stjórnenda sveitarfélaga?*

Forsætisráðuneytið fól félagsmálaráðuneytinu að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir í fyrirspurninni. Í svörum ráðuneyta kemur fram að yfirleitt hefur ekki verið minnt á 12. gr. jafnréttislaga í þeim bréfum ráðuneyta þar sem óskað er eftir tilnefningum í ráð, stjórnir og nefndir. Á þessu eru hins vegar undantekningar. Félagsmálaráðuneyti hefur á því tímabili sem um er spurt 173 sinnum minnt á umrædda grein og umhverfisráðuneyti hefur 12 sinnum á sama tímabili minnt á lagagreinina. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti minnti á hana í 21 skipti á árinu 1995. Í svörum ráðuneyta kemur fram að þau hafi með ýmsum hætti leitast við að jafna hlutföll kynja í ráðum, stjórnum og nefndum og að það hafi borið nokkurn árangur þótt ekki hafi verið minnt sérstaklega á 12. gr. jafnréttislaga. Þau hyggist stuðla að því á virkari hátt en gert hefur verið, m.a. með því að vitna til lagagreinarinnar.

Afar fátítt er að stofnanir leiti eftir formlegum tilnefningum í stjórnir, nefndir og ráð. Það hefur hins vegar verið gert í nokkrum tilvikum, t.d. hefur Vinnumálastofnun minnt á lagagreinina í tveimur tilvikum og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins einu sinni.

Í svari Sambands íslenskra sveitarfélaga segir að á vegum þess, samstarfsstofnana, Lánasjóðs sveitarfélaga og Bjargráðasjóðs sé almennt ekki óskað eftir tilnefningum í ráð, stjórnir og nefndir. Ógerningur er að afla upplýsinga frá sveitarfélögum landsins innan þess tímaramma, sem gefinn er til að svara fyrirspurn þessari, og raunar orkar mjög tvímælis að krefja forsætisráðuneytið svara um stjórnsýslumál sveitarfélaganna í landinu.

2. *Er meira um að bæði kynin séu tilnefnd ef minnt er á 12. gr. jafnréttislaganna í bréfum fyrrgreindra aðila en ef það er ekki gert?*

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma hér að framan er ekki mögulegt að gera marktækan samanburð á því hvort tilnefningar á konum séu algengari í þeim tilvikum sem minnt er á 12. gr. jafnréttislaga. Í svari umhverfisráðuneytis er tekið fram að í þeim tilvikum sem það hafi verið gert sé ekki merkjanlegt að konur séu fremur tilnefndar en karlar. Á hinn bóginn má benda á að hlutfall kvenna hefur verið hæst í stjórnum, ráðum og nefndum á vegum félagsmálaráðuneytis, en óljóst er hvort það megi rekja til þess að það ráðuneyti hefur að jafnaði minnt á umrædda lagagrein.

245. Svar [90. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um lán og styrki Byggðastofnunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa einhverjir á sl. fjórum árum fengið lán hjá Byggðastofnun eða styrki til hrossaþúskapar, kynningar íslenska hestsins erlendis eða innan lands eða hrossaræktar innan

lands eða erlendis? Sé svo, hversu mikil eru þau lán og hverjir hafa fengið styrki og hve mikinn hver fyrir sig?

Forsætisráðuneytið leitaði til Byggðastofnunar um svör við fyrirspurninni. Rétt er að taka fram að tæmandi yfirlit yfir öll lán og styrki Byggðastofnunar er að finna í ársskýrslu hennar.

Á árunum 1993–96 veitti Byggðastofnun lán og styrki sem falla undir framangreinda skilgreiningu sem hér segir:

Lán.

Tvö lán voru veitt fyrir nokkrum árum til útflutnings á hestum og hrossabúskapar. Árið 1993 fékk Reynir Sigursteinsson, Mýrahreppi, lán að fjárhæð 4 millj. kr. vegna útflutnings á hestum til Evrópu og árið 1994 fengu Anders og Lars Hansen, Rangárvallahreppi, lán að fjárhæð 8 millj. kr. vegna hrossaræktarbús. Þá fékk Ingimar Pálsson, Sauðárkróki, árið 1994 lán að fjárhæð 2 millj. kr. vegna hestaleigu.

Styrkir.

Einn styrkur að fjárhæð 500 þús. kr. var veittur árið 1995 til markaðssetningar á íslenska hestinum til Hannesar Sigurgeirssonar, Ásahreppi. Að öðru leyti hafa styrkveitingar vegna hesta tengst ferðaþjónustu og þá einkum hestaleigu. Arinbjörn Jóhannsson, Hvammstanga, fékk styrk að fjárhæð 300 þús. kr. árið 1995 til markaðsátaks vegna hesta- og vetrarferða. Hestasport sf., Sauðárkróki, fékk styrk að fjárhæð 300 þús. kr. árið 1996 til eflingar hestaferða í Skagafirði. Árnes, Hornafjarðarbæ, fékk styrk að fjárhæð 300 þús. kr. árið 1996 til hestaferða.

246. Svar [111. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 01-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi verkefni höfðu 28. október sl. fengið framlag af ráðstöfunarfé ráðherra:

Verkefni	**Kr.**
Arvo Alas, fyrrverandi sendiherra Eistlands á Íslandi	
Dvalarstyrkur vegna fræðistarfa og bókmenntarannsókna	390.000
Trausti Valsson og Birgir Jónsson	
Undirbúningur og útgáfa bókarinnar „Ísland hið nýja“	250.000
Útgáfa þýðinga Grigols Matsjavariani á georgísku og ferðastyrkur til ekkju hans	295.812
Norræna húsið á Íslandi	
Kaup á hljómflutningstækjum	500.000

Jón Ormur Halldórsson og Stefán Ólafsson
Samanburðarrannsókn á skipan þjóðfélagsmála og þróun efnahags í Suðaustur-Asíu og á Íslandi 100.000
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Þátttaka í alþjóðlegu verkefni og samanburður á efnahagslegu frjálsræði í ýmsum ríkjum heims 350.000
Samtals **1.885.812**

247. Svar [113. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvernig hefur verið varið fjárframlagi af óskiptum lið 01-190 190 Ýmis verkefni að fjárhæð 7,3 millj. kr. á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Á framangreindan fjárlagalið er færður kostnaður vegna tiltekinna verkefna sem forsætisráðuneytið hefur með höndum og eru þau breytileg eftir árum. Á þessu ári hefur verið gjaldfært á umræddan fjárlagalið reglubundið framlag til Þróunarfélags Reykjavíkur að fjárhæð 1,3 millj. kr. og kostnaður við eftirtaldar nefndir sem starfa eða hafa starfað á vegum ráðuneytisins: Stjórnarfarsnefnd (1,4 millj. kr.), fánanefnd (450 þús. kr.), nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands (1,2 millj. kr.) og nefnd um þjóðlendur (70 þús. kr.). Þá er á þessum lið einnig gjaldfærður kostnaður við ráðstefnuhald í tilefni af afmæli leiðtogafundarins í Reykjavík (800 þús. kr.) og vegna ritaraþjónustu við fyrrverandi forseta Íslands (200 þús. kr.), auk annarra smávægilegri útgjalda.

248. Svar [112. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvernig hefur verið varið framlögum til rekstrarhagræðingar á eftirtöldum liðum á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum:
a. 2 millj. kr. á liðnum 00-950,
b. 1 millj. kr. á liðnum 01-950,
c. 1 millj. kr. á liðnum 13-950?

Ekki liggur fyrir ákvörðun um ráðstöfun 2 millj. kr. á fjárlagalið 00-950.
Ekki liggur fyrir endanleg ákvörðun um ráðstöfun 1 millj. kr. á fjárlagalið 01-950. Forsætisráðuneytið gerir ráð fyrir að fjárveitingunni verði ráðstafað til embættis umboðsmanns barna vegna flutnings embættisins í nýtt skrifstofuhúsnæði.

Ekki liggur fyrir ákvörðun um ráðstöfun 1 millj. kr. framlags til rekstrarhagræðingar hjá Hagstofu Íslands.

249. Svar [139. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 06-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Af ráðstöfunarfé ráðherra hefur verið varið samtals 625.000 kr. sem skiptast þannig:

Verkefni	**Kr.**
Úlfljótur, tímarit laganema	
Styrkur vegna hátíðarútgáfu	100.000
Kvenréttindafélag Íslands	
Úttekt á kosningakerfum o.fl. í fimm Evrópulöndum með tilliti til þátttöku kvenna í stjórnmálum	300.000
Club Lögberg	
Vegna þátttöku laganema í norrænni málflutningskeppni	100.000
Æskulýðssamband Íslands	
Fræðslu- og skemmtisíðdegi um ungt fólk og ofbeldi	50.000
Skálholtsskóli	
Höggmyndasýning í tilefni af þúsund ára afmæli kristnitöku á Íslandi	75.000

250. Svar [140. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 28 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 06-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Engu fé hefur enn verið varið af þessari fjárveitingu.

251. Svar [142. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 05-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Þessi heimild hefur ekki verið notuð í sjávarútvegsráðuneytinu. Hún var kynnt öllum stofnunum ráðuneytisins en ekki hafa borist neinar umsóknir enn.

252. Svar [141. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 05-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Á síðasta ári nýtti sjávarútvegsráðherra 1,4 millj. kr. af ráðstöfunarfé sínu. Þær 1,6 millj. kr. sem eftir voru af ráðstöfunarfé hans hafa í ríkisbókhaldi verið fluttar yfir á þetta ár. Ráðherra hefur því 4,6 millj. kr. til ráðstöfunar.

Ráðherra hefur veitt tveimur ungum hafvísindamönnum styrki til framhaldsnáms, að fjárhæð 750.000 og 250.000 kr. Styrkveiting þessi var auglýst og bárust átta umsóknir, en tvær reyndust utan þess ramma sem styrkjunum var settur. Af hinum umsækjendunum sex eru fjórir í meistaranámi og tveir í doktorsnámi. Við úthlutun var horft til framvindu náms og námsárangurs og hversu mikilvægt rannsóknarsvið viðkomandi nemanda væri fyrir íslenskar haf- og fiskirannsóknir. Styrkþegarnir eru Hreiðar Þ. Valtýsson, meistaranámsnemi við háskólann í Bresku Kólumbíu í Kanada, en hann rannsakar vöxt og dánarhlutfall karfa, og Albert K. Imsland, sem er í doktorsnámi í Björgvin í Noregi og rannsakar áhrif umhverfis og erfðaþátta á vöxt flatfiska í eldi.

Auk framangreinds hefur ráðherra veitt 150.000 kr. í minningarsjóð um Ólaf V. Einarsson sem lést í sumar, en hann var fiskifræðingur og hafði m.a. starfað hjá Hafrannsóknastofnuninni og Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Namibíu. Hann var mjög virtur fyrir störf sín í Namibíu eins og kom berlega í ljós í heimsókn ráðherra þangað fyrir skömmu.

253. Svar [48. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um fjárframlög til íþróttastarfsemi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

a. *Hvernig hafa fjárframlög ríkisins til íþróttamála undir liðnum 02-989 Ýmis íþróttamál skipst milli kynja síðustu fimm árin?*
b. *Hafa verið sett skilyrði af hálfu ríkisins um jafnræði milli kynja við nýtingu þessara fjárframlaga, sbr. samþykktir Alþingis frá árunum 1992 og 1996? Ef ekki, hvað er fyrirhugað í því efni?*

Framlög ríkisins til íþróttafélaga og samtaka þeirra undir fjárlagalið 02-989 Ýmis íþróttamál hafa ekki verið sundurgreind í framlög til karla annars vegar og kvenna hins vegar.

Innan íþróttahreyfingarinnar hefur ýmislegt verið gert til þess að kanna stöðu kvenna í íþróttum og leita ráða til að efla íþróttaiðkun kvenna, yngri sem eldri. Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár stutt sérstaklega við þessa viðleitni íþróttahreyfingarinnar og veitt fjárframlög í því skyni, svo sem til umbótanefndar ÍSÍ um íþróttir kvenna, átaksverkefnis um þátttöku stúlkna og kvenna í íþróttum og til rannsókna á stöðu kvenna innan íþróttahreyfingarinnar. Þá hefur ráðuneytið skipað nefnd til þess að fjalla um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna í samræmi við ályktun Alþingis frá því í maí 1996.

Nefnd þessari var falið að gera tillögur í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands um hvernig efla megi íþróttir stúlkna og kvenna og vinna gegn hinu mikla brotthvarfi stúlkna úr íþróttum á unglingsárunum. Nefndinni var einnig falið að kanna hvaða fjármagn er veitt til stúlkna- og kvennaíþrótta, hver umfjöllun fjölmiðla er um íþróttir stúlkna og kvenna, hver skipting kynjanna er í forustu íþróttahreyfingarinnar og aðra þá þætti sem geta haft áhrif á stöðu stúlkna- og kvennaíþrótta. Einnig var nefndinni falið að kanna, eftir því sem við verður komið, hvað gert hefur verið meðal annarra þjóða í átt til umbóta í þessum efnum.

Nefnd þessi skilaði niðurstöðum sínum og tillögum til menntamálaráðuneytisins fyrir fáeinum dögum. Helstu tillögur hennar til úrbóta eru sem hér segir:

- Stuðningur, fjármagn og aðstaða sem ríki og sveitarfélög veita til íþrótta skal skiptast hlutfallslega jafnt á milli karla og kvenna.
- Komið verði á fót jafnréttisnefnd innan íþróttahreyfingarinnar.
- Rannsóknarverkefni er tengjast íþróttum kvenna njóti forgangs tímabundið. Stofnaður verði sjóður til að styrkja íþróttir stúlkna og kvenna, m.a. að því er varðar þátttöku þeirra, fræðslu og menntun.
- Gert verði sérstakt átak til að kynna niðurstöður rannsókna um þá umfjöllun og kynningu sem íþróttir kvenna fá í fjölmiðlum.
- Við menntun íþróttakennara, leiðbeinenda, þjálfara og forustumanna íþróttafélaga verði lögð áhersla á íþróttir fyrir alla og mikilvægi þess að jöfn aðstaða til íþróttaiðkunar karla og kvenna sé fyrir hendi.
- Stefnt verði að því að enginn unglingaþjálfari í íþróttum verði án tilskilinnar menntunar og að þar verði á engan hátt gert upp á milli íþrótta pilta og stúlkna.

254. Svar [45. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinsonar um öryggismál sundstaða.

1. *Hvaða sveitarfélög og aðrir eigendur sundstaða hafa formlega samþykkt reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar sem gefnar voru út árið 1994?*

Þau sveitarfélög sem formlega hafa samþykkt þær reglur, sem menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gáfu út í júní 1994 um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar (fylgiskjal II), eru alls 25 og þar á meðal nær öll fjölmennustu sveitarfélög landsins:

Reykjavíkurborg
Kópavogskaupstaður
Seltjarnarnesbær
Hafnarfjarðarkaupstaður
Kjalarneshreppur
Reykjanesbær
Sandgerði
Gerðahreppur
Akraneshreppur
Hvalfjarðarstrandahreppur
Borgarbyggð
Ísafjarðarkaupstaður
Tálknafjarðarhreppur
Þingeyrarhreppur
Flateyrarhreppur
Sauðárkróksbær
Akureyrarkaupstaður
Húsavíkurkaupstaður
Ólafsfjarðarkaupstaður
Hálshreppur
Reyðarfjarðarhreppur
Hvolhreppur
Rangárvallahreppur
Selfosskaupstaður
Grímsneshreppur
Vestmannaeyjakaupstaður

2. *Hvaða sundstaðir uppfylla þær nú þegar?*

Í fylgiskjali I er skrá yfir sundlaugar sem Vinnueftirlit ríkisins hefur skoðað með tilliti til þeirra öryggisþátta sem reglurnar taka til. Hafa eftirlitsmenn gert athugasemdir um aðbúnað ef ástæða hefur þótt til og fylgt þeim eftir hafi um vanefndir verið að ræða. Ekki liggja fyrir tæmandi upplýsingar um núverandi stöðu einstakra lauga.

3. *Hvaða sveitarfélög og aðrir eigendur sundstaða hafa ekki enn þá samþykkt reglurnar?*

Vísað er til svars við 1. tölulið fyrirspurnarinnar. Eftirlitsmenn Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðisfulltrúar telja að á langflestum sundstöðum sé unnið eftir fyrrgreindum reglum og stuðst við þær leiðbeiningar og öryggiskröfur sem þar eru settar fram.

4. *Hvaða aðferðum hyggst ráðherra beita til að fá þá sundstaði sem ekki uppfylla reglurnar til að hefjast handa um að hrinda þeim í framkvæmd?*

Eins og fram kemur í reglum um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar var ákveðið að þær skuli endurskoða fyrir árslok 1997. Að þeirri endurskoðun er nú unnið.

Reglurnar voru á sínum tíma gefnar út sem leiðbeinandi reglur, en stefnt er að því að tryggja ótvíræða lagastoð fyrir setningu endurskoðaðra reglna. Nefnd sem skipuð var af umhverfisráðuneytinu til þess að vinna að drögum að reglugerð og leiðbeiningum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sund- og baðstaða hefur skilað niðurstöðum sínum og tillögum til ráðuneytisins. Þar er m.a. tekið á öryggismálum bað- og sundstaðanna. Í frumvarpi til íþróttalaga, sem menntamálaráðherra lagði fram á Alþingi síðasta vor, var sérstakt ákvæði til að tryggja lagagrundvöll reglna um öryggi í íþróttamannvirkjum. Það frumvarp er nú til athugunar í nefnd sem skipuð var í samræmi við ályktun Alþingis frá 16. maí sl. um eflingu íþróttastarfs.

Fylgiskjal I.

Sundlaugar sem skoðaðar hafa verið af Vinnueftirliti ríkisins, skipt eftir umdæmum.
(16. október 1997.)

Höfuðborgarsvæði (30 laugar)

Reykjavík
Sundlaugin Austurbergi 5
Sundlaug Árbæjarskóla, Rofabæ
Sundlaug Árbæjar við Fylkisveg
Sundlaug Austurbæjarskóla við Vitastíg
Sundlaug Breiðagerðisskóla, Breiðagerði
Sundhöll Reykjavíkur, Barónsstíg
Sundlaug Sjúkrahúss Reykjavíkur, Grensásvegi
Sundlaug Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Háaleitisbraut
Sundlaug Sjálfsbjargar, Hátúni 12
Sundlaug Bjarkaráss, Stjörnugróf 9
Sundlaug Vesturbæjar, Hofsvallagötu
Sundlaug Hrafnistu, DAS, Laugarási
Sundlaug Safamýrarskóla, Safamýri
Sundlaug Ölduselsskóla, Ölduseli 17
Sundlaug Hótels Loftleiða, Reykjavíkurflugvelli
Sundlaugin í Laugardal
Hafnarfjörður
Sundhöll Hafnarfjarðar, Herjólfsgötu 10
Suðurbæjarlaug, Hringbraut 77
Sundlaug Hrafnistu, Skjólvangi
Garðabær
Sundlaug Garðabæjar við Ásgarð
Bessastaðahreppur
Sundlaug Bessastaðahrepps við Skjólveg
Kópavogur
Sundlaug Kópavogs, Borgarholtsbraut
Sundlaug endurhæfingardeildar Landspítalans við Kópavogsbraut
Seltjarnarnes
Sundlaug Seltjarnarness, Suðurströnd
Mosfellsbær
Sundlaugin Varmá, Skólabraut
Sundlaug Skálatúnsheimilis, Skálatúni
Sundlaug Reykjalundar
Sundlaug Tjaldanesheimilis
Sundlaug Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Reykjadal
Kjalarnes
Sundlaug Kjalarness, Klébergi

Vesturland (20 laugar)

Akranes
Jaðarsbakkalaug, Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum
Bjarnalaug, Laugarbraut 16
Andakílshreppur
Sundlaug Bændaskólans á Hvanneyri
Sundlaugin Félagsheimilinu Brún, Stafholtsey
Borgarbyggð
Borgarneslaug, Íþróttamiðstöðinni, Þorsteinsgötu
Varmalandslaug, Varmlandi
Dalabyggð
Sælingsdalslaug, Laugaskóla
Eyja- og Miklaholtshreppur
Kolviðarneslaug, Laugagerðisskóla
Eyrarsveit
Sundlaugin við Borgarbraut
Hálsahreppur
Sundlaugin á Húsafelli
Hvalfjarðarstrandarhreppur
Sundlaug Hvalfjarðarstrandarhrepps, Hlöðum
Leirár- og Melahreppur
Sundlaug Heiðarskóla
Lundarreykjadalshreppur
Sundlaugin Brautartungu
Reykholtsdalshreppur
Sundlaug Kleppjárnsreykjaskóla
Sundlaugin í Reykholti
Skorradalshreppur
Hreppslaug Efri-Hrepps
Snæfellsbær
Sundlaugin Ennisbraut 8, Ólafsvík
Sundlaugin Hellissandi
Sundlaugin Lýsuhóli
Stykkishólmur
Sundlaugin Austurgötu

Vestfirðir (13 laugar)

Sundlaugin í Norðurfirði
Sundlaugin í Bjarnarfirði
Sundlaugin Reykjanesi við Djúp
Sundhöll Ísafjarðar
Sundlaug Bolungarvíkur
Sundlaug Flateyrar
Sundlaug Þingeyrar
Sundlaugin Tálknafirði
Sundlaugin Patreksfirði
Sundlaugin Krossholti á Barðaströnd
Sundlaugin Flókalundi í Vatnsfirði
Sundlaugin Djúpadal, Djúpafirði
Sundlaugin Reykhólum

Norðurland vestra (12 laugar)

Sundlaug Héraðskólans á Reykjum, Hrútafirði
Sundlaug Hvammstanga
Sundlaug á Laugarbakka, Miðfirði
Sundhöll Blönduóss
Sundhöll Húnavallaskóla
Sundlaug Höfðakaupstað, Skagaströnd
Sundlaug Sauðárkróks
Sundlaug Bændaskólans að Hólum í Hjaltadal
Sundlaugin í Varmahlíð
Steinstaðalaug Lýtingsstaðahreppi
Barðslaug í Fljótum
Sundhöll Siglufjarðar

Norðurland eystra (26 laugar)

Akureyri
Sundlaugin Þingvallastræti 13
Sundlaug Glerárskóla við Höfðahlíð
Sundlaug SOLCO, Tungusíðu 6
Sundlaug vistheimilsins Sólborgar (hætt starfsemi)
Árskógshreppur
Sundlaug Árskógarskóla
Dalvík
Sundlaug Dalvíkurbæjar, Svarfaðarbraut 34
Reykdælahreppur
Sundlaug Framhaldsskólans á Laugum
Öxarfjarðarhreppur
Sundlaug Grunnskólans í Lundi
Grýtubakkahreppur
Sundlaugin á Grenivík
Aðaldælahreppur
Sundlaug Hafralækjarskóla
Reykjahreppur
Sundlaug Heiðarbæjar, Skógum 2
Eyjafjarðarsveit
Sundlaug Hrafnagilsskóla
Sundlaug Laugalandsskóla
Sundlaugin að Syðra-Laugalandi
Hríseyjarhreppur
Sundlaug Hríseyjar, Skólavegi
Húsavík
Sundlaugin, Laugarbrekku 2
Skútustaðahreppur
Sundlaugin í Reykjahlíð
Sundlaug ungmennafélagsins Mývetnings, Álftabáru
Ólafsfjörður
Sundlaugin við Sundlaugarveg
Hálshreppur
Sundlaug orlofsheimilisins Illugastöðum
Raufarhafnarhreppur
Sundlaugin/heilsuræktin við Skólabraut
Ljósavatnshreppur
Sundlaug Stórutjarnarskóla
Svalbarðsstrandarhreppur
Sundlaugin á Svalbarðseyri
Svarfaðardalshreppur
Sundskálinn í Svarfaðardal
Glæsibæjarhreppur
Sundlaug Þelamerkurskóla
Þórshafnarhreppur
Sundlaugin við Hafnarveg

Austurland (14 laugar)

Selárlaug, Selárdal, Vopnafirði
Sundlaug Egilsstaða, Tjarnarbraut
Sundlaugin Hallormsstað
Sundlaug Jökuldalshrepps, Skjöldólfsstöðum
Sundlaug Eiðaskóla
Sundhöll Seyðisfjarðar, Suðurgötu 5
Sundhöll Reyðarfjarðar, Heiðarvegi 14
Sundhöll Eskifjarðar, Lambeyrarbraut 14
Sundlaug Neskaupstaðar, Miðstræti 15
Sundlaug Búðarhrepps, Skólavegi 43, Fáskrúðsfirði
Sundlaug Stöðvarhrepps, Skólabraut 1
Sundlaug Djúpavogs, Hrauni 1
Sundlaug Hafnarhrepps, Hafnarbraut 11
Sundlaugin Brennu-Flosi, Svínafelli, Öræfum

Suðurland (26 laugar)

Hveragerði
Sundlaugin Laugaskarði
Sundlaugin Hótel Örk, Breiðumörk 1c
Sundlaug Heilsustofnunar NLFÍ, Grænumörk 10
Ölfushreppur
Sundlaug Hlíðardalsskóla
Sundlaug Þorlákshafnar
Stokkseyri
Sundlaug Stokkseyrar, Hafnargötu 10
Selfoss
Sundhöll Selfoss, Bankavegi
Grímsneshreppur
Ljósafosslaug, Búrfelli 3
Sundlaugin Hraunborgum
Sundlaugin Sólheimum
Sundlaugin Öndverðarnesi
Laugardalshreppur
Sundlaugin Laugarvatni, Íþróttakennaraskóla Íslands
Sundlaug Vélstjórafélags Íslands
Biskupstungnahreppur
Hlíðarlaug, Úthlíð 2
Reykholtslaug
Sundlaugin Geysi
Hrunamannahreppur
Sundlaugin Flúðum
Gnúpverjahreppur
Sundlaugin í Þjórsárdal
Skeiðahreppur
Skeiðalaug, Brautarholti
Holta- og Landsveit
Sundlaugin Laugalandi
Rangárvallarhreppur
Sundlaugin Útskálum 4, Hellu
Hvolshreppur
Sundlaugin Vallarbraut, Hvolsvelli
Austur-Eyjafjallahreppur
Sundlaug Skógaskóla
Seljavallalaug
Skaftárhreppur
Sundlaugin Kirkjubæjarklaustri
Vestmannaeyjar
Sundlaug Vestmannaeyja, Brimhólabraut

Reykjanes (7 laugar)

Grindavík
Sundlaug Grindavíkur, Austurvegi 1
Garður
Íþróttamiðstöðin, Garðabraut 94
Keflavík
Sundmiðstöð Keflavíkur, Sunnubraut
Sundhöll Keflavíkur við Framnesveg
Njarðvík
Íþróttamiðstöð Njarðvíkur, Norðurstíg 4
Sandgerði
Íþróttamiðstöð Sandgerðis við Suðurgötu
Vogar
Íþróttamiðstöðin, Hafnargötu 17

Fylgiskjal II.

Reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar.

(1994.)

1. *Sundgestir*

1.1 Börnum undir 8 ára aldri er óheimill aðgangur að sundstað nema í fylgd með 14 ára eða eldri syndum einstaklingi. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri en tvö börn með sér. Miðað er við fæðingarár. Þrátt fyrir þetta ákvæði hafa laugarverðir sömu skyldum að gegna gagnvart þessum börnum eins og öðrum sundgestum þó að þau njóti sérstakrar gæslu fylgdarmanna.

1.2 Sundgestum er óheimilt að nota köfunartæki í laug þ.m.t. öndunarpípur og grímur sem ná yfir öndunarfæri nema með leyfi laugarverðar. Starfsmenn sundlauga þurfa að hafa góðar gætur á notkun flotleikfanga og geta bannað ungum lítt syndum sundiðkendum notkun þeirra nema ábyrgir gæslumenn gæti varúðar.

1.3 Sundgestir skulu þvo sér vandlega áður en þeir fara ofan í laug og vera í hreinum sundfötum.

1.4 Vítavert framferði sundgesta, svo sem dýfingar af langhliðum, kaffæringar og vatnsskvettur varða brottrekstri úr laug. Sundiðkendum skal gerð grein fyrir þeirri hættu sem getur stafað af síendurteknum köfunum og langsundi í kafi.

1.5 Sundgestum ber að fara að fyrirmælum starfsmanna sundstaðar í hvívetna. Verði sundgestur ekki við fyrirmælum starfsmanns getur hann vísað viðkomandi af sundstað.

1.6 Einstaklingum sem eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er óheimill aðgangur að sundstað.

1.7 Reglur um umgengni á sundstöðum skulu vera á áberandi stöðum.

2. *Umhverfi og aðbúnaður*

2.1 Á sundstöðum skulu vera tiltæk tæki til skyndihjálpar sbr. skrá í öryggismöppu sundstaða. Starfsfólk, sundkennarar og þjálfarar skulu með reglulegu millibili fá leiðsögn í notkun þessara tækja. Tækin skulu yfirfarin reglulega sbr. grein 3.4 og 3.5.

2.2 Á sundstað skal vera ákveðið öryggiskerfi og neyðaráætlun sem segir fyrir um viðbrögð ef slys ber að höndum.

2.3 Í maí ár hvert skal forsvarsmaður sundlauga útfylla sérstakan gátlista sem er í öryggismöppu sundstaða. Þar kemur m.a. fram staða öryggismála við sundlaug hverju sinni. Senda skal undirritað afrit til eiganda og/eða viðkomandi forráðamanns eigi síðar en 10 dögum eftir útfyllingu listans. Sundstaður heldur eftir afriti.

2.4 Á sundstöðum og við kennslulaugar skal sjá til þess að aðgengi fatlaðra sé samkvæmt gildandi reglum og reglugerðum.

2.5 Við dýfingabretti skal setja skilti með ábendingum um umgengni og hugsanlega hættu við notkun þeirra.

3. *Laugargæsla*

3.1 Við almenningslaugar allt að 25 x 12½ metrar að stærð skal að minnsta kosti vera einn laugarvörður. Við laugar með stærra vatnsyfirborð eða flóknari uppbyggingu er æskilegt að hafa tvo laugarverði. Yfirmenn sundstaða skulu sérstaklega taka tillit til þessara þátta á mestu annatímum. Laugar sem eru 50 x 20 metrar (1000 m^2) eða stærri skulu hafa að minnsta kosti tvo laugarverði. Í slíkum laugum skal koma fyrir myndavélum (sjónvarpsskjám) og/eða varðturni þaðan sem góð yfirsýn er yfir laugarsvæðið. Sérstaklega skal fylgst með svæðum sem ekki eru í sjónlínu á sjónvarpsskjá.

3.2 Laugarvarsla krefst fullrar athygli. Laugarverðir skulu kanna aðstæður með tilliti til öryggisþátta áður en almenningi er veittur aðgangur að laug í upphafi starfsdags og eftir lokun laugar. Laugarverðir skulu reglulega ganga meðfram laug, fylgjast með myndavélum og/eða staðsetja sig þar sem góð yfirsýn er yfir alla laugina. Þurfi laugarvörður að víkja frá skal hann fá til laugargæslu hæfan einstakling sem lokið hefur skyndihjálparnámskeiði. Laugarverði er hins vegar óheimilt að yfirgefa húsakynni sundlaugar án þess að fá til vörslunnar einstakling sem staðist hefur hæfnipróf sundstaða (sjá grein 3.4). Ef enginn með tilskilin réttindi er tiltækur til afleysinga, skal laugarvörður kalla alla úr laug og loka henni.

3.3 Eigendum sundstaða er heimilt að víkja frá ákvæðum um fjölda starfsmanna í laugum sem eru allt að 25 x 12½ metrar að stærð. Það á við þegar aðsókn er takmörkuð eða staðsetning laugarvarðar veitir næga yfirsýn, svo sem með aðstoð hjálpartækja þ.e. myndavéla.

3.4 Starfsmenn sundstaða er sinna laugargæslu skulu árlega gangast undir próf, svonefnt hæfnipróf sundstaða. Prófatriði eru:

1. Þolsund; 600 m (frjáls aðferð) á innan við 21 mínútu.
2. Hraðsund; 25 m á 30 sek.
3. Björgunarsund í fötum; 25 m með jafningja.
4. Kafsund; 15 m.
5. Köfun; sækja „björgunardúkku" í dýpsta hluta laugar eftir stungu og köfun.
6. Köfun; sækja 3 hluti í dýpsta hluta laugar (á allt að 3.5 m dýpi) eftir sund og köfun. Hvíld milli köfunar 10 sek.
7. Skyndihjálparnámskeið; ljúka árlegu námskeiði í skyndihjálp sem sérstaklega er ætlað sundstöðum.
8. Öryggisatriði; fara yfir öryggisatriði og útbúnað viðkomandi sundstaðar.

Aðeins þeir starfsmenn sem standast alla þætti prófsins mega sinna laugarvörslu. Heimilt er þó að endurtaka prófatriði innan mánaðar frá prófdegi, þó ekki fleiri en tvo þætti. Próf skulu fara fram í apríl/maí eða september/október ár hvert.

3.5 Þeir sem sækja um starf við sundstaði skulu leggja fram heilbrigðisvottorð með umsókn sinni.

3.6 Eigendum og umsjónarmönnum sundstaða er skylt að sjá til þess að starfsfólk fái endurmenntun í starfi og bera jafnframt ábyrgð á og hafa

yfirumsjón með að hæfnipróf sundstaða fari fram samkvæmt grein 3.4. Framkvæmd og mat á niðurstöðum hæfniprófs skal vera í höndum viðurkenndra fagaðila, s.s. íþróttakennara eða annarra aðila með hliðstæða menntun.

3.7 Um öryggisatriði varðandi sundkennara verður fjallað í reglugerð.

4. Sundkennsla, sundþjálfun, námskeið

4.1 Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur í samvinnu við starfsfólk sundstaða skulu ávallt gæta þess að nemendur fari ekki að laug á undan þeim, hvort sem sundlaug nýtur vörslu eða eigi. Sundkennarar skulu ekki víkja frá laug fyrr en allir nemendur/iðkendur eru farnir inn í búnings- eða baðherbergi. Þau varúðaratriði sem hvíla á laugarverði hvíla einnig á kennara eða þjálfara varðandi nemendur hans.

4.2 Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu í samvinnu við starfsmenn sundstaða fara árlega yfir vinnutilhögun í tengslum við sundkennslu og sundþjálfun þar sem fyllsta öryggi nemenda verði gætt og eftirfarandi atriði tekin fyrir:
- Starfsmenn sundstaða skulu ekki hleypa nemendum inn í búningsklefa fyrr en sundkennari/sundþjálfari er mættur á sundstað.
- Sundkennari/sundþjálfari skal vera kominn að laugarbakka áður en nemendur ganga til laugar.

4.3 Kennari ásamt starfsfólki sundlauga skal í upphafi skólaárs eða við upphaf hvers sundnámskeiðs fara yfir helstu reglur sem gilda á sundstöðum og gera nemendum grein fyrir þeim hættum sem geta fylgt sundiðkun.

4.4 Fjöldi nemenda í kennslustund skal að jafnaði vera 15, sjá nánar reglugerð nr. 395/1986 um sundnám í grunnskóla. Æskilegt er að þeir séu færri en 15 þegar um ósynda nemendur er að ræða.

4.5 Æskilegt dýpi laugar við sundkennslu yngri barna og ósyndra er á bilinu 0,70 - 1,05 m.

4.6 Niðurfelling á skólasundi og sundþjálfun í útisundlaugum vegna kulda skal miða við aðstæður á sundstað. Kennari vegur og metur aðstæður á sundstað hverju sinni. Algengt er að miða við 6° frost (-6° Celsius) en miklu skiptir hvort veður er kyrrt eða ekki.

4.7 Leitast skal við að sundkennsla fari fram í innilaug, sérstaklega á þetta við um yngri nemendur.

5. Eftirlit með sundlaugarvatni

5.1 Fylgjast skal reglulega með klór og sýrustigi í laugum. Þegar sýni eru tekin skal þess gætt að taka vatn einungis undir yfirborði, þar sem hærri klórstyrkur er oftast í yfirborðslaginu. Skrá skal klór og sýrustig í þar til gerða bók, ásamt öllum hreinsunaraðgerðum, þ.m.t. viðhald á hreinsitækjum. Klór þarf að mæla a.m.k. tvisvar á dag og oftar ef um mikla notkun er að ræða. Sýrustig þarf að mæla a.m.k. tvisvar á dag þar sem sýru- og basaskömmtun er í laugina. Á sólríkum dögum má gera ráð fyrir aukinni uppgufun klórs.

Klórþörf eykst einnig með auknum fjölda baðgesta. Við þessar aðstæður þarf að fylgjast sérstaklega vel með laugarvatninu. Upplýsingar og ákvæði um gerlagróður í baðvatni er í heilbrigðisreglugerð (nr. 149/1990 ásamt síðari breytingum). Samkvæmt ákvæðum sömu reglugerðar má klórstyrkur ekki fara undir 0,8 mg/l af óbundnum klór, sjá viðmiðunartöflu í öryggismöppu sundstaða.

5.2 Fylgjast skal reglulega með hreinleika og tærleika baðvatns. Afkastageta hreinsitækja fyrir sund- og baðlaugar þarf að fullnægja kröfum heilbrigðisyfirvalda um hreinleika sund- og baðvatns. Það fer eftir aðstæðum hversu ör síunarhraði vatnsins þarf að vera, en lágmark 4 sinnum á sólarhring.

5.3 Hiti laugarvatns skal vera á bilinu 28° til 30° C. Þó eru lítilsháttar frávik eðlileg í óstöðugu veðurfari og við sundæfingar sundfélaga og keppni. Við sundkennslu skólabarna og ungbarna skal þess sérstaklega gætt að hitastig haldist við efri mörkin. Gæta skal þess að vatn sem rennur í laug sé ekki heitara en 55° C.

5.4 Vatn í steypuböðum skal ekki vera heitara en 55° C og þá til blöndunar með köldu vatni. Ef hitaveituvatn er notað í steypuböð skal stefnt að því að nota það með kælingu.

5.5 Hitastig vatns í setlaugum (heitum pottum) skal greinilega merkt. Vatn skal ekki fara yfir 44° C. Búnaður með yfirhitavara fyrir of heitt vatn skal vera til staðar. Við setlaugar skal sett upp skilti um hitastig vatns og ábending til gesta um að vera ekki of lengi í setlaugum. Tryggja skal öryggi barna með hliðsjón af hita vatnsins, sjá nánar grein 5.14 um sundlaugar, setlaugar o.fl. í byggingarreglugerð nr. 177/1992 og Rb-tækniblaði (70)X, febrúar 1993.

5.6 Um meðferð og geymslu á klór í sundlaugum skal fara eftir leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins nr. 1/1992.

5.7 Einungis er heimilt að nota klór til sótthreinsunar á baðvatni. Til að reyna aðrar aðferðir til sótthreinsunar verður að sækja um leyfi til heilbrigðisnefndar sem skal leita álits Hollustuverndar ríkisins.

5.8 Ýtrasta hreinlætis skal gætt á sundstöðum. Fylgjast skal náið með öllum þrifum og nota viðeigandi efni til þrifa og sótthreinsunar.

6. Hönnun

6.1 Æskilegt er að laugar séu byggðar með yfirfallsrennu. Yfirborð vatns í sundlaug skal ávallt vera í hæð yfirfallsrennu (fleytingarrennu). Mikill öldugangur í laug getur valdið því að sundiðkanda svelgist á og þá er hætta á að hann falli í öngvit.

6.2 Stærð og lögun niðurfallsrista og rista yfir útsogsopum skal vera þannig að ekki sé hætta á að fólk geti sogast fast við þær. Til að tryggja slíkt þurfa ristar að hafa það stórt flatarmál að mannslíkami geti ekki undir neinum kringumstæðum lokað niðurfallsrist. Einnig getur lögun ristarinnar verið þannig að ekki sé hægt að festast við hana, t.d. kúpt eða sogi álíka mikið til

hliðar og að framan. Göt á niðurfalls- og útsogsristum mega ekki vera stærri en 8 mm.

Um frekari frágang skal bent á kröfur Vinnueftirlitsins og Rb-tækniblað (70)X, „Frágangur og öryggi við setlaugar m.t.t. barna".

6.3 Ef flísar eru notaðar á laugarbökkum, í steypiböðum og annars staðar þar sem vatnsagi er, skulu þær uppfylla kröfur um hálkuviðnám, sbr. DIN staðal 51097. Sjá nánar Rb-tækniblað „Keramikflísar VI". Gerð skal krafa um að auðvelt sé að þrífa flísarnar. Jafnframt skal komið fyrir handlistum við steypiböð þar sem þess er talin þörf. Einnig skulu handrið vera á gönguleiðum frá böðum að laugarsvæði.

6.4 Sérstaka varúð skal viðhafa vegna hálku við útilaugar. Æskilegt er að útisvæði við laugar séu hituð eða gönguleiðum haldið frostfríum á annan fullnægjandi hátt.

6.5 Vatnsrennibrautir skulu byggðar eftir leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins. Áður en vatnsrennibrautir eru teknar í notkun skal tilkynna slíkt til Vinnueftirlitsins, sem tekur mannvirkið út og lýsir það hæft til notkunar fyrir almenning. Á það skal bent að mikil vatnskæling getur fylgt vatnsrennibrautum.

6.6 Hver laug skal vera varin ásókn manna og dýra með girðingu, að lágmarki 2 metrar á hæð (helst 2 1/2 m). Girðing getur verið klædd eða úr möskvuðu vírneti. Net skal vera mest með 2" möskvum (5 sm). Sjá nánar byggingarreglugerð nr. 177/1992, grein 5.14 um heita potta (setlaugar) o.fl.

6.7 Gera skal ráð fyrir fullnægjandi lýsingu á útisvæðum þar sem sundgestir og starfsmenn þurfa að fara um.

7. Aðbúnaður starfsmanna

7.1 Um öryggi og aðbúnað starfsmanna í sundlaugum er farið eftir reglum Vinnueftirlits ríkisins.

8. Úttekt á sundstöðum, starfsleyfi og eftirlit

8.1 Áður en sundlaugarbygging er tekin í notkun skal hún tekin út af eftirfarandi aðilum:
Byggingarfulltrúa,
Eldvarnareftirliti,
Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og
Vinnueftirliti ríkisins.

8.2 Eftir að sundlaugarbygging hefur verið tekin í notkun er nauðsynlegt að fylgst sé stöðugt með hreinsun vatnsins, þrifum og öryggisbúnaði. Þetta annast Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Vinnueftirlit ríkisins. Yfirmaður viðkomandi sundstaðar sér um að öryggisbúnaður sé í lagi og öryggiseftirliti framfylgt.

8.3 Eigandi sundstaðar ber ábyrgð á framkvæmd þessara reglna.

255. Svar [144. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 4 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 04-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Umræddu framlagi til rekstrarhagræðingar hefur enn ekki verið ráðstafað.

256. Svar [117. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 42 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 02-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar í lok árs 1996 vinnur ráðuneytið að gerð samninga við stofnanir sínar til þriggja ára um verkefni og árangur þeirra. Við undirbúning samninga er stofnunum ætlað að gera áætlanir um starfsemina næstu þrjú ár.

Samningagerð við meginhluta framhaldsskóla er vel á veg komin og er ætlunin að henni ljúki fyrir næstu áramót. Undirbúningur samninga við skóla á háskólastigi er einnig langt kominn. Samningar við einstakar menningar- og vísindastofnanir munu fylgja í kjölfarið.

Í þessari samningagerð er tekið á ýmsum verkefnum sem lúta að rekstrarhagræðingu og kalla á sérstök framlög á næstunni. Í því sambandi má nefna undirbúning að sameiningu skóla í einn uppeldisháskóla, tækjakaup vegna fjarkennslu og annarrar upplýsingatækni til að draga úr kennslukostnaði, markvissari nemendaskráningu og skipulagsbreytingar í rekstri skóla og stofnana.

Samningar ráðuneytis við skóla og einstakar stofnanir á vegum þess verða kynntir fjárlaganefnd þegar þeir liggja fyrir.

Ráðuneytið hefur ekki enn sem komið er ráðstafað rekstrarhagræðingarfé á fjárlagalið 02-950 fyrir árið 1997. Hluti kostnaðar mun væntanlega koma fram við ársuppgjör 1997 en hluti sem tímabundnar greiðslur á árinu 1998.

257. Frumvarp til laga [225. mál]

um kosningar til sveitarstjórna.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Kjördagur.

1. gr.

Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu.

Kjörtímabil sveitarstjórnar er fjögur ár.

II. KAFLI
Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr.

Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórna á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili hér á landi.

Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa glatað kosningarrétti þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem eru 18 ára þegar kosning fer fram, enda hafi þeir átt lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag.

3. gr.

Kjörgengur við kosningar til sveitarstjórna er hver sá sem á kosningarrétt skv. 2. gr. og hefur ekki verið sviptur lögræði.

III. KAFLI
Kjörskrár.

4. gr.

Sveitarstjórnir gera kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.

5. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 2. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

6. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð er Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur í té og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hún lætur skrá á þau.

7. gr.

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

8. gr.

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Nú er kjörskrá ekki lögð fram á skrifstofu sveitarstjórnar og skal þá auglýsa hvar það verður gert og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

9. gr.

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá fyrir þann tíma er greinir í 5. gr.

Sveitarstjórn skal ennfremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.

10. gr.

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 9. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá.

11. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, jafnskjótt og hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það sem skort hefur á að færi lögum samkvæmt.

IV. KAFLI
Kjördeildir.

12. gr.

Hvert sveitarfélag er ein kjördeild, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Í sveitarfélögum þar sem kjördeildir eru færri en fjórar eiga 15 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hluta sveitarfélagsins, rétt á að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti sveitarfélagsins afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.

Kjördeildir skal að jafnaði tölusetja til aðgreiningar.

V. KAFLI
Kjörstjórnir og undirbúningur kosninga.

13. gr.

Kjörstjórnir skulu kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Að öðru leyti eru kjörstjórnir í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar. Í hverri kjörstjórn eiga sæti þrír aðalmenn og þrír varamenn. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.

Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein kýs sveitarstjórn yfirkjörstjórn til þess að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á hverjum kjörstað. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðu-

búnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna, ef með þarf.

Í hverri kjördeild skal vera undirkjörstjórn. Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar en kveðið er á um í 1. mgr.

Í sveitarfélagi, sem ekki er skipt í kjördeildir, gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna.

Sveitarstjórn getur ákveðið að sama kjörstjórn stýri kosningum til sveitarstjórnar og kosningum til Alþingis.

14. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Yfirkjörstjórnir bóka viðtöku framboða, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Sveitarstjórnir skulu láta kjörstjórnum í té gerðabækur sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af hlutaðeigandi lögbókanda (notario publico). Yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

15. gr.

Sá sem sæti á í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar.

16. gr.

Varamenn taka sæti í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

VI. KAFLI
Framboð og umboðsmenn.

17. gr.

Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn fyrir lok framboðsfrests að hann skorist undan endurkjöri.

18. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem geta verið með tvennu móti:

a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

19. gr.

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

20. gr.

Þegar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar þrjár vikur eru til kjördags.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru.

21. gr.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar.

Lágmarksfjöldi meðmælenda skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa 10 meðmælendur,
2. í sveitarfélagi með 501 – 2.000 íbúa 20 meðmælendur,
3. í sveitarfélagi með 2.001 – 16.000 íbúa 40 meðmælendur,
4. í sveitarfélagi með 16.000 og fleiri íbúa 100 meðmælendur.

Hámarkstala meðmælenda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

22. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórnir setja.

23. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund á næsta virkum degi og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests kveður hún upp úrskurð um hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð ræður afl atkvæða úrslitum.

24. gr.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurð sveitarstjórnar má kæra á sama hátt sem fyrir er mælt í 88. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

25. gr.

Á framboðslista í sveitarfélagi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á sem aðalmenn í sveitarstjórn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Við hinar sömu sveitarstjórnarkosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

26. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

27. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim sem úrskurðaður er ógildur.

28. gr.

Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður framkominn framboðslisti sjálfkjörinn.

29. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

30. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð sinn á framboðslista merkir hún lista framboðanna með hliðsjón af skrá dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu alþingiskosningar.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn listanna.

31. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

Nú fer óbundin kosning fram, framboðsfrestur framlengist samkvæmt ákvæðum 28. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 17. gr. og skal þá yfirkjörstjórn auglýsa það með sama hætti og framboð.

32. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 29. gr. skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn birta listann þannig breyttan með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

VII. KAFLI
Kjörgögn.

33. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Um gerð og meðferð þessara kjörgagna fer eftir lögum um kosningar til Alþingis.

34. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

35. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar sveitarstjórnarkosningar.

36. gr.

Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða sveitarstjórnarkosningar í tilteknu sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal.

Þar sem bundnar hlutfallskosningar fara fram skal prenta framboðslistana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti 1/2 cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** ... (nafn stjórnmálasamtakanna).

37. gr.

Ef um óbundnar kosningar er að ræða skal kjörseðill vera tvískiptur. Efri hluti kjörseðils skal ætlaður fyrir nöfn og heimilsföng aðalmanna en neðri hluti hans fyrir nöfn og heimilisföng varamanna. Á neðri hluta kjörseðils skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra sem kjósa á.

38. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en nauðsynlegt er að mati yfirkjörstjórnar og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

39. gr.

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórn síðan afhenda með öruggum hætti undirkjörstjórn hverri jafnmarga seðla og kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu afhentir í vönduðum umbúðum er yfirkjörstjórn innsiglar svo vandlega að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir þegar atkvæði eru talin.

40. gr.

Sömu atkvæðakassar skulu að jafnaði notaðir og við alþingiskosningar. Sýslumenn og hreppstjórar varðveita atkvæðakassana milli kosninga og sjá um að þeir séu til taks í tæka tíð þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm að lengd, 21 cm að breidd og 15,7 cm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm löng að minnsta kosti og 6,5 mm víð að ofan en víðari að neðan.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í sveitarfélaginu.

41. gr.

Félagsmálaráðuneytið lætur hverri yfirkjörstjórn í té sérprentun af lögum þessum ásamt skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir. Yfirkjörstjórn skal sjá til þess að undirkjörstjórnir fái slíka sérprentun.

Formenn yfir- og undirkjörstjórna geyma eintök þessi og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

VIII. KAFLI
Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

42. gr.

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar fer að öðru leyti eftir lögum um kosningar til Alþingis.

IX. KAFLI
Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

43. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveður sveitarstjórn.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

44. gr.

Þar sem kosning fer fram skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni og svo um búið að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku völ má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði séð þangað inn að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð sem skrifa má við.

45. gr.

Í kjörfundarstofu svo og annars staðar á kjörstað skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar er félagsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

Félagsmálaráðuneytið sendir yfirkjörstjórnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þessara en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undirkjörstjórnum.

46. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi en yfirkjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur skuli hefjast fyrr en þó eigi fyrir kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti en séu þeir eigi heldur viðstaddir kveður sá eða þeir sem við eru úr kjörstjórninni valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni og halda þeir sæti sínu uns hinir koma.

Upphaf kjörfundar skal auglýsa með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

47. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

48. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista má enginn vera inni í kjörfundarstofunni nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnar leggur fram böggul með kjörseðlum. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana en meðkjörstjórar og umboðsmenn telja líka. Skal fjöldi seðlanna skráður í gerðabók kjörstjórnar og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

49. gr.

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósköddud. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána sem fylgir. Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella skal það skráð sérstaklega í gerðabók kjörstjórnar og varðveitt með sama hætti og aðrir atkvæðaseðlar.

50. gr.

Kjörstjórn athugar hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

51. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

52. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

53. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörslu einn mann eða fleiri sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til að atkvæðagreiðsla hefjist og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um í hverri röð kjósendur komist að skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrr inn sem framar stendur á kjörskrá af þeim sem gefa sig fram.

54. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna gerir hann kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir oddviti honum einn kjörseðil.

55. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði nema hann hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema hann sanni með vottorði að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama sveitarfélags og hafi afsalað sér þar kosningarrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í gerðabók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar gerðabók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í gerðabókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð er einnig gilt sé það undirritað af sveitarstjórn í því sveitarfélagi þar sem kjósandi er á kjörskrá eða oddvita fyrir hennar hönd. Ber oddvita að tilkynna undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag hvaða kjósendum í kjördeildinni sveitarstjórn hafi gefið vottorð.

56. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý er kjörstjórn lætur í té og sér um að jafnan séu nægilega vel ydd.

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista er þeir gefa atkvæði sitt og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

57. gr.

Kjósandi greiðir atkvæði við bundnar hlutfallskosningar á þann hátt að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

58. gr.

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilisins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna.

Á þann hluta seðilsins sem ætlaður er fyrir kjör varamanna skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á.

Kjósandi skal brjóta seðilinn saman þannig að það sem á hann var ritað snúi inn og skal kjósandi sjálfur stinga kjörseðli í atkvæðakassann.

Ekki skal meta atkvæði ógilt ef greinilegt er hver vilji kjósanda er nema á kjörseðlinum séu áletranir eða annarleg merki sem ætla má að sett séu til að gera seðilinn auðkennilegan eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.

59. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem segir í lögum þessum.

60. gr.

Kjósandi má ekki hagga neitt við listum sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

61. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr klefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður þótt hann skili auðum seðli.

62. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill

krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

63. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í gerðabókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

64. gr.

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

65. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

66. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í gerðabókina.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina á hann rétt á að bóka það sjálfur og riti hann nafn sitt undir.

X. KAFLI
Framkvæmd atkvæðatalningar.

67. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má að dómi yfirkjörstjórnar.

Sé kosningu frestað skv. 85. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

68. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa sem kjörstjórninni hafa borist með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn og umboðsmenn lista athuga fylgibréfin og rannsaka hvort sá sem bréfið er frá stendur á kjörskrá og ef svo er hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist að sá sem bréfið er frá standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

69. gr.

Komi það í ljós að sá er sent hefur utankjörfundaratkvæði standi ekki á kjörskrá, sé búinn að greiða atkvæði, hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 55. gr., eða hafi dáið fyrir kjördag leggur kjörstjórnin kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu aftur í sendiumslagið og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að ef í sendiumslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf ásamt kjörseðilsumslagi eða ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

70. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt og skal þá bóka nákvæmlega í gerðabókina í hverju ágreiningurinn er fólginn og skal síðan yfirkjörstjórn úrskurða um gildi þess.

71. gr.

Þau kjörseðilsumslög sem enginn ágreiningur er um að gild séu lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

72. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og kjörseðilsumslög þau er gild hafa verið tekin hafa verið látin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum sem ónýttir hafa verið og í öðru öllum þeim seðlum sem afgangs eru ónotaðir.

73. gr.

Um leið og kosningu er lokið og undirkjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar ásamt atkvæðakössum.

74. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórnmálasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

75. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild sveitarfélagsins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu

ósköddud. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim sem í honum eru óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

76. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

a. ef kjörseðill er auður,
b. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru,
c. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil,
d. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
e. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

77. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli fylgi orðið listi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálasamtaka o.s.frv.

Lista telst greitt atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

78. gr.

Utankjörfundaratkvæði greitt lista fyrir breytingu á honum skv. 32. gr. skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

79. gr.

Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða uns úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur og skal þá geta um ágreininginn í gerðabók kjörstjórnar.

Þá er allir kjörseðlar eru upplesnir og atkvæðin skráð telur yfirkjörstjórn atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanna og skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í sveitarfélaginu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

XI. KAFLI
Kosningaúrslit.

80. gr.

Við bundnar hlutfallskosningar skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur skv. 2. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 67. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

81. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o.s.frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt hlýtur 2. sætið o.s.frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

82. gr.

Þegar kosning er óbundin fer talning atkvæða fram með þeim hætti að formaður yfirkjörstjórnar les upp nöfnin sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar en þeir skrá atkvæðin jafnóðum.

Þeir sem flest atkvæði fá sem aðalmenn eru réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

83. gr.

Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn. Varamenn eru þeir sem ekki hljóta atkvæðamagn sem aðalmenn þannig:

1. varamaður er sá sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í

sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

84. gr.

Að talningu lokinni skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli. Skal gildum og ógildum seðlum haldið aðgreindum.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði upp kveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal yfirkjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og skrá yfirlýsingu þar um í gerðabók kjörstjórnar.

XII. KAFLI
Kosningum frestað og uppkosningar.

85. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Farist kosning fyrir af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar greinar.

Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur óviðráðanlegar ástæður, eins og óveður, hindra að kosning geti fram haldið og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Hafi kosningu verið frestað ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þegar kosningu hefur verið frestað skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 72. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu að kjörskráin og þau eftirrit hennar sem kjörstjórnin hefur haft til afnota skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði IX. kafla laganna, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

86. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðuð ógild skv. 89. gr. þessara laga og skal þá sveitarstjórn í samráði við yfirkjörstjórn boða til nýrra kosninga í sveitarfélaginu og ákveða kjördag, svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

87. gr.

Nú fara aukakosningar fram vegna þess að kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar og síðari kosningarnar fara fram innan hálfs árs frá þeim fyrri og skal þá kosið samkvæmt fyrri kjörskrá.

Fari kosning síðar fram skal gerð ný kjörskrá.

XIII. KAFLI
Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

88. gr.

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll telst:

a. að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til sveitarstjórnar eða loforð um kjörfylgi svo og að undirskrifa slíkar áskoranir fram yfir það sem tekið er fram um meðmælendur með framboðslistum í 21. gr., þó er stjórnmálafélagi, sem gert hefur ályktun um áskorun um framboð til sveitarstjórnasetu innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri,
b. að safna undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra eða heyrt geta undir valdsvið sveitarstjórna, innan tveggja mánaða fyrir kjördag,
c. að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunnindum í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að torvelda öðrum sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar,
d. að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni,
e. að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma,
f. að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá,
hér undir heyrir sérstaklega ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í sveitarfélagi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá,
g. að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar,
h. að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði sem greitt hefur verið eða á annan hátt.

XIV. KAFLI
Kosningakærur.

89. gr.

Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

Viðkomandi sýslumaður skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar er honum hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úskurði nefndarinnar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins og skal tilkynning um kæruna komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er kærunni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og nefndin úrskurðar kosningu ógilda og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað um kærur sem fram kunna að koma vegna þeirra.

90. gr.

Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

XV. KAFLI
Nýkjörin sveitarstjórn.

91. gr.

Yfirkjörstjórn skal gefa út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og jafnmargra varamanna.

Jafnframt skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

92. gr.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag og jafnskjótt lætur fráfarandi sveitarstjórn af störfum.

Fulltrúi í sveitarstjórn getur krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum og skal þá leggja mál að nýju fyrir hana á fyrsta fundi hennar. Nú er mál þannig vaxið að framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið og verður þessa úrræðis þá ekki neytt, enda sé heimild til afgreiðslu málsins í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

93. gr.

Nú ógildir ráðuneytið kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur sem fram kunna að koma hafa verið úrskurðaðar.

Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

XVI. KAFLI
Varamenn taka sæti á kjörtímabili.

94. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði sveitarstjórnarlaga varðandi tímabundinn brottflutning sveitarstjórnarmanns.

Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins og úrskurði þess má skjóta til dómstóla.

95. gr.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

XVII. KAFLI
Kostnaður.

96. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þar með talinn kostnaður vegna kjörnefndar skv. 89. gr., greiðist úr sveitarsjóði.

XVIII. KAFLI
Refsiákvæði.

97. gr.

Sektum varðar, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

98. gr.

Eftirtalið varðar sektum:

a. ef maður býður sig fram til setu í sveitarstjórn vitandi að hann er ekki kjörgengur,
b. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,
c. ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til setu í sveitarstjórn eða loforð um kjörfylgi fram yfir það sem heimilað er í lögum þessum; sömu refsingu sætir sá sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð,
d. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra,
e. ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kýs eða hefur kosið,
f. ef maður njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið,
g. ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu,
h. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,
i. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt sem greint er í 6. tölul. 88. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum,
j. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

99. gr.

Eftirtalið varðar sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

a. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar,
b. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri, sem veitir aðstoð, segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði,

c. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna eða atkvæðakassa tefur fyrir að það komist til skila,
d. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
e. ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við sömu sveitarstjórnarkosningar,
f. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,
g. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

100. gr.

Eftirtalið varðar varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum:

a. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,
b. ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, með því að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu, og hagnýta þá sjálfur eða láta þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða með öðrum hætti.

101. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XIX. KAFLI
Gildistaka.

102. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við almennar sveitarstjórnarkosningar í maí 1998. Jafnframt falla úr gildi 12.–19. gr., 1., 3. og 4. mgr. 20. gr., 21.–34. gr. og 36.–39. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 8. janúar 1996 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986. Í nefndina voru skipuð Jón Kristjánsson alþingismaður, formaður nefndarinnar, Húnbogi Þorsteinsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Sesselja Árnadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við umfjöllun nefndarinnar um ákvæði laganna varðandi kosningu sveitarstjórna fékk nefndin til ráðgjafar Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra hjá Hagstofu Íslands.

Nefndin samdi nýtt frumvarp til sveitarstjórnarlaga sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi en ákvað jafnframt að leggja til að sett yrðu sérstök lög um kosningar til sveitarstjórna. Er þar meðal annars fylgt fordæmi annarra Norðurlanda sem þykir hafa gefist vel.

Það sem helst þykir mæla með þessu fyrirkomulagi er að nauðsynlegt þykir að öll lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar verði á einum stað en ekki að hluta til í sveitarstjórnarlögum og að hluta til í lögum um kosningar til Alþingis eins og nú er. Þykir þetta nýja fyrirkomulag vera til þess fallið að auðvelda hinum almenna borgara, sem valinn er í kjörstjórn, starf sitt.

Við samningu frumvarps þessa var fyrst og fremst stuðst við III. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, með síðari breytingum, og lög um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum. Tekin eru upp í frumvarp þetta ýmis ákvæði laga um kosningar til Alþingis hvað varðar framkvæmd kosninganna. Þó er gert ráð fyrir að um atkvæðagreiðslur utan kjörfundar verði vísað til laga um kosningar til Alþingis, enda koma kjörstjórnir í sveitarfélögum ekki að framkvæmd þess þáttar kosninga.

Farin er sú leið í frumvarpi þessu um að eyða öllum mun á kröfum til sveitarfélaga eftir íbúafjölda eins og gert er í frumvarpi til sveitarstjórnarlaga. Helstu efnislegu breytingarnar sem er að finna í þessu frumvarpi eru að öðru leyti eftirfarandi:

— Viðmiðunardagur kjörskrár er færður úr fimm vikum í þrjár vikur, sbr. 5. gr.
— Sá sem sæti á í kjörstjórn skal ætíð víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar, sbr. 15. gr.
— Almenna reglan verður sú að í sveitarfélögum verði bundnar hlutfallskosningar, en ef enginn framboðslisti berst eru kosningarnar óbundnar, sbr. 19. gr.
— Framboðsfrestur verður þrjár vikur í stað fjögurra, sbr. 20. gr.
— Kjósendur eiga nú rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi er átta vikur eru til kjördags, sbr. 42. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. og 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Talið er hins vegar eðlilegt að fella brott heimild núgildandi laga til að fresta kosningum í dreifbýlissveitarfélögum til annars laugardags í júní. Möguleiki á tveimur kjördögum er úreltur miðað við nútímaaðstæður.

Áfram er miðað við það orðalag að almennar sveitarstjórnarkosningar fari fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu. Í því felst að beri síðasta laugardag í maímánuði upp á laugardag fyrir hvítasunnu, skulu sveitarstjórnarkosningar fara fram næsta laugardag á undan. Almennar sveitarstjórnarkosningar fara þannig ætíð fram í maímánuði.

Um 2. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1.–3. mgr. 19. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga eins og þeim ákvæðum var breytt með 1. gr. laga nr. 19/1994.

Um 3. gr.

Tekin eru upp efnislega óbreytt ákvæði 1. mgr. 20. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 4. gr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 21. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hverja taka skuli á kjörskrá.

Fram til 1991 var kjörskrá við alþingiskosningar miðuð við lögheimili 1. desember næstan á undan kjördegi. Með lögum nr. 10/1991 var gerð sú breyting að viðmiðunardagur kjörskrár var færður frá 1. desember og nær kjördegi. Á kjörskrá voru þá færðir þeir sem skráðir voru í íbúaskrá þjóðskrár með lögheimili í sveitarfélaginu sjö vikum fyrir kjördag. Kjörskrá varð því eins og íbúaskrá þjóðskrár var hverju sinni sjö vikum fyrir kjördag. Þessa breytingu var

unnt að gera vegna þess að allar breytingar á lögheimili voru þá og síðan skráðar jafnóðum en ekki uppfærðar einu sinni á ári eins og áður tíðkaðist.

Breytingin fól í sér að þeir sem fluttust milli kjördæma eða kjördeilda eftir áðurgreindan tíma voru teknir á kjörskrá þar sem þeir voru skráðir með lögheimili sjö vikum fyrir kjördag. Kjósandi gat því ekki kært sig á kjörskrá vegna flutnings eftir þann tíma né heldur ef flutningur hafði ekki verið tilkynntur fyrir þann tíma.

Breyting þessi þýddi að sveitarstjórnir þurfa að gera tiltölulega fáar breytingar á þeim kjörskrárstofni sem Hagstofan lætur þeim í té. Kjörskrárgerð gengur því greiðar fyrir sig.

Með 1. gr. laga nr. 19/1994 var sveitarstjórnarlögum breytt til samræmis við breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Samkvæmt 19. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga er kjörskrá hins vegar miðuð við þann dag er fimm vikur eru til kjördags.

Með 6. gr. laga nr. 9/1995 var 15. gr. laga um kosningar til Alþingis enn breytt og er kjörskrá nú miðuð við lögheimili samkvæmt þjóðskrá þremur vikum fyrir kjördag. Með breytingu á 24. gr. stjórnarskrárinnar 1991 var ákveðið að við þingrof skuli boða til kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrof. Nauðsynlegt þótti því að færa gerð kjörskrárinnar nær kjördegi. Miðað við tölvubúnað þjóðskrárinnar þótti það ekki annmörkum háð.

Í frumvarpi þessu er gerð sú tillaga að viðmiðunardegi varðandi kosningarrétt verði breytt frá því að vera fimm vikum fyrir kjördag samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum í að vera þremur vikum fyrir kjördag, þ.e. sama tímamark og miðað er við þegar alþingiskosningar fara fram. Er slíkt samræmi varðandi tímafresti fallið til að einfalda alla framkvæmd kosninga.

Um 6. gr.

Ákvæðið samsvarar 1. mgr. 16. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þó er lagt til að kjörskrá verði rituð á eyðublöð sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur í té, enda hefur öll eyðublaðagerð í þessu samhengi í reynd verið í höndum Hagstofunnar.

Um 7. gr.

Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 16. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 8. gr.

Ákvæðið er samhljóða 19. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 9. gr.

Ákvæðið samsvarar 21. gr. laga um kosningar til Alþingis, en er aðlagað sveitarstjórnarkosningum.

Um 10. gr.

Ákvæðið samsvarar 22. gr. laga um kosningar til Alþingis, en er aðlagað sveitarstjórnarkosningum.

Um 11. gr.

Ákvæðið er samhljóða 17. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 12. gr.

Ákvæðið samsvarar efnislega 6. gr. laga um kosningar til Alþingis, en er aðlagað sveitarstjórnarkosningum.

Um 13. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 23. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Þó er lagt til að bætt verði við skýru ákvæði í 1. mgr. um að kjörstjórnir séu sjálfstæðar í störfum sínum, þ.e. óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar. Eina hlutverk sveitarstjórnar fyrir kosningar er því að kjósa kjörstjórnir en sveitarstjórnir hafa ekki beint boðvald yfir þeim, enda er í lögum þessum kveðið nákvæmlega á um hlutverk kjörstjórna.

Um 14. gr.

Ákvæðið samsvarar efnislega 25. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga og 35. gr. laga um kosningar til Alþingis, en er aðlagað sveitarstjórnarkosningum.

Um 15. gr.

Ákvæðið er samhljóða 11. gr. laga um kosningar til Alþingis. Vakin er athygli á að um er að ræða breytingu frá 24. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, en ekki er eðlilegt að gera greinarmun á því hverjir geti setið í kjörstjórn eftir stærð sveitarfélaga. Eðli máls samkvæmt á þetta ákvæði aðeins við þegar um bundnar hlutfallskosningar er að ræða.

Um 16. gr.

Ákvæðið er samhljóða 12. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 17. gr.

Ákvæðið er samhljóða 3. og 4. mgr. 20. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Þó er gert ráð fyrir að tilkynning skv. 2. mgr. þurfi að berast fyrir lok framboðsfrests, en samkvæmt gildandi lögum er fresturinn fjórar vikur og sex dagar. Hér er því verið að samræma ákvæði laganna hvað alla fresti varðar.

Um 18. gr.

Ákvæðið er samhljóða 14. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 19. gr.

Ákvæðið samsvarar 1.–3. mgr. 15. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Lögð er til sú breyting að almenna reglan verði sú að kosningar séu bundnar hlutfallskosningar, en ef listi er ekki kominn fram þegar framboðsfresti lýkur verði kosningar óbundnar. Tilgangurinn með þessari breytingu er fyrst og fremst sá að fækka ákvæðum þar sem ólíkar reglur gilda um sveitarfélög eftir fjölda íbúa.

Um 20. gr.

Ákvæðið samsvarar 1. mgr. 27. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga og 2. mgr. 26. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Gerð er sú breytingartillaga að framboðsfresti ljúki þann dag þegar þrjár vikur eru til kjördags, þ.e. sama dag og kjörskrá er miðuð við, samanber athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins. Slíkt samræmi varðandi tímafresti er til þess fallið að einfalda framkvæmd kosninga. Til samanburðar er rétt að geta þess að framboðsfresti við alþingiskosningar lýkur 15 dögum fyrir kjördag.

Um 21. gr.

Ákvæðið samsvarar efnislega 2. og 3. mgr. 27. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga og 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Lagt er til að bætt verði í ákvæðið skýrum fyrirmælum um að kjósanda sé einvörðungu heimilt að mæla með einum lista við hverjar kosningar. Fram hefur komið vafi um túlkun þessa atriðis við framkvæmd sveitarstjórnarkosninga.

Um 22. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 33. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 23. gr.

Ákvæðið er samhljóða 38. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 24. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. mgr. 27. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 25. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 28. og 30. gr. laga um kosningar til Alþingis en aðlagað sveitarstjórnarkosningum.

Um 26. gr.

Ákvæðið er samhljóða 29. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 27. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 39. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 28. gr.

Ákvæðið er samhljóða 4. mgr. 15. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 29. gr.

Ákvæðið er samhljóða 32. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 30. gr.

Blandað er saman ákvæðum 41. gr. laga um kosningar til Alþingis og 1. mgr. 28. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Gert er ráð fyrir að kjörstjórnum verði gert skylt að taka mið af skrá dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi við næstu alþingiskosningar á undan, sbr. 40. gr. laga um kosningar til Alþingis. Er þannig gert ráð fyrir að samræmi verði milli alþingiskosninga og sveitarstjórnarkosninga hvað þetta atriði varðar.

Um 31. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2.–4. mgr. 28. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, en aðlagað breytingum sem gerðar eru í 19. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 43. gr. laga um kosningar til Alþingis, en aðlagað sveitarstjórnarkosningum.

Um 33. gr.

Ákvæðið samsvarar 1. málsl. 1. mgr. 44. gr. laga um kosningar til Alþingis. Tekið er hins vegar fram að um kjörgögn við utankjörfundaratkvæðagreiðslur fari að öðru leyti eftir lögum um kosningar til Alþingis.

Um 34. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 35. gr.

Ákvæðið er sett saman úr ákvæðum 50. gr. laga um kosningar til Alþingis og 2. mgr. 26. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 36. gr.

Ákvæðið er sett saman úr ákvæðum 2. og 3. mgr. 53. gr. laga um kosningar til Alþingis og 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Í 1. mgr. er einvörðungu um orðalagsbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu.

Um 37. gr.

Ákvæðið er samhljóða 3. mgr. 26. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 38. gr.

Hér er stuðst að mestu við 54. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 39. gr.

Hér er stuðst að mestu við 55. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 40. gr.

Blandað er saman ákvæðum 29. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga og 60. gr. laga um kosningar til Alþingis. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Um 41. gr.

Hér er stuðst að mestu við 61. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum. Lögð er sú skylda á félagsmálaráðuneytið að senda yfirkjörstjórnum sérprentum af lögunum ásamt skýringum og leiðbeiningum ef þörf krefur.

Um 42. gr.

Hér er stuðst að mestu við 62. gr. laga um kosningar til Alþingis. Lagt er hins vegar til það nýmæli að kjósendur eigi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags. Með þessum hætti er réttur kjósenda rýmkaður og ákvörðun um upphafsdag utankjörfundaratkvæðagreiðslu ekki lengur í höndum stjórnvalda, þ.e. félagsmálaráðuneytisins eða sveitarstjórna. Upphafsdagurinn er þannig að jafnaði fyrsti virki dagur eftir að átta vikna fresturinn byrjar að líða.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar fari eftir lögum um kosningar til Alþingis, enda er sú framkvæmd ekki í höndum kjörstjórna í sveitarfélögunum.

Um 43. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. og 4. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 44. gr.

Ákvæðið er samhljóða 59. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 45. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 78. og 79. gr. laga um kosningar til Alþingis, nema gert er ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið semji og sendi út umræddar leiðbeiningar.

Um 46. gr.

Í grein þessari er fjallað um upphaf kjörfundar. Ákvæðið er að mestu samhljóða 73. gr. laga um kosningar til Alþingis, en hér er þó gert ráð fyrir að yfirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi ákveði upphaf kjörfundar á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 12 á hádegi. Þannig verði ekki lengur gerður sérstakur greinarmunur í lögunum á upphafi kjörfundar í kaupstöðum annars vegar og hreppum hins vegar.

Um 47. gr.

Ákvæðið er samhljóða 74. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 48. gr.

Stuðst er hér við 75. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 49. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 76. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 50. gr.

Ákvæðið er samhljóða 77. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 51. gr.

Ákvæðið er samhljóða 89. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 52. gr.

Ákvæðið er samhljóða 90. gr. laga um kosningar til Alþingis

Um 53. gr.

Ákvæðið er samhljóða 80. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 54. gr.

Ákvæðið samsvarar 81. gr. laga um kosningar til Alþingis, en bætt er við ákvæðið að það sé komið undir mati kjörstjórnar hverju sinni hvenær kjósandi telst hafa gert grein fyrir sér með fullnægjandi hætti.

Um 55. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 82. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 56. gr.

Ákvæðið er samhljóða 83. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 57. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 84. gr. laga um kosningar til Alþingis, en aðlagað sveitarstjórnarkosningum.

Um 58. gr.

Ákvæðið er samhljóða 30. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 59. gr.

Ákvæðið er samhljóða 85. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 60. gr.

Ákvæðið er samhljóða 86. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 61. gr.

Ákvæðið er samhljóða 87. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 62. gr.

Ákvæðið er samhljóða 91. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 63. gr.

Ákvæðið er samhljóða 88. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 64. gr.

Ákvæðið er samhljóða 92. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 65. gr.

Ákvæðið er samhljóða 93. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 66. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 99. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þó er orðalagi 2. mgr. breytt. Þannig er gert ráð fyrir að um áhrif athugasemda umboðsmanna við framkvæmd kosninga verði eingöngu fjallað ef kosning er kærð skv. 88. gr. frumvarpsins.

Um 67. gr.

Ákvæðið er samhljóða 102. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 68. gr.

Ákvæðið er samhljóða 95. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 69. gr.

Ákvæðið er samhljóða 96. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 70. gr.

Stuðst er við 97. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 71. gr.

Ákvæðið er samhljóða 98. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 72. gr.

Stuðst er að hluta við 100. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 73. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis, en aðlagað sveitarstjórnarkosningum.

Um 74. gr.

Ákvæðið er samhljóða 103. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 75. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 104. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 76. gr.

Ákvæðið er samhljóða 105. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 77. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 106. gr. laga um kosningar til Alþingis, en 2. mgr. er aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 78. gr.

Ákvæðið er samhljóða 107. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 79. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 108. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 80. gr.

Ákvæðið er samsett úr 16. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga og 3. mgr. 109. gr. laga um kosningar til Alþingis, sem aðlöguð hefur verið sveitarstjórnarkosningum.

Um 81. gr.

Ákvæðið er samhljóða 17. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 82. gr.

Ákvæðið er samhljóða 31. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 83. gr.

Ákvæðið er samhljóða 32. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 84. gr.

Ákvæðið samsvarar 33. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Lögð er til sú breyting að skýrt verði kveðið á um að alla kjörseðla skuli varðveita á tiltekinn hátt og síðan eyða þeim, ekki eingöngu kjörseðlum við óbundnar kosningar.

Um 85. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 120. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum. Ekki er lengur gerður greinarmunur á reglunum eftir því hvort um kaupstaði er að ræða eða ekki. Öll sveitarfélög eru þannig jafnsett.

Um 86. gr.

Stuðst er við 121. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 87. gr.

Ákvæðið er samhljóða 2. og 3. mgr. 22. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga. Gerð er tillaga um að fellt verði brott ákvæði 1. mgr. 22. gr. laganna. Í því ákvæði er heimild til að stytta alla fresti og fyrirvara þegar nauðsyn ber til að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða uppfylla aðra fresti eða fyrirvara. Með breyttu fyrirkomulagi varðandi framkvæmd kosninga hafa allir frestir verið ýmist felldir brott eða styttir svo verulega að ekki er lengur raunhæft að boða til kosninga með svo stuttum fyrirvara að ekki sé unnt að uppfylla hina lögboðnu fresti.

Um 88. gr.

Stuðst er efnislega við 125. gr. laga um kosningar til Alþingis, en greinin aðlöguð sveitarstjórnarkosningum.

Um 89. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1.–4. mgr. 37. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 90. gr.

Ákvæðið er samhljóða 36. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 91. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 34. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, en skýrt er hér tekið fram að kjörbréf skuli gefin út til kjörinna aðalmanna og jafnmargra varamanna. Ef aðrir varamenn af framboðslista þurfa á kjörtímabilinu að taka sæti í sveitarstjórn ber kjörstjórn að gefa út kjörbréf til þeirra.

Um 92. gr.

Tekin eru hér efnislega upp ákvæði 2. mgr. 13. gr. og 5.–6. mgr. 37. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Áfram er gert ráð fyrir í 1. mgr. að nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum 15 dögum eftir kjördag, þ.e. á 16. degi eftir kjördag.

Um 93. gr.

Ákvæðið er samhljóða 7. og 8. mgr. 37. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 94. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 38. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 95. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir að ákvæði sveitarstjórnarlaga gildi um hvernig varamenn taka sæti í sveitarstjórn.

Um 96. gr.

Tekið er hér upp ákvæði 39. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, en ástæða er til að taka skýrt fram að kostnaður vegna kjörnefndar, sem skipuð er skv. 89. gr. af sýslumanni til að úrskurða um framkomna kæru, falli einnig á sveitarsjóð.

Um 97. gr.

Ákvæðið er samhljóða 132. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 98. gr.

Ákvæðið er samhljóða 133. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 99. gr.

Ákvæðið er samhljóða 134. og 135. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 100. gr.

Ákvæðið er samhljóða 136. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 101. gr.

Ákvæðið er samhljóða 137. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 102. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að lög þessi, ef samþykkt verða, verði fyrst notuð við framkvæmd almennra sveitarstjórnarkosninga, sem fram munu fara í maí 1998. Þannig gildi reglur núgildandi sveitarstjórnarlaga og laga um kosningar til Alþingis t.d. um atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga sem fram fara fyrir þann tíma.

258. Frumvarp til laga [226. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1996, um Siglingastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað 3. mgr. 3. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Siglingastofnun Íslands er heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna og eiga aðild að hlutafélögum, öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnunum með það að markmiði að vinna að rannsóknum og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöður þess starfs.

Enn fremur er Siglingastofnun Íslands heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar.

Þá er Siglingastofnun Íslands heimilt með samþykki samgönguráðherra að eiga aðild að hlutafélögum, öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnunum og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíkum félögum eða stofnunum gagngert komið á fót í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða orðið um rekstur ríkisstofnana, hlutverk þeirra og hvernig hagkvæmni þeirra verði aukin.

Í því sambandi hefur samstarf ríkisstofnana við íslensk og erlend fyrirtæki aukist og frekari aukning er í vændum, enda eru tækifærin mörg. Markmið samstarfs af þessu tagi er að sjálfsögðu bæði að efla þekkingu og framfarir hér á landi, auka rannsóknir og bæta áætlunargerð og enn fremur að koma á framfæri á erlendum mörkuðum búnaði og þekkingu sem fyrir hendi er hér á landi og selja þjónustu. Því er nauðsynlegt að hlutaðeigandi stofnanir hafi svigrúm til að taka þátt í slíku samstarfi, t.d. með stofnun hlutafélaga eða annarri þátttöku í fyrirtækjarekstri í þessu augnamiði. Slíkt svigrúm hafa stofnanirnar ekki nú að óbreyttum lögum. Með því að heimila þeim þátttöku í fyrirtækjarekstri er stofnunum gert kleift að nýta tækifæri sem gefast til að auka sjálfstæði þeirra, ná meiri hagkvæmni og bæta afkomu á breyttum tímum.

Ákvæði 1. gr. hafa þríþættan tilgang. Í fyrsta lagi er lagarammi settur um samstarf Siglingastofnunar Íslands við aðila utan stofnunarinnar. Er um þetta fjallað í 1. mgr., en fyrirmynd hennar er sótt í gildandi lög um Háskóla Íslands.

Jafnframt er lagt til að Siglingastofnun Íslands verði heimilað að stofna fyrirtæki til að selja þjónustu stofnunarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. er hins vegar opnuð leið fyrir þann möguleika að færa hluta af starfsemi Siglingastofnunar Íslands í hendur sjálfstæðra aðila sem starfa mundu í nánum tengslum við embættið en erlendis er nokkuð tíðkað að stofna sérstök félög um ákveðna þætti slíkrar þjónustu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að Siglingastofnun Íslands verði heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna til og eiga hlutdeild í fyrirtækjum eða sjálfseignarstofnunum. Þess eru dæmi að A-hluta stofnunum sé heimilt að stofna eða eiga hlut í fyrirtækjum. Hins vegar mun það færast í vöxt á næstu árum að ríkisstofnunum verði gert skylt að aðgreina rekstur sem er í samkeppni við einkafyrirtæki frá öðrum hlutum starfseminnar.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það að lögum, muni leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

259. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um framtíðarskipan raforkumála.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að unnið verði að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í upphafi skal unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi á orkusölu til stórra notenda. Í kjölfarið verði unnið að því að koma á samkeppni í viðskiptum með raforku.

Alþingi felur iðnaðarráðherra:

1. Að yfirfara rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið á eignarhlut í og meta markaðsvirði þeirra með það að markmiði að samræma arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið þeirra, m.a. með hliðsjón af breytingum á sameignarsamningi um Landsvirkjun sem gerðar voru á árinu 1996.
2. Að láta fara fram könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið.
3. Að beita sér fyrir því, í ljósi niðurstöðu könnunar skv. 2. tölul., að fram fari viðræður milli raforkufyrirtækjanna um forsendur fyrir stofnun félags um meginflutningskerfið.
4. Að móta skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfa, sem m.a. taki til öryggis og áreiðanleika raforkukerfisins, landnýtingar og umhverfismála, eðli vatnsorkunnar og jarðvarmans sem og tæknilegrar og fjárhagslegrar getu umsækjanda. Slík skilyrði þurfa jafnframt að fela í sér nauðsynlegan sveigjanleika til að tryggja sem best nýtingu orkulindanna til atvinnuuppbyggingar. Sett verði skýr ákvæði um eignarrétt á orkulindum á afréttum og almenningum.

5. Að kanna nýjar leiðir til nýtingar orkulindanna til atvinnuuppbyggingar og undirbúa að í samningum um nýja stóriðju verði laðað fram aukið eigið fé til vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku.
6. Að kanna tæknilega, fjárhagslega og umhverfislega kosti og galla þess að tengja íslenska orkukerfið við raforkukerfi á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu.
7. Að gefa þinginu skýrslu um framgang málsins eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. desember árið 2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Á síðasta ári skipaði iðnaðarráðherra tvær nefndir um skipan orkumála. Önnur var viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins (hér eftir kölluð eigendanefnd). Hin var ráðgjafarnefnd fulltrúa orkufyrirtækja, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins og skyldi hún vera ráðherra til ráðgjafar við endurskoðun löggjafar um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu orku (hér eftir kölluð orkunefnd). Báðar nefndirnar hafa lokið störfum.

Orkunefndin lauk störfum 9. október 1996. Í inngangi skýrslu nefndarinnar er stuttlega gerð grein fyrir þeim nýju viðhorfum í raforkumálum sem hafa verið að ryðja sér til rúms víða um heim á undanförnum árum. Eðlilegt er að færa sér þessi nýju sjónarmið í nyt hér á landi. Í skýrslunni segir:

Núverandi skipan raforkumála hefur um margt reynst vel. Raforkukerfið stendur á traustum grunni, er tæknilega mjög gott og notendur búa við mikið afhendingaröryggi. Mikilvægt er að móta framtíðarskipan raforkumála hér á landi á þessum grunni um leið og menn færa sér í nyt reynslu og rannsóknir annarra þjóða í þessum efnum eftir því sem við á. Er hér einkum vísað til framfara í öðrum löndum sem byggjast á því að virkja markaðsöflin í því skyni að auka hagkvæmni í raforkubúskapnum.

Skemmst er frá því að segja að skipan raforkumála hefur víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Breytingarnar eru undantekningalítið sama eðlis þótt þær miðist jafnframt að hluta við aðstæður á hverjum stað. Meginefni þeirra felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa.

Hefðbundin viðhorf til raforkumála hafa því verið að breytast. Hér áður fyrr var það viðtekin skoðun að hið opinbera hefði óhjákvæmilega lykilhlutverki að gegna á öllum sviðum þeirra vegna þess að markaðslausnir ættu þar ekki við, meðal annars vegna einkaréttar í starfsemi af þessu tagi. Á síðustu árum hafa hins vegar verið þróaðar aðferðir þar sem markaðsöflin hafa verið hreyfiaflið á mikilvægum sviðum, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar aðferðir hafa í aðalatriðum reynst vel og er það nú skoðun flestra að samkeppnisumhverfi skili að jafnaði meiri árangri í vinnslu og sölu en hefðbundið einkaréttarumhverfi.

Þessi nýju sjónarmið er sjálfsagt að færa sér í nyt á Íslandi þótt hér eins og annars staðar þurfi jafnframt að taka mið af aðstæðum. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu er þar höfuðatriði ásamt því að gefa vinnslu raforku og sölu frjálsa í áföngum. Í tengslum við slíkar skipulagsbreytingar mælir jafnframt margt með því að hlutafélagsformið taki við af núverandi rekstrarformi. Þannig yrði meðal annars dregið úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju. Jafnframt minnkaði áhætta heimila og almenns atvinnurekstrar vegna slíkra fjárfestinga. Mikilvægt er að hagkvæmir orkuframleiðslukostir hér á landi skili sér í samkeppnisstöðu almenns

atvinnulífs gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Við bætist að hanna þarf skilvirkt eftirlitskerfi í ljósi skipulagsbreytinga í þessa veru með áherslu á hagkvæmni og aðhald í flutnings- og dreifikerfinu. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða og hugsanlegrar gjaldtöku fyrir orkuvinnslu.

Þótt einsýnt virðist í hvaða átt beri að halda er vandratað á skynsamlega áfanga að settu marki. Fyrir vikið er ráðlegt að stilla í hóf breytingum í byrjun og endurmeta stöðuna eftir hvern áfanga. Í þeim efnum blasir við að byrja á því að skapa forsendur fyrir samkeppni með því að aðskilja vinnslu, flutning, dreifingu og sölu. Í framhaldi af því er nauðsynlegt að búa svo um hnúta að samkeppni geti þróast eðlilega á þeim sviðum þar sem hún á við (vinnslu og sölu) og eftirlitskerfið sé eflt á sviðum einkaréttar (flutnings og dreifingar).

Ástæðurnar fyrir því að fara varlega í byrjun eru margþættar. Þar á meðal má nefna víðtækar skyldur Landsvirkjunar samkvæmt núverandi skipan, svo sem varðandi framboð raforku og verðlagningu hennar. Þetta þarf að hafa í huga við ákvörðun áfanga að nýrri skipan raforkumála. Jafnframt er íslenska raforkukerfið lítið og ótengt öðrum kerfum og því er erfiðara að koma hér á fullnægjandi samkeppni en í flestum öðrum löndum. Fyrir vikið kann til dæmis að vera óhjákvæmilegt að búa hér við aðstæður þar sem eitt fyrirtæki er langstærst, að minnsta kosti fyrst um sinn. Þótt þannig sé ekki vandalaust að virkja markaðsöflin í raforkukerfinu í því skyni að auka hagkvæmni þess, telur nefndin skynsamlegt að fara inn á þá braut í skipulögðum áföngum.

2. Meginsjónarmið orkunefndar.

Í skýrslu nefndarinnar er gert ráð fyrir að sett verði sérstök raforkulög, jafnframt því sem felldir verði úr gildi þeir kaflar orkulaganna sem fjalla um raforkumál, kafli vatnalaga um vatnsorku, lög um raforkuver og sérlög um einhver orkufyrirtæki. Lög um Landsvirkjun og e.t.v. fleiri orkufyrirtæki gætu þó þurft að standa eitthvað áfram.

Tillögur nefndarinnar miða að því að skapa forsendur til samkeppni í viðskiptum með raforku. Í því sambandi er meðal annars gert ráð fyrir eftirfarandi:

- Að vinnsla, flutningur, dreifing og sala á rafmagni verði aðskilin, a.m.k. bókhaldslega,
- að raforkuvinnsla verði gefin frjáls í áföngum.
- Að stofnað verði sjálfstætt félag um meginflutningskerfið, hugsanlega að hluta í eigu Landsvirkjunar.
- Að einkaleyfi rafveitna til sölu á rafmagni á tilteknu orkusölusvæði verði afnumin í áföngum.
- Að viðskipti með raforku verði gefin frjáls í áföngum.
- Að lagður verði grundvöllur að því að unnt verði að fá einkafjármagn inn í raforkugeirann, meðal annars með því að gera arðkröfur til fjármagns sem bundið er í greininni.
- Að stefna beri að verkefnafjármögnun nýrra stórverkefna á orkusviði með þátttöku innlendra og erlendra fjárfesta og verði þau ekki á ábyrgð ríkisins eða Landsvirkjunar.

Skýrsla orkunefndarinnar ásamt bréfum sem nokkrir nefndarmenn hafa sent ráðuneytinu til að skýra nánar hugmyndir sínar er fylgiskjal I með tillögu þessari.

3. Niðurstaða eigendanefndar Landsvirkjunar.

Viðræðunefnd eigenda Landsvirkjunar um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins skilaði tillögum sínum 28. október 1996. Að tillögu nefndarinnar hafa eigendur Landsvirkjunar samþykkt breytingu á sameignarsamningi um fyrirtækið. Jafnframt hefur lögum um fyrirtækið verið breytt í ljósi tillagna nefndarinnar. Í tillögum sínum gekk nefndin út frá þeirri meginforsendu að staða Landsvirkjunar verði í aðalatriðum óbreytt hvað

varðar orkusölu til almenningsveitna næstu 10 árin. Niðurstöður nefndarinnar, sem eigendur hafa samþykkt, fela meðal annars í sér eftirfarandi:

- Skýr markmið eru sett um raunlækkun á verði raforku til almennings, sem tryggi 3% árlega raunlækkun frá 2001 til 2010.
- Rekstrarformi Landsvirkjunar sem sameignarfélag verður ekki breytt að sinni.
- Stjórnskipulag félagsins verður fært til aukins samræmis við ákvæði hlutafélagalaga, meðal annars hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Stefnu um arðsemi og meðferð arðs.
- Endurmat á eigendaframlögum sem verða notuð sem arðgreiðslustofn.
- Að Landsvirkjun verði heimiluð þátttaka í félögum á sviði orkumála, til dæmis um meginflutningskerfið.

Í samningi um breytingu á sameignarsamningi er ákvæði um að endurskoða skuli samninginn fyrir 1. janúar 2004, þar með talið að ákveða hvort ástæða sé til að stofna hlutafélag um fyrirtækið.

Skýrsla eigendanefndarinnar er birt sem fylgiskjal II með tillögunni.

4. Áfangar í átt að samkeppni í vinnslu og sölu raforku.

Lagt er til að tekið verði mið af niðurstöðum ofangreindra tveggja nefnda við mótun stefnu um framtíðarskipan raforkumála. Markmiðið er að almennt viðskiptaumhverfi komist á í viðskiptum með raforku. Slíkt gerist ekki á einni nóttu, enda þarf að taka tillit til stöðu raforkufyrirtækjanna nú og veita þeim nauðsynlegt svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum. Koma má á breyttri skipan með eftirfarandi hætti:

4.1 Bókhaldslegur aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku.

Á árinu 1997 verður vinnsla og flutningur raforku bókhaldslega aðskilin í starfsemi Landsvirkjunar. Hafinn verði undirbúningur að því að vinnsla, flutningur, dreifing og sala á raforku verði bókhaldslega aðskilin í starfsemi annarra raforkufyrirtækja með blandaðan rekstur, svo sem Hitaveitu Suðurnesja, Orkubús Vestfjarða, Rarik, Akranesveitu, Bæjarveitna Vestmannaeyja o.fl. Stefnt verði að því að slíkum bókhaldslegum aðskilnaði verði komið á frá og með árinu 1999.

4.2 Rekstrarform og arðsemi.

Stefnt verði að því að breyta stjórnskipulagi fyrirtækjanna þannig að það samræmist betur viðteknum venjum í efnahagslífinu, meðal annars hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra. Jafnframt móti eigendur orkufyrirtækja stefnu um arðsemi og meðferð arðs þannig að eigendur njóti viðunandi arðsemi af eign sinni. Samhliða breytingum á rekstrarformi raforkufyrirtækjanna og innleiðingu markaðssjónarmiða þarf að samræma skattaskilyrði fyrirtækjanna. Eðlilegt er að skattlagning fyrirtækjanna fari að mestu leyti eftir almennum reglum, en þó er ljóst að a.m.k. fyrningarreglur verða með nokkuð öðrum hætti.

4.3 Breytt fyrirkomulag flutnings raforku um meginflutningskerfið.

Iðnaðarráðherra láti kanna tæknilegar og fjárhagslegar forsendur fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið, þar með talið stofnun sérstaks fyrirtækis um það sem nefna mætti Landsnet. Könnunin taki til þess hvar mörkin milli meginflutningskerfisins eða Landsnetsins og dreifiveitnanna skuli liggja til að rekstur kerfisins verði með sem skilvirkustum hætti og áhrif raflína á umhverfið eins takmörkuð og kostur er. Einnig skal skilgreina hlutverk Landsnetsins en verði það stofnað yrði því líklega meðal annars falið að

annast áætlanagerð um raforkunotkun, rekstur flutningskerfisins og álagsstýringu. Félaginu yrði væntanlega einnig falið að tryggja lágmarksframboð raforku, afhendingaröryggi á afhendingarstöðum og gæði raforkunnar. Sömuleiðis yrði gert ráð fyrir að allir þeir sem fengju heimildir eða hafa heimildir til vinnslu raforku yrðu skyldaðir til að framleiða raforku inn á Landsnetið með það fyrir augum að stuðla að myndun virks markaðs með rafmagn. Gert er ráð fyrir að þessi vinna hefjist haustið 1997 og ljúki eigi síðar en á árinu 1999. Í framhaldi af úttektinni beiti iðnaðarráðherra sér fyrir viðræðum um stofnun Landsnetsins, verði það lagt til, milli þeirra raforkufyrirtækja sem eiga flutningskerfi sem lagt er til að falli til þess.

Samhliða undirbúningi að breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið þarf að móta stefnu um hvort verðjöfnun á raforku skuli eiga sér stað innan meginflutningskerfisins eða utan þess. Í þessu sambandi má benda á að við gerð gjaldskrár má sjá til þess að meginflutningskerfið eða Landsnetið taki við því hlutverki sem Landsvirkjun hefur nú varðandi jöfnun orkuverðs.

4.4 Raforkusala til stórra notenda.

Skilgreindir verði áfangar í átt að frjálsum viðskiptum kaupenda og seljenda raforkunnar. Þannig verði stefnt að því að á árinu 1998 geti allir sem fá leyfi til að nýta orkulindirnar til raforkuvinnslu selt orkuna til nýrra fyrirtækja sem nota 50 GWh á ári eða meira og hugsanlega aðila sem hafa keypt ótryggt rafmagn. Áskilið er að samið verði um flutning orkunnar um Landsnetið sé þess þörf.

Stefnt er að því að laða fram aukið eigið fé til framkvæmda við næstu stórvirkjanir í þágu stóriðju, á eftir þeim sem nú eru á lokastigi. Hugmyndir um stóriðju sem nú eru til umræðu kalla á miklar og kostnaðarsamar orkuframkvæmdir. Óvarlegt væri fyrir þjóðarbúið að taka erlend lán með ríkisábyrgð til að standa straum af kostnaði við þær fjárfestingar. Þá er eðlilegt að bæði orkuframkvæmdirnar og iðjuverin sem nýta orkuna standist arðsemiskröfur markaðarins með svipuðum hætti og aðrar fjárfestingar. Í því sambandi má hugsa sér að slíkar virkjanir verði á vegum sjálfstæðra hlutafélaga án beinnar ábyrgðar Landsvirkjunar eða eigenda hennar. Þess í stað verði leitað samstarfs við innlenda og erlenda áhættufjárfesta um fjárfestingar í orkuvinnslu vegna raforkusölu til nýrrar stóriðju en miðað við að Landsvirkjun geti fyrst um sinn verið stjórnunaraðili í slíkum verkefnum. Verkefnafjármögnun má skilgreina sem fjármögnun afmarkaðrar fjárfestingar með blöndu af lánsfé og eigin fé á grundvelli arðsemisáætlunar án beinnar ábyrgðar eigenda.

4.5 Raforkulög.

Frumvarp til raforkulaga verði lagt fyrir Alþingi á árinu 1998. Í frumvarpinu verði almenn ákvæði um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku en felldir úr gildi þeir kaflar orkulaganna sem fjalla um raforkumál, kafli vatnalaga um vatnsorku, lög um raforkuver og sérlög um tiltekin raforkufyrirtæki. Tekið verði mið af stöðu könnunar á tæknilegum forsendum fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið (sbr. 4.3) og tilskipunar Evrópusambandsins um innri markað á sviði raforku.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins geta ríkin valið milli útboðs og leyfisveitinga þegar ný orkuver eru reist. Ef ákveðið verður að beita leyfisveitingum ber ríkjunum að setja skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa. Skilyrðin geta meðal annars varðað öryggi og áreiðanleika raforkukerfisins, umhverfismál, landnotkun og staðarval, afnot af landi í almannaeign, orkunýtni, eðli orkulindanna og atriði er tengjast umsækjanda, svo sem tæknilegri og fjárhagslegri getu hans. Móta þarf slík skilyrði sem tryggi nauðsynlegan sveigjanleika til nýtingar orkulindanna með hliðsjón af einkennum vatnsorkunnar og jarðvarmans, sérkennum íslenska

orkumarkaðarins, svo sem smæð hans og einangrun, og þess að stærri áfangar í uppbyggingu orkuvera munu tengjast stækkun orkufrekra iðjuvera eða byggingu nýrra. Ef útboðsleiðin er valin eiga ríkin að sjá til þess að gerðar verði spár um aukna þörf fyrir raforkuvinnslu til langs tíma og byggja útboðin á þeim. Í þeim ríkjum sem velja útboðsleiðina eiga óháðir framleiðendur jafnframt að geta sótt um leyfi til raforkuvinnslu, enda fullnægi þeir þeim almennu skilyrðum sem sett verða.

4.6 Tenging raforkukerfisins við útlönd.

Gengið verði til samstarfs við erlend orkufyrirtæki um athugun á því hvort hagkvæmt geti verið að tengja raforkukerfi landsins raforkukerfi Evrópu og þá hvaða tenging sé hagkvæmust og æskilegur áfangi skilgreindur. Sérstaklega verði kannað með hvaða hætti slík tenging geti orðið íslenska raforkukerfinu til góðs, aukið öryggi, bætt nýtingu virkjana, skapað sveigjanleika o.s.frv.

Athugunin miðist við lagningu eins sæstrengs með svipaða flutningsgetu og þeir strengir sem reynsla er fengin af erlendis. Með henni verði jafnframt stefnt að því að hámarka gildi slíkrar tengingar fyrir íslenskan orkubúskap, en stefna til lengri tíma mótuð með hliðsjón af niðurstöðu athugunarinnar. Stefnt verði að því að taka frekari ákvarðanir um nýja áfanga fyrir árslok 2000.

Í fylgiskjali III er gerð stutt grein fyrir stöðu þessa máls.

4.7 Orkufyrirtækjum í eigu ríkisins breytt í hlutafélög.

Orkufyrirtækjum sem ríkið á eignarhlut í verði breytt í hlutafélög eigi síðar en á árinu 2003. Leitað verði eftir að fá nýja aðila, innlenda eða erlenda, til að fjárfesta í félögunum.

4.8 Orkumarkaður.

Árið 2006 verði búið að innleiða samkeppni um orkuvinnslu til að mæta aukinni raforkuþörf til almenningsnota. Árið 2009 verði búið að mynda markað með raforku. Frjáls samkeppni ríkir þá í viðskiptum með raforku.

5. Tímaáætlun.

Á þessu stigi eru ekki forsendur til að gera nákvæma tímaáætlun um framgang þeirra verkefna sem iðnaðarráðherra yrðu falin með samþykkt þessarar tillögu. Þeirri tímaáætlun sem hér er sett fram er fyrst og fremst ætlað að gefa hugmynd um hversu langan tíma ætla má að þurfi til að leysa þessi verkefni með skilvirkum hætti og í áföngum sem veitir raforkufyrirtækjunum og orkunotendum nauðsynlegt svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum.

1997–1998.

- Vinnsla og flutningur bókhaldslega aðskilin í starfsemi Landsvirkjunar.
- Vinna hefjist við aðskilnað vinnslu, flutning, dreifingu og sölu í bókhaldi annarra raforkufyrirtækja.
- Vinna hefjist við könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið.
- Vinna hefjist við hagkvæmnisathugun á lagningu sæstrengs.
- Samkeppni um orkuvinnslu og orkusölu til einstakra endanlegra notenda sem kaupa meira en 50 GWh á ári innleidd.
- Frumvarp til raforkulaga lagt fyrir Alþingi.

1999–2000.

- Stjórnskipulagi orkufyrirtækja breytt og arðstefna þeirra mótuð.
- Skilið milli vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu rafmagns í bókhaldi.
- Úttekt liggi fyrir um tæknilegar og fjárhagslegar forsendur fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið. Í framhaldi af því hefjist viðræður milli eigenda flutningsmannvirkja sem í hlut eiga.

2001–2003.

- Niðurstöður liggi fyrir um tæknilega og fjárhags- og umhverfislega kosti og galla við að tengja íslenska raforkukerfið raforkukerfi Evrópu. Í ljósi þeirra verði teknar ákvarðanir um hvort og þá hvernig verkefninu verður fram haldið.
- Breytingar á fyrirkomulagi flutnings raforku (stofnun Landsnets) komi til framkvæmda samhliða breytingu á sameignarsamningi um Landsvirkjun.
- Raforkufyrirtækjum sem ríkið á eignarhlut í verði breytt í hlutafélög.

2004–2006.

Samkeppni til að mæta aukinni raforkuþörf til almenningsnota verði komin til framkvæmda eigi síðar en árið 2006.

2006–2009.

Markaður um raforku taki til starfa eigi síðar en árið 2009.

Fylgiskjal I.

Skýrsla orkunefndar um framtíðarskipan orkumála.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Vísað er til bréfs iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 18. apríl 1996 um skipan ráðgjafanefndar vegna endurskoðunar löggjafar um vinnslu, flutning og dreifingu orku og samtala við ráðherra um nánari afmörkun verkefnisins. Nefndinni var meðal annars falið að taka saman skýrslu um helstu atriði sem hún telur að eigi að liggja til grundvallar við endurskoðunina og skila henni ekki seinna en í byrjun október 1996. Skýrsla nefndarinnar fylgir hér með. Nefndarmenn eru í aðalatriðum sammála um þær meginlínur í framtíðarskipan orkumála sem lýst er í skýrslunni þótt áherslumunur sé milli þeirra um útfærsluatriði. Í því sambandi áskilja nefndarmenn sér rétt til að skila til ráðherra nánari skýringum á hugmyndum sínum og áherslum, meðal annars um verðjöfnun, umhverfis-sjónarmið, auðlindastefnu og fleira.

9. október 1996
Þórður Friðjónsson
formaður

Aðalgeir Pálsson Akureyrarbær	Aðalsteinn Guðjohnsen Samorka	Alfreð Þorsteinsson Reykjavíkurborg
Guðjón Guðmundsson þingfl.Sjálfstæðisflokks	Gunnar H. Kristinsson Samorka	Halldór Jónatansson Landsvirkjun
Hannes G. Sigurðsson VSÍ	Hansína Á. Stefánsdóttir ASÍ	Helga Jónsdóttir Landsvirkjun
Helga Tuliníus þingfl. Kvennalista	Jakob Björnsson Orkustofnun	Kristján Jónsson Rafmagnsveitur ríkisins
Magnús Stefánsson þingfl. Framsóknarflokks	Sigþór Jóhannesson þingfl. Alþýðuflokks	Snorri Björn Sigurðsson Samb. ísl. sveitarfélaga
Þorkell Helgason Orkustofnun	Þorsteinn Hjartarson þingfl. Þjóðvaka	Þorvarður Hjaltason þingfl. Alþýðubandalags

---

Benedikt Árnason ritari	Friðrik Már Baldursson ritari	Jón Ingimarsson ritari

Guðmundur Jóhannsson
áheyrnarfulltrúi fjármálaráðuneytis

1. Hagkvæm framtíðarskipan – meginlínur

1.0 Inngangur

Núverandi skipan raforkumála, sem lýst er í 3. kafla hér á eftir, hefur um margt reynst vel. Raforkukerfið stendur á traustum grunni, er tæknilega mjög gott og notendur búa við mikið afhendingaröryggi. Mikilvægt er að móta framtíðarskipan raforkumála hér á landi á þessum grunni um leið og menn færa sér í nyt reynslu og rannsóknir annarra þjóða í þessum efnum eftir því sem við á. Er hér einkum vísað til framfara í öðrum löndum sem byggjast á því að virkja markaðsöflin í því skyni að auka hagkvæmni í raforkubúskapnum.

Skemmst er frá því að segja að skipan raforkumála hefur víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Breytingarnar eru undantekningalítið sama eðlis þótt þær miðist jafnframt að hluta við aðstæður á hverjum stað. Meginefni þeirra felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa.

Hefðbundin viðhorf til raforkumála hafa því verið að breytast. Hér áður fyrr var það viðtekin skoðun að hið opinbera hefði óhjákvæmilega lykilhlutverki að gegna á öllum sviðum þeirra vegna þess að markaðslausnir ættu þar ekki við, meðal annars vegna einkaréttar í starfsemi af þessu tagi. Á síðustu árum hafa hins vegar verið þróaðar aðferðir þar sem markaðsöflin hafa verið hreyfiaflið á mikilvægum sviðum, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar aðferðir hafa í aðalatriðum reynst vel og er það nú skoðun flestra að samkeppnisumhverfi skili að jafnaði meiri árangri í vinnslu og sölu en hefðbundið einkaréttarumhverfi.

Þessi nýju sjónarmið er sjálfsagt að færa sér í nyt á Íslandi þótt hér eins og annars staðar þurfi jafnframt að taka mið af aðstæðum. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu er þar höfuðatriði ásamt því að gefa vinnslu raforku og sölu frjálsa í áföngum. Í tengslum við slíkar skipulagsbreytingar mælir jafnframt margt með því að hlutafélagsformið taki við af núverandi rekstrarformi. Þannig yrði meðal annars dregið úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju. Jafnframt minnkaði áhætta heimila og almenns atvinnurekstrar vegna slíkra fjárfestinga. Mikilvægt er að hagkvæmir orkuframleiðslukostir hér á landi skili sér í samkeppnisstöðu almenns atvinnulífs gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Við bætist að hanna þarf skilvirkt eftirlitskerfi í ljósi skipulagsbreytinga í þessa veru með áherslu á hagkvæmni og aðhald í flutnings- og dreifikerfinu. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða og hugsanlegrar gjaldtöku fyrir orkuvinnslu.

Þótt einsýnt virðist í hvaða átt beri að halda er vandratað á skynsamlega áfanga að settu marki. Fyrir vikið er ráðlegt að stilla í hóf breytingum í byrjun og endurmeta stöðuna eftir hvern áfanga. Í þeim efnum blasir við að byrja á því að skapa forsendur fyrir samkeppni með því að aðskilja vinnslu, flutning, dreifingu og sölu. Í framhaldi er nauðsynlegt að búa svo um hnúta að samkeppni geti þróast eðlilega á þeim sviðum þar sem hún á við (vinnslu og sölu) og eftirlitskerfið sé eflt á sviðum einkaréttar (flutnings og dreifingar).

Ástæðurnar fyrir því að fara varlega í byrjun eru margþættar. Þar á meðal má nefna víðtækar skyldur Landsvirkjunar samkvæmt núverandi skipan, svo sem varðandi framboð

raforku og verðlagningu hennar. Þetta þarf að hafa í huga við ákvörðun áfanga að nýrri skipan raforkumála. Jafnframt er íslenska raforkukerfið lítið og ótengt öðrum kerfum og því er erfiðara að koma hér á fullnægjandi samkeppni en í flestum öðrum löndum. Fyrir vikið kann til dæmis að vera óhjákvæmilegt að búa hér við aðstæður þar sem eitt fyrirtæki er langstærst, að minnsta kosti fyrst um sinn. Þótt þannig sé ekki vandalaust að virkja markaðsöflin í raforkukerfinu í því skyni að auka hagkvæmni þess, telur nefndin skynsamlegt að fara inn á þá braut í skipulögðum áföngum.

Nefndin hefur ekki fjallað ítarlega um hitaveitur eða önnur orkumál en raforkumál. Þetta kemur einkum til af því að hún telur ekki þörf fyrir stefnumarkandi breytingar þar af því tagi sem mælt er með um skipan raforkumála. Í kaflahluta 1.3 er þó stuttlega fjallað um skipulag hitaveitna og víða í skýrslunni er fjallað um hitaveitur. Þá eru reifaðar ýmsar hugmyndir um tengsl hitaveitna og orkumála í víðara samhengi í kaflanum um uppbyggingu nýrra orkulaga, kafla 2.

Hér á eftir er lýst meginhugmyndum nefndarinnar um leiðir í þessum efnum og eiga þær sér einkum bakgrunn í 5. kafla, um breytingar á skipan raforkumála erlendis, og 7. kafla um nokkrar leiðir varðandi skipulag raforkuviðskipta. Jafnframt er stuðst við greinargerð Einars Hope, Markaðskerfi fyrir íslenskan raforkubúskap: Nokkrar hugleiðingar og tillögur, sem birt er í heild sinni í lok skýrslunnar. Greinargerð Einars er tilraun til að lýsa lokamarkmiðinu en hér eru í brennidepli fyrstu áfangarnir á leið til markaðskerfis.

1.1 Tilgangur breytinga

Meginmarkmið breytinga á skipulagi raforkumarkaðarins er aðeins eitt, þ.e.a.s. að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulindanna. Þetta þýðir að byggt sé á hagkvæmnis-sjónarmiðum við fjárfestingarákvarðanir og að neytendur fái rétt skilaboð gegnum verðkerfið til að stuðla að bættri nýtingu framleiðslugetunnar. Þessi markmið geta einnig samrýmst verðjöfnun, nema að því leyti sem verðmunur endurspeglar flutningskostnað og dreifingarkostnað. Einnig er stefnt að hagkvæmri nýtingu á sveiflum í framleiðslugetu og hagkvæmni í vinnslu, flutningi og dreifingu.

Þetta þýðir að raforkueftirspurn heimila og fyrirtækja sé fullnægt með sem hagkvæmustum hætti með fyrirliggjandi framleiðslutækjum, þ.e.a.s. með minnsta mögulegum breytilegum rekstrarkostnaði, en einnig þannig að þarfir fyrir meiri orku og mismunandi þarfir notenda, til dæmis hvað varðar þjónustu, afhendingaröryggi og mismunandi samningsform, séu uppfylltar gegn greiðslu sem svarar jaðarkostnaði við að uppfylla þessar óskir. Jafnframt yrðu ákvarðanir um fjárfestingar í greininni með þessu móti byggðar á þjóðhagslegum hagkvæmnisforsendum, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.

Hagkvæm verðlagning raforkunnar endurspeglar því stofn- og rekstrarkostnað vegna viðbótarframkvæmda, fórnarkostnað í formi auðlindagjalds vegna nýtingar náttúruauðlinda sem hafa önnur not nú eða í framtíðinni og síðast en ekki síst þá áhættu sem tengist tilteknu fjárfestingarverkefni. Langtímasjónarmiðin, þ.e.a.s. að ákvarðanir um fjárfestingar séu byggðar á hagkvæmnisforsendum, eru mjög mikilvæg í raforkukerfi eins og því íslenska, sem byggist aðallega á vatnsorku og því er fastur kostnaður hár í hlutfalli við breytilegan kostnað.

Breytingar í frjálsræðisátt í öðrum löndum komu oftast til af því að talið var að það

skipulag sem var við lýði hefði leitt til óhagkvæmni og ósveigjanleika í rekstri, fjárfestingum og verðlagningu. Talið var að markaðsskipulagið, sem ótvírætt hefur sannað yfirburði sína á flestum öðrum þjónustu- og vörumörkuðum, myndi leiða til mun hagkvæmara skipulags með fjölbreyttari og sveigjanlegri þjónustu en ef um opinbera þjónustu í venjulegum skilningi væri að ræða. Jafnframt væri hægt að tryggja að tekið væri tillit til annarra sjónarmiða, eins og verðjafnaðar að ákveðnu marki og afhendingaröryggis. Eins og vikið er að í 5. kafla þessarar greinargerðar er talið að þessi markmið hafi náðst að verulegu leyti.

Ekki hafa verið gerðar formlegar rannsóknir á hagkvæmni raforkumarkaðarins hér á landi. Það er ljóst að mikið hefur áunnist í uppbyggingu raforkukerfisins hér; tæknilega er kerfið gott og afhendingaröryggi er mikið. Hins vegar hafa meðal annars talsmenn sumra greina atvinnulífsins haldið því fram að ósveigjanleiki ríki í gjaldskrárstefnu orkufyrirtækja jafnt í heildsölu sem smásölu. Gagnrýni hefur einnig komið fram hjá rafveitum um heildsöluviðskipti með rafmagn. Einnig hefur því verið haldið fram að skýrari skil ættu að vera á milli stóriðju og almennra notenda. Jafnframt hefur verið staðhæft að verðlagning raforku sé ekki í samræmi við framleiðslukostnað og að um offjárfestingu og óhagkvæman rekstur sé að ræða í orkugeiranum. Sérstaklega er bent á orkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna í þessu sambandi, en það er nú um 45% yfir langtímajaðarkostnaði.[1]

Landsvirkjun skýrir hins vegar verðlagningarstefnu sína með tvennum meginrökum. Í fyrsta lagi hafi verið mikill kostnaður á stuttum tíma við hina hröðu rafvæðingu landsins. Í öðru lagi að á áttunda áratugnum hafi gjaldskrárverð Landsvirkjunar ekki fengið að fylgja almennum verðlagsbreytingum með þeim afleiðingum að fjármagnskostnaður hafi leitt til verulegra verðhækkana, sem rafmagnsnotendur séu enn að súpa seyðið af.

Ekki skal felldur dómur um þetta hér en látið nægja að benda á að ekki eru allir á eitt sáttir um ágæti núverandi fyrirkomulags. Einnig má benda á þann kost samkeppninnar að draga úr tortryggni og gagnrýni af því tagi sem rakin er hér að framan.

1.2 Skipulagsbreytingar

1.2.1 Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu á rafmagni – forsenda samkeppni

Forsenda samkeppni í viðskiptum með raforku er aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu. Fyrir vikið er slíkur aðskilnaður augljóslega fyrsta skrefið í átt að nýskipan raforkumála hér á landi. Nefndin mælir því með að þetta skref verði stigið sem fyrst. Við þetta bætist svo að líklega verður bókhaldslegur aðskilnaður þessara þátta innan skamms lágmarkskrafa samkvæmt samningum Íslendinga um EES. Með aðskilnaðinum yrði lagður grunnur að markaðskerfi.

Flestir nefndarmanna voru jafnframt þeirrar skoðunar að bókhaldslegur aðskilnaður umræddra þátta væri ekki nægilegur. Jafnframt þyrfti að stofna sjálfstætt fyrirtæki um flutningskerfið, hér nefnt Landsnet[2], sem hafi það meginhlutverk að flytja raforku frá framleiðanda hennar til kaupanda, sem getur verið endanlegur notandi, dreifiveita eða raforkukaup-

1 Á samkeppnismarkaði getur verð verið sveiflukennt, en til lengri tíma litið verður það jafnt langtímajaðarkostnaði, þ.e.a.s. heildarkostnaði við að byggja og reka nýja einingu á hverjum tíma. Þetta tryggir jafnframt þjóðhagslega hagkvæmni og rétta ráðstöfun fjármagns, vinnuafls og náttúruauðlinda í greininni, ef þessir framleiðsluþættir eru rétt verðlagðir.

2 Fleiri heiti á flutningsfyrirtækinu hafa verið nefnd, svo sem Miðnet, Landslínur og Landskerfi.

maður. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Þar má nefna að mikilvægt er að fullur trúnaður og traust ríki um starfsemi flutningskerfisins. Að auki er hugsanlegt að slíkt fyrirtæki fái viðkvæm verkefni, svo sem stofnun og rekstur orkumarkaðar. Þá auðveldar sérstakt fyrirtæki um þessa starfsemi jöfnun orkuverðs að því marki sem henni verður fyrir komið innan raforkukerfisins. Á móti þessum sjónarmiðum var bent á að ef til vill veiktu svona skipulagsbreytingar stöðu Landsvirkjunar á alþjóðlegum lánamarkaði. Þetta kann að vera rétt en hins vegar er hægt að bæta Landsvirkjun það upp að minnsta kosti að hluta, ef þörf er talin á, til dæmis með eignaraðild Landsvirkjunar að Landsnetinu.

Rétt er að skýra nánar almennu rökin fyrir aðskilnaði. Þau felast í því að hluti af orkugeiranum, flutnings- og dreifikerfið, býr við svokallaða náttúrulega einkasölu og því koma aðstæður í veg fyrir að samkeppni geti átt sér stað. Vinnsla og sala raforku er hins vegar þess eðlis að þar má beita markaðslausnum. Þessi svið verða augljóslega að vera aðgreind til að tryggja samkeppni á jafnréttisgrundvelli. Aðgreiningin hindrar að fyrirtæki sem búa að hluta við náttúrulega einkasölu geti í skjóli hennar haft yfirburðastöðu á samkeppnissviðinu.

1.2.2 Raforkuvinnsla

Nefndin leggur til að vinnsla raforku verði gefin frjáls í áföngum. Slíka áfanga má hugsa sér með ýmsum hætti. Þannig mætti til dæmis í fyrstu takmarka samkeppni við aukna raforkuþörf og bjóða út raforkuvinnsluna sem þarf til að fullnægja stækkandi markaði. Slík tímabundin skerðing á athafnafrelsi þátttakenda á markaði gæti verið með ýmsu móti. Hún er fyrst og fremst hugsuð til að veita núverandi vinnslufyrirtækjum aðlögunarfrest og búa þau undir breyttar aðstæður á markaði. Fleiri leiðir koma til álita í þessu efni og nefndin leggur áherslu á að áfangarnir í átt að frjálsri vinnslu raforku verði vandlega undirbúnir, meðal annars á grundvelli hagkvæmniathugana á mismunandi aðlögunarferlum.

Til þess að stuðla að því að samkeppni geti orðið virk telur nefndin mikilvægt að viðbótarraforka verði flutt um Landsnetið samkvæmt nánari reglum sem miða að markaðsviðskiptum. Jafnframt eru veigamikil rök fyrir því að vinnsla raforku vegna stóriðju í framtíðinni verði á vegum sjálfstæðra hlutafélaga. Slík fyrirtæki gætu í senn flýtt fyrir myndun virks samkeppnismarkaðar og jafnframt – og ekki síður – dregið úr áhættu Landsvirkjunar og eigenda hennar af raforkusölu til nýrrar stóriðju og áhættu almennings og atvinnulífs vegna hennar.

Ákvæði um orkuafhendingu og öryggi í raforkukerfinu þarf að breyta með þeim hætti að Landsvirkjun fái nauðsynlegt svigrúm til þess að laga sig að nýju umhverfi og taka með eðlilegum hætti þátt í samkeppni í raforkuvinnslu Jafnframt bendir nefndin á að samkvæmt lögum um Landsvirkjun skal fyrirtækið selja raforku í heildsölu samkvæmt sömu gjaldskrá til almenningsveitna á afhendingarstöðum þess. Þegar samkeppni verður innleidd verður að afnema þetta ákvæði en hins vegar, eins og bent hefur verið á hér á undan, gæti jöfnunarhlutverkið færst yfir á Landsnetið. Loks bendir nefndin á að til þess að stuðla að samkeppni kann að verða þörf á að setja Landsvirkjun einhverjar skorður til að koma í veg fyrir að stærð fyrirtækisins hindri eðlilegan aðgang annarra fyrirtækja að vinnslunni[3].

---

3 Í þessu sambandi má benda á umfjöllun um Nýja-Sjáland í kafla 5.4.

Mikið álitamál er hvort ganga eigi lengra en þetta og skipta Landsvirkjun í tvö vinnslufyrirtæki í því skyni að efla samkeppnisgrundvöllinn. Hér að baki liggur það sjónarmið að ráðandi staða Landsvirkjunar á vinnslusviðinu komi í veg fyrir eðlilega samkeppni. Í greinargerð Einars Hope er meðal annars lagt til að Landsvirkjun verði skipt í tvö fyrirtæki. Á móti slíkum sjónarmiðum hefur verið bent á að slík breyting kunni að veikja fyrirtækið fjárhagslega og fyrir bragðið yrði samningsstaða landsins gagnvart erlendri stóriðju lakari og lánskjör þess á alþjóðafjármálamörkuðum verri. Nefndin er þeirrar skoðunar að þessi sjónarmið þurfi gaumgæfilega skoðun en bendir hins vegar á að fjárhagsstaða Landsvirkjunar er því tryggari sem einkaréttarstaða hennar er meiri. Lánshæfi Landsvirkjunar í samkeppnisumhverfi færi eftir því hve vel fyrirtækið er í stakk búið að standa sig í samkeppni.

Vegna þessara álitamála telur nefndin ekki tímabært að taka afstöðu til skiptingar Landsvirkjunar í tvö vinnslufyrirtæki. Í þessu felst að Landsvirkjun mun enn um sinn hafa sérstöðu í vinnslu raforku í krafti stærðar sinnar. Þetta gerir það að verkum að vandasamt verður að koma á fullnægjandi samkeppni. Engu að síður er hér álitið að samkeppni geti frá byrjun komið að gagni við slíkar aðstæður og í framhaldi megi smám saman gera hana virkari. Þetta má til dæmis gera með því að stuðla að stofnun nýs orkufyrirtækis, til dæmis hlutafélags, í eigu margra aðila, í tengslum við stækkun orkumarkaðarins í framtíðinni. Þannig gæti myndast fullnægjandi samkeppni í vinnslunni með tímanum. Jafnframt er nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um forsendur fyrir veitingu nýrra virkjunarleyfa og önnur atriði sem skipta máli sem tryggja að öll fyrirtæki er hyggja á raforkuframleiðslu keppi á jafnréttisgrundvelli og að Landsvirkjun geti ekki hindrað samkeppni.

Nefndin telur rétt að afnema ákvæði orkulaga um að leyfi Alþingis þurfi fyrir virkjunum með uppsett afl 2 MW eða meira. Þess í stað verði sett almenn ákvæði í lög sem framkvæmdavaldið skuli fara eftir við veitingu leyfa til að nýta orkulindirnar til raforkuvinnslu. Þessi ákvæði gætu verið með ýmsu móti, til dæmis tækni- og fjárhagslegar kröfur til umsækjanda, kröfur um orkunýtni, áreiðanleika, umhverfismál, almannaþjónustu og fleira. Einnig kæmi til álita að vinnsluaðilar greiddu gjald fyrir afnot af auðlindinni.

1.2.3 Raforkuflutningur

Eins og fram kom hér á undan er lagt til að stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki um meginflutningskerfið, Landsnetið. Ekki er augljóst hvar mörkin milli Landsnetsins og dreifiveitna eiga að liggja. Það þarfnast ítarlegrar skoðunar og kæmi hvort tveggja til álita að skilgreina meginflutningskerfið þröngt, t.d. flutningskerfið sem nú er í eigu Landsvirkjunar, eða vítt, t.d. allar raflínur frá virkjunum til endanlegra notenda. Margt styður það sjónarmið að hagkvæmast væri að Landsnetið yfirtæki að lágmarki flutningskerfi Landsvirkjunar og þann hluta af flutningskerfi RARIK sem þarf til að tryggja að allar rafveitur eigi beinan aðgang að Landsnetinu. Nefndin telur nauðsynlegt að fram fari sérstök athugun á því hve stóran hluta flutnings- og dreifikerfisins setja skuli í Landsnetið, með það fyrir augum að ná fram sem hagkvæmustu flutnings- og dreifikerfi.

Lagt er til að Landsnetinu verði falin ábyrgð á rekstri flutningskerfisins, áætlunargerð, álagsstýringu og gæðum raforkunnar. Hægt væri að búa svo um hnútana að Landsnetið tryggði lágmarksframboð raforku og afhendingaröryggi á afhendingarstöðum sínum.

Nefndin bendir á að tvær leiðir eru til þess að verðleggja flutning raforkunnar um Landsnetið. Annars vegar að leggja föst gjöld á orku sem sett er inn á flutningsnetið og orku sem tekin er út af því. Slík gjöld gætu verið breytileg eftir spennu og fleiri raftæknilegum

atriðum. Hin leiðin væri að leggja gjöld á flutninginn sem endurspegla eftir því sem unnt er raunverulegan kostnað við hann og bæta þá e.t.v. upp áhrif slíks fyrirkomulags á tekjudreifingu með beinum hætti gegnum skattkerfið. Síðari kosturinn er frá þjóðhagslegu sjónarmiði skynsamlegri, en með þeim fyrri má, ef vilji er til, hafa áhrif á hlutfall kostnaðar og verðs til notenda, þ.e. ná fram þeim jöfnuði í orkuverði sem sóst er eftir[4]. Með því að Landsnetið næði til alls flutnings- og dreifikerfisins frá virkjun til notenda væri með sams konar ákvæði hægt að koma á fullkomnum jöfnuði á flutningskostnaði raforku vegna sams konar notkunar.

Nefndin leggur til að Samkeppnisstofnun eða öðrum opinberum aðila verði falið eftirlit með starfsemi Landsnetsins til að tryggja að verðlagning fyrir flutninginn sé í samræmi við lög og reglur sem settar verða og sjá til þess að þeir sem vilja og eiga rétt á að nota flutningskerfin geti gert það. Nefndin leggur jafnframt til að Rafmagnseftirliti ríkisins, Orkustofnun eða öðrum opinberum aðila verði falið eftirlit með því að flutningskerfið uppfylli tæknilegar kröfur sem gerðar eru um gæði og öryggi í flutningnum og að þeim sé mætt með lágmarkstilkostnaði. Einnig kæmi til álita að eftirlitsaðilinn yrði valinn á grundvelli útboðs.

1.2.4 Raforkudreifing

Í greinargerð Einars Hope er bent á að skilvirkast væri að sameina flutnings- og dreifikerfi raforku í eitt fyrirtæki. Ljóst er að það yrði flókið að stofna slíkt fyrirtæki þar sem dreifikerfið er í eigu einstakra sveitarfélaga eða samtaka þeirra auk þess sem ríkissjóður á dreifikerfi RARIK. Það er þó ekkert því til fyrirstöðu að margir aðilar geti átt Landsnetið sameiginlega. Raunar kynni að vera heppilegast að slíkt fyrirtæki væri að hluta eða öllu leyti í eigu aðila sem hvorki sinna raforkuvinnslu né raforkusölu. Nefndin leggur því til, eins og fram kom í kaflanum um raforkuflutning, að fram fari sérstök athugun á því hversu mikill hluti dreifikerfisins verði í Landsnetinu, með það fyrir augum að ná fram sem hagkvæmustu flutnings- og dreifikerfi. Nefndin gerir eins og áður er komið fram a.m.k. ráð fyrir reikningslegum og rekstrarlegum aðskilnaði dreifikerfanna frá annarri starfsemi veitnanna.

Nefndin telur nauðsynlegt að einkaleyfi rafveitna til orkusölu á tilteknu orkuveitusvæði verði afnumin og raforkukaupendur/notendur sem vilja skipta við aðra orkuseljendur eigi rétt á flutningi um dreifikerfin gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá. Nefndin gerir að svo stöddu ekki tillögu um hversu víðtæk þessi heimild á að vera, t.d. hvort eða við hvaða lágmark afl- og orkukaupa á að miða.

Nefndin leggur til að sama tilhögun verði á eftirliti með starfsemi dreifikerfisins og lýst er hér á undan um flutningskerfið.

---

4. Í þessu sambandi má nefna að í raforkulögunum í Svíþjóð er ákvæði um að sama gjaldskrá skuli gilda fyrir flutning rafmagns um flutnings- og dreifikerfi, innan hvers svæðis, vegna sams konar notkunar. Heimili innan sama svæðis greiða t.d. samkvæmt sama gjaldskrárlið óháð kostnaði við að leiða rafmagnið til þeirra. Þetta ákvæði á við flutnings- og dreifikerfið allt að 220 kV. Rétt er að taka fram að mikill munur getur verið á kostnaði milli svæða. Þannig var kostnaðurinn við flutning á rafmagni til heimilisnota án virðisaukaskatts á bilinu 0,191 SEK/kWh til 0,724 SEK/kWh (1,9 til 7,3 kr./kWh) samkvæmt upplýsingum NUTEK hinn 1. júní 1996. Að meðaltali var kostnaðurinn 0,409 SEK/kWh eða 4,11 kr./kWh.

1.2.5 Raforkusala

Nefndin leggur til að kaup og sala raforku verði gefin frjáls í áföngum á grundvelli almennra skilyrða. Að öðrum kosti eru ekki skilyrði fyrir verðmyndun raforku á markaði þar sem notendur eiga bein viðskipti við framleiðendur. Í frjálsri sölu raforku felst að dreifiveitum verður gert skylt að flytja orku fyrir sjálfstæða orkukaupmenn samkvæmt gjaldskrá sem hyglir ekki samkeppnissviði dreifiveitna.

Næsta víst er að smám saman muni myndast markaður fyrir raforku. Orkumarkaðurinn gæti verið í umsjá Landsnetsins[5]. Slíkur markaður verður þó ekki myndaður á einni nóttu. Til að byrja með má gera ráð fyrir að einungis stærstu iðnfyrirtæki muni njóta góðs af samkeppni í raforkusölu. Samkeppni í sölu til smárra notenda er vart byrjuð að ráði í þeim löndum sem lengst eru komin í endurskipulagningu raforkukerfisins. Stafar það að hluta til af því að enn sem komið er svarar það vart kostnaði fyrir smánotendur að skipta um söluaðila vegna þess búnaðar sem notendur verða að búa yfir. Meðan svo er getur þurft sérstakar ráðstafanir til að vernda smánotendur gegn því að byrðar sem stórnotendur létta af sér með samkeppninni verði lagðar á.

1.3 Skipulag hitaveitumála

Sá rammi sem orkulög setja um hitaveitur hefur reynst vel og stuðlað að því að jarðhiti sér landsmönnum að mestu fyrir orku til húshitunar. Í 3. kafla hér á eftir er gerð grein fyrir þessum málum. Þar kemur fram að auk opinberra hitaveitna sem starfa á grundvelli reglugerða og einkaleyfis eru starfandi fjölmargar minni veitur.

Þar sem hitaveitur landsins eru ekki samtengdar og ná einungis til afmarkaðs svæðis telur nefndin ekki forsendur til þess að aðgreina vinnslu, flutning, dreifingu og sölu á heitu vatni með sama hætti og í raforkukerfinu. Líta verði á að um a.m.k. þrjá fyrsttöldu þættina ríki náttúruleg einkasala. Nefndin telur eigi að síður að gera þurfi nokkrar breytingar á ákvæðum orkulaganna um hitaveitur. Nefndin leggur til að þessi ákvæði verði sett í sérstök lög um hitaveitur um leið og felld verði út gildi sérlög um einstakar hitaveitur.

Nefndin telur rétt að endurskoða gildandi ákvæði í lögum um hitaveitur um tilhögun einkaleyfa á hlutaðeigandi orkuveitusvæðum og afhendingarskyldu.

Í hitaveitalög þarf að setja ákvæði um gæði vatnsins eða gufunnar sem veiturnar selja notendum til að jafnræðis sé gætt, en í gildandi orkulögum er eingöngu talað um „sölu á heitu vatni eða gufu“. Með gæðum er átt við þætti eins og hitastig, þrýsting og efnasamsetningu. Þessir þættir o.fl. skipta notendur miklu máli, einkum hitastig vatnsins eða gufunnar sem þeir fá afhent. Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að setja ákvæði um afhendingaröryggi.

Nefndin leggur til að opinberum aðila verði falið eftirlit með hitaveitum til að tryggja að verðlagning sé í samræmi við lög og reglur sem settar verða. Þá leggur nefndin til að hitaveitum verði skylt að veita Orkustofnun upplýsingar um vatnstöku sína og vatnssölu.

---

5 Í Noregi er orkumarkaðurinn rekinn af dótturfyrirtæki landsnetsins.

Í hitaveitulögum þarf að kveða á um að hitaveitur sem einnig sinna annarri starfsemi beri að aðgreina þá starfsemi frá rekstri hitaveitunnar í bókhaldi.

1.4 Orkurannsóknir

Hagkvæm nýting orkulinda byggir meðal annars á rannsóknum. Slíkum rannsóknum má í aðalatriðum skipta í grunnrannsóknir annars vegar og rannsóknir á afmörkuðum jarðhitasvæðum eða vatnsföllum hins vegar. Grunnrannsóknir beinast að öflum grundvallarupplýsinga um orkulindirnar og hafa þær að mestu verið kostaðar af fjárveitingu ríkisins til Orkustofnunar, þótt aðrir aðilar hafi einnig lagt sitt af mörkum, m.a. fræðimenn við Háskólann. Orkufyrirtækin hafa einkum sinnt rannsóknum á tilteknum jarðhitasvæðum og vatnsföllum, en í sumum tilvikum hafa þau einnig þurft að leggja í grunnrannsóknir, einkum við þróun aðferða við nýtingu orkulindanna. Tryggja þarf að ávallt séu tiltækar upplýsingar um orkulindirnar og möguleika á nýtingu þeirra. Það verður best gert með öflugum og aðgengilegum gagnagrunni um þessar rannsóknir.

Auk rannsókna á orkulindunum er mikilvægt að sinnt sé almennum rannsóknum í orkumálum og gagna aflað um orkubúskapinn, svo sem um orkunotkun, orkuverð, og almennt um hagkvæmni í orkubúskapnum. Sömuleiðis þarf að vinna að ýmsum almennum verkefnum t.d. á sviði skilvirkrar orkunotkunar (orkusparnaðar), fræðslu og upplýsingamiðlunar.

Nýskipan í orku- og auðlindamálum kallar á skýrari ákvæði um framkvæmd og fjármögun rannsókna. Breytt skipan orkumála kann að kalla á nýtt fyrirkomulag. Í því sambandi má t.d. nefna að ekki verður til þess ætlast í samkeppnisumhverfi að orkufyrirtæki kosti rannsóknir sem einnig nýtast keppinautum, nema að um það séu almenn lagaákvæði. Jafnframt er eðlilegt að gera kröfur til þess að orkufyrirtækin standi undir kostnaði hins opinbera af þjónustu við þau. Þá er óeðlilegt að ríkið beri kostnað af rannsóknum á tilteknum orkulindum í einkaeigu.

Eðlilegt er að opinber aðili hafi umsjón með og yfirsýn yfir grunnrannsóknir í orkumálum og undirbúi stefnumótun fyrir stjórnvöld í þeim efnum. Samkvæmt orkulögum er þetta hlutverk Orkustofnunar. Niðurstöður grunnrannsókna eiga að vera öllum aðgengilegar. Jafnframt liggur beint við að Orkustofnun sjái um að koma upp og viðhalda opnum gagnagrunni um rannsóknir í orkumálum. Huga þarf að sanngjarnri hlutdeild orkuiðnaðarins í kostnaði við gagnagrunninn, sem og í grunnrannóknum. Nefndinni er kunnugt um að vinnuhópur sem á að semja orkurannsóknaráætlun til næstu ára er að hefja störf. Í hópnum eru fulltrúar orkufyrirtækja, Orkustofnunar og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Gera má ráð fyrir að hópurinn móti jafnframt tillögur um verkaskiptingu milli ríkisins og orkufyrirtækja í rannsóknum. Nefndin leggur til að unnið verði frekar að stefnumótum í þessum málum.

1.5 Starfsskilyrði orkufyrirtækja

1.5.1 Breytt starfsemi

Með þeim breytingum sem lýst hefur verið hér að framan er óhjákvæmilegt að starfsumhverfi raforkufyrirtækja breytist verulega. Almennt viðskiptaumhverfi kemst á með tíð og tíma í vinnslu og sölu raforku. Skipulagsbreytingarnar fela í sér að samkeppni er komið á í vinnslu og sölu raforku. Flutningur og dreifing raforku hefur hins vegar einkenni náttúrulegrar einkasölu og verður samkeppni ekki komið þar við með góðu móti. Ekki er gert ráð fyrir svipuðum skipulagsbreytingum í hitaveitumálum, eins og fram kom í kafla 1.3. Hins

vegar má búast við að hugsanlegar breytingar á rekstrarformi og eignarhaldi rafveitna muni hafa áhrif á starfsemi annarra orkufyrirtækja, þ.á m. hitaveitna.

Af virkri samkeppni í vinnslu raforku leiðir að eigendur fjármagns munu hafa hagnaðarvonina að leiðarljósi. Von fjárfesta um arð af fjárfestingu í raforkuvinnslu verður að vera jafn mikil eða meiri en af öðrum fjárfestingartækifærum með svipaðri áhættu sem fjárfestinum bjóðast, eigi hann að setja fé sitt í greinina. Kröfur um arðgreiðslur verða því væntanlega meiri en nú, enda hefur fjárfestir í samkeppnisumhverfi í raforkuvinnslu hagnaðarvonina að leiðarljósi. Þetta er mikil breyting. Eigendur orkufyrirtækja hafa sjaldnast gert arðgreiðslukröfur á hendur þeim með sama hætti og gerist um önnur fyrirtæki, enda var rafvæðing landsins lengi vel talin forgangsmál.

Með aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku verða til nýir þátttakendur á markaðnum: nýir framleiðendur, Landsnet, óháður eftirlitsaðili og orkukaupmenn sem kaupa og selja raforku í samkeppni við dreifiveitur. Nauðsynlegt er að starfsskilyrði innan hvers sviðs séu jöfnuð. Þannig þarf að afnema sértæk stuðningsákvæði laga til handa einstökum fyrirtækjum og samræma skattskilyrði orkufyrirtækja. Að öðrum kosti getur virk samkeppni ekki þrifist í vinnslu og sölu raforku.

1.5.2 Eignarhald

Breyting á eignarhaldi orkufyrirtækja er ekki óhjákvæmilegur hluti skipulagsumbóta í raforkumálum. Í Noregi hefur til að mynda eignarhald hins opinbera á orkufyrirtækjum lítið breyst þrátt fyrir stórtækar breytingar í skipulagningu framleiðslunnar[6]. Í flestum tilfellum stefna þó ríki að því að fá einkafjármagn inn í raforkugeirann samhliða eða í kjölfar skipulagsbreytinga.[7]

Sterk rök hníga að því að skynsamlegt geti verið fyrir Íslendinga að fá einkafjármagn smátt og smátt inn í raforkugeirann. Íslendingar eiga mikla orku sem hagkvæmt kann að reynast að nýta á komandi árum. Þær hugmyndir sem nú eru uppi á borðinu um stóriðju[8] kalla á nær þreföldun afkastagetu raforkukerfisins. Óvarlegt væri fyrir þjóðarbúið að taka erlend lán til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu fjármagnsfrekra virkjana sem ekki eru nú þegar í burðarliðnum. Erlendar langtímaskuldir þjóðarinnar nema nú um 55% af landsframleiðslu og eru um 85% þeirra með ríkisábyrgð. Við bætist að halda má fram að eðlilegt sé að ný stóriðja og tengdar framkvæmdir standist arðsemiskröfur markaðarins, eins og aðrar fjárfestingar. Bæði arðsemissjónarmið og skuldasjónarmið hníga því að því að virkjanir tengdar nýrri stóriðju verði í framtíðinni annaðhvort fjármagnaðar með lánum á grunni einstakra framkvæmda[9] eða með nýju einkafjármagni.

Nýtt fjármagn í raforkugeirann mundi auk þess koma með ferskt blóð inn í hann og orka hvetjandi á stjórnvöld sem meðeiganda að framleiðslutækjunum. Sala á hlut ríkis og sveitarfélaga mundi auk þess bæta fjárhagsstöðu hins opinbera.

---

6 Stjórnvöld hafa þar hins vegar leyst úr hagsmunatogstreitunni á milli viðskiptahagsmuna sinna annars vegar og eftirlits og löggjafar hins vegar.

7 Í örfáum ríkjum hefur einokunarfyrirtæki verið einkavætt án aðskilnaðar einstakra sviða. Slík einkavæðing á einokun þykir almennt ekki heppileg.

8 Álver á Keilisnesi og Grundartanga, magnesíumverksmiðja og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar.

9 Verkefnafjármögnun (e. project financing). Lán beintengt ákveðnum framkvæmdum.

Sú leið að koma á samkeppni í áföngum á grundvelli ákveðinna skilyrða mun væntanlega leiða til hægfara breytinga á eignarhaldi. Sala á Landsvirkjun, ef vilji verður til að selja, mun þurfa að eiga sér stað á löngu tímabili. Einnig er líklegt að eignarhald raforkuvinnslunnar muni smám saman breytast með nýjum orkufyrirtækjum í eigu margra aðila sem stofnuð verða í tengslum við stækkun orkumarkaðarins í framtíðinni. Landsnetið getur hvort heldur sem er verið í opinberri eigu eða einkaeigu. Mjög strangar reglur verða að gilda um fyrirtækið, hvort heldur það er í einkaeigu eða opinberri, enda ekki um önnur fyrirtæki að ræða á þessu sviði. Með aðskilnaði dreifingar og sölu skapast tækifæri fyrir óháða orkukaupmenn að koma inn á markaðinn og selja orku til notenda í samkeppni við dreifingarfyrirtæki.

1.5.3 Rekstrarform

Algengast er að orkufyrirtækjum sé breytt í hlutafélög í kjölfar skipulagsbreytinga, hafi þau ekki verið rekin í því formi áður en til breytinganna kom. Hlutafélagsformið hefur tíðkast um langan tíma í raforkuiðnaðinum víða um lönd; löngu áður en umræða hófst um markaðsvæðingu þessa iðnaðar. Hlutafélög í raforkugeiranum er til að mynda víða að finna á Norðurlöndum en ekki á Íslandi. Sum slík hlutafélög á Norðurlöndum hafa verið meira og minna í opinberri eign. Skiptar skoðanir eru þó um hvort hlutafélagaformið sé forsenda fyrir velheppnaðri skipulagsbreytingu í raforkugeiranum. Það hefur hins vegar marga kosti svo sem þann að það er vel skilgreint, með skýrum ákvæðum í lögum, og markmiðið með starfseminni er skýrt.

Með breytingu á skipulagi raforkumála verða viðskiptasjónarmið öðrum fremur lögð til grundvallar. Það kallar á breytta stöðu stjórnenda. Ábyrgð þeirra á rekstrinum gagnvart eigendum eykst. Mestu máli skiptir að starfsskilyrði fyrirtækja á sama sviði séu sambærileg. Þar skipta skattskilyrði miklu máli. Með innleiðingu markaðssjónarmiða í raforkugeirann verða skattskilyrði fyrirtækjanna samræmd. Ótækt er að skattskilyrði fari eftir rekstrarforminu. Best færi á að skattlagning færi að sem mestu leyti eftir almennum reglum en þó er ljóst að fyrningarstofna þyrfti að meta sérstaklega fyrir orkufyrirtækin því engar sambærilegar eignir eru til hjá núverandi skattskyldum fyrirtækjum.

2. Uppbygging nýrra orkulaga

2.0 Inngangur

Hér að framan hefur verið hugað að meginlínum í hagkvæmri framtíðarskipan orkumála. Einkum hefur verið fjallað um skipan raforkumála, en einnig hugað að hitaveitu og orkurannsóknum. Vert er í þessu sambandi að taka til umfjöllunar hvernig löggjöf um raforku, hitaveitu og orkumál í víðara samhengi kunni að verða byggð upp með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

Rétt er að taka fram að niðurstöður nefndarinnar eru ekki útfærðar með þeim hætti að rétt sé að setja fram ítarlegar hugmyndir eða tillögur um löggjöf. Nefndinni var heldur ekki ætlað að vinna löggjafarstarf í þessum skilningi heldur fremur að vera til ráðuneytis um grundvöll hennar.

2.1 Orkulög – raforkulög – hitaveitulög

Núgildandi orkulög eru yfirgripsmikil þótt ekki sé þar kveðið á um alla þætti orkumála. Þar er kveðið á um Orkustofnun, vinnslu raforku, vinnslu jarðhita, héraðsrafmagnsveitur, hitaveitur, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkusjóð. Til hliðar við þau standa lög um einstök fyrirtæki, svo sem lög um Landsvirkjun, lög um Hitaveitu Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða.

Tvennt kemur einkum til greina um form löggjafar á þessu sviði. Annars vegar að ein heildstæð lög gildi um orkumál sem þannig verði úr garði gerð að þau taki á öllum þáttum orkumála. Hins vegar að sett verði sérstök lög um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku, en ákvæðum um önnur atriði orkumála verði skipað í öðrum lögum. Fyrri leiðin hefur þá kosti að þá er skipað í sérstök lög öllum meginákvæðum á þessu sviði sem marka orkumálum heildarramma. Slík lög stuðla hugsanlega að samfellu í meðferð löggjafar um þessi málefni. Síðarnefnda leiðin hefur hins vegar þá kosti að lagarammi utan um einstaka þætti orkumála verður skýrari og sérsjónarmið og sérkenni einstakra þátta raforkumála fá betur að njóta sín.

Það er mat nefndarinnar að heppilegra sé að setja sérstök lög um raforkumál og skipa öðrum þáttum orkumála utan þeirra. Eðlilegt er að ákvæðum um vinnslu, flutning og dreifingu raforku verði skipað í sérstökum lögum vegna sérsjónarmiða um þessa þætti orkumála. Ætla má að ákvæði sem leiða af hugmyndum nefndarinnar verði yfirgripsmeiri og ítarlegri en núgildandi ákvæði um raforkufyrirtæki. Sérstök raforkulög sem tækju sjálfstætt á vinnslu, flutningi, dreifingu og sölu raforku yrðu ein sér mjög umfangsmikil. Ekki verður heldur séð að heildstæð almenn lög um orkumál fái notið sín vegna þess hve yfirgripsmikil þau yrðu, auk þess sem þau yrðu tæpast tæmandi hvort eð væri. Slík lög þurfa ekki að stuðla að frekari skilningi þeirra sem starfa eftir þeim.

Það er mat nefndarinnar að stefna skuli að því að fella úr gildi lög um sérstök fyrirtæki á sviði orkumála. Ákvæði almennra laga ættu að ná til allra fyrirtækja á þessu sviði.

Verði sett sérstök lög um raforkumál er nauðsynlegt að skipa ákvæðum um hitaveitur í sérstök lög. Líta má á það sem ókost að ákvæði um hitaveitur tilheyri ekki sömu löggjöf og ákvæði um raforkufyrirtæki. Á það ber hins vegar að líta að í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir miklum breytingum á skipan flutnings, dreifingar og sölu rafmagns sem gætu ekki tekið til hitaveitna vegna eðlis þeirrar starfsemi. Nái hugmyndir nefndarinnar fram að ganga verður því ekki séð að ákvæði um raforkufyrirtæki annars vegar og ákvæði um hitaveitur hins vegar eigi nauðsynlega samleið. Gæta verður þó samræmis í löggjöf um þessi fyrirtæki að því marki

sem það er mögulegt en samræmi má eins tryggja þótt fjallað sé um fyrirtækin í aðskildum lögum. Ekki er ólíklegt miðað við núverandi aðstæður að sama fyrirtækið starfi á báðum sviðum, þ.e. sé bæði hitaveita og t.d. dreifiveitaSlíkt fyrirtæki myndi þá starfa samkvæmt tvennum lögum. Væntanlega yrðu gerðar þær kröfur að fjárhagur þessara tveggja þátta í starfsemi fyrirtækisins yrði aðskilinn.

Með tilkomu nýrra raforkulaga yrði að finna Orkustofnun nýjan stað í löggjöf og hlýtur að teljast eðlilegt að um hana gildi sjálfstæð lög, enda getur starfsvettvangur hennar í framtíðinni náð út fyrir svið orkumála.

2.2 Hugsanleg uppbygging raforkulaga og hitaveitulaga

Til glöggvunar má setja fram hugmynd um útlínur raforkulaga og hitaveitulaga. Byggir umfjöllunin á því að tillögur nefndarinnar nái fram að ganga í meginatriðum.

2.2.1 Raforkulög

Nefndin leggur í niðurstöðum sínum áherslu á að koma á aðskilnaði milli vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu rafmagns. Með hliðsjón af því má ætla að kaflaskipting raforkulaga byggðist á þessum fjórum þáttum. Kaflaskiptingin gæti því verið eftirfarandi:

I. Almenn ákvæði
Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

II. Raforkuvinnsla
Ákvæði um leyfi til vinnslu, skilyrði þess og efni. Kveða þarf á um ákvörðun um veitingu leyfis, þ. á.m. hlutverk Alþingis í slíkri ákvörðunar-töku, umsagnaraðila og fleira. Þá þarf að kveða á um meðferð vinnslusvæða, bætur fyrir nýtingu jarðhita eða vatnsorku og ákvæði um eignarnámsheimildir.

III. Raforkuflutningur
Hugsanlega ákvæði um starfsleyfi Landsnets, rekstrarform og eignaraðild, ákvæði um starfsemi fyrirtækisins og hlutverk, svo sem verðjöfnunar-hlutverk, öryggisreglur o.s.frv.

IV. Raforkudreifing
Hér kæmi til álita ákvæði um starfsleyfi fyrirtækja, afturköllun leyfis, rekstrarform fyrirtækis og ákvæði um starfsemi þeirra, svo sem skyldu dreififyrirtækja til að flytja raforku um kerfi sitt fyrir þá sem vilja kaupa raforkuna af öðrum en þeim.

V. Sala raforku
Ákvæði um sölu, starfsleyfi, almennar reglur um verðlagningu, o.fl.

VI. Eftirlit
Ákvæði um eftirlit með starfsemi raforkufyrirtækja almennt, í höndum hverra eftirlitið yrði og framkvæmd þess.

VII. Gildistaka, ýmis ákvæði
Ákvæði um skattskyldu, innheimtu, refsiákvæði o.fl.

Ákvæði til bráðabirgða
Aðlögunarákvæði.

Til álita kæmi og að kveða í sérstökum kafla á um hvernig öryggi kerfisins yrði tryggt.

2.2.2 Hitaveitulög

Í tillögum nefndarinnar er lagt til að endurskoðuð verði gildandi ákvæði orkulaga um tilhögun einkaleyfa til reksturs hitaveitna á tilteknum orkuveitusvæðum og ákvæði um afhendingarskyldu. Efni hitaveitulaga byggir í veigamiklum atriðum á niðurstöðu slíkrar endurskoðunar. Þær hugmyndir sem hér eru settar fram byggja á því að einkaleyfi og afhendingarskylda verði felld niður.

Ljóst er að setja verður hitaveitum tiltekin skilyrði um rekstur og starfsemi. Því verður að telja eðlilegt að starfsemi hitaveitna grundvallist á opinberu starfsleyfi. Meginefni hitaveitulaga gæti verið eftirfarandi:

I. Almenn ákvæði
Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

II. Starfsleyfi
Ákvæði um skilyrði starfsleyfis, svo sem um rekstrarform, fjárhagslegt bolmagn og hæfi stjórnenda, ákvæði um veitingu leyfis og ákvæði um afturköllun leyfis.

III. Starfsemin
Ákvæði um gæði vatns og gufu, afhendingu þess og ákvæði um lágmarksöryggi veitnanna.

IV. Gjaldskrá
Ákvæði um verðmyndun, leiðréttingu verðs vegna breytilegs hitastigs og innheimtu.

V. Eftirlit.
Ákvæði um eftirlit með verðlagningu og tæknilegum atriðum.

VI. Gildistaka, ýmis ákvæði.
Ákvæði um skattskyldu, refsiákvæði o.fl.

Ákvæði til bráðabirgða.
Aðlögunarákvæði.

2.3 Heildarsvið löggjafar er varða orkumál

Rétt er hér í ljósi niðurstaðna nefndarinnar að taka til skoðunar heildarsvið löggjafar sem tengist orkumálum. Ætla má að af gildandi lögum yrðu felld á einhverju stigi úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði:

Orkulög.
Lög um Landsvirkjun.
Lög um Orkubú Vestfjarða.
Lög um Hitaveitu Suðurnesja.
Lög um Hitaveitu Reykjavíkur.
Lög um raforkuver í núverandi mynd.
V. kafli Vatnalaga um notkun vatnsorku.

Með vísan til tillagna nefndarinnar og með hliðsjón af því löggjafarstarfi sem nú fer fram og nefndinni er kunnugt um, er rétt að huga að því hvernig heildarsvið löggjafar er tengist orkumálum gæti litið út.

A. Löggjöf um eignarhald og almenna meðferð auðlinda:
   1. Lög um eignarhald og nýtingu auðlinda[10].
   2. Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna.[11]
   3. Vatnalög.
   4. Lög á sviði umhverfismála.
   5. Skipulagslög.

B. Löggjöf um nýtingu og starfsemi:
   1. Raforkulög.
   2. Hitaveitulög.
   3. Lög um eignarhald og nýtingu auðlinda[12] að því er varðar nýtingu jarðvarma til annars en raforku.
   3. Hugsanlega löggjöf um olíu og eldsneyti.

C. Löggjöf um stjórnsýslu og rannsóknir:
   1. Lög um Orkustofnun.
   2. Lög um Rafmagnseftirlit ríkisins.
   3. Samkeppnislög.

Yfirlit þetta gerir því ráð fyrir að sett verði sérstök lög um raforku, sérstök lög um hitaveitur og sérstök lög um Orkustofnun.

10. Fyrir liggur frumvarp þessa efnis, en óvíst um afdrif þess á þessari stundu.
11. Fyrir liggur frumvarp þessa efnis, en óvíst um afdrif þess á þessari stundu.
12. Sama frumvarp og í lið A.1. hér að framan.

3. Núverandi skipulag orkumála

3.0 Inngangur

Skipulag orkumála hér á landi hefur verið á þann veg að fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku og rannsóknastofnanir á þessu sviði eru að miklu leyti í opinberri eigu. Ýmist er um að ræða fyrirtæki sem alfarið eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða fyrirtæki sem eru sameign þessara aðila. Fyrirtæki og stofnanir ríkisins á þessu sviði heyra undir iðnaðarráðuneytið og Alþingi. Olíufélög eru í einkaeign. Orkufyrirtækjum landsins má skipta niður í fjóra flokka, þ.e. rafveitur, hitaveitur, orkuveitur (hita- og rafveitur) og olíufélög.

3.1 Lög

Orkulög eru þau lög sem fjalla um starfsemi á þessu sviði en þau eru frá árinu 1967 og eru því komin til ára sinna. Í Orkulögunum er fjallað um Orkustofnun, vinnslu raforku, vinnslu jarðhita, héraðsrafmagnsveitur, hitaveitur, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkusjóð. Einnig eru lög um einstök fyrirtæki, svo sem Landsvirkjun. Eftirtalin lög fjalla um orkumál:

Vatnalög:	Nr. 15/1923, br. nr. 90/1938, nr. 93/1947, nr. 108/1988, nr. 81/1991.
Orkulög:	Nr. 58/1967, br. nr. 84/1972, 51/1973, 32/1983, 53/1985.
Lög um raforkuver:	Nr. 60/1981, br. nr. 74/1990.
Lög um Landsvirkjun:	Nr. 42/1983.
Lög um Orkubú Vestfjarða:	Nr. 66/1976.
Lög um Hitaveitu Reykjavíkur:	Nr. 38/1940.
Lög um Hitaveitu Suðurnesja:	Nr. 100/1974, br. nr. 26/1980, 91/1984, 101/1985, 16/1995.
Lög um Rafmagnseftirlit ríkisins:	Nr. 60/1979.
Lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara:	Nr. 103/1994.

Samkvæmt Orkulögum getur ráðherra veitt rafveitum og hitaveitum einkaleyfi til dreifingar og sölu á raforku og heitu vatni á veitusvæði sínu. Um þessar veitur gilda annars reglugerðir og staðfestir ráðherra gjaldskrár þeirra.

Varðandi vinnslu raforku þá þarf leyfi Alþingis fyrir raforkuveri sem er stærra en 2 MW og leyfi ráðherra fyrir raforkuveri sem er á bilinu 0,2-2 MW nema hvað heimilt er að reka varastöð allt að 1 MW án sérstaks leyfis.

Varðandi vinnslu jarðhita þá hefur landeigandi rétt til að nýta sér jarðhita á landareign sinni. Ríkið hefur rétt til að rannsaka jarðhita hvar sem er á landinu og heimilt er að taka jarðhita eignarnámi krefjist almannahagsmunir þess.

Í Orkulögum þar sem fjallað er um héraðsrafmagnsveitur kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Rafveitur veita raforku um tiltekið orkuveitusvæði, sem ráðherra ákveður að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags, og selja neytendum á því svæði. Ráðherra getur veitt einkarétt og bundið hann ákveðnum skilyrðum til að tryggja jafnrétti notenda.

- Sveitarfélag hefur forgang til að reka rafveitu. Ef sveitarstjórnir nýta ekki rétt sinn hafa Rafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt.

- Rafveitu, sem hlotið hefur einkarétt, er skylt að selja öllum sem þess óska, innan orkuveitusvæðisins, rafmagn með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum og með reglugerð.

- Gjald fyrir raforku frá rafveitu, sem veittur hefur verið einkaréttur, skal ákveða í gjaldskrá sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Í þeim kafla í Orkulögum þar sem fjallað er um hitaveitur kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Hitaveitur annast dreifingu og sölu á heitu vatni til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði. Ráðherra getur veitt sveitarfélögum einkarétt og bundið hann ákveðnum skilyrðum. Sveitarfélög geta framselt leyfið með samþykki ráðherra og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

- Gjald fyrir heitt vatn frá hitaveitu, sem veittur hefur verið einkaréttur, skal ákveða í gjaldskrá. Gjaldskrána skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

- Einkaleyfi skal því aðeins veita að ráðherra telji, að fenginni umsögn Orkustofnunar, að veitan verði þjóðhagslega hagkvæm, fullnægi hitaþörf svæðisins o.fl.

- Unnt er að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að ákveða að öll hús á orkuveitusvæðinu skuli hituð frá hitaveitu sem fengið hefur einkaleyfi. Kaupskyldu fylgir rík kvöð um öryggi í afhendingu og jafnrétti notenda.

- Skylda jarðeigenda til að láta af hendi land og þola rask sem hitaveita hefur í för með sér gegn fullum bótum.

3.2 Orkuveitur

Á undanförnum árum hefur það orðið algengara að rekstur rafveitna og hitaveitna sé sameinaður í eitt fyrirtæki og oft og tíðum fylgir þá vatnsveita sveitarfélags með. Nú eru átta fyrirtæki starfandi sem reka bæði raf- og hitaveitu og eru fimm þeirra í eigu eins sveitarfélags en þrjár veitur ná yfir stærra svæði og er ríkið eignaraðili að þeim fyrirtækjum. Um er að ræða eftirtaldar veitur og reglugerðir þar um:

Rafmagnsveitur ríkisins:	Nr. 122/1992.
Hitaveita Suðurnesja:	Nr. 89/1990.
Orkubú Vestfjarða:	Nr. 192/1978.
Akranesveitur:	Nr. 665/1995.
Orkuveita Húsavíkur:	Nr. 647/1995.
Selfossveitur:	Nr. 504/1990.
Bæjarveitur Vestmannaeyja:	Nr. 241/1990.
Veitustofnanir Hveragerðis:	Nr. 276/1994.

Dæmi eru um að þessi fyrirtæki hafi unnið að eflingu atvinnustarfsemi á veitusvæðinu sem tengist þá orkumarkaðinum á svæðinu.

3.3 Rafveitur

Samhliða fjölgun orkuveitna hefur fyrirtækjum fækkað sem eingöngu sinna raforkuvinnslu, flutningi og dreifingu. Nú starfa sex fyrirtæki sem teljast til þessa flokks og eru þau öll í eigu sveitarfélaga nema Landsvirkjun sem er sameign ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Um er að ræða eftirtaldar veitur og reglugerðir þar um:

Landsvirkjun:	Nr. 760/1983.
Rafveita Hafnarfjarðar:	Nr. 177/1939, br. nr. 268/1969.
Rafmagnsveita Reykjavíkur:	Nr. 451/1977, br. nr. 776/1983, nr. 132/1989.
Rafveita Sauðárkróks:	Nr. 8/1950.
Rafveita Akureyrar:	Nr. 458/1979, br. nr. 452/1985, nr. 96/1986.
Rafveita Reyðarfjarðar:	Nr. 15/1949.

Rafveitur landsins eru samtengdar í gegnum flutnings- og aðveitukerfi raforku eins og fram kemur á mynd 3.1. Einungis mjög lítil svæði eru utan samtengds raforkukerfis en þau helstu eru Inndjúp á Vestfjörðum og Grímsey. Landsvirkjun á og rekur flutningskerfið og sér til þess að raforkuvinnslan samsvari álaginu á hverjum tíma.

Alls eru því fjórtán fyrirtæki sem dreifa raforku til endanlegra notenda og kaupa sex þeirra raforku frá Landsvirkjun og eru fjórar af þeim veitum einnig með eigin vinnslu en tvær veitur kaupa alla orkuna frá Landsvirkjun. Sjö veitur kaupa orku frá Rafmagnsveitum ríkisins og eru tvö þeirra fyrirtækja einnig með eigin vinnslu. Fjórtánda fyrirtækið er síðan Landsvirkjun. Þær veitur sem hér eru sagðar vera án eigin vinnslu eiga þó flestar vara-stöðvar sem notaðar eru við bilanir.

Raforkuvinnsla Landsvirkjunar nam um 93% af heildarvinnslunni á landinu árið 1995 og hlutur dreifiveitna var því 7%. Fyrir utan Landsvirkjun er hlutur Rafmagnsveitna ríkisins stærstur eða 35% af vinnslu dreifiveitnanna, síðan kemur Hitaveita Suðurnesja með 33% og Orkubú Vestfjarða með 21% árið 1995.

Á síðasta ári var orkutap í flutningskerfi Landsvirkjunar og eigin notkun fyrirtækisins í orkuverum og aðveitustöðvum um 4% af vinnslunni. Raforkuvinnslan á landinu skiptist annars til helminga á milli vinnslu vegna stóriðju og vegna almennrar notkunar. Stóriðjan skiptist í þrennt og árið 1995 var hlutur Íslenska álfélagsins 68%, hlutur Íslenska járnblendi-félagsins 27% og hlutur Áburðarverksmiðjunnar 5%. Af almennu notkuninni árið 1995 fóru 23% til heimilisnota, 7% til notkunar í landbúnaði, þar með talin notkun á heimilum til sveita, 19% til iðnaðar, 20% voru notuð við þjónustustarfsemi, hita- raf- og vatnsveitur notuðu 16%, til annarra þátta fóru 7% og raforkutap í dreifingu var 8%.

3.4 Hitaveitur

Nú starfa 23 hreinar hitaveitur á landinu og þar að auki reka orkuveiturnar 15 hitaveitur. Hitaveiturnar eru allar í eigu sveitarfélaga nema Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar þar sem ríkið á hlut í þeirri veitu. Sú veita er einnig sérstök þar sem hún selur að mestu í heildsölu til hitaveitnanna á Akranesi og í Borgarnesi og enginn starfsmaður er hjá þeirri veitu. Um er að ræða eftirtaldar veitur og reglugerðir þar um:

Seltjarnarnes:	Nr. 183/1971.
Reykjavík:	Nr. 406/1989.
Mosfellsbær:	Nr. 418/1986.
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar:	Nr. 664/1995.
Borgarnes:	Nr. 672/1995.
Laugabakki:	Nr. 417/1986.
Hvammstangi:	Nr. 386/1973.
Blönduós:	Nr. 582/1989.
Varmahlíð:	Nr. 299/1993.
Sauðárkrókur:	Nr. 85/1971.
Ólafsfjörður:	Nr. 58/1989.
Dalvík:	Nr. 356/1989.
Hrísey:	Nr. 323/1973.
Akureyri:	Nr. 186/1989.
Reykjahlíð:	Nr. 432/1985.
Egilsstaða:	Nr. 459/1979.
Rangæinga:	Nr. 632/1982.
Flúðir:	Nr. 112/1969.
Laugarás:	Nr. 207/1985.
Brautarholt:	Nr. 76/1979.
Þorlákshöfn:	Nr. 268/1980.

Þar að auki eru yfir 200 veitur (eða einstakir notendur) sem ekki hafa fengið einkaleyfi og sjá þær um 4.000 manns fyrir hitun. Hitaveiturnar eru frábrugðnar rafveitunum þar sem þær eru ekki samtengdar heldur er hver fyrir sig sjálfstæð eining.

Flestar veitnanna fá heitt vatn úr borholum en þó eru einnig dæmi um vatnstöku úr hverum. Ýmist er vatnið notað beint eða það er notað til að hita kalt vatn í varmaskiptum og er það gert til að forðast tæringu. Hitaveita Reykjavíkur er með kyndistöð þar sem hægt er að hita vatn með olíu þegar þörf er á aukinni orku svo sem í miklum kuldum. Nokkrar veitur nota ýmist raforku eða olíu til að hita vatn í kyndistöð og eru þær flestar hluti af veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins eða Orkubús Vestfjarða. Veitan í Vestmannaeyjum er í eigu sveitarfélagsins þar en hún notar auk raforku og olíu sorp til hitunar á vatni. Þar að auki nota Hitaveita Akureyrar og Hitaveita Rangæinga raforku með jarðvarma til að auka orkuöflun veitnanna.

Hitaveitur sem nota jarðvarma hita um 85% af húsrými landsmanna og kyntar veitur sjá um 3% af húsrými landsmanna fyrir orku þannig að alls sjá hitaveitur um 88% af húsrými landsmanna fyrir hitun. Þar að auki selja hitaveitur heitt vatn til annarra þarfa en húshitunar svo sem til sundlauga, ylræktar, iðnaðar, snjóbræðslu og fiskeldis en húshitun er stærsti þátturinn í þessari starfsemi.

RAFORKUKERFI ÍSLANDS

THE MAIN ELECTRIC POWER SYSTEM IN ICELAND



4. Hagstærðir orkugeirans

4.0 Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað um hagstærðir orkugeirans. Fyrst verður hugað að framlagi greinarinnar til landsframleiðslu og þróun framleiðslu raf- og hitaveitna síðustu áratugi. Því næst verður litið á vinnuaflsnotkun og fjárfestingu í raf- og hitaveitum. Að lokum verður fjallað um fjárhag greinarinnar og orkuverð.

4.1 Framlag til landsframleiðslu

Framleiðsla raf- og hitaveitna hefur að jafnaði numið um 4% af landsframleiðslu síðustu tvo áratugi. Árið 1991 var virðisauki framleiðslu raf- og hitaveitna rétt rúmir 11 milljarðar króna, sem skiptist þannig að virðisauki rafveitna var 7,4 ma. kr. og virðisauki hitaveitna 3,6 ma. kr. Af 11 ma. kr. virðisauka komu 2,7 ma. kr. til vegna launa og tengdra gjalda, 6,3 ma. kr. vegna afskrifta og 2 ma. kr. vegna rekstrarafgangs fyrir vexti.[13]

Mynd 4.1 sýnir hlut raf- og hitaveitna í landsframleiðslu frá 1973 en framleiðsluuppgjör Þjóðhagsstofnunar liggur fyrir frá og með því ári. Hlutur raf- og hitaveitna var á bilinu 3-4% á áttunda áratugnum. Hlutur raf- og hitaveitna eykst mjög á árunum 1983-1986 og kemst upp í 7,1% árið 1984. Rekstrarafgangur fyrir vexti var meiri á þessum árum um miðbik níunda áratugarins. Síðustu tíu ár hefur hlutur raf- og hitaveitna verið um og yfir 4%.

Hlutur raf- og hitaveitna í landsframleiðslu



13 Framleiðslan í skilningi þjóðhagsreikninga er sá virðisauki sem af atvinnustarfseminni hlýst. Virðisaukinn samanstendur af vinnulaunum, afskriftum og hreinum hagnaði áður en til greiðslu vaxta kemur. Við útreikning á framleiðslu fyrirtækis eða atvinnugreinar þarf að huga að því að vörur og þjónusta, sem eitt fyrirtæki framleiðir, er notuð við framleiðslu annarra fyrirtækja. Til að forðast tvítalningu þarf að draga frá aðföngin sem fyrirtækið notar. Þegar aðföng hafa verið dregin frá verðmæti framleiðslunnar fæst sú verðmætisaukning sem af framleiðslunni leiðir. Þessi verðmætisaukning er framlag fyrirtækisins til landsframleiðslu.

Hin síðustu ár hefur hlutur raf- og hitaveitna verið hærri en landbúnaðar. Þannig nam virðisauki raf- og hitaveitna 3,9% árið 1991 en landbúnaðar 2,5%. Virðisauki annarra atvinnugreina er hins vegar meiri. Þannig var virðisauki í peningastofnunum, tryggingum og þjónustu við atvinnurekendur 19,2% af landsframleiðslu árið 1991, í starfsemi hins opinbera 16,8%, í sjávarútvegi 15,4%, í verslun, veitinga- og hótelrekstri 13,4%, í iðnaði öðrum en fiskvinnslu 11,5%, í byggingastarfsemi 7,9% og í samgöngum 7,4%.

Hlutur raf- og hitaveitna í íslenskum þjóðarbúskap er nokkru hærri en gengur og gerist í öðrum vestrænum löndum.[14] Þetta má sjá á mynd 4.2. Hlutur raf- og hitaveitna var aðeins hærri í Noregi á árinu 1991. Þess má geta að raforkunotkun á mann er óvíða meiri en í Noregi og á Íslandi. Hlutur annarra norrænna landa, Þýskalands, Bretlands, Bandaríkjanna og Japans er á bilinu 2-3%.

Hlutur orkuveitna í þjóðarbúskap nokkurra landa 1991



Þegar litið er á þróun framleiðslu raf- og hitaveitna síðustu tvo áratugi kemur í ljós að framleiðsla rafveitna hefur þróast mjög áþekkt landsframleiðslu en vöxtur hitaveitna hefur verið mun meiri. Þetta kemur fram á mynd 4.3. Árið 1990 er haft til viðmiðunar á þeirri mynd. Landsframleiðslan árið 1973 var að magni um 55% af framleiðslu ársins 1990. Vöxtur landsframleiðslunnar var mikill allt fram á síðustu ár níunda áratugarins en stöðnun ríkti frá þeim tíma og allt fram til 1994. Landsframleiðslan jókst að meðaltali um 3% á tímabilinu 1973-1992.

Framleiðsla í rafveitum árið 1973 var rétt tæpur helmingur af framleiðslu ársins 1990. Síðan hefur framleiðslan vaxið ár frá ári. Að meðaltali nam vöxtur framleiðslu rafveitna um 4% á tímabilinu 1973-1992.

Vöxtur framleiðslu hitaveitna var mun meiri en rafveitna, eða 8% að meðaltali á tímabilinu 1973-1992. Mikill uppgangur var í framleiðslu hitaveitna á seinni hluta áttunda

14 Á ensku nefnist atvinnugreinin í framleiðsluuppgjöri „Electricity, gas and steam".

áratugarins og á fyrri hluta þess níunda, eða um 13% að meðaltali. Mjög hefur dregið úr framleiðslu hitaveitna frá miðjum síðasta áratug.

Vísitala framleiðslumagns



4.2 Mannafli

Starfsmönnum raf- og hitaveitna hefur fjölgað mjög síðustu áratugina. Tölur um unnin ársverk í raf- og hitaveitum eru til frá árinu 1963. Þá voru ársverk í rafveitum rétt um 300 en um 50 í hitaveitum. Þetta kemur fram á mynd 4.4.

Mannafli í raf- og hitaveitum 1963-1993



Ársverkum í rafveitum fjölgaði hægt fram til 1975 og voru þá rétt um 400. Gríðarleg fjölgun átti sér stað á seinni hluta áttunda áratugarins. Í byrjun níunda áratugarins voru unnin ársverk í greininni um 900 og hefur þeim ekki fjölgað síðan, þrátt fyrir yfir 40% vöxt í framleiðslu. Að meðaltali hefur ársverkum fjölgað um 4% hjá rafveitum á þessu þrjátíu ára tímabili.

Fjölgun ársverka í hitaveitum var mikil allt fram til loka níunda áratugarins. Ársverk í greininni voru 77 árið 1975 en 319 árið 1988. Þeim hefur síðan farið heldur fækkandi. Að meðaltali hefur ársverkum fjölgað um 6% hjá hitaveitum frá 1963.

Árið 1993 voru samtals unnin rétt tæp 1200 ársverk í raf- og hitaveitum. Það jafngildir um einu prósenti af mannafla á vinnumarkaði. Það er ekki ólíkt hlutfalli orkuveitna í heildarmannafla í vestrænum löndum, eins og fram kemur á mynd 4.5.

Mannafli í orkuveitum í nokkrum löndum 1991



Mannafli í orkuveitum sem hlutfall af heildarmannafla er svipaður á Íslandi og í Bretlandi, Svíþjóð og Noregi. Finnar nota hlutfallslega mest vinnuafl í orkuframleiðslu en Japanar og Danir minnst.

Áður hefur komið fram að framleiðslan í Noregi og á Íslandi er hlutfallslega meiri en gengur og gerist. Á hinn bóginn er vinnuaflsnotkun ekki samsvarandi meiri í Noregi og á Íslandi. Þetta bendir til að framleiðni vinnuafls sé meiri í þessum löndum. Skýringin er að hluta til sú að vatnsaflsvirkjanir, sem gnótt er af í Noregi og á Íslandi, eru fjármagnsfrekar en ekki frekar á vinnuafl.

4.3 Fjárfesting

Hlutur raf- og hitaveitna í heildarfjárfestingu landsmanna hefur löngum verið mjög mikill, mun meiri en hlutur þessara greina í landsframleiðslu.[15] Þau árin sem meiriháttar framkvæmdir eru í gangi hefur samanlagður hlutur raf- og hitaveitna oft verið um fjórðungur af allri fjárfestingu landsmanna. Að meðaltali hefur fjárfesting raf- og hitaveitna hins vegar

15 Fjárfesting er skilgreind sem árleg viðbót við fjármunaeign.

numið um 10% af heildarfjárfestingu. Hlutur raf- og hitaveitna í fjárfestingu er sýndur á mynd 4.6.

Hlutur orkuveitna í fjárfestingu 1945-1992



Raforkuframkvæmdir voru mestar á árunum 1975-1976 og á árunum 1980-1982. Framkvæmdir hafa dregist mikið saman frá 1982. Hlutfall rafveitna af heildarfjárfestingu var hæst á árinu 1952, 22%, á árinu 1968, 17,5%, og á árinu 1976, 20%. Lægst var hlutfallið 1985-1988, 3-4%. Þegar hlutfall raforkuframkvæmda hefur verið hátt hafa meiriháttar virkjunarframkvæmdir staðið yfir. Á árinu 1952 voru miklar framkvæmdir á vegum Sogsvirkjunar, árið 1968 voru framkvæmdir við Búrfellsvirkjun í hámarki og árið 1976 fóru saman bygging Sigölduvirkjunar og Kröfluvirkjunar.

Hámark framkvæmda við hitaveitur var á árunum 1977-1981. Á þessum árum voru byggðar nokkrar allstórar hitaveitur utan Reykjavíkur. Hlutfall framkvæmda við hitaveitur var um 6% þessi ár.

Þar sem fjárfestingin sýnir árlega viðbót við fjármunaeignina má á grundvelli fjárfestingar fá mynd af fjármunaeigninni, þ.e. þjóðarauðnum. Þjóðarauðurinn ræðst af árlegri fjárfestingu og afskrift, þ.e. við þjóðarauð í byrjun tímabils er lögð verg fjárfesting en afskrift dregin frá.[16]

Mynd 4.7 sýnir hvernig fjármunaeign hefur vaxið frá stríðslokum til ársins 1992. Árið 1990 er haft til viðmiðunar. Þjóðarauðurinn í lok seinni heimsstyrjaldar var einungis um 15% af þjóðarauði ársins 1990. Þjóðarauðurinn hefur vaxið ár frá ári allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Fjármunaeign í raf- og hitaveitum var nánast engin í lok seinni heimsstyrjaldar en jókst hröðum skrefum, og mun hraðar en þjóðarauðurinn, á sjöunda og áttunda áratugnum. Fjármunaeign í rafveitum dróst hins vegar heldur saman á árunum 1985-1992.

16 Tvö álitaefni koma upp varðandi afskrift fjármunaeignar. Annars vegar er óljóst í hve mörg ár ætla megi að fjármunirnir endist og hins vegar hvernig dreifa eigi afskriftinni á áætlaðan endingartíma. Þeirri aðferð hefur verið fylgt að afskrifa þjóðarauðinn sem fasta prósentu af afskrifuðu verðmæti hverju sinni. Þetta þýðir að afskriftin er hröðust fyrstu árin. Afskriftarprósentan af raforkuverum er 5%.

Landsvirkjun er sýnd sérstaklega á mynd 4.7 en fyrirtækið var sett á stofn árið 1965. Uppbygging Landsvirkjunar var mjög hröð fyrstu tvo áratugina en síðan hefur fjármunaeign Landsvirkjunar ekki vaxið.

Magnvísitala fjármunaeignar 1945-1992



4.4 Fjárhagur

Fjárhagur orkufyrirtækja er að öðru jöfnu góður. Mörg orkufyrirtækja eru því sem næst skuldlaus. Eiginfjárstaða greinarinnar er mjög góð en megnið af eigin fé orkufyrirtækja er bundið í varanlegum rekstrarfjármunum. Afkoma raf- og hitaveitna hefur hins vegar sveiflast mjög, eins og fram kemur á mynd 4.8.

Hagnaður sem hlutfall af tekjum 1983-1994



Myndin sýnir hagnað sem hlutfall af tekjum hjá raf- og hitaveitum og atvinnurekstri í heild. Sveiflur hafa verið miklar í afkomu raf- og hitaveitna. Að meðaltali hefur rekstur rafveitna verið í járnum á þessu tímabili, nokkur hagnaður framan af en hið mikla tap síðustu ár má að mestu rekja til slakrar afkomu Landsvirkjunar. Afkoma hitaveitna hefur verið mun

betri á tímabilinu, eða um 8% hagnaður að meðaltali. Afkoma íslensks atvinnurekstrar í heild sinni hefur verið bágborin, eða að meðaltali rétt yfir núllinu á tímabilinu.

Ef litið er á hagnað fyrir vexti og afskriftir sést glögglega hvað vextir og afskriftir eru mikilvægir liðir í rekstri raf- og hitaveitna. Þetta er sýnt á mynd 4.9. Íslenskur atvinnurekstur skilaði á árunum 1987-1994 um 10% af tekjum upp í afskrift fastafjármuna og til að greiða eigendum arð og lánardrottnum vexti. Þetta hlutfall er mjög stöðugt. Rafmagnsveitur eiga eftir um fjórar krónur af hverjum tíu fyrir vexti, afskriftir og arð. Hlutfallið er einnig mjög stöðugt á milli ára. Hitaveitur sýna hins vegar um 60% hagnað fyrir vexti og afskriftir.

Hagnaður fyrir vexti og afskriftir sem hlutfall af tekjum 1987-1994



Töflur 4.1 og 4.2 sýna rekstrar- og efnahagsyfirlit rafveitna og hitaveitna árið 1994. Afkoma Landsvirkjunar var slök það ár svo segja má að árið 1994 sé ekki lýsandi fyrir raforkugeirann yfir lengri tíma litið. Það ár sýnir hins vegar nýjustu og samræmdar upplýsingar um rekstur og efnahag rafveitna og hitaveitna og er því sýnt hér.

Rekstrartekjur rafveitna voru alls um 17 milljarðar króna á árinu 1994. Hafa ber í huga að nokkuð er um innbyrðis viðskipti á milli raforkufyrirtækja. Rekstrartekjur hitaveitna voru um 6 ma. kr. Tap var á rekstri rafveitna upp á rúma 1,2 ma. kr., eða 7,3% af rekstrartekjum. Hagnaður var hins vegar af rekstri hitaveitna upp á rúmar 550 milljónir króna, eða 9,3% af rekstrartekjum.

Efnahagur orkufyrirtækja er mjög traustur. Eignir rafstöðva og rafveitna voru rúmir 117 ma. kr. í árslok 1994, þar af voru rúmir 98 ma. kr. í varanlegum rekstrarfjármunum. Skuldir rafstöðva og rafveitna voru tæpir 56 ma. kr., þar af voru langtímaskuldir Landsvirkjunar rúmur 51 ma. kr. Eigið fé rafstöðva og rafveitna var því rúmur 61 ma. kr., eða 52,5% af eignum.

Eignir hitaveitna voru tæpir 32 ma. kr. í árslok 1994, þar af voru rúmir 29 ma. kr. í varanlegum rekstrarfjármunum. Skuldir hitaveitna voru rúmir 8 ma. kr. og eigið fé tæpir 24 ma. kr.

Tafla 4.1

Rekstraryfirlit rafstöðva, rafveitna og hitaveitna 1994

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	511 Landsvirkjun	511 Rafmagnsv. ríkisins Orkubú Vestfjarða	511 Rafveitur sveitarfélaga	511 Rafstöðv. og rafveitur samtals	513 Hitaveitur
Fjárhæðir í millj. kr.					
1. Rekstrartekjur	6.916,8	4.658,3	5.479,1	17.054,2	6.050,8
1.1 Raforku- og vatnssala	6.891,5	4.335,0	5.085,9	16.312,4	5.913,2
1.2 Aðrar tekjur	25,3	323,3	393,2	741,8	137,6
2. Rekstrargjöld	5.308,4	4.859,8	5.105,2	15.273,4	5.171,8
2.1 Orkuöflun	779,9	2.531,8	3.041,6	6.353,3	883,9
2.2 Orkuflutningur	384,2	155,3	116,9	656,4	64,8
2.3 Orkudreifing	-	520,1	270,8	790,9	1.172,3
2.4 Annar kostnaður	820,8	729,1	1.111,1	2.661,0	685,8
2.5 Afskriftir	3.323,5	923,5	564,9	4.811,9	2.365,1
3. Hagn. fyrir vexti og verðbr.færslu	1.608,4	-201,5	373,9	1.780,8	879,0
4. Vextir og verðbreytingarfærslur	-3.099,2	3,2	66,1	-3.029,9	-317,6
5. Hagnaður af reglulegri starfsemi	-1.490,8	-198,3	440,0	-1.249,1	561,4
6. Í hlutfalli af tekjum, %					
6.1 Orkuöflun	11,3	54,4	55,5	37,3	14,6
6.2 Orkuflutningur	5,6	3,3	2,1	3,8	1,1
6.3 Orkudreifing	-	11,2	4,9	4,6	19,4
6.4 Annar kostnaður	11,9	15,7	20,3	15,6	11,3
6.5 Afskriftir	48,0	19,8	10,3	28,2	39,1
6.6 Hagn. fyrir vexti og verðbr.f.	23,3	-4,3	6,8	10,4	14,5
6.7 Hagnaður af reglulegri starfsemi	-21,6	-4,3	8,0	-7,3	9,3

Tafla 4.2

Efnahagsyfirlit rafstöðva, rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna 1994

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	511 Landsvirkjun	511 Rafmagnsv. ríkisins Orkubú Vestfjarða	511 Rafveitur sveitarfélaga	511 Rafstöðv. og rafveitur samtals	513 Hitaveitur
Fjárhæðir í millj. kr.					
1. Veltufjármunir	1.250,1	1.763,0	2.238,8	5.251,9	2.378,9
1.1 Sjóður og bankainnstæður	354,5	23,0	126,5	504,0	223,1
1.2 Skammtímakröfur	880,9	1.289,2	1.332,0	3.502,1	1.248,3
1.3 Birgðir	14,7	450,8	213,8	679,3	239,9
1.4 Aðrir veltufjármunir	-	-	566,6	566,6	667,7
2. Fastafjármunir	77.659,2	14.811,1	19.811,2	112.035,3	29.452,6
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur	-	128,7	12.308,2	12.436,9	261,0
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir	76.000,6	14.682,4	7.503,0	98.186,0	29.191,5
2.2.1 Virkjanir og veitukerfi	74.987,0	13.260,8	6.127,5	94.375,3	28.839,6
2.2.2 Fasteignir	823,5	1.119,6	1.270,8	3.213,9	260,7
2.2.3 Bifreiðar, vélar og tæki	190,1	302,0	104,6	596,7	91,2
2.3 Nýbyggingar	1.412,4	-	-	1.412,4	-
2.4 Rannsóknir	53,1	-	-	-	-
2.5 Aðrar eignir	193,1	-	-	-	-
3. Eignir=Skuldir+Eigið fé	78.909,3	16.574,1	22.050,0	117.287,2	31.831,5
4. Skuldir	52.739,9	1.419,7	1.800,7	55.960,3	8.105,4
4.1 Skammtímaskuldir	1.402,1	770,2	724,4	2.896,7	1.199,1
4.2 Langtímaskuldir	51.337,8	649,5	1.076,3	53.063,6	6.906,3
5. Eigið fé	26.169,4	15.154,4	20.249,3	61.573,1	23.726,1
6. Veltufjárhlutfall	0,89	2,29	3,09	1,81	1,98
7. Eiginfjárhlutfall, %	33,2	91,4	91,8	52,5	74,5

4.5 Orkuverð

Eins og fram kom í 3. kafla kaupa sex rafveitur raforku beint frá Landsvirkjun. Ein þeirra er Rafmagnsveitur ríkisins. Sjö rafveitur kaupa síðan raforku í heildsölu frá Rafmagnsveitum ríkisins. Í lögum um Landsvirkjun er kveðið á um að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns á öllum afhendingarstöðum fyrirtækisins, en þeir eru 23 talsins.

Meðalverð Landsvirkjunar til almenningsveitna hefur verið nokkuð stöðugt á þessum áratug og var 2,48 kr./kWh á árinu 1995. Meðalverð Landsvirkjunar til stóriðju var hins vegar 1,06 kr./kWh á því ári. Á fyrstu árum níunda áratugarins fór orkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna hækkandi og náði hámarki árið 1984. Á síðari hluta níunda áratugarins lækkaði hins vegar raforkuverð Landsvirkjunar, eins og fram kemur á mynd 4.10[17].

Meðalverð til almenningsveitna og stóriðju í kr./kWh á verðlagi 1995



Smásöluverð á raforku til heimila var um 20% lægra en að meðaltali í Evrópu á árinu 1995. Ef miðað er við raforkuverð með sköttum og gert ráð fyrir 3300 kWh ársnotkun þá greiða Belgar hæsta verðið, eða 13,9 kr./kWh Norðmenn greiða hins vegar lægsta verðið, eða 6,2 kr./kWh Íslendingar greiða 8,1 kr./kWh[18]. Rafmagnskostnaður heimila er lægstur á suðvesturhorni landsins. Alls munar um 18% á rafmagnsverði hjá ódýrustu rafveitu landsins og þeirri dýrustu[19]. Mynd 4.11 sýnir samanburð á raforkuverði til heimila í nokkrum Evrópuríkjum.

---

17 Hlutur ótryggðrar orku af heildarsölu óx heldur á þessu tímabili sem skekkir örlítið samanburð á meðalverði á milli ára.

18 Miðað er við gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 83. Fyrir önnur lönd er notast við tölur úr International Energy Prices, Issue 22.

19 Tölur frá 1. september 1995 miðað við 4.271 kWh ársnotkun.

Raforkuverð til heimila í nokkrum löndum 1995 í kr./kWh með sköttum og 3300 kWh ársnotkun



Raforkuverð til iðnaðar er einnig lægra hér á landi en að meðaltali í Evrópu. Á mynd 4.12 er sýndur samanburður á raforkuverði til iðnaðar fyrir notanda með 2,5 MW og 3500 MWh ársnotkun21. Að meðaltali þurfa fyrirtæki af þessari stærð að greiða 5,1 kr./kWh en á Íslandi 4,6 kr./kWh Raforkuverð til fyrirtækja er hæst í Þýskalandi en lægst í Svíþjóð. Íslensk iðnfyrirtæki af þessari viðmiðunarstærð greiða hins vegar hæsta raforkuverð á Norðurlöndum.

Raforkuverð til iðnaðar í nokkrum löndum 1995 í kr./kWh án skatta með 2,5MW og 3500 MWh ársnotkun



20 Hér er einnig notuð gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og tölur úr International Energy Prices.

Mun meiri munur er á kostnaði heimila eftir búsetu vegna húshitunar en vegna rafmagnsnotkunar. Stór hluti þjóðarinnar á kost á mjög ódýrum jarðvarma til upphitunar. Íbúar á suðvesturhorni landsins búa við orkuverð til húshitunar sem er um eða innan við 1 kr./kWh Svo lágt orkuverð þekkist ekki annars staðar í Evrópu. Þeir sem kaupa rafmagn til húshitunar þurfa hins vegar að greiða mun hærra verð fyrir húshitun. Erfitt er hins vegar að bera saman orkuverð til húshitunar því orkuberarnir, olía, rafmagn og heitt vatn, eru mjög ólíkir og uppbygging gjaldskráa hitaveitnanna sömuleiðis.

Þessi munur á hitunarkostnaði er undirrót krafna um jöfnun hitunarkostnaðar. Ríkissjóður byrjaði að greiða niður verð á raforku til húshitunar árið 1982. Á fjárlögum ársins 1996 eru 447 m.kr. veittar til niðurgreiðslu á rafhitun.

5. Breytingar á skipan raforkumála erlendis

5.0 Inngangur

Almennt viðhorf í flestum löndum nú er að markaðsbúskapur og samkeppnismarkaðir, þar sem þeim verður við komið, séu hagkvæmasta form hagskipulagsins og til að réttlæta opinber afskipti þurfi markaðsbresti af einu eða öðru tagi.[21] Í framhaldi af þessu sjónarmiði er eðlilegt að spurt sé hvort raforka hafi einhverja séreiginleika sem leiði óhjákvæmilega til slíkra afskipta? Ætti hið opinbera þá að setja sérstakar leikreglur fyrir þennan markað, eða á það að standa í rekstri sjálft?

Hin hefðbundnu svör við þessum spurningum eru að raforka sé lífsnauðsyn í nútímasamfélagi. Ekki megi taka áhættu varðandi afhendingaröryggi og ekki megi neita fátækum eða afskekktum neytendum um raforku. Því sé raforkuiðnaðurinn sérstakur og þarfnist verndar. Þessu fylgja bæði réttindi og skyldur. Gegn skylduafhendingu til neytenda kemur einkaréttur til rekstrar orkufyrirtækja á takmörkuðum svæðum og oftast opinber rekstur að meira eða minna leyti.

Gegn þessu hefðbundna sjónarmiði kemur markaðsviðhorfið, þ.e.a.s. að það beri að fylgja meginreglunni um markaðsbúskap og samkeppnismarkaði á mörkuðum fyrir raforku, ekkert síður en á öðrum mörkuðum. Raforka hafi að vísu ýmsa séreiginleika, en eigi samt að meðhöndlast á sama veg og aðrir orkugjafar (olía, kol, gas). Samkeppnismarkaðir hafi löngu sannað að þeir sjá okkur fyrir öðrum lífsnauðsynjum (t.d. mat og víða heilbrigðisþjónustu) með meira öryggi og gæðum en gerist með miðstýringu. Tæknileg vandkvæði við að koma á mörkuðum sem sjái okkur fyrir ódýrri og öruggri orku séu yfirstíganleg.

Hér á eftir verður farið lauslega yfir þróunina í nokkrum löndum sem hafa valið síðari leiðina. Það er rétt að benda á að stefnan í raforkumálum er mismunandi eftir löndum. Hið opinbera hefur hvergi dregið sig alfarið út úr raforkuiðnaðinum, en nálgunin hefur hins vegar breyst víða, þ.e.a.s. hið opinbera setur fyrirtæki í sinni eigu í „seilingarfjarlægð", ætlast til þess að þau séu rekin á „viðskiptaforsendum", setur leikreglur (aðskilur t.d. einokunarsvið og samkeppnissvið og sér fyrir eftirliti), en viðhefur ekki beina íhlutun í rekstur.

5.1 Yfirlit yfir breytingar í raforkumálum

Ástæður þess að farið var út í þessar breytingar í frjálsræðisátt (þ.e.a.s. í áttina að markaðsbúskap) eru einkum af þrennum toga. Fyrst má nefna að þrátt fyrir ýmsa kosti opinbers rekstrar á raforkukerfinu hafa rannsóknir leitt í ljós óhagkvæmni í fjárfestingum (yfirleitt hefur verið offjárfest), rekstri, verðlagningu (ógegnsæ og óhagkvæm verðlagning sem mismunar neytendum) og mannahaldi í slíkum kerfum.[22] Í öðru lagi koma til hin almennu viðhorf sem áður var minnst á um að hið opinbera eigi fyrst og fremst að setja leikreglur, ekki standa í eða skipta sér af rekstri, nema til komi markaðsbrestir. Í þriðja lagi hafa sjónarmið varðandi fjárhag hins opinbera einnig komið til.

Markmið breytinganna eru að sjálfsögðu fyrst og fremst að auka hagkvæmni í raforkugeiranum, þ.e. að leggja sjónarmið um hagkvæmni til grundvallar við fjárfestingarákvarðan-

---

21 Til dæmis náttúrlega einokun (vegna hagkvæmni stærðar) eða mengun. Mengun er dæmi um s.k. ytri áhrif, þ.e. þegar athafnir eins aðila á markaði hafa áhrif á aðra aðila á annan vegn en gegnum markaði og verð.

22 Sjá t.d. anon. (1994) og Lennart Hjalmarsson (1993).

ir, draga úr rekstrarkostnaði og stuðla að verðlagningu sem endurspeglar framleiðslukostnað. Lokamarkmiðin eru að minnka kostnað, bæta þjónustu og auka ávinning neytenda.

5.1.1 Hvar verður samkeppni við komið í raforkugeiranum?

Oft er starfsemi í raforkugeiranum skipt upp í nokkur aðskilin svið. Hér verður fylgt skilgreiningum Alþjóðaorkumálastofnunarinnar (IEA):

- Framleiðsla/vinnsla (*production/generation*): öll vinnslustarfsemi, þ.m.t. fjárfestingar í virkjunum.
- Flutningur (*transmission*): flutningur háspenntrar raforku á miðneti, samræming og skipulagning.
- Dreifing (*distribution*): flutningur lágspenntrar raforku á svæðanetum til neytenda.
- Sala (*supply*): raforkusala, -miðlun o.s.frv.

Í flestum löndum hafa þessir þættir starfseminnar verið meira eða minna á sömu hendi fram á síðustu ár. Þegar starfsemi innan sama sviðs er innan sama fyrirtækis (eða í eigu sömu aðila) er talað um lárétta heildun, en þegar starfsemi innan tveggja eða fleiri þátta er á sömu hendi er það kallað lóðrétt heildun. Flutningur og dreifing („leiðslugeirinn“) er almennt talinn hafa einkenni náttúrulegrar einokunar, en að gefnum réttum skilyrðum er víðast talið að hægt sé að koma á samkeppni í framleiðslu og sölu. Þessi skipting er í grófum dráttum viðhöfð í þeim löndum sem hafa breytt í frjálsræðisátt.

5.1.2 Nauðsynleg skilyrði fyrir samkeppnismarkaði

Til að samkeppni geti þrifist á einhverjum tilteknum markaði þarf hann að uppfylla nokkur almenn skilyrði. Viðleitnin til að koma á samkeppnismarkaði í raforku mótast óhjákvæmilega af tilraunum til að uppfylla þessi skilyrði. Þau eru eftirfarandi:

- Einsleitni vöru; staðlar, en engin vörumerki.
- Tiltölulega smáir aðilar á markaði, þ.a. enginn geti „spilað“ á markaðinn.
- Aðilum er frjálst að koma inn og fara út af markaðnum.
- Allir markaðsaðilar hafa sömu upplýsingar.

Þegar markaðsbrestir eru til staðar og ekki hægt að bæta úr þeim er ekki gefið að markaðsvæðing og tilraunir til að koma á samkeppni séu heppilegt fyrirkomulag frá samfélagslegu sjónarmiði. Reynslan (og hagfræðin) sýnir t.d. að ekki er viturlegt að einkavæða einokunaraðila án hliðarráðstafana og samhliða breytingum í frjálsræðisátt verður að tryggja samkeppniseftirlit með þeim hluta markaðarins sem er „sleppt lausum“ og verðlagseftirlit með einkaréttarþáttunum. Skipulagðir markaðir t.d. á formi kauphalla eru gagnlegir til að bæta upplýsingaflæði og auðvelda viðskipti.

5.1.3 Meginatriði í útfærslu

Breytingar á skipulagi raforkumála í þeim löndum sem hafa komið á markaðsbúskap í þessum geira mótast annars vegar af skiptingu starfseminnar í svið samkeppni og náttúrlegs einkaréttar og hins vegar af tilraunum til að koma á virkri samkeppni eða verðlagseftirliti þar sem hvort um sig á við. Eftirfarandi atriði eru mikilvæg í þessu sambandi:

- Skilið er á milli þeirra sviða þar sem samkeppni getur komist á (framleiðslu og sölu) og eðlilegra einkaréttarsviða (flutnings og dreifingar).

- Þar sem eitt fyrirtæki er ráðandi í framleiðslu er því skipt upp, því settar skorður varðandi vöxt og jafnframt reynt að stuðla að þátttöku nýrra aðila í markaðnum.
- Neytendur eru frjálsir að því að kaupa orku af hvaða söluaðila sem er og eigendum neta er skylt að flytja orku frá seljendum til kaupenda.
- Þar sem lóðrétt heilduð fyrirtæki eru í framleiðslu-dreifingu-sölu, er þeim að lágmarki gert skylt að aðskilja einkaréttar- og samkeppnisstarfsemi (*ring-fencing*) í rekstri.
- Verðlagning er gerð gagnsæ, þ.e.a.s. neytandinn fær sundurliðun á kostnaði vegna orkuafhendingar.
- Komið er á fót kauphöll þar sem verslað er með staðlaða orkusamninga til mjög skamms (24 klst.) og lengri tíma.
- Séð er fyrir samkeppniseftirliti með framleiðslu og sölu, sem jafnframt tekur á kærum.
- Séð er fyrir verðlagseftirliti með flutningi og dreifingu, sem jafnframt tekur á kærum.
- Eignarhaldi er ekki endilega breytt, en rekstrarformi er oftast breytt í hlutafélagsform.

5.1.4 Dæmi um lönd sem hafa breytt í frjálsræðisátt

Það er eðlilegt að við lítum til grannþjóða okkar á Norðurlöndum varðandi þessi mál. Þar voru Norðmenn í fararbroddi (1991) og Svíar og Finnar fylgdu nú nýverið í kjölfarið (Finnar 01.06.95, Svíar 01.01.96) og byggðu að miklu leyti á fordæmi Norðmanna. Fyrstir Evrópuþjóða til endurskipulagningar voru Englendingar (31.03.90), en einnig hafa átt sér stað breytingar í frjálsræðisátt í Chile, Bandaríkjunum, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Portúgal. Í ESB hefur verið umræða um þessi mál nokkur undangengin ár, sem nú virðist vera að komast á lokastig.[23]

Dæmi um lönd sem hafa valið aðrar leiðir eru Belgía og Spánn.

5.1.5 Reynslan

Reynslan frá Englandi, Noregi (og Bandaríkjunum) sýnir að samkeppni getur dregið verulega úr framleiðslukostnaði. Aðallega gerist þetta með sparnaði í mannahaldi, en einnig með bættri nýtingu framleiðslutækja.

Þessi sparnaður skilar sér á endanum til neytenda. Samhliða er dregið úr víxlstyrkjum (*cross-subsidies*) milli neytendahópa, eða þeir alfarið afnumdir.

Oftast hagnast lítil og meðalstór fyrirtæki mest á breytingunum. Stór fyrirtæki höfðu þegar markaðsmátt til að semja um hagstætt verð og heimilin hafa í sumum tilvikum haft ákveðin áhrif (í almennum og/eða sértækum kosningum).

Talið er að enn meiri áhrif komi fram þegar litið er til lengri tíma, vegna aukinnar hagkvæmni í fjárfestingum, sameiningar markaða o.s.frv. (*dynamic efficiency gains*).

---

23 Sjá nánar um þetta í 6. kafla.

5.2 Þróun í Noregi[24]

5.2.1 Staðan fyrir 1991

Raforkuvinnsla í Noregi er nú um 120 TWh á ári, þ.e.a.s. rúmlega 20 sinnum meiri en á Íslandi þegar stækkun ÍSAL verður komin í rekstur.[25] Stóriðja notar um 34 TWh, eða rúm 28% framleiðslunnar. Að langmestu leyti er um vatnsaflsvirkjanir að ræða. Noregur er tengdur við miðnetið í Svíþjóð á nokkrum stöðum og einnig við Danmörku með jafnstraumsstreng (HVDC).

Fyrir breytingarnar sem urðu í Noregi 1991 voru til staðar um 70 framleiðendur og 230 dreifiveitur. Raforkukerfið í heild var að 3/4 hlutum í opinberri eigu. Ríkisfyrirtækið, Statkraft, átti um 30% af virkjunum og 80% af miðnetinu. Bæjar- og sveitarfélög áttu 55% af framleiðslugetunni, en um 15% voru í eigu einkafyrirtækja. (Það er eftirtektarvert að eignarhald og fjöldi fyrirtækja hefur lítið breyst við endurskipulagninguna í Noregi.) Ríkið hafði mikil bein afskipti af Statkraft, oft fremur út frá pólitískum sjónarmiðum en viðskiptalegum.

Mikið var um lóðréttar rekstrarheildir: um 75% framleiðslunnar fóru í gegnum slíkar einingar. Sala var aðallega, eða um 90%, á formi tvíhliða samninga um trygga orku, oft til mjög langs tíma, allt að 20 ára, milli framleiðenda og stórnotenda (veitna og stóriðju). Að sumu leyti var þetta vegna reglugerðarákvæða varðandi afhendingaröryggi því veitunum var skylt að hafa slíka samninga til að tryggja það að vissu marki. Afgangur sölunnar var á skammtímamarkaði, viku fram í tímann í senn. Skammtímamarkaðurinn var einungis opinn framleiðendum.

Statkraft hafði einkarétt á utanríkisviðskiptum, sem voru aðallega við Svíþjóð og Danmörku. Þau voru að mestu á formi tvíhliða samninga milli Noregs og Svíþjóðar (Statkraft-Vattenfall) eða Noregs og Danmerkur. Verð var ákveðið þannig að hagnaður af viðskiptunum, þ.e.a.s. munur á skammtímajaðarkostnaði í löndunum, skiptist jafnt milli aðila.

5.2.2 Gallar og markmið breytinga

Töluverðir gallar þóttu á fyrirkomulagi raforkumála í Noregi, a.m.k. frá markaðssjónarmiði. Þar má nefna eftirfarandi atriði:

- Ófullkominn markaður fyrir forgangs orku. Aðallega tvíhliða, óstaðlaðir samningar.
- Enginn eftirmarkaður fyrir samninga. Þetta þýddi mikinn viðskiptakostnað við breytingar og leiddi til ósveigjanleika.
- Verðlagning var almennt á pólitískum forsendum. Verð Statkraft, sem var mikilvægt viðmiðunarverð fyrir geirann í heild, var t.d. ákvarðað af Stórþinginu. Þetta leiðir til óhagkvæmrar notkunar.
- Lóðréttar einingar, sér í lagi Statkraft, þýddu að lítil skil voru milli framleiðslu/sölu og flutnings/dreifingar. Verðlagning var ógagnsæ og hægt var að nýta markaðsmátt til að taka út einokunarhagnað. Slíkt leiðir til ábatataps neytenda og þjóðhagslegrar óhagkvæmni.

---

24 Sjá m.a. anon. (1994), anon. (1995) og Einar Hope, Linda Rud og Balbir Singh (1995).

25 Framleiðslugetan í meðalári mun vera um 111 TWh, en munað getur um 33 TWh á framleiðslu í þurru og votu ári.

Markmið norskra stjórnvalda með breytingunum voru að jafna verð, nema að því leyti sem mismunur endurspeglar flutningskostnað, að nýta sveiflur í framleiðslugetu, að auka rekstrarhagkvæmni í vinnslu, flutningi og dreifingu, að gefa rétt boð til neytenda gegnum verðkerfið (til orkusparnaðar) og að stuðla að fjárfestingum sem byggðar væru á hagkvæmnissjónarmiðum.

5.2.3 Breytingar

Nýju orkulögin voru samþykkt á Stórþinginu í júní 1990 og tóku gildi 1. jan. 1991. Inntak þeirra er að verulegu leyti í samræmi við þau meginatriði í útfærslu breytinga í markaðsátt sem talin voru upp hér að framan. Helstu atriðin eru eftirfarandi.

- Viðskiptasjónarmið eru nú lögð til grundvallar skipulagi.
- Eignarhald er að mestu óbreytt, en hið opinbera hefur skýrt mörkin milli viðskiptahagsmuna sinna annars vegar og stefnumótunar, löggjafar og eftirlits hins vegar. Lögð er áhersla á að aðskilja samkeppnis- og einkaréttarstarfsemi.
- Statkraft var skipt upp í Statkraft SF og Statnett SF. Statkraft er nú hreint framleiðslufyrirtæki.
- Statnett á megnið af landsnetinu og rekur það allt. Dótturfyrirtæki Statnett, Statnett Marked AS, rekur orkukauphöll þar sem verslað er með staðlaða samninga.
- Aðgangur er frjáls að netinu. Neytendur geta keypt orku af hvaða söluaðila sem er og fengið hana afhenta gegnum netið. Þetta gildir um lands-, svæða- og staðarnet. Skýrar reglur eru um verðlagningu á netþjónustu sem endurspegla m.a. álag og flutningstap. Skylt er að tengja notanda við netið (gegn gjaldi), óski hann þess. Netþjónusta er háð verðlagseftirliti.
- Lóðréttar heildir verða að skipta rekstri í samkeppnissvið (framleiðslu/sölu) og einkaréttarsvið (flutning/dreifingu) sem starfi óháð og hafi aðskilið reikningshald.
- Starfsemi óháðra miðlara og orkukaupmanna er frjáls. Margir slíkir aðilar starfa nú. Þetta bætir upplýsingaflæði og eflir samkeppni.
- Utanríkisviðskipti til skemmri tíma en 5 ára hafa verið gefin frjáls að verulegu leyti. Langtímasamningar eru þó enn háðir samþykki stjórnvalda. Skammtímaviðskipti fara fram gegnum Statnett Marked. Noregur og Svíþjóð hafa nú sameiginlega orkukauphöll og væntanlega bætist Finnland í hópinn bráðlega.

Það er rétt að benda á að meirihluti viðskipta gerist enn með tvíhliða samningum, en megnið af þessum samningum hefur verið tekið upp og endursamið, yfirleitt til skemmri tíma en áður. Jafnframt er ljóst að Statnett Marked leikur lykilhlutverk á markaðnum með rekstri orkukauphallarinnar.

Í orkukauphöllinni er verslað með samninga á þremur mörkuðum: dægurmarkaði í klukkustundareiningum,[26] s.k. *reguler*-aflmarkaði (til fínstillingar á kerfinu) og s.k. vikumarkaði, en þar fara fram viðskipti með framvirka samninga til allt að tveggja ára í vikueiningum. Í meginatriðum fer verðmyndun á mörkuðunum fram með sama móti: aðilar á markaðnum gera tilboð um hve mikið þeir vilja kaupa eða selja við mismunandi verði fyrir hvert tímabil. Við eitthvert ákveðið verð er jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar og þar ákvarðast markaðsverðið.

---

26 Einingarnar verða að vera svo skammar vegna mismunandi eftirspurnar innan sólarhrings.

Netþjónustan og verðlagning hennar er mjög mikilvægur hluti kerfisins. Þar er um tvenns konar gjöld að ræða: annars vegar gjald fyrir að setja orku inn á miðnetið og hins vegar gjald fyrir að taka orku út af ákveðnu neti á tilteknum stað.[27] Síðarnefndu gjöldin eru mismunandi eftir svæðum og eiga að standa undir kostnaði við dreifingu miðað við ákveðna ávöxtunarkröfu. Endanlegt orkuverð getur því verið mismunandi eftir svæðum. Dreifingaraðilum er hins vegar skylt að birta verðskrá fyrir þjónustu og mega ekki mismuna viðskiptavinum, t.d. með því að selja sjálfum sér þjónustu á lægra verði en öðrum.

5.2.4 Reynslan hingað til

Nú er komið á sjötta ár síðan breytingarnar urðu í Noregi, en samt ber að líta svo á að markaðurinn sé enn í þróun. Gamla kerfið setur enn mark sitt á hið nýja með ýmsu móti, t.d. má benda á að eignarhald er enn að mestu hið sama og áður var. Ríkið ábyrgist enn gamlar og nýjar skuldir Statkraft og Statnett og þótt bæjar- og sveitarfélögum sé ekki heimilt að ábyrgjast nýjar skuldir félaga í eigin eigu, eru enn í gildi eldri ábyrgðir. Að síðustu má nefna að samningar við stóriðju um orkusölu á mjög lágu verði verða í gildi til 2005.

Breytingarnar hafa samt sem áður orðið miklar. Það má í því sambandi nefna eftirtalin atriði:

- Erfitt er að skilja milli ytri áhrifa (t.d. veðurfars og hagsveiflu) og áhrifa breytinganna, en talið er að þeir aðilar sem hafa getað notfært sér hina nýju markaði hafi lækkað verð um u.þ.b. 20%.
- Hröð þróun hefur orðið á kauphöllinni. Orkuveltan á síðasta ári var um 35% af norska markaðnum og um helmingur af markaðnum utan stóriðju. (Um nokkra tvítalningu er að ræða vegna framvirkra samninga sem fara á dægurmarkaðinn.)
- Verð til húseigenda hefur verið stöðugt eftir verðhækkanir nokkur ár í röð fyrir breytingar.
- Orkuverð inn á net er nú nánast hið sama í öllu landinu, en mismunur er enn á verði milli veitusvæða vegna mismunandi kostnaðar við dreifingu.

Meðalverð orku á dægur- og vikumarkaði



27 Gjaldið fyrir að setja orku inn á netið er samansett af aflgjaldi og orkugjaldi. Árið 1994 var aflgjaldið hið sama fyrir alla (NOK 59/kW eða NOK 0,0118/kWh m.v. 5000 stundir á ári), en orkugjaldið er breytilegt (getur jafnvel orðið neikvætt) og á að endurspegla jaðarafltap vegna aukins álags á netið. Svipaðar reglur gilda um gjald fyrir að taka út af netinu, en þar kemur fastagjald til viðbótar afl- og orkugjaldi.

Mynd 5.2. Orkumagn í viðskiptum á dægur- og vikumarkaði

Ath.: framvirkir orkusamningar (vikumarkaður) enda nú oftast á dægurmarkaðnum.



Almennt mat manna er að breytingarnar hafi gengið vel og þær virðast hafa verið vel undirbúnar. Þær nutu þess einnig hve margir tiltölulega smáir aðilar voru á markaðnum og að aðilar höfðu nokkra reynslu af markaðsstofnunum fyrir breytingu frá gamla vikumarkaðnum.

Það hefur hins vegar sætt gagnrýni að markaðurinn einkennist enn af lóðréttum heildum í opinberri eigu (60%) og nokkurrar tilhneigingar hefur gætt til flutnings á kostnaði frá samkeppnissviðum fyrirtækja til einkaréttarsviða, en ætíð er hætta á slíku þegar hagsmunatengsl eru milli þessara sviða. Einnig hefur verið gagnrýnt að Statnett skuli eiga og reka kauphöllina og talið að hagsmunaárekstrar geti skapast út af því.

Einnig hafa sveiflur í raforkuverði aukist. Sumum er þetta ekki að skapi, en framvirkir samningar gefa að sumu leyti kost á tryggingu gegn slíku. Stundum koma verðtoppar í markaðskerfi í stað skömmtunar í miðstýrðu kerfi. Markaðssinnar benda á að það sé beinlínis hlutverk markaðarins að dreifa takmörkuðum gæðum þangað sem þau eru verðmætust.

Svíar og Finnar hafa komið á svipuðu kerfi og Norðmenn. Þar virðast við fyrstu sýn meiri vandkvæði á að koma á virkri samkeppni, vegna ráðandi framleiðenda á markaðnum (Vattenfall/Sydkraft í Svíþjóð og IVO/TVO í Finnlandi) og að mati sérfræðinga hefðu breytingar þar, eins og þær voru útfærðar og án tenginga við önnur lönd, líklega leitt til hærra orkuverðs eftir breytingar. Tenging markaðanna í Noregi, Svíþjóð og brátt Finnlandi leysir líkast til úr þessum vanda því enginn einn framleiðslu- eða söluaðili kemur til með að geta haft veruleg áhrif á markaðnum.

5.3 England-Wales[29]

Fram til 1990 einkenndist raforkugeirinn í Englandi og Wales af einkarekstri á vegum hins opinbera, með mikilli lóðréttri heildun. *Central Electricity Generating Board* (CEGB) sá um alla raforkuframleiðslu og flutning, en 12 dreifiveitur sáu um staðbundna dreifingu og sölu. Mistök í fjárfestingum fyrri ára, sérstaklega í kjarnorkuverum, og pólitísk íhlutun, m.a.

29 Sjá anon. (1994), David Newbery (1995) og Richard Green (1995).

til verndunar kolaiðnaðarins, olli háu orkuverði. Ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu árið 1987 og síðar hvítbók, 1988, um að hún hygðist einkavæða raforkuvinnsluna og m.a. brjóta upp lóðréttar einingar innan geirans til að stuðla að samkeppni. Nýja skipulagið tók síðan gildi 31. mars 1990.

Ríkisstjórnin vildi varast sömu mistök og gerð voru er gasvinnsla var einkavædd án uppskiptingar og útkoman var einokunaraðili sem í meginatriðum réð yfir öllum markaðnum frá vinnslu til smásölu. Því var ákveðið að skipta CEGB í tvo hluta sem starfa að raforkuvinnslu og einn sem sæi um flutning. Ætlunin var að einkavæða fyrirtækin. Þetta var gert, en af ýmsum ástæðum þótti ekki fært að kjarnorkuvinnslan færi þar með, svo endanleg niðurstaða varð skipting vinnslu CEGB í þrjú fyrirtæki: National Power, PowerGen og Nuclear Electric. Nuclear Electric, sem rekur þann hluta vinnslunnar sem byggist á kjarnorku, er enn í eigu ríkisins, en National Power og PowerGen voru gerð að hlutafélögum og seld.

Stofnað var sérstakt fyrirtæki um landsnetið, National Grid Company (NGC), sem hefur einkarétt á flutningi raforku og sér um rekstur og samhæfingu skyndimarkaðar svipað og Statnett gerir í Noregi. NGC er í eigu landshlutaveitnanna 12 (*Regional Electricity Companies* eða RECs), en starfar í „seilingarfjarlægð" og rekstrarlega óháð þeim. Veitunum var gefið nokkuð langt aðlögunarskeið varðandi frjáls orkukaup neytenda. Fyrst máttu aðilar sem notuðu afl yfir 1 MW velja sér seljanda (þetta voru um 30% markaðarins). Nú hafa neytendur yfir 100 kW frjálst val (önnur 20%), en allar stærðartakmarkanir verða afnumdar 1998.

Þótt útfærslan á endurskipulagningunni í Noregi og Englandi-Wales fylgi að mestu þeim meginatriðum sem talin voru upp í inngangínum hér að framan er töluverður munur á. Fyrir utan fjölda framleiðanda, sem er mun meiri í Noregi, er margt ólíkt með skyndimarkaðnum í Noregi og markaði NGC (*the pool*). Til dæmis gera einungis seljendur tilboð (dag fram í tímann í hálftímabilum). NGC gerir svo eftirspurnarspá og ákvarðar markaðsverðið þannig að framboð og spáð eftirspurn standist á. Einnig fara öll viðskipti gegnum markaðinn og að nafninu til á markaðsverðinu. Megnið af sölunni er hins vegar háð samningum til lengri tíma (yfirleitt til árs eða meira) og því jafna seljendur og kaupendur mun milli samningsverðs og markaðsverðs sín í milli eftir á.

Þótt óháðir framleiðendur sæki á, og búist sé við að þeir muni hafa 10-20% markaðshlutdeild um aldamótin, þá hafa National Power og PowerGen yfirburðastöðu á markaðnum. Sér í lagi þá ráða þessir aðilar þeim orkuverum sem eru oftast á þeim hluta framboðsferilsins sem er á jaðrinum, þ.e.a.s. þar sem eftirspurnarferillinn sker framboðsferilinn. Því geta þessi fyrirtæki haft mikil áhrif á markaðsverðið og hafa verið sökuð um að hagnýta sér þessa möguleika til að halda verðinu uppi.[29]

Sérstök skrifstofa, *Office of Electricity Regulation* (Offer), sér um eftirlit með raforkugeiranum. Verðþök eru notuð til að veita aðhald, t.d. ákvarða dreifiveiturnar verð fyrir dreifingu undir slíku þaki ásamt reglum sem banna mismunun viðskiptavina og verðlagning á flutningi er ákvörðuð af NGC með svipuðum takmörkunum.[30]

---

29 Sjá t.d. grein í *The Economist*, 13. apríl 1996, bls. 31.

30 Á ensku *„price caps"*. Í meginatriðum byggjast verðþök á formúlunni verðhækkun = breyting verðvísitölu vöru og þjónustu - X, þar sem X er frádráttarliður sem samsvarar sérstakri framleiðnikröfu. Slíkar formúlur hafa gilt í 5 ár í senn.

Skipulag raforkumála í Englandi-Wales hefur sætt nokkurri gagnrýni, sérstaklega vegna ráðandi markaðsstöðu tvíeykisins National Power og PowerGen. Framleiðni í geiranum hefur að vísu aukist mjög mikið, t.d. hefur framleiðni vinnuafls aukist yfir 50% umfram meðaltal atvinnuvega síðan 1990 og þeir kaupendur sem hafa getað samið um verð hafa náð að lækka orkuverð um u.þ.b. 20%. Hins vegar hefur hagnaður dreifiveitna og orkuframleiðenda aukist mjög mikið. Það endurspeglast í tvöfalt meiri hækkun verðs á hlutabréfum í orkufyrirtækjum en öðrum fyrirtækjum (FTSE 100) frá 1991. Gagnrýnin beinist samt sem áður ekki að því að koma raforkumálum í sama horf og fyrr, heldur að því að setja aðilum reglur, efla samkeppni o.s.frv.

5.4 Nýja-Sjáland[32]

Raforkumarkaðurinn á Nýja-Sjálandi er um 31 Twh á ári, eða 5-6 sinnum stærri en sá íslenski. Um 70% orkunnar eru framleidd með vatnsaflsvirkjunum, 7% með jarðhita, en 23% með gasi og öðrum jarðefnaorkugjöfum. Norður- og suðureyjar Nýja-Sjálands eru tengdar með HVDC-streng, en að öðru leyti er landið einangrað í þessu tilliti. Um 25% orkunnar eru seld til stórnotenda. Breytingar á skipulagi raforkumála hafa verið í undirbúningi nokkur síðastliðin ár. Fyrsta skrefið var stigið 1987 með því að gera raforkudeild orkuráðuneytisins að sérstöku fyrirtæki, Electricity Corporation of New Zealand (ECNZ), sem sá um mestalla vinnslu (95%) og flutning á raforku í landinu. Árið 1992 voru næstum allar dreifiveitur gerðar að hlutafélögum og 1994 var stofnað sérstakt fyrirtæki um flutning raforku, Trans Power.

Breytingarnar hafa augljóslega enska og norska fyrirkomulagið sem fyrirmynd. Þannig hafa einkasöluleyfi dreifiveitna nú verið afnumin og því er búið að koma á skiptingunni milli samkeppnissviðs og einkaréttarsviðs (þ.e.a.s. framleiðsla/sala og flutningur/dreifing). Enn fremur hefur verið komið á skyndimarkaði fyrir orkusamninga, en líklega munu framvirk viðskipti fara fram á verðbréfaþingi Nýja-Sjálands. Fyrirtæki á markaðnum eru háð almennum samkeppnislögum og -eftirliti.

Endurskipulagningin markast mjög af tilraunum til að draga úr ráðandi stöðu ECNZ, enda vandséð hvernig á að koma á virkri samkeppni í framleiðslu án þess. Til að stuðla að þessu var í febrúar sl. klofið nýtt fyrirtæki, Contact Energy (CE), út úr ECNZ og enn fremur var ECNZ gert skylt að selja sem svarar um 13% af framleiðslugetu sinni. Markaðshlutdeildir stórfyrirtækjanna tveggja verða um 60:27 (ECNZ:CE). ECNZ heldur stóriðjusamningunum, þ.a. hlutdeild fyrirtækjanna á almennum markaði er svipuð. Bæði fyrirtækin eru enn í ríkiseigu. ECNZ verður háð enn frekari takmörkunum þar til markaðshlutdeild þess verður minni en 45%, t.d. verða a.m.k. 50% nýrra fjárfestinga að koma frá öðrum aðilum og sérstakur fjárhagur verður fyrir nýjar virkjanir ECNZ til að koma í veg fyrir að gamlar virkjanir niðurgreiði nýjar. ECNZ verður einnig að halda sig við heildsölustarfsemi – er bannað að stunda smásölu. Talið er að þessar takmarkanir leiði til 36% markaðshlutdeildar „óháðra" framleiðenda árið 2005.

---

31 Sjá m.a. anon. (1994) og ýmsar heimildir frá Electricity Company of New Zealand og nýsjálenskum ráðuneytum.

6. Tillaga að tilskipun ESB um innri markað fyrir rafmagn

6.0 Inngangur

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur um langt skeið unnið að því að auka frelsi milli ríkja sambandsins í viðskiptum með raforku og jarðgas. Árið 1988 lagði hún fram áætlun þar að lútandi í þremur skrefum. Því fyrsta var lokið árið 1990 þegar lögfestar voru tilskipanir annars vegar um gagnsæi verðlagningar á rafmagni og jarðgasi og hins vegar um flutning á rafmagni og jarðgasi um flutningskerfi þriðja ríkis. Annað skrefið hófst í ársbyrjun 1992 þegar framkvæmdastjórnin lagði fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir raforku og jarðgas. Tillögurnar miða að því að stórauka frelsi í viðskiptum með rafmagn og jarðgas. Þriðja skrefið átti loks að gera öllum raforkunotendum kleift að semja beint við raforkuframleiðendur.

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun um innri markað fyrir raforku mætti umtalsverðri andstöðu bæði innan ráðherraráðsins og Evrópuþingsins. Framkvæmda-stjórnin lagði því fram nýja tillögu í ársbyrjun 1994 þar sem komið var nokkuð til móts við ráðið og þingið. Tillagan hefur allar götur síðan verið eitt aðal-umfjöllunarefni ráðherraráðsins um orkumál. Á aukafundi ráðsins 20. júní sl. náðist loks pólitískt samkomulag um málamiðlunartillögu og mun framkvæmdastjórnin á næstu mánuðum senda frá sér nýja tillögu að tilskipun byggða á þessari málamiðlun til Evrópuþingsins, en það verður að samþykkja slíka tilskipun til að hún öðlist gildi. Stefnt er að því að endanleg afstaða liggi fyrir í lok þessa árs og tilskipunin formlega samþykkt og birt .

Hornsteinar tillagna um innri markað fyrir rafmagn eru í fyrsta lagi afnám einkaréttar starfandi orkufyrirtækja m.a. til að framleiða rafmagn. Í öðru lagi aðskilnaður vinnslu, flutnings og dreifingar/sölu raforku, a.m.k. í bókhaldi. Í þriðja lagi takmarkaður aðgangur þriðja aðila að flutningskerfum þannig að þeir orkukaupendur, sem fullnægja tilteknum skilyrðum, sem hvert ríki fyrir sig setur á grundvelli tilskipunar geti gert samninga við orkuvinnslufyrirtæki um orkukaup og fengið orkuna flutta um orkuflutningskerfið gegn sanngjörnu endurgjaldi. Fyrstu tillögurnar mættu verulegri andstöðu einkum hjá Frökkum, en þar í landi ríkir nánast einokun á þessu sviði þar sem eitt fyrirtæki sér um svo til alla vinnslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku. Málamiðlun sú sem pólitískt samkomulag hefur nú náðst um kemur að verulegu leyti til móts við sjónarmið Frakka, en hún gengur mun skemmra í átt til frjálsræðis í viðskiptum með rafmagn en þær breytingar sem hafa verið gerðar á síðustu árum í Englandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og hafa þessar þjóðir og raunar fleiri viljað ganga lengra en samkomulag hefur náðst um.

Ætla má að Evrópusambandið muni leggja til að tilskipun um innri markað fyrir rafmagn, verði hún samþykkt, nái til alls EES-svæðisins. Hér verður lýst helstu þáttum málamiðlunartillögunnar.

6.1 Málamiðlunartillaga að tilskipun

Málamiðlunartillagan, sem pólitískt samkomulag hefur orðið um innan ráðherra-ráðsins, skiptist í eftirtalda átta kafla auk formála eða aðfaraorða:

Kafli I:	Gildissvið og skilgreiningar.
Kafli II:	Almennar reglur um skipan raforkumála.
Kafli III:	Vinnsla.
Kafli IV:	Rekstur meginflutningskerfisins.

Kafli V: Rekstur dreifikerfisins.
Kafli VI: Fjárhagslegur aðskilnaður og gagnsæi í samkeppni.
Kafli VII: Aðgangur að flutnings- og dreifikerfi.
Kafli VIII: Lokaákvæði.

Í formála er gerð ítarleg grein fyrir tilgangi þess að setja reglur um innri markað fyrir raforku. Þar segir m.a. að samkvæmt sáttmála ESB skuli tryggja frjálst flæði vara, fólks, þjónustu og fjármagns á innri markaðinum. Mikilvægt skref sé að koma á samkeppni á raforkumarkaðinum til að koma á innri markaði fyrir orku. Með því að koma á innri markaði fyrir raforku verði vinnsla, flutningur og dreifing raforku skilvirkari um leið og afhendingaröryggi er aukið og samkeppnisstaða Evrópusambandsríkjanna batnar. Sömuleiðis er talið að slíkur markaður stuðli að samtengingu raforkukerfanna.

Gert er ráð fyrir að komið verði á innri markaði fyrir rafmagn í áföngum með það fyrir augum að raforkugeirinn geti lagað sig að nýjum skilyrðum með skilvirkum hætti. Þar sem hætta kann að vera á að viss ríki eigi erfitt með að aðlaga sig sameiginlegum meginreglum, verður unnt að veita aðlögunartíma eða varanlegar undanþágur frá tilteknum ákvæðum, einkum vegna reksturs smárra og einangraðra orkukerfa.

Í samræmi við dreifræðisregluna er miðað við að almenn skilyrði um innri markaðinn séu sett sameiginlega, en einstök ríki ráði hvernig þau mæta þeim. Þá er talið að nauðsynlegt kunni að reynast að leggja á kvaðir um almannaþjónustu til þess að tryggja afhendingaröryggi og til að vernda neytendur og umhverfi og eru ákvæði þar að lútandi. Skilyrði sem beitt verður eiga að vera hlutlæg, gagnsæ og án þess að mismuna aðilum.

6.1.1 Kafli I: Gildissvið og skilgreiningar

Í kafla I er fjallað um gildissvið og skilgreiningar. Þar kemur m.a. fram að tilskipunin setji sameiginlegar reglur um vinnslu, flutning og dreifingu rafmagns. Með henni sé kveðið á um hvernig stýra skuli raforkumálum, hvernig fá megi aðgang að markaðinum, um skilyrði og starfshætti sem skuli hafa í heiðri við útboð eða leyfisveitingar sem og um rekstur kerfisins. Í kaflanum eru jafnframt skilgreiningar á 24 atriðum.

6.1.2 Kafli II: Almennar reglur um skipan raforkumála

Í kaflanum er kveðið á um að ríkin skuli sjá til þess að raforkufyrirtæki í þeim séu rekin í samræmi við tilskipunina til þess að koma á samkeppnismarkaði á raforkusviðinu. Ríkin geta eigi að síður með vísun til almannaþjónustu lagt kvaðir um opinbera þjónustu á fyrirtækin. Þær geta varðað öryggi, þ.m.t. öryggi orkuafhendingar, gæði og verð sem og vernd umhverfis. Þessar kvaðir skulu vera skýrt skilgreindar, gagnsæjar, mega ekki leiða til mismununar og það á að vera unnt að hafa eftirlit með þeim. Birta skal opinberlega kvaðir sem settar verða og þær tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar.

6.1.3 Kafli III: Vinnsla

Ríkin geta valið milli leyfisveitinga og/eða útboðs þegar ný orkuver eru reist. Hvort tveggja skal byggja á hlutlægum og gagnsæjum skilyrðum, án þess að mismuna þeim sem sækja um eða leggja fram tilboð. Þessi skilyrði geta varðað:

a) öryggi og áreiðanleika raforkukerfisins,
b) umhverfismál,
c) landnotkun og staðarval,

d) afnot af svæði á forræði hins opinbera,
e) orkunýtni,
f) eðli orkulindanna eða orkugjafanna,
g) atriði er tengjast umsækjanda/tilboðsgjafa, svo sem tækni- og fjárhagslegri getu og
h) almannaþjónustu.

Með þessum skilyrðum er gert ráð fyrir að ríkin geti haft nauðsynlega stjórn á raforkuvinnslunni jafnframt því sem opnað er fyrir samkeppni.

Ef útboðsleiðin er valin eiga ríkin að sjá til þess að gerðar verði spár um aukna þörf fyrir raforkuvinnslu til langs tíma sem útboðin byggjast á. Í þeim ríkjum sem velja þessa leið eiga óháðir framleiðendur jafnframt að geta sótt um leyfi til raforkuvinnslu, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum sem sett verða. Slík skilyrði verða að vera hlutlæg, gagnsæ og mega ekki mismuna aðilum sem sækja um leyfi.

6.1.4 Kafli IV: Rekstur meginflutningskerfisins

Gert er ráð fyrir að ríkin sjái til þess að útnefndur verði svokallaður ábyrgur aðili til að sjá um rekstur flutningskerfisins, tryggja nauðsynlegt viðhald þess, viðbætur við það sem og afhendingaröryggi. Slíkur aðili skal vera rekstrarlega óháður raforkuvinnslu, raforkudreifingu og annarri starfsemi sem ekki tengist flutningskerfinu með beinum hætti. Samkvæmt tillögunni nægir að flutningskerfið sé rekið sem sjálfstæð deild sem sinni eingöngu verkefnum sem tengjast rekstri þess. Ríkin eiga að sjá til þess að birtar séu ýmsar kröfur s.s. varðandi tengingu rafstöðva og dreifikerfa við flutningskerfið. Þessi aðili verður ábyrgur fyrir álagsstýringu og fyrir samrekstri við önnur flutningskerfi. Álagsstýringin á að byggjast á hlutlægum opinberum skilyrðum með það fyrir augum að tryggja skilvirkan innri markað fyrir raforku. Í skilyrðunum skal taka tillit til hagkvæmni orkuvinnslunnar í tiltækum virkjunum/rafstöðvum sem og tæknilegra takmarkana kerfisins. Ríkin geta þó gert kröfur til þess að orkuvinnsla sem byggist á endurnýjanlegum orkulindum eða sorpi hafi forgang. Þá geta þau veitt virkjunum/rafstöðvum sem nota staðbundna orkugjafa, t.d. kol, forgang upp að vissu marki. Ábyrgi aðilinn má ekki mismuna og hann skal fara með allar upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna starfsemi sinnar og eru viðkvæmar sem trúnaðarmál.

6.1.5 Kafli V: Rekstur dreifikerfisins

Gert er ráð fyrir að ríkin sjái til þess að útnefndir verði aðilar, einn eða fleiri, sem eru ábyrgir fyrir rekstri dreifikerfisins, viðhaldi þess og styrkingu, sem og flutningslína sem tengja þau við önnur dreifikerfi eða flutningskerfi. Þessir aðilar eiga að tryggja áreiðanlegan og skilvirkan rekstur kerfisins á tilteknu svæði um leið og tekið er tillit til umhverfisins. Þeir mega ekki viðhafa mismunun og skulu gæta trúnaðar vegna viðkvæmra upplýsinga sem þeir þurfa á að halda. Ríkin geta krafist þess að raforku sem unnin er með endurnýjanlegum orkugjöfum eða úr sorpi sé veittur forgangur.

Ríkin geta skyldað dreifiveiturnar til að afhenda rafmagn til notenda á tilteknu svæði. Setja má reglur varðandi gjaldskrá vegna slíkrar afhendingar til að tryggja jafnræði notenda.

6.1.6 Kafli VI: Fjárhagslegur aðskilnaður og gagnsæi í samkeppni

Viðkomandi ríki, hæfir aðilar sem þau tilnefna, sem og aðilar sem leysa eiga úr ágreiningsmálum varðandi aðgang að flutnings- og dreifikerfum, skulu hafa aðgang að bókhaldi raforkufyrirtækja til þess að geta fullnægt eftirliti sínu.

Ákvæði eru um að ársreikningar raforkufyrirtækja skuli vera gerðir með samræmdum hætti í samræmi við tilteknar tilskipanir. Lög um ársreikninga (lög nr. 144/1994) fela í sér þessi ákvæði.

Fyrirtæki sem sinna vinnslu, flutningi og dreifingu skulu færa bókhald fyrir hvern þessara þátta fyrir sig með það fyrir augum að koma í veg fyrir að aðilum sé mismunað, millifærslur og samkeppnistruflandi aðgerðir.

Ríkjum, sem ákveða að útnefna svokallaðan eina kaupanda („single buyer“) og velja til þess fyrirtæki sem jafnframt sinna vinnslu og/eða dreifingu rafmagns, ber að sjá til þess að slík starfsemi sé rekin algerlega óháð vinnslunni og/eða dreifingunni.

6.1.7 Kafli VII: Aðgangur að flutnings- og dreifikerfi

Ríkin geta valið milli tvenns konar aðgangs að flutnings- og dreifikerfinu. Annars vegar er gert ráð fyrir að ríkin geti heimilað aðgang að kerfinu á viðskiptalegum grundvelli. Hins vegar er gert ráð fyrir að ríkin útnefni einhvern lögaðila svokallaðan eina kaupanda („single buyer“) sem hefði einkarétt til viðskipta með rafmagn innan tiltekins svæðis.

Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að raforkuframleiðendur og svokallaðir viðurkenndir notendur („eligible customers“) geti samið um aðgang að kerfinu á viðskiptalegum grundvelli. Til þess að auðvelda aðgang að kerfunum skulu ábyrgu aðilarnir, sem reka flutnings- og dreifikerfin, birta leiðbeinandi upplýsingar um verð sem greitt er fyrir flutninginn fyrsta árið eftir að tilskipunin kemur til framkvæmda. Jafnframt geta ríkin ákveðið að birta opinbera gjaldskrá fyrir afnot af kerfunum. Ábyrgu aðilarnir sem reka kerfin geta neitað um aðgang að kerfunum ef þau ráða ekki yfir nægilegri flutningsgetu.

Í seinna tilvikinu geta ríkin útnefnt lögaðila, svokallaðan eina kaupanda, sem hefði tiltekinn einkarétt til viðskipta með rafmagn innan ákveðins svæðis. Sé þessi leið valin ber ríkjunum að sjá til þess að birt sé gjaldskrá fyrir notkun flutnings- og dreifikerfanna, sem leiði ekki til mismununar. Ríkin eiga sömuleiðis að sjá til þess að þeir notendur sem til þess fá rétt í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, svokallaðir viðurkenndir notendur, geti með frjálsum hætti gert samninga um orkukaup til að mæta raforkuþörf sinni af framleiðendum eða orkusölum utan þess svæðis sem kerfi viðkomandi ábyrgs aðila nær til. Jafnframt eiga ríkin að tryggja að sömu aðilar og sjálfstæðir framleiðendur innan svæðisins geti samið um slík viðskipti. Hægt er að skylda eina kaupandann til þess að kaupa rafmagn sem slíkir samningar eru gerðir um á því verði sem hann býður viðkomandi aðila að frádregnu verði fyrir flutning orkunnar samkvæmt gjaldskrá. Ef hann neitar að kaupa umsamið rafmagn á þessum kjörum ber ríkjunum að tryggja flutning um kerfin til að umsamin viðskipti geti farið fram, svo fremi að flutnings- og dreifikerfin anni því.

Ríkin eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja umtalsverða opnun raforkumarkaðanna skv. ofangreindum leiðum. Samkvæmt málamiðlunartillögunni er miðað við að tiltekin prósenta orkuviðskiptanna í hverju ESB-ríkjanna (um 23% í upphafi) geti átt sér stað með frjálsum samningum. Þessi prósenta á að vera sú sama fyrir ríkin og er reiknuð út frá því að að meðaltali hafi endanlegir notendur með yfir 40 GWh notkun á ári aðgang að flutnings- og dreifikerfunum með framangreindum hætti. Gert er ráð fyrir að hækka þessa prósentutölu í áföngum þannig að framangreind mörk miðist við 20 GWh (um 27% viðskiptanna) þremur árum eftir að tilskipunin tekur gildi og 9 GWh (um þriðjungur viðskiptanna) 6 árum eftir að hún tekur gildi. Enn fremur er ákvæði um að allir neytendur með yfir

100 GWh skuli hafa slíkan rétt. Dreifiveitur munu, ef þær eru ekki skilgreindar sem viðurkenndir notendur, eiga rétt til frjálsra viðskipta sem svarar til samanlagðrar notkunar viðurkenndra notenda innan síns svæðis.

Ríkin skulu árlega birta skilgreiningu sem þau nota á viðurkenndum notendum og senda framkvæmdastjórninni til þess að unnt sé að birta hana í stjórnartíðindum ESB. Framkvæmdastjórnin getur í vissum tilvikum krafist þess að ríkin breyti þessum skilgreiningum. Þá eru viss skilyrði til þess að koma í veg fyrir að ójafnvægis („disequilibrium“) gæti í opnun markaðarins.

Ríkin eiga að sjá til þess að aðilar semji í góðri trú og misnoti ekki stöðu sína. Þau skulu útnefna hæft, óháð yfirvald til að jafna ágreining varðandi samninga og samningaviðræður.

Ríkin skulu gera nauðsynlegar aðgerðir til þess að sjálfstæðir framleiðendur eða þeir sem framleiða rafmagn til að mæta sínum þörfum geti afhent orku til eigin fyrirtækja og dótturfélaga í sama eða öðru ESB-ríki með því að nota samtengda flutningskerfið. Sama á við um framleiðanda sem hefur gert samning á grundvelli útboðs.

Ríkin eiga að setja skilyrði um beinar flutningslínur sem reistar eða lagðar eru milli framleiðenda eða flutningskerfis og notenda. Hægt er að neita aðilum um slíkar línur ef þær hindra ríkin í að uppfylla skyldur um almannaþjónustu.

Ríkin eiga að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun á ráðandi stöðu sem skaðar neytendur.

6.1.8 Kafli VIII: Lokaákvæði

Ríkjunum verður heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef upp kemur neyðarástand. Slíkar aðgerðir skulu hafa í för með sér eins litla truflun á markaðinum og unnt er. Tilkynna ber slíkar aðgerðir til annarra ríkja ESB og til framkvæmdastjórnarinnar. Hún getur í vissum tilvikum krafist þess að slíkum aðgerðum verði hætt eða þeim breytt.

Ákvæði eru um að ríkin geti sótt um tímabundinn aðlögunartíma ef ákvæði tilskipunarinnar valda því að ekki er unnt að standa við rekstrarskyldur eða ábyrgðir sem gefnar hafa verið fyrir tilkomu hennar.

Ákvæði er um að hægt sé að sækja um undanþágur frá ákvæðum í köflum IV, V, VI og VII vegna lítilla einangraðra raforkukerfa. Slík kerfi eru skilgreind þannig að raforkunotkunin sé minni en 2500 GWh jafnframt því sem innan við 5% árlegrar orkunotkunar sé mætt með samtengingum við önnur raforkukerfi. Tekið er fram að þetta ákvæði eigi jafnframt við um Lúxemborg.

Á fyrsta ári eftir að tilskipunin tekur gildi á framkvæmdastjórnin að leggja fyrir ráðherraráðið og Evrópuþingið skýrslu um hugsanlega þörf fyrir frekari samræmingu vegna atriða sem ekki er kveðið á um í tilskipuninni. Sömuleiðis er heimildarákvæði fyrir framkvæmdastjórnina að leggja fram skýrslu um frekari aðgerðir til þess að raforkumarkaðurinn geti starfað með skilvirkum hætti.

Þá er ákvæði um að framkvæmdastjórnin skuli endurskoða beitingu tilskipunarinnar og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðherraráðið skýrslu um virkni innri markaðarins fyrir rafmagn, með það fyrir augum að opna markaðinn frekar 9 árum eftir að tilskipunin tekur gildi.

Loks er ákvæði um frest sem ríkin hafa til að koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að þau hafi til þess 2 ár frá því að hún er birt og tekur gildi. Belgar og Írar hafa eitt ár til viðbótar og Grikkir tvö.

6.2 Áhrif tilskipunar á löggjöf á Íslandi og skipan orkumála

Ekki hefur farið fram nákvæm úttekt á því hvaða áhrif tilskipun, sem fæli í sér ákvæði málamiðlunartillögunnar, hefði á löggjöf hér á landi né skipan orkumála ef hún yrði hluti af EES-samningnum. Í því sambandi er rétt að taka fram að framkvæmdastjórn ESB á eftir að koma málamiðluninni í endanlegan búning eftir fund ráðsins 20. júní sl. Hér á eftir verður gerð lausleg grein fyrir því hvaða breytingar ætla má að gera þyrfti á löggjöf og skipan þessara mála hér á landi til að mæta ákvæðum tilskipunar sem byggðist á framangreindri málamiðlun.

Í fyrsta lagi má ætla að breyta þyrfti ákvæðum orkulaga um að samþykki Alþingis þurfi fyrir öllum virkjunum sem eru stærri en 2 MW. Í stað þess þyrfti að setja skilyrði sem allir aðilar, sem óska eftir að fá að virkja, þurfa að upfylla. Skilyrðin yrðu að vera gagnsæ, mættu ekki mismuna umsækjendum og það þyrfti að birta þau opinberlega. Stefnumörkunin yrði á valdi stjórnvalda, en allir aðilar á EES-svæðinu hefðu jafnan rétt til að taka þátt í framkvæmd stefnunnar. Varðandi þá stefnumörkun þyrfti að setja ýmis skilyrði, einkum um öryggi og áreiðanleika raforkukerfisins, umhverfismál, landnotkun og staðarval, afnot af svæðum á forræði hins opinbera og eðli orkulindanna. Þannig má ætla að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda muni fá enn aukið gildi og skipulag hálendisins verði meira aðkallandi. Öryggi orkukerfisins og afhendingaröryggi mun væntanlega kalla á meiri reglur hér á landi en á meginlandi Evrópu vegna þess að raforkukerfið er einangrað. Þá munu hinar umfangsmiklu undirbúningsrannsóknir vegna virkjunar vatnsorku og jarðhita skapa okkur sérstöðu.

Í öðru lagi þyrfti að greina á milli raforkuvinnslu, flutnings, dreifingar/sölu og annarrar starfsemi í bókhaldi fyrirtækja sem stunda fleiri en einn framangreindra þátta. Þetta mætti væntanlega gera með reglugerð.

Í þriðja lagi þyrfti að setja reglur um ársreikninga orkufyrirtækja þannig að þeir yrðu færðir í samræmi við lög um ársreikninga (lög nr. 144/1994). Þetta mætti væntanlega einnig gera með reglugerð.

Í fjórða lagi þyrfti að útnefna ábyrga aðila til að reka flutningskerfið og dreifikerfin. Ef starfandi orkufyrirtæki yrði falið að reka flutningskerfið þyrfti að sjá til þess að sú starfsemi yrði rekin óháð annarri starfsemi þess og í sérstakri deild.

Í fimmta lagi þyrfti að sjá til þess að allir notendur með meira en 100 GWh raforkunotkun á ári eða meira, svokallaðir viðurkenndir notendur, gætu samið um viðskipti. Það yrði á valdi stjórnvalda að ákveða hvort þetta ákvæði næði einnig til rafveitna sem nota meira en 100 GWh á ári. Samningar við ÍSAL, Járnblendifélagið, Áburðarverksmiðjuna o.fl. nægja til að tryggja að yfir 50% raforkuviðskipta séu með frjálsum samningum. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á ákvæði í lögum um Landsvirkjun sem kveður á um að til þess að gera orkusölusamninga við iðjuver sem nota meira en 100 GWh á ári þurfi fyrirtækið leyfi iðnaðarráðherra.

Í sjötta lagi kynni að þurfa ákvæði sem tryggðu rétt viðurkenndra notenda til að tengjast beint við virkjanir eða flutningskerfið með línum eða jarðstrengjum.

7. Nokkrar leiðir varðandi skipulag raforkuviðskipta

7.0 Inngangur

Á undanförnum árum hafa viðskipti með raforku verið að taka breytingum víða í nágrannalöndunum á þann veg að innleidd hefur verið meiri samkeppni í þessi viðskipti en áður var. Hér verða skoðaðar nokkrar leiðir sem væru mögulegar varðandi slíkar breytingar hér á landi. Hafa ber í huga að um náttúrlega einokun er að ræða við flutning og dreifingu raforku þar sem í flestum tilvikum er ekki hagkvæmt að leggja fleiri en eitt flutnings- eða dreifikerfi til notenda. Aftur á móti getur verið um að ræða samkeppni í vinnslu raforku ef virkjanir hafa jafnan aðgang að netinu sem flytur orkuna til endanlegra notenda. Einnig geta margir aðilar markaðssett raforkuna og selt hana til notenda.

7.1 Atriði sem koma inn í mat á leiðum

Þegar skoðaðar eru mismunandi leiðir varðandi skipulag raforkuviðskipta er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif slíkar breytingar hafa. Það er síðan einstaklingsbundið hvernig menn meta þessi áhrif þar sem sumir geta talið ákveðin atriði kost á meðan aðrir telja slíkt ókost. Þau atriði sem oftast eru nefnd hvað þetta varðar eru:

Samkeppni í raforkuvinnslu og sölu: Megintilgangur með þeim skipulagsbreytingum sem átt hafa sér stað í nágrannalöndunum hefur verið að innleiða samkeppni í raforkuvinnslu og sölu. Til að slíkt sé mögulegt þurfa vinnsluaðilar raforku allir að hafa sama aðgang að flutnings- og dreifikerfi raforku. Ákveðin gjaldskrá gildir þá um þessa starfsemi auk reglna um tengingu við netið. Þá þarf að tryggja að ekki sé verið að mismuna aðilum og þurfa því raforkufyrirtækin að greina flutningsþáttinn frá annarri starfsemi, að minnsta kosti bókhaldslega.

Skilvirkni: Með skipulagsbreytingum er oft ætlunin að ná fram meiri skilvirkni en til staðar er við óbreytt skipulag. Með því að aðgreina einstaka þætti í starfsemi raforkufyrirtækjanna ætti að vera auðveldara að skilgreina markmið með viðkomandi starfsemi og kostnaðargreining verður auðveldari.

Verðjöfnun: Samkvæmt lögum um Landsvirkjun ber fyrirtækinu að selja raforku til almenningsveitna samkvæmt sömu gjaldskrá á öllum afhendingarstöðum fyrirtækisins. Hér er um að ræða verulega verðjöfnun þar sem kostnaður við þennan flutning er mismunandi eftir því hve langt er verið að flytja orkuna og eftir því um hve mikið magn er að ræða. Einnig er verðjöfnun á dreifingu raforku þar sem einstakar rafveitur selja orku eftir sömu gjaldskrá á veitusvæðum sínum. Ef komið er á samkeppni við vinnslu og sölu raforku þarf að gæta þess að verðjöfnun skekki ekki þessa samkeppni. Hugsanlegt er að jafna kostnað við flutning orkunnar án þess að það skekki samkeppnisstöðuna. Slík verðjöfnun veldur því að gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu raforku verður ekki kostnaðarlega rétt og því er hætt við að ekki fáist kostnaðarlega hagkvæmasta flutnings- og dreifikerfið. Einnig er mögulegt að framkvæma verðjöfnun með því að styrkja raforkukaupendur beint sem búa á afskekktum svæðum.

Gæði raforku: Það ræðst af öllum þáttum raforkukerfisins með hve miklum gæðum menn fá raforkuna afhenta svo sem hvað varðar afhendingaröryggi. Þegar þessir þættir eru á hendi margra aðila er spurning hver á að tryggja að kröfur um gæði séu uppfylltar. Við núverandi skipulag eru það Landsvirkjun og dreifiveiturnar sem í sameiningu tryggja gæðin. Landsvirkjun ber að sjá til þess að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrir-

tækisins verði ávallt fullnægt eins og fram kemur í lögum um Landsvirkjun. Dreifiveiturnar eiga varastöðvar sem eru staðsettar þar sem aðflutningur raforku er óöruggastur og bæta þessar stöðvar afhendingaröryggi til notenda.

Umfang skipulagsbreytinga: Hversu auðvelt er að koma skipulagsbreytingum í framkvæmd ræðst m.a. af því hve umfangsmiklar þær eru.

Kostnaður við fjármögnun framkvæmda: Skipulagsbreytingar geta gert það að verkum að kostnaður við fjármögnun framkvæmda breytist þar sem þau fyrirtæki sem að þeim standa geta verið fjárhagslega veikari eða sterkari en núverandi fyrirtæki en slíkt kemur fram í lánstrausti fyrirtækjanna.

Einnig ber að hafa í huga að íslenska raforkukerfið er ólíkt kerfum nágrannalandanna þar sem mestöll raforkuvinnslan er í vatnsaflsvirkjunum og engar tengingar eru við kerfi nágrannalandanna. Þegar nægt vatn er við virkjanir er breytilegur rekstrarkostnaður orkuveranna hverfandi og þá fá framleiðendur tekjur upp í fjármagnskostnað þó svo að orkuverðið sé mjög lágt. Finna þarf því leið sem tryggir að vinnslufyrirtæki geti staðið undir fjármagnskostnaði.

7.2 Kostir varðandi einstaka þætti raforkuviðskipta

Nokkrir kostir koma til greina varðandi nýskipan raforkuvinnslu, flutnings, dreifingar og sölu og verður þeim helstu lýst hér. Hér verður umfjölluninni skipt í fernt og fjallað sérstaklega um hvern þessara þátta fyrir sig. Hafa ber í huga að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða en reynt er að telja hér þá kosti sem eru skýrastir en aðrir kostir geta legið á milli þeirra.

7.2.1 Raforkuvinnsla

Landsvirkjun er með yfirgnæfandi hlut hvað varðar vinnslu raforku hér á landi eða 93% árið 1995 og ef einungis er litið á almennu notkunina er hlutur Landsvirkjunar 87%. Dreifiveiturnar eiga síðan nokkrar litlar virkjanir sem framleiða það sem á vantar og fer vinnsla þeirra beint inn á aðflutningskerfi veitnanna og nýta þær ekki meginflutningskerfi raforku, þó með þeirri undantekningu að Rafmagnsveitur ríkisins flytja stundum orku milli aðveitustöðva á Austurlandi. Hlutur eigin orkuvera í orkuöfluninni var tæp 11% hjá Rafmagnsveitum ríkisins, 33% hjá Orkubúi Vestfjarða og 51% hjá Hitaveitu Suðurnesja. Ef einungis er litið á forgangsorku er hlutur eigin vinnslu rúm 13% hjá Rafmagnsveitum ríkisins og 47% hjá Orkubúi Vestfjarða og 57% hjá Hitaveitu Suðurnesja árið 1995.

Hlutur Landsvirkjunar í raforkuvinnslunni er yfirgnæfandi sem gerir það að verkum að lítil samkeppni er í þessum þætti auk þess sem aðrir vinnsluaðilar eru dreifiveitur sem vinna orku fyrir eigin markað en selja ekki til annarra veitna. Eins og áður er komið fram hvíla á Landsvirkjun þær skyldur að tryggja að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig er ákvæði um það í lögum um Landsvirkjun að samningar við iðjuver um kaup á meira en 100 GWh á ári skuli ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið og því þarf að vera hægt að greina þann þátt frá annarri starfsemi.

Samkvæmt núgildandi orkulögum er ekkert því til fyrirstöðu að aðrir aðilar en Landsvirkjun reisi nýjar virkjanir sem gæti stuðlað að aukinni samkeppni á þessu sviði en aftur á móti er slíkt ekki í samræmi við fyrrnefnt ákvæði í lögum Landsvirkjunar. Til að

auka samkeppni er einnig nauðsynlegt að dreifiveiturnar aðskilji raforkuvinnsluna frá öðrum rekstri fyrirtækjanna þannig að samanburður komi fram milli vinnsluaðila.

Helstu leiðir sem koma til greina varðandi skipulag raforkuvinnslunnar eru eftirfarandi:

7.2.1.1) **Landsvirkjun haldi stöðu sinni í raforkuvinnslunni:** Á undanförnum áratugum hefur Landsvirkjun annað að stærstum hluta aukningu markaðarins með byggingu nýrra virkjana þó svo að hún hafi ekki haft einkarétt til slíks. Í lögum um Landsvirkjun er eins og áður er komið fram ákvæði um að hún tryggi að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Út frá þessu ákvæði er líklegt að Landsvirkjun muni áfram sjá um að anna stærstum hluta af aukningu markaðarins og að virk samkeppni kæmist því seint á. Breytingar á öðrum þáttum kerfisins þjóna þá litlum tilgangi ef þær eiga að auka samkeppni.

7.2.1.2) **Vinnsla raforku verði í áföngum gefin frjáls á grundvelli ákveðinna skilyrða:** Samkvæmt þessu gætu nýir aðilar byggt virkjanir t.d. vegna tilkomu nýrrar stóriðju eða vegna aukinnar notkunar almennra notenda. Með skipulögðum hætti væri þá hægt að koma á samkeppni þar sem hlutur annarra en Landsvirkjunar í vinnslunni mundi smám saman aukast og samhliða því væri hægt að auka frelsi í þessum viðskiptum. Færa þyrfti virkjanir dreifiveitnanna yfir í sjálfstæð fyrirtæki eða aðgreina þær bókhaldslega frá annarri starfsemi veitnanna. Þessi leið krefst þess einnig að flutningskerfi raforku verði aðgreint frá annarri starfsemi raforkufyrirtækjanna.

7.2.1.3) **Landsvirkjun skipt upp í tvö vinnslufyrirtæki:** Samkvæmt þessari leið yrði virkjunum Landsvirkjunar skipt upp í tvö eða fleiri fyrirtæki þannig að þau gætu keppt sín á milli. Engar takmarkanir væru á því til hverra fyrirtækin gætu selt orku og gætu þau því bæði selt orku til almennra notenda og stóriðju. Aðrar breytingar eru þær sömu og í leið 7.2.1.2) og gætu einnig aðrir aðilar en þessi tvö fyrirtæki byggt virkjanir. Færa þyrfti virkjanir dreifiveitnanna yfir í sjálfstæð fyrirtæki eða aðgreina þær bókhaldslega frá annarri starfsemi veitnanna. Þessi leið krefst þess einnig að flutningskerfi raforku verði aðgreint frá annarri starfsemi raforkufyrirtækjanna.

7.2.2 Raforkuflutningur

Til að hægt sé að innleiða samkeppni í raforkuvinnsluna þurfa ný fyrirtæki að eiga möguleika á að selja orku til endanlegra notenda. Til að slíkt sé hægt verða fyrirtækin að hafa jafnan aðgang að flutnings- og dreifikerfi raforku þar sem ekki er hagkvæmt að leggja mörg slík kerfi.

Helstu leiðir, sem hér koma til greina, eru eftirfarandi:

7.2.2.1) **Landsvirkjun eigi og reki meginflutningskerfið.** Þetta er óbreytt skipulag frá því sem nú er. Vinnsluaðilar raforku mundu þá ekki hafa jafnan aðgang að flutningskerfinu og því er erfitt að koma á samkeppni.

7.2.2.2) **Flutningskerfi Landsvirkjunar aðgreint frá annarri starfsemi eða gert að sjálfstæðu fyrirtæki.** Þetta væri tiltölulega auðveld leið þar sem kerfið er vel

skilgreint og er lítil breyting frá því sem nú er. Til að tryggja jafnan aðgang að kerfinu væri tryggast að gera flutningskerfið að sjálfstæðu fyrirtæki. Einnig væri mögulegt að halda því áfram innan Landsvirkjunar en að greina rekstur og fjárhag frá öðrum þáttum fyrirtækisins.

7.2.2.3) Flutnings- og aðveitukerfi raforku verði gert að sjálfstæðu fyrirtæki. Ef þessi leið væri farin yrði ekki einungis flutningskerfi Landsvirkjunar í sjálfstæðu fyrirtæki heldur tæki það einnig yfir aðveitukerfi rafveitnanna. Hvar skilin yrðu á milli þessa fyrirtækis og dreififyrirtækjanna yrði að skilgreina vel svo sem út frá spennu, orkumagni og fleiru. Einnig gæti verið hugsanlegt að hluti aðveitukerfisins yrði áfram hjá dreifiveitunum svo sem í Reykjavík. Flutningsfyrirtækið sæi þá um að koma raforkunni til helstu þéttbýlisstaða en dreifikerfið sjálft, og þar með talið sveitarlínur, yrði þá í höndum dreifiveitnanna. Dreifiveiturnar yrðu þá að afhenda hluta af aðveitukerfum sínum inn í nýja fyrirtækið.

7.2.3 Raforkudreifing

Raforkudreifing er nú í höndum dreifiveitnanna sem margar hverja eiga einnig raforkuver og reka flutnings- og aðveitukerfi. Ef innleiða á samkeppni í sölu raforku verður að opna dreifikerfið fyrir öðrum aðilum þannig að orkukaupendur hafi um val að ræða varðandi raforkukaup og að allir þeir sem vilja selja raforku til notenda hafi jafnan aðgang að dreifikerfinu. Til að slíkt sé hægt þurfa dreifiveiturnar að aðgreina dreifikerfið frá öðrum rekstri svo sem raforkuvinnslu og hitaveitustarfsemi.

Helstu leiðir, sem hér koma til greina, eru eftirfarandi:

7.2.3.1) **Dreifiveitur reka dreifikerfin.** Samkvæmt þessari leið munu dreifiveiturnar áfram eiga dreifikerfin. Ef opna ætti fyrir þann möguleika að koma á samkeppni í sölu raforku yrðu þær að greina rekstur og fjárhag dreifikerfanna frá annarri starfsemi. Þar með er opnað fyrir þann möguleika að sett sé gjaldskrá fyrir flutning um kerfið og að þar með geti komist á samkeppni í sölu raforku. Á undanförnum árum hefur nokkuð verið um sameiningu dreifiveitna en hér verður ekki fjallað um slíkar skipulagsbreytingar þar sem þær eru einungis innan þessa þáttar.

7.2.3.2) **Dreifikerfið verði allt sameinað flutnings- og aðveitukerfinu í einu fyrirtæki.** Ef þessi leið yrði farin yrðu allar dreifiveiturnar sameinaðar í eitt fyrirtæki sem einnig tæki yfir flutningskerfið. Með þessum hætti væri búið að aðgreina flutning og dreifingu raforku frá annarri starfsemi raforkufyrirtækjanna og allir vinnslu- og söluaðilar raforku hefðu sama aðgang að netinu. Þá væri einnig rökrétt að sala raforku væri í höndum annarra aðila.

7.2.4 Raforkusala

Raforkusala til endanlegra notenda er nú í höndum dreifiveitna og hafa þær einkarétt á sölu raforku til neytenda sem ráðherra veitir samkvæmt orkulögum. Þar að auki selur Landsvirkjun orku beint til stórnotenda. Til að samkeppni geti komist á um sölu á raforku til notenda verður því að fella niður þennan einkarétt. Hugsanlegt er að dreifiveiturnar selji raforku áfram til endanlegra notenda auk þess sem aðrir geti gert slíkt en þá verður að aðgreina þá starfsemi frá öðrum þætti í rekstri dreifiveitnanna.

7.2.4.1) **Raforkusala í höndum dreifiveitnanna.** Dreifiveiturnar gætu áfram selt raforku til endanlegra notenda en sú starfsemi yrði aðgreind frá annarri starfsemi ef opna ætti fyrir þann möguleika að aðrir aðilar selji orku til endanlegra notenda.

7.2.4.2) **Raforkusala í höndum sjálfstæðra fyrirtækja.** Í þessu tilviki yrði sala á raforku aðgreind frá flutningi og dreifingu orku.

7.3 Leiðir varðandi heildarskipulag raforkuviðskipta

Ekki er hægt að velja þá kosti sem nefndir voru hér að framan saman á hvaða hátt sem er en á mynd 7.1 er sýnt hvað kemur þar til greina. Eins og áður er komið fram ber að hafa í huga að aðrir kostir, sem eru sambland eða breytt útfærsla á þeim kostum sem hér voru taldir upp, geta einnig komið til greina. Hér að aftan eru þessar leiðir taldar upp og er byrjað á þeim sem kalla á minnstar breytingar og endað á þeim sem kalla á mestar breytingar.



Mynd 7.1 Tenging einstakra leiða varðandi skipulag raforkuvinnslu, flutnings, dreifingar og sölu.

a) **Samkeppni ekki komið á (1.1, 2.1, 3.1, 4.1):** Þessi leið er að mestu óbreytt skipulag nema Landsvirkjun fær einkarétt á að byggja nýjar virkjanir, sjá mynd 7.2.

b) **Samkeppni komið á smám saman (1.2, 2.2, 3.1, 4.1):** Lágmarksbreytingar gerðar á raforkuviðskiptum til að hægt sé að innleiða samkeppni þar sem flutningskerfið er aðgreint frá annarri starfsemi, sjá mynd 7.3.

c) **Samkeppni komið á smám saman og raforkusala í höndum sjálfstæðra fyrirtækja (1.2, 2.2, 3.1, 4.2):** Heldur meiri breytingar en þörf er á að lágmarki til að hægt sé að innleiða samkeppni, sjá mynd 7.3. Flutningskerfið er aðgreint frá annarri starfsemi og raforkusalan einnig.

d) **Samkeppni komið á smám saman og myndað öflugt flutningsfyrirtæki en raforkusala í höndum dreifiveitnanna (1.2, 2.3, 3.1, 4.1):** Hér er myndað öflugt flutningsfyrirtæki raforku sem nær til flutnings- og aðveitukerfisins, sjá mynd 7.4.

e) **Samkeppni komið á smám saman og myndað öflugt flutningsfyrirtæki en raforkusala í höndum sjálfstæðra fyrirtækja (1.2, 2.3, 3.1, 4.2):** Hér er myndað öflugt flutningsfyrirtæki raforku sem nær til flutnings- og aðveitukerfisins auk þess sem sala raforku er aðgreind frá annarri starfsemi, sjá mynd 7.4.

f) **Samkeppni komið á smám saman og myndað öflugt flutnings- og dreififyrirtæki en raforkusala í höndum sjálfstæðra fyrirtækja (1.2, 2.3, 3.2, 4.2):** Hér er myndað öflugt fyrirtæki sem sér um allan flutning og dreifingu raforku auk þess sem sala raforku er aðgreind frá annarri starfsemi, sjá mynd 7.5.

g) **Samkeppni komið strax á (1.3, 2.2, 3.1, 4.1):** Verulegar breytingar gerðar á raforkuvinnslu og flutningi þar sem Landsvirkjun er greind upp í tvö fyrirtæki og flutningskerfið aðgreint frá annarri starfsemi, sjá mynd 7.6.

h) **Samkeppni komið strax á og raforkusala í höndum sjálfstæðra fyrirtækja (1.3, 2.2, 3.1, 4.2):** Verulegar breytingar gerðar á raforkuviðskiptum þar sem Landsvirkjun er greind upp í tvö fyrirtæki, flutningskerfið og sala aðgreind frá annarri starfsemi, sjá mynd 7.6.

i) **Samkeppni komið strax á og myndað öflugt flutningsfyrirtæki en raforkusala í höndum dreifiveitnanna (1.3, 2.3, 3.1, 4.1):** Verulegar breytingar gerðar á raforkuviðskiptum þar sem Landsvirkjun er greind upp í tvö fyrirtæki og flutnings- og aðveitukerfið aðgreint frá annarri starfsemi, sjá mynd 7.7.

j) **Samkeppni komið strax á og myndað öflugt flutningsfyrirtæki en raforkusala í höndum sjálfstæðra fyrirtækja (1.3, 2.3, 3.1, 4.2):** Verulegar breytingar gerðar á raforkuviðskiptum þar sem Landsvirkjun er greind upp í tvö fyrirtæki, flutnings- og aðveitukerfið aðgreint frá annarri starfsemi og salan færð yfir í sjálfstæð fyrirtæki, sjá mynd 7.7.

k) **Samkeppni komið strax á og myndað öflugt flutnings- og dreififyrirtæki en raforkusala í höndum sjálfstæðra fyrirtækja (1.3, 2.3, 3.2, 4.2):** Verulegar breytingar gerðar á raforkuviðskiptum þar sem Landsvirkjun er greind upp í tvö fyrirtæki, flutnings-, aðveitu- og dreifikerfið aðgreint frá annarri starfsemi og sameinað í eitt fyrirtæki og salan færð yfir í sjálfstæð fyrirtæki, sjá mynd 7.8.



Mynd 7.2 Núverandi skipulag raforkuvinnslu, flutnings og dreifingar (leið



Mynd 7.3 Flutningskerfi Landsvirkjunar aðgreint frá annarri starfsemi (leiðir b og c).



Mynd 7.4 Flutnings- og aðveitukerfi raforku gert að sjálfstæðu fyrirtæki (leiðir d og e).



Mynd 7.5 Flutnings-, aðveitu- og dreifikerfi raforku gert að sjálfstæðu fyrirtæki (leið f).



Mynd 7.6 Landsvirkjun skipt upp í tvö fyrirtæki og flutningskerfið gert að sjálfstæðu fyrirtæki (leiðir g og h).



Mynd 7.7 Landsvirkjun skipt upp í tvö fyrirtæki og flutnings- og að-veitukerfi raforku gert að sjálfstæðu fyrirtæki (leiðir i og j).



Mynd 7.8 Landsvirkjun skipt upp í tvö fyrirtæki og flutnings- aðveitu- og dreifikerfi raforku gert að sjálfstæðu fyrirtæki (leið k).

7.4 Samanburður leiða

Hér að framan, í kafla 7.1, var fjallað um þau atriði sem koma inn í mat á einstökum leiðum og í töflu 7.1 er sýnt hvernig þessi atriði eiga við einstakar leiðir. Ekki má telja saman + og - fyrir einstakar leiðir þar sem atriðin vega misþungt og það er einnig einstaklingsbundið hve mikil áhersla er lögð á einstök atriði.

Einnig þarf að hafa aðra þætti í huga svo sem að íslenska raforkukerfið er ólíkt kerfum nágrannalandanna þar sem mestöll raforkuvinnslan er í vatnsaflsvirkjunum og engar tengingar eru við kerfi nágrannalandanna.

Tafla 7.1 Mat á helstu þáttum sem hafa verður í huga við skipulagsbreytingar á raforkuviðskiptum.

Leið	Samkeppni	Skilvirkni	Verðjöfnun	Gæði raforku	Umfang	Fjármögnun framkvæmda
a	0	0	0	0	0	0
b	+	+	---	-	-	-
c	++	++	---	-	-	-
d	+	+	--	-	--	-
e	++	++	--	-	--	-
f	++	++	-	-	--	-
g	++	+	---	--	--	--
h	+++	++	---	--	--	--
i	++	+	--	--	---	--
j	+++	++	--	--	---	--
k	+++	++	-	-	----	--

Helstu heimildir:

Anon. (1994), *Electricity Supply Industry: Structure, Ownership and Regulation in OECD Countries,* Alþjóða orkumálastofnunin (IEA), París.

Anon. (1995), *The Energy Sector and Water Resources in Norway 1994,* Iðnaðar- og orkuráðuneytið, Osló.

Ársfundarskýrslur Sambands íslenskra rafveitna og Sambands íslenskra hitaveitna.

Ársskýrslur Landsvirkjunar, RARIK og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Ársæll Guðmundsson (1996), „Þróun skipulagsmála í Skandinavíu", *Streymi, fréttabréf Rafmagnsveitna ríkisins,* 1. tbl., 3. árg., bls. 3-5.

David M. Newbery (1995), „Power markets and market power", Energy Journal, **16**(3), bls. 39-66.

Einar Hope, Linda Rud og Balbir Singh (1995), „Markets for electricity: economic reform of the Norwegian electricity industry" í Ole Jess Olsen (Ritstj.), *Competition in the Electricity Supply Industry,* Jurist- og Økonomforbundets Forlag, Kaupmannahöfn, 1995.

Energy Prices and Taxes 1995, IEA Statistics, OECD, 1996.

Jón Vilhjálmsson verkfræðingur á verkfræðistofunni AFL lagði til efni í kafla 3 og 7.

Lennart Hjalmarsson (1993), „Reglering och marknadsresultat på svensk elmarknad", *Memorandum No. 192,* Nationalekonomiska institutionen, Göteborgs Universitet.

OECD Electrical Supply Industry, OECD, Paris, 1994.

Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti lagði til efni í kafla 2.

Richard Green (1995), „The English Electricity Industry in the 1990s" í Ole Jess Olsen (Ritstj.), *Competition in the Electricity Supply Industry,* Jurist- og Økonomforbundets Forlag, Kaupmannahöfn, 1995.

Greinar í Veckans Affärer (11. des. '95), *Affärsvärlden* (11. apríl '96) og *The Economist,* 13. apríl 1996.

Ýmis skjöl frá *Electricity Company of New Zealand* og nýsjálenskum ráðuneytum.

Samtöl og samskipti um tölvupóst við Eirik Amundssen, prófessor við Verslunarháskólann í Bergen, Lennart Hjalmarsson prófessor við hagfræðideild Gautaborgarháskóla, Pekka Sulamaa, sérfræðing við finnska verslunarháskólann, Scott Foster, PIRA Energy Group - Europe (áður hjá IEA), Stuart Calman, sérfræðing í nýsjálenska umhverfisráðuneytinu og Tor Arnt Johnsen sérfræðing á rannsóknadeild norsku hagstofunnar

Þjóðhagsstofnun: Atvinnuvegaskýrslur og Þjóðarbúskapurinn.

Viðauki 1. Markaðskerfi fyrir íslenskan raforkubúskap: Nokkrar hugleiðingar og tillögur eftir Einar Hope[32]

1. Inngangur

1.1 Tilgangur þessarar skýrslu er að skoða nokkra þá þætti sem taka verður tillit til í endurskipulagningu íslensks raforkubúskapar. Breytingarnar miða að því að koma á markaðskerfi og auka samkeppni innan nýs reglugerðarramma í því skyni að auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna og annarra framleiðsluþátta. Nokkrar sérstakar tillögur í þessu efni sem lúta að íslenskum aðstæðum eru lagðar fram.

1.2 Í skýrslunni er aðaláherslan lögð á tillögugerðina fremur en fræðilegan og aðferðafræðilegan rökstuðning fyrir því að innleiða samkeppni og markaðslögmál í raforkubúskap. Þessi rökstuðningur er þegar vel þekktur[33]. Nokkrum útlínum í gerð og hegðun raforkumarkaðar verður þó lýst til að gefa umræðunni bakgrunn.

1.3 Tillögurnar eru lagðar fram án tillits til þess hvort líklegt sé að unnt yrði að afla þeim pólitísks stuðnings.

1.4 Tvær gerðir af raforkumarkaði fyrir Ísland eru skoðaðar í þessari skýrslu. Önnur byggir á samkeppni í vinnslu og sölu en hin eingöngu í sölu. Líta má á þessar markaðsgerðir sem valkosti eða röð skrefa í að koma á samkeppni í raforku-búskapnum, þar sem byrjað væri á að innleiða samkeppni í dreifingu og í næsta áfanga yrði komið á samkeppni sem næði sem víðast um raforkubúskapinn.

1.5 Þessi skýrsla er endurskoðuð gerð skýrslu sem lögð var fram í orkunefnd 30. ágúst 1996. Ég þakka nefndarmönnum ráðagóðar tillögur. Ég vil sérstaklega þakka Þórði Friðjónssyni og Friðriki Má Baldursyni fyrir að bjóða mér að taka þátt í þessu verkefni og fyrir örvandi samstarf. Yfirsjónir sem enn kunna að finnast í skýrslunni eru á mína ábyrgð. Það sama á við um þær skoðanir og tillögur sem settar eru fram. Norska samkeppnisstofnunin tengist þeim ekki á neinn hátt.

2. Viðfangsefni í endurskipulagningu raforkubúskaparins

2.1 Uppbygging markaðskerfis fyrir raforkuiðnaðinn snýst ekki einvörðungu um að koma á laggirnar raforkumarkaði og innleiða þar samkeppni. Skoða verður viðfangsefnin sem tengjast endurskipulagningu raforkugeirans í víðu samhengi til að tryggja hagkvæman rekstur kerfisins og að aðlögunin að nýju skipulagi gangi snurðulaust fyrir sig.

---

32 Lausleg þýðing á greinargerð um markaðskerfi fyrir íslenskan raforkubúskap eftir Einar Hope, forstjóra Norsku samkeppnisstofnunarinnar og prófessor við Norska hagfræði- og viðskiptafræðiskólann. Einar er einn af helstu sérfræðingum Norðmanna á sviði hagfræði raforkumála. Greinargerðin var tekin saman að beiðni orkunefndar. Birgir Árnason þýddi greinargerðina úr ensku.

33 Í þessu sambandi má vísa í rit Rannsóknastofnunarinnar í hagfræði og viðskiptafræði, Bergen/Oslo, varðandi bæði fræði- og rekstrarlegar hliðar á því að koma á laggirnar markaðskerfi fyrir raforkubúskap með sérstakri tilvísun til norska raforkuiðnaðarins. Ritin má panta frá SNF, Breiviken 2, 5035 Bergen-Sandviken.

2.2 Nokkur viðfangsefni í slíkri endurskipulagningu eru:

- Stofnun raforkumarkaðar – innleiðing samkeppni.
- Skipulagning raforkuflutnings – flutnings– og dreifikerfið.
- Skipulag og hegðun raforkufyrirtækja.
- Lóðrétt samþætting – lárétt samþætting.
- Eftirspurnarstýring.
- Byggðaskipulag.
- Framboðsöryggi.
- Samkeppnisstefna.
- Eftirlit með náttúrulegum einkaréttarfyrirtækjum.
- Erlend viðskipti með raforku.
- Eignarhald.
- Orkunýtni – orkusparnaður.
- Skyldur til að veita almenna þjónustu.

2.3 Ekki er tekið á öllum þessum viðfangsefnum í þessari skýrslu. Athyglin beinist fyrst og fremst að þeim þáttum sem mestu varða við hönnun á raunverulegu markaðskerfi og við endurskipulagningu náttúrulegrar einkaréttarstarfsemi í flutningi raforku.

3. Meginþættir í markaðskerfi fyrir raforkubúskap

3.1 Í samanburði við miðstýrt raforkukerfi, sem er í meginatriðum skipulagningar- og rekstrarkerfi sem stýrt er að ofan, þá byggir markaðskerfi í grundvallaratriðum á dreifðum ákvörðunum þátttakenda á markaðnum. Það sem skilur þessi kerfi að kemur fram í eftirfarandi:

Markaðskerfi	**Miðstýringarkerfi**
Dreifðar ákvarðanir þátttakenda á markaðnum	Miðstýrðar ákvarðanir yfirstjórnar
Rekstrarhagfræðileg nálgun: – Einstakir ákvörðunartakar – Markaðsskipulag – Markaðshegðun	Þjóðhagfræðileg nálgun: – Kerfisskipulagning – Ákvörðunarreglur – Stýrikerfi
Samkeppni: – Verð – Magn – Hagnaður – Arðsemi nýrra fjárfestinga – Almenn þjónusta	Stjórnunarlegar ákvarðanir: – Magn – Verð – Framleiðslugeta – Framboðsöryggi
Eftirspurnar eða jafnvægismiðað	Framleiðslumiðað

3.2 Við hönnun markaðskerfis er nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á þeim sviðum raforkubúskaparins þar sem hægt er að koma á samkeppni og hinum þar sem skilyrði náttúrulegs einkaréttar ríkja. Þessi greinarmunur er sýndur á mynd 1. Skilyrði náttúrlegs einkaréttar, aðstæður þar sem hagkvæmt er að láta einungis eitt fyrirtæki sjá um framboð vöru eða þjónustu, ríkja einkum í flutnings– og dreifikerfum raforkuiðnaðarins. Á hinn bóginn má yfirleitt koma við samkeppni í raforkuvinnslu og sölu.



Mynd 1

3.3 Grundvallarskipulag raforkumarkaðar er sýnt á mynd 2 innan ramma líkans sem byggir á hugtökunum skipulag-hegðun-skilvirkni. Hegðun eftirspurnar- og framboðs má leiða út frá tilboðsferlinu sem lýst er í kafla 6 og þar með hversu mikið neytendur eru reiðubúnir að greiða fyrir viðbótarrafmagn á jaðrinum og jafnframt jaðarkostnað framleiðandans af því að bjóða viðbótarrafmagn.

Markaðsgerðin til skamms tíma er tekin sem gefin og henni er lýst með kerfislægum einkennum eða skilyrðum sem talin eru ráða mestu um það hvernig markaðurinn hegðar sér og þau markaðsviðbrögð sem búast má við. Skipulag og hegðun markaðarins ráða í sameiningu skilvirkni markaðarins, mældri með sérstökum mælikvörðum á frammistöðu. Efnahagsleg hagkvæmni er eini mælikvarðinn á skilvirkni eða frammistöðu sem stuðst er við í þessari skýrslu.

Óvissa um markaðsumhverfið er grundvallaratriði varðandi hvern markað, ekki síst raforkumarkað sem byggir á vatnsafli. Markaðskerfinu ætti því að fylgja skipulagður markaður fyrir áhættu eða aðrir kostir til stýringar áhættu.

Til skamms tíma er það markaðsgerð sem ræður hegðun og viðbrögðum sem ráða síðan skilvirkninni, eins og sýnt er á mynd 2. Til lengri tíma litið gengur orsakasambandið einnig í hina áttina frá frammistöðu til hegðunar og skipulags. Þetta sýnir að markaðurinn getur breyst með tímanum og er nauðsynlegt að hafa það í huga við mat á eiginleikum markaðskerfis.



Mynd 2

3.4 Efnahagsleg hagkvæmni er eina markmiðið eða frammistöðumælikvarðinn sem notaður verður við mat á markaðskerfi fyrir raforkuiðnaðinn[34]. Á hagkvæmninni eru fjórar hliðar:

– Hagkvæmur rekstur (til skamms tíma).

– Hagkvæm framleiðslugeta (til langs tíma).

– Hagkvæm verðlagning.

– Hagkvæm reglusetning.

3.5 Markaðskerfi verður að hafa:

– framleiðslugetu og úrlausn á takmörkunum í vinnslu og flutningi til skamms og langs tíma.

– getu til að skila raforku til neytenda.

---

34 Sjá frekari umfjöllun í Einar Hope o.fl., Markedsbasert kraftomsetning I Norge, SNF-Rapport 7/89.

– möguleika fyrir þátttakendur á markaðnum til að draga úr áhættu í samræmi við áhættufælni sína.

3.6 Markaðskerfi verður líka að bjóða upp á:

– hagkvæma og áreiðanlega verðmyndun.

– áreiðanlegar og opnar aðferðir til að gera upp viðskipti.

– umhverfi þar sem hægt er að gera viðskiptasamninga.

– tækifæri fyrir aðila til að eiga viðskipti annaðhvort á markaði eða með samningum.

– tækifæri fyrir kaupendur á raforku til að versla beint á markaði eða til að velja seljendur.

– samkeppni milli framleiðenda, þar á meðal nýrra framleiðenda.

– opinn og hlutlausan aðgang að flutnings– og dreifikerfinu.

– fullnægjandi upplýsingaflæði til allra aðila.

– hagkvæma tímasetningu og stærð fjárfestingarverkefna.

– snurðulausa aðlögun að samkeppni á markaði.

4. Reynslan af umbótum á norska raforkumarkaðnum

4.1 Losað var um reglusetningu norska raforkuiðnaðarins og hann endurskipulagður á grundvelli nýrra orkulaga frá 1990. Noregur hefur þróað fullkomnasta markaðskerfi fyrir raforkubúskap í heiminum. Frá og með 1. janúar 1996 er við lýði sameiginlegur raforkumarkaður fyrir Noreg og Svíþjóð.

4.2 Mynd 3 sýnir gerð norska raforkumarkaðarins (fyrir tengingu hans við sænska markaðinn, en grundvallarbyggingin er óbreytt). Um það bil 30% viðskipta með raforku fara nú fram á skipulögðum mörkuðum: fínstillingarmarkaðnum, dægur- markaðnum og vikulega markaðnum (með framvirkum samningum). Þessir markaðir þjóna þeim þremur hlutverkum sem nefnd voru í kafla 3.5 hér að framan. Megnið af viðskiptum með raforku er því enn samningsbundið en gert er ráð fyrir því að hlutur markaðsviðskipta fari vaxandi.

4.3 Meginþættirnir í umbótunum á norska raforkumarkaðnum voru[35]:

– að breyta hinum hefðbundna framleiðandamarkaði fyrir umframafl í varanlegan

35 Yfirlit og mat má finna í Einar Hope: „Kraftmarkeder og konkurransepolitikk" i *Marked, konkurranse og politikk*. Rit til heiðurs Egil Bakke, Bergen, 1995.

uppboðsmarkað fyrir raforku og samtímis að víkka markaðinn og bæta verðmyndun og uppgjör viðskipta.

- að opna fyrir aðgang að flutnings- og dreifikerfinu.

- að kljúfa ríkisraforkufyrirtækið (Statkraft) upp í raforkuvinnslufyrirtæki annars vegar og raforkuflutningsfyrirtæki (Statnet) hins vegar.

- að innleiða skil á milli raforkuvinnslu og -flutnings í lóðrétt samþættum raforkufyrirtækjum án þess þó að skylt væri kljúfa þau í sundur í sjálfstæð fyrirtæki.

- að viðhalda opinberu eignarhaldi á raforkufyrirtækjum, þ.e. einkavæðing var ekki hluti af umbótunum.

- að innleiða samkeppni í markaðshluta raforkukerfisins og móta nýjan reglugerðarramma fyrir þann hluta sem lýtur skilyrðum náttúrulegs einkaréttar.

Mynd 3 Núverandi skipan norska raforkumarkaðarins



4.4 Umbæturnar hafa skilað árangri og verulegum hagkvæmnisauka í formi:

- lægra almenns raforkuverðs.
- nýtingar þeirrar umframorkugetu sem myndast hafði í gamla kerfinu.
- meiri sveigjanleika á eftirspurnarhlið og betri skilnings og aðlögunar að þörfum neytenda.

4.5 Um þessar mundir er markaðskerfið undir nokkrum þrýstingi, að hluta vegna afar óvenjulegs veðurfars síðasta árið og vegna samþættingar norska markaðarins og þess sænska. Þessi þróun hefur leitt í ljós nokkra veikleika í núverandi fyrirkomulagi, einkum:

- lóðrétt samþætting raforkufyrirtækja leiðir til mismununar eigin viðskiptavina og annarra hvað varðar verð og annað sem lýtur að raforkuafhendingu.
- framleiðendur eru of fáir og staða þeirra á markaðnum of sterk.
- flöskuhálsar eru í flutningakerfinu, sem of lítið hefur verið gert í að losa um, einkum varðandi viðskipti með rafmagn við önnur Norðurlönd.
- vandkvæði hafa verið í samvinnu og verkaskiptingu samkeppnis- og eftirlitsyfirvalda í Noregi og Svíþjóð.

  Samkeppnisstofnanirnar eru nú að skoða leiðir til að bæta skilvirkni markaðskerfisins.

5. Sérkenni íslenska raforkuiðnaðarins

5.1 Taka verður tillit til sérkenna íslenska raforkuiðnaðarins að svo miklu leyti sem þau kunna að torvelda (eða auðvelda) innleiðslu hagkvæms markaðskerfis fyrir íslenskan raforkubúskap. Hér á eftir er fjallað um nokkur slík sérkenni og þýðingu þeirra fyrir markaðsgerð og samkeppni.

5.2 Raforkuframleiðsla á Íslandi byggir að stórum hluta á vatnsorku og afgangurinn á jarðvarma. Jarðvarmi er að auki mikilvæg orkulind fyrir húshitun, heitt vatn og svo framvegis. Enn eru miklar orkulindir vatnsafls og jarðvarma ónýttar á Íslandi.

Tvær orkulindir, vatnsafl og jarðvarmi, gefa færi á því að hanna og reka hagstætt raforkukerfi miðað við eftirspurn, sem færir sér í nyt ólíkan kostnað við raforkuframleiðslu úr þessum tveimur orkulindum. Þetta tækifæri til að blanda saman tvenns konar raforkuframleiðslu á sem hagstæðastan hátt á að grípa að því marki sem unnt er í ljósi vaxtar í raforkueftirspurn.

Í ljósi núverandi samsetningar kerfisins er ljóst að aukin eftirspurn eftir raforku verður að stórum hluta að koma frá orkufrekum iðnaði ef hafa á gagn af ónýttu afli. Við þetta vaknar sú spurning hvort miða eigi ný raforkuver, og þá um leið stærð

þeirra, til dæmis við nýtt álver, eða hvort velja eigi hagstæðustu stærð og rekstur fyrir kerfið í heild sinni hverju sinni. Að öðru jöfnu ætti að fara seinni leiðina vegna þess að nýtt orkuver er í raun órjúfanleg heild og vegna þess að heildstæð nálgun að viðfangsefninu gerir kleift að færa sér í nyt samspil kostnaðareinkenna sérstaks orkuvers og annarra þátta kerfisins til að hanna hagstæðasta heildarkerfið. Þetta er ekki mögulegt ef orkuver er byggt eingöngu til að sinna eftirspurn eins fyrirtækis, til dæmis álbræðslu.

Í því skyni að velja raforkukerfinu heppilega stærð og reka það á sem hagkvæmastan hátt er mikilvægt að byggja það upp í ljósi langtímajaðarkostnaðar og reka það í samræmi við skammtímajaðarkostnað. Þessi grundvallarregla á auðvitað einnig við um stækkun kerfisins til að mæta nýrri eftirspurn frá til dæmis nýrri orkufrekri stóriðju.

5.3 Fólksfjöldi á Íslandi er tiltölulega lítill og er hluti hans dreifður um strjálbýl héruð. Á hinn bóginn er landið að fullu rafvætt með samþættu raforkukerfi.

Smæð landsins vekur spurningu um það hvort mögulegt sé að hanna raforkukerfi sem færir sér að fullu í nyt stærðarhagkvæmni í vinnslu og flutnings, og hvort viðskipti með raforku séu nógu umfangsmikil til að standa undir hagkvæmu markaðskerfi.

Í stærðarhagkvæmnismálinu eru tvær hliðar. Fyrri spurningin er hvort raforkukerfið hafi verið hannað til að nýta stærðarhagkvæmnina að fullu og, ef ekki, hverning sé hægt að stækka það (á jaðrinum) til að nýta þessa hagkvæmni. Seinni spurningin lýtur að því hvort það að kljúfa sundur kerfið í því skyni að koma á samkeppni í vinnslu og flutningi hafi í för með sér stærðaróhagkvæmni. Nauðsynlegt er að skoða síðari spurninguna í samhengi við markaðsumbætur.

Önnur afleiðing smæðarinnar er að umfang viðskipta með rafmagn gæti verið of lítið til að standa undir markaðskerfi í þeim skilningi að greiðsluflæðið frá markaðsviðskiptum væri of lítið til að hagfellt markaðskerfi þrifist. Þetta atriði þarf að skoða nákvæmlega í samhengi við hönnun raforkukerfisins og verður það rætt aftur í kafla 6.

5.4 Íslenska raforkukerfið er lokað í þeim skilningi að ekki eru stunduð erlend viðskipti með raforku. Í ljósi staðsetningar landsins er ólíklegt að breyting verði á í þessu efni í fyrirsjáanlegri framtíð þótt sá kostur að leggja neðansjávarstreng til Skotlands hafi verið kannaður.

Í Noregi gefur flutningsnetið færi á útflutningi um 20% raforkuframleiðslunnar. Erlend viðskipti eru mikilvægur þáttur í að tryggja sem hagstæðasta nýtingu norsku vatnsorkuveranna í ljósi þess hvað aðrir orkugjafar kosta og til að minnka áhættuna sem fylgir þurrum árum.

Að mörgu leyti háttar eins til í raforkumálum á Nýja-Sjálandi og á Íslandi. Nýja-Sjáland var með fyrstu ríkjum til að hefja umbætur í raforkuiðnaðinum. Reynsla Nýja-Sjálendinga af því að draga úr hömlum og auka samkeppni kann því að eiga betur við sem viðmiðun fyrir Íslendinga en reynsla Norðmanna.

5.5 Á Íslandi, eins og í Noregi og víðar annars staðar, ræður opinbert eignarhald ríkjum í raforkubúskapnum. Samrýmist opinbert eignarhald markaðsbúskap og samkeppni? Af sjónarhóli samkeppnisstefnu snýst spurningin ekki svo mjög um opinbert eignarhald heldur frekar um það hvernig því er beitt í markaðsviðskiptum og hvaða áhrif það hefur á innri hagkvæmni í rekstri opinberra fyrirtækja. Það er því mikilvægt að ræða hvernig haga eigi opinberu eignarhaldi og beita því í raforkuiðnaðinum, svo að hin opinberu fyrirtæki njóti sjálfstæðis og geti hegðað sér á hagkvæman hátt á mörkuðum. Frekari umræðu um þetta atriði er að finna í kafla 6.

5.6 Landsvirkjun ber höfuð og herðar yfir aðra í íslenskum raforkubúskap og hefur nær einokunaraðstöðu hvað viðkemur raforkuvinnslu og raforkufluting. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir hönnun markaðskerfis og innleiðslu samkeppni í þessum geira og verður því rætt frekar í seinni köflum.

5.7 Íslenski raforkuiðnaðurinn býr einnig við mikla stýringu að ofan og býr við reglugerðarfarg. Til að markaðskerfi geti starfað á hagkvæman hátt er nauðsynlegt að létta á reglusetningu. Umbreytingin frá einum reglugerðarramma til annars er mikilvægur liður í því að innleiða markaðskerfi og verður að gefa henni gaum. Frekari umræða um þetta er í köflum 9 og 10.

6. Nokkrar tillögur um hvernig koma megi á markaðskerfi fyrir raforkubúskapinn á Íslandi

6.1 Í þessum kafla verða settar fram nokkrar ákveðnar tillögur um það hvernig hanna megi markaðskerfi fyrir þann hluta raforkubúskaparins sem lotið getur samkeppni á grundvelli þess sem sagt hefur verið í fyrri köflum. Í áttunda kafla verða tíundaðar tillögur um flutningshluta raforkukerfisins.

6.2 Tvær markaðsgerðir verða ræddar:

- samkeppnisgerð þar sem Landsvirkjun verður klofin í tvö raforkuvinnslu-fyrirtæki til að koma á samkeppni í raforkuframleiðslu.

- einkaréttur þar sem raforkuvinnsluhluta Landsvirkjunar er haldið sem einni heild en flutningshlutverkið klofið frá.

6.3 Sú gerð sem lengra gengur – samkeppnisgerðin – er rædd fyrst. Hægt er að líta á gerðirnar sem valkosti eða mismunandi áfanga í því að koma á laggirnar markaðsumhverfi og samkeppni eftir ferli sem nær frá takmarkaðri samkeppni – einkaréttargerðin – að mun víðtækari samkeppni -samkeppnisgerðin[36]. Valið um markaðsgerð getur oltið á því hvort það er talið raunhæft að koma á fót fullbúnu markaðskerfi frá upphafi eða hvort vissara sé að fara hægar í sakirnar. Þetta veltur meðal annars á vilja og getu þátttakendanna í raforkuiðnaðinum til að laga sig að því sem fylgir markaðsumbótum. En

36 Svo virðist sem Ný-Sjálendingar hafi fylgt þessu ferli við umbreytingu síns raforkuiðnaðar, þótt ekki sé víst að þeir hafi verið að fullu meðvitaðir um það. Með reynsluna að baki er hugsanlegt að þeir kynnu að hafa viljað fara öðruvísi að og er vbert að hafa það í huga.

þegar öllu er á botninn hvolft má vænta þess að pólitísk sjónarmið ráði lokaniðurstöðunni.

6.4 Hvað sem líður valinu á markaðsgerð er nauðsynlegt að koma á fót sérstöku raforkuflutningsfyrirtæki sem ætti að eiga og reka afmarkaðan hluta flutnings- og dreifingarkerfisins. Þetta fyrirtæki er hér kallað Landsnet (LN). Þetta skref er nauðsynlegt til þess að skilja að raforkuvinnslu annars vegar og raforkuflutning og dreifingu hins vegar, svo að hægt sé að opna flutningskerfið og reka það með hagkvæmum hætti.

6.5 Tillögur varðandi samkeppnisgerðina

6.5.1 Skilja ber að vinnslu og flutning í lóðrétt samþættum fyrirtækjum vegna þeirra skilyrða náttúrulegrar samkeppni sem ríkja varðandi raforkuflutning. Þetta er hægt að gera með því annaðhvort að deildskipta fyrirtækjunum, eða sem er ákjósanlegra að kljúfa fyrirtækin að fullu í sundur.

6.5.2 Skoða verður þann möguleika hvort skilja á í sundur smásöludreifingu á raforku og eiginlegan flutning hennar.

6.5.3 Nánar tiltekið þarf að skilja raforkuflutning og tengd mannvirki Landsvirkjunar (LV) frá rafmagnsvinnslu fyrirtækisins[37].

6.5.4 Í ljósi yfirburðarstöðu Landsvirkjunar í raforkuvinnslu svo nálgast einokunar-aðstöðu verður ókleift að koma á samkeppni í raforkuheildsölu nema raforkuvinnsla LV verði skipt á fleiri en eitt fyrirtæki. Mælt er með því að raforkuvinnslu LV verði skipt á tvö fyrirtæki þannig að stofnað verði nýtt fyrirtæki sem yfirtaki að minnsta kosti 30% af núverandi framleiðslugetu Landsvirkjunar.

6.5.5 Hafa verður í huga að LV verður áfram með afar sterka stöðu á markaðnum eftir skiptinguna og skoða þarf ráð til að koma í veg fyrir að LV kæfi samkeppni í bráð og lengd, til dæmis með því að:

- setja þak á hversu stóran þátt LV má eiga í fjárfestingu í nýrri orkugetu.
- gera kröfu um að LV skilji rekstur nýrra virkjana frá þeim eldri til að draga úr möguleikum á niðurgreiðslum innan fyrirtækisins og til að auðvelda nýjum aðilum inngöngu á markaðinn.

6.5.6 Stuðla verður að þátttöku nýrra aðila á markaðnum án þess þó að hygla þeim umfram aðra. Hugsanlegt er að leyfa erlendum fjárfestum þátttöku.

6.5.7 Raforkufyrirtæki eiga að vera hlutafélög svo að þau hafi hvata til hagkvæms rekstrar í markaðsumhverfi og til að hægt sé að tryggja þeim nægilegt sjálfstæði frá pólitískum áhrifum og draga þannig eftir megni úr líkum á því að sjónarmið önnur en þau sem lúta að hagkvæmni ráði ákvörðunum. Það er sérstaklega mikils um vert

---

37 Slík skipting fór t.d. fram í Englandi (National Power og Power Gen) og Nýja-Sjálandi (Electricity Corporation of New Zealand og Contact Energy).

að dreifingarfyrirtækin séu hlutafélög því að þau eru líklegust til að verða fyrir pólitískum þrýstingi og á þessum vettvangi eru líkurnar á hagkvæmnisauka verulegar.

6.5.8 Opna á raforkuflutningskerfið fyrir ótakmörkuðum (nema hugsanlega ef flutningsgeta er takmörkuð) raforkuflutningi á hlutlausan og augljósan hátt og tryggja aðgang að kerfinu á sama grundvelli.

6.5.9 Frá upphafi ætti að koma á laggirnar skipulögðum uppboðsmarkaði fyrir raforku (sjá kafla 7 og 8). Þetta fyrirtæki á að vera sjálfstæður og hlutlaus miðlunarmarkaður með dreift eignarhald sem veitir raforkuiðnaðinum viðskipta- og upplýsingaþjónustu.

Fyrirtækið á að:

- þróa og reka viðskiptakerfi fyrir raforku sem tryggir skilvirka verðmyndun á hinum ýmsu markaðsafbrigðum raforkunnar.
- koma á skilvirkum og sanngjörnum leikreglum fyrir markaðinn.
- þróa og reka skilvirk uppgjörs- og úrlausnarkerfi.
- þróa og framfylgja í nánu samstarfi við LN reglum um skilvirka samhæfingu markaðarins og flutningsnetsins.
- stuðla að viðskiptum með því að upplýsa þátttakendur á markaðnum.

6.5.10 Viðskipta- og uppgjörskerfin eiga að byggjast á tilboðskerfi fyrir markaðsaðila, sem dregur fram framboð á og eftirspurn eftir raforku á ákveðnum tímabilum og gefur raforkuverð fyrir hvert tímabil. Tilboðs- og uppgjörskerfin má sníða eftir fyrirkomulaginu á norska uppboðsmarkaðnum áður en samfelld viðskipti voru tekin upp. Hugsanlegt er að takmarka þátttöku á markaðnum, sérstaklega á eftirspurnarhlið og þá með tilliti til raforkunotkunar, ef til dæmis notkunarmælar eru ekki til reiðu strax í upphafi. Þessi ráðstöfun ætti hins vegar eingöngu að vera tímabundin þar til markaðurinn getur þjónað öllum notendum. Í stað dýrra notkunarmæla fyrir litla notendur kemur til greina að nota eftirspurnarmynstur við uppgjör.

6.5.11 Mikilvægt er að umfang viðskipta á uppboðsmarkaðnum sé nægilegt til að greiðsluflæði sé nóg og verðmyndun eðlileg og þarf að hyggja að aðgerðum til að tryggja þetta.

6.5.12 Þegar kemur að þörf fyrir framleiðslu- og flutningsgetu er hugsanlegt að íslenska raforkukerfið sé ekki nógu stórt til að réttlæta að formlegum fínstillingarmarkaði sé komið á fót. Hugsanlegt er að óformlegri reglur um tímabundna jafnt sem lengri tíma samhæfingu markaðs og raforkunets eigi betur við. Þessi þáttur væri á ábyrgð LN í nánu samstarfi við miðlunarfyrirtækið og markaðsaðila sérstaklega á framboðshlið. Á hinn bóginn er mikilvægt að tryggja að flutningstakmarkanir hafi ekki ótæpileg áhrif á markaðsviðskipti og verðmyndun.

6.5.13 Í raforkukerfum sem byggja á vatnsorku, eins og það íslenska, er nauðsynlegt að

markaðsaðilar geti dregið úr áhættu. Tvíhliða samningar eru ein leið til að draga úr áhættu, en hún er ófullkomin og lakari en áhættudreifing í gegnum markaði. Fyrsta skrefið í því að koma á markaðsbundinni áhættudreifingu er að leyfa viðskipti með tvíhliða samninga. Setja þarf reglur um viðskipti og skráningu slíkra samninga. Þetta á að vera í verkahring miðlunarfyrirtækisins en aðskilið frá uppboðs-markaðnum. Næsta skref væri að koma á skipulögðum áhættudreifingarmarkaði, til dæmis með framvirkum markaði. Hann gæti verið skipulagður sem markaður um framtíðarafhendingu, sem blanda af afhendingarmarkaði og markaði með staðlaða framvirka samninga eða sem hreinn markaður fyrir staðlaða framvirka samninga. Eins og áður gæti verið gott að styðjast við reynslu annarra þjóða, sérstaklega Noregs, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um skipan áhættudreifingar en auðvitað að teknu tilliti til séríslenskra aðstæðna hvað varðar greiðsluflæði og viðskiptaumfang svo tryggt yrði að slíkur áhættumarkaður starfaði vel.

6.5.14 Að svo miklu leyti sem almennar þjónustuskyldur eru álagðar, til dæmis varðandi einstaka neytendahópa eða afskekkt héröð, er brýnt að sníða þessar skyldur þannig að þær dragi sem minnst úr skilvirkni raforkumarkaðarins, með öðrum orðum slíkar skyldur ættu að vera markaðnum eins samrýmanlegan og kostur er.

6.6 Tillögur varðandi einokunargerðina

6.6.1 Meginatriðið í þessari markaðsgerð er að Landsvirkjun er leyft að halda einkaréttaraðstöðu sinni með nokkrum takmörkunum þó.

6.6.2 Það sem áður var sagt um hlutafélagsvæðingu vinnslu- og flutningsfyrirtækja, innra skipulag, lárétta skiptingu og svo framvegis í kafla 6.5 á einnig við um einkaréttargerðina.

6.6.3 Samkeppni í þessari markaðsgerð fer fram á smásölustiginu. Setja verður á laggirnar tilboðskerfi með líkum hætti og lagt var til í kafla 6.5 þar sem dreifingarfyrirtæki (smásölufyrirtæki), miðlarar og aðrir kaupendur get lagt fram tilboð en seljandinn á framboðshlið er aðeins einn (LV).

6.6.4 Samkeppni meðal seljenda við þessa markaðsgerð getur hugsanlega skilað hagkvæmnisauka í þeim skilningi að hún leiðir í ljós hvað kaupendur eru reiðubúnir til að greiða fyrir ákveðið raforkumagn á jaðrinum. Markaðsverðið ákvarðast síðan af jöfnuði milli vilja kaupenda til að greiða á jaðrinum og jaðarkostnaðs LV af því að framleiða það raforkumagn sem kaupendurnir falast eftir.

6.6.5 Það ræður úrslitum í þessari markaðsgerð að LV hegði sér eins og „góðviljaður" einokari og bjóði raforku til sölu sem endurspeglar raunverulegan jaðarkostnað fyrirtækisins í stað þessa að halda verðinu óeðlilega háu. Innleiða verður einhvers konar markaðseftirlit sem kemur í veg fyrir að LV geti notfært sér markaðsafl sitt þar sem ekki er einungis unnt að reiða sig á „góðan vilja" í þessu sambandi.

6.6.6 Hætta er á tvenns konar óhagkvæmni í þessari markaðsgerð. Í fyrsta lagi er hætta á því að LV haldi raforkuverði óeðlilega háu án þess að eftirlitsaðilinn komist að því vegna ónógra upplýsinga. Í öðru lagi er hætt við að LV reki orkuver sín í rangri röð miðað við eftirspurn.

6.6.7 Ef sett er á laggirnar fyrirkomulag sem raðar orkuverum eftir verðleikum (þ.e.a.s. eftir jaðarkostnaði) á það að vera LN sem rekur það sem hluta af því verkefni að samhæfa framleiðslu og flutning á raforku.

6.6.8 Einnig er hugsanlegt að innri rekstur LV verði óhagkvæmur í þessu kerfi. Einokunarfyrirtæki er ekki undir sams konar þrýstingi frá markaðnum og fyrirtæki í samkeppni eru til að lækka kostnað og draga eftir megni úr annarri innri óhagkvæmni. Þetta mælir því einnig með markaðseftirliti. Sjá einnig kafla 10.

6.6.9 Hægt er að láta LV mæta samkeppni smám saman í þessari markaðsgerð ef nýjum aðilum verður heimilað að fjárfesta í nýjum orkuverum. Þar sem gert er ráð fyrir að nýfjárfesting verði einkum stór í sniðum í tengslum við nýjan orkufrekan iðnað er við hæfi að kanna hvort og í hvaða mæli nýir aðilar gætu aukið samkeppnina á þessu sviði.

7. Skipulagning raforkuflutningskerfisins

7.1 Markmiðið með hönnun raforkuflutningskerfisins er efnahagsleg hagkvæmni. Skipulagning og rekstur kerfisins eiga að stuðla að skilvirkum raforkumarkaði. Verðlagning og reglugerðarstýring eiga að vera eins samrýmanleg markaðnum og kostur er.

7.2 Raforkunetið á að skipuleggja á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til tækni- og kostnaðarþátta. Nokkrir slíkir þættir eru:

- stærðar og umfangshagkvæmni.
- ytri áhrif (kerfis áhrif).
- óvissuþættir.
- hliðarspor (hjááll).
- hvatar til of- eða vanfjárfestingar.
- víxl styrkir.
- staðbundin einokun.
- flutningstöp.
- tengsl við viðskiptavini.

Umfang náttúrulegrar einokunar í kerfinu þarf að ákvarða á grundvelli kostnaðarathugana. Í ljósi smæðar íslenska raforkunetsins má gera ráð fyrir því að kerfið í heild sinni lúti skilyrðum náttúrulegrar einokunar eða með öðrum orðum að hagfelldast sé að einungis eitt fyrirtæki sjái um alla flutningsþjónustu að öðru jöfnu. Önnur sjónarmið til að mynda varðandi verðlags- og samkeppnisstefnu kunna að leiða til annarrar niðurstöðu.

7.3 Nauðsynlegt er að góður skilningur sé á skilyrðum náttúrulegrar einokunar í raforkuflutningi og -dreifingu þannig að hægt sé að greina á milli sviða þar sem samkeppni verður komið við og sviða þar sem „hrein" náttúruleg einokun er á ferð.

7.4 Sú lausn sem liggur beinast við er að skilja smásöludreifinguna frá raforkuflutningi með því að setja á fót hrein smásöludreifingarfyrirtæki. Ef um stærðarhaghvæmni er að ræða í núverandi raforkudreifikerfi ætti að nýta hana með láréttri samþættingu dreififyrirtækja.

8. Nokkrar tillögur um skipulag flutningskerfisins

8.1 Koma verður á fót sjálfstæðu flutningsfyrirtæki Landsneti, (LN), sem yfirtæki raforkuflutning LV. Jafnframt ætti LN að yfirtaka hluta af dreifikerfinu sem rafmagnsveitur reka nú. Tveir kostir standa til boða:

- Eitt fyritæki (LN) til að reka allt flutnings- og dreifikerfið. Þessi kostur yrði ofan á ef athugun leiddi í ljós að skilyrði náttúrulegrar samkeppni væru mjög víðtæk, jafnvel að því marki að kerfið sem heild lyti skilyrðum náttúrulegrar einokunar.

- Tveggja laga fyrirkomulag þar sem LN á og rekur flutningskerfið niður í 11kV. Afgangurinn – sjálft dreifkerfið – yrði í eigu og rekið af dreififyrirtækjum. Til að nýta stærðarhagkvæmni mætti sameina dreififyrirtæki til að skapa sem hagkvæmasta fyrirtækjastærð. Þessi skipting milli LN og dreififyrirtækjanna helgast helst af sjónarmiðum verðlags- og samkeppnisstefnu.

8.2 LN gæti verið í ríkiseigu en fulltrúar í stjórn ættu að koma sem víðast að innan og utan raforkuiðnaðarins. Það ætti ekki að vera í eigu eins hóps, til dæmis dreififyrirtækjanna, sem gætu í slíku tilfelli haft óeðlileg áhrif á þennan mikilvæga þátt raforkukerfisins.

8.3 LN ætti að bera ábyrgð á skipulagningu flutningskerfisins og á reglum sem lúta að notkun þess.

8.4 Athuga ætti hvort skilja má þá hluta smásöludreifingar þar sem koma má við samkeppni frá flutningi og koma á laggirnar hreinum dreififyrirtækjum (hliðstæðum LN).

8.5 LN (og dreififyrirtækin) ættu að lúta eftirliti sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar.

8.6 Afnema þarf einkaleyfi raforkufyrirtækja til að selja raforku, annaðhvort að fullu eða varðandi neytendur sem nota tiltekið raforkumagn á tímaeiningu. Markmiðið væri að afnema allar einkleyfistakmarkanir, helst frá upphafi, að skyldunni til að tengjast raforkunetinu undanskyldri.

8.7 Opna verður flutningskerfið með lögum svo að eigandi eða rekstraraðili geti ekki hafnað eða takmarkað flutning af óréttmætum ástæðum. Það er sérstaklega mikilvægt að tryggja að ákvörðun verðlags og annarra skilyrða sé fyllilega opinská og að aðgangur að flutningskerfinu sé hlutlaus og sanngjarn og að ekki sé um mismunun að ræða.

8.8 Hvað sem líður skipulagi raforkunetsins þarf að endurskoða núverandi verðlagningu með það að markmiði að finna og koma á sem hagstæðastri verðlagningu sem stutt getur markaðskerfið. Verðlagning á að vera með þeim hætti að í henni felist sem minnst mismunun og sem minnstar innbyrðis tilfærslur milli neytendahópa eða héraða. Að því marki sem kostur er á verðlagningin að endurspegla raunverulegan kostnað fyrir aðgang að og afnot af kerfinu til skamms og langs tíma. Endanlegt verð yrði að öllu jöfnu ofið úr þremur þáttum, aðgangseyri, orkugjaldi og aflgjaldi.

9. Samkeppnisstefna og reglusetning

9.1 Markmiðið hér má skilgreina sem hönnun reglugerðarramma sem tryggir efna-hagslega hagkvæmni í raforkubúskapnum á grundvelli markaðskerfis þar sem samkeppni er driffjöðurin.

9.2 Hönnun slíks ramma samanstendur af tveimur meginþáttum:

- Samkeppnisstefna fyrir þau svið sem lúta samkeppni.

- Reglusetning fyrir þau svið sem lúta náttúrulegri einokun.

Þetta krefst þess að dregin sé skýr markalína milla þessara tegunda sviða og að umfang skilyrða náttúrulegrar einokunar sé greint eins og rætt var að framan.

9.3 Í þessu sambandi vakna tvær spurningar:

- Nákvæm hönnun reglugerðarrammans hvað varðar skipulag og tæki, þar á meðal útlistun á verkaskiptingu milli hins sérstaka eftirlitsaðila í raforkukerfinu og annarra eftirlitsaðila sem hafa víðtækara umboð, sérstaklega Samkeppnis-stofnunar.

- Umbreytingin frá núverandi handaflsstýringu að markaðsfyrirkomulagi með mun léttari stýringu.

9.4 Taka verður fjölda atriða með í reikninginn við hönnun reglugerðarramma. Meðal þeirra eru:

Reglugerðar- og samkeppnisstefnuatriði:

- Ódýrust skipulagning - kerfisskipulagning.

- Eftirspurnarstjórnun.

- Reglur um arðsemi.

- Reglur um hámarksverð. Hagkvæmnisaðgerðir.

- Frammistöðusamkeppni/samanburður.

- Verðlagseftirlit Landsnetsins (LN).

– Útfærsla hagkvæmra flutnings- og dreifigjalda.

– Neytendaupplýsingar.

– Opinn aðgangur að flutnings- og dreifikerfi. Skýrar og opinskáar reglur.

– Hlutafélagvæðing raforkufyrirtækja.

– Uppskipting lóðréttra heilda. Deildaskipting.

– Leiðir til að koma í veg fyrir að neytendur festist í langtímasamngingum.

– Atriði varðandi ráðandi fyrirtæki.

– Samráð – opið og dulið.

– Almenn þjónustuskylda.

9.5 Um sum þessara atriða hefur þegar verið fjallað. Hér á eftir verða lagðar fram nokkrar tillögur um hönnun hagkvæmasta reglugerðarumhverfis. Tillögurnar taka mið af því að í markaðskerfi eiga inngrip stjórnvalda að mótast af gerð og hegðun markaðarins og stuðla að skilvirkni hans. Þetta hefur í för með sér að umhverfi raforkuiðnaðarins er aðlagað almennum starfsskilyrðum atvinnulífsins án þess þó að litið sé fram hjá sérkennum hans og þá ekki síst hvað viðkemur náttúrulegri einokun.

10. Tillögur um reglugerðarramma fyrir raforkuiðnaðinn

10.1 Þróa ætti reglugerð fyrir raforkuiðnaðinn sem byggist á efnahagslegum hvötum. Reglugerðin á eftir megni að vera sameiginleg fyrir samkeppnishlutann og hlutann sem lýtur nátturulegri einokun og byggja á almennri samkeppnisstefnu að svo miklu leyti sem hægt er.

10.2 Að því marki sem unnt er á að skilja í sundur tæknileg atriði varðandi leyfi til að byggja og reka orkuver og viðskipta- og efnahagsleg atriði. Hin fyrri eiga að vera í verkahring iðnaðarráðuneytisins. Athuga þarf þörfina fyrir tæknilegan eftirlitsaðila sem heyrði undir iðnaðarráðuneytið. Gera verður nauðsynlegar lagabreytingar, ekki síst á lögunum um Landsvirkjun.

10.3 Efnahagslegt eftirlit með raforkubúskapnum á að vera í verkahring Samkeppnisstofnunar Íslands bæði varðandi samkeppni og náttúrulega einokun. Það þarf því ekki að setja á laggirnar sérstaka stofnun til að líta eftir fyrirtækjum sem búa við náttúrulega einokun. Gera verður Samkeppnisstofnun kleift að sinna þessum nýju verkefnum og hugsanlega verður að gera breytingar á samkeppnislögunum frá 1993 til þess.

10.4 Reglugerðarramminn á að samanstanda af:

– Reglum til að koma í veg fyrir misneytingu markaðsafls og samkeppnis-fjandsam-

lega hegðun (yfirburðarstöðu, einokunarverðlagningu, innri niður-greiðslur, órétt-mæta neitun um viðskipti, til dæmis hvað varðar aðgang að raforkunetinu, samráð, festingu viðskiptavina í langtímasamninga).

- Reglur til að fylgjast með framgangsreglum á uppboðsmarkaðnum.

- Reglur til að hvetja náttúruleg einokunarfyrirtæki (LN og dreifingar-fyrirtækjunum) í átt til hagkvæmari reksturs.

- Reglur um upplýsingu neytenda um verð og annað sem áhrif hefur á eftirspurn til að stuðla að því að þeir taki skynsamlegar ákvarðanir.

Reglurnar í tveimur fyrri hópunum er þegar að finna í samkeppnislögunum og heyra til venjulegri starfsemi Samkeppnisstofnunar. (Varðandi eftirlit með uppboðs-markaðnum má líta til starfsemi Verðbréfaþings Íslands).

10.5 Grundvöllurinn að reglugerð fyrir náttúrulega einokun á að byggja á efnahagslegum hvötum. Kostir slíkrar reglusetningar felast í því að ábyrgð á aðgangi að raforkunetinu og verðlagning fyrir slíkan aðgang og fyrir afnot af netinu hvíla hjá þátttakendum á markaðnum. Þeir aðilar hafa sterkustu hvatana og bestu upplýsingarnar til að taka á slíkum atriðum.

10.6 Hornsteinn reglugerðarrammans á að lúta að kvöðum um upplýsingagjöf, sér í lagi:

- ef fyrirtæki starfar bæði á samkeppnissviði og sviði náttúrulegrar einokunar verður að koma á aðskilnaði, annaðhvort með því að skipta fyrirtækinu upp í sjálfstæð fyrirtæki eða með deildaskiptingu, sem felur í sér sjálfstætt endurskoðað bókhald fyrir hvora deild. Aðferðir við að skipta eignum, skuldum, kostnaði og tekjum og svo niðurstöðurnar af skiptingunni verður að kynna á opinskáan hátt svo ljóst verði hvort innri niðurgreiðslur milli starfsemi og/eða neytendahópa eru á ferðinni.

- mælikvarða á frammistöðu hvað varðar hagnað, hagkvæmni og áreiðanleika ásamt undirliggjandi aðferðafræði á að birta til að hvetja til hagkvæms rekstrar. Samanburður slíkra mælikvarða milli fyrirtækja gæfi aukinn hvata til hagkvæmni.

- upplýsingar um skiptingu kostnaðar og tekna á neytendahópa ásamt undir-liggjandi aðferðafræði á að birta svo unnt sé að greina hvort mismunun ríkir.

- frekari reglusetning á að athuga þegar reynsla er komin á þessar kvaðir um upplýsingagjöf.

10.7 Upplýsingar frá raforkufyrirtækjum á að birta til að gefa neytendum færi á því að taka skynsamlegar ákvarðanir um eftirspurn sína. Sérstaklega þarf að brjóta endanlegt verð upp í hina þrjá frumþætti: orkuverðið (framboðsverðið), verðið fyrir aðgang að og flutning í gegnum raforkunetið (flutningsverðið) og skatta, gjöld og/eða niðurgreiðslur. Þessi sundurliðun er nauðsynleg til að neytendur geti valið milli seljenda og til að upplýsa þá um orkukostnað þeirra.

11. Framboðsöryggi

11.1 Tvennt sem varðar framboðsöryggi er:

– rekstraröryggi kerfisins frá degi til dags.

– öryggi kerfisins sjálfs þegar þurrkar herja á vatnsorkuhluta þess („þurrkárs-áhætta").

11.2 Það á að vera í verkahring LN að tryggja rekstraröryggi kerfisins frá degi til dags í samvinnu við þátttakendur á markaðnum.(Sjá kafla 6).

11.3 Vörnum gegn þurrkársáhættu á ekki lengur að miðstýra og það á sérstaklega ekki að vera í verkahring endurskipulagðrar Landsvirkjunar að gera það. Öryggisstigið á að ráðast á markaðinum þannig að vatnsskortur endurspeglist í verðinu á dægurmarkaðnum á hverjum tíma en jafnframt þurfa að vera til reiðu tæki til að dreifa áhættu af þurru ári. Stjórnvöld eiga ekki að gefa neina tryggingu eða aðstoða markaðsþátttakendur sem ekki hafa dreift áhættu sinni nægjanlega. (Það er hins vegar á ábyrgð stjórnvalda að völ sé á ásættanlegu áhættudreifingarkerfi sem sé undir eftirlit þar til skipaðrar eftirlitsstofnunar.)

12. Lokaorð

12.1 Það er margt sem þarf að greina og taka á við endurskipulagningu raforkuiðnaðar. Hér hefur ekki verið tekið á því öllu en ég vona að ég hafi fjallað um helstu atriðin að því marki að nýst geti orkunefnd og hún geti einnig fengið hugmyndir úr reynslu Norðmanna.

12.2 Markaðsumbætur af þessu tagi fela í sér umfangsmikla þjóðfélagstilraun og árangurinn veltur á mörgum atriðum. Mikilvægast er sennilega að skapa almennt samkomulag meðal þeirra sem málið varðar um nauðsynina fyrir og útlínurnar í grundvallarumbótum og fá síðan alla þá sem ákvarðanir taka – frá Alþingi til einstakra aðila í raforkuiðnaðinum – til að starfa saman að því að umbæturnar skili árangri. Ég held að þetta sé ástæðan fyrir því hversu miklum árangri umbæturnar í Noregi hafa skilað.

Viðauki 2. Skipunarbréf nefndarinnar

Reykjavík, 18. apríl 1996

Til nefndarmanna í orkunefnd

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að endurskoða löggjöf um vinnslu, flutning og dreifingu orku. Meginmarkmiðið með þessari endurskoðun er að leggja grunn að hagkvæmri frambúðarskipan í orkumálum þjóðarinnar, meðal annars með það að leiðarljósi að auka skilvirkni í starfsemi á orkusviðinu, auka samkeppni, þó þannig að hún stuðli að jöfnun orkuverðs, tryggja gæði þjónustu sem og auka sjálfstæði orkufyrirtækja og ábyrgð stjórnenda.

Til að vera iðnaðarráðuneytinu til ráðuneytis við endurskoðun á lögunum hefur ráðherra ákveðið að skipa ráðgjafarnefnd. Leitað var eftir tilnefningu í nefndina frá þeim stjórnmálaflokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Akureyrarbæ, Reykjavíkurborg, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Samorku, Orkustofnun, Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins. Tilnefningar hafa nú borist.

Í nefndinni sitja[38]:

Þórður Friðjónsson, forstjóri, formaður,
Þorvarður Hjaltason, framkvæmdstjóri, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalags,
Sigþór Jóhannesson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokks,
Magnús Stefánsson, alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokks,
Helga Tulinius, jarðeðlisfræðingur, tilnefnd af þingflokki Kvennalista,
Guðjón Guðmundsson, alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokks,
Þorsteinn Hjartarson, tilnefndur af þingflokki Þjóðvaka,
Snorri Björn Sigurðsson, bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga,
Aðalgeir Pálsson, verkfræðingur, tilnefndur af Akureyrarbæ,
Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi, tilnefndur af Reykjavíkurborg,
Hrafnkell A. Jónsson, formaður verkalýðsfélagsins Árvakurs, tilnefndur af ASÍ[39],
Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, tilnefndur af VSÍ,
Aðsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri, tilnefndur af Samorku,
Gunnar H. Kristinsson, hitaveitustjóri, tilnefndur af Samorku,
Jakob Björnsson, orkumálastjóri, tilnefndur af Orkustofnun,
Halldór Jónatansson, forstjóri, tilnefndur af Landsvirkjun,
Helga Jónsdóttir, borgarritari, tilnefnd af Landsvirkjun og
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.

Hér með eruð þér skipaðir(-aðar) í ráðgjafarnefndina.

---

38 Þorkell Helgason, nýskipaður orkumálastjóri, tók sæti í nefndinni þann 12. september 1996.
39 Hansína Stefánsdóttir, formaður Alþýðusambands Suðurlands, tók sæti Hrafnkels í nefndinni.

Með nefndinni munu starfa Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri og Benedikt Árnason, hagfræðingur, auk þess mun Guðmundur Jóhannsson, viðskiptafræðingur í fjámálaráðuneyti sitja fundi nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar verða meðal annars:

1. Að vera iðnaðarráðuneytinu til ráðgjafar við endurskoðun II., III., IV., V., IX. og X. kafla Orkulaga sem fjalla um vinnslu raforku, um vinnslu jarðhita, um héraðsrafmagnsveitur, um hitaveitur, um Rafmagnsveitur ríkisins og um orkusjóð sem og sérlaga um einstök orkufyrirtæki. Í þessu skyni er nefndinni meðal annars falið að taka saman yfirlit um helstu sjónarmið sem hún telur að eigi að liggja til grundvallar við umrædda endurskoðun.

2. Að vera ráðuneytinu til ráðgjafar varðandi ýmsa aðra þætti, svo sem rekstrarumhverfi orkufyrirtækja, eftirlit með einokunarþætti í starfsemi fyrirtækjanna og fjármögnun endurnýjunar dreifikerfis raforku í sveitum.

3. Að fylgjast með og annast eftir því sem við á faglegar úttektir á mikilvægum þáttum í skipan orkumála, svo sem varðandi skipulagsmál, aðgreiningu vinnslu, flutnings og dreifingar orku og mat á kostum og göllum mismunandi rekstrarforma orkufyrirtækja. Jafnframt er nefndinni falið að draga saman niðurstöður sínar um þessi efni.

Óskað er eftir að ráðgjafarnefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. október 1996. Þóknun til nefndarinnar verður greidd af ráðuneytinu skv. úrskurði þóknananefndar.

Reykjavík 7. október 1996

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Efni: **Skýrsla ráðgjafarnefndar vegna endurskoðunar löggjafar um vinnslu, flutning og dreifingu orku**

Í framhaldi af umræðu á fundi ráðgjafarnefndarinnar í dag, tel ég rétt að koma á framfæri eftirfarandi skýringum mínum með skýrslunni. Skýrslan ber því auðvitað vitni, að þar kom að verki stór hópur manna sem um ýmislegt vildi leggja mismunandi áherslur á meginlínur í framtíðarskipan orkumála. Miðað við það hefur formanni tekist hið ótrúlega - að sætta nefndina við að senda frá sér skýrslu, þó þannig að nefndarmenn skili nánari skýringum á hugmyndum sínum og áherslum beint til ráðherra. Mínar helstu áherslur eru þrenns konar:

- Eins og fram kemur í inngangskafla skýrslunnar hefur núverandi raforkukerfi um margt reynst vel. Það stendur á traustum grunni, er tæknilega mjög gott, notendur búa við mikið afhendingaröryggi og verð er meðal þess lægsta í Evrópu. Sjálfsagt er að hagnýta sér reynslu annarra í því hvernig auka megi hagkvæmni og skilvirkni í orkugeiranum hér á landi. Í skýrslunni er bent á að erfiðara sé að koma á fullnægjandi samkeppni hér en í flestum öðrum löndum, þar sem íslenska raforkukerfið er lítið og ótengt öðrum kerfum. Því hlýtur að verða að leggja áherslu á að sérhvert skref sem stigið verður byggist annars vegar á rannsóknum á hagkvæmni raforkumarkaðarins hér á landi, sem ekki hefur farið fram, og hins vegar á vandlega undirbúnum áföngum, þar sem hagkvæmni hverrar breytingar hefur verið skoðuð.

- Samkeppni í vinnslu raforku hlýtur að byggjast á að sú heildarlöggjöf á sviði orkumála, sem lýst er í kafla 2.3 hafi litið dagsins ljós. Þar er m.a. gert ráð fyrir að mótuð verði stefna um eignarhald og almenna meðferð og nýtingu auðlinda sem er forsenda samkeppni í raforkuvinnslu.

- Vakin er athygli á að í skýrslu nefndarinnar er ekki að finna niðurstöður um hvernig hin aukna samkeppni stuðli að jöfnun orkuverðs, eins og kveðið er á um í skipunarbréfi nefndarinnar.

Með bestu kveðju,

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir

Halldór Jónatansson
07.10.1996

Bókun Halldórs Jónatanssonar með skýrslu orkunefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framtíðarskipan orkumála

---

Til áréttingar á framkomnum skoðunum mínum innan nefndarinnar varðandi nokkur meginatriði í framtíðarskipan orkumála á Íslandi óska ég eftirfarandi bókunar þar að lútandi og að bókunin fylgi skýrslu nefndarinnar:

1. **Ólíkar aðstæður hér á landi og í öðrum Evrópulöndum**
   Núverandi skipan raforkumála á Íslandi hefur um margt reynst vel. Raforkukerfið stendur á traustum grunni, er tæknilega mjög gott og notendur búa við mikið afhendingaröryggi, auk þess sem raforkuverð hér á landi er lægra en að meðaltali í Evrópu. Mikilvægt er að móta framtíðarskipan raforkumála hér á landi á þessum grunni um leið og menn færa sér í nyt reynslu og rannsóknir annarra þjóða í þessum efnum eftir því sem við á að teknu tilliti til sérkenna íslenskra aðstæðna. Segja má að í okkar samfélagi hafi samkeppni í orkumálum takmarkast við samkeppni Landsvirkjunar við erlend orkufyrirtæki um orkufrekan iðnað að ógleymdri samkeppni vatnsorku okkar og jarðhita við aðra orkugjafa, einkum olíu. Markmið breytinga á skipulagi raforkumarkaðarins getur aðeins verið eitt, þ.e.a.s. að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulindanna sem m.a. krefst þess að Íslendingar standist samkeppni við erlend orkufyrirtæki um nýjan orkufrekan iðnað.

   Enginn vafi er á því að samkeppni og markaðsfyrirkomulag raforkugeirans erlendis eiga erindi til skoðunar á Íslandi, þótt hér eins og annars staðar þurfi jafnframt að taka mið af staðbundnum aðstæðum. Slíka samkeppni má hugsanlega innleiða hér á landi í áföngum en þó aðeins að svo miklu leyti sem reynslan og hagkvæmniathuganir kunna að gefa tilefni til. Þá verður að tryggja að slíkar skipulagsbreytingar dragi hvorki úr hæfni Íslendinga til að virkja fyrir nýjan stóriðjumarkað né útflutning raforku. Í einkarekstri yrðu arðsemiskröfur ef til vill of háar til að slík hæfni yrði fyrir hendi og þjóðhagsleg hagkvæmni ekki metin sem skyldi.

   Aðstæður eru allt aðrar á Íslandi en í þeim Evrópulöndum þar sem skipulagi orkumála hefur verið breytt í átt til samkeppni í kjölfar sívaxandi samtengingar raforkukerfa hinna ýmsu landa. Skemmra er liðið síðan uppbygging orkumála hófst að einhverju marki hér samanborið við önnur lönd í Vestur-Evrópu og henni er hvergi nærri lokið. Þar að auki geta Íslendingar hvorki notið þess öryggis sem fyrrnefndri samtengingu fylgir né þeim markaðs- og samrekstrarmöguleikum sem samtengingin býður upp á til aukinnar hagkvæmni fyrr en lagður hefur verið sæstrengur til raforkuflutnings milli Íslands og annarra Evrópulanda. Eitt meginatriði sem ræður því að hvaða marki er skynsamlegt að breyta skipulagi orkumála með sama hætti og við markaðsvæðingu og einkavæðingu í ýmsum löndum Vestur-Evrópu á undanförnum árum er sú staðreynd að Íslendingar eiga miklar ónýttar orkuauðlindir. Stefnumörkun um það hvernig unnið verður að fullnýtingu þeirra segir til um hvaða skipulagsbreytingar koma til greina

innan orkugeirans. Ákveða þarf hvort íslensk stjórnvöld eigi að hafa forystu í uppbyggingunni, hvort sækjast eigi eftir samkeppni íslenskra aðila um uppbygginguna, og jafnvel þátttöku erlendra aðila í henni. Markmið frekari nýtingar á auðlindunum og afstaða til þess hvaða leið skuli fara í því sambandi samrýmist ekki að öllu leyti markmiðum samkeppnisfyrirkomulags raforkugeirans. Í fyrra tilvikinu er meginatriði að búa yfir fjárhagslegri getu til að standa að hagkvæmri uppbyggingu en í seinna tilvikinu er meginatriðið hagkvæm þjónusta við hægtvaxandi markað sem fyrir er. Uppbyggingin sem framundan er krefst öflugra fyrirtækja sem ráða við fjárfestingar af því tagi sem um ræðir. Markmið uppbyggingar og markmið sveigjanlegrar þjónustu í samkeppnisumhverfi gætu stangast á ef það yrði talið nauðsynlegt af samkeppnisástæðum að skipta upp Landsvirkjun, stærsta og langöflugasta orkuframleiðslufyrirtækinu sem er hið eina á landinu sem hefur haft bolmagn til þess að annast stórfellda uppbyggingu í raforkumálum á undanförnum áratugum.

Enn fremur verður hver sú breyting sem gerð verður á skipulagi orkumála að taka mið af því að vegna hinnar öru rafvæðingar landsins á undanförnum árum er raforkukerfið mjög skuldsett og er þess ekki að vænta að skipulagsbreytingar breyti því að verðlagningin verði að vera í samræmi við skuldastöðuna. Þetta er afar ólíkt þeim tilfellum sem mest er horft til í Evrópu þar sem mjög vel stæðum orkufyrirtækjum með lítt skuldsettar eignir var gefinn laus taumur til að leita hagræðingar á samkeppnismarkaði.

2. Fyrstu skref til að skapa forsendur fyrir samkeppni

Forsenda samkeppni í viðskiptum með raforku er aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu. Slíkum aðskilnaði er hægt að koma á án þess að brjóta upp núverandi fyrirtæki. Landsvirkjun mun þannig þegar á næsta ári skilja að flutning og vinnslu í bókhaldi. Æskilegt er að önnur fyrirtæki orkugeirans geri sambærilegar ráðstafanir í sínu bókhaldi. Þegar fengin verður reynsla af hinni bókhaldslegu skiptingu og að undangengnum formlegum rannsóknum á hagkvæmni orkugeirans verður ef til vill tímabært að ganga lengra í þessu efni og stofna sérstakt flutningsfyrirtæki sem hér verður nefnt Landsnet. Slíkt flutningsfyrirtæki gæti fyrst um sinn verið í eigu Landsvirkjunar en síðar í víðtækari opinberri eigu eða einkaeigu. Breytingar í þessa átt og til frekari uppskiptingar á orkufyrirtækjum, eins og t.d. Landsvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja, mætti síðan taka til athugunar og eftir atvikum framkvæma í áföngum og meta árangurinn eftir hvern áfanga ásamt kostum og ókostum þess að ganga lengra.

Með því að setja og framfylgja reglum um flutning raforku má koma í veg fyrir að eigandi flutningskerfisins geti hampað eigin orkuframleiðslu á kostnað framleiðslu annarra. Með sambærilegum hætti þarf að aðgreina dreifingu og raforkusölu dreifiveitna og setja reglur um aðgang þriðja aðila að dreifikerfinu. Með þessum breytingum yrði lagður grundvöllur að markaðskerfi. Samhliða þessu er mikilvægt að koma á fót eftirlitsaðila með því að bókhald og rekstur orkufyrirtækja gefi rétta mynd af tilkostnaði hinna ýmsu aðskildu þátta í starfsemi þeirra.

3. Raforkuflutningur

Eins og fram kom hér á undan er mælt með að vinnsla og flutningur verði aðskilinn bókhaldslega hjá orkufyrirtækjum og síðan verði metið í framhaldinu hvenær tímabært sé að fullur aðskilnaður eigi sér stað og þá með stofnun sérstaks flutningsfyrirtækis, Landsnets. Þegar fram í sækir er ekki sjálfgefið hvar mörk kerfis Landsnets og dreifikerfis eigi að liggja. Það þarfnast ítarlegrar skoðunar og kæmi hvort tveggja til álita að

skilgreina meginflutningskerfið þröngt, t.d. flutningskerfið sem nú er í eigu Landsvirkjunar, eða vítt, t.d. allar raflínur frá virkjunum til endanlegra notenda. Margt styður það sjónarmið að hagkvæmast væri að Landsnet yfirtæki þann hluta af flutningskerfi RARIK sem þarf til að tryggja að allar rafveitur eigi beinan aðgang að Landsneti.

Lagt er til að Landsneti verði falin ábyrgð á rekstri flutningskerfisins, áætlunargerð, álagsstýringu og gæðum raforkunnar. Hægt væri að búa svo um hnútana að Landsnet tryggði lágmarksframboð raforku og afhendingaröryggi á afhendingarstöðum sínum.

Tvenns konar hlutverk Landsnets kemur þá til greina. Annars vegar að Landsnet taki við verðjöfnunarhlutverki Landsvirkjunar og selji almenningsrafveitum raforku á sama gjaldskrárverði um land allt með kaupum á rafmagni af hinum ýmsu framleiðendum. Hins vegar að kaupendur og seljendur raforku á hinum almenna markaði eigi rétt á viðskiptum sín á milli en kaupi flutninginn á gjaldskrárverði af Landsneti sem virki þá sem milliliður fyrir viðskipti þessara aðila. Í fyrstu ætti hið fyrra við en hið síðara kæmi til skoðunar þegar frá liði. Í báðum tilvikum gæti Landsnet tekið að sér að flytja raforku til stóriðjufyrirtækja samkvæmt gildandi samningum þeirra við Landsvirkjun og önnur orkufyrirtæki.

4. Raforkuvinnsla

Lagt er til að leitast verði við að gefa vinnslu raforku frjálsa í áföngum eftir að Landsnet hefur verið stofnað og eftir því sem hagkvæmt kann að þykja. Í fyrstu verði samkeppnin takmörkuð við aukna raforkuþörf og raforkuvinnslan boðin út af Landsneti til að fullnægja stækkandi markaði. Framleiðsla raforku bæði vegna almennrar aukningar og hugsanlega einnig vegna nýrrar stóriðju yrði boðin út og hagkvæmni látin ráða að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða og hugsanlegrar gjaldtöku fyrir orkuvinnslu.

5. Raforkudreifing

Mælt er með reikningslegum og rekstrarlegum aðskilnaði dreifikerfanna frá annarri starfsemi veitnanna, þannig að unnt verði að krefja notendur kerfisins um raunverulegan kostnað fyrir notkun þess. Nú þegar þarf að aðskilja framleiðslu, dreifingu og sölu bókhaldslega hjá dreifiveitum og meta í framhaldinu hvað frekari aðskilnaður hefði í för með sér og hvar mörkin ætti að setja á milli kerfis Landsnets og dreifikerfisins.

6. Raforkusala

Myndun eiginlegs orkumarkaðar er ekki meðal fyrstu skrefa í markaðsvæðingu raforkugeirans. Framleiðendur eru of fáir og ekki verður séð að það sé skynsamlegt að byrja á að skipta upp Landsvirkjun til þess að skapa samkeppni í framleiðslu. Nær lagi er að líta á þetta sem framtíðarmöguleika sem e.t.v. beri að stefna að en fyrstu skref gætu falist í því að stuðla að því að hlutdeild annarra en Landsvirkjunar aukist í vinnslunni, t.d. með samkeppni um nývirkjanir til að mæta hinni árlegu aukningu í raforkuþörf hins almenna markaðar sem og hugsanlega um orkuþörf nýrrar stóriðju. Verði raforkuflutningsfyrirtækið Landsnet stofnað er lagt til að Landsneti verði falið að standa fyrir samkeppni þessari sem lið í orkuöflun sinni í þágu þess hlutverks síns að sjá almenningsrafveitunum fyrir nægri raforku og þá allavega fyrst í stað á sama gjaldskrárverði um land allt eins og lýst er hér að ofan. Umrædd samkeppni mundi stuðla að lægra gjaldskrárverði og hvetja og efla framleiðslufyrirtæki til að keppa innbyrðis og opna þannig fyrir möguleika þegar fram í sækir á að orkunotendur af ákveðinni

stærðargráðu geti leitað samninga við söluaðila sem eiga rétt á flutningi og dreifingu á þeirri raforku sem þeir kaupa og selja eftir að samkeppnismarkaður í framleiðslu hefur náð að eflast. Í kjölfar þess yrði hægt að gefa kaup og sölu raforku frjálsa á grundvelli almennra skilyrða. Þegar þar er komið sögu gæti hlutverk Landsnets breyst yfir í að vera millilíður frjálsra viðskipta kaupenda og seljenda.

7. október 1996

Halldór Jónatansson

Framtíðarskipan orkumála
Orkunefnd iðnaðarráðherra

Undirritaðir eru samþykkir þeim meginlínum sem lýst er í skýrslu nefndarinnar um framtíðarskipan orkumála. Hinsvegar benda undirritaðir á að eftir er að móta stefnu í fjölmörgum málum áður en unnt er að gefa orkuvinnslu og sölu frjálsa

Sérstaklega er brýnt að móta stefnu sem tryggir að arður af nýtingu náttúruauðlinda renni til almennings í landinu. Hingað til hafa orkuver landsmanna verið í eigu opinberra aðila og því unnt að líta svo á að arður af auðlindunum hafi runnið til allra landsmanna í formi lægra orkuverðs og/eða til uppbyggingar fyrirtækja í almanna eigu. Áður en opnað verður fyrir heimildir einkaaðila, þ.m.t. útlendinga, til virkjanna er nauðsynlegt að fyrir liggi hvernig gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruauðlindunum verður háttað.

Meðal annarra atriða sem liggja þurfa fyrir áður en opnað verður fyrir samkeppni má nefna:

- Hver veita á leyfi til virkjanna og á hvern hátt skuli velja milli aðila sem hug hafa á að reisa virkjanir.
- Hvernig tryggja á afhendingaröryggi orku.
- Hvernig hugsanlegri verðjöfnun verður hagað.

Sigþór Jóhannesson Þorsteinn Hjartarson

Hr. Finnur Ingólfsson
iðnaðar- og viskiptaráðherra

Í bréfi sem fylgdi skýrslu Orkunefndar iðnaðarráðherra um framtíðarskipan orkumála, áskilja nefndarmenn sér rétt til að skila til ráðherra nánari skýringum á hugmyndum sínum og áherslum varðandi efni skýrslunnar.

Í samræmi við það vil ég leggja áherslu á nokkur atriði varðandi framtíðarskipulag orkumála, sem ég tel mikilvæg og tel að þurfi að hafa í huga þegar og áður en ákvarðanir verða teknar.

Samkeppni
Í inngangi skýrslunnar er nánast slegið föstu að markaðsskipulag sé heppilegra fyrirkomulag í raforkubúskapnum en núverandi skipan enda þótt fram komi síðar að ekki hafi verið gerðar formlegar rannsóknir á hagkvæmni raforkumarkaðarins hér.

Ég vil nefna hér nokkur atriði sem ég tel að þurfi að hafa í huga áður en ákvörðun um samkeppnisbúskap í raforkumálum verður tekin.

Í fyrsta lagi tel ég nauðsynlegt og í raun sjálfsagt að ítarleg hagkvæmniathugun fari fram á íslenska raforkubúskapnum áður en kveðið er upp úr með hvaða skipulag sé heppilegast fyrir okkur. Í þessu sambandi er athyglisvert að verðlag á raforku er tiltölulega lágt á Íslandi og á það bæði við um rafmagn til fyrirtækja og heimila.

Í öðru lagi er ljóst að einangrun Íslands frá raforkumörkuðum erlendis kemur í veg fyrir að veruleg samkeppni geti skapast, allar líkur eru á því þrátt fyrir að frelsi yrði komið á í rafmagnsframleiðslunni þá yrði um fákeppni að ræða og verð á raforku yrði í samræmi við það. Tenging við Evrópu með streng er því í raun forsenda þess að virk samkeppni geti skapast á þessu sviði.

Í þriðja lagi má benda á að Ísland er lítið land og fámennt og því spurning einfaldlega af þeim ástæðum hvort skynsamlegt sé að skipta svo litlum einingum sem íslensku orkufyrirtækin óneitanlega eru. Í því sambandi hefur verið bent á að slík uppskipting gæti reynst varhugaverð m.t.t. kjara á erlendum lánsfjármörkuðum.

Í fjórða lagi er ýmsum spurningum ósvarað um það hvernig skyldum og ábyrgð varðandi framboð og afhendingaröryggi raforkunnar verður háttað með breyttu fyrirkomulagi.

Ég tel því ekki skynsamlegt að taka ákvörðun um samkeppnisfyrirkomulag í raforkugeiranum fyrr en þessi álitamál hafa verið krufin til mergjar og þá sé ljóst að verulegur ávinningur verði í því fólginn fyrir íslenskt efnahagslíf.

Rekstarfyrirkomulag
Ekki er hægt að taka að öllu leyti undir þær röksemdir sem settar eru fram um nauðsyn þess að hlutafélagsformið taki við af núverandi rekstrarformi. Ekki er hægt að sjá muninn á því hvort ríkið er eigandi allra eða yfirgnæfandi meirihluta hlutabréfa í hlutafélagi eða forsjáraðili ríkisfyrirtækis eins og er í dag. Mjög eðlilegt er að við núverandi aðstæður sé yfirstjórn þessara fyrirtækja í höndum fulltrúa almennings, þ.e. stjórnmálaflokkanna, jafnvel þó þeim kunni að vera mislagðar hendur á stundum. Raunar er það nú svo að ekkert eignar- eða rekstrarform tryggir réttar eða skynsamlegar ákvarðanir.

Stórlega má efast um þá áhættu sem ríkið hefur tekið af fjárfestingun í orkufyrirtækjum. Að vísu eru öll lán með ríkisábyrgðum, en gjaldskrám er ávallt stillt þannig að rekstrartekjur standi undir afborgunum af lánum. Þannig eru það í raun notendur sem hafa tekið á sig áhættuna af fjárfestingunum en ekki ríkið eða Reykjavíkurborg. Eigið fé orkufyrirtækjanna hefur því byggst upp af gjöldum notendanna, en ekki fjárframlögum eigendanna.

Komi hins vegar til virkrar samkeppni í fyllingu tímans og fjárfestar taka áhættuna en ekki notendur er hins vegar sjálfsagt að taka upp hlutafélagsformið.

Verðjöfnun
Lítið er tekið á verðjöfnun í skýrslunni, enda þótt skýrt sé kveðið á um það í erindisbréfi nefndarinnar að fjallað skuli um jöfnun orkuverðs. Þó er ljóst að ef sérstakt flutningsfyrirtæki verður sett á laggirnar, eins og lagt er til í skýrslunni, þá mun það auðvelda verðjöfnun.

Að mínu viti er einnig algerlega óhjákvæmilegt, ef stokka á upp skipulag raforkumála á Íslandi, að tekið verði á því hvernig best verði staðið að rekstri og dreifingu raforku í strjálbýlustu hlutum landsins. Engin samstaða mun nást um kostnaðarrétt verð og því verður að finna leiðir til að greiða niður verð á þeim svæðum. Ég tel ekki heppilegt að gera það í gegnum fjárlög í ljósi reynslunnar, en tel mun æskilegra að málið sé leyst innan orkugeirans sjálfs. Hægt væri að taka tillit til slíkra sjónarmiða með sérstökum heildsölutaxta til fyrirtækja sem dreifa orku á óhagkvæmum svæðum og einnig að sérstakur skattur, auðlindaskattur, yrði lagður á framleiðsluna, og þeim peningum varið til reksturs og styrkingar óhagkvæmra orkukerfa. Hugsanlega gæti Orkusjóður gengið í endurnýjun lífdaganna með slíkum skatti.

Með þessu móti yrði verðjöfnunin tvíþætt, annars vegar almenn í gegnum Landsnetið þar sem sama verð gilti hvar sem væri á netinu til dreifiveitna og hins vegar sértæk vegna sérstakra aðstæðna við dreifingu raforkunnar í strjálbýli.

Aðskilnaður flutnings frá vinnslu
Í skýrslunni er lagt til að skilið verði á milli vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu á rafmagni og sú skoðun rökstudd m.a. með því að líkar skipulagsbreytingar séu forsenda samkeppni. Eins og fram hefur komið hef ég efasemdir um möguleika samkeppni á þessu sviði að svo komnu máli, en tel engu að síður mikilvægt að skilja á milli vinnslu, flutnings og dreifingar. Í fyrsta lagi vegna þess að slíkt fyrirkomulag

leiðréttir þá mismunun sem hefur verið við lýði á milli almenningsrafveitnanna, annars vegar þeirra sem hafa haft bein viðskipti við Landsvirkjun og hins vegar þeirra sem hafa keypt raforku í heildsölu af Rarik. Í öðru lagi mun sérstakt flutningsfyrirtæki auðvelda verðjöfnun kjósi stjórnvöld að jafna raforkuverð. Einnig hefur komið fram að aðildin að EES útheimtir aðskilnað vinnslu og flutnings raforkukerfinu. Auk þess þá mun þessi skipulagsbreyting nú auðvelda þær breytingar sem verða þegar virk samkeppni verður möguleg.

Að lokum

Eins og fram kemur í ofanrituðu er ég óánægður með ýmsar áherslur í skýrslunni eða skort á þeim, en tel þó að um margt séu tillögur nefndarinnar til bóta. Einkum á það við um tillögurnar um aðskilnað vinnslu, flutnings og dreifingar, sem ég styð eindregið. Ég vil þó leggja áherslu á að engar mikilvægar ákvarðanir verði teknar um breytingar á raforkukerfinu fyrr en að betur athuguðu máli og þá sýnist liggja beint við að nú þegar verði hafist handa um vandaða úttekt, hagkvæmniathugun, á raforkumálum á Íslandi.

Selfossi, 17. október 1996

Þorvarður Hjaltason

Jakob Björnnson
fyrrv. orkumálastjóri
Kúrland 12,
108 Reykjavík

1996 11 01

Hr. Finnur Ingólfsson, iðnaðarráðherra,
Iðnaðarráðuneytið,
150 Reykjavík

Varðar: Endurskoðun Orkulaga

Hjálagt fylgir plagg sem nefnist „Nokkur minnisatriði um endurskoðun Orkulaga og framtíðarskipan orkumála á Íslandi með hliðsjón af skýrslu Orkunefndar iðnaðarráðherra frá október 1996."

Í því er fjallað um eftirtalin atriði :

1. Samhengið milli þróunar raforkumarkaðarins á Íslandi í framtíðinni og nauðsynjarinnar á skipulagsbreytingum í átt til markaðsvæðingar á raforkuvinnslunni. *Komist er að þeirri niðurstöðu að það sé fyrst og fremst vinnsla á raforku til raforkufrekis iðnaðar og/eða útflutnings sem kalli á slíka markaðsvæðingu og þá fyrst og fremst í því skyni að laða að erlenda fjárfesta í vinnslunni.* Almenni markaðurinn einn út af fyrir sig og nú umsamin stóriðja kallar ekki á skipulagsbreytingu í vinnslunni.

   Á þetta samhengi var bent í umræðum í nefndinni en að mati undirritaðs komust þær ábendingar ekki nægilega til skila í nefndarálitinu.

2. Það sjónarmið sem fram kemur í kafla 1.2.2 í skýrslunni þar sem segir : „Þannig mætti til dæmis í fyrstu takmarka samkeppni við aukna raforkuþörf og bjóða út raforkuvinnsluna sem þarf til að fullnægja stækkandi markaði." Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að fá þetta fellt út, en þessi setning felur að mati undirritðas í sér hugsun sem er í grundvallaratriðum ósamrýmanleg samkeppni; nfl. að einhver „eigi" þann markað sem fyrir er.

   Undirritaður er sammála því að þörf sé á aðlögunartíma fyrir þau vinnslufyrirtæki sem fyrir eru; ekki síst Landsvirkjun. Samkeppni á ekki að innleiða fyrr en að honum loknum. En þegar hún hefur verið innleidd á hún að ríkja. Eftir það „á" enginn neinn markað öðrum fremur.

   Leidd eru rök að því að ef ákvæði sem þetta er sett í lög, geti það haft mjög óæskilegar afleiðingar.

3. Áréttingu á því sjónarmiði undirritaðs sem hann setti fram í nefndinni að ekki eigi að skipta Landsvirkjun umfram það að skilja raforkuflutninginn frá henni. Í nefndarálitinu segir einungis að nefndin telji ekki „tímabært að taka afstöðu til" frekari skiptingar.

4. Ábendingu um hugsanlega áfanga í aðlögun raforkumarkaðarins að samkeppni. Þetta eru hugleiðingar undirritaðs sem eru í rauninni skýrslu nefndarinnar óviðkomandi því að þessa áfanga bar þar lítið á góma.

5. Ábendingu um nauðsyn þess að tryggja hag smárra rafmagnsnotenda þegar samkeppni verður innleidd í raforkusölu. Þetta er sett hér fram einungis til áherslu; ábendinguna er að finna í skýrslunni.

6. Ábendingu um að taka þurfi betur en gert er í skýrslunni af öll tvímæli um það, að almenningshitaveitur þurfa að starfa samkvæmt samkvæmt sérstöku einkaleyfi ráðherra þar eð þar er um náttúrulega einkasölustarfsemi að ræða þar sem samkeppni verður ekki við komið.

7. Gagnrýni á hugmynd sem fram kemur í skýrslunni um að skipa löggjöf um orkumál í heild með aðgreindum lögum án innbyrðis tengsla. Gagnrýni þessi byggist á því að orkumál séu í eðli sínu samstæð heild þar sem eitt hefur áhrif á annað. Þess í stað er mælt með því að hafa heildstæð orkulög sem spanna allar orkutegundir, en forma þau sem regnhlífarlöggjöf þar sem komið er í veg fyrir að lögin verði óviðráðanleg að umfangi með því að kveða á í sérlögum um nánari útfærslu á þeim meginákvæðum sem er að finna í sjálfum orkulögunum.

8 Ábendingu um nauðsyn heildstæðrar stefnumörkunar í orkumálum, sem koma þarf fram í nýjum Orkulögum, þar sem tekið er á grundvallarskipan orkuiðnaðarins í landinu, öryggi í aðgangi að hverskonar orku (ekki aðeins raforku), skilvirkni í meðhöndlun orku; þar með talinn orkusparnaður, yfirstjórn yfir orkulindum landsins og aðgangi að þeim, almennum stefnumiðum í nýtingu orkulindanna og rannsóknum á þeim í samræmi við þau stefnumið, árekstrum milli nýtingar orkulindanna og annarrar efnahagsstarfsemi eins og landbúnaðar og ferðaþjónustu og loks umhverfismálum orkuiðnaðarins í heild.

Vonast er til að þetta plagg geti orðið að einhverjum notum.

Með vinsemd og virðingu,

Jakob Björnsson

Jakob Björnnson
fyrrv. orkumálastjóri
Kúrland 12,
108 Reykjavík

Nokkur minnisatriði um endurskoðun Orkulaga og framtíðarskipan orkumála á Íslandi með hliðsjón af skýrslu Orkunefndar iðnaðarráðherra frá október 1996
1996 10 28 JB

1. Vöxtur raforkunotkunar og nauðsyn skipulagsbreytinga í raforkumálum

Notkun raforku hefur farið vaxandi hér á landi alla þessa öld. Allt fram á sjöunda áratuginn var þessi notkun bundin við svonefndar almennar þarfir; „almenna raforkunotkun", en með því er átt við raforkunotkun á heimilum og í öðrum atvinnurekstri en svonefndum raforkufrekum iðnaði. Frá sjötta áratugnum hefur notkun hans vaxið, en í stökkum, ólíkt hinni almennu sem vex nokkuð jafnt og þétt. Fyrsta stökkið kom með Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi en hin síðari með álverinu í Straumsvík og Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Nú er svo komið að helmingur allrar raforku sem notuð er á Íslandi fer til raforkufreks iðnaðar, sem er hærra hlutfall en í nokkru öðru iðnríki.

Almenna notkunin hefur vaxið mishratt á undanförnum áratugum. Einna örastur var vöxturinn um miðja öldina. Lengi vel var hann í kringum 7 % á ári sem samsvarar því að notkunin tvöfaldist á hverjum 10 árum. Á áttunda og níunda áratugnum hægði mjög á vextinum af margvíslegum ástæðum og sem stendur nemur vöxtur almennrar raforkunotkunar nálægt 3 % á ári. Samkvæmt raforkuspá til 2020 frá 1992 er meðalvöxturinn næstu 28 árin áætlaður um 2 % á ári.

Sem dæmi um hvað þessi hægi vöxtur almennu notkunarinnar þýðir fyrir nýtingu íslensku orkulindanna má nefna að það er fyrst árið 2104 sem heildarvinnsla raforku á Íslandi nær 25 TWh/ári með 2% vexti almennu notkunarinnar á ári ef engin nýr raforkufrekur iðnaður eða útflutningur á raforku kemur til eftir þá stækkun í Straumsvík sem samið hefur verið um. Árið 1995 var heildarvinnslan rétt tæpar 5 TWh.

Hugsum okkur aftur á móti að við viljum stefna að því að hafa nýtt 25 TWh/ári árið 2015. Þá þarf að koma til nýr raforkufrekur iðnaður og/eða útflutningur er notar 17,9 TWh árið 2015 til viðbótar þeim sem fyrir er þegar stækkunin í Straumsvík er komin í gagnið, eða 5,3-földun hans sem samsvarar 8,7 % meðalvexti á ári. Það er ekki ósvipaður vöxtur og var á almennri raforkunotkun um miðja öldina..

Á þessum tvennum „sviðsmyndum" af þróun raforkunotkunar í framtíðinni er að mínu mati afgerandi munur hvað varðar nauðsynina á skipulagsbreytingum i raforkumálum. *Ef gengið er út frá því að ekki verði um neinn nýjan raforkufrekan iðnað að ræða um langa framtíð, eða útflutning, þá er að mínu mati ekki nein knýjandi nauðsyn á skipulagsbreytingum. Þær gætu að minnsta kosti gengið afar hægt fyrir sig. Það er fyrst um fremst verulega hraðari þróun slíks iðnaðar en verið hefur að undanförnu (með einn samning á 19 árum) sem gerir skipulagsbreytingu aðkallandi.* Jafnvel þótt hún verði ekki svo hröð að raforkunotkunin verði komin í 25 TWh/ári 1915.

2. Rökin fyrir að breyta skipulagi raforkuvinnslunnar

Í starfi Orkunefndarinnar var bent á að núverandi skipan raforkumála hér á landi hafi um margt reynst vel. Raforkukerfið sé tæknilega traust og notendur búi við mikið afhendingaröryggi jafnframt því að raforkuverð sé hér á landi fremur lágt borið saman við meðaltal í Evrópulöndum. Þetta er rétt og undirstrikar einmitt að ef einvörðungu, eða fyrst og fremst, er tekið mið af væntanlegum vexti almennrar notkunar og af þeim raforkufreka iðnaði sem nú er í landinu er lítil ástæða til að breyta skipulaginu. Á það hefur einnig verið bent að íslenska raforkukerfið sé að því leyti ólíkt slíkum kerfum í Evrópu þar sem samkeppni hefur verið innleidd í vinnslu og sölu á raforku að íslenska kerfið er mjög skuldsett vegna örrar uppbyggingar en að í Evrópu séu raforkufyrirtæki mörg hver mjög vel stæð og með litlar skuldir.

Það er rétt að íslenska raforkukerfið er að þessu leyti ólíkt kerfum rótgróinna iðnríkja Evrópu. Rökin fyrir markaðsvæðingu þess hér geta því ekki verið hin sömu og þar. En íslenska kerfið líkist að þessu leyti raforkukerfum margra þróunarlanda sem komin eru nokkuð áleiðis til iðnvæðingar þótt á hinn bóginn sé þar í öðru tilliti ólíku saman að jafna. Kerfi margra þessara landa eru einnig mjög skuldsett, einmitt vegna örrar uppbyggingar, og þau búa við mikla lánsfjárþörf af sömu ástæðu sem leggur þungar byrðar á efnahag þessara ríkja. Svipað er hér þar sem skuldir Landsvirkjunar eru umtalsverður hluti af skuldabyrði landsins í heild. Samt hefur uppbygging raforkufreks iðnaðar hér á landi gengið mun hægar en vonir hafa staðið til. Væri ekki svo væri skuldabyrðin enn þyngri.

Mörg þessara þróunarlanda, t.d. í Suður-Ameríku, hafa markaðsvætt raforkuvinnsluna hjá sér fyrst og fremst í þeim tilgangi að laða erlent áhættufjármagn að henni. Það er nú orðið almennt viðurkennt að lítil von er til að takast megi að byggja raforkuvinnslu í þróunarlöndum upp með þeim hraða að vonir íbúanna þar um betra líf rætist í fyrirsjánlegri framtíð nema takast megi að virkja alþjóðlegt einkafjármagn til þeirrar uppbyggingar. Til þess þurfa markaðsleg skilyrði að vera með þeim hætti í þessum löndum að slíkt fjármagn leiti þangað. *Þótt Ísland sé ekki þróunarland held ég að svipað eigi við hér ef menn stefna að sæmilega hraðri uppbyggingu raforkufreks iðnaðar í landinu og/eða að útflutningi á raforku.* Er þá ekki endilega verið að tala um 25 TWh/ári árið 2015, en hinsvegar mun meira en einn samning á 19 ára fresti. Það getur fljótlega orðið Landsvirkjun einni hreinlega ofviða að byggja raforkuvinnsluna nægileg hratt upp til þess. Og hún yrði að fjármagna nývirkjanir að umtalsverðu leyti með erlendum lánum.

Þetta er að mínu áliti langsamlega veigamestu rökin fyrir því að innleiða samkeppni í raforkuvinnslu á Íslandi. Önnur rök, sem vissulega má finna, eru veigalítil í samanburði við þau.

3. Hvaðan kemur samkeppni í raforkuvinnsluna á Íslandi ?

Samkvæmt þeirri hugmynd sem er reifuð hér að framan verður samkeppni í raforkuvinnslu á Íslandi fyrst og fremst að koma erlendis frá; frá erlendum fyrirtækjum sem hasla sér völl hér á landi til að vinna raforku; fyrst og fremst fyrir raforkufrekan iðnað og/eða útflutning, en jafnframt til almennrar notkunar. Almenni markaðurinn einn sér er alltof lítill til þess að þess sé að vænta að erlend fyrirtæki hafi áhuga á honum. Með 2 % vexti á ári hefði hann vaxið úr 2,4 TWh 1995 í 4,1 TWh 2020, 7,4 TWh 2050 og tæplega 22 TWh 2104, sem er

minna en öll vinnsla Statkraft í Noregi nú, og er það fyrirtæki þó ekki hið stærsta á Norðurlöndum, hvað þá í Evrópu.

Það er engan veginn vandalaust að búa svo um hnútana að erlent einkafjármagn leiti í íslenska raforkuvinnslu. Eitt frumskilyrði þess er að íslensk löggjöf í þessu efni sé með þeim hætti að hún stuðli að því. Til þess þarf hún að vera skýr; sjálfri sér samkvæm innbyrðis, en umfram allt trúverðug. Að hún sé sjálfri sér samkvæm og trúverðug táknar meðal annars að ekki séu í henni innbyrðis mótsagnir. Hún má til dæmis ekki innihalda ákvæði eins og það sem er að finna á bls. 12 í áliti Orkunefndar; kafla 1.2.2, þar sem segir að það megi „í fyrstu" „takmarka samkeppni við aukna raforkuþörf og bjóða út raforkuvinnsluna sem þarf til að fullnægja stækkandi markaði." Í þessu felst sú hugsun að þeir sem fyrir eru „eigi" þann raforkumarkað sem fyrir hendi er þegar boðið er út; nýir framleiðendur eigi að takmarka sig við orkuþörfina umfram það. Þessari hugsun er ég algerlega mótfallinn og reyndi í nefndinni að fá orðalaginu breytt en án árangurs.

Að mínu mati stangast slík takmörkun á samkeppni, eftir að henni hefur einu sinni verið komið á, gjörsamlega á við grunnhugsunina í samkeppni, þar sem enginn þátttakenda „á" neinn markað eða getur gert tilkall til hans umfram aðra. Breytir þar engu þótt talað sé um að um „tímabundið" ástand sé að ræða. „Tímabundið" er teygjanlegt hugtak. Væri ákvæði er byggir á þessari hugsun sett í ný raforkulög óttast ég mjög að það yrði til að gera lögin tortryggileg í augum erlendra fjárfesta í raforkuvinnslu. Jafnvel er hugsanlegt að slíkt ákvæði þætti stangast á við EES-samninginn og Orkusáttmálasamning Evrópu eftir að Alþingi hefur staðfest undirritun iðnaðarráðherra undir hann frá því í desember 1994. Gæti það leitt til klögumála til ESA eða svipaðrar stofnunar innan ramma Orkusáttmálasamningsins. Slíkt væri síst til þess fallið að vekja áhuga erlendra fjárfesta á raforkuvinnslu á Íslandi.

Á það er rétt að benda að engin leið er að takmarka útboð nákvæmlega við raforkuþörf umfram þá sem fyrir er þegar útboð fer fram. Í fyrsta lagi er engin orkuspá fullkomlega áreiðanleg og til að tryggja viðunandi afhendingaröryggi yrði að bjóða út heldur meiri nýja orkugetu en sem samsvarar orkuspá. Í annan stað ræðst stærð virkjunar, auk viðbótarmarkaðarins, af aðstæðum á virkjunarstað eins og verið hefur alla tíð. Afleiðingin er sú, að jafnan verður fyrir í kerfinu, hér eftir sem hingað til, viss tímabundin umframgeta, jafnvel þótt leitast verði við að halda henni í lágmarki. Af því leiðir að einhver, eða einhverjir, af þátttakendum í vinnslunni nýta ekki afkastagetu sína til fulls; selja ekki alla þá orku sem þeir gætu framleitt. Í samkeppnisumhverfi ræðst það af samkepnninni, *og engu öðru,* í hvers hlut það kemur að sitja með meiri ónotaða afkastagetu en aðrir. Það væri fráleitt að ákveða það með lögum, jafnvel tímabundið. Ákvæðið, eins og nefndin virðist hugsa það, er þannig að mínu mati óframkvæmanlegt eftir að samkeppni hefur einu sinni verið komið á í raforkuvinnslu.

Á hinn bóginn er ég sammála meðnefndarmönnum mínum um að nauðsynlegt er að veita núverandi vinnslufyrirtækjum; ekki síst Landsvirkjun, aðlögunarfrest til að búa sig undir breyttar markaðsaðstæður. *Samkeppni á ekki að innleiða fyrr en að loknum nauðsynlegum aðlögunartíma. En þegar hún hefur einu sinni verið innleidd á hún að ríkja.* Að hugsanlegum áföngum í slíkri aðlögun er vikið hér síðar.

4. Á að skipta Landsvirkjun umfram aðskilnað flutnings og vinnslu ?

Í Orkunefndinni kom til umræðu hvort skipta ætti vinnsluhluta Landsvirkjunar upp í tvö eða fleiri fyrirtæki í því skyni að tryggja virka samkeppni í vinnslunni. Bent var á að Landsvirkjun stendur fyrir 93 % af heildarvinnslu raforku í landinu og 85 % af vinnslunni til almennra nota.

Niðurstaðan varð, eins og segir á bls. 13 í skýrslu nefndarinnar, að „ekki væri tímabært að taka afstöðu til skiptingar Landsvirkjunar í tvö vinnslufyrirtæki."

Mín afstaða er sú að það eigi ekki að skipta Landsvirkjun upp í fleiri en eitt vinnslufyrirtæki. Sú afstaða ræðst af því samhengi sem ég sé raforkuvinnsluna hér á landi í framtíðinni í; þ.e. að mikill meirihluti hennar verði vegna nýs raforkufreks iðnaðar og/eða útflutnings, en aðeins lítill hluti vegna almennrar notkunar. (Í dæminu af 25 TWh/ári heildarvinnslu 2015 væri hlutur almennrar notkunar þá kominn niður í 15 % úr 50 % nú.) Þetta samhengi skiptir að mínu mati sköpum. Ef við hugsum okkur að hér og nú væri tekin sú ákvörðun að ekki skuli komið á fót neinum nýjum iðnaði af þessu tagi um ófyrirsjáanlega framtíð og engin raforka flutt út, en samkeppni í vinnslu samt komið á, væri sennilega rétt að skipta Landsvirkjun í a.m.k. tvö vinnslufyrirtæki,ef til vill þrjú. Í slíku umhverfi hefði Landsvirkjun sem eitt fyrirtæki algera yfirburðastöðu; svo mikla að óraunhæft væri að tala um samkeppni í reynd, hvað þá að hún væri virk. Hitt er annað mál að skipting hennar í tvö eða fleiri fyrirtæki kostar peninga og við þær aðstæður væri það spurning hvort það væri ómaksins vert að koma á samkeppni í vinnslunni yfirleitt. Sem fyrr segir held ég að þá ætti ekki að innleiða samkeppni.

Spyrja má hvaðan samkeppni eigi að koma ef Landsvirkjun verður ekki skipt umfram það að skilja flutninginn frá henni. Mitt svar er: Hún verður að koma frá erlendum fjárfestum í raforkuvinnslu á Íslandi smátt og smátt eftir því sem raforkumarkaðurinn stækkar. Sem fyrr segir er það að mínu mati aðaltilgangurinn með því að innleiða samkeppni í raforkuvinnsluna hér á landi að laða slíka fjárfesta til landsins. Takist það verður Landsvirkjun ekki lengur í allsráðandi stöðu. Landsvirkjun er eitt öflugasta fyrirtæki landsins og hefur staðið sig með ágætum á undanförnum árum. Sem raforkuvinnslufyrirtæki stenst það gæðasamanburð við hvern sem er þótt það sé minna en mörg, líklega flest, fyrirtæki í raforkuvinnslu í öðrum löndum. Í samkeppnisumhverfi af því tagi sem að ofan er lýst, með erlenda fjárfesta virka í íslenskri raforkuvinnslu, er það þjóðinni mikilvægt að eiga slíkt fyrirtæki; alveg eins og það er henni mikilvægt að eiga Flugleiðir og Eimskip. Skipting Landsvirkjunar við slíkar aðstæður lamar fyrirtækið og samkeppnishæfni þess við erlenda fjárfesta

Þessu til viðbótar má nefna að skipting Landsvirkjunar nú eða í næstu framtíð er líkleg til að vinna gegn þeirri viðleitni íslenskra stjórnvalda að fá erlenda fjárfesta í *raforkufrekum iðnaði* til landsins. Landsvirkjun er nú mun minna fyrirtæki en flest þau sem í öðrum löndum selja slíkum iðnaði raforku. Margir fjárfestar þekkja lítið til Íslands og á brattann er að sækja fyrir íslensk stjórnvöld að yfirvinna þá eðlilegu tregðu sem ókunnugleikinn veldur. Margir þeirra kunna í fyrstu að efast um getu svo lítils fyrirtækis, sem þeir að auki þekkja ekki, til að sjá þeim fyrir öruggri raforku. Skipting Landsvirkjunar í tvö vinnslufyrirtæki væri síst til þess fallin að að gera það auðveldara að sigrast á slíkum efasemdum.

5. Hugsanlegir áfangar í aðlögun raforkumarkaðarins að samkeppni

Um þetta er ekki fjallað í skýrslu Orkunefndar svo að það sem hér fer á eftir er eingöngu mínar eigin hugleiðingar.

Hugsanlegir áfangar gætu að mínu mati verið eitthvað á þessa leið :

5.1 Bókhaldslegur aðskilnaður rekstursins á flutningskerfi Landsvirkjunar frá vinnslu raforku. (Mér skilst að þetta gerist 1. janúar 1997, í samræmi við tilskipun frá ESB sem einnig gildir innan alls EES-svæðisins).

Á árinu 1997 fari fram úttekt á því hvað af flutningskerfum Rafmagnsveitna ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og Orkubús Vestfjarða sé rétt að tilheyri Landsnetinu.

5.2 Hinn 1. janúar 1998 verði sá hluti flutningskerfa RARIK, HS og OV sem á að tilheyra Landsnetinu aðskilinn bókhaldslega frá öðrum rekstri þessara fyrirtækja.

Á árunum 1997 og 1998 fari fram gagnger úttekt á því hvernig verðjöfnun á raforku verði best fyrir komið í samkeppnisumhverfi. Sérstaklega verði hugað að því í hvaða mæli Landsnetið geti gegnt verðjöfnunarhlutverki án þess að það rekist á kröfuna um gegnsæi í verðlagningu á raforkuflutningnum og án þess að ýtt sé undir kröfur og óskir um beinar línur milli framleiðanda og notanda. Slíkar kröfur gætu komið fram frá stóriðjufyrirtækjum ef Landsnetinu verður ætlað viðamikið verðjöfnunarhlutverk og gjaldskrá þess verður illa gegnsæ.

Það má telja sjálfgefið að Landsnetið muni aðeins geta gegnt verðjöfnunarhlutverki að vissu marki. *Sú verðjöfnum sem stjórnvöld vilja hafa umfram það mark verður að fara fram eftir öðrum leiðum.* Koma þarf sér niður á þær leiðir. Í því samhengi kann gjaldtaka fyrir aðgang að orkulindunum að opna möguleika sem hingað til hafa ekki verið fyrir hendi.

Þessari úttekt þyrfti að ljúka sumarið 1998 þannig að fyrir lok þess árs væri unnt að gera nauðsynlegar lagabreytingar til að *létta af Landsvirkjun kvöðinni um að selja á sama verði á öllum sölustöðum.* **Afnám þeirrar skyldu er í rauninni forsenda þess að komið verði á samkeppni í raforkuvinnslu á Íslandi.**

Á þessum sömu árum, 1997 og 1998, þarf einnig að ganga frá því hverjir skuli eiga Landsnetið.

5.3 Hinn 1. janúar 1999 er fyrirtækið Landsnet formlega stofnað og það tekur við flutningskerfum í eigu Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og Orkubús Vestfjarða sem menn hafa orðið ásáttir um að skuli tilheyra því. Rekstur Landsnetsins hefst.

Á árunum 1997, 1998 og fyrri hluta 1999 þyrfti að móta hugmyndir um gjaldtöku fyrir aðgang að orkulindum til raforkuvinnslu og þróa þær þannig að hægt sé að setja lög um hana.

Á sömu árum þarf að setja lög um þau almennu skilyrði sem ráðherra skal fara eftir

við veitingu virkjunarleyfa; lög um eftirlit með samkeppni í raforkuvinnslunni og lög um opinbert eftirlit með Landsnetinu. Í almennu skilyrðunum þyfti að vera ákvæði um að í tilvikum þar sem iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra ná ekki samkomulagi um hvort leyfa skuli virkjun eða ekki skuli málið lagt fyrir Alþingi til endanlegs úrskurðar.

5.4 Á árinu 1999, hið síðasta, þarf að ákveða hvenær samkeppni skuli formlega komið á í vinnslu raforku. Þann tíma ætti að velja með hliðsjón af fyrirsjáanlegum nýjum raforkuverum þannig að ráðrúm gefist til útboðs og framkvæmda við þau frá því að samkeppni er tekin upp þar til þau þurfa að koma í gagnið. Með því að velja tímann þannig er tryggt að eldri orkuver eru nokkurnveginn fullnýtt þegar hin nýju koma í gagnið. Með því móti má ætla að vinnslufyrirtækin séu best undir samkeppni búin þegar hún kemur.

6. Raforkusala

Ég er sammála því sem um raforkusöluna er sagt í skýrslu Orkunefndar en vil vekja sérstaka athygli á því sem segir í niðurlagi kafla 1.2.5 og bætt var þar inn að minni tillögu. Þar segir: „Meðan svo er (þ.e. meðan almennir smánotendur rafmagns geta ekki af tæknilegum ástæðum fært sér í nyt tækifæri sem samkeppni í sölu býður uppá - innskot JB) getur þurft sérstakar ráðstafanir til að vernda smánotendur gegn því að byrðar sem stórnotendur létta af sér með samkeppninni séu lagðar á þá."

Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu. Það mun ekki dæmalaust erlendis frá að meira og minna föstum kostnaði sem rafveita situr uppi með þegar hún kemur í samkeppnisumhverfi í raforkusölu sé dreift á þá notendur sem eftir sitja þegar hinir, sem kost eiga á ódýrari raforku annarsstaðar, hafa beint viðskiptum sínum frá rafveitunni á staðnum. Slíkt hefur eðlilega vakið hörð viðbrögð sumsstaðar. Það er ekki einasta ósanngjarnt frá jafnræðissjónarmiði að rafveita fari þannig að heldur getur það skipt sköpum fyrir framgang hugmyndarinnar um samkeppni í raforkusölu að smánotendur telji ekki hagsmunum sínum ógnað með samkeppninni og rísi af þeim sökum öndverðir gegn henni.

7. Skipulag hitaveitumála

Einnig um þennan kafla er ég í aðalatriðum sammála meðnefndarmönnum mínum. En ég tel að ekki komi fram með nægjanlega skýrum hætti að vegna þess að starfsemi almenningshitaveitna er í eðli sínu náttúruleg einkasölustarfsemi *er óhjákvæmilegt að almenningshitaveitur starfi samkvæmt einkaleyfi hver á sínu orkuveitusvæði* svo sem verið hefur. Sú hugmynd að í sölu á heitu vatni geti ríkt samkeppni á hliðstæðan hátt og í raforkusölu tel ég ekki að sé raunhæf af tæknilegum ástæðum. Því er nauðsynlegt að það komi skýrar fram en í nefndarálitinu að hér er um að ræða starfsemi sem þarf að fara fram samkvæmt einkaleyfi.

Allt annað mál er að nauðsynlegt getur verið að endurskoða gildandi lagaákvæði um slík einkaleyfi á þessu sviði. Því er ég sammála. En það má ekki ríkja neinn vafi um nauðsynina á einkaleyfi.

8. Uppbygging nýrra orkulaga

Um þetta atriði (kafla 2 i nefndarálitinu) gerði ég verulegar athugasemdir við síðustu drög að nefndarálitinu. Að nokkru leyti var komið til móts við þær, einkum var kafli 2.2 lagfærður. En ég hef enn verulegar athugasemdir við nefndarálitið eins og það er. Nefndarálitið fjallar að meginefni til um raforkumál þar sem ég er að mestu sammála og mér fannst því ekki ástæða til að gera ágreining um það í heild vegna kafla 2 eins.

Athugasemdir mínar varða uppbyggingu nýrra orkulaga.

Ég er sammála því sem segir í þriðju málsgrein kafla 2.1 að Orkulög yrðu of yfirgripsmikil og þunglamaleg ef koma ætti öllum lagaákvæðum um orkumál fyrir í einum lögum. Hinsvegar er ég ósammála þeirri hugmynd sem fram kemur í kafla 2 að skipa einstökum þáttum orkumála með sérstökum lögum án nokkurra innbyrðis tengsla sín á milli. Ég er ósammála þessu vegna þess að *orkumál eru í eðli sínu samstæð heild. Það er ekki hægt að fjalla um einstaka hluta þeirra án allra tengsla við aðra hluta.* Orkulindir geta meira og minna komið hver í annarra stað og það ríkir sumsstaðar samkepnni milli þeirra. Ákvarðanir á einu sviði orkumála hafa áhrif á ákvarðanir á öðru sviði þeirra. Sumar ráðstafanir, t.d. varðandi skilvirka orkunotkun; merkingar notkunartækja, rannsóknir o.fl. spanna yfir margar tegundir orku og margar orkulindir. Samhengi í orkulöggjöf er því nauðsynlegt. Ég held að það gangi ekki að skipa orkumálum í heild með mörgum hliðstæðum lögum innbyrðis ótengdum.

Ég tel því heppilegast að til séu ein heildstæð Orkulög sem spanna allar orkutegundir og allar orkulindir og væru sniðin sem *regnhlífarlög*. Í því felst að til sé löggjöf sem geymi á einum stað öll meginatriði íslenskrar löggjafar á sviði orkumála þar sem jafnframt er komið í veg fyrir að þau lög verði óhæfilega löng og ómeðfærileg með því að kveða í sérlögum á um nánari útfærslu á meginatriðunum. Yrði þá vísað til þessara sérlaga í Orkulögum. Öll ákvæði sem varðar margar orkutegundir eða orkulindir sameiginlega ættu heima í Orkulögum. Hvað yrði í Orkulögum og hvað í sérlögum færi að öðru leyti fyrst og fremst eftir nauðsynlegu efnisumfangi. Þannig er vel hugsanlegt að öll nauðsynleg ákvæði um eldsneytismál og hitaveitumál geti rúmast í Orkulögum en aftur á móti er nær víst að nánari ákvæðum um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku þyrfti að skipa í sérlögum, Raforkulögum eða Lögum um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku.

9. Nauðsyn heildstæðrar stefnumörkunar í orkumálum

Í næst-síðustu málgrein í kafla 1.0 í nefndarálitinu segir svo: „Nefndin hefur ekki fjallað ítarlega um hitaveitur eða önnur orkumál en raforkumál. Þetta kemur einkum til af því að hún telur ekki þörf fyrir stefnumarkandi breytingar af því tagi sem mælt er með um skipan raforkumála." Ég er sammála því að ekki sé þörf fyrir stefnumarkandi breytingar *af sama tagi* á öðrum sviðum orkumála eins og þörf er fyrir í raforkumálum. En með því er ekkert sagt um hvort þörf er fyrir stefnumarkandi breytingar *af einhverju tagi* á þessum sviðum og þetta er því ekki að mínu mati gild afsökun af hálfu nefndarinnar fyrir að fjalla ekkert um þær. Þvert á móti tel ég að þörf sé á stefnumarkandi breytingum frá núverandi Orkulögum á ýmsum öðrum sviðum orkumála en raforkumálum og ég tel líka að þörf sé á *stefnumörkun í orkumálum í heild* sem myndi ramma utan um þær breytingar sem nefndin leggur til í raforkumálum. Orkumál eru samstæð heild og verður löggjöf um þau að taka mið af því.

Fyrir þessu sjónarmiði gerði ég grein í athugasemdum dagsettum 22. sept. 1996 við drög 2 að skýrslunni. Þær athugasemdir voru sendar öllum nefnarmönnum. Aðeins sá hluti þeirra sem fjallaði um raforkumál komst hinsvegar á dagskrá í nefndinni.

Sem dæmi um önnur svið en raforkumál þar sem þörf er fyrir stefnumarkandi lagaákvæði má nefna eftiirfarandi :

9.1 Grundvallarskipan orkuiðnaðarins í heild, þ.e. þeirrar starfsemi að sjá landsmönnum fyrir hverskonar orku. Þar mætti t.d. hugsa sér að sett væri fram sú grundvallarregla að við öflun, flutning, dreifingu og sölu á hverskonar orku á Íslandi skuli markaðsöflum beitt í þeim mæli sem frekast er unnt að teknu tilliti til eðlis máls hverju sinni. *Þar með væri sú skipan sem nefndin leggur til í raforkumálum komin í eðlilegt samhengi við orkumál í heild.* Í reynd yrði markaðsöflunum beitt í ríkustum mæli á olíusviðinu en minnstum mæli á hitaveitusviðinu í samræmi við það að náttúruleg einkasala er þar víðfeðmust.

9.2 Öryggi í aðgangi að orku. Ekki aðeins að raforku, heldur einnig og ekki síður að eldsneyti, sem nú sér fyrir um þriðjungi af frumorkuþörf landsmanna og undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, fiskveiðarnar, beinlínis byggja tilveru sína á, en einnig lífsnauðsynleg þjónusta eins og samgöngur innanlands og til annarra landa. Hér gætu komið ákvæði um lágmarksbirgðahald í landinu í hlutfalli við árlega notkun; meginatriði í ráðstöfunum í neyðartilvikum svo sem á styrjaldartímum (nánari ákvæði gætu verið í lögum um almannavarnir og mætti vísa til þeirra) og ákvæði um að hve miklu leyti Ísland tekur þátt í alþjóðlegum samtökum um að tryggja aðgang að orku eins og IEA ofl. Einnig væru hér lagðar meginlínur um það, eftir hverju Landsnetið (eða orkumálaráðherra) skal fara í útboðum á nýjum virkjunum að því er tekur til ráðstafana til að tryggja örugga afhendingu á raforku.

9.3 Skilvirkni í hverskonar meðhöndlun á orku, þar með talinn orkusparnaður, þar sem fram kemur meginstefna íslenskra stjórnvalda í þeim efnum. Nánari ákvæði, svo sem um merkingar á orkunotkun notendatækja o.fl., mætti setja í sérlögum og vísa til þeirra.

9.4 Almenn ákvæði um íslensku orkulindirnar; yfirstjórn þeirra, aðgagng að þeim, skilyrði fyrir þeim aðgangi; þar á meðal gjald fyrir afnot af þeim; ákvæði um leyfisveitingar, tímalengd leyfis o.s.frv. Vísa mætti í lög um auðlindir þar sem henta þykir. Þetta ætti bæði við um aðgang vegna raforkvinnslu og til annarra nota, svo sem að háhita til iðnaðar og að bæði lághita og háhita til húshitunar og hverskonar annarra nota.

9.5 Almenn stefnumið í nýtingu íslensku orkulindanna og rannsóknum á þeim, þar sem þær rannsóknir væru samhæfðar slíkri almennri stefnumörkun. Þar kæmi einnig fram viðhorf íslenskra stjórnvalda til leitar að kolvetnum (olíu og gasi) innan íslensku efnahagslögsögunnar; ákvæði um veitingu rannsóknarleyfa til erlendra aðila og eftirlit með slíkum rannsóknum. Um einstök atriði, svo sem rannsóknirnar og Orkustofnun, mætti setja sérlög með nánari ákvæðum en á grundvelli þessarar almennu stefnumörkunar.

Loks ættu hér heima meginlínur um það, hvernig með skuli fara þar sem nýting

íslensku orkulindanna rekst á aðra efnahagsstarfsemi, svo sem landbúnað, ferðaþjónustu ofl. Þar mætti t.d. hugsa sér ákvæði um að í slíkum tilvikum skuli það haft að leiðarljósi að hámarka samanlagðan ávinning þjóðarbúsins af þeim greinum efnahagsstarfsemi sem rekast á. Einnig hér mætti hafa nánari ákvæði í sérlögum.

9.6 Umhverfismál orkuiðnaðarins í heild. Hér er átt við eiginleg umhverfismál; ekki árekstur við aðra efnahagsstarfsemi. Hér væri að finna meginstefnu íslenskra stjórnvalda á þessu sviði sem auðvitað tæki mið af helstu alþjóðlegum skuldbindingum í þessu efni sem Ísland hefur undirgengist. Hér mætti hugsa sér að Alþingi héldi eftir hluta af núverandi valdi sínu til að heimila virkjanir vatnsorku og jarðhita til raforkuvinnslu í tilvikum þar sem um viðamikil umhverfisáhrif er að ræða og umhverfisráðherra og orkumálaráðherra tekst ekki sameiginlega að finna lausn. Sama ætti við þótt ekki væri um raforkuvinnslu að ræða heldur t.d. vinnslu háhita til iðnaðar, þar sem ekki þarf samþykki Alþingis samkvæmt núgildandi Orkulögum, eða vinnslu á olíu eða gasi sem finnast kann.

SAMORKA
Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna

21.12.1996

Framtíðarskipan orkumála
Tillögur um breytingar

GREINARGERÐ TIL IÐNAÐARRÁÐHERRA
vegna lokaskýrslu orkulaganefndar, dags. 9. október 1996

Eftirfarandi skýringar eru að hluta til ítrekun á athugasemdum sem áður voru fram settar þ.e. meðan á nefndarstarfinu stóð. Við þær hefur verið bætt nokkrum ábendingum sem nauðsynlegar þóttu þegar skýrsla nefndarinnar lá fyrir í endanlegri mynd (leturbreytingar eru okkar).

0. Almennt

Með hliðsjón af hlutverki nefndarinnar, sbr. skipunarbréf iðnaðarráðherra, er rétt að staldra við kafla 1.1 (bls. 10-11), sem fjallar um *tilgang breytinga*. Þar segir m.a.: "Ekki hafa verið gerðar formlegar rannsóknir á hagkvæmni raforkumarkaðarins hér á landi". Slík rannsókn, m.a. á hinum mismunandi leiðum, er rökrétt áður en stofnað er til róttækra breytinga.

Ekki fékkst fullnægjandi skýring á því hvað það þýddi nákvæmlega að markmið breytinga væri aðeins eitt, þ.e.a.s. að stuðla að *þjóðhagslega* "hagkvæmri nýtingu orkulindanna". Útskýringin um *hagkvæmnisjónarmið við fjárfestingarákvarðanir og rétt skilaboð til neytenda gegnum verkefnið* nægja ekki. Fullyrðingin "þessi markmið geta einnig samrýmst verðjöfnun, nema ..... o.s.frv. " er einnig ófullnægjandi.

Þá er vakin athygli á upphafssetningu kafla 1.2 sem fjallar um *skipulagsbreytingar*. Þar segir: "Forsenda samkeppni í viðskiptum við raforku er *aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu*". Og: "*Nefndin mælir með að þetta skref verði stigið sem fyrst*" Undir þetta er eindregið tekið.

Með vísan til myndar 7.1 í kafla 7.3 um *leiðir varðandi heildarskipulag raforkuviðskipta* er það mat undirritaðra að eftirfarandi leið sé best: **1.3 → 2.3 → 3.1 → 4.2 + 4.1.** (með *4.2 + 4.1* er átt við að dreifiveitur (eigendur dreifiveitna) mættu annast raforkusölu sem algerlega aðskilda starfsemi).

Í tengslum við þessi sjónarmið er það niðurstaða undirritaðra að blönduð **leið g + h/i + j** sé æskilegust og *mynd 7.6* mundi gilda, *þó þannig að beinar línur yrðu dregnar frá dreifiveitum sveitarfélaga inn á Landsnet* (sbr. mynd 7.7). Þannig er meðf. ***mynd 7.6A*** til orðin.



Mynd 7.6A Landsvirkjun skipt upp í tvö fyrirtæki og flutningskerfið gert að sjálfstæðu fyrirtæki (leiðir g og h).

*BR. AG

1. Vinnsla

Gert er ráð fyrir að til orkuvinnslu þurfi leyfi framkvæmdavaldsins, sbr. kafla 1.2.2 um *raforkuvinnslu* (bls.13).

Af þeim sökum er vandséð hvers vegna tillögur um frelsi í orkuvinnslu eru settar fram af svo mikilli varfærni sem raun ber vitni. Nefna má eftirfarandi: í kafla 1.0 (bls. 9) : „--- er ráðlegt að *stilla í hóf breytingum* --- ". "Ástæðurnar fyrir því að *fara varlega* í byrjun ---". "---víðtækar skyldur Landsvirkjunar samkvæmt núverandi skipan ---". Og síðar (bls. 10) : "--- kann til dæmis að vera *óhjákvæmilegt* að búa hér við aðstæður þar sem *eitt fyrirtæki er langstærst*, að minnsta kosti fyrst um sinn".

Kafli 1.2.2 hefst á orðunum : "Nefndin leggur til að vinnsla raforku *verði gefin frjáls í áföngum*". Og : " – tímabundin skerðing á athafnafrelsi þátttakenda á markaði --- til að veita *núverandi vinnslufyrirtækjum* aðlögunarfrest".

Hér teljum við vera um hálfgerða "ofverndun" á Landsvirkjun að ræða.

Og áfram er haldið : "Mikið *álitamál er* hvort ganga eigi lengra en þetta og *skipta Landsvirkjun* í tvö vinnslufyrirtæki í því skyni að efla samkeppnisgrundvöllinn". Í greinargerð Einars Hope er beinlínis lagt til að Landsvirkjun verði skipt í tvö fyrirtæki. En í nefndarálitinu er haldið áfram með vísun til veikari fjárhagsstöðu Landsvirkjunar og lakara lánshæfi ef til skiptingar kæmi og m.a. þess vegna telji "nefndin *ekki tímabært* að taka afstöðu til skiptingar Landsvirkjunar í tvö vinnslufyrirtæki". Og enn segir : "--- Landsvirkjun mun enn um sinn hafa *sérstöðu* "í vinnslu raforku í *krafti stærðar sinnar*".

Enn er þessum *hægfara* tillögum fylgt eftir : " --- *stuðla að* stofnun nýs orkufyrirtækis í tengslum við *stækkun orkumarkaðarins í framtíðinni.* " --- samkeppni í vinnslunni *með tímanum*".

Eftir að nefndarálitið lá fyrir hefur svonefnd *eigendanefnd* Landsvirkjunar komist að niðurstöðu um að halda eignarhaldinu óbreyttu. Þetta er m.a. gert með tilvísun í skýrslu erlends ráðgjafarfyrirtækis, J.P. Morgan. Ekki verður séð af þeirri skýrslu að *ráðgjafinn telji ótvírætt hættu í því fólgna að skipta Landsvirkjun í tvö fyrirtæki.* Þótt niðurstaða eigendanefndarinnar eigi ekki að hafa áhrif á framvindu heildarskipulags, veldur hún hins vegar vonbrigðum.

Undirritaðir telja að fara eigi fram vandleg athugun á kostum og ókostum þess að skipta þessu yfirgnæfandi vinnslufyrirtæki í tvö fyrirtæki, t.d. annað í eigu ríkisins, hitt í eigu Reykjavíkurborgar og e.t.v. fleiri sveitarfélaga, jafnvel einkaaðila. Sé þar engin sérstök vandkvæði að finna, mundi sú lausn flýta fyrir því að virk samkeppni kæmist á í orkuvinnslu. Því til viðbótar ætti að veita öðrum fyrirtækjum rétt til orkuvinnslu í auknum mæli.

2. Flutningur

Þegar í kafla 1.2.1 (bls. 11) segir : "*Flestir nefndarmanna* voru jafnframt þeirrar skoðunar að ------ þyrfti að stofna *sjálfstætt fyrirtæki um flutningskerfið*, hér nefnt Landsnet".

Í kafla 1.2.3 (bls.13) er sett fram þessi fullyrðing : "Margt styður það sjónarmið að, hagkvæmast væri að Landsnet yfirtæki *að lágmarki* flutningskerfi Landsvirkjunar og *þann hluta flutningskerfis RARIK sem þarf* til að tryggja að allar *rafveitur* eigi beinan aðgang að Landsneti".

Væntanlega er hér einungis átt við *núverandi* dreifiveitur sveitarfélaga sem vissulega eru í mismikilli fjarlægð frá *meginflutningskerfi* Landsvirkjunar (dæmi : Rafveita Reyðarfjarðar, Akranesveita, Rafveita Sauðárkróks, Bæjarveitur Vestmannaeyja). Þessar veitur verða að eignast milliflutningslínurnar til að geta tengst Landsneti beint, að óbreyttu skipulagi dreifingar.

Reyndar segir í sama kafla : "Nefndin telur nauðsynlegt að fram fari *sérstök athugun* á því hve stóran hluta flutnings- og dreifikerfisins skuli setja í Landsnet ---".

Undir þetta skal tekið, þó þannig að ekki kemur til greina, að mati undirritaðra, að nokkur hluti *dreifikerfisins* verði hluti Landsnets. Með dreifikerfi er þá átt við kerfi með 11 kV og lægri spennu, svo og allt kerfi, óháð spennu, sem liggur innan þétt-býlissvæða (aðveitu- og dreifikerfi).

Þótt á það sé minnst, að skilgreina megi Landsnet þröngt, þ.e. aðeins meginflutnings-kerfi Landsvirkjunar, er ekki vikið að þeim kosti nánar. Því er heldur ekki minnst á þá lausn að stuðlað yrði að sameiningu veitna og myndaðar *svæðisveitur*. Þær gætu komist sjálfkrafa í beint orkukaupasamband við Landsnet (sjá nánar í kafla um *dreifingu*).

Í lok kaflans (bls. 14) segir að nefndin leggi til að Rafmagnseftirliti ríkisins, Orku-stofnun eða "öðrum opinberum aðila verði falið eftirlit með því að flutningskerfið uppfylli *tæknilegar kröfur* --- og --- *með lágmarkstilkostnaði*". Þetta telja undirritaðir hvorki eðlilegt hlutverk Rafmagnseftirlits ríkisins né Orkustofnunar. (Nefndin hlaut reyndar að vita að tilbúið var fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um *öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga*. Í því var gert ráð fyrir að lög nr. 60/1979 um Rafmagns-eftirlit ríkisins falli úr gildi.)

Vakin er athygli á kafla 6.1.4 sem fjallar um væntanlega tilskipun ESB um *rekstur meginflutningkerfisins*. Þar segir : "Gert er ráð fyrir að ríkin sjái til þess að útnefndur verði svokallaður *ábyrgur aðili* til að sjá um rekstur flutningskerfisins ---".

Undirritaðir telja þann kost vel athugandi að Landsnet verði hreint ríkisfyrirtæki, en einnig að fleiri aðilar yrðu þar meðeigendur, *þó þannig* að heildarhlutverk ríkisins í raforkubúskapnum verði þá jafnframt endurskoðað frá grunni m.a. með það fyrir augum að ríkið hætti að fullu og öllu í þátttöku í raforkudreifingu (sjá kafla um *dreifingu*).

3. Dreifing

Vísað er í kafla 1.2.4 (bls. 14). Þar er einfaldlega lagt til að fram fari *sérstök athugun* á því hversu mikill hluti dreifikerfisins verði í Landsneti. Þessi athugun er óþörf að mati undirritaðra, en eins og fram kemur hér að framan teljum við *engan hluta* dreifikerfisins eiga þar heima.

Raunar sætir nokkurri furðu að nefndin skyldi nánast ekkert ræða *raforkudreifingu* á fundum sínum. Undirritaðir telja stofnun svæðisveitna eðlilegan kost en leggja þó til að fram fari *sérstök athugun* á hagkvæmasta fyrirkomulagi dreifingarinnar með tilliti til kostnaðar og þjónustustigs.

4. Sala

Mjög þarf að vanda til verka þegar orkusala verður gefin frjáls (kafli 1.2.5, bls. 14). Sérstaklega þarf að kanna reynslu annarra þjóða af sjálfstæðum *orkukaupmönnum*, þ.e. aðilum sem reka ekki nein raforkukerfi.

Á sama hátt þarf að kynna sér vel starfsemi *orkumarkaðar* ("pool") hjá öðrum þjóðum áður en til hans yrði stofnað hér á landi.

5. Eignarhald

Stuðningi er lýst við það sjónarmið, að skynsamlegast sé að fá einkafjármagn (*innlent og erlent*) inn í raforkufyrirtækin, ekki síst vinnslufyrirtæki. (Í kafla 1.5.2 um *eignarhald* er ekki sérstaklega minnst á erlent fjármagn).

Í þessum kafla eins og víðast í nefndarálitinu er rætt um "hægfara" breytingar, sbr t.d. upphaf lokamálsgreinar: "Sú leið --- mun væntanlega leiða til *hægfara breytinga á eignarhaldi. Sala á Landsvirkjun,* ef vilji verður til að selja, mun þurfa að eiga sér stað á *löngu tímabili*".

Undirritaðir telja ekkert því til fyrirstöðu að grundvallarendurskoðun fari fram á eignarhaldi orkufyrirtækja ef það kynni að leiða til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar en ella.

Það form á eignarhaldi sem Landsvirkjun býr við (svo og þær tvær "svæðisveitur" sem starfandi eru) er fremur óalgengt erlendis. Sú spurning á því fullan rétt á sér hvort slík sameignarfélög ríkis og sveitarfélög séu æskileg. Hagsmunaárekstrar, ólík sjónarmið og sú staðreynd að stjórn ríkisins er í meiri "fjarlægð" frá almennum neytendum en stjórnir sveitarfélaga styðja það sjónarmið að betra sé að *ríkið* sé *eitt* eigandi að vinnslufyrirtækjum, en *sveitarfélög ein* eigendur dreifiveitna. Auk þess geta einkaaðilar vissulega orðið eignaraðilar að öllum orkufyrirtækjum, þó e.t.v. síst að flutningsfyrirtækjum nema fyrrnefndur óháður eftirlitsaðili með einkarétti sé virkur.

Hér á landi er oft leitað fyrirmynda á Norðurlöndum, í orkumálum eins og öðru. Þetta kann að hafa leitt til meiri afskipta og þátttöku ríkisins í orkumálum hérlendis en góðu hófi gegnir.

Þó er athyglisvert að hvergi á hinum Norðurlöndunum tekur ríkið þátt í *dreifiveitum* (nema í Svíþjóð og það í litlum mæli). Í Danmörku tekur ríkið alls engan þátt í rekstri raforkufyrirtækja. Vera má að það sé ein af ástæðum þess að raforkuverð (án skatta) í Danmörku er svo lágt sem raun ber vitni þótt þar í landi sé engin vatnsorka. Aðrar ástæður eru m.a. hagkvæmt rekstrarform, hagkvæmni og vel þróuð tækni í samnýtingu orkuvera (til raforku- og varmavinnslu), skynsamleg innkaup og nýting kola,- og eflaust einnig litlar vegalengdir í flutningi og dreifingu orkunnar.

Margt mælir með því að hlutafélagsformið leysi sameignarformið af hólmi, sbr. næsta kafla, svo og að hrein skil verði milli ríkis og sveitarfélaga, en sameignarformið lagt niður.

6. Rekstrarform

Hlutafélagsformið hefur verið til umræðu á vettvangi íslenskra orkufyrirtækja undanfarinn áratug. Sérstök námstefna var haldin um eignarhald og rekstrarhald á vegum samtaka raforkufyrirtækjanna (þá SÍR) árið 1990. Á þetta er bent til að undirstrika að orkufyrirtækin sjálf hafa lengi haft áhuga á að kanna breytt rekstrarform.

Hugmyndir um hlutafélagformið hafa hins vegar fram að þessu ekki fundið náð fyrir augum stjórnmálamanna. Gildir það um sveitarstjórnarmenn ekki síður en ríkisvaldið. Rök sem fram hafa verið færð um ótvíræða kosti hlutafélagsins umfram ókosti - ásamt upplýsingum um mjög jákvæða reynslu erlendis frá, m.a. á Norðurlöndum, hafa þar engu um breytt.

Undirritaðir mæla eindregið með því að vandleg könnun fari fram á því hvort ekki beri að mæla með og stuðla að því að íslenskum orkufyrirtækjum verði breytt í hlutafélög svo fljótt sem unnt er.

7. Annað

Nokkrar viðbótarathugasemdir er rétt að gera við nefndarálitið og eru þessar helstar:

Ágætra upplýsinga hefur verið leitað hjá ýmsum opinberum stofnunum, svo sem ráðuneytum, hagstofum, verzlunarháskólum og hagfræðistofnunum á Norðurlöndum.

Meðal heimilda er þess hins vegar saknað, að ekki skuli hafa verið leitað fanga hjá *samtökum orkufyrirtækja*, t.d. á Norðurlöndum og í Englandi - og ekki síst alþjóðasambandinu UNIPEDE.

Dæmi um þetta er að finna í kafla 4.5 um *orkuverð* í ýmsum löndum. Þar er vitnað í tölur úr *International Energy Prices*. Skynsamlegra væri að nota tölur frá UNIPEDE, sem almennt eru viðurkenndar og notaðar í flestöllum Evrópulöndum. Hinn "dæmigerði" heimilisnotandi þar notar 3.500 kWh (ekki 3.300), (í töflum er einnig að finna 600, 1200, 1.700 og 5000 kWh notendur).

Hinn dæmigerði iðnaðarnotandi hjá UNIPEDE notar 75 kW + 300.000 kWh (í töflum er einnig að finna 50 kW + 80.000 eða 125.000 kWh, 100 kW + 600.000 kWh og 1000 kW + 7.000.000 kWh).

Mynd 4.12 á bls. 39 í skýrslu nefndarinnar *hlýtur að vera röng** (heimild?), því að notendur sem nota 2.5 MW + 3.500 MWh eru naumast til (nýtingartími aðeins 1.400 stundir!!).

Úr því að verið er að gera samanburð á orkuverði á annað borð, vantar tilfinnanlega verð á raforku *til hitunar*. Það skiptir verulegu máli hér á landi. Sérmælda raforku til hitunar (og ýmist niðurgreidda vegna samanburðar við ódýran jarðhita, eða ekki) er óvíða að finna annarsstaðar, en hér á landi er hún hlutfallslega mjög mikil. Auk þess hefði samanburður á rafhituðum heimilum verið fróðlegur. (Hann er gefinn út af UNIPEDE og hér á landi af SAMORKU).

Stofnunin IEA er kölluð Alþjóða orkumálastofnunin, en önnur stofnun gengur undir því nafni (WEC, World Energy Council).

Í kafla 5.1.1. er ónákvæmni í skilgreiningu á *flutningi* annars vegar og *dreifingu* hins vegar. Þar stendur : "Dreifing (distribution) = flutningur lágspenntrar raforku á svæðanetum til neytenda". Viðtekin skilgreining er að dreifing (distribution) nær til hærri spennu, ekki síst 11 kV. (Svo og til enn hærri spennu ef um samfellt kerfi innan orkuveitusvæðis er að ræða).

Þar eð skýrsla nefndarinnar snýst að verulegu leyti um samkeppni, hefði mátt nefna svonefnda "samanburðar-samkeppni", þótt henni séu vissulega takmörk sett. Hér er m.a. átt við að dreifiveitur, þ.á.m. samliggjandi svæðisveitur, keppa um atvinnufyrirtæki, ekki síst orkufrek, með lágu verði, öruggri orku og góðri þjónustu.

Í kafla 5.1.4 hefði átt að gera hinum fjölmörgu UNIPEDE - löndum meiri skil.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að hið mikilvæga hlutverk þess aðila sem fer með *eftirlit* með einkaréttarfyrirtækjum, (í flutningi og dreifingu, þ.m.t. Landsneti) sé í höndum *hins opinbera*. Þótt þetta kunni að liggja beint við, og þá að hér sé um *ríkisstofnun* að ræða, virðist ekki úr vegi að athuga hvort þessu hlutverki sé ekki jafnvel gegnt af öðrum vel völdum, ábyrgum og hlutlausum aðila.

---

* Þetta þyrfti að leiðrétta.

SAMORKA
Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna

22.12.1996

Framtíðarskipan orkumála
Tillögur um breytingar

GREINARGERÐ TIL IÐNAÐARRÁÐHERRA
vegna lokaskýrslu orkulaganefndar, dag. 09.10.1996

NIÐURSTAÐA fulltrúa Samorku í nefndinni

Hitaveitur

Lýst er samþykki við þær greinar í 1.og 2. kafla skýrslunnar sem fjalla um hitaveitur enda hefur verið tekið tillit til breytingartillagna okkar við grein 1.3.

Rafveitur (Raforkufyrirtæki)

Eindregnum stuðningi er lýst við það meginsjónarmið, sem fram kemur í skýrslunni, að endurskipuleggja beri raforkubúskap þjóðarinnar með því að koma á samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Hið sama gildir um aðskilnað vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu, svo og um að hlutlaus aðili hafi eftirlit með einkaréttarstarfsemi, þ.e. flutningi og dreifingu, og einnig með því að samkeppni komist á og haldist virk. Stuðningurinn tekur ennfremur til hugmyndanna um hlutafélagsformið.

Nefndarálitið er hins vegar þannig orðað, að óljóst er hvernig og hvenær ofangreint meginmarkmið muni nást. Því eru eftirfarandi sjónarmið sett fram, en að öðru leyti vísað í ítarlega *Greinargerð til iðnaðarráðherra*, dags. 21.12.1996, sem fylgir hér með.

Það er ókostur við álit nefndarinnar, að ekki skuli kveðið fastar að orði um hvernig og hve hratt nauðsynlegar breytingar á skipulagi orkumála skuli gerðar. Tillaga okkar er sú að ákveðin leið skuli valin (sjá kafla 0. í greinargerðinni) og að hún eigi að koma til framkvæmda innan tilskilins tíma, t.d. tveggja ára.

Raforkuvinnsla

Við leggjum til að hraðar verði staðið að málum til að samkeppni verði virk sem fyrst. Til þess þyrfti m.a. að skipta Landsvirkjun í tvö fyrirtæki. Hér er átt við fyrirtæki til samkeppni á *almennum* markaði *innanlands*. Sé talið nauðsynlegt að kanna áhrif þessa á stöðu núverandi Landsvirkjunar, svo og á kosti frjálsrar samkeppni, ætti að fela *óháðu* ráðgjafarfyrirtæki það verkefni. Með óháðum ráðgjafa er átt við aðila sem ekki er valinn af *núverandi eigendum* Landsvirkjunar.

Raforkuflutningur

Við leggjum eindregið til að sjálfstætt fyrirtæki verði stofnað um *meginflutningskerfið*. Sé talið nauðsynlegt, að fram fari sérstök athugun á því, hvort einhver hluti núverandi "milliflutningskerfis" RARIK verði hluti þess, ætti hún að fara fram nú þegar og vera lokið innan eins árs. Við teljum slíka athugun hins vegar óþarfa, þar eð eðlilegra sé að milliflutningskerfið yrði hluti dreifiveitnanna (sjá greinargerð dags. 21.12.1996).

Raforkudreifing

Við teljum fulla þörf á að fram fari sérstök, hlutlaus athugun á því hvernig mestri hagkvæmni verði náð í raforkudreifingu, þannig að kostnaður verði sem minnstur en þjónustustig gott.

Raforkusala

Sala raforku verði gefin frjáls í skynsamlegum áföngum. Hér þarf þó að nýta sér árangur þeirra þjóða sem reynslu hafa af slíkum breytingum.

Rekstrarform

Við leggjum eindregið til að hvatt verði til þess að orkufyrirtækin verði gerð að hlutafélögum. Ýmis atriði á sviði lögfræði, stjórnsýslu og skattamála þarf þó að kanna. Sérstakri athugun á þessum þáttum ætti að hraða og setja þar ákveðin tímamörk, t.d. eitt ár.

Eignarhald

Við leggjum til að ríkið breyti þátttöku sinni í orkufyrirtækjum, þannig:

Vinnsla: Fyrirtækin verði *annað hvort* hrein ríkisfyrirtæki *eða* fyrirtæki í eigu sveitarfélaga og/eða einkaaðila (innlendra og /eða erlendra).

Flutningur: Meginflutningsfyrirtækið verði í höndum ríkisins a.m.k. að verulegu leyti, þó e.t.v. með fleiri eignaraðilum (enda dragi það sig út úr öðrum raforkufyrirtækjum, að undanskildum ríkishluta Landsvirkjunar).

Dreifing og sala: Ríkið hætti þátttöku í dreifingu og sölu raforku til almennra nota t.d. í tímasettum áföngum á 2 - 3 árum.

Fylgiskjal II.

Skýrsla eigendanefndar Landsvirkjunar.

27. október 1996

1. Skipan nefndarinnar og hlutverk

Í samræmi við tillögu borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri skipaði iðnaðarráðherra viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun til þess að ræða eignarhald, rekstrarform og hlutverk fyrirtækisins. Hlutverk nefndarinnar var að kanna hvort tímabært væri að breyta rekstrarformi, eignaraðild og hlutverki Landsvirkjunar frá því sem nú er og ef svo væri hve langt skyldi ganga í þeim efnum.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í viðræðunefndina:

Af hálfu ríkisins:

Halldór J. Kristjánsson, ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sem var formaður nefndarinnar.
Guðmundur Jóhannsson, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneyti.

Samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkurborgar:

Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi.

Samkvæmt tilnefningu bæjarráðs Akureyrarbæjar:

Jakob Björnsson, bæjarstjóri
Sigurður J. Sigurðsson, bæjarfulltrúi.

Með nefndinni starfaði Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar og ritari nefndarinnar var Örn Marinósson, framkvæmdastjóri fjármála- og markaðssviðs Landsvirkjunar. Þá naut nefndin einnig aðstoðar Stefáns Péturssonar, deildarstjóra fjármála- og markaðsdeildar Landsvirkjunar, Baldurs Guðlaugssonar, hrl. og Stefáns Svavarssonar, endurskoðanda.

Viðræðunefndin hélt sinn fyrsta fund 18. mars 1996, en alls voru haldnir 12 fundir. Í upphafi ákvað nefndin að fá bandaríska fjármálafyrirtækið JP Morgan til að vera eignaraðilum til ráðgjafar um mat á áhrifum mismunandi rekstrarforms á stöðu Landsvirkjunar á alþjóðlegum mörkuðum og vegna mats á verðmæti fyrirtækisins. Helstu niðurstöðum JP Morgan verður lýst síðar í þessu nefndaráliti. Þá fylgja hér með tillögur um breytingar á sameignarsamningi eigenda Landsvirkjunar og tillögur um breytingu á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun.

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 með það fyrir augum að koma á fót öflugu raforkufyrirtæki sem væri þess megnugt að nýta orkulindir landsins í auknum mæli í þágu stóriðju samhliða því að anna vaxandi eftirspurn hins almenna raforkumarkaðar. Tilkoma Landsvirkjunar var forsenda þess að unnt yrði að ráðast í þær virkjunarframkvæmdir sem nauðsynlegar voru til að mæta orkuþörf álvers Alusuisse í Straumsvík. Uppbygging raforkukerfis landsins frá stofnun Landsvirkjunar hefur verið mjög hröð. Í upphafi áttu ríkið og Reykjavíkurborg Landsvirkjun til helminga og var hlutverk fyrirtækisins að sjá Suður- og Vesturlandi fyrir rafmagni. Á árinu 1983 tóku gildi ný lög um Landsvirkjun sem fólu meðal annars í sér að orkuveitusvæði fyrirtækisins var landið allt. Jafnframt eignaðist Akureyrar-

bær hlut í Landsvirkjun þegar Laxárvirkjun sameinaðist fyrirtækinu. Eignarhlutir í Landsvirkjun eru nú sem hér segir:

	%
Ríkið	50,000
Reykjavíkurborg	44,525
Akureyrarbær	5,475
	100,000

Gildandi sameignarsamningur um Landsvirkjun var undirritaður 27. febrúar 1981 en tók gildi að fullu 1. júlí 1983. Gildandi lög um Landsvirkjun eru nr. 42 frá 23. mars 1983 en samkvæmt þeim er tilgangur Landsvirkjunar:

1. Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu.

2. Að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins.

3. Að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar.

4. Að vinna að því, í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt er talið.

5. Að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Þegar litið er yfir sögu Landsvirkjunar má segja að þær væntingar sem gerðar voru til fyrirtækisins hafi í megindráttum gengið eftir. Landsvirkjun er í dag öflugt og traust fyrirtæki sem tryggir landsmönnum orkuöflun á hagkvæman hátt. Rafmagnsverð á Íslandi er með því lægsta sem þekkist og afhendingaröryggi er sambærilegt við það sem gerist annars staðar.

Eftir rúmlega 30 ára starfsemi Landsvirkjunar er hins vegar eðlilegt að eigendur fyrirtækisins meti að nýju hlutverk þess, auk þess sem breytingar í orkumálum nágrannaþjóðanna gefa tilefni til að athuga hvort breyta skuli rekstrarformi og eignarhaldi Landsvirkjunar.

2. Úrlausnarefni við breytingar á rekstrarformi Landsvirkjunar

Í umræðum um breytingar á rekstrarformi Landsvirkjunar þarf að skoða vandlega áhrif slíkra breytinga m.t.t. þeirra skuldbindinga sem fyrirtækið hefur tekist á hendur.

Landsvirkjun er sameignafélag í dag. Þegar rætt er um að breyta fyrirtæki í hlutafélag gleymist oft hversu viðamikil sú breyting er frá lagalegu sjónarmiði því að það er ekki gamla fyrirtækið sem breytist í hlutafélag heldur verður til nýr lögaðili, nýtt hlutafélag, sem stofnað er til yfirtöku á eignum og skuldum, réttindum og skyldum og rekstri fyrirtækisins sem fyrir var. Landsvirkjun yrði því ekki lengur til sem slík ef ráðist yrði í að breyta um rekstrarform fyrirtækisins.

Erlendar skuldir Landsvirkjunar nema nú að jafnvirði um 650 milljónum Bandaríkjadollara og jafngildir það um 17% af langtímaskuldum þjóðarbúsins erlendis. Unnt er að leiða að því líkur að ef Landsvirkjun yrði lögð niður í núverandi mynd gerði það að verkum að lánveitendur hefðu rétt samkvæmt lánssamningum til að gjaldfella lánin og krefjast endurgreiðslu. Telja verður ólíklegt að til svo strangra ráðstafana kæmi að hálfu lánveitenda. Hins vegar þyrfti að ræða við alla lánveitendur Landsvirkjunar áður en til stofnunar hlutafélags kæmi og víst er að að endursemja þyrfti um lánskjör.

Í dag er Landsvirkjun undanþegin hvers kyns opinberum gjöldum öðrum en opinberum gjöldum til sveitarfélaga af húseignum sínum. Þess munu hins vegar fá, ef nokkur dæmi að einstökum hlutafélögum hafi verið veitt slík undanþága með sérákvæðum í lögum. Við sérhverja breytingu á rekstrarformi Landsvirkjun þarf að taka afstöðu til skattamála fyrirtækisins.

Við breytingu á rekstrarformi Landsvirkjunar þarf að huga að nokkrum atriðum er lúta að starfsmannamálum fyrirtækisins. Þar sem nýtt hlutafélag yrði annar lögaðili en Landsvirkjun er nú, yrðu starfsmenn ekki sjálfkrafa starfsmenn hlutafélagsins heldur yrði að ráða þá sérstaklega. Við þá ráðstöfun myndi reyna sérstaklega á eftirfarandi atriði:

1. Verkfallsrétt fastráðinna starfsmanna.
2. Rétt starfsmanna Landsvirkjunar til biðlauna.
3. Lífeyrissjóðsmál.

Vert er að geta þess að þau úrlausnarefni sem að ofan hefur verið lýst eiga ekki einvörðungu við um breytingu á Landsvirkjun í hlutafélag því ætla má að takast þyrfti á við þau flest ef skipta ætti Landsvirkjun upp í tvö fyrirtæki sem hefðu annars vegar framleiðslu og hins vegar flutning raforku með höndum.

3. Skýrsla JP Morgan

Eins og áður hefur verið getið leitaði nefndin til bandaríska fjármálafyrirtækisins JP Morgan um mat á áhrifum mismunandi rekstrarforms á stöðu Landsvirkjunar á alþjóðlegum mörkuðum og vegna mats á verðmæti fyrirtækisins. Í þessum kafla verður getið helstu niðurstaðna úr skýrslu JP Morgan.

3.1 Landsvirkjun og lánsfjármarkaðir

Að mati JP Morgan nýtur Landsvirkjun mikils trausts á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og byggist það að hluta til á styrk fyrirtækisins sjálfs en ekki síður á ábyrgðum eigenda þess. Nefndin bað hins vegar JP Morgan að meta áhrif þess ef eigendur hættu að ábyrgjast lántökur fyrirtækisins og hvort breyting á rekstrarformi Landsvirkjunar hefði áhrif á lánshæfið.

JP Morgan er þeirrar skoðunar að óbreytt rekstrarform og hlutverk Landsvirkjunar sem fyrirtækis er hefur með höndum bæði framleiðslu og flutning raforku tryggi fyrirtækinu greiðastan aðgang að fjármálamörkuðum og þar með lægstan fjármagnskostnað. Ástæður þessa eru sem hér segir:

1. Í óskiptri Landsvirkjun jafnar lítil rekstraráhætta af flutningi raforku út meiri áhættu er fylgir raforkuframleiðslunni.
2. Hlutdeild Landsvirkjunar í raforkukerfi landsins er svo stór að bein tengsl eru á

milli fyrirtækisins og þjóðarbúsins. Lánveitendur munu líta svo á að Landsvirkjun í hafi mikinn óbeinan stuðning ríkisins þó svo að hin formlega ábyrgð verði afnumin.

Lánshæfiseinkunn

Það er skoðun JP Morgan að verði ríkisábyrgð á lántökum Landsvirkjunar afnumin þurfi fyrirtækið að afla sér lánshæfiseinkunnar frá a.m.k. öðru þeirra tveggja fyrirtækja er sérhæfa sig á þessu sviði, matsfyrirtækjanna Standard & Poor's og Moody's. Kostir þess að fá slíka lánshæfiseinkunn eru m.a.:

1. Stækkar þann hóp fjárfesta er vilja lána fyrirtækinu og eykur þannig framboð á lánsfjármagni.
2. Bætir lánskjör vegna betri aðgangs að lánsfjármarkaði.
3. Upplýsingar um lánshæfi og fjárhagslegan styrk Landsvirkjunar verða aðgengilegar á alþjóðlegum fjármálamarkaði í gegnum upplýsingamiðlun matsfyrirtækjanna.
4. Lánshæfiseinkunn gefur stjórnvöldum og stjórnendum Landsvirkjunar tækifæri til þess að fá umsögn eða mat utanaðkomandi aðila á áhrifum stjórnvaldsbreytinga á afkomu fyrirtækisins.

Í flestum tilfellum er lítill munur á milli lánshæfiseinkunnar þjóðríkja annars vegar og lánshæfiseinkunnar helstu raforkufyrirtækjanna sem í þeim starfa hins vegar. JP Morgan gerir ráð fyrir að þrátt fyrir að óbein ábyrgð eigenda á lántökum Landsvirkjunar væri afnumin myndi óbeinn stuðningur ríkisins engu að síður gera það að verkum að lánshæfiseinkunn fyrirtækisins yrði því sem næst hin sama og íslenska ríkið nýtur í dag, eða A- eða A á meðan lánshæfiseinkunn ríkisins er A+.

Þau atriði sem bankinn telur stuðla að svo góðri lánshæfiseinkunn eru sem hér segir:

1. Staða Landsvirkjunar sem megin orkuöflunarfyrirtæki landsins.
2. Öruggar tekjur fyrirtækisins.
3. Reyndir stjórnendur sem tryggja stöðugleika í rekstri.
4. Orkustefna sem ýtir undir hagnýtingu innlendra orkugjafa.
5. Möguleikar fyrirtækisins til að breyta gjaldskrá sem tryggja stöðugt sjóðstreymi og greiðslu lánaskuldbindinga.

Helstu veikleikar Landsvirkjunar í þessu sambandi eru hins vegar taldir vera:

1. Smæð fyrirtækisins í alþjóðlegu samhengi.
2. Mikil skuldsetning sem takmarkar fjárhagslegt svigrúm fyrirtækisins.
3. Gengissveiflur og sveiflur á álmörkuðum geta haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi fyrirtækisins.

4. Áhætta er tengist stærð einstakra viðskiptavina.

JP Morgan telur að Landsvirkjun hafi gild rök gegn flestum ofangreindra álitamála. Hvað mikla skuldsetningu varðar telur bankinn að hún fari lækkandi að því gefnu að fyrirtækið nái a.m.k. að viðhalda að raungildi núgildandi gjaldskrár. Þá bendir JP Morgan á að enn

megi draga úr þeirri gjaldmiðla- og álverðsáhættu sem Landsvirkjun býr við með frekari aðgerðum á fjármálamarkaði.

Að gefnu því sem að ofan er lýst er það skoðun JP Morgan að Landsvirkjun muni hafa greiðan aðgang að alþjóðlegum fjármálamörkuðum þó svo að formleg ábyrgð eigenda á lántökum verði afnumin. Sýnt er að lánskjör Landsvirkjunar myndu versna lítillega ef miðað er við núverandi lánskjör en bankinn bendir jafnframt á að fyrirtækið myndi þá ekki þurfa að greiða ábyrgðargjald til eigenda. Lykillinn að því að viðhalda trausti fjárfesta ef til þessa kemur er að kynna þeim vel áhrif breytinganna á þeirri áhættu sem þeir taka með því að hafa Landsvirkjun sem skuldara og verður það best gert með lánshæfiseinkunn.

Þess ber að geta að kostnaðarsamt er að fá lánshæfiseinkunn frá matsfyrirtækjum. Því til viðbótar fer mikill tími stjórnenda í vinnu við að fá fyrstu lánshæfiseinkunnina en síðan tekur fjármáladeild fyrirtækja jafnan við og þarf að verja töluverðum tíma árlega í að viðhalda góðu sambandi við umrædd fyrirtæki.

Lántökukostnaður

Lánskjör eru breytileg milli fyrirtækja og fara þau m.a. eftir lánshæfiseinkunn þeirra. Á bankamarkaði ráðast lánskjör einnig af svokölluðu áhættuvægi („risk weighting") en reglur Bank of International Settlements segja til um hvaða vægi einstakir flokkar lántaka fá. Landsvirkjun er í dag með 0% „weighting" bæði í Englandi og á Norðurlöndunum en fullvíst má telja að hún verði 100% verði ábyrgð eigenda á lántökum afnumin. Miðað við markaðsaðstæður í dag mun slík breyting kosta fyrirtækið 0,03% við lántökur á bankamarkaði auk þess sem ætla má að vaxtaálag muni aukast lítillega frá því sem nú er.

3.2 Lánshæfi Landsvirkjunar

Það er mat JP Morgan að lánveitendur muni m.a. líta til eftirfarandi þátta þegar þeir leggja á það mat hver sé hæfileg skuldsetning Landsvirkjunar til lengri tíma litið en vert er að hafa í huga að of lágar skuldir hafa neikvæð áhrif á markaðsvirði fyrirtækisins:

1. Á næstu árum þyrfti fé úr rekstri að vera nægilegt til lækkunar skulda eftir að búið er að fjármagna framkvæmdir.
2. Æskilegt er að hafa nokkurn sveigjanleika hvað varðar gjaldskrá, arðgreiðslur og rekstrargjöld svo að fyrirtækið geti brugðist við niðursveiflum í rekstrarumhverfinu.
3. Hlutfallið „heildarskuldir/hreinn hagnaður án afskrifta" þykir hæfilegt 15-20% hjá fyrirtækjum með lánshæfiseinkunn í A flokki.

3.3 Mat á markaðsvirði Landsvirkjunar

Alþjóðlegir fjárfestar nota jafnan margvíslega mælikvarða til þess að meta virði raforkufyrirtækja. Sá mælikvarði sem JP Morgan mælir með og notar er núvirt sjóðstreymi en það er sú aðferð sem raforkufyrirtæki hafa öðrum fremur beitt við mat á fjárfestingarkostum og nýtur þessi aðferð vaxandi hylli á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Þegar leggja á mat á virði fyrirtækis með því að núvirða það sjóðstreymi sem reksturinn skilar þarf að gefa sér mjög ákveðnar forsendur um tekjur, gjöld og nauðsynlegar fjárfestingar á ákveðnu tímabili (oftast 10-15 ár). Einnig þarf að gefa sér forsendur um virði fyrirtækisins í lok þess tímabils sem skoðað er hverju sinni. Núvirði fyrirtækisins er síðan fundið með því að núvirða bæði sjóðstreymi á tímabilinu og lokavirði fyrirtækisins og er fjármagnskostnaður fyrirtækisins grundvöllur núvirðisreikninganna. Fjármagnskostnaður

fyrirtækis telst vera vegið meðaltal af kostnaði þess af lánsfjármagni annars vegar og eigin fé hins vegar. Að lokum eru gerðar næmniathuganir á lykilforsendum til þess að athuga hverjar þeirra hafa mest áhrif á matið.

JP Morgan byggir mat sitt á virði Landsvirkjunar að mestu á þeim langtímaáætlunum sem bankinn hefur fengið frá fyrirtækinu. Helstu forsendurnar í þessum áætlunum eru sem hér segir:

1. Orkuverð til almenningsveitna mun haldast óbreytt á föstu verðlagi til og með ársins 2000 en lækka um 3% á ári eftir það.
2. Eftirspurn á almennum markaði eykst um 2% á ári.
3. Gert er ráð fyrir 3% verðbólgu og stöðugu gengi íslenskrar krónu.
4. Orkuverð til stóriðju fylgir samningum en bankinn notar eigin spá um þróun álverðs til skemmri tíma en notar eftir það spá ráðgjafarfyrirtækisins Resource Strategies International eins og Landsvirkjun.
5. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði áfram undanþegið greiðslu skatta.
6. Ekki er gert ráð fyrir nýrri stóriðju.

JP Morgan telur að eðlilegt sé að miða við að vegið meðaltal fjármagnskostnaðar Landsvirkjunar sé 10,0%, þ.e. 8,8% af lánsfé og 12,5% af eigin fé og er þá átt við nafnvexti en samsvarandi raunvextir eru 7,0%, 5,8% og 9,5%. Með því að beita þeim aðferðum sem hér hefur verið lýst á þær sjóðstreymisáætlanir sem Landsvirkjun hefur látið honum í té kemst bankinn að þeirri niðurstöðu að heildarvirði fyrirtækisins sé 71.800 m.kr. og að virði eigin fjár sé því 24.300 m.kr. þegar búið er að taka tillit til heildarskulda sem eru að fjárhæð um 47.500 m.kr.

Bankinn bendir hins vegar á að Landsvirkjun sé um margt sérstakt fyrirtæki og því ríki nokkur óvissa um fyrrgreint mat. Atriði sem geta haft veruleg áhrif þar á eru m.a.:

1. Ofangreint mat byggir á þeirri forsendu að gjaldskrá fyrirtækisins verði nægilega há til þess að leyfa viðunandi arðsemi eigin fjár að meðaltali til 2010. Þetta þýðir að Landsvirkjun verður að skila mjög hárri arðsemi á árunum eftir 2005 til þess að vega upp á móti lágri arðsemi sem fyrirsjáanleg er á næstu árum miðað við þær gjaldskrárforsendur sem þegar er lýst.

2. Ofangreint mat byggir á því að mögulegt sé að sannfæra utanaðkomandi fjárfesta um að Landsvirkjun verði leyft að skila mjög hárri arðsemi eigin fjár á árunum eftir 2005 sbr. ofangreint.

3. Allar breytingar á gjaldskrá, sköttum og reglugerðarumhverfi Landsvirkjunar í framtíðinni geta haft afgerandi áhrif á arðsemi og þar með virði fyrirtækisins.

4. Sú rekstraráhætta sem Landsvirkjun hefur vegna tengingar á orkuverði til ISAL við álverð á heimsmarkaði getur fælt frá hefðbundna fjárfesta í raforkufyrirtækjum.

Lykilatriði í umræðunni um óvissuþættina hér að ofan er gjaldskrá Landsvirkjunar og hugsanleg tímasetning gjaldskrárbreytinga ef mögulegar eru. Bankinn bendir á að með fyrrgreindum áætlunum um þróun gjaldskrár verði arðsemi eigin fjár undir þeirri ávöxtun sem unnt er að fá á áhættulausri fjárfestingu á markaði hérlendis (spariskírteini ríkissjóðs) á næstu árum. Önnur leið sem JP Morgan fer fram á að eigendur íhugi er að hækka gjaldskrána um 20% nú þegar í þeim tilgangi að ná viðunandi arðsemi á næstu árum. Lands-

virkjun myndi síðan lækka raungildi gjaldskrárinnar um 5% árlega strax frá árinu 1997 og koma þannig í veg fyrir að arðsemin færi upp fyrir það sem eðlilegt getur talist.

Eins og fyrr segir er það mat JP Morgan að markaðsvirði Landsvirkjunar, 24,3 milljarðar króna, sé nokkru lægra en bókfært eigið fé miðað við 10,0% meðalnafnvexti af fjármagni. Vert er að geta þess að umrætt markaðsvirði er mjög viðkvæmt fyrir meðalkostnaði fjármagns. Nokkur umræða hefur verið um að fjármagnskostnaður Landsvirkjunar sé í raun lægri vegna hagstæðra erlendra lána en bankinn telur engu að síður víst að fjárfestar muni líta til vaxtaumhverfis hérlendis er þeir leggja mat á virði hlutabréfa í fyrirtækinu.

Umrætt mat bankans er einnig viðkvæmt fyrir öðrum þáttum í rekstri Landsvirkjunar. Markaðsvirðið er sérstaklega viðkvæmt fyrir forsendum er lúta að gjaldskrá fyrirtækisins sem sést af því að það er á bilinu 21,3-28,5 milljarðar króna eftir því hvort áætlanir gera ráð fyrir að árleg raunlækkun gjaldskrár verði 4% eða 2% á árunum 2001 - 2010. Þá er markaðsvirðið einnig mjög viðkvæmt fyrir forsendum um þróun álverðs og verður það 27,4 milljarðar króna ef álverð á tímabilinu verður 10% hærra en núverandi spár gera ráð fyrir en lækkar í 21,2 milljarða króna verði álverðið 10% lægra. Aðrir þættir s.s. vöxtur eftirspurnar eftir raforku og beinn rekstrarkostnaður geta einnig haft nokkur áhrif á matsverðið.

3.4 Áhugi fjárfesta á að festa fé í Landsvirkjun

JP Morgan hefur skoðað innlendan fjármálamarkað og komist að því að Landsvirkjun er langstærsta fyrirtækið hérlendis þegar litið er til heildareigna og eigin fjár. Tekjur fyrirtækisins eru hins vegar lægri en hjá mörgum öðrum aðilum. Bankinn kemst að þeirri niðurstöðu að jafnvel þó að hlutabréfamarkaður hérlendis hafi stækkað á undanförnum árum og ávöxtun hafi verið góð þá sé hann enn viðkvæmur fyrir ýmsum þáttum auk þess sem seljanleika bréfa á hverjum tíma sé ábótavant. Bankinn telur ástæður þessa vera:

1. Takmarkaður fjöldi stofnanafjárfesta.
2. Nær engin fjárfesting erlendra aðila.
3. Fjárfesting einstaklinga í hlutabréfum eru einkum skattalegs eðlis.
4. Hlutabréfaútboð að fjárhæð 700-800 m.kr. þykja stór. Stærri útboð þurfa sérstaka meðhöndlun.
5. Líklegt er að Landsvirkjun yrði yfirgnæfandi aðili á markaðinum ef til þess kæmi að hlutabréf í fyrirtækinu yrðu seld. Slíkt gæti jafnframt haft veruleg áhrif á þróun markaðarins.

Að ofangreindu má sjá að JP Morgan telur að þörf sé á erlendum fjárfestum ef setja ætti hlutabréf í Landsvirkjun á markað. Bankinn rökstyður þessa skoðun með því að innlendur hlutabréfamarkaður hafi sem stendur ekki bolmagn til þess að taka við hlutabréfum Landvirkjunar upp á eigin spýtur auk þess sem dreifing hlutabréfaeignar stuðli að fjárhagslegum sveigjanleika fyrirtækisins. Síðast en ekki síst telur bankinn að með því að setja bréf Landsvirkjunar á markað bæði hérlendis og erlendis myndu núverandi eigendur ýta undir þróun innlends hlutafjármarkaðar á sama tíma og þeir hámörkuðu virði eignarhlutar síns.

Bankinn bendir á að það sé ekki vandalaust að ná til erlendra fjárfesta og því yrði nauðsynlegt að skrá Landsvirkjun á erlendan hlutabréfamarkað og setja fram reikninga fyrirtækisins á því formi sem erlendir fjárfestar ættu að venjast og eru ástæður þessa sem hér segir:

1. Erlendir fjárfestar þurfa að vera vissir um seljanleika bréfa sinna en það er nokkuð sem innlendur hlutabréfamarkaður getur ekki tryggt á eigin spýtur.

2. Líklegt er að bréf í Landsvirkjun yrðu eina fjárfesting erlendra fjárfesta í íslenskum hlutabréfum og því er nauðsynlegt að vinna þeirra við að taka ákvörðun um kaup sé ekki það mikil að það fæli þá frá.
3. Það að kynna ársreikninga Landsvirkjunar með erlendum reikningsskilaaðferðum til viðbótar við núverandi framsetningu hjálpar erlendum fjárfestum við að að bera fyrirtækið saman við aðra fjárfestingakosti.
4. Erlendir fjárfestar munu bera fjárfestingu í Landsvirkjun saman við safn sitt af hlutabréfum í erlendum raforkufyrirtækjum í stað þess að skoða hækkun þingvísitölu hlutabréfa á verðbréfaþingi Íslands.

JP Morgan setti sig í samband við valin raforkufyrirtæki í Bandaríkjunum, Vestur Evrópu og á Norðurlöndunum með það fyrir augum að kanna áhuga þessara fyrirtækja á hlutabréfaeign í Landsvirkjun. Fyrirtækin lýstu öll áhuga á Landsvirkjun sem fjárfestingarkosti en sterkastur virtist áhuginn vera hjá fyrirtækjum á Norðurlöndunum. Öll þau fyrirtæki sem rætt var við lögðu áherslu á að ákvörðun um fjárfestingu í Landsvirkjun réðist af reglugerðarumhverfi fyrirtækisins og arðsemismarkmiðum.

3.5 Aðferðir til þess að vernda þjóðarhagsmuni ef Landsvirkjun er seld að hluta

Nefndin taldi nauðsynlegt að fjalla nokkuð um aðferðir sem fyrir hendi væru til verndar þjóðarhagsmunum ef ákvörðun yrði tekin um að selja Landsvirkjun að hluta eða öllu leyti.

JP Morgan bendir á að stjórnvöld í öðrum löndum hafa í mörgum tilfellum haldið eftir raunverulegri stjórn („effective control") yfir fyrrverandi ríkisfyrirtækjum. Þetta hefur verið gert með því að setja ýmis ákvæði inn í samþykktir viðkomandi fyrirtækja s.s.:

1. Takmarkanir á yfirtökum („takeovers").
2. Takmarkanir á hlutabréfaeign einstakra aðila.
3. Takmarkanir á hlutabréfaeign erlendra aðila.
4. Takmarkanir á sölu eigna.
5. Skipun stjórnarformanns og stjórnenda.
6. Takamarkanir á þjóðerni stjórnarformanns og stjórnenda.

Í Englandi hefur ríkisstjórnin valið að viðhalda áhrifum sínum í gegnum svokallað gullið hlutabréf („golden share"). Þetta eru sérstök hlutabréf sem eru venjulega í vörslu þess ráðherra sem fer með málaflokk viðkomandi fyrirtækis og er aðeins eitt gullið hlutabréf í hverju fyrirtæki. Gullna hlutabréfið hefur ákveðin réttindi sem þýðir að handhafi bréfsins getur komið í veg fyrir ákveðna og fyrirfram skilgreinda þróun hjá fyrirtækinu ef ekki er til þess vilji stjórnvalda. Réttindi þau sem fylgja eign á gullnu hlutabréfi eru venjulega skilgreind í samþykktum hlutafélagsins og svo er búið um hnútana að þessum samþykktum verður ekki breytt án samþykkis handhafa gullna bréfsins. Venjan er sú að handhafi þessa bréfs hefur rétt til að sækja aðalfund og hefur þar málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Þá gefur gullið hlutabréf ekki rétt til arðgreiðslu.

Hér er aðeins lýst þeirri aðferð sem notuð hefur verið í Englandi enda hafa stjórnvöld í öðrum Evrópulöndum valið mjög svipaðar aðferðir til að vernda þjóðarhag við einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

3.6 Stjórnskipulag Landsvirkjunar

Nefndin fór fram á að JP Morgan léti í ljós álit á stjórnskipulagi Landsvirkjunar og voru það einkum þrjú atriði sem nefndin hafði hug á að tekin yrðu til athugunar:

1. Samsetning stjórnarinnar.
2. Hlutverk stjórnarinnar.
3. Hlutverk ársfundar (aðalfundar).

Bankinn telur að þetta verði best gert með því að lýsa hvernig málum er háttað hjá Vattenfall í Svíþjóð en það er ríkisfyrirtæki sem breytt var í hlutafélag 1991 og er enn í eigu ríkisins. Í tengslum við þessa breytingu var stjórnskipulag fyrirtækisins endurskoðað.

Stjórn Vattenfall er skipuð sjö eiginlegum stjórnarmeðlimum en auk þess eiga þar sæti fulltrúar starfsmanna. Við stjórnarkjör er leitast við að tryggja jafnvægi milli stjórnmálalegra sjónarmiða en val einstaklinga byggist einkum á kunnáttu þeirra og færni á sviði fjármála, iðnaðar og markaðsmála.

Hlutverk stjórnarinnar er sem hér segir:

1. Stjórnin kemur saman 5-6 sinnum á ári.
2. Á stjórnarfundum fer stjórnin yfir tillögur sem settar eru fram af stjórnendum fyrirtækisins. Stjórnin kemur ekki með eigin tillögur og virðir rétt stjórnenda til þess að reka fyrirtækið („sovereignity of management").
3. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til þess að fjalla um einstök mál. Þetta hefur aðeins gerst einu sinni til þessa og var það í tengslum við ákvörðun um arðgreiðslu.

Það var samþykkt er fyrirtækinu var breytt í hlutafélag að stjórnin væri ekki vettvangur fyrir stjórnmálalegar deilur. Hlutverk stjórnarinnar er mjög skýrt en það er það eitt að vernda hagsmuni Vattenfall. Sænska ríkið fer með eignarhlut sinn á aðalfundi og í gegnum stjórn fyrirtækisins.

4. Framlög eigenda

Segja má að sú leið sem JP Morgan beitir við mat á verðmæti Landsvirkjunar lúti að framtíðarhorfum er varða rekstur fyrirtækisins. Nefndin hafði hins vegar einnig áhuga á því að lagt yrði mat á hvernig árangur hefur náðst af rekstri fyrirtækisins á undanförnum 30 árum og var löggiltur endurskoðandi Landsvirkjunar fenginn til þess að varpa nokkru ljósi á það málefni.

Endurskoðandinn bendir á að efnisþættir eigin fjár fyrirtækisins sem í árslok 1995 nam 25,7 milljörðum króna séu þrír. Í fyrsta lagi eru það eigendaframlög en þau hafa verið greidd með tvennum hætti, annars vegar með peningaframlögum og hins vegar með framlögum í formi mannvirkja. Í annan stað samanstendur eigið fé af þeim hagnaði fyrirtækisins sem ekki hefur verið greiddur út sem arður. Í þriðja lagi myndast hluti eigin fjár með því að eignir fyrirtækisins hafa verið endurmetnar með sérstökum verðstuðli sem á að endurspegla verðbreytingar á mannvirkjakostnaði og er að einum þriðja miðaður við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar og að tveimur þriðju við breytingar á gengi SDR að viðbættri erlendri verðbólgu.

Ekki hefur verið gerð nákvæm athugun á því hvernig eigið fé skiptist á milli ofangreindra þátta. Hins vegar hefur endurskoðandinn reiknað út að eigendaframlögin hafi num-

ið um 7,2 milljörðum króna á árslokaverðlagi 1995 metin með byggingarvísitölu og að árleg raunávöxtun eigin fjár eigenda Landsvirkjunar hafi því verið 5,42% ef miðað er við að unnt sé að selja fyrirtækið fyrir upphæð sem jafngildir bókfærðu eigin fé.

Að mati endurskoðandans er unnt að leiða að því rök að ofangreind meðaltalsávöxtun sé fullhá miðað við rekstrarafkomu fyrirtækisins á undanförnum áratugum. Þessi háa meðaltalsávöxtun skýrist m.a. af því að endurmat eigna fyrirtækisins tekur mið af breytingum á sértæku verðlagi sem hefur hækkað meira en vísitala byggingarkostnaðar. Endurskoðandinn telur mjög erfitt að segja nákvæmlega til um hversu hærra bókfært verð eigna er fyrir þessa sök enda þyrfti að endurreikna reikningsskil Landsvirkjunar frá upphafi til að komast að niðurstöðu hvað það varðar. Að hans mati er óvarlegt að gera ráð fyrir hærri raunávöxtun en sem nemur um 3% yfir fyrrgreint 30 ára tímabil. Þannig reiknuð verða eigendaframlögin um 14 milljarðar króna á verðlagi í árslok 1995.

5. Hugmyndir um eignarhald og rekstrarform Landsvirkjunar

Á fundum nefndarinnar var mikið fjallað um þá möguleika sem fyrir hendi væru að því er varðar eignarhald og rekstrarform Landsvirkjunar. Þrír kostir komu helst til greina í þessum umræðum og verður þeim gerð skil hér á eftir:

Leið I:
Rekstrarform óbreytt, en samið um upphæð eigendaframlaga, arðsemi, arðgreiðslur og aðlögun á stjórnskipulagi til samræmis við hlutafélagalög.

Meginatriði í þessari leið felast í eftirfarandi:
Ný ákvörðun tekin um hver fjárhæð eigendaframlaga skuli verða og koma þau í stað eldri ákvæða um eiginfjárframlög og stofnfjárframlög eigenda. Arðgreiðslur eru miðaðar við eigendaframlög eins og þau séu hlutafé.

Eigendur semja um rekstrarforsendur, arðsemi og arðgreiðslur til næstu 10 ára og byggist samkomulagið á:

1. Verðlagningu til almenningsrafveitna.
2. Hlutdeild Landsvirkjunar í raforkumarkaðinum.
3. Arðgjafarmarkmið verði ákveðin 5-6%% af eigin fé.
4. Arðgreiðslumarkmið sett og þeim náð í áföngum.
5. Stóriðjuverkefni verði metin sérstaklega og tryggt að þau hafi ekki neikvæð áhrif á hæfi fyrirtækisins til að greiða arð í samræmi við arðgreiðslumarkmið á samningstímanum í heild.
6. Stjórnunarleg atriði verði færð til samræmis við hlutafélagalög og miðað við að í stjórn fyrirtækisins sitji 7 menn. Þá er gert ráð fyrir haldinn verði aðalfundur líkt því sem gert er í hlutafélögum þar sem m.a. verður tekin ákvörðun um arðgreiðslur og kosin stjórn. Ákvæði hlutafélagalaga um verksvið stjórnar, forstjóra og aðalfundar verði tekin upp.
7. Rekstrarforsendur, arðgjöf og arðgreiðslur verði endurskoðaðar fyrir 1. janúar 2004 og þá liggi fyrir hvort grundvöllur sé til breytinga á rekstrarformi Landsvirkjunar.

Meðal þess sem gæti mælt með þessari leið er að ábyrgð eigenda á skuldbindingum Landsvirkjunar verður óbreytt en það auðveldar lántökur vegna nýrra stóriðjuverkefna og

orkuöflunar fyrir hinn almenna markað án þess að fyrirtækið þurfi að afla sér lánshæfiseinkunnar. Þá ber að nefna að sökum þess að rekstrarform er óbreytt verður engin breyting á fyrirliggjandi samningum Landsvirkjunar vegna lána og orkusölu auk þess sem ekki þarf að endurskoða starfsmannamál fyrirtækisins.

Það sem kann að mæla í mót þessari leið er að núverandi eigendur geta ekki selt eignarhlut án samþykkis sameigenda og er það óbreytt ástand frá því sem nú er. Þá ber að hafa í huga að nýtt fjármagn einkaaðila kemur ekki til og skuldastaðan verður því óbreytt jafnframt því að lántökur verða áfram metnar af lánveitendum út frá ábyrgð eignaraðila fremur en fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Leið II
Stofnað hlutafélag. um eignir og rekstur Landsvirkjunar. Miðað verði við óbreytt eignarhald í fyrstu en frelsi aukið til að selja eignarhlut.

Meginatriðin í þessari leið felast í eftirfarandi:
Farin er svipuð leið og farin hefur verið víða annarsstaðar en það er að breyta rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélagaform og bjóða eigendum upp á takmarkaða möguleika til sölu á eignarhlutum sínum án þess að fyrirtækið sé selt á almennum markaði. Með þessu er oft verið að undirbúa fyrirtækið og rekstrarumhverfi þess fyrir frekari breytingar síðar. Þessi leið hefur eftirfarandi í för með sér:

1. Hlutafélag stofnað með óbreyttri eignaraðild að sinni.
2. Samið verði um auknar heimildir til að selja eignarhlut í fyrirtækinu.
3. Skattlagning verður óbreytt nema einkaaðilar eignist hlut í fyrirtækinu
4. Hlutafé verður ákveðið og arðgreiðslumarkmið sett á grundvelli umsaminna rekstrarforsendna.
5. Samið verður við alla lánardrottna um breytt rekstrarform Landsvirkjunar.
6. Ný stóriðjuverkefni gætu haft í för með sér eitthvað af eftirfarandi:
   a) Ábyrgð eigenda þyrfti á lántökum.
   b) Nýir hluthafar þyrftu að koma inn í fyrirtækið.
   c) Verkefnafjármögnun kynni að vera nauðsynleg.
7. Endurskoðunarákvæði yrðu t.d. 2004 eða ef nýjar stórframkvæmdir kæmu til.

Meðal þess sem gæti mælt með þessari leið er m.a. að áhætta eigenda verður takmörkuð við hlutafjáreign og rekstrarform Landsvirkjunar verður í samræmi við rekstrarform flestra annarra fyrirtækja í landinu auk þess sem eigendur fá aukinn möguleika til sölu eignarhlutar. Þá er ljóst að eftir slíka breytingu munu lántökur fyrirtækisins byggjast á grundvelli arðsemi þess og fjárhagsstöðu en ekki er búist við að lánskjör breytist mikið frá því sem nú er.

Það sem helst kann að mæla í mót ofangreindri breytingu er að samninga er þörf við alla lánardrottna og ýmis álitaefni munu koma upp vegna formbreytinga fyrirtækisins s.s. biðlaun, verkfallsréttur, kjarasamningar o.fl.. Ennfremur má nefna að ekki kemur nýtt fé inn í fyrirtækið samfara breyttu rekstrarformi enda er ekki gert ráð fyrir hlutafjáraukningu á þessu stigi.

Leið III
Nýtt hlutafélag stofnað um Landsvirkjun og nýr aðili eða nýir aðilar koma inn í félagið.

Meginatriðin í þessari leið felast í eftirfarandi:
Hlutafélag er stofnað um rekstur Landsvirkjunar. Hlutafé núverandi eigenda verði metið miðað við söluverðmæti fyrirtækisins og einum eða fleiri nýjum hluthöfum boðið að koma inn í reksturinn með þriðjungs hlutafjáreign. Það fjármagn sem þannig kæmi inn í fyrirtækið yrði notað til að lækka skuldir þess. Með þessu móti ættu ríkið og sveitarfélögin hvort um sig þriðjungs hlut í félaginu á móti nýjum fjárfestum og skuldastaða fyrirtækisins væri verulega betri en nú er. Þessi leið felur eftirfarandi í sér:

1. Skattlagning núverandi eignaraðila af arði verður óbreytt.
2. Skattamál Landsvirkjunar verða endurskoðuð.
3. Lánshæfni er betur tryggð með sterkari eiginfjárstöðu.
4. Hlutverk Landsvirkjunar verður lítið breytt, þ.m.t. víðtækt hlutverk varðandi orkusölu til stóriðju.
5. Samið verði um rekstrarforsendur og meginmarkmið um rekstur og arðgreiðslur hins nýja félags.

Það sem helst kann að mæla með þessari leið er að nýr eða nýir aðilar kæmu að rekstrinum með verulegt nýtt eigin fé til orkuuppbyggingar. Rétt samsetning nýrra eignaraðila gæti stuðlað að frekari uppbyggingu stóriðju jafnframt því sem stigið er stórt skref í þá átt að innleiða markaðssjónarmið í raforkugeirann.

Það sem einkum gæti mælt á móti þessari leið er að nýir hluthafar tækju þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða þjóðarhag. Þá er það einnig sýnt að breyting yrði á skattfrelsi Landsvirkjunar en það getur haft veruleg áhrif á raforkuverð.

Sameiginlegt með ofangreindum leiðum er að næstu virkjunarheimildir yrðu staðfestar í lögum. Þá þyrfti í öllum leiðunum að afla lagaheimilda með breytingu á núgildandi lögum um Landsvirkjun.

Niðurstaða viðræðunefndar eigenda Landsvirkjunar um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar.
Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri að hlutverk Landsvirkjunar sem framleiðandi og flutningsaðili raforku til almenningsrafveitna og stóriðjunotenda héldist óbreytt næstu árin frá því sem nú er enda geta grundvallarbreytingar á fyrirtækinu við núverandi aðstæður haft veruleg áhrif á virði fyrirtækisins ef það verður selt á almennum markaði. Er þetta í samræmi við álit JP Morgan. Eftir ítarlega athugun á þeim leiðum sem helst koma til greina varðandi rekstrarform og eignarhald Landsvirkjunar á komandi árum komst nefndin að eftirfarandi niðurstöðu:

Rekstrarform
Rekstrarform Landsvirkjunar verði óbreytt til ársins 2004 en eigendaframlög sem koma í stað eiginfjárframlaga og stofnframlaga verði endurmetin m.v. árslok 1995. Þá verði sett arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið fyrir Landsvirkjun og breytingar gerðar á stjórnskipulagi fyrirtækisins.

Eigið fé og arðgjöf
Arðgjafarmarkmið Landsvirkjunar skal að jafnaði vera 5-6% á ári af eigin fé sem taka ber tillit til við gjaldskrárbreytingar. Ekki þarf að afla tillögu Þjóðhagsstofnunar áður en stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrir fyrirtækið.

Framlög eigenda Landsvirkjunar frá upphafi verði endurmetin með byggingarvísitölu og vaxtareiknuð með 3% en þannig reiknuð verða þau samtals um 14 milljarðar króna, sem hér eftir verða nefnd eigendaframlög. Sá hluti eiginfjár sem ekki telst eigendaframlag skal nefnast annað eigið fé .

Arðgreiðslur
Nefndin telur æskilegt að skilgreint verði betur með hvaða hætti Landsvirkjun greiðir eigendum sínum arð og gerir tillögu um eftirfarandi fyrirkomulag.

1. Eigendaframlög mynda stofn til útreiknings arðs sem miðast við 5,5% af endurmetnum stofni.
2. Á meðan hreinar rekstrartekjur án afskrifta sem hlutfall af heildarskuldum er undir 12% komi 25% af reiknuðum arði til útborgunar en 75% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.
3. Þegar ofangreint hlutfall verður á bilinu 12-15% þá nemi útborgaður arður 40% af reiknuðum arði og 60% komi til hækkunar á eigendaframlögum.
4. Eftir að hlutfallið nær 15% nemi útborgaður arður 60% af reiknuðum arði en 40% bætist við eigendaframlög.

Lagt er til að ekki verði gerð breyting á núgildandi fyrirkomulagi hvað varðar greiðslu ábyrgðargjalds til eigenda.

Akureyrarbær skal fá sérstakar viðbótararðgreiðslur á árunum 2001-2003 til að vega upp á móti minni arðgjöf af framlagi Akureyrarbæjar til Landsvirkjunar en af framlagi ríkisins og Reykjavíkurborgar. Árleg viðbótararðgreiðsla á umræddu tímabili skal vera 5,475% af fjárhæð sem nemur 25% af reiknuðum arði skv. framangreindu.

Eigendaframlög skulu endurmetin miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Fyrir liggja áætlanir um rekstur Landsvirkjunar byggðar á ákveðnum forsendum, þ.á.m. að gjaldskrárverð Landsvirkjunar verði óbreytt að raungildi til ársins 2000 og lækki síðan árlega um 2-3% á árunum 2001-2010. Tryggja þessar forsendur ákveðna arðsemi. Þær kunna þó að breytast sem gæti haft í för með sér röskun á fyrrgreindum forsendum um þróun gjaldskrár.

Stjórnunarleg atriði
Árlega skal haldinn ársfundur Landsvirkjunar og skal tekið tillit til ákvæða hlutafélagalaga um slíka fundi. Helstu verkefni ársfundar verða:

1. Skýrsla um starfsemina og afgreiðsla ársreiknings.
2. Skipun stjórnar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur.

Verksvið stjórnar og framkvæmdastjórnar verði gerð skýrari og verði að fullu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

Stjórn Landsvirkjunar skipa 7 menn sem hér segir:

1. Af hálfu ríkisins tilnefnir iðnaðarráðherra 3 menn og þar af einn sem stjórnarformann. Komi til atkvæðagreiðslu í stjórninni hefur stjórnarformaður tvöfalt atkvæði.
2. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs 3 menn.
3. Bæjarstjórn Akureyrar kýs 1 mann.

Ekki verði sérstakur áheyrnarfulltrúi frá ríkinu á stjórnarfundum.

Í kjölfar aðalfundar verði haldinn samráðsfundur með fulltrúum eigenda, sveitarfélaga og tiltekinna gesta þar sem kynnt yrði starfsemi Landsvirkjunar. Fundarmenn hafi málfrelsi á slíkum fundum.

Heimild verði til þátttöku í fyrirtækjum á sviði orkumála.

Endurskoðun sameignasamnings

Fyrir 1. janúar 2004 skal fara fram endurskoðun á sameignasamningi um Landsvirkjun, þ.m.t. á því hvort ástæða þyki til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun.

Fylgiskjal III.

Greinargerð um útflutning raforku um sæstreng.

Möguleikinn á að flytja út raforku frá Íslandi til Bretlands eða meginlands Evrópu hefur verið til athugunar í vaxandi mæli undanfarið en hann hefur um áratuga skeið verið í umræðunni um nýtingu orkulinda þjóðarinnar.

Fyrst kynnti Jakob Gíslason fyrrverandi orkumálastjóri þessar hugmyndir í erindi árið 1954. Orkustofnun lét gera athuganir á útflutningi raforku frá Íslandi árið 1975. Í athuguninni var miðað við 2000 MW flutning til Skotlands. Niðurstöður voru þær helstar, að tæknilega séð væri verkefnið raunhæft, en ef orkan ætti að vera samkeppnisfær á Bretlandi þyrfti að selja hana inn á afriðilsstöð á Íslandi undir áætluðum framleiðslukostnaði. Áætlunin var endurskoðuð á árinu 1980. Niðurstöður endurskoðunarinnar voru meðal annars að það verð sem líklega fengist fyrir orkuna væri á mörkum þess að vera nægilegt til að tryggja hagkvæmni framkvæmdanna.

Það var þó ekki fyrr en um miðjan síðasta áratug að tækni í gerð rafbúnaðar fyrir flutning jafnstraums og tækni við lagningu sæstrengja var komin á það stig að slíkur möguleiki gæti talist hagkvæmur. Landsvirkjun hóf þá að athuga þennan möguleika nánar fyrir sitt leyti og fékk til liðs við sig nokkur erlend fyrirtæki eins og strengjaframleiðandann Pirelli og rafbúnaðar- og strengjaframleiðandann ABB auk fjármálafyrirtækja. Þessi fyrirtæki skiluðu gagnlegum skýrslum um tæknilega stöðu þessara mála, möguleika til fjármögnunar o.fl. Jafnframt hefur Landsvirkjun í samráði við innlenda ráðgjafa gert áætlanir um ýmsa hugsanlega virkjunarkosti til orkuöflunar.

Í upphafi var talið vænlegast að sæstrengur frá Íslandi tæki land í Skotlandi á orkuveitusvæði Scottish Hydro og hefur Landsvirkjun því lengi haft samstarf við það fyrirtæki um þetta mál. Í því samstarfi hafa m.a. verið unnar áætlanir um landtökustaði, hugsanlegar tengingar inn á breska meginflutningskerfið og flutning lengra suður á bóginn auk tæknilegra og fjárhagslegra áætlana um strenginn og lagningu hans. Þá hefur verið litið á lög og reglugerðir og áhrif þeirra á lagningu strengja innan breskrar landhelgi, þar á meðal reglugerðir um áhrif slíkra strengja á segulmisvísun áttavita í skipum. Framhaldsathuganir hafa m.a. beinst að hagkvæmni samnýtingar raforkukerfa Íslands og Skotlands, sem virðast vera allnokkur.

Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar hefur frá 1991 verið í sambandi við Hamburgische Electricitäts-Werke (HEW) og í september 1996 undirrituðu Landsvirkjun, iðnaðarráðherra, HEW og ráðherra umhverfismála Hamborgar viljayfirlýsingu um samstarf við frekari athuganir á sæstreng.

Haustið 1992 stofnaði Reykjavíkurborg ásamt nokkrum hollenskum fyrirtækjum ICENET-hópinn svonefnda til athugunar á hagkvæmni sæstrengs milli Íslands og Hollands og sæstrengsverksmiðju í Reykjavík. Hópurinn hafði í fyrstu samráð við Landsvirkjun, en síðar var samið um samstarf hópsins og Landsvirkjunar, einkum að því er varðaði orkuöflunarþáttinn. Innan þessa samstarfs hafa verið unnar tæknilegar og fjárhagslegar áætlanir og möguleikar til fjármögnunar kannaðir. Áhugi raforkufyrirtækja í öðrum Evrópulöndum hefur einnig verið kannaður, bæði með tilliti til þess að þau taki þátt í verkefninu og kaupi orku frá Íslandi.

Nýjustu athuganirnar í sæstrengsmálinu hafa verið unnar í samstarfi ICENET og Landsvirkjunar. Hafa þær sýnt að lagning sæstrengs beint frá Íslandi til Hollands er ekki fjárhagslega fýsilegur kostur sem stendur. Var athyglinni því beint að lagningu tveggja 800 MW strengja frá Englandi til Hollands í fyrri áfanga og síðan eins 600 MW sæstrengs frá Íslandi til Skotlands í seinni áfanga. Kostnaður við þessa framkvæmd er áætlaður sem hér segir í milljörðum króna:

Orkuver og flutningslínur á Íslandi	89
Sæstrengur til Peaterhead, Skotlandi ásamt endabúnaði	90
Sæstrengir frá Grain, Englandi til Hollands ásamt endab.	71
Samtals	250

Áætlanir ICENETs-hópsins benda til að arðgjöf fjárfestingarinnar allrar geti verið góð og framkvæmdin því áhugaverð fyrir fjárfesta, bæði í heild sinni og fyrri áfanginn einn út af fyrir sig.

Talið er að á leiðinni England-Holland þurfi strengirnir að vera tveir vegna seguláhrifa. Einn strengur yrði látinn nægja yfir Atlantshafið milli Íslands og Skotlands, en þá þarf af sömu ástæðu að gera sérstakar ráðstafanir innan bresku landhelginnar. Á fundi stjórnarnefndar ICENET-verkefnisins í nóvember 1996 voru menn sammála þessum niðurstöðum.

Sérstakur áhugi Þjóðverja og Hollendinga á raforku frá Íslandi stafar af áhuga á svokallaðri „grænni orku“. Í Hollandi hafa t.d. verið gerðir samningar milli orkufyrirtækja og ríkisins um aukna hlutdeild grænnar orku. Raforkan er sá orkuberi sem best er til þess fallin að miðla grænni orku um þjóðfélagið.

Fyrir Ísland nægir einn strengur til að ná fram þeim hagstæðu áhrifum sem tenging við orkukerfi annarra Evrópulanda hefur á rekstur og uppbyggingu íslenska raforkukerfisins og öryggi raforkunotenda á Íslandi. Hér er um að ræða margvísleg áhrif, sum sem geta haft verulegan ávinning í för með sér.

Sé litið á rekstraröryggi kerfisins er fyrst til að taka aukið afhendingaröryggi á tímum vatnsskorts eða óvæntrar aukningar á eftirspurn. Nú eru einu úrræðin á slíkum tímum annaðhvort skert afhending eða rafmagnsvinnsla með olíubrennslu, en sæstrengur myndi opna leiðina til að kaupa orku á markaði í Evrópu. Auk þess að vera margfalt ódýrara en t.d. rafmagn framleitt í olíustöðvum ætti slík tenging að gera skerðingu á afhendingu forgangsrafmagns algerlega óþarfa. Vegna þessa aukna öryggis yrði einnig hægt að fresta byggingu nýrra virkjana fyir hinn almenna markað eða stóriðjuver um einhver ár á meðan markaðurinn byggist upp að því marki sem hæfir stórri virkjun. Þetta mundi bæði bæta nýtingu orkukerfisins og gera mögulegt að nýta stærri og hagkvæmari kosti. Heildarfjárfesting myndi minnka og orkuverð lækka. Þegar forsendur liggja fyrir varðandi eðli hlutaðeigandi samninga um orkuviðskipti um sæstreng og aðstæður á rafmagnsmarkaði við hinn enda strengsins yrði hægt að meta mögulega hagkvæmni af þessu atriði.

Sæstrengurinn myndi jafnframt bæta verulega samningsstöðu okkar gagnvart hugsanlegum erlendum fjárfestum í orkufrekum iðnaði hér á landi. Nú er það svo, að bygging raforkuvera tekur yfirleitt lengri tíma en bygging þeirra iðjuvera sem nýta orkuna. Fyrrnefndir fjárfestar þurfa því að taka bindandi ákvarðanir fyrr en ella. Það telji þeir að auki áhættu sem þeir taka og vilja fá slíkt bætt í lægra rafmagnsverði. Landsvirkjun telur að með tilkomu sæstrengs myndi stórlega batna aðstaðan til að laða hingað erlenda fjárfestingu í iðnaði og gildir þá einu hvort verið er að tala um álver á borð við ÍSAL eða lítil fyrirtæki með margfalt minni raforkunotkun.

Þá kæmi strengurinn að góðu gagni ef einhverskonar náttúruvá hindrar eðlilega orkuvinnslu um hríð. Þetta atriði er þýðingarmikið fyrir hið almenna raforkukerfi og ekki síður í augum þeirra kaupenda raforku sem hafa þurft að leggja í miklar fjárfestingar og þola því illa langvarandi rekstrartruflanir.

260. Frumvarp til laga [228. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Á eftir g-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sérfræðiþjónusta barna og unglinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar skv. 37. gr. a.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir sérfræðiþjónustu barna og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrastofnana og skólakerfis greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Gjaldskráin gildir bæði um sérfræðiþjónustu sem veitt er af hinu opinbera og öðrum. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um þjónustuna.

Sérfræðiþjónusta barna og unglinga utan sjúkrastofnana og skólakerfis á sviði sálfræði og félagsráðgjafar er því aðeins greidd að fyrir liggi sérstök umsókn frá heilsugæslulækni eða sérfræðingi á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd sérfræðiþjónustunnar, meðal annars mæla fyrir um hverjir eigi rétt á henni og hverjir veiti hana.

Reikningi fyrir sérfræðiþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt frá heilbrigðis- og tryggingaefnd. Nefndinni barst fjöldi umsagna og er frumvarpið lagt fram með nokkrum breytingum sem gerðar voru með hliðsjón af ábendingum sem þar komu fram.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á löggjöf um almannatryggingar að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Gert skal ráð fyrir því að þiggjendur þjónustunnar greiði ákveðinn hluta þjónustunnar, t.d. fasta upphæð fyrir hvert viðtal. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu. Gert er ráð fyrir að einungis verði greitt fyrir þjónustu réttindafólks á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, sbr. lög nr. 40/1976 og lög nr. 95/1990. Einnig verður að gera þá kröfu að einungis verði greitt fyrir þjónustu þeirra sem hafa ákveðna lágmarksreynslu á þessu sviði og má þá m.a. horfa til reglna um veitingu sérfræðileyfa í sálfræði og setja skilyrði um framhaldsmenntun.

Ýmislegt bendir til þess að vaxandi þörf sé fyrir þessa sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Þessi þjónusta er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni, sem dvelja á sjúkrastofnunum, geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Hins vegar skortir mikið á að nægjanlegur fjöldi sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar starfi á heilbrigðisstofnunum svo hægt sé að sinna þessari þjónustu eins og þyrfti. Við breytingu á grunnskólalögum var dregið verulega úr þessari sérfræðiþjónustu innan

skólanna. Hlutverk starfandi sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar við skóla er nú að mestu leyti greiningarstarf en börnum er síðan vísað annað til meðferðar og því er staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þarf á þessari sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana. Komið hafa fram ábendingar frá skólaskrifstofum víða um land um að við breytingu sem gerð var á grunnskólalögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir að veita meðferðarþjónustu innan skólakerfisins. Með þessu er verið að færa þjónustuna út fyrir skólakerfið og kostnaðinn yfir á foreldra. Þá er einnig ljóst að á landsbyggðinni er þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki til staðar utan skólakerfisins eða sjúkrastofnana nema í undantekningartilvikum. Kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldu vegna þessarar þjónustu getur því verið mjög mikill, þegar við bætist ferðakostnaður. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að börnum, sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða, standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn, sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða, þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur einnig og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ráðið sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu og margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér hana. Félagið hefur þannig reynt að bregðast við vanda þessara fjölskyldna. Til lengri tíma litið getur félagið þó ekki staðið alfarið undir þjónustunni, enda verður ekki séð að þjóðfélagið geti velt þessu verkefni yfir á félagasamtök.

Börn og ungmenni, sem hafa mátt þola hvers konar ofbeldi, þurfa oft um langan tíma á þjónustu sérfræðinga að halda, sem og þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri ástæður mætti að sjálfsögðu nefna, þörfin fyrir sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni eykst stöðugt.

Í reglugerð skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins skal eins og unnt er skilgreina þá sem rétt skulu eiga á þessari þjónustu. Einnig skal í reglugerðinni kveða á um hvernig staðið verði að umsóknum um þjónustuna. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa utan skóla eða heilbrigðisstofnana skal aðeins greidd af Tryggingastofnun ríkisins ef sjúklingur framvísar sérstakri umsókn heilsugæslulæknis eða sérfræðings á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Sveitarfélög hafa í ákveðnum tilvikum tekið þátt í kostnaði vegna sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni en fá sveitarfélög veita fullkomna þjónustu að þessu leyti. Mjög margar fjölskyldur búa við svo bágan efnahag að þær geta ekki mætt kostnaðinum sem fylgir því að fjölskyldumeðlimur þurfi í lengri eða skemmri tíma að nýta sér þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, sérstaklega ekki þegar um er að ræða börn eða ungmenni, og því er þetta frumvarp flutt.

261. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna bætist: þar með talið málefni sameignar- eða hlutafélaga sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 49. gr. laganna orðast svo: Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, sbr. ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 46. gr., gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 121. löggjafarþingi fór fram umræða utan dagskrár um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Í kjölfar hennar lét forsætisráðuneytið vinna sérstaka óháða lögfræðilega álitsgerð um þetta efni sem lögð var fram í skýrsluformi nú á 122. löggjafarþingi (þskj. 25, 25. mál). Niðurstaða hennar var m.a. sú að réttur einstakra alþingismanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nái aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber, en það sé síðan löggjöfin sem kveður nánar á um hvaða málefni eru opinber. Þá kemur fram í niðurstöðum að ríkishlutafélög teljist aðilar að einkarétti og um þau gildi sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt.

Með breytingu á 54. gr. stjórnarskrárinnar á 113. löggjafarþingi, sem staðfest var á 114. löggjafarþingi, var kveðið á um að alþingismönnum, með leyfi Alþingis, væri heimilt að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast skýrslu um það. Var hér um að ræða orðalagsbreytingu frá eldra ákvæði sem sagði að heimilt væri hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild sem hann ætti sæti í ef hún leyfði það og beiðast um það skýrslu ráðherra. Í greinargerð með framangreindri breytingu sagði einungis að með greininni væri verið að staðfesta framkvæmd á meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi. Í þingsköpum frá árinu 1874 er hins vegar að finna ákvæði um heimild þingmanna til að bera upp í annarri hvorri þingdeildinni opinbert málefni og beiðast skýrslu landshöfðingja en án frekari skýringa. Ákvæði þingskapa um fyrirspurnir tók síðan breytingum í tímans rás og í þingskaparlögum frá 1915 er að finna ákvæði um fyrirspurnir um alþjóðleg málefni sem breyttist árið 1936 í fyrirspurnir um landsmál. Enn tók ákvæðið breytingum árið 1946 og var þá skilgreiningin miðuð við fyrirspurnir í sameinuðu þingi um einstök atriði eða mál. Það var hins vegar með lögum nr. 54/1972, sem breyttu þágildandi þingskapalögum frá 1936, að skilgreiningin miðaðist að nýju við opinbert málefni. Í greinargerð með síðastgreindum lögum var kveðið á um að fyrirspurn skyldi fjalla um opinber málefni sem ráðherra bæri ábyrgð á. Það væri gert til að leggja áherslu á að einungis ætti

að spyrja um slík málefni. Ekki er í framangreindum lögum eða lögskýringargögnum að finna nánari skilgreiningu á því hvað telst opinbert málefni, enda er það í samræmi við niðurstöðu í framangreindri álitsgerð um að það sé löggjöfin sem ákveði hvaða málefni teljist opinber.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að upplýsingar um sameignar- og hlutafélög sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira teljist upplýsingar um opinbert málefni og því eigi þingmenn sama rétt til slíkra upplýsinga og um þau fyrirtæki sem gerð er grein fyrir t.d. í B-hluta ríkisreiknings. Frumvarpið er lagt fram þar sem komið hefur í ljós að það orkar tvímælis hvernig túlka skal stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að óska skýrslu eða upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni, en eins og að framan greinir er sá réttur nánar útfærður í lögum um þingsköp Alþingis.

Þá er þess að geta að í nýsamþykktum lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, er í 6. gr. gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þá segir m.a. að eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi eða sameignarfélagi, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Þá er í 9. gr. tekið fram að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þótt öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra. Þá má enn fremur geta þess að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er ráð fyrir því gert að í D- og E-hluta ríkisreiknings verði fjárreiður fjármálastofnana og hlutafélaga með meiri hluta eignaraðild ríkisins skýrðar, en til þessa hefur ekki verið gerð grein fyrir þessum aðilum í ríkisreikningi. Það er því augljós vilji löggjafans að farið sé með málefni er lúta að hlutafélögum í meirihlutaeigu ríkisins sem opinber málefni. Tilgreind dæmi af ríkisreikningi og hlutverki Ríkisendurskoðunar í þessu efni kveða skýrt á um þetta. Það er því álitamál hvort niðurstaða hinnar lögfræðilegu úttektar af hálfu forsætisráðherra standist þegar grannt er skoðað. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að úr því fáist skorið með skýlausum hætti hvaða málefni teljast til „opinberra málefna“ og hver ekki og þar með hver sé réttur þingmanna þegar kemur að eftirlitsskyldu þings með framkvæmdarvaldinu. Í frumvarpinu er reynt að bæta úr einu tilteknu atriði í þessum efnum, en ekki gerð tilraun til altækrar skilgreiningar á hugtakinu „opinbert málefni“.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga hafi skýrar heimildir í lögum, sbr. ákvæði stjórnarskrárinnar, til að hafa eftirlit með því að farið sé að settum lögum af hálfu framkvæmdarvaldsins og meðferð fjármuna og aðrir rekstrarþættir í opinberri stjórnsýslu séu þannig að eðlilegt geti talist. Stjórnarskráin kveður á um þetta og nægir að vísa til 39. gr. hennar þar sem segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning og geti veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum. Þá má enn fremur vísa til 43. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

Hlutafélög í eigu ríkisins, stórfyrirtæki á borð við Póst og síma hf. og viðskiptabankar í eigu ríkisins eiga ekki að vera undanþegin slíku eftirliti af hálfu Alþingis. Nýlegt dæmi um þetta er tregða forsvarsmanna Pósts og síma hf. að upplýsa eigendur fyrirtækisins, almenning, um þær forsendur sem að baki liggja mikilli hækkun á gjaldskrá símans. Allur almenningur hefur með réttu gagnrýnt það viðhorf fyrirtækisins og handhafa hlutafjárs, samgönguráðherra. Þar er sannanlega um að ræða fyrirtæki í eigu ríkisins þar sem miklu skiptir fyrir almannahag

hvernig opinberri stjórnsýslu vindur fram. Gildir þar einu hvort fyrirtækin eru hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkissjóðs eða hefðbundin ríkisfyrirtæki.

Til að taka af öll tvímæli í þeim efnum er frumvarp þetta lagt fram.

262. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hlutafélögum, sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira, er skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis, þskj. 261, 229. mál, og er í greinargerð með því að finna skýringar á tilurð þessa máls.

Allt frá 1874 hafa alþingismenn átt rétt til að beiðast svara um opinber mál og er þessi réttur varinn af 54. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig hafa alþingismenn í gegnum tíðina fengið þær upplýsingar um rekstur ríkisfyrirtækja sem teljast vera opinber málefni. Það er því fullkomlega óeðlilegt að með því einu að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækis í hlutafélag sem að meiri hluta er í eigu ríkisins sé girt fyrir stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að hafa eftirlit með opinberri stjórnsýslu og fjárreiðum ríkisins.

Í skýrslu forsætisráðherra um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, þskj. 25, 25. mál, er komist að þeirri niðurstöðu að ráðherra sé skylt að gefa alþingismönnum upplýsingar um það sem fram kemur í ársreikningi og helgast sú niðurstaða af því að þær upplýsingar teljast opinberar samkvæmt fyrirmælum ársreikningslaganna. Því má draga þá ályktun að aðgangur alþingismanna að upplýsingum um hlutafélög sé ekki meiri en sá réttur sem almenningi er tryggður lögum samkvæmt. Sú niðurstaða er viðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ekki eru í eigu hins opinbera en að sama skapi óviðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ríkið á að stærstum hluta. Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að þingmenn hafi sama rétt til upplýsinga um málefni hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins og ef um væri að ræða ríkisfyrirtæki sem falla undir B-hluta ríkisreiknings. Ekki er nokkur vafi á að sá réttur er rýmri en réttur almennings.

263. Svar [66. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sölu á raforku um sæstreng.

1. *Hver er staða viðræðna um lagningu sæstrengs frá Íslandi til Bretlandseyja eða meginlands Evrópu?*

Ráðuneytið á ekki í viðræðum um lagningu sæstrengs frá Íslandi til Bretlandseyja eða meginlands Evrópu. Á undanförnum árum hafa nokkur orkufyrirtæki í Evrópu sýnt áhuga á að kanna hugsanlega lagningu sæstrengs. Meðal þeirra eru hollensk fyrirtæki sem tóku þátt í ICENET-verkefninu með Reykjavíkurborg, orkufyrirtæki Hamborgar (HEW) og skoska raforkufyrirtækið Scottish Hydro.

Í lok heimsóknar iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Landsvirkjunar til umhverfis- og orkumálaráðherra Hamborgar sl. haust var undirrituð sérstök bókun um sæstrengsmálið. Í henni lýstu framangreindir aðilar yfir vilja til að fram fari víðtæk heildarathugun á forsendum sæstrengs á milli Íslands og grannríkja þess í Evrópu. Miðað var við að aðilum sem sýnt hafa málinu áhuga á undanförnum árum yrði boðið að eiga aðild að slíkri athugun. Samkvæmt bókuninni er miðað við að farið verði yfir alla þætti sem gætu haft áhrif á ákvörðun um slíkt verkefni. Var gert ráð fyrir að sérstök sameiginleg vinnunefnd innlendu og erlendu aðilanna undir forustu íslenskra stjórnvalda stýri þessari heildarathugun. Í heimsókn iðnaðar- og viðskiptaráðherra til Hollands í byrjun þessa árs lýstu hollensku fyrirtækin sem hafa verið aðilar að ICENET-verkefninu yfir áhuga á að taka þátt í slíkri athugun með íslenskum stjórnvöldum.

Ráðuneytið hefur skipað starfshóp til þess að kanna forsendur af Íslands hálfu fyrir slíku verkefni. Hópnum hefur verið falið að undirbúa nánar stefnu Íslands varðandi tenginu íslenska raforkukerfisins raforkukerfum grannríkjanna um sæstreng. Enn fremur er starfshópnum ætlað að undirbúa drög að starfsáætlun vegna heildarathugunarinnar. Hópurinn hefur ekki lokið störfum. Starfshópnum var falið að miða við lagningu eins sæstrengs milli Íslands og Bretlands eða meginlands Evrópu. Miða skal við að flutningsgeta strengsins verði að hluta til nýtt til útflutnings á raforku frá Íslandi en að hluta til inn- eða útflutnings, eftir vatnsbúskap í miðlunarlónum og því hversu raforkukerfið er vel nýtt. Jafnframt skal miða við að strengurinn styrki raforkukerfi landsins, bæti nýtingu orkulindanna og stuðli að samvinnu við orku- og iðnfyrirtæki í öðrum ríkjum Evrópu. Lögð er áhersla á að undirbúningur miðist við hagsmuni íslenska raforkukerfisins og að frekari vinna verði undir forustu íslenskra stjórnvalda.

Í tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála sem lögð hefur verið fyrir Alþingi er meðal annars lagt til að iðnaðarráðherra verði falið „að kanna tæknilega, fjárhagslega og umhverfislega kosti og galla þess að tengja íslenska orkukerfið við raforkukerfi á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu“. Í athugasemdum með tillögunni kemur fram að gert er ráð fyrir að gengið verði til samstarfs við erlend orkufyrirtæki um athugun á því hvort hagkvæmt geti verið að tengja raforkukerfi landsins raforkukerfi Evrópu og þá hvaða tenging sé hagkvæmust og æskilegur áfangi skilgreindur. Sérstaklega verði kannað með hvaða hætti slík tenging geti orðið íslenska raforkukerfinu til góðs, aukið öryggi, bætt nýtingu virkjana, skapað sveigjanleika o.s.frv. Sömuleiðis miðist athugunin við lagningu eins sæstrengs með svipaða flutningsgetu og þeir strengir sem reynsla er fengin af erlendis. Með henni verði jafnframt stefnt að hámarksgildi slíkrar tengingar fyrir íslenskan orkubúskap, en stefna til lengri tíma mótuð með hliðsjón af niðurstöðu athugunarinnar. Samtenging raforkukerfis landsins við raforkukerfi grannríkjanna er því til umfjöllunar á Alþingi.

2. *Hverjir eru tækni- og kostnaðarþættir málsins, m.a. flutningsgeta og áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður?*

Eins og sjá má af svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar liggja þessar upplýsingar ekki fyrir. Í þessu sambandi má þó benda á að í fylgiskjali III með tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála, sem hefur verið lögð fyrir Alþingi, er greint frá áætlunum ICENET-hópsins um kostnað við orkuver á Íslandi og sæstreng til Skotlands ásamt endabúnaði. Þar kemur fram að miðað við 600 MW flutningsgetu sé heildarkostnaðurinn um 180 milljarðar kr.

3. *Um hversu mikla orku er rætt í þessu samhengi, afl og ársframleiðslu, og til hvaða virkjana hefur einkum verið horft í því samhengi?*

Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir. En þó má ætla að fyrst og fremst yrði litið til virkjana á Norðaustur- og Austurlandi.

4. *Á hvaða forsendum yrði samið um slíka orkusölu, fjármögnun, afhendingu og orkuverð?*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar liggja þessar upplýsingar ekki fyrir.

5. *Hverjir hafa umsjón með málinu af Íslands hálfu og hvaða áfangar eru fram undan í viðræðum um það?*

Eins og fram kom í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipað starfshóp til að undirbúa heildarathugun á forsendum sæstrengs á milli Íslands og Bretlandseyja eða meginlands Evrópu og vinna að nánari stefnumótun. Jafnframt hefur eins og þegar er komið fram verið lögð fram tillaga til þingsályktunar þar sem lagt er til að iðnaðarráðherra verði sérstaklega falið að vinna að þessu máli. Ráðuneytið mun fljótlega boða til fundar með þeim aðilum sem sýnt hafa áhuga á málinu. Í framhaldi af því verður væntanlega hafin vinna við heildarathugun á forsendum tengingar íslenska raforkukerfisins við raforkukerfi grannríkjanna. Iðnaðarráðuneytið mun hafa með höndum yfirstjórn verkefnisins af Íslands hálfu, en Landsvirkjun mun vinna að tækni-, kostnaðar- og markaðsþáttum könnunarinnar og eiga þannig aðild að verkefninu.

264. Fyrirspurn [231. mál]

til félagsmálaráðherra um búsetumál fatlaðra.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir fatlaðir einstaklingar fengu húsnæði á vegum svæðisstjórna um málefni fatlaðra á árinu 1996 og samkvæmt áætlun fyrir árið 1997, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?
2. Hversu margir fatlaðir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?
3. Hver má ætla að kostnaðurinn við að leysa húsnæðisvanda þessa hóps verði, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?
4. Hversu margir fatlaðir einstaklingar voru í dagvistun á árinu 1996 og samkvæmt áætlun fyrir árið 1997, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?

5. Hversu margir fatlaðir einstaklingar eru á biðlistum eftir dagvistun, skipt á umdæmi svæðisstjórna?
6. Hver er heildarkostnaður af rekstri dagvistunar fyrir fatlaða einstaklinga árið 1996 og samkvæmt áætlun fyrir árið 1997, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?
7. Hver má ætla að heildarkostnaður yrði ef þörfinni fyrir dagvistun fatlaðra einstaklinga yrði mætt að fullu, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?
8. Hversu margir fatlaðir einstaklingar stunda vinnu á vinnustöðum í umsjón svæðisstjórna, skipt eftir umdæmum?
9. Hversu margir fatlaðir einstaklingar eru á biðlistum eftir vinnu, skipt á umdæmi svæðisstjórna?

Skriflegt svar óskast.

265. Fyrirspurn [232. mál]

til umhverfisráðherra um losun koldíoxíðs í andrúmsloft.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvaða breytingar urðu á losun koldíoxíðs í andrúmsloft við Ísland á árunum 1950–80 í kjölfar þess að hitaveita leysti olíu- og kolakyndingu af hólmi?

266. Fyrirspurn [233. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd áfengislaga.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hverjir skipa þá þriggja manna nefnd sem á samkvæmt áfengislögum að úrskurða um hvort vínveitingastaður er fyrsta flokks, sbr. 2. mgr. 12. gr. áfengislaga, nr. 82/1969?
2. Hverjar eru starfsreglur nefndarinnar í aðalatriðum?
3. Telur ráðherra að allir vínveitingastaðir séu fyrsta flokks, sbr. 1. mgr. sömu greinar?

267. Fyrirspurn [234. mál]

til dómsmálaráðherra um skilyrði til lokunar vínveitingastaða.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve oft hefur lögreglan fellt niður vínveitingaleyfi, sbr. 4. mgr. 12. gr. áfengislaga, nr. 82/1969?

2. Hvenær er gert ráð fyrir að endurskoðun áfengislaga ljúki, m.a. með tilliti til útgáfu vínveitingaleyfa á veitingahúsum og til þess að lögreglan geti sett strangari skilyrði fyrir opnun veitingastaða sem hafa brotið settar reglur?

268. Fyrirspurn [235. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir í jafnréttismálum.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Hvernig hefur framkvæmdin verið á liðum 9.2.3 Námsefni og 9.2.5 Nám í fjölskyldufræðum í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna (1993–97)? Er síðarnefndi liðurinn til umræðu við yfirstandandi endurskoðun á námskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla?

269. Frumvarp til laga [236. mál]

um afnám laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, falla úr gildi 1. september 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði ákvörðun um að ljúka úthlutun veiðiheimilda og stjórn fiskveiða samkvæmt núgildandi lögum. Gert er ráð fyrir að samstaða sé um að stjórna verði fiskveiðum áfram og að sett verði ný lög sem taki við af eldri lögum. Þýðing þessa frumvarps er fyrst og fremst sú að öll réttindi til veiða samkvæmt gildandi lögum munu falla niður og endurúthlutun fara fram á grundvelli nýrra laga. Með samþykkt frumvarpsins tekur Alþingi af öll tvímæli um forræði sitt til lagasetningar um nýtingu fiskstofna og óumdeilt verður gildi núgildandi lagaákvæða um þjóðareign á fiskstofnunum. Flutningur frumvarpsins byggist á þeirri skoðun flutningsmanna að gildandi lög hafi ekki leitt til einkaeignarréttar á fiskstofnum eða nýtingu þeirra og að hægt sé að fella þau réttindi niður bótalaust. Á hinn bóginn hefur raskast mjög sá grundvöllur sem upphafleg úthlutun veiðiheimilda hvíldi á, svo og dreifing þeirra eftir byggðarlögum og útgerðarflokkum, og af þeim sökum er óhjákvæmilegt að taka málið til endurskoðunar í heild.

Til greina kemur að kveða á um skipan nefndar sem skipuð yrði fulltrúum stjórnmálaflokkanna og gera henni að skila frumvarpi að nýjum lögum eigi síðar en t.d. tveimur árum áður en

núgildandi lög féllu úr gildi. Slík skipan mála mundi lögfesta ákveðinn feril málsins og væri líkleg til þess að tryggja vandaðan undirbúning að löggjöfinni.

Á hinn bóginn er ólíklegt að slík nefndarskipan leiði til sameiginlegrar niðurstöðu og ber að hafa í huga að Alþingiskosningar eru innan tveggja ára. Fyrir þær kosningar munu stjórnmálaflokkarnir vafalaust leggja fyrir kjósendur áherslur sínar í þessu mikilsverða máli og meginstefnu í því, sem þeir þá ætla að hrinda í framkvæmd með nýjum lögum á næsta kjörtímabili og það gæti orðið eigi síðar en 1. september 2002 samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ekki er ólíklegt að ríkisstjórnarsamstarf eftir Alþingiskosningar árið 1999 verði einmitt grundvallað á stefnunni í sjávarútvegsmálum. Þessi líklega atburðarás mælir fremur gegn nefndarskipan og er því ekki gerð tillaga um hana í frumvarpinu.

Það er sjónarmið flutningsmanna að stjórna beri fiskveiðum á annan hátt en verið hefur. Stjórn fiskveiða þarf að gera nýjum mönnum kleift að hefja útgerð og nýta legu sjávarbyggða við nálæg fiskimið með öflugum strandveiðum. Þá þarf hún að nýta kosti stórútgerðar og loks að endurspegla áherslu á að mengun hvers konar verði sem minnst við sjósóknina. Umgengni um lífríki hafsins miðist við að spilla því ekki og að veiðar úr fiskstofnum takmarkist við að ganga ekki á stofnstærð umfram endurnýjunargetu og raska ekki jafnvæginu í lífríkinu.

Til þess að ná þessum markmiðum þarf ný löggjöf að skilja á milli strandveiða og stórútgerða. Í strandveiðum verði opið kerfi sem byggist að mestu leyti á sóknarstýringu og geri ráð fyrir áætluðu heildaraflamagni, en togarar og önnur stórvirk skip verði áfram í aflamarkskerfi með framseljanlegum aflaheimildum að einhverju leyti. Hlutur strandveiða gæti verið um 40% og hlutur aflamarkskerfisins um 60% af botnfiskveiðunum. Þá yrði veiðum stjórnað þannig að strandveiðar væru á miðum innan 20–30 mílna frá landi og aðrar veiðar að mestu þar fyrir utan. Veiðiréttindin afmarkist við hvorn útgerðarflokkinn um sig og geti ekki flust á milli þeirra. Til strandveiða mundu teljast allar veiðar með önglum. Veiðar með netum, nót eða trolli yrðu mjög takmarkaðar. Settar yrðu reglur um hámarksútivist hvers skips og um stærð báta sem mættu stunda strandveiðar. Um veiðar uppsjávarfiska giltu að nokkru leyti aðrar reglur og lytu einkum aflamarksstjórnun.

Flutningsmenn gera ráð fyrir að atvinnugreinin greiði kostnað við eftirlit og hagræðingu og hluta af kostnaði við rannsóknir en að öðru leyti gildi almenn skattalög.

270. Fyrirspurn [237. mál]

til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Suðurnesjum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvaða áform hafa stjórnvöld um að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Suðurnesjum?

271. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [238. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Flm.: Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Kristinn H. Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson,
Ögmundur Jónasson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Við 72. gr. stjórnarskrárinnar bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi.

Heimilt er að ákveða að nýtendur auðlinda í sameign þjóðarinnar greiði hóflegt gjald er standi undir kostnaði við rannsóknir og stuðli að verndun auðlindanna og sjálfbærri nýtingu þeirra samkvæmt nánari ákvörðun í lögum.

Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu.

Með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miða að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Brýnt er orðið að taka af öll tvímæli um eignarrétt á náttúruauðæfum og landi og marka skýra stefnu í því máli. Hér er miðað við þá grundvallarreglu:

— að eignir, sem enginn hefur sannanlega átt fram að þessu og eru þess eðlis að þær þurfa að nýtast af þjóðarheildinni, verði í stjórnarskrá lýðveldisins lýstar sameign þjóðarinnar allrar;
— að mörkin milli einkaeignar og sameignar þjóðarinnar verði ákveðin með löggjöf þar sem hagsmuna þéttbýlisbúa sé fyllilega gætt og að þeim sé tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu;
— að staða bænda sé ekki skert og þeir haldi þeim hlunnindum sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

I. *Verðmæti í sjó og á sjávarbotni* meðfram ströndum landsins gætu orðið bitbein einstakra manna síðar meir ef séreignarstefnan verður enn frekar ofan á í íslenskri löggjöf og ekki er tekinn af allur vafi með ótvíræðu stjórnarskrárákvæði.

II. Eignarréttur að *afréttum og almenningum* hefur lengi verið bitbein manna á milli en þó hefur það verið margviðurkennd túlkun á íslenskum rétti að einstakir menn eigi almennt ekki beinan eignarrétt á landi í óbyggðum.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955, bls. 108, er fjallað um eignarhald á landi á Landmannaafrétti. Undirréttur komst að þeirri niðurstöðu að Landmannaafréttur væri háður eignarrétti Landmannahrepps og væri ekki almenningur en Hæstiréttur komst einróma að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að ekki hefðu verið færðar sönnur á það að Landmanna- og Holtahreppar

hefðu öðlast eignarrétt á afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afrétti þessum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969, bls. 510, var fjallað um deilur Skagfirðinga og Eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétti. Undirréttur dæmdi Skagfirðingum eignarrétt á afréttarlandinu í samræmi við afsal frá árinu 1464 en Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að hvorugur aðilinn hefði „fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því, sem um er að tefla í máli þessu". „Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðila í málinu teknar til greina."

Í greinargerð með frumvarpi til námulaga, sem samþykkt var á Alþingi árið 1973, segir m.a. að ákvæði 1. gr. námulaga, nr. 50/1909, séu á þeim sjónarmiðum reist „að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign".

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. frumvarpsins þess efnis að bændur haldi þeim beitirétti í óbyggðum sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum ber að sjálfsögðu ekki að skilja ákvæðið svo að ríkið geti ekki ákveðið aðgerðir til að hamla gegn ofbeit.

III. Um *námur í jörðu* gildir nú sú stefna hér á landi að landeigandi telst eigandi námunnar. Sums staðar gildir sú regla í öðrum löndum að finnandi námunnar telst eigandi. En mjög víða og m.a. í mörgum kapítalískum ríkjum er talið sjálfsagt að þjóðin öll tileinki sér slík auðæfi og hefur þá ríkið umráð þessara réttinda og selur vinnsluaðilum leyfi til námugraftar. Sjálfsagt er að bæta landeigendum tjón af námugreftri eða annarri efnistöku en að öðru leyti virðist eðlilegast að þjóðin í heild tileinki sér þessi verðmæti.

IV. Eignarréttur að *orku í rennandi vatni* hefur lengi verið deiluefni á Íslandi. Það er óumdeilt að land, sem þarf undir orkuver, ber að þjóðnýta og taka eignarnámi. Það er einnig óumdeilt að bændur, sem verða fyrir tjóni af þessum sökum, eiga rétt á bótum, t.d. vegna lands sem þeir missa undir byggingu orkuvers og önnur mannvirki, stíflur, spennistöðvar og háspennulínur. Þeir eiga einnig rétt til bóta ef beit á afréttarlandi rýrnar vegna orkuframkvæmda, veiði í vötnum eða ám spillist eða önnur almenn búskaparhlunnindi fara forgörðum. Hitt er fráleitt að einstaklingar geti átt orkuna í rennandi vatni og selt hana öðrum.

Þegar orkumálin voru sem mest á dagskrá snemma á öldinni var það álit meiri hluta svonefndrar fossanefndar og ráðgjafa hennar, Einars Arnórssonar, þáverandi lagaprófessors og síðar hæstaréttardómara, að orka vatnsins væri ekki undirorpin eignarrétti landeiganda en talsmenn séreignarstefnunnar stóðu fast á móti svo að ekki tókst að lögfesta þetta sjónarmið. Nú er tími til kominn að því verði slegið föstu með ákvæði í stjórnarskrá.

V. Eignarréttur landeigenda á *jarðhita* djúpt í jörðu er ekki síður fráleitur en eignarréttur á orku vatnsins. Með stjórnarskrárákvæði þarf að tryggja rétt samfélagsins til orkunnar í iðrum jarðar og taka af öll tvímæli um það að eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar verndi ekki rétt landeigandans til jarðhita á ótakmörkuðu dýpi.

Það er margyfirlýst skoðun fræðimanna sem um þetta hafa fjallað, m.a. skoðun prófessoranna Ólafs Lárussonar og Ólafs Jóhannessonar, að landeigandi eigi ekki rétt til jarðhita niður á hvaða dýpi sem er og því megi með lögum takmarka rétt hans við ákveðið dýpi, t.d. 50–100 metra dýpi, en séreignaröflin munu vafalaust spyrna á móti eins lengi og þau geta og vísa til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna þarf að ákveða það í stjórnarskrá að allur jarðhiti, a.m.k. neðan við 100 metra dýpi, sé sameign þjóðarinnar.

Meginefni þessa frumvarps hefur oft verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins undanfarna tvo áratugi og margoft lagt fram í stjórnarskrárnefndum sem tillaga flokksins. Að

þessu sinni er sú viðbót gerð að heimilt verði að innheimta gjald af nýtendum auðlinda í sameign þjóðarinnar. Áhersla er lögð á að um sé að ræða hóflegt gjald er varið verði til að standa straum af kostnaði við rannsóknir og stuðli þannig að verndun auðlindanna og sjálfbærri nýtingu þeirra.

Rétt er að minna á að í maí 1990 samþykkti Alþingi lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins en fyrsti flutningsmaður frumvarpsins var þingmaður Alþýðubandalagsins, Hjörleifur Guttormsson.

272. Svar [162. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um hlunnindi lífeyrisþega almannatrygginga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hafa eftirtalin hlunnindi lífeyrisþega aukist eða minnkað og reglur um þau breyst undanfarin fimm ár:*
   a. *réttur til að fá fellt niður fastagjald af síma,*
   b. *réttur til að fá afnotagjald Ríkisútvarpsins (útvarps/sjónvarps) fellt niður?*
2. *Er lífeyrisþegum mismunað á einhvern hátt gagnvart þessum hlunnindum, svo sem eftir því hvenær þeir hafa sótt um greiðslur frá almannatryggingum, eftir sambúðarformi eða af öðrum ástæðum?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur aldrei haft áhrif á hlunnindi lífeyrisþega varðandi fastagjald á síma eða afnotagjald Ríkisútvarpsins né gefið út reglur þar að lútandi. Það hafa hins vegar ráðuneyti samgöngu og menntamála gert alla tíð.

Fyrst er viðkomandi stofnanir hættu að veita þessi hlunnindi á miðju þessu ári var heimilisuppbót hækkuð um 3.608 kr. til að gera lífeyrisþegum kleift að mæta þeim nýja áfallna kostnaði. Það eru einu aðgerðirnar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gripið til á þessu sviði.

273. Svar [168. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um rannsóknir á lífríki sjávar.

Undanfarin missiri hafa sjónir manna í auknum mæli beinst að umgengni um hafið og auðlindir þess, en óþarft ætti að vera að minna á mikilvægi góðrar umgengni um hafið fyrir Íslendinga. Markviss og ábyrg stjórnun fiskveiða er mikilvægur þáttur góðrar umgengni um auðlindir hafsins, og höfum við náð verulegum árangri á því sviði. Þó er nauðsynlegt að líta til fleiri þátta er varða lifandi auðlindir hafsins, t.d. má nefna veiðarfæri og útbúnað þeirra og hvernig megi auka kjörhæfni þeirra og draga úr hugsanlegum skaða sem þau geta valdið á sjávarbotni.

Á sviði sjávarútvegsins hefur ýmislegt verið gert undanfarið til að bæta umgengni um auðlindir sjávar. Að störfum er nefnd hagsmunaaðila og stjórnvalda sem fjallar um umgengnismál, og vann m.a. að undirbúningi að lögum um umgengni um nytjastofna sjávar sem sam-

þykkt voru 3. júní 1996. Enn fremur má nefna aukna áherslu Hafrannsóknastofnunarinnar á rannsóknir á veiðarfærum og kjörhæfni þeirra. Rannsóknir af þessu tagi eru dýrar og tímafrekar og því nauðsynlegt að afla frekara fjár til þeirra. Samhliða breytingum á skipulagi fjármálastofnana var því ákveðið að eignum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörslu Fiskveiðasjóðs, skyldi varið til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Um er að ræða rúmar 19 millj. kr. Verður unnið samkvæmt sérstakri verkefnaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ráðuneytið leitaði álits Hafrannsóknastofnunarinnar varðandi fyrirspurnina og eru meðfylgjandi svör byggð á því áliti.

1. *Hafa farið fram rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar eða annarra aðila sem miða að því að kanna skaðleg áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar? Ef svo er, hvenær hófust þær rannsóknir, hversu víðtækar eru þær og hver er árlegur kostnaður af þeim?*

Rannsóknir er lúta beint að áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar hafa einungis verið unnar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Í öllum tilvikum hafa þær verið takmarkaðar við lítil hafsvæði.

Neðansjávarmyndatökur af togveiðarfærum í drætti hófust um 1985. Þessar rannsóknir hafa m.a. stuðlað að bættri gerð veiðarfæra, minni ánetjun og því betri meðferð aflans.

Tilraunir með leggpoka (ferkantaðir möskvar) í rækjuvörpum hófust 1988. Niðurstöður leiddu fljótlega í ljós að einungis veiddust 50% af undirmálsrækju (1–3 ára) miðað við hvað veiddist í svokallaða síðupoka (tígullaga möskvar) sem fram að því höfðu verið notaðir. Þá dró leggpokinn um 50% úr veiði þorskseiða á fyrsta aldursári og talsvert minna veiddist einnig af ýsu- og karfaseiðum. Sömuleiðis slapp nánast öll eins árs og mikið af tveggja ára smásíld í gegnum leggpokariðilinn og jafnframt eins árs loðna. Núna er skylt að nota leggpoka við veiðar á innfjarðarrækju á svæðinu frá Bjargtöngum að Rauðunúpum og við úthafsrækjuveiðar milli 14° og 18° V.

Athuganir með seiðaskiljur (smáfiskaskiljur) hófust árið 1992. Seiðaskiljan var tekin í notkun við úthafsrækjuveiðar árið 1995 og er nú skylt að nota hana á öllum úthafsrækjusvæðum auk Breiðafjarðar og Eldeyjarsvæðis. Smáfiskaskiljunni er beitt til þess að draga úr veiði undirmálsfisks en hún kemur ekki í veg fyrir veiðar á smáum seiðum eins og leggpokinn.

Árið 1992 hófust rannsóknir með legggglugga (netstykki þar sem möskvar haldast betur opnir) í belg togveiðarfæra. Í kjölfarið var gert að skyldu að nota legggglugga við humarveiðar, sem talið er að hafi dregið um 40% úr veiði smáýsu við þær veiðar.

Á þessu ári hafa dragnótaveiðar enn fremur verið heimilaðar á vissum svæðum með notkun legggglugga til að draga úr veiðum á smáýsu og sama gildir um veiðar með botnvörpu á tilteknum svæðum þar sem skylt er að nota smáfiskaskiljur. Reglur um notkun smáfiskaskilja eru þó enn í mótun.

Af framangreindu má sjá að rannsóknum Hafrannsóknastofnunarinnar hefur í ríkum mæli verið beint að því að gera togveiðarfæri „vistvænni“. Þannig hefur stórlega verið dregið úr veiðum á undirmálsdýrum og/eða ónýtanlegum aukaafla.

Á árunum 1995–97 hafa verið gerðar fjórar athuganir er tengjast áhrifum veiðarfæra á lífríkið (töflur 1 og 2). Fyrstu tvö árin var árlegur kostnaður 5–6 millj. kr. en á þessu ári hefur stofnunin veitt verulega hærri upphæðir til slíkra rannsókna eða sem samsvarar 16,5 millj. kr. fyrstu sex mánuði ársins.

2. *Hefur verið reynt að meta hugsanlegan skaða sem veiðarfæri hafa valdið á lífríki sjávarbotnsins innan efnahagslögsögunnar og áhrif þess skaða á vistkerfið í heild sinni eða á einstaka nytjastofna? Ef slíkt mat hefur farið fram, hverjar voru niðurstöður þess?*

Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi hvað varðar áhrif veiðarfæra á lífríki sjávarbotns sérstaklega.

Við humarveiðar er töluvert af smáum humri hent aftur í sjóinn. Kannað hefur verið hvaða líkur eru á því að humar lifi af slíka meðferð en endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir enn þá. Í sömu könnun var reynt að meta skaðsemi dragnóta- og togveiða fyrir humar og búsvæði hans. Talið er fremur ósennilegt að dragnótaveiðar laski eða drepi humar á botni. Mun líklegra er að toghlerar og jafnvel fótreipi humar- og fiskivarpna skaddi búsvæði humars og valdi einhverjum afföllum.

Á þessu ári hófust rannsóknir á áhrifum botnvörpuveiða á samfélög botndýra en auk Hafrannsóknastofnunarinnar hafa Lýðveldissjóður og Rannsóknarráð Íslands styrkt verkefnið. Ætlunin er að kanna hvort botnrask vegna veiða með botnvörpu hafi marktæk áhrif á botnvistkerfi. Rannsóknirnar, sem gerðar eru í Stakksfirði, fara þannig fram að afmörkuð voru átta snið og var togað mörgum sinnum með botnvörpu yfir fjögur þeirra en hin sniðin voru látin vera að öllu leyti óröskuð. Með endurteknum söfnunum verður fylgst með framvindu lífríkis á sniðunum og kannað hvort marktækur munur verði á botndýrum innan sniða sem togað var yfir og þeirra sem látin voru í friði. Þar sem verkefnið er nýhafið eru engar niðurstöður komnar enn þá.

Rannsóknarverkefnið botndýr á Íslandsmiðum *(Bioice)* tengist að nokkru marki þessu viðfangsefni en rannsóknirnar eru samvinnuverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar, Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, umhverfisráðuneytis, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands og Sandgerðisbæjar. Markmið verkefnisins er að rannsaka hvaða botndýrategundir lifa innan íslenskrar efnahagslögsögu, skrá útbreiðslu þeirra, magn og tengsl við aðrar lífverur sjávar. Þótt gögnin muni ekki nýtast til þess að meta áhrif togveiða á botndýralíf á markvissan hátt verður þó í framtíðinni mögulegt að bera saman botndýralíf á svæðum sem eru undir mismunandi álagi frá togveiðum.

Tafla I.

Kostnaður við rannsóknarverkefni er lúta að áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar og unnin hafa verið á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar árin 1995–97.

	Kostnaður (þús. kr.)		
Verkefni	**1995**	**1996**	**janúar–júní 1997**
Útkast	1.366	339	435
Bætt kjörhæfni veiðarfæra	2.802	2.002	9.657
Afföll af humri vegna veiða	2.000	2.238	243
Áhrif botnvörpuveiða á samfélög botndýra	–	671	6.132
Samtals	**6.168**	**5.250**	**16.467**

Tafla II.

Rannsóknarverkefni er lúta að áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar og unnin hafa verið á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar árin 1995–97. Markmið rannsókna og verkefnisstjórar.

Verkefni	Verkefnisstjórar	Markmið rannsókna
Útkast	Guðni Þorsteinsson Ólafur K. Pálsson Gunnar Stefánsson	Að meta magn útkasts af helstu nytjafiskum.
Bætt kjörhæfni veiðarfæra	Guðni Þorsteinsson	Að draga úr veiði á smáfiski og öðrum smáum nytjadýrum sjávar.
Afföll af humri vegna veiða	Guðni Þorsteinsson	Að kanna lífslíkur humars sem hent er útbyrðis eftir að hafa verið veiddur. Enn fremur að kanna skaðleg áhrif dragnóta- og togveiða fyrir humar og búsvæði hans.
Áhrif botnvörpu á samfélög botndýra	Stefán Áki Ragnarsson Sigmar Arnar Steingrímsson	Að kanna hvort botnrask vegna veiða með botnvörpu hafi marktæk áhrif á botnvistkerfi.

274. Svar [130. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 6 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 09-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Af liðnum hefur samtals verið ráðstafað 1.184 þús. kr. sem skiptast þannig:

Í fyrsta lagi var Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga styrkt um 500 þús. kr. til að kosta rannsókn á ofbeldi gagnvart starfsfólki á heilbrigðis- og meðferðarstofnunum á Íslandi.

Í öðru lagi var Kór Íslensku óperunnar styrktur um 100 þús. kr. til tónleikaferðar til Ítalíu á sl. sumri.

Í þriðja lagi var Helgu Bachmann leikkonu veittur 200 þús. kr. styrkur til þess að veita ungu fólki leiðsögn í flutningi íslenskrar tungu.

Loks hefur 384 þús. kr. verið ráðstafað til að kaupa tölvubúnað fyrir fjármálaráðherra og koma upp nauðsynlegum tengibúnaði.

Þá er ákveðið að kosta sérstaka athugun á stöðu jafnréttismála í stofnunum fjármálaráðuneytisins og ráðgjöf útlendra aðila við endurskoðun á hlutverki og skipulagi ráðuneytisins.

275. Svar [131. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 15 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 09-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Engu fé hefur verið ráðstafað af liðnum til þessa. Unnið er að því að sameina Gjaldheimtuna í Reykjavík og embætti tollstjórans í Reykjavík. Áformað er að veita fé til þessa verkefnis á árinu 1997, en unnið er að endurskoðun á skipulagi embættisins.

276. Svar [120. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 4 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 14-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Umhverfisráðuneytið hefur ekki enn ráðstafað 4 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar.

277. Svar [119. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 4 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 14-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi verkefni hafa fengið framlag af ráðstöfunarfé ráðherra:

Verkefni	Kr.
Bandalag íslenskra skáta	
Verkefnið „Ávallt viðbúinn – fyrir umhverfið“	200.000
Ferðamálasamtök Íslands	
Undirbúningur þess að upplýsingar og fræðsla um umhverfismál verði veitt á upplýsingamiðstöðvum fyrir ferðamenn	200.000
Ráðstefnan „Ferðaþjónusta í sátt við umhverfið“	100.000
Framtíðarstofnunin	
Málþing um aðferðafræði framtíðarrannsókna, sjálfbæra þróun og framtíð norrænna velferðarþjóðfélaga	100.000
Ráðstefna um sjálfbæra þróun	300.000
Fræðslustofan Krían	
Undirbúningur kennsluefnis og námskeiðahalds með verklegri þjálfun um landgræðsluaðferðir	200.000
Gróandinn ehf.	
Útgáfustyrkur	100.000
Gunnar Schram	
Framlag ráðuneytisins til að gefa skólum bókina „Framtíð jarðar“	250.000
Hestaíþróttasamband Íslands	
Útgáfa á leiðbeiningabæklingi	150.000
Kirkjubæjarstofa	
Rekstrarstyrkur	250.000
Landvernd	
Ferðastyrkur vegna aukafundar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York	150.000
Nesstofusafn	
Ráðstefna í Norræna húsinu um búsetulandslag	50.000
Samband veitinga- og gistihúsaeigenda	
Prentun handklæðaspjalda fyrir baðherbergi gististaða	100.000
Samtökin Sól í Hvalfirði	
Fræðslu- og kynningarstarf	150.000
Sigurður Ægisson, Grenjaðarstað	
Útgáfa fræðibókar um hvali	200.000
Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra	
Úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaða ferðamenn hjá ferðaþjónustubændum	250.000
Sjósókn hf.	
Vinnsla á rækjuhrati og skelfiskslógi á Snæfellsnesi	125.000
Skaftárhreppur	
Sjálfbær ferðamennska í Skaftárhreppi	250.000
Sólheimar í Grímsnesi	
Tilraunaverkefni um sjálfbært samfélag að Sólheimum í Grímsnesi	250.000
Æskulýðssamband Íslands	
Ferðastyrkur vegna aukafundar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York	150.000
Samtals veittir styrkir 15. október 1997	**3.525.000**

278. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Tómas Ingi Olrich, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Á 5. mgr. 15. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skulu fréttir, sem fluttar eru í aðalfréttatíma sjónvarps, jafnan vera textaðar á íslensku og textinn gerður aðgengilegur þeim sem svo kjósa.
b. 2. málsl. orðast svo: Þetta á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar, þegar dreift er viðstöðulaust um fjarskiptahnött eða móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem gerist í sömu andrá, eða þegar slíku efni er sjónvarpað í beinni útsendingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Í III. kafla útvarpslaga, sem fjallar sérstaklega um Ríkisútvarpið og skyldur sem á það eru lagðar umfram aðrar útvarpsstöðvar sem leiðir af þeirri staðreynd að það er rekið af íslenska ríkinu, er m.a. ákvæði um að efni á erlendu máli skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti eftir því sem framast verður við komið. Ríkisútvarpið hefur að mati flutningsmanna staðið sig vel hvað það varðar.

Rík ástæða er til þess að a.m.k. sumu innlendu efni verði gerð sömu skil og er þá fyrst og fremst miðað við þarfir heyrnarlausra eða heyrnardaufra sem ekki geta notið talaðs máls. Mikilsverðast af þessu er án efa fréttir og fréttatengt efni sjónvarpsins. Slíkt efni er svo nátengt daglegri tilveru að þeir sem ekki geta notið þess eru að verulegu leyti úr tengslum við mörg af viðfangsefnum líðandi stundar. Ríkisútvarpið, sjónvarp hefur m.a. komið til móts við þennan hóp áhorfenda með fréttayfirliti á táknmáli og er það virðingarvert. Hins vegar nær það fréttayfirlit engan veginn því umfangi sem reglulegir fréttatímar sjónvarpsins miðla, í öðru lagi er nokkur hópur heyrnarlausra og heyrnardaufra sem ekki getur nýtt sér táknmálið, einkum eldra fólk, og í þriðja lagi geta heyrnarlausir og heyrnardaufir ekki notið þess að fylgjast með fréttaútsendingum sjónvarps á líðandi stundu á sama hátt og aðrir sjónvarpsáhorfendur. Þá hefur Ríkisútvarpið, sjónvarp jafnframt gert fréttatexta í textavarpi aðgengilegan fyrir þá sem vilja fylgjast með fréttatexta í fréttatímum, en sá texti er, eins og táknmálsfréttirnar, yfirlitstexti en ekki texti samhliða þeim fréttaflutningi sem fram fer. Auk þess krefst notkun hans móttökutækja með innbyggðum búnaði til móttöku á textavarpi, en slíkur búnaður er aðeins í nýjum og tiltölulega dýrum sjónvarpstækjum.

Stór hluti sjónvarpsfrétta, þ.e. allar fréttir sem lesnar eru af fréttaþulum, er lesinn texti sem saminn hefur verið fyrir fram af fréttamönnum og er ekki miklum vandkvæðum bundið að varpa honum á skjá jafnhliða. Öðru máli gegnir um fréttir sem fréttamaður flytur beint eða ræðir við viðmælanda. Slíkum fréttum og fréttaviðtölum má skipta í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða beina frásögn eða fréttaviðtöl sem tekin eru upp fyrir fram og eru í mörgum tilfellum klippt og löguð til fyrir útsendingu. Slíkar beinar frásagnir og fréttaviðtöl er auðvelt að texta þó að það kosti nokkra fyrirhöfn. Hins vegar eru svo frásagnir eða fréttaviðtöl sem sjónvarpað er beint af vettvangi, innlendum eða erlendum, um fjarskiptahnött, frá sendistöð

eða í beinni útsendingu úr stúdíói. Slíkt efni er næstum ógerlegt að texta og verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess eins og gert er í frumvarpinu.

Full ástæða væri til að texta margvíslegt annað efni en fréttir og fréttatengt efni eða flytja jafnhliða á táknmáli. Dæmi um slíkt eru viðtalsþættir, innlendar sjónvarpsmyndir og leikin verk, náttúrulífsmyndir og landkynningarþættir, svo og margt annað innlent efni sem unnið er fyrir fram fyrir sjónvarpið. Í þessu frumvarpi er hins vegar lagt til að fyrsta skrefið verði að textasetja allar fréttir, innlendar sem erlendar, sem fluttar eru í aðalfréttatíma sjónvarps og unnt er að textasetja. Er sú tillaga ekki síst gerð vegna þess hve þýðingarmikið það er fyrir þá sem ekki geta notið talaðs máls að fylgjast sem best með atburðum líðandi stundar sem einatt varða umhverfi fólks og daglegt líf.

Spyrja má hvort ástæða sé til þess að gera Ríkisútvarpinu, sjónvarpi skylt, einni starfandi sjónvarpsstöðva, að textasetja fréttir í aðalfréttatíma eins og tillaga er gerð um í frumvarpinu. Því er til að svara að flutningsmenn telja að sú lagaskylda eigi í framtíðinni einnig að ná til annarra sjónvarpsstöðva sem flytja fréttir og fréttatengt efni. Hins vegar er ekki óeðlilegt að Ríkisútvarpið sem hefur sérstöku þjónustuhlutverki að gegna, sbr. ákvæði í útvarpslögum, ríði á vaðið í þessu efni. Í kjölfarið verði sett inn sams konar ákvæði um aðrar stöðvar taki þær ekki upp sömu þjónustu að eigin frumkvæði.

Þótt nokkur hluti sjónvarpsfrétta, þ.e. þær fréttir sem lesnar eru af fréttamanni eða fréttaþul, séu nú þegar lesnar af textaskjá og tiltölulega auðvelt sé að varpa textanum á skjái jafnhliða lestri krefst textun annarra frétta sem hægt er að texta talsverðs undirbúnings og viðbótartæknibúnaðar. Flutningsmenn treysta sér ekki til þess að meta þann viðbótarkostnað eða hve mikinn undirbúningstíma þarf til. Því er gerð sú tillaga að frumvarpið, ef samþykkt verður, öðlist ekki lagagildi fyrr en 1. janúar árið 1999 þannig að Ríkisútvarpinu gefist gott svigrúm til undirbúnings. Að lokum má benda á að líklega styttist í að sjónvarpið flytji með a.m.k. hluta af starfsemi sinni í Útvarpshúsið við Efstaleiti. Sá flutningur hefur í för með sér að endurbæta þarf mjög allan tækjakost bæði á fréttastofu og við útsendingar. Það er því rétt að gera nú þegar ráð fyrir að tekið verði sérstakt tillit til textunar á innlendu efni fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Við núverandi aðstæður, ekki síst á fréttastofu sjónvarpsins, er líklega ekki unnt að koma við textun frétta eins og hér er lagt til. Búast má við að flutningur sjónvarpsins ætti að geta orðið fyrir árslok 1998 og við undirbúning og hönnun aðstöðu yrði nú þegar að gera ráð fyrir textunarmöguleikum eins og hér er lagt til.

Í a-lið 1. gr. er lagt til að Ríkisútvarpinu verði skylt að auk þess að tal- eða textasetja efni á erlendu máli sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá þess skuli það textasetja allar fréttir og fréttatengt efni, innlent sem erlent, sem flutt er í aðalfréttatíma sjónvarpsins. Ekki er mælt fyrir um að sá texti skuli skilmálalaust birtast á sjónvarpsskjánum jafnhliða því sem fréttir eru fluttar, enda gæti slík textun truflað marga sem ekki þurfa á henni að halda. Hins vegar er gert ráð fyrir að slíkur texti verði aðgengilegur fyrir þá sem svo kjósa og er það þá á valdi forráðamanna Ríkisútvarpsins hvort þeir birta textann á sjónvarpsskjánum jafnóðum eða í textavarpi eins og nú er gert þar sem textavarpsmynd er hægt að setja til hliðar á sjónvarpsskjá jafnframt því sem fréttum vindur fram eða til skiptis eftir því sem haganlegast er.

Samkvæmt b-lið 1. gr. er bætt við þær undanþágur sem nú eru gerðar frá tal- eða textasetningu samkvæmt gildandi lögum að ekki þurfi að textasetja fréttir eða fréttatengt efni sem sent er beint úr stúdíói, um sendistöð eða um fjarskiptahnött.

279. Fyrirspurn [240. mál]

til landbúnaðarráðherra um landbrot af völdum Þjórsár.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Er til heildarúttekt á landbroti af völdum Þjórsár síðan virkjanir hófust?
2. Hefur Landsvirkjun kostað aðgerðir til varnar landbrotinu?
3. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar á næstu árum:
   a. til að koma í veg fyrir frekara landbrot á bökkum Þjórsár í byggð,
   b. til að fyrirbyggja að Þjórsá flæmist að vetri um byggð í Villingaholtshreppi?

280. Tillaga til þingsályktunar [241. mál]

um átak í úrbótum á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar.

Flm.: Ingunn St. Svavarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gera átak til úrbóta á Norðausturvegi frá Húsavík til Þórshafnar á næstu tíu árum og fela Vegagerðinni að sjá um framkvæmdir. Fjármagn til átaksins, samtals 2 milljarðar kr., verði veitt sem sérstakur byggðastyrkur, 200 millj. kr. á ári.

Greinargerð.

Norðausturhluti landsins hefur orðið á eftir öðrum landshlutum í vegabótum og vegurinn, sem er eina tenging byggðarinnar þar við þjóðvegakerfi landsins, er ekki til þess gerður að þola þá þungaflutninga sem um hann fara. Ríkisstjórn ber að sjá til þess að stofnvegakerfi landsins standist þær kröfur að geta verið lífæð fyrir flutning fólks og farms.

Forsendur átaks í vegabótum á norðausturleiðinni eru:

a. Skipaflutningar eru svo til aflagðir og vöruflutningar hafa flust að mestu á land.
b. Farþegaflutningar og póstflutningar með flugi eru nú að leggjast af að mestu leyti og flutningarnir fara um vegina í staðinn.
c. Fyrirtæki í Norður-Þingeyjarsýslu, sem eru að stærstum hluta matvælafyrirtæki, svo sem fiskeldisfyrirtæki, rækjuvinnsla, kjötvinnsla og fiskvinnslufyrirtæki, eru nánast algjörlega háð flutningum á landi með afurðir sínar og vörur vegna krafna gerðar eru um ferskleika þeirra.
d. Nýleg sameining héraðsnefnda í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu með stofnun félagsþjónustu Þingeyinga, skólaþjónusta á Húsavík, sameining og aukin samvinna sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu, auk sameiningar heilsugæslustöðvanna í Norður- Þingeyjarsýslu gera tíðari samgöngur og greiðari nauðsynlegar.
e. Öll uppbygging ferðaþjónustu, í Jökulsárgljúfrum, við Dettifoss, í Ásbyrgi og Hljóðaklettum, að ógleymdum svokölluðum Miðnætursólarhring, er illmöguleg miðað við núverandi ástand vegarins.

f. Einungis 19% leiðarinnar frá Húsavík til Þórshafnar telst fullgerður vegur með bundnu slitlagi. Hluti leiðarinnar er nokkurn veginn tilbúinn undir slitlag, en mestur hluti vegarins þarfnast gagngerrar endurgerðar.

281. Svar [133. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. fjárframlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 08-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Ráðherra hefur til ráðstöfunar 8 millj. kr. af fjárlagalið 08-199. Auk þess ráðstafar ráðherra 3,6 millj. kr. af fjárlagalið 08-399 190 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Millifært er af 08-199 yfir á 08-399 190 og greitt út af þeim lið. Samtals ráðstafar ráðherra 11,6 millj. kr. og hefur þegar verið ráðstafað 4,798 millj. kr. eins og sést á yfirliti um fjárlagalið 08-399 190 í svari á þskj. 283, b-lið.

282. Svar [134. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 45 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 08-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Á rekstrarhagræðingarlið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis eru í fjárlögum 1997 ætlaðar 45 m.kr. Til ráðstöfunar á árinu verða hins vegar 111.598 m.kr. sbr. eftirfarandi:

	Þús. kr.
Fjárlög 1997	45.000
Flutt fjárveiting frá 1996	4.798
Hagræðing í rekstri landsbyggðarsjúkrahúsa	31.800
Fjáraukalög 1997*	30.000
Samtals	111.598

* Upphaflega var áformað að spara 60 m.kr. í rekstri landsbyggðarsjúkrahúsa á árinu 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur þegar ráðstafað fé af rekstrarhagræðingarlið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til eftirfarandi verkefna á árinu 1997:

1. **Tryggingastofnun ríkisins** **5.000 þús. kr.**
Átaksverkefni við gerð lyfjalista og gæðastýringu á lyfjaávísunum lækna með það að markmiði að lækka lyfjakostnað almannatrygginga og almennings. Í fjárlögum 1997 er áformaður 400 m.kr. sparnaður í lyfjakostnaði sjúkratrygginga og 300 m.kr. sparnaður á árinu 1998 samkvæmt fjárlagafrumvarpi þess árs.

2. **Tryggingastofnun ríkisins** **6.000 þús. kr.**
Framlag til að koma tölvumálum tannlæknadeildar Tryggingastofnunar ríkisins í nútímahorf. Að áliti stofnunarinnar má ná fram umtalsverðum sparnaði með tölvuvæðingu tannlæknadeildarinnar þar sem með nýju tölvukerfi megi gjörbreyta vinnubrögðum í tannmálum, efla forvarnir og tryggja betur að vel sé farið með þá fjármuni sem til þessa málaflokks er varið. Á árinu 1998 er áformað að lækka útgjöld til tannlækninga um 70 m.kr. og er tölvuvæðing tannalæknadeildarinnar ein af forsendum þess að þau áform gangi eftir.

3. **Sjúkrahús Reykjavíkur** **12.700 þús. kr.**
Á síðasta ári voru gerðir starfslokasamningar við ýmsa starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur í tenglsum við sameiningu nokkurra deilda. Á árinu 1997 eru útgjöld vegna þessara samninga um 12,7 m.kr., en engin á árinu 1998.

4. **Ríkisspítalar** **30.000 þús. kr.**
Rekstur lýtalækningadeildar Ríkisspítala frá og með 1. apríl 1997. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir heilsársrekstri deildarinnar. Með opnun lýtalækningadeildarinnar annars vegar og opnun sérstakrar líknardeildar á miðju næsta ári hins vegar skapast möguleiki fyrir spítalann til að draga úr útgjöldum á næsta ári. Í þessu skyni hefur verið gerð krafa um hagræðingu í rekstri spítalans á næsta ári sem nemur 53,8 m.kr. umfram það sem ákveðið var í samkomulagi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík 12. september sl.

5. **Reynslusveitarfélagið Akureyri** **12.477 þús. kr.**
Hér er annars vegar um að ræða 5.000 þús. kr. eingreiðslu vegna fjárfestingar í síma- og upplýsingakerfi, þróun gæðastjórnunar og tölvutengingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, ásamt kostnaði við eflingu heimaþjónustu. Hins vegar er um að ræða mismun á greiðslu fyrir 120 dvalarrými samkvæmt reynslusveitarfélagssamningi og greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins, lífeyristryggingadeildar fyrir 113 áætluð nýtt dvalarrými, en lífeyristryggingadeildin getur eingöngu greitt fyrir nýtt rými, þ.e. greitt er fyrir einstaklinga en ekki tiltekinn fjölda rúma.

6. **Reynslusveitarfélagið Höfn** **1.206 þús. kr.**
Kostnaður vegna tilraunaverkefnisins „Reynslusveitarfélagið Höfn“. Um er að ræða kostnað við skrifstofuhald, launaútreikninga o.fl.

7. **Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ** **10.000 þús. kr.**
Á þessu ári verða sameinaðar sex heilbrigðisstofnanir á Vestfjörðum í eina stofnun, Heilbrigðisstofnunina Ísafjarðarbæ. Stofnanirnar eru Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði, Sjúkraskýlið Þingeyri, Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri, Heilsugæslustöðin Ísafirði (þar með taldar H-stöðvar í Súðavík og á Suðureyri), Heilsugæslustöðin Þingeyri og

Heilsugæslustöðin Flateyri. Við það er miðað að hinni sameinuðu stofnun takist að halda rekstri innan fjárheimilda, en svo hefur ekki verið hvað einstakar stofnanir varðar. Þá hefur til viðbótar verið gerð sérstök hagræðingarkrafa til Fjórðungssjúkrahússins Ísafirði á þessu og næsta ári upp á samtals 7,5 m.kr. Að tillögu sérstaks starfshóps sem fjallaði um sameiningu heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum hefur verið ákveðið að koma til móts við hina sameinuðu stofnun hvað uppsafnaðan eldri rekstrarhalla varðar.

8. **Skipulagsathugun sjúkrahúsanna** **13.500 þús. kr.**
Í desember 1996 var undirritaður ráðgjafasamningur milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar ehf. um skipulagsathugun sjúkrahúsanna. Tveimur fyrstu hlutum þeirrar athugunar, þ.e. forathugun og valkostum miðað við núverandi stöðu, er nú lokið og er kostnaður ráðuneytisins vegna þeirra 13.500 þús. kr. Þar af er kostnaður við prentun og kynningu skýrslunnar 2 m.kr.

9. **Hagsýsla ríkisins** **1.300 þús. kr.**
Á þessu ári hefur Hagsýsla ríkisins unnið tvær skýrslur fyrir ráðuneytið, annars vegar „Tannlækningar, skipulag og stjórnsýsla“ og hins vegar „Sameining heilbrigðisstofnana á norðanverðum Vestfjörðum“. Skýrslugerð þessi er liður í hagræðingarvinnu ráðuneytisins.

Samtals hefur tæpum 92,2 m.kr. verið ráðstafað af rekstrarhagræðingarlið ráðuneytisins. Til viðbótar munu falla á þenna lið fjárlaga kostnaður við aðkeypta vinnu ráðuneytisins í tengslum við ýmis hagræðingarverkefni. Til að mynda er í gangi vinna við gerð kröfulýsinga, annars vegar í tengslum við fjármögnun og rekstur sjúkrabifreiða og hins vegar rekstur læknavaktar á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru ráðnir tímbundið tveir starfsmenn vegna vinnu við hagræðingu í rekstri landsbyggðarsjúkrahúsa og verður kostnaður við þá vinnu greiddur af rekstrarhagræðingarlið ráðuneytisins. Samtals má gera ráð fyrir að kostnaður vegna þessarar aðkeyptu vinnu verði 3–4 m.kr.

283. Svar [135. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum á fjárlögum 1997:

a. 1,5 millj. kr. á liðnum 08-340 190 Ýmis starfsemi,
b. 3,6 millj. kr. á liðnum 08-399 190 Ýmis starfsemi,
c. 31,9 millj. kr. á liðnum 08-621 190 Forvarnasjóður?

a. Styrkir á fjárlagalið 08-340 190 árið 1997.

	Kr.
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	
Til sundkennslu og æfinga í nýrri sundlaug	100.000
Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu	
Ferðastyrkur fyrir hjálparmenn fatlaðra	100.000
Þátttaka í skákmóti á vegum IPCA	70.000

Íþróttasamband fatlaðra
Styrktarlína í HVATA, blaði sambandsins 30.000
Gigtarfélag Íslands
Styrkur til fræðslu og forvarnastarfsemi 1.000.000
Geðhjálp
Alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur 10. október 250.000
Samtals **1.550.000**

b. Styrkir á fjárlagalið 08-399 190 árið 1997. Kr.
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
Framlag samkvæmt fjárlaganefnd 300.000
Umhyggja
Styrkur til að senda fulltrúa á Evrópuþing EACH 100.000
Jafnréttisráð
Styrkur vegna stofnunar meðferðarþjónustu 500.000
Samtök áhugafólks um flogaveiki
Styrkur vegna sálfræðiaðstoðar við flogaveika 200.000
Landssamtök hjartasjúklinga
Hjartagangan 1997 ..... 15.000
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Styrkur vegna athugunar á ofbeldi starfsfólks á heilbrigðisstofnunum, úthlutað 1996 ..... 100.000
Styrkur til útgáfu handbókar hjúkrunarfræðinga 40.000
Íþróttasamband Íslands
Seinni útgáfa á þvaglekabæklingi 100.000
NOBAB Nytt
Styrkur til útgáfu blaðs NOBAB 50.000
Ljóstæknifélag Íslands
Styrkur til sýningar sem er send um landið 50.000
Athugun á heilsugæslustöðvum
Styrkur til rannsóknar á þörf fyrir sálfræðiþjónustu í heilsugæslunni 150.000
Gæðastjórnunarfélag Íslands
Styrkur til málþings um starfsmannstjórnun/mannauðinn 100.000
Blindrafélagið
Styrkur til að senda fulltrúa á endurmenntunarnámskeið erlendis 50.000
Stígamót
Styrkur til að endurprenta bækling um nauðgun 100.000
Foreldrafélag axlarklemmubarna
Stofnstyrkur 150.000
KBS'97 Íslandsdeild
Styrkur vegna ráðstefnu „Kettil Bruun Society for Social and Epidemiological on Alcohol“ 250.000
Félag hjúkrunarnema við HÍ
Styrkur til útgáfu blaðs félagsins 10.000
Norræn ráðstefna heimilislækna
Styrkur til kynningar rannsóknar á „vaktþjónustu í heilsugæslunni“ 60.000

Æskulýðssamband Íslands
Styrkur til fræðsludagsins 22. apríl 20.000
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri
Viðbótarframlag vegna álags yfir sumarmánuðina 300.000
Parkinsonsamtökin á Íslandi
Styrkur til útgáfu bókar fyrir sjúklinga og aðstandendur 100.000
Félag heyrnarlausra
Styrkur vegna gerðar táknmálsmyndbands 50.000
Iðjuþjálfun/geðdeild Landspítala
Styrkur til að senda fulltrúa á ráðstefnu „Fountain House" í Gautaborg ... 100.000
Félagsráðgjafar/geðdeild Landspítala
Styrkur til að sækja þjálfunarnámskeið í London 178.000
Medic Alert á Íslandi
Styrkur til verkefnis við símanúmerabreytingar 300.000
Menntaskólinn á Laugarvatni
Styrkur til fræðslu um heilbrigðismál 50.000
Sjúkrahús Reykjavíkur, slysa- og bráðasvið
Styrkur til myndbandsgerðar 100.000
Félag íslenskra heimilislækna
Styrkur vegna vorfundar evrópsku heimilslæknasamtakanna 60.000
Stomasamtökin
Styrkur vegna ársþings norrænu stomasamtakanna 70.000
Sjúkrahús Reykjavíkur, eitrunarupplýsingamiðstöð
Styrkur vegna árlegs fundar Sambands norrænna eitrunarupplýsinga-miðstöðva 100.000
Sjúkrahús Reykjavíkur, Grensásdeild
Styrkur vegna norræns mænuskaðaþings á Íslandi 50.000
Heilsuverndarstöð Reykjavíkur
Gjöf á 40 ára afmæli 275.000
Náttúrufræðistofnun Íslands
Þátttaka í greiðslu vegna frjómælinga í andrúmslofti 300.000
Orðanefnd læknafélaganna
Útgáfustyrkur/norræn flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum 75.000
Ms-félag Íslands
Styrkur til þátttöku í aðlþjóðlegum fundi í Buenos Aires 150.000
Félagið Einstök börn
Styrkur til útgáfu bæklings 50.000
PKU-félagið
Styrkur til þátttöku einstaklings í Evrópuþingi 30.000
Landssamband eldri kylfinga
Styrkur vegna móts 30.000
Örverufræðifélag Íslands
Styrkur vegna fundar um veirur í matvælum 10.000
Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga
Styrkur fyrir starfsárið 1997–98 ..... 75.000
Samtals **4.798.000**

c. Úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði af fjárlagalið 08-621 190 árið 1997.	Kr.
Félagsmálaráðuneyti með Reykjavíkurborg	
Átak í vímuvörnum grunnskólanema í Reykjavík	3.500.000
Heilbrigðisráðuneyti með Reykjavíkurborg	
Átak í vímuvörnum grunnskólanema í Reykjavík	1.500.000
ECAD – Ísland án eiturlyfja 2002	
Starfsemi samkvæmt samstarfssamningi	3.000.000
Jafningjafræðsla framhaldsskólanema	
Fræðslustarf meðal nemenda í framhaldsskólum	2.000.000
SÁÁ	
Fræðsla fyrir heilbrigðisstarfsfólk á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum	900.000
Víðtækt forvarnaverkefni í sveitarfélögum	1.500.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	
Vímuvarnaskólinn, forvarnastarf í grunnskólum	1.000.000
Verkefni sem miðar að því að breyta viðhorfi til ölvunar	1.000.000
Til samhæfingar og þróunar í forvarnastarfi	800.000
Barnaheill og Vímulaus æska	
Samstarf um þróun foreldrasímans	1.000.000
Vímulaus æska	
Ráðgjafarþjónusta fyrir foreldra barna í vímuefnavanda	1.000.000
Námskeiðahald fyrir foreldra og börn alkóhólista	900.000
Heimili og skóli, verkefnið „Súperforeldrarnir“	
Vekja umhugsun almennings og ábyrgð foreldra	1.000.000
Vernd, fangahjálp – samstarfsverkefni	
Aðstoða fanga við að verða vímuefnalausir	800.000
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	
Samstarf um markvisst forvarnastarf í Reykjanesbæ	700.000
Sumarheimili templara	
Árlegt bindindismót um verslunarmannahelgina	500.000
Áfengis- og vímuvarnanefnd Akureyrarbæjar	
„VOFF“ – vímuvarnaverkefni í grunnskólum	440.000
Stórstúka Íslands	
Bindindismót á Norðurlandi um verslunarmannahelgina	500.000
Skógarmenn KFUM	
Fjölskylduhátíð í Vatnaskógi um verslunarmannahelgina	400.000
Atvinnuskapandi forvörn, barnaleikritið Latibær o.fl.	
Forvarnaverkefni í samstarfi við aðra	500.000
Félag unglækna árið 2000	
Fræðsla fyrir framhaldsskólanema	200.000
Útideild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar	
Forvarnir á sviði afbrota fyrir drengi á aldrinum 14–16 ára	140.000
Landskönnun á notkun tóbaks, áfengis og annarra vímugjafa meðal 15–20 ára skólanema	1.000.000

Söfnun á niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið. Gerður samanburður á niðurstöðum og greining á stöðu mála	800.000
Úthlutun til áfangaheimila	6.250.000
Samtals	**31.330.000**

284. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um skráningarmerki bifreiða.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að breyta núgildandi reglum um eldri skráningarmerki bifreiða, þannig að eigendum bifreiða með eldri skráningarmerki verði heimilt að hafa slík merki áfram á bifreiðum sínum.

Greinargerð.

Reglur um notkun eldri bifreiða er að finna í 34. gr. reglugerðar nr. 78/1997, sem sett er með stoð í umferðarlögum, en þar segir:

„Ökutæki sem skráð voru fyrir 1. janúar 1989 mega áfram bera skráningarmerki af eldri gerð, enda séu merkin heil og vel læsileg. Bifhjól og eftirvagnar mega þó ekki bera skráningarmerki af eldri gerð lengur en til 31. desember 1997 og önnur ökutæki ekki lengur en til 31. desember 1998.“

Samkvæmt upplýsingum frá Skráningarstofunni hf. frá 27. október 1997 eru nú 44.752 fólksbifreiðar, 427 hópferðabifreiðar og 2.770 vörubifreiðar með skráningarnúmer af eldri gerð eða alls 47.949 ökutæki. Láta mun nærri að kostnaður eigenda framangreindra ökutækja vegna númeraskipta verði um 132 millj. kr. Hér er eingöngu talinn kostnaður vegna númeraspjaldanna.

Álögur á bifreiðaeigendur eru ærnar fyrir og ekki þar á bætandi þegar hafður er í huga sá fjölbreytileiki sem nú viðgengst varðandi skráningarnúmer bifreiða með tilkomu nýrra númeraplatna. Þá er í mörgum tilvikum óþénugt að koma fyrir nýjum tegundum númeraplatna á eldri fólksbifreiðar. Það vefst heldur ekki fyrir flutningsmönnum að hér er um mikið tilfinningamál að ræða og í bland nokkur fastheldni, sem í þessu tilfelli er engin ástæða til að sporna við.

Fyrst og fremst hefur þessi þingsályktunartillaga umtalsverðan sparnað í för með sér fyrir bifreiðaeigendur, enda ástæðulaust að sóa fjármunum eins og 34. gr. reglugerðar nr. 78/1997 segir fyrir um.

Breytingin sem tillagan felur í sér kemur í kjölfar þess að einkamerki bifreiða voru leyfð með breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, sem gerð var með lögum nr. 37/1996.

Fylgiskjal.

Fjöldi ökutækja með númer af gamalli gerð.

Árgerð	Samtals	Fólksb.	Hópb. I	Hópb. II	Sendib.	Vörub. I	Vörub. II	Dráttarv.	Tengiv.	Festiv.	Hengiv.	Létt bifhj.	Þungt bifhj.	Hjólh.	Tjaldv.	Vélsl.	Tví/fjórhj.
1950	4	2						2									
1951	28	13			1	3		10		1							
1952	48	10	1		2	4	3	27	1								
1953	59	31	2		4	3	1	16					2				
1954	73	39		2		4	4	22					2				
1955	165	100	1	2	1	11	2	46					2				
1956	92	30				3	2	54				1	2				
1957	81	17		2	2	3		55					2				
1958	171	34				2		135									
1959	172	30				5	2	133	1				1				
1960	95	27	1	3	1	8	3	49					3				
1961	78	24		3	2	9	2	35	1	1			1				
1962	230	109		2	5	45	7	60	1	1							
1963	355	121	1		1	26	23	181		1	1						
1964	336	127		1	3	11	13	173	2	3	3						
1965	513	150	2	3		14	23	313	4	2	2						
1966	635	291	1	5	2	14	54	247	3	11	2		4	1			
1967	420	143		7	3	6	36	207	5	4	2		5	1		1	
1968	304	83		4	2	3	19	168	4	11	1		5	3		1	
1969	161	44		2	1	6	18	66	4	15	3		2				
1970	285	70		4	7	4	21	141	3	26	5			2		2	
1971	513	148		4	6	16	53	266	3	4	2		3	6		2	
1972	692	213		10	9	8	59	346	7	18			8	11		3	
1973	687	203	2	12	9	16	78	284	2	22	1	1	14	38		5	
1974	1.212	495	3	13	11	22	119	396	8	24	1		10	92	1	17	
1975	533	113	3	6	10	10	52	280	3	18		2	7	17		12	
1976	636	195	1	5	18	15	36	294	9	12	9		5	20		17	
1977	905	313	4	9	20	32	62	410	6	14	10		11	9	2	3	
1978	1.275	653	2	12	27	39	116	391	5	7	2		10	6		5	
1979	1.556	890	5	10	51	62	91	393	2	14	3	6	14	3	1	11	
1980	1.661	1003	1	15	46	57	117	307	6	11	9	1	26	1	3	58	
1981	2.096	1412	1	42	63	76	119	289		7	16	9	24		1	37	
1982	3.820	3096	8	17	104	109	148	215	3	5	7	18	46	3	3	38	
1983	2.755	2198	5	15	111	48	53	223		11	13	10	24	2		40	2
1984	3.674	2891	5	19	107	64	67	439	1	20	6	1	17	1		36	
1985	4.494	3826	12	15	168	96	41	244	1	9	6	1	18		3	54	
1986	6.442	5826	8	15	96	46	22	319	2	4	10	3	29	1	1	47	13
1987	11.268	10211	16	20	119	107	51	442	5	10	5	12	28	7	1	68	166
1988	9.533	8584	32	20	87	109	81	293	3	16	10	8	30	49	84	124	3
1989	813	748	5		8	6	10	4		1		2				29	
Samt.	59.790	44752	123	304	1121	1158	1612	8395	136	402	154	75	359	296	102	617	184

>> Fjöldi ökutækja sem bera skráningarmerki af eldri gerð: 59.790

>> Veginn meðalaldur ökutækja 14,2 ár

* Ekki eru tekin með ökutæki af árgerð eldri en 1949, en samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja mega þau bera skráningarmerki sem notuð voru fyrir 1950 Fjöldi þeirra ökutækja eru 920.

* Af þessum ökutækjum, eru 10.056 ökutæki með númer í innlögn.

285. Skýrsla [20. mál]

fjármálaráðherra um raðsmíðaskip, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Með beiðni (á þskj. 20) frá Einari K. Guðfinnssyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um raðsmíðaskip. Þar sem annars er ekki getið er skýrslan unnin upp úr gögnum sem til eru hjá Ríkisábyrgðasjóði og lögð voru til grundvallar í málshöfðun sem fór af stað gegn eigendum raðsmíðaskipanna á árunum 1995 og 1996.

Í öðrum tilfellum hefur verið leitað til annarra opinberra stofnanna um upplýsingar og er þess þá jafnan getið hverju sinni.

Samantekt skýrslunnar fór fram á vegum Ríkisábyrgðasjóðs.

1. Ástæður þess að ráðist var í smíði svokallaðra raðsmíðaskipa.

Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu má ætla að ástæðurnar hafi m.a. verið eftirfarandi:

a. að innlend lánafyrirgreiðsla til smíði skipa væri mótvægi við fyrirgreiðslu til erlendra keppinauta í skipasmíði,
b. verkefnaskortur í skipaiðnaði,
c. endurnýjunarþörf fiskiskipa,
d. jafnari endurnýjun fiskiskipa.

Í gögnum frá árunum 1981 og 1982 kemur fram að Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hafi lagt áherslu á að innlendur skipaiðnaður nyti jafnræðis við erlenda keppinauta, svo sem á sviði lánafyrirgreiðslu, og við aðrar innlendar atvinnugreinar að því er varðaði rekstrar- og framleiðslulán. Bent hafði verið á nauðsyn þess að innlendum stöðvum yrði gert kleift að raðsmíða skip, m.a. til þess að lækka hönnunarkostnað. Iðnaðarráðuneytið getur þess einnig að á þessum tíma hafi erlendir ríkisstyrkir til skipasmíðastöðva vaxið ört sem skekkti samkeppnisstöðu greinarinnar að sama skapi gagnvart erlendum keppinautum. Á þeim tíma var ekki beitt jöfnunaraðgerðum vegna þessa, þrátt fyrir heimildir til slíks í alþjóðasamningum.

2. Fjöldi skipa og smíðastaðir.

Samtals voru smíðuð fimm skip undir heitinu raðsmíðaskip.

Tvö skip voru smíðuð hjá Slippstöðinni hf. á Akureyri. Þeim voru síðar gefin nöfnin Nökkvi HU-15, skipaskrárnúmer 1768, og Oddeyrin EA-210, skipaskrárnúmer 1757. Þau eru hvort um sig 1.142 rúmmetrar að stærð. Smíði skipanna hófst árið 1982 og lauk í ársbyrjun 1987.

Eitt skip var smíðað hjá Skipasmíðastöð Þorgeirs & Ellerts hf. á Akranesi og fékk það síðar nafnið Gissur ÁR-6, skipaskrárnúmer 1752. Skipið er 1.239 rúmmetrar að stærð. Smíði þess hófst árið 1982 og henni lauk árið 1987.

Eitt skip var smíðað hjá Skipasmíðastöðinni Stálvík hf. í Garðabæ og fékk það síðar nafnið Jöfur KE-17, skipaskrárnúmer 1905. Skipið er 1.142 rúmmetrar að stærð. Smíði þess hófst árið 1982 og henni lauk árið 1988.

Þá var eitt skip smíðað hjá Vélsmiðju Seyðisfjarðar hf. Þó að raðsmíðaskipaheitið hafi verið notað um skip þetta var það mun minna en þau sem nefnd hafa verið hér á undan eða aðeins 568 rúmmetrar að stærð. Smíði skipsins lauk árið 1985 og nefndist það Harpa GK-111, skipaskrárnúmer 1674. Skipið hafði verið selt um það leyti er smíði þess hófst og öll

skuldaskjöl vegna lánveitinga og yfirtöku kaupanda á skuldum vegna ríkisábyrgðar voru frágengin við afhendingu þess. Smíða- og uppgjörssaga skipsins er því allt önnur en hinna skipanna og verður því ekki fjallað frekar um það í skýrslunni.

3. Sóknargeta íslenska fiskiskipaflotans.

Í sérstakri áætlun þáverandi ríkisstjórnar um „innlenda endurnýjun bátaflotans á næstu 3 til 4 árum (stærri bátar)", þar með talið raðsmíðaskipa, sem dagsett er 20. október 1981, er sérstaklega tekið fram að umrædd endurnýjun bátaflotans verði ekki til þess að auka sóknarþungann. Ekki sést af fyrrnefndri áætlun eða öðrum gögnum hvort þörf hafi verið talin á aukinni sóknargetu fiskiskipaflotans.

Sjá einnig 6. kafla.

4. Kröfur um úreldingu skipa og reglur um endurnýjun fiskiskipa.

Að því er fram kemur í „almennum skilmálum" sem útbúnir voru á árinu 1986 þegar leitað var tilboða í sölu raðsmíðaskipanna, sem smíðuð voru í Slippstöðinni hf. á Akureyri, Stálvík hf. í Garðabæ og Skipasmíðastöð Þorgeirs & Ellerts hf. á Akranesi, voru engar kröfur settar fram um að væntanlegir kaupendur úreltu skip eða rúmmetra í skipi á móti rúmmetrum í nýsmíðinni. Þá er ekki vitað til að slíkar kröfur hafi verið settar fram annars staðar og því ekki séð að slík skilyrði hafi verið sett.

Þó ber að nefna að í áðurnefndri áætlun ríkisstjórnarinnar er fjallað um Úreldingarsjóð. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram: „Ljóst er, að fáist meira fjármagn til úreldingar eldri fiskiskipa, þá mun úrfall úr flotanum aukast í samræmi við það, þannig að enn meira svigrúm skapast til endurnýjunar en ella."

Heildarrúmetrafjöldi skipanna fjögurra var 4.665. Hér er Harpa GK-111, sem fyrr var getið, ekki talin með en hún var 568 rúmmetrar.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskveiðasjóði Íslands giltu á þessum tíma þær almennu reglur um endurnýjun fiskiskipa sem fram koma í reglugerðum nr. 98 frá 26. febrúar 1986 og nr. 52 frá 12. febrúar 1987. Þar segir m.a. að lán vegna nýsmíði, innflutnings og endurbóta á fiskiskipum skuli við það miðuð að afkastageta fiskiskipastólsins aukist ekki. Enn fremur kemur þar fram að skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíði fiskiskipa innan lands eða utan, svo og til kaupa á fiskiskipi erlendis frá, sé að skip sem umsækjandi á af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá. Það skip verði umsækjandi að hafa átt og rekið í a.m.k. eitt ár áður en umsókn berst.

5. Smíði annarra skipa.

Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun Íslands voru eftirfarandi 27 skip, 12 brúttórúmlestir og stærri, smíðuð á byggingartíma raðsmíðaskipanna á árunum 1982–88:

Skipaskrárnúmer	Nafn	Umdæmisnúmer	Brl.	Smíðastaður	Smíðaár/ smíðalok
1598	Örvar	HU021	499	Slippstöðin hf.	1982
1611	Egill	BA468	36	Bátalón hf.	1982
1628	Sléttanes	ÍS808	680	Slippstöðin hf.	1983
1629	Farsæll	SH030	178	Vélsmiðja Seyðisfj.	1983
1631	Vörðufell	GK205	30	Bátalón hf.	1982

Skipa-skrár-númer	Nafn	Umdæmis-númer	Brl.	Smíðastaður	Smíðaár/ smíðalok
1634	Hólmadrangur	ST070	497	Stálvík hf.	1983
1642	Sigrún	GK380	16	G. Lárusson	1983
1645	Þuríður Halldórsd.	GK094	274	Þorgeir & Ellert	1983
1666	Enok	AK008	15	G. Lárusson hf.	1983
1670	Fengur	RE	160	Slippstöðin hf.	1984
1674	Sóley (áður Harpa)	SH124	144	Vélsmiðja Seyðisfj.	1985
1686	Gunnbjörn	ÍS302	116	Hörður hf.	1984
1694	Mímir	RE003	15	Mánavör hf.	1985
1697	Hafbjörg	ÁR016	15	Stálvík hf.	1985
1745	Hrefna	HF090	18	G. Lárusson hf.	1987
1752	Gissur	ÁR006	315	Þorgeir & Ellert	1987
1755	Aðalbjörg	RE005	59	Vélsmiðja Seyðisfj.	1987
1757	Hamrasvanur (áður Oddeyrin)	SH201	274	Slippstöðin hf.	1986
1764	Hraunsvík	GK068	15	G.L./Bátalón	1987
1768	Nökkvi	HU015	283	Slippstöðin hf.	1987
1787	Stundvís	ÍS883	19	Stálvík hf.	1987
1811	Mýrafell	ÍS123	15	Bátalón hf.	1987
1846	Kristinn Friðriksson	SH003	104	Marsellíus hf.	1987
1849	Fúsi	SH161	13	Vélsmiðja Seyðisfj.	1987
1851	Arnar	SH157	20	Stálvík hf.	1987
1905	Jöfur	ÍS172	254	Stálvík hf.	1988
1913	Hringur	SH277	13	Vélsm. Ol. Olsen hf.	1988
1927	Guðm. Jensson	SH717	15	Stálvík hf.	1988
1944	Von	SF101	23	Slippstöðin hf.	1988
1955	Höfrungur	BA060	27	Bátalón hf.	1988

Þá voru enn fremur smíðaðir 645 bátar undir 12 brúttórúmlestum á byggingartíma raðsmíðaskipanna.

6. Aflaheimildir raðsmíðaskipanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu fengu raðsmíðaskipin aflaheimildir þegar þau voru tilbúin til fiskveiða sem hér segir (ártalið á við það ár sem fyrstu aflaheimildir voru veittar):

Jöfur KE-17 frá árinu 1988: Árið 1988 fékk skipið leyfi til djúprækjuveiða með sóknarmarki í 143 sóknardaga með 495 lesta rækjuaflahámarki og til veiða á 110 lestum af botnfiski í þorskígildum. Framsal á rækjuaflahámarki og botnfiski til annarra skipa og frá öðrum skipum var óheimilt.

Nökkvi HU-15, Oddeyrin EA-210 og Gissur ÁR-6, öll frá árinu 1987: Leyfi til botnfiskveiða með aflakvóta, 200 þorskígildislestir. Til aflakvóta teljast þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða. Framsal á aflakvóta til annarra skipa og frá öðrum skipum var óheimilt. Veiðar á úthafsrækju voru frjálsar árið 1987.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu var gengið út frá að þessi skip kæmu fyrst og fremst til með að stunda rækjuveiðar.

Á árinu 1988 var fyrst tekin upp heildarstjórn á rækjuveiðum og voru sett ákveðin 36 þús. lesta viðmiðunarmörk, sbr. reglugerð nr. 18/1988, um veiðar á úthafsrækju 1988. Raðsmíðaskipin voru flokkuð sem sérhæfð rækjuskip og fengu úthlutun í rækjuheimildum í samræmi við það, sbr. 2. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar. Jafnframt héldu þau þeim þorskígildislestum sem þeim hafði verið úthlutað árið áður. Hafrannsóknastofnunin taldi að veitt hefði verið of mikið af rækju á árinu 1988 og voru að tillögu stofnunarinnar ákveðin 23 þús. lesta viðmiðunarmörk fyrir árið 1989. Hvenær rækjustofninn var vannýttur eða fullnýttur er erfitt um að segja eftir á, sérstaklega þegar litið er til þeirrar þróunar sem hefur verið í úthafsrækjuveiðum hér við land, en á árunum 1989–95 jókst aflinn úr 22 í 66 þús. lestir og var þó tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar að mestu fylgt um nýtingu stofnsins. Úthafskvótinn fyrir yfirstandandi fiskveiðiár er 60 þús. lestir.

7. Kostnaður við smíði raðsmíðaskipanna.

Smíðakostnaður hvers skips að meðtöldum vöxtum á smíðatímanum var þessi:

Oddeyrin EA-210: Smíðakostnaður með vöxtum nam 237.299.000 kr. Framreiknað til 1. janúar 1997 samkvæmt lánskjaravísitölu nemur smíðakostnaðurinn 540.311.000 kr.

Nökkvi HU-15: Smíðakostnaður með vöxtum nam 237.570.000 kr. Framreiknað til 1. janúar 1997 samkvæmt lánskjaravísitölu nemur smíðakostnaðurinn 533.044.000 kr.

Gissur ÁR-6: Smíðakostnaður með vöxtum nam 277.005.000 kr. Framreiknað til 1. janúar 1997 samkvæmt lánskjaravísitölu nemur smíðakostnaðurinn 602.569.000 kr.

Jöfur KE-17: Smíðakostnaður með vöxtum nam 397.090.000 kr. Framreiknað til 1. janúar 1997 samkvæmt lánskjaravísitölu nemur smíðakostnaðurinn 647.269.000 kr.

8. Söluverð raðsmíðaskipanna og sölu- og afhendingartími.

Oddeyrin EA-210: Söluverð Oddeyrarinnar nam 193.290.000 kr. Skipið var selt frá Slippstöðinni hf. með smíðasamningi dags. 18. apríl 1986 og viðbótarsamningi dags. 22. janúar 1987. Framreiknað til 1. janúar 1997 samkvæmt lánskjaravísitölu nemur söluverðið 440.127.000 kr. Skipið var afhent eigendum í nóvember 1986.

Nökkvi HU-15: Söluverð Nökkva HU-15 nam 202.310.000 kr. Skipið var selt frá Slippstöðinni hf. með smíðasamningi dags. 15. apríl 1986 og viðbótarsamningi dags. 27. febrúar 1987. Framreiknað til 1. janúar 1997 samkvæmt lánskjaravístölu er söluverðið 453.850.000 kr. Skipið var afhent eigendum í janúar 1987.

Gissur ÁR-6: Söluverð Gissurar ÁR-6 nam 211.866.000 kr. Skipið var selt frá Skipasmíðastöð Þorgeirs & Ellerts hf. með smíðasamningi dags. 10. apríl 1986 og með sérstöku uppgjöri dags. 10. júlí 1987. Framreiknað til 1. janúar 1997 samkvæmt lánskjaravísitölu er söluverðið 460.955.000 kr. Skipið var afhent eigendum í mars 1987.

Jöfur KE-17: Söluverð Jöfurs KE-17 nam 281.068.000 kr. Skipið var selt frá Stálvík hf. með samningi um skipasmíði dags. 4. júní 1987 og viðbótarsamningi dags. 29. júlí 1988. Framreiknað til 1. janúar 1997 samkvæmt lánskjaravísitöllu er söluverðið 458.190.000 kr. Skipið var afhent eigendum 29. júlí 1988.

9. Mismunur á smíðakostnaði og söluverði skipanna.

Mismunurinn á smíðakostnaði og söluverði skipanna var greiddur úr Ríkisábyrgðasjóði.

Með heimild í 30. gr. lánsfjárlaga ársins 1986 og 32. gr. lánsfjárlaga ársins 1987 var ríkissjóði heimilað „að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna til að greiða fyrir sölu þeirra. Ráðherra ákveður nánar um framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð."

10. Opinber aðstoð til nýsmíði annarra skipa.

Í gögnum frá iðnaðarráðuneytinu kemur fram að áætlun ríkisstjórnarinnar frá 20. október 1981 hafi einnig tekið til endurnýjunar á stærri bátum. Fyrir hendi séu frá þessum tíma tilmæli og óskir um að fjórum aðilum utan raðsmíðaskipaverkefnisins verði lánað af fjármunum þeim sem verja átti til raðsmíðaskipanna árið 1982. Ekki er um tæmandi lista að ræða og vísar ráðuneytið til þess að Framkvæmdastofnun ríkisins hafi farið með afgreiðslu á lánum sem veitt voru í þessi verkefni.

Eftirfarandi er listi frá Byggðastofnun yfir lán til nýsmíði innan lands á árunum 1982–88, þar sem m.a. eru þeir fjórir aðilar sem að framan er getið. Í gögnum frá Byggðastofnun segir m.a.:

„Á meðfylgjandi töflu sjást þau lán sem bókuð eru vegna nýsmíði á árunum 1982–88. Tekið skal fram að í ársskýrslum Framkvæmdastofnunar, sem eru grunnur talna fyrir 1982–85 voru talin upp samþykkt lán, en þau voru ekki í öllum tilvikum borguð út. Í ársskýrslum Byggðastofnunar er hins vegar miðað við útborguð lán.

Vaxtakjör á þessum lánum voru þau sömu og á öðrum útlánum Byggðasjóðs/Byggðastofnunar. Á þessum árum var verið að skipta úr óverðtryggðum kjörum yfir í verðtryggð og gengistryggð. Að mestu voru lánin sem veitt voru 1982–83 gengistryggð miðað við þýsk mörk með 8% vöxtum, en að einhverju leyti voru lán óverðtryggð með breytilegum vöxtum sem voru 20–38% 1982–85. Eftir það voru ný lán verð- eða gengistryggð með ýmsum vaxtakjörum. Lán vegna raðsmíðaskipa (5% af framkvæmdakostnaði) voru öll gengistryggð miðað við dollar (vextir 1,25–1,75% yfir LIBOR) eða þýsk mörk (7,5–8,0% vextir). Lánstími var 10 ár.

Engir styrkir vegna nýsmíði voru veittir á þessum árum samkvæmt ársskýrslum."

Á árunum 1982–88 voru eftirtalin lán veitt til nýsmíði innan lands:

Ár	Lántaki	Raðsmíði, þús. kr.	Nýsmíði, þús. kr.
1982			
	Ármann Stefánsson, Akranesi		1.300
	Þorsteinn hf., Ísafirði		700
	Kolbeinstangi hf., Vopnafirði		2.500
	Auðunn Benediktsson, Kópaskeri		260
	Rita hf., Vopnafirði*		4.000

Ár	Lántaki	Raðsmíði, þús. kr.	Nýsmíði, þús. kr.
	Finnbogi Finnbogason, Seyðisfirði		160
	Hraðfrystihús Breiðdælinga hf.*		4.000
	Gauksstaðir hf., Garði		2.600
	Skagavík sf., Keflavík		4.000
	Fáfnir hf., Þingeyri*		5.000
1983			
	Enni hf., Ólafsvík*		2.500
	Mávadrangur hf., Vestur-Skaftafellssýslu		5.000
1986			
	Þorsteinn hf., Ísafirði		2.567
	Kolbeinstangi hf., Vopnafirði		3.207
	Viðar Stefánsson, Tálknafirði		400
1987			
	Árni Jónasson, Garði		500
	Sigurbjörn V. Júlíusson, Grímsey		600
	Nökkvi hf., Blönduósi	10.000	
	Ljósavík hf., Þorlákshöfn	10.000	
	Oddeyri hf., Akureyri	9.000	
1988			
	Útgerðarfélagið Jarl hf., Keflavík	11.000	
	Útgerðarfélagið Njörður hf., Reykjavík		15.190
	Samtals	**40.000**	**49.684**

* Fjármagnað með raðsmíðapeningum.

11. Lán sem Ríkisábyrgðasjóður ábyrgðist og tryggingar fyrir ábyrgðunum.

Meðan á smíði skipanna stóð á árunum 1982–88 var árlega veitt heimild á fjárlögum til að ríkissjóður tækist á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum er numið gætu allt að 80% af matsverði skipanna sem voru í smíðum hjá skipasmíðastöðvunum þremur.

Ábyrgðin tók til höfuðstóls lána sem Landsbanki Íslands veitti til smíðinnar, svo og vaxta og kostnaðar af lánunum.

Á smíðatíma skipanna var sá háttur hafður á að Ríkisábyrgðasjóður gekkst í ábyrgð fyrir lán sem tekin voru af skipasmíðastöðvunum á smíðatímanum og námu 80% af smíðakostnaði, en lánin voru veitt af Landsbankanum í mörgum hlutum á árunum 1982–88, eftir því sem verkinu miðaði, og voru að mestu í formi erlendra endurlána. Var af hálfu Ríkisábyrgðasjóðs látið fara fram mat á framvindu verksins við hverja ábyrgðarveitingu við hvert nýtt lán.

Lánskjör á endurlánum Landsbankans voru að mestu leyti miðuð við lán í erlendum myntum.

Lánsfjárhæðir með vöxtum sem ábyrgð var tekin á voru eftirfarandi, taldar eftir skipum:

Oddeyrin EA-210: 184.781.476 kr. eða í erlendum myntum 1.833.446,75 Bandaríkadalir, 2.843.267,60 svissneskir frankar og 7.463.323,65 norskar kr. Vextir og gengi er miðað við 22. desember 1986. Framreiknað virði framangreindra lána miðað við gengi 31. desember 1996 er 341.650.000 kr., og framreiknað til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu 420.731.000 kr.

Nökkvi HU-15: 191.892.350 kr. eða í erlendum myntum 2.210.358,82 Bandaríkjadalir, 2.461.324,56 svissneskir frankar og 7.340.821,34 norskar kr. Vextir og gengi er miðað við 20. janúar 1987. Framreiknað virði framangreindra lána miðað við gengi 31. desember 1996 er 346.707.000 kr. og framreiknað til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu 429.379.000 kr.

Gissur ÁR-6: 210.000.000 kr. eða í erlendum myntum 1.738.013,76 Bandaríkjadalir, 3.323.234,83 hollensk gyllini og 5.766.106 norskar kr., auk láns að upphæð 44.914.000 kr. Vextir og gengi er miðað við 31. mars 1987. Framreiknað virði framangreindra lána miðað við gengi 31. desember 1996 er 349.540.000 kr. og framreiknað til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu 456.822.000 kr.

Jöfur KE-17: 379.843.453 kr., eða í erlendum myntum 7.236.525,28 Bandaríkjadalir og 3.609.876,58 norskar kr., auk láns að upphæð 37.600.000 kr. Vextir og gengi er miðað við 31. maí 1988. Framreiknað virði framangreindra lána miðað við gengi 31. desember 1996 er 560.608.000 kr. og framreiknað til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu 619.070.000 kr.

Áður en til veitingar ábyrgða kom af hálfu Ríkisábyrgðasjóðs á lánum Landsbankans til skipasmíðastöðvanna var á árinu 1982 gengið frá tryggingarbréfi við allar skipasmíðastöðvarnar fyrir hvert þeirra skipa sem smíði var hafin á. Náði tryggingin til fyrsta veðréttar í hverri nýsmíði fyrir þeim lánum sem veitt voru til smíðanna. Fjárhæð þeirra lána, án vaxta og gengismunar, sem ábyrgð tók til, var ekki hærri en 80% af smíðakostnaðarverði á hverjum tíma.

Auk þess var tekið veð í viðkomandi skipasmíðastöð. Þannig var þess gætt að tryggingar væru samkvæmt lagareglum þar að lútandi.

Er smíði raðsmíðaskipanna hófst voru lagaákvæði um Stofnfjársjóð fiskiskipa þannig að 10–16% af brúttóaflaverðmæti skyldu renna í Stofnfjársjóð og það fé síðan notað til að greiða niður stofnlán skipanna hjá opinberum sjóðum, í þessu tilviki hjá Ríkisábyrgðasjóði. Fiskveiðasjóður veitti ekki stofnlán vegna raðsmíðaskipanna og því var Ríkisábyrgðasjóður lánveitandi. Skyldu lánin vera með svipuðum lánskjörum og giltu hjá Fiskveiðasjóði.

Árið 1986 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um Stofnfjársjóð, nr. 93/1986, í þá veru að ef ekki hvíldi á viðkomandi skipi skuld við Fiskveiðisjóð skyldi Stofnfjársjóður greiða innstæðuna út til skipseiganda. Þannig var felld niður sú trygging til endurheimtu stofnlánanna sem Ríkisábyrgðasjóður hafði þegar smíði raðsmíðaskipanna hófst.

Þegar Ríkissjóður gekkst undir ábyrgð á lánum til smíði raðsmíðaskipanna töldust framangreindar tryggingar fullnægjandi.

12. Kjör lána Fiskveiðasjóðs til nýsmíði skipa.

Eftirfarandi upplýsingar bárust frá Fiskveiðasjóði um sambærileg lánakjör hans á þessum tíma til nýsmíði skipa:

Samkvæmt reglugerð nr. 278/1979 fyrir Fiskveiðasjóð var lánshlutfall vegna nýsmíða fiskiskipa innan lands 75% af mats- eða kostnaðarverði og hámarkslánstími 18 ár. Til nýrra og notaðra innfluttra fiskiskipa var lánshlutfallið 66,7% af sömu viðmiðun og hámarkslánstími 18 ár að frádregnum aldri skips.

Með reglugerð nr. 232/1981 frá 13. apríl það ár var lánshlutfall til nýrra og notaðra skipa sem keypt voru erlendis lækkað úr 66,7% í 50%.

Tilgreind hlutföll voru hámörk. Stjórn Fiskveiðasjóðs ákvað á fundi í apríl 1982 að hámarkslán til nýsmíða fiskiskipa innan lands yrðu fyrst um sinn 60% af mats- eða kostnaðarverði í stað 75%, svo og að hámarkslán til smíða eða kaupa á fiskiskipum erlendis yrðu 40% í stað 50%.

Með reglugerð nr. 98/1986 frá 26. febrúar 1988 var eldri reglugerð breytt þannig að lánshlutfall til nýsmíða innan lands var hækkað í 65%, en til nýrra og notaðra skipa sem keypt voru erlendis frá var lánshlutfall hækkað í 60%.

13. Uppgjör lánanna.

Gengið var frá lánum skipseigenda við ríkissjóð fyrri hluta árs 1996. Samkomulag varð um að skipseigendur gerðu upp skuldir sínar miðað við erlendar myntir til greiðslu á tólf árum. Þessi afgreiðsla málsins var kynnt Ríkisendurskoðun áður en gengið var frá samningum. Samið var um eftirgreindar fjárhæðir fyrir hvert skip:

Oddeyrin EA-210: 201.982.618 kr. eða jafnvirði 2.239.771,77 þýskra marka og 162.653.099 japanskra jena. Auk þess var fyrir hendi innborgun að upphæð 8.000.000 kr. Framreiknað virði framangreindra fjárhæða til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu er 212.788.000 kr. Áður hafði kaupandi staðið skil á láni að fjárhæð 7.269.892 norskar kr.

Nökkvi HU-15: 210.000.000 kr. eða jafnvirði 1.036.013,81 sterlingspunda og 169.109,357 japanskra jena. Framreiknað virði framangreindrar fjárhæðar til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu er 212.788.000 kr. Áður hafði kaupandi staðið skil á láni að fjárhæð 7.340.821 norsk kr.

Gissur ÁR-6: 216.365.703 kr. eða jafnvirði 2.399.264,85 þýskra marka og 174.235.548 japanskra jena. Auk þess var fyrir hendi innborgun að fjárhæð 3.634.297 kr. Framreiknað virði framangreindra fjárhæða til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu er 222.535.000 kr. Áður hafði kaupandi staðið skil á láni að fjárhæð 5.580.079 norskar kr.

Jöfur KE-17: 340.000.000 kr. eða jafnvirði 5.322.687,96 þýskra marka og 161.056.531 japansks jens. Framreiknað virði framangreinds láns til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu er 343.918.000 kr.

14. Tíminn frá sölu skipanna til fullnaðaruppgjörs.

Ástæða þess hvað langur tími leið frá því að skipin voru seld þar til fullnaðaruppgjör fór fram var eftirfarandi:

Skipin voru seld á árunum 1986 og 1987 og kaupsamningar undirritaðir milli skipasmíðastöðvanna og kaupenda. Þegar smíði skipanna lauk nokkrum mánuðum síðar voru þau afhent kaupendum, en ekki hafði þá verið gengið formlega frá yfirtöku kaupenda á hluta þess fjár sem skipasmíðastöðvunum hafði verið lánað til smíði skipanna. Var þar um að ræða tæp 80% af kaupverðinu eða þá fjárhæð sem lánuð skyldi til langs tíma úr opinberum sjóði, sem þá hafði verið ákveðið að yrði Ríkisábyrgðasjóður (ríkissjóður).

Fljótlega eftir þetta hófust viðræður við kaupendur um frágang skuldabréfanna. Settu þeir fram ýmsar óskir um í hvaða mynt lánin skyldu vera, vexti o.fl. og gerðu kröfu um annan upphafsdag vaxta en Ríkisábyrgðasjóður taldi eðlilegt. Þegar álitið var að samkomulag hefði náðst um þessi atriði voru skuldabréf útbúin og þau send kaupendum til undirritunar, en þegar til átti að taka færðust þeir undan að undirrita skuldabréfin og báru við að þeir væru mjög óánægðir með þann aflakvóta sem skipunum hafði verið úthlutað. Töldu þeir að loforð sem

gefin hefðu verið af stjórnvöldum er þeir keyptu skipin og það sem fram hefði komið í útboðsskilmálum hefði engan veginn verið uppfyllt með þeim kvóta sem skipin fengu.

Komu þeir sér hjá því að undirrita skuldabréfin þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Ríkisábyrgðasjóðs til að ljúka málunum. Kaupendur kváðust vera í viðræðum við stjórnvöld, en einnig væri LÍÚ að vinna í þessum málum fyrir þá. Þeir lofuðu að undirrita þegar niðurstaða væri fengin.

Stjórnvöld viðurkenndu aldrei að kaupendum bæri meiri aflakvóti en þeim var upphaflega úthlutað og kaupendur neituðu því að undirrita skuldabréfin.

Var þá ákveðið að höfða mál á hendur kaupendum og í framhaldi af því að biðja um uppboð á skipunum, með vísan til tryggingarbréfanna sem á skipunum hvíldu, vegna ábyrgðar á smíðalánunum.

Tafir urðu á málssókn vegna þess að þinglýst veðbönd Ríkisábyrgðasjóðs á nýsmíðunum höfðu ekki verið færð á skipin þegar þau fengu sérstakt blað í skipa- og fasteignaskrám viðkomandi þinglýsingarembætta. Langan tíma tók að fá leiðréttingu og komu þar m.a. til mótmæli annarra veðhafa en þinglýsingadómarar úrskurðuðu þó að tryggingarbréf Ríkisábyrgðasjóðs skyldu hafa fyrsta veðrétt í skipunum.

Um það leyti virtist hafa náðst samkomulagsgrundvöllur við forsvarsmenn eins skipanna og mögulegt virtist að ljúka á samsvarandi hátt samningum við kaupendur hinna skipanna. Samningar drógust hins vegar á langinn og Ríkisábyrgðasjóður ákvað málssókn. Erfiðleikum olli að kaupendur höfðu eins og fyrr segir aldrei gengist formlega við yfirtöku skuldanna beint við Ríkisábyrgðasjóð og því þurfti að sækja allar skriflegar lánahreyfingar til upphaflegs lánveitanda sem var Landsbanki Íslands.

Fyrstu málin á hendur kaupendum voru þingfest fyrri hluta árs 1995. Alls voru höfðuð sjö mál á en ekki kom til þess að dómar væru kveðnir upp þar sem samningar náðust áður en til þess kom.

15. Heildartap.

Heildartap Ríkisábyrgðasjóðs (ríkissjóðs) af smíði raðsmíðaskipanna fjögurra er eftirfarandi:

Yfirtekinn fjármagnskostnaður skipasmíðastöðvanna framreiknaður til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu nemur 533.723.000 kr.

Bókfært tap vegna yfirtekinna lána kaupenda framreiknað til 1. janúar 1997 miðað við lánskjaravísitölu nemur 323.523.000 kr. Inn í þessa tölu hafa verið reiknaðir samningsvextir til hvers gjalddaga.

Samtals bókfært tap og yfirtekinn fjármagnskostnaður framreiknað til 1. janúar 1997 nemur 857.246.000 kr.

286. Svar [223. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um afla dragnótarbáta í Faxaflóa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikill dragnótarafli barst á land úr Faxaflóa sl. fjögur fiskveiðiár:

a. heildarmagn hvert ár, sundurliðað eftir fisktegundum,

b. löndunarstaðir?

Í eftirfarandi töflu kemur fram heildarafli í lestum, sundurliðaður eftir tegundum sl. fjögur ár. Á þessum árum hafa veiðar verið heimilar frá 15. júlí og oftast staðið til 1.–15. desember. Þar sem veiðitímabilið nær yfir fiskveiðiáramót er í töflunni tilgreindur vertíðaraflinn, þ.e. afli tímabilsins 15. júlí til vertíðarloka:

Ár	Skarkoli	Sandkoli	Lúða	Ýsa	Þorskur	Annað	Samtals
1993	1.056	1.882	26	61	78	42	3.145
1994	1.156	1.870	12	77	49	314	3.478
1995	1.149	1.949	9	62	81	217	3.467
1996	915	3.590	23	18	67	114	4.727

Tegundir undir liðnum „annað“ eru helstar steinbítur, karfi og ýmsar flatfisktegundir.

Dragnótaafla veiddum í Faxaflóa er nær eingöngu landað í Reykjanesbæ, Reykjavík eða á Akranesi. Flatfiskafli dragnótabátanna er að mestu leyti seldur beint til fjögurra fiskvinnslustöðva en bolfiskaflinn á fiskmörkuðum.

287. Svar [158. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um breytingar á réttindum lífeyrisþega í sjúkratryggingum.

1. *Hvernig hafa eftirtalin þjónustugjöld lífeyrisþega í heilbrigðiskerfinu breyst á undanförnum fimm árum:*
   a. greiðslur fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, á dagvinnutíma og utan hans,
   b. greiðslur fyrir læknisvitjun til sjúklings, á dagvinnutíma og utan hans,
   c. greiðslur fyrir komu til sérfræðings,
   d. greiðslur fyrir röntgengreiningu og rannsóknir?
2. *Hvernig og hvenær hafa reglur um árlegar hámarksgreiðslur fyrir heilsugæslu- og læknisþjónustu og réttindi til slíkra greiðslna breyst á síðustu fimm árum?*

Hlutdeild sjúkratryggðra í lækniskostnaði 1991–96.

	Almennt gjald, kr.					Lífeyrisþegar, kr.					Börn, kr.[1]
	Á dagvinnutíma	Utan dvt.	Vitjun á dvt.	Vitjun utan dvt.	Þak á ári	Á dagvinnutíma	Utan dvt.	Vitjun á dvt.	Vitjun utan dvt.	Þak á ári	Þak á ári
15. febrúar 1990											
Heimilislæknar	0	500	400	1.000		0	500	400	1.000		
Sérfræðingar	900					300					
Rannsóknir	300					100					
15. janúar 1992					12.000					3.000	12.000
Heimilislæknar	600	1.000	1.000	1.500		200	350	350	500		
– eftir þak			400	900				150	300		
Sérfræðingar	1.500					500					
– eftir þak	0					0					
Rannsóknir	600					200					
– eftir þak	0					0					
1. júní 1992[2]					12.000					3.000	6.000
25. janúar 1993					12.000					3.000	6.000
Heimilislæknar[3]	600	1.000	1.000	1.500		200	400	400	600		
– eftir þak	200	600	600	900		0	200	200	300		
Sérfræðingar	1.200 + 40%					⅓ af almennu gjaldi					
– eftir þak	⅓ af almennu gjaldi					1/9 af almennu gjaldi					
Rannsóknir	900					300					
– eftir þak	300					100					

[1] Fyrir öll börn yngri en 16 ára í sömu fjölskyldu.

[2] Börn eldri en 6 ára með umönnunarbætur greiða eins og lífeyrisþegar hjá heilsugæslustöðvum. Undanþegin gjaldskyldu eru börn yngri en 6 ára, mæðra- og ungbarnaeftirlit, heilsugæsla í skólum.

[3] Hjá heilsugæslustöðvum greiða öll börn yngri en 16 ára eins og lífeyrisþegar. Börn með umönnunarbætur greiða alls staðar eins og lífeyrisþegar.

	Almennt gjald, kr.					Lífeyrisþegar, kr.					Börn, kr.[1]
	Á dag-vinnu-tíma	Utan dvt.	Vitjun á dvt.	Vitjun utan dvt.	Þak á ári	Á dag-vinnu-tíma	Utan dvt.	Vitjun á dvt.	Vitjun utan dvt.	Þak á ári	Þak á ári
1. júlí 1994[4]											
1. febrúar 1996					12.000					3.000	6.000
Heimilislæknar	700	1.100	1.100	1.600		300	500	400	600		
– eftir þak	300	700	700	1.000		100	300	300	400		
Sérfræðingar[5]	1.400 + 40%					500 + ⅓ af 40%					
– eftir þak	500 + ⅓ af 40%					⅓ af almennu gjaldi, a.m.k. 300					
Rannsóknir	1.000					300					
– eftir þak	400					100					

[4] Atvinnulausir njóta sömu kjara og lífeyrisþegar eftir sex mánaða atvinnuleysi.

[5] Sjónmælingar fyrir 16–70 ára ekki greiddar. Sjónmælingar greiddar fyrir 60–70 ára með óskertan lífeyri o.s.frv.

Sjá einnig sambærilega töflu í skýrslu forsætisráðherra um þróun launa og lífskjara á Íslandi á árunum 1991–1996 sem lögð var fram á 121. löggjafarþingi 1996–97 á þskj. 742.

3. *Hvenær, hversu oft og hvernig hafa reglur um endurgreiðslu vegna mikils læknis- og lyfjakostnaðar breyst undanfarin fimm ár?*

Reglur um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja voru fyrst settar 10. júní 1993. Þeim hefur síðan verið breytt þrisvar sinnum:

30. janúar 1996:

1. Endurgreiðsla miðast nú eingöngu við sjúklingahluta skráðra lyfja þar sem Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu. Lyf sem sjúklingur átti að greiða að fullu koma ekki til endurgreiðslu.
2. Frekari uppbót sem greidd er vegna lyfja af lífeyrisdeild kemur til frádráttar í endurgreiðslu.
3. Tímamörk endurgreiðslu felld niður en endurgreitt er eftir sem áður fyrir hálft ár í senn.

29. apríl 1996:

1. Lyfjakostnaður endurgreiddur vegna barna yngi en 6 ára.
2. Ný tekjuviðmiðunarmörk ákveðin og einstaklingar með sama fjölskyldunúmer taldir sem einn einstaklingur.
3. Læknis- og lyfjakostnaður nú endurgreiddur ársfjórðungslega.

1. september 1997:

1. Kostnaður við þjálfun (sjúkra-, iðju- og talþjálfun) nú einnig endurgreiddur.
2. Tekjuviðmiðunarmörk gerð hagstæðari fyrir sjúklinga.

4. *Hversu oft og hvernig hafa reglur um þátttöku sjúkratrygginga og hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði breyst sl. fimm ár?*

1. Hlutfallsgreiðslur og „generisk substition".

Á síðustu mánuðum ársins 1991 og fyrstu mánuðum ársins 1992 dró úr áhrifum aðgerða sem gripið var til á árinu 1991 til að halda aftur af hækkun lyfjakostnaðar og kostnaður fór hækkandi. Því var nauðsynlegt að grípa að nýju til ýmissa aðgerða til að sporna við auknum kostnaði og til að halda honum innan marka fjárlaga ársins 1992. Með breytingum á almannatryggingalögum í lögum nr. 1/1992 fékkst heimild til að breyta fastagjaldi sjúkratryggðra í hlutfallsgreiðslur. Sú breyting kom til framkvæmda 1. ágúst 1992 eftir nokkrar tafir vegna kjarasamninga.

Gerðar voru breytingar á tveimur reglugerðum varðandi lyfjamál. Annars vegar var um að ræða breytingu á reglugerð um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði, nr. 300/1991, og hins vegar reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, nr. 421/1988.

Höfuðatriði breytinganna voru:

1. Teknar voru upp hlutfallsgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins og sjúklinga á kostnaði þeirra lyfja sem áður voru háð fastagjaldi.
2. Læknum var gert skylt að taka afstöðu til þess hvort afgreiða mætti ódýrasta samheitalyf.
3. Fjölnotalyfseðlar voru leyfðir.

Með þessum reglugerðarbreytingum voru teknar upp hlutfallsgreiðslur í stað fastagjalds í afgreiðslu lyfja. Fastagjald sjúklings, sem fram til 1. ágúst var 850 kr. og 250 kr. eða 500 kr. og 150 kr. fyrir bestukaupalyf, féll niður en í staðinn greiddu sjúklingar hlutfall af verði lyfs upp að ákveðnu hámarki. Almenna reglan varð sú að sjúklingar greiddu 25% af verði hvers lyfs upp að 3.000 kr. en elli- og örorkulífeyrisþegar greiddu 10% af verði hvers lyfs upp að 700 kr. Þessi breyting átti einungis við um þau lyf sem áður báru fastagjald (greiðslumerking E í sérlyfjaskrá). Annað var óbreytt. Í sérstökum tilfellum var mögulegt að fá lyf, sem áður báru fastagjald, á lyfjakort og lækkaði þá hlutfall og þak um helming.

Tilgangurinn með þessum aðgerðum var sá að ná fram auknum sparnaði í lyfjakostnaði. Greiðsluhlutfall og þak var valið með það í huga að kostnaður sjúklinga ykist ekki að meðaltali miðað við óbreytta neyslu. Þessum breytingum var ætlað að stuðla að notkun ódýrari lyfja öllum til hagsbóta.

Þessar breytingar voru samræmdar að því leyti að hlutfallsgreiðslu sjúklings fylgdi sú kvöð á lækna að taka afstöðu til afhendingar ódýrasta samheitalyfs á nýhönnuðum lyfseðli samfara þeirri kvöð lyfsala að afhenda ávallt ódýrasta samheitalyfið ef læknir heimilaði það.

Nýtt form lyfseðilseyðublaðs tók einnig gildi og gaf kost á allt að fjórum afgreiðslum á sama lyfseðli.

2. Ný reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði 18. janúar 1993.

Í lok árs 1992 var ljóst að með greiðslur almannatrygginga vegna lyfja stefndu í 3 milljarða kr. ef ekkert væri að gert. Fjárlagafrumvarpið gerði hins vegar ráð fyrir að útgjöldin yrðu 2,55 milljarðar kr. Auk þess var gert ráð fyrir flutningi helmings þess hala sem skilinn var eftir frá árinu áður, þ.e. 200 millj. kr. Áætlað var því að ná 650 millj. kr. sparnaði á árinu með því að:

1. hækka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði,
2. beina notkuninni í ódýrari lyf og minna magn,
3. auka samkeppni í lyfjaverði,
4. lækka álagningu,
5. auka hagkvæmni í lyfjainnkaupum stofnana.

18. janúar 1993 tók gildi ný reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði. Helstu breytingar voru þessar:

1. Fyrir þau lyf sem áður voru greidd af sjúkratryggingum gegn framvísun lyfjaskírteina en ella af sjúklingum sjálfum að hluta greiddi sjúkratryggður nú fyrir hverja lyfjaávísun fyrstu 500 kr. af verði lyfsins. Af verði lyfsins umfram 500 kr. greiddi sjúkratryggður 12,5% en þó aldrei meira en 1.500 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiddu fyrstu 150 kr. af hverri lyfjaávísun. Af verði lyfsins umfram það greiddu þeir 5% en þó aldrei meira en 400 kr. Með þessari breytingu var gert ráð fyrir því að lyfjakort yrðu að mestu leyti óþörf.
2. Fyrir önnur lyf sem sjúkratryggingar tóku þátt í að greiða greiddi sjúkratryggður nú fyrstu 500 kr. af verði lyfsins. Af verði umfram 500 kr. greiddi sjúkratryggður 25% en þó aldrei meira en 3.000 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiddu fyrstu 150 kr. af verði lyfsins. Af verði lyfsins umfram það greiddu þeir 10% en þó aldrei meira en 800 kr.
3. Nokkur lyf sem áður voru greidd að hluta af sjúkratryggingum voru nú færð yfir í svokallaðan 0-flokk sem þýðir að notandi greiðir lyfið að fullu. Má þar t.d. nefna væg verkjalyf og lyf til lækkunar á blóðfitu.

Áfram var gert ráð fyrir að sjúkratryggingar greiddu að fullu lyf sem sjúklingi er lífsnauðsyn að nota að staðaldri og var þar um að ræða alla sömu lyfjaflokka og sjúkratryggingar höfðu greitt að fullu. Þá var einnig gert ráð fyrir því í reglugerðinni að Tryggingastofnun ríkisins væri heimilt að kveða á um fulla greiðslu sjúkratrygginga á öllum lyfjum í sérstökum tilfellum, svo sem þegar um er að ræða síendurteknar alvarlegar sýkingar eða óvenjumikla lyfjanotkun að staðaldri.

Með þessum breytingum hækkaði hlutdeild sjúklinga í heildarlyfjakostnaði lyfseðilsskyldra lyfja úr 24–25% í 31–32%, en hlutdeild sjúkratrygginga í lyfjakostnaði lækkaði að sama skapi og var nú hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði á Íslandi orðinn svipaður og hann er að meðaltali í öðrum Evrópulöndum.

3. Lækkun heildsöluálagningar 1. febrúar 1993.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir héldu útgjöld almannatrygginga fyrir lyf áfram að hækka og í febrúar 1993 tókst heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að ná fram lækkun á álagningu á lyf. Heildsöluálagning lækkaði úr 13,5% í 13% og í smásölu að meðaltali um 1%, en þar er álagningin nú mismunandi eftir því hve hátt heildsöluverðið er, eða milli 20–58%. Áætlað var að þessi álagningarlækkun svaraði til u.þ.b. 50 millj. kr. kostnaðarlækkunar á ári.

4. Breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði 1. mars 1994.

Ákveðið var að athuga hvort hægt væri að draga úr ört vaxandi kostnaði af nýjum dýrum sveppalyfjum, geðdeyfðarlyfjum og sársjúkdómslyfjum með því að takmarka hámarksmagn nokkurra þessara lyfja við 30 daga notkunarmagn á lyfseðil. Enn fremur voru minnstu pakkningar nokkurra sársjúkdómslyfja heimilaðar til sölu án lyfseðils.

5. Viðmiðunarverðskrá 1. ágúst 1995.

1. ágúst 1995 tók gildi ný reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, nr. 327/1995, og leysti hún af hólmi reglugerð sama efnis nr. 515/1992 sem gilt hafði frá 18. janúar 1993 með einni breytingu frá 1. mars 1994.

Aðalnýmælið í þessari reglugerð er að endurgreiðsla almannatrygginga á samheitalyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð þeirra sem reiknað er út frá lægsta verði hverrar pakkningar í sama formi og styrkleika. Samheitalyfjum, þ.e. skráðum lyfjum sem innihalda sama virka lyfjaefnið og eini munurinn er mismunandi framleiðendur, er í viðmiðunarskránni skipt í samanburðarflokka samkvæmt áðurnefndri skilgreiningu. Viðmiðunarverðið er fundið með því að bæta 5% ofan á lægsta verð í hverjum flokki. Almannatryggingar greiða sinn hlut

í verðinu eins og áður en hámark greiðslunnar er nú viðmiðunarverðið. Ef sjúkratryggður velur samheitalyf sem er dýrara en viðmiðunarverð greiðir hann umframkostnaðinn sjálfur.

Í desember 1994 voru áform um þetta kynnt. Fljótlega eftir það fór ráðuneytinu að berast umsóknir um skráningu á verðlækkunum samheitalyfja. Endanleg skrá yfir lyf á viðmiðunarverðskrá var síðan kynnt í júní sem fylgiskjal með nýrri reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, nr. 327/1995, undirrituð 1. júní með gildistöku 1. ágúst 1995. Í reglugerðinni er kveðið á um að viðmiðunarverðskráin skuli endurskoðuð og endurreiknuð á þriggja mánaða fresti samtímis því að sérlyfjaskrá og viðaukar við hana taka gildi. Í júní og júlí streymdu inn umsóknir um verðlækkanir þeirra samheitalyfja sem eru í skránni og voru margar þeirra verulegar.

Heildarávinningur af breytingunum fyrir þjóðarbúið er því á næsta heilu ári 251 millj. kr. og þar af fyrir Tryggingastofnun ríkisins 155 millj. kr.

6. Breytt hlutfall og gólf hækkað 1. febrúar 1996.

Meðalgreiðsluhlutfall almannatrygginga í lyfjakostnaði er nú 70,5% en var 67% á árinu 1993. Ástæður þess að hlutfallið hefur breyst eru m.a. hækkandi lyfjaverð vegna nýrra dýrari lyfja.

Ráðuneytið tók þá ákvörðun að færa greiðsluhlutfall almannatrygginga aftur í 67%. Ákveðið var að breyta ekki þátttöku almannatrygginga í þeim flokki þar sem greitt er að fullu fyrir lyfjakostnað, heldur breyta hlutfalli í greiðsluflokkum B og E. Sú ákvörðun var tekin að hækka ekki hámarksgreiðslu sjúklings heldur hækka lágmarksgreiðslu og síðan hlutfall af hámarksgreiðslunni. Tryggingastofnun var eftir sem áður gert að aðstoða þá sem hafa mikil útgjöld vegna lyfjakostnaðar með eftirfarandi leiðum:

Lyfjaskírteini: Tryggingastofnun tekur aukinn þátt í greiðslu lyfja sem sjúkratryggða er brýn nauðsyn að nota að staðaldri.

Uppbót á lífeyri: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem fá tekjutryggingu geta fengið uppbót á lífeyri vegna verulegs lyfjakostnaðar.

Endurgreiðsla á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggða vegna læknishjálpar og lyfjakostnaðar:

1. Árstekjur < 1 millj. kr. á ári: Kostnaður vegna læknishjálpar og lyfja >18 þús. kr. á sex mánaða tímabili. Tryggingastofnun greiðir sem nemur 90% umfram 18 þús. kr.
2. Tekjur 1–2 millj. kr. á ári: Kostnaður vegna læknishjálpar og lyfja > 30 þús. kr. á sex mánaða tímabili. Tryggingastofnun greiðir sem nemur 75% umfram 30 þús. kr.
3. Tekjur 2–3 millj. kr. á ári: Kostnaður vegna læknishjálpar og lyfja > 42 þús. kr. á sex mánaða tímabili. Tryggingastofnun greiðir sem nemur 60% umfram 42 þús. kr.

7. Ný reglugerð um greiðslur almannatrygginga 1. apríl 1996.

Ástæður þess að gefa út breytingu á reglugerð 327/1995 1. febrúar og gefa síðan út nýja 1. apríl voru aðallega tæknilegs eðlis, svo sem:

Nýr kafli lyfjalaga um lyfjaverð og aukna samkeppni í lyfjasölu tók gildi 15. mars 1996.

Aðlögunar var þörf vegna þeirrar ákvörðunar að hætta að greiða fyrir undanþágulyf.

Breyta þurfti verðskrá og setja greiðslumerkingu í verðskrá á S-merkt lyf sem var næst gefin út 1. apríl 1996.

Helstu breytingar í þessari reglugerð voru:

1. Tryggingastofnun hætti að taka þátt í að greiða almennt fyrir undanþágulyf (óskráð).
2. Lyfjanefnd ríkisins hætti að ákveða greiðsluþátttöku almannatrygginga í nýskráðum lyfjum. Sú ákvörðun er nú tekin af ráðuneytinu í samvinnu við Tryggingastofnun.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á greiðsluþátttöku ákveðinna lyfjaflokka:

1. Flogaveikilyf og lyf við Parkinsonsjúkdómi eru greidd samkvæmt greiðsluflokki E nema fyrir flogaveika og sjúklinga með Parkinsonsjúkdóm sem fá lyfin að fullu greidd gegn framvísun lyfjaskírteinis (þessi lyf eru einnig notuð við öðrum sjúkdómum).
2. Ávísanamagn veirulyfja (töflur) takmarkað við 30 daga nema fyrir sjúklinga sem þurfa að nota lyfin í lengri tíma. Hér er ekki átt við lyf gegn alnæmi.
3. Vefaukandi lyf og næringarlyf voru í EO-flokki og greidd samkvæmt skírteini eru nú sett í greiðsluflokk O en má eftir sem áður greiða samkvæmt skírteini.

7. Breytingar á álagningu í heildsölu og smásölu og breytingar á greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði 1. janúar 1997.

Meðalálagning lyfja var lækkuð í heildsölu og smásölu frá 1. janúar 1997. Áætlað er að sú lækkun skili 290 millj. kr. lægri útgjöldum Tryggingastofnunar til lyfja á þessu ári en annars hefði orðið.

Hlutdeild sjúklinga var breytt þannig að lágmarksgreiðsla og hlutfallsgreiðsla í einstökum lyfjaávísunum var hækkuð en hámarksgreiðslu haldið óbreyttri. Áætlað er að þetta skili 200 millj. kr. lægri útgjöldum Tryggingastofnunar á þessu ári en annars hefði orðið.

Samtals er því um að ræða sparnað um tæpan hálfan milljarð kr. á árinu 1997 en vegna lækkaðrar álagningar er greiðsluhluti sjúklinga svipaður í krónum talið og fyrir breytingu.

Heildsöluverð lyfja.

Lyfjaverðsnefnd samþykkti á fundi sínum 22. nóvember 1996 eftirfarandi breytingar á hámarksverði lyfja í heildsölu frá og með 1. janúar 1997:

1. Hámarksverð allra lyfja með kostnaðarverð 1.000 kr. og lægra hækkaði um 1,77%.
2. Hámarksverð allra lyfja með kostnaðarverð 3.000 kr. og hærra lækkaði um 2,65%.

Smásöluverð lyfja.

Lyfjaverðsnefnd samþykkti á fundi sínum 29. nóvember 1996 að við útreikning á hámarksverði lyfja í smásölu frá og með 1. janúar 1997 skuli notuð eftirfarandi álagning:

Heildsöluverð án vsk., kr.	Smásöluálagning
0–1.000	70% + 50 kr.
1.000–3.000	25% + 500 kr.
3.000–6.000	20% + 650 kr.
6.000–12.000	15% + 950 kr.
> 12.000	10% + 1.555 kr.

Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, nr. 158/1996.

Reglugerðin tók gildi 1. janúar 1997 og hafði eftirfarandi breytingar í för með sér:

B-merkt lyf:

Fyrir hverja lyfjaávísun greiðir sjúkratryggður fyrstu 800 kr. af smásöluverði lyfsins (var 600 kr.). Af smásöluverði lyfsins umfram 800 kr. greiðir sjúkratryggður 24% (var 16%), en þó aldrei meira en 1.500 kr. (óbreytt).

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 250 kr. fyrir hverja lyfjaávísun (var 200 kr.). Af smásöluverði lyfsins umfram 250 kr. skulu þeir greiða 12% (var 8%), en þó aldrei meira en 400 kr. (óbreytt).

E-merkt lyf:

Fyrir hverja lyfjaávísun greiðir sjúkratryggður fyrstu 800 kr. af smásöluverði lyfsins (var 600 kr.). Af smásöluverði lyfsins umfram 800 kr. greiðir sjúkratryggður 40% (var 30%), en þó aldrei meira en 3.000 kr. (óbreytt).

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 250 kr. fyrir hverja lyfjaávísun (var 200 kr.). Af smásöluverði lyfsins umfram 250 kr. skulu þeir greiða 20% (var 12,5%), en þó aldrei meira en 800 kr. (óbreytt).

288. Fyrirspurn [243. mál]

til forsætisráðherra um landafundi Íslendinga.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin halda upp á þúsund ára afmæli landafunda Íslendinga?

289. Fyrirspurn [244. mál]

til menntamálaráðherra um gjald af kvikmyndasýningum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða sveitarstjórnir leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar samkvæmt lögum nr. 28/1952 og hve lengi hefur það verið gert?
2. Hversu hátt hlutfall af aðgangseyri að kvikmyndasýningum er gjaldið og hve há hefur fjárhæðin verið árlega síðustu fimm ár, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

290. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um styrktarsjóð námsmanna.

Flm.: Hjálmar Árnason, Arnþrúður Karlsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa stofnun styrktarsjóðs námsmanna í samstarfi við ríki, sveitarfélög, félagasamtök, vinnuveitendur, launþegasamtök og samtök námsfólks. Ráðherra leggi frumvarp þess efnis fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 1998.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er menntamálaráðherra ætlað að undirbúa, í samstarfi við ýmsa aðila, frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna. Tilgangurinn skal vera sá að veita efnilegu námsfólki styrki til náms eftir reglum sem sjóðurinn setur. Fjármögnun sjóðsins byggist á framlögum ríkis, sveitarfélaga, opinberra stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Ríkið leggi til fasta upphæð á fjárlögum en aðrir með frjálsum framlögum. Framlög fyrirtækja og einstaklinga verði frádráttarbær til skatts.

Með styrktarsjóði námsmanna er leitast við að opna fyrir efnilegt námsfólk leið til náms sem telja má mikilvægt fyrir þjóðfélagið. Með styrkjunum sýnir hið opinbera og aðrir aðilar samfélagsins í verki vilja sinn til að fjárfesta í menntun. Hugsa má sér að fyrirtæki og einstaklingar leggi fjárhæð í sjóðinn, bundna því skilyrði að hún verði veitt sem styrkur til skilgreinds náms. Þannig geta styrkir verið ólíkir hvað varðar upphæð og skilyrði. Styrktarsjóðnum er ekki á neinn hátt ætlað að koma í stað þess sem veitt er til Lánasjóðs íslenskra námsmanna heldur er hann hugsaður sem hrein viðbót fyrir efnilegt námsfólk.

Með sérstökum styrktarsjóði getur atvinnulífið og hið opinbera lagt fé til tiltekinna námsgreina, sýnt þannig í verki hvatningu til námsfólks og lagt áherslu á gildi menntunar.

Eðlilegt er að sérstök sjóðstjórn verði skipuð með fulltrúum fyrrgreindra aðila. Hún setji reglur um úthlutun byggðar á samþykktum aðalfundar sjóðsins og skilyrðum einstakra fjármögnunaraðila.

291. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort rétt sé að færa saman undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði.

Greinargerð.

Ljóst er að veruleg skörun er á verksviði ráðuneyta í málum er snerta lífeyristryggingar, almannatryggingar, stuðning við atvinnulausa, framfærslustuðning sveitarfélaga o.fl. Samspil þessara þátta við skattkerfið og tekjutenging bótaliða innan og utan skattkerfisins er margþætt og flókið mál. Það er skoðun flutningsmanns að eitt af því sem hefur staðið löngu tímabærri endurskoðun og samræmingu á þessu sviði fyrir þrifum sé óheppileg verkaskipting eða öllu heldur dreifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins.

Til greina kemur að stofna nýtt ráðuneyti sem tæki við verkefnum á þessu sviði frá fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti eða að færa þessi mál öll saman til eins af ráðuneytunum, t.d. félagsmálaráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið er þegar fyrirferðarmikið og ekki er að öllu leyti heppilegt að almannatryggingar séu jafnframt vistaðar þar. Það sama gildir um fjármálaráðuneytið.

Sameining þessa mikilvæga en umleið vandasama málaflokks í eitt ráðuneyti ætti að auðvelda samræmingu löggjafar og stjórnsýslu á þessu sviði en á því er mikil þörf, ekki síst með tilliti til sívaxandi umfangs málaflokksins.

292. Skýrsla [247. mál]

um stöðu Íslands, breytingar og horfur í alþjóðlegu umhverfi.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. Inngangur.

Í ræðu utanríkisráðherra á Alþingi sl. vor var sérstaklega nefnt að umtalsverðar breytingar væru að eiga sér stað, m.a. á sviði öryggis- og Evrópumála, og búast mætti við nokkrum kaflaskiptum með haustinu. Var því talið rétt að samhliða reglulegri haustumræðu um utanríkismál yrði lögð fram yfirlitsskýrsla um utanríkismál almennt, þar sem væri viðameiri umfjöllun um ýmsa þætti þeirra en kostur er á í yfirlitsræðum þeim er fluttar eru að hausti og vori.

Í þessari yfirlitsskýrslu er farið á ítarlegan hátt yfir nokkra helstu þætti íslenskra utanríkismála og atburði erlendis sem hafa bein og óbein áhrif á stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi.

II. Utanríkisþjónustan.

Íslenska utanríkisþjónustan samanstendur af aðalskrifstofu ráðuneytisins, ásamt 15 sendiráðum og fastanefndum sem starfræktar eru í ýmsum löndum. Grundvallarmarkmið utanríkisstefnunnar eru að tryggja öryggis-, viðskipta- og menningarhagsmuni Íslands. Framlög til utanríkisþjónustunnar eru fjárfesting í hagsmunagæslu á þessum sviðum fyrir Ísland í samfélagi þjóðanna. Rekstur utanríkisþjónustunnar verður æ viðameira og margslungnara verkefni. Vart verður lengur hjá því komist að skapa aðstæður til að efla og endurskipuleggja utanríkisþjónustuna til að hún geti betur gegnt hlutverki sínu í breyttum heimi.



Þessi þróun er þegar hafin með stofnun Viðskiptaþjónustunnar sem hefur að markmiði að aðstoða íslensk fyrirtæki og atvinnulíf í alþjóðlegri samkeppni. Fastanefnd hefur enn fremur verið sett á laggirnar við Evrópuráðið sem gegnir lykilhlutverki í þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í Evrópu eftir lok kalda stríðsins. Loks hefur sendiráð verið opnað í Helsinki. Óhjákvæmilegt er að ganga enn lengra í þessari þróun og skoða stöðu utanríkisþjónustunnar í nýju ljósi og hvernig hún best getur gegnt hlutverki sínu. Í þessu skyni var sett á laggirnar nefnd undir forsæti ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, sem í sitja fulltrúar frá forsætis- og utanríkisráðuneytum, utanríkismálanefnd og viðskiptalífinu. Vonir standa til þess að nefndin skili niðurstöðu sinni nú síðar í vetur.

Heildarútgjöld utanríkisþjónustunnar, þar með talið framlög til þróunarmála og aðildargjöld vegna alþjóðastofnana, hafa á undanförnum árum numið um einum af hundraði af heildarútgjöldum ráðuneyta. Hafa ber í huga að þessi framlög eru nauðsynleg og í raun arðbær fjárfesting sem treystir öryggi lands og þjóðar og stuðlar m.a. að auknum viðskiptum.

III. Ísland í alþjóðlegri samkeppni.

Mikilvægi erlendra markaða og alþjóðlegra viðskiptareglna fyrir íslenskt atvinnulíf er ótvírætt og óumdeilt. Er því nauðsynlegt að utanríkisþjónustan geti þjónað á markvissan hátt þörfum íslensks atvinnulífs, bæði á alþjóðavettvangi með starfi innan þeirra stofnana sem fjalla um alþjóðlegar viðskipta- og efnahagsreglur og með beinni þjónustu við útflutningsatvinnuvegina. Utanríkisþjónustan vinnur að þessu markmiði í meginatriðum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með sértækri viðskiptaþjónustu, sem tók til starfa þann 1. september sl. (sjá kafla III.A) og hins vegar með virku samstarfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (sjá kafla III.B), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (sjá kafla III.C) og síðast en ekki síst með víðtæku Evrópusamstarfi innan Norðurlandasamstarfsins (sjá IV. kafla), innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (sjá kafla VI.A) og Evrópska efnahagssvæðisins (sjá kafla VI.B).

III.A Aðlögun utanríkisþjónustunnar að breyttu viðskiptaumhverfi.

Í fimmtíu og sjö ára sögu utanríkisþjónustunnar má skipta starfsemi hennar að viðskiptamálum upp í þrjú tímabil. Frá árinu 1940 og fram undir 1960 voru aðalstörf utanríkisþjónustunnar tengd viðskiptamálum og þá ekki síst gerð tvíhliða viðskiptasamninga og útgáfu útflutningsleyfa. Frá þeim tíma og fram til 1987 hafði þessi málaflokkur minna vægi í starfi utanríkisþjónustunnar og þá sérstaklega ráðuneytisins. Meginástæða þess var sú að á þessu tímabili fór viðskiptaráðuneytið að mestu með útflutningsviðskipti. Gerð tvíhliða viðskiptasamninga og útgáfa útflutningsleyfa voru á ábyrgð þess ráðuneytis. Á þessum tíma jókst þátttaka Íslands í alþjóða- og svæðasamstarfi á sviði efnahags- og viðskiptamála með aðild Íslands að GATT, EFTA og tvíhliða samningi við Evrópusambandið. Virk samvinna var á milli utanríkisráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins um það samstarf.

Árið 1987 voru utanríkisviðskipti færð frá viðskiptaráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins og var það í samræmi við þá þróun sem hafði átt sér stað í nágrannalöndunum.

Á undanförnum árum hefur sú þróun orðið hjá æ fleiri ríkjum að nýta sendiráð sín meira og markvissar í þágu útflutningsatvinnuveganna. Þessi þróun hefur orðið samfara því að alþjóðlegt viðskiptaumhverfi hefur tekið gífurlegum breytingum. Frjálsræði hefur aukist og alþjóðleg samkeppni fer sífellt vaxandi. Samhliða þessu hefur átt sér stað hugarfarsbreyting hjá stjórnendum íslenskra fyrirtækja með aukinni útrás sem er rökrétt og nauðsynleg og gerir þau færari til að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni.

Til þess að takast á við þetta breytta viðskiptaumhverfi hefur utanríkisviðskiptastefna Íslands verið endurskoðuð rækilega í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þessi endurskoðun hófst fyrir tveimur árum með auknu samstarfi við Útflutningsráð Íslands sem leiddi til samkomulags um að utanríkisráðuneytið tæki að sér þá starfsemi sem viðskiptafulltrúar Útflutningsráðs erlendis höfðu gegnt. Í framhaldi af því var sett á fót Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins og tók hún til starfa 1. september sl. Mikilvægur þáttur í þeirri þjónustu verður að efla starfsemi sendiráða Íslands á sviði viðskiptamála. Einnig er ætlunin að virkja enn frekar kjörræðismenn Íslands í þessum tilgangi.

Viðskiptafulltrúar hafa verið ráðnir til Parísar og New York og tilnefndir hafa verið viðskiptafulltrúar í öðrum sendiráðum. Jafnframt hafa verið staðarráðnir starfsmenn í Moskvu og Berlín til að sinna viðskiptamálum.

Í öllum sendiráðum Íslands er veitt markaðsaðstoð og fyrirtækjaþjónusta. Nú þegar hafa viðskiptafulltrúar sinnt fjölda verkefna fyrir íslenska útflytjendur og ljóst er að mikil þörf er fyrir þessa þjónustu. Ætlunin er að þróa og auka enn frekar starfsemi Viðskiptaþjónustunnar á komandi missirum.

Sendiráðin hafa að undanförnu tekið virkan þátt í þessum breyttu áherslum utanríkisþjónustunnar. Í því sambandi má m.a. nefna stofnun Þýsk-íslenska verslunarráðsins og Spænsk-íslenska verslunarráðsins en fyrirhuguð er stofnun slíks verslunarráðs í Bretlandi um miðjan nóvember 1997 í samvinnu við Verslunarráð Íslands. Einnig má nefna að sendiráðin hafa í samvinnu við Fjárfestingarskrifstofu Íslands unnið markvisst að því að kynna fjárfestingarmöguleika á Íslandi fyrir erlendum fjárfestum.

Annar þáttur í þessum breyttu áherslum í utanríkisviðskiptastefnu Íslands er að auka tengsl við ríki sem búið hafa við stöðugleika og mikinn hagvöxt undanfarin ár og þá ekki síst við þau ríki þar sem hefð er fyrir sjávarútvegi. Í þessum tilgangi var árið 1996 skipulögð opinber heimsókn til Kóreu þar sem var með í för stór viðskiptasendinefnd. Í ágúst 1997 var farið í opinbera heimsókn til Argentínu og Chile og með í þeirri ferð voru hátt í 30 fulltrúar íslenskra fyrirtækja og hagsmunasamtaka atvinnulífsins. Þetta var stærsta viðskiptasendinefnd sem farið hefur með íslenskum ráðherra til annarra landa.

Á undanförnum tveimur árum hafa jafnframt farið viðskiptasendinefndir undir forustu utanríkisráðuneytisins og í samvinnu við Útflutningsráð Íslands til Kína, Tékklands, Suður-Afríku, Namibíu, Rússlands og Pakistans.

III.B Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).

Á næsta ári verða fimmtíu ár liðin frá stofnsetningu hins fjölþjóðlega viðskiptakerfis með gildistöku GATT-samningsins. GATT var í upphafi einungis bráðabirgðasamkomulag, en í 47 ár þjónaði það sem eini alþjóðlegi samningurinn um grundvallarreglur í viðskiptum þjóða. Með því að stuðla að frelsi, réttaröryggi og stöðugleika í viðskiptum hefur GATT-samningurinn gegnt lykilhlutverki í ört vaxandi heimsviðskiptum og fært aðildarríkjum sínum aukna hagsæld og velmegun.

Ísland gerðist aðili að GATT-samningnum árið 1968 og stofnaðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) þann 1. janúar 1995. WTO var sett á laggirnar í kjölfar Úrúgvæviðræðnanna sem fyrsti eiginlegi stofnanaramminn utan um hið fjölþjóðlega viðskiptakerfi. Ekki er þar einungis um að ræða GATT-samninginn um vöruviðskipti í endurbættri mynd heldur einnig nýja samninga um landbúnað, þjónustuviðskipti, hugverkaréttindi og lausn deilumála, svo að dæmi séu nefnd. Stofnunin er jafnframt vettvangur áframhaldandi samningaviðræðna um frekara frjálsræði í viðskiptum.

Slíkar viðræður hafa verið mjög áberandi í starfsemi WTO fyrstu ár stofnunarinnar. Fyrr á þessu ári tókst að ljúka samningum um afnám tolla á ýmsar vörur tengdar upplýsingatækni, svo sem tölvur, hugbúnað og fjarskiptatæki. Ísland lagði sitt af mörkum til að tryggja að samningurinn yrði að veruleika í samræmi við framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið. Er almenningi og atvinnuvegum þar með tryggður greiður aðgangur að upplýsingasamfélaginu.

Innan ramma samningsins um þjónustuviðskipti (GATS) hafa átt sér stað viðræður um sjóflutninga og grunnfjarskipti. Þar tekur Ísland á sig skuldbindingar um almennan markaðsaðgang í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Nútímaviðskipti krefjast þess að aðgangur að alþjóðlegri fjármálaþjónustu sé stöðugur og reglufastur og er nú stefnt að því að ljúka viðræðum um aukið frjálsræði í þessum þjónustugeira fyrir lok ársins. Framlag Íslands til þess markmiðs er að bjóðast til að binda þann markaðsaðgang sem núgildandi löggjöf heimilar.

Sjónir WTO hafa undanfarið beinst að einstökum þjónustugeirum en um aldamótin mun hefjast ný og umfangsmikil viðræðulota um þjónustuviðskipti, sem mun miða að því að útvíkka fyrirliggjandi skuldbindingar samningsaðila og fella ný svið undir ákvæði GATS-samningsins. Hér er á ferðinni mikilvægur vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi og hafa íslensk stjórnvöld mikilla hagsmuna að gæta í að tryggja markaðstækifæri í öðrum löndum.

Með landbúnaðarsamningi WTO var hafið umbótaferli í viðskiptum sem að mestu höfðu fallið utan áhrifasviðs gamla GATT-samningsins. Frá gildistöku landbúnaðarsamningsins hefur WTO einbeitt sér að eftirliti með fyrirliggjandi skuldbindingum en athyglin beinist nú í auknum mæli að samningsbundnum viðræðum um áframhald umbótaferlisins, sem hefjast mun um aldamótin. Þær viðræður munu varða útvíkkun á öllum fyrirliggjandi skuldbindingum um markaðsaðgang, innanlandsstuðning og útflutningsbætur. Jafnframt verður framkvæmd samningsaðila á þessum skuldbindingum í brennidepli að fenginni reynslu undanfarinna ára.

Ólíkt því sem gerist með þjónustuviðskipti og landbúnað er ekki að finna skuldbindingar í samningum WTO um nýjar viðræður á sviði vöruviðskipta. Vaxandi áhugi er þó fyrir því að viðræður á þessum þremur sviðum eigi sér stað samtímis, en slíkt mundi í raun þýða að ný allsherjarlota væri fram undan. Auðveldara kynni að reynast að finna jafnvægi á milli ávinnings og ívilnana í slíku samningaumhverfi. Hefur Ísland verið fylgjandi hugmyndum um nýjar

viðræður um vöruviðskipti, en þar mætti knýja fram frekari tollalækkanir fyrir helstu útflutningsvörur Íslands og semja um afnám annarra viðskiptahindrana sem kunna að vera fyrir hendi.

Í aðildarviðræðum hinna ýmsu ríkja felst einnig tækifæri til að bæta aðgang íslenskra útflutningsvara að mörgum mikilvægum mörkuðum. Um 30 ríki eiga nú í aðildarviðræðum í WTO, þar á meðal stórþjóðir á borð við Kína og Rússland. Víðtæk aðild að hinu fjölþjóðlega viðskiptakerfi er nauðsynleg til að Alþjóðaviðskiptastofnunin standi undir nafni. Þó verður að gæta jafnvægis milli réttinda og skuldbindinga til að kerfið styrkist með hverjum nýjum aðila og hefur Ísland það sjónarmið að leiðarljósi í öllum aðildarsamningum.

Undanfarin ár hefur WTO fjallað um tengsl viðskipta og umhverfismála, m.a. með tilliti til hvort nauðsynlegt kunni að vera að skýra eða rýmka heimildir samningsaðila til að grípa til viðskiptaaðgerða í þágu umhverfisverndar. Um gífurlega víðfeðmt og flókið viðfangsefni er að ræða og hefur árangur því látið á sér standa. Málflutningur Íslands hefur miðast við að ekki eigi að líta á umhverfisvernd og viðskiptafrelsi sem ósamrýmanleg markmið heldur geti hvort tveggja stuðlað að sjálfbærri þróun. Jafnframt því sem hagsmunir Íslands felast í því að stuðla að almennri umhverfisvernd og skynsamlegri nýtingu auðlinda þarf að gæta þess að heimildir ríkja til að grípa til umhverfisaðgerða veiti duldum viðskiptahindrunum ekki skjól.

Fjárfestingar eru í síauknum mæli drifkraftur heimsviðskipta og er WTO um þessar mundir að fjalla um og skilgreina tengslin þar á milli. Gætu þær viðræður að lokum leitt til þess að settar verði fjölþjóðlegar reglur um fjárfestingar innan ramma WTO. Einnig er vaxandi áhugi á slíkri reglusetningu á samkeppnissviðinu.

III.C Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Meginverkefni OECD hefur alla tíð verið að aðstoða ríkisstjórnir aðildarríkjanna við að marka skynsamlega stefnu við stjórn efnahagsmála. Árangur af störfum stofnunarinnar byggist m.a. á því að aðildarríkin eru í meginatriðum sammála í afstöðu sinni til markaðsþjóðfélagsins og því fæst raunhæfur samanburður á milli þeirra þar sem eitt ríki getur af öðru lært. Hvergi kemur þetta betur í ljós en í yfirheyrslu efnahagsmálanefndarinnar þar sem aðildarríkin eru látin gera ítarlega grein fyrir þróun og stjórn efnahagsmála heima fyrir. Hvað Ísland varðar er þetta gert annað hvert ár og síðast nú á þessu ári.

Það sem hæst ber í starfsemi stofnunarinnar um þessar mundir er að venju samstarf á sviði efnahags-, viðskipta- og ríkisfjármála. Auk þess má nefna starfsemi á sviði peninga-, iðnaðar-, fiski-, landbúnaðar- og umhverfismála, svo að dæmi séu tekin. Úttektir um íslensk landbúnaðarmál, umhverfismál, heilbrigðis- og menntamál hafa reynst mjög gagnlegar við ákvarðanatöku og stefnumótun hér innanlands. Af öðrum verkefnum, sem Ísland hefur haft hag af, má t.d. nefna samstarf stofnunarinnar við fjármálaráðuneytið um hagræðingu og endurskipulagningu í opinberri stjórnsýslu. Þátttaka Íslands í starfi OECD hefur farið vaxandi á undanförnum árum og taka flest ráðuneyti auk Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands nú beinan þátt í starfsemi stofnunarinnar.

Meðal þeirra verkefna sem OECD leggur mikla áherslu á má nefna gerð fjölþjóðlegs fjárfestingarsamnings (MAI). Standa vonir til að samningaviðræðum ljúki vorið 1998. Fulltrúar íslenskra stjórnvalda hafa tekið virkan þátt í þeirri samningagerð og er ljóst að umtalsvert hagræði getur orðið af þeim samningi.

Á vettvangi OECD er einnig unnið að gerð samnings um bann við mútugreiðslum og má vænta þess að honum verði lokið fyrir árslok. Slíkur samningur ætti að jafna samkeppnisskilyrði og þá væntanlega auka samkeppnishæfni smærri fyrirtækja.

Hröð þróun í átt til alþjóðavæðingar þar sem efnahagskerfi heimsins samtvinnast æ meir veldur óvissu meðal almennings í mörgum aðildarlöndum. Tækniframfarir verða æ örari, alþjóðlegar fjárfestingar aukast og upplýsingar streyma hraðar en áður. Til þess að mæta þessari þróun hefur OECD beitt sér fyrir könnun á ýmsum grunnþáttum efnahagslífsins, svo sem framleiðni, tækniframförum, félagslegum aðstæðum, sköttum og tengslum þeirra við atvinnusköpun.

OECD stendur að mörgu leyti á krossgötum. Frá árinu 1994 hafa bæst í hóp aðildarríkja Mexíkó, Ungverjaland, Tékkland, Pólland og Kórea. Meðal núverandi aðildarríkja eru uppi efasemdir um ágæti þess að fjölga ríkjum um of. Sú skoðun er almennt ríkjandi að fara beri varlega í stækkun OECD, ella sé hætta á að það komi niður á starfsemi stofnunarinnar. Nokkur ríki hafa óskað eftir aðild en af framansögðu má ætla að nokkur tími líði þar til þeim verður bætt í hópinn enda þurfa ný aðildarríki að uppfylla ströng skilyrði til þátttöku og sýna fram á árangur í stjórn efnahagsmála. Hins vegar hefur OECD að undanförnu verið að auka samskipti sín við ýmis ríki sem ekki eiga aðild að stofnuninni, einkum við Rússland.

IV. Norrænt samstarf.

Öflug þátttaka í rótgrónu samstarfi Norðurlandaþjóða er sem fyrr grundvallarþáttur í íslenskum utanríkismálum. Þrátt fyrir umfangsmiklar breytingar sem hafa orðið á efnahagsmálum, stjórnmálum og öryggissamstarfi Evrópuþjóða á fáum árum og öra þróun á þeim sviðum, hefur hefðbundið samstarf Norðurlanda sýnt að það er lífseigt og hefur góða aðlögunarhæfni. Með breyttum áherslum í samstarfi Norðurlanda, sem staðfestar voru með breytingum á Helsingforssamningnum á aukaþingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í september 1995 og tóku gildi í byrjun árs 1996, eru stoðir Norðurlandasamstarfsins nú þrjár. Þær eru samstarf innan Norðurlanda, samstarf um Evrópumál og samstarf Norðurlanda við grannsvæði. Enn fremur gætir nú aukinnar umfjöllunar um öryggis- og varnarmál á vettvangi Norðurlandasamstarfsins. Ljóst er að þessar breyttu áherslur í samstarfi Norðurlanda hafa gætt það nýju lífi.

Þótt Norðurlönd hafi valið sér mismunandi leiðir hvað varðar Evrópusambandið og samstarf á sviði öryggismála í ljósi mismunandi hagsmuna hefur það ekki haft deyfandi áhrif á þátttöku ríkjanna í Norðurlandasamstarfinu. Aðild Svíþjóðar og Finnlands að Evrópusambandinu hefur t.d. skerpt umræðu og margvíslegt samstarf Norðurlanda í málefnum sambandsins. Sameiginlegir hagsmunir Norðurlanda á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hafa á skömmum tíma leitt til nánara samráðs um einstök málefni, bæði í höfuðborgum landanna og í Brussel. Skipulag upplýsingastreymis frá stofnunum Evrópusambandsins til Norrænu ráðherranefndarinnar, Norðurlandaráðs og höfuðborga Norðurlanda er einnig í stöðugri endurskoðun.

Jafnframt hafa innbyrðis tengsl einstakra norrænna þingmanna og flokkahópa styrkst. Það hefur endurspeglast í bættu upplýsingastreymi til þingmanna og málefnalegri umfjöllun og skoðanaskiptum innan Norðurlandaráðs.

Náið samráð Norðurlanda kom skýrt fram á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins. Í því sambandi má einnig minna á samstöðu og ítarlegt samstarf vegna Schengen-samningsins. Haldnir eru reglubundnir fundir ráðherra ríkjanna fimm, embættismanna og sérfræðinga. Náin tengsl á öðrum sviðum, t.d. innan Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana, verða áfram mikilvæg.

Samstarf á sviði öryggis- og varnarmála setti sterkan svip á þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember í fyrra. Ljóst er að þessi málaflokkur verður á dagskrá þingsins í framtíðinni, ólíkt því sem áður var. Varnarmálaráðherrar Norðurlanda taka nú reglulega þátt í

þingi Norðurlandaráðs. Íslendingar eiga nú áheyrnaraðild á fundum varnarmálaráðherra Norðurlanda.

Að frumkvæði Norðurlandaráðs var í fyrsta sinn í sögu norræns samstarfs haldin sérstök öryggismálaráðstefna Norðurlanda í Helsinki í september sl. Tilgangur ráðstefnunnar var m.a. undirbúningur fyrir þingið í nóvember og að skapa umræður um öryggismál í víðara samhengi. Ráðstefnan var vel sótt og vakti verðskuldaða athygli. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, fjallaði í ræðu sinni á ráðstefnunni um lýðræði, mannréttindi og efnahagsþróun og mikilvæga hlutdeild þessara þátta í almennri þróun öryggismála. Hann vakti sérstaka athygli á baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi í þeim tilgangi að efla öryggi borgaranna, og veigamiklu hlutverki Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópuráðsins í því skyni að treysta mannréttindi og efla lýðræðisþróun.

IV.A Sendiráð í Helsinki.

Mikilvægi Norðurlandasamstarfsins endurspeglaðist skýrt í ákvörðun ríkisstjórnar Íslands 18. júlí sl. um að opna nýtt íslenskt sendiráð í Helsinki. Utanríkisráðherra opnaði sendiráðið formlega 25. ágúst. Með stofnun sendiráðsins gefst tækifæri til að treysta enn betur náið samstarf Íslands og Finnlands, bæði efnahagslegt og pólitískt.

Finnland gegnir lykilhlutverki í grannsvæðasamstarfinu og er jafnframt mikilvægur tengiliður vaxandi samskipta ESB og Rússlands. Finnar munu fara með formennsku í Evrópusambandinu árið 1999 og í Barentsráðinu sama ár. Í formennskutíð sinni munu Finnar leggja áherslu á að treysta samstarf Evrópusambandsins við Rússa, en nýr samstarfssamningur ESB og Rússlands er nú í burðarliðnum. Jafnframt mun tilurð sendiráðs í Helsinki gefa færi á auknum samskiptum við Eystrasaltsríkin, einkum Eistland, og auka þátttöku í svæðisbundnu samstarfi innan Eystrasaltsráðsins og Barentsráðsins. Jafnframt er þeim áfanga náð að Ísland er ekki lengur eina norræna ríkið sem ekki á sendiráð í öllum norrænu höfuðborgunum. Viðskipti ríkjanna aukast á hverju ári og innan skamms hefja Flugleiðir reglubundið áætlunarflug til Helsinki tvisvar í viku. Nánari samskipti byggjast ekki síst á traustum samgöngum.

IV.B Norræn sendiráð í Berlín.

Af öðru samstarfi Norðurlanda er vert að minna á samstarfssamning Norðurlanda um sendiráð landanna á sameiginlegri sendiráðslóð í Berlín er undirritaður var 4. ágúst 1995. Verkefnið gengur samkvæmt áætlun og er ráðgert að byggingar fyrir norrænu sendiráðin fimm verði fullgerðar árið 1999.

IV.C Norrænt hús í New York.

Forráðamenn samtakanna American Scandinavian Foundation óskuðu á síðasta ári atbeina norrænna samstarfsráðherra og utanríkisráðherra Norðurlanda vegna kaupa samtakanna á húsnæði í New York undir norræna menningarmiðstöð. Utanríkisráðherra lýsti sérstökum áhuga á málinu og hefur fylgt erindi American Scandinavian Foundation eftir við utanríkisráðherra hinna Norðurlandanna. Jafnframt samþykkti ríkisstjórn Íslands að leggja fram fé til verkefnisins ef frændþjóðirnar legðu fram sambærilegar upphæðir. Utanríkisráðherrar hinna Norðurlandanna tóku vel í tillögu utanríkisráðherra Íslands og áforma að veita fé til verkefnisins.

V. Samstarf á grannsvæðum.

Í samræmi við niðurstöðu sérstakrar nefndar, er utanríkisráðherrar Norðurlanda skipuðu og skilaði áliti á síðasta ári, leggja Norðurlönd nú áherslu á að samræma margvíslegan stuðn-

ing og starfsemi í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og á heimsskautasvæðum. Lögð er áhersla á að efla stuðning á þeim sviðum þar sem framlag Norðurlanda getur orðið að sem mestu gagni. Þar ber hæst félags- og atvinnumál, á sviði frjálsra félagasamtaka og varðandi réttindi minnihlutahópa. Enn fremur gott samstarf við norrænar fjármálastofnanir og Evrópusambandið og að samstarf Norðurlanda á vettvangi Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins verði eflt eins og kostur er.

V.A Eystrasaltsráðið (CBSS).

Eftir lok kalda stríðsins vöknuðu ríkin við Eystrasaltið til nýrrar vitundar um sameiginlega arfleifð á sviði stjórnmála, viðskipta, mennta og menningar. Sú vitund skerptist enn með sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens í upphafi þessa áratugar. Í ljósi þessa buðu utanríkisráðherrar Danmerkur og Þýskalands starfsbræðrum sínum í ríkjum er liggja að Eystrasalti, þ.e. í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Finnlandi, Svíþjóð, Rússlandi og Póllandi, auk utanríkisráðherra Noregs og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, til fundar í Kaupmannahöfn 5.–6. mars 1992. Á dagskrá var stofnun Eystrasaltsráðsins. Fyrirmynd að skipulagi og starfsemi ráðsins var að verulegu leyti sótt til hefðbundins samstarfs Norðurlandanna.

Stofnskrá Eystrasaltsráðsins endurspeglar það meginhlutverk þess að stuðla að stjórnmálalegum og efnahagslegum stöðugleika í norðausturhluta Evrópu. Í því felst að leitast er við að treysta mannréttindi og aðstoð við þróun og uppbyggingu lýðræðis og réttarríkis í þeim aðildarríkjum sem áður bjuggu við kommúnisma og að efla samkennd með nýfrjálsum íbúum þessara ríkja. Markmið samstarfs á sviði efnahags- og viðskiptamála er að bæta viðskiptaumhverfi til eflingar frjálsum viðskiptum. Á vettvangi ráðsins fer einnig fram margvíslegt annað samstarf, t.d. á sviði samgangna og fjarskipta, umhverfismála, orkumála, heilbrigðismála, réttarfars og upplýsinga- og ferðamála.

Á grundvelli sögulegra tengsla og nýrra áherslna Norðurlanda á grannsvæðasamstarf lögðu íslensk stjórnvöld áherslu á aðild að Eystrasaltsráðinu og fékk Ísland aðild að ráðinu á utanríkisráðherrafundi þess í maí 1995. Með aðildinni vildu íslensk stjórnvöld leggja sitt af mörkum til að stuðla að stjórnmálalegum og efnahagslegum stöðugleika í Evrópu og efla samskipti við Eistland, Lettland, Litháen, Pólland og Rússland.

V.A.1 Uppbygging Eystrasaltsráðsins og fastir vinnuhópar.

Ráðherranefnd Eystrasaltsráðsins er skipuð utanríkisráðherrum aðildarríkjanna og kemur hún saman til fundar einu sinni á ári í viðkomandi formennskuríki. Eystrasaltsráðið hefur náin samskipti við Evrópusambandið, Evrópuráðið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Norðurlandaráð. Stjórnarnefnd embættismanna (CSO) kemur reglulega saman. Þrír fastir vinnuhópar starfa innan Eystrasaltsráðsins og gefa þeir stjórnarnefndinni reglulega yfirlit um starfsemi sína. Vinnuhóparnir fjalla um mannréttindi og uppbyggingu lýðræðislegra stofnana, efnahagssamvinnu, kjarnorkueftirlit og geislavarnir. Einnig starfar í umboði ráðsins sérstakur fulltrúi sem fer með mannréttindamál og málefni tengd uppbyggingu lýðræðislegra stofnana. Hann hefur aðsetur í Kaupmannahöfn. Að auki eru starfandi ýmsar undirnefndir og sérfræðingahópar er fjalla um margvísleg málefni.

V.A.1.a Vinnuhópur um mannréttindi og uppbyggingu lýðræðislegra stofnana.

Meginviðfangsefni vinnuhópsins er að stuðla að uppbyggingu lýðræðislegra stofnana í aðildarríkjunum og miðla fenginni reynslu af lýðræðislegum stjórnarháttum til nýfrjálsra ríkja. Í því skyni hefur vinnuhópurinn beitt sér fyrir margvíslegri starfsemi og mótað tillögur um

leiðir til að efla lýðræðisþróun og ryðja úr vegi hindrunum í því sambandi. Á skömmum tíma hefur náðst verulegur árangur á sviði samræmdrar lagasetningar sem endurspeglast m.a. í aðild einstakra ríkja að alþjóðlegum skuldbindingum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópuráðsins. Einnig hafa mannréttindamál verið mjög til umfjöllunar í vinnuhópnum og mótaðar hafa verið tillögur til úrbóta.

Að frumkvæði utanríkisráðherra og mannréttindafulltrúa Eystrasaltsráðsins heimsótti umboðsmaður Alþingis Eistland í apríl sl. þar sem hann upplýsti Eista um starfsemi umboðsmanns Alþingis og reynslu Íslendinga af starfi embættisins. Eistar undirbúa nú skipun umboðsmanns þjóðþingsins og hafa sérstakan áhuga á því að fræðast um reynslu Íslendinga á því sviði. Vinnuhópurinn hélt fund á Íslandi í maí sl. og var sérstök áhersla lögð á að kynna stofnanir réttarríkis á Íslandi, með heimsóknum til umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna, auk þess sem fundir voru haldnir með allsherjarnefnd Alþingis og borgarritara Reykjavíkur. Vinnuhópurinn tekur nú saman skýrslu um málefni barna og er haft um það samstarf við umboðsmann barna.

V.A.1.b Vinnuhópur um efnahagssamvinnu.

Grundvallarmarkmiðið með starfi vinnuhópsins er að efla og bæta viðskiptaumhverfi í aðildarríkjum Eystrasaltsráðsins og laga efnahagskerfi Eystrasaltsríkjanna, Póllands og Rússlands að því efnahagsmynstri sem nútíma viðskipti byggjast á. Margvíslegir möguleikar á sviði viðskipta hafa þróast á Eystrasaltssvæðinu á skömmum tíma. Efnahagslegur uppgangur á svæðinu hefur verið mikill og spáð er allt að fimm til sex prósenta hagvexti á næstu árum. Vinnuhópurinn á náið samstarf við önnur ríkjasamtök og stofnanir á sviði efnahagsmála, svo sem Evrópusambandið, EFTA, Alþjóðabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, OECD og Viðreisnarbanka Evrópu. Starfsáætlanir Evrópusambandsins og þróunarverkefni á Eystrasaltssvæðinu, einkum svonefndar PHARE og TACIS áætlanir, hafa enn fremur verið samræmdar af hálfu vinnuhópsins. Vinnuhópurinn hefur einnig beitt sér fyrir eflingu samstarfs hagsmunasamtaka á starfssvæðinu, einkum á milli einstakra verslunarráða. Hefur sérstakt viðskiptaráð, Baltic Business Advisory, verið sett á laggirnar á hans vegum með aðild fulltrúa verslunar- og útflutningsráða aðildarríkja Eystrasaltsráðsins.

Á núverandi starfsári vinnuhópsins er m.a. lögð áhersla á samstarf á sviði orkumála, samstarf á landamærum til að efla landflutninga og draga úr skjalafári í landamærastöðvum, og á samgöngur á landi og bætt fjarskipti.

V.A.1.c Vinnuhópur um geislavarnir og kjarnorkueftirlit.

Höfuðverkefni hópsins er að fylgjast með öryggi í kjarnorkuverum á Eystrasaltssvæðinu og annast samstarf á sviði geislavarna. Eins og dæmin sanna er eftirliti og viðhaldi kjarnorkuvera í Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi nokkuð ábótavant. Leitað er leiða til að þróa sameiginleg eftirlitskerfi til að fylgjast með geislavirkni og tekur vinnuhópurinn þátt í tilraunum til að koma á alþjóðlegum samningum um geymslu og flutning geislavirks úrgangs frá kjarnorkuverum. Jafnframt er hvatt til þess að aðildarríki Eystrasaltsráðsins fullgildi aðra alþjóðasamninga er málið varða. Á skömmum tíma hefur verulegur árangur náðst í Eistlandi, Lettlandi og Litháen á sviði geislavarna og kjarnorkueftirlits, einkum vegna náins samstarfs við grannríkin Svíþjóð og Finnland sem af eðlilegum ástæðum hafa látið þessi málefni mjög til sín taka. Aftur á móti vekur ástand einstakra kjarnorkuvera í Rússlandi verulegan ugg, svo að ekki sé minnst á ástand kjarnorkuofna og geislavirks úrgangs frá rússneska hernum og úr aflóga skipum og kafbátum.

V.A.2 Annað starf innan vébanda Eystrasaltsráðsins.

V.A.2.a Forvarnarstarf gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Í kjölfar samþykktar á leiðtogafundi Eystrasaltsráðsins i Visby í júlí 1996 ákváðu stjórnvöld í aðildarríkjum ráðsins að setja á laggirnar sérstakan starfshóp sérfræðinga er falið yrði að þróa forvarnarstarf gegn skipulagðri glæpastarfsemi, sem fer vaxandi á Eystrasaltssvæðinu. Á undanförnum mánuðum hefur starfshópurinn haft til umfjöllunar ýmsar tillögur til úrbóta, í náinni samvinnu við lögreglu- og dómsmálayfirvöld í aðildarríkjunum. Skipulögð glæpastarfsemi er ein helsta hindrun eðlilegs samruna og samstarfs á milli ríkja Evrópu. Starfshópurinn hefur m.a. fjallað um aðgerðir til að sporna við sölu og dreifingu eiturlyfja, sölu stolinna ökutækja, ólöglegum innflytjendum, peningafölsun, peningaþvætti og vopnasölu. Starfshópurinn starfar náið með alþjóðalögreglunni Interpol.

V.A.2.b Eurofaculty — samstarf háskóla á Eystrasaltssvæðinu.

Í kjölfar stofnunar Eystrasaltsráðsins árið 1992 var komið á samstarfi háskóla í aðildarríkjum ráðsins er miðaði að því að leysa úr brýnni þörf og efla háskólakennslu í Eystrasaltsríkjunum. Fljótlega komst á samstarf við háskóla í Eystrasaltsríkjunum þremur. Nú er ákveðið að háskólinn í Kaliningrad í Rússlandi taki einnig þátt í háskólasamstarfinu. Mikill skortur er á hæfum háskólakennurum og kennsluefni, einkum á sviði lögfræði, stjórnmálafræði og viðskiptafræði.

V.A.2.c Samstarf á sviði umhverfismála.

Innan Eystrasaltsráðsins er unnið að margvíslegum samstarfsverkefnum á sviði umhverfismála og eru m.a. haldnir reglulegir fundir umhverfisráðherra aðildarríkjanna. Grunnvatn er víða mengað af ýmsum spilliefnum og skolp og iðnaðarúrgangur rennur hindrunarlaust í sjó fram. Loftmengun er einnig alvarlegt vandamál.

V.A.2.d Samstarf á sviði ferðaþjónustu og samgangna.

Samhliða frelsi til ferðalaga og aukinni efnahagslegri velferð hefur ferðaþjónustu á Eystrasaltssvæðinu vaxið fiskur um hrygg. Ferðaþjónusta hefur einnig dafnað vegna afnáms gagnkvæmra krafna um vegabréfsáritanir. Í apríl voru af Íslands hálfu undirritaðir samningar við Eistland, Lettland og Litháen um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana.

V.B Norðurskautsráðið.

Norðurskautsráðið, sem stofnað var fyrir rúmu ári, er nú smám saman að fá á sig svip. Skipulagsreglur ráðsins eru nær fullgerðar. Einungis stendur eftir ágreiningur um hvernig skuli haga brottvikningu áhugamannasamtaka sem veitt hefur verið áheyrnaraðild að ráðinu ef þau fyrirgera rétti sínum með ábyrgðarlausri framkomu. Íslendingar, Grænlendingar og fleiri hafa bitra reynslu af öfgum slíkra samtaka. Þau njóta mörg hver ekki lýðræðislegs aðhalds en ráða hins vegar yfir miklu fé sem of oft er misnotað til blekkjandi áróðurs. Því er það stefna Íslands að ekki komi annað til greina en að nærvera fulltrúa frá slíkum samtökum á fundum Norðurskautsráðsins og þátttaka í starfi þess falli niður jafnskjótt og ljóst verður að ekki er lengur samstaða meðal aðildarríkjanna um áheyrnaraðildina, með öðrum orðum að andstaða eins fullgilds aðildarríkis nægi til brottvikningar, jafnframt því sem slík andstaða mun einnig nægja til að hindra þátttöku nýrra áheyrnaraðila. Víðtæk samstaða er um þessa afstöðu innan samtakanna, þótt ekki sé hún algjör.

Sú regla gildir innan ráðsins að fulla samstöðu þarf um allar ákvarðanir. Þannig ræður sá ferðinni sem hægast vill fara. Ísland stefnir að því að efla starfsemi ráðsins og hefur starfi okk-

ar innan þess verið hagað í þeim anda. Ráðið hefur nú tekið við víðtæku umhverfisverndarstarfi á norðurslóðum sem hófst á grunni Rovaniemi-samstarfsins 1991 og hefur lotið forustu umhverfisráðherra aðildarríkjanna. Þar hefur margt þegar áunnist, m.a. var um mitt þetta ár lögð fram viðamikil úttekt á umhverfisástandi norðurslóða. Hún færði sönnur á að þótt ástandið sé með því besta sem gerist í veröldinni er engu að síður um að ræða staðbundin vandamál sem ráða þarf bót á. Hefur formönnum fjögurra vísindahópa ráðsins verið falið að undirbúa aðgerðir. Þær verða svo ákveðnar á fyrsta ráðherrafundi Norðurskautsráðsins sem ekki náðist samstaða um að halda fyrr en síðari hluta næsta árs. Vert er að nefna að mengun norðurslóða á sér að verulegu leyti uppsprettur utan landanna átta sem að samstarfinu standa. Árangursrík barátta gegn henni, í senn mengun lands, lofts og sjávar, kallar því á enn víðtækari samvinnu. Verður brugðist við því með því að herða róðurinn á alþjóðavettvangi.

Það er hagsmuna- og baráttumál Íslands að Norðurskautsráðið nái sem fyrst að verða vettvangur þar sem yfirsýn fæst yfir stöðu mála á norðurslóðum og þjóðirnar geta tekið höndum saman um að tryggja í senn sjálfbæra nýtingu auðlinda og eðlilega umhverfisvernd.

Ísland hefur sýnt í verki vilja sinn til þess að leggja lið starfseminni sem nú fer fram á vegum Norðurskautsráðsins með því m.a. að annast skrifstofuhald fyrir þann hluta starfsins sem lýtur að vernd náttúrulífs á norðurslóðum (Conservation of Arctic Flora and Fauna/CAFF). Önnur aðildarríki taka þátt í greiðslu kostnaðar en forstöðumaður er Snorri Baldursson líffræðingur. Hefur rekstur skrifstofunnar nú staðið í rúm þrjú missiri og hlotið verðskuldað lof. Einnig hafa Íslendingar tjáð sig reiðubúna til að koma til móts við þarfir vísindahópsins um verndun hafsvæðis norðurslóða (Protection of the Arctic Marine Environment/PAME) fyrir skrifstofuþjónustu, enda er verksvið hans einkar mikilvægt fyrir okkur. Er það mál í deiglunni. Enn sem komið er hefur ekki náðst samstaða um að setja á fót eina aðalskrifstofu fyrir Norðurskautsráðið — en komi til þess mæla ýmis rök með því að henni yrði valinn staður hérlendis, mitt á milli aðildarríkjanna í austri og vestri. Flestum ber saman um þá skoðun, sem við fylgjum eindregið, að með sameinuðu skrifstofuhaldi fyrir ráðið væri auðveldara að sneiða hjá tvíverknaði og tryggja þannig markvissara starf og betri nýtingu fjárveitinga.

Af ýmsum öðrum verkefnum, sem unnið er að undir merkjum Norðurskautsráðsins, má t.d. nefna starf vísindahópsins að eftirliti og mati á umhverfisástandi (Arctic Monitoring and Assessment Programme/AMAP) að áframhaldandi söfnun upplýsinga um þróun mengunar á norðurslóðum með sérstakri áherslu á að greina áhrif mengandi efna á heilsufar. Einnig er fylgst með breytingum af völdum útfjólublárrar geislunar og loftslagsbreytinga. Unnið er að frekari afmörkun svæða sem þarfnast sérstakrar verndar (Circumpolar Protected Areas Network/CPAN). Áætlun um aðgerðir til að tryggja líffræðilegan fjölbreytileika á norðurhjara er í undirbúningi hjá vísindahópnum. Skrifstofan á Akureyri sinnir því starfi en umhverfisráðherrarnir hafa markað því stefnu. Þá er vonast til að áætlun um aðgerðir til að vernda hafið gegn mengun frá landi verði endanlega samþykkt á ráðsfundinum næsta haust. Unnið er að áframhaldandi skipulagningu kerfis til söfnunar upplýsinga um sjóflutninga á norðurhöfum, jafnframt því sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur verið hvött til að ljúka samningu leiðbeininga fyrir skip sem sigla um nyrstu höf. Leiðbeiningar varðandi olíu- og gasvinnslu á sjó hafa þegar verið staðfestar, jafnframt því sem hvatt hefur verið til þess að aðildarríkin nýti sér leiðbeiningar sem vísindahópur um aðgerðir til að fyrirbyggja og draga úr afleiðingum umhverfisslysa (Emergency Prevention, Preparedness and Response/EPPR) hefur samið. Þannig mætti áfram telja margvíslegt nýtilegt starf sem unnið hefur verið og verða mun á dagskrá ráðsins.

Eins og ljóst er af framansögðu gegna umhverfisráðuneyti aðildarríkjanna mikilvægu hlutverki í því starfi sem Norðurskautsráðið mun einbeita sér að. Áformað starf að sjálfbærri nýt-

ingu auðlinda norðurslóða, sem enn þá er eftir að móta, mun fyrirsjáanlega einnig snerta m.a. sjávarútvegsráðuneyti landanna. Vaxi ráðinu eðlilega fiskur um hrygg má þannig ætla að starfið snerti smám saman svið æ fleiri fagráðuneyta þótt gert sé ráð fyrir að utanríkisráðuneyti landanna gegni samræmingar- og forustuhlutverki þar sem um milliríkjasamstarf er að ræða. Með hliðsjón af þessu hefur Ísland verið eitt forgönguríkja þess að í núverandi drögum að skipulagsreglum ráðsins er möguleikum haldið opnum til að halda undir merkjum þess sérstaka fundi fagráðherra eftir því sem þörf þykir á. Einnig hefur Ísland beitt sér fyrir því að reglurnar greiði leiðina til skynsamlegrar samhæfingar á starfi ráðsins við það sem önnur samtök, t.d. Barentsráðið, eru að gera á sömu sviðum.

Mikilsvert er að sá áhugi, sem alþingismenn hafa sýnt tilkomu þessa samstarfs á norðurslóðum og stuðningur þeirra við starfið, haldist. Einnig er rétt að geta sérstaklega um gagnlegan skerf Alþjóðavísindanefndarinnar um norðurskautsrannsóknir (International Arctic Science Committee/IASC) sem þar til nýlega laut formennsku Magnúsar Magnússonar, fyrrverandi prófessors.

V.C Barentsráðið (BEAC).

Barentsráðið hefur þrengri landfræðilegan starfsvettvang en Norðurskautsráðið en starf þess er engu að síður mjög mikilvægt. Hefur það þegar orðið til þess að treysta tengslin milli Norðurlanda og Rússlands, einkum hvað varðar mengunarvarnir og efnahagslega uppbyggingu í norðvestanverðu Rússlandi. Lega Íslands veldur því ásamt fleiru að á sumum sviðum, svo sem samgöngumálum, verður ekki um jafnnáið samstarf að ræða af okkar hálfu og annarra ríkja Norðurlandanna. Engu að síður eru fullar forsendur fyrir þátttöku okkar eins og samstarf um tækniframfarir í rússneskri fiskvinnslu og hagnýtar hugmyndir um verkefni á sviði orkusparnaðar o.fl. sýna. Meðal þess sem unnið hefur verið að á vegum ráðsins síðustu missiri er skipulagning forgangsverkefna og leiðir til fjáröflunar til þeirra. Einnig er Rússum kappsmál að siglingar um hina svokölluðu norðaustursiglingaleið milli Evrópu og Asíu, þ.e. norðan Rússlands, vaxi og starfar sérstakur vinnuhópur að könnunum á því sviði. Hafa Íslendingar upp á síðkastið fylgst vel með framvindu þessa starfs ef í ljós kæmu möguleikar því tengdir fyrir íslenska aðila. Ekki verður unnt að fara þessa leið nema nokkurn hluta ársins og einungis á skipum styrktum til siglinga í ís. Hefur því ekki þótt útilokað að aukist þessar siglingar geti orðið hagkvæmt að setja upp birgðastöðvar á Íslandi þeim tengdar. Eftir á að koma í ljós hvort hér er um raunhæfar hugmyndir að ræða. Vaxandi nýting auðlinda í nyrstu héruðum Rússlands, sem kalla mun á sjóflutninga frá norðlægum höfnum, kynni einnig að fela í sér möguleika fyrir íslenska aðila, einkum að því leyti sem Ísland yrði í flutningaleið til markaðslanda.

VI. Ísland í Evrópu.

Þróun mála innan Evrópu hefur mikil áhrif á Ísland og snertir flesta þætti þjóðlífsins. Ísland á aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og á jafnframt aðild að stærsta sameinaða markaðsvæði veraldarinnar, Evrópska efnahagssvæðinu.

VI.A Fríverslunarsamtök Evrópu.

Allt frá aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1970 hefur þátttaka landsins í samtökunum stuðlað að bættri stöðu þess í fríverslunar- og efnahagssamstarfi við aðrar þjóðir. Á þessum tíma hafa orðið gífurlegar breytingar á efnahags- og viðskiptaumhverfi álfunnar. Frjálsræði í viðskiptum hefur aukist, ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa horfið frá miðstýrðu markaðskerfi til frjálsra verslunar- og viðskiptahátta og aðildarríkjum Evrópusambandsins (ESB) hefur fjölgað nokkuð. EFTA hefur reynst þess megnugt að laga starfsemi sína

að hinu breytta umhverfi, jafnt við brotthvarf nokkurra aðildarríkja þess og með því að koma á fríverslunarsamstarfi við önnur ríki í álfunni.

Starfsemi EFTA er komin í fastar skorður eftir að Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu í ESB. Þrátt fyrir fækkun aðildarríkjanna hefur starfsemi fríverslunarsamtakanna ekki dregist saman að því marki sem fækkunin gæti gefið til kynna. EFTA í nýrri mynd hefur reynst vera trúverðugur samstarfsaðili en því er ekki að leyna að ábyrgð og álag ríkjanna sem eftir sitja eru meiri en áður. Þetta hefur í för með sér að þátttaka Íslands í starfi EFTA verður að vera öflugri og virkari.

Meginviðfangsefni er sem fyrr samskipti við ESB og þá ekki síst á grundvelli EES-samningsins. Jafnframt hafa samskipti EFTA-ríkjanna við ríki utan ESB orðið stöðugt umfangsmeiri og fara þau einkum fram með tvennum hætti, annars vegar með fríverslunarsamningum og hins vegar á grundvelli samstarfsyfirlýsinga. Nú stendur einnig yfir innan EFTA undirbúningur að gerð nýrrar tegundar samstarfsyfirlýsinga um svæðisbundið samstarf ríkjahópa.

Á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna í Bergen í júní 1995 voru meginlínurnar lagðar varðandi styrkingu á samskiptum EFTA við önnur ríki en ESB, þ.e. að EFTA skyldi áfram leitast við að skila sjálfstæðu og virku framlagi til bætts efnahags- og viðskiptaumhverfis í Evrópu og utan álfunnar. EFTA-ríkin hafa frá árinu 1991 gert fríverslunarsamninga við þrettán ríki, þ.e. Tyrkland, Ísrael, Pólland, Rúmeníu, Búlgaríu, Ungverjaland, Tékkland, Slóvakíu, Slóveníu, Eistland, Lettland, Litháen og Marokkó.

Ofangreindir fríverslunarsamningar fela í sér fríverslun með iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarafurðir. EFTA-ríkin hafa afnumið tolla á þessum vörum við gildistöku fríverslunarsamninganna með heimild til verðjöfnunar á unnar landbúnaðarafurðir. Samningsaðilar EFTA-ríkjanna hafa hins vegar samið um mislangan aðlögunartíma varðandi afnám tolla. Jafnhliða gerð ofangreindra fríverslunarsamninga hafa EFTA-ríkin, hvert fyrir sig, gert tvíhliða landbúnaðarsamninga við þessi ríki. Hvað Ísland varðar er þar um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi og í flestum tilvikum er um að ræða vörur með engum rauntollum. Framkvæmd þessara fríverslunarsamninga hefur tekist vel.

Enn sem komið er eru viðskipti Íslands við mörg þau lönd, sem EFTA-ríkin hafa samið um fríverslun við, ekki ýkja mikil. Hagvöxtur er þó víða talverður og verslun og viðskipti í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu breytist nú hratt í frjálst og viðurkennt markaðsform. Fríverslunarsamningarnir skapa nýjan grunn fyrir viðskipti og möguleikar Íslands og íslenskra fyrirtækja til að auka viðskipti við þessi lönd eru mun betri en áður. Mikilvægir útflutningsmarkaðir fyrir íslenskar afurðir hafa því opnast í þessum löndum.

Samningaviðræður standa nú yfir á milli EFTA-ríkjanna og Túnis um gerð fríverslunarsamnings. Þeim viðræðum lýkur væntanlega á næsta ári. Þess er jafnframt vænst að fríverslunarviðræður við Möltu og Kýpur hefjist á næstu mánuðum.

Auk ofangreindra fríverslunarsamninga hafa EFTA-ríkin staðið að gerð sjö samstarfsyfirlýsinga við ýmis ríki sem geta síðar leitt til gerðar fríverslunarsamninga. Um er að ræða samstarfsyfirlýsingar við Albaníu, Egyptaland, Túnis, Makedóníu, heimastjórn Palestínumanna (PA), Jórdaníu og Líbanon.

Umræður hafa einnig farið fram innan EFTA um styrkingu hinna efnahags- og viðskiptalegu tengsla á milli EFTA-ríkjanna og Kanada. Þessar umræður eru enn á byrjunarstigi, þannig að of snemmt er að segja til um til hvaða niðurstöðu þær muni leiða. Engu að síður hljóta þessi tengsl að vekja sérstakan áhuga Íslendinga og geta styrkt efnahags- og viðskiptahagsmuni þessara ríkja.

Innan EFTA er nú unnið að styrkingu hins svæðisbundna samstarfs við annars vegar ASEAN-ríkin (Brunei, Indónesíu, Kambodíu, Laos, Malasíu, Myanmar, Singapúr, Filipseyj-

ar, Taíland og Víetnam) og hins vegar MERCOSUR-ríkin (Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ).

Ráðherrar efnahagsmála ASEAN-ríkjanna og starfsbræður þeirra frá EFTA-ríkjunum hittust á óformlegum fundi í Singapúr í desember sl. þar sem hin auknu viðskiptatengsl voru rædd. Samskipti EFTA og MERCOSUR voru tekin til umræðu í fyrsta sinn milli ráðherra á fundi utanríkisráðherra Íslands og starfsbróður hans í Argentínu í Buenos Aires í ágúst sl. Þar kom fram staðfestur vilji beggja til að kanna og vinna að frekara samstarfi EFTA og MERCOSUR. Innan EFTA er nú hafin vinna að skilgreiningu á samstarfi ríkjahópanna.

VI.B Samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins.

VI.B.1 EES-samningurinn.

Ísland hefur greiðan aðgang að innri markaði ESB með EES-samningnum og hefur hann sannað gildi sitt á þeim tæplega fjórum árum sem liðin eru frá gildistöku hans. Ef litið er yfir farinn veg hefur framkvæmd samningsins gengið vel og er unnt að staðfesta að ótti margra við neikvæðar afleiðingar hans hefur reynst ástæðulaus. Í opinberri umræðu hér á landi hefur verið tilhneiging til að gera minna úr áhrifum EFTA-ríkjanna við gerð reglna á Evrópska efnahagssvæðinu en efni standa til. EFTA-ríkin hafa að undanförnu notfært sér í vaxandi mæli réttinn til þess að fylgjast með störfum nefnda á vegum framkvæmdastjórnarinnar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þannig hafa áhrif EFTA-ríkjanna á endanlega mótun evrópskra reglna sífellt verið að aukast.

Í dag hafa EFTA-ríkin aðgang að um 300 sérfræðingafundum á vegum framkvæmdastjórnarinnar í nánast öllum nefndum sem tengjast framkvæmd EES-samningsins. EFTA-ríkin og EFTA-skrifstofan hafa samvinnu sín á milli og sjá til þess að skortur á mannafla komi ekki í veg fyrir að löndin taki virkan þátt í þessu starfi. Auk þess hafa EFTA-ríkin möguleika til þess að gera skriflegar athugasemdir við tillögur ráðherraráðsins eftir að framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tilllögur sínar og er þetta gert í vaxandi mæli. Jafnframt njóta Ísland og Noregur sérstöðu að því leyti að þau eiga þess kost að gæta hagsmuna sinna að vissu marki með nánu samstarfi við hin þrjú ríki Norðurlandanna sem eiga aðild að ESB. Norðurlöndin hafa í ríkari mæli en áður þörf fyrir náið samstarf á sviði utanríkis-, öryggis-, viðskipta- og efnahagsmála. Mikilvægt er að efla þá samvinnu á markvissan hátt þannig að hið norræna sjónarhorn komist betur til skila á alþjóðlegum vettvangi. Þá er umhugsunarefni hvort efla eigi samstarf þingmannanefndar EFTA og ESB í ljósi vaxandi mikilvægis Evrópuþingsins. Það má því staðhæfa að EFTA-ríkjunum standi ýmsar leiðir til boða til að gæta hagsmuna sinna og að það sé að miklu leyti undir þeim sjálfum komið hversu vel tekst til í þeim efnum.

Mikilvægt er að hafa í huga að aðildarríki ESB eru meðal nánustu samstarfsríkja okkar á sviði utanríkis- og öryggismála. EES-samningurinn hefur gert EFTA-ríkjunum kleift að stofna sérstakan viðræðuvettvang við ESB um pólitísk mál og pólitískt samstarf. Samstarfið gengur vel og er Ísland nú aðili að fjölda yfirlýsinga ESB um utanríkismál. Þá eru reglulega haldnir pólitískir upplýsinga- og samráðsfundir um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni innan ramma pólitíska samráðsins milli ESB og EFTA-ríkjanna í EES. Jafnhliða þessu er mikilvægt að halda áfram að efla sem mest tvíhliða pólitísk samskipti við aðildarríki ESB í því skyni að fá aðgang að upplýsingum og koma á framfæri íslenskum sjónarmiðum eftir því sem kostur er.

Rekstur EES-samningsins felur í sér miklu meira en undirbúning að nýrri löggjöf og pólitískt samráð. Samstarfsverkefni eru fjölmörg og ná til vísinda og þróunar, félags- og heilbrigðismála, neytendaverndar, tölvusamskipta í stjórnsýslu, umhverfismála, menningarmála og svo mætti lengi telja. Nú fer að líða að lokum fjórðu rammaáætlunarinnar um vísindi og þróun og er þegar farið að huga að því að meta hvernig íslenskum vísindamönnum hefur geng-

ið að nýta sér þau tækifæri sem þar hafa gefist. Eins og kunnugt er miðast framlag Íslands til sameiginlegra verkefna við þjóðarframleiðslu en styrkir eru veittir til þeirra samstarfsverkefna sem áhugaverðust þykja hverju sinni. Virðist næsta ljóst að þótt aðeins sé talið það fjármagn sem beint skilar sér aftur til Íslands þá er þar um að ræða hærri fjárhæðir en það sem íslensk stjórnvöld hafa látið af hendi. Þátttaka í samstarfsverkefnum af þessu tagi gefur íslenskum vísindamönnum færi á að taka þátt í umfangsmiklum vísindarannsóknum og notfæra sér niðurstöður þeirra. Undirbúningur fimmtu rammaáætlunarinnar er vel á veg kominn og hafa íslensk stjórnvöld tekið virkan þátt í honum við uppsetningu, skipulag og forgangsröðun.

VI.B.2 Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sér um eftirlit með framkvæmd EES-samningsins meðal EFTA/EES-ríkjanna. Eftirlit stofnunarinnar hefur verið mjög skilvirkt og miðar að því að ganga úr skugga um að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar verði felldar inn í löggjöf viðkomandi ríkisins með réttum hætti. Einnig fylgist stofnunin með því að framkvæmd og túlkun sé í fullu samræmi við ákvæði samningsins, t.d. þegar kemur að veitingu ríkisstyrkja, framkvæmd á opinberum útboðum og því að samkeppnisreglur séu virtar. Hefur ESA í nokkrum tilfellum séð ástæðu til þess að gera formlegar athugasemdir við lögfestingu eða framkvæmd EES-reglna hér á landi.

EFTA-dómstóllinn gegnir afar þýðingarmiklu hlutverki við að tryggja réttaröryggi og samræmda framkvæmd EES-samningsins. Dómstóllinn hefur ekki kveðið upp dóm gagnvart EFTA-ríkjunum vegna brota á ákvæðum samningsins en hins vegar gefið fjölda ráðgefandi álita.

VI.B.3 Sjávarútvegssamningur Íslands og ESB.

Um sama leyti og gengið var frá EES-samningnum gerðu íslensk stjórnvöld og ESB einnig með sér samning um gagnkvæm fiskveiðiréttindi, sem m.a. fól í sér að ESB fékk heimildir til að veiða allt að 3000 tonn af karfa hér við land en Ísland fékk á móti 30.000 tonn af loðnu af kvóta þeim sem ESB hefur fengið frá Grænlandi. Í samningnum voru ESB sett mjög skýr skilyrði um það hvers konar skip mættu veiða, strangar reglur voru settar um íslenskt eftirlit um borð o.s.frv. Hins vegar var fallist á að árlega skyldu samningsaðilar hittast og ræða m.a. hvort þau veiðisvæði, sem fiskiskipum ESB hefur verið hleypt í, nægi til þess að stunda arðbærar veiðar.

Eftirtekja skipa ESB hefur til þessa verið rýr. Á síðasta ári veiddu þau aðeins um 220 tonn í fjórum veiðiferðum. Hafa íslensk stjórnvöld þegar einu sinni stækkað veiðisvæði sem til boða standa. Svo virðist sem íslensk fiskimið hafi ekki sama aðdráttarafl á þýska togara og áður. Hefur ESB ekki aðeins sótt á um að fá stærri svæði til athafna heldur einnig um endurskoðun sjálfs grunnsamningsins og dregur framkvæmdastjórnin í efa að arðbærar veiðar séu mögulegar með þeim skilyrðum sem sett voru. Hafa íslensk stjórnvöld svarað því til að ákvæði samningsins um endurskoðun veiðisvæða verði að sjálfsögðu virt en fyrst verði að liggja fyrir að fullreynt sé að þau svæði, sem samið var um, dugi ekki. Sókn skipa ESB hafi ekki verið það mikil að það sé ljóst. Hins vegar sé engin ástæða til þess að ganga aftur til viðræðna um breytingar á sjálfum grunnsamningnum.

VI.C Evrópusambandið.

VI.C.1 Ríkjaráðstefna Evrópusambandsins.

Upphaflega var ráðgert að markmið ríkjaráðstefnunnar yrðu takmörkuð við endurskoðun málamiðlana sem gerðar voru í Maastricht og gengu skemmra en sumir vildu varðandi sam-

runa Evrópusambandsins (ESB). Fljótlega kom í ljós að þróun mála í Evrópu útilokaði slíka takmarkaða endurskoðun á Maastricht-sáttmálanum. Erfiðlega hafði gengið í mörgum ríkjum að fullgilda Maastricht-sáttmálann og ljóst var talið að frekari samrunahugmyndir ættu ekki vísan stuðning meðal almennings. Þá þurftu sum aðildarríkin á miklum pólitískum stuðningi að halda í kjölfar erfiðra aðgerða sem nauðsynlegt var að grípa til vegna undirbúnings að stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu. Sumir litu því svo á að meginmarkmið ráðstefnunnar yrði að ná betur en áður til almennings.

Aukin áhersla var lögð á ýmis stefnumarkandi sjónarmið eins og umhverfismál, félagsmál, heilbrigðismál, mannréttindi, gagnsæi stofnana ESB og baráttu gegn atvinnuleysi og glæpum. Þá hafði þróun mála í Evrópu leitt í ljós að meginviðfangsefni Evrópusambandsins mundi snúast um undirbúning ESB að stækkun þess og stofnun Efnahags- og myntbandalagsins. Framm-istaða Evrópusambandsins í lýðveldum fyrrverandi Júgóslavíu hafði sömuleiðis valdið mörgum vonbrigðum og voru því ýmsir þeirrar skoðunar að endurskoðun utanríkis- og öryggisstefnu ESB þyrfti einnig að vera meðal forgangsverkefna ríkjaráðstefnunnar.

Endurskoðun ríkjaráðstefnunnar var því umfangsmeiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Lokaskjal ríkjaráðstefnunnar, Amsterdam-sáttmálinn, felur í sér fjölmargar málamiðlanir og margir lýstu miklum vonbrigðum yfir því að ekki hefði tekist að ná samkomulagi um aðgerðir sem nauðsynlegar voru vegna stækkunar ESB. Þrátt fyrir slíka annmarka hefur niðurstaða ríkjaráðstefnunnar verið túlkuð sem skýr pólitísk skilaboð til umsóknarríkja um áform ESB um að hefja aðildarviðræður.

Árangur ráðstefnunnar verður að meta í ljósi þeirra væntinga sem aðilar gerðu til hennar. Vonbrigði eru meiri hjá þeim sem lögðu höfuðáherslu á þróun til meiri samruna, breytingar á stofnanafyrirkomulagi vegna undirbúnings að stækkun ESB og aukin valdahlutföll stærri aðildarríkja á kostnað þeirra minni.

Helstu niðurstöður Amsterdam-sáttmálans voru eftirfarandi:

VI.C.1.a Schengen-samstarfið.

Að því er Ísland varðar var innlimun Schengen-samstarfsins í ESB vafalítið athyglisverðasta málið. Schengen-samstarfið var fellt bæði inn í fyrstu stoð og þriðju stoð. Dregið er úr áhrifum stofnana ESB í fyrstu stoðinni. Völd dómstólsins eru takmörkuð og ná t.d. ekki yfir þætti varðandi allsherjarreglur og innra öryggi ríkja. Einnig er frumkvæðisréttur framkvæmdastjórnarinnar að afleiddum lögum takmarkaður og halda aðildarríkin honum að vissu marki a.m.k. til að byrja með. Gert er ráð fyrir að tillögur verði afgreiddar samhljóða næstu fimm árin og þá verði hugsanlega tekin ákvörðun um það hvort aukinn meiri hluti ráði niðurstöðu mála eða hvort áfram verði stuðst við samhljóða atkvæðagreiðslu. Þýskaland mun m.a. hafa lagt ríka áherslu á samhljóða atkvæðagreiðslur á þessum sviðum.

Danir fengu samþykktan sérstakan viðauka sem tiltekur sérstöðu þeirra. Samkvæmt viðaukanum munu Danir að miklu leyti standa utan hefðbundins ESB-samstarfs á þessu sviði en taka fullan þátt í fundum og vinnuhópum fram að ákvarðanatöku en taka hins vegar ekki þátt í lokaákvörðun ESB. Ákveðið er að Danir muni síðan taka sjálfstæða ákvörðun innan sex mánaða sem bindur þá aðeins samkvæmt þjóðarétti. Evrópudómstóllinn mun því ekki hafa beinu hlutverki að gegna gagnvart Danmörku á fyrrgreindum sviðum.

Tiltekið er að um hugsanlega þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu verði samið í sérstökum viðræðum og tekið er fram að það skuli gert á grunni núverandi samstarfssamnings milli Schengenríkja og Íslands og Noregs.

VI.C.1.b Utanríkis- og öryggismál.

Á sviði utanríkis- og öryggismála er Amsterdam-sáttmálinn túlkaður sem nánast staðfesting á Maastricht-sáttmálanum. Hins vegar er í fyrsta sinn vísað með beinum hætti í svokölluð Petersberg-verkefni. Í raun er ekki um efnisbreytingu að ræða því að ESB gat fyrir þessar breytingar beðið VES um að vinna slík verkefni. Það var síðan undir VES komið hvort slík beiðni yrði framkvæmd. Tilvísun í Petersberg-verkefnin breytir því í raun engu og þykir vera stefnumarkandi ákvæði fremur en breyting á Rómarsamningnum. Annað orðalag í textanum er svipaðs eðlis, sbr. ákvæði um að leiðtogafundur ESB geti hugsanlega ákveðið í framtíðinni að koma á fót sameiginlegum vörnum eða að fella VES undir ESB. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er um einfalda ákvörðun að ræða heldur breytingar á Rómarsamningnum. Slíkar breytingar á Rómarsáttmálanum yrði að taka með samhljóða samþykki á sérstakri ríkjaráðstefnu. Ofangreind niðurstaða hefur því verið túlkuð sem sigur fyrir þau sjónarmið sem Bretar hafa verið í fararbroddi fyrir.

Fulltrúar þeirra er lengst vildu ganga á þessu sviði hafa lýst yfir vonbrigðum með niðurstöðu ráðstefnunnar en staðhæfa að áfangasigur felist í því að nú sé búið að ná fram vísi að orðalagi um innlimun („integration") VES í ESB. Þrátt fyrir að orðalagið sé veikt sé búið að marka ákveðna braut. Ísland, sem aukaaðildarríki í VES, hefur lagst mjög ákveðið gegn öllum hugmyndum um innlimun VES í ESB.

Hins vegar náðist árangur í þá veru að gera utanríkisstefnu ESB skilvirkari og skýrari. Þannig er leiðtogaráði ESB falið að skilgreina grundvallarþætti sameiginlegrar utanríkisstefnu sem utanríkisráðherrarnir munu síðan fylgja eftir. Ákveðið var að setja á fót miðstöð til að safna upplýsingum og greina þær í Brussel í stað þess að reiða sig á slíkar upplýsingar frá höfuðborgum aðildarríkjanna. Skrifstofu ráðherraráðsins verður falið, á ábyrgð aðalframkvæmdastjóra þess, að undirbúa stefnumótun í utanríkismálum sem m.a. felst í að fylgjast með og meta pólitíska þróun hinna ýmsu landsvæða. Aukinn meiri hluti atkvæða mun hér eftir gilda sem meginregla við ákvarðanatöku en veigamiklar undantekningar verða þó gerðar frá meginreglunni.

Einnig er gert ráð fyrir því að formennskuríkið verði í fyrirsvari varðandi utanríkis- og öryggismálin og að í framkvæmdastjórn ráðsins verði sérstakur fulltrúi í utanríkispólitískum málum.

VI.C.1.c Sveigjanlegur samruni.

Fallist var á ákvæði um sveigjanlegan samruna. Samkvæmt samkomulaginu getur aukinn meiri hluti ríkja óskað eftir nánari samruna og geta ríki, sem standa fyrir utan samstarfið, ekki stöðvað samrunann nema um sé að ræða grundvallarhagsmuni. Bretar náðu ekki að koma í veg fyrir að aukinn meiri hluti ríkja nægði til þess að taka upp nánara samstarf á skilgreindum sviðum, en fengu samþykkta málamiðlun um að þeir gætu stöðvað slíkan samruna ef stjórnvöld teldu slíkt samstarf geta farið gegn grundvallarhagsmunum Breta.

Hugmyndin að sveigjanlegum samruna er ekki ný. Ákvörðun var tekin um sveigjanlegan samruna í Maastricht varðandi félagsmálasáttmálann og Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Nú er slík leið hins vegar fær á fleiri sviðum ef aukinn meiri hluti ríkja óskar þess án þess að slík svið séu skilgreind fyrir fram í samningnum. Slík samvinna getur hins vegar ekki breytt ákvæðum Rómarsáttmálans og varðar því fyrst og fremst svið sem ekki falla undir núverandi verkefni ESB.

VI.C.1.d Undirbúningur að stækkun ESB.

Ekki náðist samkomulag um fækkun framkvæmdastjóra eða varðandi breytingar á vægi atkvæða í ráðinu. Augljóslega hafa margir vanmetið afstöðu smærri ríkja til þessa þáttar. Hins vegar var samþykkt yfirlýsing sem tiltekur að þessir þættir, þ.e. fjöldi framkvæmdastjóra og aukið vægi atkvæða stærri ríkjanna, tengist stækkun og að þessi atriði þurfi að leysa áður en af stækkun getur orðið. Því er augljóst að boða verður til annarrar ríkjaráðstefnu ef leysa á þennan ágreining. Þessi niðurstaða nær skemmra en margir vildu, enda var talið nauðsynlegt að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi til þess að undirbúa stækkun ESB. Samt sem áður er undirbúningur að stækkun ESB þegar hafinn.

VI.C.1.e Sjávarútvegsstefna ESB.

Endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB var ekki til umræðu á ríkjaráðstefnunni. Hins vegar kröfðust Bretar þess að ríkjaráðstefnan fjallaði um svokallað kvótahopp. Þrátt fyrir það var ekkert ákvæði um kvótahopp í Amsterdam-sáttmálanum. Bretar töldu sig samt sem áður hafa náð árangri á leiðtogafundinum í Amsterdam varðandi það mál. Ekki var hins vegar um að ræða breytingar á Rómarsamningnum heldur skrifaði Jacques Santer, forseti framkvæmdastjórnar ESB, bréf til Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, þar sem lýst er skilningi á stöðu Breta. Í bréfinu var vísað í efnahagslega hagsmuni strandríkja og farið almennum orðum um hagsmuni þeirra. Rétt er að hafa í huga að framkvæmdastjórnin getur ekki breytt einhliða þessum reglum og því er umrætt bréf óhefðbundið og hefur að geyma með öllu óskuldbindandi ákvæði.

VI.C.1.f Félagsmálasáttmálinn.

Ákveðið er að fella félagsmálasáttmálann undir Rómarsáttmálann. Þetta er hægt að gera nú þar sem Bretar hafa látið af andstöðu sinni við sáttmálann. Þessi breyting er einnig talin munu leiða til aukinnar áherslu ESB á atvinnumál.

VI.C.1.g Önnur mál.

Á ríkjaráðstefnunni náðist einnig árangur á ýmsum öðrum sviðum, svo sem varðandi stöðugleikasáttmálann, atvinnumál, mannréttindi, hlutverk þjóðþinga, umboð stofnana ESB, aðgang að upplýsingum, umhverfismál, hina svokölluðu nálægðarreglu og meðalhófsreglu, neytendavernd, hollustuvernd og sérstöðu landssvæða.

VI.C.2 Efnahags- og myntbandalag Evrópu.

Niðurstöður ríkjaráðstefnunnar hafa fallið í skuggann af því sem æ fleiri telja nú að sé hinn raunverulegi vaxtarbroddur samrunaþróunar í Evrópu, þróun gjaldmiðilssamstarfs að einum evrópskum gjaldmiðli. Má til sanns vegar færa að innri markaður ESB komist ekki að fullu til framkvæmda meðan skipta þarf um gjaldmiðil við hver landamæri. Undanfarin ár hefur efnahagsástand flestra Evrópuríkja ekki aðeins orðið stöðugra heldur hefur dregið saman með þeim í flestu tilliti. Sveiflur milli gengis franska frankans, þýska marksins, hollenska gyllinisins og belgíska frankans hafa lengi verið óverulegar og aðrir evrópskir gjaldmiðlar nálgast óðum. Stöðugleiki efnahags Suður-Evrópuríkjanna er snöggtum meiri en flestir hefðu þorað að vona fyrir nokkrum árum og eru þau nú öll nema Grikkland líkleg til þess að uppfylla þátttökuskilyrði gjaldmiðilseiningar á næstu árum.

Þátttökuskilyrði Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) um verðbólgustig, vexti, fjárlagahalla, ríkisskuldir, stöðugan gjaldmiðil og sjálfstæðan seðlabanka hafa verið snar þáttur allrar efnahagsumræðu undanfarin ár. Athyglin hefur þó undanfarið beinst sérstaklega

að fjárlagahalla. Í Maastricht var tekið fram að halli ætti að vera lítill og 3% landsframleiðslu sett fram sem viðmiðun. Sú viðmiðun var þó aldrei njörvuð niður sem frumskilyrði. Aftur á móti hefur í pólitískri umræðu, einkum í Þýskalandi, verið lögð þung áhersla á að ekki megi sýna sveigjanleika þar sem hinn nýi gjaldmiðill, evró, mundi þá hefja feril sinn rúinn öllu trausti. Bæði Þýskaland og Frakkland hafa átt í erfiðleikum með að ná þessu marki; Þýskaland vegna stöðugra örðugleika eftir sameininguna og Frakkland vegna atvinnuleysis. Gjaldmiðilseining án þessara tveggja ríkja væri hins vegar skelin tóm. Það hefur verið pólitískt keppikefli Ítalíu að vera með frá byrjun en samstarfsríkin hafa mörg hver litið það hornauga og talið að þátttaka Ítala mundi veikja hinn nýja gjaldmiðil. Betri horfur í ríkisfjármálum Þýskalands og aukinn hagvöxtur í Frakklandi virðast nú geta fleytt ríkjunum fram hjá helstu erfiðleikum og tryggt fæðingu evrós.

Undanfarnar vikur og mánuði hafa æ fleiri látið uppi þá skoðun að nú verði ekki lengur aftur snúið. Það eru hagtölur þessa árs sem munu ráða úrslitum, ásamt fjárlögum ársins 1998. Þegar í maí á næsta ári verður greint frá því hvaða gjaldmiðlar verði með frá upphafi og þá þegar tilkynnt viðmiðunargengi þeirra gagnvart evró. Ellefu ríki koma til greina, þ.e. öll nema Bretland og Danmörk, sem hafa sérstaka undanþágu frá þátttöku, Svíþjóð, sem vill frekari frest, og Grikkland, sem engar líkur eru á að geti uppfyllt þátttökuskilyrðin. Reyndar hefur umræða í Bretlandi um kosti og galla þátttöku aukist mjög eftir að líkur tóku að aukast á því að evró færi af stað á tilsettum tíma.

Útgáfa seðla og myntar vegna hins nýja gjaldmiðils hefst í síðasta lagi 1. janúar 2002 og 1. júlí sama ár munu gamlir seðlar og mynt þátttökuríkja hverfa.

Frakkar hafa lengi verið talsmenn þess að hinn nýi seðlabanki starfi undir einhvers konar pólitísku eftirliti en Þjóðverjar hafa lagt áherslu á fullt sjálfstæði. Samkomulag hefur nú náðst sem áréttar sjálfstæði bankans.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út skýrslu um aðdraganda og áhrif stofnunar EMU, sem nær m.a. til áhrifa á efnahagsþróun og hagstjórn á Íslandi. Áhrif EMU eru líkleg til að teygja sig víða. Njóti gjaldmiðillinn nýi trausts markaða getur hann grafið undan ráðandi stöðu Bandaríkjadals á alþjóðavettvangi. Einn gjaldmiðill mun einnig stuðla að samræmingu verðlags og aukinni samkeppni.

Öryggisstofnanir Evrópu og aðildarríki þeirra



* Aukaaðild að VES
\+ Áheyrnaraðild að VES
~ Tímabundið vikið úr ÖSE

VI.C.3 Stækkun Evrópusambandsins.

Skömmu eftir lok ríkjaráðstefnunnar lagði framkvæmdastjórnin fram skýrslur sínar um undirbúning og væntanlegar afleiðingar stækkunar, ásamt álitsgerð um hvert umsóknarríki fyrir sig. Þau ríki, sem framkvæmdastjórnin leggur til að rætt verði við í fyrstu umferð, eru Eistland, Pólland, Slóvenía, Tékkland, Ungverjaland og ef pólitísk vandamál leysast á Kýpur fylgja Kýpurbúar með. Þetta eru þau ríki sem framkvæmdastjórnin telur að geti innan tiltekins tíma uppfyllt nauðsynleg skilyrði til inngöngu ef þau halda áfram á sömu braut í umbótum. Aðildarríkin munu síðan gefa sitt álit á umsóknarríkjum sem mun liggja frammi fyrir leiðtogafund ESB-ríkja sem haldinn verður í desember næstkomandi. Á þeim fundi ákveða leiðtogarnir síðan við hvaða ríki verður rætt um aðild. Ljóst er að ESB verður að ráðast í breytingar á ýmsum sviðum ef sú verður raunin að framangreind sex ríki verði aðilar að ESB. Landbúnaðarjarðir ESB munu til að mynda stækka um 50% og fjöldi landbúnaðarverkamanna tvöfaldast. Framkvæmdastjórnin hefur því lagt til að landbúnaðarstefna sambandsins, sem hefur verið ein af helstu stoðum þess, verði löguð að þróun markaðarins, markaðsstefnum og viðskiptareglum. Þróunarsjóði ESB á að endurskipuleggja en þeir sjóðir, ásamt jöfnunarsjóðum sambandsins, eru eitt helsta vogaraflið til að jafna lífskjör innan ESB. Hins vegar er ljóst að sum aðildarríki ESB óttast að missa spón úr aski sínum við þessar breytingar og sæta tillögurnar því andstöðu sem hefur leitt til þess að sum ríki hafa jafnvel hótað að beita neitunarvaldi.

VII. Ísland og öryggismál.

VII.A Atlantshafsbandalagið.

Undanfarið ár hefur starf Atlantshafsbandalagsins tekið miklum stakkaskiptum. Bandalagið hefur tekið að sér ný verkefni, undirbúið fjölgun aðildarríkja og treyst samskiptin við samstarfsríkin í austri. Á sama tíma hefur farið fram endurskoðun á innviðum bandalagsins. Þar ber hæst einföldun og samdrátt í herstjórnarkerfinu, sem miðar að því að gera það sveigjanlegra og betur í stakk búið til að sinna ólíkum verkefnum.

Vinnu bandalagsins að þessum meginþáttum var hleypt af stokkunum á utanríkisráðherrafundi þess í Berlín í júní 1996. Á utanríkisráðherrafundi bandalagsins í Sintra í Portúgal í maí sl. voru teknar ákvarðanir um eflingu samstarfsins við samstarfsríkin í austri, en stuttu áður höfðu leiðtogar Atlantshafsbandalagsríkjanna og Rússlands undirritað stofnsamþykkt um samvinnu bandalagsins og Rússlands. Á leiðtogafundinum í Madríd í júlí 1997 var svo hnýttur endahnúturinn á grundvallarákvarðanir í yfirstandandi breytingaferli þegar þremur umsóknarríkjum var boðið upp á viðræður um aðild að bandalaginu. Utanríkisráðherra sótti alla ofangreinda fundi fyrir Íslands hönd og forsætisráðherra sótti undirritunarathöfn stofnsamþykktarinnar í París og leiðtogafund bandalagsins í Madríd.

VII.A.1 Stækkun Atlantshafsbandalagsins.

Formleg umræða um hugsanlega fjölgun aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hófst í kjölfar leiðtogafundar bandalagsins í Brussel árið 1994. Í yfirlýsingu þessa fundar var ítrekað ákvæði stofnsamnings Atlantshafsbandalagsins um að bandalagið væri opið nýjum aðildarríkjum.

Síðan hefur umfjöllun innan bandalagsins um fjölgun aðildarríkja miðast við að tryggja að ekki yrðu breytingar á grundvallarmarkmiðum bandalagsins og að tillit yrði tekið til heildaráhrifa á þróun stjórnmála og öryggismála í Evrópu. Þetta hefur falið í sér samstarf og samráð við önnur ríki í Evrópu og næsta nágrenni, þar á meðal þau sem sóst hafa eftir aðild. Þetta

hefur hvort tveggja þjónað þeim tilgangi að efla traust og stöðugleika með gagnsæi og auðvelda viðeigandi ríkjum að axla þær byrðar sem aðild fylgja.

Þessi viðleitni Atlantshafsbandalagsins hefur verið formfest með stofnun Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins (EAPC), sem leysti Norður-Atlantshafssamvinnuráðið (NACC) af hólmi. Innan EAPC gefst samtals 44 ríkjum tækifæri til samráðs og samstarfs á sviði stjórnmála og öryggismála í samræmi við vilja og getu hvers ríkis. Sum samstarfsríkjanna hafa lengi stuðst við hlutlausa utanríkisstefnu, eins og t.d Austurríki, Finnland, Sviss og Svíþjóð. Jafnhliða stofnun EAPC hefur Friðarsamstarfið (PfP) verið eflt og samstarfsríkjunum gefið tækifæri til að tengja fyrrnefnda pólitíska vettvanginn við sértækt og hagnýtt samstarf innan PfP. Þá eru hafin skoðanaskipti við sex Miðjarðarhafsríki utan bandalagsins sem ætlað er að stuðla að stöðugleika og auknu trausti við suðurjaðar bandalagsins. Loks hefur bandalagið ákveðið að efla tvíhliða skoðanaskipti við ríki sem hafa áhuga á aðild. Þess má geta að á undanförnum árum hafa tólf ríki sótt formlega um aðild að bandalaginu.

Langur aðdragandi var að ákvörðun Atlantshafsbandalagsins um aðildarviðræður við nokkur umsóknarríki. Var m.a. gerð sérstök úttekt á forsendum og framkvæmd fjölgunar aðildarríkja. Á leiðtogafundi bandalagsins í Madríd sumarið 1997 var samþykkt að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi til aðildarviðræðna. Í yfirlýsingu fundarins var áréttað að bandalagið yrði áfram opið nýjum aðildarríkjum og í því samhengi sérstaklega vísað til jákvæðrar þróunar í átt til lýðræðislegra stjórnarhátta í Rúmeníu og Slóveníu og aukins stöðugleika og samstarfs ríkja við Eystrasalt sem eru áhugasöm um aðild.

Aðildarviðræður Atlantshafsbandalagsins við Pólland, Tékkland og Ungverjaland standa nú yfir og er gert ráð fyrir að utanríkisráðherrar núverandi aðildarríkja og ríkjanna þriggja undirriti yfirlýsingar um aðild hinna síðarnefndu að stofnsamningi Atlantshafsbandalagsins í desember. Þjóðþing núverandi aðildarríkja fengju því næst þessar yfirlýsingar til fullgildingar og stefnt yrði að því að ríkin gætu orðið fullgildir aðilar að bandalaginu á fimmtíu ára afmæli þess í apríl 1999.

Enn er óljóst hvort eða í hve miklum mæli aðild ríkjanna þriggja muni hafa áhrif á varnarviðbúnað núverandi aðildarríkja vegna varnarskuldbindinga á grundvelli stofnsamnings Atlantshafsbandalagsins. Hlutfallslega lítil hækkun verður á sameiginlegum kostnaði Atlantshafsbandalagsins, t.d. vegna rekstrar höfuðstöðva og sérstakra verkefna. Á hinn bóginn þurfa ríkin þrjú að auka útgjöld til varnarmála til að geta tekist á hendur þær skyldur sem fylgja aðildinni. Um þessar mundir vinnur alþjóðastarfslið höfuðstöðva bandalagsins að heildarúttekt á áætluðum kostnaði við fjölgun aðildarríkja og er gert ráð fyrir að skýrsla um þetta efni verði lögð fyrir fund utanríkisráðherra bandalagsins í desember nk.

Fyrirhuguð stækkun og sívaxandi þátttaka samstarfsríkja í starfsemi Atlantshafsbandalagsins hefur þegar aukið verulega starfsálag fastanefndanna og alþjóðastarfsliðsins. Auk þess er ljóst að stækka verður núverandi höfuðstöðvar eða byggja nýtt húsnæði. Í þessu skyni hefur alþjóðastarfsliðinu verið falið að gera úttekt á þeim valkostum sem bandalagið hefur í húsnæðismálum og áætla kostnað. Gera má ráð fyrir að ákvörðun um framkvæmdir verði tekin áður en langt um líður.

VII.A.2 Samstarf Atlantshafsbandalagsins og Rússlands.

Frá því í lok kalda stríðsins hafa samskipti Rússlands og Atlantshafsbandalagsins farið vaxandi. Fyrst var aðallega um að ræða óformleg tvíhliða samskipti ásamt samstarfi innan Friðarsamstarfsins og Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins (NACC). Auk þess tóku Rússar þátt í friðargæslu bandalagsins í Bosníu frá upphafi. Í ljósi mikilvægis Rússlands innan öryggisfyrirkomulags Evrópu var rökrétt framhald þessarar þróunar formfast tvíhliða samráð og

samstarf þessara tveggja aðila. Var það gert með undirritun stofnsamþykktar um samvinnu Atlantshafsbandalagsins og Rússlands í París þann 27. maí 1997.

Samþykktin fól m.a. í sér stofnun Samstarfsráðs Atlantshafsbandalagsins og Rússlands (PJC). Ráðið kom saman til skipulagsfunda stuttu síðar og nú í haust var haldinn í New York fyrsti fundur utanríkisráðherra aðildarríkja ráðsins. Þar var skipst á skoðunum um framgang friðaraðgerðanna í Bosníu og Hersegóvínu og um framtíðarsamstarf bandalagsins og Rússlands á sviði friðargæslu. Þá var lögð áhersla á framkvæmd ákvæða stofnsamþykktarinnar og hvernig hún markaði þáttaskil í samskiptum bandalagsins og Rússlands.

Ráðherrarnir samþykktu starfsáætlun PJC til ársloka. Starfsáætlunin er þríþætt og tekur til uppbyggingar stofnana PJC, samráðs um tiltekna málaflokka og hagnýts samstarfs. Hvað varðar stofnanabindingu má t.d. nefna að gert er ráð fyrir að rússnesk stjórnvöld tilnefni hernaðarlegan tengilið við höfuðstöðvar bandalagsins, að upplýsingaskipti á hermálasviðinu verði reglubundin og að opnuð verði upplýsingamiðstöð bandalagsins í Moskvu. PJC taki aðallega til öryggismála, afvopnunarmála og friðargæslumála. Hagnýta samstarfið verður m.a. á sviði almannavarna, vísinda og umhverfismála, auk þess sem veitt verður aðstoð til aðlögunar vegna samdráttar í varnarviðbúnaði, t.d. endurmenntun liðsforingja sem látið hafa af störfum.

VII.A.3 Efling PfP og stofnun EAPC.

Eins og fyrr var vikið að hefur Atlantshafsbandalagið allt frá lokum kalda stríðsins leitast við að koma á skipulegu samráði við fyrrverandi Varsjárbandalagsríki og lýðveldi Sovétríkjanna gömlu. Í kjölfar stofnunar NACC árið 1991 var efnt til nánari samvinnu milli bandalagsins og hvers og eins hinna nýju samstarfsríkja með Friðarsamstarfinu (PfP), sem hleypt var af stokkunum á leiðtogafundi bandalagsins árið 1994. Með Friðarsamstarfinu varð samvinna á sviði hermála, með reglulegum heræfingum og sameiginlegri þjálfun, fyrirferðarmesti hluti samstarfsins.

Sameiginleg friðargæsla undir stjórn Atlantshafsbandalagsins, með þátttöku samstarfsríkjanna, í Bosníu og Hersegóvínu sýndi fram á að samstarf af þessu tagi er bæði trúverðugur og raunhæfur kostur í nýskipan öryggismála í Evrópu. Ljóst er að sú sameiginlega þjálfun sem fór fram innan Friðarsamstarfsins og sú gagnvirkni, sem náðst hafði fram í kjölfarið, átti stærstan þátt í því hversu vel tókst til.

Í vor var komið á nýju fyrirkomulagi samvinnunnar við samstarfsríkin með því að veita þeim aukinn hlut í samstarfinu og skipulagningu þess. Þá var Evró-Atlantshafssamstarfsráðið (EAPC) sett á laggirnar, sem umgjörð um eflt pólitískt samráð.

Í stuttu máli má segja að Evró-Atlantshafssamstarfsráðið sé umgjörð um eflt Friðarsamstarf. Innan þess eiga öll aðildarríkin 44 jafna möguleika til umræðu og skoðanaskipta. Að auki er fyrir hendi sá möguleiki að aðildarríki Atlantshafsbandalagsins haldi fundi með samstarfsríkjunum innan EAPC í smærri hópum eða með hverju samstarfsríki fyrir sig. Ráðið kemur reglulega saman í Brussel og ráðherrar ríkjanna hittast tvisvar á ári í tengslum við reglulega ráðherrafundi bandalagsins.

Eflt Friðarsamstarf er lykilþáttur innan EAPC. Í því felst m.a. að gert er ráð fyrir aukinni áherslu á gagnvirkni milli herja bandalagsríkjanna og samstarfsríkjanna. Þá er gert ráð fyrir auknum aðgangi samstarfsríkjanna að þeim þáttum starfsemi bandalagsins sem ekki snúa beint að vörnum aðildarríkjanna. Þannig er gert ráð fyrir að samstarfsríkin geti tekið þátt í friðargæslu og öðru friðarstarfi á vegum bandalagsins. Liðsforingjar frá samstarfsríkjunum eiga þess kost að starfa hjá herstjórnum bandalagsins og geta tekið þátt í gerð áætlana vegna annarra aðgerða en þeirra sem snúa beint að vörnum bandalagsríkjanna, svo sem aðgerða við að koma á friði og friðargæslu. Til marks um þá áherslu, sem samstarfsríkin leggja á þetta aukna

samstarf, er að mörg þeirra eru nú að ákveða að hafa sérstakar fastanefndir gagnvart Atlantshafsbandalaginu í Brussel. Sem dæmi má nefna að Finnland gerir ráð fyrir að verða með u.þ.b. 20 manna fastanefnd.

VII.A.4 Þróun mála í Bosníu.

Í lok síðasta árs var viðbúnaður bandalagsins í Bosníu og Hersegóvínu dreginn saman um 30 þúsund hermenn og stöðugleikasveitir (SFOR) tóku við af friðaraðgerðaheraflanum (IFOR). Fámennari sveitum hefur tekist með ágætum að tryggja öryggi í landinu. Nú eru um 36 þúsund hermenn á vegum SFOR í Bosníu.

Allt frá undirritun Dayton-friðarsamkomulagsins síðla árs 1995 hefur verið linnulaus þrautaganga að fá deiluaðila til að standa við skuldbindingar sínar. Frá upphafi gekk vel að framfylgja ákvæðum samkomulagsins um hernaðarlega þætti, enda var herlið IFOR, meira en 60 þúsundir manna, ekki árennilegt. Erfiðara hefur hins vegar verið að sjá um hina borgaralegu þætti sem fylgja skyldu í kjölfar friðarsamninganna og lítill sem enginn árangur hefur náðst í að opna aðskilnaðarlínuna og mynda þannig forsendur fyrir raunverulegu samstarfi ólíkra þjóðernishópa milli afmarkaðra yfirráðasvæða.

SFOR leggur aðaláherslu á að fylgja eftir ákvörðunum utanríkisráðherrafundar samráðshóps Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Rússlands og Þýskalands frá því í vor. Þar var ákveðið að taka harðar á öllum brotum deiluaðila á skuldbindingum þeirra samkvæmt Dayton-friðarsamkomulaginu. Í samræmi við það hefur SFOR beitt valdi til að stöðva öfgaáróður af hálfu stjórnvalda Bosníu-Serba í Pale, sem var ætlað að egna óbreytta borgara til að beita ofbeldi gegn SFOR og fulltrúum alþjóðastofnana. Þá hefur SFOR verið á varðbergi gagnvart meintum stríðsglæpamönnum með það fyrir augum að taka þá höndum og framselja til alþjóðastríðsglæpadómstólsins í Haag. Þá hefur reynt mjög á SFOR að hafa eftirlit með því að deiluaðilar haldi ákvæði Dayton-friðarsamkomulagsins um takmarkanir á vopnaburði hers og lögreglu.

Rétt er að geta þess að SFOR hefur gegnt lykilhlutverki í að aðstoða Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) við undirbúning og framkvæmd kosninga í Bosníu og Hersegóvínu. Jafnframt hefur SFOR aðstoðað alþjóðalögregluliðið, alþjóðastríðsglæpadómstólinn, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðastofnanir sem taka þátt í framkvæmd hins borgaralega hluta Dayton-friðarsamkomulagsins. Mjög náið samráð er milli fulltrúa þessara stofnana og SFOR, auk þess sem forráðamönnum alþjóðastofnananna hefur margoft verið boðið til fundar með Norður-Atlantshafsráðinu í Brussel til að ræða einstaka þætti friðargæslunnar.

VII.A.5 Vísindasamstarf NATO.

Á vettvangi NATO fer fram víðtækt vísindasamstarf, bæði innan bandalagsins og Friðarsamstarfsins. Frá árinu 1992 hafa Geislavarnir ríkisins tekið þátt í umfangsmiklu verkefni á vegum bandalagsins fyrir hönd utanríkisráðuneytisins. Í verkefninu er fjallað um mengun sem berst langa vegu frá starfsemi og búnaði er tengist landvörnum. Í fyrri hluta verkefnisins, sem lauk árið 1995, var m.a. lögð áhersla á að safna upplýsingum um og meta hættu vegna förgunar geislavirks úrgangs í Barents- og Karahafi svo og mat á hættu á geislaleka frá kjarnorkukafbátnum Komsomolets er fórst við Bjarnarey 7. apríl 1989. Í síðari hluta verkefnisins, sem nú er að ljúka, hefur m.a. verið lögð áhersla á að meta hvernig geislavirk efni berast með vatnsföllum til sjávar. Í því sambandi beinist athyglin sérstaklega að rússnesku ánum Ob, Jenísej og Lena vegna kjarnorkuiðnaðar Rússa í Síberíu. Fulltrúi Geislavarna ritstýrir þessum hluta lokaskýrslu verkefnisins.

VII.B Vestur-Evrópusambandið (VES).

Tillögur um að sameina VES og Evrópusambandið (ESB) náðu ekki fram að ganga á ríkjaráðstefnu ESB í Amsterdam og bíður frekari umræða um það mál næstu ríkjaráðstefnu sambandsins. Samskipti VES og ESB verða hins vegar áfram treyst á sjálfstæðum grundvelli. Í júlí sl. var efnt til sérstaks ráðherrafundar VES í Brussel þar sem samþykkt var yfirlýsing um samstarf VES og ESB á grundvelli samþykkta ríkjaráðstefnunnar í Amsterdam. Verður yfirlýsing þessi hluti af fylgiskjölum með niðurstöðum ríkjaráðstefnunnar. Er hér sami háttur hafður á og í kjölfar ríkjaráðstefnu ESB í Maastricht árið 1993.

Tengsl VES við Atlantshafsbandalagið hafa styrkst á árinu. Á leiðtogafundi bandalagsins í Madríd í júlí 1997 var áréttað að efla samstarfið við VES. Fyrir liggur grundvallarsamkomulag um að VES geti fengið aðgang að tækjabúnaði og herstjórnarskipulagi Atlantshafsbandalagsins í friðargæslu- og mannúðarverkefnum undir evrópskri yfirstjórn. Slíkar aðgerðir undir stjórn VES koma helst til greina þegar svo háttar að hagsmunir Evrópuríkja eru í húfi án þess að eðlilegt þyki að bandalagið eigi sem slíkt beina aðild að aðgerðinni. Er nú unnið að nánara skipulagi þessarar samvinnu. M.a. er fyrirhugað að evrópskur næstráðandi yfirhershöfðingja Atlantshafsbandalagsins í Evrópu geti jafnframt haft með höndum yfirherstjórn aðgerða VES, undir pólitískri yfirstjórn fastaráðs VES.

Í apríl sl. var endanlega gengið frá samkomulagi í VES um að öll aukaaðildarríki og áheyrnaraðildarríki eigi fullan aðgang að allri umfjöllun um slíkar aðgerðir, þegar frá upphafi máls. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að þau ríki, sem ekki eru fullgildir aðilar að VES en eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Ísland, Noregur og Tyrkland, geti tekið fullan þátt í ákvörðunum um slík verkefni og haft áhrif á hvernig búnaði og herliði bandalagsins er beitt á vegum VES.

Náið samstarf VES og Atlantshafsbandalagsins er mjög mikilvægt til að tryggja samnýtingu herja og alls skipulagsstarfs. Þannig er komið í veg fyrir tvíverknað og óþarfa sóun. Jafnframt fæst betri trygging fyrir því að styrking Evrópustoðar bandalagsins eigi sér stað innan Atlantshafsbandalagsins og treysti þannig innviði þess.

Hlutverk VES sem tengiliðar milli Atlantshafsbandalagsins og ESB hefur styrkst, auk þess sem innviðir VES hafa verið efldir. Voru þetta meginviðfangsefni utanríkisráðherrafunda VES í Ostende í Belgíu í nóvember 1996 og í París í maí 1997. Á Parísarfundinum var samþykkt fimm ára áætlun um sameiginlegar heræfingar VES. Einnig var ákveðið að stofna hermálanefnd sem verði ráðgefandi fyrir fastaráð VES. Gert er ráð fyrir að starfsreglur fyrir hermálanefndina verði lagðar fyrir næsta ráðherrafund VES sem haldinn verður í Erfurt í Þýskalandi í nóvember 1997.

VII.C Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE).

Á undanförnum áratugum hefur ÖSE (og áður RÖSE) starfað ötullega að mannréttindamálum og skipan öryggismála Evrópu. ÖSE er eina altæka öryggisstofnun Evrópu og er starfssvið stofnunarinnar afar viðamikið. Innan vébanda ÖSE er unnið að mörgum þáttum alþjóðamála sem tengjast öryggismálum, þar með talið afvopnunarmálum, fyrirbyggjandi aðgerðum, aðgerðum til að efla traust og öryggi, mannréttindamálum, kosningaeftirliti og efnahagslegu öryggi.

ÖSE er svæðisstofnun samkvæmt skilgreiningu VII. kafla Stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og sem slík getur hún tekið að sér verkefni í umboði þeirra. Stofnunin gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að viðvörunum, fyrirbyggjandi aðgerðum og áhættustjórnun til varnar eða lausnar átaka á því svæði sem hún tekur til. Ábyrgð og mikilvægi ÖSE hefur komið hvað berlegast í ljós í Bosníu þar sem stofnunin hefur haft það vandasama og erfiða hlutverk að hafa

eftirlit með kosningum og mannréttindamálum og hefur stutt við og jafnvel komið á viðræðum milli fyrrverandi stríðandi fylkinga um þætti er tengjast framkvæmd friðarsamninganna.

Veigamestu viðfangsefni ÖSE á þessu ári hafa verið Bosnía og Hersegóvína og Albanía. Með aðstoð alþjóðlegs herliðs hefur í báðum löndunum tekist að stilla til friðar og efna til almennra þingkosninga. Einnig hefur ÖSE tilnefnt fulltrúa eða ýmiss konar sendinefndir til að aðstoða við lausn deilumála á fjölmörgum öðrum stöðum um austanverða álfuna, hvort heldur er í Júgóslavíu eða Sovétríkjunum fyrrverandi. Starfa slíkir fulltrúar á vegum ÖSE nú að málamiðlun í Króatíu, Serbíu, Kosovo/Sandjak/Vojvodínu, Skopje/Makedóníu, Eistlandi, Lettlandi, Hvíta-Rússlandi, Moldóvu, Úkraínu, Georgíu, Tsjetsjníu, Nagorno-Karabakh, Úsbekistan og Tadsjikistan. Kjörinn formaður ÖSE á árinu 1997 er utanríkisráðherra Danmerkur. Pólverjar taka við formennskunni næsta ár en Norðmenn munu gegna formennsku árið 1999. Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu, hafa lagt sérstaka rækt við starfsemi ÖSE.

Þegar litið er á heildarfyrirsvar Íslands erlendis, einkanlega hjá alþjóðlegum stofnunum, stingur hinn auði stóll Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnuninni í Vínarborg mjög í augun. Mikilvægt er að koma fyrirsvari Íslands hjá ÖSE í sómasamlegt horf í ljósi vaxandi vægis stofnunarinnar í öryggisfyrirkomulagi Evrópu, en Ísland hefur nú minna fyrirsvar hjá ÖSE en smæstu ríki álfunnar. Nú er svo komið að aðildarríkin eru orðin 55, auk 7 samstarfsríkja. Af þessum ríkjum hafa einungis Andorra og Ísland enga fasta viðveru í Vín. Það hefur verið yfirlýst stefna utanríkisráðuneytisins undanfarin tvö ár að endurreisa fyrirsvar Íslands hjá ÖSE, en ekki hefur orðið af framkvæmd við afgreiðslu fjárlaga.

VII.C.1 Samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE).

Samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu er einn mikilvægasti afvopnunarsamningur sem gerður hefur verið. Hann var undirritaður 19. nóvember 1990 af þáverandi aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins (16) og Varsjárbandalagsins (6) og er eini fjölþjóðlegi afvopnunarsamningurinn til þessa sem leitt hefur til raunverulegs niðurskurðar vopnabúnaðar, skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotaliðsvopna, árásarþyrlna og orrustuflugvéla. Með samningnum var stefnt að jöfnuði milli bandalaganna tveggja á samningssvæðinu, Evrópu allri, allt austur til Úralfjalla. Við sameiningu Þýskalands, aðskilnað Tékka og Slóvaka og upplausn bæði Varsjárbandalagsins og Sovétríkjanna hefur aðildarríkjum samningsins fjölgað úr 22 í 30, þar sem Rússland, Hvíta-Rússland, Úkraína, Moldóva, Georgía, Armenía, Aserbaídsjan og Kasakstan tóku við og gengust undir skuldbindingar Sovétríkjanna.

Allt þetta ár hafa staðið samningaviðræður í Vínarborg í samráðsnefnd (JCG) aðildarríkjanna þrjátíu um aðlögun samningsins að gjörbreyttum aðstæðum í álfunni síðustu sjö árin. Stefnt er að því að ljúka þeim fyrir mitt næsta ár.

VII.D Evrópuráðið.

Hlutverk Evrópuráðsins hefur vaxið að mikilvægi eftir lok kalda stríðsins en hornsteinninn í starfsemi þess er efling og varðveisla mannréttinda ásamt styrkingu lýðræðisþróunar í aðildarríkjunum. Ríki Evrópuráðsins hafa á undanförnum árum lagt aukna áherslu á þátttöku í starfsemi þess og er starf ráðsins einkar mikilvægt nú vegna aðlögunar ríkja í Mið- og Austur-Evrópu að vestrænum samfélags- og stjórnarháttum sem grundvallast á lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum.

Íslensk stjórnvöld hafa fylgst vel með þessari þróun mála og leggja því enn frekar áherslu á virka þátttöku í starfsemi Evrópuráðsins. Af þessum sökum og í ljósi þess að eftir rösklega eitt og hálft ár fellur það í fyrsta sinn í hlut Íslands að fara með formennsku í ráðherranefnd

Evrópuráðsins, var ákveðið að efla fyrirsvar Íslands á vettvangi ráðsins. Í sumar tók til starfa fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu undir stjórn sendiherra með búsetu á staðnum.

Nýafstaðinn fundur leiðtoga Evrópuráðsríkjanna samþykkti sérstaka yfirlýsingu ásamt aðgerðaáætlun sem tekur mið af breyttu hlutverki Evrópuráðsins. Aðgerðaáætlunin nær til fimm meginþátta en þeir eru lýðræði og mannréttindi, félagsmál í víðu samhengi, öryggi borgara, lýðræðisleg gildi og margbreytilegur menningararfur og loks breytingar á starfsemi og vinnuáætlun Evrópuráðsins sem m.a. fela í sér nýtt skipulag varðandi eftirlit með skuldbindingum aðildarríkja.

Merkast nýmæla undir fyrsta meginþættinum er vafalítið ný skipan mannréttindadómstóls Evrópu sem tekur til starfa 1. nóvember á næsta ári. Í tengslum við það er ráðgert að stofna embætti sérstaks umboðsmanns mannréttinda. Íslensk stjórnvöld styðja heils hugar þessi framfaraskref og leggja áherslu á skilvirkara eftirlitshlutverk Evrópuráðsins á sviði mannréttinda. Mikilvægt er að stækkun ráðsins leiði ekki til lakari mælikvarða á þessu sviði þar sem virðing fyrir mannréttindum er órjúfanlegur hluti af öryggi og jafnvægi í Evrópu.

VII.E Varnarsamstarfið.

Ísland hefur í tæplega fimm áratugi byggt varnir sínar og öryggi á tveimur stoðum, aðildinni að Atlantshafsbandalaginu (1949) og tvíhliða varnarsamningi við Bandaríkin (1951) sem er grundvallaður á Norður-Atlantshafssamningnum, stofnsamningi Atlantshafsbandalagsins. Lok kalda stríðsins og stóraukið samráð ríkja, sem áður voru andstæðingar, hafa lagt grunninn að nýskipan öryggismála í Evrópu sem byggir á samstarfi og samráði. Þessi þróun hefur styrkt öryggi Íslands og annarra ríkja í þessum heimshluta. Að Íslandi beinist engin bein hernaðarógn í dag. Engu að síður eru margir óvissuþættir hvað varðar þróun öryggismála í Evrópu, sem fyrst og fremst má rekja til þess að enn er talsvert í land hvað varðar þróun lýðræðis, félags- og efnahagsmála og hermála víða í álfunni. Staðbundin átök eiga sér enn stað í Evrópu og forsendur frekari átaka eru því miður enn fyrir hendi. Þá hafa nýjar hættur orðið áberandi á undanförnum árum og ber þar hæst alþjóðlega glæpastarfsemi og hættuna á útbreiðslu hvers kyns ógnarvopna.

Í grundvallaratriðum hafa ekki skapast þær aðstæður í öryggismálum að ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi varnarmála landsins. Varnarsamningurinn og aðildin að Atlantshafsbandalaginu, hornsteini öryggis og stöðugleika í Evrópu, verða áfram meginstoðirnar í vörnum Íslands. Þar eru meginmarkmið þau sömu og verið hefur:

— að tryggja sjálfstæði og fullveldi íslenska lýðveldisins í lofti, á láði og legi samkvæmt stjórnarskránni,
— að tryggja að siglinga- og samgönguleiðir til og frá landinu séu ávallt opnar og greiðar,
— að tryggja varnir landsins gegn hugsanlegum ógnunum eða árásum með áframhaldandi aðild að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningi við Bandaríkin, sem stuðla að varðveislu sameiginlegra öryggishagsmuna bandalagsþjóðanna og bættum samskiptum þjóða í millum,
— að tryggja að æðstu stjórn ríkisins, stjórnkerfi og stofnunum verði gert kleift að starfa eðlilega á hættu- og ófriðartímum.

Örar breytingar í alþjóðamálum kalla hins vegar á sífellda skoðun á varnarþörfum landsins. Ekki er því að neita að stöðugur þrýstingur er af hálfu Bandaríkjanna á sparnað og hagkvæmni í rekstri varnarstöðvarinnar. Einnig hefur niðurskurður í herafla Bandaríkjanna, samfara auknu álagi vegna aukinna átaka víða um heim, sérstaklega í Bosníu og Hersegóvínu, leitt til þess að heraflaþörf er gífurleg og jafnvel svo að yfirstjórn hersins hefur beint athygli að tækjabúnaði í varnarstöðinni í því samhengi. Á undanförnum árum hefur af þessum ástæðum

átt sér stað veruleg aðlögun starfsemi varnarliðsins á Íslandi. Fyrsta skrefið í þessa átt var tekið með sérstakri bókun við varnarsamninginn í ársbyrjun 1994. Þessi bókun var síðan endurskoðuð og ný bókun gerð 9. apríl 1996. Í þeirri bókun var mikilvægi varnarsamningsins áréttað og staðfestur sá varnarviðbúnaður sem nú er í varnarstöðinni. Gildistími bókunarinnar er til 2001.

Varnarsamningurinn og bókunin eru virkir samningar. Það er því afar mikilvægt þegar nær dregur aldamótum að Ísland taki sjálfstæða afstöðu til þess hver varnarþörf landsins skuli vera til lengri tíma litið. Á sama tíma er Atlantshafsbandalagið að taka miklum breytingum bæði vegna stækkunarinnar og innri aðlögunar starfseminnar í ljósi nýrra aðstæðna. Tvær meginforsendur slíks mats hljóta því að vera trúverðugar varnir landsins og framlag þeirra til stöðugleika og meira öryggis fyrir Evrópu alla. Það er skylda hvers ríkis í Evrópu að leggja sitt af mörkum til þess að festa í sessi nýtt fyrirkomulag öryggismála álfunnar og þar með efla öryggi og stöðugleika í þessum heimshluta.

VII.E.1 Atlantshafsbandalagið og varnir Íslands.

Af legu landsins leiðir að Ísland hefur verið og er enn mikilvægur hlekkur í varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Sú aðstaða sem Ísland lætur bandalaginu í té er framlag landsins til sameiginlegra varna þess. Það er mikilvægt til að tryggja öruggar flutningaleiðir yfir Atlantshafið og gegnir Keflavíkurstöðin enn lykilhlutverki í hugsanlegum liðs- og birgðaflutningum yfir hafið. Ísland gegnir enn mikilvægu hlutverki í öllu eftirliti með hernaðarlegri umferð á Norður-Atlantshafi. Hvergi í heiminum er að finna jafnmikið af vígbúnaði og á Kólaskaga og norðurfloti Rússlands er öflugasti floti í þessum heimshluta. Einnig er mikilvægt að allir kjarnavopnakafbátar Rússlands eru nú í herstöðvum á Kólaskaga. Það hlýtur því að vera Íslendingum afar mikilvægt að samvinna Atlantshafsbandalagsins og Rússlands á hernaðarsviðinu aukist hröðum skrefum. Á sama hátt hljóta Íslendingar að leggja mikla áherslu á að Rússland fullnægi sem fyrst ákvæðum START II samningsins um niðurskurð kjarnavopna þannig að Bandaríkin og Rússland geti sem fyrst hafist handa við að semja um frekari niðurskurð þessara vopna, svonefndan START III samning. Þetta eru afar mikilvægir samningar, sérstaklega í ljósi þeirrar umhverfisvár, sem stafar af þessum vígbúnaði á svæðunum norður af Íslandi.

Samfara stækkun Atlantshafsbandalagsins hefur mikil áhersla verið lögð á svonefnda innri aðlögun þess og eru nú horfur á að takist að ljúka henni á varnarmálaráðherrafundi bandalagsins í desember. Þessi aðlögun er í stórum dráttum þríþætt, í fyrsta lagi aðlögun herstjórnarkerfisins, í öðru lagi framkvæmd sveigjanlegs herstjórnarkerfis (CJTF) og í þriðja lagi uppbygging Evrópskrar öryggis- og varnarstoðar (ESDI) innan NATO.

Aðlögun herstjórnarkerfisins hefur einkum miðað að því að einfalda skipulagið í ljósi breytinganna á öryggisumhverfi Evrópu frá lokum kalda stríðsins. Er um að ræða fækkun stjórnstöðva og endurskipulagningu með það að markmiði að ná fram betri nýtingu og sparnaði án þess þó að það bitni á skilvirkni og gæðum varna. Búið er að leysa þá þætti er lúta að Keflavíkurstöðinni innan herstjórnarkerfisins, en nokkur mál eru óleyst er varða skipulag þess á meginlandinu, t.d. hvað varðar Spán og Portúgal og viðkvæm deilumál Bandaríkjanna og Frakklands um æðstu yfirstjórn suðursvæðisins.

Sveigjanlegt herstjórnarkerfi er að meginhluta breyting á skipulagi þannig að nýta megi búnað og mannafla bandalagsins til annarra verkefna en beinna varna, svo sem friðargæslu, aðgerða utan bandalagsins o.fl. Hefur undirbúningur gengið mjög vel og sú reynsla sem bandalagið hefur fengið með friðaraðgerðum í Bosníu verið ómetanleg.

Uppbyggingu Evrópustoðarinnar innan NATO hefur einnig miðað vel. Tekist hefur að leysa velflest mál er varða nýtingu búnaðar NATO í aðgerðum sem Evrópuríki munu leiða undir formerkjum Vestur-Evrópusambandsins. Þegar hefur verið ákveðið að setja á stofn embætti DSACEUR[1] sem mun þá leiða þær aðgerðir sem verða undir forræði VES og nýta búnað NATO. Verður það Evrópumaður, en SACEUR[2] mun áfram verða Bandaríkjamaður. Enn eru þó ýmis stórmál óleyst og ber þar einkum að geta um fyrrnefndar deilur Frakka og Bandaríkjamanna um yfirstjórn suðurhluta herstjórnarsvæðisins, en Frakkar hafa sótt mjög fast að yfirmaður þar verði evrópskur. Hingað til hafa Bandaríkjamenn haft þar yfirstjórn, enda fellur Miðjarðarhafsfloti Bandaríkjamanna undir þá stjórn. Bandaríkjamenn hafa eindregið lagst gegn þessum hugmyndum Frakka og hefur Ísland stutt Bandaríkin. Ljóst er nú að Frakkland mun ekki láta sverfa til stáls í þessu máli, en hins vegar leiðir það til frestunar á endurinngöngu Frakklands í herstjórnarkerfi bandalagsins.

Vegna hinna öru breytinga hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins í samvinnu við fastanefnd Íslands hjá NATO fylgst náið með þróun varnarmálasamstarfsins innan Atlantshafsbandalagsins. Við stækkun bandalagsins í austur er afar mikilvægt að tryggt verði að ekki myndist eyður í hið sameiginlega varnarkerfi bandalagsins. Því hefur verið lögð áhersla á að sækja reglubundna varnarmálaráðherrafundi og herráðsforingjafundi bandalagsins. Það er mikilvægt fyrir Ísland að sýna ábyrga afstöðu þegar kemur að ákvarðanatöku um varnarstefnu bandalagsins, herfræðilega framkvæmd hennar og þá þætti er tengjast þátttöku í Friðarsamstarfinu.

Innan Friðarsamstarfsins hefur Ísland leitast við að leggja sitt af mörkum. Boð utanríkisráðherra um að halda almannavarnaæfinguna Samvörð 97 markaði að þessu leyti þáttaskil í starfi Íslands innan bandalagsins. Meginmarkmið Samvarðar 97 var samvinna borgaralegra stofnana og herja, en bandalagið hefur lagt á það áherslu að miðla af reynslu sinni af slíkri samvinnu til samstarfsríkjanna.

VII.E.1.a Samvörður 97.

Með Samverði 97 voru æfð viðbrögð við öflugum jarðskjálfta á suðvesturhorni landsins. Miðað var við að stjórnkerfi landsins væri starfhæft en sökum umfangs afleiðinga skjálftans væri kallað til fjölþjóðlegt hjálparlið undir merkjum Friðarsamstarfsins sem kæmi til aðstoðar íslenskum almannavarnayfirvöldum við björgunarstörf. Þannig var lögð meginálhersla á samhæfingu starfsemi innlendra og erlendra hjálparsveita svo og samhæfingu stjórnkerfis Friðarsamstarfsins og Almannavarna ríkisins. Þátttakendur í æfingunni voru ríflega 1500 manns frá 18 löndum, þar af tæplega 1000 íslenskir björgunar- og hjálparsveitarmenn. Flestir erlendu þátttakendurnir komu frá samstarfsríkjum í Austur-Evrópu. Sérstaklega var öflug þátttaka Eystrasaltsríkjanna athyglisverð. Æfingin markaði tímamót að því leyti að nú tóku Rússar þátt í friðarsamstarfsæfingu í fyrsta sinn og var þátttaka þeirra sérstaklega glæsileg.

Skipulag og undirbúningur æfingarinnar var í höndum Almannavarna ríkisins í samvinnu við utanríkisráðuneytið og Atlantshafsbandalagið. Framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins,

---

[1] DSACEUR – Deputy Supreme Allied Commander Europe, ísl. þýð.: Aðstoðaryfirmaður sameiginlegs herafla NATO í Evrópu.

[2] SACEUR – Supreme Allied Commander Europe, ísl. þýð.: Yfirmaður sameiginlegs herafla NATO í Evrópu.

Sólveig Þorvaldsdóttir, var stjórnandi æfingarinnar og markaði þáttaskil í stuttri en þróttmikilli sögu Friðarsamstarfsins með því að vera fyrsti óbreytti borgarinn til að stjórna æfingu á vegum þess.

Eitthvert mikilvægasta framlagið til æfingarinnar kom frá íslenskum hjálpar- og björgunarsveitarmönnum sem lyftu grettistaki með ómældu og óeigingjörnu sjálfboðaliðsstarfi við undirbúning verkefna æfingarinnar, eftirliti með framkvæmd hennar og allri annarri þátttöku sinni í æfingunni sjálfri. Óhætt er að segja að þetta hafi vakið sérstaka athygli erlendu samstarfsaðilanna og eiga allir hlutaðeigandi miklar þakkir skildar fyrir framlag sitt.

Í heild verður að telja að æfing þessi hafi tekist mjög vel. Björgunarfólki frá friðarsamstarfslöndunum gafst gott tækifæri til að kynnast starfsháttum og tækjum annarra og æfingin gaf dýrmæta reynslu af samstarfi og samhæfingu þessara aðila að verkefnum á ögurstundu. Það er mat yfirstjórnar Atlantshafsbandalagsins að æfingin hafi verið afar þýðingarmikið framlag Íslands til Friðarsamstarfsins og þar með til friðarferlisins í Evrópu. Þegar hefur verið lýst yfir gagnkvæmum vilja til að koma á reglulegri þátttöku Íslands í æfingum á vegum Friðarsamstarfsins og er af hálfu utanríkisráðherra horft til þess að halda megi æfingu af líkum toga aftur innan nokkurra ára og jafnvel reglulega upp frá því.

VII.E.1.b Vinnuráðstefna um lýðræðislega stjórnun varnarmála.

Með vísun í Friðarsamstarfið tók utanríkisráðuneytið þátt í því í samvinnu við virta alþjóðlega rannsóknarstofnun, Institute for East-West Studies, að skipuleggja hér á landi í septemberbyrjun vinnuráðstefnu fyrir háttsetta borgaralega embættismenn frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu um fyrirkomulag varnarmála og lýðræðislega stjórnun herja í lýðræðisríkjum. Þátttakendur voru ráðuneytisstjórar og háttsettir embættismenn frá varnarmálaráðuneytum Eistlands, Lettlands, Litháen, Póllands, Rúmeníu, Tékklands, Ungverjalands og Úkraínu. Fyrirlesarar voru embættismenn og fræðimenn frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Sviss, Svíþjóð, Atlantshafsbandalaginu, VES og Íslandi. Ráðstefnuna, sem haldin var í Hveragerði, sóttu alls 35 manns og þótti hún takast afar vel. Ráðstefna sem þessi er frekari áréttting á möguleikum Íslands til að leggja sitt af mörkum til þeirrar jákvæðu öryggismálaþróunar sem nú á sér stað í Evrópu.

VII.E.2 Norrænt varnarmálasamstarf.

Norrænt varnarmálasamstarf hefur aukist að undanförnu. Varnarmálaráðherrar Norðurlanda funda nú tvisvar á ári. Þá er einnig haldinn fundur með varnarmálaráðherrum Eystrasaltsríkjanna og varnarmálaráðherra Rússlands. Ísland hefur sótt þessa fundi sem áheyrnaraðili. Það er ljóst að þessi norræni samstarfsvettvangur mun eflast enda eru samskipti Norðurlanda á sviði varnarmála orðin veruleg með þátttöku þeirra allra í Evró-Atlantshafssamstarfsráðinu, Friðarsamstarfinu og innan Vestur-Evrópusambandsins. Sérstaklega er þetta samstarf í sókn á sviði friðargæslu og ákváðu ráðherrarnir á fundi sínum á Grænlandi sl. vor að auka samstarfið á þessu sviði. Má þar nefna norrænu-pólsku friðargæslusveitina í Bosníu og Hersegóvínu og samstarf um alþjóðlega friðargæslu (Nordic Coordinated Arrangement for Military Peace Support – NORDCAPS), en það felst í samnorrænu átaki á þessu sviði þar sem markmiðið er að koma á fót sérstakri friðargæslusveit Norðurlanda, og það jafnvel svonefndum hraðsveitum, sem Sameinuðu þjóðirnar hefðu aðgang að með fárra daga fyrirvara.

VII.E.3 Varnarsamstarfið við Bandaríkin.

VII.E.3.a Varnarmálaskrifstofa.

Árið 1952 var skipuð sérstök nefnd, varnarmálanefnd, til að fjalla um varnarsamninginn. Árið 1953 voru öll mál er snerta varnarsamninginn og framkvæmd hans færð til utanríkisráðherra og til þeirra verkefna stofnuð sérstök deild í ráðuneytinu, varnarmáladeild, sem starfaði til 1985 þegar deildin var gerð að skrifstofu innan ráðuneytisins, en nefndin hefur starfað áfram sem vettvangur til að færa formlega til bókar ýmis atriði varðandi varnarsamstarfið.

Meginverkefni varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins er framkvæmd varnarsamningsins frá 1951 og viðbætisins, sbr. lög nr. 110/1951, svo og stjórnsýsla innan varnarsvæðanna, sbr. lög nr. 106/1954 og auglýsingu nr. 96/1969. Skrifstofan sér um dagleg samskipti við yfirstjórn varnarliðsins, hefur milligöngu um og umsjón með samskiptum varnarliðsins og íslenskra aðila og fer með yfirstjórn ríkisstofnana að því leyti sem þær starfa innan varnarsvæðanna. Stjórnsýsla varnarmálaskrifstofu tekur því til lögreglumála, dómsmála, tollamála, póst- og símamála, flugmála, málefna flugstöðvar, ratsjárstöðvamála, heilbrigðismála, umhverfismála og byggingarmála, félagsmála, málefna verktaka á varnarsvæðum og viðskiptaaðila varnarliðsins og til allra annarra þeirra mála er af dvöl varnarliðsins hér á landi leiðir.

Grundvöllur framangreinds fyrirkomulags er að stór hluti þessarar stjórnsýslu felur í sér bein samskipti við stjórnvöld Bandaríkjanna í gegnum varnarliðið. Þessi samskipti eru því í eðli sínu milliríkjasamskipti og eiga samsvörun sína í samskiptum sendiráða við stjórnvöld móttökuríkja hvar sem er í heiminum. Nauðsynlegt er að stjórnvöld mæli einni röddu gagnvart erlendum ríkjum. Það breytir því þó ekki að ein lög gilda í landinu, innan sem utan varnarsvæðanna, og hefur utanríkisráðuneytið náið og gott samstarf við hlutaðeigandi fagráðuneyti um úrlausn einstakra mála innan varnarsvæðanna og tryggir þannig að stjórnsýsla þess innan varnarsvæða sé í samræmi við stjórnsýslu viðkomandi fagráðuneyta utan þeirra.

Auk þessara verkefna hefur skrifstofunni verið falin upplýsingaöflun um herfræðileg og hertæknileg málefni, þannig að hægt sé að leggja hlutlægt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna. Varnarmálaskrifstofa sinnir einnig samráði við önnur ríki um varnarmál. Á árinu voru haldnir samráðsfundir með Bandaríkjunum og Bretlandi og fyrirhugaðir eru fundir með Noregi og Danmörku á þessu sviði.

VII.E.3.b Framkvæmd varnarsamningsins og varnarliðið.

Hinar stórtæku öryggispólitísku breytingar í Evrópu hafa leitt til þess að á sl. fimm árum hefur dregið verulega úr starfsemi varnarliðsins í varnarstöðinni. Hafa þessar breytingar verið grundvallaðar á sameiginlegu mati Íslands og Bandaríkjanna á nýjum og breyttum aðstæðum. Hefur þetta mat verið staðfest með samkomulagi ríkjanna um framkvæmd varnarsamningsins, fyrst með samkomulagi frá 4. janúar 1994 og síðan framhaldssamkomulagi, sem undirritað var 9. apríl 1996. Meginatriðin í samkomulaginu frá 1996 eru þessi:

— Ítrekaðar eru skuldbindingar beggja ríkjanna um varnir Íslands á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og aðildar að Atlantshafsbandalaginu, og staðfest er áframhaldandi vera varnarliðs Bandaríkjanna í varnarstöðinni. Áréttað er áframhaldandi náið samstarf í öryggis- og varnarmálum, bæði tvíhliða og innan Atlantshafsbandalagsins.
— Kveðið er á um að varnarviðbúnaður verði óbreyttur frá því sem ákveðið var í samkomulagi ríkjanna frá 1994. Í því felst m.a. að aldrei verða færri en fjórar orrustuþotur staðsettar á Íslandi. Rekstur þyrlubjörgunarsveitar varnarliðsins verður óbreyttur og mun hún veita sömu þjónustu og áður. Heræfingin Norður-Víkingur verður haldin á tveggja ára fresti með áherslu á að laga varnarsveitir og varnaráætlanir sem best að ríkjandi aðstæðum hér á landi.

— Áhersla er lögð á að áfram verði unnið að því að draga úr kostnaði vegna reksturs varnarstöðvarinnar og hefur verið sett á stofn sérstök nefnd embættismanna sem vinnur að því verkefni.
— Staðfestur er ásetningur ríkjanna um aðlögun fyrirkomulags verktöku fyrir varnarliðið að breyttum aðstæðum. Árið 1998 verður metin reynslan af útboðum á framkvæmdum á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins og þjónustuverkefnum fyrir varnarliðið. Á grundvelli þess mats verða síðan settar reglur um samkeppnisútboð vegna allra byggingarframkvæmda og viðhaldsverkefna fyrir varnarliðið. Samkomulagið gerir ráð fyrir að eitt verkefni verði boðið út á almennum markaði samkvæmt þessum reglum árið 1999 og tvö verkefni árið 2000. Síðan fari verkefni í áföngum í útboð og að full samkeppni verði komin á varðandi öll verkefni í janúar 2004.
— Samkomulagið gildir til fimm ára.

Þessi aðlögun að nýjum aðstæðum hefur þegar haft mikil áhrif á mannafla og búnað í varnarstöðinni. Varnarliðsmönnum hefur fækkað um þriðjung, en þeir voru um 3.000 árið 1992 og eru nú um 2.000. Ef taldar eru með fjölskyldur varnarliðsmanna eru nú um 4.500 Bandaríkjamenn í varnarstöðinni. Þá er rétt er að nefna að á sama tíma hefur fjöldi íslenskra starfsmanna varnarliðsins haldist mikið til óbreyttur eða alls um 900 manns.

Á sama tímabili hefur varnarviðbúnaður dregist verulega saman. Með bókuninni frá 1994 var orrustuþotum fækkað úr 12 í 4–5, en flestar voru hér 18 flugvélar. Kafbátaleitarflugvélum hefur fækkað umtalsvert, úr 9 í 6. Mikilvægt er að hafa í huga að ein kafbátaleitarflugvélanna er hollensk og er ekkert sjálfgefið um framhald viðveru þeirrar flugvélar.

VII.E.3.c Norður-Víkingur 97.

Hin reglubundna varnaræfing Norður-Víkingur var haldin í byrjun ágúst 1997, í beinu framhaldi af almannavarnaæfingunni Samverði 97 sem fjallað er um hér að framan. Það eru þó engin skipulags- eða stjórnunartengsl á milli æfinganna en hluti búnaðar og mannafla kom við sögu í þeim báðum.

Með Norður-Víkingi 97 voru æfðir liðs- og birgðaflutningar til Íslands á hættutímum, æfð framkvæmd varnaráætlana fyrir Ísland og æfðar varnir hernaðarlega mikilvægra staða, en að þessu sinni urðu virkjanir við Sog fyrir valinu sem vettvangur þess hluta æfingarinnar. Alls voru þátttakendur á æfingunni um 3.500 talsins. Auk bandarískra heraflans tóku Holland (orrustuflugvélar) og Noregur (sérsveitarhermenn og kafbátur) þátt í æfingunni.

Í tengslum við æfinguna, eins og á Norður-Víkingsæfingum síðan 1991, tóku hinar öflugu flutningaþyrlur Bandaríkjahers að sér ýmis verkefni fyrir íslenska aðila. Má þar nefna flutninga á neyðarskýlum fyrir Slysavarnafélagið og fjarskiptaendurvarpa fyrir björgunarsveitir og verkefni fyrir Náttúruverndarráð og ferðafélög, auk hreinsunarverkefnis fyrir umhverfisráðuneytið.

VII.E.3.d Rekstur varnarliðsins.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það á undanförnum árum að ná fram sparnaði í rekstri varnarliðsins. Auk sparnaðaraðgerða varnarliðsins sjálfs hefur sérstök nefnd ríkjanna beggja unnið að tillögum um þau mál. Á árinu 1997 er talið að framkvæmdir á vegum varnarliðsins nemi 3 milljörðum króna, kaup þess á vörum og þjónustu nemi um 2 milljörðum króna og greidd laun til íslenskra starfsmanna nemi rúmum 2 milljörðum, eða alls 7 milljörðum króna.

VII.E.3.e Viðskipti við varnarliðið og verktökustarfsemi.

Á síðustu árum hafa útgjöld til varnarmála dregist talsvert saman í Bandaríkjunum. Þetta hefur eðlilega haft áhrif á umsvif varnarliðsins hér á landi, sem einkum hefur birst í því að fækkað hefur verulega í flughernum á Keflavíkurflugvelli og nýframkvæmdir kostaðar af Bandaríkjamönnum heyra nú nánast sögunni til. Einu nýju framkvæmdirnar, sem ráðist er nú í á Keflavíkurflugvelli og teljast hernaðarlegs eðlis, eru framkvæmdir kostaðar af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Þær framkvæmdir hafa einnig minnkað verulega í samanburði við umsvif síðasta áratugar. Þær verklegu framkvæmdir, sem nú eru stundaðar á varnarsvæðunum, eru nánast eingöngu viðhaldsverkefni en þær framkvæmdir nema um 30 milljónum Bandaríkjadollara á ári.

Umfangsmiklar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi viðskipta íslenskra fyrirtækja við varnarliðið og verktöku á síðustu tveimur árum. Að frátöldum launagreiðslum til íslenskra starfsmanna varnarliðsins og greiðslum fyrir verklegrar framkvæmdir kaupir varnarliðið vöru og þjónustu af íslenskum aðilum fyrir um tvo milljarða króna á ári. Fyrirkomulag þessara viðskipta hafði lengi legið undir gagnrýni fyrir ógagnsæi, að þau samrýmdust ekki eðlilegum viðskiptaháttum, að sami aðili annaðist þau árum og áratugum saman og möguleikar annarra fyrirtækja til að keppa um þau á jafnréttisgrundvelli væru takmarkaðir.

Í náinni samvinnu við varnarliðið hefur tekist að gerbreyta þessu fyrirkomulagi og stór hluti þessara viðskipta er nú boðinn út af varnarliðinu að undangengnu forvali sem utanríkisráðuneytið annast. Á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því að þetta nýja fyrirkomulag var innleitt hafa viðskipti af þessu tagi fyrir um 500 milljónir króna verið boðin út. Hafa ber hins vegar í huga að margir af stærstu þjónustuviðskiptasamningum varnarliðsins við íslenska aðila geta ekki farið fram á grundvelli útboðs vegna sérstöðu þeirra viðskipta, svo sem orkukaup og síma- og fjarskiptaþjónusta.

Samhliða breytingum á fyrirkomulagi þjónustu- og vörukaupa varnarliðsins hafa verulega breytingar á fyrirkomulagi verklegra framkvæmda verið innleiddar. Verklegar framkvæmdir kostaðar af Mannvirkjasjóði NATO eru nú boðnar út en áður var þessum verkum úthlutað til Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka. Þá hefur með samkomulagi íslenskra og bandarískra stjórnvalda frá því á árinu 1996 verið ákveðið að allar aðrar verklegrar framkvæmdir, þ.e. þær sem kostaðar eru af Bandaríkjastjórn, skuli boðnar út í áföngum, fyrst 1999, og verktakan gefin að fullu frjáls frá og með ársbyrjun 2004.

VII.E.4 Stjórnsýsla innan varnarsvæðanna.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi varnarmálaskrifstofu á síðustu árum. Með tilkomu stjórnsýslulaga og nú síðast upplýsingalaga hefur stjórnsýslu hennar, jafnt sem annarra stjórnvalda, verið markaður nýr farvegur. Jafnhliða því hefur samráð við fagráðuneytin verið stóraukið til að tryggja að framkvæmd stjórnsýslunnar verði einsleit innan sem utan varnarsvæða. Umfang þessa þáttar í starfsemi skrifstofunnar hefur sökum nýrra vinnuaðferða aukist verulega en að sama skapi ríkir nú meiri sátt um mörg málefni en áður. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu málefnaflokkum sem fengist er við, eftir atvikum í tengslum við stutta greinargerð um starfsemi undirstofnana ráðuneytisins innan varnarsvæðanna.

VII.E.4.a Umhverfis- og skipulagsmál á varnarsvæðum.

Á sviði skipulags- og umhverfismála starfar sérstök skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd fyrir varnarsvæðin. Nefndin fer með það hlutverk sem samnefndum nefndum innan sveitarfélaga er annars falið, svo og samráð, bæði við varnarliðið og nágrannasveitarfélög. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sér um eftirlit á starfssviði sínu innan varnarsvæðanna undir

yfirstjórn ráðuneytisins. Utan varnarsvæðanna heyrir starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins undir viðeigandi fagráðuneyti og er það styrkur fyrir starfsemi þess innan varnarsvæðanna þar sem það auðveldar mjög faglegt samráð við viðeigandi fagráðuneyti. Þennig hefur tekist að tryggja nauðsynlega fagþekkingu innan þessara málaflokka þar sem nauðsynlegt er að hafa þekkingu á bæði innlendum reglum og stöðlum auk bandarískra. Meginreglan er sú að þær reglur sem ganga lengra gilda, nema fyrirhuguð notkun mannvirkja í þágu varna landsins krefjist annars.

Breytingar á umsvifum varnarliðsins hafa leitt til skila á varnarsvæðum og nokkur svæði eru til athugunar nú með tilliti til slíks. Af því tilefni ber að geta þess að meðan varnarliðið hefur tiltekin landsvæði til umráða sem varnarsvæði ber þeim að hlíta íslenskum lögum, eins og þau eru á hverjum tíma, um umgengni við þau. Á því sviði hafa orðið umtalsverðar breytingar nú á síðustu árum og má vænta enn frekari breytinga á komandi árum. Hins vegar verður við mat á umgengni varnarliðsins um varnarsvæði að gæta þess hvað íslensk lög og venjur hafa áskilið í áranna rás. Þannig verður t.d. við umræðu um það hvort förgun sorps hjá varnarliðinu hafi verið ásættanleg að líta til þess sem tíðkanlegt var á landinu á þeim tíma sem til umræðu var. Sé þessa gætt mun koma í ljós að umgengni varnarliðsins um varnarsvæðin hefur á hverjum tíma verið mjög sambærileg umgengni annarra aðila, opinberra jafnt sem einkaaðila, utan varnarsvæða um önnur íslensk landsvæði. Meðan varnarliðið hefur svæði þessi í sinni umsjá getur það jafnt sem aðrir umsjónarmenn lands þurft að grípa til aðgerða að boði íslenskra heilbrigðisyfirvalda til að fyrirbyggja mengun jafnt sem til hreinsunar vegna eldri mengunar. Slíkt byggist hins vegar í flestum tilvikum á vörslu þess á landinu en ekki á því að mengun stafi frá ólögmætum athöfnum.

Framlag íslenska ríkisins til varnarsamstarfsins er fyrst og fremst fólgið í því að leggja til land undir starfsemina. Í varnarsamningnum kemur fram að landið skuli lagt fram endurgjaldslaust. Hafi umgengni varnarliðsins um tiltekið landsvæði verið í samræmi við gildandi lög og venjur hvers tíma verða við skil á landsvæðinu ekki hafðar uppi kröfur um hreinsun í samræmi við seinni tíma réttarreglur. Hins vegar er hægt að standa gegn því að landsvæðinu sé skilað og ber þá varnarliðið réttindi og skyldur sem vörsluaðili landsins meðan það er varnarsvæði og er þá hægt að krefjast af því sams konar aðgerða og vörsluaðilum annarra landsvæða.

Því hefur í seinni tíð verið fylgt varfærinni stefnu varðandi viðtöku varnarsvæða. Farið hefur verið fram á að greinargóðar upplýsingar liggi fyrir um ástand svæðisins þar sem ljóst er að eftir að svæðinu hefur verið skilað verða ekki gerðar kröfur á hendur bandarískum stjórnvöldum. Af þessum sökum ganga þessi mál nú hægt fyrir sig en þó er lögð á þau mikil áhersla.

VII.E.4.b Umsýslustofnun varnarmála, Sala varnarliðseigna.

Starfsemi Sölu varnarliðseigna er reglubundin. Meginverkefni stofnunarinnar er sem fyrr að taka við varningi og munum sem hafa verið flutt inn gjaldfrjálst til nota við starfsemi varnarliðsins. Stofnunin sér um sölu slíks á íslenskum markaði og rennur hagnaður hennar sem hlutfallslegt ígildi áður afléttra tolla, vörugjalda og virðisaukaskatts til ríkissjóðs. Árið 1995 var sett ný reglugerð um starfsemi stofnunarinnar, reglugerð nr. 277/1995. Helsta nýmæli þeirrar reglugerðar er aðild stofnunarinnar að forvali verktaka til verkefna fyrir varnarliðið svo sem nánar hefur verið gerð grein fyrir hér að framan.

VII.E.4.c Atvinnuþátttaka Íslendinga innan varnarsvæða.

Íslenskir ríkisborgarar er vinna innan varnarsvæðanna eru vel á 17. hundrað talsins. Þar af starfa um 900 manns hjá varnarliðinu. Eru þá ekki taldir starfsmenn tengdir almennri flug-

starfsemi. Fjöldi starfsmanna hefur haldist nokkurn veginn óbreyttur síðustu þrjú ár en nokkur fækkun hafði orðið árin þar á undan.

Kjör og réttarstaða þeirra íslensku starfsmanna er starfa hjá öðrum en varnarliðinu sjálfu fara að öllu leyti eftir almennum reglum á íslenskum vinnumarkaði. Hins vegar hefur sökum úrlendisréttar varnarliðsins þurft að hafa annað fyrirkomulag varðandi íslenska starfsmenn þess. Þar er byggt á fyrirkomulagi sem er nánast jafngamalt varnarsamstarfinu sjálfu og á sér stoð í 4. tölul. 6. gr. viðbætisins með varnarsamningnum þar sem kveðið er á um að varnarliðið æski þess að ráða íslenska starfsmenn eftir því sem unnt er til framkvæmdar varnarsamningsins, að slík ráðning skuli fara fram með milligöngu íslenskra stjórnvalda og að kaup og kjör slíkra starfsmanna skuli vera í samræmi við það sem gerist á íslenskum vinnumarkaði.

Til að fullnægja fyrra skilyrðinu, um að ráðning skuli fara fram með milligöngu íslenskra stjórnvalda, hefur utanríkisráðuneytið um áratuga skeið haft opna skrifstofu, ráðningardeild varnarmálaskrifstofu, fyrst á Keflavíkurflugvelli en hin síðari árið í Njarðvík, nú Reykjanesbæ, og fara allar ráðningar íslenskra starfsmanna til varnarliðsins um þessa skrifstofu. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi var í upphafi að tryggja stjórnvöldum stjórn á þensluáhrifum vegna vinnuaflsþarfar varnarliðsins en fyrirkomulagið hefur haldist þannig að ráðningardeildin sér um móttöku umsókna og auglýsingar eftir störfum ef á þarf að halda. Það að ráðningardeildin er í Reykjanesbæ kann og að vera meðvirkandi þáttur í því að hlutdeild Suðurnesjamanna í störfum hjá varnarliðinu er enn um 73% þrátt fyrir að Keflavíkurflugvöllur sé í raun innan atvinnusvæðis Stór-Reykjavíkursvæðisins. Rétt er og að vekja athygli á því að með ráðningardeildinni í Reykjanesbæ er utanríkisráðuneytið líklega eina ráðuneytið með opna skrifstofu utan Reykjavíkur.

Síðara skilyrði viðbætsins við varnarsamninginn, um að kaup og kjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins skuli fara að íslenskum lögum og venjum, hefur allt frá árinu 1952 verið uppfyllt með starfi kaupskrárnefndar varnarsvæða.

Styrr hafði staðið um starfsemi kaupskrárnefndar nokkur undanfarin ár, allt frá þjóðarsáttartímanum í upphafi áratugarins og voru þær að nokkru leyti tengdar breytingum sem gerðar voru á starfsgrundvelli nefndarinnar á tímabilinu. Á árinu 1995 keyrði óánægju þessa um þverbak og var því ráðist í að endurskipuleggja nefndina.

Þeirri endurskoðun lauk með setningu nýrra reglna, nr. 78/1996, um nefndina og tóku þær gildi 1. febrúar 1996. Með þeim var skipan kaupskrárnefndar færð aftur til þess horfs sem lengst hafði verið, þ.e. að ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins veitti nefndinni forstöðu en með honum störfuðu tveir fulltrúar tilnefndir af meginfylkingum íslensks vinnumarkaðar, ASÍ og VSÍ. Auk þessa leggur utanríkisráðuneytið nefndinni til löglærðan ritara, skrifstofuaðstöðu og skjalavörslu.

Hinn reglulegi formaður beitir ekki oddaatkvæði sínu en ef ekki næst samstaða í nefndinni er kallaður til sérstakur formaður er það gerir. Starfstími fyrstu nefndarinnar skipaðrar samkvæmt reglum nr. 78/1996 er senn á enda og verður að telja að í heildina hafi fyrirkomulagið gefist vel. Mál eru skipulega unnin og til lykta leidd í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Meðferð mála fyrir nefndinni er í megindráttum skrifleg þótt einnig sé kostur munnlegrar röksemdafærslu því til viðbótar. Að vísu leiðir af þessum málsmeðferðarreglum að lágmarksmálsmeðferðartími er nokkuð lengri en áður þurfti að vera, eða tveir til þrír mánuðir, en á móti kemur að málsmeðferð er öll öruggari, gagnsærri og tryggt er jafnræði milli aðila. Nokkrar athugasemdir hafa þó komið fram við reglurnar og verður farið yfir þær með tilliti til þess hvort þær kalli á endurskoðun nú áður en nefndarskipun verður endurnýjuð.

Til viðbótar þessu ber þess að geta að Vinnueftirlit ríkisins fer með lögbundið hlutverk sitt innan varnarsvæðanna, undir yfirstjórn utanríkisráðuneytisins ef svo á við, og hefur verið unnið að því að styrkja starfsgrundvöll þess.

VII.E.4.d Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli.

Starfsemi sýslumannsembættisins er hefðbundin. Stærstu verkefni embættisins eru löggæsla og tollgæsla í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, löggæsla innan afgirtra varnarsvæða í samstarfi við bandarísk löggæsluyfirvöld eftir því sem við getur átt og eftirlit með ferðum manna og muna inn og út af afgirtum varnarsvæðum. Þá annast embættið innheimtu opinberra gjalda. Þess ber að geta að embættið tekur veigamikinn þátt í sérstöku átaksverkefni gegn innflutningi fíkniefna sem ríkisstjórnin hafði frumkvæði að fyrr á árinu. Einnig er vert að vekja athygli því að stöðug aukning flugumferðar um Keflavíkurflugvöll veldur auknu álagi á embættið.

Á sviði lögreglumálefna heyrir sýslumannsembættið undir nýstofnað embætti ríkislögreglustjóra eins og önnur sýslumannsembætti. Utanríkisráðuneytið lítur björtum augum til þessa fyrirkomulags sem á að geta aukið samhæfingu og samstarf lögregluliðanna á svæðinu án þess þó að raska því nána samstarfi sem vera þarf á milli lögregluliðanna innan vallar og verður eðli málsins og lögum samkvæmt að vera undir beinni yfirstjórn utanríkisráðuneytisins.

VII.E.4.e Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli sér um rekstur alþjóðaflugvallarins. Vegna afnota varnarliðsins af flugvellinum leggur það til flugvallarslökkvilið, flug- og akstursbrautahreinsun og umsjón með viðhaldi á flug- og akstursbrautum, ljósabúnaði og öðrum aðflugstækjum, auk þess sem það leggur til fullbúinn flugturn til afnota fyrir flugumferðarstjórn. Allir falla þessir verkþættir þó undir starfssvið flugmálastjórnarinnar, svo og rekstur flugstöðvar og stjórnsýsluleg umsjón flugumferðarstjórnar.

Um síðustu áramót var komið á fót Markaðs- og kynningarsviði Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Markmiðið með því er að efla markaðssetningu flugvallarins með það fyrir augum að auka flugumferð um völlinn, bæta þjónustu og að afla aukinna tekna.

Á árinu hefur farið fram viðamikil endurskoðun rekstrarfyrirkomulags verslunar og þjónustu í Flugstöðinni og var þar unnið á grundvelli áfangaálits nefndar sem utanríkisráðherra skipaði sér til ráðuneytis um málefni Flugstöðvarinnar. Markmið endurskoðunarinnar er að auka tekjur af Flugstöðinni enn frekar.

Í grundvallaratriðum er byggt á því að verslunar- og þjónusturekstur í Flugstöðinni skuli styrktur eftir því sem aðstæður leyfa og hann falinn einkaaðilum í sem mestum mæli. Var Ríkiskaupum því falið að bjóða út margs konar verslun og þjónustu. Til að skapa aukið svigrúm fyrir einkarekstur í Flugstöðinni var vöruframboð Fríhafnarinnar takmarkað nokkuð en henni þó að sama skapi veitt aukin sóknarfæri innan þeirra vöruflokka sem hún heldur. Ljóst er að aðgerðir þessar hafa skilað verulegum árangri og verður nú að telja að í fyrsta skipti frá opnun Flugstöðvarinnar sjái til lands hvað varðar varanlega lausn á fjárhagsvanda stöðvarinnar.

Árið 1996 fór um ein milljón farþega um flugstöðina. Gert er ráð fyrir að þeim fjölgi um 9% á ári. Til að mæta stórauknum umsvifum er orðið tímabært að stækka stöðina og fjölga flugvélastæðum til að koma í veg fyrir að vandræðaástand skapist.

Unnið hefur verið að áætlunum um stækkun Flugstöðvarinnar samhliða aukinni tekjuöflun og er tekið tillit til aðildar Íslands að Schengen í áætlanagerðinni.

Þess má geta að heildarfjöldi starfsmanna við almenna flugstarfsemi innan Keflavíkurflugvallar er nú tæplega þúsund manns á annatímum að sumarlagi en tæplega sjö hundruð að vetrarlagi.

VII.E.4.f Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli.

Í framhaldi af framangreindri endurskoðun á fyrirkomulagi verslunar og þjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru fyrirsjáanlegar nokkrar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi Fríhafnarinnar. Til að skapa svigrúm fyrir aðra verslunarstarfsemi í Flugstöðinni var vöruúrval Fríhafnarinnar takmarkað að mestu leyti við áfengi, tóbak og snyrtivöru. Að auki mun Fríhöfnin selja í samkeppni við aðra rafmagnsvörur og sælgæti. Það vegur að nokkru leyti upp á móti minni umsvifum sem af þessu leiðir þar sem Fríhöfnin fær betri aðstöðu til að sinna sölu á þeim vöruflokkum sem hún heldur því að pláss er áður fór undir aðra vöruflokka losnar.

VII.E.4.g Ratsjárstofnun.

Ratsjárstofnun heyrir undir utanríkisráðuneytið og kemur fram fyrir hönd íslenskra stjórnvalda við framkvæmd milliríkjasamninga þeirra er liggja til grundvallar uppbyggingu ratsjárstöðvanna á Miðnesheiði, Stokksnesi, Gunnólfsvíkurfjalli og Bolafjalli og rekstri og viðhaldi íslenska loftvarnakerfisins (Iceland Air Defence System). Starfsemi Ratsjárstofnunar er, samkvæmt sérstökum samningum við bandarísk yfirvöld, fjármögnuð að fullu af þeim síðarnefndu, enda er stofnunin rekin án hagnaðar. Fyrirtækið Kögun hf. starfar sem undirverktaki Ratstjárstofnunar að ákveðnum þáttum starfseminnar.

Starfsemi Ratsjárstofnunar er merkt framlag Íslands til varnarmála. Þar hefur tekist að koma því svo fyrir að íslensk yfirvöld sjái um starfrækslu og viðhald ákveðinna grunnþátta varnarvirkja landsins. Þetta fyrirkomulag er án efa langtum hagkvæmara en að flytja allan mannafla til verksins erlendis frá og kann að verða til fyrirmyndar við önnur slík samstarfsverkefni innan Atlantshafsbandalagsins á komandi árum.

VIII. Ísland á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þátttaka í starfi Sameinuðu þjóðanna var ein fyrsta ákvörðun hins unga íslenska lýðveldis og jafnframt fyrsta skrefið í þátttöku Íslendinga af alvöru í alþjóðastjórnmálum. Starfið innan samtakanna hefur gert Íslendingum kleift að leggja fram sinn skerf til friðar og öryggis í heiminum og til eflingar lýðræði, mannréttinda, þróunarhjálp, umhverfismálum, afvopnun og bættum efnahag.

Íslendingum hefur gengið best að tryggja yfirráð yfir auðlindum sjávar á íslenska landgrunninu með markvissu starfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 er lýst þeim ásetningi að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til að verjast mengun og vernda lífríki hafsins. Fjárfesting í slíku alþjóðlegu samstarfi mun skila sér til komandi kynslóða.

Innan Sameinuðu þjóðanna koma þjóðir heims saman á jafnréttisgrundvelli til að taka sameiginlega á þeim vanda sem mannkynið stendur andspænis. Fátækt og eymd þróunarlanda víða um heim, styrjaldir og innanlandsátök, mengun, sem virðir ekki landamæri, farsóttir og afleiðingar loftslagsbreytinga geta virst fjarlæg íslenskum veruleika, en jafnljóst er að samstillt átak allra þjóða er eina leiðin til að bregðast við. Þar getur Ísland ekki skorast undan. Ábyrgð og skyldur fylgja viðurkenningu annarra ríkja á frelsi og fullveldi Íslands.

Hjá Sameinuðu þjóðunum fer nú fram mikil umræða um endurbætur á starfi þeirra, einkum til að vinna bug á fjárhagsvanda og gera starf þeirra, á allsherjarþingi sem og í ráðum og nefndum, skilvirkara. Í heimsókn Kofi Annans, framkvæmdastjóra samtakanna, til Íslands nú í september lýstu íslensk stjórnvöld eindregnum stuðningi við umbótaviðleitni hans.

Fimmtíu ára afmæli Sameinuðu þjóðanna 1995 varð aðildarríkjum mikil hvatning til að laga samtökin að nýjum tímum. Þrátt fyrir vonir manna um aukinn árangur af starfi samtakanna eftir lok kalda stríðsins hefur áþreifanlega komið í ljós að samtökin geta því aðeins gegnt

hinu viðamikla hlutverki sínu að aðildarríkin standi að fullu við skuldbindingar sínar gagnvart samtökunum og sýni í verki vilja sinn til að styrkja starf þeirra.

Síðan kalda stríðinu lauk hefur mikilvægi Sameinuðu þjóðanna aukist og þeim gefist ný tækifæri til að vinna sitt verk í þágu alls mannkyns. Öryggisráðið er virkara en áður og samtökin hafa víða beitt sér til að stuðla að friði og koma í veg fyrir að ófriður brjótist út. Íslendingum ber skylda til að leggja sitt af mörkum til afvopnunar, friðargæslu og mannúðaraðstoðar.

Í víðfeðmu starfi Sameinuðu þjóðanna er eðlilegt að viðhöfð sé forgangsröðun og athugað vandlega með hvaða hætti Íslendingar geti lagt mest af mörkum til starfsemi samtakanna.

Skipulag Sameinuðu þjóðanna.

Starfsemi Sameinuðu þjóðanna fer fram víðs vegar um veröldina, en höfuðstöðvarnar eru í New York. Starfsemin fer fram á vegum sex stofnana: allsherjarþingsins, öryggisráðsins, efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC), gæsluverndarráðsins, Alþjóðadómstólsins og skrifstofu Sameinuðu þjóðanna. Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna eru sjálfstæðar alþjóðastofnanir sem gert hafa ákveðna samninga við Sameinuðu þjóðirnar. Tengiliðurinn er efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna og senda sérstofnanir árlega skýrslur um störf sín til ráðsins.

Allsherjarþingið.

Fulltrúar allra aðildarríkja eiga sæti á allsherjarþinginu og geta rætt fyrir opnum tjöldum hvaða málefni sem er, nema öryggisráðið sé að fjalla um það á sama tíma. Hvert land hefur eitt atkvæði. Mikilvæg málefni þurfa samþykki tveggja þriðju hluta atkvæða. Allsherjarþingið kemur saman til fastafundar ár hvert. Það kýs einnig aðalframkvæmdastjóra að fenginni tillögu öryggisráðsins. Þingið velur fulltrúa í aðrar stofnanir. Störf allsherjarþingsins fara að mestu fram í sex aðalnefndum þess þar sem öll aðildarríki eiga fulltrúa. Í fyrstu nefnd er fjallað um öryggis- og afvopnunarmál. Önnur nefnd fjallar um efnahags-, þróunar- og umhverfismál. Þriðja nefnd fjallar um félags-, mannúðar- og menningarmál. Fjórða nefnd fjallar um sérstök pólitísk mál og ósjálfstæð lönd. Fimmta nefnd fjallar um fjármál og stjórnun og sjötta nefndin um þjóðréttarmál. Greining í ríkjahópa hófst fljótlega eftir stofnun samtakanna. Á meðan allsherjarþingið er að störfum halda ýmsir ríkjahópar, og undirhópar þeirra, samráðsfundi eftir því sem þörf krefur. Ísland tekur aðallega þátt í fundum Vesturlandahópsins (WEOG), Norðurlandahópsins og samráði JUSCANZ-hópsins.

Öryggisráðið.

Öryggisráðið fæst eingöngu við málefni er varða frið og öryggi. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa samþykkt að fallast á ákvarðanir öryggisráðsins og framkvæma þær. Fimm ríki eiga fast sæti: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland. Allsherjarþingið kýs hina fulltrúana tíu til tveggja ára í senn. Öryggisráðið má kalla saman hvenær sem er. Hvaða land sem er, hvort sem það er aðili að Sameinuðu þjóðunum eða ekki, getur, auk framkvæmdastjórans, vísað til öryggisráðsins deilumáli eða málum er teljast ógnun við heimsfriðinn. Aðildarríki skiptast á um að skipa forsæti ráðsins einn mánuð í senn. Annar háttur er hafður á atkvæðagreiðslum í öryggisráðinu en á allsherjarþinginu. Mikilsverðar ályktanir þarfnast stuðnings níu fulltrúa í öryggisráðinu en fastafulltrúarnir fimm hafa neitunarvald. Alþingi hefur sett lög, nr. 5/1969, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum sem öryggisráðið tekur skv. 39. og 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og varða viðskiptabann á einstök ríki. Að þjóðarrétti er Ísland skyldugt til að fylgja eftir ályktunum öryggisráðsins. Viðkomandi lög eru á forræði utanríkisráðherra. Gripið hefur verið til ráðstafana á grundvelli þeirra vegna m.a. Íraks og Líbýu.

Efnahags- og félagsmálaráðið.

Efnahags- og félagsmálaráðið (ECOSOC) hefur mjög umfangsmikil verksvið og fæst við efnahagsmál, viðskipti, flutninga, iðnvæðingu og efnahagsþróun, félagsmál, mannfjöldamál, barnaverndarmál, húsnæðismál, kvenréttindi, kynþáttamismunun, eiturlyfjamál, varnir gegn glæpum, félagslega velferð, æskulýðsmál, umhverfismál og matvælamál. Einnig samþykkir ráðið tillögur um hvernig bæta megi menntun og heilsugæslu, svo og mannréttindi og frelsi hvar sem er í heiminum. Fimmtíu og fjögur ríki eiga aðild að efnahags- og félagsmálaráðinu og öll eru þau kjörin af allsherjarþinginu til þriggja ára í senn. Ráðið heldur venjulega einn fund á ári og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála. Fjöldi nefnda tekur þátt í störfum þess og það styðst við sérstofnanir og áætlanir samtakanna. Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna eru sautján og er hver um sig sjálfstæð, með eigin fjárhag og aðalstöðvar. Þær kanna vandamál, undirbúa tillögur og aðstoða þróunarlönd á sérsviðum sínum. Allsherjarþingið hefur einnig komið á fót ýmsum öðrum sérhæfðum stofnunum sem vinna í nánum tengslum við efnahags- og félagsmálaráðið og í flestum tilvikum gefa þær skýrslu til allsherjarþingsins og ráðsins.

Gæsluverndarráðið.

Þegar Sameinuðu þjóðirnar hófu starfsemi var svo ástatt sums staðar í heiminum að fólk gat ekki kosið sér ríkisstjórn. Slík landsvæði voru sett undir sérstaka vernd Sameinuðu þjóðanna og nefnd gæsluverndarsvæði. Aðilar að gæsluverndarráðinu eru fasta-

fulltrúarnir í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og einfaldur meiri hluti ræður úrslitum mála. Þar sem síðasta gæsluverndarsvæðið, Palau, hlaut sjálfsstjórn í október 1994 er ráðið verkefnalaust. Íslensk stjórnvöld hafa tekið undir þau sjónarmið að leggja beri gæsluverndarráðið niður.

Alþjóðadómstóllinn.

Aðsetur dómstólsins er í Haag í Hollandi og starfar hann árið um kring. Dómarar eru fimmtán og eru þeir kosnir af allsherjarþinginu og öryggisráðinu. Níu dómarar verða að vera sammála til að unnt sé að kveða upp úrskurð. Samþykktir Alþjóðadómstólsins eru hluti af sáttmála Sameinuðu þjóðanna og því öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sjálfkrafa aðilar að dómstólnum. Í 36. gr. samþykkta dómstólsins, 2. mgr. er rætt um skyldulögsögu. Nokkrir tugir ríkja hafa gengist undir þessi ákvæði án fyrirvara, en önnur hafa haft ýmsa fyrirvara og sum hafa ekki gengist undir ákvæði 36. gr. Ísland er í síðastnefnda hópnum.

Framkvæmdastjóri og skrifstofa Sameinuðu þjóðanna.

Aðalframkvæmdastjórinn er æðsti embættismaður Sameinuðu þjóðanna, skipaður af allsherjarþinginu samkvæmt tillögu öryggisráðsins til fimm ára í senn. Hann hefur yfirumsjón með starfsemi samtakanna. Hann getur lagt fyrir öryggisráðið hvers kyns vandamál sem hann telur að ógna kunni heimsfriðnum og lagt fram tillögu um málefni sem tekin skuli upp á allsherjarþinginu eða í öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Starfslið skrifstofunnar tekur saman upplýsingar um ýmiss konar mál og aðstoðar við framkvæmd ákvarðana Sameinuðu þjóðanna. Um það bil 29.000 manns starfa hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna, þar af eru 7.000 í aðalstöðvunum í New York en hinir úti um víða veröld í sérstofnunum, upplýsingaskrifstofum og sendinefndum.

Íslensk stjórnvöld telja að öllum aðildarríkjum beri skylda til að styðja starf samtakanna af öllu afli á þessum tímamótum í sögu þeirra og taka þátt í þeim miklu breytingum sem þar eiga sér stað. Þetta á sérstaklega við um nýja stefnumótun í þeim málum sem varða velferð alls mannkyns, en Sameinuðu þjóðirnar hafa síðustu missiri beitt sér fyrir miklum ráðstefnum þar sem fjallað hefur verið um málefni barna, fatlaðra og aldraðra, umhverfismál, mannréttindi, fólksfjölgun og félagslega þróun, jafnrétti, byggðamál og fæðuöryggi. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að hrundið verði í framkvæmd því umbótastarfi sem kveðið hefur verið á um í niðurstöðum þessara ráðstefna.

Innan Stjórnarráðsins starfar nú tengiliðahópur um málefni Sameinuðu þjóðanna, sem sinnir m.a. þátttöku Íslands í efnahags- og félagsmálaráðinu, stefnumörkun í umhverfismálum og öðrum þeim málum sem krefjast samvinnu milli ráðuneytanna.

Í fyrra var þess minnst að fimmtíu ár voru liðin frá því að Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum, 19. nóvember 1946. Þeirra tímamóta var minnst með ýmsum hætti. Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf var afhent að gjöf listaverk, höggmyndin Óþekkti pólitíski fanginn, eftir Gerði Helgadóttur. Gjöfin var valin með mannréttindastarf samtakanna í huga, en höfuðstöðvar þess eru í Genf. Ríkisstjórnin fól Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi að hafa umsjón með hátíðardagskrá í tilefni af afmælinu. Hátíðarhöldin fóru fram 30. október og var Hans Dietrich Genscher, fyrrverandi utanríkisráðherra Þýskalands, heiðursgestur og aðalræðumaður. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi gaf út sérstakt rit í tengslum við afmælið. Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu málefni sem fjallað er um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

VIII.A Umbótastarf innan Sameinuðu þjóðanna.

Síðustu missiri hefur mikilvæg umræða um umbótastarf farið fram innan Sameinuðu þjóðanna og skipaðir voru starfshópar til að gera tillögur um breytingar á helstu þáttum í starfsemi þeirra. Mikilvægt er að umbótastarf þetta beri árangur, og að rekstur samtakanna verði í framtíðinni færður í nútímalegra horf. Framkvæmdastjóri þeirra hefur lagt fram tillögur um umbætur, m.a. í stjórnun og rekstri, sem vonir standa til að verði samþykktar á 52. allsherjarþinginu.

Íslensk stjórnvöld styðja tillögur um að fjölga föstum og lausum sætum í öryggisráðinu til að ráðið endurspegli betur fjölgun aðildarríkja og breyttar aðstæður í heiminum. Aftur á móti leggja þau áherslu á að ekki megi veikja getu ráðsins til ákvarðanatöku og framkvæmda.

Íslensk stjórnvöld leggja enn fremur mikla áherslu á að öll aðildarríki greiði skyldaframlög sín tímanlega að fullu og án skilyrða, sem og að gerðar verði breytingar á framlagastiga samtakanna.

VIII.B Takmörkun vígbúnaðar og afvopnun.

Undirritun samningsins um allsherjarbann við tilraunakjarnasprengingum (CTBT) við upphaf 51. allsherjarþingsins 24. september 1996 í New York markar tímamót í öryggismálum. Þótt gildistaka hans muni frestast um sinn gefur yfirgnæfandi stuðningur á meðal aðildarríkjanna honum verulegt vægi sem ekki verður litið fram hjá í viðræðum um kjarnaafvopnun í framtíðinni.

Ákveðið hefur verið að halda endurskoðunarráðstefnu samningsins gegn útbreiðslu kjarnavopna (NPT) árið 2000 og tekur Ísland þátt í undirbúningsstarfi fyrir hana.

Efnavopnasamningurinn frá 1993 (CWC) tók gildi 29. apríl sl. er fleiri en 65 ríki höfðu lagt fram fullgildingarskjöl. Var fyrsta ráðstefna aðildarríkjanna haldin í Haag í maíbyrjun. Jafnframt hefur tekið þar til starfa af fullum krafti stofnunin (OPCW) sem komið er á fót skv. 8. gr. samningsins og hafa skal eftirlit með framkvæmd hans.

Það sem borið hefur hæst á sviði afvopnunarmála á síðari hluta ársins er baráttan gegn jarðsprengjum. Nýafstaðin er í Ósló ráðstefna þar sem samningsdrög að algjöru banni við sölu, framleiðslu, dreifingu og notkun jarðsprengna, sem beint er gegn fólki, voru samþykkt af fulltrúum nærri 90 ríkja, þar á meðal Íslands. Íslensk stjórnvöld líta á þetta sem mannúðarmál, en hreinsun á jarðsprengjum er eitt erfiðasta og kostnaðarsamasta verkefnið við uppbyggingu samfélaga í kjölfar ófriðar. Samningurinn verður undirritaður í byrjun desember í Ottawa. Vonir standa til að hann muni greiða fyrir starfi afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf á þessum vettvangi.

VIII.C Friðargæsla.

Verulega hefur dregið úr umfangi og kostnaði vegna friðargæslu- og eftirlitsaðgerða á vegum Sameinuðu þjóðanna og líklegt er að reynslan af friðargæslu Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Sómalíu verði til þess að samtökin verði varkárari í að beita slíkum aðgerðum í framtíðinni. Aftur á móti má búast við að slík starfsemi verði markvissari og að vægi annarra þátta þessa starfs en að viðhalda vopnahléum, eins og verndar mannréttinda, eftirlits með kosningum og aðstoðar við samfélagsuppbyggingu, aukist.

Góður árangur af starfi Íslendinga í friðargæsluverkefnum í Bosníu og Hersegóvínu er stjórnvöldum hvatning til frekara starfs á þessu sviði. Nú er starfandi íslensk heilsugæsluteymi á bresku hersjúkrahúsi í Bosníu og Hersegóvínu, auk þess sem þrír íslenskir löggæslumenn starfa þar í danskri löggæsluteymi undir merkjum Sameinuðu þjóðanna.

VIII.D Umhverfismál.

Umhverfismál hafa síðustu árin orðið æ umfangsmeiri þáttur í starfi samtakanna. Íslensk stjórnvöld vinna að því að hrinda í framkvæmd Starfsskrá 21, sem samþykkt var á Ríóráðstefnunni um umhverfi og þróun og fylgja eftir starfi Íslands í nefnd samtakanna um sjálfbæra þróun 1993–1995. Aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í sumar fjallaði um árangurinn af Ríóráðstefnunni og náðist þar áfangi í baráttunni fyrir hertum aðgerðum á afmörkuðum sviðum umhverfismála, þar á meðal í loftslagsmálum og orkumálum.

Í starfi Íslands að umhverfismálum hefur sérstök áhersla verið lögð á varnir gegn mengun sjávar, einkanlega með framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun frá landsstöðvum, og er stefnt að gerð alþjóðasamings í þeim efnum.

Ísland á sæti í vinnuhópi 20 ríkja um alþjóðlegar aðgerðir til að draga úr notkun þrávirkra lífrænna efna. Í vor staðfesti Alþingi samning gegn eyðimerkurmyndun. Unnið er að sérstakri áætlun hér á landi um að framfylgja samningi um líffræðilega fjölbreytni. Í athugun er aðild Íslands að samningnum um alþjóðleg viðskipti með dýra- og jurtategundir í útrýmingarhættu (CITES).

Ísland tekur þátt í viðræðum um að styrkja ákvæði rammasamningsins um loftslagsbreytingar sem Ísland hefur staðfest. Ráðstefnu aðildarríkja samningsins, sem haldin verður í Kýótó í Japan

í desember næstkomandi, er beðið með nokkurri eftirvæntingu. Þar verður þess freistað að ganga frá bókun við rammasamninginn þar sem kveðið verði á um bindandi mörk losunar gróðurhúsalofttegunda í einstökum aðildarríkjum. Ekki er þó gert ráð fyrir að þróunarríkin taki á sig slíkar skuldbindingar. Ljóst er að Íslendingar hafa eins og aðrar þjóðir mikla hagsmuni af því að samkomulag náist um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda og að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu. Í samningaviðræðum til undirbúnings Kýótó-ráðstefnunni hafa komið fram margar mismunandi tillögur, m.a. frá Evrópusambandinu og Bandaríkjunum. Langur vegur er milli þessara tillagna og samkomulag ekki í sjónmáli. Ísland hefur tekið virkan þátt í samningaviðræðunum og lagt áherslu á eftirtalin atriði: Í fyrsta lagi að bókunin taki til allra gróðurhúsalofttegunda. Í öðru lagi að binding kolefna, t.d. með landgræðslu og skógrækt, verði metin til jafns við aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í þriðja lagi að skuldbindingar miðist við losun á hvern íbúa þannig að tillit verði tekið til mismunandi þróunar fólksfjölda í einstökum ríkjum. Í fjórða og síðasta lagi að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja, t.d. Íslands sem mætir orkuþörf sinni að verulegu leyti með endurnýjanlegum orkugjöfum. Af Íslands hálfu er lögð á það rík áhersla að nýjar skuldbindingar megi ekki takmarka möguleika aðildarríkja til að nýta endurnýjanlega orkugjafa, sem ekki hafa í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda, vegna iðnaðarframleiðslu. Nefna má í þessu sambandi að álver, sem nýtir rafmagn framleitt úr kolum, losar um tífalt meira af koltvíoxíði en þegar vatnsorka er nýtt. Það er í samræmi við lokamarkmið rammasamningsins að framleiðsla fari fram þar sem losun vegna hennar er minnst.

VIII.E Þróunarmál.

Íslensk stjórnvöld leggja sitt af mörkum til þróunaraðstoðar með margvíslegum hætti, en aðallega með starfi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem sinnir tvíhliða samstarfi við nokkur Afríkulönd og með framlögum til alþjóðlegra þróunarstofnana. Nauðsyn ber til að uppfylla þau fyrirheit sem gefin hafa verið um þróunaraðstoð. Leita þarf leiða til að auka samstarf milli Íslendinga og þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem starfa að þróunarmálum. Auka þarf þátttöku Íslendinga í því starfi þar sem þekking þeirra nýtist best, t.d. í fiskiðnaði, jarðhita-, tækni-, orkumálum og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Slíkt getur gefið færi á aðstoðarverkefnum sem einnig gætu tengst íslensku atvinnulífi.

Íslendingar hafa um alllangt skeið átt gott samstarf við Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna á Íslandi hefur starfað síðan 1979 og Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna tekur til starfa á Íslandi 1998. Einnig hefur komið fram áhugi á samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna um uppgræðslu og varnir gegn jarðvegseyðingu.

Í starfi Íslands að þróunarmálum er höfð að leiðarljósi skýrsla aðalframkvæmdastjóra og starfsskrá þróunar, ásamt niðurstöðum hinna miklu ráðstefna Sameinuðu þjóðanna síðustu missiri. Þar má nefna fyrst mannfjöldaráðstefnuna í Kaíró 1994 sem varpaði ljósi á vandann af hinni miklu fólksfjölgun í heiminum og tengsl hans við náttúruauðlindir, fæðuskort og umhverfisspjöll. Á leiðtogafundi í Kaupmannahöfn um félagslega þróun 1995 skuldbundu ríkisoddvitar sig til að útrýma algerri fátækt og var árið 1996 helgað baráttunni gegn fátækt. Á síðustu stórráðstefnu samtakanna, byggðaráðstefnunni í Istanbúl 1996, var fjallað um hinn mikla vanda sem stafar af auknum flutningi fólks úr dreifbýli í þéttbýli og mikil vandamál þessu samfara í stórborgum þróunarlandanna.

Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa einnig látið þessi mál til sín taka. Í nóvember 1996 efndi Matvæla- og landbúnaðarstofnunin, FAO, til leiðtogafundar í Róm um fæðuöryggi. Í málflutningi forsætisráðherra á fundinum var lögð áhersla á mikilvægi sjávarins fyrir fæðuöflun alls mannkyns í framtíðinni. Nánar er fjallað um tvíhliða þróunarstarf Íslands og starf innan Alþjóðabankans að þróunarmálum í X. kafla hér á eftir.

VIII.F Efnahags- og félagsmálaráð (ECOSOC).

Ísland tók í ársbyrjun sæti í efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) fyrir árin 1997–99. Á ársfundi ráðsins í sumar létu fulltrúar Íslands m.a. til sín taka í umræðum um þróunarmál, mannréttindamál, nýja orkugjafa og málefni Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Samráð var haft við sjálfstæð félagasamtök, eins og Mannréttindaskrifstofu Íslands, og aðra aðila um málflutning á ársfundinum. Frá upphafi aðildar að Sameinuðu þjóðunum hefur Ísland aðeins einu sinni áður tekið sæti í efnahags- og félagsmálaráðinu, en það var á árunum 1985–87.

Ráðið vinnur í anda ákvæða í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um alþjóðasamvinnu að efnahags- og félagsmálum (55. gr.), einkanlega hvað snertir að bæta lífskjör, tryggja atvinnu, stuðla að félagslegri þróun og heilbrigði, sinna menningar- og menntunarmálum og mannréttindum og finna lausn á vandamálum er lúta að þessu. Í 61.–72. gr. sáttmála samtakanna er fjallað um störf og verksvið ráðsins. Ráðið hefur frumkvæði að rannsóknum, skýrslugerð og tillögum í efnahags-, félags-, menningar-, menntunar-, umhverfis-, þróunar-, mannréttinda- og heilbrigðismálum. Það vinnur tillögur í þeim efnum til allsherjarþingsins, sérstofnana og einstakra aðildarríkja, gerir uppkast að samningum og hvetur til alþjóðlegra ráðstefna um ýmis mál. Ráðið er einnig öryggisráðinu til aðstoðar sé þess óskað. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd ákvarðana alþjóðlegra stórráðstefna sem haldnar hafa verið á vegum samtakanna á undanförnum árum. Undir ráðið falla ellefu starfsnefndir, fimm svæðanefndir um efnahagsmál og níu fastar nefndir og sérfræðingahópar. Flestar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna heyra stjórnskipulega undir ráðið og sérverkefni Sameinuðu þjóðanna sameiginlega undir það og allsherjarþingið.

Ársfundur efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna fór fram í Genf 30. júní til 25. júlí 1997. Dagskrá hans var fjórskipt: 1. Samráð háttsettra aðila um þróunarmál, þ.e. að skapa hagstætt umhverfi í þágu þróunar, þar með talið fjármagnsflutningar, fjárfestingar og verslun. 2. Aðgerðahluti um sama efni. 3. Samræmingarhluti þar sem annars vegar var fjallað um það hvernig best mætti innleiða jafnrétti kynjanna í starf Sameinuðu þjóðanna og hins vegar um ferskvatnsmál. 4. Almennur hluti þar sem fjallað var um flesta þætti í efnahags- og félagsmálastarfi Sameinuðu þjóðanna, svo sem byggðamál, mannfjöldavandamál, aðstoð vegna náttúruhamfara, upplýsingatækni, umhverfismál, flutninga á hættulegum efnum og félagslega þróun, svo að eitthvað sé nefnt.

Undirbúningur er hafinn að málflutningi Íslands á næsta ársfundi ECOSOC og kemur þar t.d. til greina málflutningur varðandi eftirfarandi svið: varnir gegn glæpum og fíkniefnum, mannúðarmál, kynþáttahatur, æskulýðsmál, málefni fatlaðra, málefni barna og umhverfismál, auk þess sem þróunarmál verða áfram í brennidepli á ECOSOC-ársfundum.

VIII.G Orkumál.

Fulltrúi Íslands var í ársbyrjun kosinn til setu í nefnd Sameinuðu þjóðanna um nýja og endurnýjanlega orkugjafa sem heyrir undir efnahags- og félagsmálaráðið. Nefndin vinnur m.a. að undirbúningi alþjóðlegrar ráðstefnu um nýja orkugjafa og standa vonir til að þekking og reynsla Íslendinga í nýtingu umhverfisvænnar orku komi að góðum notum í því starfi.

VIII.H Mannréttindamál.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að tryggja beri mannréttindi um allan heim í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og niðurstöður mannréttindaráðstefnunnar í Vínarborg 1993, óháð svæðisbundnum aðstæðum, t.d. stjórnarfari og menningu, félagslegu umhverfi eða trúarbrögðum. Litið er svo á að mannréttindi séu órofa hluti af friðarstarfi Sameinuðu þjóðanna og verði ekki skilin frá starfi að öryggis- og þróunarmálum.

Ísland hefur fullgilt samning samtakanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi ásamt viðaukum og saminginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, en þessir samningar geta talist samantekt lágmarksréttinda allra jarðarbúa.

Á síðustu árum hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna æ meira verið fjallað um mannréttindi ýmissa hópa þjóðfélagsins, eins og kvenna, barna, aldraðra og fatlaðra, og vilja stjórnvöld leggja því starfi lið.

VIII.H.1 Málefni barna.

Íslensk stjórnvöld hafa á ýmsan hátt lagt réttindum barna lið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og telja að eitt af forgangsverkefnum Sameinuðu þjóðanna sé að rétta hlut þeirra milljóna barna um allan heim sem þurfa að þola ánauð, vinnuþrælkun eða sæta kynferðislegri misnotkun. Samningurinn um réttindi barna hefur verið fullgiltur á Íslandi og varsla barnakláms er nú refsiverð hérlendis.

Í fyrra styrkti utanríkisráðuneytið fulltrúa samtakanna Barnaheilla til þátttöku í alþjóðlegri ráðstefnu í Stokkhólmi um kynferðislega misnotkun barna. Fulltrúar frá utanríkisráðuneytinu og Barnaheillum tóku þátt í alþjóðlegri ráðstefnu í Ósló í októberlok um vinnu barna.

VIII.H.2 Jafnréttismál.

Nauðsynlegt er að tryggja grundvallarmannréttindi kvenna og stúlkna. Ísland fullgilti samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum árið 1993.

Mikilvægt er að framkvæmdaáætlun kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995 verði hrundið í framkvæmd. Stofnaður hefur verið samráðshópur innan Stjórnarráðsins um framkvæmd áætlunarinnar. Leggja ber áherslu á að tryggja konum menntun og atvinnumöguleika til jafns við karla.

VIII.I Flóttamenn.

Mikilvægt er enn fremur starf Sameinuðu þjóðanna í þágu flóttamanna. Nauðsyn ber til að samræma hina alþjóðlegu aðstoð við flóttamenn, einkum hvað snertir móttöku flóttamanna, aðlögun þeirra í gistiríkjum og afturhvarf til fyrri heimkynna.

Í samvinnu við embætti flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland tekið við tveimur hópum flóttamanna frá Bosníu og Hersegóvínu.

VIII.J Varnir gegn afbrotum.

Á síðustu árum hefur barátta Sameinuðu þjóðanna gegn afbrotum og skipulagðri glæpastarfsemi orðið æ mikilvægari. Á þetta ekki síst við vegna tengsla slíkrar starfsemi við skipulagða hryðjuverkastarfsemi. Alþjóðleg glæpastarfsemi er þess eðlis að ríki heims verða að taka höndum saman í baráttunni um að kveða hana niður. Hafinn er undirbúningur að þátttöku í sérstöku aukaallsherjarþingi árið 1998 í New York, helguðu baráttunni gegn fíkniefnum.

VIII.K Hafréttarmál.

Úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna hefur það að markmiði að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Það eru langtímahagsmunir allra fiskveiðiþjóða að þessu markmiði verði náð og að endi verði bundinn á stjórnlausar veiðar á úthafinu. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland hvatt aðildarríki til að staðfesta úthafsveiðisamninginn. Nánar er fjallað um hafréttar- og auðlindamál í XI. kafla.

IX. Mið-Austurlönd.

Snemma í vor er leið tók fyrir allar samningaviðræður og samvinnu milli Ísraels- og Palestínumanna. Í marslok sl. stöðvaðist algjörlega friðarferlið sem upphófst með Óslóarsamkomulaginu haustið 1993 þegar Ísraelsmenn hófu byggingarframkvæmdir við nýtt íbúðahverfi fyrir gyðinga í Austur-Jerúsalem (Har Homa/Jabal Abu Ghneim). Hefur æ síðan sigið mikið á ógæfuhliðina með hverjum mánuðinum, endurtekin sprengjutilræði Palestínumanna í Jerúsalem og refsiaðgerðir Ísraelsstjórnar á Vesturbakkanum og landamærum Gazastrandarinnar, sem og eldflaugaárásir Hizbullah á Norður-Ísrael og gagnárásir Ísraelshers á Suður-Líbanon.

Meiri háttar tilraun Bandaríkjastjórnar til að koma málsaðilum, Yasser Arafat og Benjamin Netanyahu, aftur á sporið og endurvekja friðarferlið frá Ósló með fyrstu heimsókn Madelaine Albright utanríkisráðherra á svæðið í septembermánuði virðist ekki hafa borið neinn árangur, hvorki gagnvart Ísraelsstjórn né Palestínumönnum. Þó er nú veik von til að á næstunni hefjist á nýjan leik í Washington samningaviðræður á grundvelli Óslóarsamkomulagsins fyrir atbeina Bandaríkjanna.

Mikill árangur af heimsókn utanríkisráðherrans til Mið-Austurlanda er heldur ekki sýnilegur í víðara umfangi hvað varðar friðarsamninga við nágranna Ísraels í norðri, Sýrland og Líbanon, þar gengur hvorki né rekur.

Íranar koma hér líka við sögu, enda sakaðir um að fá vopnin, eldflaugarnar, í hendur Hizbullah í Líbanon, sem og öðrum hryðjuverkasamtökum víðs vegar í heiminum. Nýr forseti og ráðuneyti hans tóku við embættum í ágústlok og er Mohammad Khatami sagður vera hófsamari en forveri hans. Standa því vonir til að breytingar verði á stjórnarstefnunni til batnaðar og samskipti við önnur lönd geti aftur komist í eðlilegt horf, einkum þá stjórnmálasambandið við Evrópuríkin.

Viðskiptabann Sameinuðu þjóðanna bæði á Írak og Líbýu er enn í fullu gildi og virðist hvorugur leiðtoginn gera nokkuð raunhæft til að losna undan banninu, heldur þvert á móti. Gjöreyðingarvopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna eiga t.d. sífellt í erfiðleikum í samskiptum sínum við landsstjórnina í Írak.

X. Þróunarmál.

X.A Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Þrátt fyrir aðhald í ríkisrekstri hafa fjárveitingar til ÞSSÍ aukist lítillega undanfarin tvö ár, eftir að hafa staðið í stað næstu þrjú ár þar á undan. Íslenskum starfsmönnum stofnunarinnar í Afríku hefur einnig fjölgað úr 16 í 20 á þessu tímabili. Stofnunin hóf samstarf við Mósambík um áramótin 1995/96. Þar er höfuðáherslan lögð á aðstoð við að bæta meðferð sjávarfangs og gæðaeftirlit með útfluttum fiski. Í aðalsamstarfslandinu, Namibíu, hefur verið dregið úr aðstoð við fiskirannsóknir og tilraunaveiðar en aðstoð við fræðslu og þjálfun aukist, m.a. með því að leggja til sex af tíu kennurum við sjómannaskóla Namibíu. Samvinnusamningur við Malaví var framlengdur til ársins 2000, með aukinni áherslu á rannsóknir og fræðslu í fiskimálum. Stofnunin hefur einnig aukið aðstoð sína við grunnmenntun og heilsugæslu í öllum samstarfslöndunum. Aðstoð við Grænhöfðaeyjar hefur dregist saman og samstarfssamningur landanna rennur út í árslok 1998. Að tilstuðlan utanríkisráðherra var vorið 1997 gerð ítarleg skýrsla um þróunarsamvinnu Íslendinga. Stjórn ÞSSÍ hefur gert tillögur um framhald starfseminnar sem byggðar eru á niðurstöðum höfundar þeirrar skýrslu, Jónasar Haralz. Á grunni þeirra tillagna samþykkti ríkisstjórnin nú nýverið að fjárveitingar til þróunarsamvinnu Íslands yrðu hækkaðar í áföngum næstu ár þannig að hlutfall þeirra af þjóðarframleiðslu verði komið í 0,15% árið 2003, í stað 0,1% nú. Verður heildarfjárveiting til ÞSSÍ komin í u.þ.b. hálfan milljarð króna árið 2003.

X.A.1 Starfsemi.

Stjórn ÞSSÍ er skipuð sex mönnum kjörnum af Alþingi, auk formanns sem skipaður er af utanríkisráðherra. Stjórnin vinnur m.a. að stefnumótun fyrir stofnunina og gerir tillögur til ráðherra um einstök verkefni og fjárveitingar til þeirra. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur.

Fjárveitingar til stofnunarinnar voru hækkaðar um 9% milli áranna 1996 og 1997, í 172 milljónir króna. Fjárveitingar til þróunarmála eru mjög lágar á Íslandi miðað við flestar OECD-þjóðir eða aðeins um 0,1% af vergri þjóðarframleiðslu, þar af fer aðeins rúmur þriðjungur til ÞSSÍ eða tvíhliða þróunarsamvinnu.

Íslenskir starfsmenn stofnunarinnar eru nú alls 22, þrettán í Namibíu, þrír í Malaví, þrír í Mósambík, einn á Grænhöfðaeyjum og tveir í Reykjavík, auk nokkurra Afríkumanna og íslenskra skammtímaráðgjafa. Helstu þættir starfseminnar í einstökum samstarfslöndum eru raktir hér í örstuttu máli:

X.A.1.a Grænhöfðaeyjar.

Nú er aðeins einn starfsmaður ÞSSÍ eftir á Grænhöfðaeyjum. Hann hefur að mestu leyti unnið að samstarfsverkefni stofnunarinnar, Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og sjávarútvegsráðuneytisins á Grænhöfðaeyjum um menntun, rannsóknir og skipulag sjávarútvegs eyjanna.

Íslenskur fiskifræðingur hefur verið við störf á Grænhöfðaeyjum stutt tímabil undanfarin ár og fiskifræðingur frá Grænhöfðaeyjum lauk nýlega mastersnámi í fiskifræði frá H.Í. Áformað er að halda starfsemi á Grænhöfðaeyjum sem mest óbreyttri út árið 1998 þegar samstarfsverkefni ÞSSÍ og Norræna þróunarsjóðsins á að vera lokið, en framhald eftir það er óákveðið.

X.A.1.b Malaví.

Þróunarsamstarf Íslands og Malaví er mjög fjölþætt. Veiðimálaskrifstofa ríkja í sunnanverðri Afríku, sem er í Malaví, er styrkt með sérfræðiaðstoð og nokkru rekstrarfé. Íslenskur fiskifræðingur stjórnar þeirri skrifstofu.

Ísland hefur um 7–8 ára skeið tekið þátt í og leitt rannsóknir á nytjastofnum í Malavívatni sem er eitt stærsta stöðuvatn Afríku. Hefur það verið mjög vel heppnuð vinna í samstarfi við Alþjóðabankann. Nú er komið að því að fara að nýta það sem þessar rannóknir hafa leitt í ljós. Væri mjög æskilegt að ÞSSÍ gæti tekið þátt í verkefni um nýtingu auðlinda vatnsins sem nú er á döfinni hjá Alþjóðabankanum.

Fiskeldisbraut Landbúnaðarháskóla Malaví hefur verið studd með námsstyrkjum og launum kennslukrafta. Styrkþegar eru frá ýmsum ríkjum í sunnanverðri Afríku auk Malaví.

Stofnunin hefur einnig tekið þátt í félagslegum verkefnum eins og byggingu barnaskóla við Malavívatn og endurbótum á berkladeild aðalsjúkrahússins í höfuðborginni Lilongwe. Nú hafa Alþjóðabankinn og Norræni þróunarsjóðurinn óskað eftir því að ÞSSÍ taki þátt í nýju stóru verkefni á sviði menntamála.

X.A.1.c Mósambík.

Árið 1996 var fyrsta heila starfsár ÞSSÍ í Mósambík, nýjasta samstarfslandinu. Rannsóknaskip stofnunarinnar, Fengur, hefur verið lánað til rannsókna á grunnsjávardýrum og leggur ÞSSÍ einnig til útgerðarstjóra. Yfirvélstjóri er einnig íslenskur en Norræni þróunarsjóðurinn fjármagnar rekstur skipsins.

Stofnunin leggur til stjórnanda samvinnuverkefnis Suður-Afríkuríkja um gæðastaðla fyrir fiskafurðir. Það verkefni er einnig styrkt af Evrópusambandinu.

Nýtt verkefni, útflutningseftirlit með rækju frá Mósambík, hófst í ársbyrjun 1997. Það verkefni, sem unnið er með DANIDA, dönsku þróunarsamvinnustofnuninni, kemur líklega til með að

aukast að umfangi, en nú er það að mestu fólgið í vinnu eins íslensks sérfræðings. Fleiri verkefni á sviði sjávarrannsókna og fiskveiða eru í athugun.

Í félagsmálum hefur ÞSSÍ styrkt byggingu heimilis fyrir götubörn í Maputo í samvinnu við RKÍ. Þá styrkir stofnunin einnig félagsmálasamtök í einu fátækrahverfi borgarinnar.

X.A.1.d Namibía.

Í Namibíu eru mannfrekustu og fjárfrekustu samstarfsverkefni ÞSSÍ. Í upphafi ársins 1990 fór mestur stuðningur til Hafrannsóknastofnunar Namibíu og reksturs rannsóknarskips þeirra. Helstu breytingar á árinu 1996 voru þær að stýrimaður og vélstjóri á rannsóknarskipinu Welvitschia létu af störfum samkvæmt áætlun um áherslubreytingar í samstarfinu en einn kennari í viðbót var ráðinn við sjávarútvegsskólann í Walvis Bay í staðinn. Eru sjómannakennararnir því orðnir sex og það verkefni orðið þungamiðja starfseminnar í Namibíu.

ÞSSÍ hefur lagt til sérfræðing í fiskimálum í sjávarútvegsráðuneyti Namibíu. Hefur hann stjórnað sjávarútvegsstofnun SADC, og verið ráðgjafi sjávarútvegsráðherra Namibíu í ýmsum málum.

Annar af tveimur fastráðnum fiskifræðingum ÞSSÍ í Namibíu, sem jafnframt gegndi stöðu verkefnisstjóra, lét af störfum og hafa tveir sérfræðingar sinnt tímabundnum verkefnum til skiptis að ósk sjávarútvegsráðuneytis Namibíu fyrir það fé sem sparaðist við brotthvarf hans.

Stofnunin hefur um fimm ára skeið staðið fyrir fullorðinsfræðslu í lestri og skrift fyrir fátækar konur, fyrst í Lüderitz og síðar einnig í Walvis Bay. Ákveðið var að auka stuðning við fullorðinsfræðslu í Walvis Bay með því að byggja þar skólastofur.

Umfang aðstoðar við Namibíu, sem hefur verið 70–80 m.kr. á ári, mun ekki breytast næstu tvö árin en úr því er reiknað með að dregið verði úr aðstoð, a.m.k. annarri en menntun og þjálfun.

ÞSSÍ gefur árlega út yfirlitsskýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Ársskýrsla fyrir 1996 liggur þegar fyrir.

X.B Alþjóðabankinn.

X.B.1 Almennt.

Ísland gerðist stofnaðili að Alþjóðabankanum (International Bank for Reconstruction and Development – IBRD) ásamt 28 öðrum ríkjum 27. desember 1945. Alþjóðabankinn hafði það að markmiði að stuðla að endurreisn og þróun landsvæða eftir hörmungar seinni heimsstyrjaldarinnar. Þegar því uppbyggingarstarfi lauk breyttust áherslur bankans og veitir hann nú eingöngu lán til þróunarríkja á markaðskjörum.

Í dag eru systurstofnanir Alþjóðabankans fjórar talsins. Þær eru:

Alþjóðalánastofnunin (International Finance Corporation – IFC) sem var sett á stofn árið 1955. Hlutverk hennar er að örva vöxt einkafyrirtækja sem starfa á framleiðslusviði með því að eiga hlut að framkvæmdum þar sem ekki er tiltækt nægilegt einkafjármagn.

Alþjóðaframfarastofnunin (International Development Association – IDA) sem tók til starfa árið 1960. Markmið stofnunarinnar er að stuðla að efnahagslegum framkvæmdum, auka framleiðni og bæta lífskjör í þróunarlöndum. Lán Alþjóðaframfarastofnunarinnar eru einungis veitt til fátækustu landa heims og eru oft kölluð mjúk lán þar sem þau eru vaxtalaus, án afborgana í 10 ár og endurgreiðast á 35–40 árum.

Alþjóðlega stofnunin til lausnar fjárfestingardeilum (The International Center for Settlement of Investment Disputes – ICSID) sem var stofnuð árið 1965. Tilgangur hennar er að veita þjónustu til lausnar fjárfestingardeilum milli aðildarríkja og þegna annarra aðildarríkja. Þannig geti stofnunin stuðlað að auknu flæði alþjóðlegra fjárfestinga.

Alþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (Multilateral Investment Guarantee Agency – MIGA) sem sett var á laggirnar árið 1988 með það að markmiði að auðvelda þróunarríkjum fjárútvegun til fjárfestinga.

Í daglegu tali er rætt um *Alþjóðabankann* (World Bank) og er þá átt við IBRD og IDA, en sé talað um *Alþjóðabankahópinn* (World Bank Group) er átt við allar stofnanirnar fimm. Ísland er aðili að öllum stofnunum Alþjóðabankahópsins, að Alþjóðlegu fjárfestingarábyrgðarstofnuninni undanskilinni. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að stofnað verði til aðildar að stofnuninni og er nú unnið að því í ráðuneytinu.

X.B.2 Endurbætur á starfsemi Alþjóðabankahópsins.

Töluverð uppstokkun hefur átt sér stað á starfsemi Alþjóðabankahópsins á síðustu missirum og má búast við áframhaldandi starfi í þá veru á komandi árum. Fyrr á þessu ári hófst verkefni innan bankans sem á að gera starfsemi hans skilvirkari og auka árangur þróunarstarfsins í heild. Þetta verkefni, the Strategic Compact, byggist að hluta á skipulagsbreytingum innan bankans þar sem draga á úr kostnaði vegna stjórnunar og auka ábyrgð stofnana hans. Jafnframt verða þarfir móttakenda hafðar að leiðarljósi og mun aukinn hluti undirbúningsvinnu og ákvarðanatöku færast til skrifstofa bankans í viðkomandi löndum. Með þessu er vonast eftir skilvirkari og fljótari afgreiðslu mála og að bankinn bregðist skjótar við þörfum þeirra landa er njóta þjónustu hans.

Annar mikilvægur þáttur verkefnisins er bætt sérfæðiþekking starfsfólks bankans, og endurbætur á sviði tækniaðstoðar. Einnig má nefna þá ætlan að byggja upp „þekkingarbanka“ sem mun sækja styrk sinn í 52 ára reynslusögu bankans, þekkingu starfsmanna og rannsóknir bankans á þróunarmálum almennt.

Óháð fyrrnefndu verkefni hefur forseti bankans heitið því að aukið tillit verði tekið til minnihlutahópa, svo sem fámennra ættflokka og einstæðra mæðra, á sviði félagslegrar þróunar. Stuðningi við einkageirann verði haldið áfram og samvinna stofnana bankans verði aukin og endurbætt. Sjálfbær þróun verði áfram höfuðmarkmið í starfsemi bankans, með sérstakri áherslu á aðstoð við fátækustu íbúana í dreifðum byggðum þróunarríkjanna. Að lokum verði samvinna við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn efld og þjónusta bankans á fjármálasviðum styrkt.

X.B.3 Þróunarnefnd Alþjóðabankans.

Utanríkisráðuneytið tók við málefnum Alþjóðabankans af viðskiptaráðuneytinu á árinu 1996 og má nú segja að ábyrgð á marghliða þróunarsamvinnu sé að mestu leyti á hendi utanríkisráðuneytisins. Það sem af er árinu hafa umsvif vegna þessara samskipta aukist jafnt og þétt. Þar má nefna að utanríkisráðherra tók sæti Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í þróunarnefnd Alþjóðabankans. Í nefndinni, sem fundar tvívegis á ári, eiga sæti 24 ráðherrar fyrir hönd þeirra 180 landa sem aðild eiga að Alþjóðabankanum. Þróunarnefndin mótar meginstefnu bankans í þróunarmálum og er ráðgefandi aðili fyrir ársfund bankans hvað varðar framkvæmd og framvindu stefnumiða hans.

Á þessu ári hafa fjögur málefni verið mest áberandi í umfjöllun þróunarnefndarinnar og hefur utanríkisráðherra lagt fram tvær yfirlýsingar þar sem fram kemur afstaða Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Í fyrsta lagi hefur ráðherrann fagnað nýrri áherslu í þróunarstarfi bankans í baráttunni gegn spillingu. Hann leggur áherslu á að spilling dafni þar sem stjórnarfar er veikt og oftast verði hinir fátæku helst fyrir barðinu á spilltum stjórnunaröflum. Ráðherrann bendir á að ábyrgð í baráttunni gegn spillingu sé á hendi yfirvalda í hverju landi, en alþjóðlegt þróunarsamstarf geti stuðlað að umbótum, m.a. þannig að þróunarfé styrki aldrei spillingaröfl en sé notað til að auka ábyrgð og gæði í stjórnsýslu. Í öðru lagi hefur ráðherrann lýst yfir fullum stuðningi við átak Alþjóðabankans til að auka fjárfestingar einkaaðila á sviði orku-, samgöngu- og fjarskipta-

mála í þróunarríkjunum. Á þessu sviði mun bankinn verða lítt áberandi í beinni fjármögnun en mun einbeita sér að ráðgjöf og útvegun ábyrgða sem auðveldað geta fjármögnun einkaaðila. Í þriðja lagi styður ráðherrann átak bankans til aðstoðar skuldugustu þróunarríkjunum. Þetta átak (Heavily Indebted Poor Countries Initiative – HIPC) byggist á niðurfellingu skulda til þeirra ríkja sem fyrirsjáanlegt er að geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum. Alþjóðabankinn hefur forustu í þessu átaki, en að því koma allar helstu þróunarlánastofnanir og -sjóðir heims, auk Parísarklúbbsins og lánardrottna sem veitt hafa tvíhliða lán. Í yfirlýsingum ráðherra koma þó fram áhyggjur Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna varðandi fjármögnun átaksins þar sem sjö helstu iðnríki heims hafa ekki öll lagt fé í sérstakan styrktarsjóð þess. Í fjórða lagi hefur utanríkisráðherra fjallað um hvernig fjármagna skuli framtíðarstarfsemi Alþjóðlegu fjárfestingarábyrgðarstofnunarinnar. Stofnunin hefur átt við töluverðan fjárhagsvanda að etja á undangengnum missirum og skýrði ráðherrann frá því að Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin styddu tveggja þrepa áætlun stjórnar bankans til lausnar þessum vanda. Sú áætlun gerir ráð fyrir yfirfærslu 150 milljóna Bandaríkjadala frá IBRD sem fyrsta þrepi og innborgun 150 milljóna Bandaríkjadala frá aðildarlöndum auk 700 milljóna Bandaríkjadala í ríkisábyrgðum sem öðru þrepi. Ráðherrann greindi þó einnig frá því að Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin settu þau skilyrði fyrir þátttöku í öðru þrepi að skýr stefnumótun og áætlun um hvernig staðið skuli að verkefnavali liggi fyrir frá hendi stofnunarinnar.

X.B.4 Norrænt samstarf í málefnum Alþjóðabankahópsins.

Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hafa með sér mjög náin samskipti um málefni Alþjóðabankahópsins. Þau skipa sameiginlega stjórnarmenn í stofnanir bankans og reka sameiginlega skrifstofu sem er í bankanum í Washington DC. Samskipti við skrifstofuna eru náin, enda er það eitt af markmiðum hennar að þjónusta þau lönd sem að henni standa. Fyrirkomulag hins norræna samstarfs byggist á samræmingarstarfi sem fer fram með reglulegum símafundum, auk þess sem þrír embættismannafundir eru haldnir árlega. Löndin skiptast á um að halda slíka fundi og kom það í hlut Íslendinga í apríl sl. Þann fund sóttu 22 embættismenn frá sjö löndum, en Litháar sendu engan fulltrúa. Auk þess sótti aðalfulltrúi landanna í stjórn bankans fundinn og sérstakur gestur, Ali Bourhane, sem er aðalfulltrúi meira en 20 Afríkuríkja í stjórn bankans. Bourhane var boðið til fundarins að frumkvæði Íslendinga til að ræða ástand mála í Afríku og þá sérstaklega nýtt átak afrískra leiðtoga til að bæta opinbera þjónustu og stjórnskipulag.

Sú ábyrgð, sem utanríkisráðuneytið hefur nú á sviði þróunarmála, gerir nýjar og auknar kröfur til starfsliðs þess. Af því tilefni hefur verið ráðinn einn nýr starfsmaður sem eingöngu mun sinna þróunarmálum er snúa að alþjóðlegum stofnunum, þar með talið Alþjóðabankanum og ýmsum þróunarstofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Á næsta ári er síðan komið að því að Íslendingar skipi í stöðu aðstoðarmanns til þriggja ára á skrifstofu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í bankanum, og að þeim tíma liðnum eiga þeir að skipa í stöðu ráðgjafa til tveggja ára. Að því loknu, eða árið 2003, kemur síðan að því að Íslendingur setjist í stöðu aðalfulltrúa í stjórn bankans fram til ársins 2006. Af þessu er ljóst að utanríkisráðuneytið þarf að hafa á að skipa starfsliði er hefur þekkingu og reynslu af þróunarmálum og er fært um að taka að sér þau störf við stjórn Alþjóðabankans sem Ísland á tilkall til.

X.B.5 Skýrsla um þróunarsamvinnu Íslendinga.

Fyrr á þessu ári skrifaði Jónas H. Haralz skýrslu um þróunarsamvinnu Íslendinga á vegum utanríkisráðuneytisins. Jónas hefur áralanga reynslu af þróunarmálum og sat m.a. sem aðalfulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans frá 1988 til 1991. Í skýrslunni kemur m.a. fram að upphæð framlaga til marghliða þróunarsamvinnu er oftast nær bundin samþykktum um þátttöku sem mið-

ast við þjóðartekjur og hefur Ísland ávallt greitt skilvíslega framlög sín til Alþjóðabankans. Hlutfallslega greiðir Ísland þó lægri upphæð til marghliða þróunarsamvinnu en flest lönd önnur. Ástæður þessa eru tvær. Í fyrsta lagi er Ísland ekki aðili að ýmsum marghliða stofnunum, þar á meðal þróunarbönkum í öðrum heimsálfum. Í öðru lagi hefur Ísland ekki lagt fram fé umfram skuldbindingar til alþjóðlegra stofnana, líkt og tíðkast í ríkum mæli, m.a. annars staðar á Norðurlöndunum. Um ástæður þessa segir í skýrslunni: „Áhugaleysi um aðild eða frjáls framlög skýrist svo aftur á móti af þeirri skoðun, að starfsemi þessara stofnana þjóni lítt íslenskum hagsmunum, og þá einkum að framlög skili sér ekki að neinu leyti aftur til landsins í kaupum á vöru eða þjónustu, eins og þau gera að verulegu leyti til stærri landa."

Um framtíð marghliða þróunaraðstoðar segir í skýrslunni að ekki væri úr vöndu að ráða ef Íslendingar vildu auka framlag sitt til þessa málaflokks. Aukin framlög kæmu líklega í betri þarfir hjá Alþjóðaframfarastofnuninni en hjá nokkrum öðrum aðila. Þá er á það bent að aðild að Alþjóðlegu fjárfestingarábyrgðarstofnuninni gæti verið áhugaverð þar sem íslenskir fjárfestar í þróunarlöndunum gætu nýtt sér upplýsingar og tryggingar sem stofnunin hefur á boðstólum. Af svipuðum ástæðum gæti aðild að þróunarbönkum annarra heimsálfa verið áhugaverð.

XI. Hafréttar- og auðlindamál.

XI.A Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna og úthafsveiðisamningurinn.

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna, sem hefur að geyma gildandi þjóðarétt um nýtingu og verndun auðlinda hafsins, öðlaðist gildi 16. nóvember 1994. Aðilar samningsins eru nú rúmlega 100 talsins.

Úthafsveiðisamningurinn, sem samþykktur var í ágúst 1995, fjallar um framkvæmd ákvæða hafréttarsamningsins um deilistofna og víðförula fiskstofna og hefur að markmiði að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu þessara stofna. Samningurinn skapar ramma um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistofnana um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Framkvæmd samningsins er í höndum slíkra stofnana. Sérstök réttindi strandríkja eru viðurkennd í samningnum. Ísland fullgilti úthafsveiðisamninginn í febrúar 1997, en alls höfðu 15 ríki gert það 1. október sl. Samningurinn öðlast gildi þegar 30 ríki hafa fullgilt hann.

XI.B Lögsögumörk.

Sl. sumar náðist samkomulag milli Íslands annars vegar og Danmerkur og Grænlands hins vegar um afmörkun umdeilda hafsvæðisins norður af Kolbeinsey. Ágreiningur hafði verið uppi allt frá því að Íslendingar færðu lögsögu sína út í 200 sjómílur árið 1975. Þá ákváðu Íslendingar að nota Grímsey og Kolbeinsey sem viðmiðunarpunkta við afmörkun miðlínu milli Íslands og Grænlands, en Danmörk gerði fyrir hönd Grænlands fyrirvara við þessa ákvörðun. Ágreiningurinn hafði legið í láginni um nokkurt skeið en kom upp á ný í kjölfar loðnuveiða danskra skipa á umdeilda svæðinu sumarið 1996.

Samkomulagið felur í sér viðurkenningu á fullum áhrifum Grímseyjar við afmörkunina og hafsvæðið umdeilda vegna Kolbeinseyjar skiptist þannig að Íslendingar fá 30% í sinn hlut og Grænlendingar 70%. Telja verður þessa niðurstöðu vel viðunandi, enda var það mat íslenskra stjórnvalda, að fengnu áliti innlendra og erlendra sérfræðinga á þessu sviði, að við fengjum ekki betri niðurstöðu í dómsmáli. Á næstu dögum verður gengið frá formlegum samningi milli aðila og mun hann ná til allrar miðlínunnar milli Íslands og Grænlands sem hefur verið yfirfarin af sérfræðingum landanna.

Ekki hefur enn náðst samkomulag um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, en samningaviðræðum um það mál verður haldið áfram.

Nýverið gerðist Bretland aðili að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt lýstu bresk stjórnvöld því yfir að þau féllu frá tilkalli til 200 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis klettinn Rockall þar sem hún samræmdist ekki ákvæðum samningsins. Gerðar hafa verið viðeigandi breytingar á bresku lögsögunni og er ágreiningur um mörk íslensku fiskveiðilögsögunnar í suðri nú úr sögunni.

XI.C Alþjóðlegar fiskveiðistofnanir, samstarf um verndun og veiðistjórn.

Segja má að Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin, NAFO, og Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin, NEAFC, hafi fengið aukið hlutverk með tilkomu úthafsveiðisamningsins þar sem gert er ráð fyrir að stjórn veiða úr fiskstofnum sem ganga inn og út úr efnahagslögsögu ríkja fari fram innan slíkra svæðisstofnana.

Undanfarin missiri hefur m.a. verið fjallað um stjórnun rækjuveiða á Flæmingjagrunni á vettvangi NAFO, en þar eiga Íslendingar hagsmuna að gæta, og á vettvangi NEAFC hefur verið haft samstarf um stjórnun úthafskarfaveiða og veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Í mars 1996 var gert samkomulag á aukafundi aðildarríkja NEAFC um heildaraflamark og aflahlutdeild í úthafskarfaveiðum, en ekki tókst full samstaða um skipan mála. Bæði Rússar og Pólverjar mótmæltu ákvörðuninni og voru því samkvæmt reglum ráðsins ekki bundnir af henni. Á ársfundi NEAFC í nóvember sl. gerðu strandríkin Danmörk (fyrir hönd Færeyja og Grænlands) og Ísland enn á ný tillögu um heildaraflamark fyrir úthafskarfaveiðar fyrir árið 1997, alls 158 þús. lestir. Í tillögunni var einnig kveðið á um skiptingu aflaheimilda úthafskarfa þar sem hlutur Íslands var 45 þús. lestir, Rússa 41 þús., Grænlands 40 þús., Evrópusambandsins (ESB) 23 þús., Póllands 1 þús. og annarra ríkja 2 þús. lestir. Samkvæmt tillögunni lækka heimildir Rússa í 36 þús. lestir og heildaraflamark í 153 þús. lestir ef skiptingunni er formlega mótmælt.

Tillagan hlaut stuðning Norðmanna og Evrópusambandsins, en Rússar og Pólverjar hafa enn með formlegum mótmælum lýst sig óbundna af þessari skipan. Einkum telja Rússar sinn hlut of lítinn í ljósi mikillar veiðireynslu sinnar og framlags til rannsókna, en einnig er því haldið fram að úthafskarfinn sé afar lítið innan lögsögu strandríkjanna tveggja og þeim beri því ekki að fá jafnhátt hlutfall og samkomulagið veitir þeim. Brýnt er að koma heildarstjórn á veiðarnar með fullri þátttöku allra aðila og er að því stefnt á ársfundi NEAFC í nóvember 1997.

Í maí 1996 var gert samkomulag milli strandríkjanna fjögurra, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands, um samstarf um rannsóknir, stjórnun veiða og skiptingu aflaheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum, en reynt hafði verið án árangurs að ná samningum við ESB um sameiginlega stjórn þessara mála. Samkomulag strandríkjanna um aflahlutdeild byggist einkum á rannsókn sérfræðinga á sögulegri dreifingu síldar, veiðisögu ríkjanna og framlagi til rannsókna. Gert er ráð fyrir í samkomulaginu að verði veruleg breyting á útbreiðslu síldar á komandi árum verði það lagt til grundvallar skiptingu aflahlutdeildar (svokallað þróunarákvæði).

Í desember 1996 tókust að lokum samningar milli ESB og strandríkjanna fjögurra um heildaraflamark og hlutfallslega skiptingu veiða úr síldarstofninum fyrir vertíðina 1997, þar sem strandríkin fjögur héldu innbyrðis aflahlutdeild en ESB fékk 8,3% hlutdeild í heildaraflamarki. Í mars 1997 var gengið frá samkomulagi innan NEAFC um veiðar utan lögsögu ríkjanna, þ.e. í síldarsmugunni svokölluðu. Á vertíðinni 1997 var heildaraflamark ákveðið 1,5 milljón lestir og var hlutdeild ríkja sem hér segir: Noregur 854 þús. lestir, Ísland 233 þús., Rússland 192 þús., Færeyjar 82 þús., ESB 125 þús.; aðrir 2 þús. lestir. Öllum aðilum samkomulagsins var heimilt að veiða sinn hlut utan lögsögumarka, en jafnframt voru gerðir tvíhliða samningar milli ríkja um gagnkvæman aðgang að lögsögu, þar sem Íslendingar fá rétt til að veiða sinn hluta innan lögsögu Færeyja og Jan Mayen, og allt að 10 þús. lestir innan norskrar efnahagslögsögu norðan 62° n.br. með gagnkvæmum rétti Færeyinga og rétti Norðmanna til veiða á 166 þús. lestum af síld innan

íslenskrar lögsögu. Þá var gerður samningur um heimild Rússa til veiða á 6,5 þús. lestum á takmörkuðu svæði í austanverðri lögsögu Íslands.

Í lok október var gengið frá samkomulagi fyrir vertíðina árið 1998 með sömu hlutfallslegu skiptingu og fyrr, en með nokkurri lækkun heildarkvóta samkvæmt ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Í hlut Íslands koma því um 202 þús. tonn sem er ríflega 13% lægri kvóti en á síðasta ári.

Á ársfundi NAFO sl. haust var ákveðið að beita áfram sóknarstýringu við rækjuveiðar á Flæmingjagrunni á næsta ári. Eins og á síðasta ári lýstu íslensk stjórnvöld yfir andstöðu við þetta fyrirkomulag og hafa boðað einhliða ákvörðun á heildaraflamarki fyrir íslensk skip á svæðinu á næsta ári sem tryggir nauðsynlega stjórn veiðanna. Þessi afstaða hefur hlotið skilning nágrannaþjóða okkar. Enn greinir stjórnvöld á við meiri hluta aðildarríkja NAFO um fyrirkomulag eftirlitsmála á Flæmingjagrunni þar sem hagkvæmnisjónarmiða hefur ekki gætt. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort sami háttur verði nú hafður á og á síðasta ári og eftirlitskerfinu formlega mótmælt, en áfram verður unnið að því að vinna sjónarmiðum Íslands brautargengi.

Nokkuð skortir á að fyrrgreindar svæðisstofnanir séu í stakk búnar til að sinna mikilvægu hlutverki sínu. Annars vegar er uppbygging þeirra ekki með þeim hætti að réttur þeirra ríkja sem hafa raunverulega hagsmuni af veiðum úr viðkomandi fiskstofnum sé nægjanlega tryggður. Hins vegar er það svo að ekki hefur verið búið nægjanlega vel að málum þannig að verulega skortir á skilvirkni þessara stofnana. Á hið síðarnefnda einkum við um NEAFC. Til þess að bæta skilvirkni NEAFC hafa íslensk stjórnvöld boðið sérstaklega fram aðstoð sína, m.a. með því að stofnunin flytji aðsetur sitt til Reykjavíkur með sérstökum stuðningi og framlagi frá Íslandi. Ekki liggur fyrir formleg afstaða aðildarríkja til þessarar tillögu.

Efling svæðisstofnana og aðlögun þeirra að nýjum verkefnum er afar brýnt úrlausnarefni. Eftirlit með fjölþjóðlegum veiðum er afar mikilvægur þáttur í bættri skipan mála og hefur mikið verið unnið að því í báðum þessum stofnunum, m.a. í sérstakri vinnunefnd NEAFC sem hélt fund hér á landi í júlí 1997. Á vettvangi NAFO náðist árangur sl. haust þar sem aðildarríkin samþykktu aðgerðir gegn veiðum ríkja sem stunduðu veiðar á flökkustofnum án samráðs við viðkomandi svæðisstofnun.

XI.D Aðrir samningar um fiskveiði- og sjávarútvegsmál.

Á þessu ári hafa farið fram viðræður Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga um ástand sameiginlegra grálúðu- og karfastofna og veiðar úr þeim. Stefnt er að gerð þríhliða samnings þessara strandríkja um stjórnun veiða, vernd þessara stofna og rannsóknir á þeim.

Ákveðið hefur verið að segja upp loðnusamningnum milli Íslands, Grænlands og Noregs, en hann hefur verið í gildi frá árinu 1994 og mun gilda til 30. apríl á næsta ári. Uppsögn samningsins á sér stað nú svo að hægt verði að leiðrétta hlut Íslands, en ljóst er að forsendur samningsins eru brostnar þar sem útbreiðsla stofnsins hefur breyst. Samkvæmt núgildandi samningi er hlutdeild Íslands 78% af heildaraflamarki, en hlutdeild Grænlands 11% og hlutdeild Noregs 11%, en eftir 15. febrúar ár hvert fellur óveiddur hluti heildaraflamarks í hlut Íslands. Sérstök ákvæði eru um takmarkaðan aðgang að lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen. Það er vilji ríkisstjórnarinnar að hafa vinsamleg samskipti við Grænlendinga og Norðmenn um stjórn loðnuveiðanna og er stefnt að viðræðum á næstu vikum um nýjan loðnusamning.

Samningaviðræður um þorskveiðar okkar í Barentshafi hafa enn ekki borið árangur og er það miður. Ljóst er að íslensk stjórnvöld hafa sýnt vilja til að leysa þetta mál, en að okkar mati hefur hér nokkuð skort á hjá viðsemjendum okkar. Áfram verður haldið að leita leiða til samkomulags.

Af framangreindu er ljóst að fram undan eru enn þá margvísleg vandasöm úrlausnarefni á sviði fiskveiði- og sjávarútvegsmála. Engu að síður er full ástæða til bjartsýni vegna þess hve skilningur á samstarfi þjóða á þessu sviði eykst stöðugt. Mikilvægt er ávallt að hafa í huga að einungis með

samstarfsvilja aðila næst góður árangur. Drög að samningi milli Íslands og Rússlands frá því í ágúst sl. um samstarf á sviði rannsókna, veiða og viðskipta á sjávarútvegssviðinu eru ánægjulegur vitnisburður um framtíðarsamstarf nágranna sem mun koma báðum aðilum til góða er fram líða stundir.

XI.E Sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins.

Það er afdráttarlaus stefna Íslands að nýta beri á sjálfbæran hátt allar lifandi auðlindir hafsins, þar með talið hvali og seli, enda skipa sjávarspendýr stóran sess í lífríki íslenska hafsvæðisins. Í samræmi við ályktun ríkisstjórnarinnar frá því í maí sl., þar sem ítrekuð er sú stefna stjórnvalda að hefja skuli hvalveiðar hér við land að nýju, hafa farið fram viðræður við önnur ríki sem málið varðar. Fyrir dyrum standa könnunarviðræður íslenskra stjórnvalda við hófsöm ríki innan Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) til að kanna hvort viðhorfsbreytingar til hvalveiða í atvinnuskyni, sem borið hefur á undanfarið, geti leitt til endurskoðunar á afstöðu Íslands til aðildar að ráðinu. Það er enn sem fyrr grundvallarforsenda aðildar Íslands að IWC að leyfðar verði hóflegar veiðar á hvölum í atvinnuskyni og að leyfð verði verslun með hvalafurðir, þó svo að hvorutveggja beri að vera undir ströngu eftirliti.

293. Frumvarp til laga [248. mál]

um breytingar á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við 1. mgr. 21. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Skipunartími formanns skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

2. gr.

Við 3. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Skipunartími formanns skal takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er lagt til að skipunartími formanna stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði hinn sami og embættistími þess ráðherra sem skipar þá. Formaður stjórnar er eini fulltrúinn í stjórninni sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar og verður því að telja eðlilegt að hver ráðherra geti sjálfur valið þennan fulltrúa sinn í stjórninni.

Í 1. gr. er lögð til sú breyting að formenn stjórna heilsugæslustöðva verði skipaðir af þeim ráðherra sem þeir eru trúnaðarmenn fyrir og skipunartíma þeirra ljúki þegar embættistíma ráðherra lýkur.

Í 2. gr. er lögð til sú breyting að skipunartíma formanna stjórna sjúkrahúsa ljúki þegar embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá lýkur.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum þannig að þau komi til framkvæmda þegar kjörtímabili núverandi stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva lýkur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að skipunartími stjórnarformanns heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss verði sá sami og embættistími þess heilbrigðisráðherra er skipaði hann. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

294. Frumvarp til laga [249. mál]

um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Skyldutrygging, iðgjald og tryggingavernd.

1. gr.

Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um tryggingavernd eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla, II. og III. kafla.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda felur í sér skyldu til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

2. gr.

Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda skal ákveðið í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni.

Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer að öðru leyti eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóði skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi.

Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi eins og nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

3. gr.

Lífeyrisiðgjald skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldsstofninn vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. lög um tryggingagjald. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldsstofns. Iðgjaldshluti launagreiðanda telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldsstofnsins.

Lífeyrisiðgjaldi skal ráðstafa til lágmarkstryggingaverndar, sbr. 4. gr., og eftir atvikum til viðbótartryggingaverndar, sbr. 8.–10. gr.

4. gr.

Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri, sbr. 14. gr. og 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í örorkulífeyri á mánuði miðað við full réttindi til framreiknings, sbr. 15. gr. Enn fremur skal lágmarkstryggingavernd fela í sér að jafnað sé milli sjóðfélaga kostnaði vegna makalífeyris skv. 16. gr. og kostnaði vegna barnalífeyris skv. 17. gr.

Lífeyrissjóður skal, í samræmi við 24. gr. þessara laga, tilgreina það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir.

Lífeyrissjóði er heimilt, í samræmi við tryggingafræðilega athugun, að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign skv. III. kafla.

5. gr.

Sjóðfélagi getur ákveðið að ráðstafa til annars aðila en þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi vegna hans þeim hluta iðgjalds sem renna skal til séreignar skv. 3. mgr. 4. gr. og þeim hluta iðgjalds sem renna skal til viðbótartryggingaverndar.

Viðkomandi launagreiðanda eða lífeyrissjóði ber að færa greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga skv. 1. mgr. til annars aðila án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann.

Tilkynni sjóðfélagi ekki launagreiðanda eða lífeyrissjóði með hæfilegum fyrirvara hvert iðgjald það sem hann getur ráðstafað skv. 1. mgr. skuli renna skal það greiðslufært samkvæmt samþykktum viðkomandi lífeyrissjóðs.

Lífeyrissjóður sem ákveður lágmarkstryggingavernd á grundvelli 3. mgr. 4. gr. eða aðili sem móttekur iðgjald til séreignarsparnaðar eða viðbótartryggingaverndar skal tryggja að sá hluti rekstrarins sem lýtur að varðveislu og ávöxtun iðgjalds er rétthafar hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. sé fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi.

6. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Hafi tryggingaskyldu ekki verið sinnt skal ríkisskattstjóri ákvarða iðgjald samkvæmt því sem nánar segir í þessari grein.

Lífeyrissjóðum er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi sem greitt hefur verið fyrir hvern launamann á því ári. Einnig skulu lífeyrissjóðir veita slíkar upplýsingar um greidd iðgjöld þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Launagreiðendum er skylt að tekjuári liðnu að tilgreina á launamiðum eða á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður þá fjárhæð sem iðgjöld hvers launamanns miðuðust við ásamt heildar-

iðgjaldi sem skilað hefur verið til lífeyrissjóðs vegna launamannsins. Þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu gera sérstaka grein fyrir þessum atriðum að því er eigin lífeyrisgreiðslur varðar.

Komi í ljós að iðgjald hefur ekki verið greitt að hluta eða öllu leyti skal ríkisskattstjóra heimilt að ákvarða viðkomandi manni iðgjald. Skal iðgjaldið í þessum tilvikum ákvarðast sem 10% af útsvarsstofni viðkomandi tekjuárs hjá launamanni. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 59. gr. þeirra laga. Iðgjald skv. 3. málsl. þessarar málsgreinar skal þó aldrei vera lægra en 120.000 kr. miðað við heilt ár og fullt starf. Þannig ákvarðað iðgjald skal síðan innheimt af innheimtumanni ríkissjóðs eða þeim sem ríkisskattstjóri felur innheimtuna. Innheimt iðgjald skal ásamt dráttarvöxtum að frádregnum kostnaði vegna álagningar og innheimtu renna til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, sé sjóðsaðild ekki ákvörðuð með öðrum hætti.

Áður en til aðgerða skv. 4. mgr. er gripið skal ríkisskattstjóri gefa viðkomandi manni kost á að leiðrétta og gera grein fyrir iðgjaldsskilum. Jafnframt skal launamanni gefinn kostur á að upplýsa um aðild sína að lífeyrissjóði. Skal veittur þriggja mánaða frestur í þessu sambandi. Að þeim fresti liðnum skal ríkisskattstjóri úrskurða um iðgjaldsskyldu, þar með talið aðild og iðgjaldsfjárhæð. Tilkynna skal viðkomandi manni um niðurstöðuna.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

7. gr.

Lífeyrisiðgjald, til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar, skal greitt reglulega í hverjum mánuði, sbr. 2.–4. mgr.

Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera eigi síðar en 30 dögum frá því að iðgjald fellur í gjalddaga. Að öðru leyti fer um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs eða samkvæmt samningum þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. Réttindi vegna aukaframlaga í lífeyrissjóði umfram reglubundin framlög skulu reiknuð miðað við greiðsludag.

Launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og aðilum skv. 8. gr. ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

8. gr.

Launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að gera samning við þá aðila sem tilgreindir eru í 3. mgr. um tryggingavernd á grundvelli iðgjalda sem þeir hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. 5. gr. Iðgjaldi eða iðgjaldshluta samkvæmt þeim samningi skal verja til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla eða í sameign skv. III. kafla.

Rétthafa skv. 1. mgr. er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd. Ekki verður gerð aðför í réttindum samkvæmt slíkum samningi og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt.

Eftirtaldir aðilar hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um viðskiptabanka og sparisjóði.
2. Líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um vátryggingastarfsemi.
3. Verðbréfafyrirtæki sem starfa samkvæmt 8. gr. laga um verðbréfaviðskipti og hafa starfsstöð hér á landi.
4. Lífeyrissjóðir, enda uppfylli þeir skilyrði 4.–5. gr.

9. gr.

Í samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað skal koma fram nafn og kennitala greiðanda, mánaðarlegt innlegg og hvaða reglur gilda um útborgun og réttindi að öðru leyti. Allir skilmálar varðandi viðbótartryggingaverndina skulu koma fram í samningnum. Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður. Heimilt er að segja upp samningi um viðbótartryggingavernd með sex mánaða fyrirvara. Uppsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en hlutaðeigandi samningsaðili hefur tilkynnt viðkomandi lífeyrissjóði um hana. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda, en í reglum um tryggingaverndina er heimilt að kveða svo á um að flytja megi innstæðu eða réttindi á milli þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

Á sama hátt og öðrum aðilum, sem tilgreindir eru í 1.–3. tölul. 3. mgr. 8. gr. er lífeyrissjóði sem uppfyllir skilyrði 4.–5. gr. heimilt að taka einungis við iðgjaldi frá tilteknum sjóðfélaga samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd. Sjóðurinn skal þó áður fá staðfesta aðild viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar.

10. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir, sem óska eftir því að bjóða upp á samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við ákvæði laga þessara, skulu fyrir fram leita eftir staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur sem um tryggingaverndina gilda séu í samræmi við ákvæði laga þessara. Allar breytingar á reglunum skal einnig tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær að fenginni umsögn opinbers eftirlitsaðila. Taka skal afstöðu til reglnanna og breytinga á þeim skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúið erindi berst ráðherra. Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari formskilyrði fyrir samningum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað.

II. KAFLI
Lífeyrissparnaður.

11. gr.

Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar.

Þegar rétthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem rétthafa vantar upp á 67 ára aldur.

Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorku-

prósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Deyi rétthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát rétthafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát rétthafa. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr.

Í reglugerð skal kveðið á um styttri útborgunartíma ef um lágar upphæðir er að ræða.

12. gr.

Með jöfnum greiðslum skv. 11. gr. er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að rétthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði 11. gr. um lágmarkstíma, eða til æviloka rétthafa.

III. KAFLI
Lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum.

13. gr.

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign á vinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris sem er ekki lakari en sá réttur sem kveðið er á um í þessum kafla. Í samþykktum lífeyrissjóðs skal kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún getur verið mismunandi eftir því hvort iðgjald er til lágmarks- eða viðbótartryggingaverndar og eftir atvikum háð eða óháð aldri.

Réttur til lífeyris samkvæmt lögum þessum reiknast frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði. Iðgjöld launþega sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið lífeyrissjóði skil á, svo og iðgjaldshluta hans, skal þó meta að fullu til réttinda frá eindaga iðgjaldagreiðslu, enda hafi sjóðnum borist vitneskja um iðgjaldsgreiðsluskyldu innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits skv. 18. gr. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

14. gr.

Lífeyrissjóður skal hefja útborgun ellilífeyris samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þegar sjóðfélagi hefur náð 65–70 ára aldri. Lífeyrissjóði er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris um allt að fimm ár. Í samþykktum skal kveðið á um hvernig frestun eða flýting lífeyristöku hefur áhrif á fjárhæð lífeyris.

Ellilífeyrir skal borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur lífeyrir skal verðtryggður og breytast til samræmis við breytingu á vístitölu neysluverðs. Nánar skal kveðið á um fjárhæð ellilífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans í samþykktum.

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. 1.–3. tölul. þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:

1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Viðkomandi lífeyrissjóður skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
2. Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.
3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

15. gr.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum, enda hafi sjóðfélagi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum þar af a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili, og ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs.

Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi skal fjárhæð örorkulífeyris miðast við áunnin réttindi.

Heimilt er að ákveða að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuði eftir orkutap. Sama gildir ef orkutap hefur varað skemur en sex mánuði.

Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

16. gr.

Lífeyrissjóður skal greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum fyrir andlát sitt eða notið ellieða örorkulífeyris við andlátið.

Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki vera 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélaga við andlátið miðað við 100% örorku.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri svo sem um fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

17. gr.

Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- og örorkulífeyris við andlátið skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um barnalífeyri, svo sem um útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

18. gr.

Hver lífeyrissjóður skal halda skrá um þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda. Í skránni skal vera nafn og kennitala þessara aðila. Þá skulu vera í skránni upplýsingar um fjárhæð iðgjaldagreiðslna hvers aðila, greiðslutímabil og áunnin réttindi svo og þau atriði sem geta haft áhrif á rétt til lífeyris.

Lífeyrissjóður skal samhliða greiðsluyfirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Heimilt er að kveða á um kerfisbundna skráningu upplýsinga um iðgjöld og lífeyrisréttindi í reglugerð svo og veitingu upplýsinga úr slíkri skrá til skattyfirvalda og annarra eftirlitsaðila.

19. gr.

Óheimilt er í samþykktum að kveða svo á að áunnin lífeyrisréttindi skerðist eða falli niður ef sjóðfélagi hættir iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs.

Ekki skal skipta máli hvort menn eiga lífeyrisréttindi í einum eða fleiri lífeyrissjóðum og hvorki skulu menn glata réttindum né öðlast meiri rétt vegna þess að iðgjaldagreiðslur skiptast milli tveggja eða fleiri sjóða. Nánar skal í reglugerð kveða á um skiptingu lífeyrisgreiðslna milli sjóða þegar lífeyrisréttindi hafa myndast í fleiri en einum sjóði og um framkvæmd þessa ákvæðis að öðru leyti.

Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur í því skyni að auðvelda framkvæmd þessarar greinar.

Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um útborgun lífeyris í einu lagi ef um lágar upphæðir er að ræða.

IV. KAFLI
Almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar.

20. gr.

Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs skal ávaxta sameiginlega með innlánum í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi er um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar. Lífeyrissjóði er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

21. gr.

Ekki er heimilt að starfrækja lífeyrissjóð nema hann hafi fullgilt starfsleyfi samkvæmt V. eða XI. kafla.

Að jafnaði skulu minnst 800 sjóðfélagar greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs reglulega í mánuði hverjum, nema sjóðurinn tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti í samræmi við tryggingafræðilega athugun.

Lífeyrissjóði er heimilt að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna, að hluta til eða öllu leyti, hjá vátryggingafélögum, sbr. lög um vátryggingastarfsemi. Jafnframt er honum heimilt að kaupa tiltekna tryggingavernd hjá vátryggingafélögum eða öðrum lífeyrissjóðum fyrir einstaka sjóðfélaga sína. Enn fremur er lífeyrissjóðum heimilt að hafa samstarf um einstaka þætti tryggingaverndar. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

22. gr.

Lífeyrissjóðum er skylt og einum heimilt að nota í heiti sínu orðið „lífeyrissjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum eða til nánari skýringa á starfsemi sinni. Lífeyrissjóðum sem starfandi eru við gildistöku laga þessara er þó heimilt að halda heiti sínu óbreyttu.

23. gr.

Lífeyrissjóður ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum sínum. Iðgjaldagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

24. gr.

Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. og ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerð skal kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, raunvexti sem athugunin skal byggjast á og ávöxtunarkröfu sem nota skal við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins. Í reglugerð skulu jafnframt sett ákvæði um mat á hreinni eign til greiðslu lífeyris vegna tryggingafræðilegra athugana. Skal í reglugerðinni tilgreina möguleg frávik frá mati á eignarliðum í efnahagsreikningi skv. 40. gr., m.a. að verðmæti skráðra hlutabréfa og

sambærilegra verðbréfa skuli miða við vegið markaðsvirði á tilteknu tímabili sem þó getur ekki verið lengra en sex mánuðir.

Athugun skv. 1. mgr. skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu Vátryggingaeftirlitsins til slíks starfs, sbr. lög um vátryggingastarfsemi.

Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda bankaeftirliti Seðlabanka Íslands tryggingafræðilega athugun skv. 1. mgr.

V. KAFLI
Starfsleyfi lífeyrissjóða.

25. gr.

Fjármálaráðherra skal veita lífeyrissjóði starfsleyfi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Sýnt er fram á að sjóðurinn muni innan þriggja ára uppfylla skilyrði 2. mgr. 21. gr.
2. Samþykktir eru samkvæmt ákvæðum 27. gr.
3. Stjórn hefur verið valin.
4. Löggiltur endurskoðandi hefur verið valinn.
5. Tryggingafræðingur hefur verið valinn.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Skulu fylgja henni samþykktir sjóðsins ásamt öðrum þeim upplýsingum og gögnum sem ráðherra ákveður. Áður en umsókn um starfsleyfi er afgreidd skal leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi lífeyrissjóða í Lögbirtingablaði.

26. gr.

Ákvörðun um starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra.

Uppfylli lífeyrissjóður sem sótt er um starfsleyfi fyrir ekki skilyrði laga þessara skal synja honum um það.

27. gr.

Samþykktir lífeyrissjóðs skulu við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Samþykktir lífeyrissjóðs skulu m.a. kveða á um eftirtalin atriði:

1. Heiti, heimili og hlutverk sjóðsins.
2. Hverjir eru sjóðfélagar.
3. Almenn skilyrði um aðild að sjóðnum og um brottfall aðildar.
4. Ársfund, hvernig boða skuli til hans, hvaða mál skuli þar lögð fram, hverjir eigi þar atkvæðisrétt og hvernig atkvæðisréttur er ákveðinn.
5. Hlutverk stjórnar, fjölda stjórnarmanna og varamanna þeirra, kjörtímabil þessara aðila svo og hvernig vali þeirra og endurskoðanda skuli háttað.
6. Hvort fé í vörslu sjóðsins skuli varðveitt sem ein heild eða í fjárhagslega aðskildum deildum og hvernig fé sjóðsins skuli ávaxtað.
7. Hvernig iðgjöld til sjóðsins skuli ákveðin og hvernig þau skuli greidd.
8. Réttindi sjóðfélaga eða aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda skuli háttað og hver séu nánari skilyrði lífeyrisréttar. Þá skal og kveðið á um framkvæmd lífeyrisgreiðslna.
9. Framkvæmd reglubundinnar, tryggingafræðilegrar athugunar á hag sjóðsins og hvenær slík athugun skuli fara fram, sbr. 24. gr. og 39. gr.
10. Hvernig staðið skuli að breytingu á samþykktum sjóðsins.
11. Upplýsingaskyldu sjóðsins við sjóðfélaga.

28. gr.

Allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skal tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laga þessara og starfsleyfi sjóðsins. Samtök lífeyrissjóða geta tilkynnt breytingar á samþykktum í umboði aðildarsjóða sinna. Tilkynning um breytingar á samþykktum lífeyrissjóða skulu birtar í Lögbirtingablaði. Jafnframt skal tilkynna bankaeftirliti um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi lífeyrissjóðs.

VI. KAFLI
Rekstur og innra eftirlit.

29. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórn lífeyrissjóðs skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi.

Stjórn lífeyrissjóðs annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans eða þeirra samkvæmt sérstöku erindisbréfi,
2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila,
3. að móta fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins, sbr. VII. kafla,
4. að setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins,
5. að ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað,
6. að láta tryggingafræðilega athugun fara fram á fjárhag sjóðsins, sbr. 24. gr.

30. gr.

Fyrir lok júní hvert ár skal stjórn lífeyrissjóðs boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisréttur skal vera í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, sbr. 27. gr.

Ársfund skal boða með tryggilegum hætti.

Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

31. gr.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.

Halda skal gerðabók um það sem gerist á fundum stjórnar. Allir stjórnarmenn sem mættir eru skulu undirrita fundargerðina.

32. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

Um hæfi framkvæmdastjóra fer skv. 1. og 2. mgr. 31. gr.

33. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

34. gr.

Við lífeyrissjóð skal endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili annast innra eftirlit, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 29. gr. Innra eftirlit skal vera hluti af skipulagi lífeyrissjóðs og þáttur í eftirlitskerfi hans.

Sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili getur verið löggiltur endurskoðandi eða sá sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins.

Lífeyrissjóði er skylt að tilkynna bankaeftirliti ef skipt er um eftirlitsaðila.

35. gr.

Endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðs skal m.a. annast eftirfarandi verkefni:

1. hafa eftirlit með að skráning iðgjalda og lífeyrisréttinda sé samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,
2. hafa eftirlit með að lífeyrisréttindi séu reiknuð í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,
3. gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innra eftirlits og annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits,
4. hafa eftirlit með að í viðskiptum með eignir lífeyrissjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. hafa eftirlit með því að fjárfestingarstefnu sé fylgt og að ávöxtun eigna sé eðlileg,
6. hafa eftirlit með að iðgjöldum og öðru ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Bankaeftirlit setur nánari reglur um verkefni endurskoðunardeilda og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

VII. KAFLI
Fjárfestingarstefna lífeyrissjóða.

36. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild í deildaskiptum sjóði. Lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvíxlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.

3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti bankaeftirlits.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteinunum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
8. Í öðrum verðbréfum.
9. Í innlendum hlutabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutaðeigandi hlutafélaga öllum aðgengilegir.
10. Með gerð afleiða sem draga úr áhættu sjóðsins.

Verðbréf skv. 1., 2. og 5.–8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum.

Eign lífeyrissjóðs skv. 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. hverjum um sig og 6. og 9. tölul. 1. mgr. samanlagt skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal eign skv. 9. tölul. ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.

Lífeyrissjóður skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins.

Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 3.–6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

Lífeyrissjóði er ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein en skal þegar hann kaupir verðbréf gæta þess að þessi takmörk séu virt.

37. gr.

Lífeyrissjóður má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er lífeyrissjóði heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

38. gr.

Lífeyrissjóði er óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins. Lífeyrissjóði er þó heimilt að nýta almenna greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum eða taka skammtímalán til þess að jafna fjárstreymi.

Lífeyrissjóði er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda, eftirlitsaðila, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

39. gr.

Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Hrein eign til greiðslu lífeyris skal á hverjum tíma metin í samræmi við ákvæði 24. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun skv. 24. gr. í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Stjórn lífeyrissjóðs er skylt að fá álit tryggingafræðings á áhrifum breytinga á samþykktum lífeyrissjóðs á getu hans til þess að greiða lífeyri. Tryggingafræðingi lífeyrissjóðs er skylt að skýra stjórn sjóðsins þegar í stað frá því ef tryggingafræðileg úttekt leiðir í ljós að sjóðurinn stendur ekki við skuldbindingar sínar. Hann skal skila tillögum til úrbóta til stjórnar og gera bankaeftirliti viðvart.

Tryggingafræðingur lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en tryggingafræðilegum athugunum og tengdri ráðgjöf.

VIII. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

40. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár lífeyrissjóðs er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings lífeyrissjóðs.

Bankaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða efnahagsreiknings, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og fjárstreymisyfirlit og skýringar og mat á einstökum liðum.

41. gr.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun sjóðsins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hans.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda greiðandi sjóðfélaga á árinu, fjölda virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, fjölda lífeyrisþega, fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu sjóðsins.

42. gr.

Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal gerð af löggiltum endurskoðanda.

Endurskoðandi lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun og innra eftirliti, sbr. 35. gr.

Um endurskoðun hjá lífeyrissjóði gilda ákvæði VII. kafla laga um ársreikninga, eftir því sem við á, nema annað komi fram í þessum lögum.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins, svo og ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um starfsemina hafi verið brotnar, skal hann þegar í stað gera stjórn sjóðsins og bankaeftirliti viðvart. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 33. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

Bankaeftirlitið skal sjá til þess, í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila, að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá lífeyrissjóðum. Bankaeftirlitið setur reglur um endurskoðun lífeyrissjóða.

43. gr.

Senda skal bankaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu liggja frammi í starfsstöð viðkomandi lífeyrissjóðs og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.

IX. KAFLI
Eftirlit.

44. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og staðfestar samþykktir lífeyrissjóða. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum lífeyrissjóða sem það telur nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið getur lagt fyrir stjórn lífeyrissjóðs að láta fara fram tryggingafræðilega athugun á hag sjóðs á öðrum forsendum en gefnar eru í reglubundnum athugunum sjóðsins telji eftirlitið að hagur sjóðsins gefi tilefni til þess.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 4. mgr. 42. gr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að rekstri lífeyrissjóðs og fjárhagsstöðu sé ábótavant í verulegum atriðum skal það krefja stjórnendur og endurskoðanda þegar í stað um nauðsynleg gögn sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því þeim barst krafan.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi lífeyrissjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóða eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi sjóði hæfilegan frest til úrbóta, nema brot sé alvarlegt.

45. gr.

Heimilt er Seðlabanka Íslands, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, að ákveða viðurlög í formi dagsekta, allt að 100 þús. kr. á dag, ef lífeyrissjóðir verða ekki við skyldu til afhendingar ársreikninga eða annarra gagna eða hlíta ekki kröfum bankaeftirlitsins um aðgerðir samkvæmt lögum þessum.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins samkvæmt þessum kafla skulu þegar í stað tilkynntar fjármálaráðherra, stjórn lífeyrissjóðs og endurskoðanda.

X. KAFLI
Umsjónaraðili, slit og samruni.

46. gr.

Fullnægi lífeyrissjóður ekki lengur skilyrði laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. V. kafla, reynist lífeyrissjóður ekki gjaldhæfur að mati bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóðs eða sé rekstri hans ábótavant og kröfum bankaeftirlitsins skv. 44. gr. ekki sinnt er ráðherra heimilt að skipa lífeyrissjóði umsjónaraðila um tiltekinn tíma að fengnum tillögum bankaeftirlits.

Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skulu víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfar. Tekur umsjónaraðili við réttindum og skyldum þessara aðila eftir því sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi hans sem ráðherra gefur út. Kostnaður við starf umsjónaraðila greiðist af viðkomandi lífeyrissjóði.

47. gr.

Skipun umsjónaraðila skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi lífeyrissjóði skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um skipunina í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Skylda til greiðslu iðgjalds til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs fellur niður frá og með þeim tíma sem tilkynning um skipun umsjónaraðila birtist í Lögbirtingablaði. Ef iðgjaldagreiðslu til sjóðsins er hætt skal tryggingaskyldu fullnægt með aðild að og greiðslu iðgjalds til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eða annars lífeyrissjóðs sem viðurkenndur er af fjármálaráðherra.

Að tillögu umsjónaraðila getur ráðherra ákveðið slit lífeyrissjóðs. Skal ráðherra þá skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars lífeyrissjóðs. Skilanefnd tekur við öllum heimildum sjóðsstjórnar og falla jafnframt niður heimildir stjórnarinnar frá sama tíma. Skilanefnd skal taka ákvörðun um hvort sjóðnum skuli slitið með sameiningu við annan sjóð eða með öðrum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. 49. gr.

48. gr.

Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs, hvort heldur er með sameiningu eða öðrum hætti, skal tekin af stjórn hans, nema samþykktir sjóðsins kveði á um annað eða ákvæði 47. gr. eigi við.

Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs skal þegar í stað tilkynna fjármálaráðuneytinu og bankaeftirlitinu.

Sé gert samkomulag um að sameina lífeyrissjóð algjörlega öðrum sjóði skal gefa út innköllun skv. 2. mgr. 49. gr. og halda eignunum aðgreindum þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf þó að halda eignum aðgreindum ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging.

Eignir lífeyrissjóðs skulu renna til þess lífeyrissjóðs sem hann sameinast. Við flutning og ákvörðun lífeyrisréttinda skal þess gætt að hver og einn sjóðfélagi beggja sjóðanna verði ekki fyrir réttindaskerðingu vegna sameiningarinnar. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

49. gr.

Stjórn sjóðs eða sá aðili sem samkvæmt samþykktum sjóðs hefur ákveðið að honum skuli slitið skal þegar í stað tilnefna þriggja manna skilanefnd er taki við störfum stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins, enda hafi skilanefnd ekki þegar verið skipuð skv. 3. mgr. 47. gr.

Skilanefnd skal láta birta tvisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna sjóðsins um að lýsa kröfum sínum innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar og hefur hún sömu réttaráhrif og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Eignir lífeyrissjóðs sem eftir standa þegar skuldir hafa verð greiddar skulu renna til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Skulu réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega jafnframt metin til réttar í Söfnunarsjóðnum í sama hlutfalli og er milli þeirra eigna sjóðsins er til Söfnunarsjóðsins renna og heildarlífeyrisskuldbindinga sjóðsins metinna í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

XI. KAFLI
Lífeyrissjóðir sem starfa við gildistöku laga þessara.

50. gr.

Lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum eru undanþegnir ákvæðum 21. gr., V. kafla og X. kafla. Jafnframt eru þeir undanþegnir ákvæðum 3. gr. og III. kafla enda sé kveðið á um iðgjaldsstofn og réttindi í viðkomandi lögum. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. skal þó gilda fyrir þessa sjóði.

51. gr.

Lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags og banka eru undanþegnir ákvæðum 23. gr. og 39. gr.

52. gr.

Lífeyrissjóðir sem hyggjast halda áfram að taka við iðgjöldum eftir gildistöku laga þessara skulu innan eins árs frá gildistökunni senda fjármálaráðuneytinu umsókn um starfsleyfi. Umsókn skulu fylgja samþykktir lífeyrissjóðs, tryggingafræðileg athugun, ásamt öðrum þeim upplýsingum sem ráðherra ákveður. Hafi sjóður ekki nægjanlega marga sjóðfélaga skv. 21. gr. skal í umsókn koma fram hvenær og hvernig sjóðurinn hyggst uppfylla skilyrði greinarinnar, sbr. 25. gr. Um veitingu starfsleyfis fer að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla, um starfsleyfi.

Hafi lífeyrissjóður ekki sent umsókn um starfsleyfi ásamt tilskildum gögnum innan þess tíma sem greinir í 1. mgr. telst sjóðurinn ekki fullnægja ákvæðum laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi og fer þá um málefni hans samkvæmt ákvæðum X. kafla.

53. gr.

Lífeyrissjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara og hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna áunninna réttinda skulu tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlan innan eins árs frá gildistöku laganna og skal þeim veitt starfsleyfi í því skyni, að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Lög þessi skulu gilda um þá sjóði sem starfsleyfi hafa samkvæmt þessari grein eftir því sem við getur átt.

54. gr.

Lífeyrissjóði sem starfar í samræmi við staðfesta reglugerð samkvæmt lögum nr. 55/1980 og nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka er heimilt að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli fyrir þá sem eiga aðild að sjóðnum við gildistöku laga þessara. Lífeyrissjóðurinn skal tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlun innan eins árs frá gildistöku laganna og skal honum veitt starfsleyfi í því skyni.

Kjósi sjóðurinn að taka við iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum skulu þeir eiga aðild að sérstakri deild í sjóðnum og skulu samþykktir hennar uppfylla skilyrði laga þessara. Um starfsleyfi fyrir slíka deild skal sótt innan sömu tímamarka og í 1. mgr. greinir.

Í að minnsta kosti eitt ár eftir gildistöku laga þessara skal gefa þeim sem eiga aðild að lífeyrissjóði er þessi grein tekur til kost á aðild að réttindakerfi eða öðrum lífeyrissjóði sem uppfyllir skilyrði laga þessara.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.

56. gr.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

57. gr.

Kostnaður við birtingu tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi lífeyrissjóði.

58. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Þó öðlast 3. mgr. 14. gr. ekki gildi fyrr en 1. maí 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, 2., 3., 4. og 5. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og lög nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fram til þess tíma er starfsleyfi er veitt skv. XI. kafla skal um starfsemi lífeyrissjóðs gilda sú staðfesta reglugerð sem í gildi er við gildistöku laga þessara enda hafi heimild til reksturs lífeyrissjóðs ekki fallið niður.

II.

Á árinu 2001 skal fjármálaráðherra láta gera skýrslu um þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laga þessara. Sérstaklega skal fjalla um hvernig lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum og boðið sjóðfélögum upp á fleiri valmöguleika í samsetningu lífeyrisréttinda sinna, sbr. 4. gr., enda er það eitt af markmiðum laga þessara að auka valmöguleika sjóðfélaganna. Komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika með hliðsjón af lágmörkum skv. 4. gr. skal fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp um breytingu á lögum þessum þannig að þetta markmið þeirra náist.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 23. maí sl. skipaði fjármálaráðherra nefnd til að yfirfara drög að frumvarpi til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áður hafði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tekið málið til afgreiðslu og fjármálaráðherra hafði sent henni bréf í kjölfar þess að ASÍ og VSÍ höfðu óskað eftir því við ríkisstjórnina að frumvarpið yrði ekki afgreitt að svo stöddu sem lög, en áfram unnið að málinu og það afgreitt á haustþingi. Í bréfi fjármálaráðherra kom fram að ósk aðila vinnumarkaðarins byggðist á því að samtökin teldu sig þurfa nokkurn tíma til þess annars vegar að skoða tryggingafræðilegan grundvöll áformaðra breytinga og hins vegar til að afla stuðnings meðal aðildarfélaga sinna og innan lífeyrissjóðanna við hugmyndir um aukinn sveigjanleika, t.d. á borð við það sem þá var til umræðu.

Nefndinni var ætlað að skila niðurstöðum fyrir miðjan september en í samráði við fjármálaráðherra var ákveðið að fresta lokum nefndarstarfsins um rúman mánuð. Nefndinni var ætlað að hafa samráð við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og helstu hagsmunaaðila.

Í nefndina voru skipaðir: Vilhjálmur Egilsson alþingismaður, formaður nefndarinnar, Baldur Guðlaugsson hrl., Geir Magnússon forstjóri, Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Steingrímur A. Arason, aðstoðarmaður ráðherra, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ og Örn Gústafsson viðskiptafræðingur.

Geir Magnússon var skipaður í nefndina eftir að hún hóf störf og Hervar Gunnarsson, varaforseti ASÍ, sat nokkra fundi í forföllum Grétars. Með nefndinni störfuðu Áslaug Guðjónsdóttir og Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingar í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin hélt 24 fundi. Í upphafi starfs var frumvarpið, eins og efnahags- og viðskiptanefnd hafði afgreitt það til annarrar umræðu á Alþingi, sent helstu hagsmunaaðilum og óskað eftir skriflegum athugasemdum. Nokkrar athugasemdir bárust en flestir vísuðu til athugasemda sem komið var á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sl. vor. Nefndin fór yfir athugasemdirnar og tók nokkrar þeirra til greina. Formaður nefndarinnar kynnti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis stöðu nefndarstarfsins um miðjan september sl.

Vegna tryggingafræðilegra álitamála leitaði nefndin til Benedikts Jóhannessonar og Vigfúsar Ásgeirssonar frá Talnakönnun hf. og Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings. Auk þeirra komu á fundi nefndarinnar Ragnar Hafliðason og Ásta Þórarinsdóttir frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Stefán Halldórsson frá Verðbréfaþingi Íslands og Már Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands.

Framangreindur aðdragandi setti mark sitt á nefndarstarfið en þeim breytingum á frumvarpinu sem það leiddi til má skipta í þrennt:

Í fyrsta lagi var framsetningu breytt með hliðsjón af þeim ákvæðum sem efnahags- og viðskiptanefnd hafði tekið inn í frumvarpið. Veigamesta breytingin af þessum toga varðar ákvæði 4. gr. um lágmarkstryggingaverndina. Ákvæðið var áður að finna í 2. tölul. 8. gr. Með nýrri efnisskipan gafst kostur á að einfalda framsetningu og hugtakaskilgreiningu.

Í öðru lagi voru gerðar nokkrar breytingar á einstökum greinum og má þar helst nefna ákvæði 2. gr. um aðild að lífeyrissjóðum, ákvæði 4. gr. um lágmarkstryggingavernd, ákvæði 16. og 17. gr. um maka- og barnalífeyri lífeyrissjóða og ákvæði 39. gr. um nauðsynlegt jafnvægi milli eigna og skuldbindinga. Breytingin á 2. gr. felur í sér aðra nálgun en í frumvarpinu frá sl. vori að ákvörðun lífeyrissjóðsaðildar en varðveitir þá meginreglu að aðild skuli ákveðin á grundvelli frjálsra samninga. Breytingin á 4. gr. gerir auknar kröfur til þeirrar tryggingaverndar sem á að felast í lágmarkstryggingavernd lífeyrissjóða. Breytingar á 16. og 17. gr. taka til skilgreiningar á lágmarkslífeyri við fráfall sjóðfélaga, en á 39. gr. til leyfilegs fráviks milli eigna og skuldbindinga á grundvelli tryggingafræðilegra athugana, svo og hvernig hrein eign til greiðslu lífeyris skuli metin, sbr. 24. gr. Nokkrar breytingar voru einnig gerðar á 36.–38. gr. sem vert er að vekja athygli á og lúta að fjárfestingu lífeyrissjóða í hlutdeildarskírteinum, hlutabréfum, nauðsynlegu lausu fé og skammtímalántöku lífeyrissjóða.

Í þriðja lagi voru ný atriði tekin inn í frumvarpið annars vegar varðandi heimild til réttindaskiptingar milli sjóðfélaga og maka hans og hins vegar varðandi eftirlit með því að allir á vinnumarkaði taki þátt í skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Ákvæði varðandi fyrra nýmælið er að finna í 3. mgr. 14. gr. en hið síðara í 6. gr.

Ákvæðið um lágmarkstryggingaverndina opnar nýja möguleika fyrir útfærslu á lögboðinni skyldutryggingu og eykur þar með sveigjanleika lífeyrissjóðakerfisins eins og að var stefnt sl. vor. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verður eftir sem áður 10%. Skilgreiningin og möguleg samþætting samtryggingar og séreignar gerir iðgjaldagreiðendum hins vegar kleift að byggja áfram á séreign og opnar jafnframt fyrir það að almennir lífeyrissjóðir geti tekið við séreignariðgjöldum. Athuganir tryggingafræðinga staðfestu tryggingafræðilegan grundvöll ákvæðisins.

Nefndin lauk störfum 26. október og náði samkomulagi um tillögur til breytinga á því frumvarpi sem var til umfjöllunar á Alþingi sl. vor. Í framhaldi af því er þetta frumvarp lagt fram og er það efnislega í samræmi við niðurstöðu nefndarstarfsins. Niðurstaðan gerði jafnframt ráð fyrir að heimildir einstaklinga til skattafrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda verði rýmkaðar. Þetta verði til að efla lífeyriskerfið og auka þjóðhagslegan sparnað. Í kjölfar þessa frumvarps verða þannig einnig lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Inngangur.

Málefni lífeyrissjóða hafa verið lengi í deiglunni. Þannig var fjallað nær samfellt um málefni þeirra og skyldutryggingu lífeyrisréttinda í stjórnskipaðri nefnd árin 1976–1987. Þetta starf skilaði fyrst ýmsum bráðabirgðaúrlausnum en því lauk með tillögu um starfsemi lífeyrissjóða. Í framhaldinu var lagt fram frumvarp um þetta efni á Alþingi sem ekki fékk afgreiðslu. Síðast var þessu frumvarpi vísað til sérstakrar milliþinganefndar sem starfaði árin 1990–1991. Það starf skilaði ekki árangri. Loks voru á vegum fjármálaráðherra samin drög að frumvarpi árið 1994 sem byggðust á þessu starfi en það náði heldur ekki fram að ganga.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skipaði fjármálaráðherra nefnd um lífeyrismál 30. ágúst 1995. Í erindisbréfi kom fram að meginverkefni nefndarinnar væri að útfæra það markmið ríkisstjórnarinnar að treysta starfsgrundvöll lífeyrissjóðakerfisins þannig

að allir landsmenn nytu sambærilegra lífeyrisréttinda. Sérstök áhersla skyldi lögð á að finna leiðir til að auka valfrelsi í lífeyrissparnaði, innleiða samkeppni milli lífeyrissjóða og tryggja bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna. Jafnframt var nefndinni falið að skilgreina stöðu og hlutverk séreignarsjóða lífeyrisréttinda og að leita leiða til þess að auka þátttöku lífeyrissjóða í atvinnulífinu.

Eftir viðræður við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og umræðu í ríkisstjórn var nefndin frá 1995 leyst frá störfum 26. mars sl. Þó að niðurstaða nefndarstarfsins lægi ekki fyrir var frumvarp, sem að nokkru leyti var byggt á því starfi sem fram fór í nefndinni, lagt fram á Alþingi í byrjun apríl á 121. löggjafarþingi. Það tók mið af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 þó að tekið væri jafnframt tillit til annarra sjónarmiða. Í framsöguræðu fjármálaráðherra á Alþingi óskaði hann eftir því að efnahags- og viðskiptanefnd leitaði málamiðlunar sem flestir gætu sætt sig við.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis bárust fjölmargar umsagnir um frumvarpið. Í framhaldi af þeim, umræðum innan nefndarinnar og í samráði við ríkisstjórn gerði meiri hluti nefndarinnar síðan tillögur um ákveðnar breytingar á frumvarpinu. Veigamest var sú breyting að heimila lífeyrissjóðum móttöku iðgjalda með samningum um lífeyrissparnað að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þar með var jafnframt opnað fyrir það að séreignarsjóðir gætu starfað áfram sem fullgildir lífeyrissjóðir og að skilgreind lágmarkstryggingavernd gæti byggst á samtryggingu og lífeyrissparnaði. Álit meiri hlutans og breytingartillögur er annars að finna á þingskjölum 1203 og 1204.

Afgreiðsla meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar tók, eins og áður segir, mið af bréfi fjármálaráðherra til nefndarinnar í kjölfar þess að ASÍ og VSÍ höfðu óskað eftir því við ríkisstjórnina að frumvarpið yrði ekki afgreitt að svo stöddu. Í bréfi fjármálaráðherra kom fram að ríkisstjórnin teldi eðlilegt að nefndin afgreiddi málið þannig að tillögur lægju fyrir með formlegum hætti. Breytingar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá sl. vori hafa því verið teknar inn í þetta frumvarp ásamt þeim breytingum sem nefndin er nýverið lauk störfum lagði til.

Það frumvarp sem hér er lagt fram miðar að því að setja almenna umgjörð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Því er fyrst og fremst ætlað að skilgreina inntak skyldutryggingarinnar og samninga um lífeyrissparnað, setja almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða og heimildum þeirra til fjárfestingar og kveða á um eftirlit með lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um starfsemi einstakra sjóða í staðfestum samþykktum þeirra en auk þess má ætla að í almennri reglugerð verði kveðið nánar á um ýmis ákvæði laganna. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir, hvað almenn atriði varðar, að frumvarp þetta taki til lögbundinna sjóða eins og lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, Lífeyrissjóðs bænda og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Við það er miðað að um þessa sjóði gildi þó áfram sérstök löggjöf.

Í byrjun mars 1997 voru starfræktir 66 lífeyrissjóðir en af þeim taka 10 sjóðir ekki lengur við iðgjöldum. Samtryggingarsjóðir eru alls 54 og starfa 35 án ábyrgðar launagreiðenda og 19 með ábyrgð launagreiðenda. Séreignarsjóðir voru 13. Lífeyrissjóðum hefur fækkað á undanförnum árum og má þar t.d. nefna að í ársbyrjun 1996 sameinuðust sex lífeyrissjóðir og stofnuðu lífeyrissjóðinn Framsýn og í ársbyrjun 1997 voru sameinaðir þrír lífeyrissjóðir og mynduðu þeir lífeyrissjóðinn Lífiðn. Jafnframt var stofnaður nýr séreignarsjóður í byrjun þessa árs og er hann rekinn af verðbréfadeild Búnaðarbanka Íslands.

Hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris í árslok 1996 nam 306,5 milljörðum kr. samanborið við 262,6 milljarða kr. í árslok 1995. Aukningin á árinu var 16,7% sem samsvarar 14,3% raunaukningu miðað við neysluverðsvísitölu. Ráðstöfunarfé samkvæmt sjóðstreymi

á árinu 1996 nam samtals 62,7 milljörðum kr. samanborið við 46,8 milljarða kr. árið á undan. Raunávöxtun eigna allra lífeyrissjóðanna á árinu 1996 var 7,8% en á árinu 1995 6,9%. Hrein raunávöxtun eigna allra lífeyrissjóðanna á árinu 1996 reyndist vera 7,6% miðað við neysluverðsvísitölu en sambærileg tala á árinu 1995 var 6,6%. Á árinu 1996 námu iðgjöld samtals 19,0 milljörðum kr. en samsvarandi tala árið 1994 var 17,0 milljarðar kr. Á árinu 1996 nam gjaldfærður lífeyrir 9,3 milljörðum kr. en 8,4 milljörðum kr. árið 1995. Kostnaður á árinu 1996, þ.e. rekstrargjöld að frádregnum rekstrartekjum, nam samtals 747 m.kr. en sambærileg fjárhæð á árinu 1995 var 691 m.kr. Sem hlutfall af eignum, þ.e. meðaltali hreinnar eignar til greiðslu lífeyris, nam kostnaður 0,3% árið 1996 og er það sama hlutfall og árið 1995 fyrir lífeyrissjóðina í heild. Þess má geta að þetta hlutfall var 0,41% árið 1991, 0,38% árið 1992, 0,34% árið 1993 og 0,29% árið 1994. Kostnaður sem hlutfall af eignum hefur þannig farið lækkandi en þó staðið í stað síðustu árin.

Allt fram á þennan áratug hefur framtíð lífeyrissjóðakerfisins verið háð mikilli óvissu. Ekki eru nema 15 ár síðan flest benti til þess að markmið kerfisins og tilætlaður árangur næðist ekki; kerfið mundi sigla í strand og liðast í sundur. Fjárhagsstaða flestra lífeyrissjóða sem starfa án ábyrgðar launagreiðenda hefur hins vegar gjörbreyst á undanförnum árum og telst nú viðunandi. Í stað neikvæðrar raunávöxtunar á fyrstu árum almennu sjóðanna hafa þeir á undanförnum árum náð að ávaxta ráðstöfunarfé sitt langt umfram tryggingafræðilegar forsendur. Sjóðir hafa þar að auki verið sameinaðir og réttindi löguð að eignastöðunni. Nú er svo komið að óhætt er að fullyrða að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins árið 1969 hafi tekist að byggja upp lífeyristryggingakerfi á Íslandi sem jafnast á við það besta í heiminum. Til að undirstrika þetta má geta þess að ýmsar þjóðir eru nú í óða önn að breyta lífeyriskerfum sínum í hátt við það sem Íslendingar búa við.

Samhliða bættri fjárhagsstöðu lífeyrissjóða er almenningur meðvitaðri en áður um þá hagsmuni sem eru í húfi. Frá sjónarhóli einstaklingsins er um að ræða uppsöfnun verðmæta sem vænta má að samsvari skuldlausu íbúðarhúsnæði við starfslok og upphaf töku ellilífeyris. Frá sjónarhóli heildarinnar ætti þessi sparnaður hins vegar að draga úr skattheimtu og kostnaði við almannatryggingakerfið.

Hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris er nú áætluð rúm 60% af VLF. Áætlað er að uppsöfnun fjár haldi áfram hjá lífeyrissjóðunum til ársins 2040 og samsvari þá a.m.k. 150% af VLF.

Lög hafa verið sett um rekstur allra annarra fjármálastofnana en lífeyrissjóða og almenn samstaða er um nauðsyn sambærilegrar löggjafar fyrir lífeyrissjóðina. Margar tilraunir hafa verið gerðar án árangurs. Veigamikil ástæða er sú óvissa sem ríkt hefur um framtíð sjóðanna og sjóðsöfnunarkerfisins almennt, m.a. vegna opinberu lífeyrissjóðanna og annarra „sjóða" sem hafa að stórum hluta verið reknir sem gegnumstreymissjóðir. Með bættum fjárhag almennu sjóðanna og nýjum lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga hefur þessum hindrunum verið rutt úr vegi.

Helstu atriði frumvarpsins.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda.

Skyldutrygging lífeyrissjóða er skilgreind og gerður er greinarmunur á lágmarkstryggingavernd og viðbótartryggingavernd.

Gert er ráð fyrir að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verði áfram 10% af launum og heimilt að semja um hærra hlutfall. Gert er ráð fyrir að skattyfirvöld hafi eftirlit með greiðslu lágmarksiðgjalds og að aðild að lífeyrissjóði verði ákveðin í kjarasamningi eða sérlögum, en ella ráðningarsamningi.

Samhliða því sem öllum er gert að eiga aðild að lífeyrissjóði er lágmarkstryggingavernd skilgreind. Einstaklingum er jafnframt tryggður réttur til að ráðstafa iðgjaldi til séreignar hjá annarri fjármálastofnun en þeim lífeyrissjóði sem þeir eiga aðild að ef það er umfram það sem þarf til þeirrar lágmarkstryggingaverndar sem hlutaðeigandi lífeyrissjóður hefur ákveðið. Lífeyrissjóðum er jafnframt heimilt að veita lágmarkstryggingavernd með því að bjóða sjóðfélögum að samþætta séreign og sameign.

Samningar um lífeyrissparnað.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að launamenn á aldrinum 16–70 ára geti gert sérstakan samning um lífeyrissparnað við bankastofnun, verðbréfafyrirtæki, líftryggingafélag eða lífeyrissjóð vegna iðgjalda til séreignar eða viðbótartryggingaverndar. Lífeyrissparnaður getur farið inn á bundinn reikning eða til kaupa á sparnaðartryggingu. Banki gæti þannig, svo dæmi sé tekið, boðið upp á bundinn innlánsreikning og verðbréfafyrirtæki stofnað verðbréfasjóð vegna slíks sparnaðar. Settar eru reglur um það hvað koma á fram í slíkum samningum og skilyrði fyrir úttekt á innstæðu samkvæmt þeim. Gert er ráð fyrir að viðbótartryggingavernd geti bæði byggst á lífeyrissparnaði skv. II. kafla og samtryggingu skv. III. kafla.

Réttindi í lífeyrissjóðum.

Í III. kafla frumvarpsins eru settar reglur um lífeyrisréttindi sem grundvölluð eru á samtryggingu. Ekki er lögbundið hvaða kerfi skuli notað við útreikning lífeyrisréttinda. Útborgun ellilífeyris getur á hinn bóginn í fyrsta lagi hafist við 60 ára aldur og greiðist ávallt ævilangt. Jafnframt eru sett lágmarksskilyrði um rétt til örorku-, maka- og barnalífeyris. Þessi ákvæði taka mið af þeim reglum sem gilda um lífeyrisréttindi hjá stærstu lífeyrissjóðunum. Hjúskaparaðilum er veitt heimild til að skipta lífeyrisréttindum á milli sín með gagnkvæmum hætti.

Skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar og starfsleyfi.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ákvæði um lágmarksstærð lífeyrissjóða. Er gert ráð fyrir að stærð sjóða byggist á fjölda sjóðfélaga annars vegar og tryggingavernd hins vegar. Nokkrir starfandi lífeyrissjóðir eru litlir, taka til fámennra starfsstétta eða eru bundnir við ákveðin byggðarlög. Fækkun lífeyrissjóða og stækkun þeirra getur þar með leitt til lækkunar á rekstrarkostnaði og aukinnar áhættudreifingar. Viðunandi áhættudreifingu má einnig ná með öðrum hætti, t.d. með samstarfi sjóða eða með því að lífeyrissjóður kaupi tryggingar hjá viðurkenndu tryggingafélagi og er því eftir sem áður mögulegt að sjóðfélagar séu færri en 800.

Í V. kafla frumvarpsins er lagt til að lífeyrissjóðir þurfi sérstakt starfsleyfi en nú starfa þeir eingöngu á grundvelli reglugerða sem fjármálaráðherra staðfestir.

Rekstur og innra eftirlit.

Í VI. kafla frumvarpsins er starfssvið og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreint. Þá er í kaflanum kveðið á um innra eftirlit lífeyrissjóða en það getur annaðhvort verið í höndum sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila eða eftirlitsdeildar sem starfrækt er við sjóðinn. Eftirlitsdeildum eða eftirlitsaðila er ætlað að gegna svipuðu hlutverki hjá lífeyrissjóðum og endurskoðunardeildir gegna hjá bönkum eða lánastofnunum og vörslufyrirtæki að hluta til hjá verðbréfasjóðum.

Eignir og skuldbindingar standist á.

Í 39. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með afdráttarlausum hætti að jafnvægi eigi að vera milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. Komi í ljós við tryggingafræðilega athugun að munur á eignum og skuldbindingum er yfir 10% eða meiri en 5% samfellt í fimm ár ber lífeyrissjóði að grípa til viðeigandi ráðstafana. Geta þær ráðstafanir leitt annars vegar til skerðingar á lífeyrisréttindum og hækkunar iðgjalds eða hins vegar til aukningar á lífeyrisréttindum og lækkunar iðgjalds, allt eftir því hvað segir í samþykktum og hvernig sjóðurinn stendur.

Fjárreiður og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða.

Í sérstökum köflum frumvarpsins er fjallað um fjárreiður og eignir lífeyrissjóða, svo og um ársreikninga og endurskoðun. Í frumvarpinu er að finna meginreglur um heimildir lífeyrissjóða til að ávaxta eignir sínar á grundvelli fyrir fram kunngerðrar fjárfestingarstefnu. Hér þarf að hafa í huga að eitt af verkefnum sjóðanna er að ávaxta eignir þannig að þeir verði sem best færir um að greiða lífeyri þegar fram í sækir. Að hinu leytinu þarf að hafa í huga að sjóðirnir taki ekki óeðlilega áhættu í ráðstöfun og ávöxtun eigna sem geti rýrt lífeyri einstaklinga úr hófi. Því er gerð almenn krafa um aðgát í fjárfestingu þó svo að heimildir sjóðanna til að fjárfesta innan lands sem utan séu sniðnar að því fjármálaumhverfi sem nú er að ryðja sér til rúms. Taldar eru upp þær tegundir verðbréfa sem sjóðunum er heimilt að fjárfesta í. Þar sem heimild til fjármagnsflutninga milli landa hefur verið veitt er eðlilegt að sjóðirnir hafi jafnframt heimildir til verðbréfakaupa í útlöndum.

Hvað varðar gerð ársreikninga og endurskoðun og eftirlit byggist frumvarpstextinn að meginefni til á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og gildandi lögum um fjármálastofnanir.

Gert er ráð fyrir að eftirlitið verði í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Með hliðsjón af allítarlegum kröfum frumvarpsins um fjárhagslega stöðu sjóðanna og skýlausum ákvæðum um tryggingafræðilegar úttektir þykir rétt að bankaeftirlitið, sem þegar hefur nokkra reynslu í þessum efnum, hafi eftirlit með því að sjóðirnir starfi í samræmi við ákvæði laganna og uppfylli þær kvaðir sem á þá eru lagðar. Sé þörf á sérstökum ráðstöfunum í þeim tilgangi að tryggja réttindi sjóðfélaga skal bankaeftirlitið gera því stjórnvaldi sem fer með málefni sjóðanna viðvart og það grípa til ráðstafana í samræmi við ákvæði laganna.

Núgildandi löggjöf um lífeyrissjóði.

Í gildi eru nokkur lög sem fjalla um ákveðna þætti í rekstri lífeyrissjóða en jafnframt starfa nokkrir lífeyrissjóðir á grundvelli sérlaga. Eftirfarandi lög gilda almennt:

Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í þessum lögum er kveðið á um skylduaðild að lífeyrissjóðum, lágmarksiðgjald og endurgreiðslu iðgjalda.

Lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda. Í lögunum er kveðið á um að færa skuli í eina heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna. Skráningin skal byggð á upplýsingum lífeyrissjóða en lögunum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um lífeyrisaðild.

Lög nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Í lögunum er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til þess að senda bankaeftirlitinu ársreikninga sína. Jafnframt er bankaeftirlitinu veitt heimild til þess að krefja stjórnendur lífeyrissjóða um nauðsynleg gögn ef rekstri og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs er ábótavant í verulegum atriðum og getur eftirlitið krafist þess að gerðar séu úrbætur á rekstrinum og fjárhagsstöðunni. Á grundvelli laganna

hafa verið settar reglur um gerð ársreiknings lífeyrissjóðs og um framkvæmd endurskoðunar hjá lífeyrissjóðum.

Eftirtalin lög gilda um einstaka lífeyrissjóði, með síðari breytingum:

Lög nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna.

Lög nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra.

Lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Lög nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda.

Lög nr. 94/1994, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Lög nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda hefur þá sérstöðu að hann tekur ekki til ákveðinna starfsstétta eða starfshópa heldur er honum ætlað að vera lífeyrissjóður þeirra sem ekki eiga vísa aðild að öðrum sjóðum.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um gildissvið og hugtakið lífeyrissjóður er skilgreint. Í þessum kafla er jafnframt fjallað um skyldutrygginguna og inntak hennar skilgreint. Gert er ráð fyrir að allir launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar á aldrinum 16–70 ára eigi aðild að lífeyrissjóði. Með hugtakinu launamaður er átt við launþega og þann sem þiggur atvinnuleysisbætur. Þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi verða að eiga aðild að lífeyrissjóði hvort sem þeir starfa sem launþegar í eigin fyrirtæki eða eru með rekstur í eigin nafni. Loks er í þessum kafla fjallað um lágmarkstryggingaverndina, iðgjald, iðgjaldsstofn og innheimtu iðgjalda.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna og er lagt til að þau gildi almennt um alla lífeyrissjóði með undanþágu fyrir tiltekna sjóði sem gerð er grein fyrir í XI. kafla. Fyrir lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt sérlögum og njóta bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga eru veigamestar undanþágur frá 21. gr., ákvæðum V. kafla, 39. gr. og X. kafla. Jafnframt eru lífeyrissjóðir skilgreindir sérstaklega og er þá átt við félög eða stofnanir sem veita móttöku og ávaxta iðgjöld til greiðslu lífeyris samkvæmt þessum kafla, III. kafla frumvarpsins og eftir atvikum samkvæmt II. kafla ef lífeyrissjóður nýtir heimild til móttöku iðgjalda með samningi um lífeyrissparnað.

Í 3. mgr. er fjallað um hvað felst í skyldutryggingunni en í 4. mgr. til hverra hún taki. Þannig er í 4. mgr. kveðið á um almenna skyldu manna á aldrinum 16–70 ára til þess að vera í lífeyrissjóði. Í núgildandi lögum eru engin aldursmörk að því undanskildu að í 5. gr. laga nr. 55/1980 er kveðið á um að endurgreiða megi þau iðgjöld sem menn greiða umfram það sem kveðið er á um í kjarasamningum, svo og iðgjöld þeirra sem orðnir eru 75 ára. Í kjarasamningi sem ASÍ og VSÍ gerðu um lífeyrismál í desember 1995 er kveðið á um að greitt skuli í lífeyrissjóð til 70 ára aldurs og hafa fjölmargir lífeyrissjóðir tekið það ákvæði upp í reglugerðir sínar.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. segir hvernig iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda skuli ákveðið og að lágmarksiðgjald skuli ekki vera lægra en 10% af iðgjaldsstofni. Ákvæði þetta er óbreytt að efni til frá gildandi lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55 9. júní

1980. Þar var lögbundið lágmark í samræmi við ákvæði almennra kjarasamninga enda hafa iðgjöld til lífeyrissjóðs og skipting þeirra milli atvinnurekanda og launþega verið ákveðin í kjarasamningum. Iðgjaldsskyldan varð fyrst almenn með kjarasamningum verkalýðsfélaganna og samtaka vinnuveitenda árið 1969. Þau voru í upphafi 2,5% af föstu kaupi en hafa verið hækkuð í áföngum í 10% af öllum launum og kom síðasti áfanginn til framkvæmda í ársbyrjun 1990. Hér er 10% lágmarksiðgjald lögbundið en í ýmsum kjarasamningum er kveðið á um hærra iðgjald, m.a. í samningum bankamanna og viðsemjenda þeirra og enn fremur er slíkt iðgjald ákveðið í sérlögum, sbr. lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá hefur færst í vöxt að í ráðningarsamningum sé kveðið á um greiðslu lágmarksiðgjalds umfram 10%.

Í 2. mgr. er kveðið á um aðild að lífeyrissjóðum. Samkvæmt gildandi lögum er öllum launamönnum og sjálfstæðum atvinnurekendum skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Þessi skipan tekur mið af því að lífeyrissjóðir eru yfirleitt starfstengdir og voru stofnaðir með kjarasamningum. Sjóðirnir voru framan af mjög margir og að sama skapi litlir en hefur fækkað verulega síðustu árin. Skilgreining á aðild fylgir í höfuðdráttum ákvæðum í kjarasamningum þar sem samið er um iðgjaldsskiptingu og eiga einstök stéttarfélög aðild að tilteknum lífeyrissjóði sem kjarasamningurinn vísar til. Sjóðirnir eru ýmist bundnir við tiltekna starfsgrein eða greinar og þá yfirleitt á öllu landinu, við tiltekna landshluta eða fyrirtæki og hóp fyrirtækja. Síðustu árin hefur komið upp ágreiningur um þessa skipan, t.d. varðandi stöðu sjálfstætt starfandi manna sem samkvæmt gildandi lögum hefur verið skylt að greiða iðgjald til lífeyrisjóðs tiltekinnar starfsstéttar. Almennt má segja að aðildarskyldan hafi verið gagnrýnd þegar um er að ræða menn sem ekki byggja kjör sín á kjarasamningum.

Þótt viðurkennt sé að hóptrygging lífeyrissjóðanna sé mikilvæg forsenda núverandi réttindaávinnslu og að vandséð er hvern veg henni yrði náð með einstaklingsbundinni aðild að sjóðunum er grundvöllur að starfsemi lífeyrissjóðanna ekki við það bundinn að þvinga menn til aðildar að tilteknum sjóði. Hitt er ljóst að lífeyrismál hafa verið á samningsforræði aðila vinnumarkaðarins og ekki eru forsendur til að hlutast til um þá skipan. Því þykir eðlilegt að staðfesta að meginlínur aðildar verði áfram starfstengdar og í samræmi við þann kjarasamning sem ákvarðar lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein. Þetta er nokkur breyting á aðildarskyldu frá því sem felst í gildandi lögum og miðar að því að fækka ágreiningsefnum. Breytingin frá gildandi lögum er sú að draga fram að aðildarskylda samkvæmt kjarasamningi getur ekki tekið til annarra starfssviða en hlutaðeigandi samningur tekur til. Hún nær þannig almennt til launþega en á hinn bóginn er ljóst að kjarasamningar taka að jafnaði ekki til stjórnenda í atvinnufyrirtækjum sem eru utan stéttarfélaga. Þá leiðir orðalag ákvæðisins einnig til þess að aðild verður ekki þvinguð fram á þeim grundvelli að einstaklingur hafi lokið tilteknu námi. Loks er ákveðið að starfi einstaklingur án þess að í ráðningarbundnum starfskjörum hans sé vísað til kjarasamnings er hann óbundinn aðild að tilteknum lífeyrissjóði. Allt er þetta í eðlilegu samhengi við þá almennu afstöðu að lífeyriskjör og þar með aðild að lífeyrissjóði séu hluti starfskjara og séu þau byggð á kjarasamningi þá fari um lífeyrissjóðsaðild samkvæmt honum. Í þessu sambandi er þó vert að árétta að venjur tengjast framkvæmd kjarasamninga og þótt ekki séu t.d. skýr ákvæði í kjarasamningi um aðild að tilteknum lífeyrissjóði verða ákvæði um greiðsluskyldu atvinnurekanda skýrð í samræmi við fyrri framkvæmd. Gildir þetta ekki síst um lífeyrissjóði sem starfsmenn sveitarfélaga hafa greitt til. Í lok 2. mgr. er síðan kveðið á um að tiltaka skuli aðild að lífeyrissjóði í skriflegum ráðningarsamningi.

Í 3. mgr. er sjóðfélagahugtakið skilgreint og lagt til að óheimilt verði að neita manni um aðild að lífeyrissjóði vegna aðstæðna viðkomandi einstaklings. Með hjúskaparstöðu er átt við

hvort viðkomandi eigi maka, sbr. 3. mgr. 16. gr., og það leiðir af 1. gr. að heimilt væri að neita þeim sem orðnir eru sjötíu ára að stofna til aðildar að lífeyrissjóði.

Um 3. gr.

Í þessari grein er iðgjaldsstofninn skilgreindur, en greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Kveðið er á um að iðgjaldsstofninn sé sá sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990. Greiða skal iðgjald af heildarfjárhæð greiddra launa og af heildarfjárhæð reiknaðs endurgjalds. Þó er sérstaklega tekið fram að ekki skuli greiða iðgjald af greiðslum sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði og iðgjald launagreiðanda til lífeyrissjóðs teljist sömuleiðis aldrei til iðgjaldsstofnsins.

Það skal tekið fram að viðmiðun við gjaldstofn tryggingagjalds hefur í för með sér að þegar iðgjaldsstofn er reiknað endurgjald vegna starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi getur iðgjaldsstofninn aldrei orðið lægri en segir í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, sbr. 36. gr. laga nr. 122/1993. Um er að ræða lágmarksiðgjaldsstofn jafnvel þótt tekjur samkvæmt ársuppgjöri kunni að reynast lægri í einhverjum tilvikum. Verði gerð breyting á gjaldstofni tryggingagjalds getur orðið nauðsynlegt að endurskoða þetta ákvæði.

Í 2. mgr. er fjallað um ráðstöfun lífeyrisiðgjaldsins til tryggingaverndar.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóðum er skylt að veita. Miðað við greiðslu iðgjalds í 40 ár og 70 ára ellilífeyrisaldur á lágmark þetta að leiða til þess að sjóðfélögum sé tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir til æviloka sem er a.m.k. 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af. Lágmarkstryggingaverndin á jafnframt að leiða til samsvarandi örorkuréttinda og maka- og barnalífeyrisréttinda í samræmi við ákvæði III. kafla frumvarpsins. Á grundvelli þeirrar lágmarkstryggingaverndar sem lífeyrissjóður ákveður skal hann tilgreina þá iðgjaldaprósentu sem niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar kallar á. Þetta iðgjald getur þó aldrei orðið hærra en lífeyrissjóðsiðgjald ákveðið skv. 2. gr. né tryggingaverndin önnur en samrýmist hreinni eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris, sbr. 39. gr. Ef prósentan er á hinn bóginn lægri en iðgjald það sem rennur til sjóðsins fer það sem umfram er til viðbótartryggingaverndar samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga, sbr. 5. gr. Ákvæði um lágmark tryggingaverndar gefur lífeyrissjóði kost á því að útfæra verndina þannig að hún byggist samtímis á samtryggingu skv. III. kafla og samningi um lífeyrissparnað skv. II. kafla. Þannig getur lífeyrissjóður boðið sjóðfélögum sínum að uppfylla lágmarksskilyrðin með því að hluti iðgjalds þeirra fari til samtryggingar og hluti til lífeyrissparnaðar. Með öðrum orðum er gefinn kostur á því að lágmarksverndin sé tryggð með samþættingu samtryggingar og séreignar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimild sjóðfélaga til að ráðstafa hluta af lífeyrisiðgjaldi til annars aðila en þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi vegna þeirra svo og um skyldu lífeyrissjóða og annarra aðila sem starfa samkvæmt lögum þessum til að tryggja fjárhagslegan aðskilnað milli mismunandi þátta í rekstri. Ráðstöfunarréttur sjóðfélagans takmarkast við iðgjald umfram iðgjald til lágmarkstryggingaverndar svo og þann hluta iðgjaldsins sem mögulega má renna til lágmarkstryggingarverndar í formi séreignar. Þá er kveðið á um að lífeyrissjóðum verði óheimilt að íþyngja eða leggja sérstakan kostnað á sjóðfélaga ef hann kýs að hluta af iðgjaldi sé ráðstafað til annars aðila. Þetta er til þess að koma í veg fyrir að sjóðfélögum sé mismunað velji þeir þessa leið. Þá er lagt til í 3. mgr. að ákveði launamaður

ekki innan hæfilegs frests hvert þetta iðgjald eigi að renna skuli það fara til þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar. Er þetta talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir óvissu og til að tryggja að iðgjaldið sé innt af hendi.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir og aðrir sem stunda starfsemi samkvæmt lögunum verði að tryggja fjárhagslegan aðskilnað á milli þess hluta rekstrarins sem felst í starfsemi vegna iðgjalds sem einstaklingar hafa ráðstöfunarrétt yfir og þess hluta sem felst í annarri starfsemi. Tilgangurinn er að fyrirbyggja að síðarnefndi reksturinn niðurgreiði rekstur vegna fyrrnefndu starfseminnar. Þannig mætti t.d. banki ekki niðurgreiða starfsemi samkvæmt þessum lögum með annarri innlánsstarfsemi og samtryggingarsjóður mætti ekki niðurgreiða rekstur séreignardeildar með rekstri samtryggingardeildarinnar. Þetta er í samræmi við markmið samkeppnislaga, sbr. einkum 14. gr. þeirra laga. Ekki er verið að gera þá kröfu að rekstur þessara tveggja þátta verði algerlega aðskilinn í sérstökum félögum heldur að sameiginlegum kostnaði verði skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti á milli þessara tveggja þátta.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um eftirlit skattstjóra með greiðslum í lífeyrissjóð. Gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðir og launagreiðendur geri árlega grein fyrir greiðslum í lífeyrissjóði. Komi í ljós að skyldutrygging hafi ekki verið uppfyllt ber að gefa viðkomandi kost á því að uppfylla iðgjaldaskylduna innan tilskilins frests en sinni hann ekki þeirri skyldu getur ríkisskattstjóri lagt á hann iðgjald og sent það innheimtumanni ríkissjóðs eða öðrum til innheimtu. Ákvæði þetta er ekki ætlað að leysa lífeyrissjóði undan þeirri skyldu að innheimta iðgjöld í vanskilum vegna sjóðfélaga sinna, sbr. 2. mgr. 13. gr. Einstaklingur getur heldur ekki komist hjá því að greiða til þess lífeyrissjóðs sem hann á aðild að skv. 2. gr. með því að láta hjá líða að sinna skyldutryggingunni og láta ríkisskattstjóra leggja á iðgjaldið. Sé maður þannig samningsbundinn til að greiða iðgjald til tiltekins lífeyrissjóðs gæti hann ekki borið fyrir sig í innheimtumáli sem sá lífeyrissjóður höfðaði gegn honum að skattstjóri hefði þegar lagt á hann iðgjald. Þetta á við hvort sem lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs er 10% eða hærra.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að iðgjald skuli greiða reglubundið í mánuði hverjum. Ekki verður því heimilt að greiða iðgjöld eingöngu einu sinni á ári svo dæmi sé tekið, jafnvel þótt það iðgjald svari til ársiðgjalds. Gjalddagi og eindagi eru skilgreindir.

Í 3. mgr. er að finna sérreglu um skyldu launagreiðanda til þess að halda iðgjaldshluta launþegans eftir og standa skil á honum ásamt eigin iðgjaldshluta til lífeyrissjóðs eða aðila skv. 8. gr. Sjálfstætt starfandi atvinnurekendur verða sjálfir að skila sínu iðgjaldi í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

Loks er í 4. mgr. lagt til að launagreiðendur og sjálfstætt starfandi atvinnurekendur tilkynni viðkomandi lífeyrissjóði og aðilum skv. 8. gr. ef þeim ber ekki lengur að standa skil á iðgjöldum.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um heimild launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga til þess að gera samninga um tryggingavernd vegna iðgjalda sem þeir hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir við viðskiptabanka, sparisjóði, verðbréfafyrirtæki, líftryggingafélög og lífeyrissjóði. Samningar þessir geta verið mismunandi, allt eftir því við hvern er samið. Þeir geta t.d. kveðið á um innlegg á bundinn innlánsreikning þegar um banka eða sparisjóð er að ræða, um kaup á líf-

eyristryggingu hjá líftryggingafélagi eða um samtryggingarsparnað þegar um lífeyrissjóð er að ræða. Í 2. mgr. er kveðið á um að rétthafa sé óheimilt að ráðstafa inneign eða réttindum samkvæmt samningnum. Er slíkt nauðsynlegt þegar litið er til tilgangs samninganna. Samheitið rétthafi er notað um þá launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem gera samning um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað. Launagreiðandi eða lífeyrissjóður getur jafnframt gert slíkan samning samkvæmt umboði en launþeginn eða sjóðfélaginn er samt sem áður rétthafi samkvæmt samningnum. Erfingjar launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings teljast hins vegar ekki rétthafar samkvæmt frumvarpinu og er fjallað um greiðslur til þeirra í 4. mgr. 11. gr.

Í 3. mgr. eru þeir tilgreindir sem geta veitt þá þjónustu sem felst í móttöku iðgjaldsins með gerð samninga um viðbótartryggingavernd og/eða tekið á móti sparnaði skv. II. kafla. Nauðsynlegt er talið að binda þetta við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.–4. tölul. enda eru þetta allt aðilar sem ákveðnar reglur gilda um í lögum. Lífeyrissjóðir þurfa enn fremur að fullnægja skilyrðum 4. og 5. gr.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um það hvað skuli koma fram í samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað. Gert er ráð fyrir m.a. að mánaðarlegt innlegg sé tilgreint, en þar er ekki eingöngu átt við fasta krónutölu heldur einnig fjárhæð sem hlutfall af launum og getur upphæð innleggs því breyst til hækkunar eða lækkunar í samræmi við launabreytingar. Jafnframt er fjallað um uppsögn í greininni og sett ákveðin skilyrði fyrir henni, svo sem um uppsagnarfrest. Þá er kveðið á um að uppsögn veiti ekki rétt til endurgreiðslu inneignar en hins vegar má flytja inneign á milli aðila. Eðli málsins samkvæmt á ákvæði um uppsögn aðeins við um þá sem ber að greiða iðgjöld vegna þess að þeir hafa ekki náð 70 ára aldri og eru á vinnumarkaði eða á atvinnuleysisbótum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að í þeim tilvikum þegar lífeyrissjóður tekur einungis við iðgjaldi til viðbótartryggingaverndar verði hann að ganga úr skugga um að iðgjald vegna lágmarkstryggingaverndar hafi verið greitt til annars lífeyrissjóðs. Þetta á einkum við þegar einstaklingur skilar sjálfur iðgjaldinu en í þeim tilvikum þegar lífeyrissjóður eða samningsbundinn atvinnurekandi skilar því yrði það að sjálfsögðu óþarft. Í því skyni að tryggja að ávallt sé greitt til lágmarkstryggingaverndar þykir nauðsynlegt að leggja ríkari kröfur á lífeyrissjóðina en aðra sem bjóða upp á samninga um viðbótartryggingavernd þar sem starfsemi þessara lífeyrissjóða er blönduð og því mikilvægt fyrir eftirlitsaðila að geta staðreynt að lágmarksskilyrði séu uppfyllt. Þetta ákvæði breytir því ekki að lífeyrissjóður verður ávallt að bjóða upp á lágmarkstryggingavernd skv. 4. gr. Hann þarf á hinn bóginn ekki að taka við báðum hlutum iðgjalds tiltekins einstaklings þegar annar hlutinn fer til lágmarkstryggingaverndarinnar og hinn til viðbótartryggingaverndarinnar.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldu þeirra sem bjóða upp á samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað til að leita fyrir fram eftir samþykki fjármálaráðherra á reglum um slíka samninga. Sambærilegt ákvæði er í 4. gr. laga nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga. Jafnframt er þeim gert að tilkynna um allar breytingar á reglunum og fá þær samþykktar. Enn fremur er lagt til að lögfestur verði þriggja mánaða frestur fyrir ráðherra til að taka afstöðu til reglna um samninga þessa. Eðlilegt er að ráðherra séu sett ákveðin tímamörk í því efni.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um lífeyrissparnað. Kveðið er á um úttekt eða útborgun samkvæmt slíkum samningum. Ekki eru settar sérstakar reglur um fjárfestingu þeirra aðila sem bjóða upp á samninga um lífeyrissparnað eða um eftirlit með þeim enda er það óþarft þar sem víðtækar og strangar reglur gilda um starfsemi allra þeirra aðila sem geta boðið upp á slíka samninga samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps og lögum um fjármálastofnanir og vátryggingafélög.

Um 11. gr.

Í greininni er sett ákvæði um útborgun inneignar. Lagt er til í 1. mgr. að inneignina megi taka út í fyrsta sinn tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds. Ákvæði um lágmarksbinditíma eru talin nauðsynleg, ekki síst þegar haft er í huga að gert er ráð fyrir að sömu skattareglur gildi um þennan sparnað og réttindi hjá lífeyrissjóðum enda hluti af skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Í 2.–4. mgr. er fjallað um hvenær hægt er að fá inneignina greidda út og á hvað löngum tíma. Sparnaði þessum er ætlað svipað hlutverk og elli-, örorku- og fjölskyldulífeyri úr lífeyrissjóðum, sbr. III. kafla.

Í fyrsta lagi getur rétthafi byrjað að fá greiðslur þegar hann hefur náð 60 ára aldri og er þá greiðslutíminn sjö ár að lágmarki. Þannig er hægt að taka út sparnaðinn áður en almennar greiðslur úr lífeyrissjóði hefjast og gera þeim sem gert hafa slíka samninga um lífeyrissparnað kleift að minnka við sig vinnu eftir 60 ára aldur. Ákveði hann hins vegar að byrja seinna að taka út innstæðuna styttist lágmarkstíminn sem því nemur. Sá sem t.d. byrjar 65 ára getur tekið innstæðuna út á tveimur árum. Í öðru lagi getur hann tekið innstæðuna út ef hann verður öryrki og þá í réttu hlutfalli við örorkuna. Þannig gæti t.d. 40% öryrki, sem ekki hefur náð ellilífeyrisaldri, tekið út árlega 40% af þeirri innstæðu sem hann ella á rétt á að taka út árlega frá og með 60 ára aldri. Útborgunin getur átt sér stað á mislöngum tíma allt eftir því hve mikil örorkan er og hvað öryrkjann vantar mörg ár til að ná 60 ára aldri. Loks er í 3. mgr. fjallað um greiðslu til maka, barna og annarra erfingja. Lagt er til að greiðsla til maka og barna, þ.e. skylduerfingja, dreifist á ákveðið tímabil en greiðsla til annarra erfingja, ef um þá er að ræða, verði greidd út í einu lagi.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um hugtakið jafnar greiðslur, en af ákvæðinu leiðir að ekki er hægt að skilja á milli þess hluta innstæðunnar sem stafar af innborgunum og þess hluta sem stafar af ávöxtun. Jafnframt eru sérstakir útborgunarsamningar milli rétthafa og aðila skv. 8. gr. heimilaðir. Slíkir samningar geta byggst á verðtryggingu og samkomulagi um ákveðna vexti og/eða tryggingafræðilegu mati á ævilíkum. Ef um það er samið getur mánaðarleg útborgun náð til ákveðins tíma að hluta til og til æviloka rétthafa að hluta.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um samtryggingarréttindi í lífeyrissjóðum. Sett eru ákvæði um lífeyrisréttindi sem eru lágmarksákvæði og geta því sjóðirnir veitt betri réttindi en kveðið er á um í kaflanum. Ekki er kveðið á um fjárhæð elli- og örorkulífeyris eða um sérstakt útreikningskerfi en eins og kunnugt er nota flestir sjóðirnir svokallað stigakerfi með flatri réttindaávinnslu þegar réttindi eru reiknuð út.

Um 13. gr.

Í þessari grein er lagt til að lífeyrisréttindi þau sem fjallað er um í kaflanum verði lágmarksréttindi. Greinin kveður á um að lífeyrissjóður geti ekki haft ákvæði um lakari lífeyrisrétt í samþykktum sínum. Vilji sjóður aftur á móti auka lífeyrisréttindi sjóðfélaga umfram lágmörkin er honum það heimilt. Enn fremur felst í ákvæðinu að ávinnsla lífeyrisréttinda vegna viðbótar- og lágmarkstryggingaverndar þurfi ekki að fara saman svo og að tryggingaverndin getur eftir atvikum ýmist verið háð eða óháð aldri. Lífeyrissjóður sem ákveður að hverfa frá flatri réttindaávinnslu til réttindaávinnslu sem tekur mið af aldri sjóðfélaga getur t.d. samkvæmt þessu innleitt þá breytingu með því að láta hana einungis ná til nýrra sjóðfélaga.

Í 2. mgr. er leitast við að skilgreina hvenær lífeyrisréttur stofnast. Lagt er til að meginreglan verði sú að réttur til lífeyris reiknist frá þeim tíma sem iðgjald er greitt til lífeyrissjóðs. Í flestum tilvikum eru iðgjöld greidd til lífeyrissjóða reglulega og engin vandkvæði fyrir hendi að þessu leyti. Hins vegar er nauðsynlegt að tekin séu af tvímæli um þetta þegar um vangoldin iðgjöld er að ræða. Hér er lagt til að gagnvart þeim sem bera sjálfir ábyrgð á greiðslum eigin iðgjalda gildi meginreglan um reikning réttinda frá þeim tíma er greiðslan fer fram. Með hliðsjón af samningsákvæðum, svo og tillögu þessa frumvarps um skyldu launagreiðanda til að halda eftir iðgjaldshluta launþega og að standa lífeyrissjóði skil á honum ásamt iðgjaldshluta sínum, þykir eðlilegt að rýmri regla gildi um það frá hvaða tíma lífeyrisréttur launþega stofnast. Hér er lagt til að sé um vangoldin iðgjöld vegna launþega að ræða reiknist lífeyrisréttur frá eindaga viðkomandi greiðslu, enda hafi lífeyrissjóði borist vitneskja um að greiðsluna hefði átt að inna af hendi innan 60 daga frá dagsetningu þess yfirlits sem skylt er að senda sjóðfélögum. Þessi tímamörk eru jafnframt í samræmi við III. kafla laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Þessi rýmri regla gildir þó ekki um þá launþega sem falla undir 6. gr. laganna um ábyrgðasjóð launa, en það eru t.d. stjórnarmenn í gjaldþrota félögum, forstjóri og framkvæmdastjóri gjaldþrota félaga svo og makar og skyldmenni í beinan legg. Ábyrgðasjóðurinn ber ekki ábyrgð á kröfum þessara aðila og því þykir ekki eðlilegt að láta lífeyrissjóði veita réttindi á grundvelli iðgjalda sem tapast hafa við gjaldþrot.

Um 14. gr.

Í þessari grein er fjallað um ellilífeyri. Gert er ráð fyrir að almenna reglan verði sú að greiðsla ellilífeyris hefjist tiltekið ár á aldursbilinu 65–70 ára en jafnframt að lífeyrissjóður geti gefið sjóðfélögum kost á að flýta eða fresta töku lífeyris um allt að fimm ár, þ.e. að sjóðfélagar lífeyrissjóða geti í fyrsta lagi hafið töku lífeyris 60 ára og ef aldur leyfir í síðasta lagi þegar þeir hafa náð 75 ára aldri. Í samþykktum ber að kveða á um hvaða áhrif frestun eða flýting hefur á fjárhæð lífeyrisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ellilífeyrir skuli greiddur út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Með því er átt við að greiðslur geti ekki verið háar í tiltekinn árafjölda og síðan lækkað eftir það. Ákvæðið kemur hins vegar ekki í veg fyrir að greiðslur hækki eða skerðist vegna vísitölutengingar eða niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu sjóðsins, sbr. 24. gr.

Í 3. mgr. er fjallað um skiptingu ellilífeyrisréttinda og ellilífeyrisgreiðslna milli sjóðfélaga og maka hans eða fyrrverandi maka. Hugtakið maka ber að skilja á sama hátt og í 3. mgr. 16. gr. Um er að ræða skiptingu í þremur tilvikum skv. 1.–3. tölul. Samkomulag um skiptingu ellilífeyrisréttinda skal ná til beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu þeirra réttinda sem makarnir hafa áunnið sér á þeim tíma sem hjúskapur, sambúð eða staðfest samvist hefur staðið.

Í fyrsta tilvikinu (1. tölul.) ber lífeyrissjóði að skipta greiðslunum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans en greiðslurnar falla niður við andlát hans. Í þessu tilviki er því ekki um sjálfstæðan rétt makans að ræða heldur er hann leiddur af rétti sjóðfélagans. Í öðru tilvikinu (2. tölul.) öðlast makinn sjálfstæðan ellilífeyrisrétt eftir að viðkomandi ráðstöfun hefur farið fram. Greiðslur mundu því halda áfram þótt sjóðfélaginn deyi á undan maka eða fyrrverandi maka. Réttindi samkvæmt þessu ákvæði ráðast af verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda sjóðfélagans. Til að meta og reikna út réttindi makans þarf því tryggingafræðilega úttekt. Í síðasta tilvikinu (3. tölul.) felst loks sá réttur að með mögulegri skiptingu iðgjalds öðlast maki sjóðfélaga rétt til þeirrar tryggingaverndar sem viðkomandi sjóður veitir vegna ellilífeyris en réttindin reiknast frá því tímamarki sem tilgreint er í 2. mgr. 13. gr., þ.e. að jafnaði frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði. Ákvæði 1. og 2. tölul. eiga ekki á heildina litið að hafa áhrif á fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs. Ákvæði 3. tölul. getur hins vegar haft einhver áhrif. Hún gæti t.d. versnað ef réttindaávinnslan almennt flyst á grundvelli ákvæðisins frá körlum til kvenna og frá ungum sjóðfélögum til gamalla maka, en batnað ef þessu væri öfugt farið. Með hliðsjón af mikilli atvinnuþátttöku bæði karla og kvenna og að almennt er ekki mikill aldursmunur á hjónum ætti þetta ákvæði ekki að hafa mikil fjárhagsleg áhrif í raun.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru settar almennar reglur um örorkulífeyri með hliðsjón af þeim reglum sem gilda almennt hjá lífeyrissjóðum. Lagt er til að sjóðfélagi sem fullnægir þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1. mgr. eigi ávallt rétt á örorkulífeyri miðað við áunnin réttindi. Hann getur hins vegar átt rétt á framreikningi, þ.e. að lífeyrir miðist ekki eingöngu við áunninn rétt heldur taki einnig mið af þeim rétti sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til ellilífeyrisaldurs ef hann fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í 2. mgr. og eftir atvikum 3. mgr. Í 5. mgr. er lagt til að lífeyrissjóðir geti haft ákvæði um biðtíma þannig að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrst eftir orkutapið eða ef það varir í skamman tíma. Gert er ráð fyrir að í samþykktum verði settar ítarlegar reglur um örorkulífeyri, svo sem um örorkumatið, t.d. hvort það eigi að miðast við vanhæfi til að gegna því starfi sem sjóðfélagi gegndi þegar hann varð fyrir orkutapi eða hvort miða eigi við vanhæfi til að gegna almennum störfum. Í mörgum sjóðum er matið t.d. fyrstu þrjú árin miðað við það starf sem sjóðfélaginn gegndi við orkuptapið en eftir það við störf almennt. Þá er gert ráð fyrir að fjallað verði um útreikninginn í samþykktum, svo sem um það hvaða áhrif aðrar tekjur hafa á lífeyri. Loks má nefna að í samþykktum á að fjalla um skilyrði fyrir greiðslu, svo sem um framlagningu vottorða og annarra gagna og skyldu til að gangast undir endurhæfingu.

Um 16. gr.

Í þessari grein er fjallað um makalífeyri og skilyrði fyrir greiðslu hans. Þetta eru lágmarksákvæði og því geta sjóðir ákveðið rýmri reglur. Í 1. mgr. er sett það almenna skilyrði fyrir greiðslu makalífeyris að iðgjöld hafi verið greidd í ákveðinn tíma til lífeyrissjóðs eða hinn látni hafi notið elli- eða örorkulífeyris við andlát sitt.

Í 2. mgr. er kveðið á um þann lágmarkstíma sem makalífeyrir skal greiddur. Þessi tími getur stystur verið 24 mánuðir, en ef makinn er með börn á framfæri eða er öryrki ber að greiða makalífeyri til þess tíma er börnin ná 18 ára aldri eða á meðan örorkan varir, en þó ekki lengur en til 67 ára aldurs. Ekki skiptir máli fyrir rétt makans til aukins makalífeyris hvort hinn látni hefur verið kynforeldri barnsins, kjörforeldri eða fósturforeldri heldur eingöngu hvort barnið hefur verið á framfæri hins látna við andlátið. Í 3. mgr. er hugtakið maki skilgreint en í 4. mgr. er kveðið á um að frekari reglur um makalífeyri skuli settar í samþykktir lífeyrissjóða.

Um 17. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt til barnalífeyris vegna andláts eða örorku sjóðfélaga. Grunnfjárhæðir eru tilgreindar og eiga að taka breytingum í samræmi við þróun verðlags. Jafnframt er gert ráð fyrir að barnalífeyrir með börnum örorkulífeyrisþega taki mið af örorku sjóðfélaga.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skráningu lágmarksupplýsinga um þá menn sem eiga iðgjaldainnstæður í hlutaðeigandi lífeyrissjóði eða réttindi áunnin á annan hátt, svo og um lífeyrisþega.

Í 2. mgr. er lagt til að lífeyrissjóðum verði skylt að senda virkum sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfs árs fresti. Þetta er gert í því skyni að sjóðfélagar geti sjálfir haft eftirlit með því að iðgjöld vegna þeirra komist til skila. Sjóðfélaginn yrði að gera athugasemdir ef yfirlitið sýndi að iðgjöld væru í vanskilum, að öðrum kosti gæti hann tapað réttindum.

Um 19. gr.

Með 1. mgr. 19. gr. er verið að tryggja lífeyrisrétt manna sem hætta iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs og geyma innstæðu sína þar. Samkvæmt ákvæðum þessum er óheimilt að láta aðra og óhagstæðari skilmála gilda um þann rétt er slíkar innstæður veita en um réttindi virkra almennra sjóðfélaga. Gildir þetta bæði með tilliti til lágmarksgreiðslutíma iðgjalda og verðtryggingar lífeyris.

Í 2. mgr. er kveðið á um réttarstöðu þeirra sem eiga lífeyrisréttindi í fleiri sjóðum en einum. Ákvæðinu er m.a. ætlað að tryggja réttarstöðu manna vegna mögulegra breytinga á réttindaávinnslukerfi lífeyrissjóða sem gerði greinarmun á gömlum og nýjum sjóðfélögum. Breytingarnar mega þannig ekki leiða til þess að menn öðlist meiri rétt eða glati réttindum sé þeim síðar gert að færa sig á milli lífeyrissjóða vegna breytinga á starfshögum. Þess má geta að milli fjölmargra lífeyrissjóða eru nú í gildi samningar sem tryggja sjóðfélögum er greitt hafa iðgjöld til fleiri en eins sjóðs sömu réttindi og þeir hefðu haft með greiðslu til eins og sama sjóðs allan iðgjaldsgreiðslutíma sinn. Eru þá að jafnaði fastar reglur um flutning réttinda milli sjóða í tilteknum tilvikum.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til þess að flytja réttindi milli sjóða í því skyni að tryggja þau réttindi sem greinin kveður á um. Flutningur iðgjalda, og þar með réttinda milli sjóða, í öðrum tilvikum yrði óheimill, sbr. þó hér síðar. Gert er ráð fyrir að í reglugerð yrðu sett nánari ákvæði um flutninginn en eins og áður sagði eru ákvæði um þetta efni nú í samningum milli sjóða. Jafnframt er kveðið á um heimild til handa lífeyrissjóðum til að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara í samræmi við samþykktir sjóðanna. Eðli málsins samkvæmt mætti endurgreiða iðgjöld sem greidd eru vegna mistaka, svo sem vegna manna sem orðnir eru 70 ára, og flytja réttindi frá einum sjóði til annars ef greitt hefur verið í rangan sjóð.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er að finna ýmis almenn ákvæði um starfsemi lífeyrissjóða, svo sem um stærðarmörk, heiti og tryggingafræðilegar úttektir á þeim.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það til hvers starfsemi lífeyrissjóða tekur en í 2. mgr. er áskilið að lífeyrissjóður megi ekki hafa aðra starfsemi með höndum en þá sem nauðsynleg er til að ná til-

gangi 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. Jafnframt er kveðið á um að sjóði sé ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi, svo sem til líknar- eða íþróttafélaga. Þetta aðhaldsákvæði þykir nauðsynlegt með hliðsjón af þeim markmiðum sem lífeyrissjóður á að keppa að, þ.e. að greiða sem hæstan lífeyri á hverjum tíma.

Um 21. gr.

Í þessari grein er í 1. mgr. kveðið á um að heimild til lífeyrissjóðsrekstrar sé bundin því skilyrði að lífeyrissjóðurinn hafi fengið starfsleyfi. Um umsóknir um starfsleyfi og veitingu þeirra er fjallað í V. kafla en í XI. kafla er fjallað sérstaklega um veitingu leyfa til þeirra sjóða sem starfandi eru við gildistökuna.

Í 2. mgr. er kveðið á um lágmarksstærð lífeyrissjóða. Lagt er til að sjóður verði ekki starfræktur ef fjöldi sjóðfélaga sem greiða iðgjald til hans reglulega í mánuði hverjum nær ekki tilteknu lágmarki, þ.e. 800. Fari félagatalan niður fyrir þá tölu um lengri tíma yrði að taka til athugunar hvort slíta ætti sjóðnum. Lífeyrissjóðir geta þó tryggt áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti, t.d. með kaupum á tryggingu og ef það er gert er ekki nauðsynlegt að 800 félaga markinu sé náð. Jafnframt gætu sjóðir sem ættu á hættu að missa starfsleyfi vegna of fárra sjóðfélaga varist því með kaupum á tryggingum. Áhættudreifing þarf að fara fram í samræmi við tryggingafræðilega athugun ef sjóðfélagar eru færri en 800 þannig að þeir séu ekki lakar tryggðir en þeir sem eru í stærri sjóðum. Í 3. mgr. er fjallað um hvernig tryggja má áhættudreifingu þegar sjóðfélagar eru of fáir en einnig er gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um þetta í reglugerð.

Ákvæði 2. mgr. hefur tvennan tilgang: að stuðla að því að rekstrarkostnaður lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldstekjur þeirra verði sem lægstur og að tryggja meiri áhættudreifingu en er í litlum sjóðum.

Hvað fyrra atriðið snertir er ljóst, m.a. af tölum úr bókhaldi lífeyrissjóða, að rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum er yfirleitt þeim mun lægri sem sjóðir eru stærri. Þetta er skiljanlegt þegar til þess er litið að sjóðirnir hafa talsverðan fastan kostnað af starfsemi sinni óháð stærð auk þess sem ýmis breytilegur kostnaður á hvern sjóðfélaga lækkar eftir því sem þeir eru fleiri. Lögmál stærðarhagkvæmni á því vel við um starfsemi af þessu tagi. Loks má nefna það sem augljóst er að markmiðið með starfsemi lífeyrissjóða er að greiða lífeyri og sjóðir geta greitt því meiri lífeyri til sjóðfélaga sem rekstrarkostnaðurinn er minni.

Áhættudreifing í mörgum íslenskum lífeyrissjóðum er alls ófullnægjandi. Í þessu sambandi er gagnlegt að greina ferns konar dæmi um áhættu sem dregið er úr með stækkun lífeyrissjóða.

Í fyrsta lagi er áhætta sem tekin er með loforðum um greiðslu örorkulífeyris, barnalífeyris og jafnvel makalífeyris. Þeim mun smærri sem sjóðir eru þeim mun meiri áhætta er tekin í að ganga þurfi mjög á eignir sjóðs ef til stórslysa kemur eða mikilla áfalla. Hættan er þá sú að sjóður geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, bæði í bráð og lengd.

Í öðru lagi er nú algengt að sjóðir séu bundnir við ákveðin byggðarlög og séu mjög fámennir. Tímabundnir erfiðleikar í byggðarlaginu gætu reynst lífeyrissjóði þungbærir og varanlegir erfiðleikar riðið honum að fullu.

Í þriðja lagi gildir hið sama um þá sjóði sem eru bundnir við fámennar starfsstéttir. Í slíkum sjóðum felst enn fremur sú áhætta að örorkulífeyrislíkur reynist meiri hjá einni tiltekinni starfsstétt en gera má ráð fyrir að meðaltali hjá mörgum starfsstéttum.

Í fjórða lagi má loks nefna að í litlum sjóðum felst sú áhætta að aldursdreifing sé óhagstæð en í stórum sjóðum. Sé aldursdreifing óhagstæð eða breytist til hins verra getur það hæglega rýrt gjaldþol sjóða, þ.e. möguleika þeirra á að greiða ellilífeyri í framtíðinni.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um það að lífeyrissjóðum sé skylt og einum heimilt að nota orðið lífeyrissjóður í heiti sínu. Sambærilegt ákvæði er í lögum um ýmsar fjármálastofnanir, svo sem í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og í lögum um verðbréfasjóði. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir misskilning og einnig að aðilar sem ekki uppfylla skilyrði frumvarpsins til að stunda starfsemi sem það tekur til villi á sér heimildir. Í greininni er þó gerð sú undantekning að lífeyrissjóðum sem starfandi eru við gildistöku laganna er heimilað að halda heiti sínu óbreyttu svo framarlega sem það er ekki bannað í öðrum lögum.

Um 23. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að almenna reglan verði sú að lífeyrissjóðir ábyrgist skuldbindingar sínar með eigum sínum og að aðrir, þar á meðal atvinnurekendur, beri ekki ábyrgð á skuldbindingunum. Ljóst er að lífeyrissjóðir sem við gildistöku laganna eru starfræktir með ábyrgð atvinnurekenda, svo sem lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins og sveitarfélaga, verða að fá undanþágu frá þessari reglu, sbr. XI. kafla.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um skyldu til þess að láta fara fram tryggingafræðilega úttekt á lífeyrissjóðum á hverju ári en í samþykktum flestra lífeyrissjóða eru nú þegar ákvæði um gerð slíkra úttekta. Athuguninni er ætlað að taka bæði til tryggingafræðilegra og fjárhagslegra forsendna.

Í greininni er lagt til að sett verði óundanþægt ákvæði um að slík athugun eigi sér stað árlega. Til skamms tíma hafa slíkar athuganir verið mjög tímafrekar auk þess sem skortur hefur verið á sérmenntuðu fólki á þessu sviði. Með tilkomu tölvubókhalds og þróun tölvukerfa til úttekta á stöðu sjóðanna, sem þegar er talsverð reynsla af, þykir eðlilegt að gera ráð fyrir reglubundnum árlegum tryggingafræðilegum athugunum. Í 44. gr. er síðan gert ráð fyrir því að eftirlitsaðili geti krafist þess að tryggingafræðileg úttekt fari fram ef sérstök ástæða þykir til. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð verði almennar forsendur tilgreindar vegna tryggingafræðilegra athugana og við mat eigna vegna slíkra athugana.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um starfsleyfi lífeyrissjóða. Efnið í þennan kafla er einkum sótt í lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Talin eru upp helstu skilyrði starfsleyfis en síðan er fjallað um það hvernig fara skuli með synjun starfsleyfis. Þessi ákvæði eru sambærileg við ákvæði laga um verðbréfasjóði. Þá er fjallað um samþykktir sjóðanna og efni þeirra. Loks er gert ráð fyrir að allar breytingar á samþykktum þurfi að staðfesta með svipuðum hætti og verið hefur.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að lífeyrissjóðum verði skylt að sækja um starfsleyfi en hingað til hafa þeir starfað á grundvelli laga eða staðfestra reglugerða. Til þess að fá starfsleyfi verða þeir að fullnægja ákvæðum laganna og ber að synja um starfsleyfi ef svo er ekki, sbr. 26. gr.

Í 1. mgr. eru helstu skilyrði starfsleyfis talin upp. Með 2. mgr. eru settar þær formkröfur að umsókn um starfsleyfi skuli vera skrifleg enda þótt gera megi ráð fyrir að svo verði almennt. Samþykktir sjóðsins verða að fylgja umsókn en að öðru leyti er fjármálaráðherra veitt heimild til þess að ákveða hverjar aðrar upplýsingar skuli lagðar fram með umsókn. Eðli málsins samkvæmt skulu kröfur um upplýsingar vera almennar og gilda fyrir alla umsækjendur. Þá er einnig gert ráð fyrir að leitað sé álits bankaeftirlits áður en leyfi er veitt.

Um 26. gr.

Í greininni er fjallað um þær formreglur sem gilda um veitingu og synjun starfsleyfis. Ákvörðun um starfsleyfi skal vera skrifleg og rökstudd. Þar sem hér er um veigamikla ákvörðun að ræða sem almennt varðar umsækjanda miklu þykir eðlilegt að ákvörðunin sé rökstudd. Enn fremur er kveðið á um sérstaka tímafresti í þessu sambandi en við það er miðað að ákvörðun ráðherra skuli liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum frá því að fullbúin umsókn berst ráðherra. Komið getur fyrir að ófullnægjandi gögn eða upplýsingar hafi borist frá umsækjanda og þykir því eðlilegt að miða upphaf frestsins við það tímamark er fullnægjandi upplýsingar berast að mati ráðherra, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að í samþykktum lífeyrissjóðs skuli við það miðað að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar en í 39. gr. er kveðið nánar á um þetta atriði.

Í 2. mgr. eru talin upp þau atriði sem fram þurfa að koma í samþykktum lífeyrissjóðs. Um flest þessi atriði eru nánari ákvæði í einstökum greinum, svo sem um réttindi, ákvörðun iðgjalda, ávöxtun o.fl., og verða samþykktirnar að vera í samræmi við þau ákvæði. Frumvarpið er ekki því til fyrirstöðu að í samþykktir séu tekin frekari ákvæði, að því tilskildu að þau fjalli almennt um gerð og rekstur viðkomandi sjóðs og samrýmist frumvarpinu að öðru leyti.

Flest þeirra atriða sem talin eru upp í 1.–11. tölul. 2. mgr. eru nú í samþykktum sjóðanna. Í greininni er greint á milli sjóðfélaga, þ.e. einstaklinga sem eiga aðild að lífeyrissjóði, og aðildar að sjóðnum, sbr. 2. og 3. tölul. 2. mgr. Með aðild almennt í 3. tölul. er auk sjóðfélaga eftir atvikum átt við hvaða vinnuveitendur eða félög þeirra og hvaða stéttar- eða starfsmannafélög eiga aðild að sjóðnum. Gert er ráð fyrir að það komi fram með almennum hætti hvernig aðild og brottfalli aðildar skuli háttað, hvort sem um einstaklinga eða félög er að ræða, og hvernig hætta má aðild að sjóðnum. Sé sjóður stofnaður eða rekinn af verðbréfafyrirtæki eða öðrum slíkum aðila yrði það einnig að koma fram.

Um 28. gr.

Hér er kveðið á um að fjármálaráðuneytið þurfi að staðfesta breytingar á samþykktum lífeyrissjóða en sambærilegt ákvæði er nú í 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í greininni er lagt til að samtök lífeyrissjóða geti tilkynnt um breytingar í umboði aðildarsjóða sinna en um skilyrði þess yrði nánar kveðið á í reglugerð. Telja verður að mikið hagræði sé af slíku fyrirkomulagi en nú er það svo að sjóðir, t.d. innan Sambands almennra lífeyrissjóða, verða hver og einn að fá breytingar á reglugerðum sínum staðfestar jafnvel þótt um sams konar breytingar sé að ræða.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er fjallað um ársfundi, hlutverk og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra og um starfsemi sérstakrar eftirlitsdeildar eða eftirlitsaðila við lífeyrissjóði til þess að annast innra eftirlit.

Um 29. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur stjórnar og verkefni en sambærilegt ákvæði er í lögum um verðbréfasjóði, lögum um verðbréfaviðskipti og lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna til almenns eftirlits með starfsemi lífeyrissjóðsins og skal það m.a. felast í því að fylgjast með að starfsemin sé í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins og að hafa eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Í síðasta málslið 1. mgr. er kveðið á um að það falli undir verkefni stjórnar að setja sér starfsreglur og að tillögur til breytinga á samþykktum skuli lagðar fyrir ársfund skv. 30. gr. af hálfu stjórnar.

Í 2. mgr. eru talin upp veigamestu verkefnin sem stjórnin skal annast en ekki er þar um tæmandi talningu að ræða.

Um 30. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ársfundi lífeyrissjóða og er fyrirmyndin að hluta til sótt í reglugerðir ýmissa lífeyrissjóða. Samkvæmt greininni er ársfundur lífeyrissjóðs opinn öllum sjóðfélögum og ber að boða hann með tryggilegum hætti. Gert er ráð fyrir að um tilhögun atkvæðisréttar fari eftir samþykktum sjóðsins. Hlutverk fundarins verði m.a. að veita upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóðsins. Á ársfundi verði gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum og fjárfestingarstefnu. Gert er ráð fyrir að stjórnin beri tillögur sínar um breytingar á samþykktum sjóðsins undir ársfundinn til samþykktar.

Um 31. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum. Í 1. mgr. er kveðið á um almennt hæfi stjórnarmanna og er ákvæðið sambærilegt við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Í 2. mgr. er kveðið á um sérstakt hæfi og er gert ráð fyrir að um það gildi ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga. Í þeim kafla er kveðið á um vanhæfisástæður, áhrif vanhæfis og málsmeðferð vegna vanhæfis.

Um 32. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjóra.

Í 1. mgr. er fjallað um verkefni framkvæmdastjóra en í 2. mgr. er framkvæmdastjóra gert óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema með leyfi stjórnar. Í 3. mgr. er fjallað um hæfi framkvæmdastjóra og er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um hann og stjórnarmenn.

Um 33. gr.

Í þessari grein er fjallað um þagnarskyldu þeirra sem starfa fyrir lífeyrissjóð með einum eða öðrum hætti. Sambærilegt ákvæði er í fjölmörgum lögum, svo sem 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 34. gr.

Í greininni er kveðið á um innra eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðs. Gert er ráð fyrir í 1. mgr. að sérstök deild eða sjálfstætt starfandi aðili annist þetta eftirlit. Í 2. mgr. er kveðið á um að eftirlitsaðili skuli hafa fengið viðurkenningu bankaeftirlitsins. Í 3. mgr. er lífeyrissjóði loks gert að tilkynna bankaeftirlitinu ef hann skiptir um eftirlitsaðila.

Um 35. gr.

Í þessari grein eru talin upp helstu verkefni endurskoðunardeildar eða eftirlitsaðila en greininni er ætlað að tryggja að þau atriði sem talin eru upp séu framkvæmd með þeim hætti og jafnframt gerðar tillögur um tiltekin atriði.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla er fjallað um fjárfestingarstefnu og eignir en þessi kafli er m.a. byggður á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, svo og á reglugerðum starfandi sjóða. Í fyrstu grein þessa kafla er að finna meginreglu um það í hverju sjóðunum er heimilt að ávaxta. Gerð er almenn krafa um aðgát í fjárfestingum. Taldar eru upp þær tegundir bréfa sem sjóðunum er heimilt að fjárfesta í. Þá er gert ráð fyrir að sjóðunum verði bannað að fjárfesta í fasteignum og lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi þeirra. Í síðustu grein þessa kafla er að finna eitt veigamesta ákvæði frumvarpsins, en þar er kveðið á um að sjóðirnir verði á hverjum tíma að standa undir skuldbindingum sínum.

Um 36. gr.

Í 1. mgr. er gerð sú almenna krafa til stjórnar lífeyrissjóðs að hún ávaxti fé sjóðsins á þeim kjörum sem best eru í boði hverju sinni en síðan talið upp í hvaða verðbréfum sjóðunum verði heimilað að fjárfesta að gættum almennum skilyrðum í ákvæðinu. Tilgangurinn er að stuðla að því að lífeyrissjóðir nái sem bestri ávöxtun á fé sjóðfélaga sinna og jafnframt að áhættunni sé dreift með eðlilegum hætti. Í deildarskiptum sjóði er heimilt að móta sérstaka fjárfestingastefnu fyrir hverja deild sbr. 6. tölul. 1. mgr. 27. gr.

Í 1.–10. tölul. 1. mgr. er tilgreint með hvaða hætti lífeyrissjóðum er heimilt að ávaxta fé sitt. Í 2. mgr. er skilgreint hvað átt er við með skipulegum markaði en í 3. mgr. er lífeyrissjóðum heimilað að kaupa innlend verðbréf sveitarfélaga, banka, sparisjóða, lánastofnana og þeirra aðila sem falla undir 8. tölul. enda þótt ekki sé um skráð bréf að ræða. Heildarfjárfestingin í slíkum bréfum má nema allt að 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Í 4. og 5. mgr. er að finna tilteknar takmarkanir varðandi tilgreind verðbréf og verðbréfaflokka. Hugtakið samstæða í 5. mgr. ber að skilja með sama hætti og í hlutafélagalögum, sbr. og lög um ársreikninga. Í 6. mgr. er lífeyrissjóðum gert að takmarka heildargengisáhættu sína í erlendum myntum annaðhvort með því að tryggja að innan við 40% af eignunum sé í erlendum gjaldmiðlum eða með gerð afleiða sem takmarka gengisáhættu með sambærilegum hætti. Í 7. mgr. er hrein eign skilgreind og tekið fram að takmarkanir í greininni skuli halda á hverjum tíma. Í 8. mgr. er loks kveðið á um að lífeyrissjóðum sé ekki skylt að selja eignir í því skyni að uppfylla takmarkanir greinarinnar en skuli taka tillit til þeirra við fjárfestingu.

Um 37. gr.

Ákvæðið er í samræmi við þær reglur sem hafa verið í gildi hjá lífeyrissjóðum. Ekki er talin ástæða til að heimila slíka fjárfestingu nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi viðkomandi lífeyrissjóðs. Miðað er við að slík fjárfesting sé innan eðlilegra marka og ber að skýra ákvæðið þröngt. Í 2. mgr. er sú undanþága gerð frá 1. mgr. að lagt er til að lífeyrissjóðum verði heimilað að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu, svo sem að kaupa eignir á nauðungaruppboði.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lífeyrissjóði verði óheimilt að taka lán nema til kaupa á húsnæði undir starfsemi sína. Skýra verður ákvæðið þröngt og yrðu slíkar lántökur að vera innan eðlilegra marka. Lántökur til annars en fasteignakaupa ættu að vera óþarfar. Þó er talið eðlilegt að heimila þeim að nýtja sér greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum og að taka skammtímalán til að jafna fjárstreymi.

Í 2. mgr. er lagt til að óheimilt verði að veita lán til þeirra sem tengjast sjóðnum með ákveðnum hætti nema þeir séu sjóðfélagar. Ef svo væri yrði að meðhöndla lánsumsóknir þeirra með sama hætti og annarra sjóðfélaga. Ákvæði þetta þykir nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur.

Um 39. gr.

Í þessari grein er að finna eitt veigamesta ákvæði frumvarpsins en í henni er kveðið á um það að eignir og skuldbindingar þurfi að standast á.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldur lífeyrissjóða til þess að standa við skuldbindingar sínar eins og þær eru metnar á hverjum tíma. Er gert ráð fyrir fullri eignamyndun til að tryggja að lífeyrissjóðir standi við þær skuldbindingar sem bótaákvæði þeirra hafa í för með sér. Við mat á eignum og skuldbindingum skal taka tillit til væntanlegra iðgjaldagreiðslna vegna starfandi sjóðfélaga og þeirra skuldbindinga er af þeim hljótast, auk áfallinna skuldbindinga.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu lífeyrissjóðs til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef meira en 10% munur verður á milli eigna og skuldbindinga. Hafi munurinn verið meiri en 5% í fimm ár verður sjóðurinn þó að grípa til sams konar ráðstafana. Er þarna leitast við að gera greinarmun á tímabundnum sveiflum og viðvarandi ástandi með því að gera strangari kröfur í síðarnefnda tilvikinu.

Í 3. mgr. segir að stjórn lífeyrissjóðs sé skylt að fá álit tryggingafræðings áður en gerðar eru breytingar á samþykktum hlutaðeigandi sjóðs. Ákvæði um skyldur og athuganir tryggingafræðings lífeyrissjóðs eru einnig í 24. gr.

Um VIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru í megindráttum byggð á gildandi lögum um fjármálastofnanir og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga.

Um 40.–43. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Ákvæði kaflans eru byggð á 53. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og lögum nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabankans hafi eftirlit með fjárreiðum og rekstri sjóðanna en um nokkurt skeið hafa lífeyrissjóðirnir þurft að senda eftirlitinu ársreikninga sína. Bankaeftirlitið hefur metið fjárhagslega stöðu lífeyrissjóða með hliðsjón af ársreikningum og tryggingafræðilegum úttektum. Hefur eftirlitið gefið út skýrslu um niðurstöður sínar og er þar að finna margvíslegt talnaefni sem unnið hefur verið upp úr ársreikningunum. Slík skýrsla kom fyrst út á árinu 1992 og tók hún til ársins 1991. Bankaeftirlitið hefur jafnframt gert athugasemd við fjárhagsstöðu nokkurra sjóða og sent fjármálaráðherra greinargerð um stöðu þeirra. Það almenna aðhald sem lögin veita stjórnendum lífeyrissjóða hefur ásamt öðrum þáttum stuðlað að aðgerðum þannig að staða margra sjóða hefur batnað á undanförnum árum.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að bankaeftirlitið hafi eftirlit með því að rekstur og fjárhagsstaða lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði frumvarpsins, reglugerðir og reglur sem settar kunna að verða, svo og samþykktir einstakra sjóða. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um aðgang banka-

eftirlitsins að gögnum og upplýsingum um starfsemi sjóðanna. Ákvæðið tryggir bankaeftirlitinu víðtækan aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem það telur nauðsynleg til að rækja skyldur sínar til eftirlits með starfsemi lífeyrissjóðanna.

Auk þeirra gagna um hag lífeyrissjóða sem bankaeftirlitinu berst reglulega er því nauðsynlegt sem eftirlitsaðila að geta aflað frekari gagna um hag og starfsemi lífeyrissjóðs ef sérstök ástæða þykir til. Í 2. mgr. er veitt heimild til eftirlits í því skyni. Í 3. mgr. er eftirlitinu síðan veitt almenn heimild til þess að krefjast gagna. Slík heimild er nú í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Ákvæði 4. mgr. er að hluta byggt á 3. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1991. Þess ber þó að geta að samkvæmt því ákvæði skal bankaeftirlitið vísa máli til fjármálaráðherra sé ekki orðið við kröfum eftirlitsins um úrbætur. Ráðherra getur hins vegar ekki gripið til neinna ráðstafana af því tilefni. Í 46. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir því að sé kröfum bankaeftirlitsins ekki sinnt geti það leitt til sviptingar starfsleyfis. Þetta eru sambærilegar heimildir við það sem bankaeftirlitið og viðskiptaráðherra hafa samkvæmt lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Um 45. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Sambærileg ákvæði eru nú í 2. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, en í því ákvæði er þó ekki tilgreind hámarksfjárhæð.

Um X. kafla.

Í X. kafla er fjallað um umsjónaraðila, slit lífeyrissjóða og sameiningu. Ákvæði kaflans eru að hluta til byggð á VIII. kafla frumvarps um starfsemi lífeyrissjóða frá 1987 og X. kafla laganna um verðbréfasjóði, nr. 10/1993.

Í fyrri hluta kaflans er fjallað um skipun umsjónaraðila. Hún getur m.a. verið nauðsynleg ef lífeyrissjóðurinn fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna ef rekstri er ábótavant.

Í síðari hluta hans er fjallað um slit lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að hægt verði að slíta sjóði annaðhvort með því að tveir eða fleiri sjóðir sameinist eða að sjóður hætti starfsemi og eignir og skuldbindingar renni inn í annan lífeyrissjóð. Jafnframt getur komið til þess að réttindin renni til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Réttindi sjóðfélaga mundu síðan metin í sjóðnum sem hann sameinast eða sem yfirtekur hann í samræmi við eignir og skuldbindingar sjóðsins sem slitið er.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skipan umsjónaraðila um tiltekinn tíma. Í fyrsta lagi er kveðið á um heimild til skipunar umsjónaraðila uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði frumvarpsins til þess að öðlast leyfi. Með þessu er lögð áhersla á að ekki sé nægjanlegt að uppfylla skilyrði til leyfisveitingar á þeim tíma sem leyfis er óskað heldur skuli viðkomandi sjóður á allt fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfisveitingu. Í öðru lagi getur komið til slíkrar skipunar ef sjóðurinn er ekki gjaldhæfur, í þriðja lagi ef reglur eru brotnar og loks, í fjórða lagi, ef rekstri sjóðs er ábótavant og kröfum bankaeftirlits um úrbætur ekki sinnt.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stjórn og framkvæmdastjórinn skuli víkja frá störfum á meðan umsjónaraðilinn starfar og að umsjónaraðilinn taki við starfi þeirra. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji honum erindisbréf. Umsjónaraðili gæti ráðið sér aðstoðarmenn og einnig væri hugsanlegt að skipa fleiri en einn aðila í stórum málum.

Um 47. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um málsmeðferð við skipun umsjónaraðila. Kveðið er á um að hún skuli vera skrifleg og rökstudd og jafnframt skal birta tilkynningu um hana í Lögbirtingablaði.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skylda til greiðslu iðgjalds til viðkomandi sjóðs falli niður við birtingu tilkynningar. Sjóðfélagarnir verða þá að velja sér annan sjóð til að greiða til meðan þetta ástand varir eða greiða til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Jafnvel þótt lífeyrissjóði verði aldrei slitið með þeim hætti að greidd iðgjöld verði endurgreidd til sjóðfélaga er engu að síður talið eðlilegt og sanngjarnt að sjóðfélagar þurfi ekki að sæta því að greiða iðgjöld til sjóðsins á meðan umsjónaraðili starfar, en svo getur farið að sjóðnum verði slitið, sbr. 3. mgr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti, að tillögu umsjónaraðila, ákveðið að slíta viðkomandi lífeyrissjóði. Ráðherra skal þá skipa skilanefnd sem sér um uppgjör og slit á sjóðnum. Niðurstaða skilanefndar getur annars vegar orðið sú að leita eftir sameiningu við annan sjóð, sbr. 48. gr., eða að slíta honum þannig að eignir hans renni til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, sbr. 49. gr.

Um 48. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að það skuli að jafnaði vera stjórn lífeyrissjóðs sem tekur ákvörðun um slit lífeyrissjóðs nema samþykktir kveði á um annað, svo sem að fulltrúaráð eða ársfundur skuli taka slíka ákvörðun.

Í 3. og 4. mgr. er síðan kveðið á um hvernig með eigi að fara þegar ákveðið er að sameina sjóð öðrum sjóði. Sameiningin getur bæði átt sér stað þannig að einn sjóður yfirtekur eignir og skuldbindingar annars sjóðs eða þannig að tveir eða fleiri sjóðir sameinast um að mynda nýjan sjóð og fá þá nýtt starfsleyfi samkvæmt ákvæðum V. kafla frumvarpsins. Gera má ráð fyrir að sjóðfélagarnir í gömlu sjóðunum verði í flestum tilvikum félagar í nýja sjóðnum. Í 3. mgr. er fjallað um ýmis atriði er varða framkvæmd sameiningarinnar en í 4. mgr. um mat á réttindum. Lagt er til að eignir sjóðsins sem slitið er renni til þess sjóðs sem hann sameinast en mögulegar skuldir ýmist greiddar eða yfirteknar af sjóðnum sem hann sameinast. Þessar eignir mynda síðan grundvöll lífeyrisréttinda sjóðfélaganna í hinum nýja sjóði eftir að skuldbindingar hafa verið metnar en þess jafnframt gætt að sjóðfélagarnir verði ekki fyrir réttindaskerðingu vegna sameiningarinnar.

Um 49. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun skilanefndar þegar ákveðið hefur verið að sjóðnum verði slitið og að hann verði ekki sameinaður öðrum sjóði eða stofnaður nýr sjóður, sbr. 48. gr. Í slíkum tilvikum renna eignir og skuldbindingar til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Helsti munurinn á framkvæmd slitanna skv. 48. gr. og þessari grein er sá að samkvæmt þessari grein skal tilnefna skilanefnd sem tekur við rekstri sjóðsins og sér um slit hans en engin slík krafa er gerð í 48. gr. Greiða yrði upp skuldir en annað er varðar framkvæmd slitanna er svipað og sams konar reglur sem gilda um mat á eignum og lífeyrisskuldbindingum.

Um XI. kafla.

Í XI. kafla er fjallað um lífeyrissjóði sem starfa við gildistöku laganna og undanþágur frá einstökum ákvæðum laganna.

Um 50. gr.

Í þessari grein er fjallað um undanþágur frá einstökum ákvæðum laganna fyrir þá lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli sérlaga. Þar sem þessir sjóðir eru lögbundnir geta ákvæði

um starfsleyfi og slit ekki átt við um þá. Jafnframt er talið eðlilegt að þessir sjóðir séu undanþegnir ákvæðum 3. gr., sem fjalla um iðgjaldsstofninn, svo og ákvæðum III. kafla um réttindi, öðrum en 3. mgr. 14. gr. Ákvæði um þessi atriði eru í lögum allra þessara sjóða nema lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Þrátt fyrir að 1. málsgr. 2. gr. sé háð efnisatriðum 3. gr. er gert ráð fyrir að 2. gr. gildi um lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt sérlögum eftir því sem við á. Eðli málsins samkvæmt geta þau hlutföll sem nefnd eru í greininni hins vegar ekki gilt fyrir Lífeyrissjóð bænda þar sem iðgjaldið til hans er ákveðið með allt öðrum hætti en skv. 3. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda.

Um 51. gr.

Í þessari grein er lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkis, sveitarfélags og banka veitt undanþága frá þeim ákvæðum laganna sem fjalla um ábyrgð á skuldbindingum og jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða.

Um 52. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að lífeyrissjóðir sem eru starfandi við gildistöku laganna og hyggjast halda áfram fullri starfsemi eftir gildistökuna fái aðlögunartíma til þess að uppfylla skilyrði laganna um lífeyrissjóðsrekstur. Sjóðum sem hyggjast halda áfram að taka við iðgjöldum eftir gildistöku laganna er gefinn 18 mánaða frestur til þess að senda fjármálaráðuneytinu umsókn um starfsleyfi. Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja samþykktir sjóðsins og tryggingafræðileg athugun, en auk þessa getur ráðherra óskað eftir öðrum upplýsingum um starfsemi sjóðsins sem þurfa þykir. Ákvæði V. kafla gilda að öðru leyti um starfsleyfi þessara sjóða.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að hafi lífeyrissjóður ekki sótt um starfsleyfi innan frestsins skv. 1. mgr. teljist sjóðurinn ekki fullnægja ákvæðum laganna og verður honum því slitið samkvæmt ákvæðum X. kafla.

Um 53. gr.

Í þessari grein er fjallað um aðlögunartíma lífeyrissjóða sem starfandi eru við gildistöku laganna og hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna réttinda sem áunnist hafa samkvæmt lífeyrissjóðsreglugerðum settum fyrir gildistöku þessara laga. Þessum aðilum er gert skylt að sækja um starfsleyfi í því skyni innan árs frá gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að leitað verði umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands áður en sjóðunum verði veitt starfsleyfi. Um réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris úr framangreindum sjóðum fer eftir þeim reglugerðum hlutaðeigandi sjóða sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.

Um 54. gr.

Lífeyrissjóðir þeir sem fjallað er um í þessari grein hafa annað réttindakerfi en lífeyrissjóðir á almennum markaði. Iðgjaldsstofninn miðast í flestum tilvikum við föst laun og réttindin geta ýmist verið lakari eða betri en kveðið er á um í III. kafla. Ekki þykir annað fært en að heimila þessum sjóðum að starfa áfram á þeim grundvelli sem verið hefur vegna núverandi sjóðfélaga en kveða jafnframt á um að kjósi slíkur sjóður að taka við iðgjöldum frá nýjum starfsmönnum verði að greiða þau iðgjöld í sérstaka deild. Gert er ráð fyrir að öll ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verður, gildi um þessar deildir, þar á meðal ákvæði V. kafla um starfsleyfi. Loks er gert ráð fyrir því í greininni að félagar í hlutaðeigandi sjóðum við gildistöku laganna geti valið milli þess að greiða í sjóð samkvæmt eldra réttindakerfi eða í samræmi við réttindakerfi sem uppfyllir almenn skilyrði frumvarpsins ef að lögum verður.

Um 55. gr.

Hér er fjallað um viðurlög. Brot gegn lögunum getur varðað sektum eða fangelsi en sá fyrirvari er gerður að brot geti varðað þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 59. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Um 56. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Hér er kveðið á um að lífeyrissjóðirnir beri kostnað við tilkynningar samkvæmt frumvarpinu. Þykir eðlilegt að þeir beri þennan kostnað á sama hátt og t.d. verðbréfasjóðir gera samkvæmt lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Um 58. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi í lífeyrissjóða.

Ekki verður séð að frumvarp þetta hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs, nema ákvæði 6. gr. um eftirlit Ríkisskattstjóra með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Gera má ráð fyrir einhverjum stofnkostnaði við þetta eftirlit, en samkvæmt 4. mgr. 6. gr. er gert ráð fyrir að iðgjaldagreiðandinn beri útlagðan kostnað vegna ákvörðunar iðgjalds og innheimtu. Hlutverk bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er einnig aukið, en fram að þessu hefur bankinn staðið undir öllum kostnaði við eftirlitið.

Aukinn lífeyrissparnaður sem lögin geta leitt til veldur að öðru óbreyttu því að skattgreiðslur frestast. Samningsbundin lífeyrissjóðsiðgjöld atvinnurekanda eru almennt frádráttarbær eins og annar launakostnaður, en lög um tekjuskatt einstaklinga miða á hinn bóginn við að hámark frádráttar sé 4% af iðgjaldsstofni. Samhliða þessu frumvarpi hefur ríkisstjórnin einnig gefið fyrirheit um að hækka frádráttarbærni lífeyrissjóðsiðgjalda og iðgjalda vegna lífeyrissparnaðar í 6%. Engin leið er að meta áhrif aukins sparnaðar á tekjur ríkissjóðs á þessari stundu, né hvenær þau koma fram.

295. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

um rannsókn á atvinnuleysi kvenna og aðgerðir til að draga úr því.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að rannsaka orsakir atvinnuleysis meðal kvenna hér á landi og koma með tillögur um aðgerðir til að draga úr því. Jafnframt skoði nefndin líklega þróun íslensks vinnumarkaðar á næstu árum með sérstöku tilliti til kvenna, þ.e. hvar störfum muni fækka eða fjölga og hvaða aðgerðir verði nauðsynlegar af hálfu stjórnvalda og vinnumarkaðar vegna þeirra breytinga.

Greinargerð.

Um áratuga skeið var atvinnuleysi nánast óþekkt hér á landi og fremur skortur á vinnuafli en hitt. Árið 1991 hófst atvinnuleysistímabil og árið 1995 náði fjöldi atvinnulausra hámarki en síðan hefur dregið smátt og smátt úr atvinnuleysinu í heild. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1998 er spáð að atvinnuleysi verði 3,6% á landsvísu. Þegar atvinnuleysistölur eru skoðaðar vekur athygli hve mikið dregið hefur úr atvinnuleysi karla, en lítið úr atvinnuleysi kvenna. Í þjóðhagsáætlun fyrir 1998 segir: „Atvinnuleysi karla á fyrstu sjö mánuðunum er 0,6% minna en í fyrra, eða 2,9% samanborið við 3,5% í fyrra. Á fyrstu átta mánuðum er atvinnuleysi kvenna hins vegar svipað og í fyrra eða 5,9% í ár, en 6% í fyrra. Ástæða þess að ekki hefur dregið úr atvinnuleysi kvenna er m.a. sú að átaksverkefnum hefur fækkað og framkvæmdir við stóriðju tengjast fremur greinum þar sem karlar eru í meiri hluta.“ (Bls. 23–24.) Í ljósi þessara orða er eðlilegt að spyrja hvers vegna dregið hafi verulega úr aðgerðum til að minnka atvinnuleysi og hvort ráðamenn geri sér ekki ljóst að það vantar vinnu fyrir konur? Í september voru rúmlega þrjú þúsund konur á atvinnuleysisskrá.

Í yfirliti Vinnumálastofnunar fyrir septembermánuð kemur fram að atvinnuleysi kvenna er einna mest á Norðurlandi vestra eða 6,2%, síðan kemur höfuðborgarsvæðið með 5,3% atvinnuleysi, þá Suðurnes með 5,0% og Suðurland með 4,6% atvinnuleysi. Þessar tölur sýna að atvinnuleysið herjar víða um land, en löngum hefur það verið verst á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru allt of háar tölur og þættu himinhrópandi ef karlar ættu í hlut, sbr. þá umræðu sem átti sér stað þegar atvinnuleysið náði allt að 6% á landsvísu.

Að mati tillöguhöfunda er brýn ástæða til að kanna hvað býr að baki þessu atvinnuleysi meðal kvenna. Hvaða hlut eiga tæknibreytingar að máli, samdráttur í einstökum landshlutum, hlutavinna, menntunarskortur, fordómar gagnvart konum með lítil börn eða eldri konum eða aðrir þættir? Hvaða aðgerðir geta komið að bestu gagni í anda þeirrar hugmyndar að gera eigi fólki kleift að stunda vinnu og að það eigi að virkja hina atvinnulausu? Spyrja verður hvort beita þurfi öðrum aðferðum fyrir konur en karla. Hvað má læra af öðrum þjóðum í þessum efnum?

Á undanförnum árum hefur ýmislegt verið reynt, t.d. vinnuklúbburinn í Reykjavík sem skilað hefur góðum árangri. Átaksverkefni sköpuðu tímabundna vinnu. Með nýlegum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingasjóð og nýjum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er hugsanlegt að einhver árangur náist í að aðstoða þá sem átt hafa við langtímaatvinnuleysi að stríða og að öðrum verði hjálpað við að leita sér að vinnu. Betur má þó ef duga skal. Því miður bendir allt til þess að varanlegt atvinnuleysi sé orðið eitt af einkennum íslenska vinnumarkaðarins, en af reynslu annarra þjóða má læra hve mikilvægt er að halda því sem allra mest niðri, ekki síst til að koma í veg fyrir alvarleg félagsleg vandamál.

Nú er spáð að atvinnuleysi verði stöðugt og jafnvel vaxandi í flestum ríkjum Evrópu á næstu árum og áratugum, verði ekki gripið til róttækra aðgerða. Sérfræðingar segja að á næstu árum muni þörf fyrir sérmenntað vinnuafl aukast en störfum fækka jafnt og þétt í hefðbundnum atvinnugreinum. Þessi þróun krefst stóraukinnar starfsmenntunar og menn verða að átta sig á hvers konar menntunar verður þörf. Því er mikilvægt að reynt verði að sjá fyrir líklega þróun hér á landi með tilliti til fækkunar eða fjölgunar starfa eftir atvinnugreinum og að sérstaklega verði athuguð þau áhrif sem breytingarnar muni hafa á atvinnumál kvenna.

Starfsval kvenna hér á landi er enn mjög hefðbundið, en í ýmsum öðrum löndum hafa konur haslað sér völl í starfsgreinum sem áður voru einokaðar af körlum. Má nefna sem dæmi hvers konar verksmiðjuvinnu, svo sem í bíla- og áliðnaði í Bandaríkjunum, sem verður æ sérhæfðari og tæknivæddari. Þá fjölgar konum mjög í fyrirtækjarekstri og stjórnunarstörfum en þar erum við Íslendingar einnig eftirbátar annarra þjóða. Því er mikil þörf á átaki í menntun en einnig þarf að breyta viðhorfum, þannig að konur leiti í auknum mæli í greinar sem skila góðum tekjum og þar sem vöxtur og nýsköpun eru fram undan.

Flytjendur tillögunnar leggja því til að orsakir atvinnuleysis kvenna hér á landi verði kannaðar sérstaklega. Þá ber nefndinni sem skipuð verður að benda á leiðir til úrbóta og jafnframt að kanna líklega þróun vinnumarkaðarins, þannig að þeir sem eru á leið í gegnum menntakerfið og út á vinnumarkaðinn geti betur áttað sig á hvað framtíðin ber í skauti sér og komist þannig hjá því að verða ömurlegu og mannskemmandi atvinnuleysinu að bráð. Þeir sem þegar eru komnir út á vinnumarkaðinn þurfa að eiga kost á símenntun sem geri þá hæfari til að mæta breyttum tímum.

296. Tillaga til þingsályktunar [251. mál]

um setningu reglna um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum. Í reglunum verði m.a. tekið fram hvenær starfsmenn eigi rétt til þess að fá ólaunað leyfi frá störfum, hvernig reikna skuli leyfistímann til starfsaldurs, annarra réttinda og mats á starfshæfni og hver sé réttur starfsmanns til fyrra starfs eftir að leyfi lýkur.

Greinargerð.

Á hverju ári fær nokkur fjöldi ríkisstarfsmanna leyfi frá störfum, ýmist án launa eða að einhverju leyti á launum. Í fyrra tilvikinu er oft um að ræða starfsmenn sem ráða sig tímabundið til starfa, t.d. á vegum alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að, en í síðara tilvikinu t.d. fólk sem fær leyfi frá störfum til þess að afla sér framhaldsmenntunar er síðan nýtist því í áframhaldandi störfum fyrir ríkið.

Í tillögunni er lagt til að reglur verði settar sem kveða á um réttarstöðu starfsmanna og er eðlilegt að um þær reglur verði haft samráð við samtök ríkisstarfsmanna.

Í ljósi tilvika sem upp hafa komið er nauðsynlegt að setja skýrar reglur um hvaða réttindi starfsmenn ávinna sér eða tapa með því að fá launalaust leyfi og hver sé réttur þeirra til þess að taka á ný við fyrra starfi þegar leyfi frá störfum lýkur. Nauðsynlegt er að eyða óvissu sem upp er komin um þetta efni og valdið getur því að hæfir einstaklingar fáist ekki til þess að taka að sér tímabundin störf erlendis. Störf íslenskra starfsmanna á erlendum vettvangi geta verið íslenskum hagsmunum til framdráttar um leið og þeir afla sér verðmætrar þekkingar til áframhaldandi starfa í opinberri þágu.

Mikilvægt er að um þessi leyfi séu skýrar reglur þannig að starfsmanni sé kunnugt um rétt sinn áður en hann sækir um slíkt leyfi. Benda má á að í lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað frá árinu 1995 er í 4. gr. kveðið á um rétt alþingismanns til leyfis frá opinberu starfi sem hann gegnir þegar hann er kjörinn til Alþingis.

297. Frumvarp til laga [252. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, þar af tveir án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands og tveir tilnefndir af starfsmönnum stofnunarinnar.

3. gr

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

4. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 29. gr. og 5. mgr. 34. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.

5. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 30. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 og skal þá skipa nýja stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að nokkur verkefni sem nú falla undir sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er

þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum, svo og almennar rannsóknir og tilraunir er snerta gróðurvernd og skipulag landnýtingar. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði færð frá atvinnuvegaráðuneytum til umhverfisráðuneytis. Nái þessi breyting fram að ganga mun umhverfisráðuneyti ákvarða heildaraflamark ár hvert, hafa umsjón með rannsóknum og gera tillögur varðandi almennt skipulag veiða innan efnahagslögsögunnar, ekki síst þær er tengjast hafsbotninum. Þá mun ráðuneytið veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra, jafnframt því að setja almennar reglur um notkun veiðarfæra. Sjávarútvegsráðuneyti mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mat á sjávarafurðum.

Nauðsynlegt þykir að gera umrædda breytingu og leggja þannig ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörðun sem þá varðar miklu fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Reynslan sýnir okkur hversu alvarlegar afleiðingar það hafði fyrir þjóðina að mikilvægir nytjastofnar sjávarins voru ofnýttir í þágu skammtímahagsmuna og ber að varast að slíkt geti endurtekið sig. Það skiptir því miklu máli að við ákvarðanir um hagnýtingu auðlindar sé litið til langs tíma og þjóðarhags.

Að því er varðar gróður og jarðveg er nauðsynlegt að með rannsóknum verði aflað hlutlægra upplýsinga sem hægt sé að leggja til grundvallar við skipulag landnotkunar og hagnýtingu einstakra þátta. Því þykir rétt að færa almennar rannsóknir er þetta snertir til umhverfisráðuneytisins sem jafnframt fer með skipulagsmál. Eftir sem áður væri nýting lands í þágu landbúnaðar á verksviði landbúnaðarráðuneytisins og í framtíðinni væntanlega á grundvelli vandaðs skipulags.

Verði frumvarp þetta að lögum er rétt að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á 10., 13., 15. og 18. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem leiðir af þeirri tilhögun að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á skipan stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar á þann veg að hagsmunaaðilar skipi ekki lengur fulltrúa í stjórnina heldur einvörðungu ráðherra, Fiskifélag Íslands og starfsmenn stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Sjá athugasemdir við 1. gr.

Um 4. og 5. gr.

Breytingar sem lagðar eru til í 4. og 5. gr. eru sambærilegar breytingum sem fram koma í 1. og 3. gr., sbr. athugasemdir við 1. gr, en snúa að breytingum á yfirstjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna og að við það tímamark verði skipaðar nýjar stjórnir beggja stofnana samkvæmt hinum nýju ákvæðum.

298. Fyrirspurn [253. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stofnmat nytjafiska á Íslandsmiðum og við Noreg.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Er grundvallarmunur á upplýsingaöflun og aðferðum við að meta stofnstærð helstu fiskstofna á Íslandsmiðum annars vegar og við Noreg að Barentshafi meðtöldu hins vegar?
2. Er þörf á að endurskoða vinnuaðferðir Hafrannsóknastofnunarinnar og efla fiskirannsóknir hér við land í ljósi nýlegrar reynslu Norðmanna af stofnstærðarmati þorsks í Barentshafi?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á fundi ráðgjafanefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) sem haldinn var í Kaupmannahöfn í lok október 1997 var lagt til við norsk og rússnesk stjórnvöld að þorskkvóti í Barentshafi á árinu 1998 verði 514 þúsund tonn eða rúmlega 300 þúsund tonnum minni en gert er ráð fyrir árið 1997. Þessi tillaga hefur leitt til umræðu í Noregi um aðferðir þarlendis við stofnmat og stöðu hafrannsókna. Eðlilegt er að farið sé yfir hliðstæð efni hérlendis í ljósi reynslu Norðmanna og með hliðsjón af umfjöllun ICES. Með fyrirspurninni er engum getum leitt að því fyrir fram að hérlendis sé byggt á ótraustum grunni að því er stofnmat snertir.

299. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um að skipta árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum milli íbúa landsins.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og galla þess að árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum verði skipt jafnt milli allra íbúa landsins. Enn fremur verði kannaðir kostir og gallar annarra mögulegra leiða sem tryggja varanlegt eignarhald þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum. Forsætisráðherra hafi forgöngu um að gera þessa könnun og henni verði lokið í mars 1998.

Greinargerð.

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Þetta lagaákvæði er þungamiðja þingsályktunartillögunnar. Í henni er sett fram tillaga um að allir íbúar landsins, þ.e. þeir sem eiga lögheimili hér á landi, Íslendingar jafnt sem erlent fólk, fái jafna hlutdeild í árlegum afrakstri auðlindarinnar. Þó má hugsa sér að það fólk, sem flytur lögheimili sitt til landsins, fái ekki hlut í árlegum veiðirétti fyrr en það hefur búið hér á landi í þrjú eða fimm ár til að koma í veg fyrir hvata til að flytja til landsins. Börn öðlist hlut í árlegum veiðirétti við fæðingu enda eigi foreldrar þeirra hlut. Auðlindinni sjálfri, hinum varanlega veiðirétti, verði ekki skipt eða hún framseld.

Með hliðsjón af þeim miklu hagsmunum, sem hér um ræðir, er nauðsynlegt að yfirfærsla árlegra veiðiheimilda frá þeim sem njóta þeirra í dag til íbúa landins eigi sér stað á löngum tíma. Sumir hafa nýverið keypt varanlegan veiðirétt á mjög háu verði og það væri mjög ósanngjarnt að taka hann af þeim í einu vetfangi. Bankar og fjárfestingasjóðir hafa lánað stórfé til útgerðar, mest með ríkisábyrgð. Þessi lán eru veitt með veði í skipum og þar með í þeim kvóta sem bundinn er skipunum. Það mundi valda mikilli röskun og útlánatöpum sem lentu á ríkinu ef þessi breyting ætti sér stað í einu vetfangi. Verð hlutabréfa í útgerðarfyrirtækjum félli auk þess til skaða fyrir almenning og lífeyrissjóði sem hafa fjárfest í þessum hlutabréfum. Þeir fjármagnsstraumar sem nauðsynlegir væru til að taka skyndilega upp nýtt kerfi væru mjög skaðlegir. Frá sjónarhorni útgerðarfyrirtækjanna yrði hér um afskrifanlega eign að ræða sem þau mundu afskrifa á t.d. 20 árum sem á margan hátt gæti talist eðlilegur afskriftartími. Á það má benda að 20 ár eru langur tími í ævi einstaklinga og fyrirtækja en stuttur tími í sögu þjóðar sem hyggst gera svo veigamikla breytingu á afnotarétti nytjastofna. Þessi tími kann einnig að vera nauðsynlegur til þess að sæmileg sátt náist um málið.

Sömu reglu má beita gagnvart því fólki sem með dugnaði, frumkvæði og áræði á þátt í að skapa ný sóknarfæri í ónýttum tegundum. Það gæti fengið að njóta veiðireynslunnar og afskrifað hana á 20 árum þegar nauðsynlegt kann að vera að takmarka aðgang að þessum tegundum.

Sú hugmynd, sem þingsályktunartillaga þessi byggist á, felst í mikilli markaðs- og almenningsvæðingu veiðiréttarins sem mun lækka verð á árlegum veiðirétti.

Í könnun sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni væru eftirfarandi atriði athuguð:

a. fjárhagsleg staða útgerðarfyrirtækja, sjómanna, fiskvinnslufyrirtækja, fiskvinnslufólks, sveitarfélaga og íbúa þeirra, landshluta og ríkissjóðs,
b. hagvöxtur, samkeppnisstaða atvinnuvega innbyrðis og gagnvart útlöndum, gengisþróun, tekjudreifing, lífskjör, viðskipti með veiðiheimildir og verð þeirra, útflutningur sem og þjóðhagsleg áhrif,
c. félagsleg áhrif á sjómenn, fiskvinnslufólk og íbúa sveitarfélaga,
d. byggðarþróun og atvinna.

Enn fremur yrði kannað hvaða áhrif aukið framboð á árlegum veiðiheimildum hefði á verð þeirra og hvert yrði líklegt markaðsverð þegar allar veiðiheimildir verða seldar á markaði. Einnig verði metið hvert sé verðmæti kvótaeignar sem afskrifuð verði á 20 árum og ævarandi kvóta miðað við ýmsar forsendur, t.d. um markaðsvexti og væntanlegar veiðiheimildir.

Einnig er gert ráð fyrir að kannaðir verði kostir og gallar annarra mögulegra leiða sem tryggt geti að þessi auðlind verði ævarandi í eigu þjóðarinnar.

Eðlilegt verður að teljast að kannað verði hvort beita megi sömu reglu á aðrar takmarkaðar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku, hálendi og útvarpsrásir.

Lýsing á nýju kerfi.

Hvernig gæti slíkt kerfi litið út? Í byrjun hvers árs, t.d. í sambandi við skattframtöl, fengi hver sá sem búsettur var á landinu t.d. 1. desember árið á undan senda ávísun á sinn hlut í kvóta fiskveiðiársins sem hefst 1. september þremur árum síðar. Ef kerfið hefði verið komið í fullan gang um síðustu áramót hefði hver sá sem var á þjóðskrá 1. desember 1996, alls 269.735 einstaklingar, fengið ávísun um að hann ætti rétt á að veiða 1/269.735= 0,00037073424% af öllum þeim veiðiheimildum sem heimilt verður að veiða frá 1. september 2000 til 31. ágúst 2001. Þessi ávísun er að því leyti óviss að ekki liggur fyrir hvað má veiða mikið af hverri tegund né heldur hvert verður markaðsverð eða afkoma útgerðar þegar kemur að veiðum. Sú er áhætta þess sem á ávísunina.

Tilvalið er að nýta hina nýju rafrænu skráningu verðbréfa til þess að gera þetta kerfi mjög lipurt en henni er ætlað að taka til starfa fyrir árslok 2000 samkvæmt frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi.

Sá sem fær ávísun á kvóta getur geymt kvótann sinn eða selt hann á markaði strax. Efalaust yrðu stofnaðir sjóðir, kvótasjóðir, sem fjárfestu í slíkum kvótum fram í tímann. Enn fremur gætu útgerðir, sem vegna langtímasölusamninga þurfa að tryggja sér veiðiheimildir fram í tímann, haft áhuga á því að kaupa kvótann strax. Virkur markaður mun myndast með þessa kvóta eins og húsbréf, fólk gæti hvenær sem er selt kvótann sinn og útgerðir og aðrir sem áhuga hafa gætu hvenær sem er keypt kvóta. Þannig yrði til stöðugur markaður með kvóta.

Í byrjun fiskveiðiárs auglýsti sjávarútvegsráðuneytið hvað mikið mætti veiða af hverri fisktegund. Það mundi jafnframt samkvæmt beiðni skipta ávísununum á hluta af heildarkvótanum í heimildir til að veiða einstakar fisktegundir. Allar ávísanirnar lenda á endanum hjá útgerðunum sem skipta þeim í heimildir til að veiða einstakar tegundir. Útgerðirnar þyrftu svo að skiptast á fisktegundum eins og þær gera í dag. Hugsanlegt er að kvótasjóðir taki að sér það verkefni. Við löndun yrði skipstjóri að framvísa heimildum til þess að veiða þær tegundir sem skipið kom með að landi. Það magn af tegundum yrði dregið af umræddum heimildum.

Margur mun selja kvóta sinn og fjölskyldu sinnar eins fljótt og auðið er. Það mun hugsanlega valda lægra gengi á kvóta strax eftir útsendingu ávísananna. En markaðurinn mun koma í veg fyrir að sú sveifla verði mikil. Verð árlegra veiðiheimilda mun lækka umtalsvert því útgerðin getur og mun ekki vilja greiða hærra verð fyrir kvótan en svo að reksturinn skili hagnaði að meðaltali. Líklegt er að það verð sé nálægt 20–45 kr. á kíló þegar kerfið fer að starfa að fullu. Það mun aftur skila hverjum einstaklingi um 30–65 þús. kr. eða 120–260 þús. kr. til hverrar fjögurra manna fjölskyldu. Miðað er við að árlegar veiðiheimildir séu núna að verðmæti 30 milljarðar kr. og er þar miðað við jaðarverð sem nú gildir á kvótamörkuðum.

Ragnar Árnason hagfræðingur sagði á aðalfundi LÍÚ fyrir ári að fiskveiðiarðurinn væri mjög líklega á bilinu 15–30 milljarðar kr. á ári, sem er 55–110 þús. kr. á hvern íbúa.

Sé gert ráð fyrir að eignin flytjist yfir á 20 árum, 5% á ári, héldu núverandi handhafar kvóta 95% fyrsta árið, 90% næsta ár, 85% o.s.frv. Það þýðir, ef kerfið tæki gildi 1. janúar 1999, að í byrjun þess árs fengju allir þeir sem verða á þjóðskrá 1. desember 1998 senda ávísun á 5% af veiðiheimildum kvótaársins sem hefst 1. september 1999, 10% af veiðiheimildum kvótaársins sem hefst 1. september 2000 og 15% af veiðiheimildum kvótaársins sem hefst 1. september 2001. Alls yrðu þá söluhæf 30% af árlegum kvóta en hann dreifðist á þrjú ár. Margt fólk mun ekki selja kvótann sinn fyrr en seinna en þó má búast við að um helmingur muni selja strax. Hver einstaklingur fengi um 25 þús. kr. eða um 100 þús. kr. hver fjögurra manna fjölskylda miðað við 60 kr. á kíló.

Þessi fyrsta úthlutun mundi þýða fjárþörf sjóða og útgerða sem gæti numið um 3,5 milljörðum kr. ef miðað er við 60 kr. á kíló. Í ársbyrjun 2000 yrði svo 20% af veiðiheimildum

kvótaársins sem hefst 1. september 2002 skipt á milli þeirra sem verða á þjóðskrá 1. desember 1999. Hver fengi 17 þús. kr. eða um 70 þús. kr. hver fjögurra manna fjölskylda.

Þessi markaðsvæðing veiðiheimilda mun lækka verð á árlegum veiðiheimildum verulega þegar í byrjun. Verðið mun svo lækka jafnt og þétt uns jafnvægisverð næst þegar allur kvóti verður seldur eftir 20 ár.

Í þessu sambandi má benda á veiðiheimildir í Norðurlandssíldinni sem ekki er unnt að veita á grundvelli veiðireynslu. Þær gætu verið fyrsta skrefið í þessari yfirfærslu til almennings.

Verð kvótans mun fara eftir hag útgerðarinnar. Þegar vel gengur, mikið má veiða eða verð á mörkuðum er hátt getur útgerðin boðið meira í kvótann og verðið hækkar. Þá munu fjölskyldurnar geta veitt sér utanlandsferð eða nýjan bíl. Þegar aftur horfir illa fyrir útgerðinni mun verðið lækka því útgerðir munu heldur draga saman seglin en greiða of hátt verð fyrir kvótann, verð sem valda mun taprekstri. Eftirspurn mun minnka. Verðið á kvótanum gæti jafnvel farið niður í ekkert ef staðan á mörkuðum er svo slæm að verðið nægi ekki fyrir rekstrarkostnaði, vöxtum og afskriftum.

Þær útgerðir, sem veitt geta með minnstum tilkostnaði, eru vel reknar eða liggja vel við miðum eða markaði munu geta greitt hærra verð fyrir kvótann. Þannig mun breytingin leiða til hraðari hagræðingar en ella.

Gert er ráð fyrir að útgerðirnar og aðrir sem eiga kvóta geti afskrifað eignina á 20 árum, 5% á ári. Þetta eru svipaðar afskriftir og lengstu fjárfestingar fyrirtækjanna. Miðað við þá ávöxtun sem nú tíðkast, 7% til 10%, er verðmæti slíkrar eignar 40% til 50% af verðmæti ævarandi eignar. Er þá ekki tekið tillit til umræðunar um auðlindaskatt sem veldur mikilli óvissu og skerðir væntanlegt verðmæti kvótaeignar. Ekki er heldur tekið tillit til væntinga um meiri veiði sem auka verðmæti kvótans. Ef þessi þingsályktunartillaga verður samþykkt geta útgerðir gengið að þessari eign vísri og hagað rekstrinum eftir því. Vel má vera að mörg útgerðin muni meta slíka vissa eign jafnmikils og óvissa „kvótaeign“ í dag.

Bankar, sjóðir og aðrir lánardrottnar sem lánað hafa til útgerða og tekið hafa óbeint veð í kvóta skipanna geta gert ráðstafanir á þetta löngum tíma til að taka veð í öðrum eignum eða fá lánin greidd upp.

Eðlilegt er að þeir sem finna nýja fiskstofna, sem síðan þarf að setja kvóta á, fái á sama hátt þann kvóta til tímabundinnar eignar og afskrifist hún á 20 árum. Þetta gæti átt við Smuguveiðar, veiðar á Flæmingjagrunni eða kúfiskveiðar. Þannig verði fólk hvatt til að finna nýjar fisktegundir og frumkvæði þeirra verðlaunað.

Nauðsynlegt gæti verið að veita byggðarlögum sem orðið hafa fyrir mestum skakkaföllum vegna kvótakerfisins tímabundna byggðakvóta í 3–5 ár.

Vel má hugsa sér að til hliðar við þessa almenningsvæðingu veiðiheimilda verði vægt þjónustugjald. Gjaldið, sem greitt yrði af kvótaeigendum, stæði undir beinum kostnaði ríkisins af rannsóknum og veiðieftirliti sem hvort tveggja er í þágu eigenda kvótans, þ.e. almennings. Ekki er eðlilegt að fræðilegar grunnrannsóknir verði greiddar með þjónustugjaldinu. Þetta þjónustugjald mætti t.d. innheimta þegar ávísununum er skipt í tegundir. Það mundi lækka það verð sem hver einstaklingur fær. Þar mun því myndast nauðsynlegt kostnaðareftirlit bæði með rannsóknunum og veiðieftirlitinu.

Rök fyrir nýju kerfi.

Sú breyting á eignarhaldi veiðiheimilda sem lögð er til í þessari tillögu til þingsályktunar hefur eftirfarandi kosti:

— Eignarhald á árlegum veiðirétti er bundið við fólk sem er búsett á Íslandi. Þannig er tryggt að auðlindin nýtist íbúum landsins og að arðurinn af auðlindinni renni til innlends

efnahagslífs. Ekki er hætta á því að auðlindin verði alþjóðleg og að arðsmiðja hennar flytjist úr landi. Nýjustu dæmi af Vestfjörðum og Suðurnesjum sýna að illmögulegt er í núverandi kerfi að halda arðsmiðju kvótans á ákveðnum stað. Unnt er að stofna útgerð með höfuðstöðvar á einum stað þó að reksturinn sé í reynd allt annars staðar.

— Öll sú flókna lagasetning sem ætlað er að tryggja að auðlindin sé í höndum „Íslendinga", t.d. lög um fjárfestingar útlendinga í íslensku atvinnulífi, verður óþörf. Ekki skiptir lengur máli hverrar þjóðar sá er sem veiðir fiskinn og vinnur hann ef hann greiðir markaðsverð til íbúa landsins fyrir aðgang að miðunum. Aflinn verður veiddur þar sem hagkvæmast er að veiða hann og vinna með hliðsjón af fjarlægð til miða og markaðar og hæfu starfsfólki.
— Þau óleystu vandamál sem snúa að veðsetningu kvóta, eignfærslu hans, erfðum og búskiptum verða öll mjög einföld þegar það liggur fyrir að kvótinn er venjuleg eign sem afskrifast á 20 árum.
— Þessi lausn kemur til móts við þá réttlætiskröfu að auðlind þjóðarinnar verði ekki úthlutað tilviljanakennt til útvalins hóps fólks en aðrir, jafnvel þeir sem öfluðu reynslunnar, fái ekki neitt. Hún lagar aftur að einhverju leyti þá tilviljanakenndu tekjumisskiptingu sem átt hefur sér stað að undanförnu.
— Meginkostur hugmyndarinnar að baki þessari þingsályktunartillögu er að andvirði kvótans rennur ekki til ríkisins, eykur ekki ríkisumsvif. Skarpan greinamun verður að gera á ríkissjóði og fólkinu í landinu. Hér er um almannavæðingu að ræða en ekki ríkisvæðingu. Reginmunur er á þessari tillögu og öðrum sem ganga út á að veiðileyfagjaldið renni til ríkisins í formi skatts, sölu eða opinbers uppboðs. Hins vegar nýtur ríkið arðsins af auðlindinni óbeint þar sem tekjur fólks af sölu veiðileyfa verða líklega skattskyldar.
— Þar sem hver einstaklingur, börn og gamalmenni meðtalin, fær sinn hlut í árlegum veiðiheimildum og getur selt hann verður ekki eins mikil þörf fyrir barnabætur og opinberan örorku- og ellilífeyri. Þannig yrði létt af ríkinu þeim byrðum að hluta.
— Tekjur fólks af sölu ávísana á hlut í árlegri veiðireynslu yrðu væntanlega skattskyldar eins og aðrar tekjur. Skattstofninn stækkaði og lækka mætti tekjuskatt þegar fram í sækti. Í kerfinu er auk þess fólgin svo mikil tekjujöfnun, þar sem allir fá sömu upphæð, að hugsanlega mætti í kjölfarið taka upp flata skatta.
— Tillagan hefur í för með sér mikla markaðsvæðingu kvótans. Þar sem kvóta er úthlutað þrjú ár fram í tímann færu 30% af árlegum kvóta á markað fyrsta árið; 5% fyrir fyrsta fiskveiðiárið, 10% fyrir það næsta og 15% fyrir hið þriðja. Við næstu úthlutun færu svo á markað 20%, 25% o.s.frv. Þessi mikla markaðsvæðing mun valda mikilli verðlækkun á árlegum leigukvóta, úr 80 kr. á kíló í hugsanlega 50 til 60 kr. á kíló. Útgerðin mun ekki geta né vilja greiða jafnhátt verð og nú tíðkast þegar hún þarf að kaupa stóran hluta þess afla sem hún veiðir. Ella mun hún ekki skila hagnaði. Þessi verðlækkun mun gera nýjum aðilum kleift að hefja útgerð en það er nánast óhugsandi í dag. Það mun svo aftur bæta stöðu þeirra byggðarlaga sem misst hafa mikinn kvóta og liggur við landauðn í dag.
— Það kerfi, sem hér er lagt til að tekið verði upp, gerir ráð fyrir að einstaklingar selji kvóta sinn á markaði. Þegar vel gengur í útgerðinni, hátt verð er á mörkuðum eða mikill afli mun verð á kvótanum hækka. Allir vilja auka við sig og kaupa kvóta. Þá munu fjölskyldurnar geta keypt sér bíl eða farið í ferðalag. Þegar illa árar munu útgerðirnar vilja draga saman seglin og verða ekki reiðubúnar til að greiða eins hátt verð fyrir kvótann. Þá verða heimilin að sleppa einhverju af útgjöldum sínum. Sveiflujöfnunin sem talsmenn iðnaðarins hafa lagt svo mikla áherslu á mun eiga sér stað hjá fjölskyldunum og kvótasjóðum. Það hefur enda sýnt sig að þau eru betur til þess fallin að draga saman seglin en t.d. ríkið.

— Þetta nýja kerfi mun bæta samkeppnisstöðu Íslands gagnvart útlöndum. Fyrirtæki sem ræður launþega hér á landi nýtur þess að hann og fjölskylda hans fá árlegar tekjur af kvótasölu á meðan erlend fyrirtæki njóta ekki þess sama.
— Útgerðin mun ætíð geta keypt allan kvóta sem hún þarfnast á verði sem ræðst á markaði. Hún mun kaupa kvóta á sama hátt og olíu og önnur aðföng.
— Kvótaeign útgerðanna verður viss og afskrifast á 20 árum í stað þeirrar óvissu sem ríkir um núverandi „eign". Sumum útgerðum kann að þykja sú eign betri en óvissan sem fylgir núverandi kvóta. Þessi langi afskriftatími mun gefa útgerðinni og lánastofnunum nægan tíma til að ganga frá skuldum og mynda eign.

Ókostir núverandi fyrirkomulags.

Það eignarhald, sem tekið var upp til bráðabirgða árið 1984, hefur eftirfarandi ókosti:

— Eignarhaldið er bundið við hugtakið „Íslendingur". Það er aftur á móti einstaklingur sem hegðar sér aðallega í samræmi við eigin hagsmuni en ekki nema að litlu leyti í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar. Þegar um mikla fjármuni er að ræða, hundruð eða þúsundir milljóna kr., verða einkahagsmunir ávallt teknir fram yfir hagsmuni þjóðarinnar. Þessu hafa Vestfirðingar fengið að kynnast þegar hagsmunir byggðarlagsins rekast á hagsmuni einstaklinga sem „eiga" kvótann.
— Í auknum mæli hafa íslensk útgerðarfélög keypt útgerðir í mörgum löndum, orðið alþjóðleg. Þessi þróun er í fullum gangi. Þegar slíkt alþjóðafyrirtæki stundar útgerð í 25 löndum heims, þar á meðal á Íslandi, er nokkuð víst að arðsmiðja þess mun ekki vera á Íslandi heldur yrði Ísland verstöð jafnsett hinum verstöðvum fyrirtækisins. Verksmiðjuskip fyrirtækisins kæmu jafnvel aldrei til hafnar á Íslandi. Auðlindin væri orðin alþjóðleg. Staðsetning höfuðstöðva fyrirtækisins skiptir hér engu.
— Til þess að halda auðlindinni í eigu þjóðarinnar hafa verið sett viðamikil og fókin lög á Alþingi sem takmarka fjárfestingar útlendinga í útgerð og fiskvinnslu. Útgerðin skal vera í höndum Íslendinga og íslenskra fyrirtækja. Vandamálin sem skapast vegna eignatengsla eru nánast óyfirstíganleg og reglurnar verða afar flóknar. Ekki er komið í veg fyrir raunverulega yfirráð vegna lánveitinga sem oftast eru sterkari en bein eignaraðild. Mörkin á milli útgerðar, fiskiðnaðar og annars iðnaðar eru oft mjög óljós. Þessar flóknu reglur hamla allri eðlilegri fjármögnun atvinnugreinarinnar. Þær eru krampakennd tilraun til þess að halda auðlindinni í eigu þjóðarinnar. Með þeirri lausn, sem hér er stefnt að, er allsendis óþarfi að setja allar þessar hömlur og kvaðir því arðurinn af auðlindinni rennur til þjóðarinnar sem leigugjald.
— Vegna þess að auðlindin er sameign þjóðarinnar en gengur samt kaupum og sölum hafa komið upp mikil og vaxandi vandkvæði. Minna má á lögin um samningsveð sem samþykkt voru á síðasta þingi. Enn fremur má minna á vandamál í sambandi við afskriftir kvóta, skattalega eignfærslu kvóta, erfðir og skiptingu kvótaeignar við búskipti. Allt vandamál sem ekki hafa verið leyst.
— Framsal kvóta, sem er grundvöllur fyrir hagkvæmni fiskveiðistjórnunarkerfisins, hefur valdið miklum deilum. Reynt hefur verið að takmarka framsal en allar slíkar takmarkanir eru til baga og valda tjóni. Þessi vandræði stafa af því að ekki liggur fyrir hver á kvótann og fólk sættir sig ekki við fjárhagslegar afleiðingar kerfisins fyrir einstaklinga, þ.e. að verið sé að selja það sem er í sameign þjóðarinnar.
— Núverandi kerfi gerir nýjum aðilum ókleift að hefja útgerð. Þeir þurfa að keppa við aðila sem hafa fengið kvóta gefins. Myndast hefur óeðlilega hátt verð fyrir leigukvóta, þ.e. um 80 kr. á þorskígildiskíló. Þetta verð er mjög hátt í samanburði við markaðsverð á fiski

upp úr sjó. Þetta verð geta þeir einir greitt sem hafa fengið stóran hluta af kvóta sínum gefinn og greiða því í raun lágt meðalverð fyrir leigukvótann. Afleiðingarnar eru vandræði margra byggðarlaga sem misst hafa kvóta og fá hann ekki aftur vegna þess að nýir aðilar geta ekki hafið útgerð.

— Flest stærstu fyrirtæki í útgerð hafa aflað sér fjár á hlutabréfamarkaði og notað það fé til að kaupa veiðiheimildir. Þannig hefur nýtt fé streymt til þeirra útgerðarmanna sem fyrir voru, ýmist til að greiða tap á óhagkvæmum rekstri, lækka skuldir eða til að kaupa kvóta af útgerðarmönnum sem hætta útgerð og fá þannig fé fyrir sameign þjóðarinnar.
— Þrátt fyrir ákvæði í kjarasamningum um að sjómenn skuli ekki taka þátt í kvótakaupum útgerðarinnar er töluvert um slíkt, enda er auðvelt að sjá fyrir sér stöðu þar sem skip er búið með kvótann og áhöfnin stendur frammi fyrir því að taka pokann sinn eða taka þátt í kvótakaupum sem ekki borga sig fyrir útgerðina nema sjómenn taki þátt í þeim. Angi af þessu máli eru t.d. samningar útgerðar við fiskvinnsluhús um tonn á móti tonni sem lækka verðið á aflanum.
— Þetta býður svo aftur upp á misnotkun sem felst í því að útgerðarmaður stofnar fyrirtæki og leigir því skipið en selur því leigukvóta.
— Samtök iðnaðarins hafa bent á skaðleg áhrif sem sjávarútvegurinn hefur á aðrar atvinnugreinar. Þegar vel gengur í sjávarútvegi keppir hann við aðrar greinar um fólk. Laun hækka, aðrar greinar geta ekki borið þann kostnað og hætta starfsemi því gengisþróun tekur mið af stöðu sjávarútvegs. Þegar illa gengur hjá sjávarútveginum er gengið fellt og aftur myndast grundvöllur fyrir aðrar atvinnugreinar. Þessar sveiflur eru öðrum atvinnugreinum mjög dýrkeyptar. Núverandi eignarhald kemur ekki í veg fyrir slíkar sveiflur.
— Fiskvinnslan er oft samtvinnuð útgerð en ekki alltaf. Það hefur í för með sér að sum fiskvinnslufyrirtæki njóta kvótagjafarinnar á meðan önnur þurfa að kaupa til sín viðskipti. Auk þess er fiskvinnslan í mikilli samkeppni við frystitogara. Þannig þrengir sífellt að fiskvinnslunni og það kemur niður á því fólki sem þar starfar.
— Einn stærsti ókostur við núverandi eignarhald er að það byggist á tilviljanakenndri veiðireynslu á tilviljanakenndu árabili og hefur því öll einkenni happdrættis. Fólk skilur ekki slíkt réttlæti því einungis þröngur hópur fólks fékk að taka þátt í happdrættinu. Þeir sem hlutu vinning fengu hann ekki endilega vegna eigin snilli, dugnaðar eða frumkvæðis. Eignarhaldið hefur valdið þvílíkri röskun á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu að leita þarf aftur til verðbólgutímans og neikvæðu vaxtanna til að finna sambærilega eignatilfærslu og dugir ekki til. Þessi eignatilfærsla hefur valdið sárindum og gremju almennings sem skilur ekki svona réttlæti.
— Það er og ókostur við núverandi eignarhald að stöðug umræða er um að skattleggja veiðiheimildir, breyta eignarhaldinu eða afnema það. Þannig skapast mikil óvissa og dýr fyrir útgerðarmenn.

Bent hefur verið á að þegar sé kominn vísir að veiðileyfagjaldi sem er gjaldtaka Þróunarsjóðs að upphæð 1,10 kr. á hvert úthlutað þorskígildiskíló miðað við afla á fiskveiðiárinu 1994–95. Þetta gjald rennur til hagræðingar í sjávarútvegi, svo sem til úreldingar fiskiskipa, og gæti því flokkast undir þjónustugjald.

Fiskveiðistjórnunarkerfi – eignarhald.

Umræðan um nýtingu fiskstofnanna er í reynd tvíþætt. Annars vegar er rætt um fiskveiðistjórnunarkerfið, t.d. hvort notað er aflamark eða sóknarmark. Hins vegar snýst umræðan um eignarhaldið á þeim verðmætum sem myndast við að aðgang að auðlindinni verður að takmarka.

Aflamark felst í því að magn sem veiða má af hverri tegund er takmarkað en sóknarmarkið felst í því að takmörkuð er notkun á einstökum veiðarfærum, ákveðnum gerðum fiskiskipa og að svæðum er lokað. Bæði kerfin hafa galla og kosti. Sóknarmarkskerfi veldur hættulega mikilli sókn, óarðbærum veiðitoppum, flóknum reglum um veiðigetu en nýtir hvern fisk. Aflamarkskerfið líður fyrir brottkast en skilar jafnframt jafnri og rólegri sókn. Þessi þingsályktunartillaga tekur ekki afstöðu til þess hvort stjórnunarkerfið eigi að nota heldur tekur hún einungis á eignarhaldi á þeim verðmætum sem verða til þegar takmarka þarf aðgang að auðlindinni.

Verðmæti myndast í fiskveiðistjórnunarkerfinu óháð því hvort stjórnunarkerfið er valið. Annars vegar sem verð á einhvers konar staðlaðan togtíma eða sóknareiningu og hins vegar verð á veitt kíló. Verðmætin verða til vegna þess að aðgangur að auðlindinni er takmarkaður, þ.e. menn mega ekki veiða eins og þá lystir. Takmörkun sem er nauðsynleg vegna mikillar sóknar umfram afrakstursgetu auðlindarinnar segir okkur að gróði fylgi því að veiða, jafnvel í síminnkandi afla. Annars væri fólk ekki að þessu. Þegar aðgangurinn er takmarkaður verður meira til skiptanna fyrir þá sem enn mega veiða, þeir verða færri en ella og hagnaður þeirra vex. Þannig myndast verðmæti kvótans.

Framsalsrétturinn skiptir miklu máli í sambandi við hagkvæmni veiðanna. Það má jafnvel álykta að hann skapi verðmætin eða sé forsenda þess að verðmæti myndist. Ef tveir útgerðarmenn eiga hvor sitt skipið og tilheyrandi kvóta og annað skipanna gæti vel veitt sameiginlegan kvóta beggja skipanna getur sú hagræðing ekki átt sér stað án framsals.

Hagkvæmni í útgerð hefur aukist mikið og mun líklega aukast enn frekar en eðlilega eru takmörk fyrir því hvað hægt er að auka hana mikið. Verðmæti kvótans hefur jafnframt aukist og mun enn aukast um hríð. Þörf fyrir hagræðingu er þó aðallega hjá þeim útgerðum sem hafa keypt hluta af veiðiheimildum sínum. Hinar, sem ekkert hafa greitt fyrir kvótann, búa ekki við sömu nauðsyn á hagræðingu og geta jafnvel selt kvóta öðru hverju til að fela lakan rekstur. Núverandi eignarhald vinnur þannig gegn hámarksarðsemi í útgerðinni og skerðir umleið hag þjóðarinnar.

Úthlutun á veiðiheimildum.

Sú ráðstöfun að úthluta aflaheimildum til útgerða í samræmi við veiðireynslu ákveðinna þriggja ára í fortíðinni hefur vakið upp margar spurningar.

Hvers vegna fengu útgerðirnar verðmætin en ekki skipstjórar og sjómenn sem þó sóttu aflann? Voru útgerðarmennirnir ekki búnir að fá þann arð af rekstrinum sem fyrir lá að þeir gætu og ættu að fá miðað við þekktar aðstæður á rekstrartímanum, nákvæmlega eins og skipstjórarnir og sjómennirnir höfðu fengið launin sín. Var ekki úthlutunin til útgerðarmannanna miklu seinna happdrætti. Á það má benda að ef ekki hefði verið takmarkaður aðgangur að auðlindinni hefði hún sennilega horfið og þessi eign hefði aldrei orðið til. Þannig skapaði ríkisvaldið auðlindina.

Hvers vegna voru þessi ár, 1981, 1982 og 1983, valin? Margir útgerðarmenn höfðu veiðireynslu bæði fyrir og eftir þetta tímabil og fengu þó ekki neitt. Hjá öðrum voru skipin í viðgerð eða breytingum á þessu tímabili og þeir fengu því minni heimildir. Er hægt að koma löngu seinna og breyta forsendum fyrir ráðstöfunum fólks, t.d. viðgerðum sem þannig urðu mjög dýrar og afdrifaríkar?

Hvers vegna fengu fiskverkunarhúsin eða starfsmenn þeirra engan hlut í verðmætunum þótt þau hafi gert fiskinn að söluvöru og séu háð aflanum?

Hvers vegna fengu sveitarfélögin engan hlut þó að þau hafi skapað aðstöðu og þjónustu fyrir allt það fólk sem vann við veiðar og vinnslu og séu sum hver mjög háð aflanum?

Hvers vegna fékk ríkið engan beinan hlut þó að það hafi lagt til ríkisábyrgð á lán til skipa, kostað rannsóknir og byggt hafnir?

Ef ekki hefði komið til aðgerða ríkisvaldsins til að takmarka aðgang að auðlindinni hefði hún sennilega horfið, útgerðarmenn gætu ekki veitt neitt og eign þeirra eða hefðarréttur væri orðinn verðlaus. Sums staðar erlendis, þar sem sjávarútgerð skiptir hlutfallslega mjög litlu máli, hafa stjórnvöld ekki gripið til ráðstafana nógu snemma og þar hafa fiskstofnar hrunið. Eiga útgerðarmenn að eignast verðmæti vegna þess að ríkisvaldið greip til ráðstafana?

Hvers vegna fékk fólkið í landinu ekkert?

Framkvæmd þingsályktunartillögunnar.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að kannaðir verði kostir og gallar þeirrar tillögu sem hér hefur verið kynnt. Þar sem efni frumvarpsins tekur til svo margra þátta, fjármála, efnahagsmála, sjávarútvegs, byggðarmála og félagsmála, verður að teljast eðlilegt að forsætisráðherra hafi forgöngu um að gera könnunina. Ef niðurstaðan er jákvæð yrði samið frumvarp til laga um að árlegum afnotarétti á nytjastofnum á Íslandsmiðum verði skipt jafnt milli allra íbúa landins.

Við könnunina verði athugað hvaða áhrif breytingar á eignarhaldi hafa á ýmis tiltekin atriði. Í því sambandi kann að vera nauðsynlegt að leita til innlendra og erlendra sérfræðinga á ýmsum sviðum.

Jafnframt verði kannað hvernig unnt væri að setja fram svipaðar tillögur um önnur verðmæti sem verða til við takmörkun á aðgengi, svo sem orku, hálendi og útvarpsrásir.

300. Svar [81. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Magnúsar Stefánssonar um vegasamband við þéttbýlisstaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni hafa ekki vegasamband með bundnu slitlagi við þjóðveg 1? Um hve langa malarvegi er að ræða frá hverjum þéttbýlisstað fyrir sig?

Í töflu 1 eru taldir upp þeir þéttbýlisstaðir, með 200 íbúa eða fleiri, sem eiga um malarvegi að sækja til hringvegarins (þjóðvegar 1). Í sumum tilvikum þurfa íbúar margra þéttbýlisstaða að fara um sama malarkaflann. Í aftari töludálki er því sýnd lengd þeirra malarkafla sem leggja þarf bundnu slitlagi ef tengja ætti þessa staði við hringveginn.

Tafla 1. Þéttbýlisstaðir sem ekki eru tengdir hringveginum með malbikuðum vegum.

	Malarkaflar á leið að hringvegi, km.	Skýringar. Staðsetning malarkafla.	Lengd kafla sem þyrfti að malbika, km.
Hellissandur/Rif	15	Fróðárheiði	15
Ólafsvík	15	–	
Stykkishólmur	14	Kerlingarskarð	14
Grundarfjörður	28	Kerlingarskarð/Kolgrafarfjörður	14
Búðardalur	17	Brattabrekka	17

	Malarkaflar á leið að hring-vegi, km.	Skýringar. Staðsetning malarkafla.	Lengd kafla sem þyrfti að malbika, km.
Patreksfjörður	196	Brattabrekka/Barðastrandarsýsla	179
Tálknafjörður	196	–	
Bíldudalur	196	–	
Hólmavík	50	Í Hrútafirði og um Kollafjörð	50
Súðavík	171	Í Strandasýslu, Steingrímsfjarðarheiði og Djúpi	121
Ísafjörður	171	–	
Bolungarvík	171	–	
Suðureyri	171	–	
Flateyri	171	–	
Þingeyri	171	–	
Siglufjörður	21	Sléttuhlíð	21
Grenivík	12	Framnes – Grýtubakki	12
Raufarhöfn	131	Tjörnes, Kelduhverfi og Melrakkaslétta	131
Þórshöfn	173	(Sjá Raufarhöfn, en einnig) Hálsar	42
Vopnafjörður	62	Möðrudalsheiði	62
Fáskrúðsfjörður	10	Sléttuströnd og Vattarnesskriður	10
Stöðvarfjörður	4	Hvalnesskriður	4
Til þess að tengja þessa þéttbýlisstaði við hringveginn með malbikuðum vegum			692
Malarkaflar á hringveginum*		Á Norðaustur- og Austurlandi	251
Til þess að tengja þessa þéttbýlisstaði innbyrðis með malbikuðum vegum			943

*Sjá einnig töflur 2 og 3.

Enn eru eftir margir malarkaflar á hringveginum (alls 251 km) og allmargir íbúar þéttbýlisstaða sem þurfa að fara um þá á leið sinni til Reykjavíkur og Akureyrar. Þessir þéttbýlisstaðir eru taldir upp í töflum 2 og 3 og jafnframt getið um lengd malarkaflanna.

Til að tengja alla þéttbýlisstaði á landinu með 200 íbúum eða fleiri þarf að leggja 943 km af bundnu slitlagi.

Tafla 2. Þéttbýlisstaðir sem eru tengdir hringveginum með malbikuðum vegum en auk þess eru malarkaflar á honum á leið til Reykjavíkur annars vegar og Akureyrar hins vegar.

	Malarkaflar á leið til Reykjavíkur, km.	Malarkaflar á leið til Akureyrar, km.
Reykjahlíð	(22)	22
Fellabær	115	136
Egilsstaðir	115	136
Seyðisfjörður	115	136
Neskaupstaður	65	136
Eskifjörður	65	136
Reyðarfjörður	65	136
Breiðdalsvík	51	200
Djúpivogur	36	216
Höfn í Hornafirði	9	242

Tafla 3. Þéttbýlisstaðir sem ekki hafa samband við hringveginn með malbikuðum vegum og auk þess eru malarkaflar á honum á leið til Reykjavíkur annars vegar og Akureyrar hins vegar (sjá einnig töflu 1).

	Malarkaflar á leið að hringvegi, km.	Malarkaflar á leið til Reykjavíkur, km.	Malarkaflar á leið til Akureyrar, km.
Vopnafjörður	62	(116)	116
Fáskrúðsfjörður	10	55	146
Stöðvarfjörður	4	55	146

301. Svar [132. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 265 millj. kr. fjárframlagi á óskiptum lið á fjárlögum 1997, 09-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum?

Samkvæmt Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins (BÁR) hafa 31. október 1997 verið færðar til gjalda á umræddan lið rúmar 266 millj. kr. sem skiptast þannig:

Heimild	Skýring	Kr.
5.16	Styrkir til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu	80.000.000
3.79	Ráðstöfun söluandvirðis hlutabréfa í Bifreiðaskoðun hf. til framkvæmda	50.000.000
4.6	Kaup á fasteigninni Lindargötu 9, Reykjavík, vegna Stjórnarráðsins	35.669.193
4.18	Makaskipti á Fæðingarheimili Reykjavíkur og Engihlíð 6–8 og Engihlíð 9	18.449.446
4.17	Kaup á hluta fasteignarinnar Eiðistorgi 13–15, Seltjarnarnesi, fyrir Lyfjanefnd ríkisins	13.128.122
3.35	Ráðstöfun söluandvirðis Hlíðarbrautar 10 og 12 til St. Jósefsspítala	12.000.000
3.24	Ráðstöfun á söluandvirði Síðumúlafangelsis til fangelsis að Tunguhálsi 6	11.637.000
3.42	Kostnaður við sölu sendiherrabústaðar í París	10.891.153
5.17	Greiðsla kostnaðarhlutdeildar vegna sjónvarpsþáttarins „Good morning – America“	10.000.000
3.52 1996	Ráðstöfun söluandvirðis Neðri-Tungu, Ísafirði, til málefna fatlaðra á Vestfjörðum	8.000.000
3.18	Ráðstöfun söluandvirðis eigna Skógræktar ríkisins	7.565.000
3.34	Ráðstöfun söluandvirðis Tjarnargötu 11, Sandgerði, til Heilsugæslustöðvar Suðurnesja	4.233.000
3.48	Ráðstöfun söluandvirðis Garðarsbrautar 26, Akranesi, til Sjúkrahúss Akraness	3.822.000
	Annað	782.475

302. Svar [61. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um vegtengingu Vopnafjarðar við hringveg.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er samgönguráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að samhliða lagningu nýs kafla á hringvegi frá Langadal að Ármótaseli (Hárekssstaðaleið) verði lagður nýr vegur frá Brunahvammshálsi stystu leið suður á hringveg sem liður í stórverkefninu yfir Fjöllin?

Kafli á hringvegi frá Langadal að Ármótaseli (Hárekssstaðaleið) var boðinn út í haust. Í útboðinu var innifalin tenging við Vopnafjarðarveg (85 Norðausturveg) í mynni Langadals (um 1½ km að lengd). Leiðin milli Vopnafjarðar og Egilsstaða styttist um 28 km ef farin er Hárekssstaðaleið og notuð sú tenging sem er innifalin í útboðinu.

Sveitarstjórn Vopnafjarðar hefur farið þess á leit að tengingin verði flutt mun utar og liggi af Vopnafjarðarvegi við suðurenda Brunahvammsháls og á hringveg skammt vestan Kollseyru. Þessi tenging yrði 7–8 km að lengd og mundi stytta leiðina milli Vopnafjarðar og Egilsstaða enn um 12 km. Það er þessi tenging sem fyrirspurnin fjallar um.

Á undanförnum árum hefur talsvert verið athugað hvernig tengja megi Vopnafjörð við hringveg til frambúðar. Miðað við að hringvegur fari Hárekssstaðaleið er í aðalatriðum um þrjár leiðir að velja:

1. Af hringvegi vestan Kollseyru á Vopnafjarðarveg austan undir suðurenda Brunahvammsháls og þaðan áfram út Fossheiði og Burstarfell eða niður í Vesturárdal.

2. Af hringvegi vestan Kollseyru niður Hofsárdal og á Vopnafjarðarveg í dalnum.
3. Af hringvegi austan Kollseyru niður Steinvarartungu og á Vopnafjarðarveg á svipuðum slóðum og leið 2.

Á þessu stigi þykir leið 2 fremur álitleg en þó þarf að kanna margt áður en ákvörðun um legu vegarins verður tekin.

Sú tenging sem fyrirspurnin fjallar um er í raun leið 1 hér að ofan. Meiri hluti tengingarinnar á einnig að geta nýst þó að leið 2 verði valin.

Áður var getið um lengd tenginga. Þar kom fram að tengingin sem spurt er um er nálægt 6 km lengri en sú sem var í útboðinu og fara þarf yfir Hölkná á nýjum stað. Gera verður ráð fyrir að kostnaðarmunur á tengingunum geti verið um eða yfir 100 millj. kr. Engin hönnun liggur fyrir á lengri tengingunni og fara þarf fram mat á umhverfisáhrifum vegarins ef til framkvæmda kemur. Alllangan tíma tekur að skoða og undirbúa málið. Í raun er nægur tími til þess þar eð verkið yrði boðið út í sjálfstæðu útboði ef af yrði.

Hér að framan hefur verið gerð stuttlega grein fyrir helstu atriðum sem snerta umrædda tengingu. Með tilliti til þess hvað hún styttir leiðina mikið er eðlilegt að þetta mál verði athugað vandlega og hefur Vegagerðin þegar verið beðin að gera það. Að þeirri athugun lokinni verður að taka afstöðu til þess hvort hefja eigi framkvæmdir við tenginguna og þá einnig hvort hún geti tengst stórverkefninu yfir Fjöllin.

303. Svar [129. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 7 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 10-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Samgönguráðuneytið hefur þegar varið um 1,5 millj. kr. af þessu framlagi til hagræðingar í flugmálum. Þar með talin er athugun á hugsanlegri samvinnu Vegagerðarinnar og Flugmálastjórnar á flugvöllum landsins. Sérfræðikostnaður sem fallið hefur til vegna nefndar um endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar hefur verið færður á þennan lið. Kostnaður af þessari vinnu á eftir að verða talsvert meiri, m.a. vegna launa nefndarmanna, ferðakostnaðar, skýrslugerðar og frekari sérfræðikostnaðar.

Einnig er unnið að hagræðingarverkefni á sviði ferðamála sem enn er ekki ljóst hvað muni kosta.

304. Svar [122. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 12-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Ákveðið hefur verið að verja 2,3 millj. kr. til sérstakrar fjárveitingar til verkefna á vegum Neytendasamtakanna. Ekki hefur enn verið ákveðið til hvaða verkefna eftirstöðvunum verður varið.

305. Svar [123. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 1 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 12-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Framlagi af fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing er m.a. ætlað að mæta kostnaði af ýmiss konar hagræðingaraðgerðum sem leiða til varanlegrar lækkunar ríkisútgjalda, en þar má nefna vinnu við skipulagsbreytingar, tækjakaup, endurbætur á vinnustað og hugsanlegar biðlaunagreiðslur.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um til hvaða verkefna fjárveitingu þessari verður varið, en ráðuneytið mun gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir ráðstöfun fjárveitingarinnar þegar þar að kemur, í samræmi við reglur sem settar hafa verið þar um.

306. Svar [124. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 8,2 millj. kr. framlagi til ýmissa viðskipta- og bankamála á liðnum 12-190 190 á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Á fjárlögum 1997 er gert ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 8,2 millj. kr. á þessum lið. Einnig eru áætlaðar 2 millj. kr. í sértekjur. Tillögur um sértekjur þessar voru settar í frumvarp til fjárlaga 1997, en þá voru uppi áform um að gera breytingar á samkeppnislögum þess efnis að greitt væri gjald er svaraði til kostnaðar við áfrýjun mála til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áform þessi náðu ekki fram að ganga, en áætlun um 2 millj. kr. sértekjur var ekki tekin út úr fjárlögum 1997. Að áliti ráðuneytisins eru ekki forsendur til innheimtu þessara sértekna og verður því að gera ráð fyrir að til ráðstöfunar verði 6,2 millj. kr. í stað 8,2 millj. kr.

Ráðstöfun samkvæmt framangreindum lið kemur fram í eftirfarandi töflu:

Verkefni	Þús. kr.
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála	2.364
Nefnd um framkvæmd ábyrgðartrygginga	270
Samráðsnefnd um bankaeftirlit	180
Vinnuhópur Alþjóðastaðlaráðsins um leikvallartæki	90
Vinna að kaupalögum og lögum um þjónustukaup	1.500
Samtals	**4.404**

307. Svar [125. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 8 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 11-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Ákveðið hefur verið að verja 3,5 millj. kr. til endurnýjunar tækja- og tölvubúnaðar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og 1 millj. kr. til aukinna útgjalda við undirbúning alþjóðlegs fjárfestingarsáttmála MAI (Multilateral Agreement on Investment).

Ekki hefur enn verið ákveðið til hvaða verkefna eftirstöðvunum verður varið.

308. Svar [126. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 3 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 11-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Framlagi af fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing er m.a. ætlað að mæta kostnaði af ýmiss konar hagræðingaraðgerðum sem leiða til varanlegrar lækkunar ríkisútgjalda, en þar má nefna vinnu við skipulagsbreytingar, tækjakaup, endurbætur á vinnustað og hugsanlegar biðlaunagreiðslur.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um til hvaða verkefna fjárveitingu þessari verður varið, en ráðuneytið mun gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir ráðstöfun fjárveitingarinnar þegar þar að kemur, í samræmi við reglur sem settar hafa verið þar um.

309. Svar [127. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 32 millj. kr. framlagi til nýsköpunar og markaðsmála á liðnum 11-299 150 á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi fjárhæðir hafa annaðhvort verið greiddar út eða um þær veitt bindandi loforð:

Verkefni	Þús. kr.
Átak til atvinnusköpunar	18.500
Úrvinnslunefnd	828
Úttekt á stöðu einkaleyfa og vörumerkjamála hjá EFTA	380
Athugun á auknum viðskiptasamböndum við Mongolíu	552
Yrkisnefnd	496
Smáfyrirtækjaverkefni og atvinnumál kvenna	612
Ýmsar athuganir, niðurstöður nefnda og útgáfa skýrslna	2.640
Stærri verkefni og styrkveitingar:	**6.115**
Atvinnumál Vesturbyggðar	200
Athugun á frekari úrvinnslu vikurs	500
Íslensku tónlistarverðlaunin	400
Þátttaka matreiðslumeistara í norrænni keppni	250
Starfsmannafélag Íslenska járnblendifélagsins	150
Gæðastjórnunarfélag Íslands, matvælamál	100
Athugun á möguleikum á verksmiðjuframleiðslu úr vikri	450
Lagnafélag vegna alþjóðlegrar ráðstefnu	100
Verkstjórnarfræðsla	1.500
Skráning gagna í stafrænu formi	200
Framadagar í Háskóla Íslands	75
Undirbúningur kvikmyndagerðar, byggt á Íslendingasögum	90
Midas, þátttaka í MLIS-áætlun á vegum EB	1.000
Styrkur til tónlistarútgáfu	100
Vegna þátttöku í BIS-áætlun	150
Samstarf eyríkja í Norður-Atlantshafi	350
Landssamband hugvitsmanna	500
Verkefni og styrkir 50 þús. kr. eða minna (11 talsins)	460
Samtals	**30.583**

Verkefnið Átak til atvinnusköpunar er samstarfsverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs og leggja sjóðirnir 30 millj. kr. hvor til verkefnisins. Samtals renna því til verkefnisins 78,5 millj. kr. árið 1997.

Meginmarkmið verkefnisins eru:

1. að standa sameiginlega að verkefnum sem stuðla að atvinnusköpun og aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins,
2. að samræma verkefni til hvatningar og stuðnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja svo og einstaklinga á sviði atvinnu- og nýsköpunar,
3. að hvetja til aukins alþjóðasamstarfs fyrirtækja og útrásar þeirra á erlenda markaði.

Stefnumótun og umsjón með framkvæmd verkefnisins er í höndum stjórnar sem skipuð er einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna: Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum, atvinnurekendum og launþegum. Auk þess skipar iðnaðar- og viðskiptaráðherra formann stjórnarinnar.

310. Svar [193. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Fyrir hvaða skip hafa verið greiddir úreldingarstyrkir frá stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins í júní 1994:

a. aflamarksskip,

b. krókabáta?

Óskað er upplýsinga um heimahöfn, stærð skips og styrkupphæð.

Í eftirfarandi töflum eru upplýsingar um greidda úreldingarstyrki Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, annars vegar til aflamarksskipa 1994–97 og hins vegar til krókabáta 1995–97. Leyfi til úreldingar á krókabátum var veitt um mitt ár 1995.

Úreldingarstyrkir aflamarksskipa 1994–97.

Skipaskrárnúmer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
7	Stokksnes VE-700	Goðaborg hf., Fáskrúðsfirði	39.375	131,59	1960 s
210	Sigurvon SH-121	Rækjunes hf., Stykkishólmi	22.504	88,32	1961 s
212	Ögmundur RE-94	Ingimundur hf., Reykjavík	77.490	186,64	1960 s
281	Trausti SH-72	Hólmgrímur Sigvaldason, Grindavík	1.458	8,54	1961 f
306	Hrönn EA-258	Heiðar R. Baldvinsson, Grenivík	6.587	20,58	1963 e
364	Fróði BA-81	Símon Fr. Símonarson, Patreksfirði	796	7,16	1963 f
369	Diddó AK-232	Óttar Guðlaugsson, Ólafsvík	1.444	8,22	1963 f
372	Kristín VE-40	Eiður Marinósson, Vestmannaeyjum	2.462	11,50	1954 e
406	Kópur EA-325	Brynjar Baldvinsson, Dalvík	1.168	5,60	1962 f
409	Gæfa II VE-112	Ólafur Guðjónsson o.fl., Vestmannaeyjum	873	5,42	1954 f
434	Ólafur GK-33	Fiskanes hf., Grindavík	8.875	36,08	1945 e
442	Ásta VE-2	Bára hf., útgerðarfélag, Vestmannaeyjum	2.959	11,41	1963 f

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
461	Glaður SU-79	Sigurður Jónsson, Djúpavogi	1.237	8,51	1962 f
468	Auður II AK-59	Vilhjálmur Birgisson, Akranesi	784	6,36	1962 f
477	Ragna SK-193	Þorri hf., Ólafsvík	945	6,23	1962 f
487	Hringur BA-201	Vesturver hf., Patreksfirði	1.959	8,18	1955 e
506	Gylfi NK-40	Oddur Þ. Sveinsson, Reykjavík	774	5,35	1961 f
524	Hafliði GK-140	Hóp hf., Grindavík	2.580	10,32	1961 e
537	Sæborg BA-77	Vesturver hf., Patreksfirði	4.812	21,23	1961 e
565	Hilmir ST-1	Guðmundur Guðmundsson hf., Hólmavík	4.841	27,64	1942 e
579	Hrefna ÍS-202	Sigurvin Magnússon, Suðureyri	721	7,25	1961 f
592	Valur RE-7	Valur hf., Reykjavík	2.759	10,10	1962 f
625	Hafborg HF-64	Ólafur Óskarsson, Reykjavík	13.670	53,91	1957 e
731	Grunnvíkingur ÍS-163	Byggðastofnun, Ísafirði	9.562	53,09	1945 e
734	Sædís ÁR-9	Skagstrendingur hf., Skagaströnd	8.463	34,29	1949 e
737	Röst SH-134	Bergsveinn Gestsson, Stykkishólmi	1.653	8,72	1961 f/e
759	Sjöfn VE-37	Íslandsbanki hf., Vestmannaeyjum	9.825	50,39	1935 e
778	Smári SH-221	Rækjunes hf., Stykkishólmi	8.435	62,97	1949 e
842	Haraldur Sæm. BA-311	Flói hf., Patreksfirði	1.257	7,83	1959 s
847	Tindur SH-179	Bergsveinn Jóhannesson, Ólafsvík	3.439	14,72	1962 e
872	Hallgr. Ottósson BA-39	Ýmir hf., Bíldudal	8.195	15,76	1943 e
925	Katrín BA-109	Þiljur hf., Bíldudal	13.808	69,34	1960 e
943	Berglind SU-3	Friðþjófur hf., Eskifirði	3.549	9,98	1939 e
951	Sleipnir VE-83	Sleipnir hf., Vestmannaeyjum	12.771	76,90	1963 e
955	Rex NS-3	Árni J. Sigurðsson, Seyðisfirði	1.187	5,96	1963 f
960	Hjalti SI-12	Þrotabú Georgs Ragnarssonar, Stykkishólmi	1.309	8,11	1961 f
963	Júlíus ÁR-111	Hólmar V. Gunnarsson, Þorlákshöfn	17.074	75,12	1963 e
965	Snarfari HF-66	Miðfell, Hnífsdal	73.305	235,68	1964 s
995	Björgvin Már BA-22	Jóhannes S. Haraldsson, Reykhólum	1.446	9,30	1965 f
1057	Gunnar ÞH-34	Dánarbú Jóhanns Stefánssonar, Grenivík	765	5,67	1956 f
1083	Valur HF-15	Hafald hf., Hafnarfirði	3.389	10,02	1969 f
1087	Farsæll SI-93	Ólafur Guðmundsson o.fl., Siglufirði	1.249	8,23	1969 f
1094	Eyrún EA-155	Rif hf., Hrísey	27.135	131,79	1970 e
1095	Lyngey SF-61	Borgey hf., Höfn	28.845	145,72	1970 s
1112	Vinur SH-1	Guðmundur Jóhannesson, Grundarfirði	1.164	6,79	1970 f
1155	Hafnartindur SH-499	Sigurður Guðnason o.fl., Hellissandi	2.378	11,08	1971 f
1169	Tvistur VE-222	Jón B. Kárason o.fl., Fáskrúðsfirði	981	5,94	1971 f
1199	Frár VE-7	Frár hf., Vestmannaeyjum	30.285	123,80	1969 s
1209	Freyja GK-364	Halldór Þórðarson, Keflavík	41.445	122,13	1972 s
1227	Veiga GK-4	Byggðastofnun, Reykjavík	5.336	11,66	1972 e
1238	Fjalar Vagn SH-330	Þorsteinn Kúld Björnsson, Stykkishólmi	1.703	8,05	1972 f
1249	Sigurvin GK-51	Sigurvin hf., Keflavík	2.892	16,55	1972 e
1284	Bensi VE-234	Frár hf., Vestmannaeyjum	1.299	8,12	1972 f
1286	Freyr SF-20	Skinney hf., Höfn	31.275	104,62	1972 s
1292	Haukur ÍS-195	Birna Hjaltalín Pálsdóttir, Bolungarvík	6.631	21,62	1973 e

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
1323	Völusteinn NK-111	Útgerðarfélagið Eiður hf., Reyðarfirði	1.900	9,24	1973 f
1336	Stígandi VE-77	Stígandi hf., Vestmannaeyjum	1.489	8,17	1973 f
1368	Silla NK-42	Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	1.552	8,54	1974 s
1382	Lundey II ÞH-351	Kristbjörn Árnason, Húsavík	917	6,00	1974 f
1391	Steini Ólafs Björns SH-391	Alexander Helgason o.fl., Stykkishólmi	1.595	5,35	1974 f
1398	Sæljón SU-104	Friðþjófur hf., Eskifirði	37.035	142,19	1974 s
1419	Bjargey EA-79	Óli H. og Óli B. Ólason., Grímsey	998	11,05	1975 f/e
1446	Lárberg SH275	Lárus Guðmundsson o.fl., Grundarfirði	3.119	9,88	1975 s
1474	Otto Wathne NS-9	Otto Wathne hf., Seyðisfirði	86.670	299,06	1977 s
1480	Bibbi Jóns HF-44	Ellen Björnsdóttir, Hafnarfirði	3.093	10,35	1977 p
1515	Litlanes ÞH-52	Óli Æ. Þorsteinsson, Þórshöfn	1.544	7,16	1978 f
1518	Hafsteinn SH-131	Ríkissjóður (sýslumaðurinn Stykkishólmi)	589	8,00	1960 f/e
1519	Bylgjan I GK-141	Sigrún Ellertsdóttir, Njarðvík	2.041	8,00	1978 f
1569	Ómagi RE-13	Snorri Agnarsson, Reykjavík	1.348	5,26	1980 p
1580	Ýlir SH-287	Þorri hf., Ólafsvík	3.470	8,98	1962 p
1613	Leynir AK-9	Birgir Jónsson, Akranesi	3.410	8,59	1982 p
1625	Jónína Jónsdóttir SF-12	Jón G. Helgason, Höfn	81.990	271,12	1982 s
1630	Frosti ÞH-229	Frosti hf., Grenivík	78.120	298,89	1979 s
1632	Guðjón SH-500	Norðurljós, Keflavík	2.186	9,52	1981 p
1648	Sæfari AK-202	Krossvík hf., Akranesi	79.245	222,76	1984 s
1651	Snæfari GK-186	Júlíus Stefánsson, Kópavogi	77.805	221,97	1984 s
1677	Pálmi RE-48	Faxaberg sf., Hafnarfirði	1.519	5,70	1980 f
1690	Guðmundur Benóný KE-77	Sparisjóðurinn í Keflavík	4.027	10,39	1986 p
1700	Assa KÓ-12	Sigursteinn Óskarsson, Mosfellsbæ	1.455	6,68	1985 p
1728	Sæfari SU-75	Friðrik Rósmundsson, Eskifirði	4.416	9,30	1986 p
1729	Hulda RE-460	Valdimar Samúelsson, Reykjavík	1.188	5,26	1986 p
1747	Tumi II HF-17	Búrfell hf., Seltjarnarnesi	1.545	5,52	1987 p
1748	Jón Klemenz ÁR-313	Fiskmark hf., Þorlákshöfn	30.253	80,70	1984 s
1758	Öðlingur VE-292	Íslandsbanki hf., Vestmannaeyjum	53.955	110,21	1983 s
1759	Fjölnir GK-157	Vísir hf., Grindavík	54.450	116,76	1982 s
1763	Svandís ST-111	Gunnar Jónsson o.fl., Hólmavík	1.800	7,25	1987 p
1786	Abba GK-247	Stefán Albertsson, Vogum	2.997	9,62	1987 á
1793	Guðjón Eiríksson BA-2	Eiríkur Hólmsteinsson, Patreksfirði	3.624	8,91	1987 p
1798	Aldan SH-295	Gísli J. Gíslason, Hellissandi	1.634	5,42	1987 p
1800	Rósa Björg NK-101	Daníel Gunnarsson, Egilsstöðum	2.068	7,25	1987 p
1805	Særif SH-702	Melnes hf., Hellissandi	6.982	11,00	1987 s
1806	Sóley SH-42	Íshákarl hf., Stykkishólmi	2.625	9,16	1987 s
1814	Sunna SU-226	Byggðastofnun, Reykjavík	3.246	7,58	1987 f
1822	Ína SU-69	Kjartan Garðarsson o.fl., Djúpavogi	1.967	8,20	1958 f
1824	Sænes EA-75	Sænes hf., Grenivík	60.750	111,13	1987 s
1825	Geiri Péturs ÞH-344	Geiri Péturs hf., Húsavík	88.245	181,51	1984 s
1832	Lína Bjarna NS-120	Hallgrímur Arason, Eskifirði	3.110	7,25	1987 p
1837	Hugrún AK-43	Þórður Á. Magnússon, Grundarfirði	2.122	9,35	1959 s

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
1839	Friður RE-286	Bersi sf., Garðabæ	3.398	8,91	1987 p
1843	Jón Þór NK-44	Sólheim hf., Neskaupsstað	4.150	9,00	1987 p
1845	Húni ÍS-211	Sigurður B. Hjartarson, Bolungarvík	4.971	9,81	1987 f
1865	Snotra RE-165	Njáll Helgason, Mosfellsbæ	2.958	8,91	1987 p
1870	Jón Geir EA-7	Stefán Stefánsson, Dalvík	3.883	8,91	1987 p
1879	Jón Bjarnason SF-28	Bjarni Jónsson hf., Reykjavík	4.095	9,60	1988 p
1885	Fáfnir SF-14	Eiríkur Þorleifsson, Höfn	3.262	9,76	1988 p
1886	Freygerður ÓF-18	Sigursveinn H. Þorsteinsson, Ólafsfirði	3.306	8,91	1987 p
1889	Sigurþór GK-55	Féfang hf., Reykjavík	4.503	9,47	1987 p
1908	Guðm. Ásgeirsson ÍS-814	Þrotabú Skipasmst. Marselíusar hf., Ísafirði	3.528	9,00	1984 s
1939	Katrín GK-98	Nesfiskur hf., Garði	6.410	9,72	1988 p
1940	Lómur HF-177	Lómur hf., Hafnarfirði	75.015	101,54	1988 s
1946	Ingibjörg II BA-402	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf., Tálknafirði	4.592	8,90	1985 s
1953	Góa VE-30	Ægir Hafsteinsson, Vestmannaeyjum	4.379	8,59	1988 p
1962	Maggi ÍS-197	Magnús Þorgilsson, Ísafirði	3.170	8,73	1988 p
1966	Þröstur ÞH-247	Stefán Ö. Hjaltason, Raufarhöfn	2.832	8,91	1988 p
1981	Máni SF-8	Guðmundur Eiríksson, Höfn	4.934	9,61	1988 p
1987	Árntýr VE-478	Íslandsbanki hf., Vestmannaeyjum	4.399	8,91	1987 p
1989	Háfdán í Búð ÍS-19	Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf., Ísafirði	90.000	250,00	1989 s
2009	Eydís NS-32	Ólafur Hallgrímsson, Borgarfirði	4.909	9,61	1989 p
2023	Sóley KE-15	Svavar Ingibersson, Sandgerði	1.452	10,00	1988 p
2031	Hópsnes GK-77	Hópsnes hf., Grindavík	93.087	230,44	1990 s
2037	Hafrún NS-222	Magnús Þorsteinsson, Borgarfirði eystri	4.004	6,65	1989 s
2038	Haukafell SF-111	Haukafell hf., Höfn	90.000	161,60	1990 s
2057	Ævar BA-25	Snæbjörn Gíslason, Patreksfirði	4.899	10,00	1990 p
2058	Gylfi BA-18	Aðalsteinn G.Þ. Gíslason, Patreksfirði	5.176	10,00	1990 p
2060	Máni II ÍS-541	Reynir Gunnarsson, Þingeyri	5.109	9,61	1990 p
2066	Andri NS-28	Vigfús Daðas. og Víðir Davíðss., Vopnafirði	4.150	9,68	1990 p
2075	Faxafell GK-102	Landsbanki Íslands, eignarleiga	4.577	10,00	1990 p
2079	Björninn BA-85	Bjarg hf., Patreksfirði	4.859	9,01	1987 p
2096	Hafdís KE-150	Svavar Ingibersson, Sandgerði	3.736	10,00	1990 p
2105	Gullfiskur GK-321	Sæmundur Þórðarson, Stóru-Vatnsleysu	5.098	9,61	1990 p
2114	Reginn HF-228	Manus hf., Garðabæ	4.753	9,76	1990 f
2123	Ásgeir Frímanns ÓF-21	Valeik hf., Ólafsfirði	89.730	280,50	1986 s
2127	Stapi BA-65	Byggðastofnun o.fl., Reykjavík	38.382	68,20	1986 s
2149	Mummi NK-2	Bendill hf., Neskaupstað	35.357	69,20	1986 s
2168	Lísa María ÓF-26	Sædís hf., Ólafsfirði	90.000	426,01	1988 s
5012	Vorfari SU-151	Hörður Davíðsson, Efri-Vík, Klaustri	321	3,00	f
5017	Sigursæll AK-87	Einar Árnason, Akranesi	1.062	7,00	1955 f
5131	Votanes ÞH-209	Sveinbjörn Jóensen, Þórshöfn	1.442	4,00	1953 f
5158	Þytur GK-333	Halldór Martinsson, Kópavogi	2.064	7,00	1961 f
5168	Sæbjörg RE-315	Einar Halldórsson, Reykjavík	1.100	8,00	1961 f
5217	Blíðfari NS-112	Sigurður Finnbogason, Seyðisfirði	374	6,00	1955 f

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
5245	Búi BA-230	Kristinn Jónsson, Hafnarfirði	1.224	4,00	1955 f
5258	Andri SH-350	Sigurður Berntsson o.fl., Stykkishólmi	1.095	5,40	1961 f
5261	Sæljón II NS-204	Guðjón Guðjónsson, Vopnafirði	539	3,00	1962 f
5264	Eyfell ÞH-76	Jakobína Stefánsdóttir, Neskaupstað	411	6,00	1962 f
5270	Sævaldur SK-120	Sigfús A. Sveinsson o.fl., Sauðárkróki	228	2,92	1961 f/e
5312	Linda GK-105	Kristján Kristmannsson o.fl., Vogum	1.914	9,00	1962 f
5354	Búbót NK-118	Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	134	4,00	1971 f
5356	Sigurgeir EA-454	Sigmundur Sigurgeirsson o.fl., Akureyri	209	4,00	1955 f
5388	Guðrún EA-144	Jóhannes Magnússon, Grímsey	925	3,96	1960 f
5391	Ögn EA-691	Bjarni Björgvinsson, Húsavík	189	3,18	1971 f/e
5393	Sindri EA-160	Þorvaldur Baldvinsson o.fl., Dalvík	733	5,00	1961 f
5402	Pálmi SU-44	Guðmundur Björgvinsson, Reyðarfirði	639	6,39	1970 f
5437	Díana SU-38	Þórunn Magnúsdóttir, Eskifirði	661	4,16	1961 f
5447	Búi EA-100	Stefán Stefánsson, Dalvík	1.927	6,50	1942 f
5459	Maggi ÞH-338	Þorgeir Þorvaldsson, Húsavík	606	4,00	1961 f
5495	Inga Steina SU-105	Ingibjörg Jóhannsdóttir, Fáskrúðsfirði	295	2,00	1964 f
5533	Dóra SU-180	Kjartan L. Pétursson, Eskifirði	61	4,00	1955 f
5536	Elín NK-12	Þórður Sveinsson o.fl., Reyðarfirði	321	3,00	1969 f
5540	Sæfaxi ÞH-330	Marínó Eggertsson, Kópaskeri	1.010	4,00	1970 f
5545	Dröfn NK-31	Hjörtur Arnfinnsson, Neskaupstað	1.083	5,00	1972 f
5549	Guðrún Helga RE-20	Guðrún Helga ÞH-20, Reykjavík	917	5,00	1972 f
5551	Nökkvi BA-82	Guðni Jónasson, Vesturbyggð	1.035	4,00	1972 f
5555	Gyllir NK-49	Hjörtur Árnason, Neskaupstað	1.022	4,00	1972 f
5556	Gustur NK-50	Ásdís Hannibalsdóttir, Neskaupstað	1.435	5,50	1953 f
5557	Enok NK-45	Kristján Vilmundarson, Neskaupstað	706	4,00	1961 f
5558	Glæsir ÞH-266	Hlynur Þ. Ingólfsson, Raufarhöfn	1.198	4,50	1961 f
5572	Dröfn NS-17	Guðjón Sveinsson, Vopnafirði	717	5,00	1955 f
5599	Már NK-91	Heiðar Sveinsson, Neskaupstað	508	3,00	1972 f
5612	Sigurpáll ÞH-95	Jónas Pálsson, Raufarhöfn	938	4,00	1973 f
5614	Árni Friðriksson NS-300	Brynjar B. Pétursson, Grindavík	434	3,00	1973 f
5695	Addi í firði NS-310	Stefán Árnason, Seyðisfirði	124	1,84	1950 f
5809	Polla BA-49	Breiðfirðingur hf., Króksfjarðarnesi	333	3,58	1977 f/e
5813	Góa NK-78	Gísli hf., Reykjavík	307	3,66	1977 f
5842	Bússi ÍS-105	Reynir Erlingsson, Ísafirði	371	2,17	1977 p
5852	Haförn ÞH-171	Ásþór Sigurðsson, Húsavík	308	4,00	1953 f
5872	Ver AK-97	Steindór Oliversson, Akranesi	1.080	4,00	1978 f
5895	Ásdís ÍS-130	Björgvin Eyþórsson, Akranesi	645	4,00	1978 f
5929	Jói ÍS-444	Þorsteinn Jóakimsson, Ísafirði	283	2,17	1978 p
5975	Hólmi ÞH-323	Agnar Vilhjálmss., Henrý Ásgrímss., Þórshöfn	311	2,17	1979 p
5985	Straumur KE-104	Jón E. Sæmundsson, Keflavík	640	2,00	1979 p
5994	Kópur SH-188	Úlfljótur Jónsson, Ólafsvík	1.062	3,00	1979 p
6014	Mímir NK-100	Einar G. Guðmundsson, Neskaupsstað	588	3,00	1979 p
6027	Garðar SH-154	Snorri Böðvarsson, Ólafsvík	1.433	3,00	1979 p

Skipaskrárnúmer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
6050	Gola BA-600	Ólafur Guðjónsson o.fl., Reykjavík	299	2,17	1979 p
6054	Nanna BA-107	Guðbjört Ásgeirsdóttir, Reykjavík	241	2,19	1979 p
6065	Draupnir BA-40	Guðrún Brynjarsdóttir, Neskaupsstað	1.039	10,00	1961 f
6078	María SH-278	Magnús Grímsson, Flúðum	341	2,17	1980 p
6081	Herdís ÓF-15	Matthías Sæmundsson, Ólafsfirði	397	4,00	1980 f
6119	Marína RE-62	Marínó Davíðsson, Reykjavík	316	2,62	1979 p
6122	Axel KE-71	Valdimar Axelsson, Keflavík	732	3,00	1980 p
6135	Kristín HF-165	Kristín H. Þorsteinsdóttir, Bakkafirði	782	5,00	1980 p
6151	Ögn RE-265	Þorvaldur Kjartansson, Reykjavík	188	2,90	1980 p
6184	Glímir GK-174	Meinert J. Nilssen, Njarðvík	1.091	3,86	1981 p
6205	Auður RE-127	Sigdór Ó. Sigmarsson, Reykjavík	808	4,09	1981 f
6231	Guðrún ST-220	Gunnar Guðjónsson, Kópavogi	385	3,86	1981 p
6233	Leó SH-153	Þorvarður J. Guðbjartsson, Hellissandi	931	3,00	1981 p
6238	Gösli RE-277	Gunnar Þórðarson, Reykjavík	630	3,00	1981 p
6245	Þórólfur ÍS-578	Arnar Barðason, Suðureyri	761	3,00	1981 p
6291	Freyr SH-236	Hákon Erlendsson, Hellissandi	284	2,67	1981 p
6294	Hafrún EA-84	Haraldur Jóhannsson, Grímsey	2.851	8,34	1989 e
6295	Saxi ÞH-291	Halldór M. Alfreðsson, Þórshöfn	782	3,86	1981 p
6300	Selma HF-130	Selma sf., Garðabæ	2.257	9,00	1983 p
6315	Gola SH-218	Sigfinnur Mikaelsson, Seyðisfirði	231	2,00	1982 p
6354	Gústi SU-137	Jóhanna Másdóttir, Djúpavogi	474	3,00	1982 p
6356	Hugborg HF-14	Sigursteinn Óskarsson, Mosfellsbæ	1.206	6,00	1982 p
6359	Jón GK-761	Sigrún Stefánsdóttir, Vogum	515	3,00	1981 k
6444	Siggi Villi NK-17	Kristján Vilmundarson, Neskaupsstað	1.190	4,00	1982 p
6456	Rúna SH-2	Guðmundur K. Pálsson, Suðureyri	695	5,00	1983 f
6501	Rán EA-142	Bátafélagið Andri hf.	404	3,20	1983 p
6509	Hari HF-69	Hari sf., Bessastaðahreppi	2.296	8,95	1983 p
6553	Flóki ÍS-167	Óttar A. Överby, Reykjavík	2.060	5,00	1981 p
6554	Rostungur ÍS-555	Kristinn P. Njálsson, Ísafirði	506	3,14	1984 p
6602	Freyr II GK-177	Sparisjóður Norðfjarðar, Neskaupstað	2.434	7,00	1985 p
6604	Svanur SU-155	Kjartan L. Pétursson, Eskifirði	1.177	5,00	1985 p
6621	Sær RE-40	Sigurþór H. Sigmarsson, Garðabæ	619	5,30	1985 p
6642	Kristján KE-21	Gunnar H. Garðarsson, Garði	2.731	6,84	1984 p
6654	Hnoss KE-97	Ólafur Björnsson, Keflavík	1.943	8,79	1985 p
6665	Helgi ÞH-93	Heimir Ingvason, Arnórsstöðum	1.654	5,00	1985 p
6670	Már HF-70	Sigurgeir Kristjánsson o.fl., Garðabæ	2.618	9,00	1984 p
6681	Haförn MB-4	Starfsmannafélag lögreglunnar Borgarnesi	540	3,14	1985 p
6696	Valdi RE-120	Þorsteinn Þorvaldsson, Reykjavík	2.346	5,00	1986 p
6704	Magnús SU-77	Birgir Guðmundsson, Djúpavogi	1.014	4,45	1985 p
6718	Anna ÍS-101	Konráð Eggertsson, Ísafirði	2.119	5,00	1986 p
6734	Hafmey SF-100	Daníel Sigurðsson, Reykjavík	969	4,88	1986 p
6735	Rikki KE-59	Gunnar Ásgeirsson, Keflavík	1.456	7,86	1986 p
6744	Óli SU-117	Starfsmannafélag Vegagerðar Austurlands	383	3,86	1986 p

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
6750	Beta ÍS-128	Leiti hf., Hnífsdal	1.513	5,05	1986 p
6751	Glaður SH-267	Kristmundur Halldórsson, Ólafsvík	1.500	6,00	1985 p
6782	Svanur SU-28	Jón Úlfarsson, Fáskrúðsfirði	1.327	6,00	1986 p
6808	Máni RE-43	Hannes G. Sigurðsson, Reykjavík	497	4,74	1986 p
6809	Víðir SH-182	Tómas Guðmundsson, Ólafsvík	1.306	5,68	1985 p
6818	Rafn SH-86	Ögmundur Pétursson, Arnarstapa	1.844	5,73	1986 p
6819	Ígull GK-5	Þróunarfélag Íslands hf., Reykjavík	991	5,90	1986 p
6864	Milla HF-99	Gunnar Guðmundsson, Hafnarfirði	1.280	6,00	1978 p
6879	Mari RE-79	Skúli Sigurz o.fl., Reykjavík	1.107	5,90	1987 p
6884	Sævi GK-44	Plastverk hf., Sandgerði	1.960	7,00	1983 p
6897	Eyjajarl BA-500	Tryggvi Gunnarsson, Flatey	3.668	8,40	1983 p
6898	Berta ÍS-606	Elías Oddsson, Ísafirði	1.601	6,00	1987 p
6900	Logi ÍS-32	Þórður Júlíusson, Ísafirði	1.847	6,00	1987 p
6914	Malli SK-19	Ómar Ólafsson, Fljótum	1.676	6,00	1987 p
6928	Apríl BA-211	Vestri hf., Patreksfirði	1.229	6,00	1987 p
6948	Bryndís BA-165	Eiríkur Óðinn Hauksson, Grindavík	1.547	8,00	1985 p
6954	Digranes NS-124	Marinó Jónsson, Bakkafirði	1.570	5,68	1987 p
6964	Helgi ÞH-124	Fagranes hf., Þórshöfn	3.439	8,00	1987 p
6967	Elís Bjarnason SH-48	Guðmundur E. Magnússon, Ólafsvík	3.240	9,29	1987 p
7004	Hrefna EA-988	Einar Gylfason, Akureyri	424	4,45	1988 p
7006	Kögur ÍS-98	Kjartan Sigmundsson, Ísafirði	884	5,90	1978 p
7012	Dímon RE-712	Þrándur Thoroddsen, Reykjavík	538	4,84	1988 p
7030	Gígja HF-30	Veiðarfærasalan Dímon ehf., Reykjavík	1.880	8,29	1988 p
7034	Sæunn SF-155	Gunnar Þ. Guðmundsson, Höfn	1.878	6,00	1987 p
7036	Árný ÞH-64	Eyþór Margeirsson, Kópaskeri	1.523	6,00	1987 p
7042	Úlfar SU-185	Sigurður Úlfarsson, Fáskrúðsfirði	1.656	6,00	1987 p
7045	Ró KÓ-45	Hans Þorsteinsson, Reykjavík	2.518	8,41	1989 f
7071	Hegri KE-7	Eðvarð Árnason, Stykkishólmi	3.531	8,00	1988 p
7093	Ármann II SH-323	Bjarni Ólafsson, Ólafsvík	1.560	6,00	1988 p
7100	Óla Gísla SF-45	Gísli Þorvaldsson, Höfn	3.607	8,29	1988 p
7137	Von SF-1	Páll Guðmundsson, Hornafirði	3.331	9,29	1988 p
7140	Grímur kafari SK-13	Þorvaldur Steingrímsson, Sauðárkróki	4.279	9,23	1988 p
7148	Hængur VE-87	Svanur Þór Eyþórsson, Reykjavík	2.067	9,00	1987 p
7155	Kristín NK-36	Ármann D. Árnason, Neskaupstað	951	5,99	1989 p
7166	Þröstur SH-250	Hermann Sigurðsson, Ólafsvík	2.007	6,00	1989 p
7187	Gunna Beta ÍS-17	Ásgeir Salómonsson o.fl., Ísafirði	1.374	4,00	1989 p
7215	Norma VE-91	Haforka hf., Ólafsfirði	4.565	9,00	1990 p
7225	Faxavík GK-7	Skúli Magnússon, Grindavík	4.468	9,59	1990 p
7257	Ólöf ÞH-300	Hermann Daðason, Akureyri	3.806	9,00	1983 p
7280	Inga HF-164	Sigmar Æ. Björgvinsson, Seltjarnarnesi	1.509	6,00	1987 p
9017	Smári ÍS-144	Ásthildur & Matthildur Torfad., Bolungarvík	504	1,92	1960 f
9042	Hafdís GK-200	Sigurður Marinósson, Hólmavík	580	2,43	1981 p
	269		**2.256.519**	**7.020,63**	

Úreldingarstyrkir krókabáta 1995–97.

Skipaskrárnúmer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
755	Gísli á Bakka BA-400	Tryggvi Ársælsson, Tálknafirði	3.123	5,50	1955 f
1614	Sigurósk BA-57	Sigurósk ehf., Ísafirði	3.622	5,00	1982 p
1799	Stjarnan SU-207	Lúðvík Sverrisson, Stöðvarfirði	2.400	1,17	1987 p
1810	Poseidon HF-323	Albert Tómasson, Garðabæ	3.638	3,73	1987 p
1835	Hvönn GK-10	Árni F. Vikarsson, Kópavogi	3.104	2,24	1987 p
2026	Rakkanes HF-193	Garðar Björgvinsson, Hveragerði	6.899	5,72	1990 p
2036	Ósk ÞH-256	Fjóla R. Þorleifsdóttir, Hafnarfirði	4.407	5,78	1988 f/e
2109	Árvík SI-100	Víkurfiskur sf., Ketilási	4.801	6,00	1990 p
2121	Atli ÁR-87	Landsbanki Íslands, eignarleiga	3.534	5,72	1990 p
2133	Mar NS-83	Stefán S. Árnason, Seyðisfirði	3.082	5,00	1990 p
2141	Þröstur ÞH-247	Stefán Ö. Hjaltason, Raufarhöfn	5.669	6,11	1991 p
2172	Helga Trausta RE-329	Landsbanki Íslands, eignarleiga	4.573	6,59	1992 p
2181	Stakkur GK-4	Þorvaldur Reynisson o.fl., Njarðvík	5.361	6,00	1992 p
2202	Svana NK-85	Halldór Gunnlaugsson, Neskaupstað	4.677	4,94	1993 p
2210	Rauðanes ÞH-91	Jón A. Matthíasson o.fl., Þórshöfn	7.036	6,87	1993 p
2214	Heiða BA-91	Jón S. Garðarsson, Reykjavík	5.616	4,99	1994 p
2215	Garðar ÍS-44	Brynjólfur J. Garðarsson, Garðabæ	6.140	6,87	1994 p
2229	Guðný RE-34	Steinar Þór Birgisson, Kópavogi	6.980	5,68	1981 p
2230	Aðalbjörg Þorkelsd. SH-282	Ólafur M. Sigmundsson, Vestmannaeyjum	10.126	6,00	1994 p
2234	Ellen RE-36	Elmar Ö. Sigurðsson, Reykjavík	4.984	6,27	1982 p
2246	Berglín SH-660	Fjóla R. Þorleifsdóttir, Hafnarfirði	9.468	6,11	1995 p
2252	Valdís HF-169	Valdimar Elíasson, Hafnarfirði	7.220	6,49	1995 p
5022	Þröstur SH-19	Kristján H. Guðmundsson, Reykjavík	1.412	3,94	1969 f/e
5026	Sveinmar SU-73	Reynir Gunnarsson, Reyðarfirði	1.325	2,14	1953 f/e
5029	Oddmundur RE-287	Kristrún A. Tómasdóttir, Reykjavík	1.343	3,15	f/e
5039	Kári SH-78	Sig. P. Jónss. og Bragi Jónss., Stykkishólmi	1.913	3,43	1946 f/e
5124	Hrönn ÞH-335	Haraldur Sigurðsson, Kópaskeri	1.090	2,09	1974 f
5368	Helga í Garði EA-574	Gunnar A. Jóhannesson, Dalvík	1.473	2,3	1961 f/e
5411	Ingibjörg EA-226	Níels Kruger, Akureyri	1.020	2,82	1972 f/e
5421	Morgunstjarnan EA-287	Pétur Geir Helgason, Akureyri	1.179	2,76	1973 f/e
5423	Áslaug EA-611	Vignir Þór Antonsson, Dalvík	1.388	4,03	1974 f/e
5429	Óli SI-25	Sverrir S. Ólason, Siglufirði	1.124	3,43	1958 f/e
5450	Glaður ÍS-221	Fjóla R. Þorleifsdóttir, Reykjavík	1.440	4,54	1975 f/e
5501	Elín Þóra EA-54	Helgi Haraldsson o.fl., Grímsey	1.539	2,39	1949 f/e
5609	Trausti NS-73	Hjálmar Hjálmarsson, Bakkafirði	962	2,99	1972 f/e
5733	Lára Lind NS-220	Kjartan H. Björgvinsson, Seyðisfirði	1.122	3,15	1976 f/e
5744	Siggi Villi NK-17	Kristján Vilmundarson, Neskaupstað	2.437	5,93	1955 f/e
5837	Þóra NS-82	Guðni Kristjónsson, Seyðisfirði	1.921	3,39	1969 p
5888	Einar ÍS-457	Sigmundur Gunnarsson, Ísafirði	1.231	2,17	1978 p
5899	Simmi AK-4	Ingimundur S. Sigmundsson, Akranesi	328	2,17	1977 p
5919	Rúna GK-40	Ríkharður J. Ásgeirsson, Kópavogi	2.479	2,17	1978 p

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
5941	Særún EA-15	Björn Elíasson, Dalvík	1.057	2,17	1977 p
5953	Rán HU-19	Stefán Þórhallsson, Hvammstanga	1.232	2,17	1978 p
5961	Sigrún Ósk SI-131	Hermann Jónsson o.fl., Fljótum	945	2,17	1979 p
5965	Þórunn SH-183	Þrotabú Jóhönnu S. Emilsdóttur, Reykjavík	2.376	4,56	1978 p
5976	Gulli ÍS-104	Þorgils Þorgilsson, Kópavogi	739	2,17	1979
5979	Björk SF-153	Snorri Aðalsteinsson o.fl., Höfn	1.141	2,17	1979 p
5981	Kristín ÞH-183	Jón Kr. Kristjánsson, Þórshöfn	886	2,17	1979 p
5992	Garún SI-128	Þeysill SI-128	1.713	2,17	1978 p
6007	Skálanes AK-60	Landsbanki Íslands, eignarleiga	2.244	4,40	1979 p
6018	Hallsteinn EA-46	Árni Ólafsson, Akureyri	3.009	4,60	1979 p
6046	Ósk ÍS-323	Snorri Jónsson o.fl., Ísafirði	968	2,17	1979 p
6060	Huldís SH-213	Björg Pjetursdóttir, Borgarnesi	1.113	2,17	1979 p
6062	Leó MB-8	Óskar Þór Óskarsson, Borgarnesi	854	2,17	1977 p
6080	Bára SH-520	Ólafur K. Brynjarsson, Reykjavík	1.564	3,50	1979 f/e
6098	Gummi Dan KE-43	Óskar V. Óskarsson o.fl., Keflavík	1.753	2,50	1979 p
6102	Hrönn AK-11	Sigvaldi Gunnarsson, Akranesi	1.155	2,17	1980 p
6139	Dís NS-35	Víðir M. Hermannsson, Bakkafirði	424	2,19	1978 p
6140	Silla HF-21	Sævar Hannesson, Garðabæ	1.189	3,74	1980 f/e
6142	Ísak AK-83	Samtak ehf., Hafnarfirði	1.589	2,19	1980 p
6171	Ölver HF-43	Arndís Jónasd., Kristján Þorleifss., Hafnarf.	1.170	2,17	1981 p
6172	Júlía SI-62	Reynir Karlsson, Sandgerði	1.496	4,06	1981 p
6176	Melavík DA-21	Skarðstöð hf., Dalabyggð	2.709	2,99	1978 f/e
6178	Trausti SK-55	Þorvaldur Steingrímsson	1.080	2,49	1979 p
6187	Stella ÁR-445	Gísli Þórarinsson, Selfossi	3.065	5,85	1981 p
6188	Katla EA-360	Brimbrjótur ehf., Ólafsvík	4.255	4,24	1981 p
6207	Magga HF-118	Bjarni Ásgeirsson, Hafnarfirði	3.260	5,03	1979 p
6211	Sigrún SH-116	Ólafur K. Brynjarsson o.fl., Reykjavík	1.831	5,15	1981 p
6216	Gyða NK-55	Jón Bjarnason, Neskaupstað	1.192	2,62	1981 p
6226	Draupnir VE-550	GME Pálsson, Vestmannaeyjum	1.767	4,23	1981 p
6228	Hulda Dan NK-93	Daníel Gunnarsson, Egilsstöðum	1.778	3,28	1981 p
6235	Muggur ÍS-425	Guðjón Guðmundsson, Flateyri	578	1,83	1976 f/e
6260	Iðunn BA-118	Steindór I. Andersen, Hafnarfirði	1.703	3,86	1981 p
6264	Geysir ÍS-151	Bæring G. Jónsson, Ísafirði	1.949	3,29	1981 p
6266	Blámi GK-48	Ásgeir Þ. Torfason, Keflavík	3.416	5,50	1980 p
6270	Straumur KE-71	Jón E. Sæmundsson o.fl., Keflavík	1.778	2,17	1981 p
6275	Austri SH-220	Gissur Tryggvason, Stykkishólmi	4.627	5,83	1981 p
6276	Patton ÍS-119	Einar Valur Kristjánsson, Ísafirði	3.498	4,90	1980 p
6290	Árý ÍS-414	Vís ehf., Ísafirði	4.022	4,96	1980 p
6309	Funi HU-89	Hermann Sigfússon, Vogum	3.413	4,93	1980 p
6313	Gosi SU-78	Þórður Sveinsson, Reyðarfirði	1.088	2,19	1982 p
6336	Bláskel RE-145	Vinnubátur sf., Reykjavík	1.814	3,90	1981 p
6352	Stjarna AK-65	Hilmar Björnsson, Akranesi	3.817	5,32	1981 p
6362	Öggur AK-141	Kristján Friðriksson, Akranesi	4.081	5,34	1981 p

Skipaskrárnúmer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
6370	Björn SU-23	Hafsteinn Sigmundsson, Garðabæ	999	3,86	1982 p
6375	Stella GK-28	Hólmgrímur Jóhannsson o.fl., Raufarhöfn	3.502	5,93	1982 p
6400	Sig. Þorkelss. ÍS-200	Helgi Geirmundsson, Ísafirði	4.079	5,98	1971 p
6404	Hafrún II ST-4	Bjarni Elíasson, Drangsnesi	1.532	3,86	1982 p
6414	Marín EA-146	Aðalsteinn Jóhannsson, Akureyri	1.212	2,62	1982 p
6441	Lára ÍS-304	Ægir E. Hafberg, Þorlákshöfn	1.623	3,28	1982 p
6449	Jón Björgvin RE-103	Sigurður H. Jónsson, Reykavík	1.381	2,67	1983 p
6468	Ör ÞH-312	Stefán Óskarsson, Raufarhöfn	1.364	2,19	1983 p
6471	Máney NS-65	Jónbjörn Óttarsson, Bakkafirði	1.416	2,57	1978 p
6475	Júlíanna HF-103	Ari Kristjánsson, Hafnarfirði	1.497	3,58	1982 p
6480	Kristján II EA-378	Hlíðarfell sf., Akureyri	3.019	6,27	1983 p
6510	Gæfa RE-510	Sævar Óskarsson o.fl., Reykjavík	1.292	3,20	1982 p
6514	Gljái SF-120	Miðós sf., Höfn	2.916	5,81	1984 p
6519	Stakkavík II GK-65	Stakkavík ehf., Grindavík	3.987	5,82	1984 p
6525	Hersir SH-100	Hilmar Þ. Sturluson o.fl., Hafnarfirði	2.105	3,20	1983 p
6528	Sædís SH-128	Jakob G. Pétursson o.fl., Stykkishólmi	2.857	4,88	1984 p
6530	Margrét ÞH-96	Hólmgrímur Jóhannsson o.fl., Raufarhöfn	2.906	5,68	1983 p
6536	Sigurlaug GK-41	Stjörnufiskur ehf., Grindavík	4.788	5,30	1984 p
6538	Mars HF-300	Jóna Gunnarsdóttir, Hafnarfirði	2.101	5,12	1983 p
6544	Bjössi Ingólfs SH-259	Kjöggur ehf., Fáskrúðsfirði	1.386	3,28	1984 p
6547	Kári Jóh. KE-72	Magnús S. Bjarnason, Keflavík	2.202	2,67	1983 p
6561	Mangi HF-59	Alexander Helgason, Hafnarfirði	1.950	3,14	1984 p
6578	Gló VE-49	Hrímgrund ehf., Þorlákshöfn	1.328	4,45	1984 p
6580	Frár ÞH-47	Hermann Ragnarsson o.fl., Húsavík	1.907	4,88	1984 p
6594	Brimkló ÁR-69	Benjamín Ó. Þorvaldsson, Þorlákshöfn	2.603	5,30	1985 p
6597	Mar RE-2	Landsbanki Íslands, eignarleiga	3.415	5,30	1985 p
6601	Hrönn ÍS-93	Máni Freysteinsson o.fl., Ísafirði	1.583	3,20	1985 p
6606	Hrönn EA-203	Arnarberg hf., Reykjavík	5.887	7,30	1982 p
6608	Kristján GK-193	Lindarskip, Landsbanki Íslands, eignarleiga	3.154	5,30	1985 p
6613	Byr SH-233	Landsbanki Íslands, eignarleiga	2.258	5,00	1985 p
6615	Snarfari GK-22	Agnar Guðmundsson, Grindavík	3.884	6,68	1984 p
6653	Kristín SH-355	Ágúst I. Sigurðsson, Ólafsvík	920	2,19	1979 p
6656	Háhyrningur AK-20	Fiskasteinn sf., Akranesi	2.171	3,92	1979 p
6667	Kristín NK-116	Bjarnfinnur R. Jónsson, Selfossi	975	2,98	f/e
6672	Fjóla RE-711	Fjóla Ragnarsdóttir, Reykjavík	2.034	3,14	1985 p
6676	Sonja GK-72	Sigurgeir Jónsson, Sandgerði	1.746	4,45	1984 p
6682	Adda NK-90	Landsbanki Íslands, eignarleiga	3.358	5,60	1985 p
6683	Týbrá EA-47	Norðurströnd ehf., Dalvík	1.654	3,92	1984
6687	Regina SU-115	Björgvin P. Erlendsson, Eskifirði	2.141	2,67	1980 p
6720	Jón Elías GK-91	Jón Elías Gunnlaugsson, Reykjavík	2.099	5,68	1985 p
6722	Ingunn SF-3	Sigtryggur Benediktsson, Höfn	2.964	5,30	1986 p
6724	Elva Björg SU-86	Skafti Ottesen, Breiðdalsvík	1.621	3,45	1978 p
6733	Hilmir SH-297	Guðlaugur Gunnarsson, Grundarfirði	3.593	4,88	1986 p

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
6785	Pólstjarnan ÍS-119	Útgerð Pólstjörnunnar, Ísafirði	3.405	5,90	1986 p
6786	Sigga KÓ-27	Sigurður Guðmundsson o.fl., Reykjavík	2.432	4,19	1986 f/e
6828	Særún SU-3	Skafti Ottesen o.fl., Breiðdalsvík	4.368	6,09	1986 p
6840	Gola SH-51	Hallvarður Kristjánsson, Stykkishólmi	809	1,67	1964 p
6854	Katrín ÁR-18	Haukur V. Benediktsson, Þorlákshöfn	3.100	5,90	1987 p
6881	Sæunn RE-164	Helgi Sigurðsson o.fl., Reykjavík	1.612	2,67	1980 p
6922	Fleygur NK-95	Elísabet Haraldsdóttir, Kópavogi	1.565	2,67	1979 p
6925	Maístjarnan EA-105	Stefán G. Níelsson o.fl., Akureyri	4.325	6,35	1987 p
6932	Sæli SU-47	Lukka sf., Tálknafirði	3.439	5,90	1987 p
6960	Aron SI-133	Sveinn Jónsson o.fl., Stöðvarfirði	2.405	7,20	1987 p
6963	Kristín Auður ÍS-355	Þórhallur Eiríksson, Reykjavík	1.699	3,77	1987 p
6968	Lára GK-36	Bjarni Þórarinsson, Selfossi	3.328	5,90	1987 p
6977	Andrés ÞH-28	Ölver Hjaltalín Arnarsson, Húsavík	2.245	2,67	1981 p
7024	Dímon AK-227	Eiríkur S. Jóelsson o.fl., Akranesi	1.656	4,56	1979 p
7033	Sílavík SF-134	Melavík hf., Hornafirði	2.975	5,43	1988 p
7039	Sædís SF-4	Ásgeir Gunnarsson, Höfn	3.526	5,90	1989 p
7069	Seljabliki RE-169	Einar G. Einarsson, Reykjavík	4.357	5,05	1988 p
7073	Sif SI-151	Ragnar Ólafsson, Siglufirði	3.319	5,90	1988 p
7080	Gréta KÓ-9	Þórir H. Jóhannsson, Garðabæ	4.855	6,86	1988 p
7083	Birna KE-300	Marsibil G.A. Gunnarsdóttir, Keflavík	1.814	2,48	1988 p
7102	Elva Björg SI-84	Sverrir S. Ólason, Siglufirði	3.448	5,78	1986 p
7114	Haffrúin ÍS-31	Kristján A. Guðjónsson o.fl., Ísafirði	1.460	2,67	1978 p
7129	Garpur RE-280	Sveinbjörg Sveinsdóttir ehf., Hafnarfirði	3.733	5,90	1988 p
7131	Seley AK-377	Jón Bergmann Unnarsson, Akranesi	2.772	5,22	1987 p
7132	Kotey GK-29	Sigurþór Jónsson, Grindavík	2.891	5,77	1988 p
7149	Iðunn BA-278	Steindór Andersen, Hafnarfirði	1.891	4,04	1988 p
7153	Trausti EA-98	Gunnlaugur Traustason o.fl., Akureyri	1.512	3,82	1987 f/e
7167	Bjór NK-84	Hreiðar Sigurjónsson, Neskaupstað	1.979	4,24	1988 p
7177	Akurey SF-52	Jón Haukur Hauksson, Höfn	4.545	5,43	1988 p
7199	Jóna Sigga SI-179	Sigurður Oddsson, Siglufirði	2.891	5,82	1989 p
7209	Amma Día RE-199	Svavar Pálsson, Mosfellsbæ	2.721	3,77	1990 p
7210	Súgfirðingur ÍS-578	Percy ehf., Suðureyri	2.733	5,68	1987 p
7217	Ingþór Helgi BA-103	Þórhallur H. Óskarsson, Tálknafirði	4.082	5,90	1990 p
7218	Ása MB-18	Kristbjörn Eiríksson, Reykjavík	2.841	6,29	1989 p
7252	Sæi HF-95	Eyjólfur Þ. Kristjánsson, Hafnarfirði	3.640	5,34	1985 p
7256	Krabbi DA-18	Steinólfur Lárusson, Búðardal	2.155	3,90	1990 p
7265	Ingibjörg EA-596	Halldór Reimarsson, Dalvík	5.205	5,90	1990 p
7275	Hafdís HU-2	Þorvaldur Skaftason, Hafnarfirði	6.318	5,90	1990 p
7276	Alda SH-166	GB Alda ehf., Kópaskeri	3.212	5,96	1990 p
7282	Farsæl SH-440	Hilmar Þ. Harðarson, Hafnarfirði	2.609	2,96	1990 p
7283	Hugi ÍS-26	Arnór Stígsson, Ísafirði	1.838	4,04	1981 p
7297	Sigrún EA-52	Sigfús Jóhannesson, Grímsey	2.324	2,50	1990 p
7307	Örvar HF-192	Sigfús Tómasson, Kópavogi	3.173	5,77	1987 p

Skipaskrárnúmer	Skip	Eigandi	Styrkur, þús. kr.	Rúmlestir	Árgerð
7327	Sædís SI-310	Krókur ehf., Siglufirði	3.379	5,99	1991 p
7340	Eyfell NK-29	Hesja ehf., Neskaupstað	3.999	5,99	1992 p
7348	Þorbjörg ÞH-145	Einar E. Sigurðsson, Raufarhöfn	4.246	5,99	1992 p
7350	Felix RE-222	Jóhann Guðfinnsson, Grindavík	4.771	6,23	1992 p
7358	Evlalía ÍS-125	Árni S. Björnsson, Reykjavík	1.287	2,64	1978 p
7374	Ragnhildur HF-49	Sparisjóðurinn í Keflavík	4.726	6,85	1992 p
7375	Góa NS-8	Emil S. Gunnarsson, Egilsstöðum	3.255	3,90	1993 p
7380	Guðm. Garðar SU-45	Hringur Hjörleifsson, Fáskrúðsfirði	4.932	5,97	1993 p
7391	Hrefna SU-22	Egill Guðlaugsson, Egilsstöðum	5.079	6,15	1994 p
7405	Sæþór RE-41	Bragi Kristjánsson, Reykjavík	7.709	6,80	1995 p
7407	Elsa Rún HF-44	Ingvar Árnason, Hafnarfirði	8.064	6,80	1995 p
7425	Freydís ÍS-25	Reimar Vilmundarson o.fl., Bolungarvík	6.321	6,23	1995 p
9005	Glaður SH-246	Guðbrandur Einarsson, Reykjavík	817	2,12	1972 f/e
9016	Siggi EA-980	Steinunn H. Sigurðardóttir, Akureyri	293	1,06	1962 f/e
9026	Kópur ÓF-52	Gestur Pálmason, Ólafsfirði	240	1,56	1955 f/e
9034	Ágúst ÞH-304	Bernharð Grímsson, Kópaskeri	1.107	2,26	1969 p
9046	Hafrún RE-700	Kristjón Kristjónsson og Krókur ehf.	575	3,41	f/e
9807	Guðmunda SF-200	Yngvi Harðarson, Höfn	1.096	2,17	1978 p
9819	Trölli ÞH-92	Bergur Júlíusson, Raufarhöfn	1.344	2,60	p
9821	Þór EA-679	Stefán Stefánsson, Dalvík	814	2,04	1942 f/e
	190		**521.194**	**808,37**	

311. Svar [91. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi.

1. *Hvaða reglur — samkvæmt lögum, reglugerðum og kjarasamningum — gilda um launagreiðslur, lífeyrisgreiðslur, starfsaldurshækkanir og aðra réttindaávinnslu, lengd orlofs, rétt feðra og annað sem máli skiptir í fæðingarorlofi, hjá*
   a. ríki,
   b. sveitarfélögum,
   c. bönkum,
   d. öðrum?

Ríki.

Hvað varðar réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi skiptast starfsmenn ríkisins í tvo hópa. Annars vegar þá starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem starfa á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hér eftir nefndir opinberir starfsmenn, og hins vegar starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem starfa á grundvelli laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, hér eftir nefndir aðrir starfsmenn.

Konur í þjónustu ríkisins.
Opinberir starfsmenn.

Um rétt til leyfis vegna barnsburðar fer skv. lögum nr. 57/1987, um fæðingarorlof.

Konur í þjónustu ríkisins sem áður féllu undir lög nr. 38/1954, eldri starfsmannalög, njóta launa í barnsburðarleyfi í samræmi við reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Við fæðingu barns eru greidd laun í sex mánuði, en mánuður að auki fyrir hvert barn umfram eitt. Sama gildir um töku barna í varanlegt fóstur og ættleiðingu. Fæðingarorlofið lengist um mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar móður. Ef um er að ræða andvana fæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma skal leyfið vera þrír mánuðir en tveir mánuðir ef um er að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu. Konu er heimilt að taka lengra barnsburðarleyfi en hún á annars rétt til samkvæmt fæðingarorlofslögum, eða í allt að tólf mánuði, gegn tilsvarandi skerðingu launa.

Konan heldur þeim dagvinnulaunum sem stöðu hennar fylgja á þeim tíma sem hún fer í barnsburðarleyfi, enda sé ráðningu hennar ætlað að standa a.m.k. þann tíma er fæðingarorlofið varir. Að auki fær konan á fyrstu þremur mánuðum leyfis, auk dagvinnulauna, meðaltal þeirrar yfirvinnu, vakta, gæsluvakta og óþægindaálagsstunda sem hún fékk greitt síðustu tólf mánuði, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Þegar kona nýtur launagreiðslna í barnsburðarleyfi á grundvelli reglugerðar nr. 410/1989 er litið svo á að hún sé áfram í starfi og ávinnur hún sér þar af leiðandi rétt til orlofs og annarra starfsaldurstengdra réttinda á meðan barnsburðarleyfið varir, í allt að 12 mánuði. Greitt er í lífeyrissjóð af launum í barnsburðarleyfi.

Aðrir starfsmenn.

Um aðrar konur í þjónustu ríkisins gilda ákvæði almannatryggingalaga, nr. 117/1993, um greiðslur í fæðingarorlofi og fá þær því greidda fæðingardagpeninga og fæðingarstyrk í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Í meiri hluta þeirra kjarasamninga, sem fjármálaráðherra hefur gert fyrir hönd ríkissjóðs við aðildarfélög Alþýðusambands Íslands, er að finna ákvæði sem mælir fyrir um að eftir tveggja ára starf hjá sömu stofnun teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs samkvæmt kjarasamningum, útreikningi desemberuppbótar, orlofsuppbótar, veikindaréttar og uppsagnarfrests. Fæðingarorlof allt að sex mánuðum telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku, en ekki orlofslauna.

Karlmenn í þjónustu ríkisins.
Greiðslur á grundvelli almannatryggingalaga.

Réttur feðra í þjónustu ríkisins til greiðslna í fæðingarorlofi, samkvæmt fæðingarorlofslögum, fer samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Rétturinn er afleiddur af rétti móður og háður því hver réttur hennar er samkvæmt almannatryggingalögum. Samkvæmt almannatryggingalögunum geta foreldrar skipt með sér greiðslum í fæðingarorlofi ef móðir hefur notið greiðslna í einn mánuð samkvæmt lögunum. Á þá faðir rétt á greiðslu í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta einnig skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en sex mánaða greiðslum samkvæmt al-

mannatryggingalögunum. Faðir í þjónustu ríkisins nýtur þannig framangreinds réttar ef móðir starfar á almennum vinnumarkaði. Sama gildir ef móðir er starfandi hjá ríkinu en nýtur ekki launagreiðslna í fæðingarorlofi á grundvelli reglugerðar nr. 410/1989.

Sjálfstæður réttur feðra til launa í fæðingarorlofi.

Með reglum fjármálaráðherra frá 30. september 1997 var feðrum í þjónustu ríkisins veittur réttur til tveggja vikna fæðingarorlofs. Rétturinn gildir um feður barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur eftir 31. desember 1997. Í fæðingarorlofi feðra eru greidd dagvinnulaun auk helmings þeirrar yfirvinnu og álagsgreiðslna sem greiddar eru í fæðingarorlofi kvenna. Réttur feðra er óháður rétti kvenna til töku fæðingarorlofs. Hann er ekki bundinn við að faðir sé giftur barnsmóður sinni eða skráður í sambúð með henni, allir feður geta notið réttarins, óháð stéttarfélagsaðild, svo framarlega sem leyfið er tekið innan átta vikna frá fæðingu eða heimkomu barns.

Sveitarfélög.

Starfsmenn sveitarfélaganna skiptast almennt í tvo hópa eins og starfsmenn ríkisins, þ.e. opinbera starfsmenn og aðra starfsmenn, og er sú aðgreining byggð á sama grunni og lýst er hér að framan um starfsmenn ríkisins.

Opinberir starfsmenn.

Konur.

Opinberir starfsmenn sveitarfélaganna njóta að öllu jöfnu réttinda í samræmi við reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Byggist það á ákvæði í kjarasamningum þar sem segir að um fæðingarorlof gildi áðurnefnd reglugerð eins og hún er orðuð við gildistöku samningsins. Af því leiðir að einungis konur í hópi opinberra starfsmanna njóta launa samkvæmt reglugerðinni í barnsburðarleyfi.

Karlar.

Í kjarasamningum bæjarstarfsmannafélaga við sveitarfélögin eru ákvæði um fæðingarorlof feðra. Þar er kveðið á um að faðir eigi rétt á að taka tveggja mánaða fæðingarorlof á launum sem reiknuð eru á sama hátt og gert er í reglugerð nr. 410/1989. Samanlagt fæðingarorlof móður og föður skal þó aldrei vera lengra en sex mánuðir. Svipað ákvæði er að finna í bókun I í kjarasamningi Félags íslenskra leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga. Það ákvæði takmarkar þó ekki rétt feðra við tvo mánuði og geta feður því tekið lengri tíma af sex mánaða fæðingarorlofi. Sambærileg ákvæði er yfirleitt ekki að finna í kjarasamningum annarra stéttarfélaga við sveitarfélög og njóta feður sem eru félagar þeirra stéttarfélaga, ekki sama réttar.

Feður í þjónustu Reykjavíkurborgar munu, óháð stéttarfélagsaðild, njóta sjálfstæðs réttar til fæðingarorlofs á sama hátt og feður í þjónustu ríkisins frá og með næstu áramótum. Rétturinn er þó háður því skilyrði að faðir sé í sambúð eða giftur barnsmóður sinni.

Aðrir starfsmenn.

Um rétt annarra starfsmanna sveitarfélaga til töku leyfis vegna barnsburðar og greiðslna í barnsburðarleyfi fer samkvæmt fæðingarorlofslögum og almannatryggingalögum. Hefur almennt ekki verið samið um betri rétt þeim til handa. Sjálfstæður réttur feðra í þjónustu Reykjavíkurborgar til fæðingarorlofs gildir þó eins og áður greinir óháð stéttarfélagsaðild.

Hvað varðar ávinnslu réttinda þessara starfsmanna virðast samningar og framkvæmd vera nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum. Þó virðist það almennt vera svo að starfsmenn í fæðingarorlofi ávinni sér starfsaldur í orlofinu, en ekki rétt til orlofslauna.

Bankar.

Kveðið er á um réttindi starfsmanna bankanna við fæðingu barns í kafla 6.2. í kjarasamningi milli samninganefndar bankanna og Sambands íslenskra bankamanna, sem og í bókun við þann samning.

Konur.

Samkvæmt kjarasamningi á kona rétt á að vera fjarverandi í sex mánuði vegna barnsburðar og töku kjörbarns. Fastráðin kona nýtur fullra launa fyrstu þrjá mánuðina. Ef um fjölburafæðingu er að ræða skal fæðingarorlof lengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt. Skal kona njóta fullra launagreiðslna frá banka ef fæðingarorlof lengist af þessum sökum. Enn fremur fremlengist fæðingarorlof á fullum launum um einn mánuð sé um að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Ef fastráðin kona óskar að taka lengra fæðingarorlof vegna barnsburðar en að framan greinir, án launa, skal viðkomandi banki leitast við að verða við þeirri ósk. Bankinn greiðir einnig fæðingarstyrk, að upphæð 31.100 kr. við barnsburð.

Meðan á fæðingarorlofi stendur, hvort heldur fyrstu þrjá mánuðina meðan kona er á launum í bankanum eða síðari þrjá mánuðina þegar hún fær greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins í stað launa frá bankanum, nýtur konan fullrar réttindaávinnslu til starfsaldurs samkvæmt bókuninni í kjarasamningnum. Síðari þrjá mánuðina vinnur hún sér hins vegar ekki inn rétt til orlofs eða annarra starfstengdra greiðslna (orlofsframlags, orlofsuppbótar, greiðslu fyrir 13. mánuðinn) og bankinn greiðir ekki framlag í lífeyrissjóð vegna hennar, enda telst konan vera í launalausu leyfi frá bankanum meðan hún nýtur greiðslunnar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Karlar.

Feður hafa ekki sjálfstæðan rétt til fjarvista á launum frá banka við fæðingu barns.

Aðrir.

Fæðingarorlof greiðist samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og samkvæmt reglugerðum nr. 546/1987 og 655/1994.

Meginreglan er sú að fæðingarorlof greiðist í sex mánuði þeim konum sem átt hafa lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuðina fyrir fæðingu barns eða frumættleiðingu og ekki eiga rétt á launum samkvæmt kjarasamningi.

Ef réttur er samkvæmt kjarasamningi á launum í fæðingarorlofi í skemmri tíma en sex mánuði greiðir Tryggingastofnun það sem á vantar.

Helstu frávik eru að fæðingarorlof greiðist í fimm mánuði til fósturforeldra vegna töku barns yngra en fimm ára, tvo mánuði til foreldris sem lætur barn frá sér í fóstur eða til ættleiðingar, þrjá mánuði ef um er að ræða andvana fæðingu eftir 22 vikna meðgöngu og tvo mánuði vegna fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu.

Greiðslur í fæðingarorlofi framlengjast um þrjá mánuði fyrir hvert barn sem fæðist umfram eitt. Þurfi barn að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu, framlengjast greiðslur um þann dagafjölda sem það dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Ef um er að ræða alvarleg veikindi barns framlengist leyfið um allt að

þrjá mánuði. Heimilt er að framlengja greiðslur í allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu, sem og vegna veikinda móður á meðgöngu.

Fæðingarorlof skiptist í fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga. Fæðingarstyrkur greiðist óháð atvinnuþátttöku móður fyrir fæðingu.

Fæðingardagpeningar eru tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings og eru háðir atvinnuþátttöku, skólagöngu, eða greiðslum sem jafna má til launa móður síðustu tólf mánuði fyrir töku fæðingarorlofs. Fullir fæðingardagpeningar greiðast þeim sem unnið hafa 1.032 til 2.064 vinnustundir og hálfir fæðingardagpeningar greiðast þeim sem unnið hafa 516 til 1.031 stund.

Faðir getur átt rétt á fæðingardagpeningum í stað móður eftir að hún hefur fengið fyrsta mánuðinn greiddan. Faðir á ekki rétt að fæðingarstyrk.

2. *Hvað voru greiðslurnar háar á síðasta ári vegna starfa hjá*
   a. hinu opinbera,
   b. bönkum,
   c. öðrum?
3. *Hve margar fæðingar var um að ræða og hver er áætlaður launatengdur kostnaður að meðaltali í hverju tilviki? Hver var heildarkostnaðurinn á hvert fæðingarorlof að meðaltali, annars vegar útlagður kostnaður og hins vegar að meðtöldum tengdum kostnaði?*

Hið opinbera.

Árið 1996 var 621 kona í fæðingarorlofi hjá ríkinu. Sumar komu úr orlofi, aðrar fóru í orlof og enn aðrar tóku allt orlofið á því ári. Samtals urðu þetta 210 ársverk. Laun til þessara kvenna í orlofi voru 266 m.kr. og launatengd gjöld 34 m.kr. eða samtals 300 m.kr. Meðaltal á ársverk er því 1.428 þús. kr. Þess ber að geta að hér er einungis átt við konur í stéttarfélögum opinberra starfsmanna, en konur í öðrum félögum falla út af launaskrá ríkisins og fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Kostnaður við afleysingar af þessum orsökum er hér ekki tíundaður þar sem ýmist er að ekki er ráðið í stöðuna meðan fæðingarorlof stendur eða að slíkar ráðningar eru ekki sérmerktar í launakerfinu, athugun á þessu atriði krefðist því mjög umfangsmikillar könnunar hjá hverri einstakri stofnun.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru ekki fyrirliggjandi ítarlegar upplýsingar um greiðslur sveitarfélaga vegna fæðingarorlofs á síðasta ári. Hins vegar fór fram lausleg könnun á launagreiðslum nokkurra sveitarfélaga vegna barnsburðarleyfia árið 1994. Í þeim sveitarfélögum búa 30,5% íbúa landsins og voru launagreiðslur vegna fæðingarorlofs samtals 25,2 m.kr., sem teljast 0,59% af heildarlaunagreiðslum þeirra sveitarfélaga sem könnunin náði til. Ef framangreindar tölur eru uppfærðar miðað við öll sveitarfélög landsins er áætluð heildarfjárhæð launagreiðslna vegna barnsburðarleyfis hjá sveitarfélögum 83 m.kr. árið 1994.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru ekki tiltækar upplýsingar um fjölda fæðinga og frekari aðgreiningu á kostnaði sem tengist fæðingarorlofi starfsmanna sveitarfélaga.

Bankar.

Á árinu 1996 voru 75 konur í aðildarbönkum Sambands íslenskra viðskiptabanka í fæðingarorlofi. Við mat á kostnaði við fæðingarorlof þessara kvenna hefur verið litið til launa þeirra sjálfra, greiðslna vegna veikindadaga og staðgengilslauna.

Greiðslur til kvenna í fæðingarorlofi skiptast í grunnlaun (föst mánaðarlaun), orlofsframlag, orlofsuppbót og áunnið orlof í fæðingarorlofi, áunninn hlut í 13. mánuði og orlof á þá greiðslu, greiðslu í veikindum, fæðingarstyrk, framlag bankans í lífeyrissjóð og trygginga-

gjald. Þessi kostnaður er mismunandi frá einum banka til annars árið 1996 og ræðst af því í hvaða launaflokki konurnar voru. Að meðaltali var hann 685 þús. kr. eða 51,4 m.kr. fyrir bankana þrjá í heild (Búnaðarbanka Íslands, Íslandsbanka og Landsbanka Íslands).

Í fjölmörgum tilvikum þarf að ráða staðgengil þegar kona fer í fæðingarorlof. Það ræðst m.a. af stærð vinnustaðar (útibús og deildar) og því hvers eðlis starfið er. Auk þessara þátta hefur launaflokkur staðgengilsins áhrif á kostnað bankans. Að meðaltali nam heildarkostnaður vegna hvers staðgengils 738 þús. kr. Er þá tekið tillit til grunnlauna, orlofsframlags, orlofsuppbótar, áunnins hlutar í 13. mánuðinum og orlofs á þá greiðslu, framlags bankans í lífeyrissjóð og tryggingagjalds.

Aðrir.

Greiðslur Tryggingastofnunar árið 1996 skiptast á eftirfarandi hátt, í m.kr.:

Fæðingarstyrkur	582,2	(27.214 á mánuði)
Fæðingardagpeningar, fullir	621,9	(1.142 x dagafjöldi)
Fæðingardagpeningar, hálfir	19,0	(571 x dagafjöldi)
Fæðingardagpeningar föður, fullir	1,1	(1.142 x dagafjöldi)
Samtals	**1.224,2**	

Í um 11% tilvika var eingöngu greiddur fæðingarstyrkur, í 84% tilvika voru greiddir óskertir fæðingardagpeningar en í 5% tilvika voru greiddir hálfir fæðingardagpeningar. Ef greitt hefði verið óskert fæðingarorlof til allra sem einhverjar greiðslur fengu má gera ráð fyrir að útgjöldin hefðu hækkað um 100–105 m.kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru lifandi fædd börn á Íslandi samtals 4.329 árið 1996. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda ættleiddra barna það ár en á árunum 1994 og 1995 voru ættleidd um 30 börn.

4. *Hve mikill mundi kostnaðurinn á ári verða ef réttindi yrðu samræmd þannig að allir nytu bestu réttinda?*

Svar við þessari spurningu krefst flókinnar og umsvifamikillar könnunar sem ekki er unnt að gera innan þess frests sem eðlilegur má teljast fyrir svar við fyrirspurninni.

312. Beiðni um skýrslu [255. mál]

frá forsætisráðherra um stöðu eldri borgara hérlendis og erlendis.

Frá Ágústi Einarssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Petrínu Baldursdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu eldri borgara og samanburð við önnur ríki OECD.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirtalin atriði miðað við stöðu hérlendis borið saman við önnur ríki OECD:

1. Hver er aldursdreifing landsmanna og hver er líkleg þróun hennar?
2. Hver er dreifing hjúskaparstöðu eldri borgara og hverjar eru lífslíkur þeirra?
3. Hver er eftirlaunaaldur hérlendis og erlendis flokkað eftir atvinnugreinum og hver er atvinnuþátttaka fólks 50–67 ára annars vegar og 67 ára og eldri hins vegar?
4. Hver eru heildarútgjöld opinberra aðila og annarra til aldraðra sem hlutfall af landsframleiðslu, hver er hlutur hins opinbera og hvernig hefur þróunin verið síðustu tíu ár?
5. Hver er skattbyrði aldraðra á mann og hver hefur þróunin verið síðustu tíu ár?
6. Hvernig er háttað greiðslum opinberra aðila til aldraðra vegna lífeyristrygginga, m.a. ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og tekjutrygging, svo og slysatrygginga og sjúkratrygginga og hvert er framlag ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu til framangreindra þátta?
7. Hversu hátt hlutfall af framfærslukostnaði er grunnlífeyrir og tekjutrygging og hvernig er háttað tekjutengingu greiðslna úr almannatryggingakerfi?
8. Hversu margir ellilífeyrisþegar eiga einungis rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun eða sambærilegum opinberum aðilum?
9. Hversu stór þáttur eru greiðslur úr lífeyrissjóðakerfi eða öðrum sparnaðarformum til eldri borgara í samanburði við greiðslur úr almannatryggingakerfi og hvernig er háttað skattskyldu lífeyrisgreiðslna? Hver hefur þróunin verið síðustu tíu ár í þessu tilliti?
10. Hvernig er félagslegri aðstoð til eldri borgara háttað og hversu háu hlutfalli af landsframleiðslu er varið til þessa?
11. Hver er tekjudreifing og eignadreifing eldri borgara í samanburði við aðra aldurshópa?
12. Hvernig er háttað vistun eldri borgara á heilbrigðis- og/eða öldrunarstofnunum og hversu hátt hlutfall aldraðra býr langdvölum á öldrunarstofnunum?
13. Hver er þáttur hins opinbera í greiðslum fyrir vistun eldri borgara á heilbrigðisstofnunum og hversu hárri fjárhæð heldur einstaklingurinn eftir af eigin lífeyri?
14. Hver er opinber aðstoð við aldraða sjúklinga í heimahúsum, svo sem félagsleg aðstoð og heimahjúkrun?
15. Í hverju felast valkostir aldraðra í öldrunarþjónustu og hver ber ábyrgð á þeim, hvernig eru þeir kynntir og hver ber ábyrgð á slíkri kynningu?
16. Hvernig er fjármögnun á rekstri öldrunarstofnana og greiðsluþátttaka aldraðra íbúa þeirra?
17. Hver er þátttaka sjúkratrygginga í lyfja- og lækniskostnaði og sjúkraþjálfun ellilífeyrisþega og hver er hlutur ellilífeyrisþegans?
18. Hvaða aðstoð veita sveitarfélög eldri borgurum, t.d. í formi lækkunar gjalda?
19. Hvernig er háttað aðstoð við eldri borgara til að fara úr launuðu starfi á eftirlaun?
20. Hvaða rétt eiga þeir sem minnka við sig vinnu eða hætta vinnu til að annast maka sinn?
21. Hvaða rétt eiga aðrir ættingjar (börn) sem minnka við sig vinnu eða hætta vinnu til að annast aldraða ættingja?
22. Hvernig er háttað ákvörðunum um hækkun greiðslna úr almannatryggingakerfi?
23. Hver eru áhrif eldri borgara eða samtaka þeirra á ákvarðanir eða stefnumótun opinberra aðila?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Greinargerð.

Skýrslubeiðendur, þingflokkur jafnaðarmanna, telja brýnt að afla ítarlegra upplýsinga um stöðu aldraðra hérlendis í samanburði við önnur ríki OECD þannig að umræðan um málefni aldraðra verði ítarlegri og yfirgripsmeiri.

Öldruðum sem hlutfalli af þjóðinni fjölgar mikið. Nú eru um 27.000 manns yfir 67 ára aldri eða um 10% af þjóðinni. Eftir um 30 ár mun fjöldi aldraðra tvöfaldast og þeir verða tæplega 20% þjóðarinnar. Nú eru um fimm vinnandi einstaklingar á móti hverjum ellilífeyrisþega en árið 2030 er talið að þeir verði þrír á móti hverjum ellilífeyrisþega.

Í Staðtölum almannatrygginga 1996, sem voru lagðar fram á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins 30. október 1997, kemur fram að heildarútgjöld (opinberir aðilar og aðrir, þar með taldir lífeyrissjóðir) til aldraðra og öryrkja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru langlægst hérlendis af Norðurlöndum eða 7,7% (Danmörk 15,8%, Finnland 15,2%, Noregur 13,0% og Svíþjóð 17,5%).

Heildarútgjöld (opinberir aðilar og aðrir, þar með taldir lífeyrissjóðir) til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1995 sem hlutfall af landsframleiðslu eru einnig langlægst hérlendis eða 19% (Danmörk 34%, Finnland 33%, Noregur 27%, Svíþjóð 36%).

Í ljósi þess að hvert prósentustig í landsframleiðslu samsvarar yfir 5 milljörðum kr. er augljóst að brýnt er að fá nákvæma úttekt á stöðu aldraðra í alþjóðlegu samhengi.

Skýrslubeiðninni er beint til forsætisráðherra þar sem spurt er um málaflokka sem spanna heilbrigðismál, félagsmál, ríkisfjármál og hagsýslu.

Í skýrslubeiðninni er m.a. farið fram á að leitað sé svara um aldursdreifingu, hjúskaparstöðu, lífslíkur, eftirlaunaaldur erlendis, framlög ríkisins til aldraðra, skattbyrði, tekjutengingu, fjölda ellilífeyrisþega og samspil almannatryggingakerfis og lífeyrissjóða.

Jafnframt er óskað upplýsinga um umfang félagslegrar aðstoðar, aðstoð sveitarfélaga, tekjudreifingu, aðgang að heilbrigðiskerfi, aðstoð í heimahúsum, öldrunarþjónustu, greiðslur sjúkratrygginga og sveitarfélaga, aðstoð við starfslok, rétt ættingja, fyrirkomulag við breytingar á greiðslum og áhrif eldri borgara á ákvarðanir og stefnumótun.

Allar upplýsingar í skýrslunni eiga að beinast að samanburði við önnur ríki OECD og jafnframt skal leitast við að sýna þróun yfir lengra tímabil eftir því sem við verður komið. Þingflokkur jafnaðarmanna er þess fullviss að skýrslan muni gagnast vel í nauðsynlegri umræðu um stefnumótun í málefnum aldraðra.

313. Tillaga til þingsályktunar [256. mál]

um Goethe-stofnunina í Reykjavík.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Pétur H. Blöndal, Hjálmar Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi telur mikilvægt fyrir áframhaldandi góð samskipti Íslands og Þýskalands að útibú Goethe-stofnunarinnar í Reykjavík verði starfrækt áfram og ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir því við þýsk stjórnvöld að svo geti orðið. Jafnframt hvetur Alþingi ríkisstjórnina til að stuðla að því að af Íslands hálfu verði aukin kynning á íslenskri menningu í Þýskalandi.

Greinargerð.

Frá árinu 1976 hefur útibú Goethe-stofnunar verið starfrækt í Reykjavík. Stofnunin hefur þannig í tvo áratugi verið miðstöð fyrir þýsk-íslensk menningartengsl. Á vegum hennar er starfrækt mikið bókasafn með yfir 6.000 titlum og rekin upplýsingastarfsemi um Þýskaland

fyrir almenning. Stofnunin hefur stutt við kennslu þýskrar tungu með tengslum, ráðgjöf og miðlun á efni til þýskukennara og nemenda í framhaldsskólum um land allt, sem og í Háskóla Íslands. Jafnframt hefur stofnunin stutt við kynningu á þýskri menningu hérlendis með heimsóknum rithöfunda og listamanna, fyrirlestrahaldi, ráðstefnum og kvikmyndasýningum. Starfsemin hefur einnig leitt til gagnkvæmra menningarsamskipta landanna. Þrátt fyrir takmörkuð fjárráð og fáa starfsmenn hefur útibú stofnunarinnar hérlendis haft geysimikla þýðingu fyrir menningarsamskipti Íslands og Þýskalands og óbein áhrif á almenn viðskipti milli landanna.

Það var því verulegt áfall þegar kunngerð var í september 1997 ákvörðun þýskra stjórnvalda að loka útibúi Goethe-stofnunarinnar í Reykjavík ásamt átta öðrum hliðstæðum stofnunum. Yfirleitt er þar um ræða Goethe-stofnanir þar sem fleiri en ein eru í sama landi. Komi þessi ákvörðun til framkvæmda yrði Ísland hins vegar eina Evrópulandið þar sem engin slík miðstöð yrði til staðar. Það er mat þeirra sem til þekkja og átt hafa samskipti við Goethe-stofnunina í Reykjavík að lokun hennar yrði til óbætanlegs tjóns fyrir menningartengsl Íslands og Þýskalands.

Fréttin um yfirvofandi lokun Goethe-stofnunarinnar hér varð strax tilefni margháttaðra viðvarana og andmæla af hálfu íslenskra stjórnvalda og almennings. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra tók málið upp við þýskan starfsbróður sinn, Klaus Kinkel, þegar þeir voru staddir á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Lýsti Halldór og íslenska utanríkisráðuneytið yfir áhyggjum sínum vegna þessarar ákvörðunar. Af tilefni fyrirspurnar á Alþingi 3. nóvember 1997 greindi utanríkisráðherra frá því að sér hefði nýlega borist bréf frá Klaus Kinkel, utanríkisráðherra Þýskalands, sem hefði tjáð sér að ekki væri unnt að breyta þessari ákvörðun. Hins vegar ráðgeri þýsk stjórnvöld að leita annarra leiða til að menningarsamskipti landanna falli ekki niður, m.a. með aðstoð Goethe-stofnunarinnar í Kaupmannahöfn, svo og með auknu samstarfi við þýsk-íslensk áhugasamtök hérlendis. Halldór Ásgrímsson sagði við þetta tækifæri að íslenska utanríkisráðuneytið mundi áfram beita sér í málinu. Hefur það m.a. verið gert fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í Bonn.

Margvísleg mótmæli hafa komið fram hérlendis vegna þessarar fyrirhuguðu lokunar útibús Goethe-stofnunarinnar í Reykjavík. 32 þekktir einstaklingar úr menningar- og viðskiptalífi hafa sent frá sér mótmæli. Nær allir þýskukennarar landsins mótmæltu og allir stúdentar í þýskunámi við Háskóla Íslands. Þá hafa legið frammi á nokkrum stöðum til undirskriftar mótmælalistar fyrir almenning og 10. nóvember 1997 höfðu um 2.300 manns ritað á þá nöfn sín.

Í Þýskalandi hefur einnig verið hreyft andmælum. Sendinefnd þýskra þingmanna frá Bundestag sem var í heimsókn á Íslandi um miðjan október sl. kynnti sér málið og sendi 16. október frá sér fréttatilkynningu þar sem lýst er þungum áhyggjum sendinefndarinnar vegna áformaðrar lokunar Goethe-stofnunar á Íslandi og að nefndin muni beita sér fyrir þinglegum aðgerðum til að reyna að fá ákvörðuninni hnekkt. Málið hefur vakið talsverða athygli í Þýskalandi, m.a. vegna greina sem birst hafa í víðlesnum blöðum þarlendis.

Með tillögu þessari, sem flutt er af fulltrúum allra þingflokka, er lýst eindregnum vilja þingsins til að menningarsamskipti Íslands og Þýskalands verði styrkt í stað þess að dregið verði úr þeim. Í því sambandi telja flutningsmenn afar mikilvægt að Goethe-stofnunin í Reykjavík verði starfrækt áfram en beina jafnframt þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda að þau stuðli að því að aukin verði kynning á Íslandi og íslenskri menningu í Þýskalandi. Það er mat þeirra sem til þekkja að miklir möguleikar séu fyrir hendi þar til að glæða enn frekar áhuga á Íslandi og íslenskri menningu og auka þannig góð samskipti þjóðanna.

Rík ástæða er til að benda á að mál þetta varðar ekki aðeins samskipti landanna á menningarsviði heldur grípur jafnframt inn á almenn tengsl og viðskipti þeirra í milli. Það væri því mikið óheillaspor ef lokað yrði Goethe-stofnuninni sem tekist hefur af litlum efnum að auka

veg þýskrar tungu og menningar og greiða götu fjölþættra samskipta milli Íslands og Þýskalands.

314. Beiðni um skýrslu [257. mál]

frá fjármálaráðherra um launaþróun hjá ríkinu með tilliti til launamunar milli karla og kvenna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Ágústi Einarssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Kristínu Halldórsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Svanhildi Kaaber, Guðmundi Lárussyni, Petrínu Baldursdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um þróun launamála hjá ríkinu undanfarin tvö ár. Í skýrslunni komi m.a. fram til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að draga úr launamisrétti kynjanna, hvort þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið á undanförnum tveimur árum hafa dregið úr launamun milli kynjanna og í hve ríkum mæli, hvort launakerfið er orðið gagnsærra og hvort eða hvernig þær nýjungar sem kveðið er á um í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa skilað sér til kvenna í bættum launum og stöðuhækkunum.

Greinargerð.

Í fyrri hluta frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 er fullyrt að í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið á vegum ríkisins á undanförnum árum hafi laun svokallaðra kvennastétta hækkað umfram laun annarra. Þar segir einnig: „Auk lögbundinna jafnréttisáætlana hefur verið unnið að því að styrkja stöðu kvenna í störfum hjá ríkinu, meðal annars með því að upplýsa stjórnendur um hvernig megi breyta viðhorfum sem hafa haldið við launamun milli kynjanna.“

Það er ósk skýrslubeiðenda að fjármálaráðherra geri Alþingi grein fyrir:

a. um hve miklar hækkanir er að ræða á tveggja ára tímabili,
b. hvernig þessar hækkanir skiptast milli grunnlauna og annarra greiðslna,
c. hvaða stéttir eiga í hlut,
d. hvernig unnið hefur verið að því að breyta viðhorfum stjórnenda ríkisstofnana til launamisréttis kvenna og karla,
e. hvaða árangur hefur náðst í að draga úr launamisrétti milli þeirra karla og kvenna sem vinna hjá ríkinu,
f. hvaða árangri aðgerðir fjármálaráðherra hafa skilað í stöðuhækkunum til kvenna eða til að auka hlut þeirra í hópi embættismanna ríkisins,
g. hvaða frekari aðgerðir eru fyrirhugaðar til að draga úr launamun milli kynjanna og til að leiðrétta kjör svokallaðra kvennastétta, einkum þeirra sem vinna hin mikilvægu umönnunarstörf.

315. Svar [128. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 10-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi verkefni hafa fengið styrk af ráðstöfunarfé ráðherra:

Verkefni	Kr.
Málþing og kínversk ferða- og vörusýning	150.000
Áframhaldandi þróun Skaftárhrepps sem vistræns áfangastaðar	250.000
Ráðstefna um heilsufar sjómanna	129.748
„Nordic book“	272.500
Kynningarmynd um Austurland	75.000
Heklumynd og kynning	200.000
Ráðstefna Öryrkjabandalagsins um ferðamál fatlaðra	50.000
Stefnumótunarvinna vegna upplýsingamiðstöðvar Ferðamálasamtaka Íslands	250.000
Svifflugfélag Akureyrar	300.000
Minnisvarði um flugslys í Héðinsfirði	100.000
Ráðstefna BPW-samtakanna „Towards 2000 — Women creating a better world“	300.000
Minnisvarði um Jónas Hallgrímsson — Áfangastaður fyrir ferðamenn í Jónasarlundi	181.424
Bókin „Art Culinaire“	200.000
Landkynningarmynd um Ísland	100.000
1.000 manna ráðstefna Junior Chamber	150.000
Iceland Review	110.000
Landkynningarmynd fyrir starfsmenn á Keflavíkurflugvelli	186.750
Vestfjarðavíkingurinn ‘97	100.000
Markaðssetning heilsuseturs að Lundi í Öxarfirði	100.000
Ferðastyrkur kammerkórs Grensáskirkju	150.000
Íslenskt bifreiðatal	120.000
Safn Samúels Jónssonar í Selárdal	150.000
Heimildarmynd um sögu Hvalfjarðar fyrr og nú	150.000
Bygging og uppsetning neyðarskýlis í Mánáreyjum	200.000
Útgáfa korts af Soginu og næsta nágrenni	66.667
Ferðanetið	120.000
Gönguleiðir á Íslandi	200.000
Grímseyjarhreppur til ferða- og menningarmála	140.000
Grænlandsdagar í Perlunni	200.000
Sportvetur, markaðssetning ferðaþjónustu yfir vetrartímann	100.000
South Namibian Youth Choir	164.321
Samtals	**4.966.410**

316. Svar [86. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um fjárveitingar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til búháttabreytinga.

1. *Hve miklum fjármunum hefur verið varið til búháttabreytinga á starfstíma Framleiðnisjóðs?*

Heildarframlög (útborguð) til búháttabreytinga samkvæmt bókhaldi:

Ár	Þús. kr.
1985	23.967
1986	23.494
1987	69.910
1988	46.674
1989	42.048
1990	23.225
1991	23.513
1992	31.997
1993	27.814
1994	45.498
1995	37.921
1996	36.386
Samtals	**432.447**

2. *Hverjir hafa hlotið styrk úr Framleiðnisjóði til breytinga á búháttum úr einhverju formi búskapar í hrossabúskap, á sama tíma?*

Eftirtaldir hafa hlotið styrk til búháttabreytinga yfir í hrossabúskap frá 1987:

Aðalsteinn Steinþórsson, Albert Jónsson, Aldís Pálsdóttir, Anders Hansen, Arnar Andrésson, Ágúst Rúnarsson, Baldur Árni Björnsson, Benedikt Arnbjörnsson, Benedikt Þorbjörnsson, Bjarkar Snorrason, Bjarni Davíðsson, Bragi Andrésson, Böðvar Guðmundsson, Elna Thomsen, Eyjólfur Gíslason, Finnur Björnsson, Friðrik Stefánsson, Guðjón Bergsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Ólafsson, Guðmundur Sveinsson, Guðmundur Viðarsson, Guðmundur Þórðarson, Guðni Þórðarson, Guðný Helga Björnsdóttir, Guðrún Fjeldsted, Gunnar Ingvarsson, Gunnar Örn Marteinsson, Halldór Gunnarsson, Halldór Jónasson, Halldóra Guðjónsdóttir, Haraldur Guðmundsson, Helgi Eggertsson, Helgi Friðriksson, Hjörtur Einarsson, Hólmar Bragi Pálsson, Indriði Karlsson, Ingimar Ingimarsson, Jóhann Gunnarsson, Jóhann Þorsteinsson, Jóhannes Haraldsson, Jón Bergsson, Jón Friðriksson, Jón Garðarsson, Jón Gíslason, Jón Þórarinsson, Jónas S. Hermannsson, Jónas Jóhannesson, Jónína Stefánsdóttir, Kjartan Björnsson, Kjartan Georgsson, Kristinn Rúnar Tryggvason, Lárus Ág. Bragason, Leifur S. Helgason, Magnús Einarsson, Magnús Jósefsson, Magnús Trausti Svavarsson, Ólafur Þór Árnason, Pétur Behrens, Ragnar Valur Björgvinsson, Rútur Pálsson, Sigbjörn Björnsson, Sigfús Guðmundsson, Sigmundur Jóhannesson, Sigurður Kristjánsson, Sigurður Sæmundsson, Símon Traustason, Skafti Steinbjörnsson, Skúli Kristjónsson, Stefán Hrólfsson, Stefán Sveinsson, Steinunn Gunnarsdóttir, Steinþór Tryggvason, Svanhildur Guðjónsdóttir,

Sveinn Guðmundsson, Tómas Sigurgeirsson, Tómas Tómasson, Valur Snorrason, Þorgeir Jóhannesson, Þorvaldur Sveinsson, Þórir Ísólfsson, Ægir Jóhannesson

Auk þessa hafa 15 aðrir aðilar fengið styrkloforð á tímabilinu en þau eru óhafin og í raun fyrnd sum hver.

317. Svar [160. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um störf útflutnings- og markaðsnefndar.

1. *Hvert er hlutverk útflutnings- og markaðsnefndar sem hóf störf árið 1995, sbr. lög um útflutning hrossa?*

Hlutverk útflutnings- og markaðsnefndar er skilgreint í 6. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 þar sem segir að nefndin skuli vera ráðgefandi um málefni er snerta útflutning á hrossum og gera tillögur um ráðstöfun á eftirstöðvum útflutningsgjalds. Nánari útfærslu er að finna í 20. gr. reglugerðar nr. 220/1995 en þar segir:

Hlutverk útflutnings- og markaðsnefndar er m.a.:

a. að vera ráðgefandi um málefni er varða útflutning á hrossum.
b. að hafa tiltækar upplýsingar um lög og reglur helstu viðskiptalanda varðandi innflutning á hrossum frá Íslandi.
c. að auðvelda útflutning og markaðssetningu á íslenskum hrossum m.a. með því að ná fram breytingum á innflutningshindrunum í öðrum löndum.
d. að stuðla að samstarfi þeirra sem kynna íslensk hross og annarra er kynna íslenskar vörur og þjónustu.
e. að leita hagkvæmustu leiða við markaðssetningu hrossa.
f. að hafa yfirumsjón með útflutningssjóði og gerð samninga við þá aðila er sjóðurinn skiptir við.

2. *Hverjar eru megináherslur í störfum nefndarinnar?*

Megináherslur í störfum nefndarinnar fram að þessu hafa verið að kanna styrk og veikleika í hrossaútflutningi og reyna að finna leiðir til að styrkja þá markaðssetningu sem nú þegar er stunduð. Nefndin hefur leitað til fjölmargra og reynt eftir föngum að styðja verkefni sem nýst geta í markaðssetningu. Þar er bæði átt við félagasamtök, stofnanir og einstaklinga. Þá hefur mikill hluti starfsins verið umsjón með útflutningssjóði, gerð samninga við þá aðila er sjóðurinn skiptir við, yfirlestur umsókna og gerð tillagna til landbúnaðarráðherra um styrki úr sjóðnum hverju sinni.

Rétt er að geta þess sérstaklega að nefndin hefur átt ágætt samstarf við markaðsfulltrúa Félags hrossabænda sem situr fundi nefndarinnar og aðstoðar við ýmis störf. Markaðsfulltrúinn býr yfir miklum mikilvægum upplýsingum um stöðu ýmissa markaða ásamt upplýsingum um lög og reglur og þær hindranir sem þarf að yfirstíga á mörkuðum.

3. *Hvaða verkefni hefur nefndin haft með höndum á starfstíma sínum?*

Verkefni sem sjóðurinn hefur haft með höndum eru margvísleg en hér verða nefnd nokkur:

a. **Umsjón með útflutningssjóði.** Nefndin hefur farið yfir mikinn fjölda umsókna um styrk úr sjóðnum. Nú hefur verið úthlutað úr sjóðnum fjórum sinnum og því miður hefur einungis verið unnt að verða við litlum hluta þeirra umsókna sem sjóðnum hafa borist.

Hér á eftir fylgir listi yfir þá er fengið hafa styrk úr sjónum og til hvaða verkefna. Þá hafa verið gerðir samningar við Bændasamtök Íslands og Tilraunastöðina á Keldum um vinnu, sem nefndin greiðir, í tengslum við útflutning á hrossum. Nefndin hefur séð um gerð nýrra vottorða vegna útflutnings á hrossum og átt gott samstarf við dýralækna víða um land við gæðaskoðun og heilbrigðisskoðun hrossa.

b. **Virðisaukaskattur á útflutning hrossa.** Nefndin hefur beitt sér fyrir samræmdri skattalegri meðferð á útflutningi hrossa. Á árunum 1996 og 1997 átti nefndin nokkra fundi með fulltrúum ríkisskattstjóra þar sem farið var yfir málið og gerð grein fyrir því að hrossaviðskipti fara fram á margvíslegan hátt. Ýmist er um að ræða sölu á hrossum eða þjónustu, nema hvort tveggja sé, og var misjafnt eftir skattumdæmum hvernig það var túlkað. Í framhaldi af þessu starfi nefndarinnar hefur ríkisskattstjóri nú gefið út samræmdar reglur um skattalega meðferð á hrossaviðskiptum.

c. **Kröfur um heilbrigði hrossa.** Nefndin hefur frá upphafi reynt að fá felldar niður kröfur um blóðpróf vegna ýmissa sjúkdóma sem aldrei hafa fundist á Íslandi. Í ársbyrjun 1997 felldi Evrópusambandið niður kröfu um svokallað „coggings test" en þess hefur verið krafist mjög lengi. Var sá áfangi mjög gleðilegur. Jafnframt hefur verið unnið ötullega að því að fá Ameríkumarkað til að minnka kröfur sem þar eru gerðar um blóðpróf og einangrun. Töluverður árangur hefur náðst og á næstu vikum fer Brynjólfur Sandholt fyrir tilstilli nefndarinnar til Bandaríkjanna og Kanada til að ræða við heilbrigðisyfirvöld þar. Vonar nefndin að sú ferð verði árangursrík.

d. **Markaðskönnun.** Útflutnings- og markaðsnefnd í samvinnu við Félag hrossabænda gerði markaðskönnun nú á fyrri hluta ársins. Spurningar voru sendar út með Eiðfaxa International og er rétt lokið við að vinna úr könnuninni. Niðurstöðurnar eru mjög áhugaverðar og verða kynntar á samráðsfundi fagráðs í hrossarækt 14. nóvember nk.

e. **Alþjóðleg ráðstefna um markaðsmál.** Nefndin ætlar að halda alþjóðlega ráðstefnu um markaðsmál í júlí 1998. Ráðstefnan verður haldin á Akureyri í beinu framhaldi af landsmóti hestamanna á Melgerðismelum. Undirbúningsnefnd ráðstefnunnar skipa Brynjólfur Sandholt, formaður, Erna Arnardóttir, en hún átti hugmyndina að ráðstefnunni, og Hulda G. Geirsdóttir, markaðsfulltrúi Félags hrossabænda. Tilgangurinn með ráðstefnunni er að kortleggja enn betur en hingað til áherslu og stöðu þeirra markaða sem helstir eru fyrir íslensk hross. Boðið verður til ráðstefnunnar helstu sérfræðingum á hverjum markaði en ráðstefnan verður öllum opin sem áhuga hafa á málefninu.

Að endingu er birtur hér listi yfir þau verkefni sem sjóðurinn hefur styrkt, hver ber ábyrgð á þeim og hver staða verkefnanna er:

1. Plús Film, 500 þús. kr. til gerðar myndar um íslenska hestinn. Þegar hafa verið greiddar 250 þús. kr. en afgangurinn verður greiddur þegar myndinni er lokið, nú alveg á næstunni. Ábyrgðarmaður er Sveinn Sveinsson.
2. Edda hestar, 500 þús. kr. til markaðssetningar á hrossum í Kanada og Bandaríkjunum. Verkefninu er lokið þó að ýmislegt hafi orðið til að tefja framgang þess og styrkurinn hefur verið greiddur. Ábyrgðarmaður er Ólöf Guðmundsdóttir.
3. Hrossaræktarbúið Árbakki, 300 þús. kr. til kynningar á íslenska hestinum í miðvesturríkjum Bandaríkjanna. Verkefninu er lokið, styrkur greiddur og skýrslu skilað. Ábyrgðarmaður er Anders Hansen. Þá hlaut Árbakki 500 þús. kr. vegna markaðsátaks í Ohio-ríki í Bandaríkjunum. Verkefninu er lokið og styrkur greiddur. Ábyrgðarmaður er Anders Hansen.
4. Íslenska bókaútgáfan, 89 þús. kr. til kynningar á íslenska hestinum í Vegahandbókinni. Verkefninu er lokið og styrkur greiddur. Ábyrgðarmaður er Örlygur Hálfdánarson.

5. Hólaskóli, 940 þús. kr. til upphafs rannsókna á spatti í hrossum. Verkefninu er lokið, styrkur greiddur og niðurstöður kynntar í ræðu og riti. Ábyrgðarmaður er Sigríður Björnsdóttir.
6. Hestaíþróttasamband Íslands, 72 þús. kr. styrkur til þátttöku í heimsleikum 1995. Áfanganum er lokið og styrkur greiddur. Ábyrgðarmaður er Jón Albert Sigurbjörnsson. Þá hlaut HÍS 1.200 þús. kr. til þátttöku í heimsleikum í Noregi 1997. Sá styrkur hefur verið greiddur. Ábyrgðarmaður er sá sami.
7. Gunnar Arnarson og Kristbjörg Eyvindsdóttir, 500 þús. kr. til markaðskynningar í Svíþjóð og Þýskalandi. Kynningunni er lokið og styrkur greiddur. Ábyrgðarmaður er Gunnar Arnarson.
8. VT ehf., 200 þús. kr. til kynningar á síma- og tölvutengdu sölukerfi fyrir hross. Kynningunni er lokið, sbr. reikninga sem nefndinni bárust, og styrkur hefur verið greiddur. Ábyrgðarmaður er Örn Karlsson.
9. Embætti yfirdýralæknis, 200 þús. kr. til undirbúnings á rannsókn á arfgengi sumarexems í íslenskum hrossum. Síðar hlaut embættið 500 þús. kr. til sama verkefnis. Framgangur þess er með ágætum og náðst hefur samstarf við háskóla í öðrum löndum. Styrkurinn hefur verið greiddur. Ábyrgðarmaður er Sigríður Björnsdóttir. Þá hafa verið veittar 1.500 þús. kr. til framhaldsrannsókna og er sú upphæð til reiðu.
10. Bændaskólinn á Hvanneyri, 100 þús. kr. vegna ferðar Ingimars Sveinssonar til USA. Ingimar dvaldist við háskóla og hélt fyrirlestra um íslenska hestinn. Styrkurinn hefur verið greiddur.
11. Hólaskóli, 200 þús. kr. til samræmingarnámskeiðs fyrir kynbótadómara FEIF. Námskeiðið hefur farið fram og styrkurinn verið greiddur. Ábyrgðarmaður er Víkingur Gunnarsson.
12. Félag hrossabænda, 1.250 þús. kr. til að ráða markaðsfulltrúa. Félagið hefur fengið tvær aðrar úthlutanir til sama verkefnis, fyrst 600 þús. kr. og síðar 2.500 þús. kr., alls 4.350 þús. kr. Styrkurinn er allur greiddur og um störf markaðsfulltrúans má lesa í árlegri skýrslu og ótal greinum í hesta- og landbúnaðarblöðum. Ábyrgðarmaður var Halldór Gunnarsson en er nú Bergur Pálsson.
13. Eiðfaxi, 500 þús. kr. til að efla útgáfu á Eiðfaxa International. Síðar hlaut Eiðfaxi aftur sams konar styrk og hefur því hlotið 1.000 þús. kr. alls. Útgáfan gengur samkvæmt áætlun og hefur áskrifendum fjölgað jafnt og þétt. Þess má geta að Eiðfaxi International fékk fjölmiðlabikar Ferðamálaráðs á síðasta ári. Styrkur hefur allur verið greiddur. Ábyrgðarmaður er Gyða Gerðarsdóttir.
14. Konráð A. Gylfason, 350 þús. kr. til að gera myndband um íslenska hestinn, „Equus islandicus". Myndin er tilbúin og styrkurinn hefur verið greiddur. Til gamans má geta að myndin var valin til sýninga á kvikmyndahátíð í Frakklandi nú í október. Ábyrgðarmaður er Konráð A. Gylfason.
15. Baldvin Ari Guðlaugsson og Sigurbjörn Bárðarson, 500 þús. kr. vegna þátttöku í sýningunni Equitana USA. Styrkurinn hefur verið greiddur enda hafa verið lagðir fram reikningar á móti kostnaði.
16. Félag hrossaútflytjenda og Félag hrossabænda, 1.000 þús. kr. til að gefa út bækling til kynningar á íslenska hestinum. Verkinu er lokið og bæklingurinn til á þremur tungumálum. Þá hafa sömu aðilar fengið vilyrði fyrir 250 þús. kr. til að útbúa bækling um meðferð og hirðingu íslenska hestsins. Sú vinna er rétt að hefjast.

17. Grafísk hönnun 800 þús. kr. til myndbands og bókar um tölt. Myndin, sem heitir Tölt, er tilbúin og öllum til reiðu. Ábyrgðarmaður Bjarni Þór Sigurðsson.
18. Reiðskóli Reynis, umsækjandi Jónína Hlíðar, 800 þús. kr. til útgáfu á myndbandi og bók um meðferð og þjálfun íslenska hestsins. Þegar hafa verið greiddar 300 þús. kr. samkvæmt ákvæðum samningsins en það sem eftir er verður greitt við útgáfu bókar og myndbands nú í haust. Ábyrgðarmaður er Reynir Aðalsteinsson.
19. Haraldur Þórarinsson og Hjörtur K. Einarsson í samstarfi við Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands, 300 þús. kr. til markaðsstarfs í Bandaríkjunum. Verkið er ekki hafið og því hefur ekkert verið greitt af styrknum enn þá.

318. Fyrirspurn [258. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu mikið hækkaði annars vegar áunnin og hins vegar framreiknuð lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs vegna síðustu kjarasamninga grunnskólakennara og sveitarfélaga? Svarið óskast skipt á kennara í starfi, kennara sem komnir eru á eftirlaun og aðra. Hvað eru margir í hverjum flokki og hvað var meðalhækkunin mikil á mann? Hvað er hækkunin mikil að meðaltali á hvern starfandi grunnskólakennara?
2. Hvert er launaígildi lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna umfram almenna launþega vegna réttinda þeirra í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins annars vegar og B-deild hins vegar? (Hvað mætti hækka laun opinberra starfsmanna mikið að jafnaði í hvorri deild ef þeir nytu almennra lífeyriskjara, 10% af launum, miðað við að ríkissjóður og aðrir launagreiðendur töpuðu hvorki né græddu á breytingunni?)
3. Hversu mikið mætti að jafnaði hækka laun eftirtalinna opinberra starfsmanna sem greiða í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins annars vegar og A-deild hins vegar (hlutfallslega og í krónutölu) ef þeir nytu almennra lífeyriskjara:
   a. starfsmanns sem fær 80.000 kr. í föst laun og enga yfirvinnu eða aukagreiðslur,
   b. starfsmanns sem fær 80.000 kr. í föst laun og 80.000 kr. í yfirvinnu og aukagreiðslur,
   c. starfsmanns sem fær 100.000 kr. í föst laun og 200.000 kr. í yfirvinnu og aukagreiðslur?
4. Er samið um lægri laun til opinberra starfsmanna í kjarasamningum í samanburði við launþega á almennum vinnumarkaði vegna launaígildis lífeyrisréttinda þeirra?
5. Hvaða launaígildi hefði það fyrir opinbera starfsmenn ef 0,35% eignarskattur yrði lagður á lífeyrissjóði í samanburði við sjóðfélaga í almennum lífeyrissjóðum þar sem ríkissjóður mundi greiða eignarskatt Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

319. Fyrirspurn [259. mál]

til menntamálaráðherra um hlutfall útskrifaðra kennara við kennslu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hversu margir þeirra sem hafa útskrifast með kennararéttindi undanfarin tíu ár eru við kennslu?
2. Hversu margir þeirra sem hafa útskrifast frá Háskólanum á Akureyri eru við kennslu?
3. Hversu margir þeirra sem hafa útskrifast frá Kennaraháskóla Íslands undanfarin tíu ár eru við kennslu?
4. Hversu margir þeirra sem lokið hafa kennsluréttindanámi við Háskóla Íslands undanfarin tíu ár eru við kennslu?
5. Hve margir leiðbeinendur hafa lokið réttindanámi síðan lög nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, tóku gildi og hversu margir þeirra eru við kennslu?
6. Hversu margir þeirra sem hafa menntað sig til raungreinakennslu eru við kennslu
   a. í grunnskólum,
   b. í framhaldsskólum?
7. Hver er meðalstarfsaldur kennara í grunnskólum eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

320. Tillaga til þingsályktunar [260. mál]

um miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að stuðla að því í samvinnu við háskólanefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Atvinnuþróunarfélag Austurlands að hið fyrsta verði komið á fót miðstöð háskólastigs og endurmenntunar í Austurlandskjördæmi.

Verkefni miðstöðvarinnar verði fyrstu árin að auðvelda og þróa tengsl nemenda framhaldsskóla, almennings og atvinnulífs á Austurlandi við skóla og nám á háskólastigi og tengja saman aðila sem sinna endurmenntun og símenntun á Austurlandi.

Greinargerð.

Miðstöð háskólastigs og endurmenntunar.

Austfirðingar hafa hingað til að mestu verið afskiptir þegar um nám á háskólastigi er að ræða. Vissar tilraunir voru þó gerðar á síðasta áratug til að ná tengslum við þetta skólastig og hugmyndir hafa á síðustu árum komið fram um háskólanám í fjórðungnum eins og síðar er rakið. Á haustþingi Alþingis 1996 (121. löggjafarþingi) fluttu sömu flutningsmenn tillögu til þingsályktunar „um upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi“ (192. mál). Fól hún í sér að hið fyrsta yrði af hálfu yfirstjórnar menntamála ráðist í markvissar

aðgerðir til að tengja Austurland við háskólastigið og leggja með því grunn að því sem síðar gæti orðið háskóli innan fjórðungsins. Menntamálanefnd Alþingis fjallaði um tillöguna og fékk jákvæðar umsagnir frá ýmsum aðilum (sjá fylgiskjal II). Tillagan var ekki afgreidd frá nefndinni. Hún er nú endurflutt af sömu flutningsmönnum nokkuð breytt í ljósi umfjöllunar sem málið hefur fengið heima fyrir og á Alþingi.

Að mati flutningsmanna eru ekki raunhæfar forsendur í bráð til þess að efna til sjálfstæðs háskóla á Austurlandi og önnur tilhögun er vænlegri til að Austfirðingar fái með skjótum hætti greiðari aðgang og betri tengsl við háskólastigið en nú er. Lagt er til að Alþingi feli menntamálaráðherra að stuðla að því í samvinnu við háskólanefnd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA) og Atvinnuþróunarfélag Austurlands að hið fyrsta verði komið á fót miðstöð háskólastigs og endurmenntunar í fjórðungnum. Verkefnasvið þessarar miðstöðvar verði fyrst í stað einkum tvíþætt eins og fram kemur í nafngiftinni miðstöð háskólastigs og endurmenntunar, þ.e.:

— að þróa víðtæk tengsl við skóla og nám á háskólastigi annars staðar á landinu og miðla þeim tengslum til nemenda framhaldsskóla, almennings og atvinnulífs á Austurlandi.
— að stuðla að endurmenntun og námi á þessu skólastigi á Austurlandi, m.a. í formi námskeiða og fjarkennslu.

Endurmenntun, símenntun og fjarkennsla í samstarfi við þá háskóla sem fyrir eru gætu orðið meðal helstu verkefna miðstöðvarinnar og tengst framhaldsskólum, fyrirtækjum og starfsgreinafélögum innan fjórðungsins.

Líklegt er einnig að fljótlega verði hægt að byggja upp stuttar háskólabrautir í tengslum við starfandi framhaldsskóla á Austurlandi. Horfur eru á að framhaldsskólanám til stúdentspróf styttist innan tíðar úr fjórum árum í þrjú, og mætti hugsa sér að í stað fjórða árs framhaldsskóla komi nám á háskólastigi, sbr. t.d. tölvuháskóla sem starfræktur er innan Verslunarskóla Íslands.

Háskólastig og byggðaþróun.

Þekking og gott aðgengi að menntun eru nú meginstoðir atvinnuþróunar og ráða miklu um afstöðu fólks til búsetu. Fátt er mikilvægara fyrir byggðaþróun, eigi vel að farnast, en að þessum þáttum sé vel sinnt og að enginn landshluti sé afskiptur í aðgengi að menntun. Allvel hefur verið brugðist við þessu kalli tímans á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, en annað er uppi á tengingnum er litið er til háskólastigs. Háskóla Íslands var ætlað að vera þjóðarskóli er hann var stofnaður, en margt hefur skort á að svo yrði í reynd, og námsframboð á vegum skólans hefur fyrst og fremst verið bundið við höfuðborgarsvæðið. Hér er fyrst og fremst um að kenna stefnuleysi af opinberri hálfu en einnig hafa takmörkuð fjárráð ráðið nokkru um þróun skólans.

Stofnun Háskólans á Akureyri var að vissu leyti andsvar við því hversu staðbundin starfsemi Háskóla Íslands varð í reynd, sem og stofnana er skólanum tengjast. Frumkvæðið að stofnun háskóla á Akureyri kom frá Norðlendingum, stutt af þingmönnum Norðurlandskjördæmis eystra, þótt margir fleiri þingmenn, yfirvöld menntamála og síðan Alþingi í heild tækju undir þá stefnu að koma skólanum á fót. Ýmsir fleiri skólar, sem bjóða upp á sérhæft nám, eru nú starfræktir á háskólastigi, sumir staðsettir utan Reykjavíkur eins og Samvinnuskólinn í Bifröst og Bændaskólinn á Hvanneyri.

Tillögur og hugmyndir um háskólanám á Austurlandi.

Á Austurlandi hafa á síðustu 12 árum verið gerðar nokkrar tilraunir er snerta háskólastigið. Ber þar fyrst að nefna tillögu sem Berit Johnsen sérkennslufulltrúi flutti ásamt Guðmundi

Magnússyni fræðslustjóra í fræðsluráði Austurlandsumdæmis 9. ágúst 1984 um könnun á „að koma á námi í sérkennslu heima í héraði fyrir starfandi kennara sem yrði skipulagt í samvinnu við KHÍ (Kennaraháskóla Íslands) og undir eftirliti hans". Könnun sem Berit gerði hafði leitt í ljós að þörf væri á 15–20 sérkennurum í umdæminu, og voru helstu rök fyrir tillögunni að kennarar úti á landsbyggðinni mundu ekki að óbreyttu taka sig upp til að stunda framhaldsnám í launalausu leyfi. Því þyrfti að koma til nýskipan mála með fjarkennslusniði, þannig að starfandi kennarar gætu lokið eins árs námi á tveimur árum. Tillaga þessi hlaut byr og innrituðust 16 kennarar í slíkt nám sem fór fram á tímabilinu 1987–89. Berit stjórnaði þessu námi en með henni kenndu m.a. kennarar frá KHÍ. Segja má að þessi tilraun hafi ýtt undir stofnun farskóla KHÍ árið 1992 sem nú heitir fjarskóli KHÍ, en fyrstu B.Ed. kandídatar útskrifuðust úr honum í ágúst 1996, þar af 10 kennarar af Austurlandi. Einnig ber að geta hugmyndar sem Berit Johnsen setti fram 1991 um að nýta Eiðaskóla sem eins konar miðstöð fyrir námskeiðahald, fjarkennslu og stuðning við námsmenn á háskólastigi. Yrði hann rekstrarlega sjálfstæð stofnun undir menntamálaráðuneytinu og þjónaði öllu landinu. Sú hugmynd hlaut þá ekki brautargengi.

Árið 1988 tók Farskóli Austurlands til starfa og var þar um nýmæli í íslenskum fræðslumálum að ræða. Skólinn hefur starfað í tengslum við Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað en starfsemi hans farið fram að heita má í öllum byggðarlögum fjórðungsins.

Á vettvangi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA) var sumarið 1996 rætt um nauðsyn þess að koma á háskólamenntun á Austurlandi. Aðalfundur SSA 1996 gerði svohljóðandi ályktun um málið:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn í Neskaupstað 29. og 30. ágúst 1996, felur stjórn SSA að undirbúa í samvinnu við stjórnvöld og forsvarsmenn skóla á háskólastigi að koma á fót háskólamenntun á Austurlandi í tengslum við austfirskt atvinnulíf og til að efla þekkingu og menntun í fjórðungnum."

Í júní 1996 hafði bæjarstjórn Egilsstaða skipað nefnd „til undirbúnings menntun á háskólastigi á Egilsstöðum" og tilnefndi í hana Emil Björnsson, Helgu Hreinsdóttur og Elínu S. Einarsdóttur. Nefndin hóf störf 1. október 1996 og sneri sér m.a. til SSA með ósk um samstarf. Stjórn SSA fundaði um málið með aðilum og varð niðurstaðan í ársbyrjun 1997 að stofna nýja nefnd á grunni hinnar fyrri þannig að hún tengdi sem best saman fulltrúa framhaldsskóla og fræðslumála á Austurlandi. Varð þannig til fimm manna háskólanefnd SSA (um tíma kölluð HÁSKA-nefnd). Í henni sitja Emil Björnsson formaður, Einar Már Sigurðarson, Helga Hreinsdóttir, Helga M. Steinsson og Stefán Ólafsson. Nefndin starfar í umboði Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og skilaði áliti til sambandsins í ágúst 1997 (fylgiskjal III).

Ályktun aðalfundar SSA 1997 um háskólamenntun.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sem haldinn var í lok ágúst 1997, var háskólanám og háskólamenntun á Austurlandi aðalumræðuefnið. Háskólanefnd SSA kynnti þar störf sín og könnun sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri hafði unnið fyrir nefndina. Aðalfundur SSA gerði eftirfarandi samþykkt um málið:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn á Fáskrúðsfirði dagana 28.–29. ágúst 1997, telur háskóla- og endurmenntun mikilvæga þætti í byggðastefnu og því nauðsynlegt að stuðla að jafnrétti til slíkrar menntunar á landsbyggðinni.

Fundurinn lýsir yfir stuðningi við sameiginlega hugmynd í þingsályktunartillögu þingmanna Austurlands og tillögu háskólanefndar SSA um að hið fyrsta verði komið á fót miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi.

Fundurinn felur háskólanefnd SSA að vinna að stofnun slíkrar miðstöðvar í samstarfi við austfirskt atvinnulíf, aðila sem sinna háskóla-, endur- og símenntun, svo og stofnanir sem vinna að byggðamálum.

Fundurinn minnir á að það er ríkisins að fjármagna verkefni á háskólastigi. Því þarf að leita eftir stuðningi menntamálaráðherra við málið og fá fjárveitingu frá Alþingi þegar á árinu 1998 til að koma miðstöðinni á fót."

Ráðning starfsmanns til að sinna undirbúningi.

Í erindi sem háskólanefnd SSA sendi frá sér eftir fundinn, dags. 20. september 1997, segir m.a.:

„Það er mat nefndarinnar að ekkert sé að vanbúnaði með að veita fé til undirbúnings starfsemi slíkrar miðstöðvar á Austurlandi. Hlutverk starfsmanns sem væntanlega yrði ráðinn til miðstöðvarinnar mótaði starf hennar í umboði háskólanefndar SSA og í samráði við aðila sem málið varðar."

Í framhaldi af þessu erindi áttu fulltrúar nefndarinnar fund 9. október 1997 með þingmönnum Austurlands. Þar lögðu þeir m.a. fram kostnaðaráætlun upp á 6,4 millj. kr. vegna ráðningar starfsmanns til að undirbúa stofnun miðstöðvar háskóla og endurmenntunar á Austurlandi. Gert var ráð fyrir að starfsmaður yrði ráðinn frá ársbyrjun 1998 og áætlunin miðuð við eitt ár. Jafnframt kynntu þeir erindi um fjárveitingu til tilraunaverkefnis að upphæð 10 millj. kr. til að nýta gagnvirkt sjónvarp (fjarfundabúnað) til kennslu í framhaldsskólum á Austurlandi. Telur nefndin að slíkur búnaður fyrir framhaldsskólana sé um leið stuðningur við uppbyggingu náms á háskólastigi á Austurlandi og stórauki tækifæri til endur- og símenntunar í fjórðungnum.

Heimaaðilar með í stefnumótun.

Af framansögðu er ljóst að á Austurlandi er vaxandi áhugi á að tengjast háskólastiginu og efla endurmenntun. Nauðsynlegt er að tryggja sem besta samvinnu yfirstjórnar menntamála og þeirra aðila heima fyrir sem sýna málefnum háskólastigsins áhuga. Að mati flutningsmanna er vænlegt að sameina kraftana við að koma hið fyrsta á fót miðstöð háskólastigs og endurmenntunar í fjórðungnum. Menntamálaráðuneytið hefur þegar lýst jákvæðri afstöðu til hugmyndarinnar. Verulegur undirbúningur hefur farið fram heima fyrir og þaðan hafa borist eindregnar óskir um að Alþingi taki nú afstöðu til málsins. Ekki er hér gerð tillaga um aðsetur eða umfang slíkrar miðstöðvar þar eð slíkt er eðlilegur hluti frekari undirbúnings sem fram þarf að fara nái þingsályktunartillagan fram að ganga. Jafnframt er eðlilegt að Alþingi veiti fé til þess að ráða starfsmann er sinni frekari undirbúningi að því að koma miðstöðinni á fót.

Þáttur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í þessu máli er afar jákvæður eins og fram kemur í starfi háskólanefndarinnar sem starfar í umboði þess. Sambandið hefur á yfir þrjátíu ára starfsferli sýnt að það megnar að fylkja Austfirðingum til stuðnings framfaramálum.

Atvinnuþróunarfélag Austurlands hefur verið að eflast og má nú teljast samnefnari fyrir fyrirtæki og atvinnulíf í fjórðungnum. Í lögum félagsins er m.a. kveðið á um að félagið skuli miðla upplýsingum um tækni- og rekstrarmál og hafa milligöngu um námskeiðahald og aðra fræðslustarfsemi sem völ er á fyrir starfsfólk í atvinnulífinu. Vorið 1996 tók til starfa sérstök þróunarstofa á vegum Atvinnuþróunarfélagsins og nýtur hún m.a. fjárhagslegs stuðnings frá Byggðastofnun og SSA samkvæmt samningi. Miðast starfsemi þróunarstofunnar nú við þriggja ára tilraunaverkefni til að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífi, m.a. með ráðgjafarstarfi og náinni samvinnu við mennta-, þróunar- og rannsóknastofnanir í öðrum landshlutum.

Tengsl við háskólastigið er fyrirtækjum eystra og starfsfólki þeirra mikil nauðsyn og ætti tilkoma miðstöðvar háskólastigs og endurmenntunar að létta þann róður.

Í starfi Farskóla Austurlands hefur safnast mikilsverð reynsla við endurmenntun og námskeiðahald sem einnig tekur til námsþátta á háskólastigi. Farskólinn hefur nýlega tekið upp samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Framhaldsskólar á Austurlandi hafa haft með sér samstarf allt frá árinu 1979 þegar sérstök stjórnunarnefnd var sett á laggirnar. Menntamálaráðuneytið beitti sér fyrir því vorið 1996 að treysta samstarf framhaldsskólanna til að gera það markvissara en verið hefur. Hinn 5. nóvember 1997 var fyrir atbeina ráðuneytisins undirritaður formlegur samstarfssamningur milli skólanna.

Við framkvæmd tillögunnar eru góð tengsl við háskólana í landinu nauðsynleg. Þegar hefur komið fram áhugi hjá rektorum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri á að treysta tengslin við Austurland. Sama máli gegnir um Samvinnuháskólann á Bifröst, Kennaraháskóla Íslands, Tækniskóla Íslands og Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands. Margháttaða reynslu má einnig sækja til annarra landa og samhæfa íslenskum aðstæðum.

Með samþykkt tillögunnar kæmi fram vilji Alþingis í málinu og góður grunnur væri lagður til að tengja íbúa Austurlands og atvinnulíf þar við háskólastigið og efla um leið endurmenntun og símenntun í fjórðungnum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Tillaga til þingsályktunar um upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi. Sjá þskj. 216 (192. mál 121. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 1816–1819.

II. Umsagnir um 192. mál 121. löggjafarþings:
Umsögn Háskóla Íslands (21. apríl 1997).
Umsögn Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (24. febrúar 1997).
Umsögn menntamálaráðuneytis (21. mars 1997).
Umsögn Háskólans á Akureyri (26. mars 1997).
Umsögn Atvinnuþróunarfélags Austurlands (7. mars 1997).
Umsögn Menntaskólans á Egilsstöðum (17. mars 1997).
Umsögn Kennaraháskóla Íslands (27. febrúar 1997).
Umsögn Hússtjórnarskólans á Hallormsstað (21. febrúar 1997).

III. Bréf háskólanefndar SSA til ráðuneytis menntamála/menntamálaráðherra þingmanna Austurlands, formanna menntamálanefndar og fjárlaganefndar Alþingis, Byggðastofnunar, stjórnar SSA og Atvinnuþróunarfélags Austurlands (20. september 1997).

321. Fyrirspurn [261. mál]

til viðskiptaráðherra um rafmagnseftirlit og raffangaeftirlit.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hefur öryggi neytenda verið tryggt með virku eftirliti í kjölfar breytinga á rafmagnseftirliti?
2. Hvernig fer eftirlit rafskoðunarstofa fram?

3. Er þjónusta við neytendur jafngóð og skilvirk og hún var fyrir 1994?
4. Hefur verið sýnt fram á að þjónusta og eftirlit með rafveitum sé betra nú en það var árið 1993?
5. Hefur verið tryggt að ekki komi til gjaldskrárhækkana fyrir rafmagnseftirlit, eins og fyrirheit voru gefin um árið 1993 og aftur í ræðu ráðherra á Alþingi 20. desember sl.?
6. Er unnt með skýrum dæmum að sýna fram á að kostnaður við rafmagnseftirlit hafi ekki hækkað, hvorki hjá einstaklingum né fyrirtækjum, síðan breyting varð á fyrirkomulagi þess árið 1994?
7. Hefur forstjóri Löggildingarstofu lokið háskólaprófi á sviði er tengist starfsemi stofnunarinnar, sbr. 4. gr. laga um Löggildingarstofu, nr. 155/1996?
8. Hefur deildarstjóri rafmagnsöryggisdeildar Löggildingarstofu háskólapróf í rafmagnsverkfræði eða skyldum greinum?

Skriflegt svar óskast.

322. Svar [87. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um hestabúgarð í Litháen.

1. *Er ráðherra ljóst hver árangur hefur orðið af rekstri hestabúgarðs í Litháen á vegum Isen hf., sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkti á árunum 1994 og 1995?*

Ráðuneytið hefur ekki fylgst með rekstri hestabúgarðs Ísens hf. í Litháen frá því starfsemi hans hófst.

2. *Hversu mikið styrkti Framleiðnisjóður verkefnið alls, sundurliðað eftir árum?*

Framleiðnisjóður styrkti verkefnið um 1,5 millj. kr. árið 1993 vegna flutnings á hrossum, sbr. 1. lið. Umsókn um lán til sjö ára að upphæð 6 millj. kr. var hafnað.

3. *Hvaða skilyrði eru fyrir styrkveitingunum? Eru styrkir endurkræfir?*

Styrkveitingin var skilyrt jákvæðri afgreiðslu á lánsumsóknum hjá Byggðastofnun. Styrkir Framleiðnisjóðs eru að jafnaði óendurkræfir.

4. *Hverjir aðrir styrktu verkefnið (sem gekk undir nafninu „Issawa" (hestur guðs))?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um aðra beina styrkveitendur.

323. Svar [224. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um færslu aflaheimilda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið var flutt af aflaheimildum milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1996 til 31. ágúst 1997:

a. heildarmagn hverrar fisktegundar,

b. flutningur til og frá hverri verstöð?

Flutningur á aflamarki fiskveiðiárið 1996/1997.
(Allar tölur eru í lestum.)

	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C	Flokkur D	Alls 96/97
Þorskur	20.046	18.025	6.448	40.552	85.071
Ýsa	9.670	7.587	3.859	11.537	32.653
Ufsi	14.064	6.874	1.913	12.338	35.189
Karfi	19.833	4.319	4.395	10.722	39.269
Steinbítur	1.746	1.228	237	2.774	5.985
Grálúða	6.249	1.636	2.494	4.354	14.733
Skarkoli	2.213	2.850	541	4.923	10.527
Langlúra	71	103	68	155	397
Síld	16.043	35.488	11.136	42.243	104.910
Loðna	116.759	71.844	4.175	144.704	337.482
Humar, slitinn	64	206	0	142	412
Úthafsrækja	15.239	8.717	8.646	22.026	54.628
Hörpudiskur	1.060	1.194	0	475	2.729
Innfjarðarrækja	449	413	0	24	886

Taflan sýnir veltutölur.

Flokkur A: Flutningur á aflamarki milli skipa innan sömu útgerðar.

Flokkur B: Flutningur á aflamarki milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð.

Flokkur C: Flutningur á aflamarki milli skipa miðað við jöfn skipti í þorskígildum.

Flokkur D: Flutningur á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð.

Færslu aflamarks er skipt í fjóra flokka:

a. milli skipa í eigu sömu útgerðar,
b. milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð,
c. milli skipa, enda sé um jöfn skipti að ræða,
d. milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð.

Í svari við b-lið fyrirspurnarinnar í eftirfarandi töflu er miðað við færslur í flokkum c og d. Miðað er við skráða heimahöfn skips á færsludegi en heimahöfn þarf ekki að vera útgerðarstaður skips. Allar tölur eru í kílóum nema tölur um síld og loðnu sem eru í lestum. Taflan sýnir veltutölur.

Millifærslur fiskveiðiárið 1996/1997.

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Akranes														
Flutningur til	389.176	110.717	35.622	1.614.845	101.042	489.269	80.374	22	2.616	2.324	0	999.198	0	0
Flutningur frá	465.298	376.107	501.171	1.172.477	161.835	101.392	39.505	59	1.182	15.398	0	2.235.448	0	0
Mismunur	-76.122	-265.390	-465.549	442.368	-60.793	387.877	40.869	-37	1.434	-13.074	0	-1.236.250	0	0
Akureyri														
Flutningur til	2.427.964	516.742	718.096	187.217	4.417	22.874	36.757	0	5.219	2.983	0	1.203.722	0	0
Flutningur frá	1.481.356	909.770	495.444	1.286.422	26.439	1.356.439	112.263	0	844	3.212	0	2.833.630	0	0
Mismunur	946.608	-393.028	222.652	-1.099.205	-22.022	-1.333.565	-75.506	0	4.375	-229	0	-1.629.908	0	0
Arnarstapi														
Flutningur til	73.700	0	1.000	969	0	0	2.653	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	19.513	9.083	0	0	44.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	54.187	-9.083	1.000	969	-44.000	0	2.653	0	0	0	0	0	0	0
Árskógssandur														
Flutningur til	503.430	11.554	0	0	104	0	913	0	107	3.705	0	1.065.935	0	0
Flutningur frá	1.032.123	13.603	248.174	31.331	11.875	3.133	17.500	333	813	14.846	0	182.417	0	0
Mismunur	-528.693	-2.049	-248.174	-31.331	-11.771	-3.133	-16.587	-333	-706	-11.141	0	883.518	0	0
Bakkafjörður														
Flutningur til	77.308	4.343	727	1.118	0	0	92.335	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	524.366	42.554	6.237	2.846	605	0	43.197	0	0	0	0	2.402	0	0
Mismunur	-447.058	-38.211	-5.510	-1.728	-605	0	49.138	0	0	0	0	-2.402	0	0
Bíldudalur														
Flutningur til	68.600	211.468	21.508	13.873	191.407	0	186.253	500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	269.726	36.376	10.628	16.588	40.000	465	89.745	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-201.126	175.092	10.880	-2.715	151.407	-465	96.508	500	0	0	0	0	0	0
Blönduós														
Flutningur til	111.231	0	15.000	2.000	1.200	0	0	9.100	0	0	1.500	625.245	0	0
Flutningur frá	413.100	132.000	193.000	38.000	0	93.600	31.000	0	0	0	0	939.748	127.000	0
Mismunur	-301.869	-132.000	-178.000	-36.000	1.200	-93.600	-31.000	9.100	0	0	1.500	-314.503	-127.000	0

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Bolungarvík														
Flutningur til	957.785	559.095	226.198	8.140	160.390	201.084	77.536	34	1.220	0	0	1.170.146	0	0
Flutningur frá	934.504	279.256	79.200	794.855	89.982	591.181	35.337	2.868	2.470	0	0	2.135.458	0	20.000
Mismunur	23.281	279.839	146.998	-786.715	70.408	-390.097	42.199	-2.834	-1.250	0	0	-965.312	0	-20.000
Borgarfj. Eystri														
Flutningur til	30.500	442	0	0	7.100	0	10.200	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	141.000	11.832	6.152	22	4.923	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-110.500	-11.390	-6.152	-22	2.177	0	10.200	0	0	0	0	0	0	0
Borgarnes														
Flutningur til	0	0	0	91	210	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	853	1.774	727	0	761	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-853	-1.774	-727	91	-551	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Breiðdalsvík														
Flutningur til	0	0	0	0	1.800	0	50.000	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	38.104	4.975	275	19	15.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-38.104	-4.975	-275	-19	-13.200	0	50.000	0	0	0	0	0	0	0
Brjánslækur														
Flutningur til	5.733	0	0	0	0	0	20.000	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10.892	0	0
Mismunur	5.733	0	0	0	0	0	20.000	0	0	0	0	-10.892	0	0
Búðardalur														
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	12	0	0	60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-12	0	0	-60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Dalvík														
Flutningur til	155.309	304.063	233.848	124.959	32.656	333.562	31.921	52	244	0	0	1.019.928	0	0
Flutningur frá	2.143.812	410.137	374.165	32.958	84.086	2.500	91.636	1.559	1.220	0	0	431.483	0	0
Mismunur	-1.988.503	-106.074	-140.317	92.001	-51.430	331.062	-59.715	-1.507	-976	0	0	588.445	0	0

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Djúpivogur														
Flutningur til	382.000	145.800	7.000	118.000	10.000	255.039	125.000	4.203	488	0	6.100	640.983	0	0
Flutningur frá	1.287.910	698.711	589.417	287.376	59.843	265	16.316	584	3.660	0	0	425.184	0	0
Mismunur	-905.910	-552.911	-582.417	-169.376	-49.843	254.774	108.684	3.619	-3.172	0	6.100	215.799	0	0
Drangsnes														
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	171.700	2.772	2.700	45	0	2.362	27	0	0	0	0	75.200	0	0
Mismunur	-171.700	-2.772	-2.700	-45	0	-2.362	-27	0	0	0	0	-75.200	0	0
Eskifjörður														
Flutningur til	20.000	146.741	69.610	550.219	5.000	1.396	205.000	0	1.444	2.000	0	960.000	0	0
Flutningur frá	669.379	141.614	186.452	277.420	22.571	127.054	65.042	78	2.596	500	0	938.230	0	0
Mismunur	-649.379	5.127	-116.842	272.799	-17.571	-125.658	139.958	-78	-1.152	1.500	0	21.770	0	0
Eyrarbakki														
Flutningur til	281.772	341.314	177.420	38.274	178.685	59.226	99.967	15.641	0	0	1.800	74.336	0	0
Flutningur frá	51.789	287.939	141.301	37.701	192.085	59.226	121.675	18.041	0	0	4.260	78.416	0	0
Mismunur	229.983	53.375	36.119	573	-13.400	0	-21.708	-2.400	0	0	-2.460	-4.080	0	0
Fáskrúðsfjörður														
Flutningur til	453	79.392	143.000	67.701	1.300	0	4.302	0	1.220	0	0	0	0	0
Flutningur frá	129.672	8.084	29	18.000	31.678	7.288	4.738	0	1.220	0	0	14.411	0	0
Mismunur	-129.219	71.308	142.971	49.701	-30.378	-7.288	-436	0	0	0	0	-14.411	0	0
Flatey á Breiðaf.														
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	2.000	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	0	0	0	0	0	0	2.000	0	0	0	0	0	0	0
Flateyri														
Flutningur til	0	112.199	2.125	0	622	0	18.933	433	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	259.287	62.802	178.000	8.000	150.812	0	15.000	11.013	0	0	51	151	0	0
Mismunur	-259.287	49.397	-175.875	-8.000	-150.190	0	3.933	-10.580	0	0	-51	-151	0	0

Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Flutningur til	2.298.048	319.819	1.724.728	231.282	1.544	481	20.882	2.804	488	9.762	9.973	228.915	0	0
Flutningur frá	232.055	137.618	216.127	184.900	12.123	946	139.000	1.036	2.372	0	4.617	682.121	0	0
Mismunur	2.065.993	182.201	1.508.601	46.382	-10.579	-465	-118.118	1.768	-1.884	9.762	5.356	-453.206	0	0
Grenivík														
Flutningur til	386.906	409.846	50.006	69.715	376	210.014	25.000	1.400	0	0	0	419.607	0	0
Flutningur frá	833.961	486.016	43.971	68.387	15.200	46.410	169.479	0	277	600	0	694.400	0	0
Mismunur	-447.055	-76.170	6.035	1.328	-14.824	163.604	-144.479	1.400	-277	-600	0	-274.793	0	0
Grindavík														
Flutningur til	7.950.672	1.280.326	859.735	1.152.836	372.809	697.381	163.323	11.241	9.145	19.948	11.531	170.231	0	0
Flutningur frá	5.003.401	936.938	773.760	122.541	108.499	107.225	257.306	7.191	9.418	12.181	10.649	1.942.599	0	0
Mismunur	2.947.271	343.388	85.975	1.030.295	264.310	590.156	-93.983	4.050	-273	7.767	882	-1.772.368	0	0
Grímsey														
Flutningur til	26.484	161	22.500	1.000	0	0	70.000	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	418.026	19.964	66.799	786	11.224	400	37.078	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-391.542	-19.803	-44.299	214	-11.224	-400	32.922	0	0	0	0	0	0	0
Grundarfjörður														
Flutningur til	288.386	508.182	120.617	425.400	168.366	180.979	40.000	0	0	0	1.560	200.000	111.800	0
Flutningur frá	255.021	261.504	16.162	196.787	21.694	7.725	25.674	0	0	0	7.315	520.868	9.800	0
Mismunur	33.365	246.678	104.455	228.613	146.672	173.254	14.326	0	0	0	-5.755	-320.868	102.000	0
Hafnarfjörður														
Flutningur til	3.163.061	1.022.422	357.698	1.286.102	22.304	372.574	291.121	15.500	0	0	0	689.274	0	0
Flutningur frá	713.083	1.132.304	671.700	704.929	208.443	188.242	264.891	904	385	6.385	0	813.642	0	0
Mismunur	2.449.978	-109.882	-314.002	581.173	-186.139	184.332	26.230	14.596	-385	-6.385	0	-124.368	0	0
Haganesvík														
Flutningur til	0	0	4.835	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	5.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-5.000	0	4.835	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Hauganes														
Flutningur til	28.378	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	127.751	0	0
Flutningur frá	222.736	8.664	11.939	5.505	0	900	7.200	0	0	0	0	6.000	0	0
Mismunur	-194.358	-8.664	-11.939	-5.505	0	-900	-7.200	0	0	0	0	121.751	0	0
Hellissandur														
Flutningur til	410.012	105.708	453.275	154.111	0	24.314	113.184	0	0	0	0	79.000	0	0
Flutningur frá	50.411	81.097	302.014	72.500	66.368	125.696	7.900	577	0	0	0	76.292	0	0
Mismunur	359.601	24.611	151.261	81.611	-66.368	-101.382	105.284	-577	0	0	0	2.708	0	0
Hellnar														
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	20.000	0	0	0	4.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-20.000	0	0	0	-4.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hjalteyri														
Flutningur til	1.671	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	5.534	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-3.863	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hnífsdalur														
Flutningur til	27.838	64.907	1.336	0	7.000	0	46.764	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	14.000	0	3.500	0	25.000	0	30.000	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	13.838	64.907	-2.164	0	-18.000	0	16.764	0	0	0	0	0	0	0
Hofsós														
Flutningur til	2.321	70	1.164	0	0	0	98.156	0	0	0	0	0	82.000	0
Flutningur frá	69.192	0	1.484	0	1.096	0	1.640	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-66.871	70	-320	0	-1.096	0	96.516	0	0	0	0	0	82.000	0
Hornafjörður														
Flutningur til	2.869.530	72.067	312.097	10.876	440.985	2.326	630.580	13.565	2.647	0	0	800.000	0	0
Flutningur frá	637.400	635.621	507.871	155.287	149.456	20.569	359.785	14.500	7.133	4.850	38.660	230.057	0	4.456
Mismunur	2.232.130	-563.554	-195.774	-144.411	291.529	-18.243	270.795	-935	-4.486	-4.850	-38.660	569.943	0	-4.456

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Hólmavík														
Flutningur til	35.817	121.417	7.183	488	0	0	8.217	0	0	0	0	542.800	0	0
Flutningur frá	609.627	28.287	136.013	88.590	15.027	367.123	51.391	6.987	0	0	0	360.000	0	0
Mismunur	-573.810	93.130	-128.830	-88.102	-15.027	-367.123	-43.174	-6.987	0	0	0	182.800	0	0
Hrísey														
Flutningur til	200	6.000	0	0	2.537	2.267	0	2.400	0	0	0	1.055.148	0	0
Flutningur frá	309.643	36.003	73.680	15.812	35.677	900	14.090	2.400	1.220	0	0	0	0	0
Mismunur	-309.443	-30.003	-73.680	-15.812	-33.140	1.367	-14.090	0	-1.220	0	0	1.055.148	0	0
Húsavík														
Flutningur til	248.460	208.095	68.870	191.137	1.092	207.831	4.750	4.400	306	15.162	620	2.398.868	0	0
Flutningur frá	2.159.916	653.052	533.066	269.471	24.529	155.533	158.199	22	0	0	0	1.170.098	0	0
Mismunur	-1.911.456	-444.957	-464.196	-78.334	-23.437	52.298	-153.449	4.378	306	15.162	620	1.228.770	0	0
Hvammstangi														
Flutningur til	237.897	553	0	80.000	77.518	51.396	6	64	0	0	0	1.114.938	220.000	0
Flutningur frá	252.890	135.000	19.000	40.000	2.100	29.894	5.000	289	0	0	0	608.843	16.500	0
Mismunur	-14.993	-134.447	-19.000	40.000	75.418	21.502	-4.994	-225	0	0	0	506.095	203.500	0
Ísafjörður														
Flutningur til	991.182	1.278.348	603.000	330.757	326.832	298.956	163.000	10.950	129	0	5.000	2.178.800	0	20.000
Flutningur frá	3.569.520	441.102	798.121	1.113.639	271.531	322.263	249.089	5.809	1.220	0	0	1.847.839	220.000	0
Mismunur	-2.578.338	837.246	-195.121	-782.882	55.301	-23.307	-86.089	5.141	-1.091	0	5.000	330.961	-220.000	20.000
Keflavík														
Flutningur til	5.387.110	180.240	737.115	1.721.417	22.272	51.072	50.518	5.612	4.098	3.250	12.051	87.202	0	4.456
Flutningur frá	596.861	393.611	297.060	192.378	80.032	33.525	159.150	8.048	4.661	17.701	12.273	626.252	0	0
Mismunur	4.790.249	-213.371	440.055	1.529.039	-57.760	17.547	-108.632	-2.436	-563	-14.451	-222	-539.050	0	4.456
Kópasker														
Flutningur til	1.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	29.411	614	0	900	9	0	3	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-28.411	-614	0	-900	-9	0	-3	0	0	0	0	0	0	0

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Mjóifjörður														
Flutningur til	7.341	1.000	2.500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	54.126	4.759	1.827	337	11	0	13.663	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-46.785	-3.759	673	-337	-11	0	-13.663	0	0	0	0	0	0	0
Neskaupstaður														
Flutningur til	337.752	586.622	533.660	236.445	38.530	37.000	298.500	243	8.294	0	0	739.954	0	0
Flutningur frá	1.325.707	168.472	95.912	121.828	31.136	219.535	49.772	400	1.310	10.960	0	771.803	0	0
Mismunur	-987.955	418.150	437.748	114.617	7.394	-182.535	248.728	-157	6.984	-10.960	0	-31.849	0	0
Njarðvík														
Flutningur til	211.500	0	2.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	24.312	11.506	3.386	505	10.891	0	413	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	187.188	-11.506	-1.386	-505	-10.891	0	-413	0	0	0	0	0	0	0
Ólafsfjörður														
Flutningur til	2.141.155	168.144	26.291	235.654	91.201	295.187	83.885	0	0	945	0	683.101	0	0
Flutningur frá	2.072.636	166.033	235.165	294.264	46.562	100.301	245.038	0	1.220	0	0	565.851	0	0
Mismunur	68.519	2.111	-208.874	-58.610	44.639	194.886	-161.153	0	-1.220	945	0	117.250	0	0
Ólafsvík														
Flutningur til	1.308.751	219.185	98.597	9.430	16.539	0	398.780	13.400	192	0	0	0	0	0
Flutningur frá	428.894	300.785	168.965	245.904	136.518	121.245	169.614	1.657	0	0	0	792.831	0	0
Mismunur	879.857	-81.600	-70.368	-236.474	-119.979	-121.245	229.166	11.743	192	0	0	-792.831	0	0
Patreksfjörður														
Flutningur til	715.926	259.500	50.017	23.000	142.178	595	416.376	15.738	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	406.948	119.300	5.912	50.444	163.257	7.979	15.132	2.469	0	0	0	165.829	0	0
Mismunur	308.978	140.200	44.105	-27.444	-21.079	-7.384	401.244	13.269	0	0	0	-165.829	0	0
Raufarhöfn														
Flutningur til	20.631	67.585	33.197	7.744	9.988	216.672	2.976	0	0	16.588	0	608.947	0	0
Flutningur frá	1.593.679	243.922	215.269	31.790	260	22.960	6.783	58	0	305	0	1.062.862	0	0
Mismunur	-1.573.048	-176.337	-182.072	-24.046	9.728	193.712	-3.807	-58	0	16.283	0	-453.915	0	0

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Reyðarfjörður														
Flutningur til	187.700	500.000	459.400	71.000	0	0	50.000	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	3.000	60.040	14.000	22.000	0	28.759	33.000	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	184.700	439.960	445.400	49.000	0	-28.759	17.000	0	0	0	0	0	0	0
Reykhólar														
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	154	257	0	0	2.050	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-154	-257	0	0	-2.050	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reykjavík														
Flutningur til	2.828.125	824.672	1.574.964	800.798	82.217	487.099	193.818	27.369	2.440	6.385	3.587	2.131.473	0	0
Flutningur frá	2.573.843	975.235	1.210.576	1.501.841	64.821	413.177	643.503	5.772	1.639	8.653	3.000	2.334.051	0	0
Mismunur	254.282	-150.563	364.388	-701.043	17.396	73.922	-449.685	21.597	801	-2.268	587	-202.578	0	0
Rif														
Flutningur til	1.050.244	1.064.372	744.279	233.442	106.182	1.022.405	153.627	0	0	0	0	168.000	0	0
Flutningur frá	1.472.933	1.297.007	772.092	305.279	242.838	172.665	96.809	2.484	0	0	0	268.000	0	0
Mismunur	-422.689	-232.635	-27.813	-71.837	-136.656	849.740	56.818	-2.484	0	0	0	-100.000	0	0
Sandgerði														
Flutningur til	354.452	239.000	433.110	660.746	8.100	18.700	94.500	59	907	0	11.716	323.500	0	0
Flutningur frá	246.230	198.007	269.000	336.000	54.530	270.365	78.600	3.104	0	4.600	0	820.198	0	0
Mismunur	108.222	40.993	164.110	324.746	-46.430	-251.665	15.900	-3.045	907	-4.600	11.716	-496.698	0	0
Sauðárkrókur														
Flutningur til	126.430	0	1.434	240	0	0	18.828	0	244	0	617	175.333	0	0
Flutningur frá	580.069	44.815	409.416	530.212	0	181.720	30.444	0	1.220	0	3.704	392.747	0	0
Mismunur	-453.639	-44.815	-407.982	-529.972	0	-181.720	-11.616	0	-976	0	-3.087	-217.414	0	0
Seltjarnarnes														
Flutningur til	145.953	93.396	103.048	12.155	16.000	0	40.110	7.513	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	305	0	27.500	26.330	3.100	0	0	275	0	0	0	0	0	0
Mismunur	145.648	93.396	75.548	-14.175	12.900	0	40.110	7.238	0	0	0	0	0	0

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Seyðisfjörður														
Flutningur til	559.155	344.484	513.247	336.945	33.262	68.535	107.583	0	0	0	0	150.000	0	0
Flutningur frá	347.939	21.470	346	200.543	1.122	77.105	0	0	0	0	0	150.000	0	0
Mismunur	211.216	323.014	512.901	136.402	32.140	-8.570	107.583	0	0	0	0	0	0	0
Siglufjörður														
Flutningur til	173.377	28.871	26.696	26.021	761	264	29.395	0	1.544	10.250	0	2.822.004	0	0
Flutningur frá	2.767.791	427.971	571.997	1.312.932	6.621	477.919	11.164	0	1.220	450	4.477	328.077	0	0
Mismunur	-2.594.414	-399.100	-545.301	-1.286.911	-5.860	-477.655	18.231	0	324	9.800	-4.477	2.493.927	0	0
Skagaströnd														
Flutningur til	334.322	611	0	115.000	0	160.000	26.980	0	0	0	0	1.456.375	0	0
Flutningur frá	1.518.179	433.066	255.182	1.045.802	32.650	23.363	122.300	508	0	0	4.939	737.573	0	0
Mismunur	-1.183.857	-432.455	-255.182	-930.802	-32.650	136.637	-95.320	-508	0	0	-4.939	718.802	0	0
Stokkseyri														
Flutningur til	70.262	44.579	43.100	287.060	12.500	0	43.750	0	0	0	5.600	0	0	0
Flutningur frá	292.500	0	0	0	0	0	14.894	14.500	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-222.238	44.579	43.100	287.060	12.500	0	28.856	-14.500	0	0	5.600	0	0	0
Stykkishólmur														
Flutningur til	331.339	41.428	15.000	3.800	8.728	0	56.392	487	0	0	0	561.369	25.000	0
Flutningur frá	702.606	55.415	1.791	16.888	14.482	0	40.689	125	0	0	0	376.956	102.000	0
Mismunur	-371.267	-13.987	13.209	-13.088	-5.754	0	15.703	362	0	0	0	184.413	-77.000	0
Stöðvarfjörður														
Flutningur til	1.046.414	400.599	339.000	294.559	42.546	32.000	28.155	0	0	0	0	400.000	0	0
Flutningur frá	159.959	102.405	12.000	60.000	46.398	19.000	3.500	0	0	0	0	22.109	0	0
Mismunur	886.455	298.194	327.000	234.559	-3.852	13.000	24.655	0	0	0	0	377.891	0	0
Suðureyri														
Flutningur til	83.000	27.074	1.000	0	22.104	0	21.000	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	19.748	5.300	184	0	61.948	0	4.076	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	63.252	21.774	816	0	-39.844	0	16.924	0	0	0	0	0	0	0

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Súðavík														
Flutningur til	23.528	6.847	0	0	1.175	124.265	1.800	0	0	0	0	86.500	0	0
Flutningur frá	340.500	185.448	198.000	594.775	0	190.000	0	0	0	0	0	200.000	0	0
Mismunur	-316.972	-178.601	-198.000	-594.775	1.175	-65.735	1.800	0	0	0	0	-113.500	0	0
Svalbarðsströnd														
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	8.187	35	62	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-8.187	-35	-62	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tálknafjörður														
Flutningur til	357.162	15.000	0	0	5.000	0	50.000	0	0	0	0	0	36.500	0
Flutningur frá	321.500	48.895	10.312	66	622	0	37.571	433	0	0	0	0	0	0
Mismunur	35.662	-33.895	-10.312	-66	4.378	0	12.429	-433	0	0	0	0	36.500	0
Vestmannaeyjar														
Flutningur til	1.760.775	1.689.694	1.127.382	1.879.775	117.541	176.767	134.257	39.997	10.387	46.572	2.300	264.760	0	0
Flutningur frá	1.718.221	938.639	1.342.353	530.917	65.654	315.157	362.164	9.866	4.650	11.157	22.636	187.726	0	0
Mismunur	42.554	751.055	-214.971	1.348.858	51.887	-138.390	-227.907	30.131	5.737	35.415	-20.336	77.034	0	0
Vík í Mýrdal														
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	0	0	0	0	34	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	0	0	0	0	-34	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vogar														
Flutningur til	1.135.021	154.983	608.000	316.524	0	0	38	78	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	75.034	56.052	17.329	1.833	3.710	0	181.670	0	313	0	0	46.000	0	0
Mismunur	1.059.987	98.931	590.671	314.691	-3.710	0	-181.632	78	-313	0	0	-46.000	0	0
Vopnafjörður														
Flutningur til	63.732	12.435	70.000	954.000	3.184	550.249	150.260	0	0	5	0	317.278	0	0
Flutningur frá	853.025	187.001	172	562	2.043	40.000	30.061	0	59	2.200	0	0	0	0
Mismunur	-789.293	-174.566	69.828	953.438	1.141	510.249	120.199	0	-59	-2.195	0	317.278	0	0

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfj.rækja
Þingeyri														
Flutningur til	78.100	50.000	0	0	16.000	2.176	107.370	0	0	0	0	498.000	0	0
Flutningur frá	146.064	100.737	49.568	100.000	28.893	0	14.640	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-67.964	-50.737	-49.568	-100.000	-12.893	2.176	92.730	0	0	0	0	498.000	0	0
Þorlákshöfn														
Flutningur til	1.393.119	337.375	291.575	224.560	45.348	0	128.773	20.500	0	0	68.283	1.433.689	0	0
Flutningur frá	327.679	302.286	618.813	407.218	548	162.692	581.900	99.356	0	24.253	25.657	1.148.846	0	0
Mismunur	1.065.440	35.089	-327.238	-182.658	44.800	-162.692	-453.127	-78.856	0	-24.253	42.626	284.843	0	0
Þórshöfn														
Flutningur til	314.501	96.842	178.410	5.444	52.000	194.000	57.465	0	0	9.000	0	0	0	0
Flutningur frá	576.741	124.687	258.752	142.067	1.450	251.757	57.007	0	1.057	10.628	0	418.770	0	0
Mismunur	-262.240	-27.845	-80.342	-136.623	50.550	-57.757	458	0	-1.057	-1.628	0	-418.770	0	0
Samtals														
Flutningur til	46.999.701	15.396.329	14.251.220	15.116.869	3.010.652	6.847.955	5.464.263	223.305	53.379	148.879	142.238	30.672.310	475.300	24.456
Flutningur frá	46.999.701	15.396.329	14.251.220	15.116.869	3.010.652	6.847.955	5.464.263	223.305	53.379	148.879	142.238	30.672.310	475.300	24.456
Mismunur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

324. Svar [138. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið eftirtöldum fjárframlögum á óskiptum liðum samkvæmt sérstöku yfirliti á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum:

a. 3,9 millj. kr. á liðnum 07-999 131 Félagasamtök, styrkir,

b. 2,2 millj. kr. á liðnum 07-999 190 Ýmis framlög?

Styrkjum hefur ekki verið ráðstafað af fjárlagalið 07-999 131 Félagasamtök, styrkir.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn um ráðstöfunarfé ráðherra á þskj. 326 er tekið fram að styrkir séu ekki gjaldfærðir á þann fjárlagalið, heldur er fjárheimild þess fjárlagaliðar millifærð í lok hvers árs á fjárlagalið 07-199 190. Til ráðstöfunar á þeim fjárlagalið eru því 7,2 millj. kr. árið 1997. Eftirtalin verkefni hafa þegar verið styrkt af fjárlagalið 07-999 190 Ýmis framlög.

Verkefni	Kr.
Ásgarður, handverkstæði	
Styrkur til starfseminnar	100.000
Bandalag háskólamanna	
Starfsmatsverkefni	200.000
Barnaheill	
Foreldranámskeið	200.000
Byggingastaðlaráð	
Staðlagerð	500.000
Einstaklingur	
Rannsókn á málefnum flóttamanna á fyrri hluta aldarinnar	50.000
Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra	
Helios II	75.000
Iðnnemasamband Íslands	
Atvinnumiðlun iðnnema	200.000
Iðntæknistofnun Íslands	
Þátttaka í Leonardo-verkefni	75.000
Íþróttasamband fatlaðra	
Sumarbúðir fatlaðra á Laugarvatni	100.000
Jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar	
Gerð heimildarmyndar um karla í fæðingarorlofi	150.000
Kennaraháskóli Íslands	
Styrkur til norrænnar ráðstefnu	100.000
Landssamband slökkviliðsmanna	
Eldvarnafræðsla í grunnskólum	100.000
Leikhópurinn Perlan	
Styrkur til starfsemi leikhópsins	150.000
Litla gula hænan	
Gerð myndar um jafnréttismál	200.000

Miðstöð fólks í atvinnuleit	
Styrkur til starfseminnar	150.000
Norræn samtök um umönnun við ævilok	
Styrkur til norrænnar ráðstefnu	50.000
Norrænafélagið, Nordklúbburinn	
Til reksturs atvinnumiðlunar	40.000
Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	
Styrkur til útgáfu tímarits samtakanna	40.000
Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands	
Styrkur til söguþings	100.000
Stúdentaráð Háskóla Íslands	
Atvinnumiðlun námsmanna	250.000
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	
Styrkur til starfseminnar	50.000
Umhyggja	
Styrkur til starfseminnar	100.000
UNIFEM á Íslandi	
Til hjálpar konum í þróunarlöndum	100.000
Þrír einstaklingar	
Rannsókn á viðhorfum og aðlögun Tælendinga á Íslandi	75.000
Þroskaþjálfaskóli Íslands	
Styrkur til greiðslu túlkaþjónustu í námsferð skólans	50.000
Samtals	**3.205.00**

325. Svar [137. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um rekstrarhagræðingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 20 millj. kr. framlagi til rekstrarhagræðingar á lið 07-950 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Þau verkefni sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um að greiða af fjárveitingu félagsmálaráðuneytisins til rekstrarhagræðingar eru:

1. *Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.* Til kaupa á tölvu- og hugbúnaði í tengslum við breytingar á skipulagi og starfsháttum stofnunarinnar. Markmið breytinganna er að auka skilvirkni, stytta biðtíma eftir þjónustu og auka eftirfylgd. Stofnunin fékk styrk í þessu skyni að fjárhæð 1,2 millj. kr.
2. *Félagsdómur.* Til kaupa á húsbúnaði og tækjum í dómssal Félagsdóms. Áætlaður kostnaður er 2,5 millj. kr.
3. *Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa.* Endurnýjun á húsbúnaði og tölvukosti ráðuneytisins. Aðkeypt þjónusta við gerð starfslýsinga og skipurits fyrir ráðuneytið. Aðkeypt

þjónusta til samræmingar á útliti skýrslna ráðuneytisins. Alls er áætlaður kostnaður vegna þessara verkefna 5,5 millj. kr.

4. *Þjónusta við fatlaða.* Úttekt á þjónustu við fatlaða í tengslum við yfirtöku sveitarfélaga á þjónustunni. Áætlaður kostnaður 3,1 millj. kr.
5. *Launakostnaður.* Greiðsla launa vegna samnings um starfslok. Kostnaður 2,7 millj. kr.
6. *Endurskipulagning Húsnæðisstofnunar ríkisins.* Aðkeypt þjónusta í tengslum við endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar. Áætlaður kostnaður 1 millj. kr.

326. Svar [136. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Gísla S. Einarssonar, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 5 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 07-199 í fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Félagsmálaráðuneytið ávísar ekki styrkjum á fjárlagalið 07-199 ráðstöfunarfé ráðherra. Fjárheimild þessa fjárlagaliðar er í lok hvers árs millifærð á fjárlagalið 07-999 190 Félagsmál, ýmis framlög. Um svar við þessari fyrirspurn er því vísað til svars við fyrirspurn um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum á þskj. 324, b-lið.

327. Svar [157. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um breytingar á kjörum lífeyrisþega almannatrygginga.

1. *Hvaða breytingar hafa verið gerðar á reglum (lögum, reglum, reglugerðum og vinnureglum sem hafa áhrif á kjör lífeyrisþega almannatrygginga) um*
   1. *grunnlífeyri ellilífeyris,*
   2. *grunnlífeyri örorkulífeyris,*
   3. *tekjutryggingu (tekjutengingu, frítekjumörk gagnvart almennum tekjum og lífeyrissjóðstekjum) ellilífeyris,*
   4. *tekjutryggingu (tekjutengingu, frítekjumörk gagnvart almennum tekjum og lífeyrissjóðstekjum) örorkulífeyris,*
   5. *heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót ellilífeyris,*
   6. *heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót örorkulífeyris,*
   7. *sérstaka uppbót, svokallaða uppbót á lífeyri,*
   8. *makabætur,*

   undanfarin fimm ár og hvenær voru þær gerðar?

Lagabreytingar 1993–97.

1. Lög nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar. Heildarlög.
2. Lög nr. 118 23. desember 1993, um félagslega aðstoð. Heildarlög.
3. Lög nr. 148 30. desember 1994, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og varða breytingu á lögum um almannatryggingar. Ákvæði var um að húsaleigubætur skertu ekki lífeyrisbætur. Ákvæði var um að árleg endurskoðun á frítekjumarki tekjutryggingar skyldi ganga í gildi 1. september ár hvert í stað 1. júlí svo sem áður var. Ákvæði var í lögunum um að greiða skyldi bætur fyrsta virka dag hvers mánaðar en ekki þriðja virka dag. Gildandi reglur um skerðingu sérstakrar heimilisuppbótar voru felldar inn í lögin.
4. Lög nr. 144 18. desember 1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og varða m.a. breytingu á lögum um almannatryggingar. Ákvæði var um að helmingur fjármagnstekna bótaþega skyldi koma til skerðingar á bótum. Skerðing grunnlífeyris ellilífeyris var hækkuð úr 25% í 30% af tekjum umfram frítekjur. Með lögunum fékkst heimild til að reikna þeim sem ekki höfðu sinnt lagaskyldu til að greiða til lífeyrissjóðs tekjur jafnar þeim sem þeir höfðu fengið úr lífeyrissjóði. Tengingu bótaupphæða í almannatryggingalögum við laun í almennri verkamannavinnu var frestað og ákveðið að hún yrði í samræmi við fjárlög á árunum 1996 og 1997.
5. Lög nr. 95 14. júní 1996, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Heimilað að hækka tekjuviðmiðun örorkulífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku við útreikning tekjutengdra bóta.

Auglýsingar og reglugerðir.

1. Rg. nr. 232 2. júní 1993, um hækkun frítekjumarks.
2. Rg. nr. 238 2. júní 1993, um hækkun bóta almannatrygginga.
3. Rg. nr. 239 7. júní 1993, um hækkun tekjumarks skv. 11. og 12. gr. almannatryggingalaga.
4. Augl. nr. 550 29. desember 1993, um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar.
5. Augl. nr. 278 18. maí 1994, um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.
6. Rg. nr. 357 16. júní 1994, um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. almannatryggingalaga.
7. Rg. nr. 362 16. júní 1994, um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1994.
8. Augl. nr. 367 28. júní 1994, um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar.
9. Rg. nr. 184 17. mars 1995, um hækkun bóta almannatrygginga.
10. Rg. nr. 363 26. júní 1995, um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1995.
11. Augl. nr. 463 16. ágúst 1995, um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.
12. Rg. nr. 485 5. september 1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar.
13. Rg. nr. 490 5. september 1995, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.
14. Rg. nr. 678 28. desember 1995, um hækkun bóta almannatrygginga.
15. Rg. nr. 59 22. janúar 1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.
16. Rg. nr. 245 29. apríl 1996, um breytingu á reglugerð nr. 59/1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.
17. Rg. nr. 373 26. júní 1996, um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1996.
18. Rg. nr. 643 16. desember 1996, um útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar hjá örorkulífeyrisþegum sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta.

19. Rg. nr. 231 2. apríl 1997, um breytingu á reglugerð nr. 59/1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.
20. Augl. nr. 291 11. apríl 1997, um gildistöku EES-reglugerða um almannatryggingar.
21. Rg. nr. 302 16. maí 1997, um hækkun bóta almannatrygginga.
22. Rg. nr. 388 20. júní 1997, um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1997.
23. Rg. nr. 472 25. júlí 1997, um hækkun bóta almannatrygginga.
24. Rg. nr. 547 1. september 1997, um (2.) breytingu á reglugerð nr. 59/1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.
25. Rg. nr. 562 29. ágúst 1997, um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) samkvæmt almannatryggingalögum.
26. Rg. nr. 563 2. október 1997, um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. almannatryggingalaga.
27. Rg. nr. 586 16. október 1997, um (1.) breytingu á reglugerð nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar.
28. Rg. nr. 595 16. október 1997, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993.

Vinnureglur.

Engar upplýsingar liggja fyrir um breytingar á vinnureglum.

2. *Hvenær og hvernig hafa upphæðir*
   a. grunnlífeyris,
   b. tekjutryggingar,
   c. heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar,
   d. makabóta,
   breyst á umræddu tímabili?

Óskertar mánaðarbætur elli- og örorkulífeyris 1993–97.

	1993	1994	1995	1996	1997
Janúar	12.329	12.329	12.329	13.373	13.640
Febrúar	12.329	12.329	12.329	13.373	13.640
Mars	12.329	12.329	12.921	13.373	14.186
Apríl	12.329	12.329	12.921	13.373	14.186
Maí	12.329	12.329	12.921	13.373	14.186
Júní	12.329	12.329	12.921	13.373	14.186
Júlí	12.329	12.329	12.921	13.373	14.186
Ágúst	12.329	12.329	12.921	13.373	14.541
September	12.329	12.329	12.921	13.373	14.541
Október	12.329	12.329	12.921	13.373	14.541
Nóvember	12.329	12.329	12.921	13.373	14.541
Desember	12.329	12.329	12.921	13.373	14.541
Samtals	**147.948**	**147.948**	**153.868**	**160.476**	**170.915**

Þessar greiðslur eru einstaklingslífeyrir. Lífeyrir hjóna er 90% af einstaklingslífeyri.
Engar hækkanir urðu á grunnlífeyri árin 1993 og 1994.

1995 er hækkun á grunnlífeyri:	4,8% frá 1. mars
1996 er hækkun á grunnlífeyri:	3,5% frá 1. janúar
1997 er hækkun á grunnlífeyri:	2,0% frá 1. janúar
	4,0% frá 1. mars
	2,5% frá 1. ágúst

Tekjutrygging ellilífeyrisþega 1993-1997						**Tekjutrygging örorkulífeyrisþega**				
Einstaklingar						Einstaklingar				
	1993	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Janúar	29.036	22.684	22.684	24.605	25.097	29.850	23.320	23.320	25.294	25.800
Febrúar	22.684	22.684	22.684	24.605	25.097	23.320	23.320	23.320	25.294	25.800
Mars	22.684	22.684	23.773	24.605	26.101	23.320	23.320	24.439	25.294	26.832
Apríl	22.684	22.684	23.773	24.605	26.101	23.320	23.320	24.439	25.294	26.832
Maí	22.684	22.684	23.773	24.605	26.101	23.320	23.320	24.439	25.294	26.832
Júní	22.684	22.684	23.773	24.605	26.101	23.320	23.320	24.439	25.294	26.832
Júlí	29.036	32.846	29.954	30.510	31.321	29.850	33.767	30.793	31.365	32.198
Ágúst	27.221	27.221	28.528	29.526	26.754	27.984	27.984	29.327	30.353	27.503
September	22.684	22.684	23.773	24.605	26.754	23.320	23.320	24.439	25.294	27.503
Október	22.684	22.684	23.773	24.605	26.754	23.320	23.320	24.439	25.294	27.503
Nóvember	22.684	22.684	23.773	24.605	26.754	23.320	23.320	24.439	25.294	27.503
Desember	35.841	35.841	37.086	37.892	34.780	36.846	36.846	38.125	38.953	35.754
	302.606	**300.064**	**307.347**	**319.373**	**327.715**	**311.090**	**308.477**	**315.958**	**328.317**	**336.892**
Tekjutrygging hjóna er sama upphæð og hjá einstaklingum, en hún hefur annað frítekjumark										
Tekjutrtyggingaauki er innifalin í bótatöxtum										

Heimilisuppbót						**Sérstök heimilisuppbót**				
	1993	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Janúar	9.870	7.711	7.711	8.364	8.531	6.789	5.304	5.304	5.757	5.869
Febrúar	7.711	7.711	7.711	8.364	8.531	5.304	5.304	5.304	5.757	5.869
Mars	7.711	7.711	8.081	8.364	8.872	5.304	5.304	5.559	5.757	6.104
Apríl	7.711	7.711	8.081	8.364	8.872	5.304	5.304	5.559	5.757	6.104
Maí	7.711	7.711	8.081	8.364	8.872	5.304	5.304	5.559	5.757	6.104
Júní	7.711	7.711	8.081	8.364	12.480	5.304	5.304	5.559	5.757	6.104
Júlí	9.870	11.166	10.182	10.371	14.976	6.789	7.680	7.004	7.135	7.325
Ágúst	9.253	9.253	9.697	10.037	12.792	6.365	6.365	6.671	6.905	6.257
September	7.711	7.711	8.081	8.364	12.792	5.304	5.304	5.559	5.754	6.257
Október	7.711	7.711	8.081	8.364	12.792	5.304	5.304	5.559	5.754	6.257
Nóvember	7.711	7.711	8.081	8.364	12.792	5.304	5.304	5.559	5.754	6.257
Desember	12.183	12.183	12.606	12.881	16.630	8.380	8.380	8.672	8.861	8.134
	102.864	102.001	104.474	108.565	138.932	70.755	70.161	71.868	74.705	76.641
Breyting varð á hlutfalli heimilisuppbótar frá 1. júní 1997										
Tekjutrtyggingaauki er innifalin í bótatöxtum										

Makabætur 1993 - 1997											
Makabætur eru í fyrsta lagi 80% af lífeyri og tekjutryggingu og í öðru lagi 50% af sömu bótaflokkum											
80%	1993	1994	1995	1996	1997	50%	1993	1994	1995	1996	1997
Janúar	33.743	28.519	28.519	30.934	31.552		21.090	17.825	17.825	19.334	19.720
Febrúar	28.519	28.519	28.519	30.934	31.552		17.825	17.825	17.825	19.334	19.720
Mars	28.519	28.519	29.888	30.934	32.814		17.825	17.825	18.680	19.334	20.509
Apríl	28.519	28.519	29.888	30.934	32.814		17.825	17.825	18.680	19.334	20.509
Maí	28.519	28.519	29.888	30.934	32.814		17.825	17.825	18.680	19.334	20.509
Júní	28.519	28.519	29.888	30.934	32.814		17.825	17.825	18.680	19.334	20.509
Júlí	33.743	36.877	34.971	35.790	37.108		21.090	23.048	21.857	22.369	23.192
Ágúst	32.250	32.250	33.798	34.981	33.635		20.157	20.157	21.124	21.863	21.022
September	28.519	28.519	29.888	30.934	33.635		17.825	17.825	18.680	19.334	21.022
Október	28.519	28.519	29.888	30.934	33.635		17.825	17.825	18.680	19.334	21.022
Nóvember	28.519	28.519	29.888	30.934	33.635		17.825	17.825	18.680	19.334	21.022
Desember	39.340	39.340	40.837	41.861	40.236		24.588	24.588	25.523	26.163	25.147
	367.228	365.138	375.860	391.038	406.244		229.525	228.218	234.914	244.401	253.903

3. *Hvenær og hvernig breyttust frítekjumörk grunnlífeyris á tímabilinu?*

Frítekjumark elli- og örorkulífeyris árin 1993–97 (fjárhæðir í kr.).

	Mánuðir	1993	1994	Mánuðir	1995	Mánuðir	1996	Mánuðir	1997
Frítekjumark	1.1.–30.6.	853.373	868.729	1.1.–28.2.	822.227	1.1.–31.8.	822.227	1.1.–31.8.	836.205
ellilífeyris	1.7.–31.12.	868.729	822.227	1.3.–31.12.	822.227	1.9.–31.12.	836.205	1.9.–31.10.	878.015
								1.11.–31.12.	1.050.552
Frítekjumark	1.1.–30.6.	871.373	887.058	1.1.–28.2.	839.187	1.1.–31.8.	839.187	1.1.–31.8.	853.453
örorkulífeyris	1.7.–31.12.	887.058	839.187	1.3.–31.12.	839.187	1.9.–31.12.	853.453	1.9–31.10.	896.126
								1.11.–31.12.	1.070.532

4. *Hvenær hafa viðbótarupphæðir, svo sem orlofsuppbót, desemberuppbót o.fl., lagst ofan á grunnlífeyrinn?*
   Aldrei.

5. *Er lífeyrisþegum mismunað eftir því hvenær þeir hafa sótt um heimilisuppbæturnar?*
   Nei.

6. *Hversu margir öryrkjar sem fá greiðslur úr almannatryggingunum fá*
   a. *engar greiðslur úr lífeyrissjóði,*
   b. *undir 5.000 kr.,*
   c. *undir 10.000 kr.,*
   d. *undir 20.000 kr.?*
7. *Hversu margir ellilífeyrisþegar sem fá greiðslur úr almannatryggingunum fá*
   a. *engar greiðslur úr lífeyrissjóði,*
   b. *undir 5.000 kr.,*
   c. *undir 10.000 kr.,*
   d. *undir 20.000 kr.?*
8. *Hversu margir ellilífeyrisþeganna sem spurt er um í 7. tölulið voru öryrkjar áður en þeir hófu töku ellilífeyris, í hverjum flokki fyrir sig?*

Eftirfarandi upplýsingar viðvíkjandi 6.–8. lið fyrirspurnarinnar voru unnar af Skýrr dagana 29. október til 4. nóvember sl., en kostnaður vegna útkeyrslu þeirra nam 86 þús. kr.

	Kr.	Örorkulífeyrir	Ellil. sjóm.	Ellilífeyrir	Áður öryrkjar
1.10.1993	0	3.219	104	5.578	11
	< 5.000	3.528	120	7.058	18
	< 10.000	3.845	150	9.763	25
	< 20.000	4.486	202	15.581	51
	> 20.000	1.350	87	6.390	18
Samtals		**5.839**	**289**	**21.971**	**69**
1.10.1994	0	3.542	80	5.359	1
	< 5.000	3.868	91	6.907	2
	< 10.000	4.221	118	9.523	3
	< 20.000	4.886	156	15.334	8
	> 20.000	1.671	97	7.075	3
Samtals		**6.557**	**253**	**22.409**	**11**
1.10.1995	0	3.905	66	4.929	101
	< 5.000	4.282	78	6.344	120
	< 10.000	4.684	94	8.888	149
	< 20.000	5.464	132	14.795	209
	> 20.000	2.072	81	8.121	97
Samtals		**7.536**	**213**	**22.916**	**306**
1.10.1996	0	3.755	52	4.396	188
	< 5.000	4.156	64	5.772	230
	< 10.000	4.601	72	8.205	293
	< 20.000	5.453	96	14.023	423
	> 20.000	2.403	70	9.034	256
Samtals		**7.856**	**166**	**23.057**	**679**
1.10.1997	0	3.521	39	3.977	249
	< 5.000	3.937	41	5.357	332
	< 10.000	4.387	54	7.680	440
	< 20.000	5.214	71	13.295	668
	> 20.000	2.630	61	10.241	437
Samtals		**7.844**	**132**	**23.536**	**1.105**

328. Svar [204. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um vegakerfi á Suðurlandi.

1. *Hvernig er vegakerfið á Suðurlandi samsett, að lengd og efnisgerð, sundurliðað eftir sýslum:*
   a. stofnbrautir,

b. tengivegir,
c. safnvegir,
d. landsvegir?

Vegakerfi á Suðurlandi, sundurliðað eftir sýslum. (Lengdir í km.)

	Stofnvegir	Tengivegir	Safnvegir	Landsvegir	Samtals
Vestur-Skaftafellssýsla	154	132	108	165	559
Rangárvallasýsla	72	422	190	384	1.068
Vestmannaeyjar	9	8			17
Árnessýsla	383	430	211	200	1.224
Samtals	**618**	**992**	**509**	**749**	**2.868**

2. *Hver er umferðarþungi á fyrrgreindum vegum? Hvernig er ástand þeirra og hve mikill hluti þeirra er lagður bundnu slitlagi?*

Gerð slitlags og umferð, sundurliðað eftir sýslum. (Lengd slitlags í km, umferð í millj. ekinna km.)

	Bundið slitlag	Malarslitlag	Umferð
Vestur-Skaftafellssýsla	167	392	18
Rangárvallasýsla	182	886	40
Vestmannaeyjar	11	6	3
Árnessýsla	339	885	128
Samtals	**699**	**2.169**	**189**

Langmestur hluti bundna slitlagsins er á stofnvegum.

3. *Hver er árlegur rekstrarkostnaður starfsstöðva Vegagerðarinnar á Suðurlandi, sundurliðað eftir sýslum?*

Beinn kostnaður við rekstur þjónustustöðva Vegagerðarinnar á Suðurlandi var eftirfarandi á árinu 1996:

	Millj. kr.
Þjónustustöð á Selfossi	15,1
Þjónustustöð á Hvolsvelli	7,4
Þjónustustöð í Vík	10,3
Samtals	**32,8**

4. *Hefur Vegagerðin skoðað þann möguleika að færa verkefni frá Reykjavík, í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um flutning ríkisfyrirtækja út á landsbyggðina?*

Vegagerðin hefur ekki aðeins skoðað þann möguleika að færa verkefni frá Reykjavík heldur framkvæmt slíkan flutning í mjög miklum mæli. Ber þar fyrst að nefna umdæmismiðstöðvar í öllum kjördæmum landsins þar sem m.a. starfa 3–4 tæknimenntaðir menn sem annast verulegan hluta tæknilegs undirbúnings og eftirlits með framkvæmdum. Auk umdæmismiðstöðvanna eru um 20 þjónustustöðvar úti á landi, en þeim hefur farið fækkandi á undanförnum árum í takt við breytingar á vegakerfinu. Verkefni þjónustustöðva sem lagðar hafa verið niður

hafa verið flutt til innan viðkomandi umdæma — ekki til Reykjavíkur. Skipting starfsmanna Vegagerðarinnar milli miðstöðvar og umdæma lýsir því vel hversu dreifð stofnunin er og hversu mikill hluti verkefna hennar er unninn utan Reykjavíkur, en um síðustu áramót voru fastir starfsmenn miðstöðvar í Reykjavík 90 en fastir starfsmenn í umdæmum samtals 257.

329. Tillaga til þingsályktunar [262. mál]

um viðræður við bandarísk stjórnvöld um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Lárusson, Kristín Halldórsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í árslok 1998 þannig að nægur tími gefist til samninga um málið áður en uppsagnarákvæði gildandi samnings verður virkt eða hann rennur út.

Greinargerð.

Áhugi bandarískra stjórnvalda á því að draga úr rekstri í herstöðinni í Keflavík hefur komið fram með ýmsu móti á undanförnum árum. Mikill samdráttur hefur orðið í umsvifum Bandaríkjamanna og NATO hér á landi og er ekki að undra í ljósi breyttra aðstæðna í okkar heimshluta. Eins og málið hefur þróast hafa íslensk yfirvöld utanríkismála frekar en bandarísk þrýst á um að hafa hér meiri viðbúnað en minni. Í viðræðum bandarískra og íslenskra stjórnvalda í aðdraganda að núgildandi og síðastgildandi samkomulagi um umsvifin hér á landi var ljóst að Íslendingar fóru fram á áframhaldandi staðsetningu orrustuflugvéla hér, en björgunarsveitin o.fl. tengist veru þeirra hér. Nýlegar tillögur um að taka Ísland út úr herstjórnarskipulagi NATO bera einnig vott um þennan áhuga. Staðreyndirnar tala sínu máli og er samdrátturinn orðinn umtalsverður eins og sjá má í fylgiskjali IV þar sem fram koma m.a. upplýsingar um fjölda hermanna og orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli, svo og önnur umsvif á undanförnum árum.

Um áratugaskeið hefur afstaðan til veru bandaríska hersins í Keflavík verið deilumál hér á landi og lengst af hefur þjóðin skipst í tvær fylkingar, löngum svipaðar að stærð, í afstöðu sinni til þess hvort væri rétt, skylt eða nauðsynlegt að hafa hér erlendan her. Í þeim deilum var það a.m.k. í orði kveðnu yfirlýst afstaða helstu stjórnmálasamtaka að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum. Þeir friðartímar létu á sér standa og voru jafnvel styrjaldir í fjarlægum heimsálfum notaðar til að réttlæta veru hersins hér. Á kaldastríðstímanum var spenna milli risaveldanna tveggja að sjálfsögðu notuð, hér eins og annars staðar, til að réttlæta aukinn vígbúnað. Nú hafa hins vegar óumdeilanlega skapast þær aðstæður að vígbúnaðinum er ekki beint gegn neinum óvini en sú staða hefur tæpast verið fyrir hendi meðan erlendur her hefur verið í landinu.

Sökum þessara breyttu aðstæðna og í ljósi þess að Bandaríkjamenn vilja draga úr umsvifum sínum hér hafa nú skapast kjöraðstæður, sem eru nánast sögulegar, til að sætta þjóðina í

þessu deilumáli með því að herinn hverfi af landi brott. Hin langa herseta hefur hins vegar sett sín spor og þær tekjur, atvinna og umsvif sem leiddi af veru hersins voru lengi vel mjög þýðingarmikill og drjúgur hluti af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins hvort sem mönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það. Verulega hefur dregið úr efnahagslegu mikilvægi hersetunnar og hafa gjaldeyristekjur sem leitt hefur af henni minnkað að raungildi á undanförnum árum og hlutfallslega töluvert ef miðað er við auknar útflutningstekjur af annarri starfsemi.

Núgildandi samkomulag milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda rennur út í apríl árið 2001 og er með uppsagnarákvæði þegar í apríl árið 2000. Það er því tímabært að hefja nú þegar viðræður við bandarísk stjórnvöld um með hvaða hætti erlendur her og eiginlegur vígbúnaður geti horfið úr landi. Eftir gæti staðið sá búnaður sem talið væri rétt að hafa hér tiltækan. Íslendingar gætu fyrst í stað tekið að sér að halda húsum og öðrum mannvirkjum við og sjá um að hér væri til reiðu sú aðstaða sem samkomulag yrði um. Síðast en ekki síst gætu Íslendingar að fullu yfirtekið rekstur Keflavíkurflugvallar og fengið afnot af þeim mannvirkjum og þeirri aðstöðu sem samkomulag næðist um að taka mætti til borgaralegra nota. Enginn vafi er á að húsnæði og aðstaða við flugvöllinn gæti nýst til margvíslegrar atvinnustarfsemi og aukinna umsvifa sem kæmu í stað þess sem nú er. Atvinnuástand hefur batnað á Suðurnesjum og byrjaðar eru eða áætlaðar miklar framkvæmdir þannig að aðstæður eru að ýmsu leyti hagstæðar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera áætlun um sérstakt átak til atvinnuuppbyggingar og þróunar fyrir svæðið samhliða því að unnið er að samkomulagi við Bandaríkjamenn um hvernig að þessum breytingum verði staðið. Í ljósi mikilvægis málsins og með hliðsjón af því hve gæfuríkt væri ef þjóðinni auðnaðist að sameinast á ný um áherslur í þessu viðkvæma máli, sem valdið hefur deilum um hálfrar aldar skeið, er lagt til að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeim viðræðum sem hefjast í framhaldi af samþykkt tillögunnar.

Fylgiskjal I.

Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.

Þar sem Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt, en reynslan hefur sýnt, að varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða, og þar sem tvísýnt er um alþjóðamál, hefur Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á leit við Ísland og Bandaríkin, að þau geri ráðstafanir til, að látin verði í té aðstaða á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnarsvæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, með sameiginlega viðleitni aðila Norður-Atlantshafssamningsins til að varðveita frið og öryggi á því svæði fyrir augum. Samningur sá, sem hér fer á eftir, hefur verið gerður samkvæmt þessum tilmælum.

1. gr.

Bandaríkin munu fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og samkvæmt skuldbindingum þeim, sem þau hafa tekist á hendur með Norður-Atlantshafssamningnum, gera ráðstafanir til varnar Íslandi með þeim skilyrðum, sem greinir í samningi þessum. Í þessu skyni og með varnir á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum, lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg.

2. gr.

Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenskum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.

3. gr.

Það skal vera háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum.

4. gr.

Það skal háð samþykki íslensku ríkisstjórnarinnar, hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

Bandaríkin skulu framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningi þessum þannig, að stuðlað sé svo sem frekast má verða að öryggi íslensku þjóðarinnar, og skal ávallt haft í huga, hve fámennir Íslendingar eru, svo og það, að þeir hafa ekki öldum saman vanist vopnaburði. Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenskum málefnum.

6. gr.

Samningur sá, er gerður var hinn 7. október 1946 milli Íslands og Bandaríkjanna um bráðabirgðaafnot af Keflavíkurflugvelli, fellur úr gildi við gildistöku samnings þessa, og mun Ísland þá taka í sínar hendur stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ísland og Bandaríkin munu koma sér saman um viðeigandi ráðstafanir varðandi skipulag á rekstri flugvallarins til þess að samræma starfsemi þar því, að hann er jafnframt notaður í þágu varnar Íslands.

7. gr.

Hvor ríkisstjórnin getur, hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstjórnarinnar, farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri tillögur til beggja ríkisstjórnanna um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða, frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin, hvenær sem er eftir það, sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi tólf mánuðum síðar. Hvenær sem atburðir þeir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til, skal aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, látin í té á sama hátt. Meðan aðstaðan er eigi notuð til hernaðarþarfa, mun Ísland annað hvort sjálft sjá um nauðsynlegt viðhald á mannvirkjum og útbúnaði eða heimila Bandaríkjunum að annast það.

8. gr.

Samningur þessi er gerður á íslensku, og á ensku, og eru báðir textar jafngildir. Hann gengur í gildi, er hann hefur verið undirritaður af réttum yfirvöldum Íslands og Bandaríkjanna og

ríkisstjórn Íslands hefur afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tilkynningu um, að samningurinn hafi verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Gert í Reykjavík hinn 5. maí 1951.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Bjarni Benediktsson,
utanríkisráðherra Íslands.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku:

Edward B. Lawson,
sérlegur sendiherra og ráðherra með umboði fyrir Bandaríki Ameríku á Íslandi.

Fylgiskjal II.

Bókun 1994.

(Þýdd að beiðni flutningsmanna.)

Með hliðsjón af grundvallarbreytingum sem orðið hafa á öryggisumhverfinu í Evrópu og á Norður-Atlantshafinu í kjölfar endaloka kalda stríðsins, og í samræmi við tvíhliða varnarsamninginn frá 1951, hafa ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands átt viðræður um viðeigandi viðbúnað í Keflavík til varnar Íslandi. Eftirfarandi samkomulag hefur náðst:

1. Bandaríkin staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
2. Íslendingar staðfesta að Bandaríkin og herir bandalagsríkjanna skuli áfram vera í Keflavíkurstöðinni á Íslandi.
3. Fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins og í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum staðfesta Bandaríkin þá skuldbindingu sína að gera ráðstafanir varðandi varnir Íslands með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í Norður-Atlantshafssamningnum og í tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
4. Til varnar Íslandi og því svæði sem heyrir undir Norður-Atlantshafssamninginn munu Íslendingar láta í té þá aðstöðu á Íslandi sem gagnkvæmt samkomulag er um að nauðsynleg sé samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
5. Báðar þjóðir staðfesta þá skuldbindingu sína að hafa með sér náið samráð varðandi öryggismál, bæði á tvíhliða grundvelli og innan NATO, meðan Bandaríkin og bandalagið laga sig að nýjum varnarþörfum í kjölfar endaloka kalda stríðsins.
6. Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna telja að nýleg þróun heimsmála geri mögulegt að gera breytingar á herafla til þess að uppfylla sameiginlegar skuldbindingar sínar varðandi öryggi og varnir. Þess vegna hafa Ísland og Bandaríkin, samkvæmt varnarskuldbindingum sínum, sbr. 3. mgr., komist að samkomulagi um eftirfarandi:
   - að fækka orrustuflugvélum en halda a.m.k. fjórum til þess að viðhalda virkri loftvarnagetu með bækistöð á Íslandi,
   - að viðhalda í Keflavík viðbúnaði og stoðveitum sem nauðsynlegar eru til þess að halda úti orrustuflugvélum,

- að viðhalda björgunarsveitinni,
- að viðhalda flugstöð flotans,
- að viðhalda loftvarnakerfi Íslands,
- að halda áfram heræfingunum Norðurvíkingur (Northern Viking) á tveggja ára fresti,
- að leggja niður tvær litlar flotaeiningar á þeim tíma sem báðar ríkisstjórnir koma sér saman um.

7. Báðir aðilar samþykkja að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að minnka kostnað við rekstur Keflavíkurstöðvarinnar.
8. Ríkisstjórnirnar munu taka aftur upp samráðsfundi með það fyrir augum að endurskoða og komast að sameiginlegum niðurstöðum um skilmála þessa samkomulags í lok tveggja ára tímabils er hefst 1. janúar 1994. Áður en sá tími er liðinn skulu ríkisstjórnirnar skuldbinda sig til þess að kanna leiðir til þess að Ísland taki á sig aukna ábyrgð á sviði björgunarmála.

William J. Perry	*Jón Baldvin Hannibalsson*
aðstoðarvarnarmálaráðherra.	utanríkisráðherra.

Reykjavík, 4. janúar 1994.

Fylgiskjal III.

Bókun 1996.
(Þýdd að beiðni flutningsmanna.)

Með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið í öryggismálum í Evrópu og á Norður-Atlantshafi síðan ritað var undir bókun um tvíhliða varnarsamskipti 4. janúar 1994, og í samræmi við tvíhliða varnarsamninginn frá 1951, hafa ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands átt viðræður um viðeigandi viðbúnað í Keflavík til varnar Íslandi og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

1. Bandaríkin og Ísland staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
2. Báðar þjóðir staðfesta þá skuldbindingu sína að hafa með sér náið samráð um öryggismál, bæði á tvíhliða grundvelli og innan NATO.
3. Báðar þjóðir eru sammála um að bókunin frá 1994 hafi verið framkvæmd að fullu og með góðum árangri.
4. Ísland staðfestir að herafli Bandaríkjanna og bandalagsríkja skuli áfram hafa bækistöð í Keflavík.
5. Fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum staðfesta Bandaríkin þá skuldbindingu sína að gera ráðstafanir varðandi varnir Íslands samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í Norður-Atlantshafssamningnum og tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
6. Til varnar Íslandi og í varnarskyni fyrir það svæði sem heyrir undir Norður-Atlantshafssamninginn munu Íslendingar láta í té þá aðstöðu á Íslandi sem gagnkvæmt samkomulag er um að nauðsynleg sé samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.

7. Með hliðsjón af bókuninni frá 1994 og til þess að staðfesta þá skuldbindingu sína að rækja sameiginlegar skyldur sínar varðandi öryggi og varnir hafa ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna komist að samkomulagi um eftirfarandi:
   a. að tryggja virka loftvarnagetu með því að hafa a.m.k. fjórar orrustuflugvélar á Íslandi,
   b. að halda áfram að reyna eftir megni að bæta aðstöðu til æfinga yfir landi og með lágflugi innan lofthelginnar,
   c. að viðhalda í Keflavík viðbúnaði og stoðveitum sem nauðsynlegar eru til þess að halda úti orrustuflugvélum,
   d. að viðhalda þyrlubjörgunarsveitinni,
   e. að halda áfram að kanna leiðir til þess að Ísland taki á sig aukna ábyrgð á sviði björgunarmála,
   f. að viðhalda flugstöð flotans,
   g. að viðhalda loftvarnakerfi Íslands,
   h. að halda áfram heræfingunum Norðurvíkingur (Northern Viking).
8. Báðir aðilar munu halda áfram að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að minnka kostnað á samþykktum sviðum. Í þessu skyni mun nefnd háttsettra embættismanna um lækkun kostnaðar starfa áfram á vegum aðila.
9. Það er ætlun ríkisstjórnanna að þetta samkomulag gildi í fimm ár frá undirritunardegi þess. Að loknum fjórum árum er hvorri ríkisstjórn um sig heimilt að fara fram á endurskoðun þess. Hafi önnur hvor ríkisstjórnin farið fram á slíka endurskoðun munu Bandaríkin og Ísland leitast við að hefja samráð um endurskoðun skilmála þessa samkomulags innan fjögurra mánaða frá dagsetningu beiðninnar um endurskoðun.

Halldór Ásgrímsson,	*Walter B. Slocombe,*
utanríkisráðherra Íslands.	aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

Reykjavík, 9. apríl 1996.

Fylgiskjal IV.

Upplýsingaskrifstofa Varnarliðsins:

Mannafli og verktaka á vegum Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
(Október 1997.)

Hermenn í Varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli voru **2017**, í júlí síðastliðnum, en ásamt fjölskyldum þeirra og 102 bandarískum borgaralegum starfsmönnum er annast sérhæfð störf telur þetta byggðarlag **4232 íbúa**.

Fjöldi varnarliðsmanna hefur breyst eins og hér segir á undanförnum sex árum:

		Hermenn:	með fjölsk:	ísl. starfsm:
mars	1990	3.276	4.969	1.086
janúar	1994	2.859	5.689	892
júlí	1995	2.202	4.477	964
janúar	1996	2.131	4.360	882
janúar	1997	2.016	4.294	883

Fækkun hermanna á árunum 1990 til 1994 stafaði m.a. af fækkun í flughernum, þ.á m. með brottför AWACS ratsjár flugvélanna og fækkun F-15 orrustuþotnanna og P-3 eftirlitsflugvéla flotans. Flugvélum Varnarliðsins hefur á þessu tímabili fækkað um rúmlega helming og hermönnum um þriðjung. (Flugvélum úr 37 í 17 og hermönnum úr 3.276 í 2.016). Samt sem áður jókst heildarfólksfjöldi á Keflavíkurflugvelli á sama tíma sökum 40% aukningar íbúðarhúsnæðis fyrir fjölskyldufólk og gátu þá allir þeir er vildu haft fjölskyldur sínar með sér hér á landi. Fækkun frá janúar 1994 stafar af frekari fækkun í flughernum í framhaldi af samkomulagi þar um og fækkun í eftirlitsflugsveit flotans og lokun fjarskiptastöðva. Íslenskum starfsmönnum fækkaði á fyrri helmingi þessa tímabils vegna strangra aðhaldsaðgerða Bandaríkjastjórnar við ráðningar í störf er losnuðu og lítið eitt vegna færslu þjónustustarfa til verktaka.

Um **1663 Íslendingar** störfuðu á Keflavíkurflugvelli um síðustu áramót við margskonar þjónustustörf, viðhald og verklegar framkvæmdir svo og stjórnunarstörf.

Starfsmenn Varnarliðsins sjálfs eru **883**, en aðrir starfa hjá verktakafyrirtækjum og ríkisstofnunum. Stærstu verktakafyrirtækin á Keflavíkurflugvelli eru Íslenskir aðalverktakar og Keflavíkurverktakar, en þau annast fyrst og fremst verklegar framkvæmdir. Íslenskir ríkisstarfsmenn starfa á vegum Pósts og síma, Ratsjárstofnunar, Veðurstofu Íslands, eða annast löggæslu og flugumferðarstjórn svo eitthvað sé nefnt. Enginn þessara íslensku starfsmanna býr á Keflavíkurflugvelli og eru laun þeirra og önnur kjör samkvæmt því er tíðkast annarstaðar á íslenskum vinnumarkaði.

Varnarliðið samanstendur af deildum úr bandarísku flughernum, er annast loftvarnir, og flotanum, er annast eftirlit með skipa- og kafbátaferðum. Flotastöð Varnarliðsins rekur öll mannvirki og þjónustu er gerir þessum deildum kleift að sinna störfum sínum. Má þar nefna rekstur flugvallarins, húsnæðis, veitukerfa, mötuneyta, verslana og skóla auk tómstundastarfsemi af ýmsu tagi, er gerir varnarliðsmönnum og fjölskyldum þeirra kleift að lifa sem eðlilegustu lífi.

Flestir íslenskir starfsmenn Varnarliðsins starfa hjá flotastöðinni. Má til dæmis nefna stofnun verklegra framkvæmda, er annast m.a. viðhald og rekstur fasteigna og veitukerfa; tómstundadeild, er rekur íþrótta- og tómstundastofnanir auk veitingahúsa, skemmtistaða og ferðaskrifstofu; verslunardeild flotans, Navy Exchange, er býður upp á flest annað en matvöru; matvöruverslun; birgðadeild, er annast innkaup, geymslu og dreifingu á hvers kyns vörum og eldsneyti fyrir starfsemi Varnarliðsins, svo og fjármáladeild að ógleymdu slökkviliðinu sem, auk þess að annast brunavarnir í mannvirkjum og flugvélum, sér um ís- og snjóavarnir á flugbrautum, afgreiðslu herflutningaflugvéla og ýmsa aðra þjónustu við flugvélar. Eru þá ótaldar margar smærri deildir flotastöðvarinnar og annarra deilda Varnarliðsins sem hafa færri íslenskum starfsmönnum á að skipa.

Verklegar framkvæmdir á vegum Varnarliðsins eru fjármagnaðar með bandarísku fjárlagafé eða af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Smæstu viðhaldsverkefnin eru framkvæmd af iðnaðarmönnum Varnarliðsins sjálfs, en verktakar annast stærri viðhaldsverkefni og nýbyggingar. Um verkefni sem fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum er samið við verktaka sem íslensk stjórnvöld tilnefna, en séu þau fjármögnuð af Atlantshafsbandalaginu fer fram samkeppnisútboð, innanlands eða í öllum ríkjum bandalagsins eftir stærð verksins. (Er þetta nýjung er kom til framkvæmda árið 1995 og hlaut verktakafyrirtækið Ístak fyrsta verkefni NATO af þessu tagi eftir útboð innanlands. Mannvirkjasjóðurinn hefur lengst af eingöngu fjármagnað nýbyggingarverkefni, en nú hefur hann einnig tekið þátt í endurnýjun mannvirkja Varnarliðsins að litlu leyti. Fé mannvirkjasjóðsins er ekki ætlað að standa straum af rekstrarkostnaði). Á undanförnum fimmtán árum hefur Varnarliðið staðið í miklum framkvæmdum við endurnýjun mannvirkja sinna og annarrar aðstöðu. Þessum nýbyggingarframkvæmdum er nú að mestu lokið og sú fyrirsjáanlega breyting orðin að viðhaldsverkefni af ýmsu tagi hafa komið í stað nýbygginga.

Samráð er haft um umfang verkefna á vegum Varnarliðsins og greinir það utanríkisráðuneytinu árlega frá þeim verklegu framkvæmdum er það hyggst ráðast í. Er ákvarðað að hausti hvaða ný verkefni verði í ráðist á næstunni. Umfangið ræðst þó endanlega af fjárveitingum og tekur mið af breyttum þörfum Varnarliðsins. Tilnefnir utanríkisráðuneytið þá verktaka sem Varnarliðið skuli semja við er að þeim þætti málsins kemur. (Flest slík verkefni hafa fallið Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum í skaut). Nokkurs misskilnings hefur gætt varðandi ákvörðun og úthlutun ofangreindra verkefna. Liðið getur talsverður tími frá ofangreindri ákvörðun og þar til að verksamningur liggur fyrir eða allt að nokkrum árum. Er því erfitt að bera saman tölur frá ári til árs í þessu sambandi, enda einungis um áætlun að ræða og nýjum verkefnum bætt við þau sem fyrir eru óframkvæmd. Samkomulag Íslands og Bandaríkjanna er gert var árið 1996 gerir ráð fyrir að byggingarverkefni þau er fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum fari einnig í samkeppnisútboð og þannig gildi hið sama um öll slík verkefni að loknum aðlögunar- og reynslutíma í ársbyrjun 2004.

Þá varð sú breyting árið 1995 að samningar Varnarliðsins um kaup á vörum og þjónustu voru gefnir frjálsir og annast Sala varnarliðseigna forval fyrirtækja er sækjast eftir slíkum viðskiptum samkvæmt ákveðnum hæfniskröfum.

Keflavíkurverktakar hafa að mestu annast viðhaldsverkefni, en Íslenskir aðalverktakar hafa nú einnig tekið að sér viðhaldsverkefni í auknum mæli, enda veruleg aukning orðið á því sviði samhliða nánast stöðvun nýframkvæmda.

Fylgiskjal V.

	Varnarliðsviðskipti í millj. kr.						Nettótekjur af varnarliðinu.				
	Verk-takar	Olíu-félög	Skipa-félög	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Útgjöld	Nettó-tekjur	Gengi USD	Í millj. USD	% af útflutn.	% af VLF
1970	6	0	1	5	12	1	11	0,88	12,9	5,4	2,6
1971	5	1	1	7	14	1	13	0,88	14,8	5,8	2,3
1972	6	1	1	8	16	2	14	0,87	16,5	5,5	2,1
1973	9	1	2	8	20	2	18	0,90	20,5	4,9	1,9
1974	7	3	2	12	24	2	22	1,00	22,1	4,6	1,6
1975	19	4	5	20	48	6	42	1,54	27,3	5,8	2,1
1976	29	5	9	27	70	8	62	1,82	34,0	5,9	2,2
1977	38	8	10	40	96	7	89	1,99	44,8	6,1	2,2
1978	62	10	15	67	155	8	146	2,71	53,9	5,9	2,3
1979	59	15	16	96	187	20	167	3,52	47,4	4,3	1,8
1980	103	20	26	206	355	23	332	4,79	69,3	5,7	2,1
1981	187	35	19	302	543	46	497	7,24	68,6	5,6	2,0
1982	559	57	97	456	1.169	80	1.089	12,52	87,0	8,3	2,8
1983	1.303	95	176	869	2.443	287	2.156	25,00	86,2	7,9	3,3
1984	1.600	113	139	1.137	2.989	223	2.766	31,66	87,4	8,0	3,1
1985	1.307	185	66	1.831	3.389	267	3.122	41,47	75,3	6,2	2,6
1986	2.356	234	60	2.193	4.843	415	4.428	41,04	107,9	7,0	2,8
1987	2.291	260	82	2.664	5.297	507	4.790	38,60	124,1	6,5	2,3
1988	3.029	323	132	2.289	5.773	663	5.110	43,09	118,6	6,0	2,0
1989	4.060	352	252	3.529	8.193	885	7.308	57,14	127,9	6,6	2,4
1990	4.875	315	268	4.577	10.035	801	9.234	58,23	158,6	7,2	2,6
1991	4.416	294	397	5.401	10.508	1.069	9.439	59,04	159,9	7,3	2,5
1992	4.190	245	252	5.541	10.228	471	9.757	57,52	169,6	7,7	2,5
1993	3.171	224	482	5.526	9.403	342	9.061	67,74	133,8	6,4	2,3
1994									138,8	5,9	2,2
1995									137,3	5,4	1,9

330. Frumvarp til laga [263. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ragnar Arnalds, Hjörleifur Guttormsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Veiðiheimild eða veiðiréttur er afnotaréttur handhafans.

2. gr.

6. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist ekki eða aðeins að hluta með í aflamarki. Þá er ráðherra heimilt, í því skyni að draga úr hættu á úrkasti, að setja reglur um löndun tiltekins meðafla utan aflamarks. Fær þá útgerð aðeins greitt sem nemur áætluðum beinum útlögðum kostnaði, en andvirði meðaflans að öðru leyti skal renna til öryggismála sjómanna og hafrannsókna.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Sé rekstri skips hætt, sbr. 2. mgr. 5.gr., skal úthluta nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldra skips, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

Heimilt er að færa aflahlutdeild milli skipa sömu útgerðar, enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess að mati Fiskistofu.

Aflahlutdeild verður aðeins framseld á viðurkenndum markaði eða kaupþingi er lýtur reglum er viðskiptaráðherra setur að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra.

Fiskistofa skal staðfesta að kaupandi aflahlutdeildar eigi skip sem fullnægi öllum skilyrðum til að aflahlutdeildin sé færð á það, þar með talið um veiðigetu.

4. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar að fengnu samþykki Fiskistofu.

Heimilt er að skipta á aflamarki milli skipa, óháð því hverjir eru eigendur þeirra eða hvort skipin koma úr sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati Fiskistofu, sem annast skráningu slíkra skipta. Annar flutningur aflamarks milli skipa en að ofan greinir er óheimill.

Nú nýtir skip ekki aflamark sitt á fiskveiðiárinu. Skal þá að teknu tilliti til ákvæða 10. gr., um heimildir til geymslu aflamarks milli fiskveiðiára, fyrna aflahlutdeild skipsins á næsta fiskveiðiári í viðkomandi tegund sem nemur tíu hundraðshlutum hins ónýtta aflamarks. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessarar málsgreinar tefjist skip frá veiðum fjóra mánuði eða lengur vegna tjóns eða meiri háttar bilunar, svo og ef tafir verða frá veiðum vegna endurnýjunar skips. Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Fyrndar veiðiheimildir bætast við heildaraflamark viðkomandi tegundar á hinu nýbyrjaða fiskveiðiári og koma til úthlutunar í samræmi við aflahlutdeild einstakra skipa.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna.

1. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Sjávarútvegsráðherra er í samráði við fjármálaráðherra rétt að leyfa, eftir samkomulagi við heildarsamtök sjávarútvegsins um tilhögun, gjaldtöku samkvæmt þessari grein, skv. 4.–6. gr. l. nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, svo og vegna mögulegrar þátttöku sjávarútvegsins í greiðslu kostnaðar vegna rannsóknar- og þróunarstofnana og starfsemi sem tengjast sjávarútvegi.
2. Greinin verður sérstakur kafli, IV. kafli, **Eftirlits- og auðlindagjöld,** og breytast númer annarra kafla til samræmis við það.

6. gr.

Við lögin bætast ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

I.

Þrátt fyrir ákvæði 8. mgr. 6. gr. skulu sóknardagar þeirra báta, er stunda veiðar með handfærum og línu, vera 35 á fiskveiðiárinu 1997–98. Dagafjöldinn skal þó teljast fullnýttur er samanlagður þorskafli báts hefur náð 60 lestum.

Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 6. gr. skulu sóknardagar þeirra báta, er stunda veiðar með handfærum eingöngu, vera 50 á fiskveiðiárinu 1997–98.

II.

Sjávarútvegsráðherra skal, í samráði við nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka og samtaka helstu hagsmunaaðila, taka fyrirkomulag fiskveiðistjórnar báta- og smábátaflotans til heildarendurskoðunar. Markmið þeirrar endurskoðunar skal vera að móta eitt samræmt heildstætt stjórnkerfi fyrir smábáta og minni báta sem stunda dagróðra á grunnslóð, svo og að ákveða stærðarmörk í þessu sambandi. Sjávarútvegsráðherra skal leggja tillögur um nýtt fiskveiðistjórnkerfi fyrir grunnslóðarflotann fyrir Alþingi eigi síðar en 15. apríl 1998.

III.

Frá leyfðum heildarafla þorsks, áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 7. gr., er frá og með fiskveiðiárinu 1998–99 heimilt að draga allt að 7.000 lestir til ráðstöfunar í byggðarlög sem misst hafa umtalsverðan hluta veiðiheimilda sinna og þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla eru uppistaða atvinnulífs.

Sjávarútvegsráðherra skal í samráði við Byggðastofnun setja nánari reglur um málsmeðferð. Reglurnar skulu m.a. fela í sér möguleika til að úthluta veiðiheimildum til allt að þriggja ára til að gera viðkomandi byggðarlögum kleift að efla útgerð á nýjan leik og laða til sín samstarfsaðila á því sviði.

IV.

Þrátt fyrir kröfur 2. mgr. 5. gr. um úreldingu sambærilegs skips er heimilt að veita veiðileyfi allt að 10% stærra skipi en úrelt er ef nýja skipið er byggt samkvæmt nútímakröfum um fullkomnustu aðstöðu fyrir áhöfn. Ef endurnýjað er í slíku skipi sem ætlað er til veiða á uppsjávarfiskum og búið tækni til kælingar og hágæðameðferðar hráefnis má stærð hins nýja skips vera allt að 25% meiri en þess sem úrelt er. Ráðherra er heimilt að rýmka framangreind mörk í allt að 25% í fyrra tilvikinu og allt að 40% í því síðara ef hið nýja skip er smíðað í innlendri skipasmíðastöð.

Samhliða þeirri breytingu sem 1. mgr. mælir fyrir um skal ráðherra láta fara fram heildarendurskoðun á þeim reglum sem gilda um úreldingu fiskiskipa og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi haustið 1998. Jafnframt falla ákvæði 1. mgr. úr gildi í árslok 1998.

II. KAFLI

Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

7. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra skal með reglubundnum hætti endurskoða þau ákvæði er gilda um meðferð úrgangs frá vinnsluskipum. Markmiðið verði að skylt sé að færa að landi allan fiskúrgang sem telst þjóðhagslega hagkvæmt að nýta.

8. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Afla sem ekki er landað til vinnslu innan lands hjá sama fyrirtæki og stundar veiðarnar skal bjóða til sölu á viðurkenndum fiskmarkaði þannig að innlendri fiskvinnslu standi jafnan til boða að vinna fiskinn.

III. KAFLI
Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

9. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um söluhagnað af viðskiptum með aflahlutdeild, sbr. 11. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 72. gr. A, er orðast svo:

Af söluhagnaði af viðskiptum með aflahlutdeild sbr. 11. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal auk tekjuskatts samkvæmt 72. gr. reikna sérstakan tekjuskatt sem skal vera 50% að teknu tilliti til stofnverðs og fyrninga, sbr. þó 2. mgr. 13. gr.

IV. KAFLI
Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi. Þó skulu ákvæði 3. og 4. gr. gilda í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 1999.

Greinargerð.

Frumvarp það um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum sem hér er flutt tekur á nokkrum veigamiklum göllum sem flutningsmaður telur að séu á núverandi stjórnkerfi fiskveiða, svo og á umgengni okkar um auðlindina og á skattalegri meðferð hagnaðar sem myndast í viðskiptum með veiðiheimildir. Efni frumvarpsins er nánar skýrt í umfjöllun um einstakar greinar en hér á eftir verða raktar helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér.

I. kafli frumvarpsins snýr að breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Felur hann í sér eftirfarandi:

1. Sett er inn í 1. gr. laganna til viðbótar þeim ákvæðum sem þar eru um sameign þjóðarinnar á auðlindinni sú skilgreining á veiðirétti og veiðiheimildum að um sé að ræða afnotarétt.
2. Sett er inn í lögin heimild til að útfæra reglur um svokallaðan meðafla, þ.e. löndun tiltekins meðafla utan aflamarks.
3. Sett er sú regla um viðskipti með aflahlutdeild að aflahlutdeild megi einungis færa milli skipa sömu útgerðar, auk þess sem eldri reglur um aflahlutdeild skipa við endurnýjun eða þegar skip ferst halda sér. Utan tilfærslna með aflahlutdeild innan sömu útgerðar verður aflahlutdeild aðeins framseld á viðurkenndum markaði eða kaupþingi. Komið er þannig í veg fyrir að útgerðarmenn geti verslað með aflahlutdeild, þ.e. varanlega veiðiheimild, í viðskiptum innbyrðis.
4. Sett er sú regla að einungis er heimilt að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar og heimilt að skipta á sléttu eða á jöfnu á aflamarki enda samþykki Fiskistofa skiptin. Annar flutningur aflamarks, þ.e. leiga veiðiheimilda innan árs, en þessi verði óheimill.

5. Útfærð er svonefnd fyrningarregla. Hún felur í sér að tiltekinn hluti ónýttra veiðiheimilda eða ónýtts aflamarks innan fiskveiðiárs, að teknu tilliti til heimilda til geymslu og undanþáguákvæða er varða frátafir frá veiðum vegna meiri háttar tjóns eða bilana og endurnýjunar skipa, skal fyrndur við úthlutun til skipsins á næsta fiskveiðiári. Þær veiðiheimildir sem þannig skila sér á nýjan leik inn í sameiginlegan pott skulu bætast við heildaraflamark viðkomandi tegundar á hinu nýbyrjaða fiskveiðiári og þeim úthlutað í samræmi við aflahlutdeild einstakra skipa.
6. Lögð er til sú breyting á ákvæðum laganna um gjaldtöku vegna eftirlits og stjórnunar að á undan 18. gr. komi ný kaflafyrirsögn, Eftirlits- og auðlindagjöld. Auk þess bætist við greinina ný málsgrein sem feli sjávarútvegsráðherra í samráði við fjármálaráðherra að leita eftir samkomulagi við heildarsamtök sjávarútvegsins um tilhögun gjaldtöku af sjávarútveginum, samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, ákvæðum laga um þróunarsjóð sjávarútvegsins og mögulegri þátttöku sjávarútvegsins í greiðslu kostnaðar við rannsóknar- og þróunarstofnanir og starfsemi sem tengist sjávarútvegi.
7. Ákvæði til bráðabirgða I tengist úthlutun á sóknardögum eða róðrardögum sóknardagabáta á nýhöfnu fiskveiðiári. Lagt er til að settur verði lágmarksdagafjöldi fyrir handfæra- og línubáta, hvorn hóp um sig, og þá sem eingöngu róa með handfæri. Verði dagafjöldi handfæra- og línubátanna 35 en dagafjöldi hinna síðarnefndu 50. Jafnframt verði sett hámark á þann þorskafla sem hver handfæra- eða línubátur má flytja að landi. Telst hver bátur hafa nýtt dagafjölda sinn til fulls er afli hefur náð 60 lestum þótt færri daga hafi verið róið en 35 eða það margfeldi þeirrar tölu sem álagsstuðlar kveða á um.
8. Ákvæði til bráðabirgða II er um að sjávarútvegsráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka og samtaka helstu hagsmunaaðila sem endurskoði í heild sinni fiskveiðistjórnkerfi báta og smábátaflotans sem sækir á grunnslóðina.
9. Ákvæði er um ákveðinn viðlagasjóð upp á 7.000 lestir til ráðstöfunar í byggðarlög sem misst hafa umtalsverðan hluta veiðiheimilda sinna og þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla eru uppistaða atvinnulífs.
10. Endurflutt er ákvæði úr eldra frumvarpi sem flutningsmaður hefur flutt um breytingar á úreldingarreglum fiskiskipa og endurskoðun þeirra mála.

Í öðrum kafla frumvarpsins er fjallað um breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

11. Lögð er til viðbót við 2. gr. laganna sem takmarkar nokkuð svigrúm ráðherra til að veita undanþágur frá því ákvæði að vinnsluskip komi með allan fiskúrgang að landi. Ákvæðið felur ráðherra að útfæra slíkar reglur með það að markmiði að skylt sé að færa að landi allan fiskúrgang sem talist geti þjóðhagslega hagkvæmt að nýta. Með því er átt við að jafnvel þó að sú nýting skili viðkomandi vinnsluskipi ekki arði geti verið rétt að leggja þá kvöð á vinnsluskipin að hirða úrgang.
12. Þá er lögð til sú breyting á 5. gr. laganna, er fjallar um vigtun sjávarafla, að allur afli sem ekki fer beint til vinnslu innan lands hjá sama aðila skuli boðinn til sölu á viðurkenndum innlendum fiskmarkaði. Þetta tryggir aðgang innlendrar fiskvinnslu að öllu hráefni sem ekki fer beint til vinnslu auk þess sem það hefur lengi verið krafa sjómanna að verðlagning ákvarðist á slíkum markaði.

Þriðji kafli frumvarpsins fjallar um breyting á lögum um tekjuskatt og eignaskatt, nr. 75/1981.

13. Lagt er til að greiða skuli sérstakan tekjuskatt af söluhagnaði sem verða kann í viðskiptum með varanlegar veiðiheimildir eða aflahlutdeild. Heimildir til að færa hagnaðinn yfir á aðrar eignir eða fresta honum milli ára skv. 13. gr. eru afnumdar. Hagnaðurinn myndar

því skattskyldar tekjur á söluárinu. Með nýrri grein, 72. gr. A, sem fjallar um tekjuskatt lögaðila, er lagður sérstakur 50% skattur á allan söluhagnað í viðskiptum með aflahlutdeild óháð afkomu viðkomandi fyrirtækis að öðru leyti. 50% skatthlutfallið er því lágmarksskattur sem allir sem selja varanlegar veiðiheimildir verða að greiða af söluhagnaði veiðiheimilda. Sé jafnframt um að ræða fyrirtæki sem greiðir tekjuskatt mundu 33% bætast við þannig að í tilvikum þar sem ekki væri ójafnað tap hjá fyrirtækinu væri söluhagnaður veiðiheimildanna að mestu leyti gerður upptækur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. frumvarpsins felur í sér viðbót við 1. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem skilgreiningu á sjálfum veiðiréttinum er bætt við ákvæðin um sameign þjóðarinnar, þ.e. að veiðirétturinn, veiðiheimildirnar, aflamarkið eða aflahlutdeildin sé afnotaréttur handhafans, þess sem úthlutað fær. Afnotaréttareðli veiðiheimildanna á svo að endurspeglast í löggjöfinni sjálfri og lúta aðrar breytingar í frumvarpinu að því. Er þar ekki síst átt við svonefnt fyrningarákvæði á ónýttu aflamarki, sbr. 4. gr. frumvarpsins um breytingu á 12. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er annars vegar breytt orðalagi sem lýtur að heimildum ráðherra til að undanskilja undirmálsfisk. Ákvæðið eins og það er í gildandi lögum heimilar einungis að tiltekinn hluti undirmálsfisks megi teljast utan aflamarks en með breytingartillögunni er þetta rýmkað þannig að ráðherra getur samkvæmt reglunum ákveðið að allur fiskur undir tiltekinni stærð eða hluti hans teljist ekki með í aflamarki. Þá er í seinni málslið breytingartillögunnar opnað fyrir heimild til að setja reglur um löndun tiltekins meðafla utan aflamarks. Þar yrði að sjálfsögðu að setja ákveðin mörk og skilgreina hver meðafli gæti að hámarki orðið eftir því hvaða veiðar væru stundaðar, með hliðsjón af hvaða veiðarfærum o.s.frv. Stemma yrði stigu við því að útgerðir gætu í stórum stíl nýtt sér þetta til að færa afla, langt umfram veiðiheimildir í einstökum tegundum, að landi sem meðafla. Þannig mætti hugsa sér að meðafli gæti að hámarki orðið 10–15% af aflamarki skips í viðkomandi tegund og að löndun meðaflans væri háð takmörkunum, svo sem þeim að veiðar beindust aðallega að öðrum tegundum á þeim tíma sem meðaflanum væri landað. Þá þarf að tryggja að greiðslur til útgerðar vegna áætlaðs kostnaðar við að hirða aflann séu aldrei hærri en svo að ekki sé eftirsóknarvert fyrir útgerðina að stunda veiðarnar af öðrum ástæðum en þeim einum að brjóta ekki ákvæði um að færa allan afla að landi og draga úr hættunni á úrkasti. Þá ætti ráðstöfun andvirðis meðaflans að frádregnum kostnaði til þarfra málefna, svo sem öryggismála sjómanna og hafrannsókn, að verka hvetjandi á útgerðarmenn og sjómenn til að koma með aflann að landi. Ljóst er að mikið er í húfi að útfæra reglu af þessu tagi ef hún mætti verða til að draga úr þeim meginannmarka aflamarkskerfisins að það auki hættu á úrkasti. Með því drægi úr þeirri sóun sem fólgin er í úrkastinu og réttar upplýsingar fást um raunverulegt veiðálag.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér að 11. gr. laganna orðast upp á nýtt en hún fjallar um meðferð aflahlutdeildar, þ.e. varanlegra veiðiheimilda og hvernig þær séu skráðar á skip, hvaða reglur gildi um færslu þeirra milli skipa svo og um framsal á aflahlutdeild. Í 1. mgr. eru staðfestar óbreyttar reglur um úthlutun til nýs eða nýkeypts skips eigu í sama aðila, svo og um meðferð aflahlutdeildar af skipum sem farist hafa. Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að færa aflahlutdeild milli skipa sömu útgerðar enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir þess

skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess að mati Fiskistofu. Í 3. mgr. er nýmæli sem kveður á um að fyrir utan þær heimildir sem fyrri málsgreinar greinarinnar opna geti aflahlutdeild aðeins færst milli skipa ef um framsal milli útgerða er að ræða á viðurkenndum markaði eða kaupþingi. Viðskiptaráðherra skal setja sérstakar reglur að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra um markaðinn eða kaupþingið og gætu þar reglur um verðbréfaþing gilt eftir því sem við getur átt. Með þessu móti er komið í veg fyrir milliliðalaus viðskipti útgerðarmanna með aflahlutdeild. Aflahlutdeild er skilin frá skipi við sölu þess og verður að fara um markað eða kaupþing. Með því verður verðgildi aflahlutdeildarinnar sýnilegt og það auðveldar skattalega meðferð veiðiheimildanna og skattlagningu söluhagnaðar, sbr. 9. og 10. gr.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér talsverðar breytingar á ákvæðum 12. gr. laganna um meðferð aflamarks og heimildir til að færa aflamark milli skipa. 1. mgr. er sambærileg við þá reglu sem er í gildandi lögum að heimilt sé að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar. Þá segir í 2. mgr. að heimilt sé að skipta á sléttu á aflamarki innan fiskveiðiárs óháð því hverjir séu eigendur skipa eða hvort þau komi úr sömu verstöð enda sé um jöfn skipti að ræða að mati Fiskistofu. Í síðari málslið 2. mgr. er hins vegar með ótvíræðum hætti tekið af skarið um að annar flutningur aflamarks milli skipa en sá sem að framan greinir sé óheimill. Leiga á veiðiheimildum innan fiskveiðiársins er þar með bönnuð og allt sem þeirri leigustarfsemi hefur fylgt mundi þar með heyra fortíðinni til. Í 3. mgr. er á ferð nýmæli en þar er útfærð svonefnd fyrningarregla ónýttra veiðiheimilda, þ.e. að tiltekinn hluti, eða 10% af ónýttu aflamarki innan fiskveiðiárs að teknu tilliti til heimilda til geymslu aflamarks milli fiskveiðiára og með undanþágum vegna meiri háttar frátafa frá veiðum, skuli fyrnast frá viðkomandi skipi. Þessi regla er mikilvæg í því sambandi að ítreka svonefnt afnotaréttareðli veiðiheimildanna, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og reglan mundi smátt og smátt færa veiðiheimildir frá þeim sem ekki nýta veiðiheimildir sínar til hinna sem það gera. Þetta gerist þannig að hið fyrnda aflamark skal bætast við heildaraflamark viðkomandi tegundar á nýbyrjuðu fiskveiðiári og koma til úthlutunar í samræmi við aflahlutdeild einstakra skipa.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um breytingar á 18. gr. laganna. Þar er lagt til að ný kaflafyrirsögn, Eftirlits- og auðlindagjöld, komi á undan 18. gr. Einnig að við greinina bætist ákvæði þar sem sjávarútvegsráðherra er í samráði við fjármálaráðherra falið að leita eftir samkomulagi við heildarsamtök sjávarútvegsins um tilhögun gjaldtöku eða kostnaðarþátttöku sjávarútvegsins vegna ýmiss konar eftirlitsstarfsemi, rannsókna- og þróunarstarfsemi og fleiri slíkra hluta sem sjávarútvegurinn eftir atvikum tæki að sér að greiða. Um yrði að ræða sameiningu á þeim gjöldum sem sjávarútvegurinn greiðir nú þegar svo sem veiðieftirlitsgjald, gjöld til Þróunarsjóðs o.fl. Í slíkum samningi yrðu útfærðar hugmyndir um að sjávarútvegurinn taki í vaxandi mæli þátt í greiðslu kostnaðar vegna umhverfismála og rannsókna- og þróunarstarfsemi sem tengjast sjávarútveginum.

Um 6. gr.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Ákvæði til bráðabirgða I felur í sér að sett er gólf í sóknardaga krókabáta á nýbyrjuðu fiskveiðiári.

Ákvæðin skýra sig efnislega sjálf en þau ber að skoða í samhengi við ákvæði til bráðabirgða II. Það ákvæði felur í sér að sjávarútvegsráðherra skuli skipa nefnd með fulltrúum allra

þingflokka og samtaka helstu hagsmunaaðila til að taka fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar báta og smábátaflotans til heildarendurskoðunar. Markmið þessarar endurskoðunar skal vera það að móta heildstætt stjórnkerfi fyrir smábáta og minni báta sem stunda dagróðra á grunnslóð. Einnig skal nefndin gera tillögur um stærðarmörk í þessu sambandi, þ.e. hversu langt upp í bátaflotann yrði farið í stærð þegar skilgreindur yrði dagróðra- eða grunnslóðarfloti. Slíkt kerfi þarf að taka mið af eðli þeirrar sóknar sem um er að ræða, hugmynda um að taka tillit til vistvænna veiðarfæra og réttar þessa flota að grunnslóðinni svo og hagsmuna aðliggjandi byggðarlaga og fleiri þátta. Brýnt er að hraða þessu verki og er því lagt til að sjávarútvegsráðherra leggi tillögur um nýtt fiskveiðistjórnkerfi fyrir grunnslóðarflotann fyrir Alþingi eigi síðar en 15. apríl 1998.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið felur í sér að heimilt skuli frá og með næsta fiskveiðiári að draga allt að 7.000 lestir frá áður en úthlutað er leyfðum heildarafla þorsks til byggðarlaga sem misst hafa umtalsverðan hluta veiðiheimilda sinna og þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla eru uppistaða atvinnulífs. Þetta ákvæði er hugsað sem viðlagasjóður eða pottur sem mögulegt sé að grípa til vegna byggðarlaga þar sem mjög verulegur hluti veiðiheimilda hefur horfið á braut og til að auðvelda þeim að koma upp útgerð á nýjan leik og laða til sín samstarfsaðila á því sviði með meiri veiðiheimildir. Ákvæðið gæti falið í sér að úthlutað væri til allt að þriggja ára án endurgjalds tilteknum veiðiheimildum sem byggðarlögin gætu síðan nýtt í framangreindum tilgangi samkvæmt nánari reglum.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið felur í sér nokkra rýmkun á núgildandi úreldingarreglum þar sem tekið er tillit til þess viðbótarrýmis sem nútímaaðstaða fyrir áhöfn kallar á. Enn fremur eru rýmkaðar reglur um úreldingu þegar um er að ræða endurnýjun á skipum sem ætluð eru til veiða á uppsjávarfiskum og búin eru tækni til kælingar og hágæðameðferðar hráefnis. Ljóst er að burðargeta skipa minnkar verulega frá því sem áður var þegar lestar eru einangraðar og slíkum búnaði komið fyrir. Það er því beinlínis ósanngjarnt að útgerðaraðilum sé gert erfitt um vik að endurnýja skip sín, hvort heldur er til að bæta aðstöðu fyrir áhöfn eða bæta meðferð hráefnis með þeim hætti sem núgildandi reglur segja fyrir um. Þá eru og ákvæði um að ráðherra sé heimilt að rýmka sérstaklega úreldingarkröfuna ef nýtt skip er smíðað í innlendri skipasmíðastöð. Loks er í síðari málsgrein bráðabirgðaákvæðisins kveðið á um að ráðherra skuli láta fara fram heildarendurskoðun á þeim reglum sem gilda um úreldingu fiskiskipa. Brýnt er að hraða því verki og er því lagt til að niðurstöður séu lagðar fyrir Alþingi haustið 1998.

Um 7. gr.

Greinin felur í sér breyting á 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar sem mælir fyrir um að ráðherra skuli reglulega endurskoða þau ákvæði er gilda um meðferð úrgangs á vinnsluskipum. Skal markmið slíkrar endurskoðunar vera að skylt sé jafnan að færa að landi allan fiskúrgang sem teljist þjóðhagslega hagkvæmt að nýta. Horfið var fyrir nokkru frá því að skylda vinnsluskip að undangengnum ákveðnum aðlögunartíma til að koma með allan úrgang að landi eins og ætlunin hafði verið. Var því þá borið við að engar leiðir hefðu fundist til að gera nýtingu slíks úrgangs arðbæran. Ljóst er að þá var fyrst og fremst átt við að slík nýting skilaði viðkomandi vinnsluskipi ekki beinum arði en ekki hitt að um þjóðhagslegan arð gæti ekki eftir sem áður verið að ræða af slíkri nýtingu. Innan sanngjarnra marka hlýtur að teljast eðlilegt að leggja þá kvöð á fiskiskipin að færa allt sem þeim er heimilað að taka úr fisk-

stofnunum að landi svo fremi sem nýting þess geti orðið þjóðhagslega hagkvæm í heildarsamhengi.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér þá reglu að allur óunninn afli sem ekki er landað beint til vinnslu innan lands hjá sama aðila og útgerðina stundar skuli boðinn til sölu á viðurkenndum innlendum fiskmarkaði. Getur þá hvort sem heldur er verið um að ræða gólfmarkað eða fjarskiptamarkað. Slík regla tryggir aðgang innlendrar fiskvinnslu að öllum óunnum afla og um leið ætti að myndast virkur markaður sem gefið getur viðmiðunarverð sem hafa má til hliðsjónar í samningum við sjómenn.

Um 9. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 13. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sem felur í sér að ákvæði 1. mgr. 13. gr. um meðferð söluhagnaðar skuli ekki gilda ef um söluhagnað af viðskiptum með aflahlutdeild er að ræða, þ.e. ekki er heimilt að færa söluhagnaðinn yfir á aðrar eignir eða fresta honum eins og ella væri mögulegt samkvæmt ákvæðum 13. gr.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli og felur í sér að af öllum söluhagnaði af viðskiptum með aflahlutdeild skuli greiða, auk tekjuskatts samkvæmt núgildandi 72. gr., sérstakan tekjuskatt sem skuli vera 50%. Hér er um að ræða grunnskatt sem greiddur yrði af öllum söluhagnaði án tillits til skattgreiðslna viðkomandi fyrirtækis að öðru leyti, þ.e. án tillits til þess hvort viðkomandi fyrirtæki greiddi jafnframt tekjuskatt af hagnaði. Slík ákvæði eins og lögð eru til í 9. og 10. gr. sýna mögulega útfærslu á því að gera að miklu eða verulegu leyti upptækan söluhagnað af viðskiptum með varanlegar veiðiheimildir enda aldrei ætlunin að fiskveiðistjórnkerfið og kerfið sem sett var á til að takmarka sókn í fiskstofna færi að mynda hagnað hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi í sjálfu sér. Verði engu að síður um slíkan hagnað að ræða er bæði rétt og skylt að hann sé að verulegu leyti skattlagður. Hér er valin sú leið að skattleggja hagnað sem kann að hafa myndast vegna fiskveiðistjórnkerfisins hjá aðilum sem eru að selja frá sér afnotarétt sinn í stað þess að hugmyndir um veiðileyfagjöld ganga út á að skattleggja þá sem halda áfram að nýta sinn rétt og starfa í greininni.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

331. Svar [88. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um hrossaútflutning og kynningu á íslenska hestinum erlendis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins lánað eða styrkt hrossaútflutning eða kynningar á íslenska hestinum erlendis á árunum 1990–97? Ef svo er, hversu háar upphæðir? Svar óskast sundurliðað eftir lánum og styrkjum.*
2. *Hverjum hefur verið synjað um markaðsstuðning til kynningar og útflutnings á hrossum á sama tíma?*

Mál nr.	Málefni	Nafn	Afgr.	Upphæð	Fundur 2
90-002	Markaðsöflun fyrir útflutning	Félag hrossabænda	S	1.000.000	22.01.90
90-024	Framkvæmdalán til fimm ára	Stóðhestastöð ríkisins	S	2.000.000	19.03.90
90-102	Útflutningur á hrossakjöti til Japans	Félag hrossabænda	S	550.000	12.11.90
90-133	Verkefnishópur um hrossaútflutning	Hagfélagið hf.	S	200.000	17.12.90
91-009a	Markaðsstyrkur, afskrifa lán nr. 83	Félag hrossabænda	S	3.399.995	25.02.91
91-009b	Markaðsstyrkur, ýmis verkefni	Félag hrossabænda	S	1.500.000	22.03.91
91-013	Þjálfunar- og sölumiðstöð fyrir hesta	Félag hrossabænda á Suðurlandi	S	400.000	07.02.91
91-045	Hestasölukynningarmyndband	Reynir Sigursteinsson	S	100.000	22.03.91
91-048	Þátttaka í sölusýningu EQUITANA	Safco Ltd.	H	0	07.03.91
91-053	Félag hrossabænda, hlutafé í sölusamtökum	Sölusamtök íslenskra hrossabænda hf.	S	1.000.000	22.03.91
91-075	Sýningaraðstaða fyrir hesta	Vindheimamelar sf.	S	250.000	29.05.91
91-102	Flugfax hf.	Félag hrossabænda	H	0	19.06.91
91-115	Tilraunir með hrossasæðingar	Hrossaræktarsamband Vesturlands	S	400.000	29.07.91
91-130	Þátttaka í heimsmeistaramóti	Hestaíþróttasamband Íslands	S	1.000.000	29.07.91
91-139	Þátttaka í töltkeppni	Landssamband hestamanna	S	150.000	06.08.91
91-169	Myndatökuferð á skeiðreiðarmót í Austurríki	Guðlaugur Tryggvi Karlsson	H	0	30.10.91
91-176	Hestaferð Paul Rasks frá Danmörku til Kína	Félag hrossabænda	H	0	30.10.91
91-185	Reiðskólinn hf., leiga á Reiðhöllinni til fimm ára	Landssamband hestamanna	H	0	30.10.91
91-211	Kynningar- og markaðsátak í Bretlandi	Sölusamtök íslenskra hrossabænda hf.	S	1.500.000	12.12.91
92-006	Sýningarhald á hestum í Bandaríkjunum	Þórarinn Jónasson	H	0	10.01.92
92-014a	Sýningar- og kynningarstarf erlendis	Félag hrossabænda	S	750.000	08.04.92
92-014b	Sýningar og kynningar í Reiðhöllinni	Félag hrossabænda	S	300.000	11.03.92
92-014c	Kostnaður við Flugfax hf. og nýtt flugþjónustufélag	Félag hrossabænda	H	0	11.03.92
92-014d	Áhætta vegna útflutnings hrossa með leiguflugi	Félag hrossabænda	H	0	08.04.92
92-018	Útflutningur hesta til Samabyggða, Sigurður Hansen o.fl.	Krafthestar sf.	S	800.000	21.01.92
92-021	Hestakynningar í Bandaríkjunum, endurskoðuð afgreiðsla, sbr. mál 92-006	Þórarinn Jónasson	S	400.000	21.01.92
92-035	Stofnkostnaður vegna hestaferða	Jöklahestar hf. í Mýrdal	S	200.000	11.03.92
92-038	Flutningsstyrkur vegna norðlenskra hestadaga í Reiðhöllinni	Félag hrossabænda í Skagafirði	S	200.000	11.03.92
92-046	Rannsókn á vöðvabyggingu íslenskra hesta	Bændaskólinn á Hvanneyri	S	90.000	11.03.92
92-047	Hestmennt, reiðmenntaskóli, fræðslustarf	Valdimar Jóhannesson	H	0	11.03.92

Mál nr.	Málefni	Nafn	Afgr.	Upphæð	Fundur 2
92-049	Hestasýningarferð til Bandaríkjanna, viðbótarframlag, sbr. 92-021	Þórarinn Jónasson	H	0	11.03.92
92-053	Hestakynningar/-sýningar fyrir ferðamenn	Hestasport sf. Vindheimum	S	400.000	11.03.92
92-064	Breytingar fjárhúsi í hesthús fyrir tamningastöð og hestaleigu	Stjórn Húnavers	H	0	27.03.92
92-066	Blóðflokkun undaneldishrossa, undirbúningskostnaður	Yfirdýralæknisembættið	S	1.500.000	22.04.92
92-096	Frumgerð nýrrar tegundar beislisméla	Magnús Ólafur Jónsson	H	0	22.04.92
92-097	Dómararáðstefna, sjá 92-104	Hestaíþróttasamband Íslands	E	0	
92-104	Hestaíþróttadómararáðstefna í Reykjavík, sbr. mál nr. 92-097	Hestaíþróttasamband Íslands	S	150.000	22.04.92
92-112	Kvikmyndun vorsýningar í Gunnarsholti	Fet hf.	H	0	21.05.92
92-166	Æskulýðsmóts FEIF	Landssamband hestamanna	S	350.000	09.07.92
92-183	Kennsluaðstaða og markaðssetning	Reynir Sigursteinsson	S	250.000	09.07.92
92-193	Tvær kvikmyndir um íslenska hestinn, sbr. 92-118	Út í hött – inní mynd, kvikmyndafélag	H	0	22.08.92
92-211	Hestaútflutningur til Bandaríkjanna og Kanada	Ásgeir S. Herbertsson	H	0	15.10.92
92-254	Sýningarhald á hrossum í Kaliforníu	Þórarinn Jónasson	S	500.000	26.11.92
92-256	Markaðssetning hesta í Bretlandi	Sölusamtök íslenskra hrossabænda hf.	H	0	26.11.92
92-259	Markaðssetning á hestum í Bandaríkjunum, sbr. 92-211	Félag hrossabænda	S	500.000	10.11.92
92-276	Ráðherra, fyrir Félag hrossabænda, Equitana-sýning, sjá afgr. 93-030	Landbúnaðarráðuneytið	A	0	
92-277	Markaðskönnun fyrir íslenska hesta erlendis, nemendaverkefni	Bændaskólinn á Hólum	H	0	21.12.92
92-293	Formenska í FEIF	Landssamband hestamanna	S	300.000	19.01.93
93-012	Kynningarverkefni, myndband um hesta	Félag hrossabænda	H	0	02.02.93
93-030	Markaðsstuðningur 1993, þar með talið Equitana, sjá 92-276	Félag hrossabænda	S	4.000.000	12.12.93
93-051	Myndband um hestasjúkdóma	Sigurjón Valdimarsson, Gjörningar	H	0	02.03.92
93-072	Flutningsstyrkur vegna norðlenskra hestadaga í Reiðhöllinni	Félag hrossabænda í Skagafirði	S	200.000	30.03.93
93-074	Markaðsleit í Texas Bandaríkjunum	Víking-Hestar sf.	H	0	30.03.93
93-102	Framkvæmdanefnd sunnlenskra hestadaga	Sigurður Gunnarsson	H	0	04.05.93
93-103	Innréttingar hestaflutningsgáma	Jón Friðriksson	S	250.000	04.05.93
93-169	Myndband um hrossasjúkdóma	Sigurjón Valdimarsson, Gjörningar	S	50.000	12.07.93
93-182	Heimsmeistaramót í Hollandi	Hestaíþróttasamband Íslands	S	750.000	12.07.93

Mál nr.	Málefni	Nafn	Afgr.	Upphæð	Fundur 2
93-195	Hestaútflutningur	Átaksverkefni í atvinnumálum	S	250.000	14.08.93
93-198	Hestabúgarður í Litháen	Ísen hf.	H	0	21.09.93
93-199	Meðmæli vegna erinda nr. 93-191 og 93-203	Félag hrossabænda	E	0	
93-203	Hestasýningar í Bandaríkjunum í samstarfi við Dan Slott	Sigurður Sæmundsson	H	0	14.08.93
93-229	Markaðssetning á íslenska hestinum á Ítalíu	Sölusamtök íslenskra hrossabænda hf.	D	0	
93-230	Ósk um yfirfærslu á Reiðhöllinni til Félags hrossabænda	Félag hrossabænda	H	0	20.10.93
93-232	Markaðsathugun fyrir hrossaútflutning	Útflutningsráð Íslands	H	0	20.10.93
93-258	Sölumiðstöð fyrir íslenska hesta í Litháen	Ísen hf.	S	1.500.000	30.11.93
93-263	Kennsluaðstaða fyrir reiðmennsku og hrossarækt	Bændaskólinn á Hólum	E	0	01.02.95
93-267	Útflutningur hrossakjöts til Japans (af kjarnfóðursgjaldi)	Félag hrossabænda	S	1.678.000	19.11.93
93-285	Isen hf., álit ráðherra	Landbúnaðarráðuneytið	A	0	
93-295	Útflutningur á hrossakjöti til Frakklands	Fransk-íslenska verslunarfélagið	H	0	20.10.93
94-008	Markaðsátak í Bandaríkjunum, Ameríkuverkefnanefnd	Félag hrossabænda	S	1.000.000	03.02.94
94-022	Flutningsstyrkur vegna norðlenskra hestadaga í Reiðhöllinni	Félag hrossabænda í Skagafirði	S	200.000	14.02.93
94-032a	Markaðsárangursstyrkir	Félag hrossabænda	H	0	21.03.94
94-032b	Markaðsstarf verkefnanefnda	Félag hrossabænda	S	1.500.000	21.03.94
94-032c	Markaðsathugun Útflutningsráðs	Félag hrossabænda	H	0	21.03.94
94-034	Norsk-Íslandshestafélagið vegna hestasýninga	Jón Friðriksson	H	0	14.02.94
94-035	Samstarfsverkefni á vettvangi FEIF	Landssamband hestamanna	S	500.000	21.03.94
94-048	Gerð hringvallar og ýmsar lagfæringar og kynningar	Anders Hansen	H	0	07.03.94
94-049	Útgáfustyrkur vegna erlendrar útgáfu Eiðfaxa	Eiðfaxi hf.	S	250.000	07.03.94
94-080	Fjárhagserfiðleikar vegna uppbyggingar og rekstrar	Stóðhestastöð ríkisins	E	0	01.02.95
94-083	Uppbygging aðstöðu	Anders Hansen	H	0	18.04.94
94-089	Leiga á aðstöðu til markaðssetningar á hestum í Noregi	Sæmundur og Árni sf.	H	0	18.04.94
94-097	Kaup á landi og uppbygging aðstöðu vegna útflutnings hesta til Frakklands	Friðbert P. Njálsson	H	0	29.04.94

Mál nr.	Málefni	Nafn	Afgr.	Upphæð	Fundur 2
94-133	Rekstur hestabúgarðs í Noregi (Hulda Sigurðardóttir)	Sæmundur og Árni sf.	H	0	07.06.97
94-191	Útflutningur á hrossakjöti til Frakklands (skilyrt)	Fransk-íslenska verslunarfélagið	S	600.000	17.10.94
94-192	Kynningarefni um hestasjúkdóma í samstarfi við yfirdýralækni	Félag hrossabænda	H	0	15.07.94
94-195	Noregsverkefnanefnd	Félag hrossabænda	S	500.000	15.07.94
94-214	Markaðssetning á hrossakjöti	Nýja Bautabúið hf.	D	0	
94-220	Útvegun lánsábyrgðar fyrir SAGA – Reitschulen	Félag hrossabænda	H	0	17.10.94
94-286	Hrosshársútflutningur	Valdimar Gíslason hf.	H	0	29.03.95
95-021	Verðbætur á hrossakjöt til útflutnings	Fransk-íslenska verslunarfélagið	H	0	1.02.95
95-031a	Þátttaka í Euqitanasýningunni í Essen í Þýskalandi	Félag hrossabænda	S	1.200.000	14.02.95
95-031b	Ráðning markaðsfulltrúa	Félag hrossabænda	H	0	29.03.95
95-040	Kynningarmynd um íslenska hesta í Lapplandi	Sigurjón Valdimarsson, Gjörningar	H	0	29.03.95
95-042	Reiðvallargerð fyrir Hestamannafélagið Þjálfa	Hestamannafélagið Þjálfi	H	0	29.03.95
95-048	Útgáfa á Eiðfaxa International	Eiðfaxi hf.	S	350.000	29.03.95
95-086	Búningur fyrir íslenska hestamenn	Leðuriðjan Tera hf.	S	250.000	06.04.95
95-089	Spattrannsóknir	Bændaskólinn á Hólum	S	750.000	04.05.95
95-104	Rannsóknir á sæðisg. og frjósemi stóðhesta (tækjakaup)	Bændaskólinn á Hólum	S	500.000	04.05.95
95-105	Aðstaða til rannsókna og kennslu í hestamennsku og hrossarækt	Bændaskólinn á Hólum	S	17.000.000	15.12.95
95-124	Lagfæringar á keppnisvelli eftir aurflóð	Hrossaræktarfélagið Baugur	H	0	13.06.95
95-131	Sölumiðstöð fyrir hesta í Normandí (sama og 94-097)	Friðbert P. Njálsson	H	0	13.06.95
95-133	Vinnsla og útflutningur á hrossabjúgum til Rússlands	Nýja Bautabúið hf.	H	0	11.07.95
95-156	Heimsleikar í Swiss og FEIF-samstarf	Landssamband hestamanna	S	1.500.000	11.07.95
95-175	Tilraunasending á hrossabjúgum til Rússlands, sbr. 95-133	Kjötframleiðendur hf.	S	400.000	25.09.95
95-183	Hestaútflutningur til Kanada	Sölusamtök íslenskra hrossabænda hf.	H	0	25.09.95
96-013	SAGA – Reitschulen	Félag hrossabænda	H	0	21.09.96
96-030	Tölvuvætt sölukerfi fyrir hross	VT ehf.	H	0	04.03.96
96-049	Flutningsstyrkur vegna norðlenskra hestadaga í Reiðhöllinni	Félag hrossabænda í Skagafirði	S	100.000	25.03.96
96-056	Kynningar á íslenskum hestum í Bandaríkjunum, Ameríkunefnd	Félag hrossabænda	E	0	25.03.96

Mál nr.	Málefni	Nafn	Afgr.	Upphæð	Fundur 2
96-158	Hestaferð, sjónvarpsþættir, kynning	Rekstrarráð ehf.	H	0	28.08.96
96-207	Hrossakjötsútflutningur til Japans	Framleiðsluráð landbúnaðarins	H	0	17.12.96
97-055	Norðlenskir hestadagar í Reiðhöllinni	Félag hrossabænda í Skagafirði	S	100.000	30.04.97
97-112	Útflutningur hrossakjöts til Frakklands, bankaábyrgð	Fransk-íslenska verslunarfélagið	H	0	03.11.97
	Samtals			**55.417.995**	

Í nóvember 1995 var sú meginstefna mörkuð að hálfu stjórnar Framleiðnisjóðs að beina stuðningi við hrossaræktina til uppbyggingar aðstöðu til rannsókna og kennslu í hrossarækt við Hólaskóla.

332. Tillaga til þingsályktunar [264. mál]

um setningu reglna um hvalaskoðun.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Árni M. Mathiesen, Guðrún Helgadóttir, Ingunn St. Svavarsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að sjá til þess að settar verði reglur um hvalaskoðun hér við land. Markmiðið á að vera að tryggja að umgengni við hvalina valdi hvalastofnunum ekki skaða, að öryggi ferðamanna á sjó sé viðunandi, að þjónustugreinin sé byggð upp á faglegan hátt og gæði hennar tryggð eins og kostur er.

Greinargerð.

Hvalaskoðun hefur á undanförnum árum verið að ryðja sér til rúms sem einn helsti vaxtarbroddurinn í ferðaþjónustu um allan heim. Vöxturinn í þessari grein ferðaþjónustunnar hefur verið ótrúlega mikill eða um 10% á ári að jafnaði síðastliðin ár. Þróunin hér á landi hefur þó verið langt umfram þetta og bendir allt til mikillar aukningar á næstu árum. Árið 1992 hófust hvalaskoðunarferðir frá Höfn í Hornafirði, en nú bjóða 13 fyrirtæki slíkar ferðir frá 11 stöðum á landinu. Slíkur er vöxturinn í þessari grein að árið 1995 var fjöldi farþega í hvalaskoðunarferðum 2.200, árið 1996 var hann 9.700, en fjöldinn á þessu ári verður vel yfir 20 þúsund. Aukningin er þannig um 116% frá síðasta ári.

Hvalaskoðun felur í sér mikla möguleika, ekki bara á sjó heldur einnig á landi. Víða er unnið að markaðssetningu hennar, en mest eru umsvifin á Húsavík. Þaðan fóru nær 14 þúsund ferðamenn í skipulagðar hvalaskoðunarferðir á liðnu sumri og er búist við um 18 þúsund manns í slíkar ferðir sumarið 1998. Á Húsavík er nú í undirbúningi opnun Hvalamiðstöðvar, upplýsinga- og fræðslumiðstöðvar þar sem frætt verður um lifnaðarhætti hvala og sögð saga hvalveiða og nýtingar hvalaafurða á liðnum árum og öldum. Ætlunin er að opna Hvalamiðstöðina á hafnarsvæðinu vorið 1998.

Hvalaskoðun er leið til umhverfisvænnar nýtingar hvala hér við land. Sérfræðingar telja raunhæft að reikna með að tala hvalaskoðenda muni tvöfaldast á næstu árum og verði komin upp í 40 þúsund um aldamótin. Áætlað er að heildartekjur þjóðarbúsins af hvalaskoðun hafi numið allt að 860 millj. kr. á þessu ári og geti orðið á annan milljarð eftir 2–4 ár, ef þróunin

verður á þann veg sem ætlað er. Mikið er því í húfi að uppbygging greinarinnar sé á faglegum forsendum og fyllsta öryggis gætt.

Umferð báta í námunda við hvali er nú þegar nokkur og fer vaxandi. Sjálfsagt er að gæta varfærni í umgengni við þá, tryggja að dýrin verði ekki fyrir skaða og að mönnum og bátum stafi ekki hætta af hvölunum. Alþjóðahvalveiðiráðið hefur nýverið sett reglur um hvalaskoðun og þau lönd sem boðið hafa upp á hvalaskoðun um árabil hafa einnig sett sér reglur um þessa atvinnugrein, sem hafa mætti til hliðsjónar við samningu reglugerðar fyrir hvalaskoðun hér við land.

Ásbjörn Björgvinsson, forstöðumaður Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík og leiðsögumaður í hvalaskoðunarferðum hér við land síðustu fimm ár, hefur mótað eftirfarandi tillögur að lágmarksreglum, sem hafa beri í heiðri við hvalaskoðun. Þessar tillögur taka mið af reglum sem tíðkast í löndum sem boðið hafa upp á hvalaskoðunarferðir um árabil.

— Ávallt skal farið eftir almennum reglum sjófarenda og öryggisákvæðum Siglingastofnunar ríkisins.
— Í upphafi ferðar skal kynna öryggisútbúnað bátsins, staðsetningu björgunarbáta og björgunarvesta. Fara skal yfir öryggisreglur um borð, kynna áhöfn og hlutverk áhafnar fyrir þátttakendum í ferðinni.
— Þegar bátur nálgast hval skal slegið af vél, hún sett í lausagang.
— Ef hvalaskoðunarbátur er þegar til staðar við hvalinn/hvalina skal aðkomandi bátur ekki koma nær en 200–300 metra, þar til báturinn sem fyrir er hverfur frá eða gefur til kynna að óhætt sé að koma nær.
— Þegar bátur nálgast hval skal ekki farið nær honum en 50 metra.
— Ekki skal nálgast hval beint framan frá né beint aftan frá. Best er að nálgast hann rólega frá hlið aftan frá.
— Valda skal eins litlum hávaða og ónæði fyrir dýrin og frekast er mögulegt.
— Gott er að láta bátinn reka í lausagangi, þegar komið er að hvalnum, og jafnvel drepa á vélinni, vilji hvalurinn nálgast bátinn.
— Ekki skal keyra vél og skrúfu á fullri ferð í námunda við hvali né breyta snögglega um stefnu.
— Forðast skal eltingaleik við hvali. Ef hvalur fælist bátinn skal hverfa frá og leita annars staðar.
— Ekki skal henda rusli til hvalanna eða í sjóinn. Hafa skal sorpílát á áberandi stöðum um borð í bátnum.

Sem fyrr segir eru þetta tillögur að lágmarksreglum, en margt fleira þarf að hafa í huga við uppbyggingu þjónustu á þessu sviði. Vorið 1995 var haldið námskeið í hvalaskoðun hér á landi og augljós þörf fyrir fleiri slík til að tryggja fagleg vinnubrögð þeirra sem starfa í greininni. Námskeiðið var haldið að frumkvæði Marks Carwardine, bresks blaðamanns og sérfræðings í hvalaskoðun, sem hefur ferðast mikið og skrifað fjölda greina um Ísland á undanförnum árum. Hann lýsir þeirri skoðun sinni í nýlegri blaðagrein að Ísland hafi algjöra sérstöðu á þessu sviði, það sé orðið Mekka hvalaskoðenda hvaðanæva að. Þann orðstír er brýnt að varðveita.

Fylgiskjal.

Úr skýrslu Ásbjarnar Björgvinssonar um hvalaskoðun á Íslandi árið 1997.

Hvalaskoðun á Íslandi 1997.

Fyrirtæki sem boðið hafa upp á hvalaskoðunarferðir 1997:

Norðursigling, Húsavík
Sjóferðir Arnars, Húsavík
Sjóferðir, Dalvík
Níels Jónsson, Hauganesi
Húnaströnd, Skagaströnd
Konráð og synir, Ísafirði
Snæfell, Arnarstapa
Eyjaferðir, Stykkishólmi
Orca, Ólafsvík
Viktoríubátar, Reykjavík
Árnes, Reykjavík
Höfrungur, Keflavík
Jöklaferðir, Höfn

Líklegt er að einhver önnur fyritæki hafi einnig boðið upp á hvalaskoðun í tengslum við sjóstangaveiðiferðir.

Fjöldi farþega 1997.

Samkvæmt upplýsingum frá framantöldum fyrirtækjum er heildarfjöldi ferðamanna sem farið hafa í hvalaskoðunarferðir í sumar orðinn 20.540.

Þessi samantekt var gerð um miðjan september. Frá Húsavík, Dalvík og Keflavík er farið með ferðamenn í hvalaskoðunarferðir fram yfir mánaðamótin september/október.

Fjöldi farþega hjá einstökum fyrirtækjum:

Fyrirtæki	1995	1996	1997
Norðursigling, Húsavík	1.400	5.600	9.850
Sjóferðir Arnars, Húsavík	100	1.500	4.200
Níels Jónsson, Hauganesi	100	465	1.180
Sjóferðir, Dalvík	150	1.020	1.500
Höfrungur, Reykjanesbæ	300	700	2.000
Konráð og synir, Ísafirði	0	0	50
Húnaströnd, Skagaströnd	0	0	100
Eyjaferðir, Stykkishólmi	0	0	500
Jöklaferðir, Höfn	110	110	60
Höfði, Ólafsvík	20	60	200
Sjóferðir, Arnarstapa	20	45	350
Viktoríubátar, Reykjavík	0	200	400
Árnes, Reykjavík	0	0	150
Heildarfjöldi farþega	**2.200**	**9.700**	**20.540**

Skipting ferðamanna er áætluð eftirfarandi:

Íslendingar alls um 2.000–2.500 manns.

Erlendir ferðamenn um 18.000–18.500 manns. Þar af gagngert vegna hvalaskoðunarferða

2.000 manns. Þá má einnig gera ráð fyrir að um 2.000 manns hafi komið til landsins í og með vegna þess að boðið var upp á hvalaskoðunarferð í þeim ferðapakka sem keyptur var.

333. Frumvarp til laga [265. mál]

um breytingar á lögum um fæðingarorlof.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir.

I. KAFLI

Breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fæðingarorlofi í allt að tólf mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. þó ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Foreldrar geta tekið hluta fæðingarorlofs með hlutastarfi og lengist þá orlofið í hlutfalli við vinnu. Þá geta foreldrar einnig báðir verið í orlofi á sama tíma að fullu eða að hluta. Af tólf mánaða fæðingarorlofi eru sex mánuðir sérstaklega ætlaðir móður, þrír mánuðir ætlaðir föður en þremur mánuðum geta foreldrar skipt að vild. Taki faðir ekki fæðingarorlof sem honum er sérstaklega ætlað fellur sá hluti orlofsins niður.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlofið hafið á fæðingardegi. Á fyrstu átta vikunum frá fæðingu barns skal faðir þess eiga rétt á fæðingarorlofi ásamt móður í tvær vikur á launum sem hvorki skerðir fæðingarorlof hans né móður, sbr. ákvæði 2. gr.

Upphaf tólf mánaða fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. 2. gr., miðast við þann tíma þegar barnið kemur á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi foreldri þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt. Ákvæði 1. mgr. á einnig við þegar barn er ættleitt eða tekið í fóstur.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, skulu fá greitt sem samsvarar fullum launum sínum í fæðingarorlofi. Um greiðslu fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga og greiðslur úr fæðingarorlofssjóði og lengingu á slíkum greiðslum af sérstökum ástæðum fer eftir ákvæðum laga um almannatryggingar.

4. gr.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. eiga foreldrar sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi frá gildistöku laga þessara til 1. janúar árið 2001 einungis rétt á fæðingarorlofi í allt að níu mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Frá þeim tíma til 1. janúar árið 2002 miðast orlofið við tíu mánuði, en tólf mánuði frá þeim tíma, sbr. þó í öllum tilvikum ákvæði almannatryggingalaga um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Af níu mánaða fæðingarorlofi er einn mánuður eingöngu ætlaður föður, af tíu mánuðum eru tveir mánuðir ætlaðir föður, en af tólf mánuðum þrír mánuðir. Samanlagt fæðingarorlof foreldra verður aldrei lengra en níu mánuðir frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2001, tíu mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 2002, en 12 mánuðir frá þeim tíma. Taki faðir ekki fæðingarorlof sem honum er sérstaklega ætlað fellur sá hluti orlofsins niður.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sex mánuði“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tólf mánuði.
b. Í stað orðsins „kjarasamningum“ í 2. mgr. kemur: lögum þessum eða kjarasamningum.
c. Í stað orðanna „sex mánuði“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: tólf mánuði.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 3. málsl. a-liðar orðast svo: Þeir sem eiga rétt samkvæmt lögum þessum eða kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt á greiðslum fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
b. Í stað orðanna „sex mánuði“ í c-lið kemur: tólf mánuði.
c. F-liður fellur brott.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 16. gr. a, er orðast svo:

Fæðingarorlofssjóður.

a. Stofna skal sérstakan sjóð, fæðingarorlofssjóð, sem varðveita skal hjá Tryggingastofnun ríkisins. Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum samkvæmt þessari grein. Það er þó háð því skilyrði að foreldrar hafi að jafnaði átt lögheimili hér á landi og starfað hér á síðustu tólf mánuðum fyrir fæðinguna og eigi lögheimili hér við fæðingu barnsins. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu úr fæðingarorlofssjóði samkvæmt ákvæði þessu þann tíma sem óskert laun eru greidd.
b. Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi skulu nema fjárhæð sem samsvarar heildarlaunum þeirra samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ákvæði 16. gr. um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum gilda einnig um foreldra sem fá greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

c. Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.
d. Útgjöld lífeyristrygginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 15., 16. og 16. gr. a skulu fæðingarstyrkur, fæðingardagpeningar og greiðslur úr fæðingarorlofssjóði einungis greidd í níu mánuði í stað tólf frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2001, í tíu mánuði frá þeim tíma til 1. janúar 2002 en í tólf mánuði frá þeim tíma, sbr. þó ákvæði greinanna um framlengingu á greiðslum af sérstökum ástæðum.

III. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Núverandi löggjöf um fæðingarorlof er um margt ófullnægjandi. Árið 1974 var samþykkt frumvarp sem tryggði konum sem „forfölluðust frá vinnu“ atvinnuleysisbætur í 90 daga. Fram að þeim tíma höfðu aðrar konur en þær sem voru opinberir starfsmenn aðeins átt rétt á ákveðinni lágmarksupphæð í fæðingarstyrk við fæðingu barns. Árið 1980 var umsjón greiðslna í fæðingarorlofi flutt frá Atvinnuleysistryggingasjóði til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar. Sama ár var öllum konum tryggður lágmarksréttur til fæðingarstyrks. Árið 1987 var greiðslum skipt upp í fæðingarstyrk annars vegar, sem er óháður atvinnuþátttöku, og fæðingardagpeninga hins vegar, sem miðast við vinnuframlag. Jafnframt voru greiðslur í fæðingarorlofi lengdar fyrst í fjóra mánuði en í áföngum upp í sex mánuði árið 1990. Konur, sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna, fá greidd laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi í stað greiðslna frá Tryggingastofnun. Á vorþingi 1997 var gildandi lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, breytt. Sú endurskoðun fól í sér nokkrar réttarbætur fyrir foreldra og börn, fyrst og fremst vegna fjölbura- og fyrirburafæðinga. Að mati flutningsmanna var með þeim breytingum hins vegar alls ekki gengið nægilega langt í því að bæta stöðu allra foreldra í fæðingarorlofi og þá sérstaklega feðra. Samkvæmt reglum frá fjármálaráðuneytinu, sbr. fréttatilkynning nr. 13/1997, er fyrirhugað að feður sem starfa hjá ríkinu fái tveggja vikna sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs eftir 31. desember 1997. Fæðingarorlof þetta skal taka innan átta vikna frá fæðingu eða heimkomu barnsins. Meðan á hinu launaða orlofi stendur halda feður óskertum dagvinnulaunum en auk þess nýtur faðir launa sem nema helmingi af meðaltals yfirvinnu og vaktaálagi, sbr. 1. mgr. 4. gr. rgl. nr. 410/1989.

Ef litið er til Norðurlandanna er fæðingarorlof styst á Íslandi og í Danmörku eða sex mánuðir ef um einburafæðingu er að ræða. Fæðingarorlof hefur verið níu mánuðir í Finnlandi og tólf mánuðir í Svíþjóð. Í Noregi er fæðingarorlof 52 vikur eða 12 mánuðir á 80% launum eða 42 vikur á fullum launum. Í Finnlandi er greidd sama upphæð og um sjúkradagpeninga er að ræða og í Svíþjóð miðast greiðslur við laun á vinnumarkaði, en hlutfallið hefur verið breytilegt í gegnum tíðina. Nú eru greidd 75% af launum en stefnt er að hækkun upp í 80% um áramótin

1997–98. Í Danmörku fá launþegar full laun. Á Íslandi eru greiðslur vegna fæðingarorlofs háðar atvinnuþátttöku og vinnuveitendum. Þetta yfirlit sýnir að annars vegar er litið á fæðingarorlof sem hluta af bótagreiðslum almannatrygginga en hins vegar er litið á það sem samningsbundinn rétt launþega til að halda launum sínum á meðan á fæðingarorlofi stendur.

Breytingar á lögum um fæðingarorlof hafa oft komið til endurskoðunar. Haustið 1989 var skipuð nefnd sem átti að fjalla um breytingar á lögum um fæðingarorlof. Sú nefnd samdi frumvarp sem aldrei var lagt fram. Þar var lagt til að greiðslur í fæðingarorlofi yrðu ákveðið hlutfall af tekjum, eða 80%. Opinberir starfsmenn voru á móti frumvarpinu, m.a. vegna þess að þeir töldu að það hefði leitt til skerðingar á kjörum þeirra og því verið skref aftur á bak.

Á árunum 1983–87 lögðu kvennalistakonur í þrígang fram frumvarp um að lengja fæðingarorlof úr þremur mánuðum í sex sem ekki fékkst samþykkt. Árið 1987 var hins vegar samþykkt frumvarp ríkisstjórnarinnar um lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði í áföngum. Á árunum 1990–94 lögðu kvennalistakonur þrívegis fram frumvarp um lengingu fæðingarorlofs í níu mánuði. Helstu nýjungar í frumvarpi Kvennalistans voru eftirfarandi: Að lengja fæðingarorlofið um þrjá mánuði eftir fæðingu; að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu; að fæðingarorlof verði þremur mánuðum lengra eftir fjölburafæðingu; að fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra; og síðast en ekki síst að foreldrar geti dreift greiðslum fæðingarorlofs eftir ákveðinn tíma þannig að hægt sé að lengja fæðingarorlofið á þann hátt ef foreldrar æskja þess. Á 117. löggjafarþingi árið 1993–94 lagði Jóhanna Sigurðardóttir fram þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin skipaði nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um fæðingarorlof þar sem m.a. átti að huga að rétti feðra og lengingu fæðingarorlofs í áföngum. Árin 1995 og 1996 lögðu Ögmundur Jónasson o.fl. fram tillögu til þingsályktunar um a.m.k. tveggja vikna fæðingarorlof feðra á launum. Á árinu 1995, 120. löggjafarþingi, fluttu kvennalistakonur tillögu til þingsályktunar um fæðingarorlof (226. mál, þingskjal 307). Tillögugreinin hljóðaði á eftirfarandi hátt:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta semja frumvarp til laga um fæðingarorlof sem byggist á eftirfarandi markmiðum:

— að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði,
— að tryggja ungbörnum umönnun beggja foreldra á fyrsta æviárinu með því að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði í áföngum,
— að gera foreldrum kleift að taka fæðingarorlofið á lengri tíma með hlutagreiðslum að eigin vali,
— að tryggja öllum mæðrum hvíldartíma fyrir fæðingu,
— að tryggja feðrum sérstakt fæðingarorlof í tvær vikur eftir fæðingu barns, sem ekki skerðir fæðingarorlof móður,
— að fæðingarorlof verði lengra eftir fjölburafæðingu,
— að fæðingarorlof ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra,
— að endurskoða fjármögnun fæðingarorlofs þannig að stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður sem allir atvinnurekendur, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri, greiði til ákveðið hlutfall af launum allra launþega, svokallað fæðingarorlofsgjald,
— að bæta kjör foreldra í fæðingarorlofi þannig að launþegar haldi sínum launum úr fæðingarorlofssjóði. Að auki greiði Tryggingastofnun ríkisins áfram fæðingarstyrk vegna þess kostnaðarauka sem fæðing barns hefur í för með sér. Þetta eigi við um fæðingar allra barna.“

Það frumvarp sem hér er lagt fram byggist í meginatriðum á sömu markmiðum.

Öll umfjöllun um að konur eða foreldrar njóti sömu réttinda til fæðingarorlofs þarf að taka mið af því hvort verið er að greiða fólki fyrir að eignast börn óháð atvinnuþátttöku eða hvort atvinnuþátttaka og laun á vinnumarkaði móta réttarstöðuna og greiðslurnar. Konur, sem eru opinberir starfsmenn eða félagar í Sambandi íslenskra bankamanna, fá laun frá vinnuveitanda í fæðingarorlofi en ekki greiðslur frá Tryggingastofnun. Þær konur, sem starfa hjá ríkinu, halda launum sínum óskertum fyrstu þrjá mánuði fæðingarorlofs en fá eftir það grunnlaun. Þær hafa einnig rétt til að lengja fæðingarorlofið með því að vinna hluta úr degi.

Þetta á hins vegar ekki við um feður. Fjármálaráðuneytið hefur túlkar lögin þannig að karlar sem vinna hjá ríkinu eigi ekki rétt á launuðu fæðingarorlofi. Eiginmenn kvenna, sem eru ríkisstarfsmenn, eiga heldur ekki rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun. Þannig hafa ríkisstarfsmenn í raun takmarkaða möguleika til að skipta greiðslum í fæðingarorlofi milli foreldra. Kærunefnd jafnréttismála hefur a.m.k. tvisvar fengið kæru vegna þessa og einu sinni hefur mál af þessu tagi farið fyrir Jafnréttisráð. Í áliti kærunefndar Jafnréttisráðs frá 10. september 1993 segir m.a.: „Með framkvæmd almannatryggingalaganna stendur stór hluti feðra ... án nokkurs réttar til greiðslna, taki þeir fæðingarorlof og eru beittir misrétti sem engin efnisleg rök virðast fyrir.“ Í niðurstöðum sínum beinir kærunefndin þeim tilmælum til fjármálaráðuneytisins að það „hlutist til um að gerðar verði þær ráðstafanir sem þarf til þess að viðurkenndur verði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi“.

Ekki hafa enn verið gerðar neinar ráðstafanir til þess að tryggja þessi réttindi feðra, samanber þó þá réttarbót sem tilkynnt var með fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins nr. 13/1997. Formlega geta feður fengið greiðslur í fæðingarorlofi í allt að fimm mánuði með leyfi móður, en það skerðir fæðingarorlofsgreiðslur til hennar sem því nemur. Árið 1993 fengu 5.499 konur greiðslur frá Tryggingastofnun í fæðingarorlofi en 17 karlar. Árið 1994 voru konurnar 5.286 en karlarnir 16. Árið 1995 fengu 4.177 konur greidda fulla dagpeninga en 252 hálfa. Á sama tíma fengu 10 karlar greidda fæðingardagpeninga. Þá fengu 5.004 konur greiddan fæðingarstyrk það ár. Árið 1996 fengu síðan 4.233 konur greidda fulla fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun en 274 hálfa dagpeninga. Á sama tíma fengu 15 karlar greidda fæðingardagpeninga. Sama ár fengu 5.039 konur greiddan fæðingarstyrk.

Reynsla annars staðar á Norðurlöndum sýnir að hægt er að hafa áhrif í þessu mikilvæga jafnréttismáli ef lög og reglur eru samin með jafnrétti kynjanna fyrir augum. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga þann kynbundna launamun sem enn ríkir. Ef einstaklingar halda ekki launum sínum í fæðingarorlofi má búast við að það foreldrið sem er tekjulægra nýti allt fæðingarorlofið nema það sé bundið við báða foreldra þannig að það nýtist ekki til fulls nema báðir foreldrar taki sinn hluta. Fáir sænskir feður fóru t.d. í fæðingarorlof fyrr en lögin urðu þannig að þeirra hluti nýttist ekki nema þeir tækju hann. Nú taka um 50% sænskra feðra einhvers konar leyfi í tengslum við fæðingu barns. Ef miðað er við börn fædd í Svíþjóð árið 1991 höfðu 25% feðra tekið að meðaltali 23 daga leyfi þegar börnin voru sex mánaða. Þegar börnin voru ársgömul höfðu 39% feðra tekið að meðaltali 53 daga leyfi. Við lok ársins 1992 höfðu 45,5% sænsku feðranna tekið að meðaltali 63 daga leyfi. Reynslan sýnir að feður taka frekar leyfi eftir að barnið er orðið sex mánaða.Í Noregi eru fjórar vikur af 42 eða 52 vikum sérstaklega ætlaðar föðurnum og eru ekki yfirfæranlegir á móðurina. Eftir að núgildandi löggjöf var samþykkt þar fyrir tveimur árum taka um 80% norskra feðra fæðingarorlof í samanburði við 2–3% feðra sem gerðu það áður. Þá eru ekki meðtaldir svokallaðir pabbadagar sem eru 1–2 vikur eftir fæðingu í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi og eru eingöngu ætlaðir feðrum. Á svipaðan hátt taka nú yfir 50% danskra feðra einhvers konar leyfi í tengslum við fæðingu barns.

Flutningsmenn leggja mikla áherslu á nauðsyn þess að tryggja mun betur rétt beggja foreldra til töku fæðingarorlofs, m.a. þriggja og hálfs mánaða sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Það er mat flutningsmanna að á meðan kynbundinn launamunur er eins mikill og raun ber vitni verði slíkt ekki gert með því að heimila feðrum að taka hluta af leyfi móður. Hér er því lagt til að feður fái tveggja vikna fæðingarorlof á launum á fyrstu átta vikunum eftir fæðingu barns sem sé óháð fæðingarorlofi móður og hans að öðru leyti og þriggja mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs sem einungis þeir geti nýtt, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir því að lenging fæðingarorlofs og sjálfstæður réttur föður lengist í áföngum.

Þá er það mat flutningsmanna að nauðsynlegt sé að breyta fyrirkomulagi á greiðslum í fæðingarorlofi þannig að stefnt verði að því að foreldrar fái full laun í fæðingarorlofi. Því er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður, fæðingarorlofssjóður, sem sé varðveittur hjá Tryggingastofnun ríkisins. Greiðslur úr þeim sjóði eiga að tryggja foreldrum full laun í fæðingarorlofi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur, en fjármunir sjóðsins greiðast eins og fæðingardagpeningar úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Útgjöld lífeyristrygginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga. Á árinu 1996 námu þessar greiðslur 1.224 milljónum en á fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir 1.450 milljónum. Þetta frumvarp kallar á mun hærri fjárveitingar bæði vegna áfangalengingar fæðingarorlofsins úr sex í tólf mánuði og vegna þess að gert er ráð fyrir að fólk á almennum vinnumarkaði haldi launum sínum í fæðingarorlofi líkt og ríkisstarfsmenn og bankamenn. Fjöldi lifandi fæddra barna á Íslandi var 4.280 árið 1995 og 4.329 árið 1996. Meðallaun karla og kvenna voru 1.682 og 875 þúsund árið 1995 en 1.829 og 952 þúsund 1996. Þar sem frjósemi kvenna er 2,1 um þessar mundir má gera ráð fyrir að kostnaður við fæðingarorlof nemi um árslaunum á starfsævi hvers vinnandi manns. Hér er gert ráð fyrir að heimavinnandi fái fæðingarstyrk eins og verið hefur og að vinna námsmanna verði áfram metin sem vinna með tilliti til fæðingardagpeninga sem þyrftu að hækka í hlutfalli við laun á vinnumarkaði.

Veruleg umræða um fæðingarorlof á sér nú stað í velflestum OECD-landanna, um vaxandi atvinnuþátttöku kvenna á öllum sviðum og þá kröfu að foreldrar sitji við sama borð varðandi réttindi og skyldur til fæðingarorlofs. Stórfyrirtæki og atvinnurekendur sýna málinu yfirleitt mikinn áhuga því að mikið er í húfi, ekki síst þegar um sérhæfðan mannafla er að ræða.

Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbinda stjórnvöld sig til að tryggja launafólki sama lágmarksrétt hér á landi og gildir í löndum Evrópusambandsins. Með tilskipun um vinnuvernd barnshafandi kvenna frá 19. október 1992 eru aðildarlöndin skyldug til að lögbinda að minnsta kosti 14 vikna fæðingarorlof með óskertum launum eða dagpeningum sem jafngilda veikindalaunum konunnar. Ljóst er að nauðsynlegt er að breyta reglum um fæðingarorlof hér á landi til að standa við ákvæði ofannefndrar tilskipunar en aðlögunartíminn, sem er tvö ár, er þegar útrunninn. Fæðingarorlofskerfið hefur ekki þróast í takt við breytingarnar í þjóðfélaginu. Fólk eignast æ færri börn, foreldrar af báðum kynjum vinna að jafnaði utan heimilis og æ fleiri líta á það sem sjálfsögð mannréttindi barna jafnt sem mæðra og feðra að fá að njóta samvistum á fyrsta æviári barnsins. Ekki verður lengur unað við ríkjandi ástand og því er þetta frumvarp flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á ákvæði 2. gr. laga um fæðingarorlof. Í fyrsta lagi er lagt til að fæðingarorlof verði lengt úr sex mánuðum í tól f, en slíkt verður þó ekki gert í einu lagi, sbr.

ákvæði til bráðabirgða. Í því ákvæði er gert ráð fyrir því að fæðingarorlofið verði níu mánuðir frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2001, tíu mánuðir frá þeim tíma til 1. janúar 2002 og tólf mánuðir frá þeim tíma, sbr. athugasemdir við 4. gr. Þá er í öðru lagi kveðið á um að foreldrar geti tekið hluta fæðingarorlofsins með hálfu starfi og að orlofið lengist þá sem þeim tíma nemur. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði f- liðar 16. gr. almannatryggingalaga verði tekið upp í lögin en þar er gert ráð fyrir því að foreldrar geti skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið báðir í orlofi á sama tíma að fullu eða að hluta. Varðandi það að foreldrar geti báðir verið í fæðingarorlofi að fullu á sama tíma er fyrst og fremst átt við tvær vikur á fyrstu átta vikunum eftir fæðingu barns, sbr. athugasemdir við 2. gr., enda er litið svo á að það sé í þágu barnsins að það fái að vera sem lengst heima. Í fjórða lagi er síðan lagt til að af tólf mánaða fæðingarorlofi verði sex mánuðir sérstaklega ætlaðir móður, þrír sérstaklega ætlaðir föður en þremur mánuðum geti foreldrar skipt að vild. Ef faðir nýtir sér ekki sinn sjálfstæða rétt til fæðingarorlofs fellur hann niður, sbr. hér einnig ákvæði til bráðabirgða, athugasemdir við 4. gr.

Um 2. gr.

Lögð er til sú breyting á 3. gr. laga um fæðingarorlof að föður verði tryggður sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs í tvær vikur á fyrstu átta vikunum eftir fæðingu barns. Þessi réttur felur það í sér að faðir getur hvenær sem er á fyrstu átta vikunum frá fæðingu barns verið heima ásamt móður á fullum launum. Rétturinn skerðir hvorki rétt hans né móður til fæðingarorlofs skv. 2. gr. laga um fæðingarorlof. Þennan tíma verður að nýta í þágu barns, sbr. nánar athugasemdir við 1. gr. Sama regla gildi ef barn er ættleitt eða tekið í varanlegt fóstur.

Um 3. gr.

Lagt er til að foreldrar sem gegna lauðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi fái greidd full laun í fæðingarorlofi eða samsvarandi hlutfall launa ef um hlutastarf er að ræða. Ákvæði um greiðslur í fæðingarorlofi er að finna í 15. og 16. gr. almannatryggingalaga og nýmæli 16. gr. a um fæðingarorlofssjóð. Ráðherra skal ákveða með reglugerð nánari skilgreiningu á fullum launum.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að í ákvæði til bráðabirgða komi fram að þrátt fyrir breytingar á ákvæðum 2. og 3. gr. laga um fæðingarorlof muni lenging fæðingarorlofs úr sex mánuðum í tólf ekki gerast í einu lagi og að ákvæðin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en árið 2002, sbr. athugasemdir við 1. gr.

Um 5. gr.

Lagðar eru til nokkar breytingar á 15. gr. almannatryggingalaga til samræmis við breytingar sem gera ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs, sbr. athugasemdir við 1. gr., og fjármögnun, sbr. athugasemdir við 6. og 7. gr. Með hliðsjón af nýmæli 16. gr. a um greiðslur úr fæðingarorlofssjóði, sem skulu svara til fullra launa samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur, mun ákvæði 15 gr. um fæðingarstyrk í framtíðinni fyrst og fremst taka til þeirra kvenna sem ekki eru á vinnumarkaði.

Um 6. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 16. gr. almannatryggingalaga til samræmis við breytingar sem gera ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs, sbr. athugasemdir við 1. gr., og ákvæði um

fæðingarorlofssjóð og greiðslur úr sjóðnum, sbr. athugasemdir við 7. gr. Þá er lagt til að f-liður 16. gr. verði felldur brott, en seinni málsliður hans hefur verið tekin upp í 2. gr. laga um fæðingarorlof, sbr. athugasemdir við 1. gr. Fyrri málsliður f-liðar fellur því brott þar sem talið er rétt að foreldrar ákveði sjálfir hvenær faðir tekur sitt fæðingarorlof enda getur staðið misjafnlega á hjá foreldrum. Ákvæði 16. gr. um fæðingardagpeninga mun því í framtíðinni, með hliðsjón af nýmæli 16. gr. a um fæðingarorlofssjóð, fyrst og fremst taka til námsmanna sem fullnægja nánari skilyrðum ákvæðisins.

Um 7. gr.

Lagt er til það nýmæli að stofnaður verði sérstakur sjóður, fæðingarorlofssjóður, sem varðveittur verði hjá Tryggingastofnun ríkisins. Greiðslur úr sjóðnum eiga að tryggja foreldrum full laun í fæðingarorlofi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Fjárhæðir sem greiddar verða úr sjóðnum greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum með sama hætti og fæðingardagpeningar. Útgjöld lífeyristryggginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.

Um 8. gr.

Með hliðsjón af ákvæði til bráðabirgða um lengingu fæðingarorlofs í áföngum, sbr. athugasemdir við 4. gr., er hér lagt til að í ákvæði til bráðabirgða í almannatryggingalögum verði kveðið á um greiðslur í samræmi við fyrrnefnt ákvæði.

Um 9. gr.

Lagt er til að lög þessi öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1999. Með því gefst nokkur aðlögunartími til þess að undirbúa það að greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi munu aukast með tilkomu fæðingarorlofssjóðs, sbr. nánar umfjöllun í greinargerð.

334. Tillaga til þingsályktunar [266. mál]

um eflingu sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum.

Flm.: Einar Oddur Kristjánsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögu um hvernig megi efla sauðfjárbúskap í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt.

Greinargerð.

Gríðarlegur samdráttur hefur orðið í sauðfjárbúskap hér á landi á síðustu árum og lætur nærri að fé hafi fækkað um helming frá því sem það var flest árið 1978. Með setningu búvörulaganna 1985 var mörkuð sú stefna að afnema útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir og á grundvelli þeirra var tekin upp framleiðslustýring sem miðaði að því að draga úr framleiðslu mjólkur og kindakjöts. Með búvörusamningi bænda og ríkisvaldsins í mars 1991 var síðan samþykkt að afleggja útflutningsbætur í einni atrennu og taka upp beinar greiðslur til bænda í stað niðurgreiðslna á heildsölustigi. Jafnframt var samið um lækkun á verði dilkakjöts og ríkið lagði fram fé til að greiða bændum fyrir að hætta framleiðslu.

Frá 1991 til 1996 dróst framleiðsla kindakjöts saman um 1.178 tonn, afurðaverð til sauðfjárbænda lækkaði að raungildi um 11,2% og tekjusamdráttur framleiðenda nam alls u.þ.b. 1,5 milljörðum kr. Framleiðendum fækkaði ekki að sama skapi og afkoman hrundi. Reiknað á föstu verðlagi féll hagnaður fyrir laun eigenda á sauðfjárbúum um 46,4% frá 1991 til 1996 samkvæmt uppgjöri Hagþjónustu landbúnaðarins.

Sá mikli samdráttur í framleiðslu sem orðinn er og afkomuhrun sauðfjárbænda bitnar harðast á jaðarbyggðum sem mest eiga undir sauðfjárbúskap og hafa litla möguleika á annarri atvinnusköpun. Þessar byggðir voru margar veikar fyrir og sums staðar blasir við hrun ef ekki verður að gert. Slíkt hefur keðjuverkandi áhrif og veikir jafnframt þorp og þéttbýliskjarna á viðkomandi svæðum þar sem atvinnulíf er yfirleitt einhæft og á mörkunum að unnt sé að halda uppi nauðsynlegri þjónustu.

Víðast í umræddum jaðarbyggðum eru gjöful beitilönd sem ekki eru fullnýtt, margar jarðir eru vel upp byggðar með vannýtta aðstöðu, bæði hvað varðar útihús og ræktað land, með öðrum orðum umtalsvert svigrúm er til að stækka sauðfjárbúin án nýrra fjárfestinga og síðast en ekki síst er verkþekkingin til staðar.

Með samningi um sauðfjárframleiðslu sem gerður var í október 1995 og lagasetningu í kjölfarið varð grundvallarbreyting á starfsumhverfi sauðfjárbænda. Tengsl voru rofin milli beingreiðslustuðnings og framleiðslu þannig að ekki er lengur kvótastýring á framleiðslunni, heldur taka allir sauðfjárbændur hlutfallslega jafnan þátt í útflutningi á því dilkakjöti sem ekki selst innan lands og er það hlutfall nú 13%. Á árinu 1996 tókst að koma jafnvægi á birgðir kindakjöts þannig að nú eru engar umframbirgðir í landinu. Samtímis hófst öflug markaðssetning dilkakjöts erlendis og margvísleg hagræðing er nú gerð í sláturhúsum, m.a. með stuðningi af hagræðingarfé sem var liður í sauðfjársamningnum. Þá hafa Byggðastofnun og Framleiðnisjóður landbúnaðarins stutt við þessa hagræðingu og endurbætur á kjötvinnslustöðvum til að þær öðlist útflutningsleyfi. Þetta starf hefur á mjög skömmum tíma skilað árangri og mun áreiðanlega skila enn meiri árangri á næstu árum. Sláturkostnaður fer lækkandi og áætlað er að skilaverð til bænda fyrir útflutt dilkakjöt frá þessu hausti muni nema 170–180 kr. á kíló.

Útflutningsverðið er enn of lágt til að skila arði þótt færa megi að því rök að vel rekin bú geti bætt afkomu sína með aukinni framleiðslu á þessum forsendum. Það er skoðun flutningsmanna að þessi útflutningur eigi sér mikla möguleika ef rétt er á málum haldið. Öllu máli skiptir að styrkja framleiðendurna sjálfa. Á næstu árum mun á það reyna hvernig til tekst. Í þessu samhengi þarf að hafa í huga að jaðarsvæðin þarf að skilgreina vel og taka sérstaklega mið af ástandi beitilanda, hlutdeild sauðfjárræktar í atvinnulífi viðkomandi sveita og möguleikum fólksins á annarri atvinnusókn. Flutningsmenn eru þess einnig fullvissir að fátt sé þýðingarmeira í baráttunni gegn byggðaröskun en að koma jaðarbyggðinni til hjálpar. Sauðfjárræktin er grundvallaratvinnugrein á jaðarsvæðunum.

Fylgiskjal I.

Fjöldi sauðfjár.

	1990	1996	1996 sem % af 1990
Gullbringu- og Kjósarsýsla	7.327	5.125	69,9
Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	47.544	42.466	89,3
Snæfellsnessýsla	24.703	16.660	67,4
Dalasýsla	30.903	25.756	83,3
Barðastrandarsýsla	15.529	13.035	83,9
Ísafjarðarsýsla	18.939	13.230	69,9
Strandasýsla	23.991	20.065	83,6
Vestur-Húnavatnssýsla	33.081	28.178	85,2
Austur-Húnavatnssýsla	30.128	25.216	83,7
Skagafjarðarsýsla	39.387	34.901	88,6
Eyjafjarðarsýsla	21.567	16.367	75,9
Suður-Þingeyjarsýsla	41.308	32.423	78,5
Norður-Þingeyjarsýsla	24.795	22.207	89,6
Norður-Múlasýsla	26.371	36.919	140,0
Suður-Múlasýsla	18.535	20.640	111,4
Austur-Skaftafellssýsla	20.182	16.646	82,5
Vestur-Skaftafellssýsla	33.480	26.760	79,9
Rangárvallasýsla	47.269	35.472	75,0
Árnessýsla	43.262	33.663	77,8
Kaupstaðir	6.481	7.691	118,7
ALLS	**554.782**	**473.420**	**85,3**

Framleiðsla kindakjöts, tonn (dilkakjöt).

	1990	1996
Gullbringu- og Kjósarsýsla	98,02	62,85
Borgarfjarðarsýsla	378,07	280,48
Mýrasýsla	369,71	285,06
Snæfellsnessýsla	372,31	303,79
Dalasýsla	578,91	478,80
Austur-Barðastrandarsýsla	185,11	148,53
Vestur-Barðastrandarsýsla	90,19	76,62
Vestur-Ísafjarðarsýsla	176,65	132,11
Norður-Ísafjarðarsýsla	159,10	113,50
Strandasýsla	456,54	427,44
Vestur-Húnavatnssýsla	624,87	544,46
Austur-Húnavatnssýsla	492,78	439,25
Skagafjarðarsýsla	645,35	538,34
Eyjafjarðarsýsla	410,93	307,28
Suður-Þingeyjarsýsla	770,31	657,17
Norður-Þingeyjarsýsla	453,59	446,19
Norður-Múlasýsla	649,28	796,04
Suður-Múlasýsla	277,45	434,58
Austur-Skaftafellssýsla	310,26	272,30
Vestur-Skaftafellssýsla	532,05	437,17
Rangárvallasýsla	751,41	480,88
Árnessýsla	669,72	471,87

Fylgiskjal II.

Byggðastofnun, þróunarsvið:

Úr skýrslu um stöðu sauðfjárræktar og áhrif á byggðaþróun.
(September 1997.)

Innanlandssala og útflutningur kindakjöts í tonnum 1978–96.



Fylgiskjal III.

Hagþjónusta landbúnaðarins:

Úr skýrslu um þróun sauðfjárbúskapar á Íslandi tímabilið 1991–96.
(September 1997.)

Upplýsingar úr rekstri sauðfjárbúa fyrir tímabilið 1991–96.
(Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi ársins 1996.)

	Heildarvelta	Breytilegur kostnaður	Fastur kostnaður	Framlegð	Hagnaður f. laun eiganda
1991	3.476	1.172	691	2.305	1.190
1992	3.205	1.045	701	2.160	1.234
1993	2.934	989	679	1.945	784
1994	2.729	917	649	1.811	674
1995	2.665	879	674	1.786	654
1996	2.683	922	650	1.762	638
Breyting	-23%	-21%	-6%	-23%	-46%

Meðalafkoma á sauðfjárbúum tímabilið 1991–96.
(Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi ársins 1996.)

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Breyting 1991-1996
Fjöldi reikninga	32	32	32	32	32	32	
Fjöldi vetrarfóðraðra kinda	291,3	309,6	293,1	286,8	291,0	285,1	
Greiðslumark, ærgildi	336,3	314,3	305,0	278,0	277,6	288,5	
þar af: Kindakjöt	331,9	313,6	304,3	277,7	277,6	288,5	-43 ærgildi
1. Búgreinatekjur	3.476	3.205	2.934	2.729	2.665	2.683	-793
þar af: Dilkakjöt	2.664	1.239	1.114	1.088	1.011	859	
- Umsýslukjöt	0	0	10	37	59	62	
- Kjöt af fullorðnu fé	83	81	62	33	28	40	
- Ull	64	189	196	173	168	163	
- Gærur/slátur	179	146	147	166	185	227	
- Heimanot	35	51	53	40	60	45	
- Selt á fæti	69	97	34	4	2	7	
- Beinar greiðslur frá ríkinu	22	1.282	1.206	1.077	1.056	1.091	
- Endurgr. kjarnfóðurgjald	30	0	0	0	0	0	
- Verðskerðing (+/-)	1	0	(3)	(0)	0	0	
- Frá Bjargráðasjóði	0	0	0	0	0	0	
- Tryggingabætur-1	7	20	0	0	0	1	
- Bústofnsbreyting (+/-)	54	(126)	(36)	9	(39)	(6)	
- Tryggingabætur-2	0	(7)	0	0	0	0	
- Keypt á fæti	0	0	(4)	(4)	(0)	(11)	
- Tekjur, sauðfé	3.211	2.973	2.780	2.624	2.530	2.478	
2. Breytilegur kostnaður	1.172	1.045	989	917	879	922	
3. Framlegð	2.305	2.160	1.945	1.811	1.786	1.762	
4. Hálffastur kostnaður	691	707	679	649	674	650	
þar af: Laun og launatengd gjöld	81	78	114	140	141	134	
5. Afskriftir	446	458	512	433	435	492	+46
þar af: Niðurfærsla greiðslumarks	0	0	10	35	41	51	
6. Fjármagnsliðir	205	184	243	152	159	159	-46
7. Aðrar tekjur	227	423	272	96	135	177	-50
8. Hagn./(tap) f. laun eigenda	1.190	1.234	784	674	654	638	-552
9. Hagn./(tap) 0-búgreina	83	87	104	85	81	108	
10. Eignir alls	8.359	8.255	7.221	7.324	6.896	6.764	-1.595
11. Skuldir alls	2.623	2.636	2.353	2.583	2.699	2.776	+153
12. Höfuðstóll	5.736	5.619	4.867	4.741	4.198	3.988	-1.748
13. Skuldir og höfuðstóli	8.359	8.255	7.221	7.324	6.896	6.764	
Hlutfall heildarskulda af veltu	69%	71%	71%	89%	93%	93%	+24%
Launagreiðslugeta búsins	1.354	1.399	1.003	899	876	880	-474
Eiginfjárhlutfall	69%	68%	67%	65%	61%	59%	-10%

335. Fyrirspurn [267. mál]

til samgönguráðherra um póstburðargjöld.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða ástæður liggja að baki því að taka upp tvö gjaldskrársvæði póstburðargjalda blaða og tímarita innan lands, þar með talið fréttabréfa og bæklinga, frá og með 1. október sl.?
2. Hver verður verðmismunur á póstburðargjöldum milli gjaldsvæða eftir þá breytingu?
3. Hve mikil var gjaldskrárhækkunin á framangreindum póstburðargjöldum frá 1. október sl. og hve mikil hefur hún verið sl. 15 mánuði? Hvaða forsendur liggja að baki hækkuninni?
4. Hver verður tekjuauki póstþjónustunnar við þessa gjaldskrárbreytingu?

336. Fyrirspurn [268. mál]

til viðskiptaráðherra um áhrif fríðindatilboða á verðlagningu vöru og þjónustu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hafa afsláttarkjör, fríðindatilboð (t.d. frípunktar), samræmdir viðskiptaskilmálar og þess háttar samningar hjá fyrirtækjum og stofnunum í atvinnu- og viðskiptalífi haft skaðleg áhrif á samkeppni og stuðlað að hærra verði á vöru og þjónustu til neytenda?
2. Hefur Samkeppnisstofnun kannað sérstaklega hvort framangreind fríðindatilboð og samræmdir viðskiptaskilmálar brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga?

337. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera Hafrannsóknastofnuninni kleift að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Til verkefnisins verði veitt afmörkuð fjárveiting næstu þrjú ár með hliðsjón af áætlun frá stofnuninni.

Greinargerð.

Víðtækar breytingar á hafsbotni.

Líkur benda til að botnvörpuveiðar hafi frá því þær hófust í byrjun 20. aldar gjörbreytt yfirborði hafsbotnsins víða á Íslandsmiðum, sem og annars staðar þar sem þær eru stundaðar. Verka þær ekki ósvipað og plógar og herfi á landi, þ.e. þær brjóta niður ójöfnur og slétta botninn auk þess sem botngerðin breytist við endurtekið umrót. Margir þeirra sem lengi hafa stund-

að sjómennsku telja sig hafa orðið vitni að gagngerum breytingum á landslagi botnsins á stórum svæðum á landgrunninu. Sem næst sléttur botn er forsenda þess að stunda togveiðar áfallalaust og því hafa þessar breytingar verið taldar jákvæðar með tilliti til togveiða. Margir sjómenn hafa þó haft áhyggjur af áhrifum þessarar röskunar á lífsskilyrði á sjávarbotni, bæði staðbundnum og einnig hugsanlegum áhrifum á klak fiskstofna. Með stækkun veiðarfæra og aukinni sókn hefur röskunin augljóslega orðið meiri og víðtækari.

Viðhorf til jarðrasks eru afar ólík eftir því hvort um er að ræða röskun á landi eða í sjó. Á þurrlendi hefur verið reynt að setja reglur um jarðrask og draga úr áhrifum þess, en sömu sögu er ekki að segja um hafsbotninn. Kemur þar eflaust til að hann er flestum hulinn og óaðgengilegur og aðstæður til beinna rannsókna erfiðar og kosta meira en á þurrlendi.

Helmingi af botni Norðursjávar raskað árlega.

Rannsóknir í Norðursjó benda til að um 50% af yfirborði sjávarbotns þar verði fyrir raski af völdum botnveiðarfæra *einu sinni til fimm sinnum á ári* og eigi stóran þátt í að tegundasamsetning þar sé nú ólík því sem hún var fyrir um hálfri öld. Áhyggjur manna og rannsóknir erlendis hafa einkum beinst að veiðum með bjálkatrolli, en um áhrif dragnóta- og botnvörpuveiða á botndýralíf er minna vitað. Botnvarpa er sem kunnugt er algengasta veiðarfæri sem notað er hér við land og er því mikil nauðsyn að afla vitnesku um áhrif af notkun hennar á botngerð og lífríki botnsins.

Röskun af völdum botnvörpu.

Toghlerar botnvörpu eru sá hluti veiðarfærisins sem mestu raski veldur á botni, en einnig geta fótreipi og grandarar valdið raski. Það fer eftir botngerð og dýpi hversu stórt far myndast eftir botnvörpuhlerana, en oft er það nálægt einum metra á breidd og dýpt þess 15–20 sm. Skurðirnir sem hlerarnir skilja eftir sig eru þannig oft um tveir metrar samanlagt og þeim mun breiðari að talið er sem undirlag er mýkra. Stálkúlur (bobbingar) á fótreipi geta hugsanlega kramið lífverur, en lítið er vitað um áhrif þeirra.

Rannsóknir til þessa.

Þrátt fyrir vaxandi áhyggjur af áhrifum botnveiðarfæra á lífríki hafa rannsóknir hérlendis til þessa verið afar takmarkaðar. Hafrannsóknastofnunin hefur hins vegar um árabil stundað rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á fiskstofna. Fyrir 2–3 árum lýsti stofnunin áhuga á að hefja rannsóknir á áhrifum botnveiðarfæra á botninn. Árið 1996 veitti Lýðveldissjóður tveimur umsækjendum, Sigmari Arnari Steingrímssyni og Stefáni Áka Ragnarssyni, styrk til rannsókna á áhrifum botnvörpuveiða á samfélög botndýra sem svaraði til launa sérfræðings í 5–6 mánuði. Var rannsóknaáætlun þeirra felld að áætlun Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir árið 1997 (verkefni nr. 16.19 innan sjó- og vistfræðisviðs). Felst rannsóknin í forkönnun þar sem nýttur er gagnagrunnur stofnunarinnar til að meta veiðiálag við landið, staðbundinni könnun á botndýralífi á fyrirhuguðu rannsóknasvæði og útitilraun þar sem borið er saman botndýralíf á röskuðu og óröskuðu svæði. Leggur Hafrannsóknastofnunin til aðstöðu fyrir verkefnið og skip til útitilraunar. Rannsóknarráð Íslands greiðir að hluta laun sérfræðings með svonefndum stöðustyrk og auk þess styrk upp í kaup á neðansjávarmyndavél til nota við rannsóknirnar. Einnig hefur Lýðveldissjóður styrkt verkefnið. Gert er ráð fyrir að það taki þrjú ár, en fjármagn er aðeins tryggt til eins árs.

Hér er um lofsvert framtak að ræða sem vonandi getur markað upphaf að víðtækum rannsóknum á áhrifum veiða á vistkerfi hafsbotnsins hér við land.

Botndýr á Íslandsmiðum (Bioice-verkefnið).

Rannsóknarverkefnið Botndýr á Íslandsmiðum hófst árið 1992 og hefur því staðið yfir í um fimm ár. Með tilkomu þess efldust verulega rannsóknir á flokkun íslenskra botndýra og á lífsháttum þeirra. Markmið verkefnisins eru að rannsaka hvaða botndýrategundir lifa innan íslenskrar efnahagslögsögu, skrá útbreiðslu þeirra og magn og tengsl við aðrar lífverur sjávar. Slík vitneskja um botndýralíf skapar mikilvægan þekkingargrunn sem m.a. nýtist til almennrar umhverfisvöktunar og til að kanna eftirtalin atriði:

1. samsetningu botndýrafánunnar og útbreiðslu tegunda,
2. samfélagsgerð botndýra og magn þeirra við landið,
3. ætiskilyrði fiskstofna í tengslum við fjölstofnasamspil,
4. breytingar á botndýralífi í tengslum við breytingar á ástandi sjávar og mengun,
5. frekari nýtingu botndýra við Ísland.

Þó að gögnunum hafi ekki verið sérstaklega safnað til að meta áhrif togveiða á botndýralíf verður mögulegt að nýta þau til þess að bera saman botndýralíf á svæðum sem eru undir mismunandi álagi frá togveiðum.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því verkefnið hófst hefur fjölmörgum sýnum verið safnað í alls 11 leiðöngrum. Við sýnatöku hafa unnið 47 sérfræðingar og námsmenn frá 10 löndum. Í rannsóknastöð verkefnisins í Sandgerði starfa nú 11 manns auk sérfræðinga og vinna flestir þeirra að frumúrvinnslu sýna. Nú eru á Íslandi og í 14 öðrum löndum yfir 70 manns að fullvinna þessi sýni og greina dýr til tegunda. Mikið hefur fundist af dýrategundum sem ekki var vitað áður að væru hér við land og einnig hafa fundist margar áður óþekktar dýrategundir. Allt stuðlar þetta að aukinni þekkingu og skilningi á lífríki sjávar sem aftur er forsenda fyrir forsjálli nýtingu og vernd þessarar mikilvægu auðlindar.

Nýtt átaksverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar.

Tillagan gerir ráð fyrir að Hafrannsóknastofnuninni verði gert kleift á næstu þremur árum að ráðast í sérstakt átaksverkefni til rannsókna á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á landgrunninu. Fylgja með tillögunni drög að verklýsingu og fjárþörf vegna slíks verkefnis til þriggja ára, tekin saman af Hafrannsóknastofnuninni (sjó- og vistfræðisvið) að beiðni flutningsmanns. Að þremur árum liðnum yrði verkefnið endurmetið með tilliti til frekari rannsókna.

Þær afmörkuðu rannsóknir sem nú fara fram á vegum sjó- og vistfræðideildar á áhrifum veiðarfæra á samfélög botndýra hafa þegar leitt í ljós þörfina á mun víðtækari rannsóknum á þessu sviði og munu gagnast við undirbúning þeirra. Reynslan af afmörkuðum átaksverkefnum á vegum stofnunarinnar eru góð, ekki síst af fjölstofnaverkefninu og rannsóknum á klaki og hrygningu þorsks.

Sjálfbærar fiskveiðar.

Íslensk stjórnvöld hafa sett fram stefnu um sjálfbæra þróun atvinnulífs í landinu. Í því sambandi hlýtur sjávarútvegurinn að skipa háan sess sem undirstöðuatvinnugrein. Íslenskar rannsóknastofnanir hafa sýnt að þær eru færar um að vera í fararbroddi í grunnrannsóknum séu þeim skapaðar til þess aðstæður fjárhagslega. Tilkoma sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna hérlendis leggur okkur jafnframt sérstakar skyldur á herðar að sinna sem flestum sviðum er snerta vistkerfi hafsins og verndun þess gegn ofnýtingu. Tækni við fiskveiðar veldur sífellt meira álagi á lífrænar sjávarauðlindir og þess þarf vandlega að gæta að sjálfbær nýting sé höfð að leiðarljósi. Rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar er svið sem vanrækt hefur verið alltof lengi. Tillagan miðar að því að við því verði nú brugðist með markvissu átaki.

Í meðfylgjandi áætlun Hafrannsóknastofnunarinnar er að finna samantekt um stöðu rannsókna á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og rökstudd er þörfin á skipulegu rannsóknaátaki. Þar kemur meðal annars fram að lítið er vitað um áhrif botnvörpu og ýmissa annarra veiðarfæra á lífríki sjávarbotns og að þau eru einn af þeim þáttum sem geta skipt máli varðandi viðgang fiskstofna. Á undanförnum árum hafa kröfur um bætta umgengni við lífríki hafsbotnsins orðið æ háværari og því er þörf á að efla rannsóknir á þessu sviði. Áætlunardrög Hafrannsóknastofnunarinnar miðast við þrjú ár, 1998–2000, og taka þau til rannsókna á botndýrum og jarðfræði botnsins. Heildarkostnaður er áætlaður um 63 millj. kr., mestur fyrsta árið, um 25 millj. kr. Um áætlunina vísasast að öðru leyti til fylgiskjals.

Flutningsmaður þakkar Hafrannsóknastofnuninni fyrir að hafa brugðist vel við beiðni um að taka saman og móta meðfylgjandi drög að rannsóknaáætlun um þetta mikilvæga verkefni.

Fylgiskjal.

Hafrannsóknastofnunin:

Drög að áætlun um átak í rannsóknum á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum.
(Reykjavík 1997.)

Inngangur.

Á síðari árum hefur mönnum orðið ljóst að veiðar með botnveiðarfærum hafa áhrif á vistkerfi hafsbotnsins. Í ljósi þess hve stór veiðarfæri eru nú til dags og sókn mikil er mjög brýnt að meta hvers eðlis slík áhrif eru. Nú eru samfélög botndýra í Norðursjó og Eystrasalti talin vera ólík því sem var fyrr á öldinni og líklega eiga auknar veiðar með botnveiðarfærum á síðari hluta þessarar aldar sinn þátt í því að lífríkið hefur breyst.

Við togveiðar rótast fíngert set upp af botni, sem síðan berst í burtu með straumi, en kórallar, hnullungar og steinar festast í veiðarfærinu og flytjast til eða eru fluttir burt af svæðinu. Í tímans rás er líklegt að botngerð á veiðislóð breytist og að jafnframt verði breytingar á samfélögum botndýra vegna þess að útbreiðsla þeirra er mjög nátengd botngerð.

Veiðar hafa jafnframt áhrif á lífslíkur botndýra. Sýnt hefur verið fram á að bjálkatroll getur kramið stórgerð botndýr. Mikið af þeim dýrum sem lentu í trollinu drápust á dekki og lífslíkur aukafla, sem var hent fyrir borð, reyndust vera litlar.

Það er einungis á allra síðustu árum sem áhersla hefur verið lögð á að kanna áhrif veiðarfæra á lífríkið. Oftast hefur það verið gert með tilraunum þar sem borin er saman samsetning botndýra á svæðum sem togað hefur verið á (tilraunasvæði) og á óröskuðum svæðum (samanburðarsvæði). Í öllum þessum tilraunum nema einni, þar sem áhrif botnvörpu voru könnuð, var unnið að rannsóknum á áhrifum bjálkatrolls á botndýralíf. Lítið er því vitað um áhrif botnvörpu á lífríki sjávarbotns en líklegt er þó að áhrif hennar séu verulega frábrugðin bjálkatrollinu þar sem þessi tvö veiðarfæri eru ólík að gerð.

Togveiðar eru umfangsmestu veiðarnar umhverfis Ísland. Þó að sókn sé meiri á einstök hafsvæði fremur en önnur dreifast veiðarnar engu síður á allt landgrunnið (sjá mynd). Líklegt er að lífríki á botni geti verið undir álagi frá þessum veiðum.

Á undanförnum árum hefur Hafrannsóknastofnunin stundað rannsóknir á veiðarfærum með tilliti til hagkvæmni í gerð þeirra og notkun, svo og rannsóknir á kjörhæfni veiðarfæra og atferli fisks gagnvart þeim. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram. Síðustu ár hefur verið lögð sérstök áhersla á endurbætur veiðarfæra þannig að seiðum sé sleppt eða að veiðarfærin sleppi einni tegund án þess að aðrar fari út um leið (leggpoki, legggluggi, seiðaskiljur og smáfiskaskiljur). Markmið þessara tilrauna er þannig að bæta umgengni um auðlindina og koma í veg fyrir óþarfa seiða- og smáfiskadráp.

Takmarkaðar rannsóknir hafa hins vegar verið gerðar á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávarbotns. Í nýlegri rannsókn á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar var reynt að meta áhrif dragnóta- og togveiða gagnvart humri og búsvæðum hans. Talið var ósennilegt að dragnótaveiðar löskuðu eða dræpu humar á botni. Mun líklegra þótti að toghlerar og jafnvel fótreipi humar- og fiskivarpa sköðuðu búsvæði humars og yllu einhverjum afföllum. Eins og áður hefur verið bent á er vísindaleg þekking á áhrifum botnvörpuveiða á hafsbotn mjög takmörkuð en botnvarpa er það veiðarfæri sem mest er notað hér við land. Á þessu ári hófust hjá Hafrannsóknastofnuninni rannsóknir á því hvaða áhrif botnvörpuveiðar hafa á samfélög botndýra en auk stofnunarinnar hafa Lýðveldissjóður og Rannsóknarráð Íslands styrkt verkefnið.



Umfang togveiða við Ísland árið 1996. Hver punktur sýnir einstakt tog með veiðarfæri (dragnót, humar-, rækju- og botnvarpa).

Íslendingar hafa sett sér það takmark að stunda sjálfbærar veiðar í framtíðinni. Slík stefna felur í sér að almennt sé gengið vel um auðlindir hafsins og að nýting auðlinda valdi sem minnstum skaða. Nauðsynlegt er að þær undirstöður sem tryggja viðgang fiskstofna okkar verði fyrir sem minnstu tjóni. Dýr sem lifa á hafsbotni eru mikilvæg fæða fyrir suma nytjabotnfiska okkar eða eru æti fyrir fiska sem nytjafiskar éta. Auk þess er á sjávarbotni að finna sérstök búsvæði (t.d. kóralla) sem talin eru mikilvæg í vistkerfi sjávar. Hafsbotninn er því einn af þeim þáttum sem geta skipt máli varðandi viðgang fiskstofna og nauðsynlegt er að umgengni um hann sé sem best.

Rannsóknir sem nú eru stundaðar á Íslandi á áhrifum veiða á vistkerfi sjávar.

Á þessu ári hófust rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar á áhrifum botnvörpu á botndýralíf. Markmiðið er að kanna hvort botnrask, vegna veiða með botnvörpu, hafi marktæk áhrif á samfélög botndýra og botnset. Rannsóknirnar, sem gerðar eru í Stakksfirði, fóru þannig fram að afmörkuð voru átta snið og togað mörgum sinnum með botnvörpu yfir fjögur þeirra en hin sniðin (fjögur) voru látin vera að öllu leyti óröskuð. Með endurteknum söfnunum verður fylgst með útbreiðslu og þéttleika botndýra á sniðunum og kannað hvort marktækur munur verði í framvindu þessara þátta á sniðum sem togað var yfir og þeim sem látin voru í friði.

Um er að ræða fyrstu rannsóknir sinnar tegundar hér á landi og mun reynslan nýtast við rannsóknir á þessu sviði í framtíðinni. Stofnuninni er einungis unnt að veita takmarkað fjármagn til þessara rannsókna og sökum þess gengur úrvinnsla á sýnum hægt og nokkur tími mun líða þar til að búið verður að vinna úr gögnum og niðurstöður liggja fyrir. Með auknu átaki væri unnt að flýta verulega fyrir framgangi verksins svo að niðurstöður fengjust sem allra fyrst. Einnig er brýnt að átakið tryggi framtíð slíkra rannsókna, en til að svo megi verða telur Hafrannsóknastofnunin nauðsynlegt að tryggð verði laun eins sérfræðings, til viðbótar þeim sem þegar starfar á stofnuninni, og þriggja rannsóknarmanna.

Eins og áður var getið hefur Hafrannsóknastofnunin stundað rannsóknir á veiðarfærum sem stuðlað hafa að bættri umgengni um auðlindir hafsins.

Frekari rannsóknir.

Ljóst er að mörg önnur veiðarfæri en botnvarpa geta haft áhrif á lífríki botns. Hafrannsóknastofnunin hefur mikinn hug á að efla rannsóknir á þessu sviði. Hér að neðan eru nefnd þau verkefni sem að stofnunin telur brýnust og ætlunin er að sinna, fáist til þess nægilegt fjármagn og mannafli.

1. *Áhrif humarvörpu á botndýralíf.*

   Markmið rannsóknanna er að meta hvort að veiðar með humarvörpu hafi áhrif á búsvæði humars og lífslíkur humars sem sleppur undan vörpunni. Einnig að meta áhrif veiðarfæris á þéttleika annarra botndýra.

   Talið er mögulegt að fótreipi og hlerar humarvörpunnar raski búsvæði humars á þann hátt að eyðileggja holur þær sem hann grefur sér í botninn. Einnig er hugsanlegt að rask vörpunnar hafi áhrif á þéttleika og samsetningu annarra botndýra. Holur eru dýrunum nauðsynlegar, m.a. sem griðastaður fyrir ágangi rándýra. Ekki er vitað um afdrif þess humars sem sleppur undan veiðarfærinu en líklegt má telja að hann verði í einhverjum mæli ránfiskum að bráð.
2. *Áhrif kúfiskplógs á lífríki botns.*

   Markmið verkefnisins er að kanna áhrif veiða með kúfiskplógi á þéttleika og samsetningu botndýra. Einnig er markmiðið að kanna hve lengi botndýralíf er að jafna sig eftir plægingu.

Kúfisksplógur er notaður á sand- og leirkenndum botni. Framan við plóginn er vatnsþrýstibúnaður sem dælir vatni af miklum krafti niður í botninn og nær plógurinn þannig að grafa sig 15–20 sm niðri í botnsetið. Auk þess að veiða önnur dýr en kúfisk gætu áhrif hans á botndýralíf birst í því að róta upp seti og smáum botndýrum. Enn fremur er hugsanlegt að með plægingu skapist ný skilyrði fyrir nýliðun kúfisks.

Í framangreindum verkefnum er mikilvægt að kanna samtímis áhrif veiðarfæra á setgerð og botndýr. Líklegt er að veiðar hafi áhrif á setgerð, en náið samband er á milli tegundasamsetningu botndýra og botngerðar. Til að fá góðar upplýsingar um gerð botnsets þarf að taka mörg sýni, sem eru tímafrek í úrvinnslu. Með svokallaðri botnsjá (*side scan sonar*) má með skjótum hætti greina á milli mismunandi botngerða og auk þess nemur tækið mishæðir á hafsbotni, t.d. för eftir toghlera. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að slík tæki nýtast vel til að meta ummerki eftir veiðarfæri á botni. Engin botnsjá er til í landinu og væri Hafrannsóknastofnuninni akkur í því að eignast slíkt tæki.

3. *Umfang og dreifing veiðiálags á Íslandsmiðum.*

Markmið þessa verkefnis er að meta dreifingu togveiða við landið og hvernig veiðiálag dreifist á hafsvæði Íslandsmiða. Í þessum tilgangi verður notaður gagnagrunnur Hafrannsóknastofnunarinnar en hann hefur að geyma m.a. upplýsingar um staðsetningu toga og dreifingu veiða yfir árabil. Gagnagrunnur stofnunarinnar er líklega sá besti sinnar tegundar í heiminum.

Úrvinnsla á slíkum gögnum getur veitt margvíslegar upplýsingar um umfang og dreifingu veiðiálags, t.d. um á hve stórum hluta Íslandsmiða hefur verið togað með botnveiðarfærum, hvar er oftast togað og hversu umfangsmikil þau svæði eru.

Niðurstöður úr þessum verkefnum eru aðeins fyrsta skrefið til að auka skilning okkar á áhrifum veiðarfæra á lífríki botnsins. Á undanförnum árum hafa kröfur um bætta umgengni við lífríki botns orðið æ háværari. Auðlindir hafsins eru Íslendingum mjög mikilvægar og því þörf á að þeir séu í fararbroddi hvað varðar rannsóknir á þessu sviði.

Tafla 1. Átak í rannsóknum á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Tímaáætlun fyrir næstu þrjú ár.

1998	J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D
Áhrif botnvörpuveiða á samfélag botndýra[1]	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
Umfang og dreifing veiða á Íslandsmiðum					■	■	■	■	■	■		
1999	J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D
Áhrif botnvörpuveiða á samfélag botndýra	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
Áhrif kúfisksplógs á lífríki botns						■	■	■	■	■	■	■
2000	J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D
Áhrif humarvörpu á botndýralíf (lýkur ekki á árinu)							■	■	■	■	■	■
Áhrif kúfisksplógs á lífríki botns (lýkur ekki á árinu)	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■

[1] Þetta verkefni er þegar hafið.

Tafla 2. Sundurliðaður kostnaður við rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins (í millj. kr.).

Botndýr	1998	1999	2000
Stofnkostnaður	0,5		
Skip	1,8	1,8	1,8
Starfsmenn (land- og sjóvinna)			
Tveir sérfræðingar	6,2	6,2	6,2
Þrír rannsóknarmenn	6,3	6,3	6,3
Rekstrarkostnaður	0,5	0,5	0,5
Samtals	15,3	14,8	14,8
Jarðfræði			
Stofnkostnaður			
Tæki (botnsjá og fylgihlutir, hugbúnaður)	6 ,0		
Starfsmenn			
Jarðfræðingur, tækni-/tölvumaður, rannsóknarmaður, 1,5 stöðugildi	4,0	4,0	4,0
Samtals	10,0	4,0	4,0
Heildarkostnaður hvert ár	**25,3**	**18,8**	**18,8**

338. Svar [103. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um elli- og örorkulífeyrisþega.

1. *Hve margir ellilífeyrisþegar fengu fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri annars vegar og hins vegar heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum og kyni? Óskað er eftir að fram komi hve hátt hlutfall af heildarfjölda 67 ára og eldri hefur haft fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri hvert ár um sig og hve hátt hlutfall hafi einnig haft heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót.*

Eftirfarandi upplýsingar varðandi fjölda í bótaflokkum Tryggingastofnunar ríkisins voru unnar af Skýrr dagana 29. október til 4. nóvember 1997. Vegna tæknibreytinga í tölvukeyrslu kostar útkeyrsla upplýsinga um tímann fyrir árið 1993 bæði mikil útgjöld og fyrirhöfn sem ekki er hægt að anna á þeim tíma sem gefinn er til svars. Kostnaður vegna eftirfarandi upplýsinga frá Skýrr nam 56 þús. kr.

Ellilífeyrir 1.10.1993	Karlar	Konur
Með grunnlífeyri	9578	12682
Með tekjutryggingu og grunnlífeyri	7757	10630
Með fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri	4235	6977
Með heimilisuppbót	1794	5096
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	549	1919
Sjómenn með heimilisuppbót	36	0
Sjómenn með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	9	0

Ellilífeyrir 1.10.1994	Karlar	Konur
Með grunnlífeyri	9771	12891
Með tekjutryggingu og grunnlífeyri	8232	10959
Með fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri	4325	6954
Með heimilisuppbót	1956	5259
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	508	1695
Sjómenn með heimilisuppbót	32	0
Sjómenn með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	2	0

Ellilífeyrir 1.10.1995	Karlar	Konur
Með grunnlífeyri	9987	13142
Með tekjutryggingu og grunnlífeyri	8483	11210
Með fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri	4183	6817
Með heimilisuppbót	2049	5396
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	448	1566
Sjómenn með heimilisuppbót	23	0
Sjómenn með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	2	0

Ellilífeyrir 1.10.1996	Karlar	Konur
Með grunnlífeyri	9953	13272
Með tekjutryggingu og grunnlífeyri	8489	11291
Með fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri	3779	6357
Með heimilisuppbót	2067	5454
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	376	1315
Sjómenn með heimilisuppbót	19	0
Sjómenn með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	0	0

Ellilífeyrir 1.10.1997	Karlar	Konur
Með grunnlífeyri	10062	13606
Með tekjutryggingu og grunnlífeyri	8666	11618
Með fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri	3644	6236
Með heimilisuppbót	2057	5527
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	332	1170
Sjómenn með heimilisuppbót	19	0
Sjómenn með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	0	0

Ár	Heildarfjöldi 67 ára og eldri	Tekjutrygging og grunnlífeyrir, %	Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót, %
1993	25.227	72,9	9,8
1994	25.803	74,4	8,5
1995	26.241	75,1	7,7
1996	26.742	74,0	6,3
1997	27.250 (áætlað)	74,4	5,5

2. *Hve margir örorkulífeyrisþegar fengu fulla tekjutryggingu og grunnlífeyri annars vegar og hins vegar heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum og kyni?*

Sama gildir um svar við þessari spurningu og lið 1. Upplýsingar um fjöldatölur eftir kyni liggja ekki fyrir nema frá árinu 1993.

Örorkulífeyrir 1.10.1993	Karlar	Konur
Með örorkulífeyri	2422	3414
Með tekjutryggingu og örorkulífeyri	2205	2737
Með fulla tekjutryggingu og	1382	1632
Með heimilisuppbót	738	890
Með heimilisuppbót og sérstaka	352	401

Örorkulífeyrir 1.10.1994	Karlar	Konur
Með örorkulífeyri	2732	3825
Með tekjutryggingu og örorkulífeyri	2490	3015
Með fulla tekjutryggingu og örorkulífeyri	1466	1703
Með heimilisuppbót	827	962
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	321	371

Örorkulífeyrir 1.10.1995	Karlar	Konur
Með örorkulífeyri	3165	4371
Með tekjutryggingu og örorkulífeyri	2827	3449
Með fulla tekjutryggingu og örorkulífeyri	1536	1777
Með heimilisuppbót	894	1038
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	308	358

Örorkulífeyrir 1.10.1996	Karlar	Konur
Með örorkulífeyri	3255	4603
Með tekjutryggingu og örorkulífeyri	2902	3608
Með fulla tekjutryggingu og örorkulífeyri	1525	1809
Með heimilisuppbót	908	1076
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	293	340

Örorkulífeyrir 1.10.1997	Karlar	Konur
Með örorkulífeyri	3214	4630
Með tekjutryggingu og örorkulífeyri	2890	3637
Með fulla tekjutryggingu og örorkulífeyri	1529	1866
Með heimilisuppbót	906	1091
Með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót	287	339

3. *Hverjar telur ráðherra vera helstu skýringar á því að örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað úr 3.456 í 7.834 á árunum 1985–96?*

Örorkubætur skiptast í örorkulífeyri og örorkustyrk. Samkvæmt gögnum læknadeildar Tryggingastofnunar ríkisins var skipting bótaþega á árunum 1980, 1985, 1990 og 1995, sem hér segir:

	1980	1985	1990	1995
Örorkulífeyrir	3.391 (51%)	4.439 (61%)	4.900 (65%)	6.897 (80%)
Örorkustyrkur	3.304 (49%)	2.874 (39%)	2.616 (35%)	1.783 (20%)
Örorkubætur	6.695	7.313	7.516	8.680

Fjölgun bótaþega á þessum tímabilum er þannig:

1980–85	10%
1985–90	3%
1990–95	15%

Tölurnar sýna að frá árinu 1980–95 fjölgaði bótaþegum um 30% og að hlutfall örorkulífeyrisþega af heildarfjöldanum jókst úr 51% í 80%.

Ljóst er að skýring á fjölgun örorkulífeyrisþega er margþætt og ekki er unnt að fullyrða um hvort ein skýring ráði þar mestu. Mestu skiptir að atvinnuleysi jókst mjög á tímabilinu sem varð til þess að öryrkjar áttu erfiðara með að fá vinnu og ýmsir misstu vinnu sína. Við það

jókst ásókn í örorkubætur, m.a. vegna fyrirkomulags á greiðslu atvinnuleysisbóta, biðtíma o.fl. Þessu til viðbótar má benda á fjölgun slysa á tímabilinu, aukna vitund almennings um rétt sinn og aukna ráðgjöf og fræðslu um hvaða rétt einstaklingur á og hvernig hann næst fram.

Líklegt má telja að þessi fjölgun örorkulífeyrisþega eigi sér miklu frekar efnahagslegar skýringar en læknisfræðilegar.

339. Tillaga til þingsályktunar [270. mál]

um úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands og gerð áætlunar til stuðnings rannsókna- og vísindastarfsemi háskólans.

Flm.: Arnþrúður Karlsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á fjárhagsvanda Háskóla Íslands. Jafnframt verði gerð a.m.k. fimm ára áætlun til stuðnings rannsókna- og vísindastarfsemi háskólans.

Greinargerð.

Forráðamenn Háskóla Íslands hafa leitað til Alþingis og óskað eftir auknu fjárframlagi til handa háskólanum vegna verulegs fjárskorts sem hefur haft lamandi áhrif á starfsemi hans. Óþarft er að fjölyrða um slæm áhrif þess að stærsta háskólastofnun landsins sé höfð í fjársvelti.

Í skýrslu OECD frá árinu 1993 kemur fram að fjárframlög Íslendinga til háskólamenntunar eru mun minni en hjá nágrannaþjóðum. Aðeins 0,7% af þjóðartekjum er varið til málaflokksins en Bandaríkamenn verja til hans 2,5% af þjóðartekjum sínum. Í skýrslunni er þess jafnframt getið að Íslendingar skipi sér á bekk með Tyrkjum, Hollendingum, Japönum og Ítölum með minnstu fjárframlög til menntamála.

Mikilvægt er að við Íslendingar stöndum hvað menntun varðar jafnfætis þeim löndum sem við sækjum gjarna framhaldsnám til, svo sem annarra Norðurlanda, Bretlands og Bandaríkjanna. Ef stjórnvöld bregðast ekki við framangreindum staðreyndum er full ástæða til að óttast að við missum úr landi hæfa einstaklinga og sömuleiðis að fólk skili sér ekki heim að námi loknu.

Því er nauðsynlegt að úttekt verði gerð á ríkisframlögum til uppbyggingar Háskóla Íslands með tilliti til menntunar, mannauðar og framleiðni.

340. Svar [32. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um risnu-, bifreiða- og ferðakostnað Landsbankans, Búnaðarbankans og Seðlabankans.

1. *Hver var risnu-, bifreiða- og ferðakostnaður Landsbankans, Búnaðarbankans og Seðlabankans 1993–97? Óskað er sundurliðunar á eftirfarandi upplýsingum í rekstri bankanna frá og með árinu 1993 til 1. október 1997:*
   I. Risnukostnaður:

a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
b. Risna greidd samkvæmt reikningi.
Óskað er upplýsinga um stöðuheiti þeirra sem fá greidda risnu samkvæmt a-lið og sundurliðun á helstu kostnaðarliðum.

II. Ferðakostnaður:
a. Ferðakostnaður innan lands, þar með taldir dagpeningar.
b. Ferðakostnaður utan lands, þar með taldir dagpeningar.
Óskað er upplýsinga um sundurliðun á ferðakostnaði og dagpeningum, fjölda ferða einstakra starfsmanna og stöðuheiti, greiðslur til maka stjórnenda og tilgang ferðanna.

III. Bifreiðakostnaður:
a. Fjöldi ríkisbifreiða (tegund og árgerð) og rekstrarkostnaður þeirra.
b. Notkun bílaleigubifreiða.
c. Notkun leigubifreiða.
d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
Óskað er eftir að fram komi fjöldi og stöðuheiti þeirra starfsmanna/stjórnenda sem falla undir a-lið annars vegar og d-lið hins vegar.

Svör við fyrirspurninni eru byggð á upplýsingum sem aflað hefur verið hjá Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Seðlabanka Íslands.

Höfð hefur verið hliðsjón af sjónarmiðum um meðferð persónuupplýsinga. Þá hefur þess verið gætt að svör við fyrirspurninni hafi ekki að geyma upplýsingar sem geta skaðað hagsmuni umræddra stofnana af samkeppnis- eða viðskiptaástæðum. Einnig er gætt samræmis í svörum eftir því sem kostur er.

Við uppsetningu svarsins hefur verið höfð hliðsjón af sundurliðun þessara rekstrarþátta í ársreikningum sem vísað er til í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar.

Allar fjárhæðir í töflum eru í þús. kr.

I. Risnukostnaður.

Landsbanki Íslands	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1.10.97**
a. Föst risna greidd starfsmönnum	5.300	5.100	5.207	6.248	5.689
b. Risna greidd samkvæmt reikningi	17.731	15.864	18.173	16.663	11811

Föst risna er greidd bankastjórum, aðstoðarbankastjórum, svæðisstjórum og útibússtjórum. Risna greidd samkvæmt reikningi er vegna móttöku innlendra og erlendra gesta.

Búnaðarbanki Íslands	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1.10.97**
a. Föst risna greidd starfsmönnum	2.888	3.082	3.219	3.632	3.910
b. Risna greidd samkvæmt reikningi	2.676	2.973	3.071	3.529	3.800

Föst risna er greidd bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum. Risna greidd samkvæmt reikningi er vegna móttöku innlendra og erlendra gesta.

Seðlabanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
a. Föst risna greidd starfsmönnum	1.475	1.760	2.040	2.835	2.898
b. Risna greidd samkvæmt reikningi	12.600	12.224	9.228	10.802	8.023

Föst risna er greidd bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og yfirmönnum starfssviða. Í tengslum við skipulagsbreytingar á starfsemi bankans árið 1994 fjölgaði þeim sem njóta fastra risnugreiðslna úr 5 í 12.

Risna greidd samkvæmt reikningi er vegna gestamóttöku og fundahalda, m.a. í tengslum við erlend lánamál ríkissjóðs, ávöxtun gjaldeyrisforðans o.fl.

II. Ferðakostnaður

a. Ferðakostnaður innan lands.

Landsbanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
Ferðakostnaður	4.475	3.530	4.599	4.064	2.234
Dagpeningar	3.788	3.066	4.083	4.219	1.759
Samtals	**8.264**	**6.596**	**8.682**	**8.283**	**3.993**
Ferðafjöldi alls	182	164	215	152	162
Fjöldi starfsmanna	65	63	73	54	57

Búnaðarbanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
Ferðakostnaður	2.036	2.480	1.890	2.515	1.451
Dagpeningar	482	383	471	451	321
Samtals	**2.518**	**2.863**	**2.361**	**2.966**	**1.772**
Ferðafjöldi alls	32	32	41	48	45
Fjöldi starfsmanna	16	18	22	21	26

Seðlabanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
Ferðakostnaður	281	271	427	156	170
Dagpeningar	1.049	1.059	811	991	808
Samtals	**1.330**	**1.330**	**1.238**	**1.147**	**978**

Ferðir innan lands á vegum Seðlabankans eru einkum vegna eftirlitsferða bankaeftirlitsins. Ekki fengust nákvæmar upplýsingar um ferðafjölda eða fjölda starfsmanna sem ferðast hafa.

b. Ferðakostnaður utan lands.

Landsbanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
Bankastjórar og makar					
Ferðakostnaður	2.627	3.663	3.635	3.202	2.806
Dagpeningar	1.845	2.072	1.926	2.048	1.401
Fargjöld og dagpeningar maka	893	1.353	1.216	1.491	982
Aðrir starfsmenn					
Ferðakostnaður	5.539	5.803	6.261	7.821	3.180
Dagpeningar	7.427	9.413	8.871	10.772	5.284
Samtals					
Ferðakostnaður og dagpeningar	18.331	22.303	21.909	25.334	13.653
Ferðafjöldi alls	71	78	78	101	51
Fjöldi starfsmanna	41	47	42	54	46

Búnaðarbanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
Bankastjórar og makar					
Ferðakostnaður	1.656	1.396	2.053	1.869	630
Dagpeningar	1.620	1.649	1.662	2.071	1.758
Fargjöld maka	487	323	426	270	311
Aðrir starfsmenn					
Ferðakostnaður	1.934	1.373	2.002	2.339	3.243
Dagpeningar	2.201	2.371	3.172	2.632	4.219
Samtals					
Ferðakostnaður og dagpeningar	7.411	6.789	8.889	8.911	9.850
Ferðafjöldi alls	32	32	41	48	45
Fjöldi starfsmanna	16	18	22	21	26

Ekki eru greiddir dagpeningar fyrir maka stjórnenda.

Seðlabanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
Bankastjórar og makar					
Ferðakostnaður	5.598	4.089	5.429	6.035	4.561
Dagpeningar	3.650	1.975	2.089	2.738	2.363
Kostnaður vegna maka	1.230	483	891	1.487	1.138
Aðrir starfsmenn					
Ferðakostnaður	6.977	10.277	10.499	11.789	9.358
Dagpeningar	7.270	8.882	8.371	8.333	5.093
Samtals					
Ferðakostnaður og dagpeningar	23.495	25.223	26.388	28.895	21.375
Ferðafjöldi alls	122	139	138	146	111
Fjöldi starfsmanna	38	40	40	37	37

III. Bifreiðakostnaður.

Landsbanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
a. Fjöldi bifreiða	14	14	14	15	15
Rekstrarkostnaður	6.311	7.036	8.601	6.739	4.843
b. Notkun bílaleigubifreiða	776	732	1.001	712	291
c. Notkun leigubifreiða	1.753	1.819	2.509	2.362	2.127
d. Greitt fyrir afnot af bifr. starfsm.	74.928	73.409	74.504	77.126	62.782
Fjöldi starfsmanna sem fá greitt	150	151	157	158	162

Starfsmenn sem fengið hafa greitt fyrir afnot af bifreiðum sínum eru úr hópi aðstoðarbankastjóra, forstöðumanna stoðdeilda, útibússtjóra, svæðisstjóra og sérfræðinga.

Þrjár af bifreiðum bankans eru til umráða fyrir bankastjóra bankans. Þeir fá ekki greitt fyrir afnot af eigin bifreiðum.

Aðrar bifreiðar bankans eru þjónustu- og sendibifreiðar, þar af fjórar utan Reykjavíkur og Reykjaness.

Tegundir bifreiða í eigu bankans eru þessar:

Tegund	Árgerð	Tegund	Árgerð
Cherokee Laredo	1993	VW Golf GL	1994
Cherokee Limited	1996	VW Transporter 4X4	1995
Land Cruiser	1994	Mitsubishi L300 4WD	1993
Oldsmobil	1981	Subaru Legacy WAG	1995
Tveir VW Transporter	1994	Audi A6	1995
Space Wagon 2000	1996	Lancer 1600 GLXi	1995
Subaru Impreza	1994	Mitsubishi Pajero	1994

Búnaðarbanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
a. Fjöldi bifreiða	11	10	11	11	11
Rekstrarkostnaður	4.685	4.832	5.007	4.970	4.161
b. Notkun bílaleigubifreiða	89	141	141	46	102
c. Notkun leigubifreiða	276	288	739	631	698
d. Greitt fyrir afnot af bifr. starfsm.	42.207	45.130	49.937	53.281	34.820
Fjöldi starfsmanna sem fá greitt					128

Að meðaltali hafa 114 starfsmenn fengið greitt fyrir afnot af eigin bifreiðum á árunum 1993–97.

Þrjár af bifreiðum bankans eru notaðar af bankastjórum og fá þeir ekki greitt fyrir afnot af eigin bifreiðum. Aðrar bifreiðar eru notaðar í ýmsum tilgangi á vegum bankans, t.d. til peninga- og gagnaflutninga og eftirlitsferða í útibú bankans.

Starfsheiti þeirra sem fá greitt fyrir afnot af bifreiðum sínum eru aðstoðarbankastjórar, útibússtjórar, embættismenn, skrifstofustjórar og sérfræðingar.

Tegundir bifreiða í eigu bankans eru þessar:

Tegund	Árgerð	Tegund	Árgerð
Ford Explorer	1995	Tveir Golf GL 1800, st.	1996
Cherokee Laredo	1994	MMC Pajero	1996
Grand Cherokee	1995	MMC Pajero, stuttur	1997
Grand Cherokee	1996	Ford Sierra	1992
Volvo 850, station	1996	Ford Sierra	1989

Seðlabanki Íslands	1993	1994	1995	1996	1.10.97
a. Fjöldi bifreiða	9	9	9	9	9
Rekstrarkostnaður	4.443	5.855	4.844	4.728	3.407
b. Notkun bílaleigubifreiða	255	232	10	107	35
c. Notkun leigubifreiða	573	411	619	664	365
d. Greitt fyrir afnot af bifr. starfsm.	16.648	18.266	21.163	21.071	12.912

Bankastjórar og forstöðumaður bankaeftirlits hafa hver um sig til umráða bíl í eigu bankans, sá síðasttaldi samkvæmt ákvörðun viðskiptaráðherra frá árinu 1987, og greiða þeir skatt af hlunnindum í samræmi við reglur ríkisskattstjóra. Aðrar bifreiðar eru til bankaeftirlitsferða, eftirlits með seðlageymslum, seðlaflutninga, til gestamóttöku og ýmissa verkefna fyrir bankann.

Að jafnaði hafa 57 starfsmenn fengið greiddan bifreiðastyrk. Hafa ber í huga að hátt hlutfall starfsliðsins eru háskólamenntaðir sérfræðingar en tiltölulega fáir sinna afgreiðslustörfum. Á síðustu mánuðum hafa verið stigin skref í þá átt að færa bifreiðastyrki inn í laun.

Tegundir bifreiða eru þessar:

Tegund	Árgerð	Tegund	Árgerð
Chervolet Surburban	1984	Toyota 4Runner	1995
Honda Accord Shuttle	1996	Tveir Ford Explorer	1996 og 1997
Volvo S70	1997	Toyota 4Runner 3000i	1995
Audi 100 2,8E At	1992	Toyota Land Cruiser	1997

2. *Hafa bankastjórar eða aðrir stjórnendur bankanna aðrar starfstengdar greiðslur eða fríðindi en að ofan greinir, t.d. laxveiðifríðindi?*

Samkvæmt upplýsingum bankanna er ekki um aðrar starfstengdar greiðslur og fríðindi að ræða. Hafa ber í huga að í svörum við fyrirspurnum Jóhönnu Sigurðardóttur á 121. löggjafarþingi, þskj. 590 og 999, er svarað spurningum um starfskjör, lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur, stjórnargreiðslur og ferða- og bílahlunnindi stjórnenda Seðlabankans og ríkisviðskiptabankanna.

Rétt er að nefna að einn aðstoðarbankastjóra Búnaðarbanka Íslands er staðgengill bankastjóra og nýtur hann launakjara bankastjóra þegar hann gegnir stöðu bankastjóra.

Í starfi bankastjóra bankanna felst móttaka erlendra gesta sem gestgjafa af hálfu bankanna. Þátttaka í atburðum sem tengdir eru slíkum móttökum, svo sem laxveiðiferðum, er greidd af bönkunum.

3. *Hvenær og af hvaða ástæðum var hætt að birta í ársreikningum bankanna sundurliðaða þá rekstrarþætti sem að framan greinir?*

Ítarleg sundurliðun á rekstrarkostnaði er að finna í ársskýrslu Seðlabankans og hefur hún birst þar með hliðstæðum hætti allt frá árinu 1982.

Með lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var löggjöf á þessu sviði löguð að ákvæðum í samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Skv. 3. mgr. 57. gr. laganna, nú 3. mgr. 57. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, skal bankaeftirlitið setja reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings, auk reglna um skýringar og mat á einstökum liðum. Á grundvelli ákvæðisins hefur Seðlabankinn sett reglur nr. 554/1994 um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Fyrrgreindar reglur komu í stað reglna nr. 77/1986, um ársreikninga viðskiptabanka og sparisjóða, en skv. 17. gr. þeirra skyldi fylgja ársskýrslu ríkisviðskiptabankanna sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað.

Tilvitnuð lög ásamt núgildandi reglum um gerð ársreiknings byggja m.a. á ákvæðum tilskipunar 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana. Núgildandi reglur um atriði þau sem birta skal í ársreikningum viðskiptabanka eru því í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

341. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Landssamband eldri borgara tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir til tveggja ára einn aðalmann í tryggingaráð og annan til vara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samþykkt þessa frumvarps er tryggð aðild eldri borgara og öryrkja að tryggingaráði Tryggingastofnunar ríkisins. Þessir hópar eru meðal helstu lífeyris- og bótaþega Tryggingastofnunar og eðlilegt að þeir fái beina aðild að stjórn hennar.

Nú er tryggingaráð skipað þannig að Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Verkefni Tryggingastofnunar samkvæmt lögum eru þrenns konar, þ.e. að annast lífeyristryggingar, sem skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, örorkustyrki, barnalífeyri og bætur í fæðingaorlofi, og sjá um slysa- og sjúkratryggingar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Endurskoðunardeild skal starfa við stofnunina undir eftirliti þess. Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
b. ársreikningum stofnunarinnar,
c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,
d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir,
e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
f. öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og -sölum,
g. öðrum þeim atriðum sem lög um almannatryggingar ákveða.

Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til. Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ákvörðun lá fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þriggja mánaða frestinum.

Í framangreindri lýsingu á verksviði tryggingaráðs og Tryggingastofnunar er skýrt að valdsvið tryggingaráðs er verulegt og það starfar í nánu samstarfi við forstjóra. Að mati flutningsmanna er brýnt að tryggja betur hagsmuni eldri borgara og öryrkja í Tryggingastofnun. Þessir

hópar eiga flest sitt undir þessari stofnun og margir allt fjárhagslega. Því er nauðsynlegt að sjónarmið þeirra komist skýrt til skila í starfi stofnunarinnar.

Undanfarin ár hefur þess ekki verið gætt að hlustað væri af nægri athygli á skoðanir eldri borgara og öryrkja. Þessir hópar hafa reynt að sækja rétt sinn með miðlun upplýsinga til samfélagsins og þrýst á stjórnmálamenn að breyta um stefnu. Þessi barátta hefur oft borið nokkurn árangur en er þó langt frá því að vera fullnægjandi. Eldri borgarar starfa í fjölmörgum samtökum. Til að mynda eru starfandi 45 félög eldri borgara víða um landið. Stærst þeirra er Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Þessi félög starfa innan heildarsamtakanna Landssamband eldri borgara. Einnig er starfandi mjög virkur hópur eldri borgara, Aðgerðahópur aldraðra.

Í hugum jafnaðarmanna er grundvallaratriði að samfélagið búi vel að öldruðum og öryrkjum. Margir þeirra eiga ekki í önnur hús að venda. Það er algerlega óviðunandi að eldri borgarar og öryrkjar verði að sætta sig við geðþóttaákvarðanir ríkisstjórnar hvers tíma og vera í óvissu um kjör sín. Núverandi ríkisstjórn hefur tekið minna tillit til hagsmuna þessa fólks en áður hefur þekkst. Þess vegna er mjög mikilvægt að formleg þátttaka eldri borgara og öryrkja sé tryggð í stjórn þessara mála, eins og lagt er til í frumvarpinu. Þess má geta að áður hafa verið fluttar tillögur á Alþingi af þingmönnum Alþýðuflokks og Alþýðubandalags um að fjölga í Tryggingaráði á svipaðan hátt og hér er lagt til.

Ef frumvarpið verður að lögum verður tryggingaráð skipað sjö mönnum. Í frumvarpinu er lagt til að heildarsamtök aldraðra, Landssamband eldri borgara, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara. Gert er ráð fyrir að tilnefningin gildi til tveggja ára. Jafnframt er lagt til að Öryrkjabandalag Íslands, sem er heildarsamtök öryrkja hérlendis, tilnefni einn fulltrúa í tryggingaráð og annan til vara, sömuleiðis til tveggja ára. Flutningsmenn telja að hæfilegt sé að tilnefnt sé til tveggja ára í senn þótt hinir fulltrúarnir séu kosnir af Alþingi til fjögurra ára.

Flutningsmenn eru þess fullvissir að lögfesting þessa frumvarps væri mikilvæg réttarbót fyrir eldra fólk og öryrkja.

342. Fyrirspurn [272. mál]

til fjármálaráðherra um þungaskatt.

Frá Guðmundi Lárussyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, í samræmi við niðurstöðu samkeppnisráðs í september sl. þess efnis að lögin mismuni atvinnubifreiðastjórum og raski samkeppnisstöðu þeirra innbyrðis?

343. Fyrirspurn [273. mál]

til samgönguráðherra um starfsleyfi atvinnubifreiðastjóra.

Frá Guðmundi Lárussyni.

1. Hvaða skilyrði eru sett fyrir atvinnuleyfum sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra?
2. Telur ráðherra ástæðu til að sett verði löggjöf eða reglur um starfsemi sendibifreiða og vörubifreiða?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að sett verði á stofn sérstök starfsleyfaskrifstofa sem sjái um úthlutun starfsleyfa og hafi eftirlit með framkvæmd laga nr. 61/1995 og reglna settra samkvæmt þeim?

344. Fyrirspurn [274. mál]

til landbúnaðarráðherra um nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytisins.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hversu margar nefndir hafa starfað á vegum landbúnaðarráðuneytisins frá 1. janúar 1995 til 1. júlí 1997? Óskað er eftir upplýsingum um heiti nefnda, nöfn nefndarmanna, þar sem formanna er getið sérstaklega, og kostnað við hverja nefnd miðað við hvert ár fyrir sig. Auk þess komi fram heildarkostnaður við nefndarstörf á vegum ráðuneytisins fyrrgreint tímabil, sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

345. Frumvarp til laga [275. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

2.–6. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að flytja veiðileyfi, skv. 1. mgr., til annars jafnstórs skips, miðað við rúmtölu, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Þá er og heimilt að sameina veiðileyfi tveggja eða fleiri skipa eða skipta veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa, enda sé rúmtala þess eða samtala rúmtalna þeirra skipa, sem veiðileyfi fá, ekki hærri en rúmtala þess eða þeirra, sem veiðileyfi láta. Aðeins er þó heimilt að flytja veiðileyfi frá báti, sem hefur leyfi til línu- og færaveiða, sbr. 6. gr., til báts, sem er helmingi minni að rúmtölu en sá bátur sem veiðileyfi lætur. Hafi bátur verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns má þrátt fyrir 3. málsl. þessarar mgr. flytja veiðileyfi þess báts til annars jafnstórs báts miðað við rúmtölu.

Hafi skip haft leyfi til veiða með aflamarki í a.m.k. sjö ár er heimilt að flytja veiðileyfi þess til annars skips, sem er allt að 100 rúmmetrum stærra, að viðbættum 25%, en þó aldrei meira en 60% stærra en skip það er veiðileyfi lætur. Heimild til að flytja veiðileyfi á skip, sem er stærra en skip það er veiðileyfi lætur, á aðeins við þegar eitt skip kemur kemur í stað eins eða fleiri skipa og takmarkast við stærsta skipið af þeim sem veiðileyfi láta.

Óheimilt er að gera breytingar á skipi, sem hefur leyfi til veiða með aflamarki, þannig að rúmtala þess aukist nema flutt sé veiðileyfi af öðru skipi eða skipum, sem eru jafnstór að rúmtölu og sem stækkuninni nemur. Þó er heimilt að breyta skipi, sem hefur haft leyfi til veiða með aflamarki í a.m.k. sjö ár, þannig að rúmtala þess aukist, hafi slíkar breytingar ekki verið gerðar á síðustu sjö árum, enda aukist rúmtala þeirra ekki um meira en 100 rúmmetra að viðbættum 25% en þó aldrei um meira en 60%.

Óheimilt er að gera breytingar á báti sem hefur leyfi til línu- og færaveiða, sbr. 6. gr., nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er helmingi stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en sex brúttótonn.

Rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkana falla niður. Ráðherra skal setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 11. gr. laganna:
Orðin „2. mgr." í 1. málsl. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

I

Breytingar á skipum sem stunda veiðar með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986, skulu heimilar, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., hafi samningar þar um verið gerðir fyrir og skilað til Fiskistofu innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara. Breytingum skal þá lokið í síðasta lagi innan 14 mánaða frá gildistöku laganna. Slíkar breytingar skulu ekki lagðar til grundvallar mati á stærð skips við endurnýjun skipsins síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir

Það frumvarp sem hér er flutt byggir á niðurstöðum starfshóps sem sjávarútvegsráðherra skipaði 20. janúar sl. til þess að fjalla um endurnýjunarreglur fiskiskipa. Meginverkefni hópsins var samkvæmt skipunarbréfi að gera tillögur um breytingar á endurnýjunarreglum fiskiskipa, m.a. til samræmingar á þeim reglum sem gilda annars vegar um breytingar og hins vegar um nýsmíði. Skýrsla hópsins ásamt bréfi til sjávarútvegsráðherra og drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, varðandi endurnýjunarreglurnar, eru prentuð sem fylgiskjöl með þessu frumvarpi.

Skoðanir manna um það málefni sem hér er til umræðu eru og hafa verið mjög skiptar. Sumir telja ýmiss konar flotastýringu mikilvægt tæki við fiskveiðistjórnun, en aðrir telja að a.m.k. þar sem veiðum sé stýrt með magntakmörkunum á borð við íslenska aflahlutdeildarkerfið sé engin þörf á slíkum fjárfestingarhöftum. Má telja víst að síðara sjónarmiðinu hafi verið að vaxa fiskur um hrygg, enda hefur það mjög sýnt sig á síðustu misserum að útgerðir hafa verið að draga úr útgerðarkostnaði, m.a. með fækkun skipa. Menn hafa þó talið óráðlegt

að víkja alveg frá þessum reglum af hagkvæmnisástæðum. Má þar nefna hugsanlega hættu á auknum þrýstingi fyrir hærri heildaraflaákvörðun og ýmis eftirlitsvandamál, en skip sem ekki hafa aflaheimildir í samræmi við afkastagetu sína geta skapað aukna hættu á brottkasti og/eða löndun framhjá vigt.

Starfshópur sá sem skipaður var endurspeglaði vel helstu sjónarmið sem uppi hafa verið, en engu að síður varð einróma niðurstaða innan hópsins að leggja til að það skref til rýmkunar og samræmingar yrði stigið, sem þetta frumvarp felur í sér.

Það frumvarp sem hér er flutt er efnislega samhljóða því frumvarpi sem starfshópurinn skilaði til sjávarútvegsráðherra, en á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar varðandi uppsetningu og orðalag. Frumvarpið leggur til tvær meginbreytingar frá núgildandi reglum. Í fyrsta lagi að öll skip sem hafa leyfi til að veiða með aflamarki megi stækka nokkuð við endurnýjun og breytingu og er þar byggt á þeirri reglu sem gilti um stækkanir skipa til ársins 1991, og í öðru lagi að sérstök undaþága frá endurnýjunarreglum vegna breytinga á skipum skráðum fyrir 1. janúar 1986, verði afnumin með 14 mánaða aðlögunartíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein koma fram efnis- og orðalagsbreytingar á 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga. Ástæða þótti til að skipta 2. mgr. 5. gr. upp í fleiri málsgreinar þar sem hún spannar vítt svið, en málsgreinin tekur bæði til skipa sem stunda veiðar með aflamarki og krókabáta, sbr. 6. gr. laganna, og bæði til breytinga á eldra skipi og kaupa á nýju eða notuðu skipi.

Í 1. mgr. er ekki að finna efnislegar breytingar á núgildandi lögum. Orðalagi var þó breytt í þeim tilgangi að gera málsgreinina skýrari. Í 2. mgr. kemur fram efnisleg breyting á núgildandi lögum. Lagt er til að heimilt sé að endurnýja skip með þeim hætti að skip það sem veiðileyfi fær sé stærra í rúmmetrum talið en skip það sem veiðileyfi lætur. Heimildin er takmörkuð við skip sem hafa haft leyfi til að veiða með aflamarki í a.m.k. sjö ár. Þá er möguleg stækkun takmörkuð við 100 rúmmetra að viðbættum 25% af rúmmetrafjölda þess skips er veiðileyfi lætur. Skip það er veiðileyfi fær má þó aldrei vera meira en 60% stærra en skip það sem veiðileyfi lætur. Reglunni svipar um flest til þeirrar reglu er gilti til ársins 1991. Þá var þó miðað við 12 ára tímabil og einnig að ef fleiri en eitt skip létu veiðileyfi til eins skips, þá legðust 100 rúmlestir við samtölu þeirra, sem síðan mætti allt stækka um 25%, þó að hámarki um 60% alls, en nú er miðað við að einungis stærsta skipið af fleirum njóti stækkunarreglunnar. Ef skip stækkar meira en stækkunarreglan gerir ráð fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að kaupa viðbótarrúmlestir með sama hætti og verið hefur og kemur þá rúmlest á móti rúmlest. Þótt stækkunarreglan eigi aðeins við þegar eitt skip kemur í stað eins eða fleiri skipa er ekkert því til fyrirstöðu að veiðileyfi þess skips sem viðbótarrúmlestir lætur sé skipt á fleiri en eina stækkun, en það veiðileyfi yrði þá sjálft ekki grundvöllur stækkunar. Ávallt er horft til þess skips sem veiðileyfi er flutt frá þegar einstök tilvik eru metin og þess veiðileyfis sem þar er um að ræða.

Þótt lík regla og hér er lagt til að verði lögleidd, hafi áður verið við lýði á grundvelli reglugerðar eða til ársins 1991, er nú talið algerlega nauðsynlegt að slík heimild komi fram í lögunum sjálfum en sé ekki andlag reglugerðarsetningar.

Í 3. mgr. er lagt til að sú regla sem gildir um stækkun skipa sem stunda veiðar með aflamarki, taki einnig til breytinga á slíkum skipum, en sérreglur þar um verði felldar úr gildi. Sú regla sem gildir um þær stækkanir, að þær verði ekki lagðar til grundvallar við stækkun skipsins síðar, héldi sér að sjálfsögðu gagnvart þeim breytingum sem eiga stoð í þessari sérreglu, þótt hún yrði numin úr gildi.

Í 4. mgr. koma fram reglur sem gilda eiga um breytingu krókabáta og fela þær ekki í sér efnislegar breytingar frá núgildandi lögum.

Í 5. mgr. er lagt til að rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkana falli niður en slíkt ákvæði hefur aðeins verið að finna í reglugerð.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt er talið að gefa þeim útgerðum ákveðinn aðlögunartíma, sem rétt hafa til stækkunar með breytingu á skipum, samkvæmt sérreglum um breytingar á skipum sem skráð voru fyrir 1. janúar 1986, sem nú er að finna í 2. mgr. 5. gr. laganna en í frumvarpinu er gerð tillaga um að hún falli úr gildi. Varð samstaða um það í starfshópnum sem um þetta fjallaði að miða við þá tímafresti sem hér eru lagðir til og eru skilyrðin í bráðabirgðaákvæðinu hefðbundin og í samræmi við það sem tíðkast hefur þegar reglum af þessu tagi hefur verið beitt.

Fylgiskjal I.

Hr. sjávarútvegsráðherra
Þorsteinn Pálsson
Sjávarútvegsráðuneytinu
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

2. október 1997

Hér með fylgir álit og tillögur starfshóps, sem sjávarútvegsráðherra skipaði 20. janúar s.l. til að fjalla um endurnýjunarreglur fiskiskipa.

Verkefni starfshópsins var samkvæmt skipunarbréfi að gera tillögur um breytingar á endurnýjunarreglum fiskiskipa, m.a. til samræmingar á þeim reglum sem gilda annars vegar um breytingar og hins vegar um nýsmíði. Enn fremur skyldi starfshópurinn leggja mat á kosti þess og galla að heimila almennt ákveðna stækkun skipa við endurnýjun, án þess að sami rúmmetrafjöldi væri tekinn úr rekstri, þ.á m. hugsanleg áhrif á umgengni við nytjastofna sjávar og þróun fiskvinnslu. Þá átti starfshópurinn að huga að reglum um meðferð endurnýjunarheimilda, t.d. varðandi tímabundna geymslu og í sambandi við ýmis áhrif endurnýjunar á úthlutun aflaheimilda á grundvelli veiðireynslu.

Álit starfshópsins kemur annars vegar fram í meðfylgjandi skýrslu og hins vegar í meðfylgjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Samkomulag er innan starfshópsins um þær tillögur sem frumvarpið felur í sér.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald (sign)	Einar Oddur Kristjánsson (sign)	Gunnar I.Hafsteinsson (sign)
Kristján Pálsson (sign)	Sigurður Einarsson (sign)	Stefán Guðmundsson (sign)

Fylgiskjal II.

Skýrsla starfshóps um endurnýjunarreglur fiskiskipa 2. október 1997

Efnisyfirlit:

I. Inngangur
II. Um viðfangsefnið
III. Helstu breytingar á endurnýjunarreglum undanfarin ár
IV. Tillögur að frekari breytingum
V. Tillögur nefndarinnar

I. Inngangur

Með bréfi dags. 20. janúar 1997 skipaði sjávarútvegsráðherra starfshóp um endurnýjunarreglur fiskiskipa. Í starfshópinn voru skipaðir: Ari Edwald aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður, Gunnar I. Hafsteinsson útgerðarmaður, Kristján Pálsson alþingismaður, Sigurður Einarsson útgerðarmaður og Stefán Guðmundsson alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Auðunn Ágústsson frá Fiskistofu.

Verkefni starfshópsins var samkvæmt skipunarbréfi að gera tillögur um breytingar á endurnýjunarreglum fiskiskipa, m.a. til samræmingar á þeim reglum sem gilda annars vegar um breytingar og hins vegar um nýsmíði. Enn fremur skyldi starfshópurinn leggja mat á kosti þess og galla að heimila almennt ákveðna stækkun skipa við endurnýjun, án þess að sami rúmmetrafjöldi sé tekinn úr rekstri, þ.á m. hugsanleg áhrif á umgengni við nytjastofna sjávar og þróun fiskvinnslu. Þá væri nauðsynlegt að starfshópurinn hugaði sérstaklega að reglum um meðferð endurnýjunarheimilda, t.d. varðandi tímabundna geymslu og í sambandi við ýmis áhrif endurnýjunar á úthlutun aflaheimilda á grundvelli veiðireynslu.

II. Um viðfangsefnið

Nefndarmenn voru sammála um að ekki væri hægt að hafa sérstakar endurnýjunarreglur fyrir einstaka skipaflokka heldur yrði að líta á fiskiskip með veiðileyfi í íslensku fiskveiðilögsögunni sem eina heild. Notkunarmöguleikar skipa, með og án ýmiss konar breytinga, eru einfaldlega fjölbreyttari en svo að hægt sé eða æskilegt að fylgjast með notkun þeirra og t.d. tilurð fyrri stækkunar er til frekari endurnýjunar kemur. Þetta er sérstaklega skýrt eftir að svokölluð jafngildisregla var numin úr gildi, en sú regla gerði ráð fyrir að togari kæmi í stað togara og svo framvegis.

Enn fremur voru menn sammála um að ekki væri hægt að leggja til skilyrtar stækkunarheimildir, þannig að skip mætti einungis stækka án þess að samsvarandi rúmmetrar hyrfu úr rekstri ef tiltekinn rökstuðningur væri fyrir hendi. Hér undir kæmi t.d. stækkun vegna tækja til að kæla hráefni, endurbóta á vistarverum o.fl. Það er talið ókleift að framfylgja slíkum reglum um verðugar og óverðugar stækkanir og viðbúið að bygging skipa lagaði sig að slíkum reglum á kostnað sjóhæfni.

Loks voru menn sammála um að sú mismunun sem fælist í núgildandi reglum á milli breytinga og nýsmíði ætti ekki rétt á sér.

III. Helstu breytingar á reglum um endurnýjun fiskiskipa frá 1991

Það athugist að í þessum kafla er til einföldunar rætt um reglugerðarbreytingar en ekki lagabreytingar sérstaklega. Ástæðan er sú að kaflanum er ætlað að gefa lauslegt yfirlit um þær efnisreglur sem gilt hafa á þessu sviði og reglugerðarákvæðin eru ítarlegri.

Aflamarksskip

Endurnýjun skipa.

Í *reglugerð nr. 465/1990, um veiðar í atvinnuskyni 1991/1991* voru ákvæði um endurnýjun fiskiskipa á þann hátt, að nýja skipið mátti ekki vera stærra en úrelta skipið í rúmmetrum talið, með undantekningu fyrir skip eldri en 12 ára. Ef það skip sem hvarf úr rekstri var eldra en 12 ára mátti rúmtala hins nýja skips vera 100 rúmmetrum stærra en það skip sem veiðileyfi lét auk 25% álags á þá samtölu. Rúmtala nýja skipsins mátti aldrei vera meira en 60% hærri en rúmtala þess skips sem hvarf úr rekstri, en þó mátti nýja skipið ætíð vera 5 rúmmetrum stærra en gamla skipið. Heimilt var að úrelda tvö eða fleiri skip fyrir eitt.

Heimild var til raðsmíði þriggja eða fleiri systurskipa gegn úreldingu jafn margra skipa, og fékkst þannig fram samnýting á rúmmetrum.

Nýjum skipum var aðeins veitt veiðileyfi með því skilyrði að þau skip sem hyrfu úr rekstri væru strikuð af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins og þeim eytt eða þau seld úr landi.

Með *reglugerð nr. 367/1991, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1991/1992* var stækkunarmöguleikinn numinn úr gildi, og einnig samnýting rúmmetra með systurskipareglu.

Í *reglugerð nr. 290/1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1992/1993* var leyfilegt að taka allt að þrjú skip úr rekstri fyrir eitt nýtt en þá þurfti eitt hinna úreltu skipa að vera a.m.k. 70% af rúmtölu nýja skipsins. Frá 70% ákvæðinu mátti víkja ef ætla mátti að sóknargetan ykist ekki við skiptin.

Endurnýjunarreglur voru óbreyttar í *reglugerð nr. 274/1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1993/1994.*

Með *reglugerð nr. 405/1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995* var fallið frá að eyða úreltu skipi eða selja það úr landi, en nýjum skipum aðeins veitt veiðileyfi með því skilyrði, að þau skip sem veiðileyfi létu, hyrfu varanlega úr rekstri, og væru tekin af skipaskrá eða útgerð skipsins óskaði skriflega eftir því að veiðileyfi væri varanlega flutt til annars skips. Ef veiðileyfi hafði verið flutt af skipi var aðeins heimilt að flytja til þess veiðileyfi að nýju að sambærilegt skip léti til þess veiðileyfi. Jafnframt var gefin heimild til að flytja veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa.

Reglugerð nr. 406/1995, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996 er óbreytt, og í *reglugerð nr. 362/1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997* er fallið frá 70% reglunni og heimilað að flytja veiðileyfi ótakmarkaðs fjölda skipa til skips er veiðileyfi hlýtur.

Breytingar aflamarksskipa.

Reglur um breytingar á aflamarksskipum hafa að mestu verið óbreyttar allan þennan tíma. Óheimilt að breyta skipum, sem fengu veiðileyfi í fyrsta sinn eftir 1. jan. 1986, þannig að rúmtala þeirra aukist, án þess að flutt sé veiðileyfi og samsvarandi rúmtala frá öðru(m) skipum á móti stækkuninni. Skip frá því fyrir 1. janúar 1986 hafa haft óhefta stækkunarheimild, en endurnýjunarstærð þessara skipa var í upphafi takmörkuð við stærð þeirra 1. janúar 1985. Þessi takmörkun var síðan felld niður, en tekin upp aftur og miðast nú við stærð þeirra 21. júní 1995.

Krókabátar

Allt frá gildistöku *reglugerðar nr. 465/1990, um veiðar í atvinnuskyni 1991/1991* og út gildistíma *reglugerðar nr. 405/1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995* voru reglur um endurnýjun og breytingar á krókabátum óbreyttar.

Fyrir ný skip þurfti að úrelda rúmmetra á móti rúmmetra, og nýr bátur varð að vera minni en 6 brúttótonn.

Ekki þurfti að flytja veiðileyfi á móti stækkun krókabáts nema veiðileyfi krókabátsins hefði verið flutt til hans af öðrum báti (þ.e. alla krókabáta, sem veiðileyfi fengu 1. janúar 1991 eða fyrr, mátti stækka. Báta, sem komu eftir þann tíma, mátti ekki stækka nema veiðileyfi væri flutt á móti stækkuninni). Aldrei mátti stækka krókabáta þannig að þeir yrðu stærri en 6 brúttótonn.

Með *reglugerð nr. 406/1995, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996* var reglum um krókabáta breytt, og eru þær reglur óbreyttar í dag.

Við endurnýjun krókabáta þarf að flytja tvo rúmmetra á móti einum í nýjum báti. Undantekning frá þessari reglu er gerð ef um er að ræða endurnýjun vegna báts sem dæmdur er óbætandi vegna sjótjóns. Enn fremur er aldrei heimilt að flytja krókaleyfi til báts, sem er 6 brúttótonn eða stærri.

Allar stækkanir krókabáta eru óheimilar nema gegn flutningi á tvöfalt fleiri rúmmetrum en viðkomandi bátur stækkar um. Krókabátur má aldrei vera stærri en 6 brúttótonn eftir stækkun.

IV. Tillögur að frekari breytingum

Margar tillögur hafa komið fram um frekari breytingar á þeim reglum sem gilda um endurnýjun fiskiskipa. Hér á eftir er reynt að fjalla lítillega um kosti og galla þeirra helstu:

1. Sérstakar endurnýjunarreglur felldar úr gildi, fjöldi og stærð skipa gefin frjáls.

Meginrökin fyrir tillögunni eru að veiðitakmarkanir aflahlutdeildarkerfisins séu nægjanlegar og menn eigi sjálfir að bera ábyrgð á áætlunum um rekstrarhæfi fjárfestinga sinna. Brottfall sérstaks endurnýjunarkostnaðar greiði fyrir endurnýjun flotans með nýrri og öruggari og fullkomnari skipum, þar sem aðstaða sé til betri hráefnismeðferðar og vöruvöndunar, auk betri aðbúnaðar fyrir sjómenn. Tækifæri geti runnið Íslendingum úr greipum vegna hamlandi áhrifa núverandi endurnýjunarreglna.

Á móti er sagt að ef fallið yrði frá þeirri stefnu að halda í við heildarafkastagetu veiðiflotans innan landhelginnar, geti afkastageta flotans færst fjær afrakstursgetu stofnanna en nú er. Það geti leitt til þrýstings á hærri heildaraflaákvörðun, hætta geti aukist á brottkasti ef mikið er um kvótalítil skip og tilhneiging til að landa framhjá vigt verði meiri. Sérstakt vandamál skapist vegna veiða úr stofnum sem ekki hefur verið úthlutað aflahlutdeild í, en þar ber einkum að nefna norsk-íslenska síldarstofninn á yfirstandandi ári.

2. Heimila ákveðna stækkun (15–25%) allra fiskiskipa með vissu millibili.

Þeirri takmörkun sem felst í núverandi reglum væri þá að hluta til aflétt og sennilegt er að rúmmetraverð myndi lækka enn frekar, en það er þegar farið að lækka frá því sem hæst var vegna aukins framboðs. Sérstakur endurnýjunarkostnaður gæti því lækkað umtalsvert.

Þessi stækkunarheimild er hins vegar ávísun á meira en 100 þúsund rúmmetra heildarstækkun fiskiskipaflotans ef allir stækkuðu einu sinni. Heildarrúmmetrafjöldi fiskiskipa með veiðileyfi er um fimm hundruð þúsund.

3. Heimila tiltekna stækkun vegna aukinnar sjóhæfni.

Því hefur verið haldið fram að gildandi endurnýjunarreglur geti staðið nauðsynlegum úrbótum á sjóhæfni skipa fyrir þrifum. Mörg skip standist ekki núgildandi kröfur um stöðugleika og tilslökun varðandi þetta gæti greitt fyrir úrbótum.

Hér á það hins vegar við eins og áður er rakið, að mjög örðugt er að sníða reglur um endurnýjun að einhverjum sérstökum tilefnum. Enn fremur liggur ekkert fyrir um að gildandi endurnýjunarreglum sé um það að kenna að stöðugleika sé áfátt. Starfshópurinn fékk fulltrúa Siglingastofnunar á sinn fund og aflaði ýmissa tölulegra upplýsinga um þessi mál. Kom m.a. fram að athugasemdir um sjóhæfni áttu ekki síður við skip sem undanþegin eru gildandi endurnýjunarreglum við breytingar og einnig var til að ákveðnar breytingar á skipum voru heimilaðar af siglingayfirvöldum, en leiddu síðar til athugasemda um skerta sjóhæfni.

4. Afnema sérreglu um breytingu skipa skráðra fyrir 1. janúar 1986.

Skip sem skráð eru fyrir 1. janúar 1986 sæta í raun engum stækkunartakmörkunum við breytingar, eins og framkvæmd þessara reglna hefur verið. Nefnt hefur verið að þessi undanþága gæti miðast við fasta hlutfallslega stækkun eða tiltekinn aldur skipa í stað skráningarárs. Athugasemdir hér eiga við allar þessar útgáfur.

Meginrökin fyrir afnámi þessarar reglu eru að reglan feli í sér óeðlilega mismunun sem skekkir mat á raunverulegri hagkvæmni endurnýjunarkosta.

Veigamesti gallinn er sá að þeir sem njóta sérreglunnar telja það væntanlega andstætt hagsmunum sínum að hún verði afnumin.

5. Geymsla á rúmmáli, „rúmmetrabanki".

Kostir slíks fyrirkomulags væru að viðskipti með rúmmetra yrðu greiðari en nú er. Endurnýjun þyrfti ekki að standast á í heilum skipum. Menn gætu átt rúmmetra um lengri eða skemmri tíma og látið hluta þeirra frá sér í einu eða keypt til sín. Ekkert skip gæti verið að veiðum án „fulls veiðileyfis". Með þessu væri tryggt að engir rúmmetrar féllu niður ónýttir við endurnýjun.

Spyrja má hvort ástæða sé til að efna til þess umstangs sem tengdist geymslustarfsemi af þessu tagi. Sérstaklega ef menn færu þá leið að heimila tiltekna stækkun allra skipa. Reglur hafa rýmkast mjög á undanförnum árum svo sem að framan greinir, t.d. með afnámi jafngildisreglu og með heimild til að hafa mörg skip hvorum megin við endurnýjun, þannig að minni hætta er á að rúmetrar falli niður.

6. Óbreyttar reglur.

Síðast en ekki síst virðast margir telja óbreyttar reglur skynsamlegan kost. Auðveldara verði að ná markmiðum um vísindalega ákvörðun heildarafla og hafa eftirlit með umgengni við nytjastofna sjávar ef reglum verði haldið óbreyttum. Það fyrirkomulag að blómlegur veiðiskapur sem kallar á afkastaaukningu kaupi afkastagetu af öðrum geti auk þess haft æskileg áhrif til að draga úr sveiflum. Miðað við framboð rúmmetra sé ólíklegt að verð þeirra verði svo hátt að það valdi sérstökum erfiðleikum og það sé raunar þegar tekið að hjaðna verulega frá því sem það varð hæst.

Gagnrýni á þetta viðhorf byggir vitanlega á þeim sjónarmiðum sem styðja afnám endurnýjunarreglna. Óbreyttar reglur hindri breytingar og möguleika til að tileinka sér tækninýjungar og laga sig að utanaðkomandi skilyrðum.

V. Tillögur nefndarinnar

Það var ljóst strax í upphafi að menn í starfshópnum höfðu ákaflega mismunandi viðhorf til meginsjónarmiða varðandi endurnýjunarreglur fiskiskipa. Hins vegar gátu menn náð saman um tilteknar forsendur í þessu starfi. Þar má m.a. vísa til þess sem segir um viðfangsefnið í kafla II, um að sömu reglur skuli gilda um öll skip í aflamarkskerfinu og að erfitt sé að skilyrða stækkunartilefni og að samræma beri þær mismunandi reglur sem nú gilda annars vegar um breytingar og hins vegar um nýsmíði. Til viðótar má nefna að ekki er talið heppilegt að gera of róttækar breytingar í einu á þessum þætti starfsumhverfis útgerða í landinu, heldur verði slíkar breytingar að gera ráð fyrir ákveðinni aðlögun. Menn voru einnig sammála um það að með frekari þróun í átt til lækkunar útgerðarkostnaðar og fækkunar skipa, sem nú sér mjög stað hér á landi, muni sú takmörkun sem felist í endurnýjunarreglunum fara minnkandi, vegna aukins framboðs á rúmmetrum.

Með hliðsjón af þessu varð samstaða um það í nefndinni að leggja til að það skref yrði stigið nú að heimila tilteknа stækkun allra skipa með tilteknu millibili, hvort sem um væri að ræða breytingar á eldra skipi eða ný eða nýkeypt skip. Á hinn bóginn yrði sérregla um breytingar skipa sem skráð voru fyrir 1986 afnumin eftir 14 mánaða aðlögunartíma. Stækkunarformúlan í þeirri reglu sem lögð er til er sótt í þá reglu sem gilti til 1. september 1991 skv. reglugerð, að öðru leyti en því að miðað er við að endurnýjun geti átt sér stað á 7 ára fresti í stað 12. Nú er talið nauðsynlegt að stækkunarreglan komi fram í lögunum sjálfum. Vakin er athygli á því að þegar um nýtt eða nýkeypt skip er að ræða á stækkunarheimildin aðeins við þegar eitt skip kemur í staðinn fyrir eitt eða fleiri og miðast reglan við stærsta skipið ef fleiri en eitt láta veiðileyfi. Rökin fyrir stækkunarheimildinni eru einmitt þau að hvert einstakt skip þurfi að stækka, m.a. vegna tækniþróunar. Þessi rök eiga ekki við ef eitt stórt skip verður að mörgum litlum. Ef mörg lítil skip verða að einu stóru er hins vegar talið rétt að binda stækkunarheimildina við stærsta skipið fremur en að reglan gildi um þau öll, en annars myndi nýtt skip geta orðið allt að 60% stærra en sem nemur samtölu rúmmetra þeirra skipa sem létu veiðileyfi. Varðandi áhrif endurnýjunar á úthlutun aflaheimilda á grundvelli aflareynslu er talið að framkvæmanlegt sé að miða áfram við hlutfallslega skiptingu veiðileyfis og var ekki talin þörf á að lagabreytingar tækju til þessa þáttar.

Um efni draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, vísast nánar til fylgiskjals 1 með þessari skýrslu (fylgiskjal 3 með athugasemdum).

Ekki var talið nauðsynlegt að setja reglur um geymslu rúmmetra.

Fylgiskjal III.

Drög starfshóps að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita öðru skipi, jafn stóru miðað við rúmtölu, veiðileyfi í þess stað, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Séu 7 ár hið minnsta liðin frá síðustu endurnýjun má skipið sem veiðileyfi fær vera allt að 100 rúmmetrum stærra en það skip sem veiðileyfi lætur að viðbættum 25% miðað við þá samtölu,

en þó aldrei meira en 60% stærra en það skip sem veiðileyfi lætur. Framangreind stækkunarheimild á aðeins við þegar eitt skip kemur í stað eins eða fleiri skipa og takmarkast við stærsta skipið af þeim sem veiðileyfi láta. Sé um að ræða endurnýjun báts, sem veiðar stundar með línu og handfærum skv. 6. gr., skal stærð báts sem veiðileyfi fær þó vera a.m.k. 50% minni en þess báts er veiðileyfi lætur nema bátur komi í stað báts sem dæmdur hefur verið óbætandi vegna sjótjóns. Ávallt skal bátur sem veiðileyfi fær vera minni en 6 brúttótonn. Heimilt er að flytja veiðileyfi fleiri en eins skips til skipa eða skips er veiðileyfi hlýtur. Umframrúmtala sem ekki nýtist við þann flutning fellur niður. Óheimilt er að gera breytingar á skipum er leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni þannig að þau stækki nema annað eða önnur skip láti veiðileyfi á móti. Þó eru heimilar breytingar á skipum sem leyfi hafa til veiða með aflamarki, með þeim takmörkunum um stækkun og tímamörk sem greinir í 2. málsl. þessarar málsgreinar. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

I

Breytingar á skipum sem stunda veiðar með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986, skulu heimilar, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., hafi samningar þar um verið gerðir fyrir og skilað til ráðuneytisins innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara. Breytingum skal þá lokið í síðasta lagi innan 14 mánaða frá gildistöku laganna.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildandi lögum um stjórn fiskveiða verði breytt að því er varðar endurnýjunarrétt skipa á veiðileyfum. Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps leiði til kostnaðar fyrir ríkissjóð.

346. Fyrirspurn [276. mál]

til fjármálaráðherra um skattalega meðferð lífeyrisiðgjalda sjálfstæðra atvinnurekenda.

Frá Össuri Skarphéðinssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar stunduðu sjálfstæðan atvinnurekstur einhvern tíma á árunum 1985–95 og greiddu í lífeyrissjóð án þess að vera heimilað af skattyfirvöldum að draga frá skatti þann hluta iðgjaldsins sem svarar til hlutar atvinnurekenda í iðgjaldagreiðslum?

2. Hvernig skiptast þeir á einstaka lífeyrissjóði?
3. Hversu hár er samanlagður atvinnurekendahluti lífeyrisiðgjalda þessa hóps, reiknaður til núvirðis?
4. Hversu háan tekjuskatt á núvirði er áætlað að hópurinn hafi greitt samanlagt af þessum hluta iðgjaldanna?
5. Hvernig dreifist sú upphæð innan hópsins? Hver er hæsta upphæðin sem einstaklingur hefur greitt?
6. Hve margir þeirra einstaklinga, sem spurt er um í 5. lið, falla undir lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda nr. 29/1995, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 432/1995 um að sjálfstætt starfandi einstaklingi væri heimilt að gjaldfæra sem rekstrarkostnað þann hluta lífeyrisiðgjalds síns sem svaraði til hlutar atvinnurekanda?
7. Hversu háa upphæð samanlagt ber þeim að fá endurgreidda frá ríkinu?
8. Hvernig hyggst fjármálaráðuneytið uppfylla ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1995 þar sem mælt er fyrir um að stjórnvöldum beri að hafa frumkvæði að endurgreiðslum þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið?

Skriflegt svar óskast.

347. Frumvarp til laga [277. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Flm.: Kristján Pálsson, Tómas Ingi Olrich, Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

Tollskrárnúmer 9303.2000, 9303. 3000, 9306.2900, 9306.3009 í F-lið í viðauka I við lögin falla brott.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Alþingi hefur ákveðið með lögum að ýmsar vörur sem fluttar eru til landsins eða framleiddar eru hér á landi skuli bera vörugjald. Í lögum um vörugjald og í viðauka við þau lög, sem hér er lögð til breyting á, er kveðið á um gjaldið, á hvaða vörur það leggst og hversu hátt það er. Samkvæmt lögunum leggst vörugjald ekki á allar vörur, en dæmi um vörur sem slíkt gjald er lagt á eru vopn og skotfæri, þar á meðal veiðirifflar og skotfæri í þá og einnig skotfæri og vopn sem notuð eru til íþróttaiðkunar. Hins vegar er ekkert gjald lagt á sportvörur eins og veiðistangir, skíði, golfsett, boga og sverð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sömu reglur gildi um sportvörur eins og byssur, skot og skyldar vörur og sportvörur eins og veiðistangir og því verði felld brott þau tollskrárnúmer úr viðauka I við lögin um vörugjald sem taka til vopna og skotfæra til markskota eða sportveiða og skotfæra sem þeim tengjast.

348. Fyrirspurn [278. mál]

til samgönguráðherra um rannsóknarnefnd sjóslysa.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hverjir sátu í rannsóknarnefnd sjóslysa árin 1991–96 og hverjir hafa gegnt þar formennsku?
2. Hver hafa laun nefndarmanna og starfsmanna verið? Laun nefndarmanna óskast sundurliðuð eftir nefndarmönnum og formönnum.
3. Hver hefur kostnaður af húsnæði nefndarinnar verið?
4. Hver hefur kostnaður af fundarhöldum, ferðum og uppihaldi nefndarinnar verið?
5. Hver hefur kostnaður af ferðum og uppihaldi starfsmanns sem hafa tengst sjóprófum og skráningu lögregluskýrslna víðs vegar um landið? Svar óskast sundurliðað eftir málum.
6. Hve miklu fé hefur verið varið til rannsókna sem Iðntæknistofnun, Neðansjávarmyndir o.fl. hafa framkvæmt að beiðni nefndarinnar? Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum og stofnunum.
7. Hve miklu fé hefur verið varið til tækjakaupa fyrir nefndina? Svar óskast sundurliðað eftir tækjum.
8. Hver hefur kostnaður verið af útgáfu skýrslna á vegum nefndarinnar?

Liðirnir óskast sundurliðaðir á árin 1991–96.

Skriflegt svar óskast.

349. Fyrirspurn [279. mál]

til menntamálaráðherra um kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hvers vegna hafnaði menntamálaráðuneytið tilboði um kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar?
2. Hver er afstaða ráðuneytisins til varðveislu mynda á borð við fyrrgreindar myndir?
3. Hver hafa kaup ráðuneytisins og/eða undirstofnana þess á íslenskum kvikmyndum verið undanfarin fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

350. Fyrirspurn [280. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur langlegusjúklinga til sjúkrastofnana.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hverjir verða að greiða af eigin tekjum (eða eftirlaunum) sjúkrahúsvist þegar vistin hefur varað lengur en fjóra mánuði eða það sem á vantar t.d. þegar bætur almannatrygginga, ef einhverjar eru, hafa verið látnar renna til sjúkrahússins?
2. Á hvaða stofnunum gildir þessi regla og hver er meðalupphæð á mánuði á þeim stofnunum sem fá þessar greiðslur?
3. Hvað er sjúklingi ætlað til ráðstöfunar
   a. fyrir sjálfan sig,
   b. fyrir maka sem býr áfram á eigin heimili?
4. Gildir þetta fyrirkomulag fyrir alla aldursflokka?

351. Fyrirspurn [281. mál]

til viðskiptaráðherra um þjónustugjöld fjármálastofnana.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hve há eru eftirfarandi þjónustugjöld hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, bönkum og sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og stærstu lífeyrissjóðunum, auk Lánasjóðs íslenskra námsmanna, eftir því sem við á:

a. lántökugjöld,
b. ítrekunargjöld vegna vanskila,
c. gjöld fyrir tilkynningar í tengslum við almenna innheimtu, svo sem greiðsluseðla,
d. gjöld fyrir greiðsluáskoranir,
e. gjöld fyrir nauðungarsölubeiðnir,
f. gjöld fyrir kröfulýsingar?

Skriflegt svar óskast.

352. Svar [208. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um veitingahús með vínveitingaleyfi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða veitingahús hér á landi hafa vínveitingaleyfi? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.

Eftirfarandi veitingahús hafa vínveitingaleyfi, sundurliðað eftir umdæmum sýslumanna og sveitarfélögum:

Sýslumaðurinn á Akranesi
Akranes
Hótel Barbro
Langitangi
H Barinn

Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Borgarbyggð
Sjö veitingahús
Leirár- og Melahreppur
Eitt veitingahús
Hvalfjarðarstrandarhreppur
Þrjú veitingahús

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Stykkishólmur
Hótel Stykkishólmur
Frúin/Knudsen
Eyrarsveit
Ásakaffi
Félagsheimili Eyrarsveitar
Krákan
Snæfellsbær
Arnarfell
Félagsheimilið Klifi
Félagsheimilið Röst
Gistiheimilið Ólafsvík
Gistiheimilið Höfði
Hótel Búðir
Eyja- og Miklaholtshreppur
Hótel Eldborg

Sýslumaðurinn í Búðardal
Búðardalur
Bjarg
Félagsheimilið Dalabúð
Sælingsdalur
Hótel Edda á Laugum

Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Reykhólahreppur
Hótel Bjarkalundur
Tálknafjarðarhreppur
Veitingastofan Hópið
Vesturbyggð
Veitingahúsið Matborg
Veitingastofan Vegamót
Hótel Flókalundur
Nýja Bakaríið Patreksfirði ehf./Pizza 67
Félagsheimili Patreksfjarðar/Felgan

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Bolungarvík
Víkurbær
Jón Bakan

Sýslumaðurinn á Ísafirði
Ísafjörður
Hótel Ísafjörður
Krúsin
Veitingahúsið Uppsalir
Á Eyrinni
Hnífsdalur
Félagsheimilið í Hnífsdal
Flateyri
Vagninn
Reykjanes
Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf.
Suðureyri
Söluskáli Essó
Súðavík
Fjórir félagar

Sýslumaðurinn á Hólmavík
Hólmavíkurhreppur
Cafe Riis
Árneshreppur
Hótel Djúpavík
Kaldrananeshreppur
Hótel Laugarhóll

Sýslumaðurinn á Blönduósi
Staðarhreppur
Staðarskáli
Hótel Edda Reykjum
Ytri-Torfustaðahreppur
Hótel Edda

Hvammstangi
Selið ehf.
Þorkelshólshreppur
Veitingaskálinn Víðigerði
Svínavatnshreppur
Hótel Edda Húnavöllum
Blönduós
Sveitasetrið
Essóskálinn
Skagaströnd
Gisti- og veitingahúsið Dagsbrún
Veitingahúsið Kántrýbær

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sauðárkrókur
Kaffi Krókur
Pollinn Pizzahús
Varmahlíð
Kaupfélag Skagfirðinga
Hótel Varmahlíð
Hofsós
Sigtún
Höfðaborg
Aðrir staðir
Pollinn
Bræður hf.
Bændaskólinn á Hólum
Lónkot

Sýslumaðurinn á Siglufirði
Siglufjörður
Hótel Lækur ehf.
Bíó Kaffi/Bíó Grillið ehf.

Sýslumaðurinn í Ólafsfirði
Ólafsfjörður
Grill-barinn
Hótel Ólafsfjörður
Tjarnarborg

Sýslumaðurinn á Akureyri
Akureyri
Ráðhúskaffi
Sunnukráin
Hótel Harpa
Bing Dao
Greifinn
Hótel Akureyri
Við Pollinn
Karólína
Pizza 67
Hótel KEA
Hótel Norðurland
Sjallinn
Lindin
Bautinn – Smiðjan
Fiðlarinn
Odd-vitinn
Turninn
Kaffi Kverið
Hótel Edda
Veitingastofan golfskálanum Jaðri
Kaffi Akureyri
Kjúklingastaðurinn
Dalvík
Pizza 67
Café Menning
Valensía
Hrísey
Snekkjan
Brekka
Glæsibæjarhreppur
Veitingastofan Brávöllum
Hótel Edda
Eyjafjarðarsveit
Veitingastofan Leifsstöðum
Hótel Vin
Veitingastofan Öngulsstöðum
Grenivík
Miðgarðar
Svalbarðsstrandarhreppur
Veitingastofan Sveinbjarnargerði

Sýslumaðurinn á Húsavík
Ljósavatnshreppur
Fosshóll ehf.
Skútustaðahreppur
Gistiheimilið Stöng
Hverinn ehf.
Mývatn ehf.
Hótel Reynihlíð
Gamli bær
Café-bar

Reykdælahreppur
Veitingasalan Narfastöðum
Aðaldælahreppur
Veitingastofan í Rauðuskriðu
Húsavík
Setberg ehf.
Bakkinn
Veitinga- og skemmtistaðurinn í Hlöðufelli
Kelduneshreppur
Félagsheimilið Skúlagarði
Raufarhafnarhreppur
Félagsheimilið Hnitbjörgum
Hótel Norðurljós
Þórshafnarhreppur
Veitingastofan að Eyrarvegi 5
Félagsheimilið Þórsver

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Hlíðarhreppur
Hótel Svartiskógur
Egilsstaðir
Söluskáli KHB
Skógarnesti, Shell-skálinn
Café Nielsen
Hótel Valaskjálf
Ormurinn
Eiðar
Hótel Edda Eiðum
Hallormsstaður
Fosshótel
Borgarfjörður eystri
Félagsheimilið Fjarðarborg
Seyðisfjörður
Hótel Snæfell
Vopnafjarðarhreppur
Hótel Tangi
Félagsheimilið Mikligarður

Sýslumaðurinn í Neskaupstað
Neskaupstaður
Hótel Egilsbúð
Söluskáli Olís

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Eskifjörður
Hótel Askja
Valhöll
Reyðarfjörður
Hótel Búðareyri
Félagslundur
Gistiheimilið
Fáskrúðsfjörður
Hótel Bjarg
Breiðdalsvík
Hótel Bláfell
Stöðvarfjörður
Boðinn
Djúpivogur
Hótel Framtíð
Kvennasmiðjan

Sýslumaðurinn á Höfn
Hornafjarðarbær
Árnanes
Lautin
Víkin
Ósinn
Hótel Höfn
Veitingaskálinn Nesjum
Jöklasel
Hótel Vatnajökull
Borgarhafnarhreppur
Jöklakaffi
Hofshreppur
Hótel Skaftafell
Þjónustumiðstöðin Skaftafelli
Hof

Sýslumaðurinn í Vík
Mýrdalshreppur
Víkurskáli
Hótel Vík
Hótel Lundi
Hótel Höfðabrekka
Skaftárhreppur
Ferðaþjónusta bænda Geirlandi
Ferðaþjónusta bænda Efri-Vík
Hótel Edda Kirkjubæjarklaustri

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Vestmannaeyjar
Hertoginn/Mánabar
Lundinn

HB/Höfðinn
Hringsker ehf. (Pizza 67)
Alþýðuhúsið
Golfklúbbur Vestmannaeyja
Veitingastaðurinn að Skólavegi 1
Café Turninn
Lanterna

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Hvolsvöllur
Hótel Hvolsvöllur
Hlíðarendi
Ásgarður – Gistihús
Gallery Pizza
Hella
Grillskálinn
Gilsá ehf.
Holta- og Landssveit
Veitingahúsið að Leirubakka
Sumarhótelið Laugalandi
Austur-Eyjafjallahreppur
Hótel Edda Skógum
Fossbúinn
Rangárvallahreppur
Veitingahúsið Strönd

Sýslumaðurinn á Selfossi
Biskupstungnahreppur
Félagsheimilið Aratunga
Geysir
Hótel Geysir
Réttin
Skálholtsskóli
Við Iðubrú
Eyrarbakki
Kaffi Lefolii
Gnúpverjahreppur
Árnes
Grafningshreppur
Nesbúð
Grímsneshreppur
Efri Brú
Golfskálinn Kiðjabergi
Þrastarlundur
Hraungerðishreppur
Golfskálinn Svarfhólsvelli
Hrunamannahreppur
Efra Sel
Hótel Edda
Útlaginn
Hveragerði
Eden
Hótel Björk
Hótel Örk
Listaskálinn
Pizza 67
Laugarvatnshreppur
Lindin
Selfoss
Fossnesti
Gesthús
Gjáin
HM Café
Hótel Selfoss
Hrói Höttur
Inghóll
Kaffi-Krús
Pizza 67
Skeiðahreppur
Brjánsstaðir
Þorlákshöfn
Duggan
Ölfushreppur
Básinn
Einbúinn
Skíðaskálinn í Hveradölum

Sýslumaðurinn í Keflavík
Gerðahreppur
Golfskálinn í Leiru
Grindavík
Hafurbjörninn
Mamma mía
Sjómannastofan Vör
Skemmtistaðurinn Festi
Víkurlón
Keflavík
Flug-hótel, minibar
Flug-hótel, skemmtistaður
Glóðin
Kaffihús Keflavíkur
Langbest
Mamma mía

Olsen Olsen og ég
Pizza 67
Ráin
Sólsetrið
Staðurinn
Strikið
Njarðvík
Gistiheimilið Kristína
Stapi
Þristurinn
Sandgerði
Vitinn

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Laufskáli, flugstöð Leifs Eiríkssonar

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Hafnarfjörður
Hansen ehf.
Hraunholt ehf.
Fjörukráin ehf.
Veitingahúsið Singapore ehf.
Hrói Höttur ehf.
Gafl-Inn sf.
Pizza 2000 ehf.
Café Royale
Tilveran
Sælkerahúsið ehf.
Fjarðarnesti
Kaffi Fjörður
Lækjarpizza
Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóður og Háðvör
Súfistinn
Kænan ehf.
Kaffi – Borg sf.
Skútan – Eldun ehf.
Garðabær
Carpiter

Sýslumaðurinn í Kópavogi
American Style
Catalina
Gerðarsafn
Félagsheimili Kópavogs
Kokkurinn við kabyssuna
Kínahofið
Kópavogskráin
Lions (veislusalur)
Næturgalinn
Pizza 67
Pizza Pasta
Rive Gauche

Lögreglustjórinn í Reykjavík
Fógetinn
Humarhúsið
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Óðal
Kaffi París
Íslensk veitingahús ehf.
Rósenberg ehf.
Casablanca
Kaffi Austurstræti
Hallargarðurinn hf.
Glæsibær – Ölver
Jensen Bar
Hótel Ísland hf.
Arnól hf.
Þrír Frakkar hjá Úlfari
Lækjarbrekka
Sólon Islandus hf.
Argentína steikhús
Kaffibarinn ehf.
Hótel Holt
Vitabar
Lykilhótel
Borgartún 6 ehf.
Þríeining ehf.
Dúndur hf.
Engjateigur 11 hf.
Kaffi Mílanó hf.
Pizzahúsið
Fu Manchu
Gleðigjafinn ehf.
Kaffihúsið
Hornið
Dubliner á Íslandi ehf.
Dam hf. (Kaffi Amsterdam)
Píanó
Hafnarkráin
Hótel Saga
Veitingamaðurinn hf.

Nikkabar
Kaffi Árbær
Hótel Garður/Stúdentakjallarinn
Norræna húsið
Hrói Höttur
Gullöldin (Klakaspor ehf.)
Kaffi Oliver
Leikhúskjallarinn
Austur-Indíafélagið hf.
Ingólfskaffi
Feiti dvergurinn
Veitingahúsið að Ingólfsstræti
Ari í Ögri
Kaffi List
Bíóbarinn
Öldur hf. (Grand Rokk)
Pastahúsið
Sundakaffi
Írland
Kringlukráin
Harð rokks kaffi
Veitingahúsið Laugaás
Asía hf.
Kabyssan ehf.
Veitingahúsið Ítalía
Bogarúllur
Samberg hf. (Keisarinn)
Kínverska veitingafélagið ehf.
Veitingahúsið að Laugavegi 130
Safarí
Súfistinn (Valdís ehf.)
Indókína
Kofi Tómasar frænda
Veitingahúsið Laugavegi 22
Sjanghæ hf.
Steikhús Harðar
Laugar ehf.
Kaffi LA
Veitingahúsið að Laugavegi 54
Lóuhreiður
Kaffi 73
Blúsbarinn
Borgarval hf. – Mónakó
Leikfélag Reykjavíkur (Borgarleikhúsið)
Lækjar
Kaffi Ópera
Þrír hf.
Sigurveig Káradóttir
Kína-húsið
Pizza 67
Hótel Borg
Skólabrú hf.
Þórsljós ehf.
Kaffibrennslan
Pannan
Madonna
Hótel Reykjavík
Rauðará
G og G veitingar hf.
Hótel Loftleiðir
Goðheimar (Akóges)
Hótel Reykjavík við Sigtún
Byggingafélag námsmanna
Hótel Leifur Eiríksson
Magnús Yngvi Jósefsson
Veitingahúsið Esja
Hótel Esja
Pönnupizzur hf. – Pizza Hut
Sælkerabúðin hf.
Guðmundur Birgir Stefánsson
Sundanesti
Við Tjörnina
Skipperinn
Glaumbar hf.
Stangarstökk ehf.
Pizza 67
Jónathan Livingston Mávur
Mexíkó
Ártún
Esjuskálinn
Frank Walter Sands
Geirfuglinn
Kaffi Reykjavík
Viðeyjarstofa
Hestamannafélagið Fákur
Valdimar Jónsson
Menningarhúsið ehf.
Hótel Óðinsvé
Veitingahúsið að Þönglabakka 4
Veitingahúsið Perlan
Kabarett
Bakarameistarinn
Ken
Skáholt hf.

Grillhúsið
Listasafn Íslands
Golfklúbbur Reykjavíkur
Kjúllinn
Svarta Pannan
Gulliver Gullnáma
Blásteinn
Grái Kötturinn ehf.
Götugrillið
Baldursbrá
Á næstu grösum
Kaffi 17
Jómfrúin
Hótel Lind
Kaffi stígur
Hótel Rán ehf.
Flugterían
Flugfélagið Loftur
Hótel Vík
Pítan
Ameríkur stíll
Fljótt og gott
Hlaðvarpinn
Árberg
Listakaffi
Íslenska Óperan
Barflugan ehf.
Nýja kökuhúsið
Ráðhúskaffi
Seltjarnarnes
Rauða ljónið hf.
Mosfellsbær
Ás – sveitakrá
Hlégarður

353. Fyrirspurn [282. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Mun ríkisstjórnin á næstunni beita sér fyrir endurskoðun laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla?

354. Fyrirspurn [283. mál]

til viðskiptaráðherra um upplýsingagjöf fyrirtækja á hlutabréfamarkaði.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hvaða kröfur eru gerðar og af hverjum til fyrirtækja á hlutabréfamarkaði varðandi upplýsingar um hag og afkomu á nýliðnu tímabili, svo og um áætlanir um afkomu á yfirstandandi tímabili og í næstu framtíð? Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þess verði krafist að fyrirtækin veiti þessar upplýsingar eftir hvern ársfjórðung?

355. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]

um að bæta réttarstöðu íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, sólarhringsstofnunum og vistheimilum fyrir aldraða og fatlaða.

Flm.: Ásta B. Þorsteinsdóttir, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á lögum um almannatryggingar þannig að þeir sem dveljast langdvölum eða eiga heimili sitt á hjúkrunar- eða dvalarheimilum, vistheimilum eða sólarhringsstofnunum, sökum öldrunar eða fötlunar, njóti sömu réttinda hvað varðar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, hjálpartæki og aðra fyrirgreiðslu og þeir sem búa utan umræddra stofnana. Að málinu verði unnið í samvinnu við hagsmunasamtök aldraðra og fatlaðra. Niðurstöður og nauðsynlegar lagabreytingar verði lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1998.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að bæta úr því augljósa og margháttaða misrétti sem þeir sem dveljast á stofnunum eða hjúkrunarheimilum búa við. Þessar stofnanir eru flestar á daggjöldum eða föstum fjárlögum þannig að íbúarnir greiða ekki sjálfir fyrir dvöl sína eins og tíðkast t.d. á sambýlum eða í vernduðum íbúðum. Hugsunin á bak við tillöguna er sú að íbúar umræddra stofnana og heimila fái greiddan elli- eða örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót. Þeir greiði síðan til heimilisins vegna eðlilegs framfærslukostnaðar, svo sem fyrir fæði, húsaleigu o.fl., á sama hátt og aðrir.

Þegar aldraðir eða fatlaðir vistast á sólarhringsstofnunum, hjúkrunar- og vistheimilum, missa þeir réttinn til beinna bótagreiðslna úr almannatryggingakerfinu en fá eingöngu greiddan mánaðarlegan vasapening sem nú er rétt um 11.000 kr. Þetta fyrirkomulag sviptir fólk sjálfstæði og sjálfsvirðingu og réttinum til að ráða fjármálum sínum sjálft. Í því felst ákveðin forræðishyggja sem samræmist illa jafnræðisreglu og mannréttindasjónarmiðum, sviptir fólk fjárræði og er lítilsvirðandi.

Markmiðið með tillögunni er að settar verði skýrar reglur sem gera greinarmun á eðlilegum kostnaði við framfærslu einstaklings, sem hver og einn beri sjálfur ábyrgð á, og þeirri þjónustu eða umönnun sem viðkomandi þarf á að halda vegna líkamlegs eða andlegs ástands og eðlilegt er að hið opinbera greiði.

Fólk sem býr á þessum stofnunum eða heimilum hefur mjög skert aðgengi að nauðsynlegum hjálpartækjum, þrátt fyrir skyldur stofnana. Það hefur engan rétt til að fá úthlutað hjálpartækjum frá Tryggingastofnun ríkisins og engin trygging er fyrir því að það fái nauðsynlegan búnað eftir öðrum leiðum. Í flestum tilvikum er vísað til þess að fjármagna eigi hjálpartæki af rekstrarlið stofnana sem þýðir nær undantekningalaust að hjálpartækið fæst ekki. Það er því brýnt réttindamál að íbúar umræddra stofnana sitji við sama borð hvað þetta varðar og þeir sem hafa átt kost á annarri búsetu, svo sem sambýlum, vernduðu húsnæði eða eigin heimili.

Fyrirkomulag greiðslna fyrir lækn is- og lyfjakostnað þeirra sem búa á hjúkrunarheimilum, vistheimilum eða sólarhringsstofnunum virðist vera nokkuð mismunandi eftir því á hvaða stofnun fólk dvelst. Einstaka stofnanir greiða þennan kostnað fyrir heimilisfólk að fullu en

aðrar stofnanir taka lítinn sem engan þátt í honum. Það hlýtur að vera réttlætismál að allir sitji við sama borð hvað þetta varðar.

Það mætti hugsa sér að Tryggingastofnun ríkisins úthluti íbúum stofnana eða hjúkrunarheimila lyfja-, læknis- eða öðrum þjónustukortum sem elli- eða örorkulífeyrisþegar fá. Þannig ættu þeir sama rétt á afslætti, t.d. vegna læknis- eða tannlækniskostnaðar, og jafna möguleika á að leita eftir þjónustu utan stofnana og aðrir.

Eins og málum er háttað er kostnaðarhlutdeild íbúa heimila og stofnana mjög mismunandi og má kveða svo fast að orði að alvarleg mismunun eigi sér stað.

Við framkvæmd laga um málefni fatlaðra er það meginreglan að íbúar sambýla greiði að hámarki 75% af heildarupphæð grunnlífeyris og tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins til reksturs sambýlisins. Það er enn fremur meginregla að þeir sem búa í húsnæði sem er í eigu ríkisins greiða enga húsaleigu, aðeins lögboðnar tryggingar og fasteignagjöld. Þeir sem búa í húsnæði sem er í annarra eigu, svo sem félagasamtaka, greiða hins vegar raunkostnað af húsnæðinu. Því er augljós aðstöðumunur á milli þessara tveggja hópa sem er réttlætismál að leiðrétta.

Þess eru einnig dæmi að sambýli hafi verið byggð innan lóðamarka sólarhringsstofnana þannig að um mismunandi greiðslukerfi getur verið að ræða þótt fólk búi nánast á sama stað. Þeir sem búa á stofnun fá eingöngu vasapeninga. Á sambýlinu fá heimilismenn greiddan lífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót en greiða hlutfall tekna sinna til sameiginlegs heimilishalds. Íbúar sambýlisins eiga rétt á þjónustu sveitarfélagsins, svo sem ferðaþjónustu og liðveislu, en íbúar stofnunar á sömu lóð eru réttlausir hvað þetta varðar.

Kostir þeirra breytinga sem lagðar eru til í tillögunni eru margvíslegir. Það er augljóst réttlætismál að allir aldraðir og fatlaðir, líka þeir sem dveljast á stofnunum og þurfa verulega aðstoð, njóti sambærilegra réttinda og kjara og þeir sem geta búið sjálfstætt. Með breytingunum væri komið í veg fyrir að fólki væri mismunað eftir búsetu eða tegund stofnunar sem það býr á. Eins og málum er nú háttað halda þeir sem búa utan stofnana og eru á bótum eftir 25% af lífeyri og tekjutryggingu og öllum uppbótum á lífeyri að fullu (100%). Sé fjárhagsdæmi þessara tveggja hópa skoðað kemur í ljós að þeir sem búa í vernduðu húsnæði eða á sambýlum halda a.m.k. 23.000 kr. eftir þegar þeir hafa greitt fyrir fæði og húsnæði en þeir sem dveljast á stofnunum og hafa engar aðrar tekjur hafa aðeins 11.000 kr. í vasapening til einkanota. Þótt um mjög lágar upphæðir sé að ræða í báðum tilvikum er munurinn engu síður óásættanlegur. Einnig er rétt að hafa í huga að vasapeningar eru tekjutengdir og skerðingarmörk mjög lág eða rúmlega 3.000 kr. Séu aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins hærri en rúmlega 3.000 kr. skerðast vasapeningar um 65% þeirra tekna.

Ellilífeyrisþegar sem dvelja á hjúkrunarheimilum og hafa eigin tekjur greiða mismikið fyrir dvöl sína, allt eftir því hver ávöxtun ævitekna þeirra er. Sá sem hefur tekjur vegna lífeyrissjóðsaðildar sem eru hærri en 21.495 kr. á mánuði þarf sjálfur að taka þátt í dvalarkostnaði með þeim tekjum sem umfram eru. Sá sem hefur umtalsverðar vaxtatekjur af verðbréfum hefur hins vegar sloppið við greiðsluþátttöku umfram það sem sjúkratryggingar leggja til með honum. Þarna er því einnig um mismunun að ræða sem þarf að leiðrétta.

Það væri enn fremur mikill kostur ef framfærsla allra þeirra sem hér um ræðir færi í gegnum sömu stofnun eða ráðuneyti og fer með almannatryggingar og um þetta giltu sömu lög og reglur og gilda um aðra úr röðum aldraðra og fatlaðra. Ef íbúar hjúkrunarstofnana eða vistheimila fengju bætur greiddar beint, eins og hér er lagt til, yrði greiðslukerfið sýnilegra og gagnsærra. Það væri því betur hægt að koma í veg fyrir misræmi og mismunum sem virðist víða vera í þjónustukerfi elli- og örorkulífeyrisþega.

Það væri einnig í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að tryggja öllum sambærileg réttindi, óháð búsetu eða stöðu, en draga má í efa að núverandi fyrirkomulag uppfylli þá reglu.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til hafa reynst vel í Danmörku. Fyrirkomulagið var sett á til reynslu í tvö ár en frá árinu 1994 hefur það verið lögfest. Nú fá íbúar hjúkrunarheimila, vistheimila eða sólarhringsstofnana lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð (*lov om social bistand*). Áhyggjur þeirra sem óttuðust að breytingarnar yllu fólki erfiðleikum, t.d. með að standa skil á fjárhagslegum skuldbindingum, hafa reynst ástæðulausar. Langflestir eru færir um að sjá um fjármál sín sjálfir. Þeir sem hafa þurft sérstaka aðstoð í þeim efnum fá hana í samkvæmt fyrir fram settum reglum sem er í fullu samræmi við lögræðislög.

Ef þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar ná fram að ganga þarf að setja skýrar reglur um það hvernig verði hægt að styðja þá sem þurfa sérstaka aðstoð í fjármálum. Skoða þarf hvort nýleg endurskoðun á lögræðislögum tryggi að slíkt fyrirkomulag geti gengið eftir hér.

Gagnger endurskoðun þarf síðan að fara fram á tilhögun og útreikningum fastra fjárveitinga til þeirra hjúkrunar- og vistheimila og sólarhringsstofnana sem málið varðar og fjármagni síðan skilað inn í almannatryggingakerfið í því skyni að standa straum af lífeyrisgreiðslum til þeirra sem hér um ræðir, sem og öðrum kostnaði sem þessar breytingar hafa í för með sér fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

356. Frumvarp til laga [285. mál]

um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um starfsemi kauphalla og tilboðsmarkaða sem starfa hér á landi.

Starfsemi, sem kveðið er á um í lögum þessum, er einungis heimil kauphöll eða tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

skipulegur verðbréfamarkaður: markað með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti,

kauphöll: markað sem telst vera skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa og viðskipti með þau fara fram og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara,

skipulegur tilboðsmarkaður: markað sem telst vera skipulegur verðbréfamarkaður með verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 31. gr. laga þessara,

verðbréf: verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti,

fyrirtæki í verðbréfaþjónustu: fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti,

opinber skráning: skráningu til opinberra viðskipta og verðskráningar í kauphöll á grundvelli samræmdra skilmála um verðbréf og útgefendur þeirra sem staðfestir hafa verið af stjórnvöldum,

markaðsaðili: þann sem rétt hefur til að setja fram tilboð og eiga viðskipti á hlutaðeigandi markaði.

Starfsleyfi.

3. gr.

Viðskiptaráðherra veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg.

Ákvörðun ráðherra um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd.

Starfsleyfi verða aðeins veitt hlutafélögum er fullnægja skilyrðum laga um útgáfu leyfisins. Óheimilt er að hefja starfsemi fyrr en hlutafé skv. 4. gr. hefur verið að fullu greitt.

4. gr.

Starfsleyfi samkvæmt lögum þessum verður einungis veitt aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Innborgað hlutafé nemi að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
2. Fyrir liggi fullnægjandi rekstraráætlun, svo og upplýsingar um fyrirhugað skipulag og reglur um viðskipta- og upplýsingakerfi sem nota skal í starfseminni, svo og upplýsingar um væntanlega markaðsaðila.
3. Í samþykktum fyrir félag skal í ákvæðum um tilgang félagsins koma fram hvað unnt er að taka þar til viðskipta og skráningar.

Auk skilyrða skv. 1. mgr. er starfsleyfi kauphallar háð því að uppfyllt séu skilyrði laga þessara, þar á meðal 30. gr. um starfsábyrgð kauphallar, og að lagðar hafi verið fram reglur sem fullnægja ákvæðum 17. gr.

Í starfsleyfi kauphallar skal þess getið hvort þar skuli einnig fara fram starfsemi samkvæmt ákvæðum IX. kafla, um skipulegan tilboðsmarkað og starfsemi hans.

Stjórn.

5. gr.

Stjórnarmenn í kauphöll skulu vera fimm hið fæsta. Í stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar skulu vera eigi færri en þrír stjórnarmenn.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarformaður hverju sinni í hlutafélagi, sem stofnsett er og skráð samkvæmt lögum um hlutafélög og sækir um starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, skal ávallt vera búsettur hér á landi.

Virkur eignarréttur.

6. gr.

Einstaklingar og lögaðilar skulu tilkynna bankaeftirliti beina eða óbeina hlutdeild í hlutafélagi er starfar eftir lögum þessum sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn félagsins, svo og um hve mikil eign þessi er.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut sem segir í 1. mgr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur félagsins getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir félagið að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

Framkvæmdastjórn og aðrir starfsmenn.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hlutafélags, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera búsettur hér á landi. Hann skal hafa óflekkað mannorð, aldrei hafa verið sviptur forræði á búi sínu og hafa til að bera viðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar.

Framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum er án leyfis stjórnar óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og telst fyrst og fremst ávöxtun sparifjár.

Um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna hlutafélags, sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, fer eftir þeim reglum sem stjórn félagsins setur og bankaeftirlitið staðfestir.

Um nafntilgreiningu.

8. gr.

Félögum, sem hlotið hafa starfsleyfi til kauphallarstarfsemi, er einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *kauphöll* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Félögum, sem hlotið hafa starfsleyfi til reksturs skipulegs tilboðsmarkaðar samkvæmt lögum þessum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin *skipulegur tilboðsmarkaður* ein sér eða samtengd öðrum orðum.

9. gr.

Hlutafélagi, sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, ber að tilkynna til bankaeftirlitsins ef það verður þess áskynja að lög þessi og önnur lög sem um starfsemina gilda, reglugerð sett samkvæmt þeim eða reglur sem settar hafa verið og gilda fyrir kauphöll eða tilboðsmarkað hafi verið brotin.

II. KAFLI
Kauphöll og hlutverk hennar.

10. gr.

Undir starfsemi kauphallar fellur skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa á sér stað, einnig sú skipulega starfsemi að viðskipti eiga sér stað milli kauphallaraðila með verðbréf sem eru opinberlega skráð hjá:

1. kauphöll sem stofnuð er og skráð á Íslandi og hlotið hefur starfsleyfi í samræmi við ákvæði þessara laga,
2. kauphöll eða samsvarandi markaði með verðbréf á Evrópska efnahagssvæðinu,
3. kauphöll eða samsvarandi markaði með verðbréf sem aðildarríki að Evrópska efnahagssvæðinu hafa gert samstarfssamning við og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan,
4. öðrum sambærilegum mörkuðum utan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem bankeftirlitið metur gilda.

Hlutverk.

11. gr.

Hlutverk kauphallar er:

1. að annast opinbera skráningu verðbréfa og að setja reglur um skráningarhæfi þeirra,
2. að stuðla að því að skráning, viðskipti og verðmyndun í kauphöllinni verði á skýran og gagnsæjan hátt og kappkosta að jafnræði sé með aðilum að viðskiptum sem þar fara fram og tryggja að starfrækt sé skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi, sbr. 21.–23. gr.,

3. að setja reglur um starfsemi kauphallarinnar og viðskipti sem þar fara fram, svo og önnur atriði sem stjórn hennar telur nauðsynleg til að tryggja öryggi í viðskiptum,
4. að hafa eftirlit með því að útgefendur skráðra verðbréfa og kauphallaraðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um hana gilda,
5. að setja siðareglur fyrir kauphöllina.

Starfsemi.

12. gr.

Kauphöll er heimilt að stunda aðra starfsemi en lýst er í 10. og 11. gr. enda sé hún í eðlilegum tengslum við kauphallarstarfsemina.

Kauphöll er einnig heimilt að stunda þá hliðarstarfsemi að veita aðilum utan hennar þjónustu sína.

Bankaeftirlitið getur ákveðið að starfsemi samkvæmt þessari grein skuli einungis rekin af öðru félagi.

Málskotsréttur.

13. gr.

Synjun stjórnar kauphallar á umsókn um aðild að kauphöll eða umsókn um skráningu verðbréfa skal rökstudd skriflega. Hið sama gildir um að fella endanlega af skrá einstaka verðbréfaflokka, sbr. 18. gr.

Ágreiningi um ákvarðanir stjórnar í kauphöll samkvæmt þessari grein er heimilt að skjóta til ráðherra til endurskoðunar. Um málsmeðferð og kærur fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að önnur mál geti sætt endurskoðun og hlotið málsmeðferð í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

III. KAFLI
Kauphallaraðilar.

14. gr.

Kauphallaraðilar eru þeir nefndir sem hafa rétt til þess að setja fram og samþykkja tilboð í verðbréf í kauphöll. Kauphallaraðilar geta orðið:

1. Seðlabanki Íslands,
2. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning,
3. lögaðilar sem heimild hafa til aðildar að markaði sem tilgreindur er í 2. og 3. tölul. 10. gr.,
4. lögaðilar sem heimild hafa til aðildar að markaði sem tilgreindur er í 4. tölul. 10. gr.

Aðildarumsókn og aðildarsamningur.

15. gr.

Stjórn kauphallarinnar setur nánari reglur um aðild að henni.

Skriflegar umsóknir um aðild skulu sendar stjórn kauphallarinnar. Hún athugar hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um aðild skv. 14. gr. og ákvæði reglna sem hún hefur sett um aðild.

Ákvörðun um aðild að kauphöll skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst stjórn kauphallarinnar.

Um leið og umsókn um aðild að kauphöll er samþykkt skal það tilkynnt til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

16. gr.

Áður en kauphallaraðili má hefja viðskipti í kauphöllinni skal hann undirrita skriflegan aðildarsamning við kauphöllina.

Brjóti aðili að kauphöll ítrekað eða með vítaverðum hætti þau skilyrði sem sett eru í aðildarsamningi er kauphöllinni heimilt að fella samninginn einhliða úr gildi eða beita vægari ráðstöfunum, svo sem tímabundinni stöðvun aðildar að kauphöllinni. Grípi kauphöll til ráðstafana samkvæmt þessari málsgrein skal hún án tafar gera bankaeftirlitinu grein fyrir þeim.

IV. KAFLI
Reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

17. gr.

Kauphallaraðilar sækja um opinbera skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi kauphallarinnar fyrir hönd útgefenda nema stjórn hennar samþykki annað. Skráning er háð samþykki stjórnar kauphallar sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til opinberrar skráningar. Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla þær reglur sem leiðir af alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Reglur um opinbera skráningu verðbréfa skulu fela í sér skilyrði fyrir upptöku viðskipta og skráningar, svo sem:

1. að lögð sé fram skráningarlýsing útgefanda,
2. um stærð og dreifingu hvers flokks, svo og önnur atriði sem stjórn telur að geti skipt máli fyrir markaðshæfi verðbréfa,
3. að birtar séu við skráningu og eftirleiðis upplýsingar um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna samkvæmt reglum sem stjórnin setur.

Umsækjanda skal tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

Stjórnin tryggir að nauðsynlegar upplýsingar um opinberlega skráð verðbréf séu aðgengilegar almenningi.

Reglur, sem stjórn kauphallar setur um opinbera skráningu verðbréfa, svo og breytingar á þeim reglum, skulu staðfestar af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Niðurfelling skráningar og tímabundin stöðvun viðskipta.

18. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra af stjórninni eða skilyrða skráningu verðbréfanna. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til.

Útgefandi opinberlega skráðra verðbréfa eða kauphallaraðili fyrir hans hönd getur óskað eftir því skriflega að þau verði felld af skrá kauphallarinnar. Skal stjórn kauphallarinnar verða við því að fenginni skriflegri greinargerð fyrir þeirri ósk. Stjórnin getur ákveðið að bréfin verði ekki tekin af skrá fyrr en allt að eitt ár er liðið frá því að fullbúin greinargerð berst kauphöllinni. Hún getur einnig ákveðið að birta greinargerðina í heild eða hluta.

Heimilt er að stöðva tímabundið viðskipti í kauphöll þegar sérstakar aðstæður krefjast þess.

Ráðherra getur tímabundið stöðvað öll viðskipti í kauphöll þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Hann skal hafa samráð við stjórn kauphallarinnar sé þess nokkur kostur áður en slík ákvörðun er tekin.

V. KAFLI
Yfirtökutilboð.

19. gr.

Hafi eignarhlutur beint eða óbeint verið yfirtekinn í félagi sem hefur fengið opinbera skráningu fyrir einum eða fleiri flokkum hlutabréfa í kauphöll skal öllum hluthöfum félagsins gefinn kostur á því að afhenda eignarhlut sinn með sambærilegum kjörum þeim aðila sem:

1. hefur eignast 33⅓% atkvæðisréttar í félaginu eða samsvarandi hluta hlutafjár,
2. hefur öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu,
3. hefur fengið rétt til þess að hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið,
4. hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 33⅓% atkvæða í félaginu.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um félag sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laga þessara. Hafi eignarhlutur í félagi, sem ákvæði þessarar málsgreinar tekur til, farið niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. eftir gildistöku laganna skulu þó reglur 1. mgr. eiga að öllu leyti við.

Kauphöll hefur eftirlit með því að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt.

Opinbert tilboðsyfirlit.

20. gr.

Þegar tilboð um yfirtöku á hlutum er sett fram er skylt að semja og gera opinbert tilboðsyfirlit þar sem fram koma upplýsingar um fjárhagsatriði þess og önnur skilyrði sem það er háð, þar með talinn sá frestur sem veittur er til þess að samþykkja tilboðið, svo og aðrar upplýsingar sem telja má að séu nauðsynlegar svo að hluthafar geti fengið nægilega yfirsýn yfir tilboðið. Kauphöll hefur eftirlit með því að ákvæðum þessarar málsgreinar sé framfylgt.

Þegar að öðru leyti er sett fram opinbert yfirtökutilboð sem ekki telst falla undir skyldu til þess að gera tilboð skv. 19. gr. um yfirtöku á hlutabréfum í félagi sem hefur einn eða fleiri flokka hlutabréfa skráða í kauphöll er heimilt að semja tilboðsyfirlit eins og kveðið er á um í 1. mgr.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að setja nánari reglur um skyldu til þess að gera tilboð skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 19. gr., svo og nánari reglur um innihald tilboðsyfirlitsins og hvernig birtingu þess skuli háttað.

VI. KAFLI
Viðskipta- og upplýsingakerfið.

21. gr.

Stjórn kauphallarinnar setur reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi og uppgjör viðskipta sem þar eiga sér stað. Í þeim skal kveðið á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með verðbréf sem þar eru skráð, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfinu eða utan þess.

22. gr.

Kauphallaraðilar gera upp viðskipti sín á milli samkvæmt reglum sem stjórnin setur og bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

Kauphallaraðilar skulu gera stjórn kauphallar grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu bréfa sem þar eru skráð.

23. gr.

Kauphallaraðila er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf sem skráð eru í kauphöll án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfi hennar svo fremi að hann geri bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé. Senda skal upplýsingar um slík viðskipti til kauphallarinnar með þeim hætti sem reglur settar skv. 21. gr. segja til um.

VII. KAFLI
Upplýsingaskylda.

24. gr.

Útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöll, ber að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja verður að geti haft áhrif á verð bréfanna eða skylt er að gera í samræmi við reglur sem stjórn kauphallar setur, sbr. 17. gr. þessara laga.

Birting telst hafa átt sér stað þegar tilkynning er komin til kauphallar sem tekið hefur verðbréfin til opinberrar skráningar og hefur verið miðlað til kauphallaraðila í samræmi við reglur sem stjórn setur. Kauphöll er heimilt að setja nánari reglur um form tilkynninga.

25. gr.

Hlutafélagi, sem fengið hefur hlutabréf sín opinberlega skráð í kauphöll, ber þegar í stað að tilkynna henni um heildareign félagsins á eigin hlutbréfum, þar með talið í dótturfélögum þess, þegar hún nær, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir 5% og 10% af heildarhlutafé í félaginu.

Í tilkynningum til kauphallar, sem getið er um í 1. mgr., skal taka fram raunverulega hlutafjáreign, hvernig hún skiptist á hlutabréfaflokka og hvernig hún var samkvæmt síðustu tilkynningu um hlutafjáreign.

Flöggunarreglur.

26. gr.

Eiganda hlutabréfa í hlutafélagi, sem hefur skráð hlutabréf sín í kauphöll, ber, þegar svo háttar sem segir í 2. mgr., að tilkynna þegar í stað til hennar og félagsins um atkvæðisrétt eða eignarhlut í félaginu.

Skylt er að tilkynna skv. 1. mgr. þegar atkvæðisréttur eða nafnverð hlutafjár nær, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir eftirfarandi mörk: 5%, 10%, 20%, 33⅓%, 50% og 66⅔%.

27. gr.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að kveða nánar á um skyldu útgefenda og eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar, svo og hvenær veita megi undanþágur frá upplýsingaskyldunni.

Í reglugerð er einnig heimilt að setja nánari reglur um upplýsingaskyldu þegar útgefandi hefur fengið verðbréf sín skráð í fleiri en einni kauphöll.

Hagtölugerð og veiting upplýsinga.

28. gr.

Stjórn kauphallar er heimilt, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni utanaðkomandi aðila og í samræmi við heimildir annarra laga, að vinna og birta hagtölur og aðrar upplýsingar í þágu markaðarins á grundvelli gagna sem hún hefur yfir að ráða eða aflar með öðrum hætti um viðskipti sem skráð eru í kauphöllinni.

Viðskipti og skýrslugjöf.

29. gr.

Skylt er markaðsaðilum að gera grein fyrir samningum um eignayfirtöku á verðbréfum sem skráð eru eða viðskipti eiga sér stað með í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði eða samsvarandi skipulegum markaði fyrir verðbréf í ríki innan Evrópusambandsins eða í ríki sem Evrópusambandið hefur gert samstarfssamning við enda hafi markaðsaðilar að þeim átt þátt í að viðskiptin fóru fram.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að ákveða að skylda til skýrslugjafar hvíli jafnframt á öðrum og þar að auki má ákveða að í sérstökum tilvikum nái skylda til skýrslugjafar einnig til annarra óskráðra verðbréfa sem keypt eru og seld á tilboðsmarkaði.

Þeir sem skylda til skýrslugjafar hvílir á skulu geyma skjöl sem varða þau viðskipti sem skylt er að gera grein fyrir og skýrsluna í að minnsta kosti fimm ár eftir að skýrslugjöfin fór fram.

Ráðherra setur nánari reglur um skyldu til skýrslugjafar, þar með talið hversu víðtæk hún skuli vera og innihald hennar að öðru leyti og hvert skuli senda hana.

Kauphöll setur nánari reglur um gjaldtöku vegna skýrslugjafar og kostnað af birtingu.

VIII. KAFLI
Starfsábyrgð kauphallar.

30. gr.

Kauphöll er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns viðskiptamanns sem rakið er til gáleysis í starfsemi kauphallarinnar eða starfsmanna hennar.

Vátryggingin skal bæta tjón allt að 10 milljónum króna vegna hvers tjónsatburðar og allt að 30 milljónum króna innan hvers tryggingarárs. Fjárhæðir þessar skulu breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá gildistöku laganna. Nánari ákvæði um gildissvið vátryggingar þessarar er heimilt að setja í reglugerð.

IX. KAFLI
Skipulegur tilboðsmarkaður og starfsemi hans.

31. gr.

Undir starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar fellur skipulegur verðbréfamarkaður þar sem skilyrði til skráningar verðbréfa eru vægari en þegar um er að ræða opinbera skráningu í kauphöll.

Verðbréf, sem ekki hafa verið tekin til opinberrar skráningar í kauphöll, er heimilt að beiðni útgefanda að kaupa og selja á skipulegum tilboðsmarkaði enda séu skilyrði laga uppfyllt að öðru leyti og viðskipti með verðbréfin séu í samræmi við tilgang í samþykktum sem um tilboðsmarkaðinn gilda og stjórn hans telur hagsmuni af því að viðskipti eigi sér þar stað með þau.

Í samþykktum fyrir skipulegan tilboðsmarkað skal koma fram hvaða tegundir verðbréfa þar skuli keypt og seld.

Hlutverk og starfsemi.

32. gr.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar ber ábyrgð á því að starfsemi hans fari fram á öruggan og hagkvæman hátt.

Sérhver skipulegur tilboðsmarkaður ber ábyrgð á því að:

1. tryggður sé nauðsynlegur aðgangur að upplýsinga- og viðskiptakerfum fyrir verðbréf sem þar eru keypt og seld,
2. stuðlað sé að því að starfsemi hans fari fram á þann hátt að tryggt sé að viðskiptin á markaðinum eigi sér stað með skýrum og gagnsæjum hætti í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og tryggt sé jafnræði allra aðila að viðskiptum á markaðinum,
3. haft sé eftirlit með því að útgefendur skráðra verðbréfa og aðilar að tilboðsmarkaðinum starfi eftir lögum og reglum, svo og samþykktum sem um hann gilda.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar skal setja reglur um:

1. skilyrði þess að hefja megi viðskipti með verðbréf á markaðinum, svo og um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og hluthafa,
2. skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta orðið aðili að markaðinum,
3. skýrslugjöf vegna viðskipta í upplýsingaskyni.

Reglur, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skulu liggja frammi á starfsstöð hins skipulega tilboðsmarkaðar.

Áður en markaðsaðili má hefja viðskipti á skipulegum tilboðsmarkaði skal hann undirrita skriflegan aðildarsamning. Brjóti markaðsaðili að skipulegum tilboðsmarkaði ítrekað eða með vítaverðum hætti skilyrði þau sem sett eru fyrir aðild að markaðinum er heimilt að afturkalla aðildina.

Um stöðvun viðskipta.

33. gr.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar er heimilt að ákveða að hætt skuli viðskiptum með verðbréf á markaðinum enda telji hún að áframhaldandi viðskipti með þau séu ekki í þágu útgefenda verðbréfa eða markaðarins.

Hafi bú útgefanda verðbréfs verið tekið til gjaldþrotaskipta er óheimilt að stunda viðskipti með bréfið.

Setji útgefandi verðbréfs fram beiðni um að hætt verði viðskiptum með bréfið ber að taka hana til greina nema stjórn skipulega tilboðsmarkaðarins telji að það sé í andstöðu við hagsmuni fjárfesta, lántakenda eða markaðarins. Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar er heimilt að óska eftir skriflegri greinargerð frá útgefanda. Stjórnin getur ákveðið að bréfin verði ekki tekin af skrá fyrr en að sex mánuðum liðnum frá því að fullbúin greinargerð er afhent. Hún getur einnig ákveðið að birta greinargerðina í heild eða að hluta.

Viðskipti með verðbréf á skipulegum tilboðsmarkaði er skylt að stöðva eigi síðar en við opinbera skráningu þeirra í kauphöll.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar setur nánari reglur um hvenær viðskiptum með verðbréf skuli hætt.

X. KAFLI
Viðskipti utan skipulegs verðbréfamarkaðar.

34. gr.

Varðandi viðskipti með eða tilboð í verðbréf, sem ekki eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, er óheimilt að gefa til kynna að um skipulegan markað sé að ræða, svo sem með því að birta upplýsingar frá honum á reglubundinn hátt. Þetta á við jafnt þótt slík viðskipti fari fram í viðskiptakerfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar.

Starfræki aðilar verðbréfamarkað þar sem veruleg viðskipti eiga sér stað er bankaeftirliti Seðlabanka Íslands heimilt að setja það sem skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi hans að hann uppfylli ákvæði þessara laga um kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað, eftir því sem við getur átt.

XI. KAFLI
Eftirlit.

35. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sé í samræmi við lög þessi, reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, svo og önnur fyrirmæli eða samþykktir sem um starfsemina gilda. Skal bankaeftirlitinu þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi sem fram fer samkvæmt lögum þessum sem það telur nauðsyn á. Telji bankaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa skal það eiga sambærilegan aðgang að upplýsingum og gögnum hjá viðkomandi aðila. Um eftirlitið gilda lög um Seðlabanka Íslands og lög um verðbréfaviðskipti, svo og ákvæði annarra laga, eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Telji bankaeftirlitið að kauphöll eða skipulegur tilboðsmarkaður, sem starfar samkvæmt lögum þessum, hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara, laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða að háttsemi félaga eða stofnana sé að öðru leyti ekki eðlileg, traust eða heilbrigð skal það veita hlutaðeigandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Í tilefni af brotum samkvæmt lögum þessum er bankaeftirlitinu jafnframt heimilt að krefjast úrbóta án tafar, svo og leggja tímabundið bann við frekari starfsemi ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Hafi kauphöll eða skipulegur tilboðsmarkaður ekki sinnt ítrekuðum tilmælum bankaeftirlitsins um úrbætur samkvæmt þessari grein er því heimilt að gera tillögu um afturköllun starfsleyfis, sbr. 37. gr. þessara laga.

XII. KAFLI
Afturköllun starfsleyfis.

37. gr.

Ráðherra skal afturkalla starfsleyfi kauphallar og skipulegs tilboðsmarkaðar að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands:

1. hafi leyfisveiting byggst á röngum skýrslum eða upplýsingum leyfishafa eða verið aflað með öðrum ólögmætum hætti,
2. brjóti félagið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn samþykktum sem um starfsemina gilda eða lögum þessum, reglum, reglugerðum settum samkvæmt þeim,

3. fullnægi stjórnarmenn ekki skilyrðum 5. gr. eða rekstur leyfishafa er óstarfhæfur vegna ákvæða í 2. mgr. 6. gr.,
4. sé það mat bankaeftirlitsins að náin tengsl leyfishafa við einstaklinga og lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum eða að lög og reglur, sem um þá aðila gilda, hindri eðlilegt eftirlit,
5. hafi bú leyfishafa verið tekið til gjaldþrotaskipta eða fyrirtækinu slitið af öðrum ástæðum.

Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi leyfishafa og veitt honum kost á að leysa úr málinu.

38. gr.

Afturköllun starfsleyfis skal tilkynnt stjórn hlutaðeigandi leyfishafa og rökstudd skriflega. Birta skal tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar til að starfa hér á landi skal slíta félaginu.

Févíti.

39. gr.

Kauphöll og skipulegum tilboðsmarkaði er heimilt í aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða viðurlög vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemi hennar í formi févítis. Févíti getur numið allt að tíföldu árgjaldi markaðsaðila að viðkomandi markaði ef brot eru alvarleg.

XIII. KAFLI
Um þagnarskyldu og skil ársreikninga.

Þagnarskylda.

40. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn félags sem starfar samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna þess og málefni félagsins, svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til þess að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kauphöll heimilt að hafa samvinnu við erlendar kauphallir eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar að því tilskildu að greindir erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem kauphöll fær framangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

Um skil ársreikninga.

41. gr.

Ársreikningur hlutafélags, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður eða starfa í þágu félagsins að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum félagsins og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Endurskoðaður ársreikningur ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabanka Íslands innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

XIV. KAFLI
Gildistaka o.fl.
42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Verðbréfaþingi Íslands, sem starfar eftir lögum nr. 11/1993, er veittur frestur til 1. júlí 1999 til að aðlaga starfsemi sína að lögum þessum. Ákvæði þeirra laga halda gildi sínu um starfsemi þess að öllu leyti til þess tíma að undanskildu ákvæði um einkarétt þess á að stunda verðbréfaþingsstarfsemi, sbr. 1. gr. laganna. Auk þess skulu ákvæði V., VI. og VII. kafla laga þessara gilda eftir því sem við getur átt um útgefendur verðbréfa sem hafa verið tekin til skráningar á Verðbréfaþingi Íslands. Jafnframt er því heimil starfsemi í samræmi við ákvæði IX. og X. kafla laga þessara.

II.

Ráðherra skal innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara skipa nefnd sem undirbúi stofnun hlutafélags sem hafi það markmið að starfrækja kauphöll og taka við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands, sbr. lög nr. 11/1993, ásamt síðari breytingum. Við stofnun hlutafélags verði leitast við að ná sátt um skiptingu hluta milli núverandi þingaðila, útgefenda skráðra bréfa og fjárfesta.

Ráðherra skal fela óháðum löggiltum endurskoðanda að meta eiginfjárstöðu Verðbréfaþings Íslands miðað við þann dag sem nýtt hlutafélag, sem hlotið hefur starfsleyfi á grundvelli þessara laga, yfirtekur starfsemi þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1996 voru gerðar á Alþingi ýmsar breytingar á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands. Við umræður í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis við afgreiðslu þess frumvarps lagði nefndin til að í ákvæðum til bráðabirgða væri eftirfarandi ákvæði:

„Viðskiptaráðherra skal eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997."

Alþingi samþykkti framangreinda tillögu nefndarinnar með samþykkt laga nr. 22/1996, um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

Í samræmi við framangreint ákvæði til bráðabirgða skipaði viðskiptaráðherra 1. apríl 1997 nefnd sem skyldi taka lög nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, til endurskoðunar. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a:

„Nefndinni er falin heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þingsins á verðbréfaþingsstarfsemi.

Þess er óskað að nefndin geri rækilega grein fyrir þeim rökum sem mæla með og á móti afnámi einkaréttarins og öðrum breytingum á núgildandi skipan mála, í ljósi sérstakra aðstæðna og einkenna íslensks verðbréfamarkaðar.

Jafnframt er nefndinni falið að kanna:

— hvaða kröfur skuli gerðar til annarra skipulagðra markaða, sbr. Opni tilboðsmarkaðurinn, svo og hvort nauðsynlegt sé að kveða nánar á um starfsemi þeirra í lögum, t.d. almennum lögum um verðbréfaþingsstarfsemi;
— hvaða skilyrði skuli setja um hugsanlegt samstarf íslenskra og erlendra verðbréfaþinga, t.d. um rekstur sameiginlegra viðskipta- og upplýsingakerfa;
— hvaða breytingar sé ástæða til að gera á ákvæðum núverandi laga til að styrkja eftirlits- og aðhaldshlutverk verðbréfaþinga, með hliðsjón af hlutverkum bankaeftirlits Seðlabankans og annarra opinberra stofnana."

Í nefndina voru skipaðir: Tryggvi Axelsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Bjarni Ármannsson forstjóri, Eiríkur Guðnason, Seðlabankastjóri og formaður stjórnar Verðbréfaþings Íslands, Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri Verðbréfaþings Íslands, og Vilborg Lofts, aðstoðarframkvæmdastjóri VÍB.

Viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands hafa aukist mjög á undanförnum árum. Eftirfarandi yfirlit sýnir glöggt þróun heildarviðskipta á Verðbréfaþingi Íslands:

1997 pr. 30.9	119344412517
1996	119307597759
1995	86503290726
1994	75583715387
1993	70937365180
1992	6955286697
1991	2462208758
1990	2342281397

Á undanförnum árum hefur íslenskur fjármagnsmarkaður einnig verið að opnast samhliða því að löggjöf um gjaldeyrismál hefur verið rýmkuð og frelsi til fjármagnshreyfinga milli landa orðið að veruleika. Með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur verið tryggður réttur íslenskra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu til að veita þjónustu á hinum sameiginlega innra markaði ESB á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu á starfsleyfum og eftirliti heimalandsins með starfseminni. Viðskipti yfir landamærin, einkum á hinum sameiginlega innri markaði EFTA-ríkja og ESB, hafa því aukist eftir því sem minni hömlur gilda um slík viðskipti.

Fyrirséð er að samkeppni á íslenskum fjármagnsmarkaði mun aukast og því er mikilvægt að endurskoða gildandi löggjöf með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa orðið undanfarið á laga- og samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Rökin með afnámi einkaréttar Verðbréfaþings Íslands eru einkum þau að Alþingi lýsti vilja sínum í þá veru með áðurgreindu bráðabirgðaákvæði í lögum um breytingu á lögum um Verðbréfaþing Íslands. Afnámi einkaréttarins fylgir einnig hagræði sem felst m.a. í auknu aðhaldi að Verðbréfaþingi og rýmri starfsheimildum því til handa. Þegar Verðbréfaþingi var veittur einkaréttur til verðbréfaþingsstarfsemi þótti ástæða til að takmarka starfsemi þingsins að öðru leyti. Í þessu frumvarpi er hins vegar lagt til að kauphöll fái rýmri starfsheimildir en Verðbréfaþing hefur haft. Þannig gæti Verðbréfaþing Íslands eftir gildistöku laganna og aðlögun að þeim nýtt búnað sinn og sérhæfingu til að veita víðtækari þjónustu en það gerir nú. Mikilvægast í því sambandi er að þingið mun geta starfrækt skipulegan tilboðsmarkað og mun einnig hafa heimild til að leyfa þingaðilum að nýta viðskiptakerfið til að skipta með verðbréf sem hvorki eru skráð í kauphöll né á skipulegum tilboðsmarkaði. Þótt frumvarpið

feli í sér þann möguleika að hér á landi starfi tvær eða fleiri kauphallir er varla við því að búast að svo verði. Mestar líkur eru á að Verðbréfaþing Íslands verði eini aðilinn. Engu að síður er talið að afnám einkaréttar, sem það nýtur nú að lögum, veiti þinginu ákveðið aðhald. Auk þess má nefna að afnám einkaréttar er almennt í samræmi við þá stefnumörkun sem fylgt hefur verið hér á landi og í ýmsum ríkjum Evrópu á undanförnum árum. Einkarétti hefur oft fylgt mikil gagnrýni og orðið tilefni til mikilla umræðna sem hafa oft beinlínis tafið ýmsar framfarir og jafnvel orðið til þess að ekki hefur verið tekist á við ýmis önnur og brýnni mál sem kunna að skipta viðkomandi starfsgrein miklu máli. Slík sjónarmið, auk almennra samkeppnissjónarmiða, hafa vafalaust einnig ýtt undir að almennt hefur þróunin orðið sú að einkaréttur hefur verið afnuminn á sífellt fleiri sviðum á undanförnum árum. Þessarar þróunar gætir einnig á sviði verðbréfamarkaðarins.

Rök gegn afnámi einkaréttarins eru þau að afar ólíklegt er að fleiri en einn aðili starfræki kauphöll hér á landi. Því verður naumast um beina samkeppni að ræða á þessu sviði. Þess má geta að víða erlendis hefur kauphöllum fækkað þar sem fleiri en ein hafa starfað. Sú varð t.d. raunin í Noregi enda þótt þarlend lög séu með því sniði að fleiri en ein kauphöll geti starfað. Fari það engu að síður svo að kauphöllum eða tilboðsmörkuðum fjölgi hér á landi fylgir því það óhagræði að viðfangsefni eftirlitsaðila þyngjast. Þá kom fram það sjónarmið í nefndinni að þörfin fyrir afnám einkaréttarins væri ekki svo brýn að hún krefðist þess að málið yrði unnið í þeim flýti sem gert hefur verið og afnám einkaréttar kynni að vera ótímabært þar eð um ungan markað væri að ræða.

Afnám einkaréttar á starfsemi Verðbréfaþings Íslands leiðir til þess að gildandi lög um starfsemi þess þarfnast heildarendurskoðunar. Við þá heildarendurskoðun hefur verið haft í huga að í lög verði sett almenn ákvæði um starfsemi kauphalla eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Jafnframt hefur nefndin orðið sammála um að í slíkum lögum beri einnig að setja almenn ákvæði um starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða þar sem fram fara viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöll.

Mörg ákvæði þessa frumvarps eru því nýmæli en önnur byggja að einhverju leyti á ákvæðum gildandi laga um Verðbréfaþing Íslands, nr. 11/1993.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er tekið fram að Verðbréfaþingi Íslands er veittur frestur til þess að laga starfsemi sína að ákvæðum frumvarpsins til 1. júlí 1999 án þess þó að því sé veittur áframhaldandi einkaréttur til verðbréfaþingsstarfsemi. Þetta er eðlilegt og jafnframt nauðsynlegt, sbr. nánar í athugasemdum við þá grein.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að taka til starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem starfa hér á landi. Í II. kafla frumvarpsins er að finna nánari afmörkun á því hvenær um er að ræða starfsemi sem kauphöll er einungis heimilt að stunda en í IX. kafla er að finna ákvæði um skipulegan tilboðsmarkað og starfsemi hans. Falli starfsemin undir framangreind ákvæði frumvarpsins er skylt að afla starfsleyfis skv. 3. gr., sbr. og ákvæði 2. mgr. þessarar greinar. Þá er gert ráð fyrir að hér eftir sem hingað til eigi sér stað viðskipti milli fyrirtækja í verðbréfaþjónustu á lokuðum vettvangi þeirra með verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll eða skráð á skipulegum tilboðsmarkaði. Rétt þykir að afmarka slíkan markað frá þeim skipulegu verðbréfamörkuðum sem frumvarp þetta fjallar um og er ákvæði varðandi þetta atriði að finna í X. kafla frumvarpsins.

Í Evrópurétti er ekki að finna sérstaka tilskipun um starfsemi kauphalla eða skipulegra tilboðsmarkaða. Samkvæmt ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, sbr. viðauka IX (fjármálaþjónusta) í EES-samningnum, er kauphöllum ekki veitt heimild til þess að stofna útibú á grundvelli gagnkvæmrar viðurkenningar á starfsleyfum sem þær hafa hlotið í heimaríki sínu. Ljóst er því að sú meginregla, sem annars gildir um gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa á sviði fjármálaþjónustu, á því ekki við um starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða (kauphallar og skipulegs tilboðsmarkaðar) sem frumvarp þetta fjallar um. Innlendum og erlendum aðilum, sem vilja stunda þá starfsemi sem frumvarp þetta nær til, ber því að afla sér starfsleyfis og uppfylla þau almennu skilyrði sem sett eru fyrir veitingu slíkra leyfa samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna ýmsar nauðsynlegar skilgreiningar.

Skipulegur verðbréfamarkaður er markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Framangreind skilgreining laga nr. 13/1996 byggist á skilgreiningu tilskipunar ráðsins nr. 93/22/EBE, á því sem þar er nefnt *skipulegur markaður*. Það skal tekið fram að í 10. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996 er tekið fram að um skipulegan verðbréfamarkað geti verið að ræða sé hann viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan. Framangreint ákvæði verður að skoða í því ljósi að þar er um eldri ákvæði að ræða en ákvæði þessa frumvarps. Verði frumvarp þetta að lögum mun skipulegur tilboðsmarkaður, sem aflað hefur sér starfsleyfis og er undir eftirliti samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, teljast skipulegur verðbréfamarkaður sem er viðurkenndur að lögum hér á landi. Skipulegum verðbréfamarkaði má þá lýsa sem markaði fyrir verðbréf sem hlotið hefur starfsleyfi lögbærra stjórnvalda, er háður eftirliti og starfar samkvæmt reglum sem stuðla að traustum og greiðum verðbréfaviðskiptum. Um nánari skýringar vísast að öðru leyti til athugasemda er fylgdu frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 13/1996, svo og framangreindrar tilskipunar.

Kauphöll telst vera skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa fer fram, svo og viðskipti með þau, og sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins tekur því hugtakið kauphöll til hlutafélags sem uppfyllt hefur öll skilyrði til þess að hljóta starfsleyfi ráðherra til að annast opinbera skráningu og vera vettvangur fyrir viðskipti með verðbréf sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til opinberrar skráningar verðbréfa á skipulegum verðbréfamörkuðum.

Um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi (kauphöll) gilda nú þegar hér á landi ýmsar reglur sem settar hafa verið, m.a. með hliðsjón af tilskipunum ESB, sbr. viðauka IX í EES-samningnum. Í tilskipunum ESB er stjórnvöldum heimilað að tilnefna þau lögbæru yfirvöld sem séu bær til þess að heimila opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi kauphöll sem staðsett er innan yfirráðasvæða þeirra. Jafnframt hvílir sú skylda á aðildarríkjunum að veita þeim yfirvöldum, sem þannig eru tilnefnd, nauðsynlegar heimildir til að rækja skyldur sínar gagnvart útgefendum verðbréfa og fjárfestum í skráðum bréfum. Í starfsleyfi kauphallar samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps felst því réttur til að stunda viðskipti og taka til opinberrar skráningar verðbréf sem lúta þeim samræmdu skilmálum sem skylt er að setja um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, m.a. með hliðsjón af tilskipunum ESB sem gilda um þetta efni. Í því sambandi má nefna t.d. tilskipun ráðsins nr. 79/279/EBE, til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi, auk annarra tilskipana sem taldar eru upp í III. kafla viðauka IX í EES-samningnum, verðbréfaþing og verðbréf.

Hlutafélögum, sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi, er heimilt að nota í firmanafni sínu orðið kauphöll til skýringar á starfsemi sinni, sbr. ákvæði 8. gr. frumvarpsins.

Nefndin varð sammála um að nota orðið kauphöll í stað þess að nota orðið verðbréfaþing. Í orðabók Menningarsjóðs er orðið kauphöll útskýrt sem „miðstöð verðbréfaviðskipta“. Nefnd sú, sem samdi frumvarpið, er einhuga um að leggja til að notað verði orðið kauphöll um þá starfsemi sem hér um ræðir. Orðið er velþekkt og þykir lýsandi fyrir þessa starfsemi. Einnig telur hún að almenningur átti sig betur á því við hvað er átt ef notað er þetta orð fremur en verðbréfaþing enda er orðið kauphöll ávallt notað um sambærilega starfsemi erlendis, sbr. þegar rætt er um kauphöllina í New York, París eða London. Loks telur nefndin að viðskipti á þessum markaði hafi aukist svo mjög að undanförnu, og munu einnig aukast í framtíðinni, að ekki sé lengur ástæða til að ætla að það sé í of mikið lagt að kalla þennan vettvang kauphöll.

Skipulegur tilboðsmarkaður telst vera skipulagður verðbréfamarkaður með verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöll og hlotið hefur starfsleyfi skv. 3. gr. Átt er við að þar séu leidd saman á reglubundinn hátt sölu- og kauptilboð í verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll og uppfylla kröfur sem gerðar eru til viðskipta með slík bréf samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda fyrir hinn skipulega tilboðsmarkað. Skylt er að stöðva viðskipti með verðbréf á tilboðsmarkaðnum ef þau eru tekin til opinberrar skráningar í kauphöll, sbr. nánar ákvæði IX. kafla frumvarpsins, um skipulegan tilboðsmarkað og starfsemi hans.

Verðbréf merkir í lögum þessum verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Um skýringar vísast til frumvarps þess sem síðar varð að lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu merkir í lögum þessum fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt skilgreiningu laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Í 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti er framangreindri skilgreiningu skipt í:

„a. Verðbréfafyrirtæki sem fengið hefur leyfi viðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 8. gr., svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

b. Verðbréfamiðlun sem fengið hefur leyfi viðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 9. gr., svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.“

Rétt er að taka fram að verðbréfamiðlun, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 9. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, er ekki heimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning nema innborgað hlutafé nemi a.m.k. 10 milljónum króna, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1996. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu getur því verið fyrirtæki sem starfar á grundvelli starfsleyfis ráðherra og veitir þjónustu skv. 8. eða 9. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Auk þess nær hugtakið til þeirra aðila sem rétt hafa til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Undir þennan þátt hugtaksins fellur t.d. starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem heimil er slík starfsemi sem hér um ræðir samkvæmt ákvæðum sérlaga sem gilda um starfsemi þeirra.

Opinber skráning merkir að verðbréf hefur verið samþykkt og tekið til skráningar í kauphöll, en skilyrði þess er að viðkomandi verðbréf (eða verðbréfaflokkur) hafi uppfyllt þau samræmdu skilyrði sem hafa verið sett um skráningu þeirra í kauphöllinni. Til þess að unnt sé að heimila að verðbréf sé tekið til skráningar í kauphöll verður það að uppfylla þá skilmála sem slík verðbréf þurfa að uppfylla samkvæmt reglum kauphallarinnar. Jafnframt verða útgefendur þeirra að hafa samþykkt að taka að sér að uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar samkvæmt reglum um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Vegna ákvæða EES-

samningsins verða verðbréf því aðeins skráð í kauphöll hér á landi ef þau uppfylla þau lágmarksákvæði sem sett eru í tilskipunum ESB um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingum, sbr. nánar um það í IX. viðauka EES-samningsins.

Markaðsaðilar merkir í frumvarpinu þá aðila sem rétt hafa til að setja fram tilboð og eiga viðskipti á hlutaðeigandi markaði og er því samheiti fyrir kauphallaraðila, svo og þá sem aðild eiga að skipulegum tilboðsmarkaði.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skilyrði til þess að starfrækja kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað. Viðskiptaráðherra veitir starfsleyfi að fenginni umsögn frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og skal umsókn vera skrifleg. Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis skal tekin eins fljótt og unnt er og aldrei síðar en sex mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Einungis er heimilt að veita hlutafélögum sem skráð hafa verið í hlutafélagaskrá starfsleyfi enda fullnægi þau öðrum skilyrðum sem sett eru til útgáfu starfsleyfisins.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um skilyrði þess að unnt sé að veita leyfi til reksturs kauphallar eða til þess að starfrækja skipulegan tilboðsmarkað. Í 1. tölul. er lagt til að lágmarkshlutafé sé hið sama og gildir um stofnun verðbréfafyrirtækis samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, eða 65 milljónir króna. Samkvæmt ákvæðinu skal þó innborgað hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU og er það í samræmi við þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til slíkra fyrirtækja skv. 3. gr. tilskipunar ESB nr. 93/6, um eigið fé lánastofnana og fjárhæðin í íslenskum krónum því háð gengi ECU eins og það er skráð á hverjum tíma. Rétt er að taka fram að hlutafélag, sem uppfyllir þetta skilyrði um lágmark eigin fjár, getur samkvæmt frumvarpinu óskað leyfis til að reka hvort tveggja, kauphöll og skipulegan tilboðsmarkað.

Í 2. tölul. er gerð sú krafa að með umsókn um starfsleyfi séu lagðar fram upplýsingar um fyrirhugað skipulag og reglur um viðskiptakerfi hlutafélagsins o.fl. Einnig er lagt til að umsækjandi leggi fram upplýsingar um væntanlega markaðsaðila og skilyrði til aðildar að þeim skipulega verðbréfamarkaði sem sótt er um leyfi fyrir. Við veitingu starfsleyfis ber að gera þá kröfu að hjá aðila sem hlýtur leyfi fari fram raunveruleg markaðsviðskipti með þau bréf sem þar eru skráð. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að viðskipti á markaðnum séu ekki takmörkuð og að eðlileg verðmyndun geti átt sér stað. Beri starfsreglur og samþykktir þess aðila, sem sækir um leyfi, með sér að eðlileg verðmyndun geti ekki átt sér stað á þeim vettvangi sem leyfisins er óskað fyrir, t.d. vegna þess að aðild að markaðnum er verulegum takmörkunum bundin, kann ráðherra að vera rétt að hafna slíkri umsókn með hliðsjón af ákvæði 2. tölul..

Hlutafélag, sem hlýtur leyfi til að starfrækja kauphöll, ber réttindi og skyldur í samræmi við ákvæði þessa frumvarps. Stjórn félagsins ber t.d. að setja reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöllinni og afla staðfestingar ráðherra á slíkum reglum en þær skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Í starfsleyfi til kauphallar felst því viðurkenning stjórnvalda á því að stjórn hennar er „innlent yfirvald“ í skilningi tilskipunar 79/272/EBE, til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi. Af því leiðir að í lögum og reglugerðum er skylt að veita kauphöll, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi, nauðsynlegar heimildir til að rækja skyldur sínar samkvæmt þeim ákvæðum sem gilda um opinbera skráningu verðbréfa og eftirlit með þeim. Um nánari ákvæði um hlutverk og skyldur kauphallar vísast m.a. til II. kafla frumvarpsins.

Í 3. tölul. kemur fram að einungis er unnt að veita hlutafélagi starfsleyfi ef í samþykktum þess er að finna skýr ákvæði um hvaða verðbréf er unnt að kaupa og selja á hinum skipulega verðbréfamarkaði sem starfsleyfinu er ætlað að taka til. Óski hlutafélag eftir því að tekin verði til viðskipta og opinberrar skráningar önnur markaðshæf réttindi, t.d. kvótar og þess háttar, skal þess einnig getið í samþykktum félagsins. Enn fremur verður að koma fram í samþykktum félagsins hvort tilgangur þess sé að verða skipulegur verðbréfamarkaður með opinberlega skráð verðbréf (kauphöll). Þá eru ekki settar takmarkanir við því að í kauphöll geti jafnframt átt sér stað viðskipti með önnur verðbréf en þau sem eru opinberlega skráð þar, en geta skal þess í starfsleyfi hennar, sbr. ákvæði 3. mgr. Skipulegum tilboðsmarkaði, sem kauphöll kann að reka samhliða kauphöllinni, ber þó að halda skýrt aðgreindum frá markaði með opinberlega skráð verðbréf.

Í 1.–3. tölul. er því að finna almenn skilyrði sem hlutafélagi er skylt að uppfylla óski það eftir starfsleyfi samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Framangreind ákvæði byggjast á því sjónarmiði að ekki þykir ástæða til þess að gera mismunandi kröfur annars vegar til hlutafélags sem óskar eftir að fá starfsleyfi sem kauphöll og hins vegar félags sem vill afla sér starfsleyfis til að starfrækja skipulegan tilboðsmarkað. Í báðum tilvikum skiptir máli fyrir fjárfesta að starfsemin sé rekin á traustum grundvelli og skiptir þá ekki máli hvort á hinum skipulega verðbréfamarkaði fara fram viðskipti með opinberlega skráð verðbréf eða önnur verðbréf sem ekki hafa verið tekin til skráningar í kauphöll, né hvort óskað hafi verið eftir slíkri skráningu. Innborgað hlutafé skal samkvæmt ákvæði 1. tölul. vera að lágmarki 65 millj. kr., eða 730.000 ECU, fyrir félög sem óska eftir starfsleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, óháð því hvort þar skuli stunduð opinber skráning verðbréfa (kauphallarstarfsemi) eða einungis rekinn skipulegur tilboðsmarkaður.

Um útgáfu starfsleyfis til kauphallar er þó sett að auki það skilyrði að hún skal leggja fram og ávallt hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu, sbr. ákvæði 30. gr. frumvarpsins. Enn fremur er slíku félagi skylt að leggja fram með umsókn um starfsleyfi þær reglur sem það hefur samþykkt um skilyrði þess að verðbréf verði tekin þar til opinberrar skráningar. Slíkar reglur þurfa, eins og áður hefur komið fram, að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem tilskipanir ESB setja varðandi opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, svo og önnur fyrirmæli sem um hana gilda hverju sinni. Starfsleyfi verður ekki veitt nema jafnframt sé unnt að staðfesta slíkar reglur, sbr. nánar ákvæði 17. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að stjórnarmenn í kauphöll skuli ávallt vera fimm hið fæsta. Í lögum um hlutafélög er hin almenna krafa að þeir skuli vera þrír en rétt þykir að gera strangari kröfur varðandi þetta atriði í frumvarpinu.

Í 2. mgr. er fjallað um hæfisskilyrði stjórnarmanna og eru þau sambærileg þeim skilyrðum sem sett eru í t.d. í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Stjórnarformaður hverju sinni skal ávallt vera búsettur hér á landi. Samkvæmt reglum um réttarfar telst stefna löglega birt félagi hafi hún verið birt stjórnarformanni þess. Mikilvægt þykir að ekki séu vandkvæði á því að stefna aðilum sem leyfi hafa hlotið samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps og því er hér lagt til að stjórnarformaður sé ávallt búsettur hér á landi.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um að tilkynna skuli bankaeftirlitinu um beina eða óbeina hlutdeild sem nemur a.m.k. 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti í félagi sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt frumvarpinu. Hið sama gildir ef um minni hlutdeild er að ræða ef hún hefur veruleg áhrif á

stjórn félagsins. Svipuð ákvæði er að finna í lögum er varða starfsemi á fjármagnsmarkaði, t.d. lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, o.fl. Um nánari greinargerð fyrir hvað átt er við með beinni og óbeinni hlutdeild vísast til athugasemda við þau frumvörp er síðar urðu að lögum nr. 113/1996 og 13/1996.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er að finna sambærilegt ákvæði og er í gildandi lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, varðandi hæfisskilyrði sem telja verður eðlilegt að framkvæmdastjóri í kauphöll uppfylli. Einnig er eðlilegt að gera sambærilegar kröfur að þessu leyti til framkvæmdastjóra skipulegs tilboðsmarkaðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að framkvæmdastjórum og öðrum starfsmönnum félaga, sem starfa eftir ákvæðum frumvarpsins, sé óheimilt án leyfis stjórnar að sitja í stjórn stofnunar og/eða atvinnufyrirtækis. Hér er lagt til að settar séu eðlilegar takmarkanir á heimildir framangreindra starfsmanna og framkvæmdastjóra til þátttöku í atvinnurekstri og er sambærileg takmörkun gerð í gildandi lögum á fjármagnsmarkaði. Stjórn verður að meta í hvert sinn beiðni starfsmanns og framkvæmdastjóra og kanna til hlítar hvers eðlis sú starfsemi er sem óskað er eftir þátttöku í. Þess má geta að þátttaka í stjórn líknarfélags eða íþróttafélags leiðir ekki sjálfkrafa til þess að slík félög séu undanþegin frá ákvæðinu enda mörg dæmi um að starfsemi slíkra félaga sé umsvifamikil og geti að öllu leyti jafnast á við þátttöku í atvinnufyrirtæki. Óveruleg hlutafjáreign í hlutafélagi, sem einkum miðast að ávöxtun sparifjár, er þó heimil hér eftir sem hingað til, sbr. sambærileg ákvæði í öðrum lögum.

Stjórn félags, sem hlýtur starfsleyfi samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, ber að setja reglur um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna (þar með talinn framkvæmdastjóra) og skulu slíkar reglur staðfestar af bankaeftirlitinu. Þýðingarmikið er að félög setji sér slíkar reglur enda eru þær mikilvægar fyrir alla hlutaðaeigandi, svo og til fyllingar og skýringar á þeim lagaákvæðum sem um þetta gilda, sbr. t.d. IV. kafla laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Um 8. gr.

Félögum, sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, er einum heimilt að nota orðið *kauphöll* og *skipulegur tilboðsmarkaður* til auðkennis í firmanafni sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni. Mikilvægt er að ekki skapist hætta á ruglingi á þeim aðilum sem uppfyllt hafa skilyrði frumvarpsins til útgáfu starfsleyfis og starfa munu á grundvelli þeirra og öðrum aðilum sem ekki hafa slíkt leyfi. Hliðstæð ákvæði er að finna í ýmsum lögum.

Um 9. gr.

Ljóst er að starfsmenn í kauphöll og/eða skipulegum tilboðsmörkuðum kunna oft í starfi sínu að fá vitneskju eða grun um að markaðsaðili hafi brotið gildandi lög um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði. Á þeim aðilum, sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, hvílir sú ótvíræða skylda að hafa vakandi auga með þeim viðskiptum sem þar fara fram. Hafi brot á reglum eða lögum verið framin fer það síðan eftir eðli og alvarleika brotsins hvort beitt verði viðurlögum á grundvelli þeirra ákvæða sem er að finna í frumvarpi þessu eða öðrum lögum, eftir því sem við getur átt. Jafnframt er rétt að í samþykktum og aðildarsamningum komi fram hvaða viðurlögum sé eðlilegt að beita til að knýja markaðsaðila til þess að fara eftir settum reglum ef þess gerist þörf. Einnig kann að vera að brot séu svo alvarleg að stjórn kauphallar ákveði að fella einhliða úr gildi aðildarsamning, sbr. heimild í 16. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um kauphöll og hlutverk hennar en auk þess er í III.–VIII. kafla að finna ýmis önnur ákvæði sem varða sérstaklega starfsemi kauphallar. Hafi umsækjandi um starfsleyfi til að stunda rekstur kauphallar eða leyfishafi ákveðið að starfrækja einnig skipulegan tilboðsmarkað ber einnig að líta til ákvæða IX. kafla frumvarpsins, svo sem um starfsheimildir og þess háttar. Í starfsleyfi kauphallar skal tekið fram hvort þar starfi jafnframt skipulegur tilboðsmarkaður, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í greininni er skilgreint hvaða starfsemi telst falla undir verksvið kauphallar. Ef um er að ræða skipulagðan verðbréfamarkað þar sem samþykkja á verðbréf og skrá þau þar á grundvelli þeirra samræmdu skilmála sem gilda hverju sinni um slíka opinbera skráningu verðbréfa er slík starfsemi einungis heimil hlutafélagi sem hefur hlotið starfsleyfi sem kauphöll. Undir starfsemi viðurkenndra kauphalla fellur einnig að vera vettvangur viðskipta með verðbréf sem eru opinberlega skráð hjá einhverjum þeirra aðila sem taldir eru upp í 1.–4. tölul. greinarinnar.

Í 1. tölul. eru fyrst talin upp félög sem stofnuð eru og skráð hér á landi og fengið hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps til að mega stunda kauphallarstarfsemi. Í 2. tölul. eru nefndar kauphallir og samsvarandi markaðir með verðbréf sem starfsleyfi hafa á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 3. tölul. er gert ráð fyrir að sambærilegir aðilar, sem starfsleyfi hafa hlotið í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa leyfi til þess að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli samstarfssamnings við eftirlitsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu, geti jafnframt stundað starfsemi hér á landi. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og nýlega hefur verið sett í dönsk lög um þetta efni. Með hliðsjón af hinu alþjóðlega eðli verðbréfaviðskipta þykir eðlilegt að tekin verði upp hliðstæð ákvæði í löggjöf hér á landi. Í 4. tölul. er loks að finna heimild fyrir aðrar tegundir verðbréfamarkaða sem starfa á grundvelli laga í ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og bankaeftirlitið metur gilda.

Um 11. gr.

Meginhlutverk kauphallar er að annast opinbera skráningu verðbréfa og setja reglur um skráningarhæfi þeirra, sbr. 1. tölul. greinarinnar. Í starfsemi kauphallar skal þess gætt að viðskipti og skráning eigi sér stað á þann hátt að stuðlað sé að því að viðskiptin og verðmyndun á verðbréfamarkaðinum verði á skýran og gagnsæjan hátt og kappkostað að jafnræði sé með öllum aðilum að viðskiptum sem þar fara fram, sbr. ákvæði 2. tölul. Auk þess ber kauphöll að tryggja að starfrækt sé skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi þannig að viðskipti þar séu bæði sýnileg og örugg, sbr. enn fremur ákvæði 21.–23. gr. frumvarpsins. Ljóst er að ef ákveðið hefur verið að stunda viðskipti í kauphöll með önnur verðbréf en þau sem þar eru opinberlega skráð hefur hún jafnframt skyldum að gegna varðandi slík viðskipti, sbr. t.d. ákvæði IX. kafla o.s.frv. Ekki er talin ástæða til að skylda kauphöll til að starfrækja sjálf viðskipta- og upplýsingakerfi, heldur er henni gert skylt að sjá til þess að slíkt kerfi sé notað í starfseminni. Er þannig heimilt, ef betur þykir henta, að eiga samstarf við aðra aðila um rekstur slíks kerfis, t.d. við erlendar kauphallir. Ekki þykir í þessu efni eða öðrum sambærilegum rekstrarþáttum kauphallar ástæða til að hindra með lögum að samstarfi verði við komið til hagsbóta fyrir kauphöllina og verðbréfamarkaðinn, enda standist starfsemin eftir sem áður allar þær kröfur sem íslensk stjórnvöld gera til hennar á grundvelli íslenskra laga og alþjóðlegra samninga sem íslenska ríkið er aðili að.

Í 3. tölul. er tekið fram að stjórn kauphallar beri að sjá til þess að settar séu skýrar reglur um starfsemina og viðskipti sem þar fara fram. Rétt er að benda hér á að í 21. gr. frumvarpsins kemur fram að stjórn kauphallar ber að setja reglur um uppgjör viðskipta sem eiga sér stað

í kauphöllinni. Mikilvægt er að settar séu skýrar reglur um uppgjör viðskipta, t.d. hvernig þau skuli eiga sér stað og hvar, tryggingar sem stjórnin kann að telja eðlilegt að kauphallaraðilar setji o.s.frv. Þetta ákvæði hindrar ekki að kauphöll geti í reglum sínum heimilað að uppgjör fari fram á vettvangi innlendrar eða erlendrar verðbréfamiðstöðvar.

Hlutafélag, sem hlýtur starfsleyfi til þess að stunda kauphallarstarfsemi samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, öðlast viðurkenningu stjórnvalda til þess að teljast innlent yfirvald sem sé bært til þess að heimila opinbera skráningu verðbréfa, sbr. 9. gr. tilskipunar 79/279/EBE, til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi (sbr. 24. liður í viðauka IX í EES-samningnum). Slíkri viðurkenningu fylgir jafnframt skylda til að hafa eftirlit með því að þær reglur, sem gilda um opinbera skráningu í kauphöll, séu virtar af öllum hlutaðeigandi aðilum. Samkvæmt ákvæðum 4. tölul. ber stjórn kauphallarinnar skylda til þess að setja reglur um skráningarhæfi verðbréfa en þær skulu staðfestar af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. nánar um það í 17. gr. frumvarpsins. Hér er lagt til að frumskylda til þess að setja slíkar reglur, svo og framþróun og endurskoðun þeirra, verði hjá stjórn viðkomandi kauphallar í stað þess að stjórnvöld setji einhliða slíkar reglur um skráningarhæfi verðbréfa í kauphöllinni. Víða erlendis hefur verið farin sú leið að stofna sérstakar nefndir eða ráð sem hafa það hlutverk að setja slíkar almennar reglur sem gilda skulu um opinbera skráningu verðbréfa. Nauðsynlegt og eðlilegt er að náið samráð sé haft milli opinberra aðila, svo og aðila sem starfa á verðbréfamarkaðnum, um efni slíkra reglna. Yfirleitt eiga því sæti í slíkum nefndum og ráðum fulltrúar hins opinbera, svo og aðilar sem starfa á verðbréfamarkaðnum. Ekki þykir rétt að lagt verði til í frumvarpi þessu að stofna hér á landi slíkan aðila enda viss hætta fyrir hendi að slíkt fyrirkomulag kunni að vera þungt í vöfum og henti ekki alls kostar íslenskum aðstæðum. Hér hefur því verið valin sú leið að leggja þá frumskyldu á stjórn kauphallar, en samkvæmt gildandi lögum hefur þessi skylda hvílt á herðum stjórnar Verðbréfaþings Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir að slíkar reglur, svo og breytingar á þeim, skuli staðfestar af ráðherra (stjórnvöldum) og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig má benda á að skv. 13. gr. frumvarpsins er tryggt að unnt sé að skjóta þeim ágreiningsmálum sem þar eru nefnd til stjórnvalda í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Í 5. tölul. er tekið fram að það sé jafnframt í verkahring kauphallarinnar að samþykkja siðareglur sem gilda skulu fyrir viðskipti á hennar vettvangi. Mikilvægt er að kauphöllin setji skýrar reglur um viðskipti sem þar fara fram, svo og hvort gerðar séu ríkari kröfur, t.d. varðandi upplýsingaskyldu markaðsaðila, en almennt eru gerðar í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að meginstarfsemi kauphallar sé kauphallarstarfsemi eins og henni er lýst í 10. og 11. gr. Hins vegar getur verið hentugt að hún nýti þann búnað og aðstöðu sem hún hefur vegna meginstarfseminnar til að sinna fleiri sviðum. Með 1. mgr. er kauphöll heimilað að stunda starfsemi sem er í eðlilegum tengslum við meginstarfsemina. Til dæmis gæti rekstur skipulegs tilboðsmarkaðar fyrir verðbréf fallið hér undir, svo og rekstur eða þátttaka í rekstri uppgjörskerfa fyrir verðbréf. Vilji kauphöll standa að rekstri tilboðsmarkaðar auk kauphallarstarfseminnar þarf hún vegna þeirrar starfsemi að sjálfsögðu að fylgja þeim ákvæðum laganna sem varða tilboðsmarkað en slík starfsemi er þó ekki heimil kauphöll nema þess sé getið í starfsleyfi hennar, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Slíka viðbót við starfsleyfi kauphallar ber þó ekki að líta á sem sjálfstæða leyfisveitingu heldur sem hluta af starfsleyfi hennar sem kauphallar.

Í 2. mgr. er kauphöll veitt heimild til að veita þjónustu á sviði utan verðbréfaviðskipta. Með orðinu „hliðarstarfsemi“ er átt við að þessi þáttur í starfi kauphallar sé fyrirferðarminni en meginstarfsemin. Hér er opnaður sá möguleiki að kauphöll nýti búnað sinn, lítt eða ekki breyttan, til að þjóna viðskiptum með gjaldeyri, veiðiheimildir eða orku svo að dæmi séu tekin. Í slíkum tilvikum yrði kauphöllin aðeins vettvangur tiltekinna markaða sem aðilar utan kauphallarinnar starfrækja.

Í 3. mgr. er bankaeftirlitinu veitt heimild til þess að krefjast þess að starfsemi, sem fallið getur undir ákvæði 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, verði aðeins rekin af öðru félagi. Þetta kann að vera nauðsynlegt til þess að tryggja að slíkur rekstur sé skýrt aðgreindur frá starfsemi félagsins samkvæmt starfsleyfi þess.

Um 13. gr.

Í þessari grein er lagt til að allar ákvarðanir stjórnar, þar sem synjað er um aðildarsamning eða skráningu verðbréfa, skuli vera rökstuddar. Hið sama gildir þegar stjórn kauphallar ákveður endanlega að fella af skrá kauphallarinnar verðbréfaflokk samkvæmt ákvæðum 18. gr. frumvarpsins.

Ágreining má ávallt bera undir dómstóla en eðlilegt er að í frumvarpinu sé tryggt að skjóta megi málinu til stjórnvalda. Um meðferð málsins og málskot fer þá eftir ákvæðum stjórnsýslulaga og er það mikilvæg trygging fyrir aðila máls að gætt sé þeirra meginreglna sem þar er kveðið á um, svo sem um hæfi til meðferðar einstaks máls, andmælaréttar, jafnræðisreglu o.s.frv. Jafnframt er eðlilegt að slíkar ákvarðanir sé unnt að kæra til æðra stjórnvalds enda er kauphöll, sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, innlent yfirvald í skilningi tilskipana Evrópuréttarins. Hér er því kveðið svo á að ákvörðunum stjórnar kauphallar varðandi þau atriði sem tilgreind eru í þessari grein megi skjóta til ráðherra til endurskoðunar. Einnig er lagt til að með reglugerð sé unnt að kveða nánar á um hvaða mál önnur en þau sem hér hafa verið tilgreind skuli vera þess eðlis að um meðferð þeirra eigi að gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Þetta er mikilvægt ef reynslan sýnir að þörf sé á því að önnur mál en þau sem hér eru sérstaklega tiltekin skuli hljóta jafnvandaða meðferð og hér er gerð krafa um.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um hvaða aðilum er heimil aðild að kauphöll. Skv. 1. og 2. tölul. þessarar greinar er slík aðild heimil Seðlabanka Íslands og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning. Í 2. gr. er vísað um skilgreiningu hugtaksins fyrirtæki í verðbréfaþjónustu til laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Samkvæmt þeim lögum tekur það til verðbréfafyrirtækja sem starfa að því að veita þjónustu skv. 8. gr. laga nr. 13/1996, svo og til verðbréfmiðlana sem starfa að því að veita þjónustu skv. 9. gr. laga nr. 13/1996. Skv. ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, er það skilyrði sett að verðbréfamiðlun eru aðeins heimil viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning að innborgað hlutafé sé að lágmarki 10 milljónir króna. Hér er lagt til að heimild til þess að eiga aðild að kauphöll sé miðuð við verðbréfamiðlun sem hefur uppfyllt framangreint skilyrði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1996. Vorið 1996 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 11/1993, sbr. 5. gr. laga nr. 22/1996, og var þá aðild að Verðbréfaþingi Íslands bundin því skilyrði og er því ekki um breytingu að ræða frá gildandi rétti að þessu leyti. Viðskiptabankar og sparisjóðir, svo og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, hafa heimild til þess að stunda þá þjónustu sem nefnd er í 8. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, samkvæmt þeim lögum sem um þá starfsemi gilda og er þeim því heimil aðild að kauphöll samkvæmt ákvæðinu.

Í 3. tölul. kemur fram að heimilt er að veita aðild að kauphöll ef um er að ræða aðila sem hefur verið veitt aðild að kauphöll eða samsvarandi skipulegum markaði með verðbréf á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. tilvísun um þetta efni til 2. tölul. 10. gr. frumvarpsins. Eins og áður hefur verið getið hefur tilskipun nr. 93/22/EBE verið felld inn í EES-samninginn en samkvæmt henni öðlast verðbréfafyrirtæki rétt til þess að stunda verðbréfaviðskipti, þar með talin viðskipti í kauphöll, á svæðinu öllu á grundvelli þess starfsleyfis sem gefið hefur verið út í heimaríki fyrirtækisins, sbr. nánar 1. mgr. 15. gr. þeirrar tilskipunar. Hér er um að ræða samsvarandi heimild og lögfest var með breytingu á lögum nr. 22/1996, sbr. 5. gr. þeirra laga, um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands. Í 3. tölul. er einnig vísað til 3. tölul. 10. gr. frumvarpsins og veitt svigrúm til þess að leyfa aðild þeirra sem hafa gert samstarfssamning við EES-ríki að innlendri kauphöll.

Loks er í 4. tölul. einnig veitt svigrúm til þess að unnt sé að heimila aðilum, sem eiga rétt til þess að stunda viðskipti í kauphöll sem er utan EES-svæðisins og fellur ekki undir ákvæðin hér að framan, að gerast aðili að innlendri kauphöll. Eins og áður hefur komið fram hefur orðið mikil breyting á lögum um gjaldeyrismál og hvers kyns viðskipti yfir landamæri eru orðin mun frjálslegri en áður hefur þekkst. Nauðsynlegt er því að taka tillit til slíkrar þróunar í frjálsræðisátt og því er hér lagt til að aðilar, sem hafa heimild til þess að stunda viðskipti í kauphöll í sínu heimaríki, geti fengið aðild að innlendri kauphöll óski þeir eftir því. Til þess að svo geti orðið er þó sett það skilyrði að um sé að ræða kauphöll eða skipulegan verðbréfamarkað sem bankaeftirlitið metur gildan.

Um 15. gr.

Í þessari grein kemur fram að stjórn kauphallar skal setja nánari reglur um skilyrði fyrir aðild að henni, að umsókn skuli ávallt vera skrifleg. Ljúka skal umfjöllun um umsókn eins fljótt og unnt er og aldrei síðar en sex mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst til stjórnar kauphallarinnar. Samþykki stjórn aðildarumsókn skal hún tilkynna um það til bankaeftirlitsins.

Um 16. gr.

Áður en kauphallaraðili má hefja viðskipti í kauphöllinni skal hann undirrita aðildarsamning við hana, sbr. ákvæði þessarar greinar. Um aðild að kauphöll eiga að gilda almennir skilmálar sem mismuna ekki kauphallaraðilum með óeðlilegum hætti. Í slíkan samning ber að setja nánari ákvæði um afleiðingar þess ef samningur er brotinn, ákvæði um hvaða kostnaður fylgir aðild, svo sem vegna tölvutengingar og þess háttar, hvernig skuli staðið að prófun og uppsetningu á viðskipta- og upplýsingakerfinu o.s.frv. Einnig má gera ráð fyrir að í slíkum samningi séu settar m.a. ítarlegar reglur um upplýsingaskyldu svo að kauphöllin geti sinnt hlutverki sínu, sbr. 11. gr. frumvarpsins og önnur atriði sem nauðsynleg þykja í þessu sambandi.

Í 2. mgr. kemur fram að kauphöll sé heimilt að fella einhliða niður samning um aðild hafi kauphallaraðili ítrekað eða með vítaverðum hætti brotið þá skilmála sem gilda um aðild hans að henni. Einnig er henni heimilt að beita vægari viðbrögðum svo sem tímabundinni uppsögn aðildar. Ráðstafanir, sem kauphöll getur gripið til samkvæmt þessari málsgrein, eru þess eðlis að það þykir rétt að áskilja að kauphöllin geri bankaeftirliti tafarlaust grein fyrir þeim. Í IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, er að finna ákvæði um starfsemi bankaeftirlitsins og málsmeðferð þegar rekstur innlánsstofnana er ekki í samræmi við lög eða reglugerðir sem um starfsemina gilda, sbr. t.d. ákvæði 3. mgr. 13. gr. þeirra laga. Ákvæði um starfshætti bankaeftirlitsins eiga almennt við eftir því sem við getur átt um eftirlit þess með

ákvæðum þessa frumvarps, svo sem að fyrirhugaðar aðgerðir skuli tilkynntar til ráðherra með svipuðum hætti og gert er varðandi þær stofnanir og félög sem það hefur eftirlit með á grundvelli gildandi laga hverju sinni.

Um 17. gr.

Í þessum kafla frumvarpsins er að finna reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Í 1. mgr. kemur fram að kauphallaraðilar skulu sækja um opinbera skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi kauphallarinnar nema stjórn hennar samþykki annað. Það er ekki talin ástæða til þess að setja það sem skilyrði að umsókn um skráningu verðbréfa í kauphöll skuli ávallt gerð með milligöngu kauphallaraðila. Þó er ljóst að gerð slíkrar umsóknar krefst talsverðrar sérþekkingar enda þarf að taka tillit til ýmissa lagaákvæða, svo og reglna sem gilda um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Ef umsókn er unnin af aðilum sem hafa sérþekkingu á þessu sviði er líklegra en ella að úrvinnsla umsóknarinnar krefjist minni vinnu af hálfu kauphallarinnar. Það þekkist að í erlendum kauphöllum sé tekinn saman listi yfir þá sem hún viðurkennir til þess að leggja fram umsókn um skráningu og er það þá ekki alltaf bundið við kauphallaraðila. Hér er því valin sú leið að takmarka ekki með lögum rétt til þess að annast umsókn og undirbúning skráningar í kauphöll en heimilt er stjórn kauphallarinnar að setja nánari reglur um þetta efni. Við umræður í nefnd þeirri sem samið hefur frumvarp þetta hefur komið fram að æskilegast sé að hér á landi þróist þessi mál með svipuðum hætti og víða erlendis, þ.e. að verðbréfafyrirtækin annist þessa þjónustu að meginstefnu til. Auk þess væri æskilegt að allir sem taka að sér undirbúning umsóknar fyrir félög sem sækja vilja um skráningu í kauphöll tryggi umsækjanda víðtæka þjónustu og ráðgjöf í sambandi við skráninguna, til dæmis viðvarandi rekstrar- og lögfræðiráðgjöf og/eða að gerast viðskiptavaki með hin opinberlega skráðu bréf. Ýmislegt kann þó að mæla gegn því að kauphöll vilji leyfa útgefendum sjálfum að annast umsókn um opinberlega skráningu í kauphöllinni og getur hún því ákveðið að takmarka það ef hún telur það vera rétt. Rétt er að geta þess að gegn því sjónarmiði mæla ýmis rök með því að heimildin sé ekki bundin við fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og jafnframt verður að líta til þess að samkeppni sé ekki of takmörkuð. Hér verður reynslan að skera úr um með hvaða hætti þessi mál þróast hér á landi. Þess skal einnig getið að ákvæði þetta takmarkar ekki rétt hennar til þess að setja nánari skilyrði varðandi gerð umsókna, t.d. að gera sérstakar kröfur til kauphallaraðila um gerð umsókna, svo sem ákveðnar hæfniskröfur. Það er mikilvægt að stjórn kauphallar geti gert ráðstafanir og sett reglur til þess að útiloka kauphallaraðila frá því að annast umsókn um skráningu bréfa í kauphöll sem reynist vera með öllu óhæfur til þess að eiga slík samskipti við hana, svo sem vegna óvandaðra umsókna o.s.frv.

Skráning er háð samþykki stjórnar kauphallar sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til opinberrar skráningar. Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla þær reglur sem leiðir af alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Hér er m.a. átt við að samkvæmt ákvæðum EES-samningsins hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til þess að setja í lög ýmsar lágmarksreglur um skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi. Til dæmis um þetta má nefna tilskipun ráðsins nr. 80/390/EBE til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingum sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi. Aðrar reglur úr Evrópurétti um þetta efni er að finna í viðauka IX (fjármálaþjónustu) í EES-samningnum. Kauphöll, sem hlýtur starfsleyfi hér, ber skylda til þess að tryggja að slíkum reglum sé fylgt hér á landi, sbr. t.d. 4. og 13. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þær greinar. Loks má nefna og árétta hér að það er hlut-

verk stjórnar almennt að setja ýmsar aðrar reglur um starfsemi þessa og viðskipti sem þar fara fram auk siðareglna sem þar skulu gilda, sbr. ákvæði 11. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. eru einnig talin upp ýmis atriði sem reglur um opinbera skráningu verðbréfa skulu taka til en sú upptalning er ekki tæmandi og hér aðeins nefnd ýmis meginatriði þeirra. Gert er ráð fyrir að í slíkum reglum komi fram öll helstu skilyrði fyrir upptöku viðskipta og skráningar í kauphöllinni. Í 1. tölul. er tekið fram að skylt er að leggja fram skráningarlýsingu útgefanda. Í 2. tölul. er þess getið að ákvæði skuli vera þar að finna um stærð og dreifingu hvers flokks, svo og önnur atriði sem stjórn telur að geti skipt máli fyrir markaðshæfi verðbréfa. Við athugun á þessu skilyrði ber m.a. að líta til þess að venjulega verður að liggja til grundvallar skráningu að augljósir og almennir hagsmunir eru af því að viðskipti og skráning eigi sér stað í kauphöllinni. Í 3. tölul. kemur fram að skylt er að kveða á um í reglum um skráningu bréfa í kauphöll að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna. Stjórn kauphallar setur nánari reglur um þetta atriði, svo og önnur skilyrði sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka verðbréf til opinberrar skráningar í kauphöllinni, sbr. 4. mgr.

Í 2. mgr. er samsvarandi ákvæði og er í 11. gr. laga nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands. Tekið er fram að að jafnaði skal umsækjanda um opinbera skráningu bréfa tilkynnt um ákvörðun stjórnar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst stjórn kauphallar. Jafnframt er sett það skilyrði að ákvörðun skuli ávallt liggja fyrir innan sex mánaða og er það í samræmi við 15. gr. tilskipunar ráðsins nr. 79/279/EBE, til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi. Ljóst er að þrátt fyrir að í frumvarpinu sé að finna ákvæði um hámarksfresti á afgreiðslu umsókna ber við meðferð þeirra að gæta að meginreglum um málshraða en í því felst m.a. að aldrei má verða ónauðsynlegur dráttur á afgreiðslu máls. Í reynd þýðir það að ákvarðanir um slíkar umsóknir verða almennt teknar mun hraðar en lögákveðnir hámarksfrestir segja til um.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 4. mgr. er kveðið svo á að reglur, sem stjórn kauphallar setur um opinbera skráningu verðbréfa, svo og breytingar á þeim reglum, skuli staðfestar af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Eins og áður hefur komið fram ber kauphöll, sem hlýtur starfsleyfi skv. 4. gr., skylda til þess að framfylgja ýmsum opinberum fyrirmælum sem byggjast á innlendri löggjöf og ýmsum lágmarksákvæðum í tilskipunum ESB sem eru hluti af EES-samningnum. Samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps er ekki gert ráð fyrir að einn aðili fái einkarétt á því að geta orðið slíkt innlent yfirvald varðandi opinberlega skráð verðbréf heldur eru sett almenn skilyrði fyrir slíku leyfi, sbr. ákvæði I. kafla frumvarpsins. Þó verður að tryggja að þær reglur sem slíkir aðilar setja hafi ótvírætt gildi að lögum og að kröfur séu ekki minni í þeim reglum en skylt er að gera samkvæmt íslenskum rétti og skuldbindingum Íslands samkvæmt t.d. ákvæðum í EES-samningnum. Í stað þess að setja á fót t.d. verðbréfaráð sem hafi það hlutverk að setja slíkar reglur fyrir markaðinn er hér lagt til að slíkar reglur verði sendar til staðfestingar hlutaðeigandi ráðuneytis og birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Í gildi eru reglur um opinbera skráningu verðbréfa sem settar hafa verið af stjórn Verðbréfaþings Íslands á grundvelli gildandi laga nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands. Reglurnar taka mið af tilskipunum ESB um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og tryggja að þeim lágmarksviðmiðunum sem þar er kveðið á um sé fylgt hér á landi. Til dæmis um framangreindar reglur má nefna reglur um skráningu hlutabréfa og skuldabréfa á Verðbréfaþingi Íslands, ásamt skilyrðum um efni skráningarlýsingar (útboðslýsingar), sem fylgja skulu umsókn um skráningu í kauphöll.

Um 18. gr.

Í gildandi lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, er að finna sambærilegt ákvæði og er að finna í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins, um skyldu stjórnar kauphallar til þess að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru í lögum um slíka skráningu eða öðrum reglum sem hún hefur sett um skráningu bréfanna. Rík skylda hvílir á stjórn kauphallar að fylgjast með því að reglur sem um skráningu gilda séu ekki brotnar. Telji stjórnin að áframhaldandi skráning bréfanna þjóni ekki hagsmunum fjárfesta eða verðbréfamarkaðarins almennt ber henni að hlutast til um að skráningu slíkra verðbréfa eða einstakra flokka verði hætt. Væntanlega er langalgengast að á slíka heimild reyni vegna tæknilegra atriða, t.d. að bú viðkomandi útgefanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og því beri að taka bréfin af skrá í kauphöllinni. Hins vegar er ljóst að heimildinni verður einnig beitt í því skyni að refsa útgefanda vegna grófra eða ítrekaðra brota á þeim reglum sem gilda um skráningu í kauphöllinni. Slík ákvörðun mundi hafa mikil áhrif gagnvart öllum eigendum bréfa, t.d. í hlutafélagi, og leiða til þess að þeir mundu krefjast úrbóta, t.d. á aðaleða aukafundi hlutafélagsins. Hér er einnig lagt til að stjórn kauphallar sé auk þess sem hér á undan hefur verið sagt heimilt að skilyrða skráninguna. Með því opnast leið til að setja verðbréf á sérstakan lista (*observation list*) eins og tíðkast víða erlendis og er viðvörun til fjárfesta um að kynna sér sérstaklega málavexti og málefni þeirra fyrirtækja sem þar er að finna.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem varðar þau tilvik þegar útgefandi verðbréfa óskar eftir því að taka þau af skrá kauphallarinnar og er þetta hliðstætt ákvæði og er í gildandi lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, sbr. 2. mgr. 12. gr. þeirra laga. Hér er þó lagt til að bætt verði við skilyrðum frá því sem nú er gert í áðurnefndu ákvæði. Í fyrsta lagi er lagt til að krafist verði greinargerðar frá útgefanda sem óskar eftir því að verðbréf verði tekin af skrá og er stjórn kauphallar jafnframt veitt heimild til þess að birta slíka greinargerð. Í öðru lagi er lagt til að unnt sé að draga það í allt að eitt ár að taka bréfin af skrá og þannig komið í veg fyrir að útgefandi geti fyrirvaralaust losað sig undan þeirri upplýsingakvöð sem skráningunni fylgir. Auk þess að rökstyðja ósk um niðurfellingu mundi útgefandi þurfa að birta a.m.k. eitt uppgjör, ársreikning eða árshlutauppgjör áður en niðurfellingin tæki gildi og fara að öðru leyti eftir þeim reglum sem um skráð verðbréf gilda. Stjórn kauphallar getur hins vegar ákveðið að niðurfellingin eigi sér stað fyrr enda sé það hennar mat að það skaði ekki markaðinn. Hún getur enn fremur ákveðið að loka fyrir viðskipti með bréfin í viðskiptakerfi sínu um lengri eða skemmri tíma eftir að framangreind ósk hefur borist þótt bréfin séu enn á skrá og útgefandi því áfram skuldbundinn til að sinna upplýsingaskyldunni sem á honum hvílir. Framangreindar viðbætur fela með öðrum orðum í sér að vissa tryggingu fyrir eigendur verðbréfanna og verðbréfamarkaðinn í heild. Kaupendur og eigendur skráðra bréfa leggja sífellt meira upp úr því að hafa aðgang að upplýsingum sem máli skipta fyrir þau enda geta þær varðað hagsmuni þeirra. Kaupandi skráðra bréfa gæti talið sig fá í hendur bréf sem auðveldara er að selja aftur en ef um er að ræða óskráð bréf. Þessi forsenda brestur ef unnt er að taka bréfin fyrirvaralaust af skrá. Líklegt er að traust almennings á verðbréfaviðskiptum mundi rýrna ef einhver útgefandi skráðra bréfa nýtir möguleikann sem felst í gildandi lögum til að hætta skyndilega að veita umbeðnar upplýsingar. Slíkur atburður gæti einnig skaðað aðra útgefendur ef hann yrði til þess að draga úr þátttöku almennings í fjármögnun fyrirtækja.

Í 3. mgr. er veitt heimild til að stöðva öll viðskipti í kauphöll við sérstakar aðstæður. Komi t.d. skyndilega upp tæknileg vandamál sem hafa víðtæk truflandi áhrif getur verið nauðsynlegt að loka fyrir viðskipti á meðan unnið er að lausn. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjóra kauphallar sé heimilt að grípa til þessa úrræðis telji hann að aðstæður krefjist þess. Í kauphöll

er gert ráð fyrir að viðskiptakerfið sé rafrænt. Víða erlendis er beinlínis gert ráð fyrir að ef tiltekinn lágmarksfjöldi kauphallaraðila getur ekki af tæknilegum ástæðum komist í samband við kerfi kauphallarinnar sé unnt að stöðva viðskiptin þar til mætingin, ef svo má að orði komast, er orðin nægilega mikil til þess að unnt sé að hafa opið í kauphöllinni. Með því móti er stuðlað að eðlilegri verðmyndun og jafnvægi á markaðnum.

Í 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að grípa til stöðvunar viðskipta í kauphöll við sérstakar aðstæður. Nauðsynlegt er að hafa heimild til þess að grípa til slíkrar neyðarráðstöfunar. Styrjaldir eða önnur stórtíðindi gætu orðið tilefni til að grípa til þessa ráðs. Sambærilega heimild hefur einnig verið að finna í gildandi lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, sbr. 12. gr. laganna.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að sett verði í lög ákvæði sem gildi um yfirtökutilboð í félagi sem hefur verið opinberlega skráð í kauphöll. Í mörg ár hefur staðið til að taka til endurskoðunar ákvæði gildandi réttar um yfirtökutilboð. Í lögum um hlutafélög er ekki að finna bein ákvæði um yfirtökuboð en þó skal nefnt að í 24.–26. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög (hl.) (og 16.–18. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög (ehl.)), er kveðið á um innlausn ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í hlutafélagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni. Einnig má benda á að skv. 131. gr. hl. (106. gr. ehl.) eiga þeir hluthafar sem greitt hafa atkvæði gegn samruna kröfu á því að hlutir þeirra verði innleystir að vissum skilyrðum fullnægðum.

Á undanförnum árum hefur ýmis rekstur í æ ríkari mæli verið færður í hlutafélagaform. Samhliða hefur aukist að slík félög, svo og önnur starfandi hlutafélög, sækist eftir að viðskipti með hlutafé þeirra fari fram á hlutabréfamarkaðnum. Hér er því gerð tillaga um að sett verði ákvæði um yfirtökuboð í félögum sem hafa verið opinberlega skráð í kauphöll. Nefndin telur mikilvægt að ekki sé sleppt því tækifæri að setja nú þegar reglur um þetta efni varðandi bréf sem eru opinberlega skráð í kauphöll og telur að slík ákvæði eigi heima í frumvarpi þessu. Sú leið hefur einnig verið valin í Danmörku en íslensk löggjöf um hlutafélög svo og um viðskipti með verðbréf hefur tekið verulegt tillit til þeirrar löggjafar sem þar gildir. Auk þess hefur Alþingi ályktað um nauðsyn þess að sett verði í íslensk lög ákvæði um yfirtökutilboð, sbr. nánar um það í athugasemdum við 26. gr. frumvarpsins.

Ýmis ríki í Evrópu hafa smátt og smátt sett reglur í löggjöf sína um þetta efni en auk Danmerkur hafa verið sett í lög ákvæði um þetta t.d. í Frakklandi og á Spáni. Í öllum ríkjum Evrópusambandsins, utan Austurríkis og Lúxemborgar, er stuðst við reglur um yfirtökutilboð á svipaðan hátt og hér er gerð tillaga um þótt þær reglur styðjist ekki ávallt við sett lög. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur einnig lagt fram tillögu um þrettándu tilskipun ESB um félagarétt, yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð (sbr. Stjórnartíðindi ESB C 240, 26. 9. 1990, bls. 7, svo og COM (95) 655 final). Tillagan hefur ekki enn náð fram að ganga og óvíst hvenær hún verður formlega samþykkt af ráðherraráði ESB. Í maímánuði 1997 lagði Evrópuþingið fram ýmsar tillögur um breytingar í kjölfar fyrstu umræðu sem þar fór fram um málið. Þess er að vænta að framkvæmdastjórn ESB skoði tillögur Evrópuþingsins áður en málið fer til annarrar umræðu í þinginu. Almennt er því álitið að nú sé meiri samstaða um málið og að tilskipunin verði samþykkt á vettvangi Evrópusambandsins.

Verði sú tillaga, sem hér er gerð um yfirtökutilboð, samþykkt af Alþingi mun Ísland bætast í hóp þeirra ríkja sem sett hafa í lög ákvæði um þetta áður en slíkt verður beinlínis skylt að gera samkvæmt ákvæðum í tilskipun ESB. Hér er og gert ráð fyrir að skylt sé að gera tilboð hafi yfirtökuaðili eignast 33⅓% af heildaratkvæðisrétti í hlutafélagi sem er opinberlega skráð í kauphöll. Viðmiðunin er hin sama og gerð er tillaga um í fyrrnefnum drögum ESB að

tilskipun um yfirtökutilboð en aðrar viðmiðanir þekkjast í Evrópu, t.d. er miðað við 30% í Bretlandi samkvæmt ólögfestum reglum sem þar gilda.

Verði reglur um yfirtökutilboð lögfestar hér á landi ber að líta á þær reglur og túlka sem sérreglur (lex specialis) við almennar reglur laga um hlutafélög og einkahlutafélög. Almennt nær skylda til þess að gera tilboð aðeins til þess skiptis þegar yfirtökuaðili fer yfir þau mörk sem ákvæðið tilgreinir. Hafi hluthafar ekki tekið tilboðinu áður en frestur rennur út þá ber yfirtökuaðila ekki að gera nýtt tilboð þó svo að hann kunni að eignast fleiri hluti í hinu skráða félagi eftir að hann hefur gert öðrum hluthöfum slíkt tilboð. Réttur þeirra til þess að krefjast innlausnar á hlut sínum samkvæmt hinum almennu ákvæðum laga um hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 26. gr. hl. og 18. gr. ehl. breytist þó ekki á nokkurn hátt og helst því óbreyttur.

Í 1.–4. tölul. 1. mgr. eru talin upp þau atriði sem geta orðið þess valdandi að skylt er að gera öllum hluthöfum félags tilboð með sambærilegum kjörum og gert var í þá hluti sem leiða til þess að um yfirtöku félagsins er að ræða. Í 1. tölul. kemur fram sú meginregla að það beri að gera þegar aðili eignast sem nemur 33⅓% af atkvæðisrétti hlutafélags eða samsvarandi hluta hlutafjár. Hér er átt við að ef aðili eignast hærri hlut í hlutafé félagsins en það er án atkvæðisréttar eða atkvæðisréttur þess hluta hlutafjárins er bundinn sérstökum og þrengri atkvæðisrétti ber ekki að gera tilboð undir þeim kringumstæðum. Sem dæmi má nefna að eignist aðili 50% hlutafjár í félagi þar sem hverjum hlut fylgir aðeins hálft atkvæði er ekki um yfirtöku að ræða samkvæmt skilningi greinarinnar.

Í 2. tölul. kemur fram að tilboð skuli gert hafi aðili eignast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félagi. Í 3. tölul. er tekið fram að skylt er að gera tilboð hafi aðili fengið rétt til þess að hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins samkvæmt samþykktum þess eða með samningi við félagið. Loks er í 4. tölul. tekið fram að ef hinn nýi eigandi eða yfirtökuaðili hefur á grundvelli samnings eða samninga við aðra hluthafa eignast rétt til samsvarandi yfirráða og getið er um í 1. tölul., þ.e. hefur yfirráð yfir 33⅓% atkvæða félagsins, beri honum að gera tilboð með samsvarandi hætti.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um félag sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laga þessara. Reglur um yfirtökutilboð eru nýmæli hér á landi. Eðlilegt er því að við setningu laga sé tekið tillit til þess og aðilum, sem ekki hefur verið gert skylt að hlíta slíkum reglum, sé gefið svigrúm til þess að halda áfram viðskiptum með sín hlutabréf í kauphöll. Rétt þykir að taka tillit til þess og þrengja ekki þann rétt með frumvarpinu sem slík félög hafa notið hingað til eða gert er ráð fyrir að þau njóti að þessu leyti. Líta verður til þess að eigendur hluta í félögum sem þegar hafa verið skráð hafa keypt hluti í þeim án tillits til þess að þeir hafi slíkan rétt. Einnig verður að gera ráð fyrir að þau félög, sem óska eftir opinberri skráningu hlutabréfa sinna fyrir gildistöku þessa frumvarps, muni gera sérstaklega grein fyrir þessari stöðu í skráningarlýsingu sinni og munu fjárfestar meta það hvort þeir vilji eignast hlut í slíku félagi eða ekki og á hvaða verði. Ákvæði 2. mgr. er ívilnandi fyrir þau félög sem svo háttar um sem þar greinir. Af þeirri ástæðu þykir rétt að taka fram að hafi félag, sem ákvæði þessarar málsgreinar tekur til, farið niður fyrir mörk 1. mgr. eftir gildistöku laganna, ef að lögum verður, skulu þó reglur 1. mgr. eiga framvegis við að öllu leyti um slíkt félag.

Í 3. mgr. er tekið fram að það er á verksviði kauphallar að sjá til þess að ákvæðum um yfirtökutilboð sé framfylgt.

Um 20. gr.

Í þessari grein kemur fram að þegar sett skal fram tilboð sem skylt er að gera vegna ákvæða 19. gr. um yfirtökutilboð skal það gert samkvæmt sérstöku tilboði til hluthafa. Semja

skal sérstakt skjal sem hér er nefnt opinbert tilboðsyfirlit. Í opinberu tilboðsyfirliti skulu m.a. koma fram upplýsingar um fjárhagsatriði þess (verð hluta og þess háttar), svo og önnur skilyrði sem það er háð, t.d. frestur sá sem veittur er til þess að samþykkja tilboðið.

Mjög mikilvægt er að hluthafar og ráðgjafar þeirra geti áttað sig á skilyrðum tilboðsins til þess að þeir geti tekið ákvörðun um hvort taka eigi því eða ekki. Að baki ákvæðinu liggja því svipuð sjónarmið um vernd fjárfesta og þegar í lögum er gerð krafa um skráningarlýsingu þegar verðbréf eru tekin til skráningar í kauphöll eða fyrsta almenna útboð verðbréfa fer fram. Sömu sjónarmið eiga við þegar aðili kann að vilja eignast ráðandi hlut í félagi án þess þó að vera tilboðsskyldur samkvæmt ákvæði 19. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. er lagt til að heimilt sé að gera opinbert tilboðsyfirlit á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. greinarinnar enda sé a.m.k. einn eða fleiri flokkar hlutabréfa félagsins skráðir í kauphöllinni. Ákvæði 2. mgr. um tilboðsgerð á við hvort sem um er að ræða fyrirhuguð kaup á skráðum eða óskráðum flokkum hlutabréfa.

Í 3. mgr. er tekið fram að heimilt sé ráðherra að setja nánari reglur um skyldu til þess að gera tilboð skv. 19. gr. og um innihald tilboðsyfirlitsins samkvæmt þessari grein. Eins og áður hefur komið fram er til umræðu á vettvangi Evrópusambandsins tillaga að þrettándu tilskipun ESB um félagarétt og yfirtökutilboð en þar er að finna nánari upptalningu á þeim atriðum sem koma eiga fram í slíku tilboðsyfirliti. Til dæmis er reiknað með ef stjórnvöld krefjast að þau samþykki fyrir fram tilboðsyfirlitið sé frestur til þess að gefa slíkt samþykki aldrei meiri en fjórir virkir dagar og frestur til þess að samþykkja eða taka tilboði sé aldrei styttri en fjórar vikur og aldrei lengri en tíu vikur. Þannig væri hægt að setja í innlendan rétt slík atriði tilskipunarinnar en auk þess er eðlilegt að hafa slíka reglugerðarheimild í lögum.

Um 21.–23. gr.

Í VI. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um viðskipta- og upplýsingakerfi kauphallar, sbr. 21.–23. gr. Hér er um að ræða reglur sem eru að mestu leyti samhljóða núgildandi reglum í lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, sbr. V. kafla þeirra laga. Í 21. gr. kemur fram að stjórn kauphallar ber að setja reglur um uppgjör viðskipta sem þar fara fram, sbr. einnig um þetta atriði athugasemd við 3. tölul. 11. gr. frumvarpsins.

Rétt þykir að vekja athygli á ákvæði 23. gr. en þar kemur fram að stjórn kauphallar setur nánari reglur um með hvaða hætti kauphallaraðilar skuli tilkynna um viðskipti með skráð verðbréf sem eiga sér stað utan viðskiptakerfis hennar.

Að öðru leyti þarfnast ákvæði þessa kafla ekki skýringar.

Um 24. gr.

Í þessum kafla frumvarpsins er að finna ýmis nýmæli í lögum um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið í kauphöll og koma til frekari fyllingar öðrum ákvæðum í gildandi lögum um viðskipti með verðbréf. Samkvæmt gildandi lögum er Verðbréfaþingi Íslands falið að setja reglur um þetta atriði. Þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir að hér á landi geti starfað fleiri en ein kauphöll er nauðsynlegt að lögfesta nokkur atriði í þessu sambandi. Óeðlilegt væri að ein kauphöll hefði umboð til að ákveða lágmarksviðmiðanir í þessum efnum. Einnig ber að hafa í huga ýmsar tilskipanir ESB, t.d. tilskipun nr. 79/279/EBE, sbr. viðauki IX (fjármálaþjónusta) í EES-samningnum. Lögfesting reglna um upplýsingaskyldu útgefanda er þýðingarmikil til þess að veita fjárfestum í opinberlega skráðum verðbréfum nauðsynlega vernd. Í þessari grein kemur fram að útgefanda ber skylda til þess að gera opinberar þegar í stað allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja verður að hafi áhrif á verð bréfanna. Fái einhver þær upplýsingar sem hér um ræðir, t.d. hluthafar

eða aðrir, er skylt að gera þær opinberar gegnum upplýsingakerfi þeirrar kauphallar sem skráð hefur bréfin áður eða samtímis því að aðrir aðilar fá slíkar upplýsingar. Tilkynningarskylda til þess að veita upplýsingar skv. 1. mgr. er víðtæk og tekur jafnt til atriða sem snerta þá viðvarandi tilkynningarskyldu sem hvílir á útgefanda samkvæmt almennum reglum um skráningu verðbréfa í kauphöll, sbr. 17. gr. frumvarpsins, sem og til annarra tilfallandi upplýsinga, t.d. hlutaársuppgjörs og þess háttar.

Í 2. mgr. er tekið fram að tilkynning um þær upplýsingar sem nefndar eru í 1. mgr. telst vera birt þegar hún er komin til kauphallar þar sem bréfin hafa verið skráð opinberlega og hefur verið miðlað til kauphallaraðila í samræmi við reglur sem stjórn setur. Ábyrgð kauphallar er því mikil á að koma slíkum upplýsingum þegar í stað á framfæri og setja reglur um form þeirra sem geri henni kleift að birta þær með eins skjótum hætti og verða má (t.d. að tilkynningar séu sendar með tölvu eða öðrum þeim hætti sem hentar best upplýsinga- og viðskiptakerfi kauphallarinnar).

Um 25. gr.

Almennt er ekki stefnt að því að setja sérrreglur í þetta frumvarp um hlutafélög heldur munu hér eftir sem hingað til allar meginreglur um starfsemi þeirra verða í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Frá þessari meginstefnu verður þó að gera undantekningar og í þessari grein er að finna dæmi um slíka undantekningu er varðar hlutafélög sem hafa opinberlega skráð hlutabréf sín í kauphöll. Í t.d. 55. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er að finna ákvæði um rétt hlutafélaga til þess að eignast eigin hluti. Í þessari grein frumvarpsins er opinberlega skráðum hlutafélögum gert skylt að tilkynna til kauphallar þegar heildareign félagsins á eigin hlutabréfum nær, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir 5% og 10% af heildarhlutafé félagsins. Nauðsynlegt er að hafa þessi ákvæði í lögum sem gilda um starfsemi kauphalla og er þá eftirlit með framkvæmd þessara reglna á verksviði kauphallar og þeirra stjórnvalda sem fara með eftirlit samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Ákvæði hlutafélagalaga um þetta efni halda þó að öllu leyti gildi sínu varðandi félög sem ekki hafa verið opinberlega skráð í kauphöll.

Ákvæði þessarar greinar tekur til allra hlutafélaga sem eru opinberlega skráð í innlendri kauphöll og gildir einu hvort um er að ræða íslenskt eða erlent félag. Ef um er að ræða félag sem einnig er skráð í kauphöll sem starfar annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu ber þar að auki að tilkynna í samræmi við þær reglur sem gilda í þeirri kauphöll.

Um 26. gr.

Á Íslandi hefur skort reglur er kveða á um upplýsingar sem birta skal þegar aflað er eða ráðstafað verulegum eignarhlut í félagi sem opinberlega er skráð í kauphöll, en slík regla hefur oft verið nefnd flöggunarregla. Slík ákvæði er að finna m.a. í tilskipun 88/627/EBE og er samkvæmt henni skylt að opinbera upplýsingar um það ef eignaraðild einhvers hluthafa í félagi sem skráð er í kauphöll breytist þannig að atkvæðamagn hans fer upp fyrir eða niður fyrir eftirfarandi þrep: 10%, 20%, 33⅓% , 50% og 66⅔%. Alþingi ályktaði 19. mars 1992 um nauðsyn þess að setja reglur um yfirtökutilboð og önnur almenn útboð í hlutafélögum. Þegar hefur verið gengið til móts við þá ósk að nokkru leyti í ákvæðum 24.–26. gr. hl. og 16.–18. gr. ehl. eins og nefnt hefur verið í athugasemdum við 19. gr. frumvarpsins. Hér er þó stigið skrefi lengra og lagt til að ákvæði í framangreindri tilskipun verði að fullu lögleidd hér á landi. Verði reglan lögfest ber að tilkynna ef atkvæðisréttur eða nafnverð hlutafjár hækkar upp fyrir eða fer niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í greininni. Lagt er til að tilkynnt skuli þegar 5% mörkunum er náð en ekki aðeins þegar náð er 10% mörkunum. Hér er fylgt fordæmi

allflestra ríkja á hinu Evrópska efnhagssvæði en þau hafa sett í löggjöf sína sambærilegar reglur um birtingu upplýsinga vegna bréfa sem skráð eru í kauphöll.

Um 27. gr.

Í þessari grein er veitt heimild til þess að ákveða nánar í reglugerð um skyldu útgefenda og eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar og afmarka nánar undir hvaða kringumstæðum sé heimilt að veita undanþágur frá slíkri skyldu. Einnig nær heimildin til þess að kveða má nánar á um hvernig upplýsingaskyldu skuli háttað þegar verðbréf hefur verið skráð í fleiri en einni kauphöll en það er nauðsynlegt ákvæði þegar ekki er lengur um einkarétt til skráningar að ræða. Reynslan erlendis hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa slíkar heimildir í lögum þannig að hægt sé að aðlaga reglur um upplýsingaskylduna fljótt og vel að þeim kröfum sem gerðar eru að þessu leyti jafnt innan lands sem og vegna þrýstings úr hinu alþjóðlega umhverfi þessara viðskipta. Upplýsingar um eigendur hlutabréfa eru mikilvægar og geta haft áhrif m.a. á gengi bréfa. Mikilvægt er því að reglur um þetta efni séu eins skýrar og ítarlegar og þörf krefur hverju sinni og þykir því rétt að jafnframt sé veitt heimild til þess að setja nánari reglur í reglugerð.

Um 28. gr.

Æskilegt er að veita kauphöll heimild til að birta hagskýrslur um verðbréf og nýta til þess bæði þær upplýsingar sem til verða í viðskipta- og upplýsingakerfi hennar og aðrar. Hér er ekki átt við persónulegar upplýsingar eða aðrar upplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum heldur gögn sem lýsa t.d. viðskiptum eða eignarhaldi verðbréfa á heildina litið. Til dæmis gæti verið gagnlegt að birtar séu ýmsar flokkaðar upplýsingar, t.d. eftir aldri, tekjum, atvinnugrein, landshlutum o.s.frv. Áhugavert getur einnig verið að birta upplýsingar í samræmi við skiptingu eftir kaupendum, t.d. verðbréfafyrirtæki, bankar o.s.frv.; innlendir og erlendir aðilar; fagfjárfestar og einkafjárfestar. Það eykur skilning og stuðlar að framförum að varpað sé ljósi á eðli markaðarins á þennan hátt.

Um 29. gr.

Viðskipti á fjármagnsmarkaði eru undir eftirliti í öllum ríkjum á hinu Evrópska efnahagssvæði og víðar. Innan EES gildir tilskipun nr. 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu og samkvæmt henni ber stjórnvöldum að tryggja eftirlit með starfsemi á fjármagnsmarkaði. Í tilskipuninni er að finna ýmsar reglur sem veita eiga lágmarksvernd en aðildarríkjum er heimilt að setja strangari reglur ef þau telja þess þörf. Í tilskipun ESB er skylt að gera grein fyrir viðskiptum með verðbréf. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. er skylt að gera grein fyrir samningum um yfirtöku á félagi sem skráð er í kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu eða í kauphöll utan svæðisins þar sem fyrir liggur sérstakur samstarfssamningur um viðskipti. Hið sama gildir um viðskipti sem eiga sér stað á skipulegum tilboðsmarkaði eða samsvarandi skipulegum markaði fyrir verðbréf innan EES.

Skylda til þess að gera grein fyrir slíkum samningum hvílir fyrst og fremst á markaðsaðilum en rétt þykir að í lögum sé að finna heimild til þess að ákveða með reglugerð að slík skylda kunni að hvíla á öðrum en framangreindum aðilum, t.d. lífeyrissjóðum, o.s.frv.

Í 3. mgr. er lagt til að upplýsingar séu varðveittar í a.m.k. fimm ár eftir að viðskiptin áttu sér stað og skýrslugjöfin fór fram. Nauðsynlegt er til að tryggja eðlilegt eftirlit á fjármagnsmarkaði að slíkar upplýsingar séu tiltækar a.m.k. í þann tíma sem hér er tilgreindur. Í skýrslugjöfinni (tilkynningunni) skulu m.a. koma fram upplýsingar um tegund verðbréfs sem keypt er eða selt, gengi, dagsetningu og stund viðskipta, hvaða aðili (aðilar) hafði milligöngu um

viðskiptin, svo og staðfesting á því að viðkomandi viðskipti hafi verið tilkynnt og til hvaða aðila sú tilkynning var send.

Í 4. mgr. er að finna heimild til þess að settar verði nánari reglur með reglugerð um skyldu til skýrslugjafar samkvæmt þessari grein. Meginreglan er að tilkynningar skulu sendar til þeirrar kauphallar þar sem verðbréfin eru opinberlega skráð. Varðandi tilkynningar um bréf sem ekki eru skráð í kauphöll eða erlend verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll hér á landi verður að taka ákvörðun um hvert senda eigi slíkar tilkynningar. Eins og sést af tilskipun 93/22/EBE getur hér verið um að ræða talsverðan fjölda tilkynninga og því verður væntanlega skynsamlegast að fela einum aðila að taka við slíkum tilkynningum hér á landi, t.d. Verðbréfaþingi Íslands. Þetta ætti einnig við þó svo að fleiri en einn aðili hlyti starfsleyfi til reksturs kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar. Auk þess er tekið fram að heimilt sé að setja nánari reglur um innihald tilboðsyfirlitsins en æskilegt er að reglur um þetta efni séu sveigjanlegar þannig að t.d. megi senda inn eina heildartilkynningu í lok viðskiptadags í stað t.d. fjölda smærri tilkynninga.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í þessari grein er gerð sú krafa til þeirra sem hljóta starfsleyfi samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps að þeir hafi ávallt í gildi starfsábyrgðartryggingu til þess að bæta tjón sem rekja má til gáleysis í starfsemi kauphallarinnar eða starfsmanna hennar.

Í 2. mgr. er tekið fram að vátrygging samkvæmt þessari grein skal bæta tjón sem numið getur allt að 10 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð innan hvers tryggingarárs skal þó vera allt að 30 millj. kr. Hér er um að ræða svipaðar kröfur og nú eru gerðar til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem veitt geta þjónustu í samræmi við 8. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Ekki þykir eðilegt að gera að svo komnu ríkari kröfur en gerðar eru til slíkra fyrirtækja samkvæmt gildandi lögum. Þess má þó geta að fyrirhugað er að taka til heildarendurskoðunar ákvæði í lögum um starfsemi verðbréfafyrirtækja sem varða starfsábyrgðartryggingar þeirra. Að öðru leyti þarfnast ákvæði þetta ekki skýringa.

Um 31.–32. gr.

Í IX. kafla er að finna reglur um starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar. Hingað til hafa ekki verið í lögum nein ákvæði um starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða utan ákvæða í gildandi lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands. Þrátt fyrir það hefur á undanförnum árum þróast hér á landi starfsemi á þeim markaði sem hefur orðið þekktur undir heitinu opni tilboðsmarkaðurinn. Þar eiga sér stað viðskipti með önnur verðbréf en þau sem hafa verið opinberlega skráð á verðbréfaþingi (kauphöll). Frumvarp þetta skapar nú möguleika á því að slíkir tilboðsmarkaðir afli sér starfsleyfis í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Skipulegur tilboðsmarkaður, sem fær leyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, telst vera „skipulegur (verðbréfa)markaður“ í skilningi tilskipunar 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu. Með því móti er starfsemin afmörkuð samkvæmt lögum og um hana munu gilda öll ákvæði sem eiga við um skipulega verðbréfamarkaði samkvæmt tilskipunum ESB, þar með talið ákvæði um innherjaviðskipti o.s.frv.

Á slíkan markað mundu t.d. sækja ýmis minni fyrirtæki sem vilja sækja aukið hlutafé en eru ekki í stakk búin til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um opinbera skráningu í kauphöll. Það er almenn krafa samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, að við almennt útboð verðbréfa skuli leggja fram upplýsingar um öll helstu einkenni útboðsins áður en sala til almennings hefst, sbr. 20. gr. þeirra laga. Reglur skipulegs tilboðsmarkaðar, sem

starfar á grundvelli ákvæða þessa frumvarps, munu því koma til með að vera til fyllingar og skýringar á ákvæðum þeirra laga um almennt útboð verðbréfa sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll. Jafnframt hefur t.d. skattafsláttur samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, verið miðaður við að eigið fé hlutafélags sé samkvæmt því lágmarki sem þar er kveðið á um. Í þeim lögum hefur einnig verið kveðið á um þann lágmarksfjölda hluthafa sem þarf til þess að félag uppfylli skilyrði þeirra laga og að ekki megi leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf þeirra félaga sem viðurkenningu fá í samræmi við þau lög. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að settar verði tilteknar lágmarkskröfur um þau skilyrði sem stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar er rétt að setja til þess að verðbréf geti talist hæf til þess að vera tekin til viðskipta á markaðnum. Telja verður að æskilegast að stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar hafi ákvörðunarvald um þetta atriði og ákvæði þessa frumvarps standi ekki í vegi fyrir þróun viðskipta á þeim markaði. Hins vegar kunna ýmis lög, sbr. t.d. þau lög sem hér á undan hafa verið nefnd, að hafa áhrif á þær ákvarðanir og mat á því hvaða verðbréf skuli teljast hæf til viðskipta á skipulegum tilboðsmarkaði hverju sinni. Eins og kemur fram í 4. gr. frumvarpsins, svo og í ákvæði 32. gr., ber stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar að setja reglur um hvaða verðbréf teljast vera tæk til markaðsviðskipta. Þær reglur hafa einnig áhrif á afmörkun gagnvart verðbréfum sem telja verður að hverju sinni falli utan viðskipta á skipulegum tilboðsmarkaði, sbr. ákvæði 34. gr. frumvarpsins.

Loks má geta þess að nefndin er sammála um að kröfur um lágmarks innborgað hlutafé skuli vera hinar sömu og gerðar eru til kauphallar, sbr. nánar ákvæði 4. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein.

Um 33. gr.

Í þessari grein er að finna nánari reglur um meginskilyrði þess að viðskipti geti átt sér stað með verðbréf á skipulegum tilboðsmarkaði. Af ákvæði 4. mgr. er ljóst að ef verðbréf er tekið til opinberrar skráningar í kauphöll er ekki framar heimilt að stunda viðskipti með það á skipulegum tilboðsmarkaði.

Stjórn félags sem rekur skipulegan tilboðsmarkað ber að öðru leyti að setja nánari reglur um lágmarksskilyrði sem útgefandi þarf að uppfylla til þess að verðbréf hans verði skráð og tekin til viðskipta á tilboðsmarkaðnum. Það er því á valdi og undir mati stjórnar að setja nánari skilyrði sem hún telur eðlilegt að skuli gilda fyrir markaðinn til þess að verðbréf séu tæk til viðskipta þar.

Óski útgefandi eftir því að bréf sem hafa verið skráð og stunduð viðskipti með á skipulegum tilboðsmarkaði verði tekin af skrá er heimilt að krefja hann um skriflega greinargerð. Jafnframt getur stjórn tilboðsmarkaðarins ákveðið að bréfin skuli ekki tekin af skrá fyrr en að sex mánuðum liðnum frá því að fullbúin greinargerð var afhent. Þetta er mikilvægt til þess að vernda hagsmuni fjárfesta og byggist á svipuðum sjónarmiðum og búa að baki 18. gr. frumvarpsins, sbr. ákvæði um með hvaða hætti unnt er að fella bréf út af opinberri skráningu í kauphöll.

Um 34. gr.

Ljóst er að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu munu hér eftir sem hingað til stunda viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum markaði. Sé það unnt getur verið heppilegt fyrir þau að nýta viðskiptakerfi kauphallar í þessu skyni. Þessi grein fjallar um slík viðskipti og boðar að þau skuli skýrt aðgreind frá skipulegum mörkuðum og þeim viðskiptum sem þar fara fram svo að ekki verði sá misskilningur hjá almenningi að um sambærileg viðskipti sé að ræða. Því er lagt til að á engan hátt sé gefið til kynna að um skipulegan markað sé að ræða

í þessum tilvikum. Greinin felur m.a. í sér bann við því að birta upplýsingar um þessi viðskipti á reglubundinn og skipulegan hátt. Engu að síður verður að gera ráð fyrir að þeir sem viðskiptin stunda geti gefið upplýsingar um eigin viðskipti af þessum toga. Mikilvægt einkenni þeirra verðbréfa, sem hér eru stunduð viðskipti með, er að þau hafa hvorki verið skráð í kauphöll né á skipulegum tilboðsmarkaði. Á þessum markaði verður því um að ræða að viðskipti eigi sér stað með einstök verðbréf, t.d. hlutabréf í fjölskyldufyrirtæki sem hvorki er skráð í kauphöll né á skipulegum tilboðsmarkaði þegar eigandi vill selja þau, t.d. við búskipti eða af öðrum ástæðum.

Um 35. gr.

Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er ætlað að hafa eftirlit með því að starfsemi kauphalla og tilboðsmarkaða sé ávallt í samræmi við ákvæði laga, reglna og reglugerða sem gilda um starfsemina á hverjum tíma, svo og önnur fyrirmæli eða samþykktir félagsins. Telji bankaeftirlitið að starfsemi, sem fellur undir ákvæði þessa frumvarps, sé rekin án tilskilinna leyfa skal því heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum hjá slíkum aðilum sem það telur nauðsyn vera á. Að öðru leyti fer um eftirlit þess samkvæmt lögum sem um starfsemi bankaeftirlitsins gilda hverju sinni.

Um 36. gr.

Í þessari grein er kveðið á um úrræði bankaeftirlitsins ef kauphöll eða tilboðsmarkaður hefur brotið gegn ákvæðum frumvarpsins eða háttsemi þeirra er að öðru leyti ekki eðlileg, traust eða heilbrigð. Bankaeftirlitið er skylt samkvæmt ákvæði 1. mgr. til að veita aðilum hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg enda kemur þá til álita að beita heimild skv. 2. mgr., þ.e. að leggja tímabundið bann við áframhaldandi starfsemi, eða heimildum til afturköllunar starfsleyfis skv. 37. gr. Í 2. mgr. er að finna nýmæli en það veitir bankaeftirlitinu heimild til þess að leggja án tafar og tímabundið bann við starfsemi telji það að sérstök hætta kunni að vera fyrir hendi ef starfseminni er haldið opinni. Í 3. mgr. er enn fremur lagt til að auk þeirra heimilda til afturköllunar sem taldar eru upp í 37. gr. sé bankaeftirlitinu heimilt að leggja til við ráðherra að starfsleyfi skuli afturkallað hafi aðili þrátt fyrir ítrekuð tilmæli ekki bætt úr atriðum sem varða starfsemina sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt að sé bætt úr.

Um 37. gr.

Í 1.– 4. tölul. 1. mgr. eru talin upp þau tilvik sem afturköllun starfsleyfis verður byggð á en ráðherra afturkallar veitt leyfi að fenginni tillögu bankaeftirlitsins. Í 1. tölul. er veitt heimild til afturköllunar leyfis hafi leyfisveiting t.d. verið byggð á röngum skýrslum eða upplýsingum. Í 2. tölul. segir að brjóti fyrirtækið ítrekað gegn samþykktum sem um starfsemina gilda, lögum þessum eða öðrum reglum sé heimilt að afturkalla veitt starfsleyfi. Jafnframt er heimilt að afturkalla leyfi ef stjórnarmenn uppfylla ekki skilyrði frumvarpsins, sbr. 3. tölul. Í 4. tölul. er að finna ákvæði um að ef náin tengsl leyfishafa hindra eðlilegar eftirlitsaðgerðir sé heimilt að afturkalla veitt starfsleyfi en hér er um að ræða svipaða heimild og sett hefur verið í önnur lög um starfsemi á fjármagnsmarkaði, svo sem í lög um viðskiptabanka, nr. 113/1996, en það var m.a. nauðsynlegt vegna ákvæða í tilskipun ESB nr. 95/26.

Í 5. tölul. er tekið fram að sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða fyrirtækinu slitið af öðrum ástæðum skuli afturkalla veitt starfsleyfi.

Í 2. mgr. kemur fram að starfsleyfi verði aðeins afturkallað að því tilskildu að hlutaðeigandi leyfishafa hafi verið veittur kostur á að leysa úr málinu. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða stjórnsýslulaga við ákvörðun um afturköllun starfsleyfis.

Um 38. gr.

Afturköllun starfsleyfis skal kynnt hlutaðeigandi leyfishafa og rökstudd. Slíka ákvörðun skal kynna opinberlega og birta skal tilkynningu í Lögbirtingablaði. Auk þess er lagt til að afturköllun skuli auglýst í fjölmiðlum en nægilegt er að slík auglýsing sé aðeins birt í helstu fjölmiðlum. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. ber ávallt að slíta félagi hafi starfsleyfi samkvæmt frumvarpinu verið afturkallað.

Um 39. gr.

Hér er lagt til að stjórn skipulegs verðbréfamarkaðar hafi heimild til að beita markaðsaðila og útgefendur verðbréfa févíti (sektum) til þess að tryggja að farið sé eftir þeim reglum sem hún hefur sett um starfsemi sína. Slíkt ákvæði er talið nauðsynlegt til þess styrkja stöðu og eftirlitshlutverk hlutaðeigandi verðbréfamarkaðar. Í frumvarpinu er að finna ákvæði sem ganga lengra, sbr. t.d. ákvæði 16. gr. frumvarpsins um að fella megi einhliða niður aðild markaðsaðila að kauphöll, en rétt þykir að í frumvarpinu sé að finna ákvæði sem veiti aðilum þvingunarúrræði sem gengur skemur, t.d. úrræði um févíti eins og hér er gerð tillaga um.

Um 40.–41. gr.

Í 40. gr. er kveðið á um þagnarskyldu sem hvílir á stjórn og starfsmönnum félaga sem hljóta leyfi í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Í 41. gr. eru ákvæði um skyldu til þess að gera ársreikninga og skil á þeim til bankaeftirlitsins. Ákvæði þessa kafla eru sambærileg ákvæðum sem hafa verið í gildandi lögum um Verðbréfaþing Íslands, nr. 11/1993, sbr. 17. og 22. gr. þeirra laga.

Um 42. gr.

Lagt er til að ákvæði frumvarps þessa öðlist þegar gildi eftir að frumvarpið hefur verið samþykkt á Alþingi. Ákvæðum þessa frumvarps er ætlað að koma í stað ákvæða sem nú er að finna í lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands. Hér er því lagt til í gildistökuákvæðinu að þau lög falli úr gildi við samþykkt frumvarpsins. Hér verður þó að hafa í huga að þau lög hafa að geyma ýmis ákvæði, svo sem um stjórn Verðbréfaþings, skráningu á verðbréfaþingi o.fl., sem ekki er unnt að nema úr gildi fyrr en sambærileg ákvæði eru komin til framkvæmda fyrir innlenda kauphöll. Jafnframt er stefnt að því samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I að veita Verðbréfaþingi Íslands aðlögunarfrest til 1. júlí 1999 til að aðlaga starfsemi sína að ákvæðum þessa frumvarps. Því verður að skoða gildistökuákvæðið með hliðsjón af ákvæði til bráðabirgða I sem í reynd framlengir gildistíma laga nr. 11/1993 fram til þess tíma, sjá nánar athugsemdir við þá grein.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæði til bráðabirgða í gildandi lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, var það vilji Alþingis að einkaréttur til starfsemi þess skyldi afnuminn eigi síðar en 31. desember 1997. Afnám einkaréttarins hefur m.a. þá afleiðingu að setja verður almenna löggjöf um starfsemi kauphalla og opinna tilboðsmarkaða á þann hátt sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Starfsemi Verðbréfaþings Íslands verður ekki aðlöguð nýjum aðstæðum með svo skjótum hætti og einnig er eðlilegt að hin almenna löggjöf verði samþykkt áður en starfsemi þess verði breytt með þessum hætti. Af þeim ástæðum þykir rétt að veita því frest til 1. júlí 1999 til að aðlaga starfsemi sína að ákvæðum þessa frumvarps. Þess ber þó að geta að unnið verður að því að laga starfsemi þess að ákvæðum frumvarpsins eins hratt og kostur er. Verði því verki lokið áður en framangreindur frestur rennur út mun það óska eftir starfsleyfi í samræmi við

ákvæði frumvarpsins um leið og aðstæður hafa skapast til þess að sækja um slíkt leyfi. Tekið er fram að ákvæði V., VI. og VII. kafla þessa frumvarps skuli gilda þegar frá gildistöku þess. Hér er um að ræða ákvæði er varða viðskipta- og upplýsingakerfið, svo og ákvæði um upplýsingaskyldu og yfirtökutilboð. Einnig þykir rétt að taka af öll tvímæli um að Verðbréfaþingi Íslands sé heimilt að stunda viðskipti samkvæmt ákvæðum sem gilda um starfsemi skipulegra tilboðsmarkaða, sbr. IX. kafla, þegar frá gildistöku laganna. Því væri einnig heimilt telji það ástæðu til þess að nýta viðskiptakerfið til þess að stunda viðskipti með verðbréf sem getið er um í X. kafla, um viðskipti utan skipulegs tilboðsmarkaðar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er lagt til að innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna skuli skipuð nefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa stofnun hlutafélags sem hafi það markmið að starfrækja kauphöll. Þannig verði unnið að því að hér á landi starfi framvegis a.m.k. ein kauphöll sem taki að sér opinbera skráningu verðbréfa. Mikilvægt er að góð sátt náist um skiptingu eignarhluta Verðbréfaþings Íslands við stofnun hlutafélags. Reynist það torsótt getur þurft að bregða á það ráð að lengja frestinn sem veittur er í ákvæði til bráðabirgða I enda er ekki æskilegt að stefna rekstri eina skipulega verðbréfamarkaðarins hér á landi í tvísýnu.

Þá er lagt til að ráðherra skuli fela óháðum löggiltum endurskoðanda (eða endurskoðunarstofu) að meta eiginfjárstöðu Verðbréfaþings Íslands miðað við yfirtökudag hins nýja hlutafélags sem stofnað yrði og tæki að sér þann rekstur sem þar hefur farið fram.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Með frumvarpi þessu er áformað að afnema einkarétt Verðbréfaþings Íslands til verðbréfaþingsstarfsemi og setja heildarlög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Í 35. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli hafa eftirlit með starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og að hún sé í samræmi við ákvæði laganna. Til þessa hefur bankaeftirlitið sinnt eftirlitsstörfum sínum á kostnað Seðlabankans og ekki tekið eftirlitsgjald af þeim stofnunum sem það lítur eftir. Hér er reiknað með að svo verði áfram. Eftirlit Seðlabankans með núverandi Verðbréfaþingi fer fram skv. 18. gr. laga nr. 11/1993. Verði frumvarp þetta að lögum og fleiri en eitt verðbréfaþing eða tilboðsmarkaður tekur til starfa eykst eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins sem því nemur og kostnaður þar með. Sá kostnaður er borinn af Seðlabankanum ásamt öllum öðrum kostnaði af bankaeftirlitinu og lendir ekki á ríkissjóði að öðru leyti en því að hann dregur úr hagnaði bankans og þar með úr hlut ríkissjóðs í honum. Samþykkt frumvarpsins verður ekki til þess að kalla á framlög úr ríkissjóði.

357. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

A-liður 10. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Kauphöll sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og hliðstæðar kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Í stað 2., 3. og 4. málsl. 1. tölul. 3. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Sé um að ræða verðbréfamiðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 50.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr., en þar skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 10 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 125.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

3. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla taka til viðskipta með verðbréf í kauphöll og á tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt taka þau til viðskipta með verðbréf utan skipulegra verðbréfamarkaða.

4. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við endurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands. Nefnd sú, sem samið hefur frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, hefur lagt til að um leið og það frumvarp væri lagt fram á Alþingi yrðu gerðar þær breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, sem lagðar eru til í þessu frumvarpi.

Í 10. tölul. 2. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti er vísað til Verðbréfaþings Íslands. Verði frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða samþykkt er eðlilegt að breyta orðalagi greinarinnar eins og gerð er tillaga um í 1. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpi til laga um kauphöll og starfsemi skipulegra tilboðsmarkaða er í 4. gr. að finna ákvæði um lágmarkskröfur sem rétt þykir að gera um innborgað hlutafé í félagi sem sækir um slíkt starfsleyfi. Rétt þykir að gætt sé samræmis í lögum að þessu leyti og er þá bæði átt við efni slíkra ákvæða og orðalag sem notað er. Í 2. gr. frumvarpsins er aðeins lögð til breyting á orðalagi 3. gr. laganna, en áfram er byggt á þeim viðmiðunum sem gerðar eru í tilskipunum ESB að þessu leyti, sbr. tilskipun 93/22 um fjárfestingarþjónustu, svo og 3. gr. tilskipunar 93/6 um eigið fé lánastofnana.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði IV. kafla laganna skuli taka til viðskipta sem fram fara á verðbréfamarkaðnum. Gildir því einu hvort viðskiptin eru gerð í kauphöll eða innan skipulegs tilboðsmarkaðar eða utan hans. Mikilvægt er að ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga taki almennt til viðskipta á verðbréfamarkaðnum og er þessi breyting því þýðingarmikill liður í því að viðskipti þar njóti þess trausts sem telja verður að sé nauðsynlegt að tryggt sé í lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1993, um verðbréfaviðskipti.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarka. Tekur það til nokkurra orðalagsbreytinga á lögum um verðbréfaviðskipti og verður ekki séð að samþykkt þess hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

358. Frumvarp til laga [287. mál]

um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborg skulu sameinuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og hafa ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. júní 1997 fóru fram atkvæðagreiðslur í Kjalarneshreppi og Reykjavíkurborg um tillögu um sameiningu þessara sveitarfélaga. Var tillagan samþykkt í báðum sveitarfélögunum. Í framhaldi af því hafa hreppsnefnd Kjalarneshrepps og borgarstjórn Reykjavíkurborgar tekið ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna o.fl., sbr. 2. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Kjalarneshreppur er í Kjósarsýslu og skv. 31. stjórnarskrárinnar er Kjósarsýsla í Reykjaneskjördæmi. Í 110. gr. sveitarstjórnarlaga segir að sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verði ekki ákveðin nema með lögum. Með vísan til þessa er frumvarp þetta lagt fram.

Skipting kjördæma er eins og áður segir ákveðin í 31. gr. stjórnarskrárinnar og er þar um tiltekna landfræðilega afmörkun að ræða. Sú afmörkun er ekki að neinu leyti tengd skiptingu landsins í sveitarfélög og getur sameining sveitarfélaga yfir kjördæmamörk því ekki ein og

sér leitt til breytinga á kjördæmamörkum. Því er talið rétt að taka skýrt fram að frumvarp þetta, ef það verður að lögum, hafi ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar. Hugsanlegar breytingar á kjördæmamörkum verði hins vegar skoðaðar heildstætt.

Verði frumvarp þetta að lögum mun félagsmálaráðuneytið í samræmi við 112. gr. sveitarstjórnarlaga staðfesta sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar og gefa út tilkynningu um sameininguna þar sem fram komi meðal annars heiti sveitarfélagsins, fjöldi fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, gildistaka sameiningar o.fl.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborg verði sameinuð, en sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verður að ákveða með lögum.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

359. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [288. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Almennt.

Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

2. gr.
Yfirstjórn sveitarstjórnarmála.

Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.

Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

3. gr.
Staðarmörk sveitarfélaga.

Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.

4. gr.

Heiti sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags og skal nafnið samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins. Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Byggðarmerki.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Tilkynna skal um þá ákvörðun til byggðarmerkjanefndar.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd sem fjalla skal um útlit byggðarmerkja og önnur tengd atriði. Ráðuneytið setur almennar reglur um byggðarmerki og hlutverk byggðarmerkjanefndar.

Viðkomandi sveitarfélag hefur einkarétt á notkun byggðarmerkis sem skráð er hjá Einkaleyfastofunni. Iðnaðarráðuneytið setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja.

6. gr.

Lágmarksíbúatala.

Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

7. gr.

Almennar skyldur sveitarfélaga.

Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.

II. KAFLI

Sveitarstjórnir og sveitarstjórnarfundir.

8. gr.

Sveitarstjórn.

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn sem kjörin er samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna.

9. gr.

Hlutverk og verksvið sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laga þessara og annarra laga.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast, að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála sem ákveðnar eru í lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

10. gr.

Samþykkt um stjórn og stjórnsýslu.

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Slík samþykkt skal send ráðuneytinu til staðfestingar.

11. gr.

Heiti sveitarstjórna o.fl.

Sveitarstjórnir nefnast bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn. Byggðarráð skv. 38. gr. nefnast byggðarráð, bæjarráð eða hreppsráð og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist bæjarstjóri eða sveitarstjóri.

Í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins borgarráð.

Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

12. gr.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn.

Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:

a. þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn,
b. þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn,
c. þar sem íbúar eru 1.000–9.999 7–11 aðalmenn,
d. þar sem íbúar eru 10.000–49.999 11–15 aðalmenn,
e. þar sem íbúar eru 50.000 eða fleiri 15–27 aðalmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala sveitarfélags hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í átta ár samfellt.

Kveðið skal á um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

13. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar.

Aldursforseti nýkjörinnar sveitarstjórnar kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn.

14. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita. Stöðuheiti oddvita sveitarstjórnar má ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár. Nú nýtur oddviti ekki lengur stuðnings meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn og skal hann þá víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti sem hefur fengið atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo er flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri sem um skyldi kjósa hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til ráðuneytisins þegar að því loknu.

Ef oddviti deyr, verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum eða nýtur ekki lengur trausts sveitarstjórnar sem oddviti áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa oddvita í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

15. gr.

Sveitarstjórnarfundir.

Sveitarstjórnir skulu halda reglulega fundi eftir því sem sveitarstjórn ákveður fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Fundi skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og sveitarstjórnir þar sem byggðarráð er kjörið skulu halda fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega. Heimilt er þó sveitarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði á hverju sumri. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

Skylt er að kveðja sveitarstjórn saman til fundar þegar a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess.

16. gr.

Opnir fundir.

Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar slíkt telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins.

17. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags boðar sveitarstjórnarfundi á þann hátt sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður einnig fundarstað og fundartíma hafi sveitarstjórn eigi gert það.

18. gr.

Auglýsing sveitarstjórnarfunda.

Íbúum sveitarfélags skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi.

Sveitarstjórn skal í upphafi kjörtímabils taka ákvörðun um hvernig fundir hennar eru auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, t.d. í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélags hafi greiðan aðgang að auglýsingu um sveitarstjórnarfundi.

Þegar dagskrá sveitarstjórnarfundar hefur verið samin og send sveitarstjórnarmönnum skal hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti er sveitarstjórn ákveður.

19. gr.

Hæfi sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélags.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar sveitarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

20. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

21. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnir skulu hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

a. fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja,
b. ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja,
c. samþykktir og reglugerðir sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra,
d. áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir,
e. beiðni um aðstoð skv. 75. gr.

22. gr.

Hlutverk oddvita.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

23. gr.

Fundargerðir.

Fundargerðir sveitarstjórnarfunda skal rita í gerðabók í samræmi við fundarsköp sveitarstjórnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að ráða sér fundarritara.

Allir kjörnir sveitarstjórnarmenn sem mættir eru skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók sveitarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

24. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir frá því að sitja í sveitarstjórn.

Nú er framboðslisti borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum og geta þá aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar eftir kosningar.

Nú næst ekki samkomulag milli stjórnmálaflokka eða samtaka, sem standa að sameiginlegum lista, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn sem í hlut á var þegar kosning fór fram taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum.

Þegar aðalmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má ákveða að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Tekur þá varamaður hans sæti samkvæmt framangreindum reglum.

25. gr.

Fundarsköp sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnir skulu setja sér fundarsköp sem senda skal ráðuneytinu til staðfestingar ásamt samþykkt skv. 10. gr.

Ráðuneytið semur fyrirmynd að fundarsköpum fyrir sveitarstjórnir og birtir hana í Stjórnartíðindum. Gilda þau fyrir sveitarstjórn þar til staðfest hafa verið sérstök fundarsköp fyrir hana.

26. gr.

Sveitarstjórn óstarfhæf vegna neyðarástands.

Nú verður sveitarstjórn óstarfhæf tímabundið vegna neyðarástands í sveitarfélaginu, svo sem af völdum náttúruhamfara, og getur þá ráðuneytið að beiðni sveitarstjórnarinnar falið

sveitarstjórn nágrannasveitarfélags að fara með stjórn sveitarfélagsins uns sveitarstjórnin verður starfhæf á ný.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

27. gr.
Mæting á fundi o.fl.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að sækja alla sveitarstjórnarfundi og fundi í nefndum á vegum sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

28. gr.
Afstaða til einstakra mála o.fl.

Sveitarstjórnarmaður er einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og honum ber að gegna störfum af alúð og samviskusemi.

Vilji sveitarstjórnarmaður eigi una úrskurði oddvita varðandi stjórn og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

29. gr.
Málfrelsi, tillögurétt, atkvæðisréttur o.fl.

Aðalmenn í sveitarstjórnum hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórna eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum. Þeir hafa og tillögurétt, atkvæðisrétt og kjörgengi í nefndir.

30. gr.
Aðgangur að gögnum.

Aðalmenn í sveitarstjórnum skulu vegna starfa sinna í sveitarstjórn hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi.

31. gr.
Bókanir í fundargerðir.

Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir sínar um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

32. gr.
Þagnarskylda.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

33. gr.
Skylda til að taka kjöri.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins.

Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum.

34. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði og skal sveitarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

35. gr.

Þóknun og ferðakostnaður.

Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra. Sé um langan veg að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórn auk þess ákveðið honum hæfilega greiðslu ferðakostnaðar.

Nú tekst sveitarstjórnarmaður ferð á hendur í þágu sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og á hann þá rétt til greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

36. gr.

Orlof o.fl.

Sveitarstjórnarmenn eiga rétt á að störfum sveitarstjórnar sé þannig hagað að þeir geti tekið sér hæfilegt orlof árlega.

Sveitarstjórn er heimilt að setja í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins ákvæði um réttindi sveitarstjórnarmanna, svo sem varðandi lífeyrissjóði, barnsburðarleyfi, biðlaun o.þ.h.

37. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna eiga einnig við um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórnum.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

38. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru þremur eða fimm aðalfulltrúum, verður þó eigi kosið sérstakt byggðarráð.

Byggðarráð skal kjörið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru sjö eða níu fulltrúum, skal byggðarráð skipað þremur aðalmönnum úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn, en fimm eða sjö aðalmönnum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Formaður byggðarráðs skal valinn úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, getur heimilað framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð, að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal heimila framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi í byggðarráði, slíkan rétt þann tíma sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfis.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og kosinn í byggðarráðið.

39. gr.

Hlutverk byggðarráðs.

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með framkvæmdastjórn þess og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Það hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins almennt og fjárstjórn þess sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.

Heimilt er að láta byggðarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

Um byggðarráð gilda að öðru leyti ákvæði þessa kafla.

40. gr.

Kosning í aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Kjörtímabil slíkra nefnda skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar nema annað sé ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Kosningar í byggðarráð, nefndir, ráð og stjórnir skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn er heimilt að skipta um fulltrúa í nefndum hvenær sem er á kjörtímabili nefndar, svo sem þegar nefndarmenn njóta ekki lengur trausts meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Enn fremur er fulltrúum í nefndum heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að fara með einstaka málaflokka á kjörtímabilinu.

Þá kýs sveitarstjórn fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að samkvæmt viðkomandi samþykktum eða lögum.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils viðkomandi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að slíka nefnd skuli kjósa í almennum kosningum í viðkomandi hluta sveitarfélagsins.

41. gr.

Sameining nefnda.

Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

Í sveitarfélögum þar sem erfiðlega horfir með að manna nefndir er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni nefndarinnar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins.

42. gr.

Kjörgengi starfsmanna.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

43. gr.

Varamenn.

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, flyst burt eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans, sbr. fyrri málslið, nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar skal þó sá aðili, sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd, einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu, sbr. 24. gr.

44. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Sveitarstjórn getur falið nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er sveitarstjórn heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að ákveða að fela öðrum aðilum en nefndum afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Slíkri afgreiðslu má þó ætíð skjóta til viðkomandi nefndar, byggðarráðs eða sveitarstjórnar.

45. gr.

Boðun fyrsta fundar.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður hver annist fundarboðun nema sveitarstjórn hafi kjörið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn um boðun til fyrsta fundar.

Framkvæmdastjóri getur kallað saman tvær eða fleiri nefndir til að ræða mál er varða starfssvið fleiri nefnda en einnar.

46. gr.

Kjör formanns, varaformanns og ritara og hlutverk þeirra.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara sé ekki annað ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Formaður nefndar boðar nefndarfundi eða lætur boða með hæfilegum fyrirvara.

Nefndarformaður stjórnar fundi. Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsmenn sveitarfélags ef hún telur þess þörf. Hún getur einnig boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði II. og III. kafla laga þessara gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags eftir því sem við á.

48. gr.

Fundargerðir.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags skulu halda gerðabók sem fundargerðir eru færðar í. Fundargerðir nefnda skal skrá með sams konar hætti og fundargerðir sveitarstjórna, sbr. 23. gr.

Sé um ráðgefandi nefnd að ræða, sem ekki hefur verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt sveitarfélagsins, teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

49. gr.

Afgreiðsla fundargerða.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð og/eða fullskipaða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki. Ef fundargerðir nefnda innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar, eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Ályktun nefndar, sem hefur fjárútlát í för með sér, skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð hennar eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Fundargerðir skulu fylgja dagskrá reglulegra sveitarstjórnarfunda.

50. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur er hún setur, svo og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar í samræmi við 35. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags.

V. KAFLI

Framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga.

51. gr.

Almennt.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn skv. 56. gr. til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins.

52. gr.

Ekki ráðinn framkvæmdastjóri.

Sé eigi ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélags hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, ef kosið er, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

53. gr.

Laun oddvita þar sem eigi er starfandi framkvæmdastjóri.

Laun oddvita, þar sem eigi er starfandi framkvæmdastjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórn. Launin skulu endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélags sem oddviti sér um skal hann eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitarfélags á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

54. gr.

Ráðning framkvæmdastjóra.

Sveitarstjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags. Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleiri að ráða sameiginlega framkvæmdastjóra.

Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin.

Ráðningartími framkvæmdastjóra sveitarfélags skal að jafnaði vera sami og kjörtími sveitarstjórnar. Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags til óákveðins tíma en uppsagnarfrestur skal þá vera þrír mánuðir af beggja hálfu miðað við mánaðamót.

Taka skal sérstaklega fram í ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra hvort ráðningin miðist við kjörtíma sveitarstjórnar eða gildi um óákveðinn tíma.

55. gr.

Verksvið framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags skal sitja fundi sveitarstjórnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélags með sömu réttindum.

Framkvæmdastjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar sveitarsjóðs skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal setja nánari ákvæði um verksvið framkvæmdastjóra og mörk milli þess og ákvörðunarvalds sveitarstjórnar og byggðarráðs.

56. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veitir þeim lausn frá starfi.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn almenn fyrirmæli um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

57. gr.

Starfskjör, réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Fjármál sveitarfélaga.

58. gr.

Almennt um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga.

Sveitafélög, þ.e. sveitarsjóðir, stofnanir sveitarfélaga og fyrirtæki þeirra, eru bókhaldsskyld.

Bókhaldi skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri og efnahag sveitarfélagsins í heild. Að svo miklu leyti sem við á gilda ákvæði laga um bókhald og laga um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

59. gr.

Reikningsárið.

Reikningsár sveitarfélaga skal vera almanaksárið.

60. gr.

Flokkun í reikningsskilum sveitarfélaga.

Í reikningsskilum sveitarfélaga skal skipta starfsemi þeirra þannig:

a. sveitarsjóður, sem í lögum þessum merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum,
b. stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga, og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

61. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins fyrir næstkomandi ár. Ráðuneytið getur veitt sveitarstjórnum lengri frest þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi.

Fjárhagsáætlun samkvæmt þessari grein skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

Fjárhagsáætlun skal rædd á tveimur fundum í sveitarstjórn með a.m.k. einnar viku millibili.

Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga. Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings.

62. gr.

Breytingar á fjárhagsáætlun.

Heimilt er að endurskoða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélags og gera á henni nauðsynlegar breytingar ef í ljós koma breytingar á forsendum fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn afgreiðir slíkar breytingar á fjárhagsáætlun við eina umræðu. Breytingartillögur skulu sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun skal hún jafnframt kveða á um hvernig útgjöldum skuli mætt. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætlun.

63. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar fjárhagsáætlun skv. 61. gr. skal sveitarstjórn árlega semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar skv. 61. gr.

64. gr.

Útgjöld úr sveitarsjóði.

Til útgjalda, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má ekki stofna nema til komi samþykki sveitarstjórnar.

65. gr.

Fjárfrekar framkvæmdir.

Hyggist sveitarstjórn ráðast í eða taka þátt í framkvæmd og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í honum nemur hærri fjárhæð en helmingi skatttekna yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða. Jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

66. gr.

Skil á fjárhagsáætlun o.fl. til ráðuneytisins.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 61. gr. og þriggja ára áætlun skv. 63. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr.

67. gr.

Ársreikningur.

Semja skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal semja samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr.

Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur skal sýna yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikning í lok reikningsárs ásamt skýringum. Í ársreikningi skal sýna fjárhagsáætlun reikningsársins til samanburðar og í honum skal koma fram yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

68. gr.

Endurskoðun ársreiknings.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.

Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða að endurskoðun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins verði falin sérstakri endurskoðunarstofnun á vegum sveitarfélagsins. Skal slík endurskoðunarstofnun vera undir stjórn forstöðumanns sem skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Stofnunin skal heyra beint undir sveitarstjórn og vera og óháð öllum nefndum, ráðum, stjórnum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins við framkvæmd endurskoðunarinnar.

Endurskoðandi sveitarfélags skal haga endurskoðun í samræmi við lög og reglur og góðar endurskoðunarvenjur eins og þær eru á hverjum tíma hjá opinberum aðilum. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreiknings og ganga úr skugga um að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Endurskoðandi sveitarfélags skal kynna skoðunarmönnum skv. 69. gr. athugun sína og endurskoðun tímanlega fyrir áritun ársreiknings.

69. gr.

Skoðunarmenn.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skal hún kjósa tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara til loka kjörtímabils sveitarstjórnar. Skoðunarmenn skulu hafa kosningarrétt og kjörgengi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins eru eigi kjörgengir sem skoðunarmenn hjá sveitarfélaginu.

Skoðunarmenn skulu yfirfara ársreikning sveitarfélagsins. Einnig skulu þeir athuga einstök fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja eftir því sem þeim þykir ástæða til.

Skoðunarmenn skulu koma tímanlega á framfæri við endurskoðanda sveitarfélags þeim ábendingum og upplýsingum sem þeir telja að við eigi og geti orðið innlegg í endurskoðunarstarfið.

70. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Skylt er að veita endurskoðanda og skoðunarmönnum aðstöðu til þess að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sveitarfélags. Sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélags skulu veita þeim allar þær upplýsingar sem starfinu tengjast, þeir óska og unnt er að láta í té.

71. gr.

Áritun ársreiknings.

Endurskoðandi og skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn.

Endurskoðandi skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Endurskoðandi skal enn fremur láta í ljós skriflegt álit sitt á ársreikningnum og greina frá niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Skoðunarmenn skulu í áritun sinni staðfesta að þeir hafi yfirfarið ársreikninginn og jafnframt greina frá niðurstöðum athugana sinna.

Telji endurskoðandi og skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar, sem þar eiga að koma fram, skulu þeir geta þess í áritun sinni, gera grein fyrir því í greinargerð og veita viðbótarupplýsingar, ef þess er kostur. Að öðru leyti geta þeir greint frá þeim atriðum, sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðandi og skoðunarmenn vilja koma á framfæri við sveitarstjórn eða framkvæmdastjóra sveitarfélags, skal bera fram skriflega og skal aðilum veittur hæfilegur frestur til svara.

Ef endurskoðanda eða skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til sveitarstjórnar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna hjá sveitarfélaginu, um breytingar á innra eftirliti, stjórnsýslu og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal varðveita á öruggan hátt öll gögn um endurskoðunina og samskiptin við endurskoðanda og skoðunarmenn.

Endurskoðanda eða skoðunarmönnum er hvorki heimilt að gefa óviðkomandi upplýsingar um hag sveitarfélags, stofnana þess eða fyrirtækja né annað það er þeir komast að í starfi sínu.

Ráðherra getur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sett með reglugerð nánari ákvæði um endurskoðun hjá sveitarfélögum, svo sem um verkaskiptingu endurskoðanda og skoðunarmanna.

72. gr.

Afgreiðsla sveitarstjórnar á ársreikningi.

Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna skv. 71. gr.

Sveitarstjórnir skulu hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreiknings sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní. Sveitarstjórn og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn og senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Vanræki sveitarstjórn að afgreiða eða skila ársreikningum sínum innan tilskilins frests getur ráðuneytið stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til viðkomandi sveitarfélags og með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim aðila sem ábyrgð ber á vanrækslunni.

73. gr.

Tryggingar og ábyrgðir.

Heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess.

Eigi má sveitarfélag veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett í þágu sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

Sveitarfélag getur veitt Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélaga.

Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum þeirra og sveitafélög verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta.

Kröfur á hendur sveitarsjóði má eigi nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld til sveitarsjóðs eða stofnana sveitarfélagsins.

Eigi má binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Prókúruhafa sveitarsjóðs er þó heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

74. gr.

Eftirlitsnefnd.

Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Einn fulltrúi í nefndina skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. Leiði athugun í ljós að fjármál sveitarfélags stefni í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarfélag og samhliða upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig sveitarstjórnin hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

Þóknun til eftirlitsnefndarmanna skal ákveðin af ráðherra. Þóknunin og annar kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð um störf og málsmeðferð eftirlitsnefndar og viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Fjárhagsviðmiðanir skulu taka til þeirra atriða sem meginmáli skipta við mat á rekstri og efnahag sveitarfélaga.

Ákvarðanir eftirlitsnefndar eru endanlegar og verða eigi kærðar til ráðherra.

75. gr.

Fjárþröng.

Komist sveitarfélag í fjárþröng þannig að sveitarstjórn telur sér eigi unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það til eftirlitsnefndar skv. 74. gr. Ákvörðun um slíka tilkynningu skal tekin eftir tvær umræður í sveitarstjórn.

Eftirlitsnefnd skal þá tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests.

Eftirlitsnefnd er heimilt að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. hafi sveitarstjórn ekki sinnt aðvörun nefndarinnar skv. 2. mgr. 74. gr. eða ef nefndin telur viðbrögð sveitarstjórnar í framhaldi af aðvörun nefndarinnar ófullnægjandi.

Komi í ljós við rannsókn að fjárhagur sveitarfélags sé slíkur að það geti ekki með eðlilegum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum er ráðuneytinu heimilt að tillögu eftirlitsnefndar að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim

skilyrðum sem ráðuneytið setur. Ráðuneytið getur heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í því tilviki sem hér um ræðir og að tillögu eftirlitsnefndar að leggja álag á útsvör og fasteignaskatta sem nemi allt að 25%.

76. gr.

Svipting fjárforráða.

Nú er greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð og getur ráðherra að tillögu eftirlitsnefndar þá svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn skv. 77. gr., enda hafi sveitarstjórn vanrækt svo skyldur sínar samkvæmt lögum þessum að vandræði hafi af hlotist, fjármálastjórn sveitarfélagsins hafi verið í ólestri og ráðstafanir skv. 75. gr. muni fyrirsjáanlega eigi duga til úrbóta.

Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið þó skora á sveitarstjórn að koma fjármálum sveitarfélagsins á réttan kjöl og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að sex mánaða frest í því skyni. Ráðuneytið getur þá jafnframt óskað eftir að sveitarfélaginu verði veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum.

Heimilt er sveitarstjórn að höfða mál fyrir dómi til ógildingar ákvörðun ráðherra um sviptingu fjárforræðis.

77. gr.

Fjárhaldsstjórn.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum, þar af einum samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður skal skipaður af ráðherra.

Fjárhaldsstjórn skal skipuð til tiltekins tíma og eigi lengur en til eins árs í senn.

Þóknun til fjárhaldsmanna skal ákveðin af ráðherra og greiðist úr ríkissjóði.

Birta skal ákvörðun um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar í Lögbirtingablaði og í B-deild Stjórnartíðinda.

78. gr.

Hlutverk fjárhaldsstjórnar.

Fjárhaldsstjórn tekur við stjórn fjármála sveitarfélags og má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði nema með samþykki hennar. Ályktanir sveitarstjórnar og ákvarðanir lægra settra stjórnvalda hennar, sem hafa útgjöld í för með sér, eru ógildar nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar. Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera nýja áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir næstu tvö fjárhagsár.

Áætlun þessa skal senda ráðuneytinu til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðuneytis gildir áætlunin sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, a.m.k. meðan sveitarfélagið er undir fjárhaldsstjórn.

Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðuneytisins selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó eigi þær eigur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum, sbr. 73. gr. Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi, sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélagsins, í hendur einkaaðila.

79. gr.

Sameining við annað sveitarfélag.

Nú duga eigi framangreindar ráðstafanir til þess að koma fjárhag sveitarsjóðs og stofnana hans á réttan kjöl og getur þá ráðuneytið einnig ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag, sem undir fjárhaldsstjórn er, eða hluta þess.

80. gr.

Brottfall sviptingar fjárforráða.

Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðherra þegar telja má að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing þar að lútandi skal birt á sama hátt og auglýsing um sviptingu fjárforræðis.

VII. KAFLI
Samvinna sveitarfélaga.

81. gr.

Almennt.

Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna. Getur slík samvinna meðal annars farið fram á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga, landshlutasamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

82. gr.

Stofnun byggðasamlags.

Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað byggðasamlag sem tekur að sér framkvæmd verkefnisins.

Í samningi sem gera skal um byggðasamlag skulu vera ákvæði meðal annars um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.

Í samningnum skulu vera ákvæði um hvenær stjórnarfundur er ályktunarhæfur og um umboð stjórnar til að skuldbinda sveitarsjóði. Þá skulu vera ákvæði um í hvaða tilvikum þörf er staðfestingar sveitarstjórna á samþykktum sem gerðar eru í stjórn byggðasamlags.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í samþykktum byggðasamlags gilda eftir því sem við eiga meginreglur laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, meðferð fjármála og endurskoðun ársreikninga.

Sveitarsjóðir bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

83. gr.

Endurskoðun samþykkta byggðasamlaga.

Samþykktir byggðasamlaga skulu teknar til endurskoðunar í síðasta lagi þegar liðin eru 10 ár frá stofnun þeirra og síðan á a.m.k. 10 ára fresti. Við slíka endurskoðun skal meta reynslu af starfsemi viðkomandi byggðasamlags og stjórnskipulagi þess og skal við fulltrúatölu í stjórn samlagsins taka tillit til breytinga sem leiðir af breyttum aðstæðum, þar á meðal af breytingum á íbúafjölda aðildarsveitarfélaga og af breytingum á skipan þeirra.

Til þess að breyting á samþykktum fyrir byggðasamlag nái fram að ganga þurfa ⅔ hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta hana eða hún hafi verið samþykkt í almennri

atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins, en ⅔ hlutar stjórnarmanna geta krafist þess að slík atkvæðagreiðsla fari fram um tillögu til breytinga á samþykktunum.

84. gr.

Úrganga úr byggðasamlagi.

Nú óskar sveitarstjórn að ganga úr byggðasamlagi og er henni það þá heimilt, enda fari þá jafnframt fram endurskoðun á samþykktum fyrir byggðasamlagið, sbr. 83. gr.

Óski sveitarstjórnin eftir því að fá nettóeignarhluta sinn í byggðasamlagi innleystan er eigi skylt að greiða hann á skemmri tíma en 20 árum. Náist eigi samkomulag um verðmæti eignarhlutans eða greiðslukjör skal það úrskurðað af þremur dómkvöddum, hæfum og óvilhöllum mönnum sem meðal annars skulu taka tillit til áframhaldandi hagræðis íbúa viðkomandi sveitarfélags af starfsemi byggðasamlagsins og greiðslugetu byggðasamlagsins eða þeirra sveitarfélaga sem halda rekstri þess áfram.

85. gr.

Starfsemi byggðasamlags hætt.

Tillaga um að hætta starfsemi byggðasamlags nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest í samræmi við ákvæði 2. mgr. 83. gr.

Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á viðkomandi sveitarsjóði í hlutfalli við íbúatölu.

Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

86. gr.

Landshlutasamtök sveitarfélaga.

Sveitarfélög geta stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði slíkra samtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á ársfund landshlutasamtaka eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í samþykktum samtakanna.

87. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ríkisvaldið viðurkennir Samband íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegan málsvara sveitarfélaga í landinu.

VIII. KAFLI

Stækkun sveitarfélaga.

88. gr.

Almennt.

Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

89. gr.

Skyldubundin sameining sveitarfélaga.

Þegar skylt er að sameina sveitarfélag öðru sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 6. gr., skal ráðuneytið skipa nefnd er í sitji tveir menn samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar í því sveitarfélagi sem um ræðir og tvo menn samkvæmt tilnefningu viðkomandi landshlutasamtaka. Þá skipar ráðuneytið formann nefndarinnar án tilnefningar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin skal gera tillögu um hverra kosta skuli leita varðandi sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Þegar tillaga nefndarinnar liggur fyrir skal ráðuneytið fara þess á leit við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög að þau tilnefni til viðbótar fulltrúa í nefndina þannig að hvort eða hvert sveitarfélag eigi þar tvo fulltrúa. Nú berst ráðuneytinu eigi tilnefning í nefndina innan tilskilins frests og skal þá ráðuneytið skipa fulltrúa í nefndina án tilnefningar.

Nefndin skal síðan gera tillögu til viðkomandi sveitarstjórna um það hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

Sé um fleiri en eina tillögu að ræða getur ráðuneytið ákveðið að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa viðkomandi sveitarfélaga um tillögurnar.

Ráðuneytið skal óska eftir umsögn viðkomandi sveitarstjórna um sameiningarmálið en síðan ákveður ráðuneytið hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

Heimilt er ráðuneytinu að fresta sameiningu sveitarfélaga þar sem svo stendur á sem segir í 3. mgr. 6. gr.

90. gr.

Frjáls sameining sveitarfélaga.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins.

Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða um vafaatriði er upp kunna að koma.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal síðan fara fram atkvæðagreiðsla innan sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið sama dag í sveitarfélögunum.

Samstarfsnefndin eða viðkomandi sveitarstjórnir skulu kynna íbúum sveitarfélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um með hæfilegum fyrirvara og með tryggum hætti, svo sem með dreifibréfi eða almennum fundi.

Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við ráðuneytið. Um atkvæðagreiðslur samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

91. gr.

Skilyrði fyrir frjálsri sameiningu.

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 90. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 90. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

92. gr.

Fjárhagslegar ráðstafanir eftir samþykki sameiningartillögu.

Hafi tillaga um sameiningu hlotið samþykki skv. 91. gr. er sveitarstjórnum viðkomandi sveitarfélaga óheimilt að skuldbinda sveitarsjóði eða samþykkja greiðslur úr sveitarsjóði sem ekki leiða af lögum, fjárhagsáætlun eða fyrri samþykkt sveitarstjórnar nema allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki slíka ráðstöfun.

93. gr.

Staðfesting ráðuneytisins.

Hafi sameiningin hlotið samþykki skv. 91. gr. skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags, hvenær sameiningin taki gildi og önnur atriði. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu sem staðfestir sameininguna.

Séu sveitarfélög þau, sem sameinuð eru, í umdæmi tveggja eða fleiri sýslumanna skal ráðuneytið leita umsagnar dómsmálaráðuneytisins áður en ákvörðun um sameiningu er tekin.

94. gr.

Sameining yfir mörk kjördæma.

Sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verður ekki ákveðin nema með lögum.

95. gr.

Birting ákvörðunar um sameiningu.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga samkvæmt framanskráðu skal það gefa út tilkynningu um sameininguna sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafi verið sameinuð, frá hvaða tíma sameiningin taki gildi, tölu sveitarstjórnarmanna, svo og hvort kosning skv. 96. gr. skuli fram fara og hvenær.

96. gr.

Kosning nýrrar sveitarstjórnar.

Ráðuneytið getur ákveðið að kosningar skuli fara fram til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags þegar við sameiningu, svo og kjördag slíkra aukakosninga.

97. gr.

Endurskoðun reglugerða og samþykkta.

Sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags skal hlutast til um að samþykktir og reglugerðir, sem giltu í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið, verði endurskoðaðar og samræmdar.

98. gr.

Fjárhagsleg aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sett almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu.

99. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti.

Þegar sveitarfélag í dreifbýli og sveitarfélag í þéttbýli sameinast er sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags heimilt að ákveða að um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu, megi veita tiltekinn afslátt af fasteignaskatti af eignum í dreifbýli vegna mismunandi þjónustu við fasteignaeigendur í dreifbýli og þéttbýli.

IX. KAFLI
Samskipti ríkis og sveitarfélaga.

100. gr.

Samstarfssáttmáli.

Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

101. gr.

Breyting á verkaskiptingu eða fjármálalegum samskiptum.

Komi fram tillögur um meiri háttar breytingar á verkaskiptingu eða fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, skulu þær teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd skipaðri fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en þær eru formlega afgreiddar.

102. gr.

Eftirlitshlutverk ráðuneytisins.

Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.

Vanræki sveitarstjórn skyldur sínar skal ráðuneytið veita henni áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni.

Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests sem ráðuneytið tiltekur er því heimilt að stöðva greiðslur til sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til bætt hefur verið úr vanrækslunni. Jafnframt getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim sem ábyrgð bera á vanrækslunni og mega dagsektir nema allt að fimmföldum daglaunum viðkomandi manns.

103. gr.

Úrskurðarvald ráðuneytisins.

Ráðuneytið skal úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna en það skerðir þó eigi rétt aðila til þess að höfða mál fyrir dómstólum.

Ráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að því berst mál til úrskurðar.

Ráðuneytið skal árlega gefa út úrskurði sína í sveitarstjórnarmálefnum.

X. KAFLI
Önnur ákvæði.

104. gr.
Almennar atkvæðagreiðslur og borgarafundir.

Heimilt er sveitarstjórn að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins.

Skylt er að halda almennan borgarafund ef ¼ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

Til almenns borgarafundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningabærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 5. mgr. skal farið eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

105. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Jafnframt falla úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, með síðari breytingum, og lög um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24/1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal félagsmálaráðuneytið beita sér fyrir að þeim svæðum, sem ekki er með skýrum hætti skipað innan staðarmarka sveitarfélaga við gildistöku laga þessara, verði skipað innan staðarmarka sveitarfélaga fyrir 31. desember 1998.

Gengið skal út frá að staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendi Íslands, verði framlengd inn til landsins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum. Skal miðað við sýslumörk þar sem það á við, en heimilt er að víkja frá þeim með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Í öðrum tilvikum skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir koma sér saman um mörk sveitarfélaganna.

Verði ágreiningur um stjórnsýslumörk ekki leystur með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna skal sérstök úrskurðarnefnd skv. 4. mgr. ákveða mörk sveitarfélaganna.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna úrskurðarnefnd sem hafa skal það hlutverk að leysa úr ágreiningi skv. 3. mgr. Þrjá nefndarmanna skipar ráðherra án tilnefningar en tveir skulu tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Kostnaður vegna starfa úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Staðarmörk sveitarfélaga sem ákveðin eru samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skulu staðfest af ráðuneytinu í samræmi við 3. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 8. janúar 1996 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986. Í nefndina voru skipuð Jón Kristjánsson alþingismaður, formaður nefndarinnar, Húnbogi Þorsteinsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Sesselja Árnadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig sat fundi nefndarinnar Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við umfjöllun nefndarinnar um kosningar til sveitarstjórna fékk nefndin til ráðgjafar Skúla Guðmundsson, skrifstofustjóra hjá Hagstofu Íslands. Enn fremur fékk nefndin til ráðgjafar Halldór Hróarr Sigurðsson, löggiltan endurskoðanda, þegar fjallað var um VIII. kafla laganna um fjármál sveitarfélaga.

Fengist hefur mikil reynsla af framkvæmd sveitarstjórnarlaga og þótti tími til kominn að taka þau til heildarendurskoðunar til að sníða af annmarka og bæta við ákvæðum sem reynslan hefur leitt í ljós að vantað hefur. Sú reynsla er fyrst og fremst fengin frá sveitarfélögunum og félagsmálaráðuneytinu.

Í upphafi starfs nefndarinnar var ákveðið að rita öllum sveitarfélögum bréf og gefa þeim kost á að koma á framfæri hugmyndum og tillögum að breytingum á sveitarstjórnarlögum. Svör bárust aðeins frá 14 sveitarfélögum.

Reynsla félagsmálaráðuneytisins byggist fyrst og fremst á skriflegum og munnlegum erindum um túlkun á einstökum ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Með gildistöku stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, fjölgaði erindum til ráðuneytisins geysilega. Fjölgun slíkra erinda má þó jafnan tengja við þau ár er sveitarstjórnarkosningar fara fram. Enn fremur hefur umfang hvers máls að jafnaði aukist mikið. Hér á eftir fara upplýsingar um fjölda úrskurða og skriflegra álita ráðuneytisins sem birt hafa verið með vísan til 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga:

Ár	Fjöldi úrskurða eða álita	Ár	Fjöldi úrskurða eða álita
1986	9	1992	9
1987	12	1993	19
1988	14	1994	69
1989	6	1995	49
1990	22	1996	41
1991	19		

Nefndin skoðaði sérstaklega sveitarstjórnarlöggjöf Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og unnin var skýrsla þar sem borin er saman löggjöf þessara landa og sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986.

Nefndin ákvað að leggja til að sett yrðu sérstök lög um kosningar til sveitarstjórna. Er þar meðal annars fylgt fordæmi annarra Norðurlanda. Helsta ástæða þess er að nauðsynlegt þykir að öll lagaákvæði um sveitarstjórnarkosningar verði á einum stað en ekki að hluta til í sveitarstjórnarlögum og að hluta til í lögum um kosningar til Alþingis eins og nú er. Þykir þetta nýja fyrirkomulag vera til þess fallið að auðvelda almennum borgurum, sem valdir eru í kjörstjórn, starf sitt. Samhliða þessu frumvarpi er því lagt fram frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna og vísast til athugasemda við það frumvarp.

Miðað við núgildandi sveitarstjórnarlög er breytt nokkuð skipulagi og uppröðun einstakra ákvæða, en helstu efnislegu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu frá núgildandi lögum eru eftirfarandi:

— Felldur er brott allur greinarmunur sem gerður er á sveitarfélögum eftir fjölda íbúa. Þannig hafa öll sveitarfélög sömu stjórnsýslulegu stöðuna burtséð frá íbúafjölda.
— Lagt er til að landið allt skiptist í sveitarfélög en ekki einvörðungu byggðin og afréttir, sbr. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða.
— Rýmkuð eru ákvæði laganna varðandi nafngiftir sveitarfélaga, sbr. 4. gr. Í tengslum við það er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði heiti sveitarstjórna, byggðarráða og framkvæmdastjóra í samþykktum sínum um stjórn og fundarsköp, sbr. 11. gr.
— Felldur er brott III. kafli laganna um kosningu sveitarstjórna og samið nýtt frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.
— Í III. kafla frumvarpsins er leitast við að gera ákvæði varðandi sveitarstjórnarfundi skýrari, m.a. ákvæði varðandi auglýsingu fundanna, hæfi sveitarstjórnarmanna, tölvuskráningu fundargerða og varamenn í sveitarstjórnum.
— Kaflanum um fjármál sveitarfélaga er breytt nokkuð í því skyni að samræma betur fjárhagslegt uppgjör sveitarfélaga, sbr. m.a. 58., 60., 67. og 72. gr., skýra nánar hlutverk endurskoðanda og skoðunarmanna, sbr. 68.–71. gr., og setja fram úrræði svo unnt sé að bregðast fyrr við alvarlegum fjárhagsvanda sveitarfélags ef sveitarstjórn hefur ekki um það frumkvæði, sbr. 74.–80. gr. Einnig er felld brott heimild fyrir sveitarstjórnir til að veita einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar, sbr. 73. gr.
— Felld er brott 99. gr. gildandi laga um að sveitarfélögum geti í einhverjum tilvikum verið skylt að hafa með sér samvinnu.
— Felld er brott 100. gr. gildandi laga um stofnun og starfsrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð í samræmi við lög nr. 24/1972.
— Felld er brott 117. gr. gildandi laga þar sem ákvæðið er talið úrelt í ljósi breyttra aðstæðna, m.a. breytinga varðandi aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið samsvarar 1. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga.

Gerð er sú tillaga að í stað fyrirmæla í 1. mgr. um að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög komi ákvæði um að landið allt skiptist í sveitarfélög.

Ákvæði um að einungis byggðin í landinu og afréttir skiptist í sveitarfélög koma fyrst með beinum hætti fram í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Áður voru ákvæðin á annan veg og er rétt að gera í stuttu máli grein fyrir þeim.

Tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi var sett 4. maí 1872 og átti hún sér u.þ.b. 20 ára aðdraganda. Í 1. gr. tilskipunarinnar var svohljóðandi ákvæði: „Stjórn sveitamálefna í sveitum Íslands skal falin á hendur hreppsnefnd í hverjum hreppi, sýslunefnd í sýslu hverri, og amtsráði í hverju amti.“

Sveitarstjórnarlög voru sett 33 árum síðar, lög nr. 7/1905. Í 1. gr. þeirra laga sagði: „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.“

Samhljóða ákvæði var í sveitarstjórnarlögum, nr. 12/1927.

Hinn 1. janúar 1962 tóku gildi sveitarstjórnarlög, nr. 58/1961, en í 1. mgr. 1. gr. þeirra sagði: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.“ Engar sérstakar

skýringar voru gefnar í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga á þessum orðalagsbreytingum.

Núgildandi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, tóku að mestu gildi 1. janúar 1987. Ákvæði 1. mgr. 1. gr. laganna hljóðar svo: „Byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.“ Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til þessara laga segir svo um upphafsorð ákvæðisins: „Af rökfræðilegum ástæðum telur nefndin rétt að sneiða hjá því orðalagi, að ríkið skiptist í sveitarfélög.“ Aðrar skýringar er ekki að finna í lögskýringargögnum varðandi framangreinda orðalagsbreytingu.

Um tiltekin svæði utan byggðar er síðan fjallað í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga og hljóðar ákvæðið svo: „Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr.“

Samkvæmt gildandi lögum er því byggðinni í landinu skipað innan staðarmarka sveitarfélaga ásamt afréttum.

Talið er rétt nú að breyta þessu ákvæði sveitarstjórnarlaga til að skýrt komi fram að stjórnsýslustigin tvö, þ.e. ríki og sveitarfélög, nái til landsins alls. Ástæða er til að taka sérstaklega fram að með slíkri breytingu er ekki á neinn hátt verið að færa sveitarfélögum aukin umsvif eða réttindi að því er varðar eignarréttarlega stöðu eða umráð. Einungis er verið að tryggja að sömu stjórnsýslureglur gildi í byggð og afréttum og á svæðum sem eru þar fyrir utan.

Sem dæmi um stjórnsýslu sem eðlilegt er að heyri jafnt undir sveitarfélög, hvort sem um byggð svæði og afrétti er að ræða eða ekki, eru heilbrigðiseftirlit, skipulagsmál og byggingarmál. Mikilvægt er að staðbundin þekking gegni jafnmiklu hlutverki í meðferð þessara mála í byggð og í óbyggðum og að þessum málum sé sinnt í landinu öllu en ekki eingöngu t.d. í byggð.

Á grundvelli 1. gr. laga nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, er starfandi samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands, sbr. einnig reglur fyrir samvinnunefndina nr. 565/1994. Til þess að nefndin geti lokið störfum og viðkomandi yfirvöld komið tillögum nefndarinnar í framkvæmd er enn fremur nauðsynlegt að skýr lagaákvæði verði sett um stjórnsýslu sveitarfélaga á miðhálendinu öllu, m.a. á jöklum. Rétt er að taka fram að nú þegar er stór hluti þess svæðis með skýrum hætti innan stjórnsýslumarka sveitarfélaga á grundvelli 3. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða er nánar fjallað um hvernig þeim hluta miðhálendisins, sem ekki er nú þegar með skýrum hætti skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, verður skipt niður.

Verði þetta ákvæði frumvarpsins að lögum er því gert ráð fyrir að skipting landsins í sveitarfélög verði að meginstefnu til eins og hún er nú á grundvelli 1. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. gildandi laga, að viðbættu því sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 1. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er einvörðungu um orðalagsbreytingu frá gildandi ákvæði að ræða en ekki efnislega breytingu.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 3. gr. gildandi laga. Lagt er til að felld verði brott 3. mgr. 3. gr. vegna breytinga á 1. gr., sbr. athugasemdir við þá grein frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í ákvæði þetta eru teknar upp 1. mgr. 4. gr. gildandi laga og 3. mgr. sömu greinar að hluta. Jafnframt er lagt til að breytt verði ákvæðum gildandi laga varðandi nafngiftir sveitarfélaga.

Í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga segir að sveitarfélög nefnist hreppar, bæir eða kaupstaðir. Í þessari grein frumvarpsins er hins vegar lagt til að rýmkuð verði töluvert ákvæði laganna varðandi nafngiftir sveitarfélaga. Sveitarstjórn verði þannig heimilað að ákveða nafn viðkomandi sveitarfélags og einu takmarkanirnar verði þær að nafnið skuli samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Áfram er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið staðfesti breytingu á nafni sveitarfélags. Ef vafi leikur á að tillaga um nafn fyrir sveitarfélag samrýmist íslenskri málfræði og málvenju getur ráðuneytið leitað álits sérfróðra aðila um nafnið og í framhaldi af hugsanlegum athugasemdum gert viðkomandi sveitarstjórn grein fyrir þeim og óskað eftir nýrri tillögu.

Talin er ástæða til að rýmka núgildandi ákvæði, sérstaklega með hliðsjón af þeirri þróun sem orðin er og stendur yfir í sameiningu sveitarfélaga. Í umræðu um þau mál hefur margoft komið fram af hálfu sveitarstjórnarmanna og annarra að ákvæði laganna séu of þröng að þessu leyti. Enn fremur hefur komið fram að svo þröng ákvæði geti í raun staðið í vegi fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Að auki má nefna að kröfur núgildandi laga leiða til þess að heiti sveitarfélaga samræmast í sumum tilvikum ekki landfræðilegum aðstæðum í viðkomandi sveitarfélagi, t.d. þegar endingunni -bær er skeytt aftan við heiti sveitarfélags sem að stærstum hluta er dreifbýli þótt meiri hluti íbúa búi í þéttbýli.

Um 5. gr.

Greinin samsvarar 2. mgr. 4. gr. gildandi laga og 3. mgr. sömu greinar að hluta.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnum sé áfram heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Að öðru leyti er ákvæðunum breytt nokkuð.

Lagt er til að sveitarstjórnum verði gert skylt að tilkynna um ákvörðun um byggðarmerki til sérstakrar nefndar sem félagsmálaráðherra skipar. Á grundvelli núgildandi laga hafa verið settar almennar reglur um byggðarmerki, nr. 74/1992, þar sem m.a. er fjallað um hlutverk svokallaðrar fastanefndar um byggðarmerki. Í þessari grein frumvarpsins er á skýran hátt kveðið á um skipan byggðarmerkjanefndar og síðan gert ráð fyrir að ráðuneytið setji almennar reglur um hlutverk nefndarinnar og útlit byggðarmerkja.

Í 3. mgr. lagt til það nýmæli að skráning byggðarmerkja fari fram hjá Einkaleyfastofunni og að slík skráning sé forsenda fyrir því að sveitarfélag hafi einkarétt á notkun byggðarmerkis. Er þar stuðst við danskar reglur um skráningu byggðarmerkja sem þykja hafa gefist vel. Eðlilegt þykir að fela Einkaleyfastofunni þessa skráningu, því að þar er fyrir hendi sérþekking um slíka skráningu og þýðingu hennar m.a. á alþjóðlegum grundvelli. Lagt er jafnframt til að iðnaðarráðuneytið setji nánari reglur um þessa skráningu byggðarmerkja þar sem Einkaleyfastofan heyrir undir það ráðuneyti. Áður en byggðarmerki verður skráð verður það þó að hljóta samþykki byggðarmerkjanefndar í samræmi við almennar reglur um byggðarmerki.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. gildandi laga. Nefndin sem samdi frumvarp þetta taldi ekki rétt að gera breytingar á lágmarksíbúatölu að þessu sinni heldur láta sameiningarferlið þróast frekar á frjálsum grundvelli.

Um 7. gr.

Í ákvæði þetta eru teknar upp að mestu óbreyttar 1.–3. og 5. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Orðalagi fyrri málsliðar 4. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er þó breytt til að gera ákvæðið skýrara, en ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Lagt er til að felld verði brott 4. mgr. 6. gr. laganna svo enginn vafi leiki á að það eru sveitarfélögin sem ákveða sjálf hvort þau eigi aðild að héraðsnefnd og þá hvernig hún skuli starfrækt.

Enn fremur er lagt til að felld verði brott 6. mgr. 6. gr. laganna, en þar eru í upplýsingaskyni talin upp helstu verkefni sveitarfélaga. Talið er að slík upptalning sé til þess fallin að valda ruglingi þar sem kveðið er á um verkefni sveitarfélaga í sérlögum hverju sinni. Upptalningin hefur ekki að öllu leyti þótt vera í takt við sérlög á hverjum tíma.

Um 8. gr.

Greinin er að hluta samhljóða 1. mgr. 7. gr. gildandi laga og bætt er við tilvísun til laga um kosningar til sveitarstjórna.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 7. gr. og 9. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Í grein þessari eru lagðar til breytingar frá 10. gr. núgildandi laga. Eins og fram kemur í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er lagt til að rýmkuð verði ákvæði laganna varðandi nafngiftir sveitarfélaga. Af sömu ástæðum er lagt til að rýmkuð verði að ákveðnu marki ákvæðin um heiti sveitarstjórna, byggðarráða og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Þannig er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði þessi heiti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins innan þeirra marka sem greinin ákveður. Þó er gert ráð fyrir í 2. mgr. að sérákvæði gildi varðandi Reykjavíkurborg vegna stöðu sveitarfélagsins sem höfuðborgar landsins.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 46. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Í grein þessa eru teknar upp að mestu óbreyttar 5. mgr. 10. gr., 2.–4. mgr. 46. gr. og 47. gr. gildandi laga.

Þó er lagt til í 2. mgr. að breytt verði ákvæði um kjörtímabil oddvita. Í 2. mgr. 46. gr. núgildandi laga segir að kjörtímabil oddvita og varaoddvita sé eitt ár, en heimilt sé þó sveitar-

stjórn að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kjörtímabilið skuli vera hið sama og sveitarstjórnar. Talið er eðlilegra að ein og sama reglan gildi um öll sveitarfélög hvað þetta varðar og er því lagt til að lögin kveði á um að kjörtímabil oddvita verði eitt ár.

Enn fremur er að finna nýmæli í 2. málsl. 2. mgr. þessarar greinar. Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn þá skuli hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný. Ákvæði 2. mgr. 46. gr. laganna hefur verið túlkað á þann hátt að kjörtímabil oddvita sé bindandi þannig að ef oddviti nýtur ekki lengur trausts meiri hluta sveitarstjórnarmanna þá geti hann samt sem áður setið til loka kjörtímabilsins. Hefur sú staða í nokkrum tilfellum skapað vandkvæði hjá sveitarfélögum og leitt til óskilvirkni í starfsemi sveitarstjórnar og sveitarfélagsins að öðru leyti. Því er talið nauðsynlegt að taka skýrt fram að oddvita beri að víkja sæti ef hann nýtur ekki lengur trausts til starfans innan sveitarstjórnarinnar.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 48. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 48. gr. gildandi laga en bætt er við viðmiðun um að sveitarstjórn geti ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar hún telur slíkt nauðsynlegt vegna eðlis málsins. Er með þessari orðalagsbreytingu einungis verið að skerpa regluna og tengja hana skýrar við efni og eðli þess máls sem til umfjöllunar er hverju sinni.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 50. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að tekið verði fram að það sé framkvæmdastjóri sveitarfélags sem almennt boði fundi. Ef sérstakur framkvæmdastjóri er ekki ráðinn hefur oddviti þetta verkefni með höndum, sbr. 52. gr. frumvarps þessa.

Um 18. gr.

Í grein þessari eru lagðar til breytingar og nánari útfærsla á 2. og 3. mgr. 50. gr. gildandi laga. Áfram er þó gert ráð fyrir skyldu til að kunngera íbúum sveitarfélags með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi.

Við framkvæmd gildandi laga hafa hins vegar komið upp fjölmörg álitamál um hvenær sveitarstjórn telst hafa fullnægt skilyrðum laga um auglýsingu á sveitarstjórnarfundum.

Af þeim sökum er lagt til það nýmæli í 2. mgr. að sveitarstjórn er gert að taka ákvörðun í upphafi kjörtímabils um hvernig fundir hennar verði auglýstir á kjörtímabilinu og með hvaða fyrirvara. Jafnframt er lögð sú skylda á sveitarstjórn að kynna íbúum sveitarfélagsins þá ákvörðun með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði. Tilgangur með þessu ákvæði er að stuðla að betri festu í þessum málum en verið hefur. Félagsmálaráðuneytið hefur á undanförnum árum fengið til meðferðar fjölmörg erindi er varða meint brot sveitarstjórna á reglum um auglýsingu sveitarstjórnarfunda. Við meðferð þeirra mála hefur komið í ljós að ákvæði núgildandi laga eru ekki nægilega skýr varðandi útfærslu á skyldu til að auglýsa fundina, þ.e. hvar birta skuli auglýsingu og með hve löngum fyrirvara. Í stað þess að setja ákveðnar viðmiðanir í lögin er lagt til að ákvörðunin verði í höndum sveitarstjórnar í upphafi kjörtímabilsins og síðan skal sú ákvörðun rækilega kynnt íbúum sveitarfélagsins. Ekki er talið raunhæft að setja afmarkaðri og strangari reglur um auglýsingu sveitarstjórnarfunda vegna mjög ólíkra aðstæðna í sveitarfélögum landsins.

Í 3. mgr. er sett fram sú viðmiðun að sem flestir íbúar sveitarfélags hafi greiðan aðgang að auglýsingu um sveitarstjórnarfundi.

Þá er enn fremur lagt til það nýmæli í 4. mgr. að þegar dagskrá sveitarstjórnarfundar hefur verið samin og send sveitarstjórnarmönnum í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp skuli hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti er sveitarstjórn ákveður. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að stuðla að því að auðveldara verði fyrir almenna borgara að fylgjast með starfsemi sveitarstjórnar í sínu sveitarfélagi.

Um 19. gr.

Tekin eru upp efnislega óbreytt ákvæði 45. gr. gildandi laga en framsetningu ákvæðisins er breytt.

Enn fremur er í 2. mgr. bætt við ákvæði sem kveður skýrt á um að sveitarstjórnarmenn teljist ekki vera vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Í 3. mgr. er að auki bætt við nýju ákvæði varðandi hæfi sveitarstjórnarmanna til meðferðar mála sem þeir hafa komið að á fyrri stigum þess sem starfsmenn sveitarfélagsins.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru bæði tekin upp úr norsku sveitarstjórnarlögunum og eru þau til þess fallin að fækka ágreiningsmálum um hæfi sveitarstjórnarmanna.

Þó er talin ástæða til að taka sérstaklega fram að ákvæði 3. mgr. eigi ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Ef gera ætti slíka kröfu til þeirra mætti draga í efa almennt hæfi framkvæmdastjóra sveitarfélaga til að vera jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og öfugt, með hliðsjón af stöðu hans innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Enn fremur er ekki talin ástæða til að beita ákvæði 3. mgr. þegar verið er að fjalla um og afgreiða fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, þar sem um heildaráætlanir og heildaruppgjör fyrir sveitarfélagið er að ræða.

Ekki er talin ástæða til að gera jafnstrangar hæfiskröfur í sveitarstjórnarlögum og eru í stjórnsýslulögunum, þar sem flest sveitarfélögin eru of fámenn til að geta staðið undir þeim kröfum.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 51. gr. gildandi laga, en bætt er við 2. mgr. skýru ákvæði um að hjáseta teljist þátttaka í atkvæðagreiðslu. Skortur á slíku skýru ákvæði hefur oft á tíðum valdið vafa við afgreiðslu einstakra mála hjá sveitarstjórnum.

Um 21. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 52. gr. gildandi laga. Við c-lið er þó bætt við ákvæði um að tvær umræður í sveitarstjórn séu einungis nauðsynlegar ef um er að ræða samþykktir og reglugerðir sem lög gera ráð fyrir að hljóta skuli staðfestingu ráðherra. Aðrar samþykktir sveitarstjórna þurfi því almennt ekki nema eina umræðu samkvæmt lögunum.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 53. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Tekin eru upp í grein þessa ákvæði 2. og 3. mgr. 53. gr. gildandi laga. Að auki er bætt við í upphafi greinarinnar almennu ákvæði um að fundargerðir sveitarstjórnarfunda skuli rita í gerðabók í samræmi við fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

Jafnframt er lagt til það nýmæli að í lögunum verði ákvæði um heimild sveitarstjórnar til að ákveða að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Í fjölmörgum sveitarfélögum eru fundargerðir sveitarstjórnarfunda nú skráðar beint inn á tölvu en ekki ætíð jafnframt í fundargerðabók. Eðlilegt er því að sett verði skýr ákvæði um þetta. Í ákvæðinu koma fram helstu reglur sem fylgja ber þegar slíkur háttur er hafður á ritun fundargerða. Tilgangurinn með þeim er að tryggja sem best að fundargerðir séu réttar og að þær verði varðveittar á fullnægjandi hátt.

Almenna reglan er því sú að fundargerðir skuli rita í sérstaka gerðabók, en heimilt er að víkja frá þeirri reglu þegar fundargerðir eru skráðar í tölvu að nánari skilyrðum uppfylltum.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 35. gr. gildandi laga.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði 3. málsl. 4. mgr. 35. gr. gildandi laga um að ef aðalmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geti hann valið sjálfur þann varamann sem taka skal sæti hans á meðan. Gert er því ráð fyrir að varamenn taki ætíð sæti eftir þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Samsvarar sú regla ákvæði 130. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, sbr. 115. gr. sömu laga, um hvernig varamenn taka þingsæti. Verður því um að ræða eina skýra reglu um hvernig varamenn taka sæti í sveitarstjórn.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 49. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Í ákvæði þessu er að finna nýmæli um hvernig með skuli fara ef sveitarstjórn verður óstarfhæf tímabundið vegna neyðarástands í sveitarfélaginu, svo sem af völdum náttúruhamfara. Er þá gert ráð fyrir að ráðuneytið geti að beiðni sveitarstjórnarinnar falið sveitarstjórn nágrannasveitarfélags að fara með stjórn sveitarfélagsins uns sveitarstjórnin verður starfhæf á ný. Er hér um neyðarákvæði að ræða sem gert er ráð fyrir að notað verði í algjörum undantekningartilvikum.

Til upplýsingar má nefna að slíkt neyðarákvæði um stjórn sveitarfélaga í Danmörku ef neyðarástand skapast eða stríð verður er að finna í 69. gr. dönsku sveitarstjórnarlaganna. Það er þó ekki efnislega samhljóða.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 4. mgr. 40. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. og 3. mgr. 40. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að felld verði brott sérstök skylda til að taka þátt í atkvæðagreiðslu við nafnakall. Í þessu efni eigi að gilda sömu reglur um allar atkvæðagreiðslur, hvort sem þær fara fram við nafnakall eða ekki.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar fyrri hluta 1. mgr. 41. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að tekið verði fram í upphafi greinarinnar að umræddur réttur eigi við um aðalmenn í sveitarstjórnum. Í 37. gr. frumvarpsins er síðan fjallað um rétt varamanna sem taka sæti í sveitarstjórnum. Réttinn eigi því aðalmenn í sveitarstjórnum og þeir varamenn sem taka sæti í sveitarstjórn hverju sinni.

Jafnframt er lagt til að fellt verði brott sérákvæði um málfrelsi sveitarstjórnarmanna á fundum nefnda. Eðlilegt er að þeir einir hafi almennt málfrelsi á fundum nefnda sem eru kjörnir fulltrúar í viðkomandi nefnd eða eru áheyrnarfulltrúar samkvæmt lögum eða samþykkt sveitarstjórnar. Rétt er þó að taka fram að nefndir geta hins vegar almennt heimilað sveitarstjórnarmönnum og öðrum að sitja fundi sína og taka þátt í umræðum.

Um 30. gr.

Greinin samsvarar seinni hluta 1. mgr. 41. gr. gildandi laga. Þó er eins og í 29. gr. frumvarpsins lagt til að tekið verði fram að réttur til aðgangs að gögnum eigi við um aðalmenn í sveitarstjórn sem þarfnast upplýsinga vegna starfa sinna í sveitarstjórn. Þeir varamenn sem taka sæti í sveitarstjórnum eiga enn fremur þennan rétt, sbr. 37. gr. frumvarps þessa.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 41. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Greinin samsvarar 42. gr. gildandi laga. Lagt er hins vegar til að fellt verði brott ákvæði um að sveitarstjórn eða nefnd geti tekið sérstaka ákvörðun um að mál verði trúnaðarmál með ⅔ hlutum atkvæða í sveitarstjórn eða nefnd. Í 16. gr. frumvarpsins eru ákvæði um það hvenær fjallað er um mál fyrir luktum dyrum og er ákvörðun um slíkt tengd efni og eðli viðkomandi máls.

Jafnframt er talið rétt að taka skýrt fram svo enginn vafi leiki á að þagnarskylda haldist áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 43. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

1. mgr. er samhljóða 3. mgr. 43. gr. gildandi laga og 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 20. gr. gildandi laga.

Það nýmæli er lagt til í 3. mgr. að ef sveitarstjórnarmaður er af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði skuli sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir. Er hér því gert ráð fyrir að sveitarstjórnarmaður víki sæti í sveitarstjórn þegar t.d. bú hans er til gjaldþrotaskipta, en ekki þykir rétt í þessu samhengi að einstaklingar sem persónulega hafa verið sviptir fjárforræði geti haft heimild til að sýsla með opinbert fé þann tíma sem svipting fjárforræðis gildir. Ef bú sveitarstjórnarmanns er tekið til gjaldþrotaskipta ber honum því að víkja úr sveitarstjórn þann tíma sem skiptameðferð á grundvelli gjaldþrotalaga stendur. Er ákvæði þetta m.a. í samræmi við ákvæði 66. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, um hæfi til að sitja í stjórnum hlutafélaga, og enn fremur í samræmi við breytingartillögur sem gerðar eru í 3. mgr. 55. gr. frumvarps þessa varðandi prókúruhafa sveitarsjóðs.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 44. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

1. mgr. er samhljóða 3. mgr. 44. gr. gildandi laga. Auk þess er í 2. mgr. bætt við ákvæði um að sveitarstjórn sé heimilt að setja í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins ákvæði um ýmis

réttindi sveitarstjórnarmanna í því sveitarfélagi. Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um lágmarksréttindi sveitarstjórnarmanna sem sveitarstjórnir geta ekki tekið af þeim, en gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir geti sett frekari ákvæði um réttindi þeirra, svo sem varðandi lífeyrissjóði, barnsburðarleyfi, biðlaun o.þ.h.

Um 37. gr.

Ástæða þykir að taka sérstaklega fram að ákvæði laganna um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna eigi enn fremur við um þá varamenn sem taka sæti í sveitarstjórnum þegar aðalmenn eru af einhverjum ástæðum forfallaðir tímabundið eða varanlega.

Um 38. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 55. gr. gildandi laga.

Fellt er brott ákvæði 1. mgr. 55. gr. laganna er fjallar um heiti byggðarráða. Um það er fjallað í 11. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er hins vegar bætt við ákvæði um að formaður byggðarráðs skuli valinn úr hópi kjörinna fulltrúa í byggðarráði. Rétt er þó að taka skýrt fram að slíkt ákvæði telst ekki koma í veg fyrir að byggðarráð geti í einhverjum tilvikum falið öðrum fundarstjórn, t.d. framkvæmdastjóra.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Í grein þessa eru m.a. tekin upp ákvæði 57. gr. og 3. mgr. 58. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er tekið skýrt fram að þeir einir séu kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu. Ástæða þykir til að taka þetta skýrt fram, en nokkur vafatilvik hafa komið upp um kjörgengi í nefndir á vegum sveitarfélaga.

Jafnframt er bætt við í 4. mgr. skýru ákvæði um að sveitarstjórn sé heimilt að skipta um fulltrúa í nefndum hvenær sem er á kjörtímabili nefndar ef hún telur sérstakar ástæður mæla með því, svo sem þegar nefndarmenn njóta ekki lengur trausts meiri hluta sveitarstjórnar. Er slík heimild til handa sveitarstjórn nauðsynleg til þess að stuðla að betri starfsemi stjórnsýslu sveitarfélagsins og skilvirkni. Að auki er talin ástæða til samræmis við framangreint að taka skýrt fram í 4. mgr. að fulltrúum í nefndum sé enn fremur heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu.

Í 7. mgr. er síðan lögð til sú breyting að umboð lausanefnda falli niður við lok kjörtímabils þeirrar sveitarstjórnar sem kaus nefndina, en skv. 5. mgr. 57. gr. laganna er gert ráð fyrir að umboð slíkra nefnda falli niður þegar liðin eru fjögur ár frá því að nefndin var kosin. Eðlilegra er að umboð slíkra nefnda nái eingöngu til yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar.

Um 41. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 58. gr. gildandi laga. Þó er í 2. mgr. lagt til að felld verði út viðmiðun við 500 íbúa mörkin en ákvæðið þess í stað almennt orðað. Ákvæðið verði þannig á þá leið að í sveitarfélögum þar sem erfiðlega horfir með að manna nefndir, t.d. vegna fámennis, sé sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni nefndarinnar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins. Eðli málsins samkvæmt á því þessi heimild fyrst og fremst við um fámennari sveitarfélög.

Um 42. gr.

Greinin samsvarar 59. gr. gildandi laga, en lagt er til að reglan verði þrengd nokkuð. Hún verði þannig látin ná til allra starfsmanna viðkomandi fyrirtækja eða stofnana en ekki eingöngu til forstöðumanna og annarra stjórnenda. Er það gert til að koma í veg fyrir þá aðstöðu að forstöðumaður stofnunar teljist vanhæfur til setu í stjórn þeirrar stofnunar en undirmaður hans geti hins vegar setið í stjórninni. Slík aðstaða þykir óeðlileg í ljósi almennra reglna um hæfi í stjórnsýslunni. Greinin á einungis við um þá sem sveitarstjórnir kjósa beint í nefndir, ráð eða stjórnir, en ekki fulltrúa sem aðrir aðilar tilnefna samkvæmt lögum eða sérstökum samþykktum, t.d. starfsmenn viðkomandi stofnunar.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 60. gr. gildandi laga.

Um 44. gr.

1. og 2. mgr. eru samhljóða 61. gr. gildandi laga. Í 3. mgr. er hins vegar að finna nýmæli varðandi framsal á umboði til afgreiðslu einstakra mála. Er í ákvæðinu gert ráð fyrir að í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð verði sveitarstjórn heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að ákveða að fela öðrum aðilum en nefndum, svo sem starfsmönnum eða stofnunum, afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Í slíkum tilvikum er þó ekki alltaf um endanlega afgreiðslu viðkomandi starfsmanna eða stofnana að ræða því að tekið er skýrt fram að slíkri afgreiðslu megi ætíð skjóta til viðkomandi nefndar, byggðarráðs eða sveitarstjórnar.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 62. gr. gildandi laga nema tekið er fram að framkvæmdastjóri sveitarfélags sjái að jafnaði um umrædd verkefni. Ef framkvæmdastjóri er ekki ráðinn hefur oddviti þetta verkefni með höndum, sbr. 52. gr. frumvarps þessa.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 1.–3. mgr. 63. gr. gildandi laga.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 4. og 5. mgr. 63. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar ákvæði 64. gr. gildandi laga. Varðandi ritun fundargerða er bætt við almennri tilvísun til reglna um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 23. gr. frumvarpsins, þar á meðal um ritun fundargerða í tölvu. Í 2. mgr. er jafnframt viðbót um þá aðstöðu sem greinir í 44. gr. frumvarpsins um framsal á umboði til afgreiðslu einstakra mála.

Um 49. gr.

Greinin samsvarar ákvæði 65. gr. gildandi laga. Við 1. mgr. er þó bætt ákvæði um hvernig afgreiða skuli fundargerðir nefnda, ráða og stjórna í byggðarráði og/eða sveitarstjórn. Þannig er gert ráð fyrir að ef fundargerðir nefnda innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar skuli fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef hins vegar ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðs og/eða

sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega til afgreiðslu. Reynslan hefur sýnt að þörf er á skýru ákvæði í lögum um þetta atriði.

Um 50. gr.

Greinin samsvarar 66. gr. gildandi laga.

Orðalagi 1. mgr. er þó breytt á þann veg að sveitarfélögum er á skýran hátt gert skylt að greiða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum hæfilega þóknun fyrir störf sín.

Enn fremur er tekið fram í 2. mgr. að sveitarstjórnum sé heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra. Núgildandi sveitarstjórnarlög hafa verið túlkuð á þann veg að sveitarstjórn sé ekki ótvírætt skylt að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun, en þeim sé það heimilt. Ekki þykir ástæða til að gera efnislega breytingu á þessu.

Um 51. gr.

Tekið er upp að hluta ákvæði 8. gr. gildandi laga. Skýrt er hins vegar tekið fram að sveitarstjórn ráði framkvæmdastjóra en kjósi hann ekki.

Um 52. gr.

Greinin er samhljóða 67. gr. gildandi laga.

Um 53. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 68. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að fellt verði brott ákvæði í 1. mgr. um að laun oddvita skuli ýmist miða við fast hlutfall af tekjum sveitarfélagsins og stofnana þess, sem oddviti hefur umsjón með, eða við áætlaðan vinnutíma oddvita við stjórnsýslustörf. Lagt er til að ákvörðun um laun verði alfarið í höndum sveitarstjórnar, en engar viðmiðanir settar fram.

Um 54. gr.

Í greinina eru efnislega tekin upp ákvæði 1. og 2. mgr. 69. gr., 70. gr. og 6. mgr. 71. gr. gildandi laga.

Þó er lagt til að felld verði út viðmiðun við 500 íbúa markið, en í staðinn verði ákvæði 1. mgr. á þá leið að tilgreind er almenn heimild til að ráða framkvæmdastjóra.

Jafnframt er talin ástæða til að taka skýrt fram í 3. mgr. að gerður skuli skriflegur ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra sem staðfestur verði af sveitarstjórn.

Um 55. gr.

Tekin eru upp í grein þessa að mestu óbreytt ákvæði 1.–5. mgr. 71. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er þó að finna nýmæli. Gert er ráð fyrir skýrum ákvæðum annars vegar um að framkvæmdastjóra sé heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar og hins vegar um að gerð verði skilyrðislaus krafa um að prókúruhafi sveitarsjóðs sé fjár síns ráðandi, þ.e. að bú hans sé ekki undir gjaldþrotaskiptum og hann hafi ekki verið sviptur fjárforræði af öðrum ástæðum. Er slík krafa eðlileg varðandi þá einstaklinga sem heimild hafa til að sýsla með opinbert fé, sbr. sams konar kröfur til starfsmanna ríkisins í 6. gr. laga nr. 70/1996.

Um 56. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 72. gr. gildandi laga. Orðalag 2. mgr. er þó einfaldað þannig að ef ekki eru sérstök ákvæði í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins varðandi ráðningu starfsmanna gefi sveitarstjórn almenn fyrirmæli um slíkt.

Um 57. gr.

Greinin samsvarar 73. gr. núgildandi laga. Þó er lögð til sú efnislega breyting að um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga og starfskjör að öðru leyti verði fjallað í kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Eftir gildistöku laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, á ekki lengur við að vísa á einfaldan hátt í þau lög. Við breytingu á ákvæði þessu var haft samráð við Bandalag háskólamanna og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Lagði BSRB m.a. áherslu á að ekki yrðu gerðar tillögur um að lögbinda kjaraatriði starfsmanna sveitarfélaga nema í samstarfi við stéttarfélög þeirra og Bandalag háskólamanna lagði m.a. áherslu á að réttindi og skyldur starfsmanna eigi að vera hluti af samningssviði stéttarfélaga en ekki einhliða háð vilja vinnuveitenda.

Um 58. gr.

Greinin samsvarar 1. og 2. mgr. 81. gr. gildandi laga. Þó er skýrar kveðið á um bókhaldsskyldar rekstrareiningar sveitarfélaga. Enn fremur er leitast við að gera ákvæðið ljósara með því að taka fram að bókhaldi skuli hagað á skýran og aðgengilegan hátt og að reikningsskil skuli gefa glögga mynd af rekstri og efnahag sveitarfélagsins í heild. Að öðru leyti er vísað til ákvæða laga um bókhald, laga um ársreikninga og annarra góðra bókhalds- og reikningsskilavenja að svo miklu leyti sem það á við.

Um 59. gr.

Greinin er samhljóða 74. gr. gildandi laga.

Um 60. gr.

Í grein þessari er að finna nýmæli varðandi flokkun í reikningsskilum sveitarfélaga, en gert er ráð fyrir að starfsemi þeirra sé skipt á eftirfarandi hátt:

a. sveitarsjóður, sem merki aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum,
b. stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Á undanförnum árum hefur verulegur árangur náðst við samræmingu á ársreikningum sveitarfélaga, m.a. með útgáfu handbókar um reikningsskil þeirra. Þrátt fyrir það þykir enn nokkuð skorta á að ársreikningar sveitarfélaga séu settir fram á sambærilegan hátt.

Í a-lið er lögð áhersla á að fá fram niðurstöðu um rekstur aðalsjóðs sveitarfélags og er þar átt við þá starfsemi sveitarfélags sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Undir a-lið falla því ýmsir „sjóðir“, sem í sumum tilvikum hafa haft sérstök reikningsskil og hafa því oft fallið utan hins hefðbundna reksturs sveitarsjóðs. Þessi framsetning hefur valdið misræmi við samantekt á rekstri sveitarsjóða. Nú er því felld undir a-lið öll slík starfsemi þannig að fram komi heildarniðurstaða um ráðstöfun skatttekna sveitarfélaga.

Undir b-lið falla aðrar rekstrareiningar sveitarfélaga sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu þeirra og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Um 61. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 75. og 78. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að sveitarstjórnum verði gert skylt að ljúka afgreiðslu fjárhagsáætlunar einum mánuði fyrr en gerð er krafa um í gildandi lögum. Eðlilegt er að fjárhagsáætlun liggi fyrir við upphaf ársins, enda er hún mikilvægt stjórntæki í rekstri sveitarfélags. Á slíkt að vera unnt því að fækkað hefur mikið sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga þar sem sveitarfélög þurftu að bíða eftir afgreiðslu fjárlaga til að geta lokið gerð fjárhagsáætlunar.

Ýmis dæmi eru um það á undanförnum árum, sérstaklega hjá stærri sveitarfélögunum, að fjárhagsáætlanir hafi verið afgreiddar fyrir lok desembermánaðar. Því verður ekki annað talið en að sveitarfélög ættu almennt að geta uppfyllt þetta skilyrði.

Um 62. gr.

Greinin samsvarar 79. gr. og 2. málsl. 80. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er lagt til að frestur til að senda breytingartillögur verði styttur úr fimm sólarhringum og miðað við að hann verði sá sami og almennt gildir um útsendingu gagna fyrir fundi sveitarstjórna, sbr. samþykktir sveitarfélaga um stjórn og fundarsköp.

Í 3. mgr. er ekki um efnislegar breytingar að ræða, en bætt er við svo ekki leiki vafi á að samþykki á fjárveitingu skv. 2. mgr. telst vera breyting á fjárhagsáætlun.

Um 63. gr.

Greinin samsvarar 76. gr. gildandi laga. Orðalagi er þó breytt á þann veg að skýrt kemur fram að slík áætlun er til viðbótar fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlun ársins á ekki að vera hluti af þriggja ára áætluninni. Sett er jafnframt það skilyrði að þriggja ára áætlun skuli afgreiða í sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar, enda á slík vinnutilhögun að vera til hægðarauka fyrir sveitarstjórnir í beinu framhaldi af afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

Um 64. gr.

Greinin er samhljóða 1. málsl. 80. gr. gildandi laga.

Um 65. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 77. gr. gildandi laga. Þó er breytt viðmiðun um hvenær leita ber álits sérfróðs aðila. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að slíks álits skuli leita ef áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í honum nemur hærri fjárhæð en sveitarsjóðsgjöld yfirstandandi reikningsárs. Í þessari grein er hins vegar lagt til að viðmiðunin verði lækkuð niður í helming skatttekna, en slík breyting er til þess fallin að stuðla að vandaðri fjármálastjórn hjá sveitarfélögum.

Með sérfróðum aðila í þessari grein er t.d. átt við viðskipta- eða tæknimenntaða aðila og geta þeir verið starfsmenn viðkomandi sveitarfélaga. Æskilegt er talið að umsögnin feli í sér mat á einstökum efnisþáttum áætlunarinnar, svo og áhrifum fjárfestingarinnar á rekstur sveitarfélagsins í náinni framtíð.

Um 66. gr.

Í ákvæði þessu er að finna nýmæli um skyldu sveitarfélaga til að senda ráðuneytinu eintak af fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun, svo og öllum breytingum á þeim. Er það gert í því skyni að auðvelda ráðuneytinu og eftirlitsnefnd skv. 74. gr. að sinna eftirlitshlutverkum sínum í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 67. gr.

Tekin eru upp ákvæði 3. mgr. 81. og 82. gr. gildandi laga. Einu breytinguna er að finna í 3. mgr. Í 2. mgr. 82. gr. laganna segir m.a. að yfirlit yfir allar fjárhagsábyrgðir sveitarfélagsins skuli vera hluti ársreikningsins. Lagt er til að þessu orðalagi verði breytt og í stað þess verði gert að skilyrði að yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins skuli koma fram í ársreikningi. Er það orðalag betur til þess fallið að lýsa þeim atriðum sem nauðsynlegt þykir að fram komi í ársreikningi. Eru með því tekin af tvímæli um að átt er við beinar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins en ekki skuldbindingar sem stofnað er til með því að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem teljast eðlilegur þáttur í rekstri sveitarfélags.

Um 68. gr.

Greinin samsvarar að hluta 1. og 3. mgr. 84. gr. gildandi laga.

Lögð er til sú breyting í 1. mgr. að öllum sveitarfélögum verði gert að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu. Í 1. mgr. 84. gr. gildandi laga er eingöngu sveitarfélögum með 500 eða fleiri íbúa gert að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Er ekki talin ástæða til að gera slíkan greinarmun á sveitarfélögum eftir stærð. Þessi nýja krafa er jafnframt til þess fallin að stuðla að öruggari meðferð á opinberum fjármunum. Áfram er gerð krafa um að kjörnir skuli tveir skoðunarmenn, sbr. 69. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er að finna sérstaka heimild til handa sveitarstjórn að ákveða að endurskoðun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins verði falin sérstakri endurskoðunarstofnun á vegum sveitarfélagsins. Skal slík endurskoðunarstofnun vera undir stjórn forstöðumanns sem skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Er hér um að ræða sömu kröfu og gerð er til ríkisendurskoðanda, sbr. lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að stofnunin skuli heyra beint undir sveitarstjórn og vera óháð öllum nefndum, ráðum, stjórnum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins við framkvæmd endurskoðunarinnar.

Í 3. mgr. er fjallað almennt um hlutverk endurskoðandans og í 4. mgr. er tekið fram að endurskoðandi sveitarfélags skuli kynna skoðunarmönnum athugun sína og endurskoðun tímanlega fyrir áritun ársreiknings.

Um 69. gr.

Í grein þessa eru tekin upp m.a. ákvæði 2. mgr. 84. gr. og 85. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er tekið fram að á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skuli hún kjósa tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara til loka kjörtímabils sveitarstjórnar. Er hér um breytingu að ræða þar sem í 2. mgr. 84. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að kjörtímabil skoðunarmanna sé eitt ár. Tilgangurinn með þessu er að stuðla að meiri festu í þessum málum hjá sveitarfélögunum. Þó má geta þess að fjölmörg sveitarfélög kjósa nú sömu einstaklingana sem skoðunarmenn ár eftir ár.

Jafnframt er í 1. mgr. fjallað um kjörgengi skoðunarmanna. Er orðalaginu breytt frá gildandi lögum í því skyni að gera ákvæðin skýrari og fækka hugsanlegum ágreiningsmálum um hæfi og kjörgengi skoðunarmanna. Tekið er því fram að skoðunarmenn skuli hafa kosningarrétt og kjörgengi í hlutaðeigandi sveitarfélagi og að aðal- og varamenn í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins séu ekki kjörgengir sem skoðunarmenn hjá sveitarfélaginu. Í 2. málsl. 2. mgr. 84. gr. gildandi laga er fjallað um kjörgengi til starfa skoðunarmanna. Ástæða þykir að taka skýrt fram að aðal- og varamenn í sveitarstjórn séu ekki kjörgengir en

í gildandi lögum er orðalagið „fulltrúar í sveitarstjórn“ notað. Hefur það valdið vafa í nokkrum tilvikum, en félagsmálaráðuneytið hefur túlkað ákvæðið á þann hátt að það eigi bæði við um aðal- og varamenn í sveitarstjórnum.

Í 2. mgr. er fjallað um hlutverk skoðunarmanna. Er þar gert ráð fyrir að skoðunarmenn yfirfari ársreikning sveitarfélagsins og að þeir skuli athuga einstök fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja eftir því sem þeim þykir ástæða til.

Að lokum er í 3. mgr. tekið fram að skoðunarmenn skuli tímanlega koma á framfæri við endurskoðanda sveitarfélagsins þeim ábendingum og upplýsingum sem þeir telja að við eigi og geti orðið innlegg í endurskoðunarstarfið.

Um 70. gr.

Ákvæðið samsvarar 86. gr. gildandi laga. Leitast er þó við að gera ákvæðið skýrara um rétt endurskoðanda og skoðunarmanna til að fá aðstöðu og aðgang að upplýsingum og gögnum.

Um 71. gr.

Í greinina eru tekin upp ákvæði 87. gr. gildandi laga og bætt við nokkrum ákvæðum í því skyni að skýrt komi fram hvert hlutverk endurskoðanda og skoðunarmanna er við áritun ársreikninga. Orðalag ákvæðisins skýrir sig að mestu sjálft og í lokamálsgreininni er gert ráð fyrir að ráðherra geti í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sett reglugerð þar sem fjallað verði nánar um ákvæði um endurskoðun hjá sveitarfélögum, svo sem um verkaskiptingu endurskoðanda og skoðunarmanna.

Um 72. gr.

Í grein þessari er fjallað um afgreiðslu ársreiknings og er m.a. tekið mið af 83. gr., 2. mgr. 86. gr. og 1. mgr. 88. gr. gildandi laga. Leitast er við að gera ákvæði um afgreiðslu sveitarstjórna á ársreikningum skýrari.

Af 1. mgr. leiðir að fyrri umræða í sveitarstjórn um ársreikning getur ekki farið fram fyrr en endurskoðun er lokið. Ýmis tilvik hafa verið um að fyrri umræða og jafnvel sú síðari einnig hafi farið fram um óendurskoðaðan ársreikning og þar af leiðandi hafa ekki verið til umræðu í sveitarstjórn hugsanlegar athugasemdir í skýrslum endurskoðanda og/eða skoðunarmanna. Jafnframt er í 1. mgr. lagt til að ársreikningur sveitarfélags skuli fullgerður og endurskoðaður fyrir lok aprílmánaðar. Er sá tímafrestur í samræmi við frest til að skila fullafgreiddum ársreikningi, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

Í 2. mgr. er lagt til að skýrt verði tekið fram að sveitarstjórn sé skylt að taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna skv. 71. gr. frumvarpsins. Er slíkt nauðsynlegt m.a. til að auðvelda eftirlitsnefnd skv. 74. gr. frumvarpsins störf sín.

Í 3. mgr. er lagt til að sveitarstjórnir skuli hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní. Núgildandi ákvæði sveitarstjórnarlaga gera ráð fyrir að fullnaðarafgreiðslu sé lokið eigi síðar en í júlímánuði. Er talið eðlilegt að flýta afgreiðslu ársreikninga sveitarfélaga, enda leyfir nútímabókhaldstækni slíkt. Rétt er að taka fram í þessu samhengi að með samþykkt sveitarstjórnar á ársreikningi er verið að staðfesta að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag sveitarsjóðs. Sveitarstjórnarmenn getur þrátt fyrir samþykkt á ársreikningi greint á um hvernig fjármunum sveitarfélagsins hefur almennt verið ráðstafað.

Jafnframt er í 3. mgr. lagt til að kveðið verði á um að sveitarstjórn og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins sé skylt að árita ársreikning sveitarsjóðs að lokinni síðari umræðu um hann. Er slík krafa eðlileg meðal annars með vísan til reglna sem gilda um ársreikninga hlutafélaga.

Að lokum er í 3. mgr. lögð til sú breyting að ársreikningum beri að skila til ráðuneytisins og Hagstofu Íslands eigi síðar en 15. júní. Í núgildandi lögum er hins vegar gert ráð fyrir að ársreikningunum skuli skila fyrir 31. júlí ár hvert.

4. mgr. er samhljóða 2. mgr. 88. gr. gildandi laga.

Um 73. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 1.–4. mgr. 89. gr. gildandi laga, en breytt er nokkuð uppröðun í 1.–3. mgr.

Bætt er við í 6. mgr. heimild til prókúruhafa sveitarsjóðs að ábyrgjast fyrir hönd sveitarfélagsins með framsalsáritun greiðslu tiltekinna viðskiptaskjala. Með þessu ákvæði og niðurfellingu á 5. mgr. 89. gr. gildandi laga, sbr. athugasemdir hér á eftir, er skýrt kveðið á um að sveitarstjórn er óheimilt að binda sveitarsjóð í ábyrgð vegna annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Heimilt er þó að ábyrgjast með framsalsáritun viðskiptaskjöl, svo sem ávísanir og skuldabréf, sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess. Nauðsynlegt þykir að taka þetta skýrt fram þar sem vafi hefur komið upp um slíkar heimildir miðað við orðalag 89. gr. núgildandi laga.

Lagt er til að felld verði brott 5. mgr. 89. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um að sveitarstjórn geti veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar.

Sem rök fyrir þeirri niðurfellingu ber fyrst að nefna mikla hættu á að raskað sé jafnræði fyrirtækja og samkeppnisstöðu þegar veittar eru slíkar ábyrgðir. Í þessu sambandi verður að hafa í huga 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en í 1. mgr. kemur fram eftirfarandi meginregla: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“ Samkvæmt athugasemdum með framangreindu ákvæði nær skilgreining á ríkisstyrkjum yfir bein fjárframlög, ábyrgðir og skattaívilnanir, auk trygginga og niðurgreiðslu lánskjara frá markaðskjörum, og á jafnt við um styrki veitta af ríkisvaldinu, sveitarfélögum, stofnunum og sjóðum í eigu opinberra aðila að hluta eða öllu leyti.

Jafnframt er það almennt álitið, m.a. af félagsmálaráðuneytinu og sveitarfélögum, að slæm reynsla hafi verið af þessu ákvæði og það hafi í ýmsum tilvikum stuðlað að áföllum í fjármálum einstakra sveitarfélaga. Lánastofnanir hafa oft á tíðum sett það sem skilyrði fyrir lánveitingum til fyrirtækja að viðkomandi sveitarfélag gangist í einfalda ábyrgð. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sveitarfélaga sem sendu nefnd þeirri er samdi frumvarp þetta ábendingar eða athugasemdir mæltu með því að ákvæði þetta yrði fellt brott úr lögunum. Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga ályktaði enn fremur um mál þetta á fundi sínum í mars 1996 og hljóðar ályktunin svo: „Fulltrúaráðið telur að taka eigi fyrir einfaldar ábyrgðarveitingar sveitarfélaga til annarra en eigin fyrirtækja. Nútíma bankastarfsemi á að vera í stakk búin til að sinna þeirri lánastarfsemi sem reksturinn þarfnast.“

Til upplýsingar er að lokum rétt að geta þeirra reglna sem gilda um ábyrgðaveitingar sveitarfélaga í Danmörku og Noregi.

Í dönsku sveitarstjórnarlögunum er í 56. gr. kveðið á um að innanríkisráðherra geti sett reglur um heimild sveitarstjórna m.a. til að skuldbinda sveitarfélagið með ábyrgðum. Sam-

kvæmt reglugerð innanríkisráðuneytisins nr. 343/1994 er sveitarfélagi óheimilt að taka á sig ábyrgð nema í tengslum við lántökur sveitarfélagsins eða stofnana þess.

Í norsku sveitarstjórnarlögunum er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti veitt ábyrgðir fyrir skuldbindingum annarra þegar sérstakir hagsmunir sveitarfélagsins tengjast þeim eða það er ákveðið í lögum eða af þinginu. Ekki er heimilt að veita ábyrgð vegna fjárhagslegra skuldbindinga sem tengdar eru almennum atvinnufyrirtækjum. Sveitarstjórnarmálaráðuneytið þarf að samþykkja ákvarðanir sveitarstjórna um að veita ábyrgðir og getur sett nánari reglur um ábyrgðaveitingar.

Um 74. gr.

Í grein þessari er að finna nýmæli um að félagsmálaráðherra skipi þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga.

Ljóst er að núgildandi lagaákvæði um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og til hvaða aðgerða ráðuneytið getur gripið ef í óefni stefnir eru of veik. Þetta hefur í för með sér að ef viðkomandi sveitarstjórn gerir sér ekki grein fyrir vandanum eða viðurkennir hann ekki er mikil hætta á að ekki sé brugðist nægjanlega skjótt við með þeim afleiðingum að skaðinn verður meiri en vera þyrfti ef strax væri brugðist við vandanum. Eftirlitsnefndinni er ætlað að bæta úr þessu. Með samsetningu hennar er lögð áhersla á fagleg vinnubrögð. Henni er einnig gefið visst sjálfstæði.

Árið 1989 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að kanna fjárhagsstöðu verst stöddu sveitarfélaganna og gera tillögur til úrbóta. Nefndin lagði m.a. til að unnar væru vissar lykiltölur úr ársreikningum sveitarfélaga sem auðvelduðu samanburð og eftirlit og að félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga kæmu sér saman um ákveðnar viðmiðunartölur varðandi fjárhag sveitarfélaga. Hér er lagt til í 4. mgr. að þetta verði lögbundið.

Viðmiðanir þessar væru m.a. peningaleg staða sem hlutfall af sameiginlegum tekjum, heildarskuldir, nettó- og brúttóskuldir á íbúa, útgjöld og tekjur á íbúa og önnur helstu atriði sem máli skipta við mat á efnahag og rekstri sveitarfélaga.

Lagt er til að þetta verði nánar skilgreint í reglugerð ásamt öðrum atriðum varðandi störf og málsmeðferð eftirlitsnefndarinnar.

Um 75. gr.

Greinin samsvarar 90. gr. gildandi laga en er löguð að tilkomu eftirlitsnefndarinnar. Bætt er við í 3. mgr. heimild eftirlitsnefndarinnar til að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. hafi sveitarstjórn ekki sinnt aðvörunum varðandi fjárhagsleg málefni. Eins og 90. gr. gildandi laga er nú má ætla að ekki sé gert ráð fyrir afskiptum ráðuneytisins nema til komi ósk sveitarstjórnar. Þetta hefur reynst of þungt í vöfum. Hér er lagt til að eftirlitsnefndin geti sjálf gripið til aðgerða, enda hafi sveitarstjórn ekki sinnt viðvörunum nefndarinnar skv. 74. gr.

Um 76. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1., 2. og 4. mgr. 91. gr. gildandi laga en er löguð að tilkomu eftirlitsnefndarinnar.

Um 77. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 91. gr. og 92. gr. gildandi laga.

Um 78. gr.

Greinin er samhljóða 93. og 94. gr. gildandi laga.

Um 79. gr.

Greinin samsvarar 95. gr. gildandi laga.

Um 80. gr.

Greinin er samhljóða 96. gr. gildandi laga.

Um 81. gr.

Greinin samsvarar 97. gr. gildandi laga. Þó er orðalagi ákvæðisins breytt á þann veg að í stað núgildandi ákvæðis um að samvinna sveitarfélaga geti aðeins farið fram á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga eða í landshlutasamtökum er ákvæðið almennt orðað. Gert er þannig ráð fyrir að sveitarfélög geti haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna og er nefnt sem dæmi að slík samvinna geti m.a. farið fram á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga, landshlutasamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Jafnframt er vakin athygli á að lagt er til að felld verði brott ákvæði 99. og 100. gr. gildandi laga. Í 99. gr. laganna er kveðið á um að sveitarfélögum geti verið skylt að mynda byggðasamlög í tilteknum tilvikum. Eðlilegra er að ákvörðun um hvort byggðasamlag sé stofnað sé alfarið í höndum viðkomandi sveitarfélaga. Í 100. gr. laganna er kveðið á um að sé um að ræða samvinnu sveitarfélaga um áhættusaman atvinnurekstur án hlutdeildar annarra aðila skuli stofna félag í samræmi við ákvæði laga um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24/1972. Lagt er til að þau lög verði felld úr gildi þar sem þau þjóna ekki lengur þeim tilgangi og þeim aðstæðum sem fyrir hendi voru við setningu þeirra. Engin dæmi eru um stofnun slíkra fyrirtækja á síðustu árum. Sveitarfélög notast í dag mun frekar við hlutafélagaformið.

Um 82. gr.

Greinin er samhljóða 98. gr. gildandi laga.

Um 83. gr.

Greinin er samhljóða 101. gr. gildandi laga.

Um 84. gr.

Greinin er samhljóða 102. gr. gildandi laga.

Um 85. gr.

Greinin er samhljóða 103. gr. gildandi laga.

Um 86. gr.

Greinin er samhljóða 104. gr. gildandi laga.

Um 87. gr.

Greinin er samhljóða 105. gr. gildandi laga.

Um 88. gr.

Greinin er samhljóða 106. gr. gildandi laga.

Um 89. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 107. gr. gildandi laga. Þó er lögð til sú breyting á 1. mgr. að héraðsnefnd skipi ekki fulltrúa í sameiningarnefndina heldur viðkomandi landshlutasamtök. Er sú breyting eðlileg í ljósi breytinga á ákvæðum laganna varðandi héraðsnefndir. Enn fremur er staðan sú að víða um land eru ekki starfandi héraðsnefndir en starfsemi landshlutasamtakanna er rótgrónari.

Um 90. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 108. gr. gildandi laga. Þó er í 6. mgr. bætt við ákvæði um skyldu samstarfsnefndarinnar eða viðkomandi sveitarstjórna að kynna tillögu um sameiningu með tryggum hætti fyrir íbúum sveitarfélaganna sem um ræðir áður en til atkvæðagreiðslu kemur. Er gert ráð fyrir að það verði gert t.d. með dreifibréfi eða almennum fundi.

Um 91. gr.

Fyrri málsgreinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 109. gr. gildandi laga eins og henni var breytt með lögum nr. 20/1994.

Í 2. mgr. er lagt til nýmæli er varðar sameiningu sveitarfélaga. Er þar gert ráð fyrir að hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 90. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu, sé viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

Sams konar ákvæði var sett í ákvæði til bráðabirgða við sveitarstjórnarlög varðandi atkvæðagreiðslu um sameiningu sex sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum 2. desember 1995, sbr. lög nr. 123/1995.

Ákvæði þetta er jafnframt sams konar og 3. mgr. 2. tölul. 1. gr. laga nr. 75/1993, um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með þeirri viðbót þó að gert er að skilyrði að í þeim sveitarfélögum sem samþykkja tillöguna búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu. Með lögum nr. 75/1993 voru sett ákvæði til bráðabirgða við sveitarstjórnarlögin, sem fjölluðu um sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga á árunum 1993 og 1994. Í athugasemdum við frumvarp það, sem varð að lögum nr. 75/1993, var tekið fram að ekki þætti rétt að ef kjósendur í miklum minni hluta hlutaðeigandi sveitarfélaga felldu tillögu um sameiningu sveitarfélaga þyrfti það að koma í veg fyrir sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykktu sameininguna.

Á árunum 1993 og 1994 ákváðu nokkrar sveitarstjórnir að nýta sér þetta heimildarákvæði í framhaldi af atkvæðagreiðslum um sameiningu sveitarfélaga. Hefur ákvæðið því reynst vel og í raun einfaldað leið sveitarfélaga til sameiningar. Núgildandi lög hafa hins vegar að sumu leyti þótt til þess fallin að torvelda sveitarfélögum að vinna að sameiningu.

Um 92. gr.

Í þessari grein er að finna nýmæli sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarstjórna á tímabilinu eftir að tillaga um sameiningu sveitarfélaga hefur verið samþykkt og fram að gildistöku sameiningar. Lagt er til að á því tímabili verði sveitarstjórnum viðkomandi sveitarfélaga óheimilt að skuldbinda sveitarsjóði eða samþykkja greiðslur úr sveitarsjóði sem ekki leiða af lögum, fjárhagsáætlun eða fyrri samþykkt sveitarstjórnar nema allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki slíka ráðstöfun. Nauðsyn er talin vera á slíku lagaákvæði til að tryggja að fjárhagslegar forsendur fyrir sameiningu sveitarfélaga breytist ekki á framangreindu tímabili.

Um 93. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. og 3. mgr. 109. gr. gildandi laga.

Sú breyting er þó lögð til í 1. mgr. að það verði í höndum viðkomandi sveitarstjórna að ákveða hvenær sameiningin taki gildi, en skv. 2. mgr. 109. gr. laganna er gert ráð fyrir að ráðuneytið ákveði slíkt. Eðlilegra er að ákvörðunin sé í höndum sveitarstjórnanna, enda hefur ráðuneytið ætíð leitað eftir tillögum þeirra um það atriði áður en sameining hefur verið staðfest.

Jafnframt er í 2. mgr. lagt til að í stað orðins „lögsagnarumdæmi“ í núgildandi lögum verði miðað við að umsagnar dómsmálaráðuneytisins skuli leita ef um er að ræða sameiningu sveitarfélaga sem eru í umdæmi tveggja eða fleiri sýslumanna. Er slíkt orðalag eðlilegra í ljósi breytinga sem orðið hafa með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 94. gr.

Greinin er samhljóða 110. gr. gildandi laga.

Um 95. gr.

Greinin er samhljóða 112. gr. gildandi laga.

Um 96. gr.

Greinin er samhljóða 113. gr. gildandi laga.

Um 97. gr.

Greinin samsvarar 111. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að ráðuneytinu sé skylt að hlutast til um endurskoðun samþykkta og reglugerða. Eðlilegt er að það sé í höndum sveitarstjórnar hins nýja sameinaða sveitarfélags.

Um 98. gr.

Greinin er samhljóða 114. gr. gildandi laga.

Um 99. gr.

Greinin er samhljóða 115. gr. gildandi laga.

Um 100. gr.

Greinin er samhljóða 116. gr. gildandi laga.

Um 101. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Er þar gert ráð fyrir að komi fram tillögur um meiri háttar breytingar á verkaskiptingu eða fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, skuli þær teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd skipaðri fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en þær eru teknar til formlegrar afgreiðslu. Tilgangurinn með ákvæði þessu er að stuðla að gagnkvæmu trausti milli ríkis og sveitarfélaga við flutning verkefna. Sams konar ákvæði hefur verið í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga.

Um 102. gr.

Greinin er samhljóða 118. gr. gildandi laga.

Um 103. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 119. gr. gildandi laga. Þó er bætt inn í 2. mgr. að ráðuneytið skuli leitast við að kveða upp úrskurði sína innan tveggja mánaða. Reynslan er sú, sérstaklega eftir gildistöku stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að kærumálum til félagsmálaráðuneytisins hefur ekki aðeins fjölgað mikið heldur hefur umfang málanna einnig í ýmsum tilvikum aukist. Í slíkum tilvikum hefur tveggja mánaða fresturinn ekki reynst raunhæfur svo unnt sé á vandaðan hátt að afla gagna og ljúka uppkvaðningu úrskurðar.

Um 104. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 54. gr. gildandi laga.

Þó er felld út viðmiðun í 2. mgr. um að einungis sé skylt við tilteknar aðstæður að halda almenna borgarafundi í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa. Rétt er að sama regla gildi fyrir öll sveitarfélög óháð íbúafjölda.

Enn fremur er í 6. mgr. nýtt ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að við framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 5. mgr. skuli farið eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

Um 105. gr.

Lagt er til að lögin, ef samþykkt verða, öðlist gildi 1. júní 1998 og gildi því um starfsemi sveitarfélaga eftir að sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram í maí 1998.

Að auki er lagt til að úr gildi falli lög um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24/1972, sbr. athugasemdir við 81. gr.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði þessu er leitast við setja reglur um framhald mála eftir að 1. gr. laganna hefur verið breytt, sbr. enn fremur athugasemdir við 1. gr. þessa frumvarps.

Í 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að félagsmálaráðuneytið beiti sér fyrir því að vinnu við frágang þessara mála verði lokið fyrir 31. desember 1998. Í 2. mgr. er síðan kveðið á um að miða skuli að jafnaði við sýslumörk þar sem þau liggja fyrir, en annars komi viðkomandi sveitarfélög sér saman um mörkin.

Frá febrúarmánuði 1996 hefur verið starfandi vinnuhópur sem hefur það hlutverk að aðstoða samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands og leiðbeina um málsmeðferð í tengslum við skilgreiningar á stjórnsýslumörkum á miðhálendinu. Í hópnum hafa setið fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, sem leiðir hann, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Vinnuhópurinn hefur lagt ríka áherslu á að leyst verði úr stjórnsýslumálum á miðhálendi Íslands á þann hátt sem gert er í frumvarpi þessu. Jafnframt hefur hópurinn lagt mikla vinnu í að greiða fyrir lausn mála og liggja nú þegar fyrir gögn um samkomulag fjölda sveitarfélaga um stjórnsýslumörk á þessu svæði. Þannig hefur verið unnin mikil grunnvinna til að unnt verði að ljúka málum samkvæmt þessari grein frumvarpsins fyrir árslok 1998.

Talið er hins vegar rétt að kveða á um í 3. og 4. mgr. þessa ákvæðis til bráðabirgða að ef ágreiningur um stjórnsýslumörk verður ekki leystur með samkomulagi viðkomandi sveitarfélaga komi málið til kasta sérstakrar úrskurðarnefndar sem félagsmálaráðherra skipar, m.a. að fengnum tilnefningum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Slík úrskurðarnefnd ætti í starfi sínu að ganga út frá þeim viðmiðunum sem fram koma í ákvæði þessu ásamt því að afla röksemda frá viðkomandi sveitarfélögum. Rétt þykir að úrskurðir nefndarinnar séu lokaúrskurðir á stjórnsýslustigi, þ.e. verði ekki kæranlegir til félagsmálaráðherra.

Eins og fyrr segir er lagt til að félagsmálaráðuneytið beiti sér fyrir því að vinnu við frágang þessara mála verði lokið fyrir 31. desember 1998. Ekki þykir ástæða til að setja þrengri eða ákveðnari tímamörk um gildistíma ákvæðisins, en það fellur úr gildi þegar óljós eða óákveðin staðarmörk sveitarfélaga hafa verið ákveðin með samkomulagi eða úrskurði fyrrgreindrar nefndar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, með síðari breytingum. Veigamestu efnislegu breytingarnar eru þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að öllu landinu verði skipt í sveitarfélög en ekki einungis byggðum og afréttum. Í öðru lagi er lagt til að felld verði á brott öll ákvæði gildandi laga um kosningu sveitarstjórna. Samhliða verður lagt fram frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna þannig að ein lög gildi um þær kosningar en ekki tvenn eins og nú er. Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á skyldum sveitarfélaga varðandi upplýsingagjöf um fjármál sín og úrræði félagsmálaráðuneytis, til að bregðast við alvarlegum fjárhagsvanda sveitarfélags, styrkt.

Samkvæmt ákvæði í 1. gr. frumvarpsins verður landinu öllu skipt í sveitarfélög, en ekki einungis byggðum og afréttum eins og nú er. Í þeim tilgangi að leysa úr ágreiningi um stjórnsýslumörk á miðhálendinu skal starfa sérstök fimm manna úrskurðarnefnd. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að starfstími þessarar úrskurðarnefndar verði framlengdur um eitt ár, þ.e. að nefndin ljúki störfum sínum fyrir 31. desember 1998. Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessa verði um 1 m.kr. á árinu 1998.

Samkvæmt 74. gr. frumvarpsins skal félagsmálaráðherra skipa þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga og er hér um nýmæli að ræða. Ætla má að árlegur kostnaður við þessa nefnd verði um 1,5 m.kr.

Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki ríkissjóðs, verði frumvarp þetta að lögum, verði um 2,5 m.kr. á árinu 1998 og um 1,5 m.kr. árlega eftir það.

360. Svar [102. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um tekjuhópa undir skattleysismörkum.

1. *Hve stór hópur fólks var með tekjur undir skattleysismörkum árin 1994, 1995 og 1996 og hvernig skiptist hann eftir kyni og stöðu?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra voru samtals 67.603 einstaklingar með tekjur undir skattleysismörkum árið 1994, 67.206 árið 1995 og 62.332 árið 1996. Í meðfylgjandi töflu kemur fram hvernig hópur þessi skiptist milli kynja og eftir fjölskyldustöðu.

2. *Hve margir ellilífeyrisþegar, 67 ára og eldri, voru með tekjur undir skattleysismörkum á framangreindu tímabili, skipt eftir árum og kyni?*

Af framangreindum hópi voru rúmlega 10.000 einstaklingar 67 ára eða eldri. Skiptingu þeirra eftir kynjum má sjá í meðfylgjandi töflu.

3. *Hve margir einstæðir foreldrar voru með tekjur undir skattleysismörkum á framangreindu tímabili, skipt eftir árum og kyni?*

Einstæðir foreldrar í framangreindum hópi voru rúmlega 1.800 á þessum árum og er skipting þeirra eftir kynjum sýnd í töflunni.

	1994	1995	1996	Breyting 94–95	Breyting 95–96
Einhleypir karlar	16.563	16.838	15.458	1,7%	-8,2%
Einhleypar konur	16.180	16.465	15.556	1,8%	-5,5%
Einstæðir foreldrar, karlar	55	54	50	-1,8%	-7,4%
Einstæðir foreldrar, konur	1.899	1.781	1.761	-6,2%	-1,1%
Kvæntir karlar	6.107	6.300	5.466	3,2%	-13,2%
Giftar konur	26.799	25.768	24.041	-3,8%	-6,7%
Samtals, karlar	22.725	23.192	20.974	2,1%	-9,6%
Samtals, konur	44.878	44.014	41.358	-1,9%	-6,0%
Samtals, karlar og konur	67.603	67.206	62.332	-0,6%	-7,3%
Þar af 67 ára og eldri, karlar	3.438	3.909	3.202	13,7%	-18,1%
Þar af 67 ára og eldri, konur	7.110	7.538	6.934	6,0%	-8,0%
Þar af 67 ára og eldri, samtals	10.548	11.447	10.136	8,5%	-11,5%

361. Frumvarp til laga [289. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar sem hafa skráð sig á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna fyrir 1. janúar 1998 fá frest til 31. desember 1998 til að fullnægja ákvæði þessu. Veita má skipverja sem skráður er í fyrsta sinn sex mánaða frest til að fullnægja ákvæðinu.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu að skipverjar sæki öryggisfræðslunámskeið skv. 7. tölul. 1. mgr. þessarar greinar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1994 urðu tímamót í öryggismálum sjómanna þegar lögfest var öryggisfræðsla fyrir sjómenn. Samkvæmt lögunum var yfirlýsing um að skipverji hefði hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan sambærilegan hátt gerð að skilyrði fyrir lögskráningu sjómanna. Skipstjórnarmönnum var veittur frestur til 31. desember 1995 til að fullnægja ákvæðinu, en öðrum skipverjum til 31. desember 1996. Nýliðar um borð hafa sex mánaða frest til að sækja þessi námskeið. Frestirnir voru upphaflega byggðir á áætlun Slysavarnaskólans, en þá var talið að um 800 sjómenn hefðu ekki fengið slíka fræðslu.

Þegar leið að lokum þessa frests var ljóst að þrátt fyrir aðlögunartímann hafði töluverður hópur skipstjórnarmanna ekki enn lokið öryggisfræðslunáminu. Námskeið Slysavarnaskólans voru fullbókuð út árið og því var talið rétt að fresta gildistökunni um ár. Sagan endurtók sig árið eftir og lagði skólastjóri Slysavarnaskólans þá til að fresturinn yrði lengdur um eitt ár, til ársloka 1997. Eins og áður byggðist fresturinn á áætlun um það hvernig og hvenær ljúka mætti fræðslu þeirra sjómanna sem ekki höfðu sótt námskeið.

Nú þegar líður að lokum frestsins liggur fyrir að áætlunin hefur ekki staðist því enn eiga margir sjómenn ólokið lögbundinni öryggisfræðslu. Því er óhjákvæmilegt að veita formlegan viðbótarfrest, en nú er lagt til að sett verði ströng skilyrði og að undan þeim verði ekki vikist að liðnum lögboðnum fresti.

Með frumvarpinu er lagt til að sjómönnum verði veittur frestur til 31. desember 1998 til að sækja öryggisfræðslunámskeið en með ákveðnum skilyrðum eins og fram kemur í frumvarpinu. Lagt er til að undirbúningur og framkvæmd laganna verði eftirfarandi:

1. Menn fá frest til 31. desember 1997 til að skrá sig á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Þeir sjómenn sem hafa ekki skráð sig þá fá ekki viðbótarfrest og þar með ekki lögskráningu á skip. Að sjálfsögðu þarf að auglýsa þennan frest vel og brýna fyrir mönnum að skrá sig, bæði opinberir aðilar og ekki síður hagsmunasamtök sjómanna og útgerðarmanna.

2. Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna og starfsmaður Siglingastofnunar Íslands hafa að ósk samgönguráðuneytisins borið saman nemendaskrár Slysavarnaskóla sjómanna og lögskráningu íslenskra sjómanna. Tilgangurinn var sá að afla sem gleggstra upplýsinga um hversu margir sjómenn hafa ekki enn lokið námskeiðum í öryggisfræðslu við Slysavarnaskóla sjómanna. Niðurstöður þeirra eru eftirfarandi:

Við upphaf verksins var ákveðið að bera saman nemendaskrár Slysavarnaskólans og sjómenn sem lögskráðir voru í skiprúm frá 1. október 1997. Á því tímabili voru 8.700 einstaklingar lögskráðir. Skrá Slysavarnaskólans er frá stofnun hans til 20. október 1997.

Þeir nemendur Slysavarnaskóla sjómanna sem unnt var að aðgreina sem sjómenn voru samtals 12.380, en þar af voru um 2.000 sem höfðu sótt námskeið oftar en einu sinni. Nemendaskrá Slysavarnaskólans olli erfiðleikum og ónákvæmni í samkeyrslu gagna, en gögn um nemendur frá fyrstu árum skólans innihéldu hvorki nafnnúmer né kennitölu þeirra.

Við samkeyrslu gagnanna kom eftirfarandi fram:

Nemendur samkvæmt kennitölu	4.842
Nemendur samkvæmt nafnnúmeri	1.398
Nemendur samkvæmt nöfnum	522
Samtals	6.762

Þá eru eftir 1.538 manns, en í áætlun er gert ráð fyrir að um 30% þeirra hafi sótt námskeið, en ekki hefur verið hægt að sannreyna það sökum ófullkominnar skráningar Slysavarnaskólans. Samkvæmt þessum útreikningum eiga rétt rúmlega 1.000 sjómenn eftir að sækja námskeið í öryggisfræðslu í byrjun nóvember 1997.

Fram til áramóta eiga rúmlega 150 manns eftir að koma á námskeið þannig að um áramót eru eftir rúmlega 800 sjómenn. Þegar hafa 475 menn verið skráðir á námskeið frá og með næstu áramótum, en 140 þeirra eru nemendur í sjómannaskólum víðs vegar um landið. Það er mat skólastjóra Slysavarnaskólans og hlutaðeigandi starfsmanns Siglingastofnunar Íslands að standist þessar tölur verði unnt að koma öllum þessum sjómönnum á námskeið árið 1998.

3. Siglingastofnun Íslands verður falið að hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa ákvæðis laganna og tryggja að þátttaka í námskeiðum verði samkvæmt áætlun.

Siglingaráð hefur samþykkt að mæla með að þessi frestur verði samþykktur.

Árið 1994 var lögfest skylda sjómanna til að sækja öryggisfræðslunámskeið. Tilgangurinn var annars vegar sá að fækka sjóslysum og hins vegar að draga úr alvarlegum afleiðingum slysa á sjó. Slysavarnaskólinn sjálfur hefur starfað mun lengur og eru nú liðin 12 ár frá stofnun Slysavarnaskóla sjómanna. Að meðaltali hafa 1.000 manns sótt námskeið í öryggisfræðslu á hverju ári. Margir sjómenn hafa einungis sótt eitt námskeið og er því hugsanlega langt um liðið síðan þeir fengu fræðslu um öryggismál. Engu að síður er þekking á öryggismálum þess eðlis að þörf fyrir hana verður skyndilega og óvænt og sem betur fer hafa sjómenn oft lítil sem engin not fyrir hana árum saman. Ef og þegar að því kemur getur sú þekking skilið á milli lífs og dauða. Búnaður og aðferðir breytast sífellt. Með því að krefjast endurmenntunar sjómanna á þessu sviði má viðhalda og efla öryggisvitund meðal þeirra og þar með auka öryggi um borð í skipum og stuðla að fækkun slysa. Í alþjóðasamþykktinni STCW 95 (um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna) er meðal annars gert ráð fyrir að komið verði á endurmenntun í öryggismálum í aðildarríkjum samþykktarinnar, en hún nær að vísu aðeins til kaupskipasjómanna. Er hún hvatning til að gera sem fyrst kröfur um endurmenntun allra íslenskra sjómanna, enda verður þess ekki langt að bíða að STCW alþjóðasamþykkt fyrir fiskiskip verði staðfest.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér tvær breytingar frá gildandi lögum. Annars vegar er lagt til að frestur sjómanna til þess að hljóta öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan máta verði framlengdur um eitt ár, hins vegar að samgönguráðherra verði heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu að skipverjar sæki öryggisfræðslunámskeið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér neinn kostnað fyrir ríkissjóð.

362. Frumvarp til laga [290. mál]

um húsaleigubætur.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Markmið laganna.

Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

2. gr.

Húsaleigubætur.

Aðstoð samkvæmt lögum þessum er í formi greiðslna til leigjenda sem nefnast húsaleigubætur.

Sveitarfélög skulu greiða húsaleigubætur og annast félagsmálanefndir sveitarfélaga að jafnaði afgreiðslu umsókna.

3. gr.

Almennt um rétt til húsaleigubóta.

Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili.

Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem námsmaður á lögheimili óháð aðsetri.

Það er skilyrði húsaleigubóta að húsaleigusamningur um viðkomandi húsnæði sé til sex mánaða eða lengri tíma og að honum hafi verið þinglýst.

Um frekari skilyrði fyrir bótarétti og greiðslu bótanna fer samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

4. gr.

Meginreglur um rétt til húsaleigubóta.

Húsaleigubætur skulu ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Bætur vegna barna greiðast frá næsta mánuði eftir fæðingu barns eða lögheimilisskráningu og þar til ungmenni nær 18 ára aldri eða flytur.

Félagsmálaráðherra setur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákvæði í reglugerð um útreikning og fjárhæð bóta, þar á meðal um grunnfjárhæðir bóta.

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert um fjárhæðir húsaleigubóta á næsta ári sem geta verið hærri en grunnfjárhæðir, sbr. 3. mgr. Sveitarstjórn skal fyrir 1. nóvember ár hvert auglýsa með tryggilegum hætti ákvörðun sína um fjárhæðir húsaleigubóta og tilkynna þá ákvörðun til félagsmálaráðuneytisins.

5. gr.

Atriði sem girða fyrir rétt til húsaleigubóta.

Réttur til húsaleigubóta er ekki fyrir hendi:

1. ef umsækjandi eða einhver sem býr í húsnæðinu með honum er skyldmenni leigusala í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri,
2. ef umsækjandi eða einhver sem býr í húsnæðinu með honum nýtur réttar til vaxtabóta.
3. ef leigusamningur er til skemmri tíma en sex mánaða.

6. gr.

Íbúðarhúsnæði.

Húsaleigubætur koma aðeins til álita vegna leigu á íbúðarhúsnæði.

Með íbúðarhúsnæði í lögum þessum er átt við venjulega og fullnægjandi heimilisaðstöðu og eru lágmarksskilyrði a.m.k. eitt svefnherbergi ásamt séreldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu.

Húsaleigubætur greiðast ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús eða snyrting er sameiginleg fleirum.

Þá greiðast bætur ekki þegar húsnæði til annarra nota en íbúðar er leigt til íbúðar að öllu leyti eða hluta.

7. gr.

Leigufjárhæð.

Leigufjárhæð samkvæmt lögum þessum er hin beina greiðsla fyrir leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og aðrir kostnaðarliðir, sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, rekstur, hússjóðsgjöld o.fl., teljast samkvæmt því ekki til leigufjárhæðar í skilningi laga þessara.

Ef leigjandi gefur upp leigufjárhæð, sem er verulega hærri en markaðsleiga fyrir sambærilegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi eða þykir óeðlileg að öðru leyti eða ef um er að ræða íburðarmikið og óhóflegt húsnæði, er sveitarfélagi heimilt að færa niður viðmiðunarleigu sem því nemur eða til þess sem eðlilegt þykir.

Leigufjárhæð íbúða félagasamtaka, sem lögð er til grundvallar útreikningi bóta, skal aldrei vera hærri en viðmið Húsnæðisstofnunar ríkisins um leigu félagslegra íbúða.

8. gr.

Tekjur og eignir.

Með tekjum í lögum þessum er átt við allar tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum. Reikna skal samanlagðar tekjur allra þeirra sem lögheimili eiga eða hafa skráð eða fast aðsetur í viðkomandi leiguhúsnæði og eru þá tekjur barna umsækjenda sem eru 20 ára og eldri meðtaldar. Þó eru hér undanskildar tekjur barna umsækjenda sem stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu.

Bætur almannatrygginga og húsaleigubætur fyrra árs teljast ekki til tekna skv. 1. mgr.

Ef samanlagðar eignir þeirra er 1. mgr. tilgreinir að frádregnum skuldum með vísan til 73. og 76. gr. laga nr. 75/1981 fara yfir þrjár milljónir króna, miðað við vísitölu neysluverðs, skulu 25% þeirrar fjárhæðar sem umfram er bætast við þær tekjur sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæðir húsaleigubóta. Hámarksfjárhæð samkvæmt þessari málsgrein breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu. Félagsmálaráðherra skal láta reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

9. gr.

Umsókn um húsaleigubætur.

Umsóknum um húsaleigubætur skal skilað til viðkomandi sveitarfélags sem annast afgreiðslu og útborgun bóta.

Sækja skal um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist eigi síðar en 15 dögum fyrir fyrsta dag greiðslumánaðar.

Félagsmálanefnd sveitarfélagsins ákvarðar að jafnaði um bótarétt. Umsókn um húsaleigubætur skal vera skrifleg og á sérstöku þar til gerðu eyðublaði og skal beina henni til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi leiguhúsnæði er.

Umsækjandi skal gefa allar þær upplýsingar sem krafist er á umsóknareyðublaði og nauðsynlegar eru að öðru leyti til að staðreyna megi bótarétt hans.

Sveitarfélög skulu veita allar upplýsingar um skilyrði húsaleigubóta og útreikning þeirra og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veita umsækjendum nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við gerð og frágang umsókna.

Um málsmeðferð einstakra mála er vísað til XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

10. gr.

Fylgigögn með umsókn.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. leigusamningur, gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur
2. ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra
3. launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölul. og barna, sbr. 1. mgr. 8. gr., fyrir þrjá síðustu mánuði
4. önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, aðstæður og atvik kunna að kalla á.

11. gr.

Ófullnægjandi umsókn og upplýsingar.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn, sbr. 9. og 10. gr., eða umsækjandi gefur að öðru leyti ekki nauðsynlegar upplýsingar og skýringar, skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja mánaða. Sinni hann þeim tilmælum ekki kemur umsókn hans ekki til álita eða frekari meðferðar.

12. gr.

Greiðsla húsaleigubóta.

Húsaleigubætur koma til greiðslu frá og með næsta mánuði eftir að réttur til bóta hefur verið staðreyndur.

Bæturnar greiðast til leigjanda (umsækjanda) en þó er heimilt að greiða þær til leigusala samkvæmt sérstakri skriflegri beiðni leigjanda.

Bæturnar greiðast mánaðarlega fyrir síðastliðinn mánuð með einni greiðslu, eigi síðar en fimmta dag hvers mánaðar. Samningar aðila um fyrirframgreiðslu á leigu breyta engu hér um.

Húsaleigubætur greiðast aðeins á grundvelli eins húsaleigusamnings um sömu íbúð fyrir sama tímabil.

Húsaleigubætur greiðast ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð þeirra undir ákveðnu marki sem ráðherra ákveður með reglugerð. Uppgjör greiðist í þeim tilvikum einu sinni á ári.

13. gr.

Upplýsingaskylda leigjanda.

Bótaþegi skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi þegar í stað um hverjar þær breytingar á högum sínum og heimilisaðstæðum og öðrum þeim atriðum sem áhrif geta haft á rétt hans til húsaleigubóta og á bótafjárhæð.

14. gr.

Brottfall réttar til húsaleigubóta.

Réttur til húsaleigubóta fellur niður ef skilyrðum laga þessara er ekki lengur fullnægt.

Við flutning leigjanda úr leiguhúsnæði fellur niður réttur hans til húsaleigubóta. Brottfall réttinda miðast við flutningsdag.

Við andlát leigjanda fellur réttur til húsaleigubóta niður. Brottfall réttinda miðast við lok andlátsmánaðar.

Við framsal leiguréttar, framleigu eða hvers kyns framlán fellur réttur til bóta niður að hluta eða öllu leyti.

Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslur bóta eða stöðva bótagreiðslur ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda.

Sama á við ef leigjandi vanrækir upplýsinga- og tilkynningarskyldu sína skv. 13. gr. eða hefur að öðru leyti gefið rangar eða villandi upplýsingar sem máli skipta og þýðingu hafa um bótarétt hans.

15. gr.

Málskot.

Telji leigjandi (umsækjandi) á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar við framkvæmd laga þessara, svo sem við ákvörðun um bótarétt, fjárhæð bóta, niðurfellingu þeirra eða önnur atriði sem þýðingu hafa fyrir hann, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Um málsmeðferð fer þá samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

16. gr.

Viðurlög og endurgreiðsla.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hafi bótaþegi ranglega fengið bætur eða þær verið of háar eða fyrir of langt tímabil eða á einhvern hátt fengið hærri greiðslur en honum bar skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með 15% álagi.

Endurgreiða skal ofgreiddar bætur hvort sem um mistök var að ræða hjá sveitarfélagi eða ofgreitt var á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga bótaþega, hvort sem hann var í góðri trú eða ekki.

Sveitarfélag skal þó fella álag niður ef ofgreitt var vegna mistaka hjá sveitarfélagi og telja má víst að bótaþegi hafi verið í góðri trú.

Úrskurðir úrskurðarnefndar félagsþjónustu um kröfu sveitarfélags á hendur bótaþega skv. 2. mgr. eru aðfararhæfir.

17. gr.

Skuldajöfnuður.

Komi í ljós að bótaþegi hafi fengið of háar bætur er sveitarfélagi heimilt að beina yfirlýsingu til þess aðila sem sér um innheimtu fyrir ríkissjóð um skuldajöfnun við inneign bótaþega hjá ríkinu vegna endurgreiðslna barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 75/1981 að því leyti sem greiðslur þesar koma til útborgunar, þó þannig að áður hafi verið dregin frá öll þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld í samræmi við áðurgreind lög. Hið sama á við um inneign bótaþega vegna endurgreiðslna skatta við álagningu eftir að samanburður á álagningarskrá og staðgreiðsluskrá hefur farið fram samkvæmt lögum nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

Komi sveitarfélag fram með yfirlýsingu um skuldajöfnuð skv. 1. mgr. er innheimtumanni ríkissjóðs skylt að verða við þeirri kröfu.

Áður en skuldajafnaðaryfirlýsingu er beitt skal sveitarstjórn tilkynna bótaþega um hana og gefa honum tækifæri á að koma að andmælum sínum. Tilkynning skal fylgja skuldajafnaðaryfirlýsingu til innheimtumanns ríkissjóðs.

18. gr.

Húsnæðismál sveitarfélaga.

Lög þessi breyta á engan hátt þeirri ábyrgð er á sveitarfélögum hvílir varðandi húsnæðismál samkvæmt ákvæðum annarra laga, sbr. einkum XII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

19. gr.

Kynning laganna.

Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Kostnaður vegna þessa greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur falið öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

20. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um umsókn um húsaleigubætur og um framkvæmd, útreikning og greiðslu húsaleigubóta.

21. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 100/1994, um húsaleigubætur.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sveitarfélögum er heimilt að fresta því að taka upp greiðslur húsaleigubóta að því er snertir leiguíbúðir í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags, að undanskildum almennum kaupleiguíbúðum sveitarfélaga sem leigðar eru út, enda sé það nauðsynlegt vegna gildandi samninga um slíkar íbúðir. Upptaka húsaleigubóta vegna þessara íbúða miðast þá við að núgildandi húsaleigusamningi hafi verið sagt upp eða hann runnið út og nýr samningur tekið við. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2000.

II.

Á árinu 1998 skulu sveitarfélög greiða grunnfjárhæðir bóta, sbr. 3. mgr. 4. gr., og gildir ákvæði 4. mgr. 4. gr. um ákvörðun sveitarfélags um bætur því fyrst um ákvörðun fjárhæða húsaleigubóta fyrir árið 1999.

III.

Ákvæði 3. mgr. 12. gr., um að sveitarfélög skuli greiða húsaleigubætur mánaðarlega fyrir síðastliðinn mánuð öðlast fyrst gildi 1. janúar 1999 fyrir sveitarfélög sem hafa greitt húsaleigubætur fyrir fram fyrir næstkomandi mánuð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Aðdragandi frumvarpsins.

Frumvarp þetta er samið á vegum starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði 17. maí 1996 til að gera tillögur um framtíð húsaleigubóta. Í starfshópnum áttu sæti fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri Reykjavíkur, og Karl Björnsson, bæjarstjóri á Selfossi, fyrir hönd fjármálaráðuneytis Arnar Jónsson, stjórnsýslufræðingur og fyrir hönd félagsmálaráðuneytis Áslaug Friðriksdóttir deildarsérfræðingur, Elín Blöndal deildarstjóri og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins.

Í ágúst 1996 samþykkti ríkisstjórnin að leita eftir því að sveitarfélögin sæju alfarið um greiðslur húsaleigubóta. Eftir viðræður félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og formanns og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar var gert samkomulag um að stefna sameiginlega að því að sveitarfélögin tækju alfarið við afgreiðslu húsaleigubóta um áramótin 1997–98. Starfshópurinn tók mið af þessu samkomulagi í störfum sínum. Jafnframt var ákveðið að húsaleigubótakerfið yrði óbreytt út árið 1997 á meðan unnið yrði að endurskoðun laganna.

Eftir viðræður formanns og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga við félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra var eftirfarandi samþykkt gerð á fundi stjórnar sambandsins 30. október 1996:

„Fyrir liggur að húsaleigubótakerfið verður óbreytt á næsta ári og endurskoðunarnefnd laga um húsaleigubætur hefur verið falið að móta tillögur að nýju kerfi fyrir árslok 1997.

Stjórnin leggur þunga áherslu á að endurskoðunarnefndin hraði störfum og telur að til greina komi að sveitarfélögin taki að fullu að sér greiðslu húsaleigubóta að því gefnu að tillaga um nýtt fyrirkomulag verði ásættanleg frá sjónarhóli sveitarfélaganna og að fullt samkomulag náist um fjárhagshlið málsins milli ríkis og sveitarfélaga.“

Í minnisblaði félagsmálaráðherra til formanns starfshópsins frá 1. nóvember 1996, kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Samkomulag félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og formanns og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar felur í sér að þessir aðilar stefna sameiginlega að því að sveitarfélögin yfirtaki alfarið greiðslu húsaleigubótanna um áramótin 1997/1998. Að sjálfsögðu þarf nefndin að taka mið af þessu í störfum sínum.

Þar sem ætlunin er að sveitarfélögin taki alfarið að sér þetta verkefni er eðlilegt að sjónarmið fulltrúa sveitarfélaganna í nefndinni hafi mikið vægi.“

Verkefni starfshópsins breyttist því frá upphaflegu skipunarbréfi hans á þann veg að stjórnvöld gengu nú út frá því að ríkið hætti greiðsluþátttöku í húsaleigubótum sem gert er ráð fyrir að flytjist alfarið til sveitarfélaganna frá og með 1. janúar 1998.

Starfshópurinn aflaði víða upplýsinga og gagna er lúta að greiðslu húsaleigubóta, kostnaði, leigumarkaði, leigjendum og aðild hins opinbera að húsnæðismálum. Starfshópurinn naut aðstoðar Þjóðhagsstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðisstofnunar ríkisins að því er snertir útreikninga og gögn.

Í áfangaskýrslu sem starfshópurinn skilaði til félagsmálaráðherra í apríl 1997 eru teknar saman þær upplýsingar sem hann aflaði, þ.e. almennar upplýsingar um þróun húsaleigubótanna og bótaþega, yfirlit yfir stuðning hins opinbera vegna öflunar íbúðarhúsnæðis ásamt mati á áhrifum hugsanlegra breytinga á húsaleigubótakerfið. Á þessum upplýsingum eru byggðar áætlanir um kostnað miðað við að húsaleigubótakerfið nái til allra sveitarfélaga og leiguíbúða. Í áfangaskýrslunni kemur fram tillaga fulltrúa fjármálaráðuneytisins. Þá er þar einnig birt yfirlit fulltrúa sveitarfélaganna í starfshópnum um fimm mögulega valkosti um framtíð húsaleigubóta ásamt mati á kostum og göllum þeirra. Fulltrúar sveitarfélaganna lögðu jafnframt til að ákveðin leið yrði valin og settu fram tillögu um framkvæmd hennar.

Markmið framangreindrar áfangaskýrslu er að vera grundvöllur viðræðna ríkisins og sveitarfélaganna um framtíð húsaleigubótakerfisins. Formleg niðurstaða þeirra viðræðna liggur ekki fyrir en vilji hefur komið fram hjá báðum aðilum til að fylgja í meginatriðum þeirri leið sem fulltrúar sveitarfélaganna í starfshópnum hafa gert tillögu um.

Frumvarpið fjallar ekki með beinum hætti um skattskyldu húsaleigubóta en ef niðurstaðan verður sú að skattlagningu húsaleigubóta verður haldið áfram er ljóst að stuðningur fulltrúa sveitarfélaganna við þetta frumvarp er skilyrtur því að væntanlegir samningar milli ríkis og sveitarfélaga vegna kostnaðaráhrifa frumvarpsins miðast við að sveitarfélög og ríki verði jafnsett hvað kostnaðarskiptingu varðar fyrir og eftir breytingu á lögunum.

Þeir kaflar sem hér fara á eftir byggjast einkum á upplýsingum sem starfshópurinn aflaði og fylgja jafnframt með í viðaukum við áfangaskýrsluna. Um er að ræða upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skýrslu Reykjavíkurborgar um rekstrarfyrirkomulag íbúðarhúsnæðis í eigu borgarinnar, upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðhagsstofnun, Húsnæðisstofnun og jafnframt upplýsingar sem fyrri nefndir um húsaleigubætur höfðu safnað.

II.
Núverandi fyrirkomulag húsaleigubóta, greiðslur og stuðningur hins opinbera.

1. Lög nr. 100/1994, um húsaleigubætur.

Samkvæmt lögum nr. 100/1994, um húsaleigubætur, er gildandi fyrirkomulag húsaleigubóta með þeim hætti að þeir eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja húsnæði á almennum leigumarkaði, í sveitarfélögum sem ákveðið hafa að greiða húsaleigubætur og eru undir ákveðnum tekjumörkum. Ríki og sveitarfélög skipta kostnaðinum við bæturnar með sér þannig að ríkið greiðir 60% og sveitarfélögin 40%. Sveitarfélögin hafa farið með framkvæmd húsaleigubótakerfisins og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur annast milligöngu vegna greiðsluþátttöku ríkisins. Bæturnar teljast til skattskyldra tekna.

Eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla III 2 greiddu 39 sveitarfélög húsaleigubætur á árinu 1997 og er áætlað að húsaleigubætur taki nú til a.m.k. 80% af almennum húsaleigumarkaði.

Á grundvelli gildandi laga um húsaleigubætur hafa verið settar reglugerðir um sama efni. Nú er í gildi reglugerð nr. 556/1994, um húsaleigubætur, sem tók við reglugerð nr. 514/1994, um fjárhæð og útreikning húsaleigubóta. Í reglugerð nr. 556/1994 koma fram nánari ákvæði en í lögunum um fjárhæð og útreikning húsaleigubóta, umsóknir um húsaleigubætur og um fyrirkomulag endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

2. Húsaleigubætur 1995 og 1996.

Á fyrsta ári húsaleigubóta ukust útborganir verulega frá upphafi til loka ársins eðli málsins samkvæmt. Fyrsta árið virðist því vera aðlögunartímabil þar sem þeir sem áttu rétt til bóta fóru að nýta sér hann (sjá mynd A). Á árinu 1996 var útborgun bótanna nokkuð jöfn, en jókst lítillega í árslok.

Mynd A.

Útborgun húsaleigubóta eftir ársfjórðungum 1995 og 1996.



Útborgun húsaleigubóta var lægri árin 1995 og 1996 en áætlanir Þjóðhagsstofnunar og sveitarfélaganna sjálfra höfðu gert ráð fyrir. Þjóðhagsstofnun hafði áætlað kostnaðinn 650 m.kr. en greiðslur fyrsta árið námu 215 m.kr. Erfitt er að áætla nákvæmlega útborgun húsaleigubóta þar sem mikilvægar forsendur, eins og afkoma heimilanna, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi, geta verið breytilegar frá einum tíma til annars. Þekkt er sú staðreynd að af ýmsum ástæðum nýta ekki allir sér rétt til bóta; um getur verið að ræða vanþekkingu, ákveðið val eða viðkomandi hafi ekki til þess möguleika þegar leigusali hafnar þinglýsingu leigusamninga. Einnig eru upplýsingar um leigumarkaðinn takmarkaðar.

Í skýrslu nefndar um húsaleigubætur, frá nóvember 1995, koma fram upplýsingar um húsaleigubætur á tímabilinu janúar til ágúst það ár. Sambærilegum upplýsingum var safnað fyrir tímabilið janúar til júlí 1996 og þær bornar saman við árið á undan.

Bótaþegum fjölgaði um 525 frá ágúst 1995 þar til í júlí 1996, eða um 22%. Til þess að sjá hvort fjöldaaukning sé í samræmi við auknar greiðslur á þessu tímabili var reiknuð út hlutfallsleg hækkun greiðslna frá þriðja ársfjórðungi til annars ársfjórðungs 1996. Í ljós kom að greiðslur jukust um u.þ.b. 23 %, sem er í samræmi við fjölda bótaþega. Auknar greiðslur skýrast því af fleiri bótaþegum.

3. Stuðningur hins opinbera við öflun íbúðarhúsnæðis.

Stuðningur hins opinbera vegna íbúarhúsnæðis skiptist milli þeirra sem eiga eða leigja húsnæði á hinum almenna markaði og þeirra sem eiga eða leigja félagslegar íbúðir.

Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar, sem byggjast á upplýsingum frá Reykjavíkurborg, eru nettógreiðslur hins opinbera um 73% af kostnaði við húsaleigubætur þegar tekið hefur verið tillit til skattgreiðslna, útsvars og lækkunar barnabóta. Heildargreiðslur

vegna húsaleigubóta 1996 voru 311 m.kr. og 73% af því eru 227 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg var fjöldi bótaþega 3.336 á árinu 1996 en þar voru greiddar húsaleigubætur að fjárhæð 258 m.kr. Í ágúst 1996 var meðalfjárhæð greiddra bóta 10.200 kr. á mánuði (af þeirri upphæð reiknast skattur).

Ríkissjóður greiðir vaxtabætur til þeirra sem bera vaxtagjöld af lánum sem tekin eru vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi voru greiddar út 3.300 m.kr. í vaxtabætur á árinu 1996 til 47.133 aðila. Meðalvaxtabætur voru því 70.015 kr. á ári, eða 5.835 kr. mánaðarlega.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, skulu sveitarstjórnir: „eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna."

Áætlað er að fjöldi félagslegra leiguíbúða í eigu sveitarfélaga sé um 2.343 íbúðir. Kostnaður sveitarfélaga af þessum íbúðum er oftast mun hærri en leigutekjur, og samkvæmt úttekt Sambands íslenskra sveitarfélaga er líklegt að óbein niðurgreiðsla sveitarfélaga vegna leiguíbúða sé um 395–446 m.kr. á ári[1]. Hluti leiguíbúða sveitarfélaga er fjármagnaður með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna með 1% vöxtum. Húsnæðisstofnun áætlar að árlegur kostnaður sjóðsins vegna vaxtamunar á lánum til félagslegra íbúða árið 1995 hafi verið um 400 m.kr., þar af 283 m.kr. vegna leigubúða í eigu sveitarfélaga.

Tafla B.

Stuðningur hins opinbera vegna íbúðarhúsnæðis 1996.

Stuðningur	Upphæðir í millj. kr.	Hlutfall af heildargreiðslum
Húsaleigubætur	227[2]	4%
Vaxtabætur	3.300	63%
Kostnaður vegna leiguíbúða í eigu hins opinbera (óbein niðurgreiðsla)	500[3]	10%
Niðurgreiðsla lána Byggingarsjóðs verkamanna vegna félagslegra íbúða	1.200[4]	23%
Samtals	**5.227**	**100%**

Ríkið stendur einnig straum af kostnaði vegna íbúða í eigu þess, þar sem íbúðir eru leigðar út undir markaðsverði, t.d. sem liður í starfskjörum, vegna embætta presta o.fl. Ekki eru tiltækar upplýsingar um hversu hár kostnaður ríkisins er vegna þessara íbúða. Í töflu B er notuð

[1] Þrjár aðferðir voru notaðar til að nálgast kostnað vegna íbúðanna. Kostnaður umfram tekjur var áætlaður um 373 m.kr., útreikningur þar sem hlutfall af stofnverði er notað sem útgangspunktur sýnir áætlun upp á 446 m.kr. og samkvæmt áætlun byggðri á niðurstöðum úttektar Sambands íslenskra sveitarfélaga er kostnaður vegna þeirra um 395 m.kr. Ekki töldu fulltrúar sambandsins að ein aðferð væri réttari en önnur en bentu á að kostnaður umfram tekjur (373 m.kr.) gefi ekki nægilega rétta mynd þar sem erfiðlega hafi gengið hjá mörgum sveitarfélögum að gefa upplýsingar um raunverulegan kostnað vegna umræddra íbúða. Því er líklegt að samtals óbein niðurgreiðsla sveitarfélaga vegna leiguíbúða sé um 395–446 m.kr. á ári, og verður stuðst við meðaltal af því hér (420 m.kr.).

[2] Heildargreiðslur vegna húsaleigubóta voru 311 m.kr. á árinu 1996 og 73% af því eru 227 m.kr.

[3] Samkvæmt útreikningum Sambands íslenskra sveitarfélaga nema óbeinar niðurgreiðslur vegna félagslegra leiguíbúða í eigu sveitarfélaga 395–446 m.kr. á ári, 420 er meðaltal þess. Ekki var hægt að nálgast upplýsingar um kosnað ríkisins umfram leigutekjur af íbúðum í eigu þess, en hér er talan 420 hækkuð upp í 500 vegna þessa kostnaðar.

[4] Vaxtamunur hjá Byggingarsjóði verkamanna af lánum til leigu- og eignaríbúða nam 1.200 m.kr. samkvæmt ársskýrslu Húsnæðisstofnunar fyrir árið 1995.

grófleg áætlun og gert ráð fyrir að kostnaður ríkis og sveitarfélaga sé samtals um 500 m.kr. Hér skal það þó tekið fram að allar líkur eru á að í framhaldi af lögum nr. 134/1996, um breyting á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, muni kostnaðurinn stórminnka, þar sem heimilt er nú að selja þær fasteignir auk þess sem leiga muni hækka.

Byggingarsjóður verkamanna veitir lán til félagslegra eignar- og leiguíbúða. Í ársskýrslu Húsnæðisstofnunar ríkisins fyrir árið 1995 kemur fram að mismunur milli vaxtatekna og vaxtagjalda Byggingarsjóðs verkamanna árið 1995 var 1.200 m.kr., en í raun má segja að þarna sé um óbeinar niðurgreiðslur að ræða.

Í töflu B má sjá hve miklu fé hið opinbera ver í stuðning við öflun íbúðarhúsnæðis og í hvaða hlutföllum. Þar sést að um 30% af heildarstuðningi er til húsnæðisöflunar, þ.e. kostnaður vegna félagslegra leiguíbúða og íbúða í eigu ríkisins og niðurgreiðsla lána til félagslegra íbúða eru óbeinar niðurgreiðslur til þeirra sem þar búa.

III.
Breytt fyrirkomulag húsaleigubóta.

Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi meginbreytingar frá núverandi fyrirkomulagi á greiðslu húsaleigubóta:

— Greiðslur bótanna fari fram hjá sveitarfélögunum án þátttöku ríkisins.
— Húsaleigubótakerfið nái til allra sveitarfélaga.
— Bæturnar nái til alls íbúðarhúsnæðis í leigu, án tillits til eignarforms þess.

Þannig er gert ráð fyrir að horfið verði frá fyrirkomulagi gildandi laga um sameiginlega kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga að því er snertir greiðslu húsaleigubóta. Þá verði jafnframt afnumið það skilyrði að til þess að íbúar sveitarfélaga geti átt rétt til húsaleigubóta þurfi að liggja fyrir ákvörðun viðkomandi sveitarfélaga um greiðslu þeirra. Loks verði ekki lengur undanskilinn réttur til húsaleigubóta ef leiguíbúð er í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags (þessi undanþága á þó nú ekki við um almennar kaupleiguíbúðir sveitarfélaga sem leigðar eru út).

Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin muni annast framkvæmd húsaleigubótakerfisins með hefðbundnum aðferðum að því viðbættu að allar leiguíbúðir á þeirra vegum verði leigðar á kostnaðarleigu og húsaleigubætur greiddar vegna þeirra.

1. Húsaleigubætur færist alfarið til sveitarfélaganna.

Að sveitarfélögin taki við húsaleigubótakerfinu í heild sinni byggist eins og að framan greinir á þeirri forsendu fulltrúa þeirra að ef skattlagningu húsaleigubóta verður haldið áfram verði niðurstaða samninga á milli ríkis og sveitarfélaga sú að þau verði jafnsett hvað kostnaðarskiptingu varðar fyrir og eftir breytingar þær sem frumvarpið felur í sér.

Núverandi fyrirkomulag húsaleigubóta hefur reynst vel sem mikilvægt úrræði fyrir tekjulága leigjendur til að standa undir kostnaði við leiguhúsnæði og hefur framkvæmd gildandi laga um húsaleigubætur tekist vel af hálfu sveitarfélaganna. Bent hefur verið á að nálægð þeirra við skjólstæðinga kerfisins auki skilvirkni þess og stuðli að réttri framkvæmd. Þessi rök liggja m.a. að baki tillögum fulltrúa sveitarfélaga í nefndinni sem frumvarpið byggist á og miða að því að greiðslu húsaleigubóta verði haldið áfram á vegum sveitarfélaga á grundvelli endurbætts kerfis.

Kostir þessara breytinga eru einkum að um verður að ræða aukna skilvirkni og skýrari verkaskiptingu á mili ríkis og sveitarfélaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin hverfi frá beinni niðurgreiðslu félagslegs húsnæðis og greiði húsaleigubætur í staðinn. Í

bráðabirgðaákvæði við frumvarpið er gert ráð fyrir að sveitarfélögin hafi tíma fram til 1. janúar 2000 til aðlögunar að nýju kerfi að þessu leyti.

2. Húsaleigubótakerfið nái til allra sveitarfélaga.

Samkvæmt núgildandi lögum um húsaleigubætur taka sveitarfélög árlega ákvörðun um hvort þau greiða húsaleigubætur á næstkomandi ári eða ekki. Sveitarfélögum sem greiða húsaleigubætur hefur fjölgað árlega. Fyrsta árið voru sveitarfélögin 28 sem greiddu bætur en 35 á árinu 1996. Miðað við íbúafjölda náðu lög um húsaleigubætur því til 62% allra landsmanna árið 1996.

Í töflu C má sjá greiðslur vegna húsaleigubóta á árunum 1995 og 1996, ásamt áætlun fyrir árið 1997. Áætlunin byggist á að kostnaður við bæturnar muni aukast í réttu hlutfalli við samanlagðan íbúafjölda þeirra sveitarfélaga sem ákveðið hafa að greiða út bætur 1997.

Tafla C.

Heildargreiðslur húsaleigubóta 1995 og 1996. Áætlun er miðuð við íbúafjölda árið 1997 og að öll sveitarfélög greiði bætur.

	Fjöldi sveitarfélaga	Íbúafjöldi sveitarfélaga	Hlutfall af heildarfjölda landsmanna	Greiðslur húsaleigubóta í m. kr.
Árið 1995	28	158.009	59%	215
Árið 1996	35	167.556	62%	311
Árið 1997*	39	173.553	65%	320

* Kostnaður er fundinn með því að auka kostnað vegna bótanna í árslok 1996 í réttu hlutfalli við íbúafjölda þeirra sveitarfélaga sem ákveðið hafa að greiða húsaleigubætur árið 1997.

Starfshópurinn áætlaði heildarkostnað miðað við að öll sveitarfélög taki upp núgildandi húsaleigubótakerfi. Gerð er grein fyrir fjórum áætlunum starfshópsins sem byggjast á mismunandi forsendum. Hér á eftir er hver áætlun útskýrð lítillega og í töflu D hefur aðferðunum verið stillt upp ásamt áætluðum kostnaði.

Ef miðað er við að kostnaður við húsaleigubætur aukist í réttu hlutfalli við íbúafjölda má ætla að greiðslur á árinu 1997 aukist um 38% greiði öll sveitarfélög bætur. Aukningin yrði 114 m.kr. og heildarfjárhæð húsaleigubótanna næmi því um 424 m.kr. á ári.

Einnig er lögð til grundvallar forsendna Þjóðhagsstofnunar frá 1994. Mat stofnunarinnar á kostnaði við húsaleigubætur fyrir árið 1995 var að þau 28 sveitarfélög sem greiddu húsaleigubætur tækju til 70–80% af almennum húsaleigumarkaði. Ætla má að þetta hlutfall hafi aukist nokkuð þar sem 39 sveitarfélög greiddu húsaleigubætur á árinu 1997 og meðal þeirra öll þau fjölmennustu sem greiddu út bætur árið 1995. Ekki var heldur gert ráð fyrir því að leigjendur íbúða með búseturétt (búsetar) hefðu bótarétt þegar hlutfall þetta var fundið og því eðlilegt að gefa sér að að húsaleigubætur taki nú til a.m.k. 80% af almennum húsaleigumarkaði. Þegar hlutfall þetta er notað til að áætla kostnað vegna bóta ef öll sveitarfélög tæku upp greiðslu verður upphæðin um 390 m.kr. á ári.

Eins og að framan er rakið fæst mismunandi kostnaður vegna húsaleigubóta eftir því út frá hvaða forsendum er gengið þegar áætlun er gerð. Í töflu D hefur áðurnefndum kostnaðaráætlunum verið stillt upp. Hafa verður í huga að fjöldi mögulegra bótaþega ræðst af þáttum sem erfitt er að sjá fyrir, svo sem tekjum einstaklinganna, fjölda barna og upphæð húsaleigu.

Tafla D.

Kostnaður ef öll sveitarfélög greiða húsaleigubætur miðað við mismunandi áætlanir.

Áætlanir	Kostnaður í m.kr.
Miðað við 100% húsaleigumarkað	390
Miðað við 100% íbúafjölda	424
Miðað við 100% íbúafjölda og fjölgun bótaþega	450
Spá Þjóðhagsstofnunar fyrir 1995	650

Áætlaður kostnaður við húsaleigubætur ef öll sveitarfélög greiða bætur er á bilinu 390–650 m.kr. Í tillögum sínum styðjast fulltrúar sveitarfélaganna við áætlun byggða á íbúafjölda með tilliti til fjölgunar bótaþega, eða 450 m.kr., en fulltrúi fjármálaráðuneytis styðst við áætlun gerða út frá húsaleigumarkaði, eða 390 m.kr.

3. Húsaleigubætur fyrir allar leiguíbúðir.

Í 7. gr. gildandi laga um húsaleigubætur er kveðið á um atriði sem girða fyrir rétt til húsaleigubóta. Þar segir m.a. að réttur til bóta sé ekki fyrir hendi ef leiguíbúð er í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags. Í frumvarpi til laganna kemur fram að ástæðan sé sú að í þeim tilfellum sé húsaleiga verulega niðurgreidd af sveitarfélögum og Byggingarsjóði verkamanna.

Samband íslenskra sveitarfélaga áætlar að félagslegar leiguíbúðir sveitarfélaga sem ekki falla undir lög um húsaleigubætur séu 2.343 talsins. Mat sambandsins er að óbeinar niðurgreiðslur sveitarfélaga vegna þessara íbúða séu um 420 milljónir króna.

Samkvæmt úttekt Reykjavíkurborgar á félagslegum leiguíbúðum er fyrirhugað að koma á nýju rekstrarfyrirkomulagi fyrir félagslegar leiguíbúðir með það að markmiði að gera rekstur þeirra hagkvæmari og miða leigu við raunkostnað. Teknar verði upp húsaleigubætur í stað þess að niðurgreiða leigu. Með því verður stuðningurinn vegna húsaleigu sýnilegri og skilvirkari. Raunkostnaður Reykjavíkurborgar við íbúðirnar nú er mun meiri en leigutekjur af þeim. Talið er að kostnaðarauki borgarinnar vegna húsaleigubóta verði á endanum enginn þar sem borgin greiði nú að fullu þann mun sem er á húsaleigu og raunkostnaði við rekstur leiguíbúðanna.

Byggingarsjóður verkamanna veitir lán til félagslegra leiguíbúða með 1% vöxtum. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar eru meðalvextir af teknum lánum Byggingarsjóðsins um 6,5%. Mat Húsnæðisstofnunar er að niðurgreiðsla vaxta vegna félagslegra leiguíbúða á árinu 1995 hafi verið 400 m.kr.

Þjóðhagsstofnun áætlar á grundvelli skattframtala 1995 að ef allir leigjendur undir tekjumörkum ættu rétt á húsaleigubótum yrði heildarkostnaður um 513 m.kr. á ári. Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar segir að margir óvissuþættir tengist því að áætla kostnaðarauka af því ef allir sem búa í leiguhúsnæði ættu rétt á húsaleigubótum. Þjóðhagsstofnun leggur ríka áherslu á útreikningarnir séu teknir með þeim fyrirvara að margir óvissuþættir tengist þeim, þar sem óvíst sé hversu vel húsaleiga er talin fram og ekki víst að allir mundu sækja um húsaleigubætur.

Í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga um húsaleigubætur kemur fram að húsaleiga þeirra sem leigja af ríkissjóði eða sveitarfélögum sé verulega niðurgreidd. Niðurgreiðslan sé í formi niðurgreiddra vaxta, vaxtabóta og félagsþjónustu sveitarfélaganna. Af því sem að

framan er rakið er ljóst að um verulegar fjárhæðir er að ræða og eigi húsaleigubótakerfið að ná til félagslegra íbúða skapar það grundvöll fyrir endurskoðun annarra niðurgreiðslna hins opinbera vegna leiguhúsnæðis og breytinga á rekstrarfyrirkomulagi.

Kostnaður við íbúðir í eigu ríkis og sveitarfélaga er um 500 m.kr. á ári. Hægt er að áætla hver kostnaðurinn yrði ef húsaleigubætur yrðu greiddar fyrir félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélaga og íbúðir í eigu ríkisins með því að gefa sér þær forsendur að húsaleigubætur þyrftu að nema þeirri upphæð sem niðurgreiðsla til þessa hóps er í dag. Kostnaður við íbúðir í eigu ríkisins fer hverfandi með tilkomu nýrrar lagasetningar og líklegt er að íbúar þessara íbúða, í mörgum tilfellum kennarar, prestar o.s.frv., séu með of háar tekjur til að fá greiddar húsaleigubætur og því þótti rétt að gera ekki ráð fyrir að húsaleigubætur kæmu í stað niðurgreiðslu vegna þessara íbúða. Ef gengið er út frá því að fjórðungur þeirra sem nú búa í félagslegum leiguíbúðum séu með of háar tekjur til að þeir eigi rétt á húsaleigubótum er eðlilegt að miða við að viðbótarkostnaður við að fella allar félagslegar leiguíbúðir undir lög um húsaleigubætur verði um 300 m.kr. á ári en þá er miðað við að bæturnar séu undanþegnar skatti.

Frumvarp þetta er að meginstofni til byggt á gildandi lögum um húsaleigubætur enda hafa þau lög reynst vel í framkvæmd. Með hliðsjón af því að í nokkrum grundvallaratriðum er horfið frá núverandi fyrirkomulagi húsaleigubóta þykir hins vegar rétt að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um húsaleigubætur. Meginbreytingar frumvarpsins frá gildandi lögum felast í þeim atriðum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, en nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar með hliðsjón af álitaefnum sem komið hafa upp við framkvæmd laganna, m.a. hjá úrskurðarnefnd um félagsþjónustu og hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Er þar helst að geta þeirrar breytingar að lagt er til að húsaleigubætur verði greiddar eftir á fyrir liðinn mánuð en ekki fyrir fram svo sem verið hefur í framkvæmd. Í bráðabirgðaákvæði við frumvarpið er gert ráð fyrir aðlögunartíma vegna þessara breytinga, einkum með tilliti til þeirra sem þegar njóta fyrirframgreiddra bóta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu kemur fram markmið frumvarpsins sem með sama hætti og í núgildandi lögum er tvíþætt, annars vegar að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og hins vegar að draga úr þeim aðstöðumun sem mundi ríkja á húsnæðismarkaðnum á milli leigjenda annars vegar og eigenda íbúðarhúsnæðis hins vegar væru húsaleigubætur ekki fyrir hendi. Sem fyrr verður markmið húsaleigubóta að ná til tekjulægsta fólksins á íbúðamarkaðnum.

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu frá 1. mgr. 1. gr. gildandi laga að síðari málsliður greinarinnar, um sameiginlega kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga við greiðslu húsaleigubóta, verði felldur brott. Er vísað til almennra athugasemda um þetta atriði. Af því leiðir að ákvæði 3. og 4. gr. gildandi laga eru ekki tekin upp í þetta frumvarp, en þar er nú fjallað nánar um greiðslufyrirkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga.

Um 2. gr.

Breyting frá gildandi lögum felst í því að lagt er til að réttur leigjenda til húsaleigubóta verði ekki lengur bundinn ákvörðun viðkomandi sveitarfélags um greiðslu bóta. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög greiði húsaleigubætur og reglur um stuðning við leigjendur samræmdar hjá þeim. Þessi breyting á sér m.a. stuðning í almennum sjónarmiðum um jafnræði, þar sem hún tryggir að leigjendum íbúðarhúsnæðis hér á landi verði ekki mismunað eftir búsetu. Vegna þessa er lögð til breyting frá 3. mgr. 2. gr. gildandi laga um ákvörðun sveitar-

félags um greiðslu húsaleigubóta, og kemur sú málsgrein nú breytt fram í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að í stað þess að kveðið sé afdráttarlaust á um að félagsmálanefndir sveitarfélaga annist afgreiðslu umsókna um húsaleigubætur verði sveitarfélögum heimilt að ákveða annað fyrirkomulag, t.d. ef rétt þykir að húsnæðisnefnd fari með þessi mál. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir þeirri meginreglu að félagsmálanefndir sjái um afgreiðslu umsókna um húsaleigubætur.

Um 3. gr.

Greinin er sama efnis og 5. gr. gildandi laga að því undanskildu að í samræmi við 2. gr. frumvarpsins er fellt brott skilyrði í 1. og 2. mgr. um að til þess að leigjendur íbúðarhúsnæðis geti átt rétt til húsaleigubóta skuli sveitarfélag hafa tekið ákvörðun um greiðslu þeirra.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. er samhljóða 2. og 3. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er með sama hætti og í 1. mgr. 6. gr. gildandi laga kveðið á um að ráðherra skuli setja reglugerð um fjárhæð bóta en bætt við því skilyrði að í þeirri reglugerð komi fram ákvæði um grunnfjárhæð bóta. Er þannig gert ráð fyrir að öll sveitarfélög greiði ákveðnar grunnfjárhæðir bóta, en jafnframt verði mögulegt að sveitarfélögin sjálf greiði hærri bætur samkvæmt ákvörðun þar um. Þar sem gildistökuákvæði þessa frumvarps miðast við 1. janúar 1998 er í ákvæði II til bráðabirgða kveðið á um að öll sveitarfélög greiði grunnfjárhæð bóta á árinu 1998 en ákvörðun um hvort sveitarfélag greiðir hærri bætur á næstkomandi ári verði fyrst tekin fyrir 1. nóvember 1998 og þá vegna bóta fyrir árið 1999. Með hliðsjón af því að ákvarðanir um bætur snerta verulega hagsmuni sveitarfélaganna er kveðið á um í 3. mgr. að ráðherra skuli hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð reglugerðar samkvæmt ákvæðinu.

Ákvæði 4. mgr. tengist efnislega 3. mgr. 2. gr. gildandi laga, en þar kemur nú fram að sveitarstjórn skuli ákveða fyrir 1. október ár hvert hvort sveitarfélagið greiði húsaleigubætur næstkomandi ár. Þess í stað er nú lagt til að sveitarstjórn ákveði fyrir 1. nóvember hvort hún hyggst greiða grunnfjárhæðir bóta, sbr. ákvæði um þær fjáhæðir sem sett verður í reglugerð, eða hærri bætur á næstkomandi ári. Í báðum tilvikum verður sveitarstjórn skylt að auglýsa þá ákvörðun og tilkynna hana til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. nóvember ár hvert.

Um 5. gr.

Samkvæmt 3. tölul. 7. gr. gildandi laga girðir það fyrir rétt til húsaleigubóta ef leiguíbúð er í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags. Þessi undanþága á þó ekki við um almennar kaupleiguíbúðir sveitarfélaga sem leigðar eru út. Gert er ráð fyrir að þessi undanþága falli brott þannig að réttur til húsaleigubóta nái til alls íbúðarhúsnæðis á leigumarkaðnum. Um frekari skýringar á þessari breytingu er vísað til kafla III.3 í almennum athugasemdum. Í ákvæði I til bráðabirgða er gert ráð fyrir aðlögunartíma sveitarfélaga vegna þessa ákvæðis fram til ársins 2000.

Einnig er lögð til breyting á 1. tölul. þannig að ekki verði eins og í gildandi lögum gerður greinarmunur á því hvort leigusali býr í sama húsi og umsækjandi um húsaleigubætur, eða annars staðar. Í frumvarpi til gildandi laga um húsaleigubætur kemur fram að ákvæði 3. tölul. 7. gr. byggist á þeim sjónarmiðum að vegna skyldleika greiði margir leigjendur mjög lága eða jafnvel enga húsaleigu. Var talið að þeir aðilar sem njóta þess að leigja af skyldmennum hafi ekki eins mikla þörf fyrir aðstoð og þeir sem leigi af óskyldum aðilum. Þá var einnig talið að

ef þessum aðilum yrði veittur réttur til bóta gæti það leitt til mikils fjölda málamyndagerninga. Með hliðsjón af því að þessi sjónarmið þykja eiga jafnt við hvort sem hlutaðeigandi aðilar eiga heima í sama húsi eða ekki þykir rétt að fella það viðmið brott.

Greinin er að öðru leyti samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Breyting frá 8. gr. gildandi laga felst í því að skilyrði um að sérbaðaðstaða skuli vera fyrir hendi í íbúð til þess að leigjandi geti átt rétt til húsaleigubóta er fellt brott. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af því að í framkvæmd hefur komið í ljós að nokkuð er um eldra íbúðarhúsnæði þar sem íbúðaraðstaða er góð en baðaðstaða ef til vill sameiginleg annarri íbúð í húsinu.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða ákvæði 9. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar ákvæði 10. gr. gildandi laga.

Breyting frá 1. mgr. 10. gr. gildandi laga felst í því að lagt er til að skýrt verði að viðmið um tekjur taki ekki aðeins til þeirra sem hafi lögheimili á staðnum heldur einnig annarra sem hafa þar skráð eða fast aðsetur og skila inn gögnum varðandi umsókn um húsaleigubætur, en hafa af einhverjum ástæðum, einkum vegna undanþáguheimilda laga um lögheimili að því er snertir námsmenn, ekki skráð lögheimili þar.

Í gildandi lögum segir aðeins að „tryggingabætur" teljist ekki til tekna og hefur það valdið óvissu í framkvæmd. Í 2. mgr. er lagt til að skýrt verði að með því er í átt við bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, sbr. nú lög nr. 117/1993.

Í 4. mgr. er lagt til að í stað fastrar fjárhæðar, 3 millj. kr., að því er snertir viðmiðunarmörk um eignir sem liggja til grundvallar við ákvörðun um fjárhæðir húsaleigubóta, verði framvegis miðað við þá tölu út frá vísitölu neysluverðs.

Um 9. gr.

Greinin er í meginatriðum sama efnis og 11. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að með tekjum í lögum þessum sé átt við samanlagðar heildartekjur allra þeirra sem lögheimili eiga eða hafa skráð eða fast aðsetur í viðkomandi leiguhúsnæði og eru þá tekjur barna umsækjenda sem eru 20 ára og eldri meðtaldar. Með hliðsjón af þessu er lagt til að samkvæmt 3. tölul. ákvæðisins skuli launaseðlar þessara einstaklinga fylgja umsókn um bætur.

Að öðru leyti samsvarar ákvæðið 12. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Breyting frá 13. gr. gildandi laga felst í því að lagður er til ákveðinn tímafrestur sem umsækjandi hafi til þess að bæta úr hafi umsókn hans verið ófullnægjandi eða henni ekki fylgt nægileg gögn. Á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 556/1994, um húsaleigubætur, þar sem nánar er kveðið á um umsóknir um bætur, hefur framkvæmdin verið sú að réttur til bóta miðast við umsóknartíma berist fullnægjandi gögn síðar frá umsækjanda. Skilyrði um að fullnægj-

andi gögn hafi borist innan tveggja mánaða frá því að umsögn er lögð inn hjá sveitarstjórn mun að meginreglu til afmarka það hve langt aftur í tímann verður hægt að ákvarða bætur.

Um 12. gr.

Í 3. mgr. er lögð er til sú breyting frá núverandi framkvæmd að bætur verði framvegis greiddar eftir á fyrir þann mánuð sem á undan er genginn. Byggist það á því að reynslan af framkvæmd laganna hefur sýnt að það er bæði óhagræði fyrir umsækjendur og þá sem afgreiða bæturnar að þær skuli vera greiddar fyrir fram í upphafi mánaðar en ekki einn mánuði eftir á, í upphafi næsta mánaðar. Hingað til hafa gildandi lög um húsaleigubætur, sbr. 14. gr., verið túlkuð svo að bæturnar beri að greiða fyrir fram, enda þótt lögin séu ekki skýrt orðuð að þessu leyti. Á almennum leigumarkaði fær fólk oft íbúðir til leigu með skömmum fyrirvara. Leigusamningar eru almennt ekki gerðir með fyrirvara og svo virðist sem aðeins í undantekningartilvikum sé sá sem byrjar að leigja um mánaðarmót kominn með samning 15 dögum áður. Af þessu leiðir að umsækjendur missa af bótum fyrsta mánuðinn. Hefur athugun sem gerð var á umsóknum um húsaleigubætur hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sýnt að 93% umsækjenda fær ekki húsaleigubætur fyrir fyrsta leigumánuðinn vegna fyrirkomulagsins með fyrirframgreiðslu. Fyrirframgreiðsla húsaleigubóta býður jafnframt upp á ofgreiðslur á húsaleigubótum þar sem bótaréttur fellur niður frá og með þeim degi sem flutt er úr íbúðinni. Í framkvæmd hefur komið í ljós að mikill misbrestur er á að fólk láti vita fyrr en of seint að það er flutt úr íbúðinni og hefur þar af leiðandi fengið greiðslu sem því ber að endurgreiða með 15% álagi, sbr. 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Hægt er að koma í veg fyrir slíkar ofgreiðslur með því að greiða húsaleigubætur einum mánuði eftir á þar sem að þá verður hægt að sannreyna samkvæmt þjóðskrá búsetu umsækjanda (þ.e. lögheimilisskráningu) í viðkomandi leiguíbúð á tímabilinu.

Breytingar sem lagðar eru til frá 4. mgr. 14. gr. gildandi laga felast í því að lagt er til að ráðherra ákveði með reglugerð viðmiðunarmörk um þá lágmarksfjárhæð sem húsaleigubætur þurfa að nema til þess að þær verði greiddar mánaðarlega. Samkvæmt gildandi lögum er miðað við 500 kr. og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð verði lögð til grundvallar við setningu nýrrar reglugerðar.

Að öðru leyti svarar greinin efnislega til 14. gr. gildandi laga.

Um 13.–15. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 15.–17. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Breyting frá 18. gr. gildandi laga felst í að lagt er til að sveitarfélag verði samkvæmt 4. mgr. í öllum tilvikum skylt að fella álag niður ef húsaleigubætur hafa verið ofgreiddar vegna mistaka hjá sveitarfélagi og telja má víst að bótaþegi hafi verið í góðri trú, en í gildandi lögum er aðeins um að ræða heimild sveitarfélaga til niðurfellingar álags.

Þá er í 5. mgr. lagt til að úrskurðir úrskurðarnefndar félagsþjónustu um kröfu sveitarfélags á hendur bótaþega skv. 2. mgr. ákvæðisins verði aðfararhæfir.

Um 17.–19. gr.

Greinarnar eru sama efnis og 19.–21. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin er sama efnis og 22. gr. gildandi laga, þó með þeirri breytingu að fellt er brott að í reglugerð um framkvæmd laganna skuli koma fram ákvæði um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum. Þessi breyting er til samræmis við það breytta skipulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir, frá kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga til þess að sveitarfélögin sjái alfarið um greiðslu húsaleigubóta. Milliganga Jöfnunarsjóðs mun því ekki koma til samkvæmt nýju skipulagi. Með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir að greiðsla húsaleigubóta verði með öllu í höndum sveitarfélaganna er einnig lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga komi jafnan að setningu reglugerða á grundvelli frumvarpsins, ef að lögum verður.

Um 21. gr.

Gildistökuákvæði frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði I til bráðabirgða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu frá gildandi fyrirkomulagi að húsaleigubætur komi í stað niðurgreiðslna félagslegra íbúða. Rétt þykir að veita sveitarfélögunum aðlögunartíma, bæði til þess að aðlagast nýju fyrirkomulagi og til þess að segja upp og ganga frá nýjum húsaleigusamningum við þá sem nú leigja félagslegar íbúðir. Er miðað við að hið nýja fyrirkomulag hafi náð fram að ganga 1. janúar 2000 og fellur ákvæði þetta úr gildi frá og með þeim tíma.

Um ákvæði II til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta taki gildi sem lög 1. janúar 1998 en frestur til þess að taka ákvörðun um fjárhæð bóta miðast í 4. mgr. 4. gr. við 1. nóvember ár hvert. Rétt þykir að á árinu 1998 verði því greiddar lágmarksbætur sem kveðið verði á um í reglugerð, sem verði sömu fjárhæðir og nú er kveðið á um í 1. gr. reglugerðar nr. 556/1994. Samkvæmt því ákvæði skal ákvarða húsaleigubætur þannig að grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta á mánuði er 7.000 kr. fyrir hverja íbúð. Að auki bætast við 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað og 3.000 kr. fyrir þriðja. Til viðbótar koma 12% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20.000 og 45.000 kr. Bætur skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 2% af árstekjum umfram 1,5 millj. kr. Húsaleigubætur geta skv. 3. mgr. 1. gr. aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

Með þessum hætti er gert ráð fyrir að ákvæði 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins um ákvörðun sveitarfélags um bætur gildi fyrst um ákvörðun fjárhæða húsaleigubóta fyrir árið 1999.

Um ákvæði III til bráðabirgða.

Í 3. mgr. 12. gr. er gert ráð fyrir að um eftirfarandi greiðslu húsaleigubóta verði að ræða fyrir mánuðinn á undan en framkvæmd hefur verið með þeim hætti að bætur hafa verið greiddar fyrir fram fyrir næstkomandi mánuð. Hefur þetta fyrirkomulag skapað ýmis vandkvæði í framkvæmd, svo sem nánar er gert grein fyrir í greinargerð við 12. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að draga úr þeim áhrifum sem breytt fyrirkomulag kann að hafa fyrir þá sem fengið hafa bætur fyrirfram og jafnframt að veita sveitarfélögunum aðlögunarfrest, þannig að á árinu 1998 verður aðeins um að ræða greiðslur eftir á hjá þeim sveitarfélögum sem ekki hafa greitt húsaleigubætur fram til þessa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um húsaleigubætur.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrjár grundvallarbreytingar á gildandi fyrirkomulagi húsaleigubóta. Í fyrsta lagi að sveitarfélög annist og fjármagni alfarið húsaleigubótakerfið. Í öðru lagi verði gert skylt að greiða húsaleigubætur í öllum sveitarfélögum. Í þriðja lagi er lagt til að bæturnar nái til alls íbúðaleiguhúsnæðis hvort sem eigandi þess er einkaaðili, sveitarfélag eða ríki. Tilgangur þessara breytinga er annars vegar að stuðla að því að allir leigjendur sitji við sama borð og hins vegar að gera skýrari verkaskipti milli ríkis og sveitarfélaga sem til þessa hafa í sameiningu fjármagnað húsaleigubætur.

Samkvæmt gildandi lögum endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum 60% útlagðs kostnaðar. Bótafjárhæð hverju sinni tekur mið af áætluðum fjölda bótaþega og þeirri fjárhæð sem fjárlög heimila til endurgreiðslu. Endurgreiðsla ríkisins hefur verið bundin við 200 m.kr. á ári. Fjölgun þeirra sem rétt hafa á húsaleigubótum hefur því ekki haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Sú breyting að sveitarfélögum verði gert skylt að greiða húsaleigubætur mun því að öðru óbreyttu ekki hafa áhrif til aukinna útgjalda ríkissjóðs.

Talið er að fjöldi íbúða sem sveitarfélög leigja skjólstæðingum sínum á niðursettu verði séu um 2.400 talsins. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að breyta því fyrirkomulagi á þann veg að leigjendurnir greiði eðlilega leigu en njóti þess í stað húsaleigubóta. Með þessu fyrirkomulagi aukast skatttekjur ríkis og sveitarfélaga. Ætla má að húsaleigubætur til þeirra sem búa í leiguhúsnæði sveitarfélaga geti numið um 250–300 m.kr. á ári. Af þeirri fjárhæð greiðast 25–30 m.kr. til sveitarfélaga í formi útsvars og allt að 40 m.kr. til ríkisins, miðað við að helmingur leigjenda hafi skattskyldar tekjur fyrir ofan skattleysismörk.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einstaklingar, sem búa í húsnæði í eigu ríkisins, geti notið húsaleigubóta. Í flestum tilvikum er um að ræða opinbera embættismenn sem hafa laun yfir því lágmarki sem húsaleigubótakerfið setur.

Til þess að bæta sveitarfélögum upp áformaða yfirtöku þeirra á kostnaði við húsaleigubætur eru fyrirhugaðir samningar um verkaskipti sveitarfélaga og ríkis. Eins og áður var nefnt mun endurgreiðsla ríkisins vegna húsaleigubóta í ár nema allt að 200 m.kr. Þá hefur verið fallist á að ríkið bæti sveitarfélögum upp jafngildi þess tekjuauka sem ríkið hefur af bótum þeirra sem leigja í húsnæði sveitarfélaga. Enn hefur ekki verið gengið frá verkaskiptum við samtök sveitarfélaga, en gangi þau áform eftir sem hér er lýst má gera ráð fyrir að frumvarpið, verði það að lögum, hafi ekki áhrif til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs.

363. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988 (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í fangelsum skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun, sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

2. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Í afplánunarfangelsum má starfrækja gæsluvarðhaldsdeildir. Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði í þessum kafla eiga við um afplánunarfanga.

4. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Samfélagsþjónusta,** með sex nýjum greinum, 22.–27. gr., og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (22. gr.)

Hafi maður verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir.

Þegar um refsivist er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en sex mánuðir.

Þegar hluti refsivistar er skilorðsbundinn má heildarrefsivist samkvæmt dóminum eigi vera lengri en sex mánuðir.

b. (23. gr.)

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við fangelsismálastofnun eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun refsivistar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu og þar með talið hvort líklegt er að hann geti innt hana af hendi skal fara fram athugun á persónulegum högum hans.

Þegar refsivist er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar refsivist. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar refsivist skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

c. (24. gr.)

Fangelsismálastofnun ákveður hvort refsivistardómur verði fullnustaður með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi, en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá tímafresti í 1. tölul. 1. mgr. 23. gr.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu refsivistar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

d. (25. gr.)

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti á þeim tíma, sem samfélagsþjónusta er innt af hendi, umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Enn fremur má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Áður en fullnusta á refsivist með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

e. (26. gr.)

Nú rýfur dómþoli skilyrði samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti og ákveður þá fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsivist skuli afplánuð.

Nú er dómþoli kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eftir að ákveðið er að fullnusta refsivist með samfélagsþjónustu og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að ákvörðun um fullnustu refsivistar með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsivistina.

Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er ekki alvarlegt eða ítrekað skal veita áminningu áður en ákveðið er að refsivist skuli afplánuð.

Þegar ákveðið er, skv. 1. eða 2. mgr., að refsivist skuli afplánuð skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Þegar eftirstöðvar refsivistar, sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu, eru afplánaðar er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum þannig að tími í samfélagsþjónustu teljist ekki með við útreikning á hlutfalli afplánunar.

f. (27. gr.)

Ákvörðun, sem fangelsismálastofnun tekur samkvæmt þessum kafla, sætir kæru til dómsmálaráðherra.

5. gr.

Á eftir 26. gr. laganna (sem verður 32. gr.) kemur nýr kafli, VI. kafli, **Náðunarnefnd,** með einni grein, 33. gr., og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjá varamenn, til tveggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Þá falla úr gildi lög um samfélagsþjónustu, nr. 55. 29. apríl 1994.

Jafnframt bætist nýr málsliður við 1. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117 1993, svohljóðandi: Fangar skulu þó njóta sjúkratrygginga, annarra en sjúkradagpeninga, samkvæmt almennum reglum sem um þær gilda.

Ákvæði til bráðbirgða.

Til að heimilt verði að fullnusta dóma með samfélagsþjónustu þar sem dæmd refsivist er meira en þrír mánuðir eða hluti refsivistar skilorðsbundinn þarf dómurinn að vera kveðinn upp eftir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er að meginstefnu samið í Fangelsismálastofnun að tilhlutan dómsmálaráðherra. Drög að því voru kynnt samfélagsþjónustunefnd og leitað umsagnar hennar.

Meginefni frumvarpsins er þríþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjái um og beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum, en Fangelsismálastofnun sér nú um að slík þjónusta sé veitt. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögunum sem taldar eru nauðsynlegar í kjölfar þess að gæsluvarðhaldsfangelsið við Síðumúla var lagt niður, en gæsluvarðhaldsfangar eru nú vistaðir í afplánunarfangelsum. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði laga um samfélagsþjónustu verði felld inn í lögin um fangelsi og fangavist auk þess sem lagðar eru til nokkrar efnisbreytingar á þeim ákvæðum.

II.

Hinn 25. október 1995 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd, að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra, sem falið var að fara yfir skipulag heilbrigðisþjónustu við fanga og gera tillögur um fyrirkomulag þar að lútandi. Var nefndinni m.a. ætlað að skilgreina almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu sem veita skal í fangelsum og hvernig henni verði sinnt og gera tillögu um fyrirkomulag á greiðslu lyfjakostnaðar og tannlækniskostnaðar fyrir fanga. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, landlæknis, Tryggingastofnunar ríkisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar.

Nefndin skilaði áliti í október 1996. Í niðurstöðum sínum telur nefndin mikilvægt að við framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu við fanga verði m.a. tekið tillit til athugasemda sem fram koma í skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) sem nefndin sendi ríkisstjórn Íslands í mars 1994 í framhaldi af heimsókn sinni til landsins í júlí 1993. Nefndin sagði að í þeirri skýrslu væri lögð áhersla á eftirfarandi atriði varðandi heilbrigðisþjónustu við fanga:

— að þjónusta hjúkrunarfræðinga í fangelsum verði tryggð,
— að ávallt sé einhver sem er hæfur til að veita fyrstu hjálp viðstaddur í fangelsi,
— að vernd sjúkraskýrslna og áframsending þeirra verði tryggð flytjist fangar á milli stofnana,
— að sérhver nýr fangi sé skoðaður af lækni eða hjúkrunarfræðingi sem ber ábyrgð gagnvart lækni,
— að aðgengi að læknisþjónustu án óhæfilegs dráttar sé ávallt tryggt án þess að starfsmenn fangelsa meti slíkar beiðnir,
— að fangar ættu að geta haft samband við heilbrigðisstarfsmann í trúnaði, svo sem með lokuðum bréfum,
— að geðlæknisþjónusta verði bætt,
— að störf lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og félagsráðgjafa verði samræmd umfram það sem nú er.

Að öðru leyti lagði nefndin fram eftirfarandi tillögur um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu við fanga:

1. Að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjái í samvinnu við Fangelsismálastofnun um framkvæmd heilbrigðisþjónustu við fanga innan og utan fangelsa. Í því felist m.a. að ráðuneytið greiði reksturskostnað við þjónustuna, en Fangelsismálastofnun sjái um að í fangelsum sé viðunandi aðstaða fyrir hendi til að unnt sé að sinna þjónustunni.
2. Að þeir heilbrigðisstarfsmenn sem sinni þjónustu við fanga heyri bæði faglega og fjárhagslega undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
3. Að stefnt verði að því að gerðir verði þjónustusamningar við heilsugæslustöðvar eða sjúkrahús á viðkomandi stöðum um að annast alla almenna heilbrigðisþjónustu við fanga.
4. Að föngum verði tryggð sambærileg geðheilbrigðisþjónusta og almenningur nýtur samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, þar með talinn aðgangur að geðdeildum sjúkrahúsa meðan á afplánun stendur.
5. Að tannlæknaþjónusta verði óbreytt frá því sem nú er og nánar verður gerð grein fyrir síðar.
6. Að tryggt verði að fangar eigi kost á:
   a. Almennri læknishjálp og sérfræðilæknishjálp, auk hjúkrunar.
   b. Nauðsynlegum lyfjum að mati heilbrigðisstarfsmanna. Rannsóknum og röntgengreiningu samkvæmt tilvísunum heilbrigðisstarfsmanna.
   c. Nauðsynlegri endurhæfingu, svo sem sjúkraþjálfun.
   d. Nauðsynlegri tannlæknaþjónustu.

Fangelsismálastofnun hefur sett reglur um tannviðgerðir fanga og kostnað vegna þeirra og taldi nefndin ekki ástæðu til að endurskoða þær. Í þessum reglum segir að fangar eigi rétt á að njóta tannlæknaþjónustu og að þeir eigi sjálfir að greiða fyrir þjónustuna. Ef fangi getur ekki greitt fyrir tannlæknisþjónustu af fjárhagsástæðum greiðir viðkomandi fangelsi fyrir bráðaþjónustu, t.d. vegna tannverks og ígerða. Fangi greiðir ávallt fjórðung kostnaðar vegna

tannlæknisþjónustu og skal sú greiðsla innheimt af dagpeningum og/eða vinnulaunum. Heimilt er að skipta innheimtu niður á nokkrar vikur uns skuld er að fullu greidd.

Þá segir í reglunum að heildarkostnaður vegna tannlæknisþjónustu á einu ári vegna fanga sé að hámarki 30.000 kr. Það þýðir þó ekki að fangar eigi rétt á tannviðgerðum fyrir fyrrgreinda upphæð. Loks eru í reglunum ákvæði um framkvæmdaratriði sem ekki verða rakin hér.

Í lögum eru ekki önnur ákvæði um heilbrigðisþjónustu í fangelsum en það sem fram kemur í 2. gr. laga um fangelsi og fangavist þar sem segir að Fangelsismálastofnun sjái um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestþjónusta o.s.frv.

Stefnt er að því að Fangelsismálastofnun og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gangi frá samkomulagi um breytt fyrirkomulag á heilbrigðisþjónustu í fangelsum. Í því samkomulagi verði m.a. ákvæði um að ráðuneytið sjái um og beri ábyrgð á greiðslum fyrir alla læknisþjónustu sem föngum er veitt, bæði innan og utan fangelsa. Sama gildi um hjúkrun og sjúkraþjálfun. Undantekning frá þessu er tannlæknisþjónusta, en gert er ráð fyrir að hún verði óbreytt. Loks er gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun sjái áfram um sálfræðiþjónustu við fanga.

III.

Samkvæmt 3. gr. laganna er fangelsum skipt í tvo flokka, afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi.

Vorið 1996 var gæsluvarðhaldsfangelsinu við Síðumúla lokað til reynslu í þrjá mánuði og síðan var ákveðið að loka því varanlega. Þetta var eina fangelsi landsins sem féll undir skilgreiningu laga um gæsluvarðhaldsfangelsi og voru gæsluvarðhaldsfangar almennt ekki vistaðir annars staðar. Gæsluvarðhaldsfangar eru nú vistaðir í Hegningarhúsinu í Reykjavík og á Litla-Hrauni. Í frumvarpinu eru lagðar til lágmarksbreytingar á lögum til að aðlaga þau að framangreindum veruleika. Í athugasemdum við 2. og 3. gr. frumvarpsins verða efnisbreytingarnar skýrðar.

IV.

Lög um samfélagsþjónustu, nr. 55 29. apríl 1994, öðluðust gildi 1. júlí 1995. Samkvæmt 10. gr. þeirra er lögunum markaður gildistími til 31. desember 1997.

Meginefni laganna um samfélagsþjónustu er:

a. Að heimilt er að fullnusta allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist með samfélagsþjónustu og jafngildir eins mánaðar refsivist 40 klst. samfélagsþjónustu.
b. Að skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til greina eru að dómþoli óski þess skriflega við Fangelsismálastofnun eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun, að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað og að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.
c. Að samfélagsþjónustunefnd ákveður hvort orðið verði við umsókn dómþola um samfélagsþjónustu og eru ákvarðanir nefndarinnar endanlegar. Nefndin ákveður einnig hvar og hvernig samfélagsþjónustan er innt af hendi og klukkustundafjölda samfélagsþjónustu.
d. Að Fangelsismálastofnun undirbýr málsmeðferð fyrir samfélagsþjónustunefnd og sér um skrifstofuhald fyrir nefndina.
e. Að með skilorðsrof er farið með svipuðum hætti og þegar skilyrði reynslulausnar eru rofin.

Lögin byggja á þeirri forsendu að um fyrirkomulag fullnustu á óskilorðsbundinni refsivist sé að ræða.

Í frumvarpinu er lagt til að þetta fyrirkomulag fullnustu tiltekinna óskilorðsbundinna refsivistardóma verði þróað enn frekar og að framkvæmd og fyrirkomulag fullnustu dóma með samfélagsþjónustu verði enn frekar en nú er aðlagað öðrum þáttum refsifullnustunnar.

Með vísan til áðurgreindra markmiða er lagt til að ákvæðin um samfélagsþjónustu verði í lögum um fangelsi og fangavist. Helstu breytingar að öðru leyti eru:

a. Að heimilt verði að fullnusta allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsivist með samfélagsþjónustu og að 40 klst. samfélagsþjónusta jafngildi eins mánaðar refsivist. Þegar hluti refsivistar er skilorðsbundinn megi heildarrefsivistin eigi vera lengri en sex mánuðir.
b. Að Fangelsismálastofnun taki ákvörðun um samfélagsþjónustu.
c. Að skilorðsrof verði meðhöndluð með svipuðum hætti og agaviðurlög í fangelsum.
d. Að í lögunum verði ákvæði um veitingu reynslulausnar ef hluti refsivistarinnar hefur verið fullnustaður með samfélagsþjónustu.
e. Að ákvarðanir Fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu verði kæranlegar til dómsmálaráðherra sem taki endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls, að fenginni tillögu náðunarnefndar.

Helstu rökin fyrir því að fella ákvæðin um samfélagsþjónustu inn í lögin um fangelsi og fangavist eru, eins og að framan greinir, að undirstrika að hér er um fyrirkomulag fullnustu á óskilorðsbundinni refsivist að ræða. Eðlilegt verður að telja að öll meginákvæðin um fullnustu óskilorðsbundinna refsivistardóma séu í sömu löggjöf.

Með vísan til fenginnar reynslu af samfélagsþjónustu er talið óhætt að útvíkka gildissvið samfélagsþjónustu þannig að með þeim hætti megi fullnusta allt að sex mánaða refsivist. Gera má ráð fyrir að unnt verði að fullnusta allt að þriðjung dóma þar sem dæmd refsivist er þrír til sex mánuðir með samfélagsþjónustu, þótt áfram verði látið gilda strangt mat á því hvort dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu. Gera má ráð fyrir að þessi breyting leiði til þess að fjölga dómum sem fullnustaðir eru með samfélagsþjónustu um u.þ.b. þriðjung eða um 25 dóma á ári.

Rökin fyrir þeirri tillögu að Fangelsismálastofnun taki ákvörðun um samfélagsþjónustu í stað samfélagsþjónustunefndar eru þau helst að í reynd metur nefndin aðeins það skilyrði hvort viðkomandi teljist hæfur til samfélagsþjónustu. Önnur skilyrði eru hlutlæg. Fangelsismálastofnun undirbýr tillögur til nefndarinnar um afgreiðslu mála og hefur án undantekningar verið fallist á tillögur stofnunarinnar bæði um það hvort veita eigi eða synja um samfélagsþjónustu og tillögu um vinnustað. Auk þess er það skilvirkari málsmeðferð að Fangelsismálastofnun taki þessar ákvarðanir og aukin réttarvernd felst í því að ákvarðanir um samfélagsþjónustu verði kæranlegar. Í þessu sambandi má benda á að þessar ákvarðanir eru ekki veigameiri eða flóknari en aðrar ákvarðanir er varða fullnustu dóma, svo sem um hvar afplána eigi refsingu, hvort veita eigi leyfi úr fangavist eða reynslulausn.

Lagt er til að meðferð við rofum á skilyrðum samfélagsþjónustu verði sem mest aðlöguð viðbrögðum og málsmeðferð við agabrotum í fangelsum, með þeim hætti þó að Fangelsismálastofnun fari með það ákvörðunarvald í þessu sambandi sem forstöðumenn fangelsa hafa gagnvart föngum.

Loks er lagt til að sett verði sérstök ákvæði um veitingu reynslulausna ef hluti refsivistar er fullnustaður með samfélagsþjónustu en eftirstöðvar í afplánun. Lagt er til að útreikningur á helmingi eða tveimur þriðja hluta refsitíma miðist við refsivist dómsins að frádreginni þeirri refsivist sem fullnustuð var með samfélagsþjónustu. Ef tími samfélagsþjónustu er einnig

reiknaður með við framangreindan útreikning getur það orðið hvati til rofa á skilyrðum samfélagsþjónustu.

Eins og áður er fram komið voru drög að frumvarpinu send samfélagsþjónustunefnd til umsagnar. Nefndin benti á að þó að á sínum tíma hefði verið ákveðið að skilgreina samfélagsþjónustu sem stjórnvaldsúrræði hefði í nefndaráliti allsherjarnefndar komið fram að ef þetta reyndist vel kæmi til greina að fella ákvæði um samfélagsþjónustu inn í almenn hegningarlög og fela dómstólum að ákveða hvort dæma beri mann, að fengnu samþykki hans, til samfélagsþjónustu. Afstaða löggjafans til þessa atriðis lægi ekki fyrir. Þá væri nauðsynlegt að kanna þá reynslu sem fengist hefði af úrræðinu, en nefndin taldi þó að á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og gagna mætti ætla að reynslan væri það góð að rétt væri að samfélagsþjónusta yrði fest varanlega sem hluti af refsivörslukerfinu. Í umsögn samfélagsþjónustunefndar kom að öðru leyti fram að nefndin er ekki andvíg þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum um samfélagsþjónustu í frumvarpi þessu.

V.

Eins og áður er fram komið öðluðust lögin um samfélagsþjónustu, sem samþykkt voru vorið 1994, gildi 1. júlí 1995. Verður hér gerð grein fyrir hvernig framkvæmd þeirra hefur verið háttað.

Í ársbyrjun 1995 skipaði dómsmálaráðherra samfélagsþjónustunefnd, en hlutverk hennar var annars vegar að annast undirbúning að gildistöku laganna þann 1. júlí 1995 og hins vegar, eftir þann tíma, að taka ákvörðun um hvort orðið yrði við umsóknum um samfélagsþjónustu. Fyrstu umsóknirnar um samfélagsþjónustu voru afgreiddar á fundi nefndarinnar 24. ágúst 1995 og tóku fyrstu dómþolarnir til starfa í lok þess sama mánaðar.

Dómþoli sem dæmdur er í allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist á kost á fullnustu refsivistarinnar með samfélagsþjónustu enda óski hann eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun eigi síðar en hálfum mánuði áður en afplánun átti upphaflega að hefjast. Þá má viðkomandi ekki eiga mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað. Að síðustu verður dómþoli að teljast hæfur til samfélagsþjónustu. Í lögunum um samfélagsþjónustu er ekki skýrt hvað við er átt en í athugasemdum með frumvarpi til laganna segir að með hæfni umsækjanda sé fyrst og fremst átt við að líklegt megi telja að hann geti staðið við skilyrði samfélagsþjónustu og að þetta úrræði teljist líklegt til að beina viðkomandi inn á aðrar brautir. Þar segir einnig að þegar dómþolar eigi við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða verði að meta hvort slík vandamál séu þess eðlis að dómþoli geti ekki innt samfélagsþjónustu af hendi og þá um leið staðist skilyrði hennar.

Hjá því verður ekki komist að beita að hluta til huglægu mati er hæfni umsækjanda er metin og samtvinnast það könnun á sakarferli hans. Erfiðara er að meta hvort úrræði sem þetta megi verða dómþola til uppeldislegs gildis. Verður það helst ráðið af því hvort þessir einstaklingar fái óskilorðsbundna refsivistardóma á ný, en reynslan ein kemur til með að skera úr um það atriði. Fengin reynsla er ekki næg til að draga ályktanir hvað þetta varðar.

Frá gildistöku laganna hefur í boðunarbréfum þeirra dómþola sem uppfylla hlutlæg skilyrði um fullnustu með samfélagsþjónustu verið vakin athygli á lögunum. Umsóknareyðublað er sent með boðunarbréfi auk ítarlegs upplýsingablaðs um úrræðið þar sem m.a. er lögð áhersla á umsóknarfrest dómþola.

Umsókn um fullnustu dóms með samfélagsþjónustu er send til Fangelsismálastofnunar. Stofnunin undirbýr mál til meðferðar hjá samfélagsþjónustunefnd. Undirbúningurinn felst m.a. í öflun upplýsinga um hvort dómþoli eigi mál til meðferðar í refsivörslukerfinu, könnun

á persónulegum högum hans, m.a. með viðtali við hann þar sem kannaður er vilji og möguleiki hans á því að inna samfélagsþjónustu af hendi. Með samþykki umsækjanda er frekari upplýsinga eða gagna aflað ef þurfa þykir. Má sem dæmi nefna upplýsingar frá félagsráðgjöfum, læknum, sambýlisaðila eða vinnuveitanda.

Hæfni umsækjanda er metin með hliðsjón af persónulegum aðstæðum hans og sakarferli. Sakarferillinn kann að veita vísbendingu um að eigi sé líklegt að umsækjandi standi við skilyrði samfélagsþjónustu, ekki síst ef hann hefur margsinnis afplánað refsivist. Það eitt kemur þó eigi í veg fyrir að dómþoli verði metinn hæfur þar sem aðstæður hans geta breyst. Eðli brots umsækjanda kann að skipta máli og má sem dæmi nefna að þegar dómþolar eru dæmdir fyrir fíkniefnabrot, skemmdarverk og ofbeldisbrot er farið varlega í því að mæla með samfélagsþjónustu.

Að undirbúningi loknum skilar Fangelsismálastofnun samfélagsþjónustunefnd rökstuddu áliti um hæfni umsækjanda til að inna samfélagsþjónustu af hendi og gerð er tillaga um hvers konar samfélagsþjónusta og hvaða vinnustaður komi helst til greina.

Þegar ákveðið er að fullnusta dóm með samfélagsþjónustu sér Fangelsismálastofnun um framkvæmd hennar. Aflað er yfirlýsingar dómþola um að hann vilji hlíta skilyrðum þeim sem sett eru fyrir samfélagsþjónustu. Jafnframt er honum afhent skírteini er greinir skilyrðin og hverju það varði ef þau eru rofin. Ávallt eru þau skilyrði sett að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi og að hann á þeim tíma sæti eftirliti og umsjón Fangelsismálastofnunar ríkisins. Einnig eru sett skilyrði um bann við notkun áfengis og deyfilyfja. Dómþoli á án undandráttar að vinna þau störf sem honum eru falin, tilkynna um veikindi eða aðrar ástæður fyrir því að hann mæti ekki til vinnu og skila læknisvottorði sé þess óskað. Þess er gætt að dómþoli geri sér grein fyrir afleiðingum skilorðsrofa sem m.a. geta orðið þær að dómur komi til afplánunar í fangelsi.

Þegar skilyrði fyrir samfélagsþjónustu hafa verið útskýrð og undirrituð er farið með dómþola á þann vinnustað þar sem samfélagsþjónustan skal innt á hendi. Vinnuveitanda er afhent afrit af samfélagsþjónustuskírteini dómþola. Í samráði við dómþola, vinnuveitanda eða umsjónarmann er vinnuáætlun undirbúin. Að jafnaði vinnur dómþoli einu sinni til tvisvar í viku, þrjá til sex tíma í senn og eru vikudagar fastákveðnir. Sérstök áhersla er lögð á að ekki verði vikið frá vinnuáætlun án samráðs og samþykkis Fangelsismálastofnunar. Vinnuveitandi merkir við vinnuáætlun eftir hvern vinnudag til staðfestingar á viðveru dómþola.

Fangelsismálastofnun útvegar hentuga vinnustaði fyrir samfélagsþjónustu. Það hefur reynst vandkvæðalítið og hefur þessum starfskröftum hvarvetna verið vel tekið. Fangelsismálastofnun gerir samning við vinnustaðina áður en samfélagsþjónusta hefst í fyrsta sinn. Gildir slíkur samningur tímabundið og er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila. Í samningi koma m.a. fram skyldur eftirlitsmanns í tengslum við samfélagsþjónustu. Fulltrúi Fangelsismálastofnunar kynnir vinnuveitanda og eftirlitsaðila á vinnustað úrræðið rækilega og er lögð rík áhersla á skyldur þeirra tengdar eftirliti.

Frá upphafi hefur verið miðað við að þau störf sem komi til greina séu fyrst og fremst aðstoðarstörf hjá opinberum stofnunum, stofnunum sem njóta opinberra styrkja eða félagasamtökum. Miðað er við að vinnustaðirnir geti lagt til verkefni sem ófaglærður starfsmaður geti auðveldlega sinnt. Verkefnin skiptast í tvennt, annars vegar er um að ræða hrein verkleg störf, t.d. þrif, viðhaldsvinna og innsláttur á tölvur, hins vegar umönnun og aðstoð við félagsstarf ungmenna, aldraða, geðfatlaða og annarra fatlaða.

Samningar hafa verið gerðir við eftirtalda 15 vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu sem allir hafa haft menn í samfélagsþjónustu: ABC hjálparstarf, Alnæmissamtökin, Geðhjálp, Handknattleiksdeild Breiðabliks, Handknattleiksdeild Kópavogs, Hjálpræðisherinn, Íþróttafélag

fatlaðra, Íþróttafélagið Fylki, Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar, Kattavinafélagið, Knattspyrnufélag Hauka, Knattspyrnufélagið Val, Knattspyrnufélagið Víking, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Reykjavíkurdeild RKÍ en innan þeirra vébanda eru fjölmargir vinnustaðir svo sem Nytjamarkaður RKÍ, heimili fyrir aldraða með alzheimer og Vin, félagsheimili fyrir geðfatlaða.

Þess má geta að nokkrum dómþolum hefur verið boðin vinna að samfélagsþjónustu lokinni og einnig eru dæmi þess að þeir haldi áfram í sjálfboðavinnu.

Fangelsismálastofnun fer með yfirumsjón eftirlits. Eftirlitið getur verið þrískipt, þ.e. eftirlit umsjónarmanns á vinnustaðnum sjálfum, en sá starfar oftast með dómþolanum, eftirlit vinnuveitanda ef hann er annar, en það er algengast, og eftirlit Fangelsismálastofnunar.

Eftirlit Fangelsismálastofnunar fer fram með samskiptum við umsjónarmann, vinnuveitanda og dómþola sjálfan í gegnum síma en einnig með reglubundnum ótilkynntum heimsóknum á vinnustaði eins oft og þurfa þykir. Sem dæmi um fjölda heimsókna á vinnustað má nefna dómþola sem hlotið hefur 30 daga refsivistardóm sem jafngildir 40 klst. samfélagsþjónustu á tveimur mánuðum. Eftir að farið var með dómþola á vinnustað í fyrsta sinn er hann heimsóttur tvisvar til þrisvar sinnum yfir tímabilið. Þess á milli fara samskipti fram í gegnum síma með reglubundnu millibili.

Vinnuveitanda ber samkvæmt samningi við Fangelsismálastofnun skylda til að tilkynna án tafar ef samfélagsþjónn stendur ekki við skilyrði samfélagsþjónustu.

Umsækjendur um samfélagsþjónustu sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins hafa verið nokkrir. Vegna fjarlægðar hefur sjaldnast verið unnt að taka af þeim persónuskýrslu nema í gegnum síma. Í þeim tilvikum fer persónukönnun einnig fram með samtölum við þá sem þekkja til umsækjanda, t.d. lögreglu á staðum og félagsmálafulltrúa.

Samfélagsþjónusta utan höfuðborgarsvæðisins hefur því nær undantekningarlaust verið á vegum viðkomandi sveitarfélags og falist aðallega í viðhaldsvinnu og þrifum. Einnig hefur verið sinnt umönnun við þroskahefta.

Fulltrúi Fangelsismálastofnunar fer á staðinn í fyrsta sinn þegar umsókn dómþola hefur verið samþykkt, kannar aðstæður og kynnir úrræðið rækilega fyrir viðkomandi aðilum. Þetta hefur gefist vel og er áhrifameira og virkara en bréfaskriftir og útskýringar í síma. Lögregla á viðkomandi stað hefur yfirleitt verið fengin til að sinna eftirliti. Skapar þessi leið mun meira aðhald og fylgist Fangelsismálastofnun með gangi mála með samtölum við lögreglu og umsjónarmann.

Samningar hafa verið gerðir við eftirtalin sveitarfélög: Akureyri, Akranesbæ, Aðaldælahrepp, Bolungarvík, Dalvík, Flateyri, Grindavík, Hólmavík, Reykjanesbæ, Sauðárkrók, Snæfellsbæ og Stokkseyri.

Um áhrif skilorðsrofa er fjallað í 8. gr. laga um samfélagsþjónustu. Í 1. mgr. 8. gr. er fjallað um skilorðsrof vegna nýs afbrots dómþola á samfélagsþjónustutímabili. Kemur það í hlut dómstóla að dæma upp eftirstöðvar samfélagsþjónustu, ásamt viðurlögum við hinu nýja broti, þannig að eftirstöðvar samfélagsþjónustu verði virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. fjallar Fangelsismálastofnun um önnur skilorðsrof en þau að dómþoli fremur nýtt afbrot, svo sem ef hann fremur ótvírætt brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni. Hér er oftast um að ræða rof á skilyrðum þeim er fram koma í samfélagsþjónustuskírteini og varða tilkynningarskyldu ef dómþoli getur ekki mætt til vinnu, svo og skilyrði um áfengisbindindi. Fangelsismálastofnun hefur metið hvert tilvik fyrir sig og eðli skilorðsrofs. Að sjálfsögðu er dómþola gefinn kostur á að tjá sig um skilorðsrofið og hugsanlega er munnleg áminning látin nægja, t.d. ef dómþoli mætir í eitt skipti of

seint til vinnu. Algengast er að dómþola sé veitt skrifleg áminning og er hún þá eins konar viðvörun um að ítrekað skilorðsrof kunni að leiða til þess að honum verði gert að afplána eftirstöðvar refsingar sinnar. Í flestum tilvikum hefur skrifleg áminning fyrirbyggt frekari skilorðsrof.

Árið 1996 bárust 70 umsóknir um samfélagsþjónustu, 46 voru samþykktar en 16 synjað. Tveir dómþolar afturkölluðu umsókn sína. Í einu tilviki neitaði umsækjandi að fallast á skilyrði um meðferð og afplánaði hann refsingu dómsins í fangelsi. Einn dómþoli óskaði eftir endurupptöku máls fyrir samfélagsþjónustunefnd. Eigi var lokið afgreiðslu fjögurra umsókna og voru þær afgreiddar á árinu 1997. Alls luku 50 dómþolar, sem samþykktir voru á árunum 1995 og 1996, samfélagsþjónustu á árinu 1996.

Í maí 1997 höfðu borist 132 umsóknir um samfélagsþjónustu frá upphafi. Samþykktar umsóknir hafa verið alls 84, þar af 17 þar sem dómþolar bjuggu utan höfuðborgarsvæðis. Viðbótarskilyrði um áfengismeðferð hafa verið sett í 9 tilvikum. Alls hafa 66 dómþolar lokið samfélagsþjónustu frá upphafi.

Frá upphafi hefur 39 umsækjendum verið synjað um samfélagsþjónustu. Þar af var 13 synjað þar sem umsókn barst of seint, sjö vegna vanhæfni, níu þar sem umsækjendur áttu óafgreidd mál í refsivörslukerfinu, tveimur þar sem tildæmd refsing var þyngri en þrír mánuðir, sex þar sem hluti refsingar var skilorðsbundinn, einni þar sem óskað var eftir samfélagsþjónustu í stað vararefsingar og einni var synjað vegna almannahagsmuna. Dómþolar hafa sjálfir afturkallað sex umsóknir.

Skilorðsrof hafa frá upphafi verið sex. Einn dómþoli rauf skilyrði á árinu 1995, tveir á árinu 1996 og þrír hafa rofið skilyrði á fyrstu fimm mánuðum ársins 1997. Dómþolum þessum var gert að afplána eftirstöðvar tildæmdrar refsingar, en í fimm tilvikum hafði þeim fyrr á samfélagsþjónustutímabilinu verið veitt skrifleg áminning og gerð grein fyrir afleiðingum af ítrekuðum skilorðsrofum. Auk þessa hafa skriflegar áminningar verið veittar í sjö tilvikum án þess að til frekari afskipta hafi komið.

Í 95% tilvika þar sem dómþolar sækja um samfélagsþjónustu er um að ræða umsóknir frá dómþolum sem brotið hafa gegn ákvæðum umferðarlaga, oftast vegna ítrekaðs ölvunar- eða sviptingaraksturs. Hin 5% skiptast á milli þeirra er hlotið hafa dóma fyrir auðgunarbrot, ofbeldisbrot eða önnur sérgreind brot. Flestir eru að hljóta sinn fyrsta óskilorðsbundna refsivistardóm eða í 77% tilvika, aðrir hafa afplánað refsivist áður, einu sinni eða oftar. Flestir dómar sem fullnustaðir eru með samfélagsþjónustu eru 30 daga varðhaldsdómar.

Algengast er að þeir sem gegna samfélagsþjónustu séu á aldrinum 21–35 ára en þó hafa margir verið komnir yfir þennan aldur.

Þá hafa sex dómþolar, sem lokið höfðu samfélagsþjónustu áður, óskað eftir samfélagsþjónustu á ný eftir að hafa hlotið annan dóm vegna sambærilegra brota. Voru þrír þeirra samþykktir af samfélagsþjónustunefnd en brot þeirra voru ekki framin á fyrra samfélagsþjónustutímabili.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. tölul. 2. gr. laganna segir að Fangelsismálastofnun skuli sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestsþjónusta o.s.frv. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er eitt af markmiðum þess að flytja ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum frá Fangelsismálastofnun til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Lagt er til í a-lið að þau dæmi sem tilgreind eru í 5. tölul. 2. gr. laganna verði felld niður. Auk heilbrigðisþjónustu er prestsþjónusta þar tilgreind. Í 12. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62/1990, segir að við fangelsi landsins skuli starfa prestur (prestar) er hafi sérmenntun til starfans og í 1. mgr. 44. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, sem leysir framangreint ákvæði af hólmi 1. janúar 1998, segir að þar sem almennri prestsþjónustu verði ekki við komið m.a. í fangelsum, skuli kalla til presta sem að jafnaði hafi sérmenntun til starfans. Með vísan til þessa þykir ástæðulaust að hafa tilvísun til prestsþjónustu í töluliðnum.

Í b-lið er lagt til að lögfest verði að fangar skuli njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um og að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjái um og beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum. Gert er ráð fyrir að Fangelsismálastofnun sjái um að í fangelsum sé fyrir hendi viðunandi aðstaða fyrir heilbrigðisþjónustu við fanga. Með tilvísun til sérstakra laga og reglna um heilbrigðisþjónustu við fanga er m.a. átt við ákvæði í V. kafla reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist nr. 179/1992, sbr. rgl. nr. 259/1995, og önnur sambærileg ákvæði sem annaðhvort byggjast á settum reglum, öðrum fyrirmælum eða langvarandi venju.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. gr. laganna skiptast fangelsi í tvo flokka, þ.e. afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi. Eftir að fangelsið að Síðumúla 28 í Reykjavík var lagt niður er ekkert fangelsi sem fellur undir skilgreiningu laganna um gæsluvarðhaldsfangelsi.

Þegar fangelsið að Síðumúla 28 var lagt niður var ákveðið að taka sérstaka deild á Litla-Hrauni undir gæsluvarðhald, auk þess sem gæsluvarðhaldsfangar eru vistaðir meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg. Þá eru tveir fangaklefar í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg notaðir til að einangra gæsluvarðhaldsfanga. Þegar konur eru í gæsluvarðhaldi og einangrun er ekki nauðsynleg eru þær vistaðar í fangelsinu að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi.

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laganna er heimilt að vista gæsluvarðhaldsfanga í afplánunarfangelsum ef einangrun telst ekki nauðsynleg. Með vísan til þess fyrirkomulags sem rakið er að framan er lagt til að þessari málsgrein verði breytt þannig að í afplánunarfangelsum megi starfrækja gæsluvarðhaldsdeildir og að sérstakt ákvæði komi þar sem segir að gæsluvarðhaldsfanga megi vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Um 3. gr.

Í 7. gr. laganna segir að ákvæði III. kafla þeirra gildi um þá sem vistaðir eru í afplánunarfangelsum.

Eftir að farið var að vista gæsluvarðhaldsfanga í afplánunarfangelsum er nauðsynlegt að það sé áfram skýrt að ekki er ætlast til að ákvæði III. kafla gildi um aðra en afplánunarfanga. Um réttarstöðu gæsluvarðhaldsfanga er fjallað í lögum um meðferð opinberra mála og reglugerð um gæsluvarðhaldsvist.

Um 4. gr.

Í almennum athugasemdum er gerð grein fyrir ástæðum þess að lagt er til að ákvæði um samfélagsþjónustu verði í lögum um fangelsi og fangavist.

Um a-lið (22. gr.).

Í greininni eru lagðar til þrjár breytingar frá ákvæðum 1. gr. laga um samfélagsþjónustu. Í fyrsta lagi að heimilt verði að fullnusta allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsivist með

ólaunaðri samfélagsþjónustu, en nú er hámarkið þriggja mánaða refsivist. Af þessari tillögu leiðir að hámarks klukkustundafjöldi samfélagsþjónustu er hækkaður úr 120 klst. í 240 klst. Þá er lagt til að þegar hluti refsivistar er skilorðsbundinn megi fullnusta óskilorðsbundna hlutann með samfélagsþjónustu, enda sé heildarrefsivistin, þ.e. skilorðsbundni og óskilorðsbundni hlutinn saman, ekki lengri en sex mánuðir.

Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af samfélagsþjónustu er talið óhætt að leggja til að útvíkka gildissviðið þannig að heimilt verði að fullnusta allt að sex mánaða refsivist með þessum hætti. Um 40% dóma þar sem dæmd refsivist er þrír mánuðir eða styttri eru nú fullnustaðir með samfélagsþjónustu. Gert er ráð fyrir að um 25% dóma þar sem dæmd refsivist er meira en þriggja mánaða refsivist og að sex mánuðum eða hluti refsivistar er skilorðsbundinn verði fullnustaðir með samfélagsþjónustu. Miðað við fjölda dóma þar sem dæmd refsivist var lengri en þrír mánuðir og að sex mánuðum sem bárust til fullnustu árið 1996 má gera ráð fyrir að hér sé um 25 dóma að ræða.

Um b-lið (23. gr.).

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er samhljóða 1. mgr. 2. gr. laga um samfélagsþjónustu. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. sömu greinar, en tekið hefur verið tillit til þess að ekki er lengur gert ráð fyrir að samfélagsþjónustunefnd taki ákvörðun um samfélagsþjónustu. Ákvæði 3. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. laga um samfélagsþjónustu. Lagt er til að ótvírætt verði að 40 klst. samfélagsþjónusta komi í stað refsivistar í einn mánuð.

Um c-lið (24. gr.).

Samkvæmt 5. gr. laga um samfélagsþjónustu tekur samfélagsþjónustunefnd ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um fullnustu dóms með samfélagsþjónustu og um önnur atriði sem tengjast þeirri ákvörðun. Lagt er til að samfélagþjónustunefnd verði lögð niður og Fangelsismálastofnun taki þær ákvarðanir sem samfélagsþjónustunefnd tekur nú. Um rökstuðning fyrir þessari ákvörðun er vísað til almennra athugasemda hér að framan. Ákvæði 2. og 3. mgr. greinarinnar eru efnislega samhljóða 7. gr. laga um samfélagsþjónustu.

Um d-lið (25. gr.).

1. og 2. mgr. greinarinnar eru samhljóða ákvæðum 4. gr. laga um samfélagsþjónustu og ákvæði 3. mgr. eru efnislega samhljóða 3. mgr. 3. gr.

Um e-lið (26. gr.).

Í 8. gr. laga um samfélagsþjónustu er fjallað um rof á skilyrðum um samfélagsþjónustu. Þau ákvæði eru efnislega samhljóða ákvæðum 42. gr. almennra hegningarlaga um rof á skilyrðum reynslulausnar.

Þegar fangar brjóta reglur fangelsis telst það agabrot í fangavistinni og er með þau mál farið samkvæmt núgildandi 26. gr. laga um fangelsi og fangavist.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er eitt af markmiðum þess að aðlaga fullnustu óskilorðsbundinna refsivistardóma með samfélagsþjónustu sem mest annarri fullnustu slíkra dóma. Til samræmis við það er lagt til í greininni að brot á reglum um samfélagsþjónustu verði meðhöndluð sem líkast því þegar um agabrot í fangelsi er að ræða.

Í 1. mgr. er lagt til að þegar dómþoli rjúfi skilyrði samfélagsþjónustu eða sinni henni ekki með fullnægjandi hætti ákveði Fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar verði breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsivist skuli afplánuð. Til að uppeldislegum markmiðum samfélagsþjónustu verði náð er nauðsynlegt að takast þegar á við brot á reglum um samfélagsþjónustu þannig að dómþola verði ljóst að honum beri að inna samfélagsþjónustuna af hendi af samviskusemi og trúmennsku.

Í 2. mgr. eru ákvæði um viðbrögð við því er samfélagsþjónn gerist sekur um refsiverðan verknað eftir að ákveðið er að fullnusta refsivist með samfélagsþjónustu og um leið og hún er innt af hendi. Lagt er til að í slíkum tilvikum geti Fangelsismálastofnun ákveðið að afturkalla ákvörðun um fullnustu refsivistar með samfélagþjónustu og að dómþoli afpláni refsivistina. Forsendur samfélagsþjónustu eru brostnar ef dómþoli fremur refsiverðan verknað eftir að ákvörðun þar um hefur verið tekin og óásættanlegt er að hann haldi samfélagsþjónustunni áfram í slíkum tilvikum. Þá er ekki hægt að ætlast til að vinnustaðir séu tilbúnir að hafa samfélagsþjón áfram í starfi við slíkar aðstæður.

Í 3. mgr. er lagt til að þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint brot er ekki alvarlegt eða ekki ítrekað skuli veita áminningu áður en ákveðið er að refsivist skuli afplánuð. Sem dæmi um tilvik er ekki teldist alvarlegt rof á skilyrðum gæti verið að samfélagsþjónn komi nokkrum mínútum of seint til vinnu. Með smávægilegu afbroti er t.d. átt við kæru fyrir hraðakstur eða að umferðarréttur hafi ekki verið virtur.

Í 4. mgr. er lagt til að þegar ákveðið er að refsivist skuli afplánuð vegna rofa á skilyrðum samfélagsþjónustu eða vegna refsiverðs verknaðar skuli reikna tímalengd refsivistar út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi. Þetta þýðir að hafi t.d. verið ákveðið að fullnusta þriggja mánaða refsivist með 120 klst. samfélagsþjónustu og eftir að samfélagsþjónn hafi innt 40 klst. samfélagsþjónustu af hendi er ákveðið að eftirstöðvar skuli afplánaðar í fangelsi, eigi hann eftir að afplána tvo mánuði, þ.e. tvo þriðju hluta refsivistarinnar.

Loks er í 5. mgr. lagt til að þegar eftirstöðvar refsivistar, sem að hluta til var fullnustuð með samfélagsþjónustu, eru afplánaðar verði heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum með þeim hætti að tími í samfélagsþjónustu teljist ekki með við útreikning á hlutfalli afplánunar. Sem dæmi má taka að hafi verið ákveðið að fullnusta sex mánaða refsivist með 240 klst. samfélagsþjónustu og dómþoli rjúfi skilyrðin eftir að hafa innt þriðjung hennar ef hendi, eða 80 klst., eigi eftir að fullnusta fjóra mánuði af refsivistinni. Í fyrsta lagi er lagt til að í slíkum tilvikum verði heimilt að veita dómþola reynslulausn og í öðru lagi að við útreikning á helmingi eða tveimur þriðju hlutum refsivistarinnar skuli miða við fjögurra mánaða eftirstöðvarnar en ekki upphaflegu refsingu dómsins.

Um f-lið (27. gr.).

Ákvarðanir sem Fangelsismálastofnun tekur um samfélagsþjónustu má kæra til dómsmálaráðherra samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar. Lagt er til að náðunarnefnd sem nú starfar samkvæmt reglugerð um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, láti ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu erinda sem til hans verður skotið, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Eðlilegt þykir að ákvæði um náðunarnefnd verði lögfest og auk þess ákvæði um að nefndin láti ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar Fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

Um 6. gr.

Lagt er til að ákvæði frumvarpsins öðlist gildi sem lög 1. janúar 1998. Þar sem lög um samfélagsþjónustu, nr. 55/1994, falla úr gildi 31. desember 1997 þarf fyrir þann tíma að taka afstöðu til þess hvort viðhalda eigi samfélagsþjónustu sem lið í íslenskri refsifullnustu.

Lögð er til breyting á 51. gr. laga um almannatryggingar þannig að skýrt sé kveðið á um að fangar séu sjúkratryggðir samkvæmt almennum reglum um sjúkratryggingar. Undanþegnar

eru þó greiðslur sjúkradagpeninga þar sem forsendur fyrir greiðslu þeirra eru ekki fyrir hendi er einstaklingur dvelur í fangelsi. Í 51. gr almannatryggingalaga segir að sé bótaþegi samkvæmt lögunum dæmdur til fangelsisvistar falli niður allar bætur til hans meðan hún varir. Ákvæðið hefur verið túlkað og framkvæmt þannig að fangar falli þar með utan sjúkratryggginga Tryggingastofnunar ríkisins. Með breytingunni er komið til móts við þau sjónarmið að forðast beri hvers konar mismunun gagnvart föngum jafnframt því sem framkvæmd verður einfaldari með þessu fyrirkomulagi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988.

Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að heilbrigðisþjónustu við fanga verði sinnt af heilbrigðisráðuneytinu en að Fangelsismálastofnun beri ekki ábyrgð á henni eins og nú er. Í öðru lagi er verið að laga ákvæði laga að lokun Síðumúlafangelsins en gæsluvarðhaldsfangar eru nú vistaðir í afplánunarfangelsum. Í þriðja lagi eru lög nr. 55/1994, um samfélagsþjónustu, felld inn í lög um fangelsi og fangavist, þó með nokkrum breytingum. Að lokum er gert ráð fyrir að tryggt sé að fangar séu sjúkratryggðir.

Umsögn þessi er unnin í samráði við dómsmálaráðuneyti og fangelsismálastjóra. Að mati fjármálaráðuneytis munu eftirtaldir þættir hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Kostnaður við heilbrigðisþjónustu fanga sem er 10–15 m.kr. mun haldast óbreyttur en útgjöldin munu færast til heilbrigðisráðuneytis. Framlag til Fangelsismálastofnunar lækkar sem því nemur.
2. Samkvæmt frumvarpinu verður fanga heimilt að fullnusta allt að sex mánaða refsivist í stað þriggja mánaða nú. Gert er ráð fyrir að umsóknum um samfélagsþjónustu muni fjölga um 50 á ári en af þeim má reikna með að dómum sem fullnustaðir eru með samfélagsþjónustu fjölgi um 25–30 og jafngildir það um fimm fangarýmum. Breytilegur kostnaður við fanga á dag er um 730 þús. kr. á ári og fækkun um fimm fangarými þýðir um 3,6 m.kr. útgjaldalækkun á ári. Þeir fangar sem líklegir eru til að fá heimild til að afplána refsingu með samfélagsþjónustu hefðu að óbreyttu afplánað hluta refsingar sinnar hjá Vernd en ríkissjóður greiðir ekki þann kostnað heldur greiða fangarnir hann sjálfir. Sem stendur er ekki bið eftir afplánun en reynsla undanfarinna ára gefur til kynna að framangreind fangarými muni verða nýtt. Því er talið að lítils háttar sparnaður verði af þessari breytingu til að byrja með.
3. Samfélagsþjónustunefnd verður lögð niður en árlegur kostnaður af henni hefur verið u.þ.b. 0,7 m.kr. Í stað þess er gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun sjái alfarið um undirbúning mála og eftirlit. Sé tekið mið af núverandi fjölda vinnustunda við undirbúning mála, gerð samninga við vinnustaði, eftirlit o.fl. má ætla að vinna aukist sem nemur u.þ.b. hálfu starfi hjá Fangelsismálastofnun, eða um 1,2 m.kr. Ákvörðunum Fangelsismálastofnunar má áfrýja til náðunarnefndar en talið er að það auki vinnu hennar nokkuð, eða sem nemur 0,2–0,3 m.kr. Alls hafa framangreindar breytingar því í för með sér um 0,7–0,8 m.kr. kostnaðarauka.

4. Í 1. mgr. 51.gr. laga um almannatryggingar er ákvæði um að sé bótaþegi dæmdur til fangelsisvistar skuli allar bætur til hans falla niður. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við þetta ákvæði bætist að fangar skuli þó njóta sjúkratrygginga samkvæmt almennum reglum sem um þær gilda. Tryggingastofnun hefur endursent reikninga, einkum frá sérfræðingum, á þeirri forsendu að fangar séu ekki sjúkratryggðir. Fangelsismálastofnun og fangelsin hafa í þeim tilvikum greitt viðkomandi reikninga. Með því að fangar verði sjúkratryggðir færist greiðsluskyldan yfir til Tryggingastofnunar frá Fangelsismálastofnun. Enginn kostnaðarauki er því samfara fyrir ríkissjóð en fjárveitingin færist yfir til heilbrigðisráðuneytis, sbr. 1. lið. Kostnaður er breytilegur en er á bilinu 0,3–0,5 m.kr. árlega.

Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarp þetta óbreytt að lögum muni útgjöld ríkissjóðs verða að mestu óbreytt. Talið er að rekstrarkostnaður fangelsa muni lækka til að byrja með sem vegur upp kostnað af aukinni vinnu hjá Fangelsismálastofnun.

364. Frumvarp til laga [292. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arason, Beata Dorota, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1971 í Póllandi.
2. Barriga, Rosemarie Penas, húsmóðir í Reykjavík, f. 17. október 1972 á Filippseyjum.
3. Beccard, Denise Rosemary, fiskvinnslukona á Tálknafirði, f. 16. desember 1965 á Nýja-Sjálandi.
4. Binatero, Ursulina Lorejas, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 7. apríl 1959 á Filippseyjum.
5. Brainard, Charles Jón, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. 24. febrúar 1958 í Hafnarhreppi.
6. Burrel, Carl Ólafur, verkamaður í Reykjavík, f. 31. desember 1970 í Bandaríkjunum.
7. Dumas, Genevieve Sophie Marie, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. júní 1947 í Frakklandi.
8. Egan, Brad Alexander, stýrimaður á Flateyri, f. 16. september 1968 í Suður-Afríku.
9. Elísson, Elzbieta Krystyna, húsmóðir í Grundarfirði, f. 1. janúar 1955 í Póllandi.
10. Engels, Anne Margarete, iðnverkamaður á Blönduósi, f. 12. desember 1960 í Þýskalandi.
11. Golden, Thomas Patrick, matreiðslumaður í Neskaupstað, f. 8. apríl 1934 í Englandi.
12. Harris, Valerie Jaqueline, iðjuþjálfi í Reykjavík, f. 16. janúar 1968 í Bretlandi.
13. Juliussen, Anna Karin, félagsráðgjafi í Reykjavík, f. 1. maí 1946 í Reykjavík.
14. Larsen, Finnur Heimir, múrari í Reykjavík, f. 6. nóvember 1970 í Reykjavík.
15. Lumpa, Yupin, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. október 1959 í Tælandi.
16. Marina Mia Alexandra Loftsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 10. september 1979 í Frakklandi.
17. Möller, Katrín, barn í Mosfellsbæ, f. 26. nóvember 1989 í Reykjavík.
18. Möller, Marteinn, barn í Mosfellsbæ, f. 2. nóvember 1993 í Reykjavík.
19. Pardo Pardo, Juan Carlos, verkamaður í Reykjavík, f. 21. apríl 1957 í Chile.
20. Passaro, Leonardo Claudio, verslunarmaður á Siglufirði, f. 4. apríl 1950 á Ítalíu.

21. Saithong, Wilaiwan, fiskvinnslukona í Vestmannaeyjum, f. 30. maí 1964 í Tælandi.
22. Symons, Michael William, sjómaður á Tálknafirði, f. 6. júní 1964 á Nýja-Sjálandi.
23. Sörensen, Valgarð Þórarinn, sölumaður á Selfossi, f. 11. desember 1973 á Selfossi.
24. Wilkins, Laurie Ann, nemi í Reykjavík, f. 30. október 1980 í Bandaríkjunum.
25. Yecyec, Christina Silod, fiskvinnslukona á Skagaströnd, f. 14. apríl 1971 á Filippseyjum.
26. Zahniser, Davíð Páll, nemi í Reykjavík, f. 22. maí 1974 í Reykjavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum samkvæmt reglum Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar sem settar voru af allsherjarnefnd Alþingis 21. febrúar 1995.

Frumvarp þetta er fyrra frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á 122. löggjafarþingi.

365. Fyrirspurn [293. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um vistunarvanda aldraðra.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Hvert á að flytja núverandi starfsemi Vífilsstaðaspítala ef leysa á vanda aldraðra, sem þurfa á vist á hjúkrunarstofnun að halda, á Vífilsstaðaspítala, svo sem ráðherra upplýsti á Alþingi þann 17. nóvember sl.?
2. Hvenær er sá flutningur fyrirhugaður og hvenær verður Vífilsstaðaspítali rýmdur?
3. Hversu mörg hjúkrunarrými bætast við þegar Vífilsstaðaspítali verður gerður að hjúkrunarstofnun?
4. Hvað bíða margir aldraðir nú eftir vistun á hjúkrunarstofnun?
5. Hversu margir þeirra bíða á bráðadeildum sjúkrahúsanna?
6. Hversu margir þeirra bíða í heimahúsum?

Skriflegt svar óskast.

366. Fyrirspurn [294. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um afkomu elli- og örorkulífeyrisþega.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

Hvaða áhrif hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið gerðar á lögum um almannatryggingar á tímabilinu 1. september 1995 til 1. september 1997 haft á afkomu elli- og örorkulífeyrisþega?

Óskað er eftir sundurliðun á breytingunum, annars vegar á þeim sem hafa hækkað eða bætt rauntekjur lífeyrisþega og hins vegar á þeim sem hafa skert rauntekjur þeirra og um hvað mikið.

Skriflegt svar óskast.

367. Fyrirspurn [295. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um uppsagnir sérfræðilækna.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að breyta lögum eða reglum á þann veg að elli- og örorkulífeyrisþegar fái endurgreidda þá hækkun á sérfræðilækniskostnaði sem orðið hefur vegna uppsagna sérfræðilækna í störfum fyrir Tryggingastofnun ríkisins?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hægt verði að draga umrædda hækkun sérfræðilækniskostnaðar frá skatti?

368. Fyrirspurn [296. mál]

til utanríkisráðherra um minnismerki um breska sjómenn á Vestfjörðum.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hver hafa verið afskipti ráðuneytisins eða annarra stjórnvalda í tengslum við hugmynd Egils Ólafssonar á Hnjóti um að reisa minnismerki um drukknaða breska sjómenn að Hnjóti?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fyrrgreint minnismerki verði reist að Hnjóti eða mun hann leggja því lið að minnismerkið verði reist á Patreksfirði?

369. Fyrirspurn [297. mál]

til utanríkisráðherra um kostnað við endurbætur á bústað sendiherra Íslands í Washington.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hver verður heildarkostnaður við viðhald og endurbætur á bústað sendiherra Íslands í Washington og hvernig er stjórn verksins háttað?
2. Hver var upphafleg kostnaðaráætlun (sundurliðuð)? Voru aðrir kostir íhugaðir þegar þörf þótti á endurbótum, svo sem kaup eða leiga á nýju húsnæði?

3. Hver verður sundurliðaður heildarkostnaður við endurbæturnar, þar með talið við hönnun, stjórnun og eftirlit? Hver er sundurliðaður kostnaður af ráðgjöf og hlutdeild íslenskra aðila í verkinu, ef einhver er?

Skriflegt svar óskast.

370. Fyrirspurn [298. mál]

til utanríkisráðherra um kostnað við nýbyggingu sendiráðs Íslands í Berlín.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hver verður heildarkostnaður við nýbyggingu sendiráðs Íslands í Berlín? Verður hann í samræmi við fyrstu drög að kostnaðaráætlun, þ.e. 290 millj. kr., sbr. athugasemdir við fjárlagafrumvarp 1997?
2. Hvernig vindur verkinu fram og hvenær eru verklok áætluð? Gengur verkið samkvæmt áætlun?
3. Hverjir eru helstu kostnaðarliðir (sundurliðaðir)?
4. Hvernig er háttað hönnun, stjórnun og eftirliti og hver er kostnaðurinn?
5. Hver er sundurliðaður kostnaður af hlutdeild og framlagi íslenskra aðila í verkinu, ef einhver er?

Skriflegt svar óskast.

371. Fyrirspurn [299. mál]

til forsætisráðherra um afskipti ríkisstjórnar af gjaldskrárbreytingum Pósts og síma hf.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Var ríkisstjórninni kynnt fyrir fram sú fyrirætlun samgönguráðherra að staðfesta nýja gjaldskrá Pósts og síma hf. sem tók gildi 1. nóvember sl.?
2. Ef svo var, gerði ríkisstjórnin engar athugasemdir við þær fyrirætlanir og lagði þar með blessun sína yfir þá gjaldskrárbreytingu?
3. Ef svo var ekki, telur ráðherra þá eðlilegt að stórmál af þessum toga, er snertir verulega útgjöld heimilanna, sé til lykta leitt án atbeina ríkisstjórnarinnar?
4. Hafði ráðherra engar upplýsingar um það fyrir fram að þessar umtalsverðu gjaldskrárbreytingar væru í aðsigi?
5. Kom ráðherra jafnmikið á óvart og öðrum landsmönnum sú stórfellda hækkun símkostnaðar sem ákvörðun samgönguráðherra og stjórnar Pósts og síma hf. leiddi af sér þegar hún var tilkynnt fjölmiðlum, sbr. síðari afskipti ráðherra af málinu?

372. Nefndarálit [256. mál]

um till. til þál. um Goethe-stofnunina í Reykjavík.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson ráðuneytisstjóra og Guðna Bragason frá utanríkisráðuneytinu.

Ríkisstjórnin hefur haft samband við þýsk stjórnvöld í því skyni að fá þau til að endurskoða ákvörðun um að loka Goethe-stofnuninni í Reykjavík. Meðal annars hefur utanríkisráðherra sent hinum þýska starfsbróður sínum bréf þar að lútandi. Nefndin styður þessi tilmæli ríkisstjórnarinnar. Breytingartillaga nefndarinnar lýtur að orðalagi en er ekki efnisleg.

Gunnlaugur M. Sigmundsson gerir fyrirvara um málið sem felst í því að hann telur eðlilegt að á sama tíma og íslensk stjórnvöld þrýsta á um að þýsk stjórnvöld haldi áfram rekstri Goethe-stofnunar í Reykjavík lýsi þau sig jafnframt reiðubúin til að taka þátt í þeim kostnaði sem af því hlýst.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. nóv. 1997.

Geir H. Haarde, form.	Tómas Ingi Olrich, frsm.	Össur Skarphéðinsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.
Svavar Gestsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson, með fyrirvara.	Kristín Ástgeirsdóttir.

373. Breytingartillaga [256. mál]

við till. til þál. um Goethe-stofnunina í Reykjavík.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, með hliðsjón af hinum góðu samskiptum Íslands og Þýskalands, að lýsa yfir stuðningi við þau tilmæli ríkisstjórnarinnar til þýskra stjórnvalda að tryggja að Goethe-stofnunin í Reykjavík verði starfrækt áfram.

Jafnframt hvetur Alþingi ríkisstjórnina til að stuðla að því að af Íslands hálfu verði aukin kynning á íslenskri menningu í Þýskalandi.

374. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um blóðbankaþjónustu við þjóðarvá.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Svavar Gestsson, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Árni R. Árnason, Guðný Guðbjörnsdóttir, Magnús Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að leggja fram tillögur um hvernig öryggi blóðbankaþjónustu skuli tryggt við stórslys og við þjóðarvá. Nefndin skal skipuð fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Blóðbankans, Almannavarna ríkisins, landlæknisembættisins, hjálparsveita og Rauða krossins.

Greinargerð.

Engar skýrar reglur eru til um nauðsynlegar forsendur fyrir því að öryggi blóðbankaþjónustu sé tryggt þegar stórfellt áfall ber að höndum, við þjóðarvá. Brýnt er að settar verði lágmarksreglur þar að lútandi þar sem mikils magns blóðhluta getur orðið þörf á skömmum tíma við þjóðarvá og hópslys, t.d. flugslys.

Í hópslysanefnd Almannavarna ríkisins var fyrir nokkrum árum vakin athygli á því að kanna þyrfti nauðsyn sérstakra ráðstafana í hópslysatilfellum þar sem verulegur hluti skráðra blóðgjafa kæmi úr röðum þeirra sem yrðu kallaðir út í slíkum tilfellum, svo sem lögreglu-, slökkviliðs- og björgunarsveitarmanna. Í framhaldi af því var samin á vegum hópslysanefndar greinargerð um hópslysablóðgjafir sem miðuðust við Reykjavík og nágrenni. Nýleg björgunaræfing, Samvörður '97, beindi augum manna að nauðsyn og lykilhlutverki blóðbankaþjónustu við alvarlegar aðstæður.

Blóð notað til blóðgjafa er ein af forsendum nútímaheilbrigðisþjónustu. Þjóðfélagið gerir kröfu um að slösuðum, bráðsjúkum og öðrum sjúklingum sé sinnt. Blóðgjafir eru því í raun ein af undirstöðum heilbrigðisþjónustu.

Hlutverk blóðbankaþjónustu er að nýta gjöf blóðgjafans með besta mögulegum hætti, skapa öryggi í starfsháttum við vinnslu og geymslu blóðhluta, tryggja gæði blóðhlutanna með réttum vinnubrögðum og sannreyna þau með gæðaeftirliti. Jafnframt er það hlutverk Blóðbankans að tryggja öryggi í aðföngum eða með öðrum orðum að tryggja nægilegan fjölda blóðgjafa á hverjum tíma.

Fjöldi virkra blóðgjafa (skilgreint sem sá fjöldi einstaklinga sem hefur gefið blóð a.m.k. einu sinni á síðustu 2–3 árum) er nálægt 8–9.000. Þetta jafngildir því að u.þ.b. 5–6% þeirra einstaklinga sem eru á aldri blóðgjafa gefa blóð. U.þ.b. 3,5% þjóðarinnar eru virkir blóðgjafar. Þetta hlutfall er ekki ýkja frábrugðið því sem gerist víða erlendis, en þó lægra en meðal margra annarra þjóða.

Ef þjóðarvá skapast þarf í fyrsta lagi að tryggja að húsakostur Blóðbankans standi af sér slíkar aðstæður.

Í öðru lagi þarf að tryggja að rafmagn, vatn, tölvukostur og önnur stoðþjónusta sé til staðar.

Í þriðja lagi þarf skýrar og samræmdar reglur um lágmarksbirgðir hráefna (t.d. til vírusskimunar, blóðpoka, næringarlausnir o.fl.) hér á landi aukist blóðþörf skyndilega.

Í fjórða lagi þarf að styrkja Blóðbankann í því starfi að tryggja nægilegan fjölda blóðgjafa sem hægt er að kalla til blóðgjafar.

Í fimmta lagi þarf að tryggja nægilegan fjölda starfsmanna til blóðsöfnunar og stoðþjónustu þegar þörf fyrir blóðsöfnun og blóðhlutavinnslu fjór- til tífaldast á skömmum tíma.

Í sjötta lagi þarf að vera hægt að sinna blóðsöfnun á öruggan hátt utan Blóðbankans við þjóðarvá.

Í sjöunda lagi þarf að gera samninga við nágrannalönd okkar um aðstoð á sviði blóðbankaþjónustu ef þess gerist þörf.

Í áttunda lagi þarf að auka fræðslu meðal barna og unglinga um nauðsyn blóðgjafa, og á sama tíma reyna að tengja það átak baráttu fyrir heilsusamlegum lífsstíl.

375. Fyrirspurn [301. mál]

til fjármálaráðherra um breytingar á skattalögum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um breytingar á skattalögum vegna rannsókna, þróunarstarfs og starfsmenntunar í fyrirtækjum eins og Rannsóknarráð Íslands leggur til í bréfi, dags. 9. júlí 1997, til menntamálaráðherra og fjármálaráðherra?

376. Frumvarp til laga [302. mál]

um breytingar á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal greiða styrk til úreldingar krókabáta á sóknardögum frá gildistöku laga þessara og til 1. apríl 1998. Skal úreldingarstyrkur nema allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr., sem og ákvæði til bráðabirgða II, sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1998 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 200 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eigendum krókabáta hefur staðið úreldingarstyrkur til boða frá því að lög nr. 89 21. júní 1995 tóku gildi. Með lögum nr. 157/1995 var veitt heimild til þess að úreldingarstyrkur vegna krókabáta mætti vera hærri en vegna úreldingar annarra báta til ársloka árið 1996 og allt að 80% til 1. október 1996. Með lögum nr. 109/1996 var ákvæðum um úreldingarstyrki vegna

krókabáta breytt þannig að úreldingarstyrkur til 1. október 1996 gæti numið allt að 80% af húftryggingarverðmæti krókabáta sem veiðar stunduðu með tilteknum fjölda sóknardaga og allt að 60% af húftryggingarverðmæti krókabáta sem veiðar stunduðu með þorskaflahámarki, en hinum síðarnefndu hafði þá jafnframt verið veitt heimild til að framselja þorskaflahámark sitt til annarra krókabáta samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Heimild til að veita styrk allt að 80% af húftryggingarverðmæti krókabáta á sóknardögum var síðar endurnýjuð með lögum nr. 152 27. desember 1996 og gilti til 1. júlí 1997.

Auknar aflaheimildir og framangreindar reglur hafa með öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að jafnvægi hefur skapast milli veiðiheimilda og fjölda þeirra krókabáta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Bátar í þeim hópi eru nú 409 og hafa að meðaltali 63 lesta þorskveiðiheimild hver, en þessir bátar eru frjálsir að sókn í aðrar fisktegundir en þorsk. Þessir bátar voru 561 eftir að eigendur krókabáta völdu milli veiða með þorskaflahámarki og veiða með tilteknum fjölda sóknardaga fyrir 1. júlí 1996, og hefur þeim því fækkað um 152 á þessum tíma. Á sama tíma hafa verið greiddir styrkir úr Þróunarsjóði vegna 136 krókabáta sem heimild höfðu til veiða með þorskaflahámarki.

Varðandi krókabáta sem stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga er aðra sögu að segja. Í þeim hópi sem stundar veiðar með handfærum eingöngu eru nú 277 bátar en þeir voru 291 eftir val 1996. Nú stunda 165 bátar veiðar með línu og handfærum en þeir voru 192 eftir val 1996. Þessum bátum hefur þannig fækkað um 41 á þessum tíma, en þar af hafa verið greiddir styrkir úr Þróunarsjóði vegna 30 báta í þessum tveimur veiðikerfum. Áður en lög nr. 109/1996 tóku gildi voru greiddir 80% styrkir vegna 24 báta ósundurgreint þannig að alls hafa verið greiddir styrkir vegna 190 báta frá upphafi.

Þorskveiðiheimildir báta sem stunda veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga eru nú um 13 lestir af þorski á hvern bát að meðaltali og er samanlögð þorskveiðiheimild beggja sóknardagakerfanna um 5.000 lestir, miðað við óslægðan fisk, á fiskveiðiárinu 1997/1998. Á síðasta fiskveiðiári var afli þessara báta hins vegar um 20.000 lestir af þorski. Þetta hefur leitt til þess að leyfðir sóknardagar eru miklu færri fyrir þessa báta á yfirstandandi fiskveiðiári en á því síðasta, eða 26 fyrir handfærabáta og 20 fyrir línu- og handfærabáta. Fjöldi leyfðra sóknardaga er fundinn fyrir hvorn hóp fyrir sig með því að deila meðalþorskafla á leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs upp í sameiginlega þorskaflaviðmiðun þeirra báta sem í hlut eiga, fyrir komandi fiskveiðiár.

Nú er lagt til með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, að eigendur krókabáta, sem stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, geti endurskoðað val sitt. Er búist við að eigendur margra báta muni kjósa að endurskoða val sitt og flestir þeirra velja að stunda veiðar með þorskaflahámarki. Einnig er gert ráð fyrir að til lengdar muni það hafa nokkur áhrif til fækkunar báta á sóknardögum ef sú tillaga frumvarps til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða verður samþykkt að krókabát á sóknardögum megi alltaf flytja án veiðiheimilda yfir í þorskaflahámark.

Þrátt fyrir framangreint er ljóst að staða margra krókabáta á sóknardögum er erfið, sérstaklega vegna þess að eigin aflareynsla viðkomandi báta er engin eða léleg á viðmiðunarárunum samkvæmt lögum nr. 83/1995, um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeim var afli á almanaksárunum 1992, 1993 og 1994 lagður til grundvallar við útreikning svokallaðs reiknaðs þorskaflahámarks sem ákvarðar m.a. hvaða þorskaflaheimild bátur hefði í þorskaflahámarkskerfinu í dag. Vegna þessara vandamála er talið rétt að leggja til þá tímabundnu endurnýjun á heimild til greiðslu úreldingarstyrks vegna þessara báta sem hér er lögð til. Ekki er hægt að spá fyrir um það með neinni nákvæmni hversu margir bátar séu líklegir til að nýta sér þetta úreldingartilboð sem tillaga er gerð um að gildi frá gildistöku

þessara laga til 1. apríl 1998. Það gæti verið allt frá því að vera fáir bátar upp í um eða yfir eitthundrað bátar.

Vegna þeirra 190 krókabáta sem úreltir hafa verið frá upphafi, hafa verið greiddar 498,5 millj. kr. eða að meðaltali 2,6 millj. kr. fyrir hvern bát. Meðalúreldingarstyrkur vegna 54 báta sem úreltir voru ósundurgreint (24) eða voru á sóknardögum (30) var 2,3 millj. kr. fyrir hvern bát. Ef einungis sóknardagabátarnir 30 eru taldir er úreldingarstyrkurinn að meðaltali 3,5 milljónir króna fyrir hvern bát. Má búast við að styrkir vegna báta sem notfærðu sér það tilboð sem hér er gerð tillaga um mundu verða næst þessu síðasttalda meðaltali. Samkvæmt greiðsluáætlun fyrir Þróunarsjóð sjávarútvegsins er gert ráð fyrir að greiðslustaða sjóðsins verði jákvæð um 200 millj. kr. í lok árs 1998. Í þessu frumvarpi er þó allt að einu gerð tillaga um allt að 200 millj. kr. lántökuheimild til þessa verkefnis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að greiðsla úreldingarstyrkja á krókabátum á sóknardögum verði framlengd til 1. apríl 1998. Eins og fram kemur í greinargerð er enn þörf fyrir fækkun krókabáta á sóknardögum og er gert ráð fyrir að meðalúreldingarstyrkur geti numið allt að 3,5 m.kr. Samkvæmt greiðsluáætlun sjóðsins sem gerð var áður en frumvarp þetta kom fram er talið að handbært fé á árinu 1998 geti numið rúmlega 200 m.kr. Því til viðbótar er lagt til að sjóðurinn geti tekið 200 m.kr. að láni frá endurlánum ríkissjóðs til að mæta væntanlegum kostnaði við umrædda greiðslu.

Í greiðsluáætlun sjóðsins, sem nær allt til ársins 2009, kemur fram að eigið fé sjóðsins er talið muni verða neikvætt um 580 m.kr. í lok þessa árs. Hin aukna skuld, ef til kemur, mun bætast þar við ásamt vöxtum og verðbótum á afborgunartíma. Ekki hafa verið gerðar ráðstafanir til að mæta þessari aukningu, enda óvíst að til þess þurfi að koma síðar að gera þurfi viðbótarráðstafanir til að mæta fjárþörf sjóðsins þótt ekki sé hægt að fullyrða það með vissu nú.

377. Frumvarp til laga [303. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna: „skv. 9. mgr. þessarar greinar“ í 1. mgr. kemur: þessari grein.
b. Þriðja málsgrein orðast svo: Heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta skal frá og með fiskveiðiárinu 1997/1998 vera 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs en þó ekki lægri en 21.180 lestir, miðað við óslægðan fisk.
c. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan hvers fiskveiðiárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki.
d. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita báti, sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar skv. 6.–10. mgr.
e. Í stað 2.–4. málsl. 6. mgr. koma fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr., sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.
f. Í stað orðanna „1997“, „meðalafla“ og „hámarksafla“ í 1. málsl. 8. mgr. kemur: 1998; meðalþorskafla og: hámarksþorskafla.
g. Í stað orðanna: „1997“, „meðalafla“ og „hámarksafla“ í 1. málsl. 10. mgr. kemur: 1998; meðalþorskafla og: hámarksþorskafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. um tímamörk vegna vals á veiðikerfi skal krókabátum, sem stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga skv. 6.–10. mgr. 6. gr., heimilt að endurskoða val sitt. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. febrúar 1998. Þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost velja og breytingar vegna endurvals á sameiginlegum hámarksþorskafla þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum, eða handfærum og línu, skulu miðast við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

Á fiskveiðiárinu 1997/1998 skulu sóknardagar þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu, sbr. 9.–10. mgr. 6. gr., vera 40 en fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum og línu, sbr. 7.–8. mgr. 6. gr., vera 32.

Hafi bátur sem velur þorskaflahámark skv. 1. mgr. þegar nýtt hluta af sóknardögum fiskveiðiársins 1997/1998 fyrir 1. desember 1997 skal reikna hvaða hlutfall fimmtungur af nýttum sóknardögum er af heildarfjölda leyfðra sóknardaga bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 og skerða þorskaflahámark bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 í sama hlutfalli. Hafi sóknardagar verið nýttir frá og með 1. desember 1997 skal reikna hvaða hlutfall þeir eru af heildarfjölda leyfðra sóknardaga bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 og skerða þorskaflahámark bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 í sama hlutfalli.

II.

Úthluta skal varanlega, samkvæmt reglum í 2. og 3. mgr., 500 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, sem úthlutað hefur verið árlega af Byggðastofnun fiskveiðiárin 1995/1996 og 1996/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/1995.

Til krókabáta á þorskaflahámarki skal úthluta 180 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem 1. september sl. voru gerðir út frá byggðarlögum sem Byggðastofnun úthlutaði til á síðasta fiskveiðiári. Úthlutað skal hlutfallslegri viðbót miðað við aflaheimildir 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 8 lestir í sinn hlut miðað við óslægðan þorsk. Ekki skal bætt umfram þau mörk að þorskaflahámark með bótum verði 80 lestir miðað við 1. september 1997.

Til aflamarksbáta undir 10 brúttórúmlestum að stærð skal úthlutað 320 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem lönduðu meira en 6 lestum af þorski samtals á fiskveiðiárunum 1995/1996 og 1996/1997 og hafa úthlutað aflamark í þorski, að lágmarki 3 lestir, á fiskveiðiárinu 1997/1998. Úthluta skal hlutfallslega miðað við aflaheimildir í þorskígildum 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 2,5 lestir í sinn hlut miðað við slægðan þorsk. Ekki skal bætt umfram þau mörk að aflaheimildir báts með bótum verði 60 þorskígildislestir miðað við 1. september 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, sem varða veiðar smábáta, voru síðast gerðar með lögum nr. 105 19. júní 1996. Það frumvarp sem varð að þeim lögum var niðurstaða umfangsmikilla viðræðna milli sjávarútvegsráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda (LS) og fól í sér róttækar breytingar á starfsumhverfi krókabátaútgerða sem var ætlað að einfalda reglur og auðvelda þennan atvinnurekstur, án þess að hvika frá því að afla þessara báta yrði haldið innan viðmiðana um heildarafla. Frumvarpið sem hér er flutt felur í sér tillögur um ákveðnar breytingar á gildandi lögum sem aðallega er ætlað að auðvelda krókabátum, sem nú stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, að laga sinn rekstur að þeim þorskveiðiheimildum sem til ráðstöfunar eru. Þær tillögur að breytingum sem hér eru settar fram hafa mótast í viðræðum LS og ráðuneytisins á undanförnum mánuðum og er fullt samkomulag milli þessara aðila um að flytja þær tillögur sem frumvarpið felur í sér.

Ein veigamesta breytingin sem fólst í lögum nr. 105/1996 var að sú 21.500 lesta heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta sem þá gilti yrði tengd hlutfallslega við ákvarðaðan heildarafla í þorski miðað við 155.000 lesta þorskafla fiskveiðiársins 1995/1996. Varð heildaraflinn eftir það 13,9% af heildarafla þorsks, þó ekki minni en 21.500 lestir miðað við óslægðan fisk. Vegna hækkunar heildarafla í þorski hefur þessi hlutfallstenging þegar leitt til þess að sameiginlegur hámarksþorskafli krókabáta hefur aukist úr 21.500 lestum í 30.302 lestir, eða um meira en 40%, og enn frekari aukningu heimilda er spáð á næstu árum.

Má minna á að veiðiheimildir krókabáta höfðu áður verið auknar með lögum nr. 87/1994 er viðmiðun var hækkuð úr 2.896 þorskígildislestum, miðað við úthlutað aflamark 1994/1995, í 20.170 þorskígildislestir og var þá varðandi síðari töluna miðað við meðalafla fiskveiðiáranna sem hófust 1. september 1991 og 1. september 1992. Einnig voru veiðiheimildir krókabáta rýmkaðar með lögum nr. 83/1995 sem gáfu frjálsar, varðandi aflaviðmiðun, aðrar veiðar þessara báta en þorskveiðar.

Samkvæmt lögum nr. 105/1996 gafst eigendum krókabáta kostur á því að velja um tvær meginleiðir fyrir 1. júlí 1996, annars vegar hvort þeir stunduðu veiðar með einstaklingsbundnu þorskaflahámarki sem byggðist á eigin aflareynslu tveggja bestu áranna af almanaksárunum 1992, 1993 eða 1994, eða hins vegar hvort þeir stunduðu veiðar í tiltekinn fjölda

sóknardaga í öðrum af tveimur veiðihópum, með handfærum eingöngu eða handfærum og línu. Ráðast sóknardagar í hvorum hópi af sameiginlegu þorskaflahámarki allra báta sem hvorn hóp völdu og meðalþorskafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs.

Niðurstaða valsins 1. júlí 1996 var sú að tæp 54% krókabáta, þ.e. 561 bátur, með rúm 82% af veiðireynslu bátanna á viðmiðunarárunum, völdu þorskaflahámark. Tæp 28% bátanna, 291 bátur, með um 10% veiðireynslunnar, völdu sóknardaga með handfærum, en rúm 18% bátanna, 192 bátar, með rúm 7% veiðireynslunnar, völdu sóknardaga með línu og handfærum.

Síðan valið fór fram 1. júlí 1996 hefur krókabátum fækkað um 193. Þar af greiddi Þróunarsjóður sjávarútvegsins úreldingarstyrki vegna 166 báta, en alls hefur Þróunarsjóður greitt styrki vegna 190 krókabáta samtals að fjárhæð 498,5 millj. kr. Frá 1. júlí 1996 hefur mest fækkun orðið í þorskaflahámarkinu. Þar hefur bátum fækkað um 152 eða rúm 27%. Þorskaflahámarksbátar eru nú 409, handfærabátar eru 277 og handfæra- og línubátar eru 165.

Hækkun aflaheimilda og fækkun báta, m.a. fyrir tilstilli Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, hefur leitt til þess að þeir krókabátar sem stunda veiðar með þorskaflahámarki hafa nú allrúmar veiðiheimildir. Bátar í þeim hópi hafa að meðaltali 63 lesta þorskveiðiheimild hver, en þessir bátar eru frjálsir að sókn í aðrar fisktegundir en þorsk.

Frá 1. júlí 1996 hefur sóknardagabátum hins vegar aðeins fækkað um 41. Þar af hafa verið greiddir styrkir úr Þróunarsjóði vegna 30 báta í þessum tveimur veiðikerfum. Það vekur nokkra undrun að sóknardagabátum skuli ekki hafa fækkað meira en raun ber vitni, þrátt fyrir 80% úreldingarstyrk, þar sem meðalþorskveiðiheimild í hvorum sóknardagahópnum er miklu minni en í þorskaflahámarkinu, eða um 13 lestir á hvern bát. Er samanlögð þorskveiðiheimild beggja sóknardagakerfanna um 5.000 lestir, miðað við óslægðan fisk, á fiskveiðiárinu 1997/1998. Á síðasta fiskveiðiári var afli þessara báta hins vegar um 20.000 lestir af þorski og hefur það leitt til þess að leyfðir sóknardagar þessara báta á yfirstandandi fiskveiðiári eru aðeins 26 fyrir báta sem veiða með handfærum eingöngu og 20 fyrir báta sem veiða með línu og handfærum. Það er fyrst og fremst vegna þessarar þróunar hjá sóknardagabátunum sem ástæða er talin til að gera tillögur um ákveðnar breytingar.

Með þessu frumvarpi er lagt til að eigendur krókabáta sem stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga geti endurskoðað val sitt fyrir 1. febrúar 1998 og er búist við að eigendur margra sóknardagabáta muni nýta sér þann möguleika. Samkvæmt því sem lagt er til er aðeins útilokað að fara úr þorskaflahámarki yfir í sóknardagakerfi, þannig að heimilt er t.d. að fara úr línu- og handfæraveiðihópnum yfir í handfæri eingöngu, en reiknað er með að flestir velji að stunda veiðar með þorskaflahámarki. Hafa margir sýnt þessum möguleika áhuga og ljóst er af tölum Fiskistofu að fáir bátar hafa hafið veiðar á róðrardögum það sem af er fiskveiðiárinu.

Jafnframt heimild til endurvals er lagt til í frumvarpi um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, að heimild til að veita 80% úreldingarstyrk vegna sóknardagabáta verði endurvakin frá gildistöku laganna til 1. apríl 1998.

Einnig er lagt til í þessu frumvarpi það nýmæli að krókabát á sóknardögum megi alltaf flytja án veiðiheimilda yfir í þorskaflahámark, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá eftir í sóknardagakerfinu sem báturinn fer úr. Getur þetta orðið til þess að endurnýjun báta í þorskaflahámarkskerfinu stuðli að fækkun sóknardagabáta.

Þá er lagt til að þau skilyrði fyrir framsali þorskaflahámarks frá báti séu felld niður, að allt sé flutt af bátnum, veiðileyfi fellt niður og endurnýjunarrétti afsalað. Varanlegt þorskaflahámark yrði því skiptanlegt og framseljanlegt milli báta í þorskaflahámarkskerfinu. Hins vegar er lagt til að framsal á úthlutuðu þorskaflahámarki innan hvers fiskveiðiárs verði tak-

markað við 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki og er það gert að ósk LS. Þessi rýmkun á heimild til framsals kæmi örugglega til með að auðvelda mönnum með tiltölulega lága aflaviðmiðun að flytja sig yfir í þorskaflahámarkið. Í þorskaflahámarkinu er nú talsverður hópur báta með verulegar veiðiheimildir, og því líklegt að framboð verði á veiðiheimildum, ekki síst ef frekari aukning verður á heildarafla þorsks á næstu árum.

LS hefur í viðræðum við ráðuneytið, bæði nú og í aðdragandanum að setningu laga nr. 105/1996, lagt mikla áherslu á ósk um fastan lágmarksdagafjölda til handa krókabátum á sóknardögum. Ráðuneytið hefur hins vegar hafnað því að lágmarksfjöldi sóknardaga sé ákveðinn án tengsla við þann afla sem sú ákvörðun fæli í sér. Stjórnvöld geta ekki afsalað sér endanlega möguleikanum til að stjórna fiskveiðunum með hliðsjón af aflamagni. Fiskveiðistjórnun miðast við að halda heildarafla innan ákveðinna marka og sóknareiningarnar eru afleidd stærð sem miðar að því að ná markmiðum um tiltekinn afla. Ekki er hægt að ákveða sóknareiningarnar þannig að heildaraflinn verði augljóslega utan þeirra viðmiðunarmarka sem lögin segja til um, miðað við fyrirliggjandi reynslu um afla á sóknareiningu, hver sem þau viðmiðunarmörk um heildarafla annars væru.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem endurval og endurnýjun úreldingartilboðs fela í sér á veiðimynstri krókabáta, og að teknu tilliti til ýmissa smærri þátta, svo sem afla þeirra báta á síðasta fiskveiðiári sem þegar hafa verið teknir úr rekstri og ónýttra heimilda í þorskaflahámarkskerfinu, þykir þó forsvaranlegt að leggja til í þessu frumvarpi að sóknardagar fyrir fiskveiðiárið 1997/1998 verði 40 fyrir báta sem veiða með handfærum eingöngu en 32 handfæradagar fyrir báta sem veiða með línu og handfærum.

Með frumvarpinu er lagt til að þeim 500 lestum af þorski sem Byggðastofnun hefur úthlutað árlega frá fiskveiðiárinu 1995/1996 verði skipt á milli þorskaflahámarksbátanna sem notið hafa þessarar úthlutunar, sem fái 180 lestir, og smábáta á aflamarki undir 10 brúttórúmlestir að stærð, sem fái 320 lestir. Félög smábátaeigenda um allt land og aðalfundir LS hafa ályktað um það að þessum 500 lestum ætti að úthluta til smábáta á aflamarki, m.a. vegna þess að aukning aflaheimilda hjá þorskaflahámarksbátum hefur gert það að verkum að þeir hafa nú meiri aflaheimildir en á viðmiðunarárunum og því ekki lengur um neina skerðingu að ræða. Fyrst og fremst hafa þessi viðhorf byggst á því að þessir bátar hafi almennt farið mun verr út úr þróun síðustu ára en aðrir smábátar. Mun það vera næsta ágreiningslaust. Á móti hefur legið það sjónarmið að úthlutað hafi verið til þorskaflahámarksbáta í ákveðnum byggðarlögum sem séu sérstaklega háð smábátaútgerð og úthlutunin hafi skipt máli fyrir þau byggðarlög. Samkvæmt því sem þessi tillaga gerir ráð fyrir verða þeir bátar, sem notið hafa úthlutunar og hafa allt að 80 lesta þorskaflahámark, um það bil jafnsettir í þorskveiðiheimildum eftir úthlutun yfirstandandi fiskveiðiárs og þeir voru eftir úthlutun á síðasta fiskveiðiári. Aukning aflaheimilda almennt vegur með öðrum orðum upp skerta viðbótarúthlutun.

Eins og að framan var getið er samhliða þessu frumvarpi flutt frumvarp til laga um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þessum úreldingarreglum, ásamt með heimild til endurvals og rýmri heimildar til framsals á þorskaflahámarki, er ætlað að stuðla áfram að þeirri aðlögun afkastagetu krókabátaflotans að veiðiheimildunum sem hefur verið að eiga sér stað og nauðsynleg er ef starfsumhverfi þessa útgerðarforms á að vera lífvænlegt fyrir þá sem munu hafa atvinnu af krókaveiðum í framtíðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Fram til þess að lög nr. 105/1996 voru sett var ákvæði um tómstundaveiðar síðasta málsgrein 6. gr. Því var oft nauðsynlegt að vísa nákvæmlega í tilteknar málsgreinar í tilvitnunum í greinina. Þar sem um tómstundaveiðar er nú fjallað í sérstakri grein, 6. gr. a, er þetta ekki lengur nauðsynlegt.

Um b-lið.

Þar sem 320 lestir af þorski, miðað við óslægðan fisk, eru fluttar frá krókabátum til smábáta á aflamarki er nauðsynlegt að leiðrétta hlutdeild krókabáta í heildarþorskaflanum, og veldur það lækkun til þeirra um 0,15%.

Um c- og d-lið.

Um báða liðina var fjallað ítarlega í almennum athugasemdum. Sá fyrri felur í sér reglur um framsal þorskaflahámarks og sú síðari felur í sér almenna heimild til þess að flytja krókabát á sóknardögum yfir í þorskaflahámark, en í því tilfelli flyst engin aflaviðmiðun með bátnum, hún verður eftir í sóknardagakerfinu, og báturinn getur ekki flust aftur til baka í sóknardagakerfin.

Um e-lið.

Með breytingunni er ætlunin að afmarka nánar hugtakið sóknardagur, en í framhaldi af síðustu lagabreytingu höfðu komið fram ábendingar um að það væri nauðsynlegt.

Um f- og g-lið.

Aðeins er um að ræða að orða það skýrar að einungis þorskafli er lagður til grundvallar í útreikningum samkvæmt 8. og 10. mgr. 6. gr. laganna, auk þess sem breyta þarf ártali á fyrsta útreikningi vegna beinnar ákvörðunar um fjölda sóknardaga á yfirstandandi fiskveiðiári, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II.

Síðari liðurinn á við um báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu, en sá fyrri á við um báta sem stunda veiðar með línu og handfærum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Fyrsta málsgrein veitir sóknardagabátum heimild til að endurskoða val skv. 2. mgr. 6. gr. fyrir 1. febrúar 1998. Önnur grein laga nr. 83/1995 lýsir útreikningi á þorskaflahámarki, sem byggir eins og áður segir á aflareynslu almanaksáranna 1992, 1993 og 1994. Sá bátur, sem samkvæmt þessu ákvæði flytur sig milli sóknardagakerfa eða yfir í þorskaflahámark, flytur með sér þá aflaviðmiðun sem felst í þessu reiknaða þorskaflahámarki. Samkvæmt ákvæðinu er ekki gert ráð fyrir kærumeðferð vegna útreiknings þorskaflahámarks, enda er þetta sama reiknaða þorskaflahámark nú lagt til grundvallar við val í þriðja sinn, en val hefur áður miðast við 1. júlí 1996 og 1. ágúst 1995.

Í 2. mgr. er kveðið á um hver verði fjöldi leyfðra sóknardaga á fiskveiðiárinu 1997/1998.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hvernig með skuli fara við endurval ef bátur sem velur þorskaflahámark hefur þegar hafið nýtingu sóknardaga. Reglan er ívilnandi. Ef bátur stundar áður veiðar með handfærum og leyfðir sóknardagar eru því 40, en báturinn hefur notað 20 daga fyrir 1. desember, mundi þorskaflahámarkið á yfirstandandi fiskveiðiári 1997/1998 skerðast um 10%. Það er reiknað þannig að 20% af nýttum dögum eru 4 dagar sem eru 10% af 40.

Ekki þykir rétt að þessi regla standi til boða í desember og janúar, eftir að frumvarpið er komið fram, þar sem það gæti hvatt til sóknar á þessum tíma.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Um þetta ákvæði er nokkuð fjallað í almennum athugasemdum, sérstaklega varðandi þorskaflahámarksbátana. Hér skal þess getið varðandi aflamarksbátana að það eru 209 bátar sem uppfylla þau almennu skilyrði sem þarna eru sett fram um úthlutaðar veiðiheimildir og landaðan afla, en um 170 bátar mundu fá úthlutun sem nemur að meðaltali um 6% hækkun á heimildum þeirra sem njóta úthlutunar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta verði breytt, auk annarra minni háttar breytinga. Fiskistofa mun sem hingað til annast framkvæmd þessara laga og er ekki gert ráð fyrir að sérstakur kostnaðarauki falli á ríkissjóð af þeim sökum.

378. Frumvarp til laga [304. mál]

um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.200 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1., 2., 3. og 5. tölul. 2. mgr. kemur: 11.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 3.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.700 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3.500 kr.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ kemur: 3.500 kr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.700 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „9.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 10.300 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 35.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 17.200 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 5.700 kr.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 5.700 kr.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 8. gr. laganna kemur: 1.200 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.200 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 2.300 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 3.500 kr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sbr. lög nr. 140/1995:

a. 6. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1996 ..... 100.000 kr.
b. 7. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1996 ..... 50.000 kr.
c. 8. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir erlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 46. gr. laga nr. 13/1996,
   a. sem starfar skv. 8. gr. laganna ..... 100.000 kr.
   b. sem starfar skv. 9. gr. laganna ..... 50.000 kr.
d. Í stað orðanna „10. tölul.“ í 13. tölul. greinarinnar kemur: 12. tölul. og í stað orðanna „13.–15. tölul.“ í 18. tölul. greinarinnar kemur: 15.–17. tölul.
e. 20. tölul. orðast svo: Leyfi fyrir áfengisveitingastað
   a. til eins árs ..... 100.000 kr.
   b. til lengri tíma en árs og til og með fjögurra ára ..... 200.000 kr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 4.600 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 2. tölul. kemur: 1.700 kr.

c. Í stað fjárhæðarinnar „2.500 kr.“ í 4. tölul. kemur: 2.800 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 5. og 6. tölul. kemur: 2.300 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 7., 8., 9. og 11. tölul. kemur: 1.200 kr
f. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 10. tölul. kemur: 900 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „300 kr.“ í 12. tölul. kemur: 500 kr.
h. Við bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
13. Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannanöfn ..... 4.000 kr.
14. Fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgararétt ..... 1.200 kr.

11. gr.

Á eftir X. kafla laganna, sbr. lög nr. 1/1992, kemur nýr kafli, XI. kafli, **Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða** með einni grein, 17. gr., og breytist tölur kafla og greina í samræmi við það. Hin nýja grein verður svohljóðandi:

Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða 5.000 kr. Þeir sem fara fram á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda.

Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til fjármálaráðuneytis til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 88 31. desember 1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingum, sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er lögð til hækkun á dómsmálagjöldum og ýmsum gjöldum sem snerta dómsmálaráðuneytið í I.–III. og VIII. kafla laganna. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á V. kafla laganna sem varða leyfi fyrir verðbréfafyrirtæki og leyfi fyrir áfengisveitingastað. Í þriðja lagi er lagt til að við lögin bætist nýr kafli um gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða.

Um 1.–8. gr.

Ákvæði 1.–8. gr. fela í sér 15% hækkun á gjöldum í I.–III. kafla laganna. Engin hækkun hefur orðið á dómsmálagjöldum frá gildistöku laga um aukatekjur ríkissjóðs en á þeim tíma hefur neysluverðsvísitala hækkað um 13,5% og launavísitala um 24,2%. Frá árinu 1993 sem er fyrsta heila árið eftir aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds hefur rekstrarkostnaður héraðsdómstóla hækkað úr 281.000 þús. kr. í 341.000 þús. kr. árið 1996 sem er um 21% hækkun. Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til í frumvarpinu að dómsmálagjöld hækki um 15%. Þar sem leitast er við að tölurnar hlaupi á sléttu hundraði er hækkunin að meðaltali 14–15%. Þessi hækkun hefur í för með sér að tekjur ríkissjóðs hækka um 99.000 þús. kr. á ári.

Um 9. gr.

Með ákvæðum a–c-liðar eru lagðar til breytingar á 6., 7. og 8. tölul. 11. gr. í V. kafla laganna, um leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi. Um er að ræða leyfi fyrir verðbréfafyrirtæki skv. 8. og 9. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 46. gr. sl.

Með lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, var verðbréfamiðlurum gert að breyta rekstri sínum í hlutafélag með a.m.k. 4,5 millj. kr. hlutafé. Framvegis verður verðbréfamiðlun því einungis rekin sem verðbréfafyrirtæki. Lögin gera ráð fyrir því að verðbréfafyrirtæki geti verið tvenns konar, þ.e. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem starfar skv. 8. gr. laganna og fyrirtæki sem starfar skv. 9. gr. Með hliðsjón af þessu er lagt til að 6. og 7. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, breytist til samræmis við lögin um verðbréfaviðskipti, sbr. a- og b-lið 9. gr. frumvarpsins. Skv. c-lið er gert ráð fyrir að erlendum fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins verði gert að greiða fyrir leyfisbréf, enda verður að telja að eðlilegt sé að jafnræði sé í gjaldtöku fyrir starfsleyfi til innlendra og erlendra aðila.

Með ákvæði d-liðar greinarinnar er verið að leiðrétta villu í texta 13. og 18. tölul. 11. gr. laganna.

Með ákvæði e-liðar greinarinnar er lögð til hækkun á leyfi fyrir áfengisveitingastað. Samkvæmt núgildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs er þetta gjald á bilinu 20.000–100.000 kr. eftir því til hve langs tíma leyfið er veitt og eru þær upphæðir að mati þeirra sem telja að herða þurfi skilyrði gagnvart leyfishöfum of lágar. Auk þess greiða áfengisveitingastaðir í Reykjavík sérstakt vínveftirlitsgjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við eftirlit. Nefnd um endurskoðun áfengislaga hefur lagt til að vínveftirlit í núverandi mynd verði lagt niður og eftirlit með áfengisveitingum verði hluti af almennu starfi lögreglunnar. Með tilliti til þess að almennt er ekki farið fram á sérstaka gjaldtöku vegna starfa lögreglunnar þykir óeðlilegt að krefjast sérstaks vínveftirlitsgjalds eins og verið hefur. Því er lagt til að leyfi til áfengisveitinga verði hækkað þannig að í leyfisgjaldinu felist einnig eftirlitsgjald sem standi straum af kostnaði lögreglunnar við þetta eftirlit. Telja verður þetta heppilegri aðferð en að vera með mörg mismunandi gjöld vegna starfseminnar og er þetta jafnframt til einföldunar í framkvæmd. Skv. 12. gr. áfengislaga skal ekki veita leyfi til áfengisveitinga til lengri tíma en fjögurra ára. Er því lagt til að leyfin verði tvískipt. Gjald fyrir leyfi til eins árs verður 100.000 kr. og gjald fyrir leyfi til lengri tíma en eins árs og til og með fjögurra ára verður 200.000 kr.

Um 10. gr.

Í a–g-lið er lögð til hækkun á gjöldum í 14. gr. í VIII. kafla laganna um ýmis vottorð og leyfi sem samsvarar hækkun skv. 1.–8. gr. frumvarpsins og er vísað til athugasemda með þeim greinum.

Í h-lið er lagt til að við 14. gr. laganna bætist tveir nýir töluliðir varðandi leyfi fyrir nafnbreytingu, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga um mannanöfn, nr. 45/1996, þegar maður með erlendu nafni fær íslenskt ríkisfang og vottorð um íslenskan ríkisborgararétt.

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 45/1996, um mannanöfn, er dómsmálaráðherra heimilt að leyfa manni breytingu á eiginnafni, millinafni og kenninafni. Þeim sem æskja nafnbreytinga hefur, skv. 14. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, verið gert að greiða 4.000 króna gjald til ríkissjóðs. Nokkrum umsækjendum um nafnbreytingar hefur komið þessi gjaldtaka á óvart og borið hefur á fyrirspurnum um heimild til hennar. Er því talið æskilegt að lög um aukatekjur

ríkissjóðs geymi sérákvæði um þetta efni. Enn fremur þykir rétt að geta sérstaklega um gjald fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgararétt.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir X. kafla laganna komi nýr kafli, XI. kafli, sem heitir Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða.

Samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, er dómsmálaráðherra gert að staðfesta skipulagsskrár sjóða og sjálfseignarstofnana, sé þess farið á leit, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Enn fremur staðfestir ráðherrann breytingar á skipulagsskrám sem áður hafa hlotið staðfestingu. Samkvæmt sömu lögum skal birta staðfestar skipulagsskrár og breytingar á þeim í B-deild Stjórnartíðinda. Töluverð vinna hvílir á ráðuneytinu við staðfestingu skipulagsskráa. Birting í Stjórnartíðindum hefur eðlilega einnig talsverðan kostnað í för með sér. Hingað til hefur ekkert gjald verið tekið fyrir þessa þjónustu. Er talið eðlilegt að gjald sé lagt á hana svo sem tíðkast um aðra samsvarandi þjónustu ráðuneytisins. Því er lagt til í 11. gr. frumvarpsins að gjald fyrir staðfestingu á skipulagsskrám verði 5.000 kr. Enn fremur er lagt til að heimilað verði að krefja þá sem fá staðfestar skipulagsskrár um endurgreiðslu til ráðuneytisins vegna kostnaðar af birtingu skipulagsskráa í B-deild Stjórnartíðinda.

Samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er fjármálaráðherra gert að staðfesta reglugerðir lífeyrissjóða. Reglugerðirnar eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda og hefur kostnaður við birtingu þeirra verið umtalsverður. Þykir rétt að lífeyrissjóðir beri sjálfir kostnað af birtingu reglugerða sem frá þeim stafa og er það því lagt til í 11. gr. frumvarpsins að kveðið verði á um að lífeyrissjóðir endurgreiði fjármálaráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða lífeyrissjóða í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að aukatekjutaxtar ríkissjóðs, sem staðið hafa óbreyttir frá árinu 1991, verði hækkaðir sem næst til jafns við hækkun verðlags frá þeim tíma. Frá gildistöku laganna hefur vísitala neysluverðs hækkað um 13,5% og launavísitala um rúm 24%. Hér er hins vegar lagt til að taxtar hækki sem næst um 15%. Launakostnaður vegur þyngst við framkvæmd ýmissa aðgerða á sviði dómsmála og er því ljóst að þessi hækkun nær því vart að halda í við þann kostnaðarauka sem orðið hefur í starfsemi dómstóla og sýslumannsembætta á þessum tíma.

Verði frumvarpið samþykkt er ekki gert ráð fyrir að vinna í ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum aukist af þeirri ástæðu. Því verður ekki séð að samþykkt frumvarpsins hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

379. Fyrirspurn [305. mál]

til viðskiptaráðherra um eftirlit með raforkuvirkjum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hverjar hafa afleiðingar verið af því að Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður og starfsemi þess sameinuð nýrri stofnun, Löggildingarstofunni, sbr. lög 146/1996? Hefur sú breyting orðið til þess að auka öryggi almennings og mannvirkja, draga úr tilkostnaði og auka hagkvæmni eins og ráðherra hélt fram þegar lögin voru samþykkt?
2. Hve margar neysluveitur hafa verið skoðaðar árlega á landinu frá og með árinu 1988 fram á þennan dag, sundurliðað í nýjar veitur og eldri (gamalskoðun)?
3. Hver var meðaltalskostnaður á skoðaða neysluveitu árlega, þ.e. fyrir reglugerðarbreytingarnar sem gerðar voru á síðari hluta ársins 1993 (rg. nr. 301/1993 og 543/1993) og eftir að þær komu til framkvæmda, sundurliðað í nýjar veitur og gamlar (gamalskoðun)?
4. Hve mikið var skoðað árlega af háspennu- og dreifikerfum rafveitna á tímabilinu, sbr. 2. tölul., og hver var kostnaður hvers árs?
5. Hvert hefur heildartímagjald skoðunarstofanna verið að meðaltali (klukkustundargjald + ferða- og uppihaldskostnaður) síðan þær tóku til starfa, sundurliðað í neysluveituskoðanir og skoðanir háspennuvirkja?
6. Hefur samkeppni verið virk milli rafmagnsskoðunarstofanna síðan þær tóku til starfa og hefur samkeppni orðið til þess að lækka gjaldskrá skoðunarstofanna á skoðaða veitu?
7. Hve margar voru skoðunarstofur á rafmagnssviði þegar þær voru flestar og hve margar eru þær nú?

Skriflegt svar óskast.

380. Fyrirspurn [306. mál]

til viðskiptaráðherra um bifreiðakostnað bankanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptast greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna, sem fram komu í svari ráðherra við fyrirspurn á þskj. 32, milli kynja og stöðuheita, sundurliðað eftir árum og heildargreiðslum einstakra banka á tímabilinu 1. janúar 1993 til 10. október 1997?

2. Eru einstaklingsbundnir samningar, kjarasamningar eða almennar reglur að baki slíkum greiðslum og hvaða mat liggur þá til grundvallar?

Skriflegt svar óskast.

381. Þingsályktun [256. mál]

um Goethe-stofnunina í Reykjavík.

(Afgreidd frá Alþingi 20. nóv.)

Alþingi ályktar, með hliðsjón af hinum góðu samskiptum Íslands og Þýskalands, að lýsa yfir stuðningi við þau tilmæli ríkisstjórnarinnar til þýskra stjórnvalda að tryggja að Goethe-stofnunin í Reykjavík verði starfrækt áfram.

Jafnframt hvetur Alþingi ríkisstjórnina til að stuðla að því að af Íslands hálfu verði aukin kynning á íslenskri menningu í Þýskalandi.

382. Frumvarp til laga [307. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Heildarlaun á mánuði fyrir 16 ára og eldri skulu ekki vera undir 85.000 kr. fyrir fulla dagvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1998.

Greinargerð.

Meginvandinn í íslensku þjóðfélagi er fátækt sem stafar af lágum launum. Þau hafa leitt til fólksflótta frá landinu. Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum.

Launakerfið á Íslandi einkennist af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þannig hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar taxtalaunum. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Í samanburði sem var gerður milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vinnur um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði tíu vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig augljóslega fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum.

Lág framleiðni og fólksflótti.

Alþjóðlegur samanburður sýnir að laun á Íslandi eru áberandi lægri en í helstu viðmiðunarlöndum okkar. Ein aðalástæða þessa er að framleiðni íslenskra fyrirtækja er mun lægri en þekkist annars staðar. Þannig er samkeppnisstaða Íslands mjög léleg í alþjóðlegum samanburði. Framleiðni á hverja vinnustund á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Í samanburði á landsframleiðslu á vinnustund í 24 OECD-ríkjum er Ísland í 20. sæti.

Þetta hefur leitt til fólksflótta frá landinu. Íslendingum fjölgaði 50% meira í Danmörku en á Íslandi árið 1995. Alls fluttu 1.060 héðan til Danmerkur árið 1994. Íslendingum fjölgaði um 30% í Noregi og um 60% á Grænlandi árið 1995. Alls voru 20.800 Íslendingar búsettir erlendis og fjölgaði þeim um 10% milli áranna 1994 og 1995. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 22.425 Íslendingar búsettir erlendis 1. des 1996 en það þýðir að Íslendingum erlendis fjölgaði um tæplega 9,5% á árinu 1996.

Þegar borin eru saman laun og lífskjör verður vitaskuld að taka tillit til margra þátta, svo sem bótakerfis, skattkerfis, húsnæðiskerfis, vaxta, matvöruverðs, heilbrigðiskerfis og gjalda fyrir opinbera þjónustu.

Í íslensku þjóðfélagi hefur lengi tíðkast að vinna langan vinnudag. Sú hefð markast af einhæfu atvinnulífi um aldir þar sem unnið var í skorpum bæði til sjávar og sveita. Þessi vinnumáti hefur breyst síðustu áratugi eftir því sem íslenskt hagkerfi hefur færst nær því sem gerist í nágrannalöndunum og ýmiss konar þjónustustörf skipta sífellt meira máli. Nýjar vinnutímareglur á Evrópska efnahagssvæðinu leyfa ekki lengur svo langan vinnutíma.

Lág taxtalaun hér á landi eru efnahagslegt vandamál. Þau leiða til þess að ýmsir sem eru á þessum launum eiga vart fyrir mat, hvað þá að þeir geti nýtt sér þá þjónustu sem eðlilegt er að veitt sé í nútímaþjóðfélagi. Jafnframt verður þetta til þess að ýmsar starfsstéttir fá viðbætur við laun sem ekki er samið um í kjarasamningum. Þetta skapar verulegt óöryggi fyrir launafólk í landinu og hefur, með öðru, stuðlað að því að launajafnrétti er ekki eins og skyldi. Það að lægstu taxtar skuli vera svipaðir og lágmarksframfærsla er ósvinna. Hér bera margir ábyrgð.

Tímakaup í dönskum iðnaði er 97% hærra en í íslenskum. Tekjur hjóna í Danmörku árið 1993 voru um 39% hærri en á Íslandi. Danskur byggingaverkamaður hefur um 28% hærri ráðstöfunartekjur en sá íslenski. Þessar tölur, sem komu fram í skýrslu forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar, segja alla söguna.

Skattar og lág laun.

Í þessum samanburði við Danmörku ber að hafa í huga að byrði beinna skatta er minni hér en í Danmörku. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatt en meðalheimili á Íslandi 21%. Jaðarskattar eru hærri í Danmörku en á Íslandi en þykir þó mörgum nóg um þá hérlendis.

Hins vegar er athyglisvert að skattleysismörk hér á landi eru 57.000 kr. á mánuði en í Danmörku eru engin skattleysismörk. Það er umhugsunarvert hvort skattleysismörk hér á landi, sem vissulega eru ekki há, hafi komið í veg fyrir hækkun taxtalauna undanfarin ár. Ef greiddur væri skattur af öllum tekjum, ef til vill 10–15% skattur af lægstu tekjum, er ekki ósennilegt að það hefði leitt til hærri taxtalauna í kjarasamningum síðustu ár. Umræðu vantar um þennan þátt mála hérlendis.

Í alþjóðlegum samanburði kemur skýrt fram að óbeinir skattar hérlendis eru mun hærri en erlendis. Þá er verð á matvælum mun hærra hér en í nágrannalöndunum og leiðir það hugann að því að löngu er tímabært að stokka upp landbúnaðarstefnu stjórnvalda. Endurbætur á því sviði væru ein mesta kjarabót fyrir láglaunafólk sem um getur.

Við gerð kjarasamninga undanfarin ár hefur verkalýðshreyfingin oft talað um að nú væri kominn tími til að hækka lægstu launin. Það hefur ekki tekist. Á verðbólgutímanum var einna algengast að samið væri um kauphækkun sem átti að leiðrétta lægstu launin. Þá var reiknuð út prósentuhækkun þeirrar launahækkunar og hún gekk í gegnum allt kerfið. Láglaunafólk stóð þannig eftir í sömu sporum og áður og verðbólgan eyddi áhrifum hagstæðra kjarasamninga á örskömmum tíma.

Við gerð kjarasamninga síðari ár hefur reynst einna best að semja um eingreiðslur til að hækka lægstu laun. Sú aðferð virðist hafa haldið nokkuð vel í undanförnum kjarasamningum. Þrátt fyrir það eru lægstu taxtalaunin svo lág að það er gjörsamlega óverjandi fyrir þjóðfélagið. Ekki má gleyma því að fjölmargir fá greitt samkvæmt þessum töxtum og má þar nefna ófaglært starfsfólk, ekki hvað síst á vegum hins opinbera. Þetta launafólk hefur ekki tækifæri til að bæta sér upp lág laun með mikilli vinnu eða kaupaukakerfi. Það lifir í sárri fátækt og á fárra kosta völ.

Gildistaka frumvarpsins.

Flutningsmenn telja að allt sem viðkemur kjarasamningum eigi að vera á forræði samningsaðila. Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa undanfarin ár ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heildarlaun á mánuði fyrir 16 ára og eldri skuli ekki vera undir 85.000 kr. en 2. gr. kveður á um að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en 1. mars 1998. Ástæða þessa er að þannig skapast svigrúm fyrir aðila vinnumarkaðarins til að semja sjálfir um þá niðurstöðu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Í kjölfar mjög mikilla launabreytinga, sem orðið hafa hjá einstökum starfsstéttum nú á haustmánuðum og eru langt umfram almenna kjarasamninga, er ástæða til að flytja frumvarp til laga um lágmarkslaun.

Nú er ljóst að 85.000 kr. mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu eru ekki há og flestir launþegar hafa hærri heildarlaun, að vísu með nokkurri eftirvinnu. Frumvarpinu er þannig fyrst og fremst ætlað að skapa vörn fyrir þá sem minnst mega sín.

Rökin fyrir þessu eru augljós. Hækkun lægstu launa í 85.000 kr. á mánuði mun auka velferð í íslensku þjóðfélagi, einkum hjá þeim fátækustu, jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga. Það er engin ástæða til að ætla að lagasetning af þessum toga muni kalla á óðaverðbólgu, allra síst ef aðilar vinnumarkaðarins setjast nú niður í alvöru til að semja um hækkun lægstu taxtalauna, eins og þeir hafa margoft talað um undanfarin ár.

Að mati flutningsmanna mundi lagasetning af þessum toga knýja samningsaðila til að finna leiðir til að unnt sé að lifa mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum.

Lögbinding lágmarkslauna.

Launaumræða verður að vera í alþjóðlegu samhengi. Íslenskar vörur eru vitaskuld í samkeppni við erlendar, hvort sem um er að ræða útflutningsvörur okkar eða vörur sem keppa við innflutning. Við verðum að standast þessa alþjóðlegu samkeppni og okkur hefur fyrst og fremst tekist það með löngum vinnudegi. Löggjöf um lágmarkslaun er til erlendis, t.d. í Ameríku og Frakklandi. Þess má geta að nokkur umræða um lágmarkslaun var í Bandaríkjunum í aðdraganda að forsetakosningunum þar á liðnu ári. Eitt af höfuðstefnuatriðum ríkisstjórnar

Tony Blair er að setja lög um lágmarkslaun og að skilgreina þarfir einstaklinga og fjölskyldna til framfærslu sinnar.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Þau eiga ekki við núverandi aðstæður hérlendis að mati flutningsmanna. Þau lágmarkslaun sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi eru ekki há og atvinnulífið á auðveldlega að geta ráðið við þau með aukinni framleiðni. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum. Að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar mjög á reiki. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér eigi að verða láglaunasvæði eins og allt stefnir í og landsmenn verði að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin er gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Lokaorð.

Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggja á ódýru vinnuafli. Við verðum að snúa af þessari braut því að annars verður landflótti viðvarandi og Ísland verður áfram láglaunaland.

Frumvarp þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið er ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og eiga sér ekki viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (Verslunarmannafélag Reykjavíkur, febrúar 1996).
II. Samanburður á tekjum verkafólks á Íslandi og í Danmörku. Unnið fyrir 18. þing Verkamannasambands Íslands. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (október 1995).

383. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um rannsókn á áhrifum dragnótaveiða.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Magnús Stefánsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna áhrif dragnótaveiða á lífríki hafsins, sérstaklega hver áhrif dragnótaveiða eru á bolfisksstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu. Einnig verði kannað hvort ákveðin veiðisvæði við Ísland henti fremur til dragnótaveiða en önnur með tilliti til lífríkis á hafsbotni.

Greinargerð.

Lengi hefur verið deilt um það, bæði á Alþingi og annars staðar, hvort dragnótaveiðar við Ísland og e.t.v. sérstaklega í Faxaflóa séu skaðlegar viðkomu bolfisksstofna á þessu svæði. Vitað er t.d. að á Faxaflóasvæðinu eru mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir ýsu. Ekki verða þessar deilur útkljáðar nema nákvæmar rannsóknir fari fram hvað varðar réttmæti þessara veiða og réttmæti ber að skýra náttúrunni í hag.

Rétt er að minna á að Faxaflóa var lokað 1952 fyrir veiðum með dragnót, en þá var svo komið að meira en 90% af þeirri ýsu sem veiddist í flóanum var þriggja ára eða yngri, þ.e. hver fiskur var um eða undir 300 gr. Áhrif lokunarinnar 1952 sögðu fljótlega til sín með því að hlutfall eldri fisks í ýsuaflanum varð marktækt hærra og ýsustofninn tók vel við sér. Á árinu 1960 voru dragnótaveiðar aftur heimilaðar í Faxaflóa. Veiðarnar fóru að vísu hægt af stað en á árinu 1962 náðu þær hámarki. Þá var heildarafli í flóanum 10.539 tonn. Frá þeim tíma minnkaði afli dragnótabátanna og varð ekki nema 684 tonn á árinu 1968. Ýsustofninn hrundi í kjölfar þess að dragnótaveiðarnar hófust aftur að því er margir telja. Til skýringar má nefna að á haustvertíðinni á Akranesi 1962 var meðalýsuafli í róðri 3,7 tonn en minnkaði svo ár frá ári meðan dragnótaveiðar voru leyfðar og var svo komið að á haustvertíð 1970 var meðalýsuafli í hverjum róðri aðeins um 700 kg.

Árið 1971 töldu menn í óefni komið og voru dragnótaveiðar þá aftur bannaðar í Faxaflóa. Virðist ýsuafli aftur hafa farið stigvaxandi upp úr því. Þannig var meðalýsuafli í róðri frá Akranesi kominn upp í rúmlega tvö tonn árið 1980.

Þegar veiðar með dragnót voru heimilaðar í Faxaflóa á nýjan leik að tillögu Alþingis árið 1979, í tilraunaskyni, fengu tveir bátar leyfi til veiðanna. Banninu var síðan formlega aflétt með breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands árið 1981. Bátunum hefur síðan fjölgað ár frá ári og nú er svo komið að á síðasta ári (1996) höfðu 14 bátar leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa. Margir telja þennan fjölda allt of mikinn. Bátarnir eru of margir til þess að um tilraunaveiðar geti verið að ræða.

Það er bæði rétt og sanngjarnt að nýta kolastofninn við landið, en það verður að gerast þannig að hagkvæmt teljist. Ef bátarnir eru of margir að berjast um of lítinn afla verður afkoma þeirra flestra léleg. Nauðsynlegt er að rannsaka ítarlega hugsanleg skaðleg áhrif þessara veiða á viðkomu annarra tegunda í hafinu. Rökin fyrir því að veiðar með dragnót í Faxaflóa geti haft skaðleg áhrif eru því af ýmsum toga, en þau styðjast þó einkum við þá reynslu sem fjölmargir sjómenn hafa öðlast í starfi sínu um áratuga skeið. Sjómenn, sem stunda veiðar á smábátum við Ísland, hafa í gegnum árin talið sig sjá greinilega fylgni milli fiskigengdar á grunnslóð og þess hvort dragnótaveiðar hafa verið leyfðar eða ekki. Rök þeirra ber að skoða og kanna gildi þeirra. Það er einnig ákaflega mikilvægt að láta fara fram samanburðarrannsóknir á veiðum fyrir og eftir banntímabil þar sem heimildir eru til staðar til þess að af þeim megi ráða með nokkurri vissu hvort verið sé að skemma uppvaxtarskilyrði bolfisksins eða annarra tegunda. Við þessu verður að fást afgerandi svar. Það er vart unnt að leggja til dragnótaveiðar í þeim mæli sem þær eru stundaðar nú meðan á rannsóknum stendur, en álit fiskifræðinga verður að liggja fyrir ef á að halda þeim áfram eins og verið hefur síðustu ár.

Rannsóknir þurfa að standa yfir í 4–6 ár. Á þeim tíma ætti að vera unnt að komast að fullnægjandi niðurstöðum um áhrif þessara veiða. Rétt er að svæðið við Faxaflóa verði fyrst rannsakað en um það hafa hörðustu deilurnar staðið. Síðan verði veiðisvæðin rannsökuð hvert af öðru og gerður heildarsamanburður í samráði við hagsmunaaðila. Þannig verði t.d. sérstaklega hugað að ýsu- og þorskgengd í Faxaflóa og uppvaxtarskilyrðum ýmissa tegunda og áhrifum dragnótaveiða á þær. Deildar meiningar eru um það hvort veiðarnar séu skaðlegar viðkomu bolfisksstofna við Ísland. Mörg rök hafa verið sett fram sem styðja bann við drag-

nótaveiðum og enn önnur sem mæla með þeim. Engin leið er að fá úrskurð nema með rannsókn. Þjóð sem telur sig vera til fyrirmyndar í fiskveiðistjórnun verður að láta fara fram ítarlegar rannsóknir sem aflétta vafa varðandi þessa tegund fiskveiða sem og annarra. Það má minna á að dæmi voru um að menn réttlættu veiðar þorsks í nót á sínum tíma og töldu þær vera til bóta. Slíkt má aldrei henda aftur. Nauðsyn er að fá svar við því hvers vegna lúða er nánast horfin úr afla í Faxaflóa. Eru það línubátar, trollbátar eða dragnótabátar sem eiga sök á því? Úr því ætti að fást skorið með því að kanna aflasamsetningu þessara báta á sl. 5–7 árum. Það er þekkt að áður fyrr var algengt að snurvoðarbátar voru að koma með allt að tveimur tonnum á dag af smálúðu sem nú sést nánast ekki í afla þeirra, frekar en línubáta.

384. Svar [121. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Kristins H. Gunnarssonar og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfun óskiptra liða á fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið varið 18 millj. kr. framlagi til ýmissa umhverfisverkefna á liðnum 14-190 123 á fjárlögum 1997, sundurliðað eftir verkefnum?

Eftirfarandi verkefni hafa fengið framlag af lið 14-190 123 Ýmis umhverfisverkefni:

Verkefni	Kr.
Dýraverndarráð, rekstur	8.114
Flutningur Landmælinga Íslands, ferðakostnaður	84.807
Fráveitumál, sérstök verkefni	324.995
Hollustuvernd ríkisins, framlag til matvælarannsókna	500.000
Kostnaður við útgáfu á skýrslum á vegum ráðuneytisins	2.975.242
Líffræðifélag Íslands, styrkur vegna ráðstefnu um kolefnisbúskap Íslands	50.000
Lögfræðileg ráðgjöf vegna ýmissa umhverfisverkefna	120.000
Rekstrarframlag til skrifstofu CAFF á Íslandi	3.214.310
Samband dýraverndunarfélaga, styrkur	100.000
Stangaveiðifélag Reykjavíkur, styrkur til útgáfu veiðikorts af Soginu	66.667
Styrkur til IASC vegna SAAO-fundar í Kautokeino	200.000
Styrkur vegna skýrslu um skilvirkni og beitingu mengunarlöggjafar á Íslandi	70.000
Styrkur til verkefnisins „Námur – efnisgæði og umhverfi“	100.000
Vinna fyrir dómnefnd í samkeppninni „Ísland árið 2018“	124.500
Vinna við skýrslu um vinnslu og nýtingu innlendra orkugjafa fyrir bifreiðar	85.000
Þóknanir til nefndarmanna, ferðakostnaður innan lands og kostnaður við rekstur allra verkefnanefnda ráðuneytisins	4.201.411
Þýðing á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn gróðureyðingu	165.000
Greitt 31. október 1997	**12.390.046**

385. Svar [261. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um rafmagnseftirlit og raffangaeftirlit.

1. *Hefur öryggi neytenda verið tryggt með virku eftirliti í kjölfar breytinga á rafmagnseftirliti?*

Í því skyni að tryggja öryggi neytenda sem best var gerð sú krafa í lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, að löggiltir rafverktakar kæmu sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi með eigin starfsemi. Það þýðir að rafverktakar vinni eftir gæðakerfi sem tryggi að öll verk sem unnin eru í þeirra nafni séu yfirfarin af þeim í verklok og þannig sé tryggt að verkin séu samkvæmt settum öryggisreglum.

Á sama hátt er öryggi neytenda gagnvart starfsemi rafveitna tryggt með því að gerðar eru sömu kröfur til rafveitna og rafverktaka. Rafveitum ber að koma sér upp skilgreindu innra öryggisstjórnunarkerfi. Það er gert til þess að tryggja öryggi raforkuvirkja og rekstur þeirra eins og frekast er unnt. Með innra öryggisstjórnunarkerfi er átt við að á kerfisbundinn hátt verði með fyrirbyggjandi ráðstöfunum unnt að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar sé ávallt fullnægt.

Skýlaus krafa er gerð til rafveitna og rafverktaka um að beita gæðastjórnun í starfsemi sinni og er hún í grundvallaratriðum sú sama og almennt er beitt í atvinnulífinu við framleiðslu og þjónustustarfsemi. Innra gæðaeftirlit fyrirtækja er talið árangursríkasta leiðin til að tryggja öryggi og bæta starfsemina í heild. Þetta næst m.a. með því að eigendur og umráðamenn raforkuvirkja og neysluveitna og allir starfsmenn í tengslum við þær verði meðvitaðri um öryggismál og virkari þátttakendur í fyrirbyggjandi aðgerðum.

Löggildingarstofa hefur yfireftirlit með því að öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka sé samkvæmt reglum og beitir þá aðila viðurlögum sem ekki uppfylla settar reglur.

2. *Hvernig fer eftirlit rafskoðunarstofa fram?*

Yfirvöld hafa mótað þá stefnu að óháðar faggiltar skoðunarstofur sinni framkvæmd rafmagnseftirlits og með því sé skilið á milli stjórnsýsluþáttar eftirlitsins sem Löggildingarstofa hefur með höndum og framkvæmdar þess eftirlits sem skoðunarstofur sinna í umboði Löggildingarstofu. Skilyrðið fyrir því að hægt sé að fela einkaaðilum framkvæmd eftirlits sem hið opinbera hefur haft með höndum er að þeir séu óháðir öllum þeim sem eftirlitið beinist að og öðrum sem gætu haft hagsmuni af niðurstöðum þeirra.

Til að tryggja að þessi sjónarmið nái fram að ganga hefur verið valin sú leið að gera kröfu um faggildingu á þeim skoðunarstofum sem annast eftirlit á rafmagnssviði. Faggilding grundvallast á evrópskum stöðlum og faggildingarsvið Löggildingarstofu sér til þess að þeir sem fengið hafa faggildingu starfi eftir og uppfylli að öllu leyti þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Faggilding er almennt notuð innan ESB til að tryggja hæfni óháðra prófunar- og vottunarstofa sem gefa út vottorð vegna frjálsra vöruskipta og ákvæða um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum. Faggilding hefur átt auknu fylgi að fagna jafnt á evrópskum vettvangi sem alþjóðlegum, enda byggist hún á ýmsum grundvallarmarkmiðum neytendaverndar.

Faggiltar skoðunarstofur á rafmagnssviði starfa eftir gæðakerfi og skriflegum verklags- og skoðunarreglum sem Löggildingarstofa hefur gefið út. Þannig verða skoðanir einsleitar og skiptir þá ekki máli hvaða skoðunarstofa framkvæmir skoðunina, niðurstaðan er sú sama. Með þessu er tryggt að allir þeir sem eftirlitið beinist að njóti jafnræðis.

Gerðar eru strangar kröfur til óháðra skoðunarstofa. Þær starfa í samræmi við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, og reglugerð nr. 346/1993, um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa. Skoðunarstofunum ber að fullnægja öllum ákvæðum í staðlinum ÍST EN 45004 um starfsemi skoðunarstofa og faggildingarsvið Löggildingarstofu gengur úr skugga um að svo sé. Mjög ítarleg úttekt með aðstoð sérfræðings frá rafmagnsöryggisdeild er gerð á starfsemi skoðunarstofa áður en þeim er veitt starfsleyfi. Úttektin miðar annars vegar að því að stofurnar sýni fram á hvernig þær fullnægja skilyrðum, m.a. um skipulag og stjórnun, gæðakerfi, hæfni starfsfólks, aðstöðu og tækjabúnað, og hvernig þær beita skoðunar- og verklagsreglum.

Hins vegar er fylgst með skoðunum á vettvangi og fagleg hæfni skoðunarmanna metin. Fylgst er með hvernig mat á frávikum samræmist skoðunarreglum og hvernig skýrslugerð og frágangi er sinnt. Árlega er svo haft formlegt eftirlit með starfseminni og beinist sú skoðun að völdum þáttum hennar. Auk þess fara fram skyndiathuganir starfsmanna rafmagnsöryggisdeildar ef þurfa þykir. Til frekara eftirlits eru skoðunarskýrslur stofanna yfirfarnar af sérfræðingum rafmagnsöryggisdeildar.

3. Er þjónusta við neytendur jafngóð og skilvirk og hún var fyrir 1994?

Árið 1993 hóf iðnaðarráðuneytið breytingar á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála hér á landi og lauk þeim um síðustu áramót þegar ný lög voru sett um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996.

Um langt árabil höfðu hagsmunaaðilar á rafmagnssviði gert athugasemdir við fyrirkomulag rafmagnsöryggismála. Meginatriði í gagnrýni Sambands íslenskra rafveitna (SÍR) voru eftirfarandi:

- Rafveitueftirlitsgjald, er svo var kallað, var látið standa undir kostnaði við raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins. Starfsemi raffangaprófunar var einnig talin óþörf vegna saminga Íslands um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum.
- Rafveitur voru látnar bera ábyrgð á eftirliti með neysluveitum og skyldaðar til að skoða allar nýjar neysluveitur í stað þess að fá að beita úrtaksskoðunum. Það var skoðun SÍR að eftirlit með neysluveitum ætti ekki að vera í þeirra höndum þar sem hlutverk rafveitna væri fyrst og fremst að framleiða, dreifa og selja raforku. Það væri hlutverk stjórnvaldsins að bera ábyrgð á eftirliti með starfsemi löggiltra rafverktaka og þar með eftirliti með neysluveitum.
- Hið samfléttaða eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk yfirstjórnar rafmagnsöryggismála hafði og sætt gagnrýni og á það verið bent að það væri andstætt nútímasjónarmiðum um góða stjórnsýsluhætti sem kalla á meira hlutleysi, aukið jafnræði og réttaröryggi.
- Samband íslenskra rafveitna taldi yfirstjórn rafmagnsöryggismála óskilvirka.

Helstu breytingar á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála, sem gerðar hafa verið frá 1993, eru í stuttu máli eftirfarandi:

- Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður í þáverandi mynd en ný stofnun, Löggildingarstofa, tók við hlutverki þess með lögum nr. 155/1996 og heyrir hún undir viðskiptaráðherra.
- Prófunum á rafföngum var hætt hér á landi en þess í stað er beitt skilvirku markaðseftirliti.
- Framkvæmd rafmagnseftirlits var falin faggiltum skoðunarstofum á rafmagnssviði.
- Úrtaksskoðanir eru framkvæmdar í umboði Löggildingarstofu á háspenntum raforkuvirkjum og neysluveitum í stað alskoðana (100% skoðana).
- Skoðanir eru framkvæmdar samkvæmt skilgreindum verklagsreglum og í því formi sem Löggildingarstofa ákveður.

– Krafa er um að rafveitur og löggiltir rafverktakar komi sér upp innri öryggisstjórnun. Með innra öryggisstjórnunarkerfi er átt við að á kerfisbundinn hátt verði með fyrirbyggjandi ráðstöfunum unnt að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar sé á öllum tímum fullnægt.

Með þessum aðgerðum færðist allt eftirlit með háspenntum raforkuvirkjum til rafveitna og eftirlit með nýjum neysluveitum til rafverktaka. Það sem felst í þessum breytingum er m.a. að ábyrgð eigenda, umráðamanna eða sérstakra ábyrgðarmanna raforkuvirkja og neysluveitna á lögmætu ástandi þeirra er gerð ótvíræð. Virk öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka, sem Löggildingarstofa hefur yfireftirlit með, tryggir því öryggi neytenda betur en áður.

Nú eru starfsmenn Löggildingarstofu að leggja lokahönd á tillögur að endurskoðun 1. kafla reglugerðar um raforkuvirki þar sem almennt er fjallað um fyrirkomulag rafmagnsöryggismála. Þessi endurskoðun var unnin í samráði við Samorku og Samband íslenskra rafverktaka. Á sama tíma verða tilbúnar verklagsreglur Löggildingarstofu þar sem kröfum stofunnar er lýst enn frekar. Skoðunarreglur hafa verið í endurskoðun og verða tilbúnar á sama tíma og áðurnefndar reglur.

Á næstu mánuðum mun Löggildingarstofa kynna nýtt fyrirkomulag rafmagnsöryggismála fyrir starfsmönnum rafveitna og rafverktökum um allt land og tryggja í sessi innri öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka. Þá er ráðgert að upplýsinga- og fræðslustarfsemi á rafmagnsöryggissviði gagnvart almenningi verði meiri en áður.

Hafin er endurskoðun á lágspennu- og háspennureglum sem teknar verða í notkun á næstu árum.

Allar þessar aðgerðir lúta að því að tryggja að fyrirkomulag rafmagnsöryggismála verði betra og skilvirkara en áður og þjónusta við neytendur bætt að sama skapi.

Forsenda þess að hægt sé að draga úr opinberu eftirliti, en jafnframt tryggja öryggi neytenda, er að rafveitur og löggiltir rafverktakar komi sér upp innri öryggisstjórnun.

4. *Hefur verið sýnt fram á að þjónusta og eftirlit með rafveitum sé betra nú en það var árið 1993?*

Rafmagnseftirlit ríkisins bar ábyrgð á framkvæmd eftirlits með háspenntum raforkuvirkjum rafveitna til ársloka 1993. Framkvæmd eftirlitsins sætti gagnrýni, m.a. var það ekki talið nógu samræmt og kerfisbundið.

Eins og getið er um í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar eru rafveitur landsins að koma sér upp innri öryggisstjórnun með eigin virkjum. Árið 1996 var stofnaður vinnuhópur á vegum Samorku til þess að útbúa leiðbeiningar um framkvæmd innri öryggisstjórnunar rafveitna í samráði við Rafmagnseftirlit ríkisins. Þeirri vinnu er nú lokið og hafa rafveitur sent Löggildingarstofu upplýsingar um hvernig þær muni standa að uppbyggingu og framkvæmd öryggisstjórnunarkerfa sinna. Í öryggisstjórnunarkerfi rafveitna er tekið á eftirfarandi þáttum:

a. skipulagi og skilgreiningu á því hver beri ábyrgð á eftirliti og að nauðsynlegum öryggis- og fyrirbyggjandi aðgerðum sé sinnt, ásamt því hvernig ábyrgð sé dreift á aðra starfsmenn;
b. skráningu á megineiningum raforkukerfisins og breytingum sem gerðar eru;
c. hvernig staðið sé að eftirliti með virkjum í rekstri, úttektum og skoðunum á nýjum virkjum og endurbótum eldri virkja;
d. tíðni og umfangi eftirlits;
e. greiningu, skráningu og flokkun athugasemda og hvernig bregðast skuli við þeim.

Innan skamms munu skoðunarstofur í umboði Löggildingarstofu hefja fyrstu skoðanir á öryggisstjórnun rafveitna. Því er ljóst að eftirlit með raforkuvirkjum rafveitna verður betra og skilvirkara en áður.

5. *Hefur verið tryggt að ekki komi til gjaldskrárhækkana fyrir rafmagnseftirlit, eins og fyrirheit voru gefin um árið 1993 og aftur í ræðu ráðherra á Alþingi 20. desember sl.?*

Í 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, kemur fram að rafveitum ber að greiða til Löggildingarstofu gjald sem nemur 0,8% af heildartekjum þeirra af raforkusölu. Þessum tekjum skal varið til að greiða kostnað af yfireftirliti við úrtaksskoðanir sem stofnunin lætur skoðunarstofur framkvæma á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri.

Ráðuneytið hefur engin áform um að gera tillögu um breytingu á þessu gjaldi.

6. *Er unnt með skýrum dæmum að sýna fram á að kostnaður við rafmagnseftirlit hafi ekki hækkað, hvorki hjá einstaklingum né fyrirtækjum, síðan breyting varð á fyrirkomulagi þess árið 1994?*

Erfitt er að bera kostnað af fyrirkomulagi rafmagnseftirlits eins og það var áður saman við núverandi fyrirkomulag. Þess skal þó getið að samkvæmt útreikningum sem Samband íslenskra rafveitna lét gera árið 1992 nam kostnaður við allt rafmagnseftirlit í landinu hátt í 240 millj. kr. á þeim tíma sem Rafmagnseftirlit ríkisins og rafveitur sinntu því. Sjálfsagt er erfitt að finna nákvæma tölu þar sem störf við rafmagnseftirlit voru hér áður fyrr ekki eins afmörkuð og nú. Eftirlitsmenn rafveitna gegndu flestir öðrum störfum hjá rafveitum og voru skilin því oft óljós milli rafmagnseftirlitsstarfsins og annarra starfa.

Áætlaður kostnaður af eftirliti samkvæmt nýju fyrirkomulagi mun á næsta ári nema um 115 millj. kr. og felst hann í kostnaði við rekstur rafmagnsöryggideildar Löggildingarstofu, eftirlit með rafföngum á markaði, eftirlit með nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri og við öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka.

Löggildingarstofa greiðir kostnað af eftirliti með nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri og því bera neytendur ekki beinan kostnað af neysluveitueftirliti. Faggiltar skoðunarstofur framkvæma skoðanir á framangreindum neysluveitum í umboði Löggildingarstofu.

Fyrst eftir að faggiltar skoðunarstofur fóru að sinna rafmagnseftirliti hafa atriði eins og tími við öflun gagna, ferðatími, skoðunartími, tími í skýrslugerð o.fl. fyrst verið skilgreind. Þegar Löggildingarstofa óskar eftir því að skoðunarstofur annist eftirlit er þess ævinlega gætt að skoðunarverkefni séu nægilega mörg til að minnka aukakostnað sem mest, svo sem kostnað við ferðir og uppihald.

Því fleiri verkefni sem skoðunarstofur munu sinna á næstu árum þeim mun minni verður áðurnefndur kostnaður á hvert verkefni. Hins vegar er ljóst að neytendur greiða nú töluvert lægri fjárhæðir til rafmagnsöryggismála en þeir gerðu áður.

7. *Hefur forstjóri Löggildingarstofu lokið háskólaprófi á sviði er tengist starfsemi stofnunarinnar, sbr. 4. gr. laga um Löggildingarstofu, nr. 155/1996?*

Samkvæmt fyrrnefndum lögum ber forstjóra Löggildingarstofu að hafa lokið háskólaprófi á sviði sem tengist starfsemi stofnunarinnar. Forstjóri hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og uppfyllir því áðurnefnd skilyrði.

8. *Hefur deildarstjóri rafmagnsöryggisdeildar Löggildingarstofu háskólapróf í rafmagnsverkfræði eða skyldum greinum?*

Þær kröfur, sem gerðar eru til deildarstjóra rafmagnsöryggisdeildar Löggildingarstofu, eru þær að hann hafi lokið prófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) eða rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafi að auki a.m.k. tveggja ára reynslu á sviði rafmagnsöryggismála. Einnig skal hann hafa þekkingu og reynslu í opinberri stjórnsýslu, rekstri og stjórnun. Deildarstjóri rafmagnsöryggisdeildar uppfyllir áðurnefnd skilyrði.

386. Frumvarp til laga [309. mál]

um tímareikning á Íslandi.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Árni M. Mathiesen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðni Ágústsson, Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson.

1. gr.

Í lögum þessum merkir sumartími það tímabil ársins þegar klukkan er færð fram um 60 mínútur frá miðtíma Greenwich.

2. gr.

Sumartími skal hvarvetna á Íslandi hefjast kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í mars og ljúka kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í október.

3. gr.

Utan sumartíma skal hvarvetna á Íslandi telja stundir eftir miðtíma Greenwich.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 6/1968, um tímareikning á Íslandi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt.

Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun um samræmdan sumartíma í aðildarríkjunum. Er þar miðað við að sumartími hefjist klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í marsmánuði og er klukkan þá færð fram um eina klukkustund. Honum ljúki síðan klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í október þegar klukkan er færð til baka um eina klukkustund.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til Evrópuþingsins og Ráðherraráðsins frá 25. apríl 1996 er fjallað um áhrif sumartíma, þar á meðal á orkunotkun, heilbrigði, vinnuaðstæður og lífsstíl, landbúnað, umhverfisvernd, umferðaröryggi, ferðamennsku og afþreyingariðnað. Athuganir framkvæmdastjórnarinnar leiddu í ljós að engin meiri háttar vandamál væru því samfara að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu þó að til séu þeir sem telja breytingar hafa óþægindi í för með sér.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru í fyrsta lagi hvað snertir orkunotkun að sumartíminn leiðir almennt til nokkurs sparnaðar, í öðru lagi að sumartími og tímabreytingar honum tengdar hafa engin varanleg eða alvarleg áhrif á heilsu manna, í þriðja lagi hefur sumartíminn engin neikvæð áhrif á vinnuaðstæður, í fjórða lagi hvað varðar lífsstíl manna þá hafa betri birtu-

skilyrði áhrif á möguleika fólks til að stunda útivist, í fimmta lagi hefur sumartíminn engin neikvæð áhrif á flesta þætti landbúnaðar, í sjötta lagi lagi leiddi rannsókn á umferðaröryggi, sem gerð var í Bretlandi, í ljós að á sumartíma er slysatíðni almennt lægri en á vetrartíma og er það fyrst og fremst rakið til aukinnar birtu á kvöldin. Þá kom og í ljós að aukin birta síðla dags hefur jákvæð áhrif á ferðamannaþjónustu. Þá er í skýrslunni lögð áhersla á samræmingu sumartíma í Evrópusambandinu og bent á að hún sé sérstaklega brýn varðandi samgöngur, fjarskipti og ferðamennsku.

Allar ályktanir sem dregnar verða af skýrslunni benda til þess að kostir þess að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu og nágrannalöndum þess séu yfirgnæfandi.

Algengt er að forráðamenn íslenskra fyrirtækja og aðrir sem þurfa að hafa samskipti við Vestur-Evrópu yfir sumartímann kvarti undan því að samskiptatíminn styttist mjög verulega við að tímamismunurinn eykst úr einni klukkustund í tvær. Mjög erfitt getur verið fyrir fólk að ná saman í síma á þessum tíma. Fullyrða má að mikill tími og fyrirhöfn mundi sparast í viðskiptum við helstu viðskiptalöndin, eins og Danmörku, Noreg, Svíþjóð, Þýskaland, Belgíu, Holland og Frakkland, ef tímamismunurinn væri ávallt ein klukkustund. Tveir þriðju hlutar vöruútflutnings fara til ríkja ESB og EFTA og þaðan koma um þrír fjórðu af öllum vöruinnflutningi. Jafnframt koma um þrír fjórðu erlendra ferðamanna til Íslands frá þessum ríkjum. Til viðbótar öllum þeim samskiptum sem fylgja viðskiptum með vörur og þjónustu við þessi helstu viðskiptalönd okkar eru margvísleg önnur samskipti við þau, m.a. á sviði menningarmála. Eins tíma munur allt árið milli Íslands og meginlands Evrópu gerir samskiptin auðveldari og markvissari sem hefur afar mikla þýðingu fyrir alla sem að þeim koma.

Einnig er mikilvægt fyrir flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu að hér á landi verði tekinn upp sumartími til samræmis við önnur Evrópulönd. Þá þarf ekki að breyta flugáætlunum þegar tímabreytingar verða en því fylgir jafnan töluverð fyrirhöfn og kostnaður. Enn fremur leiðir sumartími til þess að flug til Evrópu frá Keflavíkurflugvelli klukkan sjö á morgnana yrði einum tíma síðar eins og á vetrum. Þetta kemur sér vel fyrir farþega í morgunflugi til Evrópu en nú er algengt umkvörtunarefni hversu snemma brottfarir eru enda skapar það oft óþægindi fyrir farþega. Ekki er óeðlilegt að ætla að farþegar í Reykjavík þurfi að fara á fætur tveimur og hálfum til þremur tímum fyrir brottför frá Keflavík.

Upptaka sumartíma með þeim hætti sem hér er lýst leiðir til þess að á sumrin verður sólin hæst á lofti um klukkan hálfþrjú á daginn á vesturhluta landsins. Þetta þýðir að dagurinn er tekinn fyrr og vinnutíma lýkur fyrr en á vetrum. Með þessu móti hefur almenningur meiri möguleika á að njóta sólar og góðviðrisdaga á sumrin. Þannig eru líkur til þess að hér gæti skapast sérstök sumarstemning eins og gerist í nágrannalöndum í Evrópu. Fólk hefði mun betri tækifæri til þess að njóta útiveru eftir að vinnudegi lýkur og þannig yrðu lífnaðarhættir almennings heilbrigðari. Þetta hefur tvímælalaust hvetjandi áhrif á viðskiptalíf, götulíf og allt mannlíf á Íslandi á sumrin og ferðaþjónustan nyti góðs af. Íþróttafólk hefði einnig hag af sumartíma, jafnt keppnisfólk sem áhugamenn, þar sem birtu nyti lengur fram á kvöld síðsumars og snemma hausts. Sumartíminn kæmi sér t.d. vel fyrir skipulagningu knattspyrnuleikja og golfáhugamenn gætu betur stundað íþrótt sína. Ekki síst hefði sumartími góð áhrif á mannlífið á hinum fjölmörgu stöðum á landsbyggðinni sem eru undir eða milli hárra fjalla. Þar hefur margt fólk takmarkaða möguleika til að njóta sumarsins því að sólin hefur horfið af sjóndeildarhringnum þegar vinnudeginum lýkur.

Því hefur stundum verið haldið fram að fólk ætti sjálft að geta skipulagt vinnu sína, hafið vinnu fyrr á morgnana og hætt fyrr á daginn, til þess að bæta samskiptin við Evrópu eða til þess að njóta sumarblíðunnar að loknum vinnudegi. Þetta er hins vegar ekki svo einfalt þar sem atvinnulífið er allt samtengt og hvert fyrirtæki miðar opnunartíma sinn við önnur fyrir-

tæki. Enn fremur er margvísleg þjónusta veitt á þeim tíma sem miðast við almennan vinnudag, svo sem á dagheimilum og leikskólum. Grunnskóli hefst líka víðast hvar um áttaleytið á morgnana. Það kostar því í flestum tilvikum of mikla röskun að breyta vinnutíma einstaklinga svo ekki sé talað um heilla fyrirtækja.

Sumartími tíðkast eins og fyrr sagði í öllum helstu viðskiptalöndum okkar í austri og vestri. Ísland er sér á báti hvað þetta varðar og því hlýtur að vakna spurning um það af hverju Íslendingar vilja skera sig úr einmitt að þessu leyti. Rökin sem færð hafa verið gegn sumartímanum hafa fyrst og fremst falist í að draga fram kostnaðinn og fyrirhöfnina við að breyta klukkunni tvisvar á ári. Vissulega kostar það ákveðna fyrirhöfn en nágrannar okkar hafa talið hana léttvæga miðað við ávinninginn af sumartímanum. Því er einkennilegt að Íslendingar skuli búa við þessa sérstöðu og mál hlýtur að vera að linni í því efni.

Eins og að framan er greint var samhljóða frumvarp lagt fram á 120. löggjafarþingi. Frumvarpið var sent til umsagnar fjölmargra aðila, m.a. einstakra sveitarfélaga og sambanda sveitarfélaga sem öll lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið eða gera engar athugasemdir við efni þess. Í umsögn frá Íslenskri verslun kemur fram að það væri til mikilla hagsbóta fyrir þann mikla fjölda inn- og útflytjenda sem á dagleg viðskipti við helstu viðskiptalönd okkar á meginlandi Evrópu ef klukkan yrði færð fram um eina klukkustund eins og lagt er til í frumvarpinu. Þá segir í umsögn Samskipa að meginhluti viðskipta fyrirtækisins sé tengdur löndum innan EES og því væri það fyrirtækinu til mikils hagræðis ef tímamismunur milli Íslands og EES yrði sá sami allt árið um kring. Sömu sjónarmið koma fram í umsögnum Eimskipafélagsins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og í umsögn Verslunarráðs segir að með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér megi með lítilli fyrirhöfn bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á alþjóðavettvangi. Samband íslenskra veitingahúsa og Flugleiðir lýsa einnig yfir stuðningi við frumvarpið og vísa til þeirra röksemda sem fram koma í greinargerð. Þá koma loks fram þær röksemdir frá Knattspyrnusambandi Íslands að í fyrsta lagi sé keppnistímabil íslenskra knattspyrnumanna það stutt að það verði æ erfiðara að koma fyrir öllum þeim leikjum sem þarf í öllum aldursflokkum frá kl. 17–19, en tíminn takmarkist við lok vinnudags annars vegar og hins vegar við birtuskilyrði, í öðru lagi væri það tvímælalaust til bóta ef beinar sjónvarpsútsendingar frá knattspyrnuleikjum gætu hafist klukkustund síðar á deginum, í þriðja lagi væri til bóta, vegna fjölda ferðalaga íslenskra knattspyrnuliða, ef flug frá Íslandi væri klukkustund síðar á morgnana og í fjórða lagi væri sambandið í miklum samskiptum við önnur knattspyrnusambönd í Evrópu, sem og UEFA og FIFA sem staðsett eru í Sviss, og væri það til mikilla hagsbóta ef tími til samskipta við þessa aðila ykist. Sambærileg sjónarmið varðandi skipulag móta og æfinga koma fram í umsögn Íþróttasambands Íslands.

387. Svar [244. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um gjald af kvikmyndasýningum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða sveitarstjórnir leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar samkvæmt lögum nr. 28/1952 og hve lengi hefur það verið gert?*
2. *Hversu hátt hlutfall af aðgangseyri að kvikmyndasýningum er gjaldið og hve há hefur fjárhæðin verið árlega síðustu fimm ár, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Ráðuneytið leitaði upplýsinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sendi fyrirspurnina til allra kaupstaða á landinu. Svör bárust frá 17 sveitarfélögum af 31. Ekkert þeirra sveitarfélaga sem svar barst frá leggur nú sérstakt gjald á kvikmyndasýningar samkvæmt heimild í lögum nr. 28/1952. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær gerðu það áður en hættu því fyrir mörgum árum. Eftirfarandi er yfirlit yfir svör sveitarfélaganna:

Sveitarfélag	Svar
Reykjavíkurborg	Ekkert gjald, var lagt á áður en því hætt fyrir mörgum árum
Kópavogskaupstaður	
Seltjarnarneskaupstaður	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar
Garðabær	Ekkert gjald
Hafnarfjarðarkaupstaður	Ekkert gjald
Mosfellsbær	
Reykjanesbær	
Grindavíkurkaupstaður	
Sandgerðisbær	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar
Akraneskaupstaður	Ekkert gjald
Borgarbyggð	Ekkert gjald
Stykkishólmsbær	
Snæfellsbær	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar
Bolungarvíkurkaupstaður	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar
Ísafjarðarbær	Ekkert gjald
Vesturbyggð	Ekkert gjald
Siglufjarðarkaupstaður	Ekkert gjald
Sauðárkrókskaupstaður	
Blönduósbær	Ekkert gjald
Akureyrarkaupstaður	Ekkert gjald, var lagt á áður en því hætt fyrir mörgum árum
Húsavíkurkaupstaður	
Ólafsfjarðarkaupstaður	
Dalvíkurbær	
Seyðisfjarðarkaupstaður	Ekkert gjald
Neskaupstaður	
Eskifjarðarkaupstaður	
Egilsstaðabær	Ekkert gjald
Hornafjarðarbær	
Vestmannaeyjakaupstaður	
Selfosskaupstaður	
Hveragerðisbær	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar

388. Svar [259. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um hlutfall útskrifaðra kennara við kennslu.

Ekki er unnt að afla heildarupplýsinga um alla þá sem útskrifast hafa með kennararéttindi undanfarin tíu ár og þá sem starfa við kennslu. Því er í svari þessu stuðst við upplýsingar úr könnun sem unnin hefur verið í tengslum við mat á kennaramenntun og menntamálaráðuneytið stendur nú fyrir. Könnunin byggist á úrtaki þeirra sem útskrifuðust með BEd-próf og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi frá Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Há-

skóla Íslands. Úrtakið náði til helmings þeirra sem útskrifuðust frá þessum skólum árin 1981, 1986, 1991, 1995 og 1996. Könnuninni er ekki að fullu lokið en svörun er nú um 65%. Á þessu stigi verður því að gera fyrirvara um tölfræðilega marktækni niðurstaðna könnunarinnar. Þar sem könnunin nær ekki til alls þess árabils sem spurt er um verður einnig að gera fyrirvara þegar niðurstöður hennar eru yfirfærðar á allt tímabilið sem spurt er um.

Á árunum 1986–96 útskrifaðist 2.201 nemandi með BEd-próf eða kennsluréttindi hér á landi. Úrtak könnunarinnar nær til 29% af þessum fjölda og til fjögurra af þeim árum sem um er spurt. Því er hægt að álykta að könnunin gefi sterka vísbendingu um aðstæður þeirra sem útskrifuðust með kennsluréttindi á þessu tímabili. Hins ber þó að gæta að þar sem svörun í könnuninni er enn þá fremur lítil er hætt við að aðstæður þeirra sem ekki hafa svarað kunni að vera ólíkar þeim sem svarað hafa, t.d. að þeir sem ekki svari hafi í ríkari mæli farið til annarra starfa en kennslu.

1. *Hversu margir þeirra sem hafa útskrifast með kennararéttindi undanfarin tíu ár eru við kennslu?*

Á tímabilinu 1986–96 útskrifuðust 1.285 nemendur með BEd-próf hér á landi, en það veitir réttindi til kennslu í grunnskólum. Samkvæmt niðurstöðum könnunar ráðuneytisins starfa um 75% þeirra nú við kennslu.

Á sama tímabili útskrifuðust 916 með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi og gefur könnunin til kynna að 73% þeirra starfi nú við kennslu. Séu niðurstöður þessar dregnar saman má áætla að 1.633 af þeim 2.201 sem útskrifuðust með kennararéttindi á árunum 1986–96 séu enn við störf eða um 75%.

2. *Hversu margir þeirra sem hafa útskrifast frá Háskólanum á Akureyri eru við kennslu?*

Háskólinn á Akureyri hefur einungis tvisvar útskrifað kennara með BEd-gráðu og einu sinni kennara úr námi til kennsluréttinda. Könnunin nær einungis til árgangsins 1996 en þá útskrifuðust 27 úr BEd-námi. Af þeim eru samkvæmt könnun ráðuneytisins 83% eða um 22 nú við störf sem kennarar. Árið 1996 útskrifuðust 42 með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi og starfa 79% eða 33 þeirra nú við kennslu.

3. *Hversu margir þeirra sem hafa útskrifast frá Kennaraháskóla Íslands undanfarin tíu ár eru við kennslu?*

Á árunum 1986–96 útskrifuðust alls 1.258 nemendur með BEd-próf frá Kennaraháskóla Íslands. Sé miðað við niðurstöður könnunar ráðuneytisins starfa 75% þeirra eða 943 við kennslu. Á sama tímabili hafa 268 lokið námi til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi frá sama skóla og starfar 81% þeirra eða 217 nú við kennslu.

4. *Hversu margir þeirra sem lokið hafa kennsluréttindanámi við Háskóla Íslands undanfarin tíu ár eru við kennslu?*

Á árunum 1986–96 útskrifuðust 606 nemendur með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Samkvæmt könnuninni starfa 68% þeirra eða 412 nú við kennslu.

5. *Hve margir leiðbeinendur hafa lokið réttindanámi síðan lög nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, tóku gildi og hversu margir þeirra eru við kennslu?*

Ekki er haldið saman heildarupplýsingum um fjölda leiðbeindenda sem ljúka réttindanámi. Í könnun ráðuneytisins eru hins vegar þeir sem lokið hafa kennsluréttindanámi spurðir um reynslu af kennslu áður en námið hófst. Í niðurstöðum könnunarinnar kemur í ljós að um 34% þeirra sem luku BEd-námi á því tímabili sem könnunin nær til höfðu starfað við kennslu áður en þeir hófu nám. Um 80% þeirra eru nú við kennslu. Séu þessar niðurstöður heimfærðar á heildarfjölda útskrifaðra á árunum 1986–96 hafa um 437 leiðbeinendur lokið BEd-námi og um 350 þeirra eru nú starfandi.

Hvað varðar leiðbeinendur á framhaldsskólastigi gefur könnunin til kynna að um 71% þeirra sem lokið hafa kennsluréttindanámi hafi haft reynslu af kennslu áður en þeir hófu nám. Um 76% þeirra eru enn við kennslu. Séu þessar niðurstöður heimfærðar á þá sem útskrifuðust úr kennsluréttindanámi á árunum 1986–96 hafa 650 starfað sem leiðbeindendur áður en nám hófst og um 494 þeirra starfa nú við kennslu.

6. *Hversu margir þeirra sem hafa menntað sig til raungreinakennslu eru við kennslu*
   a. í grunnskólum,
   b. í framhaldsskólum?

Á árunum 1986–96 útskrifuðust 1.285 nemendur með BEd-próf. Samkvæmt könnun ráðuneytisins má áætla að um 19% eða 244 þeirra hafi haft raungreinar að sérgrein. Könnunin gefur til kynna að 64% þeirra séu nú við kennslu, eða um 156 manns. Nær allir þeirra starfa í grunnskólum.

Á árunum 1986–96 útskrifuðust 916 nemendur úr námi til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi. Af þeim eru 11% eða um 100 með raungreinar að sérgrein. Könnunin gefur til kynna að um 83% þeirra séu nú við kennslu, nær allir í framhaldsskólum.

7. *Hver er meðalstarfsaldur kennara í grunnskólum eftir kjördæmum?*

Samkvæmt gögnum frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis er meðalstarfsaldur grunnskólakennara eftirfarandi, miðað við 1. ágúst 1996.

Kjördæmi	**Meðalstarfsaldur, ár**
Reykjavík	17,94
Reykjanes	17,26
Vesturland	18,22
Vestfirðir	17,25
Norðurland vestra	17,62
Norðurland eystra	18,13
Austurland	17,81
Suðurland	17,47

389. Svar [253. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um stofnmat nytjafiska á Íslandsmiðum og við Noreg.

1. *Er grundvallarmunur á upplýsingaöflun og aðferðum við að meta stofnstærð helstu fiskstofna á Íslandsmiðum annars vegar og við Noreg að Barentshafi meðtöldu hins vegar?*

Segja má að um svipaðar aðferðir sé að ræða við stofnstærðarmat helstu fiskstofna á Íslandsmiðum annars vegar og við Noreg og í Barentshafi hins vegar. Þó er munur á í nokkrum veigamiklum atriðum: „Togararall“ Hafrannsóknastofnunarinnar er mun betur útfært en stofnstærðarmælingar í Barentshafi og getur því gefið nákvæmari upplýsingar um breytingar í stofnunum. Stofnmat Hafrannsóknastofnunarinnar hefur reynst áreiðanlegra en í stofnmatið í Barentshafi vegna nákvæmari gagna og annarra vinnubragða við greiningu þeirra og aðra úrvinnslu. Einnig hafa hér verið teknar upp nýjungar til viðbótar eldri aðferðum. Má þar t.d. nefna fjölstofnaáætlun og haustrall stofnunarinnar. Þannig hefur rannsóknum verið haldið áfram og nýjum bætt við til þess að bæta stofnmatið.

2. *Er þörf á að endurskoða vinnuaðferðir Hafrannsóknastofnunarinnar og efla fiskirannsóknir hér við land í ljósi nýlegrar reynslu Norðmanna af stofnstærðarmati þorsks í Barentshafi?*

Starfsaðferðir Hafrannsóknastofnunarinnar eru í stöðugri endurskoðun en að sjálfsögðu er nauðsynlegt að efla fiskirannsóknir hér við land. Í ljósi nýlegrar reynslu Norðmanna og Rússa þurfa Íslendingar að velta fyrir sér hvað geti hugsanlega farið úr skorðum og hvað þurfi að gera til að koma í veg fyrir slíkt. Hins vegar er ljóst að í þeim tilfellum sem ráðgjöf fer úr skorðum gerist það fremur vegna óvæntra atburða en þekktra vandamála. Því er erfitt að segja til um hvaða aðferðir séu bestar til að koma í veg fyrir óvæntar uppákomur. Þó má draga almennar ályktanir og líta þá til þess sem gerst hefur í nágrannalöndunum:

a. Í Barentshafi hefur löngum verið erfitt að meta sjálfrán þorsks og raunar eru fjölstofnaáhrif stundum þess eðlis að afar erfitt getur verið að spá fyrir um framvindu einstakra stofna. Slík áhrif virðast ekki vera í jafnmiklum mæli á Íslandsmiðum en að sjálfsögðu er sjálfrán fyrir hendi hér sem annars staðar.

   Umfangsmikilli fjölstofnaáætlun er nýlokið og niðurstöður eru nú þegar nýttar við árlega úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar á nytjastofnum. Engan veginn er þó séð fyrir endann á úrvinnslu hennar. Í framhaldi af fjölstofnarannsóknum er æskilegt að mæla að staðaldri át helstu rándýra sjávar og nýta slíkar mælingar við árlega ráðgjöf.

b. Óvæntar umhverfisbreytingar virðast hafa skipt verulegu máli til viðbótar ofveiði og valdið erfiðleikum við ráðgjöf. Má þar nefna hrun síldarstofna og þorskstofnsins við Kanada. Í fæstum tilvikum eru slík áhrif þekkt fyrir fram.

c. Stofnmælingar geta mistekist að því er virðist vegna tilviljanakenndra breytinga í útbreiðslu eða veiðanleika, eins og t.d. við Kanada og Færeyjar, eða af öðrum ástæðum. Hér er eðlilegast að bæta við fleiri mælingum til þess að þurfa ekki að treysta alfarið á einn leiðangur. Þetta hefur þegar verið gert með „haustralli“ og „netaralli“ sem munu nýtast í framtíðinni þegar mælingum fjölgar.

   Tímabundin framlög Lýðveldissjóðs hafa gert Hafrannsóknastofnuninni kleift að auka rannsóknir á lífríki sjávar. Nauðsynlegt er að tryggja framhald slíkra rannsókna þegar starfstíma sjóðsins lýkur eftir tvö ár. Þá er einnig nauðsynlegt að auka verulega mælingar á styrk helstu hafstrauma umhverfis landið og tengsl þeirra við klak og hrygningu fiskstofna.

390. Frumvarp til laga [310. mál]

um ábyrgðarmenn.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Ragnar Arnalds, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svanfríður Jónasdóttir, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga og skuldabréf þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara. Enn fremur gilda ákvæði laganna um sams konar samninga þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum aðalskuldara.

Um samninga um kaup og sölu á tékkum og víxlum fer samkvæmt ákvæðum laga um tékka og víxillaga.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin orð merkingu eftir því sem hér segir:

Ábyrgðarmaður: Einstaklingur sem skuldbindur sig persónulega gagnvart öðrum til tryggingar efndum fjárskuldbindinga þriðja manns.

Aðalskuldari: Sá sem gengist er í ábyrgð fyrir.

Kröfuhafi: Eigandi eða handhafi kröfu sem ábyrgðarmaður hefur ábyrgst.

Framsal.

3. gr.

Við framsal kröfu, sem ábyrgðarmaður er í ábyrgð fyrir eða eigur standa að veði til tryggingar efndum, gilda ákvæði þessara laga um samband framsalshafa og ábyrgðarmanns. Framseljandi kröfu skal tilkynna ábyrgðarmanni um framsalið.

II. KAFLI
Stofnun, efni og form ábyrgðarsamnings.

4. gr.

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur. Skilyrði sem ekki kemur fram í ábyrgðarsamningi er ekki bindandi fyrir ábyrgðarmann, nema lög kveði á um annað.

Ábyrgðarsamningur, sem ekki kveður skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara, er ógildur. Enn fremur er ábyrgðarsamningur, sem kveður á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast í framtíðinni, ógildur. Ákvæði í ábyrgðarsamningi sem fara í bága við ákvæði laga þessara eru ógild.

Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Á sama hátt getur kröfuhafi ekki, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af lánssamningi, auk eintaks af ábyrgðarsamningi ef hann er gerður sérstaklega.

5. gr.

Áður en ábyrgðarmaður undirritar ábyrgðarsamning skal kröfuhafi upplýsa skriflega um hvers konar ábyrgð er að ræða og hversu víðtæk hún er. Auk þess skal kröfuhafi upplýsa ábyrgðarmann um eftirtalin atriði:

a. kröfu þá sem ábyrgðarmaður vill ábyrgjast, auk upplýsinga um þann tíma sem ábyrgðinni er ætlað að gilda, fjárhæð kröfu, hlutfall ábyrgðar eða hæstu fjárhæð sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast og kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna vanefnda aðalskuldara,
b. veð og tryggingar sem auk ábyrgðarloforðs er ætlað að standa til tryggingar efndum kröfu, þar með talið virði eigna sem aðalskuldari hefur sett til tryggingar efndum,
c. að fengnu samþykki aðalskuldara, aðrar skuldir lántakanda hjá viðkomandi lánveitanda og hvort þær eru í vanskilum.

III. KAFLI
Réttarsamband kröfuhafa og ábyrgðarmanns.

6. gr.

Kröfuhafi skal tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um vanefndir aðalskuldara. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem fellur til eftir að tvær vikur eru liðnar frá gjalddaga, nema honum hafi áður verið send tilkynning um vanefnd aðalskuldara. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni ef veð eða aðrar tryggingaráðstafanir eru ekki lengur tiltækar. Jafnframt skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni, svo skjótt sem auðið er, um lát aðalskuldara eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Vanefni kröfuhafi tilkynningarskyldu sína ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir vegna þess.

7. gr.

Kröfuhafi getur ekki gert fyrirvara um það í ábyrgðarsamningi að hann geti einhliða breytt skilmálum samnings í óhag fyrir ábyrgðarmann. Breyting á upphaflegum lánssamningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur engin áhrif á ábyrgðarsamning nema samhliða sé á honum gerð sams konar breyting. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt samningi við aðalskuldara.

Ákvæði í samningi, um að ábyrgðarmaður afsali sér rétti til að gera kröfur á hendur lánveitanda vegna vanefnda á skyldum hans gagnvart ábyrgðarmanni, eru ógild.

8. gr.

Vanefni aðalskuldari skyldur sínar þannig að kröfuhafi gjaldfellir kröfu ásamt vöxtum og kostnaði, gildir sú gjaldfelling ekki gagnvart ábyrgðarmanni, nema honum hafi áður verið tilkynnt um vanefnd aðalskuldara og jafnframt gefinn kostur á því að greiða kröfuna. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um dráttarvexti eða kostnað við innheimtu eða aðrar fullnustuaðgerðir, nema honum hafi áður verið gefinn kostur á því að greiða kröfuna. Ef ábyrgðarmaður ákveður að greiða kröfuna eða koma henni í skil skal hann tilkynna kröfuhafa og aðalskuldara um það, um leið og greiðsla hefur átt sér stað.

IV. KAFLI
Takmarkanir á ábyrgð.

9. gr.

Hafi kröfuhafi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls aðalskuldara og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á kröfuna.

Ef kröfuhafi vanrækir að lýsa kröfu í þrota- eða dánarbú aðalskuldara lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi aðalskuldara.

Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur aðalskuldara, hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

V. KAFLI
Brottfall ábyrgðar að hluta eða öllu leyti.

10. gr.

Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu hafi aðalskuldari aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi.

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingarráðstafanir, sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings, skuli ekki lengur standa til tryggingar, og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er mun verri en hún var, er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu, nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara.

VI. KAFLI
Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og lánastofnanir hafa því í gegnum tíðina að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga.

Samkvæmt skýrslu nefndar, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera má ráð fyrir að um 90 þús. einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um það bil 47% allra Íslendinga á þessum aldri.

Flest bendir til þess að ábyrgðarskuldbindingar hér á landi séu mun algengari en annars staðar á Norðurlöndum eða Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, *Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga* (nóvember 1996), að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjár-

skuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið önnur en annars staðar á Norðurlöndum.

Með framlagningu þessa frumvarps, sem skiptist í sex kafla, er gerð tilraun til þess að sporna við þessari þróun sem flutningsmenn telja óásættanlega. Ýmsir möguleikar voru kannaðir í því sambandi en niðurstaðan varð sú að leggja til að reglurnar næðu til allra samninga og skuldabréfa þar sem einstaklingar skuldbinda sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Reglunum er ekki ætlað að breyta ákvæðum laga um tékka eða víxillaga því þau eiga sér alþjóðlega skírskotun með rætur í alþjóðasamningum sem flestar vestrænar þjóðir eiga aðild að og einhliða breytingar aðildarríkja eru því óæskilegar. Rétt er þó að vekja athygli á 2. málsl. 2. mgr. 4. gr., sem kveður á um bann við afhendingu viðskiptabréfa með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu á hendur aðalskuldara sem kann að stofnast í framtíðinni. Það ákvæði gildir um tékka og víxla en breytir ekki ákvæðum þeirra laga.

Markmiðið með frumvarpinu er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu kröfuhafa og ógildingarástæður.

Frumvarpið byggist einkanlega á sjónarmiðum um neytendavernd. Nauðsyn hennar birtist meðal annars í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna og viðsemjanda þeirra. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda (kröfuhafa), auk þess sem ábyrgðarmaður sjálfur hefur sjaldnast nokkurn hag af samningum. Ástæður einstaklinga fyrir því að gangast í ábyrgð eru oftar en ekki krafa lánastofnana eða annarra stórfyrirtækja um auknar tryggingar, auk þrýstings frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif einstaklinga geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgðist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla virðist hafa verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda eins og skýrslan sem vitnað er til hér að framan ber með sér. Lánastofnanir virðast þess í stað hafa reynt að tryggja sér ábyrgð þriðja manns í því skyni að takmarka áhættu sína. Markmiðið með framlagningu frumvarpsins er því öðrum þræði að reyna að breyta vinnubrögðum lánastofnana frá því sem nú tíðkast í allt of ríkum mæli.

Þá er eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja að upplýsingar um áhættu ábyrgðarmanns liggi fyrir þegar ábyrgðarsamningur er undirritaður og styrkja eins og kostur er réttarstöðu ábyrgðarmanna. Þessi upplýsingagjöf kröfuhafa er forsenda samningsins og liggi upplýsingar ekki nægjanlega skýrt fyrir við samningsgerð getur það leitt til þess að samning megi ógilda á grundvelli reglna frumvarpsins og almennra reglna um brostnar forsendur í samningum, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Finna má mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi um að forsenda þess að samningar tókust er að þriðji aðili, einstaklingur, tókst á herðar ábyrgð á efndum. Dæmi eru um tilvik þar sem samningsaðilum sjálfum var ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samning, en hann komist á þrátt fyrir það. Þetta hefur leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig hefur verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna, án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Róttækustu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér er þó að finna í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Það er formskilyrði fyrir gildi þeirra. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sönnunaraðstaða um efni ábyrgðarsamnings væri annars mjög erfið. Í reynd er það svo að flestir ábyrgðarsamningar eru skriflegir og því mun þetta ekki hafa mikla „praktíska" breytingu í för með sér frá því fyrirkomulagi sem nú ríkir. Í 2. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarsamningar, þar sem ekki er kveðið skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara, séu ógildir, auk þess sem óheimilt er að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að ekki verði gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns, sem hann býr í, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, auk þess sem þar er að finna ákvæði þess efnis að krafa um gjaldþrotaskipti verði ekki höfð uppi vegna kröfu sem á rót sína að rekja til ábyrgðarsamnings.

Reglur 4. gr. frumvarpsins eiga sér sumpart fyrirmynd í reglu sem hefur verið lögfest víða í Bandaríkjunum, svokallaðri „Homestead exemption"-reglu (Homestead exemption for the house in wich the debtor lives, þ.e. „homestead" merkir heimili skuldara). Í öllum samanburði við þessa reglu er rétt að hafa í huga að bandaríska reglan á við um gjaldþrotaskipti, en hér er ætlunin að setja almennar reglur um ábyrgðarmenn. „Homestead exemption"-reglan kveður á um að heimili skuldara renni ekki inn í gjaldþrotabú við skipti. Rökin að baki henni eru þau að það þjóni ekki hagsmunum samfélagsins að reka einstaklinga og fjölskyldur á dyr í kjölfar gjaldþrots; það auki aðeins á þann vanda sem fyrir er en leysi engan. Samfélagsleg vandamál vegna sundraðra heimila vegi þyngra en hagsmunir einstakra kröfuhafa af því að geta leitað efnda kröfu með því að selja hús ofan af skuldaranum. Tilvist reglunnar leiðir sjálfkrafa af sér að ríkar kröfur eru gerðar til samningsaðilanna sjálfra um fagleg vinnubrögð við samningsgerð. Sú staðreynd að gagnaðili eigi fasteign undanþiggur ekki viðsemjanda hans frá því að sýna ýtrustu aðgæslu við samningsgerð. Reglan sem er almenn tekur jafnt til aðalskuldara og ábyrgðarmanna og gengur því mjög langt í því að vernda fjölskylduna, mun lengra en hér er ætlunin, enda gildir þetta frumvarp aðeins um ábyrgðarmenn.

Það er mat flutningsmanna að með framlagningu frumvarpsins sé á engan hátt vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu. Samningsfrelsi er og verður ein af grundvallarreglum samfélagsins, þótt sú regla verði að sæta eðlilegum undantekningum sem finna má ýmis dæmi um í löggjöfinni. Má í því sambandi benda á ákvæði laga um nauðsyn þess að vernda vissa einstaklinga fyrir eigin gjörðum, eins og finna má dæmi um í ákvæðum lögræðis- og samningalaga. Þá hafa undantekningar frá meginreglunni um samningsfrelsi einstaklinga verið réttlættar með tilvísun til félagslegra þarfa, en dæmi um það má finna á víð og dreif í vinnumarkaðslöggjöfinni. Þá má nefna ýmis ákvæði samkeppnislaga sem leggja hömlur á samningsfrelsi. Aðalmarkmið þeirra laga er að vernda eðlilega samkeppni og í hennar þágu eru lagðar kvaðir á óheft samningsfrelsi. Vernd samkeppninnar er því markmið í sjálfu sér sem löggjafinn hefur talið ástæðu til að vernda sérstaklega í þágu almennings. Að baki þeirri ákvörðun hvílir sú hugmyndafræði að verið sé að fórna minni hagsmunum fyrir meiri.

Rökin að baki þeim reglum sem hér er ætlunin að lögfesta er markmiðið um vernd einstaklingsins sökum þeirrar yfirburðastöðu sem lánveitendur hafa jafnan við samningsgerð, auk þess sem það er mat flutningsmanna að þróunin hér á landi hvað varðar fjölda ábyrgðarmanna sé óþolandi, eins og skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra ber með sér. Það er því mat flutningsmanna að hindranirnar sem hugsanlega má finna í frumvarpinu verði réttlættar með þeim rökum að verið sé að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Af framansögðu má ljóst vera að takmarkanir á óheftu samningsfrelsi borgaranna eru langt í frá nýlunda í íslenskri löggjöf þótt flutningsmenn séu almennt þeirrar skoðunar að jafnan þurfi að ígrunda og rök-

styðja vel alla löggjöf sem skerðir á einhvern hátt meginregluna um óheft samningsfrelsi borgaranna. Það frelsi telja flutningsmenn að heyri til almennra mannréttinda.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögum þessum er ætlað að gilda um samninga og skuldabréf þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega eða fyrir hönd einkafirma, til að tryggja efndir peningakröfu. Enn fremur er lögunum ætlað að gilda um sams konar samninga þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum peningakröfu á hendur aðalskuldara. Lögin gilda um alla samninga einstaklinga þar sem þeir hafa ákveðið að gangast í ábyrgð gagnvart þriðja aðila og breytir engu hvort ábyrgðin er in solidum, pro rata, einföld eða annars konar ábyrgð, nema hvað lögunum er ekki ætlað að gilda um víxil- eða tékkaábyrgð. Aðalatriðið við mat á því hvort lögin taka til gerningsins er hvort einstaklingur hafi tekist á hendur ábyrgð þar sem aðalskylda aðalskuldara er greiðsla peninga. Lögin gilda um alla, í tilvikum þar sem fleiri en einn einstaklingur hefur undirritað ábyrgðarsamning.

Lögunum er því ekki ætlað að gilda um ábyrgðaryfirlýsingar vegna verk- og/eða vinnusamninga eða annarra samninga þar sem kveðið er á um aðra aðalskyldu aðalskuldara en greiðslu peninga. Aðalskuldari getur verið hvort heldur einstaklingur eða lögaðili.

Lögunum er ekki ætlað að breyta ákvæðum laga um tékka og víxillaga.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í þessari grein kemur fram það formskilyrði fyrir gildi ábyrgðarsamnings að hann sé skriflegur. Í ábyrgðarsamningi eiga að koma fram hvaða upplýsingar lágu fyrir við samningsgerðina. Enn fremur skulu koma fram hvaða réttindi kröfuhafi áskilur sér gagnvart ábyrgðarmanni umfram það sem leiðir af lögum og venjum, ef einhverjar eru, því að ábyrgðarmaður er ekki bundinn af öðrum skilyrðum en þeim sem fram koma í samningnum, nema lög eða venjur kveði á um annað. Ákvæðið nær einnig til handhafabréfa.

Í 2. mgr. kemur fram að ábyrgðarsamningur, þar sem ekki kemur skýrt fram hver höfuðstóll kröfu er á hendur aðalskuldara, er ógildur. Jafnframt er óheimilt að kveða á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum til tryggingar óákveðinni kröfu. Þetta ákvæði hefur í för með sér að óheimilt er að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast á hendur aðalskuldara í óskilgreindri framtíð. Sem dæmi má nefna að verði frumvarpið að lögum geta bankar, lánastofnanir eða greiðslukortafyrirtæki ekki lengur krafist þess að einstaklingar leggi fram viðskiptabréf, t.d. tryggingarvíxil, með ábyrgðarmönnum áður en umbeðin fyrirgreiðsla fæst því slíkur samningur væri ógildur. Lögin eru ófrávíkjanleg og ákvæði í ábyrgðarsamningi sem fara í bága við ákvæði laganna eru ógild.

Í 3. mgr. er að finna reglur sem þrengja efni ábyrgðarloforðs frá því sem nú er. Í fyrsta lagi verður ekki gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns, sem hann býr í eða fjölskylda hans, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Markmiðið með þessu ákvæði er að undanskilja heimili ábyrgðarmanns aðför vegna krafna sem eiga rætur að rekja til ábyrgðarsamnings. Engu breytir hvort einn eða fleiri eru í ábyrgð, reglan gildir gagnvart öllum.

Heimili ábyrgðarmanns og fjölskyldu hans telst sá staður þar sem fjölskyldan hefur að jafnaði bækistöð. Í því felst að heimilið er sá staður þar sem viðkomandi einstaklingur geym-

ir þá hluti sem honum eru nauðsynlegir í dagsins önn og eru til þess fallnir að halda eðlilegt heimili. Það má orða þessa skilgreiningu svo að heimili manns sé sá staður hvaðan viðkomandi gerir út sína tilveru. Við skilgreiningu á orðinu heimili þarf að sjálfsögðu að athuga hvar viðkomandi einstaklingur hefur skráð lögheimili, en það þarf þó ekki að vera úrslitaatriði. Á hinn bóginn takmarkar reglan ekki að aðför verði gerð í öðrum fasteignum eða eignum ábyrgðarmanns sem ekki eru undanskildar aðför, sbr. lög nr. 90/1989, þó svo að aðfararheimild eigi rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Ef ábyrgðarmaður heldur tvö heimili skal ekki gerð aðför í þeirri fasteign sem vegur þyngra í heimilishaldi fjölskyldunnar.

Til að því markmiði verði náð að undanþiggja heimili aðför telja flutningsmenn nauðsynlegt að lögfesta reglu um að gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns vegna kröfu sem á rót að rekja til ábyrgðarsamnings. Hins vegar ef til gjaldþrotaskipta kemur á búi ábyrgðarmanns njóta ábyrgðarkröfur stöðu samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

Reglan takmarkar ekki möguleika kröfuhafa á að ganga að veði, ef ábyrgðarsamningur er í formi veðsetningar á eign ábyrgðarmanns.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af ábyrgðarsamningi.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um upplýsingaskyldu kröfuhafa við samningsgerð. Vanræksla kröfuhafa á því að upplýsa ábyrgðarmann um atriði sem talin eru upp í greininni geta leitt til þess að ábyrgðarmaður er ekki bundinn við samning sinn, a.m.k. ekki ef vitneskja um atriði hefði getað haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð samkvæmt samningi. Í vafatilvikum hvílir sönnunarbyrðin um vanrækslu kröfuhafa á upplýsingagjöf á honum sjálfum.

Markmiðið með þessu ákvæði er að ábyrgðarmanni sé ljós sú fjárhagslega áhætta sem hann tekst á herðar með undirritun ábyrgðarsamnings. Upptalningin er ekki tæmandi um hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir við gerð ábyrgðarsamnings. Aðalatriðið við skýringu á því hvort kröfuhafi hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína lýtur að því hvort öll atriði sem gátu varpað ljósi á áhættu ábyrgðarmanns hafi legið fyrir við undirritun. Vanræksla kröfuhafa við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarloforðið sé ógildanlegt, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Samkvæmt a-lið skal upplýsa ábyrgðarmann um kröfu sem hann ábyrgist, hvort tímamörk eru á ábyrgðinni, fyrningarreglur og hvernig henni verði slitið, höfuðstól kröfu, greiðslubyrði aðalskuldara, hlutfall ábyrgðar, kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna innheimtu og fullnustugerða o.s.frv.

Í b-lið kemur fram að upplýsa skuli ábyrgðarmann um hvaða tryggingar hafa verið settar til að tryggja efndir aðalskuldara og hvers virði þær séu. Þar þarf að liggja til grundvallar mat á markaðsvirði eigna.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í c-lið kemur fram að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá að vita um aðrar skuldbindingar aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og stöðu þeirra. Þessar upplýsingar verða þó ekki veittar nema að fengnu samþykki aðalskuldara. Á hinn bóginn á ábyrgðarmaður rétt á því að fá að vita um neitun aðalskuldara um að ábyrgðarmaður fái upplýsingar um aðrar skuldir sínar hjá viðkomandi kröfuhafa áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu kröfuhafa vegna vanefnda aðalskuldara, auk þess sem kveðið er á um skyldu kröfuhafa til að tilkynna ábyrgðarmanni sérstaklega ef við eða

aðrar tryggingar, sem kunna að hafa áhrif á réttarstöðu hans, eru ekki lengur tiltækar eða líklegt að þær fari forgörðum á einhvern hátt. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um gjaldþrot eða andlát aðalskuldara verði hann þess vís.

Hér er sú kvöð lögð á kröfuhafa að hann verði að tilkynna ábyrgðarmanni um vanefnd aðalskuldara ef hann ætlar að innheimta dráttarvexti hjá ábyrgðarmanni eða annan kostnað vegna vanefndanna.

Vanræki kröfuhafi að sinna þessari tilkynningarskyldu ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir.

Kröfuhafi skal tryggja sér sönnur á því að hann hafi uppfyllt þessa tilkynningarskyldu. Þetta á við að breyttu breytanda um 7. og 8. gr.

Um 7. gr.

Í þessari grein kemur fram að kröfuhafi geti ekki svo gilt sé áskilið sér rétt til einhliða breytinga á ábyrgðarsamningi ef þær breytingar munu leiða til tjóns fyrir ábyrgðarmann. Þetta á þó ekki við um eðlilegar breytingar sem leiðir af upphaflega samningnum milli aðalskuldara og kröfuhafa, eins og breytingar á vöxtum, vísitölu eða öðrum kostnaði sem kröfuhafi hafði í upphaflegum samningi við aðalskuldara áskilið sér rétt til að breyta. Hér er enn fremur hnykkt á sjálfstæði réttarsambands ábyrgðarmanns og kröfuhafa og tekið fram að breyting á upphaflegum samningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur ekki sjálfkrafa áhrif á ábyrgðarsamning. Þá er kröfuhafa óheimilt að krefja ábyrgðarmann um yfirlýsingu þess efnis að hann afsali sér öllum rétti til frambúðar á því að krefja kröfuhafa um bætur vegna vanrækslu hans á að uppfylla þær kröfur sem ákvæði laga þessa gera til hans. Slík ákvæði eru ógild.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu ábyrgðarmanns í þeim tilvikum þegar kröfuhafi hefur gjaldfellt kröfu. Gjaldfelling kröfunnar hefur ekki áhrif gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið gefinn kostur á því að koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Í tilkynningunni skal greina skilmerkilega frá fjárhæðum sem ábyrgðarmaður þarf að greiða hyggist hann koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 9. gr.

Í greininni er hnykkt á þeirri meginreglu að kröfuhafi geti ekki fengið kröfu sína tvígreidda. Hér er skírskotað til þeirrar þróunar, sem orðið hefur annars staðar á Norðurlöndum, að kröfuhafar geta keypt sér greiðslufallstryggingu vegna hugsanlegra vanefnda aðalskuldara.

Ábyrgð á því að kröfu sé lýst í bú þrotamanns er kröfuhafa og hann ber hallann af því gagnvart ábyrgðarmanni ef hann vanrækir að lýsa kröfu í bú.

Ef kröfuhafi gerir samning við aðalskuldara um að hann greiði aðeins hluta kröfu hefur slíkur samningur sams konar áhrif gagnvart ábyrgðarloforði ábyrgðarmanns. Ábyrgðarmaður ábyrgist aðeins skuld aðalskuldara eins og hún eru hverju sinni gagnvart kröfuhafa þannig að ábyrgðarmaður verður ekki sóttur sérstaklega vegna greiðslna sem felldar eru niður í samningi kröfuhafa og aðalskuldara.

Um 10. gr.

Það er ljóst að ábyrgðarmaður getur aldrei orðið ábyrgur fyrir efndum aðalskuldara ef aðalskuldari hefur aldrei orðið skuldbundinn samkvæmt samningnum. Sem dæmi um slík til-

vik má nefna að ef aðalskuldari getur ekki skuldbundið sjálfan sig vegna lögræðisskorts verður ábyrgðarmaður ekki bundinn við efndir samningsins. Með öðrum orðum felst í yfirlýsingu ábyrgðarmanns að hann ábyrgist efndir aðalskuldara gagnvart kröfuhafa en ekki gildi samningsins sjálfs.

Ef kröfuhafi samþykkir einhliða breytingar á öðrum tryggingarráðstöfunum, sem gerir stöðu ábyrgðarmanns verri en ella, er hann ekki lengur bundinn af ábyrgðarsamningi. Við skýringu á þessu ákvæði verður þó að hafa til hliðsjónar reglur kröfuréttarins um brostnar forsendur.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara einhliða greiðslufrest á gjalddaga og hann reynist ógjaldfær þegar kemur að nýjum gjalddaga er ábyrgðarmaður ekki bundinn af ábyrgðarsamningi vegna þeirrar greiðslu, nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara á upphaflegum gjalddaga.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

391. Frumvarp til laga [311. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/1982, orðast svo:

Barn öðlast íslenskt ríkisfang við fæðingu:

1. ef móðir þess er íslenskur ríkisborgari,
2. ef faðir þess er íslenskur ríkisborgari og kvæntur móðurinni. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins.

Barn, sem fundist hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenskur ríkisborgari.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Eignist ógift kona, sem er erlendur ríkisborgari, barn hér á landi öðlast það íslenskan ríkisborgararétt ef karlmaður, sem er íslenskur ríkisborgari, er faðir þess samkvæmt barnalögum.

Eignist ógift kona, sem er erlendur ríkisborgari, barn erlendis með karlmanni, sem er íslenskur ríkisborgari, getur faðirinn, áður en barnið nær 18 ára aldri, óskað þess við dómsmálaráðuneytið að það öðlist íslenskan ríkisborgararétt. Leggi hann fram fullnægjandi gögn, að mati ráðuneytisins, um barnið og faðerni þess öðlast barnið íslenskan ríkisborgararétt við staðfestingu ráðuneytisins.

3. gr.

2. gr. a laganna, sbr. lög nr. 49/1982, orðast svo:

Erlent barn, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara, með leyfi íslenskra stjórnvalda, öðlast íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna ef það er yngra en 12 ára.

Erlent barn, yngra en 12 ára, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara með erlendri ákvörðun, sem íslensk stjórnvöld viðurkenna, öðlast íslenskt ríkisfang við staðfestingu dómsmálaráðuneytisins að ósk ættleiðanda.

4. gr.

2. málsl. 4. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt, að fenginni umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og Útlendingaeftirlits, að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn sem borin er fram af umsækjanda sjálfum, eða forsjármönnum hans hafi hann ekki náð 18 ára aldri, enda fullnægi hann eftirgreindum skilyrðum um búsetu, hegðun og framfærslu:

A. Búsetuskilyrði.

1. Umsækjandi hafi átt hér lögheimili í sjö ár; ríkisborgari í einhverju hinna Norðurlandanna þó einungis í fjögur ár.
2. Umsækjandi, sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu/stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgarrétt ekki skemur en fimm ár.
3. Umsækjandi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, hafi átt hér lögheimili í fimm frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Umsækjandi, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, hafi átt hér lögheimili í tvö ár, enda hafi hið íslenska foreldri haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
5. Umsækjandi, sem verið hefur íslenskur ríkisborgari, en hefur gerst erlendur ríkisborgari, hafi átt hér lögheimili í eitt ár.
6. Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi átt hér lögheimili sem slíkur í fimm ár.
7. Reglur þessar miðast við lögheimili og samfellda dvöl hér á landi. Heimilt er að víkja frá því skilyrði þótt dvöl umsækjanda hér hafi verið rofin allt að einu ári vegna tímabundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda nákomins ættingja, en þó allt að þremur árum vegna náms erlendis. Sá tími, sem umsækjandi hefur átt hér lögheimili og dvöl, verður þó að vera að minnsta kosti jafnlangur þeim tíma sem hann verður samkvæmt áðurgreindum reglum að uppfylla.

B. Önnur skilyrði.

1. Umsækjandi sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist.
2. Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í umsókn og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin tvö ár.
3. Umsækjandi hafi ekki sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Dómsmálaráðherra er einnig heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt barni sem fætt er hér á landi og sannanlega hefur ekki öðlast annan ríkisborgararétt við fæðingu og hefur ekki öðlast hann, eða átt rétt til að öðlast hann, þegar umsókn um ríkisborgararétt er borin fram. Barnið skal hafa átt lögheimili og samfellda dvöl hér á landi frá fæðingu í að minnsta kosti þrjú ár.

Um börn þeirra sem fá ríkisborgararétt samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 5. gr., nema öðruvísi sé ákveðið.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Alþingi veitir ríkisborgararétt með lögum.

Áður en umsókn um ríkisborgararétt er lögð fyrir Alþingi skal dómsmálaráðuneytið fá um hana umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og Útlendingaeftirlits.

Eigi sá börn sem ríkisborgararétt fær með lögum fer um þau eftir ákvæðum 5. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

7. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hann missir þó ekki íslensks ríkisfangs verði hann við það ríkisfangslaus.

8. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Yfirlýsingu skv. 3. gr., 4. gr., 4. mgr. 9. gr. a og B- og C-lið 9. gr. b um að maður óski að verða íslenskur ríkisborgari getur aðeins aðili sjálfur gefið en ekki forsjármaður.

9. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Barn sem fætt er eftir 1. júlí 1964 en fyrir 1. júlí 1982 og hefði öðlast íslenskt ríkisfang ef ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. lög nr. 49/1982, hefðu verið í gildi við fæðingu þess, fær íslenskt ríkisfang er móðir þess gefur um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins enda hafi hún forsjá barnsins, sé íslenskur ríkisborgari og barnið innan 18 ára aldurs. Barn þarf að lýsa samþykki sínu svo yfirlýsing sé gild.

Hafi barnið náð 18 ára aldri getur það gefið yfirlýsingu um að það óski eftir að framangreint ákvæði taki til sín, enda hafi móðir þess haft íslenskt ríkisfang frá fæðingu þess til 1. júlí 1982 og barnið fullnægir skilyrðum 8. gr. til að vera íslenskur ríkisborgari.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998.

Ákvæði til bráðabirgða öðlast þó þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. 10. gr. laga nr. 49 11. maí 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er unnið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Það felur í sér allmargar breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt og eru ástæður þess að breytingar eru lagðar til nokkrar og mismunandi.

Veigamesta breytingin er sú að lagt er til að íslenskur karlmaður sem eignast barn með erlendri konu hér á landi veiti barninu íslenskan ríkisborgararétt þegar hann hefur fullnægt ákvæðum barnalaga um feðrun barnsins. Meginástæðan fyrir þessari tillögu er að veita körlum jafna stöðu á við konur til að láta íslenskt ríkisfang sitt ganga til barns síns.

Önnur veigamikil breyting er sú að lagt er til að dómsmálaráðherra geti veitt þeim útlendingum, sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt og uppfylla nánar tiltekin skilyrði, ríkisborgararétt án þess að umsókn þurfi að leggja fyrir Alþingi.

Breytingartillaga þessi byggist á þeirri breytingu sem gerð var á stjórnarskránni með 4. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, en nú segir í 66. gr. stjórnarskrárinnar: „Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum.“ Í athugasemdum með frumvarpi til stjórnarskipunarlagabreytingarinnar segir svo um þetta ákvæði: „Í 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er regla sem er um margt sambærileg núgildandi 68. gr. stjórnarskrárinnar um hvernig útlendingur öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Tillaga er þó gerð um þá breytingu að í stað þess að mæla fyrir um að útlendingi verði aðeins veittur ríkisborgararéttur „með“ lögum, eins og nú er gert í 68. gr. stjórnarskrárinnar, er rætt í þessu ákvæði frumvarpsins um að útlendingi verði veittur ríkisborgararéttur „samkvæmt“ lögum. Með þessu er lagt til að löggjafanum verði veitt svigrúm til að setja almenn lög um veitingu ríkisborgararéttar þar sem mætti setja almenn skilyrði fyrir að öðlast íslenskt ríkisfang og fela stjórnvöldum að annast veitingu ríkisborgararéttar, í stað þess að setja sérstök lög um að veita tilteknum einstaklingum ríkisborgararétt eins og nú er gert. Eftir þessu orðalagi hefði löggjafinn val um hvor leiðin yrði farin til að veita íslenskan ríkisborgararétt eða gæti jafnvel ákveðið að báðum aðferðum verði beitt.“ Breytingartillaga sú sem hér er lögð til byggist á því að notað verði það fyrirkomulag sem drepið er á í niðurlagi athugasemdanna, þ.e. að bæði verði hægt að veita íslenskan ríkisborgararétt með sérstökum lögum og samkvæmt almennri reglu í lögum um ríkisborgararétt.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til eru:

Lagt er til að 1. gr. verði breytt þannig að brott falli hugtökin „skilgetið barn“ og „óskilgetið barn“ en greinin er efnislega óbreytt. Hugtök þessi hafa nú verið felld úr notkun í sifjarétti.

Lögð er til breyting á reglum um hvernig ættleitt barn öðlast íslenskan ríkisborgararétt og reglur rýmkaðar verulega. Ástæða þessarar breytingar er fyrst og fremst aðild Íslands að alþjóðlegum samningi um ættleiðingu og endurskoðun ættleiðingarlaga í tengslum við þá aðild. Er miðað við að barn sem íslenskur ríkisborgari ættleiðir njóti fulls jafnræðis við barn sem fætt er af íslenskum ríkisborgara.

Þá er lagt til að sú breyting verði gerð á 4. gr. laganna að útlendingur sem haft hefur íslenskan ríkisborgararétt en tekið hefur erlent ríkisfang geti öðlast íslenskt ríkisfang að nýju án þess að afsala sér hinu erlenda ríkisfangi.

Einnig er lagt er til að íslenskur ríkisborgari sem fæddur er erlendis og ekki hefur haft tengsl við landið missi ekki íslensks ríkisfangs þá er hann verður 22 ára, eins og 8. gr. laganna kveður á um, ef hann verður við það ríkisfangslaus.

Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að endurvakin verði heimild sem var í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1982, um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, en með henni var íslenskum konum, sem áttu erlenda eiginmenn, heimilað að gefa yfirlýsingu um að börn þeirra, sem fædd voru fyrir lagabreytinguna, skyldu fá íslenskan ríkisborgararétt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá núgildandi 1. gr. laganna en gerðar eru orðalagsbreytingar til að samræma greinina orðalagi núgildandi barnalaga en í þeim eru hugtökin „skilgetið barn“ og „óskilgetið barn“ ekki lengur notuð. Í stað þess að tala um skilgetið barn er nú miðað við að íslenskur faðir barns sé kvæntur móður þess. Skv. 2. mgr. 1. gr. barnalaga telst barn sem getið er eftir að hjón hafa skilið að borði og sæng ekki hjónabandsbarn. Það er því skilyrði þess að barn erlendrar móður og íslensks föður teljist hjónabandsbarn að fullnægt sé ákvæði 2. mgr. 1. gr. barnalaga.

Um 2. gr.

Lagt er til að í greinina bætist ákvæði sem fjalla um börn sem eiga íslenskan föður sem ekki er kvæntur móður barnsins. Ákvæði núgildandi 2. gr. er fellt niður þar sem það fellur efnislega undir 1. tölul. greinarinnar. Gerður er greinarmunur á því hvort barn ógiftra foreldra er fætt hér á landi eða erlendis. Barn sem fæðist hérlendis öðlast íslenskt ríkisfang þegar uppfyllt eru ákvæði barnalaga um feðrun, en í 2.–8. gr. þeirra er að finna ítarlegar reglur um feðrun barna hvort sem um er að ræða gifta eða ógifta foreldra.

Lagt er til að barn íslensks karls sem fæðist utan hjónabands erlendis fái íslenskt ríkisfang eftir að faðir þess hefur borið fram ósk þar um og gögn um fæðingu og faðerni þess hafa borist dómsmálaráðuneytinu og verið metin fullnægjandi til staðfestingar á faðerninu. Barnið fær þá fyrst ríkisfangið þegar ráðuneytið hefur gefið út staðfestingarskjal.

Telja verður eðlilegt að börn sem íslenskir feður kunna að eignast erlendis fái ekki íslenskt ríkisfang, nema faðirinn óski eftir því við íslensk stjórnvöld og leggi fram nauðsynleg gögn til sönnunar um tilvist barnsins og um að hann sé faðir þess. Lagt er til að faðirinn hafi frest allt þar til barnið nær 18 ára aldri til að bera fram ósk sína um að barnið fái íslenskt ríkisfang.

Á vegum Evrópuráðsins hefur verið saminn Evrópusamningur um ríkisfang. Samningur þessi var lagður fram til undirritunar 6. nóvember 1997. Í 6. gr. hans er fjallað um hvernig menn öðlast ríkisfang. Þar segir að samningsríki skuli kveða svo á í lögum sínum um ríkisborgararétt að barn sem ríkisborgari samningsríkis eignast skuli að lögum öðlast ríkisfang foreldrisins. Íslensk þýðing samningsins er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þessu til kynningar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lögð til veruleg breyting á rétti ættleidds barns til að öðlast íslenskt ríkisfang.

Um það hvernig erlend börn sem ættleidd eru af íslenskum borgurum fá íslenskt ríkisfang er fjallað í 2. gr. a laganna. Samkvæmt greininni eins og hún nú hljóðar eru sett þau skilyrði til að ættleitt erlent barn fái íslenskt ríkisfang að:

1. Ættleiðingarleyfi sé gefið út af íslenskum stjórnvöldum.
2. Ættleiðendur séu hjón sem bæði eru íslenskir ríkisborgarar eða einstaklingur sem er íslenskur ríkisborgari.
3. Ættleiðendur og barnið eigi lögheimili hér á landi.
4. Ættleiðendur skulu óska eftir ríkisfangi fyrir barnið áður en það nær sjö ára aldri.

Breytingartillagan miðar við að ættleitt barn njóti að öllu leyti sömu réttarstöðu og kynbarn íslensks foreldris. Lagt er til að skilyrði þess að barn sem ættleitt er erlendis fái íslenskan ríkisborgararétt verði eftirfarandi:

1. Ættleiðingarleyfi sé gefið út af íslenskum stjórnvöldum eða að ættleiðing sé veitt erlendis og viðurkennd af þar til bærum íslenskum stjórnvöldum, nú dómsmálaráðuneytinu.
2. Barnið sé ættleitt af íslenskum ríkisborgara án tillits til hjúskaparstöðu og búsetu.
3. Barnið öðlast sjálfkrafa íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna ef það ef yngra en 12 ára og ættleitt með leyfi íslenskra stjórnvalda. Til að barn sem ættleitt er erlendis fái íslenskt ríkisfang þarf ættleiðandi að tilkynna dómsmálaráðuneytinu um ættleiðinguna og óska eftir viðurkenningu á henni og að barnið fái íslenskt ríkisfang.

Ríkisfang sem fengið er samkvæmt þessari grein fær gildi þegar ráðuneytið hefur gefið út staðfestingu á því og er það óbreytt regla frá núgildandi ákvæði.

Gerður hefur verið Haagsamningur, dags. 29. maí 1993, um samvinnu um ættleiðingar milli landa. Eru þar settar alþjóðlegar reglur um ættleiðingar barna milli ríkja. Stefnt er að því að samningurinn verði fullgiltur af Íslands hálfu og er unnið að endurskoðun ættleiðingarlaga m.a. til að unnt verði að fullgilda hann.

Núgildandi ákvæði 2. gr. a eru sniðin eftir samsvarandi ákvæði dönsku laganna um ríkisborgararétt en breytingartillagan er í meginatriðum sniðin eftir samsvarandi ákvæði í sænsku lögunum um ríkisborgararétt.

Undanfarin ár hafa komið upp nokkur tilvik þar sem erlend börn hafa verið ættleidd af hjónum þar sem aðeins annar aðilinn er íslenskur ríkisborgari og sömuleiðis hafa íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis ættleitt börn frá þriðja ríki. Þessi ættleiddu erlendu börn hafa ekki getað öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt núgildandi ákvæði en í flestum tilvikum hefur verið leyst úr því með veitingu ríkisborgararéttar samkvæmt lögum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að fellt verði brott úr 4. gr. laganna það ákvæði að reglu hennar um endurveitingu íslensks ríkisfangs verði aðeins beitt þegar sá sem endurveitingar óskar sannar að hann missi það erlenda ríkisfang, sem hann hefur öðlast, við að taka upp íslenskt ríkisfang að nýju.

Regla þessi miðar fyrst og fremst að því að koma í veg fyrir tvöfaldan ríkisborgararétt en ekki er talin ástæða til að viðhalda henni þar sem það hefur ekki verið stefna löggjafans eða stjórnvalda að koma í veg fyrir tvöfalt ríkisfang og ekki hefur verið gerð krafa um að erlent ríkisfang falli niður ef sami aðili fær íslenskt ríkisfang að nýju með lögum um veitingu íslensks ríkisborgararéttar. Hins vegar kunna erlendar lagareglur að kveða á um að viðkomandi missi sitt erlenda ríkisfang ef hann öðlast íslenskt ríkisfang að nýju.

Um 5. gr.

Með grein þessari er lögð til önnur meginbreyting frumvarpins en hún er sú að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að veita útlendingi íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn, en samkvæmt núgildandi lögum veitir Alþingi slíkt ríkisfang alfarið með sérstökum lögum.

Hér er lagt til að farin verði sú leið sem rætt er um í niðurlagi tilvitnunar úr athugasemdum með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga og vitnað er til í inngangi með athugasemdum þessum en hún er sú að bæði löggjafinn og stjórnvöld veiti íslenskan ríkisborgararétt.

Með greininni er dómsmálaráðherra heimilað að veita ríkisborgararétt þeim sem um það sækir og uppfyllir nánar tiltekin skilyrði sem eru síðan talin upp í greininni.

Skilyrði varðandi búsetu eru í flestum atriðum þau sömu og reglur Alþingis um veitingu ríkisborgarréttar frá 21. febrúar 1995. Reglur varðandi önnur skilyrði eru nokkuð þrengri. Hér á eftir eru ákvæðin í 5. gr. frumvarpsins (auðkennd sem frv.) og í reglum Alþingis (auðkenndar sem Alþ.) borin saman.

A. Búsetuskilyrði.

1. gr. Alþ. og liður A. 1. frv. eru samhljóða.

Á 2. gr. Alþ. og lið A. 2. frv. er sá munur að bætt er inn hugtakinu staðfestri samvist sem jafngildi hjúskapar.

3. gr. Alþ. og liður A. 3. frv. eru efnislega samhljóða en í stað þess að nota hugtakið óvígð sambúð er tekið upp hugtakið skráð sambúð.

4. gr. Alþ. og liður A. 4. frv. eru samhljóða að öðru leyti en því að gerð er krafa um að hið íslenska foreldri umsækjanda hafi haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en í fimm ár.

5. gr. Alþ. og liður A. 5. frv. eru efnislega samhljóða.

6. gr. Alþ. er ekki tekin upp í frv. þar sem mjög fátítt er orðið að ríkisfang stofnist við hjúskap án umsóknar og valdi þannig missi ríkisfangs.

7. gr. Alþ. og liður A. 6. frv. eru samhljóða er því að varðar 1. mgr. 7. gr. Alþ. en heimild sú sem felst 2. mgr. 7. gr. Alþ. um fólk sem hefur réttarstöðu sem jafna má til flóttamanna er ekki tekin upp í frv. Umsóknir þeirra sem sækja um ríkisborgararétt og óska eftir að staða þeirra verði metin til jafns við stöðu skilgreindra flóttamanna verða þá sendar Alþingi til skoðunar.

8. gr. Alþ. og liður A. 7. frv. eru í meginatriðum samhljóða. Dvöl erlendis er þó bundin við tiltekinn tíma og er ekki sveigjanleg eins og er í 8. gr. Alþ.

B. Önnur skilyrði.

9. gr. Alþ. og liður B. 1. frv. eru samhljóða.

10. gr. Alþ. varðar möguleika umsækjanda til að framfleyta sér hérlendis. Í lið B. 2. frv. er greinin efnislega tekin upp en bætt við hana ákvæði um að umsækjandi hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin tvö ár.

11. gr. Alþ. fjallar um refisverða háttsemi umsækjanda. Í stað þess að taka þær reglur upp er gerð sú krafa í lið B. 3 frv. að umsækjandi hafi ekki sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða að hann eigi ekki ólokið máli vegna opinberrar kæru um refsiverða háttsemi. Umsóknir þeirra sem hafa á einhvern hátt gerst um sekir um alvarleg afbrot eða eiga ólokið refsimáli verða þá sendar Alþingi til skoðunar.

Í næstseinustu málsgrein þessarar greinar er tekið upp nýtt ákvæði um veitingu ríkisborgararéttar. Það varðar börn sem fæðast hér á landi og fá ríkisfang frá hvorugu foreldri sínu. Samkvæmt Evrópusamningi um ríkisborgararétt, sem áður er getið, skal skv. 2. mgr. 6. gr. ríki veita barni, sem svo er ástatt um, borgararétt í ríkinu. Sömuleiðis á barn rétt til ríkisfangs samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um rétt barnsins, dags. 20. nóvember 1989, sem Ísland hefur fullgilt.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 6. gr. laganna.

Með tillögu þeirri sem gerð er í 5. gr. er hins vegar tekinn kúfurinn af umsóknum um ríkisborgararétt þannig að einungis munu koma til Alþingis þær umsóknir sem ekki fullnægja þeim skilyrðum sem talin eru í 5. gr.

Um 7. gr.

Lagt er til að sú breyting verði gerð á 8. gr. laganna, sem fjallar um missi íslensks ríkisfangs þeirra Íslendinga sem fæddir eru erlendis og ekki hafa haft tengsl við landið áður en þeir ná 22 ára aldri, að íslenskt ríkisfang þessara borgara falli ekki niður verði þeir við það ríkisfangslausir.

Samkvæmt greindum Evrópusamningi um ríkisborgararétt er ákvæði í 3. málsgr. 7. gr. sem segir að óheimilt sé að svipta mann ríkisborgararétti á þann hátt sem getur gerst miðað við ákvæði 8. gr. Er því talið nauðsynlegt að bæta slíku ákvæði við 1. mgr. 8 gr. laganna til að Ísland geti fullnægt ákvæðum samningsins.

Um 8. gr.

Lagt er til að orðalagi 3. mgr. 10 gr. laganna verði breytt þannig að taldar verði upp þær greinar laganna þar sem maður þarf sjálfur að gefa yfirlýsingu um að hann óski eftir að verða íslenskur ríkisborgari og forsjármaður getur ekki gert það fyrir hans hönd.

Ákvæði 10. gr. eins og það er nú er andstætt þeirri tillögu sem gerð er í 5. gr. frumvarpsins þar sem heimilað er að forsjármaður sæki um ríkisborgararétt fyrir barn.

Um 9. gr.

Með lögum nr. 49/1982, um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, var breytt ákvæði 1. gr. laganna þannig að í stað þess ákvæðis að skilgetið barn fengi aðeins ríkisfang föður ef foreldrar eru giftir var sett það ákvæði að barnið fengi íslenskt ríkisfang við fæðingu ef það er skilgetið og faðir þess *eða móðir* er íslenskur ríkisborgari. Breyting þessi tók gildi 1. júlí 1982. Fyrir þann tíma gat íslensk móðir sem gift var erlendum ríkisborgara ekki látið sitt íslenska ríkisfang ganga til barns síns. Til að koma til móts við þær mæður sem höfðu óskað þess að börn þeirra sem fædd voru fyrir 1. júlí 1982 fengju að verða íslenskir ríkisborgarar var sett í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1982 ákvæði sem segir að þau börn sem hinn 1. júlí 1982 voru innan 18 ára aldurs og hefðu getað orðið íslenskir ríkisborgarar ef ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt eins og þeim var breytt með lögum nr. 49/1982 hefðu verið í gildi við fæðingu þeirra geti fengið íslenskt ríkisfang með þeim hætti að móðir barnsins gefi um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins. Frestur til að gefa þessa yfirlýsingu var takmarkaður við þrjú ár þannig að hann rann út 30. júní 1985. Barnið varð þó að vera innan 18 ára aldurs þegar að yfirlýsingin var gefin og móðirin íslenskur ríkisborgari.

Frá því að frestur til að gefa þessa yfirlýsingu um ríkisborgararétt barns rann út 30. júní 1985 hafa komið fram allmargar kvartanir þess efnis að fólk hafi ekki vitað um þennan möguleika á því tímabili sem yfirlýsingarheimildin gilti og það því ekki haft tækifæri til að gefa þá yfirlýsingu sem þar greinir.

Eitt slíkt tilvik hefur verið borið undir kærunefnd jafnréttismála. Kærunefndin gaf út álit sitt 10. janúar 1997. Í því segir að sú lagabreyting sem gerð var á 1. gr. laganna um íslenskan ríkisborgararétt 1982 „hafi ekki leiðrétt að fullu þann mun sem var á réttarstöðu barna á grundvelli kynferðis foreldra. Sú staðreynd að mæður barna sem 10. gr. tekur til hafi átt þess kost á tveggja og hálfs árs tímabili að tryggja börnum sínum íslenskt ríkisfang með tilkynningu til dómsmálaráðuneytisins breytir því ekki að réttarstaða barna varð áfram mismunandi eftir kynferði hins íslenska foreldris."

Kærunefnd telur því bráðabirgðaákvæði 10. gr. laga nr. 49/1982 ekki í samræmi við jafnréttislög og að það hafi ekki með öllu uppfyllt þær skyldur sem íslenska ríkið tók á sig með undirritun og fullgildingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Nefndin vísar einkum til 1. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr. og f-lið 2. gr. sáttmálans. Í niðurlagi álitsins beinir nefndin þeim tilmælum til dómsmálaráðuneytisins að það beiti sér fyrir lagabreytingu sem leiðrétti þann mun sem er á réttarstöðu umræddra barna eftir kynferði hins íslenska foreldris. Sá munur á réttarstöðu karla og kvenna til að veita barni ríkisborgararétt sinn var eins og að framan segir leiðréttur að hluta með því ákvæði sem tók gildi með lögum nr. 49/1982. Eigi að síður njóta börn mæðra, sem giftar voru erlendum ríkisborgurum, ekki enn sama réttar og börn feðra sem kvæntir voru erlendum ríkisborgurum, hafi móðir þeirra ekki sent dómsmálaráðuneytinu tilkynningu skv. 10. gr. laganna. Sömuleiðis vekur nefndin athygli á að börn þau sem um ræðir höfðu sjálf enga möguleika á að gæta réttar síns hvað þetta varðar. Einnig telur kærunefndin að betur hefði mátt kynna ákvæðið og þannig veita fleiri konum tækifæri á að nýta sér þann rétt sem þar var heimilaður.

Hins vegar tóku framangreind lög ekki á því misréttisákvæði sem enn er í 1. gr. laganna sem miðar við það að ríkisfang íslensks föður gangi því aðeins til barns hans að hann sé giftur

móðurinni. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 49/1982 er drepið á að þarna sé enn um misrétti að ræða gagnvart kynjunum, körlum í óhag.

Úr því misrétti er nú lagt til að verði bætt með 2. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt því er körlum veittur jafn réttur til að láta íslenskt ríkisfang ganga til barns sem þeir eiga utan hjónabands og í hjónabandi.

Með tilliti til þess að kærunefnd jafnréttismála hefur beint þeim tilmælum til dómsmálaráðuneytisins að það beiti sér fyrir lagabreytingu er leiðrétti þann mun sem er á réttarstöðu umræddra barna og með tilliti til þess að með frumvarpi þessu er reynt að leiðrétta þann mun sem er gagnvart möguleikum karla á að láta íslenskan ríkisborgararétt ganga til barna sinna, þykir eftir atvikum eðlilegt að gera þá tillögu að heimilað verði að börn þau sem 2. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1982 hefði náð til, ef ekki hefðu í henni verið sett ákveðin tímamörk á möguleika móður til að gefa yfirlýsingu um ríkisfangið, geti nú, annaðhvort fyrir tilverknað móður eða með eigin atbeina, öðlast íslenskt ríkisfang, enda fullnægi viðkomandi skilyrðum 8. gr. laganna til að vera íslenskur ríkisborgari en í því felst að viðkomandi hafi átt lögheimili hér á landi eða dvalist hér á landi í einhverju skyni, er af megi ráða, að hann vilji íslenskur ríkisborgari vera áður en hann verður 22 ára, enda sé hann ekki fæddur hér á landi.

Um 10. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. október 1998 en ákvæði til bráðabirgða öðlist þó gildi þegar í stað.

Fylgiskjal I.

EVRÓPUSAMNINGUR
um ríkisborgararétt.

Inngangsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins, og önnur ríki sem undirritað hafa samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka samheldni aðila þess,

sem hafa í huga hina mörgu alþjóðasamninga varðandi ríkisfang, margfaldan ríkisborgararétt og ríkisfangsleysi,

sem viðurkenna að í málefnum er varða ríkisborgararétt beri að taka tillit til lögmætra hagsmuna, bæði ríkja og einstaklinga,

sem vilja greiða fyrir áframhaldandi þróun meginreglna um ríkisborgararétt, sem og upptöku þeirra í landslög, og um leið sporna gegn því, svo sem unnt er, að upp komi dæmi um ríkisfangsleysi,

sem vilja koma í veg fyrir mismunun í málum varðandi ríkisfang,

sem gera sér grein fyrir þeim rétti til friðhelgi fjölskyldunnar sem fram kemur í 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis,

sem taka tillit til þess að misjafnt er milli ríkja hvernig tekið er á margföldum ríkisborgararétti og sem viðurkenna að sérhverju ríki er frjálst að ákveða hvaða fylgjur það hafi að landslögum þess að ríkisborgari öðlist eða hafi annað ríkisfang,

sem eru sammála um að æskilegt sé að finna viðeigandi lausnir á afleiðingum margfalds ríkisborgararéttar og sérstaklega hvað varðar réttindi og skyldur margfaldra ríkisborgara,

sem telja það ákjósanlegt að einstaklingum sem njóta ríkisfangs í tveimur eða fleiri aðildarríkjum samningsins verði aðeins gert að fullnægja herskyldu gagnvart einu ríkjanna,

sem minnast þess að nauðsynlegt er að auka alþjóðlega samvinnu milli þeirra stjórnvalda í hverju ríki sem ábyrg eru fyrir málefni er snerta ríkisborgararétt,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. kafli.
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur samningsins.

Samningur þessi staðfestir grundvallarreglur og aðrar reglur sem snerta ríkisborgararétt manna sem og reglur varðandi herskyldu þeirra sem eru margfaldir ríkisborgarar og skulu landslög samningsríkjanna vera í samræmi við reglur samningsins.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir:

a. „ríkisborgararéttur“ hin lögákveðnu tengsl milli manns og ríkis, án þess að í því felist tilvísun til kynþáttar mannsins;
b. „margfaldur ríkisborgararéttur“ að sami maður hafi samtímis ríkisborgararétt í tveimur eða fleiri ríkjum;
c. „barn“ sérhvern mann sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur.
d. „landslög“ hvers konar ákvæði í landsrétti, þar með talin stjórnlög, almenn lög, reglugerðir, stjórnvaldsfyrirmæli, dómafordæmi og venjuréttur, sem og reglur sem leiddar eru af bindandi þjóðréttarsamningum.

II. kafli.
Almennar grundvallarreglur varðandi ríkisborgararétt.

3. gr.

Valdbærni ríkisins.

1. Sérhvert ríki ákveður það með lögum hverjir skuli vera ríkisborgarar þess.
2. Önnur ríki skulu virða slík lög, að svo miklu leyti sem fyrirmæli laganna eru í samræmi við gildandi alþjóðlega samninga, venjurétt milli þjóða, og þær grundvallarreglur sem almennt eru viðurkenndar varðandi ríkisborgararétt.

4. gr.

Grundvallarreglur.

Reglur um ríkisborgararétt hvers aðildarríkis samningsins skulu reistar á eftirfarandi grundvallarreglum:

a. sérhver maður á rétt til ríkisborgararéttar,
b. forðast ber ríkisfangsleysi,
c. enginn skal sviptur ríkisborgararétti sínum með geðþóttaákvörðun,
d. hvorki hjónavígsla né slit hjónabands milli þegns samningsríkis og útlendings, né heldur breyting ríkisborgararéttar hjá öðrum maka meðan á hjónabandi stendur, skal með sjálfvirkum hætti hafa áhrif á ríkisborgararétt hins makans.

5. gr.

Bann við mismunun.

1. Reglur um ríkisborgararétt í sérhverju samningsríki mega ekki geyma mismunun eða gera ráð fyrir framkvæmd sem jafngildir að mismunun eigi sér stað á grundvelli kyns, trúar, kynþáttar, litarháttar eða þjóðernislegs eða kynþáttarbundins uppruna.
2. Sérhvert samningsríki skal halda í heiðri grundvallarregluna um að mismuna ekki ríkisborgurum sínum eftir því hvort þeir hafa öðlast ríkisborgararétt við fæðingu eða síðar.

III. kafli.
Reglur sem varða ríkisborgararétt.

6. gr.

Öflun ríkisborgararéttar.

1. Sérhvert samningsríki skal mæla fyrir um það í landslögum að ríkisborgararétt þess öðlist lögum samkvæmt eftirfarandi menn:
   a. börn foreldris sem við fæðingu barnanna hefur ríkisborgararétt í samningsríkinu, með þeim undantekningum sem kunna að vera í landslögum þess varðandi börn fædd erlendis. Sérhverju samningsríki er heimilt, að því er varðar börn þar sem móðerni eða faðerni er staðfest með viðurkenningu, dómsúrskurði eða á svipaðan hátt, að ákveða að barnið öðlist ríkisborgararétt sinn á þann hátt sem landslög ákveða.
   b. börn, sem fundist hafa innan marka ríkisins, sem að öðrum kosti væru ríkisfangslaus.
2. Sérhvert samningsríki skal mæla fyrir um það í landslögum að ríkisborgararétt þess öðlist börn sem fædd eru innan marka þess, og sem öðlast ekki annan ríkisbogararétt við fæðingu. Slíkur ríkisborgararéttur skal veittur:
   a. við fæðingu, lögum samkvæmt eða
   b. síðar, þeim börnum sem áfram eru ríkisfangslaus, samkvæmt umsókn sem komið er á framfæri af barninu eða fyrir þess hönd, við þar til bært stjórnvald, með þeim hætti sem mælt er fyrir um í landslögum ríkisins. Slíka umsókn má binda því skilyrði að um lögmæta og varanlega búsetu hafi verið að ræða á landsvæði ríkisins í tiltekinn tíma, sem þó má ekki vera lengri en fimm ár samfellt áður en umsókn er lögð fram.
3. Sérhvert samningsríki skal mæla fyrir um það í landslögum að ríkisborgarar geti orðið menn sem hafa lögmæta og varanlega búsetu á yfirráðasvæði ríkisins. Þegar skilyrði fyrir ríkisborgararétti eru ákveðin, skal ekki krefjast lengri búsetu en tíu ár áður en umsókn um ríkisborgararétt er lögð fram.
4. Sérhvert samningsríki skal í landslögum sínum auðvelda eftirfarandi mönnum öflun ríkisborgararéttar síns:
   a. mökum ríkisborgara sinna,
   b. börnum ríkisborgara síns, enda falli þau undir undantekningarákvæði a-liðar 1. mgr. 6. gr.,
   c. börnum foreldris sem öðlast eða hefur áður öðlast ríkisborgararétt í ríkinu,
   d. börn sem ættleidd eru af ríkisborgara samningsríkis,
   e. mönnum sem fæddir eru innan marka samningsríkis og hafa haft þar lögmæta og varanlega búsetu,
   f. mönnum sem hafa og hafa haft lögmæta og varanlega búsetu innan marka samningsríkis tiltekinn tíma, talið frá því áður en þeir urðu átján ára, en sú tímalengd skal ákveðin í landslögum ríkisins.
   g. mönnum án ríkisfangs og viðurkenndumr flóttamönnum sem tekið hafa upp lögmæta og varanlega búsetu á yfirráðasvæði samningsríkis.

7. gr.

Missir ríkisborgararéttar samkvæmt lögum eða að frumkvæði samningsríkis.

1. Samningsríki má ekki mæla fyrir um það í landslögum sínum að maður missi ríkisborgararétt samkvæmt lögum eða að frumkvæði samningsríkis, nema í eftirfarandi tilvikum:
   a. þegar maður öðlast annan ríkisborgararétt af frjálsum vilja,
   b. þegar maður hefur öðlast ríkisborgararétt samningsríkisins með sviksamlegum hætti, með því að gefa rangar upplýsingar eða leyna mikilvægum staðreyndum sem varða umsækjanda,
   c. þegar maður gengur af frjálsum vilja í þjónustu erlends hers,
   d. þegar maður hefur haft í frammi háttsemi sem skaðað getur mikilvæga hagsmuni samningsríkisins,
   e. þegar ekki eru til staðar raunveruleg tengsl milli samningsríkisins og ríkisborgara sem hefur varanlega búsetu erlendis,
   f. þegar staðreynt er, meðan maður er enn ósjálfráða barn, að lögmælt skilyrði landsréttar, sem leiddu til ríkisborgararéttar mannsins í samningsíkinu lögum samkvæmt, eru ekki lengur uppfyllt,
   g. þegar barn er ættleitt, og öðlast við það, eða hefur þá þegar, erlendan ríkisborgararétt annars eða beggja ættleiðingarforeldra.
2. Samningsríki er heimilt að kveða á um að barn missi ríkisborgararétt ríkisins þegar foreldrar þess missa þann ríkisborgararétt, nema í tilvikum sem greinir í c- og d-lið 1. mgr. Þó skulu börn ekki missa ríkisborgararéttinn samkvæmt þessu ákvæði ef annað foreldrið heldur honum.
3. Samningsríki má ekki mæla fyrir um missi ríkisborgararéttar í landslögum sínum, í þeim tilvikum sem greinir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, ef viðkomandi maður yrði þar með ríkisfangslaus, þó með undantekningu að því er varðar tilvik sem fellur undir b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Missir ríkisborgararéttar að frumkvæði einstaklings.

1. Sérhvert samningsríki skal leyfa að ríkisborgararétti sé afsalað, enda verði viðkomandi eigi við það ríkisfangslaus.
2. Samningsríki getur samt sem áður mælt svo fyrir í landslögum að einungis ríkisborgarar með fasta búsetu erlendis geti afsalað sér ríkisborgararétti.

9. gr.

Enduröflun ríkisborgararéttar.

Sérhvert samningsríki skal auðvelda, í þeim tilvikum og með þeim skilyrðum sem greinir í landslögum, að fyrrum ríkisborgarar þess geti aflað sér ríkisborgararéttar að nýju, enda hafi þeir tekið upp lögmæta og varanlega búsetu innan marka þess.

IV. kafli.

Meðferð mála sem varða ríkisborgararétt.

10. gr.

Meðferð umsókna.

Sérhvert samningsríki skal tryggja að umsóknir varðandi veitingu, hald, missi, endurheimt eða staðfestingu á ríkisborgararétti þess séu afgreiddar innan eðlilegra tímamarka.

11. gr.

Ákvarðanir.

Sérhvert samningsríki skal tryggja að ákvörðunum sem teknar eru varðandi veitingu, hald, missi, endurheimt eða staðfestingu á ríkisborgararétti þess fylgi skriflegur rökstuðningur.

12. gr.

Réttur til málskots.

Sérhvert samningsríki skal tryggja, að ákvarðanir sem teknar eru varðandi veitingu, hald, missi, endurheimt eða staðfestingu á ríkisborgararétti þess geti sætt endurskoðun stjórnvalds eða dómstóls, í samræmi við landslög.

13. gr.

Gjöld.

1. Sérhvert samningsríki skal tryggja að gjöld, sem innheimt eru varðandi veitingu, hald, missi, endurheimt eða staðfestingu á ríkisborgararétti þess, séu sanngjörn.
2. Sérhvert samningsríki skal tryggja að gjöld, sem innheimt eru af málum sem endurskoðuð eru af stjórnvaldi eða dómstóli, séu ekki tálmi fyrir umsækjendur.

V. kafli.

Margfaldur ríkisborgararéttur.

14. gr.

Tilvik þar sem margfaldan ríkisborgararétt leiðir af lögum.

1. Samningsríki skal leyfa:
   a. að börn, sem sjálfkrafa hafa hlotið mismunandi ríkisborgararétt við fæðingu, haldi slíkum rétti,
   b. að ríkisborgarar þessir hafi annan ríkisborgararétt þegar slíkur ríkisborgararéttur er fenginn sjálfkrafa við giftingu.
2. Hald þeirra ríkisborgararétta sem getið er um í 1. mgr. er háð viðeigandi ákvæðum þar að lútandi í 7. gr. þessa samnings.

15. gr.

Önnur tilvik þar sem margfaldur ríkisborgararéttur er mögulegur.

Ákvæði þessa samnings skulu ekki takmarka rétt samningsríkis til þess að ákveða í landslögum:

a. hvort ríkisborgarar þess, sem öðlast eða hafa ríkisborgararétt í öðru ríki, halda ríkisborgararétti þess eða missi hann,
b. hvort öflun eða hald ríkisborgararéttar þess sé háð því að öðrum ríkisborgararétti sé afsalað eða hans misst.

16. gr.

Varðveisla fyrri ríkisborgararéttar.

Samningsríki skal ekki gera það að skilyrði fyrir öflun eða haldi ríkisborgararéttar þess að öðrum ríkisborgararétti sé afsalað eða hans misst, ef slíkt afsal eða missir er ógerlegur eða ósanngjarnt er að krefjast þess.

17. gr.

Réttindi og skyldur sem varða margfaldan ríkisborgararétt.

1. Ríkisborgarar samningsríkis, sem jafnframt hafa annan ríkisborgararétt, skulu á meðan þeir dvelja innan marka samningsríkisins, hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir ríkisborgarar þess samningsríkis.
2. Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á:
   a. reglur þjóðaréttar um heimild samningsríkis til að veita vernd sendiráðs- eða ræðismanns ríkisborgara sínum, enda þótt viðkomandi maður hafi jafnframt annan ríkisborgararétt,
   b. beitingu reglna alþjóðaeinkamálaréttar af hálfu hvers samningsríkis þegar um er að ræða margfaldan ríkisborgararétt.

VI. kafli.
Ríkisborgararéttur er ríki tekur við af öðru.

18. gr.

Meginreglur.

1. Að því er ríkisborgararétt varðar þegar ríki tekur við af öðru skal sérhvert samningsríki sem í hlut á meginreglur lögbundinnar réttarskipunar, reglur um mannréttindi og grundvallarreglur þær, sem 4. og 5. gr. samnings þessa hafa að geyma, sem og ákvæði 2. mgr. þessarar greinar, einkum þó og sér í lagi til þess að forða því að upp komi tilvik um ríkisfangsleysi.
2. Þegar kveðið er á um öflun ríkisborgararéttar eða hald hans þegar um er að ræða að ríki tekur við af öðru skal sérhvert samningsríki sem í hlut á taka sérstaklega mið af því:
   a. hvort til staðar eru sönn og virk tengsl milli viðkomandi manns og ríkisins,
   b. hvar viðkomandi maður hefur varanlega búsetu þegar af ríkjayfirfærslu verður,
   c. hver er vilji þess manns sem um ræðir og
   d. frá hvaða landsvæði viðkomandi maður er upprunninn.
3. Ákvæði 16. gr. samnings þessa skulu gilda þegar öflun ríkisborgararéttar er háð missi erlends ríkisborgararéttar.

19. gr.

Niðurstaða fæst með alþjóðlegu samkomulagi.

Í þeim tilvikum þegar ríki tekur við af öðru skulu samningsríki sem í hlut eiga af fremsta megni reyna að greiða úr málum varðandi ríkisborgararétt með samkomulagi sín á milli, sem og í samskiptum sínum við önnur ríki sem í hlut eiga, eftir því sem við á. Slíkt samkomulag skal virða þær meginreglur og aðrar reglur sem er að finna eða vísað er til í þessum kafla.

20. gr.

Meginreglur um þá sem ekki njóta ríkisborgararéttar.

1. Sérhvert samningsríki skal virða eftirfarandi meginreglur:
   a. ríkisborgarar þess ríkis, sem á undan var og sem hafa varanlega búsetu á landsvæði sem viðtökuríkið fær fullveldisrétt yfir og sem ekki hafa öðlast ríkisborgararétt í því ríki, skulu hafa rétt til að vera um kyrrt í því ríki,
   b. menn sem vísað er til í a-lið skulu njóta jafnræðis gagnvart ríkisborgurum viðtökuríkisins hvað varðar félagsleg og efnahagsleg réttindi.
2. Sérhvert samningsríki má útiloka menn sem falla undir 1. mgr. frá starfi í opinberri þjónustu sem felur í sér handhöfn ríkisvalds.

VII. kafli.
Herskylda þeirra sem hafa margfaldan ríkisborgararétt.

21. gr.

Fullnusta herskyldu.

1. Mönnum sem hafa ríkisborgararétt í tveimur eða fleiri samningsríkjum skal einungis gert að fullnægja herskyldu gagnvart einu þessara ríkja.
2. Samningsríkjunum er frjálst að semja sérstaklega um það sín á milli hvernig ákvæði 1. mgr. er framfylgt.
3. Að svo miklu leyti sem ekki er, eða verður, sérstaklega um annað samið skulu eftirfarandi reglur gilda um menn sem hafa ríkisborgararétt í tveimur eða fleirum samningsríkjum:
   a. hverjum manni sem svo er ástatt um verður gert að gegna herskyldu í samningsríki því þar sem viðkomandi hefur varanlega búsetu. Þrátt fyrir þetta skal viðkomandi, að 19 ára aldri, frjálst að ákveða að gegna sem sjálfboðaliði herskyldu hjá öðru samningsríki, þar sem hann hefur jafnframt ríkisborgararétt, enda sé í reynd um að ræða heildartíma sem er að minnsta kosti jafnlangur virkri herþjónustu í þágu fyrrnefnda ríkisins,
   b. menn, sem hafa fasta búsetu innan marka samningsríkis, án þess þó að vera ríkisborgarar þess ríkis, eða búa í ríki sem ekki er aðili að samningi þessum, geta valið að gegna áskilinni herþjónustu innan marka hvers þess samningsríkis sem þeir hafa ríkisborgararétt í,
   c. menn, sem samkvæmt ákvæðum a- og b-liðar þessarar greinar gegna herskyldu í einu samningsríki, samkvæmt lögum þess, skulu teljast hafa fullnustað herskyldu gagnvart sérhverju öðru samningsríki eða samningsríkjum, sem þeir jafnframt hafa ríkisborgararétt í,
   d. þeir menn, sem fyrir gildistöku samnings þessa milli samningsríkja þar sem þeir hafa ríkisborgararétt hafa gegnt herskyldu í einu samningsríkjanna samkvæmt lögum þess, skulu teljast hafa fullnustað sömu skyldur gagnvart sérhverju öðru samningríki eða samningsríkjum, sem þeir jafnframt hafa ríkisborgararétt í,
   e. menn, sem samkvæmt a-lið hafa gegnt herþjónustu gagnvart einu samningsríki þar sem þeir njóta ríkisborgararéttar, en flytjast síðar búferlum til landsvæðis annars samningsríkis, þar sem þeir njóta jafnframt ríkisborgararéttar, verður einungis gert að gegna herþjónustu í varaliði síðarnefnda samningsríkisins,
   f. framkvæmd þessarar greinar má ekki á nokkurn hátt skerða ríkisborgararétt þeirra manna sem undir hana falla,
   g. ef kemur til almennrar herkvaðningar hjá einhverju samningsríki, skulu þær skuldbindingar sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar ekki vera bindandi gagnvart því ríki.

22. gr.

Undanþágur frá herþjónustu eða þeim valkosti að gegna samfélagsþjónustu.

Að svo miklu leyti sem ekki er, eða verður, sérstaklega um annað samið skulu eftirfarandi reglur gilda um menn sem hafa ríkisborgararétt í tveimur eða fleirum samningsríkjum:

a. c-liður 3. mgr. 21. gr. samnings þessa skal gilda um menn sem undanþegnir hafa verið herskyldu eða hafa innt af hendi samfélagsþjónustu sem valkost,
b. menn, er eiga ríkisborgararétt í samningsríki sem ekki krefst herskyldu, skulu teljast hafa fullnustað herskyldu sína þegar þeir hafa varanlega búsetu í því samningsríki. Þó skulu þeir menn ekki teljast hafa fullnustað herskyldu sína gagnvart samningsríki eða -ríkjum, þar sem þeir hafa jafnframt ríkisborgararétt og þar sem herskylda er við lýði, nema

varanleg búseta samkvæmt áðurgreindu hafi verið óslitin fram að tilteknum aldri, sem hvert samningsríki um sig sem í hlut á skal tilkynna um, við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða aðildarskjals,

c. sömuleiðis skulu þeir menn, er eiga ríkisborgararétt í samningsríki sem ekki krefst herskyldu, teljast hafa fullnustað herskyldu sína þegar þeir hafa sem sjálfboðaliðar gegnt herþjónustu og í reynd er um að ræða heildartíma sem er a.m.k. jafnlangur virkri herþjónustu sem gildir í samningsríki, þar sem þeir eiga einnig ríkisborgararétt, óháð því hvar þeir eiga fasta búsetu.

VIII. kafli.
Samvinna milli samningsríkja.

23. gr.
Samvinna milli samningsríkja.

1. Með það að markmiði að auðvelda samvinnu milli samningsríkjanna skulu þar til bær yfirvöld í þeim:
   a. veita framkvæmdastjóra Evrópuráðsins upplýsingar um ákvæði landslaga sinna um ríkisborgararétt, þar á meðal varðandi tilvik um ríkisfangsleysi og margfaldan ríkisborgararétt, sem og upplýsingar um þróun mála sem varða beitingu samningsins,
   b. láta öðrum samningsríkjum í té umbeðnar upplýsingar um ákvæði landslaga sinna um ríkisborgararétt, sem og upplýsingar um þróun mála sem varða beitingu samningsins.
2. Samningsríki skulu eiga samvinnu sín í milli, sem og við önnur aðildarríki Evrópuráðsins á viðeigandi milliríkjavettvangi þess, til að fást við öll vandamál sem máli skipta og vinna að áframhaldandi þróun meginréttarreglna um ríkisborgararétt og réttarframkvæmd, sem og mála sem því tengjast.

24. gr.
Skipti á upplýsingum.

Sérhvert samningsríki getur hvenær sem er lýst því yfir að það muni upplýsa annað samningsríki, sem samsvarandi yfirlýsingu hefur gefið, um þá ríkisborgara síðarnefnda samningsríkisins sem sjálfviljugir hafa öðlast ríkisborgararétt fyrrnefnda ríkisins, enda sé gætt viðeigandi lagaákvæða um persónuupplýsingar. Slík yfirlýsing getur greint með hvaða skilyrðum samningsríki veitir upplýsingarnar. Draga má yfirlýsinguna til baka hvenær sem er.

IX. kafli.
Framkvæmd samningsins.

25. gr.
Yfirlýsingar varðandi framkvæmd samningsins.

1. Sérhvert samningsríki getur lýst því yfir við undirritun eða afhendingu fullgildingar, viðurkenningar-, staðfestingar- eða aðildarskjals að það muni við beitingu samningsins undanskilja VII. kafla hans.
2. Ákvæði VII. kafla skulu einungis ráða í samskiptum milli samningsríkja, þar sem þau hafa gildi.
3. Sérhvert samningsríki getur síðar tilkynnt framkvæmdastjóra Evrópuráðsins að það muni beita ákvæðum VII. kafla samningsins, sem undanskilinn var við undirritun samningsins eða afhendingu fullgildingar, viðurkenningar-, staðfestingar- eða aðildarskjals. Slík tilkynning tekur gildi frá móttökudegi.

26. gr.

Áhrif samningsins.

1. Ákvæði þessa samnings skulu ekki skerða ákvæði í landslögum eða bindandi alþjóðasamningum, sem tekið hafa eða taka kunna gildi, og sem veitt hafa eða veita kunna einstaklingi hagstæðari réttindi varðandi ríkisborgararétt.
2. Þessi samningur kemur ekki í veg fyrir að beitt verði ákvæðum:
   a. samnings frá um 1963 um fækkun tilvika margfalds ríkisborgararéttar og herskyldu þeirra sem njóta margfalds ríkisborgararéttar, ásamt samningsviðaukum við hann, eða
   b. annarra bindandi þjóðréttarsamninga, að svo miklu leyti sem ákvæði þeirra eru samrýmanleg samningi þessum,

   í samskiptum milli samningsríkjanna sem bundin eru umræddum samningum.

X. kafli.
Lokaákvæði.

27. gr.

Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins og af hálfu þeirra ríkja sem standa utan Evrópuráðsins en hafa tekið þátt í tilurð hans. Þessi ríki geta lýst yfir samþykki sínu við því að verða bundin af samningnum með því:
   a. að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu eða
   b. að undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu og með síðari fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu.

   Skjöl um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart öllum ríkjum, sem lýst hafa yfir samþykki sínu við að vera bundin af honum, fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst yfir samþykki sínu til að verða bundin af samningnum, í samræmi við ákvæði málsgreinarinnar hér á undan.
3. Gagnvart hverju því ríki, sem síðar lýsir yfir samþykki sínu til að verða bundið af samningnum, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá undirritun, eða frá þeim degi er skjal um fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu er afhent.

28. gr.

Aðild.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið hverju því ríki, sem stendur utan Evrópuráðsins og hefur ekki tekið þátt í tilurð samningsins, að gerast aðili að honum.
2. Gagnvart hverju því ríki sem þannig gerist aðili að samningnum öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst þegar liðnir eru þrír mánuðir frá því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

29. gr.

Fyrirvarar.

1. Ekki má gera neina fyrirvara varðandi ákvæði I., II. og IV. kafla þessa samnings. Sérhverju ríki skal heimilt við undirritun samnings þessa, eða við afhendingu á skilríkjum um fullgildingu, samþykki, viðurkenningu eða aðild, að gera einn eða fleiri fyrirvara við

önnur ákvæði samningsins, svo framarlega sem slíkir fyrirvarar eru samrýmanlegir tilgangi og markmiðum þessa samnings.

2. Sérhvert ríki sem gerir einn eða fleiri fyrirvara skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um viðeigandi efnisatriði í gildandi landslögum þess eða aðrar viðeigandi upplýsingar.
3. Ríki sem gerir einn eða fleiri fyrirvara í samræmi við 1. mgr. skal meta hvort draga eigi fyrirvara til baka í heild eða að hluta, um leið og aðstæður leyfa. Fyrirvari verður dreginn til baka með tilkynningu þar að lútandi sem send er aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og tekur hún gildi frá móttökudegi.
4. Sérhvert ríki, sem tilkynnir skv. 2. mgr. 30. gr. að framkvæmd samnings þessa skuli einnig ná til hins tilgreinda landsvæðis, getur ákveðið að gera einn eða fleiri fyrirvara í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreina, sem eigi við um hið tilgreinda landsvæði.
5. Samningsríki sem gert hefur fyrirvara við eitthvert af ákvæðunum í VII. kafla samnings þessa getur ekki krafist þess að þeim ákvæðum sé beitt af öðru samningsríki nema að því leyti sem það sjálft hefur samþykkt ákvæðin.

30. gr.

Landsvæði sem samningurinn tekur til.

1. Við undirritun samnings þessa, eða þegar skjal um fullgildingu, viðurkenningu, staðfestingu eða aðild er afhent, getur ríki tilgreint það eða þau landsvæði sem samningurinn skal taka til.
2. Ríki getur hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, fært gildi samningsins út til annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni og það fer með utanríkismál fyrir eða hefur heimild til að skuldbinda. Samningurinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag þess mánaðar þegar liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.
3. Yfirlýsingar, sem gefnar eru skv. 1. og 2. mgr. má, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans, afturkalla með tilliti til hvaða landsvæðis sem er sem tilgreint hefur verið í slíkri yfirlýsingu. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

31. gr.

Uppsögn.

1. Samningsaðili getur hvenær sem er, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, sagt upp samningi þessum í heild eða einungis VII. kafla hans.
2. Slík uppsögn skal öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

32. gr.

Tilkynningar frá aðalframkvæmdastjóranum.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, sérhverju ríki sem undirritað hefur, sérhverju samningsríki og sérhverju öðru ríki sem gerst hefur aðili að samningi þessum, um:

a. sérhverja undirritun,
b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar-, staðfestingar- eða aðildarskjals,
c. sérhvern gildistökudag samnings þessa, í samræmi við ákvæði 27. og 28. gr. samningsins,

d. sérhvern fyrirvara og afturköllun fyrirvara sem gert er samkvæmt ákvæðum 28. gr. samnings þessa,
e. sérhverja tilkynningu eða yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt ákvæðum 23., 24., 25., 27., 28., 29., 30. og 31. gr. samnings þessa,
f. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem samning þennan varða.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samning þennan.

Gjört í Strassborg, 6. nóvember 1997, á ensku og frönsku, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit hans til sérhvers aðildarríkis Evrópuráðsins, til þeirra ríkja, sem ekki eru aðilar að ráðinu, en hafa tekið þátt í tilurð samnings þessa og til sérhvers þess ríkis sem boðin hefur verið aðild að honum.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt en veigamikil breyting er að dómsmálaráðuneytið getur að vissum skilyrðum uppfylltum veitt ríkisborgararétt án þess að leggja þurfi umsókn fyrir Alþingi. Alþingi getur eftir sem áður veitt ríkisborgararétt með lögum. Ekki er talið að þessi breyting hafi teljandi áhrif á vinnu í dómsmálaráðuneyti né aðrar breytingar sem tilgreindar eru í frumvarpinu. Það er því mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarpið óbreytt að lögum hafi það ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

392. Frumvarp til laga [312. mál]

um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91 29. desember 1987.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Á árinu 1997 skal gjaldið vera 400,24 kr. á einstakling á mánuði.
b. 2. tölul. fellur brott.
c. Í stað ártalsins 1990 í 3. tölul. kemur: 1998.

II. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

2. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðsstjórnir skulu senda Ríkisendurskoðun ársreikninga kirkjugarða fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir upplýsingum og til að kanna gögn fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 39. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Á árinu 1997 skal gjaldið vera 164,13 kr. á einstakling á mánuði.
b. Í stað ártalsins 1995 í 2. tölul. kemur: 1998.

4. gr.

Við 1. mgr. 40 gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma eru undanþegnir greiðslu framlags til Kirkjugarðasjóðs árin 1998 og 1999.

III. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., nr. 25 3. júní 1985.

5. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sóknarnefndir skulu senda Ríkisendurskoðun ársreikninga sóknarnefnda fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir upplýsingum og til að kanna gögn fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er lagt til að tekjur kirkjugarða verða auknar með því að hækka kirkjugarðsgjöld meira en nemur árlegri hækkun samkvæmt gildandi lögum. Einnig er lagt til að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma verði undanþegnar því í tvö ár að greiða framlag til Kirkjugarðasjóðs. Enn fremur er lagt til að Ríkisendurskoðun fái heimild til að kanna ársreikninga og gögn varðandi sóknargjöld, en sú heimild gildir nú fyrir kirkjugarða.

Fjárhagsleg afkoma stærstu kirkjugarða landsins hefur versnað stórlega undanfarin missiri og hafa tekjur kirkjugarðanna skerst um meira en 40% frá 1990 með lækkun á kirkjugarðsgjöldum, afnámi aðstöðugjalds og kirkjugarðslögum frá 1993, en þau skylda kirkjugarða til að greiða kostnað af prestþjónustu við útfarir. Nefnd, sem fjallað hefur sérstaklega um þennan vanda, telur nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að auka tekjur kirkjugarðanna.

Þegar sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld eru ákveðin árlega skal leggja til grundvallar þá hækkun sem orðið hefur á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga tvö næstliðin tekjuár á undan. Samanburður frá Þjóðhagsstofnun leiðir í ljós að hækkun hafi numið 6,3% milli tekjuáranna 1995 og 1996. Ef hins vegar er tekið tillit til þess að iðgjöld til lífeyrissjóða verða í auknum mæli dregin frá tekjum til skatts virðist sem hækkun tekjuskattsstofns sé ekki sem bestur mælikvarði á tekjubreytingar milli ára, og þegar tillit er tekið til frádráttarins mælist hækkun tekjuskattsstofns á mann 7,6%.

Í frumvarpinu er lagt til að sóknargjöld hækki um 6,3% frá fyrra ári en að kirkjugarðsgjöld hækki um 7,6% auk þess sem þau hækki sem nemur 1,3% hækkun sóknargjalda svo að tryggja megi kirkjugörðum aukið fjármagn til að geta sinnt lögboðnum verkefnum sínum. Þessi breyting mun auka tekjur kirkjugarða um 15,3 millj. kr. Sérstakri eftirlitsnefnd er ætlað að fylgjast með afkomu kirkjugarðanna á allra næstu árum, og mun hún gera tillögu til ráðuneytisins um hvort rétt sé að hækkunin verði varanleg eða hvort rétt sé að færa kirkjugarðsgjald til fyrra horfs.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma standa frammi fyrir því að þurfa að fjölga kirkjugörðum, en því fylgir mikill stofnkostnaður. Því er lagt til að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma verði tímabundið undanþegnir því að greiða 8% lögboðið framlag í Kirkjugarðasjóð árin 1998 og 1999 til að draga úr fjárhagsvanda þeirra. Við þetta mun ráðstöfunarfé Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma aukast um 15 millj. kr. hvort árið. Þessi ráðstöfun samrýmist því meginmarkmiði Kirkjugarðasjóðs að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur þeirra hrökkva ekki fyrir útgjöldum.

Nauðsynlegt þykir að sóknarnefndir skili ársreikningum til Ríkisendurskoðunar. Er því lagt til að viðeigandi lagaákvæði um sóknarnefndir verði breytt til samræmis við lög um kirkjugarða og að orðalagsbreyting verði einnig gerð á 2. mgr. 37. gr. kirkjugarðslaganna þannig að ákvæðin verði samhljóða. Þá er enn fremur kveðið á um að Ríkisendurskoðun skuli heimilt að kalla eftir frekari gögnum eða upplýsingum, ef ástæða þykir til að kanna tiltekinn atriði sérstaklega, sbr. 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86 27. maí 1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., nr. 25/1985.

Í frumvarpinu er lagt til að breytt verði grunngjaldi sóknar- og kirkjugarðsgjalda og fé þannig millifært frá sóknum til kirkjugarða í ljósi þess að tekjur kirkjugarða hafa lækkað verulega á síðustu árum. Kveðið er á um gjald fyrir árið 1997 og gert ráð fyrir að það taki hækkun eins og segir í núgildandi lögum, þ.e. að hækkun samsvari þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga.

Á árinu 1997 hefur verið gert ráð fyrir að hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga milli áranna 1995 og 1996 hafi verið 7%. Í ljós hefur komið að hækkunin er um 7,6% og í frumvarpinu er lagt til að gjöldin verði hækkuð alls um 7,6% en innbyrðis skiptingu þeirra breytt þannig að sóknargjöld hækki um 6,3% og kirkjugarðsgjöld um 11,9%. Við það breytist einnig framlag til kirkjumálasjóðs, jöfnunarsjóðs sókna og kirkjugarðasjóðs þar sem framlag til þessara sjóða tekur mið af heildarfjárhæð sóknar- og kirkjugarðsgjalda. Samtals hefur þessi breyting í för með sér að framlag til sókna, kirkjugarða og framangreindra sjóða verður tæplega 9 m.kr. hærra á þessu ári en ráðgert hafði verið.

Að lokum er gert ráð fyrir að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma verði undanþegnir greiðslu framlags til kirkjugarðasjóðs árin 1998 og 1999. Við það aukast ráðstöfunartekjur kirkjugarðanna um sem nemur um 15 m.kr. á ári en tekjur kirkjugarðasjóðs skerðast að sama skapi. Breytingin hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

393. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Guðmundsson, Indriða Þorláksson og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti, Valborgu Kjartansdóttur og Jón Arnalds frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Jakob R. Möller frá Lögmannafélagi Íslands, Kristján Kristjánsson frá Ráðgarði hf., Sólveigu Ólafsdóttur frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa og Jónas Friðrik Jónsson frá Verslunarráði Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Almennu málflutningsstofunni, Lögmannafélagi Íslands, Ráðgarði hf., Sambandi íslenskra auglýsingastofa, Sigurjónssyni og Thor ehf., Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins, Arkitektafélagi Íslands og Útflutningsráði Íslands.

Í frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á ákvæðum virðisaukaskattslaga um skattskyldu vegna sölu á þjónustu til erlendra aðila. Frá 1. júlí 1997 hafa gilt nýjar og strangari reglur um slíka sölu sem sætt hafa gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila. Hér eru þær reglur endurskoðaðar. Þá er í frumvarpinu lagt til að reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts verði breytt þannig að heimildin sem nú tekur til endurgreiðslna til erlendra ferðamanna vegna kaupa á vörum hér á landi taki til allra aðila sem búsettir eru erlendis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 1. gr. Samkvæmt breytingu sem lögð er til á 2. málsl. fyrri efnisliðar 1. gr. telst skattskyld þjónusta sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi, sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, ávallt nýtt hér. Með þessu er ákvarðaður skattlagningarstaður þjónustunnar og með reglunni á að vera skýrt að þjónusta telst ekki nýtt hér á landi ef umrædd starfsemi fer ekki fram hér. Þá er lagt er til að 4. málsl. fyrri efnisliðar verði felldur brott en hann felur það í sér að sé þjónusta ekki að öllu leyti nýtt erlendis er skilyrði fyrir undanþágu að fyrir liggi í bókhaldi seljanda vottorð frá bærum yfirvöldum í heimalandi kaupanda þar sem fram kemur hvers konar atvinnurekstur hann hafi með höndum og gildi vottorðið í tvö ár frá útgáfudegi. Þessi krafa um vottorð er að mati nefndarinnar of ströng og ekki sambærileg við það sem gerist í öðrum löndum. Nefndin telur efnisreglu 3. málsl. fyrri efnisliðar nægjanlega í þessu sambandi og ítrekar jafnframt að með því að fella brott ákvæðið um framlagningu vottorðs hverju sinni er ekki verið að skerða þær heimildir sem skattyfirvöld annars hafa til að kalla eftir gögnum og til eftirlits ef á þarf að halda. Þá er einnig lagt til að í stað þess að kveða á um rétt til mynsturs sem dæmi um þjónustu sem fellur undir a-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt verði notað orðið hönnun, enda er það í samræmi við heiti laga á þessu sviði, þ.e. lög um hönnunarvernd. Þá er og lagt til að fjarskiptaþjónusta falli undir upptalningu fyrri efnisliðar á þeirri þjónustu sem heyrir undir 10. tölul. og teljist þar með ekki til skattskyldrar veltu. Með því er verið að tryggja að fjarskiptafyrirtæki væri heimilt að fella niður virðisaukaskatt af reikningi til erlendra rekstraraðila vegna notkunar viðskiptavina þeirra á farsímakerfum fyrirtækisins. Nú er erlendum aðila sem staddur er hér á landi og notar erlendan farsíma (NMT) eða farsímakort (GSM), sem gefið er út af erlendum rekstraraðila, gert að greiða samkvæmt gildandi gjaldskrá Pósts

og síma hf. ásamt virðisaukaskatti. Erlendi rekstraraðilinn er ábyrgur gagnvart Pósti og síma hf. og er reikningur fyrir þjónustuna sendur til hans. Meiri hluti erlendra rekstraraðila GSM-farsímakerfa sem Póstur og sími hf. hefur viðskipti við fellir hins vegar niður virðisaukaskatt í viðkomandi landi þegar íslenskt farsímakort á í hlut. Loks er lögð til breyting á síðari efnislið 1. gr. í samræmi við breytingar sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins. Í 3. gr. er gert ráð fyrir að rýmkuð verði heimild laganna til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á vörum hér á landi og hún nái til allra aðila sem búsettir eru erlendis en ekki einungis erlendra ferðamanna.

2. Lagt er til að gildistökuákvæði frumvarpsins verði breytt. Með lögum nr. 55/1997, sem breyttu lögum um virðisaukaskatt og tóku gildi 1. júlí sl., voru eins og að framan er greint settar nýjar og strangari reglur um sölu á þjónustu til erlendra aðila. Nýju reglurnar fólu í sér afdráttarlausari ákvæði um skattskyldu og ákvörðun hennar en áður höfðu gilt. Þar sem reglur þessar er nú endurskoðaðar og ljóst að það mundi valda ruglingi bæði fyrir innlenda og erlenda aðila ef núgildandi reglur yrðu látnar gilda í örfáa mánuði er lagt til að ákvæði fyrri efnisliðar 1. gr. frumvarpsins um sölu á þjónustu til erlendra aðila verði afturvirkt og gildi frá og með 1. júlí 1997.

Alþingi, 2. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Pétur H. Blöndal.
Sólveig Pétursdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

394. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „starfsemi telst ávallt nýtt hér á landi“ í 2. málsl. fyrri efnisliðar komi: starfsemi, sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, telst ávallt nýtt hér.
   b. 4. málsl. fyrri efnisliðar falli brott.
   c. Í stað orðsins „mynsturs“ í a-lið fyrri efnisliðar komi: hönnunar.
   d. Við fyrri efnislið bætist nýr stafliður, i-liður, svohljóðandi: fjarskiptaþjónusta.
   e. Í stað orðanna „erlendra ferðamanna“ í síðari efnislið komi: aðila búsettra erlendis.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði fyrri efnisliðar 1. gr. um sölu á þjónustu til erlendra aðila gilda frá og með 1. júlí 1997.

395. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á hlutafélagalögum vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum laganna og 3., 6. og 11. félagaréttartilskipunarinnar en þær eru hluti EES-samningsins. Hins vegar er lögð til breyting vegna fyrirhugaðrar setningar laga um rafræna skráningu verðbréfa sem heimilar rafræna útgáfu hlutabréfa.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

a. Við 6. gr. Í stað orðsins „handhafa“ í 3. málsl. fyrri efnismálsgreinar komi: hluthafa.
b. Við 8. gr. Í stað orðanna „sbr. 149. gr., og 1. mgr. 141. gr.“ í fyrri efnismálsgrein komi: sbr. 1. mgr. 141. gr. og 149. gr.

Alþingi, 2. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

396. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um einkahlutafélög vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum laganna og 11. félagaréttartilskipunarinnar, en hún er hluti EES-samningsins, svo og vegna fyrirhugaðra breytinga á hlutafélagalögum.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 2. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

397. Fyrirspurn [313. mál]

til heilbrigðisráðherra um þróun lyfjaverðs.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hver hefur þróun lyfjaverðs orðið eftir að ný lyfjalög öðluðust gildi 1. júlí 1994 og ákvæði VII. kafla (um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi) og XIV. kafla (um lyfjaverð) komu til framkvæmda 1. nóvember 1995?
2. Hver hefur þróun á verði 20 mest seldu lyfseðilsskyldu lyfjanna orðið á þessu tímabili?
3. Hefur aukin samkeppni samfara meira frelsi heildsala og smásala til verðákvörðunar og meiri þjónusta á þessum vettvangi, þ.e. með fjölgun lyfjabúða, leitt til aukins kostnaðar og hækkaðs verðs til neytenda og enn fremur aukinnar neyslu?
4. Í hve mörgum tilfellum selja heildsalar og smásalar lyfseðilsskyld lyf á hámarksverði sem lyfjaverðsnefnd hefur ákveðið og hversu oft og mikið er verðið undir hámarki samkvæmt upplýsingum lyfjaverðsnefndar, sbr. 40. gr. lyfjalaga?
5. Hefur frjáls verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, skv. 40. gr. lyfjalaga leitt til söluaukningar og verðbreytinga og þá hverra?
6. Er það mat ráðherra að auknar heimildir til upplýsinga og kynningar í lyfjalögum hafi aukið neyslu lyfja sem seld eru án lyfseðils eða breytt neyslumunstri á annan veg?
7. Er ráðherra sömu skoðunar nú og hann var sem stjórnarandstöðuþingmaður á síðasta kjörtímabili þegar frumvarp til nýrra lyfjalaga var til umræðu og afgreiðslu á Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

398. Fyrirspurn [314. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingar á vasapeningagreiðslum til lífeyrisþega.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig hafa reglur um vasapeninga lífeyrisþega á stofnunum og upphæðir þeirra breyst sl. fimm ár?
2. Hversu margir
   a. ellilífeyrisþegar og
   b. öryrkjar
   á stofnunum hafa fengið vasapeninga greidda hvert undanfarinna fimm ára?
3. Hversu margir
   a. ellilífeyrisþegar og
   b. öryrkjar
   utan stofnana hafa fengið greidda vasapeninga hvert undanfarinna fimm ára?

Skriflegt svar óskast.

399. Fyrirspurn [315. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingar á hlunnindum lífeyrisþega almannatrygginga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig hafa reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga og hlutdeild lífeyrisþega og sjúklinga í tal-, iðju- og sjúkraþjálfun breyst og hvenær undanfarin fimm ár?
2. Hvernig og hversu oft hefur reglum um greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði lífeyrisþega verið breytt á sl. fimm árum?
3. Hvernig hefur kostnaðarhlutdeild sjúklinga, aldraða, fatlaða og öryrkja í hjálpartækjum aukist eða minnkað á undanförnum fimm árum?

Skriflegt svar óskast.

400. Fyrirspurn [316. mál]

til viðskiptaráðherra um laxveiðiferðir stjórnenda ríkisviðskiptabankanna og Seðlabanka.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margar laxveiðiferðir hafa stjórnendur ríkisviðskiptabankanna og Seðlabanka farið árlega sl. fimm ár og hver var árlegur kostnaður við þær, sundurliðaður eftir útgjöldum við laxveiðileyfin annars vegar og öðrum útgjöldum hins vegar?

2. Hver var tilgangur og tilefni ferðanna, hverjir voru þátttakendur í þeim og hver tekur ákvörðun um slíkar ferðir?
3. Í hvaða laxveiðiár var farið og hve oft í hverja þeirra hvert ár sig?
4. Hverjir eru leigutakar þessara laxveiðiáa?

Svar óskast sundurliðað eftir bönkum.

Skriflegt svar óskast.

401. Fyrirspurn [317. mál]

til félagsmálaráðherra um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvernig miðar störfum ríkisstjórnarinnar við að skapa skilyrði til að Ísland fullgildi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, eins og samþykkt var í þingsályktun frá 13. maí 1997 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu?

402. Fyrirspurn [318. mál]

til viðskiptaráðherra um laun og starfskjör starfsmanna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hver eru heildarlaunakjör og starfskjör æðstu yfirmanna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem taka formlega til starfa 1. janúar 1998, sbr. lög nr. 60/1997 og 61/1997, þ.e. forstjóra, framkvæmdastjóra, forstöðumanna sviða, deildarstjóra og annarra stjórnenda, eftir því sem við á?

Svar óskast sundurliðað eftir föstum grunnlaunum, öðrum greiðslum, þóknunum og fríðindum, svo sem ferðakostnaði, risnu og bifreiðahlunnindum.

Skriflegt svar óskast.

403. Fyrirspurn [319. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um dánarbætur almannatrygginga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á stuðningi almannatrygginga vegna andláts maka, á
   a. dánarbótum og
   b. ekkjulífeyri,
   undanfarin fimm ár?
2. Hversu margir hafa fengið greiðslur dánarbóta lengur en hefðbundna
   a. sex mánuði og
   b. átján mánuði fyrir barnafólk
   frá því að slíkar greiðslur voru heimilaðar?

Skriflegt svar óskast.

404. Fyrirspurn [320. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingar á bifreiðahlunnindum hreyfihamlaðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig og hvenær hafa upphæðir, réttindi og reglur um bensínstyrk fyrir hreyfihamlaða breyst undanfarin fimm ár?
2. Hvernig og hvenær hafa upphæðir, réttindi og reglur um styrki til bifreiðakaupa fyrir hreyfihamlaða breyst á undanförnum fimm árum?

Skriflegt svar óskast.

405. Fyrirspurn [321. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af barnafatnaði.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvert yrði tap ríkissjóðs ef virðisaukaskattur af barnafatnaði yrði aflagður?

Skriflegt svar óskast.

406. Fyrirspurn [322. mál]

til menntamálaráðherra um lögbundna skólagöngu barna og unglinga.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hve mörg börn og unglingar, sem komið er í fóstur eða búa utan lögheimilissveitarfélags, njóta ekki lögbundinnar skólagöngu? Er ráðherra kunnugt um að þess eru dæmi að tregða skólayfirvalda til að taka við þessum nemendum hefur valdið því að þeim eru ekki valin bestu fósturheimili sem völ er á?

Hvað hyggst ráðherra gera til að tryggja að öll börn fái notið lögbundinnar skólagöngu?

407. Frumvarp til laga [323. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingu.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. sbr. 3.–6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 154/1995, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 315 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Um breytingu á lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna skal framlag ríkissjóðs á árinu 1998 eigi nema hærri fjárhæð en 12,5 m.kr.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1998 umfram 185 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra greiðist á árinu 1998 af ráðstöfunarfé sjóðsins, kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

Um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

5. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, er verður 23. gr. A, svohljóðandi:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal greiða hlutdeild í kostnaði við rekstur svæðisvinnumiðlana, sbr. 22. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, eins og kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni.

Um breytingu á lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

6. gr.

Á eftir 4. mgr. 24. gr. laganna kemur ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga skal greiða hlutdeild í kostnaði við rekstur svæðisvinnumiðlana, sbr. 22. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, eins og kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni.

Um breytingu á lögum nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir.

7. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana greiðist af ríkissjóði og af tekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

Um breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

8. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 148/1994, fellur brott.

9. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

10. gr.

6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lögin, sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995, fellur brott.

11. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr tölul., er verður 7. tölul., svohljóðandi:

7. Á árinu 1997 skal heimilt að hækka bætur almannatrygginga um allt að 6,6% umfram forsendur fjárlaga.

Um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 156/1996:

a. Í stað hlutfallstölunnar 1,3% í 1. mgr. kemur: 1,15%.

b. Í stað hlutfallstölunnar 3,95% í 3. mgr. kemur: 3,99%.
c. Í stað hlutfallstölunnar 3,0% í b-lið 5. mgr. kemur: 3,04%.
d. Í stað hlutfallstölunnar 3,5% í c-lið 5. mgr. kemur: 3,54%.
e. Í stað hlutfallstölunnar 4,6% í b-lið 6. mgr. kemur: 4,64%.
f. Í stað hlutfallstölunnar 4,25% í c-lið 6. mgr. kemur: 4,29%.

Um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, sbr. 30. gr. laga nr. 29/1993, 2. gr. laga nr. 68/1996 og 67. gr. laga nr. 111/1992, skulu 1.064 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingu.

14. gr.

Við 14. gr. laganna, sbr. 52. gr. laga nr. 144/1995, bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þó er heimilt að verja hluta þeirra til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingu.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 15/1997, skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 79 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Gildistaka.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Ákvæði 11. gr. skal þó öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að venju byggir frumvarp til fjárlaga á ákveðnum forsendum um að lögum verði breytt til að markmið þeirra nái fram að ganga. Í samræmi við þann hátt sem hafður hefur verið á hefur öllum slíkum ákvæðum verið safnað í eitt frumvarp. Ákvæði þessa frumvarps eru þó nokkru færri en oft áður. Það stafar einkum af því að á undanförnum árum hefur verið gerð gangskör að því að afnema þá tilhögun, sem fest hafði rætur alltof víða og fólst í því, að framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna voru bundin í lög, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Með slíkum ákvæðum er fjárveitingavald Alþingis í raun fyrirfram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur, en það dregur um leið úr þeim áhrifum sem fjárstjórnarvaldi Alþingis er með fjárlögum ætlað að hafa á hagstjórn ríkisins, til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap. Ákvæði um lögmælt framlög er þó enn víða að finna og kunna að vera réttlætanleg og jafnvel æskileg að nokkru marki í ákveðnum tilvikum, t.d. þegar um sérstök átaksverkefni er að ræða. Slík framlög verða þó að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrumvarpsins setja, enda þótt þörf fyrir sérstakar aðgerðir sé minni nú en oft áður. Af þeim sökum eru í 1., 2., 3., 4., 13. og 15. gr. lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun nokkurra lögbundinna gjalda og tekna, en þær hafa þegar verið kynntar í 6. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998. Í ljósi þess hvern áskilnað 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar gerir um efni fjárlaga

þykir verða að leita eftir heimild til þeirra skerðinga í almennum lögum. Áform sem boðuð voru í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins hafa þó breyst að tvennu leyti. Annars vegar er í 14. gr. þessa frumvarps lagt til, að heimild til að verja hluta tekna af flugvallargjaldi til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, verði gerð varanleg. Hins vegar hefur komið í ljós að gjaldstofn gjalds fyrir afnot loftfara í millilandaflugi af Keflavíkurflugvelli skv. 78. gr. laga nr. 34/1964, um loftferðir, með síðari breytingu, er breiðari en ætlað var. Tekjur af gjaldinu mæta því fleiri kostnaðarliðum en áður var talið heimilt þannig að umframtekjur skapast ekki. Áform 7. tölul. 6. gr. fjárlagafrumvarpsins falla því niður.

Að auki er með frumvarpi þessu lagt til að nokkrum ákvæðum laga um fjárreiður atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða verði breytt. Er það í samræmi við minnkandi atvinnuleysi og aukna áherslu stjórnvalda á virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Jafnframt er lagt til að ákvæði til bráðabirgða um árlega endurskoðun á bótum almannatrygginga verði gert varanlegt og bundin við gerð fjárlaga hverju sinni. Endurskoðun fjárhæðar þeirra ber þá að miða við sömu forsendur og fjárlög um almenna þróun launa á fjárlagaárinu, en verður þó bundin við vísitölu neysluverðs þannig að breytingar á þessum fjárhæðum geta aldrei farið niður fyrir það mark sem hún segir til um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur, sem lagður er á samkvæmt lögunum, í sérstakan sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 1998 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 515 m.kr. Hér er lagt til að af þessum tekjum renni 200 m.kr. í ríkissjóð, samanborið við 150 m.kr. samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1997.

Um 2. gr.

Samkvæmt lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, skal verja 25 m.kr. árlega á árunum 1996 til 1999 til átaksverkefnisins. Hér er lagt til að framlag úr ríkissjóði á árinu 1998 verði 12,5 m.kr. í stað 25 m.kr.

Um 3.–4. gr.

Hér er lagt til að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti verði 185 m.kr. á árinu 1998 og 235 m.kr. af skattinum renni í ríkissjóð. Þá er lagt til að sjóðurinn standi undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaði við starfsemi stjórnarnefndar á árinu 1998 eins og undanfarin ár.

Um 5.–7. gr.

Lagt er til að Atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga greiði hluta af kostnaði við svæðisvinnumiðlun samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Alþingi hefur nýlega samþykkt lög um vinnumarkaðsaðgerðir þar sem lögð er áhersla á að hjálpa atvinnulausum að ná fótfestu á vinnumarkaði. Jafnframt hefur ríkissjóður tekið við kostnaði af vinnumiðlun frá sveitarfélögum. Þar sem atvinnuleysistryggingasjóðir hafa verulega hagsmuni af því að vel takist til og í samræmi við þá stefnu að virkar aðgerðir komi í auknum mæli í stað óvirkra bótagreiðslna, þykir eðlilegt að sjóðirnir beri hluta

kostnaðar við svæðisvinnumiðlun. Er það í samræmi við að atvinnuleysistryggingasjóður hefur styrkt átaksverkefni sveitarfélaga sem nú fara minnkandi vegna betra atvinnuástands. Hér er gerð tillaga um að sjóðirnir greiði um helming kostnaðar við svæðisvinnumiðlun, eða 100 m.kr., í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins. Þegar á heildina er litið lækkar atvinnutryggingagjald hins vegar um 400 m.kr. vegna minna atvinnuleysis.

Um 8.–11. gr.

Í stað núgildandi bráðabirgðaákvæðis um hækkun bóta almannatrygginga er í 9. gr. lagt til að þær verði framvegis endurskoðaðar árlega og breytt í samræmi við þróun launa, en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Þannig er við það miðað að verðlagsmiðun ráði, ef verðlag hækkar meira en laun. Jafnframt er eðlilegt að fjárhæð bótanna verði ákveðin á fjárlögum hverju sinni, enda byggist viðmiðun þeirra á sömu forsendum og fjárlög um almenna þróun launa og verðlags á fjárlagaárinu. Þá er gert ráð fyrir að fjárhæðir frítekjumarka í 17. gr. laganna og greiðslur skv. 59. gr. verði samhliða bótafjárhæðum einnig ákveðnar árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Er því lagt til að 2. mgr. 18. gr. laganna falli brott. Loks er farið fram á heimild til að hækka bætur á árinu 1997 umfram forsendur fjárlaga.

Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin árið 1996 í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að rjúfa sjálfvirkar tengingar skatta og útgjalda við breytingar sem ekki er á verksviði stjórnvalda að ákveða. Þessi stefna hefur átt þátt í þeim stöðugleika sem ríkt hefur hérlendis undanfarin ár. Hér er á hinn bóginn lögð til undantekning frá meginreglunni enda er verðtrygging nú orðið almennt viðhöfð við ákvörðun lífeyrisgreiðslna m.a. í lífeyrissjóðakerfinu.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí sl. er hækkun bóta ákveðin 4% hinn 1. janúar 1998 og 3,65% hinn 1. janúar 1999. Er sú ákvörðun byggð á almennum kjarasamningum og áætlunum um þróun verðlags á tímabilinu. Breyting sú, sem hér er lögð til, veitir bótaþegum almannatrygginga tryggingu fyrir því að fjárhæð bóta geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala neysluverðs segir til um.

Þær hækkanir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið 1998 og 1999 koma til viðbótar samtals 8,7% almennri hækkun á þessu ári, en þar af voru 6,6% umfram forsendur fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, sbr. ákvæði 11. gr. frumvarps þessa.

Um 12. gr.

Í staflið a er lagt til að hlutfall atvinnutryggingagjalds, sem rennur til atvinnuleysistrygginga, lækki um 0,15% í samræmi við minnkandi fjárþörf sjóðsins vegna minna atvinnuleysis. Útgjöld launagreiðenda verða því um 400 m.kr. minni en orðið hefði að óbreyttu skatthlutfalli. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir 3,6% atvinnuleysi á næsta ári samanborið við spá um 4% atvinnuleysi á árinu 1997. Einnig er gert ráð fyrir að nokkuð dragi úr átaksverkefnum sveitarfélaga vegna bætts atvinnuástands, en á móti vegur að áformað er að hluti kostnaðar við svæðisvinnumiðlun verði fjármagnaður af atvinnuleysistryggingasjóðnum og Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga, sbr. 6. og 7. gr. þessa frumvarps. Að öllu samanlögðu er áætlað að lækka megi atvinnutryggingagjald um 0,15% eða 400 m.kr. á næsta ári.

Í stafliðum b til f er lagt til að almennt tryggingagjald verði hækkað um 0,04% til að mæta um 100 m.kr. kostnaðarauka Tryggingastofnunar af fæðingarorlofi feðra, verði frumvarp heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þess efnis að lögum.

Um 13. gr.

Lagt er til að af mörkuðum tekjum til vegagerðar renni 1.064 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1998, samanborið við 854 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 1997.

Um 14. gr.

Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum, skal tekjum af flugvallagjaldi varið til framkvæmda í flugmálum og til reksturs flugvalla. Hér er lagt til að heimilað verði að verja hluta þeirra til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998 er lagt til að 60 m.kr. af stofnkostnaði flugstöðvarinnar verði greiddar af tekjum af flugvallagjaldi á næsta ári.

Um 15. gr.

Samkvæmt lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skal verja tekjum af brunavarnagjaldi til Brunamálastofnunar ríkisins. Tekjur af gjaldinu árið 1998 eru áætlaðar 90 m.kr. Hér er lagt til að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 79 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 1998.

Um 16. gr.

Gildistökuákvæði þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Í frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar til að áform í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998 nái fram að ganga. Verður fjallað um greinar frumvarpsins og lagt mat á áhrif þeirra á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

1. gr. Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur í sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 1998 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 515 m.kr. Í frumvarpinu er lagt til að tekjur umfram 315 m.kr. af skattinum, eða um 200 m.kr., renni í ríkissjóð samanborið við 150 m.kr. í fjárlögum 1997.

2. gr. Samkvæmt lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, skal verja 25 m.kr. árlega á árunum 1996 til 1999 til átaksverkefnisins. Framlag úr ríkissjóði á árinu 1998 verður 12,5 m.kr. í stað 25 m.kr. samkvæmt frumvarpinu.

3.–4. gr. Lagt er til að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti verði 185 m.kr. á árinu 1998 og það sem fer umfram það renni í ríkissjóð, eða 235 m.kr. miðað við áætlaðar tekjur árið 1998. Þá er lagt til að sjóðurinn standi undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaði við starfsemi stjórnarnefndar á árinu 1998 eins og undanfarin ár.

5.–7. gr. Um fjármögnun svæðisvinnumiðlunar. Samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1998 er heildarkostnaður við svæðisvinnumiðlun áætlaður um 200 m.kr. á ári og er áformað að þar af standi Atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi

einstaklinga undir helmingi kostnaðarins, eða 100 m.kr. Lækka framlög úr ríkissjóði til verkefnisins að sama skapi.

8.–10. gr. Um ákvæði í lögunum og ákvæði til bráðabirgða um hækkun á bótum almannatrygginga. Lagt er til að núgildandi ákvæði verði breytt. Ekki verður séð að breytingin hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs á næsta ári þar sem í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að bætur hækki um 4% í upphafi árs 1998 sem er í samræmi við launaþróun í almennum kjarasamningum og almenna verðlagsþróun, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 15. maí 1997.

11. gr. Um hækkun bóta á árinu 1997. Lagt er til að bætur hækki um allt að 6,6% umfram forsendur fjárlaga. Áætlað er að kostnaður af hækkun bóta almannatrygginga um 4% í mars og 2,5% í ágúst sl. kosti ríkissjóð árlega 1.250 m.kr. Þar af er heimilt að hækka bætur um 3% umfram forsendur fjárlaga samkvæmt gildandi lögum, eða um 570 m.kr.

12. gr. Um lækkun á atvinnutryggingagjaldi og hækkun á almennu hlutfalli tryggingagjalds. Atvinnutryggingagjaldi er ætlað að standa undir útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Miðað við áætlaða fjárþörf sjóðanna á næsta ári, sem tekur mið af spá um atvinnuleysi, og áætlun um rekstrarkostnað og styrki til átaksverkefna má lækka gjaldið um 0,15%, eða sem nemur 400 m.kr. á næsta ári. Á móti hækkar almennt hlutfall tryggingagjalds um 0,04% til að standa undir kostnaði Tryggingastofnunar ríkisins af fæðingarorlofi karla í tvær vikur. Hækka tekjur af almennu tryggingagjaldi um 100 m.kr. á ári vegna þessa. Samtals er nettólækkun tekna af tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi því áætluð 300 m.kr.

13. gr. Lagt er til að af mörkuðum tekjum til vegagerðar renni 1.064 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1998 samanborið við 854 m.kr. í fjárlögum 1997.

14. gr. Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum, skal tekjum af flugvallagjaldi varið til framkvæmda í flugmálum og til reksturs flugvalla. Lagt er til að einnig verði heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er lagt til að 60 m.kr. af stofnkostnaði flugstöðvarinnar verði greiddar af tekjum af flugvallagjaldi.

15. gr. Samkvæmt lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skal verja tekjum af brunavarnagjaldi til Brunamálastofnunar ríkisins. Tekjur af gjaldinu árið 1998 eru áætlaðar 90 m.kr. Lagt er til að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 79 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 1998.

Samanlagt hefur frumvarpið þau áhrif að greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1998 verða 1.680 m.kr. lægri en annars hefði orðið, þar af eru 1.520 m.kr. vegna sérstakra skerðingarákvæða. Þá hefur frumvarpið þau áhrif að tekjur ríkissjóðs verða 300 m.kr. lægri en orðið hefði að óbreyttum lögum um tryggingagjald. Loks aukast árleg útgjöld um tæplega 680 m.kr. vegna hækkunar á bótum almanna- og atvinnuleysistrygginga umfram 3% frá forsendum fjárlaga á árinu 1997.

408. Svar [279. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar.

1. *Hvers vegna hafnaði menntamálaráðuneytið tilboði um kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar?*

Í bréfi dags. 1. júlí 1996 til menntamálaráðherra frá A&P lögmönnum vísuðu þeir til þess að umbjóðendur þeirra, rétthafar að kvikmyndaveri Óskars heitins Gíslasonar, hefðu árið 1992 boðið ríkinu að kaupa allan kvikmyndarétt að verkum Óskars. Jafnframt var skýrt frá því að umbjóðendurnir hefðu nú ákveðið að bjóða öll kvikmyndaverkin til sölu á 65 millj. kr.

Menntamálaráðuneytið svaraði erindi lögmannanna með bréfi dags. 21. október 1996 þar sem segir m.a.:

„Að lokinni ítarlegri athugun og að fenginni umsögn forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands sem hjálagt fylgir er það niðurstaða ráðuneytisins að eignarréttur og höfundaréttur eigi að meginstefnu til að vera í höndum rétthafa og greiðslur vegna höfundaréttar að renna til þeirra. Það er hins vegar á ábyrgð menntamálaráðuneytis að sjá til þess að mikilvæg menningarverðmæti á borð við kvikmyndir Óskars Gíslasonar glatist ekki og verði varðveitt fyrir komandi kynslóðir.

Meginhlutverk Kvikmyndasafns Íslands er að safna íslenskum kvikmyndum og varðveita þær. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að efla starfsemi safnsins, m.a. með því að bæta verulega húsakost þess. Evrópuráðið vinnur að gerð samnings um verndun kvikmyndaarfleifðar og tekur Ísland virkan þátt í undirbúningi hans.

Ráðuneytið hefur vilja til að óska eftir sérstakri fjárveitingu á fjárlögum til Kvikmyndasafnsins til endurgerða á kvikmyndum Óskars til þess að tryggja megi varðveislu kvikmyndanna í a.m.k. 100 ár. Þá tæki safnið einnig að sér vinnu við flokkun, skráningu, geymslu, eftirlit og sölu kvikmyndanna í samráði við rétthafa. Í þessu skyni er ráðuneytið reiðubúið til frekari viðræðna um slíka samvinnu en það telur ekki forsendur fyrir kaupum ríkisins á öllum kvikmyndaverkum Óskars Gíslasonar fyrir 65 millj. kr.“

2. *Hver er afstaða ráðuneytisins til varðveislu mynda á borð við fyrrgreindar myndir?*

Eins og fram kemur í því bréfi sem vitnað er til í svari við 1. lið telur menntamálaráðuneytið miklu skipta að menningarverðmæti á borð við kvikmyndir Óskars Gíslasonar varðveitist. Kvikmyndasafni Íslands er ætlað það hlutverk að safna íslenskum kvikmyndum og varðveita þær. Á síðasta ári voru gerðar ráðstafanir til að efla starfsemi safnsins, m.a. með því að bæta verulega húsakost þess er það flutti alla starfsemi sína í framtíðarhúsnæði sitt í Hafnarfirði. Þar er m.a. tekið tillit til allra þarfa er lúta að varðveislu kvikmynda við ákjósanleg skilyrði. Þá hefur ráðuneytið tekið virkan þátt í undirbúningi samnings um verndun kvikmynda á vegum Evrópuráðsins.

3. *Hver hafa kaup ráðuneytisins og/eða undirstofnana þess á íslenskum kvikmyndum verið undanfarin fimm ár?*

Ráðuneytið hefur fest kaup á eftirtöldum kvikmyndum á sl. fimm árum:

1992 Keyptur af FILM sýningarréttur á *Lilju.*

1993 Keyptur af FILM sýningarréttur á *Óðali feðranna* og *Í skugga hrafnsins.*

1994 Keyptur af FILM sýningarréttur á *Á hjara veraldar* og *Svo á jörðu sem á himni.*

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu og Námsgagnastofnun um kaup þeirra. Upplýsingar frá Námsgagnastofnun eru birtar í fylgiskjali I. Upplýsingar um leiknar íslenskar kvikmyndir sem Ríkisútvarpið, sjónvarp, keypti frá árinu 1983 til nóvember 1996 eru birtar í fylgiskjali II og kaup þess frá því í nóvember 1996 í fylgiskjali III.

Fylgiskjal I.

Kaup Námsgagnastofnunar á íslenskum kvikmyndum, heimilda- og fræðslumyndum sl. fimm ár.

1993			
Guðmundur P. Ólafsson o.fl.	Mörg eru dags augu	450.000	
Samver hf.	Íslenskt samfélag (tveir þættir)	700.000	
Saga Film	Jón Sigurðsson	1.200.000	
			2.350.000
1994			
Nesfilm sf.	Tré	700.000	
Þórir Guðmundsson o.fl.	Evrópa (fjórir þættir)	800.000	
Nýja-Bíó hf.	Vertu með (þrír þættir)	1.200.000	
			2.700.000
1995			
Kvikmyndasjóður Skaftfellinga	Í jöklanna skjóli (níu þættir)	900.000	
Vilhjálmur Þór	Þrjár myndir frá Afríku	1.050.000	
Kvikmyndagerðin Garpur	Umskipti atvinnulífsins (sex þættir)	600.000	
Kvikmfélagið Villingur	Íslenska hagamúsin	1.200.000	
Kvikmfélagið 20 geitur	Íslenska glíman	450.000	
Sigrún Stefánsdóttir	Víetnam/Tæland (tvær myndir)	400.000	
Ax-kvikmyndagerð	Austurstræti 22	500.000	
			5.100.000
1996			
Alvís kvikmyndagerð	Bjarni Benediktsson	400.000	
Plús-film	Fjölskyldan (fimm þættir)	1.000.000	
Kvikmyndagerðin Garpur	Landshorna á milli (sex þættir)	4.200.000	
Þumall	Undir mögnuðu tungli	510.000	
Vilhjálmur Þór	Þar er ei nema eldur og ís	676.000	
Nýja-Bíó hf.	Sorpa á sléttunni	1.500.000	
Grims Film	Börn í Afríku (þrjár stuttmyndir)	350.000	
Baldur Film	Benjamín Dúfa	1.200.000	
			9.836.000
1997			
Siggi Animaastudio	Hreiðars þáttur heimska	650.000	
Kári G. Schram	Saga Íslands	850.000	

Þá eru í bígerð á þessu ári samningar um kaup á þáttaröðunum *Skáldatími*, *Friðlýst svæði og náttúruminjar* og *Saga tuttugustu aldar*, ásamt myndunum *Ævintýri á norðurslóðum* og *Stríðsárin köldu*. Enn fremur hefur töluvert verið keypt af erlendu efni sem þýtt er á íslensku og má þar nefna myndaflokka frá Dorling Kindersley, National Geographic og Benchmark, ásamt samstarfsverkefni tíu þjóða sem stofnunin tók þátt í undir nafninu Country Profiles, eða *Svipmyndir* á íslensku.

Fylgiskjal II.

Kaup Ríkisútvarpsins, sjónvarps, á leiknum íslenskum kvikmyndum frá árinu 1983 til nóvember 1996.

Ár	Nafn	Seljandi
1983	Rokk í Reykjavík II	Hugrenningur
1985	Gullsandur	Mannamyndir
	Hvítir mávar	Jakob Magnússon
	Jón Oddur og Jón Bjarni	Guðrún Helgadóttir
	Land og synir	Indriði G. Þorsteinsson
	Lífið er saltfiskur	Lifandi myndir
	Með allt á hreinu	Jakob Magnússon
	Nikkelfjallið	Jakob Magnússon
	Skilaboð til Söndru	Umbi
1986	Á hjara veraldar	Völuspá
	Dalalíf	Þráinn Bertelsson
	Húsið	Saga Film
	Kínaferð Stuðmanna	Sýrland
	Löggulíf	Þráinn Bertelsson
	Nýtt líf	Þráinn Bertelsson
1987	Atómstöðin	Þorsteinn Jónsson
	Eins og skepnan deyr	Bíó
	Hrafninn flýgur	FILM
	Kúrekar norðursins	Friðrik Þór Friðriksson
	Okkar á milli	FILM
	Punktur, punktur	Þorsteinn Jónsson
	Salka Valka	Edda film
	Skammdegi	Nýtt líf
	Skytturnar	Friðrik Þór Friðriksson
	Útlaginn	Haust hf.
	Veiðiferðin	Andrés Indriðason
1988	Brennu-Njálssaga	Friðrik Þór Friðriksson
	Hringurinn	Friðrik Þór Friðriksson
	Morðsaga	Reynir Oddsson
	Óðal feðranna	Gunnlaugur Þórðarson
	Pappírs-Pési	Hrif
1990	Foxtrot	Frost Film
	Kristnihald undir jökli	Umbi
	Milli fjalls og fjöru	Erfingjar Lofts Guðmundssonar
	Stella í orlofi	Umbi
	Svart og sykurlaust	Svart og sykurlaust
	Virkið	Alvara
1991	Í skugga hrafnsins	FILM
	Magnús	Nýtt líf
1992	Svanur	Hillingar hf.
	Hin helgu vé	FILM
	Niðursetningurinn	Erfingjar Lofts Guðmundssonar

Ár	Nafn	Seljandi
1993	Garðastríðið	Magmafilm
	Handfærasinfónían	Árni Tryggvason
	Ingaló	Gjóla
	Malbik	Pinesome Film
	Byron	Guðmundur K. Björnsson
	Lítill bróðir fæst gefins	Kristín B. Pálsdóttir
	Tár úr steini	Kvikmyndafélagið Tónabíó
	Nifl	Niflungar hf.
	Sigla himinfley	Nýtt líf
	Svo á jörðu sem á himni	Tíu-tíu kvikmyndagerð
1994	Óðal feðranna	FILM
	Hrafninn flýgur	FILM
	Í draumi sérhvers manns	Inga Lísa Middleton
	Börn náttúrunnar	Íslenska kvikmyndasamsteypan
	Bíódagar	Íslenska kvikmyndasamsteypan
	Cold fever	Íslenska kvikmyndasamsteypan
	Karlakórinn Hekla	Umbi
1995	Nei er ekkert svar	Glansmyndir hf.
	Two little girls and a w.	Ilkka Y.L. Matila
	Ertu sannur?	Í einni sæng
	Djöflaeyjan	Íslenska kvikmyndasamsteypan
	Blossi	Kvikmyndafélag Íslands
1996	Veggfóður	Kvikmyndafélag Íslands
	Debutanten	Sigurður Sigurðsson
	Galdur	ILM kvikmyndafélag

Fylgiskjal III.

Kaup Ríkisútvarpsins, sjónvarps, á leiknum íslenskum kvikmyndum frá því í nóvember 1996.

Nafn	Seljandi
Palli var einn í heiminum	Litla gula hænan
Perlur og svín	Íslenska kvikmyndasamsteypan
Stikkfrí	Íslenska kvikmyndasamsteypan
María	Íslenska kvikmyndasamsteypan
Þegar það gerist	ILM kvikmyndafélag
Slurpurinn	Katrín Ólafsdóttir
Agnes	Pegasus hf.
Engin jól án Bassa	Umbi

Kvikmyndagerðarmenn óska eftir að farið sé með upplýsingar um kaupverð og væntanlegan sýningartíma sem trúnaðarmál.

409. Frumvarp til laga [324. mál]

um hjálmanotkun hestamanna.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

Menn á hestbaki skulu bera viðurkenndan hlífðarhjálm á höfði. Forráðamaður barns skal sjá um að barnið fylgi ákvæði þessarar greinar.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eigi skal þó refsa fyrir brot framin gegn 1. gr. fyrr en eftir 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Hestamennsku má með sanni kalla þjóðaríþrótt Íslendinga, hvort sem um er að ræða keppni eða tómstundagaman og fer hvort tveggja vaxandi. Íslenskir hestar og íslenskir knapar bera hróður lands og þjóðar víða um heim og þeim fer sífellt fjölgandi sem gera sér ferð hingað til lands vegna íslenska hestsins. Útlendingar sækja landsmót hestamanna þúsundum saman og sívaxandi fjöldi kemur hingað til þátttöku í hestaferðum, enda óvíða jafnákjósanleg skilyrði til slíkra ferðalaga. Íslendingar sjálfir, bæði börn og fullorðnir, sækja í æ ríkari mæli lífsfyllingu í umgengni við íslenska hestinn.

Þótt hestamennska tengist fyrst og fremst ánægju og árangri er hún þó langt frá því hættulaus. Hesturinn er kraftmikil skepna og við ákveðnar aðstæður getur skapast mikil slysahætta í umgengni við hann. Því miður eru dæmin mörg þar sem illa hefur farið, fólk slasast eða jafnvel látið lífið. Í mörgum tilvikum hefði mátt koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar með meiri varúðarráðstöfunum. Mesta hættan er í sambandi við höfuðmeiðsli og því sjálfsagt að draga úr henni eins og kostur er. Besta ráðið til þess er notkun hlífðarhjálma sem vissulega hefur farið vaxandi á undanförnum árum en er þó hvergi nærri nógu almenn. Lögfesting skyldunotkunar hjálma virðist nauðsynleg til úrbóta í þessu efni og er í rauninni sjálfsögð á sama hátt og ökumenn vélhjóla eru skyldaðir til að nota öryggishjálma.

Margir atvinnumenn í hestamennsku hafa sínar eigin reglur um notkun hjálma á námskeiðum og í skipulögðum hestaferðum. Það skýtur þó skökku við þegar þeir fara ekki sjálfir eftir eigin reglum sem er því miður algengt og skapar hættulegt fordæmi. Það viðhorf er of algengt að notkun hlífðarhjálms sé veikleikamerki og ekki við hæfi bestu hestamanna, það sé hins vegar til marks um öryggi, hæfni og þor að þurfa ekki á slíku að halda. Slíkt viðhorf ber vott um mikið ábyrgðarleysi.

Við undirbúning þessa frumvarps var reynt að afla skráðra upplýsinga um slys tengd hestamennsku hér á landi, en það reyndist ekki auðunnið verk. Samkvæmt upplýsingum Jóns Baldurssonar, yfirlæknis slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur, hófst skipuleg skráning slíkra slysa fyrst nú í ár en engar heildarupplýsingar liggja fyrir þar eða hjá landlækni. Bestu upplýsingarnar fengust hjá Óskari Jónssyni, lækni á Sjúkrahúsi Skagfirðinga á Sauðárkróki, en þar um slóðir hefur hestamennska verið mjög í hávegum höfð. Óskar gerði yfirlit og samanburð

á umferðarslysum og slysum í tengslum við hestamennsku á árunum 1984–1990. Í samantekt Óskars segir m.a.:

„Í héraðinu eru u.þ.b. 4.400 íbúar. Á sjö ára tímabili, 1984–1990, leita 215 læknis vegna umferðarslysa og 238 vegna hestaslysa. Þannig slasast heldur fleiri í hestaslysum en í umferðarslysum á þessu tímabili. Í umferðarslysahópi eru 53% á aldrinum 10–19 ára. Í hestaslysahópi eru 34% á aldrinum 10–19 ára.

Í umferðarslysahópi eru 21% með beinbrot eða liðhlaup, 26% með opin sár, 52% með minni áverka, 1% banaslys (2 einstaklingar).

Í hestaslysahópi er 25% með brot eða liðhlaup, 27,5% með opin sár, 47% með minni áverka, 0,5% banaslys (1 einstaklingur).

Algengasta orsök hestaslysa er fall af hestbaki (43%).

Þessi athugun leiðir í ljós, að í Skagafirði, á árunum 1984–1990, slasast fleiri í hestaslysum en í umferðarslysum og margir hljóta alvarlega áverka."

Samkvæmt beiðni fór Óskar Jónsson læknir einnig yfir slysabók sjúkrahússins á Sauðárkróki síðustu fimm árin, þ.e. 1992–1996. Sú yfirferð leiddi í ljós að enn fjölgar slysunum. Á þessu fimm ára tímabili leituðu 329 manns til sjúkrahússins vegna umferðarslysa og 387 vegna slysa sem tengjast hestamennsku. Þannig leituðu til sjúkrahússins á þessum árum að jafnaði tæplega 80 manns á hverju ári vegna hestaslysa en um 66 vegna umferðarslysa. Þessar upplýsingar hljóta að vekja menn til umhugsunar og viðbragða. Algild notkun hlífðarhjálma er ein besta vörnin gegn slysum í tengslum við hestamennsku. Því er þetta frumvarp flutt.

410. Frumvarp til laga [325. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Helgadóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Ögmundur Jónasson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir orðunum „heimild til" í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Á eftir 3. þætti laganna kemur nýr þáttur, 4. þáttur, **Greiðsluaðlögun**, með tveimur köflum, 11. kafla, **Heimild til greiðsluaðlögunar**, með sjö nýjum greinum, 64.–70. gr., og 12. kafla, **Réttaráhrif greiðsluaðlögunar**, með tveimur nýjum greinum, 71.–72. gr., og breytist töluröð annarra þátta, kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (11. kafli.)

a. (64. gr.)

Skuldari sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki atvinnurekstur getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. ákvæði 3. mgr., átt rétt á greiðsluaðlögun til allt að átta ára, en með greiðsluaðlögun er átt við að viðkomandi verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum.

Greiðsluaðlögun getur verið bæði frjáls og þvinguð, sbr. ákvæði 70. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt:

1. að skuldari sé í verulegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt að hann geti staðið við skuldbindingar sínar,
2. að skuldari sé fjár síns ráðandi,
3. að skuldari hafi þegar ráðið sér mann til faglegrar aðstoðar til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín; aðstoðarmaður skuldara þarf að fullnægja hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. og má ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans,
4. að bú skuldara sé hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hafi hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga á síðustu fimm árum,
5. að aðstæður hans mæli með því að öðru leyti; við matið ber m.a. að taka tillit til fjölskylduaðstæðna, hversu gamlar skuldirnar eru, hvernig til þeirra var stofnað og hvaða ráðstafanir skuldari hefur gert.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.

b. (65. gr.)

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á ákveðnar kröfur á hendur skuldaranum, sbr. 1.–5. tölul. 1. mgr. 28. gr. eftir því sem við á. Þó hefur greiðsluaðlögun áhrif á kröfur skv. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. ef hún er frjáls.

c. (66. gr.)

Skrifleg beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal send héraðsdómi í því umdæmi sem skuldari á lögheimili. Með beiðni skal lögð fram yfirlýsing aðstoðarmanns skuldara um að hann sé fús til að taka að sér starfann og fullnægi hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. Tafarlaust eftir að beiðni hefur borist skal héraðsdómari ákveða hvenær hún verður tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Ákvörðun þessa tilkynnir héraðsdómari skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Þegar beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er fyrst tekin fyrir og mætt af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómara er rétt að benda skuldaranum á það sem kann að vera áfátt og veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að veita nánari upplýsingar um tiltekin atriði ef það verður talið geta borið árangur, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni. Héraðsdómara er einnig rétt að veita skuldaranum frest með sama hætti til að ráða sér annan mann til aðstoðar ef sá maður sem hann hefur ráðið í byrjun fullnægir ekki hæfisskilyrðum til starfans að mati héraðsdómara.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans þegar beiðni hans er tekin fyrir skoðast hún afturkölluð.

d. (67. gr.)

Þegar gagnaöflun um beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er lokið skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimildin sé veitt.

Héraðsdómari skal synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans hafi komið fram á síðustu fimm árum áður

en beiðni hans um heimild til greiðsluaðlögunar var sett fram og krafan hafi hvorki verið afturkölluð né henni hafnað með úrskurði,
2. að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar eða leitað nauðasamninga á síðustu fimm árum áður en beiðni hans var lögð fram,
3. að ekki verði talið að skuldarinn eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum að þeir séu verulegir eða ónógar upplýsingar hafi komið fram til að lagt verði mat á þá,
4. að ráðagerðir skuldarans um ráðstafanir meðan á greiðsluaðlögun stendur verði ekki taldar heimilar eða samrýmast tilgangi greiðsluaðlögunar, raunhæfar eða líklegar til árangurs, eða upplýsingar um þær séu svo óljósar að ekki þykir fært að leggja mat á þær,
5. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísvitandi rangar eða villandi,
6. að beiðni skuldarans eða fylgigögnum með henni sé áfátt í öðrum atriðum eða sá sem hann hefur ráðið sér til aðstoðar verði talinn vanhæfur til að gegna því starfi, enda hafi skuldarinn ekki sinnt ábendingu héraðsdómara skv. 2. mgr. 66. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til æðra dóms.

e. (68. gr.)

Aðstoðarmaður skuldara skal tafarlaust eftir veitingu heimildar til greiðsluaðlögunar boða lánardrottna skuldara og þá sem gengist hafa í ábyrgðir fyrir hann til fundar sem skal haldinn á varnarþingi skuldarans ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir þinghald sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 3. mgr. 67. gr., en að öðru leyti fer um ákvörðun um stað og stund fundarins og fundarboð eftir ákvæðum 13. gr.

f. (69. gr.)

Á fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem boðað er til skv. 68. gr., skal aðstoðarmaður skuldarans leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal andvirði hverrar eignar áætlað og fjárhæð hverrar skuldbindingar reiknuð út miðað við úrskurðardag, sbr. 3. mgr. 67. gr. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn gera grein fyrir hvernig hann telur að unnt sé að tryggja kröfur lánardrottna sem best og hvað hefur þegar verið gert í þeim efnum.

Aðstoðarmaðurinn stjórnar fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum og færir fundargerð, en í henni skulu viðhorf þessara aðila til ráðagerða hans og tillögur þeirra koma skýrlega fram. Í þessum efnum skal farið eftir ákvæðum 4. og 5. mgr. 88. gr. að því leyti sem við getur átt, en rétt til fundarsóknar eiga þeir sem gefa sig fram á fundarstað og kveðast eiga kröfu á hendur skuldaranum sem hann kannast við eða þeir sýna skilríki fyrir eða hafa gengist í ábyrgð fyrir hann.

g. (70. gr.)

Í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið í úrskurði sínum skv. 3. mgr. 67. gr. skal aðstoðarmaður leggja fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, sönnur fyrir því að boðað hafi verið til fundar með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum eftir fyrirmælum 68. gr. og leggja fram fundargerð af fundinum og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun. Í skriflegri áætlun um greiðsluaðlögun skal m.a. koma fram hversu mikið skuldir eigi að lækka og hvernig

greitt verði. Þá skal einnig gera ráð fyrir brýnasta framfærslukostnaði skuldara. Ef lánardrottnar skuldara mæta ekki á dómþing eða gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun með úrskurði.

Mæti lánardrottinn skuldara í þinghald skv. 1. mgr. og leggur þar fram skrifleg og rökstudd mótmæli gegn því að beiðnin verði tekin til greina skal fara með slík mótmæli eftir 175. gr. ef hvorki skuldarinn né lánardrottinn hans falla frá kröfum sínum. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir mótmæli lánardrottins er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun. Slíkum úrskurði verður skotið til æðra dóms.

B. (12. kafli.)

a. (71. gr.)

Heimild til greiðsluaðlögunar sem staðfest er með úrskurði héraðsdómara skv. 70. gr. bindur lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um kröfur þeirra á hendur skuldara. Efndir samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

Á meðan greiðsluaðlögun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Heimild til frjálsrar eða þvingaðrar greiðsluaðlögunar leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 1.–3. og 5. tölul. 123. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

b. (72. gr.)

Árlega skal aðstoðarmaður skuldara gefa lánardrottnum og ábyrgðarmönnum skýrslu um framkvæmd og efndir skuldara samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 64. gr. um átta ára hámarkstíma greiðsluaðlögunar og ákvæði 4. mgr. sömu greinar um að greiðsluaðlögun skuli aðeins veitt einu sinni er skuldara mögulegt að leggja fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með slíka beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á.

Þóknun aðstoðarmanns skuldara skal greiðast úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

3. gr.

Í stað orðanna „heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar“ í 1. málsl. 1. mgr. 166. gr. (er verður 175. gr.) kemur: heimild til greiðsluaðlögunar, sbr. 70. gr., og áframhaldandi greiðslustöðvunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum og er lagt til að tekinn verði upp í lögin um gjaldþrotaskipti o.fl. sérstakur kafli um greiðsluaðlögun sem veiti einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur meiri möguleika á því að takast á við greiðsluvanda sinn en nú. Hér er um að ræða nýtt úrræði og er greiðsluaðlögun ætluð þeim sem árangurslaust hafa reynt ráðgjöf og aðstoð við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum og ekkert blasir við annað en viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot.

Hugsunin að baki þessu nýja úrræði er sú að hér sé um að ræða leið sem er ekki aðeins til hagsbóta fyrir einstaklinga eða heimili í miklum greiðsluerfiðleikum, heldur að það sé einnig ávinningur fyrir lánardrottna og samfélagið í heild. Greiðsluaðlögun gefur fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþroti. Auk þess gefur þessi leið möguleika á að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggjandi sýn úr annars vonlausri stöðu. Greiðsluaðlögun eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda, fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

— Um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot, sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á.
— Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í átta ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánadrottnum.
— Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.
— Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.
— Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.
— Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.
— Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.
— Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.
— Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.

— Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar.

Þann 13. september 1993 var skipuð nefnd af þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var falið það verkefni að meta gagnsemi þess að koma á fót sérstakri greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Nefndinni var jafnframt falið að kanna reynslu annarra Norðurlanda þjóða af löggjöf um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum og undirbúa frumvarp ef þurfa þætti.

Nefndin skilaði skýrslu um málið 16. maí 1994 og þar kom m. a. fram að Danir voru fyrstir til að koma á sérstakri greiðsluaðlögun, 1. júlí 1984. Í byrjun árs 1993 tóku í gildi lög í Noregi um greiðsluaðlögun. Í skýrslunni segir síðan nánar um norsku lögin: „Markmið þeirra er að aðstoða einstaklinga sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluvandræðum til að ná tökum á fjármálum sínum. Til þess að koma megi á greiðsluaðlögun þarf viðkomandi að leggja fram nákvæmt yfirlit yfir eignir, tekjur og skuldir. Framkvæmdin er á herðum sýslumanns („namsmann"). Umsókn um greiðsluaðlögun fer til úrskurðar hjá „namsrett". Ef skuldameðferð er heimiluð hefst 3ja mánaða tímabil meðan greiðsluaðlögun er undirbúin. Lögin gera ráð fyrir 5 ára greiðsluaðlögunartímabili þar sem skuldara er gert að lifa spart og selja eignir á meðan grynnkað er á skuldum. Að því loknu má fella niður eftirstöðvarnar ef skuldarinn hefur uppfyllt skilyrði greiðsluaðlögunar. Lögin veita skuldara viss réttindi meðan unnið er að undirbúningi greiðsluaðlögunar, þau eru:

— samningsréttur,
— réttur til að halda eftir ákveðnu lágmarki tekna til að geta séð sér farborða,
— heimilisréttur sem tryggir húsnæði sem uppfyllir lágmarkskröfur,
— möguleika á að koma sér úr fjárhagsvandræðum í framtíðinni með því að standast skilyrði greiðsluaðlögunar og sýna þannig vilja til að vinna úr vandanum.

Það er álit flestra að árangur af greiðsluaðlögun sé góður í Noregi. Um 5.500 umsóknir bárust fyrsta árið. Áhrifin hafa m.a. orðið þau að í auknu mæli hafa tekist frjálsir samningar milli aðila sem taka mið af þeim reglum sem lögin um greiðsluaðlögunin byggja á. Rúmlega 22.000 manns hafa leitað til sýslumanna með fyrirspurnir um greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika. Um 1.100 mál eru í vinnslu en greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum er í gangi hjá 315 skuldurum. Auk þess sem að lögin hafa auðveldað frjálsa samninga milli aðila þá hafa þau um leið auðveldað samvinnu milli lánastofnana og opinberra aðila um lausn greiðsluvanda. Lögin hafa lagt grunn að frjálsum samningum milli aðila, verið leiðbeinandi og auðveldað fólki að ná frjálsum samningum þegar í óefni er komið. Fram kemur að opinberir aðilar eiga mun takmarkaðri möguleika á sveigjanleika í samningum vegna þess að þeir starfa jafnan eftir þröngum lagaramma.

Samkvæmt rannsóknum Norðmanna er sá hópur sem lent hefur í erfiðleikum fyrst og fremst fólk með mjög lágar tekjur og skuldir sem eru 5–6 sinnum meiri en almennt gerist. Margir þeirra sem sótt hafa um greiðsluaðlögun eru fráskilið fólk með börn undir 18 ára aldri á sínu framfæri. Einnig reyndust margir vera með litla menntun, en í Osló hins vegar voru 40% umsækjenda með háskólamenntun. 87% umsækjenda eru með skuldir sem tengjast núverandi eða fyrra húsnæði en aðeins um helmingur umsækjenda býr í eigin húsnæði. Næstum allir (98%) eiga ekki fyrir skuldum – eru sem næst gjaldþrota. Mikil vandamál tengjast lánum með ábyrgð þriðja aðila, þ.e. foreldra, systkina, sambúðaraðila eða vina. Í Noregi hafa 20% foreldra sem

eiga uppkomin börn gengið í ábyrgð á lánum fyrir börn sín. Verið er að kanna leiðir til úrbóta í þessum málum í Noregi og upplýst hefur verið að væntanlegar eru tillögur um breytingar á reglum um skilyrði fyrir ábyrgð þriðja aðila.“

Þá segir í skýrslunni um ráðgjöf og fyrirbyggjandi aðgerðir í Noregi:

„Í allri umfjöllun Norðmanna um reynsluna af greiðsluaðlögun er undirstrikuð sérstaklega nauðsyn fyrirbyggjandi aðgerða og mikilvægi fræðslu og ráðgjafar um fjármál heimilanna. Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að frelsi á fjármagnsmarkaði hefur aukist með afnámi hafta og skömmtunar á fjármagni. Þá má merkja svipaða þróun útlánaþenslu, aukinnar skuldsetningar heimila, verðfalls fasteigna, aukins atvinnuleysis og greiðsluerfiðleika. Á níunda áratugnum var þróunin á Norðurlöndunum á sama veg, skuldir heimilanna jukust verulega umfram ráðstöfunartekjur. Skuldahlutfallið náði hámarki á hinum Norðurlöndunum á árunum 1988–1989 en hefur farið lækkandi. Þessi þróun hefur leitt til þess að leitað hefur verið ráða til að leysa greiðsluvandamál og ekki síst reynt að girða fyrir frekari vandræði í framtíðinni.

Afnám hafta á fjármagnsmarkaði hefur m.a. leitt til aukinnar samkeppni lánastofnana um lántakendur. Á lánamarkaði eru fleiri kostir í boði en áður og því nauðsynlegt að geta valið um bestu kjör hverju sinni. Oft er erfitt fyrir almenning að gera sér grein fyrir raunverulegum fjármagnskostnaði eða bera saman þá möguleika sem í boði eru. Ráðgjöf og fræðsla eru lykilorð í þessu sambandi.“

Þá segir í stuttu máli um norsku lögin í skýrslunni:

„Norskum lögum um greiðsluaðlögun („Lov om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner“) er ætlað að gefa fólki sem á í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná tökum á fjármálum sínum. Í greiðsluaðlögun felst fjármálameðferð sem miðar að því að finna leið til þess að fólk geti greitt skuldir sínar, að svo miklu leyti sem það er unnt án þess að verða gjaldþrota. Þá er gert ráð fyrir því að þeim verðmætum sem fólkið á, en getur verið án, verði deilt milli kröfuhafa. Fyrst er dregin upp mynd af skulda- og eignastöðu skuldara og síðan er með greiðsluaðlögun, skipulagt hvernig leysa megi úr fjármálunum til frambúðar. Greiðsluaðlögun getur byggst á samningum við kröfuhafa, svonefndri frjálsri greiðsluaðlögun eða á úrskurði, þvingaðri greiðsluaðlögun.

Lögin ná yfir allar skuldir einstaklinga, aðrar en þær sem raktar verða til eigin atvinnurekstrar, nema í undantekningatilvikum. Hverjum manni verður aðeins einu sinni veitt greiðsluaðlögun.“

Í skýrslunni var einnig fjallað um hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um greiðsluaðlögun á Íslandi með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið:

„Greiðsluaðlögun eins og hún birtist í lögum nágrannaþjóðanna, sérstaklega í löggjöf Norðmanna, er hér hefur verið gerð grein fyrir, virðist henta einstaklingum sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið, komið reglu á fjármál sín. Hins vegar taka lög nágrannaþjóðanna ekki nema að takmörkuðu leyti til þess að heimilt sé með úrskurði að fella niður eða breyta lánstíma og lánakjörum þegar kemur að skuldum sem veð er fyrir og skilja eftir sem næst eyðu þegar kemur að skuldum tryggðum með ábyrgð þriðja manns, kaupum með eignarréttarfyrirvara eða kaupleigu.

Norsku lögin gera ráð fyrir að íbúðarhúsnæði skuldara sé einungis selt til fullnustu skulda, sé þörf á því, og um sé að ræða of stórt eða dýrt húsnæði. Hvað íslenskar aðstæður varðar er sérstaklega bent á að í kjölfar aukins atvinnuleysis og minnkandi yfirvinnu sem brúað hefur erfiðasta bilið í fjárfestingum einstaklinga, má telja líklegt að um nokkurn tíma haldi áfram að síga á ógæfuhliðina í fjármálum og öruggri búsetu og heimilishaldi einstaklinga. Með það í huga að mikil þörf er þegar fyrir félagslegt eignar- og leiguhúsnæði fyrir einstaklinga sem

ýmist hafa ekki haft ráð á því að kaupa eigið húsnæði eða tapað á því í kjölfar nauðungaruppboða eða gjaldþrots, virðist æskilegt að með nokkrum öðrum hætti sé á þessu tekið hér á landi. Í ríkari mæli verði tryggt að íbúðarhúsnæði verði ekki selt, sé það innan hæfilegra marka.

Með framanritað í huga og að þeirri staðreynd gefinni að skuldasamsetning íslenskra heimila sé þannig að þar sé verulegur hluti ýmist veðtryggður, tryggður með ábyrgð þriðja manns eða með öðrum álíka tryggum hætti, má vera ljóst að greiðsluaðlögun að norrænni fyrirmynd myndi ekki leysa til fullnustu, þann brýna vanda sem þúsundir íslenskra fjölskyldna glíma nú við. Hins vegar eru ekki til í dag, samræmd úrræði til aðstoðar skuldugum einstaklingum og nothæf lögbundin úrræði skortir. Nefndin er því einhuga um að brýn þörf sé fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun sem sérstaklega yrði sniðin að íslenskum aðstæðum í samræmi við íslenskt réttarfar. Markmið slíkrar löggjafar yrði jafnframt að fylla í þá eyðu sem vanræksla á fjármunalegu uppeldi og langtíma fjárhagsvandræði hafa skapað í lífi og starfi íslenskra fjölskyldna. Margföldunaráhrif slíkra aðgerða myndu ekki einasta skila sér til þeirra einstaklinga sem í hlut eiga, heldur einnig til nánustu ættingja og vina. Eins myndi úrræði eins og greiðsluaðlögun gera það verklag lánastofnana og aðila í viðskiptalífi, að lána fé án tillits til greiðslugetu lánþega, fráhrindandi. Nauðsynlegt er að á því sé tekið á meðvitaðan hátt, að breyta þeirri hefð að lánsfé sé ætíð falt án tillits til greiðslugetu, einungis ef veð eða sjálfskuldarábyrgðir þriðja manns eru fáanlegar."

Loks segir í skýrslunni um tillögur nefndarinnar um greiðsluaðlögun og fyrirbyggjandi aðgerðir:

„Nota má þann stofn sem hin norrænu greiðsluaðlögunarlög mynda, sérstaklega hin norsku, sem grunn. Nefndin leggur til að við þennan stofn verði bætt úrræðum sem til lengri tíma myndu skapa einstaklingum skjól til endurskipulagningar og meðvitundar um fjármál sín. Þau myndu gera þeim kleift að greiða verulegan hluta skulda sinna án þess að fjölskyldur þeirra komist á vergang og einnig tryggja kröfuhöfum uppgjör þess hluta krafna sinna sem þeir fyrirsjáanlega myndu fá greiddan í kjölfar gjaldþrots, uppboða eða í skjóli ómarkvissrar endurskipulagningar fjármála í kjölfar greiðslustöðvana. Líklegt má og telja að með greiðsluaðlögun fengju kröfuhafar meira í sinn hlut en ella yrði.

Til þess að ná þessum markmiðum leggur nefndin til að samið verði frumvarp til laga um greiðsluaðlögun sem taki til einstaklinga utan atvinnureksturs. Einstaklingar sem komist hafa í greiðsluvandræði og jafnframt verið aðilar að atvinnurekstri myndu falla undir lögin hafi starfseminni verið hætt, nema sérstaklega standi á.

Skilyrði yrðu að öðru leyti opin enda vart hægt að leggja til að samofin félagsleg- og fjármálaleg úrræði til bjargar einstaklingum í fjárhagsvandræðum standi ekki öllum til boða sem eru í svipaðri stöðu. Um er að ræða úrræði sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð félagsleg áhrif fjárhagsvandræða svo sem upplausn fjölskyldna, vanrækslu barna og ör búsetuskipti."

Síðan framangreind skýrsla var unnin hafa stjórnvöld gert tilraunir til að bregðast við vanda einstaklinga í greiðsluerfiðleikum, m.a. með því að setja á fót Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Úrræði þau sem ákveðin voru fyrir einstaklinga í greiðsluvanda með lögum um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, lögum um mögulega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti, nr. 64/1996, og lögum um mögulega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 71/1996, geta hins vegar ekki komið í stað greiðsluaðlögunar og hafa þau ekki komið til móts við þarfir skuldugra einstaklinga sem vilja ráða bót á fjárhagsvanda sínum. Í fyrirspurn sem Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram á Alþingi síðastliðið vor kom í ljós, samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum, að á árunum 1992–95 óskuðu 16 einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga. Í 15 tilvikum var

slík heimild veitt og nauðasamningur staðfestur í kjölfarið en ein beiðni afturkölluð. Eftir gildistöku framangreindra laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 1. júlí 1996, og fram til 10. nóvember 1997 hafa síðan 47 einstaklingar sótt um slíka aðstoð, 29 fengið, níu verið synjað um slíka aðstoð, þrjár beiðnir verið afturkallaðar og nokkrar beiðnir eru enn í nefnd þeirri sem veitir umsögn um réttaraðstoð samkvæmt lögunum. Miðað við þann fjölda heimila í landinu sem býr við mikla greiðsluerfiðleika og ekkert blasir við nema gjaldþrot ef ekkert verður að gert er ljóst að þetta úrræði er engan veginn nægilega virkt. Þá hefur sú gagnrýni komið fram að fjárhæðin sem einstaklingur á rétt á samkvæmt lögunum, 250 þús. kr. miðað við vísitölu neysluverðs, dugi skammt og stór hluti hennar fari í að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnu lögmanns sem aðstoðar skuldarann. Þá er þess að geta að frá gildistöku framangreindra laga um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti til 30. apríl 1997 uppfyllti t.d. ekkert erindi skilyrði 4. mgr. 1. gr. laganna, en þar er kveðið á um að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkisjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og að uppfylltum nánari skilyrðum í lögunum. Þá er þess að geta að á árunum 1993–95 voru 1990 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota eða að meðaltali 663 á ári og á árinu 1995 voru flestir einstaklingar sem úrskurðaðir voru gjaldþrota í aldurshópnum 35–39 ára.

Á 121. löggjafarþingi, árið 1996–97, fluttu Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Tillagan tók mið af því að tryggður yrði betur réttur skuldara við fjárnám, nauðungarsölu og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta. Í umsögn Húsnæðisstofnunar ríkisins um tillöguna kom eftirfarandi fram: „Húsnæðisstofnun er þeirrar skoðunar að lög frá fyrra ári um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, lög um hugsanlega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga og lög um hugsanlega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti vegna greiðsluerfiðleika einstaklinga, komi ekki í stað greiðsluaðlögunar, í því formi sem framangreind nefnd (þ.e. nefnd sú sem Jóhanna Sigurðardóttir skipaði og fjallað er um hér að ofan) lagði til að yrðu tekin upp hér á landi og sem lagt er til að tekin verði upp samkvæmt tillögu til þingsályktunar. Lög um greiðsluaðlögun myndu væntanlega miða að því að verja heimili þeirra fjölskyldna, sem lenda í verulegum greiðsluvanda. Framangreind lög um réttaraðstoð og niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun og á tekju- og eignarskatti ganga ekki nærri eins langt í því efni.“

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að tryggja afkomu einstaklinga sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið komið reglu á fjármál sín. Greint er á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar: Annars vegar frjálsrar greiðsluaðlögunar sem byggist á nokkurs konar samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skulda, niðurfellingu skulda að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili sem stæði yfir í allt að átta ár og úrskurðar héraðsdómari um heimild til slíkrar greiðsluaðlögunar. Hins vegar getur héraðsdómari, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, úrskurðað að greiðsluaðlögun skuli heimil þó að ekki náist samkomulag við lánardrottna og er þá um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að ráða sér aðstoðarmann. Greiðsluaðlögun leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin nær til og geta lánardrottnar ekki krafist fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða vegna sömu skuldar á greiðsluaðlögunartímabili. Hið sama gildir um ábyrgðarmenn skuldara. Ekki er unnt að ganga að þeim á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Rökin fyrir slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að komið verði í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinga. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til sem flestra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara þegar um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða. Veðkröfur falla hins vegar ekki undir áætlun um greiðsluaðlögun ef um þvingaða greiðsluaðlögun er að ræða enda eru veðréttindi óbein eignarréttindi sem varin eru af stjórnarskránni. Þá er hið síðastnefnda einnig í samræmi við önnur úrræði sem kveðið er á um í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. er gerð til samræmis og með hliðsjón af þeirri breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. að unnt verði að leggja fram beiðni til héraðsdóms um heimild til greiðsluaðlögunar auk þeirra úrræða sem fyrir eru, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýjum þætti í lögin sem ber yfirskriftina Greiðsluaðlögun og undir hann heyri tveir kaflar, 11. kafli, Heimild til greiðsluaðlögunar, og 12. kafli, Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um A (11. kafla).

Í kaflanum er fjallað um það hvað átt er við með greiðsluaðlögun, hver eru skilyrði hennar, til hvaða krafna áætlun um greiðsluaðlögun nær, aðstoðarmann þess sem beiðist greiðsluaðlögunar, beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar og meðferð hennar og úrskurð héraðsdómara um frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun.

Um a-lið (64. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að með greiðsluaðlögun sé átt við að tiltekinn skuldari verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau eru annars vegar að skuldari þurfi að eiga lögheimili á Íslandi og hins vegar að hann stundi ekki atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Þá er í málsgreininni vísað til nánari skilyrða skv. 3. mgr. sem þarf að uppfylla og tekið fram að unnt sé að fá heimild til greiðsluaðlögunar til allt að átta ára.

Í 2. mgr. kemur fram að greiðsluaðlögun geti verið bæði frjáls og þvinguð og vísast um það til athugasemda við g-lið, 70. gr.

Í 3. mgr. er að finna nánari skilyrði þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt. Meðal þeirra skilyrða er að skuldari ráði sér aðstoðarmann sem fullnægja þarf ákveðnum hæfisskilyrðum og að auki má aðstoðarmaðurinn ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans.

Í 4. mgr. er síðan tekið fram að ekki sé unnt að veita sama skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 72. gr.

Um b-lið (65. gr.).

Í greininni er kveðið á um að greiðsluaðlögun hafi ekki áhrif á allar kröfur á hendur skuldara og er vísað til ákvæða 1. mgr. 28. gr. laganna, sem tekur til nauðasamninga, í því sambandi eftir því sem við getur átt. Þó gildir sú undantekning að greiðsluaðlögun tekur einnig til veðkrafna á hendur skuldara ef um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða enda er þá um samkomulag við lánardrottna að ræða.

Um c-lið (66. gr.).

Hér er kveðið á um aðgerðir héraðsdómara þegar honum hefur borist beiðni skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar. Gert er ráð fyrir að héraðsdómari boði skuldarann til þinghalds af þessu tilefni og setji eftir atvikum þing þegar komið er með beiðnina og taki hana formlega fyrir. Ef skuldari mætir ekki til þings telst beiðni hans afturkölluð, sbr. ákvæði 3. mgr. Ef mætt er af hálfu skuldara er til þess ætlast að héraðsdómari leiti upplýsinga um atriði sem ekki koma nægilega fram í beiðninni eða fylgigögnum með henni en gætu haft þýðingu. Þá er gert ráð fyrir að skuldarinn geti fengið skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða veita nánari upplýsingar eða til að ráða sér nýjan aðstoðarmann ef þess er þörf.

Um d-lið (67. gr.).

Í greininni er að finna ákvæði um hvenær héraðsdómara er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að ef héraðsdómari telur skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar skal tiltaka það í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna þegar endanlegur úrskurður um heimildina verður felldur og þar með gefa skuldara og aðstoðarmanni hans tíma til að ná til lánardrottna og ábyrgðarmanna, sbr. athugasemdir við e-lið, 68. gr., til að kanna afstöðu þeirra.

Um e-lið (68. gr.).

Eftir úrskurð héraðsdómara skv. 67. gr. skal aðstoðarmaður skuldara tafarlaust tilkynna öllum lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem vitað er um, um veitingu heimildar til greiðslustöðvunar og boða þá um leið til fundar við sig sem ber að halda a.m.k. þremur sólarhringum áður en þinghald verður háð til að staðfesta fyrri úrskurð. Aðstoðarmanni ber að senda fundarboðið í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, með hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram hvar og hvenær fundur verður haldinn, hvenær heimild hafi verið veitt og hvenær dómari tekur málið fyrir að nýju.

Um f-lið (69. gr.).

Í greininni kemur fram um hvað skal fjalla á fundi aðstoðarmanns og skuldara með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum. Þá er vísað til ákvæða 4. og 5. mgr. 88. gr.

Um g-lið (70. gr.).

Í þinghaldi sem dómari boðar til skv. 67. gr. leggur aðstoðarmaður fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldara, sönnur fyrir fundi og fundargerð skv. 68. gr. og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun þar sem m.a. skal koma fram hversu mikið skuldir eiga að lækka og tekið tillit til brýnasta framfærslukostnaðar skuldara. Ef lánardrottnar mæta ekki eða mæta og gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun. Mæti lánardrottinn hins vegar og leggi fram skrifleg og rökstudd mótmæli skal farið með slík mótmæli eftir ákvæðum 175. gr. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir framkomin mótmæli er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun, þ.e. greiðsluaðlögun í andstöðu við lánardrottna.

Um B (12. kafla.).

Í kaflanum er fjallað um réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um a-lið (71. gr.).

Í greininni er tekið fram að áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki og gilda því um greiðsluaðlögun að þessu leyti sömu reglur og gilda um réttaráhrif nauðasamninga. Undantekning frá þessu kemur hins vegar fram í 4. mgr. því að heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið

að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Um b-lið (72. gr.).

Í 2. mgr. er kveðið á um þá undanþágu frá ákvæðum 64. gr. að skuldari geti lagt fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Um þá beiðni skal farið með samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á. Þá er gert ráð fyrir að þóknun skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um 3. gr.

Breytingin er lögð fram til samræmis við þá breytingu að nýjum kafla um greiðsluaðlögun er bætt inn í lögin, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1998 og því gefist nokkur tími til aðlögunar.

411. Fyrirspurn [326. mál]

til sjávarútvegsráðherra um starfsumhverfi og framtíðarmöguleika fiskvinnslunnar.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögum nefndar frá í maí um starfsumhverfi og framtíðarmöguleika fiskvinnslunnar varðandi menntun í starfsgreininni?

412. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um að minnast landafunda Íslendinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Ólaf Davíðsson, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, og Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Ólafur gerði grein fyrir starfi á vegum ríkisstjórnarinnar til undirbúnings því hvernig landafunda Íslendinga verði minnst árið 2000.

Nefndin fagnar því að hafinn er undirbúningur að því að minnast landafunda Íslendinga í Vesturheimi. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram komu í máli ráðuneytisstjóranna, þar sem greint var frá ákvörðun um stofnun sérstakrar nefndar og fjölmörgum hugmyndum sem eru á döfinni, telur utanríkismálanefnd að þessi mál séu þegar í eðlilegum farvegi undir forustu ríkisstjórnarinnar. Ljóst er að styðja þarf kynningarverkefni í Norður-Ameríku en einnig má benda á hugmyndir um endurreisn Eiríksbæjar í Dalasýslu og Þjóðhildarkirkju í Brattahlíð á Grænlandi og áform um Vínlandssafn í Búðardal, auk annarra verkefna og hugmynda.

Með vísan til þessa leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Gunnlaugur M. Sigmundsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Siv Friðleifsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Svavar Gestsson.

413. Frumvarp til laga [327. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra, enda séu bæði aðilar að búrekstri. Bóndi í þessu sambandi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð 16 ára aldri á næsta almanaksári á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð skulu bæði vera sjóðfélagar ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur skriflega verið tilkynnt Hagstofu Íslands eða sjóðstjórn, enda séu bæði aðilar að búrekstri.

2. gr.

Á 5. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a. 2. mgr. orðast svo:

Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til sjóðfélaga gegn veði í fasteign.

b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Iðgjaldsstofn vegna bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekju- og eignaskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra, sem reikna sér ekki laun heldur þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila, sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Iðgjald skv. 1. málsl. skal þó ekki vera hærra en sem nemur verðmæti 1,512 réttindastiga fyrir einstakling og 3,024 réttindastiga fyrir hjón og sambýlisfólk ár hvert. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% hærra en iðgjald skv. 1. málsl.

Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim hjá sjóðfélögum, sem beingreiðslna njóta, iðgjaldi þessara sjóðfélaga fyrir það tímabil og skila því til sjóðsins. Nú nýtur bóndi ekki beingreiðslna og skal þá iðgjald innheimt samtímis og með búnaðargjaldi. Stofn til greiðslu upp í iðgjald skal vera reiknuð laun eða heildarlaun á næstliðnu tekjuári, enda liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknuð laun eða laun yfirstandandi árs. Iðgjöldum, sem innheimt eru skv. 1. og 2. málsl., skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að þau eru greidd og skulu þau sundurliðuð eftir sjóðfélögum.

Greiðsla upp í iðgjald skv. 2. málsl. 3. mgr. skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum, mánuðina ágúst til desember á tekjuárinu. Gjalddagar iðgjaldagreiðslu skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember.

Heimilt er sjóðfélaga að sækja um breytingu á iðgjaldagreiðslu vegna breytinga á reiknuðum launum eða greiddum launum sem eiga sér stað á árinu. Slíka umsókn skal senda sjóðnum sem úrskurðar um breytingu greiðsluskyldunnar. Skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn nema fyrirsjáanlegt sé að iðgjald breytist sem nemur 25%, þó að lágmarki 10.000 kr., á milli ára.

Frá greiðsluskyldu iðgjaldi skv. 2. mgr. skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið upp í iðgjald skv. 3. sbr. 4. mgr. Ef iðgjald er hærra en greiðsla upp í iðgjald skal því sem á vantar haldið eftir af beingreiðslu eða innheimt samhliða búnaðargjaldi, eftir því sem við á, á næsta gjalddaga eftir álagningu. Sé iðgjaldið lægra en greitt hefur verið upp í iðgjald skulu vextir reiknaðir á endurgreiðslu samkvæmt vaxtalögum.

Nú hefur sjóðfélagi sem greiðir iðgjald skv. 1. mgr. atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega sem eru sjóðfélagar skv. 2. mgr. 2. gr. skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap, skal þó iðgjald skv. 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búsins og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Gjalddagi iðgjalda og framlaga hvers mánaðar skv. 7. og 8. mgr. er tíundi dagur næsta mánaðar. Sé um að ræða sumarfólk, sem einungis starfar á tímabilinu maí–september, er þó heimilt að gera skil í einu lagi fyrir sumarið, með gjalddaga 10. október.

Greiði sjóðfélagi ekki greiðslu upp í iðgjald innan 30 daga frá gjalddaga skv. 4. mgr. eða sé hún vangreidd skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 4. mgr. Verði vanskil á greiðslu iðgjalda og framlaga skv. 7. og 8. mgr. lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 9. mgr.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið að tilhlutan stjórnar Lífeyrissjóðs bænda í þeim tilgangi að breyta iðgjaldsstofni sjóðsins og innheimtuformi. Enn fremur er tekið á örfáum atriðum í núgildandi lögum sjóðsins sem nauðsynlegt þykir að breyta.

Á seinni árum hefur orðið ljóst að iðgjaldastofn sjóðsins, þ.e. verð til framleiðenda búvöru, hefur smátt og smátt orðið óraunhæfur þar sem launaliðir framleiðslugreinanna eru misjafnir. Réttara þykir að miða við reiknuð laun í landbúnaði.

Þann 26. maí 1997 voru sett lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, sem taka eiga gildi 1. janúar 1998. Í samræmi við þau lög flyst innheimta allra gjalda sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur innheimt af bændum til innheimtumanna. Framleiðsluráð hefur séð um innheimtu iðgjalda fyrir Lífeyrissjóð bænda samhliða eigin innheimtu, en hefur nú sagt upp innheimtusamningi við sjóðinn og er það bein afleiðing af setningu laganna um búnaðargjald.

Í kjölfar uppsagnarinnar varð ljóst að huga þyrfti að öðrum innheimtuleiðum þar sem áframhaldandi innheimta samkvæmt gildandi lögum yrði illframkvæmanleg fyrir Lífeyrissjóð bænda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sú breyting er lögð til á skilgreiningu sjóðfélaga að það skilyrði er sett fyrir aðild maka bónda að bæði séu aðilar að búrekstri. Þá eru ákvæði um sambúð rýmkuð þannig að tilkynning um sambúð til Hagstofu Íslands veldur sjálfkrafa aðild sambúðaraðila að sjóðnum með sömu skilyrðum og ef um hjón væri að ræða.

Þá er rýmkað hverjir teljast bændur í skilningi laganna og lagt að skilgreiningin taki til þeirra bænda sem reka bú sem einkahlutafélög eða í öðru lögformlegu búrekstrarformi en það er í samræmi við breytingar á búrekstrarformi á seinni árum.

Loks er lögð til ný skilgreining á því við hvaða búrekstur sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda skuli miðuð. Er hér notuð atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 95, en samkvæmt henni flokkast atvinnugreinanúmer 01 og 02 undir landbúnað. Undanskildar eru þjónustugreinar í landbúnaði, skrúðgarðyrkja og dýraveiðar samkvæmt undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Er þetta sama skilgreining og í lögum um búnaðargjald.

Um 2. gr.

Lagt er til að fella brott l. málsl. 2. mgr. 5. gr. gildandi laga um rétt Stofnlánadeildar landbúnaðarins til lána frá sjóðnum er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn til ársloka 1985 þar sem hann á ekki lengur við.

Vegna breytinga á fjármögnun íbúðabygginga frá því að gildandi lög sjóðsins voru sett þykir ekki lengur rétt að binda heimild sjóðstjórnar til veitingar sjóðfélagalána við íbúðabyggingar og er því lagt til að heimild til lánveitinga verði rýmkuð.

Rétt þykir að fella niður ákvæði um að lausafé sjóðsins skuli ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands þar sem það samrýmist ekki nútímaviðskiptaháttum.

Um 3. gr.

7. gr. gildandi laga fjallar um iðgjaldastofn, mótframlag og innheimtuaðferðir. Lagt er til að breyta ákvæðum er fjalla um iðgjöld og framlög vegna búvöruframleiðslu og innheimtu þeirra, en jafnframt er röð málsgreina breytt í því skyni að gera greinina skýrari.

Lagt er til að iðgjaldastofninn miðist við reiknuð laun í landbúnaði, greidd laun í þeim tilvikum, þar sem búrekstrarformi er þannig háttað, sbr. umfjöllun um 1. gr. hér að framan. Í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 95, er miðað við eftirtalda flokka:

01.111 Kornrækt, grasrækt
01.112 Kartöflurækt
01.121 Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla
01.122 Blómarækt
01.130 Ræktun ávaxta, hnetna o.fl.
01.210 Nautgriparækt
01.221 Sauðfjárrækt
01.222 Hrossarækt
01.230 Svínarækt
01.240 Alifuglarækt
01.251 Blönduð búfjárrækt
01.252 Loðdýrabú
01.259 Önnur búfjárrækt
01.300 Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar
02.010 Skógrækt og skógarhögg

Flokkar sem eru undanskildir:

01.411 Þjónusta við jarðyrkju
01.412 Skrúðgarðyrkja
01.420 Þjónusta við búfjárrækt (ekki dýralækningar)
01.500 Dýraveiðar og tengd þjónusta
02.020 Þjónusta við skógrækt og skógarhögg

Lagt er til að iðgjald verði ákveðið 4% af iðgjaldastofninum. Ákvæði um hámarksiðgjald er óbreytt frá gildandi lögum, en með allt öðru og einfaldara orðalagi. Fellt er niður ákvæði um að hámark iðgjalds skuli miðað við hjúskaparstétt í árslok, enda þykir ekki rétt að aðili sem hætt hefur búskap, t.d. fyrir árslok, hljóti engin réttindi, eða að bókuð séu réttindi fyrir heilt ár á aðila sem kemur inn í búskap seinni hluta árs. Kveðið er á um að mótframlag greiðist af sjóðfélaga en jafnframt opnað á þann möguleika að ríkissjóður greiði það. Á undanförnum árum hefur ríkissjóður greitt mótframlag til sjóðsins.

Meginbreyting innheimtufyrirkomulags sjóðsins er fólgið í því að hætt verður að innheimta iðgjöld af afurðastöðvum, enda er sú innheimtuaðferð orðin úrelt. Lagt er til að iðgjöldin verði innheimt af beingreiðslum bænda sem hafa með höndum sauðfjár- og mjólkurframleiðslu og fari innheimta fram hjá Ríkisbókhaldi. Meginhluti iðgjaldanna mun innheimtast með þessum hætti. Lagt er til að innheimta af öðrum bændum fari fram hjá innheimtumönnum samhliða innheimtu búnaðargjalds en það mun hins vegar ekki breyta því að lífeyrissjóðurinn er eigandi kröfunnar og felur ákvæðið því ekki í sér ákvæði um skattlagningu í þágu Lífeyrissjóðs bænda.

Miðað er við að iðgjöld hvers árs verði áætluð út frá reiknuðum launum eða launum yfirstandandi árs samkvæmt upplýsingum frá RSK, liggi þau fyrir, annars næstliðins árs. Gjalddagar eru sniðnir eftir gjalddögum beingreiðslna annars vegar og búnaðargjalds hins vegar. Þá er lagt til, í 5. mgr., að sjóðfélagi geti óskað eftir breytingu á greiðslu ef hann telur breytingu milli ára nema a.m.k. 25%, þó að lágmarki 10.000 kr.

Í 6. mgr. er kveðið á um uppgjör iðgjalds, þegar reiknuð laun eða heildarlaun ársins liggja fyrir, hvernig skuli greiða viðbót og hvernig sjóðurinn skuli endurgreiða ofgreidd iðgjöld, svo og ákvæði um vanskil.

Ákvæði í 7., 8., 11. og 12. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

Kveðið er á um gjalddaga launþegaiðgjalda í 9. mgr. en í 10. mgr. er fjallað um vanskil, bæði vegna bændaiðgjalda og launþegaiðgjalda, en þessi ákvæði eru nú í gildandi reglugerð sjóðsins.

Í síðustu málsgrein er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd þessarar lagagreinar, en í henni verður m.a. fjallað um greiðslu Lífeyrissjóðs bænda á þeim kostnaði sem af innheimtu þessari hlýst hjá ríkisskattstjóra og innheimtumönnum.

Um 4. gr.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði sem tengist skilum iðgjalda samkvæmt gildandi lögum enda mun það ekki eiga lengur við.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta miðar einkum að breytingum á stofni og innheimtu iðgjalda til Lífeyrissjóðs bænda. Gert er ráð fyrir að viðmiðun iðgjaldastofns verði greidd eða reiknuð laun í landbúnaði í stað verðs til framleiðanda áður, sem þykir vera orðinn óraunhæfur mælikvarði vegna breyttra aðstæðna. Þá er gert ráð fyrir að meginhluti iðgjaldanna verði innheimtur hjá Ríkisbókhaldi með afdrætti af beingreiðslum til mjólkur- og sauðfjárframleiðenda en innheimta iðgjalds af öðrum bændum fari fram hjá innheimtumönnum ríkissjóðs ásamt búnaðargjaldi. Kostnaður þessara ríkisaðila af innheimtunni liggur ekki fyrir á þessu stigi en talið er að hann verði ekki verulegur. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fjármálaráðherra setji reglugerð þar sem meðal annars verði kveðið á um þóknanir fyrir innheimtuna. Verði frumvarpið að lögum verður framlag úr ríkissjóði til Lífeyrissjóðs bænda eftir sem áður ákvarðað með fjárlögum. Ákvæði frumvarpsins mundu því ekki leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

414. Frumvarp til laga [328. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað 2.–3. málsl. 26. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir svohljóðandi: Stuðullinn skal miðast við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils. Miða skal breytinguna við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári. Hafi aðili annað reikningsár en almanaksárið

skal miða stuðulinn við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir fyrsta mánuð tekjuárs og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir fyrsta mánuð eftir lok þess tekjuárs.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 30. gr. laganna:

a. Við 5. tölul. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Að auki allt að 2% af heildarlaunum vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða, sbr. 1. málsl., vegna skyldutryggingar lífeyrisréttinda eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu alfarið varið til lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega í mánuði hverjum.
b. Við 6. tölul. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Að auki allt að 2% af heildarlaunum vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða, sbr. 1. málsl. vegna skyldutryggingar lífeyrisréttinda eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu alfarið varið til lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega í mánuði hverjum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna sbr. lög nr. 65/1997:

a. 5. málsl. 3. mgr. fellur brott.
b. Á eftir 7. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessa stafliðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda starfi hann og sé skattskyldur skv. 1. gr. hér á landi. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst. Heimilt er að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.
c. Á eftir orðinu „ofgreiddra barnabóta“ í 8. mgr. kemur: þar með taldar ofgreiddar barnabætur erlendis.

4. gr.

4. tölul. 71. gr. laganna sbr. c-lið 11. gr. laga nr. 137/1996 orðast svo: Tekjuskattur manna sem hafa takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. af arði, leigutekjum og söluhagnaði skal ákvarðaður skv. 3. mgr. 67. gr. Þó skal tekjuskattur af hagnaði af sölu hlutabréfa sem er umfram þau mörk sem um ræðir í 3. mgr. 67. gr. vera skv. 2. tölul.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði um viðbótarfrádrátt skv. 2. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en við staðgreiðslu á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi erum lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar sem snerta breytingar sem gerðar voru um síðustu áramót á viðmiðunargrundvelli verðleiðréttinga í skattskilum. Ekki er um efnisbreytingu að ræða, heldur er framsetningu breytt til þess að skýra núverandi lagatexta.

Í öðru lagi eru ákvæði sem rýmka heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda. Um er að ræða viðbótarfrádrátt allt að 2% af heildarlaunum. Breyting þessi er í samræmi við niðurstöðu sem varð í framhaldi af starfi nefndar er samdi frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en í því frumvarpi er gert ráð fyrir að heimildir til skattfrádráttar vegna lífeyrisréttinda verði rýmkaðar.

Í þriðja lagi eru lagðar til smávægilegar leiðréttingar á barnabótaákvæði laganna. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar, nema bætt er við ákvæði um heimild til þess að draga frá barnabótum hérlendis ofgreiddar barnabætur sem viðkomandi hefur fengið erlendis.

Í fjórða lagi er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í lögunum um að einstaklingum með takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. laganna beri að greiða 20% í söluhagnað samkvæmt meginreglunni í 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um síðastliðin áramót gekk í gildi breyting á viðmiðunargrundvelli verðleiðréttinga í skattskilum. Í stað vísitölu byggingarkostnaðar er nú miðað við vísitölu neysluverðs. Í ljós hefur komið að tilvísun í hinum nýja lagatexta er ekki nægilega nákvæm. Er þessu ákvæði ætlað að bæta úr því.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er verið að rýmka heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. A-liðar 69. gr. um barnabætur kemur fram að barnabætur sambúðarfólks sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði fyrir samsköttun skuli ákvarðast á sama hátt og hjá hjónum. Þetta þýðir að framfærendur, sem eru í óvígðri sambúð og uppfylla skilyrði fyrir samsköttun, fá ekki barnabætur sem einstæðir foreldrar. Í 5. málsl. 3. mgr. sömu greinar segir hins vegar: „Búi framfærandi barns í óvígðri sambúð skal hann ekki teljast einstætt foreldri í þessu sambandi". Þar sem áður hefur komið fram hvernig ákvarða skal barnabætur hjá fólki í óvígðri sambúð er þessum málslið ofaukið og er því lagt til í a-lið að hann verði felldur brott. Í b-lið er lagt til að tekið verði inn í lögin ákvæði sem féll niður sl. vor þegar gerðar voru breytingar á ákvæðum um barnabætur og barnabótaauka. Snýr ákvæðið að heimild til þess að ákvarða ríkisborgurum á Evrópska efnahagssvæðinu sem eru skattskyldir hér á landi og eiga börn sem ekki eru heimilisföst hér á landi barnabætur. Í c-lið er gert ráð fyrir heimild til þess að draga frá barnabótum hérlendis ofgreiddar barnabætur sem viðkomandi hefur fengið erlendis.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að söluhagnaður af hlutabréfum þeirra manna sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, umfram almenn fjárhæðarmörk sem undir fjármagnstekjuskatt falla, skuli skattlagður í 20% tekjuskattsþrepi að viðbættu útsvari.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta miðar að nokkrum breytingum á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki er gert ráð fyrir að þær hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs að undanskildu nýju ákvæði um heimild til þess að greiða barnabætur til ríkisborgara á Evrópska efnahagssvæðinu vegna barna sem ekki eru heimilisföst hér á landi. Áhrif þeirrar breytingar eru talin verða óveruleg.

415. Frumvarp til laga [329. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Við 3. tölul. bætast tveir nýir stafliðir, f- og g-liður, sem orðast svo:
   f. Dráttarbifreiðar, þ.e. bifreiðar sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl. sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.
b. Við a-lið 4. tölul. bætist: að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
c. Við d-lið 4. tölul. bætist: að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá eru ökutæki sem eru eingöngu knúin mengunarlausum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin gjaldskyldu.
b. 5. tölul. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiða skal skráðum eigendum dráttarbifreiða og vélknúinna ökutækja til sérstakra nota, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd, sbr. 1. gr. laga þessara, og tollafgreidd voru eða gjaldskyld aðvinnsla var framkvæmd á, á tímabilinu frá 22. maí 1997 og fram til gildistöku laga þessara, helming af því vörugjaldi sem greitt var af ökutækinu, enda hafi verið greitt 30% vörugjald af því. Ef skráður eigandi er eignarleigufyrirtæki skal greiðsla þó bundin því skil-

yrði að henni verði ráðstafað til leigutaka bifreiðar. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl. Annars vegar er lagt til að vörugjald af dráttarbifreiðum og vélknúnum ökutækum til sérstakra nota, að heildarþyngd yfir 5 tonn, lækki úr 30% í 15% og hins vegar að ökutæki sem knúin eru mengunarlausum orkugjafa verði undanþegin gjaldskyldu.

Síðastliðið vor voru samþykkt á Alþingi lög er kváðu á um lækkun vörugjalds af ökutækjum sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd úr 30% í 15%. Er sú breyting kom til framkvæmda kom í ljós að í sumum tilvikum er illmögulegt að greina á milli slíkra ökutækja og dráttarbifreiða, svo og ýmissa ökutækja sem ætluð eru til sérstakra nota. Þannig er í sumum tilvikum unnt að breyta dráttarbifreiðum í vöruflutningabifreiðar með minni háttar breytingum á útbúnaði þeirra. Jafnframt hefur mismunandi gjaldtaka af vöruflutningabifreiðum annars vegar og dráttarbifreiðum og bifreiðum til sérstakra nota hins vegar þótt óheppileg með tilliti til samkeppnissjónarmiða. Af þessum ástæðum er lagt til að vörugjald af síðarnefndum ökutækjum, sem eru að heildarþyngd yfir 5 tonn verði lækkað úr 30% í 15%.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að skráðum eigendum dráttarbifreiða og ökutækja sem ætluð eru til sérstakra nota, að heildarþyngd yfir 5 tonn, sem hafa annaðhvort verið tollafgreidd eða gjaldskyld aðvinnsla hefur verið framkvæmd á, á tímabilinu frá 22. maí 1997 og fram til gildistöku frumvarpsins, verði greiddur helmingur af því vörugjaldi sem greitt var af ökutækinu, enda hafi verið greitt 30% vörugjald af því. Þessu ákvæði er ætlað að leiðrétta það misræmi sem fram kom í gjaldtöku af slíkum ökutækjum miðað við vöruflutningabifreiðar, er vörugjald af vöruflutningabifreiðum að heildarþyngd yfir 5 tonn var lækkað úr 30% í 15% síðastliðið vor.

Í 5. tölul. 5. gr. laganna er kveðið á um heimild ráðherra til að fella niður vörugjald af ökutækjum sem knúin eru rafhreyfli og flutt eru til landsins eða framleidd hér á landi í tilraunaskyni. Lagt er til að í stað þessarar heimildar ráðherra verði kveðið skýrt á um niðurfellingu í lögunum. Þá er lagt til að niðurfellingin nái til allra ökutækja sem flutt eru inn eða framleidd hér á landi og eru eingöngu knúin mengunarlausum orkugjafa. Rafmagn og vetni eru sérstaklega tilgreind sem dæmi um slíka orkugjafa. Breyting þessi er lögð til í þeim tilgangi að hvetja til aukinnar notkunar ökutækja sem ekki gefa frá sér koltvísýring. Niðurfellingin nær samkvæmt orðalagi ákvæðisins ekki til ökutækja sem eru knúin eru bæði mengunarlausum og mengandi orkugjafa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á tekjum ríkissjóðs af vörugjöldum á ökutæki og er kki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

416. Frumvarp til laga [330. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Orðin „annarra launagreiðenda en ríkissjóðs“ í 3. mgr. 33. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Fjármálaráðherra getur einnig ákveðið að stofnanir sem fá framlög í fjárlögum greiði til B-deildar sjóðsins viðbótariðgjald, 9,5% af iðgjaldsstofni og skulu tekjur sjóðsins af viðbótariðgjaldinu ár hvert dragast frá endurgreiðslu ríkissjóðs vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. 33. gr.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að semja um iðgjald frá launagreiðendum til viðbótar við iðgjald þeirra skv. 23. gr. til lúkningar á nýjum skuldbindingum skv. 1. mgr. 33. gr. Launagreiðandi, sem greiðir viðbótariðgjald samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem viðbótariðgjald er greitt fyrir.

Breytingar á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

3. gr.

Við 20. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum skv. 1. mgr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að stofnanir sem fá framlög í fjárlögum greiði til sjóðsins viðbótariðgjald, 9,5% af iðgjaldsstofni og skulu tekjur sjóðsins af viðbótariðgjaldinu ár hvert dragast frá endurgreiðslu ríkissjóðs vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr.

Stjórn sjóðsins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að semja um iðgjald frá launagreiðendum til viðbótar við iðgjald þeirra skv. 7. gr. til lúkningar á nýjum skuldbindingum skv. 1. mgr. þessarar greinar. Launagreiðandi, sem greiðir viðbótariðgjald samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem viðbótariðgjald er greitt fyrir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efni frumvarps þessa er tvíþætt. Annars vegar er tilgangur þess að gera launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga kleift að gera upp skuldbindingar sínar við sjóðina með því að greiða áfallnar skuldbindingar með skuldabréfum og að greiða viðbótariðgjöld til lúkningar á þeim skuldbindingum sem falla til ár hvert. Hins vegar er tilgangurinn að ryðja því braut að ríkisstofnanir greiði iðgjöld til B-deildar LSR og LH sem nálgast það að vera hin sömu og greitt væri af launum þeirra sem tryggðir eru í A-deild LSR. Með því næst sá árangur að gjaldfærður launakostnaður hverrar stofnunar er nær því að gefa rétta mynd en nú er og að eytt er því misræmi sem ella yrði á milli stofnana eftir því hvort starfsmenn eru að meira eða minna leyti í A-deild LSR.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er á sérstökum fjárlagaliðum gert ráð fyrir fé annars vegar um einum milljarði króna til að mæta kostnaði sem fylgir auknum greiðslum launagreiðenda vegna þeirra starfsmanna sem eru í A-deild LSR og hins vegar um 1,5 milljarði króna til að greiða lífeyrishækkanir. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að auknar iðgjaldagreiðslur ríkisstofnana komi til frádráttar á endurgreiðslum vegna lífeyrishækkana mun frumvarpið, ef samþykkt verður, ekki leiða til aukinna útgjalda. Breytingin, ásamt því að starfsmenn hafa að hluta til fært sig yfir í A-deild LSR, kallar á það að fjárveitingar verði færðar af framangreindum liðum yfir á fjárlagaliði einstakra stofnana.

Í lögum um LSR er heimild til handa sjóðnum að taka við skuldabréfum til uppgjörs á áföllnum skuldbindingum launagreiðenda annarra en ríkisins. Hefur ákvæði þetta þegar verið notað til að gera upp skuldbindingar Pósts og síma hf. og Skýrr hf. og í undirbúningi er uppgjör vegna Sementsverksmiðjunnar hf. Uppgjör skuldbindinga þeirra stofnana sem ætlað er að starfa sem hlutafélög er nauðsynlegt. Það er jafnframt æskilegt fyrir aðrar stofnanir, einkum þær sem ætlað er að standa undir kostnaði við starfsemi sína að öllu eða verulegu leyti með eigin aflafé. Uppgjör með þeim hætti sem gert var mögulegt með lagabreytingu í lok síðasta árs hefur reynst vel. Með frumvarpinu er lagt til að þessi heimild verði víkkuð og verði ekki lengur takmörkuð við aðra launagreiðendur en ríkið. Er einkum litið til þess að með þeirri breytingu verði unnt að gera upp skuldbindingar B-hluta stofnana og fyrirtækja.

Framangreind heimild er miðuð við uppgjör áfallinna skuldbindinga. Í frumvarpinu er auk þess gert ráð fyrir heimild til að semja um að launagreiðendur geti losnað undan nýmyndun skuldbindinga með því að greiða viðbótariðgjald til sjóðanna. Auk þess að losna þannig undan óvissum skuldbindingum mun það leiða til þess að litlu skiptir fyrir þá í greiðslum hverju sinni hvort starfsmenn eru í A-deild LSR eða í eldra tryggingakerfi sjóðanna þar sem gera má ráð fyrir að heildariðgjöldin verði svipuð í báðum tilvikum. Rétt þykir hins vegar að lögbinda ekki viðbótariðgjaldið en gert er ráð fyrir að um það verði samið hverju sinni á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar eins og þegar áfallnar skuldbindingar eru gerðar upp.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í greinunum er að finna þrjár breytingar á lögum um LSR. Í 1. gr. er lagt til að núverandi takmörkun á heimild til uppgjörs á skuldbindingum með skuldabréfi verði afnumin. Í a-lið 2. gr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti ákveðið að stofnanir ríkisins greiði viðbótariðgjald til B-deildar LSR og að það komi til frádráttar á greiðslum ríkissjóðs vegna lífeyrishækkana. Í b-lið 2. gr. er kveðið á um heimild til að semja við launagreiðendur um viðbótariðgjald, þ.e. samtímagreiðslu til að standa undir þeim skuldbindingum sem aðild að deildinni fylgja.

Um 3. gr.

Í greininni eru ákvæði um að gera sömu breytingar á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og lagt er til að gerðar verði vegna B-deildar LSR.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Með frumvarpi þessu er fyrirhugað í fyrsta lagi að launagreiðendur, þar með taldar ríkisstofnanir, geti greitt upp með skuldabréfum allar áfallnar skuldbindingar vegna starfsmanna sinna sem tryggðir eru í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og í B-deild Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Auk þess geti sömu aðilar samið við sjóðina um greiðslu viðbótariðgjalds til að mæta myndun nýrra lífeyrisskuldbindinga. Í öðru lagi verði heimilt að taka upp það fyrirkomulag að ríkisstofnanir greiði álíka hátt iðgjald, 15,5%, vegna starfsmanna sem eru í B-deildum sjóðanna og þeirra sem eru í A-deildum sjóðanna en að það dragist frá endurgreiðslum á lífeyrishækkunum til B-deildanna frá ríkissjóði.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er á fjárlagaliðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* gert ráð fyrir fjárheimild að fjárhæð 1,5 milljörðum kr. til þess að greiða lífeyrishækkanir á árinu. Þar sem viðbótariðgjöld ríkisstofnana vegna starfsmanna í B-deildum sjóðanna kæmu til frádráttar þeim lífeyrisuppbótum samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að hækkun iðgjaldanna valdi auknum útgjöldum hjá ríkissjóði. Verði frumvarpið að lögum er fyrirhugað að færa fjárheimildir af framangreindum fjárlagalið til liða stofnana í A-hluta í samræmi við þá hækkun sem áætlað er að verði á launakostnaði þeirra í hverju tilviki.

417. Frumvarp til laga [331. mál]

um breytingu á lögum nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Jafnframt er heimilt að greiða fyrir förgun annars úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar og tengist spilliefnum sem verið er að meðhöndla, enda þjóni það markmiði laganna og dragi úr kostnaði við meðhöndlun og förgun spilliefna sem greitt hefur verið af skv. 6. gr. Þá er spilliefnanefnd heimilt að greiða fyrir förgun úrgangsefna sem blandast hafa vörum sem greitt hefur verið af skv. 6. gr., enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Spilliefnagjald skal lagt á neðangreinda vöruflokka:

1. Olíuvörur:
   a. svartolía, allt að 0,1 kr. á hvert kg,
   b. önnur olía en brennsluolía, allt að 20,0 kr. á hvert kg.
2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:
   a. lífræn leysiefni, allt að 3,0 kr. á hvert kg,
   b. halógeneruð efnasambönd, allt að 900 kr. á hvert kg,
   c. ósoneyðandi efni, allt að 900 kr. á hvert kg,
   d. ísósyanöt, allt að 10,0 kr. á hvert kg.
3. Málning og litarefni, allt að 16,0 kr. á hvert kg.
4. Rafhlöður og rafgeymar:
   a. rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert kg, eða hámarksstykkjagjald á rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert stykki,
   b. rafgeymar, allt að 60 kr. á hvert kg.
5. Ljósmyndavörur: framköllunarvökvar og fixerar, allt að 300 kr. á hvert kg.
6. Plöntu- og dýrafeiti og matarolía, allt að 30 kr. á hvert kg.
7. Vörur sem innihalda kvikasilfur, allt að 900 kr. á hvert kg.
8. Ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur), allt að 5,0 kr. á hvert kg.

3. gr.

Í stað orðanna „einn mánuður“ í 2. tölul. 7. gr. laganna kemur: þrír mánuðir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um spilliefnagjald tóku gildi árið 1996. Spilliefnanefnd, samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna, hóf störf 19. september 1996 og hóf þegar undirbúning að framkvæmd laganna. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögunum skal stefnt að því að álagningu gjalda verði komið á í áföngum og að fullu í síðasta lagi árið 2000. Spilliefnanefnd gerði tillögu að áætlun um framkvæmd álagningar á einstaka vöruflokka til umhverfisráðherra og hefur verið unnið eftir því. Búið er að leggja spilliefnagjald á lífræn leysiefni, varnarefni, ísósyanöt, olíumálningu og litarefni, rafhlöður, rafgeyma og efnavörur í ljósmynda- og prentiðnaði, sbr. reglugerð nr. 158/1997 um álagningu spilliefnagjalds með breytingum nr. 203/1997, 316/1997, 442/1997 og 579/1997. Unnið er að því að koma á frjálsu samkomulagi vegna kælimiðla og olíuvara, sbr. ákvæði 4. gr., á vegum hlutaðeigandi atvinnugreina.

Spilliefni eru skilgreind í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, sbr. lista sem birtur er í viðauka með reglugerðinni. Sá listi er í samræmi við evrópskan úrgangslista. Spilliefni eru hvers kyns úrgangur sem inniheldur efni sem talin eru upp í fylgiskjali með mengunarvarnareglugerð eða er mengaður af þeim í slíku magni eða af slíkum styrkleika að það stofni heilsu manna eða umhverfi í hættu. Spilliefni eru alvarlegasti mengunarvaldurinn í landinu nú um stundir. Þessum efnum er því miður oft fargað á óviðunandi hátt og er þeim t.d. hent með almennu sorpi eða hellt niður um niðurföll.

Markmið laga um spilliefnagjald er að koma í veg fyrir mengun af völdum spilliefna með því að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, meðhöndlun og viðunandi endurnýtingu eða eyð-

ingu þeirra. Með setningu laganna 23. maí 1996 var lagður grunnur að skipulegri söfnun spilliefna um land allt og bættum skilum þeirra til móttökustöðva. Frá því að lögin öðluðust gildi eru merkjanleg aukin skil spilliefna. Til þess að standa straum af kostnaði við söfnun, móttöku, meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefna er í lögunum kveðið á um að heimilt sé að leggja sérstakt gjald, spilliefnagjald, á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Um er að ræða þjónustugjald til að standa undir þeim kostnaði sem leiðir af meðhöndlun spilliefna. Álagning spilliefnagjalds byggir á mengunarbótareglunni. Sá sem notar vörur sem verða að spilliefnum greiðir fyrir förgun og eyðingu spilliefna. Fyrir gildistöku laga um spilliefnagjald, nr. 56/1996, var mengunarbótareglan sums staðar í gildi. Þeim sem höfðu spilliefni undir höndum bar að skila þeim og sveitarfélögum og fyrirtækjum bar að greiða beint fyrir förgun. Þetta kerfi virkaði letjandi. Með tilkomu spilliefnagjalds er tryggt fjármagn til söfnunar, flutnings og förgunar eða endurnýtingar þessa úrgangs. Spilliefnagjald er lagt á vörur sem geta orðið að spilliefnum við innflutning eða við framleiðslu ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Þegar spilliefnum er skilað til móttökustöðvar þarf sá sem skilar efnunum ekki að greiða fyrir þau, enda hafi spilliefnagjald verið lagt á viðkomandi vöru á fyrri stigum.

Við framkvæmd laganna hefur komið fram að hámark gjaldsins sem kveðið er á um í lögunum er ekki í öllum tilvikum nægjanlegt og því er í frumvarpi þessu lagt til að breytt verði ákvæðum um hámark gjaldsins og það hækkað fyrir tiltekna véruflokka. Hér má nefna að spilliefnagjald hefur verið lagt á málningu og leysiefni. Hámarkið í lögunum er of lágt og því nægir álagt gjald einungis til þess að greiða hluta af kostnaði sem til fellur, þannig að þeir sem skila þessum efnum bera enn beinan kostnað af því að skila þeim til móttökustöðvar. Jafnframt eru í frumvarpi þessu lagt til að spilliefnanefnd sé heimilt að greiða fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar og tengist viðkomandi spilliefnum enda dregur það úr kostnaði við meðhöndlun og förgun spilliefna. Hér má nefna sem dæmi vatnsmálningu og brúnsteinsrafhlöður. Eftir að spilliefnagjald er komið að fullu til framkvæmda á olíumálningu þarf ekkert að greiða við skil á henni til móttökustöðvar. Hins vegar þarf að greiða, miðað við óbreytt lög, gjald við skil á vatnsmálningu. Þetta getur leitt til þess að freistandi sé að blanda vatnsmálningu saman við olíumálningu til þess að komast hjá greiðslu. Slíkt yrði kostnaðarsamari framkvæmd í heild. Því er lagt til að gjald á olíumálningu beri einnig uppi förgunarkostnað við vatnsmálningu. Rafhlöður berast óflokkaðar til móttökustöðvar. Brúnsteinsrafhlöður geta hins vegar farið í ódýrari förgun en aðrar rafhlöður sem eru mun meira mengandi. Þetta þýðir að flokkun verður að fara fram áður en gjaldtaka fyrir brúnsteinsrafhlöður fer fram og reikningur er sendur eftir á. Þetta er ómarkvissara og dýrara í framkvæmd. Því er framangreind breyting lögð til. Sama á við um ýmis úrgangsefni sem blandast spilliefnum. Þannig er lagt til að spilliefnanefnd sé heimilt að greiða fyrir meðhöndlun, urðun og eyðingu efna sem ekki teljast til spilliefna en blandast við þau. Hér má nefna ýmis ísogsefni, svo sem tvist, textíl og sag, enda séu þessi efni hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Loks eru lagðar til breytingar á uppgjörstímabili vegna innlendrar framleiðslu úr einum mánuði í þrjá mánuði þar sem einn mánuður er óeðlilega stutt tímabil.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að greiða förgun annars úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar og tengist spilliefnum sem verið er að meðhöndla, enda þjóni það markmiði laganna og dragi úr kostnaði við meðhöndlun og förgun spilliefna sem greitt hefur verið af. Jafnframt er lagt til að spilliefnanefnd sé heimilt að greiða fyrir förgun úrgangsefna sem blandast spilliefnum við notkun. Þetta er lagt til þannig að skýrt sé að heimilt er að greiða fyrir

meðhöndlun ýmissa úrgangsefna sem blandast hafa spilliefnum við notkun, svo sem olíuborinn tvistur. Sérstaklega er bent á að hér er einungis átt við úrgang sem blandast hefur spilliefnum við eðlilega notkun eða starfsemi. Ekki er gert ráð fyrir að lögin nái yfir meðhöndlun og förgun á olíumenguðum jarðvegi, né heldur að tekið sé á atvikum sem orsakast af slysum eða vangá.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 2. mgr. 6. gr. laganna. Lagt er til að hámark spilliefnagjalds sem heimilt er að leggja á olíuvörur, þ.e. aðra olíu en brennsluolíu, verði allt að 20,0 kr. á hvert kg. Lagt er til að á lífræn leysiefni verði heimilt að leggja allt að 3,0 kr. á hvert kg og á ísósyanöt allt að 10,0 kr. á hvert kg. Þá er gerð tillaga um að hámark vegna málningar og litarefna verði hækkað í allt að 16,0 kr. á hvert kg. Varðandi rafhlöður er bætt inn heimild til að leggja stykkjagjald á rafhlöður, en hér er t.d. um að ræða hnapparafhlöður. Lagt er til að stykkjagjald á rafhlöður geti numið allt að 200 kr. á hvert stykki. Þá er lagt til að bætt verði inn nýjum vöruflokkum sem leggja skal spilliefnagjald á, plöntu- og dýrafeiti og matarolíu og vörur sem innihalda kvikasilfur. Á plöntu- og dýrafeiti og matarolíu er lagt til að heimilt verði að leggja allt að 30 kr. á hvert kg. Á vörur sem innihalda kvikasilfur er lagt til að heimilt verði að leggja allt að 900 kr. á hvert kg. Hér er t.d. átt við flúrljósarör, vörur notaðar á rannsóknastofum og ýmis mælitæki.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að uppgjörstímabil vegna innlendrar framleiðslu verði þrír mánuðir í stað eins. Spilliefnagjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda og skiptir þá ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram. Spilliefnagjaldi af innlendri framleiðslu ásamt framleiðsluskýrslu í því formi sem spilliefnanefnd ákveður skal skila eigi síðar en á gjalddaga sem er fimmtándi dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu á því tímabili. Skila þarf skýrslu, sbr. framangreint, og telur spilliefnanefnd ekki nauðsynlegt að hafa uppgjörstímabilið jafnstutt og gildandi lög gera ráð fyrir, enda er verulegt óhagræði samfara því. Benda má á það til samanburðar að uppgjörstímabil fyrir virðisaukaskatt er tveir mánuðir en skv. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjármálaráðherra heimilt að kveða á um lengra uppgjörstímabil ef virðisaukaskattsskyld velta skráningarskyldra aðila er undir tiltekinni fjárhæð.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

Í frumvarpinu er lögð til hækkun á hámarki spilliefnagjalds í nokkrum vöruflokkum. Að mati spilliefnanefndar getur þessi breyting leitt til allt að 85 m.kr. hækkunar tekna og að þær verði alls um 160 m.kr. Breytingin hefur samsvarandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs þar sem grunn-

forsenda laganna er að spilliefnagjald standi undir kostnaði af framkvæmd laganna. Af framangreindri tekjuhækkun eru þegar áætlaðar um 21 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 og samsvarandi útgjöld.

418. Frumvarp til laga [332. mál]

um breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað orðsins „umhverfisvernd“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: hverfisvernd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sveitarstjórnar“ í 1. mgr. kemur: sveitarstjórna.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á svæðisskipulagi fyrir ákveðið landsvæði ef nauðsyn þykir til að samræma skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

3. gr.

5. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.

4. gr.

1. málsl. 2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdar á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum.

5. gr.

5. mgr. 39. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Byggingarfulltrúa er heimilt á kostnað byggjanda að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða.
b. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Byggingarfulltrúa er heimilt á kostnað byggjanda að krefjast álagsprófunar á mannvirki til staðfestingar burðarþoli og virknisprófun lagnakerfa eftir að það hefur verið reist.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.

b. Lokamálsliður 5. mgr. orðast svo: Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags og prófnefndar áður en löggilding er veitt.

8. gr.

53. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmda- og byggingarleyfisgjöld.

Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta gjöld fyrir leyfi til framkvæmda, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, sbr. 27. gr., og fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum, sbr. 43. gr. Jafnframt er þeim heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

9. gr.

1. málsl. 1. mgr. 55. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórnir ákveða gjalddaga framkvæmdaleyfis-, byggingarleyfis- og bílastæðagjalda og hvernig þau skuli innheimt.

10. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:

Ef framkvæmd, sem fellur undir 27. gr. eða undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, hún byggð á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en sveitarstjórn hefur heimilað getur skipulagsfulltrúi/byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust. Sé um framkvæmdaleyfisskylda framkvæmd að ræða leitar skipulagsfulltrúi staðfestingar sveitarstjórnar. Sé um byggingarleyfisskylda framkvæmd að ræða leitar byggingarfulltrúi staðfestingar byggingarnefndar svo fljótt sem við verður komið.

11. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 59. gr. laganna orðast svo: Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og Samtaka iðnaðarins og gefa iðnmeistara kost á að tjá sig.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. 1. tölul. orðast svo: Skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 37. gr. skulu settar eins fljótt og við verður komið. Þangað til halda núverandi skipulagsreglugerð og byggingarreglugerð gildi sínu að svo miklu leyti sem þær stangast ekki á við lögin.

b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo: Samvinnunefndir um svæðisskipulag sem eru að störfum við gildistöku laganna skulu starfa áfram en um málsmeðferð fer samkvæmt þessum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, sem Alþingi samþykkti sl. vor og forseti Íslands staðfesti með samþykki sínu 28. maí 1997 öðlast gildi 1. janúar 1998. Hér er um að ræða stóran málaflokk þar sem tekið er á veigamiklum þáttum er snerta umhverfismál og stjórnun á því sviði. Lögin koma í stað tvennra laga, annars vegar skipulagslaga, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og hins vegar byggingarlaga, nr. 54/1978, með síðari breytingum. Lögin voru lengi í smíðum og frumvarp til sameiginlegra skipulags- og byggingarlaga var lagt fram nokkrum sinnum á Alþingi á árunum 1988–96. Í lögunum er gert ráð fyrir sjö mánaða gildistökufresti til undirbúnings enda hafa lögin að geyma mörg nýmæli. Á vegum umhverfisráðuneytisins, skipulagsstjóra ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið unnið að því að undanförnu að undirbúa framkvæmd laganna, m.a. með gerð nýrrar skipulagsreglugerðar og byggingarreglugerðar og annarra reglugerða sem nauðsynlegt er að setja vegna breytinga sem lögin kveða á um. Hafa verið haldnir kynningarfundir með sveitarstjórnum, byggingarfulltrúum og öðrum tæknimönnum sveitarfélaganna í samráði við hlutaðeigandi landshlutasamtök. Komið hefur í ljós við vinnu á vegum ráðuneytisins, skipulagsstjóra ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og á fundum með fulltrúum sveitarfélaganna að lagfæra þarf nokkur atriði laganna áður en þau öðlast gildi 1. janúar nk. Snerta lagfæringar fyrst og fremst stjórnun innan málaflokksins, svo sem um valdsvið byggingarnefnda gagnvart sveitarfélögunum og jafnframt um heimildir sveitarfélaganna til gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Þar að auki hafa slæðst inn í lögin villur sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Er gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum í athugasemdum við einstaka greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 3. mgr. 10. gr. laganna, þar sem fjallað er um þau atriði sem fram skulu koma í skipulagsreglugerð, kemur fyrir orðið „umhverfisvernd“. Hér er um misritun að ræða og á að vera „hverfisvernd“.

Um 2. gr.

Um a-lið:

Í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur fram að svæðisskipulag skuli gert að frumkvæði viðkomandi *sveitarstjórnar*. Svæðisskipulag getur aldrei verið verkefni einnar sveitarstjórnar heldur tveggja eða fleiri enda um að ræða skipulag tveggja sveitarfélaga eða fleiri.

Um b-lið:

Ekki er gert ráð þeim möguleika í lögunum að hægt sé að fresta staðfestingu á svæðisskipulagi eins og þegar um aðalskipulag er að ræða, sbr. 2. mgr. 20. gr. Því er lagt til að sama regla gildi um frestun svæðisskipulags.

Um 3. gr.

Í 5. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að aðalskipulag skuli endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, og fari um málsmeðferð eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða. Ekki er ástæða til þess að fyrirskipa málsmeðferð, þ.e. kynningu nýs aðalskipulags, ef ekki er talin ástæða til að breyta aðalskipulagi. Nýtt orðalag á þessari málsgrein, um að meta skuli hvort ástæða sé til endurskoðunar, er skýrara í þessum efnum.

Um 4. gr.

Skv. 2. mgr. 36. gr. laganna eru brýr undanþegnar byggingarleyfi. Eðlilegt þykir að göngubrýr í þéttbýli verði byggingarleyfisskyldar og lúti sömu reglum og mannvirki almennt, enda er hér ekki um akbrautir í skilningi vegalaga að ræða eins og gildir um aðrar brýr sem þess vegna eru undanþegnar byggingarleyfi. Þá er einnig talið eðlilegt að holræsi séu undanþegin byggingarleyfum.

Um 5. gr.

Í 5. mgr. 39. gr. laganna er gert ráð fyrir því að hægt sé að vísa ágreiningi milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar um afgreiðslu máls til umhverfisráðherra til úrskurðar. Samkvæmt lögunum er byggingarnefndum ekki fengið sjálfstætt vald gagnvart sveitarstjórnum, en skv. 2. mgr. 3. gr. annast sveitarstjórnir gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana og þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.

Byggingarnefndir heyra því eftir sem áður undir sveitarstjórnir.

Um 6. gr.

Gjaldtökuheimildir vantar í 4. og 5. mgr. 42. gr. laganna í tengslum við kostnað við sérstakar úttektir og eftirlit. Ljóst er að engar slíkar úttektir verða gerðar eða eftirlit framkvæmt nema eigandi mannvirkis beri kostnað af því. Því er lagt til að inn í 4. og 5. mgr. 42. gr. verði skotið ákvæðum um að sérstakar úttektir og eftirlit skuli gera á kostnað byggjanda.

Um 7. gr.

Um a-lið:

Í 1. mgr. 48. gr. laganna kemur fram að rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingareða framkvæmdaleyfis hafi þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra. Er eingöngu ástæða til að fjalla um uppdrætti vegna byggingarleyfis en ekki framkvæmdaleyfis enda um gjörólíka þætti að ræða, sbr. annars vegar 27. gr. um framkvæmdaleyfi og hins vegar 23. gr. um byggingarleyfi og 44. gr. um útgáfu byggingarleyfis. Er því lagt til að orðið „framkvæmdaleyfi“ verði fellt brott.

Um b-lið:

Rétt er að ráðherra leiti einnig umsagnar prófanefndar áður en löggilding er veitt.

Um 8. og 9. gr.

Gjaldheimtuheimild vegna framkvæmdaleyfa skortir í 53. gr. laganna. Nauðsynlegt er að sveitarfélögin geti innheimt framkvæmdaleyfisgjöld með sama hætti og byggingarleyfisgjöld og er því lagt til að í 53. gr. og 55. gr. verði bætt ákvæðum er heimili slíkt.

Um 10. gr.

Í 56. gr. laganna, þar sem fjallað er um framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis, eru engin ákvæði um þvingunarúrræði liggi ekki fyrir framkvæmdaleyfi þar sem það á við, sbr. 27. gr. Því er nauðsynlegt að skjóta inn í 1. mgr. 56. gr. ákvæði er tekur á því ef ekki liggur fyrir framkvæmdaleyfi með sama hætti og ef um byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laganna, er að ræða.

Um 11. gr.

Í 2. mgr. 52. gr. laganna segir m.a. að Samtök iðnaðarins skuli fjalla um leyfisveitingar til iðnmeistara. Sambærilegt ákvæði er ekki um sviptingu leyfa til iðnmeistara og er lagt til að ráðherra leiti umsagnar samtakanna í slíkum tilvikum.

Um 12. gr.

Um a-lið:

Í 1. tölul. ákvæðis til bráðabrigða í lögunum er gert ráð fyrir því að skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 37. gr. öðlist gildi um leið og lögin eða 1. janúar 1998. Komið hefur í ljós að ógjörningur er að ganga frá reglugerðunum á jafnstuttum tíma og raun ber vitni enda um að ræða stórar og viðamiklar reglugerðir. Því er lagt til að núverandi reglugerðir haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við lögin þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar. Lögð verður áhersla á að reglugerðirnar komi út eftir rækilegan undirbúning og kynningu á miðju næsta ári.

Um b-lið:

Starfandi eru nokkrar samvinnunefndir um svæðisskipulag, svo sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins og samvinnunefnd um svæðisskipulag Skagafjarðar. Til þess að taka af allan vafa er lagt til að þessar nefndir starfi áfram eins og verið hefur en að um málsmeðferð bæði innan nefndanna og þegar kemur að umfjöllun um tillögur þeirra fari samkvæmt lögunum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Frumvarpið felur í sér lagfæringar og smærri breytingar á lögunum og lúta þær m.a. að stjórn innan málaflokksins, gjaldtökuheimildum í tengslum við ýmsan kostnað, t.d. við sérstakar úttektir og eftirlit. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er það mat fjármálaráðuneytis að það muni ekki leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

419. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember á tekjuárinu. Fyrirframgreiðslan skal nema 2,65% af búnaðargjaldsstofni á næstliðnu tekjuári.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Heimilt er gjaldanda að sækja um breytingu á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Slíka umsókn skal senda skattstjóra er úrskurðar um breytingu greiðsluskyldunnar. Skattstjóri skal að jafnaði taka til greina umsókn gjaldanda ef fyrirsjáanlegt er að búnaðargjald breytist um sem nemur a.m.k. 25%, þó að lágmarki 10.000 kr. á milli ára.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo: Frá álögðu búnaðargjaldi skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið fyrir fram skv. 4. gr. Greiði gjaldskyldur aðili ekki fyrirframgreiðslu á tilskildum tíma eða vangreiði hann skal innheimtumaður ríkissjóðs reikna hæstu leyfilegu dráttarvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 4. gr. Ef álagning er hærri en ákvörðuð fyrirframgreiðsla skal gjaldandi greiða mismuninn með sem næst jöfnum greiðslum á gjalddögum þinggjalda. Við mismun sem á rætur að rekja til of hárrar fyrirframgreiðslu skal bæta 2,5% álagi.
b. Á eftir orðinu „greiðslu“ í 5. mgr. kemur: innheimtu.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um fyrirframgreiðslur, álagningu, innheimtu og annað er varðar skattalega framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „innheimtu“ kemur: fyrirframgreiðslna.
b. Orðin „í staðgreiðslu“ falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrirframgreiðsla búnaðargjalds á árinu 1998 skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna nema 2,65% af veltu gjaldanda á árinu 1997 skv. 11.–13. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um búnaðargjald varð að lögum frá Alþingi 26. maí 1997. Í stórum dráttum má segja að lögin geri ráð fyrir að við álagningu þinggjalda leggi skattstjórar búnaðargjald á gjaldstofn framleiðenda í landbúnaði og að gjaldið verði að uppistöðu til innheimt í staðgreiðslu á gjalddögum virðisaukaskatts. Í þessu felst að gjaldskyldir aðilar greiða staðgreiðslu af sama gjaldstofni og síðar kemur til álagningar. Þannig ættu flestir að hafa greitt gjaldið að fullu þegar álagning fer fram.

Við undirbúning að framkvæmd laganna hefur komið í ljós að hagkvæmara yrði að tengja innheimtu búnaðargjaldsins við annað innheimtukerfi sem fyrir er, fremur en það sem mælt er fyrir um í lögunum. Hægt er að nýta álagningar- og innheimtukerfi fyrir sérstakan tekjuskatt manna (hátekjuskatt) með tiltölulega litlum breytingum til að leggja á og innheimta fyrirframgreiðslu búnaðargjalds. Þetta hafði ekki verið kannað áður þar sem um ólíka skatta er að ræða, en fyrst og fremst hafði verið litið til tengingar við innheimtukerfi laga um virðisaukaskatt og laga um markaðsgjald. Með breytingunni ætti framkvæmd á fyrirframgreiðslu búnaðargjalds að geta orðið mun einfaldari auk þess sem pappírs- og útsendingarkostnaður sparast og gera þarf minni breytingar á hugbúnaði en ella. Gert er ráð fyrir að falla frá því að beita sérstöku vanskilaálagi en reikna í staðinn dráttarvexti á hverja þá fjárhæð sem gjaldfellur en er ekki greidd á gjalddaga. Ekki yrði um að ræða álag á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu en greitt yrði 2,5% álag á oftekna fyrirframgreiðslu eins og lögin um sérstaka tekjuskattinn gera ráð fyrir.

Ekki er stefnt að breytingu á endanlegri álagningu búnaðargjalds. Skattstjórar mundu eftir sem áður leggja það á gjaldendur einu sinni á ári þegar álagning þinggjalda fer fram. Aftur á móti er gert ráð fyrir að búnaðargjald verði innheimt árlega fyrir fram á fimm gjalddögum frá ágúst til desember á árinu næst á undan álagningarári í stað sérstakrar innheimtu samhliða skilum á virðisaukaskatti eins og lögin gera ráð fyrir. Við álagningu verði síðan gerður upp sá mismunur sem kann að koma fram á fyrirframgreiddu og álögðu búnaðargjaldi. Við sérstakar aðstæður, t.d. þegar hætt er rekstri eða veruleg breyting verður á umfangi hans, geti gjaldandi sótt um lækkun á fyrirframgreiðslunni.

Kostir við þessa breytingu eru einkum eftirfarandi: Eins og þegar hefur komið fram má spara bæði pappírs- og útsendingarkostnað og kostnaður við breytingar á hugbúnaði verður óverulegur. Því til viðbótar má nefna að gjaldskyldir aðilar þurfa ekki að reikna eða ákvarða gjaldstofn sinn við hverja greiðslu, gjaldið skilar sér fyrr, nýta má innheimtukerfi sem fyrir er og minna þarf að hafa fyrir framkvæmdinni á skattstofunum. Loks má nefna að gjalddagar fyrirframgreiðslunnar verða hinir sömu hjá öllum, þ.e. fimm á ári, en lög um búnaðargjald gera ráð fyrir að aðilar innan sömu atvinnugreinar geti haft mismunandi gjalddaga eins lög um virðisaukaskatt kveða á um.

Helsti ókostur breytingarinnar er að horfið er frá því að miða fyrirframgreiðslu við samtímagjaldstofn, þ.e. fyrirframgreiðslan miðast við gjaldstofn ársins á undan, en lögin gera ráð fyrir staðgreiðslu búnaðargjalds af veltu sama rekstrarárs og álagning miðast við. Þá má nefna að frá sjónarhorni gjaldandans greiðist gjaldið fyrr en lögin gera ráð fyrir, sækja þarf um lækkun ef veruleg breyting verður á gjaldstofni og nokkur óvissa verður um stofn fyrirframgreiðslunnar í fyrsta sinn.

Upphaflega var að því stefnt að hafa lögin einföld og innheimtuna ódýra. Kostir þessarar breytingar þykja ótvíræðir og því ekki verjandi annað en leggja til umræddar breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein felst sú meginbreyting sem kynnt er í almennum athugasemdum hér að framan. Lagt er til að núverandi ákvæði um fyrirframgreiðslu í 4. gr. verði fellt brott í heild sinni og greinin umorðuð. Í því felst að horfið verði frá því að innheimta gjaldið í staðgreiðslu á gjalddögum virðisaukaskatts. Greiðslan er þar að auki rofin úr tengslum við þann gjaldstofn sem endanleg álagning mun miðast við og hún í stað þess miðuð við gjaldstofn fyrra árs. Þessi leið hefur þann kost gagnvart gjaldanda að fyrirkomulagið krefst ekki sérstaks uppgjörs vegna búnaðargjalds á gjalddögum virðisaukaskatts eins og ella yrði raunin. Þá er það ótvírætt ein-

faldara í framkvæmd að hafa gjalddaga þá sömu fyrir alla aðila í stað þess að þeir ráðist af skilamáta gjaldenda í virðisaukaskattskerfinu. Þannig verður unnt að nýta ríkjandi innheimtukerfi þinggjalda, bæði að því er varðar hugbúnað og innheimtuseðla.

Líkt og gildir um fyrirframgreiðslu hátekjuskatts er lagt til að gjaldandi geti sótt um breytingu frá þeirri fjárhæð sem honum ber að greiða miðað við gjaldstofn fyrra árs. Til leiðbeiningar og viðmiðunar er gert ráð fyrir að skattstjórar hafni beiðnum sem varða minni breytingar en 10.000 kr. á milli ára og einnig ef þær eru innan við 25% frá gjaldi síðasta árs.

Lagt er til að horfið verði frá því að kveða á um dráttarvexti í þessari grein, enda verði teknar upp sömu reglur og gilda um hátekjuskatt, sbr. umfjöllun um breytingar á 5. gr. laganna.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að orðalagi 4. mgr. 5. gr. verði breytt með hliðsjón af breytingu á 4. gr. Í því felst að fellt er brott ákvæði um sérstakt vanskilaálag á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu. Þess í stað verði dráttarvextir reiknaðir á ákvarðaða fyrirframgreiðslu frá og með gjalddaga hennar sé hún ekki greidd á réttum tíma eða vangreidd. Hafi fyrirframgreiðsla verið of lág dreifast eftirstöðvarnar á þá gjalddaga þinggjalda sem eftir eru á árinu og gilda þá almennar reglur þinggjalda um beitingu dráttarvaxta. Við mismun sem má rekja til of hárrar fyrirframgreiðslu skal bæta 2,5% álagi.

Um 3. gr.

Ekki er fyrir hendi í lögunum almenn reglugerðarheimild um nánari útfærslu á skattframkvæmd svo sem venja er í skattalögum og er lagt til að úr því verði bætt. Gefur það færi á nánari útfærslu á framkvæmd laganna ef þörf krefur. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra fari með þessa heimild en landbúnaðarráðherra hafi hins vegar heimild til reglugerðarsetningar skv. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um frávik frá framkvæmd fyrirframgreiðslu á árinu 1998 þar sem ekki er unnt að framfylgja ákvæði 4. gr. á fyrsta ári laganna því ekki mun liggja fyrir gjaldstofn fyrra árs. Lagt er til að gjaldstofninn verði miðaður við virðisaukaskattsveltu árins 1997.

Ljóst er að þessi gjaldstofn víkur frá gjaldstofni laganna í tveimur tilvikum. Annars vegar getur verið um að ræða sölu varanlegra rekstrarfjármuna gjaldenda á þessu ári. Hins vegar getur velta vegna annarra atvinnugreina en búrekstrar skv. 2. gr. laganna falist í veltu viðkomandi aðila. Af þeim sökum og vegna hugsanlegra breytinga á starfsemi er gert ráð fyrir að gjaldendur geti sótt um breytingu á fyrirframgreiðsluskyldu í þeim tilvikum sem framangreint á við í samræmi við ákvæði 4. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Frumvarp þetta felur í sér nokkrar breytingar á lögum um búnaðargjald. Við undirbúning að framkvæmd þeirra hefur komið í ljós að hagkvæmara yrði við innheimtu búnaðargjaldsins að nota álagningar- og innheimtukerfi sérstaks tekjuskatts (hátekjuskatts) frekar en innheimtukerfi laga um virðisaukaskatt eða laga um markaðsgjald.

Tilgangur breytinganna er að draga úr kostnaði við innheimtuna og munar þar mest um minni pappírs- og útsendingarkostnað og minni kostnað við breytingar á hugbúnaði.

Sem fyrr munu 1% af óskiptum tekjum búnaðargjalds renna í ríkissjóð á árunum 1998 og 1999 til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna eða um 4 m.kr. hvort ár. Eftir það munu 0,5% af óskiptum tekjum búnaðargjalds renna í ríkissjóð eða um 2 m.kr. árlega. Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi í för með sér frekari kostnað fyrir ríkissjóð.

420. Fyrirspurn [334. mál]

til dómsmálaráðherra um afdrif mála vegna skyndiskoðana Landhelgisgæslu.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hver urðu afdrif mála hjá sýslumönnum sem send var kæra í kjölfar athugasemda sem gerðar voru við skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar á tímabilinu frá 1. janúar 1994 til nóvemberloka árið 1997?

Skriflegt svar óskast.

421. Svar [258. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna.

1. *Hversu mikið hækkaði annars vegar áunnin og hins vegar framreiknuð lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs vegna síðustu kjarasamninga grunnskólakennara og sveitarfélaga? Svarið óskast skipt á kennara í starfi, kennara sem komnir eru á eftirlaun og aðra. Hvað eru margir í hverjum flokki og hvað var meðalhækkunin mikil á mann? Hvað er hækkunin mikil að meðaltali á hvern starfandi grunnskólakennara?*

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar hjá Lífeyrisssjóði starfsmanna ríkisins vegna grunnskólakennara í árslok 1996 voru áætlaðar 24,6 milljarðar kr. þegar miðað er við 2% ávöxtun umfram launabreytingar. Mat á heildarskuldbindingu fyrir grunnskólakennara eina liggur ekki fyrir en miðað við heildarskuldbindingar sjóðsins og hlut grunnskólakennara í honum má áætla að heildarskuldbinding þeirra vegna sé um 36 milljarðar kr. Af áfallinni skuldbindingu eru um 7 milljarðar kr. vegna 1.027 lífeyrisþega í árslok 1996 en 17,6 milljarðar kr. vegna

annarra. Er þar bæði um að ræða u.þ.b. 3.600 starfandi kennara og tæplega 8.000 aðra einstaklinga sem eiga geymd réttindi í sjóðnum vegna kennslustarfa.

Vegna þeirra breytinga, sem urðu við flutning kennara til sveitarfélaganna, liggur aðgreining skuldbindinga vegna þessara hópa ekki fyrir. Hækkun lífeyrisskuldbindinganna er að mestu í hlutfalli við launahækkanir kennara og skólastjóra með fullan starfsaldur. Ekki liggur fyrir hjá fjármálaráðuneytinu mat á launahækkunum sem felast í kjarasamningi sveitarfélaga við grunnskólakennara og hvernig þær skiptast eftir starfsaldri og er því ekki unnt að svara spurningunni af nákvæmni. Hins vegar má áætla þessar hækkanir miðað við tilteknar launabreytingar. Þannig mundi 10% hækkun launa kennara með fullan starfsaldur leiða til samsvarandi hækkunar lífeyrisskuldbindinga og áfallnar skuldbindingar mundu hækka um 2,5 milljarða kr. en heildarskuldbindingar um u.þ.b. 3,6 milljarða kr. Áfallnar skuldbindingar vegna lífeyrisþega mundu með sama hætti hækka um u.þ.b. 700 millj. kr. eða sem samsvarar tæplega 700 þús. kr. á hvern lífeyrisþega.

Hækkun áfallinna skuldbindinga vegna annarra við 10% hækkun launa er um 1,8 milljarður kr. eða um 158 þús. kr. á hvern einstakling að jafnaði. Hækkun heildarskuldbindinga er 50% hærri eða um 240 þús. kr. á mann. Sökum þess hve skuldbindingarnar dreifast mikið, m.a. á mikinn fjölda einstaklinga sem eiga lítinn rétt og ekki starfa lengur sem kennarar, eru framangreind meðaltöl ekki góður mælikvarði á áhrif launahækkana á lífeyrisskuldbindingar. Í því efni er e.t.v. betra að miða hækkunina eingöngu við starfandi kennara. Hækkun áfallinna skuldbindinga vegna annarra en lífeyrisþega við 10% launahækkun er um 500 þús. kr. sé henni jafnað á starfandi grunnskólakennara og hækkun heildarskuldbindinga um 750 þús. kr.

2. *Hvert er launaígildi lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna umfram almenna launþega vegna réttinda þeirra í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins annars vegar og B-deild hins vegar? (Hvað mætti hækka laun opinberra starfsmanna mikið að jafnaði í hvorri deild ef þeir nytu almennra lífeyriskjara, 10% af launum, miðað við að ríkissjóður og aðrir launagreiðendur töpuðu hvorki né græddu á breytingunni?)*

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, sem gerð var á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna til undirbúnings breytingar á lögum um LSR, sem gerð var í lok síðasta árs, og lögð var til grundvallar ákvörðun iðgjalda fyrir A-deild sjóðsins, var iðgjaldaþörf fyrir réttindin sem deildin veitir talin vera sem svarar til 15,5% af heildarlaunum. Réttindi úr A-deild voru miðuð við að vera jafngild réttindum úr B-deildinn að viðbættu auknu framlagi sjóðfélaga til A-deildarinnar vegna greiðslu iðgjalds af öllum launum í stað þess fyrirkomulags semn var hjá hjá B-deildinni. Þennan mismun má áætla um 1% að jafnaði og að iðgjaldaþörf til B-deildarinnar svari því til um 14,5% af heildarlaunum.

Sé þetta borið saman við það að greiða 10% í lífeyrissjóð kemur í ljós að launaígildi mismunar á lífeyrisréttindum er 4,5–5,5% af launum.

3. *Hversu mikið mætti að jafnaði hækka laun eftirtalinna opinberra starfsmanna sem greiða í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins annars vegar og A-deild hins vegar (hlutfallslega og í krónutölu) ef þeir nytu almennra lífeyriskjara:*
starfsmanns sem fær 80.000 kr. í föst laun og enga yfirvinnu eða aukagreiðslur,
starfsmanns sem fær 80.000 kr. í föst laun og 80.000 kr. í yfirvinnu og aukagreiðslur,
starfsmanns sem fær 100.000 kr. í föst laun og 200.000 kr. í yfirvinnu og aukagreiðslur?

Iðgjald launagreiðanda til A-deildar LSR er 11,5% af heildarlaunum í stað 6% eins og algengast er. Samkvæmt því gætu laun þeirra sem greiða í A-deild LSR hækkað um 5,5% ef greitt væri 6% iðgjald í stað 11,5% án þess að launakostnaður ríkisins aukist. Er þá ekki tekið

tillit til skatta af hærri launum og lægri lífeyri. Framangreind hlutfallshækkun á við um þá sem eru félagar í A-deild sjóðsins og er hlutfallslegt launaígildi iðgjaldanna óháð tekjusamsetningu. Fjárhæðin í þeim tilvikum sem nefnd eru í fyrirspurninni eru:

a) 4.400 kr.,
b) 8.800 kr. og
c) 16.500 kr.

Fyrir félaga í B-deild sjóðsins mætti á sama hátt með tilvísun til svars við 2. spurningu hækka laun þeirra að jafnaði um 4,5%. Er sá útreikningur miðaður við meðaltal aukagreiðslna sem er um 40% til viðbótar við dagvinnulaun. Ekki liggja fyrir athuganir á því hvert launaígildi sé miðað við breytilega samsetningu launa en það má áætla sem hér segir í þeim tilvikum sem um er spurt:

a) 5.000 kr. eða 6,2%,
b) 5.000 kr. eða 3,1% og
c) 6250 kr. eða 2,1%.

4. *Er samið um lægri laun til opinberra starfsmanna í kjarasamningum í samanburði við launþega á almennum vinnumarkaði vegna launaígildis lífeyrisréttinda þeirra?*

Í kjarasamningum við opinbera starfsmenn eins og aðra eru umsamin laun ákveðin á milli aðila með hliðsjón af fjölmörgum atriðum sem snerta starfskjör. Þannig er m.a. tekið tillit til mismunandi lífeyrisréttinda, án þess að unnt sé að tilgreina vægi þess þáttar fremur en annarra.

5. *Hvaða launaígildi hefði það fyrir opinbera starfsmenn ef 0,35% eignarskattur yrði lagður á lífeyrissjóði í samanburði við sjóðfélaga í almennum lífeyrissjóðum þar sem ríkissjóður mundi greiða eignarskatt Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins?*

Lífeyrissjóðir eru ekki skattskyldir til eignarskatts. Væru þeir skattlagðir eftir sömu reglum og gilda um skattskylda aðila yrði eignarskattur lagður á nettóeign þeirra, þ.e. eignir að frádregnum skuldum. Þar sem gera má ráð fyrir að nokkur jöfnuður sé á milli eigna og skuldbindinga, auk þess sem verulegur hluti eigna sjóðanna er í eignarskattsfrjálsum verðbréfum má ætla að eignarskattsstofn þeirra verði enginn eða neikvæður. Á þetta við um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem aðra sjóði. Eignarskattur á lífeyrissjóði samkvæmt þeim reglum sem um þann skatt gilda mundu því væntanlega ekki hafa nein áhrif á lífeyrisréttindi sem sjóðirnir veita eða launaígildi þeirra.

422. Fyrirspurn [335. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysistryggingar.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Var ráðherra ljóst, þegar hann lagði frumvarp um atvinnuleysistryggingar fyrir Alþingi á sl. vetri, að frumvarpið fæli í sér verulega skerðingu fyrir þá sem ekki hafa verið í fullu starfi seinustu tólf mánuði þar sem hámarksbætur voru áður miðaðar við 1.700 dagvinnustundir?
2. Ef ráðherra var þetta ljóst, hvers vegna var þess þá ekki getið í athugasemdum við frumvarpið eða í framsöguræðu ráðherra?

3. Var því ekki lýst yfir af hálfu ráðuneytisins skömmu eftir að lögin komu til framkvæmda að fyrrnefnd skerðing yrði leiðrétt?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar þannig að ekki verði um að ræða skerðingu bóta af þessari ástæðu?

423. Fyrirspurn [336. mál]

til forsætisráðherra um fjárfestingaráform í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða áhrif munu fyrirhuguð áform um tvöföldun fjárfestinga í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á næstu þremur árum hafa á helstu þjóðhagsstærðir, svo sem þenslu, lántökur, atvinnuástand, viðskiptahalla og verðbólgu? Er hætta á að þessi fjárfestingaráform tefli í tvísýnu stöðugleika í þjóðfélaginu?
2. Hvaða áhrif mun svo mikil fjárfesting í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hafa á samkeppnisstöðu verslunar til lengri tíma litið, sem og fjárfestingaráform opinberra aðila?
3. Er hætta á að hér myndist offjárfesting í einni atvinnugrein? Ef svo er, hvaða afleiðingar getur það haft?
4. Hversu mikið verður verslunarrými á höfuðborgarsvæðinu á hvern íbúa í samanburði við verslunarrými annars staðar á Norðurlöndum ef þessum áformum verður hrundið í framkvæmd?

Skriflegt svar óskast.

424. Fyrirspurn [337. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd umferðarlaga.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Telur ráðherra að fylgt sé meðalhófsreglu stjórnsýslulaga þegar löggæslumenn taka skráningarmerki af bifreiðum sem ekki hafa verið færðar til skoðunar, auk þess sem eigendum þeirra er gert að greiða 5.000 kr. sekt?
2. Telur ráðherra tryggt að jafnræðisreglu stjórnsýslulaga sé gætt í hvívetna við löggæsluaðgerðir af þessu tagi í öllum löggæsluumdæmum landsins?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að heimild í umferðarlögum til að fjarlægja skráningarmerki af bifreiðum verði framkvæmd með fullu tilliti til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga?

425. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. 10. tölul. orðast svo: Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti erlendis. Skattskyld þjónusta, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, telst ávallt nýtt hér. Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Eftirtalin þjónusta fellur undir þennan tölulið:
   a. framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda,
   b. auglýsingaþjónusta,
   c. ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi,
   d. tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun,
   e. kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið,
   f. atvinnumiðlun,
   g. leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja,
   h. þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið,
   i. fjarskiptaþjónusta.
b. 11. tölul. orðast svo: Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattskylda þjónustu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: þjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Aðili, sem skylt er að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.

3. gr.

Í stað orðanna „erlendir ferðamenn“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: aðilar búsettir erlendis.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði fyrri efnisliðar 1. gr. um sölu á þjónustu til erlendra aðila gilda frá og með 1. júlí 1997.

426. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Við 2. mgr. 27. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna skráningu verðbréfa.

2. gr.

4. tölul. 120. gr. laganna orðast svo: Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs og sérstök skilyrði varðandi þann rétt.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 121. gr. laganna orðast svo: Í greinargerðinni skal fjalla um efnahagslegar og lagalegar ástæður til grundvallar samrunaáætluninni, svo og ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

4. gr.

2. málsl. 3. mgr. 122. gr. laganna orðast svo: Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins og skal þar lagt mat á hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi í þessu tilviki.

5. gr.

Við 126. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigendum annarra verðbréfa en hlutabréfa, sem sérstök réttindi fylgja, skulu í yfirtökufélaginu eigi veitt minni réttindi en þeir höfðu í hinu yfirtekna félagi nema fundur eigenda bréfanna, ef kveðið er á um slíkan fund í lögum, hafi samþykkt breytingar á réttindum, eigendur þeirra hafi samþykkt breytingarnar hver um sig eða eigendurnir eigi rétt til þess að yfirtökufélagið innleysi bréf þeirra.

6. gr.

2. og 3. mgr. 133. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 6.–8. gr., 1. mgr. 37. gr. og 119.–128. gr. gilda um skiptingu eftir því sem við á. Í skiptingaráætlun, sbr. 120. gr., skal vera nákvæm lýsing á þeim eignum og skuldum sem yfirfæra skal og úthlutað er til hvers viðtökufélags. Greina skal frá aðferðum sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun úthlutunar til hluthafa félagsins, sem skipt er, á hlutum í viðtökufélögum endurgjaldsins. Enn fremur skal í greinargerð félagsstjórna, sbr. 1. mgr. 121. gr., lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem liggja til grundvallar úthlutun á hlutum. Þar skal greina sérstak-

lega frá samningu sérfræðiskýrslu á grundvelli 6.–8. gr. vegna greiðslu í öðru en reiðufé til hluthafa félagsins sem skipt er, svo og að skýrslan verði send hlutafélagaskrá. Stjórn eða framkvæmdastjórar félagsins, sem skipt er, skulu skýra hluthafafundi þess félags frá öllum umtalsverðum breytingum, sem átt hafa sér stað á eignum og skuldum félagsins frá því að skiptingaráætlun var samin og þar til haldinn verður sá hluthafafundur félagsins sem taka skal ákvörðun um áætlunina, og auk þess stjórn eða framkvæmdastjórum viðtökufélaga svo að vitneskjunni verði komið til hluthafafunda viðtökufélaganna.

Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.

7. gr.

1. mgr. 141. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Ákvæði XVII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á. Í tilkynningu um stofnun útibús skal tekið fram berum orðum eftir hvaða landslögum erlenda hlutafélagið starfar. Þá skal geta skrárinnar, þar sem erlenda hlutafélagið er skráð, ásamt skráningarnúmeri félagsins í þeirri skrá, svo og forms félagsins. Í tilkynningu um útibú erlends hlutafélags eða félags í samsvarandi lagalegu formi, sem á lögheimili og varnarþing í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal geta lagalegs forms félagsins, aðalstarfsstöðvar og tilgangs þess og minnst einu sinni á ári fjárhæðar hlutafjár ef þessar upplýsingar koma ekki fram í stofnsamningi og samþykktum eða skjölum með breytingu þar á. Séu útibú hins erlenda hlutafélags fleiri en eitt nægir að senda stofnsamning, samþykktir og tilkynningar um breytingar þar á, svo og ársreikninga félagsins, einu sinni en vísa með glöggum hætti í skráningu fyrra útibús, m.a. skráningarnúmer (kennitölu) útibúsins, sbr. 142. gr.

8. gr.

142. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 1. mgr. 141. gr. og 149. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokun reikningsárs, sbr. 1. mgr. 141. gr.

9. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það, svo og hverjir sjái um gjaldþrotaskiptin eða félagsslitameðferðina, hver völd þeirra séu og hvenær skiptunum eða meðferðinni ljúki. Sambærilegar upplýsingar skal gefa um greiðslustöðvun, nauðasamninga og samsvarandi gerðir. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

427. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 14. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hagnaður af sölu þeirra réttinda sem um ræðir í 50. gr. A telst að fullu til tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu réttindi. Hagnaður af sölu telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði, eftir að frá því hafa verið dregnar fengnar fyrningar og niðurfærsla skv. 6. mgr., og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Þegar ákveða skal hagnað af sölu aflahlutdeildar eða sambærilegra réttinda í sjávarútvegi skal á hverjum tíma litið svo á að fyrst sé seldur sá hluti aflahlutdeildar í sömu fisktegund sem skattaðili keypti fyrst en úthlutaðri aflahlutdeild sé ráðstafað eftir að öll keypt aflahlutdeild í tegundinni hefur verið seld.

Á því ári sem skattskyldur hagnaður af sölu aflahlutdeildar eða sambærilegra réttinda í sjávarútvegi skv. 5. mgr. færist til tekna er skattaðila heimilt að færa niður stofnverð aflahlutdeildar, sem keypt hefur verið á tekjuárinu eða á síðustu 12 mánuðum áður en salan fór fram, um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Þá getur skattaðili farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðarins um tvenn áramót, enda kaupi hann aflahlutdeild í sjávarútvegi innan þess tíma og færi hana niður um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Ef aflahlutdeild er ekki keypt innan tilskilins tíma samkvæmt þessari málsgrein telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist, framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til þess árs þegar hann er tekjufærður, að viðbættu 10% álagi. Niðurfærsla eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein er því aðeins heimil að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

2. gr.

Á eftir 50. gr. laganna kemur ný grein, 50. gr. A, svohljóðandi:

a. Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar er eigi heimilt að fyrna. Til stofnkostnaðar samkvæmt þessari málsgrein telst m.a. keyptur réttur til nýtingar á náttúruauðæfum svo sem kaup á varanlegri aflahlutdeild og sambærilegum réttindum.

   Keypt leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 5. gr. laga nr. 38/1990 skal þó heimilt að telja til stofnkostnaðar með því skipi sem það er tengt og fer þá um fyrningar þess skv. 1. tölul. 32. gr., sbr. 1. tölul. 38. gr.

   Um hagnað vegna sölu á ófyrnanlegum réttindum skv. 1. mgr. fer skv. 5. og 6. mgr. 14. gr. Verðmæti keyptra réttinda sem ekki er heimilt að fyrna er eigi heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum. Þó skal heimilt að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Ófyrnanleg réttindi.*

3. gr.

Við 74. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ófyrnanleg réttindi skv. 50. gr. A skal telja til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr. að frádregnum fengnum fyrningum og að frádreginni niðurfærslu skv. 6. mgr. 14. gr., eftir að stofnverð, fyrningar og niðurfærslur hafa verið hækkaðar eða lækkaðar í samræmi við ákvæði 26. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó er rekstraraðilum, sem hafa keypt aflahlutdeild í sjávarútvegi fyrir gildistöku laga þessara, heimilt að fyrna þessi réttindi um allt að 20% á framtali vegna tekjuársins 1998, um allt að 15% á framtali vegna tekjuársins 1999 og um allt að 10% á framtali vegna tekjuársins 2000 og færa stofnverð keyptra aflahlutdeilda niður um þær fyrningar og fyrri fyrningar. Þó er ekki heimilt að fyrna þessi réttindi lengur en í fimm ár frá og með kaupári.

Þeim sem selt hafa aflahlutdeild fyrir gildistöku laga þessara og frestað skattlagningu söluhagnaðarins er heimilt að fara með söluhagnaðinn samkvæmt ákvæðum 13. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í dómi Hæstaréttar Íslands 18. nóvember 1993 í málinu Hrönn hf. gegn fjármálaráðherra var það niðurstaða réttarins að heimilt væri að færa keypta aflahlutdeild til gjalda eins og um væri að ræða fyrnanlega eign samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Niðurstaða þessi var hliðstæð afstöðu úrskurðaraðila í skattkerfinu að því leyti að litið var svo á að gjaldfærsla stofnkostnaðar vegna kaupa á aflahlutdeild væri heimil en ágreiningur var um það á hve löngum tíma heimilt væri að dreifa gjaldfærslunni. Þegar álitamálið kom til kasta dómstóla, sbr. framangreint dómsmál, ákvað fjármálaráðherra að gerð yrði krafa um að litið yrði á aflaheimildir sem ófyrnanleg réttindi og fyrir dómstólunum var því gerð sú aðalkrafa að synja bæri um gjaldfærslu stofnkostnaðarins. Þeirri kröfu var hafnað. Niðurstaða Hæstaréttar og skattyfirvalda var byggð á túlkun á ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, m.a. með þeim rökum að ekki væri í þeim lögum að finna ákvæði sem kveða berum orðum á um skattalega meðferð veiðiheimilda.

Þótt dómur Hæstaréttar hafi skorið úr um túlkun gildandi laga hefur það verið álitamál hvort niðurstaðan sé eðlileg með tilliti til þeirrar meginreglu skattalaganna að til rekstrarkostnaðar skuli aðeins telja þann kostnað sem lagt er í vegna viðkomandi atvinnustarfsemi. Samkvæmt þeirri reglu skal einungis gjaldfæra stofnkostnað eigna í samræmi við þá verðmætarýrnun sem hlýst af notkun þeirra við framleiðsluna. Á það hefur verið bent að lítil rök standi til þess að ætla að verðmæti aflahlutdeildar rýrni við notkun og almennt hefur þróunin verið sú að verð aflahlutdeildar hefur farið hækkandi. Þannig hefur verðmæti aflahlutdeilda í hendi þeirra sem þær keyptu ekki rýrnað heldur farið vaxandi. Skattaleg meðferð í samræmi við niðurstöðu hæstaréttardómsins er hins vegar að kaupverð aflahlutdeildar hefur verið gjaldfært að hluta eða alveg og skattskyldar rekstrartekjur og eign því lækkaðar sem því nemur. Þá hafa menn ekki verið á einu máli um þau rök sem fram komu í meðferð málsins fyrir skattyfirvöldum og dómstólum um að óvissa um varanleika fiskveiðistjórnunarkerfisins réttlæti afskrift keyptrar aflahlutdeildar. Bent hefur verið á að óvissa í þessu efni komi væntanlega fram í verði aflahlutdeildanna og að óvissa af einhverju tagi tengist flestum eignum, einnig ófyrnanlegum eignum, án þess að það verði tilefni til afskrifta. Með vísan til þessa er afar þýðingarmikið að löggjafarvaldið taki af skarið og setji skýrar reglur í þessum efnum.

Í tengslum við ýmsar ráðstafanir og athuganir í sjávarútvegsmálum sem sjávarútvegsráðherra beitti sér fyrir í árslok 1996 beindi hann þeim tilmælum til fjármálaráðherra að skattaleg meðferð keyptrar aflahlutdeildar og hliðstæðra réttinda yrði tekin til athugunar. Í framhaldi af því skipaði fjármálaráðherra með bréfi, dags. 27. febrúar 1997, nefnd til að fjalla um málið og semja lagafrumvarp til að koma breytingu samkvæmt tillögum sínum til framkvæmda. Hefur nefndin samið frumvarp þetta.

Í upphafi nefndarstarfsins var leitað eftir upplýsingum í nokkrum löndum þar sem vitað var að veiðiheimildir eru framseljanlegar. Upplýsingar fengust frá Noregi, Bretlandi og Nýja-

Sjálandi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin fékk virðist það vera meginregla í þessum löndum að ekki sé heimilt að afskrifa stofnkostnað veiðiheimilda.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að margt mæli með því að breyta núgildandi reglum í þessum efnum á þann veg að keypt aflahlutdeild verði ekki frádráttarbær frá rekstrartekjum og verði með hana farið að flestu leyti eins og ófyrnanlegar eignir, svo sem lönd og lóðir. Nefndin leggur enn fremur til að kveðið verði með beinum hætti á um að hagnaður af sölu aflahlutdeildar sé skattskyldur og að um ákvörðun þessa hagnaðar verði settar nánari reglur og þess þá m.a. gætt að skipti á aflaheimildum og breyting á samsetningu þeirra verði ekki hindruð af skattalegum ástæðum. Þá leggur nefndin einnig til að sett verði ákvæði um lagaskil þar sem kveðið verði á um með hvaða hætti núverandi fyrirkomulag verði lagt af. Tillaga nefndarinnar felur í sér að fyrning vegna aflahlutdeildar sem keypt var fyrir gildistöku laganna verði lækkuð í áföngum.

Vegna síðastnefndrar tillögu nefndarinnar hefur komið til álita að sú breyting kunni að vera í ósamræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar þar sem um kunni að vera afturvirka skattlagningu. Ekki er talið að svo sé. Enn fremur er þess að gæta að um er að ræða ívilnandi reglu sem fól í sér skattfrestun, en ekki er með henni verið að leggja á skatt. Þá er þess að gæta að breyting þessi snertir eingöngu skattlagningu tekna sem aflað verður eftir gildistöku laganna, en sú tekjuöflun ræður skattskyldu.

Nefndin telur aftur á móti sanngjarnt að taka tillit til þess að þeir sem fest hafa kaup á aflahlutdeild á síðustu árum kunni að hafa litið til þess að þeir mundu eiga þess kost að draga kaupverðið frá rekstrartekjum. Hins vegar sé einnig nauðsynlegt að gæta að því að samræmi sé í skattalegri meðferð á hverjum tíma og jafnræði milli fyrirtækja í sams konar starfsemi. Því þurfi að eyða sem fyrst því misræmi sem verður á milli þeirra aðila sem keyptu aflaheimildir fyrir gildistöku laganna og þeirra sem gera það eftir þann tíma. Nefndin leggur því til að núverandi heimildir þeirra sem keypt hafa aflahlutdeild fyrir gildistöku laganna til að færa stofnkostnað við þau kaup til gjalda í rekstri og færa þær niður verði afnumdar í áföngum og falli að fullu niður eftir árið 2000.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um skattlagningu hagnaðar af sölu á réttindum sem um ræðir í 2. gr. frumvarpsins, svo sem aflahlutdeild og öðrum hliðstæðum réttindum í sjávarútvegi, verði fært undir 14. gr. laganna þar sem er að finna almennu ákvæðin um skattlagningu söluhagnaðar ófyrnanlegra eigna.

Rétt þykir að vera með sérákvæði um þessi réttindi í 14. gr. þar sem fram að þessu hefur verið litið á þetta sem fyrnanlega eign og eins er nauðsynlegt að taka tillit til fyrninga þegar um er að ræða sölu á aflahlutdeild sem keypt verður fyrir gildistöku laga þessara. Þá þykir heldur ekki ástæða til að láta öll ákvæði núgildandi 14. gr. taka til söluhagnaðar aflahlutdeildar. Þetta á til dæmis við reglu 3. mgr. 14. gr. um að skattaðila sé jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. kom inn í lögin á sínum tíma þar sem ljóst var að varðandi ýmsar eignir yrði erfitt að koma því við að miða við fasteignamat 1979 eða framreiknað stofnverð. Þessi vandamál eiga ekki við um aflahlutdeildina þar sem ekki eru erfiðleikar við að framreikna upphaflegt stofnverð.

Í 1. málsl. 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði þess efnis að hagnað af sölu ófyrnanlegra réttinda skuli almennt telja til tekna á söluári. Á það við án tillits til þess hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu réttindi. Tekur ákvæðið þannig t.d. til aflahlutdeildar sem skattaðili selur, hvort sem hann hefur fengið hana með úthlutun eða kann að hafa keypt hana

fyrir eða eftir gildistöku laga þessara. Með sölu og kaupum í þessu sambandi er einnig átt við skipti á aflahlutdeildum sbr. einnig 24. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 2. málsl. 1. efnismgr. er að finna skilgreiningu á hagnaði af sölu ófyrnanlegra réttinda. Um er að ræða sambærilegt ákvæði og er að finna í 2. mgr. 14. gr. laganna að öðru leyti en því að gera verður ráð fyrir breytingu á stofnverði vegna fenginna fyrninga auk niðurfærslu samkvæmt þeim reglum sem lagt er til að gildi um aflahlutdeild. Þær fyrningar sem hér um ræðir eru eingöngu þær fyrningar sem heimilar kunna að hafa verið fram að gildistöku þessara laga og heimilar verða samkvæmt gildistökuákvæði þeirra en eftir það verða ekki aðrar fyrningar leyfilegar. Þær niðurfærslur sem um ræðir eru hins vegar þær sem heimilar verða til jafns við hagnað af sölu á aflahlutdeild, sbr. ákvæði 3. málsl. Enn fremur er í 3. málsl. 1. mgr. sérákvæði um útreikning á hagnaði af sölu á aflahlutdeild þar sem kveðið er á um að við sölu á aflahlutdeild verði litið svo á að innan hverrar tegundar séu fyrst seldar þær heimildir sem fyrst voru keyptar en úthlutaðar aflaheimildir komi síðastar til álita.

Í 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem felur í sér frávik frá 1. efnismgr. 1. gr. um að söluhagnaður ófyrnanlegra réttinda verði skattlagður að fullu á söluári þegar um er að ræða aflahlutdeild eða sambærileg réttindi. Um er að ræða frestunarákvæði, þ.e. stofnverð sambærilegra réttinda sem keypt eru á sama tíma, er lækkað sem nemur söluhagnaði þeirra réttinda, sem seld voru, þannig að það verður ekki fyrr en við sölu þeirra að söluhagnaður verður reiknaður af þeim hluta. Á þetta við þegar skattaðili, sem selt hefur aflahlutdeild eða sambærileg réttindi, kaupir á tekjuárinu eða hafði keypt á síðustu 12 mánuðum sambærilegar heimildir. Kaupi skattaðili ekki sambærileg réttindi innan framangreindra tímamarka er honum heimilt að óska eftir frestun skattlagningar um tvenn áramót. Hann hefur þannig nokkurt svigrúm til að afla sambærilegra réttinda. Geri hann það ekki bætist við 10% álag á fjárhæð söluhagnaðarins þegar hann er tekjufærður. Að flestu leyti er um að ræða sambærilegt ákvæði og er að finna í 13. gr. núgildandi laga varðandi fyrnanlegar eignir. Ákvæðið er þó þrengra að því leyti að einungis er gert ráð fyrir að heimilt sé að færa kaup á nýrri aflahlutdeild niður um söluhagnaðinn. 13. gr. núgildandi laga heimilar hins vegar fyrningu allra tegunda fyrnanlegra eigna.

Með ákvæði 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er reynt að koma í veg fyrir að söluhagnaðarreglurnar varðandi aflahlutdeildina virki hamlandi á framsal aflahlutdeildar milli útgerðaraðila sem gert er í eðlilegum rekstrartilgangi. Þannig er gert ráð fyrir að aðilar geti skipst á sambærilegri aflahlutdeild án þess að það leiði til skattlagningar. Niðurfærsla eða frestun tekjufærslu er háð því skilyrði að yfirfæranleg töp hafi verið jöfnuð. Sé hún ekki notuð telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist að viðbættu 10% álagi.

Um 2. gr.

Lagt er til að við lögin bætist ný grein með yfirskriftinni ófyrnanleg réttindi. Með tilliti til uppbyggingar laganna þykir eðlilegast að hafa þessa grein næst á eftir umfjöllun um fyrnanlegar eignir. Ákvæði þessarar greinar eru almenn í þeim skilningi að þau taka til allra keyptra réttinda sem ekki rýrna við notkun. Til nánari skýringar er tekið fram að þau taki til keyptra réttinda til nýtingar á náttúruauðæfum, svo sem aflaheimildum og sambærilegum réttindum. Er það m.a. gert í þeim tilgangi að augljóst verði að verið er að breyta því réttarástandi sem verið hefur í þeim efnum.

Í greininni er tekið beint fram að ekki sé heimilt að fyrna réttindi sem ekki rýrna við notkun. Með henni eru tekin af öll tvímæli um það hvort heimilt sé að fyrna keypta aflahlutdeild. Skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er heimildum til

veiða á þeim fiskitegundum, þar sem heildarafli er takmarkaður, úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar og nefnist það aflahlutdeild. Aflahlutdeild skips helst að meginstefnu til óbreytt milli ára. Því er ekki um að ræða verðmætarýrnun vegna notkunar eða aldurs líkt og kemur fram í skilgreiningu 32. gr. varðandi fyrnanlegar eignir. Þá er enn síður um það að ræða að með kaupunum sé verið að leggja út í kostnað sem á árinu á að ganga til að afla tekna, tryggja þær eða halda þeim við, og því ekki um að ræða rekstrarkostnað í skilningi 31. gr. laganna. Af þeirri ástæðu er í 3. mgr. tekið fram að gjaldfærsla sé ekki heimil. Þar sem hér getur verið um að ræða réttindi sem kostað hefur verið verulega til þykir hins vegar rétt að heimilað verði að gjaldfæra þann kostnað ef réttindin falla niður, t.d. með því að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi verði lagt af. Er hér komið til móts við þau sjónarmið sem nokkru réðu um það að gera keypta aflahlutdeild fyrnanlega. Er hér um eðlislíka reglu að ræða og þá sem er að finna í 34. gr. gildandi laga um fyrnanlegar eignir.

Með kaupum og sölu á réttindum er átt við hvers kyns framsal eða afhendingu þeirra í viðskiptum. Þannig ber að líta á skipti á aflahlutdeildum sem makaskipti, sbr. 24. grein laga um tekjuskatt og eignarskatt og skulu þau færð í reikninga á því verði sem almennt gerist í hliðstæðum viðskiptum þar sem um beina sölu eða kaup er að ræða. Það telst einnig kaup og sala ófyrnanlegra réttinda þegar þau eru seld og keypt sem ósérgreindur hluti af viðskiptum sem einnig taka til annarra verðmæta. Þannig telst sala skips með aflahlutdeild vera hvort tveggja sala fyrnanlegrar eignar, þ.e. skips, og sala ófyrnanlegra réttinda, þ.e. sala aflahlutdeildar. Í þeim tilvikum þarf að sérgreina verð hvors hluta um sig og skal stofnverð aflahlutdeildarinnar þá ákveðið sem það verð sem almennt gerist í viðskiptum þegar um aðgreinda sölu aflahlutdeildar er að ræða.

Í ákvæðinu eru tilgreind ein frávik frá hinni almennu reglu þar sem kveðið er á um að keypt leyfi til veiða í atvinnuskyni, svokölluð rúmmálsréttindi, skuli talin með hinu keypta skipi og falli þar með undir fyrningarreglur sem um það gilda. Meginrökin fyrir þessu fráviki eru að í viðskiptum með fiskiskip er í flestum tilvikum ekki gerður greinarmunur á kaupverði skips og rúmmálsréttinda og eru verðmæti þessara réttinda ekki metin sérstaklega við ákvörðun á verði fiskiskipa. Viðskipti með rúmmálsréttindi eru lítil og er því vafasamt að leggja þau fáu viðskipti til grundvallar við mat á markaðsverði þeirra. Þá hafa reglur um rúmmálsréttindi tekið breytingum á undanförnum árum sem leitt hefur til sveiflna í markaðsverði þeirra. Var það niðurstaða nefndarinnar að ekki væri framkvæmanlegt að aðgreina verðmæti rúmmálsréttinda sérstaklega, heldur bæri að fara með réttindi þessi eins og fiskiskip og fyrna þau með sama fyrningarhlutfalli.

Um 3. gr.

Í 74. gr. laganna, er að finna nánari útfærslu á því hvernig meta skuli þær eignir sem taldar eru falla undir 73. gr. Ástæða þykir til að fjalla sérstaklega í 74. gr. um hvernig meta skuli aflahlutdeild og önnur hliðstæð réttindi. Stofnverð eins og það er skilgreint í 2. mgr. 10. gr. laganna er lagt til grundvallar en tekið tillit til fenginna fyrninga eða niðurfærslu auk verðbreytinga skv. 26. gr. Eins og tekið er fram í skýringum við 1. gr. um mat á söluhagnaði er þar einungis um að ræða fyrningar sem heimilar voru fyrir gildistöku þessara laga eða verða það skv. 4. gr., svo og niðurfærslu sem heimiluð er á móti söluhagnaði. Þannig er ljóst að keypt aflahlutdeild og önnur sambærileg réttindi eru metin til eignarskatts á bókfærðu verði þeirra hverju sinni. Kvótaréttindi sem að fullu hafa verið fyrnd eða færð niður mynda því ekki eignarskattsstofn.

Um 4. gr.

Á undanförnum árum hafa fjölmargir aðilar keypt aflahlutdeild og gert ráð fyrir að þeir fengju að gjaldfæra kaupverðið á nokkrum árum. Gagnvart þessum aðilum þykir rétt að við gildistöku þeirra breytinga sem eru í frumvarpi þessu verði ekki í einni svipan tekið fyrir þær gjaldfærslur sem aðilar hafa gert ráð fyrir. Á hinn bóginn þykir einnig óæskilegt að fyrri reglum sé viðhaldið lengur en óhjákvæmilegt er, m.a. vegna þess misræmis sem það skapar á milli aðila eftir því hvort þeir keyptu aflahlutdeild fyrir eða eftir gildistöku laga þessara. Er því gert ráð fyrir að á næstu þremur árum eftir gildistökuna verði heimildir til fyrningar á stofnkostnaði vegna aflahlutdeildar sem keypt var fyrir gildistöku laganna lækkaðar í áföngum og rekstraraðilum heimiluð allt að 45% fyrning á árunum 1998 til 2000 til viðbótar við allt að 20% fyrningu vegna rekstrar á árinu 1997. Þeir sem kaupa aflahlutdeild á því ári geta því fengið allt að 65% fyrningu þrátt fyrir að frá 1. janúar 1998 verði litið á keypta aflahlutdeild sem ófyrnanlega eign.

Í síðari málsgrein greinarinnar er gert ráð fyrir að þeim sem selt hafa aflahlutdeild fyrir gildistöku laganna og hafa frestað skattlagningu söluhagnaðarins verði heimilt að fara með söluhagnaðinn samkvæmt ákvæðum 13. gr. Hér er um að ræða sanngirnismál þar sem þær reglur hafa gilt að heimilt hefur verið að fyrna eignir skv. 32. gr. um sem nemur skattskyldum söluhagnaði aflahlutdeildar, fyrir gildistöku laganna. Þykir nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um að þær reglur muni gilda varðandi söluhagnað aflahlutdeildar sem myndaðist fyrir gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á tekju- og eignarsköttum lögaðila og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

428. Frumvarp til laga [339. mál]

um breytingu á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Á 5. gr. laganna verða eftirgreindar breytingar:

1. Fjórði töluliður 1. mgr. orðast svo: Siglunes (grp. 3) 66°11'9 N–18°49'9 V".
2. Í stað orðanna: „austur frá Hvítingum (vms. 19)" í síðari málsgrein liðar C.5 kemur: suður frá Stokksnesi (vms. 20).
3. Á eftir orðinu: „Geirfugladrangi" í lið D.2 kemur: (63°40'7 N–23°17'1 V).

4. Í stað orðanna: „réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34)“ í lið D.5 kemur: réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34).
5. Síðari málsgrein liðar D.6 fellur brott.
6. Liður E.1 orðast svo: Allt árið úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og utan línu í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N–24°12'00 V.
7. Í stað orðanna: „réttvísandi frá Malarrifi“ í lið F.3 kemur: réttvísandi vestur frá Malarrifi.
8. Á undan orðunum: „Allt árið“ í lið G. Vestfirðir kemur: G.1.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í maí 1997 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Þau lög koma í stað laga nr. 81/1976. Í 5. gr. laganna eru tilgreind þau veiðisvæði þar sem togveiðar eru heimilar en við frágang á þeirri grein urðu nokkrar misfellur sem nauðsynlegt er að bæta úr. Hér er fremur um að ræða lagfæringar en efnislegar breytingar og þarfnast þær ekki sérstakra skýringa. Þó má segja að í 2. og 5. tölul. felist efnislegar breytingar á lögunum sem rétt er að gera nánari grein fyrir:

Í síðari málsgrein liðar C.5 í 5. gr. urðu þau mistök að í stað Stokksness var miðað við Hvítinga. Með þessu stækkaði friðaða svæðið, þar sem togveiðar eru bannaðar hluta úr ári, verulega til austurs. Ekki stóð til að gera slíka breytingu með lögum nr. 79/1997 og var hér einfaldlega um mistök í prentun að ræða. Er því lagt til að friðunarsvæðinu verði komið í það horf sem að var stefnt og það hefur verið í um langt skeið.

Í 5. tölul. 1. gr. er lagt til að fellt verði úr gildi lögbundið bann við öllum veiðum milli meginlandsins og Vestmannaeyja og við sæsímastrenginn sem liggur frá Vestmannaeyjum til útlanda. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að við umfjöllun um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á síðasta vori kom fram tillaga um að slík veiðibönn til varnar strengjum væru ekki lögbundin heldur yrðu þau ákveðin með reglugerðum hverju sinni. Því var sú breyting gerð á frumvarpinu að ráðherra var heimilað að banna notkun allra eða tiltekinna gerða veiðarfæra á svæðum þar sem hætta var á að þau yllu skemmdum á neðansjávarstrengjum eða vatnslögnum. Hins vegar láðist að fella úr frumvarpinu ákvæði um lögbundið bann við veiðum á tilteknum svæðum milli meginlandsins og Vestmannaeyja. Ástæða þess að æskilegt þótti að gera slíka breytingu var fyrst og fremst sú að slíkir strengir eru færðir úr stað jafnframt því sem nýir eru lagðir. Þykir því eðlilegra að gefnar verði út reglugerðir til varnar slíkum strengjum á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laganna. Auk þess má benda á að með því móti sættu brot ekki viðurlögum sem fiskveiðilagabrot heldur viðurlögum skv. 17. gr. laganna. Er því lagt til að lögbundið bann við veiðum milli lands og Eyja verði fellt úr gildi en hins vegar gert ráð fyrir að kveðið verði á um slíkt bann í reglugerð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar lagfæringar á skilgreiningu landhelginnar. Kostnaðarauki ríkissjóðs verður enginn af þeim sökum.

429. Frumvarp til laga [340. mál]

um rétt til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Fiskveiðar og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er skilgreind í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

1. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
2. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   b. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilandhelgi Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
   c. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja þá aðra verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

Til fiskveiða og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslensk skip og gildir það einnig um vinnslu sjávarafla skv. 2. málsl. 2. mgr. Íslensk skip eru þau skip sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu íslenskra skipa.

2. gr.

Erlendum veiðiskipum og vinnsluskipum er óheimilt að hafast við í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er þeim heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda hafi þau tilkynnt um veru sína skv. 4. gr. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum með milliríkjasamningum.

3. gr.

Erlendum skipum er heimilt að landa eigin afla, umskipa afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skips.

Erlendum skipum, sem stunda veiðar eða vinnslu á afla úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og sem íslensk stjórnvöld hafa ekki gert milliríkjasamning um nýtingu á, er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. óheimilt að koma til íslenskra hafna. Sama gildir um erlend skip sem stunda veiðar eða vinnslu á afla sem brjóta í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að. Óheimilt er einnig að veita skipum, sem um ræðir í þessari málsgrein, þjónustu í fiskveiðilandhelgi Íslands eða frá íslenskum höfnum og skipum, er flytja afla þeirra eða veita þeim þjónustu utan fiskveiðilandhelgi Íslands, er enn fremur óheimilt að koma til íslenskra hafna.

Ráðherra getur ákveðið að ákvæði 2. mgr. gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi, enda sé Ísland aðili að honum. Þá getur ráðherra ákveðið að ákvæði 2. mgr. taki til erlendra skipa sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði 2.–3. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda og heimilt er þeim að leita vars við strendur landsins, enda verði Landhelgisgæslu Íslands tilkynnt um það.

4. gr.

Erlend veiðiskip og vinnsluskip skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands með sex klukkustunda fyrirvara um komu sína í og siglingu út úr fiskveiðilandhelgi Íslands. Auk þess skulu þau erlendu skip sem hyggjast leita hafnar hér á landi tilkynna Landhelgisgæslunni um magn afla og tegundir um borð í skipinu, hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til viðkomandi hafnar. Landhelgisgæslan skal tilkynna Fiskistofu megi ætla að veiðar skipsins falli undir 2.–3. mgr. 3. gr.

5. gr.

Um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni skulu, ef ekki er um annað samið í milliríkjasamningum, gilda ákvæði laga og reglugerða sem gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelginni varðandi veiðarfæri, friðunarsvæði og veiðitíma, sbr. 8.–14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nýtingu nytjastofna og eftirlit með fiskveiðum, þar með talda færslu afladagbóka, sbr. 2., 9. og 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 15. og 17. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þá skulu gilda ákvæði laga og reglugerða sem gilda um vigtun sjávarafla í íslenskum höfnum landi erlend veiðiskip afla sínum hér á landi. Að öðru leyti skulu gilda um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni sambærilegar reglur og gilda um veiðar íslenskra skipa, eftir því sem við á, sbr. þó 9. gr.

6. gr.

Fiskistofa gefur út tímabundin leyfi til erlendra skipa í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegsráðuneytisins þar að lútandi. Stjórnvöld í því ríki sem veitt hafa verið réttindi með milliríkjasamningi skulu sækja til Fiskistofu um leyfi til að stunda veiðar á grundvelli samn-

ingsins. Erlendum skipum er óheimilt að hefja veiðar innan fiskveiðilandhelginnar nema að fengnu leyfi Fiskistofu.

7. gr.

Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í erlend veiðiskip sem stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð í veiðiskipinu og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

8. gr.

Fiskistofa getur svipt erlent skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa gegn lögum þessum, öðrum lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerðum settum með stoð í lögum eða ákvæðum milliríkjasamninga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að setja frekari reglur um framkvæmd laga þessara og um framkvæmd einstakra milliríkjasamninga í samræmi við reglur um sambærilegar veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilandhelginnar ef ekki hefur verið um annað samið í milliríkjasamningum. Þá er ráðherra heimilt, telji hann slíks þörf, að setja frekari reglur um veiðarfæri, veiðisvæði og veiðitíma og reglur sem lúta að eftirliti með veiðum erlendra skipa, svo sem um vigtun afla, færslu afladagbóka, tilkynningar til stjórnvalda, fjareftirlit og skyldu til að sigla inn í og út úr fiskveiðilandhelgi Íslands á tilteknum athugunarstöðvum.

10. gr.

Ákvæði 11.–15. gr. eiga við sé brotið gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum settum með stoð í þeim.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða gilda ekki sektarhámörk þau sem sett eru í 12. gr. Auk þess skal heimilt í þeim tilvikum að gera allan afla skipsins og öll veiðarfæri um borð í skipinu upptæk. Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans og veiðarfæranna samkvæmt mati dómkvaddra manna.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

13. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Ákvarða má sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmann lögaðila, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má

einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun til eða hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

14. gr.

Hafi afli fengist á ólögmætan hátt skulu brot auk refsingar samkvæmt framansögðu varða upptöku afla. Komi í ljós við athugun á afla um borð í erlendu veiðiskipi að aflamagn um borð í skipinu er ekki í samræmi við skráðan afla í afladagbókum eða tilkynningar til stjórnvalda er heimilt að gera það aflamagn sem umfram er hinn skráða eða uppgefna afla upptækt. Á sama hátt skal gera þann afla upptækan sem umfram er þær heimildir sem erlendum skipum eru veittar af íslenskum stjórnvöldum. Í stað þess að gera afla upptækan samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum eða í samræmi við ákvæði annarra laga sem vísað er til í lögum þessum.

15. gr.

Heimilt er að kyrrsetja skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 13 30. mars 1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og 10. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í mars 1992 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Þessi lög leystu af hólmi lög nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi. Með setningu laga nr. 13/1992 var í engu hvikað frá þeirri meginreglu að óheimilt væri að veita erlendum veiðiskipum heimildir til veiða í lögsögu Íslands nema að undangengnum milliríkjasamningum þar um. Hins vegar var sú breyting gerð með þeim lögum að erlendum veiðiskipum var veittur frjáls aðgangur að íslenskum höfnum til að landa hér afla og leita þjónustu nema í þeim tilvikum sem stundaðar væru veiðar úr stofnum sem veiddust bæði utan og innan lögsögunnar, hefði ekki verið samið um nýtingu þeirra stofna.

Við framkvæmd laga nr. 13/1992 hefur komið í ljós að ástæða er til þess að kveða skýrar á um heimildir erlendra veiði- og vinnsluskipa til athafna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og í höfnum landsins, m.a. með hliðsjón af þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið hjá alþjóðlegum stofnunum sem fjalla um stjórn fiskveiða. Þá þykir og nauðsynlegt að ákvarða skýrt um heimildir íslenskra stjórnvalda til setningar reglna um veiðar þeirra erlendu skipa sem fá veiðiheimildir innan fiskveiðilandhelginnar auk þess sem rétt þykir að setja fyllri reglur um fram-

kvæmd milliríkjasamninga og leyfisveitinga samkvæmt þeim. Einnig er lagt til í frumvarpinu að nokkrar breytingar verði gerðar með hliðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd laga nr. 13/1992. Þá eru felld inn í þetta frumvarp nokkur ákvæði laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sem betur þykja eiga þar heima þar sem þau lúta að réttindum erlendra skipa til þjónustu hér við land. Loks eru viðurlög samræmd viðurlagaákvæðum annarra laga sem lúta að fiskveiðistjórn.

Með frumvarpinu er því í raun stefnt að því að sett verði heildstæð lög sem lúta að heimildum erlendra skipa til veiða og vinnslu sjávarafla í landhelginni og heimildum þeirra til að leita þjónustu í höfnum hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. þessar greinar er íslenskum ríkisborgurum einum tryggður réttur til að stunda veiðar og vinnslu sjávarafla í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 46/1996, um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum og lögum nr. 53/1996, um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, nr. 13/1992, að öðru leyti en því að í þessari grein er skýrt kveðið á um að sömu skilyrði eru sett fyrir eignaraðild að vinnsluskipi sem vinnur afla í fiskveiðilandhelginni og sett eru fyrir fiskvinnslufyrirtæki sem starfar í landi.

Í 2. mgr. er skilgreint hvað telst vinnsla sjávarafla í skilningi 1. mgr. og er sú skilgreining einnig í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 46/1996. Vart er við því að búast að gerð verði út skip til vinnslu á sjávarafla á þann hátt sem vinnslan er skilgreind í 2. mgr. en hins vegar þykir rétt að ákvæði um heimildir til vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelginni séu samræmd þeim ákvæðum sem gilda um vinnslu sjávarafla í landi.

Í 3. mgr. er áréttað að einungis sé heimilt að stunda vinnslu um borð í skipum í fiskveiðilandhelginni ef skipin eru skráð íslensk samkvæmt skráningarreglum þar að lútandi. Tekur þetta ákvæði einnig til þeirra vinnslugreina sem erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta meira í samkvæmt lögum nr. 46/1996. Í síðasta málslið er skilgreining á því hvaða skip teljist íslensk í skilningi þessara laga.

Í frumvarpinu er hugtakið fiskveiðilandhelgi notað í stað hugtaksins efnahagslögsaga í lögum nr. 13/1992. Er það gert til að kveða skýrt á um að þær reglur, sem lagt er til að settar verði samkvæmt þessu frumvarpi, taki til alls hafsvæðisins innan 200 sjómílna frá grunnlínupunktum en efnahagslögsagan tekur samkvæmt skilgreiningu laga nr. 41/1979 aðeins til hafsvæðisins frá 12 sjómílum út að 200 sjómílum.

Um 2. gr.

Í 1. málsl. segir að erlendum veiðiskipum og vinnsluskipum sé óheimilt að hafast við í fiskveiðilandhelgi Íslands en í 2. málsl. segir að þessum skipum sé þó heimil óslitin sigling um lögsöguna, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um ferð sína um fiskveiðilögsöguna með ákveðnum fyrirvara. Með þessu er lagt til að nokkuð strangari reglur gildi um veru erlendra veiði- og vinnsluskipa í fiskveiðilandhelginni en gilda samkvæmt lögum nr. 13/1992. Í 1. gr. laga nr. 13/1992 segir aðeins að erlendum veiði- og vinnsluskipum séu óheimilar veiðar og vinnsla í efnahagslögsögunni. Hins vegar er ekki í þeim lögum kveðið á um aðrar athafnir þeirra hér við land. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði, yrði allt eftirlit með erlendum skipum markvissara en ella. Erlendum veiði- og vinnsluskipum væri aðeins heimil óslitin sigling um fiskveiðilögsöguna en önnur vera þeirra þar væri óheimil. Eins og lögin eru nú gerir það eftirlit með veiðum erfitt að erlendum skipum er heimilt að vera innan fiskveiði-

landhelginnar, enda séu þau ekki að veiðum eða við vinnslu afla. Ljóst er að eftirlit Landhelgisgæslunnar er erfiðara þegar veiðar eru stundaðar við mörk fiskveiðilögsögunnar. Verði frumvarp þetta samþykkt yrði staðan sú að erlendum veiði- og vinnsluskipum væri óheimilt að hafast við innan fiskveiðilandhelginnar nema þau væru þar samkvæmt sérstökum milliríkjasamningi þar um eða væru á óslitinni siglingu um hana, hvort sem þau væru á leið til hafnar hér á landi eða annað. Þykir ekki þörf á frekari heimildum til veru erlendra veiði- og vinnsluskipa innan fiskveiðilandhelginnar.

Í lokamálslið greinarinnar er áréttað að heimilt sé með gerð sérstaks samkomulags að heimila erlendum skipum veiðar og vinnslu í fiskveiðilandhelginni og er það í samræmi við það sem tíðkast hefur, sbr. 5. gr. laga nr. 13/1992. Nú eru í gildi milliríkjasamningar um heimildir færeyskra skipa til veiða með línu og handfærum hér við land og enn fremur um heimildir skipa frá Evrópusambandinu til veiða á karfa. Þá hafa norsk, færeysk og grænlensk skip haft heimildir til loðnuveiða í fiskveiðilandhelginni samkvæmt sérstökum milliríkjasamningum.

Um 3. gr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar er samhljóða 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1992 að öðru leyti en því að sérstaklega er áréttað að heimilt sé að umskipa afla erlendra skipa í íslenskum höfnum. Í því felst ekki breyting frá gildandi framkvæmd en hins vegar þykir rétt að hafa ákvæðið ótvírætt að þessu leyti. Með þessu ákvæði var sú stefna mörkuð að aflétta þeim takmörkunum sem verið höfðu á heimildum erlendra skipa til að leita hér þjónustu og landa afla. Verður að telja að sú ákvörðun hafi reynst vel og hefur hún leitt til aukinna viðskipta með sjávarafla auk þess sem erlend skip hafa í auknum mæli leitað hér ýmissar þjónustu.

Í 1. málsl. 2. mgr. segir að þrátt fyrir heimildir í 1. mgr. sé þeim skipum, sem stunda veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi, ekki heimilt að landa hér afla, umskipa eða sækja þjónustu hafi ekki verið samið um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Þá segir í 2. málsl. að bannið taki einnig til skipa er stundi veiðar er brjóti í bága við samninga um nýtingu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að. Fyrra tilvikið er efnislega samhljóða ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1992 og síðara tilvikið er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Rökin fyrir því að banna þeim skipum, sem slíkar veiðar stunda, að leita hér hafnar eru fyrst og fremst þau að nauðsynlegt þykir að koma í veg fyrir að hafnir landsins verði notaðar til sóknar í stofna sem ekki hafa verið felldir undir veiðistjórn eða til sóknar í trássi við samninga um veiðistjórn. Tekur þetta bæði til tilvika þegar ekki hefur verið samið um stjórn stofna sem veiðast bæði utan og innan fiskveiðilögsögunnar og eins til veiða skipa frá ríkjum sem óbundin eru af samningum um veiðistjórn.

Í 3. málsl. 2. mgr. segir að óheimilt sé að veita skipum, falli veiðar þeirra undir þessa málsgrein, þjónustu í fiskveiðilandhelgi Íslands eða frá íslenskum höfnum. Ákvæði þetta kæmi í stað 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 151/1996 og er efnislega samhljóða því. Hins vegar segir einnig í þessum málslið frumvarpsins að þeim skipum, sem flytja afla skipa eða veita skipum þjónustu sem veiða eða vinna afla utan fiskveiðilandhelginnar og falla undir skilgreiningu 1. mgr., skuli einnig óheimilt að leita hafnar hér á landi. Með þessu móti ætti að vera unnt að koma í veg fyrir að skip sem stunda skaðlegar veiðar eða vinnslu afla, í trássi við hagsmuni Íslands, geti auðveldað sér þær veiðar með því að sækja þjónustu til þeirra veiða hér á landi.

Í 3. mgr. greinarinnar er vikið nokkuð frá orðalagi núgildandi ákvæðis 2. mgr. 10. gr. laga nr. 151/1996. Er það gert til að einfalda orðalag þessa ákvæðis en þó einkum til þess að gera ráðherra kleift að loka höfnum fyrir erlendum skipum sem stunda veiðar úr stofni án þess að

viðkomandi fánaríki eigi aðild að þeirri fiskveiðistofnun sem stjórnar viðkomandi veiðum eða því fyrirkomulagi sem fiskveiðistofnunin hefur sett um veiðarnar. Helsta ástæða þess að talið er rétt að rýmka þessa heimild þannig að hún taki einnig til annarra skipa en hentifánaskipa, eins og núgildandi lagaheimild gerir, er sú að á ársfundi NAFO 1997 gerði allsherjarráð stofnunarinnar samþykkt til að stuðla að fylgni skipa frá ríkjum utan stofnunarinnar við stjórnarreglur hennar. Samþykktin er ekki lagalega skuldbindandi fyrir aðildarríki stofnunarinnar og er því hæpið að tala um að hér sé á ferðinni samningur í skilningi þessarar greinar. Engu að síður er gert ráð fyrir að aðildarríkin upplýsi um framkvæmd þeirra í þessum efnum. Samþykktin kveður m.a. á um að hafi sést til skipa við veiðar á NAFO-svæðinu skuli fara fram rannsókn um borð í þeim komi þau til hafnar í aðildarríkjum stofnunarinnar. Skal banna löndun og umskipun í ákveðnum tilvikum, þ.e. ef tilteknar fisktegundir finnast um borð og ekki tekst að sanna að þær hafi verið veiddar utan svæðisins og einnig ef tilteknar aðrar fisktegundir eru um borð og ekki hefur tekist að sanna að viðkomandi skip hafi virt stjórnunarreglur NAFO. Íslandi er hagur í því að þessu fyrirkomulagi verði fylgt fast eftir, ekki síst vegna þess að það eykur líkurnar á því að koma megi á svipuðu fyrirkomulagi á svæðinu umhverfis Ísland, þ.e. á NEAFC-svæðinu. Með orðinu samningur í þessum málslið er vísað til veiðistjórnunarstofnunar eða veiðistjórnunarfyrirkomulags eins og þau hugtök eru notuð í samningi um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskistofna og stjórnun veiða úr þeim. Samningur þessi sem oftast er nefndur úthafsveiðisamningurinn hefur ekki enn öðlast gildi. Í þessu sambandi er rétt að benda á að skv. 4. tölul. 8. gr. úthafsveiðisamningsins skulu aðeins þau ríki sem eru aðilar að eða þátttakendur í valdbærri veiðistjórnunarstofnun eða veiðistjórnunarfyrirkomulagi og þau ríki sem fallast á að beita ráðstöfunum þessara stjórnunaraðila hafa aðgang að auðlindum þeim sem þessar ráðstafanir ná til. Er hið nýja ákvæði því einnig í samræmi við þetta ákvæði úthafsveiðisamningsins. Lokamálsliður 3. mgr. er efnislega samhljóða 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 151/1996 og er ráðherra hér veitt heimild til að loka höfnum fyrir skipum sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins. Hér er um almenna heimild fyrir ráðherra að ræða og þykir hún nauðsynleg vegna þeirra ófyrirséðu tilvika sem upp kunna að koma.

Í 1. málsl. 4. mgr. segir að bann við komu til hafnar og þjónustu þar taki ekki til erlendra skipa sem hér eiga þann rétt samkvæmt alþjóðasamningi eða þjóðarétti. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 151/1996, sbr. 5. gr. laga nr. 13/1992.

Í 2. málsl. 4. mgr. segir að ráðherra geti vikið frá banni við komu erlendra skipa til hafnar hér ef sérstaklega stendur á og er þetta ákvæði efnislega samhljóða síðari málslið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1992. Þessari heimild hefur einkum verið beitt þegar veiðar hafa verið stundaðar úr stofnum sem ekki hafa verið taldir ofnýttir eða þegar talið hefur verið að bann við komu til hafnar hafi ekki áhrif á veiðarnar.

Lokamálsliður 4. mgr. er í samræmi við síðari málslið 3. mgr. 10. gr. laga nr. 151/1996 að öðru leyti en því að áréttað er að erlendum skipum sé, auk þess að leita til hafnar hér á landi í neyðartilvikum, jafnframt heimilt að leita vars við strendur landsins undan sjó og veðri. Varðandi komu til hafnar er við það miðað að skipunum verði veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til þess að þau geti án áhættu haldið ferð sinni áfram.

Um 4. gr.

Í 4. gr. laga nr. 13/1992 segir að erlend skip, sem leiti hafnar hér á landi, skuli tilkynna Landhelgisgæslunni um komu sína inn í efnahagslögsöguna. Í þessari grein er lagt til að tilkynningaskylda erlendra skipa sem um fiskveiðilandhelgina sigla verði mun ríkari. Er lagt

til að öll skip, sem sigli inn í fiskveiðilandhelgina, tilkynni um komu sína með sex klukkustunda fyrirvara og enn fremur að þau tilkynni jafnframt um siglingu sína út úr fiskveiðilandhelginni. Með hliðsjón af öðrum ákvæðum þessa frumvarps og þeim tilgangi að herða eftirlit með veiðum umhverfis landið þykir þörf á að auka tilkynningaskylduna á þennan hátt. Í þessari grein er lagt til að Landhelgisgæslan tilkynni Fiskistofu ef ætla má að veiðar falli undir ákvæði 2.–3. mgr. 3. gr. en í núgildandi lögum ber Landhelgisgæslunni að tilkynna slíkt til sjávarútvegsráðuneytisins. Er þessi breyting lögð til þar sem Fiskistofa hefur eftirlit með framkvæmd laganna og getur farið um borð í skipin og athugað afla þeirra og skipsskjöl.

Um 5. gr.

Í milliríkjasamningum um veiðiheimildir erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni eru oft ákvæði sem ekki taka til veiða íslenskra skipa, t.d. varðandi veiðisvæði, veiðitíma og atriði sem lúta að eftirliti með þeim. Í þessari grein er mörkuð sú meginregla að ef ekki er um annað samið skuli um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni gilda sambærilegar reglur og gilda um veiðar íslenskra skipa þar. Sérstaklega er kveðið á um að þetta gildi um ákvæði laga og reglugerða sem lúta að veiðarfærum, friðunarsvæðum, veiðitíma, nýtingu fiskistofna og eftirliti með fiskveiðum. Samkvæmt þessu yrði erlendum skipum því, á sama hátt og íslenskum skipum, skylt að hirða veiddan fisk, virða ákvæði um friðunarsvæði, útbúa veiðar og skrá afla í samræmi við reglur þar að lútandi. Jafnframt segir í þessari grein að í þeim tilvikum sem erlend skip landi afla sínum hér á landi skuli sömu reglur gilda um vigtun aflans og gilda um landanir íslenskra skipa. Meginreglan er því einfaldlega sú að sömu reglur gildi um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni og gilda um veiðar íslenskra skipa, nema um annað hafi verið samið í milliríkjasamningum og er sú regla áréttuð í lokamálslið þessarar greinar. Hins vegar er jafnframt gert ráð fyrir að unnt sé að setja þeim sérstakar reglur ef þörf er talin á skv. 9. gr.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um framkvæmd leyfisveitinga til erlendra skipa. Hér er lagt til að Fiskistofa annist útgáfu leyfa til erlendra veiðiskipa að fengnum umsóknum frá stjórnvöldum í viðkomandi ríki. Sérstaklega er kveðið á um að þeim sé óheimilt að hefja veiðar fyrr en að fengnu leyfi Fiskistofu. Hér er því lagt til að hert verði nokkuð sú framkvæmd sem tíðkast hefur varðandi leyfi erlendra skipa til veiða í fiskveiðilandhelginni. Með þessu móti ætti að vera tryggt að erlend skip hefji ekki veiðar nema að fengnu sérstöku leyfi þar sem gerð yrði grein fyrir þeim reglum sem um viðkomandi veiðar giltu.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að Landhelgisgæslan og Fiskistofa annist eftirlit með framkvæmd laga þessara og geti Fiskistofa í því skyni sett eftirlitsmenn um borð í veiðiskipin. Þá er gert ráð fyrir að útgerð skips skuli auk fæðis og aðstöðu um borð í skipinu greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð, þar með talin laun hans. Almennt greiða íslenskar útgerðir ekki kostnað af veru eftirlitsmanna um borð í skipum sínum, heldur greiða þær aðeins fast veiðieftirlitsgjald sem miðast við úthlutað aflamark. Eina undantekningin frá því er í gildandi lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum en þar segir að útgerð skuli greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanns um borð í skipinu hverju sinni. Hins vegar þykir nauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði þegar um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni er að ræða. Má í þessu sambandi benda á að í milliríkjasamningi Íslands og Evrópusambandsins er kveðið á um greiðsluskyldu þeirra erlendu veiðiskipa sem leyfi fá til

veiða innan fiskveiðilandhelginnar hverju sinni. Er augljóst að slíkt eftirlit tryggir mjög rétta framkvæmd viðkomandi samninga.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að Fiskistofa, sem veiti erlendum skipum veiðileyfi innan fiskveiðilandhelginnar, geti jafnframt afturkallað þau veiðileyfi brjóti útgerð, áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa gegn lögum þessum, reglugerðum settum með stoð í þeim, öðrum lögum sem um veiðar gilda eða ákvæðum milliríkjasamninga. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, annast Fiskistofa sviptingu veiðileyfa þegar um íslensk skip er að ræða og gilda ákveðnar reglur, bæði um framkvæmdina og gildistíma sviptingar. Ljóst er að reglum þeirra laga verður ekki beitt vegna brota erlendra skipa og yrðu sviptingin því ótímabundin eða gilti út leyfistímann. Hins vegar gæti útgerð viðkomandi skips skotið máli sínu til úrskurðar ráðuneytisins samkvæmt þeim reglum sem gilda um málskot til æðra stjórnvalds.

Um 9. gr.

Hér er almennt heimildarákvæði til að setja frekari reglur um framkvæmd laganna og einnig um framkvæmd einstakra milliríkjasamninga. Ef ekki er um annað samið yrðu slíkar reglur um framkvæmd milliríkjasamninga í samræmi við gildandi ákvæði um sambærilegar veiðar íslenskra skipa eins og áréttað er í 5. gr. Hins vegar kann sú staða að koma upp að ástæða sé til þess að gera sérstakar kröfur varðandi þá þætti sem lúta að eftirliti með veiðum erlendra skipa sem m.a. helgast af því að fæst þessara skipa landa afla sínum í íslenskum höfnum. Er ráðherra, í síðari málslið þessarar greinar, veitt heimild til að gera ríkari kröfur til erlendra skipa varðandi alla þá þætti sem lúta að veiðum þeirra hér í fiskveiðilandhelginni og þó einkum eftirliti með veiðum þeirra. Í milliríkjasamningum um veiðiheimildir er samið um flest veigamestu atriðin sem mestu máli skipta varðandi réttindi erlendra skipa. Er hér gert ráð fyrir að áréttað verði í sérstakri reglugerð hvaða reglur gildi um þær tilteknu veiðar sem samið er um hverju sinni, hvort sem þær reglur megi rekja til milliríkjasamningsins, þeirra almennu reglna sem gilda fyrir íslensk skip eða þeirra sérreglna sem nauðsynlegt er talið að gildi um veiðar hinna erlendu skipa.

Um 10. gr.

Hér segir að brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varði viðurlögum sem rakin eru í næstu greinum. Sérstaklega er áréttað að þyngri refsing geti legið við brotum samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Má til skýringar nefna að brot gætu varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum auk þess sem brot á ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, gætu leitt til strangari viðurlaga. Slík brot á ákvæðum laga nr. 79/1997 lytu fyrst og fremst að heimildarlausum veiðum erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni eða veiðum erlendra skipa sem leyfi hefðu til veiða innan lögsögunnar en brytu gegn ákvæðum um friðunarsvæði.

Um 11. gr.

Í 1. málsl. þessarar greinar segir að brot gegn ákvæðum laganna og reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sams konar ákvæði er að finna í öllum gildandi lögum sem fjalla um stjórn og skipulag veiða, bæði utan og innan fiskveiðilögsögunnar; lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna

sjávar og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Jafnframt er kveðið svo á um, í áðurgreindum lögum, að ef um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot sé að ræða skuli þau brot, auk sekta, varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Í 73. gr. hafréttarsamningsins segir hins vegar að refsingar strandríkis fyrir brot á lögum og reglugerðum um veiðar í sérefnahagslögsögu megi hvorki fela í sér refsivist, nema hlutaðeigandi ríki hafi gert samninga um annað, né annars konar líkamlega refsingu. Vegna þess er lagt til í 2. málsl. þessarar greinar að þegar um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot sé að ræða gildi ekki það sektarhámark sem annars mundi gilda. Auk þess er lagt til að heimilt sé í þeim tilvikum að gera allan afla skipsins og öll veiðarfæri sem finnast um borð upptæk. Það er því á valdi dómara að meta hvort brot sé þannig að víkja eigi frá þeim sektarmörkum sem ákveðin eru í 12. gr. og hvort til upptöku afla og veiðarfæra eigi að koma. Það er nokkuð ljóst að refsiviðurlög fyrir brot gegn lögum og reglugerðum hér á landi eru nokkuð vægari en tíðkast í öðrum ríkjum og fullyrða má að upptöku afla og veiðarfæra er beitt í ríkari mæli erlendis en hér á landi. Um framkvæmd upptöku afla og veiðarfæra er lagt til að andvirðið verði gert upptækt og er það í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur í sambærilegum tilvikum.

Um 12.–13. gr.

Þau almennu viðurlög, sem hér eru ákveðin við brotum á lögunum og reglum settum samkvæmt þeim, eru í samræmi við viðurlagaákvæði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Sama gildir um þá hlutlægu ábyrgð sem lögð er á lögaðila vegna brota.

Um 14. gr.

Samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að gera ólögmætan afla upptækan í þeim tilvikum sem skip er staðið að veiðum innan fiskveiðilandhelginnar á svæðum þar sem því eru viðkomandi veiðar óheimilar. Ákvæði þetta tekur bæði til veiða íslenskra og erlendra skipa. Þá segir í lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, að Fiskistofa skuli leggja sérstakt gjald á útgerð vegna ólögmæts afla. Í lögum nr. 37/1992 er jafnframt skilgreining á því hvað teljist ólögmætur afli í skilningi þeirra laga. Ljóst er að þegar um ólögmætar veiðar erlendra skipa er að ræða verður því í fæstum tilvikum við komið að Fiskistofa leggi sérstakt gjald á útgerð hins erlenda skips og því þykir rétt að leggja hér til að gjaldskyldan sé staðfest með dómi þannig að unnt sé að krefjast tryggingar til greiðslu hennar, sbr. 2. mgr. 15. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að heimilt sé að gera afla upptækan með dómi sé hann fenginn á ólögmætan hátt. Í slíkum tilvikum væri fyrst og fremst um að ræða veiðar með ólögmætum veiðarfærum. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um upptöku þess afla sem um borð í skipi er og er umfram þann afla sem skráður er í afladagbækur eða tilkynntur hefur verið stjórnvöldum. Þykir sérstök ástæða til þess að setja ströng viðurlög við því að afli sé ekki rétt upp gefinn þar sem fæst þessara skipa landa afla sínum hér á landi og því erfitt fyrir stjórnvöld í mörgum tilvikum að staðreyna endanlegt aflamagn. Loks skal gera þann afla upptækan sem er umfram veiðiheimildir og er það í samræmi við það sem gildir um veiðar íslenskra skipa umfram aflaheimildir. Þetta ákvæði tæki einnig til þeirra tilvika sem veiddar væru fisktegundir sem viðkomandi skipi væri óheimilt að stunda veiðar á. Í lokamálslið 1. mgr. segir að í stað þess að gera aflann upptækan sé heimilt að gera fjárhæð sem svari til aflaverðmætisins, að mati dómkvaddra kunnáttumanna, upptæka og er það í samræmi við ákvæði laga nr. 79/1997 og 11. gr. þessa frumvarps.

Í 2. mgr. eru ákvæði um upptöku ólögmætra veiðarfæra og eru þau í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1997. Með ólöglegum veiðarfærum er átt við veiðarfæri sem ekki eru gerð í samræmi við þær reglur sem um þau gilda. Má hér sem dæmi nefna veiðarfæri með ólöglegri möskvastærð og vörpur sem klæddar eru á ólögmætan hátt.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði 19. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Samkvæmt þessu er það á valdi dómara að meta hvort ástæða er til að kyrrsetja skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Telji hann ástæðu til þess er honum hins vegar heimilt að láta það laust ef sett er trygging fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rétt til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Það felur í sér nokkrar breytingar frá gildandi lögum, aðallega er lýtur að rétti erlendra skipa til veiða og veru innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

430. Frumvarp til laga [341. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (ábyrgðar- og slysatryggingar).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað „250.000.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 1.000 millj. kr., og í stað „50.000.000 kr.“ kemur: 175 millj. kr.
b. Í stað „Tryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. kemur: Vátryggingaeftirlitsins.

2. gr.

92. gr. laganna orðast svo:

Auk ábyrgðartryggingar skv. 91. gr. skal hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 90. gr.

Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

Slasist vátryggingartaki sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr vátryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

Vátryggingin skal tryggja hverjum tjónþola bætur allt að 75 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggingarfjárhæðin skal breytast í samræmi við reglu 3. mgr. 91. gr. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 48 22. maí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvennar breytingar á umferðarlögunum. Annars vegar eru lagðar til breytingar á vátryggingarfjárhæðum ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns. Hins vegar eru lagðar til nokkrar breytingar á slysatryggingunni.

Vátryggingarfjárhæðir vegna ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns, sem ákveðnar voru með umferðarlögunum 1987, hafa árlega tekið breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Fjárhæðir í ábyrgðartryggingunni eru frá 1. mars 1997 495 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna munatjóns. Fjárhæð slysatryggingar ökumanns frá sama tíma er 20 millj. kr. Með skaðabótalögum, nr. 50/1993, er tóku gildi 1. júlí 1993, voru hæstu bætur til einstaklings vegna alvarlegra slysa hækkaðar verulega. Með hækkun á margföldunarstuðli skaðabótalaganna samkvæmt lögum nr. 42/1996 geta hámarksbætur vegna slysa nú orðið um 54 millj. kr. Ekki er kunnugt um tjón í slysatryggingu ökumanns sem áætlað er að muni nema hærri fjárhæð en nemur vátryggingarfjárhæðinni. Hins vegar hafa orðið nokkur slysatjón í ábyrgðartryggingu ökutækja þar sem bætur eru áætlaðar hærri eða á bilinu 20–30 millj. kr. Án lagabreytingar er ekki unnt að hækka vátryggingarfjárhæðir umferðarlaganna umfram verðlagsbreytingar. Nauðsynlegt er hins vegar að vátryggingarfjárhæðirnar séu jafnan það háar að þær hrökkvi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni og að tillit sé tekið til vaxta og kostnaðar sem við kann að bætast. Er því lagt til að vátryggingarfjárhæð í slysatryggingu ökumanns verði ákveðin 75 millj. kr. Jafnframt er lagt til að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar vegna líkamstjóns eða missis framfæranda verði ákveðin 1.000 millj. kr. og að vátryggingarfjárhæð í munatjónum ábyrgðartryggingar verði ákveðin 175 millj. kr. Ekki er talið að þessar breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatryggginganna einar sér hafi teljandi áhrif á iðgjöld fyrir vátryggingar þessar.

Slysatrygging ökumanns var lögfest með umferðarlögunum 1987. Slysatryggingin veitir ökumanni bætur vegna slyss sem hann verður fyrir, jafnvel þótt hann beri sjálfur ábyrgð á slysinu. Lagt er til að ákvæði um slysatrygginguna verði skýrð frekar og að bótasvið hennar verði tengt bótasviði ábyrgðartryggingarinnar með því að taka notkunarhugtak ábyrgðartryggingarinnar upp í reglur slysatryggingarinnar. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um að slysatryggingin nái ekki til ökumanns sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Loks er lagt til að inn í slysatrygginguna komi ákvæði þess efnis að hún nái einnig til vátryggingartaka sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki eða á annan hátt af völdum eigin ökutækis.

Breytingar á vátryggingarfjárhæðum og á slysatryggingunni eru lagðar til í samráði við Vátryggingaeftirlitið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að vátryggingarfjárhæðir vegna ábyrgðartryggingar ökutækja skv. 2. mgr. 91. gr. verði hækkaðar umfram þá heimild sem leiðir af verðlagsbreytingum, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þetta þykir rétt með hliðsjón af hækkun bóta í kjölfar nýrra skaðabótalaga og eftirfarandi hækkun margföldunarstuðuls þeirra laga og að öðru leyti til að tryggja að vátryggingarfjárhæðir hrökkvi nú, ekki síður en þegar grunntölur vátryggingarfjárhæðanna voru lögfestar 1987, til að greiða bætur í alvarlegum umferðarslysum.

Þá er lagt til að heiti Tryggingaeftirlitsins í 3. mgr. 91. gr. verði breytt í samræmi við ný lög um vátryggingastarfsemi.

Um 2. gr.

Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á 92. gr. Með greininni var lögfest sú regla að ökumaður skuli slysatryggður sérstakri vátryggingu. Með því voru ökumanni tryggðar bætur vegna slyss sem hann verður fyrir, jafnvel þótt hann bæri sjálfur ábyrgð á tjóninu. Var með því stefnt að því að svipaðar reglur giltu að þessu leyti um farþega og ökumann. Í raun hefur bótasvið slysatryggingarinnar þó orðið rýmra þar sem notkunarhugtak 88. gr. umferðarlaga sem er grundvöllur ábyrgðartryggingarinnar vantar í 92. gr. Er því lagt til að notkunarhugtakið í 88. gr. verði einnig tekið upp í 92. gr. Þá er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að slysatryggingin taki ekki til ökumanns sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi og verði þá vísað til 2. mgr. 90. gr. laganna þar sem kveðið er á um að fébótaskylda færist yfir á þann sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Þá er enn fremur lagt til að slysatryggingin taki einnig til þess ef vátryggingartaki (eigandi/umráðamaður) slasast sem farþegi í eigin ökutæki eða á annan hátt af völdum eigin ökutækis, en samkvæmt orðalagi greinarinnar fellur vátryggingartaki nú ekki undir slysatrygginguna. Loks er lagt til að tilvísun til slysatryggingar ökumanns samkvæmt lögum um almannatryggingar í greininni verði felld brott. Ökumannstrygging almannatryggingalaga var felld niður með lögum nr. 104 1992, m.a. með vísun til þess að sú trygging væri óþörf eftir tilkomu slysatryggingar 92. gr.

Auk þessa er lagt til að vátryggingarfjárhæð slysatryggingarinnar verði hækkuð í 75 millj. kr. Með skaðabótalögum hafa hæstu bætur til einstaklinga vegna alvarlegra slysa hækkað verulega þannig að vátryggingarfjárhæð skv. 1. mgr. 92. gr. hrekkur ekki til greiðslu hæstu bóta. Þykir nauðsynlegt að vátryggingarfjárhæð slysatryggingarinnar sé það há að hún nægi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni.

Um 3. gr.

Lagt er til að lagabreytingarnar taki gildi 1. janúar 1998, þar á meðal hækkun vátryggingarfjárhæða, og að þær taki þannig til tjóna sem verða 1. janúar 1998 eða síðar, óháð gildistíma vátryggingarsamnings.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á vátryggingarfjárhæðum ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns. Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar á slysatryggingunni sem miða að því að ákvæðið verði skýrt frekar en nú er og tengt bótasviði ábyrgðartryggingarinnar. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér breytingu á útgjöldum ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

431. Frumvarp til laga [342. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Ríkið starfræki stofnun, þjónustu- og endurhæfingarstöð fyrir sjónskerta, sem nefnist Sjónstöð Íslands.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (6. gr.)

Auk þjónustu við sjónskerta skal stofnunin annast þjónustu við börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Skal stofnunin í samráði við landlækni og augnlækni viðkomandi barns halda skrá yfir öll þau börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Sjónmælingar og augnskoðun þessa hóps skal alla jafna ekki vera á verksviði stofnunarinnar heldur hjá augnlækni viðkomandi barns.

b. (7. gr.)

Sérhver sjónskertur einstaklingur yngri en 18 ára skal eiga rétt á sjónglerjum án tillits til orsaka sjónskerðingar. Þá skulu allir einstaklingar sem þurfa á gleraugum að halda í lækningaskyni eiga rétt á sjónglerjum. Umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði skv. 1. mgr. Greiðslur skulu aldrei vera lægri en sem nemur tveimur þriðju hlutum kostnaðar við kaup nauðsynlegra sjónglerja. Stjórn Sjónstöðvar Íslands ákveður hvað skuli teljast nauðsynleg sjóngler í hverju og einu tilfelli. Hver einstaklingur á ekki rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja oftar en einu sinni á hverju tveggja ára tímabili nema læknisfræðilegar ástæður liggi að baki að mati yfirlæknis stofnunarinnar. Ríkið skal ekki taka þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugnaumgjörðum.

3. gr.

Heiti laganna verður: Lög um Sjónstöð Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði einstaklinga yngri en 18 ára. Stefnt er að því að stíga skref í átt til jöfnunar á réttindum þeirra sem eiga við sjónvandamál að stríða gagnvart öðrum hópum samfélagsins sem þurfa á sjúkrahjálp að halda. Einnig er lagt til í frumvarpinu að nafn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem komið var á fót með lögum nr. 18/1984, verði fært til samræmis við það nafn sem stofnunin hefur sjálf tekið sér. Undanfarin ár hefur stofnunin notað nafnið Sjónstöð Íslands.

Staðan nú.

Hér á landi hafa verið sett lög til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem á sjúkrahjálp þurfa að halda. Má í þessu sambandi nefna lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, og lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Í þessum lögum er á ýmsan hátt vikið að því hvernig haga megi þátttöku ríkisins í kostnaði sem af slíkri fötlun hlýst.

Einn hópur hefur fram til þessa verið nokkuð afskiptur við þessa lagasetningu. Það eru þeir sem þurfa á gleraugum að halda en falla ekki í flokk sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984. Þau lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur ⅓ af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegra hjálpartækja, sbr. greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 18/1984. Er viðmiðun þessi fengin úr skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á því hverjir teljist sjónskertir. Aðrir sem við sjónvandamál eiga að stríða hafa ekki átt þess kost samkvæmt lögum að ríkið tæki þátt í kostnaðinum sem hlýst af þeim, þar með talið gleraugnakaupum.

Frá því er reyndar ein undantekning. Sjónstöð Íslands hefur á fjárlögum ár hvert fengið fjárveitingu til þess að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni. Í lækningaskyni hefur í þessum skilningi verið túlkað mjög þröngt og hafa nærsýnir til dæmis algjörlega fallið utan þess flokks. Vakin skal athygli á því að þessi undantekning er án lagaheimildar og byggist eingöngu á samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Sjónstöðvar Íslands. Í lögum er einungis kveðið á um að Sjónstöðin sinni sjónskertum samkvæmt framangreindri skilgreiningu WHO, sbr. lög nr. 18/1984 og reglur nr. 59/1987. Ekki er því nein hlutlæg regla til um það hver geti átt rétt á slíkum greiðslum og hver ekki. Sjónstöð Íslands er í raun falið ákveðið sjálfdæmi innan mjög þröngs fjárlagaramma að ákveða hvernig staðið skuli að endurgreiðslum vegna sjónglerja í lækningaskyni.

Með núverandi fyrirkomulagi er gert upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Nærsýnir einstaklingar hafa ekki fengið aðstoð þar sem nærsýni er venjulega ekki orsök stafrænnar sjóndepru (varanleg sjóndepra vegna vanþroska sjónar) en fjarsýnir hafa fengið aðstoð þar sem fjarsýni kann í sumum tilfellum að leiða til þess að sjón þroskist ekki eðlilega. Bent skal á að nærsýni getur í sumum tilfellum talist félagslegur sjúkdómur, þ.e. valdið viðkomandi ýmiss konar félagslegum óþægindum.

Einnig má benda á þann mun sem er á þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp heyrnarskertra og tannsjúkra annars vegar og hins vegar sjónskertra sem þurfa á sjónglerjum að halda.

Allir heyrnarskertir einstaklingar á skólaskyldualdri eiga rétt á nauðsynlegum heyrnartækjum sér að kostnaðarlausu, sbr. reglur nr. 160/1986, með síðari breytingum. Auk þess eiga allir heyrnarskertir 18 ára og eldri rétt á því að ríkið greiði 60% af kostnaði þeirra við nauðsynleg heyrnartæki. Vakin skal athygli á því að ekki er gerður neinn greinarmunur á því af hvaða orsökum heyrnaskerðing stafar, eins og gert er varðandi sjónvandamál.

Sama á við um þátttöku ríkisins í tannlækniskostnaði. Fyrir öll börn og unglinga, 15 ára og yngri, greiðir ríkið 75% af tannlækniskostnaði, öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð. Fyrir 16 ára unglinga eru greidd 50% og 75% kostnaðar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta fullrar tekjutryggingar. Ekki fer fram nein flokkun á því til hvers rekja megi tannskemmdirnar. Tannskemmdir má oft rekja til hirðuleysis barna og/eða foreldra, en vandamál tengd sjón barna verða ekki tengd slíku hirðuleysi.

Af þessu má sjá að misræmið er mikið milli þessara tegunda heilbrigðisvandamála og sjúkrahjálpar, þrátt fyrir að mismunur þeirra frá læknisfræðilegu sjónarhorni sé enginn.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að bæta réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem þurfa nauðsynlega á gleraugum að halda. Auk þess er það markmið frumvarpsins að skjóta stoðum undir endurgreiðslur til þeirra sem eiga rétt á sjónglerjum í lækningaskyni.

Allir geta verið sammála um óréttlætið sem felst í mismun milli heyrnarskertra og sjónskertra hvað varðar þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp þeirra. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands eru vandamál tengd sjón, heyrn og tönnum jafnmikil væg í læknisfræðilegum skilningi. Öll heilsuskerðing sem þeim tengist er jafnlíkleg til þess að valda þeim einstaklingum sem eiga í hlut erfiðleikum, óþægindum og kostnaði.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að teknar verði upp sambærilegar reglur um sjónskerta og heyrnarskerta heldur er hér einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt. Reynslan verður að skera úr um hvort þörf verður á því að ganga lengra. Frumvarpið tekur einungis til aukinna réttinda sjónskertra einstaklinga yngri en 18 ára. Er miðað við lögræðisaldur eins og hann verður frá og með 1. janúar nk. Ríkið mun taka þátt í greiðslu sjónglerja að tveimur þriðju hlutum að lágmarki hjá sérhverjum þeim sem þarf á gleraugum að halda innan þess hóps.

Sjón barna breytist mjög ört og þau þurfa því að skipta oft um gleraugu, ólíkt því sem gildir um fullorðna. Þá hvílir skólaskylda á börnum og þeim börnum, sem er nauðsyn á gleraugum en fá þau ekki, er hættara en öðrum til að verða fyrir erfiðleikum í námi og jafnvel einelti. Þá má benda á að það er þung byrði á barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkin noti bæði eða öll gleraugu. Börn ráða ekki hvernig foreldrar ráðstafa heimilistekjunum og geta því ekki tekið ákvörðun um það sjálf að kaupa sér gleraugu og skera niður annars staðar. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands koma foreldrar sjaldnar en ella með börn sín í augnskoðun vegna þess hversu dýrt er að kaupa gleraugu fyrir börnin komi í ljós að þau þurfi á þeim að halda. Í ljósi þessara röksemda nær frumvarpið einungis til einstaklinga yngri en 18 ára. Það nær hins vegar til allra barna og í því eru engar takmarkanir sem gætu leitt til mismununar. Þannig verða lögin og þær heimildir sem þau veita bæði skýrari og einfaldari í framkvæmd og eftirliti.

Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hversu langt á að ganga og hvað er raunhæft í fyrstu atrennu, hvernig verja skal fjármunum sem ríkið hefur úr að spila á hverjum tíma. Með frumvarpinu er að mati Sjónstöðvar Íslands og Augnlæknafélags Íslands stigið fyrsta skrefið í þá átt að jafna rétt sjónskertra við rétt annarra.

Þá skal þess getið varðandi þann þátt frumvarpsins sem lýtur að endurgreiðslum sjónglerja í lækningaskyni að gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi áfram og gilt hafi en þeim verði nú í fyrsta skipti veitt lagastoð.

Að lokum skal bent á að samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands hefur sjón ungra Íslendinga hrakað mjög undanfarin ár, nærsýnum hefur fjölgað umtalsvert, sérstaklega í grunn- og framhaldsskólum. Mikilvægt er að bregðast við breyttri þjóðfélagsmynd og gera börnum yngri en 18 ára kleift að eignast gleraugu, óháð efnahag. Þá er ekki síður mikilvæg sú breyting sem lögð er til að Sjónstöð Íslands muni í samráði við landlækni og sjálfstætt starfandi augnlækna koma upp virku eftirliti og skráningu á sjón þessa hóps. Slíkt er brýnt þegar horft er til framtíðar, bæði fyrir rannsóknir og forvarnir á þessu sviði.

Kostnaður af framkvæmd frumvarpsins.

Að mati yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun kostnaðarauki fyrir ríkissjóð vegna lögfestingar þessa frumvarps verða um 50 millj. kr. árlega, miðað við þær forsendur sem þekktar eru um sjón þessa hóps og meðalkostnað sem hlotist hefur af endurgreiðslu sjónglerja í lækningaskyni hjá Sjónstöð Íslands. Reikna má með að 12–15% af heildarfjölda barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu og meðalkostnaður við endurgreiðslu sjónglerja hefur verið um 9.750 kr. á hvert par sjónglerja og tveir þriðju hlutar þess eru 7.300 kr. Börn undir 18 ára aldri eru 80 þús. Samtals nota því um 12 þús. börn gleraugu (15% af 80 þús. börnum). Af þeim fá nú þegar um 1.300 endurgreiðslur af læknisfræðilegum orsökum. Kostnaður eykst því um 80 millj. kr. árlega, miðað við að allir þyrftu ný gleraugu á hverju ári (10.700 börn sinnum 7.300 kr.). Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að meginreglan sé sú að börn fái ný gleraugu á tveggja ára fresti nema í undantekningartilfellum sem þar eru greind. Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að kostnaðaraukinn yrði um 50 millj. kr. árlega, þar af 10 millj. kr. vegna barna sem þurfa gleraugu á hverju ári af læknisfræðilegum ástæðum. Yfirlæknir Sjónstöðvar Íslands telur að þessar forsendur séu í rýmra lagi og fullyrðir að reglur þær sem fram koma í frumvarpinu muni ekki leiða til þess að börn fari að nota gleraugu að óþörfu. Þvert á móti megi fullyrða að enginn gangi með gleraugu ótilneyddur.

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna lögfestingar heimildar til að endurgreiða sjóngler í lækningaskyni. Gert er ráð fyrir því að sömu endurgreiðslureglur gildi áfram.

Viðbótarkostnað ríkissjóðs af lögfestingu frumvarpsins má bera saman við kostnað sem ríkissjóður ber nú vegna tannviðgerða og hjálpartækja fyrir heyrnarskerta. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir því að 760 millj. kr. verði varið í tannlækniskostnað sjúkratrygginga, 10 millj. kr. í Tannverndarsjóð og rúmum 104 millj. kr. í rekstur Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Þá má einnig benda á að framlög til Sjónstöðvar Íslands hafa staðið í stað mörg undanfarin ár.

Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun viðbótarþjónusta á vegum stofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. frumvarpsins ekki hafa í för með sér aukinn kostnað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á nafni stofnunarinnar eins og vikið var að í upphafi greinargerðarinnar. Samkvæmt lögunum skyldi stofnunin heita Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Það nafn hefur hins vegar ekki verið notað síðari ár heldur nafnið Sjónstöð Íslands.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um breiðara verksvið Sjónstöðvar Íslands og aukna þátttöku ríkisins í kostnaði þeirra einstaklinga, yngri en 18 ára, sem þurfa á gleraugum að halda.

Um a-lið (6. gr.).

Hér er mælt fyrir um að Sjónstöð Íslands skuli hafa ákveðna eftirlitsskyldu með sjón einstaklinga yngri en 18 ára. Meðal annars skal Sjónstöð Íslands halda skrá yfir sjón þeirra þannig að í framtíðinni verði auðveldara að stunda rannsóknir og stuðla að forvörnum. Með breytingunni er þó ekki ætlast til þess að Sjónstöð Íslands sjái um sjónmælingar eða aðra þætti þeim tengda. Eðlilegt er að allt eftirlit, bæði með sjón og endurgreiðslum vegna sjónglerja, verði á vegum Sjónstöðvar Íslands, þar er fyrir hendi sérfræðiþekking.

Um b-lið (7. gr.).

Hér er mælt fyrir um skyldu ríkisins til þátttöku í kostnaði við sjónglerjakaup einstaklinga yngri en 18 ára. Með sjónglerjum er átt við gleraugnagler, þar með talið plast, ásamt snertilinsum. Lagt er til að greiddur verði kostnaður hvers einstaklings sem þarf á gleraugum að halda að tveimur þriðju hlutum að lágmarki vegna ódýrustu sjónglerja sem telja verður nauðsynleg. Þó skal í hverju tilfelli stefna að þeirri lausn sem miðar að þörfum hins sjónskerta. Stjórn stofnunarinnar skal að höfðu samráði við yfirlækni hennar setja viðmið um það hvað teljist nauðsynleg sjóngler. Í vafatilvikum er það stjórn Sjónstöðvar Íslands sem tekur ákvörðun. Í því sambandi má vekja athygli á því að til eru margar tegundir sjónglerja og er verðlag þeirra mjög mismunandi. Einstaklingum verður að sjálfsögðu boðið að greiða mismuninn sjálfir kjósi þeir dýrari sjóngler. Þá er tiltekið að umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu sjónglerja.

Um 3. gr.

Sjá skýringar um 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

432. Svar [159. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um mistök við læknisverk.

I. Inngangur.

Í tengslum við umfjöllun um mál vegna meintra mistaka við læknisverk hefur landlæknisembættið unnið eftirfarandi greinargerð um vinnslu slíkra mála. Ráðuneytið telur upplýsandi að birta greinargerðina í heild sem inngang að svörum við fyrirspurninni:

Lög og reglugerðir.

Ákvæði um meðferð kvartana og kæra á hendur heilbrigðisþjónustunni er að finna í 5. málsgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, og í 28. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Í fyrrnefndu lögunum segir að landlækni sé skylt að sinna kvörtunum og kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Þá eru þar ákvæði um að heimilt sé að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar sem í eiga sæti þrír menn, tilnefndir af Hæstarétti, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í lögunum um réttindi sjúklinga segir

að athugasemdum sjúklings vegna þjónustu á heilbrigðisstofnun skuli beint til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar. Vilji sjúklingur kvarta yfir meðferð geti hann beint kvörtun sinni til landlæknis eða nefndar um ágreiningsmál, sbr. að framan. Þar segir enn fremur að stjórn heilbrigðisstofnana sé skylt að taka til athugunar ábendingar starfsmanna sem telja að réttur sjúklinga sé brotinn. Sjúklingur skal fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er. Í reglugerð um landlækni og Landlæknisembættið frá 1973 er ekki kveðið nánar á um hvernig meðferð kvartana og kæra skuli háttað.

Í erindisbréfi héraðslækna frá 1980, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, segir að héraðslæknir sinni kvörtunum og kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta og framsendi slík mál til landlæknis telja hann það nauðsynlegt.

Þá er þess að geta að árið 1990 var gerð breyting á 18. gr. læknalaga, nr. 53/1988, á þann veg að 2. mgr. orðast svo: *„Verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu að hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum. Hljótist skaði af læknisverki skal læknir sá sem verkið vann eða yfirlæknir tilkynna það til landlæknis."* Lögin kveða á um að ráðherra setji reglur um meðferð landlæknis á málum samkvæmt framangreindum málsgreinum, ekki hefur enn orðið af setningu slíkrar reglugerðar. Ákvæði laganna um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsmanna (annarra en yfirlækna) mun ekki eiga sér hliðstæðu í lögum nágrannalanda og hefur verið gagnrýnd af heilbrigðisstarfsmönnum. Nefnd á vegum heilbrigðisráðherra starfar nú að gerð tillagna um endurskoðun á þessu ákvæði.

Meðferð kvartana og kæra hjá Landlæknisembættinu.

Flestar kærur vegna heilbrigðisþjónustu munu berast Landlæknisembættinu, en framangreind nefnd um ágreiningsmál mun þó hafa fengið aukinn málafjölda undanfarin ár. Héraðslæknar sinna fremur fáum málum, nema helst þeir sem eru í fullu starfi, þ.e. héraðslæknirinn í Reykjavík og á Norðurlandi eystra. Þeir halda ekki sérstaka skrá yfir mál sem þeir sinna.

Hjá Landlæknisembættinu hefur verið tölvufærð skrá um ágreiningsmál í áratug. Málafjöldi hefur á þeim tíma aukist frá nokkrum tugum í u.þ.b. 250 mál á ári. Eru þá meðtaldar allar kvartanir og kærur, nema um mjög lítilfjörleg mál sé að ræða, sem afgreidd eru í síma. Þegar um alvarlegri mál er að ræða er alltaf óskað eftir því að viðkomandi komi til viðtals á skrifstofu embættisins eða sendi skriflega kvörtun eða kæru. Algengast er að kvörtun komi beint frá sjúklingi eða forráðamanni hans, en einnig alloft frá umboðsmanni sjúklings. Er þá oftast um að ræða ættingja eða lögfræðing.

Hér á landi eru ekki ákveðnar reglur um hversu gamall sá atburður, sem kærður er, má vera til þess að kvörtunin sé tekin til meðferðar. Í Svíþjóð og Danmörku mega mál ekki vera eldri en tveggja ára og umhugsunarvert er hvort slíkri reglu þurfi að koma á hér, enda stundum óskað eftir athugunum á mjög gömlum málum, jafnvel áratuga gömlum.

Þeir sem taka við kvörtunum hjá Landlæknisembættinu eru landlæknir og aðstoðarlandlæknir og í nokkrum tilvikum yfirhjúkrunarfræðingur.

Eftir að kvörtun hefur borist er meðferð kvartana að jafnaði á þann veg hjá embættinu að ritað er bréf til viðkomandi yfirlæknis og óskað eftir sjúkraskrá þess sem kvartar. Jafnframt er þeim sem kvörtunin beinist að tilkynnt um hana. Eftir yfirferð gagna er oft óskað nánari greinargerðar frá þeim sem kvartað er undan. Í sumum málum er óskað greinargerðar frá sérfræðingum, einum eða fleirum. Reynt er að velja sérfræðinga þannig að þeir tengist sem minnst þeim sem kvörtunin beinist að eða þeirri stofnun sem hann vinnur hjá. Stundum er leitað umsagna erlendis. Landlæknir getur skotið málum til umsagnar læknaráðs, sem starfar samkvæmt lögum frá 1942 og reglugerð um starfsháttu læknaráðs frá nóvember sama ár. Í

læknaráði eiga sæti níu læknar, flestir prófessorar í ákveðnum greinum, en auk þess formaður Læknafélags Íslands, tryggingayfirlæknir og landlæknir. Mál eru þá send til siðamáladeildar læknaráðs. Siðamáladeild vinnur upp málið, vísar því síðan til fullskipaðs læknaráðs. Þar er landlæknir sjálfur formaður, en á síðari árum hefur hann ekki tekið þátt í afgreiðslu þeirra mála sem hann hefur vísað til ráðsins. Auk siðamáladeildar starfar réttarmáladeild og heilbrigðismáladeild innan læknaráðs. Réttarmáladeild fjallar um mál frá dómstólum og kemur ekki við sögu hér né heldur heilbrigðismáladeild, sem ekki hefur fengið neitt mál til umsagnar í fjölda ára. Nafnið á siðamáladeild er misvísandi, því oftast fjallar deildin ekki um siðferðileg málefni í eiginlegum skilningi, heldur hvort faglega hafi verið staðið rétt að málum. Rétt er að taka fram að einungis fáum málum er á ári hverju vísað til læknaráðs og það er einungis ráðgefandi fyrir landlækni.

Fáar tilkynningar berast samkvæmt 18. gr. læknalaga, um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsmanna, annarra en yfirlækna.

Tölvuskráning kvartana til Landlæknisembættisins.

Skráð er nafn og aðrar persónuupplýsingar bæði um þann sem ber fram kvörtunina og þann sem kvartað er undan, hvenær mál er móttekið og með hvaða hætti. Þá er skráð hver ber ábyrgð á meðferð málsins. Við málslok er skráð dagsetning, niðurstaða embættisins og aðgerðir og hvernig þeim sem kvartaði var tilkynnt um niðurstöðu.

Úrvinnsla mála frá 1991 til nóvember 1997.

Flokkun stofnana. Stofnanir eru flokkaðar þannig að fram koma sérstaklega þeir þættir sem óskað er eftir í fyrirspurninni, en sundurgreining er heldur meiri en þar er gert ráð fyrir. Tekið skal fram að Borgarspítali og Landakot sameinuðust í ársbyrjun 1996 undir heitinu Sjúkrahús Reykjavíkur. Landakot varð þá öldrunarsjúkrahús en þær fáu kvartanir sem skráðar eru 1996–97 eru seint fram komnar kvartanir sem eiga við Landakot sem bráðaspítala, en ekki hefur verið kvartað yfir stofnunni eftir að hún varð öldrunarspítali. Þau sjúkrahús sem flokkuð er undir heitinu „önnur sjúkrahús á höfuðborgarsvæði" eru St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, Reykjalundur og sjúkrastofnunin Vogur á vegum SÁÁ. Flokkurinn „önnur landsbyggðarsjúkrahús" felur í sér hin eiginlegu landsbyggðarsjúkrahús utan FSA sem er flokkað sérstaklega og einnig Heilsustofnun NLFÍ. „Stofur heimilislækna" eru stofur sjálfstætt starfandi heimilislækna í Reykjavík (um 20 talsins) en flokkurinn „heilsugæslustöðvar" tekur yfir heilbrigðisstarfsfólk á öllum heilsugæslustöðvum, hvort heldur á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess (læknar um 160 auk annars starfsfólks). Flokkurinn „stofur sérfræðilækna" vísar í flestum tilvikum til stofa sérfræðilækna en í undantekningartilvikum er um að ræða stofur sjúkraþjálfara, sálfræðinga eða annarra.

Flokkun tilefna gefur til kynna hvers vegna kvörtun kom fram óháð afgreiðslu. Bent skal á að heildarfjöldi tilefna er meiri en heildarfjöldi mála, þar sem tilefni kvartana geta verið fleiri en eitt í hverju máli. Þannig er heildarfjöldi kvartana vegna allra mála 1.481, heildarfjöldi tilefna 1.546. Flokkun tilefna þarf lítilla skýringa við. Þó skal nefnt að flokkurinn „áfengi/lyfjanotkun" á við kvartanir um misnotkun hjá heilbrigðisstarfsmönnum. Í raun eru afskipti af slíkum málum nokkru fleiri en hér koma fram, þar sem stundum berst slík vitneskja til landlæknis eftir öðrum leiðum en beinum kvörtunum og fellur þá undir annan málaflokk hjá embættinu (eftirlit samkvæmt læknalögum). Einnig er flokkurinn skottulækningar í reynd umfangsmeiri en hér kemur fram, þar sem hér er einkum átt við þau tilvik þegar heilbrigðisstarfsmenn fara út fyrir verksvið sitt. Skottulækningar almennings koma hér síður fram. Í flokkinn „annað" falla hjúkrunarheimili, læknar Tryggingastofnunar ríkisins, fangelsislæknar og trún-

aðarlæknar fyrirtækja, svo og kvartanir sem beinast að mörgum stofnunum eða heilbrigðiskerfinu í heild.

Flokkun niðurstaðna skýrir sig að mestu leyti sjálf. Stundum er erfitt að fá fram niðurstöðu í málum, t.d. þegar fyrir hendi eru samskiptaörðugleikar þar sem orð stendur gegn orði. Einnig kemur fyrir að fólk vill ekki standa við kvörtun sína eftir að hún kemur fram eða dregur hana til baka af öðrum orsökum.

Flokkun aðgerða. Aðgerðir landlæknis vegna brots eru háðar því hversu alvarlegt brotið er að mati landlæknis. Ekki er til neinn algildur mælikvarði á það. Vægasta aðgerð er ábending. Aðfinnsla er í raun áminning landlæknis vegna brots sem hann telur alvarlegt, en ekki þess eðlis að það flokkist undir áminningu samkvæmt læknalögum, sem eru alvarlegustu viðurlög. Þá getur landlæknir lagt til við ráðherra að læknir verði sviptur lækningaleyfi, en það gerist sjaldan á grundvelli einnar kvörtunar. Á tímbilinu sem hér um ræðir hefur fimm sinnum verið gerð tillaga um sviptingu lækningaleyfis að hluta til eða að öllu leyti og þá vegna ítrekaðra brota. Því koma þau tilvik síður fram þegar skoðuð eru viðurlög við einstökum kvörtunum eins og hér er gert.

Heildarfjöldi kvartana og kærumála sem embættinu hafa borist árin 1988–96 er sýndur á mynd 1. Tafla 1 sýnir öll kvörtunarmál og kærur sem embættinu bárust frá og með árinu 1991 til 15. nóvember 1997. Fyrirspyrjandi óskar hins vegar sérstaklega eftir upplýsingum um kvartanir vegna meintra mistakamála. Til þeirra mála heyrir röng sjúkdómsgreining ásamt rangri eða ófullnægjandi meðferð og eftirliti. Þetta er stærsti einstaki flokkur mála sem berst embættinu eða um það bil helmingur af heildarfjölda, eins og sést á töflu 2 þar sem mál eru flokkuð eftir tilefni kvartana. Meint mistakamál samkvæmt framangreindri skilgreiningu eru sýnd í töflu 3 og skipting þeirra eftir stofnunum. Næststærsti flokkurinn er samskiptaerfiðleikar. Rétt þótti einnig að sýna skiptingu þeirra mála á sama hátt og er það gert í töflu 4. Tafla 5 sýnir hver niðurstaðan var af athugun allra mála í flokki kvartana og kæra, en tafla 6 sýnir nánar niðurstöður mistakamála og tafla 7 niðurstöður samskiptamála. Á sama hátt sýnir tafla 8 aðgerðir landlæknis í öllum málum, tafla 9 aðgerðir í mistakamálum og tafla 10 aðgerðir landlæknis vegna samskiptaörðugleika sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks.

Lokaorð.

Landlæknisembættið er sá aðili sem afgreiðir langflestar kvartanir og kærur í heilbrigðisþjónustu, en málum nefndar um ágreiningsmál mun hafa fjölgað undanfarin ár. Málafjöldi hjá Landlæknisembættinu jókst hröðum skrefum til ársins 1995 en heldur hefur dregið úr skráðum fjölda eftir það og eru þau nú 200–250 á ári. Í skiptingu eftir stofnunum er fátt sem kemur á óvart. Af einstökum stofnunum eru kvartanir flestar á hendur Landspítala og Borgarspítala (Sjúkrahúss Reykjavíkur) eða um 37%, en um 45% af heildarfjölda meintra mistakamála beinast gegn þeim stofnunum. Eðli málsins samkvæmt eru það einnig að jafnaði þau mál sem afdrifaríkust eru.

Fjölgun mála síðastliðinn áratug á sér vafalaust margar skýringar. Í fyrsta lagi má vera að skráning sé orðin nákvæmari en áður. Í öðru lagi að fólk er orðið menntaðra og meðvitaðra um rétt sinn og álítur ekki lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn óskeikula. Meiri kröfur eru gerðar um að þeir og aðrir heilbrigðisstarfsmenn standi skil á gjörðum sínum. Í þriðja lagi má nefna að heilbrigðisþjónustan er orðin flóknari og tæknivæddari en áður og fleiri starfsmenn vinna að máli hvers sjúklings. Hættan eykst á því að eitthvað fari úrskeiðis í samspili allra þessara aðila. Oft eru það mál af því tagi sem valda hvað mestu tjóni. Þar sem margir taka þátt í meðferð sjúklings þarf að setja skýrar vinnureglur til að hindra að slíkt gerist. Þá er ekki síður mikilvægt að eftirlit sé með því að reglum sé framfylgt.

Hér á landi hefur tíðkast að sami aðili sjái um flestar kvartanir og kærur og hafi jafnframt eftirlit með starfseminni. Sumum kann að þykja orka tvímælis að þetta sé á sömu hendi. Það hefur hins vegar verulega kosti og veitir eftirlitsaðilanum góða innsýn í það sem miður fer, en markmiðið með umfjöllun embættisins er tvíþætt, annars vegar að aðstoða sjúkling við að ná fram rétti sínum, hins vegar að greina orsök mistaka og leitast við að hindra að þau endurtaki sig.

II. Svar við fyrirspurn.

1. *Hversu margar kærur hafa borist frá sjúklingum til landlæknisembættisins vegna meintra mistaka lækna á árunum 1990 til og með 1997:*
   a. *á sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu, skipt niður á ár og stofnanir,*
   b. *á sjúkrahúsum utan höfuðborgarsvæðisins, skipt niður á ár og stofnanir,*
   c. *á heilsugæslustöðvum, skipt niður á ár,*
   d. *á einkareknum læknastofum, skipt niður á ár og stofur?*

Mynd 1. Þróun fjölda kvartana og kærumála hjá Landlæknisembættinu 1988–96.



Landlæknisembættið, nóvember 1997.

Tafla 1. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997.
Öll mál, flokkuð eftir stofnunum.

Stofnun	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Landspítali	29	35	45	48	68	36	39	**300**
Borgarspítali / SR	23	26	40	41	42	42	34	**248**
Landakotsspítali	3	7	2	2	4	7	2	**27**
Önnur sjúkrahús á höfuðborgarsvæði	1	6	7	8	5	7	2	**36**
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	4	3	5	9	3	10	8	**42**
Önnur landsbyggðarsjúkrahús	13	11	15	13	14	19	6	**91**
Heilsugæslustöðvar	24	23	22	28	33	28	27	**185**
Stofur heimilislækna	4	4	6	2	12	8	4	**40**
Stofur sérfræðinga	16	26	23	36	18	18	19	**156**
Læknavakt	3	3	4	8	1	4	1	**24**
Tannlæknastofur	4	5	8	2	9	5	3	**36**
Annað	32	29	43	59	52	54	27	**296**
Alls	**156**	**178**	**220**	**256**	**261**	**238**	**172**	**1.481**

Tafla 2. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997.
Öll mál, flokkuð eftir tilefni kvartana.

Tilefni	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Meint mistök	61	94	124	143	129	119	80	**750**
Samskiptaerfiðleikar	19	15	25	24	28	25	27	**163**
Samskiptaerfiðl. heilbrigðisstarfsm.	6	0	3	4	2	5	1	**21**
Aðgengi að þjónustu	15	20	25	14	23	27	16	**140**
Ófullnægjandi upplýsingar	3	3	4	4	6	7	3	**30**
Trúnaðarbrot	6	5	10	8	5	4	1	**39**
Læknisvottorð	12	20	17	21	18	11	17	**116**
Sjúkraskrá	6	7	6	13	22	8	15	**77**
Áfengis- eða lyfjanotkun	1	2	4	4	0	2	1	**14**
Örorkumat	2	3	5	5	6	6	10	**37**
Skottulækningar	2	3	3	5	6	6	1	**26**
Óljósar / órökstuddar kvartanir	2	5	1	13	11	18	4	**54**
Önnur atriði	11	13	7	13	12	14	9	**79**
Alls	**146**	**190**	**234**	**271**	**268**	**252**	**185**	**1.546**

Tafla 3. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997.
Meint mistakamál flokkuð eftir stofnunum.

Stofnun	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Landspítali	16	24	25	31	41	20	23	**180**
Borgarspítali / SR	13	16	31	25	27	30	18	**160**
Landakotsspítali	2	4	1	2	2	6	2	**19**
Önnur sjúkrahús á höfuðborgarsvæði	0	2	5	4	3	3	0	**17**
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	2	2	5	6	2	9	6	**32**
Önnur landsbyggðarsjúkrahús	7	10	11	10	10	13	2	**63**
Heilsugæslustöðvar	7	7	10	16	15	11	12	**78**
Stofur heimilislækna	1	2	2	0	5	2	3	**15**
Stofur sérfræðinga	6	12	13	26	9	11	5	**82**
Læknavakt	2	2	3	6	1	1	1	**16**
Tannlæknastofur	1	3	8	2	6	3	2	**25**
Annað	4	10	10	15	8	10	6	**63**
Alls	**61**	**94**	**124**	**143**	**129**	**119**	**80**	**750**

Tafla 4. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997. Samskiptaerfiðleikar sjúklinga við heilbrigðisstarfsmenn. Mál flokkuð eftir stofnunum.

Stofnun	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Landspítali	4	3	5	8	5	4	6	**35**
Borgarspítali / SR	4	1	7	2	3	1	6	**24**
Landakotsspítali	1	1	1	0	0	1	0	**4**
Önnur sjúkrahús á höfuðborgarsvæði	0	1	1	2	0	2	1	**7**
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	1	0	0	0	1	0	0	**2**
Önnur landsbyggðarsjúkrahús	1	0	0	1	3	0	0	**5**
Heilsugæslustöðvar	3	2	1	2	3	8	7	**26**
Stofur heimilislækna	2	2	3	1	4	4	0	**16**
Stofur sérfræðinga	1	3	3	4	1	1	3	**16**
Læknavakt	1	0	0	1	0	1	0	**4**
Tannlæknastofur	0	2	0	0	2	0	0	**4**
Annað	0	0	4	3	6	3	4	**20**
Alls	**19**	**15**	**25**	**24**	**28**	**25**	**27**	**163**

Tafla 5. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997. Öll mál, flokkuð eftir niðurstöðum.

Niðurstaða	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Kvörtun staðfest	44	64	53	67	75	60	40	**403**
Staðfest að hluta	7	6	20	19	27	21	5	**105**
Ekki staðfest	54	59	76	124	99	104	48	**564**
Ekki afgerandi niðurstaða	44	34	51	29	40	29	25	**252**
Ekki frekari úrvinnsla	7	15	21	16	19	19	9	**106**
Í vinnslu	0	0	0	1	1	4	45	**51**
Alls	**156**	**178**	**221**	**256**	**261**	**237**	**172**	**1.481**

Tafla 6. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997. Meint mistök, mál flokkuð eftir niðurstöðum.

Niðurstaða	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Kvörtun staðfest	16	31	28	37	40	31	17	**200**
Staðfest að hluta	3	3	20	10	17	8	2	**63**
Ekki staðfest	30	39	52	80	52	58	26	**337**
Ekki afgerandi niðurstaða	10	14	14	9	13	9	3	**72**
Ekki frekari úrvinnsla	2	7	10	6	6	9	4	**44**
Í vinnslu	0	0	0	1	0	4	28	**33**
Alls	**61**	**94**	**124**	**143**	**128**	**119**	**80**	**749**

Tafla 7. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997. Samskiptaerfiðleikar sjúklinga við heilbrigðisstarfsmenn. Flokkað eftir niðurstöðum.

Niðurstaða	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Kvörtun staðfest	6	4	5	7	3	4	7	**36**
Staðfest að hluta	3	0	1	1	2	3	2	**12**
Ekki staðfest	3	6	6	9	14	8	5	**51**
Ekki afgerandi niðurstaða	6	4	10	2	5	6	6	**39**
Ekki frekari úrvinnsla	1	1	3	5	3	4	1	**18**
Í vinnslu	0	0	0	0	1	0	6	**7**
Alls	**19**	**15**	**25**	**24**	**28**	**25**	**27**	**163**

Tafla 8. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997. Öll mál, flokkuð eftir aðgerðum landlæknis við málslok.

Aðgerð	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Engin aðgerð	90	97	124	167	159	145	72	**854**
Ábending	41	54	77	52	60	57	33	**374**
Aðfinnsla	8	18	12	29	32	29	19	**147**
Áminning	3	5	5	6	2	1	0	**22**
Tillaga að leyfissviptingu	0	2	0	0	0	0	0	**2**
Annað	14	2	2	1	7	2	3	**31**
Í vinnslu	0	0	0	1	1	4	45	**51**
Alls	**156**	**178**	**220**	**256**	**261**	**238**	**172**	**1.481**

Tafla 9. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997. Mistakamál, flokkuð eftir aðgerðum landlæknis við málslok.

Aðgerð	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Engin aðgerð	38	55	71	95	74	78	33	**444**
Ábending	15	20	44	21	27	15	7	**149**
Aðfinnsla	4	14	6	21	20	21	12	**98**
Áminning	2	4	3	5	2	0	0	**16**
Tillaga að leyfissviptingu	0	1	0	0	0	0	0	**1**
Annað	2	0	0	0	5	1	0	**8**
Í vinnslu	0	0	0	1	0	4	28	**33**
Alls	**61**	**94**	**124**	**143**	**128**	**119**	**80**	**749**

Tafla 10. Kvartanir og kærur til landlæknis 1. janúar 1991 til 15. nóvember 1997. Samskiptaerfiðleikar sjúklinga við heilbrigðisstarfsmenn, flokkað eftir aðgerðum landlæknis við málslok.

Aðgerð	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Alls
Engin aðgerð	9	10	16	15	22	15	9	**96**
Ábending	7	4	9	5	2	10	9	**46**
Aðfinnsla	2	1	0	4	3	0	2	**12**
Áminning	0	0	0	0	0	0	0	**0**
Tillaga að leyfissviptingu	0	0	0	0	0	0	0	**0**
Annað	1	0	0	0	0	0	1	**2**
Í vinnslu	0	0	0	0	1	0	6	**7**
Alls	**19**	**15**	**25**	**24**	**28**	**25**	**27**	**163**

2. Hversu margar kærur hafa átt við rök að styðjast?

3. Hversu margir hafa fengið bætur vegna læknamistaka og um hvaða upphæðir er að ræða í hverju tilviki, skipt niður á ár?

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögmanns hafa á árunum 1990–97 verið greiddar bætur fyrir læknamistök að fjárhæð 74.393.598 kr. og skiptast þær þannig á milli ára:

Ár	Bótamál / dómsmál	Fjöldi mála	Fjárhæð
1990	Bótamál	1	7.656.935
1991	Bótamál	1	12.692.752
1992		0	
1993	Bótamál	3	2.184.805
1993	Dómsmál	1	939.677
1994	Bótamál	1	5.259.319
1995	Bótamál	3	11.977.784
1996	Bótamál	3	11.988.799
1996	Dómsmál	2	1.987.478
1997	Bótamál	2	16.381.945
1997	Dómsmál	1	3.324.104
	Samtals	**18**	**74.393.598**

Hinn 27. október á þessu ári voru rekin fimm mál af þessu tagi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þessu til viðbótar eru rekin tvö dómsmál vegna greiðslu til foreldra barns, en fyrr á árinu var gengið frá uppgjöri á bótagreiðslu til barnsins sjálfs og er það innifalið í framangreindri upptalningu. Hjá embætti ríkislögmanns eru að auki til meðferðar níu bótakröfur vegna meintra læknamistaka og hefur embættið viðurkennt bótaskyldu í sex þeirra.

4. *Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að settar verði reglur er bæta réttarstöðu sjúklinga sem sannanlega hafa borið skaða af mistökum lækna og auðvelda þeim sem telja sig hafa orðið fyrir slíkum skaða að sækja mál sitt? Ef svo er hvenær má þá vænta þeirra?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sinnir daglega á einhvern hátt málum sem miða að því að bæta réttarstöðu sjúklinga. Hvað varðar réttarstöðu sjúklinga sem sannanlega hafa borið skaða af mistökum lækna og aðgerðir til að auðvelda þeim sem telja sig hafa orðið fyrir slíkum skaða að sækja mál sitt ber einkum að nefna eftirfarandi atriði:

Lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lagði á 121. löggjafarþingi fram frumvarp til laga um réttindi sjúklinga, sbr. lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, sem öðluðust gildi þann 1. júlí sl. Í lögunum eru m.a. ákvæði sem sett voru vegna ábendinga sem fram komu í viðtölum við fulltrúa sjúklinga og þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir mistökum lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna. Lögin í heild og umræður í tilefni af setningu þeirra meðal heilbrigðisstarfsmanna og þeirra sem nýta sér heilbrigðisþjónustu hafa tvímælalaust bætt réttarstöðu sjúklinga. Varðandi réttarstöðu þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir skaða af mistökum lækna skal sérstaklega bent á 4. gr. laganna, er fjallar um aðgang að upplýsingum um réttindi sjúklinga, 14. gr., um aðgang að sjúkraskrám, og 28. gr., um farveg athugasemda og kvartana sem sjúklingar hafa fram að færa.

Frumvarp til laga um sjúklingatryggingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið undirbýr nú frumvarp til laga um sjúklingatryggingu sem ráðgert er að leggja fram á 122. löggjafarþingi. Frumvarpið mun fela í sér víðtækari rétt til sjúklingatryggingar en núgildandi lagaákvæði fela í sér. Í f-lið 24. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, er kveðið á um slysatryggingu sjúklinga sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið

eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum. Ákvæðið hefur ekki verið talið tryggja nægilega réttarstöðu þeirra sem undir það falla og því hefur um nokkurra mánaða skeið verið unnið að undirbúningi nýrra heildarlaga um sjúklingatryggingu og verður löggjöf annars staðar á Norðurlöndum m.a. höfð til hliðsjónar í því starfi.

Nefnd sem fjallar um reglur um meðferð landlæknis á tilkynningarmálum um vanrækslu eða mistök af hálfu heilbrigðisstarfsmanna, sbr. 18. gr. læknalaga, nr. 53/1988.

Nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, sem unnið hefur að gerð reglna um meðferð landlæknis á tilkynningarmálum um vanrækslu eða mistök af hálfu heilbrigðisstarfsmanna, sbr. 18. gr. læknalaga, nr. 53/1988, mun skila ráðherra tillögum að breytingu á 18. gr. læknalaga og drögum að reglugerð fyrir árslok 1997. Nefndin hefur kynnt sér stöðu þessara mála annars staðar á Norðurlöndum og mun m.a. gera tillögur um það hvernig fjalla skuli um tilkynningar á meintum mistökum heilbrigðisstarfsmanna og rannsóknir á þeim. Ráðherra mun fjalla um tillögur nefndarinnar og taka síðan afstöðu til hugsanlegrar lagabreytingar og/eða reglugerðarsetningar um þetta efni.

Eflt starf nefndar um ágreiningsmál skv. 5. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beitti sér fyrir því að starf nefndar um ágreiningsmál, sem starfar samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, væri eflt. Um er að ræða nefnd sem einstaklingar geta vísað til ágreiningsmálum um heilbrigðisþjónustu. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum, tilnefndum af Hæstarétti. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður í heilbrigðisþjónustunni og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur. Í dag sitja í nefndinni, auk lögfræðings, læknir og hjúkrunarfræðingur sem ekki starfa við heilbrigðisþjónustu. Nefndin hefur mikilvægu hlutverki að gegna og fjallar á ári hverju um fjölda mála. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákvað að styrkja starfsemi nefndarinnar og gera henni kleift að ráða sérstakan starfsmann svo að flýta megi umfjöllun mála fyrir nefndinni. Samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu gerir nefndin ráðherra árlega grein fyrir þeim kvörtunum sem borist hafa og afdrifum mála. Ráðherra mun í ljósi fenginnar reynslu meta hvort ástæða sé til þess að styrkja starfsemi nefndarinnar enn frekar.

433. Svar [297. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um kostnað við endurbætur á bústað sendiherra Íslands í Washington.

1. *Hver verður heildarkostnaður við viðhald og endurbætur á bústað sendiherra Íslands í Washington og hvernig er stjórn verksins háttað?*

Heildarkostnaður er áætlaður 95 millj. kr. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur með höndum verkefnastjórnun og samningagerð. Daglegt eftirlit með framkvæmdum er hjá bandaríska arkitekta- og verkfræðifyrirtækinu Böckl-Gates Inc.

2. *Hver var upphafleg kostnaðaráætlun (sundurliðuð)? Voru aðrir kostir íhugaðir þegar þörf þótti á endurbótum, svo sem kaup eða leiga á nýju húsnæði?*

Upphafleg kostnaðaráætlun var sem hér segir, fjárhæðir í millj. Bandaríkjadala:

Framkvæmdir, þar með talin hönnun[1]	1,000–1,400
Umsjón og eftirlit	0,040–0,056
Búnaður	0,250–0,250
Samtals	**1,290–1,706**
Miðað við gengið 70 kr. / Bandaríkjadalur	90–120 millj. kr.

[1] Kostnaðaráætlun þessi er ekki sundurliðuð heldur er hún byggð á reynslutölum um endurbyggingarkostnað eldri húsa.

Varðandi síðari spurninguna er rétt að geta þess að reynt var að selja bústaðinn og athugað með kaup á nýju húsnæði. Sambærilegir bústaðir reyndust kosta um 3,5 millj. Bandaríkjadala. Aðeins eitt tilboð barst í sendiherrabústaðinn og var staðgreiðsluverðmæti þess metið á um 900 þús. Bandaríkjadali.

Sé staðgreiðsluverðmæti og hámarksframkvæmdakostnaður lagt saman fæst endurbyggður bústaður fyrir 0,900 millj. Bandaríkjadala + 1,456 millj. Bandaríkjadala = 2,356 millj. Bandaríkjadala þannig að fyrirsjáanlegur lágmarksvirðisauki af endurbyggingu var metinn a.m.k. 1,0 millj. Bandaríkjadala, sem er um 50%. Því þóttu kaup eða leiga á nýju húsnæði ekki ráðlegur kostur.

3. *Hver verður sundurliðaður heildarkostnaður við endurbæturnar, þar með talið við hönnun, stjórnun og eftirlit? Hver er sundurliðaður kostnaður af ráðgjöf og hlutdeild íslenskra aðila í verkinu, ef einhver er?*

Sundurliðun kostnaðar er sem hér segir, fjárhæðir í Bandaríkjadölum:

Atriði	**Upphæð**	**Hlutfall, %**
Hönnun, umsjón og eftirlit	125.000	9
Framkvæmdakostnaður	1.000.000	75
Búnaður	170.000	12
Ófyrirséð[1]	60.000	4
Samtals	**1.355.000**	**100**
Miðað við gengið 70 kr. / Bandaríkjadalur	95 millj. kr.	

[1] Hér er um áætlun að ræða, enda lýkur verkinu ekki fyrr en um miðjan janúar 1998.

Hlutdeild íslenskra aðila í verkinu er fyrst og fremst þátttaka Framkvæmdasýslu ríkisins hvað varðar tæknilega úttekt á bústaðnum, aðstoð við fyrirhuguð fasteignakaup þegar þau voru til skoðunar, ásamt verkefnastjórnun á undirbúnings- og framkvæmdatíma. Sá kostnaður er áætlaður um 2% af heildarkostnaði og er innifalinn í liðnum hönnun, umsjón og eftirlit hér að framan.

434. Svar [298. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um kostnað við nýbyggingu sendiráðs Íslands í Berlín.

1. *Hver verður heildarkostnaður við nýbyggingu sendiráðs Íslands í Berlín? Verður hann í samræmi við fyrstu drög að kostnaðaráætlun, þ.e. 290 millj. kr., sbr. athugasemdir við fjárlagafrumvarp 1997?*

Rétt er að geta þess að um er að ræða tvær byggingar. Annars vegar er sameiginleg bygging Norðurlandanna og skiptist kostnaður við hana á milli Norðurlandanna fimm. Hlutdeild Íslands er 206,5 millj. kr. Hins vegar er nýbygging sendiráðs Íslands og er kostnaður við hana um 133,5 millj. kr.

Kostnaðaráætlun um hlutdeild Íslands í sameiginlegu byggingunni og nýbyggingu sendiráðs Íslands í Berlín er byggð á endurskoðaðri áætlun sem þýska ráðgjafarfyrirtækið Dress & Sommer gerði 21. október sl. Heildarkostnaður við bygginguna er nú áætlaður um 340 millj. kr.

2. *Hvernig vindur verkinu fram og hvenær eru verklok áætluð? Gengur verkið samkvæmt áætlun?*

Framvinda verksins er samkvæmt tímaáætlun. Áætlað er að sendiráðsbyggingarnar fimm, ásamt sameiginlegu byggingunni, verði tilbúnar að utan og lóðir frágengnar í október 1998. Áætlað er að innanhússframkvæmdum verði lokið í maí 1999 og að sendiráð Íslands hefji starfsemi sína í nýju húsnæði í júní 1999.

3. *Hverjir eru helstu kostnaðarliðir (sundurliðaðir)?*

Sundurliðuð kostnaðaráætlun er eftirfarandi:

	Hlutdeild Íslands í sameiginlegu byggingunni, %	**Sendiráð Íslands, %**
Lóðarkostnaður	9,21	14,63
Undirbúningur	0,88	0,77
Jarðvegsframkvæmdir	2,04	0,00
Öryggi	0,38	0,00
Uppsteypa	6,41	6,06
Frágangur utan húss	6,40	9,10
Tækni	4,62	10,61
Lóðarframkvæmdir	1,56	0,79
Frágangur innan húss	2,28	7,00
List	0,07	0,00
SVF/erlendir ráðgjafar	10,14	4,00
Hönnun og umsjón á Íslandi	0,00	3,00
Samanlagt 100%	**43,99**	**55,96**
Samtals kostnaður	**340 millj. kr.**	

Helstu ástæður hækkunar kostnaðaráætlunarinnar eru sem hér segir:

a. Hessenfylki, sem átti hlut lóðarinnar, var ekki tilbúið til að veita þann 25% afslátt af verði síns hluta sem Berlínarborg hafði gefið fyrirheit um og Statens Fastighetsverk í Svíþjóð (SFV) hafði gert ráð fyrir í kostnaðaráætlunum sínum, en í upphafi verks annaðist sú stofnun gerð kostnaðaráætlana. Berlínarborg veitti hins vegar umsaminn afslátt.
b. Norðurlöndunum var gert að deiliskipuleggja lóðina en fyrirheit höfðu verið gefin um að Berlínarborg mundi gera það á sinn kostnað.
c. Í samningi milli Norðurlandanna fimm um sameiginleg kaup á lóðinni var gert ráð fyrir að eignarhlutdeild Íslands yrði 5,8%. Þegar hönnun sendiráðanna var lokið og endanlegar stærðir lágu fyrir var skipting sameiginlegs kostnaðar endurskoðuð. Miðað við endanlegar stærðir á byggingum hinna landanna er kostnaðarhlutfall Íslands orðið 6,3%.

Ástæða þessarar hækkunar er helst rakin til þess að Noregur minnkaði sendiráðsbyggingu sína töluvert frá upphaflegri áætlun. Ekki var mögulegt að minnka íslensku bygginguna þar sem henni var í upphafi sniðinn eins þröngur stakkur og mögulegt var.

d. Í ljós kom að gera þurfti sérstakar ráðstafanir við útfærslu bílakjallara þar sem yfirborð grunnvatns var hærra en reiknað hafði verið með.
e. Þegar framkvæmdir hófust kom í ljós að jarðvegurinn á lóðinni var mengaður, þar sem mokað hafði verið ofan í grunn menguðu efni úr seinni heimsstyrjöldinni. Fjarlægja þurfti mengaða jarðveginn og farga honum og leiddi það til aukins kostnaðar. Verið er að vinna að gerð endurkröfu kostnaðar vegna þessa á hendur Berlínar.
f. Kostnaður við ráðgjöf hefur orðið meiri en SFV gerði ráð fyrir í upphafi verks.
g. Við þetta bætist svo að almennar hækkanir á tilboðsmarkaði í Berlín hafa leitt til hækkana á áætluðum kostnaði.

Heildarkostnaður við sameiginlega sendiráðsverkefnið er áætlaður um 340 millj. kr.

4. *Hvernig er háttað hönnun, stjórnun og eftirliti og hver er kostnaðurinn?*

Verkefnisstjórn sameiginlega sendiráðsverkefnisins er í höndum Statens Fastighetsverk í Svíþjóð og hönnunarstjórn og kostnaðargát í höndum þýska ráðgjafarfyrirtækisins Dress & Sommer.

Ráðin hafa verið þýsk ráðgjafarfyrirtæki til aðstoðar. Það eru IGH-Ingenieurgesellschaft Höpfner GmbH sem sér um verkfræðilega hönnun og ráðgjöf, arkitektarnir Pysall & Ruge sem sjá um samskipti við yfirvöld Berlínarborgar og hafa umsjón með eftirliti á byggingartíma, Hosser, Hass & Partner sem annast brunatæknilega hönnun og þýskir lögfræðingar, ásamt ýmsum öðrum ráðgjöfum.

Kostnaður við hönnun, ráðgjöf, stjórnun, eftirlit og opinber gjöld, bæði fyrir hlut Íslands í sameiginlegu byggingunni og fyrir sendiráðið, er áætlaður um 59,6 millj. kr.

5. *Hver er sundurliðaður kostnaður af hlutdeild og framlagi íslenskra aðila í verkinu, ef einhver er?*

Áætlaður kostnaður við hönnun íslenska sendiráðsins, samningagerð og fleira er um 11,8 millj. kr. Klæðning þess er úr íslensku líparíti og er kostnaður vegna þess áætlaður um 4 millj. kr. Áætlaður kostnaður vegna íslenskra hraunhellna í garði íslenska sendiráðsins er 1,3 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að innréttingar í sendiráðinu verði hannaðar og smíðaðar hér á landi. Áætlaður kostnaður við innréttingar og búnað er um 10 millj. kr.

435. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Einnig hafa komið fyrir nefndina forsvarsmenn nokkurra ríkisstofnana sem lagt hafa fram upplýsingar um tiltekin verkefni og önnur erindi. Nefndin leitaði jafnframt eftir áliti Ríkisendurskoðunar á frum-

varpinu. Í ljósi þeirra skýringa hefur meiri hluti nefndarinnar fallist á þær tillögur um fjárheimildir sem fram koma í frumvarpinu.

Á meðan nefndin hafði frumvarpið til athugunar var unnið að sérstakri athugun á nokkrum málum í ráðuneytunum sem nú hafa verið leidd til lykta, auk þess sem nokkur ný útgjaldatilefni hafa komið fram.

Þar ber helst að nefna málefni sjúkrahúsanna. Fjárhagsvandi sjúkrahúsa er mikill, hvort heldur eiga í hlut stærri sjúkrahús í Reykjavík og á Akureyri eða smærri sjúkrahús vítt og breitt um landið. Til að mæta rekstrarvanda sjúkrahúsanna er lagt til að veittar verði 200 m.kr. í fjáraukalögum 1997 í sérstökum fjárlagalið. Jafnframt verði ætlað fjármagn í fjárlögum 1998 til að auðvelda lausn á vandanum. Lagt er til að stýrinefnd með víðtækt umboð verði falið að fjalla um málefni sjúkrahúsanna allra. Að því starfi kæmu, auk heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, fulltrúar stærri og smærri sjúkrahúsa. Þau verkefni sem um er að ræða er m.a. að skilgreina starfssvið einstakra heilbrigðisstofnana, semja við sérhverja þeirra um þá þjónustu sem skal veita, styrkja stjórnun þeirra og bæta eftirlit. Tillögur meiri hluta fjárlaganefndar byggjast á þessari framkvæmd. Heilbrigðisráðuneytið kynnir fjárlaganefnd tillögur að samningum, auk þess sem fjárlaganefnd getur óskað eftir upplýsingum um málið á hverjum tíma. Meiri hluti nefndarinnar gerir breytingartillögur í 28 liðum við frumvarpið sem samtals nema 949,2 m.kr. Einstakar tillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Alls er lagt til að framlag til Alþingis hækki um 41 m.kr. og skiptist fjárhæðin á sex liði. Í fyrsta lagi er lagt til að liðurinn hækki um 15,8 m.kr. Þar af eru 9,3 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms síðastliðið sumar um þingfararkaup. Þingfararkostnaður eykst um 6,5 m.kr. umfram áætlun og er stærsti hlutinn hækkun símakostnaðar og fundakostnaðar innan lands. Í öðru lagi er gerð tillaga um að framlag til þingmálaskrifstofu hækki um 3,9 m.kr. vegna lengri vinnutíma starfsmanna. Þar kemur til aukið álag við sérfræðiþjónustu við fastanefndir og vinna við uppfærslu lagasafns sem nú er sett út á Alnetið. Kostnaður við uppfærslu lagasafnsins var áður endurgreiddur af dómsmálaráðuneyti en er nú að fullu greiddur af Alþingi. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til rekstrarskrifstofu hækki um 2,8 m.kr. og er fjárhæðinni ætlað að standa undir viðbótarkostnaði við rekstur fasteigna. Útgjöld við húsnæði, sem tekið var í notkun við Kirkjustræti í upphafi ársins og aukið leiguhúsnæði fyrir skrifstofur og geymslur, voru vanmetin. Í fjórða lagi er gerð tillaga um að framlag til viðhalds fasteigna hækki um 11,5 m.kr. vegna umfangsmikilla breytinga er voru gerðar á húsnæðisaðstöðu þingflokka og vegna lagfæringa á fasteignum Alþingis í árslok 1996. Ákvörðun um þessar framkvæmdir voru teknar með fjáraukalögum 1996 en þær reyndust umfangsmeiri en áætlað var. Í fimmta lagi er lagt til að tækja- og búnaðarkaup hækki um 4 m.kr. í tengslum við fyrrnefndar breytingar í húsnæðismálum. Að lokum er gerð tillaga um nýtt viðfangsefni, 621 Fasteignir, vegna skipulagningar í tengslum við undirbúning framkvæmda á Alþingisreit. Skipulagsvinna hefur reynst tímafrekari en áætlað var.

02 Menntamálaráðuneyti

239 Rannsóknarnámssjóður: Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun fjárveitingar í þessum lið. Árið 1993 tók ríkisstjórnin þá ákvörðun, í framhaldi af lagasetningu, að veita 8 millj. kr. til rannsóknartengds framhaldsnáms. Framlagið var í raun stofnframlag Rannsóknarnámssjóðs. Fjárveiting þessi hefur ekki verið afgreidd með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum til þessa.

318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Lagt er til að veita 4,5 m.kr. til að ljúka úrbótum á húsnæði Hússtjórnarskólans á Hallormsstað. Á þessu ári hafði skólinn rúmar 7,2 m.kr. til ráðstöfunar til að lagfæra aðstöðu í kjallara skólahússins og byggja yfir svalir ásamt því að innrétta viðbótarherbergi og koma í veg fyrir leka. Heildarkostnaður er áætlaður 14,8 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Lagt er til að 17,4 m.kr. viðbótarheimild verði veitt til þess að mæta kostnaði sem hlýst af yfirtöku utanríkisráðuneytisins á mannvirkjum varnarliðsins að Gufuskálum. Þar af eru 7,5 m.kr. vegna gjaldfallinna reikninga frá yfirtöku mannvirkjanna til júlíloka á þessu ári og 9,9 m.kr. vegna kostnaðar frá ágúst til loka ársins. Þessi kostnaður er tilkominn vegna reksturs mannvirkjanna, svo sem hiti, rafmagn, húsvarsla o.fl. auk dráttarvaxta.

320 Sendiráð, almennt: Lögð er til 290 m.kr. hækkun á fjárveitingu til þess að mæta útgjöldum vegna húsnæðis sendiráðs Íslands í London, en eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var undirbúningi þeirra mála ekki að fullu lokið þegar það var lagt fram. Af þeirri fjárhæð eru 230 m.kr. vegna endurnýjunar á lóðarleigusamningi sendiráðsins en 60 m.kr. eru ætlaðar til viðhaldsframkvæmda.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Lagt er til að 3 m.kr. verði veittar til Þróunarsamvinnustofnunar til að greiða áfallinn kostnað hennar vegna sjúkraflugs frá Afríku til Íslands með einn af starfsmönnum hennar sem var í bráðri lífshættu.

04 Landbúnaðarráðuneyti

233 Yfirdýralæknir: Lagður er til nýr liður á fjárlagalið yfirdýralæknis. Fjárveitingin er framlag embættisins til byggingar krufningarstofu við Tilraunastöðina að Keldum.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins: Lagt er til 100 m.kr. framlag til Jarðeigna ríkisins. Safnast hefur upp skuld á viðskiptareikningi Jarðasjóðs vegna jarðakaupa umfram jarðasölu á umliðnum árum og nemur sú skuld nú um 50 m.kr. Óvíst er að jarðasala næstu ára muni jafna viðskiptareikninginn hjá ríkissjóði. Þá þurfa að eiga sér stað lögbundin jarðakaup Jarðeigna ríkisins á eignum ábúenda á Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu sem keyptar eru við matsverði samkvæmt samningi frá því í mars 1991.

07 Félagsmálaráðuneyti

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Gerð er tillaga um 59 m.kr. framlag til sjóðsins auk þeirra 25 m.kr. sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að markaðar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafi verið vanmetnar um 21 m.kr. vegna ársins 1997. Þá fórst fyrir að gera ráð fyrir 38 m.kr. lokauppgjöri vegna ársins 1996.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

206 *Sjúkratryggingar:* Alls er lagt til að liðurinn hækki um 26,1 m.kr. og er tilefnið fjórþætt. Í fyrsta lagi er lögð til 4,4 m.kr. aukafjárveiting til þess að mæta rekstrarhalla síðasta árs hjá hjúkrunarheimilinu Nausti á Þórshöfn sem nam um 20% af rekstrargjöldum heimilisins. Hallinn skýrist einkum af því að ekki voru fullnýtt öll rými heimilisins á síðasta ári. Í öðru lagi er lögð til 13 m.kr. aukafjárveiting til þess að gera upp rekstrarhalla hjá hjúkrunarheimilinu Hornbrekku á Ólafsfirði en hallinn hefur verið viðvarandi undanfarin sjö ár. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 3,7 m.kr. aukafjárveitingu til að gera upp hallarekstur síðustu ára hjá hjúkrunarheimilinu Hulduhlíð á Eskifirði. Hallann má rekja til þess að á heimilinu dveljast hjúkrunarsjúklingar sem þarfnast afar mikillar umönnunar. Að lokum er lögð til 5 m.kr. aukafjárveiting til þess að gera upp rekstrarhalla síðustu ára hjá hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu. Þar má einnig rekja hallann til umönnunar hjúkrunarsjúklinga.

368 *Sólvangur, Hafnarfirði:* Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. aukafjárveiting til þess að gera upp hallarekstur síðustu ára hjá heimilinu. Ástæður hallans má rekja til mikillar hjúkrunarþyngdar en samkvæmt nýrri samantekt á þyngdarstuðli umönnunar hjá hjúkrunarheimilum á föstum fjárlögum á höfuðborgarsvæðinu er þyngdarstuðull umönnunar næsthæstur á Sólvangi.

379 *Sjúkrahús, óskipt:* Fjárhagsvandi sjúkrahúsa er nokkur, hvort heldur eiga í hlut stærri sjúkrahúsin í Reykjavík og á Akureyri eða smærri sjúkrahúsin vítt og breitt um land. Til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda sjúkrahúsanna á landsbyggðinni er lagt til að veittar verði 200 m.kr. í fjáraukalögum 1997 í sérstökum fjárlagalið, en þegar hefur verið gert ráð fyrir framlögum til sjúkrahúsanna í Reykjavík í samræmi við samkomulag þar um. Jafnframt verður í fjárlögum 1998 ætlað fjármagn til að auðvelda lausn á vanda allra sjúkrahúsa á landinu. Lagt er til að stýrinefnd, sem fái til þess víðtækt umboð, verði falið að fjalla um málefni sjúkrahúsanna allra. Að þessu starfi komi, auk heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, fulltrúar með sérþekkingu á málefnum stærri og smærri sjúkrahúsa. Þau verkefni sem um er að ræða eru m.a. að skilgreina starfssvið einstakra heilbrigðisstofnana, semja við sérhverja þeirra um þá þjónustu sem skal veita, styrkja stjórnun þeirra og bæta eftirlit.

381 *Sjúkrahús og læknisbústaðir:* Lagt er til að veita 4 m.kr. til að endurgreiða að fullu skuld vegna D-álmu við sjúkrahús Suðurnesja til samræmis við samning þar um.

435 *Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða:* Gerð er tillaga um 15,5 m.kr. aukafjárveitingu til þessa liðar, eða sem nemur áætluðum uppsöfnuðum halla í árslok 1997. Rekstrargrunnur stofnunarinnar hefur verið hækkaður í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 og er talið að fjárveiting sé þar með orðin í samræmi við umönnunarþyngd vistmanna á heimilinu.

524 *Heilsugæslustöðin Ólafsvík:* Gerð er tillaga um 3 m.kr. aukafjárveitingu í þessum lið vegna uppsafnaðs rekstrarhalla.

541 *Heilsugæslustöðin Hvammstanga:* Lagt er til 1,4 m.kr. viðbótarframlag vegna nýrra gæsluvakta heilsugæslulækna. Í september árið 1996 var kjarasamningi við heilsugæslulækna breytt og ákvörðun um laun þeirra færð undir kjaranefnd. Í sama samningi fékk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimild til að ákvarða fyrirkomulag vakta í stað þess að vaktir yrðu hluti af kjarasamningi. Vaktir hafa nú verið endurskipulagðar með tilliti til öryggis og þjónustumarkmiða.

573 *Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum:* Lagt er til veitt verði 0,8 m.kr. viðbótarframlag vegna nýrra gæsluvakta heilsugæslulækna. Í september árið 1996 var kjarasamningi við heilsugæslulækna breytt og ákvörðun um laun þeirra færð undir kjaranefnd. Í sama samningi fékk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimild til að ákvarða fyrirkomulag vakta í stað þess að vaktir yrðu hluti af kjarasamningi. Vaktir hafa nú verið endurskipulagðar með tilliti til öryggis og þjónustumarkmiða. Á heilsugæslustöðinni í Vestmannaeyjum var gæsluvakt II tekin upp 1. júní sl. og því er farið fram á að henni verði bættur hlutfallslegur útgjaldaauki eða í sjö mánuði.

576 *Heilsugæslustöðin Laugarási:* Lögð er til 5 m.kr. aukafjárveiting vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Starfsemin hefur verið flutt í nýtt og stærra húsnæði og er gert ráð fyrir hækkun á fjárveitingu til stöðvarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998.

582 *Heilsugæslustöðin Hafnarfirði:* Gerð er tillaga um 8,2 m.kr. viðbótarheimild í þessum lið. Á síðasta ári varð umtalsverður halli á rekstri stöðvarinnar eða um 10% af fjárheimild, en hann má rekja til aukinnar heimahjúkrunar. Þá var yfirvinna mikil hjá hjúkrunarfræðingum stöðvarinnar á meðan á kjaradeilu lækna stóð og var stöðum hjúkrunarfræðinga fjölgað um fjórar.

584 *Heilsugæslustöðin Kópavogi:* Lagt er til 1,4 m.kr. viðbótarframlag vegna nýrra gæsluvakta heilsugæslulækna. Í september árið 1996 var kjarasamningi við heilsugæslulækna breytt og ákvörðun um laun þeirra færð undir kjaranefnd. Í sama samningi fékk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimild til að ákvarða fyrirkomulag vakta í stað þess að vaktir yrðu hluti af kjarasamningi. Vaktir hafa nú verið endurskipulagðar með tilliti til öryggis og þjónustumarkmiða.

950 *Rekstrarhagræðing:* Lagt er til að veita aukafjárveitingu á rekstrarhagræðingarlið heilbrigðisráðuneytis en af henni verði ráðuneytinu heimilt að verja allt að 2 m.kr. til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu Krýsuvíkursamtakanna.

09 Fjármálaráðuneyti

481 *Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum:* Gerð er tillaga um 60 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta ýmsum útgjöldum samkvæmt heimildarákvæðum 6. gr. fjárlaga, en útgjöld vegna þeirra heimilda eru jafnan háð talsverðri óvissu við setningu fjárlaga.

10 Samgönguráðuneyti

190 *Ýmis verkefni:* Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu til flugminjasafns að Hnjóti. Í frumvarpi til fjárlaga er lagt til að millifæra 4,5 m.kr. af fjárlagalið 472 Flugvellir vegna safnsins og er þetta viðbót við þá fjárhæð. Ætlunin er að ljúka uppsetningu á grind og klæðningu svonefnds Vatnagarðaflugskýlis sem unnið hefur verið að á undanförnum árum.

11 Iðnaðarráðuneyti

399 *Ýmis orkumál:* Alls er gerð tillaga um 53,6 m.kr. hækkun á þessum lið. Þar af eru 50 m.kr. til niðurgreiðslu á rafhitun vegna fyrirsjáanlegrar hækkunar á töxtum rafveitna. Lagt er til að veita 3,6 m.kr. viðbótarframlag til þess að aðstoða litlar hitaveitur úti á landi sem eru í skuld við ríkissjóð. Styrkur til þeirra nemi þá 8,4 m.kr. alls, en áður var búið að veita 5 m.kr. til þessa verkefnis í fjáraukalögum 1996 og færðist sú upphæð til þessa árs. Farið er fram á 3,4 m.kr. viðbótarstyrk auk 0,2 m.kr. kostnaðar við vinnslu þessa verkefnis.

12 Viðskiptaráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Lagt er til að sértekjur að fjárhæð 2 m.kr. verði felldar niður. Áætlað var fyrir þessum tekjum í frumvarpi til fjárlaga 1997, en þá var gert ráð fyrir að gerð yrði tillaga um breytingu á samkeppnislögum um innheimtu gjalds er svari til kostnaðar við áfrýjun mála til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Umrædd breyting á samkeppnislögum náði ekki fram að ganga, en það láðist að fella áætlaðar sértekjur út við afgreiðslu fjárlaga. Samsvarandi tillaga verður gerð við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 1998. Einnig er gerð tillaga um að veitt verði 5,3 m.kr. aukaframlag til tækniaðstoðarsjóðs Evrópubankans (EBRD). Sjóðurinn mun nota þessa fjármuni til þess að styrkja starf íslenskra rekstrarráðgjafa við gerð framkvæmdaáætlunar vegna endurskipulagningar sjávarútvegsfyrirtækis í Vladivostok í Rússlandi.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Gerð er tillaga um að veita 3 m.kr. á viðfangsefninu 139 Mengunarslys vegna strands saltflutningsskipsins Eriks Boye árið 1992. Grípa þurfti til aðgerða til að koma í veg fyrir umhverfisskaða og féll kostnaður á heimamenn. Hluti útlagðs kostnaðar fékkst greiddur af útgerð skipsins en eftir standa um 3 m.kr.

210 Veiðistjóri: Lögð er til 1,5 m.kr. aukafjárveiting til veiðistjóra vegna refaveiða. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti leitað til veiðistjóra undir sérstökum kringumstæðum og óskað eftir viðbótarþátttöku ríkisins. Er þar átt við sveitarfélög þar sem nauðsynlegt er talið að grípa til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir tjón af völdum refa og fyrirséð er að kostnaður við veiðarnar verði viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega erfiður. Settar verði nánari reglur um forsendur fyrir stuðningnum í reglugerð.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands: Lögð er til 1,5 m.kr. viðbótarheimild í þessum lið vegna greiðslu fyrir hugbúnaðarleyfi á landupplýsingakerfi. Stofnunin hafði svokallað háskólaleyfi til að nota forritið í vísindalegum tilgangi án endurgjalds í nokkur ár. Með tilkomu breyttrar notkunar þarf stofnunin nú að greiða fyrir afnotin. Heildarkostnaður er 5,2 m.kr. sem skiptist þannig að 1,5 m.kr. koma til greiðslu á þessu ári, 1,7 m.kr. á næsta ári og 2 m.kr. á árinu 1999. Gerð verður samsvarandi breytingartillaga við 2. umræðu fjárlaga 1998.

Alþingi, 8. des. 1997.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.
	Ísólfur Gylfi Pálmason.	

436. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á 2. gr.:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-201 Alþingi			
a. 101 Alþingiskostnaður	0,0	15,8	15,8
b. 103 Þingmálaskrifstofa	0,0	3,9	3,9
c. 104 Rekstrarskrifstofa	0,0	2,8	2,8
d. 520 Fasteignir	0,0	11,5	11,5
e. 601 Tæki og búnaður	0,0	4,0	4,0
f. 621 Fasteignir	0,0	3,0	3,0
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-239 Rannsóknarnámssjóður			
101 Rannsóknarnámssjóður	0,0	8,0	8,0
3. Við 02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður			
590 Viðhald	0,0	4,5	4,5
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-190 Ýmis verkefni			
190 Ýmis verkefni	0,0	17,4	17,4
5. Við 03-320 Sendiráð, almennt			
623 Sendiráð Íslands í London	0,0	290,0	290,0
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands			
101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	0,0	3,0	3,0
7. Við 04-233 Yfirdýralæknir			
621 Krufningarstofa á Keldum	0,0	7,0	7,0
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins			
620 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	0,0	100,0	100,0
9. Við 07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	25,0	59,0	84,0
10. Við 08-206 Sjúkratryggingar			
110 Sjúkratryggingar	432,0	26,1	458,1
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-368 Sólvangur, Hafnarfirði			
101 Sólvangur, Hafnarfirði	0,0	20,0	20,0
12. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-379 Sjúkrahús, óskipt			
101 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	0,0	200,0	200,0

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
13. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	0,0	4,0	4,0
14. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða			
101 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,0	15,5	15,5
15. Við 08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
101 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	1,4	3,0	4,4
16. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga			
101 Heilsugæslustöðin Hvammstanga	0,0	1,4	1,4
17. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum			
101 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	0,0	0,8	0,8
18. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási			
101 Heilsugæslustöðin Laugarási	0,0	5,0	5,0
19. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði			
101 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	0,0	8,2	8,2
20. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-584 Heilsugæslustöðin Kópavogi			
101 Heilsugæslustöðin Kópavogi	0,0	1,4	1,4
21. Við 08-950 Rekstrarhagræðing			
190 Rekstrarhagræðing	30,0	2,0	32,0
22. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum			
601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	60,0	60,0
23. Við 10-190 Ýmis verkefni			
190 Ýmislegt	4,5	5,0	9,5
24. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
11-399 Ýmis orkumál			
a. 114 Aðstoð við litlar hitaveitur	0,0	3,6	3,6
b. 115 Niðurgreiðsla á rafhitun	0,0	50,0	50,0
25. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
12-190 Ýmis verkefni			
a. 190 Ýmis viðskipta- og bankamál	0,0	5,3	5,3
b. Þjónustutekjur	0,0	2,0	2,0
26. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-190 Ýmis verkefni			
139 Mengunarslys	0,0	3,0	3,0
27. Við bætist nýr fjárlagaliður:			

	14-210 Veiðistjóri			
	101 Veiðistjóri	0,0	1,5	1,5
28.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands			
	102 Setur í Reykjavík	0,0	1,5	1,5

437. Lög [98. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 425.

438. Lög [147. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 426.

439. Lög [148. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 148.

440. Svar [305. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um eftirlit með raforkuvirkjum.

Svörin eru byggð á upplýsingum frá Löggildingarstofu og gögnum sem hún hefur aflað hjá rafveitum.

1. *Hverjar hafa afleiðingar verið af því að Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður og starfsemi þess sameinuð nýrri stofnun, Löggildingarstofunni, sbr. lög 146/1996? Hefur sú breyting orðið til þess að auka öryggi almennings og mannvirkja, draga úr tilkostnaði og auka hagkvæmni eins og ráðherra hélt fram þegar lögin voru samþykkt?*

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á rafmagnsöryggismálum hér landi eru í samræmi við þróun í flestum nágrannalöndum okkar. Þær stuðla að því að draga úr eftirliti stjórnvalda en

auka ábyrgð fagmanna, eigenda og umráðamanna raforkuvirkja og neysluveitna. Breytingarnar lúta einnig að því að auka öryggi neytenda gagnvart hættu af völdum rafmagns, draga úr kostnaði við rafmagnseftirlit en jafnframt auka skilvirkni og þjónustu við neytendur.

Ástæður þess að stjórnvöld gerðu endurbætur á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála voru fjölmargar. Meðal annars má nefna að um langt árabil höfðu samtök rafveitna, rafverktaka og innflytjenda raffanga verið óánægð með fyrirkomulag rafmagnsöryggismála. Meginatriði í gagnrýni Sambands íslenskra rafveitna (SÍR) voru eftirfarandi:

— Rafveitueftirlitsgjald var látið standa undir kostnaði við raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins. Starfsemi raffangaprófunar var einnig talin óþörf vegna saminga Íslands við önnur ríki um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum.
— Rafveitur voru látnar bera ábyrgð á eftirliti með neysluveitum og skyldaðar til að skoða allar nýjar neysluveitur í stað þess að beitt væri úrtaksskoðunum. Það var skoðun SÍR að eftirlit með neysluveitum ætti ekki að vera í höndum þeirra þar sem hlutverk rafveitna væri fyrst og fremst að framleiða, dreifa og selja raforku. Það væri hlutverk stjórnvaldsins að bera ábyrgð á eftirliti með starfsemi löggiltra rafverktaka og þar með eftirliti með neysluveitum.
— Hið samfléttaða eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk yfirstjórnar rafmagnsöryggismála hafði og sætt gagnrýni og á það verið bent að það væri andstætt sjónarmiðum um góða stjórnsýsluhætti sem kalla á meira hlutleysi, aukið jafnræði og réttaröryggi.
— Yfirstjórn rafmagnsöryggismála var talin óskilvirk.

Tvær nefndir á vegum stjórnvalda gerðu athuganir á rafmagnsöryggismálum hérlendis. Fyrri athugunin sem var mjög ítarleg var gerð árið 1977 en hin síðari sem var veigaminni var gerð árið 1985.

Árið 1991 óskaði þáverandi iðnaðarráðherra eftir því við Hagsýslu ríkisins að hún gerði úttekt á fyrirkomulagi rafmagnseftirlits í landinu, hlutverki þess og rekstri Rafmagnseftirlits ríkisins og mótaði tillögur um framtíðarskipan þess. Iðnaðarráðuneytið lagði sérstaka áherslu á að kannaðir yrðu möguleikar á því að auka ábyrgð rafverktaka og rafveitna á sviði rafmagnsöryggismála og athuguð væru áhrif aukins Evrópusamstarfs á þennan málflokk, m.a. með tilliti til stöðlunar, gagnkvæmrar viðurkenningar á prófunum og hugsanlegrar einkavæðingar. Hagsýsla ríkisins skilaði greinargerð til iðnaðarráðherra og lagði til verulegar breytingar á skipulagi Rafmagnseftirlitis ríkisins. Flestar þeirra komu til framkvæmda. Helstu breytingar á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála, sem gerðar hafa verið frá 1993, eru eftirfarandi:

— Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður í þáverandi mynd en ný stofnun, Löggildingarstofa, tók við hlutverki þess (1997).
— Prófunum á rafföngum var hætt hér á landi en þess í stað beitt skilvirku markaðseftirliti (1994).
— Framkvæmd rafmagnseftirlits var falið óháðum faggiltum skoðunarstofum á rafmagnssviði (1994).
— Úrtaksskoðanir eru framkvæmdar í umboði Löggildingarstofu á háspenntum raforkuvirkjum og neysluveitum í stað alskoðana (100% skoðana).
— Skoðanir eru nú framkvæmdar samkvæmt skilgreindum verklagsreglum og á því formi sem Löggildingarstofa ákveður.
— Krafa er gerð um að rafveitur og löggiltir rafverktakar komi sér upp innri öryggisstjórnun. Með því er átt við að á kerfisbundinn hátt verði með fyrirbyggjandi ráðstöfunum unnt að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar sé ávallt fullnægt.

Í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, er gerð krafa um að löggiltir rafverktakar komi sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi með eigin starfsemi. Það hefur í för með sér að rafverktakar vinna eftir gæðakerfi sem tryggir að öll verk sem unnin eru í þeirra nafni séu yfirfarin í verklok og þannig tryggt að verkin séu framkvæmd samkvæmt settum öryggisreglum.

Á sama hátt er öryggi neytenda gagnvart starfsemi rafveitna tryggt því gerðar eru sömu kröfur til rafveitna og rafverktaka. Rafveitum ber að koma sér upp skilgreindu innra öryggisstjórnunarkerfi til þess að tryggja öryggi raforkuvirkja og rekstur þeirra.

Skýlaus krafa er gerð til rafveitna og rafverktaka um að beita gæðastjórnun í starfsemi sinni sem sé í grundvallaratriðum sú sama og almennt er beitt í atvinnulífinu við framleiðslu og þjónustustarfsemi. Innra gæðaeftirlit fyrirtækja er talið árangursríkasta leiðin til að tryggja öryggi og bæta starfsemina í heild. Þetta næst m.a. með því að eigendur og umráðamenn raforkuvirkja og neysluveitna og allir starfsmenn í tengslum við þær verði meðvitaðri um öryggismál og virkari þátttakendur í fyrirbyggjandi aðgerðum.

Löggildingarstofa hefur yfirumsjón með því að öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka sé samkvæmt reglum, fylgir eftir athugasemdum og beitir þá aðila viðurlögum sem ekki uppfylla settar reglur.

Með þessum aðgerðum færðist allt eftirlit með háspenntum raforkuvirkjum til rafveitna og eftirlit með nýjum neysluveitum til rafverktaka. Það sem einkum felst í þessum breytingum er að ábyrgð eigenda, umráðamanna eða sérstakra ábyrgðarmanna raforkuvirkja og neysluveitna á lögmætu ástandi þeirra er gerð ótvíræð. Virk öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka, sem Löggildingarstofa hefur yfirumsjón með, tryggir því öryggi neytenda betur en áður.

Þessar kerfisbreytingar voru forsenda þess að unnt væri að draga úr rafmagnseftirliti á vegum hins opinbera, en jafnframt að tryggja öryggi neytenda gagnvart hættu af völdum rafmagns.

Eins og áður er komið fram sinna óháðar faggiltar skoðunarstofur framkvæmd eftirlits í umboði Löggildingarstofu. Skilyrði þess að það sé gert á trúverðugan hátt er að þær séu óháðar öllum þeim sem eftirlitið beinist að og öðrum sem gætu haft hagsmuni af niðurstöðum þeirra. Til þess að tryggja að þessi sjónarmið nái fram að ganga hefur verið valin sú leið að gera kröfu um faggildingu á þeim skoðunarstofum sem annast eftirlit á rafmagnssviði.

Faggilding grundvallast á evrópskum stöðlum og faggildingarsvið Löggildingarstofu hefur eftirlit með því að þeir sem faggiltir hafa verið starfi eftir og uppfylli að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Faggilding er almennt notuð innan Evrópusambandsins til að tryggja hæfni óháðra prófunar- og vottunarstofa sem gefa út vottorð vegna frjálsra vöruskipta og ákvæða um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum. Faggilding hefur átt auknu fylgi að fagna jafnt á evrópskum vettvangi sem alþjóðlegum enda byggist hún á ýmsum grundvallarmarkmiðum neytendaverndar.

Faggiltar skoðunarstofur á rafmagnssviði starfa eftir gæðakerfi og skriflegum verklags- og skoðunarreglum sem Löggildingarstofa hefur gefið út. Þannig verða skoðanir einsleitar og skiptir þá ekki máli hvaða skoðunarstofa framkvæmir skoðunina, niðurstaðan verður sú sama. Með þessu er tryggt að allir sem eftirlitið beinist að njóti jafnræðis.

Gerðar eru strangar kröfur til óháðra skoðunarstofa. Þær starfa í samræmi við lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, og reglugerð nr. 346/1993, um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa. Skoðunarstofunum ber að fullnægja öllum ákvæðum í staðlinum ÍST EN 45004 um starfsemi skoðunarstofa og faggildingarsvið Löggildingarstofu gengur úr skugga um að svo sé. Mjög ítarleg úttekt með aðstoð sérfræðings frá rafmagnsöryggisdeild er gerð á starfsemi skoðunarstofa áður en þeim er veitt starfsleyfi. Úttektin miðar annars vegar að því að stofurnar sýni fram á hvernig þær fullnægja skilyrðum, m.a. um skipulag og stjórnun, gæða-

kerfi, hæfni starfsfólks, aðstöðu og tækjabúnað, og hvernig þær beita skoðunarreglum og verklagsreglum. Hins vegar er fylgst með skoðunum á vettvangi og fagleg hæfni skoðunarmanna metin. Fylgst er með hvernig mat á frávikum samræmist skoðunarreglum og hvernig skýrslugerð og frágangi sé sinnt. Árlega er svo haft formlegt eftirlit með starfseminni og beinist sú skoðun að völdum þáttum hennar. Auk þess fara fram skyndiathuganir starfsmanna rafmagnsöryggisdeildar ef þurfa þykir. Til frekara eftirlits eru skoðunarskýrslur stofanna yfirfarnar af sérfræðingum rafmagnsöryggisdeildar.

Endurskoðun á 1. kafla reglugerðar um raforkuvirki er nú á lokastigi. Þar er almennt fjallað um skipulag rafmagnsöryggismála. Þessi endurskoðun hefur verið unnin í samráði við Samorku og Samband íslenskra rafverktaka. Þá eru nú fullgerðar verklagsreglur Löggildingarstofu þar sem settum kröfum verður lýst enn frekar. Skoðunarreglur hafa einnig verið í endurskoðun og eru nú á lokastigi.

Á næstu mánuðum mun Löggildingarstofa kynna nýtt fyrirkomulag rafmagnsöryggismála fyrir starfsmönnum rafveitna og rafverktökum um allt land og tryggja í sessi innri öryggisstjórnun rafveitna og rafverktaka. Þá er ráðgert að upplýsinga- og fræðslustarfsemi á rafmagnsöryggissviði gagnvart almenningi verði meiri en áður. Einnig er hafin endurskoðun á lágspennu- og háspennureglum sem teknar verða í notkun á næstu árum. Allar þessar aðgerðir lúta að því að tryggja að fyrirkomulag rafmagnsöryggismála verði betra og skilvirkara en áður og þjónusta við neytendur bætt að sama skapi.

Það er því ljóst að nýtt skipulag rafmagnsöryggismála mun standast allar þær kröfur sem gerðar eru til þess, svo sem að það verði skilvirkara og gagnsærra en áður. Ábyrgð manna verður betur skilgreind. Stjórnvöld á rafmagnssviði, rafveitur og rafverktakar starfa í samræmi við viðurkennd gæðastjórnunarkerfi og óháðir, faggiltir eftirlitsaðilar starfa samkvæmt samræmdum verklags- og skoðunarreglum.

2. *Hve margar neysluveitur hafa verið skoðaðar árlega á landinu frá og með árinu 1988 fram á þennan dag, sundurliðað í nýjar veitur og eldri (gamalskoðun)?*

Allt til ársloka 1993 báru rafveitur ábyrgð á eftirliti með nýjum neysluveitum í 1. og 2. áhættuflokki ásamt neysluveitum í rekstri (veitur í 1. fl. eru íbúðarhús en í 2. fl. eru iðnaðarhúsnæði, opinberar byggingar o.fl.). Rafmagnseftirlit ríkisins hafði yfireftirlit með neysluveitum í rekstri og átti að beita úrtaksúttektum á skoðaðar neysluveitur í rekstri til þess að fylgjast með vinnubrögðum eftirlitsmanna rafveitna. Þetta fyrirkomulag reyndist illa þar sem rafveitur sinntu þessari eftirlitsskyldu misvel. Rafmagnseftirlit ríkisins tók því upp það fyrirkomulag að sinna eftirliti með neysluveitum í rekstri í samvinnu við rafveitur. Eftir reglugerðarbreytingar (nr. 301/1993 og 543/1993) var ábyrgð eftirlits á nýjum neysluveitum í 1. áhættuflokki færð til Rafmagnseftirlits ríkisins, en rafveitur báru eftir sem áður ábyrgð á eftirliti með nýjum neysluveitum í 2. áhættuflokki, ásamt veitum í rekstri. Við gildistöku nýrra laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga var Löggildingarstofa gerð ábyrg fyrir öllu eftirliti með neysluveitum.

Fyrir áðurnefndar reglugerðarbreytingar var framkvæmd rafmagnseftirlits á vegum rafveitna með mismunandi hætti. Eftirlit með nýjum neysluveitum var svipuð hjá öllum rafveitum og voru allar tilkynntar neysluveitur skoðaðar. Hins vegar var framkvæmd eftirlits með neysluveitum í rekstri mjög mismunandi hjá rafveitum. Nokkuð var um að rafveitur uppfylltu ekki skyldu sína hvað varðar þann fjölda neysluveitna sem skoða átti samkvæmt reglugerð auk þess sem starfsmenn RER aðstoðuðu rafveitur mismikið við skoðun neysluveitna. Þá var neysluveituskráning rafveitna allt frá því að vera mjög góð í það að vera óviðunandi.

Skoðun nýrra neysluveitna á öllu landinu árin 1988–93 var sem hér segir:

1988: 4.827
1989: 5.412
1990: 5.267
1991: 2.419
1992: 4.172
1993: 3.565

Eins og áður hefur komið fram var ábyrgð eftirlits á nýjum neysluveitum í 1. áhættuflokki færð til Rafmagnseftirlits ríkisins árið 1994. Þá var alskoðunum nýrra neysluveitna í 1. áhættuflokki hætt en þess í stað beitt úrtaksskoðunum.

Jafnhliða því að beita úrtaksskoðunum á nýjum neysluveitum í 1. áhættuflokki hefur Löggildingarstofa aukið eftirlit með starfsemi löggiltra rafverktaka. Á þessu ári hefur Löggildingarstofa látið skoða aðstöðu og búnað tæplega 90 starfandi rafverktaka. Skoðun nýrra neysluveitna í 1. áhættuflokki sem RER bar ábyrgð á og skoðun nýrra neysluveitna í 2. áhættuflokki sem rafveitur báru ábyrgð á var sem hér segir:

1994: 3.444
1995: 3.795
1996: 2.949
1997: 615

Skoðun neysluveitna í rekstri á öllu landinu frá árinu 1988 til nóvemberloka 1977 var sem hér segir:

1988: 1.836
1989: 2.434
1990: 2.091
1991: 2.419
1992: 2.236
1993: 1.865
1994: 1.634
1995: 1.135
1996: 1.309
1997: 1.118

Athygli skal vakin á því að tölur um fjölda skoðana á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri frá árinu 1991 eru ekki nákvæmar þar sem upplýsingar frá rafveitum eru af skornum skammti.

3. *Hver var meðaltalskostnaður á skoðaða neysluveitu árlega, þ.e. fyrir reglugerðarbreytingarnar sem gerðar voru á síðari hluta ársins 1993 (rg. nr. 301/1993 og 543/1993) og eftir að þær komu til framkvæmda, sundurliðað í nýjar veitur og gamlar (gamalskoðun)?*

Eftir að óháðum, faggiltum skoðunarstofum var falin framkvæmd rafmagnseftirlits voru atriði eins og tími við öflun gagna, ferðatími, skoðunartími og tími í skýrslugerð fyrst skilgreind. Einnig var kostnaður við fyrrnefnd atriði, ásamt ferða- og uppihaldskostnaði, skráður sérstaklega. Tími við skoðun á meðalstórri neysluveitu í 1. áhættuflokki (íbúðarhús) hefur verið áætlaður 4,5 tímar og er þá meðtalin öflun gagna, skoðun og skýrslugerð. Erfiðara er að áætla kostnað við skoðun á meðalstórri neysluveitu í 2. áhættuflokki vegna fjölbreytni þeirra

(t.d. skrifstofur, verslanir, frystihús, verksmiðjur, sjúkrahús, verkstæði o.fl.). Skoðun slíkra veitna getur tekið 3–60 klukkustundir.

Meðalkostnaður við skoðun nýrra neysluveitna frá árinu 1994 til dagsins í dag sem Rafmagnseftirlit ríkisins og síðar Löggildingarstofa báru ábyrgð á kemur fram í töflu hér á eftir. (Athygli skal vakin á því að árið 1997 bættust við neysluveitur í 2. áhættuflokki, eins og áður hefur komið fram.) Löggildingarstofa hefur á þessu ári falið skoðunarstofum samkvæmt samningi alls 205 verkefni í 1. áhættuflokki og 332 verkefni í 2. áhættuflokki. Þær veitur sem nú er búið að skoða og greiða fyrir eru tilgreindar í eftirfarandi töflu.

Ár	Fjöldi skoðaðra neysluveitna	Meðalkostnaður í kr. (án VSK)[1]
1994	192	16.694
1995	206	17.615
1996	228	18.375
1997	173 / 234[2]	20.434 / 34.087

[1] Í þessari tölu er heildarkostnaður við skoðun veitunnar.

[2] Veitur í 1. fl. / veitur í 2. fl.

Löggildingarstofa sendi fyrirspurn til rafveitna um allt land og óskaði eftir upplýsingum um fjölda þeirra neysluveitna sem rafveitur létu skoða á meðan þær báru ábyrgð á neysluveitueftirliti ásamt upplýsingum um kostnað við eftirlit rafveitna. Mjög fáar rafveitur gáfu upp kostnað við eftirlit þeirra með neysluveitum. Erfitt er því að gefa nákvæma tölu um kostnað þar sem störf við rafmagnseftirlit voru áður fyrr ekki eins afmörkuð og nú er. Starfsmenn rafveitna gegndu flestir öðrum störfum hjá rafveitum og voru skilin oft óljós á milli starfa við rafmagnseftirlit og annarra starfa. Þá tóku starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins einnig þátt í eftirliti með neysluveitum í rekstri með starfsmönnum rafveitna eins og áður segir. Dagsverk, sem starfsmenn RER unnu við skoðun neysluveitna í rekstri í samvinnu við starfsmenn rafveitna á árumum 1988–93, eru áætluð rúmlega 2000. Í þá tölu vantar þann tíma sem það tók starfsmenn RER að ljúka skýrslugerð en skýrslur voru í flestum tilfellum unnar ásamt öðrum verkum á skrifstofu RER. Árið 1994 lét RER reikna út klukkustundargjald vegna neysluveitueftirlits starfsmanna RER og var það áætlað 6.181–12.992 kr. (án VSK).

Í ljósi þess sem hér hefur verið talið er erfitt að áætla raunverulegan kostnað við eftirlit rafveitna með neysluveitum í rekstri. Ein rafveita áætlaði að heildarkostnaður við skoðun á sérhverri nýrri neysluveitu næmi 25.000 kr., en skoðun á sérhverri neysluveitu í rekstri næmi 55.000 kr. Önnur rafveita gaf upp að heildarkostnaður við skoðun nýrra neysluveitna og neysluveitna í rekstri væri á bilinu 5.319–10.874 kr. Ekki var gerður greinarmunur á skoðun nýrra neysluveitna og neysluveitna í rekstri. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til kostnaðar við eftirlit starfsmanna Rafmagnseftirlits ríkisins.

4. *Hve mikið var skoðað árlega af háspennu- og dreifikerfum rafveitna á tímabilinu, sbr. 2. tölul., og hver var kostnaður hvers árs?*

Þegar óháðar, faggiltar skoðunarstofur fóru að sinna framkvæmd eftirlits með háspenntum raforkuvirkjum var fyrst skilgreint hve mikill tími færi í skoðanir virkja, svo sem virkjana, aðveitustöðva, dreifistöðva o.fl. Í töflunni kemur fram áætlaður skoðunatími við einstök virki:

Virki	Skoðunartími
Raforkuver	50
Aðveitustöð	40
Háspennumöstur > 132 kV	0,5
Háspennumöstur < 132 kV	0,4
Dreifistöð	8
Lágspennudreifikerfi	8

Í skoðunartíma er innifalið:
— Undirbúningur og gagnasöfnun.
— Skráning gagna.
— Skoðun.
— Skýrsla og uppgjör verks – vistun gagna.

Í gögnum Rafmagnseftirlits ríkisins má finna upplýsingar um eftirlit með háspenntum raforkuvirkjum og lágspennudreifikerfum rafveitna frá árinu 1988 til og með 1993. Þessi gögn gefa engan veginn nákvæmar upplýsingar um hvort um beinar skoðanir virkja var að ræða eða hvort skoðanirnar voru minni háttar athuganir eða heimsóknir. Því er óljóst hvort allar tilkynningar frá rafveitum höfðu í för með sér skoðun af hendi RER. Fyrirkomulag skoðana var ekki eftir settum verklags- og skoðunarreglum eins og nú er. Í sumum tilfellum fór jafnvel engin skráning fram á þeim atriðum sem skoðuð voru. Skoðanir sem fram hafa farið á tímabilinu 1994 til dagsins í dag eru eins og áður hefur komið fram unnar eftir nýjum reglum sem kveða á um úrtaksskoðun raforkuvirkja og er það hluti skýringar á því hversu miklu færri virki virðast hafa verið skoðuð. Skoðanirnar eru unnar samkvæmt skoðunarreglum útgefnum af Rafmagnseftirliti ríkisins ásamt skoðunareyðublöðum fyrir hvert einstakt virki og virkjahluta. Skoðunarreglurnar leiða af sér aukna samræmingu í skoðunum og tryggja að ekkert atriði sé undanskilið við skoðun. Niðurstöður skoðana samkvæmt skoðunarreglunum hafa í mörgum tilvikum leitt í ljós að raforkuvirki rafveitna eru ekki í eins góðu ástandi, með tilliti til öryggis, og forráðamenn rafveitna höfðu talið. Með tilkomu öryggisstjórnunarkerfis rafveitna er starfsmönnum rafveitna þannig enn betur gerður ljós sá þáttur sem þeir eiga í uppbyggingu og viðhaldi raforkuvirkjanna með tilliti til öryggis þeirra.

Eftirfarandi upptalning er unnin upp úr ársskýrslum og færslubókum RER annars vegar og hins vegar úr skráningum RER á skoðunum skoðunarstofa.

Árið 1988 voru veitt 114 leyfi til setningar háspennuvirkja, þar af 82 til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Verkefni við heimsóknir, athuganir og beinar skoðanir voru lauslega áætluð 121. Háspennueftirlit á vegum RER var áætlað þrjú ársverk.

Árið 1989 voru veitt 104 leyfi til setningar háspennuvirkja, þar af 84 til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Verkefni við heimsóknir, athuganir og beinar skoðanir voru lauslega áætluð 191. Háspennueftirlit á vegum RER var áætlað þrjú ársverk.

Árið 1990 voru veitt 103 leyfi til setningar háspennuvirkja, þar af 71 til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Fyrir minni háttar framkvæmdir bárust 105 tilkynningar, flestar frá RARIK. Verkefni við heimsóknir, athuganir og beinar skoðanir voru lauslega áætluð 218. Háspennueftirlit á vegum RER var áætlað 2,5 ársverk.

Árið 1991 voru veitt 113 leyfi til setningar háspennuvirkja, þar af 82 til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Fyrir minni háttar framkvæmdir bárust 95 tilkynningar, flestar frá RARIK. Verkefni við heimsóknir, athuganir og beinar skoðanir voru lauslega áætluð 157. Háspennueftirlit á vegum RER var áætlað 3 ársverk.

Árið 1992 bárust alls 136 tilkynningar um framkvæmdir við háspennt raforkuvirki og lágspennudreifikerfi rafveitna. Verkefni við heimsóknir, athuganir og beinar skoðanir voru lauslega áætluð 136. Háspennueftirlit á vegum RER var áætlað 3 ársverk.

Árið 1993 bárust alls 180 tilkynningar um framkvæmdir við háspennt raforkuvirki og lágspennudreifikerfi rafveitna. Verkefni við heimsóknir, athuganir og beinar skoðanir voru lauslega áætluð 180. Háspennueftirlit á vegum RER var áætlað 3 ársverk.

Árið 1994 bárust RER 117 tilkynningar um framkvæmdir við háspennt raforkuvirki og 212 tilkynningar um framkvæmdir við lágspennudreifikerfi rafveitna, þar með taldar heimtaugar. Síðla árs voru nýjar skoðunarreglur RER fyrst notaðar við skoðanir raforkuvirkja rafveitna. Verkefni við beinar skoðanir voru 77 ný virki og virki í rekstri.

Árið 1995 bárust RER 90 tilkynningar um framkvæmdir við háspennt raforkuvirki og 145 tilkynningar um framkvæmdir við lágspennudreifikerfi rafveitna, þar með taldar heimtaugar. Verkefni við beinar skoðanir voru 168 sem skiptust í 144 skoðanir virkja í rekstri og 24 skoðanir nýrra virkja.

Árið 1996 bárust RER 147 tilkynningar um framkvæmdir við háspennt raforkuvirki og 326 tilkynningar um framkvæmdir við lágspennudreifikerfi rafveitna, þar með taldar heimtaugar. Verkefni við beinar skoðanir voru 173 sem skiptust í 124 skoðanir virkja í rekstri og 49 skoðanir nýrra virkja.

Það sem af er þessu ári hefur Löggildingarstofa ekki látið skoða háspennt raforkuvirki hjá rafveitum, en hefur þess í stað beitt sér fyrir því að rafveitur komi sér upp innri öryggisstjórnun með eigin virkjum. Margar rafveitur eru þegar farnar að skoða eigin virki samkvæmt skilgreindu öryggisstjórnunarkerfi með eigin skoðunarmönnum. Í lok þessa árs eða í byrjun næsta mun Löggildingarstofa láta skoðunarstofur framkvæma skoðanir á öryggisstjórnun rafveitna og úrtaksskoðanir á þeim virkjum sem skoðuð hafa verið af skoðunarmönnum rafveitna. Einnig hafa einstakar rafveitur á þessu ári samið við skoðunarstofur um eftirlit með háspenntum raforkuvirkjum.

Erfitt er að áætla kostnað við eftirlit háspenntra raforkuvirkja árin 1988–94. Eftirliti með háspenntum raforkuvirkjum var sinnt af þremur starfsmönnum RER og voru tveir þeirra úti á landi, annar á Akureyri en hinn á Egilsstöðum. Ekki liggja fyrir nákvæmar kostnaðartölur vegna háspennueftirlits RER á umræddu árabili en árið 1996 reiknaði skrifstofa RER lauslega út heildarkostnað vegna umdæmisskrifstofanna á Akureyri og Egilsstöðum fyrir árin 1990–94. Var hann talinn um og yfir 12.000.000 kr. samanlagt, miðað við verðlag 1996. Við þessa tölu ætti að bæta kostnaði við einn starfsmann RER í viðbót þar sem störf við háspennueftirlit voru á umræddu árabili áætluð þrjú ársverk.

Heildarkostnaður vegna eftirlits með háspenntum raforkuvirkjum sem skoðunarstofur framkvæmdu árin 1994–96 er sem hér segir (fjárhæðir í kr.):

Ár	Skoðunartími	Kostnaður vegna skoðana	Ferða- og uppihaldskostnaður	Heildarkostnaður (án VSK)
1994	744	3.157.197	290.038	3.447.235
1995	1.434	7.313.133	1821.588	9.134.721
1996	1.262	5.857.273	891.424	6.748.697

5. *Hvert hefur heildartímagjald skoðunarstofanna verið að meðaltali (klukkustundargjald + ferða- og uppihaldskostnaður) síðan þær tóku til starfa, sundurliðað í neysluveituskoðanir og skoðanir háspennuvirkja?*

Í eftirfarandi töflu koma fram upplýsingar um meðaltímagjald skoðunarstofa vegna háspennu- og neysluveituskoðana, ásamt upplýsingum um ferða- og uppihaldskostnað (fjárhæðir í kr.). Vakin er athygli á því að hér eru einungis upplýsingar um þann kostnað sem Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofa báru vegna eftirlits sem skoðunarstofur sinntu í nafni áðurnefndra stofnana.

Ár	Tímagjald neysluveitur	Ferða- og uppihaldskostnaður	Tímagjald háspennt virki	Ferða- og uppihaldskostnaður
1994	3.209	423.175	4.376	290.038
1995	3.309	620.743	4.766	1.821.588
1996	3.847	569.243	4.643	891.424
1997	3.750 / 3.375[1]	977.411	–	–

[1] Gjald fyrir skoðanir á höfuðborgarsvæðinu (bifreiðakostnaður innifalinn) / gjald fyrir skoðanir á landsbyggðinni.

6. *Hefur samkeppni verið virk milli rafmagnsskoðunarstofanna síðan þær tóku til starfa og hefur samkeppni orðið til þess að lækka gjaldskrá skoðunarstofanna á skoðaða veitu?*

Eftir að Rafmagnseftirliti ríkisins var falin ábyrgð á eftirliti með háspenntum raforkuvirkjum og nýjum neysluveitum í 1. áhættuflokki árið 1994 var ákveðið að semja við óháðar, faggiltar skoðunarstofur um eftirlitið. Einnig var ákveðið að fela skoðunarstofum eftirlit með rafföngum á markaði. Árin 1994–96 var allt eftirlit á vegum RER boðið út, ýmist á vegum Ríkiskaupa eða í samráði við þau. Eftirlit með nýjum neysluveitum var að jafnaði boðið út mánaðarlega í formi lokaðs hraðútboðs, enda voru það einungis faggiltar skoðunarstofur með starfsleyfi á rafmagnssviði sem gátu tekið þátt í því. Sami háttur var hafður á varðandi eftirlit með háspenntum raforkuvirkjum. Þau voru þó ekki boðin út mánaðarlega heldur fjórum til fimm sinnum á ári.

Á meðan unnið var að þróun markaðseftirlits með rafföngum samdi RER tímabundið við Bifreiðaskoðun Íslands um það eftirlit, enda var hún þá eina skoðunarstofan sem uppfyllti skilyrði til slíks eftirlits. Árið 1995 var eftirlit með rafföngum á markaði boðið út til þriggja ára og var það gert á vegum Ríkiskaupa. Samið var við Aðalskoðun hf. um verkið.

Eins og áður hefur verið vikið að var ábyrgð eftirlits með nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri alfarið færð til Löggildingarstofu með gildistöku nýrra laga um rafmagnsöryggismál. Um miðjan mars sl. eftir að skipurit stofnunarinnar hafði verið staðfest af viðskiptaráðuneyti, voru gerðir samningar um skoðun nýrra neysluveitna við allar skoðunarstofur sem höfðu tilskilin réttindi. Þetta voru Skoðunarstofan hf., Skoðun hf. og Rafskoðun hf. Þeim verkefnum sem fyrir lágu var skipt jafnt á milli þessara skoðunarstofa.

Meginástæða fyrir þessum samningum var að á þessum tíma voru fá eftirlitsverkefni á rafmagnssviði og rekstur skoðunarstofanna ótryggur. Löggildingarstofa vildi ekki eiga það á hættu, þegar nýtt fyrirkomulag rafmagnsöryggismála var enn í mótun, að skoðunarstofur á rafmagnssviði mundu hætta starfsemi vegna skorts á verkefnum. Það hefði leitt til þess að Löggildingarstofa hefði þurft að koma sér upp sérstakri faggiltri skoðunarstofu með tilheyrandi kostnaði. Á næstunni verður gefin út ný reglugerð um fyrirkomulag rafmagnsöryggismála, ásamt verklags- og skoðunarreglum, og verður þá tilefni til endurskoðunar áðurnefndra samninga. Stefnt er að því með nýrri reglugerð að rafveitur og rafverktakar semji beint við skoðunarstofur um eftirlit er beinist að þeim. Í þeim tilvikum þegar eftirlitið er á ábyrgð og kostnað Löggildingarstofu verður það boðið út sé þess nokkur kostur.

Þeir samningar sem Rafmagnseftirlit ríkisins gerði og Löggildingarstofa hefur síðar gert við skoðunarstofur um eftirlit hafa verið ásættanlegir, enda hafa ekki orðið hækkanir á gjaldskrám skoðunarstofa vegna eftirlits umfram það sem eðlilegt getur talist.

Á það skal bent að í mörgum tilvikum hafa rafveitur samið beint við skoðunarstofur um eftirlit með neysluveitum og háspenntum raforkuvirkjum. Má þar nefna Landsvirkjun, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Rafmagnaveitur ríkisins, Selfossveitur og Orkuveitu Húsavíkur.

7. *Hve margar voru skoðunarstofur á rafmagnssviði þegar þær voru flestar og hve margar eru þær nú?*

Árið 1995 voru skoðunarstofur á rafmagnssviði flestar, eða fjórar, þ.e. Skoðunarstofan hf., Skoðun hf., Rafskoðun hf. og Bifreiðaskoðun hf. Í dag eru skoðunarstofur á rafmagnssviði þrjár, þ.e. Skoðunarstofan hf., Rafskoðun hf. og Aðalskoðun hf.

441. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs komust fulltrúar minni hlutans að þeirri niðurstöðu að tekjur ríkissjóðs væru vanáætlaðar um 1–2 milljarða kr. miðað við þær þjóðhagsforsendur sem fjárlagafrumvarpið byggðist á. Þá dró minni hlutinn í efa réttmæti þeirra forsendna og taldi þær ekki í neinu samræmi við þau umsvif og væntingar sem greina mátti í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Niðurstaðan samkvæmt þessu frumvarpi til fjáraukalaga er að tekjurnar voru vanáætlaðar um 4,7 milljarða kr.

Minni hlutinn gagnrýndi harðlega ýmsar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis á gjaldahlið fjárlaga 1997 og þá sérstaklega handahófskennd vinnubrögð við fjárveitingar og niðurskurð í heilbrigðismálum. Það var deginum ljósara að afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins jók aðeins vandann í heilbrigðiskerfinu og öll varnaðarorð minni hlutans í þeim efnum hafa reynst rétt. Sparnaðarhugmyndir voru fullkomlega óraunhæfar og að mestu óútfærðar eins og niðurstöður þessa frumvarps sýna þar sem tillögur þess og breytingartillögur meiri hlutans nema nær 2 milljörðum kr. sem veita á til hinna ýmsu liða innan heilbrigðiskerfisins. Og enn er stór hluti vandans óleystur.

Þetta frumvarp sýnir því og sannar að ekkert var ofsagt í nefndaráliti og ræðum fulltrúa minni hluta fjárlaganefndar við afgreiðslu fjárlaga. Niðurstöður minni hlutans reyndust nær sanni en niðurstöður meiri hlutans og er það ekki í fyrsta sinn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs nemi 4,7 milljörðum kr. umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir og verði þannig 130,9 milljarðar kr. Niðurstaðan er að allir tekjustofnar aðrir en vaxtatekjur skila tekjum umfram áætlun, en sérstaka athygli vekur góð afkoma fyrirtækja sem skilar sér í auknum tekjusköttum þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu aukast þó gjöldin enn meira en tekjurnar, og breytingartillögur meiri hlutans við gjaldahlið þess nema 949,2 millj. kr. Að þeim samþykktum verður því niðurstaða fjárlagadæmisins halli upp á tæpa 2 milljarða kr. í stað 124,3 millj. kr. tekjuafgangs sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Eins og fram kemur í greinargerð skipta þar mestu áhrif vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina sem ákveðin var á árinu. Sú ráðstöfun mun hafa

í för með sér lægri vaxtagjöld í framtíðinni og verður hún því að teljast skynsamleg til lengri tíma litið. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að markmiðið um hallalaus fjárlög næst ekki á þessu ári sem margir vilja kenna við góðæri.

Minni hlutinn hefur ýmislegt við þessi útgjöld að athuga og ekki síst hvernig þau eru ákveðin. Í flestum tilvikum eru þær ákvarðanir teknar við ríkisstjórnarborðið og ekki beðið eftir samþykki Alþingis án þess að séð verði að það hefði ekki verið gerlegt. Fjárveitingavaldið er hjá Alþingi, en framkvæmdarvaldið hefur heimild til að ráðstafa fé ef sérstaklega stendur á. Þar getur verið um óviðráðanlegar orsakir að ræða, svo sem náttúruhamfarir eða önnur ófyrirsjáanleg tilvik. Ráðherrum ber tvímælalaust að fara sparlega með heimildir til aukafjárveitinga. Reyndin er talsvert önnur eins og margsinnis hefur verið gagnrýnt og um það má nefna mörg dæmi í frumvarpinu.

Fjárlaganefnd hefur rætt við ráðuneyti og stofnanir og leitað upplýsinga um stöðu stofnana og verkefna. Á sumu er tekið í breytingartillögum meiri hlutans en öðru ekki. Minni hlutinn gagnrýnir m.a. að of lítið er tekið á vanda framhaldsskólanna sem í nokkrum tilvikum er verulegur. Framhaldsskólarnir hafa undanfarin ár mátt sæta miklum flötum niðurskurði, sem þeir hafa átt misjafnlega erfitt með að ráða við, og nú blasir við sú staðreynd að uppsafnaður halli framhaldsskólanna er orðinn vel á annað hundrað milljónir króna. Slíkur aðbúnaður er ekki í samræmi við hástemmdar yfirlýsingar um nauðsyn þess að búa vel að menntun til framtíðar.

Enn sem fyrr er þó stærstur vandinn í heilbrigðiskerfinu. Eftir margra ára sífelldar kröfur yfirvalda um hagræðingu og sparnað er vandinn orðinn slíkur í flestum greinum heilbrigðisþjónustunnar að ekkert minna en stórátak dugir til úrlausnar. Svo hart hefur verið gengið fram að varla fyrirfinnst lengur nokkur heilbrigðisstofnun sem nær því að vera innan ramma fjárlaga og segir sig sjálft að við svo búið má ekki standa. Fyrir liggur að uppsafnaður halli þriggja stærstu sjúkrahúsanna í landinu er samtals um 800 millj. kr. í lok þessa árs. Að auki eru flest hin sjúkrahúsanna með einhvern halla, allt frá 4 upp í 18 millj. kr. sem er að sjálfsögðu mjög erfið staða hjá minni stofnunum. Þá er ekki minna áhyggjuefni að viðhald húsa og endurnýjun tækja hefur lengi setið á hakanum. Ástandið í þeim efnum fer sífellt versnandi, og verður afar kostnaðarsamt að taka á þeim vanda. Sem dæmi má nefna Sjúkrahús Reykjavíkur sem er að verða háskalega illa farið þar sem viðhald hefur skort. Áætlaður kostnaður vegna viðgerða utan húss er nær 400 millj. kr., en viðhald innan húss mun nema enn hærri upphæðum. Þannig mætti rekja fleiri dæmi því að víðast hvar blasir þörfin við og sums staðar er húsakosturinn í raun ekki boðlegur, hvorki sjúklingum né starfsfólki. Langvarandi sparnaður í viðhaldi er óskynsamlegur og kemur fram í auknum kostnaði þegar til lengdar lætur. Minni hlutinn telur að gera þurfi áætlun til nokkurra ára um viðhald heilbrigðisstofnana og endurnýjun tækjakosts svo að þessar stofnanir grotni ekki niður í hirðuleysi.

Meiri hlutinn hefur ekki fallist á frekari fjárveitingar til stærstu sjúkrahúsanna en fram koma í frumvarpinu þrátt fyrir augljósa þörf og mikinn rekstrarvanda. Hins vegar er ætlunin að verja 200 millj. kr. til þess að taka á vanda sjúkrahúsanna á landsbyggðinni, en þeirra á meðal er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem er komið með 84 millj. kr. halla í lok þessa árs. Er þar um nýjan vanda að ræða þar sem FSA hefur allt þar til á síðasta ári tekist að halda sig innan ramma fjárlaga. Tæmandi upplýsingar liggja ekki fyrir um stöðu sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur, en reynt verður að afla þeirra fyrir 3. umræðu og meta hvort áætlað framlag dugi til að mæta vanda þeirra. Rekstrarhalli Ríkisspítalanna er kominn upp í 385 millj. kr. í lok þessa árs og halli Sjúkrahúss Reykjavíkur nemur 322 millj. kr. í árslok. Þessar hallatölur eru raunverulegar og ekki tilkomnar vegna óráðsíu. Það er almennt viðurkennt að starfsfólk sjúkrahúsanna hefur lagt hart að sér og náð miklum árangri við erfiðar aðstæður á undanförnum 5–10 árum. Göngudeildarþjónusta hefur verið efld, aðgerðum hefur fjölgað, legutími

styst, hjúkrunarþyngd aukist, sjúklingum fjölgað á hvern starfsmann og lyfjakostnaður sjúkrahúsa lækkað. Þennan árangur ber að viðurkenna og horfast í augu við að lengra verður ekki gengið án þess að illa bitni á þeim er síst skyldi, þ.e. sjúklingunum sjálfum. Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að fjárþörf vegna hallareksturs þriggja stærstu sjúkrastofnananna í landinu verði mætt að fullu svo að þær geti byrjað nýtt ár með hreint borð.

Minni hlutinn leggur því fram nú við 2. umræðu breytingartillögur um framlög til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna. Minni hlutinn áskilur sér einnig rétt til að styðja einstakar tillögur meiri hlutans til breytinga en situr að öðru leyti hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 9. des. 1997.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Gísli S. Einarsson. Kristinn H. Gunnarsson.

Sigríður Jóhannesdóttir.

442. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (KH, GE, KHG, SJóh).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á 2. gr.:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			
101 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	0,0	84,0	84,0
2. Við 08-371 Ríkisspítalar			
101 Ríkisspítalar	154,0	231,0	385,0
3. Við 08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur			
101 Sjúkrahús Reykjavíkur	166,0	156,0	322,0

443. Frumvarp til laga [343. mál]

um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Auk réttar foreldra skv. 1. mgr. á faðir rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns. Notfæri faðir sér ekki réttinn fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

2. gr.

Í stað orðanna „hluta fæðingarorlofs“ í 3. málsl. 4. gr. laganna kemur: fæðingarorlof.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

F-liður 16. gr. laganna orðast svo: Faðir á rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða að hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en sex mánaða fæðingardagpeningum skv. c-lið.

4. gr.

Á eftir 16. gr. kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Faðir á rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi, sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns. Notfæri faðir sér ekki þennan rétt fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

Faðir í fæðingarorlofi á rétt á greiðslu fæðingarstyrks í hlutfalli við lengd orlofsins. Þá á hann rétt á hlutfallslegri greiðslu fæðingardagpeninga í samræmi við ákvæði d-liðar 16. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um rétt föður til fæðingarorlofs skulu gilda um feður barna sem fæðast 1. janúar 1998 eða síðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er lagt til það nýmæli að veita feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs, samtals tvær vikur sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns. Greiðslur til feðra þessar tvær vikur verða þær sömu og til mæðra, hlutfallslega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um fæðingarlof, nr. 57/1987, eins og þeim var breytt með lögum nr. 51/1997.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um sjálfstæðan rétt föður til tveggja vikna fæðingarorlofs. Faðir má taka þetta fæðingarorlof hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns. Með heimkomu barns er bæði átt við heimkomu barns af fæðingarstofnun og heimkomu barns sem er ættleitt eða tekið í varanlegt fóstur. Mikilvægt þykir að binda töku fæðingarorlofs föður við fyrstu vikurnar sem barnið er á heimilinu, m.a. vegna tengslamyndunar milli föður og barns. Þar sem erfitt er að tryggja að faðir, sem ekki er í hjúskap eða sambúð með móðurinni, geti nýtt sér eða nýti sér fæðingarorlofstímann til samvista við barnið er gert er ráð fyrir að þessi réttur sé háður því skilyrði að faðirinn sé í hjúskap eða skráðri sambúð með móður barnsins við upphaf töku fæðingarorlofs. Þessi réttur er sjálfstæður réttur föður þannig að notfæri hann sér ekki réttinn fellur hann niður. Hann getur því ekki færst yfir til móður til lengingar fæðingarorlofs hennar.

Um 2. gr.

Hér er gerð nauðsynleg orðalagsbreyting á 4. gr. laga um fæðingarorlof sem leiðir af því að faðir á ekki lengur eingöngu kost á því að taka hluta af sex mánaða fæðingarorlofi heldur á hann sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á ákvæðum 16. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, með síðari breytingum, vegna sjálfstæðs réttar föður til fæðingarorlofs.

Um 3. gr.

Gerð er breyting á f-lið 16. gr. til að tryggja nægjanlegan sveigjanleika í skiptingu foreldra á fæðingarorlofi. Fellt er niður skilyrði um að móðirin ein verði að taka fyrsta mánuðinn eftir fæðingu. Þannig getur faðir t.d. nýtt sér rétt sinn til sjálfstæðs fæðingarorlofs strax eftir fæðingu og síðan geta foreldrarnir skipt á milli sín því orlofi sem eftir er.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að á eftir 16. gr. komi ný grein sem verði 16. gr. a. Í þessari nýju grein er fjallað um sjálfstæðan rétt föður til fæðingarorlofs, skilyrði þess réttar og brottfall. Þá eru í greininni ákvæði um hvernig skuli greiða föður í þessu fæðingarorlofi. Lagt er til að sömu reglur gildi og um greiðslu til móður. Samkvæmt því fær faðir fæðingarstyrk í tvær vikur og fæðingardagpeninga eftir atvinnuþátttöku sinni, einnig í tvær vikur.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gert ráð fyrir að réttur feðra miðist við börn sem fæðast 1. janúar 1998 eða síðar, þ.e. eftir gildistöku laganna. Þar sem rétturinn er bundinn við fyrstu átta vikur eftir fæðingu barns og samkvæmt ákvæði 4. gr. laga um fæðingarorlof skal tilkynna atvinnurekanda um töku fæðingarorlofs með 21 dags fyrirvara þykir ekki fært að láta sjálfstæðan rétt föður til fæðingarorlofs taka til feðra barna sem fæðast fyrir gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

Samkvæmt frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum laga nr. 57/1987, um fæðingarorlof, og laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Ákvæði frumvarps um fæðingarorlof eiga við um alla þá sem eiga lögheimili á Íslandi og gegna launuðu starfi, en ákvæði laga um almannatryggingar eiga við um greiðslur fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga til annarra en þeirra sem samið hafa um slíkar greiðslur í kjarasamningum. Með frumvarpinu er lagt til að feðrum verði tryggður sjálfstæður réttur til hálfs mánaðar fæðingarorlofs.

Eingöngu er metinn kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna þeirra sem lögin ná til, en ekki áhrif á kostnað atvinnulífsins vegna óhagræðis við afleysingar eða annars kostnaðar við fjarvistir starfsmanna vegna töku fæðingarorlofs. Á sama hátt er ekki gerð tilraun til að meta hugsanlegan ábata, eða áhrif á velferð barna eða fjölskyldna, eða áhrif á stöðu mismunandi hópa á vinnumarkaði.

Samanlagt má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins af frumvarpinu verði um 100 m.kr., miðað við að 90–95% karlmanna nýti sér tveggja vikna fæðingarorlof og fái fulla greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins. Er reiknað með um 4.500 fæðingum á ári og að þar af séu um 4.100 fæðingar hjá foreldrum sem eru giftir eða í staðfestri sambúð. Greiðsla fullra fæðingardagpeninga er 17.360 kr. í tvær vikur og fæðingarstyrkur í hálfan mánuð er 14.795 kr., eða samtals 32.155 kr. Loks er gert ráð fyrir að ákvæði laganna nái til um 85% fæðinga, en ríkisstjórnin hefur þegar tekið ákvörðun um að karlmenn í starfi hjá ríkinu fái rétt til hálfs mánaðar fæðingarorlofs frá næstu áramótum.

Samtals má gera ráð fyrir að frumvarpið valdi 100 m.kr. árlegum kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það að lögum. Má búast við að kostnaðurinn verði eitthvað minni fyrstu árin en aukist eftir því sem karlmenn nýta sér rétt sinn til töku fæðingarorlofs.

444. Svar [89. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um markaðssetningu íslenskra landbúnaðarvara erlendis.

1. *Hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitt styrki til markaðssetningar íslenskra landbúnaðarvara erlendis sl. sjö ár? Ef svo er, hverjir eru þeir? Svar óskast sundurliðað eftir búgreinum.*

Meðfylgjandi yfirlit sýnir stuðning Framleiðnisjóðs við markaðssetningu íslenskra landbúnaðarafurða erlendis sl. sjö ár. Hafa ber í huga að ýmis viðfangefni önnur á sviði markaðsmála innan lands, rannsóknar- og þróunarverkefni og úrbætur á aðstöðu vinnslustöðva skarast við eða leggja grunn að möguleikum til útflutnings. Á þessu ári leggur Framleiðnisjóður landbúnaðarins 30 millj. kr. í samstarf við Byggðastofnun og framkvæmdanefnd búvörusamninga með það að markmiði að efla útflutningskjötvinnslur. Framleiðnisjóður hefur lagt fram fjármuni til verkefna sem lúta að rannsóknum á aðskotaefnum í íslenskum landbúnaðarafurðum, svo sem lyfjaleifum, hormónum, eiturefnum og þungmálmum. Í þeim rannsóknum hefur hreinleiki afurðanna verið staðfestur en það er mjög mikilvægt, m.a. með tilliti til markaðsmöguleika erlendis. Hins vegar er rétt að minna á að með búvörulögum frá árinu 1985 var mörkuð sú meginstefna að takmarka landbúnaðarframleiðsluna sem mest við innanlandsmarkað og var eitt aðalviðfangsefni Framleiðnisjóðs að auðvelda framkvæmd þeirrar stefnu með stuðningi af þeim búvörusamningum sem giltu til ársins 1992. Þá urðu þáttaskil með tilkomu nýs búvörusamnings og aftur var farið að líta til hugsanlegra möguleika á útflutningi landbúnaðarafurða, m.a. með hliðsjón af hreinleika og lífrænum framleiðsluaðferðum. Eins og meðfylgjandi yfirlit ber með sér hefur Framleiðnisjóður fylgt eftir þeirri þróun með breyttum áherslum þótt minnkandi fjármunir setji honum takmörk.

2. *Hver er faglegur rökstuðningur Framleiðnisjóðs við styrkveitingar og synjanir styrkja úr sjóðnum?*

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins tekur sjálfstæða ákvörðun um afgreiðslu hvers erindis sem sjóðnum berst á grundvelli þeirra reglna sem í gildi eru á hverjum tíma en þær taka m.a. mið af þeim markmiðum sem birtast í gildandi búvörusamningum. Hvert erindi er metið út frá efni þess, í fyrsta lagi hvort það fellur innan þess ramma sem settur er um viðfangsefni sjóðsins og hlutverk, í öðru lagi hver sé væntanlegur eða hugsanlegur ávinningur, t.d. í auknum tekjum einstaklinga, bættu atvinnustigi eða framþróun atvinnuvegarins og svo hvernig annarri fjármögnun er háttað. Í þessu ferli kemur svo að því oftar en ekki að eitt verður að víkja fyrir öðru í forgangsröð með tilliti til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru.

Í ársskýrslum Framleiðnisjóðs hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þeim viðfangsefnum sem hann hefur lagt lið á hverjum tíma. Vert er þó að hafa í huga að oft getur brugðið til beggja vona um árangur af nýjum viðfangsefnum og ekki alltaf auðvelt að leggja mat á slíkt. Á það ekki síst við um markaðssetningu í öðrum löndum.

Mál nr.	Málefni	Nafn	Upphæð, kr.	Fundur 2
91-081	Markaðsáætlun vegna útflutnings á bleikju árin 1991–93	Fagráð bleikjuframleiðenda	20.000.000	19.06.91
92-103	Markaðsstarf, vöruþróun og leiðbeiningar við verkun og veiðar	Vatnafang hf.	2.000.000	21.05.92
92-220	Markaðssetning kindakjöts í Færeyjum (Goði/SS)	Landssamtök sauðfjárbænda	3.000.000	15.10.92
92-221	Markaðssetning kindakjöts í Evrópu (Kaupsýslan hf.)	Landssamtök sauðfjárbænda	1.975.000	15.10.92
92-234	Tilraunaútflutningur á grasкögglum til Grænlands	Föðuriðjan Ólafsdal ehf.	2.000.000	15.10.92
92-275	Viðbótarframlag vegna endurskoðunar áætlana fyrir 1992–93, sjá 92-205	Fagráð bleikjuframleiðenda	5.200.000	21.12.92
93-052	Markaðssetn. á hafbeitarlaxi, sjá 92-235, 2. f. 1993	Fagráð bleikjuframleiðenda	1.000.000	02.03.93
93-088	Markaðssetn. vatnableikju, áður hjá Vatnafangi hf.	Fagráð bleikjuframleiðenda	3.000.000	04.05.93
93-158	Kynning á ferksgrasi erlendis	Kaupfélag Skagfirðinga	1.000.000	12.07.93
93-183	Útflutningshópur Framleiðsluráðs, Kaupsýslan og Catco vegna markaðss.	Samstarfshópur um sölu á lambakjöti	9.200.000	12.07.93
93-222	Endurskoðun á erindi nr. 93-193 vegna ESB	Kaupfélag Austur-Skaftfellinga	4.000.000	21.09.93
93-233	Markaðssetning nautakjöts í Bandaríkjunum (Kaupsýslan hf.)	Landssamband kúabænda	5.500.000	20.10.93
94-055	Aðstoð vegna útflutnings á stykkjuðu lambakjöti til EB-landa	Kaupfélag Vestur-Húnvetninga	4.000.000	07.03.94
94-128	Markaðsátak fyrir ullarvörur	Landssamtök sauðfjárbænda	3.000.000	15.07.94
94-140	Sláturhúss KÞ Húsavík vegna ESB-viðurkenningar	Kaupfélag Þingeyinga	6.000.000	15.07.94
94-206	Kynning á ferskgrasi í Noregi	Kaupfélag Skagfirðinga	1.000.000	17.10.94
94-207	*Endurbætur á sláturhúsi á Selfossi vegna ESB-skilyrða*	Sláturfélag Suðurlands svf.	8.000.000	17.10.94
94-208	Úrvinnsla og útflutningur á fersku lambakjöti, RALA o.fl.	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	550.000	17.10.94
94-210	Námskeið í kjötskurði fyrir Bandaríkjamarkað	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	250.000	26.09.94
94-222	Markaðsv. erl. (lífrænt) undir stj. BJ, sjá 94-103	Upplýsingaþjónusta landbúnaðar.	6.000.000	17.10.94
95-085	Kynningarefni fyrir útflutning á kindakjöti til Bandaríkjanna	Bændasamtök Íslands	2.000.000	06.04.95
95-098	Est. kostnaðar á kynningarbæklingi frá 1993	Samstarfshópur um sölu á lambakjöti	312.000	04.05.95
95-157	Framleiðsla ullarvörum án kemískra efna og markaðssetning erlendis	Drífa hf., ICEWEAR	350.000	11.07.95
95-175	Tilraunasending á hrossabjúgum til Rússlands sbr. 95-133	Kjötframleiðendur hf.	400.000	25.09.95
95-198	Áform – átaksverkefni um sölu kindakjöti í Bandaríkjunum	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	2.086.776	25.09.95
95-218	Áform – átaksverkefni, markaðsst. í Bandaríkjunum	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	4.000.000	30.10.95
95-235	Kynningarbæklingur á sænsku	Markaðsráð kindakjöts	1.000.000	24.11.95
96-029	Kynningar á lambakjöti í Shop Rite verslunum í Bandaríkjunum	ÁFORM átaksverkefni	2.500.000	04.03.96
96-048	Hlutgæðakerfi (PQC-system) vegna útflutnings á vistvænni framleiðslu	Erlendur Á. Garðarsson	250.000	25.03.96
96-072	Þróun hrossakjötsútflutnings í samvinnu við RANNÍS	Kjötframleiðendur hf.	800.000	25.03.96
96-183	Markaðsetning, kindakjöt, New York	Markaðsráð kindakjöts	500.000	21.09.96
96-203	Bleikja, markaðssetning, Bandaríkin	Silfurstjarnan hf.	1.500.000	17.12.96
	Samtals		**102.373.776**	

445. Svar [31. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um sölu ríkiseigna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða ríkiseignir hafa verið seldar að einhverju eða öllu leyti frá 1991? Í svarinu óskast eignirnar tilgreindar hver fyrir sig og hvert ár fyrir sig.*
2. *Hvað var greitt fyrir eignirnar og hvernig? Í svarinu óskast hver eign tilgreind fyrir sig og jafnframt er farið fram á að greiðslan fyrir eignirnar sé á núvirði.*
3. *Samkvæmt hvaða heimildum voru eignirnar seldar? Var um að ræða heimildir í 6. gr. fjárlaga eða sérlögum um viðkomandi eignir?*
4. *Hvernig voru málin lögð fyrir Alþingi, í frumvarpsbúningi strax í upphafi eða í formi breytingartillagna við frumvörp til laga eða fjárlaga?*

Í töflu 1 eru taldar upp þær eignir sem fjármálaráðuneytið hefur selt fyrir hönd ríkissjóðs, flokkaðar eftir árum. Í henni kemur fram hvaða eignir er um að ræða, samkvæmt hvaða heimildum þær hafa verið seldar, hvort málin voru lögð fyrir Alþingi í frumvarpsbúningi (F) eða í formi breytingartillagna (B), hvert söluverð þeirra var á verðlagi þess árs, hver eignarhlutur ríkisins var, hvert söluandvirði ríkishlutans var, hvernig það var greitt og að lokum hvert söluandvirði ríkishlutans er á verðlagi í desember 1997.

Í töflu 2 eru taldar upp þær eignir sem stofnanir hafa selt sjálfar, flokkaðar eftir árum. Þar kemur fram hvaða stofnun selur, hvaða eign er seld, samkvæmt hvaða heimildum og í hvaða búningi málið var lagt fyrir Alþingi, á sama hátt og í töflu 1, hvert söluverð eignanna var á verðlagi þess árs, hvernig var greitt fyrir þær og hvert söluandvirðið er á núvirði.

Tafla 1

Eignasala ríkissjóðs 1991

Í þús. kr.	Heimildir	F/B	Söluverð 1991	Hluti ríkis	Hluti ríkisins	Skuldabréf	Yfirtekin skuldabréf	Maka-skipti	Ríkishluti á núvirði
Fasteignir			**394.828**		**321.363**				**395.443**
Síðumúli 24-26, Reykjavík	6.gr. 4.11 1991	F	20.000	100%	20.000			20.000	24.610
Álfheimar 74, Reykjavík	6.gr. 4.20 1991	F	90.000	24,50%	22.050	20.090			27.133
Strandgata 35, Eskifirði	6.gr. 4.24 1991	F	2.000	100%	2.000				2.461
Súðavogur 6, Reykjavík	6.gr. 4.31 1991	F	54.500	100%	54.500			54.500	67.063
Torfastaðaskóli, Vopnafirði	6.gr. 4.39 1991	F	7.000	75%	5.250	4.500			6.460
Sæbraut 1, Seltjarnarnesi	6.gr. 4.40 1991	F	14.000	100%	14.000			14.000	17.227
Efstabraut 5, Blönduósi	6.gr. 4.41 1991	F	4.500	100%	4.500	4.000			5.537
Laufás 8, Egilsstöðum	6.gr. 4.44 1991	F	5.200	85%	4.420	2.250			5.439
Engjateigur 1, Reykjavík	6.gr. 4.45 1991	B	85.500	100%	85.500			85.500	105.209
Fannborg 6, Kópavogi	6.gr. 4.46 1991	B	60.000	100%	60.000			60.000	73.831
Flugskýli nr. 1, Reykjavíkurflugvelli	6.gr. 4.47 1991	B	15.000	100%	15.000	12.000			18.458
Vélaverkst.hús við Strandv, Tálknafirði	6.gr. 4.53 1991	B	1.000	100%	1.000	1.000			1.231
Kirkjubraut 10, Akranesi	6.gr. 4.55 1991	B	3.500	100%	3.500	1.400			4.307
Bær III, Andakílshreppi	6.gr. 4.57 1991	B	4.978	100%	4.978				6.126
Tunguháls 6, Reykjavík	6.gr. 4.58 1991	B	18.000	100%	18.000			18.000	22.149
Garðarsbraut 39, Húsavík	6.gr. 4.62 1991	B	3.150	60%	1.890				2.326
Strandgata 13, Hvammstanga	6.gr. 4.63 1991	B	3.000	60%	1.800				2.215
Silfurbraut 6, Höfn	6.gr. 4.23.1991	F	3.500	85%	2.975				3.661
Eignir keyptar á uppboðum:			**62.900**		**62.900**				**77.400**
Funahöfði 7, Reykjavík	6.gr. 4.21 1991	F	5.900	100%	5.900	3.400			7.260
Funahöfði 7, Reykjavík	6.gr. 4.21 1991	F	19.000	100%	19.000			19.000	23.380
Álfaskeið 50, Hafnarfirði	6.gr. 4.32 1991	F	10.000	100%	10.000			10.000	12.305
Aratún 6, Garðabæ	6.gr. 4.49 1991	B	14.000	100%	14.000			14.000	17.227
Hæðargata 15, Njarðvík	6.gr. 4.50 1991	B	5.000	100%	5.000			5.000	6.153
Akurbraut 15, Njarðvík	6.gr. 4.51 1991	B	7.000	100%	7.000	4.550			8.614
Víkurbraut 21A, Vík í Mýrdal	6.gr. 4.39 1992	B	2.000	100%	2.000	1.400			2.461
Eignasala alls			**457.728**		**384.263**				**472.842**

Tafla 1

Eignasala ríkissjóðs 1992

Í þús. kr.	Heimildir	F/B	Söluverð 1992	Hluti ríkis	Hluti ríkisins	Skuldabréf	Yfirtekin skuldabréf	Maka-skipti	Ríkishluti á núvirði
Fasteignir			**150.633**		**136.107**				**163.040**
Álfheimar 74, Reykjavík	6.gr. 4.20 1991	F	9.500	20,83%	1.979	792			2.371
Álfheimar 72, Reykjavík	6.gr. 4.20 1991	F	6.140	25%	1.535	1.150			1.839
Álfheimar 74, C-álma, Reykjavík	6.gr. 4.20 1991	F	2.500	25%	625				749
Grænás, Njarðvík	6.gr. 4.3 1992	F	38.000	100%	38.000				45.519
Víkurbraut 42, Grindavík	6.gr. 4.11 1992	F	1.500	100%	1.500	1.200			1.797
Suðurgata 7, Sauðárkróki	6.gr. 4.19 1992	F	1.500	50%	1.500	500			1.797
Skólahús á Hjalteyri, Arnarneshr.	6.gr. 4.22 1992	F	500	50%	500				599
Gagnheiði 20, Selfossi	6.gr. 4.28 1992	F	6.000	100%	6.000	1.800			7.187
Verkstæðishús við Skeið, Ísafirði	6.gr. 4.29 1992	F	1.500	100%	1.500	723	277		1.797
Seljalandsvegur 68, Ísafirði	6.gr. 4.52 1992	B	4.043		4.043		4.043		4.843
Aðalstræti 51, Patreksfirði	6.gr. 4.53 1992	B	1.050	50%	525	300			629
Langanesvegur 3B, Þórshöfn	6.gr. 4.36 1992	F	3.400		3.400		3.400		4.073
Vörugeymslur Skipaútg rík., Reykjavík	6.gr. 4.24 1992	F	75.000	100%	75.000	65.000			89.841
Eignir keyptar á uppboðum:			**79.907**		**79.898**				**95.708**
Hjallabraut 6, hluti 02-02, Hafnarfirði			8.500	100%	8.500	5.000			10.182
Leynisbraut 10, Grindavík,	6.gr. 4.36 1992	B	4.938	100%	4.938	2.850	389		5.915
Unubakki 42-44, Þorlákshöfn	6.gr. 4.38 1992	B	14.000	100%	14.000	7.000	2.041		16.770
Smyrlahraun 28, Hafnarfirði	6.gr. 4.34 1992	B	8.000	100%	8.000	3.000			9.583
Norðurvangur 32, Hafnarfirði	6.gr. 4.35 1992	B	10.300	100%	10.300	3.000			12.338
Túngata 1, Eskifirði	6.gr. 4.36 1993	F	1.210	100%	1.210	1.010			1.449
Vesturberg 11, Reykjavík	6.gr. 4.44 1992	B	11.500	100%	11.500	5.300			13.776
Sæberg 15, Breiðdalsvík	6.gr. 4.45 1992	B	4.600	100%	4.600	2.632	597		5.510
Miðvangur 5, Hafnarfirði	6.gr. 4.46 1992	B	16.850	100%	16.850	3.913		11.587	20.184
Hlutabréf o.fl.			**459.909**		**459.909**				**550.915**
Prentsmiðjan Gutenberg	6.gr. 4.20 1992	F	85.600	100%	85.600				102.538
Jarðboranir hf.	6.gr. 4.57 1992	B	63.263	50%	63.263	4.875			75.781
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	6.gr. 4.58 1992	B	18.894	33%	18.894	18.894			22.633
Þróunarfélagið hf.			130.000	29,02%	130.000				155.724
Íslensk endurtrygging			*162.152	36,54%	162.152				194.238
Eignasala alls			**690.449**		**675.914**				**809.662**

* Eftir er að draga frá hlut Tryggingastofnunar kr. 11.104.128.

Tafla 1

Eignasala ríkissjóðs 1993

Í þús. kr.	Heimildir	F/B	Söluverð 1993	Hluti ríkis	Hluti ríkisins	Skuldabréf	Yfirtekin skuldabréf	Maka-skipti	Ríkishluti á núvirði
Fasteignir			**44.270**		**44.270**				**52.667**
Fasteignir að Stórólfsv, Rangárv.s	6.gr. 4.11 1993	F	15.000	100%	15.000	10.000			17.845
Aðalstræti 55, Patreksfirði	6.gr. 4.18 1993	F	2.100	100%	2.100	1.100			2.498
Túngata 1, Ísafirði	6.gr. 4.45 1993	B	5.000	100%	5.000	3.000			5.948
Miðvangur 121, Hafnarfirði	6.gr. 4.46 1993	B	13.500	100%	13.500	7.500	2.791		16.061
Hlutur í fjósi og hlöðu að Laugarv., Laugard.hr.	6.gr. 4.49 1993	B	670	100%	670	670			797
Aðalbraut 35, Raufarhöfn	6.gr. 3.43 1993	F	1.000	100%	1.000				1.190
Bjarkargrund 30, Akranesi	6.gr. 3.51 1993	B	7.000	100%	7.000	5.000			8.328
Eignir keyptar á uppboðum:			**27.452**		**27.452**				**32.659**
Aðalgata 20, Sauðárkróki	6.gr. 4.29 1993	F	5.000	100%	5.000	3.000			5.948
Þjóðbraut 1, hluti 44,24%, Akranesi	6.gr. 4.43 1993	B	4.452	100%	4.452	2.660			5.296
Kirkjuvegur 22, Vestmannaeyjum	6.gr. 4.28 1993	F	11.000	100%	11.000	10.000			13.086
Laufvangur 4, 2.h.h., Hafnarfirði	6.gr. 3.42 1994	F	5.500	100%	5.500	3.575			6.543
Vallholt 13, kjallari, Akranesi	6.gr. 3.40 1994	F	1.500	100%	1.500	650			1.785
Hlutabréf o.fl.			**729.679**		**729.679**				**868.080**
Jarðboranir hf.	6.gr. 4.39 1993	F	6.783		6.783				8.070
Íslensk endurtrygging, leiðrétting v/1992	L. nr. 45 / 1993	F	-11.104		-11.104				-13.210
SR-mjöl hf.	L. nr. 20 / 1993	F	725.000	100%	725.000	599.566			862.513
Rýni hf,			9.000		9.000				10.707
Eignasala alls			**801.401**		**801.401**				**953.405**

Tafla 1

Eignasala ríkissjóðs 1994

Í þús. kr.	Heimildir	F/B	Söluverð 1994	Hluti ríkis	Hluti ríkisins	Skuldabréf	Yfirtekin skuldabréf	Maka-skipti	Ríkishluti á núvirði
Fasteignir			**45.996**		**43.788**				**50.368**
Staðarhrauni 10, Grindavík	6.gr. 4.21 1993	F	5.446	75%	4.085	2.000			4.699
Skeljanes 10, Reykjavík	6.gr. 4.35 1993	F	1.200	100%	1.200	600			1.380
Garðabyggð 1, Blönduósi	6.gr. 3.21 1994	F	7.700	100%	7.700	4.700			8.857
Hekluhús, Akureyri	6.gr. 3.47 1994	F	19.100	100%	19.100	12.000			21.970
Hjarðartún 4-7, Ólafsvík	6.gr. 3.48 1994	B	6.000	100%	6.000				6.902
Urðarvegur 80, 2.h.h., Ísafirði	6.gr. 3.49 1994	B	5.650	85%	4.803				5.525
Eyjan Grótta, Seltjarnarnesi	L. nr. 53 / 1994	F	900	100%	900				1.035
Eignir keyptar á uppboðum:			**213.494**		**213.494**	**142.436**			**245.578**
Brekkubyggð 91, Garðabæ	6.gr. 3.25 1994	F	8.000	100%	8.000	5.200			9.202
Mímisvegur 16, Dalvík	6.gr. 3.55 1994	B	5.200	100%	5.200	3.380			5.981
Dofraberg 9, Hafnarfirði	6.gr. 3.39 1994	F	6.200	100%	6.200	4.000			7.132
Kviholt 10, Hafnarfirði	6.gr. 3.54 1994	B	6.800	100%	6.800	4.400			7.822
Karlsbraut 17, Dalvík	6.gr. 3.27 1994	F	1.200	100%	1.200	780			1.380
Suðurgata 103, Akranesi	6.gr. 3.56 1994	B	2.500	100%	2.500	1.625			2.876
Lækjargata 34 A, Hafnarfirði	6.gr. 3.41 1994	F	8.100	100%	8.100	5.240			9.317
Álfaheiði 15, Kópavogi	6.gr. 3.28 1994	F	12.100	100%	12.100		7.698	4.052	13.918
Heinaberg 17, Þorlákshöfn	6.gr. 3.58 1994	B	5.800	100%	5.800	1.333	3.217		6.672
Þykkvibær II, Skaftárhreppi	6.gr. 3.461995	F	9.500	100%	9.500		3.043		10.928
Sjávargata 15, Bessastaðahreppi	6.gr. 3.37 1994	F	10.500	100%	10.500	1.500		8.800	12.078
Álfaskeið 78, Hafnarfirði	6.gr. 3.42 1995	F	7.000	100%	7.000	4.466	1.400		8.052
Sléttahraun 34, bílskúr, Hafnarfirði	6.gr. 3.41 1995	F	400	100%	400	300			460
Hafnargata 91, Keflavík og M.S. Geir goði	6.gr. 3.26 og 3.50 1994	F	98.394	100%	98.394	92.415			113.181
Bjarkarholt, Barðaströnd	6.gr. 3.36 1994	F	4.000	100%	4.000	3.500			4.601
Ms. Hvanneyri			8.600	100%	8.600	5.600			9.892
Borgarhlíð 6, Akureyri	6.gr. 3.39 1995	F	3.500	100%	3.500	2.000			4.026
Leirubakki 10, 3h.v., Reykjavík	6.gr. 3.28 1994	F	7.500	100%	7.500	1.395	1.395		8.627
Barmahlíð 21, Reykjavík	6.gr. 3.37 1994	F	8.200	100%	8.200	5.302			9.432
Hlutabréf o.fl.			**301.867**		**301.867**				**347.232**
Jarðboranir hf	6.gr. 3.31 1994	F	14.239	50%	14.239	3.799			16.379
Lyfjaverslun ríkisins hf	L. nr. 75 / 1994	F	201.000	100%	201.000	144.439			231.206
Þormóður rammi			86.628	40%	86.628				99.646
Námuréttindi			**5.181**		**5.181**				**5.960**
Eignasala alls			**566.538**		**564.330**				**649.138**

Tafla 1

Eignasala ríkissjóðs 1995

Í þús. kr.	Heimildir	F/B	Söluverð 1995	Hluti ríkis	Hluti ríkisins	Skuldabréf	Yfirtekin skuldabréf	Maka-skipti	Ríkishluti á núvirði
Fasteignir			**90.005**		**88.400**				**97.895**
Dýralæknisbústaðir:	6.gr. 3.21 1995	F							
Melstaður, Blönduósi			3.400	100%	3.400	3.400			3.765
Launrétt I, Biskupstungum			6.100	100%	6.100	4.600			6.755
Bárustígur 9, Sauðárkróki			6.200	100%	6.200	4.030			6.866
Öldugerði 16, Hvolsvelli			5.500	100%	5.500	3.850			6.091
Borgarbraut 13, Hólmavík			7.500	100%	7.500				8.306
Tindar, Kjalarnesi, iðnaðarhúsnæði	6.gr. 3.28 1995	F	11.000	100%	11.000	8.250			12.181
Starfsm.íb. að Víðigrund 2 og 16, Sauðárkr.	6.gr. 3.31 1995	F	10.700	85%	9.095	4.600	919		10.072
Eyrarvegur 10, Seyðisfirði	6.gr. 3.36 1995	F	400	100%	400				443
Pólgata 8, Ísafirði	6.gr. 3.37 1995	F	7.500	100%	7.500	4.875			8.306
Skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Washington	6.gr. 3.6 1995	F	31.705	100%	31.705				35.110
Eignir keyptar á uppboðum:			**64.663**		**64.663**				**71.608**
Hriseyjargata 6, Akureyri	6.gr. 3.64 1995	B	2.700	100%	2.700	2.482			2.990
Illugagata 55, Vestmannaeyjum	6.gr. 3.34 1995	F	3.690	100%	3.690				4.086
Hrigbraut 58, Hafnarfirði	6.gr. 3.62 1995	B	5.760	100%	5.760		3.631		6.379
Furugrund 44, Kópavogi	6.gr. 3.33 1995	F	5.513	100%	5.513	4.100	421		6.105
Huldubraut 21, Kópavogi	6.gr. 3.55 1995	B	4.900	100%	4.900	3.900			5.426
Grenigrund 33, Akranesi	6.gr. 3.38 1995	F	7.000	100%	7.000	4.550			7.752
Skúlagata 56, Reykjavík	6.gr. 3.63 1995	B	4.000	100%	4.000	2.800			4.430
Hvannhólmi 2, Kópavogi	6.gr. 3.56 1995	B	11.200	100%	11.200	5.000			12.403
Heiðarbrún 24, Hveragerði	6.gr. 3.55 1996	F	3.800	100%	3.800	1.071	2.329		4.208
Dverghamrar 37, Vestmannaeyjum	6.gr. 3.57 1995	B	4.900	100%	4.900	3.185			5.426
Langagerði 52, Reykjavík	6.gr. 3.56 1996	F	11.200	100%	11.200	8.400			12.403
Hlutabréf			**204.678**		**204.678**				**226.662**
Lyfjaverslun Íslands hf	L. nr. 75 / 1994	F	201.000	100%	201.000	129.405			222.589
Jarðboranir hf.	6.gr. 3.31 1994	F	3.210	50%	3.210				3.555
Slippstöðin Oddi hf.			468		468				518
Námuréttindi			**17.049**		**17.049**				**18.880**
Eignasala alls			**376.395**		**374.790**				**415.045**

Tafla 1

Eignasala ríkissjóðs 1996

Í þús. kr.	Heimildir	F./B	Söluverð 1996	Hluti ríkis	Hluti ríkisins	Skuldabréf	Yfirtekin skuldabréf	Maka-skipti	Ríkishluti á núvirði
Fasteignir			**146.475**		**141.465**				**152.254**
Höfði, Vallahreppi	6.gr. 3.8 1996	F	5.000	100%	5.000	4.800			5.381
Skólastígur 6, Varmahlíð, Seyluhreppi	6.gr. 3.8 1996	F	5.550	100%	5.550	3.550			5.973
Sólheimar 7, Reykjavík	6.gr. 3.19 1996	F	12.030	100%	12.030				12.947
Efstasund 86, Reykjavík	6.gr. 3.20 1996	F	12.500	100%	12.500	6.500			13.453
Tindar, Kjalarnesi	6.gr. 3.21 1996	F	9.700	100%	9.700	6.800			10.440
Þjóðbraut 11, Akranesi	6.gr. 3.30 1996	F	5.850	100%	5.850		661		6.296
Viðigrund 5, Sauðárkróki	6.gr. 3.31 1996	F	6.500	100%	6.500	4.500			6.996
Neðri-Tunga, Ísafirði	6.gr. 3.52 1996	F	9.700	100%	9.700	6.000			10.440
Strandgata 53, Eskifirði	6.gr. 3.53 1996	F	7.000	60%	4.200				4.520
Hjarðarslóð 3 D, Dalvík	6.gr. 3.54 1996	F	5.600	85%	4.760	3.920			5.123
Lindarflöt 41, Garðabæ	6.gr. 3.59 1996	F	10.500	100%	10.500	5.400			11.301
Reynilundur 4, Garðabæ	6.gr. 3.59 1996	F	10.200	100%	10.200	5.469			10.978
Búðareyri 4, Reyðarfirði	6.gr. 3.61 1996	F	6.100	100%	6.100	3.100			6.565
Skólastjórabústaður, Hallormsstað	6.gr. 3.68 1996	F	6.225	100%	6.225	1.825			6.700
Síðumúli 28, Reykjavík	6.gr. 3.24 1997	F	12.000	100%	12.000				12.915
Tjarnargata 11, Sandgerði	6.gr. 3.34 1997	F	5.000	85%	4.250	4.750			4.574
Hliðarbraut 10 og 12, Hafnarfirði	6.gr. 3.35 1997	F	12.000	100%	12.000	12.000			12.915
Garðabraut 26, Akranesi	6.gr. 3.48 1997	F	4.000	85%	3.400	2.800			3.659
Skólahús í landi Grenjaðast, Aðaldælahr	6.gr. 3.52 1997	F	800	100%	800				861
Hafnarstræti 93, Akureyri,	Breyting á sameign		220	100%	200				215
Eignir keyptar á uppboðum:			**23.000**		**23.000**				**24.754**
Borgartún 32, Reykjavík	6.gr. 3.65 1996	F	23.000	100%	23.000				24.754
Stekkjarhvammur 19, Hafnarfirði	6.gr. 3.6 1997	F	10.700	100%	10.700	5.813	1.115		11.516
Greniteigur 6, Keflavík	6.gr. 3.5 1997	F	6.200	100%	6.200	1.000	3.173		6.673
Hlutabréf			**201.687**		**201.687**				**217.068**
Jarðboranir hf.	6.gr. 3.28 1996	F	160.610	50%	160.610				172.859
Þörungaverksmiðjan hf.			28.976		28.976				31.186
Skýrr hf.	7.gr. 5.7 1998	F	12.101		12.101	10.372			13.024
Námuréttindi			**8.586**		**8.586**				**9.241**
Eignasala alls			**379.748**		**374.738**				**403.317**

Tafla 2

Eignasala hjá stofnunum

Í þús. kr.		Hei	mildir	F/B	Söluverð	Skulda-bréf	Yfirtek. skuldabr	Maka-skipti	Söluverð á núvirði
1991									
02 514	**Iðnskólinn í Reykjavík**				**1.700**				**2.092**
	Sumarhús sem nemendur hafa smíðað				1.700				2.092
08 367	**Sjúkrahúsið Keflavík**				**6.200**				**7.629**
	Íbúðarhús Sólvallagötu 8, Reykjanesbæ				6.200				7.629
	Samtals 1991				**7.900**				**9.721**
1992									
02 201	**Háskóli Íslands**				**9.000**				**10.781**
	Hagi við Hofsvallagötu (hluti 1. hæðar)				9.000				10.781
03 307	**Sendiráð Íslands í Stokkhólmi**				**97.304**				**116.558**
	Sendiherrabúst. Kungsvägen 16, Stokkhólmi	6.g	r. 4.18 1992	F	97.304				116.558
03 308	**Sendiráð Íslands í Washington**				**10.351**				**12.399**
	Fasteign við Flora Lane, Washington. Húsið selt 1991 en söluandvirðið og ráðstöfun þess bókfært 1992.				10.351				12.399
04 231	**Skógrækt ríkisins**				**11.750**	**5.000**			**14.075**
	Sunnuvegur 6, Hafnarfirði.	6.g	r. 4.4 1992	F	11.750	5.000			14.075
07 701	**Málefni fatlaðra Reykjavík**				**12.000**			**12.000**	**14.375**
	Njörvasund 2, Reykjavík	6.g	r. 4.25 1992	F	12.000			12000	14.375
07 703	**Málefni fatlaðra Vesturlandi**				**5.000**			**5.000**	**5.989**
	Gunnlaugsgata 6A, Borgarnesi	6.g	r. 4.54 1991	B	5.000			5000	5.989
10 321	**Skipaútgerð ríkisins**				**75.000**	**65.000**			**89.841**
	Vörugeymslur Skipaútgerðar, Reykjavík	6.g	r. 4.24 1992	F	75.000	65.000			89.841
14 201	**Náttúruverndarráð**				**140**				**168**
	Útihús á jörðinni Ás í Jökulsárgljúfrum				140				168
	Samtals 1992				**220.545**	**70.000**		**17.000**	**264.186**

Tafla 2

Eignasala hjá stofnunum

Í þús. kr.		Hei	imildir	F/B	Söluverð	Skulda-bréf	Yfirtek. skuldabr	Maka-skipti	Söluverð á núvirði
1993									
02 201	**Háskóli Íslands**				**9.540**				**11.349**
	Hagi við Hofsvallagötu (hluti 1. Hæðar)				9.540				11.349
02 514	**Iðnskólinn í Reykjavík**				**2.400**				**2.855**
	Sumarhús sem nemendur hafa smíðað				2.400				2.855
24 281	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**				**2.050**				**2.439**
	Krossanes, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu, ca 30 ha land	6.g	r. 4.56 1993	B	1.000				1.190
	Gafl, Villingaholtshreppi, Árnessýslu, 1,5 ha ræktun á jörð				1.050				1.249
	Samtals 1993				**13.990**				**16.644**
1994									
02 514	**Iðnskólinn í Reykjavík**				**1.200**				**1.380**
	Sumarhús sem nemendur hafa smíðað				1.200				1.380
24 831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**				**50**				**58**
	Álftamýri, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu	6.g	r. 4.7 1993	F	50				58
04 211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**				**3.412**				**3.925**
	Landspilda úr jörðinni Sölvholt Hraungerðishr., Árness.	6.g	r. 4.8 1993	F	1.112				1.279
	Íbúðarhús að Þormóðsdal, Mosfellsbæ				2.300				2.646
	Samtals 1994				**4.662**				**5.363**
1995									
02 514	**Iðnskólinn í Reykjavík**				**4.500**				**4.983**
	Sumarhús sem nemendur hafa smíðað				4.500				4.983
07 400	**Málefni barna og ungmenna**				**2.100**				**2.326**
	Sumarhús Stóru-Gröf, Staðarhreppi				2.100				2.326
14 201	**Náttúruverndarráð**				**20**				**22**
	Útihús á jörðinni Ás í Jökulsárgljúfrum				20				22
24 831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**				**4.967**				**5.500**
	Heyklif m/Kömbum, Stöðvarhreppi	6.g	r. 3.46 1994	F	2.350				2.602
	Búvellir, Aðaldælahreppi S-Þingeyjarsýslu				2.617				2.898
	Samtals 1995				**11.587**				**12.832**

Tafla 2

Eignasala hjá stofnunum

Í þús. kr.		Heimildir	F/B	Söluverð	Skulda-bréf	Yfirtek. skuldabr	Maka-skipti	Söluverð á núvirði
1996								
02 514	**Iðnskólinn í Reykjavík**			**200**				**215**
	Sumarhús sem nemendur hafa smíðað			200				215
04 261	**Bændaskólinn Hvanneyri**			**1.400**				**1.507**
	Jörðin Horn í Skorradal	6.gr. 3.43 1996	F	1.400				1.507
04 311	**Landgræðsla ríkisins**			**3.200**				**3.444**
	Íbúð, Eskihlíð 14, Reykjavík			3.200				3.444
04 321	**Skógrækt ríkisins**			**5.500**				**5.919**
	Sumarhús, Vaglaskógi	6.gr. 3.8 1996	F	5.500				5.919
08 350	**Sjúkrahús Akraness**			**4.000**				**4.305**
	Íbúð að Garðabraut 26, Akranesi			4.000				4.305
24 831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**			**13.200**	**4.000**	**3.171**		**14.207**
	Geirbjarnastaðir, Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu	6.gr. 3.40 1996	F	5.200		3.171		5.597
	Kroppur, Eyjafjarðarsveit, Eyjafjarðarsýslu			8.000	4.000			8.610
	Jörðin seld 1993, söluverð bókfært 1996							
	Samtals 1996			**27.500**	**4.000**	**3.171**		**29.597**
1996	**Seldar jarðir**							
24 831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**			**6.328**				**6.811**
	Vestri Grund, Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu (m. 1/2 Hraunhlöðu, 1/2 Grjótlæk og 1/2 Brautarholti)	38.gr. Jarðalaga nr. 65/1976	F	679				731
	Unalækur, Vallahreppi, S-Múlasýslu			949				1.021
	Samkomulag við Hveragerðisbæ um efndir á kaupsamningi 09.09.86.	6.gr. 3.50 1996	F	1.899				2.044
	Fjárhús og hlaða að Hamri, Hólmavíkurhreppi, Strandas.	5.gr.l.nr.34/1992 2 málsl., 2.mgr.	F	828				891
	Lambhagi, Ölfushreppi, Árnessýslu			724				779
	Heiðarbót m/Hvalsheiði, Reykjahreppi			449				483
	Fagrahlíð, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu	6.gr. 3.74 1996	B	800				861

446. Fyrirspurn [344. mál]

til viðskiptaráðherra um hlutafjáreign dótturfyrirtækja ríkisbankanna.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Í hvaða fyrirtækjum hafa dótturfyrirtæki ríkisbankanna keypt eignarhlut á síðustu fimm árum? Hvert var kaupverðið í hverju einstöku tilviki?
2. Hversu mikinn arð hafa dótturfyrirtæki bankanna fengið af þessum eignarhlutum? Í sundurliðun komi fram arðgreiðslur af einstökum eignarhlutum.
3. Í hvaða fyrirtækjum eiga dótturfyrirtæki bankanna nú eignarhlut? Hvert er nafnverð þeirra og bókfært verðmæti? Hversu stór hlutur er það af heildarhlutafé viðkomandi fyrirtækis þar sem um er að ræða hlutafélag?
4. Hver var ávöxtun hlutafjár eða annarra eignarhluta í eigu dótturfyrirtækja ríkisbankanna á síðasta ári? Í sundurliðun komi fram ávöxtun einstakra eignarhluta.
5. Hafa ríkisbankarnir og dótturfyrirtæki þeirra selt eignarhluti í fyrirtækjum á síðustu fimm árum? Ef svo er, hvenær fóru þær sölur fram, hvert var söluandvirðið og á hvaða gengi voru hlutabréfin eða aðrir eignarhlutir seldir?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á síðasta þingi lagði fyrirspyrjandi fram hliðstæða fyrirspurn þar sem innt var eftir upplýsingum um hlutafjáreign ríkisbankanna. Í svari við henni voru einvörðungu birtar upplýsingar um hlutafjáreign bankanna sjálfra, en ekki dótturfyrirtækja þeirra, og veitti það því afar takmarkaða vitneskju um raunveruleg eignatengsl bankanna við hlutafélög. Tilgangur þessarar fyrirspurnar er að leiða í ljós eignatengsl bankanna við þessi fyrirtæki og að fram komi upplýsingar um eignarhluta bankanna í einstökum fyrirtækjum, hvort sem um er að ræða hlutafélög eða önnur rekstrarform.

447. Fyrirspurn [345. mál]

til félagsmálaráðherra um flutning húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar til bankakerfisins.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hefur ráðherra fallið frá því að flytja húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar yfir til bankakerfisins eins og stefnt var að samkvæmt sáttmála ríkisstjórnarinnar?

448. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um háskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Gunnar Jóhann Birgisson frá menntamálaráðuneyti, Pál Skúlason, Davíð Þór Björgvinsson og Þórð Kristinsson frá Háskóla Íslands, Gísla Alfreðsson frá Leiklistarskóla Íslands, Guðbrand Steinþórsson frá Tækniskóla Íslands, Þorvarð Elíasson frá Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands, Gunnstein Gíslason frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Örn Guðmundsson frá Listdansskóla Íslands, Halldór Haraldsson frá Tónlistarskóla Reykjavíkur, Ólaf Proppé og Börk Hansen frá Kennaraháskóla Íslands, Harald Guðna Eiðsson og Döllu Ólafsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Benedikt Magnússon frá Bandalagi íslenskra sérskólanema, Runólf Ágústsson og Þorlák Björnsson frá Samvinnuháskólanum á Bifröst og Þorstein Gunnarsson frá Háskólanum á Akureyri.

Mál þetta var fyrst flutt á 121. löggjafarþingi og þá bárust umsagnir frá Kennaraháskóla Íslands, félagi Tækniskólakennara, nemendaráði Fósturskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Bændaskólanum á Hvanneyri, Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, Samvinnuháskólanum, deildarstjóra véladeildar Tækniskóla Íslands, nemendafélagi búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, Háskóla Íslands, stúdentaráði Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Tónlistarskóla Reykjavíkur, Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands, Hollvinasamtökum Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands og Félagi háskólakennara. Málið er nú endurflutt á 122. löggjafarþingi og bárust til viðbótar umsagnir frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Listdansskóla Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja lágmarkssamræmi í löggjöf um háskóla. Í því er lagt til að sjálfstæði háskóla verði eflt og ábyrgð þeirra aukin jafnframt því sem háskólunum er veitt víðtækara umboð til fjármálaumsýslu. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til skólanna byggist m.a. á fjölda nemenda og að ríkisvaldið semji sérstaklega við hvern skóla til nokkurra ára í senn. Þá er lagt til að ríkisreknir háskólar verði sjálfstæðar ríkisstofnanir og yfirstjórnir þeirra taki ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, námskeiða, námsmats og rannsókna, hafi skólinn rannsóknarhlutverk. Tilgreind eru sérstaklega þau svið þar sem ráðherra skal setja sérstakar reglur og er það aðallega á þeim sviðum þar sem nauðsynlegt er að tryggja samræmi í skólastarfinu. Samkvæmt frumvarpinu eiga háskólarnir að bera meginábyrgð á starfsemi sinni en hlutverk ráðuneytisins verður fyrst og fremst að fylgjast með því að skólarnir framfylgi þeim áætlunum sem þeir hafa sett sér og að þeir uppfylli þær kröfur sem þeir gera til kennslunnar. Þá er gert ráð fyrir að staða rektorsembætta verði efld og að þeim verði falið ráðningarvald yfir öllum undirmönnum sínum þar sem annað er ekki tekið fram berum orðum í lögum. Gert er ráð fyrir að staða rektors sé auglýst bæði innan og utan háskólasamfélagsins en hver háskóli tilnefnir hins vegar þann sem samstaða er um. Mismunandi er hvernig tilnefningin fer fram og er gert ráð fyrir nánari fyrirmælum um hana í sérlögum hvers skóla. Þá eru lagðar til breytingar á skipulagi skólastjórnar þannig að menntamálaráðherra skipi fulltrúa til setu í háskólaráði og að háskólafulltrúum verði fækkað. Jafnframt er lagt til að ráðherra setji almennar reglur um kærumál nemenda.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um gjaldtöku af nemendum. Meiri hlutinn ítrekar að hér er um rammalöggjöf að ræða og er það

skilningur hans að með gjaldtöku af nemendum í ríkisháskólum sé átt við gjaldtöku vegna þeirrar þjónustu sem nemendum er veitt, sbr. skrásetningargjald í 4. gr. frumvarps til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Meiri hluti menntamálanefndar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 5. málsl. 1. mgr. 13. gr. varðandi kjörgengi fulltrúa í háskólaráð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fulltrúar í háskólaráði séu hvorki kjörgengir í stöðu deildarforseta né í deildarráð og þeir geti ekki gegnt stjórnunarstöðum í deildum. Meiri hlutinn leggur til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að fulltrúarnir séu að jafnaði hvorki kjörgengir í stöðu deildarforseta né í deildarráð. Með því er komið til móts við þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að hafa svigrúm í lögunum til að bregðast við sérstökum aðstæðum í einstökum háskólum, enda séu færð rök fyrir þeim eftir almennar umræður á vettvangi viðkomandi háskóla og fallist á þau við gerð sérlaga.
2. Lögð er til breyting á síðari málslið 2. mgr. 14. gr. varðandi skipunartíma rektors. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipunartími rektors sé fimm ár og að framlenging sé óheimil. Var sú regla sett fram í ljósi þess sjónarmiðs að óæskilegt væri að vísindamenn sem taka að sér að gegna stöðu rektors verji til þess of löngum tíma frá vísindastörfum þar sem þekking þeirra og þjálfun nýtist best. Leggur meiri hlutinn til að framlenging verði heimil en eðlilegra þykir að rektor eigi kost á að sækjast eftir framlengingu skipunar. Ef rektor sækist eftir framlengingu er skylt að auglýsa rektorsstöðuna.

   Lagt er til að við 14. gr. bætist ný málsgrein þar sem mælt er fyrir um að rektor verði ekki leystur frá störfum án þess að slíkt sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess. Er ákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um að ekki er unnt að leysa rektor frá störfum án samþykkis meiri hluta háskólaráðs.
3. Lögð er til breyting á fyrri málslið 17. gr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að háskólaráð geti skipt deild upp í skorir að fengnum tillögum deildarráðs. Meiri hlutinn leggur til að þess í stað geri deild þessar tillögur þar sem deildarfundur er æðsta yfirstjórn deildar og ekki er sjálfgefið að deildarráð sé til staðar í öllum deildum.
4. Breytingartillaga við 1. mgr. 19. gr. miðar að því að skýra frekar innihald þeirra samninga sem menntamálaráðherra er heimilt að gera við hvern skóla í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Ákvæðið er í samræmi við 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, sem samþykkt voru á 121. löggjafarþingi, en þar er einstökum ráðherrum veitt heimild til ákveðinna samningsgerða við ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila.
5. Í 20. gr. er lögð til orðalagsbreyting til samræmis við orðnotkun frumvarpsins.

Alþingi, 9. des. 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Árni Johnsen.	Vigdís Hauksdóttir.

449. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um háskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, HjÁ, TIO, ArnbS, ÁJ, VH).

1. Við 13. gr. Á eftir orðinu „háskólaráði“ í 5. málsl. 1. mgr. komi: að jafnaði.
2. Við 14. gr.
   a. Við síðari málslið 2. mgr. bætist: án auglýsingar.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.
3. Við 17. gr. Í stað orðsins „deildarráðs“ í fyrri málslið komi: deildar.
4. Við 19. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við hvern skóla um þjónustu og verkefni og greiðslur ríkisins fyrir þau í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð.
5. Við 20. gr. Í stað orðsins „stúdenta“ í fyrri og síðari málslið 1. tölul. komi: nemenda.

450. Frumvarp til fjáraukalaga [55. mál]

fyrir árið 1997.

(Eftir 2. umr., 10. des.)

Samhljóða þskj. 55 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1997:

	m.kr.
Tekjur	
Tekjuskattar	1.349,0
Tryggingagjöld, launaskattar	525,0
Eignarskattar	211,0
Skattar á vörur og þjónustu	1.846,0
Aðrar tekjur	772,0
Tekjur samtals	**4.703,0**
Gjöld	
Æðsta stjórn ríkisins	54,4
Forsætisráðuneyti	92,0
Menntamálaráðuneyti	161,7
Utanríkisráðuneyti	492,6
Landbúnaðarráðuneyti	229,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	49,6
Félagsmálaráðuneyti	248,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.981,5
Fjármálaráðuneyti	4.045,6
Samgönguráðuneyti	268,3
Iðnaðarráðuneyti	107,2
Viðskiptaráðuneyti	52,8
Hagstofa Íslands	4,2
Umhverfisráðuneyti	95,2
Gjöld samtals	**7.883,4**
Áætluð yfirfærsla heimilda til næsta árs	-1.134,0
Tekjur umfram gjöld	**-2.046,4**
Lánahreyfingar	
Veitt lán, nettó	3.495,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**5.541,4**
Afborganir af teknum lánum	4.589,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**10.130,4**
Lántökur	10.100,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**-30,4**

Eftirtaldir liðir 2. gr. bætast við eða breytast og hljóða svo:

	m.kr.
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	15,8
1.03 Þingmálaskrifstofa	3,9
1.04 Rekstrarskrifstofa	2,8
Almennur rekstur samtals	22,5
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	11,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
6.21 Fasteignir	3,0
Stofnkostnaður samtals	7,0
Gjöld samtals	**41,0**
02-239 Rannsóknarnámssjóður	
Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnámssjóður	8,0
02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Viðhald	4,5
Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir	60,0
Gjöld samtals	**64,5**
03-190 Ýmis verkefni	
Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis verkefni	17,4
03-320 Sendiráð, almennt	
Stofnkostnaður:	
6.22 Sendiráð Íslands í Washington	95,0
6.23 Sendiráð Íslands í London	290,0
6.90 Tæki og búnaður	6,0
Stofnkostnaður samtals	391,0
Gjöld samtals	**391,0**

m.kr.

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands 3,0

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 8,0

Stofnkostnaður:
6.21 Krufningastofa á Keldum 7,0

Gjöld samtals **15,0**

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 100,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 84,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:
1.10 Sjúkratryggingar 458,1

08-368 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði 20,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 200,0

m.kr.

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Stofnkostnaður:
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 4,0

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 15,5

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík 4,4

08-541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hvammstanga 1,4

08-573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum 0,8

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 5,0

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 8,2

08-584 Heilsugæslustöðin Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kópavogi 1,4

m.kr.

08-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:
1.90 Rekstrarhagræðing 32,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 60,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.14 Tækniþróunarverkefni á sviði flugmála í Namibíu 8,0
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa 7,5
1.70 Útsending bandarísks morgunþáttar frá Íslandi 2,3
1.90 Ýmislegt 9,5
Almennur rekstur samtals 27,3

Gjöld samtals **27,3**

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.14 Aðstoð við litlar hitaveitur 3,6
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun 50,0
Almennur rekstur samtals 53,6

Gjöld samtals **53,6**

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 5,3

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur 2,0

Gjöld umfram tekjur **7,3**

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.39 Mengunarslys 3,0

m.kr.

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 1,5

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.02 Setur í Reykjavík 1,5

451. Svar [184. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um þróun fasteignaverðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur fasteignaverð (markaðsverð) þróast á tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðum, auk meðalstórra einbýlishúsa (u.þ.b. 150 fermetra), á eftirtöldum stöðum frá árinu 1975 til ársins 1996: Reykjanesbæ (Keflavík), Akranesi, Stykkishólmi, Patreksfirði, Flateyri, Ísafirði, Hólmavík, Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði, Akureyri, Húsavík, Vopnafirði, Egilsstöðum, Neskaupstað, Höfn í Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri, Vík í Mýrdal, Hvolsvelli, Hellu, Vestmannaeyjum, Flúðum, Selfossi, Þorlákshöfn, Stokkseyri, Eyrarbakka og Reykjavík?

Meðfylgjandi eru tvær töflur frá Fasteignamati ríkisins þar sem leitast er við að svara þessari fyrirspurn. Samkvæmt samkomulagi við þingmanninn var þróun fasteignaverðs tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúða ekki sundurliðuð heldur var þessum flokkum slegið saman í einn. Fyrri taflan sýnir því þróun íbúðarverðs framangreindra stærða íbúða í fjölbýli, en síðari taflan sýnir þróun íbúðarverðs í sérbýli af stærðinni 110–190 fermetrar. Frá Hólmavík, Kirkjubæjarklaustri, Vík í Mýrdal og Flúðum voru kaupsamningar svo fáir og strjálir að ekki reyndist unnt að gera þann samanburð sem um var beðið. Enn fremur nær samanburður annars staðar aðeins aftur til ársins 1985 og á nokkrum stöðum enn styttra. Þar kemur tvennt til. Annars vegar voru kaupsamningar of fáir í skrám Fasteignamatsins frá mörgum staðanna fyrir 1985 og hins vegar var skráning húsa í fermetrum ekki orðin almenn á landsbyggðinni fyrr en á árunum 1985–90. Í töflunum kemur fram meðaltal staðgreiðsluverðs, meðaltal staðgreiðsluverðs á fermetra, meðalflatarmál, meðalbyggingarár og staðalfrávik allra þessara stærða, en staðalfrávikið er mælikvarði á hve mikið einstök gildi víkja frá meðaltalinu og þar með hve mikil dreifing er í gögnunum. Enn fremur kemur fram í töflunum hve margir samningar liggja að baki útreikningunum. Reiknuð eru tveggja ára hreyfanleg meðaltöl þannig að fyrir árið 1986 er notað meðaltal samninga frá árunum 1985 og 1986, fyrir árið 1987 er notað meðaltal samninga frá árunum 1986 og 1987 o.s.frv.

Tafla 1. Fjölbýli.

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Reykjavík									
1986	1.775	508	23.992	5.239	76	22	1957	25	2.678
1987	2.292	781	30.893	8.266	76	23	1958	25	2.775
1988	3.057	1.028	41.124	10.038	76	23	1958	18	2.359
1989	3.974	1.160	52.735	9.996	77	29	1958	18	2.297
1990	4.433	1.261	57.712	10.329	79	29	1961	17	2.704
1991	4.871	1.351	62.448	11.176	80	24	1963	17	2.660
1992	5.188	1.423	68.316	12.436	78	23	1961	18	2.609
1993	5.399	1.554	72.083	12.769	76	23	1960	20	2.630
1994	5.701	1.636	74.570	13.891	78	25	1961	21	3.231
1995	5.761	1.591	74.247	14.108	80	29	1963	21	3.815
1996	5.678	1.559	73.053	14.380	80	28	1962	21	4.099
Keflavík									
1986	1.420	500	17.880	4.719	82	28	1962	14	127
1987	1.725	533	21.862	4.808	81	24	1964	14	157
1988	1.973	690	25.521	6.388	79	23	1963	14	191
1989	2.503	900	31.375	8.085	81	25	1963	15	198
1990	3.014	906	37.560	8.503	82	25	1965	16	195
1991	3.503	986	44.894	9.253	80	24	1968	16	176
1992	3.834	1.130	49.684	10.369	78	23	1967	17	177
1993	4.271	1.416	53.726	11.498	81	25	1967	17	176
1994	4.722	1.487	58.532	13.447	83	27	1968	16	202
1995	4.676	1.448	59.245	14.991	81	25	1969	16	215
1996	4.568	1.415	57.498	15.029	82	27	1967	16	245
Akranes									
1986	1.181	323	13.265	2.718	91	25	1968	15	99
1987	1.438	464	15.640	3.671	93	24	1971	13	115
1988	1.724	565	19.440	4.193	90	26	1968	15	83
1989	2.236	754	24.386	5.228	93	31	1966	16	90
1990	2.590	736	28.602	6.172	94	31	1968	14	100
1991	2.925	1.110	33.136	7.699	90	33	1965	14	76
1992	3.430	1.398	36.836	10.291	94	33	1960	16	64
1993	3.871	1.330	42.299	11.384	93	26	1962	17	67
1994	4.429	1.315	47.221	10.633	96	28	1964	16	119
1995	4.568	1.309	47.658	10.503	98	30	1964	15	137
1996	4.520	1.347	49.283	11.365	95	31	1965	15	141

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Ísafjörður									
1986	1.471	552	18.741	5.652	81	26	1953	23	26
1987	2.154	639	24.743	5.261	89	26	1962	14	31
1988	2.563	684	28.498	6.372	93	27	1965	15	33
1989	3.001	1.285	33.689	9.531	89	29	1963	19	26
1990	3.555	1.297	39.869	8.920	88	26	1961	21	27
1991	3.429	1.160	38.766	10.490	89	24	1958	28	45
1992	3.406	1.238	39.513	12.214	87	23	1954	27	43
1993	3.708	1.413	42.745	12.275	89	32	1951	20	34
1994	3.848	1.606	47.284	16.246	84	31	1949	27	57
1995	4.466	1.771	54.084	18.910	86	30	1956	29	69
1996	4.828	1.782	55.987	19.121	90	30	1957	31	61
Patreksfjörður									
1986	966	293	10.960	2.027	87	19	1944	9	5
1987	998	209	11.922	1.713	84	15	1944	4	7
1988	1.142	602	12.512	3.252	88	33	1942	4	8
1989	1.487	628	16.324	4.514	91	37	1946	11	6
1990	2.068	899	23.528	4.759	85	21	1944	12	9
1991	2.456	921	26.115	6.365	94	31	1944	11	11
1992	2.383	807	25.714	7.868	96	34	1947	10	7
1993	1.953	898	20.649	6.634	92	32	1943	21	6
1994	2.251	1.146	22.407	8.326	95	28	1943	20	7
1995	2.250	956	23.664	8.258	94	19	1947	8	8
1996	1.870	905	21.890	7.592	85	25	1940	19	15
Siglufjörður									
1987	711	139	9.743	1.500	74	13	1947	0	3
1988	1.012	276	12.774	3.486	79	4	1945	5	6
1989	1.119	233	14.047	2.733	79	4	1944	6	5
1990	1.036	237	11.720	3.093	90	13	1941	11	4
1991	1.207	417	13.868	4.483	88	14	1940	11	5
1992	1.584	458	18.393	4.458	87	21	1942	8	8
1993	1.942	1.214	19.532	6.455	97	40	1941	11	20
1994	2.100	1.141	22.949	7.775	90	34	1942	11	35
1995	2.235	873	25.490	6.689	86	22	1943	9	32
1996	2.625	1.101	27.359	6.134	95	26	1943	9	22
Sauðárkrókur									
1989	3.206	71	41.745	924	77	0	1971	0	2
1990	3.071	914	39.393	5.419	78	21	1964	15	8
1991	2.831	1.016	34.489	7.069	82	22	1952	20	11
1992	2.489	997	27.288	7.109	90	20	1941	15	8
1993	3.864	1.447	45.302	13.581	87	27	1954	15	23
1994	4.160	1.222	50.029	11.814	86	27	1957	16	30
1995	4.220	1.230	52.591	11.561	83	29	1963	15	25
1996	4.379	1.411	49.770	11.820	92	32	1964	16	20

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Akureyri									
1986	1.239	340	16.390	3.353	78	24	1969	14	307
1987	1.729	669	22.762	6.820	78	25	1969	13	323
1988	2.449	834	31.148	7.761	80	25	1967	15	279
1989	3.082	891	39.318	8.436	80	24	1965	17	280
1990	3.504	1.020	44.621	9.847	81	25	1966	17	332
1991	3.947	1.052	50.454	10.481	81	26	1969	15	301
1992	4.282	1.193	54.664	11.363	81	27	1966	19	284
1993	4.550	1.348	57.190	13.720	82	26	1962	23	333
1994	4.854	1.688	61.516	17.581	81	26	1962	25	372
1995	4.947	1.754	61.299	17.997	84	28	1961	24	365
1996	4.838	1.393	60.166	14.166	83	28	1960	24	399
Húsavík									
1986	1.364	326	15.775	4.309	91	25	1964	10	15
1987	1.544	353	18.395	6.108	88	21	1967	11	14
1988	1.718	361	23.350	8.092	81	25	1964	12	9
1989	2.378	548	36.596	9.109	69	22	1966	8	10
1990	2.805	554	38.583	8.790	76	21	1964	11	15
1991	3.161	756	42.935	8.835	77	23	1968	10	19
1992	3.453	768	45.901	7.488	78	26	1968	12	20
1993	3.796	681	47.446	8.917	83	24	1965	13	15
1994	4.078	795	51.294	10.584	84	29	1963	16	15
1995	3.988	1.064	47.889	9.743	88	32	1963	14	19
1996	4.060	1.086	46.643	8.197	90	29	1963	15	23
Ólafsfjörður									
1990	2.395	1.444	25.647	12.648	83	21	1951	13	4
1991	2.343	1.296	26.948	11.608	80	20	1950	12	5
1992	1.882	583	27.081	5.453	69	13	1938	8	5
1993	2.683	1.029	29.494	6.128	89	23	1944	15	10
1994	2.909	1.224	33.226	12.396	87	19	1945	15	14
1995	3.037	1.481	35.895	14.455	82	17	1945	12	10
1996	4.642	1.776	40.843	5.473	110	30	1958	10	6
Neskaupstaður									
1986	1.161	346	14.936	2.764	76	12	1975	5	3
1987	1.697	540	21.136	1.744	82	29	1977	3	4
1988	1.908	586	25.436	4.418	77	28	1978	3	5
1989	2.561	615	32.120	5.593	80	14	1979	0	4
1990	2.910	439	32.945	6.302	89	4	1975	5	3
1991	3.494	922	39.605	9.578	90	17	1971	16	10
1992	3.089	1.198	36.827	12.357	83	18	1966	19	14
1993	2.546	973	33.374	12.392	76	12	1960	20	16
1994	3.014	1.524	34.097	12.074	86	20	1955	18	20
1995	3.372	1.805	33.530	12.517	97	27	1952	14	11
1996	3.624	900	34.249	12.512	113	26	1963	14	6

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Egilsstaðir									
1987	2.162	90	24.624	3.595	89	11	1973	4	4
1988	2.256	105	27.694	3.695	83	9	1973	4	4
1989	2.699	300	33.134	8.025	85	17	1980	4	5
1990	2.771	295	33.313	8.964	88	18	1980	5	4
1991	3.527	232	38.237	6.990	95	18	1981	5	5
1992	3.512	198	42.406	10.243	87	20	1980	5	7
1993	3.557	827	55.256	6.313	64	14	1981	4	11
1994	3.999	1.148	54.135	10.784	76	21	1978	8	16
1995	4.518	1.480	56.380	17.716	87	39	1979	9	18
1996	4.731	1.524	59.244	15.673	84	37	1983	6	20
Höfn									
1987	1.311	255	13.962	3.802	96	16	1951	26	4
1988	1.559	546	19.456	11.501	89	20	1956	25	5
1989	2.498	508	37.397	11.107	71	20	1966	9	7
1990	2.744	650	37.834	11.614	77	22	1965	10	8
1991	3.426	960	39.897	12.000	91	30	1954	23	10
1992	3.853	1.334	45.385	14.612	90	32	1955	22	12
1993	4.567	1.262	61.620	12.098	76	24	1962	18	11
1994	4.701	1.149	63.382	12.376	76	21	1965	19	14
1995	4.636	1.580	55.843	16.893	86	23	1970	15	13
1996	5.072	1.679	56.903	17.023	91	23	1967	22	22
Vestmannaeyjar									
1986	1.182	298	13.807	3.392	89	27	1957	17	42
1987	1.593	569	18.793	5.013	88	31	1959	16	34
1988	1.969	606	24.163	6.718	86	31	1962	16	37
1989	2.356	540	30.527	7.365	80	22	1966	15	31
1990	2.846	878	33.076	6.610	87	26	1967	13	33
1991	3.152	950	36.999	7.385	87	27	1967	15	53
1992	3.212	877	39.230	9.714	86	30	1963	19	62
1993	3.097	932	37.932	11.403	85	30	1957	18	54
1994	3.654	1.344	41.066	12.186	91	31	1959	16	67
1995	3.957	1.388	42.511	13.216	96	32	1959	19	82
1996	3.762	1.229	42.681	14.537	93	29	1959	20	67
Selfoss									
1986	1.143	251	15.879	4.065	76	21	1965	15	11
1987	1.461	347	22.433	7.274	68	16	1966	14	20
1988	2.054	524	29.644	6.829	71	14	1970	12	29
1989	2.737	699	35.834	6.805	78	21	1971	11	31
1990	3.449	774	44.729	8.956	81	27	1972	10	30
1991	3.594	771	49.076	10.507	78	26	1972	10	36
1992	4.035	839	52.959	12.638	81	28	1973	10	46
1993	4.570	742	55.809	11.372	87	30	1973	10	45
1994	4.656	935	57.491	12.316	86	30	1972	11	41
1995	4.545	926	59.159	12.765	81	27	1972	14	41
1996	4.384	715	58.842	10.908	77	19	1971	14	46

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Þorlákshöfn									
1986	1.163	249	18.179	4.961	66	12	1972	10	9
1987	1.346	370	18.484	4.513	74	18	1969	11	11
1988	1.823	239	25.370	7.671	77	18	1972	9	8
1989	1.925	348	29.933	5.927	65	10	1974	9	6
1990	2.136	878	30.893	8.829	67	11	1972	10	4
1991	2.754	634	36.635	10.261	79	25	1972	10	8
1992	3.124	611	40.202	13.737	86	31	1969	10	15
1993	3.400	551	48.090	13.494	77	28	1971	9	16
1994	3.658	379	55.549	9.057	68	14	1974	8	10
1995	4.181	426	58.526	16.682	80	33	1973	8	12
1996	4.331	626	58.045	13.579	81	30	1975	9	18

Tafla 2. Sérbýli.

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Reykjavík									
1986	3.499	914	22.952	5.013	153	25	1963	14	110
1987	4.377	1.396	28.232	7.656	155	25	1963	16	111
1988	6.112	1.754	38.687	9.115	157	23	1962	17	86
1989	7.411	1.754	47.842	8.306	155	24	1962	17	93
1990	8.579	2.185	54.608	11.592	157	23	1964	18	121
1991	9.289	2.086	58.774	11.672	158	21	1963	19	153
1992	9.534	2.170	60.834	10.908	157	22	1962	19	154
1993	9.904	2.135	62.712	10.203	158	22	1964	20	137
1994	10.112	2.054	64.361	11.826	158	20	1967	21	158
1995	10.289	2.069	64.381	11.989	161	20	1968	20	208
1996	10.111	2.202	62.683	11.615	161	21	1968	21	244
Keflavík									
1986	2.635	878	17.757	5.017	149	24	1965	13	57
1987	3.555	1.070	23.127	5.732	153	21	1968	10	59
1988	4.268	1.193	27.401	6.062	155	21	1967	13	61
1989	5.053	1.428	32.877	7.701	153	23	1966	14	49
1990	6.351	1.536	40.587	8.407	156	19	1971	11	46
1991	7.196	1.413	46.609	8.738	155	18	1970	11	49
1992	7.472	1.390	49.816	8.737	151	20	1967	10	44
1993	8.355	2.120	53.591	12.536	156	22	1971	14	49
1994	8.614	1.997	55.033	11.820	157	20	1970	14	64
1995	8.479	1.673	54.710	10.143	156	21	1968	14	65
1996	8.479	1.709	54.482	10.209	157	21	1970	16	87

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Akranes									
1986	2.476	496	14.853	2.698	168	19	1967	14	21
1987	2.735	814	16.541	4.385	165	18	1964	14	22
1988	3.257	1.235	21.062	6.712	152	18	1957	16	12
1989	4.475	1.390	27.839	7.743	159	17	1962	17	26
1990	5.121	1.462	30.843	7.943	165	15	1966	13	37
1991	5.801	1.590	34.875	8.454	166	16	1965	12	22
1992	6.859	2.292	45.009	17.306	156	23	1963	20	13
1993	7.055	2.451	46.960	17.712	153	20	1963	24	18
1994	8.278	2.672	52.311	15.842	158	19	1958	27	45
1995	8.435	2.377	52.311	14.120	161	19	1961	25	70
1996	8.004	1.951	49.197	11.275	163	19	1960	21	58
Stykkishólmur									
1991	3.476	1.827	22.844	13.012	157	13	1949	23	5
1992	4.714	1.813	30.120	12.036	159	16	1959	21	11
1993	5.872	1.952	38.875	13.385	152	21	1969	13	14
1994	6.243	2.260	40.770	14.749	153	24	1970	11	10
1995	5.793	1.757	36.662	10.210	158	22	1956	24	11
1996	5.408	1.820	38.101	13.050	144	24	1955	26	20
Ísafjörður									
1986	2.051	662	13.145	3.874	157	18	1953	30	7
1987	2.593	1.133	17.084	6.949	152	19	1942	44	11
1988	3.932	1.925	24.812	10.766	156	21	1948	44	10
1989	5.504	757	32.940	4.510	168	18	1959	34	8
1990	6.199	1.488	37.349	7.727	166	17	1963	30	11
1991	5.957	1.748	36.542	8.593	161	19	1968	17	13
1992	5.876	1.750	39.641	12.190	149	20	1961	24	13
1993	6.166	1.987	40.351	12.763	154	23	1957	25	18
1994	6.422	2.149	41.090	12.502	156	23	1952	31	24
1995	6.830	2.105	44.735	11.133	152	24	1952	31	19
1996	7.709	2.075	48.362	10.377	158	22	1947	36	25
Flateyri									
1990	5.829	28	37.146	1.373	157	7	1979	1	2
1991	5.725	149	35.998	1.973	159	6	1978	0	3
1992	5.483	34	33.494	208	164	0	1978	0	2
1993	5.976	1.665	41.576	15.714	149	14	1972	9	3
1994	4.930	2.383	38.086	20.198	133	12	1961	16	5
1995	3.524	1.839	28.438	16.600	128	12	1947	17	5
1996	4.494	2.420	28.474	12.136	153	22	1948	12	7

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Patreksfjörður									
1990	3.941	1.164	23.993	3.813	161	25	1942	30	4
1991	3.695	1.093	23.096	6.114	162	24	1953	30	6
1992	4.408	1.236	29.507	10.023	154	24	1961	23	9
1993	4.890	786	32.426	7.967	155	24	1963	14	8
1994	5.403	1.312	33.075	6.992	164	21	1965	6	5
1995	5.706	1.140	35.724	5.787	161	24	1964	13	5
1996	4.564	686	30.405	6.079	153	21	1961	19	7
Siglufjörður									
1990	4.477	2.023	25.065	9.744	171	20	1960	20	4
1991	3.805	1.892	21.685	9.588	170	17	1949	16	5
1992	2.857	1.045	18.318	4.959	154	24	1924	22	5
1993	2.489	1.071	17.197	4.894	140	26	1925	17	9
1994	3.157	1.391	21.383	8.669	146	27	1935	12	14
1995	3.944	1.315	26.259	8.646	152	24	1937	12	10
1996	5.212	934	35.751	4.475	147	23	1967	26	11
Sauðárkrókur									
1987	3.010	614	21.339	2.765	142	24	1978	2	6
1988	3.711	1.233	25.492	6.117	144	24	1976	3	10
1989	5.145	1.043	35.983	4.934	143	20	1976	2	12
1990	5.432	851	39.115	3.409	139	18	1977	2	12
1991	5.599	1.082	40.306	3.504	138	20	1976	5	9
1992	6.148	1.102	42.402	6.175	146	25	1975	6	13
1993	6.350	1.308	45.258	9.698	143	25	1965	22	21
1994	6.174	1.459	45.780	10.520	136	22	1962	23	18
1995	7.028	1.591	47.258	9.607	149	19	1969	17	26
1996	6.907	1.655	46.275	10.368	150	19	1966	21	33
Blönduós									
1986	1.971	332	11.748	1.119	167	12	1970	1	3
1987	2.417	789	13.893	4.014	172	16	1959	26	7
1988	2.745	1.266	16.164	7.650	169	15	1954	29	8
1989	3.327	1.332	22.016	9.251	155	22	1960	24	5
1990	4.055	865	27.680	4.058	147	21	1975	4	5
1991	5.211	1.472	33.288	6.306	154	18	1977	4	6
1992	5.267	2.022	32.536	10.313	161	25	1965	24	6
1993	4.262	1.830	28.591	10.759	149	23	1961	21	8
1994	5.329	1.804	35.662	9.255	148	22	1970	10	11
1995	6.498	1.200	40.365	4.348	161	24	1973	6	14
1996	5.759	1.516	36.284	7.626	158	24	1971	10	15

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Akureyri									
1986	2.391	612	15.753	3.528	152	18	1966	12	79
1987	3.316	1.056	22.349	6.477	149	19	1967	11	84
1988	4.352	1.171	29.977	7.092	145	19	1966	19	66
1989	5.788	1.780	38.389	9.046	150	23	1963	22	49
1990	6.693	1.947	43.843	11.123	152	22	1965	22	78
1991	7.004	1.804	47.352	11.004	148	21	1967	20	101
1992	7.576	1.919	51.424	11.251	148	21	1966	18	99
1993	8.047	1.935	54.327	11.171	148	20	1967	20	113
1994	8.088	1.869	55.405	11.843	147	21	1964	23	123
1995	8.396	1.878	56.277	12.096	151	22	1966	22	138
1996	8.571	1.682	57.438	10.575	150	20	1970	18	165
Húsavík									
1986	3.105	408	18.455	391	168	19	1975	3	2
1987	3.300	360	21.353	2.642	156	16	1973	3	5
1988	4.277	1.483	26.829	6.271	156	16	1972	3	4
1989	5.347	1.820	33.563	6.453	154	29	1959	23	3
1990	6.060	1.902	41.398	12.152	145	22	1960	20	5
1991	6.351	1.569	42.495	12.947	153	17	1958	18	4
1992	5.228	2.123	32.369	12.107	158	20	1953	18	5
1993	6.823	2.722	40.435	14.774	165	20	1962	23	10
1994	7.022	2.330	41.986	12.482	165	18	1960	24	10
1995	5.682	2.106	38.583	12.482	146	21	1956	22	17
1996	6.377	2.145	43.184	12.763	147	21	1959	25	30
Ólafsfjörður									
1990	4.099	1.635	27.117	9.275	150	18	1958	8	3
1991	4.994	1.267	33.287	3.848	148	21	1964	0	2
1992	7.252	891	45.377	4.115	161	25	1966	12	5
1993	6.159	1.930	39.553	10.569	153	25	1962	18	12
1994	5.379	2.088	35.393	11.742	148	23	1959	21	7
1995	7.070	1.545	45.916	9.760	155	16	1971	8	7
1996	7.012	1.453	46.302	9.187	152	16	1971	8	8
Neskaupstaður									
1990	6.302	629	47.408	4.325	133	2	1976	3	3
1991	6.383	1.119	43.004	9.085	151	20	1967	18	9
1992	6.254	1.350	41.362	9.348	152	19	1962	19	12
1993	5.525	1.283	39.657	8.952	140	13	1949	25	14
1994	5.817	2.008	41.622	13.102	140	14	1949	25	13
1995	6.764	2.797	44.301	16.440	151	21	1962	17	7
1996	5.903	2.189	36.483	10.744	159	22	1956	20	5
Vopnafjörður									
1992	3.616	1.569	25.925	10.082	137	7	1960	17	2
1993	3.199	1.410	22.793	9.348	139	7	1968	18	3
1994	3.247	882	20.167	3.640	158	15	1978	7	2
1995	5.315	2.070	39.653	18.212	140	29	1979	10	5
1996	5.696	1.990	41.728	16.827	140	30	1980	9	5

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Höfn									
1987	2.973	455	21.043	2.103	142	22	1974	8	6
1988	3.140	588	22.431	3.917	141	21	1974	7	7
1989	4.706	427	29.695	1.219	159	17	1971	2	3
1990	5.364	599	34.134	6.112	160	20	1969	12	8
1991	6.242	1.087	42.459	9.501	150	23	1972	10	13
1992	7.114	1.027	48.960	7.025	147	20	1977	6	10
1993	7.237	1.276	49.889	6.982	146	20	1974	12	13
1994	7.255	1.844	49.242	12.106	149	20	1972	18	15
1995	7.239	2.234	47.117	15.252	156	18	1970	20	9
1996	7.564	1.358	50.338	10.780	153	25	1975	10	17
Vestmannaeyjar									
1986	2.043	646	14.097	4.106	145	18	1952	27	7
1987	3.146	741	20.236	4.040	157	27	1957	18	8
1988	4.009	995	25.401	5.524	159	25	1955	21	15
1989	4.537	1.091	28.455	6.693	160	21	1953	20	14
1990	5.188	1.314	33.101	7.629	157	21	1954	19	7
1991	6.003	1.910	38.154	7.640	153	22	1957	23	6
1992	5.724	1.827	37.348	10.664	154	24	1953	26	14
1993	5.513	1.998	36.259	13.129	154	22	1949	26	34
1994	5.597	2.078	36.545	13.323	154	20	1947	24	44
1995	6.159	2.058	40.089	12.832	154	21	1950	19	45
1996	6.870	2.549	44.857	16.496	154	23	1958	21	45
Selfoss									
1986	2.191	525	14.165	2.040	154	27	1971	8	17
1987	2.504	638	17.298	3.873	145	23	1972	6	20
1988	3.644	846	24.876	3.946	146	24	1972	6	18
1989	4.481	1.011	29.500	6.388	153	23	1967	10	29
1990	5.294	1.290	34.732	7.879	154	24	1967	10	37
1991	5.973	1.495	38.650	7.301	155	26	1971	9	35
1992	6.539	1.626	43.756	8.501	150	26	1974	8	34
1993	7.109	1.436	49.741	8.839	144	22	1974	13	39
1994	7.318	1.297	48.559	8.926	153	23	1972	13	56
1995	7.108	1.575	46.828	9.091	153	24	1974	13	64
1996	6.923	1.652	46.878	9.382	148	22	1977	14	59
Hvolsvöllur									
1990	3.365	66	23.649	1.767	143	14	1974	3	2
1991	4.410	1.412	26.946	6.602	161	20	1969	10	6
1992	4.772	1.258	30.549	6.986	157	23	1965	11	6
1993	5.405	1.043	39.961	6.420	136	20	1969	11	5
1994	6.040	795	43.631	5.188	140	25	1974	9	3
1995	6.141	1.430	40.573	6.884	152	25	1980	5	4
1996	5.681	1.689	36.757	9.641	156	22	1977	4	12

Ár	Staðgreiðslu-verð	Staðal-frávik	Staðgreiðslu-verð/m²	Staðal-frávik	Flm. (m²)	Staðal-frávik	Bygging-arár	Staðal-frávik	Fjöldi
Hella									
1991	6.393	810	45.155	1.160	141	14	1973	0	2
1992	5.821	1.183	40.642	8.797	144	11	1967	11	5
1993	6.061	1.225	43.970	11.197	140	10	1969	12	5
1994	6.609	642	46.096	6.023	145	19	1972	13	6
1995	6.537	814	44.399	5.377	149	25	1972	10	8
1996	6.833	871	48.712	7.243	143	27	1975	1	5
Stokkseyri									
1993	3.946	584	31.090	7.431	130	12	1969	9	2
1994	3.851	1.657	27.894	12.849	141	19	1961	31	10
1995	4.014	1.930	27.466	12.823	145	22	1959	34	12
1996	5.306	2.302	34.776	14.007	148	21	1968	32	6
Eyrarbakki									
1988	3.595	863	21.907	2.308	162	22	1971	1	2
1989	3.489	895	21.902	3.929	157	19	1956	23	3
1990	2.801	642	20.149	3.671	138	9	1948	20	3
1991	3.702	1.306	24.463	5.507	147	20	1960	13	2
1992	4.944	1.182	32.814	5.639	150	17	1971	3	6
1993	4.867	1.190	32.604	5.764	148	16	1970	4	6
1994	5.055	1.613	34.234	9.063	146	16	1958	22	7
1995	5.027	1.512	33.979	8.554	146	15	1955	25	8
1996	5.681	1.207	36.837	8.723	157	24	1948	33	8
Þorlákshöfn									
1986	2.131	211	15.647	2.711	139	15	1973	3	5
1987	2.548	584	18.358	5.059	142	22	1972	4	8
1988	3.293	572	23.633	4.979	142	20	1972	3	16
1989	3.503	663	24.518	4.667	144	18	1972	3	18
1990	4.647	1.070	30.102	4.846	154	19	1970	5	11
1991	4.754	1.286	31.048	7.115	152	20	1968	7	14
1992	5.273	1.574	37.505	11.862	143	21	1970	7	16
1993	6.060	1.492	41.615	11.108	149	24	1973	9	20
1994	5.867	1.322	38.535	9.373	155	20	1971	10	32
1995	6.143	1.152	41.402	8.145	150	20	1971	9	34
1996	6.581	1.270	44.188	7.336	150	20	1974	8	46

452. Svar [293. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu B. Þorsteinsdóttur um vistunarvanda aldraða.

1. *Hvert á að flytja núverandi starfsemi Vífilsstaðaspítala ef leysa á vanda aldraða, sem þurfa á vist á hjúkrunarstofnun að halda, á Vífilsstaðaspítala, svo sem ráðherra upplýsti á Alþingi þann 17. nóvember sl.?*

Í samkomulagi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík undirrituðu 12. september sl. er kveðið á um ýmsar hagræðingaraðgerðir í rekstri og skipulagi Landspítalans og Sjúkrahúss Reykjavíkur jafnframt því sem sjúkrahúsin fengu til ráðstöfunar tæplega hálfan milljarð króna. Áætlað var að aðgerðir þessar leiddu til u.þ.b. 200 millj. kr. sparnaðar í rekstri á næsta ári. Þar eð samkomulagið var gert nú í lok árs 1997 var reiknað með tiltölulega litlum sparnaði af þessum aðgerðum á árinu. Samkomulaginu fylgdu því loforð um viðbótarfjárveitingu á árinu 1997 sem kom að fullu til móts við áætlanir stjórna sjúkrahúsanna, Sjúkrahúss Reykjavíkur (SHR) og Ríkisspítala (RSP), sem sýndu fram á rekstrarfjárskort; 223 millj. kr. til RSP og 232 millj. kr. til SHR.

Ein grein samkomulagsins fjallar um flutning bráðalækningadeildar (lungnadeildar) frá Vífilsstöðum til Landspítala og um að Vífilsstöðum verði breytt í hjúkrunarheimili. Að baki þessari niðurstöðu liggja tvær meginorsakir:

Mikill skortur á hjúkrunarrýmum annars vegar og hins vegar skortur á úrræðum fyrir sjúklinga sem hafa lokið meðferð á bráðadeild en geta ekki útskrifast og farið heim til sín. Hér er einkum um að ræða sjúklinga sem bíða eftir vist á hjúkrunarheimilum og endurhæfingarstofnunum. Þær upplýsingar hafa borist frá sjúkrahúsunum að vegna þessa séu nú tugir sjúklinga í of dýrum rýmum og rýmum sem henti viðkomandi sjúklingum ekki.

Í öðru lagi er ekki hagkvæmt að reka litla bráðadeild (lungnadeild Vífilsstaða) aðskilda frá meginbráðaþjónustu Landspítala. Gildir það jafnt um mönnun, vaktir og rannsóknarþjónustu. Þar að auki er á Vífilsstöðum ýmis göngudeildarþjónusta sem sameina má annarri slíkri á Landspítala og á Heilsuverndarstöðinni.

Í bréfi frá Landspítala dags. 2. júlí sl. er gert ráð fyrir að þessar breytingar komi til með að spara 55,6 millj. kr. í rekstri á ári og er stofnkostnaður talinn verða 10 millj. kr. Þar er jafnframt lýst áformuðum aðgerðum er spítalinn telur nauðsynlegar til að af þessu geti orðið, þ.e. að kaupa húsnæði í nánd við LSP undir göngudeildir og skrifstofur.

Ef skoðaðar eru þær greinar samkomulagsins sem snerta RSP eingöngu má ljóst vera að með opnun 24 rúma endurhæfingaraðstöðu í Kópavogi, nýlegri viðbót 12 rúma á lýtalækningadeild og 4–5 rúma líknardeild í Kópavogi fást u.þ.b. 40 rúm sem gefa tækifæri til endurskipulagningar á Landspítala.

Í greinargerð með téðu samkomulagi er gert ráð fyrir að bráðasjúklingum frá Vífilsstöðum og hjúkrunarsjúklingum frá Landspítala undir faglegu eftirliti öldrunarteymis spítalanna beggja. Forstjóra RSP hefur verið falið að framkvæma þessar breytingar.

2. *Hvenær er sá flutningur fyrirhugaður og hvenær verður Vífilsstaðaspítali rýmdur?*

Nú er leitað leiða til að framkvæma það sem lýst er í 1. lið. Í bréfi frá RSP dags. 13. nóvember 1997 segir: „Verið er að vinna framkvæmdaáætlun þar sem möguleikar á húsnæði eru skoðaðir ásamt fjárhagsáætlun fyrir stofn- og rekstrarkostnað.“ Ráðuneytið lítur svo á að verið sé að vinna samkvæmt samkomulaginu hvað þetta atriði varðar og væntir þess að áætlunin verði tilbúin fljótlega svo hrinda megi breytingum í framkvæmd sem fyrst. Upphaflega var gert ráð fyrir því að flutningur gæti hafist fyrir áramót. Sparnaðartölur sem nefndar eru að framan eru miðaðar við ársgrundvöll.

3. *Hversu mörg hjúkrunarrými bætast við þegar Vífilsstaðaspítali verður gerður að hjúkrunarstofnun?*

Í greinargerð með áðurnefndu samkomulagi er gert ráð fyrir að við bætist 20 hjúkrunarrými (fluttir verði 20 bráðasjúklingar frá Vífilsstöðum).

Því til viðbótar munu 73 hjúkrunarrými bætast við á höfuðborgarsvæðinu á næstunni:

49 hjúkrunarrými hafa bæst við í Skógarbæ.
28 hjúkrunarrými munu bætast við í Skógarbæ á næstunni.
19 hjúkrunarrými munu bætast við með tilkomu nýrrar hjúkrunarálmu í Víðinesi.
26 hjúkrunarrými losna á Grund í Reykjavík með tilkomu hjúkrunardeildar við Ás í Hveragerði.
20 hjúkrunarrými er fyrirsjánlegt að bætist við þar sem DAS í Reykjavík mun innan tíðar hefja byggingu viðbyggingar með 60 hjúkrunarrýmum. Þá mun rýmkast í gamla húsinu og herbergi þar verða stækkuð
Alls er því um að ræða 132 hjúkrunarrými sem bætast við á höfuðborgarsvæðinu.

4. Hvað bíða margir aldraðir nú eftir vistun á hjúkrunarstofnun?
Í þörf eru 5, brýnni þörf 19, í mjög brýnni þörf 153, samtals 177 (september 1997).
Aldraðir sem bíða á SHR og LSP eftir varanlegri vistun á hjúkrunarheimili og eru of veikir til þess að bíða heima (3. nóvember 1997):[1]

Í vistunarbið á legudeildum öldrunarsviðs SHR	54	eða 37% af rúmum
Í vistunarbið á öðrum legudeildum SHR	6	(Grensás/Arnarholt)
Í vistunarbið utan legudeilda öldrunarsviðs SHR	22	(dagspítali, móttaka)
Í vistunarbið á öldrunarsviði SHR	76	
Í vistunarbið á öllum deildum SHR	82	(öldrunarsvið/Grensás/Arnarholt)
Í vistunarbið á legudeildum LSP	16	
Í vistunarbið utan legudeilda LSP	4	
Í vistunarbið á vegum öldrunarteymis LSP	20	
Samtals í vistunarbið á legudeildum SHR og LSP	*76*	
Samtals í vistunarbið utan legudeilda SHR og LSP	*26*	
Samtals í vistunarbið á vegum SHR og LSP	*102*	

Þannig bíða 76 af 177 á öldrunar- og legudeildum sjúkrahúsanna eftir vistun á hjúkrunarheimili og 26 til viðbótar eru í tengslum við öldrunarteymið á móttöku og dagspítala.

5. Hversu margir þeirra bíða á bráðadeildum sjúkrahúsanna?
Í yfirliti dags. 7. nóvember 1997 eru 18 á Sjúkrahúsi Reykjavíkur í Fossvogi og 19 á Landspítala sem bíða eftir að komast að hjá öldrunarteymi SHR/LSP. Þeir eru ekki taldir með að framan. Ekki munu þeir allir þurfa á hjúkrunarheimilisvist að halda þar sem hluti hópsins mun geta farið heim að lokinni meðferð og endurhæfingu, t.d. á Landakoti. Skortur á hjúkrunarrými leiðir hins vegar til þess að ekki tekst að útskrifa sjúklinga af Landakoti, sem getur því ekki tekið við þeim sjúklingum er teppa bráðaplássin (sbr. 4. lið).

6. Hversu margir þeirra bíða í heimahúsum?
3. desember biðu heima: 6 í þörf, 25 í brýnni þörf og 78 í mjög brýnni þörf, samtals 109. (Frávik frá svari við 4. lið stafar af mismunandi dagsetningum.)

---

[1] Úr *Tillögum um forgangsröðun í heilbrigðismálum* frá nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem birtar voru í lok nóvember.

453. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Gunnar Jóhann Birgisson frá menntamálaráðuneyti, Ólaf Proppé og Börk Hansen frá Kennaraháskóla Íslands, Benedikt Magnússon frá Bandalagi íslenskra sérskólanema, Sólveigu Steinsson, Þórodd Þórarinsson og Árna Má Björnsson frá Þroskaþjálfafélagi Íslands, Guðrúnu Stefánsdóttur frá Þroskaþjálfaskóla Íslands, Þorstein Gunnarsson frá Háskólanum á Akureyri, Erling Jóhannsson og Hafþór B. Guðmundsson frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni, Gyðu Jóhannsdóttur frá Fósturskóla Íslands og Hauk Ingibergsson frá verkefnisstjórn vegna undirbúnings stofnunar Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Mál þetta var fyrst flutt á 121. löggjafarþingi og þá bárust umsagnir frá Félagi íslenskra leikskólakennara, Íþróttakennaraskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennarafélagi Íslands, nemendaráði Fósturskóla Íslands, kennarafélagi Fósturskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Þroskaþjálfafélagi Íslands, Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Málið er nú endurflutt á 122. löggjafarþingi og bárust til viðbótar umsagnir frá Fósturskóla Íslands, Félagi íslenskra leikskólakennara, Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi, Kennara- og starfsmannafélagi Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, skólanefnd Íþróttakennaraskóla Íslands, nemendafélagi Þroskaþjálfaskóla Íslands, Bandalagi íslenskra sérskólanema og verkefnisstjórn vegna stofnunar Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram til þess að sameina starfsemi Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands í eina háskólastofnun og er því ætlað að vera til fyllingar rammalöggjöf um háskóla. Hugmyndir um aukið samstarf eða sameiningu þessara menntastofnana hafa verið að mótast á undanförnum árum og hefur sameiningin verið talin efla faglegt umhverfi þessarar menntunar og bæta nýtingu kennslukrafts, húsnæðis og annars búnaðar. Má í þessu sambandi nefna að menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta á margt sameiginlegt sem auðveldara er að efla og samhæfa undir einni yfirstjórn. Gildir það bæði um grunnmenntun þeirra, endurmenntun og framhaldsnám. Með sameiningunni færist menntun allra þessara stétta ótvírætt á háskólastig og verður því í auknum mæli tengd rannsóknum sem leiða til betri og markvissari starfsmenntunar en ella. Þá má gera ráð fyrir auknum rannsóknum á sviði uppeldis og skólastarfs og á því er full þörf.

Hinum nýja Kennaraháskóla Íslands og stjórn hans verður fengið sjálfdæmi um flest innan þeirra marka sem frumvarp þetta og frumvarp til laga um háskóla setja. Þetta felur m.a. í sér að 1. gr. frumvarpsins er almennt orðuð, skólinn ákvarðar sjálfur deildaskiptingu og aðrar stjórnunareiningar, rektor ræður alla kennara, þar með talda prófessora. Gert er ráð fyrir að ráðið verði í þau störf sem talin er þörf á og falla innan þess fjárhagsramma sem Kennaraháskólinn starfar eftir en ekki eru í frumvarpinu tilgreind einstök störf og starfsheiti innan stjórnsýslu hans. Gert er ráð fyrir að nánari fyrirmæli um námið verði sett í reglugerð og lengd þess ákvörðuð í námskrá og verður þá miðað við skilgreindar þarfir með hliðsjón af því námi sem er í boði.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um túlkun ákvæðis 4. gr. frumvarpsins um skrásetningargjald. Menntamálanefnd er sammála um að eingöngu sé heimilt að miða skrásetningargjald við kostnað af innritun, kennsluefni og pappírsvörum sem skólinn lætur nemendum í té. Þetta þýðir í raun að skrásetningargjaldið getur verið lægra en tilgreind hámarksupphæð í frumvarpinu segir til um.

Menntamálanefnd mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á heiti stofnunarinnar í heiti laganna í fyrirsögn og annars staðar þar sem skólinn er nafngreindur í frumvarpinu. Nefndin leggur til að nafn skólans verði Kennaraháskóli Íslands í stað þess að hann nefnist Kennara- og uppeldisháskóli Íslands.

   Lagt er til að við síðari málslið 1. mgr. 1. gr. bætist orðið „þjálfunar“ við í upptalningu þeirra sviða sem háskólinn veitir nemendum sínum menntun til að gegna störfum á, en orðið þjálfun er lýsandi bæði fyrir starfssvið þroskaþjálfa og íþróttakennara.
2. Lagðar eru til eftirgreindar breytingar á ákvæði til bráðabirgða:
   a. Í a-lið er fjallað um réttarstöðu nemenda, sem nú stunda nám við skólana, við sameiningu Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands og er lagt til að við ákvæðið bætist að háskólaráði sé heimilt að ákveða að þeir nemendur, sem við gildistöku laganna stunda nám í þeim skólum sem sameinast og munu ljúka námi áður en lög þessi koma til fullra framkvæmda, geti lokið háskólaprófgráðu.
   b. Í b-lið er kveðið á um réttarstöðu kennara sem nú starfa við skólana og er lagt til að bætt verði við ákvæði þess efnis að starfandi skólastjórar Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands við gildistöku laganna eigi rétt til starfa hjá Kennaraháskóla Íslands samkvæmt c- og d-lið ákvæðisins.
   c. Í c-lið er lögð til breyting á orðalagi.
   d. Í d-lið er lögð til breyting á orðalagi.
   e. Í e-lið er frestur til að leggja niður störf skipaðra og ótímabundið ráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla, lengdur um tvö ár, til 31. júlí 2001 í stað 31. júlí 1999.
3. Sjá skýringar í 1. lið hér að framan.

Alþingi, 10. des. 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Vigdís Hauksdóttir.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.	Árni Johnsen.

454. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „Kennara- og uppeldisháskóli Íslands“ í 1. mgr. og hvarvetna þar sem þau koma fyrir í frumvarpinu komi í viðeigandi föllum: Kennaraháskóli Íslands.
   b. Á eftir orðinu „kennslu“ í síðari málslið 1. mgr. komi: þjálfunar.
2. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. A-liður orðist svo: Nemendur, sem við gildistöku laga þessara stunda nám í þeim skólum sem eru sameinaðir með lögum þessum og ljúka námi áður en þau koma til fullra framkvæmda, eiga rétt á að ljúka prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna. Háskólaráði, sbr. e-lið, er heimilt að ákveða að þeir nemendur geti lokið háskólaprófgráðu.
   b. B-liður orðist svo: Núverandi rektor Kennaraháskóla Íslands er rektor hins nýja Kennaraháskóla Íslands þar til nýr rektor hefur verið skipaður, sbr. e-lið. Störf skólastjóra Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands eru lögð niður frá og með 1. janúar 1998. Þó skulu þeir sem gegna þessum störfum við gildistöku laganna eiga rétt til starfa hjá Kennaraháskóla Íslands samkvæmt c- og d-lið.
   c. Í stað orðsins „fastráðnir“ í fyrri málslið c-liðar komi: ótímabundið ráðnir.
   d. Í stað orðsins „fastráðinna“ í 1. málsl. d-liðar komi: ótímabundið ráðinna.
   e. Í stað ártalsins „1999“ í 2. málsl. d-liðar komi: 2001.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

455. Frumvarp til laga [346. mál]

um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Lög þessi ná til reglna um sérstakt eftirlit í skjóli opinbers valds með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Þau ná til reglna um eftirlit sem meðal annars er ætlað að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, neytendavernd, samkeppni, eðlilegum viðskiptaháttum og getu fyrirtækja og fjármálastofnana til að standa við skuldbindingar sínar.

Lögin ná ekki til stjórnsýslueftirlits og innra eftirlits hins opinbera, þar með talið fjárhagslegs eftirlits, löggæslu, tollgæslu, eftirlits í tengslum við skatta og gjöld, sifjamál, vernd barna og ungmenna, reynslulausn og ákærufrestun.

2. gr.

Markmið laga þessara er að opinber eftirlitsstarfsemi stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neyt-

endavernd. Í því skyni skal hið opinbera því aðeins standa fyrir eftirlitsstarfsemi að kostnaður sé eins takmarkaður og unnt er, að ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn, að sama árangri verði ekki náð með öðrum aðferðum, að eftirlitsstarfsemi leiði ekki til mismununar og takmarki ekki athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.

3. gr.

Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til eftirlits skal viðkomandi ráðuneyti meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar sé meira en kostnaður þjóðfélagsins. Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á erlendum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

Þegar stjórnarfrumvarp, sem felur í sér ákvæði um eftirlit, er lagt fyrir ríkisstjórn skal leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr.

Forsætisráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um mat á eftirlitsreglum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja í lögum og reglugerðum. Reglugerðin getur m.a. tekið til ákvæða um æskilegt umfang opinberra afskipta sem ákveðin eru í eftirlitsreglum, stjórnsýslu eftirlitsstarfsemi, hæfni og hlutleysi eftirlitsaðila, fjármögnun eftirlitsstarfsemi, samráð milli ráðuneyta og stofnana og samráð við hagsmunaaðila.

4. gr.

Reglugerðir um eftirlitsstarfsemi skulu hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði. Hámarksgildistími reglugerða eða hámarkstímabil endurskoðunarákvæða þeirra skal vera fimm ár. Við samningu reglugerða, framlengingu þeirra og endurskoðun skal fylgja ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr.

Stjórnvald skal halda tæmandi skrá yfir þær eftirlitsreglur sem það annast framkvæmd á. Skráin og tilkynningar um breytingar á henni skulu sendar forsætisráðuneyti. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

5. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir forsætisráðuneyti. Forsætisráðuneyti skal:

1. Hafa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi og annast heildarmat á áhrifum hennar.
2. Leitast við að tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirlitsstarfsemi hins opinbera.
3. Móta aðferðir við mat á eftirlitsstarfsemi.

6. gr.

Forsætisráðherra skipar nefnd til ráðgjafar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera og framkvæmd laga þessara. Nefndin skal skipuð fimm mönnum og skulu þeir hafa þekkingu á eftirlitsstarfsemi eða viðfangsefnum hennar. Meiri hluti nefndarmanna skal ekki vinna við eða bera ábyrgð á framkvæmd opinberra eftirlitsreglna. Skipunartími nefndarinnar skal vera takmarkaður við embættistíma þess forsætisráðherra sem skipar hana.

Þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af eftirlitsstarfsemi geta óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum eftirlitsstarfsemi. Ráðherrar geta sent til umsagnar nefndarinnar mál er varða eftirlitsstarfsemi.

Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um skipan og starf nefndarinnar.

7. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðuneyti skulu á næstu þremur árum eftir gildistöku laga þessara endurskoða gildandi lagaákvæði og reglur um eftirlitsstarfsemi. Við endurskoðunina skal fara fram mat á reglunum í samræmi við ákvæði 3. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarin ár hefur komið í ljós að ofvöxtur er víða hlaupinn í reglugerðir og eftirlitsumfang opinberra aðila í iðnvæddum ríkjum. Regluverk eru sums staðar orðin svo flókin og viðamikil að fyrirtæki og einstaklingar eiga erfitt með að fylgjast með réttarstöðu sinni. Jafnframt hafa strangar hömlur af ýmsu tagi leitt til hægari nýsköpunar og atvinnustarfsemi og þannig haft neikvæð áhrif á hagvöxt og lífskjör. Þótt ekki hafi farið fram á því ítarleg greining, má ætla að vandamál af þessum toga séu enn sem komið er heldur minni hérlendis en sums staðar í Evrópu og Bandaríkjunum. Hins vegar er þróun reglustýringar hér á landi með sama hætti og ytra, þótt hún sé skemur á veg komin. Hinu opinbera ber því skylda til að endurskoða eigin reglusetningu og eftirlitsmál og tryggja að nýjar kröfur á hendur fyrirtækjum og einstaklingum séu aðeins settar ef nauðsyn ber til.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að finna stefnumál sem tengjast opinberri eftirlitsstarfsemi og reglusetningu. Þar segir meðal annars: „Dregið verði úr skrifræði í samskiptum borgaranna við stjórnvöld og óþarfa laga- og reglugerðarákvæði verða afnumin.“ Enn fremur segir: „Tryggt verður að eftirlitsaðilar íþyngi fyrirtækjum ekki um of með starfsemi sinni.“ Gjaldtaka hins opinbera af fyrirtækjum vegna eftirlits ætti t.a.m. ekki að vera meiri en sem nemur raunverulegum kostnaði vegna eftirlitsins. Eins ber að athuga hvar ekki er þörf á að hið opinbera sinni sjálft eftirlitinu og nýta kosti samkeppni þar sem við á, svo halda megi kostnaði atvinnulífsins af opinberum eftirlitskröfum svo lágum sem framast er unnt.

Ákvæði frumvarpsins hér að framan vísa ekki síst til umræðu í þjóðfélaginu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera og nauðsyn þess að gæta hófs í setningu og framkvæmd hvers kyns eftirlitsreglna og annarra reglugerða sem takmarka möguleika einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Jafnframt hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að fylgja eftir tilmælum OECD um umbætur í reglusetningu og reglustýringu frá og með 1998.

Í ljósi þessa hefur ríkisstjórnin látið fara fram athugun á því hvernig vinna beri að umræddum markmiðum. Niðurstaða þeirrar skoðunar er m.a. sú að rétt sé að endurflytja nú þegar frumvarp um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Frumvarpið var lagt fram til kynningar á 117. löggjafarþingi og er endurflutt án efnislegra breytinga. Hér á eftir fylgja:

1. Skýrsla og tilmæli OECD frá 1997 um umbætur í reglusetningu og reglustýringu.
2. Tilmæli OECD frá 1995 og gátlisti um reglusetningu og reglustýringu.
3. Greinargerð nefndar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera, sem samdi frumvarpið.

I.
Skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um umbætur í reglusetningu og reglustýringu.

Samantekt.

Júní 1997.

Með þessari skýrslu er brugðist við þeirri beiðni ráðherra OECD-mála frá 1995 að OECD taki til athugunar hvort brýnt sé að ráðast í umbætur á regluverki aðildarríkjanna, hvaða stefna skuli valin í þeim efnum og hvernig eigi að framfylgja henni. Niðurstöður og tilmæli um stefnumörkun, sem koma fram í skýrslunni, byggjast á þeirri reynslu og þeim viðfangsefnum sem stjórnir aðildarríkja hafa glímt við í umbótaviðleitni sinni. Undanfarin tvö ár hafa farið fram nákvæmar rannsóknir og greining á þessari reynslu hjá OECD.

Við teljum að það umfangsmikla starf sem unnið hefur verið hjá OECD, og dregið er saman í þessari skýrslu til ráðherra, ásamt yfirlitsskýrslunni sem henni fylgir og sérprentuðum köflum um einstakar atvinnugreinar og einstök málefni, sýni fyllilega fram á þann ávinning sem árangursríkar umbótaáætlanir geta leitt af sér. Umbætur í reglusetningu og reglustýringu, sem stuðla að samkeppni og draga úr kostnaði vegna reglugerða, geta aukið hagkvæmni, lækkað verð, ýtt undir nýsköpun og átt þátt í að auka hæfni hagkerfa til að aðlagast breytingum og halda samkeppnishæfni sinni. Ef rétt er að umbótum af þessu tagi staðið geta þær sömuleiðis auðveldað stjórnvöldum að ná öðrum mikilvægum markmiðum, til að mynda í umhverfismálum, heilbrigðismálum og öryggismálum. Loks hefur reynsla einstakra ríkja kennt okkur að bregðast má við þeirri röskun sem ávallt fylgir umbótum með viðbótarstefnumörkun og aðgerðum.

Tilmæli þau sem fram koma í þessari skýrslu mynda grundvöll að aðgerðaáætlun. Í maí 1997 fögnuðu ráðherrarnir útkomu þessarar skýrslu og samþykktu að framfylgja tilmælum hennar hver í sínu landi. Ráðherrarnir fóru þess á leit við OECD að eftirlit yrði haft með umbótaviðleitni aðildarríkjanna frá og með árinu 1998, og skyldi það að nokkru leyti byggjast á sjálfsmati, og vísuðu til þess að unnið verður frekar bæði að málum einstakra atvinnugreina og að stefnumörkun.

Af starfi okkar má meðal annars draga þann lærdóm að ef umbætur í reglusetningu og reglustýringu eiga að heppnast varðar mestu að öflugur og samkvæmur stuðningur sé við þær á æðsta stjórnstigi. Ráðherrar hafa beinu hlutverki að gegna við að tryggja að öflug stjórnarstefna vinni bug á eiginhagsmunum tiltekinna hópa, jafnt í ríkisrekstri sem einkarekstri, sem hafa hag af óbreyttu ástandi og standa gegn breytingum til betri vegar.

Ráðherrar og kjörnir leiðtogar geta þó ekki komið nauðsynlegum breytingum fram einir. Opinskáar umræður og skoðanaskipti eru einnig ómissandi þáttur í þessu starfi. Slíkar umræður geta komið á framfæri sjónarmiðum þeirra sem styðja umbæturnar og hagnast á þeim. Meðal mikilvægra bandamanna í umbótastarfinu eru fyrirtæki, sem njóta munu góðs af lækkuðum útgjöldum, gæðavöru og bættum þjónustuaðföngum, neytendur svo og launþegar og fulltrúar þeirra á sviðum þar sem óþörf reglu- og eftirlitshöft standa í vegi fyrir fjölgun starfa og hækkun launa.

Ég vil gjarna þakka fjölmörgum dyggum starfsmönnum OECD-skrifstofunnar sem unnið hafa að því löngum stundum að taka saman það mikla efni sem þessi skýrsla byggist á, greina það og vinna úr því. Ég færi sömuleiðis þakkir fjölmörgum ráðgjöfum okkar utan stofnunarinnar og fulltrúum frá ríkisstjórnum aðildarlanda, einkum meðlimum ráðgjafarhóps um umbætur á reglusetningu og reglustýringu, og meðlimum ráðgjafarnefndar atvinnurekenda

(BIAC) og ráðgjafarnefndar verkalýðshreyfingarinnar (TUAC) sem lögðu fram mikilvægar tillögur til úrbóta.

Joanna R. Shelton,
aðstoðarframkvæmdastjóri OECD.

Inngangur.

Eitt helsta hlutverk allra lýðræðislega kjörinna stjórnvalda er að stuðla að velferð þjóðarinnar jafnt á efnahagssviði sem í félagsmálum. Stjórnvöld leitast við að ná þessu markmiði á margvíslegan hátt, þar á meðal með stefnumótun sem hefur að markmiði stöðugleika hagkerfisins í heild, aukna atvinnu, bætta menntun og þjálfun, jafna aðstöðu, hvata til nýsköpunar og framtaks og háleit markmið í umhverfismálum, heilbrigðismálum og öryggismálum. Stjórnsýslufyrirmæli og eftirlit eru sömuleiðis mikilvæg verkfæri sem hefur gert stjórnvöldum kleift að ná mikilvægum áföngum í átt að þessu markmiði og öðrum á sviði opinberrar stefnumörkunar.

Á hinn bóginn er veruleg hætta á því að reglusetning og reglustýring af þessu tagi verði einmitt þrándur í götu þeirri velferð á efnahagssviði og í félagsmálum sem þeim er ætlað að þjóna, einkum þegar miklar og örar breytingar verða á efnahagslegum og félagslegum aðstæðum. Reglur sem hefta nýsköpun eða setja viðskiptum, fjárfestingu og skilvirku atvinnulífi óþarfar hindranir, tvíverknaður mismunandi stjórnsýsluyfirvalda og stjórnvaldsstiga og jafnvel stjórnvalda í ólíkum löndum, áhrif hagsmunahópa sem vilja fá vernd gegn samkeppni og reglur sem eru úreltar eða ekki nógu vel úr garði gerðar til að ná tilætluðum árangri eru allt þættir í þeim vanda sem við er að glíma.

Öll stjórnvöld axla þá ábyrgð að endurskoða stöðugt reglusetningu og reglustýringu sína, ásamt skipulagi og aðferðum við setningu þeirra og eftirliti með þeim, til þess að tryggja að þau stuðli að efnahagslegri og félagslegri velferð þjóðarinnar á hagkvæman og árangursríkan hátt. Á undanförnum árum hafa æ fleiri lönd, jafnt þau sem aðild eiga að OECD sem önnur, af miklum metnaði hafist handa um gerð áætlana sem ætlað er að draga úr reglubákninu og bæta það regluverk sem eftir stendur, ásamt því að draga úr útgjöldum sem af þeim hljótast. OECD-skýrslan um umbætur í reglusetningu og reglustýringu, sem OECD-ráðherrarnir óskuðu eftir árið 1995, á að auðvelda stjórnvöldum að leggja mat á stöðu reglukerfa sinna og bæta þau.

Hvað vinnst með umbótum í reglusetningu og reglustýringu?

Eitt af grundvallarmarkmiðum umbóta á sviði reglusetningar er að auka skilvirkni hagkerfisins í hverju landi og hæfni þess til aðlögunar og samkeppni. Umbætur, sem stuðla að samkeppni, eru fyrirtækjum öflugur hvati til aukinnar hagkvæmni, nýsköpunar og samkeppni. Slíkar úrbætur geta örvað framleiðni heilla atvinnugreina og leiða oft af sér mikla og hraða verðlækkun ásamt auknum gæðum og auknu úrvali vöru og þjónustu, neytendum og neysluiðnaði til hagsbóta. Ef umbætur létta byrðum af fyrirtækjum og auka gagnsæi reglukerfa glæðir það framtak, auðveldar markaðsaðgang og eykur hagvöxt, en það ætti aftur á móti að skila sér í betri störfum og hærri launum. Umbætur sem draga úr „skriffinnsku“ og pappírsvafstri almennra borgara, einkum sem skattgreiðenda, færa þeim aukinn tíma og athafnafrelsi.

Annað markmið með umbótum er að gera stjórnvöldum betur kleift að ná mikilvægum opinberum markmiðum með því að notast við skilvirkari og ódýrari stjórnsýsluaðferðir eða önnur úrræði við stefnumörkun.

Störf ríkisstjórna eru í nánum tengslum við allt umhverfi þeirra. Athafnir þeirra og stefna verða í æ ríkara mæli að taka mið af því sem á sér stað í öðrum löndum og ekki síst af þeim áhrifum sem stefna þeirra og athafnir hafa á hæfni fyrirtækja og launþega í landinu til að bregðast við nýjum aðstæðum, stunda samkeppni og færa sér ný tækifæri í nyt. Jafnframt því sem tollar og önnur landamærahöft eru afnumin og þjónusta verður æ stærri hluti af seljanlegri vöru, verða reglugerðir og eftirlit í hverju landi um sig oft helsta hindrun í vegi fyrir opnu og samkeppnishæfu markaðshagkerfi. Umbætur í reglusetningu og reglustýringu örva óheft streymi vöru, þjónustu, fjárfestingar og tækni sem kemur neytendum til góða, gerir innlendum fyrirtækjum kleift að standa jafnfætis fyrirtækjum í öðrum löndum og stuðlar að skilvirkari ráðstöfun fjármagns auk þess að örva verga landsframleiðslu.

Ekki er hægt um vik að áætla nákvæmlega kostnaðinn af umbótum, en hann getur verið umtalsverður. Ef þeim er frestað eykst sá kostnaður í mörgum tilvikum. Við örar breytingar á tækni og fjölgun nýrra þátttakenda í milliríkjaviðskiptum og fjárfestingu eru umbætur á því sviði enn fremur ekki aðeins æskilegar heldur nauðsynlegar til þess að hagkerfi landanna geti aðlagast þessum breytingum hraðar og flytja megi fjármuni úr greinum, sem standa höllum fæti, yfir á nýjar, vaxandi greinar. Þær geta einnig stuðlað að snurðulausum samskiptum ríkja með því að auka félagslegan og efnahagslegan samruna og gagnkvæmt trúnaðartraust milli landa.

TILMÆLI UM STEFNUMÖRKUN VEGNA UMBÓTA Í REGLUSETNINGU OG REGLUSTÝRINGU.

1. *Stjórnmálamenn geri víðtækar áætlanir um umbætur í reglusetningu og reglustýringu með skýrum markmiðum og framkvæmdaramma.*

Festar skulu í sessi meginreglur um „góða reglusetningu og reglustýringu“ til leiðbeiningar við umbætur og þá farið eftir tilmælum OECD frá 1995 um bættar stjórnsýsluaðferðir. Góð reglun skyldi: i) gerð þannig að hún þjóni skýrt skilgreindum stefnumiðum og stuðli að slíkum markmiðum með skilvirkum hætti; ii) hvíla á traustum lagagrunni; iii) leiða til ávinnings sem réttlætir útgjöldin, þegar litið er til þeirra áhrifa sem fyrirmælin hafa í þjóðfélaginu sem heild; iv) draga sem mest úr útgjöldum og markaðsröskun; v) stuðla að nýsköpun með markaðsívilnunum og aðgerðum sem beinast að ákveðnum markmiðum; vi) vera skýr, einföld og hagnýt; vii) ekki stangast á við önnur fyrirmæli og markmið og viii) samrýmast, eftir því sem kostur er, meginreglum um samkeppni, verslun og greiðari fjárfestingar, jafnt innanlands sem milli landa.

Stjórnvöld komi sér upp skilvirku og trúverðugu verklagi við stjórnun og samræmingu fyrirmæla og umbóta, svo komast megi hjá því að ábyrgð skarist eða tvíverknaðar gæti hjá þeim yfirvöldum og á þeim stjórnstigum þar sem fyrirmæli eru sett.

Hvetja skal til umbóta á öllum stjórnstigum og hjá einkareknum stofnunum á borð við þær sem setja staðla.

2. *Reglugerðir og önnur slík fyrirmæli séu endurskoðuð með kerfisbundnum hætti til að tryggja að þau nái alltaf settum markmiðum með skilvirkum og árangursríkum hætti.*

Fyrirmæli (um efnahagsmál, félagsmál og stjórnsýslumál) skulu endurskoðuð á grundvelli meginreglna um góða reglun og frá sjónarmiði notandans fremur en þess sem setur þau.

Endurskoðun á reglusetningu og reglustýringu ætti að beinast að þeim sviðum þar sem breytingar skila mestum og sýnilegustum ávinningi, og einkum að fyrirmælum sem hefta samkeppni og verslun og snúa að fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Tillögur að nýjum fyrirmælum skulu endurskoðaðar jafnt og gildandi fyrirmæli.

Greining á áhrifum fyrirmæla ætti að vera óaðskiljanlegur hluti af undirbúningi þeirra og endurskoðun og umbótum á þeim.

Fyrirmæli skulu endurnýjuð með sjálfvirkum hætti, til að mynda með ákvæði um að þær falli úr gildi að tilteknum tíma liðnum.

3. *Stjórnvöld sjái til þess að reglugerðir og aðferðir við setningu þeirra séu gagnsæjar og lausar við mismunun og að beiting þeirra sé skilvirk.*

Stjórnvöld sjái til þess að umbótamarkmið og leiðir að þeim séu rækilega skýrð fyrir almenningi.

Stjórnvöld hafi samráð við þá sem málið varðar, jafnt innan lands sem utan, meðan fyrirmæli eru í vinnslu eða endurskoðun, og sjái til þess að samráðið sé gagnsætt.

Semja ber opinberar skrár yfir reglugerðir og formkröfur í viðskiptum og uppfæra þær reglulega, eða beita öðrum aðferðum til að tryggja að stjórnendur fyrirtækja, jafnt innan lands sem utan, geti auðveldlega áttað sig á öllum þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Stjórnvöld sjái til þess að málsmeðferð við beitingu reglustýringar sé gagnsæ og laus við mismunun, kostur sé á áfrýjun og framkvæmdin valdi ekki óeðlilegum töfum á ákvörðunum í fyrirtækjum.

4. *Endurskoða ber og efla umfang, skilvirkni og framkvæmd samkeppnisstefnunnar þar sem þörf er á.*

Samkeppnislög ættu að ná til allra atvinnugreina, nema rök séu til þess að mikilvægum almannahagsmunum sé betur þjónað með öðrum hætti.

Samkeppnislögum sé framfylgt af krafti þegar ólögmætt samráð, misnotkun á yfirburðastöðu eða samruni sem beint er gegn samkeppni geta unnið gegn umbótum.

Samkeppnisyfirvöldum sé fengið vald til að hvetja til umbóta.

5. *Umbætur á reglustýringu í efnahagsmálum séu gerðar í öllum atvinnugreinum til að glæða samkeppni og reglustýringin afnumin nema augljós rök liggi til þess að þau séu besta leiðin til að þjóna víðtækum almannahagsmunum.*

Sérstaka áherslu skal leggja á endurskoðun á þeim þáttum reglugerða um efnahagsmál, sem leggja hömlur á markaðsaðgang og brotthvarf af markaði, verðlag, framleiðslu, eðlilega viðskiptahætti og skipulag fyrirtækja.

Stuðla ber að skilvirkni og árangursríkri samkeppni þar sem fyrirmæla um efnahagsmál er áfram þörf vegna hættunnar á misnotkun á markaðsaðstöðu. Einkum er rétt: i) að skilja á milli starfsemi, sem getur búið við samkeppni, og almenningsveitna sem sett eru fyrirmæli um, og vinna að endurskipulagi á annan hátt til að vinna gegn yfirburðastöðu þeirra sem fyrir eru á markaði; ii) að tryggja öllum þeim, sem hefja markaðssókn, aðgang að nauðsynlegum þjónustukerfum þannig að gætt sé gagnsæis og jafnræðis; iii) að notast við hámarksverð og aðra tilhögun sem hvetur til aukinnar skilvirkni, þegar þörf er á verðlagseftirliti meðan aðlögun að samkeppni stendur yfir.

6. *Óþarfar hömlur á viðskiptum og fjárfestingu séu afnumdar með því að bæta framkvæmd milliríkjasamninga og styrkja meginreglur sem gilda á alþjóðavettvangi.*

Til að auka frjálsræði í viðskiptum og fjárfestingu skal framfylgt alþjóðlegum reglum og meginreglum, eins og þær birtast í samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), tilmælum og leiðbeiningum um stefnumótun frá OECD og öðrum samningum og þær styrktar

í samvinnu við önnur ríki (t.d. reglur um gagnsæi, um jafnræði, um að forðast óþarfar viðskiptahindranir og að huga að samkeppnisreglum).

Það skal vera forgangsverkefni að losa um þær stjórnsýsluhömlur í viðskiptum og fjárfestingu sem skapast af því að gerðar eru misvísandi kröfur og reglur skarast í löndunum.

Þegar kostur er skal styðjast við samhæfða alþjóðastaðla og nota þá sem grundvöll að innlendum fyrirmælum, og endurskoða og bæta staðlana í samstarfi við önnur lönd til að tryggja að með þeim sé unnt að ná tilætluðum markmiðum með skilvirkum og árangursríkum hætti.

Í auknum mæli ber að viðurkenna aðferðir annarra landa við samræmismat og niðurstöður úr slíku mati, meðal annars með samningum um gagnkvæma viðurkenningu eða öðrum ráðum.

7. *Mikilvæg tengsl við önnur stefnumið séu leituð uppi og mótuð stefna til að ná slíkum markmiðum með þeim hætti að styrki umbætur.*

Varúðarmarkmið og önnur opinber stefnumið, til að mynda á sviði öryggismála, heilbrigðismála, neytendaverndar og orkuöryggis, skal laga að aðstæðum eftir því sem nauðsynlegt er til að þau haldi gildi sínu og séu eins skilvirk og kostur er á samkeppnismarkaði.

Endurskoða ber önnur úrræði en beitingu reglusetningar og reglustýringar, þar á meðal niðurgreiðslur, skatta, innkaupastefnu, viðskiptagerninga á borð við tolla, og önnur stoðúrræði, og gera umbætur þegar slík reglun raskar samkeppni að þarflausu.

Stjórnvöldum ber að sjá til þess að áætlanir, sem eiga að draga úr hugsanlegum útgjöldum vegna umbóta í reglusetningu og reglustýringu, séu markvissar og tímabundnar, og auðveldi umbætur fremur en að tefja þær.

Tilmælum úr rannsókn OECD á vinnumarkaðnum ber að framfylgja í heild til að örva getu launafólks og fyrirtækja til að aðlagast nýjum tækifærum til atvinnu og viðskipta og nýta sér þau.

Áhrif umbóta í reglusetningu og reglustýringu.

Umbætur í reglun og eftirliti, jafnt á sviði efnahagsmála sem félagsmála og stjórnsýslu, leiða oft til umfangsmikilla breytinga á viðhorfum og viðbrögðum fyrirtækja, launþega og almennra borgara. Þessi breyttu „menningarviðhorf“ styrkja áhrif umbóta á regluverki með því að gera framtak og nýsköpun í hagkerfinu auðveldari.

Reynslan í OECD-löndum sýnir að vel unnar umbætur í reglusetningu og reglustýringu stuðla að bættum efnahag og bættri ríkisstjórn. Í 2. ramma eru sýnd dæmi um áhrif umbóta í ýmsum atvinnugreinum og á stefnumótun. Erfiðara er að áætla hver áhrifin eru á hagvöxt og framleiðslu í hagkerfinu í heild. Þetta á einkum við um eflingaráhrif umbóta, t.d. umbætur í fjarskiptamálum eða orkumálum sem leiða af sér nýsköpun og atvinnusköpun í öðrum atvinnugreinum. Engu að síður bendir sýnilíkan, sem unnið hefur verið hjá OECD, til þess að ávinningur geti verið verulegur þegar tímar líða. Athuganir sem gerðar hafa verið í löndum þar sem umbætur hafa átt sér stað renna stoðum undir þessar áætlanir.

Í þeim löndum sem búa við umfangsmikið reglu- og eftirlitskerfi má búast við að verg landsframleiðsla aukist um 3 til 6 af hundraði þegar umbótum hefur verið hrint í framkvæmd af metnaði, samkvæmt líkönum frá OECD. Lönd, sem komin eru langt á braut umbóta í þessum efnum, hafa þegar uppskorið hluta af slíkum ávinningi og hafa minni hag af frekari umbótum.

Ástralir telja ávinning sinn af umbótum um það bil 5,5 af hundraði landsframleiðslu. Vegna evrópska innra markaðarins er talið að tekjur hafi aukist um 1,5 af hundraði í Evrópusambandinu frá 1987 til 1993, og framkvæmdastjórnin býst við enn frekari ávinningi. Í Japan

er talið að unnt sé að auka verga landsframleiðslu um nokkra hundraðshluta með því að minnka mun á verðlagi og framleiðni milli Japans og Bandaríkjanna, einkum með umbótum í reglusetningu og reglustýringu.

Umbætur skipta einkum máli fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, en í þeim starfa milli 40 og 80 af hundraði mannaflans í OECD-hagkerfum (eftir löndum); þau eiga stóran hlut í atvinnusköpun og upptökin að miklum hluta tæknibreytinga og nýsköpunar. Þótt sumar reglugerðir kunni að miðast að því sérstaklega að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum góð kjör, er það yfirleitt svo að samanlögð áhrif laga og reglugerða bitna einkum á slíkum fyrirtækjum. Þau eiga erfiðara um vik en stærri fyrirtæki að rata um flókna stigu reglugerða og skrifræðis, og hlutfallslegur kostnaður af því að fullnægja kröfunum er meiri en hjá stærri fyrirtækjum.

Umbætur geta skapað sóknarfæri í viðskiptum og fjárfestingu. Þær fækka margvíslegum óþörfum eftirlitskröfum og draga úr málsmeðferð sem er mismunandi milli landa og stangast þá á eða veldur tvíverknaði, og auka þannig stærðarhagkvæmni og auðvelda nýsköpun með tæknisamvinnu. Slíkur ávinningur af milliríkjasamstarfi hefur orðið meira áberandi á evrópska innra markaðnum og stuðlað að farsælli gerð nýlegs samnings um undirstöðufjarskipti á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Sérstaklega ber að hafa í huga áhrif umbótanna í atvinnumálum, en þau fara að miklu leyti eftir því umhverfi sem umbæturnar eru gerðar í og þeim tímamörkum sem þeim eru sett. Öflugri hagkerfi með meiri nýsköpun leiða að öðru jöfnu til fleiri og betur launaðri starfa. Umbætur, sem fela í sér afnám aðgangshafta, stuðla að lægra verðlagi, draga úr byrðum sem hvíla á fyrirtækjum vegna fyrirmæla og stjórnsýslugerða, fjölga viðskiptafærum og stuðla að nýsköpun, geta skapað fyrirtækjum ný tækifæri og aukið atvinnu. Einkum er mikilvægt að draga úr þeim hömlum sem litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru settar. Í Evrópu hefur nær öll fjölgun starfa átt sér stað í litlum og meðalstórum fyrirtækjum undanfarin ár. Á tíu ára tímabili fram til 1994–95 fjölgaði störfum í Ástralíu um 1,2 milljónir og varð fjölgunin nær öll í litlum fyrirtækjum, þótt ekki sé fullan helming allra starfa að finna þar.

Störfum getur fækkað í atvinnugreinum þar sem fyrirtæki þurfa að segja upp starfsfólki til að mæta aukinni samkeppni. Í sumum greinum fækkar störfum í heild þegar til langs tíma er litið, en annars staðar hafa ný fyrirtæki boðið störf og bætt þannig upp fækkun starfa í upphafi.

Fjarskipti: Í Japan og Finnlandi hafa umbætur leitt til heildarfjölgunar starfa í þessari atvinnugrein vegna mikillar framleiðsluaukningar. Í Bandaríkjunum eru nú jafnmörg störf í hefðbundnum fjarskiptagreinum og fyrir umbætur, en störfum í skyldum greinum á sviði upplýsingatækni og höfundarréttar fjölgaði úr 3 milljónum 1977 í 5,9 milljónir 1994 og þessar atvinnugreinar eru meðal þeirra sem flest störf skapa. Með því að fjarlægja aðrar hömlur á sviði fjarskipta er ætlað að skapa megi 3,6 milljónir nýrra starfa á tíu árum. Samhæfing farsímastaðla í Evrópu átti þátt í sköpun 80.000 nýrra starfa á árunum 1990 til 1995 eftir því sem framleiðsla jókst.

Flutningar með flugi: Umbætur í flugrekstrarmálum í Bandaríkjunum leiddu fyrst til fækkunar starfa, en 1996 var svo komið að heildaratvinna hafði aukist um nærri 80 af hundraði frá upphaflegum tölum með aukinni framleiðni. Í Bretlandi minnkaði atvinna í þessari grein í upphafi en er nú nærri því komin í fyrra horf.

Virkir vinnumarkaðir og stöðugt heildarhagkerfi, sem er skipulagt til að viðhalda hagvexti, stuðla að því að ný atvinnutækifæri leiði til aukinnar heildaratvinnu og minna atvinnuleysis. Aldrei hefur verið brýnna að stuðla að virkri vinnumálastefnu, þar á meðal á sviði menntunar og þjálfunar. Í vinnumarkaðsathugun OECD frá 1994 var sett fram víðtæk

aðgerðaáætlun sem miðar að því að auka aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins og getu hagkerfisins til þekkingarsköpunar og nýsköpunar. Framhaldsathuganir benda til þess að í þeim löndum sem best hafa náð að hrinda tilmælum vinnumarkaðsathugunarinnar í framkvæmd hafi tekist að auka sveigjanleika vinnumarkaðarins og þjálfa launþega svo þeir eigi hægara um vik að taka að sér ný störf.

Stuðningur við opinber stefnumið.

Í heimi stöðugra breytinga er nauðsynlegt að stjórnvöld hlutist til um að verja og styrkja mikilvæg félagsleg markmið á borð við öryggi, heilbrigði, almannaþjónustu, umhverfisvernd, orkudreifingaröryggi og ýmislegt fleira. Raunar aukast væntingar almennings í þessum efnum yfirleitt eftir því sem hagkerfið tekur framförum. Reynslan sýnir að umbætur í reglusetningu og reglustýringu ættu ekki að vinna gegn slíkum markmiðum og geta oft stuðlað að þeim. Skilvirkari og öflugri hagkerfi gera stjórnvöldum sömuleiðis hægara um vik að þjóna almannahagsmunum af þessu tagi, en þau verða að fylgjast vandlega með þeim áhrifum sem aukin markaðssamkeppni hefur á slík markmið og geta þurft að grípa til viðbótarráðstafana til að verja þau. Þegar neytendum er boðið meira úrval geta þeir til dæmis þurft á meiri upplýsingum að halda og ráðstöfunum sem auka traust í viðskiptum. Þeir sem setja reglugerðir geta líka þurft að grípa skjótt inn í með réttum hætti til að bregðast við hraðri markaðsþróun, svo að verja megi öryggi og heilsu almennings og önnur gildi.

Áhrif eftirlitsumbóta á umhverfisvernd fara eftir því hversu vel stjórnvöldum tekst að sjá fyrir slík áhrif og bregðast við þeim. Sum reglukerfi auka bæði samkeppnishömlur og umhverfisspjöll; umbætur á slíkum sviðum ættu að hafa forgang. Nýjar aðferðir við setningu fyrirmæla og stjórnun án fyrirmæla, til að mynda verkstaðlar, sem byggjast á ákveðnum markmiðum, og fjárhagslegar ívilnanir, geta leitt til hreinna umhverfis með lægri tilkostnaði.

Fjárhagsleg og félagsleg markmið ættu að hafa stuðning hvort af öðru. Samkeppnishömlur, til að mynda takmarkanir á innflutningi, verði, framleiðslu eða framleiðsluháttum, eru afar dýrkeypt leið til að verja hagsmuni almennings, hafa oft borið lítinn árangur og er því rétt að forðast. Til kunna að vera ódýrari aðferðir, sem duga betur á samkeppnismörkuðum, til að mynda markaðsívilnanir, eða reglugerðir sem ekki hafa áhrif á samkeppni. Sú leið sem farin er skyldi ávallt metin með tilliti til ávinnings. Í góðum reglugerðum skiptir öllu máli að notast sé við sanngjarna staðla, sem allir framleiðendur eiga að fara eftir og byggjast á greiningu á ávinningi og útgjöldum, vísindalegri viðmiðun og aðferðum við áhættumat, og styrktir eru með árangursríkri framkvæmd.

Áætlanir til árangursríkra umbóta.

Forusta stjórnmálamanna og samræmi í framkvæmd eru nauðsynlegar forsendur árangurs. Sama er að segja um skilvirk samskipti.

Almenningur þarfnast upplýsinga um það hvers vegna umbætur eru taldar svo nauðsynlegar velferð hans og komandi kynslóða.

Þörf er á opnum umræðum þar sem allar upplýsingar koma fram og allir helstu hagsmunaaðilar eru þátttakendur, til að útskýra megi ávinning af umbótum og vinna gegn áróðri áhrifaríkra hagsmunahópa sem leitast við að viðhalda óbreyttu ástandi.

Heildstæðar umbótaaðgerðir eru áhrifaríkari en stakar breytingar. Umbótaskrefin má taka eitt í einu með hæfilegu millibili, en dagsetning hverrar breytingar skyldi vera ljós og ákveðin frá upphafi.

Allar ríkisstjórnir hafa verulega hagsmuni af umbótum í reglusetningu og reglustýringu og þeim ávinningi sem þær geta leitt af sér, þar á meðal aukinni verslun og fjárfestingu. Al-

þjóðlegar reglur og verklagsreglur, sem beinast að því að bæta reglugerðir og stjórnsýsluaðferðir, stuðla að umbótum í hverju landi fyrir sig. Milliríkjasamstarf, skuldbindingar, sem samþykktar eru í samræmi við leiðbeiningar og tilmæli um stefnumörkun frá OECD og samninga á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, og aðrar aðferðir á alþjóðavettvangi, þar á meðal tvíhliða samningar um gagnkvæma viðurkenningu, eru vottur um umbætur í hverju landi en hvetja líka til þeirra.

Framhaldsstarf á vegum OECD.

Enda þótt starf að umbótum í reglusetningu og reglustýringu hafi aukist verulega undanfarin ár er hraði umbótanna og umfang afar mismunandi eftir aðildarríkjum. OECD getur aðstoðað aðildarríkisstjórnir á þessu sviði með þverfaglegri greiningu og reynslusamanburði ásamt jafningjaúttekt, sem náð getur athygli háttsettra stjórnmálamanna í hverju landi, aukið gagnsæi umbótaferilsins, og veitt stjórnvöldum, sem leitast við að koma fram umbótum, þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til að útskýra jafnt mikilvægi sem afleiðingar skipulegra umbóta.

Ráðherrar OECD-landanna fögnuðu þessari skýrslu um umbætur í reglusetningu og reglustýringu á fundi sínum í maí 1997 og lýstu stuðningi við meginreglurnar sem þar eru settar fram. Þeir samþykktu að starfa að framgangi tilmælanna í henni, en þau beinast fyrst og fremst að því hvernig stjórnvöld geta bætt reglugerðir sínar og stjórnsýsluaðferðir. Þeir vísuðu til þeirrar áætlunar OECD að takast á hendur frekara starf á sviði atvinnugreina og opinberrar stefnumótunar og fóru þess á leit við stofnunina að frá og með 1998 stæði hún fyrir úttekt á umbótum í reglusetningu og reglustýringu í aðildarríkjunum, sem byggðist að hluta á sjálfsmati, með það að markmiði að stuðla að stöðugt batnandi stjórnsýsluaðferðum í aðildarlöndunum. Þeir óskuðu eftir skýrslu um framvindu mála á næsta fundi sínum 1998.

Tilmæli um stefnumörkun.

Tilmælin um umbætur í reglusetningu og reglustýringu byggjast á þeirri reynslu sem fengist hefur í OECD-löndum, eins og unnið er úr henni í undirbúningsskýrslum um atvinnugreinar og einstök efni, sem voru grundvöllur þessarar skýrslu. Tilmælin ber að skoða sem eina heild og þau eiga við um flestar atvinnugreinar og stefnumörkunarsvið. Framkvæmd þeirra verður mismunandi eftir löndum vegna ólíkrar stefnu hins opinbera, málamiðlana um stefnu, forgangsraðar og þarfa á sviði umbóta, og þeirrar skipunar sem er á lagakerfum og stofnunum. Þessi tilmæli geta gert stjórnvöldum auðveldara að gera reglugerðir og formkröfur, sem hafa safnast saman með árunum, bæði nútímalegri og hentugri og koma af stað innan stjórnsýslunnar samfelldu starfi við fyrirmæli sem orðið getur til að verja á komandi árum það sem hefur áunnist við umbæturnar.

1. rammi: Hvað er reglun og hvað eru umbætur í reglusetningu og reglustýringu?

Í þessari skýrslu er með reglun átt við þá gerninga sem stjórnvöld beita til að gera kröfur til einstaklinga og fyrirtækja og stjórnvalda sjálfra, þar á meðal lög, reglugerðir og aðrar reglur sem settar eru á ýmsum stjórnsýslustigum og af hálfu stofnana sem til þess eru bærar.

Fyrirmæli um efnahagsmál hafa bein áhrif á ákvarðanir fyrirtækja og markaðs um verð, samkeppni, markaðsaðgang eða brotthvarf af markaði.

Fyrirmæli um félagsmál verja gildi á borð við heilbrigði, öryggi, umhverfi og félagslega samheldni.

Opinber fyrirmæli lúta að formsatriðum og pappírsvafstri á vegum stjórnvalda, „skriffinnsku“ svonefndri.

Umbætur í reglusetningu og reglustýringu miðast að því að bæta fyrirmæli, hvort sem það felst í því að endurskoða ein fyrirmæli, endurskoða skipulag þeirra stofnana sem setja fyrirmæli, eða að bæta aðferðir við setningu fyrirmæla og stjórn umbótastarfs.

Afnám hafta er undirflokkur umbóta í reglusetningu og reglustýringu og felur í sér niðurfellingu fyrirmæla í tiltekinni atvinnugrein að öllu leyti eða að hluta.

2. rammi: Nokkur dæmi um áhrif umbóta í reglusetningu og reglustýringu.

Lög og reglur eru aðeins einn margra þátta sem skipta máli í efnahagslífinu, og erfitt getur reynst að skilja áhrif umbóta frá áhrifum tækninýjunga, svo dæmi sé tekið. Reynslan sýnir þó að ef umbætur ýta undir samkeppni og opna markaði, stuðla þær að aukinni framleiðni, lækka verð, leiða til nýrri og betri vöru og þjónustu og auka afköst.

Heildarávinningur neytenda: Í Japan hefur aukin skilvirkni af völdum umbóta orðið til þess að tekjur neytenda vaxa um þessar mundir um hér um bil 0,3 af hundraði á ári, eða um 36 milljarða bandaríkjadala. Í Bandaríkjunum er talið að umbætur í ýmsum atvinnugreinum færi neytendum og framleiðendum árlegan ávinning sem nemur 42 til 43 milljörðum bandaríkjadala.

Iðnaðarframleiðsla: Framleiðni verkafólks í Evrópu jókst helmingi hraðar í þeim greinum iðnaðar, sem helst hafa notið góðs af samkeppnishvetjandi umbótum á innri markaði Evrópu, en í öðrum atvinnugreinum.

Fjarskipti: Samkeppni auðveldaði neytendum að njóta góðs af nýsköpun í þessari hraðvaxandi atvinnugrein. Afnám einkaréttar átti þátt í að ýta undir nýja tækni og fjölga farsímanotendum í OECD-löndum úr 700.000 árið 1985 í 71 milljón árið 1995. Eftir umbæturnar lækkaði meðalverð á símaþjónustu um 63 af hundraði á Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi og 41 af hundraði í Japan; verð á langlínusímtölum lækkaði um 66 af hundraði í Finnlandi.

Flutningar í lofti: Eftir afnám hafta árið 1993 í samræmi við innri markaðinn í Evrópu voru 800 ný flugrekstrarleyfi gefin út í Evrópu og fleira fólk notfærir sér ódýr almenn fargjöld. Í Bandaríkjunum lækkuðu raunfargjöld um þriðjung frá 1976 til 1993; talið er að rúman helming þessarar lækkunar megi rekja til niðurfellingar reglustýringar.

Í atvinnugreinum, sem njóta mikillar verndar, er hugsanlegt að gera þurfi djúptækar og torsóttar skipulagsbreytingar.

Landbúnaður: Um miðjan níunda áratuginn var nær allur stuðningur við landbúnað afnuminn á Nýja-Sjálandi til að auka nýsköpun og skilvirkni. Meðan atvinnugreinin aðlagaðist þessu minnkaði hagnaður í búrekstri, sum fyrirtæki lögðu upp laupana og starfsmönnum fækkaði um 10 af hundraði. Nú er atvinnugreinin samkeppnisfær á alþjóðavettvangi og flytur meira út og á fleiri markaði, hlutur hennar í vergri landsframleiðslu er stærri en nokkru sinni fyrr og gæði og fjölbreytni framleiðslunnar hafa aukist.

Beiting markaðsívilnana og árangursríkari, skilvirkari fyrirmæla, þar á meðal fyrirmæla sem beinast að ákveðnum markmiðum, hefur stuðlað að verndun almannahagsmuna.

Umhverfisvernd: Skattur á brennistein í brennsluolíu í Svíþjóð lækkaði hlutfallstölu brennisteins í olíunni um nærri 40 af hundraði umfram reglugerðarkröfur. Í Danmörku dró skattur á hættulaus úrgangsefni úr förgun úrgangs um helming og jók endurvinnslu að sama skapi.

Öryggi og hollusta: Þegar ströng „skipanafyrirmæli" voru látin víkja fyrir sveigjanlegum staðli um öryggi í verksmiðjum í Ástralíu var talið að það hefði fækkað dauðsföllum og meiðslum í slíkum verksmiðjum um fjórðung. Í Bandaríkjunum er talið, að umbætur í reglusetningu og reglustýringu, sem veita fyrirtækjum aukið svigrúm til að tryggja að sjávarfang sé hættulaust, muni koma í veg fyrir 20.000 til 60.000 matareitrunartilvik árlega.

Ávinningur af umbótum getur minnkað eða snúist í andhverfu sína ef stjórnvöld taka ekki upp stefnu sem tryggir hæfilegan stöðugleika og varúð, eða grípa til annars konar uppbótarstefnu til að verja almannahagsmuni á samkeppnismörkuðum.

Fjármálasvið: Umbætur hafa stuðlað að því að fram komi öflug og alþjóðleg fjármálaþjónusta hagkerfinu til gríðarlegs ávinnings. En í sumum löndum olli það dýrkeyptri kreppu í lána- og bankamálum eftir afnám hafta, að látið var hjá líða að bjóða réttar ívilnanir og fylgjast af aðgát með fjármálamörkuðum.

Altæk þjónusta: Þar sem samkeppnismarkaðir tryggja almenningi ekki í nægilega ríkum mæli aðgang að nauðsynlegri þjónustu beita sum ríki samkeppnishlutlausum aðgerðum til að vernda hópa sem eiga undir högg að sækja. Í Frakklandi eru flugfélög og fjarskiptaþjónusta skattlögð og gagnsæir sjóðir stofnaðir til þess að fullnægja skyldum um þjónustu fyrir almenning.

Leigubílar: Í Svíþjóð jók afnám hafta framboð á leigubílaþjónustu og stytti biðtíma notenda. Með aukinni samkeppni á markaðnum þurfti þó að grípa til frekari ráðstafana til að bæta neytendavernd og draga úr skattsvikum.

II.
Tilmæli OECD varðandi reglusetningu og reglustýringu.[1]

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera hefur einnig verið til umræðu innan OECD, sem samþykkti hinn 9. mars 1995 tilmæli til aðildarríkja sinna um að taka eftirlitsstarfsemi, reglusetningu og reglustýringu til markvissrar skoðunar. Í samþykkt sinni minnti OECD á að reglusetning og reglustýring væru meðal mikilvægustu verkfæra stjórnvalda í OECD-ríkjum og vandaðar reglur væru því grundvöllur árangursríkrar stjórnsýslu. Einnig minnti OECD á að umhverfi það sem einkafyrirtæki búa við er fyrst og fremst ákvarðað af ákvæðum um ábyrgð og hömlur í opinberum reglum og að vönduð reglusetning og reglustýring stuðlar að hagvexti og betri nýtingu auðlindanna. Að lokum minnti OECD á að vandaðar og gagnsæjar reglur væru stöðugt mikilvægari í síminnkandi heimi þar sem áhrif reglusetninga ná út fyrir landamæri ríkja og samvinna um reglusetningu og reglustýringu er nauðsynleg til að takast á við brýn viðfangsefni svo sem umhverfismál, glæpi, fólksflutninga, neytendavernd, fjárfestingar og viðskipti.

Í þessu ljósi beindi OECD því til aðildarríkja sinna að þau gripu til ráðstafana til að tryggja gæði og gagnsæi þeirra reglna sem settar væru, til dæmis með því að:

1. Kanna gæði og notagildi þeirra stjórnsýsluaðferða og pólitísku starfshátta sem tíðkast við smíði, framkvæmd, mat og endurskoðun reglna og noti því til stuðnings markmiðin sem sett eru fram í eftirfarandi viðmiðunargátlista um reglusetningu og reglustýringu.
2. Koma á (að svo miklu leyti sem skynsamlegt þykir og í samræmi við lög og almenna stjórnsýsluhætti) stjórnsýslu- og stjórnunarkerfum sem tryggi að markmiðin um ábyrga ákvörðunartöku, eins og þau eru sett fram í gátlistanum, komi fram við reglusetningu.
3. Gera markmiðin um skilvirka, sveigjanlega og gagnsæja ákvarðanatöku að opinberri stefnu á öllum sviðum stjórnsýslu.

---

[1] Reglusetning og reglustýring vísa til hugtaksins „regulation" sem notað er í texta OECD. Ástæða þess að hugtakið er þýtt með tveimur orðum er sú að merking þess er ólík eftir því í hvaða samhengi það er notað. Með nokkurri einföldun má segja að „regulation" merki reglusetning þegar unnið er að undirbúningi og setningu reglna en reglustýring þegar reglurnar eru komnar til framkvæmdar. Einnig getur hugtakið vísað beint til einstakra reglna. Stundum getur jafnvel verið rétt að þýða hugtakið sem eftirlit eða eftirlitsstarfsemi.

4. Huga sérstaklega að gæðum og gagnsæi við reglusetningu sem áhrif hefur í öðrum löndum eða tengist alþjóðlegum viðskiptum, fjárfestingum eða öðrum þáttum alþjóðlegra samskipta.

Til þess að auðvelda vinnu við endurskoðun og mat á reglusetningu, reglustýringu og eftirlitsstarfsemi hefur OECD gefið út eftirfarandi gátlista sem nota má á öllum stigum stefnumótunar og ákvarðanatöku.

Viðmiðunargátlisti OECD um reglusetningu og reglustýringu.

Sífellt eru gerðar auknar kröfur til árangurs stjórnvalda. Stjórnkerfin aðlagast víðtækum breytingum á alþjóðavettvangi, sem felast í auknu samstarfi milli ríkja, harðari samkeppni og nýrri tækni. Ná þarf stjórn á fjárlagahalla og tökum á efnahagslegum vandamálum, samtímis því sem borgararnir gera auknar kröfur um aðgerðir vegna aðkallandi félagslegra málefna og málefna er varða umhverfið. Stjórnsýslunefnd OECD hefur bent á að við slíkar aðstæður verði hið opinbera að skila bættum árangri án aukinna fjármuna og leita nýrra og betri leiða í starfsemi sinni. Stjórnvöld verða að þróa skilvirkar aðferðir til að unnt sé að sveigja stefnu og ákvarðanir að breytilegum aðstæðum og beita réttum aðferðum og hvötum til að tryggja árangursríka framkvæmd stefnumála.

Viðmiðunargátlisti OECD um reglusetningu og reglustýringu er svar við þeirri þörf sem er á að þróa og bæta reglusetningu og reglustýringu. Listinn felur í sér tíu spurningar um reglusetningu og reglustýringu sem hægt er að beita á öllum stigum stefnumótunar og ákvarðanatöku. Spurningarnar endurspegla meginreglur vandaðrar ákvarðanatöku, sem notaðar eru í OECD-ríkjum til að auka virkni og hagkvæmni opinberrar reglusetningar og reglustýringar með því að tryggja laga- og þekkingargrunn reglusetningar, skýra valkosti, stuðla að vandaðri ákvörðunum embættismanna, innleiða skipulegra og skýrara ákvörðunarferli, benda á úreltar og ónauðsynlegar reglur og gera athafnir stjórnvalda gagnsærri. Gátlistanum er ætlað að vera eitt af mörgum úrræðum sem notuð eru við stjórnun reglusetningar og reglustýringar. Einnig þarf að styðjast á skipulegan hátt við aðferðir eins og söfnun og greiningu upplýsinga, samráð við hagsmunaaðila og kerfisbundið mat á gildandi reglum.

***Spurning nr. 1*: Er vandinn rétt skilgreindur?**

Gera þarf nákvæma grein fyrir þeim vanda sem ætlunin er að takast á við, leggja fram greinargóð gögn um eðli hans og umfang og útskýra ástæður hans (með vísan til þess hvaða þættir hafa áhrif á ákvarðanir þeirra sem tengjast vandanum).

***Spurning nr. 2*: Eru opinber afskipti réttlætanleg?**

Færa þarf skýr rök fyrir því að opinber afskipti séu réttlætanleg, í ljósi eðlis vandans, líklegs ávinnings og kostnaðar við opinber afskipti (byggt á raunsæju mati á mögulegum árangri stjórnvalda) og annara leiða sem kunna að vera fyrir hendi til að takast á við vandann.

***Spurning nr. 3*: Er hefðbundin reglusetning hentugasta form opinberra afskipta?**

Þeir sem undirbúa og setja reglur skulu gera vandaðan samanburð á kostum og göllum þeirra ólíku leiða sem stjórnvöld geta valið til afskipta, hvort sem þær byggja á hefðbundinni reglusetningu eða öðrum aðferðum. Þegar á undirbúningsstiginu ætti að meta áhrif hinna ýmsu valkosta við hefðbundna reglusetningu á þætti eins og kostnað, ávinning, áhrif á aðstæður ólíkra þjóðfélagshópa og á umfang og eðli stjórnsýslu hins opinbera.

Spurning nr. 4: **Er lagagrunnur fyrir reglusetningu?**
Skipa þarf reglusetningu og reglustýringu þannig, að lögmæti allra ákvarðana sé tryggt, að ljós sé ábyrgð á því að reglusetning og reglustýring byggi á heimildum í lögum, sé í samræmi við samningsskuldbindingar og í samræmi við meginreglur stjórnarfars svo sem um réttaröryggi, meðalhóf og vandaða málsmeðferð.

Spurning nr. 5: **Hvaða stjórnsýslustig hentar best?**
Þeim sem undirbúa og setja reglur ber að velja framkvæmd reglnanna það stjórnsýslustig sem best hentar hverju sinni. Ef reglustýring er framkvæmd af fleiri en einu stjórnvaldi er nauðsynlegt að tryggja samræmi í framkvæmd þeirra.

Spurning nr. 6: **Réttlætir ávinningur kostnaðinn af reglusetningu?**
Þeir sem undirbúa og setja reglur eiga að meta væntanlegan heildarkostnað og ávinning af hverri nýrri tillögu um reglusetningu og einnig af hugsanlegum valkostum við hefðbundna reglusetningu. Matið ætti að gera aðgengilegt þeim sem taka ákvarðanir. Ekki ætti að grípa til opinberra afskipta nema að ljóst sé að ávinningurinn réttlæti kostnaðinn.

Spurning nr. 7: **Eru áhrif á hina ýmsu hópa þjóðfélagsins ljós?**
Þeir sem undirbúa og setja reglur ættu að gera ljós áhrif reglusetningar og reglustýringar, kostnaðar jafnt sem ávinnings, á ólíka þjóðfélagshópa, tekjudreifingu í þjóðfélaginu og meginreglna um jafnræði borgaranna.

Spurning nr. 8: **Eru reglurnar skýrar, skiljanlegar og aðgengilegar þeim sem þær beinast að?**
Þeir sem undirbúa og setja reglur ættu að meta hvort þær séu skiljanlegar þeim sem þær beinast að og grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja að málfar og uppbygging reglnanna séu eins skýr og unnt er.

Spurning nr. 9: **Hafa hagsmunaaðilar átt þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri?**
Vinna ætti að reglusetningu með opnum hætti og tryggja með skilvirkum hætti möguleika hagsmunaðila svo sem atvinnurekenda, launþega, annarra hagsmunahópa og annarra stjórnsýslustiga, til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í tíma og leggja þannig sitt af mörkum við reglusetningu.

Spurning nr. 10: **Hvernig er tryggt að farið verði að settum reglum?**
Þeir sem undirbúa og setja reglur ættu að meta þá hvata og þær stofnanir sem hafa áhrif á framgang og virkni reglustýringar og nota viðeigandi hvata og stofnanir til að auka líkur á því að farið verði að settum reglum.

III.
Greinargerð nefndar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Inngangur.
Frumvarpið er samið á vegum nefndar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem skipuð var af forsætisráðherra 9. september 1993. Nefndinni var ætlað að móta samræmda heildarstefnu á sviði skoðunar, prófunar og eftirlits á vegum hins opinbera. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þeirra ráðuneyta sem annast framkvæmd eftirlitsreglna af einu eða öðru tagi, auk

fulltrúa forsætisráðuneytisins sem var formaður nefndarinnar. Það er lýsandi fyrir umfang opinberrar eftirlitsstarfsemi að í nefndinni voru fulltrúar allra ráðuneyta nema utanríkisráðuneytis og Hagstofu Íslands. Í nefndina voru skipaðir:

Eyjólfur Sveinsson, forsætisráðuneyti, formaður,
Ari Edwald, dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
Brynjólfur Sandholt, landbúnaðarráðuneyti,
Dögg Pálsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,
Halldór Árnason, sjávarútvegsráðuneyti,
Halldór Árnason, fjármálaráðuneyti,
Ragnhildur Hjaltadóttir, samgönguráðuneyti,
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti,
Stefán Baldursson, menntamálaráðuneyti,
Sturlaugur Tómasson, félagsmálaráðuneyti,
Sveinn Þorgrímsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með nefndinni störfuðu Haukur Ingibergsson og Sigurður Helgason frá Hagsýslu ríkisins.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar voru meginverkefni hennar:

- að gera úttekt á umfangi og eðli opinberrar eftirlits- og öryggisstarfsemi í landinu,
- að meta á hvern hátt samræmingu og samþáttun verkefna hjá ólíkum eftirlits-, skoðunar- og prófunaraðilum verður við komið,
- að láta gera hagkvæmnismat með samanburði núverandi fyrirkomulags við líklega valkosti,
- að láta endurskoða gildandi reglugerðir,
- að gera tillögur um framtíðarskipan.

Við gerð tillögu að framtíðarskipan átti nefndin að taka mið af eftirtöldum markmiðum:

- að heildarkostnaður við opinbert eftirlit lækki,
- að þjónusta á sviði prófunar, skoðunar og eftirlits batni,
- að hagrætt verði í eftirlitsstarfi hins opinbera með samræmingu aðgerða skyldra aðila og samþættingu verkefna,
- að beinn kostnaður hins opinbera lækki með flutningi þjónustu frá ríki og sveitarfélögum út á frjálsan markað,
- að beina gjaldtöku til þeirra aðila sem þjónustunnar njóta.

Ástæður þess að nefndin var sett á stofn eru margvíslegar. Um nokkurt skeið hafa hagsmunaaðilar látið í ljósi áhyggjur vegna umfangs eftirlitsstarfsemi. Þær raddir heyrast að eftirlitsstarfsemi sé orðin of umfangsmikil og kosti fyrirtækin of mikið. Einnig er kvartað yfir því að eftirlit hinna ýmsu stjórnvalda sé ómarkvisst og samhæfingu skorti. Þannig sé mögulegt að gerðar séu andstæðar kröfur til fyrirtækja og að ólíkir eftirlitsaðilar hafi eftirlit með sömu þáttum.

Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var gengist undir þær skyldur að setja í íslenska löggjöf mikinn fjölda af reglum Evrópusambandsins. Stór hluti þessara reglna gerir kröfur um eftirlit að einhverju tagi. Það er ljóst að það er mikið átak fyrir lítið stjórnkerfi eins og hið íslenska að setja og framkvæma þessar reglur. Það er einnig ljóst að það getur verið erfitt að tryggja hagkvæma framkvæmd reglnanna, enda eru þær í mörgum tilfellum sniðnar að öðrum þörfum en ríkja hér á landi. Á hinn bóginn eru reglurnar oft sveigjanlegar, þannig að það á að vera unnt að framkvæma þær með hagkvæmum hætti. Það er því mikilvægt að sérstaklega sé hugað að því að eftirlitsreglur vegna EES-samningsins séu settar með samræmdum hætti og að framkvæmd þeirra sé eins hagkvæm og kostur er á.

Endurskoðun á eftirlitsstarfseminni er einnig þáttur í þeirri almennu viðleitni stjórnvalda að hagræða í ríkisrekstri og endurmeta hvaða verkefni er eðlilegt að ríkið annist. Það er ástæðulaust að ríkið sé að hafa eftirlit þegar innra eftirlit og gæðastjórnun fyrirtækjanna getur skilað sama árangri. Á síðari árum hafa verið að þróast aðferðir til að fela sjálfstæðum aðilum eftirlitsþætti, t.d. skoðanir og prófanir. Þetta hefur margvíslega kosti sem nánar verður vikið að síðar.

Nefndin vann að ýmsum verkefnum í tengslum við eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Í upphafi var lögð áhersla á að greina helstu þætti í eftirlitsstarfseminni. Unnar voru greinargerðir um eftirlitsstarfsemi á vegum einstakra ráðuneyta. Eftirlitsstarfsemin er mjög fjölþætt og eftirlitsstarf fer fram á vegum nær allra ráðuneyta. Samhæfing hinna ýmsu eftirlitskerfa er takmörkuð og brýn þörf virðist vera fyrir samhæfingu og sameiginlega stefnu.

Þróunin í eftirlitsmálum erlendis var könnuð. Í flestum OECD-ríkjum hefur eftirlitsstarfsemi verið endurskoðuð vegna aukins umfangs og kostnaðar, ónógra gæða og skorts á lögmæti. Það virðist vera víðtæk samstaða um að nauðsynlegt sé að endurskoða eftirlitsstarfsemi og stjórna heildarumfangi eftirlits.

Unnin var tillaga að heildarstefnu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem ríkisstjórnin samþykkti. Stefnan tekur til helstu þátta á sviði eftirlitsmála en er jafnframt ætlað að vera gátlisti um þá þætti og valkosti sem nauðsynlegt er að meta og taka afstöðu til þegar nýjar reglur um eftirlit eru settar eða eldri reglur endurskoðaðar. Markmið stefnunnar er að lækka heildarkostnað, einfalda og bæta þjónustu, færa verkefni út til sjálfstæðra aðila og beina gjaldtöku til þeirra sem þjónustunnar njóta.

Nefndin samdi frumvarp þetta um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Einnig hefur nefndin skoðað nokkur svið sérstaklega og unnið að tillögum að breytingum. Þær miða að því að einfalda og samþætta eftirlit með hverju viðfangsefni. Þau svið sem nefndin hefur skoðað eru:

- eftirlit með skipum,
- eftirlit með matvælum,
- markaðseftirlit.

Umfang opinberrar eftirlitsstarfsemi.

Fjölmargir aðilar annast þá eftirlitsstarfsemi sem stjórnvöld gera kröfu um. Hér er um að ræða sérhæfðar eftirlitsstofnanir og aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög og einkaaðila. Sérhæfðar eftirlitsstofnanir ríkisins sinna flestar eftirliti sem tengjast öryggi og vernd heilsu og umhverfis. Dæmi um slíkar stofnanir eru:

Brunamálastofnun ríkisins
Fjarskiptaeftirlit ríkisins[1]
Geislavarnir ríkisins
Hollustuvernd ríkisins
Kvikmyndaskoðun
Lyfjaeftirlit ríkisins
Löggildingarstofan
Rafmagnseftirlit ríkisins[2]
Siglingamálastofnun ríkisins[3]
Vinnueftirlit ríkisins

---

1 Nú Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. lög nr. 147/1996.
2 Sameinað Löggildingarstofu, sbr. lög nr. 155/1996.
3 Nú Siglingastofnun Íslands, sbr. lög nr. 6/1996.

Aðrar sérhæfðar eftirlitsstofnanir annast eftirlit með viðskiptalífi og viðskiptaháttum. Þessar stofnanir eru:

Bankaeftirlit
Samkeppnisstofnun
Tryggingaeftirlitið[4]

Ýmsar stofnanir sinna eftirliti ásamt öðrum verkefnum eða tengjast opinberri eftirlits- og öryggisstarfsemi á einn eða annan hátt. Dæmi um slíkar stofnanir eru:

Ferðamálaráð
Fiskistofa
Flugmálastjórn
Iðntæknistofnun
Landlæknir
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Sýslumenn
Umferðarráð
Veiðistjóri
Yfirdýralæknir

Á vegum sveitarfélaga fer einnig fram eftirlit. Sem dæmi um slíkt eftirlit má nefna:

Byggingaeftirlit
Eldvarnaeftirlit
Heilbrigðiseftirlit

Einkaaðilar annast eftirlit að fyrirlagi stjórnvalda. Sem dæmi um slík aðila má nefna:

Skoðunarstofur bifreiða
Skoðunarstofur í fiskiðnaði

Auk alls þessa annast ráðuneyti framkvæmd ýmissa sérhæfðra eftirlitsverkefna.

Ljóst er að eftirlitsreglur eru mjög umfangsmiklar, jafnt í lögum, reglugerðum og öðrum reglum (auglýsingum, orðsendingum, verklagsreglum, gjaldskrám o.fl.). Ekki er unnt að leggja heildarmat á umfang reglnanna, t.d. fjölda reglna eða fjölda blaðsíðna. Þó er ljóst að magn eftirlitsreglna eykst mjög um þessar mundir vegna gildistöku ýmiss konar eftirlitsreglna í tengslum við EES-samninginn. Mikilvægt er að geta haldið utan um þessa þætti þar sem breytingar á fjölda og umfangi eftirlitsreglna er mikilvægur mælikvarði á þróun eftirlitsstarfsemi.

Mjög erfitt er að meta kostnaðinn við opinbera eftirlitsstarfsemi. Lauslegt mat bendir til þess að kostnaður ríkisins vegna eftirlits geti verið 1,5–2 milljarðar króna. Til viðbótar þessum beina eftirlitskostnaði kemur kostnaður vegna eftirlits sveitarfélaga og eftirlits einkaaðila samkvæmt reglum sem ríkið setur. Stór hluti kostnaðar vegna eftirlits er greiddur með gjöldum sem ýmist eru innheimt beint frá þeim sem eftirlitið beinist að eða sem almenn gjöld með svipuðum hætti og skattar og vörugjald. Ekki er óalgengt að kostnaður einstakra fyrirtækja vegna beinna eftirlitsgjalda nemi nokkrum milljónum króna. Við þetta bætast síðan gjöld sem innheimt eru með tryggingagjaldi sem hluti af rafmagnsverði, brunatryggingu o.fl.

Þótt erfitt sé að meta beinan kostnað vegna eftirlits er enn erfiðara að meta óbeinan kostnað. Óbeinn kostnaður verður til með ýmsum hætti. Þannig getur það eitt að afla þekkingar um ákvæði eftirlitsreglna haft kostnað í för með sér. Kröfur stjórnvalda geta kallað á ýmiss konar fjárfestingar hjá fyrirtækjum og kostnað vegna sérstakra vinnubragða, skráningar o.s.frv. Þá getur fórnarkostnaður orðið verulegur, t.d. ef eftirlit kemur í veg fyrir nýja og hagkvæmari skipulagningu framleiðslu, vöruþróun o.s.frv. Að sjálfsögðu eru það oftast neytendur sem bera þennan kostnað að lokum í hærra vöruverði en ella.

---

[4] Nú Vátryggingaeftirlitið, sbr. lög nr. 60/1994.

Erlendis er reynslan sú að óbeinn kostnaður fyrirtækja vegna eftirlits er mun hærri en kostnaður opinberra aðila. T.d. er áætlað að í Bandaríkjunum sé kostnaður fyrirtækja 55 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila. Þó að menn gefi sér að kostnaður fyrirtækja hér á landi sé ekki nema 10 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila getur heildarkostnaður vegna eftirlitsstarfsemi samt sem áður verið um 20 milljarðar króna. Hér er að sjálfsögðu um hreina ágiskun að ræða en hún sýnir engu að síður að heildarkostnaður vegna eftirlits getur verið umtalsverður. Þar sem stór hluti almenns neysluvarnings er innfluttur er líklegt að verulegur hluti raunverulegs eftirlitskostnaðar verði til í framleiðsluríkjunum en hafi áhrif hér á landi í formi hærra vöruverðs. Rétt er að árétta að hár kostnaður er ekki vandamál í sjálfu sér ef ábati þjóðfélagsins er meiri en kostnaðurinn. Hins vegar er líklegt að þegar kostnaðurinn er að miklu leyti falinn, eins og í þessu tilfelli, geti verið tilhneiging til að vanmeta hann og ofmeta raunverulegan ábata þjóðfélagsins af eftirlitsstarfsemi.

Helstu einkenni og nýskipan eftirlitsstarfsemi.

Í nútímaþjóðfélögum með markaðshagkerfi er þörf fyrir margháttuð og flókin afskipti hins opinbera ef þjóna á gildum þjóðfélagsins og hagsmunum almennings með fullnægjandi hætti. Á undanförnum áratugum hefur eftirlitsstarfsemi orðið mikilvæg aðferð til að hafa áhrif á efnahagsstarfsemi og félagslega þætti. Árangur stjórnkerfisins er að verulegu leyti háður árangri eftirlitsstarfseminnar.

Ríkið hefur nokkur tæki til að ná markmiðum sínum. Þau mikilvægustu eru fjármagn, vinnuafl og reglur. Þær reglur, sem ríkið setur, eru af ýmsu tagi, m.a. reglur um stjórnskipan og skipulag hins opinbera, reglur sem veita borgurunum tiltekin réttindi, þjónustu og fjármagn og reglur sem takmarka frelsi borgaranna. Eftirlitsstarfsemi hefur verið skilgreind sem aðferð sem hefur áhrif á athafnir einstaklinga og fyrirtækja með því að:

- gera tilteknar kröfur í lögum og reglugerðum,
- hafa eftirlit með því að við kröfunum sé orðið,
- þvinga fram breytingar ef ekki er orðið við kröfunum, m.a. með hótun um viðurlög.

Þetta þýðir að í eftirliti felst ávallt takmörkun á möguleikum einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Slíkar reglur eru því aðeins settar til að reyna að tryggja mikilvæga þjóðfélagslega hagsmuni. Þeir hagsmunir, sem eftirlitsstarfsemi leitast við að tryggja, eru einkum tvenns konar:

- Félagslegir hagsmunir svo sem öryggi einstaklinga og eigna, heilbrigði, vernd umhverfis og vernd neytenda.
- Efnahagslegir og viðskiptalegir hagsmunir svo sem eðlilegar leikreglur og stöðugleiki í viðskiptum og efnahagslífi, samkeppni og sanngjarnir viðskiptahættir.

Með eftirlitsstarfsemi er verið að reyna að tryggja mikilvæga þjóðfélagslega hagsmuni með því að hafa áhrif á og takmarka athafnir einstaklinga og fyrirtækja. Eftirlitsstarfsemi hlýtur oft að vera umdeild því að þar togast á þeir hagsmunir sem henni er ætlað að þjóna og sú meginregla lýðræðisþjóðfélaga að takmarkanir á athöfnum skuli vera eins litlar og unnt er. Nýskipan eftirlitsstarfsemi beinist ekki síst að því að reyna að draga úr takmörkunum á athöfnum án þess að fórna upphaflegum markmiðum.

Þrátt fyrir að allir geti verið sammála um að mikilvægt sé að vernda þá hagsmuni sem eftirlitsstarfsemi beinist að, er það ekki gefið að raunverulegur árangur sé í samræmi við þann kostnað sem eftirlitsstarfsemin hefur í för með sér.

Eftirlitsstarfsemi hefur aukist mikið á undanförnum áratugum og virðist vinda upp á sig eftir að henni er komið á fót. Ástæðurnar fyrir þessu eru nokkrar. Opinberar stofnanir hafa tilhneigingu til að auka umsvif sín og þetta virðist sérstaklega eiga við um eftirlitsstofnanir. Hagsmunahópar knýja á um eftirlit á tilteknum sviðum. Þá er athyglisvert að aðhald í ríkisfjármálum hefur valdið því að eftirlit er oft notað fremur en þær aðferðir sem hækka ríkisútgjöld. Nýjar kröfur og þarfir, t.d. um aukið öryggi og vernd umhverfis, hafa kallað á aukið eftirlit.

Eftirlit hefur ekki aukist á öllum sviðum. Á sviði efnahagslífsins hefur mjög verið dregið úr eftirlitsstarfsemi og settar almennar leikreglur í stað umfangsmikilla afskipta. Þannig hefur verið dregið úr afskiptum af verðlagi, gjaldeyrismálum, vaxtamálum og viðskiptum og efnahagsstarfsemi almennt. Í staðinn hefur eftirlit, sem ætlað er að þjóna félagslegum markmiðum um öryggi, heilsuvernd, neytendavernd og umhverfisvernd aukist.

Fjölgun eftirlitsreglna getur verið vandamál í sjálfu sér. Það eru takmörk fyrir því hvað einstaklingar og fyrirtæki geta haft þekkingu á mörgum reglum. Eftir því sem reglunum fjölgar, því minni líkur eru á að farið sé eftir þeim. Verði eftirlitsreglur of margar fer fjöldinn að vinna gegn upphaflegum markmiðum þeirra. Þetta getur jafnvel gerst þó að hver einstök regla sé í sjálfu sér skynsamleg.

Sífellt hefur komið betur í ljós að eftirlitsreglur hafa ekki aðeins áhrif einar og sér, heldur mynda þær með öðrum eftirlitsreglum flókið eftirlitskerfi. Áhrif þessa kerfis geta verið allt önnur en ætluð áhrif einstakra reglna. Því er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir heildaráhrif eftirlitsreglna og reyna að hafa áhrif á eftirlitskerfið í heild sinni.

Heildarkostnaður eftirlitsstarfsemi getur verið mjög mikill en mjög erfitt er að meta hann. Heildarkostnaðurinn hefur verið metinn í Bandaríkjunum og er áætlað að hann sé 4–10% af vergri landsframleiðslu eða 15–25% af upphæð fjárlaga. Inni í þessu mati er ekki óbeinn kostnaður vegna eftirlitsstarfsemi eins og minni nýsköpun í atvinnulífi og áhrif á samkeppnisstöðu Bandaríkjanna. Mjög lítill hluti af þessum kostnaði er beinn kostnaður ríkisins. Áætlað er að kostnaður einkaaðila vegna eftirlits sé 55 sinnum hærri en kostnaður opinberra aðila.

Ýmis ríki telja að reyna verði að hafa áhrif á þennan kostnað og stjórna honum. Einn þáttur í því hefur verið að reyna að setja upp svonefnd eftirlitsfjárlög, þ.e. skilgreina með formlegum hætti hversu mikið eftirlitið má kosta þjóðfélagið. Hver eftirlitsstofnun fær síðan eftirlitsfjárveitingu og má heildarkostnaður þjóðfélagsins vegna starfsemi hennar ekki fara umfram fjárveitinguna.

Kostnaður er að sjálfsögðu aðeins annar af tveimur þáttum sem meta þarf til að komast að gildi eftirlitsstarfsemi. Hinn þátturinn er sá árangur eða þær tekjur sem eftirlitsstarfsemin skilar. Lítið eru um að stjórnvöld reyni að meta raunverulegan árangur eftirlitsstarfsemi og oftast eru eftirlitsreglur settar án þess að reynt sé að áætla kostnað og árangur. Ýmsar athuganir benda til að eftirlitsstarfsemi kosti oft meira og skili minni árangri en reiknað var með og trufli að auki starfsemi markaðarins.

Oft er það óskýrt hvaða árangri á að ná með eftirlitsstarfsemi. Vissulega beinist eftirlitið að tilteknum vandamálum en oft skortir raunverulegar rannsóknir á orsökum og afleiðingum þeirra. Möguleikarnir á því að koma í veg fyrir tjón með opinberu eftirliti eru oft ofmetnir. Sem dæmi um þetta má nefna eftirlitsstarfsemi sem miðar að því að draga úr hættu á slysum og heilbrigðisvandamálum en hún hefur vaxið mjög á undanförnum áratugum. Oft er erfitt að meta hver áhættan er í hverju tilfelli fyrir sig og hversu mikið er unnt að minnka hana með eftirlitsstarfsemi. Mikilvægt er að bera saman lækkun áhættu við kostnaðinn við að lækka hana. Oft eykst jaðarkostnaður mjög hratt. Þótt það geti t.d. verið tiltölulega ódýrt að lækka

áhættu um 25% getur verið 10 sinnum dýrara að lækka hana um 50% og 100 sinnum dýrara að lækka hana um 75%.

Það er mjög erfitt að meta hversu miklum fjármunum á að verja til eftirlitsstarfsemi. Of mikill kostnaður vegna eftirlits getur dregið úr samkeppnishæfni. Á hinn bóginn getur skortur á eftirliti dregið úr trausti neytenda á gæðum og öryggi vöru og valdið beinu tjóni. Aðalatriðið er að reynt sé að meta bæði kostnað og árangur og móta umfang eftirlits eftir því mati.

Það er ekki aðeins kostnaðurinn við eftirlitsstarfsemi og skortur á árangri sem getur verið vandamál. Eftirlitsstarfsemi er þess eðlis að hún getur unnið gegn grundvallarsjónarmiðum um þingræði og lýðræði. Eftirlitsstarfsemi nýtur oft takmarkaðs þingræðislegs og lýðræðislegs aðhalds. Ástæður þessa eru margvíslegar:

- Hefðbundin eftirlitstæki ríkiskerfisins ná að litlu leyti til eftirlitsstarfsemi. Fjárlög ná þannig aðeins til beins rekstrarkostnaðar eftirlitsstofnana en meginhluti kostnaðar vegna eftirlits fellur á aðila utan ríkiskerfisins. Ekkert beint aðhald er að þessum kostnaði.
- Eftirlitsstarfsemi er það flókin og tæknilega sérhæfð að ákvarðanir eru látnar í hendur sérfræðingum sem oftast starfa hjá viðkomandi eftirlitsstofnunum. Erfitt getur verið að draga mörkin milli tæknilegra ákvarðana og pólitískrar stefnumótunar. Ákvarðanir, sem hafa víðtæk efnahagsleg og þjóðfélagsleg áhrif, á að taka á pólitískum forsendum en þar sem slíkar ákvarðanir virðast oft tæknilegar eru þær í raun teknar af sérfræðingum. Möguleikar ráðuneyta og stjórnmálamanna til að hafa áhrif á eftirlitsstarfsemina eru því oft takmarkaðir. Almenningur á erfitt með að hafa áhrif af sömu ástæðum.
- Erfitt er að fylgjast með framkvæmd eftirlits. Mjög algengt er að í lögum sé mikið vald framselt í hendur framkvæmdaraðila og oft eru það eftirlitsstofnanir sem skrifa reglugerðir án þess að embættismenn ráðuneyta og ráðherrar hafi raunverulega yfirsýn yfir efni og afleiðingar þeirra.
- Eftirlitsreglur hafa langtímaáhrif þó að þær aðstæður sem þær miðuðust við og þau gildi, sem þeim var ætlað að þjóna, hafi breyst. Erfitt er að meta raunveruleg áhrif þeirra og því er þeim ekki breytt þótt ástæður séu til þess.

Á undanförnum árum hefur athygli stjórnvalda í OECD-ríkjunum í auknum mæli beinst að eftirliti. Þau hafa vaxandi áhyggjur af eftirlitsstarfseminni og óttast neikvæð áhrif hennar á atvinnulíf og þjóðfélag. Því hafa flest ríkin sett af stað áætlanir um nýskipan eftirlitsstarfsemi. Nýskipan og umbótum er ætlað að bæta notkun eftirlits til að þjóna markmiðum um lýðræði, ábyrgð, þátttöku og gegnsæi og auka árangur eftirlitsstarfsemi og þjóðhagslegt gildi hennar. Nýskipan þjónar því bæði efnahagslegum og lýðræðislegum markmiðum. Nýskipan eftirlitsstarfsemi hefur yfirleitt falist í eftirtöldum þáttum:

- Yfirsýn yfir umfang eftirlitsstarfsemi og mat á heildaráhrifum hennar. Einn mikilvægasti þátturinn í nýskipan eftirlitsstarfsemi hefur verið að skapa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemina til að meta umfang, einkenni og afleiðingar hennar og skapa þannig grunn að heildstæðum umbótum. Til að mæta þessu hafa stjórnvöld í mörgum OECD-ríkjum sett upp kerfi til að fylgjast með eftirlitsstarfsemi, m.a. umfangi eftirlits, og hafa
- áreiðanlegar upplýsingar um magn eftirlitsreglna. Mikilvægur þáttur í að tryggja lýðræðislegt aðhald með eftirlitsstarfsemi er að löggjafinn fái aðgengilegar upplýsingar um eftirlit, kostnað og árangur þess.
- Mat á kostnaði og árangri eftirlitsstarfsemi. Eins og fram hefur komið er kostnaðar- og árangursmat lykilþáttur í mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Markmiðið er að dregið sé

úr eftirliti sem ekki skilar þjóðfélagslegum ábata og auka þannig velferð og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja.
- Umbætur á reglum og skipulagi og aðferðir til að tryggja að farið sé að settum reglum. Mögulegt er að bæta árangur eftirlitsstarfsemi með því að vanda undirbúning og beina starfseminni eins markvisst og unnt er að skilgreindum markmiðum.
- Þróun nýrra valkosta við hefðbundið eftirlit. Hið opinbera ræður yfir mörgum öðrum aðferðum en eftirliti til að hafa áhrif á athafnir. Oft getur verið hagkvæmt að nota aðrar aðferðir en beint eftirlit opinberra aðila, svo sem fjárhagslegar aðferðir, markaðsaðferðir, upplýsingar og fræðslu, reglur og eftirlit að frumkvæði hagsmunaaðila.
- Setning meginreglna um eftirlitsstarfsemi. Árangursríkt getur verið að stjórnkerfið fylgi samræmdum leiðbeiningum um eftirlitsstarfsemi. Því hafa mörg ríki mótað stefnu um eftirlitsmál í formi gátlista sem stjórnvöldum er gert að fara eftir við samningu eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits.

Mikið veltur á því að vel sé staðið að undirbúningi og framkvæmd umbóta og þær heyri undir áhrifaaðila í stjórnkerfinu og gangi þvert á stjórnkerfið. Meginvandamál eftirlitsstarfsemi er að hún er skipulögð eftir þröngum fagsviðum og ýmsum mikilvægum þáttum er annaðhvort sinnt á ósamhæfðan hátt eða alls ekki sinnt. Aðilar, sem annast framkvæmd umbóta, eru jafnframt samhæfingaraðilar í eftirlitsstarfsemi.

Nýskipan eftirlitsstarfsemi hér á landi.

Þegar rætt er um eftirlitsstarfsemi og þau vandamál sem hún getur haft í för með sér má ekki gleyma að á undanförnum árum hafa orðið mikilvægar breytingar á eftirlitsstarfsemi hér á landi. Segja má að grunnurinn að nýskipan eftirlitsstarfsemi hafi að hluta til verið lagður.

Mjög hefur verið dregið úr eftirliti ríkisins með viðskiptalífi og efnahagsstarfseminni almennt. Í stað nákvæms eftirlits eru kraftar markaðarins nýttir til að skapa hagkvæmni og stöðugleika. Frelsi í viðskiptum, bæði innflutningi og útflutningi, hefur aukist, og sama gildir um fjármagnsmarkaðinn, t.d. með auknu frjálsræði í gjaldeyris- og vaxtamálum og aukinni samkeppni. Mikilvægasta breytingin á þessu sviði felst þó e.t.v. í nýjum samkeppnislögum þar sem samkeppni og markaðsbúskapur eru endanlega fest í sessi sem meginregla í viðskiptum og horfið er frá verðlagseftirliti til samkeppniseftirlits.

Mikið af því eftirliti, sem nú hefur verið afnumið, átti rætur að rekja til kreppu- og eftirstríðsáranna. Í þessu sambandi er athyglisvert að þetta eftirlit hefur oft verið kennt við höft eða haftabúskap. Hvað sem um upphaflegt gildi eftirlitsreglna má segja er ljóst að jafnvel hinar gagnlegustu eftirlitsreglur geta verið fljótar að breytast í höft þegar aðstæður breytast.

Starfsumhverfi eftirlitsstarfsemi tekur miklum breytingum um þessar mundir. Með nýjum stjórnsýslulögum eru starfshættir eftirlitsstofnana felldir í fastara form. Lögfesting þátta eins og leiðbeiningarskyldu, rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, meðalhófsreglu, andmælaréttar, upplýsingaréttar, rökstuðnings úrskurða, kæruheimildar o.fl. getur í mörgum tilfellum haft veruleg áhrif á framkvæmd eftirlits.

Með aukinni alþjóðlegri samvinnu og samruna heimamarkaða í stærri markaðssvæði verður mikil breyting á eftirlitsstarfsemi. Eftirlitsaðilar í einstökum ríkjum eru ekki lengur að hafa eftirlit með afmörkuðum heimamarkaði, heldur eru þeir orðnir þátttakendur í eftirlitsneti fjölmargra eftirlitsaðila. Ákvæði um að eftirlitsaðilar starfi eftir samræmdum reglum og geri samræmdar kröfur er að finna í fjölmörgum alþjóðasamningum og er EES-samningurinn mikilvægastur þeirra.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að þróun ýmissa grunnþátta í tæknilegu eftirliti. Staðlaráð hefur verið eflt og aukin áhersla er lögð á þátttöku í staðlastarfi, bæði hér á landi

og í alþjóðlegum staðlastofnunum. Unnið er að uppbyggingu mælifræði sem er grunnur að öryggi í viðskiptum, prófunum eftirlitsaðila, ýmiss konar rannsóknar- og þróunarstarfi og iðnframleiðslu. Faggildingaraðili hefur tekið til starfa, en með faggildingu er hægt að staðfesta hæfni eftirlitsaðila (prófunar-, vottunar-, og skoðunarstofa). Vottunarstarf er að hefjast hér á landi, sérstaklega vottun gæðakerfa.

Allir þessir þættir skapa mikilvægar forsendur fyrir nýskipan eftirlitsstarfsemi. Þannig gefur stöðlun færi á að stjórnvöld dragi úr setningu nákvæmra reglna um ýmis atriði en feli þess í stað hagsmunaaðilum að móta þær með sammæli. Faggilding gefur möguleika á að eftirlitsþættir, sem hingað til hafa verið í höndum opinberra eftirlitsstofnana, séu færðir til sjálfstæðra fyrirtækja.

Jafnframt hafa nýjar aðferðir verið reyndar í stað hefðbundins eftirlits. Með gæðastjórnun og innra eftirliti má draga úr opinberu eftirliti. Með því að leggja á gjöld og skatta og beita öðrum fjárhagslegum aðferðum má oft ná meiri árangri en með eftirliti. Sama gildir um fræðslu, hún skilar oft meiri árangri en eftirlit. Allar þessar aðferðir hafa verið reyndar hér á landi og mikilvægt er að halda þróun þeirra áfram.

Auk almennra breytinga á tæknilegu eftirliti hefur átt sér stað mikilvæg nýskipan á ýmsum sviðum. Verulega hefur verið dregið úr opinberu eftirliti með fiskiðnaði og eftirlitið að miklu leyti fært til fyrirtækjanna og til sjálfstæðra skoðunarstofa. Unnið er að nýskipan rafmagnsöryggismála sem gerir ráð fyrir aukinni áherslu á innra eftirlit og að skoðanir verði í höndum sjálfstæðra skoðunarstofa. Í tengslum við nýskipan rafmagnsöryggismála hefur verið unnið að þróun markaðseftirlits sem er framkvæmt af sjálfstæðri skoðunarstofu. Með stofnun Bifreiðaskoðunar Íslands var tæknileg og fagleg geta til skoðunar ökutækja byggð upp og nú geta allar faggiltar skoðunarstofur tekið að sér skoðun ökutækja. Með skilagjaldi á einnota umbúðir drykkjarvara var gjaldtöku beitt til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og tryggja endurvinnslu.

Stefna um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist við að tryggja aukna hagkvæmni og sveigjanleika í eftirlitsstarfsemi hins opinbera er ljóst að þörf er á sífelldri endurskoðun og hagræðingu eftirlitsstarfsemi. Eftirlit er í eðli sínu starfsemi sem tekur sífelldum breytingum og stöðugt eru að bætast við nýjar eftirlitsreglur og eftirlitssvið. Stjórnvöld á hverjum tíma verða að hafa vakandi auga með umfangi eftirlitsstarfseminnar og reyna að móta samræmda stefnu um helstu þætti. Í ljósi þessa gerði nefndin tillögur að heildarstefnu um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnarinnar.

Tilgangur stefnunnar er að:

- einfalda kröfur til fyrirtækja um eftirlit og gera þeim auðveldara að uppfylla þær,
- auka þjóðhagslegt gildi eftirlits,
- draga úr heildarkostnaði við eftirlit,
- samþætta eftirlit,
- færa verkefni til sjálfstæðra aðila,
- beina gjaldtöku til þeirra sem þjónustunnar njóta.

Settar eru fram kröfur um hvaða aðferðir á að viðhafa við undirbúning og setningu eftirlitsreglna. Einungis þær eftirlitsreglur, sem uppfylla tiltekin skilyrði, komast til framkvæmda.

Aðferðirnar felast m.a. í formlegu áhættumati, mati á kostnaði og þjóðhagslegu gildi. Það ber að kanna ólíka valkosti og meta með formlegum hætti hvaða eftirlitsaðferð á best við hverju sinni. Einnig er gert ráð fyrir því að haft sé samráð, bæði innan og utan stjórnkerfisins. Tilgangur þess er ekki síst sá að þeir sem málið varðar komi að ákvörðunartöku og veiti stjórnvöldum aðhald við setningu eftirlitsreglna.

Settar eru fram nokkrar meginreglur um skipan eftirlits og um val á eftirlitsaðferð. Meðal annars eru settar fram reglur um að afskipti hins opinbera skuli vera eins takmörkuð og unnt er, að eftirlit skuli vera sveigjanlegt, að þeir sem eftirlit beinist að skuli geta valið milli ólíkra aðferða og aðila og að þeir geti notað heildstæðar aðferðir við að uppfylla ákvæði ýmissa reglna. Einnig eru settar meginreglur sem eiga að tryggja markvissa stjórnsýslu, svo sem um samþættingu verkefna, aðskilnað framkvæmdar frá stjórnsýslu, skýra ábyrgð og gegnsæi. Reglur eiga að vera einfaldar og veita fullnægjandi upplýsingar um eftirlit.

Stefnan um eftirlitsstarfsemi hins opinbera er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Megintilgangur frumvarps þessa er að skapa fastan grundvöll fyrir samhæfingu opinberrar eftirlitsstarfsemi og tryggja vönduð vinnubrögð við undirbúning og setningu eftirlitsreglna sem og við endurskoðun þeirra. Forsætisráðuneyti er falið að gegna þessu samhæfingarhlutverki og fylgjast með því að farið sé að ákvæðum laganna. Það skal hafa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi og annast heildarmat á áhrifum hennar, tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni og móta aðferðir við mat á eftirlitsstarfsemi.

Lögin hafa að geyma ákvæði um að þörf fyrir eftirlitsstarfsemi, áhrif hennar og þjóðfélagslegt gildi skuli metin með formlegum hætti. Gert er ráð fyrir að þau ráðuneyti, sem standa að undirbúningi og gerð eftirlitsreglna (lagafrumvarpa og reglugerða), framkvæmi matið. Forsætisráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um mat á reglugerðum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja í lögum og reglugerðum. Þannig er forsætisráðherra falið ákveðið stefnumarkandi hlutverk um þróun eftirlitsstarfsemi.

Gerð er krafa um að stjórnvöld haldi skrá yfir eftirlitsreglur sem sé aðgengileg almenningi. Skrár frá öllum stjórnvöldum og breytingar á þeim skulu sendar forsætisráðuneyti sem þannig fær yfirsýn yfir allar gildandi eftirlitsreglur. Reglugerðir skulu hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði. Við samningu, endurskoðun og framlengingu reglugerða fer fram mat á áhrifum þeirra.

Gert er ráð fyrir að skipuð verði sérstök nefnd til ráðgjafar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera og framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vandasamt er að skilgreina eftirlitsstarfsemi með fullnægjandi hætti. Hið opinbera hefur margs konar eftirlit sem ekki fellur undir eftirlitsstarfsemi í skilningi laganna. Lögin ná ekki til innra eftirlits hins opinbera, t.d. faglegs og fjárhagslegs eftirlits ráðuneytis með stofnun eða eftirlits ríkis með sveitarfélögum. Ekki er heldur ætlunin að lögin nái til skatteftirlits eða annars eftirlits varðandi skatta og gjöld, tollgæslu og löggæslu. Þá munu lögin ekki ná til eftirlits vegna laga sem tengjast persónulegri hegðun einstaklinga eins og sifjamála, vernd barna og ungmenna o.s.frv.

Lögunum er fyrst og fremst ætlað að taka til þeirra sérhæfðu eftirlitsreglna sem beinast að starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Hér eru um að ræða öryggiseftirlit af ýmsu tagi og eftirlit með viðskiptalífi og atvinnustarfsemi.

Um 2. gr.

Markmið laganna er í stuttu máli að eftirlitsstarfsemi nái yfirlýstum markmiðum og hafi ekki óæskileg áhrif á þjóðfélagið. Einungis verði gripið til eftirlits ef sýnt þykir að ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn. Þá er lögunum ætlað að vinna gegn því að eftirlitsstarfsemi mismuni einstaklingum og fyrirtækjum og takmarki athafnafrelsi nema ríkir almannahagsmunir krefjist þess og ekki sé hægt að ná sama árangri með öðrum aðferðum.

Um 3. gr.

Ráðuneytum er falið að meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar er meira en kostnaður eftirlitsins. Með áhættumati er umfang þess vanda, sem eftirlitinu er ætlað að vinna gegn metið og sá skaði sem skortur á reglum og eftirliti veldur. Greina þarf orsakir og afleiðingar vandans og beita nýjustu þekkingu á viðkomandi sviði. Mikilvægt er að meta erlendar skuldbindingar vegna eftirlits því að oft er eftirlit tilkomið vegna erlendra skuldbindinga. Á hinn bóginn getur þátttaka í alþjóðlegu samstarfi í ýmsum tilfellum dregið úr þörf fyrir eftirlit hér á landi, t.d. þegar erlendar vörur eru viðurkenndar á grundvelli eftirlits sem haft er með þeim í framleiðsluríkinu.

Nauðsynlegt er að reyna að meta allan kostnað vegna eftirlits, þ.e. kostnað hins opinbera, fyrirtækja og einstaklinga. Oft er erfitt að meta kostnaðinn og slíkt mat er ávallt bundið nokkurri óvissu. En jafnvel ónákvæmt mat getur gefið mikilvægar vísbendingar um raunverulegan kostnað. Mat á þjóðhagslegu gildi eftirlits krefst þess að bæði kostnaður og ávinningur sé metinn. Til eru formlegar aðferðir til að framkvæma slíkt mat (kostnaðar- og nytjagreining (e. cost-benefit analysis) og kostnaðar- og áhrifagreining (e. cost-effectiveness analysis)) en einnig er hægt að nota óformlegri aðferðir til að gefa vísbendingar um þjóðhagslegt gildi.

Það er mjög mismunandi hversu umfangsmiklar einstakar eftirlitsreglur eru. Matið verður að endurspegla þetta og að sjálfsögðu verður umfang þess að vera í samræmi við umfang þeirrar eftirlitsstarfsemi sem meta á.

Um 4. gr.

Ástæða þess að rétt þykir að reglugerðir um eftirlitsstarfsemi séu með ákvæðum um gildistíma eða endurskoðun er sú staðreynd að þær eru yfirleitt tæknilegs eðlis og sniðnar að tiltekinni tækni og skipulagi. Þær úreldast því mjög fljótt. Alltof oft eru reglugerðir í gildi eftir að þær eru orðnar tæknilega úreltar eða hafa misst gildi sitt af öðrum ástæðum. Með gildistíma- og endurskoðunarákvæðum er verið að auka líkurnar á því að efni reglugerða sé endurskoðað þegar ástæða er til. Hámarksgildistími reglugerða og endurskoðunarákvæða er fimm ár. Sérstök ákvæði eru um að ekki megi framlengja reglugerð án þess að fram fari nýtt mat á áhrifum hennar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna verði sem mest í höndum einstakra ráðuneyta sem bera ábyrgð á eftirlitsstarfsemi. Þó er þörf á því að forsætisráðuneyti annist lágmarkssamhæfingu og sjái um sameiginleg verkefni. Ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi forsætisráðuneytisins í þessu sambandi. Mögulegt er að leitað verði til aðila innan og utan ríkiskerfisins til að vinna að tilteknum verkþáttum.

Um 6. gr.

Nefndinni er ætlað að vera óháður aðili sem standi fyrir sjálfstæðum athugunum á eftirlitsstarfsemi og veiti umsagnir um hana. Þeir sem eftirlit beinist að og aðrir hagsmuna-

aðilar eiga að geta leitað til nefndarinnar ef þeir telja að endurbóta sé þörf og fengið umsögn hennar um erindið. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar. Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji einstaklingar sem hafa sérþekkingu á eftirlitsstarfsemi eða viðfangsefnum hennar og að hún verði að hluta til skipuð hagsmunaaðilum. Eðlilegt þykir að skipunartími nefndarinnar sé bundinn við starfstíma þess forsætisráðherra sem skipaði hana, enda er gert ráð fyrir að hún sé forsætisráðherra til ráðgjafar og að áherslur hennar mótist að hluta til af áherslum forsætisráðherra og ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða verða gildandi eftirlitsreglur endurskoðaðar á næstu þremur árum. Í þessu felst að ráðuneyti fara á gagnrýninn hátt yfir lög og reglugerðir og framkvæma formlegt mat á ákvæðum þeirra. Í ljósi þessa mats munu þau síðan ákveða hvort ástæða sé til breytinga. Ljóst er að í mörgum tilvikum verða ráðuneyti að hafa samstarf sín á milli, enda eru oft náin tengsl milli eftirlitsreglna tveggja eða fleiri ráðuneyta. Því er gert ráð fyrir að forsætisráðuneyti muni gegna samhæfingarhlutverki í þessari endurskoðun og fylgjast með framgangi hennar.

Fylgiskjal I.

Heildarstefna um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

1. Mat á æskilegu umfangi eftirlits.

Þegar ráðgert er að stofna til eftirlits sem ætlað er að leysa tiltekinn vanda eða þegar greina þarf þörf fyrir eftirlit skulu viðkomandi stjórnvöld láta gera úttekt á eftirgreindum þáttum áður en tillögur eru gerðar um eftirlit og fyrirkomulag þess.

1.1. Greining á þörf fyrir eftirlit.

1.1.1. Skilgreina nákvæmlega þann vanda sem er ætlað að vinna gegn og greina orsakir hans, helstu einkenni og afleiðingar.

1.1.2. Meta þá áhættu sem fólgin er í því að grípa ekki inn í athafnir einstaklinga og fyrirtækja með formlegu áhættumati og m.a. meta það fjárhagslega tjón sem þjóðfélagið verður fyrir. Áhætta skal metin á grundvelli viðurkenndra vísindalegra aðferða og nýjustu þekkingar á hverju sviði fyrir sig.

1.1.3. Kanna hvort til sé skýr lagalegur grunnur til að byggja eftirlit á.

1.1.4. Kanna hvort fyrir hendi séu alþjóðlegar skuldbindingar um eftirlit.

1.1.5. Meta að hve miklu leyti alþjóðlegt eftirlit dregur úr þörf fyrir sérstakt eftirlit hér á landi.

1.2. Mat á kostnaði við eftirlit.

1.2.1. Meta kostnað sem eftirlitsstarfsemi hefur í för með sér. Með kostnaði er átt við beinan kostnað opinberra aðila og kostnað atvinnulífs og einstaklinga.

1.2.2. Meta óbeinan kostnað samfélagsins. Slíkur kostnaður getur m.a. orðið til ef eftirlitsstarfsemi dregur úr samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja, nýsköpun o.s.frv.

1.2.3. Til að koma í veg fyrir mismunun og ójafna samkeppnisstöðu verði fjárhagsleg áhrif á einstök svið þjóðfélagsins og atvinnugreinar metin.

1.3. Mat á gildi og árangri eftirlits.

1.3.1. Meta þjóðhagslegt gildi eftirlits. Við slíkt mat skal bæði metið beint gildi eftirlits og einnig jákvæð áhrif þess á aðra þætti en þá sem meginmarkmið þess snýr að.

1.3.2. Leitast skal við að leggja fjárhagslegt mat á þjóðhagslegt gildi eftirlits.

1.3.3. Nota skal viðurkenndar aðferðir til að bera saman kostnað og áætlaðan árangur. Ef heildarumfang eftirlits er mikið skal beita viðameiri greiningaraðferðum svo sem kostnaðar- og nytjagreiningu (e. cost-benefit analysis) eða kostnaðar- og áhrifagreiningu (e. cost-effectiveness analysis).

1.3.4. Þróa skal aðferðir til að meta hvort árangur eftirlits sé sá sem í upphafi var reiknað með.

2. Skipulag eftirlits.

Ef niðurstaða ofangreinds mats er sú að eftirlit geti leyst tiltekinn vanda og að ávinningur þess sé meiri en kostnaður skal meta hvaða eftirlitsaðferð hentar best. Við mat á því er byggt á nokkrum meginatriðum.

2.1. Eftirlitsaðferðir.

Meta verður hvaða eftirlitsaðferð hentar best í hverju tilfelli fyrir sig. Þær eftirlitsaðferðir, sem koma til greina, eru sýndar í sérstökum „eftirlitspíramíta“:



2.2. Meginatriði við val á eftirlitsaðferð.

2.2.1. Við val á eftirlitsaðferð sé metið hversu mikil hætta er á óæskilegum frávikum og hversu auðvelt er að setja skilgreindar reglur um framkvæmd eftirlits.

2.2.2 Að valin sé sú eftirlitsaðferð sem hefur mestan ávinning í för með sér að teknu tilliti til heildarkostnaðar.

2.2.3. Að opinber afskipti séu eins takmörkuð og unnt er og dregið verði úr beinni ábyrgð hins opinbera á eftirliti en þess í stað lögð áhersla á ábyrgð einstaklinga og fyrirtækja. Að ekki séu settar sértækar kröfur í lögum og reglugerðum nema slíkt sé nauðsynlegt og fremur sé beitt almennum reglum þegar slíkt er unnt.

2.2.4. Að þeir sem eftirlit beinist að geti valið milli mismunandi aðferða við að uppfylla settar reglur og milli hæfra eftirlitsaðila.

2.2.5. Að sveigjanleiki eftirlitskerfisins verði sem mestur, að leitast sé við að samþætta eftirlitsþætti og að þeir sem eftirlit beinist að geti notað heildstæðar aðferðir við að uppfylla ólík ákvæði um eftirlit.

2.2.6. Þau meginatriði sem að ofan eru nefnd verða best tryggð ef valin er eftirlitsaðferð eins neðarlega í eftirlitspíramítanum og unnt er. Mjög ríkir hagsmunir verða að vera til þess að réttlætanlegt sé að færa eftirlitsstarfsemi frá neðri þrepum píramítans til hinna efri.

3. Stjórnsýsla og reglur.

Við mat á skipan stjórnsýslueftirlits skal byggt á tilteknum meginsjónarmiðum. Þær reglur (lög, reglugerðir, verklagsreglur) sem settar eru skulu einnig uppfylla tiltekin skilyrði.

3.1. Skipan stjórnsýslu.

3.1.1. Samþætta skal stjórnsýslu eftirlitsmála eftir því sem unnt er með það að markmiði að auka hagkvæmni og einfalda samskipti einstaklinga og fyrirtækja við stjórnvöld.

3.1.2. Gæta skal að því að ekki séu árekstrar milli þeirra hlutverka sem einstökum stjórnvöldum eru falin. Með þessu er átt við að það séu ekki sömu aðilar sem setji reglur, annist framkvæmd eftirlits, meti niðurstöður, felli úrskurði og ákvarði viðurlög. Sérstaklega er mikilvægt að skilið sé á milli framkvæmdar eftirlits og annarra þátta. Einnig er mikilvægt að til séu skilgreindar áfrýjunarleiðir innan stjórnsýslunnar.

3.1.3. Leita skal hagkvæmra leiða til að fjármagna eftirlitsstarfsemi. Æskilegt er að kostnaðurinn komi sem mest inn í verð þeirrar vöru og starfsemi sem er þess eðlis að þörf er talin á eftirliti. Einnig er æskilegt að kostnaðurinn lendi í ríkara mæli á þeim sem brjóta settar reglur en þeim sem virða þær.

3.1.4. Skipulag eftirlits skal vera með þeim hætti að ljóst sé hvaða aðilar bera ábyrgð á hverjum þætti þess. Eftirlitið skal vera gegnsætt, þannig að það sé ljóst í hverju það felst og hvort því sé sinnt með þeim hætti sem reglur segja til um.

3.2. Reglur.

3.2.1. Þær reglur og kröfur, sem settar eru, skulu vera eins einfaldar og unnt er og á eins skýru og auðskiljanlegu máli og unnt er. Stjórnvöld skulu veita fullnægjandi upplýsingar um eftirlitsstarfsemi.

3.2.2. Áður en nýjar reglur eru settar eða reglum breytt skal hafa samráð við önnur ráðuneyti og stofnanir sem málið varðar eða halda uppi eftirlitsstarfsemi sem beinist að einhverju leyti að sömu viðfangsefnum.

3.2.3. Áður en nýjar reglur eru settar eða reglum breytt skal hafa samráð við þá sem eftirlit beinist að. Þeim skal gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri og gera tillögur um fyrirkomulag eftirlits.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Megintilgangur með frumvarpinu er að skapa fastan grundvöll fyrir samhæfingu opinberrar eftirlitsstarfsemi og tryggja vönduð vinnubrögð við undirbúning, setningu og endurskoðun eftirlitsreglna. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var gengist undir þá skyldu að setja í íslenska löggjöf mikinn fjölda af reglum Evrópusambandsins. Stór hluti þessara reglna gerir kröfur um eftirlit af einhverju tagi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að endurskoðun á eftirlitsstarfsemi sé þáttur í þeirri almennu viðleitni stjórnvalda að hagræða í ríkisrekstri og endurmeta hvaða verkefni er eðlilegt að ríkið annist. Ýmis ákvæði eru í frumvarpinu sem ætla má að geti leitt til lægri kostnaðar við eftirlitsstarfsemi en ella yrði. Það er þó verulega háð því að kostnaður við eftirlitið sé að stærstum hluta borinn af þeim sem eftirlitið beinist að og því er ætlað að vernda, þ.e. framleiðendum og neytendum. Má þar í fyrsta lagi nefna ákvæði í 3. gr. sem kveður á um að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til eftirlits skuli viðkomandi ráðuneyti meta þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og hvort gildi hennar sé meira en kostnaður þjóðfélagsins. Í öðru lagi geta þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af eftirlitsstarfsemi óskað eftir athugun sérstakrar ráðgjafarnefndar á tilteknum þáttum eftirlitsstarfseminnar. Loks er í 4. gr. kveðið á um að reglugerðir um eftirlitsstarfsemi skuli hafa takmarkaðan gildistíma, að hámarki fimm ár. Þetta ákvæði ætti að gefa tilefni til að fella úr gildi eftirlitsreglur sem hafa lítið vægi.

Forsætisráðuneyti er ætlað að annast framkvæmd laganna. Gera má ráð fyrir að árlegur kostnaður ráðuneytisins af þessu verði 5–6 m.kr. Er þá gert ráð fyrir launum eins starfsmanns og rekstrarkostnaði honum tengdum, þóknun til eftirlitsnefndar og einhverjum kaupum á sérfræðiþjónustu.

456. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Lillý Baldursdóttur og Birgi Blöndal frá félagsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Bændasamtökum Íslands, Bjargráðasjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði með lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Í stað hlutdeildar Bjargráðasjóðs í búnaðarmálasjóðsgjaldi kemur hlutdeild í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laganna og viðauka við þau. Hér er einungis um að ræða lagfæringu vegna laga um búnaðargjald sem felur ekki í sér efnislega breytingu á lögunum.

Félagsmálanefnd mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 10. des. 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Kristján Pálsson.	Ögmundur Jónasson.
Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

457. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steingrím Ara Arason, Indriða Þorláksson, Magnús Pétursson, Margréti Gunnlaugsdóttur og Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Grétar Þorsteinsson og Ástráð Haraldsson frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson frá VSÍ, Hrafn Magnússon, Kára Arnór Kárason og Benedikt Davíðsson frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Birgi Björn Sigurjónsson og Mörthu Á. Hjálmarsdóttur frá BHM, Eirík Jónsson frá KÍ, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Jónas Friðrik Jónsson frá Verslunarráði Íslands, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Gunnar Baldvinsson frá Samtökum verðbréfafyrirtækja, Erlend Lárusson og Jóhönnu Gústafsdóttur frá Vátryggingaeftirlitinu og Þórð Ólafsson og Ástu Þórarinsdóttur frá Seðlabanka Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Lífeyrissjóði Félags íslenskra stjórnarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli, Neytendasamtökunum, Lífeyrissjóði Bolungarvíkur, Hagli, Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, Vátryggingaeftirlitinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum fólks um lífeyrissparnað, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandinu, Landssambandi lífeyrissjóða og Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Ákvæði frumvarpsins miða að því að setja almenna umgjörð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Því er fyrst og fremst ætlað að skilgreina inntak skyldutryggingarinnar og samninga um lífeyrissparnað, setja almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða og heimildum þeirra til fjárfestingar og kveða á um eftirlit með lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um starfsemi einstakra sjóða í staðfestum samþykktum þeirra en auk þess verði í almennri reglugerð kveðið nánar á um ýmis ákvæði laganna.

Nefndin skoðaði sérstaklega athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins. Af því tilefni vill nefndin árétta þann skilning á ákvæði 2. gr. að þótt viðurkennt sé að hóptrygging lífeyrissjóðanna sé mikilvæg forsenda núverandi réttindaávinnslu og vandséð á hvern veg henni yrði náð með einstaklingsbundinni aðild að sjóðunum er grundvöllur að starfsemi lífeyrissjóðanna ekki við það bundinn að þvinga sjálfstætt starfandi menn til þátttöku. Þá er það einnig skilningur nefndarinnar með hliðsjón af ákvæði 2. gr. að starfi einstaklingur án þess að ráðningarbundin starfskjör hans grundvallist að nokkru leyti á kjarasamningi þá sé hann óbundinn af aðild að tilteknum lífeyrissjóði. Þetta er áréttað vegna þess að í athugasemdum við 2. gr. er orðalag að eins öðruvísi.

Þá ræddi nefndin einnig athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins um fjárhagslegan aðskilnað. Nefndin telur rétt að taka það fram að ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað í 5. gr. skuli túlkað á sama hátt og 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga og það falli í hlut samkeppnisyfirvalda að úrskurða í ágreiningsmálum sem því tengjast.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú orðalagsbreyting á 2. gr. að orðasambandið „að öðru leyti“ verði fellt út úr 1. málsl. 2. mgr. en því er talið ofaukið í greininni.
2. Lagðar eru breytingar á 3. og 6. gr. Breytingar á 6. gr. miða að því að ríkisskattstjóri hafi eftirlit með að skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé sinnt og að lífeyrissjóðir og launagreiðendur sendi honum upplýsingar um iðgjaldaskil. Einnig er við það miðað að lífeyrissjóðirnir sjái sjálfir um innheimtuna en í þeim tilvikum þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um aðild verði Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda falið að innheimta iðgjaldið. Í þessu felst sú breyting að horfið er frá því að fela ríkisskattstjóra að leggja á menn iðgjald. Í samræmi við þessar breytingar eru lagðar til breytingar á 3. gr. um iðgjaldsstofninn. Þeirri breytingu er ætlað að auðvelda eftirlitið með því að skilgreina stofninn þannig að hann falli sem best að upplýsingum í framtölum og á launamiðum. Jafnframt felst í þessu sú efnisbreyting að ekki verður tekið iðgjald af hlunnindum, enda almennt ekki gert nú.
3. Lögð er til sú breyting á 7. gr. að eindagi iðgjaldagreiðslutímabils verði hinn sami hjá öllum sjóðum. Eindagi verði síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga.
4. Lögð er til sú viðbót við 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. að rétthafa sé heimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign ef samkomulag er gert skv. 1.–3. tölul. 3. mgr. 14. gr.
5. Lagðar eru til tvær breytingar á 9. gr. Annars vegar er lögð til sú breyting á 4. málsl. 1. mgr. að heimilt sé að segja upp samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað með sex mánaða fyrirvara, en orðalag takmarkist ekki eingöngu við samning um viðbótartryggingavernd. Hins vegar er lögð til orðalagsbreyting á 5. málsl. 1. mgr. sem miðar að því að gera ákvæðið skýrara. Ákvæðið felur það í sér að uppsögn á framangreindum samningi tekur ekki gildi fyrr en sá sem segir samningi upp hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs sem ráðstafar iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar.
6. Lögð er til sú breyting á 2. málsl. 3. mgr. 14. gr. að hugtaksskilgreining er gerð nákvæmari og í stað sambúðar verði í ákvæðinu rætt um óvígða sambúð, sbr. 16. gr.
7. Lagðar eru til tvær breytingar á 16. gr. Annars vegar er lögð til breyting á 1. mgr. sem kveður á um að lífeyrissjóður skuli greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga ef hann hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum fyrir andlát sitt eða notið elli- eða örorkulífeyris. Breytingin miðar að því að bætt verði við tilvísun um rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr., en með því er tryggt að réttindi maka skerð-

ist ekki vegna tímabundinnar fjarveru sjóðfélaga á vinnumarkaði. Hins vegar er lögð til sú breyting á 4. mgr. að bætt verði við orðinu „framreikningsreglur“ í upptalningu á því sem setja skal frekari ákvæði um í samþykktir lífeyrissjóða.

8. Lagðar eru til tvær breytingar á 17. gr. Sú fyrri er efnislega sambærileg breytingu sem lögð er til á 1. mgr. 16. gr., sbr. 7. lið hér að framan, en í 1. mgr. 17. gr. segir að ef sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- og örorkulífeyris við andlátið skuli börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Breytingin miðar að því að bætt verði við tilvísun um rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr. Síðari breytingin lýtur að því hvaða ákvæði skuli sett í samþykktir lífeyrissjóða um barnalífeyri. Lagt er til að við 3. mgr. bætist ákvæði um að setja skuli reglur um hvaða fjárhæð skuli greiða þegar makalífeyrir vegna barns er ekki greiddur, en slík tilfelli geta komið upp þegar einstætt foreldri fellur frá eða ef báðir foreldrar falla frá á sama tíma.
9. Lagðar eru til tvær breytingar á 18. gr. Annars vegar er lagt til að sjóðfélagi sjálfur og ríkisskattstjóri eigi ótvírætt rétt á aðgangi að upplýsingum úr skrá þeirri sem lífeyrissjóðum er skylt að halda skv. 1. mgr. Eðlilegt þykir að sjóðfélagi eigi sjálfstæðan rétt til upplýsinga um réttindi sín hjá lífeyrissjóði. Þá er talið nauðsynlegt að ríkisskattstjóra sé veitt slík heimild vegna eftirlitshlutverks hans skv. 6. gr. Hins vegar er lagt til að á eftir 2. mgr. verði bætt við nýrri málsgrein sem kveður á um að sjóðfélagi eigi rétt á að lífeyrissjóður rökstyðji skriflega ákvörðun er hann varðar. Í rökstuddri ákvörðun skal getið um rétt sjóðfélaga til að skjóta ákvörðun til gerðardóms, sbr. 33. gr. Sjá umfjöllun um gerðardóm í 11. lið hér á eftir.
10. Lagðar eru til tvær breytingar á 19. gr. Annars vegar er lagt til að bætt verði við ákvæði í síðari málslið 2. mgr. um að í reglugerð sem m.a. kveður á um skiptingu lífeyrisgreiðslna milli sjóða þegar lífeyrisréttindi hafa myndast í fleiri en einum sjóði skuli einnig kveðið á um hvernig þau réttindi leggjast saman. Hins vegar er lagt til að við síðari málslið 4. mgr. bætist að ekki sé heimilt nema á tryggingafræðilegum forsendum að takmarka endurgreiðslu iðgjalda til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytja úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi.
11. Lagt er til að ný grein bætist við frumvarpið er verði 33. gr. Í greininni segir að ef sjóðfélagi vill ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar geti hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélaga, einum tilnefndum af viðkomandi lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim aðila sem tilgreindur er í samþykktum viðkomandi sjóðs. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en ⅓ hluta hans. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.
12. Lagðar eru til breytingar á 34. og 35. gr. sem miða að því að aðgreina nánar bankaeftirlitið sem eftirlitsaðila annars vegar og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða hins vegar.
13. Lagðar eru til tvær breytingar á 36. gr. Annars vegar er lögð til breyting á 10. tölul. 1. mgr. sem kveður á um að lífeyrissjóði sé heimilt að ávaxta fé sitt með gerð afleiða sem draga úr áhættu sjóðsins. Lagt er til að í stað orðsins „afleiða“ komi orðið „afleiðusamninga“. Breytingin er lögð til þar sem hugtakið „afleiða“ er hvergi að finna skilgreint í íslenskum rétti. Hins vegar er hugtakið afleiðusamningur notað í þessu samhengi og það skilgreint í 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands frá 14. júní 1996 um mat á áhættugrunni við

útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Hins vegar er lagt til að bætt verði við undantekningu á ákvæði 3. málsl., sem kveður á um að lífeyrissjóði sé eigi heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama aðila. Breytingin miðar að því að lífeyrissjóði sé heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa. Þessi undanþága frá hinni almennu reglu um hámarkseign er talin nauðsynleg þar sem sjóðirnir þurfa að geta stofnað félög um tiltekna þætti í starfsemi sinni.

Alþingi, 10. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon.	Gunnlaugur M. Sigmundsson, með fyrirvara.

458. Breytingartillögur [249. mál]

við frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „að öðru leyti“ 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.
   Lífeyrissjóðum er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi sem greitt hefur verið til sjóðsins fyrir hvern sjóðfélaga á því ári.

Launagreiðendur og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og aðrir þeir sem inna af hendi iðgjaldsskyldar greiðslur, skulu að tekjuári liðnu tilgreina á launamiðum eða á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður þá fjárhæð sem iðgjöld hvers manns miðuðust við ásamt heildariðgjaldi sem skilað hefur verið til lífeyrissjóðs.

Hver sá sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði samkvæmt lögum þessum og er framtalsskyldur skv. 91. gr. laga nr. 75/1981 skal í framtali sínu tilgreina þau iðgjöld til lífeyrissjóða sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði sem hann hefur greitt til.

Að tekjuári liðnu skal ríkisskattstjóri senda hverjum og einum lífeyrissjóði yfirlit vegna hvers manns sem er aðili að sjóðnum samkvæmt þeim upplýsingum sem embættið hefur fengið samkvæmt þessari grein. Á yfirlitinu skulu koma fram iðgjaldsstofn og greitt iðgjald hvers manns og mótframlag launagreiðanda. Sé enginn lífeyrissjóður tilgreindur á framtölum eða skilagreinum launagreiðanda og lífeyrissjóða skal senda yfirlitið til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sem skal þá innheimta iðgjaldið.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

4. Við 7. gr. Í stað orðanna „eigi síðar en 30 dögum frá því að“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: síðasti dagur sama mánaðar og.
5. Við 8. gr. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: eða lífeyrisréttindi í séreign nema með samkomulagi skv. 1.–3. tölul. 3. mgr. 14. gr.
6. Við 9. gr.
   a. Orðin „um viðbótartryggingavernd“ í 4. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. 5. málsl. 1. mgr. orðist svo: Uppsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en sá sem segir samningi upp hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs sem ráðstafar iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar.
7. Við 14. gr. Í stað orðsins „sambúð“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: óvígð sambúð.
8. Við 16. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Lífeyrissjóður skal greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga ef hann hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum fyrir andlát sitt, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr.
   b. Á eftir orðunum „fjárhæð hans“ í 4. mgr. komi: framreikningsreglur.
9. Við 17. gr.
   a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr. skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs.
   b. Við 3. mgr. bætist: og fjárhæð þegar makalífeyrir vegna barns er ekki greiddur.
10. Við 18. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sjóðfélagi á rétt á aðgangi að upplýsingum er varða hann sjálfan. Jafnframt skal ríkisskattstjóri eiga aðgang að nauðsynlegum upplýsingum úr skránni vegna eftirlits hans skv. 6. gr.
   b. Við bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

      Sjóðfélagi á rétt á að lífeyrissjóður rökstyðji skriflega ákvörðun er hann varðar. Í rökstuddri ákvörðun skal getið um rétt sjóðfélaga til að skjóta ákvörðun til gerðardóms, sbr. 33. gr.

11. Við 19. gr.
    a. Á eftir orðunum „einum sjóði“ í síðari málslið 2. mgr. komi: hvernig réttindi leggjast saman.
    b. Við síðari málslið 4. mgr. bætist: nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.
12. Við 27. gr. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Hlutverk og skipan gerðardóms.
13. Við 31. gr. 3. mgr. flytjist í 33. gr., sem verði 32. gr., og verði 2. mgr. hennar.
14. Við 32. gr.
    a. Greinin flytjist í 31. gr. og verði 3.–5. mgr. hennar.
    b. Orðin „31. gr.“ í 3. mgr. falli brott.
15. Við bætist ný grein, 33. gr., svohljóðandi:

    Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélaga, einum tilnefndum af viðkomandi lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim aðila sem tilgreindur er í samþykktum viðkomandi sjóðs. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en ⅓ hluta málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.
16. Við 34. gr. Við 3. mgr. bætist: skv. 1. mgr.
17. Við 35. gr. Á eftir orðinu „lífeyrissjóðs“ í inngangsmálslið 1. mgr. komi: skv. 1. mgr. 34. gr.
18. Við 36. gr.
    a. Í stað orðsins „afleiða“ í 10. tölul. 1. mgr. komi: afleiðusamninga.
    b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa.
19. Við 42. gr. Í stað tilvísunarinnar „33. gr.“ í 4. mgr. komi: 32. gr.

459. Nefndarálit [339. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson, Kristínu Haraldsdóttur og Jón B. Jónasson. Frumvarpið felur í sér lítils háttar

lagfæringar á ákvæðum laganna frá því í vor sem komið hefur í ljós að þurfi að gera. Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form, frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Árnason.
Lúðvík Bergvinsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Einar Oddur Kristjánsson.

460. Frumvarp til laga [347. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra þar sem aðilar eiga lögheimili“ í 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ríkisskattstjóri getur falið skattstjórum að kanna starfsemi framleiðenda í viðkomandi umdæmi til að ganga úr skugga um að gjaldskyldir aðilar hafi tilkynnt um starfsemi sína.

2. gr.

Í stað orðsins „skattstjóra“ 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

3. gr.

Í stað orðsins „skattyfirvöldum“ 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: ríkisskattstjóra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við greinina bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisskattstjóri annast álagningu vörugjalds vegna innlendrar framleiðslu og innflutnings aðila sem skráðir eru skv. 5. gr.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ríkisskattstjóri og framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Ríkisskattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollyfirvalda um tollflokkun vöru er bindandi fyrir framleiðanda og skattyfirvöld.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og

desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 5. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

b. Á eftir orðunum „skv. 5. gr.“ í 2. málsl. 3. mgr., 2. málsl. 4. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. kemur: eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.

c. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 3. og 4. málsl. 5. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

d. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

6. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Framleiðendur vöru, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, geta fengið heimild ríkisskattstjóra til að kaupa af innflytjendum, innlendum framleiðendum og aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr. hráefni eða efnivöru án vörugjalds. Slík heimild veitir framleiðanda jafnframt heimild til endurgreiðslu á vörugjaldi af hráefni og efnivöru sem hann hefur sjálfur flutt til landsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. Í umsókn skal m.a. tilgreina um hvers kyns framleiðslu að ræða og til hvaða hráefna eða efnivöru óskað að heimildin nái. Telji ríkisskattstjóri skilyrði vera til niðurfellingar gefur hann út heimild til viðkomandi til innflutnings eða kaupa á tilteknu hráefni eða efnivöru án vörugjalds.

Innflytjandi getur á gjalddaga hvers uppgjörstímabils fengið endurgreitt vörugjald af vörum sem hann hefur flutt til landsins en hafa á uppgjörstímabili annaðhvort verið seldar án vörugjalds til framleiðanda eða verið nýttar í framleiðslu innflytjanda sjálfs samkvæmt heimild í 1. mgr. Innflytjandi skal tilgreina í sérstakri skýrslu til ríkisskattstjóra um slíka sölu eða nýtingu, þar með talið til hvaða aðila vara er seld, magn vöru og tegund, svo og fjárhæð vörugjalds. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi vörugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.

Heimild samkvæmt þessari grein nær einungis til hráefnis eða efnivöru sem verður hluti af hinni endanlegu framleiðsluvöru. Heimildin nær hvorki til kaupa eða innflutnings á efnivörum til byggingar eða viðhalds á fasteignum né til nýsmíði eða viðgerða á ökutækjum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: tollstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins eða til ríkisskattstjóra.

b. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.

c. 3. mgr. orðast svo:

Gjaldskyldur aðili getur skotið úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „tollalaga“ kemur: um innfluttar vörur.

b. Á eftir orðinu „virðisaukaskatt“ kemur: um innlendar framleiðsluvörur.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. Eftirfarandi tollskrárnúmer fellur brott úr A-lið viðaukans: 2106.9024.

b. Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr B-lið viðaukans: 2202.1002 og 2202.9002.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem hafa verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga þessara skal fyrsta uppgjörstímabil vörugjalds samkvæmt lögum þessum vera einn mánuður, febrúar 1998. Um uppgjörstímabil og gjalddaga vörugjalds vegna innflutnings og sölu á vörugjaldsskyldum vörum í desember 1997 og janúar 1998 fer eftir ákvæðum laga nr. 97/1987 eins og þau eru fyrir gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga þessara skulu ákvæði laga þessara, að því leyti sem þau lúta að tilfærslu verkefna frá skattstjóra og tollstjóra til ríkisskattstjóra, ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. maí 1998. Þannig skulu skattstjórar annast álagningu vörugjalds vegna innlendrar framleiðslu á uppgjörstímabilinu mars og apríl 1998. Sömuleiðis skulu ákvæði laga þessara um niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds af hráefni til framleiðslu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. maí 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru einkum lagðar til þrenns konar breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Í fyrsta lagi er lagt til að álagning og eftirlit með vörugjaldsskilum innan lands verði færð frá einstökum skattstjórum til ríkisskattstjóra, í annan stað að í lögunum verði með ótvíræðum hætti kveðið á um heimild til sölu eða innflutnings á hráefni eða efnivöru án vörugjalds til innlendrar framleiðslu, hvort sem um gjaldskylda eða ógjaldskylda framleiðsluvöru er að ræða og í þriðja lagi að uppgjörstímabil vörugjalds verði samræmd uppgjörstímabilum virðisaukaskatts og gjalddagar verði þeir sömu og gjalddagar virðisaukaskatts vegna sölu á vöru og þjónustu hér á landi. Þá eru lagðar til smávægilegar breytingar á viðauka I við lögin, en í honum er kveðið á um hvaða vörur séu gjaldskyldar. Rétt þykir að gera sérstaklega grein fyrir helstu breytingum, hverri fyrir sig.

Álagning og eftirlit fært til ríkisskattstjóra.

Samkvæmt gildandi lögum annast einstakir skattstjórar álagningu vörugjalds vegna innlendrar framleiðslu og hafa þeir jafnframt eftirlit með gjaldskyldri starfsemi. Þetta verkefni skattstjóra kemur til viðbótar meginverkefnum þeirra, en þau eru álagning og eftirlit með skilum á annars vegar virðisaukaskatti og hins vegar tekju- og eignarskatti. Skort hefur á að skattstjórar hafi getað sinnt nægilega þeim verkefnum er lúta að vörugjaldi. Kemur þar í fyrsta lagi til að takmarkaður mannafli er á skattstofum landsins til að annast framkvæmd vörugjalds. Meginástæðan er að jafnaði lögð á álagningu og eftirlit með skilum á virðisaukaskatti og tekju- og eignarskatti og vill brenna við að framkvæmd vörugjalds verði af þeim sökum út undan hjá skattstofunum. Í annan stað skortir á sérþekkingu á vörugjaldi hjá skattstofunum.

Á undanförnum árum hefur þróunin verið í þá átt að færa verkefni er lúta að sértækum sköttum og gjöldum til ríkisskattstjóra. Þannig hefur embættinu verið falin framkvæmd þungaskatts og eftirlit með skilum á áfengisgjaldi vegna innlendrar áfengisframleiðslu. Þessi tilhögun hefur gefið góða raun og gefur fyrirheit um að sama geti orðið hvað varðar skil á vörugjaldi vegna innlendrar framleiðslu.

Af þessum sökum er lagt til að álagning og eftirlit með vörugjaldsskilum innan lands verði færð frá einstökum skattstjórum til ríkisskattstjóra. Við það mundi einn og sami aðilinn annast framkvæmdina á landsvísu. Það mundi skapa sérþekkingu á einum stað sem nýttist fyrir landið allt. Benda má á að ríkisskattstjóri hefur hingað til haft leiðbeiningar- og samræmingarhlutverki að gegna gagnvart skattstjórum hvað varðar álagningu og eftirlit með vörugjaldi. Því er nú þegar til staðar sérþekking hjá embættinu sem ætti að nýtast við þá breytingu sem lögð er til. Ætla má að eftirlit með skráningu vörugjaldsskyldra framleiðenda á vörugjaldsskrá, svo og skilum þeirra á gjaldinu, batni að mun, auk þess sem tryggt verði aukið samræmi í framkvæmd á landsvísu. Þá verður verkefnum létt af skattstofum og gefst þeim færi á að beina kröftum sínum óskipt að meginverkefnum sínum, þ.e. álagningu og eftirliti með virðisaukaskatti og tekju- og eignarskatti.

Auk álagningar og eftirlits með vörugjaldsskilum vegna innlendrar framleiðslu er gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri annist eftirlit með sölu án vörugjalds á gjaldskyldum vörum, til að mynda ef varan er seld sem hráefni eða efnivara til framleiðslu. Verður vikið nánar að þessu atriði hér á eftir.

Undanþága frá gjaldskyldu vegna sölu hráefna og efnivöru.

Lagt er til að sala á hráefni og efnivöru til innlendrar framleiðslu verði undanþegin vörugjaldi, enda hafi framleiðandi fengið heimild hjá ríkisskattstjóra til kaupa á vöru án vörugjalds. Skipti þá hvorki máli hvort um er að ræða hráefni eða efnivöru sem flutt hefur verið til landsins eða framleidd hér á landi, eða hvort hin endanlega framleiðsluvara ber vörugjald eður ei. Framleiðandi geti fengið heimild til að kaupa hráefni eða efnivöru í framleiðslu sína án vörugjalds og innflytjandi eða innlendur hráefnis- eða efnivöruframleiðandi geti fengið vörugjald vegna þeirrar sölu frádregið í uppgjöri sínu.

Telja verður að rök séu til þess að hráefni og efnivara til innlendrar framleiðslu séu undanþegin vörugjaldi, óháð því hvort framleiðsluvaran ber vörugjald eður ei. Framleiðsluvaran er að jafnaði í samkeppni við sams konar eða svipaðar erlendar vörur sem fluttar hafa verið til landsins. Hráefni og efnivörur í þær vörur hafa ekki borið vörugjald og því raskar gjald á hráefni eða efnivöru í innlendar vörur samkeppnishæfni þeirra gagnvart erlendum vörum.

Í núgildandi vörugjaldslögum og í tollalögum, nr. 55/1987, er að finna tilteknar heimildir til undanþágu á gjöldum vegna innflutnings eða sölu á hráefni eða efnivöru til innlendrar framleiðslu. Í 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga er fjármálaráðherra heimilað að fella niður eða endurgreiða tolla af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur ef tollar á sams konar erlendri framleiðsluvöru eru jafnháir eða lægri en af efnivörunum. Þessari heimild hefur verið beitt varðandi vörugjald við innflutning á hráefni eða efnivöru til framleiðslu, hvort sem framleiðsluvaran ber vörugjald eður ei. Framkvæmdin hefur verið þannig að innflytjendur hafa fengið leyfi til niðurfellingar á vörugjaldi við innflutning, enda lýsi þeir yfir að innflutningur sé til tiltekinnar framleiðslu. Þessi leið hefur þann ókost að ekki er víst að innflytjandi geti gert sér grein fyrir því við innflutning hvort vara verður síðar seld sem hráefni eða efnivara til framleiðanda og að réttur skapist þar af leiðandi til niðurfellingar gjalda. Í annan stað er talið heppilegra að allt eftirlit með innlendri framleiðslu og sölu sé á einni hendi, þ.e. hjá ríkisskattstjóra, í stað þess að vera hjá bæði tollyfirvöldum og skattyfirvöldum.

Hvað varðar hráefni eða efnivöru sem framleidd er hér á landi er það að segja að mismunandi framkvæmd hefur verið eftir því hvort um gjaldskylda framleiðslu er að ræða eður ei. Í 1. mgr. 10. gr. laganna er framleiðanda heimilað að draga frá vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni eða efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu. Hins vegar er ekki kveðið afdráttarlaust á um það í lögunum að innlent hráefni eða efnivara í ógjaldskylda framleiðslu sé undanþegið vörugjaldi. Að vísu er fjármálaráðherra heimilað í 2. mgr. 13. gr. laganna að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni og efnivöru í framleiðslu iðnaðarvara. Ekkert segir í greininni um það hvernig eða í hvaða tilvikum heimildinni skuli beitt. Í framkvæmd hefur gjaldskyldur framleiðandi getað fengið heimild skattstjóra til að kaupa hráefni eða efnivöru innan lands í framleiðsluna án vörugjalds. Eftirlit skattyfirvalda með slíkum viðskiptum hefur verið lítið. Hins vegar hefur heimildinni ekki verið beitt um ógjaldskyldar framleiðsluvörur og hefur framleiðendum slíkra vara því ekki verið unnt að kaupa hráefni eða efnivöru innan lands án vörugjalds.

Lagt er til að í stað þeirra heimilda sem að framan er getið verði í lögunum kveðið á um að innlendir framleiðendur geti fengið heimild ríkisskattstjóra til að kaupa án vörugjalds hráefni og efnivöru til framleiðslu sinnar af annaðhvort innflytjanda eða innlendum hráefnisframleiðanda. Slík heimild frá ríkisskattstjóra mundi jafnframt heimila framleiðandanum að fá endurgreitt vörugjald af hráefni og efnivöru sem flutt er inn til eigin framleiðslu.

Framkvæmdin yrði þá sú hvað varðar innflutt hráefni og efnivöru að tollyfirvöld reiknuðu vörugjald af öllum gjaldskyldum vörum sem fluttar yrðu til landsins. Ef innflytjandi selur síðan vörur án vörugjalds sem hráefni eða efnivöru til innlends framleiðanda, eða nýtir vörur í eigin framleiðslu, gerir hann fyrir gjalddaga hvers uppgjörstímabils ríkisskattstjóra grein fyrir gjaldfrjálsri sölu eða nýtingu á viðkomandi uppgjörstímabili á sérstöku eyðublaði og fær á gjalddaga hvers uppgjörstímabils lækkun á vörugjaldi til samræmis við það. Ef hins vegar um innlenda hráefnis- eða efnivöruframleiðslu er að ræða gerir framleiðandi þeirrar vöru grein fyrir gjaldfrjálsri sölu á vörugjaldsskýrslu við uppgjör gjaldsins og reiknast þá ekki gjald vegna sölunnar.

Breyting á uppgjörstímabilum og gjalddögum.

Samkvæmt núgildandi lögum er hvert uppgjörstímabil vörugjalds tveir mánuðir, desember og janúar, febrúar og mars o.s.frv. Gjalddagi vegna hvers uppgjörstímabils er 15. dagur annars mánaðar eftir lok þess. Æskilegt þykir að samræma uppgjörstímabilin við uppgjörstímabil virðisaukaskatts, en þau eru janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv. Einkum er talin þörf á slíkri samræmingu hvað varðar innfluttar vörur, en uppgjörstímabil á aðflutningsgjöldum þeirra innflytjenda sem njóta tveggja mánaða greiðslufrests í tolli eru hin sömu og uppgjörstímabil virðisaukaskatts. Þykir vera til mikillar einföldunar hvað varðar útreikning og álagningu gjalda við innflutning að uppgjörstímabilin verði samræmd. Í slíkri breytingu felst jafnframt einfaldari framkvæmd fyrir vörugjaldsskylda innflytjendur og framleiðendur.

Lagt er til að tímabilið frá lokum uppgjörstímabils og fram að gjalddaga verði stytt um tíu daga frá því sem nú er. Þannig verði gjalddagi 5. dagur annars mánaðar frá lokum uppgjörstímabils í stað þess að vera 15. dagur annars mánaðar. Er það gert í því skyni að samræma gjalddaga vörugjalds annars vegar og virðisaukaskatts innan lands hins vegar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–3. gr.

Ákvæðin eru í samræmi við þá breytingu sem lýst er í almennum athugasemdum við frumvarpið, að álagning og eftirlit með vörugjaldsskilum innan lands færist frá einstökum skattstjórum til ríkisskattstjóra. Vísast um breytinguna til þeirrar umfjöllunar.

Um 4. gr.

Í a-lið er kveðið á um að ríkisskattstjóri í stað einstakra skattstjóra annist álagningu vörugjalds vegna innlendrar framleiðslu, svo og aðila sem fengið hafa sérstaka skráningu skv. 5. gr. laganna. Um rök fyrir þeirri breytingu vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Í b-lið er kveðið á um að ríkisskattstjóri og innlendir framleiðendur geti óskað eftir ákvörðun tollyfirvalda um tollflokkun vöru og að ákvörðun tollyfirvalda sé bindandi fyrir framleiðendur og skattyfirvöld. Í ýmsum tilvikum geta risið ágreiningsmál um það undir hvaða tollskrárnúmer tiltekin vara flokkast, en álagning vörugjalds ræðst af tollflokkun vöru. Þykir eðlilegt að ákvörðun um tollflokkun vöru sé jafnan í höndum tollyfirvalda, hvort sem um innflutta vöru eða innlenda framleiðsluvöru er að ræða, enda búa tollstjórar yfir sérþekkingu á því hvernig vörur tollflokkast. Þá tryggir þetta fyrirkomulag að samræmi verði í tollflokkun á innfluttri vöru annars vegar og innlendri vöru hins vegar.

Um 5. gr.

Í a-lið er lagt til að uppgjörstímabil vörugjalds færist til og verði janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv. í stað desember og janúar, febrúar og mars o.s.frv. eins og nú er. Lagt er til að frestur frá lokum uppgjörstímabils og til gjalddaga tímabilsins verði styttur um tíu daga frá því sem nú er og verði því 5. dagur annars mánaðar frá lokum uppgjörstímabils. Um rök fyrir þessum breytingum vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Að öðru leyti eru breytingar þær sem lagðar eru til á 9. gr. laganna til samræmis við þau markmið frumvarpsins annars vegar að færa álagningu og eftirlit með vörugjaldsskilum innan lands frá einstökum skattstjórum til ríkisskattstjóra og hins vegar að undanþiggja vörugjaldi allar vörur sem nýttar eru sem hráefni eða efnivara til gjaldskyldrar eða ógjaldskyldrar framleiðslu. Vísast nánar um þessi atriði til umfjöllunar í almennum athugasemdum við frumvarpið. Auk þessa er lagt til að í greininni verði vísað til málsmeðferðarreglna virðisaukaskattslaga.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um niðurfellingu á vörugjaldi af hráefni og efnivöru til framleiðslu. Gert er ráð fyrir að þeir framleiðendur, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, fái sérstaka heimild hjá ríkisskattstjóra til þess að kaupa innan lands hráefni eða efnivöru án vörugjalds. Jafnframt geri slík heimild framleiðendum kleift að fá endurgreitt vörugjald af hráefni og efnivöru sem þeir flytja sjálfir til landsins til eigin framleiðslu. Í umsókn skal gerð grein fyrir því um hvers kyns framleiðslu sé að ræða og af hvaða hráefnum eða efnivöru niðurfellingar gjaldsins sé óskað. Fallist ríkisskattstjóri á umsóknina gefur hann út heimild til undanþágu frá vörugjaldi vegna kaupa eða notkunar á því hráefni eða efnivöru sem um er að ræða.

Í 2. mgr. er kveðið á um framkvæmd niðurfellingar af vörum sem fluttar eru til landsins. Samkvæmt málsgreininni getur innflytjandi, á gjalddaga hvers uppgjörstímabils, fengið endurgreitt vörugjald af vörum sem hann hefur flutt til landsins en hafa á uppgjörstímabili verið annaðhvort seldar án vörugjalds til framleiðanda eða verið nýttar í framleiðslu inn-

flytjanda sjálfs samkvæmt heimild í 1. mgr. Innflytjanda, sem óskar endurgreiðslu, ber að tilgreina í skýrslu til ríkisskattstjóra um sölu eða nýtingu vöru á tímabilinu þar sem m.a. komi fram fjárhæð vörugjalds. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, þó að því tilskildu að vörugjald vegna viðkomandi tímabils hafi verið greitt. Í framkvæmd mundi fjárhæð sú sem endurgreidd er koma til lækkunar á vörugjaldi vegna innflutnings á uppgjörstímabili.

Í 3. mgr. er kveðið á um að heimild samkvæmt greininni nái einungis til hráefnis eða efnivöru sem verður hluti af hinni endanlegu framleiðsluvöru. Þannig nær heimildin ekki til t.d. véla og búnaðar sem nýttur er til að framleiða vöruna. Ekki þykir æskilegt að hafa heimildina svo víðtæka, enda yrði erfitt að koma í veg fyrir að hún yrði misnotuð. Þá þykir rétt að taka sérstaklega fram í 3. mgr. að heimildin nái hvorki til efnivara til byggingar eða viðhalds á fasteignum né til nýsmíði eða viðgerða á ökutækjum, en ýmsar byggingarvörur og varahlutir í ökutæki bera vörugjald. Bygging eða viðhald á fasteignum telst ekki vera framleiðsla á vöru og getur samkvæmt því ekki notið niðurfellingar. Sama á við um viðgerðir á ökutækjum. Hvað varðar nýsmíði á ökutækjum er í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., að finna heimild til að draga vörugjald af efnivörum frá við uppgjör vörugjalds vegna framleiðslu eða aðvinnslu á ökutæki. Þykir eðlilegra að þeirri heimild verði áfram beitt um niðurfellingu vörugjalds vegna nýsmíði ökutækja.

Ekki verður séð að breyting sú, sem lögð er til varðandi endurgreiðslu á vörugjaldi af hráefni eða efnivörum, leiði til óhagræðis eða fjárbindingar fyrir innflytjendur. Þeim er kleift að tollafgreiða hráefni eða efnivörur á hverju uppgjörstímabili til samræmis við það magn sem þeir selja til framleiðenda. Þar með fá þeir þegar á gjalddaga lækkun á því vörugjaldi sem reiknast hefur í tolli vegna sölu á hráefni eða efnivöru til framleiðslu.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 11. gr. laganna til samræmis við þá fyrirætlan að færa álagningu vörugjalds af innanlandsframleiðslu frá einstökum skattstjórum og til ríkisskattstjóra.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Lagt er til að vörugjald verði fellt niður af tilteknum vörum sem samkvæmt flokkun í tollskrá eru sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka. Þykja sanngirnisrök mæla með því að slíkar vörur beri ekki vörugjald.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um eins mánaðar uppgjörstímabil, í febrúarmánuði 1998, en það er nauðsynlegt vegna tilfærslu á uppgjörstímabilum um einn mánuð.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvæði laganna, að því leyti sem þau lúta að tilfærslu verkefna frá skattstjóra og tollstjóra til ríkisskattstjóra, skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. maí 1998. Samkvæmt því færist álagningarhlutverk einstakra skattstjóra ekki yfir til ríkisskattstjóra fyrr en kemur að álagningu vegna uppgjörstímabilsins maí og júní. Sömu-

leiðis komi ákvæði laganna, er kveða á um breytt fyrirkomulag vegna vörugjalds af hráefnum og efnivöru, ekki til framkvæmda fyrr en 1. maí. Nauðsynlegt þykir að gefa ríkisskattstjóra hæfilegan frest til að undirbúa breytta framkvæmd og er af þeim sökum lagt til að yfirfærsla á verkefnum til embættisins eigi sér ekki stað fyrr en á fyrrgreindum tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að álagning og eftirlit með vörugjaldsskilum innan lands verði flutt frá einstökum skattstjórum til ríkisskattstjóra. Einnig er kveðið á um heimildir til sölu eða innflutnings á hráefni eða efnivöru án vörugjalds til innlendrar framleiðslu, svo og um breytingu á uppgjörstímabilum og gjalddögum vörugjalds.

Gert er ráð fyrir að þessar breytingar hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum. Þannig er ekki talin ástæða til að fjölga störfum hjá ríkisskattstjóra á næsta ári til þess að annast umsýslu vörugjaldsskila. Hins vegar er fyrirhugað að á síðari hluta næsta árs verði endurmetið í ljósi fenginnar reynslu hvort þörf verði á fjölgun stöðugilda hjá embættinu vegna þessara verkefna. Ef til þess kemur verður það gert með tilfærslum á störfum og framlögum til stofnana skattgeirans. Fjármálaráðuneytið fyrirhugar því að framkvæma þessar áherslubreytingar í álagningu og eftirliti með vörugjaldi innan útgjaldaramma gildandi fjárlaga.

461. Frumvarp til laga [348. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Tryggðir samkvæmt lögunum**, með fjórum nýjum greinum, 9. gr. a – 9. gr. d, er orðast svo:

a. (9. gr. a.)

Sá sem búsettur er hér á landi telst tryggður, sbr. þó 24. gr., að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna, nema annað leiði af milliríkjasamningum.

Með búsetu skv. 1. mgr. er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst tryggður hér á landi samkvæmt lögunum. Um málskot fer skv. 7. gr.

b. (9. gr. b.)

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögunum, sé áfram tryggður, sbr. þó 24. gr., þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, enda starfi viðkomandi erlendis fyrir aðila sem hafi aðsetur og starfsemi á Íslandi og tryggingagjald, sbr. lög nr. 113/1990, sé greitt hér á landi af launum hans. Sama gildir um maka hans og börn undir 18 ára aldri sem dveljast með honum.

Umsókn um tryggingu samkvæmt þessari grein skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.

c. (9. gr. c.)

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögunum, sé áfram tryggður, sbr. þó 24. gr., í allt að eitt ár frá brottför af landinu þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a eða 9. gr. b, enda leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi haft samfellda fasta búsetu hér á landi eigi skemur en fimm ár fyrir brottför og að það sé ekki tilgangur farar að leita læknismeðferðar.

Umsókn um tryggingu samkvæmt þessari grein skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.

d. (9. gr. d.)

Ráðherra setur reglugerð um einstök atriði er varða framkvæmd þessa kafla, m.a. um skráningu Tryggingastofnunar ríkisins á tryggingaréttindum einstaklinga og hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis.

2. gr.

Síðari málsliður a-liðar 24. gr. laganna orðast svo: Starf um borð í íslensku skipi, skipi sem gert er út af íslenskum aðila, íslenskri flugvél eða flugvél sem rekin er af íslenskum aðila jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. mgr orðast svo:

Sá sem átt hefur lögheimili í landinu í sex mánuði í skilningi lögheimilislaga og laga um tilkynningar aðsetursskipta, sbr. og ákvæði I. kafla A laga þessara, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur sett reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga, um starfsemi sjúkratryggingadeildar og um undanþágur frá sex mánaða lögheimilisskilyrði og framkvæmd þeirra.

4. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Ákvæði 2. gr. og b-liðar 3. gr. öðlast þó þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem uppfyllti skilyrði 9. gr. b 1. janúar 1994 eða síðar, teljist tryggður hér á landi.

Umsókn um tryggingu samkvæmt heimild í þessu ákvæði skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en 1. júlí 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 26. maí 1995 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vinnuhóp til að kanna ýmsa annmarka lögheimilisskilyrða almannatrygginga gagnvart lífeyristryggingu og sjúkratryggingu. Hópurinn var skipaður Dögg Pálsdóttur hrl., áður skrifstofustjóra, og Ragnhildi Arnljótsdóttur deildarstjóra sem var ritari nefndarinnar, tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ágúst Þór Sigurðssyni, Hildi Sverrisdóttur og Kristjáni Guðjónssyni deildarstjórum, tilnefndum af Tryggingastofnun ríkisins, og Eiríki Hilmarssyni, staðgengli hagstofustjóra, og Skúla Guðmundssyni skrifstofustjóra, tilnefndum af Hagstofu Íslands. Frumvarp það sem hér er lagt fram er í meginatriðum byggt á tillögum vinnuhópsins.

Hinn 1. janúar 1994 gengu í gildi ný lög um almannatryggingar, nr. 117/1993. Þau eru að verulegu leyti samhljóða eldri almannatryggingalögum, nr. 67/1971, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að tekið var tillit til nýrra skuldbindinga vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES-svæðinu).

Um alllangt skeið hefur lögheimili hér á landi skorið úr um hvort einstaklingur teljist tryggður samkvæmt lögum um almannatryggingar. Komið hefur í ljós, ekki síst eftir gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), að þetta skilyrði skortir nauðsynlegan sveigjanleika gagnvart þeim margvíslegu tilvikum sem upp geta komið m.a. í tengslum við frjálsa fólksflutninga innan EES-svæðisins. Jafnframt er með breytingunum sem felast í frumvarpinu tekið tillit til dóms Hæstaréttar frá 27. maí 1993 varðandi greiðslu mæðralauna. Í niðurstöðum dómsins kemur fram að Tryggingastofnun ríkisins geti ekki byggt alfarið á lögheimilisskráningu Hagstofu Íslands þegar metinn er réttur til bótagreiðslna frá stofnuninni.

Með frumvarpi þessu er leitast við að gera lagaframkvæmdina liprari og jafnframt skýrari. Lagt er til að í lög um almannatryggingar komi nýr kafli sem verði I. kafli A og heiti Tryggðir samkvæmt lögunum. Í kaflanum verði fjórar nýjar greinar, 9. gr. a – 9. gr. d. Í þessum nýju greinum er fjallað með ítarlegri hætti en í gildandi lögum um það hverjir séu tryggðir hér á landi og hvaða undanþágur Tryggingastofnun ríkisins megi veita. Jafnframt er gert ráð fyrir því í 2. gr. frumvarpsins að gerð verði breyting á 24. gr. laganna um slysatryggingar þannig að sjómenn á skipum sem gerð eru út af íslenskum aðila og þiggja laun og greiða skatta hér á landi teljist slysatryggðir samkvæmt lögunum. Sambærileg breyting er gerð varðandi flugvélar sem reknar eru af íslenskum aðilum. Þá er kveðið á um breytingu á orðalagi 32. gr. laganna varðandi heimild ráðherra til að setja reglugerð um undanþágur frá skilyrði um sex mánaða búsetu hér á landi. Gert er ráð fyrir að þar verði kveðið á um að Tryggingastofnun ríkisins geti veitt undanþágur frá lögheimilisskilyrðinu við nánar tilteknar aðstæður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lagt til að á eftir I. kafla laganna komi nýr kafli sem verði I. A kafli með heitinu: Tryggðir samkvæmt lögunum. Gert er ráð fyrir að í hinum nýja kafla verði fjórar nýjar greinar, 9. gr. a, b, c og d. Skv. 1. mgr. 9. gr. a eiga ákvæði þessi ekki við um slysatryggingar, enda sér-

stök skilyrði sem gilda um það hverjir teljist slysatryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Um a-lið (9. gr. a).

Í a-lið 1. gr. er að finna ákvæði nýrrar 9. gr. a. Þar er kveðið á um að sá sem búsettur er á Íslandi teljist tryggður hér á landi, að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna. Óbreytt er meginregla gildandi laga um að forsenda þess að vera tryggður hér á landi sé búseta samkvæmt skilningi lögheimilislaga, sbr. 2. mgr. 9. gr. a. Rétt er að undirstrika að það er Tryggingastofnun ríkisins sem túlkar og ákvarðar endanlega hvort einstaklingur hafi hér búsetu í skilningi lögheimilislaga. Þetta kemur skýrt fram í 3. mgr. nýrrar 9. gr. a. Þannig munu geta komið upp tilvik þar sem einstaklingur er skráður með lögheimili hér á landi en Tryggingastofnun telur hann ekki uppfylla skilyrði um búsetu í skilningi lögheimilislaga og þar með ekki vera tryggðan. Ástæða þessa gæti t.d. verið að Tryggingastofnun hefði undir höndum nýrri og fyllri upplýsingar um viðkomandi einstakling en Hagstofa Íslands. Í slíkum tilvikum er það Tryggingastofnun sem tekur hina endanlegu ákvörðun um hvort viðkomandi teljist tryggður hér á landi. Mikil vægt er að Tryggingastofnun ríkisins og Hagstofan skiptist í þessum efnum á nýjustu upplýsingum um hvert mál. Ákvörðun Tryggingastofnunar er kæranleg til tryggingaráðs, sbr. síðari málslið 3. mgr. nýrrar 9. gr. a.

Þegar vísað er í 9. gr. a í önnur skilyrði laganna má t.d. nefna ákvæði 11. gr. laganna um þriggja ára búsetu hér á landi á aldrinum 16–67 ára sem skilyrði fyrir því að eiga rétt á einhverjum ellilífeyri hér á landi. Sömuleiðis má nefna 32. gr. laganna sem gerir sex mánaða búsetu hér á landi að skilyrði fyrir því að vera sjúkratryggður. Í 1. mgr. 9. gr. a er einnig vísað til þess að frá meginreglunni um búsetu megi finna undantekningar sem leiða kunni af milliríkjasamningum. Til slíkra undantekninga má nefna reglur EES-svæðisins um almannatryggingar. Samkvæmt þeim telst maður í starfi tryggður í því ríki sem hann vinnur án tillits til búsetu.

Um b-lið (9. gr. b).

Í b-lið 1. gr. er að finna ákvæði nýrrar 9. gr. b. Þar er Tryggingstofnun veitt heimild til að veita undanþágu frá meginreglunni um búsetu hér á landi. Í ákvæðinu felst að stofnuninni verður heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem uppfyllir ekki skilyrði 9. gr. a, en verið hefur tryggður hér á landi, verði áfram tryggður þrátt fyrir búsetu erlendis. Skilyrði þessa er að viðkomandi sé erlendis vegna starfa fyrir aðila sem hafi aðsetur og starfsemi á Íslandi og að tryggingagjald sé greitt af launanum hér landi, sbr. lög um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum. Sama undanþága gildir gagnvart maka viðkomandi og börnum undir 18 ára aldri sem dveljast með honum. Umsókn um tryggingu samkvæmt þessu ákvæði skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu. Gera má ráð fyrir að Tryggingastofnun setji slíkum tryggingum ákveðin tímamörk þannig að þeir sem með þessum hætti fá heimild til að teljast tryggðir hér á landi þurfi með reglulegu millibili, sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, að endurnýja heimildina fyrir tryggingunni. Þannig mun stofnunin fylgjast með að skilyrðum tryggingarinnar sé áfram fullnægt. Með stoð í 9. gr. d má setja reglugerð með nánari reglum um lengd tryggingar og fleiri þætti sem Tryggingastofnun telur nauðsynlega.

Þessi breyting á gildandi reglum er mikið sanngirnismál fyrir þá fjölmörgu einstaklinga sem hafa verið tryggðir hér á landi en fallið úr tryggingu vegna atvinnu sinnar erlendis fyrir aðila sem hafa aðsetur og starfsemi á Íslandi. Ástæður þessa hafa verið þær að þeir eiga ekki lengur rétt á því að eiga hér lögheimili samkvæmt lögheimilislögum. Gildandi reglur hafa þannig gert það að verkum að þessir einstaklingar hafa ekki verið tryggðir hér á landi, jafnvel þótt tryggingagjald, sem að hluta til stendur undir kostnaði við lífeyristryggingar almanna-

trygginga og atvinnuleysistryggingar, hafi verið greitt af launanum. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeir einstaklingar sem uppfylltu skilyrði 9. gr. b 1. janúar 1994 eða síðar geti sótt um til Tryggingastofnunar ríkisins að teljast áfram tryggðir hér á landi. Frestur þessara einstaklinga til að endurvekja tryggingu sína með þessum hætti verður til 1. júlí 1999 eða í eitt ár eftir gildistöku þessara nýju ákvæða.

Um c-lið (9. gr. c).

Í c-lið 1. gr. eru ákvæði nýrrar 9. gr. c. Þar er Tryggingastofnun ríkisins veitt heimild til að ákveða að einstaklingur, sem hyggst flytjast af landi brott en búið hefur hér á landi í samfellt fimm ár, geti sótt um að vera áfram tryggður hér á landi í allt að eitt ár frá brottfarardegi enda leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Þá er það og skilyrði að það sé ekki tilgangur fararinnar að leita læknismeðferðar. Sækja skal um tryggingu samkvæmt þessu undanþáguákvæði eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför. Með þessari heimild er þeim sem vilja tímabundið dveljast erlendis, t.d. hjá börnum sínum í löndum sem Ísland hefur ekki samið við um gagnkvæm almannatryggingaréttindi, gert kleift að fara í slíkar ferðir án þess að trygging þeirra hér á landi falli úr gildi.

Um d-lið (9. gr. d).

Í d-lið 1. gr. eru ákvæði nýrrar 9. gr. d. Hér er um að ræða heimild ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa nýja kafla. Í heimildinni er sérstaklega tekið fram að setja skuli reglur um hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis. Skv. 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, mega námsmenn halda lögheimili hér á landi þrátt fyrir búsetu erlendis. Lögheimilislögin skilgreina hins vegar ekki hverjir séu námsmenn. Það er því eðlilegt að með reglugerð verði skilgreint hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis í skilningi almannatryggingalaga. Skattayfirvöld hafa með sambærilegum hætti sett reglur um námsmenn erlendis, sbr. reglugerð nr. 648/1995, um réttindi og skyldur manna sem dveljast erlendis við nám, samkvæmt ákvæðum laga um opinber gjöld.

Þá er og gert ráð fyrir því að setja megi reglur um skráningu Tryggingastofnunar ríkisins á tryggingaréttindum einstaklinga. Eins og áður hefur verið minnst á er meginregla almannatryggingalaga sú að þeir sem búsettir eru í landinu í skilningi lögheimilislaga teljast tryggðir. Frá þessu eru þó margvíslegar mikilvægar undantekningar. Flestar leiða þær af þeim milliríkjasamningum um almannatryggingar sem Ísland hefur gert. EES-reglur gera þannig ráð fyrir að einstaklingur sé ætíð tryggður í því landi sem hann starfar þó svo að hann teljist búsettur annars staðar. Ákvæði EES-samningsins hafa og áhrif á biðtíma skv. 32. gr. almannatryggingalaga. Af þeim ákvæðum leiðir að komi einstaklingur frá samningsríki og hafi verið sjúkratryggður þar verður að taka tillit til þess tryggingatímabils gagnvart sex mánaða biðtímanum hér á landi. Þetta leiðir af svokallaðri samlagningarreglu EES-reglna um almannatryggingar.

Þjóðskrá Hagstofu Íslands er og verður stofn tryggingaskrár Tryggingastofnunar yfir þá sem falla undir lög um almannatryggingar. Af því sem áður er sagt leiðir þó að þjóðskrá getur aldrei verið tæmandi heimild um þá sem teljast tryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þar geta verið einstaklingar sem ekki eru tryggðir, t.d. þeir sem dvalist hafa í landinu skemur en sex mánuði. Sömuleiðis er hugsanlegt að einstaklingur sem er tryggður hér á landi sé ekki skráður á þjóðskrá, t.d. einstaklingur sem vinnur hér á landi án þess að vera hér með fasta búsetu.

Því er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins haldi sérstaka viðbótarskrá við þjóðskrá. Þar yrði að finna annars vegar einstaklinga sem eru tryggðir hér á landi án þess að eiga hér lögheimili og hins vegar þá sem hér eiga lögheimili en eru þó ekki tryggðir. Í ákvæðinu er gert

ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð gefið Tryggingastofnun nánari fyrirmæli um það með hvaða hætti stofnunin haldi þessa viðbótarskrá.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á 24. gr. laganna sem fjallar um slysatryggingar. Gert er ráð fyrir breytingu á a-lið ákvæðisins sem tryggir að sjómenn á skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum og þiggja laun og greiða skatta hér á landi teljast slysatryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar. Með því er leiðrétt mismunun sem hefur verið fyrir hendi og hefur eingöngu byggst á því hvort starfsmanni íslensks skipafélags er gert að sigla á íslenskum skipum félagsins eða þeim sem skráð kunna að vera í öðrum löndum. Jafnframt er breytt til samræmis stöðu þeirra sem starfa í flugvélum sem reknar eru af íslenskum aðilum.

Um 3. gr.

Á ákvæðinu er annars vegar gerð smávægileg breyting á 1. mgr. 32. gr. laganna og vísað til ákvæða I. kafla A, þ.e. hins nýja kafla samkvæmt þessu frumvarpi. Hins vegar er kveðið á um breytingu á reglugerðarheimild sem nú er í 4. mgr. 32. gr. laganna og kveður m.a. á um heimild til að setja ákvæði í reglugerð um undanþágur frá sex mánaða lögheimilisskilyrði, sbr. núgildandi reglugerð nr. 261/1995, um undanþágur frá lögheimilisskilyrði sjúkratrygginga, sbr. reglugerð nr. 482/1996, um breytingu á reglugerð nr. 261/1995. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á ákvæðinu sem ekki er efnisleg. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ráðherra sé ekki skylt að leita tillagna tryggingaráðs. Lagt er til að ráðherra setji reglugerð um undanþágur, Tryggingastofnun ríkisins móti starfsreglur um framkvæmd á grundvelli reglugerðarinnar og einstaklingar geta síðan kært afgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins til tryggingaráðs á grundvelli 7. gr. laganna. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að ráðherra setji í kjölfar gildistöku ákvæðisins nýja reglugerð um undanþágur frá sex mánaða lögheimilisskilyrði þar sem mælt verður fyrir um að Tryggingastofnun ríkisins geti í vissum tilvikum veitt undanþágur frá skilyrði um sex mánaða lögheimili. Þar á meðal er talið nauðsynlegt að setja í reglugerðina almenna heimild til að veita undanþágu þegar um er að ræða ótryggðan sjúkling haldinn langvinnum lífshættulegum sjúkdómi, sem flytur til Íslands vegna þessa til langdvalar og hefur áður verið búsettur á Íslandi, enda eigi hann nána ættingja hér á landi. Af mannúðarástæðum er talið nauðsynlegt að Tryggingastofnun ríkisins hafi heimild til þess að veita undanþágu í slíkum undantekningartilvikum. Ekki er hér lagt til að 32. gr. laganna verði breytt á þann hátt að þar verði kveðið á um allar undanþáguheimildir frá meginreglunni heldur er farin sú leið að afla með þessum hætti skýrrar afstöðu löggjafans.

Um 4. gr.

Ákvæði 53. gr. laganna gera ráð fyrir að Tryggingastofnun höfði mál telji hún vafa leika á um lögheimili. Í lokamálsgrein nýrrar 9. gr. a, sbr. a-lið 1. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ákveði framvegis hvort einstaklingur teljist tryggður hér á landi samkvæmt lögunum. Málskotsréttur vegna slíkrar ákvörðunar er til tryggingaráðs. Með þessu nýja verklagi verður 53. gr. óþörf og því lagt til að greinin falli brott.

Um 5. gr.

Margvísleg ákvæði frumvarpsins kalla á nokkurn undirbúning af hálfu Tryggingastofnunar áður en unnt er að hrinda þeim í framkvæmd. Því er gert ráð fyrir að lögin í heild öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 1998. Hins vegar er talið nauðsynlegt að ákvæði 2. gr. og 3. gr. b öðlist þegar gildi þannig að tryggja megi réttindi þeirra sem ákvæðin kunna að varða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og áður hefur komið fram er með lagabreytingum þessum verið að gera almannatryggingakerfið sveigjanlegra og betur fallið til að mæta mismunandi þörfum. Fjöldi einstaklinga sem tryggður var hér á landi hefur fallið úr tryggingu við það eitt að starfa erlendis. Ekki hefur verið unnt að viðhalda tryggingu þessara einstaklinga jafnvel þó þeir hafi starfað fyrir aðila sem hafa aðsetur og starfsemi hér á landi og tryggingagjald hafi verið greitt af launum þeirra. Gildistaka EES-samningsins gerði þessa annmarka á gildandi löggjöf sérstaklega áberandi og bagalega. Því þykir rétt að hafa ákvæði til bráðabirgða í lögunum þess efnis að þeir einstaklingar, sem við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994 eða síðar uppfylla skilyrði 9. gr. b í þessum nýju lögum, hafi 12 mánaða frest til að sækja um tryggingu hér á landi hjá Tryggingastofnun ríkisins. Stofnunin mun meta hverja umsókn fyrir sig í ljósi þessara nýju ákvæða. Í þeim tilvikum þar sem tryggingagjald hefur verið greitt af launum viðkomandi frá 1. janúar 1994 verður stofnuninni heimilt að ákveða að viðkomandi teljist tryggður hér á landi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er Tryggingastofnun ríkisins veitt heimild til að úrskurða um hvort menn teljist tryggðir samkvæmt almannatryggingalögum hér á landi. Í gildandi lögum byggjast réttindin nær alfarið á lögheimili, nema kveðið sé á um annað í milliríkjasamningum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að störf um borð í íslensku skipi eða loftfari jafngildi störfum hér á landi.

Frumvarpið hefur bæði í för með sér aukin réttindi hinna tryggðu og takmarkanir á þeim vegna möguleika Tryggingastofnunar til að úrskurða um rétt til trygginga þrátt fyrir að lögheimili sé skráð hér á landi.

Helsta réttarbótin í frumvarpinu felst í að starfsmenn íslenskra fyrirtækja erlendis, sem greiða skatta og gjöld af launum hér á landi, teljast áfram tryggðir, enda verði um það sótt fyrir fram, þrátt fyrir að lögheimili þeirra verði í öðru ríki. Sama gildir um maka þeirra og börn. Einnig er heimilað að einstaklingar haldi tryggingu sinni í allt að eitt ár ef þeir dvelja í útlöndum. Þá eru réttindi námsmanna aukin og miðað verður við viðurkennt nám í stað lögheimilis. Það ákvæði hefur þó ekki áhrif á námsmenn sem eru í námi á Norðurlöndunum þar sem um þá gilda sérstakar reglur sem ríkin hafa samið um sín á milli. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í reglugerð verði sett nánari skilyrði fyrir því að vikið verði frá ákvæðum um sex mánaða búsetu til að njóta sjúkratrygginga hér á landi. Loks er starf í íslenskum skipum og flugvélum jafngilt starfi hér á landi.

Ljóst er að kostnaður Tryggingastofnunar af hinum nýju ákvæðum verður einhver vegna aukins fjölda mála og að fleiri fá tryggingu hér á landi en er samkvæmt núgildandi lögum. Á móti fær stofnunin skýrari lagagrunn til að úrskurða um tryggingu, í þeim tilfellum þegar menn hafa búið og starfað erlendis án þess að færa lögheimili sitt.

Erfitt er að meta kostnaðaráhrif frumvarpsins á útgjöld lífeyris- og sjúkratrygginga þar sem engar samræmdar upplýsingar eru til hjá Tryggingastofnun um fjölda þeirra sem breytingarnar

ná mögulega til, eða fjölda þeirra sem hefur verið synjað um tryggingu vegna gildandi lögheimilisskilyrða. Ekki er talið að um verulegan kostnað sé að ræða og er þá reiknað með óbreyttu samkomulagi á milli Norðurlandanna. Þá hafa starfsmenn íslenskra skipa og flugvéla sem hafa staðið skil á tryggingagjaldi hér á landi notið sjúkratrygginga. Ákvæði um að heimilt sé að víkja frá ákvæði um sex mánaða búsetu í skyndilegum sjúkdómstilfellum, til að njóta sjúkratrygginga, er óbreytt frá gildandi lögum. Nýtt er að ráðherra skuli kveða nánar í reglugerð á um rýmkaðar undanþágur og ræðst kostnaður alfarið af því hvernig þær reglur verða útfærðar.

Kostnaður af frumvarpinu er af tvennum toga, annars vegar auknar greiðslur bóta og hins vegar kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins við framkvæmdina. Gert er ráð fyrir að kostnaður við framkvæmd ákvæðanna, það er vegna umsýslu og yfirferðar umsókna, verði 1–2 m.kr. á ári sem er innan fjárheimilda Tryggingastofnunar ríkisins. Ekki er ljóst hve mikil útgjöld af útgreiðslu bóta verða, en einstök sjúkratryggingamál geta orðið mjög kostnaðarsöm, sérstaklega vegna þjónustu sem veitt er erlendis. Miðað við þá framkvæmd sem tíðkast hefur verður ekki um teljandi kostnaðarauka að ræða.

462. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið hefðbundin. Nefndin hóf störf 22. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Samstarf fjárlaganefndarmanna og sveitarstjórnarmanna hefur nú sem áður verið gott og sú yfirsýn, sem fundir nefndarinnar með sveitarstjórnarmönnum gefa, er mikilvæg fyrir nefndina við afgreiðslu fjárlaga. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem heyra undir málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði með bréfi, dags. 20. október sl., eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarpið, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda, ásamt tillögum að skiptingu á safnliðum. Nefndirnar hafa skilað álitum og tillögum og fylgja þau nefndarálitinu sem fylgiskjöl eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram á Alþingi eru fjölmargir aðilar, félög, samtök og stofnanir, sem telja sig eiga erindi við fjárlaganefnd og eru þá kallaðir fyrir nefndina forsvarsmenn ýmissa stofnana til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 45 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu allra fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær, sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu, nema samtals 1.567,1 millj. kr. til hækkunar á sundurliðun 2 í frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar vill þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa veitt henni upplýsingar og aðstoð.

Það sem bíður 3. umræðu er afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B- og C-hluti og 5., 6. og 7. gr. Auk þess bíða 3. umræðu ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar. Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Alls er lagt til að framlag til Alþingis hækki um 27,1 m.kr. og verði 908,9 m.kr. Hækkunin skiptist á fimm viðfangsefni. Í fyrsta lagi er lagt til að alþingiskostnaður hækki um 4 m.kr. til að mæta auknum útgjöldum vegna funda þingmanna innan lands. Í öðru lagi er gerð tillaga um 5,7 m.kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.03 Fastanefndir. Kröfur um sérfræðilega þjónustu við fastanefndir hafa aukist mikið og sama má segja um vinnslu og frágang þingskjala. Þingskjaladeild annast frágang og uppsetningu lagasafns á vefinn en sá kostnaður var áður greiddur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Í þriðja lagi er lögð til 9,9 m.kr. hækkun til almenns rekstrar þingsins og er breytingin þríþætt. Fyrirhugaðar eru skipulagsbreytingar í upplýsinga- og tæknimálum Alþingis. Sérhæfð þjónusta við þingmenn og þingnefndir verður aukin og einnig þjónusta við almenning. Áætluð útgjöld vegna þessa eru 2,9 m.kr. Fjárveiting til erlendra samskipta hækkar um 2 m.kr. og er fjárveitingunni ætlað að mæta ýmsum sérverkefnum sem forsætisnefnd ákvarðar. Einnig hækkar rekstrarfjárveiting um 5 m.kr., m.a. vegna aukins prentkostnaðar. Í fjórða lagi er lagt til að fjárveiting til reksturs fasteigna hækki um 2,5 m.kr. vegna viðbótarhúsnæðis í Austurstræti 12 og til að mæta leigukostnaði á geymsluhúsnæði í Faxaskála. Að lokum hækkar tækja- og búnaðarkostnaður um 5 m.kr. til endurnýjunar á þjónustustöð, netbúnaði og fleira fyrir tölvukerfið, m.a. í því skyni að bæta þjónustu við heimatölvur þingmanna.

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Gerð er tillaga um 14 m.kr. framlag til að kosta starf nefndar sem ætlað er að undirbúa hátíðahöld í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá því að Leifur Eiríksson fann Vínland. Nefndin mun starfa til ársloka 2000.

221 Byggðastofnun: Lagt er til að stofnað verði nýtt viðfangsefni til að standa undir kostnaði við atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Framlag til Byggðastofnunar hækkar alls um 12 m.kr. og færist hækkunin á nýja viðfangsefnið en fjárveiting til þess verður samtals 65 m.kr. Á móti lækkar framlag til viðfangsefnisins 6.01 Byggðastofnun um 53 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Alls er lagt til að framlag til Háskóla Íslands hækki um 50 m.kr. Þar af hækkar framlag til rannsóknarnáms um 35 m.kr. en framlag til ritakaupasjóðs um 15 m.kr.

210 Háskólinn á Akureyri: Rekstrarframlag til Háskólans á Akureyri er hækkað um 9 m.kr. og skiptist hækkunin á tvö viðfangsefni. Lagt er til að hækkað verði framlag til almenns rekstrar skólans og er tillagan tvíþætt. Annars vegar eru ætlaðar 3 m.kr. til að koma á fót nýrri námsbraut í upplýsingatækni til BS-prófs við rekstrardeild skólans. Í náminu verður lögð áhersla bæði á þátt vélbúnaðar og hugbúnaðar. Hins vegar er gert ráð fyrir 1 m.kr. til að standa straum af námskeiðskostnaði við endurmenntun grunnskólakennara sem starfa á landsbyggðinni. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á viðfangsefni 1.02 Rannsóknastarfsemi til að efla rannsóknir og endurmenntun kennara við skólann.

211 Tækniskóli Íslands: Gerð er tillaga um að framlag verði aukið um 5 m.kr. vegna endurmenntunar kennara skólans.

221 Kennaraháskóli Íslands: Viðfangsefni 1.02 Rannsóknastarfsemi hækkar um 8 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um að framlag verði aukið um 5 m.kr. vegna rannsókna og endurmenntunar kennara við skólann. Hins vegar er lagt til að veita 3 m.kr. til verkefnis sem er í samvinnu upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og miðar að því að bæta nám og fræðslu hérlendis.

231 Rannsóknarráð Íslands: Liðurinn hækkar um 5 m.kr. Stefnt er að auknu vísindasamstarfi milli Íslands og Bandaríkjanna. Gert er ráð fyrir ráðstefnuhaldi og auknum samskiptum þegar á næsta ári.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður: Lagt er til að framlag verði hækkað til stofnkostnaðar háskóla- og vísindastofnana um 15 m.kr. Fjárhæðin er ætluð Tækniskóla Íslands til endurnýjunar tölvubúnaðar.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 10 m.kr. vegna tveggja nýrra viðfangsefna. Lögð er til sérstök 8 m.kr. fjárveiting til undirbúnings námi á háskólastigi á Austurlandi. Fyrirhugað er að kanna möguleika á að koma á fót miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi og er fjárveitingin ætluð til undirbúnings miðstöðvarinnar og til viðræðna við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri um framkvæmd málsins. Einnig er fjárveitingunni ætlað að undirbúa kaup á búnaði til kennslu með gagnvirku sjónvarpi. Lagt er til að stofnað verði nýtt viðfangsefni og er fjárveiting að fjárhæð 2 m.kr. ætluð til humarrannsókna á vegum rannsóknaseturs í Vestmannaeyjum.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður: Alls er lagt til að framlag til fjárlagaliðarins hækki um 18 m.kr. Viðfangsefnið 6.40 Tæki og búnaður hækkar um 9 m.kr. og er tilefnið tvíþætt. Annars vegar er lögð til 6 m.kr. tímabundin hækkun til Íþróttakennaraskóla Íslands til kaupa á tölvubúnaði fyrir skólann. Hins vegar er gerð tillaga um 3 m.kr. tímabundna hækkun vegna áframhaldandi uppbyggingar á tölvuveri Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Lagt er til að óskiptur byggingaframkvæmdaliður fjárlagaliðarins verði hækkaður. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti.

561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands: Lagt er til að hækkað verði framlag til almennrar kennslu um 0,5 m.kr. vegna undirbúnings á hönnunarnámi við skólann. Námið verður skipulagt sem framhaldsnám fyrir þá nemendur sem hafa lokið námi af hönnunarbrautum iðnskólanna í Reykjavík og Hafnarfirði og annarra skóla sem bjóða upp á hliðstætt nám. Gerð er tillaga um að framsetning fjárlagaliðarins breytist á þann veg að þjónustutekjur lækki um 51 m.kr. en að fjármögnun hans með hlutdeild í ríkistekjum hækki um sömu fjárhæð. Breytt framsetning að þessu leyti þykir vera í betra samræmi við nýleg lög um fjárreiður ríkisins. Um er að ræða framlag Reykjavíkurborgar til reksturs skólans. Fjárveiting liðarins verður eftir sem áður óbreytt.

750 Skólar fyrir fatlaða: Í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytt verkaskipti er lagt til að 75 m.kr. framlag til dagvistar fatlaðra forskólabarna sem áformað var að greiða sveitarfélögum í samræmi við lög um málefni fatlaðra verði fellt niður. Í samkomulaginu felst m.a. að sveitarfélögin bera kostnað af þjónustunni frá ársbyrjun 1998.

884 Jöfnun á námskostnaði: Lagt er til að hækkað verði framlag til jöfnunar á námskostnaði þeirra sem sækja nám fjarri heimabyggð.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Rekstrarframlag til safnsins hækkar um 13 m.kr. Alls eru ætlaðar 10 m.kr. til fornleifarannsókna við Stóruborg undir Eyjafjöllum, Reykholt í

Borgarfirði og Neðri-Ás í Hjaltadal. Þjóðminjasafni er ætlað að ráðstafa fjárveitingunni eftir því hvernig verkinu miðar á þessum þremur stöðum. Að auki er gerð tillaga um 3 m.kr. hækkun til áframhaldandi viðgerða á torfbæ að Keldum í Rangárvallasýslu. Lögð er til 2 m.kr. fjárveiting til tölvuskráningarkerfis Þjóðminjasafnsins.

903 Þjóðskjalasafn Íslands: Framlag til almenns reksturs þjóðskjalasafnsins hækkar um 2 m.kr. og er ætlað til frágangs og forvörslu skinnhandrita. Handrit þessi hafa verið geymd í Safnahúsinu en vegna flutnings þeirra þaðan er nauðsynlegt að búa um handritin með fullnægjandi hætti, forverja og setja í viðunandi umbúðir. Lagt er til að framlag til héraðsskjalasafna verði hækkað um 2 m.kr. í 7 m.kr.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Lagt er til að framlag til bókakaupa hækki um 15 m.kr. en þjónustutekjur hækka um sömu fjárhæð þannig að heildaráhrifin eru engin. Breytingin er vegna hækkunar framlags til ritakaupasjóðs.

919 Söfn, ýmis framlög: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um 8 m.kr. Lagt er til að veita 1 m.kr. til safns Sigurjóns Ólafssonar og verður framlag þá alls 5 m.kr. Hækkunin er í tilefni kostnaðar vegna 10 ára afmælis safnsins á næsta ári. Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni og að veittar verði 7 m.kr. til fornleifarannsókna og til endurgerðar bæjar Eiríks rauða að Eiríksstöðum í Haukadal ásamt nauðsynlegri aðstöðu fyrir ferðamenn, þ.e. bílastæða, hreinlætisaðstöðu og kynningarefnis á staðnum.

981 Kvikmyndasjóður: Lögð er til 2,1 m.kr. hækkun til Kvikmyndasjóðs og verður framlag á næsta ári 120 m.kr. sem er sambærilegt við fjárveitingu þessa árs. Framlag til Kvikmyndasafnsins verður hækkað um 5 m.kr. tímabundið vegna framkvæmda við safnið. Í lok síðasta árs flutti safnið í gömlu Bæjarútgerðina í Hafnarfirði og er fjárveitingunni ætlað að standa undir kostnaði vegna flutningsins og aðstöðu fyrir starfsmenn safnsins.

982 Listir, framlög: Lagt er til að ríkissjóður veiti 5 m.kr. framlag vegna úrvinnslu og viðgerða á tónsmíðahandritum Jóns Leifs í fjárlögum 1998 og er þá gert ráð fyrir að 7 m.kr. verði veittar til viðbótar í fjárlögum 1999. Þann 1. maí 1999 verða liðin 100 ár frá fæðingu tónskáldsins og áformar Íslensk tónverkamiðstöð átak til að koma handritum hans í það form að þau verði aðgengileg til flutnings. Heildarkostnaður er áætlaður um 26,5 m.kr. og er lagt til að ríkissjóður kosti þá tvo fyrstu hluta verkefnisins sem taldir eru hvað brýnastir.

983 Ýmis fræðistörf: Lagt er til að óskiptur liður fjárlagaliðarins verði hækkaður. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti.

989 Ýmis íþróttamál: Framlag til liðarins hækkar alls um 14,9 m.kr. og skipist hækkunin á sjö viðfangsefni. Lagt er til að hækkað verði framlag til ÍSÍ um 0,7 m.kr. vegna aðildar Landssambands hestamanna að samtökunum. Lagt er til að veita Ólympíunefnd Íslands 3 m.kr. á næsta ári vegna vetrarólympíuleikanna í Nagano í Japan á næsta ári. Að beiðni Skáksambands Íslands leggur fjárlaganefnd til að millifærðar verði 2 m.kr. af launasjóði stórmeistara í skák til Skáksambands Íslands vegna leyfis eins stórmeistara. Gerð er tillaga um að veittar verði 7 m.kr. til Borgarbyggðar vegna landsmóts UMFÍ sem haldið var á þessu ári. Hér er um lokagreiðslu að ræða vegna stofnkostnaðar við íþróttamannvirki samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Framlag til Bridgesambandsins hækkar um 0,2 m.kr. og verður 3 m.kr. samanborið við 2 m.kr. á þessu ári. Að lokum er tekinn inn nýr liður, Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum, og verður framlag 4 m.kr. Skólinn er með sambærilegt framlag í fjárlögum þessa árs og var það einkum ætlað til greiðslu á skuld skólans við Framkvæmdasjóð. Fjárhagsstaða skíðaskólans er slæm og er framlagið ætlað til að greiða niður skuldir. Um er að ræða lokagreiðslu.

999 Ýmislegt: Framlag til viðfangsefnisins Snorrastofa hækkar um 0,6 m.kr. vegna kostnaðar við umhirðu Reykholtsstaðar og Snorragarðs.

03 Utanríkisráðuneyti

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli: Lagt er til að tækja- og búnaðarliður verði hækkaður til að gera embættinu kleift að tengjast tölvukerfi sýslumannsembætta.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli: Í fjárlagafrumvarpi var gert ráð fyrir að 83,3 m.kr. tekjuafgangur Flugmálastjórnar rynni í ríkissjóð. Þar var skýrt frá því í greinargerð að unnið væri að því á vegum utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis að endurskipuleggja fjármál Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar. Að lokinni þessari athugun er lagt til að ráðstöfun á tekjuafgangi Flugmálastjórnar til ríkissjóðs verði felld niður en honum verði þess í stað ráðstafað þannig að 28,8 m.kr. renni til greiðslu á eldri lífeyrisskuldbindingum Flugmálastjórnar við lífeyrissjóði og allt að 54,5 m.kr., eða 15% af áætluðum lendingartekjum, renni til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í B-hluta, m.a. sem gjald fyrir afnot af flughlöðum, tengivegum og til almenns reksturs stöðvarinnar. Það framlag er háð því að aðrar tekjur af lendingargjöldum dugi fyrir öðrum útgjöldum Flugmálastjórnar.

221 Flugstöð Leifs Eiríkssonar: Lagt er til að framlag ríkissjóðs til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar verði fellt niður. Náðst hefur samkomulag milli utanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis um fjármál Flugstöðvarinnar. Liður í því samkomulagi er að á árunum 1998 til og með 2001 renni allur rekstrarafgangur Fríhafnarinnar í ríkissjóð.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Lagt er til að 5 m.kr. verði veittar til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til að taka þátt í verkefni við bátasmíði í Malaví. Áformað er að kenna og koma af stað smíði plastbáta til veiða á Malavívatni.

04 Landbúnaðarráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Lagt er til að óskiptur liður fjárlagaliðarins verði hækkaður. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti. Að auki er lagt til að framlag til landþurrkunar verði 0,6 m.kr. samanborið við 0,5 m.kr. á þessu ári.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Lagt er til að þjónustutekjur og gjöld RALA verði lækkuð um 15 m.kr. Í áætlun stofnunarinnar um þjónustutekjur var gert ráð fyrir 15 m.kr. tekjum frá Framleiðnisjóði líkt og er í fjárlögum ársins 1997. Á seinni stigum fjárlagagerðar 1998 var ákveðið að í stað þess að Framleiðnisjóður greiddi þessa fjármuni kæmi til 10 m.kr. beint framlag úr ríkissjóði. Hins vegar láðist að leiðrétta til lækkunar tekjur og gjöld stofnunarinnar.

222 Veiðimálastjóri: Lagt er til að veiðimálastjóra verði veitt 2,6 m.kr. tímabundið framlag sem verði sérstaklega ætlað til eftirlits og rannsókna á laxveiðum vegna hlunninda veiða. Á undanförnum árum hefur laxveiði við innanverðan Breiðafjörð og Hvammsfjörð dregist mikið saman og er með þessari fjárveitingu gert ráð fyrir að hægt verði að rannsaka og greina þessa þróun. Að auki er lagt til að 2 m.kr. af launagreiðslum í rekstri hjá stofnuninni verði færðar sem tilfærslur þar sem þær verði veittar til einstaklinga sem vinna að veiðieftirliti á sjó sem verktakar.

261 Bændaskólinn á Hvanneyri: Lagt er til að þjónustutekjur verði lækkaðar um 5 m.kr. og verða þær þá svipað hlutfall af rekstrarkostnaði og þær hafa verið á undanförnum þremur árum.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins: Launagjöld garðyrkjuskólans hækka um 2,5 m.kr. vegna starfs tilraunastjóra en verksvið hans er að hafa umsjón með og stýra rekstri tilraunagróðurhúsa sem hafa verið í uppbyggingu við skólann.

341 Átak í landgræðslu og skógrækt: Lagt er til að 20 m.kr. verði færðar af þessum fjárlagalið yfir á nýjan lið, 04-343 Suðurlandsskógar. Er það gert í samræmi við tillögu verkefnisstjórnar átaks í landgræðslu og skógrækt, sbr. lög nr. 93/1997.

343 Suðurlandsskógar: Lagt er til að 20 m.kr. verði færðar á þennan fjárlagalið af fjárlagalið 04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt. Er það gert í samræmi við tillögu verkefnisstjórnar átaks í landgræðslu og skógrækt. Suðurlandsskógar starfa samkvæmt lögum nr. 93/1997 og er hlutverk þeirra ræktun nytjaskóga og skjólbelta á Suðurlandi á sambærilegum grunni og Héraðsskógar hafa unnið á hingað til.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Lagt er til að framlag til greiðslu á aðildargjöldum Íslands til Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðiráðsins (NEAFC) lækki um 3,2 m.kr. þar eð ekki verður af hækkun sem áður var búist við og gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

303 Ríkislögreglustjóri: Lögð er til 20 m.kr. hækkun á fjárveitingu til ríkislögreglustjóra til að efla efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Embættið fer með rannsókn flókinna efnahagsbrota fyrir landið allt þar sem hagkvæmt er að slíkar sérhæfðar rannsóknir séu á einni hendi. Framlagið verður nýtt til að ráða fjóra sérhæfða starfsmenn auk þess sem kaupa þarf sérfræðiþjónustu o.fl.

325 Neyðarsímsvörun: Farið er fram á 26,4 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði vegna samsvarandi lækkunar á hlutdeild í ríkistekjum. Í frumvarpi til fjárlaga var fyrirhugað að fjármagna starfsemi neyðarsímsvörunar að öllu leyti með gjaldtöku af símafyrirtækjum. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar verður starfsemin einungis fjármögnuð að hálfu með gjaldtöku.

391 Húsnæði löggæslustofnana: Lagðar eru til 10 m.kr. til kaupa eða stofnframkvæmda við þrjár lögreglustöðvar; á Hólmavík, í Ólafsvík og á Blönduósi. Í 7. gr. frumvarps til fjárlaga eru í greinum 7.11, 7.13 og 7.14 heimildir til að kaupa húsnæði fyrir þessar lögreglustöðvar og taka til þess nauðsynleg lán.

426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði: Lagt er til að störfum lögreglumanna á Fljótsdalshéraði fjölgi um eitt og er kostnaður áætlaður 3 m.kr.

501 Fangelsismálastofnun ríkisins: Lagt er til að viðfangsefnið lækki um 13 m.kr. vegna yfirtöku heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á heilbrigðisþjónustu við fanga í samræmi við nýlegt samkomulag milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðueytis og Fangelsismálastofnunar sem öðlast gildi 1. janúar 1998. Á móti hækkar liðurinn 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt um sömu fjárhæð.

701 Biskup Íslands: Við bætist nýr liður með 3 m.kr. framlagi sem ætlað er til viðgerða á Dómkirkjunni. Fjárveitingin verður nýtt til viðgerða á múr kirkjunnar.

07 Félagsmálaráðuneyti

700 Málefni fatlaðra: Lagt er til að viðfangsefnið lækki um 38,4 m.kr. og flytjist á þrjú umdæmi svæðisskrifstofa. Í fyrsta lagi flytjist 24,9 m.kr. til skrifstofu um málefni fatlaðra Reykjanesi á fjárlagalið 702-1.20, sambýli. Þar er gert ráð fyrir tveimur nýjum sambýlum á næsta ári, annað frá ársbyrjun en hitt frá miðju ári. Í öðru lagi flytjast 10,4 m.kr. til skrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi á fjárlagalið 703-1.20, sambýli Akra-

nesi. Rekstur þess hefst um mitt næsta ár. Loks flytjist 3,1 m.kr. til skrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra á fjárlagalið 705-1.20, sambýli. Gert er ráð fyrir rekstri nýs sambýlis á Sauðárkróki frá miðju næsta ári.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi: Fjárveiting til viðfangsefnisins 1.93 Ný sambýli hækkar um 24,9 m.kr. en á móti lækkar viðfangsefnið 700-1.93 Ný sambýli um sömu fjárhæð. Gert er ráð fyrir rekstri tveggja nýrra sambýla fyrir 10–12 einstaklinga og að annað þeirra starfi allt árið en hitt frá miðju ári. Lagt er til að framlag til vistheimila fyrir börn hækki um 11,3 m.kr. til lausnar á búsetu mjög fatlaðra barna.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi: Lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 1.20 Sambýli Akranes hækki um 15,4 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 5 m.kr. til lausnar á búsetu einstaklings þar til nýtt sambýli tekur til starfa á Akranesi í ágúst 1998. Fjárveiting að fjárhæð 10,4 m.kr. verði flutt af viðfangsefni 700-1.93 Ný sambýli. Gert er ráð fyrir rekstri nýs sambýlis fyrir 5–6 einstaklinga á Akranesi frá ágúst 1998.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra: Lagt er til viðfangsefnið 1.20 Sambýli hækki um 6,8 m.kr. Þar af eru 3,7 m.kr. til lausnar á búsetu tveggja einstaklinga. Framlag að fjárhæð 3,1 m.kr. verði flutt af viðfangsefni 700-1.93 Ný sambýli. Gert er ráð fyrir rekstri nýs sambýlis fyrir fimm einstaklinga á Sauðárkróki frá miðju ári 1998.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi: Gerð er tillaga um að framlag til skrifstofu um málefni fatlaðra á Suðurlandi hækki um 2 m.kr. vegna sérstaks kostnaðar sem fellur til vegna erfiðra sjúkdómstilfella.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Ríki og sveitarfélög hafa komist að samkomulagi um breytingar á verkaskiptum. Í því felst þrennt. Í fyrsta lagi að sveitarfélögin taka alfarið að sér framkvæmd húsaleigubótakerfisins og að það verði fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Heildarkostnaður við það er talinn nema 305 m.kr. Í öðru lagi taka sveitarfélögin að sér að greiða allan kostnað vegna fatlaðra barna í leikskólum frá 1. janúar 1998, samtals að fjárhæð 95 m.kr. Loks tekur ríkið yfir kostnað við vinnumiðlun í landinu, samtals að fjárhæð 120 m.kr. Til sveitarfélaga fara því verkefni sem kosta alls 400 m.kr. en ríkið tekur yfir verkefni fyrir 120 m.kr. Því þarf að bæta sveitarfélögunum upp 280 m.kr. og er lagt til að það verði gert með því að setja þá fjárhæð á þennan nýja lið. Hreinn útgjaldaauki ríkissjóðs verður þó ekki nema 70 m.kr. eftir að tekið hefur verið tillit til þeirra 75 m.kr. sem veittar hafa verið til fatlaðra forskólabarna hjá menntamálaráðuneyti, þeirra 80 m.kr. sem átti að veita til verkaskipta og þess að skatttekjur ríkisins aukast um 55 m.kr. vegna þess að heimilt verður að greiða húsaleigubætur til þeirra sem leigja húsnæði í eigu sveitarfélaga og ríkis.

811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga: Í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytt verkaskipti er lagt til að 80 m.kr. framlag á þessum lið verði fellt niður. Í staðinn renni fjármunirnir til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til jöfnunar á húsaleigubótum frá og með 1. janúar 1998.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 4 m.kr. en nokkuð er um millifærslur innan liðarins. Lagt er til að viðfangsefnið 1.31 hækki um 10,1 m.kr. Á móti lækkar viðfangsefnið 1.30 Sjómannastofur um 0,6 m.kr. og viðfangsefnið 1.90 Ýmis framlög um 9,5 m.kr. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti. Lagt er til að óskiptur liður fjárlagaliðarins hækki um 4 m.kr. og er hækkunin tímabundin styrkur til að standa straum af framkvæmdakostnaði við vinnuheimili sem samtökin Krossgötur reka.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Lögð er til 2 m.kr. hækkun á framlagi til aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins. Lög um réttindi sjúklinga tóku gildi 1. júní sl. Gert er ráð fyrir að fénu verði varið til útgáfu- og kynningarstarfsemi í tengslum við nýju lögin. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 var fjárveitingin færð á fjárlagalið Tryggingastofnunar ríkisins, en nú hefur verið ákveðið að ráðuneytið annist kynninguna. Þegar útgáfu- og kynningarstarfi lýkur mun fjárveitingin verða nýtt til aukinnar túlkaþjónustu í samræmi við lögin um réttindi sjúklinga.

201 Tryggingastofnun ríkisins: Lögð er til 2 m.kr. lækkun þessa viðfangsefnis þar sem kynning á lögum um réttindi sjúklinga verður á vegum aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins.

204 Lífeyristryggingar: Lögð er til 75 m.kr. hækkun á framlagi til lífeyristrygginga vegna tveggja vikna fæðingarorlofs feðra. Tryggingagjald hækkar um 0,04%, sem áætlað er að skili 100 m.kr., sem er nokkru meira en áætluð útgjöld næsta árs. Hlutdeild liðarins í ríkistekjum eykst sem þessu nemur.

206 Sjúkratryggingar: Lagt er til að viðfangsefnið 1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands lækki um 57 m.kr. Fyrirhugað er að ganga frá samningi við Rauða kross Íslands um útvegun, innkaup og rekstur sjúkrabifreiða. Áformað er að samkomulagið taki gildi 1. janúar 1998. Með samningnum falla niður greiðslur af liðnum 08-206 en þess í stað koma beinar greiðslur ráðuneytis til Rauða kross Íslands á liðnum 08-501, auk greiðsluþátttöku sjúklinga. Lögð er til 40,0 m.kr. lækkun þjónustutekna á viðfangsefni 1.95 Þjónustutekjur þar sem um er að ræða tekjur sem tengjast daggjaldastofnunum. Samsvarandi hækkun þjónustutekna er lögð til á liðnum 08-495 daggjaldastofnanir.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Lögð er til 5 m.kr. hækkun vegna fjölgunar bæklunaraðgerða hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Samsvarandi lækkun verður á fjárlagaliðnum 08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Er þessi tilfærsla fjár í samræmi við fjármögnun á árinu 1997.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi: Viðfangsefni 1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi lækkar um 35 m.kr. og er tilefnið þríþætt. Í fyrsta lagi er lögð er til 5 m.kr. lækkun, en samsvarandi hækkun kemur á fjárlagaliðinn 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Er þessi tilfærsla fjár í samræmi við úthlutun á árinu 1997. Í öðru lagi er lögð til 10 m.kr. lækkun en um er að ræða lækkun framlags vegna tilfærslu fjár til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, vegna samnings um bæklunaraðgerðir. Í þriðja lagi er lögð til 20 m.kr. lækkun. Á undanförnum árum hefur um 20 m.kr. verið varið árlega til nýs tölvukerfis fyrir heilsugæslustöðvar. Þar sem samningar um verkefnið voru ófrágengnir við afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir árið 1998 var ákveðið að gera ráð fyrir fé til verkefnisins undir fjárlagaliðnum 08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Nú hefur verið gengið frá samningum við fyrirtækið Gagnalind um smíðina og er lagt til að fjárveitingin verði flutt á fjárlagaliðinn 08-500-6.90 Heilsugæslustöðvar, almennt, tölvuvæðing. Lagt er til að hækkað verði framlag viðfangsefnisins 1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili um 2 m.kr. til gerðar þjónustusamninga og eru þá alls til ráðstöfunar 22 m.kr. á næsta ári.

371 Ríkisspítalar: Lögð er til 25 m.kr. hækkun til Ríkisspítalanna í samræmi við samkomulag heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík sem gerir m.a. ráð fyrir að rekstur Kleifarvegsheimilisins flytjist frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur til Ríkisspítala. Að sama skapi er gerð tillaga um sömu lækkun fjárveitingar hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

375 *Sjúkrahús Reykjavíkur:* Lögð er til 25 m.kr. lækkun á rekstrargjöldum Sjúkrahúss Reykjavíkur þar sem samkomulag um rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík gerir ráð fyrir að rekstur Kleifarvegsheimilisins flytjist frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur til Ríkisspítala. Gerð er tillaga um sömu hækkun fjárveitingar hjá Ríkisspítölum.

379 *Sjúkrahús, óskipt:* Farið er fram á 300 m.kr. fjárveitingu á nýjum fjárlagalið sem ætlaður er til að auðvelda lausn á rekstrarvanda allra sjúkrahúsa á landinu. Lagt er til að stýrinefnd, sem fái til þess víðtækt umboð, verði falið að fjalla um málefni sjúkrahúsanna. Að þessu starfi komi, auk heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, fulltrúar með sérþekkingu á málefnum stærri og smærri sjúkrahúsa. Þau verkefni sem um er að ræða eru m.a. að skilgreina starfssvið einstakra heilbrigðisstofnana, semja við sérhverja þeirra um þá þjónustu sem skal veita, og um fjárframlög, styrkja stjórnun þeirra og bæta eftirlit og aðhald. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1997 er gert ráð fyrir 200 m.kr. framlagi til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda sjúkrahúsanna á landsbyggðinni, en að auki er í því frumvarpi gert ráð fyrir 320 m.kr. framlögum til sjúkrahúsanna í Reykjavík í samræmi við samkomulag þar um.

381 *Sjúkrahús og læknisbústaðir:* Lögð er til 14 m.kr. hækkun á framlag til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti.

399 *Heilbrigðismál, ýmis starfsemi:* Lagt er til að óskiptur liður fjárlagaliðarins hækki. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti. Lagt er til að heiti liðarins 1.58 Vistun áfengis- og vímuefnasjúklinga verði breytt í Krýsuvíkurskóli. Framlag verður hið sama og skólinn fær í fjárlögum þessa árs, eða 16,4 m.kr., og er það óbreytt frá frumvarpi.

400 *St. Jósefsspítali, Hafnarfirði:* Lögð er til 10 m.kr. hækkun til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, vegna samkomulags við Sjúkrahús Reykjavíkur um fjölgun bæklunaraðgerða. Á móti er framlag á fjárlagalið 08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi lækkað.

430 *Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun:* Lagt er til að framlag til Sjálfsbjargar hækki um 3 m.kr. til úrbóta á brunavörnum í húseign þeirra í Hátúni 12. Ágallar á brunavörnum byggingarinnar eru brot á gildandi byggingarreglugerð og reglugerð um brunavarnir og brunamál. Heildarkostnaður er áætlaður 35 m.kr. og þar af er hlutur Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, rúmlega 12 m.kr.

495 *Daggjaldastofnanir:* Lögð er til 12 m.kr. tímabundin hækkun til óskipts liðar daggjaldastofnana og er hækkunin ætluð til að auðvelda gerð þjónustusamninga við þær stofnanir sem reknar eru með halla. Lagt er til að þjónustutekjur hækki um 40 m.kr. en þar er um að ræða tekjur daggjaldastofnana sem færðar eru á fjárlagalið sjúkratrygginga í frumvarpinu og lækkar hann að sama skapi.

500 *Heilsugæslustöðvar, almennt:* Lagt er til að viðfangsefnið 1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt hækki um 13 m.kr. vegna yfirtöku heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á heilbrigðisþjónustu við fanga í samræmi við nýlegt samkomulag milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Fangelsismálastofnunar sem öðlast gildi 1. janúar 1998. Á móti lækkar liðurinn 06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins um sömu fjárhæð. Lögð er til 20 m.kr. hækkun til nýs tölvukerfis fyrir heilsugæslustöðvar. Hingað til hefur sama fjárveiting verið greidd af rekstrarhagræðingarlið heilbrigðisráðuneytisins. Þar sem gerður hefur verið samningur við fyrirtækið Gagnalind um verkið er lagt til að fjárveiting til þess verði millifærð á fjárlagaliðinn 08-500-6.90 Heilsugæslustöðvar, almennt, tölvuvæðing.

501 *Sjúkraflutningar:* Lagt er til að viðfangsefnið 1.11 Sjúkraflutningar hækki um 26 m.kr. Fyrirhugað er að gera samning við Rauða kross Íslands um útvegun, innkaup og rekstur sjúkrabifreiða. Með samningnum falla niður greiðslur af liðnum 08-206 en þess í stað

koma beinar greiðslur ráðuneytis til Rauða kross Íslands á liðnum 08-501, auk greiðsluþátttöku sjúklinga. Lagt er til að viðfangsefnið 1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða hækki um 31 m.kr. Fyrirhugað er að ganga frá samningi við Rauða kross Íslands um útvegun, innkaup og rekstur sjúkrabifreiða sem taka mun gildi 1. janúar 1998. Með samningnum falla niður jafnháar greiðslur af liðnum 08-206.

621 Forvarnasjóður: Gerð er tillaga um að fjármögnun liðarins breytist á þann veg að greiðsla úr ríkissjóði lækki um 55 m.kr. en hlutdeild hans í ríkistekjum hækki um sömu fjárhæð. Breytt framsetning að þessu leyti þykir vera í betra samræmi við nýleg lög um fjárreiður ríkisins. Um er að ræða hlutdeild í áfengisgjaldi sem innheimt er á grundvelli laga. Fjárveiting liðarins verður eftir sem áður óbreytt.

09 Fjármálaráðuneyti

261 Ríkistollstjóri: Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. hækkun fjárveitingar til embættisins. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til liðarins 09-995 Skýrsluvélakostnaður í kjölfar taxtahækkana hjá Skýrr hf. Hins vegar láðist að gera ráð fyrir sambærilegum hækkunum vegna tollakerfa ríkisins.

402 Fasteignamat ríkisins: Lagt er til að framlag til stofnkostnaðar hjá stofnuninni hækki um 5 m.kr. þar sem tekjur hennar af sölu upplýsinga hafa rýrnað og standa ekki lengur undir viðhaldi og endurbótum á skráningar- og matskerfum.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum: Gert er ráð fyrir að heimild samkvæmt liðnum hækki um 80 m.kr. sem ráðstafað verði til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu á svæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju.

973 Tapaðar kröfur og tjónabætur: Lagt er til að fjármögnun liðarins breytist á þann veg að greiðsla úr ríkissjóði lækki um 190 m.kr. Er það gert til leiðréttingar á framsetningu frumvarpsins þar sem ekki er gert ráð fyrir að komi til greiðsluhreyfingar á viðfangsefninu 6.11 Tapaðar kröfur. Fjárveiting liðarins verður eftir sem áður óbreytt.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs: Lagt er til að stofnkostnaðarframlag til Stjórnaráðsbygginga hækki um 15 m.kr. vegna endurbóta á brunavörnum og öryggismálum Arnarhvols. Talið er að heildarkostnaður verksins verði um 70–90 m.kr. samkvæmt skýrslu um öryggismál Stjórnarráðsbygginga á Arnarhvoli og að framkvæmdir fari fram á þremur árum. Gert er ráð fyrir að Rekstrarfélag Arnarhvols leggi til 7 m.kr. á ári. Gerð er tillaga um 35 m.kr. viðbótarframlag á þessum lið til kaupa á nýju húsnæði fyrir Skattstofu Suðurlands á Hellu. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu til þess að mæta kostnaði við flutning skattstofunnar miðað við að söluandvirði eldra húsnæðis mundi nægja til kaupa á nýrri fasteign. Frekari fjárheimilda er þörf til þess að hægt verði að festa kaup á því húsnæði sem síðan hefur orðið fyrir valinu.

995 Skýrsluvélakostnaður: Lagt er til að fjárveiting liðarins hækki um 25 m.kr. til þess að standa straum af kostnaði við breytingar á landskerfum og öðrum tölvukerfum ríkisstofnana hjá Skýrr hf. vegna aldamótaársins 2000. Fyrirhugað er að ríkisstofnanir gangi sameiginlega til samninga við fyrirtækið um greiningu, breytingar og prófanir á tölvukerfunum. Áætlað er að kostnaðurinn geti numið um 50–60 m.kr. alls á næstu tveimur árum.

999 Ýmislegt: Fjárveiting til kjaranefndar hækkar um 7,5 m.kr. til að mæta auknum verkefnum frá því sem verið hefur. Fyrirhugað er að ráða starfsmann til nefndarinnar og að hún fái skrifstofuaðstöðu með tækjabúnaði.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Lagt er til að framlag til vetrarsamgangna og vöruflutninga hækki. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti. Gerð er tillaga um að hækka tímabundið framlag til Slysavarnafélags Íslands um 3,5 m.kr. á næsta ári vegna 70 ára afmælis Slysavarnafélagsins. Í tilefni þess er m.a. fyrirhugað að setja á fót sýningu er verður helguð slysavarna- og björgunarstarfi á Íslandi í 70 ár. Þá er hækkunin einnig vegna stuðnings félagsins við björgunarstöðvar á Vestfjörðum. Lagt er til að viðfangsefni 1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum hækki um 10 m.kr. Verið er að ganga frá samningi við Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörgu um nýtingu á flestum húseignum á Gufuskálum. Samtökin ætla sér að byggja upp og reka þar þjálfunar- og fræðslumiðstöð í björgunarmálum. Í fjárlögum ársins 1997 er veittur 5 m.kr. styrkur til uppbyggingar á staðnum og í frumvarpi til fjárlaga 1998 er gert ráð fyrir jafnháu framlagi, sem og árið 1999. Hækkunin er ætluð sem rekstrarstyrkur og í fyrirhuguðu samkomulagi felst vilyrði fyrir jafnháum rekstrarstyrk í fimm ár.

211 Vegagerðin: Í frumvarpi til fjárlaga 1998 er sundurliðun á fjármögnun stofnunarinnar ranglega sett fram. Lán til Vegagerðarinnar nemur 400 m.kr. en endurgreiðslur eldri lána nema 210 m.kr. Því greiðast 190 m.kr. til viðbótar við þær 350 m.kr. sem nú er gert ráð fyrir úr ríkissjóði. Viðskiptahreyfingar lækka því um 190 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárveiting liðarins og hlutdeild í ríkistekjum hækki um 151 m.kr. Er það í samræmi við tillögu til þingsályktunar um vegáætlun sem lögð hefur verið fyrir ríkisstjórn en þar er miðað við að markaðir tekjustofnar vegáætlunar hækki um 3,5% þann 1. júní 1998.

335 Siglingastofnun Íslands: Gerð er tillaga um að framlag til viðfangsefnis 6.72 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði lækki um 10 m.kr. og viðfangsefni 6.70 Hafnamannvirki hækki um sömu fjárhæð. Lagt er til að framlag til lendingarbóta verði hækkað. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti.

11 Iðnaðarráðuneyti

299 Iðja og iðnaður, framlög: Lagt er til að framlag til Staðlaráðs hækki um 3,8 m.kr. og komi sú fjárhæð sem fast framlag til viðbótar tekjum ráðsins af staðlaráðsgjaldi, 18,8 m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Á árinu 1997 var gert ráð fyrir að komið yrði á gjaldi fyrir áfrýjun á úrskurðum Samkeppnisstofnunar. Það gekk ekki eftir. Þjónustutekjur þessar eru einnig áætlaðar í fjárlagafrumvarpi 1998. Því er lagt til að þjónustutekjur vegna þessa verði felldar niður og fjárveiting hækki um 2,1 m.kr.

302 Löggildingarstofa: Í greinargerð fjárlagafrumvarps 1998 var skýrt frá því að framlag til Löggildingarstofu væri í endurskoðun hjá ráðuneytum fjármála og viðskipta og yrðu endurskoðaðar tölur lagðar fram fyrir lok afgreiðslu fjárlaga. Sú endurskoðun leiðir í ljós að rétt þykir að hækka þjónustutekjur í 17 m.kr. og lækka almenn rekstrargjöld um 6,4 m.kr., en þar er um að ræða þá hagræðingu sem felst í því að Rafmagnseftirlit ríkisins var sameinað Löggildingarstofu.

13 Hagstofa Íslands

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa: Lagt er til að framlag til yfirstjórnar Hagstofunnar hækki um 10 m.kr. Þar af eru 5 m.kr. til endurnýjunar á tölvukerfi Hagstofu Íslands vegna þjóðskrár og fyrirtækjaskrár og aðrar 5 m.kr. til að standa undir kostnaði við öfl-

un tölulegra upplýsinga um skóla- og menningarmál og úrvinnslu þeirra í tengslum við hagskýrslugerð samkvæmt samningi milli menntamálaráðuneytisins og Hagstofunnar. Gerð er tillaga um að framsetning liðarins breytist á þann veg að þjónustutekjur lækki um 48 m.kr. en að fjármögnun hans með hlutdeild í ríkistekjum hækki um sömu fjárhæð. Breytt framsetning að þessu leyti þykir vera í betra samræmi við nýleg lög um fjárreiður ríkisins. Um er að ræða afnotagjöld af þjóðskrá og fyrirtækjaskrá sem innheimt eru á grundvelli laga. Fjárveiting liðarins verður eftir sem áður óbreytt.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Alls hækkar framlag um 15,9 m.kr. Gerð er tillaga um að hækka viðfangsefnið 1.23 Ýmis umhverfisverkefni um 5,6 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 3,6 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna aðalfundar framkvæmdanefndar Óslóar-Parísarsamningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins gegn mengun sem verður haldinn á Íslandi á fyrri hluta ársins 1998. Nefndin fjallar um aðgerðir til að draga úr mengun hafsins en gert er ráð fyrir að þátttakendur á fundinum verði um 40. Gerð er tillaga um 3,8 m.kr. hækkun fjárveitingar til rannsókna á botndýrum á Íslandsmiðum og er fjárveiting á næsta ári þá sambærileg við fjárveitingu þessa árs. Rannsóknarverkefnið var formlega sett á laggirnar 1992 og markmið þess er að fá heildstætt yfirlit yfir megindrætti í útbreiðslu botnlægra tegunda. Lagt er til að framlag til rannsóknastöðvar að Kvískerjum hækki um 4 m.kr. Fyrirhugað er að ráðast í byggingu húsnæðis fyrir rannsóknastöð að Kvískerjum sem verði undir yfirstjórn Háskóla Íslands. Áætlað er að kostnaður við byggingu verði um 20 m.kr. og er gert ráð fyrir að ríkið veiti sem nemur ⅔ hlutum kostnaðarins á næstu þremur árum. Lagt er til að framlag til náttúrugripasafns í Vestmannaeyjum verði hækkað um 1 m.kr. og verður framlag á næsta ári þá 3 m.kr. Með hækkuninni verður unnt að efla safnið, stækka það og auka fjölbreytni, svo og að kaupa tæki sem nýtast munu til rannsókna sérfræðinga á sjávarlífi og fisktegundum við Ísland. Að lokum er gerð tillaga um að framlag til Náttúruverndarráðs verði hækkað um 1,5 m.kr. Hlutverk ráðsins er að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um náttúruvernd og veita Náttúruvernd ríkisins faglega ráðgjöf. Auk þess er ráðinu ætlað að stuðla að almennri náttúruvernd og fjalla um hvaðeina sem lýtur að náttúruvernd á Íslandi.

205 Náttúruvernd ríkisins: Lagt er til að launagjöld Náttúruverndar ríkisins hækki um 2 m.kr. sem gerir stofnuninni kleift að ráða starfsmann á sviði útivistar og fræðslu. Starfsmanninum er m.a. ætlað að hrinda af stað átaki í fræðslu og kynningu á náttúruvernd og umhverfismálum almennt.

221 Hollustuvernd ríkisins: Lagt er til að Hollustuvernd ríkisins verði veitt tímabundin fjárveiting að fjárhæð 10 m.kr. til að standa undir kostnaði við staðfestingu Íslands á loftgæðatilskipun ESB. Gert er ráð fyrir að um 5 m.kr. verði nýttar til tækja- og búnaðarkaupa en um 5 m.kr. til mælinga og reksturs á fyrsta ári. Sá tími verður nýttur til undirbúnings gjaldskrár en fyrirhugað er að sveitastjórnir standi undir rekstrarkostnaði mælitækjanna.

301 Skipulagsstofnun: Fjárveiting liðarins er hækkuð um 3,5 m.kr. Samkvæmt lögum um skipulags- og byggingarmál, sem taka gildi 1. janúar 1998, skal umhverfisráðherra skipa úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Við samþykkt laganna var talið að sparnaður við að leggja af skipulagsstjórn ríkisins mundi vega upp á móti kostnaðarauka vegna úrskurðarnefndarinnar. Nú liggur fyrir að nefndin þurfi að ráða starfsmann í fullt starf til að sinna þessum verkefnum.

310 Landmælingar Íslands: Lagt er til að veita 12 m.kr. til kaupa á tækjum til að stofnunin

geti hafið úrvinnslu á GPS-mælingum í tengslum við evrópskt mælinganet og lokið frágangi við jarðstöð á Hornafirði. Samtals er um að ræða 20 m.kr. kostnað en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 8 m.kr. fjárveitingu.

401 *Náttúrufræðistofnun Íslands:* Lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 1.02 Setur í Reykjavík hækki um 4 m.kr. Þar af eru 2,5 m.kr. til mælinga á frjókornum í andrúmslofti. Verkefnið hófst á þessu ári og hefur verið tryggt fjármagn til þess en með tímabundinni hækkun er gert ráð fyrir að hægt verði að ljúka verkefninu á næsta ári. Lögð er til 1,5 m.kr. til að greiða hugbúnaðarleyfi fyrir landupplýsingakerfi. Stofnunin hafði svokallað háskólaleyfi til að nota forritið í vísindalegum tilgangi án endurgjalds í nokkur ár. Með tilkomu breyttrar notkunar þarf stofnunin nú að greiða fyrir afnotin. Heildarkostnaður er 5,2 m.kr. sem skiptist þannig að 1,5 m.kr. kemur til greiðslu á þessu ári, 1,7 m.kr. á næsta ári og 2 m.kr. á árinu 1999. Gerð var samsvarandi breytingartillaga við 2. umræðu fjáraukalaga fyrir árið 1997.

403 *Náttúrustofur:* Lögð er til tímabundin 1 m.kr. hækkun til náttúrustofu Bolungarvíkur vegna rannsókna á lífríki Hornstranda. Gerð er tillaga um að veita 2 m.kr. til að koma á fót náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Árlegur rekstrarkostnaður náttúrustofa er á næsta ári áætlaður 4,7 m.kr. og með þessari fjárveitingu er hægt að hefja starfsemi náttúrustofu Sauðárkróks á síðari hluta næsta árs.

410 *Veðurstofa Íslands:* Lagt er til að þjónustutekjur Veðurstofunnar lækki um 5 m.kr. en það nemur um 15% af heildaráætlun þjónustutekna í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Undanfarið hefur stofnuninni ekki tekist að afla þeirra tekna sem gert hefur verið ráð fyrir en með þessari lækkun á þjónustutekjukröfu er gert ráð fyrir að breyting verði þar á.

Lagt er til að framlög til stofnana hækki um 117,2 m.kr. vegna endurmats á launalið í kjölfar kjarasamninga við stéttarfélög sem undirritaðir hafa verið eftir að frumvarpið var lagt fram. Sundurliðun fjárhæðarinnar á stofnanir verði samkvæmt sérstöku yfirliti.

Alþingi, 11. des. 1997.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997. Á fund nefndarinnar kom frá forsætisráðuneyti Guðmundur Árnason skrifstofustjóri og frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti komu Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri,

Sólmundur Már Jónsson deildarstjóri, Benedikt Bogason skrifstofustjóri og Þórhallur Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra. Þá komu einnig á fund nefndarinnar frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík Böðvar Bragason lögreglustjóri, Haraldur Johannessen varalögreglustjóri, Stefán Hirst skrifstofustjóri og Þröstur Eyvinds lögreglufulltrúi auk Boga Nilssonar ríkislögreglustjóra.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun á framlagi til forsætisráðuneytis milli ára sem nemur 40 millj. kr. Er þar aðallega um að ræða framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna aukinna verkefna og framlag vegna þátttöku Íslands í heimssýningunni í Lissabon á næsta ári. Á móti lækka framlög til norrænu ráðherranefndarinnar og Byggðastofnunar. Rekstrarútgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hækka nokkuð á árinu. Ber þar helst að nefna að útgjöld Landhelgisgæslunnar aukast um 20 millj. kr. til samræmis við raunverulegt umfang stofnunarinnar og leigugreiðslur sýslumannsembætta hækka um 11 millj. kr. Þá aukast útgjöld kirkjunnar nokkuð, m.a. vegna setningar nýrra laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Á fundum sínum ræddi nefndin sérstaklega um fjárveitingar til vímuvarna, en þær eru nær óbreyttar á milli ára. Áfram er gert ráð fyrir 35 millj. kr. fjárveitingu til átaks í löggæslu vegna fíkniefnamála. Er fjárveiting þessi liður í átaki í ávana- og fíkniefnavörnum sem ríkisstjórnin samþykkti í kjölfar skýrslu verkefnisstjórnar í ávana- og fíkniefnavörnum. Sama fjárhæð var veitt til verkefnisins á síðasta ári og gert er ráð fyrir að um sambærilega fjárveitingu verði að ræða á árinu 1999.

Þá óskaði nefndin frekari gagna frá forsætisráðuneyti um kostnað ríkisins af þátttöku í heimssýningunni í Lissabon á næsta ári og var þátttaka ríkisins rædd nokkuð, en Íslendingar tóku ekki þátt í síðustu heimssýningu sem haldin var í Sevilla.

Nefndin kannaði sérstaklega fjárveitingar til embættis lögreglustjórans í Reykjavík og kallaði eftir upplýsingum um starfsemi þess. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir 7% hækkun á útgjöldum embættisins milli ára og er hækkunina aðallega að rekja til skipulagsbreytinga vegna nýrra lögreglulaga. Á móti er fjárveiting til embættisins lækkuð um 30 millj. kr. en á móti kemur að í 7. gr. frumvarpsins er heimild til að ráðstafa allt að 30 millj. kr. vegna bættrar sektarinnheimtu til embættisins. Þannig er lagt til það nýmæli að embætti lögreglustjórans í Reykjavík fái bættan hluta af þeim mikla kostnaði sem leiðir af skipulagsbreytingum og auknu vinnuframlagi sem nauðsynlegt er til þess að bæta innheimtuárangur embættisins. Nefndin aflaði sér ítarlegra gagna um sektarinnheimtu embættisins og ræddi við stjórnendur þess. Í ljósi skipulagsbreytinga og þess að um áramót verður tekið í notkun samræmt innheimtukerfi sekta hjá öllum embættum á landinu verður að telja líklegt að innheimtuhlutfall sekta batni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til löggæslumála almennt hækki þó nokkuð frá fjárlögum ársins 1997 og er sú hækkun nauðsynleg að mati meiri hluta nefndarinnar.

Hjálmar Jónsson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Valgerður Sverrisdóttir.
Árni R. Árnason.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Kristján Pálsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við mikinn kostnað forsætisráðuneytisins vegna heimssýningarinnar í Lissabon, en framlag ríkissjóðs til þess verkefnis nemur í heild 60 millj. kr., en kostnaður atvinnulífsins aðeins 15 millj. kr. af 75 millj. kr. heildarkostnaði við þátttöku Íslands í sýningunni.

Minni hlutinn telur ekki verjandi að notendur standi straum af kostnaði við Neyðarlínuna, ekki síst í ljósi þeirra miklu hækkana sem orðið hafa á gjaldskrá Pósts og síma.

Vímuefnavarnir eiga að hafa forgang að mati minni hlutans og er því óviðunandi að fjármagn til svo mikilvægs málaflokks sé nær óbreytt milli ára í ljósi vaxandi ofbeldis og fíkniefnaneyslu.

Jafnframt fellst minni hlutinn ekki á að skornar séu niður um 30 millj. kr. fjárveitingar til lögreglustjórans í Reykjavík og embættinu sé ætlað að ná þeim tekjum með bættri innheimtu sekta þannig að afkoma embættisins ráðist af hörku lögreglunnar við að innheimta sektir. Samtals eru nú til innheimtu hjá embættinu dómsektir, viðurlagaákvarðanir, sáttir, umferðarmál og sakarkostnaður í 5.352 málum að fjárhæð tæplega 292 millj. kr. Ekki er vitað hvernig þessi fjárhæð skiptist milli brotaflokka, en innheimtuhlutfall sekta er um 20–25%. Mikil brotalöm virðist vera á innheimtunni, en minni hlutinn telur að endurskoða þurfi hana frá grunni og beita skilvirkari innheimtuúrræðum en áður. Fram kom á fundi allsherjarnefndar að innheimtuhlutfallið annars staðar á Norðurlöndum er yfir 90%, en þar annast lögreglan ekki innheimtu, enda á það ekki að vera í verkahring hennar.

Minni hlutinn mótmælir einnig þeim miklu hækkunum, sem fyrirhugaðar eru á dómsmálagjöldum eða um tæpar 99 millj. kr., sem bitna með fullum þunga á heimilum sem eru í miklum fjárhagserfiðleikum. Yfirlit um hækkun dómsmálagjalda er birt sem fylgiskjal.

Minni hlutinn vekur athygli á því að fram hefur komið í umfjöllun nefndarinnar um frumvarp til laga um dómstóla, sem taka gildi á næsta ári, að biðlaun eru vanáætluð. Dómarafulltrúar hafa bent á að flestir dómarafulltrúar, 12 að tölu, munu hætta störfum. Biðlaunakostnaður af þeim sökum yrði allt að 30 millj. kr. en ekki 0,6–1,3 millj. kr. á mann eins og fram kemur í umsögn fjármálaráðherra um frumvarpið.

Alþingi, 26. nóv. 1997.

Jóhanna Sigurðardóttir.
Guðrún Helgadóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997.

Nefndin fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, Árna Gunnarsson og Björn Arnar Magnússon frá félagsmálaráðuneyti. Þá komu á fund Gissur Pétursson og Sigurður Pétur Sigmundsson frá Vinnumálastofnun og gerði Sigurður Pétur jafnframt grein fyrir Atvinnuleysistryggingasjóði, frá Húsnæðisstofnun ríkisins komu Sigurður E. Guðmundsson, Percy Stefánsson og Hilmar Þórisson, Eyjólfur Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Húnbogi Þorsteinsson, Elín Pálsdóttir og Hermann Sæmundsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Ásgeir Sigurgestsson og Stefán Hreiðarsson frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Bragi Guðbrandsson frá Barnaverndarstofu. Þá fór nefndin í vettvangsferð í Barnaverndarstofu.

Á árinu 1998 er gert ráð fyrir að útlán Byggingarsjóðs verkamanna til byggingar félagslegra íbúða nemi 2.450 millj. kr. samanborið við 2.320 millj. kr. í ár. Lánsheimildir miðast við 170 nýjar íbúðir í stað 180 á þessu ári. Langtímalán sjóðsins nema 5.280 millj. kr. og er gert ráð fyrir lántöku vegna þessa bæði hjá sveitarfélögum og Byggingarsjóði ríkisins. Áætlað er að 4.900 millj. kr. verði aflað með sölu húsnæðisbréfa. Afborganir af þessum lánum eru áætlaðar 2.600 millj. kr. og aukast um 186 millj. kr. milli ára. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að fram hefur komið að verði ekki gripið til ráðstafana stefnir í þrot sjóðsins.

Hvað varðar málefni barna og ungmenna bendir meiri hlutinn á að fram hafi komið í máli gesta að í frumvarpinu sé ekki gert ráð fyrir hugsanlegri aukningu kostnaðar vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Meðferðarþörf aldurshópsins 14–15 ára er um 30 rými af þeim 40 sem til eru. Vandamál aldurshópsins 16–18 ára eru að öllum líkindum meiri og alvarlegri en á móti kemur að aðrar stofnanir, svo sem fangelsi og SÁÁ, koma hér að máli. Í máli fulltrúa Barnaverndarstofu kom fram að hugsanlega þyrfti að fjölga meðferðarrýmum um 30 þegar áhrif breytinganna eru komin fram af fullum þunga.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1997.

Siv Friðleifsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.
Pétur H. Blöndal.
Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefndar gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998:

Enn á ný eru tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra skertar. Samkvæmt lögum er erfðafjárskattur ætlaður til framkvæmda í þágu fatlaðra. Þær tekjur eru áætlaðar 420 millj. kr. á næsta ári. Samkvæmt frumvarpinu fær framkvæmdasjóðurinn í sinn hlut 205 millj. kr. þannig að ríkið tekur í sinn hlut 215 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur uppi áform um að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna. Ef það á að takast sómasamlega þurfa málefni fatlaðra að vera í góðu lagi, nema meiningin sé að leggja auknar byrðar á sveitarfélögin. Í Reykjavík og á Reykjanesi eru langir biðlistar eftir sambýlum og því ljóst að mikil þörf er fyrir framkvæmdafé eigi að takast að stytta biðlistana. Það er ólíðandi að framkvæmdarvaldið skuli ár eftir ár skerða eyrnamerkt fé. Þá er miklu nær að breyta lögunum í stað þess að hunsa þau með þessum hætti.

Minni hluti félagsmálanefndar vill enn einu sinni vekja athygli á þeirri alvarlegu þróun sem nú á sér stað varðandi félagslega húsnæðiskerfið. Enn eru bein framlög ríkisins til byggingar félagslegra íbúða skorin niður og hefur orðið verulegur samdráttur hvað varðar fjölgun íbúða. Gert er ráð fyrir að nýjum lánum til kaupa á húsnæði fækki úr 180 í 170. Því er borið við að eftirspurn eftir félagslegu húsnæði fari þverrandi, en það á aðeins við um dreifbýlið þar sem víða var farið of geyst í byggingu félagslegra íbúða. Á höfuðborgarsvæðinu þar sem fólkið er flest og mest er um láglaunafólk, aldraða og öryrkja – sem mest þurfa á félagslegri aðstoð að halda – er eftirspurnin miklu meiri en hægt er að sinna. Minni hlutinn mótmælir þessum niðurskurði og bendir á að halda þarf áfram uppbyggingu félagslega húsnæðiskerfisins og stórauka framboð á leiguhúsnæði. Þá er staða Byggingarsjóðs verkamanna mikið áhyggjuefni en Ríkisendurskoðun hefur bent á að hann stefni í þrot verði ekki gripið til aðgerða. Enn bólar ekkert á aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þá vill minni hluti félagsmálanefndar vekja athygli á því hve framlög til jafnréttismála eru skammarlega lág. Sá málaflokkur ætti að fá forgang á málefnaskrá ríkisstjórnarinnar í ljósi yfirlýsinga og jafnréttisáætlunar sem er í gildi, en því miður virðist áhuginn vægast sagt takmarkaður.

Á síðasta þingi gagnrýndi minni hlutinn harðlega að atvinnusjóður kvenna var settur undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er engan veginn hægt að sjá hvað sjóðnum er ætlað, en upplýst var á fundi nefndarinnar að sem fyrr eru 20 millj. kr. áætlaðar til styrktar atvinnusköpun kvenna. Jafnframt kom fram að dregið hefur úr umsóknum í sjóðinn og einnig að fyrirhugað er að endurskoða reglur hans í ljósi breyttra aðstæðna. Minni hlutinn tekur undir að sjóðurinn er mikilvægur og ætti auðvitað að fá mun meira fé. Í Evrópu og Bandaríkjunum hafa konur verið mikilvirkar við stofnun nýrra fyrirtækja og átt hvað mestan þátt í auknum hagvexti þessara ríkja. Slíkt hefur ekki gerst hér nema að litlu leyti og því brýnt að kanna hvað veldur og hvernig ríki og sveitarfélög geta komið til aðstoðar með lánum og styrkjum. Jafnframt ítrekar minni hlutinn þá skoðun sína að nýsköpun í atvinnulífi og starfsmenntun fyrir atvinnulífið eru atvinnu- og menntamál, en

ekki hluti af atvinnuleysisvanda þjóðarinnar. Á síðasta þingi var ákveðið að færa Starfsmenntasjóð atvinnulífsins undir Atvinnuleysistryggingasjóð og fær hann sömu upphæð til ráðstöfunar og á þessu fjárlagaári. Alls staðar í kringum okkur er verið að auka framlög til starfsmenntunar og hvers kyns endurmenntunar, ekki síst vegna þeirra miklu breytinga sem fram undan eru í atvinnulífinu. Störfum mun fækka í flestum framleiðslugreinum og þau verða æ sérhæfðari meðan störfum fjölgar í þjónustu- og hátækniiðnaði. Enn á ný mótmælir minni hluti félagsmálanefndar því hvernig ríkisstjórnin blandar saman óskyldum málum. Starfsmenntun atvinnulífsins á að þjóna framtíðinni og þörfum einstaklinganna en ekki að vera eitthvert skammtímaúrræði vegna þess atvinnuleysis sem við er að stríða. Því er spáð að á næstu öld verði vinnandi fólk að vera reiðubúið og eigi að fá tækifæri til að endurmennta sig til allt að þriggja starfa á starfsævinni. Afar mikilvægt er að íslenskt menntakerfi og aðilar vinnumarkaðarins lagi sig að þessari nýju þörf til þess að fólk geti búið sig í tíma undir þær miklu breytingar sem fram undan eru, breytingar sem kalla á aukinn sveigjanleika. Atvinnuleysið kallar á sérstakar og sérhæfðar lausnir sem fela í sér endurmenntun og félagslegan stuðning. Almenn menntun eða sérhæfð í þágu atvinnugreina er annað en ekki síður mikilvægt mál sem kallar á stóraukin framlög eigi íslenskt atvinnulíf ekki að dragast aftur úr því sem tíðkast meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við.

Loks vill minni hlutinn minna á málefni barna og unglinga. Á síðasta þingi var samþykkt lagabreyting þess efnis að sjálfræðisaldur verði miðaður við 18 ár. Sú breyting kallar á aukið fjármagn til málefna barna og unglinga á næstu árum. Það þarf sérstök meðferðarúrræði fyrir aldurshópinn 16–18 ára sem oft og tíðum er mjög erfiður, en þau eru ekki til staðar nú. Ekki verður séð að neitt tillit sé tekið til þessarar breytingar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998, en afar brýnt er að bæta þar úr.

Alþingi, 24. nóv. 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Heilbrigðis- og tryggingnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997.

Nefndin fékk á sinn fund Guðmund G. Þórarinsson, Vigdísi Magnúsdóttur, Þorvald Veigar Guðmundsson og Önnu Lilju Gunnarsdóttur frá Ríkisspítölum, Jóhannes Gunnarsson, Magnús Skúlason og Ernu Einarsdóttur frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Björn Ástmundsson frá Landssambandi sjúkrahúsa og Kristján G. Guðmundsson, Guðmund Einarsson og Helgu Þorbergsdóttur frá Landssamtökum heilsugæslustöðva. Einnig fékk nefndin send gögn frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Nefndin er sammála um að vekja athygli fjárlaganefndar á eftirtöldum atriðum:

Hjá fulltrúum Ríkisspítalanna kom fram að fjárskorti hefði verið mætt á undanförnum árum með hagræðingu. Bentu þeir á að áætlaður fjárskortur á þessu ári væri 155 millj. kr. þrátt fyrir auknar fjárveitingar nú í haust. Einnig vöktu þeir athygli á því að sjúklingum hefði fjölgað um 15% frá árinu 1990 til 1995 og að hlutfall bráðasjúklinga hefði hækkað úr rúmlega 50% í yfir 70% á sama tíma. Þá áætluðu þeir að fyrir árið 1998 vantaði um 490 millj. kr. miðað við að reksturinn yrði sambærilegur við árið 1997. Fram kom í máli fulltrúanna að biðlistar hefðu lengst. Með hliðsjón af þessu töldu þeir óhjákvæmilegt að stjórnvöld tækju ákvörðun um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu.

Fulltrúar Sjúkrahúss Reykjavíkur vöktu athygli á að starfsemi þess væri nú þegar mjög aðþrengd vegna takmarkaðra fjárveitinga og að þeirra mati væri sjúkrahúsinu ómögulegt að veita þá þjónustu sem stjórnvöld ætlast til með þeim fjárveitingum sem ráðgerðar væru í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998. Bent var á að þrátt fyrir samkomulag um aukafjárveitingar í ágúst sl. væri halli á rekstri sjúkrahússins á þessu ári um 150 millj. kr. Til rekstrarins á næsta ári vantar Sjúkrahús Reykjavíkur á bilinu 400–500 millj. kr. ef tekið er mið af áætlaðri rekstrarniðurstöðu þessa árs. Þá var sömuleiðis vakin athygli á að þörf á viðhaldi hússins í Fossvogi væri orðin mikil. Af því tilefni var vísað til skýrslu þar sem fram kemur að kostnaður við fyrirsjáanlegar utanhússviðgerðir eykst um 3–5% á ári fyrir hvert ár sem dregst að hefja framkvæmdir. Auk þessa var vakin athygli á því að fjárframlög til tækjakaupa hefðu síðastliðin ár verið of lítil og dygðu ekki til að eðlileg endurnýjun og þróun gæti átt sér stað. Fulltrúarnir töldu brýnt að stjórnvöld færu að huga að forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni.

Fram kom í gögnum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri að halli þessa árs og þess síðasta yrði um 84 millj. kr. Til að veita sambærilega þjónustu og mæta aukinni þjónustuþörf sjúkrahússins á næsta ári er talið að hækka þurfi fjárveitingar til þess um 120–150 millj. kr. Þar sem ekki er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til sjúkrahússins í fjárlagafrumvarpinu töldu þeir óhjákvæmilegt að draga úr þjónustu eða fella niður einstaka þætti starfseminnar.

Að mati forsvarsmanna þriggja stærstu sjúkrahúsa landsins vantar þau rúman milljarð króna. Er því beint til fjárlaganefndar að skoða það mál sérstaklega.

Í máli forsvarsmanna Landssamtaka heilsugæslustöðva kom fram að heilsugæslan væri rekin með nokkrum halla en það vandamál væri ekki alvarlegt. Þeir lögðu áherslu á nokkur atriði þar sem þörf væri á samtals um 100 millj. kr. viðbótarframlagi, meðal annars til að ljúka byggingu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, í Keflavík og á Akureyri, til bifreiðakaupa og tölvukaupa heilsugæslustöðva, og framlagi til tilraunaverkefnis í fjarlækningum.

Alþingi, 25. nóv. 1997.

Össur Skarphéðinsson, form.
Siv Friðleifsdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.
Guðni Ágústsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997.

Nefndin fékk á sinn fund frá iðnaðarráðuneyti Halldór J. Kristjánsson ráðuneytisstjóra og Kristmund Halldórsson deildarstjóra og frá Rafmagnsveitum ríkisins komu Kristján Jónsson forstjóri og Eiríkur Briem fjármálastjóri. Þá fór nefndin í vettvangsferð til Orkustofnunar.

Í máli fulltrúa Orkustofnunar kom fram að fjárveitingar til hennar hafa lækkað undanfarin ár þótt umsvif í orkumálum fari vaxandi á nýjan leik og horfur séu á að þau aukist enn. Stofnunin vill breyta áherslum í orkurannsóknum og telur því nauðsynlegt að fé verði veitt til nýrra verkefna og til ráðningar auðlindahagfræðings. Nefndin minnir á mikilvægi þeirra verkefna sem Orkustofnun vinnur að. Eftir endurskipulagningu stofnunarinnar er rannsóknaþjónusta hennar nú rekin sem hver annar samkeppnisrekstur með aðskilinn fjárhag frá öðrum þáttum starfseminnar og leggur nefndin áherslu á að við ákvörðun fjárveitinga til Orkustofnunar sé litið til þessa.

Í máli fulltrúa Rafmagnsveitna ríkisins (Rarik) kom fram að Rarik kaupir raforku af Landsvirkjun og greiðir fyrir hana um 50% hærra verð en langtímajaðarkostnaður Landsvirkjunar er metinn á. Á næstu árum eru horfur á að Hitaveita Suðurnesja og Reykjavíkurborg framleiði raforku í nýjum virkjunum. Þetta leiðir til þess miðað við óbreytta stöðu að fyrirtækið verður enn frekar háð verðlagningu Landsvirkjunar. Um næstu áramót mun Landsvirkjun hækka gjaldskrá sína um 1,7%. Slíkt hið sama mun Rarik þurfa að gera en á sama tíma stefnir Rafmagnsveita Reykjavíkur að lækkun gjaldskrár um 2%. Því er ljóst að Rarik verður að lækka kostnað við orkuöflun verulega ef unnt á að vera að halda orkuverði niðri á landsbyggðinni. Þá hefur, í úttekt sem gerð var á vegum Hagvangs og Viðskiptafræðistofnunar Háskólans, sjónum verið beint að félagslegum þætti í rekstri og framkvæmdum Rariks sem skýrist m.a. af þjónustuskyldu fyrirtækisins við strjálbýl svæði. Verkefni tengd þessu eru þess eðlis að þau geta ekki borið uppi eðlilega ávöxtunarkröfu af því fjármagni sem í þeim þarf að binda. Í dag eru framlög til þessa þáttar endurgreiðsla 65% af arðgreiðslum þeim sem fyrirtækið greiðir í ríkissjóð og er það vegna endurnýjunar dreifikerfa í sveitum. Fulltrúar Rariks telja þetta ekki nægilegt og benda á mikilvægi þess að viðurkenning verði fengin á tilvist þessara verkefna þannig að markaður verði varanlegur tekjustofn fyrir þau, einnig að sett verði upp reikniregla til að meta stærð félagslegs þáttar í einstökum verkefnum. Nefndin vekur athygli á þessum atriðum er tengjast starfsemi Rariks og minnir á mikilvægi jöfnunar orkukostnaðar í landinu.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við fjárlagafrumvarpið að þessu sinni.

Alþingi, 26. nóv. 1997.

Stefán Guðmundsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Sighvatur Björgvinsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Svavar Gestsson.
Pétur H. Blöndal.
Hjálmar Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu til fundar Sigurgeir Þorgeirsson og Ari Teitsson frá Bændasamtökum Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að áfram verði unnið að sérstöku átaki í framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Til átaksins var stofnað með lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, en skv. 4. gr. laganna skal ríkissjóður leggja átaksverkefninu til 25 millj. kr. á ári í fjárlögum árin 1996–99. Í fjárlagafrumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að framlag til þessa verkefnis verði helmingi lægra í ár en á síðasta ári eða 12,5 millj. kr. Í samræmi við það er síðan að finna ákvæði í 6. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir þessari skerðingu. Bændasamtökin lýstu sig andvíg þessum niðurskurði og tekur nefndin undir þá skoðun.

Þá er í frumvarpinu lögð til hækkun á framlagi til Bændasamtakanna. Hækkun milli ára skýrist af því að lagt er til að þær 89 millj. kr. sem verja skal til uppkaupa á fullvirðisrétti eða markaðsaðgerða samkvæmt núgildandi búvörusamningi verði veittar til jarðræktarframlaga og fleiri verkefna. Nefndin vekur athygli á því að verið er að taka einhliða upp samning við sauðfjárbændur og nota fjármuni sem þeim eru ætlaðir samkvæmt samningnum til að leysa önnur uppsöfnuð vandamál og getur nefndin ekki tekið undir slíkt. Þá er þess að geta að nefndin hefur í álitum sínum til fjárlaganefndar á síðustu árum ítrekað bent á nauðsyn þess að gera jarðræktarframlög upp en nefndin getur ekki stutt að það sé gert með framangreindum hætti.

Við meðferð nefndarinnar á frumvarpinu óskaði hún m.a. eftir samantekt frá landbúnaðarráðuneytinu um ýmis framlög og sjóði í þágu landbúnaðarins, en vegna breyttrar framsetningar frumvarpsins bætast við nýir fjárlagaliðir í A-hluta frumvarpsins, t.d. Framleiðsluráð landbúnaðarins, Landgræðslusjóður, Búnaðarsjóður, Lánasjóður landbúnaðarins o.fl., og fylgir samantektin áliti þessu.

Alþingi, 19. nóv. 1997.

Guðni Ágústsson, form.
Egill Jónsson.
Magnús Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Ágúst Einarsson, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25.gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997.

Nefndin fékk á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Örlyg Geirsson skrifstofustjóra, Gísla Magnússon deildarstjóra og Hermann Jóhannesson deildarstjóra og frá fjármálaráðuneyti Leif Eysteinsson deildarstjóra. Frá Háskólanum á Akureyri komu Þorsteinn Gunnarsson rektor og Ólafur Búi Gunnlaugsson framkvæmdastjóri og frá stúdentaráði Háskóla Íslands þau Haraldur Guðni Eiðsson formaður og Katrín Júlíusdóttir háskólaráðsfulltrúi. Þá komu á fund nefndarinnar frá Háskóla Íslands Páll Skúlason rektor, Gunnlaugur H. Jónsson fjármálastjóri, Jón Torfi Jónasson prófessor og Þórður Kristinsson kennslustjóri, frá Kennaraháskóla Íslands þeir Ólafur Proppé rektor og Guðmundur Ragnarsson fjármálastjóri, Markús Örn Antonsson framkvæmdastjóri og Hörður Vilhjálmsson fjármálastjóri frá Ríkisútvarpinu, Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri frá Rannsóknarráði Íslands, Einar Guðmundsson forstöðumaður og Helga J. Sigurðardóttir fjármálastjóri frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Runólfur Birgir Leifsson framkvæmdastjóri frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og úr stjórn hljómsveitarinnar þeir Hörður Sigurgestsson og Jón Þórarinsson og að lokum Ingibjörg Ásgeirsdóttir útgáfustjóri og Tryggvi Jakobsson deildarstjóri frá Námsgagnastofnun.

Þeir fjárlagaliðir sem snúa að menntamálum voru ræddir ítarlega á fundum nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að í samræmi við ákvæði framhaldsskólalaga hefur menntamálaráðuneytið í samvinnu við framhaldsskóla unnið að gerð reiknilíkans til að reikna út

kennslu- og rekstrarútgjöld framhaldsskóla og áformar ráðuneytið að gera á næstu vikum samning til þriggja ára við skólana um skólastarfið og fjárframlög til þess. Sambærileg vinna hefur einnig farið fram milli Háskóla Íslands og mennta- og fjármálaráðuneytis. Reglur þessar miða að því að áætla kostnað við rekstur skólanna á svipaðan hátt og gert er í nágrannalöndum með hliðsjón af íslenskum aðstæðum. Endanleg framlög vegna kennslu verða byggð á upplýsingum skólanna um prófþátttöku nemenda í stað áætlaðs fjölda innritaðra nemenda auk þess sem áföngum er gefið mismikið vægi eftir tegund náms. Áætlað er að gengið verði frá samningi við Háskóla Íslands í næsta mánuði og samningum við aðra háskóla á næsta ári. Meiri hlutinn bendir sérstaklega á mikilvægi þess að vel takist til við þessa vinnu svo að hún skili þeim árangri sem til er ætlast. Þannig verða ákvarðanir um fjárframlög til skólanna byggðar á traustari grunni en áður og starfsemi skólanna styrkt. Augljóst er að stóraukin áhersla er lögð á menntun um allan heim og brýnt að við höldum vöku okkar í þeim efnum.

Á vegum Rannsóknarráðs Íslands hafa verið auglýstir námsstyrkir, þ.e. fyrirtækja- og stofnanastyrkir til rannsóknartengds framhaldsnáms í samvinnu við Rannsóknarnámssjóð og Rannsóknarráð Íslands. Þessir styrkir eru ætlaðir til að efla samvinnu í rannsóknum og þróun milli fyrirtækja, stofnana og háskóla. Meiri hlutinn telur að hér sé um að ræða mjög jákvætt samstarf aðila vinnumarkaðarins og háskólasamfélagsins.

Á síðasta vetri voru birtar niðurstöður TIMSS-rannsóknarinnar sem er viðamikil fjölþjóðleg rannsókn á námshögum og námsskilyrðum nemenda í stærðfræði og náttúrufræði í grunn- og framhaldsskólum. Fyrstu niðurstöður ollu vonbrigðum með námsárangur íslenskra nemenda samanborið við jafnaldra þeirra í öðrum löndum. Meiri hlutinn telur brýnt að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála verði gert kleift að vinna frekar úr niðurstöðum rannsóknarinnar svo að unnt verði að greina rætur vandans og koma með tillögur til úrbóta.

Meiri hluti nefndarinnar bendir á að í kjölfar flutnings grunnskólans til sveitarfélaga og endurskoðunar aðalnámskrár, sem lýkur á næsta ári, þurfi að huga sérstaklega að námsefnisgerð og framtíðarskipan þeirra mála.

Arnbjörg Sveinsdóttir og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. nóv. 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.
Arnþrúður Karlsdóttir.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur ástæðu til að ítreka við fjárlaganefnd nokkur þeirra atriða sem fram komu vegna þess hve alvarleg þau eru.

Almennt telur minni hlutinn að allt of litlu fjármagni sé varið til mennta- og menningarmála. Hér hefur lengi verið haldið úti skólakerfi fyrir mun minna fé en tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Staðan í skólunum, hvort sem litið er til þjónustu við nemendur, atvinnulífsins eða launakjara kennara, stenst engan veginn samanburð enda sýnir samanburður á þeim fjármunum sem ríkin verja til menntamála, svo sem síðasta matsskýrsla OECD, með óyggjandi hætti hvar við erum stödd. Ef íslensk stjórnvöld bregðast ekki við með því að stórauka fjármagn til menntamála er alvarleg ástæða til að óttast um samkeppnishæfni Íslands á komandi árum. Fjárveitingar til háskólastigsins koma verst út í samanburði við önnur lönd í skýrslu OECD. Minni hlutinn bendir á að með frumvarpi til laga um háskóla megi búast við vaxandi kröfum um fjárveitingar til allra skóla á háskólastigi þar sem þróun erlendis bendir til að þeir háskólar sem verst eru settir hvað snertir rannsóknir og aðstöðu geri smám saman svipaðar kröfur og þeir sem besta aðstöðu hafa.

Háskóli Íslands hefur mikla sérstöðu meðal íslenskra háskóla og ástæða er til að hafa áhyggjur af fjárveitingum til hans. Minni hlutinn vill því mælast til þess að tekið verði tillit til beiðni Háskóla Íslands um viðbótarfjárveitingu sem nemi 6% launaliða, auk 131 millj. kr. til eftirfarandi liða: Rannsóknastarfsemi (15 millj. kr.), rekstur fasteigna (4 millj. kr.), kennslu- og vísindadeildir (45 millj. kr.), alþjóðaskrifstofa háskólastigsins (4 millj. kr.), rannsóknarnám (43 millj. kr.) og ritakaupasjóður (20 millj. kr.). Sérstaklega þykir ástæða til að vekja athygli á að ef ekki er hækkuð fjárveiting til bóka- og tímaritakaupa mun reynast nauðsynlegt að skera þau kaup niður um 30%.

Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands biðja einnig um viðbótarfé og tekur minni hlutinn undir þær beiðnir en bendir jafnframt á að þeir skólar eru að fara fram á að sitja við sama borð og Háskóli Íslands varðandi rannsóknarprófessora og möguleika til að kennarar komist í kennsluleyfi.

Fulltrúar menntamálaráðuneytis greindu frá því sem nú er unnið að í samningum við framhaldsskólana. Þar er um nokkur nýmæli að ræða. Áhrifa nýrra laga er farið að gæta og bæði er verið að þróa reiknilíkan vegna fjárveitinga til kennslu og reksturs skólanna og gera tilraun með fjármögnun viðhalds í gegnum leigugreiðslur og úthlutun úr einum potti. Minni hlutinn vill ítreka að reglur um úthlutun fjármagns til skólanna, þótt góðar séu, leysa ekki þann vanda sem stafar af ónógu fjármagni til framhaldsskólanna. Sá vandi verður heldur ekki leystur með álagningu fallskatts eða öðrum skólagjöldum. Því er ástæða til að skoða fjárveitingu til framhaldsskólanna með tilliti til þess að verið er að framkvæma ný lög.

Varðandi grunnskólastigið bendir minni hlutinn á alvarlega stöðu námsgagnagerðar fyrir þetta skólastig. Árið 1991 var framlag til námsgagnagerðar á nemanda 6.408 kr. en var á þessu ári komið niður í 5.060 kr. á nemanda. Á sama tíma eru gerðar meiri kröfur um ný og betri námsgögn og námsefnisformið er að breytast vegna mikilvægis upplýsingatækni og íslensks kennsluhugbúnaðar. Samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytis (Í krafti upplýsinga, 1996) er Námsgagnastofnun ætlað lykilhlutverk á þessu sviði og er nauðsynlegt að tryggja fjármagn til þess. Stofnunin telur sig vanta um 40 millj. kr. til að geta sinnt nauðsynlegri endurnýjun námsefnis í náttúrufræðigreinum, undirbúningi endurnýjunar námsefnis vegna nýrrar námskrár og til kynningar.

Þá er afar brýnt að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála verði gert kleift að vinna úr þeim gögnum sem fyrir liggja úr rannsóknum á íslensku skólakerfi. Það er marklaust að vera með upphrópanir um gæði skólanna ef ekki fást fjármunir til að þær rannsóknarniðurstöður sem fyrir liggja nýtist til að bæta skólastarfið. Viðbótarfjármagn sem nemur 4–5 millj. kr. mundi skipta sköpum. Slík viðbótarfjárveiting mundi sýna vilja þingsins til að bæta skólastarfið í landinu.

Sjálfstæði þjóðar er undir því komið að menning fái að þroskast og dafna. Þá bendir ýmislegt til þess að fólk meti búsetuskilyrði ekki hvað síst með tilliti til þeirra möguleika sem gefast til þátttöku í menningu og listum, eða til að njóta þeirra. Fjármunum sem fara til menningarmála er því varið til að treysta sjálfstæði þjóðarinnar og búsetu í landinu. Með þetta í huga ber að líta á fjárveitingar til menningarmála.

Alþingi, 26. nóv. 1997.

Guðný Guðbjörnsdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.
Svavar Gestsson.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997.

Nefndin fékk á sinn fund Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Auði Eyvinds frá samgönguráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Þorgeir Pálsson og Sigrún Traustadóttir frá Flugmálastjórn, Magnús Oddsson ferðamálastjóri frá Ferðamálaráði, Sigurbergur Björnsson og Jón Leví Hilmarsson frá Siglingastofnun Íslands og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri og Hannes Sigurðsson frá Vegagerðinni.

Í máli fulltrúa Vegagerðarinnar kom fram að gert er ráð fyrir lækkuðum framlögum til vegamála þar sem ríkið mun fá auknar greiðslur úr vegasjóði sem alls nema 1.064 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þar með myndast inneign Vegagerðarinnar hjá ríkissjóði að fjárhæð rúmar 800 millj. kr. í árslok 1998. Heildarframlag til vegamála verður því 7.524 millj. kr. Hér er um að ræða lækkun frá gildandi vegáætlun sem gerði ráð fyrir 7.684 millj. kr. framlagi. Ljóst er að þessi skerðing mun hafa í för með sér um 6% lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda frá vegáætlun þeirri sem samþykkt var í vor. Á það var bent í áliti samgöngunefndar við afgreiðslu fjárlaga síðasta árs að lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda næmi 18–19%. Ljóst má vera að enn frekari skerðing mun hafa veruleg áhrif á framkvæmdir í vegamálum og hlýtur að leiða til frestunar á ýmsum brýnum verkefnum um land allt. Samgöngunefnd lýsir óánægju sinni með þessa niðurstöðu.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að verulegu fé, eða 190 millj. kr., verði varið af flugmálaáætlun til reksturs Flugmálastjórnar, enn fremur að 60 millj. kr. fari til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þetta mun óhjákvæmilega draga úr framkvæmdagetu á flugvöllum og samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að flugmálaáætlun mun það einkum bitna á áformuðum framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli. Sama tillaga gerir ráð fyrir því að framlög af flugmálaáætlun til reksturs Flugmálastjórnar lækki um 90 millj. kr. á tveimur árum sem þannig mun auka framkvæmdafé að nýju. Í máli fulltrúa Flugmálastjórnar komu fram áhyggj-

ur af þeirri tekjuaukningu sem gert er ráð fyrir að verði hjá Flugmálastjórn á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þar er gert ráð fyrir að tekjur hækki um 6,2–6,9% sem þeir töldu í hærra lagi.

Í máli fulltrúa Siglingastofnunar Íslands kom fram að gert væri ráð fyrir að framlög til hafnamála yrðu í samræmi við hafnaáætlun. Samgöngunefnd telur þetta mikilvægt vegna gildis stefnumörkunar í samgöngumálum þegar til lengri tíma er litið.

Heildarframlög til ferðamála eru samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 136,8 millj. kr. og er þar um að ræða aukningu frá því í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997. Ítrekuð er sú ábending sem fram kom í áliti samgöngunefndar með fjárlagafrumvarpi síðasta árs að mikilvægt sé að verja áfram fé til rannsókna og þróunarstarfsemi í ferðamálum og úrbóta í umhverfismálum, t.d. á fjölsóttum ferðamannastöðum. Það er álit samgöngunefndar að forsenda fyrir aukinni sókn í ferðamálum sé að þeim málum verði vel sinnt.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Magnús Stefánsson.
Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.
Ragnar Arnalds.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Kristján Pálsson.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (05 Sjávarútvegsráðuneyti)

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997. Nefndin fékk á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra, Kristján Skarphéðinsson og Dórótheu Jóhannsdóttur. Þá komu á fund hennar Jakob Jakobsson og Vignir Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnun, Þórður Ásgeirsson og Atli Atlason frá Fiskistofu, Hjörleifur Einarsson og Jón Heiðar Ríkharðsson frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hjörtur Björnsson og Sigþór Karlsson frá skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Í máli fulltrúa Hafrannsóknastofnunar kom fram að fjármuni skorti til nokkurra brýnna verkefna sem ekki væri gert ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Var þar bent á stofnerfðarannsóknir á karfa, stofnmælingu botnfiska að hausti og tækjakaup. Stofnunin fór fram á 10,3 millj. kr. fjárveitingu í stofnerfðarannsóknirnar, 39,5 millj. kr. í stofnmælingar botnfiska að haustlagi (haustrall) og 12,7 millj. kr. í kaup á tækjum og búnaði en fékk ekki. Sjávarútvegsnefnd er hlynnt þessum verkefnum og telur mikilvægt að veitt verði fé til þeirra. Þá tekur nefndin

undir með Hafrannsóknastofnun, sjávarútvegsráðuneyti o.fl. að brýnt er fyrir Íslendinga að halda úti eins öflugu rannsóknastarfi á fiskstofnum og lífríki hafsins og nokkur kostur er.

Fulltrúar Fiskistofu gerðu nefndinni grein fyrir þeirri frestun sem orðið hefur á stofnun svokallaðra ytri landamærastöðva ESB og þeim áhrifum sem það hefur á fjárhag stofnunarinnar. Í máli fulltrúanna kom fram að brýnasta verkefni Fiskistofu nú væri að auka sjóeftirlit, sérstaklega eftirlit með veiðum og vinnslu frystitogara. Sjávarútvegsnefnd tekur undir það að brýnt sé að efla þetta eftirlit auk þess sem þörf sé á að endurskoða aðferðir í því sambandi. Nefndin leggur til að fjárveitingar til þessa verkefnis verði auknar, jafnvel sérmerkt. Rétt er að taka fram að aukin útgjöld af eftirliti á þessu sviði lenda ekki nema að litlu leyti á Fiskistofu, heldur að mestu leyti á útgerðinni sjálfri.

Fulltrúar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins gerðu grein fyrir helstu verkefnum stofnunarinnar og bentu á verkefni sem stofnunin vildi geta sinnt betur. Var þar helst um að ræða verkefni á sviði umhverfismála og upplýsingamiðlunar. Stefnt er að því að koma upp gagnabanka um helstu eiginleika fisks sem hráefnis. Slíkt gæti orðið til þess að auka mjög virðisauka í sjávarútvegi. Þá töldu þeir nauðsynlegt að styðja vel við útibú stofnunarinnar á landsbyggðinni því að þau hefðu skilað góðu starfi.

Fulltrúar skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna gerðu grein fyrir verkefnum skrifstofunnar. Ástæða þess að skrifstofan væri undir sjávarútvegsráðuneyti væri fyrst og fremst söguleg en rannsóknastofnanir tengdar sjávarútvegi hafi verið viðamestar þegar atvinnumálaráðuneytinu var skipt upp á sínum tíma. Skrifstofan sér um allt bókhald, launaútreikninga, innheimtur o.fl. því tengt fyrir allar rannsóknastofnanir atvinnuveganna, auk þess sem hún rekur mötuneyti að Keldnaholti og sér um viðhald hússins þar. Með því næst mikil hagræðing og sparnaður. Hins vegar var bent á að skrifstofan hefði verið nokkuð afskipt undanfarin ár varðandi fjárveitingar. Nú er verið að endurnýja tölvubúnað en svigrúm til þess væri takmarkað þar sem heildarframlög til reksturs eru 37,2 millj. kr. Óskuðu fulltrúarnir því eftir 2–3 millj. kr. viðbótarfjárveitingu. Sjávarútvegsnefnd tekur undir þessa ósk þeirra og beinir því til fjárlaganefndar að hækka framlög til skrifstofunnar sem þessu nemur.

Loks vill sjávarútvegsnefnd ítreka ábendingu sína frá því í áliti með fjárlagafrumvarpi síðastu tveggja ára að fjárlagaliðinn 141 Lúðueldi á Reykjanesi væri réttara að nefna t.d. „Tilraunastöðvar Hafrannsóknastofnunarinnar á Stað“ þar sem að sú starfsemi sem nú fer þar fram er alls ekki bundin við lúðueldi. Þá vill nefndin koma þeirri ábendingu Hafrannsóknastofnunar á framfæri að liðinn 139 Annar skiparekstur væri réttara að nefna „Stofnmæling botnfiska“. Þá skal vakin athygli á því að liðurinn 144 Rannsókn á þorskklaki hefur aldrei verið sérliður í fjárlagafrumvarpi og sú fjárhæð sem þar kemur fram er einungis sú viðbótarfjárhæð sem farið var fram á í fjárveitingabeiðnum Hafrannsóknastofnunar en ekki sú fjárhæð sem veitt er til verkefnisins í heild; hún fellur undir liðinn 101 Almennur rekstur.

Alþingi, 25. nóv. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form.
Árni R. Árnason.
Stefán Guðmundsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Hjálmar Árnason.
Einar Oddur Kristjánsson.
Lúðvík Bergvinsson.
Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997.

Nefndin fékk til viðræðna við sig frá umhverfisráðuneyti Þórð H. Ólafsson skrifstofustjóra og Sigurð Á. Þráinsson deildarstjóra, Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ásbjörn Dagbjartsson veiðistjóra, frá Náttúruvernd ríkisins Aðalheiði Jóhannsdóttur forstjóra og úr stjórn stofnunarinnar þau Sigmund Guðbjarnason formann, Ásu L. Aradóttur og Einar Sveinbjörnsson. Þá komu til fundar við nefndina Páll Hersteinsson prófessor og frá Náttúruverndarráði Ólöf Guðný Valdimarsdóttir og Gísli Már Gíslason.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld umhverfisráðuneytisins hækki um u.þ.b. 180 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Má að mestu rekja hækkunina til nokkurra nýrra fjárlagaliða. Þannig eru útgjöld til spilliefnasjóðs tæpar 96 millj. kr., en á móti renna samsvarandi tekjur í ríkissjóð. Þá heyrir Brunamálastofnun nú undir umhverfisráðuneyti en brunavarnagjald stendur undir rekstri stofnunarinnar. Tvær nýjar stofnanir bætast við, annars vegar Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, sbr. lög nr. 81/1997, og hins vegar skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF. Á móti kemur að nokkrar tímabundnar fjárveitingar falla niður og að gerð er almenn krafa um hagræðingu í rekstri og stofnkostnaði til stofnana ráðuneytisins.

Meiri hluti umhverfisnefndar tekur undir þá almennu kröfu sem gerð er til ráðuneytanna um hagræðingu í rekstri og stofnkostnaði, en bendir jafnframt á að viðhorf almennings hefur breyst mjög undanfarin ár og heimsbyggðinni er æ ljósari sú staðreynd að það verður að sporna við sívaxandi mengun og afleiðingum hennar. Íslendingar mega ekki vera eftirbátar annarra þjóða í þessum efnum. Það kostar mikla fjármuni að sporna við eða hafa hömlur á menguninni og því verður að gera ráð fyrir auknum kostnaði við umsjón og eftirlit.

Nefndin óskaði sérstaklega eftir upplýsingum frá umhverfisráðuneyti um málefni Hollustuverndar ríkisins, Rannsóknastöðina á Kvískerjum, Náttúruvernd ríkisins og Náttúruverndarráð auk þess sem farið var yfir einstaka liði frumvarpsins og fengnar frekari upplýsingar frá ráðuneytinu um þá liði sem ekki er fjallað sérstaklega um í greinargerð með frumvarpinu.

Á fundum sínum fjallaði nefndin sérstaklega um hlut ríkisins í kostnaði við eyðingu refa, en fjárframlög til sveitarfélaga voru lækkuð umtalsvert síðasta ár. Aflaði nefndin gagna um málið og fékk á sinn fund gesti til viðræðna. Telur meiri hlutinn að enn liggi ekki fyrir nægilegar upplýsingar til að hægt sé að leggja mat á stöðu málsins. Meiri hlutanum er kunnugt um mikla óánægju með þær breytingar sem gerðar voru á fjárlögum fyrir árið 1997 varðandi greiðslu ríkisins til sveitarfélaga vegna eyðingar refa og hafa nefndinni borist ályktanir þar að lútandi. Í athugasemdum hafa m.a. komið fram tillögur um að greidd verði ákveðin fjárhæð fyrir unninn ref, hvort sem um er að ræða fullorðið dýr eða yrðling.

Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að taka þessar tillögur til frekari skoðunar þegar ítarlegri upplýsingar liggja fyrir og árið hefur verið gert upp. Hins vegar mælir meiri hlutinn með því að í einstökum tilvikum verði sveitarstjórnum gert kleift að sækja um sérstaka aðstoð til að leysa aðkallandi vandamál.

Vegna sérstakra óska um auknar fjárveitingar mælir meiri hlutinn með því að skoðaðar verði sérstaklega beiðnir Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Rannsóknastöðvarinnar á Kvískerjum, Kirkjubæjarstofu og Félags um verndun hálendis Austurlands.

Árni M. Mathiesen skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Arnþrúður Karlsdóttir og Tómas Ingi Olrich voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 1997.

Gísli S. Einarsson.
Kristján Pálsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Undirritaður, sem skipar minni hluta umhverfisnefndar, vekur athygli á afar alvarlegri stöðu sem er að skapast í umhverfismálum hérlendis, m.a. vegna allsendis ónógra fjárveitinga árum saman til stofnana og verkefna á vegum umhverfisráðuneytis. Sá vandi sem af þessu hlýst hleður utan á sig og niðurstaðan birtist í versnandi ástandi umhverfismála hér á landi á mörgum sviðum. Í fjárlagafrumvarpi er engin tilraun gerð til að varpa ljósi á stöðu eða fjárþörf umhverfismála hérlendis. Þarf ekki að leita lengra en til Noregs til góðra fyrirmynda um undirbúning fjárlagagerðar á þessu sviði þar sem að jafnaði fylgir sérstök „græn bók“ með fjárlagafrumvarpi. Eru þar og í greinargerð með norska fjárlagafrumvarpinu dregnar fram fjárveitingar og tillögur vegna næsta árs til umhverfismála óháð því hvaða ráðuneyti fer með og fjármagnar einstaka þætti. Er þetta borið saman við stefnu og áherslur stjórnvalda og fæst þannig sæmileg heildarmynd sem sýnir hvert stefnir um málaflokkinn af hálfu stjórnvalda og fjárveitingavalds.

Enga slíka viðleitni er að finna í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998. Er þar raunar um augljósa afturför að ræða frá frumvörpum síðustu ára og var þó ekki úr háum söðli að detta. Greinargerð með frumvarpinu að því er varðar umhverfisráðuneytið er í brotum og einskis samræmis gætt. Hlaupið er yfir stórar stofnanir án þess að nokkuð sé um þær fjallað, Hollustuverndar ríkisins t.d. í engu getið í greinargerð! Ekki er hirt um að gefa heildstæðan samanburð á framlögum milli ára.

Af hálfu umhverfisnefndar var leitast við að afla upplýsinga frá umhverfisráðuneyti og stofnunum þess til að fylla í eyðurnar. Það tókst þó ekki nema að nokkru leyti á þeim skamma tíma sem nefndin hafði til að fjalla um frumvarpið. Yfirsýn umhverfisráðuneytis yfir málefni stofnana þess, fjárveitingar sem annað, virðist enn lakari en áður og er m.a. borið við breyttri tilhögun við fjárlagagerð og auknu sjálfræði stofnana um ráðstöfun fjármagns.

Á sama tíma og stjórnvöld víða erlendis gera sér ljósari en áður þá staðreynd að sporna verður við sívaxandi mengun og annarri umhverfisvá er flest látið reka á reiðanum hérlendis. Við þessar aðstæður ætti umhverfisnefnd Alþingis að setja fram skýrar kröfur um úrbætur og aukið fjármagn þar sem þörfin er brýnust. Meiri hluti nefndarinnar kaus ekki að standa þannig að máli heldur setur fram álit sem lítið gagn er að fyrir málaflokkinn og fjárlaganefnd.

Undirritaður kemst ekki hjá því að vekja athygli á hversu óheppilegt það er fyrir vinnulag fagnefnda, sem að tillögum forsætisnefndar er nú ætlað aukið hlutverk með skiptingu svonefndra safnliða, að í nefndunum skuli sitja fulltrúar sem jafnframt eiga sæti í fjárlaganefnd þingsins. Ljóst er að þingsköp hamla ekki slíkri tilhögun, en ástæða væri til að breyta þeim og tryggja að þeir sem í fjárlaganefnd sitja hverju sinni skuli ekki kosnir í aðrar fastanefndir þingsins. Væri slíkt eflaust einnig til bóta fyrir vinnu og verklag fjárlaganefndar.

Hér fara á eftir nokkrar beinar tillögur og ábendingar er snerta einstaka liði fjárlagafrumvarpsins að því er umhverfisráðuneytið varðar.

1. Hollustuvernd ríkisins.

Málefni þessarar mikilvægu stofnunar eru komin í ramman hnút. Ráðuneytið sem um tíma skaut sér á bak við væntanlegar úttektir og greiningu á vanda stofnunarinnar virðist hafa gefist upp við að halda málum hennar í horfinu hvað þá meira. Ekkert er gert með þær faglegu úttektir sem ráðuneytið hefur látið vinna á þessu kjörtímabili. Nægir þar að nefna niðurstöðu Skipulags og stjórnunar ehf. um mannaflaþörf þar sem „alger lágmarksþörf" til aukningar var talin 20,5 stöðugildi til að stofnunin geti staðið undir þeirri starfsemi sem lög, reglur og samningar við erlend ríki gera ráð fyrir. Þær skyldur, sem EES-samningurinn leggur á stofnunina, eru fleiri en tölu verði á komið og listi yfir vanrækslusyndir og klögumál frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) lengist stöðugt. Hækkun á framlagi til Hollustuverndar um 100 millj. kr. umfram fjárlagafrumvarp væri vísbending um pólitískan vilja til að stöðva undanhaldið.

2. Náttúruvernd ríkisins.

Þótt staða Náttúruverndar ríkisins sé ekki í jafnhrikalegu horfi og Hollustuverndar ríkisins skortir mikið á að stofnunin geti sinnt lögboðnum skyldum. Þegar slíkt ástand varir árum saman verða afleiðingarnar stöðugt verri. Þetta birtist m.a. í vanrækslu á uppbyggingu og viðhaldi aðstöðu á friðlýstum svæðum. Dæmi um þetta er þjóðgarðurinn í Skaftafelli sem eitt sinn þótti til fyrirmyndar. Með vísun í framkomin erindi stjórnar Náttúruverndar ríkisins og augljósa þörf telur minni hlutinn að hækka beri framlag til stofnunarinnar um 25 millj. kr.

3. Náttúruverndarráð.

Ráðið er nú að reyna að móta starfsemi sína samkvæmt nýjum lögum um náttúruvernd. Þar eru því lagðar fjölmargar skyldur á herðar og er tillaga um fjárveitingu, 2,5 millj. kr., í engu samræmi við þær. Með vísan í greinargerð frá Náttúruverndarráði er lagt til að veittar verði til viðbótar 3 millj. kr. þannig að heildarfjárveiting til ráðsins verði 5,5 millj. kr.

4. Landmælingar Íslands.

Stofnunin hefur lengi verið í fjársvelti og kortagerð í landinu hlotið af því mikinn skaða. Snertir það almennar upplýsingar, rannsóknir og skipulagsvinnu. Hér er lagt til að orðið verði við óskum stofnunarinnar um 15 millj. kr. viðbótarframlag á fjárlögum 1998.

5. Náttúrugripasöfn.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum eitt safna utan Reykjavíkur styrkt með sérstöku framlagi. Engin skýr rök komu frá umhverfisráðuneyti fyrir þessari tilhögun. Undirritaður efast ekki um að umrætt safn sé vel að stuðningi komið, en í þessum efnum verður að gera kröfu um jafnræði í stuðningi af hálfu ríkisins til slíkra stofnana sem reknar eru af sveitarfélögum eða öðrum. Því er lagt til að stofnaður verði safnliður, 5 millj. kr., sem úthlutað verði af ráðuneyti að höfðu samráði við fjárlaganefnd eftir að forstöðumönnum náttúrugripasafna hefur gefist færi á að sækja um framlög.

6. Rannsóknastöðin á Kvískerjum.

Málefni þetta hefur lent í útideyfu eftir allsérstætt upphaf. Því er lagt til að veittar verði 5 millj. kr. til viðbótar til verkefnisins á fjárlögum 1998.

7. Kirkjubæjarstofa.

Þar er um merka uppbyggingu á fræðslu- og rannsóknasetri að ræða og mælir minni hlutinn með því að orðið verði við óskum stjórnar stofunnar um fjárveitingu á fjárlögum 1998.

8. Félag um verndun hálendis Austurlands.

Mælt er með því að orðið verði við beiðni stjórnar félagsins um styrk að upphæð 1 millj. kr. á fjárlögum 1998. Undirritaður mælti með því við umfjöllun um safnlið í umhverfisnefnd að þessi fjárveiting yrði tekin af safnlið ráðuneytisins. Meiri hluti nefndarinnar féllst ekki á að skipta liðnum og því er hér gerð tillaga um sérmerkta fjárveitingu í þetta verkefni.

Alþingi, 30. nóv. 1997.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997. Nefndin fékk á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu.

Eins og fram kom í áliti til fjárlaganefndar í fyrra telur utanríkismálanefnd mikilvægt að málefni utanríkisþjónustunnar séu til stöðugrar endurskoðunar í ljósi síbreytileika aðstæðna og með það fyrir augum að nýta takmarkaðan mannafla og fjármagn sem best.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að utanríkisráðuneytið er þungamiðja utanríkisþjónustunnar og það verður að geta tryggt sendiráðunum þann stuðning sem þörf er á. Jafnframt verður ráðuneytið að geta annast eðlilega þjónustu við önnur ráðuneyti, t.d. við gerð alþjóðasamninga. Nauðsynlegt er að huga að eðlilegri uppbyggingu aðalskrifstofu ráðuneytisins um leið og starfsemi þjónustunnar er aukin erlendis. Ella er hætta á að ekki verði hægt að sinna mikilvægum alþjóðahagsmunum Íslendinga.

Hluti af nútímasamskiptum er tölvutenging milli fjarlægra staða. Geta bætt fjarskipti og samskipti um tölvur án efa lækkað kostnað ef rétt er að staðið. Utanríkisráðuneytið hefur unnið að uppsetningu tölvukerfis fyrir málaskrá og nýtt til þess fjármuni sem ætlaðir voru til hagræðingar á þessu ári. Kostnaður við að koma þessu kerfi á í sendiráðum er verulegur en ekki er tryggð fjárveiting til verksins á næsta ári. Utanríkismálanefnd leggur áherslu á að eins góð tækni og völ er á sé notuð til samskipta milli ráðuneytis og sendiráða og telur að með því megi ná fram hagræðingu.

Einn þáttur utanríkisþjónustunnar er rekstur fasteigna á erlendri grundu. Ástæða er til að ætla að ekki sé nægilega skipulega að viðhaldi þeirra staðið og að of litlum fjármunum sé varið til þessa þáttar. Það getur aftur leitt til umfangsmikilla endurbóta á þeim seinna meir eða lægra endursöluverðs. Nefndin beinir því til fjárlaganefndar að kanna sérstaklega þetta atriði, en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að 11,9 millj. kr. renni til viðhalds fasteigna erlendis. Mikilvægt er að marka stefnu um hvenær eigi að fjárfesta í húsnæði fyrir starfsmenn á erlendri grund og hvenær sé réttara að leigja það.

Nefndarmenn benda á mikilvægi þróunarsamvinnu og vekja sérstaka athygli á því að unnið er að bátasmíðaverkefni í Malaví. Hefur ekki verið tryggt að 5 millj. kr. framlag sem Íslendingum ber að greiða á næsta ári verði innt af hendi. Hætta er því á að verkefnið, sem þegar er hafið, stöðvist.

Að öðru leyti sér utanríkismálanefnd ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið að þessu sinni.

Alþingi, 19. nóv. 1997.

Geir H. Haarde, form.
Össur Skarphéðinsson.
Siv Friðleifsdóttir.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Árni R. Árnason.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Tómas Ingi Olrich.
Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.

463. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

Breytingar á sundurliðun 2:	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	324,4	4,0	328,4
b. 1.03 Fastanefndir	55,6	5,7	61,3
c. 1.06 Almennur rekstur	285,9	9,9	295,8
d. 1.10 Rekstur fasteigna	52,8	2,5	55,3
e. 6.01 Tæki og búnaður	23,0	5,0	28,0
f. *Greitt úr ríkissjóði*	*874,2*	*27,1*	*901,3*
2. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.53 Landafundanefnd	0,0	14,0	14,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*102,9*	*14,0*	*116,9*
3. Við **01-221 Byggðastofnun**			
a. 1.10 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	0,0	65,0	65,0
b. 6.01 Byggðastofnun	190,0	-53,0	137,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*190,0*	*12,0*	*202,0*
4. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.20 Rannsóknarnám	8,0	35,0	43,0
b. 6.41 Ritakaupasjóður	31,5	15,0	46,5
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.110,1*	*50,0*	*2.160,1*
5. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
a. 1.01 Háskólinn á Akureyri	257,0	4,0	261,0
b. 1.02 Rannsóknastarfsemi	20,4	5,0	25,4
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*259,4*	*9,0*	*268,4*
6. Við **02-211 Tækniskóli Íslands**			
a. 1.01 Tækniskóli Íslands	232,2	5,0	237,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*221,2*	*5,0*	*226,2*
7. Við **02-221 Kennaraháskóli Íslands**			
a. 1.02 Rannsóknastarfsemi	31,8	8,0	39,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*365,4*	*8,0*	*373,4*
8. Við **02-231 Rannsóknarráð Íslands**			
a. 1.01 Rannsóknarráð Íslands	63,7	5,0	68,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*42,5*	*5,0*	*47,5*
9. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 6.21 Stofnkostnaður	94,0	15,0	109,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*144,0*	*15,0*	*159,0*
10. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
a. 1.12 Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Austurlandi	0,0	8,0	8,0
b. 1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir	0,0	2,0	2,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*68,6*	*10,0*	*78,6*
11. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
a. 6.40 Tæki og búnaður	23,0	9,0	32,0
b. 6.90 Byggingarframkvæmdir	454,0	9,0	463,0

c. *Greitt úr ríkissjóði*	*477,0*	*18,0*	*495,0*
12. Við **02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands**			
a. 1.01 Kennsla í dagskóla	67,4	0,5	67,9
b. Þjónustutekjur	-53,8	51,0	-2,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*81,3*	*0,5*	*81,8*
d. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*0,0*	*51,0*	*51,0*
13. Við **02-750 Skólar fyrir fatlaða**			
a. 1.40 Dagvist fatlaðra forskólabarna	75,0	-75,0	0,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*75,0*	*-75,0*	*0,0*
14. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
a. 1.01 Jöfnun á námskostnaði	110,0	50,0	160,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*141,0*	*50,0*	*191,0*
15. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	105,4	13,0	118,4
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	2,0	2,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*104,2*	*15,0*	*119,2*
16. Við **02-903 Þjóðskjalasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	69,2	2,0	71,2
b. 1.11 Héraðsskjalasöfn	5,0	2,0	7,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*68,8*	*4,0*	*72,8*
17. Við **02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**			
a. 6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	31,5	15,0	46,5
b. Þjónustutekjur	-31,5	-15,0	-46,5
18. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4,0	1,0	5,0
b. 6.21 Endurbygging á bæ Eiríks rauða	0,0	7,0	7,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*18,3*	*8,0*	*26,3*
19. Við **02-981 Kvikmyndasjóður**			
a. 1.01 Kvikmyndasjóður	117,9	2,1	120,0
b. 1.02 Kvikmyndasafn Íslands	10,2	5,0	15,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*128,1*	*7,1*	*135,2*
20. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.90 Listir	36,0	5,0	41,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*225,7*	*5,0*	*230,7*
21. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.10 Fræðistörf	2,3	1,0	3,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*14,0*	*1,0*	*15,0*
22. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.10 Íþróttasamband Íslands	28,0	0,7	28,7
b. 1.11 Ólympíunefnd Íslands	3,0	3,0	6,0
c. 1.21 Skáksamband Íslands	4,0	2,0	6,0
d. 1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	10,5	-2,0	8,5
e. 1.26 Borgarbyggð, landsmót UMFÍ, Skallagrímsvöllur	0,0	7,0	7,0
f. 1.30 Bridgesamband Íslands	2,8	0,2	3,0
g. 6.51 Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	0,0	4,0	4,0

h. *Greitt úr ríkissjóði*	*126,1*	*14,9*	*141,0*
23. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.44 Snorrastofa	6,0	0,6	6,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*27,5*	*0,6*	*28,1*
24. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
a. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	3,0	3,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*203,3*	*3,0*	*206,3*
25. Við **03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**			
a. 1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	282,3	83,3	365,6
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*279,7*	*83,3*	*363,0*
26. Við **03-221 Flugstöð Leifs Eiríkssonar**			
a. 6.21 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	15,0	-15,0	0,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*15,0*	*-15,0*	*0,0*
27. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
a. 1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	172,0	5,0	177,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*172,0*	*5,0*	*177,0*
28. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.21 Landþurrkun	0,0	0,6	0,6
b. 1.90 Ýmis verkefni	6,6	3,4	10,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*37,6*	*4,0*	*41,6*
29. Við **04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins**			
a. 1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	267,8	15,0	282,8
b. Þjónustutekjur	-127,5	-15,0	-142,5
30. Við **04-222 Veiðimálastjóri**			
a. 1.01 Veiðimálastjóri	9,4	2,6	12,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*9,4*	*2,6*	*12,0*
31. Við **04-261 Bændaskólinn á Hvanneyri**			
a. Þjónustutekjur	-85,7	5,0	-80,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*98,2*	*5,0*	*103,2*
32. Við **04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins**			
a. 1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins	58,3	2,5	60,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*61,7*	*2,5*	*64,2*
33. Við **04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt**			
a. 1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt	100,0	-20,0	80,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*100,0*	*-20,0*	*80,0*
34. Við bætist nýr fjárlagaliður: **04-343 Suðurlandsskógar**			
a. 1.10 Suðurlandsskógar	0,0	20,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*20,0*	*20,0*
35. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	21,6	-3,2	18,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*127,9*	*-3,2*	*124,7*
36. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
a. 1.01 Ríkislögreglustjóri	154,6	20,0	174,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*154,6*	*20,0*	*174,6*

37. Við **06-325 Neyðarsímsvörun**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*26,4*	*26,4*
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*52,7*	*-26,4*	*26,3*
38. Við **06-391 Húsnæði löggæslustofnana**			
a. 6.21 Fasteignir	0,0	10,0	10,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*4,0*	*10,0*	*14,0*
39. Við **06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**			
a. 1.20 Löggæsla	39,7	3,0	42,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*81,9*	*3,0*	*84,9*
40. Við **06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins**			
a. 1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	453,1	-13,0	440,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*408,8*	*-13,0*	*395,8*
41. Við **06-701 Biskup Íslands**			
a. 6.25 Dómkirkjan	0,0	3,0	3,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*555,3*	*3,0*	*558,3*
42. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
a. 1.93 Ný sambýli	38,4	-38,4	0,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*189,4*	*-38,4*	*151,0*
43. Við **07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi**			
a. 1.20 Sambýli	118,3	24,9	143,2
b. 1.73 Vistheimili fyrir börn	45,3	11,3	56,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*373,9*	*36,2*	*410,1*
44. Við **07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi**			
a. 1.20 Sambýli Akranesi	18,4	15,4	33,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*84,2*	*15,4*	*99,6*
45. Við **07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**			
a. 1.20 Sambýli	67,5	6,8	74,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*112,3*	*6,8*	*119,1*
46. Við **07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi**			
a. 1.01 Svæðisskrifstofa	16,1	2,0	18,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*161,0*	*2,0*	*163,0*
47. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
a. 1.12 Jöfnun húsaleigubóta	0,0	280,0	280,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.815,0*	*280,0*	*3.095,0*
48. Við **07-811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga**			
a. 1.10 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga	80,0	-80,0	0,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*80,0*	*-80,0*	*0,0*
49. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.30 Sjómannastofur	1,1	-0,6	0,5
b. 1.31 Félagasamtök, styrkir	26,3	10,1	36,4
c. 1.90 Ýmis framlög	32,0	-5,5	26,5
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*185,0*	*4,0*	*189,0*
50. Við **08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Yfirstjórn	169,2	2,0	171,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*170,1*	*2,0*	*172,1*
51. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			

a. 1.01 Tryggingastofnun ríkisins	657,0	-2,0	655,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*541,2*	*-2,0*	*539,2*
52. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.41 Fæðingarorlof	1.450,0	75,0	1.525,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5.017,5*	*-25,0*	*4.992,5*
c. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*11.382,5*	*100,0*	*11.482,5*
53. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	150,0	-57,0	93,0
b. Þjónustutekjur	-40,0	40,0	0,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.660,0*	*-17,0*	*8.643,0*
54. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
a. 1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.554,5	5,0	1.559,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.434,8*	*5,0*	*1.439,8*
55. Við **08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**			
a. 1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	111,8	-35,0	76,8
b. 1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili	20,0	2,0	22,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*211,8*	*-33,0*	*178,8*
56. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
a. 1.01 Ríkisspítalar	8.749,4	25,0	8.774,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.158,0*	*25,0*	*8.183,0*
57. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
a. 1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	5.168,6	-25,0	5.143,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.536,6*	*-25,0*	*4.511,6*
58. Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
a. 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	0,0	300,0	300,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*300,0*	*300,0*
59. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
a. 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	156,0	14,0	170,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*198,4*	*14,0*	*212,4*
60. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. Við 1.58 Vistun áfengis- og vímuefna sjúklinga. Liðurinn orðast svo: 1.58 Krýsuvíkurskóli	16,4	0,0	16,4
b. 1.90 Ýmis framlög	8,5	4,0	12,5
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*298,5*	*4,0*	*302,5*
61. Við **08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**			
a. 1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	332,8	10,0	342,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*273,0*	*10,0*	*283,0*
62. Við **08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun**			
a. 5.21 Viðhald fasteignar	0,0	3,0	3,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*198,9*	*3,0*	*201,9*
63. Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
a. 1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	28,0	12,0	40,0
b. Þjónustutekjur	0,0	-40,0	-40,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.840,0*	*-28,0*	*2.812,0*

64. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
a. 1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	68,3	13,0	81,3
b. 6.90 Tölvuvæðing	6,0	20,0	26,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*126,3*	*33,0*	*159,3*
65. Við **08-501 Sjúkraflutningar**			
a. 1.11 Sjúkraflutningar	201,7	26,0	227,7
b. 1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	0,0	31,0	31,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*217,4*	*57,0*	*274,4*
66. Við **08-621 Forvarnasjóður**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*55,0*	*-55,0*	*0,0*
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*0,0*	*55,0*	*55,0*
67. Við **09-261 Ríkistollstjóri**			
a. 1.01 Ríkistollstjóri	118,5	1,5	120,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*116,3*	*1,5*	*117,8*
68. Við **09-402 Fasteignamat ríkisins**			
a. 6.01 Tæki og búnaður	10,5	5,0	15,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*45,7*	*5,0*	*50,7*
69. Við **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
a. 6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	160,0	80,0	240,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*160,0*	*80,0*	*240,0*
70. Við **09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*210,0*	*-190,0*	*20,0*
b. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*190,0*	*190,0*
71. Við **09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			
a. 6.05 Stjórnarráðsbyggingar	0,0	15,0	15,0
b. 6.23 Skattstofa Suðurlands	0,0	35,0	35,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*20,0*	*50,0*	*70,0*
72. Við **09-995 Skýrsluvélakostnaður**			
a. 6.90 Tölvukerfi, óskipt	0,0	25,0	25,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*535,8*	*25,0*	*560,8*
73. Við **09-999 Ýmislegt**			
a. 1.15 Kjararannsóknir	5,8	7,5	13,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*535,9*	*7,5*	*543,4*
74. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	14,7	4,3	19,0
b. 1.27 Slysavarnafélag Íslands	15,7	3,5	19,2
c. 1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum			
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*176,6*	*17,8*	*194,4*
75. Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 6.10 Nýframkvæmdir	2.768,0	151,0	2.919,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*350,0*	*190,0*	*540,0*
c. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*6.966,0*	*139,0*	*7.105,0*
d. *Viðskiptahreyfingar*	*208,0*	*-178,0*	*30,0*
76. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
a. 6.70 Hafnamannvirki	411,5	10,0	421,5
b. 6.72 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður),			

Sandgerði	16,0	-10,0	6,0
c. 6.74 Lendingabætur	2,0	0,5	2,5
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*754,9*	*0,5*	*755,4*
77. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
a. 1.19 Staðlaráð	18,8	3,8	22,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*61,4*	*3,8*	*65,2*
78. Við **12-190 Ýmis verkefni**			
a. Þjónustutekjur	-2,1	2,1	0,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*9,7*	*2,1*	*11,8*
79. Við **12-302 Löggildingarstofa**			
a. 1.01 Löggildingarstofa	152,2	-6,4	145,8
b. Þjónustutekjur	-1,3	-15,7	-17,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*45,3*	*-22,1*	*23,2*
80. Við **13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Yfirstjórn	148,7	10,0	158,7
b. Þjónustutekjur	-61,7	48,0	-13,7
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*174,4*	*10,0*	*184,4*
d. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*0,0*	*48,0*	*48,0*
81. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.23 Ýmis umhverfisverkefni	10,0	5,6	15,6
b. 1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6,5	3,8	10,3
c. 1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,0	4,0	5,0
d. 1.58 Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	2,0	1,0	3,0
e. 1.59 Náttúruverndarráð	2,5	1,5	4,0
f. *Greitt úr ríkissjóði*	*76,8*	*15,9*	*92,7*
82. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. 1.01 Yfirstjórn	34,0	2,0	36,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*63,4*	*2,0*	*65,4*
83. Við **14-221 Hollustuvernd ríkisins**			
a. 1.01 Hollustuvernd ríkisins	159,6	10,0	169,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*138,9*	*10,0*	*148,9*
84. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
a. 1.01 Skipulagsstofnun	109,3	3,5	112,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*20,9*	*3,5*	*24,4*
85. Við **14-310 Landmælingar Íslands**			
a. 6.01 Tæki og búnaður	8,0	12,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*81,1*	*12,0*	*93,1*
86. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.02 Setur í Reykjavík	87,7	4,0	91,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*91,0*	*4,0*	*95,0*
87. Við **14-403 Náttúrustofur**			
a. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	4,7	1,0	5,7
b. 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	0,0	2,0	2,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*18,8*	*3,0*	*21,8*
88. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
a. Þjónustutekjur	-33,5	5,0	-28,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*303,9*	*5,0*	*308,9*

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Breytingar á sundurliðun 2:

Framlög til viðfangsefna hækki vegna endurmats launabóta í kjölfar kjarasamninga eftir 1. september sl. um 117,2 m.kr. Sundurliðun á viðfangsefni frumvarpsins verði samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

		M.kr.
03-201-1.01	Yfirstjórn	1,1
03-201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	5,1
03-201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	5,2
03-201-1.30	Fíkniefnaeftirlit	0,1
05-202-1.01	Almenn starfsemi	0,7
05-202-1.20	Útibú	0,1
05-202-1.30	Rannsóknaskip	0,4
05-202-1.41	Lúðueldi á Reykjanesi	0,1
05-202-1.43	Fjölstofnarannsóknir	0,2
06-101-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	0,2
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	30,6
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	1,8
06-412-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-412-1.20	Löggæsla	0,8
06-413-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-413-1.20	Löggæsla	0,3
06-414-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-414-1.20	Löggæsla	0,8
06-416-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-416-1.20	Löggæsla	0,2
06-417-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-417-1.20	Löggæsla	0,1
06-418-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-418-1.20	Löggæsla	0,9
06-419-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-419-1.20	Löggæsla	0,1
06-420-1.01	Yfirstjórn	0,4
06-420-1.20	Löggæsla	0,4
06-421-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-421-1.20	Löggæsla	0,7
06-422-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-422-1.20	Löggæsla	0,2
06-423-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-423-1.20	Löggæsla	0,2
06-424-1.01	Yfirstjórn	1,9
06-424-1.20	Löggæsla	2,8
06-424-1.40	Tollgæsla	0,2
06-425-1.01	Yfirstjórn	0,8
06-425-1.20	Löggæsla	1,1
06-426-1.01	Yfirstjórn	0,9
06-426-1.20	Löggæsla	1,1

06-426-1.40	Tollgæsla	0,2
06-427-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-427-1.20	Löggæsla	0,1
06-428-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-428-1.20	Löggæsla	0,6
06-429-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-429-1.20	Löggæsla	0,2
06-431-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-431-1.20	Löggæsla	0,2
06-432-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-432-1.20	Löggæsla	0,8
06-432-1.40	Tollgæsla	0,1
06-433-1.01	Yfirstjórn	0,9
06-433-1.20	Löggæsla	1,7
06-433-1.40	Tollgæsla	0,1
06-434-1.01	Yfirstjórn	1,7
06-434-1.20	Löggæsla	3,4
06-434-1.40	Tollgæsla	0,2
06-436-1.01	Yfirstjórn	2,0
06-436-1.20	Löggæsla	3,1
06-436-1.40	Tollgæsla	0,2
06-437-1.01	Yfirstjórn	1,7
06-437-1.20	Löggæsla	2,2
07-700-1.20	Vistun geðfatlaðra	0,4
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	0,4
07-700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	0,6
07-700-1.93	Ný sambýli	0,4
07-701-1.01	Sværðisskrifstofa	0,1
07-701-1.20	Sambýli	1,4
07-701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71	0,1
07-701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-701-1.60	Dagvistun	0,2
07-701-1.77	Vistheimili fyrir börn	0,1
07-702-1.01	Sværðisskrifstofa	0,1
07-702-1.20	Sambýli	0,4
07-702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	0,1
07-702-1.60	Skammtímavistun	0,1
07-702-1.64	Hæfingarstöðvar	0,1
07-702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi	0,1
07-702-1.73	Vistheimili fyrir börn	0,1
07-703-1.20	Sambýli Akranesi	0,1
07-703-1.30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	0,1
07-704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	0,1
07-705-1.20	Sambýli	0,1
07-707-1.01	Sværðisskrifstofa	0,1
07-707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	0,3
07-711-1.20	Sambýli	0,6

07-711-1.30	Vinnustofan Ás	0,1
07-711-1.60	Dagvistun Lækjarási	0,2
07-711-1.61	Dagvistun Bjarkarási	0,2
07-711-1.62	Dagvistun Lyngási	0,4
07-711-1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,1
07-711-1.64	Skammtímavistun Hólabergi	0,1
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,6
07-750-1.01	Yfirstjórn	0,4
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1,8
08-371-1.01	Ríkisspítalar	9,2
08-375-1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	5,8
09-261-1.01	Ríkistollstjóri	1,2
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	10,8
10-471-1.01	Flugmálastjórn	-2,5
10-471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	-2,0

SÉRSTÖK YFIRLIT II

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).		
1. Norræna eldfjallastöðin, samningur við Háskóla Íslands vegna Náttúrufræðihúss	43.000	
2. Háskólinn á Akureyri,		
Sólborg	20.000	
búnaður	10.000	
3. Kennaraháskóli Íslands,		
viðhald húsa	12.000	
Varmaland	6.000	
búnaður	10.000	
4. Hönnun og undirbúningur nýrra háskólabygginga	25.000	
5. Tækniskóli Íslands,		
viðhald húsnæðis	2.000	
búnaður	6.000	
6. Tilraunastöðin Keldum,		
endurbætur á húsnæði	7.000	
7. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála,		
viðhald húsnæðis	2.000	
8. Stofnun Árna Magnússonar,		
viðhald húsnæðis	1.000	
		144.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
2. Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90).		
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík	22.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð	15.000	
3. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5.000	
4. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	15.000	
5. Borgarholtsskóli	100.000	
		157.000
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
bygging	57.000	
búnaður	32.000	
2. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	55.000	
		144.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands	15.000	
		15.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
bóknámshús	20.000	
heimavist	5.000	
		25.000
Norðurland eystra:		
Framhaldsskólar við Eyjafjörð	50.000	
		50.000
Austurland:		
1. Verkmenntaskóli Austurlands	18.000	
2. Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu	1.000	
		19.000
Suðurland:		
1. Skólar á Laugarvatni	50.000	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
undirbúningur bóknámsálmu	3.000	
		53.000
		463.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).		
1. Áhugamannahópur um varðveislu Tryggvaskála	500	
2. Safnið Líf í fersku vatni á Hólum	500	
3. Vesturfarasetrið á Hofsósi	1.200	
4. Fræðasetrið í Sandgerði	500	
Óskipt	7.600	
		10.300
4. Menningarstofnanir (02-969 6.21).		
1. Þjóðminjasafn Íslands	85.000	
2. Þjóðleikhúsið	60.000	
3. Verndun gamalla húsa	50.000	
4. Þjóðskjalasafn	40.000	
5. Safnahúsið við Hverfisgötu	23.000	
6. Þjóðarbókhlaða	15.000	
7. Listasafn Íslands	15.000	
8. Byggðasöfn	15.000	
9. Stýrimannaskólinn við Öldugötu, lokagreiðsla	7.000	
10. Langabúð á Djúpavogi, lokagreiðsla	3.500	
11. Listasafn Einars Jónssonar	1.500	
		315.000
5. Listir, framlög (02-982 1.90).		
1. Collegium Musicum	1.000	
2. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000	
3. Möguleikhúsið við Hlemm	500	
4. Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300	
5. Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	300	
6. Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
7. Sumartónleikar á Norðurlandi	500	
8. Leikbrúðuland	500	
9. Kaffileikhúsið í Hlaðvarpanum	300	
10. Kammersveit Reykjavíkur	1.300	
11. Íslensk tónverkamiðstöð	7.600	
12. Íslenska brúðuleikhúsið	400	
13. Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000	
14. Reykholtshátíð	300	
15. Djassklúbbur Egilsstaða	400	
16. Skaftárhreppur, menningarmálanefnd	400	
17. Menning um landið	300	
18. Flugfélagið Loftur	1.000	
19. Efling Stykkishólms	300	
Óskipt	17.300	
		36.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Ýmis fræðistörf (02-983 1.10).		
1. Hið íslenska bókmenntafélag	1.000	
2. Færeysk orðabók	1.000	
Óskipt	1.300	
		3.300
7. Æskulýðsmál (02-988 1.90).		
1. Skátaskólinn Úlfljótsvatni	1.500	
2. Fræðsluskóli KFUM, Vatnaskógi	1.500	
Óskipt	3.000	
		6.000
8. Íþróttafélög (02-989 1.16).		
Reykjavík:		
1. Lyftingadeild ÍR	150	
2. Íþróttafélagið Fylkir	250	
3. Ungmennafélagið Fjölnir	400	
4. Íþróttafélag Reykjavíkur	400	
5. Skotfélag Reykjavíkur	300	
6. Karatedeild Fylkis	150	
7. Víkingur, skíðadeild	250	
		1.900
Reykjanes:		
1. Handknattleiksfélag Kópavogs, aðalstjórn	250	
2. Golfklúbburinn Kjölur 3	300	
3. Breiðablik	200	
4. Skotdeild íþrótta- og ungmennafélags Keflavíkur	350	
5. Golfklúbburinn Oddur	400	
6. Knattspyrnufélagið Reynir	300	
7. Golfklúbbur Ness, Nesklúbburinn	300	
8. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	250	
9. Skotfélag Kópavogs	300	
10. Breiðablik, frjálsíþróttadeild	300	
		2.950
Vesturland:		
1. Fimleikafélag Akraness	200	
2. Golfklúbburinn Vestarr	150	
3. Ungmennasamband Borgarfjarðar	400	
4. Knattspyrnufélag ÍA	400	
5. Ungmennafélagið Snæfell	300	
6. Skotfélag Akraness	200	
		1.650

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vestfirðir:		
1. Golfklúbbur Patreksfjarðar	200	
2. Golfklúbbur Ísafjarðar	300	
3. Golfklúbbur Bíldudals	200	
4. Íþróttafélagið Grettir, Flateyri	350	
5. Ungmennafélagið Geisli, Súðavík	300	
		1.350
Norðurland vestra:		
1. Ungmennafélagið Tindastóll, skíðadeild	400	
2. Ungmennafélagið Hvöt	400	
3. Ungmennafélag Bólstaðarhlíðarhrepps	300	
		1.100
Norðurland eystra:		
1. Golfklúbburinn Hamar	200	
2. Ungmennafélagið Mývetningur	200	
3. Skíðadeild Leifturs	400	
4. Ungmennafélagið Æskan	300	
5. Skotfélag Ólafsfjarðar	200	
		1.300
Austurland:		
1. Golfkúbbur Eskifjarðar	300	
2. Ungmenna- og íþróttafélag Bakkafjarðar	300	
3. Ungmennafélag Jökuldæla	300	
4. Golfklúbbur Norðfjarðar	400	
5. Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs	300	
		1.600
Suðurland:		
1. Knattspyrnufélagið Ægir	300	
2. Golfklúbburinn Vík	200	
3. Ungmennafélag Selfoss	200	
4. Ungmennafélag Stokkseyrar	150	
5. Golfklúbburinn Dalbúi	300	
6. Ungmennafélag Biskupstungna	200	
7. Frjálsíþróttadeild Ungmennafélags Selfoss	300	
8. Golfklúbbur Þorlákshafnar	200	
9. Félag um varðveislu Seljavallalaugar	300	
		2.150
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga og ófyrirséð		800
		14.800

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. Ýmis framlög (02-999 1.90).		
1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500	
2. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300	
3. Kvenréttindafélag Íslands	500	
4. Fræðslumiðstöð um kynlíf og barneignir	700	
5. Fornleifastofnun Íslands, sumarskóli	500	
6. Kvenfélagasamband Íslands	1.500	
7. Landssamtökin Heimili og skóli	400	
8. Háskóli Íslands, mannréttindastofnun	300	
9. Skaftfell, listamiðstöð	500	
10. Edinborgarhúsið á Ísafirði	500	
11. Sögusetrið á Hvolsvelli	500	
Óskipt	3.800	
		11.000
10. Ýmis verkefni (04-190 1.90).		
1. Æðarræktarfélag Íslands	200	
2. Flóaáveitufélagið	500	
3. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	2.000	
4. Landvernd	500	
5. Skjólskógar, Vestfjörðum	3.000	
Óskipt	3.800	
		10.000
11. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).		
a. Fyrirhleðslur:		
1. Jökulsá á Dal	1.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	1.000	
3. Jökulsá í Lóni	500	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	9.000	
7. Þjórsá	1.000	
		13.500
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	700	
3. Vestfjarðakjördæmi	200	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	1.000	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1.000	
6. Austurlandskjördæmi	1.000	
7. Suðurlandskjördæmi	2.000	
		6.000
		19.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Sjómannastofur (07-999 1.30).		
Færeyska sjómannaheimilið	400	
Óskipt	100	
		500
13. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).		
1. Barnaheill	500	
2. Landssamband eldri borgara	300	
3. Blindrafélagið	5.000	
4. Daufblindrafélag Íslands	700	
5. Félag heyrnarlausra	3.000	
6. Félag ábyrgra feðra	200	
7. Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500	
8. Málbjörg, félag um stam	300	
9. Samtökin 78	600	
10. Umsjónarfélag einhverfra	500	
11. Þroskahjálp	3.700	
12. Vernd, fangahjálp	500	
13. Kvennaráðgjöfin	600	
14. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600	
15. Félag einstæðra foreldra	1.000	
16. Sjálfsbjörg	3.500	
17. Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500	
18. Geðhjálp	3.500	
19. Íslensk ættleiðing	2.000	
20. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000	
Óskipt	3.900	
		36.400
14. Ýmis framlög (07-999 1.90).		
Flóttamenn á Hornafirði	20.000	
Óskipt	2.500	
		22.500
15. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).		
1. Heilbrigðisstofnunin Akranesi, sjúkrahús	2.500	
2. St. Fransiskusspítali Stykkishólmi	2.100	
3. Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunardeild	1.500	
4. Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, sjúkrahús	3.700	
5. Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, sjúkrahús	6.000	
6. Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, sjúkrahús	2.000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
7.	Grenivík, heilsugæslusel	2.000	
8.	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, sjúkrahús og heilsugæslustöð	3.000	
9.	Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	26.700	
10.	Heilsugæslustöðin Laugarási	9.500	
11.	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum, sjúkrahús, D-álma	40.000	
12.	Heilsugæslustöðin Garðabæ	23.600	
13.	Heilsugæslustöðin Kópavogi	14.500	
14.	Heilsugæsla í Reykjavík	32.900	
			170.000

16. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	PKU-félagið á Íslandi	100	
2.	Landssamtök hjartasjúklinga	200	
3.	Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	500	
4.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	200	
5.	Alnæmissamtökin á Íslandi	500	
6.	Tourette-samtökin	100	
7.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000	
8.	Styrktarfélag Perthessjúkra	200	
9.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300	
10.	Umhyggja	300	
11.	Húsnæðisfélag SEM	1.500	
12.	Gigtarfélag Íslands	200	
13.	Samtök sykursjúkra	200	
14.	Alzheimerfélagið	500	
15.	Íslenskir ungtemplarar	2.000	
16.	Stórstúka Íslands	2.000	
	Óskipt	2.700	
			12.500

17. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Snæfellsbær	140
3.	Dalahérað	180
4.	Reykhólahreppur	280
5.	Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6.	Vesturbyggð	500
7.	Súðavíkurhreppur	90
8.	Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140
9.	Ísafjarðarbær	450
10.	Árneshreppur	1.150
11.	Djúpavík og Gjögur	140

		Þús. kr.	Þús. kr.
12.	Kaldrananeshreppur	140	
13.	Skagahreppur	120	
14.	Skefilsstaðahreppur	120	
15.	Fljótahreppur	180	
16.	Ólafsfjarðarsveit	90	
17.	Svarfaðardalur	140	
18.	Grýtubakkahreppur	70	
19.	Hálshreppur	70	
20.	Mývatnssveit	90	
21.	Mývatn – Húsavíkurflugvöllur	90	
22.	Fjallahreppur	370	
23.	Öxarfjörður – Kópasker	50	
24.	Þórshöfn	50	
25.	Bakkafjörður	50	
26.	Vopnafjörður	50	
27.	Borgarfjörður eystri	280	
28.	Hjaltastaðahreppur	70	
29.	Jökuldalur, vetrarflutningar	180	
30.	Möðrudalur	90	
31.	Eiðahreppur	90	
32.	Fjarðarheiði	640	
33.	Oddsskarð	640	
34.	Breiðdalsvík	200	
35.	Djúpivogur	300	
36.	Svínafell í Nesjum	90	
37.	Mýrdalshreppur	230	
			7.800
b.	Stofnstyrkir:		
	Snjótroðari í Fljótum		500
c.	Styrkir til flugfélaga:		
1.	Flugsamgöngur við Gjögur	3.800	
2.	Flugsamgöngur við Grímsey	2.500	
3.	Flugsamgöngur Kópasker – Raufarhöfn	3.400	
			9.700
	Óskipt		1.000
			19.000

18. Hafnamannvirki (10-335 6.70).

	Vesturland:		
1.	Akranes	3.500	
2.	Snæfellsbær	21.600	
3.	Stykkishólmur	18.000	
			43.100

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	6.200	
2. Ísafjarðarbær	47.600	
3. Bolungarvík	19.800	
4. Drangsnes	1.200	
		74.800
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	12.000	
2. Skagaströnd	12.600	
3. Sauðárkrókur	30.800	
4. Siglufjörður	6.000	
		61.400
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	8.900	
2. Hrísey	1.700	
3. Hafnasamlag Norðurlands	28.900	
4. Grímsey	1.800	
5. Húsavík	70.900	
6. Kópasker	1.900	
7. Raufarhöfn	2.900	
8. Þórshöfn	28.100	
		145.100
Austurland:		
1. Vopnafjörður	1.900	
2. Borgarfjörður eystri	3.700	
3. Seyðisfjörður	5.800	
4. Neskaupstaður	7.900	
5. Eskifjörður	20.800	
6. Stöðvarfjörður	10.400	
7. Djúpivogur	1.200	
8. Höfn í Hornafirði	35.800	
		87.500
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	65.800	
2. Þorlákshöfn	24.800	
		90.600
Reykjanes:		
1. Grindavík	68.000	
2. Sandgerði	56.500	
3. Hafnasamlag Suðurnesja	30.600	
4. Hafnarfjörður	4.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Garðabær	100	
		159.200
Óskipt		15.300
		677.000

19. Lendingarbætur (10-335 6.74).

1. Hellnar, Snæfellsbæ	500	
2. Drangar, Árneshreppi	300	
3. Reykjarjörður	300	
4. Selvík á Skaga, Skefilsstaðahreppi	500	
5. Leirhöfn, Öxarfjarðarhreppi	400	
Óskipt	500	
		2.500

20. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).

1. Akranes	4.400	
2. Snæfellsbær	800	
3. Flatey á Breiðafirði	900	
4. Ísafjarðarbær	5.700	
5. Árneshreppur	500	
6. Blönduós	3.300	
7. Skagaströnd	1.700	
8. Siglufjörður	200	
9. Dalvík	1.300	
10. Grenivík	4.500	
11. Húsavík	1.100	
12. Þórshöfn	2.800	
13. Vopnafjörður	3.500	
14. Ölfushreppur, Þorlákshöfn	1.800	
15. Sandgerði	1.800	
16. Gerðahreppur	6.500	
17. Bessastaðahreppur	6.200	
18. Seltjarnarnes	4.000	
		51.000

21. Ýmis umhverfisverkefni (14-190 1.23).

Kirkjubæjarstofa	1.000	
Óskipt	14.600	
		15.600

464. Frumvarp til laga [349. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÍGP, TIO, GE, ÁMM, KPál, LMR, VH).

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun ef samanlögð fjárfesting er meiri en 950 millj. kr. Fjárhæð þessi miðast við byggingarvísitölu í september 1997, 225,9 stig, og breytist í samræmi við breytingar á henni.

Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, í öðrum tilvikum en segir í 1. mgr., eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

Hollustuvernd ríkisins skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Hollustuverndar ríkisins innan átta vikna frá auglýsingu.

Hollustuvernd ríkisins skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rennur út senda ráðherra tillögu sína að starfsleyfi ásamt greinargerð um fram komnar athugasemdir og afgreiðslu þeirra. Þá skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim er athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna og gerð grein fyrir hvort og þá að hve miklu leyti athugasemdirnar hafa verið teknar til greina. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu Hollustuverndar til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um afgreiðslu.

Að þeim fresti liðnum sem tilgreindur er í 4. mgr. tekur umhverfisráðherra ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Starfsleyfi sem gefið er út skv. 1. mgr. skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins og annast hún eftirlit með framkvæmd laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir þau lög falla.

Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og mengunarvörnum og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming eftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina þegar um landið allt er að ræða og við heilbrigðisnefndir þegar um einstök svæði er að ræða. Öll starfsemi stofnunarinnar, sem er eða gæti verið í samkeppnisrekstri, skal vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar. Undir þetta fellur m.a. sala á þjónustu, ráðgjöf, rannsóknum og prófunum og hvers konar eftirlitsstarfsemi sem þar kann að vera stunduð.

Stofnunin skal sjá um gerð fræðsluefnis og upplýsa og fræða þá er starfa að heilbrigðiseftirliti og mengunarvörnum.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Hollustuvernd ríkisins skal vinna að samræmingu eftirlits í landinu og koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina.

5. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Við stofnunina skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri.

Stofnuninni skal skipt í svið og skal forstöðumaður starfa yfir hverju þeirra. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn. Einn forstöðumanna skal gegna starfi staðgengils forstjóra.

Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

6. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, sbr. 14. gr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við hlutaðeigandi eftirlit byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Í stað orðanna „stjórn stofnunarinnar“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: Hollustuvernd ríkisins.

8. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim og/eða ákvarðana yfirvalda er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi samkvæmt ákvæði 3. gr. a.

Í úrskurðarnefnd skv. 1. mgr. eiga sæti þrír menn, einn lögfræðingur sem uppfyllir starfsgengisskilyrði héraðsdómara og skal hann vera formaður tilnefndur af Hæstarétti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: forstjóri Hollustuverndar ríkisins.
2. Í stað orðanna „stjórnar Hollustuverndar ríkisins“ í fyrri málslið 3. mgr. kemur: Hollustuverndar ríkisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir breytingar á eftirlitsstarfsemi Hollustuverndar ríkisins varðandi innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum skal starfsemin haldast óbreytt þar til reglugerð hefur verið sett sem kveður á um eftirlitshlutverk aðila.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af meiri hluta umhverfisnefndar þar sem ekki er ráðrúm til að afgreiða heildarlög um hollustuhætti, 194. mál, á haustþingi. Hins vegar er nauðsynlegt að nokkur ákvæði frumvarpsins öðlist gildi 1. janúar 1998 og er þau að finna í þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði um veitingu starfsleyfa, en ákvæði um það efni er nú að finna í mengunarvarnareglugerð.

Í greininni er lagt til, svo ekkert fari á milli mála varðandi útgáfu starfsleyfa sé um mengandi starfsemi og meiri háttar atvinnurekstur að ræða, að hún skuli vera á vegum umhverfisráðherra. Í því tilviki er miðað við að samanlögð fjárfesting sé meiri en 950 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu í september 1997, 225,9 stig. Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna gefa út starfsleyfi í öðrum tilvikum eftir því sem mælt er fyrir í reglugerð. Bent hefur verið á að hvergi komi beint fram í lögunum hver skuli gefa út starfsleyfi að öðru leyti en því að fram kemur í 16. gr. gildandi laga, sbr. breytingalög nr. 70/1995, að umhverfisráðherra setji í mengunarvarnareglugerð ákvæði um útgáfu starfsleyfa á vegum Hollustuverndar ríkisins. Frá setningu reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, hefur starfsleyfisútgáfa þegar um mengandi starfsemi er að ræða verið í höndum ráðherra, fyrst heilbrigðisráðherra og síðan eftir stofnun umhverfisráðuneytis í höndum umhverfisráðherra. Með mengunarvarnareglugerð, nr. 396/1992, var stærsti hluti starfsleyfa færður yfir til Hollustuverndar ríkisins án lagabreytinga. Í lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er tekið fram í ákvæðum til bráðabirgða að reglugerð nr. 164/1972 skuli halda gildi sínu og það endurtekið í lögum nr. 81/1988, en fyrsta mengunarvarnareglugerð kom út á árinu 1989 og tók gildi 1. janúar 1990.

Í 2. mgr. er kveðið á um að önnur starfsleyfi en þau sem ráðherra gefur út skuli vera í höndum Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefnda og að kveðið skuli á um það í reglugerð. Þannig mundu stærri og tæknilega flóknari mál vera í höndum Hollustuverndar ríkisins en allur þorri starfsleyfa í höndum heilbrigðisnefnda. Í gildandi mengunarvarnareglugerð, nr. 48/1994, með síðari breytingum, kemur ferlið skýrt fram og yrði um óverulegar breytingar á því að ræða að öðru leyti en því að starfsleyfin mætti kæra beint til úrskurðarnefndar eigi heilbrigðisnefnd hlut að máli í stað þess að vera kæranleg fyrst til Hollustuverndar ríkisins og síðar til úrskurðarnefndar eins og gildandi lög kveða á um, sbr. nánar athugasemdir við 8. gr.

Í 3.–5. mgr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að undirbúningi, auglýsingu og útgáfu starfsleyfis skv. 1. mgr., þ.e. þegar ráðherra gefur út leyfi. Þá er kveðið á um rétt manna til að koma að athugasemdum áður en starfsleyfi er gefið út, svo og um meðferð þeirra athugasemda. Rétt þykir að kveða á um í lögum með ótvíræðum hætti hvernig staðið skuli að útgáfu starfsleyfa sem ráðherra gefur út og um rétt manna til athugasemda fyrir útgáfu þeirra. Er almenningi tryggður víðtækur réttur til að koma að athugasemdum sínum, bæði áður en Hollustuvernd ríkisins sendir ráðherra tillögu sína að starfsleyfi og eins áður en ráðherra tekur endanlega ákvörðun um útgáfu þess. Skv. 3. mgr. skal Hollustuvernd ríkisins vinna starfsleyfistillögur, sbr. 1. mgr., og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast tillögurnar. Gera má athugasemdir skriflega til Hollustuverndar ríkisins við auglýstar tillögur innan átta vikna frá auglýsingu. Þegar sá frestur er liðinn hefur stofnunin skv. 4. mgr. fjórar vikur til að senda ráðherra tillögu sína að starfsleyfi þar sem búið er að fara yfir innkomnar athugasemdir. Tillögunni á að fylgja greinargerð um þær athugasemdir sem gerðar voru og afgreiðslu þeirra. Þá er Hollustuvernd ríkisins gert að tilkynna umsækjanda um starfsleyfi um afgreiðslu sína, svo og þeim sem gerðu athugasemdir og skal þeim gerð grein fyrir hvort og þá að hve miklu leyti athugasemdirnar voru teknar til greina. Enn má koma að athugasemdum og er heimilt að gera skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögu Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um afgreiðslu. Ráðherra er óheimilt að taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrr en að þeim tíma liðnum, sbr. 1. málsl. 5. mgr. Í 2. málsl. 5. mgr. er kveðið á um birtingu starfsleyfis sem ráðherra gefur út í Stjórnartíðindum.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 13. gr. laganna falli brott, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ný ákvæði komi í stað núgildandi ákvæða í 3. kafla. Eru ákvæði frumvarpsins um Hollustuvernd ríkisins einu færri en í núgildandi lögum og því er lagt til að ákvæðið falli brott.

Um 3. gr.

Lagt er til að hlutverk Hollustuverndar ríkisins verði að mestu leyti óbreytt, en það er að hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvörnum og eiturefnaeftirliti, svo og að sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í þessu felst m.a. samræming eftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti í landinu öllu. Meginhlutverk Hollustuverndar ríkisins verður að annast eftirlit með framkvæmd laganna og að vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er falla undir lögin. Stofnuninni er ekki ætlað að vera yfirvald í þeim skilningi að hún fari með eftirlitsmál en eftirlitið verður í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og aukin áhersla lögð á uppbyggingu þess samkvæmt lögunum.

Í stað þess að stofnunin fari með tiltekið eftirlit eins og gildandi lög gera ráð fyrir, svo sem innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum og hættulegum efnum og eftirlit með starfsemi sem veldur meiri háttar mengun, er lagt til að stofnunin fari eingöngu með eftirlit þegar um slíkt er samið við sveitarfélögin. Getur þá tvennt komið til, annars vegar eftirlit sem nær yfir landið allt, svo sem innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum og hættulegum efnum, og hins vegar eftirlit sem getur náð til ákveðinna eftirlitssvæða, m.a. vegna þess að of dýrt þyki að byggja upp sérfræðiþekkingu í fámennum eftirlitssvæðum.

Enn fremur segir í 2. málsl. 3. mgr. greinarinnar að sú starfsemi stofnunarinnar, sem er og gæti verið í samkeppnisrekstri, skuli vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar. Hér er einkum átt við rannsóknastarfsemi, en matvælarannsóknir stofnunarinnar eru reknar í samkeppni við einkafyrirtæki að hluta til.

Helsta nýmælið varðandi starfsemi stofnunarinnar er að lagt er til að stofnunin verði einnig vöktunarstofnun, þ.e. annist umhverfisvöktun. Mjög mikilvægt er að umhverfisvöktun verði sinnt skipulega og að hana annist aðili sem ekki fer með beint eftirlit. Vöktunaraðilinn verður að vera sjálfstæður gagnvart eftirlitsaðila, í þessu tilviki heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhjóða 3., 6. og 8. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að yfir Hollustuvernd ríkisins starfi forstjóri skipaður til fimm ára í senn, í stað þess að yfir stofnuninni starfi sérstök stjórn, rekstrarlegur framkvæmdastjóri og forstöðumenn sem eru faglega ábyrgir gagnvart stjórn. Er þetta í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana, sbr. og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Hafa verður einnig í huga að Hollustuvernd ríkisins er nú í auknum mæli stjórnsýslustofnun, ekki síst í tengslum við þær skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir í samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Engum tilgangi þjónar að hafa sérstaka stjórn yfir stofnun sem byggir starfsemi sína á framkvæmd laga og reglugerða sem bæði að formi og efni eru ljós. Forstjóri skal fara með stjórn stofnunarinnar og móta stefnu í störfum hennar og bera ábyrgð á fjárhagslegum rekstri og snýr ábyrgðin beint að umhverfisráðherra. Sem fyrr er gert ráð fyrir að stofnuninni verði skipt í svið og að forstöðumaður með sérþekkingu starfi yfir hverju sviði. Forstöðumenn verða ábyrgir gagnvart forstjóra enda ræður forstjóri þá.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögunum í samræmi við ákvæði frumvarpsins um að stjórn starfi ekki við Hollustuvernd ríkisins, þannig að í stað verkefna sem ætluð eru stjórn stofnunarinnar verði þau á verksviði stofnunarinnar sjálfrar.

Um 8. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 26. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um ágreining er rís um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaganna og ákvarðana yfirvalda og úrskurð sérstakrar úrskurðarnefndar í slíkum málum. Lagt er til að í þeim tilvikum þar sem ráðherra fer með afgreiðslu mála verði henni ekki vísað til úrskurðarnefndarinnar, enda kemur úrskurðarnefndin í stað ráðherra sem endanlegur úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi og getur ekki úrskurðað í málum sem ráðherra fer með ákvörðunarvald eða úrskurðarvald í. Er þetta gert til þess að taka af allan vafa um hvernig túlka beri greinina. Einnig er lagt til að Hollustuvernd ríkisins sé ekki milliúrskurðaraðili eins og samkvæmt gildandi lögum, enda óeðlilegt að hafa mörg úrskurðarstig. Þetta hefur í för með sér að ágreiningi um framkvæmd samkvæmt þessari grein við heilbrigðisnefndir eða Hollustuvernd ríkisis, t.d. um starfsleyfi, skal vísa beint til úrskurðarnefndar sem er endanlegur úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi.

Lagt er til að í úrskurðarnefndinni skuli sitja einn lögfræðingur sem uppfylli skilyrði til þess að vera héraðsdómari, og skal hann vera formaður nefndarinnar tilnefndur af Hæstarétti. Þá er lagt til að einn nefndarmanna verði tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt er lagt til að í stað þess að landlæknir tilnefni einn fulltrúa í nefndina skipi umhverfis-

ráðherra einn án tilnefningar. Eðlilegt hlýtur að teljast að umhverfisráðherra sem færi með úrskurðarvald ef ekki væri kveðið á um sérstaka úrskurðarnefnd skipi fulltrúa í hana án tilnefningar í stað landlæknis, en hafa verður í huga að landlæknir hefur ráðgjafarhlutverki að gegna samkvæmt lögunum, auk þess sem hann fer með faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisfulltrúa. Það samrýmist því lítt hutverki hans að hann tilnefni þar að auki aðila í úrskurðarnefnd til að fjalla um framkvæmd laganna.

Í 3. mgr. er lagt til að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og er það gert til þess að ekki fari á milli mála að um fullnaðarúrskurð sé að ræða þar sem nefndin kveður upp úrskurði en í gildandi lögum kemur það ekki fram.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar sem leiðir af þeim breytingum sem lagðar eru til á stjórnsýslu Hollustuverndar ríkisins.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með frumvarpinu er mörkuð sú stefna að Hollustuvernd ríkisins fari aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ákvörðun sé tekin um það af umhverfisráðherra í reglugerð að höfðu samráði við stofnunina og sveitarfélög. Samkvæmt lögum fer stofnunin með eftirlit með innflutningi matvæla og skráningu upplýsinga um framleiðslu og dreifingu matvæla í þágu matvælaeftirlits, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum í nauðsynjavörum og vöruskráningu vegna eiturefna og hættulegra efna, svo og eftirlit með atvinnurekstri sem hefur í för með sér meiri háttar mengun, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar. Þessu er ekki ætlunin að breyta. Eftir sem áður mun stofnunin annast beint eftirlit séu ákvæði um það í sérlögum eins og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

465. Nefndarálit [332. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu, og Hjörleif Kvaran frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til minni háttar breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem samþykkt voru á 121. löggjafarþingi. Lúta þær að lagfæringum á ákvæðum laganna sem taka eiga gildi 1. janúar 1998.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er um að ræða orðalagsbreytingar sem lagðar eru til við 3., 6. og 7. gr. frumvarpsins.

2. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 27. gr. laganna um framkvæmdaleyfi. Lúta þær annars vegar að því að lagt er til að ákvæðið nái aðeins til meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, en ekki allra framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið. Hins vegar er lagt til að felld verði úr ákvæðinu vísun í skógrækt og landgræðslu og verði ákvæðinu einkum ætlað að ná til breytinga á landi með t.d. jarðvegi eða efnistöku. Loks er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við ákvæðið þess efnis að landgræðslu- og skógræktaráætlanir skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir.
3. Loks er lögð til breyting á 12. gr. frumvarpsins þess efnis að nýjar skipulags- og byggingarreglugerðir verði settar á grundvelli laganna í síðasta lagi 1. júlí 1998, en ljóst er að mikilvægt er að slíkar reglugerðir verði settar sem fyrst eftir gildistöku laganna.

Hjörleifur Guttormsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1997.

Gísli S. Einarsson, varaform., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Halldórsdóttir.	Kristján Pálsson.
Vigdís Hauksdóttir.		Lára Margrét Ragnarsdóttir.

466. Breytingartillögur [332. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „Að afloknum“ í upphafi efnismálsgreinar komi: Þegar að loknum.
2. Á eftir 3. gr. frumvarpsins komi ný grein er orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
   b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Ráðherra skal kveða nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.
      Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
3. Við 6. gr., b-lið:
   a. Í stað orðanna „álagsprófunar á mannvirki“ komi: álagsprófunar mannvirkis.
   b. Í stað orðsins „virknisprófun“ komi: virkniprófun.
4. Við 7. gr. Í stað orðsins „prófnefndar“ í b-lið komi: prófanefndar.
5. Við 12. gr. Við 1. efnismálsl. a-liðar bætist: í síðasta lagi 1. júlí 1998.

467. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurbjörgu Sæmundsdóttur, deildarstjóra í umhverfisráðuneyti, og Guðmund G. Þórarinsson, formann spilliefnanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að breytt verði ákvæðum um hámark spilliefnagjalds og það hækkað fyrir tiltekna vöruflokka. Hámarkið í lögunum er of lágt og nægir álagt gjald einungis til þess að greiða hluta af kostnaði sem til fellur, þannig að þeir sem skila spilliefnum til móttökustöðvar bera enn beinan kostnað af því. Einnig er lagt til í frumvarpinu að spilliefnanefnd sé heimilt að greiða meðhöndlun og förgun úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar og tengist viðkomandi spilliefnum, enda dragi það úr kostnaði við meðhöndlun og förgun spilliefna. Loks eru lagðar til breytingar á uppgjörstímabili vegna innlendrar framleiðslu úr einum mánuði í þrjá.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu atriði breytingartillagnanna eru:

1. Lögð er til breyting á 3. gr. laganna þess efnis að ráðherra ákveði laun nefndarmanna í spilliefnanefnd, en eðlilegra þykir að ákvörðun sem þessi sé á valdi og ábyrgð ráðherra en ekki nefndarinnar eins og hefur verið til þessa.
2. Lagt er til að fyrri efnismálsliður 1. gr. falli brott, en þar er kveðið á um heimild til þess að greiða förgun annars úrgangs sem krefst sérstakrar meðhöndlunar og tengist spilliefnum. Á grundvelli ákvæðis þessa var m.a. ætlunin að láta gjald á olíumálningu bera uppi förgunarkostnað við vatnsmálningu. Umhverfisnefnd telur að slíkt ákvæði samrýmist ekki tilgangi og anda laganna og leggur til að það falli brott.
3. Loks er lagt til að ákvæði 6. tölul. 2. gr. falli brott, en þar er kveðið á um að spilliefnagjald skuli lagt á plöntu- og dýrafeiti og matarolíu, en úrgangur þessara efna hefur ekki verið skilgreindur sem spilliefni.

Hjörleifur Guttormsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1997.

Gísli S. Einarsson, varaform., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Halldórsdóttir.	Kristján Pálsson.
Vigdís Hauksdóttir.		Lára Margrét Ragnarsdóttir.

468. Breytingartillögur [331. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna fyrir setu í nefndinni.
2. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá er spilliefnanefnd heimilt að greiða förgun úrgangsefna sem blandast hafa vörum sem greitt hefur verið af skv. 6. gr., enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar.
3. Við 2. gr. 6. tölul. falli brott.

469. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Í fjárlögum hvers árs birtist stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og vegna stærðar og umfangs fjárlaganna hafa þau víðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf. Með fjárlögum leggur ríkisstjórnin meginlínur í efnahagsstjórn sem ráða miklu um fjárfestingu, verðbólgu, vaxtastig, viðskiptajöfnuð og gengi. Allt eru þetta þættir sem miklu máli skipta um afkomu almennings, svo að ekki sé talað um skattlagningu og mikilvæga þjónustu sem ríkið hefur með höndum. Ríkisstjórn sem tekur hlutverk sitt alvarlega gætir þess í góðæri að safna fé til mögru áranna og það hefur ætíð þótt óskynsamlegt að ráðstafa öllu aflafé jafnóðum og það fellur til. Alvarlegasta meinsemd frumvarpsins er skortur á samfelldri og ábyrgri fjármálastjórn, enda hrannast upp óveðursblikur og óróleikamerki í íslensku efnahagslífi.

Þjóðhagshorfur og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar.

Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins byggjast á þjóðhagsáætlun fyrir árið 1998. Þannig er áætlað að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 1998 eða um einu prósentustigi minni en spár fyrir þetta ár gera ráð fyrir. Til samanburðar er spáð 2,9% hagvexti í iðnríkjunum á næsta ári.

Ýmis teikn eru á lofti um að þensla sé að myndast í efnahagslífinu. Í inngangi að þjóðhagsáætlun fyrir árið 1998 stendur orðrétt:

„Þegar horft er fram á við eru brýnustu verkefnin í efnahagsmálum tvíþætt. Annars vegar þarf að gæta þess að þensla myndist ekki því ef svo færi yrði stöðugleikanum stofnað í hættu. *Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að margt bendir til að vöxtur efnahagsstarfseminnar um þessar mundir sé nálægt þeim mörkum sem samrýmast viðunandi verðlagsþróun.* Hins vegar þarf að efla þjóðhagslegan sparnað með það að markmiði að nokkur afgangur verði á viðskiptajöfnuði þegar yfirstandandi fjárfestingum í stóriðju lýkur."

Samsvarandi viðvörunarorð er að finna í nýlegri haustskýrslu Seðlabankans. Þar segir:

„Við þær aðstæður sem nú ríkja í íslenskum þjóðarbúskap er ofþensluhættan meiri en samdráttarhættan."

Þenslumerki má sjá víða, m.a. í peningastærðum, þróun viðskiptajöfnuðar og vaxandi spennu á vinnumarkaði. Alvarlegast er þó að verðbólgan virðist vera að taka sig upp á nýjan leik hér á landi. Þannig bendir nú allt til þess að hækkun vísitölu neysluverðs verði um eða yfir 3% milli áranna 1998 og 1997 samanborið við 2% milli 1997 og 1996.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðarbúskapnum gegna aðgerðir stjórnvalda lykilhlutverki í að halda aftur af þeirri miklu aukningu sem orðið hefur í eftirspurn og almennum umsvifum efnahagslífsins. Aðhald í útgjöldum ríkissjóðs er grundvallarforsenda þess að árangur náist í því að minnka viðskiptahallann og þar með skuldasöfnun þjóðarbúsins. Ríkisfjármálastefnan þarf einnig að vera í takt við peningamálastefnuna til að árangur náist. Ef þess er ekki gætt er hætt við að víkja þurfi til hliðar markmiðinu um litla verðbólgu og gengisstöðugleika til að bæta viðskiptahalla og styrkja stöðu atvinnuveganna.

Fjárlagafrumvarp það sem hér liggur fyrir og aðgerðir undanfarinna mánaða sýna glöggt það stefnuleysi sem ríkir í málefnum ríkissjóðs. Þannig hefur ekki tekist að skila ríkissjóði með viðunandi afgangi eins og nauðsynlegt er við núverandi aðstæður, m.a. til að vega upp á móti þensluáhrifum vegna kjarasamninga og skattalækkana. Ljóst er að tekjur ríkissjóðs hafa aukist gríðarlega á síðustu tveimur árum. Á sama tíma hafa hreinar skuldir ríkissjóðs aukist um ríflega 11 milljarða kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Tekjuaukanum hefur þannig augljóslega verið ráðstafað að verulegu leyti til aukinna útgjalda í stað þess að greiða niður skuldir. Síðustu tvö ár hafa einkennst af lausatökum í hagstjórn og eru því miður alltof mörg dæmi um slíkt í íslenskri hagsögu þegar vel árar.

Minni hlutinn telur orka tvímælis að ríkisstjórnin verji efnahagsbatanum til útgjalda í stað þess að greiða niður skuldir eins og eðlilegt má telja þegar góðæri ríkir. Við núverandi aðstæður, þar sem miklar framkvæmdir eru fjármagnaðar með erlendum lánum og mikilli einkaneyslu, er stöðugleikanum í efnahagsmálum ógnað og veruleg hætta á að verðbólgan fari af stað. Benda má á í þessu sambandi að á næsta ári er gert ráð fyrir að ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um 8%. Það gefur til kynna að spár um 5% aukningu einkaneyslu séu verulega vanmetnar. Saman fer að ríkissjóður og almenningur ráðstafa efnahagsbata sínum til nýrra útgjalda sem mun skapa mikinn þrýsting á stöðugleikann. Ekkert svigrúm er í ríkisfjármálum til að mæta áhrifum af minnkandi efnahagsumsvifum sem fer að bera á strax á næsta ári og mun koma fram með meiri þunga á árinu 1999. Á skömmum tíma gæti myndast umtalsverður halli á ríkissjóði og verðbólga vaxið verulega, ef ekkert verður aðhafst, og gætu afleiðingarnar orðið svipaðar og árið 1988.

Fjárhagsstaða heimilanna.

Skuldasöfnun heimilanna er að verða eitt stærsta efnahagsvandamál sem Íslendingar hafa átt við að glíma undanfarin ár. Sú eyðslustefna sem stjórnvöld hafa leitt undanfarin 2–3 ár hefur stuðlað að svo litlum þjóðhagslegum sparnaði að Íslendingar eru í hópi verst settu þjóða í þessu sambandi.

Það eru sláandi tölur sem koma í ljós þegar litið er á skuldaþróunina. Þannig hafa skuldir heimilanna í hlutfalli við ráðstöfunartekjur aukist úr 117,3% á árinu 1993 í 132,8% á þessu ári samkvæmt áætlun Seðlabankans. Þá benda spár til þess að skuldir heimilanna muni nema um 374 milljörðum kr. í lok ársins 1997 og hafa þær aukist um rúma 26 milljarða kr. á árinu. Þegar skuldaaukning er orðin svo mikil að ráðstöfunartekjur heimilanna á heilu ári duga ekki til greiðslu þeirra er ljóst að alvarlegur vandi blasir við.

Algert stefnu- og úrræðaleysi ríkir af hálfu stjórnvalda varðandi fjárhagsmálefni heimilanna. Ríkisstjórnin heldur áfram að ýta undir óraunhæfar væntingar um framtíðartekjur sem leitt hefur til verulegs óróa á vinnumarkaði. Á meðan heldur skuldsetning heimilanna áfram.

Minni hlutinn telur tímabært að stjórnvöld horfist í augu við þá staðreynd að róttækra aðgerða er þörf til að efla frjálsan og kerfisbundinn sparnað í landinu. Eftir þeim aðgerðum er kallað hér.

Erlend skuldasöfnun.

Ljóst er að sá hagvöxtur sem átt hefur sér stað hér á landi undanfarin ár hefur aðallega verið borinn uppi af þjóðarútgjöldum fremur en innlendri verðmætasköpun. Aðhaldsleysi í fjármálastjórn hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, hefur ýtt undir gegndarlausan innflutning og eyðslu. Það er til marks um þá þróun sem átt hefur sér stað að á næsta ári er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn við útlönd verði tæpir 19 milljarðar kr. samkvæmt þjóðhagsspá frumvarpsins. Á árinu 1995 var hins vegar afgangur af viðskiptunum við útlönd sem nam tæpum 4 milljörðum kr.

Það kemur ekki á óvart miðað við framangreindar tölur að erlendar skuldir fara vaxandi enda er bein samsvörun á milli viðskiptahalla og skuldasöfnunar. Þannig áætlar Þjóðhagsstofnun að erlendar skuldir muni aukast um 3,5% að raungildi á þessu ári. Það er þó öllu alvarlegra að á næsta ári er búist við enn meiri aukningu eða 4,5%.

Í fjárlagafrumvarpinu eru engar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að draga úr viðskiptahallanum og skuldasöfnun erlendis sem er orðin eitt brýnasta hagstjórnarmál hér á landi.

Lífeyrisskuldbindingar.

Lauslega má áætla að hækkun á skuldbindingum vegna lífeyrisgreiðslna opinberra starfsmanna nemi rúmlega 10 milljörðum kr. á árinu 1998. Af þeirri fjárhæð eru 7,5 milljarðar kr. vegna áunninna réttinda og launahækkana sem ætti að færast á rekstrarreikning ríkissjóðs. Í fjárlagafrumvarpinu eru hins vegar einungis færðir um 3,8 milljarðar kr. Eftir standa því um 3,7 milljarðar kr. sem er hækkun skuldbindinga vegna launahækkana á árinu. Minni hlutinn telur að færa beri þessa fjárhæð til gjalda og vísar í því sambandi til skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1996.

Gjaldahliðin.

Verður nú vikið að nokkrum þeim þáttum á gjaldahlið frumvarpsins sem miklu ráða um aðstæður og lífsskilyrði almennings í landinu.

Heilbrigðismál.

Góð heilbrigðisþjónusta er aðalsmerki þjóðar sem vill kenna sig við velferð og skiptir hvern einasta landsmann miklu. Brestir í þessum þætti velferðarkerfisins koma þungt niður á heimilum landsmanna. Niðurskurður síðustu ára til heilbrigðismála hefur því valdið áhyggjum og ómældum erfiðleikum hjá stórum hópi fólks. Útgjöld í þessum málaflokki hafa ekki þróast í samræmi við kröfur um bætta heilbrigðisþjónustu, breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar, nýja þekkingu og tækni eða aukinn hagvöxt allra síðustu ára. Því til staðfestingar skal bent á að *framlög til heilbrigðismála hafa aukist um tæp 1,4% að jafnaði á ári síðustu fjögur árin, en á sama tíma hefur hagvöxtur aukist um 3,6% að jafnaði á ári.*

Útgjöld til ráðuneytis heilbrigðis- og tryggingamála nema nær 59 milljörðum kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu sem er u.þ.b. 38,6% allra útgjalda ríkisins á greiðslugrunni, en 36,2% á rekstrargrunni. Því er í sjálfu sér skiljanlegt að reynt sé að halda þétt utan um þennan mikilvæga en fjárfreka málaflokk. Ráðdeild og sparnaður er sígilt viðfangsefni á þessu sviði sem öðrum. Á hinn bóginn þarf að gæta lögbundins réttar landsmanna til bestu fáanlegrar heilbrigðisþjónustu. Aðgerðir stjórnvalda á undanförnum árum hafa verið ótrúlega handahófskenndar og bitnað bæði á notendum og starfsfólki á þessu sviði, sérstaklega í sjúkrahúsþjónustunni.

Afgreiðsla fjárlaga þessa árs jók aðeins vandann í heilbrigðiskerfinu, og öll varnaðarorð minni hlutans í þeim efnum hafa verið á rökum reist. Sparnaðarhugmyndir voru enn einu sinni fullkomlega óraunhæfar og að mestu óútfærðar, eins og niðurstöður frumvarps til fjáraukalaga sýna glöggt, þar sem auka þarf framlögin á þessu ári um nær 2 milljarða kr. til ýmissa liða innan heilbrigðiskerfisins og enn er stór hluti vandans óleystur.

Svo hart hefur verið gengið fram í óraunhæfum sparnaði að varla fyrirfinnst lengur nokkur einasta heilbrigðisstofnun sem nær því að vera innan ramma fjárlaga, og segir sig sjálft, að við svo búið má ekki standa. Fyrir liggur að uppsafnaður rekstrarhalli allra sjúkrahúsanna í landinu er nú orðinn samtals u.þ.b. 1 milljarður kr. Þar af er halli stærstu sjúkrahúsanna, þ.e. Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur, enn nær 400 millj. kr. í lok þessa árs þrátt fyrir 320 millj. kr. framlag á fjáraukalögum. Flest hin sjúkrahúsanna eru með einhvern halla í árslok, allt frá 4 til 84 millj. kr. Við 2. umræðu fjáraukalaga var samþykkt sérstakt framlag að upphæð 200 millj. kr., sem ætlað er til að taka á rekstrarvanda sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur, og ber að fagna því. Vonandi dugir það til, en á það ber að líta að stærsta sjúkrahúsið í þeim hópi, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, er komið með 84 millj. kr. rekstrarhalla nú í árslok.

Þá er ekki minna áhyggjuefni að viðhald húsa og endurnýjun tækja hefur lengi setið á hakanum. Ástandið í þeim efnum fer sífellt versnandi og verður afar kostnaðarsamt að taka á þeim vanda. Sem dæmi má nefna Sjúkrahús Reykjavíkur sem er að verða háskalega illa farið af viðhaldsskorti. Áætlaður kostnaður vegna viðgerða utan húss er nær 400 millj. kr., en viðhald innan húss mun kosta enn hærri upphæðir. Þannig mætti rekja fleiri dæmi því að víðast hvar blasir þörfin við og sums staðar er húsakosturinn í raun ekki boðlegur, hvorki sjúklingum né starfsfólki. Langvarandi sparnaður í viðhaldi er óskynsamlegur og kemur fram í auknum kostnaði þegar til lengdar lætur. Minni hlutinn telur að gera þurfi áætlun til nokkurra ára um viðhald heilbrigðisstofnana og endurnýjun tækjakosts svo að þessar stofnanir grotni ekki niður í hirðuleysi.

Allur þessi vandi liggur fyrir, studdur gögnum og skýrslum frá stofnunum sjálfum og öðrum matsaðilum. Þessar hallatölur eru raunverulegar og ekki tilkomnar vegna óráðsíu. Það er almennt viðurkennt að starfsfólk sjúkrahúsanna hefur lagt hart að sér og náð miklum árangri við erfiðar aðstæður á undanförnum 5–10 árum. Göngudeildarþjónusta hefur verið efld, aðgerðum hefur fjölgað, legutími styst, hjúkrunarþyngd aukist, sjúklingum fjölgað á hvern starfsmann og lyfjakostnaður sjúkrahúsa lækkað. Þennan árangur ber að viðurkenna og horfast í augu við að lengra verður ekki gengið án þess að illa bitni á þeim er síst skyldi, þ.e. sjúklingunum sjálfum.

Heilbrigðisráðuneytið og meiri hluti fjárlaganefndar hafa vissulega tekið á þessum vanda að hluta til með aukaframlögum á fjáraukalögum og sérstakri fjárveitingu að upphæð 300 millj. kr. á næsta ári sem skipta á milli sjúkrahúsanna samkvæmt samningum við stofnanirnar. Allt er betra en ekkert, en eins og fyrr segir er vandinn miklu stærri en svo að þetta dugi til. Það er mat forsvarsmanna þriggja stærstu sjúkrahúsanna að það vanti samtals rúmlega 1 milljarð kr. upp á þær tölur sem fram koma í frumvarpinu til rekstrar þessara sjúkrahúsa til þess eins að halda starfseminni í sama horfi og nú. Það blasir því ekkert annað við en minnkandi þjónusta ef ekki verður brugðist við af ábyrgð og sanngirni. Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að taka almennilega til hendinni til þess að tryggja réttmæta heilbrigðisþjónustu og létta áhyggjum og erfiði af sjúkum og öldruðum og aðstandendum þeirra.

Menntamál.

Það hefur lengi verið áhyggjuefni þeirra sem bera menntun þjóðarinnar fyrir brjósti að fjárveitingar til menntamála eru mjög naumar hér á landi miðað við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Minni hluti menntamálanefndar ítrekar það enn fremur í umsögn sinni til fjár-

laganefndar og lýsir því þar að hér sé verið að reyna að halda úti skólakerfi fyrir allt of lítið fé miðað við það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Staðan í skólum, hvort sem litið er til þjónustu við nemendur, atvinnulífsins eða launakjara kennara, stenst engan veginn samanburð við þau lönd sem við lítum til samkvæmt t.d. síðustu matsskýrslu OECD. Ef íslensk stjórnvöld bregðast ekki við með því að stórauka fjármagn til menntamála er alvarleg ástæða til að óttast um samkeppnishæfni Íslands á komandi árum. Fjárveitingar til háskólastigsins koma verst út í samanburði við önnur lönd í skýrslu OECD. Bent skal á að ef frumvarp til laga um háskóla verður samþykkt má búast við verulega auknum kröfum um fjárveitingar til allra skóla á háskólastigi.

Háskóli Íslands hefur mikla sérstöðu meðal íslenskra skóla. Forsvarsmenn skólans hafa lagt fyrir fjárlaganefnd mjög vel rökstuddar óskir um 230 millj. kr. hækkun framlaga frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þar af töldu þeir nauðsynlegt að hækka launaliðinn um 100 millj. kr. vegna vanreiknaðra áhrifa kjarasamninga. Þeirri beiðni hefur verið hafnað af ráðuneytinu sem telur að áhrif kjarasamninga við háskólamenn séu þegar reiknuð inn í frumvarpið. Auk þess var beðið um aukið fjármagn til rannsóknarstarfsemi, til kennslu- og vísindadeildar, alþjóðasamskipta, rannsóknarnáms og ritakaupasjóðs. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að styðja betur við starfsemi háskólanna í landinu þar sem hugvit og þekking er sú auðlind sem rækta ber og virkja miklu betur en hingað til hefur verið gert. Á því grundvallast framtíð komandi kynslóða.

Undanfarið hefur verið unnið að samningum við framhaldsskólana um nýtt kerfi til að deila fjárveitingum á skólana. Þeim samningum er ekki að fullu lokið, en ástæða er til að minna á að ef fjárveitingum er haldið niðri til framhaldsskólanna á þann hátt sem fram kemur í þessu frumvarpi vænkast hagur skólanna ekki við það eitt að taka upp nýjar úthlutunarreglur. Sá vandi verður heldur ekki leystur með því að taka upp fallskatt eða önnur skólagjöld. Ástæða er til að skoða fjárveitingu til framhaldsskólanna með tilliti til þess að verið er að framkvæma ný lög.

Varðandi grunnskólastigið má minna á að fjölmörg sveitarfélög telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna og er það álit minni hlutans að fara eigi yfir það dæmi upp á nýtt með tilliti til þess sem hefur komið fram um auknar kröfur til skólanna. Mesti vandinn sem blasir við er þó hin alvarlega staða námsgagnagerðar, en það verkefni er í umsjá ríkisins. Lengi hefur framlag ríkisins til námsgagnagerðar miðað við hvern einstakan nemenda á grunnskólastigi verið margfalt lægra en í nágrannalöndunum, en nú hefur það einnig farið hraðminnkandi. Árið 1991 var framlag til námsgagnagerðar 6.480 kr. á nemenda en er nú komið niður í 5.060 kr. á nemenda. Á sama tíma eru gerðar kröfur um meira framboð og aukin gæði námsgagna og námsefnisformið tekur hröðum breytingum. Námsgagnastofnun, sem er ætlað lykilhlutverk á þessu sviði samkvæmt lögum, fór fram á 40 millj. kr. viðbótarframlag til að geta betur sinnt endurnýjun námsefnis í náttúrufræðigreinum, undirbúningi endurnýjunar námsefnis vegna nýrrar námskrár og til kynningar. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að taka tillit til óska stofnunarinnar.

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Fyrirhugað er að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna eftir rúmt ár, og er allt gott um það að segja ef flutningurinn er vandlega undirbúinn í góðri sátt við sveitarfélögin. Þau mega ekki erfa óbættan allan þann vanda sem nú er til staðar. Enn er t.d. mikill vandi óleystur í húsnæðismálum fatlaðra og horfir ekki vel með lausnir þegar ríkisstjórnin gengur ár eftir ár stórlega á lögbundinn tekjustofn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Á næsta ári er ætlunin að taka 235 millj. kr. af þeim tekjustofni í ríkissjóð, sbr. 3. tölul. 6. gr. frumvarpsins. Er þó ljóst að full þörf er fyrir allt það fé til þess að stytta langa biðlista, einkum í Reykjavík og í Reykja-

neskjördæmi, eftir sambýlum fyrir fatlaða. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega þessa ráðstöfun ríkisstjórnarinnar og leggur til að 3. tölul. 6. gr. verði felldur brott.

Landbúnaðarmál.

Minni hlutinn telur miður að ríkisstjórnin sjái sér ekki fært nú í góðærinu að veita meira fjármagn til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins en raun ber vitni vegna þess að starfsemi stofnunarinnar hefur á mörgum sviðum verið lykillinn að auknum framförum í landbúnaði á Íslandi á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna framfarir í kornrækt til fóðurgjafar. Þær gefa íslenskum bændum nú þegar nokkur sóknarfæri sem byggjast á niðurstöðum ræktunartilrauna á Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Það mun vera samkvæmt samkomulagi við bændasamtökin að lagt er til í frumvarpinu að framlag til þeirra hækki um 25 millj. kr. milli ára. Hækkunin skýrist af því að lagt er til að þær 89 millj. kr. sem verja skal til uppkaupa á fullvirðisrétti eða markaðsaðgerða samkvæmt núgildandi búvörusamningi verði veittar til jarðræktarframlaga og fleiri verkefna. Landbúnaðarnefnd Alþingis bendir á að þarna er einhliða verið að taka upp samning við sauðfjárbændur og nota fjármuni sem þeim eru ætlaðir samkvæmt samningnum til að leysa önnur uppsöfnuð vandamál. Þessi vandamál hefur í sjálfu sér dregist allt of lengi að leysa en erfitt er að sjá réttlætið í að þau séu leyst á kostnað sauðfjárbænda á sama tíma og ekki hefði verið vanþörf á sérstökum aðgerðum til styrktar þeim sem verst standa í þeirra hópi.

Þá skal minnt á að í 2. tölul. 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framlög til sérstaks átaksverkefnis til markaðssetningar og framleiðslu vistvænna og lífrænna afurða verði skert um helming frá því sem lög gera ráð fyrir. Þessi tillaga ber vott um vanþekkingu og skilningsleysi á mikilvægi slíks átaks til að lyfta undir nýjungar er til framfara horfa í landbúnaði. Minni hlutinn leggur til að 2. tölul. 6. gr. falli brott.

Umhverfismál.

Umhverfismál vega æ þyngra í nútímasamfélagi, eins og landsmenn hafa rækilega verið minntir á undanfarna daga. Það er því áhyggjuefni hversu illa er búið að stofnunum á vegum umhverfisráðuneytisins sem af allt of veikum mætti þarf að fást við sívaxandi verkefni.

Langverst er staða Hollustuverndar ríkisins sem glímir við mikinn vanda í mannahaldi og rekstri vegna aukinna verkefna, einkum vegna ákvæða EES-samningsins og fleiri bindandi alþjóðasamninga. Nægir að vísa til faglegrar úttektar Skipulags og stjórnunar ehf. frá ágúst 1996 um mannaflaþörf stofnunarinnar, en niðurstaða hennar var að „alger lágmarksþörf“ á aukningu væri 20,5 stöðugildi til að stofnunin gæti staðið undir þeirri starfsemi sem lög, reglur og samningar við erlend ríki gera ráð fyrir. Stofnunin fór fram á verulega hækkun framlags til þess að geta fjölgað í starfsliði. Þeirri beiðni til stuðnings má vísa til upplýsinga um kröfur af hálfu ESA vegna vanefnda á framkvæmd EES-samningsins sem íslensk stjórnvöld verða að bregðast við. Meiri hlutinn kom aðeins að litlu leyti til móts við óskir um eflingu stofnunarinnar, og er ljóst að Hollustuvernd ríkisins er um megn að standa undir þeim kröfum sem til hennar eru gerðar eins og nú er að henni búið.

Um aðrar stofnanir og verkefni á sviði umhverfismála er það að segja að þau verða að fá aukinn stuðning á næstu árum ef þessi málaflokkur á að fá það vægi sem hann þarf. Skilningur stjórnvalda í þeim efnum birtist ekki í þessu frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Þar verður t.d. ekki séð hvernig ráðuneytið ætlar að vinna að nauðsynlegum aðgerðum til að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Þar duga engin vettlingatök ef þjóðin ætlar sér sómasamlegan sess í samfélagi þjóðanna.

Samgöngumál.

Samkvæmt 5. tölul. skerðingarákvæða í 6. gr. frumvarpsins skulu 1.064 millj. kr. af innheimtum mörkuðum tekjum til vegagerðar renna í ríkissjóð á næsta ári. Ljóst er að þessi skerðing mun hafa í för með sér um 6% lækkun framlaga til nýframkvæmda frá þeirri vegáætlun sem samþykkt var sl. vor. Á það var bent í áliti samgöngunefndar við afgreiðslu fjárlaga síðasta árs að lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda næmi 18–19%. Því blasir við að enn frekari skerðing mun hafa veruleg áhrif á framkvæmdir í vegamálum og hlýtur að leiða til frestunar á ýmsum brýnum verkefnum um allt land. Minni hlutinn telur að þessum sífellda niðurskurði fjárveitinga til vegamála þurfi að linna og leggur til að 5. tölul. 6. gr. verði felldur brott.

Lokaorð.

Fjárlaganefnd hefur nánast eingöngu fjallað um útgjaldahlið frumvarpsins til þessa, og tekjuhlið þess bíður því 3. umræðu. Einnig er eftir að fjalla nánar um lánsfjárgrein frumvarpsins og heimildargrein þess svo og nokkur önnur atriði.

Breytingartillögur meiri hlutans nema rúmlega hálfum öðrum milljarði kr., og styður minni hlutinn margar þeirra. Minni hlutinn flytur nokkrar breytingartillögur við 2. umræðu sem sýna þær áherslur sem fulltrúar hans vilja ná fram í ráðstöfun ríkisteknanna. Minni hlutinn telur að tekjuhliðin sé vanáætluð um 1–1,5 milljarð kr., en hann mun að auki flytja tillögur til breytinga á tekjuhliðinni við 3. umræðu, m.a. um hækkun tryggingagjalds, ef tillögur minni hlutans um breytingar á gjaldahlið frumvarpsins verða samþykktar.

Alþingi, 11. des. 1997.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm. Gísli S. Einarsson. Kristín Halldórsdóttir.

Sigríður Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal.

Samanburður helstu þjóðhagsstærða 1995 - 1998										
	Spá 1998	Fjárlög 1997	[Áætluð] útkoma	Mism.	Fjárlög 1996	[Áætluð] útkoma	Mism.	Fjárlög 1995	[Áætluð] útkoma	Mism.
I. Helstu þjóðhagsstærðir - magnbreyting milli ára, %										
Einkaneysla	**5,0**	3,5	5,0	***1,5***	4,2	6,4	***2,2***	2,5	4,2	***1,7***
Samneysla	**3,0**	1,5	2,2	***0,7***	2,0	1,4	***-0,6***	2,0	1,3	***-0,7***
Fjárfesting	**1,3**	5,5	18,6	***13,1***	16,3	23,5	***7,2***	5,2	-2,8	***-8,0***
Þjóðarútgjöld, án birgðabreytinga	**3,9**	3,5	6,7	***3,2***	5,6	7,1	***1,5***	2,9	3,1	***0,2***
Útflutningur vöru og þjónustu	**4,6**	2,8	3,2	***0,4***	0,4	10,0	***9,6***	0,4	-2,1	***-2,5***
Innflutningur vöru og þjónustu	**5,9**	5,7	9,6	***3,9***	7,5	16,6	***9,1***	3,7	3,8	***0,1***
Verg landsframleiðsla	**3,5**	2,5	4,5	***2,0***	3,5	5,2	***1,7***	2,1	1,0	***-1,1***
Þjóðartekjur	**3,7**	2,5	5,0	***2,5***	3,7	4,2	***0,5***	3,0	1,9	***-1,1***
II. Launa- og verðlagsforsendur - meðalbreyting milli ára, %										
Ráðstöfunartekjur á mann	**8,0**	3,5	6,7	***3,2***	6,3	6,4	***0,1***	2,8	5,7	***2,9***
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	**4,9**	1,5	4,7	***3,2***	3,5	4,0	***0,5***	1,0	3,9	***2,9***
Vísitala neysluverðs	**3,0**	2,0	1,9	***-0,1***	2,7	2,3	***-0,4***	1,8	1,7	***-0,1***
Verðvísitala samneyslu	**3,0**	3,1	4,4	***1,3***	4,8	5,5	***0,7***	2,6	3,9	***1,3***
Verðvísitala landsframleiðslu	**4,1**	2,4	3,0	***0,6***	3,7	1,9	***-1,8***	2,6	2,8	***0,2***
III. Ymsar forsendur										
Fjöldi innfluttra bíla	**13.000**	9.400	12.000	***2.600***	7.950	9.855	***1.905***	6.800	6.950	***150***
Fólksbílar	**11.500**	8.300	10.600	***2.300***	7.100	8.750	***1.650***	6.000	6.100	***100***
Atvinnubílar	1.500	1.100	1.400	***300***	850	1.105	***255***	800	850	***50***

470. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá Farmanna- og fiskimannasambandi Guðjón A. Kristjánsson og Benedikt Valsson, frá Sjómannasambandi Íslands Hólmgeir Jónasson. Hilmar Snorrason kom frá Slysavarnaskóla sjómanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Frumvarpið felur í sér frestun á gildistöku þess skilyrðis fyrir lögskráningu sjómanna að þeir hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum hætti. Samkvæmt frumvarpinu er skipstjórnarmönnum og öðrum skipverjum veittur frestur til 31. desember 1998 til þess fullnægja skilyrðinu hafi þeir skráð sig á námskeið fyrir 1. janúar 1998. Fram kom við meðferð málsins að um 940 sjómenn hafi nú þegar skráð sig á öryggisfræðslunámskeið Slysavarnaskóla sjómanna og er það að mati forráðamanna skólans nær allir þeir sem enn eiga eftir að sækja slíkt námskeið. Ljóst er hins vegar að ekki verður hægt að ljúka námskeiðahaldi vegna þessara umsækjenda fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 1999. Með hliðsjón af því er nefndin sammála því að veita skuli þennan viðbótarfrest en leggur til að hann verði framlengdur til 1. apríl 1999 svo tryggt sé að allir sem hyggjast sækja slík öryggisfræðslunámskeið eigi kost á því. Jafnframt telur nefndin eðlilegt að frestunarákvæðið verði gert að bráðabirgðaákvæði við lögin í stað þess að hafa það inni í ákvæðinu sjálfu þannig að það falli niður að liðnum frestinum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form, frsm.	Magnús Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Kristján Pálsson.	Egill Jónsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Ragnar Arnalds.	Árni Johnsen.

471. Breytingartillögur [289. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. 2. efnismálsl. a-liðar 1. gr. falli brott.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar sem hafa skráð sig á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna fyrir 1. janúar 1998 fá frest til 1. apríl 1999 til að fullnægja skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna.

472. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sóknargjöld o.fl., lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá dómsmálaráðuneytinu Hjalta Zóphaníasson skrifstofustjóra, Þórhall Ólafsson, aðstoðarmann ráðherra, og Sólmund Má Jónsson deildarstjóra, Þórstein Ragnarsson frá Kirkjugörðum Reykjavíkur, Sigurjón Pétursson, Eggert Hauksson og Guðmund Einarsson frá Samtökum sóknarnefnda, Ragnhildi Benediktsdóttur, formann Kirkjugarðasjóðs, og Björn Ástmundsson, formann sóknarnefndar Lágafellskirkju.

Í frumvarpinu er lagt til að sóknargjöld hækki um 6,3% frá fyrra ári, eða minna en núgildandi lög gera ráð fyrir, en að kirkjugarðsgjöld hækki um 7,6% auk þess sem þau hækki sem nemur 1,3% hækkun sóknargjalda. Er þessi innbyrðis tilfærsla gerð til að tryggja megi kirkjugörðum aukið fjármagn til að geta sinnt lögboðnum verkefnum sínum. Hækkun sóknar- og kirkjugarðsgjalda hefur ekki áhrif til hækkunar á skatta eða gjöld almennings, heldur er um að ræða innbyrðis tilfærslu, enda um sömu heildarupphæð að ræða. Sérstakri eftirlitsnefnd er ætlað að fylgjast með afkomu kirkjugarðanna á næstunni og gera tillögur til ráðuneytis um framhald málsins. Allsherjarnefnd telur að skoða beri framtíðarfyrirkomulag þessara mála í framhaldinu.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis verði undanþegnir því í tvö ár að greiða framlag til Kirkjugarðasjóðs. Þá er lagt til að Ríkisendurskoðun fái heimild til að kanna ársreikninga og gögn varðandi sóknargjöld, en slík heimild gildir nú fyrir kirkjugarða.

Nefndin leggur til eina formbreytingu á frumvarpinu og felst hún í því að ákvæði 4. gr. verði bráðabirgðaákvæði, en ekki sett inn í megintexta laganna. Þykir nefndinni þetta eðlilegt þar sem ákvæðinu er ætlaður takmarkaður gildistími.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Inngangsmálsliður orðist svo: Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi.

Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 11. des. 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.
Jón Kristjánsson.	Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.

473. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988 (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein A. Jónsson fangelsismálastjóra, Ragnhildi Arnljótsdóttur, deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Guðmund Þór Guðmundsson, formann samfélagsþjónustunefndar og Vilhjálm Grímsson frá Vernd. Þá bárust nefndinni erindi um málið frá Hreini S. Hákonarsyni fangapresti, Vernd, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Tryggingastofnun ríkisins.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjái um og beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem nauðsynlegt er að gera í kjölfar þess að gæsluvarðhaldsfangelsið við Síðumúla var lagt niður og í framhaldi af því hafin vistun gæsluvarðhaldsfanga í afplánunarfangelsum. Loks er lagt til að ákvæði laga um samfélagsþjónustu verði felld inn í lögin um fangelsi og fangavist auk þess sem nokkrar efnisbreytingar eru lagðar til á ákvæðum um samfélagsþjónustu. Er m.a. lagt til að heimilt verði að fullnusta allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsivist með ólaunaðri samfélagsþjónustu, en nú er hámarkið þriggja mánaða refsivist. Þá er lagt til að Fangelsismálastofnun taki ákvörðun um samfélagsþjónustu í stað samfélagsþjónustunefndar, að skilorðsrof verði meðhöndlað á svipaðan hátt og agaviðurlög í fangelsum og að ákvæði verði sett í lögin um veitingu reynslulausnar ef hluti refsivistarinnar hefur verið fullnustaður með samfélagsþjónustu.

Var það álit þeirra sem komu á fund nefndarinnar að fullnusta refsivistar með samfélagsþjónustu hafi reynst vel. Því telur nefndin rétt að festa ákvæði um samfélagsþjónustu varanlega í lög, en lög um samfélagsþjónustu hafa takmarkaðan gildistíma og falla sjálfkrafa úr gildi um næstu áramót.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um 6. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á 51. gr. almannatryggingalaganna þannig að skýrt sé kveðið á um að fangar séu sjúkratryggðir sam-

kvæmt almennum reglum um sjúkratryggingar. Telur nefndin ákvæðið nauðsynlegt til að hnykkja á því að sjúkratryggingar almannatrygginga skuli standa straum af sjúkrakostnaði, en ágreiningur hefur verið um það á undanförnum árum hverjum beri að greiða sjúkrakostnað fanga.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Felst fyrri breytingin í því að f-liður 4. gr. fellur brott, en hann er talinn óþarfur. Allar ákvarðanir fangelsismálastofnunar sæta kæru til dómsmálaráðherra og því er ekki þörf á að taka slíkt sérstaklega fram. Þá er lögð til smávægileg orðalagsbreyting við 2. mgr. 6. gr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. F-liður falli brott.
2. Við 6. gr. Orðið „þó“ í efnismálslið 2. mgr. falli brott.

Alþingi, 11. des. 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Jón Kristjánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Kristján Pálsson.	Guðrún Helgadóttir.	Hjálmar Jónsson.

474. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Svanfríði Jónasdóttur, Svavari Gestssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála**			
a. 1.01 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála ..	43,2	5,0	48,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*37,1*	*5,0*	*42,1*

475. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Indriða Þorláksson og Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti og Sigurbjörgu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs bænda.

Í frumvarpinu er lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Breytingarnar fela m.a. í sér að iðgjaldsstofn sjóðsins er endurskilgreindur, en stofninn, þ.e. verð til framleiðenda búvöru, hefur smátt og smátt orðið óraunhæfur þar sem launaliðir framleiðslugreinanna eru misjafnir. Í samræmi við ný lög um búnaðargjald, nr. 84/1997, flyst innheimta allra gjalda sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur innheimt af bændum til innheimtumanna. Framleiðsluráð sem hefur séð um innheimtu iðgjalda fyrir Lífeyrissjóð bænda hefur nú sagt upp innheimtusamningi við sjóðinn og því eru í frumvarpinu einnig lagðar til breytingar á fyrirkomulagi innheimtunnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 1. gr. að mökum bænda, sem ekki eru formlega talir aðilar að búrekstri en stunda þó ekki aðra vinnu og greiða því ekki í annan lífeyrissjóð, er tryggð aðild að Lífeyrissjóði bænda. Jafnframt er þeim mökum bænda sem nú stunda aðra vinnu og eru í öðrum lífeyrisjóðum tryggð undanþága frá aðild að sjóðnum.
2. Lagt er til að felld verði brott ákvæði 2. mgr. 6. gr. laganna en þar segir að ef árlegar tekjur Lífeyrissjóðs bænda hrökkva ekki fyrir ársútgjöldum hans sé Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því sem vantar, þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. Ákvæðið er talið úrelt.
3. Lagðar eru til tvær breytingar á 3. gr. Annars vegar er lagt til að ákvæði um hámarksiðgjöld sjóðfélaga ár hvert verði fellt brott. Hins vegar er lagt til að þeim sjóðfélögum sem greiða iðgjöld af búrekstri til sjóðsins sé heimilt, en ekki skylt, að greiða iðgjöld til sjóðsins af öðrum atvinnutekjum vegna starfa sem ekki veita sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Breytingin er lögð til þar sem óeðlilegt þykir að skylda menn til greiðslu iðgjalda til sjóðsins með þessum hætti.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.		Gunnlaugur M. Sigmundsson.

476. Breytingartillögur [327. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað 1. málsl. efnismálsgreinar komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda.
   b. Í stað orðanna „enda séu bæði aðilar að búrekstri“ í niðurlagi greinarinnar komi: sbr. 2. málsl.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.
3. Við 3. gr., er verður 4. gr.
   a. 2. málsl. 2. efnismgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „skal þá greiða“ í fyrri málslið 7. efnismgr. komi: er honum þá heimilt að greiða.

477. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Svanfríði Jónasdóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Sighvati Björgvinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins**			
a. 1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	63,4	10,0	73,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*65,4*	*10,0*	*75,4*

478. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Lúðvík Bergvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **12-902 Samkeppnisstofnun**			
a. 1.01 Samkeppnisstofnun	82,4	17,6	100,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*84,3*	*17,6*	*101,9*

479. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir þær umsóknir um ríkisborgararétt sem nefndinni bárust í því skyni að kanna hvort þær uppfylltu skilyrðin sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar, sbr. þskj. 723 á 118. löggjafarþingi. Síðan fjallaði nefndin um umsóknirnar.

Við afgreiðslu á frumvarpinu hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur um veitingu ríkisborgararéttar. Umsóknir sem ekki hljóta afgreiðslu nú bíða þar til síðara frumvarpið um ríkisborgararétt verður afgreitt á vorþingi, en þá koma óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 83 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Alþingi, 10. des. 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Guðrún Helgadóttir.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

480. Breytingartillögur [292. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arason, Beata Dorota, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1971 í Póllandi.
2. Atanasov, Ioulian Ognianov, verkamaður í Reykjavík, f. 11. október 1952 í Búlgaríu.
3. Atli Jakob Hlöðversson, barn í Kópavogi, f. 24. apríl 1996 í Kasakstan.
4. Ágústsson, Lesley Patricia, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. apríl 1961 í Bretlandi.
5. Barriga, Rosemarie Peñas, húsmóðir í Kópavogi, f. 17. október 1972 á Filippseyjum.
6. Beccard, Denise Rosemary, fiskvinnslukona á Tálknafirði, f. 16. desember 1965 á Nýja-Sjálandi.
7. Binatero, Ursulina Lorejas, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 7. apríl 1959 á Filippseyjum.
8. de Bont, Robert, húsasmiður í Kópavogi, f. 13. maí 1950 í Hollandi.
9. Brainard, Charles Jón, garðyrkjumaður í Noregi, f. 24. febrúar 1958 í Hafnahreppi.
10. Buenaventura, Cristina Bernardino, verkakona í Reykjavík, f. 1. nóvember 1959 á Filippseyjum.
11. Burrell, Carl Ólafur, verkamaður í Reykjavík, f. 31. desember 1970 í Bandaríkjunum.
12. Calderon, Yearly Soon, verkakona á Flateyri, f. 19. nóvember 1970 á Filippseyjum.
13. Calvi Lozano, Alvaro Migueli, sölumaður í Reykjavík, f. 5. maí 1970 í Bólivíu.
14. Charyton, Bogdan, sjúkraþjálfari, í Reykjavík, f. 23. janúar 1942 í Póllandi.
15. Crosbie, Kristín, nemi í Reykjavík, f. 28. september 1973 í Reykjavík.
16. Donaire, Maria Luz Gorgonio, verkakona á Akureyri, f. 7. janúar 1968 á Filippseyjum.
17. Dumas, Geneviève Marie Paule Blanche, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. júní 1947 í Frakklandi.
18. Egan, Brad Alexander, stýrimaður á Flateyri, f. 16. september 1968 í Suður-Afríku.
19. Egill Anton Hlöðversson, barn í Kópavogi, f. 19. janúar 1993 í Kasakstan.
20. El-Bouazzati, Saida, verkakona í Reykjavík, f. 18. apríl 1972 í Marokkó.
21. Elísson, Elzbieta-Krystyna, húsmóðir í Grundarfirði, f. 1. janúar 1955 í Póllandi.
22. Elstun, Christopher James, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 5. desember 1968 í Bandaríkjunum.
23. Engels, Anne Margarete, verkakona á Blönduósi, f. 12. desember 1960 í Þýskalandi.
24. Everett, Melanie Rose, verkakona í Hafnarfirði, f. 2. september 1979 í Bretlandi.
25. Golden, Thomas Patrick, matreiðslumaður í Neskaupstað, f. 8. apríl 1934 í Bretlandi.
26. Guðmundsdóttir Khorchai, Ragnhildur, barn í Reykjavík, f. 26. janúar 1995 í Reykjavík.
27. Hansen, Grete Tove, skrifstofumaður á Akureyri, f. 1. mars 1969 á Akureyri.
28. Harris, Valerie Jacqueline, iðjuþjálfi í Reykjavík, f. 16. janúar 1968 í Bretlandi.
29. Hua, Au Nhi, húsmóðir í Kópavogi, f. 25. febrúar 1960 í Víetnam.
30. Juliussen, Anna Karin, félagsráðgjafi í Reykjavík, f. 1. maí 1946 í Reykjavík.
31. Kajioka, Rosmary, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 29. mars 1965 í Bandaríkjunum.
32. Kentta, Margaret Elizabeth, rithöfundur í Reykjavík, f. 10. júlí 1952 í Bandaríkjunum.
33. Khongjamroen, Sirivan, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 30. september 1955 í Tælandi.
34. Larsen, Finnur Heimir, múrari í Reykjavík, f. 6. nóvember 1970 í Reykjavík.
35. Latinović, Tatjana, nemi í Reykjavík, f. 14. maí 1967 í Júgóslavíu.
36. Li, Tong, starfsmaður á matsölustað í Reykjavík, f. 15. mars 1970 í Kína.
37. Long, Janine Elizabeth, fiskvinnslukona á Flateyri, f. 5. desember 1968 í Zimbabwe.

38. Louzir, Ali, í Reykjavík, veitingamaður í Reykjavík, f. 10. febrúar 1957 í Alsír.
39. Lumpa, Yupin, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. október 1959 í Tælandi.
40. Marina Mia Alexandra Loftsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 10. september 1979 í Frakklandi.
41. Marković, Dušan, nemi í Reykjavík, f. 29. ágúst 1978 í Júgóslavíu.
42. Marković, Svetlana, nemi í Reykjavík, f. 26. júlí 1974 í Júgóslavíu.
43. Moukhliss, Brahim, verkamaður í Sandgerði, f. 24. mars 1968 í Marokkó.
44. Moutagarov, Valeri, íþróttaþjálfari á Seltjarnarnesi, f. 26. maí 1945 í Sovétríkjunum.
45. Moutagarova, Lioudmila, verkakona á Seltjarnarnesi, f. 15. maí 1948 í Sovétríkjunum.
46. Moutagarova, Svetlana, nemi á Seltjarnarnesi, f. 17. október 1977 í Sovétríkjunum.
47. Möller, Berglind, barn í Mosfellsbæ, f. 8. september 1996 í Reykjavík.
48. Möller, Katrín, barn í Mosfellsbæ, f. 26. nóvember 1989 í Reykjavík.
49. Möller, Marteinn, barn í Mosfellsbæ, f. 2. nóvember 1993 í Reykjavík.
50. Muñoz, Maria Ivy G., hjúkrunarstarfsmaður í Mosfellsbæ, f. 11. ágúst 1972 á Filippseyjum.
51. Nikolov, Svetozar Nikolov, nemi í Reykjavík, f. 16. september 1979 í Búlgaríu.
52. Olgeirsson, Celene Marie, nemi í Reykjavík, f. 11. febrúar 1966 í Bandaríkjunum.
53. Ould Bouya, Ali, verkamaður í Reykjavík, f. 25. febrúar 1972 í Marokkó.
54. Pardo Pardo, Juan Carlos, verkamaður í Reykjavík, f. 21. apríl 1957 í Chile.
55. Poulsen, Sonja Hafdís, verslunarmaður í Kópavogi, f. 17. maí 1972 í Reykjavík.
56. Passaro, Leonardo, verslunarmaður á Siglufirði, f. 4. apríl 1950 á Ítalíu.
57. Reisenhus, Hans Viggó, verkamaður á Akureyri, f. 22. október 1971 á Akureyri.
58. Remigis, Sandra Marie, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 25. maí 1955 í Kanada.
59. Saithong, Wilaiwan, fiskvinnslukona í Vestmannaeyjum, f. 30. maí 1964 í Tælandi.
60. Schjetne, María, verslunarmaður í Kópavogi, f. 5. desember 1951 í Reykjavík.
61. Sheppard, Clyde Nicholas, sjómaður á Flateyri, f. 4. október 1968 í Suður-Afríku.
62. Smirnov, Stanislav, þýðandi í Reykjavík, f. 23. apríl 1966 í Sovétríkjunum.
63. Soleminio, Janeth Libumfacil, verkakona í Njarðvík, f. 28. mars 1968 á Filippseyjum.
64. Stephenson, Rudolph Robert, fiskverkamaður á Ísafirði, f. 11. febrúar 1964 á Jamaíka.
65. Suasoongnoen, Somkhuan, verkakona í Reykjavík, f. 8. maí 1953 í Tælandi.
66. Sveinsson, Irina, handknattleiksþjálfari í Kópavogi, f. 21. apríl 1962 í Sovétríkjunum.
67. Symons, Michael William, sjómaður á Tálknafirði, f. 6. júní 1964 á Nýja-Sjálandi.
68. Sörensen, Valgarð Þórarinn, sölumaður á Selfossi, f. 11. desember 1973 á Selfossi.
69. Ta, Thanh Dong, nemi í Reykjavík, f. 19. apríl 1983 í Víetnam.
70. Te Maiharoa, Rebekka Lea, nemi á Selfossi, f. 14. júní 1982 á Nýja-Sjálandi.
71. Te Maiharoa, Tania Sif, nemi á Selfossi, 30. janúar 1981 á Nýja-Sjálandi.
72. Thirapongsuchart, Kanjanapron, verkakona á Ísafirði, f. 29. ágúst 1966 í Tælandi.
73. Velasco, Calcilita D., verkakona í Hafnarfirði, f. 27. maí 1960 á Filippseyjum.
74. Wheeley, Sara Ósk, nemi í Kópavogi, f. 1. ágúst 1979 í Bandaríkjunum.
75. Wilkins, Helena, verkakona í Reykjavík, f. 2. október 1975 í Bandaríkjunum.
76. Wilkins, Laurie Ann, blaðberi í Reykjavík, f. 30. október 1980 í Bandaríkjunum.
77. Xuesong, Yan, starfsmaður í sendiráði Íslands í Peking, f. 18. febrúar 1969 í Kína.
78. Yecyec, Cristina Silod, fiskvinnslukona á Skagaströnd, f. 14. apríl 1971 á Filippseyjum.
79. Yuangthong, Somchai, verkamaður í Reykjavík, f. 7. júlí 1971 í Tælandi.
80. Zahniser, Davíð Páll, nemi í Reykjavík, f. 22. maí 1974 í Reykjavík.
81. Živortnik, Anica, starfsmaður í veitingahúsi í Reykjavík, f. 12. apríl 1967 í Júgóslavíu.
82. Zogaj, Mehdi, verkamaður í Reykjavík, f. 1. maí 1969 í Júgóslavíu.
83. Zyk, Halina, verkakona í Reykjavík, f. 20. júlí 1947 í Póllandi.

481. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (GE, KHG, KH, SJóh).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 6.51 Tölvu- og tækjakaup	0,0	80,0	80,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.110,1*	*80,0*	*2.190,1*
2. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 6.40 Tæki og búnaður	0,0	45,0	45,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*144,0*	*45,0*	*189,0*
3. Við **02-725 Námsgagnastofnun**			
a. 1.01 Námsgagnastofnun	357,9	40,0	397,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*262,5*	*40,0*	*302,5*
4. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
a. 1.45 Starfsmenntasjóður	50,0	35,0	85,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*35,0*	*35,0*
5. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	2.000,0	100,0	2.100,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.660,0*	*100,0*	*8.760,0*
6. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri**			
a. 1.01 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	1.554,5	50,0	1.604,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.434,8*	*50,0*	*1.484,8*
7. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
a. 1.01 Ríkisspítalar	8.749,4	200,0	8.949,4
b. 5.60 Stjórnarnefnd, viðhald	74,0	50,0	124,0
c. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	50,0	50,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.158,0*	*300,0*	*8.458,0*
8. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
a. 1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	5.168,6	200,0	5.368,6
b. 5.01 Viðhald	46,6	100,0	146,6
c. 6.01 Tæki og búnaður	55,0	50,0	105,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.536,6*	*350,0*	*4.886,6*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-380 Sjúkrahús á landsbyggðinni**			
a. 1.01 Sjúkrahús á landsbyggðinni	0,0	50,0	50,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*50,0*	*50,0*
10. Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 6.90 Til samgöngumála í kjördæmum	0,0	1.064,0	1.064,0
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*6.966,0*	*1.064,0*	*8.030,0*

Greinargerð.

Lagt er til í 1. tölul. að veitt verði 80 millj. kr. til að efla möguleika til meistaranáms í tölvufræði við Háskóla Íslands, m.a. með bættri stöðu til tölvu- og tækjakaupa.

Stofnkostnaður til tækjakaupa í 2. tölul. er til Tækniskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Lögð er til í 3. tölul. 40 millj. kr. fjárveiting til Námsgagnastofnunar til endurskipulagningar námsgagnakerfisins og útgáfumála.

Gert er ráð fyrir 35 millj. kr. viðbótarframlagi í starfsmenntasjóð Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna starfsmenntunar og starfsþjálfunar og aukinna möguleika fyrir fólk að þjálfa sig til nýrra starfa.

Gerð er tillaga um 850 millj. kr. viðbótarframlag til heilbrigðiskerfis í heild sem skiptist þannig:

Gert er ráð fyrir 100 millj. kr. viðbót við lækniskostnað sjúkratrygginga til að stytta biðlista í heilbrigðiskerfinu.

Gert er ráð fyrir 200 millj. kr. í rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur, 200 millj. kr. í rekstur Ríkisspítala, 50 millj. kr. í rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og 50 millj. kr. til reksturs sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Þá er gert ráð fyrir að 150 millj. kr. renni til viðhaldsverkefna og 100 millj. kr. í tæki og búnað og er gerð tillaga um að sú fjárhæð skiptist þannig að Sjúkrahús Reykjavíkur fái 150 millj. kr. samtals en Ríkisspítalar 100 millj. kr. samtals.

Að lokum er gerð tillaga um að felld verði úr gildi sú skerðing á vegasjóði sem fram kemur í 5. tölul. 6. gr. fjárlagafrumvarpsins og 13. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 323. máls á þskj. 407. Lagt er til að því fjármagni verði þess í stað varið til samgöngumála í kjördæmum og fjármagnið skiptist milli þeirra.

482. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (GE, KHG, KH, SJóh).

Við 6. gr.

a. 2. tölul. falli brott.

b. 4. tölul. falli brott.

c. 5. tölul. falli brott.

Greinargerð.

Hér er lagt til að liðir til skerðingar á mörkuðum tekjustofnum til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða og til vegagerðar falli brott. Gert er ráð fyrir að aukið fjármagn til vegagerðar verði veitt til samgöngumála í kjördæmum í samræmi við þá tillögu sem minni hlutinn gerir við sundurliðun 2 í frumvarpinu.

Þá er lagt til að Framkvæmdasjóður fatlaðra þurfi ekki að standa undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaði af starfsemi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra.

483. Breytingartillögur [323. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Frá Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni,
Kristínu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Við 2. gr. Greinin falli brott.
2. Við 4. gr. Greinin falli brott.
3. Við 13. gr. Greinin falli brott.

484. Fyrirspurn [350. mál]

til viðskiptaráðherra um nýjar starfsreglur fyrir viðskiptabankana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða reglur munu gilda um starfskjör stjórnenda hlutafélagabankanna um næstu áramót, þar með taldar aukagreiðslur fyrir setu í nefndum, stjórnum, ráðum og fyrirtækjum tengdum bönkunum og risnu- og bifreiðahlunnindi?
2. Hver verða heildarstarfskjör stjórnenda hlutafélagabankanna með nýjum starfsreglum?
3. Verða settar almennar starfsreglur um risnu- og ferðakostnað fyrir bankana? Ef svo er, hverjar eru þær reglur og hver mun leggja mat á nauðsyn utanlandsferða á vegum bankanna eftir breytinguna?
4. Mun áfram verða greiddur ferðakostnaður maka, þar með taldir dagpeningar?
5. Mun ráðherra beita sér fyrir því að nýjar starfsreglur um risnu- og ferðakostnað og starfskjör stjórnenda bankanna verði einnig teknar upp í Seðlabankanum?

485. Fyrirspurn [351. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um dánarbætur.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða rök eru fyrir því að þeir sem missa maka eiga ekki rétt á dánarbótum eftir 19. mánuð ef þeir eru

a. öryrkjar,
b. foreldri með eitt barn?

486. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Ágústi Einarssyni
og Rannveigu Guðmundsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.54 Barátta gegn fíkniefnavandanum	0,0	17,0	17,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*298,5*	*17,0*	*315,5*

487. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Lúðvík Bergvinssyni
og Svanfríði Jónasdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 6.22 Tvöföldun einbreiðra brúa	0,0	65,0	65,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*350,0*	*65,0*	*415,0*

488. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni
og Ágústi Einarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 6.12 Undirbúningur tvöföldunar Reykjanesbrautar	0,0	23,0	23,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*350,0*	*23,0*	*373,0*

489. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **10-472 Flugvellir**			
a. 5.10 Reykjavíkurflugvöllur	0,0	60,0	60,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*49,9*	*60,0*	*109,9*

490. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**			
a. 1.70 Meðferð einhverfra	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*87,4*	*5,0*	*92,4*

491. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-414 Hjúkrunarheimili í Reykjavík			
a. 1.01 Hjúkrunarheimili	0,0	30,0	30,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*30,0*	*30,0*

492. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Ágústi Einarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**			
a. 1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	54,9	2,0	56,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*57,5*	*2,0*	*59,5*

493. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um ríkisábyrgðir.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Pétursson og Skarphéðin Berg Steinarsson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Íslandsbanka hf. og A&P lögmönnum f.h. Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands.

Í frumvarpinu er tekið á þeim þáttum sem snúa að veitingu beinna ríkisábyrgða og endurlána. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi eldri lög um ríkisábyrgðir, nr. 37/1961, með síðari breytingum. Helstu breytingar sem gerðar eru frá gildandi lögum felast m.a. í því að áður en heimild til ábyrgðar er veitt af Alþingi skal liggja fyrir mat á áhættu og afskriftaþörf vegna ábyrgðarinnar, myndaður verði afskriftareikningur hjá Ríkisábyrgðasjóði til að mæta útlánatöpum, áhættumat Ríkisábyrgðasjóðs ráði hvert áhættugjaldið er og gera skal sérstaka athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að bætt verði við 2. gr. ákvæði um að í frumvarpi sem fjármálaráðherra leggur fram um veitingu ríkisábyrgða skuli liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs, samkvæmt lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, á mati á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði. Breytingin miðar að því að draga úr hættu á því að ríkisábyrgðir til einstakra aðila í samkeppnisstarfsemi geti veikt samkeppnisstöðu annarra aðila en þeirra sem ríkisábyrgðina eiga að fá.
2. Lagðar eru til tvær breytingar á 6. gr. Annars vegar er lagt til að auk almennra viðskiptaskulda skuli eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar undanþegnar ábyrgðargjaldi því sem bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir aðilar, sem lögum samkvæmt njóta eða hafa notið ábyrgðar ríkissjóðs skulu greiða, hvort sem hún er komin til vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars. Nefndin telur eðlilegt að slíkar skuldbindingar séu undanþegnar, en sem dæmi má taka að í 11. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, segir að ríkissjóður beri ábyrgð á

skuldbindingum Landsbankans gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og skuldbindingum Búnaðarbankans gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbankans. Framangreindar skuldbindingar verður að telja til skuldbindinga sem fallið hafa til vegna rekstrar með sama hætti og laun og önnur rekstrarútgjöld. Hins vegar er lögð til sú breyting að framangreint ábyrgðargjald verði mishátt eftir því hvort um erlendar eða innlendar skuldbindingar er að ræða. Þannig nemi gjaldið 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra erlendra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili en 0,0375% af höfuðstól gjaldskyldra innlendra skuldbindinga.

3. Loks er lögð til orðalagsbreyting á 8. gr.

Alþingi, 10. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar Oddur Kristjánsson.

494. Breytingartillögur [99. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgðir.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Við bætist nýr töluliður er orðist svo: Mat á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði.
2. Við 6. gr.
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Almennar viðskiptaskuldir og eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar skulu þó undanþegnar gjaldinu.
   b. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Ábyrgðargjald skv. 1. mgr. nemur 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra erlendra skuldbindinga og 0,0375% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra innlendra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „Ábyrgðargjaldi skv. 7. gr.“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: Ábyrgðargjaldi skv. 6. og 7. gr.

495. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.32 Félag einstæðra foreldra, styrkur til endurbóta á húsnæði	0,0	9,0	9,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*185,0*	*9,0*	*194,0*

496. Frumvarp til laga [352. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót, 12.792 kr. á mánuði. Sé um aðra heimilismenn að ræða skulu bæturnar greiddar enda séu þeir undir 20 ára aldri. Heimilt er einnig að greiða lífeyrisþega heimilisuppbót ef sýnt þykir að hann hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýli við aðra heimilismenn. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar lækkar heimilisuppbótin eftir sömu reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tveimur nýjum málsliðum, 2. og 3. málsl., verði bætt við 1. mgr. 9. gr. Þannig er kveðið á um að greiða skuli einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar og er einn um heimilisrekstur, heimilisuppbót þrátt fyrir að um aðra heimilismenn sé að ræða, enda séu þeir undir 20 ára aldri. Þá verði einnig heimilt að greiða lífeyrisþega heimilisuppbót ef sýnt þykir að hann hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýli við aðra heimilismenn.

Í framkvæmd er núgildandi ákvæði túlkað á þann veg að sá einn eigi rétt á heimilisuppbót sem býr einn í íbúð. Öllum sem eru ásamt öðrum í heimili er synjað um heimilisuppbót þó svo að þeir hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýlinu.

Nefna má sem dæmi einstæða móður sem verður öryrki. Hún fær ekki heimilisuppbót þar sem hún býr með barni sínu. Öryrki sem eignast barn missir við það heimilisuppbótina og sérstöku heimilisuppbótina og lækkar örorkulífeyrir hans um 19.049 kr. á mánuði þó svo að nú þurfi að framfæra tvo á örorkubótunum. Með barninu fæst 11.737 kr. barnalífeyrir sem er framfærsla barnsins en ekki er hægt að líta á barnalífeyrinn sem fjárhagslegt hagræði af sam-

býli við barnið þar sem hann er beinn framfærslueyrir þess. Heildargreiðslur til heimilis þessa öryrkja lækka því um 7.313 kr. við að barnið fæðist og heimilismönnum fjölgar úr einum í tvo (upphæðir bóta miðast við desember 1997).

Ekkja eða ekkill, ellilífeyrisþegi eða öryrki, sem enn er með barn heimilisfast hjá sér og er t.d. í námi, fær ekki heimilisuppbótina þótt hún eða hann hafi engan framfærslueyri annan en bæturnar frá Tryggingastofnun.

Ákvæði fyrri málsliðarins sem bætt er við gerir mögulegt að einhleypir lífeyrisþegar með barn eða börn á framfæri geti fengið heimilisuppbótina. Miðað er við tuttugu ára aldur barna sem er í samræmi við annað í lögunum. Þá hættir barn t.d. að fá greiddan menntunarbarnalífeyri og/eða menntunarmeðlag.

Ekki er sanngjarnt að líta á meðlagsgreiðslur, barnalífeyri og mæðralaun sem fjárhagslegt hagræði fólks af sambýli við börn sín eins og nú er gert við framkvæmd laganna. Það má einnig minna á að reglur um mæðralaun hafa verið þrengdar þannig að ekki fást greidd mæðralaun með einu barni. Þannig er tekjuskerðing öryrkja sem eignast barn án þess að vera með börn undir 20 ára fyrir á heimilinu, eða aðra heimilismenn, meiri nú en var fyrir 1993.

Hlunnindi lífeyrisþega, svo sem niðurfelling afnotagjalds Ríkisútvarpsins og fastagjalds af síma, hafa verið afnumin (1997) og bætt upp með hækkun heimilisuppbótar. Sú breyting gerir tekjuskerðingu lífeyrisþega einnig meiri.

Verði frumvarpið samþykkt ætti einhleypur lífeyrisþegi í sambýli við börn sín undir 20 ára aldri að geta notið heimilisuppbótar, uppfylli hann önnur skilyrði sem sett eru í lögunum. Það var áreiðanlega ekki tilgangurinn með lagasetningunni í upphafi að einstæðir foreldrar bæru hér skarðan hlut frá borði.

Ákvæði síðari málsliðarins sem bætt er við opnar fyrir þann möguleika að greiða tekjulágum lífeyrisþegum, sem búa með öðrum í íbúð, heimilisuppbót í þeim tilvikum að sannað þykir að þeir hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýlinu. Sem dæmi um þetta má nefna að ellilífeyrisþegi sem hefur sjúkling sem þarfnast umönnunar búandi á heimili sínu, t.d. dóttur eða son, hefur oftar fjárhagslega byrði en hagræði af sambýlinu.

Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps hefur flutt sambærilegt frumvarp tvisvar áður, á 115. og 121. þingi. Var það sent út til umsagnar og voru umsagnaraðilar á einu máli um að um mikið réttlætismál væri að ræða og hvöttu til þess að það yrði gert að lögum sem fyrst.

497. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson, Kristínu Haraldsdóttur og Snorra Rúnar Pálmason. Örn Pálsson kom frá Landssambandi smábátaeigenda, frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna komu Kristján Ragnarsson og Sveinn Hj. Hjartarson, frá Vélstjórafélagi Íslands komu Helgi Laxdal og Friðrik Hermannsson, frá Farmanna- og fiskimannasambandinu komu Guðjón A. Kristjánsson og Benedikt Valsson og Sævar Gunnarsson kom frá Sjómannasambandi Íslands.

Frumvarpið felur efnislega í sér að reglur um endurnýjun fiskiskipa verði rýmkaðar og samræmdar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til tvær efnislegar breytingar á frumvarpinu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Annars vegar er lagt til að fellt verði niður skilyrði

um að skip hafi haft leyfi til að veiða með aflamarki í a.m.k. sjö ár áður en þau geta nýtt sér endurnýjunarreglur þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þess í stað er mælt fyrir um það að eigandi skips geti einungis nýtt sér stækkunar- eða breytingarreglur þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu einu sinni á hverjum sjö árum. Hins vegar er lagt til að sjávarútvegsráðherra skuli í reglugerð mæla fyrir um hvernig rúmtala skips skuli reiknuð. Meiri hlutinn leggur áherslu á að frumvarpið verði **samþykkt** svo breytt.

Alþingi, 10. des. 1997.

Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.

498. Breytingartillögur [275. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, StG, EOK, HjÁ, GHall, VE).

Við 1. gr.

a. Inngangsmálsgrein orðist svo:
   Í stað 2. mgr. 5. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi.

b. Í stað 1. málsl. 2. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að flytja leyfi skips til veiða með aflamarki, til annars skips sem er allt að 100 rúmmetrum stærra, að viðbættum 25%, en þó aldrei meira en 60% stærra en það skip sem veiðileyfi lætur. Sé skip stækkað með endurnýjun skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar eða því breytt skv. 2. málsl. 4. mgr. verður það ekki stækkað með endurnýjun fyrr en a.m.k. sjö ár eru liðin frá því að endurnýjunin eða breytingin átti sér stað.

c. 3. efnismgr. orðist svo:
   Óheimilt er að gera breytingar á skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist nema flutt sé veiðileyfi af öðru skipi eða skipum sem eru jafnstór að rúmtölu og sem stækkuninni nemur. Þó er heimilt að breyta skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist, hafi slíkar breytingar ekki verið gerðar á síðustu sjö árum eða skipið stækkað með endurnýjun skv. 3. mgr., enda aukist hún ekki um meira en 100 rúmmetra að viðbættum 25% en þó aldrei meira en 60%.

d. 5. efnismgr. orðist svo:
   Rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkana falla niður.

e. Á eftir 5. efnismgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
   Ráðherra skal setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa og skal þar meðal annars kveðið á um hvernig rúmtala skips skuli reiknuð.

499. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 463 [Fjárlög].

Frá Svavari Gestssyni.

	Skv. brtt. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar við sérstök yfirliti II:			
Við 9. tölul. **Ýmis framlög (02-999 1.90)**			
Landssamtökin Heimili og skóli	0,4	2,0	2,4

500. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Svavari Gestssyni og Svanfríði Jónasdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-221 Kennaraháskóli Íslands**			
a. 6.90 Endurskipulagning vegna sameiningar uppeldisháskólanna	0,0	20,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*20,0*	*20,0*

501. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 463 [Fjárlög].

Frá Svavari Gestssyni og Margréti Frímannsdóttur.

	Skv. brtt. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar við sérstök yfirlit II:			
Við 13. tölul. **Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31)**			
Landssamband eldri borgara	0,3	1,2	1,5

502. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
a. 6.01 Stofnkostnaður	0,0	40,0	40,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*259,4*	*40,0*	*299,4*
2. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
a. 1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	172,0	50,0	222,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*172,0*	*50,0*	*222,0*

503. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-371 Ríkisspítalar**			
a. 6.80 Tækjakaup, fjarlækningar	0,0	5,2	5,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.158,0*	*5,2*	*8.163,2*

Greinargerð.

Lagt er til að veita fé til tveggja verkefna á sviði fjarlækninga. Annars vegar eru 3,0 millj. kr. til kaupa á fjarfundarbúnaði til flutnings á mynd úr ómskoðun (sónarskoðun) fyrir meðgöngurannsókn milli Landspítala og Sjúkrahúss Suðurlands. Hins vegar er gert ráð fyrir 2,2 millj. kr. til kaupa á myndfundarbúnaði við sjúkrahúsin á Patreksfirði og Seyðisfirði en ráðgert er að koma á samstarfi milli þeirra og Landspítalans um ráðgjöf vegna geðlækninga. Landspítalinn mun leggja til sinn búnað.

504. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristni H. Gunnarssyni og Svavari Gestssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **11-399 Ýmis orkumál**			
a. 1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	437,0	60,0	497,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*559,0*	*60,0*	*619,0*

Greinargerð.

Lagt er til að niðurgreiðsla á rafhitun hækki um 60 millj. kr. sem greiðist af arðgreiðslu til ríkissjóðs vegna eignarhluta hans í Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir að niðurgreiddar verði 40.000 kwst. á ári í stað 30.000 kwst. nú.

505. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Svavari Gestssyni og Kristni H. Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-414 Hjúkrunarrými fyrir aldraða í Reykjavík			
a. 1.01 Sérstakt átak	0,0	100,0	100,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*100,0*	*100,0*

506. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
a. 1.45 Rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins	0,0	25,3	25,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*666,2*	*25,3*	*691,5*

2. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.92 Rafknúin farartæki	0,0	20,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*176,6*	*20,0*	*196,6*
3. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.60 Náttúrugripasöfn á landsbyggðinni, styrkir	0,0	5,0	5,0
b. 1.61 Félag um verndun hálendis Austurlands	0,0	1,0	1,0
c. 1.62 Þjóðgarðar á miðhálendinu, undirbúningur	0,0	5,0	5,0
d. 1.63 Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun	0,0	5,0	5,0
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*76,8*	*16,0*	*92,8*
4. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. 5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	4,0	15,0	19,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*63,4*	*15,0*	*78,4*
5. Við **14-221 Hollustuvernd ríkisins**			
a. 1.01 Hollustuvernd ríkisins	159,6	50,0	209,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*138,9*	*50,0*	*188,9*

507. Frumvarp til laga [353. mál]

um breyting á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraða.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Samráð skal haft við heildarsamtök aldraðra og aðildarfélög þeirra um opinbera stefnumörkun og ákvarðanir er varða hag og kjör aldraðra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála og skal ráðuneyti hans m.a. hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra og annast áætlanagerð um málefni þeirra fyrir landið í heild. Er kveðið á um þetta í lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, og þar eru jafnframt ákvæði um störf samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Verkefni samstarfsnefndarinnar eru að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra, að vera heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra, að stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr sjóðnum og að skera úr um ágreiningsmál sem upp kunna að koma um málefni aldraðra samkvæmt lögunum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla.

Í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eru ákvæði svipaðs efnis og í lögum um málefni aldraðra, enda var á 105. löggjafarþingi í fyrsta sinn sett heildstæð löggjöf bæði um málefni fatlaðra og aldraðra og því eðlilegt að svipuð sjónarmið væru lögð til grundvallar. Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðra en sérstök nefnd, stjórnarnefnd um málefni

fatlaðra, er félagsmálaráðuneytinu til ráðgjafar. Í lögum um málefni fatlaðra er kveðið á um önnur verkefni nefndarinnar, m.a. fer hún með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Í 2. mgr. 1. gr. laganna er kveðið á um að við framkvæmd á markmiðum laganna skuli tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra. Í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 59/1992 segir að greinin feli ekki í sér efnislegar breytingar frá 1. gr. þágildandi laga heldur einungis einstaka orðalagsbreytingar. Þetta ákvæði kom í stað ákvæðis í 1. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en samkvæmt henni var markmið laganna að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvarðanatöku um málefni sín, svo sem með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra sem hlut ættu að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þau vörðuðu. Í athugasemdum við 1. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 41/1983 segir að lagt sé til að þau lýðræðislegu vinnubrögð verði höfð við framkvæmd laganna og þeirra reglugerða, sem settar verði í samræmi við þau, að samtök fatlaðra fái umsagnarrétt við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þá varða. Segir að markmið greinarinnar sé þannig að tryggja áhrif heildarsamtaka fatlaðra á ákvörðunartöku um málefni sín.

Að mati flutningsmanna þessa frumvarps þarf að tryggja betur lýðræðislegan rétt aldraðra til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku um málefni sín en gert er með ákvæðum um samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Á hann að vera sambærilegur við rétt fatlaðra að þessu leyti. Hér er því lagt til að heildarsamtökum aldraðra og aðildarfélögum þeirra verði tryggð áhrif á opinbera stefnu og ákvarðanir er varða hag þeirra og kjör. Til þess að svo megi verða er sú skylda lögð á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að það hafi samráð við samtök aldraðra eða hlutaðeigandi félag þeirra um vinnu að stefnumótun um málefni aldraðra, undirbúning frumvarpa til laga eða setningu reglugerða sem snerta hag og kjör aldraðra og hlutist til um að önnur ráðuneyti geri hið sama. Mikilvægt er að samtök aldraðra geti á undirbúningsstigi komið sjónarmiðum sínum að og því eðlilegt að tryggð sé aðild þeirra að nefndarstarfi á vegum ráðuneyta þar sem fjallað er um málefni þeirra, ekki síst þau sem bein áhrif hafa á afkomu og aðbúnað aldraðra. Það er einnig gagnlegt fyrir stjórnvöld að hafa samráð við samtök aldraðra eins og hér er lagt til og nýta sér þá miklu þekkingu og reynslu sem þar er að finna. Hérlendis eru um 27 þúsund manns 67 ára og eldri. Talið er að nær helmingur þeirra taki virkan þátt í skipulögðu starfi félaga aldraðra vítt og breitt um landið. Þessi félög láta sig ekki eingöngu varða tómstundastarf aldraðra, heldur hafa þau á undanförnum missirum og árum í æ meira mæli látið til sín taka málefni er varða afkomu og aðbúnað aldraðra og beitt sér gagnvart stjórnvöldum til að tryggja betur hag þeirra. Það er því ákaflega mikilvægt og til þess fallið að stuðla að lýðræðislegum ákvörðunum að lögbinda slíkt samráð og samvinnu við samtök aldraðra eins og hér er lagt til, enda hafa aldraðir engan samningsrétt um kjör sín og afkomu.

Þetta fyrirkomulag er þekkt víða erlendis og má nefna Noreg í því sambandi. Þar hafa verið settar reglur varðandi samningaviðræður milli ríkisstjórnar og samtaka eftirlaunafólks og komið hefur verið á fót viðræðunefnd með aðild samtaka eftirlaunafólks og stjórnvalda. Verkefni hennar er að ræða mál varðandi tryggingafyrirkomulag og aðrar stuðningsaðgerðir o.fl. sem skiptir máli fyrir aldraða. Samvinnunefndin fer árlega yfir frumvarp til fjárlaga og tryggingaþætti þess sem snerta hag og kjör aldraðra áður en málið er lagt fyrir Stórþingið. Samstarfsnefndin getur einnig að eigin frumkvæði eða vegna óska samtaka aldraðra tekið fyrir mál er snerta samskipti ríkis, almannatrygginga og aldraðra. Í sveitarfélögum og fylkjum í Noregi hefur með lögum frá 1992 einnig verið sett á fót öldrunarráð sem er ráðgefandi aðili fyrir sveitarfélögin um málefni aldraðra, en skylt er að leggja fyrir ráðið mál sem snerta hag og kjör

aldraðra áður en sveitastjórnir fjalla um þau. Öldrunarráðið getur líka sjálft haft frumkvæði að því að taka upp mál sem snerta aldraða í sveitarfélaginu. Á vegum stjórnvalda í Noregi hefur frá 1970 verið starfandi öldrunarráð ríkisins sem er ráðgefandi aðili fyrir ríkisstjórnina og opinberar stofnanir og samræmir sjónarmið ríkisvaldsins og hagsmunasamtaka aldraðra í málefnum sem þá varða.

508. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð			
a. 1.02 Íþróttahús, undirbúningur	0,0	20,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*252,2*	*20,0*	*272,2*

509. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Lúðvík Bergvinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **06-325 Neyðarsímsvörun**			
a. Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*52,7*	*52,7*
b. Hlutdeild í ríkistekjum	*52,7*	*-52,7*	*0,0*

510. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Ástu Valdimarsdóttur frá Einkaleyfastofu, Valborgu Kjartansdóttur, Magnús H. Magnússon og Huldu Ástþórsdóttur frá vörumerkja- og einkaleyfastofunni Sigurjónsson og Thor ehf. og Björn Friðfinnsson ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í EES-málum.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Félagi garðyrkjumanna, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Verslunarráði Íslands og vörumerkja- og einkaleyfastofunni Sigurjónsson og Thor ehf.

Frumvarp þetta er flutt vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/97 frá 31. júlí 1997 um að fella inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96 frá 23. júlí 1996, um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna. Reglugerð þessi mælir fyrir um að sá sem hefur öðlast einkaleyfi fyrir plöntuvarnarefni geti sótt um viðbótarleyfi þannig að verndartími einkaleyfisins lengist um allt að fimm ár. Þessar reglur eru tilkomnar vegna þess að hinn raunverulegi eða virki gildistími einkaleyfa á þessum sviðum er oft mun styttri en annarra uppfinninga. Ástæðuna má rekja til þeirra umfangsmiklu tilrauna sem eru undanfari framleiðslu og markaðssetningar slíkra efna en algengt er að helmingur einkaleyfistímans, sem er 20 ár, líði án þess að heimilt sé að markaðssetja þessi efni. Með ákvæðum reglugerðarinnar er því leitast við að nálgast hinn venjulega virka verndartíma uppfinninga á öðrum tæknisviðum.

Nefndin telur nauðsynlegt að til skýringar fylgi með frumvarpinu ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/97, en hún er viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96. Reglugerðin er hins vegar birt sem fylgiskjal með greinargerð frumvarpsins þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að texti hennar öðlist lagagildi hér á landi. Nefndin telur augljóst að reglugerðinni sé ætlað að vera hluti laganna og eigi því að birtast sem fylgiskjal I með frumvarpinu og jafnframt sé nauðsynlegt að texti ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar birtist sem fylgiskjal II.

Iðnaðarnefnd mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. des. 1997.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sighvatur Björgvinsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Svavar Gestsson.	Pétur H. Blöndal.
Hjálmar Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Árni R. Árnason.

511. Breytingartillögur [153. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 2. málsl. 1. mgr. 65. gr. a í lögunum kemur: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96, um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna, sem birt er sem 6. liður a í sama viðauka, fylgir og lögunum og telst hluti þeirra að teknu tilliti til aðlögunarákvæða samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/97 frá 31. júlí 1997. Ákvæði reglugerðanna skulu hafa lagagildi hér á landi.
2. Við frumvarpið bætist tvö ný fylgiskjöl, svohljóðandi:

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1610/96
frá 23. júlí 1996
um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna.

EVRÓPUÞINGIÐ OG
RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar[1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar[2],

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum[3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rannsóknir á plöntuvarnarefnum stuðla að áframhaldandi framförum í framleiðslu og framboði á gnótt góðra matvæla á viðráðanlegu verði.
2) Rannsóknir á plöntuvarnarefnum stuðla að áframhaldandi framförum í ræktun plantna.
3) Haldið verður áfram að þróa plöntuvarnarefni innan bandalagsins og í Evrópu, einkum þau efni sem að baki liggja langvarandi og kostnaðarsamar rannsóknir, ef um þau gilda hagstæðar reglur sem kveða á um nægilega vernd til að hvetja til slíkra rannsókna.
4) Plöntuvarnarefnaiðnaðurinn er þess eðlis að eigi hann að vera samkeppnishæfur krefst það sambærilegrar verndar á nýjungum við þá vernd sem lyfjum er veitt með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja.[4]
5) Eins og sakir standa er tíminn sem líður frá því að umsókn um einkaleyfi fyrir nýtt plöntuvarnarefni er lögð fram þar til leyfi til að setja það á markað liggur fyrir svo takmarkaður að tímabilið sem efnið nýtur einkaleyfisverndar nægir ekki til þess að fjárfesting í rannsóknum skili sér til baka eða til þess að skapa það fjármagn sem þarf til að halda áfram rannsóknum á háu stigi.
6) Við þessar aðstæður verður vernd ófullnægjandi og kemur það niður á rannsóknum á plöntuvarnarefnum og samkeppnishæfni iðnaðarins.
7) Eitt helsta markmið viðbótarvottorðsins um vernd er að gera evrópskan iðnað samkeppnishæfan við norður-amerískan og japanskan iðnað.
8) Með ályktun sinni frá 1. febrúar 1993[5] um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun samþykkti ráðið hina almennu aðferð og skipulagsáætlun sem fram kemur í áætlun framkvæmdastjórnarinnar, þar sem lögð var áhersla á samband hagvaxtar og gæða umhverfisins. Forsenda aukinnar umhverfisverndar er því að fjárhagslegri samkeppnishæfni iðnaðarins sé viðhaldið. Af þessum sökum má líta á útgáfu viðbótarvottorðs um vernd sem jákvæða ráðstöfun sem kemur umhverfisvernd til góða.
9) Finna þarf samræmda lausn á vettvangi bandalagsins til að koma í veg fyrir að landslög þróist á mismunandi vegu og auki enn á ósamræmið sem getur orðið til hindrunar frjálsum flutningi á plöntuvarnarefnum innan bandalagsins og þar með haft bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Þetta er í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er skilgreind í 3. gr. b í sáttmálanum.
10) Því er nauðsynlegt að gefa út viðbótarvottorð um vernd sem er veitt með sömu skilyrðum í öllum aðildarríkjum að beiðni þess sem hefur innlent eða evrópskt einkaleyfi fyrir plöntuvarnarefni og hefur fengið leyfi til að setja það á markað. Reglugerð er því sá lagagerningur sem helst á við í þessu tilviki.
11) Sú vernd sem vottorðið veitir skal vara nógu lengi til að vernda plöntuvarnarefnið á árangursríkan hátt. Til að svo megi verða ber að sjá til þess að sá sem hefur bæði einkaleyfi og vottorð skuli njóta einkaréttar til framleiðslu í fimmtán ár að minnsta kosti frá þeim tíma að plöntuvarnarefnið sem um ræðir fær fyrst markaðsleyfi í bandalaginu.
12) Þó ber að taka tillit til allra sem eiga hagsmuna að gæta í málinu þar eð framleiðsla plöntuvarnarefna er bæði flókin og viðkvæm atvinnugrein. Af þeirri ástæðu er óheimilt að veita vottorð til lengri tíma en fimm ára.
13) Vottorðið veitir sömu réttindi og grunneinkaleyfi. Ef grunneinkaleyfið veitir vernd vegna virks efnis og hinna ýmsu afleiðna þess (salta og estera) veitir vottorðið því þá sömu vernd.
14) Útgáfa vottorðs vegna framleiðsluvöru úr virku efni

---

1 Stjtíð. EB nr. C 390, 31.12.1994, bls. 21 og Stjtíð. EB nr. C 335, 13.12.1995, bls.15.
2 Stjtíð. EB nr. C 155, 21.6.1995, bls. 14.
3 Álit Evrópuþingsins frá 15. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. C 166, 3.7.1995, bls. 89), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. nóvember 1995 (Stjtíð. EB nr. C 353, 30.12.1995, bls. 36) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 1996 (Stjtíð. EB nr. C 96, 1.4.1996, bls. 30).
4 Stjtíð. EB nr. L 182, 2.7.1992, bls. 1.
5 Stjtíð. EB nr. C 138, 17.5.1993, bls. 1.

kemur ekki í veg fyrir útgáfu annarra vottorða vegna afleiðna efnisins (salta og estera), að því tilskildu að sérstök einkaleyfi nái til afleiðnanna.

15) Einnig skal leitast við að ná jafnvægi þegar bráðabirgðafyrirkomulag er ákveðið. Með slíku fyrirkomulagi skal veita plöntuvarnarefnaiðnaðinum í bandalaginu möguleika á að vinna upp að einhverju marki það forskot sem aðalkeppinautar hans hafa haft, en gæta þess jafnframt að fyrirkomulagið torveldi ekki framkvæmd annarra réttmætra markmiða sem stefnt er að í landbúnaðar- og umhverfismálum bæði í aðildarríkjunum sjálfum og á vettvangi bandalagsins.

16) Aðeins er unnt að ná því markmiði að tryggja fullnægjandi vernd fyrir nýjungar á sviði plöntuvarnarefna, án þess að missa sjónar á því að innri markaðurinn starfi eðlilega hvað varðar plöntuvarnarefni, með aðgerðum á vettvangi bandalagsins.

17) Reglurnar sem fram koma í 12., 13. og 14. forsendu og í 3. (2. mgr.), 4., 8. (c-lið 1. mgr.) og 17. (2. mgr.) gr. þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda einkum um túlkun 9. forsendu og 3., 4., 8. (c-lið 1. mgr.) og 17. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1768/92.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Plöntuvarnarefni“: virk efni og efnablöndur sem innihalda eitt eða fleiri virk efni í því formi sem þau eru afhent neytanda og eru ætluð til að:
   a) verja plöntur eða plöntuafurðir gegn öllum skaðlegum lífverum eða koma í veg fyrir virkni þessara lífvera, að svo miklu leyti sem þessar efnablöndur eða efni eru ekki skilgreind hér á eftir;
   b) hafa áhrif á lífsferil plantna á annan hátt en sem næringarefni (t.d. stýriefni);
   c) verja plöntuafurðir, að svo miklu leyti sem efni þessi eða afurðir falla hvorki undir sérstök ákvæði ráðsins né framkvæmdastjórnarinnar um rotvarnarefni;
   d) eyða óæskilegum plöntum; eða
   e) eyða plöntuhlutum, draga úr eða hindra óæskilegan vöxt plantna.
2. „Efni“: frumefni og sambönd þeirra, náttúrleg eða iðnaðarframleidd, að meðtöldum óhreinindum sem eru óhjákvæmileg afleiðing iðnaðarvinnslu.
3. „Virk efni“: efni eða örverur að meðtöldum veirum sem hafa almenn eða sértæk áhrif á:
   a) skaðlegar lífverur; eða
   b) plöntur, plöntuhluta eða plöntuafurðir.
4. „Efnablöndur“: blöndur eða lausnir, samsettar úr tveimur eða fleiri efnum þar sem er minnst eitt virkt efni, sem eru notaðar sem plöntuvarnarefni.
5. „Plöntur“: lifandi plöntur og lifandi plöntuhlutar, að meðtöldum ferskum ávöxtum og fræjum.
6. „Plöntuafurðir“: plöntuafurðir, óunnar eða unnar með einföldum aðferðum, svo sem mölun, þurrkun eða pressun, að undanskildum plöntunum sjálfum eins og þær eru skilgreindar í 5. tölul.
7. „Skaðlegar lífverur“: lífverur sem skaða plöntur eða plöntuafurðir og teljast til dýra- eða jurtaríkisins og einnig veirur, bakteríur, berfrymingar og aðrir sýklar.
8. „Framleiðsluvara“: virka efnið eins og það er skilgreint í 3. tölul. eða samsetningar virkra efna í plöntuvarnarefni.
9. „Grunneinkaleyfi“: einkaleyfi sem verndar framleiðsluvöru sem slíka, eins og hún er skilgreind í 8. tölul., efnablöndu eins og hún er skilgreind í 4. tölul., aðferð til að vinna framleiðsluvöru eða aðferð við notkun framleiðsluvöru, og sem einkaleyfishafi þarf að tilgreina þegar til þess kemur að gefa út vottorð.
10. „Vottorð“: viðbótarvottorðið um vernd.

2. gr.

Gildissvið.

Heimilt er að gefa út vottorð, samkvæmt þeim skilmálum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fyrir hvaða framleiðsluvöru sem er, ef hún nýtur einkaleyfaverndar á yfirráðasvæði aðildarríkis og er háð opinberu leyfi áður en hún er markaðssett sem plöntuvarnarefni, samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE[6], eða samkvæmt jafngildu ákvæði landslaga, ef um ræðir plöntuvarnarefni sem sótt var um leyfi fyrir áður en tilskipun 91/414/EBE kom til framkvæmda í viðkomandi aðildarríki.

3. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu vottorðs.

1. Gefa skal út vottorð ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt í aðildarríkinu þar sem umsóknin er um getur í 7. gr. er lögð fram á þeim tíma sem sótt er um:

a) framleiðsluvaran nýtur verndar grunneinkaleyfis sem er í gildi;
b) framleiðsluvaran hefur fengið gilt markaðsleyfi sem plöntuvarnarefni í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngilt ákvæði í landslögum;
c) framleiðsluvaran hefur ekki þegar fengið vottorð;
d) leyfið sem um getur í b-lið er fyrsta leyfið til að setja framleiðsluvöruna á markað sem plöntuvarnarefni.

2. Handhafi sem hefur fleiri en eitt einkaleyfi fyrir sömu framleiðsluvöru getur einungis fengið eitt vottorð vegna þeirrar vöru. Ef tvær eða fleiri umsóknir vegna sömu framleiðsluvöru berast frá tveimur eða fleiri handhöfum mismunandi einkaleyfa er þó heimilt að gefa út vottorð til hvers þeirra um sig.

4. gr.

Efni sem nýtur verndar.

Sú vernd sem vottorð veitir takmarkast af umfangi grunneinkaleyfisins og tekur einungis til þeirrar framleiðsluvöru sem markaðsleyfið fyrir plöntuvarnarefnið gildir um og til þeirra nota framleiðsluvörunnar sem plöntuvarnarefni sem heimiluð hafa verið á gildistíma vottorðsins.

---

6 Stjtíð. EB nr. L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/36/EB (Stjtíð. EB nr. L 172, 22.7.1995, bls. 8).

5. gr.

Áhrif vottorðs.

Með fyrirvara um ákvæði 4. gr. skal vottorðið veita sama rétt og grunneinkaleyfið og vera háð sömu takmörkunum og skuldbindingum.

6. gr.

Réttur til vottorðs.

Vottorðið skal veitt handhafa grunneinkaleyfis eða þeim sem síðar kann að yfirtaka þann rétt.

7. gr.

Umsókn um vottorð.

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er leyfið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. var veitt til að markaðssetja framleiðsluvöruna sem plöntuvarnarefni.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal leggja inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er grunneinkaleyfið var veitt, enda hafi markaðsleyfi verið veitt vegna plöntuvarnarefnisins áður en grunneinkaleyfið var veitt.

8. gr.

Innihald umsóknar um vottorð.

1. Umsókn um vottorð skal hafa að geyma:

a) beiðni um útgáfu vottorðs, þar sem einkum kemur fram:
   i) nafn og heimilisfang umsækjanda,
   ii) nafn og heimilisfang fulltrúa hans, ef hann hefur tilnefnt fulltrúa,
   iii) númer grunneinkaleyfisins og heiti uppfinningarinnar,
   iv) númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og, ef þetta er ekki fyrsta markaðsleyfið innan bandalagsins, númer og dagsetning þess leyfis;
b) afrit af markaðsleyfinu eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., með lýsingu á framleiðsluvörunni, einkum númeri og dagsetningu leyfisins og samantekt um eiginleika framleiðsluvörunnar eins og fram kemur í 1. þætti A-hluta (1.–7. lið) eða í 1. þætti B-hluta (1.–7. lið) í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða í jafngildum landslögum aðildarríkisins þar sem umsóknin var lögð fram;
c) ef leyfið sem um getur í b-lið er ekki fyrsta markaðsleyfið sem fengist hefur fyrir plöntuvarnarefnið innan bandalagsins, upplýsingar um framleiðsluvöruna sem leyfi hefur fengist fyrir og lagaákvæði sem farið var eftir við veitingu leyfisins, ásamt afriti af opinberu tilkynningunni um markaðsleyfi, eða, ef slík tilkynning hefur ekki verið gefin út, öðru skjali sem færir sönnur á að leyfið hafi verið veitt, dagsetningu leyfisins og deili á framleiðsluvörunni sem leyfi fékkst fyrir.

2. Aðildarríki geta kveðið á um gjald sem greiða skal þegar sótt er um vottorð.

9. gr.

Umsókn um vottorð lögð fram.

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð hjá lögbærri einkaleyfastofu í aðildarríkinu sem gaf út grunneinkaleyfið eða sem ber ábyrgð á veitingu leyfisins og þar sem markaðsleyfið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. fékkst fyrir framleiðsluvöruna, nema það aðildarríki tilnefni annað yfirvald til þess.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal birta tilkynningu um umsókn um vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang umsækjanda;
b) númer grunneinkaleyfisins;
c) heiti uppfinningarinnar;
d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir um;
e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt hefur verið vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins.

10. gr.

Útgáfa vottorðs eða synjun umsóknar.

1. Ef umsókn um vottorð og framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefa út vottorðið.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal, með fyrirvara um 3. mgr., synja umsókn um vottorð ef umsóknin eða framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Ef umsókn um vottorð uppfyllir ekki skilyrði sem mælt er fyrir um í 8. gr. skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. veita umsækjanda færi á að ráða bót þar á eða greiða gjaldið innan tilskilins frests.

4. Verði ekki ráðin bót á ágöllum eða gjaldið ekki greitt innan tiltekins frests, eins og greint er frá í 3. mgr., skal yfirvaldið synja umsókninni.

5. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefi út vottorð án þess að það hafi gengið úr skugga um að skilyrðin sem mælt er fyrir um í c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. hafi verið uppfyllt.

11. gr.

Birting.

1. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að vottorð hafi verið gefið út. Í tilkynningunni skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn og heimilisfang þess sem hefur fengið vottorð;
b) númer grunneinkaleyfisins;
c) heiti uppfinningarinnar;
d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir fyrir;
e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt hefur verið vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins;
f) gildistími vottorðsins.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að umsóknin hafi verið synjað. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr.

12. gr.

Árgjald.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um greiðslu árgjalds fyrir vottorðið.

13. gr.
Gildistími vottorðs.

1. Vottorðið tekur gildi þegar lögbundinn gildistími grunneinkaleyfisins rennur út og gildir á tímabili sem er jafnlangt þeim tíma sem hefur liðið frá því umsóknin um grunneinkaleyfi var lögð fram þar til fyrsta markaðsleyfið var veitt fyrir framleiðsluvöruna innan bandalagsins, að frádregnum fimm árum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vottorðið ekki gilda lengur en í fimm ár reiknað frá gildistökudeginum.

3. Þegar gildistími vottorðsins er reiknaður skal því aðeins taka tillit til fyrsta bráðabirgðamarkaðsleyfis að beint í kjölfar þess fylgi endanlegt leyfi vegna sömu framleiðsluvöru.

14. gr.
Vottorð fellur úr gildi.

Vottorðið fellur úr gildi:

a) þegar tímabilið sem kveðið er á um í 13. gr. er útrunnið;
b) ef handhafi vottorðs skilar því;
c) hafi árgjald sem kveðið er á um í samræmi við 12. gr. ekki verið greitt á tilsettum tíma;
d) ef og svo lengi sem óheimilt verður að setja framleiðsluvöruna, sem vottorðið gildir um, á markað í kjölfar þess að markaðsleyfi hefur verið afturkallað í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngild ákvæði í landslögum. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. getur ákveðið að fella vottorð úr gildi, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þriðja aðila.

15. gr.
Ógilding vottorðs.

1. Vottorðið skal ógilt ef:

a) það hefur verið gefið út á forsendum sem stangast á við ákvæði 3. gr.;
b) grunneinkaleyfið hefur fallið niður áður en gildistími þess er útrunninn;
c) grunneinkaleyfið hefur verið afturkallað eða takmarkað þannig að framleiðsluvaran, sem vottorðið var gefið út fyrir, nýtur ekki lengur verndar grunneinkaleyfisins eða, eftir að grunneinkaleyfið er útrunnið, ástæða er fyrir því að afturkalla það eða takmarka það með þessum hætti.

2. Hver sem er getur sótt um að fá vottorð ógilt, eða hafið mál til þess, hjá þeim aðila sem ber ábyrgð samkvæmt landslögum á endurnýjun á samsvarandi einkaleyfi.

16. gr.
Tilkynning um vottorð sem hafa fallið úr gildi eða verið ógilt.

Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu um það ef vottorð fellur úr gildi í samræmi við b-, c- eða d-lið 14. gr. eða er ógilt í samræmi við 15. gr.

17. gr.
Áfrýjun.

1. Unnt skal vera að áfrýja ákvörðunum yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. 9. gr. eða aðilans sem um getur í 2. mgr. 15. gr., sem teknar eru í samræmi við þessa reglugerð, á þann hátt sem kveðið er á um í landslögum um ákvarðanir í einkaleyfamálum í viðkomandi landi.

2. Ef dagsetning fyrsta markaðsleyfis fyrir vöruna innan bandalagsins, sem fram kemur í umsókninni um vottorð sem kveðið er á um í 8. gr., er röng, skal vera unnt að áfrýja ákvörðuninni um veitingu vottorðsins til að leiðrétta gildistíma þess.

18. gr.
Málsmeðferð.

1. Sé ekki kveðið á um sérstaka málsmeðferð í þessari reglugerð skal sú málsmeðferð sem gildir um grunneinkaleyfið samkvæmt landslögum gilda um vottorðið og, ef við á, málsmeðferðarákvæði sem gilda um vottorðin sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1768/92, nema í þeim lögum sé kveðið á um sérstaka málsmeðferð fyrir vottorð sem um getur í þessari reglugerð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal undanskilja málsmeðferð vegna andmæla við útgáfu vottorðs.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

19. gr.

1. Heimilt er að gefa út vottorð fyrir allar framleiðsluvörur sem njóta verndar gilds grunneinkaleyfis þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að því tilskildu að fyrsta leyfi til að markaðssetja vöruna sem plöntuvarnarefni í bandalaginu hafi verið veitt eftir 1. janúar 1985 skv. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngildu ákvæði í landslögum.

2. Umsókn um vottorð, sem er lögð fram á grundvelli 1. mgr., skal koma fram innan sex mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi.

20. gr.

Í þeim aðildarríkjum þar sem landslög gerðu ekki ráð fyrir veitingu einkaleyfa vegna plöntuvarnarefna 1. janúar 1990 skulu ákvæði þessarar reglugerðar gilda frá 2. janúar 1998.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki í þeim aðildarríkjum.

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 59/97 frá 31. júlí 1997 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/96 frá 28. október 1996[1].

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna[2] skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (reglugerð ráðsins 1768/92) í XVII. viðauka við samninginn:

„6a. 396 R 1610: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB nr. L 193, 8. 8. 1996, bls. 30).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Við b-lið 1. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi:
„; að því er þessa undirgrein varðar og greinar sem vísa til hennar skal fara með leyfi til að markaðssetja vöru í samræmi við landslög EFTA-ríkis á sama hátt og leyfi sem veitt er í samræmi við tilskipun 91/414/EBE eða jafngilt ákvæði í landslögum aðildarríkis EB.“;

b) 20. gr. gildir ekki.

c) Hvað varðar Ísland og Noreg gildir þessi reglugerð frá 2. janúar 1998.

d) Eftirfarandi málsgreinar bætist við 19. gr.:
„3. Ef grunneinkaleyfi í EFTA-ríki rennur út, vegna þess að lögbundinn gildistími þess er liðinn, milli 8. febrúar 1997 og 2. janúar 1998, skal vottorðið eingöngu öðlast gildi fyrir þann tíma sem fer á eftir birtingardegi leyfisumsóknarinnar. Þó skal 13. gr. gilda um útreikning á gildistíma vottorðsins.
4. Ef um 3. mgr. er að ræða skal leggja inn umsókn fyrir vottorði innan tveggja mánaða frá 2. janúar 1998.
5. Vottorð sem sótt er um í samræmi við 3. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að þriðji aðili, sem í góðri trú hefur, frá því að grunnleyfið rann út og þar til umsókn um vottorð var gefin út, notað uppfinninguna í viðskiptum eða hefur lagt í mikinn undirbúning í því skyni, haldi áfram að nota hana.“

e) Enn fremur gildir eftirfarandi um Liechtenstein:
Með hliðsjón af einkaleyfissambandi milli Liechtenstein og Sviss skal Liechtenstein ekki gefa út nein viðbótarvottorð um vernd plöntuvarnarefna eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Þó skulu vottorð um vernd plöntuvarnarefna sem Sviss gefur út öðlast gildi í Liechtenstein um leið og löggjöf þar að lútandi tekur gildi í Sviss.“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar (EB) nr. 1610/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

---

1 Stjtíð. EB nr. L 21, 23.1.1997, bls. 11, og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 4, 23.1.1997, bls. 55.

2 Stjtíð. EB nr. L 193, 8.8.1996, bls. 30.

512. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.41 Fæðingarorlof	1.450,0	150,0	1.600
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*5.017,5*	*150,0*	*5.167,5*

Greinargerð.

Lagt er til að fæðingarorlof feðra verði einn mánuður í stað tveggja vikna eins og ríkisstjórnin áformar.

513. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Íslenskum fjárfestum hf., Undirbúningsfélagi verðbréfaskráningar Íslands hf., Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneyti, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Verðbréfaþingi Íslands, Samtökum verðbréfafyrirtækja og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til það nýmæli í íslenskri löggjöf að tekin verði upp rafræn eignarskráning verðbréfa. Frumvarpið er hugsað sem almenn rammalöggjöf um slíka starfsemi og gera ákvæði þess m.a. ráð fyrir að einungis þau fyrirtæki hljóti starfsleyfi sem uppfyllt geta lágmarksskilyrði laganna um stofnfé og ábyrgðarsjóð og skilyrði sem sett eru stjórnarmönnum. Í fumvarpinu er að finna víðtækar heimildir til að setja reglur og reglugerðir um framkvæmd og fyrirkomulag ýmissa þátta á verksviði verðbréfamiðstöðva en slíkt er talið nauðsynlegt þar sem um nýmæli er að ræða.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið var sérstaklega rætt ákvæði frumvarpsins um þagnarskyldu. Í 1. mgr. 14. gr. er vikið að því að verðbréfamiðstöð sé óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi, sbr. þó ákvæði 8., 11., 24., 25. og 31. gr. Undantekning frá meginreglu 1. mgr. kemur fram í 2. mgr. þar sem segir að verðbréfamiðstöð sé heimilt að veita upplýsingar í hagtöluskyni að fenginni umsögn tölvunefndar. Nefndin telur sýnt að ákvæði 1. mgr. beri að túlka þröngt og að aðrir aðilar en þeir sem sérstaklega eru nefndir í frumvarpinu hafi ekki heimild til að fá upplýsingar um skráð réttindi í verðbréfamiðstöð, nema að undangengnum dómsúrskurði. Þannig hafi yfirvöld, t.d. skattyfirvöld, ekki heimild til að krefjast upplýsinga um skráð réttindi í verðbréfamiðstöð. Þetta á hins vegar ekki að fela það í sér að staða skattyfirvalda til að sinna eftirlitshlutverki sínu breytist frá því sem nú er.

Þá skoðaði nefndin sérstaklega ákvæði 28. og 29. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um hlutlæga bótaábyrgð verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana. Ákvæði um hlutlæga ábyrgð er undantekning frá meginreglu skaðabótaréttar um sök sem skilyrði bótaábyrgðar og er ákvæðið hér sett að danskri fyrirmynd. Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi eru fyrst og fremst þau að aðilar verði að geta treyst því að það sem skráð er í verðbréfamiðstöð sé rétt. Þetta fyrirkomulag er talið nauðsynlegt til að tryggja traust almennings á hinu nýja kerfi. Að mati nefndarinnar er því meginatriði að skapa traust þegar í upphafi en hugsanlegt er að endurskoða reglurnar síðar í ljósi reynslunnar.

Einnig kannaði nefndin hvort rök væru fyrir því að bæta við ákvæði um lögræðisskort í 19. gr. frumvarpsins sem mótbáru, líkt og gildir um meiri háttar nauðung og fölsun samkvæmt ákvæðinu. Í því sambandi er bent á að ólögráða einstaklingar geta orðið reikningseigendur í verðbréfamiðstöð þó svo að fjárráð þeirra séu í höndum annarra, t.d. foreldra. Á reikning ber að skrá eiganda og þann sem að lögum hefur ráðstöfunarréttinn. Hvað varðar þá einstaklinga sem sviptir hafa verið lögræði má geta þess að samkvæmt nýjum lögræðislögum, nr. 71/1997, sem taka gildi 1. janúar 1998, skal skrá athugasemd um sviptingu fjárræðis á viðskiptabréf ef hinn fjárræðissvipti er eigandi slíks bréfs. Sama gildir um viðskiptabréf sem lögráðamaður kann að kaupa síðar fyrir skjólstæðing sinn. Í athugasemdum með ákvæðinu er þess m.a. getið að yfirlögráðandi skuli skrá slíka athugasemd um fjárræðissviptingu á viðskiptabréf. Yfirlögráðandi skuli að jafnaði sjá til þess sjálfur að umrædd athugasemd verði skráð, en ef bréfið er í vörslu lánastofnana ætti tilkynning með tryggum hætti og beiðni um slíka skráningu að nægja. Að mati nefndarinnar er ekkert sem kemur í veg fyrir rafræna skráningu slíkrar athugasemdar þannig að slíkar upplýsingar liggi ætíð fyrir og því er ekki talið nauðsynlegt að lögræðisskortur sé talinn sem sérstök mótbára í ákvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á skilgreiningu á eignarskráningu í 2. gr. frumvarpsins. Síðari hluti skilgreiningarinnar er felldur brott þar sem um efnisreglu er að ræða og hann tekinn upp í 2. mgr. 16. gr. Þá er að auki gerð sú breyting að mæla fyrir um að eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð veiti skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að í stað þess að nota orðalagið lögformleg sönnun. Síðari breytingin er gerð þar sem það tíðkast almennt að tala um heimild en ekki sönnun í þessu sambandi.
2. Lagt er til að 2. mgr. 7. gr. verði felld brott en hún kveður á um að breytingar á stjórn verðbréfamiðstöðvar skuli tilkynna til bankaeftirlits Seðlabankans innan tveggja vikna frá því að breytingin er gerð. Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í lögum um íslenskan fjármagnsmarkað.
3. Lögð er til sú breyting á 8. gr. að vísun til endurskoðenda er færð til í upptalningu þeirra sem óheimilt er að skýra frá nokkru því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða stöðu sinni samkvæmt um hagi reikningseiganda, verðbréfamiðstöðvarinnar og viðskiptamanna hennar án undangengins dómsúrskurðar. Breytingin er lögð til þar sem endurskoðandi fyrirtækis getur ekki talist til starfsmanna þess eins og ákvæðið gerir ráð fyrir. Einnig má benda á að í nýjum lögum um endurskoðendur, nr. 18/1997, er í 7. gr. að finna ákvæði um þagnarskyldu endurskoðenda.
4. Lögð er til sú breyting á 9. gr. að gert er ráð fyrir því að verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar að reikningar verði ekki undirritaður án fyrirvara skuli hann gera stjórn verðbréfamiðstöðvar og bankaeftirliti viðvart. Breytingin lýtur að því að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að undirrita reikninga með fyrirvara.

5. Lagðar eru til tvær breytingar á 10. gr. Annars vegar er bætt við nýjum tölulið þannig að Lánasýsla ríkisins fái auk þeirra sem taldir eru upp í greininni heimild til milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð. Breyting þessi er lögð til þar sem tilgangur frumvarpsins er ekki að þrengja starfsheimildir fjármálafyrirtækja. Hins vegar er lagt til að heimild fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skv. 3. tölul. verði ekki takmörkuð við fyrirtæki sem hafa heimildir til fjárvörslu. Með slíkri takmörkun er verið að skerða möguleika fyrirtækja sem einungis hafa heimild til miðlunar skv. 1. mgr. 9. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996.
6. Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 11. gr. um aðgang verðbréfasjóða að upplýsingum um skráða eigendur hlutdeildarskírteina verði gert skýrara.
7. Lagt er til að ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 12. gr. verði breytt en þar segir að í reglugerð sem ráðherra setur sé heimilt að ákveða heimildir verðbréfamiðstöðvar til gjaldtöku fyrir umsýslu með rafbréf og skráningu í tengslum við þau. Breytingin miðar að því að einungis verði heimilt í slíkri reglugerð að kveða á um heimildir verðbréfamiðstöðvar til að ákvarða fyrirkomulag gjaldtöku enda er að mati nefndarinnar óeðlilegt að ráðherra stjórni verðlagningu á þjónustu einkafyrirtækis.
8. Lögð er til breyting á orðalagi 2. mgr. 14. gr. sem kveður á um að verðbréfamiðstöð sé heimilt að veita upplýsingar í hagtöluskyni að fenginni heimild tölvunefndar.
9. Lagðar eru til tvær breytingar á 15. gr. Annars vegar er lagt til að orðið nettun verði fellt brott úr 1. mgr. sem segir að Seðlabanki Íslands taki við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð og annist efndalok (nettun) viðskipta þeirra með rafbréf. Óeðlilegt þykir að kveða á um eina tiltekna aðferð í ákvæðinu við efndalok viðskipta, þ.e. nettun eða jöfnun greiðslna. Samtímabókun greiðslna kynni að vera öruggari og í betra samræmi við alþjóðlegar venjur. Hins vegar er lagt til að Verðbréfaþing Íslands eigi aðild að samráðsnefnd þeirri sem getið er um í greininni en hún er einnig skipuð fulltrúum verðbréfamiðstöðva og Seðlabankans. Þetta þykir eðlilegt þar sem sú lagaskylda hvílir á nefndinni að setja reglur um uppgjör viðskipta.
10. Lagt er til að 2. mgr. 16. gr. verði breytt í samræmi við breytingar sem raktar eru í 1. lið hér að framan.
11. Lagðar eru til tvær breytingar á 2. mgr. 20. gr. Annars vegar er lagt til að skýrt sé að verðbréfamiðstöð sé einungis heimilt að hafa milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda fyrir hönd útgefanda, að ósk hans, til þess sem hefur rétt til að taka við greiðslu samkvæmt skráningu í miðstöðinni. Hins vegar eru lagðar til orðalagsbreytingar á 3. málsl. Þá er lagt til að 34. gr. frumvarpsins verði 3. mgr. 20. gr. þar sem nefndin telur réttara að ákvæðið tilheyri IV. kafla frumvarpsins um réttaráhrif skráningar o.fl. en X. kafla þar sem eru ákvæði um gildistöku og ýmis önnur ákvæði.
12. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 22., 31. og 32. gr.
13. Lagðar eru til tvær breytingar á 25. gr. Annars vegar er lögð til orðalagsbreyting á fyrri málslið 1. mgr. en hins vegar er lagt til að felld verði brott heimild síðari málsliðar 6. mgr. til að setja reglur um greiðslu kostnaðar fyrir meðferð kærumáls og um birtingu úrskurða sem úrskurðarnefnd fellir. Nefndin telur óeðlilegt að ráðherra setji reglur um greiðslu slíks kostnaðar og að það sé ekki í samræmi við það sem almennt tíðkast, sbr. t.d. mál sem farið er með fyrir Samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála.
14. Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 27. gr. að fjögurra vikna frestur sá sem aðilar máls skv. 26. gr. hafa til að bera úrskurð úrskurðarnefndar skv. 25. gr. undir dómstóla hefjist við það tímamark er úrskurður hefur verið tilkynntur aðilum en ekki við uppkvaðningu hans.
15. Lagt er til að gerð verði orðalagsbreyting á 1. mgr. 29. gr. um skaðabótaábyrgð reikn-

ingsstofnunar og ákvæðið samræmt ákvæði 1. mgr. 28. gr. um skaðabótaábyrgð verðbréfamiðstöðvar.

16. Lagt er til að við 30. gr. verði bætt nýrri málsgrein þar sem kveðið verði á um að stefna megi verðbréfamiðstöð og reikningsstofnun, sbr. 28. og 29. gr., sameiginlega (in solidum) til greiðslu skaðabóta þegar ekki liggur ljóst fyrir hvor aðilanna ber ábyrgð á tjóni.
17. Lagt er til að 34. gr. verði felld brott, sbr. athugasemdir við 9. lið hér að framan.
18. Loks er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum til bráðabirgða I og II. Breytingarnar miða að því að skýrt komi fram að eigandi áþreifanlegs verðbréfs verði ekki skyldaður til að láta eignarskrá eignarréttindi sín yfir verðbréfi með rafrænum hætti heldur sé um valkost að ræða.

Loks bendir nefndin á að ýmis dæmi í almennum athugasemdum með frumvarpinu, er varða starfsemi verðbréfamiðstöðva, virðast takmarkast við þrengri skýringu á ákvæðum frumvarpsins en efni standa til samkvæmt skýru orðalagi lagagreina þess.

Alþingi, 10. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

514. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til l. um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 2. efnisl. orðist svo: *eignarskráning*: útgáfa á rafbréfum í verðbréfamiðstöð og skráning eignarréttinda yfir þeim.
2. Við 7. gr. 2. mgr. falli brott.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „Stjórn, endurskoðendum og framkvæmdastjóra, svo og öðrum starfsmönnum verðbréfamiðstöðvarinnar“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: Stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum verðbréfamiðstöðinnar, svo og endurskoðendum.
4. Við 9. gr. Á eftir orðunum „verði ekki áritaðir“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: án fyrirvara.
5. Við 10. gr.
   a. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Lánasýsla ríkisins.
   b. Orðin „sem hafa heimildir til fjárvörslu“ í 3. tölul. (er verði 4. tölul.) falli brott.
6. Við 11. gr. Síðari málsliður 3. mgr. orðist svo: Hið sama gildir um aðgang verðbréfasjóða að upplýsingum um eigendur hlutdeildarskírteina í viðkomandi verðbréfasjóði.
7. Við 12. gr. Í stað orðanna „til gjaldtöku“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: til að ákvarða fyrirkomulag gjaldtöku.
8. Við 14. gr. Í stað orðanna „Jafnframt er verðbréfamiðstöð“ í 2. mgr. komi: Verðbréfamiðstöð er.

9. Við 15. gr.
   a. Orðið „(nettun)“ í fyrri málslið 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, Verðbréfaþings Íslands og Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skipar einn fulltrúa í nefndina, verðbréfamiðstöðvar sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum einn fulltrúa og Verðbréfaþing Íslands einn fulltrúa. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva, Verðbréfaþings Íslands og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta.
10. Við 16. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skáður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu.
11. Við 20. gr.
    a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Verðbréfamiðstöð hefur heimild til milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda fyrir hönd útgefanda rafbréfs, að ósk hans, til þess sem hefur rétt til að taka við greiðslu samkvæmt skráningu í miðstöðinni.
    b. Í stað orðanna „fölsun eða meiri háttar nauðung“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: meiri háttar nauðung eða fölsun.
    c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
       Lokafærsla verðbréfamiðstöðvar á greiðslu afborgunar og vaxta inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf.
12. Við 22. gr. Í stað orðsins „verðbréfamiðstöðinni“ í fyrri málslið komi: verðbréfamiðstöð.
13. Við 25. gr.
    a. Í stað orðsins „verðbréfamiðstöðvar“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: verðbréfamiðstöðva.
    b. Síðari málsliður 6. mgr. falli brott.
12. Við 27. gr. Í stað orðsins „uppkveðinn“ í 1. mgr. komi: tilkynntur aðilum máls.
13. Við 29. gr. Í stað orðanna „Reikningsstofnun er skaðabótaskyld fyrir því tjóni sem rakið verður til mistaka af hennar hálfu“ í 1. mgr. komi: Reikningsstofnun ber skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem rakið verður til starfsemi hennar.
14. Við 30. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:
    Þegar tjón má rekja til starfsemi verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, sbr. 28. og 29. gr., en ekki liggur ljóst fyrir hvor aðilanna ber ábyrgð á tjóninu, er heimilt að stefna þeim sameiginlega (in solidum) til greiðslu skaðabóta. Um endurkröfu milli stefndu fer samkvæmt almennum reglum.
15. Við 31. gr. Við 2. málsl. bætist: vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum.
16. Við 32. gr. Í stað orðanna „ekki eðlileg, traust eða heilbrigð“ komi: óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust.
17. Við 34. gr. Greinin falli brott.
18. Á eftir orðunum „skal stefna að“ í ákvæði til bráðabirgða I komi: því að gefa útgefanda og eiganda kost á.
19. Fyrri málsliður ákvæðis til bráðabirgða II orðist svo: Ef eignarréttindi yfir verðbréfi eru eignarskráð í verðbréfamiðstöð skal ógilda hið áþreifanlega verðbréf.

515. Nefndarálit [329. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar er lagt til að vörugjald af dráttarbifreiðum og vélknúnum ökutækjum til sérstakra nota, að heildarþyngd yfir 5 tonn, lækki úr 30% í 15% og hins vegar að ökutæki sem knúin eru mengunarlausum orkugjafa verði undanþegin gjaldskyldu.

Nefndin ræddi sérstaklega hvort breyta ætti skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins og er niðurstaða nefndarinnar að miða þar við að ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, skuli undanþegin gjaldskyldu, í stað þess að tala um ökutæki sem eingöngu eru knúin mengunarlausum orkugjafa.

Þá ræddi nefndin einnig vörugjald á hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni, en vörugjaldið nemur 5% nú. Með hliðsjón af samkeppnisstöðu þessara aðila og fyrri breytingum mælir nefndin með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon.

516. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-301 Landlæknir**			
a. 1.01 Yfirstjórn	54,9	6,0	60,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*61,4*	*6,0*	*67,4*

Greinargerð.

Landlæknisembættið hefur verið rekið með halla undanfarin ár og þykir sýnt að það fé sem stofnuninni er ætlað sé of naumt og mundi þessi fjárveiting bæta úr brýnni þörf.

517. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-340 Málefni fatlaðra**			
a. 1.91 Reglubundið eftirlit með mænuskömmuðum	0,0	2,0	2,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*59,7*	*2,0*	*61,7*

Greinargerð.

Frá árinu 1973 hafa 48 einstaklingar mænuskaddast í slysum á Íslandi og bundist hjólastól. Unnin hefur verið könnun á tíðni fylgikvilla hjá mænuskömmuðum í hjólastól. Í ljós kemur að heilsufarsleg vandamál eru algeng hjá þessum hópi, einkum þvagfæravandamál, en reglubundið eftirlit gæti bætt þarna verulega úr.

518. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða Þorláksson, Ragnheiði Snorradóttur, Áslaugu Guðjónsdóttur og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar sem tengjast því að um síðustu áramót voru gerðar breytingar á viðmiðunargrundvelli verðleiðréttinga í skattskilum, í öðru lagi er lagt til að rýmkaðar verði heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrissiðgjalda, í þriðja lagi eru gerðar leiðréttingar á barnabótaákvæði laganna og í fjórða lagi er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að einstaklingum með takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt beri að greiða 20% söluhagnað samkvæmt meginreglunni í 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 2. gr., sem lýtur að skattfrádrætti vegna lífeyrisiðgjalda, að ákvæði 5. og 6. tölul. A-liðar 30. gr. laganna verði skilgreind upp á nýtt. Gert er ráð fyrir að til viðbótar 4% af iðgjaldsstofni verði frádráttarbær frá skatti að auki allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi

lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu varið til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Ákvæði 5. tölul. tekur til launþega en 6. tölul. til einstaklinga með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

2. Lögð er til sú viðbót við ákvæði 3. gr. um barnabætur að sé svo ástatt að einungis annað hjóna sé skattskylt hér á landi skv. 1. gr. laganna skuli reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem eru heimilisföst hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja, ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis.
3. Loks er lagt til að í upptalningu 1. tölul. 4. mgr. 72. gr. laganna á þeim aðilum sem eru undanþegnir skyldu til að greiða fjármagnstekjuskatt skv. 3. mgr. sömu greinar verði Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og Þróunarsjóði sjávarútvegsins bætt við. Breytingin er lögð til í samræmi við framangreint ákvæði laganna sem undanþiggur tiltekna lögaðila greiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Því þykir eðlilegt að Nýsköpunarsjóður greiði ekki fjármagnstekjuskatt, enda mundi greiðsla slíks skatts kalla á samsvarandi útgjöld til sams konar verkefna. Sama gildir um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, en hlutverk hans er að taka við þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr. laga um sjóðinn, fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins skv. 11. gr. laganna, fara með og selja hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar skv. 12. gr. laganna, innheimta skuldabréf í eigu atvinnutryggingadeildar skv. 13. gr. laganna og greiða skuldbindingar sjóðsins. Þá skal Þróunarsjóðurinn taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Einar Oddur Kristjánsson. | Valgerður Sverrisdóttir.

Sólveig Pétursdóttir. | Pétur H. Blöndal. með fyrirvara. | Steingrímur J. Sigfússon.

Ágúst Einarsson, með fyrirvara. | Gunnlaugur M. Sigmundsson, með fyrirvara.

519. Breytingartillögur [328. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. A-liður orðist svo: 5. tölul. orðast svo: Iðgjöld launþega til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að

hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu varið til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.

b. B-liður orðist svo: 6. tölul. orðast svo: Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vegna öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu varið til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.

2. Við 3. gr.

a. Inngangsmálsgrein orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 69. gr. laganna, sbr. lög nr. 65/1997.

b. Við greinina bætist nýr stafliður er verði a-liður, svohljóðandi: Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sé svo ástatt að einungis annað hjóna er skattskylt hér á landi skv. 1. gr. skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem eru heimilisföst hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis.

3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir orðunum „Seðlabanki Íslands“ í 1. tölul. 4. mgr. 72. gr. laganna orðast niðurlag töluliðarins svo: Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Þróunarsjóður sjávarútvegsins og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

520. Breytingartillögur [343. mál]

við frv. til l. um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. efnismgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Faðir á rétt á fæðingarorlofi í einn mánuð ef um er að ræða fjölburafæðingu, alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður.

2. Við 4. gr. Á eftir 1. efnismgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Faðir á rétt á fæðingarorlofi í einn mánuð ef um er að ræða fjölburafæðingu, alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður.

521. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristni H. Gunnarssyni og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.35 Tannlækningar	760,0	265,0	1.025,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.660,0*	*265,0*	*8.925,0*

Greinargerð.

Lögð er til hækkun til samræmis við áhrif á breytingum á 37. gr. almannatryggingalaga sem lagðar eru til í frumvarpi þriggja þingmanna Alþýðubandalagsins í þskj. 108. Þar er gert ráð fyrir hærra greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannlækningakostnaði og auk þess er aldursviðmiðun breytt gagnvart unglingum.

522. Breytingartillögur [332. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og brtt. á þskj. 466 [skipulags- og byggingarlög].

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 2. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
2. Við 2. tölul. brtt. á þskj. 466.
   a. Orðin „svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku“ í a-lið falli brott.
   b. B-liður orðist svo: Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ráherra skal kveða nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

523. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson, Kristínu Haraldsdóttur og Snorra Rúnar Pálmason, Örn Pálsson kom frá Landssam-

bandi smábátaeigenda, frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins kom Hinrik Greipsson, frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna komu Kristján Ragnarsson og Sveinn Hj. Hjartarson, frá Vélstjórafélagi Íslands komu Helgi Laxdal og Friðrik Hermannsson, frá Farmanna- og fiskimannasambandinu komu Guðjón A. Kristjánsson og Benedikt Valsson og Sævar Gunnarsson kom frá Sjómannasambandi Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „gildistöku laga þessara“ í 1. málsl. efnismálsgreinar komi: gildistöku bráðabirgðaákvæðis þessa.
b. Á eftir orðunum „7. og 8. gr.“ í 3. málsl. efnismálsgreinar komi: laga nr. 92/1994.
c. Í stað orðanna „staðfestingardegi laganna“ í lokamálslið efnismálsgreinar komi: gildistökudegi bráðabirgðaákvæðis þessa.

Hér er lagt til að gengisútreikningur samkvæmt ákvæðinu verði miðaður við gengisskráningu Seðlabanka Íslands á gildistökudegi bráðabirgðaákvæðisins í stað staðfestingardegi laganna og að í 1. málsl. efnismálsgreinar 1. gr. verði miðað við gildistöku bráðabirgðaákvæðisins í stað gildistöku laganna.

Alþingi, 13. des. 1997.

Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.

524. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson, Kristínu Haraldsdóttur og Snorra Rúnar Pálmason. Örn Pálsson kom frá Landssambandi smábátaeigenda, frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna komu Kristján Ragnarsson og Sveinn Hj. Hjartarson, frá Vélstjórafélagi Íslands komu Helgi Laxdal og Friðrik Hermannsson, frá Farmanna- og fiskimannasambandinu komu Guðjón A. Kristjánsson og Benedikt Valsson og Sævar Gunnarsson kom frá Sjómannasambandi Íslands.

Það frumvarp sem hér um ræðir byggist á samkomulagi milli Landssambands smábátaeigenda og sjávarútvegsráðherra. Meiri hluti nefndarinnar leggur því áherslu á að ákvæði frumvarpsins verði lögfest. Þær breytingar, sem lagðar eru til með frumvarpinu á ákvæðum um veiðistjórnun smábáta, eru innan þess ramma sem settur var um veiðar þessara báta í fyrra með lögum nr. 105/1996. Vel hefur tekist að aðlaga þann flota sem stundar veiðar með þorsk-

aflahámarki veiðiheimildum sem þeim flota eru markaðar. Hins vegar hefur komið í ljós visst misræmi milli sóknarmöguleika innan sóknardagahópanna og þess afla sem þeim er ætlaður. Frumvarpi þessu er ætlað að auðvelda þessum hópum að laga rekstur sinn að þeim þorskveiðiheimildum sem þeim eru ætlaðar. Hins vegar er ekki hróflað við þeim heildarramma sem veiðum smábáta var settur með lögum nr. 105/1996.

Við meðferð málsins barst nefndinni bréf frá formanni Landssambands smábátaeigenda þar sem þess var óskað að lokamálsliður bráðabirgðaákvæðis II félli brott og flytur meiri hluti nefndarinnar tillögu þess efnis.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „þessari grein“ í a-lið 1. gr. komi: samkvæmt þessari grein.
2. Lokamálsliður bráðabirgðaákvæðis II falli brott.

Alþingi, 13. des. 1997.

Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson. með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.
Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.

525. Breytingartillaga [249. mál]

við frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal og Gunnlaugi M. Sigmundssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „velur viðkomandi“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: getur viðkomandi þó valið.

Greinargerð.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins um lagaskyldu fólks til að greiða til ákveðinna lífeyrissjóða er meginatriði frumvarpsins. Þau ákvæði kveða á um hvort fólk hafi sjálfsákvörðunarrétt til að velja sér lífeyrissjóð eða ekki. Samkomulag hefur náðst um að því fólki, sem nýti sér kjarasamninga að einhverju leyti, jafnvel að mjög litlu leyti, sé ekki heimilt að velja sér lífeyrissjóð heldur verði það skyldað til að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs þess stéttarfélags sem að kjarasamningnum stendur.

Hins vegar er ekki ljóst af svörum viðmælenda efnahags- og viðskiptanefndar hvernig skilja beri þessi ákvæði 2. gr. Spurt var: Bæri afgreiðslumanni í verslun í Reykjavík, sem ekki er í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur né öðru stéttarfélagi og er með ráðningarsamning við verslunina, sem á engan hátt tekur mið af kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs verslunarmanna ef verslunin sem hann starfar hjá er ekki í neinum samtökum atvinnurekenda og búið væri að lögfesta ákvæði 2. gr.? Svörin voru ýmist já eða nei.

Þessi breytingartillaga er lögð fram til þess að skerpa á þeim skilningi að áðurnefndum afgreiðslumanni, sem engin tengsl hefur við Verslunarmannafélag Reykjavíkur eða Lífeyrissjóð verslunarmanna og launagreiðandi hans engin tengsl við samtök atvinnurekenda, sé ekki skylt að greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Hann hefur sjálfsákvörðunarrétt um val á lífeyrissjóði.

526. Breytingartillögur [249. mál]

við frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal og Gunnlaugi M. Sigmundssyni.

1. Við 1. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga sinna. Innstæða eða réttindi samkvæmt samningi um tryggingarvernd eru eign rétthafa.
2. Við 18. gr. Á eftir orðinu „sjóðfélaga“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: sem og hlutdeild hans í hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Greinargerð.

Ekki hefur verið ljóst hverjir eru eigendur lífeyrissjóða. Sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðnum en hver fer með forræði þeirra eigna sem standa á móti réttindunum? Ef farið væri eftir iðgjaldinu, sem yfirleitt skiptist í 4% iðgjald launþega og 6% iðgjald launagreiðanda, mætti draga þá ályktun að launþegar ættu 40% af eignum sjóðanna og launagreiðendur 60%. Þessi ályktun er líka í samræmi við upphafið að stofnun lífeyrissjóða almennt, en þeim var ætlað að taka við húsbóndaábyrgð vinnuveitenda. Þessi siðferðilega ábyrgð er ævaforn og felst í því að bónda bar að sjá hjúi sínu farborða eftir langa þjónustu ef vinnuþrek þess dvínaði sökum elli eða örorku. Uppbygging velferðarkerfis með almannatryggingar sem þungamiðju hefur flutt framfærsluábyrgðina frá atvinnurekanda til ríkis og sveitarfélaga. Skylduaðild launþega að lífeyrissjóði með lagaboðum 1974 og 1980, sem og fyrirliggjandi frumvarp, undirstrikar enn frekar þennan flutning á húsbóndaábyrgð til ríkisins. Þar sem engin húsbóndaábyrgð er á framfærslu launþegans lengur er ekki hægt að rökstyðja að atvinnurekendur eigi hlut í lífeyrissjóðunum.

Skipting iðgjalds í 4% og 6% er hluti af kjarasamningum og í raun marklaus. Hækka mætti laun allra landsmanna um 6% iðgjaldshlut atvinnurekenda og launþegar greiddu 9,434% (=10%/1,06) af hækkuðu launum og báðir aðilar stæðu eins.

Þegar launþegi lýkur starfi hjá atvinnurekanda af einhverri ástæðu á hann einn kröfu á lífeyrissjóðinn en ekki atvinnurekandinn. Það undirstrikar e.t.v. best þá skoðun að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðinn en ekki aðrir, enda er talað um hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris.

Stjórnir lífeyrissjóða hafa yfirleitt verið skipaðar til helminga af samtökum atvinnurekenda og launþega, en sú skipan mála grundvallast á hinni gömlu hugmynd um húsbóndaábyrgð. Þá voru það hagsmunir atvinnurekenda að sjóðirnir væru vel reknir. Eftir að þessi hugmynd riðlaðist eru ekki forsendur fyrir aðild atvinnurekenda að stjórnum lífeyrissjóða. Því er hér lagt til að skýrt verði kveðið á um eignaraðildina í lagatextanum.

Í síðari breytingartillögunni er lagt til að sérhverjum sjóðfélaga verði sendar upplýsingar um það hversu stóran hlut hann „á“ í hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris og skal þá miða við tryggingafræðilegt mat á verðmæti áunninna réttinda. Þannig verði sjóðfélaginn betur

meðvitaður um þessa eign sína. Að meðaltali eiga sjóðfélagar réttindi hjá lífeyrissjóðum að verðmæti yfir 2 millj. kr.

527. Breytingartillögur [249. mál]

við frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal og Gunnlaugi M. Sigmundssyni.

1. Á undan 29. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs boðar til félagsfundar. Henni ber að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með $^1/_{10}$ atkvæðavægis eða endurskoðendur sjóðsins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Til félagsfundar skal boðað með dagskrá í auglýsingu í fjölmiðlum með minnst fjögurra vikna og mest sjö vikna fyrirvara.

   Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Sjóðfélagi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi. Slíkt umboð gildir aldrei lengur en tvö ár og það má afturkalla hvenær sem er.

   Aðili sem ber beina ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðs eða ábyrgð á breytilegu iðgjaldi til hans skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. fara með meiri hluta atkvæða á félagsfundi sjóðsins og við stjórnarkjör skv. 5. mgr. samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

   Ársfund skal halda árlega í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Á ársfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

   Stjórn sjóðsins skal kjósa með beinum hætti á aðalfundi eða með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu fyrir aðalfund ef kosning á aðalfundi er óframkvæmanleg.
2. 30. gr. falli brott.

Greinargerð.

Hér er lagt til að um félagsfundi lífeyrissjóða gildi svipaðar reglur og um hluthafafundi hlutafélaga. Reglur um atkvæðavægi eru þó vandmeðfarnar vegna þess hagsmunaáreksturs sem óhjákvæmilega verður milli eldri og yngri sjóðfélaga við val á forsendum sem notaðar eru við tryggingafræðilega úttekt, sérstaklega við mat á þeirri ávöxtun sem vænst er að sjóðurinn muni ná næstu áratugi. Staða sjóðsins batnar verulega ef reiknað er með hárri ávöxtun og þá er að öðru óbreyttu hægt að hækka lífeyri til þeirra sem nú taka lífeyri. Það verða því hagsmunir eldri sjóðfélaga að reikna með hárri ávöxtun. Hins vegar þarf að skerða lífeyri líðandi stundar ef reiknað er með lágri ávöxtun en við það verður sjóðurinn sterkari en ella í fjarlægri framtíð, þegar yngri sjóðfélagar hefja töku lífeyris.

Atkvæðavægi eldri sjóðfélaga verður mjög mikið ef miðað er við áunnin réttindi eða inneign. Þeir hefðu því hugsanlega of sterk ítök með þeim hætti. Ef miðað er við höfðatölu fá þeir sem eiga mjög lítil réttindi, t.d. vegna hlutastarfs, of sterk ítök. Þeir geta auk þess átt atkvæðisrétt í tveimur eða þremur sjóðum samtímis. Þetta má hindra með því að miða við þann rétt sem sjóðfélaginn kemur til með að ávinna sér um starfsævina (framreiknaður réttur), en þá er

hugsanlegt að yngri sjóðfélagar fái of mikil ítök miðað við hagsmuni þeirra. Lausnin gæti falist í því að miða við blöndu af áunnum og framreiknuðum réttindum.

Þegar aðili, t.d. ríkissjóður, ber ábyrgð á lífeyrissjóði, beina eða óbeina, er eðlilegt að hann hafi öll tök á stjórn sjóðsins og breytingum á samþykktum því að hann á allt undir því að skynsamlega sé staðið að rekstri sjóðins.

Nauðsynlegt getur verið að grípa til póstatkvæðagreiðslu ef aðstæður eru þannig að sjóðfélagar geta ekki kosið beinni kosningu á félagsfundi. Það getur átt við ef lífeyrissjóðurinn er mjög fjölmennur eða ef sjóðfélagar eru mjög dreifðir, t.d. sjómenn.

Eðlilegt verður að telja að ákvæði um félagsfund komi á undan ákvæðum um stjórn, sem kosin er á félagsfundi. Því er lagt til að ákvæði um félagsfund komi í stað 30. gr. en verði jafnframt á undan 29. gr.

528. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um háskóla.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Tvö efnisatriði frumvarps til laga um háskóla eru þess eðlis að minni hluti menntamálanefndar lýsir við þau fullri andstöðu. Þau eru í fyrsta lagi ofstjórnarárátta gagnvart háskólastiginu sem fram kemur í ýmsum greinum frumvarpsins og í öðru lagi sú grundvallarbreyting að verði 19. gr. og 26. gr. frumvarpsins samþykktar óbreyttar verða engar lagalegar hindranir í vegi fyrir því að lögð verði á skólagjöld í opinberum skólum.

Auk þessara megingagnrýnisatriða eru fjölmörg smærri atriði sem eru álitaefni og munu þau verða tíunduð við 2. umræðu um frumvarpið þótt þeirra sé ekki getið sérstaklega í nefndaráliti eða gerðar við þau sérstakar breytingartillögur.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að helsta markmið löggjafar um háskóla eigi að vera að festa það skólastig í sessi sem tekur við af framhaldsskólastigi. Víðtæk samstaða hefur verið um að nauðsynlegt sé að draga saman þau meginskilyrði sem stofnun þarf að uppfylla til að geta talist háskóli og veitt háskólagráðu við námslok.

Á 121. löggjafarþingi þegar frumvarpið kom fyrst fram voru gerðar við það alvarlegar athugasemdir af hálfu Háskóla Íslands. Á það var bent að með IV. kafla frumvarpsins væru skólanum settar ónauðsynlegar skorður og að samræming um skipulag háskólaráðs og ráðningu rektors hefði ekkert sjálfstætt gildi nema sem samræmingin ein. Afgreiðslu frumvarpsins var frestað sl. vor að beiðni Háskóla Íslands. Það var svo endurflutt á þessu þingi, lítið breytt.

Minni hlutinn gerir athugasemd við það hve ýmis ákvæði frumvarpsins eru enn ítarleg, jafnvel smásmuguleg, og að ekki skyldi við samningu og yfirferð frumvarpsins tekið tillit til sérstöðu Háskóla Íslands, að hann er bæði fyrsti og langelsti háskólinn, auk þess að vera langstærsti og fjölmennasti háskóli þjóðarinnar. Bæði hefur verið litið fram hjá sérstöðu skólans og þeim hefðum og venjum sem Háskóli Íslands hefur haft í heiðri frá upphafi. Háskólinn hefur nú knúið fram lágmarksbreytingar, sbr. breytingartillögur meiri hlutans, en það er óskiljanlegt af hverju ekki var einfaldlega orðið við óskum skólans um að þau ákvæði sem ágreiningur hefur verið um yrðu í sérlögum um skólann. Er þar komið að fyrra stóra gagnrýnisefni minni hlutans sem beinist að þeirri ofstjórnaráráttu sem fram kemur í frumvarpinu og hefur verið skýrð þannig að héðan í frá verði miðstýring reglan en sjálfstæði skólans og lýðræðið undantekning.

Frá upphafi hefur það verið svo að rektor Háskóla Íslands hefur verið valinn af háskólasamfélaginu og val hans tilkynnt Stjórnarráðinu eða menntamálaráðuneytinu. Sami háttur hefur verið hafður á í Kennaraháskóla Íslands. Þetta fyrirkomulag styðst við hefðir við erlenda háskóla og þykja nauðsynlegar til að tryggja frelsi og sjálfstæði háskóla gagnvart stjórnmálalegu valdi. Þessu á nú að breyta hér og gera rektora háskólanna að embættismönnum sem menntamálaráðherra hefur boðvald yfir. Menntamálaráðherra hefur, miðað við breytingartillögur meiri hlutans, aðeins hopað í þessu máli en heldur þó fast við það að rektorar háskólanna allra skuli stjórnskipulega vera embættismenn og þar með undirmenn hans.

Einnig er fyrirhugað samkvæmt frumvarpinu að gjörbreyta háskólaráði Háskóla Íslands og fækka þar fólki til samræmingar. Af tíu fulltrúum eða færri skal menntamálaráðherra síðan skipa tvo. Hér er um algera stefnubreytingu að ræða þar sem ráðherra getur með svo beinum hætti hlutast til um innri mál háskólanna. Í skýrslu þróunarnefndar, sem vitnað er til í frumvarpinu, er lagt til að tveir fulltrúar háskólaráðs komi utan úr þjóðfélaginu. Rektor velji þessa tvo fulltrúa úr hópi sex fulltrúa þar sem menntamálaráðherra geri tillögu um þrjá og samtök atvinnulífsins aðra þrjá. Í frumvarpinu eru þessar hugmyndir notaðar sem skálkaskjól til að setja inn ákvæði um að ráðherra skipi sjálfur beint tvo af fulltrúunum í háskólaráði. Eigi að gera ráð fyrir fulltrúum að utan, svokölluðum þjóðlífsfulltrúum, væri mun betra að fara hreinlega eftir þeirri hugmynd sem fram kemur í skýrslu þróunarnefndar og að í sérlögum hvers skóla kæmi fram hverjir hefðu tilnefningarrétt á móti menntamálaráðherra eða ef menn vilja halda sig við það að menntamálaráðherra skipi fulltrúana, þá verði ákveðinn tilnefningarferill sem tryggi faglega meðferð ákvarðaður í sérlögum hvers skóla. Þá er ætlunin að ákvarða það í rammalöggjöf hverjir af kennurum háskólanna megi sitja í háskólaráði.

Þessi ákvæði, um skipun rektors, kennarafulltrúanna og fulltrúa menntamálaráðherra í háskólaráði, sem miða að því að veikja sjálfstæði háskóla og gera þá háðari pólitísku valdi, gagnrýnir minni hlutinn harðlega.

Hitt efnisatriðið sem minni hlutinn lýsir algerri andstöðu við er að með þessu frumvarpi er opnað á skólagjöld í opinberum skólum, jafnvel til að standa undir almennum rekstri og kennslukostnaði í skólunum. Þess sér annars vegar stað í 26. gr. frumvarpsins en með samþykkt hennar falla úr gildi lög um skólakerfi frá 1974. Í 6. gr. þeirra laga segir: „Kennsla er veitt ókeypis í opinberum skólum.“ Sú viðspyrna gegn hugmyndum um skólagjöld í opinberum skólum sem falist hefur í lögum um skólakerfi er þar með farin. Hins vegar segir í 19. gr. frumvarpsins: „Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla.“ Hér er verið að tala um gjaldtöku vegna náms, óskilgreint.

Með samþykkt þessara ákvæða er verið að gera grundvallarbreytingu á íslensku skólakerfi þar sem hingað til hefur verið bannað að taka gjald fyrir kennslu í opinberum skólum, sbr. lögin um skólakerfi. Minni hlutinn varar við afleiðingum þess að slík samþykkt verði keyrð í gegn. Með slíkri lagabreytingu, sem sýnir tiltekinn pólitískan vilja, er verið að stíga fyrsta og stærsta skrefið í þá átt að afnema jafnrétti til náms.

Þá er ástæða til að hafa áhyggjur af því að skv. 6. gr. frumvarpsins munu allir háskólar geta ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði. Háskóli Íslands hefur beitt fjöldatakmörkunum í afmörkuðum greinum. Annars hefur skólinn verið sannkallaður þjóðskóli þar sem þeir sem hafa stúdentspróf eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu hafa fengið að spreyta sig á því námi sem hugur þeirra hefur staðið til.

Þær breytingar á íslenskri menntastefnu sem boðaðar eru og hér hafa verið tíundaðar eru því ekki áherslubreytingar heldur grundvallarbreytingar á því menntakerfi sem við höfum byggt upp og hefur gefið öllum tækifæri til að sýna getu sína.

Breytingartillögur minni hlutans, sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali, lúta að þessum tveimur atriðum, ofstjórn sem rýrir sjálfstæði háskóla og opnun á skólagjöld í opinberum skólum. Þær eru eftirfarandi:

1. Á eftir 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. er gerð tillaga um nýjan málslið sem kveður á um að í stað þess að ráðherra skipi að eigin geðþótta tvo fulltrúa í háskólaráð komi ákvæði um það í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla að þeir fulltrúar sem ráðherra skipar skuli vera tilnefndir af aðilum sem þekkja til mála varðandi hvert það svið sem háskólarnir eru að fást við eða þær áherslur sem þeir vilja leggja. Þannig verði tryggt að faglegt mat ráði því hverjir veljast til setu í háskólaráði en ekki pólitískur geðþótti ráðherra.
2. Í þeirri breytingu sem lögð er til á 1. málsl. 1. mgr.14. gr. tekur minni hlutinn undir sjónarmið Háskóla Íslands en af hálfu talsmanna hans hefur verið lögð áhersla á að skipan rektors geti verið með mismunandi hætti milli háskóla og samræming þessa ákvæðis hafi ekkert sjálfstætt gildi umfram samræminguna eina. Slík samræming getur tæpast verið pólitískt markmið í sjálfu sér. Svo er ekki heldur varðandi önnur mikilvæg atriði í frumvarpinu, svo sem skilgreiningu á háskóla og hvort iðkun rannsókna teljist nauðsynlegur þáttur í slíkri skilgreiningu. Í því efni þykir ekki ástæða til samræmingar af hálfu meiri hlutans. Minni hlutinn leggur því til að í sérlögum hvers háskóla verði tekið á því hvernig kveðið skuli á um stöðu rektors.
3. Lagt er til að í 19. gr. verði með breyttu orðalagi fyrri málsliðar 3. mgr. tryggt að gjaldtaka vegna náms eigi einungis við um einkaskóla en ekki opinbera skóla. Bæði verði orðið „sérlög“, sem einkum er notað um ríkisskólana, fellt út úr textanum og skýrt sérstaklega að ákvæði málsliðarins eigi eingöngu við um aðra skóla en ríkisháskóla. Þannig verði sagt með berum orðum að gjaldtaka vegna náms sé einungis heimil í öðrum háskólum en ríkisháskólum.

   Þá er jafnframt lagt til að skrásetningargjald geti aldrei orðið hærra en sem nemur tilteknum nánar skilgreindum kostnaði og að slíku gjaldi verði aldrei varið til að standa undir almennum rekstrarkostnaði skólans né kennslu.
4. Lögin um skólakerfi frá 1974 banna gjaldtöku vegna kennslu í opinberum skólum. Með 26. gr. frumvarps til laga um háskóla stendur til að fella þessi lög úr gildi. Með því er verið að opna á skólagjöld í opinberum skólum sem er nýmæli og grundvallarbreyting frá því sem verið hefur. Með slíkri lagabreytingu, sem sýnir tiltekinn pólitískan vilja, er verið að stíga fyrsta og stærsta skrefið í þá átt að afnema jafnrétti til náms. Minni hlutinn leggur því til að 26. gr. verði felld brott úr frumvarpinu.

Alþingi, 13. des. 1997.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Svavar Gestsson.

529. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um háskóla.

Frá minni hluta menntamálanefndar (SvanJ, GGuðbj, SvG).

1. Við 13. gr. Á eftir 4. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Tilnefning þeirra ákvarðast í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla.
2. Við 14. gr. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: nema á annan hátt sé kveðið á um stöðu rektors í sérlögum.
3. Við 19. gr.
   a. Orðið „sérlögum“ í fyrri málslið 3. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „hvers háskóla“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: annarra háskóla en ríkisháskóla.
   c. Við 3. mgr. bætist tveir nýir málsliðir: Gjaldtaka af nemendum má einungis nema áætluðum kostnaði við innritun, kennsluefni og pappírsvörur sem skólinn lætur nemendum í té. Slíkt gjald skal aldrei nema hærri upphæð en 25.000 kr. og verði því hvorki varið til þess að standa undir almennum rekstrarkostnaði skólans né kennslu.
4. Við 26. gr. Greinin falli brott.

530. Frumvarp til laga [292. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arason, Beata Dorota, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1971 í Póllandi.
2. Atanasov, Ioulian Ognianov, verkamaður í Reykjavík, f. 11. október 1952 í Búlgaríu.
3. Atli Jakob Hlöðversson, barn í Kópavogi, f. 24. apríl 1996 í Kasakstan.
4. Ágústsson, Lesley Patricia, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. apríl 1961 í Bretlandi.
5. Barriga, Rosemarie Peñas, húsmóðir í Kópavogi, f. 17. október 1972 á Filippseyjum.
6. Beccard, Denise Rosemary, fiskvinnslukona á Tálknafirði, f. 16. desember 1965 á Nýja-Sjálandi.
7. Binatero, Ursulina Lorejas, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 7. apríl 1959 á Filippseyjum.
8. de Bont, Robert, húsasmiður í Kópavogi, f. 13. maí 1950 í Hollandi.
9. Brainard, Charles Jón, garðyrkjumaður í Noregi, f. 24. febrúar 1958 í Hafnahreppi.
10. Buenaventura, Cristina Bernardino, verkakona í Reykjavík, f. 1. nóvember 1959 á Filippseyjum.
11. Burrell, Carl Ólafur, verkamaður í Reykjavík, f. 31. desember 1970 í Bandaríkjunum.
12. Calderon, Yearly Soon, verkakona á Flateyri, f. 19. nóvember 1970 á Filippseyjum.
13. Calvi Lozano, Alvaro Migueli, sölumaður í Reykjavík, f. 5. maí 1970 í Bólivíu.
14. Charyton, Bogdan, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 23. janúar 1942 í Póllandi.
15. Crosbie, Kristín, nemi í Reykjavík, f. 28. september 1973 í Reykjavík.

16. Donaire, Maria Luz Gorgonio, verkakona á Akureyri, f. 7. janúar 1968 á Filippseyjum.
17. Dumas, Geneviève Marie Paule Blanche, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. júní 1947 í Frakklandi.
18. Egan, Brad Alexander, stýrimaður á Flateyri, f. 16. september 1968 í Suður-Afríku.
19. Egill Anton Hlöðversson, barn í Kópavogi, f. 19. janúar 1993 í Kasakstan.
20. El-Bouazzati, Saida, verkakona í Reykjavík, f. 18. apríl 1972 í Marokkó.
21. Elísson, Elzbieta-Krystyna, húsmóðir í Grundarfirði, f. 1. janúar 1955 í Póllandi.
22. Elstun, Christopher James, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 5. desember 1968 í Bandaríkjunum.
23. Engels, Anne Margarete, verkakona á Blönduósi, f. 12. desember 1960 í Þýskalandi.
24. Everett, Melanie Rose, verkakona í Hafnarfirði, f. 2. september 1979 í Bretlandi.
25. Golden, Thomas Patrick, matreiðslumaður í Neskaupstað, f. 8. apríl 1934 í Bretlandi.
26. Guðmundsdóttir Khorchai, Ragnhildur, barn í Reykjavík, f. 26. janúar 1995 í Reykjavík.
27. Hansen, Grete Tove, skrifstofumaður á Akureyri, f. 1. mars 1969 á Akureyri.
28. Harris, Valerie Jacqueline, iðjuþjálfi í Reykjavík, f. 16. janúar 1968 í Bretlandi.
29. Hua, Au Nhi, húsmóðir í Kópavogi, f. 25. febrúar 1960 í Víetnam.
30. Juliussen, Anna Karin, félagsráðgjafi í Reykjavík, f. 1. maí 1946 í Reykjavík.
31. Kajioka, Rosmary, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 29. mars 1965 í Bandaríkjunum.
32. Kentta, Margaret Elizabeth, rithöfundur í Reykjavík, f. 10. júlí 1952 í Bandaríkjunum.
33. Khongjamroen, Sirivan, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 30. september 1955 í Tælandi.
34. Larsen, Finnur Heimir, múrari í Reykjavík, f. 6. nóvember 1970 í Reykjavík.
35. Latinović, Tatjana, nemi í Reykjavík, f. 14. maí 1967 í Júgóslavíu.
36. Li, Tong, starfsmaður á matsölustað í Reykjavík, f. 15. mars 1970 í Kína.
37. Long, Janine Elizabeth, fiskvinnslukona á Flateyri, f. 5. desember 1968 í Zimbabwe.
38. Louzir, Ali, veitingamaður í Reykjavík, f. 10. febrúar 1957 í Alsír.
39. Lumpa, Yupin, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. október 1959 í Tælandi.
40. Marina Mia Alexandra Loftsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 10. september 1979 í Frakklandi.
41. Marković, Dušan, nemi í Reykjavík, f. 29. ágúst 1978 í Júgóslavíu.
42. Marković, Svetlana, nemi í Reykjavík, f. 26. júlí 1974 í Júgóslavíu.
43. Moukhliss, Brahim, verkamaður í Sandgerði, f. 24. mars 1968 í Marokkó.
44. Moutagarov, Valeri, íþróttaþjálfari á Seltjarnarnesi, f. 26. maí 1945 í Sovétríkjunum.
45. Moutagarova, Lioudmila, verkakona á Seltjarnarnesi, f. 15. maí 1948 í Sovétríkjunum.
46. Moutagarova, Svetlana, nemi á Seltjarnarnesi, f. 17. október 1977 í Sovétríkjunum.
47. Muñoz, Maria Ivy G., hjúkrunarstarfsmaður í Mosfellsbæ, f. 11. ágúst 1972 á Filippseyjum.
48. Möller, Berglind, barn í Mosfellsbæ, f. 8. september 1996 í Reykjavík.
49. Möller, Katrín, barn í Mosfellsbæ, f. 26. nóvember 1989 í Reykjavík.
50. Möller, Marteinn, barn í Mosfellsbæ, f. 2. nóvember 1993 í Reykjavík.
51. Nikolov, Svetozar Nikolov, nemi í Reykjavík, f. 16. september 1979 í Búlgaríu.
52. Olgeirsson, Celene Marie, nemi í Reykjavík, f. 11. febrúar 1966 í Bandaríkjunum.
53. Ould Bouya, Ali, verkamaður í Reykjavík, f. 25. febrúar 1972 í Marokkó.
54. Pardo Pardo, Juan Carlos, verkamaður í Reykjavík, f. 21. apríl 1957 í Chile.
55. Passaro, Leonardo, verslunarmaður á Siglufirði, f. 4. apríl 1950 á Ítalíu.
56. Poulsen, Sonja Hafdís, verslunarmaður í Kópavogi, f. 17. maí 1972 í Reykjavík.
57. Reisenhus, Hans Viggó, verkamaður á Akureyri, f. 22. október 1971 á Akureyri.
58. Remigis, Sandra Marie, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 25. maí 1955 í Kanada.
59. Saithong, Wilaiwan, fiskvinnslukona í Vestmannaeyjum, f. 30. maí 1964 í Tælandi.

60. Schjetne, María, verslunarmaður í Kópavogi, f. 5. desember 1951 í Reykjavík.
61. Sheppard, Clyde Nicholas, sjómaður á Flateyri, f. 4. október 1968 í Suður-Afríku.
62. Smirnov, Stanislav, þýðandi í Reykjavík, f. 23. apríl 1966 í Sovétríkjunum.
63. Soleminio, Janeth Libumfacil, verkakona í Njarðvík, f. 28. mars 1968 á Filippseyjum.
64. Stephenson, Rudolph Robert, fiskverkamaður á Ísafirði, f. 11. febrúar 1964 á Jamaíka.
65. Suasoongnoen, Somkhuan, verkakona í Reykjavík, f. 8. maí 1953 í Tælandi.
66. Sveinsson, Irina, handknattleiksþjálfari í Kópavogi, f. 21. apríl 1962 í Sovétríkjunum.
67. Symons, Michael William, sjómaður á Tálknafirði, f. 6. júní 1964 á Nýja-Sjálandi.
68. Sörensen, Valgarð Þórarinn, sölumaður á Selfossi, f. 11. desember 1973 á Selfossi.
69. Ta, Thanh Dong, nemi í Reykjavík, f. 19. apríl 1983 í Víetnam.
70. Te Maiharoa, Rebekka Lea, nemi á Selfossi, f. 14. júní 1982 á Nýja-Sjálandi.
71. Te Maiharoa, Tania Sif, nemi á Selfossi, 30. janúar 1981 á Nýja-Sjálandi.
72. Thirapongsuchart, Kanjanapron, verkakona á Ísafirði, f. 29. ágúst 1966 í Tælandi.
73. Velasco, Calcilita D., verkakona í Hafnarfirði, f. 27. maí 1960 á Filippseyjum.
74. Wheeley, Sara Ósk, nemi í Kópavogi, f. 1. ágúst 1979 í Bandaríkjunum.
75. Wilkins, Helena, verkakona í Reykjavík, f. 2. október 1975 í Bandaríkjunum.
76. Wilkins, Laurie Ann, blaðberi í Reykjavík, f. 30. október 1980 í Bandaríkjunum.
77. Xuesong, Yan, starfsmaður í sendiráði Íslands í Peking, f. 18. febrúar 1969 í Kína.
78. Yecyec, Cristina Silod, fiskvinnslukona á Skagaströnd, f. 14. apríl 1971 á Filippseyjum.
79. Yuangthong, Somchai, verkamaður í Reykjavík, f. 7. júlí 1971 í Tælandi.
80. Zahniser, Davíð Páll, nemi í Reykjavík, f. 22. maí 1974 í Reykjavík.
81. Živortnik, Anica, starfsmaður í veitingahúsi í Reykjavík, f. 12. apríl 1967 í Júgóslavíu.
82. Zogaj, Mehdi, verkamaður í Reykjavík, f. 1. maí 1969 í Júgóslavíu.
83. Zyk, Halina, verkakona í Reykjavík, f. 20. júlí 1947 í Póllandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

531. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988 (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta).

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í fangelsum skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

2. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Í afplánunarfangelsum má starfrækja gæsluvarðhaldsdeildir. Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði í þessum kafla eiga við um afplánunarfanga.

4. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Samfélagsþjónusta,** með fimm nýjum greinum, 22.–26. gr., og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (22. gr.)

Hafi maður verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir.

Þegar um refsivist er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en sex mánuðir.

Þegar hluti refsivistar er skilorðsbundinn má heildarrefsivist samkvæmt dóminum eigi vera lengri en sex mánuðir.

b. (23. gr.)

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við fangelsismálastofnun eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun refsivistar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu og þar með talið hvort líklegt er að hann geti innt hana af hendi skal fara fram athugun á persónulegum högum hans.

Þegar refsivist er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar refsivist. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar refsivist skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

c. (24. gr.)

Fangelsismálastofnun ákveður hvort refsivistardómur verði fullnustaður með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi, en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá tímafresti í 1. tölul. 1. mgr. 23. gr.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu refsivistar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

d. (25. gr.)

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti á þeim tíma, sem samfélagsþjónusta er innt af hendi, umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Enn fremur má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Áður en fullnusta á refsivist með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

e. (26. gr.)

Nú rýfur dómþoli skilyrði samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti og ákveður þá fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsivist skuli afplánuð.

Nú er dómþoli kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eftir að ákveðið er að fullnusta refsivist með samfélagsþjónustu og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að ákvörðun um fullnustu refsivistar með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsivistina.

Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er ekki alvarlegt eða ítrekað skal veita áminningu áður en ákveðið er að refsivist skuli afplánuð.

Þegar ákveðið er, skv. 1. eða 2. mgr., að refsivist skuli afplánuð skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Þegar eftirstöðvar refsivistar, sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu, eru afplánaðar er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum þannig að tími í samfélagsþjónustu teljist ekki með við útreikning á hlutfalli afplánunar.

5. gr.

Á eftir 26. gr. laganna (sem verður 31. gr.) kemur nýr kafli, VI. kafli, **Náðunarnefnd,** með einni grein, 32. gr., og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjá varamenn, til tveggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Þá falla úr gildi lög um samfélagsþjónustu, nr. 55. 29. apríl 1994.

Jafnframt bætist nýr málsliður við 1. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, svohljóðandi: Fangar skulu njóta sjúkratrygginga, annarra en sjúkradagpeninga, samkvæmt almennum reglum sem um þær gilda.

Ákvæði til bráðbirgða.

Til að heimilt verði að fullnusta dóma með samfélagsþjónustu þar sem dæmd refsivist er meira en þrír mánuðir eða hluti refsivistar skilorðsbundinn þarf dómurinn að vera kveðinn upp eftir gildistöku laga þessara.

532. Frumvarp til laga [289. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Veita má skipverja sem skráður er í fyrsta sinn sex mánaða frest til að fullnægja ákvæðinu.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu að skipverjar sæki öryggisfræðslunámskeið skv. 7. tölul. 1. mgr. þessarar greinar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar sem hafa skráð sig á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna fyrir 1. janúar 1998 fá frest til 1. apríl 1999 til að fullnægja skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

533. Frumvarp til laga [331. mál]

um breytingu á lögum nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna fyrir setu í nefndinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá er spilliefnanefnd heimilt að greiða förgun úrgangsefna sem blandast hafa vörum sem greitt hefur verið af skv. 6. gr., enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Spilliefnagjald skal lagt á neðangreinda vöruflokka:

1. Olíuvörur:
   a. svartolía, allt að 0,1 kr. á hvert kg,
   b. önnur olía en brennsluolía, allt að 20,0 kr. á hvert kg.
2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:
   a. lífræn leysiefni, allt að 3,0 kr. á hvert kg,
   b. halógeneruð efnasambönd, allt að 900 kr. á hvert kg,
   c. ósoneyðandi efni, allt að 900 kr. á hvert kg,
   d. ísósyanöt, allt að 10,0 kr. á hvert kg.
3. Málning og litarefni, allt að 16,0 kr. á hvert kg.
4. Rafhlöður og rafgeymar:
   a. rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert kg, eða hámarksstykkjagjald á rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert stykki,
   b. rafgeymar, allt að 60 kr. á hvert kg.
5. Ljósmyndavörur: framköllunarvökvar og fixerar, allt að 300 kr. á hvert kg.
6. Vörur sem innihalda kvikasilfur, allt að 900 kr. á hvert kg.
7. Ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur), allt að 5,0 kr. á hvert kg.

4. gr.

Í stað orðanna „einn mánuður“ í 2. tölul. 7. gr. laganna kemur: þrír mánuðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

534. Frumvarp til laga [99. mál]

um ríkisábyrgðir.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum þeim sem ábyrgð heimila. Um veitingu ríkisábyrgða fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um endurlán ríkissjóðs eftir því sem við á. Endurlán verða þó ekki veitt aðilum utan B- og C-hluta ríkissjóðs, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum sem ábyrgð heimila.

2. gr.

Í frumvarpi sem fjármálaráðherra leggur fram um veitingu ríkisábyrgða skal liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs, skv. lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, á eftirtöldum þáttum:

1. Mat á greiðsluhæfi skuldara.
2. Mat á afskriftaþörf vegna áhættu af ábyrgðum.
3. Mat á tryggingum sem lagðar verða fram vegna ábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða hámark veðsetningarhlutfalls.
4. Mat á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði.

3. gr.

Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Kveðið sé á um heimild til ríkisábyrgðar í lögum þeim sem ábyrgð heimila.
2. Ef lánsfjárþörfina er ekki hægt að uppfylla á almennum lánamarkaði og sýnt þykir að starfsemin sé hagkvæm.
3. Ábyrgðarþegi leggi fram a.m.k. 20% af heildarfjárþörf verkefnisins.
4. Ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs.

Ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærra hlutfalli en 75% af lánsfjárþörf verkefnis sem veitt er ríkisábyrgð.

Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ábyrgð fyrir aðila sem er í vanskilum við ríkissjóð eða Ríkisábyrgðasjóð.

4. gr.

Hver sá sem ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir, ábyrgðarþegi, skal greiða við ábyrgðarveitingu í ríkissjóð áhættugjald er nemi 0,25–4,00% af höfuðstól ábyrgðarskuldbindingar fyrir hvert ár lánstímans. Áhættugjaldið skal greiða í upphafi lánstíma og rennur það í ríkissjóð. Áhættugjald skal ákveðið af Ríkisábyrgðasjóði og taka mið af þeirri áhættu sem talin er vera af ábyrgðinni og hvort um einfalda ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð er að ræða.

Ábyrgðarþegi skal greiða afgreiðslugjald samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur. Skal það taka mið af kostnaði við afgreiðslu og mat á viðkomandi ábyrgð. Afgreiðslugjaldið skal renna til Ríkisábyrgðasjóðs.

Lánveitandi annast innheimtu áhættu- og afgreiðslugjalda hjá ábyrgðarþega.

5. gr.

Ríkisábyrgðasjóður skal halda afskriftareikning vegna veittra ábyrgða. Afskriftareikningur sjóðsins skal á hverjum tíma gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum allra ábyrgða sjóðsins. Jafnharðan og ákvarðanir eru teknar um ábyrgðir, sbr. 3. gr., leggur sjóðurinn við afskriftareikning fjárhæð sem nemur áætlaðri afskriftaþörf.

Eigi sjaldnar en árlega skal endurmeta áhættu og afskriftaþörf Ríkisábyrgðasjóðs vegna ábyrgða og endurlána og á grundvelli þess endurákvarða framlag á afskriftareikning. Leiði sú endurskoðun í ljós að varasjóður Ríkisábyrgðasjóðs nægi ekki til að mæta þannig metnum skuldbindingum skal fjármálaráðherra gera Alþingi viðvart og gera tillögu um aðgerðir til að koma jafnvægi á fjárhag sjóðsins.

Ríkisábyrgðasjóður skal fylgjast með rekstri þeirra aðila er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir eða veitt lán. Ábyrgðarþegum er skylt að láta Ríkisábyrgðasjóði í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn er nauðsynleg teljast til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga er ráðherra heimilt að beita dagsektum uns gögnin eru komin fram. Um fjárhæð dagsekta skal nánar kveðið á í gjaldskrá er fjármálaráðherra setur. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.

6. gr.

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta, eða hafa notið, ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún er tilkomin vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars, skulu greiða ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á. Almennar viðskiptaskuldir og eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar skulu þó undanþegnar gjaldinu.

Ábyrgðargjald skv. 1. mgr. nemur 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra erlendra skuldbindinga og 0,0375% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra innlendra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Lán sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, húsbréf útgefin af húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum og útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð og Seðlabanki Íslands eru undanþegin greiðslu ábyrgðargjalds skv. 6. gr.

Ábyrgðargjald vegna skuldbindinga fyrirtækja, sem eru að hluta í eigu ríkissjóðs, skal reikna í sama hlutfalli og eignaraðild ríkissjóðs nemur. Eignaraðild ríkissjóðs í félögum og fyrirtækjum þar sem ábyrgð eigenda takmarkast við framlag þeirra, t.d. í hlutafélögum, veldur ekki gjaldskyldu.

8. gr.

Ríkisábyrgðasjóður annast útreikning, álagningu og innheimtu áhættugjalds skv. 4. gr. og ábyrgðargjalds skv. 6. gr. Ábyrgðarþegi skal veita Ríkisábyrgðasjóði allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar í því sambandi.

Gjaldskyldir aðilar skv. 6. gr. skulu skila skýrslu í því formi sem Ríkisábyrgðasjóður ákveður þar sem fram komi brúttófjárhæð allra gjaldskyldra skuldbindinga eins og höfuðstóll þeirra er hinn 10., 20. og síðasta dag hvers mánaðar á hverju gjaldtímabili. Gjaldstofn ábyrgðargjalds er einfalt meðaltal fyrrgreindra fjárhæða.

Ábyrgðargjaldi skv. 6. og 7. gr. skal skila, ásamt skýrslu skv. 2. mgr., ársfjórðungslega eftir á. Gjalddagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, með síðari breytingum.

9. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Falla þá úr gildi lög nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir gildistöku laga þessara skal fara fram athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs með það að markmiði að leiða í ljós áhættu sjóðsins og meta hvort ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til fjármagn til að eignir sjóðsins standist á við skuldbindingar hans. Uppgjör þetta skal miðast við gildistöku laga þessara.

535. Frumvarp til laga [327. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda. Bóndi í þessu sambandi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð 16 ára aldri á næsta almanaksári á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð skulu bæði vera sjóðfélagar ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur skriflega verið tilkynnt Hagstofu Íslands eða sjóðstjórn, sbr. 2. málsl.

2. gr.

Á 5. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til sjóðfélaga gegn veði í fasteign.
b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Iðgjaldsstofn vegna bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra, sem reikna sér ekki laun heldur þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila, sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% hærra en iðgjald skv. 1. málsl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim hjá sjóðfélögum, sem beingreiðslna njóta, iðgjaldi þessara sjóðfélaga fyrir það tímabil og skila því til sjóðsins. Nú nýtur bóndi ekki beingreiðslna og skal þá iðgjald innheimt samtímis og með búnaðargjaldi. Stofn til greiðslu upp í iðgjald skal vera reiknuð laun eða heildarlaun á næstliðnu tekjuári, enda liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknuð laun eða laun yfirstandandi árs. Iðgjöldum, sem innheimt eru skv. 1. og 2. málsl., skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að þau eru greidd og skulu þau sundurliðuð eftir sjóðfélögum.

Greiðsla upp í iðgjald skv. 2. málsl. 3. mgr. skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum, mánuðina ágúst til desember á tekjuárinu. Gjalddagar iðgjaldagreiðslu skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember.

Heimilt er sjóðfélaga að sækja um breytingu á iðgjaldagreiðslu vegna breytinga á reiknuðum launum eða greiddum launum sem eiga sér stað á árinu. Slíka umsókn skal senda sjóðnum sem úrskurðar um breytingu greiðsluskyldunnar. Skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn nema fyrirsjáanlegt sé að iðgjald breytist sem nemur 25%, þó að lágmarki 10.000 kr., á milli ára.

Frá greiðsluskyldu iðgjaldi skv. 2. mgr. skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið upp í iðgjald skv. 3., sbr. 4. mgr. Ef iðgjald er hærra en greiðsla upp í iðgjald skal því sem á vantar haldið eftir af beingreiðslu eða innheimt samhliða búnaðargjaldi, eftir því sem við á, á næsta gjalddaga eftir álagningu. Sé iðgjaldið lægra en greitt hefur verið upp í iðgjald skulu vextir reiknaðir á endurgreiðslu samkvæmt vaxtalögum.

Nú hefur sjóðfélagi sem greiðir iðgjald skv. 1. mgr. atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og er honum þá heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega sem eru sjóðfélagar skv. 2. mgr. 2. gr. skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó iðgjald skv. 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búsins og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Gjalddagi iðgjalda og framlaga hvers mánaðar skv. 7. og 8. mgr. er tíundi dagur næsta mánaðar. Sé um að ræða sumarfólk, sem einungis starfar á tímabilinu maí–september, er þó heimilt að gera skil í einu lagi fyrir sumarið, með gjalddaga 10. október.

Greiði sjóðfélagi ekki greiðslu upp í iðgjald innan 30 daga frá gjalddaga skv. 4. mgr. eða sé hún vangreidd skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 4. mgr. Verði vanskil á greiðslu iðgjalda og framlaga skv. 7. og 8. mgr. lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 9. mgr.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1998.

536. Frumvarp til laga [149. mál]

um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim.

Rafræn útgáfa verðbréfa og skráning eignarréttinda yfir þeim með þeim réttaráhrifum sem kveðið er á um í lögum þessum er einungis heimil verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

rafbréf: framseljanlegt rafrænt eignarskráð verðbréf,

eignarskráning: útgáfa á rafbréfum í verðbréfamiðstöð og skráning eignarréttinda yfir þeim,

verðbréfamiðstöð: hlutafélag sem annast eignarskráningu rafbréfa,

reikningsstofnun: félag eða stofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfum í verðbréfamiðstöð,

lokafærsla: endanleg prófun og færsla eignarskráninga í verðbréfamiðstöð samkvæmt tilkynningum til hennar,

reikningur: skrá um lokafærslur reikningseiganda yfir rafbréf í verðbréfamiðstöð.

3. gr.

Viðskiptaráðherra veitir verðbréfamiðstöð starfsleyfi að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Slík leyfi verða aðeins veitt skráðum hlutafélögum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. innborgað hlutafé sé að lágmarki 65 milljónir króna, og er fjárhæð þess bundin gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við opinbert kaupgengi hennar við gildistöku laga þessara,
2. fyrir liggi fullnægjandi rekstraráætlun, byggð á traustum rekstrarforsendum, svo og öryggis- og skipulagslýsing,
3. að uppfyllt sé skilyrði 30. gr. laga þessara um ábyrgðarsjóð.

Ákvörðun ráðherra um umsókn um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd. Verðbréfamiðstöð er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið að fullu greitt.

Verðbréfamiðstöð er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í lögum þessum eða er í eðlilegum tengslum við hana.

4. gr.

Stjórnarmenn í verðbréfamiðstöð skulu vera þrír hið fæsta og skulu þeir vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt

almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðum, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

5. gr.

Einstaklingar og lögaðilar skulu tilkynna bankaeftirliti Seðlabankans beina eða óbeina þátttöku í verðbréfamiðstöð sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn hlutafélagsins, svo og um hve mikil eign þessi er.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut í verðbréfamiðstöð sem segir í 1. mgr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur verðbréfamiðstöðvarinnar getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir verðbréfamiðstöðina að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

6. gr.

Verðbréfamiðstöð ber að tilkynna til bankaeftirlits Seðlabankans ef hún verður þess áskynja eða grunar að lög þessi eða reglugerð sett samkvæmt þeim hafi verið brotin.

7. gr.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar skal setja sér starfsreglur. Í starfsreglum skal meðal annars kveðið á um að stjórnin taki afstöðu til skipulags félagsins, til dæmis hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi, fjárhagsáætlanir og hvernig hagað sé reglubundnu eftirliti með ákvörðunum stjórnar um þau atriði og með hvaða hætti slíkar ákvarðanir skuli endurskoðaðar.

Samruni verðbréfamiðstöðvar við annað félag er óheimill nema með fengnu samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabankans. Hið sama gildir um skiptingu hennar í tvö eða fleiri félög.

8. gr.

Stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum verðbréfamiðstöðvarinnar, svo og endurskoðendum, er óheimilt að skýra frá nokkru því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða stöðu sinni samkvæmt um hagi reikningseiganda, verðbréfamiðstöðvarinnar og viðskiptamanna hennar án undangengins dómsúrskurðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Ákvæði 1. mgr. hindrar þó ekki að verðbréfamiðstöðin geri samstarfssamning við annað félag sem stundar hliðstæða starfsemi og veiti þeim aðila upplýsingar, enda gildi sambærileg ákvæði um þagnarskyldu hans.

9. gr.

Endurskoðaður ársreikningur, staðfestur af stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar, ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabankans innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar að reikningar verði ekki áritaðir án fyrirvara eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu fyrirtækisins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endur-

skoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um félagið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn verðbréfamiðstöðvar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi verðbréfamiðstöðvar fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hana. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

II. KAFLI
Aðild að eignarskráningu.

10. gr.

Rétt til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð hafa:

1. Seðlabanki Íslands,
2. Lánasýsla ríkisins,
3. viðskiptabankar og sparisjóðir,
4. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu,
5. lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.

11. gr.

Þeir aðilar, sem nefndir eru í 10. gr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 12. gr., skulu gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð og er það skilyrði þess að þeir hafi heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt að gera aðildarsamning við útgefendur markaðsverðbréfa um heimild þeirra til að hafa milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð á útgáfu og fyrsta framsali rafbréfa útgefinna af viðkomandi aðila í samræmi við starfsheimildir þeirra á fjármagnsmarkaði.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er einnig heimilt að veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi. Hið sama gildir um aðgang verðbréfasjóða að upplýsingum um eigendur hlutdeildarskírteina í viðkomandi verðbréfasjóði.

12. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, er heimilt að ákveða:

1. nánari reglur um grundvöll og framkvæmd eignarskráningar, svo og með hvaða hætti einstaklingar, sem eru starfsmenn verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, skuli framkvæma þau verkefni sem tengjast skráningu réttinda í verðbréfamiðstöðinni,
2. nánari reglur um skráningu takmarkaðra eignarréttinda að rafbréfum,
3. heimildir verðbréfamiðstöðvar til að ákvarða fyrirkomulag gjaldtöku fyrir umsýslu með rafbréf og skráningu í tengslum við þau.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórna verðbréfamiðstöðva sem starfa á grundvelli þessara laga, er heimilt að ákveða:

1. að erlendum verðbréfamiðstöðvum og erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum með heimild til fjárvörslu, sem hafa heimild til að starfa hér á landi og eru undir opinberu eftirliti, sé heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð með þeim réttaráhrifum sem getið er um í IV. kafla að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans,
2. að verðbréfamiðstöð sé heimilt, að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans, að annast milligöngu um eignarskráningu í erlendum og innlendum verðbréfamiðstöðvum,

3. að veita megi aðilum, öðrum en reikningsstofnunum, rétt til að sækja upplýsingar varðandi eigin reikning beint til verðbréfamiðstöðvar á grundvelli aðildarsamnings sem hlutaðeigandi aðilar gera við verðbréfamiðstöðina.

III. KAFLI
Skráningarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar ber ábyrgð á því að fyllsta öryggis sé gætt í starfsemi hennar og reksturinn fari fram á hagkvæman hátt. Stjórn verðbréfamiðstöðvar setur nánari reglur um hvaða verðbréf er unnt að taka til skráningar sem rafbréf. Reglur þessar skulu tryggja jafnræði allra hlutaðeigandi og skulu birtar opinberlega. Rafbréf í sama verðbréfaflokki verða aðeins skráð í einni verðbréfamiðstöð.

14. gr.

Verðbréfamiðstöð er óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi, sbr. þó ákvæði laga þessara.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að veita upplýsingar í hagtöluskyni að fenginni heimild tölvunefndar.

15. gr.

Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð og annast efndalok viðskipta þeirra með rafbréf. Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein.

Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, Verðbréfaþings Íslands og Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skipar einn fulltrúa í nefndina, verðbréfamiðstöðvar sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum einn fulltrúa og Verðbréfaþing Íslands einn fulltrúa. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva, Verðbréfaþings Íslands og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta.

Seðlabankinn getur beitt reikningsstofnanir viðurlögum skv. 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.

IV. KAFLI
Réttaráhrif skráningar o.fl.

16. gr.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skáður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu.

Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamiðstöð.

Reikningsstofnun er skylt án tafar að tilkynna verðbréfamiðstöð um beiðnir um eignarskráningar, enda framvísi viðkomandi aðili viðhlítandi gögnum um grundvöll beiðninnar.

17. gr.

Telji reikningsstofnun að vafi leiki á um staðreyndir eða atriði sem áhrif hafa á lögvarinn rétt samkvæmt skráningunni, eða á rétt þeirra sem skráningin hefur þýðingu fyrir, og að skráning kunni að brjóta rétt á þriðja aðila ber henni að hafa milligöngu um að réttindin verði einungis eignarskráð til bráðabirgða.

Verðbréfamiðstöð tekur endanlega ákvörðun um hvort réttindi sem skráð hafa verið samkvæmt þessari grein skuli færð í eignarskrá hennar.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bráðabirgðaeignarskráningar samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Reikningsstofnun, ein eða fleiri eftir því sem við getur átt, skal tilkynna öllum hlutaðeigandi um sérhverja skráningu réttinda sem hún hefur haft milligöngu um. Einnig skal hún tilkynna ef vandkvæði eru á skráningu þeirra. Breytingu og afmáningu réttinda ber reikningsstofnunum að tilkynna hlutaðeigandi aðilum með sama hætti eftir því sem við getur átt.

Rétthafi skráðra réttinda og reikningsstofnanir geta óskað eftir því á grundvelli reglna, sem verðbréfamiðstöð setur að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans, að tilkynningar til þeirra séu sendar með jöfnu millibili, svo og afþakkað að hluta til eða öllu leyti að þeim verði sendar tilkynningar um breytingar á réttindum. Samkomulag um hvaða háttur skuli hafður á tilkynningum skal skrá á reikning hlutaðeigandi rétthafa.

Reikningsstofnun og stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt að gera samning um að verðbréfamiðstöð sendi þær tilkynningar sem um ræðir í 1. mgr. Bankaeftirlit Seðlabankans skal staðfesta samninga samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr.

Eftir að lokafærsla á sér stað í verðbréfamiðstöð verða réttindi grandlauss framsalshafa ekki vefengd. Við eignarskráningu í verðbréfamiðstöð glatast þó ekki mótbárur sem lúta að meiri háttar nauðung eða fölsun.

20. gr.

Verðbréfamiðstöð setur reglur um millifærslu fjármuna og réttinda í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim, sbr. og ákvæði 15. gr. þessara laga.

Verðbréfamiðstöð hefur heimild til milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda fyrir hönd útgefanda rafbréfs, að ósk hans, til þess sem hefur rétt til að taka við greiðslu samkvæmt skráningu í miðstöðinni. Hún ber enga ábyrgð þrátt fyrir að viðtakanda skorti rétt til þess að taka við greiðslu eða hann sé ólögráða, enda hafi hún ekki vitað né mátt vita að svo væri háttað aðstæðum viðtakanda. Þetta á þó ekki við ef krafa skráðs rétthafa er byggð á samningi sem er ógildur vegna þess að hann er byggður á meiri háttar nauðung eða fölsun.

Lokafærsla verðbréfamiðstöðvar um greiðslu afborgunar og vaxta inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf.

21. gr.

Um stofnun réttinda yfir rafbréfum fer að öðru leyti en greinir í lögum þessum eftir almennum reglum laga.

22. gr.

Hafi reikningsstofnun orðið þess áskynja að mistök hafi orðið í tengslum við skráningu, þá skal hún gera verðbréfamiðstöð viðvart og óska leiðréttingar. Áður en til leiðréttingar kem-

ur er skylt að veita þeim er leiðréttingkann að varða kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

23. gr.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að afmá réttindi sem augljóslega eru ekki lengur til staðar.

Telji verðbréfamiðstöð að á reikningi séu skráð réttindi sem telja má að hafi ekki lengur þýðingu eða um er að ræða réttindi sem eru 20 ára gömul eða eldri og sem telja verður að séu sannanlega úr gildi fallin eða sannanlega hefur enginn rétthafi fundist að réttindunum getur hún birt innköllun í Lögbirtingablaðinu til þeirra sem telja sig eiga rétt til hinna skráðu réttinda og skal innköllunarfrestur vera þrír mánuðir. Hafi enginn gefið sig fram áður en innköllunarfrestur er liðinn skal verðbréfamiðstöðin afmá réttindin.

Í reglugerð er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 2. mgr.

V. KAFLI
Reikningsyfirlit.

24. gr.

Á reikning í verðbréfamiðstöð skal eignarskrá rafbréf reikningseiganda. Á hvern reikning skal skrá reikningsstofnun eða reikningsstofnanir sem hafa heimild til eignarskráningar á reikninginn. Verðbréfamiðstöð skal gefa út reikningsyfirlit um þau réttindi sem þar eru skráð.

Reikningsyfirlit skulu gefin út með jöfnu millibili handa eigendum rafbréfa. Á reikningsyfirliti skal koma fram yfirlit yfir þau rafbréf sem viðkomandi reikningseigandi er skráður eigandi að við dagsetningu yfirlitsins. Samsvarandi yfirlit skulu gefin út til eiganda takmarkaðra eignarréttinda yfir rafbréfi. Reikningsstofnun er heimilt að senda skráðum rétthafa aukareikningsyfirlit, enda hafi hann óskað eftir því.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal setja nánari reglur um gerð reikninga og útgáfu reikningsyfirlita skv. 1. mgr., svo og hvaða atriði skulu koma fram á yfirlitinu.

VI. KAFLI
Úrskurðarnefnd og kærumeðferð.

25. gr.

Kæra vegna ágreinings sem kann að rísa í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eða önnur atriði sem falla undir gildissvið laganna skal send til úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva. Þetta á þó ekki við um skaðabótakröfur.

Ráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til þess að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á rafrænni skráningu eignarréttinda. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna sem greiðist úr ríkissjóði.

Kæra skv. 1. mgr. skal send til úrskurðarnefndar innan 12 vikna frá því að skráning fór fram í verðbréfamiðstöð. Úrskurðarnefnd er heimill aðgangur að öllum gögnum hjá verðbréfamiðstöð og reikningsstofnun og sem tengjast kærumáli.

Úrskurðarnefnd fellir rökstuddan úrskurð í kærumáli og skal hann tilkynntur aðilum málsins.

Úrskurðarnefnd getur í sérstökum tilvikum tekið mál til úrskurðar eftir að kærufrestur skv. 3. mgr. er runninn út.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um störf úrskurðarnefndar.

26. gr.

Kæruaðilar skv. 25. gr. geta verið:

1. sérhver aðili sem telja verður að hafi nægilegra lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu,
2. reikningsstofnun þegar hún dregur í efa ákvarðanir verðbréfamiðstöðvar skv. 17., 22. og 23. gr., svo og
3. verðbréfamiðstöð þegar hún dregur í efa tilkynningar reikningsstofnunar vegna skráningar í miðstöðinni.

27. gr.

Heimilt er að bera úrskurð úrskurðarnefndar undir dómstóla með venjulegum hætti innan fjögurra vikna frá því að hann er tilkynntur aðilum máls.

Mál, sem skv. 25. og 26. gr. er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, verða ekki borin undir dómstóla nema að undangenginni kærumeðferð skv. 1. mgr.

VII. KAFLI
Skaðabætur.

28. gr.

Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í miðstöðinni þrátt fyrir að saknæmri háttsemi sé ekki til að dreifa. Bótaábyrgð nær þó hvorki til tjóns vegna glataðra viðskiptatækifæra né til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeur).

Hafi tjónþoli af ásetningi eða gáleysi átt þátt í því að tjón varð er heimilt að lækka eða fella niður skaðabætur til hans.

Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð gagnvart þeim aðilum sem grandlausir verða fyrir tjóni vegna ákvæða 2. málsl. 19. gr. fáist það ekki bætt samkvæmt almennum reglum.

Samanlagðar skaðabætur fyrir tjón vegna sama tjónsatburðar geta ekki orðið hærri en sem nemur helmingi fjárhæðar ábyrgðarsjóðs skv. 30. gr.

29. gr.

Reikningsstofnun ber skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í verðbréfamiðstöðinni, svo og greiðslum út af slíkum reikningi, þrátt fyrir að orsök tjónsins verði rakin til óhappaatvika.

Hafi tjónþoli af ásetningi eða gáleysi átt þátt í því að tjón varð er heimilt að lækka eða fella brott skaðabætur til hans.

30. gr.

Þegar tjón má rekja til starfsemi verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, sbr. 28. og 29. gr., en ekki liggur ljóst fyrir hvor aðilanna ber ábyrgð á tjóninu, er heimilt að stefna þeim sameiginlega (in solidum) til greiðslu skaðabóta. Um endurkröfu milli stefndu fer samkvæmt almennum reglum.

Samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal aldrei nema lægri fjárhæð en 650 milljónum króna í formi ábyrgða eða á annan hátt.

Nánari reglur um ábyrgðir verðbréfamiðstöðvar skv. 1. mgr. skal setja í samþykktir hennar.

VIII. KAFLI
Eftirlit.
31. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi verðbréfamiðstöðvar sé í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirliti Seðlabankans þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnunar sem það telur nauðsyn á vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands og lög um verðbréfaviðskipti.

32. gr.

Telji bankaeftirlit Seðlabankans reikningsstofnun hafa brotið ítrekað eða með alvarlegum hætti gegn ákvæðum laga þessara, laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða að háttsemi reikningsstofnana sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust, er því heimilt að svipta hlutaðeigandi aðila rétti til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð.

IX. KAFLI
Viðurlög.
33. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðila að sæta sviptingu starfsréttinda.

Tilraun til og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar samkvæmt almennum hegningarlögum.

X. KAFLI
Ýmis réttaráhrif, gildistaka o.fl.
34. gr.

Sé rafbréf gefið út og skráð samkvæmt lögum þessum sem víxill skal fylgja þeim lagareglum sem um víxla gilda eftir því sem við getur átt.

35. gr.

Hafi verðbréf verið tekin til rafrænnar eignarskráningar í verðbréfamiðstöð ganga ákvæði laga þessara framar ákvæðum sérlaga um útgáfu og form slíkra verðbréfa.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Þegar verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum þessum hefur starfsemi sína skal stefna að því að gefa útgefanda og eiganda kost á því að eignarskrá með rafrænum hætti réttindi yfir öllum eftirtöldum verðbréfum, sem þá verða í fullu gildi eða eru innan lokagjalddaga, fyrir árslok 2000:

1. spariskírteinum ríkissjóðs,
2. ríkisbréfum,
3. ríkisvíxlum,
4. húsbréfum og húsnæðisbréfum,
5. hlutabréfum félaga sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands,
6. skuldabréfum og víxlum sem útgefnir eru af bönkum, sparisjóðum, sveitarfélögum og öðrum ótilgreindum aðilum og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands,
7. öðrum verðbréfum sem stjórn verðbréfamiðstöðvar samþykkir til eignarskráningar, sbr. ákvæði 13. gr. laga þessara.

II.

Ef eignarréttindi yfir verðbréfi eru eignarskráð í verðbréfamiðstöð skal ógilda hið áþreifanlega verðbréf. Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal kveða nánar á um tilhögun innköllunar og eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði I til bráðabirgða.

537. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1998.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr. hljóðar svo:

Árið 1998 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**148.106,0**	**142.307,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	30.276,0	27.191,0
Skattar á tekjur lögaðila	7.156,0	6.505,0
Tryggingagjöld	14.990,0	14.625,0
Eignarskattar	7.959,0	7.816,0
Virðisaukaskattur	53.590,0	52.150,0
Aðrir skattar á vörur þjónustu	33.220,0	33.110,0
Skattar ótaldir annars staðar	915,0	910,0
Aðrar rekstrartekjur	**12.785,0**	**11.130,0**
Arðgreiðslur	2.104,0	2.104,0
Vaxtatekjur	6.815,0	5.200,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	3.866,0	3.826,0
Sala eigna	1.921,0	1.921,0
Fjárframlög	672,0	672,0
Tekjur samtals	**163.484,0**	**156.030,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.342,4	1.342,4
Forsætisráðuneyti	876,3	876,8
Menntamálaráðuneyti	17.463,0	17.463,0
Utanríkisráðuneyti	2.864,0	2.864,0
Landbúnaðarráðuneyti	8.142,2	8.142,2
Sjávarútvegsráðuneyti	2.468,2	2.156,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	8.675,3	8.675,3
Félagsmálaráðuneyti	10.397,5	10.317,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	59.428,6	59.353,6
Fjármálaráðuneyti	21.484,9	15.294,9
Samgönguráðuneyti	10.278,8	10.500,2
Iðnaðarráðuneyti	1.246,7	1.246,7
Viðskiptaráðuneyti	1.063,3	1.063,3
Hagstofa Íslands	232,4	232,4
Umhverfisráðuneyti	2.366,2	2.316,2
Fjármagnskostnaður	16.200,0	12.300,0
Gjöld samtals	**164.529,8**	**154.145,4**
Tekjujöfnuður	**-1.045,8**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1998 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-1.045,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	4.100,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.364,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	294,4
Handbært fé frá rekstri	**-15,4**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-8.570,0
Afborganir veittra lána	6.620,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-400,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	6.200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**3.450,0**
Hrein lánsfjárþörf (til lækkunar á skuldum)	**-3.434,6**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0
Tekin löng lán	12.500,0
Afborganir lána	-17.452,0
Fjármögnun samtals	**-4.952,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.517,4**

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

m.kr.

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	328,4
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	36,7
1.03 Fastanefndir	61,3
1.04 Alþjóðasamstarf	57,8
1.06 Almennur rekstur	295,8
1.07 Sérverkefni	17,6
1.10 Rekstur fasteigna	55,3
Almennur rekstur samtals	852,9
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	28,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	28,0
Gjöld samtals	**908,9**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**901,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	901,3

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	2,0
1.23 Hrafnseyri	3,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	1,9
1.42 Grænlandssjóður	1,5
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	10,2
1.53 Landafundanefnd	14,0
1.90 Ýmis verkefni	7,3
1.91 Heimssýning í Lissabon	40,0
Almennur rekstur samtals	111,4

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.52 Minningarkapella á Ljósavatni	7,0
Gjöld samtals	**118,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	116,9
Hlutdeild í ríkistekjum	2,0
Viðskiptahreyfingar	-0,5

01-221 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	65,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Byggðastofnun	137,0
Gjöld samtals	**202,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	202,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	124,6
1.02 Sameiginleg útgjöld	377,0
1.03 Rekstur fasteigna	212,0
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni	413,0
1.06 Kennslu- og vísindadeildir	1.409,4
1.07 Alþjóðaskrifstofa	14,5
1.09 Verkfræðistofnun	68,2
1.20 Rannsóknarnám	43,0
Almennur rekstur samtals	2.661,7
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	120,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Ritakaupasjóður	46,5
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	248,0
Stofnkostnaður samtals	294,5
Gjöld samtals	**3.076,2**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -546,6

Gjöld umfram tekjur **2.529,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.160,1
Hlutdeild í ríkistekjum 369,5

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 261,0
1.02 Rannsóknastarfsemi 25,4
Almennur rekstur samtals 286,4

Gjöld samtals **286,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -18,0

Gjöld umfram tekjur **268,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 268,4

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniskóli Íslands 237,2

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -11,0

Gjöld umfram tekjur **226,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 226,2

02-221 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 40,0
1.02 Rannsóknastarfsemi 39,8
1.03 Rekstur fasteigna 50,8
1.04 Stoðþjónusta 31,8

	m.kr.
1.05 Kennsla	188,2
1.10 Íslenska menntanetið	22,8
1.20 Endurmenntun	20,7
1.30 Æfingakennsla	26,1
Almennur rekstur samtals	420,2
Gjöld samtals	**420,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-46,8
Gjöld umfram tekjur	**373,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	373,4

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarráð Íslands	68,7
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-21,2
Gjöld umfram tekjur	**47,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,5

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	50,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður	109,0
Gjöld samtals	**159,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,0

m.kr.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Sáttmálasjóður	20,0
1.12 Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Austurlandi	8,0
1.15 Nýsköpunarsjóður	15,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin	12,6
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir	2,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	41,0
Almennur rekstur samtals	98,6
Gjöld samtals	**98,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,6
Hlutdeild í ríkistekjum	20,0

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.40 Tæki og búnaður	32,0
6.90 Byggingarframkvæmdir	463,0
Stofnkostnaður samtals	495,0
Gjöld samtals	**495,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	495,0

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla í dagskóla	67,9
1.02 Annað en kennsla	67,7
Almennur rekstur samtals	135,6
Gjöld samtals	**135,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**132,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	81,8
Hlutdeild í ríkistekjum	51,0

02-750 Skólar fyrir fatlaða

Liðurinn fellur brott.

m.kr.

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	160,0
1.10 Skólaakstur	31,0
Almennur rekstur samtals	191,0
Gjöld samtals	**191,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	191,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	118,4
1.10 Byggða- og minjasöfn	17,6
Almennur rekstur samtals	136,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**138,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-18,8
Gjöld umfram tekjur	**119,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	119,2

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	71,2
1.11 Héraðsskjalasöfn	7,0
Almennur rekstur samtals	78,2
Gjöld samtals	**78,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**72,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	72,8

m.kr.

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	267,1
Stofnkostnaður:	
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
6.71 Íslenskar fornbókmenntir á Netinu	7,0
Stofnkostnaður samtals	77,0
Gjöld samtals	**344,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-67,5
Gjöld umfram tekjur	**276,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	276,6

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	2,0
1.11 Nýlistasafn	2,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5,0
1.90 Söfn	10,3
Almennur rekstur samtals	19,3
Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbygging á bæ Eiríks rauða	7,0
Gjöld samtals	**26,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,3

m.kr.

02-981 Kvikmyndasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndasjóður	120,0
1.02 Kvikmyndasafn Íslands	15,2
Almennur rekstur samtals	135,2
Gjöld samtals	**135,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,2

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Rithöfundasjóður Íslands	17,3
1.15 Þýðingarsjóður	7,6
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	15,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	3,0
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	16,0
1.25 Starfsemi hljómsveita	2,5
1.27 Tónlist fyrir alla	1,5
1.28 Barnamenningarsjóður	1,5
1.30 Íslenska óperan	59,1
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	33,8
1.51 Höfundaréttarsjóður	26,0
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	4,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	15,0
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	15,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.90 Listir	41,0
Almennur rekstur samtals	268,7
Gjöld samtals	**268,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,7
Hlutdeild í ríkistekjum	38,0

m.kr.

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	3,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	2,3
1.20 Iðnsaga Íslands	6,4
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,0
Almennur rekstur samtals	15,0
Gjöld samtals	**15,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþróttasamband Íslands	28,7
1.11 Ólympíunefnd Íslands	6,0
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	12,5
1.15 Skólaíþróttir	3,0
1.16 Íþróttafélög	14,8
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.19 Handknattleikssamband Íslands	14,0
1.20 Glímusamband Íslands	1,0
1.21 Skáksamband Íslands	6,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	8,5
1.25 Skákskóli Íslands	2,5
1.26 Borgarbyggð, landsmót UMFÍ, Skallagrímsvöllur	7,0
1.30 Bridgesamband Íslands	3,0
1.90 Ýmis íþróttamál	2,5
1.91 Smáþjóðaleikar	10,0
Almennur rekstur samtals	124,0
Stofnkostnaður:	
6.12 Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur	3,0
6.51 Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	4,0
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
Stofnkostnaður samtals	17,0
Gjöld samtals	**141,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,0

m.kr.

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5
1.43 Skriðuklaustur	2,0
1.44 Snorrastofa	6,6
1.90 Ýmis framlög	11,0
Almennur rekstur samtals	27,1
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	1,0
Gjöld samtals	**28,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,1

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	30,6
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	128,9
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	126,0
1.30 Fíkniefnaeftirlit	3,7
Almennur rekstur samtals	289,2
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**293,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-13,3
Gjöld umfram tekjur	**279,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	217,8
Hlutdeild í ríkistekjum	62,1

m.kr.

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	365,6
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	6,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	27,8
Gjöld samtals	**400,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-37,1
Gjöld umfram tekjur	**363,0**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	363,0

03-221 Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Liðurinn fellur brott.

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	177,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,0

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	11,3
1.12 Mat á búvörum	9,1
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	8,5
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4,3
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	3,5
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	1,7
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1,7
1.90 Ýmis verkefni	10,0
Almennur rekstur samtals	50,7
Gjöld samtals	**50,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,6
Hlutdeild í ríkistekjum	9,1

m.kr.

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	282,8
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	4,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,7
6.20 Fasteignir	1,3
Stofnkostnaður samtals	5,0
Gjöld samtals	**291,8**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-142,5
Gjöld umfram tekjur	**149,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,9
Hlutdeild í ríkistekjum	8,4

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	12,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

04-261 Bændaskólinn á Hvanneyri

Almennur rekstur:	
1.01 Bændaskólinn á Hvanneyri	165,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	4,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
6.20 Fasteignir og lóðir	7,0
Stofnkostnaður samtals	14,0
Gjöld samtals	**183,9**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -80,7

Gjöld umfram tekjur **103,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 103,2

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 60,8

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 5,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2
6.25 Tilraunagróðurhús 6,0
Stofnkostnaður samtals 8,2

Gjöld samtals **74,2**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -10,0

Gjöld umfram tekjur **64,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,2

04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt

Almennur rekstur:
1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt 80,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,0

04-343 Suðurlandsskógar

Almennur rekstur:
1.10 Suðurlandsskógar 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

m.kr.

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	4,0
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	28,4
1.42 Verktakasamningur um upplýsingaröflun	23,2
1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	9,5
1.49 Úrskurðarnefndir	13,6
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	8,5
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	18,4
Almennur rekstur samtals	124,7
Gjöld samtals	**124,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,7

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	45,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	174,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,6

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:	
1.10 Neyðarsímsvörun	52,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,4
Hlutdeild í ríkistekjum	26,3

m.kr.

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	4,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	10,0
Gjöld samtals	**14,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	38,5
1.20 Löggæsla	43,8
1.40 Tollgæsla	6,8
Almennur rekstur samtals	89,1
Gjöld samtals	**89,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**87,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,1

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	440,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**450,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-54,3
Gjöld umfram tekjur	**395,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	395,8

m.kr.

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðkirkja Íslands	557,9
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands	1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði	1,2
1.91 Skálholtsskóli	6,3
Almennur rekstur samtals	566,6
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	6,0
6.22 Hallgrímskirkja	6,0
6.23 Hóladómkirkja	3,0
6.25 Dómkirkjan	3,0
Stofnkostnaður samtals	18,0
Gjöld samtals	**584,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-26,3
Gjöld umfram tekjur	**558,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	558,3

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.03 Samráðsnefnd um ferlimál	3,1
1.20 Vistun geðfatlaðra	32,7
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	34,5
1.80 Starfsþjálfun	10,5
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	2,6
1.90 Ýmis verkefni	12,8
1.91 Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	56,2
1.93 Ný sambýli	0,4
Almennur rekstur samtals	152,8
Gjöld samtals	**152,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,8

m.kr.

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	32,4
1.10 Svæðisráð	1,2
1.20 Sambýli	143,6
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	25,3
1.30 Verndaður vinnustaður, Örvi	23,0
1.40 Leikfangasafn Keflavík	1,4
1.60 Skammtímavistun	42,3
1.61 Dagvistun Keflavík	9,8
1.64 Hæfingarstöðvar	29,6
1.69 Skammtímavistun, Reykjadal	2,5
1.70 Vistheimilið Tjaldanesi	48,2
1.72 Gistiheimili Kópavogi	2,3
1.73 Vistheimili fyrir börn	56,7
Almennur rekstur samtals	418,3
Gjöld samtals	**418,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-7,1
Gjöld umfram tekjur	**411,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	411,2

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	15,7
1.10 Svæðisráð	0,6
1.20 Sambýli Akranesi	33,9
1.21 Sambýli Borgarnesi	8,4
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	6,5
1.30 Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	26,2
1.40 Leikfangasöfn Vesturlandi	5,1
1.61 Skammtímavistun	13,9
Almennur rekstur samtals	110,3
Gjöld samtals	**110,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-10,5

	m.kr.
Gjöld umfram tekjur	**99,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,8

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	13,0
1.10 Svæðisráð	0,7
1.20 Sambýli	74,4
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4,4
1.40 Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	7,4
1.60 Skammtímavistun	8,1
1.61 Dagvistun	11,2
Almennur rekstur samtals	119,2
Gjöld samtals	**119,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	119,2

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	18,1
1.10 Svæðisráð	0,8
1.20 Sambýli Selfossi	56,1
1.29 Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	5,3
1.30 Verndaður vinnustaður Selfossi	11,2
1.50 Vistheimili fyrir börn	19,7
1.70 Lambhagi	10,2
1.72 Skaftholt	7,8
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	35,1
Almennur rekstur samtals	164,3
Gjöld samtals	**164,3**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,3
Gjöld umfram tekjur	**163,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	163,0

m.kr.

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.550,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	280,0
Almennur rekstur samtals	2.830,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Einsetning grunnskóla	265,0
Gjöld samtals	**3.095,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.095,0

07-811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Liðurinn fellur brott.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	10,8
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	60,6
1.30 Sjómannastofur	0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	36,4
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	20,2
1.41 Stígamót	9,8
1.50 Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	2,0
1.53 Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	3,0
1.60 Verkefni á sviði húsnæðismála	19,2
1.90 Ýmis framlög	26,5
Almennur rekstur samtals	189,0
Gjöld samtals	**189,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,0

m.kr.

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	171,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**174,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**172,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	172,1

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	655,0
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	670,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**700,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-161,3
Gjöld umfram tekjur	**539,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	539,2

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	4.170,0
1.15 Örorkulífeyrir	1.550,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.000,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.100,0
1.31 Örorkustyrkur	210,0
1.35 Barnalífeyrir	890,0

	m.kr.
1.41 Fæðingarorlof	1.525,0
1.91 Annað	30,0
Almennur rekstur samtals	16.475,0
Gjöld samtals	**16.475,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.992,5
Hlutdeild í ríkistekjum	11.482,5

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	2.000,0
1.15 Lyf	3.900,0
1.21 Hjálpartæki	640,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	50,0
1.31 Þjálfun	550,0
1.35 Tannlækningar	760,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	93,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	360,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	40,0
1.55 Sjúkradagpeningar	200,0
1.91 Annað	50,0
Almennur rekstur samtals	8.643,0
Gjöld samtals	**8.643,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.643,0

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.561,3
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	20,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0
6.50 Nýbygging	35,0
Stofnkostnaður samtals	45,0

m.kr.

Gjöld samtals	**1.627,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-185,5
Gjöld umfram tekjur	**1.441,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.441,6

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	76,8
1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili	22,0
Almennur rekstur samtals	98,8
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	80,0
Gjöld samtals	**178,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	178,8

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisspítalar	8.783,6
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Stjórnarnefnd, viðhald	74,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Barnaspítali	200,0
6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	169,0
6.70 Nýframkvæmdir á Landspítalalóð	39,0
Stofnkostnaður samtals	408,0
Gjöld samtals	**9.265,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1.048,4
Gjöld umfram tekjur	**8.217,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.192,2
Viðskiptahreyfingar	25,0

m.kr.

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	5.149,4
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	46,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	55,0
Gjöld samtals	**5.251,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-633,6
Gjöld umfram tekjur	**4.617,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.517,4
Hlutdeild í ríkistekjum	100,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	25,0
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	170,0
Stofnkostnaður samtals	187,4
Gjöld samtals	**212,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	212,4

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	6,0
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	109,1
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	32,7
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1,6
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	44,9
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	35,0
1.58 Krýsuvíkurskóli	16,4
1.63 Áfallahjálp	8,0
1.65 Heilsuefling	4,2
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	7,5
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8,9
1.90 Ýmis framlög	12,5
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	302,5
Gjöld samtals	**302,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	302,5

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	342,8
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-59,8
Gjöld umfram tekjur	**283,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	283,0

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	206,6
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteignar	3,0
Gjöld samtals	**209,6**

m.kr.

Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-7,7
Gjöld umfram tekjur	**201,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,9

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:	
1.11 Seljahlíð, Reykjavík	73,0
1.13 Hornbrekka, Ólafsfirði	36,0
1.15 Dalbær, Dalvík	52,0
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði	39,0
1.19 Hjallatún, Vík	26,0
1.21 Höfði, Akranesi	62,0
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	47,0
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	25,0
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	52,0
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	11,0
1.31 Naust, Þórshöfn	19,0
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	15,0
1.35 Jaðar, Ólafsvík	7,6
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	32,0
1.39 Lundur, Hellu	32,0
1.41 Hrafnista, Reykjavík	473,0
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	404,0
1.45 Grund, Reykjavík	390,0
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	94,0
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	96,0
1.51 Fellsendi, Búðardal	33,0
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	546,0
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	7,6
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	37,0
1.59 Reynslusveitarfélag Akureyri	195,0
1.61 Reynslusvetiarfélag Höfn	83,0
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	23,0
1.65 Lindargata, Reykjavík	23,0
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	36,0
1.69 Múlabær, Reykjavík	33,0
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	75,0

	m.kr.
1.73 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	4,8
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	40,0
Almennur rekstur samtals	3.122,0
Gjöld samtals	**3.122,0**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-310,0
Gjöld umfram tekjur	**2.812,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.812,0

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	81,3
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	27,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
6.90 Tölvuvæðing	26,0
Stofnkostnaður samtals	51,0
Gjöld samtals	**159,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	159,3

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	227,7
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	31,0
1.15 Sjúkraflug	15,7
Almennur rekstur samtals	274,4
Gjöld samtals	**274,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	274,4

m.kr.

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Áfengisvarnaráð	9,1
1.90 Forvarnasjóður	45,9
Almennur rekstur samtals	55,0
Gjöld samtals	**55,0**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	55,0

09-261 Ríkistollstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkistollstjóri	121,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**124,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-5,2
Gjöld umfram tekjur	**119,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	119,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	171,5
1.05 Yfirfasteignamatsnefnd	2,2
Almennur rekstur samtals	173,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,5
Gjöld samtals	**189,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-100,0
Gjöld umfram tekjur	**89,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,7
Hlutdeild í ríkistekjum	38,5

m.kr.

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	240,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,0

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	190,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	210,0
Gjöld samtals	**210,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
Viðskiptahreyfingar	190,0

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:	
6.05 Stjórnarráðsbyggingar	15,0
6.23 Skattstofa Suðurlands	35,0
6.60 Sölvhóll	10,0
6.80 Listaskóli	10,0
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**70,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Almennur rekstur:	
1.01 Launagreiðslukerfi	66,3
1.02 Tekjubókhaldskerfi	127,5
1.03 Skattvinnslukerfi	125,3
1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	44,3
1.05 Innheimtuskilakerfi	15,2
1.06 Forsendukerfi innheimtugagna	17,9
1.09 Fjárlagakerfi	1,0
Almennur rekstur samtals	397,5

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi 16,0
6.02 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi 70,0
6.03 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 19,4
6.04 Hugbúnaðargerð fyrir BÁR 16,0
6.08 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal 12,6
6.09 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi 4,3
6.90 Tölvukerfi, óskipt 25,0
Stofnkostnaður samtals 163,3

Gjöld samtals **560,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 560,8

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 35,0
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 23,6
1.13 Kjarasamningar 17,7
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 30,7
1.15 Kjararannsóknir 13,3
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður 25,3
1.18 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka 123,2
1.19 Ýmsar endurgreiðslur 40,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 35,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda 115,0
1.45 Ýmsar nefndir 3,3
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) 1,5
1.60 Dómkröfur 52,0
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd 5,0
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 5,0
1.90 Óviss útgjöld 17,8
Almennur rekstur samtals 543,4

Gjöld samtals **543,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 543,4

m.kr.

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	19,0
1.14 Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	12,0
1.16 Landflutningasjóður	5,1
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa	15,9
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,9
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	36,2
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	19,8
1.25 GPS-staðsetningarkerfi	7,4
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.27 Slysavarnafélag Íslands	19,2
1.28 Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	9,3
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	15,0
1.31 Landsbjörg	11,0
1.33 Flugeftirlitsnefnd	2,7
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Ferðamál og markaðsstarf	10,0
1.91 Athugun á öryggi fiskiskipa	1,2
Almennur rekstur samtals	199,5
Gjöld samtals	**199,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**198,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,4
Viðskiptahreyfingar	4,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	286,0
Viðhaldsverkefni:	
5.05 Þjónusta	1.550,0
5.10 Viðhald	1.300,0
5.52 Þéttbýlisvegir	340,0
Viðhaldsverkefni samtals	3.190,0

m.kr.

Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	2.919,0
6.11 Framkvæmdaátak	500,0
6.21 Landsvegir	52,0
6.40 Tilraunir	68,0
6.43 Safnvegir	173,0
6.45 Styrkvegir	25,0
6.47 Reiðvegir	22,0
6.55 Ferjur og flóabátar	440,0
Stofnkostnaður samtals	4.199,0
Gjöld samtals	**7.675,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	540,0
Hlutdeild í ríkistekjum	7.105,0
Viðskiptahreyfingar	30,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	355,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	421,5
6.72 Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	6,0
6.74 Lendingabætur	2,5
6.76 Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	5,0
6.80 Sjóvarnargarðar	51,0
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	18,0
Stofnkostnaður samtals	536,2
Gjöld samtals	**892,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-81,4
Gjöld umfram tekjur	**810,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	755,4
Hlutdeild í ríkistekjum	310,8
Viðskiptahreyfingar	-255,4

m.kr.

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	22,6
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	5,6
1.30 Alþjóðlegt samstarf	18,3
1.45 Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál	32,5
Almennur rekstur samtals	84,0
Gjöld samtals	**84,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,2
Hlutdeild í ríkistekjum	18,8

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	3,5
1.20 Icepro-nefnd	2,2
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	8,3
Almennur rekstur samtals	14,0
Gjöld samtals	**14,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,8
Hlutdeild í ríkistekjum	2,2

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	145,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,3
Gjöld samtals	**148,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-17,0
Gjöld umfram tekjur	**131,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,2
Hlutdeild í ríkistekjum	107,9

m.kr.

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	158,7
1.02 Sérstakar kannanir	10,4
1.50 Þjóðskráin	69,4
Almennur rekstur samtals	238,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,6
Gjöld samtals	**246,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-13,7
Gjöld umfram tekjur	**232,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,4
Hlutdeild í ríkistekjum	48,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	15,6
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	10,3
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	10,2
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,5
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,0
1.56 Vernd Breiðafjarðar	1,5
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,6
1.58 Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3,0
1.59 Náttúruverndarráð	4,0
Almennur rekstur samtals	92,7
Gjöld samtals	**92,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,7

m.kr.

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	36,0
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	46,1
Almennur rekstur samtals	82,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	4,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**91,1**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-25,7
Gjöld umfram tekjur	**65,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,4

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Hollustuvernd ríkisins	169,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**174,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-17,3
Gjöld umfram tekjur	**157,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,9
Hlutdeild í ríkistekjum	8,4

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	112,8
1.11 Mat á umhverfisáhrifum	18,0
1.12 Skipulag miðhálendis	1,6
Almennur rekstur samtals	132,4
Gjöld samtals	**132,4**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -13,0

Gjöld umfram tekjur **119,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,4
Hlutdeild í ríkistekjum 95,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 131,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 20,0

Gjöld samtals **151,4**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -55,7

Gjöld umfram tekjur **95,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,1
Hlutdeild í ríkistekjum 2,6

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,8
1.02 Setur í Reykjavík 91,7
1.03 Setur á Akureyri 26,7
Almennur rekstur samtals 129,2

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 0,5

Gjöld samtals **129,7**

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -34,7

Gjöld umfram tekjur **95,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,0

m.kr.

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	4,7
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	4,7
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	5,7
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	4,7
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	2,0
Almennur rekstur samtals	21,8
Gjöld samtals	**21,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,8

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	327,9
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	87,5
Almennur rekstur samtals	415,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,5
Gjöld samtals	**424,9**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-116,0
Gjöld umfram tekjur	**308,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	308,9

Að auki hækka framlög til eftirtaldra viðfangsefna vegna endurmats launabóta í kjölfar kjarasamninga:

		M.kr.
05-202-1.01	Almenn starfsemi	0,7
05-202-1.20	Útibú	0,1
05-202-1.30	Rannsóknaskip	0,4
05-202-1.41	Lúðueldi á Reykjanesi	0,1
05-202-1.43	Fjölstofnarannsóknir	0,2
06-101-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	0,2
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	30,6
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	1,8
06-412-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-412-1.20	Löggæsla	0,8
06-413-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-413-1.20	Löggæsla	0,3
06-414-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-414-1.20	Löggæsla	0,8
06-416-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-416-1.20	Löggæsla	0,2
06-417-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-417-1.20	Löggæsla	0,1
06-418-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-418-1.20	Löggæsla	0,9
06-419-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-419-1.20	Löggæsla	0,1
06-420-1.01	Yfirstjórn	0,4
06-420-1.20	Löggæsla	0,4
06-421-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-421-1.20	Löggæsla	0,7
06-422-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-422-1.20	Löggæsla	0,2
06-423-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-423-1.20	Löggæsla	0,2
06-424-1.01	Yfirstjórn	1,9
06-424-1.20	Löggæsla	2,8
06-424-1.40	Tollgæsla	0,2
06-425-1.01	Yfirstjórn	0,8
06-425-1.20	Löggæsla	1,1
06-427-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-427-1.20	Löggæsla	0,1
06-428-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-428-1.20	Löggæsla	0,6
06-429-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-429-1.20	Löggæsla	0,2
06-431-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-431-1.20	Löggæsla	0,2

06-432-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-432-1.20	Löggæsla	0,8
06-432-1.40	Tollgæsla	0,1
06-433-1.01	Yfirstjórn	0,9
06-433-1.20	Löggæsla	1,7
06-433-1.40	Tollgæsla	0,1
06-434-1.01	Yfirstjórn	1,7
06-434-1.20	Löggæsla	3,4
06-434-1.40	Tollgæsla	0,2
06-436-1.01	Yfirstjórn	2,0
06-436-1.20	Löggæsla	3,1
06-436-1.40	Tollgæsla	0,2
06-437-1.01	Yfirstjórn	1,7
06-437-1.20	Löggæsla	2,2
07-701-1.01	Sveðisskrifstofa	0,1
07-701-1.20	Sambýli	1,4
07-701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71	0,1
07-701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-701-1.60	Dagvistun	0,2
07-701-1.77	Vistheimili fyrir börn	0,1
07-704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	0,1
07-707-1.01	Sveðisskrifstofa	0,1
07-707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	0,3
07-711-1.20	Sambýli	0,6
07-711-1.30	Vinnustofan Ás	0,1
07-711-1.60	Dagvistun Lækjarási	0,2
07-711-1.61	Dagvistun Bjarkarási	0,2
07-711-1.62	Dagvistun Lyngási	0,4
07-711-1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,1
07-711-1.64	Skammtímavistun Hólabergi	0,1
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,6
07-750-1.01	Yfirstjórn	0,4
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	10,8
10-471-1.01	Flugmálastjórn	-2,5
10-471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	-2,0

Við bætist yfirlit (sundurliðun óskiptra liða í A-hluta) samkvæmt brtt. á þskj. 463 („sérstök yfirlit II“).

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).		
1. Norræna eldfjallastöðin, samningur við Háskóla Íslands vegna Náttúrufræðihúss	43.000	
2. Háskólinn á Akureyri,		
Sólborg	20.000	
búnaður	10.000	
3. Kennaraháskóli Íslands,		
viðhald húsa	12.000	
Varmaland	6.000	
búnaður	10.000	
4. Hönnun og undirbúningur nýrra háskólabygginga	25.000	
5. Tækniskóli Íslands,		
viðhald húsnæðis	2.000	
búnaður	6.000	
6. Tilraunastöðin Keldum,		
endurbætur á húsnæði	7.000	
7. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála,		
viðhald húsnæðis	2.000	
8. Stofnun Árna Magnússonar,		
viðhald húsnæðis	1.000	
		144.000
2. Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90).		
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík	22.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð	15.000	
3. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5.000	
4. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	15.000	
5. Borgarholtsskóli	100.000	
		157.000
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
bygging	57.000	
búnaður	32.000	
2. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	55.000	
		144.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands	15.000	
		15.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
bóknámshús	20.000	
heimavist	5.000	
		25.000
Norðurland eystra:		
Framhaldsskólar við Eyjafjörð	50.000	
		50.000
Austurland:		
1. Verkmenntaskóli Austurlands	18.000	
2. Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu	1.000	
		19.000
Suðurland:		
1. Skólar á Laugarvatni	50.000	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
undirbúningur bóknámsálmu	3.000	
		53.000
		463.000
3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).		
1. Áhugamannahópur um varðveislu Tryggvaskála	500	
2. Safnið Líf í fersku vatni á Hólum	500	
3. Vesturfarasetrið á Hofsósi	1.200	
4. Fræðasetrið í Sandgerði	500	
Óskipt	7.600	
		10.300
4. Menningarstofnanir (02-969 6.21).		
1. Þjóðminjasafn Íslands	85.000	
2. Þjóðleikhúsið	60.000	
3. Verndun gamalla húsa	50.000	
4. Þjóðskjalasafn	40.000	
5. Safnahúsið við Hverfisgötu	23.000	
6. Þjóðarbókhlaða	15.000	
7. Listasafn Íslands	15.000	
8. Byggðasöfn	15.000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
9.	Stýrimannaskólinn við Öldugötu, lokagreiðsla	7.000	
10.	Langabúð á Djúpavogi, lokagreiðsla	3.500	
11.	Listasafn Einars Jónssonar	1.500	
			315.000
5.	**Listir, framlög (02-982 1.90).**		
1.	Collegium Musicum	1.000	
2.	Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000	
3.	Möguleikhúsið við Hlemm	500	
4.	Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300	
5.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	300	
6.	Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
7.	Sumartónleikar á Norðurlandi	500	
8.	Leikbrúðuland	500	
9.	Kaffileikhúsið í Hlaðvarpanum	300	
10.	Kammersveit Reykjavíkur	1.300	
11.	Íslensk tónverkamiðstöð	7.600	
12.	Íslenska brúðuleikhúsið	400	
13.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000	
14.	Reykholtshátíð	300	
15.	Djassklúbbur Egilsstaða	400	
16.	Skaftárhreppur, menningarmálanefnd	400	
17.	Menning um landið	300	
18.	Flugfélagið Loftur	1.000	
19.	Efling Stykkishólms	300	
	Óskipt	17.300	
			36.000
6.	**Ýmis fræðistörf (02-983 1.10).**		
1.	Hið íslenska bókmenntafélag	1.000	
2.	Færeysk orðabók	1.000	
	Óskipt	1.300	
			3.300
7.	**Æskulýðsmál (02-988 1.90).**		
1.	Skátaskólinn Úlfljótsvatni	1.500	
2.	Fræðsluskóli KFUM, Vatnaskógi	1.500	
	Óskipt	3.000	
			6.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
8. Íþróttafélög (02-989 1.16).		
Reykjavík:		
1. Lyftingadeild ÍR	150	
2. Íþróttafélagið Fylkir	250	
3. Ungmennafélagið Fjölnir	400	
4. Íþróttafélag Reykjavíkur	400	
5. Skotfélag Reykjavíkur	300	
6. Karatedeild Fylkis	150	
7. Víkingur, skíðadeild	250	
		1.900
Reykjanes:		
1. Handknattleiksfélag Kópavogs, aðalstjórn	250	
2. Golfklúbburinn Kjölur 3	300	
3. Breiðablik	200	
4. Skotdeild íþrótta- og ungmennafélags Keflavíkur	350	
5. Golfklúbburinn Oddur	400	
6. Knattspyrnufélagið Reynir	300	
7. Golfklúbbur Ness, Nesklúbburinn	300	
8. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	250	
9. Skotfélag Kópavogs	300	
10. Breiðablik, frjálsíþróttadeild	300	
		2.950
Vesturland:		
1. Fimleikafélag Akraness	200	
2. Golfklúbburinn Vestarr	150	
3. Ungmennasamband Borgarfjarðar	400	
4. Knattspyrnufélag ÍA	400	
5. Ungmennafélagið Snæfell	300	
6. Skotfélag Akraness	200	
		1.650
Vestfirðir:		
1. Golfklúbbur Patreksfjarðar	200	
2. Golfklúbbur Ísafjarðar	300	
3. Golfklúbbur Bíldudals	200	
4. Íþróttafélagið Grettir, Flateyri	350	
5. Ungmennafélagið Geisli, Súðavík	300	
		1.350

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
1. Ungmennafélagið Tindastóll, skíðadeild	400	
2. Ungmennafélagið Hvöt	400	
3. Ungmennafélag Bólstaðarhlíðarhrepps	300	
		1.100
Norðurland eystra:		
1. Golfklúbburinn Hamar	200	
2. Ungmennafélagið Mývetningur	200	
3. Skíðadeild Leifturs	400	
4. Ungmennafélagið Æskan	300	
5. Skotfélag Ólafsfjarðar	200	
		1.300
Austurland:		
1. Golfkúbbur Eskifjarðar	300	
2. Ungmenna- og íþróttafélag Bakkafjarðar	300	
3. Ungmennafélag Jökuldæla	300	
4. Golfklúbbur Norðfjarðar	400	
5. Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs	300	
		1.600
Suðurland:		
1. Knattspyrnufélagið Ægir	300	
2. Golfklúbburinn Vík	200	
3. Ungmennafélag Selfoss	200	
4. Ungmennafélag Stokkseyrar	150	
5. Golfklúbburinn Dalbúi	300	
6. Ungmennafélag Biskupstungna	200	
7. Frjálsíþróttadeild Ungmennafélags Selfoss	300	
8. Golfklúbbur Þorlákshafnar	200	
9. Félag um varðveislu Seljavallalaugar	300	
		2.150
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga og ófyrirséð		800
		14.800

9. Ýmis framlög (02-999 1.90).

1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500
2. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300
3. Kvenréttindafélag Íslands	500
4. Fræðslumiðstöð um kynlíf og barneignir	700
5. Fornleifastofnun Íslands, sumarskóli	500
6. Kvenfélagasamband Íslands	1.500

		Þús. kr.	Þús. kr.
7.	Landssamtökin Heimili og skóli	400	
8.	Háskóli Íslands, mannréttindastofnun	300	
9.	Skaftfell, listamiðstöð	500	
10.	Edinborgarhúsið á Ísafirði	500	
11.	Sögusetrið á Hvolsvelli	500	
	Óskipt	3.800	
			11.000

10. Ýmis verkefni (04-190 1.90).

1.	Æðarræktarfélag Íslands	200	
2.	Flóaáveitufélagið	500	
3.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	2.000	
4.	Landvernd	500	
5.	Skjólskógar, Vestfjörðum	3.000	
	Óskipt	3.800	
			10.000

11. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).

a. Fyrirhleðslur:

1.	Jökulsá á Dal	1.000	
2.	Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	1.000	
3.	Jökulsá í Lóni	500	
4.	Skaftá	500	
5.	Kúðafljót	500	
6.	Markarfljót	9.000	
7.	Þjórsá	1.000	
			13.500

b. Fyrirhleðslur og viðhald:

1.	Reykjaneskjördæmi	100	
2.	Vesturlandskjördæmi	700	
3.	Vestfjarðakjördæmi	200	
4.	Norðurlandskjördæmi vestra	1.000	
5.	Norðurlandskjördæmi eystra	1.000	
6.	Austurlandskjördæmi	1.000	
7.	Suðurlandskjördæmi	2.000	
			6.000
			19.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Sjómannastofur (07-999 1.30).		
Færeyska sjómannaheimilið	400	
Óskipt	100	
		500
13. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).		
1. Barnaheill	500	
2. Landssamband eldri borgara	300	
3. Blindrafélagið	5.000	
4. Daufblindrafélag Íslands	700	
5. Félag heyrnarlausra	3.000	
6. Félag ábyrgra feðra	200	
7. Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500	
8. Málbjörg, félag um stam	300	
9. Samtökin 78	600	
10. Umsjónarfélag einhverfra	500	
11. Þroskahjálp	3.700	
12. Vernd, fangahjálp	500	
13. Kvennaráðgjöfin	600	
14. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600	
15. Félag einstæðra foreldra	1.000	
16. Sjálfsbjörg	3.500	
17. Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500	
18. Geðhjálp	3.500	
19. Íslensk ættleiðing	2.000	
20. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000	
Óskipt	3.900	
		36.400
14. Ýmis framlög (07-999 1.90).		
Flóttamenn á Hornafirði	20.000	
Óskipt	2.500	
		22.500
15. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).		
1. Heilbrigðisstofnunin Akranesi, sjúkrahús	2.500	
2. St. Fransiskusspítali Stykkishólmi	2.100	
3. Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunardeild	1.500	
4. Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, sjúkrahús	3.700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
5.	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, sjúkrahús	6.000	
6.	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, sjúkrahús	2.000	
7.	Grenivík, heilsugæslusel	2.000	
8.	Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, sjúkrahús og heilsugæslustöð	3.000	
9.	Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	26.700	
10.	Heilsugæslustöðin Laugarási	9.500	
11.	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum, sjúkrahús, D-álma	40.000	
12.	Heilsugæslustöðin Garðabæ	23.600	
13.	Heilsugæslustöðin Kópavogi	14.500	
14.	Heilsugæsla í Reykjavík	32.900	
			170.000

16. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	PKU-félagið á Íslandi	100	
2.	Landssamtök hjartasjúklinga	200	
3.	Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	500	
4.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	200	
5.	Alnæmissamtökin á Íslandi	500	
6.	Tourette-samtökin	100	
7.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000	
8.	Styrktarfélag Perthessjúkra	200	
9.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300	
10.	Umhyggja	300	
11.	Húsnæðisfélag SEM	1.500	
12.	Gigtarfélag Íslands	200	
13.	Samtök sykursjúkra	200	
14.	Alzheimerfélagið	500	
15.	Íslenskir ungtemplarar	2.000	
16.	Stórstúka Íslands	2.000	
	Óskipt	2.700	
			12.500

17. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Snæfellsbær	140
3.	Dalahérað	180
4.	Reykhólahreppur	280
5.	Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6.	Vesturbyggð	500

		Þús. kr.	Þús. kr.
7.	Súðavíkurhreppur	90	
8.	Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140	
9.	Ísafjarðarbær	450	
10.	Árneshreppur	1.150	
11.	Djúpavík og Gjögur	140	
12.	Kaldrananeshreppur	140	
13.	Skagahreppur	120	
14.	Skefilsstaðahreppur	120	
15.	Fljótahreppur	180	
16.	Ólafsfjarðarsveit	90	
17.	Svarfaðardalur	140	
18.	Grýtubakkahreppur	70	
19.	Hálshreppur	70	
20.	Mývatnssveit	90	
21.	Mývatn – Húsavíkurflugvöllur	90	
22.	Fjallahreppur	370	
23.	Öxarfjörður – Kópasker	50	
24.	Þórshöfn	50	
25.	Bakkafjörður	50	
26.	Vopnafjörður	50	
27.	Borgarfjörður eystri	280	
28.	Hjaltastaðahreppur	70	
29.	Jökuldalur, vetrarflutningar	180	
30.	Möðrudalur	90	
31.	Eiðahreppur	90	
32.	Fjarðarheiði	640	
33.	Oddsskarð	640	
34.	Breiðdalsvík	200	
35.	Djúpivogur	300	
36.	Svínafell í Nesjum	90	
37.	Mýrdalshreppur	230	
			7.800
b.	Stofnstyrkir:		
	Snjótroðari í Fljótum		500
c.	Styrkir til flugfélaga:		
1.	Flugsamgöngur við Gjögur	3.800	
2.	Flugsamgöngur við Grímsey	2.500	
3.	Flugsamgöngur Kópasker – Raufarhöfn	3.400	
			9.700
	Óskipt		1.000
			19.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
18. Hafnamannvirki (10-335 6.70).		
Vesturland:		
1. Akranes	3.500	
2. Snæfellsbær	21.600	
3. Stykkishólmur	18.000	
		43.100
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	6.200	
2. Ísafjarðarbær	47.600	
3. Bolungarvík	19.800	
4. Drangsnes	1.200	
		74.800
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	12.000	
2. Skagaströnd	12.600	
3. Sauðárkrókur	30.800	
4. Siglufjörður	6.000	
		61.400
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	8.900	
2. Hrísey	1.700	
3. Hafnasamlag Norðurlands	28.900	
4. Grímsey	1.800	
5. Húsavík	70.900	
6. Kópasker	1.900	
7. Raufarhöfn	2.900	
8. Þórshöfn	28.100	
		145.100
Austurland:		
1. Vopnafjörður	1.900	
2. Borgarfjörður eystri	3.700	
3. Seyðisfjörður	5.800	
4. Neskaupstaður	7.900	
5. Eskifjörður	20.800	
6. Stöðvarfjörður	10.400	
7. Djúpivogur	1.200	
8. Höfn í Hornafirði	35.800	
		87.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	65.800	
2. Þorlákshöfn	24.800	
		90.600
Reykjanes:		
1. Grindavík	68.000	
2. Sandgerði	56.500	
3. Hafnasamlag Suðurnesja	30.600	
4. Hafnarfjörður	4.000	
5. Garðabær	100	
		159.200
Óskipt		15.300
		677.000

19. Lendingarbætur (10-335 6.74).

1. Hellnar, Snæfellsbæ	500
2. Drangar, Árneshreppi	300
3. Reykjarfjörður	300
4. Selvík á Skaga, Skefilsstaðahreppi	500
5. Leirhöfn, Öxarfjarðarhreppi	400
Óskipt	500
	2.500

20. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).

1. Akranes	4.400
2. Snæfellsbær	800
3. Flatey á Breiðfirði	900
4. Ísafjarðarbær	5.700
5. Árneshreppur	500
6. Blönduós	3.300
7. Skagaströnd	1.700
8. Siglufjörður	200
9. Dalvík	1.300
10. Grenivík	4.500
11. Húsavík	1.100
12. Þórshöfn	2.800
13. Vopnafjörður	3.500
14. Ölfushreppur, Þorlákshöfn	1.800
15. Sandgerði	1.800
16. Gerðahreppur	6.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
17. Bessastaðahreppur	6.200	
18. Seltjarnarnes	4.000	
		51.000

21. Ýmis umhverfisverkefni (14-190 1.23).

Kirkjubæjarstofa	1.000	
Óskipt	14.600	
		15.600

538. Frumvarp til laga [354. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 31. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Tvöfalda fjárhæð einstakra gjafa og framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsóknarstarfa. Gjafir og framlög skv. 2. og 3. tölulið mega þó ekki vera yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar falla undir þennan tölulið.

Úr 2. tölul. sömu greinar falla orðin „menningarmála“ og „og vísindalegra rannsóknarstarfa“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sambærilegt frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en var ekki útrætt. Það er lagt fram að nýju lítillega breytt. Tilgangur frumvarpsins er að efla menningu, kvikmyndagerð og vísindi með tilteknum skattalegum aðgerðum. Nú er í lögum að fyrirtæki og aðrir lögaðilar mega draga ýmis framlög frá tekjum, m.a. framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ekki liggur fyrir af hálfu skattyfirvalda í hve miklum mæli þessi framlög hafa verið.

Í 2. tölul. 31. gr. núgildandi laga er kveðið á um heimild fyrirtækja til að draga framlög m.a. til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa allt að 0,5% frá tekjum. Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Þetta hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með.

Ef fyrirtæki gefur 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi má það samkvæmt frumvarpinu draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þetta hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu og vísindi.

Í lögum er kveðið á um að slíkar gjafir og framlög megi ekki nema meira en 0,5% frá tekjum og er í þessu frumvarpi ekki lögð til breyting á því. Í fyrra frumvarpi var lögð til hækkun á þessu hámarki. Frá því er fallið í þessu frumvarpi vegna þess að flutningsmenn telja brýnt að sú aðferðafræði að heimila aukinn frádrátt verði reynd hérlendis. Frumvarpið felur þannig ekki í sér neina hættu á tekjutapi fyrir ríkissjóð umfram það sem er í gildandi lögum.

Í reglugerð settri samkvæmt núgildandi lögum segir m.a. að undir menningarstarfsemi falli hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritaútgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða o.fl. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd þessa frumvarps en mikilvægt er að um hana gildi skýrar reglur.

Framangreind reglugerð kveður á um að undir vísindalega rannsóknarstarfsemi falli hvort tveggja, hugvísindi og raunvísindi. Hér er um að ræða víðtæka skilgreiningu í samræmi við sjónarmið flutningsmanna en undir vísindastarfsemi fellur einnig félagsvísindi og heilbrigðisvísindi enda er vísindastarfsemi í háskólum gjarnan skipt í þessi fjögur meginfræðasvið. Með vísindastarfsemi er þannig m.a. átt við starfsemi innan æðri menntastofnana. Framlög fyrirtækja til eflingar rannsókna og kennslu innan háskóla falla þannig undir þetta frumvarp.

Flutningsmenn telja að um framlög til kvikmyndagerðar eigi að gilda sömu ákvæði og til annarrar menningarmálastarfsemi, en fræðslumyndagerð er beinlínis talin upp í reglugerð með núgildandi lögum. Almenn kvikmyndagerð, þ.e. gerð lengri leikinna kvikmynda og heimildamynda en ekki t.d. gerð auglýsingakvikmynda, á því að falla undir lögin. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að nýta þessa frádráttarmöguleika.

Þess má geta að fjármögnun kvikmynda er oft með þeim hætti að nái innlend fjármögnun tiltekinni upphæð kemur mun hærra mótframlag frá erlendum aðilum. Þannig geta fjárhæðir margfaldast. Þetta er afar mikilvægt, en oft hefur ónóg tekjuöflun innan lands staðið í vegi fyrir því að fá fé erlendis frá. Samþykkt þessa frumvarps ætti að bæta úr því.

Ríkisvaldið fær einnig til baka vegna aukinna umsvifa allt það fjármagn sem það veitir í gegnum Kvikmyndasjóð. Þá er ótalinn sá ávinningur sem kvikmyndagerð hefur í ferðaþjónustu. Tekjur ríkissjóðs vegna ferðamanna sem ákváðu Íslandsferð eftir að hafa séð íslenska kvikmynd eða þátt í sjónvarpi eru taldar vera um 400 milljónir á ári.

Kvikmyndagerð hérlendis getur orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa oft sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Því er skynsamlegt þegar horft er til framtíðar að stuðla að eflingu þessarar atvinnu- og listgreinar, eins og samþykkt frumvarpsins mundi leiða til.

Sérstök athygli er vakin á því að samþykkt frumvarpsins mun efla bókmenntir og ýmiss konar annað liststarf, svo sem leiklist, tónlist og myndlist, svo og starfsemi safna. Allir þessir málaflokkar falla undir hin ívilnandi ákvæði frumvarpsins.

Frumvarpinu er ætlað að leiða til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem að þeim starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er hagkvæmt fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Svipuð ákvæði þekkjast víða erlendis og þá einnig í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist undanfarin ár hérlendis eins og annars staðar. Sjálfsagt er að hlúa m.a. að frjálsum félagasamtökum á þessu sviði með þeirri útfærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Á síðasta þingi var frumvarpið sent til umsagnaraðila og fékk þá mjög jákvæðar umsagnir frá aðilum sem þekkja vel til mála. Meðal aðila sem studdu frumvarpið voru Bandalag íslenskra leikara, Bandalag íslenskra listamanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag ís-

lenskra leikara, Háskóli Íslands, Listasafn Íslands, Rannsóknarráð Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Vísindafélag Íslands.

Aukin framlög til þessara málaflokka, þ.e. til menningar, kvikmynda og vísinda, leiða til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga. Þannig er líklegt að ívilnun á þessu sviði, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, leiði til aukningar á tekjum ríkisins, auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

539. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til l. um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

1. Við 27. gr. Orðin „skv. 1. mgr.“ í 2. mgr. falla brott.
2. Við 30. gr. Í stað orðanna „skv. 1. mgr.“ í 3. mgr. komi: skv. 2. mgr.
3. Við 31. gr.
   a. Í stað orðsins „verðbréfamiðstöðvar“ í 1. málsl. komi: verðbréfamiðstöðva.
   b. Í stað orðsins „reikningsstofnunar“ í 2. málsl. komi: reikningsstofnana.

540. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið leggur til breytingar frá þeim reglum sem nú gilda um endurnýjunarrétt fiskiskipa. Í fyrsta lagi er lagt til að öll skip sem hafa leyfi til veiða með aflamarki megi stækka upp að vissu marki við endurnýjun og breytingu án þess að á móti þurfi að koma úrelding samsvarandi fjölda rúmmetra, og er þar að meginstofni til byggt á reglum sem giltu um stækkun skipa til ársins 1991. Í öðru lagi er lagt til að afnumin verði sérstök undanþága skipa sem skráð voru fyrir 1. janúar 1986, frá endurnýjunarreglum með 14 mánaða aðlögunartíma. Þrátt fyrir að reglurnar séu að nokkru leyti rýmkaðar með frumvarpinu, og er það til bóta, verða áfram við lýði verulegar hindranir hvað varðar möguleika útgerðarmanna á að endurnýja eða breyta skipum sínum.

Það er skoðun minni hlutans að veiðitakmörkun aflamarkskerfisins sé, ásamt öðrum ráðstöfunum, svo sem svæðafriðunum, lokunum og reglum um veiðarfæri, nægjanleg til þess að stjórna veiðum í íslensku efnahagslögsögunni. Ekki standi rök til þess að stjórnvöld reki samhliða því kerfi annað sem kveður á um að útgerðarmaður, sem vill stækka skip sitt með endurnýjun eða breytingu, þurfi að fjárfesta í öðrum skipum sem nemur þeim rúmmetrafjölda sem hann ætlar að stækka um og úrelda þau úr flotanum. Það er mat minni hlutans að ekki sé þörf á því að stjórnvöld reki tvö stýrikerfi eða takmörkunarkerfi til að ná þeim markmiðum sem lögin um stjórn fiskveiða stefna að.

Minni hlutinn telur að stjórnendur í sjávarútvegi séu sjálfir best til þess fallnir að meta hvernig og með hve stórum skipum sé hentugast að sækja þann afla sem leyft er að veiða. Þeir þurfa að bera ábyrgð á fjárfestingum og rekstrarlegum ákvörðunum og eðlilegt er að sama gildi um ákvarðanir sem tengjast stærð og gerð skipastólsins. Afnám núverandi endurnýjunarreglna mun greiða fyrir endurnýjun flotans með nýrri, öruggari og fullkomnari skipum þar sem aðstaða til meðhöndlunar hráefnis og vöruvöndunar verði betri en nú. Auk þess standa fjárfestingargirðingar, í því skyni að takmarka stækkun flotans, í vegi fyrir framþróun hans hvað varðar bættan aðbúnað og öryggi sjómanna. Enn fremur vill minni hlutinn vekja athygli á því að hindranir eins og núverandi endurnýjunarreglur geta leitt til þess að smám saman tapist verkþekking í skipasmíðaiðnaði úr landinu.

Rökin, sem þeir færa fyrir máli sínu sem vilja óbreyttar eða lítið breyttar reglur eins og ríkisstjórnin og meiri hluti hennar er að leggja til með frumvarpinu, eru einkum þau að verði fallið frá þeirri stefnu að halda í við stærð veiðiflotans innan landhelginnar geti afkastageta hans aukist umfram afrakstursgetu fiskistofnanna. Það geti á síðari stigum leitt til þrýstings á ákvörðun um hærri heildarafla. Á þessa röksemdafærslu getur minni hlutinn ekki fallist enda um mikla forsjárhyggju að ræða annars vegar og vantrú á stjórnvöld og fiskveiðistjórn í framtíðinni hins vegar.

Með vísan til framanritaðs telur minni hlutinn að sú rýmkun sem lögð er til í frumvarpinu sé til bóta en að ekki sé nægjanlega langt gengið. Minni hlutinn mun styðja þau ákvæði sem hann telur að horfi til framfara en vekur athygli á því að ekki er að finna neina leiðsögn í frumvarpinu um framtíðaráform stjórnvalda um endurnýjunarreglurnar. Þó vill minni hlutinn vekja athygli á að þrátt fyrir að ekki sé að finna neina framtíðarstefnu núverandi stjórnvalda í frumvarpinu hafði sjávarútvegsráðherra orð á því við 1. umræðu málsins „að í fyllingu tímans verði unnt að afnema þessar reglur“ en skýrði þessi orð sín ekki frekar. Með þessu telur minni hlutinn að ráðherrann hafi verið að ýja að því að þeim reglum, sem ætlunin er að lögfesta, sé aðeins ætlað að gilda um skamma hríð og því sé hætta á að nú þegar hafi ráðherra með orðavali sínu valdið verulegri óvissu, óvissu sem geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Þeirri óvissu telur minni hlutinn nauðsynlegt að eyða sem fyrst.

Eins og að framan er rakið er minni hlutinn þeirrar skoðunar að afnema beri núverandi reglur um endurnýjun og breytingu fiskiskipa. Tvöfalt kerfi við stjórn fiskveiða sé ekki nauðsynlegt til að ná þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett sér í því efni hér við land. Í ljósi þess að þessar reglur hafa gilt um nokkurt skeið, og útgerðarmenn hafa smám saman lagað sig að þeim og lagt í verulegan kostnað til þess að uppfylla skilyrðin, telur minni hlutinn eðlilegt að greinin fái nokkurn aðlögunartíma til að draga úr þeim mikla aðstöðumun sem ella mundi skapast milli einstakra útgerða. Enn fremur telur minni hlutinn nauðsynlegt að stjórnvöld fái aðlögunartíma til þess að meta hvort nauðsynlegt geti verið að stýra að einhverju leyti þróun flotans með beinum eða óbeinum aðferðum og e.t.v. takmarka stækkun einstakra tegunda skipa, t.d. verksmiðjuskipa, meðal annars með vísan til umhverfis- og atvinnusjónarmiða. Minni hlutinn telur þá rýmkun á reglum um endurnýjum fiskiskipa sem frumvarpið felur í sér til bóta en leggur jafnframt til að slíkar takmarkanir falli endanlega niður að þremur árum liðnum og flytur um það sérstaka breytingartillögu.

Alþingi, 13. des. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form.	Lúðvík Bergvinsson, frsm.	Sighvatur Björgvinsson.

541. Breytingartillögur [275. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar (SJS, LB, SighB).

Á eftir 2. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
2.–7. mgr. 6. gr. laga þessara falla úr gildi 1. janúar 2001.

542. Frumvarp til laga [355. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:
Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Hann ræður einnig kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilað verði að afmarka ráðningartíma aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum. Er það í samræmi við þá skipan sem gilti þar til lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla, tóku gildi. Sú tilhögun hefur gefist vel og stuðlað að æskilegri endurnýjun starfsfólks í þessum stöðum.

Frá því að rammalög voru fyrst sett um framhaldsskóla hefur ráðningu aðstoðarstjórnenda verið háttað eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Með nýjum framhaldsskólalögum, nr. 80/1996, var hins vegar horfið frá þeirri tilhögun í ljósi meginreglna nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (sjá einkum 41. gr. laganna). Í ljósi þess að störf aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og deildarstjóra geta verið afgerandi fyrir þróun skólastarfs er með frumvarpi þessu lagt til að veitt verði ótvíræð lagaheimild til þess að setja sérstök ákvæði um tímabindingu ráðningar aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum.

Hér eiga sömu sjónarmið við og um ráðningu skólameistara í framhaldsskólum. Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, segir: „Menntamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar.“ Þetta ákvæði var sett til þess að æskileg endurnýjun ætti sér einnig stað meðal skólameistara framhaldsskóla. Efni frumvarpsins felur það í sér að æskileg endurnýjun starfsmanna kemst á í öllum stjórnunarstöðum innan framhaldsskólanna.

Frumvarpið nýtur stuðnings Hins íslenska kennarafélags, Kennarasambands Íslands og Skólameistarafélags Íslands.

Í 1. gr. er kveðið á um tímabindingu ráðningar aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum. Störf aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og deildarstjóra geta verið afgerandi fyrir þróun skólastarfs. Það er því mikilvægt að hæfileg endurnýjun starfsmanna í þessum stöðum geti átt sér stað og má m.a. benda á þýðingu þess að ráða nýja starfsmenn með nýjar hugmyndir til að gegna þessum störfum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að afmarka ráðningartíma aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum í þeim tilgangi að stuðla að æskilegri endurnýjun starfsfólks í þessum stöðum. Að því er séð verður mun frumvarpið, verði það að lögum, ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

543. Frumvarp til leiklistarlaga. [356. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Þjóðleikhús.

3. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

4. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á þessum listgreinum og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

5. gr.

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Jafnframt skal það standa að flutningi á óperum og söngleikjum og listdanssýningum.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Um endurskipun fer eftir ákvæðum 2. mgr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal þá einnig leita umsagnar þjóðleikhúsráðs. Ætíð skal auglýsa embættið laust til umsóknar ef sami maður hefur gegnt því tvö eða fleiri skipunartímabil samfleytt.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og markar listræna stefnu þess í samráði við þjóðleikhúsráð. Hann stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Skulu tveir fulltrúar tilnefndir af Leiklistarsambandi Íslands en þrír skipaðir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðið skal skipað til fjögurra ára í senn, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkast við embættistíma ráðherrans sitji hann skemur. Fulltrúi starfsmanna leikhússins, kjörinn úr hópi þeirra til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, á sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

8. gr.

Um innra starfsskipulag Þjóðleikhússins má kveða á í reglugerð að fengnum tillögum þjóðleikhúsráðs.

9. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður starfsmenn leikhússins og gerir við þá starfssamninga í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

10. gr.

Þjóðleikhúsið skal kosta kapps um hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna leiklist og öðrum þeim listgreinum er starfi þess tengjast. Það skal eftir föngum veita leikfélögum áhugamanna lið og gera leiklistarnemendum kleift að fylgjast með leikhússtarfinu.

11. gr.

Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til reglubundinnar starfsemi leikhússins samkvæmt þessum lögum má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

12. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og eigið aflafé leikhússins hrekkur ekki til.

13. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

III. KAFLI
Önnur leiklistarstarfsemi.

14. gr.

Auk framlaga til Þjóðleikhússins veitir Alþingi árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugaleikfélaga. Slíkur fjárstuðningur getur auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnaleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans.

Að því leyti sem framlög til einstakra aðila eru ekki ákveðin í fjárlögum hverju sinni annast menntamálaráðuneytið úthlutun þess fjár sem veitt er samkvæmt þessari grein. Úthlutun styrkja til atvinnuleikhópa skal ákveðin að fengnum tillögum leiklistarráðs, sbr. 17.–18. gr., en til starfsemi áhugaleikfélaga að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undirbúning og tilhögun styrkveitinga.

Um veitingu starfslauna til leikhúslistafólks fer samkvæmt ákvæðum laga um listamannalaun, nr. 35/1991, með síðari breytingum.

15. gr.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið er í árlegri fjárhagsáætlun þeirra.

16. gr.

Heimilt er menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að gera tímabundinn samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss og hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög um fjárstuðning við leikhúsið, með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum á samningstímanum. Heimilt er einnig að gera slíka samninga við lögaðila, félög eða stofnanir á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista.

IV. KAFLI
Leiklistarráð.

17. gr.

Menntamálaráðherra skipar leiklistarráð til tveggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti fimm fulltrúar, þrír tilnefndir af Leiklistarsambandi Íslands, einn af Bandalagi íslenskra leikfélaga en einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í leiklistarráði meira en tvö starfstímabil í röð.

18. gr.

Leiklistarráð gerir tillögu til menntamálaráðuneytisins um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum, sbr. 14. gr.

Ráðið veitir umsögn um leiklistarerindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um leiklistarmálefni.

Þóknun fulltrúa í leiklistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Önnur ákvæði.

19. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Heimilt er að ákvæði er taka til starfsemi Þjóðleikhússins séu sett í sérstakri reglugerð.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Um leið falla úr gildi leiklistarlög, nr. 33/1977, með síðari breytingum, og lög nr. 58/1978, um Þjóðleikhús, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að loknum ráðningartíma núverandi þjóðleikhússtjóra skal miða upphaf skipunartíma þjóðleikhússtjóra samkvæmt þessum lögum við 1. janúar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í menntamálaráðuneytinu, en hliðsjón var m.a. höfð af tillögum nefndar sem ráðuneytið skipaði árið 1994 til að huga að nýjum leiklistarlögum. Í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar frá Bandalagi íslenskra leikfélaga, Leiklistarsambandi Íslands og leiklistarráði, auk fulltrúa sem skipaðir voru án tilnefningar, en formaður var Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri. Nefndin skilaði álitsgerð í ágúst 1995. Meðal annarra gagna sem lágu fyrir við samningu frumvarpsins má nefna frumvarp til laga um Þjóðleikhús, sem lagt var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90, en varð ekki útrætt.

Frumvarpið var í drögum kynnt þjóðleikhússtjóra, framkvæmdastjórn leiklistarráðs og fulltrúum úr leiklistarlaganefndinni sem að framan getur og tekið hefur verið tillit til ýmissa ábendinga sem fram komu í þeim viðræðum.

Nýjum leiklistarlögum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi tvenn núgildandi lög, þ.e. annars vegar leiklistarlög, nr. 33/1977, með síðari breytingum, og hins vegar lög um Þjóðleikhús, nr. 58/1978, með síðari breytingum. Þannig er stefnt að heildstæðum lögum um leiklistarmálefni þar sem ákvæði um Þjóðleikhús verði sérstakur kafli. Þessi formbreyting er eðlileg miðað við efnislegt samhengi. Í meginatriðum svara I., III. og IV. og að nokkru V. kafli frumvarpsins til núgildandi leiklistarlaga, að því er efnisatriði varðar, en II. kafli til núgildandi laga um Þjóðleikhús.

Helstu breytingar og nýmæli sem í frumvarpinu felast skulu nú stuttlega rakin og þá fyrst þau sem varða svið núgildandi leiklistarlaga, nr. 33/1977, með breytingum samkvæmt lögum nr. 10/1979.

— Ákvæði um fjárstuðning ríkisins við leiklistarstarfsemi, umfram rekstur Þjóðleikhússins, eru gerð almennari en nú er. Tekið er fram að slíkur stuðningur geti auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnaleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans, bæði á veg

um atvinnumanna og áhugaleikfélaga, en ekki gert ráð fyrir að lögbinda framlög til einstakra aðila.
— Gert er ráð fyrir, eins og í gildandi lögum, að sveitarfélög veiti fé til leiklistarstarfsemi, en fellt er brott ákvæði um að framlag sveitarfélags til hvers leikfélags skuli eigi vera minna en ríkissjóður greiðir. Er það gert með tilliti til meginreglu um fjárhagslegt sjálfræði sveitarfélaga.
— Lagt er til að lögfest verði heimild til að gera samninga af hálfu ríkisins við sveitarfélög, lögaðila, félög eða stofnanir um fjárstuðning við atvinnuleikhús eða hliðstæða starfsemi á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista.
— Skipan leiklistarráðs er breytt, fulltrúum fækkað til muna og sérstök framkvæmdastjórn ráðsins lögð niður.

Kaflinn um *Þjóðleikhús* felur í sér talsverða styttingu og einföldun miðað við gildandi þjóðleikhúslög. M.a. er gert ráð fyrir að felld verði brott ýmis ákvæði sem teljast mega úrelt vegna breyttra aðstæðna eða hafa ekki reynst virk í framkvæmd. Að öðru leyti miða þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að því að efla sjálfstæði leikhússins með því að draga úr lagafyrirmælum um starfstilhögun þess og stjórnkerfi, jafnframt því að leitast er við að marka skýrar línur um ábyrgð og forustuhlutverk stjórnenda. Er í því efni tekið mið af þeirri meginstefnu sem fram kemur í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1996. Auk þessara almennu breytinga skal eftirtalinna atriða getið en jafnframt er vísað til athugasemda við einstakar greinar:
— Skipan þjóðleikhúsráðs er breytt að því leyti að gert er ráð fyrir að fulltrúar í ráðið séu valdir með öðrum hætti en nú er. Í stað tilnefningar af hálfu fjögurra stærstu þingflokkanna og Félags íslenskra leikara er lagt til að tveir fulltrúar verði tilnefndir af Leiklistarsambandi Íslands en þrír skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar. Skipunartími ráðsins verði ekki bundinn við bilið milli alþingiskosninga heldur ákveðinn fjögur ár, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkist við embættistíma ráðherrans ef hann situr skemur. Þá er gert ráð fyrir að fulltrúi starfsmanna leikhússins eigi sæti á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.
— Þjóðleikhúsinu er gert lögskylt að kosta kapps um hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna listgreinum á starfssviði þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er markmið lagasetningar um leiklistarmál orðað í stuttu máli. Greinin á sér ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt frá gildandi leiklistarlögum.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. gildandi laga um Þjóðleikhús.

Um 4. gr.

Sú skilgreining á hlutverki Þjóðleikhússins sem í greininni felst er að mestu samhljóða markmiðslýsingu í 2. gr. gildandi laga en þó lítið eitt stytt.

Um 5. gr.

Hér er kveðið nánar á um verksvið og starfshætti Þjóðleikhússins á svipaðan hátt og í gildandi lögum þótt ákvæðin séu þar í mismunandi greinum (sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 58/ 1978). Aðalbreytingin lýtur að skyldum Þjóðleikhússins til að sinna óperum, söngleikjum og listdansi. Á þessu sviði hafa aðstæður breyst nokkuð eftir setningu gildandi laga, einkum með tilkomu Íslensku óperunnar og breyttum högum Íslenska dansflokksins sem orðinn er sjálfstæð stofnun og hefur ekki lengur bækistöð í Þjóðleikhúsinu. Engu að síður er áfram gert ráð fyrir að Þjóðleikhúsið hafi skyldum að gegna á þessu sviði en ákvæðið sem að því lýtur er rýmkað frá því sem nú er. Í stað þess að mæla fyrir um að leikhúsið skuli „árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans“ (sbr. 3. gr. gildandi þjóðleikhúslaga) er kveðið á um að það skuli „standa að flutningi á óperum og söngleikjum og listdanssýningum“. Er þá m.a. haft í huga að um geti verið að ræða samvinnuverkefni Þjóðleikhússins og annarra aðila á þessu sviði.

Um 6. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar fjallar um skipun þjóðleikhússtjóra. Er þar miðað við að um hana gildi meginreglur laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því er varðar forstöðumenn ríkisstofnana. Í þjóðleikhúslögunum frá 1978 var kveðið á um fjögurra ára ráðningartíma þjóðleikhússtjóra en því var breytt í fimm ára skipunartíma með lögum nr. 83/1997, um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að fellt verði brott ákvæði gildandi laga um að endurnýja megi skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára en þess í stað fari um endurskipun eftir almennum reglum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996, en áskilið er að um endurskipun skuli leitað umsagnar þjóðleikhúsráðs og jafnframt að embættið skuli ætíð auglýst til umsóknar ef sami maður hefur gegnt því tvö eða fleiri skipunartímabil samfleytt.

Lagt er til að afnumin verði tilhögun sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 13. gr. gildandi þjóðleikhúslaga og varðar skörun á störfum fráfarandi þjóðleikhússtjóra og þess sem við tekur. Hvort tveggja er að hún samrýmist illa aðalreglu nýrra starfsmannalaga um skipunartíma embættismanna og jafnframt viðbúið að hún geti reynst hæpin í framkvæmd, leiði til óvissu um valdmörk og ábyrgð þegar tveir menn eiga hlut að sama forstöðumannsstarfi. Hér eru þeir annmarkar taldir vega þyngra en þau vandkvæði að nýr þjóðleikhússtjóri skuli þurfa að sæta því í upphafi ferils síns að stjórna starfsemi sem aðrir hafa skipulagt og ákveðið. Við slíkt þarf að búa á mörgum öðrum sviðum, m.a. í öðrum listastofnunum sem þurfa að skipuleggja starfsemi sína með nokkrum fyrirvara. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir (sbr. ákvæði til bráðabirgða) að nýtt skipunartímabil, og þar með mannaskipti ef um þau er að ræða, miðist við áramót, en samkvæmt núverandi tilhögun lætur fráfarandi þjóðleikhússtjóri af störfum í upphafi nýs leikárs.

Síðari málsgrein 6. gr. skilgreinir hlutverk þjóðleikhússtjóra í stuttu máli. Í meginatriðum er ekki um að ræða mikla breytingu frá gildandi lögum, en ætlast er til að orðalag greinarinnar gefi skýrt til kynna að þjóðleikhússtjóri er ótvíræður stjórnandi stofnunarinnar og ber ábyrgð á starfi hennar í samræmi við það.

Um 7. gr.

Í fyrri málgrein greinarinnar er fjallað um skipun þjóðleikhúsráðs. Er þar gert ráð fyrir veigamiklum breytingum, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Samkvæmt núgildandi lögum (sbr. 5. gr. laga nr. 58/1978) skipar menntamálaráðherra, eftir hverjar alþingiskosningar, fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokkanna

og einn samkvæmt tilnefningu félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar jafnframt einn úr þessum hópi formann ráðsins. Þessi tilhögun hefur verið frá því að Þjóðleikhúsið tók til starfa fyrir nærfellt hálfri öld, raunar ákveðin í þjóðleikhúslögum 1947, en á sér ekki hliðstæðu í ríkiskerfinu. Með þessu frumvarpi er lagt til að breytt verði á þá lund að tveir af fimm fulltrúum í þjóðleikhúsráði verði tilnefndir af Leiklistarsambandi Íslands, sem um nokkurt árabil hefur gegnt hlutverki sem allsherjarsamtök þeirra sem vinna að leikhúsmálum hér á landi, en þrír fulltrúar verði skipaðir án tilnefningar af menntamálaráðherra, sem jafnframt skipi formann ráðsins og varaformann úr hópi aðalfulltrúa í ráðinu. Þá er og gert ráð fyrir að skipunartími þjóðleikhúsráðs verði fjögur ár, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkist við embættistíma ráðherrans sem skipar þá, sitji hann skemur.

Önnur nýjung er að samkvæmt frumvarpinu er kjörnum fulltrúa starfsmanna leikhússins tryggt sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Slík lögformleg trygging er ekki fyrir hendi nú, þótt í framkvæmd muni það oftast hafa verið svo að fulltrúi Félags íslenskra leikara í ráðinu hafi verið úr hópi starfsmanna leikhússins. Nauðsynlegt er að starfsfólk stofnunarinnar eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á vettvangi þjóðleikhúsráðs. Með hliðsjón af hæfisreglum stjórnsýslulaga er hins vegar ekki gert ráð fyrir að fulltrúi starfsfólks fari þar með atkvæðisrétt.

Í seinni málsgrein greinarinnar er hlutverk þjóðleikhúsráðs skýrgreint á samfelldari hátt en í gildandi lögum. Tekið er fram að það sé stjórnarnefnd leikhússins sem allar meiri háttar rekstrarákvarðanir skuli bornar undir. Það er þjóðleikhússtjóra til samráðs um mótun starfseminnar, leggur samþykki á árlega starfs- og fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Rétt er að ítreka það sem segir í athugasemd um 6. gr. hér að framan, þar sem áhersla er lögð á forustuhlutverk og ábyrgð þjóðleikhússtjóra. Hlýtur samstarf þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra að taka mið af því.

Um 8.–9. gr.

Í gildandi þjóðleikhúslögum eru allmörg ákvæði sem varða tiltekin störf og stöður í leikhúsinu, önnur en stöðu þjóðleikhússtjóra. Sumt af því á sér ekki lengur stoð í raunverulegum aðstæðum stofnunarinnar. Sem dæmi má nefna ákvæði um listdansstjóra í fullu starfi, sbr. það sem að framan getur um aðskilnað Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins. Mestu skiptir þó hitt að ekki verður talið heppilegt að njörva niður í lagasetningu hvernig störfum skuli skipað í leikhúsinu. Gert er ráð fyrir að stjórnendur stofnunarinnar hafi með höndum að ráða það starfslið sem þarf til að hún fái sem best rækt lögbundið hlutverk sitt og með hliðsjón af þeirri ábyrgð sem þeir bera á því að reksturinn sé innan marka lögmætra fjárheimilda. Um stöðu og kjör þeirra sem ráðnir eru til ákveðinna starfa fer síðan eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þeim kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Þessi sjónarmið liggja því til grundvallar að ákvæði frumvarpsins um starfsmannamál Þjóðleikhússins eru til muna fábrotnari en í gildandi lögum. Í 8. gr. er hins vegar gert ráð fyrir að setja megi í reglugerð ákvæði um innra starfsskipulag hússins ef það þykir henta og þá að fengnum tillögum þjóðleikhúsráðs.

Um 10. gr.

Í 14. og 15. gr. núgildandi laga um Þjóðleikhús eru allviðamikil ákvæði sem lúta að samstarfi Þjóðleikhússins við leikfélög í landinu, einkum félög áhugamanna. Í stað þeirra er í þessari grein frumvarpsins kveðið almennt á um skyldu Þjóðleikhússins til að kappkosta hagkvæmt samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna þeim listgreinum er falla undir verksvið

þess, jafnframt því að áréttað er að því beri eftir föngum að liðsinna leikfélögum áhugamanna og veita leiklistarnemendum fyrirgreiðslu. Með þessum ákvæðum er mörkuð sú stefna að stuðla beri að samvinnu þeirra sem vinna að sviðslistum, bæði opinberra stofnana og annarra, þegar ætla má að slík samvinna geti verið árangursrík frá listrænu sjónarmiði eða fjárhagslegu. Ýmis dæmi eru um vel heppnað samstarf af þessu tagi og fjölbreyttir möguleikar ættu að vera fyrir hendi, misjafnlega nærtækir. Meðal eðlilegra samstarfsaðila Þjóðleikhússins, auk almennra leikhúsa og leikfélaga, má benda á Íslensku óperuna, Íslenska dansflokkinn, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ríkisútvarpið og aðra ljósvakamiðla í tengslum við upptökur á leiksýningum, en þær hafa til þessa verið of fátíðar.

Í 14. gr. gildandi þjóðleikhúslaga, sem áður var vitnað til, er mælt fyrir um að Þjóðleikhúsið skuli taka þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Af stofnun slíks sameiginlegs safns hefur ekki orðið, þótt hlutverki þess sé sinnt með öðrum hætti af hlutaðeigandi stofnunum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þetta ákvæði falli brott.

Um 11.–13. gr.

Þessar greinar eru efnislega lítt breyttar frá gildandi lögum.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um þann fjárstuðning sem gert er ráð fyrir að veittur sé í fjárlögum ár hvert til leiklistarstarfsemi auk framlaga til Þjóðleikhússins. Skilgreining í 1. mgr. á þeirri starfsemi sem notið getur slíks stuðnings af hálfu ríkisins er rúm, tekið er fram að bæði sé átt við leiklist atvinnumanna og áhugaleikfélaga, svo og mismunandi tegundir sviðslista. Hliðstæð ákvæði í núgildandi leiklistarlögum (sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1977, með breytingum samkvæmt lögum nr. 10/1979) eru að því leyti frábrugðin að þar eru sérstaklega tilgreindir þrír aðilar sem njóta eiga árlegs fjárstuðnings, þ.e. Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar og Bandalag íslenskra leikfélaga. Í frumvarpinu er valin sú leið að skilgreina styrkhæfa starfsemi en tiltaka ekki einstaka aðila sem skylt sé að styrkja. Að því er Leikfélag Reykjavíkur varðar er rétt að taka fram að árleg framlög ríkisins til félagsins hafa verið mjög takmörkuð flest hin síðari ár, eftir að nokkurs konar verkaskipting komst á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar árið 1991 um fjárstuðning við Leikfélag Reykjavíkur og Íslensku óperuna. Undantekning í þessu efni er samtals 25 millj. kr. framlag ríkisins til LR í tilefni af aldarafmæli félagsins 1997. Um framlög til Leikfélags Akureyrar hefur frá 1991 farið eftir þríhliða samningi milli ríkisins, Akureyrarbæjar og Leikfélags Akureyrar, en framkvæmd þess samnings fellur nú undir samning sem gerður var árið 1996 milli ríkisins og Akureyrarbæjar um framlög ríkissjóðs til menningarmála og menningarstofnana sem tengjast Akureyrarbæ. (Samningurinn við Akureyrarbæ var gerður í tengslum við hlutverk Akureyrarbæjar sem reynslusveitarfélag og gildir til ársloka 1999.) Bandalag íslenskra leikfélaga hefur um langt skeið notið árlegs styrks í fjárlögum til starfsemi sinnar og í frumvarpinu felst alls engin vísbending um að á því ætti að verða breyting.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um hvernig standa skuli að úthlutun þess styrkfjár sem um ræðir í 1. mgr. Í meginatriðum er um að ræða hliðstætt fyrirkomulag því sem tíðkast hefur í framkvæmd, þ.e. að styrkjum til svonefndra atvinnuleikhópa sé úthlutað að fengnum tillögum leiklistarráðs og styrkjum til áhugaleikfélaga að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Þess skal þá getið að tillögugerð af hálfu leiklistarráðs hefur verið í höndum framkvæmdastjórnar þess (sbr. athugasemdir við 17. gr. hér á eftir). Þá er og mælt fyrir um að menntamálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um undirbúning og tilhögun styrkveitinga.

Mikilsverður þáttur í fjárhagslegum stuðningi ríkisins við leiklistarstarfsemi er fólginn í starfslaunum sem veitt eru samkvæmt lögum um listamannalaun, svo sem vísað er til í síðustu málsgreinar þessarar greinar frumvarpsins. Samkvæmt þeim lögum eru starfslaun listamanna veitt úr fjórum sjóðum, þ.e. Launasjóði rithöfunda, Launasjóði myndlistarmanna, Tónskáldasjóði og Listasjóði. Listasjóður er almennur sjóður en sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina. Með lögum nr. 144/1996, um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991, var kveðið á um að allt að þriðjungi starfslauna og styrkja úr Listasjóði skuli varið til stuðnings leikhópum, svo sem fyrir er mælt í ákvæðum leiklistarlaga, enda verði því framlagi einvörðungu varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna. Stjórn listamannalauna getur falið framkvæmdastjórn leiklistarráðs að fjalla um veitingu þessara starfslauna. Með þessu móti eru tengd saman starfslaun samkvæmt lögum um listamannalaun og fjárstuðningur við leikhópa á grundvelli leiklistarlaga. Kom sú tilhögun í fyrsta sinn til framkvæmda á þessu ári og er líkleg til að styrkja mjög aðstöðu þeirra leikhópa sem hennar njóta.

Í 2. mgr. þessarar greinar er orðið „atvinnuleikhópar“ haft um leikhópa sem geta notið stuðnings að fengnum tillögum leiklistarráðs. Ástæða er til að fjalla stuttlega um merkingu þeirrar nafngiftar í þessu samhengi. Ekki er unnt að fullyrða að „atvinnuleikhópur“ sé hópur manna sem hafa aðalatvinnu af leikstarfi heldur er átt við að þeir sem að starfseminni standa hafi til að bera sérhæfða menntun eða reynslu sem að öðru jöfnu er ein af forsendum „fagmennsku“ í leiklist. Ýmis önnur orð hafa með jafngóðum rökum verið notuð um þá sýningarhópa sem hér er um að tefla, svo sem „frjálsir leikhópar“ eða „sjálfstæðir leikhópar“ og þá átt við að starfsemin sé ekki á vegum (opinberra) stofnana.

Um 15. gr.

Hér er, eins og í gildandi leiklistarlögum, gengið út frá því að sveitarfélög efli leiklistarstarfsemi innan vébanda sinna með fjárstuðningi. Hins vegar er lagt til að niður falli ákvæði um að fjárframlag sveitarstjórnar skuli eigi vera lægra til hvers leikfélags en ríkissjóður greiðir að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Eðlilegt er að í þessu efni gildi sjálfræði sveitarfélaganna um ráðstöfun fjármuna sinna.

Um 16. gr.

Eins og um getur í athugasemdum við 14. gr. hefur um nokkurra ára skeið verið í gildi þríhliða samningur milli ríkisins, Akureyrarbæjar og Leikfélags Akureyrar um framlög til atvinnuleikhúss á vegum Leikfélags Akureyrar. Samningur milli menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og stjórna Íslensku óperunnar og styrktarfélags hennar um fjárstuðning ríkisins við starfsemi Íslensku óperunnar var gerður 1991 og endurnýjaður í endurskoðaðri gerð í janúar 1997 til fjögurra ára. Loks má nefna að menntamálaráðuneytið hefur að tillögu framkvæmdastjórnar leiklistarráðs tvívegis gert starfssamning til tveggja leikára við leikhóp sem veittur var styrkur af fjárveitingu til atvinnuleikhópa. Samningar af þessu tagi eru til þess fallnir að styrkja rekstrargrundvöll starfseminnar sem í hlut á jafnframt því að stuðlað er að markvissri nýtingu þess fjárstuðnings sem samið er um. Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins miða að því fá slíkum samningum beina stoð í leiklistarlögum, en þeir hafa hingað til aðallega byggst á fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni. Almenn lagaheimild til verkefnasamninga ráðuneyta við ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila er nú að finna í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Um 17. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan leiklistarráðs og gert ráð fyrir að á henni verði veigamikil breyting. Á grundvelli gildandi leiklistarlaga er leiklistarráð nú skipað nær 30 fulltrúum, tilnefndum af samtökum og stofnunum sem fjalla um leiklistarmál. Skipunartími ráðsins er þrjú ár í senn. Ráðið skal koma saman einu sinni á ári nema sérstök ástæða sé til fleiri funda, en milli funda ráðsins fer þriggja manna framkvæmdastjórn með málefni þess. Í frumvarpinu er lagt til að í leiklistarráði eigi sæti fimm fulltrúar, þrír tilnefndir af Leiklistarsambandi Íslands og einn af Bandalagi íslenskra leikfélaga en einn skipaður án tilnefningar og sé hann formaður ráðsins. Eins og nú er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi ráðið en skipunartíminn er styttur í tvö ár og kveðið á um að ekki megi skipa sama mann aðalfulltrúa meira en tvö starfstímabil í röð.

Eins og núgildandi lagaákvæði um leiklistarráð eru úr garði gerð er þess ekki að vænta að ráðið í heild inni af hendi eiginlegt starf að þeim málefnum sem falla undir verksvið þess samkvæmt lögunum, nema hvað ársfundir ráðsins hafa að sjálfsögðu verið vettvangur umræðna um leiklistarmál. Að öðru leyti sinnir framkvæmdastjórnin verkefnum ráðsins, m.a. gerð tillagna um ráðstöfun fjárveitingar til starfsemi atvinnuleikhópa. Segja má að í frumvarpinu felist viðurkenning á þessari tilhögun. Ekki virðist lengur ástæða til að lögbinda sérstakan umræðuvettvang um leiklistarmál, m. a. með hliðsjón af tilkomu Leiklistarsambands Íslands, sem eftir samþykktum sínum er ætlað að vera „sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að leikhúsmálum á Íslandi“.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um verkefni leiklistarráðs. Lögð er nokkru meiri áhersla en í gildandi lögum á það hlutverk ráðsins að vera ráðgjafar- og umsagnaraðili fyrir menntamálaráðuneytið um leiklistarmálefni. Kveðið er beint á um tillögugerð ráðsins að því er varðar úthlutun fjárveitingar til atvinnuleikhópa, en um það verkefni framkvæmdastjórnar leiklistarráðs er nú mælt í reglugerð.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Auk ákvæða um gildistöku nýrra laga og niðurfellingu fyrri leiklistarlaga og laga um Þjóðleikhús er í greininni mælt fyrir um lítils háttar breytingu á lögum um listamannalaun sem leiðir af því að ekki verður lengur um að ræða framkvæmdastjórn leiklistarráðs.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vísað er til athugasemda við 6. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til leiklistarlaga.

Frumvarpið felur í sér að sett verði ein lög um leiklistarstarfsemi í landinu sem taki við hlutverki núgildandi leiklistarlaga, nr. 33/1977, og laga um Þjóðleikhús, nr. 58/1978. Helstu breytingar og nýmæli sem koma til álita varðandi kostnað eru í fyrsta lagi að ákvæði um fjárstuðning ríkisins við leiklistarstarfsemi, umfram rekstur Þjóðleikhússins, eru gerð almennari en nú er. Í öðru lagi er fellt brott lagaákvæði um að framlag sveitarfélags til hvers leikfélags skuli eigi vera minna en það sem ríkissjóður greiðir. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að lögfesta heimild til handa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra til að gera samninga um fjárstuðning við atvinnuleikhús og hliðstæða starfsemi með fyrirvara um fjárveitingu í fjárlögum, en almenn heimild ráðherra til að gera samninga til nokkurra ára er í fjárreiðulögum. Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á skipan leiklistarráðs sem fela í sér fækkun fulltrúa og einföldun. Í fimmta og síðasta lagi er lagt til að bundið verði í lög að Þjóðleikhúsinu sé ætlað að eiga samstarf við aðrar stofnanir, félög og aðra sem sinna listgreinum á starfssviði þess og geta eflt þessar listgreinar á hagkvæman hátt. Að því er séð verður mun frumvarpið, verði það að lögum, hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

544. Frumvarp til laga [312. mál]

um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91 29. desember 1987.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Á árinu 1997 skal gjaldið vera 400,24 kr. á einstakling á mánuði.
b. 2. tölul. fellur brott.
c. Í stað ártalsins „1990“ í 3. tölul. kemur: 1998.

II. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

2. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðsstjórnir skulu senda Ríkisendurskoðun ársreikninga kirkjugarða fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir upplýsingum og til að kanna gögn fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 39. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Á árinu 1997 skal gjaldið vera 164,13 kr. á einstakling á mánuði.
b. Í stað ártalsins „1995“ í 2. tölul. kemur: 1998.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma eru undanþegnir greiðslu framlags til Kirkjugarðasjóðs árin 1998 og 1999.

III. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., nr. 25 3. júní 1985.

5. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sóknarnefndir skulu senda Ríkisendurskoðun ársreikninga sóknarnefnda fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir upplýsingum og til að kanna gögn fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

545. Lög [99. mál]

um ríkisábyrgðir.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 534.

546. Lög [149. mál]

um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 536 með þessum breytingum:

27. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að bera úrskurð úrskurðarnefndar undir dómstóla með venjulegum hætti innan fjögurra vikna frá því að hann er tilkynntur aðilum máls.

Mál, sem skv. 25. og 26. gr. er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, verða ekki borin undir dómstóla nema að undangenginni kærumeðferð.

30. gr. hljóðar svo:

Þegar tjón má rekja til starfsemi verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, sbr. 28. og 29. gr., en ekki liggur ljóst fyrir hvor aðilanna ber ábyrgð á tjóninu, er heimilt að stefna þeim sameiginlega (in solidum) til greiðslu skaðabóta. Um endurkröfu milli stefndu fer samkvæmt almennum reglum.

Samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal aldrei nema lægri fjárhæð en 650 milljónum króna í formi ábyrgða eða á annan hátt.

Nánari reglur um ábyrgðir verðbréfamiðstöðvar skv. 2. mgr. skal setja í samþykktir hennar.

31. gr. hljóðar svo:

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi verðbréfamiðstöðva sé í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirliti Seðlabankans þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana sem það telur nauðsyn á vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands og lög um verðbréfaviðskipti.

547. Lög [185. mál]

um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 185.

548. Lög [289. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 532.

549. Lög [291. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988 (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta).

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 531.

550. Lög [292. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 530.

551. Lög [327. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 535

552. Lög [331. mál]

um breytingu á lögum nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 533.

553. Frumvarp til laga [339. mál]

um breytingu á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 428.

554. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar

Frumvarp þetta felur í sér þriðju tilraun Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar á þessu kjörtímabili til að taka á vandamálum tengdum fiskveiðistjórn smábáta.

Sú fyrsta var gerð með lagabreytingum í júní 1995 og var því þá þegar spáð af stjórnarandstöðunni að þær breytingar mundu reynast hálfkák og kalla á upptöku málsins á nýjan leik. Það sannaðist því að ári síðar, á vordögum 1996, voru aftur á ferðinni breytingar í formi lagafrumvarps frá ríkisstjórn sem að stofni til var grundvallað á samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda frá því á útmánuðum sama ár. Því frumvarpi fylgdi reyndar einnig afnám svonefndrar línutvöföldunar sem framkvæmd var á afar umdeildan hátt, en það er önnur saga. Rétt eins og vorið 1995 var því spáð vorið 1996 af minni hluta sjávarútvegsnefndar og stjórnarandstöðunni að ekki væri verið að ganga frá málum með trúverðugum hætti til frambúðar. Aðeins sá hluti krókabátaflotans sem hafði á viðmiðunarárum áunnið sér álitlega aflareynslu og sá sér hag í að velja svonefnt þorskaflahámark fékk úrlausn með lagabreytingunum vorið 1996. Ljóst var að þeir sem eftir yrðu í handfæra- og handfæra- og línuhópnum mundu sprengja kerfið og við blasa mjög mikil fækkun róðrardaga strax að afloknu fiskveiðiárinu 1996–97. Enn fremur var á það bent að stjórnkerfi smábáta væri með breytingunum vorið 1996 orðið óheyrilega flókið, eða fjórfalt.

Allt hefur þetta gengið eftir og með þessu frumvarpi sjávarútvegsráðherra er nú verið að fara enn einn hring í málinu. Eins og við blasti fór afli handfæra- og handfæra- og línubáta langt fram úr viðmiðun miðað við þá 84 daga sem þeir máttu róa á fiskveiðiárunum 1996–97. Kom þar til bæði það kapphlaup sem allar aðstæður ýttu mönnum út í, en einnig óvenjumikil og góð aflabrögð. Við blasti fækkun róðrardaga niður í 26 fyrir handfærabáta og 20 fyrir handfæra- og línubáta.

Nú hefur náðst sá árangur í viðræðum milli Landssambands smábátaeigenda og ráðuneytis að lagt er til í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I að róðrardagar verði á fiskveiðiárinu 1997/1998 40 og 32. Er það nokkur bót fyrir þá sem í hlut eiga en hrekkur efalaust skammt til að tryggja afkomu fjölmargra sem við þetta starfa.

Einnig er hér enn einu sinni aðeins tjaldað til einnar nætur og það reyndar svo að þegar eru liðnir hátt í fjórir mánuðir af því fiskveiðiári sem breytingarnar taka til. Ljóst er að fullkomin óvissa ríkir um stöðu þeirra sem verða að halda áfram að sækja á grundvelli róðrardaga, hvað við tekur 1. september næstkomandi.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu.

Ef farið er yfir helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu koma fyrst til skoðunar ákvæði 1. gr. Þar eru aðalefnisbreytingarnar þær að opnaðar eru bæði framsals- og takmarkaðar leiguheimildir innan þess hóps smábátaútgerðarinnar sem sækir samkvæmt svokölluðu þorskaflahámarki.

Minni hlutinn hefur miklar efasemdir um þá braut sem hér er verið að leggja út á. Eitt helsta gagnrýnisatriðið á aflamarkskerfið sjálft hefur verið framsal veiðiheimilda og þó ekki síður leigan og ýmislegt sem henni tengist.

Að öðru leyti eru ákvæði 1. gr. orðalagslagfæringar og breytingar á hlutdeild krókaveiðiflotans í heild í kjölfar flutnings á 320 tonna jöfnunarpotti yfir til smábáta á aflamarki.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er krókabátum sem sóttu á árinu 1996–97 heimilt að velja á nýjan leik hvort þeir vilja færast yfir í þorskaflahámarkshópinn. Er þar enn einu sinni verið að setja upp forsendur fyrir þvinguðu vali milli tveggja kosta í mikilli óvissu. Ekki er ólíklegt að nokkur hluti þeirra sem sóttu á grundvelli handfæra- eða handfæra- og línuveiðireglna á síðasta ári færi sig yfir ef þeir hafa svolitla aflareynslu og þá einnig í voninni um að geta bjargað sér með kaupum eða leigu þorskaflahámarks í viðbót. Þarf ekki að fara frekari orðum um hversu geðfellt allt umhverfi þessa vals og væntanlegra viðskipta er.

Loks eru í frumvarpinu í ákvæði til bráðabirgða II færð yfir í varanlega úthlutun þau 500 tonn sem Byggðastofnun hefur úthlutað til þorskaflahámarksbáta í byggðarlögum sem afgerandi eru háð smábátaútgerð. Pottinum er ráðstafað þannig að 180 tonn fara í þorskaflahámarksbáta í viðkomandi byggðarlögum en 320 tonn fara til smábáta á aflamarki. Er sú ráðstöfun í ætt við samþykktir sem Landssamband smábátaeigenda hefur gert um að koma til móts við eigendur aflamarksbáta sem orðið hafa að sæta mikilli skerðingu. Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við þessa ráðstöfun en hefur fyrirvara á þeirri aðferð sem notuð er við skiptinguna.

Loks ber að nefna að í tengslum við þessar aðgerðir hefur verið ákveðið að gera breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins (sbr. mál 302) og bjóða eigendum krókabáta á handfærum og handfærum og línu að úrelda báta sína á sambærilegum kjörum og í boði voru eftir lagabreytingar vorið 1996. Allt bendir því til að enn muni fækka í þeim hópi smábátaflotans sem sækir á grundvelli róðrardaga.

Minni hlutinn treystir sér ekki til að standa að þessum breytingum eins og allt er í pottinn búið, ekki frekar nú en vorið 1996 eða árið 1995. Margt verður að telja ámælisvert í meðferð þessara mála sl. tvö og hálft ár og sér ekki enn fyrir endann á þeim ósköpum, sbr. það sem áður var sagt. Minni hlutinn mun styðja þær breytingar sem eru til bóta en sitja að öðru leyti hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Sighvatur Björgvinsson.

555. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Mál þetta tengist máli 303 og vísar minni hlutinn um afstöðu sína og rökstuðning til nefndarálits minni hlutans um það mál.

Alþingi, 12. des. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Sighvatur Björgvinsson.

556. Svar [281. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um þjónustugjöld fjármálastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve há eru eftirfarandi þjónustugjöld hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, bönkum og sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og stærstu lífeyrissjóðunum, auk Lánasjóðs íslenskra námsmanna, eftir því sem við á:

a. lántökugjöld,
b. ítrekunargjöld vegna vanskila,
c. gjöld fyrir tilkynningar í tengslum við almenna innheimtu, svo sem greiðsluseðla,
d. gjöld fyrir greiðsluáskoranir,
e. gjöld fyrir nauðungarsölubeiðnir,
f. gjöld fyrir kröfulýsingar?

Lántökugjöld.

Húsnæðisstofnun. Lántökugjald er 1% af veittum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins og af fasteignaveðbréfum sem húsbréfadeild kaupir, en 0,5% af veittum lánum úr Byggingarsjóði verkamanna samkvæmt reglugerð um gjaldskrá stofnunarinnar. Lántökugjald er ekki tekið við yfirtöku nýrra greiðenda af fasteignaveðbréfum.

Bankar og sparisjóðir. Almenna reglan hjá bönkum og sparisjóðum er að tekið er 2% lántökugjald. Sú regla er þó ekki án undantekninga, t.d. geta lántökugjöld verið önnur við kaup á raðgreiðslusamningum, á lánum í erlendri mynt og á bílalánum.

Lífeyrissjóðir. Lántökugjald er á bilinu 1–2% hjá þeim lífeyrissjóðum sem leitað var til.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lántökugjald er 1,2% samkvæmt reglugerð um sjóðinn.

Ítrekunargjöld vegna vanskila.

Húsnæðisstofnun. Veðdeild Landsbanka Íslands sendir ítrekunarbréf til skuldara húsnæðislána sem hafa ekki greitt af lánum sínum hjá Húsnæðisstofnun einum mánuði eftir gjalddaga. Tekið er 360 kr. gjald vegna þessa, vegna lána beggja byggingarsjóðanna og húsbréfadeildar.

Bankar og sparisjóðir. Í grófum dráttum má segja að gjaldtaka vegna ítrekunar sé þrenns konar. Í fyrsta lagi bætist 400–500 kr. vanskilagjald við fyrstu ítrekun á sjöunda degi vanskila. Í öðru lagi bætist tvöfalt vanskilagjald eða 800–1.000 kr. við aðra ítrekun eftir mánaðarvanskil og í þriðja lagi bætist við um 1.800 kr. kostnaður vegna milliinnheimtu, gjarnan eftir tveggja til þriggja mánaða vanskil. Kostnaður við milliinnheimtu leggst þó aðeins á einu sinni en ekki við hvern gjalddaga. Milliinnheimta er eins konar millistig á milli útsendingar vanskilatilkynninga og þess að krafa er send til lögfræðings.

Lífeyrissjóðir. Mjög misjafnt er hvert ítrekunargjaldið er hjá lífeyrissjóðum; allt frá því að taka engin slík gjöld upp í 450 kr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Ítrekunargjöld vegna vanskila eru 300 kr. í hvert skipti sem ítrekað er, þó að hámarki 600 kr. á hvern gjalddaga.

Gjöld fyrir tilkynningar í tengslum við almenna innheimtu, svo sem greiðsluseðla.

Húsnæðisstofnun. Veðdeild Landsbanka Íslands innheimtir 195 kr. gjald fyrir hvern greiðsluseðil vegna sérhvers láns frá Húsnæðisstofnun.

Bankar og sparisjóðir. Tekið er 320–355 kr. gjald fyrir hverja afborgun sem tilkynnt er með greiðsluseðli en 125–150 kr. gjald fyrir skuldfærslu.

Lífeyrissjóðir. Tekið er 150–570 kr. gjald fyrir hverja tilkynningu hjá þeim sjóðum sem leitað var til.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Tekið er 300 kr. tilkynningargjald af afborgunum lána sem tekin eru samkvæmt lögum nr. 21/1992, nema ef greitt er með beingreiðslum. Þá er ekkert gjald tekið. Ekki er innheimt tilkynningargjald af eldri lánum.

Gjöld fyrir greiðsluáskoranir.

Húsnæðisstofnun. Gjald fyrir greiðsluáskoranir nemur 4.500 kr. á hverja áskorun, auk virðisaukaskatts. Séu mörg húsnæðislán á sömu íbúð eru greiðsluáskoranir sendar vegna þeirra allra, en gjald aðeins tekið fyrir tvær þeirra í hvert sinn sem þær eru sendar til greiðanda (samtals 9.000 kr.).

Bankar og sparisjóðir. Gjald fyrir greiðsluáskoranir hjá bönkum og sparisjóðum er á bilinu 1.800–3.860 kr. auk virðisaukaskatts. Í sumum tilfellum eru kröfur sendar til innheimtu til lögfræðistofa sem innheimta þær samkvæmt eigin gjaldskrá.

Lífeyrissjóðir. Gjald fyrir greiðsluáskoranir er mjög misjafnt; frá því að vera ekkert upp í 3.000 kr. auk virðisaukaskatts. Líkt og hjá bönkum er misjafnt hvernig lífeyrissjóðir standa að innheimtu krafna.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Innheimta krafna fer ekki fram hjá sjóðnum. Gjald fyrir greiðsluáskoranir er 3.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Gjöld fyrir nauðungarsölubeiðnir.

Húsnæðisstofnun ríkisins. Gjald fyrir nauðungarsölubeiðnir er 2.000 kr. á hverja beiðni, auk virðisaukaskatts.

Bankar og sparisjóðir. Gjaldið er á bilinu 2.828–3.860 kr. auk virðisaukaskatts hjá þeim bönkum og sparisjóðum sem sendu upplýsingar um þetta gjald.

Lífeyrissjóðir. Gjaldið er á bilinu 2.000–3.100 kr. auk virðisaukaskatts hjá þeim lífeyrissjóðum sem sendu upplýsingar um þetta gjald.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gjaldið er 3.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Gjöld fyrir kröfulýsingar.

Húsnæðisstofnun ríkisins. Gjaldið er 5.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Bankar og sparisjóðir. Gjaldið er á bilinu 2.828–3.860 kr. auk virðisaukaskatts hjá þeim bönkum og sparisjóðum sem sendu upplýsingar um þetta gjald.

Lífeyrissjóðir. Ekkert er innheimt fyrir kröfulýsingar hjá einum sjóði sem sendi inn upplýsingar en hjá öðrum var gjaldið á bilinu 2.000–3.521 kr. auk virðisaukaskatts.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gjaldið er 3.000 kr. auk virðisaukaskatts.

557. Tillaga til þingsályktunar [357. mál]

um innlenda metangasframleiðslu.

Flm.: Kristján Pálsson, Einar K. Guðfinnsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Össur Skarphéðinsson, Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og á tollalögum sem heimili að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld og skatta á innlenda metangasframleiðslu úr lífrænum úrgangi, svo sem safnhaugum, sorphaugum og seyru. Slík heimild nái einnig til farartækja sem nýta metangas í stað innfluttra orkugjafa.

Greinargerð.

Í sorphaugunum á Álfsnesi er þegar hafin söfnun metangass. Þar streyma sem svarar 0,2 megawöttum af gasi úr söfnunarpípum og er brennt. Innan fárra mánaða mun gasframleiðslan nema um 1 megawatti og með virkjun Gufuneshauganna má virkja a.m.k. 2 megawött til viðbótar. Árleg framleiðsla eftir árið 2010, þegar rotnun er lokið í Gufuneshaugunum, gæti numið um 2 megawöttum árlega og þá einvörðungu úr Álfsnesi.

Þar sem umhverfisvernd er öflug erlendis og stefnt er að sem mestri sjálfbærri þróun hafa tilraunir sýnt að 20 þús. manna íbúðarbyggð getur með söfnun metangass úr sorphaugum sínum fullnægt allri eldsneytisþörf almenningsvagna og farartækja stofnana á vegum sveitarfélagsins. Á Íslandi mætti heimfæra þetta á höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Árnessýslu og Eyjafjörð svo dæmi séu tekin. Það samsvarar því að Strætisvagnar Reykjavíkur og Hagvagnar, sorpbílar og aðrir bílar sveitarfélaganna á þessum svæðum notuðu einungis metangas sem eldsneyti.

Samkvæmt heimildum frá umhverfisráðuneyti hafa bæði bein og óbein gróðurhúsaáhrif metangass verið metin á alþjóðavísu. Bein áhrif miðað við 100 ára tímabil eru 11-föld áhrif koltvíoxíðs (CO_2) en ef óbein áhrif metans eru vegin með eru áhrif þess u.þ.b. 21-föld áhrif koltvíoxíðs. Í útreikningum Sameinuðu þjóðanna fyrir rammasamninginn í Kyoto er reiknað með stuðlinum 11 fyrir metan og því aðeins tekið tillit til beinna áhrifa þess sem gróðurhúsalofttegundar. Það er gert vegna mikillar óvissu um óbein áhrif metans á andrúmsloftið og gæti stuðullinn því breyst síðar.

Ekki hefur verið gerð opinber rannsókn á heildarlosun metans frá urðunarstöðum á landinu öllu en lauslega áætluð er hún 2.600 tonn árið 1997 og verður í nánustu framtíð 4.300 tonn samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðuneytinu. Orkuinnihald hreins metans er um 45.000 MJ/t. Árið 1998 er áætlað að safna um 750 tonnum af metangasi í Álfsnesi. Orkuinnihald 1 kg af gasi samsvarar orkuinnihaldi 1 lítra af dísilolíu.

Kostnaðarsamt er að endurnýja eða breyta bílum svo notast megi við metangasið sem orkugjafa. Svíar hafa farið þá leið að mæta auknum kostnaði með lækkun tolla og skatta á eldsneytið og farartækin sem nýta metangas. Það er réttlætt með því að umhverfisvernd sé dýr en í þessu tilfelli er um lágar fjárhæðir að ræða miðað við aðrar aðgerðir sem grípa þarf til svo það markmið náist að halda í horfinu eða minnka mengandi lofttegundir í andrúmsloftinu.

Samanlagt samsvara bein og óbein jákvæð áhrif minnkandi mengunar með brennslu metangassins í stað þess að því sé hleypt út í andrúmsloftið og minni mengunar af bílaumferð um $\frac{2}{3}$ af koltvíoxíði frá væntanlegu álveri á Grundartanga eða 60 þús. tonnum á ári.

Þar sem vindar eru hér stöðugir og fjarlægð frá meginlöndum mikil hefur enn ekki hvarflað að Íslendingum að „verðleggja“ umhverfið. Það er þó að koma betur og betur í ljós að við

erum ekki betur sett en margar aðrar þjóðir hvað losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið varðar. Við hljótum að mega búast við miklum kostnaði á allra næstu árum til að standa við alþjóðasamþykktir um umhverfisvernd. Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til eru því mjög hagkvæmar og réttlætanlegar á meðan ekki er lagður á sérstakur umhverfisskattur sem nýta mætti í aðgerðir sem þessar.

Sjálfbær þróun er umhverfissinnuðum þjóðum kappsmál og nýtur vinsælda og skilnings almennings. Íslendingar hafa þegar stigið fyrstu skrefin, m.a. með flokkun sorps og endurvinnslu. Að frumkvæði stjórnar Sorpu var farið að safna metangasi úr safnhaugum (sorphaugum) stöðvarinnar en um slík mál hafa íslensk stjórnvöld engar reglur sett enn sem komið er. Verðmætt frumkvöðlastarf stjórnenda Sorpu hefur alla burði til að verða fyrsta rekstrarformið sem skilar okkur á veg til sjálfbærrar þróunar vistvænnar þjóðar.

558. Framhaldsnefndarálit [55. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nokkur mál hafa verið til umræðu í nefndinni fyrir 3. umræðu. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum við 2. gr. sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali, en þær nema alls 353,9 millj. kr. til lækkunar á gjaldahlið. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu, auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Einnig skal þess getið að í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er nú gert ráð fyrir í frumvarpinu að tekjur ríkissjóðs aukist um 854 millj. kr. frá fyrri áætlun og verði tæplega 131,8 milljarðar kr., sbr. breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Gerð er tillaga um að framlag til viðfangsefnisins 1.05 Alþjóðasamstarf þingmanna hækki um 2,5 millj. kr. vegna starfsemi skrifstofu Vestnorræna þingmannaráðsins. Heildarkostnaður er 5 millj. kr. og greiða Grænlendingar og Færeyingar helming á móti Íslendingum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði: Lagt er til að veita 1 millj. kr. vegna uppgjörs á kostnaði við búnað í tollstöð á Seyðisfirði. Á síðustu vikum byggingartíma hússins var ljóst að ekki hafði verið gert ráð fyrir lausum búnaði og ýmsum sérkröfum tollgæslunnar.

07 Félagsmálaráðuneyti

302 Ríkissáttasemjari: Lagt er til að hækka framlag til ríkissáttasemjara en útgjöld embættisins munu fara 5 millj. kr. umfram heimild fjárlaga á þessu ári. Skýrist það að hluta til af því að samningsaðilar hafa í sívaxandi mæli fengið aðstöðu til fundarhalda hjá embættinu þó svo að málum hafi ekki verið vísað til sáttameðferðar hjá því.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi: Gerð er tillaga um 1,6 millj. kr. aukafjárveitingu til svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi. Í byrjun þessa árs var undirritaður samningur milli svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi og Ullarvinnslu frú Láru um verkstjórn og verndaða vinnuaðstöðu fyrir fatlaða á Seyðisfirði. Svæðisskrifstofan skuldbatt sig til að greiða 1,6 millj. kr. á þessu ári fyrir þá aðstöðu og er hér lögð til viðbótarfjárveiting til að standa undir þeim kostnaði.

09 Fjármálaráðuneyti

801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir: Lagt er til að heimild liðarins lækki um 480 millj. kr. Þegar áætlun um vaxtagreiðslur ríkissjóðs var endurmetin fyrir framlagningu frumvarpsins stóð enn þá yfir átak sem miðaði að því að innkalla ýmsa eldri flokka spariskírteina og fá eigendur þeirra til þess að skipta þeim í staðinn í svonefnda markflokka. Reiknað var með því að svipuð þróun yrði til ársloka og hafði verið frá því að endurskipulagning hófst snemma á árinu. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að mun færri hafa nýtt sér tilboð um skiptikjör fyrir markflokka síðustu mánuði ársins en ætlað var.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerðin: Alls er lagt til að framlag til Vegagerðarinnar hækki um 116 millj. kr. og er það til samræmis við hækkun markaðra tekna til vegamála, sem áætlað er að falli til á þessu ári. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 10 millj. kr. viðbótarframlag til yfirstjórnar sem varið verði til kaupa og uppsetningar á upplýsingakerfi um þjóðvegi landsins sem ætlað er að þjóna áætlanagerð af ýmsum toga og upplýsingamiðlun til vegfarenda. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 16 millj. kr. aukafjárveiting til stuðnings við starfsemi sérleyfishafa þar sem reglur um endurgreiðslur á þungaskatti til sérleyfishafa voru þrengdar talsvert á árinu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 20 millj. kr. hækkun fjárheimildar til viðhalds sem ætlað er að mæta kostnaði við öryggisaðgerðir, einkum breikkun á brúnni á Laxá á Ólafsvíkurvegi. Að lokum er lögð til 70 millj. kr. hækkun fjárheimildar ferju og flóabáta og að hún renni til þess að greiða niður vexti og afborganir af eldri lánum til smíði á ferjum.

Alþingi, 15. des. 1997.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fylgiskjal.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

(1. gr. fjáraukalagafrumvarps; að samþykktum breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar við 3. umr.)

	m.kr.
Tekjur	
Tekjuskattar	1.408,0
Tryggingagjöld, launaskattar	610,0
Eignarskattar	244,0
Skattar á vörur og þjónustu	2.599,0
Aðrar tekjur	696,0
Tekjur samtals	**5.557,0**
Gjöld	
Æðsta stjórn ríkisins	56,9
Forsætisráðuneyti	92,0
Menntamálaráðuneyti	161,7
Utanríkisráðuneyti	492,6
Landbúnaðarráðuneyti	229,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	50,6
Félagsmálaráðuneyti	255,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.981,5
Fjármálaráðuneyti	3.565,6
Samgönguráðuneyti	384,3
Iðnaðarráðuneyti	107,2
Viðskiptaráðuneyti	52,8
Hagstofa Íslands	4,2
Umhverfisráðuneyti	95,2
Gjöld samtals	**7.529,5**
Áætluð yfirfærsla heimilda til næsta árs	-1.134,0
Tekjur umfram gjöld	**-838,5**
Lánahreyfingar	
Veitt lán, nettó	3.495,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**4.333,5**
Afborganir af teknum lánum	4.589,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**8.922,5**
Lántökur	8.900,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**-22,5**

559. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. Við 1. gr.:			
Tekjur			
Tekjuskattar	1.349,0	59,0	1.408,0
Tryggingagjöld, launaskattar	525,0	85,0	610,0
Eignarskattar	211,0	33,0	244,0
Skattar á vörur og þjónustu	1.846,0	753,0	2.599,0
Aðrar tekjur	772,0	-76,0	696,0
Tekjur samtals	**4.703,0**	**854,0**	**5.557,0**
2. Við 2. gr. **00-201 Alþingi**			
1.05 Alþjóðasamstarf þingmanna	0,0	2,5	2,5
3. Við 2. gr. bætist nýr fjárlagaliður:			
06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði			
1.40 Tollgæsla	0,0	1,0	1,0
4. Við 2. gr. bætist nýr fjárlagaliður:			
07-302 Ríkissáttasemjari			
1.01 Ríkissáttasemjari	0,0	5,0	5,0
5. Við 2. gr. **07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi**			
1.01 Svæðisskrifstofa	0,0	1,6	1,6
6. Við 2. gr. **09-801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir**			
1.10 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3.500,0	-480,0	3.020,0
7. Við 2. gr. **10-211 Vegagerðin**			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	10,0	10,0
b. 1.11 Styrkir til sérleyfishafa	0,0	16,0	16,0
c. 5.10 Viðhald	0,0	20,0	20,0
d. 6.55 Ferjur og flóabátar	0,0	70,0	70,0

560. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp annað innheimtukerfi við innheimtu búnaðargjalds en gert er ráð fyrir í lögum um búnaðargjald sem taka skulu gildi 1. janúar 1998. Í ljós hefur komið að unnt er að nýta álagningar- og innheimtukerfi fyrir sérstakan tekjuskatt manna (hátekjuskatt) með tiltölulega litlum breytingum. Með breytingunni er gert ráð fyrir að framkvæmd á fyrirframgreiðslu búnaðargjalds geti orðið mun einfaldari en kveðið er á um í lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Lagðar eru til breytingar á 1. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á fyrri málslið 1. mgr. sem miðar að því gera ákvæðið skýrara, í öðru lagi er lagt til að skattstjóri skuli innan hæfilegs frests úrskurða um umsókn gjaldanda um breytingu á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. 4. gr. laganna og í þriðja lagi er lagt til að í stað þess að skattstjóri skuli að jafnaði taka til greina umsókn gjaldanda ef fyrirsjáanlegt er að búnaðargjald breytist um sem nemur 25%, þó að lágmarki 10.000 kr. á milli ára, skuli skattstjóra skylt að gera svo.

Sigríður Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Magnús Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.	Hjálmar Jónsson.
Lúðvík Bergvinsson.		Ágúst Einarsson.

561. Breytingartillaga [333. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu skal fara fram“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu greiða fyrir fram upp í væntanlega álagningu.
b. Við 3. málsl. 2. mgr. bætist: innan hæfilegs frests.
c. Orðin „að jafnaði“ í 4. málsl. 2. mgr. falli brott.

562. Breytingartillaga [275. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
2.–7. mgr. 6. gr. laga þessara skulu gilda frá 1. janúar 1997.
Þær útgerðir sem hafa stækkað skip sín eða keypt ný skip á árinu 1997 mega ráðstafa þeim rúmmetrum sem samkvæmt nýju lögunum hefðu verið ónauðsynleg fjárfesting.

563. Frumvarp til laga [332. mál]

um breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

1. gr.

Í stað orðsins „umhverfisvernd“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: hverfisvernd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sveitarstjórnar“ í 1. mgr. kemur: sveitarstjórna.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á svæðisskipulagi fyrir ákveðið landsvæði ef nauðsyn þykir til að samræma skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

3. gr.

5. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:
Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Ráðherra skal kveða nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.
Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

5. gr.

1. málsl. 2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdar á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum.

6. gr.

5. mgr. 39. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Byggingarfulltrúa er heimilt á kostnað byggjanda að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða.
b. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Byggingarfulltrúa er heimilt á kostnað byggjanda að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa eftir að það hefur verið reist.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.
b. Lokamálsliður 5. mgr. orðast svo: Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags og prófanefndar áður en löggilding er veitt.

9. gr.

53. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmda- og byggingarleyfisgjöld.

Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta gjöld fyrir leyfi til framkvæmda, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, sbr. 27. gr., og fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum, sbr. 43. gr. Jafnframt er þeim heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

10. gr.

1. málsl. 1. mgr. 55. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórnir ákveða gjalddaga framkvæmdaleyfis-, byggingarleyfis- og bílastæðagjalda og hvernig þau skuli innheimt.

11. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:

Ef framkvæmd, sem fellur undir 27. gr. eða undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, hún byggð á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en sveitarstjórn hefur heimilað getur skipulagsfulltrúi/byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust. Sé um framkvæmdaleyfisskylda framkvæmd að ræða leitar skipulagsfulltrúi staðfestingar sveitarstjórnar. Sé um byggingarleyfisskylda framkvæmd að ræða leitar byggingarfulltrúi staðfestingar byggingarnefndar svo fljótt sem við verður komið.

12. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 59. gr. laganna orðast svo: Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og Samtaka iðnaðarins og gefa iðnmeistara kost á að tjá sig.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. 1. tölul. orðast svo: Skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 37. gr. skulu settar eins fljótt og við verður komið, í síðasta lagi 1. júlí 1998. Þangað til halda núverandi skipulagsreglugerð og byggingarreglugerð gildi sínu að svo miklu leyti sem þær stangast ekki á við lögin.
b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo: Samvinnunefndir um svæðisskipulag sem eru að störfum við gildistöku laganna skulu starfa áfram en um málsmeðferð fer samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

564. Frumvarp til laga [153. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 65. gr. a í lögunum kemur: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96, um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna, sem birt er sem 6. liður a í sama viðauka, fylgir og lögunum og telst hluti þeirra að teknu tilliti til aðlögunarákvæða samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/97 frá 31. júlí 1997. Ákvæði reglugerðanna skulu hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 2. janúar 1998.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1610/96
frá 23. júlí 1996
um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna.

EVRÓPUÞINGIÐ OG
RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar[1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar[2],

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum[3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rannsóknir á plöntuvarnarefnum stuðla að áframhaldandi framförum í framleiðslu og framboði á gnótt góðra matvæla á viðráðanlegu verði.
2) Rannsóknir á plöntuvarnarefnum stuðla að áframhaldandi framförum í ræktun plantna.
3) Haldið verður áfram að þróa plöntuvarnarefni innan bandalagsins og í Evrópu, einkum þau efni sem að baki liggja langvarandi og kostnaðarsamar rannsóknir, ef um þau gilda hagstæðar reglur sem kveða á um nægilega vernd til að hvetja til slíkra rannsókna.
4) Plöntuvarnarefnaiðnaðurinn er þess eðlis að eigi hann að vera samkeppnishæfur krefst það sambærilegrar verndar á nýjungum við þá vernd sem lyfjum er veitt með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja[4].
5) Eins og sakir standa er tíminn sem líður frá því að umsókn um einkaleyfi fyrir nýtt plöntuvarnarefni er lögð fram þar til leyfi til að setja það á markað liggur fyrir svo takmarkaður að tímabilið semefnið nýtur einkaleyfisverndar nægir ekki til þess að fjárfesting í rannsóknum skili sér til baka eða til þess að skapa það fjármagn sem þarf til að halda áfram rannsóknum á háu stigi.
6) Við þessar aðstæður verður vernd ófullnægjandi og kemur það niður á rannsóknum á plöntuvarnarefnum og samkeppnishæfni iðnaðarins.
7) Eitt helsta markmið viðbótarvottorðsins um vernd er að gera evrópskan iðnað samkeppnishæfan við norðuramerískan og japanskan iðnað.
8) Með ályktun sinni frá 1. febrúar 1993[5] um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun samþykkti ráðið hina almennu aðferð og skipulagsáætlun sem fram kemur í áætlun framkvæmdastjórnarinnar, þar sem lögð var áhersla á samband hagvaxtar og gæða umhverfisins. Forsenda aukinnar umhverfisverndar er því að fjárhagslegri samkeppnishæfni iðnaðarins sé viðhaldið. Af þessum sökum má líta á útgáfu viðbótarvottorðs um vernd sem jákvæða ráðstöfun sem kemur umhverfisvernd til góða.
9) Finna þarf samræmda lausn á vettvangi bandalagsins til að koma í veg fyrir að landslög þróist á mismunandi vegu og auki enn á ósamræmið sem getur orðið til hindrunar frjálsum flutningi á plöntuvarnarefnum innan bandalagsins og þar með haft bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Þetta er í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er skilgreind í 3. gr. b í sáttmálanum.
10) Því er nauðsynlegt að gefa út viðbótarvottorð um vernd sem er veitt með sömu skilyrðum í öllum aðildarríkjum að beiðni þess sem hefur innlent eða evrópskt einkaleyfi fyrir plöntuvarnarefni og hefur fengið leyfi til að setja það á markað. Reglugerð er því sá lagagerningur sem helst á við í þessu tilviki.
11) Sú vernd sem vottorðið veitir skal vara nógu lengi til að vernda plöntuvarnarefnið á árangursríkan hátt. Til að svo megi verða ber að sjá til þess að sá sem hefur bæði einkaleyfi og vottorð skuli njóta einkaréttar til framleiðslu í fimmtán ár að minnsta kosti frá þeim tíma að plöntuvarnarefnið sem um ræðir fær fyrst markaðsleyfi í bandalaginu.
12) Þó ber að taka tillit til allra sem eiga hagsmuna að gæta í málinu þar eð framleiðsla plöntuvarnarefna er bæði flókin og viðkvæm atvinnugrein. Af þeirri ástæðu er óheimilt að veita vottorð til lengri tíma en fimm ára.
13) Vottorðið veitir sömu réttindi og grunneinkaleyfi. Ef grunneinkaleyfið veitir vernd vegna virks efnis og hinna ýmsu afleiðna þess (salta og estera) veitir vottorðið því þá sömu vernd.

---

[1] Stjtíð. EB nr. C 390, 31.12.1994, bls. 21 og Stjtíð. EB nr. C 335, 13.12.1995, bls.15.

[2] Stjtíð. EB nr. C 155, 21.6.1995, bls. 14.

[3] Álit Evrópuþingsins frá 15. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. C 166, 3.7.1995, bls. 89), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. nóvember 1995 (Stjtíð. EB nr. C 353, 30.12.1995, bls. 36) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 1996 (Stjtíð. EB nr. C 96, 1.4.1996, bls. 30).

[4] Stjtíð. EB nr. L 182, 2.7.1992, bls. 1.

[5] Stjtíð. EB nr. C 138, 17.5.1993, bls. 1.

14) Útgáfa vottorðs vegna framleiðsluvöru úr virku efni kemur ekki í veg fyrir útgáfu annarra vottorða vegna afleiðna efnisins (salta og estera), að því tilskildu að sérstök einkaleyfi nái til afleiðnanna.
15) Einnig skal leitast við að ná jafnvægi þegar bráðabirgðafyrirkomulag er ákveðið. Með slíku fyrirkomulagi skal veita plöntuvarnarefnaiðnaðinum í bandalaginu möguleika á að vinna upp að einhverju marki það forskot sem aðalkeppinautar hans hafa haft, en gæta þess jafnframt að fyrirkomulagið torveldi ekki framkvæmd annarra réttmætra markmiða sem stefnt er að í landbúnaðar- og umhverfismálum bæði í aðildarríkjunum sjálfum og á vettvangi bandalagsins.
16) Aðeins er unnt að ná því markmiði að tryggja fullnægjandi vernd fyrir nýjungar á sviði plöntuvarnarefna, án þess að missa sjónar á því að innri markaðurinn starfi eðlilega hvað varðar plöntuvarnarefni, með aðgerðum á vettvangi bandalagsins.
17) Reglurnar sem fram koma í 12., 13. og 14. forsendu og í 3. (2. mgr.), 4., 8. (c-lið 1. mgr.) og 17. (2. mgr.) gr. þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda einkum um túlkun 9. forsendu og 3., 4., 8. (c-lið 1. mgr.) og 17. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1768/92.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Plöntuvarnarefni“: virk efni og efnablöndur sem innihalda eitt eða fleiri virk efni í því formi sem þau eru afhent neytanda og eru ætluð til að:
   a) verja plöntur eða plöntuafurðir gegn öllum skaðlegum lífverum eða koma í veg fyrir virkni þessara lífvera, að svo miklu leyti sem þessar efnablöndur eða efni eru ekki skilgreind hér á eftir;
   b) hafa áhrif á lífsferil plantna á annan hátt en sem næringarefni (t.d. stýriefni);
   c) verja plöntuafurðir, að svo miklu leyti sem efni þessi eða afurðir falla hvorki undir sérstök ákvæði ráðsins né framkvæmdastjórnarinnar um rotvarnarefni;
   d) eyða óæskilegum plöntum; eða
   e) eyða plöntuhlutum, draga úr eða hindra óæskilegan vöxt plantna.
2. „Efni“: frumefni og sambönd þeirra, náttúrleg eða iðnaðarframleidd, að meðtöldum óhreinindum sem eru óhjákvæmileg afleiðing iðnaðarvinnslu.
3. „Virk efni“: efni eða örverur að meðtöldum veirum sem hafa almenn eða sértæk áhrif á:
   a) skaðlegar lífverur; eða
   b) plöntur, plöntuhluta eða plöntuafurðir.
4. „Efnablöndur“: blöndur eða lausnir, samsettar úr tveimur eða fleiri efnum þar sem er minnst eitt virkt efni, sem eru notaðar sem plöntuvarnarefni.
5. „Plöntur“: lifandi plöntur og lifandi plöntuhlutar, að meðtöldum ferskum ávöxtum og fræjum.
6. „Plöntuafurðir“: plöntuafurðir, ósunnar eða unnar með einföldum aðferðum, svo sem mölun, þurrkun eða pressun, að undanskildum plöntunum sjálfum eins og þær eru skilgreindar í 5. tölul.
7. „Skaðlegar lífverur“: lífverur sem skaða plöntur eða plöntuafurðir og teljast til dýra- eða jurtaríkisins og einnig veirur, bakteríur, berfrymingar og aðrir sýklar.
8. „Framleiðsluvara“: virka efnið eins og það er skilgreint í 3. tölul. eða samsetningar virkra efna í plöntuvarnarefni.
9. „Grunneinkaleyfi“: einkaleyfi sem verndar framleiðsluvöru sem slíka, eins og hún er skilgreind í 8. tölul., efnablöndu eins og hún er skilgreind í 4. tölul., aðferð til að vinna framleiðsluvöru eða aðferð við notkun framleiðsluvöru, og sem einkaleyfishafi þarf að tilgreina þegar til þess kemur að gefa út vottorð.
10. „Vottorð“: viðbótarvottorðið um vernd.

2. gr.

Gildissvið.

Heimilt er að gefa út vottorð, samkvæmt þeim skilmálum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fyrir hvaða framleiðsluvöru sem er, ef hún nýtur einkaleyfaverndar á yfirráðasvæði aðildarríkis og er háð opinberu leyfi áður en hún er markaðssett sem plöntuvarnarefni, samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE[6], eða samkvæmt jafngildu ákvæði landslaga, ef um ræðir plöntuvarnarefni sem sótt var um leyfi fyrir áður en tilskipun 91/414/EBE kom til framkvæmda í viðkomandi aðildarríki.

3. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu vottorðs.

1. Gefa skal út vottorð ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt í aðildarríkinu þar sem umsóknin er um getur í 7. gr. er lögð fram á þeim tíma sem sótt er um:
a) framleiðsluvaran nýtur verndar grunneinkaleyfis sem er í gildi;
b) framleiðsluvaran hefur fengið gilt markaðsleyfi sem plöntuvarnarefni í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngilt ákvæði í landslögum;
c) framleiðsluvaran hefur ekki þegar fengið vottorð;
d) leyfið sem um getur í b-lið er fyrsta leyfið til að setja framleiðsluvöruna á markað sem plöntuvarnarefni.

2. Handhafi sem hefur fleiri en eitt einkaleyfi fyrir sömu framleiðsluvöru getur einungis fengið eitt vottorð vegna þeirrar vöru. Ef tvær eða fleiri umsóknir vegna sömu framleiðsluvöru berast frá tveimur eða fleiri handhöfum mismunandi einkaleyfa er þó heimilt að gefa út vottorð til hvers þeirra um sig.

4. gr.

Efni sem nýtur verndar.

Sú vernd sem vottorð veitir takmarkast af umfangi grunneinkaleyfisins og tekur einungis til þeirrar framleiðsluvöru sem markaðsleyfið fyrir plöntuvarnarefnið gildir um og til þeirra nota framleiðsluvörunnar sem plöntuvarnarefni sem heimiluð hafa verið á gildistíma vottorðsins.

---

[6] Stjtíð. EB nr. L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/36/EB (Stjtíð. EB nr. L 172, 22.7.1995, bls. 8).

5. gr.

Áhrif vottorðs.

Með fyrirvara um ákvæði 4. gr. skal vottorðið veita sama rétt og grunneinkaleyfið og vera háð sömu takmörkunum og skuldbindingum.

6. gr.

Réttur til vottorðs.

Vottorðið skal veitt handhafa grunneinkaleyfis eða þeim sem síðar kann að yfirtaka þann rétt.

7. gr.

Umsókn um vottorð.

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er leyfið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. var veitt til að markaðssetja framleiðsluvöruna sem plöntuvarnarefni.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal leggja inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er grunneinkaleyfið var veitt, enda hafi markaðsleyfi verið veitt vegna plöntuvarnarefnisins áður en grunneinkaleyfið var veitt.

8. gr.

Innihald umsóknar um vottorð.

1. Umsókn um vottorð skal hafa að geyma:

a) beiðni um útgáfu vottorðs, þar sem einkum kemur fram:
   i) nafn og heimilisfang umsækjanda,
   ii) nafn og heimilisfang fulltrúa hans, ef hann hefur tilnefnt fulltrúa,
   iii) númer grunneinkaleyfisins og heiti uppfinningarinnar,
   iv) númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og, ef þetta er ekki fyrsta markaðsleyfið innan bandalagsins, númer og dagsetning þess leyfis;
b) afrit af markaðsleyfinu eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., með lýsingu á framleiðsluvörunni, einkum númeri og dagsetningu leyfisins og samantekt um eiginleika framleiðsluvörunnar eins og fram kemur í 1. þætti A-hluta (1.–7. lið) eða í 1. þætti B-hluta (1.–7. lið) í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða í jafngildum landslögum aðildarríkisins þar sem umsóknin var lögð fram;
c) ef leyfið sem um getur í b-lið er ekki fyrsta markaðsleyfið sem fengist hefur fyrir plöntuvarnarefnið innan bandalagsins, upplýsingar um framleiðsluvöruna sem leyfi hefur fengist fyrir og lagaákvæði sem farið var eftir við veitingu leyfisins, ásamt afriti af opinberu tilkynningunni um markaðsleyfi, eða, ef slík tilkynning hefur ekki verið gefin út, öðru skjali sem færir sönnur á að leyfið hafi verið veitt, dagsetningu leyfisins og deili á framleiðsluvörunni sem leyfi fékkst fyrir.

2. Aðildarríki geta kveðið á um gjald sem greiða skal þegar sótt er um vottorð.

9. gr.

Umsókn um vottorð lögð fram.

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð hjá lögbærri einkaleyfastofu í aðildarríkinu sem gaf út grunneinkaleyfið eða sem ber ábyrgð á veitingu leyfisins og þar sem markaðsleyfið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. fékkst fyrir framleiðsluvöruna, nema það aðildarríki tilnefni annað yfirvald til þess.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal birta tilkynningu um umsókn um vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang umsækjanda;
b) númer grunneinkaleyfisins;
c) heiti uppfinningarinnar;
d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir um;
e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt hefur verið vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins.

10. gr.

Útgáfa vottorðs eða synjun umsóknar.

1. Ef umsókn um vottorð og framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefa út vottorðið.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal, með fyrirvara um 3. mgr., synja umsókn um vottorð ef umsóknin eða framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Ef umsókn um vottorð uppfyllir ekki skilyrði sem mælt er fyrir um í 8. gr. skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. veita umsækjanda færi á að ráða bót þar á eða greiða gjaldið innan tilskilins frests.

4. Verði ekki ráðin bót á ágöllum eða gjaldið ekki greitt innan tiltekins frests, eins og greint er frá í 3. mgr., skal yfirvaldið synja umsókninni.

5. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefi út vottorð án þess að það hafi gengið úr skugga um að skilyrðin sem mælt er fyrir um í c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. hafi verið uppfyllt.

11. gr.

Birting.

1. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að vottorð hafi verið gefið út. Í tilkynningunni skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn og heimilisfang þess sem hefur fengið vottorð;
b) númer grunneinkaleyfisins;
c) heiti uppfinningarinnar;
d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir fyrir;
e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt hefur verið vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins;
f) gildistími vottorðsins.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að umsóknin hafi verið synjað. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr.

12. gr.

Árgjald.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um greiðslu árgjalds fyrir vottorðið.

13. gr.

Gildistími vottorðs.

1. Vottorðið tekur gildi þegar lögbundinn gildistími grunneinkaleyfisins rennur út og gildir á tímabili sem er jafnlangt þeim tíma sem hefur liðið frá því umsóknin um grunneinkaleyfi var lögð fram þar til fyrsta markaðsleyfið var veitt fyrir framleiðsluvöruna innan bandalagsins, að frádregnum fimm árum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vottorðið ekki gilda lengur en í fimm ár reiknað frá gildistökudeginum.

3. Þegar gildistími vottorðsins er reiknaður skal því aðeins taka tillit til fyrsta bráðabirgðamarkaðsleyfis að beint í kjölfar þess fylgi endanlegt leyfi vegna sömu framleiðsluvöru.

14. gr.

Vottorð fellur úr gildi.

Vottorðið fellur úr gildi:

a) þegar tímabilið sem kveðið er á um í 13. gr. er útrunnið;
b) ef handhafi vottorðs skilar því;
c) hafi árgjald sem kveðið er á um í samræmi við 12. gr. ekki verið greitt á tilsettum tíma;
d) ef og svo lengi sem óheimilt verður að setja framleiðsluvöruna, sem vottorðið gildir um, á markað í kjölfar þess að markaðsleyfi hefur verið afturkallað í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngild ákvæði í landslögum. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. getur ákveðið að fella vottorð úr gildi, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þriðja aðila.

15. gr.

Ógilding vottorðs.

1. Vottorðið skal ógilt ef:

a) það hefur verið gefið út á forsendum sem stangast á við ákvæði 3. gr.;
b) grunneinkaleyfið hefur fallið niður áður en gildistími þess er útrunninn;
c) grunneinkaleyfið hefur verið afturkallað eða takmarkað þannig að framleiðsluvaran, sem vottorðið var gefið út fyrir, nýtur ekki lengur verndar grunneinkaleyfisins eða, eftir að grunneinkaleyfið er útrunnið, ástæða er fyrir því að afturkalla það eða takmarka það með þessum hætti.

2. Hver sem er getur sótt um að fá vottorð ógilt, eða hafið mál til þess, hjá þeim aðila sem ber ábyrgð samkvæmt landslögum á endurnýjun á samsvarandi einkaleyfi.

16. gr.

Tilkynning um vottorð sem hafa fallið úr gildi eða verið ógilt.

Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu um það ef vottorð fellur úr gildi í samræmi við b-, c- eða d-lið 14. gr. eða er ógilt í samræmi við 15. gr.

17. gr.

Áfrýjun.

1. Unnt skal vera að áfrýja ákvörðunum yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. 9. gr. eða aðilans sem um getur í 2. mgr. 15. gr., sem teknar eru í samræmi við þessa reglugerð, á þann hátt sem kveðið er á um í landslögum um ákvarðanir í einkaleyfamálum í viðkomandi landi.

2. Ef dagsetning fyrsta markaðsleyfis fyrir vöruna innan bandalagsins, sem fram kemur í umsókninni um vottorð sem kveðið er á um í 8. gr., er röng, skal vera unnt að áfrýja ákvörðuninni um veitingu vottorðsins til að leiðrétta gildistíma þess.

18. gr.

Málsmeðferð.

1. Sé ekki kveðið á um sérstaka málsmeðferð í þessari reglugerð skal sú málsmeðferð sem gildir um grunneinkaleyfið samkvæmt landslögum gilda um vottorðið og, ef við á, málsmeðferðarákvæði sem gilda um vottorðin sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1768/92, nema í þeim lögum sé kveðið á um sérstaka málsmeðferð fyrir vottorð sem um getur í þessari reglugerð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal undanskilja málsmeðferð vegna andmæla við útgáfu vottorðs.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

19. gr.

1. Heimilt er að gefa út vottorð fyrir allar framleiðsluvörur sem njóta verndar gilds grunneinkaleyfis þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að því tilskildu að fyrsta leyfi til að markaðssetja vöruna sem plöntuvarnarefni í bandalaginu hafi verið veitt eftir 1. janúar 1985 skv. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngildu ákvæði í landslögum.

2. Umsókn um vottorð, sem er lögð fram á grundvelli 1. mgr., skal koma fram innan sex mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi.

20. gr.

Í þeim aðildarríkjum þar sem landslög gerðu ekki ráð fyrir veitingu einkaleyfa vegna plöntuvarnarefna 1. janúar 1990 skulu ákvæði þessarar reglugerðar gilda frá 2. janúar 1998.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki í þeim aðildarríkjum.

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 59/97 frá 31. júlí 1997 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/96 frá 28. október 1996[1].

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna[2] skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (reglugerð ráðsins 1768/92) í XVII. viðauka við samninginn:

„6a. 396 R 1610: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB nr. L 193, 8. 8. 1996, bls. 30).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Við b-lið 1. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi:
„; að því er þessa undirgrein varðar og greinar sem vísa til hennar skal fara með leyfi til að markaðssetja vöru í samræmi við landslög EFTA-ríkis á sama hátt og leyfi sem veitt er í samræmi við tilskipun 91/414/EBE eða jafngilt ákvæði í landslögum aðildarríkis EB.";

b) 20. gr. gildir ekki.

c) Hvað varðar Ísland og Noreg gildir þessi reglugerð frá 2. janúar 1998.

d) Eftirfarandi málsgreinar bætist við 19. gr.:
„3. Ef grunneinkaleyfi í EFTA-ríki rennur út, vegna þess að lögbundinn gildistími þess er liðinn, milli 8. febrúar 1997 og 2. janúar 1998, skal vottorðið eingöngu öðlast gildi fyrir þann tíma sem fer á eftir birtingardegi leyfisumsóknarinnar. Þó skal 13. gr. gilda um útreikning á gildistíma vottorðsins.
4. Ef um 3. mgr. er að ræða skal leggja inn umsókn fyrir vottorði innan tveggja mánaða frá 2. janúar 1998.
5. Vottorð sem sótt er um í samræmi við 3. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að þriðji aðili, sem í góðri trú hefur, frá því að grunnleyfið rann út og þar til umsókn um vottorð var gefin út, notað uppfinninguna í viðskiptum eða hefur lagt í mikinn undirbúning í því skyni, haldi áfram að nota hana."

e) Enn fremur gildir eftirfarandi um Liechtenstein:
Með hliðsjón af einkaleyfissambandi milli Liechtenstein og Sviss skal Liechtenstein ekki gefa út nein viðbótarvottorð um vernd plöntuvarnarefna eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Þó skulu vottorð um vernd plöntuvarnarefna sem Sviss gefur út öðlast gildi í Liechtenstein um leið og löggjöf þar að lútandi tekur gildi í Sviss."

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar (EB) nr. 1610/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

---

[1] Stjtíð. EB nr. L 21, 23.1.1997, bls. 11, og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 4, 23.1.1997, bls. 55.

[2] Stjtíð. EB nr. L 193, 8.8.1996, bls. 30.

565. Frumvarp til laga [165. mál]

um háskóla.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

I. KAFLI
Gildissvið og hlutverk háskóla.

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra menntastofnana sem veita æðri menntun. Ákvæði IV. kafla laganna taka þó einvörðungu til ríkisháskóla.

Nánari reglur um starfsemi háskóla er að finna í sérlögum, reglugerðum, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrám háskóla.

2. gr.

Háskóli er menntastofnun sem jafnframt sinnir rannsóknum ef svo er kveðið á um í reglum um starfsemi hvers skóla. Háskóli skal veita nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, nýsköpun og listum og til þess að gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu þar sem æðri menntunar er krafist. Háskólar skulu miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

3. gr.

Ríkisreknir háskólar eru sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyra stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra og lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum um hvern skóla. Háskólar geta verið sjálfseignarstofnanir og starfa þá eftir staðfestri skipulagsskrá. Heimilt er einkaaðilum að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Allir háskólar skulu hafa sjálfstæðan fjárhag gagnvart ríkissjóði.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita og að þeir uppfylli ákvæði laga þessara og þeirra sérfyrirmæla sem um þá gilda.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita háskólum sem kostaðir eru af einkaaðilum starfsleyfi ef þeir starfa eftir samþykktum eða skipulagsskrám sem menntamálaráðherra staðfestir.

Uppfylli háskóli sem fengið hefur starfsleyfi ekki ákvæði laga þessara, sérfyrirmæla sem um hann gilda eða þær kröfur, sem gerðar eru til kennslu og rannsókna, getur menntamálaráðherra afturkallað starfsleyfið.

5. gr.

Menntamálaráðherra skal setja almennar reglur um eftirfarandi þætti:

1. Með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað.
2. Með hvaða hætti hver háskóli, sem hefur rannsóknarhlutverk, skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum rannsóknanna og nýtingu þeirra fjármuna sem fara til rannsókna.
3. Kærur eða málskotsrétt nemenda í málum þar sem þeir telja brotið á rétti sínum. Slíkar reglur geta falið í sér ákvæði um að kærumál nemenda skuli fara fyrir sérstaka áfrýjunarnefnd sem hafi endanlegt úrskurðarvald.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

6. gr.

Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar viðkomandi háskóla.

Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

Háskólar geta ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði ef þörf gerist, þar á meðal að láta nemendur sem uppfylla framangreind skilyrði gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

7. gr.

Kennarar í háskóla skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Nánari fyrirmæli um dómnefndir, kröfur til kennara, hæfni þeirra og starfsskyldur eru sett í sérlög og reglugerð, samþykktir eða skipulagsskrá um hvern háskóla.

III. KAFLI
Fyrirkomulag kennslu.

8. gr.

Yfirstjórn hvers skóla tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og um skipulag rannsókna.

9. gr.

Kennsla í háskólum skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum.

Námi á háskólastigi skal ljúka með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar.

Menntamálaráðherra skal gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Nánari fyrirmæli um kennslu, nám og prófgráður eru sett í reglugerðir, samþykktir eða skipulagsskrá um hvern háskóla.

IV. KAFLI
Stjórn ríkisháskóla.

10. gr.

Yfirstjórn hvers háskóla er falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráðum og deildarforseta ef skólanum er skipt í deildir.

11. gr.

Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers skóla nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum eða í sérlögum sem gilda um hvern skóla.

Ef háskóla er í lögum skipt upp í sjálfstæða skóla færist yfirstjórn skólans frá háskólaráði til skólastjórna. Háskólaráð fær þá það hlutverk að vera samráðsvettvangur skólanna og ráðgefandi aðili og fer með yfirstjórn í sérstaklega tilgreindum málaflokkum.

12. gr.

Háskólaráð skal samþykkja eftirfarandi nema annað sé berum orðum tekið fram í sérlögum eða reglugerð um hvern skóla:

1. Stjórnskipulag skólans og þar á meðal stjórnskipulag deilda.
2. Rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun skólans, þar á meðal rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun hverrar deildar.
3. Kennsluskrá.

13. gr.

Háskólaráð hvers skóla skal skipað allt að tíu fulltrúum og þar á meðal rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og er forseti þess. Allt að fimm fulltrúar úr hópi kennara skólans eiga setu í ráðinu samkvæmt nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Nemendur skulu kjósa allt að tvo fulltrúa hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Menntamálaráðherra skal skipa allt að tvo fulltrúa til tveggja ára í senn. Í deildaskiptum háskólum, þar sem æðsta ákvörðunarvald er í höndum háskólaráðs, eru fulltrúar í háskólaráði að jafnaði hvorki kjörgengir í stöðu deildarforseta né í deildarráð og þeir geta ekki gegnt stjórnunarstöðum í deildum.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi fulltrúa háskólans sem setu eiga í ráðinu. Varaforseti er staðgengill rektors í forföllum hans.

Falli atkvæði í háskólaráði jöfn ræður atkvæði rektors úrslitum.

14. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu viðkomandi háskólaráðs eftir nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Skal staðan auglýst til umsóknar.

Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar.

Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

15. gr.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á skipulagi hans.

16. gr.

Nú er háskóla skipt í háskóladeildir og telst þá hver deild grunneining skólans. Í háskóla, sem ekki er deildaskiptur, heyrir öll starfsemi skólans undir háskólaráð. Háskólaráð tekur ákvörðun um deildaskiptingu.

Deildir eru sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka sem lög og reglugerðir hvers háskóla setja. Yfirstjórn hverrar deildar er falin deildarforseta, deildarfundum og deildarráði.

Nánar skal kveða á um kjör í deildarráð, kjör fulltrúa til setu á deildarfundum og val á deildarforseta í sérlögum eða reglugerð hvers skóla.

17. gr.

Háskólaráð getur að fengnum tillögum deildar skipt viðkomandi deild upp í skorir. Hver skor kýs sér stjórn og formann.

18. gr.

Nánar skal kveða á um starfssvið, starfshætti og tengsl háskólaráðs, rektors, deildarforseta, deildarfunda, deildarráðs og skora í sérlögum, reglugerð og starfsreglum hvers skóla.

V. KAFLI
Fjárhagur.

19. gr.

Hver ríkisháskóli hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára. Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við hvern skóla um þjónustu og verkefni og greiðslur ríkisins fyrir þau í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við háskóla sem rekinn er af einkaaðilum og fengið hefur starfsleyfi skv. 4. gr. um að annast tiltekna menntun á háskólastigi gegn því að ríkissjóður greiði ákveðna fjárhæð fyrir þjónustuna.

Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í sérlög hvers ríkisháskóla skal setja reglur um öflun sértekna með gjaldtöku fyrir þjónustu er skólarnir bjóða.

20. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til háskóla skal miða við eftirfarandi:

1. Fjárveitingar vegna kennslu miðast við fjölda nemenda í fullu námi. Menntamálaráðherra setur reglur um kennslukostnað og þar á meðal um hvað telst fullt nám í þessu tilliti og útreikning á fjölda nemenda í fullu námi.
2. Fjárveitingar vegna rannsókna, nýsköpunar og þróunar í þeim háskólum, sem hafa rannsóknarhlutverk, skulu taka mið af fjölda fastra kennara og sérstakra framlaga til rannsóknarverkefna og þjónustustofnana. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framlög til rannsókna.
3. Fjárveitingar vegna húsnæðis skulu taka mið af fjölda fastra kennara, fjölda nemenda og sérstakrar aðstöðu sem námið krefst. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framlög til húsnæðismála.

21. gr.

Í samningum sem menntamálaráðherra kann að gera við einkaaðila skv. 2. mgr. 19. gr. skal eftirfarandi koma fram:

1. Námsframboð og námskröfur.
2. Áætlaður fjöldi nemenda í hverri námsgrein.
3. Hvaða þjónustustarfsemi skólinn býður.
4. Áætlaður fjöldi kennara.

5. Upplýsingar um námsárangur.
6. Hvernig greiðslum úr ríkissjóði skuli hagað á samningstímabilinu.

Samningar þessir skulu endurskoðaðir árlega með hliðsjón af fjölda nemenda og námsframboði. Þá skal fara fram uppgjör á milli samningsaðila vegna mismunar á raunverulegum og áætluðum tilkostnaði. Fyrir lok samningstímans skal menntamálaráðherra láta fara fram úttekt á starfsemi viðkomandi háskóla í heild.

22. gr.

Ríkisháskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð viðkomandi háskóla fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum.

23. gr.

Árlega skal hver háskóli sem nýtur fjárframlaga frá ríkissjóði halda opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt.

VI. KAFLI
Samstarf háskóla.

24. gr.

Háskólar skulu hafa með sér samráð og samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Í því skyni skulu háskólar m.a. setja reglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta.

Samstarfsnefnd háskólastigsins skal skipa á grundvelli þessara laga. Í henni skulu eiga sæti rektorar háskóla. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um málefni háskólamenntunar. Nefndin skal veita umsögn í málum sem menntamálaráðherra eða einstakir háskólar vísa þangað.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

26. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skólakerfi, nr. 55/1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Háskólar sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu innan tveggja ára frá gildistökudegi að telja laga starfsemi sína að lögum þessum. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra.

566. Frumvarp til laga [167. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennaraháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna störfum á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og til þess að sinna sjálfstætt fræðilegum rannsóknum á því sviði.

Nánari fyrirmæli um skilgreiningu þess náms sem háskólinn veitir og hvernig samstarfi við aðra háskóla á sviði kennara- og uppeldismenntunar skuli háttað skal setja í reglugerð.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

2. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur fastráðinna kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsstöður, dósents- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra, til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina, þar af annan formann nefndarinnar. Annar fulltrúanna sem háskólaráð tilnefnir skal starfa utan háskólans.

Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Rektor skal eftir ábendingu viðkomandi deildar tilnefna sérfræðing, hverju sinni, er skal vera dómnefnd til ráðgjafar þegar fræðistörf umsækjenda eru metin.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna stöðunni. Engum manni má veita prófessorsstöðu, dósentsstöðu eða lektorsstöðu nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að sambærileg ákvæði gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við skólann.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deildarráða, staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar deildir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild.

Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningargjald skal taka mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi háskólans. Skrásetningargjald skal ekki vera hærra en sem nemur 25.000 kr.

Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem skrá sig til náms eftir að auglýstu skrásetningartímabili lýkur.

Þeir einir teljast nemendur við Kennaraháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms.

III. KAFLI
Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess,
2. fjórir fulltrúar fastráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi fastráðinna kennara hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn,
3. tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans,
4. tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa fastráðinna kennara.

6. gr.

Rektor boðar til funda í háskólaráði eftir þörfum. Óski þrír háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði forseta úr.

Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildarskipan skólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar.

Deildarfundir og deildarráð, í umboði háskólaráðs og rektors, stjórna málefnum hverrar deildar og fer deildarforseti með framkvæmdarvald í málefnum deildarinnar.

Háskólaráð setur reglur um skipan deildarráða og val á deildarforsetum. Háskólaráð setur reglur um deildarfundi, hverjir hafi rétt til setu á deildarfundum og hvert skuli vera verksvið þeirra, vald og ábyrgð. Háskólaráð setur deildarráðum starfsreglur. Háskólaráð setur jafnframt reglur um skipan annarra stjórnunareininga.

Stofnanir og einstakir starfsmenn innan háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

9. gr.

Fyrir hverja deild skólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talin starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Á grundvelli námskrár skal árlega gefin út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði sem varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrá en deildarráð bera ábyrgð á gerð þeirra.

IV. KAFLI
Rannsóknir.

10. gr.

Heimilt er Kennaraháskóla Íslands að setja á stofn rannsóknarstofnun. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga að stofnuninni. Háskólaráð getur falið rannsóknarstofnun umsjón með útgáfustarfsemi á vegum háskólans. Háskólaráð skipar stjórn stofnunarinnar.

Rannsóknarstofnun skal, eftir því sem aðstæður leyfa, veita uppeldisstéttum og nemendum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknarstofnunarinnar og þar með talið um gjaldtöku fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

Reglurnar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra staðfestir. Skipulagsskráin skal birt í Stjórnartíðindum.

V. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

11. gr.

Við gildistöku þessara laga renna eignir Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til Kennaraháskóla Íslands.

12. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, öðlast gildi 1. janúar 1998 og skulu vera komin að fullu til framkvæmda eigi síðar en 31. júlí 1999.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands, lög nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands, og lög nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um þá sem við gildistöku laga þessara eru starfsmenn eða nemendur í Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands gildir eftirfarandi:

a. Nemendur, sem við gildistöku laga þessara stunda nám í þeim skólum sem eru sameinaðir með lögum þessum og ljúka námi áður en þau koma til fullra framkvæmda, eiga rétt á að ljúka prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna. Háskólaráði, sbr. e-lið, er heimilt að ákveða að þeir nemendur geti lokið háskólaprófgráðu.
b. Núverandi rektor Kennaraháskóla Íslands er rektor hins nýja Kennaraháskóla Íslands þar til nýr rektor hefur verið skipaður, sbr. e-lið. Störf skólastjóra Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands eru lögð niður frá og með 1. janúar 1998. Þó skulu þeir sem gegna þessum störfum við gildistöku laganna eiga rétt til starfa hjá Kennaraháskóla Íslands samkvæmt c- og d-lið.
c. Skipaðir og ótímabundið ráðnir kennarar við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla, eru starfsmenn Kennaraháskóla Íslands frá og með 1. janúar 1998. Hið sama gildir um prófessora, dósenta og lektora við Kennaraháskóla Íslands og þá starfsmenn skólanna sem gegna öðrum störfum en þeim sem upp eru talin í d-lið.
d. Störf skipaðra og ótímabundið ráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla skulu lögð niður 1. janúar 1998. Þó er heimilt að fresta niðurlagningu starfanna til 31. júlí 2001. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfanna nýtt teljast starfsmenn samkvæmt þessum lið vera starfsmenn Kennaraháskóla Íslands frá og með 1. janúar 1998.
e. Er Alþingi hefur samþykkt lög þessi skal menntamálaráðherra skipa níu manna háskólaráð til 31. júlí 1999. Það skal starfa í samræmi við ákvæði laga þessara og tryggja framkvæmd þeirra, sbr. 14. gr. Skólanefnd Fósturskóla Íslands, skólanefnd Íþróttakennaraskóla Íslands, skólaráð Kennaraháskóla Íslands og skólastjórn Þroskaþjálfaskóla Íslands skulu hver um sig tilnefna einn fulltrúa til setu í því ráði og menntamálaráðherra tvo fulltrúa. Jafnframt skulu stjórnir nemendafélaga skólanna tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa í ráðið. Rektor Kennaraháskóla Íslands, sbr. b-lið, skal vera forseti háskólaráðs þar til nýtt háskólaráð hefur verið skipað, sbr. 5. gr., og nýr rektor skipaður, sbr. 7. gr., samkvæmt tilnefningu þess háskólaráðs.

567. Lög [312. mál]

um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 544.

568. Breytingartillaga [332. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Frá Árna M. Mathiesen.

Við 4. gr. Á eftir orðunum „við skipulagsáætlanir og“ í 2. efnismgr. b-liðar komi: úrskurð um.

569. Frumvarp til laga [358. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

a. Á undan 1. gr. laganna kemur svohljóðandi kaflaheiti: I. kafli, **Vörugjald af olíu, gjaldskylda og fjárhæð gjalds.**
b. 3. og 4. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Fjárhæð olíugjalds skal vera 34 kr. á hvern lítra af olíu.
Ríkisskattstjóri annast álagningu olíugjalds og aðra framkvæmd laganna. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum og Vegagerðinni framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögunum.

2. gr.

Í stað orðsins „skattskyldir“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: gjaldskyldir.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Þeir sem flytja inn til endursölu olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.
b. Í stað orðanna: „þess skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
c. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
d. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 4. og 5. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Sala eða afhending á olíu, sem bætt hefur verið í litar- og merkiefnum, sbr. 5. gr., er undanþegin gjaldskyldu í eftirfarandi tilvikum:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningssundlauga,
3. til iðnaðarþarfa og til nota á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,

5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, enda sé greitt af þeim kílómetragjald skv. 5. mgr. 14. gr.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilgangi en lýst er í 1. mgr. Litar- og merkiefni má hvorki fjarlægja að öllu leyti né að hluta.

Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar í landbúnaði og bifreiðar sem taldar eru upp í 6. tölul. 1. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð á um skilyrði fyrir undanþágu.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 3. gr. og óska eftir að fá heimild til að bæta litar- og merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, sbr. 4. gr., skulu senda umsókn til ríkisskattstjóra. Einungis þeim aðilum, sem fengið hafa leyfi hjá ríkisskattstjóra, er heimilt að bæta litar- og merkiefnum í gas- og dísilolíu samkvæmt lögum þessum.

Litun á olíu má aðeins framkvæma í búnaði sem viðurkenndur hefur verið af Löggildingarstofu.

Ríkisskattstjóri getur afturkallað eða takmarkað leyfi aðila til litunar á olíu ef í ljós kemur að búnaður uppfyllir ekki þau nákvæmnisskilyrði sem farið er fram á, lituð olía er seld til annarra nota en tilgreind eru í 1. mgr. 4. gr. eða eftirliti verður ekki við komið á viðunandi hátt.

Fjármálaráðherra skal kveða í reglugerð á um gerð og samsetningu litar- og merkiefnis, litunarbúnað og framkvæmd litunar að öðru leyti.

6. gr.

2.–4. tölul. 6. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „gjaldskylda olíu“ í 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa.
b. Við 1. og 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litarefni og notkun á því.
c. Orðin „milli gjaldskyldra aðila eða til aðila sem um ræðir í 4., 5. eða 6. gr.“ í 3. mgr. falla brott.
d. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Við afhendingu á litaðri olíu skal tilgreina á sölureikningi að um gjaldfrjálsa olíu sé að ræða.
e. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Við staðgreiðslusölu smásöluverslana er ekki skylt að gefa út sölureikning, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

8. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Aðilar, sem eiga rétt á endurgreiðslu olíugjalds skv. 6. gr., skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir varðandi sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar.

Vanræki aðili að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir það tímabil sem bókhald eða skráning er ekki fullnægjandi.

9. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Við uppgjör má draga frá olíugjald af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til gjaldskyldrar sölu á olíu. Fjármálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð á um skilyrði frádráttar samkvæmt þessari málsgrein.

10. gr.

2. tölul. 10. gr. laganna fellur brott og röð annarra töluliða breytist samkvæmt því.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „gjaldskyldrar“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: og gjaldfrjálsrar.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er verður 1. málsl. og orðast svo: Ríkisskattstjóri skal ákvarða olíugjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili.
c. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. og 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó er ríkisskattstjóra heimilt að leiðrétta augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til gjaldanda.

12. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós annmarkar á olíugjaldsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 11. gr., eða telji ríkisskattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði varðandi olíugjaldsskil aðila skal hann skriflega skora á gjaldskyldan aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem ríkisskattstjóri telur þörf á að fá. Fái ríkisskattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests ákvarðar hann eða endurákvarðar olíugjald samkvæmt olíugjaldsskýrslu og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á olíugjaldsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tilskilins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er ríkisskattstjóra heimilt að áætla olíugjald aðila.

Við ákvörðun eða endurákvörðun skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal ríkisskattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar.

Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

13. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur nýr kafli, II., **Kílómetragjald og sérstakt olíugjald**, með fimm greinum, 14.–18. gr., er orðast svo:

a. (14. gr.)

Kílómetragjald.

Greiða skal kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:

1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og nota annan orkugjafa en bensín, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga,
2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
3. bifreiðum og eftirvögnum sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands. Tollstjóri skal við komu og brottför ökutækis lesa af ökumæli þess og ákvarða kílómetragjald í samræmi við ekinn kílómetrafjölda.

Gjaldskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á skráðum eiganda ökutækis á álestrardegi eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð. Hafi orðið eigendaskipti á ökutæki án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir gjaldskyldan jafnframt á nýjum eiganda. Ef annar aðili en skráður eigandi hefur umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu kílómetragjalds. Skylda til greiðslu kílómetragjalds af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetragjald, kr.*
10.000–11.000	2,00	21.001–22.000	8,40
11.001–12.000	2,50	22.001–23.000	9,05
12.001–13.000	3,00	23.001–24 000	9,70
13.001–14.000	3,50	24.001–25.000	10,35
14.001–15.000	4,00	25.001–26.000	11,00
15.001–16.000	4,50	26.001–27.000	11,65
16.001–17.000	5,15	27.001–28.000	12,30
17.001–18.000	5,80	28.001–29.000	12,95
18.001–19.000	6,45	29.001–30.000	13,60
19.001–20.000	7,10	30.001 og yfir	14,25
20.001–21.000	7,75		

Kílómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum skv. 2. tölul. 1. mgr. sbr. 3. tölul., skal vera tvöföld fjárhæð kílómetragjalds sem kveðið er á um í 3. mgr.

Eigendur eða umráðamenn ökutækja til sérstakra nota, sem fengið hafa heimild hjá ríkisskattstjóra til að nota gjaldfrjálsa olíu á ökutæki sín, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu í stað kílómetragjalds skv. 3. mgr. greiða kílómetragjald sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetragjald, kr.*
10.000–15.000	15,00	23.001–26.000	30,00
15.001–19.000	20,00	26.001–30.000	35,00
19.001–23.000	25,00	30.001 og yfir	40,00

Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar og eftirvagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á í reglugerð. Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglu-

gerð nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem ökumælir. Nú er ökuriti notaður sem ökumælir og er ökumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið eða eftirvagn sé útbúin ökumæli, enda fari ákvörðun kílómetragjalds fram á annan jafntryggan hátt.

b. (15. gr.)

Ökumaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 14. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina, hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í hverri viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hafi talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið. Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar. Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af ökumæli sem settur er í ökutækið. Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga í senn. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið nema sem svarar til að a.m.k. 200 km aksturs fyrir hvern dag sem ekið er án ökumælis. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

c. (16. gr.)

Ákvörðun kílómetragjalds.

Ríkisskattstjóri ákvarðar að loknu hverju álestrartímabili kílómetragjald ökutækja, sem færð hafa verið til álestrar, vegna aksturs þeirra frá síðasta álestrartímabili þar á undan til álestrardags. Álestrartímabilin eru frá 1. apríl til 10. apríl og frá 1. október til 10. október ár hvert. Eigandi eða umráðamaður ökutækis skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með ökutæki til álestraraðila á álestrartímabili og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, ákvarða kílómetragjald vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Gjalddagi kílómetragjalds vegna álestrartímabils 1. apríl til 10. apríl er 5. maí þar á eftir og gjalddagi kílómetragjalds vegna álestrartímabils 1. október til 10. október er 5. nóvember þar á eftir. Við eigendaskipti ökutækis er gjalddagi og álestrardagur sá sami, sbr. 22. gr.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla kílómetragjald. Áætlun skal svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri tímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili tímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

Til viðbótar áætlun og álagningu skv. 3. mgr. og endurákvörðun skv. 1. mgr. 17. gr. skal bætt við álagi sem skal vera 1% af fjárhæð kílómetragjalds fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutæki til álestrar fram yfir lok álestrartímabils eða fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga kílómetragjalds. Álag skal vera að hámarki 10% af fjárhæð kílómetragjalds. Gjalddagi álags skal vera sá sami og gjalddagi kílómetragjalds. Fella má niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilviki hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

d. (17. gr.)

Komi í ljós eftir ákvörðun skv. 16. gr. að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir verið óvirkur, innsigli rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að kílómetragjald hafi ekki verið réttilega ákvarðað skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. 15 daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurákvarðar hann gjald á grundvelli fyrirliggjandi gagna, en að öðrum kosti endurákvarðar hann gjald skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal nema sem svarar til 2.000 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

e. (18. gr.)

Sérstakt olíugjald.

Leggja skal sérstakt olíugjald á eigendur skráningarskyldra ökutækja komi í ljós við eftirlit að lituð olía hafi verið notuð á ökutækið andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr. Ríkisskattstjóri skal tilkynna skráðum eiganda ökutækisins skriflega um fyrirhugaða álagningu sérstaks olíugjalds skv. 2. eða 3. mgr. og skora á hann að láta sér í té skýringar og gögn innan a.m.k. 15 daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn ákvarðar hann sérstakt olíugjald skv. 2. eða 3. mgr.

Sérstakt olíugjald skal vera sem hér segir:

Skráð heildarþyngd, kg	*Sérstakt olíugjald, þús. kr.*	*Skráð heildarþyngd, kg*	*Sérstakt olíugjald, þús. kr.*
Allt að 1.000	175	16.001–17.000	630
1.001–2.000	192	17.001–18.000	665
2.001–3.000	210	18.001–19.000	682
3.001–4.000	227	19.001–20.000	700
4.001–5.000	245	20.001–21.000	717
5.001–6.000	280	21.001–22.000	752
6.001–7.000	315	22.001–23.000	787
7.001–8.000	350	23.001–24.000	822
8.001–9.000	385	24.001–25.000	857
9.001–10.000	420	25.001–26.000	892
10.001–11.000	437	26.001–27.000	927
11.001–12.000	472	27.001–28.000	962
12.001–13.000	507	28.001–29.000	997
13.001–14.000	542	29.001–30.000	1.032
14.001–15.000	577	30.000 og yfir	1.050
15.001–16.000	612		

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal sérstakt olíugjald vegna fólksbifreiða sem ekki eru nýttar í atvinnurekstri og dráttarvéla sem ekki eru nýttar til landbúnaðarnota vera 40% af sérstöku olíugjaldi skv. 2. mgr.

Hafi eignarhaldstími skráðs eiganda samkvæmt opinberri skráningu verið skemmri tími en 12 mánuðir skal sérstakt olíugjald reiknast hlutfallslega sem $\frac{1}{12}$ af gjaldi skv. 2. eða 3. mgr. vegna hvers byrjaðs mánaðar sem eignarhald nær til, þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur ¼ hluta gjalds.

Ef annar aðili en skráður eigandi hafði umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki á þeim tíma þegar lituð olía var notuð á það andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr. ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu sérstaks olíugjalds skv. 2. og 3. mgr.

Gjalddagi sérstaks olíugjalds er 15 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

14. gr.

Í stað 14.–20. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Kæruheimildir, eftirlit og refsiábyrgð**, með fimm greinum, 19.–23. gr., og breytist greinatala samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (19. gr.)

Kæruheimildir.

Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 6., 11., 16. og 18. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá því að hún var tilkynnt. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um gjaldákvörðun. Við ákvörðun olíugjalds án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabils, sbr. 11. gr. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 13. gr. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Heimilt er að kæra úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. og endurákvörðun skv. 13. og 17. gr. til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar samkvæmt lögum þessum nær til síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi kennt um að að áðurnefnd gjöld voru vanálögð, og/eða hafi hann látið í té við álagningu eða álestur fullnægjandi upplýsingar og/eða gögn sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að ákvarða honum gjald nema vegna síðustu tveggja ára sem næst voru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 21. gr., nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 5. mgr. Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Sök skv. 21. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða ríkislögreglustjóra gegn aðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Hafi olíugjald skv. 11. gr., kílómetragjald skv. 16. gr. eða sérstakt olíugjald skv. 18. gr. ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga og eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

b. (20. gr.)

Eftirlit.

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki og að skráning þeirra og búnaður sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Jafnframt annast ríkisskattstjóri eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskylt ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis. Eftirlitsmönnum er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskylt ökutæki. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á ökutækinu sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók.

Ríkisskattstjóra er heimilt við eftirlit með gjaldskyldum aðilum skv. 3. gr. að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að framangreindum gögnum, starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eftir því sem þau geta átt við.

c. (21. gr.)

Refsiábyrgð.

Skýri gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu olíugjalds skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemi allt að tífaldri, og aldrei lægri en tvöfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan eða vanrækt var að greiða.

Vanræki gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, vanræki að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum, skýri rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olíugjaldi, eða brjóti á annan hátt gegn lögum þessum skal hann sæta sektum, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum lögum eða öðrum lögum.

Brjóti eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að nota litaða olíu á ökutæki sitt, sbr. 3. mgr. 4. gr., hafa ökutæki heimildarlaust í umferð án þess að það sé búið ökumæli, ökumælir telur ekki eða færa akstur ekki í akstursbók, skal hann greiða sekt allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða ofendurgreidd hafi verið.

Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum varða þau við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans.

Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 3. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt, sem greiðist innan tveggja mánaða, í stað sektarmeðferðar skv. 5. mgr. 19. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um sektarmeðferð skv. 5. mgr. 19. gr. Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis brotið gegn 3. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn er ríkisskattstjóra heimilt að ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 100.000 kr. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar innan 30 daga frá póstlagningu ákvörðunar. Sektarfjárhæð, sem ríkisskattstjóri ákvarðar, dregst frá sektarfjárhæð skv. 3. mgr.

d. (22. gr.)

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið kílómetragjald á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni og tilkynna lögreglu um það þegar í stað.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema gjaldfallið kílómetragjald hafi verið greitt og lesið hafi verið af ökumæli og kílómetragjald vegna þess álestrar greitt.

Hafi gjöld samkvæmt lögum þessum ekki verið greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmerki þess til geymslu.

Ef gjaldskylt ökutæki er flutt tímabundið úr landi skal ekki greiða kílómetragjald vegna þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis, enda tilkynni eigandi eða umráðamaður ríkisskattstjóra um akstur erlendis og framvísi innflutnings- og útflutningsskýrslu með staðfestingu tollyfirvalda á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis við útflutning og innflutning.

Óheimilt er að skipa ökutæki úr landi nema greitt hafi verið álagt kílómetragjald og sérstakt olíugjald

Kílómetragjaldi og sérstöku olíugjaldi fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.

e. (23. gr.)

Að því leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Varðandi álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987.

Innheimtar tekjur af olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku olíugjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar, að frádregnu ½% sem rennur í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. lög nr. 120/1995:

a. Í stað ártalsins „1997“ í ákvæðinu kemur: 1998.
b. Í stað ártalsins „1998“ í ákvæðinu kemur: 1999.
c. Í stað orðanna „29. febrúar“ í 2. mgr. kemur: 31. janúar.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum, sbr. lög nr. 120/1995:

a. Í stað ártalsins „1998“ í 1. og 2. mgr. kemur: 1999.
b. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. og 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
c. Orðin „og njóta ekki undanþágu skv. 1. mgr. 4. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
d. Í stað orðanna „1.500 lítra“ í 2. mgr. kemur: 500 lítra.
e. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
f. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

17. gr.

Heiti laganna verður **Lög um olíugjald og kílómetragjald.**

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og laga nr. 120/1995 og nr. 90/1997, inn í lög nr. 34/1995 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en í upphafi ársins 2001 skal fjárhæð olíugjalds og kílómetragjalds endurskoðuð með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um sölu á gjaldskyldri olíu á árinu 2000, samanborið við þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar varðandi árlega sölu gjaldskyldrar olíu, við ákvörðun gjalda samkvæmt lögum þessum. Komi í ljós frávik frá áætlaðri árlegri sölu skal fjárhæð olíugjalds eða kílómetragjalds leiðrétt á þann veg að tekjur Vegagerðarinnar breytist ekki frá því sem verið hefur í þungaskatti.

Við endurskoðun gjaldtöku samkvæmt ákvæði þessu skal tekið tillit til þeirrar breytingar er orðið hefur á fjölda dísilknúinna ökutækja á tímabilinu. Hins vegar skulu breytingar, sem orðið hafa á fjárhæð gjalda frá gildistöku laga þessara og þar til endurskoðun gjaldtöku fer fram, ekki hafa áhrif á endurskoðun samkvæmt ákvæðinu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu. Lög þessi kveða á um vörugjald af gas- og dísilolíu sem endurgreitt skal ef hún er nýtt til annarra nota en aksturs skráningarskyldra ökutækja. Lögin áttu upphaflega að taka gildi 1. janúar 1996. Með lögum nr. 120/1995 var gildistöku þeirra frestað til 1. janúar 1998. Fjármálaráðherra lagði á síðastliðnu vorþingi fram frumvarp til laga um breytingu á lögunum þar sem gert var ráð fyrir að í stað upptöku olíugjalds með endurgreiðslu vegna gjaldfrjálsrar notkunar olíu yrði tekið upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu úr efnahags- og viðskiptanefnd. Þess í stað lagði nefndin fram nýtt frumvarp er kvað á um að gildistöku laga nr. 34/1995 skyldi frestað til 1. janúar 1999. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi sama vor, sbr. lög nr. 90/1997.

Í athugasemdum með frumvarpi efnahags- og viðskiptanefndar kom m.a. fram að nefndinni hefði ekki unnist tími til að fjalla ítarlega um frumvarp fjármálaráðherra. Í umsögnum sem borist hafi frá olíufélögunum komi fram að viðamikið mál sé að taka upp litunarkerfi. Því sé lögð til frestun á gildistöku laganna. Fjármálaráðherra muni þá, í samvinnu við hagsmunaaðila, vinnast tími til að skoða málið betur, m.a. með tilliti til þeirra athugasemda sem efnahags- og viðskiptanefnd bárust. Jafnframt geri nefndin ráð fyrir að taka málið til umfjöllunar strax og það hafi verið lagt fram að nýju í upphafi næsta löggjafarþings þannig að lögfesta megi það fyrir áramót svo að litunarkerfi geti komist á í ársbyrjun 1999.

Fjármálaráðherra skipaði nú í haust tvær nefndir til að undirbúa upptöku olíugjalds með litun. Annarri nefndinni, sem skipuð var fulltrúum fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, ríkisskattstjóra og Vegagerðarinnar, var ætlað að kanna forsendur og fjárhæð olíugjalds. Var nefndinni gert að hafa í starfi sínu samráð við samtök helstu hagsmunaaðila sem upptaka olíugjalds mun einkum snerta. Hinni nefndinni, sem skipuð var fulltrúum fjármálaráðuneytis, ríkisskattstjóra og olíufélaganna, var ætlað að gera tillögur um hvernig staðið yrði að framkvæmd olíugjalds hér á landi, m.a. hvað varðar litun gjaldfrjálsrar olíu, eftirlit með því að gjaldfrjáls olía verði ekki nýtt við gjaldskylda notkun og tæknileg útfærsluatriði að öðru leyti.

Tillögur frumvarpsins eiga að tryggja hinn markaða tekjustofn Vegagerðarinnar án þess þó að valda röskun á gjaldbyrði einstakra hópa greiðenda. Jafnframt miða tillögurnar að því að viðhalda tengslum á milli gjaldtöku vegna notkunar dísilknúinna ökutækja og þess kostnaðar sem af notkuninni leiðir vegna slits á vegum. Meginefni frumvarpsins er að í stað endurgreiðsluleiðar þeirrar sem kveðið er á um í lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, verði tekið upp olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu. Tekin eru upp ákvæði um álagningu sérstaks olíugjalds á þá aðila sem verða uppvísir að því að nota litaða olíu til gjaldskyldra nota. Lagt er til að fjárhæð olíugjalds lækki frá því sem ákveðið var með lögum nr. 34/1995, úr 38,50 kr. í 34 kr. á hvern lítra olíu. Jafnframt er lagt til að auk olíugjalds verði tekið kílómetragjald af bifreiðum og eftirvögnum sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, að bifreiðum til fólksflutninga undanskildum. Ákvæði um kílómetragjald byggjast að mestu á núgildandi lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, en gjaldið er þó mun lægra og nær til færri ökutækja.

II. Rök fyrir upptöku olíugjalds.

Ein helstu rökin sem færð voru fyrir upptöku olíugjalds í frumvarpi því er varð að lögum nr. 34/1995, voru þau að þungaskattskerfið væri óskilvirkt og undanskot á skattinum væru mikil. Með lögum nr. 68/1996 voru gerðar viðamiklar breytingar á þungaskattskerfinu, í því skyni að tryggja bætt skil skattsins. Þannig var álagning færð til embættis ríkisskattstjóra, sett

voru ný ákvæði um endurákvörðun og áætlun skatts, gerð var krafa um daglega skráningu ökumanna á akstri og kveðið á um notkun ökurita sem þungaskattsmæla. Þessar breytingar, auk herts eftirlits Vegagerðarinnar, hafa leitt til þess að innheimta þungaskatts hefur batnað verulega frá gildistöku laganna. Bætt skil á skattinum hafa orðið til þess að efasemdir hafa komið fram um nauðsyn þess að taka upp olíugjald.

Þótt taka megi undir þau sjónarmið að bætt innheimta þungaskatts hafi dregið nokkuð úr þeirri brýnu þörf sem á sínum tíma var talin á upptöku olíugjalds verður þó að telja að afar veigamikil rök séu fyrir upptöku gjaldsins. Skal gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum þar að lútandi.

Í fyrsta lagi má nefna að í upptöku olíugjalds í stað þungaskatts felst að gjaldbyrði greiðenda ræðst ekki eingöngu af því hve mikið er ekið, eins og í þungaskattskerfinu, heldur einnig af því hve mikilli olíu ökutæki eyðir. Með því að tengja gjaldtöku við olíunotkun er verið að beina kaupum og notkun að nýrri og sparneytnari öktuækjum sem gefa frá sér minna magn koltvísýrings. Jafnframt stuðlar gjald á olíuna að því að ökumenn hagi akstri sínum þannig að sem minnst olíunotkun verði. Sú umræða, sem nú á sér stað um aukna koltvísýringsmengun í andrúmsloftinu, og aukin samvinna þjóða á milli til að stemma stigu við þeirri þróun, sýnir að nauðsynlegt er að leita allra leiða til að draga úr slíkri mengun. Olíugjald er tvímælalaust ein leið að því marki.

Í annan stað skal bent á að með upptöku olíugjalds verða dísilknúnar fólksbifreiðar álitlegri kostur fyrir einstaklinga en verið hefur. Talið hefur verið að þung greiðslubyrði og óhagræði við greiðslu þungaskatts hafi komið í veg fyrir að dísilknúnar fólksbifreiðar hafi hlotið jafnmikla útbreiðslu hér á landi og í ýmsum nágrannalöndum okkar. Æskilegt er að gera dísilknúnar fólksbifreiðar að vænlegri kosti, ekki síst vegna þess að þær eru sparneytnari og eru taldar valda minni koltvísýringsmengun en bensínknúnar bifreiðar.

Í þriðja lagi felur upptaka olíugjalds í sér að greiðslubyrði eigenda dísilknúinna ökutækja dreifist eðlilega eftir notkun, í stað þungrar greiðslubyrði á fjögurra eða sex mánaða fresti eins og nú er. Breyting í þessa átt bætir rekstrarskilyrði þeirra sem stunda akstur í atvinnuskyni frá því sem nú er.

Í fjórða lagi er talið að möguleikar til undanskota séu minni í olíugjaldskerfi en í þungaskattskerfi. Þrátt fyrir að skil á þungaskatti hafi batnað mjög eftir þær breytingar sem gerðar voru á þungaskattskerfinu um mitt ár 1996 er ljóst að enn er töluvert um undanskot í kerfinu sem erfitt er að koma í veg fyrir.

III. Kílómetragjald á ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd.

Eins og áður hefur komið fram er lagt til að auk olíugjalds verði innheimt kílómetragjald vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til fólksflutninga. Gjaldið er ákvarðað sem tiltekin fjárhæð á hvern ekinn kílómetra. Hér er því um að ræða gjaldtöku sem er sambærileg þeirri sem tíðkast hefur í þungaskattskerfinu. Greiðendur gjaldsins verða þó helmingi færri en greiðendur í núverandi þungaskattskerfi, gjaldið verður mun lægra en fjárhæð þungaskatts og álestrartímabil verða færri en í þungaskatti.

Helstu rök, sem færa má fyrir því að æskilegt sé að viðhalda kílómetragjaldi á þyngri bifreiðar, eru í fyrsta lagi þau að ekki verður unnt að tryggja Vegagerðinni sömu tekjur af olíugjaldi og hún hefur haft af þungaskatti nema með verulegri hækkun á fjárhæð olíugjalds frá því sem ákveðið var með lögum nr. 34/1995. Sú upphæð sem olíugjaldið þyrfti að nema mundi valda umtalsverðri röskun á gjaldbyrði einstakra hópa greiðenda frá því sem hún er í þungaskattskerfinu. Þannig mundi olíugjald, án annarrar gjaldtöku, leiða til þess að gjaldbyrði

færðist að hluta til frá eigendum stærri bifreiða og yfir á þá sem eiga minni bifreiðar. Með því að viðhalda hins vegar lágu kílómetragjaldi á þyngri vöruflutningabifreiðar og lækka fjárhæð olíugjalds nokkuð frá því sem ákveðið var með lögum nr. 34/1995 er unnt að tryggja að greiðslubyrðin verði svipuð því sem verið hefur hjá flestum hópum greiðenda.

Í annan stað má benda á að með því að viðhalda sérstöku kílómetragjaldi á þyngri vöruflutningabifreiðar er gjaldtaka af einstökum ökutækjum í meira samræmi við raunverulegan kostnað sem af notkun þeirra hlýst. Talið hefur verið að þungar vöruflutningabifreiðar valdi sliti á vegum sem sé hlutfallslega mun meira en sem svarar til meiri olíunotkunar þeirra. Þannig geti gjald á olíuna eitt og sér ekki tryggt að gjaldbyrði sé í samræmi við þann kostnað sem ökutæki valda með sliti á vegum. Í skýrslu frá 1995, sem unnin var af sérfræðinganefnd innan ESB og ber heitið *Towards fair and efficient pricing in transport*, eru rakin sjónarmið um að æskilegt sé að tengja gjaldtöku af ökutækjum til vöruflutninga meira raunverulegum kostnaði sem leiðir af notkun þeirra, m.a. vegna slits þeirra á vegum. Slíkt fyrirkomulag sé sanngjarnt og að auki þjóðhagslega hagkvæmt þar sem það stuðlar að því að hagkvæmustu leiðir séu valdar til vöruflutninga. Í því sambandi er rakið að kílómetragjald sé sanngjarnasta leiðin til að tengja gjaldtöku við slit. Boðað er í skýrslunni að kannaðir verði betur möguleikar til að taka upp slíka gjaldtöku.

Í þriðja lagi skal bent á að með því að láta hluta gjaldtöku á þyngri bifreiðar ráðast af eknum kílómetrum til viðbótar við olíunotkun er dregið úr hinni skyndilegu röskun sem breytt gjaldtaka veldur á samkeppnisstöðu þeirra sem eiga eldri og eyðslufrekari ökutæki gagnvart þeim sem eiga nýrri og eyðslugrennri ökutæki.

IV. Fjárhæð olíugjalds og kílómetragjalds. Tekjur af gjaldtöku.

1. Olíugjald.

Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 34/1995 er kveðið á um að fjárhæð olíugjalds skuli vera 38,50 kr. á hvern lítra af olíu. Ef miðað er við verð á dísilolíu eins og það er nú þýðir það að öðru óbreyttu að lítraverð dísilolíu verður tæpar 76 kr. á lítra. Til samanburðar má geta að algengt verð á hverjum lítra bensíns er nú rúmar 78 kr. Skv. 4. mgr. 1. gr. laganna er heimilt að hækka gjaldið í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarverðs. Yrði gjaldið reiknað upp miðað við það næmi það tæpum 44 kr. á lítra, en það mundi að öðru óbreyttu þýða að olíuverðið yrði rúmlega 83 kr. á lítra.

Ýmis sjónarmið mæla með því að lækka olíugjald frá því sem ákveðið var í lögum nr. 34/1995. Þannig leiðir sú fjárhæð til þess að verð á dísilolíu verður litlu lægra en bensínverð og of hátt til að líklegt megi telja að dísilknúnar fólksbifreiðar verði ákjósanlegur kostur sem einkabifreiðar. Í því sambandi má benda á að olíuverð er að meðaltali um 80% af verði bensíns í ýmsum af nágrannalöndum okkar. Hátt verð á olíu leiðir einnig til aukinnar greiðslubyrði ýmissa stétta atvinnubílstjóra frá því sem verið hefur í þungaskattskerfinu. Á það einkum við um þá er stunda fólksflutninga, en þeir geta ekki fært virðisaukaskatt af olíuverðinu sem innskatt.

Af þessum sökum er lagt til að olíugjald verði lækkað frá því sem kveðið er á um í lögum nr. 34/1995. Lagt er til að gjaldið verði 34 kr. á lítra, en sú fjárhæð er talin hæfileg til að tryggja eftir því sem mögulegt er sambærilega greiðslubyrði eigenda til að mynda fólksflutningabifreiða, þó þannig að unnt verði að tryggja Vegagerðinni sömu tekjur og hún hefur nú af þungaskatti, með hóflegu kílómetragjaldi á þyngri ökutæki. Miðað við núverandi verð á dísilolíu leiðir þetta að öðru óbreyttu til þess að verð á hvern lítra olíunnar verður tæplega 71 kr., eða um 90% af bensínverði.

2. Kílómetragjald.

Eins og fram hefur komið er lagt til að kílómetragjald leggist ekki á fólksflutningabifreiðar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að fólksflutningar eru undanþegnir virðisaukaskatti. Við upptöku olíugjalds leggst virðisaukaskattur á gjaldið, ólíkt því sem er varðandi þungaskatt. Eigendum vöruflutningabifreiða er unnt að færa virðisaukaskattinn sem innskatt, þannig að hann hefur ekki áhrif á greiðslubyrði þeirra. Skatturinn bætist hins vegar við gjaldbyrði eigenda fólksflutningabifreiða. Ef eigendum stærri fólksflutningabifreiða verður gert að greiða kílómetragjald mun gjaldbyrði þeirra aukast umtalsvert frá því sem nú er.

Kílómetragjaldið leggst einungis á bifreiðar og eftirvagna sem eru 10 tonn eða meira að heildarþyngd. Fjárhæð gjaldsins er ákvörðuð þannig að gjaldbyrði eigenda gjaldskyldra ökutækja verði því sem næst hin sama og hún er nú. Miðað er við tilteknar forsendur um olíunotkun eftir þyngd, og er þar m.a. stuðst við upplýsingar Vegagerðarinnar og Samtaka iðnaðarins um olíunotkun. Gert er ráð fyrir að afsláttur sá er veittur hefur verið í núverandi þungaskattskerfi falli að fullu niður.

3. Tekjur af gjaldtöku.

Tekjur af þungaskatti, að frádregnum endurgreiðslum og lögbundinnar greiðslu ½% tekna í ríkissjóð vegna kostnaðar við framkvæmd skattsins, námu u.þ.b. 3.080 milljónum kr. á árinu 1997. Talið er að fjárhæð endurgreiðslna og gjalds í ríkissjóðs verði samtals um 60 milljónir kr. við upptöku olíugjalds. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að olíugjald og kílómetragjald þurfi að skila um 3.140 milljónum kr. til að tryggja óbreyttar tekjur.

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um það, hve mikið af olíu hefur verið nýtt á skráningarskyld ökutæki á hverju ári. Þó hefur verið talið að þar geti verið um að ræða nálægt 70 milljónum lítra á ári. Sé miðað við það magn má ætla að tekjur af olíugjaldi geti numið 2,4–2,5 milljörðum kr. á ári Áætla má að tekjur af kílómetragjaldi muni nema um 700 milljónum kr. Samkvæmt þessu má ætla að heildartekjur verði 3,1–3,2 milljarðar kr.

Þar sem töluverð óvissa er um það hverjar heildartekjur verði af olíugjaldi, sökum óvissu um árlega sölu á dísilolíu á skráningarskyld ökutæki, er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um endurskoðun á fjárhæð olíugjalds og kílómetragjalds í ársbyrjun 2001. Við slíka endurskoðun yrði fjárhæð gjaldsins endurskoðuð með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um árlega notkun á gjaldskyldri olíu.

Rétt er að vekja athygli að í frumvarpinu er ekki kveðið á um gjaldtöku vegna aksturs bifreiða sem eru knúin öðrum orkugjafa en bensíni eða dísilolíu, t.d. rafmagni eða vetni. Í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, er mælt fyrir um gjaldtöku vegna aksturs slíkra bifreiða. Þar sem gert er ráð fyrir að þau lög falli úr gildi við gildistöku laga nr. 34/1995, hinn 1. janúar 1999, er nauðsynlegt að tekin verði afstaða til gjaldtöku af slíkum bifreiðum fyrir þann tíma.

V. Framkvæmd og kostnaður vegna upptöku litunarkerfis.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott ákvæði laga nr. 34/1995 um endurgreiðslur olíugjalds til aðila sem ekki eiga að bera það en þess í stað verði settar reglur um litun á olíu sem seld verður sömu aðilum án gjalds. Tekin eru upp ákvæði um álagningu sérstaks olíugjalds á þá sem verða uppvísir að því að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki.

Olíufélögunum ber að lita þá olíu sem seld er til gjaldfrjálsra nota. Í lituninni felst að sérstöku litarefni, ásamt merkiefni, er blandað í olíuna áður en hún er afhent til gjaldfrjálsra nota. Óhjákvæmilegt er að upptöku olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu fylgi verulegur

kostnaður. Þannig þurfa olíufélög að kaupa búnað til litunar. Þá fylgir lituninni nokkur kostnaður, auk kostnaðar vegna óhagræðis við dreifingu, aukinnar umsýslu o.fl.

Nefnd, sem skipuð var fulltrúum olíufélaganna, fjármálaráðuneytis og ríkisskattstjóra kannaði líklegan kostnað við upptöku olíugjalds. Í því skyni mátu olíufélögin líklegan stofnkostnað miðað við þann búnað sem félögin eiga fyrir og þær aðferðir sem félögin telja hagkvæmastar til litunar og dreifingar gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu. Stofnkostnaður félaganna vegna kaupa á eigin búnaði var samkvæmt þessu mati talinn nema um 330 milljónum kr., m.a. vegna byggingar birgðageyma og kaupa á litunarbúnaði, olíuflutningabílum og búnaði í þá o.fl. Kostnaður vegna fjölgunar olíugeyma fyrir verktaka í blönduðum rekstri og bændur var metinn á um 84 milljónir kr. Olíufélögin telja að aukinn árlegur rekstrarkostnaður þeirra vegna upptöku olíugjalds verði samtals um 143 milljónir kr. Þar af nemi beinn rekstrarkostnaður um 70 milljónum kr., en fjármagns- og afskriftakostnaður hins vegar um 73 milljónum kr. Við mat á árlegum fjármagns- og afskriftakostnaði miða félögin við að þau muni bera kostnað vegna kaupa á geymum fyrir verktaka og bændur.

Líklegt má telja að upptaka litunarkerfis og sá kostnaður sem því fylgir leiði til einhverrar hækkunar á verði olíu. Ekki er auðvelt að segja fyrir um hversu mikil sú hækkun kann að verða eða hvort hún verði eingöngu á gas- og dísilolíu. Þess má geta að áætlað er að árleg sala á gas- og dísilolíu er u.þ.b. 200 milljónum lítra. Gera má ráð fyrir að u.þ.b. 2/3 hlutar þeirrar olíu yrðu litaðir en um ⅓ hluti ólitaður.

Lagt er til að álagning og önnur framkvæmd varðandi olíugjald og kílómetragjald verði í höndum embættis ríkisskattstjóra en hann geti þó falið Vegagerðinni eða skattstjórum að fara með einstaka þætti framkvæmdarinnar. Eru ákvæði frumvarpsins að þessu leyti samsvarandi ákvæðum laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Sú ráðstöfun að færa álagningu og eftirlit til ríkisskattstjóra þykir hafa gefið afar góða raun. Þar sem framkvæmd olíugjalds með litun er mjög einföld og þar sem verkefni er lúta að kílómetragjaldi verða umfangsminni en verkefni í núverandi þungaskattskerfi, er ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði frá því sem verið hefur í þungaskattinum.

Gert er ráð fyrir að Vegagerðin muni hafa eftirlit með gjaldskyldum ökutækjum eins og verið hefur. Eftirlit með því að ekki sé notuð gjaldfrjáls olía til gjaldskyldra nota felst einkum í því að athuguð eru sýni úr olíugeymi ökutækja. Komi í ljós að olían sé lituð eða þyki eftirlitsmönnum af öðrum ástæðum tilefni til frekari skoðunar, er sýnið sent á rannsóknarstofu þar sem kannað er magn sérstaks merkiefnis sem sett er í alla litaða olíu. Sé magnið umfram tiltekin mörk getur það leitt til þess að ríkisskattstjóri ákveði að leggja sérstakt olíugjald á eiganda eða umráðamann ökutækis. Telja verður að eftirlit með olíugjaldi og kílómetragjaldi falli vel saman og því verði ekki umtalsverður kostnaðarauki af breyttri framkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Núgildandi 4. mgr. er felld brott með frumvarpinu, en hún kveður á um heimild til breytingar á fjárhæð olíugjalds til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu. Í stað greinarinnar er lagt til að ný málsgrein verði lögfest þar sem kveðið er á um að álagning og framkvæmd olíugjalds verði í höndum eins aðila, ríkisskattstjóra, í stað þess að skattstjórar hver í sínu umdæmi annist álagninguna. Ástæðan er einkum sú að gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. laganna verða ekki nema 4–5 og þeir allir með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Skapast hefur sérfræðiþekking hjá ríkisskattstjóra, en embættið hefur haft með höndum álagningu og framkvæmd þungaskatts á landsvísu. Olíugjaldið mun leysa þungaskattinn af hólmi og þykir hag-

ræði af því að aðili með reynslu og sérþekkingu annist álagningu, endurákvörðun, beitingu viðurlaga og annað sem gjaldið varðar.

Þá er lagt til að fjárhæð olíugjalds lækki úr 38,50 kr. í 34 kr. Um rök fyrir lækkun gjaldsins vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Breytingar í þessari grein skýra sig sjálfar, sbr. umfjöllun um 1. gr.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að núgildandi 4. gr. laganna um undanþágur verði orðuð að nýju með tilliti til litunar.

Kveðið er á um í hvaða tilvikum er heimilt að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu. Meginreglan er sú að heimilt verður að afhenda slíka olíu til annarra nota en á skráningarskyld ökutæki. Einnig verður heimilt að afhenda slíka olíu á dráttarvélar í landbúnaði, enda þótt þær séu skráningarskyldar samkvæmt umferðarlögum. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að afhenda gjaldfrjálsa olíu til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota. Heimildinni er ætlað að ná til sérhæfra bifreiða sem aka mjög lítið en nota mikla olíu vegna staðbundinnar vinnu með búnaði bifreiðarinnar. Heimildin takmarkast við ökutæki sem falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, en undir þann lið falla vélknúin ökutæki til sérstakra nota. Sem dæmi um ökutæki sem geta notið heimildarinnar má nefna kranabifreiðar og steypubifreiðar.

Í greininni er gerð grein fyrir þeirri notkun sem telst undanþegin olíugjaldi og kveðið á um að litaða olíu megi ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilgangi. Sérstaklega er tekið fram að óheimilt sé að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki. Jafnframt er bannað að fjarlægja litarefni úr olíunni að hluta eða öllu leyti.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að öðrum en gjaldskyldum aðilum skv. 3. gr., sem fengið hafi leyfi ríkisskattstjóra, sé óheimilt að annast litun gjaldfrjálsrar olíu. Gert er ráð fyrir að búnaður sá, sem nota á til litunar, hafi áður fengið viðurkenningu hjá Löggildingarstofu. Ekki er kveðið á um gerð eða samsetningu litarefnis, litunarbúnað eða framkvæmd litunar að öðru leyti í lagatextanum, en gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um þetta efni, líkt og gert er í nágrannalöndum okkar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lagt til að felldir verði brott þeir töluliðir sem kveða á um endurgreiðslu gjalds af olíu til húshitunar, hitunar almenningssundlauga og til nota á skip og báta. Ákvæði þessi eru óþörf þar sem í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt verði að selja þessum aðilum gjaldfrjálsa litaða olíu. Ekki er því þörf fyrir endurgreiðsluheimild vegna þessara nota.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna varðandi almenn ákvæði um bókhald og útgáfu sölureikninga með tilliti til þeirra breytinga sem verða vegna litunar á gjaldfrjálsri olíu. Gerð er sú krafa að gjaldskyldir aðilar haldi aðgreindum í bókhaldi sínu upplýsingum er varða gjaldskylda olíu og gjaldfrjálsa olíu. Einnig er gerð sú krafa að þeir haldi bókhald yfir

aðfengið litarefni og notkun á því, svo að hægt sé að staðreyna samsvörun á milli magns litarefnis og afhentrar gjaldfrjálsrar olíu á ákveðnu tímabili. Þá skal tilgreina á reikningi þegar um sölu á gjaldfrjálsri litaðri olíu er að ræða.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að núgildandi 8. gr. laganna, um bókhald þeirra sem rétt eiga á endurgreiðslu, verði orðuð að nýju. Samkvæmt breytingu á 6. gr. er gert ráð fyrir að þeim sem rétt eiga á endurgreiðslu fækki frá því sem nú er samvæmt lögunum. Þeim sem rétt eiga á endurgreiðslu skv. 6. gr. ber að kaupa ólitaða gjaldskylda olíu.

Sérleyfishafar og rekstraraðilar almenningsvagna skulu hafa yfirlit yfir hversu leiðirnar sem sérleyfin ná til og áætlunarleiðirnar eru langar og skrá fjölda kílómetra sem ökutæki í þeirra eigu hafa ekið á viðkomandi leiðum. Skráningin skal grundvallast á talningu ökumælis líkt og verið hefur í núgildandi þungaskattskerfi. Ef rekstraraðili almenningsvagna eða sérleyfisbifreiða fær endurgreiddan tiltekinn hluta olíugjalds, skal hann halda í bókhaldi sínu reikninga yfir aðkeypta olíu vegna rekstrar almenningsvagna eða sérleyfisbifreiða eingöngu og geta sýnt fram á að olían hafi ekki verið notuð á önnur ökutæki.

Í 2. mgr. kemur fram að vanræki aðili að færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. falli niður réttur til endurgreiðslu á viðkomandi endurgreiðslutímabili. Ef sérleyfishafi eða rekstraraðili almenningsvagns skráir ekki fjölda kílómetra sem ökutæki í hans eigu hafa ekið á leið sem sérleyfi hans nær til eða þeir eru rangt skráðir fellur niður réttur til endurgreiðslu.

Um 9. gr.

Lagt er til að í stað núgildandi 2. og 3. mgr. 9. gr. laganna komi ákvæði sem heimili gjaldskyldum aðila að draga frá við uppgjör olíugjald af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til gjaldskyldrar sölu á olíu.

Um 10. gr.

Lagt er til brottfall 2. tölul. 10. gr., þar sem í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lituð olía verði undanþegin olíugjaldi. Þar sem aðeins skal lagt olíugjald á ólitaða olíu þykir rétt að kveða skýrt á um það í uppgjörsreglum laganna.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um að ríkisskattstjóri ákvarði olíugjald að loknu hverju uppgjörstímabili. Regla þessi er í samræmi við ákvæði virðisaukaskattslaga og felur í sér að ríkisskattstjóra er skylt að ákvarða olíugjald gjaldskyldra aðili á hverju upgjörstímabili, hvort sem ákvörðun er tekin á grundvelli 11. eða 13. gr.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að lögfestar verði reglur um með hvaða hætti ríkisskattstjóri skuli ákvarða og endurákvarða olíugjald. Reglur þessar eru sambærilegar málsmeðferðarákvæðum annarra skattalaga, svo sem laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um virðisaukaskatt. Telja verður æskilegra að reglur þessar komi skýrt fram í lögunum fremur en að vísað sé til ákvæða annarra laga. Segja má að efnisákvæði greinarinnar séu eftirfarandi: Lagt er til að reglur um fyrirspurn ríkisskattstjóra verði færðar inn í ákvæði laganna. Tekinn er upp 15 daga lágmarksfrestur til að andmæla endurákvörðun auk almenns ákvæðis um boðun breytinga. Frestur ríkisskattstjóra til endurákvörðunar verður að jafnaði tveir mánuðir.

Um 13. gr.

Um a-lið (14. gr.).

Í þessari grein er lagt til að tekið verði upp kílómetragjald á bifreiðar og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, að undanskildum bifreiðum sem eru ætlaðar til fólksflutninga. Með leyfði heildarþyngd er átt við þá þyngd sem er leyfð á vegum samkvæmt reglugerð um stærð og þyngd ökutækja. Fjárhæð gjaldsins í einstökum gjaldflokkum er ákvörðuð þannig að greiðslubyrði eigenda og umráðamanna ökutækja breytist sem minnst frá því sem er í núverandi þungaskattskerfi. Áætluð er eyðsla ökutækja í hverjum gjaldflokki fyrir sig og út frá því er síðan reiknað hversu hátt kílómetragjaldið þurfi að vera til að greiðslubyrði verði óbreytt frá því sem er í þungaskatti. Gert er ráð fyrir að afsláttur sem eigendur og umráðamenn hafa notið á þungaskatti vegna aksturs falli brott.

Gert er ráð fyrir að kílómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum verði tvöfalt það gjald sem greiða ber af gjaldskyldum bifreiðum. Ástæðan er sú að að öðrum kosti mundi draga verulega úr gjaldbyrði eftirvagna frá því sem er í núverandi kerfi. Tvöfalt kílómetragjald á eftirvagna mun því ekki auka gjaldbyrði af þeim frá því sem nú er, þ.e. ef ekki er tekið tillit til núverandi afsláttarkerfis. Leitast er við að hafa gjaldbyrði hinni mismunandi flutningsforma sem líkasta.

Kílómetragjaldið er byggt upp eins og þungaskattur og mun það kerfi sem byggt er á nú verða notað áfram. Kílómetragjaldið verður þó mun einfaldara í framkvæmd og má í því sambandi nefna að gjaldskyldum ökutækjum fækkar um helming, en þau eru nú 10.400, álestrartímabilum fækkar úr þremur í tvö og afsláttarreglur eru afnumdar.

Lagt er til að eigendum bifreiða sem ætlaðar eru til sérstakra nota verði heimilt að velja á milli þess að kaupa ólitaða olíu með olíugjaldi og greiða venjulegt kílómetragjald, eða kaupa litaða olíu og greiða þá sérstakt kílómetragjald. Heimild þessi er lögð til vegna þess að þessum bifreiðum er oft lítið ekið, en þær nota hins vegar mikla olíu við önnur verk, þar sem þær eru aðallega staðbundið vinnutæki. Gjaldflokkar kílómetragjalds vegna slíkra ökutækja sem nota litaða olíu verða nokkuð færri en flokkar almenns kílómetragjalds og er það gert til einföldunar. Fjárhæð gjalds tekur mið af fjárhæð þungaskatts í dag.

Önnur ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Um b-lið (15. gr.).

Í þessari grein er kveðið á um skyldu ökumanns til skráningar á akstri í akstursbók og skyldur ef taka þarf ökumæli úr ökutæki vegna viðgerðar. Ákvæði þessi er efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. og B-liðar 8. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, eins og þeim var breytt með lögum nr. 68/1996. Vísast um skýringar til athugasemda við 8. og 10. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 68/1996.

Um c-lið (16. gr.).

Greinin kveður á um að ríkisskattstjóri skuli ákvarða kílómetragjald að loknu hverju álestrartímabili. Gert er ráð fyrir að álestrartímabilum fækki um eitt frá því sem verið hefur í þungaskattskerfinu og þau verði því tvö, þ.e. 1.–10. apríl og 1.–10. október. Gjaldið er lagt á skráðan eiganda ökutækisins við álestur. Gjalddagar eru 5. maí og 5. nóvember.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við b-lið 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/1996.

Um d-lið (17. gr.).

Hér er lagt til að ákvæði um endurákvörðun kílómetragjalds verði í 17. gr. laganna. Ákvæðið er efnislega samhljóða c-lið 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/1996 og vísast til athugasemda við þá grein.

Um e-lið (18. gr.).

Í greininni er kveðið á um að leggja skuli sérstakt olíugjald á eigendur skráningarskyldra ökutækja ef í ljós kemur að lituð olía hefur verið notuð á ökutæki þeirra. Þar sem eigendur skráningarskyldra ökutækja eru ekki gjaldskyldir skv. 3. gr. laganna er ekki unnt að kveða á um endurákvörðun olíugjalds ef bann við notkun litaðrar olíu á ökutæki hefur verið virt að vettugi. Þess vegna er þörf á sjálfstæðu ákvæði um gjaldskyldu í þessum tilvikum. Ákvæðið er hliðstætt ákvæðum í lögum um þungaskatt þar sem ríkisskattstjóra er gert skylt að áætla þungaskatt þegar ekki hefur verið komið með ökutæki í álestur. Eðli máls samkvæmt er ekki mögulegt að meta hversu lengi notkun litaðrar olíu hefur staðið yfir. Í ákvæðinu er við það miðað að ökutæki í atvinnurekstri hafi verið knúið litaðri olíu 50.000 km vegalengd. Fjárhæð gjalds miðast við áætlaða olíunotkun ökutækja í hverjum gjaldflokki og fer því hækkandi eftir þyngd. Gert er ráð fyrir að gjald á fólksbifreiðar, sem ekki eru nýttar í atvinnurekstri og á dráttarvélar sem ekki eru nýttar til landbúnaðarnota miðist þó við 20.000 km akstur. Lagt verður á samkvæmt þessari grein fyrir hvert tilvik sem aðili notar litaða olíu á ökutæki sitt og gildir þá einu hvort eða hvenær aðili hefur sætt álagningu samkvæmt greininni.

Við álagningu sérstaks olíugjalds er ríkisskattstjóra skylt að boða fyrirhugaða álagningu vegna notkunar á litaðri olíu og skora á eiganda að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Eiganda ökutækis er með þessu gefinn kostur á að andmæla fyrirhugaðri álagningu. Ríkisskattstjóri kannar síðan framkomin gögn og ákvarðar olíugjald á eiganda ökutækisins skv. 2. eða 3. mgr. Með þessum málsmeðferðarákvæðum er tryggð skilvirkni við álagningu gjaldsins án þess að skerða réttaröryggi gjaldenda. Ríkisskattstjóra ber eftir sem áður að gæta almennra stjórnsýslureglna um rannsóknar- og rökstuðningsskyldu.

Lagt er til að skráður eigandi ökutækis verði gjaldskyldur samkvæmt greininni, en ef annar aðili hefur umráðarétt yfir ökutækinu ber hann óskipta ábyrgð á greiðslu gjaldsins með skráðum eiganda ökutækisins. Með þessari reglu er verið að tryggja kröfu ríkissjóðs. Jafnframt er verið að gera aðila, sem kaupa ökutæki á kaupleigu af fjármögnunarfyrirtækjum, ábyrga fyrir greiðslu olíugjaldsins þegar hann hefur umráð yfir ökutækinu.

Um 14. gr.

Um a-lið (19. gr.).

Lagt er til að bætt verði við lögin nýjum kafla um kæruheimildir, eftirlit og refsiábyrgð. Í þessari grein er kveðið á um kæruheimildir. Greinin tekur til olíugjalds, kílómetragjalds og sérstaks olíugjalds. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að kæra ákvörðun ríkisskattstjóra um olíugjald, kílómetragjald og sérstakt olíugjald til hans innan þrjátíu daga frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Skýrar reglur eru um frá hvaða tímamarki skuli reikna frestina. Önnur ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða málmeðferðarákvæðum virðisaukaskattslaganna.

Um b-lið (20. gr.).

Í greininni er fjallað um eftirlit. Ríkisskattstjóri skal annast eftirlit með að lituð olía sé ekki notuð á skráningarskyld ökutæki ásamt eftirliti með ökumælum og skráningu aksturs ökutækja sem greitt er af kílómetragjald. Gert er ráð fyrir að eftirlitið á vettvangi verði áfram í höndum Vegagerðarinnar, en hún hefur sinnt því með góðum árangri í þungaskattskerfinu. Yfirumsjón eftirlits verður þó í höndum ríkisskattstjóra.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir eftirlitsmanna við störf sín. Tekið er fram að heimilt sé að stöðva ökutæki til að taka sýni úr eldsneytisgeymi svo ganga megi úr skugga um að ekki sé notuð lituð olía. Jafnframt eru tilteknar heimildir til að stöðva kílómetragjaldsskyld ökutæki og gera athuganir á ökumælisbúnaði, skráningu í akstursbók o.fl.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimildir eftirlitsmanna ríkisskattstjóra til að fá gögn hjá olíugjaldsskyldum aðilum skv. 3. gr., þ.e. hjá olíufélögunum, svo ganga megi úr skugga um réttmæti álagningar olíugjalds og sölu eða afhendingu á jafnt litaðri sem ólitaðri olíu.

Um c-lið (21. gr.).

Í þessari grein er lagt til að refsiákvæði laganna verði í einu ákvæði. Ákvæðið tekur þá til olíugjalds, kílómetragjalds og sérstaks olíugjalds. Um skýringar á 3., 4., 5. og 6. mgr. vísast að mestu til athugasemda við g-lið 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/1996. Í 3. mgr. er þó lagt til að bætt verði við refsiákvæði í þeim tilvikum þegar skráður eigandi eða umráðamaður hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gerst brotlegur við ákvæði 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, eða vangreitt kílómetragjald. Fram kemur að skilyrði refsiábyrgðar er að eigandi eða umráðamaður hafi gerst brotlegur við ákvæðið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Um skilgreiningu á hugtökunum ásetningur og gáleysi vísast til refsiréttar. Í ákvæðinu er verknaðarlýsing, þó er ekki um að ræða tæmandi upptalningu brota sem falla undir ákvæðið, enda vísar orðalag greinarinnar til ákvæða laganna að því leyti sem upptalningin nær ekki til þeirra. Um skýringu á þeim atriðum sem refsiverð eru samkvæmt þessari grein vísast til umfjöllunar um þau í viðeigandi greinum.

Um d- og e-lið (22. og 23. gr.).

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 15.–18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að eigi síðar en í ársbyrjun 2001 verði fjárhæð olíugjalds og kílómetragjalds endurskoðuð með hliðsjón af þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar varðandi árlega sölu gjaldskyldrar olíu, við ákvörðun olíugjalds og kílómetragjalds. Komi í ljós frávik frá áætlaðri árlegri sölu, en hún er áætluð um 70 milljónum lítra, verði fjárhæð olíugjalds eða kílómetragjalds leiðrétt á þann veg að tekjur Vegagerðarinnar breytist ekki frá því sem verið hefur í þungaskatti. Ekki verði þó tekið tillit til áorðinna verðbreytinga þegar gjöld verði endurskoðuð samkvæmt þessari grein. Hins vegar verði tekið tillit til fjölgunar dísilknúinna ökutækja, þannig að metin verði eðlileg aukning eða minnkun á olíusölu vegna breytts fjölda skráðra dísilbifreiða.

Ástæða þess að lagt er til að kveðið verði á um slíka endurskoðun er sú að veruleg óvissa ríkir um það, hversu mikið magn dísilolíu er selt á skráningarskyld ökutæki. Bæði Vegagerðin og ýmis hagsmunasamtök einstakra hópa greiðenda hafa lagt á það ríka áherslu á samráðsfundum sem haldnir hafa verið vegna undirbúnings þessa lagafrumvarps að slíkt endurskoðunarákvæði verði sett í lögin. Með því móti verði tryggt að hinn markaði tekjustofn Vegagerðarinnar rýrni ekki frá því sem verið hefur í þungaskatti og jafnframt að heildargreiðslubyrði þeirra sem nú greiða þungaskatt aukist ekki vegna upptöku olíugjalds og kílómetragjalds.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, með síðari breytingum. Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru sem hér segir:

Í stað upptöku olíugjalds á gas- og dísilolíu með endurgreiðslu á gjaldi vegna gjaldfrjálsrar notkunar olíu verði tekið upp olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu. Óheimilt verði að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki og er gert ráð fyrir að lagt verði sérstakt olíugjald á þá aðila sem verða uppvísir að því að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki.

Auk olíugjalds verði tekið upp kílómetragjald á þyngri bifreiðar og eftirvagna, að undanskildum fólksflutningabifreiðum. Gert er ráð fyrir að kílómetragjaldið verði mun lægra og nái til færri ökutækja en núverandi þungaskattur.

Ákvæði frumvarpsins beinast einkum að þáttum sem varða tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki ástæða til að ætla að þau hafi umtalsverð útgjaldaáhrif. Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist álagningu og aðra framkvæmd varðandi olíugjald og sérstakt kílómetragjald. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ½% af innheimtum tekjum renni í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði. Er þar um að ræða sama hlutfall og runnið hefur í ríkissjóð af tekjum af þungaskatti til að standa straum af kostnaði við framkvæmdina. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að aukinn kostnaður verði hjá ríkisskattstjóra af framkvæmdinni.

570. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá félagsmálaráðuneyti Húnboga Þorsteinsson ráðuneytisstjóra, Inga Val Jóhannsson og Elínu Blöndal, Láru Björnsdóttur frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Sigurð Friðriksson frá Félagsbústöðum, Gunnar Klæng Gunnarsson, Guðjón Sivertsen og Aðalstein Sigfússon frá Félagsmálastofnun Kópavogs, Snorra Aðalsteinsson frá Seltjarnarnesbæ, Hjördísi Árnadóttur frá Reykjanesbæ, Baldvin Ólason og Helgu H. Magnúsdóttur frá Félagsstofnun stúdenta, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jón Kjartansson og Harald Jónasson frá Leigjendasamtökunum. Þá barst nefndinni umsögn frá stúdentaráði Háskóla Íslands.

Frumvarp þetta er að meginstofni til byggt á gildandi lögum um húsaleigubætur. Tvær grundvallarbreytingar hafa þó verið gerðar. Þær eru annars vegar að gert er ráð fyrir að húsaleigubótakerfið nái til allra sveitarfélaga og hins vegar að bæturnar nái til allra leiguíbúða án tillits til eignarforms þeirra, sbr. skilgreiningu á íbúðarhúsnæði í 6. gr. frumvarpsins.

Nefndin ræddi nokkuð nauðsyn þinglýsingar húsaleigusamnings, sbr. 3. gr. og 1. tölul. 10. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn ákvað að hrófla ekki við þessum ákvæðum í ljósi þess sjónarmiðs að þau tryggi réttarstöðu leigjenda og varni gerð málamyndagerninga.

Þá telur meiri hlutinn að skilgreina þurfi nánar í reglugerð hversu veruleg leiguvanskil leigjanda þurfi að vera áður en til þess komi að félagsmálanefnd sveitarfélags sé heimilt að fella niður greiðslur bóta eða stöðva bótagreiðslur, sbr. 5. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að á eftir 2. gr. komi ný grein þar sem gert er ráð fyrir greiðslu ríkis til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta. Breyting þessi er gerð með hliðsjón af samkomulagi félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem felur í sér að ríkissjóður greiði árlega í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 280 millj. kr. vegna húsaleigubóta og þar með er horfið frá því að sveitarfélögin fjármagni alfarið húsaleigubótakerfið.
2. Lögð er til sú viðbót við 5. mgr. 14. gr. frumvarpsins að félagsmálanefnd sveitarfélags sé heimilt að greiða bótagreiðslur beint til leigusala með samþykki leigjanda ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda. Hér er verið að leggja til lögfestingu á núverandi fyrirkomulagi þessara mála.
3. Lagt er til að við 20. gr. verði bætt að félagsmálaráðherra setji með reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákvæði um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum. Þessi breyting kemur til þar sem gert er ráð fyrir þátttöku ríkisins í fjármögnun húsaleigubóta, sbr. skýringu í 1. lið að framan.

Alþingi, 16. des. 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm., með fyrirvara. Einar K. Guðfinnsson. Siv Friðleifsdóttir.

Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara. Kristján Pálsson, með fyrirvara. Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Magnús Stefánsson. Arnbjörg Sveinsdóttir.

571. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (KÁ, EKG, SF, KPál, MS, ArnbS).

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Greiðsla ríkis til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta.

Ríkissjóður greiðir árlega 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna til sveitarfélaga vegna greiðslna húsaleigubóta. Fjárhæð þessi miðast við verðlag í janúar 1998 og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

2. Við 14. gr., sem verður 15. gr. 5. mgr. orðist svo:

Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslur bóta, stöðva bótagreiðslur eða greiða bætur beint til leigusala, og þá með samþykki leigjanda, ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda.

3. Við 20. gr., sem verður 21. gr., bætist: auk ákvæða um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum.

572. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, frá Tryggingastofnun ríkisins Unu B. Ómarsdóttur og Kristján Guðjónsson, Borgþór Kjærnested úr stjórn Norræna flutningamannasambandsins og Jónas Garðarsson kom frá Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Umsagnir bárust nefndinni um málið frá Tryggingastofnun ríkisins, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálasambandinu og Sjómannasambandi Íslands.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um almannatryggingar að launþegar sem þiggja laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum og starfa um borð í erlendum kaupskipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum njóti sama réttar og launþegar sem starfa á íslenskum kaupskipum, skráðum hér á landi. Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur brýnt að allir skipverjar sem vinna hjá íslenskum skipafélögum og þiggja laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum séu slysatryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar óháð því hvort þeir sigla á skipum í eigu skipafélagsins skráðum hér á landi eða hvort þeir starfa um borð í skipum sem íslenska skipafélagið hefur tekið á leigu af erlendum aðilum. Verði frumvarpið að lögum mun það jafna rétt sjómanna sem starfa hjá íslenskum kaupskipaútgerðum, enda greiða þeir allir skatta og skyldur til íslenska ríkisins líkt og aðrir launþegar sem starfa í landi. Einnig greiða kaupskipaútgerðirnar launatengd gjöld af öllum starfsmönnum sínum hér á landi, þar með talið tryggingagjald. Jafnframt er með frumvarpinu lögð til samsvarandi breyting á rétti þeirra sem starfa um borð í loftförum í rekstri íslenskra aðila.

Frumvarpið tekur hins vegar hvorki til þeirra einstaklinga sem ráða sig hjá skipafélögum í gegnum erlendar áhafnaleigur, enda starfi þeir þá í raun hjá erlendu áhafnaleigunni sem sjái um að greiða þeim laun, né til einstaklinga sem starfa á erlendum skipum hjá erlendum skipafélögum.

Fram kom í máli fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins að breytingin sem frumvarpið felur í sér sé einföld í framkvæmd og að með henni sé skýrt afmarkað hverjir séu tryggðir og hverjir ekki. Jafnframt kom fram hjá þeim að samkvæmt efni frumvarpsins verði slysatryggðir þeir launþegar sem greiða skatta hérlendis en starfa um borð í skipum eða loftförum sem skráð eru erlendis. Þar með náist þau markmið sem stefnt var að með frumvarpinu.

Tekið skal fram vegna umræðna um málið við 1. umræðu að nefndin telur að höfðu samráði við lögfræðinga Tryggingastofnunar ríkisins og nefndasviðs Alþingis að efni frumvarpsins sé í samræmi við önnur íslensk lög. Í tengslum við lögfestingu frumvarpsins þurfi því ekki að breyta öðrum lögum.

Varðandi breytingartillöguna vill nefndin taka fram að með starfi um borð í íslensku loftfari eða loftfari sem rekið er af íslenskum aðilum er átt við hvers konar starf um borð í loftfari og hvers konar störf tengd loftfarinu á flugvelli eða í flughöfn. Með niðurlagi ákvæðisins „enda séu laun greidd hér á landi“ er átt við að laun séu greidd af íslenskum útgerðaraðila, samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Undir frumvarpið falla einnig svokallaðir hleðslustjórar (supercargo) sem sigla með erlendum leiguskipum íslenskra útgerðaraðila. Telst slík leiga íslenskra útgerðaraðila rekstur í skilningi frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1997.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm. Siv Friðleifsdóttir. Guðmundur Hallvarðsson.

Sólveig Pétursdóttir. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Margrét Frímannsdóttir.

Sigríður Anna Þórðardóttir. Ásta R. Jóhannesdóttir. Guðni Ágústsson.

573. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

A-liður efnismálsgreinar 1. gr. orðist svo: Launþegar sem starfa hér á landi að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem gert er út eða rekið af íslenskum aðilum, jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið, enda séu laun greidd hér á landi.

574. Frumvarp til laga [359. mál]

um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

2. gr.

Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlendur merkja í lögum þessum landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Netlög merkir í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagslofthita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

II. KAFLI
Eignarréttur að auðlindum.

3. gr.

Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

III. KAFLI
Rannsóknir og leit.

4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að hafa frumkvæði að og láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum. Með sama hætti getur ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi.

Nú fer leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda og þarf þá ekki til þess leyfi ráðherra. Þó ber landeiganda að senda Orkustofnun áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að leit eða rannsóknir geti spillt vinnslu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til vinnslu síðar.

5. gr.

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar.

IV. KAFLI
Nýting auðlinda.

6. gr.

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

7. gr.

Áður en nýtingarleyfishafi hefur vinnslu í eignarlandi þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms og óskað eftir mati samkvæmt ákvæðum 29. gr. Hafi ekki náðst samkomulag um endurgjaldið eða eignarnáms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður. Sama gildir ef nýting á grundvelli leyfisins er ekki hafin innan 3 ára frá útgáfu leyfisins. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum.

Hafi landeigandi sjálfur látið rannsaka auðlindir á eignarlandi sínu eða heimilað það öðrum en ekki hefur verið veitt nýtingarleyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind í landi hans, getur landeigandi eða sá sem rannsóknirnar annaðist krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsóknanna, gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati skv. 29. gr.

V. KAFLI
Jarðefni.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand.

9. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu rétt til jarðefna, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

VI. KAFLI
Jarðhiti.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu á hverri sekúndu alls innan eignarlandsins. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum.

Um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

11. gr.

Nú vill landeigandi ekki standa að hagnýtingu jarðhita sem hann ræður yfir, og er þá ábúanda heimilt að nýta jarðhita í eigin þágu á sinn kostnað, enda verði ekki af því spjöll á öðrum landsgæðum.

Ábúandi má ekki hefja aðgerðir til hagnýtingar á jarðhita skv. 1. mgr. fyrr en úttektarmenn hafa staðfest að spjöll verði ekki af þeim og hann hefur eftir atvikum tilkynnt um ráðagerðir sínar skv. 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Hafi ábúandi nýtt sér heimild skv. 1. mgr. er landeiganda ekki skylt við brottför hans að leysa til sín mannvirki sem hafa verið gerð til að hagnýta jarðhita í öðru skyni en til heimilis- og búsþarfa. Um mat á innlausnarverði skal fara samkvæmt ábúðarlögum.

12. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum eða við sölu jarðar frá sveitarfélagi.

13. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu.

VII. KAFLI
Grunnvatn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 100 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.

15. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar.

VIII. KAFLI
Skilyrði við veitingu leyfa, efni þeirra og afturköllun.

16. gr.

Í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda eftir nánari ákvörðun ráðherra.

17. gr.

Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Telji ráðherra að umsækjandi um nýtingarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur ráðherra synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni.

18. gr.

Í rannsóknar- og eða nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Að samþykktir leyfishafa, ef um félag er að ræða, séu viðurkenndar af ráðherra.
2. Tímalengd leyfis, sérákvæði um hvenær starfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skuli vera lokið.
3. Staðarmörk svæðis.
4. Til hvaða auðlinda samkvæmt lögum þessum leyfið tekur, ákvæði um magn og nýtingarhraða.
5. Að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
6. Upplýsinga- og tilkynningaskyldu leyfishafa og skyldu til afhendingar á sýnum.
7. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
8. Kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa.
9. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.
10. Greiðslu leyfisgjalds til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.
11. Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að leyfistíma loknum.
12. Frágang á starfsstöðvum og landi sem breytt hefur verið við rannsókn eða nýtingu.

19. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að auglýsa í einu lagi eftir umsóknum um rannsóknarleyfi skv. 4. gr. á tilteknu landsvæði. Á sama hátt er ráðherra heimilt að auglýsa eftir umsóknum um nýtingarleyfi skv. 6. gr.

20. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Nú hlítir leyfishafi ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu eða samningum sem tengjast leyfinu og skal þá ráðherra veita honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

IX. KAFLI
Vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl.

21. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 4. eða 6. gr. hefur verið veitt. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum sem ráðherra setur með reglugerð.

22. gr.

Handhafi rannsóknar- eða nýtingarleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður leitar og rannsókna, upplýsingar um eðli og umfang auðlinda, heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriði samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi senda sýni af jarðfræðilegum efnum óski Orkustofnun þess.

Við jarðboranir, sem framkvæmdar eru samkvæmt lögum þessum, þar með taldar jarðboranir landeiganda, skal færa dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar skal ákveða í reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Orkustofnunar. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er leyfishafa jarðborunar skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur upp eða eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til Orkustofnunar.

23. gr.

Upplýsingar, sem veittar eru Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt lögum þessum, svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, skulu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis og framlengingar þess og forgangsréttartíma eins og hann er ákveðinn í 2. mgr. 5. gr., svo og á gildistíma nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis, nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Upplýsingar, sem leyfishafi veitir Orkustofnun samkvæmt lögum þessum, skulu vera í vörslu stofnunarinnar. Nú er trúnaðarskylda skv. 1. mgr. fallin niður, og er Orkustofnun þá heimilt að láta umræddar upplýsingar í té eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitingar.

24. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti. Ekki má breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum. Verði ágreiningur um þetta atriði skal afla mats dómkvaddra manna um það.

Mannvirki öll til hagnýtingar á auðlindum skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja.

25. gr.

Aðilar, sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu, skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi eða vatn en þörf er. Borunum skal hagað þannig að þær takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar.

26. gr.

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita rannsóknarleyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á. Þá er landeiganda og umráðamanni lands skylt að veita nýtingarleyfishöfum aðgang að því landi sem nýtingarleyfið

tekur til, en þó ekki fyrr en leyfishafi hefur náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindir eða eignarnám farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Ber landeiganda eða umráðamanni skv. 1. mgr. að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsóknar eða nýtingar á auðlind í samræmi við viðkomandi leyfi.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

27. gr.

Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu auðlindar, sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting auðlindar verður ekki aðskilin, skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast er að hagnýta auðlindina og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

X. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

28. gr.

Nú veitir iðnaðarráðherra öðrum en landeiganda leyfi til að leita að og rannsaka auðlind innan eignarlands, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

29. gr.

Nú hefur iðnaðarráðherra veitt aðila nýtingarleyfi vegna auðlinda í eignarlandi, en leyfishafi nær ekki samkomulagi við landeiganda um þau atriði sem nýtingarleyfið tekur til, þar með talið um endurgjald fyrir auðlind, og getur iðnaðarráðherra þá tekið þær auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlindanna og öðrum réttindum landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo að leyfið geti komið að notum. Ráðherra afhendir leyfishafa þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

Ef eignarnám skv. 1.–3. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

30. gr.

Þegar ákvörðun um eignarnám skv. 29. gr. liggur fyrir skal landeigandi segja til um það innan 45 daga hvort hann óskar eftir að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Meta skal sérstaklega bætur vegna annars en endurgjalds fyrir auðlindina.

Óski landeigandi eftir því að fá bætur greiddar sem árlega greiðslu skal sú greiðsla ákveðin með eignarnámsmati og vera ákveðinn hundraðhluti eða önnur fast ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. Ákveða skal í matinu gjalddaga greiðslunnar, hvort og þá hvernig hún skuli breytast eða endurskoðuð. Landeigandi getur krafist þess að sett sé trygging fyrir hinni árlegu greiðslu og skal úrskurða um þá kröfu í matinu og form tryggingar.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Til nýtingar á auðlindum í þjóðlendum þarf auk leyfis samkvæmt þessum lögum, leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur o.fl. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur o.fl.

32. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

33. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi námulög, nr. 24/1973, og III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 24/1973 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, halda gildi sínu. Samningar um gjaldtöku vegna nýtingar á auðlindum, sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin ákvað í október 1995 að fela sérstökum vinnuhópi að vinna að samningu frumvarpa til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu og rétt til virkjunar fallvatna. Voru þá hafðar í huga þær tillögur sem fram höfðu komið á Alþingi um þessi mál síðustu áratugi og einnig frumvörp sem samin höfðu verið í iðnaðarráðuneytinu í tíð síðustu ríkisstjórnar. Auk þess sem deilt hefur verið um hvaða leiðir beri að fara um skipan eignarréttar að auðlindunum

hefur verið uppi ágreiningur um hvort þær tillögur sem fram hafa komið hafi farið í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar. Verkefni vinnuhópsins var að huga að því hvort búa mætti frumvörp um þessi mál í þann búning að sem víðtækust samstaða gæti tekist um efni þeirra. Með bréfi iðnaðarráðherra 24. nóvember 1995 voru eftirtaldir skipaðir í vinnuhópinn: Stefán Guðmundsson alþingismaður, formaður, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er afrakstur þessarar vinnu. Það var lagt fram til kynningar á 121. löggjafarþingi.

Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er farin sú leið að skipa í einn lagabálk reglum um allar auðlindir í jörðu, hvort sem um er að ræða í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Helstu efnisatriði frumvarpsins eru:

— Eignarréttur að auðlindum í eignarlöndum og innan netlaga í vötnum og sjó verði í höndum landeiganda.

— Lýst er yfir eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendum. Slík regla hefur verið í lögum um jarðefni, en ákvæði um jarðhita, grunnvatn og aðrar auðlindir í jörðu eru nýmæli.

— Sömu reglur gildi almennt um eignarrétt, leit, rannsóknir, nýtingu og leyfi opinberra yfirvalda í þeim efnum. Iðnaðarráðherra fari með veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa en Orkustofnun verði falin stjórnsýsluverkefni á þessu sviði.

— Iðnaðarráðherra í umboði ríkisins verði heimilt að hafa frumkvæði að og láta leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu, jafnt innan sem utan eignarlanda og hvort sem landeigandi sjálfur hefur hafið slíka rannsókn eða heimilað hana öðrum, nema sá aðili hafi áður fengið rannsóknarleyfi. Ráðherra getur með sama hætti heimilað öðrum að annast slíkar rannsóknir. Er þetta hliðstæð regla og er í núgildandi lögum um heimild til ríkisins til að láta leita að jarðefnum og jarðhita hvar sem er á landinu.

— Nýting auðlinda úr jörðu séu háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða utan þeirra. Í frumvarpinu felst þó að landeiganda verði heimilt að nýta á eignarlandi sínu grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos og steinefni, svo og mó, mold og surtarbrand. Þá verði honum heimilt að nýta jarðhita og grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa innan tiltekinna marka. Til þess að nýta jarðefni, svo sem málma, jarðolíu og jarðgas, svo og jarðhita og grunnvatn yfir hinum tilteknu mörkum, þarf landeigandi hins vegar nýtingarleyfi frá ráðherra.

— Sveitarfélag hafi forgang til nýtingarleyfa vegna grunnvatns og jarðhita innan marka sveitarfélags vegna þarfa þess og því tryggður réttur til umsagnar áður en nýtingarleyfi eru veitt. Enn fremur geti ráðherra heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu, óháð því hvort viðkomandi réttindi eru innan marka sveitarfélagsins eða ekki.

— Ráðherra hafi heimild til að taka auðlindir eignarnámi ásamt öðrum réttindum sem nauðsynleg eru til að nýtingarleyfi komi að notum.

— Landeigandi fái fullt endurgjald fyrir auðlind í hans eigu sem nýtt er af öðrum. Ef auðlind er tekin eignarnámi hafi landeigandi val um það hvort endurgjald fyrir þær verði metið sem bætur sem greiðist í einu lagi eða árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar stendur yfir sem ákveðin yrði sem ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um skilyrði fyrir veitingu leyfa, vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, meðferð upplýsinga og fleira.

Eignarréttur að auðlindum í jörðu í eignarlandi.

Þótt ekki hafi verið sett heildstæð lög um eignarrétt á auðlindum í jörðu hefur í löggjöf verið byggt á því að þær fylgi eignarlandi en hagnýtingu þeirra sett almenn takmörk. Skv. 1. gr. námulaga, nr. 24/1973, fylgir landareign hverri réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna sem þar finnast í jörðu. Þá segir í 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, með þeim takmörkum sem lögin tilgreina. Samkvæmt lögunum er landeiganda veittur víðtækur hagnýtingarréttur. Ekki er í lögum kveðið sérstaklega á um grunnvatnsréttindi en litið hefur verið svo á að grunnvatn tilheyri eignarlandi. Þá hafa landeigendum verið ákvarðaðar bætur fyrir þessi réttindi, einkum jarðhita, með samningum, við eignarnám og fyrir dómstólum.

Á síðustu áratugum hafa ítrekað verið lögð fram frumvörp um eignarhald á jarðhita, bæði þingmannafrumvörp og stjórnarfrumvörp, sem miðað hafa að því að takmarka umráða- og hagnýtingarrétt landeiganda ýmist við ákveðið hitastig eða dýpt. Þau frumvörp hafa ekki hlotið afgreiðslu. Sérstaklega hefur verið dregið í efa að forsendur séu til þess að skilja eignarrétt að tilteknum auðlindum bótalaust frá eignarráðum sem fylgt hafa eignarlandi eða gera í því efni mun á jarðhita eftir hitastigi. Telja verður að slík tilhögun fái tæpast staðist ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar, einkum þegar litið er til þeirra viðhorfa sem mótast hafa til eignarréttinda hér á landi og fylgt hefur verið við mótun löggjafar og í framkvæmd t.d. við ákvörðun bóta við eignarnám á jarðhitaréttindum og við frjálsa samninga um slík réttindi.

Enn fremur verður ekki talið að fyrir hendi séu þeir hagsmunir sem knýi á um að skipta jarðhitasvæðum í lághita- og háhitasvæði, auk þess sem sú skipting er bundin tæknilegum annmörkum. Við athugun á þekktum háhitasvæðum verður að ætla að þau séu að verulegu leyti utan eignarlanda, eða í eignarlöndum í eigu ríkis og sveitarfélaga. Sem rök fyrir því að ætla ríkinu eignarráð háhita hefur það sjónarmið verið uppi að vinnsla slíks jarðhita væri kostnaðarsamari en svo að það væri almennt á færi einkaaðila að leggja út í slíka vinnslu. Þó að vissulega megi telja að slíkt kunni að eiga við í ýmsum tilvikum er þó ekki ástæða til annars en ætla að fyrirtæki á sviði stóriðnaðar og aðrir fjársterkir aðilar væru í hliðstæðri aðstöðu til að virkja slík háhitasvæði og þá á grundvelli samninga við viðkomandi rétthafa. Fyrir liggur og það fordæmi að fyrir ekki mörgum árum voru landeigendum greiddar bætur samkvæmt mati fyrir jarðhita á háhitasvæði á Suðurnesjum í þágu hitaveitu þar. Það ber hins vegar að hafa í huga að mikill kostnaður við virkjun jarðhita á háhitasvæði á almennt að hafa áhrif til lækkunar við mat á endurgjaldi fyrir slík réttindi, þegar þau eru metin t.d. vegna eignarnáms, á grundvelli þess verðs sem ætla má að slík réttindi hafi í frjálsri sölu.

Öll flokkun jarðhita eftir hitastigi eða dýpt er og þeim annmörkum háð að erfitt getur reynst að staðreyna mörk milli flokka, auk þess sem tækniþróun á þessu sviði veldur því að flokkunarmörk, sem nú byggja á tilteknum rökum, geta verið úrelt að fáum árum liðnum. Með örum tækniframförum verður sífellt auðveldara að nýta auðlindir á meira dýpi. Landeigandi getur því í dag nýtt sér auðlindir sem honum var áður ókleift að nýta vegna ónógrar tækniþekkingar eða mikils kostnaðar. Skil milli eignarréttar verða því trauðla byggð á slíkum mörkum til langframa.

Með hliðsjón af þessu er því lagt til að staðfest verði sú regla sem í raun hefur verið fylgt við túlkun eignarréttar, að eignarlandi fylgi réttur til auðlinda sem þar finnast.

Eignar- eða umráðaréttur yfir auðlindum í jörðu utan eignarlanda.

Í námulögum er staðfest að ríkið eigi rétt til jarðefna utan eignarlanda. Ekki er hins vegar að finna sambærileg lagaákvæði um rétt ríkis til jarðhita eða grunnvatns utan eignarlanda.

Við undirbúning vatnalaga, nr. 15/1923, var mjög fjallað um atriði er vörðuðu eignarrétt að afréttum og almenningum. Milliþinganefnd sem starfaði á árunum 1917–19, svokallaðri fossanefnd, var falið að gera úttekt á eignarrétti og vatnsréttindum, og skilaði hún tveimur frumvörpum til vatnalaga sem hvorugt var samþykkt. Þótt nefndin hafi klofnað vegna ágreinings um það grundvallaratriði hvernig eignarrétti að vatni væri háttað var hún í meginatriðum sammála um að vatnsréttindi á almenningum og afréttum utan eignarlanda væru ríkiseign. Umræðan á þingi snerist um það hvernig fara skyldi með afrétti sem kynnu að vera undirorpnir beinum eignarrétti. Svo fór að í þingsályktun frá 1919 var því sleppt að fjalla um afrétti sérstaklega. Einungis er skorað á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum eign ríkisins. Í meðförum á þingi var ályktunin þó skýrð svo að tryggja bæri ríkinu vatnsréttindi í almenningum og afréttum sem ekki gætu talist eign einstakra jarða eða sveitarfélaga. Á þessum tíma átti sú skoðun almennu fylgi að fagna að land, sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti, væri ríkiseign. Sú skoðun er hins vegar ekki í samræmi við niðurstöður íslenskra dómstóla sem nú liggja fyrir.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1981 um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti er tekið á þessu atriði. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á eignarrétt ríkisins með fullnægjandi rökum, en hreppum þeim, sem töldu sig hafa rétt til afréttarins, hafði í dómsmáli á sjötta áratugnum mistekist að sýna fram á fullan eignarrétt yfir afréttinum. Þá segir í dóminum: „Hins vegar verður að telja, að handhafa ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða ...“. Hæstiréttur undirstrikar enn fremur þörfina á að setja lagaákvæði um þetta atriði og segir að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið“.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta þar sem lagt er til að kveðið verði á um að ríkið sé eigandi lands og hvers konar auðlinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti, en með þjóðlendum er átt við landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Þar er einnig að finna ákvæði um með hvaða hætti eigi að skera úr um mörk á eignarlöndum og þjóðlendum. Í samræmi við þetta er í þessu frumvarpi lagt til að kveðið verði á um að ríkið sé eigandi að auðlindum utan eignarlanda, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um gildissvið laganna og skilgreiningar á þeim hugtökum sem frumvarpið byggist á.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Tekur frumvarpið til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Þau lög taka því við þar sem fyrirhuguðu gildissviði frumvarpsins sleppir.

Í 2. mgr. er að finna skilgreiningu á grunnhugtaki frumvarpsins, auðlind. Frumvarpinu er ætlað að taka til hvers konar auðlinda sem vinna má úr jörðu á hverjum tíma, jafnt frumefna, efnasambanda eða orku og án tillits til þess hvort viðkomandi auðlind er í föstu, fljótandi eða

loftkenndu formi. Grunnvatn er auðlind í skilningi laganna en ekki yfirborðsvatn. Vatnalög, nr. 15/1923, taka til yfirborðsvatns og halda þau gildi sínu.

Um 2. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á meginhugtökum laganna öðrum en hugtakinu auðlind, sem áður er lýst.

Hugtakið eignarland tekur í lögunum til þeirra landsvæða sem háð eru einkaeignarrétti. Með einkaeignarrétti er átt við að landeigandi fari með öll venjuleg eignarráð landsvæðis innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Landsvæði, sem einungis eru háð tilteknum eignarráðum, svo sem afnotarétti eins og beitarréttindum eða réttindum til veiði í vötnum, eru ekki eignarlönd í skilningi laganna. Eignarland getur verið í eigu hvaða aðila sem er, ríkis jafnt sem einstaklinga eða lögaðila.

Í frumvarpinu er hugtakinu þjóðlendu beitt með sama hætti og í frumvarpi til laga um þjóðlendur o.fl.

Skilgreining á netlögum er hefðbundin og í samræmi við skilgreiningar í öðrum lögum. Áður var miðað við 60 faðma sem samsvarar 115 metrum.

Auðlindir samkvæmt frumvarpinu má flokka í þrjá meginflokka, jarðefni, jarðhita og grunnvatn. Skilgreiningar þessara hugtaka þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um í lögum hvernig eignarrétti að auðlindum skuli háttað. Þannig sé staðfest að eignarlandi, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu, í samræmi við ríkjandi sjónarmið um inntak eignarréttar.

Þá er staðfest í niðurlagi greinarinnar að í þjóðlendum séu auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins. Til greina kemur að kveða á um að auðlindir í þjóðlendum tilheyri ríkinu eða að íslenska ríkið ráði yfir þeim og fari með rétt til að hagnýta þær. Allar leiða þessar aðferðir við lagasetningu til sömu niðurstöðu í raun. Í niðurlagi ákvæðisins er gerður fyrirvari þess efnis að auðlindir í þjóðlendum geti verið eign annarra ef þeir sanna rétt sinn til þeirra.

Um ákvæðið vísast að öðru leyti til almennra athugasemda hér að framan.

Um III. kafla.

Hér er að finna ákvæði um heimildir stjórnvalda til þess að hlutast til um leit og rannsóknir á auðlindum í jörðu og leyfisveitingu þar að lútandi. Lagt er til að sömu reglur gildi um jarðefni, jarðhita og grunnvatn og reglur þar um því samræmdar frá því sem nú er.

Um 4. gr.

Lagt er til að stjórnvöldum verði gert kleift að hafa frumkvæði að leit og rannsóknum á auðlindum í jörðu og heimila það öðrum með útgáfu rannsóknarleyfis, en svo er leyfi til leitar og rannsóknar nefnt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að heimildir ráðherra nái bæði til landsvæða utan eignarlands og innan. Þá er lagt til að heimild ráðherra til frumkvæðis sé óháð því hvort landeigandi hafi sjálfur hlutast til um slíka leit eða rannsókn.

Landeiganda yrði samkvæmt frumvarpinu heimilt að framkvæma leit eða rannsókn á eignarlandi sínu án leyfis. Honum ber þó að gera fyrir fram grein fyrir verulegum framkvæmdum, svo sem borunum, sprengingum eða gerð námuganga, og er Orkustofnun heimilt að setja skilyrði fyrir umræddum framkvæmdum. Auk þessa kunna ákvæði annarra laga að eiga við.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um inntak rannsóknarleyfis samkvæmt frumvarpinu. Þá er kveðið á um skyldu ráðherra til að leita umsagnar Orkustofnunar við veitingu rannsóknarleyfa.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að nýting auðlinda úr jörðu sé háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða utan þeirra. Í þessu felst að einnig landeiganda er óheimilt að hefja nýtingu á jarðefnum og meiri háttar nýtingu á jarðhita og grunnvatni án leyfis ráðherra. Regla þessi á þó ekki við um nýtingu á grjóti, möl, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum, svo og mold, mó og surtarbrandi, sem fram fer á eignarlandi, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Er það óbreytt regla frá gildandi lögum. Landeiganda er og heimilt að hagnýta jarðhita án leyfis til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til iðnaðar og iðju, og grunnvatn til svipaðrar starfsemi, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 14. gr. frumvarpsins. Þá þykir eðlilegt að landeigandi, sem veitt hefur verið rannsóknarleyfi, njóti forgangs við veitingu nýtingarleyfis. Hafi hann hins vegar ekki fengið rannsóknarleyfi á hann ekki slíkan forgangsrétt.

Í 2. mgr. er kveðið á um inntak nýtingarleyfis. Um skilyrði og efni nýtingarleyfa að öðru leyti er fjallað í VIII. kafla laganna.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun veiti ráðherra umsögn áður en leyfi er veitt. Þá þykir eðlilegt að sveitarstjórnir veiti umsögn um útgáfu nýtingarleyfis innan marka sveitarfélags þar sem hagsmunir þess eru ríkir bæði frá efnahagslegu og umhverfisverndarlegu sjónarmiði.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er gert að skilyrði fyrir því að vinnsla hefjist að nýtingarleyfishafi nái samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms og óskað eftir mati náist ekki samkomulag. Matið skal fara eftir ákvæðum 29. gr. en þar er fjallað um eignarnámsmat. Hefur landeigandi 60 daga frest til þessa frá útgáfudegi nýtingarleyfis, ella fellur leyfið úr gildi. Þá þykir eðlilegt að nýtingarleyfi falli úr gildi hefjist nýting ekki innan þriggja ára.

Þar sem gert er ráð fyrir því í 4. gr. að ráðherra geti hlutast til um leit og rannsókn auðlinda án tillits til þess hvort landeigandi hafi sjálfur hafið slíka leit, þykir eðlilegt að kveðið verði á um að rannsóknarniðurstöður þeirra rannsókna sem landeigandinn hefur staðið fyrir verði metnar til verðmætis gagnvart nýtingarleyfishafa. Úr ágreiningi um þá greiðslu skal skorið með mati skv. 29. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er hins vegar ekki gert ráð fyrir að rannsóknarleyfishafar, aðrir en landeigandi eða aðilar á hans vegum sem ekki hafa rannsóknarleyfi, eigi rétt á bótum eða endurgreiðslu vegna rannsóknarkostnaðar enda á rannsóknarleyfishafi kost á að afla sér forgangs að nýtingarleyfi, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ekki þykir fært að rannsóknar- og nýtingarleyfi þurfi til rannsóknar og nýtingar á hinum algengari jarðefnum sem fram fer á eignarlandi. Landeiganda eða öðrum sem hann semur við yrði því heimilt að nýta þessi jarðefni á leyfis. Hér er byggt á sömu afmörkun og nú er í gildi samkvæmt námulögum. Um nýtingu þessara jarðefna gilda almennar reglur, svo sem um umhverfismat o.fl. Að því er varðar nýtingu jarðefna á jarðeignum ríkisins er rétt að taka fram að samkomulag er milli landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um að sömu reglum um nýtingarleyfi og nú gilda samkvæmt námulögum sé fylgt vegna nýtingar á jarðeignum sem landbúnaðarráðuneytið fer með.

Hins vegar taka ákvæði frumvarpsins um leit og nýtingu til allra jarðefna í þjóðlendum. Þannig má sem dæmi nefna að nýting á vikri innan marka eignarlands er ekki háð leyfi ráðherra en leit og nýting á vikri utan eignarlands er háð leyfi.

Um 9. gr.

Hér er um hliðstæða reglu að ræða og fram kemur í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins að því er jarðhita varðar. Þykir eðlilegt að gæta hér samræmis.

Um 10. gr.

Lagt er til að öll venjuleg nýting jarðhita á eignarlandi sé heimil án leyfis ráðherra. Þannig geti landeigandi stundað atvinnurekstur sem tengdur er búskap eða eðlilegri nýtingu landsins. Lagt er til að miðað verði við tiltekin mörk hér að lútandi, allt að 5 MW. Vermi miðast við þrípunktsástand vatns, en svo nefnist það ástand þegar vatnið er 0,01 °C heitt og undir 611,2 Pa (6,112 mb) þrýstingi. Þá eru ís, vatn og gufa í varmafræðilegu jafnvægi. Fyrirvari er gerður um það að tilkynna beri Orkustofnun ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Um heimild til nýtingar jarðhita til raforkuvinnslu er vísað til orkulaga, sbr. 2. mgr. Ákvæði þessara laga um leyfi til nýtingar jarðhita eiga því ekki við um raforkuvinnslu. Sömu sjónarmið gilda hins vegar að sjálfsögðu um eignarhald á jarðhita auk þess sem ákvæði laganna um vernd og meðferð jarðhitasvæða geta átt við.

Samkvæmt þessu getur landeigandi nýtt jarðhita án leyfis allt að 5 MW, en leyfi ráðherra þarf til nýtingar landeiganda á jarðhita frá 5 MW. Skv. 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967, þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver af stærðinni 200–2.000 kw en til að reisa og reka raforkuver stærra en 2.000 kw þarf leyfi Alþingis.

Um 11. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, en orðalagi hefur verið breytt. Í lok 3. mgr. er tekið fram að matið skuli framkvæmt í samræmi við ábúðarlög, en núgildandi ábúðarlög eru nr. 64/1976.

Um 12. gr.

Grein þessi er að stofni til byggð á 16. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Meginreglan er sú að ekki má undanskilja jarðhitaréttindi við sölu jarðar nema þegar um ríkisjarðir er að ræða, en þá ber að undanskilja jarðhitaréttindi við sölu þeirra.

Um 13. gr.

Lagt er til að sveitarfélagi verði fenginn ákveðinn forgangur til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélags. Þykir þetta nauðsynlegt með tilliti til samfélagslegra hagsmuna í sveitarfélaginu.

Um 14. gr.

Hér er um hliðstæða reglu að ræða og fram kemur í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins og áður er lýst. Þannig er landeiganda heimilt að hagnýta grunnvatn án leyfis til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju innan eignarlands, allt að tilteknum mörkum sem lagt er til að verði 100 sekúndulítrar.

Um 15. gr.

Hér er um hliðstæða reglu að ræða og fram kemur í 13. gr. frumvarpsins og áður er lýst.

Um VIII. kafla

Hér er fjallað um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt lögunum, efni þeirra og afturköllun. Ákvæði kaflans taka til allra auðlinda samkvæmt lögunum og eiga bæði við um útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfis, eftir því sem við á.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta á einvörðungu við um útgáfu nýtingarleyfa. Lagt er til að ráðherra verði gert að meta umsóknir um veitingu nýtingarleyfa út frá tilteknum forsendum. Þannig skuli taka tillit til þjóðhagslegra hagsmuna, umhverfissjónarmiða og nýtingar sem hafin er í næsta nágrenni. Veiting nýtingarleyfa vegna auðlinda í eignarlandi mun því taka mið af þessum sjónarmiðum sem ganga þá framar hagsmunum landeiganda.

Um 18. gr.

Hér eru nánar tilgreind þau efnisatriði leyfis sem þurfa að vera til staðar í leyfi. Ákvæðið er hliðstætt 12. gr. námulaga, nr. 24/1973, og þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Lagt er til að ráðherra geti haft frumkvæði að rannsókn og vinnslu með því að auglýsa eftir umsóknum um leyfi. Einnig getur verið heppilegt að beita þessu ákvæði þegar fleiri aðilar sækjast eftir leyfum.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um heimildir ráðherra til afturköllunar leyfis. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringar.

Um IX. kafla.

Rétt þykir að fjalla í sérstökum kafla um vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf og meðferð upplýsinga. Ákvæði kaflans taka til allra auðlinda samkvæmt lögunum og eiga bæði við um starfsemi samkvæmt rannsóknar- og nýtingarleyfi, eftir því sem við á.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að Orkustofnun verði fengið það hlutverk að hafa eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum samkvæmt útgefnum leyfum og gefa ráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsóknar og vinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Frumvarpið byggir á því að Orkustofnun fari með eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum og vörslu og umsjón þekkingaröflunar hér að lútandi, sbr. 22. gr. Eðlilegt hlýtur að teljast að stofnunin fari með með þessi málefni þótt meginverkefni hennar séu á sviði jarðhita og vatnsorku.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu rannsóknar- og nýtingarleyfishafa. Í 1. mgr. er kveðið á um almenna upplýsingaskyldu þessara aðila gagnvart Orkustofnun. Gert er ráð fyrir að eigi sjaldnar en árlega á meðan á leyfistíma stendur og auk þess í lok hans verði Orkustofnun send skýrsla um framvindu mála. Til leiðbeiningar eru í ákvæðinu talin upp helstu atriði sem greina skal frá í skýrslunni, en heimilt er að kveða á um fleiri atriði í viðkomandi leyfi. Auk

þess er Orkustofnun heimilt að óska eftir sýnum. Með jarðfræðilegum sýnum er bæði átt við jarðefnasýni og vatnssýni.

2. mgr. er að hluta byggð á ákvæðum 52. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Þá er kveðið á um þá nýjung að skylt sé að láta Orkustofnun vita ef önnur verðmæt efni en heitt vatn eða gufa finnast við jarðboranir.

Um 23. gr.

Í þessari grein er kveðið á um meðferð upplýsinga sem veittar eru Orkustofnun. Lagt er til að upplýsingar séu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis, framlengingar þess og þegar rannsóknarleyfishafa er veittur forgangur að nýtingarleyfi skv. 2. mgr. 5. gr. Þegar rannsóknarleyfishafa er veitt nýtingarleyfi í beinu framhaldi af rannsókn helst trúnaðarskyldan. Þó er gert ráð fyrir að unnt sé að takmarka trúnaðarskyldu í viðkomandi leyfi. Þannig er heimilt að tilgreina þau atriði sem ekki eru bundin trúnaði og stytta eða lengja þann tíma sem upplýsingar eru bundnar trúnaði. Gert er ráð fyrir að upplýsingar sem veittar eru samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verði í vörslu Orkustofnunar. Orkustofnun er því heimilt að ráðstafa þeim þegar trúnaðarskylda er niður fallin og utanaðkomandi aðilum heimill aðgangur að upplýsingunum. Orkustofnun er einnig heimilt að nýta sér upplýsingar almennt í vísindaskyni, á meðan leyfi er í gildi, enda sé trúnaðarskylda virt.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 49. og 50. gr. orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að hún tekur bæði til jarðhitasvæða og grunnvatns. Einnig er skýrt kveðið á um skipun matsmanna og frágang borhola.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ætlað að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu jarðhita og grunnvatns.

Um 26. gr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu í 18. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. núgildandi námulaga, nr. 24/1973, að breyttu breytanda.

Um 27. gr.

Grein þessi er á sér m.a. fyrirmynd í 14. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Greinin á við um allar auðlindir.

Um 28. gr.

Samkvæmt III. og IV. kafla frumvarpsins getur ráðherra veitt öðrum en landeiganda rannsóknar- og nýtingarleyfi. Skv. 26. gr. er landeiganda enn fremur skylt að veita leyfishöfum óhindraðan aðgang að eignarlandi og hlíta ákvæðum leyfis þar að lútandi. Verði landeigandi fyrir tjóni af þeim sökum á hann því rétt á bótum fyrir tjón sem hann sýnir fram á. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

Um 29. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins skal nýtingarleyfishafi óska eftir mati á endurgjaldi fyrir auðlind innan tiltekins tíma frá útgáfu leyfis náist ekki samkomulag þar að lútandi. Um slíkt mat er vísað til þessarar greinar, þ.e. að um eignarnámsmat skuli vera að ræða. Ákvæði 1. mgr. 29. gr. segir að ráðherra geti tekið auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi,

mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlinda og öðrum réttindum landeiganda. Ráðherra afhendir nýtingarleyfishafa hin eignarnumdu verðmæti. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra til nýtingar á auðlindum, svo og til að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti þegar hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita eða vatni, sbr. 17. gr. núgildandi orkulaga. Að öðru leyti eiga ákvæði þessarar greinar sér hliðstæðu í 19. gr. orkulaga og 1. og 2. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

3. mgr. er samhljóða 6. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973. Samkvæmt orðanna hljóðan er ekki nauðsynlegt að hinar eignarnumdu auðlindir séu innan marka viðkomandi sveitarfélags.

4. mgr. felur í sér eðlilega sanngirnisreglu vegna hagsmuna landeiganda.

Um 30. gr.

Í þessari grein er nýmæli þess efnis að landeigandi eigi val um það hvernig endurgjald fyrir auðlind verði metið og hvernig útgreiðslu þess verði háttað, annars vegar að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða hins vegar sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Bætur fyrir annað en endurgjald ber að meta sérstaklega. Lagt er til að landeigandi hafi 45 daga frest til þess að taka ákvörðun hér að lútandi frá því að ákvörðun um eignarnám er tekin eða óskað hefur verið eftir mati, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig ákvarða skuli bætur sem greiddar eru sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Lagt er til að bæturnar verði ákveðinn hundraðshluti eða önnur fast ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Ákvarða verður hvort miða skuli við söluverðmæti fullunninnar auðlindar eða hvort nota eigi aðrar viðmiðanir. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. Þannig kemur til greina að miða afkomu viðkomandi námu við vinnslu jarðefna. Í niðurlagi greinarinnar er kveðið á um að í matinu skuli ákvarða gjalddaga greiðslunnar, hvort hún skuli endurskoðuð og hvort og hvernig skuli setja fram tryggingu að kröfu landeiganda.

Landeigandi hefur samkvæmt þessari grein val um það hvort hann fær bætur greiddar með eingreiðslu sem metnar eru út frá líkum og áætlunum um verðmæti og magn eða fær bætur jafnóðum sem taka mið af því hvernig vinnsla gengur. Ljóst er að ekki er hægt að gefa tæmandi leiðbeiningar um mat en í 2. mgr. er þó lagður til ákveðinn rammi utan um það mat.

Í 3. mgr. er vísað til almennra reglna um framkvæmd eignarnáms, sbr. lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 31. gr.

Í þessari grein er lagt til að iðnaðarráðherra semji við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins í samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar. Í flestum tilvikum fer landbúnaðarráðuneytið með málefni jarða í ríkiseign, sbr. ákvæði jarðalaga. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir frumvarpi til laga um þjóðlendur sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Um 32. gr.

Óeðlilegt þykir að leyfi sem hér eru til umfjöllunar geti gengið kaupum og sölum eða að þau sé hægt að setja til tryggingar fjárskuldbindingum.

Um 33.–35. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að öllum lögum um auðlindir í jörðu verði skipað í einn lagabálk. Með því yrði skýrt kveðið á um eignarrétt og nýtingarrétt á auðlindum á landi, í vötnum og í sjó. Einnig er gert ráð fyrir skýrum reglum um leyfi til rannsókna og nýtingar auðlinda. Frumvarp þetta var flutt á 121. þingi og eru efnislegar breytingar á því óverulegar og hafa ekki áhrif á kostnað.

Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að nokkur kostnaður við rannsóknir og leyfisveitingar falli á Orkustofnun. Orkustofnun hefur gert áætlun um þann kostnað sem af samþykkt frumvarpsins kann að leiða. Fjármálaráðuneytið hefur yfirfarið þá áætlun og með hliðsjón af henni er talið að kostnaður af samþykkt frumvarpsins geti numið 4–5 m.kr. á ári. Kostnaður iðnaðarráðuneytisins af umsjá með lögunum mun á móti lækka eitthvað en sú lækkun verður óveruleg. Skv. 9. tölul. 18. gr. er gert ráð fyrir að greiðsla kostnaðar af eftirliti falli á leyfishafa og skv. 10. tölul. að leyfisgjald verði greitt af rannsóknar- og nýtingarleyfum til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis. Ekki er talið að tekjur af þessum ákvæðum geti numið þeim fjárhæðum að þau greiði allan þann kostnað sem af samþykkt frumvarpsins leiðir.

575. Fyrirspurn [360. mál]

til umhverfisráðherra um orkugjafa fiskimjölsverksmiðja.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hvað er olía stór hluti orkugjafa í íslenskum fiskimjölsverksmiðjum?
2. Hver yrði minnkun koltvísýringsmyndunar Íslendinga ef allar fiskimjölsverksmiðjur væru reknar með vistvænum orkugjöfum?
3. Hver yrði kostnaðurinn við að skipta yfir í rafmagn eða gufuafl við fiskimjölsframleiðslu?
4. Fengju fiskimjölsverksmiðjur rafmagn til vinnslunnar á svipuðu verði og önnur stóriðja?
5. Ef svo væri, hver væri þá verðmunur á vinnslu með olíu og vinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum?

Skriflegt svar óskast.

576. Fyrirspurn [361. mál]

til dómsmálaráðherra um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 65/1996 frá 24. mars 1997 til desember 1997?
2. Hversu oft hefur réttaraðstoð við nauðasamningsumleitanir verið veitt á framangreindu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

577. Fyrirspurn [362. mál]

til fjármálaráðherra um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa leitað heimildar til samninga um greiðslu eignarskatts eða tekjuskatts skv. 2. efnismgr. 1. gr. laga nr. 64/1996, um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamnings við skuldheimtumenn skv. 3. efnismgr. sömu greinar frá 1. maí 1997 til desember 1997?
2. Hversu margir samningar hafa verið gerðir samkvæmt lögum nr. 64/1996 frá 1. maí 1997 til desember 1997 sundurliðað skv. 2. og 3. efnismgr. 1. gr. laganna?
3. Hverjar eru fjárhæðir sem samið hefur verið um á framangreindu tímabili? Svar óskast sundurliðað eftir umsóknum.
4. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögunum sem miðar að því að gera úrræðið skilvirkara fyrir fólk í fjárhagsörðugleikum?

Skriflegt svar óskast.

578. Fyrirspurn [363. mál]

til félagsmálaráðherra um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar hafa óskað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða að öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli laga nr. 71/1996, um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, frá 1. apríl 1997 til desember 1997?

2. Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar á framangreindu tímabili?
3. Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt framangreindra umsókna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.

Skriflegt svar óskast.

579. Fyrirspurn [364. mál]

til samgönguráðherra um greiðslu bóta til leigubílstjóra.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir leigubílstjórar fengu greiddar bætur frá ríkinu þegar þeir misstu atvinnuleyfið við gildistöku laga nr. 77/1989, um leigubifreiðar?
2. Á hvaða forsendum voru bótagreiðslur ákveðnar?
3. Hverjir fengu bætur og um hvaða upphæðir var að ræða í hverju tilviki?
4. Hvaða heimildir voru til greiðslu þessara bóta?

Skriflegt svar óskast.

580. Fyrirspurn [365. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiðakaup ráðuneyta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um bifreiðakaup á vegum ráðuneyta?
2. Hversu margar bifreiðar hafa verið keyptar á vegum einstakra ráðuneyta á tímabilinu 1990–97, af hvaða bifreiðaumboðum var keypt og hver var kostnaður hvers ráðuneytis, sundurliðað eftir árum?
3. Hvaða ráðuneyti hafa keypt bifreiðar og hversu margar af Sölu varnarliðseigna? Hvert var verð þeirra bifreiða?
4. Hvaða opinber gjöld eru greidd við innflutning og sölu þessara bifreiða í samanburði við þau gjöld sem greidd eru af innflutningi og sölu annarra bifreiða?
5. Eru í gildi sérkjör varðandi kaup ráðherra á bifreiðum til einkanota? Ef svo er, hversu margir ráðherrar hafa nýtt sér þau sérkjör á árunum 1990–97 og af hvaða bifreiðaumboðum var keypt, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum?
6. Hafa ráðherrar nýtt sér þau sérkjör til kaupa á bifreiðum af Sölu varnarliðseigna? Ef svo er, hversu margir, sundurliðað eftir ráðuneytum?

Skriflegt svar óskast.

581. Nefndarálit [330. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1/1997, um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða Þorlákssonfrá fjármálaráðuneyti.

Efni frumvarpsins er tvíþætt. Annars vegar er tilgangur þess að gera launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga kleift að gera upp skuldbindingar sínar við sjóðina með því að greiða áfallnar skuldbindingar með skuldabréfum og greiða viðbótariðgjöld til lúkningar á þeim skuldbindingum sem falla til ár hvert. Hins vegar er tilgangurinn að ryðja því braut að ríkisstofnanir greiði iðgjöld til B-deildar LSR og LH sem nálgast það að vera hin sömu og greidd væru af launum þeirra sem tryggðir eru í A-deild LSR.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein, 1. gr., er breyti 1. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingin felur það í sér að stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins verði hinn sami og gert er ráð fyrir í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
2. Lögð er til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins, er verði 2. gr., og 3. gr., er verði 4. gr., að launagreiðendum, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, verði gert kleift að gera upp skuldbindingar sínar með skuldabréfum. Þessi möguleiki hefur hingað til eingöngu verið til staðar fyrir aðra en ríkið og ríkisstofnanir. Er þetta sérstaklega æskileg breyting vegna ríkisstofnana með sjálfstæðan fjárhag sem að öllu eða mestu leyti eru reknar fyrir sjálfsaflafé. Enn fremur verður þessum aðilum gert mögulegt að greiða fast iðgjald frá því að uppgjör fer fram þannig að ekki verði um frekari uppsöfnun skuldbindinga að ræða. Yrði iðgjald þetta miðað við tryggingafræðilegar forsendur með sama hætti og uppgjör á skuldbindingunum. Þessi breyting hefur engin áhrif á þá ábyrgð sem ríkissjóður ber á greiðslu lífeyris skv. 32. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og bakábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda skv. 18. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

   Þá er lögð til sú breyting að þeim launagreiðendum sem óska eftir að greiða reglubundið og mánaðarlega hærra framlag til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga upp í þær kröfur sem myndast vegna uppbóta á lífeyri verði gert kleift að gera það með því að greiða sama iðgjald vegna þeirra sem eru í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og þeirra sem eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með því verður aðild að þessum

deildum hlutlaus að því er varðar greiðslur og greiðsluáætlanir vegna launa og launatengdra gjalda.

Alþingi, 16. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Einar Oddur Kristjánsson. Steingrímur J. Sigfússon.

582. Breytingartillögur [330. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, SP, VS, JBH, EOK, SJS, ÁE).

1. Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:
   1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:
   Stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins skal vera hinn sami og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.). Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:
   a. Orðin „annarra launagreiðenda en ríkissjóðs“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
   b. Á eftir orðunum „ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
   c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
   Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 23. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.
   Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til

deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

3. Við 3. gr. (er verði 4. gr.).
   a. Á eftir orðunum „ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins“ í 3. málsl. 1. efnismgr. komi: skv. 1. mgr.
   b. 2. og 3. efnismgr. orðist svo:

      Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 7. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 14. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

      Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til sjóðsins skv. 1. og 3. mgr. 7. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, sbr. og ákvæði til bráðabirgða II í þeim lögum. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri á sama ári skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

583. Nefndarálit [323. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Hjálmarsson frá fjármálaráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá félagsmálanefnd og heilbrigðis- og tryggingnefnd auk þess sem nefndin hafði álit samgöngu- og landbúnaðarnefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998 til hliðsjónar við yfirferð málsins.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við bætist ný grein, 5. gr., og með henni verði felldur brott lokamálsliður 48. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, þar sem fram kemur að ríkissjóður skuli greiða þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur vegna fatlaðra barna í leikskólum. Í sam-

ræmi við lokaálit starfshóps, sem menntamálaráðherra skipaði til að fara yfir fyrirkomulag á endurgreiðslum ríkisins vegna fatlaðra barna í leikskólum, er í sameiginlegri yfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. desember 1996 gert ráð fyrir að sveitarfélögin greiði allan kostnað af vistun fatlaðra barna.

2. Þá er lögð til sú breyting að á eftir 5. gr., sem verði 6. gr., komi ný grein, er verði 7. gr., þar sem breytt er ákvæði til bráðabirgða IV í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skuli á árinu 1997 heimilt að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Með breytingunni er lagt til að ártalinu 1997 verði breytt í 1998, en í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er áætlað að 200 millj. kr. verði ráðstafað til námskeiða, átaksverkefna og annarra úrræða fyrir atvinnulausa.

Alþingi, 16. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.

584. Breytingartillögur [323. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EOK, GMS, SP, VS, PHB).

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Lokamálsliður 48. gr. laganna fellur brott.
2. Á eftir 5. gr., er verði 6. gr., komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað „1997“ í ákvæði til bráðabirgða IV með lögunum komi: 1998.

585. Svar [319. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um dánarbætur almannatrygginga.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á stuðningi almannatrygginga vegna andláts maka, á
a. dánarbótum og
b. ekkjulífeyri,
undanfarin fimm ár?

Ítarleg svör varðandi þennan málaflokk hafa þegar verið gefin í fyrirspurnartíma Alþingis, miðvikudaginn 17. desember sl.

Dánarbætur.

Um greiðslu dánarbóta fór áður skv. 17. gr. almannatryggingalaga, nr. 67/1971, en greinin var svohljóðandi:

„Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í sex mánuði eftir lát maka, kr. ... á mánuði.

Hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. ... á mánuði.“

Þann 1. janúar 1994 tóku gildi lög nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Í 6. gr. þeirra laga er nú kveðið á um greiðslu dánarbóta. Þar segir:

„Heimilt er að greiða hverjum þeim, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, bætur í sex mánuði eftir andlát maka, ... kr. á mánuði.

Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri eða við aðrar sérstakar aðstæður er heimilt að greiða bætur í a.m.k. 12 mánuði til viðbótar en þó aldrei lengri tíma en 48 mánuði, ... kr. á mánuði.“

Jafnframt eru í gildi reglur um úthlutun dánarbóta samkvæmt ofangreindu ákvæði en þær voru staðfestar af tryggingaráði 22. nóvember 1996. Í reglunum er kveðið á um greiðslu dánarbóta til sex mánaða (1. mgr. 1. gr.) og í 12 mánuði til viðbótar ef viðkomandi er með barn undir 18 ára aldri á framfæri sínu (2. mgr. 1. gr.). Þá segir að frá og með 19. mánuði eftir andlát maka skuli dánarbótum úthlutað til allt að 12 mánaða í senn þeim sem eru með tvö börn eða fleiri á framfæri (1. mgr. 2. gr.). Þessar fjárhæðir skal skerða á sama hátt og örorkulífeyri (5. mgr. 2. gr.).

Ekkjulífeyrir.

Um greiðslu ekkjulífeyris fór áður skv. 18. gr. almannatryggingalaga, nr. 67/1971. Við gildistöku laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, var ákvæðið tekið upp í 7. gr. þeirra laga, efnislega nánast óbreytt.

Með reglugerð frá 16. júní 1994 var kveðið á um að frá og með 1. júlí 1994 skyldi ekkjulífeyrir skertur ef árstekjur hlutaðeigandi væru hærri en tiltekin fjárhæð. Skyldi þá skerða ekkjulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram væru uns hann félli niður.

Með 42. gr. laga nr. 144/1995 var 7. gr. laga nr. 118/1993 felld brott, en í 43. gr. sömu laga er kveðið á um greiðslu ekkjulífeyris í ákvæði til bráðabirgða. Þar segir:

„Konur sem fá greiddan ekkjulífeyri 31. desember 1995, skulu fá ekkjulífeyri greiddan til 67 ára aldurs enda uppfylli þær skilyrði fyrir greiðslu ekkjulífeyris sem giltu fyrir 1. janúar 1996. Greiðsla ekkjulífeyris til þessa hóps skal vera í samræmi við reglur um greiðslu ekkjulífeyris sem giltu fyrir 1. janúar 1996.“

2. *Hversu margir hafa fengið greiðslur dánarbóta lengur en heimilað var*
   a. sex mánuði og
   b. átján mánuði fyrir barnafólk
   frá því að slíkar greiðslur voru heimilaðar?

Dánarbætur lengur en í sex mánuði.

Ár	Bótaþegar
1993	83
1994	89
1995	99
1996	100
1997	99

Dánarbætur lengur en í 18 mánuði.

Ekki er komin reynsla á þessar bætur fyrir barnafólk þar sem rétturinn til þeirra skapaðist í raun ekki fyrr en í júlí á þessu ári.

Unnið hefur verið að kynningu þessa réttar en ætla má að tilviljun hvað varðar fjölskyldu-hagi eða tekjur eftirlifenda á þessu tímabili ráði því að enginn hefur enn notið dánarbóta lengur en í 18 mánuði.

586. Svar [314. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um breytingar á vasapeningagreiðslum til lífeyrisþega.

1. *Hvernig hafa reglur um vasapeninga lífeyrisþega á stofnunum og upphæðir þeirra breyst sl. fimm ár?*

Reglur um vasapeninga hafa verið óbreyttar sl. fimm ár og þeir eru tekjutengdir.

Tekjur bótaþega skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem eru umfram frítekjumark.

Óskertir vasapeningar hafa hækkað sl. fimm ár eins og sést í eftirfarandi töflu sem sýnir einnig breytingar á frítekjumarki (fjárhæðir í kr.).

Tímabil	Óskertir vasapeningar á mánuði	Frítekjumark, árstekjur	Vasapeningar falla niður við árstekjur
01.01.93–28.02.95	10.170	36.000	223.754
01.03.95–31.08.96	10.658	36.000	232.763
01.09.96–31.12.96	10.658	36.612	233.375
01.01.97–28.02.97	10.871	36.612	237.308
01.03.97–31.07.97	11.306	36.612	245.338
01.08.97–31.08.97	11.589	36.612	250.563
01.09.97–31.12.97	11.589	38.443	252.394

2. *Hversu margir*
   a. ellilífeyrisþegar og
   b. öryrkjar
   á stofnunum hafa fengið vasapeninga greidda hvert undanfarinna fimm ára?

	Fjöldi í des. 1993	Fjöldi í des. 1994	Fjöldi í des. 1995	Fjöldi í des. 1996	Fjöldi í des. 1997
Ellilífeyrisþegar á sjúkrastofnunum	1.008	1.063	1.047	992	1.006
Örorkulífeyrisþegar á sjúkrastofnunum	402	358	331	296	286
Ellilífeyrisþegar á vistheimilum	747	707	707	661	665
Örorkulífeyrisþegar á vistheimilum	22	19	19	20	25

3. *Hversu margir*
   a. ellilífeyrisþegar og
   b. öryrkjar
   utan stofnana hafa fengið greidda vasapeninga hvert undanfarinna fimm ára?

Vasapeningar eru mjög sjaldan greiddir utan stofnana.

Greiddir eru svonefndir „heim um helgar“ vasapeningar, en þeir sárafáu lífeyrisþegar sem fá þá eru taldir með í töflunni hér á undan, enda eru þeir fyrst og fremst vistmenn stofnana.

587. Tillaga til þingsályktunar [366. mál]

um jafnréttisfræðslu fyrir æðstu ráðamenn.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að móta stefnu um aðgerðir sem tryggi að æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafi þekkingu á ólíkri stöðu kynjanna í þjóðfélaginu almennt og á sínu sviði sérstaklega. Í því skyni verði tekið saman vandað námsefni og haldin námskeið sem ráðamönnum verði gert að sækja. Tryggt verði að þekkingunni verði haldið við með eftirliti og aðhaldi og með því að halda námskeið með reglulegu millibili.

Greinargerð.

Markmiðið með framangreindum jafnréttisaðgerðum er að skapa samfélag þar sem bæði kynin búa við sömu möguleika, réttindi og skyldur á öllum sviðum samfélagsins. Til þess að þetta markmið náist, þarf að beita kynjaðri hugsun við alla stefnumörkun og aðgerðir framkvæmdarvaldsins, Alþingis, fyrirtækja og stofnana.

Íslenska ríkisstjórnin hefur á alþjóðavettvangi skuldbundið sig til að samþætta sjónarhorn kynjajafnréttis hefðbundnum stjórnmálum og stjórnun. Má þar nefna að samþætting gengur eins og rauður þráður í gegnum framkvæmdaáætlunina frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995. Norræna ráðherranefndin hefur sett sér það markmið að samþætting skuli einkenna allt starf á vegum nefndarinnar. Innan Evrópuráðsins og í framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum sem Íslendingar eiga aðild að í gegnum EES-samninginn er samþætting lykilhugtak og miklar vonir eru bundnar við þessa aðferðafræði.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir næstu ár mun byggjast á samþættingarhugmyndum, samkvæmt bæklingi um samþættingu frá Skrifstofu jafnréttismála. Pólitískur vilji hlýtur því að vera fyrir hendi til þess að leiðrétta þann ójöfnuð milli kynjanna sem allt samfélagið líður fyrir. Þennan vilja þarf að sýna í verki.

Samþætting byggir á þeirri staðreynd að staða kynjanna sé á flestum sviðum ólík og taka þurfi tillit til þess við alla ákvarðanatöku. Grunnforsenda þess að samþætting takist er pólitískur vilji, kyngreindar upplýsingar, fræðsla og eftirfylgni. Fræðin um hin félagslegu kyn, eða kynjafræði eins og það er nefnt í bæklingi Skrifstofu janfréttismála um samþættingu, er þekkingarsvið. Það er ekki hægt að krefjast ábyrgðar á samþættingu jafnréttissjónarmiða af fólki sem ekki hefur til þess kunnáttu. Til þess að um raunverulega samþættingu verði að ræða þarf jafnréttisfræðsla því að verða forgangsverkefni.

Jafnréttisvinnan hefur hingað til verið unnin af sérfræðingum án pólitískra valda eða nauðsynlegs fjármagns, en samþætting gerir ráð fyrir að jafnréttisvinna verði eðlilegur hluti allra starfa í stjórnmálum og stjórnsýslu. Áhrifamestu gerendurnir eru að sjálfsögðu þeir sem hafa mestu völdin og fjármagnið, eða æðstu ráðamenn þjóðarinnar. Með æðstu ráðamönnum er hér átt við ráðherra ríkisstjórnarinnar, forstjóra ríkisstofnana, biskup, ríkissaksóknara, dómara

og rektora háskóla. Þessum aðilum verður að vera ljóst hver ábyrgð þeirra og áhrifamáttur er á stöðu kynjanna. Þeirri ábyrgð má líkja við ábyrgð á fjármálum eða öryggismálum sem engir stjórnendur geta skorast undan, hver svo sem starfsvettvangur þeirra er eða hvort þeir hafa sérstakan áhuga á þessum sviðum.

Svíar hafa gert myndarlegt átak til þess að tryggja lágmarksþekkingu æðstu stjórnenda sinna á ólíkri stöðu kynjanna á mismunandi sviðum samfélagsins. Það var Mona Sahlin sem hóf þessi námskeið í jafnréttisráðherratíð sinni. Fyrstur til þess að setjast á skólabekk var Ingvar Carlsson þáverandi forsætisráðherra og sýndi þannig aðdáunarvert fordæmi fyrir aðra ráðamenn. Síðan hafa allir sænskir ráðherrar farið á slík námskeið, ásamt aðstoðarmönnum sínum, ráðuneytisstjórum, biskupum, forstjórum ríkisstofnana, blaðafulltrúum o.fl. Námskeiðin hafa verið tvíþætt. Annars vegar hefur sænsku þjóðinni verið lýst út frá stöðu kynjanna á mismunandi aldri og sviðum og kyngreind tölfræði óspart notuð í þessum tilgangi. Hins vegar hafa námskeiðin verið aðlöguð mismunandi þekkingarsviðum ráðamanna. Þessi fræðsla og vitundarvakning er ein ástæða þess að staða kvenna í Svíþjóð er umtalsvert betri en staða íslenskra kvenna.

Á Íslandi hefur safnast mikil þekking á ólíkri stöðu kynjanna og kynjafræðum, þótt enn sé mikið verk óunnið. Mikilvæg sérfræðiþekking hefur myndast við Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands og tekin hefur verið upp kennsla á þessu sviði við Háskólann. Skrifstofa jafnréttismála, Kvennaathvarfið, Kvennalistinn, Stígamót, kvennablaðið Vera, karlanefnd Jafnréttisráðs og fleiri aðilar hafa einnig dregið fram í dagsljósið mikilvægar upplýsingar um stöðu kynjanna sem nauðsynlegt er að taka mið af. Kyngreind tölfræði er að verða mun aðgengilegri, sbr. t.d. bækling Hagstofunnar „Konur og karlar“ (1993, 1997). Það ætti því að vera vel framkvæmanlegt að taka saman gagnlegt fræðsluefni og fá hæfa sérfræðinga til kennslustarfa. Símenntun þarf að tryggja með því að halda námskeið með reglulegu millibili og með eftirliti og aðhaldi. Aðhald mætti veita með ýmsum hætti. Í Svíþjóð hefur það verið gert með því að aðstoðarmenn ráðherra hittast mánaðarlega og eiga að fylgja því eftir, hver á sínu sviði, að öll starfsemi sé í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um samþættingu. Þeir bera einnig ábyrgð á að nauðsynleg þekking sé aðgengileg.

Ef vilji er fyrir hendi til að sýna samþættingu í verki er jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn einföld, ódýr og áhrifarík aðgerð til vitundarvakningar og hefur mikil vægt fordæmisgildi fyrir aðra þjóðfélagsþegna.

588. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Almennar húsaleigubætur hvetja fólk til þess að leigja sér húsnæði, sérstaklega námsfólk sem getur valið um að búa hjá foreldrum sínum eða leigja sér íbúð. Eftirspurn eftir leiguhúsnæði eykst, markaðsleiga hækkar og skortur gerir vart við sig. Þannig geta húsaleigubætur komið fram að hluta sem bætur til húseigenda. Kvöð um að húsaleigubætur eigi eingöngu við um íbúðir en ekki herbergi eykur eftirspurn eftir íbúðum en verðfellir herbergi, sem ekki falla undir skilyrði fyrir bótum.

Til þess að rökstyðja áhrif húsaleigubóta á upphæð leigu skal tekið dæmi um einstætt foreldri með tvö börn sem stendur til boða að leigja tvær algerlega sambærilegar íbúðir í Foss-

vogi. Önnur er Kópavogs megin og kostar 35.000 kr. á mánuði. Hin er Reykjavíkur megin og kostar 45.000 kr. Kópavogur greiðir ekki húsaleigubætur en Reykjavíkurborg greiðir þessari fjölskyldu 21.000 kr. á mánuði (tæp 13.000 kr. eftir skatt). Fjölskyldan er 3.000 kr. betur sett með því að leigja íbúðina Reykjavíkurmegin þó að hún sé um 30% dýrari. Þannig ætti húsaleiga að vera hærri í Reykjavík vegna húsleigubótanna ef leigumarkaðurinn er sæmilega upplýstur.

Fram kom á fundi nefndarinnar að mikil spenna er á leigumarkaði í Reykjavík og skortur á góðu leiguhúsnæði en ekki er ljóst hvort það stafar af upptöku húsleigubóta eða af betra efnahagsástandi.

Setja má spurningarmerki við þá stefnu að skylda sveitarfélög almennt til þess að greiða húsaleigubætur. Hins vegar er ljóst að þar sem ríkið greiðir 60% af húsaleigubótum en aðeins sumir skattgreiðendur njóta þeirra vakna spurningar um hvort jafnræðisreglan sé í heiðri höfð. Þeir skattgreiðendur sem búa í sveitarfélagi sem ekki hefur tekið upp greiðslu húsaleigubóta eiga ekki kost á þeim bótum þó að þeir fullnægi skilyrðum að öðru leyti en þeir greiða bætur hinna með sköttum sínum.

Reglur um greiðslu húsaleigubóta koma hvergi fram í frumvarpinu en þeim er lýst í athugasemdum við ákvæði II til bráðabirgða. Reglur um bætur virðast vera nokkuð eðlilegar að því er börn varðar. En hjón, jafnvel með aldraða foreldra í heimili, fá hins vegar samtals sömu bætur og einstaklingur þó að telja verði að þau muni þurfa nokkru stærra húsnæði. Bæturnar eru takmarkaðar við 50% af leigufjárhæð, þó aldrei hærri en 21.000 kr. á mánuði. 50% mörkin hafa sennilega ekki mikið gildi nema úti á landi og þau hvetja til hærri leigu í einstaka tilfelli. Hins vegar gera 21.000 kr. mörkin það að verkum að barnafjölskyldur fá ekki bætur fyrir fleiri börn en tvö til þrjú. Áður var nefnt að hagur annarra fjölskyldugerða, t.d. óhefðbundin fjölskylda með þrjú uppkomin systkini, er mjög illa tryggður.

Skerðingarákvæði reglnanna eru með ólíkindum. Bæturnar eru skertar um 24% af samanlögðum tekjum fjölskyldunnar umfram 125.000 kr. á mánuði, óháð fjölskyldustærð. Húsnæðisbætur einstaklings byrja að skerðast við sömu tekjumörk og húsnæðisbætur sex manna fjölskyldu eða þegar heildartekjur hvors um sig ná 125.000 kr. á mánuði. Þetta er alveg ótækt kerfi og mjög andfélagslegt. Vegna skerðinganna falla bæturnar niður ef heildartekjur fjölskyldunnar eru meiri en 155.000 kr. á mánuði hjá barnlausu fólki en 212.000 kr. hjá fólki með þrjú börn. Nú ætti öllum að vera ljóst að stór barnmörg fjölskylda þarf hærri tekjur til að lifa en einstaklingur. Þess vegna geta barnafjölskyldur í raun ekki fengið húsaleigubætur en verkfræðingur með nokkuð góðar tekjur (150.000 kr. á mánuði) fær húsaleigubætur. Mjög brýnt er að endurskoða þessar reglur um tekjumörk og skerðingu þannig að þær verði félagslega réttlátari. T.d. mætti hækka bæturnar umtalsvert og hver fjölskyldumeðlimur fengi bætur en ekki einungis börn. Jafnframt mætti skerða bæturnar um hverja krónu sem fjölskylda hefur í tekjur. Skerðingin gæti verið miklu lægri en þau 24% sem nú eru í gildi. Þannig er mætt þörfum stórra fjölskyldna, óhefðbundinna fjölskyldna og fjölskyldna með mjög lágar tekjur.

Framangreindar reglur skýra af hverju kerfið er aðallega notað af barnlausum einstaklingum (⅔) en ekki af barnafjölskyldum. Sex manna fjölskylda þarf meira en 220.000 kr. á mánuði til að lifa og fær því ekki húsnæðisbætur! Frítekjumörkin gera það auk þess að verkum að fjölskylda með alls engar tekjur fær sömu húsnæðisbætur og sambærileg fjölskylda með 125.000 kr. mánaðartekjur þrátt fyrir miklu meiri þörf. Hámark bótanna við 21.000 kr. á mánuði og 50% af leigu koma mjög illa við stórar fjölskyldur og fjölskyldur með mjög lágar tekjur. Hvernig eiga þær að greiða hinn helminginn af leigunni? Þessar reglur leiða svo til mjög brattrar skerðingar eða 24% af tekjum. Að teknu tilliti til tekjuskatts og skerðingar barnabóta vegna tekna myndast mjög afdrifarík fátæktargildra.

Hin mikla tenging eigna við leigubætur þýðir 6% jaðarskatt á eignir umfram 3 millj. kr. Þessi hluti eigna er því tekinn af fólki á 17 árum. Æskilegra er að þessi tenging sé mildari en að hún taki til allra eigna.

Erfitt er að átta sig á samspili Lánasjóðs íslenskra námsmanna og húsaleigubótanna. Fram kom á fundum nefndarinnar að þriðjungur bótaþega er námsfólk. Þeir fá lánað fyrir framfærslukostnaði hjá LÍN, þar með húsnæðiskostnaði. Þeim er tryggð 56.000 kr. framfærsla á mánuði á námstímanum og þeir geta haft 180.000 kr. tekjur á ári. Námslánið skerðist um 50% af tekjum umfram þessi mörk en til tekna teljast húsaleigubætur fyrra árs. Námsfólk sem ekki þarf að vinna fær fullar bætur en námsfólk sem vinnur fær hálfar húsaleigubætur til viðbótar láninu sem ætlað er að hluta til húsnæðis. Hér er því verið að tvíbæta sama hlutinn. Telja ætti námslánið til tekna eða draga húsaleigubæturnar að fullu frá námsláninu jafnóðum sem er sennilega betri lausn. Ætti LÍN að taka upp samstarf við sveitarfélögin til þess að hindra slíka tvítryggingu.

Í frumvarpinu koma fram nokkur furðuleg ákvæði um hvað telst til tekna. Þannig eru tekjur skólafólks og „barna“ undir 20 ára ekki taldar með til frádráttar húsaleigubótunum en tekjur fullorðinni, t.d. fyrir að skúra gólf teljast að fullu. Sama á við um tekjur fjölskyldunnar frá almannatryggingum. Þær eru helgari en skúringatekjurnar. Fjölskylda, sem nýtur bóta frá almannatryggingum, getur því fengið húsnæðisbætur á meðan önnur fjölskylda með nákvæmlega sömu heildartekjur fær ekki bætur. Þetta getur verið dálítið erfitt að skilja.

Samkvæmt frumvarpinu eru gerðar nokkrar kröfur til þess húsnæðis sem fólk má búa í til þess að hljóta bætur. Það má ekki vera einstaklingsherbergi eða íbúð þar sem eldhús eða snyrting er sameiginlegt með fleirum. Við þetta er ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi má spyrja hvað ríkisvaldinu komi það við hvernig borgarinn kýs að búa, þ.e. hvort hann vill spara við sig í húsnæði og eyða t.d. í menningu. Í öðru lagi eru margir sem hafa stopular tekjur og geta því ekki leyft sér að leigja dýra íbúð. Þeir fá ekki bætur. Mörg einstaklingsherbergi, t.d. á stúdentagörðum, eru með ágætis aðgangi að eldhúsi og snyrtingu. Auk þess eru til önnur lög og reglur sem gæta þess að húsnæði sé sómasamlegt. Engin trygging er fyrir því að íbúðin sé góð þótt henni fylgi snyrting og eldhúshola.

Í frumvarpinu er gerð krafa um að leigusamningi sé þinglýst. Ekki kom fram á fundum nefndarinnar til hvers þetta ómak og kostnaður leigutaka væri en helst var svo að skilja að það væri til að koma í veg fyrir svik leigutaka og málamyndagerð. Auðvelt á að vera að kanna réttmæti skriflegra leigusamninga og fráleitt að láta heiðarlegt fólk standa í útréttingum og kostnaði vegna örfárra óprúttinna aðila.

Kerfi húsaleigubóta, sem í gildi hefur verið, er mjög gallað. Það oftryggir vissa hópa, þ.e. einstaklinga með góðar tekjur, en stórir hópar eru illa tryggðir eins og rakið er hér að framan.

Minni hlutinn leggur því til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að ekki sé gerð krafa um þinglýsingu húsaleigusamnings.
2. Lagt er til að húsaleigubætur taki mið af öllum fjölskyldumeðlimum þannig að t.d. aldraðir foreldrar skipti ekki síður máli en börn.
3. Ekki er gerð krafa um að bæturnar nái eingöngu til íbúða með snyrtingu og eldhúsi, sbr. rökstuðning hér að framan.
4. Ekki verður séð hvers vegna hvetja á fólk til þess að leigja dýrt húsnæði með því að setja 50% þak á bæturnar miðað við leiguna. Hver fjölskylda á rétt á ákveðnum bótum og ef hún vill búa spart verður það að teljast hennar mál. Hún á ekki að eiga rétt á minni bótum þó að hún sýni ráðdeildarsemi í húsnæðiskostnaði. Þess vegna er lagt til að felldar verði brott 2. og 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins sem fjalla um markaðsleigu, sem erfitt getur verið að sannreyna, „íburðarmikið og óhóflegt“ húsnæði og takmörkun á leigufjárhæð félagasamtaka.

5. Tekjur þeirra sem eru 20 ára og yngri eru ekki taldar með tekjum fjölskyldunnar. Þessar tekjur geta verið umtalsverðar, t.d. tekjur 19 ára sjómanna. Ekki verður séð hvers vegna meðhöndla ætti þessar tekjur, sem og tekjur skólafólks, öðruvísi en aðrar tekjur fjölskyldunnar, t.d. tekjur fyrir skúringar á kvöldin. Auk þess er hér möguleiki á misnotkun með því að launþegi skrái sig í skóla. Því er lagt til að niður falli ákvæði um að undanskilja þessar tekjur.

   Tekjur fólks frá almannatryggingum eru hvorki betri né verri en aðrar tekjur. Ef bætur almannatrygginga eru undanskildar er það fólk betur sett fjárhagslega en það fólk sem vinnur fyrir tekjum sínum. Því er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að undanskilja þessar tekjur. Þá er gert ráð fyrir að minnka verulega eignatenginguna en láta hana taka til allra eigna.
6. Gerð er tillaga um að fellt verði brott ákvæði 10. gr. um að leigusamningi sé þinglýst sbr. hér að framan.
7. Ekki er eðlilegt að umsækjandi verði að líða fyrir það ef afgreiðsla umsóknar dregst og því er lagt til að bæturnar greiðist frá þeim tíma sem umsókn barst og skilyrði eru uppfyllt í stað þess að miða við þegar rétturinn hefur verið staðreyndur.
8. Ekki þarf að taka fram í lögum að skuldbindingar fólks og réttindi falla niður við andlát og því er lagt til að 3. mgr. 14. gr. falli brott.

Alþingi, 17. des. 1997.

Pétur H. Blöndal.

589. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um húsaleigubætur.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (PHB).

1. Við 3. gr. Orðin „og að honum hafi verið þinglýst“ í 3. mgr. falli brott.
2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Húsaleigubætur miðast við ákveðna íbúð og ákvarðast af fjölda þeirra sem búa í íbúðinni. Þær skulu skerðast hlutfallslega við tekjur og eignir allra þeirra sem lögheimili hafa í íbúðinni og ekki vera hærri en 80% af leigunni.
3. Við 6. gr.
   a. Orðin „og eru lágmarksskilyrði a.m.k. eitt svefnherbergi ásamt séreldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu“ í 2. mgr. falli brott.
   b. 3. mgr. falli brott.
4. Við 7. gr. 2. og 3. mgr. falli brott.
5. Við 8. gr.
   a. Orðin „og eru þá tekjur barna umsækjenda sem eru 20 ára og eldri meðtaldar“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
   c. Orðin „Bætur almannatrygginga og“ í 2. mgr. falli brott.
   d. 3. mgr. orðist svo:

      6% af skattskyldri eign allra fjölskyldumeðlima skulu talin til tekna hennar.

6. Við 10. gr. Orðin „og þinglýstur“ í 1. tölul. 1. mgr. falli brott.
7. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Húsaleigubætur koma til greiðslu frá og með næsta almanaksmánuði eftir að umsókn barst og skilyrði eru uppfyllt.
8. Við 14. gr. 3. mgr. falli brott.

590. Nefndarálit [304. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Þorsteinsdóttur og Margréti Gunnlaugsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Sambandi veitinga- og gistihúsa.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar. Í fyrsta lagi er lögð til hækkun á dómsmálagjöldum og ýmsum gjöldum sem snerta dómsmálaráðuneytið. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum er varða leyfi fyrir verðbréfafyrirtæki og leyfi fyrir áfengisveitingastaði. Loks er lagt til að við lögin bætist nýr kafli um gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Annars vegar er um að ræða orðalagsbreytingu á 3. gr. Hins vegar er lagt til að ákvæði e-liðar 9. gr. verði fellt brott, en þar er lögð til hækkun á leyfi fyrir áfengisveitingastaði. Nefnd, sem starfar að endurskoðun áfengislaga, hefur ekki lokið störfum og því er ekki talið tímabært að breyta þessu ákvæði að svo stöddu.

Alþingi, 16. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.

591. Breytingartillögur [304. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, GMS, SP, EOK, PHB).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 3.500 kr.
2. Við 9. gr. E-liður falli brott.

592. Fjáraukalög [55. mál]

fyrir árið 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 450 (sbr. 55) með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1997:

	m.kr.
Tekjur	
Tekjuskattar	1.408,0
Tryggingagjöld, launaskattar	610,0
Eignarskattar	244,0
Skattar á vörur og þjónustu	2.599,0
Aðrar tekjur	696,0
Tekjur samtals	**5.557,0**
Gjöld	
Æðsta stjórn ríkisins	56,9
Forsætisráðuneyti	92,0
Menntamálaráðuneyti	161,7
Utanríkisráðuneyti	492,6
Landbúnaðarráðuneyti	229,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	50,6
Félagsmálaráðuneyti	255,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.981,5
Fjármálaráðuneyti	3.565,6
Samgönguráðuneyti	384,3
Iðnaðarráðuneyti	107,2
Viðskiptaráðuneyti	52,8
Hagstofa Íslands	4,2
Umhverfisráðuneyti	95,2
Gjöld samtals	**7.529,5**
Áætluð yfirfærsla heimilda til næsta árs	-1.134,0
Tekjur umfram gjöld	**-838,5**
Lánahreyfingar	
Veitt lán, nettó	3.495,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**4.333,5**
Afborganir af teknum lánum	4.589,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**8.922,5**
Lántökur	8.900,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**-22,5**

Eftirtaldir liðir 2. gr. bætast við eða breytast og hljóða svo:

	m.kr.
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	15,8
1.03 Þingmálaskrifstofa	3,9
1.04 Rekstrarskrifstofa	2,8
1.05 Alþjóðasamstarf þingmanna	2,5
Almennur rekstur samtals	25,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	11,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
6.21 Fasteignir	3,0
Stofnkostnaður samtals	7,0
Gjöld samtals	**43,5**
06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	
Almennur rekstur:	
1.40 Tollgæsla	1,0
07-302 Ríkissáttasemjari	
Almennur rekstur:	
1.01 Ríkissáttasemjari	5,0
07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	
Almennur rekstur:	
1.01 Svæðisskrifstofa	1,6
1.20 Sambýli Egilsstöðum	1,3
Almennur rekstur samtals	2,9
Gjöld samtals	**2,9**

m.kr.

09-801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir 3.020,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,0
1.11 Styrkir til sérleyfishafa 16,0
Almennur rekstur samtals 26,0

Viðhaldsverkefni:
5.10 Viðhald 20,0

Stofnkostnaður:
6.10 Nýframkvæmdir 215,0
6.55 Ferjur og flóabátar 70,0
Stofnkostnaður samtals 285,0

Gjöld samtals **331,0**

593. Frumvarp til laga [275. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Í stað 2. mgr. 5. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að flytja veiðileyfi, skv. 1. mgr., til annars jafnstórs skips, miðað við rúmtölu, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Þá er og heimilt að sameina veiðileyfi tveggja eða fleiri skipa eða skipta veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa, enda sé rúmtala þess eða samtala rúmtalna þeirra skipa, sem veiðileyfi fá, ekki hærri en rúmtala þess eða þeirra sem veiðileyfi láta. Aðeins er þó heimilt að flytja veiðileyfi frá báti sem hefur leyfi til línu- og færaveiða, sbr. 6. gr., til báts sem er helmingi minni að rúmtölu en sá bátur sem veiðileyfi lætur. Hafi bátur verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns má þrátt fyrir 3. málsl. þessarar málsgreinar flytja veiðileyfi þess báts til annars jafnstórs báts miðað við rúmtölu.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að flytja leyfi skips til veiða með aflamarki til annars skips sem er allt að 100 rúmmetrum stærra, að viðbættum 25%, en þó aldrei meira en 60% stærra en það skip sem veiðileyfi lætur. Sé skip stækkað með endurnýjun skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar eða því breytt skv. 2. málsl. 4. mgr. verður það ekki stækkað með endurnýjun fyrr en a.m.k. sjö ár eru liðin frá því að endurnýjunin eða breytingin átti sér stað. Heimild til að flytja veiðileyfi á skip, sem er stærra en skip það er veiðileyfi lætur, á aðeins við þegar eitt skip kemur í stað eins eða fleiri skipa og takmarkast við stærsta skipið af þeim sem veiðileyfi láta.

Óheimilt er að gera breytingar á skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist nema flutt sé veiðileyfi af öðru skipi eða skipum sem eru jafnstór að rúmtölu og sem stækkuninni nemur. Þó er heimilt að breyta skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist, hafi slíkar breytingar ekki verið gerðar á síðustu sjö árum eða skipið stækkað með endurnýjun skv. 3. mgr., enda aukist hún ekki um meira en 100 rúmmetra að viðbættum 25% en þó aldrei meira en 60%.

Óheimilt er að gera breytingar á báti sem hefur leyfi til línu- og færaveiða, sbr. 6. gr., nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er helmingi stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en sex brúttótonn.

Rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkana falla niður.

Ráðherra skal setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa og skal þar meðal annars kveðið á um hvernig rúmtala skips skuli reiknuð.

2. gr.

Orðin „2. mgr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Breytingar á skipum sem stunda veiðar með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986 skulu heimilar, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., hafi samningar þar um verið gerðir fyrir og skilað til Fiskistofu innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara. Breyt-

ingum skal þá lokið í síðasta lagi innan 14 mánaða frá gildistöku laganna. Slíkar breytingar skulu ekki lagðar til grundvallar mati á stærð skips við endurnýjun skipsins síðar.

594. Frumvarp til laga [303. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skv. 9. mgr. þessarar greinar“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt þessari grein.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta skal frá og með fiskveiðiárinu 1997/1998 vera 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs en þó ekki lægri en 21.180 lestir, miðað við óslægðan fisk.
c. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan hvers fiskveiðiárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki.
d. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita báti, sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar skv. 6.–10. mgr.
e. Í stað 2.–4. málsl. 6. mgr. koma fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr., sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.
f. Í stað orðanna „1997“, „meðalafla“ og „hámarksafla“ í 1. málsl. 8. mgr. kemur: 1998, meðalþorskafla, og: hámarksþorskafla.
g. Í stað orðanna „1997“, „meðalafla“ og „hámarksafla“ í 1. málsl. 10. mgr. kemur: 1998, meðalþorskafla, og: hámarksþorskafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. um tímamörk vegna vals á veiðikerfi skal krókabátum, sem stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga skv. 6.–10. mgr. 6. gr., heimilt að endurskoða val sitt. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. febrúar 1998. Þorskafla-

hámark þeirra báta sem þann kost velja og breytingar vegna endurvals á sameiginlegum hámarksþorskafla þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum, eða handfærum og línu, skulu miðast við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

Á fiskveiðiárinu 1997/1998 skulu sóknardagar þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu, sbr. 9.–10. mgr. 6. gr., vera 40 en fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum og línu, sbr. 7.–8. mgr. 6. gr., vera 32.

Hafi bátur sem velur þorskaflahámark skv. 1. mgr. þegar nýtt hluta af sóknardögum fiskveiðiársins 1997/1998 fyrir 1. desember 1997 skal reikna hvaða hlutfall fimmtungur af nýttum sóknardögum er af heildarfjölda leyfðra sóknardaga bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 og skerða þorskaflahámark bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 í sama hlutfalli. Hafi sóknardagar verið nýttir frá og með 1. desember 1997 skal reikna hvaða hlutfall þeir eru af heildarfjölda leyfðra sóknardaga bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 og skerða þorskaflahámark bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 í sama hlutfalli.

II.

Úthluta skal varanlega, samkvæmt reglum í 2. og 3. mgr., 500 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, sem úthlutað hefur verið árlega af Byggðastofnun fiskveiðiárin 1995/1996 og 1996/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/1995.

Til krókabáta á þorskaflahámarki skal úthluta 180 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem 1. september sl. voru gerðir út frá byggðarlögum sem Byggðastofnun úthlutaði til á síðasta fiskveiðiári. Úthlutað skal hlutfallslegri viðbót miðað við aflaheimildir 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 8 lestir í sinn hlut miðað við óslægðan þorsk. Ekki skal bætt umfram þau mörk að þorskaflahámark með bótum verði 80 lestir miðað við 1. september 1997.

Til aflamarksbáta undir 10 brúttórúmlestum að stærð skal úthlutað 320 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem lönduðu meira en 6 lestum af þorski samtals á fiskveiðiárunum 1995/1996 og 1996/1997 og hafa úthlutað aflamark í þorski, að lágmarki 3 lestir, á fiskveiðiárinu 1997/1998. Úthluta skal hlutfallslega miðað við aflaheimildir í þorskígildum 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 2,5 lestir í sinn hlut miðað við slægðan þorsk.

595. Frumvarp til laga [302. mál]

um breytingar á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal greiða styrk til úreldingar krókabáta á sóknardögum frá gildistöku bráðabirgðaákvæðis þessa og til 1. apríl 1998. Skal úreldingarstyrkur nema allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II, sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1998 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði

sjávarútvegsins allt að 200 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á gildistökudegi bráðabirgðaákvæðis þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

596. Lög [153. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 564.

597. Lög [332. mál]

um breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 563 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Ráðherra skal kveða nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.
   Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

598. Frumvarp til laga [367. mál]

um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Afréttur: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

II. KAFLI
Þjóðlendur.

2. gr.

Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum.

3. gr.

Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.

Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.

Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum.

Forsætisráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki forsætisráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun forsætisráðherra. Tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til. Sveitarstjórn skal árlega gera forsætisráðherra grein fyrir ráðstöfun fjárins.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga um innheimtu og ráðstöfun tekna af þjóðlendum.

Heimildir skv. 2. og 3. mgr. taka ekki til réttinda sem eru háð einkaeignarrétti eða fengin öðrum með lögum. Leiði afnot til skerðingar á eignarréttindum sem aðrir eiga í þjóðlendunni getur viðkomandi krafist bóta úr hendi leyfishafa. Náist ekki samkomulag um greiðslu bóta skal skorið úr þeim ágreiningi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.

4. gr.

Á vegum forsætisráðherra skal starfa samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna er í eiga sæti fulltrúar forsætisráðherra, félagsmálaráðherra, iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi forsætisráðherra er formaður nefndarinnar. Nefndin skal vera forsætisráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Þá skal nefndin árlega gera tillögur til forsætisráðherra um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna.

Heimilt er forsætisráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um meðferð og nýtingu þjóðlendna samkvæmt lögum þessum, þar með talið um skilyrði fyrir leyfum sveitarstjórna til afnota af þjóðlendum.

5. gr.

Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um.

Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi.

III. KAFLI
Óbyggðanefnd.

6. gr.

Óbyggðanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum varamönnum.

Forsætisráðherra skipar nefndarmenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Nefndarmenn skulu fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara.

Forfallist aðalmaður við meðferð máls skal formaður ákveða hver úr hópi varamanna taki sæti hans. Með sama hætti getur formaður ákveðið að varamaður taki sæti aðalmanns við meðferð máls telji hann þess þörf vegna fjölda eða umfangs mála sem nefndin fjallar um. Sé mál munnlega flutt skal þess jafnan gætt að sami maður taki þátt í meðferð þess frá því að aðilum er gefinn kostur á að tjá sig fyrir nefndinni og þar til hún kveður upp úrskurð í málinu.

Telji formaður þörf sérkunnáttu við úrlausn máls getur hann kvatt til mann eða menn sem hafa slíka sérkunnáttu. Sé ekki talin þörf á fleiri en einum sérfróðum manni skal varamaður taka sæti samkvæmt ákvörðun formanns þannig að nefndin verði skipuð fimm mönnum.

Óbyggðanefnd skal heimilt að ráða starfsfólk sér til aðstoðar að höfðu samráði við forsætisráðherra. Hið sama gildir um skrifstofuaðstöðu fyrir hana.

Kostnaður vegna starfa óbyggðanefndar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Hlutverk óbyggðanefndar skal vera:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

8. gr.

Óbyggðanefnd skal að eigin frumkvæði taka til meðferðar og úrskurða um málefni sem undir hana heyra. Skal hún ákveða og tilkynna fyrirfram hvaða landsvæði ákveðið hefur verið að taka til meðferðar hverju sinni þannig að sá hluti landsins sem starfssvið nefndarinnar tekur til verði tekinn fyrir í áföngum. Stefnt skal að því að nefndin hafi lokið verkinu fyrir árið 2007.

9. gr.

Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.

10. gr.

Þegar nefndin hefur ákveðið að taka afmarkað svæði til meðferðar skal hún birta þá ákvörðun með því að gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan þriggja mánaða. Jafnframt skal nefndin láta þinglýsa slíkri ákvörðun á þær eignir sem skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði. Sama máli gegnir ef mál er endurupptekið skv. 19. gr.

Samhliða kröfum sínum skulu aðilar leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Nefndin skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Óbyggðanefnd getur heimilað að fram fari munnleg sönnunarfærsla fyrir nefndinni.

11. gr.

Fjármálaráðherra skal fara með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Sé um að ræða sameiginlegt upprekstrarland skal beina tilkynningum vegna þeirra sem þar eiga upprekstrarrétt til viðkomandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna eða upprekstrarfélags sem stofnað hefur verið um þessi mál og skulu þau hafa umboð til að ráðstafa málefninu fyrir hönd einstakra rétthafa.

12. gr.

Óbyggðanefnd skal eftir að hún hefur gefið út tilkynningu skv. 10. gr. og kannað heimildir um viðkomandi landsvæði gera yfirlit yfir lýstar kröfur og láta færa þær inn á uppdrátt. Skal yfirlit þetta ásamt uppdrætti liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir í að minnsta kosti einn mánuð. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd innan 15 daga frá þeim degi þegar kynningu lauk.

13. gr.

Óbyggðanefnd getur ákveðið að sameina meðferð og afgreiðslu mála varðandi einstök landsvæði í eitt mál eða fleiri og aðskilja mál óháð því hvernig aðilar kunna að hafa lagt mál fyrir nefndina eða hún tekið mál fyrir að eigin frumkvæði í upphafi.

Þrátt fyrir ákvarðanir sem óbyggðanefnd hefur tekið skv. 8. gr. getur hún ákveðið síðar að minnka eða stækka það landsvæði sem hún tekur til meðferðar í einstöku máli.

Komi það fram við meðferð máls að aðili, sem kann að telja til eignarréttinda, hafi ekki lýst kröfum sínum skal nefndin hafa frumkvæði að því að kanna hvort hann falli frá tilkalli, en ella gefa honum kost á gerast aðili máls.

14. gr.

Úrlausnum óbyggðanefndar verður ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds.

Mál sem heyrir undir óbyggðanefnd skv. 7. gr. verður ekki borið undir dómstóla fyrr en eftir að nefndin hefur lokið umfjöllun sinni um þau.

15. gr.

Óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum nema telja verði að sáttatilraun verði árangurslaus.

Telji nefndin að mál, sem borið er upp við hana, falli utan starfssviðs hennar skal hún synja um fyrirtöku málsins með úrskurði, en ávallt skal gefa aðila kost á að tjá sig sérstaklega um þetta atriði áður en úrskurður þar um er kveðinn upp.

Telji aðili að mál, sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar, eigi ekki undir hana getur hann krafist þess að því verði vísað frá nefndinni.

16. gr.

Um form og efni úrskurða óbyggðanefndar sem fela í sér endanlegar lyktir máls fer eftir reglum stjórnsýslulaga um úrskurði í kærumáli.

17. gr.

Óbyggðanefnd getur að kröfu aðila úrskurðað gagnaðila í einstöku máli sem rekið er fyrir nefndinni til greiðslu málskostnaðar honum til handa, enda hafi verið færðar fram kröfur, greinargerðir eða sjónarmið fyrir nefndinni, munnlega eða skriflega. Um málskostnað fer að öðru leyti eftir reglum um málskostnað í einkamálum.

18. gr.

Fullnægja má ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar um málskostnað með aðför.

Birta skal úrskurði óbyggðanefndar fyrir þeim aðilum sem lýst hafa kröfum og þeim sem úrskurðað er að eigi réttindi á viðkomandi svæði. Útdráttur úr úrskurði skal birtur í Lögbirtingablaði ásamt uppdrætti. Óbyggðanefnd skal annast um að úrskurðir hennar verði gefnir út.

Óbyggðanefnd skal hafa frumkvæði að því að þinglýsa úrskurðum sem fela í sér eignarheimildir. Ekki skal innheimta þinglýsingar- og stimpilgjöld af slíkum skjölum né heldur við þinglýsingar skv. 1. mgr. 10. gr.

19. gr.

Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í skv. 2. mgr. 18. gr. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Hafi mál verið höfðað fyrir dómi þar sem kröfur eru gerðar um efni sem á undir óbyggðanefnd samkvæmt lögum þessum skal þeim málum lokið þar þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar. Deiluefni þessi hafa í senn verið uppi í umræðum manna úti í þjóðfélaginu, á Alþingi og í einstökum dómsmálum sem rekin hafa verið vegna ágreinings um ákveðin landsvæði. Lengst af snerist umræðan um hvort þessi landsvæði teldust að fullu eign aðliggjandi sveitarfélaga, þar sem íbúar þeirra hefðu nýtt svæðin einkum til upprekstrar fyrir búfénað, eða hvort ríkið teldist eigandi landsvæðanna eins og haldið var fram af hálfu ríkisins í nokkrum dómsmálum.

Í dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 25. febrúar 1955, var fjallað um kröfur aðliggjandi hreppsfélaga að Landmannaafrétti í Rangárvallasýslu um viðurkenningu á beinum eignarrétti yfir landsvæðinu í tilefni af deilu um veiðiréttindi í vötnum á svæðinu. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði m.a.:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlazt eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því."

Í samræmi við þetta var því hafnað að hreppsfélögin hefðu öðlast beinan eignarrétt að Landmannaafrétti.

Hinn 28. desember 1981 var í Hæstarétti Íslands kveðinn upp dómur í máli sem íslenska ríkið höfðaði til viðurkenningar á eignarrétti ríkisins yfir Landmannaafrétti. Til andmæla í málinu risu hreppar á svæðinu og eigendur tveggja jarða og gerðu kröfu um að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þeirra að Landmannaafrétti. Niðurstaða meiri hluta hæstaréttar var sú að kröfum beggja aðila var hafnað. Í niðurstöðu meiri hluta hæstaréttar er tekið fram að í málinu leiti stjórnvald, fjármálaráðherra, dómsviðurkenningar á beinum eignarrétti ríkisins á Landmannaafrétti og síðan segir:

„Alþingi hefur ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið."

Um eignarréttartilkall ríkisins sagði síðan að ekki hefði tekist að sýna fram á að ríkið hefði eignast umrætt landsvæði við stofnun allsherjarríkis og lög frá þeim tíma styddu ekki þann skilning. Gögn um að eignarréttur ríkisins hefði stofnast fyrir eignarhefð væru ekki fullnægjandi. Þá ætti eignarréttartilkall ríkisins sér ekki stoð í skráðum réttarreglum og það yrði ekki reist á almennum lagarökum og lagaviðhorfum. Síðan sagði í dómi hæstaréttar:

„Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir“.“

Tveir dómarar hæstaréttar skiluðu sératkvæði og vildu staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um beinan eignarrétt ríkisins að landsvæðinu.

Í kjölfar þessa dóms var af hálfu þáverandi fjármálaráðherra hugað að því hvort og þá með hvaða hætti rétt væri að standa að lagasetningu um eignarhald á þeim landsvæðum sem teldust falla í flokka almenninga og afrétta.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 13. mars 1984 var samþykkt að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og afréttum. Var í skipunarbréfi nefndarinnar tekið fram að samþykkt hefði verið að nefndin styddist í störfum sínum við drög fjármálaráðherra að frumvarpi um sama efni sem tekið hafði verið saman á vegum hans.

Í nefndina voru skipaðir þeir dr. Gaukur Jörundsson prófessor, nú umboðsmaður Alþingis, formaður, Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður, nú hæstaréttardómari, og Magnús Sigurðsson bóndi, Gilsbakka. Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður var síðar ráðinn ritari nefndarinnar. Hinn 15. janúar 1988 var Allan Vagn Magnússon, þá borgardómari, nú héraðsdómari, skipaður formaður nefndarinnar í stað dr. Gauks Jörundssonar sem óskaði eftir að verða leystur frá störfum í nefndinni þegar hann hafði verið kjörinn umboðsmaður Alþingis.

Nefndin taldi nauðsynlegt að til undirbúnings lagasetningu á þessu sviði færi fram könnun á því hvernig væri háttað skráningu upplýsinga um eignarhald og afnot á þeim svæðum landsins sem féllu undir hugtökin almenningar og afréttir, og þá einnig hvernig þessi hugtök hefðu verið notuð bæði í lagamáli og í daglegu máli. Auk könnunar nefndarmanna og ritara á þessum atriðum var á vegum nefndarinnar sérstaklega unnið að athugun á eftirfarandi:

a. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., skulu héraðsnefndir, áður sýslunefndir, semja að fengnum upplýsingum sveitar- og bæjarstjórnar skrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota. Skal þar lýst merkjum þeirra og tekið fram hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt, svo og hverjir séu afréttareigendur, ef um afrétt í einkaeign er að ræða. Tekið er fram að afréttaskrá skuli geymd í skjalasafni sýslunnar. Nefndin óskaði eftir því við sýslumenn að þeir létu nefndinni í té ljósrit af fyrirliggjandi skrám fyrir hverja sýslu. Í svörum sýslumanna og þeim gögnum sem þeim fylgdu kom fram að mismunandi var í hvaða mæli og þá með hvaða hætti þessar skrár höfðu verið færðar og í nokkrum tilvikum hafði engin skrá verið færð. Í afréttaskrám þeim sem færðar höfðu verið komu í fæstum tilvikum fram heimildir um hvernig væri háttað eignarhaldi viðkomandi afrétta, nema lönd innan landamerkja einstakra jarða hefðu verið lögð til afrétta.
b. Á grundvelli þeirra afréttaskráa sem nefndin hafði aflað var ákveðið að velja úr tiltekin landsvæði og safna saman tiltækum heimildum um eignarhald á þeim og láta færa mörk samkvæmt þeim heimildum inn á kort. Taldi nefndin að slík könnun á ákveðnum svæðum gæti orðið til að varpa enn frekara ljósi á þau álitaefni sem á reynir við lagasetningu af þessu tagi bæði fyrir nefndina og þá sem síðar kæmu til með að fjalla um lagafrumvarpið.
c. Að fenginni heimild forsætisráðuneytisins voru tveir laganemar ráðnir tímabundið til að sinna gagnaöflun og úrvinnslu vegna ákveðinna landsvæða. Eftir forathugun á heimildum um þessi svæði var ákveðið að beina athuguninni sérstaklega að afréttum uppsveita Árnessýslu, vestan Hvítár. Taldi nefndin að yfirlit yfir það svæði ætti að sýna helstu álitaefni sem á reynir við úrlausn um eignarhald og réttindi yfir þeim landsvæðum sem notuð hafa verið sem afréttarlönd í landinu. Annar þeirra laganema sem unnu að verkinu,

Karl Axelsson, nú hæstaréttarlögmaður, skrifaði síðar kandídatsritgerð við lagadeild Háskóla Íslands undir heitinu Um eignarhald á afréttum, með sérstakri úttekt á eignarrétti að afréttum uppsveita Árnessýslu, vestan Hvítár. Er í II. kafla greinargerðar þessarar í ýmsu byggt á efni ritgerðarinnar með leyfi höfundar. Að hluta til er fjallað um sama efni í grein Karls Um eignarhald á Biskupstungnaafrétti í Afmælisriti Gizurar Bergsteinssonar, útg. í Reykjavík 1992.

d. Nefndin aflaði gagna og kannaði úrlausnir *Høyfjellskommisjonen* sem starfaði í Suður-Noregi á árunum 1909 til 1953 og hafði það verkefni að ákvarða merki eignarlanda og hálendissvæða í eigu ríkisins sem og almenninga. Einnig kannaði nefndin gögn um störf þeirrar nefndar sem stofnað var til í Norður-Noregi upp úr 1970 til að kanna réttindi ríkisins til fjallasvæða á þeim slóðum og nýtingarrétt annarra á þeim, en nefnd þessi bar heitið *Utvalget for statseiendom i Nordland og Troms*. Hlutverk þessarar nefndar var að rannsaka réttarheimildir um svæðin og átti niðurstaða hennar að vera ráðgefandi fyrir hlutaðeigandi. Nefndin fór hins vegar ekki með úrskurðarvald eins og *Høyfjellskommisjonen*.

Á grundvelli þeirra athugana sem nefndin gerði taldi hún rétt að byggja tillögu sína að lagafrumvarpi á eftirfarandi meginatriðum:

— Eignarhaldi á landi verði skipt í tvo flokka og hugtökin almenningur og afréttur verði ekki notuð við þá flokkun. Annars vegar eignarlönd sem eru háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Hins vegar landsvæði utan eignarlanda, þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, t.d. beitar- eða veiðiréttindi.
— Hugtakið afréttur verði ekki notað að lögum sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands, heldur sem lýsing á ákveðnum afnotaréttindum, þ.e. beitarréttindum og hugsanlega fleiri réttindum.
— Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.
— Því verði lýst yfir með lögum að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru þegar háð einkaeignarrétti t.d. á grundvelli laga eða venjuréttar. Settar verði sérstakar reglur um stjórn og meðferð þjóðlendna, en ekki verði raskað við réttindum þeirra sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja.
— Þrátt fyrir að lýst verði yfir eignarrétti ríkis að landi og hvers konar landsréttindum utan eignarlanda verði settar sérstakar reglur um forræði og meðferð þessara réttinda. Til að undirstrika sérstöðu þessara réttinda og að þar sé ekki um að ræða hefðbundnar eignir ríkisins er lagt til að forsætisráðherra fari með stjórnsýslu og forræði málefna þjóðlendna sem ekki eru með lögum lögð til annarra ráðuneyta. Þá er sveitarstjórnum ætlað að fara með skammtímaráðstöfun afnota innan þjóðlendna.
— Ekki verði í lögum settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna, heldur ráðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki.
— Stjórnvöldum verði falið að hafa frumkvæði að því að skera með skipulögðum hætti úr um hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna og mörk afrétta innan þjóðlendna og úrskurða um önnur eignarréttindi innan þjóðlendna. Sérstakri stjórnsýslunefnd, óbyggðanefnd, verði falið að sinna þessu verkefni og miðað við að því verði lokið árið 2005.

Nefndin vekur athygli á þeirri grundvallarreglu sem fylgt hefur verið hér á landi, að stjórnsýslumörk sveitarfélaga ráðast af eignarmörkum þeirra fasteigna sem eru innan hvers sveitarfélags. Um afrétti hefur verið sett sú sérstaka regla í 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, að eigi íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skuli hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr. Regla þessi tekur ekki til lands utan afrétta, svo sem jökla. Þannig komst hæstiréttur, t.d. í dómi sínum uppkveðnum 28. september 1995, hrd. 1995, bls. 2091, að þeirri niðurstöðu að tiltekið landsvæði í Þórsmörk væri utan staðarmarka þeirra sveitarfélaga sem höfðu uppi kröfur þar um í málinu.

Í frumvarpi þessu eru sveitarfélögum fengin ákveðin verkefni um stjórnsýslu innan þjóðlendna óháð því hvort sá hluti þjóðlendu telst afréttur. Með úrlausn um mörk þjóðlendna og eignarlanda af hálfu óbyggðanefndar ætti að skapast grundvöllur til að leggja enn frekari grunn að því að skipa öllu landinu innan staðarmarka sveitarfélaga, en telja verður rétt að ákvæðum sveitarstjórnarlaga verði breytt til samræmis við þá hugtakanotkun sem viðhöfð er í þessu frumvarpi og settar efnisreglur um hvernig beri að skipa svæðum í þjóðlendum innan staðarmarka sveitarfélaga þegar ekki verður byggt á afréttarnotum.

Í ársbyrjun 1993 skilaði nefndin drögum að frumvarpi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna til forsætisráðherra. Drögin voru send til umsagnar hjá nokkrum ráðuneytum og að þeim fengnum fól forsætisráðuneytið nefndinni að skila fullbúnu frumvarpi með athugasemdum. Var það afhent forsætisráðherra 30. september 1996 sem lagði það óbreytt fyrir Alþingi til kynningar á því löggjafarþingi, er þá fór í hönd, án þess að fyrir því væri mælt. Er sama frumvarp lagt fram á ný að breyttu breytanda að því er varðar ákvæði um gildistöku og starfslok óbyggðanefndar.

II.

Mismunandi sjónarmið um eignarhald á þeim svæðum landsins sem nefnd hafa verið afréttir hafa lengi verið uppi. Ágreiningsefnin hafa þar einkum verið í hvaða mæli slík landsvæði teljist eignarlönd og hver sé eigandi þeirra. Um afrétti hefur auk þeirra ágreiningsefna sem lýst var í upphafi I. kafla m.a. verið deilt um eignarréttarstöðu slíkra svæða og þá hvort þau séu hluti af tiltekinni jörð. Þá hafa verið uppi deilur um hvert sé t.d. inntak eignarréttinda kirkna yfir landsvæðum sem heimildir greina að þær hafi átt eða eigi og stundum eru þar nefnd afréttir, en í mörgum tilvikum hafa þessi réttindi verið seld sveitarfélögum eða einstaklingum. Eins og áður sagði bar þó lengst af hæst það álitaefni hver teldist eigandi að afréttarsvæðum sem notuð höfðu verið sameiginlega af íbúum á ákveðnu svæði án þess að þeir gætu vísað til tiltekinna heimilda um rétt sinn til svæðisins. Var þar tekist á um hvort viðkomandi sveitarfélög í umboði nytjahafanna teldust eigendur þessara landsvæða eða hvort þau væri eign ríkisins.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og afréttum. Er því sérstaklega gerð grein fyrir þessum hugtökum hér á eftir og síðan almennt fyrir reglum um eignarrétt að fasteignum, og þá sérstaklega hvað snertir eignarrétt að landi innan afrétta og almenninga.

Rétt þykir einnig að gera í athugasemdum við lagafrumvarp þetta nokkra grein fyrir ákvæðum laga um þessi málefni, ummælum í athugasemdum með lagafrumvörpum um þau, dómum og í nokkrum mæli viðhorfum fræðimanna. Þetta er þó aðeins stutt ágrip til yfirlits.

1. HUGTAKIÐ AFRÉTTUR.

1.1. ALMENNAR MÁLVENJUR.

Erfitt er að fullyrða hvort hugtakið *afréttur* hafi almennt séð ákveðna og afmarkaða merkingu í málvitund almennings. Þá er lögfræðileg merking hugtaksins á reiki og fræðimenn nota það með mismunandi hætti í skrifum sínum.

Í orðabók Menningarsjóðs kemur orðið fyrir í þremur kynjum, þ.e. *afréttur* (kk), *afrétt* (kvk) og *afrétti* (hvk). Merking þess er síðan sögð vera: „heiðaland, sumarhagar sauðfjár“.[1] Þarna er merking orðsins skýrð með tilvísun til staðsetningar, landfræðilegra staðhátta og nánar tiltekinnar notkunar lands. Ekki verður skorið úr því hér hversu almenn hin tilvitnaða merking orðsins afréttur er. Án þess að færð verði fyrir því nein sérstök rök virðist sem hugtakið sé notað á ýmsa vegu í daglegu máli.

Ef vikið er að eignarréttarlegri merkingu hugtaksins afréttur í lagamáli má sjá að það hefur verið skýrt með tvennum hætti. Annars vegar hefur þeirri skoðun verið haldið fram að afréttur sé *tiltekið, afmarkað landsvæði* og sá sem eigi afrétt eigi tiltekin eignarréttindi að því landsvæði, bein eða óbein eftir atvikum. Hins vegar hefur verið byggt á því að í afrétti felist ekki annað en *beitarréttur* tiltekinna aðila, óbein eignarréttindi að landi sem ekki sé að öðru leyti undirorpið eignarrétti viðkomandi rétthafa.

1.2. AFRÉTTARHUGTAKIÐ Í LÖGUM.

Hugtakið afréttur finnst þegar í Grágás, en merking þess þar er engan vegin ótvíræð.

Gildandi lög skilgreina hvergi merkingu afréttarhugtaksins. Að sönnu er víða fjallað um afrétti í lögum, en þá án nánari skýringa. Virðist þannig gengið út frá ákveðinni merkingu hugtaksins. Í 6. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. 42. gr. laga nr. 108/1988, felast þó e.t.v. veigamiklar leiðbeiningar, en þar segir:

> „Það skulu vera afréttir, sem að fornu hafa verið. Þó getur héraðsnefnd ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeigenda. Enn fremur geta hreppsnefndir, með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Bæjarstjórn getur tekið upp nýjan afrétt fyrir kaupstað, breytt takmörkum afréttar og lagt til hans heimalönd eða landshluta einstakra jarða innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, er kaupstaðurinn á eða hefur full umráð yfir.“

Í 7. og 8. gr. laganna er gerður greinarmunur á afréttarlandi hrepps eða upprekstrarfélags annars vegar og afréttarlandi sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun hins vegar. Í 12. gr. er kveðið á um að þar sem beitilönd einstakra jarða séu notuð til upprekstrar eða sameiginlegrar beitar beri að beita reglum laganna um afrétti eftir því sem við geti átt. Í athugasemdum við upphaflega frumvarpið að lögum um afréttamálefni og fjallskil sagði: „Hver afréttur er ákveðið landsvæði utan byggða og heimalanda einstakra jarða. Á hvern afrétt eiga tilteknar jarðir upprekstrarrétt.“ [2]

Að mörgu leyti eru lögin um afréttamálefni, fjallskil o.fl. ítarlegasta löggjöf okkar á þessu sviði. Á móti kemur að hún tekur einungis á einu tilteknu atriði, þ.e. notkun afrétta sem beiti- og upprekstrarlands og stjórnun þeirrar nýtingar. Af lögunum sjálfum verður hins vegar lítið ráðið um eignarhald á afréttum eða um réttindi til þeirra, önnur en beitarrétt. Upphaflegu lögin

---

[1] Orðabók Menningarsjóðs, Rvk. 1963, bls. 7, sbr. Ásgeir Magnússon, Íslensk orðsifjabók, Rvk. 1989, bls. 5.

[2] Alþt. 1968 A, bls. 310.

um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, leystu af hólmi ákvæðin um afrétti í Jónsbók sem lögtekin var 1281.

Helstu ákvæðin um afrétti í Jónsbók voru í Landsleigubálki, 46. kap., svo og 51.–54. kap. Þau leystu af hólmi ákvæði Grágásar í Landbrigðaþætti, [3] en seinni tíma fræðimenn virðast yfirleitt sammála um það að ekki hafi orðið neinar verulegar efnisbreytingar á þeim ákvæðum við lögtöku Jónsbókar. [4] Eðli málsins samkvæmt snúast viðkomandi ákvæði Jónsbókar fyrst og fremst um sauðfjárbeit, en í Landsleigubálki 46. kap. i.f. er þó vísir að afmörkun hugtaksins þegar segir: „En þat er afréttr er .ii. menn eigu saman eða fleiri, hversu mikit sem hverr á í." Þessi orð Jónsbókar eru sótt beint í Grágás[5] en annars staðar í Grágás var afréttur skýrður á þennan hátt: „... þa afrett er sumar hage maNa er oc geld fiar hofn." [6]

Eins og áður segir er víða vikið að afréttum í gildandi lögum. Þegar hefur verið gerð grein fyrir lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., en af öðrum lögum má nefna 1. gr. laga nr. 41/1919, um landamerki, 8. gr. laga 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, 3. gr. jarðalaga nr. 65/1976 og 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976, með síðari breytingum. Þótt skorti á afmarkaðar skilgreiningar afréttarhugtaksins bæði í lögum og greinargerðum með þeim virðist sem jafnan sé miðað við það að afréttur sé *afmarkað landsvæði*.

1.3. SKILGREININGAR FRÆÐIMANNA.

Eins og komið hefur fram er afdráttarlausa skilgreiningu á afréttum ekki að finna í lögum. Til frekari glöggvunar verður því vikið að því hvernig nokkrir fræðimenn hafa skilgreint afréttarhugtakið, en látið verður sitja við að tilgreina hér eingöngu þær helstu frá síðari áratugum.

Ólafur Lárusson gerir grein fyrir afréttum á eftirfarandi hátt í riti sínu Eignaréttur:

> „Lönd utan byggða heyra sum undir jarðir þær, sem að þeim liggja, og eru þá hlutar af þeirri jarðeign. Önnur eru afréttir tiltekinna sveitarfélaga eða upprekstrarfélaga. Hver réttur sveitarfélags til afréttar síns sé, mun vera með nokkuð mismunandi móti. Sum afréttarlönd eru vafalaust bein eign sveitarfélaganna, réttur þeirra til annarra er hins vegar ef til vill aðeins afnotaréttur í tiltekna átt." [7]

Ólafur gerir þannig ráð fyrir að afréttir séu tiltekin landsvæði og að á afréttum sveitar- og upprekstrarfélaga geti eignarhald verið með tvennu móti. Hins vegar víkur Ólafur ekki að hugsanlegum afréttum í einkaeign (jarða eða stofnana). Í ritgerð Sigurðar Líndal frá árinu 1983 skilgreinir hann stöðu afrétta á eftirfarandi hátt:

> „1. Lönd sem eru einungis afréttarlönd fylgjandi fleiri en einni jörð sem sameign jarðeigenda.
> 2. Lönd sem eru einungis afréttarlönd einnar jarðar, en öðrum jörðum fylgir upprekstrarréttur á landið og þá einatt gegn gjaldi.
> 3. Eignarlönd sem lögð hafa verið til afréttar." [8]

---

[3] Sjá einkum Grágás Ib, bls. 113, og II, bls. 477–479 og 486.

[4] Um þetta atriði virðast fræðimenn yfirleitt sammála, og má í því sambandi nefna Bjarna Jónsson, Almenningar og afrjettir, nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B), Reykjavík 1919, Þórð Eyjólfsson, Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja, ópr. september 1970, Sigurð Líndal, Útilífsréttur, Úlfljótur, 1. tbl. XXXI. árg., 1978, Eignarréttur á landi og orkulindum, skýrsla aðalfundar Sambands ísl. rafveitna 1983, og Gunnar F. Guðmundsson, Eignarhald á afréttum og almenningum, sögulegt yfirlit, Ritröð Sagnfræðistofnunar, nr. 4, Reykjavík 1981.

[5] Grágás II, bls. 479 (425 kap. i.f.).

[6] Grágás II, bls. 494.

[7] Ólafur Lárusson, Eignaréttur, Reykjavík 1950, bls. 83.

[8] Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands ísl. rafveitna, bls. 14.

Skilgreiningar Sigurðar miðast við þá eignarréttarlegu stöðu sem hann telur afrétti hafa þar sem meginreglan sé sú að einungis sé um óbein eignarréttindi afréttarhafa að ræða. Þar sé fyrst og fremst um beitarrétt að ræða, en eigi að viðurkenna önnur eignarréttindi, þá verði þau að styðjast við beina heimild, sbr. 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Hvað flokkun hans frá 1983 varðar þá telur hann umrædda meginreglu gilda um þá afrétti sem falla undir flokka 1 og 2, en hins vegar sé viðurkenndur beinn eignarréttur að afréttum sem heyri undir flokk 3. [9]

Gaukur Jörundsson skilgreinir hugtakið afrétt svo í riti sínu Eignaréttur:

„Til afrétta í víðtækasta skilningi má telja hvers konar land ofan byggðar, sem er notað til sumarbeitar fyrir búfé. ... Afréttarlönd í nefndum skilningi má í grófum dráttum flokka í lönd, sem eru fullkomin eignarlönd einhvers aðila (annars en ríkisins), og lönd, sem eru aðeins afréttareign." [10]

2. HUGTAKIÐ ALMENNINGAR.

Löggjöf okkar hefur allt frá tíma Grágásar haft að geyma ákvæði um almenninga. Almenningar geta verið þrenns konar lögum samkvæmt, þ.e. landalmenningar, hafalmenningar og almenningar í stöðuvötnum. Í þessari umfjöllun skipta *landalmenningar* fyrst og fremst máli.

Í Grágás sagði m.a. um almenninga: „Þat er mælt at almenningar ero a landi her. Þat er almenning er fiorðungs menn eiga allir saman." [11] Við lögtöku Jónsbókar varð ekki breyting á meginreglunni um almenninga, sbr. þessi orð í Landsleigubálki, 52. kapítula: „Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra."

Á það hefur verið bent að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga hafi í upphafi verið sniðin að norskum landsháttum og sé því spurning hversu vel þau hafa átt við hér á landi. Hvað sem því líður munu flest ákvæði Jónsbókar um almenninga orðin úrelt. [12] Þó er rétt að geta þess, að framangreint ákvæði úr Landsleigubálki, 52. kap., var tekið með í síðustu útgáfu lagasafns dóms- og kirkjumálaráðuneytisins árið 1995. Í yngri löggjöf er gert ráð fyrir því að almenningar séu til og má í því sambandi vísa til 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og 4. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Menn hefur greint á um það hvar almenningar væru, svo og hvernig eignarrétti að þeim væri háttað. Gaukur Jörundsson hefur hliðsjón af gildandi lögum þegar hann segir: „Í löggjöf á síðari tímum hafa landsvæði, sem enginn aðili getur talið til einstaklingseignarréttinda yfir, oft verið nefnd almenningar, ...". [13] Sigurður Líndal kemst að svipaðri niðurstöðu, en telur þó ekki útilokað að um ákveðin einstök réttindi geti verið að ræða í almenningum. [14] Ólafur Lárusson segir um almenninga:

„... en að svo miklu leyti, sem almenningar eru enn til, mun víða vera svo komið að tilteknar jarðir hafa eignast tiltekin afnot þeirra og munurinn á þeim og afréttum mun því vera orðinn óljós nú á tímum."[15]

Undir það sjónarmið tekur Sigurður Líndal. [16] Skilgreining Gauks Jörundssonar sem vitnað var til hér að framan virðist vera í bestu samræmi við ákvæði í lögum og á það reyndar við lög

---

[9] Sigurður Líndal, bls. 14, og Úlfljótur XXXI. árg., 1. tbl., bls. 36.

[10] Gaukur Jörundsson, Eignaréttur, fjölrit, Reykjavík 1982–1983, bls. 131.

[11] Grágás II, bls. 537–538.

[12] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 83, Sigurður Líndal, Úlfljótur XXXI. árg., 1. tbl., bls 37.

[13] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 133.

[14] Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands ísl. rafveitna, bls. 17–18.

[15] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 83.

[16] Sigurður Líndal, Úlfljótur XXXI. árg., 1. tbl., bls. 37.

hér að lútandi allt frá setningu nýbýlatilskipunarinnar árið 1776. Hins vegar er því ekki að neita að réttarstaða almenninga er á ýmsan hátt óljós og þá í hvaða mæli landalmenningar séu til í landinu í dag. Vafamál er líka hversu skýrlega verður greint á milli þeirra og afrétta eins og Ólafur Lárusson benti á.

Hvað fyrra atriðið varðar virðist ljóst að almenningar hafa aldrei verið bundnir við hálendi landsins. Þeir hafa þvert á móti fundist í fjörum líka. Sá skilningur á stoð í 52. kap. Landsleigubálks Jónsbókar þegar talað er um almenninga „bæði hið efra og hið ytra". Í Fornbréfasafni, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og víðar eru tilgreind svæði sem í þá daga hafa verið kölluð almenningar. Nefnir Bjarni Jónsson nokkur dæmi um slíkt í ritgerð sinni. [17] Hver réttarstaða þessara svæða er í dag er hins vegar óljóst.

Áður hefur verið vikið að því að Sigurður Líndal virðist gera ráð fyrir því að til séu hálendissvæði sem liggi utan við afrétti og almenninga. Sama skoðun kemur fram hjá Ólafi Lárussyni. [18] Sigurður tekur fram:

> „Nokkur vafi leikur á því, hvernig rétti til þessara hálendissvæða sé háttað — eða rétti til eigendalausra jarða í byggðum — eða til þeirra heimilda til afrétta og almenninga sem ekki falla undir eign sveitarfélaga, upprekstrarfélaga eða fylgja ekki eign einstakra jarða. Þegar grannt er skoðað sýnast varla vera rök til þess að gera almennan greinarmun á slíkum svæðum og almenningum." [19]

Hvað hálendissvæðin varðar þegar afréttum sleppir verður að taka undir framangreinda skoðun, enda verður ekki betur séð en að það samræmist gildandi löggjöf að telja þau til almenninga, sbr. og skilgreiningu Gauks hér að framan. Sú skoðun þeirra Sigurðar Líndal og Ólafs Lárussonar að erfitt kunni að vera að greina á milli afrétta og almenninga á án vafa við rök að styðjast í einstaka tilvikum. Annað mál er að í eldri heimildum virðast menn ekki alltaf hafa greint þarna á milli sem skyldi og hugtakanotkun ekki verið sem nákvæmust. Slík tilvik þarfnast sérstakrar skoðunar hverju sinni.

3. ALMENNT UM EIGNARRÉTT AÐ FASTEIGNUM.

Hugtakið fasteign kemur víða fyrir í lögum þótt þar sé ekki að finna neina almenna skilgreiningu á hugtakinu. [20] Ýmsir fræðimenn hafa á hinn bóginn skilgreint hugtakið og þá yfirleitt á svipaðan hátt, sbr. skilgreiningu Gauks Jörundssonar, „að hún sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt". [21] Séu framangreindar skilgreiningar á afrétti og almenningi lagðar til grundvallar virðist óhætt að fullyrða að einstakir afréttir og almenningar séu fasteign í framangreindum skilningi enda sé þá uppfyllt það skilyrði að um sé að ræða afmarkað landsvæði.

Vegna viðfangsefnis þessa frumvarps þykir rétt að gera hér nokkra grein fyrir almennum sjónarmiðum um hvert sé inntak eignarréttar yfir fasteignum og með hvaða hætti eignarréttindi yfir þeim stofnast og þar með helstu eignarheimildum að fasteignum sem viðurkenndar hafa verið í íslenskum rétti.

3.1. UM EIGNARRÉTTINDI.

Sameiginlegum sérkennum eignarréttinda hefur verið lýst svo að aðilaskipti geti orðið að

---

[17] Bjarni Jónsson frá Vogi, sama rit, bls. 26–27.

[18] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 83.

[19] Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands ísl. rafveitna, bls. 18.

[20] Sjá þó 2. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, en sú skilgreining er einskorðuð við þau lög.

[21] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 30–31.

þeim og að þau verði metin til fjár á peningalegan mælikvarða. [22] Gaukur Jörundsson greinir eignarréttindi í fjóra meginflokka: a) *Eignarréttur (í þrengri merkingu)*, b) *Takmörkuð (óbein) eignarréttindi*, c) *Kröfuréttindi*, d) *Réttindi til hugverka og auðkenna*. [23] Einnig hefur tíðkast að tala um *beinan eignarrétt* annars vegar en *óbeinan eignarrétt* hins vegar.

3.1.1. Beinn eignarréttur.

Ekki er einhlítt hvað menn kalla þessa tegund eignarréttar. Þannig talar Gaukur Jörundsson um *eignarrétt (í þrengri merkingu)*. [24] Í öðrum samböndum, og þá fyrst og fremst þegar talað er um eignarrétt að fasteignum, hafa menn notað ýmis hugtök sem vísa til beins eignarréttar. Þannig má sjá talað um *grunneignarrétt* [25], eignarland [26] eða *fullkomið eignarland*. [27] Í öðrum samböndum er einnig talað um land í *einkaeign* (einkaeignarréttur), sbr. 5., 10. og 11. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., svo og 1. gr. námulaga nr. 24/1973. [28] Einnig sést talað um að land sé undirorpið *einstaklingseignarrétti*. [29] Þó að framangreind hugtök sem og fleiri vísi oft til þess sem skilgreint er sem beinn eignarréttur er þó ekki hægt að ganga að því sem vísu og þarfnast það nánari athugunar við í hverju tilviki.

Áður fyrr skilgreindu fræðimenn beinan eignarrétt með *jákvæðum hætti* á þann hátt að taldar voru upp þær heimildir sem um var að ræða. [30] Yngri fræðimenn hafa aftur á móti skilgreint eignarrétt með *neikvæðum hætti* þannig að í honum felist réttur til hvers konar umráða og ráðstafana yfir hlut að svo miklu leyti sem ekki séu sérstakar takmarkanir á því gerðar. Því rýmki eignarréttur í tilteknu tilviki að sama skapi sem takmarkanir falli niður. [31]

Því hefur verið haldið fram að hin neikvæða skilgreining eigi betur við meginreglur íslenskrar löggjafar og lagahefðar en hin jákvæða. [32] Sem dæmi um neikvæða skilgreiningu má nefna skilgreiningu Gauks Jörundssonar:

> „Samkvæmt því má skýrgreina eignarrétt á þá leið, að hann sé einkaréttur ákveðins aðila, eigandans, til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) réttindum annarra aðila, sem stofnað hefur verið til yfir hlutnum." [33]

---

[22] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 2.

[23] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 9.

[24] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 3.

[25] Sigurður Ólason, Greinargerð með beiðni um útgáfu eignadómsstefnu fyrir Landmannaafrétt, dags. 6. febrúar 1975 (lögð fyrir aukadómþing Rangárvallasýslu, mál nr. 20/1975), bls. 13, 17, 19, 24, 31, 34, svo nokkur dæmi séu nefnd. Sigurður virðist nota hugtakið í sömu merkingu og beinn eignarréttur, sbr. bls. 35.

[26] Sjá t.d.: Þórður Eyjólfsson, sama rit, bls. 1, Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar ísl. rafveitna, bls. 14.

[27] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 131.

[28] Rök má leiða að því að land í einkaeign merki ekki það sama í þessum tvennum lögum. Þannig virðist ljóst af greinargerð með lögum nr. 24/1973 að í þeim lögum er hugtakið notað í sömu merkingu og beinn eignarréttur, sbr. Alþt. 1970 A, bls. 1749. Ekki er skýring á ákvæðum laga nr. 6/1986 jafnótvíræð. Af athugun á greinargerð og athugasemdum með upphaflega frumvarpinu til laga nr. 42/1969 verður þó að telja nokkuð skýrt að hugtakið einkaeign er ekki notað í merkingunni beinn eignarréttur, heldur um afréttarland sem liggur undir einstakar jarðir eða stofnanir skv. 8. gr. sem andstæða afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga skv. 7. gr., afrétta sem í greinargerð eru kallaðir *almenningsafréttir*, sbr. Alþt. 1968 A, bls. 303–304 og 311–312.

Sigurður Ólason notar hugtakið *einkaeignarétt* og á nokkrum stöðum að því er virðist í merkingunni beinn eignarréttur, sbr. Sigurður Ólason, sama rit, og í nefndaráliti minni hluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. 32, kemur þetta hugtak og fyrir. Gaukur Jörundsson notar auk þess hugtakið *einkaheimildir*, sbr. Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 133–134.

[29] Sjá t.d. 2. mgr. 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

[30] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 10-13, Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 3.

[31] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 3-4, Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar ísl. rafveitna, bls. 13.

[32] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 3-4, Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar ísl. rafveitna, bls. 13.

[33] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 4.

3.1.2. Óbeinn eignarréttur.

Þegar um óbein (takmörkuð) eignarréttindi er að ræða er málum svo háttað að þeim eignarheimildum sem felast í hinum beina eignarrétti hefur verið skipt og þær komist í hendur fleiri en eins aðila. Í hugtakinu *óbein* eignarréttindi felst að þau séu aðeins hlutdeild í víðtækari rétti eigandans og beiting þeirra fari fram í skjóli hins víðtækari réttar, beina eignarréttarins. Á hinn bóginn hafa hin óbeinu eignarréttindi ein og sér öll einkenni beins eignarréttar, þ.e. á því afmarkaða sviði sem þau ná til. Helstu flokkar óbeinna eignarréttinda eru *afnotaréttindi, ítaksréttindi, veðréttindi, afgjaldsskyldur, haldsréttur, forkaupsréttur, kaupréttur,* og *réttur samkvæmt kyrrsetningargerð.*[34]

3.1.3. Afréttareign.

Vegna viðfangsefnis þessa frumvarps er rétt að fjalla sérstaklega um hugtakið *„afréttareign“*, en það kemur alloft fyrir bæði í dómum og fræðiritum.[35] Álitaefnið er hvers konar eignarréttindi þar er um að ræða.

Gaukur Jörundsson gerir grein fyrir því að eignarréttur að afréttum geti verið með tvennu móti. Annars vegar sé um að ræða beinan eignarrétt að afréttarlandinu, en í öðrum tilvikum sé aðeins um afréttareign viðkomandi aðila að ræða. Ef land er afréttareign tiltekins aðila á hann upprekstrarrétt (beitarrétt), lax- og silungsveiðirétt, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, og ef til vill einhverjar aðrar, þröngar nýtingarheimildir, svo sem veiðirétt, sbr. ákvæði veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, þau sem enn eru í gildi.[36] Auk þessara afmörkuðu réttinda leiddi lögtaka 2. gr. námulaga nr. 24/1973 til þess að nú á ríkið eitt rétt til jarðefna á þeim afréttum sem aðrir aðilar geta ekki sannað beinan eignarrétt að.

Gaukur Jörundsson segir að talsvert hafi tíðkast að einstakar heimildir eða þættir eignarréttar séu talin sérstök réttindi. Sem dæmi slíks nefnir hann vatnsréttindi, veiðiréttindi, námuréttindi og réttindi til reka.[37] Séu slík réttindi skilin frá eignarrétti eiganda og fengin öðrum er um ítak að ræða og þar með óbein eignarréttindi.

Það veldur nokkrum vandkvæðum við skilgreiningu afréttareignar og stöðu hennar í hinu fræðilega kerfi eignarréttinda að Ólafur Lárusson og Gaukur Jörundsson meðal annarra byggja á því hugtaksskilyrði að óbein (takmörkuð) eignarréttindi séu alltaf hlutdeild í öðrum víðtækari rétti eiganda eignarinnar. Þegar talað er um vandkvæði er átt við aðstæður eins og þær sem eru til staðar á Landmannaafrétti. Hæstiréttur hefur hafnað því að afrétturinn sé annað og meira en afréttareign heimamanna og jafnframt hafnað viðurkenningarkröfu ríkisins á beinum eignarrétti að svæðinu, sbr. hrd. 1955, bls. 108 og hrd. 1981, bls. 1584. Þar virðist því um að ræða fasteign sem engum aðila hefur tekist enn sem komið er að sanna beinan eignarrétt að og fellur hún þannig ekki að fyrrgreindri afmörkun á beinum og óbeinum eignarréttindum.

3.2. HELSTU VIÐURKENNDU EIGNARHEIMILDIR AÐ FASTEIGNUM Í ÍSLENSKUM RÉTTI.

Hér verður gefið stutt yfirlit yfir helstu eignarheimildir að fasteignum.

---

[34] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 13–16, Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 5–6.

[35] **Afréttareign** er hugtak sem Þórður Eyjólfsson virðist fyrstur nota um þessi takmörkuðu réttindi, sbr. Þórður Eyjólfsson, sama rit.

[36] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 131.

[37] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 32.

3.2.1. Nám.

Gaukur Jörundsson telur óhætt að leggja til grundvallar sem meginreglu íslensks réttar að ekki verði stofnað til eignarréttinda yfir fasteignum fyrir nám, þó svo að sú meginregla eigi sér hvergi beinlínis stoð í lögum.[38] Í öndverðu er nám hins vegar talið hafa verið helsti stofnunarháttur eignarréttinda yfir landi hérlendis.

Talið hefur verið að námhafi horfið sem eignarheimild í íslenskum rétti tiltölulega snemma og Gaukur Jörundsson telur að túlka megi ákvæði nýbýlatilskipunarinnar 1776 þannig að heimild til náms hafi þá ekki verið talin vera fyrir hendi lengur.[39] Þórður Eyjólfsson notar hugtakið *afnotanám* í ritgerð sinni í þeirri merkingu að réttur til afrétta hafi upphaflega orðið til þannig að bændur hafi tekið eigendalaus svæði til beitar og annarra þröngra nota. Þessi réttur hafi síðar fengið stuðning í lögum og ef til vill fyrir hefð. [40]

Í Landmannaafréttardóminum fyrri, hrd. 1955, bls. 108, hafnaði hæstiréttur kröfu hreppsfélaganna um beinan eignarrétt meðal annars á þeirri forsendu að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að hreppsfélögin hefðu öðlast eignarrétt að landsvæðinu fyrir nám. Líklegt verður að telja að öruggar heimildir um nám tiltekinnar fasteignar yrðu að minnsta kosti álitnar stuðningur við aðrar eignarheimildir.

Í Geitlandsdóminum, hrd. 1994, bls. 2227, kemur fram að þess sé getið að Geitland hafi verið numið milli Hvítár og Suðurjökla. Hæstiréttur segir í dómi sínum að í kjölfar landnáms virðist Geitland hafa verið fullkomið eignarland, en síðar segir að þegar litið sé til hinna elstu heimilda um rétt Reykholtskirkju að Geitlandi virðist það hins vegar vafa undirorpið hvort landið sé eignarland. Vafi um inntak eignarráða þeirra hreppsfélaga sem keyptu Geitlandið samkvæmt afsali frá ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum árið 1926 leiddi til sýknu af ákæru vegna meintra ólöglegra fuglaveiða á svæðinu.

3.2.2. Hefð.

Núgildandi lög um hefð eru nr. 46/1905. Ýmsar tegundir eignarréttar geta stofnast fyrir hefð og má þar nefna *beinan eignarrétt*, sbr. 1. mgr. 6. gr. hefðarlaga, *afnotaréttindi*, sbr. 7. gr. laganna, og *ítaksréttindi*, sbr. 7. og 8. gr. sömu laga.

Varðandi afrétti og hugsanlega unna hefð að þeim eru það einkum eftirtalin skilyrði hefðar sem koma til athugunar. Annars vegar verður eign sú sem hefða á *að geta verið eign einstakra manna*, sbr. 1. gr. hefðarlaga og hins vegar verður að hafa verið um *óslitið eignarhald* að ræða, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga, sé um eignarhefð að ræða, en *notkun* með sömu skilyrðum, sbr. 7. gr. laganna, sé um afnotahefð að ræða. Fyrra skilyrðið mun fyrst og fremst vera sett til að taka af tvímæli um það að hluti sem ekki eru eignarhæfir er ekki unnt að hefða. Óslitið eignarhald hefur verið skýrt svo „að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar, að þau bendi til eignarréttar“ og jafnframt þarf hann að hafa „útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni“. Sama gildir síðan um afnotahefð að breyttu breytanda. Þannig virðist mögulegt að vinna hefð á afréttarlandi, en ljóst er að skilyrðin eru ströng. Í hrd. 1955, bls. 108 um Landmannaafrétt var því hafnað að hreppsfélögin hefðu öðlast beinan eignarrétt að Landmannaafrétti fyrir hefð.

---

[38] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 133–134.

[39] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 134.

[40] Þórður Eyjólfsson, sama rit, bls. 1. Þórður skilgreinir ekki hugtakið „afnotanám“ frekar, eða hver skilyrði þess séu, og ekki hafa fundist eldri dæmi um notkun þess, þannig að mögulega er um nýsmíði Þórðar að ræða. Að minnsta kosti tveir aðilar hafa hins vegar tekið þetta hugtak upp eftir Þórði, sjá Sigurður Líndal, Útilífsréttur, Úlfljótur, XXXI. árg., 1. tbl., 1978, bls. 37, og Sigurður Ólason, sama rit, bls. 27. Á hinn bóginn telur Gunnar Guðmundsson ekkert benda til þess að menn hafi numið land til afnota, en skilið landið sjálft eftir eigendalaust, sbr. Gunnar Guðmunsson, sama rit, bls. 102.

3.2.3. Venjuréttur.

Tiltekin nýting lands getur leitt til þess að talið verði að þeir sem nýta landið eigi einir þann rétt sem nýtingin gefur til kynna. Hugsanlegt er að niðurstaða hæstaréttar í hrd. 1955, bls. 108 (um Landmannaafrétt), um beitarrétt afréttarnotendanna byggi m.a. á venjurétti, þó svo að slík niðurstaða sé ekki orðuð beint í dóminum. Ekki eru gerðar jafnstrangar kröfur til þess að venjuréttur teljist hafa stofnast og gert er um hefð. Hins vegar virðist ljóst að beinn eignarréttur verður tæplega grundvallaður á venjurétti.

3.2.4. Afsalsgerningar.

Mikilvægast er að gera sér grein fyrir því að sá sem afsalar fasteign getur ekki afsalað víðtækari rétti en hann á. Sá sem ekki á beinan eignarrétt getur ekki gert annan að eiganda lands með afsali, þó svo að hann eigi þar nýtingarheimildir. Við lestur afsala og kaupsamninga vegna afréttarsvæða þarf hverju sinni að kanna hversu víðtækan eignarrétt sé verið að selja. Í þessu sambandi skal sérstaklega minnt á þau lönd sem töldust eign ríkis og kirkju, en voru síðar seld hrepps- og upprekstrarfélögum. [41] Þá hefur vægi afsala sem eignarheimilda ekki alltaf verið ótvírætt, sbr. niðurstöðu hæstaréttar í hrd. 1969, bls. 510, um Nýjabæjarafrétt.

Sömu sjónarmið verður og að hafa í huga við skýringu ýmissa annars konar gerninga, t.d. einhliða yfirlýsinga á borð við *lögfestur og máldaga* kirkna, svo og við skýringu fornra *dóma*.

Sem dæmi um umfjöllun hæstaréttar um afsalsgerninga má vísa til dóms um meintar ólöglegar fuglaveiðar í Geitlandi, hrd. 1994, bls. 2227, en Hálsa- og Reykholtsdalshreppur keyptu Geitland samkvæmt afsali frá ráðherra dóms- og kirkjumála árið 1926. Geitland hafði áður tilheyrt Reykholtskirkju.

3.2.5. Erfðir.

Erfðir eru mikilvæg heimild eignarréttar, bæði lög- og bréferfðir. Hér verður fjallað um fasteignir sem enginn getur sannað beinan eignarrétt að hvort sem þær hafa áður verið háðar eignarrétti eða ekki. Í því sambandi hefur verið bent á reglur um erfðafjársjóð, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 8/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1952, sem leiða til þess að eignir manns sem enga erfingja á renna í erfðafjársjóð til ráðstöfunar ríkisins og því er það íhugunarefni hvort sams konar reglur gildi um fyrrnefndar fasteignir. Því hefur verið haldið fram að reglur um erfðafjársjóð séu angi þeirrar meginreglu að það sem enginn eigi falli til ríkisins. Það hefur þó verið talið hæpið að minnsta kosti hérlendis að túlka reglur um erfðafjársjóð víðtækar en samkvæmt beinni hljóðan þeirra. [42]

Í norrænum rétti hefur löngum verið byggt á þeirri reglu að land sem enginn eigi sé eign konungs, seinna ríkis. [43] Umrædd regla hefur aldrei náð fótfestu í íslenskum rétti. Eignartilkalli ríkisins grundvölluðu á henni hefur verið hafnað af dómstólum, sbr. dóm Landsyfirréttar frá 21. júlí 1873, lyfrd. (yngri) I, bls. 61, um eignarrétt að eyðibýlinu Vilborgarkoti [44], og svo síðar í dómi hæstaréttar, hrd. 1981, bls. 1584, um eignarrétt að Landmannaafrétti.

---

41 Sem dæmi má nefna sölu húnversku heiðarlandanna á fyrri hluta aldarinnar. T.d. Auðkúluheiði 1918 og Húksheiði 1934.

42 Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 134–135.

43 Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 113.

44 Lyfrd. (yngri) I:61: „Því hér á landi á eigi konungur það land, er enginn finnst eigandi að, heldur er það land almenningur, og fylgir þeim reglum, er þar um gilda."

3.2.6. Almenn rétttaka.

Í lögum kunna að vera ákvæði þess eðlis að tiltekinn aðili skuli taka við réttindum og skyldum annars aðila. Sem dæmi má nefna lög nr. 31/1986, um slit á Söfnunarsjóði Íslands og yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eigum hans. Slík löggjöf er aftur á móti óþekkt á því sviði sem hér um ræðir.

3.2.7. Bein ákvæði í lögum.

Hvað varðar afrétti og almenninga verður að telja hæpið að almennt verði beinn eignarréttur að þeim reistur á ákvæðum laga. Það álit á stoð í niðurstöðum hæstaréttar í hrd. 1981, bls. 182, um eignarrétt að botni Mývatns, og hrd. 1981, bls. 1584, seinni dóminum um Landmannaafrétt. Þar var því hafnað að almennt eignartilkall ríkisins í skilningi einkaréttar ætti sér stoð í skráðum réttarreglum. Með beinum ákvæðum í lögum hefur hins vegar verið mælt fyrir um réttindi yfir einstökum landsgæðum innan afrétta og eigendalausra svæða, sbr. veiðiréttindi búenda sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í vötnum á afréttum skv. 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og rétt ríkisins til jarðefna á landsvæðum sem ekki eru í einkaeign skv. 2. gr. námulaga nr. 24/1973.

3.2.8. Lagarök og lagaviðhorf.

Hér má vitna til hrd. 1981, bls. 1584, þar sem því var hafnað að dómstólar settu reglur um eignarhald á grundvelli almennra lagaraka og lagaviðhorfa. [45]

4. AFSTAÐA ÍSLENSKS RÉTTAR TIL EIGNARHALDS Á AFRÉTTUM.

4.1. ÁKVÆÐI LAGA OG EFNI LAGAFRUMVARPA.

Í íslenskum lögum allt frá tíma Grágásar hafa ekki verið sérstök ákvæði um eignarrétt að afréttum almennt, heldur hefur í ýmsum lagaákvæðum verið mælt fyrir um nýtingu tiltekinna réttinda innan afrétta. Ekki er ástæða til að fjalla hér sérstaklega um tilurð og efni þeirra lagaákvæða, heldur verður látið nægja að lýsa umfjöllun sem fór fram um eignarhald á afréttum í tilefni af setningu vatnalaganna 1923 annars vegar og hins vegar laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. 1969.

4.1.1. Vatnalögin, nr. 15/1923, og aðdragandi þeirra.

Umræðan um réttarstöðu afrétta og almenninga hefst fyrst að marki á öðrum áratug aldarinnar með starfi svokallaðrar fossanefndar [46] og samþykkt tveggja þingsályktunartillagna um eignarrétt að afréttum og almenningum og nýtingu vatnsorku á þeim landsvæðum. [47]

---

[45] Þar var það „vara málsástæða" af hendi ríkisins, að ef ekki yrði talið að réttarstaðan til forna hefði verið upplýst til hlítar, yrði byggt á „nútímaviðhorfum réttarþjóðfélags", þ.e. fyrst og fremst á því, „sem best samrýmist hugsunarhætti, stöðu og þörfum nútíma þjóðfélags".

[46] Fossanefndin var milliþinganefnd skipuð árið 1917 með það að markmiði að gera úttekt á fossamálunum í heild og semja álitsgerðir og lagafrumvörp þar að lútandi.

[47] Óhætt mun vera að fullyrða að fossakaupin svokölluðu í upphafi þessarar aldar hafi opnað augu manna fyrir því að afréttir og reyndar almenningar hefðu fleiri verðmæti að geyma en sauðfjárbeitina eingöngu. Á þessum tíma hefjast stórfelld kaup á vatnsorku hér á landi, og áttu ýmsir erlendir aðilar þar stærstan hlut að máli. Hérlendir aðilar fóru snemma að hafa áhyggjur af þeirri þróun eins og setning fossalagana nr. 55/1907, ber með sér. Sjá Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 9.

Nánar um fossamálið, sjá Sigurð Ragnarsson í Sögu, tímariti Sögufélagsins. *Innilokun eða opingátt. Þættir úr sögu fossamálsins*, XIII. árg. 1975, bls. 5–105. *Fossakaup og framkvæmdaáform. Þættir úr sögu fossamálsins*, XIV. árg. 1976, bls. 125–182, og XV. árg. 1977, bls. 125–222.

Fyrri þingsályktunartillagan sem hér skiptir máli var flutt af Gísla Sveinssyni 1917 og var svohljóðandi:

„Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að gæta hagsmuna þjóðfélagsins og rjettar landssjóðs til fossa og annara verðmæta í almenningum landsins og í afrjettum, þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfjelaga, með því

1. að komast að ábyggilegri niðurstöðu um það hve langt yfirráðarjettur sýslu og hreppafjelaga yfir afrjettum nái samkvæmt þeim notum, er tíðkast hafa frá fornu fari, svo sem upprekstur, beit, fjallagrös, rótargröftur, skógarhögg, veiði, og gefa síðan hlutaðeigendum það til vitundar;

2. að láta fram fara rifting á öllum samningum er sýslur eða hreppar kunna að hafa gert við einstaka menn eða fjelög og í bága koma við rjett landssjóðs." [48]

Litlar umræður urðu um tillöguna og hún samþykkt samhljóða sem ályktun neðri deildar Alþingis. [49] Umrædd rannsókn var að endingu framkvæmd af Bjarna Jónssyni frá Vogi, en niðurstöður hans voru birtar í áliti meiri hluta fossanefndar. Fossanefndin klofnaði vegna ágreinings um það grundvallaratriði hvernig eignarrétti að vatni væri háttað og voru lögð fram tvö mismunandi frumvörp til vatnalaga árið 1919 sem hvorugt var samþykkt. Nefndin var í meginatriðum sammála um það að almenningar og afréttir væru ríkiseign, þó svo að minnihlutinn gerði þann fyrirvara að afréttir kynnu að vera í einkaeign. [50]

Þessi sameiginlega niðurstaða fossanefndar varð einmitt grundvöllur að þingsályktunartillögu þeirri sem lögð var fram á þingi árið 1919 af samvinnunefnd í fossamálum og var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum og afrjettum eign ríkisins, og gera, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að rifting fari fram á gerningnum milli einstaklinga eða fjelaga, er í bága kynnu að koma við þennan rjett þjóðfélagsins." [51]

Sú var skoðun margra þingmanna að tillagan í upphaflegri mynd gerði ekki ráð fyrir að til væru afréttir sem undirorpnir væru *beinum eignarrétti*. [52] Flutningsmenn tillögunnar mótmæltu þeim skilningi, en svo fór að fossanefnd efri deildar bar fram þá breytingartillögu að orðin „og afrjettum" yrðu felld út með eftirfarandi rökstuðningi:

„En jafnframt vill nefndin taka það fram, að hún lítur svo á, að almenningur sje ekki aðeins öræfi og jöklar, heldur og afrjettir, sem ekki eru eign einstakra jarða, eða hafa verið það. Undir almenninga falla því allar afrjettir, sem eru eign landsins eða sveitarfjelaga, ef sveitarfjelögin hafa ekki keypt þær á löglegan hátt, af löglegum eigendum." [53]

Þessi breyting var samþykkt í deildinni, en í sameinuðu Alþingi kom enn fram breytingartillaga, nú frá Bjarna Jónssyni, sem vildi bæta við „og í afrjettum, þeim er eigi heyra til neinni

---

[48] Alþt. 1916–1917, bls. 69. Af framsöguræðu flutningsmanns er ljóst að hann telur afrétti og almenninga ríkiseign. Að vísu undanskilur hann afrétti sem heyri til tiltekinni jörð einhvers sveitarfélags því þá sé afrétturinn sennilega genginn frá þeirri jörð. Hvað aðra afrétti varði sé réttur til þeirra takmarkaður við þau afnot sem tilgreind eru í lið 1. í tillögunni. Til stuðnings eignarrétti ríkisins vísaði Gísli einkum til nýbýlalaga 1897 og námulaga 1909. Sbr. Alþt. 1916–1917, bls. 318–322.

[49] Alþt. 1916–1917, bls. 325.

[50] Nefndarálit meiri hluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. X, og nefndarálit minnihluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. 32.

[51] Alþt. 1919 A, bls. 1534.

[52] Reyndar notuðu þingmenn ekki það hugtak en töluðu um „að sumir afréttir væru eign eða hluti af fasteign einstakra manna eða hreppa". Málvenja hefði helgað það að kalla eignarlönd afrétti og að afréttir gætu ýmist verið partur úr heimalandi jarðar eða jarðsvæði sem væri sameign sveitarfélaga og ekki notað til ábúðar, t.d. jarðir sem keyptar hefðu verið í því skyni. Sjá Alþt. 1919 B, bls. 2467–2504.

[53] Alþt. 1919 B, bls. 2498.

ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitafjelaga". [54] Bjarni dró þó breytingartillögu sína til baka eftir að forsætisráðherra hafði lýst því yfir að stjórnin legði sömu merkingu í ályktunina hvort sem breytingartillagan yrði samþykkt eða ekki, þ.e. að tryggja bæri ríkinu vatnsréttindi í almenningum og afréttum sem ekki gætu talist eign einstakra manna eða sveitarfélaga og yrði því að álíta ríkiseign. [55]

Það verður ekki fullkomlega ráðið af umræðum um tillöguna hvort þingið notar hugtakið almenning í þeirri víðtæku merkingu sem fram kemur í fyrrgreindri tilvitnun í rökstuðning með breytingartillögu fossanefndar efri deildar *eða* hvort þingmenn hafi sæst á þann skilning að þingsályktunartillagan skyldi einnig taka til afrétta sem ekki gætu talist eign einstaklinga eða stofnana. Mörk hugtakanna afréttur og almenningur eru talsvert á reiki eins og afgreiðsla framangreindrar tillögu ber með sér. Allt að einu miða framangreindar breytingar á tillögunni frá upphaflegri mynd að því að vernda rétt einstakra aðila til eignarlanda sinna.

Í frumvarpi því til vatnalaga sem lagt var fram á Alþingi 1921 og varð síðar með breytingum að lögum nr. 15/1923 er tekið á eignarréttarlegri stöðu afrétta í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins. Eftir að gerð hefur verið grein fyrir því sameiginlega áliti meiri- og minnihluta fossanefndar að ríkið ætti afrétti og almenninga yfirleitt segir:

> „Hjer er ekki staður til að úrskurða þetta atriði. Það verður væntanlega að rannsaka það sjerstaklega, hvaða lendur eru ríkiseign, enda eiga dómstólarnir úrskurð þess máls. Af því að vatnsrjettindin fylgja eignarrjetti að landi eftir stefnu þessa frumvarps virðist óþarft að taka það fram, að ríkið eigi vatnsrjettindi í afrjettum og almenningum, því að ef ríkið á þessar lendur, þá er einnig skorið úr því, hver eigi vatnsrjettindin. Hins vegar væri miður fallið að ákveða í lögum, að ríkið ætti vatnsrjettindi í þessum lendum, ef svo yrði niðurstaða dómstólanna, að þær væru ekki — eða sumar þeirra ekki — ríkiseign, heldur eign einstakra manna eða hjeraða." [56]

Það er ljóst að öll þau gögn, sem nú hafa verið reifuð, verður að skoða í samhengi sem grundvöll vatnalaganna. Í síðastgreindri tilvitnun er ekki tekin jafnafdráttarlaus afstaða til eignarréttar að afréttum og almenningum og verið hafði í allri umræðu um fossamálin árin á undan. Segja má að í vatnalögunum sé þeirri spurningu ósvarað hvernig eignarhaldi að afréttum sé háttað og þeim möguleika haldið opnum að til séu afréttir sem undirorpnir séu beinum eignarrétti. Hátti svo til um afrétt nýtur eigandinn væntanlega þeirra réttinda sem kveðið er á um í meginreglu 2. gr. vatnalaga. [57] Að lokum er vert að vekja athygli á því að sú skoðun átti mjög almennu fylgi að fagna á þessum tíma að land, sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti, væri ríkiseign. Sú skoðun er hins vegar ekki í samræmi við niðurstöður íslenskra dómstóla sem nú liggja fyrir.

4.1.2. Löggjöf um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Hinn 10. desember 1958 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd þriggja manna til að endurskoða ákvæði laga um notkun afrétta, upprekstrarrétt, fjallskil o.fl. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Jóhannesson, þá lagaprófessor, Jón Gauti Pétursson oddviti, Gautlöndum, og Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður. Lagafrumvarpi því sem nefndin samdi fylgdi greinargerð og var

---

[54] Alþt. 1919 A, bls. 1937.
[55] Alþt. 1919 B, bls. 2504.
[56] Alþt. 1921 A, bls. 180.
[57] Athygli skal vakin á því að skýring 2. gr. vatnalaga veldur nokkrum vafa. Þannig eru réttindi til vatns, samkvæmt þeirri grein, bundin við landareign, en það hugtak er skýrt svo í 1. gr. að það merki „land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða". Óeðlilegt verður að telja að gagnályktun sé heimil út frá nefndum ákvæðum þannig að önnur landsvæði undirorpin beinum eignarrétti eigi ekki sama rétt til vatns.

hún prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og birt í Alþingistíðindum 1968 A, bls. 312. Í greinargerð þessari er lýst þeim viðhorfum sem þá voru uppi um skipan eignarhalds á afréttum, en þar sagði m.a.:

„Áður en nefndin tók frumvarpið saman, aflaði hún sér upplýsinga um framkvæmd afréttarmála og fjallskila víðs vegar um land. Leitaði hún í því skyni skýrslna hjá sýslumönnum, er aftur margir hverjir lögðu málið fyrir sýslunefnd eða fengu upplýsingar hjá hreppsnefndaroddvitum í sýslunni. Fengust með þessum hætti gagnlegar upplýsingar um málefni þau, sem frumvarpið fjallar um.

Hver afréttur er ákveðið landssvæði utan byggða og heimalanda einstakra jarða. Á hvern afrétt eiga tilteknar jarðir upprekstrarrétt. Sá réttur byggist í langflestum tilfellum á fornri hefð og venju, og hefur í öndverðu orðið til með þeim hætti, að bændur í ákveðinni byggð eða einhverjum byggðarhluta hafa tekið tiltekið landssvæði utan byggða til sumarbeitar fyrir geldfé sitt, og hafa svo jafnframt orðið að bindast samtökum um smölun á því landi. Hafa flestir afréttir ugglaust verið teknir í notkun mjög snemma, sennilega þegar á síðari hluta landnámsaldar, er byggðin í landinu tók að þéttast. Hefur skipting sumarbeitilanda utan byggða þá þegar komizt í nokkurn veginn fast horf, og hefur sú skipan haldizt að mestu óbreytt síðan, enda víðast hvar byggð á náttúrulegum staðháttum, þ.e. afréttarsvæðin skilin að af fjöllum eða vötnum.

Um afréttarnot og fjallskil hafa fljótlega myndast ákveðnar venjur á hverjum stað, eða jafnvel verið um þau efni gerðar sérstakar samþykktir. Eftir að hreppar koma til sögunnar, er forstaða afréttarmála og fjallskilastjórn í þeirra höndum, og hafa jafnvel sumir viljað rekja uppruna hreppanna til þessara viðfangsefna þeirra. Hvað sem um það er, þá er víst, að langflestir afréttanna hafa, svo lengi sem vitað er, verið tengdir ákveðnum hreppi eða hreppum. Hitt er annað mál, að nokkrir afréttir komust síðar undir yfirráð kirkjunnar eða höfðingja er lögðu þá til einstakra jarða. En allt frá fornu fari hefur stjórn afréttarmála og fjallskilaframkvæmd að langmestu leyti verið í höndum héraðsstjóra.

Þrátt fyrir allýtarlega lagasetningu frá fyrri öldum um afréttarmálefni, svo sem hér hefur verið rakið, hafa eigi verið, og eru ekki fyrir hendi nein bein lagafyrirmæli um það, hvernig háttað sé almennt eignaryfirráðum yfir afréttum. Getur því verið spurning um, hversu víðtækan rétt svokallaðir afréttareigendur eigi til afréttar síns, með öðrum orðum, hvort þar sé um að ræða beinan eignarrétt að afrétti eða aðeins ítaks- eða afnotarétt í sjálft afréttarlandið, sem hins vegar beri nánast að skoða sem eins konar almenning, og þar af leiðandi ríkiseign. Um þá afrétti, sem tilheyra einstökum jörðum eða kirkjum, eða sveitarfélög eða upprekstrarfélög hafa keypt eða með öðrum hætti fengið lögmæta eignarheimild fyrir, er að vísu enginn vafi. Þar á afréttareigandinn afréttarlandið með öllum þess gögnum og gæðum, en má þó ekki með hagnýtingu sinni spilla afréttarnotum annarra, sem þar eiga upprekstrarrétt, hvort sem sá réttur byggist á fornri hefð eða löggerningi. Þegar þessum tilfellum sleppir, eru skoðanir skiptar um það, hvort fremur beri að skoða sveitarfélag eða annan afréttaraðila eiganda afréttarlandsins eða aðeins eins konar ítakshafa í ríkisland. Sé hinu síðarnefnda játað, eiga afréttaraðilarnir rétt til venjulegra afréttarnota, svo og þann rétt, sem löggjöfin kann að heimila þeim sérstaklega, eða þeir hafa öðlast með annarri hagnýtingu landsins. Sé hið fyrra rétt, er afréttarlandið bein eign afréttaraðilans, sem hann verður þá ekki að neinu leyti sviptur, nema með eignarnámi.

Af skýrslum þeim, sem nefndinni bárust, má ráða, að sveitarstjórnir telja afrétti víðast hvar eign viðkomandi hrepps, enda þótt ekki sé bent á sérstaka eignarheimild aðra en upphaflega töku og aldalöng not. Þegar litið er til dóms hæstaréttar frá 25. febr. 1955, má hins vegar ætla, að dómstólar muni almennt hallast að því, að réttur sveitarfélaga til afréttar síns sé aðeins afnotaréttur í tilteknar áttir, en afréttarlandið sjálft sé ekki háð einstaklingseignarrétti, nema það sé sérstaklega sannað, að svo sé. Í ýmsum settum lögum sýnist og byggt á svipuðu sjónarmiði, sbr. t.d. l. 100/1940, gr. 8, l. 63/1954, gr. 5, l. 50/1909, gr. 1. og l. 40/1907, gr. 16. Það verður alls ekki fullyrt, að sama regla gildi að þessu leyti um alla „almenningsafrétti", heldur er einmitt líklegra, að þetta sé með nokkuð mismunandi hætti um einstaka afrétti. Að svo vöxnu máli taldi nefndin eigi fært að orða almenna lagareglu um eignaryfirráð afrétta. Þar sem ágreiningur rís um eignarrétt að tilteknum afrétti, verða dómstólar að skera úr. Á hinn bóginn er nauðsynlegt, að gerðar séu sem gleggstar skrár um afrétti, hverjir þeir séu, hver séu merki hvers þeirra og hvaða jarðir eigi upprekstrarrétt á hvern afrétt. Eiga ákvæði frumvarpsins að stuðla að því að föst skipan komist á þessi mál. En hvað sem rétt kann að verða talið um eignarréttinn að sjálfu afréttarlandinu í „almenningsafréttum", þá eru yfirráð afréttaraðila yfir afrétti sem upprekstrar- og beitiland ótvíræð og styðjast víðast hvar við óslitna notkun öldum saman."

Eins og fram kemur í greinargerð nefndarinnar taldi hún ekki fært að orða almenna lagareglu um eignarráð afrétta, heldur yrðu dómstólar að skera úr um ef ágreiningur risi um eignarrétt að tilteknum afrétti. Staða þessara mála er enn óbreytt nema hvað hæstiréttur hefur í dómum sínum um Landmannaafrétt lagt ákveðnar meginreglur sem hann ætlar þó löggjafanum að fylla enn frekar.

4.2. ÚRLAUSNIR DÓMSTÓLA.

4.2.1. Úrlausnir dómstóla.

Hér á eftir verður komið að þeim dómum frá seinni tíma sem segja má að hafi gildi út fyrir efni sitt, þ.e. þeim niðurstöðum dómstóla sem hafa almennt gildi á þessu sviði. Sú könnun felst einkum í því að gera grein fyrir þeim kröfum sem dómstólar hafa gert til eignarheimilda í hverju einstöku tilviki.

4.2.2. Landsyfirréttardómar.

Í tíð landsyfirréttar má segja að fyrst sé farið að nálgast eignarréttarlega stöðu afrétta á þann hátt að nokkra almenna þýðingu hafi í dag. Koma þar sérstaklega til athugunar tvær dómsniðurstöður.

Í dómi landsyfirréttar frá 1855, lyfrd. (eldri) VII, bls. 223, deildu eigendur Illugastaða í Fnjóskadal og umráðamenn Munka-Þverárklausturs um eignarrétt að afréttarlandinu Bleiksmýrardal, austan Fnjóskár.

> Hið umdeilda landsvæði og jörðin Illugastaðir höfðu bæði verið í eign Munka-Þverárklausturs, en Illugastaðir voru seldir undan klaustrinu árið 1675. Töldu eigendur Illugastaða, að Bleiksmýrardalur hefði verið hluti af jörðinni og þar af leiðandi fylgt henni þegar hún var seld undan klaustrinu. Niðurstöður þeirrar þrætu skipta ekki meginmáli hér, en krafa eigenda Illugastaða var ekki tekin til greina. Hins vegar staðfesti landsyfirréttur þá niðurstöðu undirréttar að þrætulandið væri „fullkomin og átölulaus eign Munka-Þverárklausturs".
>
> Það sem hér kemur til skoðunar eru þær eignarheimildir sem eignarréttur Munka-Þverárklausturs er byggður á. Þar virðist fyrst og fremst vera um að ræða að í *máldögum* er afréttarlandsins getið sem eignar Munka-Þverárstaðar, fyrst í máldaga Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461. Í annan stað kemur fram í dóminum að eftir að Illugastaðir voru seldir undan klaustrinu höfðu umráðamenn þess afskipti af afréttarlandinu sem sinni eign og létu lögfesta það í *lögfestum* sínum. Annarra eignarheimilda er ekki getið. Varakrafa eigenda Illugastaða um rétt til upprekstrar á afréttinn var tekin til greina, meðal annars með hliðsjón af þeim ummælum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín að jörðin ætti *almenning* á Bleiksmýrardal.[58] Aftur á móti gætu hin afmörkuðu not Illugastaða af landsvæðinu til geldfjárreksturs á sumrum ekki skoðast sem grundvöllur beins eignarréttar.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu verður úrlausn dómsins um „fullkomna og átölulausa" eign Munka-Þverárklausturs á afréttarlandinu vart skilin öðruvísi en svo að þar sé um beinan eignarrétt að ræða.[59]

---

[58] Landsyfirréttur virðist leggja þann skilning í hin tilgreindu ummæli Jarðabókarinnar að Illugastaðir hafi átt upprekstrarrétt í þrætulandið. Sjá til hliðsjónar, Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 94.

[59] Vert er að geta þess að í forsendum landsyfirréttar er rætt um að algengt hafi verið að klaustur eignuðust *ítök* í landi með sérstakri heimild, og er landsyfirréttur þá að skírskota til hugsanlegs stofnunarháttar eignarréttar Munka-Þverár að Bleiksmýrardal. Ekki er vikið frekar að því á *hvaða stigi* eða *hvernig* þau afmörkuðu réttindi hafi getað leitt til þess að klaustrið öðlaðist þann beina eignarrétt sem því er tildæmdur af landsyfirrétti. Hvað þetta álitaefni varðar skal sérstaklega vísað til kenninga Gunnars Guðmundssonar um eignarrétt kirkna og stofnana á afréttum og tilurð þess eignarréttar. Sjá Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 47–62.

Í dómi landsyfirréttar frá 1898, lyfrd. (yngri) V, bls. 327, um eignarrétt að landsvæðinu Hellistungum virðist afstaða Landsyfirréttar vera nokkuð á annan veg.

Í því máli deildu eigandi Hjarðarholtskirkju og upprekstrarfélag tiltekinna hreppa í Mýrasýslu um eignarrétt að framangreindu landsvæði sem liggur ofan byggðar í Norðurárdal. Eignartilkalli kirkjunnar, byggðu á *vísitasíum og lögfestum* hennar, var hafnað á þeirri forsendu að þau væru ekki annað en, „skrásetning þess, er umráðamenn eða eigendur kirkjunnar hafa einhliða viljað telja *eign* hennar ...". Landsyfirréttur staðfesti hins vegar dóm undirréttar sem dæmdi þrætulandið eign upprekstrarfélagsins, fyrst og fremst á grundvelli *vitnisburðar* um að landið hefði frá ómunatíð verið notað af upprekstrarfélaginu til upprekstrar, en hins vegar hefðu not kirkjunnar af landinu nánast engin verið. Var sú niðurstaða byggð á Jónsbók, Landsleigubálki, 26. kap. [60] Með hliðsjón af ummælum þar að lútandi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var Hjarðarholtskirkju aftur á móti dæmdur *selstöðuréttur* í þrætulandinu.

Á það skal bent að viðkomandi landsvæði er ekki nefnt afréttur í dóminum. Hvað sem því líður er niðurstaða réttarins um eignarrétt upprekstrarfélagsins á framangreindum grunni ekki í samræmi við afstöðu hæstaréttar sem mörkuð var í Landmannaafréttarmálunum, sbr. hrd. 1955, bls. 108, og hrd. 1981, bls. 1584, en í fyrrnefnda málinu vísaði lögmaður Landmannahrepps til fordæmisgildis þessarar niðurstöðu landsyfirréttar um Hellistungur. Hins vegar er mat landsyfirréttar á *lögfestum* og *vísitasíum* kirkjunnar í samræmi við afstöðu hæstaréttar til svipaðra gagna.

4.2.3. Hæstaréttardómar.

Óhætt er að fullyrða að með fyrri dóminum um eignarrétt að Landmannaafrétti, hrd. 1955, bls. 108, hafi verið lagður að nokkru grunnur að þeirri afstöðu sem hérlendir dómstólar hafa tekið síðan í slíkum málum. Auk þess tók ríkið í fyrsta skipti til varna á þeim grundvelli að ekki væri um beinan eignarrétt afréttarnotenda að afréttarlandinu að ræða, heldur einungis takmörkuð eignarréttindi í formi beitarréttar. Um leið byggði ríkisvaldið á því að það væri eigandi slíkra landsvæða eða eins og það var sérstaklega orðað í þessu máli, umboðsmaður raunverulegra eigenda, þegna íslenska ríkisins.

Upphaflegar dómkröfur Landmannahrepps voru þær að viðurkenndur yrði einkaréttur þeirra til veiði í Veiðivötnum, en til andsvara risu landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisins, hreppsnefnd Holtahrepps fyrir hönd hreppsins og hreppsnefnd Rangárvallahrepps fyrir hönd jarðanna Næfurholts og Hóla. Segja má, að við meðferð málsins hafi verið tekist á um tvær grundvallarspurningar sem voru forsenda upphaflegu dómkröfunnar. 1) Var um *einkarétt* Landmanna til nytja á Landmannaafrétti að ræða fram yfir jarðir í Holtahreppi svo og jarðirnar á Rangárvöllum? 2) Var réttur hreppanna til Landmannaafréttar byggður á *beinum eignarrétti*? Hér er það fyrst og fremst úrlausn seinna atriðisins sem skiptir máli.

Helsta og um leið elsta heimildarskjal hreppanna fyrir eignarrétti sínum var *dómur*, kveðinn upp að Skarði á Landi 25. júní 1476, en einungis til í afskriftum frá 19. öld. [61] Efnisleg niðurstaða hans var á þá leið að landsvæðið Þjórsártungur, sem liggur á milli Tungnaár og Sprengisands, væri eign og afréttur þeirra manna „sem haft og haldið höfðu" í Holtum og á Landi. Að öðru leyti studdust hrepparnir eingöngu við gögn frá 19. og 20. öld. Þar má fyrst nefna tvær *lögfestur*, aðra frá 1805 en hina frá 1856, þar sem tilteknir fulltrúar Landmanna- og Holtahrepps lögfestu undir þær sveitir afréttina Holtamanna- og Landmannaafrétt. Í *þinglesinni yfirlýsingu* frá 1829 bönnuðu hreppstjórar Holtamanna- og Landmannahrepps nánar tilgreind afnot af landsvæðinu Þjórsártungum. Lagðar voru fram *sóknarlýsingar* Holtaþings frá 1840 og Stóruvalla á Landi frá 1841, þar sem getið er um rétt fyrrgreindra hreppa til afréttanna. Vísað var í *þinglýsta landamerkjaskrá*

---

60 Sú regla var af svipuðum stofni og hefðarreglur, sbr. Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 156.

61 Ísl. fornbréfasafn, VI. bindi, bls. 81.

Landmannaafréttar frá 1886. Loks byggðu fulltrúar hreppanna rétt á *sölu vatnsréttinda* á afréttum sínum á árunum 1914–1919 sem hefði verið þinglýst athugasemdalaust svo og *samningi* Landmanna og Rangvellinga frá 1935 um skiptingu arðs af sölu hrafntinnu sem unnin var á mörkum afrétta þeirra hreppa, og ekki var hreyft athugasemdum við á þeim grundvelli að aðila skorti til þess eignarrétt. Önnur gögn og sjónarmið, sem byggt var á, lutu fyrst og fremst að rétti Landmanna fram yfir rétt hinna hreppanna til Landmannaafréttar og snerta ekki beinlínis viðurkenningu á beinum eignarrétti.

Niðurstöður héraðsdóms voru á því byggðar að engin lagafyrirmæli, hvorki almenns eðlis né tengd þessu svæði sérstaklega, skæru úr um eignarréttinn auk þess sem eignarréttartilkall þeirra styddist hvorki við afsöl eða hliðstæða gerninga. Vikið var að landfræðilegum staðháttum, stofnun hreppanna og mögulegri helgun þeirra á afréttinum út frá legu þeirra. Á grundvelli framangreindra gagna féllst héraðsdómur síðan á eignarréttartilkall Landmannahrepps. Veigamikil forsenda þeirrar niðurstöðu fólst í því að dómurinn taldi afrit dómsins frá 1476 ekki verða vefengt og lagði hann til grundvallar niðurstöðu sinni. Orðrétt segir í héraðsdómnum að Landmannaafréttur sé „fyrir töku í upphafi, aldalöng not og ýmiss konar hagnýtingu, meðferð og beitingu réttar sem eigandi, háð eignarrétti Landmannahrepps“.

Hæstiréttur komst hins vegar að annarri niðurstöðu:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.“

Auk upprekstrarréttarins var íbúum viðkomandi hreppa dæmdur veiðiréttur á afréttinum á grundvelli 5. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiðirétt, nr. 112/1941.

Árið 1969 féll í hæstarétti dómur í svokölluðu Nýjabæjarafréttarmáli, hrd. 1969, bls. 510. Í því máli deildu eigendur Nýjabæjar og Ábæjar í Skagafirði og upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps í Eyjafirði um mörk landa sinna á hálendinu suður af Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum. Málið var að forminu til landamerkjamál, en svo verulega bar á milli þeirra markalína sem aðilar gerðu kröfu um að segja má að málið hafi snúist um eignarrétt að landi austan Austari-Jökulsár, allt frá Fossá í Austurdal í Skagafirði austur að vatnaskilum norður af Sprengisandi.

Heimildir sínar til umrædds landsvæðis byggði upprekstrarfélagið á *samningum* við eigendur jarðanna Möðruvalla (1963) og Hóla (1965) í Eyjafirði. Viðkomandi samningar fólu í sér afnot og umráðatöku *afréttarlanda* viðkomandi jarða, eins og þau voru tilgreind í *landamerkjaskrám* þeirra, Möðruvalla frá 1886 og Hóla frá 1889 og 1923, en skv. landamerkjaskránum tóku afréttarlönd jarðanna að minnsta kosti yfir hluta hins umþrætta lands. Önnur gögn sem upprekstrarfélagið byggði á voru Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, þar sem tilgreindir voru afréttir Möðruvalla og Hóla, *fasteignamatsbækur* varðandi sömu jarðir, *sýslufundargerðir* Eyjafjarðarsýslu og *bréfabækur* Saurbæjarhrepps varðandi afrétti hreppsins. Auk þess studdu Saurbæingar kröfur sínar með vísan í *sýslulýsingu* og *heimildarrit* almenns eðlis.

Eigendur Nýjabæjar og Ábæjar í Skagafirði byggðu rétt sinn á *afsali* fyrir jörðunum frá Akrahreppi í Skagafirði, en á viðkomandi jörðum höfðu farið fram eigendaskipti í nokkur skipti á þessari öld. Hvað stærð þeirra jarða varðaði og þannig kröfur viðkomandi til hins umþrætta lands var í fyrsta lagi byggt á *afsali*, í frumriti, fyrir hálfri jörðinni Nýjabæ frá árinu 1464. [62] Í annan stað byggðu Skagfirðingar á *landamerkjaskrá* Ábæjar frá 1888, *fasteignamatsbók* Skagafjarðar frá 1849–50 vegna Nýjabæjar og sama riti frá 1916 vegna Ábæjar og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í þessum heimildum er talað um að Nýjabæjar-

[62] Í afsalinu er þrætulandið ekki aðgreint frá heimalandi jarðarinnar sem afréttur eins og gert er í síðari heimildum.

afréttur liggi undir viðkomandi jarðir án þess að *takmarka* hans sé nákvæmlega getið og reyndar gildir sama um afsöl fyrir jörðunum frá þessari öld. Loks vísuðu eigendur jarðanna til ýmissa *heimildarita, landfræðilegra staðhátta*, staðsetningar örnefnisins Nýjabæjarafréttur á *korti* Landmælinga Íslands og loks beiðni Ferðafélags Akureyrar til sýslunefndar Skagafjarðar um byggingu sæluhúss á þrætulandinu. Báðir aðilar byggðu auk þess á *vitnaskýrslum* um afnot og eignarhald á landsvæðinu.

Í niðurstöðu héraðsdóms var afsalið frá 1464 algjörlega lagt til grundvallar og það talið ganga framar en landamerkjaskrár Möðruvalla og Hóla. Dómurinn taldi auk þess að það veikti kröfur upprekstrarfélagsins að helstu heimildum þeirra, þ.e. landamerkjaskránum, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og fasteignamatsbókum, bar ekki saman um stærð afréttarlands Möðruvalla og Hóla. Markalína í kröfugerð eigenda Ábæjar og Hóla var því lögð til grundvallar nánast óbreytt.

Ekki verður fyllilega ráðið af dóminum, hvort fallist var á beinan eignarrétt að þrætulandinu eða miðað var við óbein eignarréttindi, þó svo að líkur séu fyrir því að um hið fyrrnefnda hafi verið að ræða.

Niðurstaða hæstaréttar varð hins vegar þessi:

„Hvorki áfrýjandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því, sem um er að tefla í máli þessu. T.d. verður eigi séð, að eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli eða eigendur Möðruvalla og Hóla hafa fyrrum innt af hendi smölun og fjallskil á landsvæðinu, svo sem eigendum jarða var boðið að gera á jörðum sínum, sbr. Jónsbók, landsleigubálk 49. Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðilja eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðilja í málinu teknar til greina."

Í dómi hæstaréttar frá 1971, hrd. 1971, bls. 1137, var deilt um mörk jarðarinnar Þverfells í Lundarreykjadal *og* afrétta Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa, austan og norðan við Reyðarvatn. Um leið var deilt um botns-, vatns- og veiðirétt í vatninu.

Máli um sama ágreiningsefni hafði verið vísað frá hæstarétti 1967, sbr. hrd. 1967, bls. 916. Forsendur hæstaréttar í því máli voru þó lagðar til grundvallar þeirri niðurstöðu seinna málsins að eigendum Þverfells bæri einungis botns-, vatns- og veiðiréttur fyrir sínu landi en ekki öllu vatninu eins og þeir gerðu tilkall til. Það sem hér skiptir þó fyrst og fremst máli er niðurstaða hæstaréttar um kröfur hreppanna um sömu réttindi fyrir afréttarlöndum sínum norðan og austan vatnsins.

Hvað eignarheimildir Andakílshrepps varðaði til afréttarlands síns, Gullberastaðatungu, þá var það land *selt* hreppnum af eiganda jarðarinnar Gullberastaða árið 1898, en viðkomandi landsvæði *hafði verið hluti þeirrar jarðar*. Ennfremur var byggt á *landamerkjaskrá* fyrir Gullberastaðatungu frá 1923. Á þeim forsendum dæmdi hæstiréttur Andakílshreppi botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir landi sínu og viðurkenndi þannig *beinan eignarrétt* hreppsins að afréttarlandinu.

Hvað eignarheimildir Lundarreykjadalshrepps varðaði, voru þær í raun tvíþættar.

Annars vegar byggðu Lunddælingar á *afsali* frá Reykholtskirkju frá janúar 1896 fyrir hluta afréttarlandsins. Heimildir Reykholtskirkju til landsins studdust við *Reykholtsmáldaga* frá 12. öld, *lögfestu* frá 1837 um eignir og ítök Reykholtskirkju, *vísitasíuskýrslu* biskups frá 1869 og loks *lögfestu* fyrir staðnum í Reykholti frá 1876. Í framangreindum gögnum er land austan Reyðarvatns, innan nánar tilgreindra marka, talið eign Reykholtskirkju.

Hins vegar byggðu Lunddælingar eignarheimildir sínar fyrir öðrum hlutum afréttarlandsins á einhliða afsali Þingvallaprests 1896. Til að komast hjá greiðslu refaveiðikostnaðar eftirlét Þingvallaprestur Lunddælingum tiltekin landsvæði á norðvesturmörkum Þingvallalands. Það var land sem talið var innan marka Þingvallalands í *landamerkjalýsingum* frá 1832 og 1840, en reyndar voru þær lýsingar ekki í samræmi við *lögfestu* Þingvallaprests frá 1740, þ.e. landamerkin höfðu færst mun vestar og tóku þannig til suð-austur horns Reyðarvatns. Með *landamerkjaskrá* Jens Pálssonar frá 1886 og samþykki hans á *landamerkjaskrá Þverfells* sama ár eru landamerkin færð austar til samræmis við lögfestuna frá 1740. Samkvæmt framansögðu eignuðu Lunddælingar sér þann landauka sem þannig kom til og áréttuðu það með *lögfestu* hreppsnefndar 1890, sem tók til lands er lægi milli Þingvallakirkjulands og Reykholtskirkjulands.

Mat hæstaréttar á þessum eignarheimildum Lundarreykjardalshrepps var það að af gögnum málsins yrði ekki ráðið, „hvort lönd Lundarreykjadalshrepps á framangreindu svæði væru háð beinum eignarrétti, eða aðeins afréttareign". Væri málið ekki fullreifað að því leyti, og yrði ekki lagður dómur á kröfu Lundarreykjadalshrepps um botns- og vatnsrétt í Reyðarvatni. Hins vegar var Lundarreykjadalshreppi dæmdur veiðiréttur fyrir landi sínu í samræmi við 5. gr. laga nr. 76/1970, svo og í almenningi vatnsins, skv. mati.

Niðurstaða hæstaréttar varðandi afrétt Andkílinga er alveg ótvíræð. Það eitt að afréttarlandið var upphaflega hluti af landi jarðar nægir til þess að dæmdur er beinn eignarréttur án frekari athugana. Hvað afrétt Lunddælinga varðar verður að athuga að málið virðist ekki hafa verið rekið af þeirra hendi með þeim hætti að þeir teldu þörf á að færa sönnur á beinan eignarrétt að afréttarlandinu.

Í dómi Hæstaréttar, hrd. 1975, bls. 55, var skorið úr ágreiningi eigenda jarðarinnar Kalmanstungu í Borgarfirði *og* Reykholtsdals- og Hálsahreppa um landamerki jarðarinnar Kalmanstungu og afréttar hreppanna á Arnarvatnsheiði auk deilna um veiðirétt í vötnum á afréttinum.

Viðkomandi afréttarland var áður hluti af landi jarðarinnar Kalmanstungu, en með *afsölum* þáverandi eigenda jarðarinnar, 1880 og seinna 1901, var það selt hreppunum sem lögðu það til afréttar síns. Í málinu komu ekki sérstaklega til skoðunar upphaflegar eignarheimildir að hinu selda landi, og í dómsniðurstöðum er ekki beinlínis tekið á því atriði. Í afsölunum sagði að landið væri selt „með öllum landsnytjum til lands og vatns og yfirhöfuð öllum þeim réttindum sem fylgt hefur og fylgja ber með réttu eftir gömlum eignarskjölum fyrir áðurgreindu landi". Til grundvallar þeim mörkum Kalmanstungulands, sem hið selda land var hluti af, lá *lögfesta* þáverandi eiganda Kalmanstungu frá 1879.[63] Af heimildarskjölunum verður ekki annað ráðið en litið hafi verið á allt land Kalmanstungu sem eignarland í beinni merkingu.

Af niðurstöðu hæstaréttar verður ekki annað ráðið en að lagt sé til grundvallar að umræddur afréttur sé beinum eignarrétti undirorpinn.[64]

Segja má að seinna dómsmálið um Landmannaafrétt, hrd. 1981, bls. 1584, hafi verið rökrétt framhald þess fyrra og niðurstaða þess, líkt og fyrri dómsniðurstaðan, stefnumarkandi um eignarréttarlega stöðu afréttа.

Í þetta sinn fékk fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins gefna út eignardómsstefnu, en til andmæla risu hreppsnefndir Landmanna-, Holta-, Rangárvalla- og Skaftártunguhreppa fyrir hönd hreppanna auk einstakra jarðeigenda og ábúenda í Holtahreppi, svo og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla á Rangárvöllum.

Lögmaður ríkisins, Sigurður Ólason hrl., vildi flokka landsvæði í eignarlönd og almenninga og felldi afrétti undir seinni flokkinn. Þó svo að viðurkennt væri að þeir afréttir væru til sem undirorpnir væru beinum eignarrétti háttaði svo til um flesta, þar á meðal Landmannaafrétt, að þar væri ekki um beinan eignarrétt afréttarnotendanna að ræða. Þegar land hefði verið numið hefðu landsvæði fallið utan hinna afmörkuðu landnáma. Slík landsvæði hefðu snemma verið tekin til afmarkaðra nota, fyrst og fremst beitar. Eignarréttur

---

[63] Í umræddri lögfestu er getið eldri heimildarskjala, meðal annars kaupbréfs Halls Svarthöfðasonar og Jóns Gíslasonar 1398 og lögfestna 1773, 1793, 1810 og 1834. Þó svo að þess sé ekki getið í dóminum eru í Landnámu frásagnir um landnámsmanninn Kalmann, sem bjó í Kalmannstungu, og nám hans á landi þar, sbr. Landnámabók, Jakob Benediktsson sá um útgáfuna, Reykjavík 1968, bls. 81.

[64] Dæmi þetta um Arnarvatnsheiði vekur upp þá spurningu hvort hægt sé að telja landsvæði, sem liggur án nokkurrar afmörkunar innan landamerkja jarðar, afrétt, þó svo að slíkt land hafi verið nýtt til sameiginlegrar beitar að meira eða minna leyti. Í umfjöllun nokkurra fræðimanna hefur umræddur hluti Kalmannstungulands verið tekinn sem dæmi *um afrétt sem heyrt hafi undir einstaka jörð*. Sjá Gauk Jörundsson, sama rit, bls. 133, Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 71, og Sigurð Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands ísl. rafveitna, bls. 15. Af dómareifun í hrd. 1975, bls. 55 verður ekki annað ráðið en að umrædd landsvæði, sem seld voru 1880 og 1901, hafi verið óafmarkaður hluti jarðarinnar Kalmannstungu samkvæmt landamerkjum hennar.

að slíkum landsvæðum hefði ekki náð lengra en afnotin segðu til um, þar sem um nám til afnota en ekki eignar hafi verið að ræða. Ákvæði í Grágás hefðu verið einskorðuð við beitarafnot af afréttum, og svo væri einnig í yngri löggjöf. Hvað Landmannaafrétt varðaði sérstaklega hefði með dómi hæstaréttar frá 1955, hrd. 1955, bls. 108, því verið slegið föstu að hvorki hrepparnir né einstakir aðilar innan þeirra ættu beinan eignarrétt að afréttinum.

Eignarréttur ríkisins að landsvæðum sem eignarheimildir einstaklinga eða einstakra stofnana næðu ekki til var studdur margþættum rökum.

Þannig hefði ríkið við stofnun þess hér á landi eignast allan rétt yfir landi þar til einstaklingar hefðu getað sannað eignarrétt sinn að ákveðnum landsvæðum. Eignarréttur ríkisins styddist og við þá reglu norræns réttar að ríkið væri eigandi alls lands sem aðrir gætu ekki sannað beinan eignarrétt að. Sú regla hefði borist inn í íslenskan rétt þegar við upphaf lagasetningar hérlendis, enda almenningsrétturinn norræni og samsvarandi réttarreglur hér á landi af sama stofni. Eignarréttur ríkisins hefði og stoð í samfelldri réttarþróun hérlendis og var sérstaklega vísað til ýmissa laga, allt frá Nýbýlatilskipuninni 1776 til núgildandi námulaga nr. 24/1973.

Til vara byggði ríkið á þeirri málsástæðu að réttarstaðan til forna teldist ekki nægilega upplýst. Meðal annars með hliðsjón af hinum óljósu eignarréttar- og ríkishugtökum þess tíma yrði eignarréttur ríkisins grundvallaður á því sem best samrýmdist hugsunarhætti, stöðu og þörfum nútímaþjóðfélags. Kæmi þar fyrst og fremst til að ríkið stæðist ekki nema það ætti landið undir sér, *frumeignarréttinn*, en *einkaeignarréttur* væri aðeins innan þeirra marka sem sannanlegar heimildir yrðu leiddar að.

Stefndu kröfðust þess að eignarréttartilkalli ríkisins yrði hafnað. Auk þess kröfðust Holtahreppur og Rangárvallahreppur vegna Næfurholts og Hóla þess að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þeirra að Landmannaafrétti með Landmannahreppi. Kröfur þeirra studdust að miklu leyti við sömu heimildir og byggt var á í fyrra málinu, hrd. 1955, bls. 108.

Hvað varðaði dóminn frá 1476 var nú lögð fram *álitsgerð* dómkvaddra matsmanna sem studdi þá skoðun að afritið frá upphafi 19. aldar gæti ekki verið seinnitíma fölsun. Matsmennirnir bentu hins vegar á að það þýddi ekki, að dómurinn hefði upphaflega verið í löglegu formi og hefði afskriftin, þó ófölsuð væri, engar sönnur fært þar á. [65]

Stefndu töldu eignarrétt sveitarfélaganna byggjast á aldalangri *notkun* og *eignarhefð* og var, hvað hefðina varðaði, sérstaklega vísað til fordæmisgildis lyfrd. (yngri) V, bls. 327, um eignarrétt að Hellistungum. Ríkið hefði aldrei haft neina tilburði uppi sem eigandi og í raun viðurkennt eignarrétt hreppanna með kaupum á vatnsréttindum á Landmannaafrétti af Titan hf. árið 1952, en þann rétt hafði Titan keypt af hreppunum. Viðurkenning ríkisins á eignarrétti afréttarnotenda að afréttum hefði og birst á fleiri vegu. Þannig hefði ríkið sjálft selt afréttarlönd með öllum gögnum og gæðum, sbr. afsal þess fyrir Húksheiði til Torfustaðahreppa 1934.

Stefndu höfnuðu því alfarið að Landmannaafréttur væri eða hefði verið almenningur. Hugleiðingar ríkisins um réttarstöðu almenninga í Noregi ættu ekki við hér á landi og ríkisalmenningar í þeim skilningi sem fram kæmi í málflutningi ríkisins hefðu ekki fundist hér á landi. Enda væri ljóst að jafnan hefði verið greint á milli afrétta og almenninga, sbr. síðast (þágildandi) lög nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Hvað afrétti varðaði sérstaklega byggðu stefndu á því að landið allt hefði að meira eða minna leyti verið *numið* í upphafi. Flestir afréttir hefðu þannig verið hluti af landnámsjörðum, en óljóst væri oft og tíðum, hvernig sveitarfélög væru komin að eignarrétti sínum. Þó kynni það til að mynda að hafa gerst fyrir hefð og kaup. Ennfremur studdu stefndu kröfur sínar með tilvísun til einstakra lagaákvæða, þar á meðal laga nr. 42/1969 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sveitarstjórnalaga frá 1872 og fjallskilareglugerða settra með stoð

---

65 Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson. Ófalsaðir dómar? Gripla 1979.

í þeim, auk laga nr. 40/1948 um kauprétt að jörðum. Loks vitnuðu stefndu til „fjölda“ dóma [66] frá 19. öld og upphafi þeirrar 20. sem þeir töldu staðfesta þá meginreglu að þegar einkaaðilar deildu um eignarrétt að afrétti væri alltaf öðrum hvorum aðilanum dæmt landið til fullrar eignar.

Hvað andmæli hreppanna varðaði taldi héraðsdómur að þrátt fyrir fyrrnefnda álitsgerð yrði ekki byggt á dóminum frá 1476. Dómurinn hafnaði kröfum hreppanna um eignarrétt að mestu leyti með svipuðum rökum og í hrd. 1955, bls. 108. Þannig gætu takmörkuð *afnot* af landsvæðinu ekki skoðast sem grundvöllur beins eignarréttar. Ekki hefði verið sannað að landið hefði verið numið í öndverðu, og skilyrði eignarhefðar þóttu ekki vera fyrir hendi. Eins þóttu kaup ríkisins á vatnsréttindum af Titan hf. ekki fela í sér viðurkenningu á beinum eignarrétti hreppsfélaganna á afréttinum. Að þeirri forsendu gefinni var talið að ekki væri neinum öðrum aðila til að dreifa en ríkinu sem talist gæti eigandi hins umdeilda landsvæðis. Sú niðurstaða var og studd því áliti dómsins að allt frá setningu Nýbýlatilskipunarinnar 1776 hefði þeirrar löggjafarstefnu gætt að ríkið hefði mjög víðtækan rétt til afréttarlanda. Beinn eignarréttur ríkisins var viðurkenndur, með þeirri takmörkun þó, að hann yrði ekki í öllum atriðum talinn samsvara *einstaklingseignarrétti*, m.a. með hliðsjón af margs víslegum réttindum almennings á afréttum. Einn dómenda í héraði skilaði sératkvæði, þar sem hann féllst ekki á beinan eignarrétt ríkisins.

Í hæstarétti var niðurstaða dómsins í fyrra málinu, hrd. 1955, bls. 108, lögð til grundvallar hvað varðaði eignarréttartilkall hreppanna. Um eignarréttartilkall ríkisins sagði, að ekki hefði tekist að sýna fram á að ríkið hefði eignast umrætt landsvæði við stofnun allsherjarríkis og lög frá þeim tíma styddu ekki þann skilning. Gögn um að eignarréttur ríkisins hefði stofnast fyrir eignarhefð væru ekki fullnægjandi. Eignarréttartilkall ríkisins ætti sér ekki stoð í skráðum réttarreglum og það yrði ekki reist á almennum lagarökum og lagaviðhorfum. Síðan sagði hæstiréttur orðrétt:

„Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir“.“

Í sératkvæði vildu tveir dómarar hæstaréttar staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um beinan eignarrétt ríkisins. Niðurstaða þeirra byggðist á því að þar sem skilyrði til útgáfu eignardómsstefnu, sbr. 220. gr., sbr. 217. gr. eml. til handa ríkinu, hefðu verið talin vera fyrir hendi, [67] væri ekki unnt með efnisdómi að hrinda eignarréttarkröfu ríkisins þegar ljóst væri að réttur andmælenda eignarréttarkröfunnar stangaðist ekki á við meintan eignarrétt ríkisins.

Eins og áður segir eru niðurstöður hæstaréttar í þeim tveim dómum sem gengið hafa um Landmannaafrétt stefnumótandi.

Í fyrsta lagi hljóta niðurstöður hæstaréttar um eignarréttartilkall afréttarnotendanna að verða lagðar til grundvallar við mat á eignarrétti að afréttum þar sem eins hagar til og á Landmannaafrétti. Undir það falla þeir afréttir sem ekki heyra eða hafa heyrt undir einstakar jarðir eða stofnanir ellegar áður verið hluti af landi einstakra jarða.

Í annan stað virðist dómurinn slá því föstu að ríkið öðlist ekki sjálfkrafa eignarrétt að þeim landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti annarra. Þannig verður ríkið, líkt og einstaklingar, að sanna eignarrétt sinn með gildum eignarheimildum. Dómur hæstaréttar frá 1981 er þannig staðfesting á niðurstöðu landsyfirréttar frá 1873, lyfrd. (yngri) I, bls. 61. Í hrd. 1981, bls. 1584, felst þó að löggjafinn er bær til að ráðstafa eignarréttindum yfir slíku landi svo fremi að sú ráðstöfun gangi ekki á takmörkuð eignarréttindi afréttarnotendanna.

---

[66] Einungis lyfrd. (yngri) V:327 Hellistungur og lyfrd. (yngri) IV:207 Elliðakot, voru tilgreindir.

[67] Hæstiréttur hafði árið 1977, hrd. 1977, bls. 32, hrundið frávísunardómi héraðsdóms í þessu sama máli, á þeirri forsendu að ríkið ætti tilkall til þess að gefin yrði út eignardómsstefna.

Í dómi hæstaréttar, hrd. 1987, bls. 1656, var dæmt um viðurkenningarkröfu nokkurra landeigenda í Grýtubakkahreppi á upprekstrarrétti þeirra á svokallaða Flateyjardalsheiði í Suður-Þingeyjarsýslu, en til varna var stefnt kirkjumálaráðuneyti og hreppsnefnd Hálsahrepps sem voru landeigendur.

Kröfu sína um viðurkenningu á upprekstrarrétti byggðu fyrrnefndir aðilar á *hefð*. Ekki var fallist á að skilyrðum hennar væri fullnægt, hvorki í héraði né hæstarétti, og kröfum stefnenda því hafnað. Það er þó sérstakt athugunarefni, hvernig eignarráðum að umræddri heiði var háttað.

Heiðin skiptist í fjóra hluta og var einn þeirra talinn eign Laufáskirkju en hinir eign Hálsahrepps. Tvö umræddra landsvæða voru forn lögbýli sem farið höfðu í eyði um aldamótin síðustu en voru árið 1978 keypt af Hálsahreppi. Land kirkjunnar og þriðja landspilda Hálsahrepps höfðu hins vegar aldrei verið nýtt sem bújarðir. Af hálfu kirkjumálaráðuneytis voru lögð fram ýmis gögn til stuðnings eignarrétti kirkjunnar að umræddu landi, elst *úttekt* Laufásstaðar frá 1738 þar sem fram kom að viðkomandi landsvæði tilheyrði staðnum fyrir lambaafrétt. Ekki er að sjá að Hálsahreppur hafi lagt fram nein gögn til stuðnings eignarréttartilkalli sínu að landsvæði því sem ekki hafði verið lögbýli. Af dómsniðurstöðum fæst ekki séð að neinar athugasemdir hafi verið gerðar við eignarheimildir stefndu að umræddum landsvæðum. Þrátt fyrir að Flateyjardalsheiði hefði eingöngu verið notuð til sumarbeitar, því sem næst alla öldina, var ágreiningslaust að heiðin hafði ekki verið gerð að afrétti í skilningi 5. gr. laga nr. 42/1969, eldri laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Í málflutningi byggðu stefndu og á því að heiðin væri ekki afréttur, en gagnstæð skoðun kom fram af hálfu stefnenda. Af dómsniðurstöðum verður ekki séð að það atriði hafi neinu skipt, enda virðist gengið út frá því að um eignarlönd í *beinni merkingu* hafi verið að ræða.

Í dómi hæstaréttar, hrd. 1994, bls. 2227, var fjallað um refsimál sem höfðað var gegn tveimur mönnum vegna meintra ólöglegra fuglaveiða á landsvæði því sem nefnt er Geitland í Borgarfirði.

Í héraðsdómi voru mennirnir fundnir sekir um ólöglegar fuglaveiðar og var sú niðurstaða byggð á því að Geitland væri fullkomið eignarland Hálsa- og Reykholtsdalshrepps sem hrepparnir hefðu eignast með afsali frá ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum 1926, en Geitland var áður eign Reykholtskirkju. Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og sýknaði ákærðu af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar, þar sem hæstiréttur taldi vafa leika á um það hvernig eignarrétti hreppanna að hinu umdeilda landi væri háttað.

Í dómi hæstaréttar segir að þess sé getið í Landnámu að Geitland hafi verið numið milli Hvítár og Suðurjökla. Óvíst sé þó hvort það landsvæði sé hið sama og nú beri þetta nafn. Af Reykholtsmáldaga megi sjá að Geitland hafi komist í eigu Reykholtskirkju, en elsti hluti máldagans sé frá 12. öld. Ekki sé hins vegar ljóst af máldaganum hvenær Geitland komst í eigu kirkjunnar, en þar sé sagt að kirkjan eigi „geitland meþ scoge“. Með afsali 27. maí 1926 seldi dóms- og kirkjumálaráðherra Hálsahreppi Geitlandið, en þar sagði að hreppsnefndin hefði „leitað kaups á afrjettarlandinu Geitlandi“ og þar sem allra fyrirmæla laga nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða hefði verið gætt þá seldi ráðherra og afsalaði henni samkvæmt þeirri heimild sem honum var gefið í þeim lögum fyrir hönd landsjóðs, Hálsahreppi „greint afréttarland Geitland, sem er að hndr. að n.m., með öllum gögnum og gæðum, þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnazt þar, sem og vatnsafl allt og notkunaraðstaða þess í landi jarðarinnar“. Þá eignaðist Reykholtsdalshreppur Geitlandið ásamt Hálsahreppi. Síðar segir í dómi hæstaréttar:

„Í kjölfar landnáms virðist Geitland hafa verið fullkomið eignarland. Þegar litið er til hinna elstu heimilda um rétt Reykholtskirkju að Geitlandi, virðist það hins vegar vafa undirorpið, hvort landið sé eignarland, þar sem tekið er fram í þeim heimildum, að skógur fylgi landi. Heimildir ríkisins til að afsala Hálsahreppi Geitlandi eru leiddar að rétti Reykholtskirkju til landsins, og leikur þannig vafi á því, hvort það er eign, sem háð er beinum eignarrétti. Þess verður einnig að gæta, að ekki verður ráðið af afsalinu, hvort Geitland telst þar afréttur eða eignarland. Þá verður ekki heldur ráðið af öðrum gögnum málsins, hvort Hálsahreppur og Reykholtsdalshreppur eiga bein eignarréttindi að Geitlandi eða einvörðungu beitarrétt eða önnur afnotaréttindi.“ Eins og áður sagði leiddi þessi vafi um eignarrétt hreppanna á hinu umdeilda landi til sýknu í refsimálinu.

Í dómi hæstaréttar, uppkveðnum 10. apríl 1997, í málinu nr. 66/1996 var fjallað um þá kröfu Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps að þeim bæri réttur til bóta fyrir virkjunarrétt í Blöndu fyrir Auðkúluheiði.

Hrepparnir höfðu með afsali frá ráðherra Íslands, dags. 5. júlí 1918, keypt Auðkúluheiði og sagði í því afsali að hreppsnefndirnar hefðu leitað kaups á afréttarlandi við Auðkúluheiði, Auðkúluprestakalls „... og loks með því að allra fyrirmæla laga nr. 50, 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða, hefur verið gætt, þá sel ég og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin í nefndum lögum fyrir landsins hönd, ofannefndum hreppum „... greint afréttarlandi, Auðkúluheiði, með öllum gögnum og gæðum. Þó eru undanskildir námar í jörðu sem og fossar, sem þar kunna að vera. Umboðsmaður Auðkúlustaðar er hér með leystur frá öllum skyldum og kvöðum sem hingað til hafa á honum hvílt vegna afréttar þessa ... ". Í niðurstöðu héraðsdóms er vísað til þeirrar grundvallarreglu í eignarrétti að sá sem telur til eignarréttinda yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi geti ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann átti sjálfur. Til þess er vísað að hrepparnir leiði ætlaðan rétt sinn að afsali ráðherra Íslands frá 5. júlí 1918 og síðan segir í dóminum: „Efni þess og orðalag sker eigi til fullnustu úr um það hvort hreppunum hafi verið afsalað fullkomnu eignarlandi eða einungis afréttareign. Þótt hið síðara verði líklegra talið." Þá segir að þegar virt sé það sem fram sé komið um not Auðkúluheiðar og legu verði eigi ályktað að heiðarlandið hafi áður verið háð beinum eignarrétti þeirra sem höfðu umráð þess og jafnframt telur dómurinn að takmörkuð not stefnenda að heiðinni feli eigi í sér eignarhald sem geti leitt til stofnunar eignarréttinda fyrir hefð á grundvelli laga 46/1905. Niðurstaða héraðsdóms var því sú að stefnendur hefðu þannig eigi leitt sönnur að því að Auðkúluheiði hafi orðið eða sé fullkomið eignarland þeirra.

Í dómi hæstaréttar er vísað til þess að í Landnámu segi að Eyvindur Auðkúla hafi numið allan Svínadal og búið á Auðkúlustöðum en ekkert sé þar minnst á Auðkúluheiði. Telja megi ljóst af þeim heimildum sem að vísað hafi verið til í málinu að jörðin Auðkúla hafi verið í einkaeign fram á 16. öld, en þá komist í eigu kirkjunnar. Eftir siðaskipti sýnist jörðin hafa verið komin undir forræði ríkisvaldsins og með afsali ráðherra Íslands hinn 5. júlí 1918 hafi „afréttarlandinu Auðkúluheiði eign Auðkúluprestakalls" verið afsalað til hreppanna. Þá segir að heimildir bendi til þess að Auðkúluheiði hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð og þegar heiðarinnar sé getið í skriflegum heimildum sé það í tengslum við upprekstur og afréttarmál. Þá segir í niðurstöðum hæstaréttar að þegar litið sé til alls þessa og þess sem greini í héraðsdómi um Auðkúluheiði og nýtingu hennar verði ekki talið að sönnur hafi verið leiddar að því að heiðin hafi nokkurn tíma verið undirorpin fullkomnum eignarétti einstaklinga, kirkjunnar eða ríkisins, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Orðalag í afsalsbréfi ráðherra 5. júlí 1918 ráði ekki úrslitum um þetta. Einhliða yfirlýsing um takmörk Auðkúluheiðar, þinglýstum 17. maí 1890, styðji ekki kröfur hreppanna um eignarétt. Tiltækar heimildir bendi hins vegar til þess að um afréttareign eiganda heimalands Auðkúlu hafi verið að ræða í þeim skilningi að aðrir hafi átt þar rétt til upprekstrar og ef til vill annara nota en gegn gjaldi til Auðkúlumanna. Þá séu staðhættir og víðátta heiðalandsins þannig að líkur mæli gegn óskoruðum eignarlögðum jarðareigenda. Þá segir að í lögum nr. 50/1907, sem vísað sé til í afsali ráðherra Íslands fyrir Auðkúluheiði 5. júlí 1918 hafi ekki falist frekari heimild til afsalseignarréttinda en heyrðu til kirkjujörðum. Með afsalinu hafi því ekki geta falist víðtækari eignarréttur hreppunum til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Með hliðsjón af því og nýtingu afréttarlandsins hafi hrepparnir ekki heldur unnið eignarhefð á Auðkúluheiði. Samkvæmt því sem rakið hafi verið í dómnum og með vísan til 2. gr. vatnalaga, sbr. 1. og 49. gr. þeirra, verði héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 10. apríl 1997, í málinu nr. 67/1996 var dæmt um þá kröfu Bólstaðarhlíðarhrepps, Seyluhrepps og Lýtingsstaðahrepps að þeim bæri réttur til úrskurðaðra bóta fyrir virkjunarréttindi í Blöndu fyrir Eyvindarstaðaheiði.

Af hálfu hreppanna var á því byggt að Eyvindarstaðaheiði væri fullkomin eign þeirra samkvæmt afsali frá Hannesi Péturssyni á Skíðastöðum eins og Hannes hafði eignast hana með þinglýstum kaupsamningi og afsali dags. 11. febrúar og 30. ágúst 1897 frá Kristjáni Gíslasyni á Sauðárkróki. Dómkröfum hreppsfélag-

anna var af héraðsdómi og hæstarétti hafnað með sömu rökum og gert var í áðurgreindu dómsmáli um Auðkúluheiði og vísast til þess rökstuðnings sem þar er gerð grein fyrir.

4.2.4. Héraðsdómar.

Ekki er um marga héraðsdóma að ræða sem skipta máli í þessu sambandi. Hér verður þó eins slíks getið.

Á aukadómþingi Árnessýslu 1980, í máli nr. 11/1976, var dæmt um réttmæti eignarréttartilkalls Bræðratungukirkju til Tunguheiðar svokallaðrar, sem liggur ofan byggðar í Biskupstungum. Að beiðni kirkjunnar hafði verið gefin út eignardómsstefna, en til varna risu Biskupstungnahreppur og ríkissjóður.

Eignarrétt sinn reisti kirkjan á margþættum heimildum sem allar tilgreindu framangreint landsvæði sem eign kirkjunnar. Þær helstu voru *Gíslamáldagi* frá 1575, *vísitasíugerðir* frá ýmsum tímum, sú elsta frá 1644, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og færslur í *fasteignamatsbækur* Árnessýslu frá þessari öld. Megin rökstuðningur fulltrúa kirkjunnar fyrir dómi fólst í því að heiðin hefði aldrei verið afréttur, heldur þvert á móti skýrt aðgreind frá afréttarlöndum Biskupstungnamanna. Heiðin hefði verið sérstök eign Bræðratungukirkju og því ekki fylgt jörðinni.

Biskupstungnahreppur andmælti því ekki að eignarréttur Bræðratungukirkju yrði viðurkenndur, heldur vildi hreppurinn fá viðurkenndan rétt sinn til afréttarnota grundvölluðum á *hefð*.

Fulltrúar ríkissjóðs, landbúnaðar- og fjármálaráðherra, mótmæltu því að um beinan eignarrétt Bræðratungukirkju að þrætulandinu væri að ræða. Röksemdir ríkisins fólust í því að vegna landfræðilegra staðhátta gæti Tunguheiði ekki talist hluti af heimalandi Bræðratungu og hlyti því að vera afréttur. Hinn beini eignarréttur að afréttum væri alla jafnan ríkisins og vitnaði lögmaður ríkisins til skoðunar ýmissa fræðimanna þar að lútandi, meðal annars Þórðar Eyjólfssonar og Halldórs Halldórssonar.[68] Röksemdir ríkisins fyrir eignarrétti sínum virðast að öðru leyti hafa byggst á svipuðum sjónarmiðum og í hrd. 1981, bls. 1584.

Í niðurstöðu dómsins sagði að ekki lægi ljóst fyrir, hvernig Tunguheiði hefði orðið kirkjueign. Hins vegar bentu gögn málsins og landfræðileg lega Tunguheiðar miðað við afrétt og lönd jarða í Biskupstungum til þess *að fremur væri um eignarland en afrétt að ræða*. Því var eignarréttur kirkjunnar að heiðinni viðurkenndur. Ekki var tekin afstaða til mótmæla Biskupstungnahrepps, þar sem réttindi þau sem hreppurinn krafðist viðurkenningar á voru ekki talin raska eignarrétti kirkjunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lagamáli jafnt sem daglegu máli hefur mjög verið á reiki hvaða hugtök hafa verið notuð til að lýsa eignarréttindum yfir landi og hvert hefur þá í raun verið inntak þeirra réttinda eins og lýst var í kafla I og II hér að framan. Hér er lagt til að merking þriggja grundvallarhugtaka verði afmörkuð og þó að skilgreiningar þessar séu bundnar við þetta frumvarp ættu þær, ef frumvarpið verður að lögum, að geta orðið grundvöllur að almennri og samræmdri notkun þessara hugtaka í lögum og lagamáli.

Fræðimenn skilgreina hugtakið eignarrétt nú almennt á þann veg að hann sé einkaréttur ákveðins aðila, eigandans, til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) réttindum annarra aðila sem stofnað hefur verið til yfir hlutnum (Gaukur Jörundsson: Eignaréttur, bls. 4).

---

[68] Þórður Eyjólfsson, sama rit, og Halldór Halldórsson, „Þat eru almenningar, er fjórðungsmenn eigu saman." Álitsgerð 26. nóvember 1971.

Ef farin er sú leið að lýsa með lögum yfir eignarrétti íslenska ríkisins eða annars tiltekins aðila yfir landi og landsréttindum utan eignarlanda mætti með nokkurri einföldun segja að ekki væri þörf á að gera mun annars vegar á eignarlandi og hins vegar þjóðlendum því að með sama hætti og eigandi fer með eignarráð innan eignarlands fari íslenska ríkið með eignarráð innan þjóðlendna. Þau landsvæði, sem við úrlausn mála samkvæmt frumvarpi þessu féllu í flokk þjóðlendna, hafa að stærstum hluta verið nýtt sem afréttir um langt skeið og þau afnot og löggjöf hafa búið þessum landsvæðum ákveðna sérstöðu þannig að eignarráð ríkisins yfir landsvæðunum verða að miðast við þessa sérstöðu. Eignarráð ríkisins yfir þessum landsvæðum eru því í ljósi þeirra dóma hæstaréttar sem gengið hafa um slík landsvæði frekar hluti af forræðisrétti ríkisins innan yfirráðasvæðis þess, rétt eins og yfir landhelginni og efnahagslögsögunni, heldur en að þar sé ríkið að fara með hin hefðbundnu eignarráð fasteignareiganda. Því er lagt til að landinu verði skipt annars vegar í eignarlönd og hins vegar þjóðlendur og er hið síðara nýtt hugtak í íslenskum lögum.

Þegar talað er um hefðbundinn eignarrétt yfir landi, þar sem einstaklingur eða lögaðili, hvort sem það er félag, stofnun, sveitarfélag eða ríkið, fer með hin almennu eignarráð sem ekki hafa verið fengin öðrum með samningum, lögum eða öðrum ráðstöfunum eigandans, hafa ýmis hugtök verið notuð til að lýsa inntaki réttinda eigandans. Sem dæmi má nefna að talað hefur verið um grunneignarrétt, eignarland, fullkomið eignarland, land í einkaeign og landareign sem er háð einkaeignarrétti, en einnig eru dæmi um að talað sé um að land sé undirorpið einstaklingseignarrétti. Í frumvarpinu er lagt til að hugtakið *eignarland* verði notað yfir þau landsvæði sem eru háð einkaeignarrétti, en einkaeignarréttur er skilgreindur svo að þá fari eigandi landsins með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Það hefur lengi tíðkast að nefna svæði ofan byggðar og á miðhálendinu afrétti. Í mörgum tilvikum hafa ytri merki þessara svæða gagnvart öðrum afréttum, eignarlöndum eða almenningum ekki verið skýr og óvissa hefur sums staðar verið um eignarráð á þessum landsvæðum. Þessi landsvæði eiga það sameiginlegt að hafa verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfénað, einkum sauðfé, en ýmist er hvort afréttir hafa verið nýttir af búendum á ákveðnu svæði eða fylgt einni eða fleiri jörðum. Um upphaf afréttarnota segir hæstiréttur í fyrri Landmannaafréttardóminum, hrd. 1955, bls. 108:

> „Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á."

Þessi afnot nægðu hins vegar ekki til þess að hreppsfélögin hefðu öðlast eignarrétt á afréttarlandinu.

Í lögum hefur verið verið gengið út frá því að til séu á miðhálendinu landsvæði sem nefnd hafa verið almenningar, sbr. t.d. Jónsbók, Landsleigubálk, kap. 52: „Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit bæði hit efra ok hit ytra" og 4. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.: „Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra ...".

Mörk milli afrétta og almenninga hafa ekki verið ljós og ekki verður séð að tilefni sé til þess að gera að lögum mun á eignarréttarlegri stöðu þessara svæða sé aðstaðan á annað borð sú að enginn geti sannað eignarrétt sinn að þeim. Um afrétti gildir hins vegar sú sérstaða að þar kunna tilteknir aðilar að eiga beitarréttindi og önnur réttindi sem byggjast á þeim notum.

Í frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því að nota orðið almenningur en tekið verði upp nýtt hugtak *þjóðlenda* og það taki til allra landsvæða utan eignarlanda þó að einstaklingar eða

lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Hvert landsvæði, sem hefur sjálfstæð merki frá náttúrunnar hendi eða á grundvelli sjálfstæðrar merkjalýsingar eða annarra gagna, telst þá ein þjóðlenda. Innan þjóðlendu kunna hins vegar að vera afréttir, þ.e. nytjasvæði, þeirra sem þar eiga upprekstur og samkvæmt frumvarpinu er miðað við að þau svæði verði afmörkuð sérstaklega þannig að ljóst sé hvar hin staðarlegu mörk þeirra réttinda sem afréttareign (upprekstrarrétti) fylgja séu. Hugtakið *afréttur* er því skilgreint út frá beitarnotum fyrir búfé og ráðast mörk afréttar þannig af því landsvæði sem sannanlega hefur verið nýtt til sumarbeitar fyrir búpening.

Við val á orðinu þjóðlenda var sérstaklega horft til sérstöðu þessara landsvæða og orðinu er ætlað að undirstrika að þarna er um að ræða landsvæði sem þjóðin fer með sem heild, þó svo að einstakir aðilar kunni vegna sérstakra nytja að hafa öðlast þar réttindi. Hálendissvæði þessi eru sameiginleg auðlind þjóðarinnar og frumvarpið gerir ráð fyrir að forsætisráðherra fari með þessi sameiginlegu gæði sem vörslumaður. Nefnt hefur verið hvort rétt væri að gera miðhálendi Íslands að þjóðgarði, en vegna þeirra nytjakvaða sem á landinu hvíla er um margt örðugt að skipa því í sama flokk og nú er gert með þjóðgarða. Skýrari afmörkun þessara landsvæða og reglur um forræði yfir þeim gætu síðar orðið grundvöllur frekari ákvarðana um meðferð þessara landsvæða í heild eða einstakra hluta þeirra frá umhverfissjónarmiði.

Rétt er að taka fram að hugtakið fasteign er í lagamáli almennt skilgreint svo að um sé að ræða afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt. Eignarland og þjóðlenda féllu í flokk fasteigna.

Um 2. gr.

Í dómi hæstaréttar um Landmannaafrétt, hrd. 1981, bls. 1584, var tekið fram að eignarréttartilkall ríkisins til svæðisins ætti sér ekki stoð í skráðum réttarreglum, en hins vegar yrði að telja að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, gætu í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og hagnýtingu landsvæðisins. Í nokkrum tilvikum hefur Alþingi með lögum mælt fyrir um hver skuli hafa rétt til að hagnýta einstök landgæði innan landsvæða utan eignarlanda.

Þannig hafa í lögum verið settar reglur um hverjir eigi rétt til veiði í þessum löndum. Um dýra- og fuglaveiðar segir nú í 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, að öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, séu dýraveiðar, þar með taldar fuglaveiðar, heimilar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Um lax- og silungsveiði segir í lögum nr. 76/1970 að búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, sé einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt og verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Ekki eru sérstök ákvæði í lögum um veiðar í vötnum innan almenninga, enda óvíst að slíkum vötnum utan afrétta sé til að dreifa hér á landi.

Um upprekstrarrétt eru ákvæði í 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, en þar segir í 7. gr. að upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eigi allir búfjáreigendur sem landsafnot hafa í hreppi eða félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðareiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt. Um upprekstrarrétt á afréttarland sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun fer eftir fornri venju eða samningum.

Í námulögum nr. 24/1973 segir að á landsvæðum utan landareigna, sem eru háðar einkaeignarrétti og ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hafi ríkið eitt rétt til jarðefna.

Ekki eru í lögum bein ákvæði um eignarráð yfir vatni, vatnsorku eða jarðhita á landsvæðum utan eignarlanda, þ.e. afréttum og almenningum. Fossanefndin, sem starfaði að undirbúningi vatnalaganna, sem síðar urðu lög nr. 15/1923, varð í meginatriðum sammála um að almenningar og afréttir væru ríkiseign, þó svo að minni hlutinn gerði þann fyrirvara að afréttir kynnu að vera einkaeign (nefndarálit meiri hluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. X og nefndarálit minnihluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. 32). Eins og rakið er í kafla II hér að framan var ekki í endanlegum frumvarpstexta vatnalaganna tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu vatnsréttinda í afréttum og almenningum, heldur var þess getið í athugasemd með 2. gr. frumvarpsins að ekki væru efni til að úrskurða um eignarréttindi að þessum landsvæðum í lögunum, heldur yrði það væntanlega dómstóla að rannsaka það sérstaklega hvaða lendur væru ríkiseign. Síðan sagði:

„Af því að vatnsrjettindin fylgja eignarrjetti að landi eftir stefnu þessa frumvarps virðist óþarft að taka það fram, að ríkið eigi vatnsréttindi í afrjettum og almenningum, því að ef ríkið á þessar lendur, þá er einnig skorið úr því hver eigi vatnsrjettindin.“ (Alþt. 1921 A, bls. 180.)

Það skal tekið fram að á þessum tíma átti sú skoðun mjög almennu fylgi að fagna að land sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti væri ríkiseign. Dómstólar hafa hins vegar síðar hafnað þeirri skoðun, sbr. Landmannaafréttardóm, hrd. 1981, bls. 1584.

Alþingi hefur með lögum um Landsvirkjun, nú síðast lögum nr. 42/1983, veitt Landsvirkjun heimild til að nýta vatnsréttindi á hálendinu í þágu ákveðinna virkjana.

Í 12. gr. orkulaga nr. 58/1967 segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim sem lögin tilgreina. Ekki er í orkulögum eða öðrum lögum sérstaklega fjallað um jarðhita í afréttum, almenningum eða landsvæðum utan eignarlanda. Í þeim mæli sem jarðhiti á slíkum svæðum hefur verið nýttur er það til upphitunar fjallaskála og í laugar og böð við þá.

Aukin og breytt nýting á hálendinu kallar á að settar verði skýrar reglur um hver fari með eignarráð lands þar og sé bær um að taka ákvarðanir um þau málefni. Sem dæmi um þetta má nefna aukinn fjölda ferðamanna sem sækja heim þessi landsvæði og óskir um uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn þar. Líkur eru á að ásókn í að nýta auðlindir í formi jarðefna, vatnsorku og jarðhita á hálendinu muni aukast og rýmkaðar heimildir erlendra aðila til að fjárfesta og reka slíka starfsemi hér á landi ítreka enn nauðsyn þess að reglur um eignarráð á þessum landsvæðum séu skýrar.

Þegar setja á lagareglu um hver fari með eignarráð þess lands og landsréttinda sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til er viðfangsefnið fyrst og fremst að leysa úr því hver skuli fara með eignarréttindi innan þessa lands sem annars kæmi í hlut eiganda landsins að fara með. Frá lagalegu sjónarmiði er ekki endilega nauðsynlegt að lýsa því yfir að sá sem fer með þau eignarráð sé eigandi landsins og landsréttindanna, heldur mætti gera það með orðalagi í lögum sem kveði á um að sá aðili ráði yfir landi og landsréttindum utan eignarlanda eða færi með rétt til að hagnýta landið og landsréttindin, sbr. einnig orðalag 2. gr. námulaga nr. 24/1973: „... hefur ríkið eitt rétt til jarðefna“. Má raunar orða það svo að samkvæmt íslenskum lögum sé engin óumflýjanleg nauðsyn að allt land sé háð eignarrétti að einkarétti. Skýr ákvæði um forræði á landi utan eignarlanda ættu þar að vera nægjanleg. Hversu langt á að ganga í þessu efni og hver eigi að fara með eignarráðin, þ.e. ríkið, sveitarfélögin eða einhver annar aðili, er pólitísk ákvörðun.

Hér er hins vegar lagt til að skrefið verði stigið til fulls og því lýst yfir að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Fyrir liggur sú skýra afstaða dómstóla að heimildir sveitarfélaganna, íbúa þeirra og einstakra upprekstraraðila innan umræddra hálendissvæða takmarkist við þröngar nýt-

ingarheimildir og þá fyrst og fremst beitarafnot og þau veiðiréttindi sem upprekstraraðilum hafa verið fengin með lögum. Með því að mæla fyrir um að landið sjálft og önnur landsréttindi séu eign ríkisins verður því ekki séð að verið sé að taka nein réttindi frá sveitarfélögunum eða þeim sem rétt eiga til upprekstrar á þessi svæði. Hlutverk ríkisins er að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fer með stjórn auðlinda í hafinu innan þess ramma sem settur er um þau málefni í lögum verður að telja rétt að ríkið fari með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til.

Vegna samanburðar við auðlindir í hafinu og skipan lagareglna um yfirráð þessara auðlinda ber að hafa í huga að þar er sá veigamikli munur á að á landi er verið að tala um eignarráð fasteigna og réttinda sem þeim fylgja. Í mörgum tilvikum getur þess verið þörf að þinglýsa gerningum sem varða ráðstöfun og meðferð þessara fasteigna og að þinglýsingalögum þarf sá aðili sem slíkum réttindum ráðstafar að hafa eignarheimild.

Í 2. mgr. er lagt til að forsætisráðherra fari með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum. Leggja verður áherslu á að hlutverk ráðuneytisins er þarna að fara með þau verkefni sem annars kæmu í hlut landeiganda að fjalla um en að auki fer ráðuneytið með ákveðnar stjórnsýsluskyldur vegna þjóðlendna. Við undirbúning frumvarpsins hefur verið hugað sérstaklega að því innan hvaða ráðuneytis ætti að skipa málefnum þjóðlendna. Vissulega mætti hugsa sér að fjármálaráðuneytið færi með þjóðlendur eins og eignir ríkisins eða landbúnaðarráðuneytið með sama hætti og ríkisjarðir, en þjóðlendur hafa sérstöðu vegna þeirra afmörkuðu eignarréttinda (nytjaréttinda) sem þegar hvíla á þeim og þess skiptaforræðis sem lagt er til að viðhaft verði skv. 3. gr. frumvarpsins. Ráðuneyti umhverfismála fer með ýmis stjórnsýslumálefni, svo sem umhverfismál, náttúruvernd og skipulags- og byggingarmál, og hæglega kunna að rísa ágreiningsefni um skipan þessara mála innan þjóðlendna og er þá ekki rétt að það ráðuneyti komi í senn fram í hlutverki forráðamanns landsins og æðsta úrskurðaraðila á stjórnsýslustigi. Sömu sjónarmið eiga einnig við um iðnaðarráðuneytið þegar kemur að ráðstöfun auðlinda innan þjóðlendna.

Um 3. gr.

Þess eru dæmi frá liðnum árum að félagasamtök og einstaklingar hafi reist fjallaskála og girt af svæði, t.d. til landgræðslu, á hálendissvæðum, en vafi hefur risið um hver hafi verið bær til að heimila slíkt sem forráðamaður landsins. Í nokkrum tilvikum hafa hlutaðeigandi sveitarfélög veitt heimildir í þessu efni. Í 1. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að enginn geti án þess að fá til þess sérstakt leyfi þar til bærs aðila tekið sér land eða réttindi innan þjóðlendu til eigin nota.

Þegar þess er gætt að stærstur hluti þess lands sem fellur innan þjóðlendna hefur verið og verður væntanlega enn um sinn nýttur til upprekstrar og sveitarfélögin hafa hvert á sínu svæði farið með og sinnt um þessi landsvæði, enda hafa þau fallið innan stjórnsýslumarka þeirra í flestum tilvikum, er lagt til að forræði á ráðstöfun lands og landsgæða innan þjóðlendna verði skipt milli forsætisráðherra og sveitarfélaganna. Ráðuneytinu og sveitarstjórn er í þessi efni ætlað að fara með þær heimildir sem annars væru í höndum landeigenda. Hér er fylgt þeirri stefnu að ekki sé ástæða til þess að forsætisráðherra þurfi að koma að veitingu leyfa til skammtímaráðstöfunar á landi og landsréttindum, svo sem eitt sumar, heldur eigi að vera nægjanlegt að fá í því tilviki leyfi viðkomandi sveitarstjórnar enda gert ráð fyrir því að forsætisráðherra setji á grundvelli 2. mgr. 4. gr. almennar reglur um veitingu slíkra leyfa.

Sé landi ekki skipað innan staðarmarka sveitarfélags fer forsætisráðherra einn með þau landeigandaráð sem felast í heimildum þessara laga.

Minnt skal á að samkvæmt gildandi lögum þarf samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar til ráðstöfunar landsréttinda innan þeirra svæða sem teljast til þjóðlendna samkvæmt frumvarpinu, enda falli þau svæði innan staðarmarka sveitarfélaga. Koma þar t.d. til ákvæði jarðalaga um samþykki til aðilaskipta og afskipti á grundvelli skipulags- og byggingarlaga. Rétt þykir því þegar sleppir þeirri nýtingu sem sérstaklega er tilgreind í 2. mgr. að jafnan þurfi að liggja fyrir samþykki sveitarstjórnar til ráðstöfunar lands og landsréttinda innan þjóðlendna, en þegar um varanlega ráðstöfun sé að ræða þurfi jafnframt samþykki forsætisráherra. Þar sem sveitarfélögum er hér fengin aðild að ráðstöfun hinna sameiginlegu gæða sem felast í þjóðlendum þykir rétt að forsætisráðherra geti ráðið til lykta ágreiningi sem rís um veitingu leyfa til nýtingar lands og landsréttinda innan þjóðlendna, t.d. ef synjun sveitarstjórnar telst ekki byggð á málefnalegum sjónarmiðum.

Ákveði Alþingi með lögum að ráðstafa réttindum innan þjóðlendu, t.d. vegna leyfa til tiltekinna virkjunarframkvæmda, gengur sú lagasetning framar ákvæðum þessa frumvarps samkvæmt almennum reglum.

Auk hinna sérstöku leyfa samkvæmt lögunum þarf auðvitað að afla annarra lögmæltra leyfa til framkvæmda innan þjóðlendna, svo sem byggingarleyfa, og framkvæmdir þar verða að vera í samræmi við reglur skipulagslaga. Að þeim málum koma hlutaðeigandi stjórnvöld og þjóðlendur verða því undir eftirliti byggingar- og skipulagsyfirvalda og stjórnvalda sem fara með veitingu heimilda til nýtingar jarðefna og orkulinda.

Í þessu frumvarpi er á því byggt að ekki beri að fara með þjóðlendur eins og hefðbundnar eignir ríkisins, svo sem einstakar lóðir eða jarðir, heldur fari ríkið í þessu tilviki með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðarinnar, þó svo að taka verði tillit til hagsmuna þeirra sem þegar hafa áunnið sér réttindi til nytja innan þeirra. Af þessu leiðir að lagt er til að tekjum sem kunna að falla til vegna gjalda (leigu) fyrir afnot lands og landsgæða innan þjóðlendu verði varið sérstaklega í þágu verkefna innan þjóðlendna, en renni ekki í ríkissjóð eða einstaka sveitarsjóði. Þjóðlendur fá með þessu sérstöðu sem um margt svipar til sjálfseignarstofnana. Er þar enn höfð í huga hin sögulega sérstaða þessara landsvæða.

Í 6. mgr. er ítrekuð sú regla að í frumvarpinu er í engu raskað réttindum sem einstakir aðilar hafa þegar öðlast innan þjóðlendu og geta fært sönnur á.

Fræðimenn hafa litið svo á að með ákvæðum laga um að almenningar skyldu vera þeir sem að fornu hefðu verið og skorðum við nýtingu afrétta hafi nám verið útilokað með lögum. Einnig hefur í þessu efni verið vísað til þess að eftir lögtöku nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 og síðar nýbýlalaga nr. 15/1897 hafi nám ekki lengur verið heimilt, nema samkvæmt reglum þeirra laga. Að lögum er það skilyrði til að hefð vinnist að hefðandi hafi haft það sem nefnt er óslitið eignarhald á eigninni, þ.e. haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar, og jafnframt útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í tilviki þjóðlendna verður aðstaðan sú að umráð ríkisins sem eiganda landsins og landgæðanna verða ekki hin hefðbundnu og virku eignarráð landeiganda, heldur stendur ríkið í raun meira álengdar sem forræðisaðili. Þykir því rétt að leggja til að frá gildistöku laganna verði hefð ekki unnin á landi og landsréttindum innan þjóðlendu. Tekið skal fram að þessi regla útilokar ekki að aðili sem sýnir fram á að hann hafi þegar öðlast eignarrétt innan þjóðlendu fyrir hefð geti fengið rétt sinn viðurkenndan. Hins vegar rýfur gildistaka laganna hefðarhald. Rétt er að geta þess að í svonefndum Landmannaafréttardómum, þ.e. hrd. 1955, bls. 108, og hrd. 1981, bls. 1584, var því hafnað að sveitarfélögin og ríkið hefðu öðlast beinan eignarrétt að Landamannaafrétti fyrir hefð.

Um 4. gr.

Stjórnsýsla sú á málefnum þjóðlendna, sem samkvæmt frumvarpinu er í höndum forsætisráðherra, kann í ýmsu að tengjast málefnum sem önnur ráðuneyti fara með og einnig að sveitarfélögum er ætlað þar hlutverk. Rétt þykir því að setja á stofn sérstakan samstarfsvettvang sem verði forsætisráðherra til aðstoðar við stjórn málefna þjóðlendna. Samstarfsnefndinni er ekki ætlað að vera ákvörðunaraðili, en hins vegar ætti tilvist hennar að draga úr árekstrum milli ráðuneyta vegna skiptingar forræðis á svæðum innan þjóðlendna milli ráðuneyta.

Í 2. mgr. er lagt til að forsætisráðherra hafi heimild til að setja með reglugerð nánari reglur um meðferð og nýtingu þjóðlendna samkvæmt lögum þessum. Í reglugerð er þannig hægt að setja m.a. nánari ákvæði um leyfisveitingar sveitarfélaga til nýtingar á þjóðlendum og meðferð tekna vegna slíkra leyfa.

Um 5. gr.

Í síðari Landmannaafréttardóminum, hrd. 1981, bls. 1584, var tekið fram að fyrirsvarsmenn ríkisins hefðu viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir". Litið hefur verið svo á að þeir aðilar, sem hverju sinni eiga upprekstrarrétt á afrétt, sem ekki telst eignarland, hafi þar öðlast svonefnda afréttareign. Þau réttindi, sem afréttareign fylgja, eru annars vegar byggð á lögum og hins vegar svonefndum venjurétti. Sem dæmi um fyrra tilvikið má nefna ákvæði 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og reglur laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, um upprekstrarrétt. Til fyllingar ákvæðum laga um upprekstrarréttinn kemur venjuréttur á því sviði og ekki er hægt að útiloka að afréttareign fylgi aðrar þröngar nýtingarheimildir sem byggjast á venjurétti, en það er þá þess sem heldur því fram að hann hafði öðlast slík réttindi að færa sönnur á þau.

Ákvæði 5. gr. er ætlað að staðfesta að ekki skuli með lögunum raskað þeim réttindum sem fylgja afréttareign og aðilar hafa þegar öðlast innan þjóðlendu á þeim grundvelli.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. taka til réttinda sem aðili kann að færa sönnur á að hann hafi eignast innan þjóðlendu á öðrum grundvelli en vegna upprekstrar og þar með sem afréttareign. Þar undir gætu t.d. fallið réttindi á grundvelli venjuréttar og hefðar.

Um III. kafla.

Eins og fram kemur í I. kafla almennra athugasemda er við gerð frumvarps þessa byggt á því að stjórnvöldum verði falið að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna og mörk afrétta innan þjóðlendna og úrskurða um önnur eignarréttindi innan þjóðlendna. Rétt er að taka fram að úrskurðum nefndarinnar verður skotið til dómstóla vilji aðilar ekki una þeim.

Um 6. gr.

Lagt er til að komið verði á fót sérstakri stjórnsýslunefnd sem verði falið að vinna framangreind verk en hlutverki hennar er lýst í 7. gr. Með því að hér er um að ræða stjórnsýslunefnd gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um nefndina, þar á meðal um hæfi nefndarmanna, þegar sleppir sérstökum ákvæðum frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir því að forsætisráðherra skipi nefndarmenn sem verði þrír og enn fremur þrjá varamenn. Skipaður verði formaður og varaformaður úr hópi aðalmanna.

Lagt er til í 2. mgr. að nefndarmenn, bæði aðal- og varamenn, uppfylli skilyrði til þess að gegna embætti héraðsdómara, enda verkefni óbyggðanefndar eðlislík dómstörfum og því þykir eðlilegt að setja þetta skilyrði.

Þá eru í 3. mgr. reglur um hvernig varamenn taki sæti í nefndinni við úrlausn einstaks máls en formaður ákveður hver þeirra gerir það. Er það annars vegar vegna forfalla aðalmanns en enn fremur er gert ráð fyrir að varamaður eða -menn taki sæti í óbyggðanefnd ef fjöldi mála verður svo mikill eða einstök mál svo umfangsmikil að meðferð mála taki að dragast vegna þess. Þá er gert ráð fyrir að sömu menn fari með mál þau sem eru munnlega flutt frá því að að aðilum gefst kostur á að tjá sig fyrir nefndinni þar til úrskurður er kveðinn upp.

Í 4. mgr. er heimild til þess að kalla til menn sem búa yfir sérkunnáttu á tilteknu sviði telji formaður þess þörf. Er þá gert ráð fyrir að nefndarmenn verði fimm en við það er miðað að ávallt taki þrír menn úr hópi aðal- og varamanna þátt í meðferð einstaks máls til þess að tryggja sem best samræmi í meðferð og úrlausn mála fyrir óbyggðanefnd og því er hér miðað við að sé sérkunnáttu þörf taki sérfróðir menn þátt í meðferð máls auk hinna þriggja nefndarmanna. Þá er gert ráð fyrir því að ef einungis er þörf á einum sérfróðum manni taki einn nefndarmanna í viðbót við hina þrjá sæti í nefndinni þannig að í þeim tilvikum sitja fjórir nefndarmenn auk eins sérfróðs manns í nefndinni.

Ljóst þykir að starf nefndarinnar verði mjög umfangsmikið og nauðsynlegt verður að hafa starfsfólk til aðstoðar nefndinni auk þess sem sjá verður henni fyrir skrifstofuaðstöðu.

Þá verður að telja rétt að nefndin leiti eftir samvinnu um tæknileg málefni, svo sem kortagerð, við Landmælingar Íslands og aðra opinbera aðila sem starfa á þessu sviði.

Loks er hér gert ráð fyrir að kostnaður af starfi nefndarinnar, bæði rekstur hennar og þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði.

Um 7. gr.

Hér er hlutverki óbyggðanefndar lýst.

Í a-lið kemur fram að nefndinni er ætlað að kanna og skera úr um hvaða land teljist til þjóðlendna. Eins og fram kemur í 8. gr. skal nefndin eiga frumkvæði að því að vinna verkið en um þetta efni vísast til þess sem að framan segir.

Þá er í b-lið gert ráð fyrir að sé hluti þjóðlendu nýttur sem afréttur sé nefndin úrskurðaraðili um mörk afréttarins gagnvart öðrum hluta þjóðlendu.

Loks er í c-lið gert ráð fyrir að nefndin leysi úr ágreiningi um eignarréttindi innan þjóðlendu en þar gæti t.d. verið um að ræða beitarréttindi eða önnur nytjaréttindi sem tiltekin jörð telur sig eiga á grundvelli heimildarskjala eða hefðar.

Um 8. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stjórnvöld eigi frumkvæði að því að leyst verði úr álitaefnum sem uppi eru í landinu um eignar- og afnotaréttindi á svæðum utan eignarlanda og er hér mælt fyrir um að óbyggðanefnd skuli eiga frumkvæði að því að úr þessum álitaefnum verði skorið og henni markaður tími til að ljúka verki sínu og stefnt skuli að því að ljúka verkinu fyrir árið 2007.

Um 9. gr.

Hér er miðað við að aðili sem telur til eignarréttinda geti leitað til óbyggðanefndar til þess að fá úrskurð hennar enda þótt nefndin hafi ekki sjálf tekið álitaefnið til meðferðar. Skal nefndin taka beiðnina til meðferðar en getur þó frestað því að taka hana fyrir telji hún það hentugra vegna þess hvernig hún hefur skipulagt verkefni sitt.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að óbyggðanefnd gefi út tilkynningu um að hún hyggist taka afmarkað svæði til meðferðar og gefa mönnum kost á að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni

innan þriggja mánaða. Er nefndinni ætlað að tilkynna ákvörðun sína í Lögbirtingablaði og jafnframt að þinglýsa ákvörðun á viðkomandi eignir.

Þeir aðilar sem sem gera kröfur fyrir nefndinni skulu leggja heimildir og gögn sem þeir byggja á fyrir nefndina um leið og kröfugerð kemur fram en það ætti að leiða til þess að málsmeðferð verði hraðari og markvissari. Í samræmi við málsmeðferðarreglur stjórnsýsluréttar skal nefndin gefa þeim sem í hlut eiga kost á að tala máli sínu fyrir nefndinni og hafa uppi andsvör vegna krafna og sjónarmiða annarra.

Í 3. mgr. kemur fram að óbyggðanefnd sjálf skal eiga frumkvæði að gagnaöflun og könnun heimilda. Er það talið nauðsynlegt til þess að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um hin einstöku álitaefni sem nefndin hefur til meðferðar. Auk þeirrar skjallegu sönnunarfærslu sem hér er gert ráð fyrir getur óbyggðanefnd heimilað munnlega sönnunarfærslu fyrir nefndinni.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að fjármálaráðherra fari með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu. Þrátt fyrir reglu þá sem fram kemur í 5. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála þykir rétt að hafa fyrirsvar hér á einni hendi vegna þess að þess má vænta að málafjöldi geti orðið nokkur og þörf verði á því að samræmingar sé gætt.

Þá er lagt til að fest verði í lög sú regla að sveitarstjórnir eða upprekstrarfélög hafi umboð til að fara með og ráðstafa málefni fyrir hönd einstakra rétthafa. Slík regla útilokar þó ekki einstaka aðila sem kunna að telja til réttinda á viðkomandi svæði frá því að hafa uppi kröfur fyrir nefndinni.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að eftir að kröfur hafa borist nefndinni verði mönnum gefinn kostur á að kynna sér þær, ásamt uppdrætti þar sem kröfulínur eru dregnar, á skrifstofu viðkomandi sýslumanns og koma að athugasemdum ef einhverjar eru innan 15 daga frá því að kynningu lýkur.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er við það miðað að óbyggðanefnd hafi heimild til þess að sameina mál eða skilja í sundur eftir því sem hentugast þykir með tilliti til verkefnis nefndarinnar í heild. Í 2. mgr. er sams konar sjónarmið lagt til grundvallar.

Hugsanlegt er að eftir að meðferð máls er hafin fyrir óbyggðanefnd komi í ljós að aðili kunni að telja til eignarréttinda, enda þótt hann hafi ekki gert það e.t.v. vegna þess að honum er ekki kunnugt um það eða af öðrum ástæðum. Til þess að koma í veg fyrir flækjur sem af því gæti leitt er í 3. mgr. gert ráð fyrir að nefndin kanni sérstaklega hvort viðkomandi falli frá tilkalli en gefi honum ella kost á að gerast aðili máls.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. kemur sú regla að úrskurður óbyggðanefndar er endanlegur á stjórnsýslustigi með því að þeim verður ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds. Hins vegar verða þeir bornir undir dómstóla svo sem fram kemur í 20. gr. frumvarpsins.

Álitaefni, sem lögð eru til óbyggðanefndar, verða ekki lögð fyrir dómstóla fyrr en nefndin hefur fjallað um þau og felur ákvæðið það í sér að slíkri kröfu ætti að vísa frá dómi og aðili yrði að leggja hana fyrir óbyggðanefnd og fá úrskurð hennar áður en hann leitaði til dómstóla.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að óbyggðanefnd leiti sátta með aðilum nema telja megi sáttatilraun árangurslausa. Enda þótt sáttatilraun yrði ekki reynd myndi það ekki leiða til þess að málsmeðferð væri ógildanleg og gegnir hér sama máli og á sviði einkamálaréttarfars.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að óbyggðanefnd synji um fyrirtöku máls sem undir hana eru borin með úrskurði telji hún að málið heyri ekki undir hana og að aðila gefist kostur á að tjá sig sérstaklega um þetta atriði áður en úrskurður er kveðinn upp.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að aðili geti krafist þess að máli verði vísað frá telji hann að málið eigi ekki undir hana og úrskurðar nefndin um það.

Um 16. gr.

Í greininni er vísað til reglna stjórnsýslulaga um form og efni þeirra úrskurða óbyggðanefndar sem fela í sér endanlegar lyktir máls.

Um 17. gr.

Hér er gert ráð fyrir að aðilar geti gert kröfur á hendur öðrum aðilum um málskostnað líkt og gildir við meðferð einkamála fyrir dómstólum, enda hafi aðilar sett fram kröfur, greinargerðir og sjónarmið sín fyrir nefndinni, munnlega eða skriflega. Að öðru leyti er vísað til reglna einkamálaréttarfars um málskostnað.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að málskostnaðarákvæði í úrskurðum nefndarinnar verði aðfararhæf. Í 2. mgr. eru ákvæði um birtingu úrskurða sem þarfnast ekki skýringa og í 3. mgr. er óbyggðanefnd falið að eiga frumkvæði að því að úrskurðum, sem fela í sér eignarheimildir, verði þinglýst. Er hér lagt til að þinglýsingar- og stimpilgjöld verði ekki innheimt af slíkum skjölum og ekki heldur af tilkynningum skv. 1. mgr. 10. gr. þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, enda er hér um þau tilvik að ræða að verið er að skera úr um hvort tiltekin réttindi séu fyrir hendi en ekki framsal réttinda.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði kemur fram að úrskurðum óbyggðanefndar verður skotið til dómstóla svo sem almennt gildir um úrskurði stjórnvalds, en um varnarþing fer eftir almennum reglum. Gert er ráð fyrir sex mánaða málshöfðunarfresti. Eins og fram kemur í greininni er ráð fyrir því gert að sá sem leitar til dómstóla geti haft þar uppi sömu kröfur og gert hefur verið fyrir óbyggðanefnd en vegna reglu 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins verður ekki höfð uppi víðtækari kröfugerð fyrir dómstólum en gert hefur verið fyrir nefndinni. Þá verður að líta svo á að viðkomandi geti þrengt kröfugerð sína frá því sem gert hefur verið fyrir nefndinni.

Um 20.–21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að að setja lög um eignarhald á þeim landsvæðum sem teljast falla í flokka almenninga og afrétta.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að leyfi forsætisráðherra þurfi til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Einnig segir í sömu grein að forsætisráðherra sé heimilt að ákvarða og/eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu slíkra réttinda. Ekki er unnt að áætla hversu mikil eftirspurn verður eftir þeim leyfum sem hér um ræðir, en gera verður ráð fyrir að kostnaður við gagnaöflun, áður en til leyfisveitingar kemur, verði borinn af almennum fjárveitingum forsætisráðuneytisins og ekki þurfi að koma til sérstakra fjárveitinga af þeim sökum. Tekið skal fram að aðilar innan ríkiskerfisins, svo sem Orkustofnun, búa þegar yfir gögnum sem ráðuneytið getur notað í þessu skyni.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir samstarfsnefnd skipaðri sjö mönnum er verði forsætisráðherra til ráðuneytis um málefni þjóðlendna. Hér er litið svo á að laun og annar kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði á hliðstæðan hátt og við aðrar nefndir þótt þess sé ekki getið í frumvarpinu. Með hliðsjón af kostnaði við ýmsar fastar nefndir ríkisins verður að gera ráð fyrir að nefndarlaun geti numið 300 þús. kr. á ári og annar tengdur kostnaður um 200 þús. kr., samtals um 500 þús. kr.

Í 6. gr. er lagt til að sett verði á stofn óbyggðanefnd sem skipuð verði þrem mönnum. Skal nefndinni heimilt að ráða sér starfsfólk og koma sér upp skrifstofuaðstöðu að höfðu samráði við forsætisráðherra. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Skv. 7. og 8. gr. skal hlutverk nefndarinnar vera að skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna, hvað sé afréttur og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendna. Skal nefndin vinna þetta verk í áföngum og ljúka því fyrir árið 2007. Þar sem hér er um umfangsmikið verk að ræða mun talsverður kostnaður fylgja því. Gert er ráð fyrir að nefndarlaun verði allt að 1,3 m.kr. á ári, og er þá höfð hliðsjón af því að nefndina skulu skipa menn er fullnægi skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara auk þess sem henni er ætlað að vinna umfangsmikið verk.

Þá er áætlað að nefndin ráði sér a.m.k. einn löglærðan starfsmann auk ritara. Launakostnaður er talinn nema 4,5 m.kr. á ári við þessi tvö störf. Til viðbótar mun nefndin þurfa skrifstofuhúsnæði og aðra tengda þjónustu. Má ætla að rekstrargjöld nemi samtals 2 m.kr. og ferðakostnaður innanlands 0,5 m.kr. á ári. Samtals er rekstrarkostnaður við nefndina því áætlaður allt að 8,3 m.kr. á ári. Auk þess má gera ráð fyrir að stofnkostnaður við upphaf á starfi nefndarinnar (skrifstofubúnaður o.fl.) nemi um 1,5 m.kr.

Ætla má að árlegur rekstrarkostnaður ríkissjóðs af samþykkt þessa frumvarps geti því numið 8,8 m.kr. auk 1,5 m.kr. stofnkostnaðar í upphafi.

599. Frumvarp til búnaðarlaga. [368. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

1. *Jarðabætur* eru hvers konar framkvæmdir og umbætur á jörð sem stuðla að framförum í búrekstri, þar með talin ræktun og aðrar landbætur, endurheimt landgæða og gerð rekstrarbygginga og endurbætur á þeim.
2. *Búfjárrækt* er starfsemi sem með skipulegu kynbótastarfi og bættri fóðrun stuðlar að framförum í búfjárframleiðslu.
3. *Leiðbeiningarmiðstöð* er miðstöð á vegum eins búnaðarsambands eða fleiri þar sem starfa sérfróðir menn á ýmsum sviðum landbúnaðar við leiðbeiningar og önnur verkefni tengd framkvæmd laga þessara.
4. *Búnaðarfélag* er félag bænda á ákveðnu svæði, oftast í einum hreppi, óháð þeim búrekstri sem þeir stunda.
5. *Búgreinafélag* er félag bænda á ákveðnu svæði sem stunda sömu búgrein.
6. *Búnaðarsamband* er svæðisbundið samband búnaðarfélaga, búgreinafélaga og/eða einstakra bænda.
7. *Búgreinasamband* er landssamband búgreinafélaga eða einstakra bænda sem stunda sömu búgrein.
8. *Ræktunarstöð* er sæðingarstöð, uppeldisstöð fyrir kynbótagripi af innlendum eða erlendum stofni, eða stofnverndarbú til ræktunar búfjárstofna vegna sameiginlegs ræktunarstarfs búgreinar.
9. *Fagráð* er nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar. Fagráð getur starfað á fagsviði, t.d. hagfræði.
10. *Landsráðunautur* er ráðunautur sem hefur allt landið sem starfssvæði og hefur yfirumsjón með leiðbeiningum á sínu sviði.

2. gr.
Markmið laganna.

Markmið laganna er að stuðla að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni landbúnaðar. Fjárframlög ríkisins samkvæmt lögum þessum stuðli að þróun nýrra framleiðsluhátta og nýrra greina innan landbúnaðarins og í tengslum við hann og miðist við að bændur hér á landi hafi ekki lakari starfsskilyrði en almennt gerist í nágrannalöndunum.

3. gr.
Yfirstjórn og fjárframlög ríkisins.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Hann skal gera samning við Bændasamtök Íslands til fimm ára í senn um verkefni samkvæmt lögum þessum og framlög til þeirra, þar sem m.a. skal kveðið á um framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna atvinnuuppbyggingar í sveitum og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði. Samningurinn skal endurskoðaður og framlengdur annað hvert ár. Búnaðarþing skal gera tillögu til fimm ára um verkefni og fjármögnun þeirra. Skal hún lögð til grundvallar viðræðna um samning milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður veitir árlega framlög til verkefna á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, þar á meðal til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skv. 1. mgr.

Bændasamtök Íslands hafa á hendi faglega og fjárhagslega umsjón þeirra verkefna sem svo er samið um skv. 1. mgr. og fjárveiting heimilar, og annast framkvæmd þeirra nema öðruvísi sé um samið enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Bændasamtök Íslands og önnur þau samtök sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum geta tekið gjald fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

4. gr.

Fagráð.

Fagráð skulu starfa fyrir hverja búgrein og á einstökum fagsviðum. Fagráð móta stefnu í kynbótum og þróunarstarfi viðkomandi búgreinar, skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins. Enn fremur móta þau tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknum búgreinarinnar og fjalla um önnur mál er vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Í fagráðum skulu sitja menn úr hópi starfandi bænda og einn ráðunautur í hlutaðeigandi búgrein eða fagsviði. Með fagráðum starfa sérfróðir aðilar er vinna að kynbótum, rannsóknum, leiðbeiningum og kennslu á viðkomandi búgrein eða fagsviði. Fagráð skulu hljóta staðfestingu landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

5. gr.

Um félagsaðild bænda.

Hver sá sem stundar búrekstur í atvinnuskyni á rétt á aðild að búnaðarsambandi síns héraðs gegnum búnaðarfélag, búgreinafélag eða með beinni aðild eftir samþykktum viðkomandi búnaðarsambands. Sama búnaðarsamband getur náð yfir fleiri héruð og sýslur.

II. KAFLI
Jarðabætur.

6. gr.

Markmið.

Jarðabætur sem hér um ræðir skulu miða að því að bæta aðstöðu til búskapar á viðkomandi býlum og stuðla með því að framförum í landbúnaði og auka samkeppnishæfni hans. Þær skulu auk þess stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparhátta.

7. gr.

Framkvæmd.

Skilyrði þess að jarðabætur njóti framlags samkvæmt lögum þessum eru að um þær hafi verið samið eins og lýst er í 3. gr. laga þessara, að um það hafi verið sótt og með því mælt af viðkomandi búnaðarsambandi eða leiðbeiningarmiðstöð. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir framlögum til jarðabóta, fresti til umsókna og tilhögun greiðslna.

Framlög til jarðabóta geta náð til allra jarðeigna sem teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja innan sveitarfélaga og ætluð eru til annars en landbúnaðar. Ákvæði þessi ná einnig til garðyrkjustöðva, þótt ekki séu á lögbýlum.

8. gr.

Eftirlit.

Leiðbeiningarmiðstöðvar annast eftirlit með að jarðabætur séu unnar í samræmi við fyrirliggjandi áætlun og aðrar reglur sem gilda um slíkar framkvæmdir og annast úttekt þegar framkvæmd er lokið.

III. KAFLI
Búfjárrækt.

9. gr.

Markmið.

Markmið búfjárræktar er að tryggja framfarir í ræktun búfjár í landinu í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjár og búfjárafurða. Búfjárræktin skal taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

10. gr.

Skýrsluhald.

Bændasamtök Íslands skulu sjá um kynbótaskýrsluhald fyrir hverja búgrein og móta um það reglur ásamt fagráðum og bera ábyrgð á kynbótamati á grundvelli þess.

11. gr.

Ræktunarstöðvar.

Hlutverk ræktunarstöðva fyrir búfé er að framrækta með úrvali eða innflutningi erfðaefnis þá eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir. Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands, sbr. 3. gr. laga þessara.

12. gr.

Búfjársæðingar.

Búnaðarsamböndum eða öðrum félagasamtökum bænda sem viðurkennd eru af Bændasamtökum Íslands er heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum gjald af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa. Gjaldið skal nema 1,5% af afurðastöðvarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma. Afurðastöðvum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverðinu og standa búnaðarsamböndunum skil á því mánaðarlega.

13. gr.

Búfjársýningar og búfjármat.

Fagráð hverrar búgreinar skal meta þörf fyrir kynbótadóma og sýningar búfjár í viðkomandi búgrein og gera tillögur til Bændasamtaka Íslands og viðkomandi aðildarfélaga um dómstörf og sýningarhald.

Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á föllum gripa, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

14. gr.

Útflutningur búfjár.

Útflutningur búfjár er heimill án sérstakra leyfa nema þegar um er að ræða úrvalskynbótagripi. Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur þar um, að fenginni umsögn viðkomandi fagráðs, m.a. um forkaupsrétt innlendra aðila. Þá getur hann sett skilyrði um ástand og meðferð búfjárins.

15. gr.
Stofnverndarsjóður.

Starfrækja skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, til þess að veita lán eða styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripum sem annars kynnu að verða fluttir úr landi. Jafnframt má veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í viðkomandi búgreinum. Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer fagráð með stjórn hlutaðeigandi deildar.

16. gr.
Erfðanefnd búfjár.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd búfjár að fengnum tilnefningum Bændasamtaka Íslands, búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veiðimálastofnunar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum,
b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að grípa til sérstakra ráðstafana sem nauðsynlegar eru við framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

IV. KAFLI
Um leiðbeiningarstarfsemi.

17. gr.
Markmið.

Markmið leiðbeiningarþjónustu samkvæmt lögum þessum er að miðla upplýsingum til bænda og stuðla með því að bættum búskaparháttum og framförum í búskap, til hagsbóta og bættra lífskjara fyrir bændur og neytendur búvara. Hún skal á hverjum tíma afla og miðla bestu þekkingu og reynslu um alla þætti búreksturs sem bændur leggja stund á, eftir því sem við verður komið.

Hlutverk leiðbeiningarþjónustunnar er að:

1. miðla líffræðilegri, tæknilegri og hagfræðilegri þekkingu til allra búgreina,
2. þróa hagfræðileg og búfræðileg hjálpartæki fyrir leiðbeiningastarfsemi og fyrir einstaka bændur, svo sem með gerð hentugra tölvuforrita,
3. kynna fyrir bændum og öðrum viðkomandi stefnumörkun stjórnvalda í málefnum landbúnaðarins og á öðrum þeim sviðum er hann snerta, svo sem í landverndar- og umhverfismálum,
4. vera stjórnvöldum til aðstoðar við framkvæmd löggjafar eftir því sem við getur átt og um semst milli aðila,
5. stuðla bæði faglega og félagslega að þróun nýrra búgreina og fylgjast með árangri frumherja á því sviði,
6. stuðla að sjálfbærri þróun við nýtingu auðlinda,
7. vinna að eflingu byggðar í sveitum og viðhalds menningararfs sveitanna.

Leiðbeiningarþjónustan skal stuðla að því, eftir því sem hún hefur tök á, að búskapur þróist í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með samningum samtaka bænda við ríkisvaldið.

18. gr.

Leiðbeiningarmiðstöðvar — ráðunautar.

Á leiðbeiningarmiðstöðvum skulu starfa ráðunautar sem sinna faglegum leiðbeiningum fyrir bændur á ákveðnum svæðum eða landinu öllu undir faglegri umsjón Bændasamtaka Íslands. Þeir annast eftirlit með ræktunarframkvæmdum og öðrum jarðabótum, búfjárrækt og kynbótum, hver á sínu starfssvæði, í þeim greinum sem lög þessi taka til og annast úttekt jarðabóta. Þeir skulu árlega skila skýrslu um störf sín til þeirra búnaðarsambanda er þeir starfa fyrir.

Ráðunautar skulu hafa lokið kandídatsprófi (BS-prófi) í búvísindum eða öðrum fræðigreinum eftir því sem við getur átt.

Landsráðunautar skulu starfa í einstökum búgreinum eða fagsviðum eftir því sem um er samið skv. 1. mgr. 3. gr. og fjárveiting heimilar. Landsráðunautar hafa yfirumsjón með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein. Landsráðunautar sitja í fagráðum og eru þeim til ráðuneytis við mótun ræktunarstefnu. Landsráðunautar skulu hafa lokið kandídatsprófi í búfræðum og hafa lokið sérnámi á starfssviði sínu eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Reglur um framkvæmd laganna.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Gildistaka.

Með lögum þessum, sem taka gildi 1. janúar 1998, falla úr gildi lög nr. 84/1989, um búfjárrækt, ásamt síðari breytingum, og jarðræktarlög, nr. 56/1987, ásamt síðari breytingum, svo og búfjárræktarlög, nr. 31/1973.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leita eftir samningum við bændur um greiðslur á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–97, enda verði fylgt eftirfarandi reglum:

a. Semja skal um greiðslu ákveðins hlutfalls af reiknuðu framlagi samkvæmt reglugerð nr. 417/1991. Heimilt er að greiða mishátt hlutfall eftir eðli framkvæmda, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.
b. Skýrt verði kveðið á um í samningum þessum að um sé að ræða fullnaðaruppgjör vegna framkvæmda sem gátu notið framlags samkvæmt lögum nr. 56/1987, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 417/1991.

Ríkissjóður mun verja 50 millj. kr. hvert ár á fjárlögum áranna 1998, 1999 og 2000 til efnda á samningum landbúnaðarráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný lög sem leysi af hólmi jarðræktarlög, nr. 56/1987, og lög um búfjárrækt, nr. 48/1989. Ákvæði jarðræktarlaga eru undirstaða þess skipulags sem gilt hefur hér á landi á meginhluta þessarar aldar um stuðning ríkisins við jarða- og húsabætur í sveitum. Á sama hátt eru búfjárræktarlögin undirstaða þeirra framfara í búfjár-

rækt sem orðið hafa hér á landi síðustu áratugina. Þessi tvenn lög eru einnig meginundirstaða þeirrar ráðunautaþjónustu sem rekin hefur verið á vegum landbúnaðarins og þar er að finna ákvæði um stuðning ríkisvaldsins við þá starfsemi. Loks hafa lögin að geyma ákvæði sem verið hafa lagalegur grunnur þess félagsskipulags sem Búnaðarfélag Íslands, nú Bændasamtök Íslands, byggist á, en þessi samtök eru meðal elstu félagasamtaka í landinu og rekja sögu sína til ársins 1837. Á þessum ákvæðum byggist sú þjónusta sem búnaðarfélög og búnaðarsambönd hafa sinnt fyrir ríkisvaldið alla þessa öld og ofanverða síðustu öld við framkvæmd lagaákvæða sem snerta jarðrækt og búfjárrækt.

Jarðræktarlögin.

Þegar Alþingi fékk löggjafarvald veitti það á sínum fyrstu fjárlögum, fyrir árin 1876 og 1877, 2.400 kr. styrk til jarðabóta. Framhald varð á styrkjum til jarðabóta í ýmsu formi næstu áratugina en árið 1923 voru samþykkt jarðræktarlög sem í grundvallaratriðum hafa gilt allt til þessa dags þó að löggjöfinni hafi oft verið breytt í samræmi við breytta tíma. Meðal styrkhæfra framkvæmda samkvæmt þessum fyrstu jarðræktarlögum voru áburðarhús og safnþrær, túnyrkja (þar undir ræktun, girðingar og framræsla), garðyrkja, votheyshlöður og þurrheyshlöður. Því má með réttu segja að strax í þessum fyrstu lögum hafi sú stefna verið mörkuð sem verið hefur undirstaða þeirra miklu framfara og framkvæmda sem orðið hafa í íslenskum landbúnaði á þessari öld.

Með gildandi jarðræktarlögum er Bændasamtökum Íslands falin framkvæmd jarðræktarmála. Í lögunum eru bindandi ákvæði um verkefni á sviði jarðabóta sem framlags geta notið og bindandi ákvæði um ríkisframlög til einstakra verkefna á sviði jarðabóta. Þá eru lögin grundvöllur ráðunautaþjónustu í jarðrækt. Þar eru ákvæði um fjölda ráðunauta og þátttöku ríkisins í greiðslu launa þeirra og ferðakostnaðar, svo og ákvæði um menntunarkröfur sem gerðar eru til þeirra sem ráðnir eru til slíkra starfa.

Búfjárræktarlögin.

Fyrstu heildarlögin þar sem fjallað var um búfjárkynbætur voru búfjárræktarlögin sem sett voru 1931. Fram til þess höfðu afskipti Alþingis af búfjárræktinni verið lítil og verulega minni en af jarðræktarmálum. Með búfjárræktarlögunum var Búnaðarfélagi Íslands falið annað af meginverkefnum þeim sem löggjafinn hefur trúað því fyrir. Eftir þessum lögum starfa búfjárræktarráðunautar þess og héraðsráðunautar sem sinna búfjárræktinni. Árið 1948 voru lögin endurskoðuð í heild og aftur árin 1957, 1965, 1973 og loks 1989 þegar núgildandi lög voru samþykkt.

Í lögunum er Bændasamtökum Íslands falin framkvæmd búfjárræktarmála. Þau hafa yfirumsjón með leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt sem styrkt er af opinberu fé, samhæfa hana og móta heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar. Í lögunum eru m.a. ákvæði um að ríkissjóður taki þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva fyrir búfé og kosti sóttvarnarstöðvar vegna innflutnings búfjár og ákvæði eru um búfjársæðingar. Ákvæði eru um verndun erfðaeiginleika í íslensku búfé sem fela m.a. í sér takmarkanir á útflutningi verðmætra kynbótagripa og um stofnverndarsjóð sem hefur það hlutverk að veita styrki og lán til að kaupa kynbótagripi sem ella kynnu að verða seldir úr landi. Loks eru í lögunum ákvæði um erfðanefnd búfjár sem hefur það hlutverk að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum og gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

Breyttar aðstæður.

Hafa þarf í huga að þegar sú löggjöf sem að framan er lýst var í mótun ríkti hér á landi skortur á öllum helstu búvörum og mikið var flutt inn af þeim flest árin, bæði af kjöti og mjólkurvörum. Markmið þessarar löggjafar var að efla íslenskan landbúnað og gera hann færan um að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir helstu búvörur á viðráðanlegu verði. Segja má að þessu marki hafi verið náð um 1960, en kjöt var síðast flutt inn árið 1957 og mjólkurvörur voru síðast fluttar inn árið 1959. (Hér er átt við stöðuna fyrir gildistöku núverandi GATT-samnings). Þrátt fyrir að því marki væri náð að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir helstu búvörur var ekki að sama skapi dregið úr framlögum til jarðræktar og búfjárræktar og á 7. og 8. áratugnum voru hér umfangsmestu framkvæmdir á sviði jarðræktar, búfjárræktar og annarra framkvæmda í sveitum sem nokkru sinni hafa orðið. Á þessu tímabili voru uppi ráðagerðir um umfangsmikla framleiðslu til útflutnings, enda var útflutningur búvara tiltölulega hagstæður allt fram yfir 1970 miðað við það sem síðar varð. Um það leyti fór hins vegar að þyngjast róðurinn í útflutningsmálunum og ljóst varð að í verulega offjárfestingu og offramleiðslu stefndi innan landbúnaðarins. Árið 1979 voru samþykkt lög sem heimiluðu að gripið yrði til framleiðslutakmarkana í landbúnaðinum og í framhaldi af því var dregið úr lánveitingum og styrkveitingum til framkvæmda. Þá var áherslum, að því er varðar framlög til jarðræktarframkvæmda og byggingar útihúsa, breytt en í gildandi lögum sem samþykkt voru árið 1987 er þó enn að finna ákvæði um að ríkið greiði 60% af kostnaði við vélgrafna skurði og styrki til túnræktar en þó var miðað við að fyrst og fremst væri styrkt viðhald framleiðslu og endurræktun túna enda var þörf fyrir þessar jarðræktarframkvæmdir orðin stórum minni en áður vegna fækkunar búfjár og samdráttar í framleiðslu. Þess ber að geta að við síðustu endurskoðun á þessum lagabálkum voru framlög enn verulega takmörkuð og til sumra hluta voru þau felld niður.

Hafa þarf í huga að styrkir til landbúnaðar voru ekki síður en nú mjög miklir á 8. og 9. áratugnum í helstu nágrannalöndum okkar og ekki talið raunhæft að Íslendingar skæru sig þar úr. Einnig er rétt að benda á að framlög til jarðræktar komu til frádráttar fjárfestingarkostnaði við útreikning á verði búvara og voru því ígildi niðurgreiðslna á þeim kostnaðarlið sem leiddi til lækkunar á búvöruverði til neytenda.

Í lok sjöunda áratugarins heyrðust raddir um að draga bæri úr framlögum ríkisins til jarðabóta og efldist þessi umræða mjög þegar við blasti að stefndi í offramleiðslu og eftir að skipulega var farið að draga úr framleiðslu í lok 8. áratugarins. Einkum var gagnrýnt það sem kallað var sjálfvirkni í styrkjum til jarðræktar og til framkvæmda við byggingar útihúsa og hve lítill sveigjanleiki var í kerfinu. Einnig var gagnrýnt að ríkisvaldið hefði mjög takmarkaða möguleika til þess að hafa áhrif á ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið væri til jarðræktar og búfjárræktar eins og styrkjakerfið væri upp byggt.

Segja má að með breytingu á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem Alþingi samþykkti árið 1979 hafi sú stefna verið mörkuð að miða skyldi framleiðslu mjólkur og kindakjöts við ríkjandi markaðsaðstæður á hverjum tíma og að dregið skyldi úr framlögum til landbúnaðarins. Þessi stefna var síðan áréttuð með búvörulögunum árið 1985 þar sem samþykkt voru ákvæði um beina samninga milli ríkisins og bænda um framleiðslu mjólkur og kindakjöts. Enda þótt nokkuð væri dregið úr framlögum til jarðræktarframkvæmda við síðustu endurskoðun jarðræktarlaganna varð ekki samstaða um stefnubreytingu til samræmis við breytta stefnu í framleiðslumálum og þá breytingu á rekstrarumhverfi landbúnaðarins sem fyrirsjáanleg var í kjölfar þess að viðræður hófust um nýjan GATT-samning í lok síðasta áratugar. Leiddi þetta til þess að lögin hafa að miklu leyti verið óvirk síðustu árin þar sem ekki hefur

verið veitt fé á fjárlögum til jarðabóta samkvæmt ákvæðum þeirra og umtalsvert hefur verið dregið úr framlögum til búfjárræktar.

Ný lög.

Í frumvarpinu sem hér er flutt er gert ráð fyrir að samþykkt verði ný lög sem leysi af hólmi gildandi lög um jarðrækt og búfjárrækt. Frumvarpið er samið af nefnd sem í áttu sæti fulltrúar frá landbúnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Bændasamtökum Íslands. Nefnd sú sem frumvarpið samdi sendi Búnaðarþingi 1997 drög að frumvarpinu til umsagnar. Í ályktun Búnaðarþings kemur fram að þingið telji „að samþykkt fyrirliggjandi frumvarpsdraga til „Búnaðarlaga" sé í aðalatriðum æskilegur gjörningur".

Um er að ræða rammalög sem gera ráð fyrir samningum milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands um verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeininga og hagræðingar sem notið geti fjárstuðnings ríkisvaldsins. Hvorki þykir raunhæft né skynsamlegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að íslenskur landbúnaður fremur en landbúnaður nálægra landa geti haldið hlut sínum í breyttu rekstrarumhverfi sem fyrirsjáanlegt er að skapist við aukna samkeppni í kjölfar opnari viðskiptahátta með búvörur án áframhaldandi stuðnings ríkisvaldsins við þau verkefni sem að framan greinir. Með því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er bændum og stjórnvöldum hins vegar tryggður möguleiki til þess að hafa á það áhrif frá einum tíma til annars hvaða áherslur eru settar varðandi verkefni á þessu sviði og jafnframt til að móta áherslur varðandi framlög til þeirra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlög ríkisins miðist fyrst og fremst við að um sé að ræða stuðning við þróunarverkefni og verkefni sem stuðla að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og aukinni hagkvæmni í búrekstri með það að markmiði að styrkja samkeppnishæfni landbúnaðar og efla hag bænda. Meðal annars verði unnið að því með því að leggja áherslu á aukna afurðasemi, innlenda fóðuröflun og fóðurnýtingu, verndun umhverfis og bætta nýtingu landgæða, aukin gæði framleiðslunnar, betra starfsumhverfi bænda og velferð dýra, en ekki með aðgerðum sem stuðla að aukinni framleiðslu. Þetta er í samræmi við þá stefnumörkun sem rutt hefur sér til rúms á undanförnum árum á alþjóðavettvangi og liggur m.a. til grundvallar landbúnaðarhluta nýgerðs GATT-samnings. Með tilkomu samninga eins og hér er gert ráð fyrir hefur öll sú stefnumörkun sem mestu máli skiptir varðandi landbúnaðarframleiðsluna verið felld undir beina samninga milli ríkisins og samtaka bænda. Þar er í fyrsta lagi um að ræða búvörusamninga um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða samkvæmt búvörulögum og í öðru lagi samninga um framlög og verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeiningarstarfsemi, nýsköpunar og framleiðniaukandi verkefna samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa. Benda má á að slíkt fyrirkomulag um heildarstefnumörkun á sviði landbúnaðar hefur um árabil tíðkast í nágrannalöndunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru skilgreind ýmis hugtök sem fyrir koma í texta laganna og ýmist eru nýmæli í lögum eða þarfnast frekari skilgreiningar.

Hugtakið jarðabætur er skilgreint sem hvers konar framkvæmdir á bújörð sem stuðla að framförum í búrekstri. Getur það bæði átt við framkvæmdir við jarðrækt og rekstrarbyggingar eða einstaka hluta þeirra.

Leiðbeiningarmiðstöð er nýtt hugtak í þessu samhengi en gert er ráð fyrir að samtök bænda í tilteknum landshluta sameinist um faglegar leiðbeiningar fyrir bændur á svæðinu.

Í 4.–7. lið eru skilgreiningar á grunneiningum félagskerfis bænda eins og það er eftir sameiningu Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands í ein heildarsamtök bænda 1. janúar 1995.

Um 2. gr.

Í greininni eru rakin markmið frumvarpsins sem lúta að því að skapa landbúnaðinum aðstöðu til að starfa í því opna viðskiptaumhverfi sem hann nú býr við og að sem mest jafnræði sé milli bænda hér á landi og bænda í nálægum löndum að því er rekstrarskilyrði varðar. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að breytt framleiðslustefna, opnara viðskiptaumhverfi og aukin samkeppni hafa ekki dregið úr þörfinni fyrir þróunaraðgerðir í landbúnaði og hefur stuðningur við landbúnað í nálægum löndum mjög færst í þann farveg á síðustu árum.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um samninga milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands um verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeiningarstarfsemi og atvinnuuppbyggingar í sveitum og aukinar framleiðni. Gert er ráð fyrir að gerður sé samningur til fimm ára um verkefni og framlög til þeirra og skal hann endurskoðaður og framlengdur annað hvert ár. Frá árinu 1985 hefur ríkisvaldið gert samninga við samtök bænda um framleiðslu mjólkur og kindakjöts og um stuðning við þá framleiðslu, m.a. með niðurgreiðslum og síðar beinum greiðslum til bænda.

Framlög ríkisins til framkvæmdar á ákvæðum búfjárræktarlaga og ákvæðum jarðræktarlaga um leiðbeiningarstarfsemi á árinu 1996 námu samtals 200,8 millj. kr. og skiptast þannig:

— Til Bændasamtaka Íslands vegna kostnaðar við störf landsráðunauta, rekstur tölvudeildar og annarrar fagstarfsemi 77,7 millj. kr.
— Til héraðsbúnaðarsambanda til greiðslu á hluta af launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta 45,8 millj. kr.
— Framlög til kynbótastöðva 34,8 millj. kr.
— Framlög til búfjárræktar 42,5 millj. kr.

Framlag ríkisins til Bændasamtaka Íslands nam 77,7 millj. kr. á árinu 1996. Heildarkostnaður vegna faglegrar starfsemi á vegum samtakanna nam hins vegar 104,8 millj. kr. og skiptist þannig samkvæmt ársreikningi:

	Millj. kr.
Ráðunautar, laun og ferðakostnaður	56,8
Skýrsluhald og fræðsla	23,8
Húsnæðiskostnaður	7,3
Stjórnar- og skrifstofukostnaður	16,9
Samtals	**104,8**

Þessi kostnaður var fjármagnaður á eftirfarandi hátt:

	Millj. kr.
Starfsfé samkvæmt fjárlögum	77,7
Framlög ríkisins samkvæmt búfjárræktarlögum	6,8
Þróunarstyrkir og erlent starfsfé	5,8
Aðrar sértekjur	10,7
Halli greiddur af öðrum tekjum BÍ	3,8
Samtals	**104,8**

Framlög ríkisins til héraðsbúnaðarsambanda vegna kostnaðar við störf ráðunauta á árinu 1996 námu 45,8 millj. kr. Heildarkostnaður búnaðarsambandanna við hina faglegu starfsemi á vegum þeirra nemur hins vegar mun hærri fjárhæð. Ekki liggja fyrir tölur úr ársreikningum búnaðarsambandanna fyrir árið 1996, en samkvæmt ársreikningum 15 búnaðarsambanda fyrir árið 1995 nam kostnaður við faglega starfsemi þeirra 115,6 millj. kr. Meiri hluti þessa kostnaðar er greiddur með tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem bændur sjálfir greiða, með félagsgjöldum bænda og af öðrum tekjum búnaðarsambandanna. Um er að ræða kostnað við 38,5 ársstörf héraðsráðunauta. Fjármögnun þessa kostnaðar var eftirfarandi árið 1995:

	Millj. kr.	Hlutfall
Framlög samkvæmt fjárlögum 1995	44,5	38,49%
Tekjur af búnaðarmálasjóði (greitt af bændum)	57,8	50,00%
Félagsgjöld bænda	10,1	8,74%
Aðrar tekjur	3,2	2,77%
Samtals	**115,6**	**100,00%**

Skipting á framlögum til kynbótastöðva var eftirfarandi árið 1996:

	Millj. kr.
Til búnaðarsambanda, kostnaður við störf frjótækna	22,3
Nautastöðin á Hvanneyri	1,6
Kálfauppeldisstöðin í Þorleifskoti	1,6
Stóðhestastöðin í Gunnarsholti*	1,3
Hrossakynbótabúið á Hólum í Hjaltadal	0,7
Sauðfjársæðingarstöðvar	1,8
Stofnungi, stofnræktarstöð fyrir alifugla á Hvanneyri	1
Viðbótarframlög til búnaðarsambanda	4,5
Samtals	**34,8**

* Ríkið hætti afskiptum af rekstri Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti í október 1996.

Skipting á framlögum til einstakra verkefna á sviði búfjárræktar var eftirfarandi árið 1996:

	Millj. kr.	Millj. kr.
Framlög vegna sæddra mjólkurkúa		3,9
Laun vegna uppgjörs á ræktunarskýrslum		6,8
Framlög til verndunar geitfjárstofnsins		0,7
Kostnaður við erfðanefnd búfjár		0,5
Framlög til búfjárræktarfélaga		
Sauðfjárrækt	10,2	
Nautgriparækt	9,5	
Hrossarækt	7,6	
Svínarækt	0,8	
Loðdýrarækt	2,5	30,6
Samtals		**42,5**

Framlög ríkisins til verkefna samkvæmt jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum hafa lækkað mikið sl. tíu ár.

Í næstu töflu er sýnd þróun framlaga samkvæmt fjárlögum til umræddra verkefna árin 1987–96, reiknað á föstu verðlagi. Einnig eru sýnd ógreidd framlög samkvæmt jarðræktarlögum vegna úttekinna framkvæmda hjá bændum árin 1992–96 samtals að fjárhæð 272.936 þús. kr.

Ár	Greitt samkvæmt fjárlögum	Þar af jarðræktarframlög	Reiknuð ógreidd jarðræktarframlög	Samtals greidd og reiknuð framlög
1987	609.311	353.013		609.311
1988	443.400	200.379		443.400
1989	435.621	191.144		435.621
1990	390.658	132.362		390.658
1991	365.394	123.930		365.394
1992	369.087	124.223	50.736	419.823
1993	274.147	64.749	56.570	330.717
1994	250.831	41.597	46.583	97.414
1995	212.377	6.135	42.227	254.604
1996	200.800	0	76.820	277.620

Í eftirfarandi töflu kemur fram flokkun framlaga samkvæmt fjárlögum 1997 til þeirra málaflokka sem frumvarpið nær til:

Fjárlög 1997	Millj. kr.
Til leiðbeiningarþjónustu	127
Til búfjárræktar	53
Til jarðabóta	0
Til Framleiðnisjóðs	274
Samtals	**454**

Í greininni er fjallað um framlög til atvinnuuppbyggingar í sveitum og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði. Hér er átt við framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Sjóðurinn var stofnaður með lögum nr. 89/1966. Hlutverk sjóðsins er orðað svo í þeim lögum: „Að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og til atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana.“ Ríkisframlag til sjóðsins var 20 millj. kr. á fyrsta ári og var því öllu ráðstafað til 15 mjólkursamlaga sem styrk til endurbóta og hagræðingar. Verkefni næstu ára, reyndar alveg fram til 1980, lutu að tankvæðingu mjólkurflutninga og endurskipulagningu sláturhúsa. Einnig var veitt fé til rannsókna á húsvist búfjár og heyverkun. Framlag á fjárlögum til sjóðsins hélst að mestu óbreytt að krónutölu þennan tíma en rýrnaði verulega að raungildi.

Með lögum nr. 43/1979, sem fólu í sér skerðingu á jarðræktarframlögum, var ákveðið að mismun sem næmi skerðingunni yrði veitt til að efla nýjar búgreinar og hvetja til nýjunga í búrekstri. Veittur var stuðningur til að bæta súgþurrkun og kælikerfi í garðávaxtageymslum og auka nýtingu veiði og annarra hlunninda, auk þess að lögð var meiri áhersla á framlög til rannsókna. Þetta tímabil náði fram til ársins 1985. Ráðstöfunarfé sjóðsins varð töluvert meira en áður, en á síðari hluta tímabilsins uppfyllti Alþingi þó ekki lagaákvæði um þessi framlög.

Búvörulögin, nr. 46/1985, mörkuðu þáttaskil í starfi Framleiðnisjóðs. Lögin kváðu á um árlegt framlag til sjóðsins sem væri tiltekið hlutfall af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar og skyldi því varið til „eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum". Upphaflega var þetta tímabil fimm ár, síðan var gildistími laganna framlengdur um tvö ár, til 1992.

Í búvörusamningi milli ríkisins og Stéttarsambands bænda sem undirritaður var 11. mars 1991 var samið um föst árleg framlög til Framleiðnisjóðs, samtals 1.200 millj. kr. á árunum 1993–97. Fé þetta skyldi nota „til atvinnuuppbyggingar til sveita og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði". Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru af kjarnfóðurgjöldum skv. 33. gr. laga nr. 99/1993, sem kveður á um að tiltekið hlutfall af kjarnfóðurgjöldum skuli ganga til Framleiðnisjóðs. Tekjur sjóðsins samkvæmt þessari grein hafa verið mjög breytilegar, oftast um 15 millj. kr. á ári.

Grundvallarmarkmið í starfi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins allt frá árinu 1985 hefur verið að styðja bændur til að laga rekstur sinn að breyttum aðstæðum. Veigamikill þáttur í því er stuðningur við að auka fjölbreytni í atvinnurekstrinum á hverju býli og stuðningur við rannsóknir og þróunarverkefni í landbúnaði. Formlegt samstarf við Rannsóknarráð Íslands um sameiginlegt mat á rannsóknarverkefnum og stuðningi við þau hófst árið 1992. Í því samstarfi hefur af hálfu Framleiðnisjóðs verið lögð mest áhersla á grunnrannsóknir.

Eftirspurn eftir stuðningi við nýjan atvinnurekstur á lögbýlum hefur haldist nokkuð jöfn þessi ár. Í þeirri miklu leit sem fram fer í þjóðfélaginu að nýjum og arðbærum viðfangsefnum hefur Framleiðnisjóður lagt mörgum málefnum lið. Hefur sjóðurinn leitast við koma til liðs við þá sem búa yfir frumkvæði og hugmyndum sem gætu leitt til arðgæfrar nýbreytni. Fjölmargir bændur og bændafólk hafa aukið tekjur sínar í kjölfar þess að hafa notið stuðnings eða hvatningar í einhverju formi sem rekja má til aðgerða Framleiðnisjóðs. Má þar nefna námskeið á bændaskólunum, bæði fyrir bændafólk og leiðbeinendur, fræðslufundi víða um land, starf atvinnufulltrúa og stuðning við handverkshópa kvenna, svo nokkuð sé nefnt.

Langmestu fé til endurmenntunar er varið til að styrkja bændur og bændafólk til að sækja námskeið á vegum búnaðarskólanna. Stuðningur Framleiðnisjóðs felst í greiðslu á kostnaði við kennslu, auk ferðastyrks sem greiddur er þeim sem þurfa að sækja námskeiðin lengra en 50 km frá heimili sínu.

Í könnun sem ÍM-GALLUP gerði fyrir landbúnaðarráðuneytið í nóvember og desember 1996 meðal starfandi bænda kom fram að tæpur helmingur þeirra hefur sótt námskeið á vegum búnaðarskólanna eða annarra aðila. Þeir sem farið höfðu á námskeið fyrir bændur voru spurðir hvernig þau hefðu nýst eða mundu nýtast til þess að bæta afkomu þeirra. Rúmlega 72% svarenda sögðu að námskeiðin hefðu nýst þeim vel.

Í eftirfarandi töflu kemur fram skipting framlaga úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins 1992–96 til fjögurra meginviðfangsefna í millj. kr. á verðlagi hvers árs:

	1992	1993	1994	1995	1996	Alls
Atvinnuframlög, lögbýli	32,0	27,8	45,5	37,8	36,4	179,5
Atvinnuframlög, fyrirtæki	59,8	59,1	68,1	29,6	36,2	252,8
Loðdýrarækt	70,3	38,5	34,6	30,4	18,3	129,1
Búfjárrækt		24,3	49,1	6,3	13,3	93,0
Samtals	162,1	149,7	179,3	104,1	104,2	717,4

Rétt þykir að samningar um framlög til Framleiðnisjóðs verði eftirleiðis liður í þeirri heildarstefnumörkun sem felst í samningum milli ríkisins og samtaka bænda um stjórn búvöruframleiðslunnar samkvæmt ákvæðum búvörulaga og um verkefni samkvæmt lögum þessum.

Ákvæði 3. mgr. greinarinnar gera ráð fyrir að Bændasamtök Íslands hafi áfram faglega og fjárhagslega umsjón allra verkefna sem samið er um samkvæmt ákvæðum greinarinnar og annist framkvæmd þeirra nema öðruvísi sé um samið. Þar er átt við að í samningum megi fela öðrum aðilum innan félagskerfis bænda, rannsóknastofnunum, skólastofnunum og skyldum aðilum slík verkefni ef hagkvæmt þykir. Þá er gert ráð fyrir í 4. mgr. að heimilt verði að taka gjald fyrir þjónustu sem byggist á ákvæðum laganna.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk fagráða. Það fyrirkomulag sem hér um ræðir hefur á undanförnum árum rutt sér til rúms innan félagskerfis landbúnaðarins. Fagráðin eru vettvangur samráðs milli heildarsamtaka bænda, samtaka bænda innan einstakra búgreina og fagmanna um stefnumörkun í faglegum málefnum samkvæmt þeirri félagsskipan sem tekin var upp við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Með fagráðum starfa sérfróðir aðilar er vinna að kynbótum, rannsóknum, leiðbeiningum og kennslu á viðkomandi sviði. Fagráð móta stefnu í kynbótum og þróunarstarfi viðkomandi búgreinar eða fagsviðs, skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins. Enn fremur móta þau tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknum búgreinarinnar og fjalla um önnur mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Gert er ráð fyrir að fagráð geti einnig starfað á einstökum fagsviðum, svo sem í jarðrækt og hagfræði. Með þessu fyrirkomulagi er verið að auka áhrif bænda í einstökum búgreinum á faglega stefnumörkun í málefnum greinarinnar og um leið að skapa samráðsvettvang fyrir alla þá sem starfa að kynbótum, rannsóknum, fræðslu og öðru þróunarstarfi fyrir viðkomandi búgrein eða fagsvið.

Um 5. gr.

Með greininni er lögunum breytt til samræmis við þær breytingar á félagsskipulagi bænda sem urðu við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í Bændasamtök Íslands. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og verið hafa í jarðræktarlögum um áratugaskeið.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið jarðabóta. Jarðabætur skulu samkvæmt ákvæðum greinarinnar miða að því að bæta aðstöðu til búskapar á viðkomandi býlum og með því stuðla að framförum í landbúnaðinum og auka samkeppnishæfni hans. Hugtakið jarðabætur er hér túlkað mun opnara en í eldri lögum og getur átt við hvers konar hagræðingar- og þróunarverkefni á sviði ræktunar, landbóta og framkvæmda við rekstrarbyggingar og endurbætur á þeim. Er þetta í samræmi við þá kröfu að auka sveigjanleika í fjárframlögum ríkisins á þessu sviði og breyttar aðstæður í landbúnaðinum í kjölfar opnara viðskiptaumhverfis og aukinnar

samkeppni. Á undanförnum árum hefur stuðningur við landbúnað í nálægum löndum mjög færst yfir í slík þróunarverkefni

Engar viðræður hafa enn farið fram milli ríkisvaldsins og Bændasamtaka Íslands um viðfangsefni á sviði jarðabóta sem stuðnings gætu notið samkvæmt samningi sem gerður yrði á grundvelli ákvæða þessara. Til glöggvunar fyrir þá sem um málið munu fjalla á Alþingi og víðar hefur nefndin sem samdi frumvarpið tekið saman eftirfarandi yfirlit um viðfangsefni sem fallið gætu innan ramma samnings sem gerður yrði á grundvalli væntanlegra búnaðarlaga og fælu ekki í sér hvatningu til aukinnar framleiðslu heldur bæru með sér nýjar áherslur, miðuðu að aukinni hagkvæmni og stefndu að aukinni umhverfisvitund og bættu starfsumhverfi. Samkvæmt þessum hugmyndum yrði viðfangsefnum sem notið gætu jarðabótaframlaga skipt í eftirfarandi þrjá flokka:

I. Efling innlendrar fóðuröflunar og fóðurnýtingar fyrir búfé og ræktunar jarðargróða til manneldis:
   - Grasrækt:
     - Viðhald framræslu — hreinsun og viðhald framræsluskurða.
     - Endurvinnsla túna.
   - Grænfóðurrækt.
   - Kornrækt:
     - Ræktun korns.
     - Kornþresking — stuðningur við vélakaup og fræðslu.
     - Kornþurrkun — stuðningur við að koma upp nauðsynlegri aðstöðu.
     - Völsun og mölun korns.
   - Garðyrkja:
     - Stuðningur við að koma upp raflýsingu í gróðurhúsum.
     - Stuðningur við byggingu garðávaxtageymslna.
     - Stuðningur við að lengja uppskerutíma útiræktaðs grænmetis.

II. Stuðningur við verndun umhverfis og bætta nýtingu landgæða:
   - Verkefni sem miða að bættri nýtingu búfjáráburðar.
   - Bætt nýting lands:
     - Uppgræðsla heimalanda.
     - Skipulagning beitar.
     - Gerð göngustíga og lagning reiðvega.
     - Friðun og verndun votlendis.

III. Gæðamál, starfsumhverfi bænda og velferð dýra:
   - Stuðningur við vatnsveitur í sveitum.
   - Endurbætur útihúsa og bætt bútækni.
   - Lífræn framleiðsla, aðlögun og þróun.

Þá eru í greininni þau nýmæli í lögum að kveðið er á um að jarðabætur skuli taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun. Er þetta í samræmi við vaxandi skilning á hlutverki bóndans sem vörslumanns lands og nauðsyn þess að landbúnaður sé stundaður í sátt við umhverfið. Þá er lögð áhersla á að með jarðabótum sé stuðlað að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparhátta og m.a. á þann hátt komið til móts við óskir neytenda um fjölbreyttara framboð búvara.

Um 7. og 8 gr.

Í greinunum er fjallað um framkvæmd og eftirlit sem nú er falið leiðbeiningarmiðstöðvum í stað búnaðarsambandanna sem áður önnuðust það verkefni. Þá er í 7. gr. ákvæði um að framlög til jarðabóta greiðist einvörðungu til framkvæmda á lögbýlum skv. skilgreiningu ábúðarlaga, nr. 64/1976, og til garðyrkjustöðva, þótt ekki séu á lögbýlum. Hliðstæð ákvæði eru í gildandi lögum.

Um 9.–16. gr

Ákvæði greinanna eru hliðstæð ákvæðum gildandi laga um búfjárrækt sem verið hafa grundvöllur búfjárræktarstarfsins síðustu áratugi. Þrátt fyrir miklar breytingar sem frumvarpið felur í sér og breytilegar áherslur varðandi einstök atriði er gert ráð fyrir því að standa áfram vörð um viss grundvallaratriði búfjárræktarinnar. Áætlað er að Bændasamtök Íslands séu í forsvari varðandi framkvæmd þessara mála og móti reglur og beri ábyrgð á kynbótamati ásamt fagráðum einstakra búgreina. Ákvæðin um stofnverndarsjóð og erfðanefnd búfjár eru hliðstæð ákvæðum gildandi laga. Þær breytingar eru þó gerðar að nú er getið um varamenn í erfðanefnd og að heimilt verður að verja fjármunum úr stofnverndarsjóði til þróunarverkefna. Tekjur stofnverndarsjóðs verða sem áður 5% af útflutningsgjaldi hrossa samkvæmt lögum nr. 161/1994, um útflutning hrossa.

Um 17. gr.

Í greininni eru skilgreind markmið leiðbeiningarþjónustu. Ákvæði þessi eru mun ítarlegri en hliðstæð ákvæði í gildandi lögum og undirstrika mikilvægt hlutverk leiðbeiningarþjónustunnar í starfsumhverfi nútímalandbúnaðar og fjölbreytt verkefni sem slík þjónusta þarf að geta sinnt.

Í könnun sem ÍM-Gallup gerði fyrir landbúnaðarráðuneytið í desember 1996 kom í ljós að um 80% bænda notfæra sér þjónustu héraðsráðunauta búnaðarsambandanna. Um fjórðungur bænda segist nota þjónustu héraðsráðunauta þriðja hvern mánuð eða allt að einu sinni í mánuði og er það stærsti hópurinn. Að meðaltali er þjónusta héraðsráðunauta notuð fimm sinnum á ári. Í könnuninni kemur fram að yngri bændur leita mun oftar til ráðunauta en þeir eldri. Einnig kemur fram greinileg fylgni milli bústærðar og tekna af búskap og þess hversu oft er leitað aðstoðar ráðunauts.

Um 18. gr.

Í greininni eru ákvæði sem fjalla um störf ráðunauta og menntunarkröfur sem gerðar eru til þeirra sem sinna slíkum störfum. Gert er ráð fyrir að annars vegar starfi ráðunautar á leiðbeiningarmiðstöðvum sem reknar eru af búnaðarsamböndum, einu eða fleiri, á svæðagrundvelli, og hins vegar landsráðunautar í einstökum búgreinum og/eða fagsviðum eins og tíðkast hefur um langt skeið. Búnaðarsamböndin í landinu eru nú 15 talsins og hafa þau öll ráðunauta í sinni þjónustu. Vegna bættra samgangna, fækkunar bænda og vaxandi kröfu um aukna faglega fjölbreytni þjónustunnar, samhliða aukinni þörf á sérhæfingu má gera ráð fyrir að þessi starfsemi færist í það horf að búnaðarsambönd á stærri svæðum bindist samtökum um rekstur leiðbeiningarmiðstöðva þar sem ráðunautar og aðrir sérfræðingar í þjónustu búnaðarsambandanna starfi. Með slíku fyrirkomulagi skapast grundvöllur fyrir auknu faglegu samráði, aukinni verkaskiptingu og meiri fjölbreytni í þjónustunni.

Greinin gerir ráð fyrir að landsráðunautar starfi í einstökum búgreinum og/eða á einstökum fagsviðum. Hlutverk landsráðunautanna verði m.a. yfirumsjón með kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein og að vera fagráðum til ráðuneytis við mótun ræktunarstefnu. Gert er ráð

fyrir að landsráðunautar starfi undir faglegri yfirstjórn Bændasamtaka Íslands og á þess vegum, en geti einnig samkvæmt sérstöku samkomulagi starfað á vegum annarra aðila.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um setningu reglugerðar sem hafi að geyma nánari fyrirmæli um framkvæmd einstakra þátta laganna.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða

Með þessu bráðabirgðaákvæði er settur lagarammi fyrir því hvernig ljúka megi þeim ágreiningi sem er milli ríkis og bænda um framlög til verkefna jarðræktarlaga, nr. 56/1987. Með ákvæðinu er bændum gefinn kostur á greiðslu hluta þess framlags sem jarðræktarlögin hefðu greitt ef fjármunir hefðu verið til verkefnanna á fjárlögum. Enginn getur fengið framlag samkvæmt þessu ákvæði nema fyrir liggi yfirlýsing um að ekki verði um frekari kröfur að ræða á hendur ríkinu um framlög byggð á jarðræktarlögum.

Forsaga málsins er sú að gerðar voru breytingar á 7. gr. jarðræktarlaga, nr. 56/1987, lög frá 19. maí 1989, sem áttu að tryggja að samræmi næðist á milli fjárveitinga samkvæmt lögunum og þeirra framkvæmda sem viðurkenndar yrðu styrkhæfar hjá bændum. Bændum var með lögunum gert að sækja um viðurkenningu á framkvæmdum ári áður en í þær væri ráðist og gerði Búnaðarfélag Íslands landbúnaðarráðuneytinu og fjárveitingavaldinu grein fyrir áætlaðri fjárþörf miðað við eðlilegar og nauðsynlegar framkvæmdir fyrir gerð fjárlaga hverju sinni. Þrátt fyrir þetta var dregið meira úr fjárveitingum en þetta nýja fyrirkomulag gerði ráð fyrir og ekki tókst að koma á samræmi milli framkvæmda og fjárveitinga.

Með lögum nr. 1 24. janúar 1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, er í 4. gr. að finna breytingu á 12. gr. jarðræktarlaga, nr. 56/1987, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 65/1989, en við hana bættist eftirfarandi: „Allur réttur til framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingum Alþingis.“ Með þessu ákvæði var ætlunin að tryggja að frá og með árinu 1992 myndaðist ekki sjálfkrafa réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum.

Eftir að þessi breyting var gerð var mikið þrýst á stjórnvöld að veita framlög til byggingar áburðarhúsa og vatnsveitna. Var til þess vitnað að þær jarðabætur væru að stórum hluta til komnar vegna stjórnvaldsákvarðana um hreinlæti við mjólkurframleiðslu. Meiri hluti fjárlaganefndar beitti sér fyrir því, í samráði við fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra, að veittar voru 40 millj. kr. á fjáraukalögum fyrir árið 1994 vegna framlaga til haughúsa og vatnsveitna sem uppfylltu skilyrði jarðræktarlaga um greiðslur framlags og byggðar voru á árunum 1992 og 1993.

Þess ber að geta að sú skipan að bændur sæktu um viðurkenningu á framkvæmdum árið áður en í þær væri ráðist hefur ekki verið svo sem lögin kveða á um. Þrátt fyrir það hefur Búnaðarfélag Íslands (nú Bændasamtök Íslands) látið taka út framkvæmdir hjá bændum og litið svo á að þeir bændur sem ráðist hafa í styrkhæfar framkvæmdir eigi rétt til framlaga. Hins vegar liggja nú fyrir tvö álit ríkislögmanns frá árinu 1991 um að ekki myndist lögvarið krafa vegna framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum umfram fjárveitingar Alþingis.

Hinn 10. mars 1995 lagði Búnaðarfélag Íslands fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis frá einum þeirra bænda sem ekki hafa fengið greidd framlög vegna framkvæmda á árinu 1991. Í úrskurði sem dagsettur er 15. maí 1996 kemur fram það álit umboðmanns að viðkomandi bóndi eigi fullan og óskoraðan rétt til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum. Líta verði svo á

að með jarðræktarlögunum hafi hendur löggjafans ekki verið bundnar með þeim hætti að skylt sé að gera fjárlög þannig úr garði að á þeim sé ætíð nægilegt fé til að svara áætlaðri fjárþörf vegna jarðræktarframlaga. Það ákvæði laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, að allur réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum sé háður fjárveitingum Alþingis, sé því í raun ekki annað en staðfesting á því sem jarðræktarlögin sjálf bera með sér. Þá segir að réttur til jarðræktarframlaga sé bundinn því skilyrði að fé til þessara framlaga sé á fjárlögum, en samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald reiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þeir sem þennan rétt eiga verði að hlíta því að þurfa að bíða eftir greiðslum þar til fé til þeirra er veitt. Um það hversu lengi ríkinu sé stætt á því að greiða ekki framlög sé vafasamt að ákveðin tímamörk verði dregin eins og lög nr. 56/1987 eru úr garði gerð.

Með hliðsjón af núverandi stöðu þessa máls hefur verið ákveðið að leita álits ríkislögmanns á því að nýju.

Í eftirfarandi töflu kemur fram skipting ógreiddra reiknaðra framlaga vegna jarðabóta árin 1992–96 eftir verkefnum sem geta notið styrks samkvæmt ákvæðum gildandi jarðræktarlaga.

Tegund framkvæmda	Ógreidd reiknuð framlög
Pípuræsi	1.236.851
Endurræktun á þurrkuðu mýrlendi	98.397.475
Endurræktun á þurrlendi	38.578.872
Kornakrar	25.378.889
Skjólbelti, tré	2.506.721
Skjólbelti, girðingar	332.284
Áburðargeymslur	41.157.504
Votheyshlöður	295.241
Geymsluhús	12.979.921
Þurrheyshlöður	4.427.464
Súgþurrkunartæki	163.371
Garðávaxtageymslur	1.912.352
Kælitæki	1.841.863
Uppeldisgróðurhús	1.820.224
Lýsing í gróðurhúsum	3.291.363
Kolsýrutæki (í gróðurhús)	1.993.906
Losunarbúnaður í votheyshlöður	937.633
Vatnsveitur	11.263.568
Kölkun túna	2.785.558
Plógræsi	200.860
Vélgrafnir skurðir	21.437.052
Samtals	**272.938.972**

Með ákvæðinu er föst fjárhæð ætluð til þessa verkefnis, samtals 150 millj. kr., sem dreifist á þrjú ár. Fjármála- og landbúnaðarráðuneyti munu fara þess á leit við Bændasamtök Íslands að samningur um sauðfjárframleiðslu frá 1. október 1995 með breytingum frá 8. janúar 1996 verði endurskoðaður með það að stefnumiði að nýta hluta þeirra fjármuna sem ekki munu nýtast til uppkaupa á greiðslumarki og bústofni til verkefnanna sem hér um ræðir.

Þar sem úttektir vegna framkvæmda 1997 verða taldar með er ekki hægt að greina nákvæmlega frá því hvaða hlutfall af greiðslu verður boðið til einstakra framkvæmda. Gert er ráð fyrir að landbúnaðaráðherra ákveði hvert hlutfallið verður fyrir hvert verkefni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til búnaðarlaga.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, nr. 56/1987, jarðræktarlaga, og nr. 31/1973, búfjárræktarlaga. Markmiðið með lagasetningunni er að stuðla að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni hennar.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs ætlað að gera samning við Bændasamtök Íslands til fimm ára í senn um verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi og fjárframlög ríkisins til þeirra. Breytingarnar eru gerðar í þeim tilgangi að stuðla að sveigjanlegra kerfi sem miði að því að mæta þeim þörfum sem koma upp hverju sinni. Þá er stefnt að því að draga úr kostnaðarþátttöku ríkisins í beinni þjónustu við bændur þannig að fjármunir verði frekar veittir til grunnþjónustu við greinina. Samningurinn kemur til endurskoðunar annað hvert ár. Í 3. gr. er jafnframt ákvæði sem heimilar að taka gjald fyrir þjónustu sem byggir á ákvæðum frumvarpsins. Landbúnaðarráðherra er ætlað að staðfesta gjaldskrána.

Í ákvæði til bráðabirgða er landbúnaðarráðherra heimilt að ljúka ágreiningi sem er milli ríkis og bænda um framlög til verkefna jarðræktarlaga, nr. 56/1987, og verja til þess allt að 150 m.kr. á árunum 1998–2000.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er lagt til að veittar verði 279 m.kr. til þeirra verkefna sem Bændasamtök Íslands hafa sinnt á grundvelli gildandi laga. Þar af er lagt til að 89 m.kr. renni til jarðræktarframlaga. Annars vegar verði 50 m.kr. varið til greiðslu ákveðins hlutfalls kostnaðar við eldri framkvæmdir og er það háð því að samningar takist við bændur á grundvelli brábirgðaákvæðis í frumvarpinu. Hér yrði um fyrstu greiðslu af þremur að ræða. Hins vegar renni 39 m.kr. til verkefna á grundvelli nýs samnings. Í búvörusamningi frá því í mars 1991 er gert ráð fyrir því að framlög til Framleiðnisjóðs falli niður á árinu 1998. Þrátt fyrir það er í frumvarpi til fjárlaga lagt til að veitt verði 175 m.kr. framlag til sjóðsins á næsta ári. Heildarframlög ríkisins til Bændasamtakanna á næsta ári eru því áætluð 454 m.kr. en þar af eru 50 m.kr. ætlaðar til uppgjörs á eldri framkvæmdum. Framlög til þeirra verkefna sem falla mundu undir samninginn við BÍ yrðu því að óbreyttu 404 m.kr.

Ekki verður ráðið af efni frumvarpsins né greinargerðarinnar hvaða fjárhagsleg markmið verða höfð að leiðarljósi við gerð þess samnings milli ríkis og bænda sem boðaður er og er því erfitt um vik að áætla breytingar á kostnaði ríkissjóðs. Rétt er að vekja athygli á því að við gerð framangreinds samnings þarf að taka tillit til ákvæða 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þar sem um er að ræða samning um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs.

600. Breytingartillögur [329. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: 1. tölul. orðast svo: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni, skulu undanþegnar vörugjaldi.
2. Við 2. gr. Efnisliður a-liðar orðist svo: Þá eru ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin gjaldskyldu.

601. Fyrirspurn [369. mál]

til dómsmálaráðherra um skipaðan talsmann barna í forsjármálum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hversu oft hefur barni verið skipaður talsmaður til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls frá því að heimildin var sett í lög, sbr. 34. gr. barnalaga,

a. þegar dómstóll sker úr ágreiningsmáli,
b. þegar dómsmálaráðuneyti fer með úrskurðarvald?

Svarið óskast sundurliðað eftir dómstólum.

Skriflegt svar óskast.

602. Fyrirspurn [370. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur verið lokið gerð námsefnis um almenna fjármálaumsýslu fyrir efstu bekki grunnskólans og framhaldsskólann?
2. Hefur verið samið námsefni um almenna fjármálaumsýslu fyrir yngri bekki grunnskólans?
3. Hefur kennsla í fjármálaumsýslu í samræmi við þingsályktun frá 12. mars 1991 verið hafin í grunnskólum eða framhaldsskólum? Í hvaða bekkjum og í hvaða áföngum?
4. Hefur reynsla af tilraun, sem styrkt var af menntamálaráðuneytinu, með kennslu í grunn-

skólanum á Dalvík á svokallaðri sjálfsmennskubraut verið nýtt við gerð námsefnisins eða við kennslufyrirkomulag í skólum?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þann 12. mars 1991 ályktaði Alþingi að fela menntamálaráðherra að láta semja námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Gert var ráð fyrir að ráðuneytið mundi ákveða í hvaða námsgreinum fræðslunni yrði best fyrir komið.

Tvívegis hefur fyrirspyrjandi lagt fram fyrirspurn um framgang þingsályktunarinnar, fyrst á árinu 1992 og aftur árið 1994. Í bæði skiptin kom fram í svari menntamálaráðherra að námsefni og undirbúningur kennslu í fjármálaumsýlu væri á lokastigi. Þar sem gerð námsefnisins var á lokastigi árið 1994 og það hafði þá þegar verið kennt í tilraunaskyni um tveggja ára skeið er þessi fyrirspurn lögð fram.

603. Frumvarp til laga [371. mál]

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, SP, PHB, EOK).

1. gr.

Í stað orðanna „Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir“ í A-lið 4. gr. laganna kemur: Af bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum og sendi- og hópbifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, skal árgjaldið vera 25% hærra en að framan greinir. Ákvæðið tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Í áliti samkeppnisráðs nr. 4/1997 frá 1. september 1997 var til skoðunar erindi Frama, bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra, Trausta, félags sendibifreiðastjóra, og Landssambands vörubifreiðastjóra um það hvort tilteknar málsgreinar 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, væru í anda samkeppnislaga. Ákvæðin fela m.a. í sér 30% álag á þungaskatt á bifreiðar sem aka gegn gjaldi samkvæmt löggiltum gjaldmælum. Niðurstaða samkeppnisráðs var sú að ákvæðið óbreytt mismuni atvinnubifreiðastjórum og raski innbyrðis samkeppnisstöðu þeirra.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í stað þess að einungis þær bifreiðar sem aka gegn gjaldi samkvæmt löggiltum gjaldmæli greiði 30% álag á þungaskattinn skuli greitt árgjald sem er 25% hærra en getið er um í 1. mgr. 4. gr. laganna bæði af framangreindum bifreiðum og sendi- og hópbifreiðum sem nýttar eru í atvinnurekstri. Ákvæðið tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti. Í áliti samkeppnisráðs var einn-

ig talið að ákvæði 4. gr. laganna um umtalsverða lækkun þungaskatts eftir því hve bifreiðum er mikið ekið dragi úr samkeppnishæfni sambærilegra atvinnubifreiða til að þjóna sama markaði. Ekki er hér lögð til breyting á því ákvæði að svo stöddu, en gjaldárið miðast við 10. október ár hvert.

Heildartekjur af 30% föstu gjaldi eru um það bil 21 millj. kr. en það tekur til 570 ökutækja. Með því að lækka gjaldið í 25% og láta það ná yfir allar framangreindar atvinnubifreiðar verða tekjur ríkissjóðs af gjaldinu tæpar 29 millj. kr.

604. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Ragnhildi Arnljótsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ingólf V. Gíslason frá karlanefnd Jafnréttisráðs og Elsu S. Þorkelsdóttur framkvæmdastjóra skrifstofu jafnréttismála. Frá Alþýðusambandi Íslands komu Ari Skúlason og Halldór Grönvold.

Umsögn barst nefndinni frá skrifstofu jafnréttismála.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting á íslenskum lögum að feðrum er tryggður sjálfstæður réttur til tveggja vikna fæðingarorlofs á fyrstu átta vikunum eftir fæðingu eða heimkomu barns. Nefndin er sammála þessari tillögu en jafnframt telur hún rétt að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi telur nefndin að eðlilegt sé að auka rétt feðra við fjölburafæðingar, alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Í öðru lagi telur nefndin rétt að móður sé áfram tryggður forgangsréttur til fyrsta mánaðar fæðingarorlofs. Hefur nefndin þar sérstaklega í huga heilsufar móður í kjölfar barnsburðar enda telst það ekki mismunun samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar. Þess skal getið að þessi forgangsréttur móður raskar ekki sjálfstæðum rétti föður til tveggja vikna fæðingarorlofs skv. 1. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi leggur nefndin til að ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu verði breytt á þann veg að lögin komi til með að taka til þeirra feðra sem geta nýtt sér rétt samkvæmt því við lögfestingu þess í stað þess að það taki einungis til feðra barna sem fæðast eftir 1. janúar 1998.

Hvað varðar rétt feðra til töku fæðingarorlofs á fyrstu átta vikunum eftir fæðingu eða heimkomu barns, sbr. 1. og 4. gr. frumvarpsins, telur nefndin rétt að kveðið verði nánar á um útfærslu ákvæðanna í reglugerð, sér í lagi varðandi þær aðstæður sem kunna að koma upp ef barn eða móðir þurfa eftir heimkomu að snúa aftur á sjúkrahús.

Að lokum vill nefndin láta í ljós þá skoðun sína að stefnt skuli að heildarendurskoðun ákvæða laga um fæðingarorlof hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1997.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Sigríður Anna Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Guðni Ágústsson.	Sólveig Pétursdóttir.

605. Breytingartillögur [343. mál]

við frv. til l. um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. 1. efnismgr. 1. gr. orðist svo:
   Auk réttar foreldra skv. 1. mgr. á faðir rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.
2. 3. gr. falli brott.
3. 1. efnismgr. 4. gr. orðist svo:
   Faðir á rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.
4. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Ákvæði laga þessara skulu gilda um þá feður sem geta nýtt sér rétt samkvæmt lögunum við gildistöku þeirra.

606. Breytingartillaga [303. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, StG, EOK, HjÁ, GHall, VE).

3. mgr. í ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

Til aflamarksbáta undir 10 brúttórúmlestum að stærð skal úthlutað 320 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem lönduðu sem samsvarar 6 lestum eða meira í þorskígildum talið

samtals á fiskveiðiárunum 1995/1996 og 1996/1997. Úthluta skal hlutfallslega miðað við úthlutaðar aflaheimildir, í þorskígildum 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 1,5 lestir í sinn hlut miðað við slægðan þorsk.

607. Breytingartillögur [330. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og l. nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB).

1. Á undan 1. gr. komi fimm nýjar greinar er orðist svo:
   a. (1. gr.)
      10. gr. laganna orðast svo:
      Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Niðurstöður skulu liggja fyrir 1. maí ár hvert.
      Tryggingafræðingurinn skal meta hver iðgjaldaprósenta launagreiðenda þarf að vera fyrir A-deild, sbr. 13. gr., og fyrir B-deild, sbr. 23. og 25. gr. Fyrir hvora deild skal gilda: Iðgjaldaprósentan er að lágmarki 6% af iðgjaldastofni deildarinnar. Þó skal hún hækkuð ef þörf krefur þannig að hrein eign deildarinnar til greiðslu lífeyris ásamt núvirði væntanlegra iðgjalda til deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris. Við mat á væntanlegum iðgjöldum og lífeyri skal miða við sjóðfélaga í hvorri deild á þeim tíma sem athugunin nær til.
      Stjórn lífeyrissjóðsins skal ákveða nýja iðgjaldaprósentu launagreiðenda fyrir A-deild og fyrir B-deild fyrir 1. júní ár hvert í samræmi við niðurstöður skv. 2. mgr. og skulu þær gilda frá 1. júlí. Iðgjald launagreiðenda skal námundað að næsta ½% af launum.
      Nánari reglur um tryggingafræðilega athugun skal setja í samþykktir lífeyrissjóðsins.
   b. (2. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
      a. 4. mgr. orðast svo:
         Launagreiðandi greiðir iðgjald til A-deildar sem prósentu af launum sjóðfélaga skv. 1. mgr. Iðgjaldaprósentan er ákveðin í samræmi við tryggingafræðilega niðurstöðu, sbr. 10. gr.
      b. 5. mgr. fellur brott.
   c. (3. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:
      a. 3. mgr. orðast svo:
         Launagreiðandi greiðir iðgjald til B-deildar sem prósentu af launum sjóðfélaga skv. 1. mgr. Iðgjaldaprósentan er ákveðin í samræmi við tryggingafræðilega niðurstöðu, sbr. 10. gr.
      b. Í stað orðanna „10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar í iðgjald“ í 4. mgr. kemur: 4% iðgjaldahlut hans.

d. (4. gr.)
Í stað orðanna „launagreiðandi 6%“ í 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: launagreiðandi iðgjald skv. 10. gr.

e. (5. gr.)
32. gr. laganna fellur brott.

2. Við 1. gr., er verði 6. gr. Greinin orðist svo:
33. gr. laganna fellur brott.

3. Við 2. gr., er verði 7. gr. Greinin orðist svo:
34. gr. laganna fellur brott.

4. Á eftir 2. gr., er verði 7. gr., komi ný grein er orðist svo:
Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða V er orðast svo:

Tryggingafræðingur sjóðsins skal meta áfallna skuldbindingu sjóðsins umfram uppreiknaða eign hans vegna sjóðfélaga sem höfðu áunnið sér rétt við gildistöku laga þessara. Skal hann gera tillögur til stjórnar um skiptingu skuldbindingarinnar á launagreiðendur eftir reglum sem hér segir: Skuldbindingunni skal skipt á launagreiðendur í hlutfalli við áunna réttindaprósentu hvers sjóðfélaga hjá hverjum launagreiðanda. Til frádráttar komi núvirt eign sjóðsins við gildistöku laga þessara skipt á launagreiðendur í sömu hlutföllum, sbr. reglur sem tryggingafræðingurinn gerir tillögu um.

Skuldbindinguna skulu launagreiðendur gera upp með skuldabréfi til 40 ára með jöfnum ársgreiðslum (annuitet) og með vöxtum sem eru í samræmi við tryggingafræðilega matið. Skuldabréfið verði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs.

5. Á undan 3. gr. komi fjórar nýjar greinar er orðist svo:

a. (9. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
Launagreiðandi greiðir iðgjald til sjóðsins sem prósentu af launum sjóðfélaga skv. 1. mgr. Iðgjaldaprósentan er ákveðin í samræmi við tryggingafræðilega niðurstöðu, sbr. 16. gr.

b. Í stað orðanna „10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. í iðgjald“ í 4. mgr. kemur: 4% iðgjaldahlut hans.

b. (10. gr.)
Í stað „launagreiðandi 6%“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: launagreiðandi iðgjald skv. 16. gr.

c. (11. gr.)
16. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Niðurstöður skulu liggja fyrir 1. maí ár hvert.

Tryggingafræðingurinn skal meta hver iðgjaldaprósenta launagreiðenda þarf að vera. Iðgjaldaprósentan er að lágmarki 6%. Þó skal hún hækkuð ef þörf krefur, þannig að hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði væntanlegra iðgjalda séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris. Við mat á væntanlegum iðgjöldum og lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma, sem athugunin nær til.

Stjórn sjóðsins skal ákveða nýja iðgjaldaprósentu launagreiðenda fyrir 1. júní ár hvert í samræmi við niðurstöður skv. 2. mgr. og skulu þær gilda frá 1. júlí. Iðgjald launagreiðenda skal námundað að næsta ½% af launum.

Nánari reglur um tryggingafræðilega athugun skal setja í samþykktir sjóðsins.

d. (12. gr.)
18. gr. laganna fellur brott.

6. Við 3. gr., er verði 13. gr. Greinin orðist svo:
20. gr. laganna fellur brott.

7. Á eftir 3. gr., er verði 13. gr., komi ný grein er orðist svo:
Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Tryggingafræðingur sjóðsins skal meta áfallna skuldbindingu sjóðsins umfram uppreiknaða eign hans vegna sjóðfélaga sem höfðu áunnið sér rétt við gildistöku laga þessara. Skal hann gera tillögur til stjórnar um skiptingu skuldbindingarinnar á launagreiðendur eftir reglum sem hér segir: Skuldbindingunni skal skipt á launagreiðendur í hlutfalli við áunna réttindaprósentu hvers sjóðfélaga hjá hverjum launagreiðanda. Til frádráttar komi núvirt eign sjóðsins við gildistöku laga þessara skipt á launagreiðendur í sömu hlutföllum, sbr. reglur sem tryggingafræðingurinn gerir tillögu um.
Skuldbindinguna skulu launagreiðendur gera upp með skuldabréfi til 40 ára með jöfnum ársgreiðslum (annuitet) og með vöxtum sem eru í samræmi við tryggingafræðilega matið. Skuldabréfið verði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs.

608. Tillaga til þingsályktunar [372. mál]

um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Jón Baldvin Hannibalsson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands. Þá skuli nefndin gera úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum í sama tilgangi. Einnig skal meta hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúa Barnaverndarstofu, umboðsmanni barna, fulltrúa frá Barnaheillum og fulltrúa frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Nefndin skal skila tillögum um úrbætur fyrir 1. desember 1998.

Greinargerð.

Tímabært er að fjalla um barnasáttmálann í heild sinni, um forsendur hans, áhrif hans á íslenska löggjöf frá gildistöku hans, meta hvort setja þurfi lög, breyta lögum eða bæta réttarframkvæmd svo að réttindi barna sem viðurkennd eru í sáttmálanum verði tryggð í íslenskum rétti. Samningurinn sem tók gildi 20. nóvember 1989 öðlaðist gildi er Ísland varðar 27. nóvember 1992.

Stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi er minni en almennt gerist í nálægum löndum sem við miðum okkur oft við. Margir telja að fjölskyldan hafi setið á hakanum í íslensku samfélagi. Laun hér á landi eru lág og kostnaður við húsnæðisöflun er mikill. Fyrstu búskaparárin fara oft í öflun húsnæðis og krefst það langs vinnutíma beggja foreldra. Foreldrar eru því oft langdvölum frá heimilinu meðan börnin eru enn ung. Gæsluúrræði skólabarna eru ekki viðunandi svo að hópur barna á aldrinum 6–16 ára býr við skert öryggi þar sem mörg þeirra sjá um sig sjálf meðan foreldrar vinna langan vinnudag. Það hefur komið fram í umfjöllun sálfræðinga

og uppeldisfræðinga að íslensk börn njóti almennt minni verndar og handleiðslu fullorðinna en tíðkast á Norðurlöndunum.

Fljótlega eftir undirritun samningsins af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum barnasáttmálans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Í VI. kafla stjórnarskrárinnar var lögfest ákvæði þar sem segir að börnum skuli í lögum tryggð vernd og umönnun. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála úr höndum menntamálaráðuneytis til félagsmálaráðuneytis, starfsháttum barnaverndarráðs var breytt og lögfestar voru reglur um starfshætti og málsmeðferð barnaverndarnefnda. Við úrlausn barnaverndarmála var lögfestur réttur barna til að tjá sig um málið. Skylt er að veita barni þessa heimild og þegar sérstaklega stendur á er heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann. Árið 1995 var lögunum breytt og sett á laggirnar Barnaverndarstofa, sem annast daglega stjórn barnaverndarmála. Hlutverk hennar er að veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf, hafa eftirlit með störfum þeirra, hafa eftirlit með öðrum stofnunum fyrir börn, hafa umsjón með vistun barna o.fl. Barnalög, nr. 20/1992, voru endurbætt þar sem afnumin voru hugtökin skilgetið barn og óskilgetið, kveðið var á um sameiginlega forsjá og lögfest heimild til að skipa barni talsmann við úrlausn forsjármáls á kostnað hins opinbera. Ný grunnskólalög voru sett árið 1991 og með breytingu á þeim lögum, með lögum nr. 66/1995, hefur rekstur grunnskóla verið færður yfir til sveitarfélaganna. Árið 1994 var stofnað embætti umboðsmanns barna.

Í byrjun árs 1996 bárust athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem lýst var yfir ánægju með ýmsa þætti en gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmda.

Flutningsmenn telja að enn þá skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita en öðlist smám saman stöðu fullorðinna með tilheyrandi ábyrgð og skyldum. Því telja flutningsmenn að sú vinna sem mælt er fyrir um í þingsályktunartillögu þessari sé nauðsynleg. Þessi greinargerð er m.a. byggð á athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og samtakanna Barnaheillar.

Nefndin sem lagt er til að verði skipuð skal m.a. skoða eftirtalin lög og framkvæmd þeirra þar sem vafi leikur á að réttindi barns séu tryggð í samræmi við ákvæði barnasáttmálans:

Í 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er kveðið á um heimild til að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því. Heimildinni hefur sjaldan verið beitt þrátt fyrir mörg erfið mál af þessu tagi. Flutningsmenn telja að hér eigi að vera skylda að skipa talsmann en ekki heimild. Í sömu lögum er barni tryggður réttur til umgengni við foreldri sem fer ekki með forsjá þess. Þrátt fyrir ákvæði í lögunum sem mælir fyrir um heimild til að beita sektum þegar forsjárforeldri tálmar hinu foreldrinu umgengni við barnið eru tilvikin allt of mörg sem barni er meinuð umgengni við báða foreldra sína. Þessi mál eru oft mjög erfið barninu því í mörgum tilvikum leiða reiði og óuppgerðar tilfinningar milli foreldra til þess að hagsmunir þess eru fyrir borð bornir. Flutningsmaður telur að við þessar aðstæður eigi að vera lagaheimild til að skipa barni talsmann. Talsmaður sem barninu er skipaður geti sem milligöngumaður gætt hagsmuna þess mun betur en sektarákvæði 38. gr. sem hefur í reynd reynst máttlaust. Þegar staðan er sú að forsjárlaust foreldri sinnir ekki umgengisskyldu sinni er ekkert úrræði fyrir hendi sem tryggir rétt barnsins til umgengni við það. Vel mætti hugsa sér að talsmaður sem hefur aðeins það hlutverk að gæta hagsmuna barnsins tækist að koma á sambandi milli foreldris og barns þegar foreldrar eru ófærir um að standa vörð um hagsmuni þess sjálfir.

Heimilt er að skilja barn frá foreldum sínum þegar velferð þess verður ekki tryggð með öðru móti. Í 8. kafla laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, er mælt fyrir um málsmeðferð við forsjársviptingu og gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir fari með slíkt vald. Samkvæmt lögunum er hlutverk barnaverndarnefnda í málum þessum margþætt. Þær eiga að hafa eftirlit með aðbúnaði barna, taka á móti ábendingum um slæman aðbúnað barna, sjá um skráningu barna í áhættuhópa, kanna mál þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um vanrækslu eða vanhæfni foreldra, gera áætlanir um meðferð mála og úrskurða um forræðissviptingu foreldra þegar það á við. Úrskurðum barnaverndarnefndar er síðan hægt að skjóta til barnaverndarráðs til fullnaðarúrskurðar. Þannig er fullnaðarákvörðun tekin á stjórnsýslustigi og barnaverndarnefnd fer bæði með rannsóknarvald og úrskurðarvald. Hér er um alvarleg inngrip í einkahagi manna að ræða og hagsmunirnir eru mjög ríkir. Því þarf að vanda vel til málsmeðferðar, tímabært er orðið að málsmeðferðin verði endurskoðuð og færð í betra horf, sérstaklega hvað varðar frumúrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 frá 1952, sbr. lög nr. 49/1982, er börnum mismunað eftir því hvort þau eru fædd í hjónabandi eða utan, en í 2. gr. sáttmálans er lagt bann við allri mismunun og ítrekað að öll börn eigi sama rétt. Í lögunum öðlast barn sem fæðist utan hjónabands á Íslandi og á móður sem er erlendur þegn en íslenskan föður ekki íslenskt ríkisfang, en barn sem eins er ástatt með fær íslenskt ríkisfang ef móðirin er íslenskur ríkisborgari og faðirinn erlendur þegn. Staðan gæti hæglega orðið sú að barn sem fæðist á Íslandi, á íslenskan föður og móður sem er erlendur þegn yrði ríkisfangslaust ef móðirin er þegn ríkis sem byggir ríkisfangsrétt á staðarreglunni. Í 7. gr. barnasáttmálans er ákvæði um að barn eigi rétt til að öðlast ríkisfang frá fæðingu.

Samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er heimilt að svipta 15 ára ungmenni frelsi með fangelsun eða varðhaldi. Í 37. gr. barnasáttmálans er fjallað um réttindi frelsissviptra barna og ungmenna. Þar er mælt fyrir um mannúðlega meðferð og að tekið skuli tillit til þarfa einstaklinga á þeim aldri sem um ræðir. Einkum er lögð áhersla á að barni sem svipt er frelsi sínu skuli haldið aðskildu frá fullorðnum, nema ef það er talið því fyrir bestu að gera það ekki. Í íslenskum lögum er hins vegar ekkert ákvæði sem verndar börn gegn því að verða vistuð með síbrotamönnum sem gætu haft afar óheppileg áhrif á þroska svo ungra fanga. Því ætti að tryggja með lögum að ungum föngum skuli haldið aðskildum frá eldri föngum. Íslendingar lögðu fram sérstaka yfirlýsingu varðandi þennan þátt, en telja má að óbreytt fyrirkomulag sé slíkt brot á mannréttindum barna að ekki verði við unað.

Í 39. gr. sáttmálans er mælt fyrir um að börn sem hafa orðið fórnarlömb ofbeldis og misnotkunar skuli eiga rétt á líkamlegri og andlegri umönnun og félagslegri endurhæfingu. Á Íslandi er börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi ekki tryggður nægjanlegur stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila. Engar sérhæfðar aðgerðir standa þessum börnum til boða en áfallameðferð og langtímameðferð eru sjaldan skipulagðar af barnaverndarnefndum, enda eru lagaskyldur á því sviði óljósar.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðun sína um öll mál sem snerta þau sjálf. Í grunnskólalögunum frá 1991 var þessi réttur tryggður með því að nemendur höfðu fulltrúa í skólaráði þar sem m.a. var fjallað um kennsluskipan, skólatíma, félagslíf o.fl. og rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs og á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti um málefni sem þá varða. Í nýjum grunnskólalögum sem tóku gildi eftir fullgildingu sáttmálans var þessi réttur afnuminn og er enginn formlegur vettvangur fyrir nemendur að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans sem snerta þá sjálfa. Hér er því beinlínis um afturför að ræða sem þarf að breyta. Opna þarf aftur formlegan vettvang fyrir nemendur grunnskólanna til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem

snerta þá sjálfa. Með því er breytt í anda ákvæða 12., 13. og 14. gr. barnasáttmálans og börnin skólast í því að taka afstöðu til mála sem snúa að þeim sjálfum.

Þrátt fyrir bann við allri mismunun barna eru börnum af erlendum uppruna ekki tryggð sömu réttindi og íslenskum börnum. Innflytjendabörn eiga hvorki tungumál né menningararf sameiginlegt með innfæddum börnum, þó er ekki til lögbundin heimild til að njóta eigin menningar eða tungumáls. Það er eðlilegt og rétt að tryggja börnum flóttamanna, sem óska eftir pólitísku hæli, vernd og mannúðlega aðstoð. Reyndar er það svo að löggjöf sem snýr að útlendingum á Íslandi er í molum.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru aðeins dæmi. Hlutverk nefndarinnar verður að gera úttekt á réttarstöðu barna á Íslandi almennt og væri m.a. vert að skoða hvort ákvæði sáttmálans um trúfrelsi barna sé haldið, hvort brottrekstur barna úr grunnskólum og vinnufyrirkomulag barna og ungmenna á Íslandi sé í samræmi við anda sáttmálans.

Spyrja mætti hvort sú kynning sem barnasáttmálinn hefur fengið sé fullnægjandi, hvort ekki væri rétt að barnasáttmálinn væri kennsluefni í grunnskólum og framhaldsskólum sem liður í námskeiði um mannréttindi, hvort ekki væri rétt að þýða sáttmálann á tungumál sem innflytjendabörn skilja og dreifa til þeirra o.s.frv. Hefur verið leitað til frjálsra félagasamtaka eins og Barnaheilla með samvinnu við kynningu á barnasáttmálanum? Samtökin Barnaheill hafa lýst yfir vilja til samvinnu við stjórnvöld og innan samtakanna hefur safnast fyrir sérþekking á málefninu sem vert væri að nýta. Þá þyrfti að skoða mismunandi stöðu barna sem eiga undir högg að sækja, börn einstæðra foreldra, börn tekjulítilla foreldra, fötluð börn o.s.frv. Ljóst er að tekjulítið fólk hefur ekki ráð á að veita börnum sínum þá menntun sem aðeins er í boði utan skóla, svo sem tónlist, dans o.fl. Tekjulítið fólk hefur ekki efni á að greiða fyrir gæslu sem skólarnir bjóða nú fyrir börn utan skólatíma og því gengur stór hópur barna sjálfala hluta úr degi meðan foreldrar eru í vinnu. Við flutning málefna fatlaðra til sveitafélaganna er æskilegt að komið verði á stofnun jafnréttismála fatlaðra til að koma í veg fyrir að fötluðum börnum verði mismunað eftir búsetu. Yfirvöld hér veita miklu minna fjármagn til barnaverndarmála en gert er annars staðar á Norðurlöndum þrátt fyrir að Íslendingar eigi hlutfallslega fleiri börn ef miðað er við sömu lönd.

Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum. Eins og fram hefur komið hafa verið stigin ákveðin skref í átt til réttarbótar. Það skal þó tekið fram að samkvæmt íslenskum rétti fá alþjóðlegir samningar ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti þótt þeir hafi verið fullgiltir, heldur eru þeir skuldbindandi að þjóðarétti. Sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi og því er ekki hægt að beita honum beint fyrir íslenskum dómstólum. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum verða íslensk lög skýrð með hliðsjón af alþjóðalögum en íslensk lög ganga ávallt fyrir alþjóðalögum séu þau ósamræmanleg. Það er því mikilvægt að lögleiða sáttmálann í heild sinni og gera með því réttindum barna hér á landi hærra undir höfði en nú.

Með tilllögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Upplýsingar úr bæklingnum Social tryghed i de nordiske lande. Omfang, udgifter og finansiering 1994. NOSOSKO, Nordisk Social-Statistisk Komité, 3:1996.
II. Barnaheill. Samanburður á útgjöldum til félags og heilbrigðismála á Norðurlöndum (súlurit).
III. Börn – stjórnvöld – barnafjölskyldur. (Úr tímariti Barnaheilla, 1990, 1. tbl. 1. árg.) Um aðbúnað barna og ungs barnafólks á Íslandi. Valdar rannsóknarniðurstöður.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 872 (521. mál 121. löggjafarþings) í Alþt. 1996–97, bls. 4467–4486.

609. Nefndarálit [304. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. l. nr. 1/1992, l. nr. 50/1994 og l. nr. 140/1995.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggst minni hlutinn alfarið gegn því. Með frumvarpinu er lagt til að aukatekjutaxtar ríkissjóðs verði hækkaðir. Þessir taxtar hafa ekki verið hækkaðir frá árinu 1991 en vísitala neysluverðs hefur hækkað um 13½% á sama tíma. Lagt er til að taxtarnir hækki um sem næst 15%.

Hægt er að skipta breytingunum í frumvarpinu í þrjá hluta, þ.e. í fyrsta lagi hækkun á dómsmálagjöldum og öðrum gjöldum sem snerta dómsmálaráðuneytið. Í öðru lagi eru breytingar á gjöldum fyrir leyfi áfengisveitingastaða og verðbréfafyrirtækja. Í þriðja lagi er sett inn gjaldskrá fyrir birtingu reglugerðar lífeyrissjóða og staðfestingu skipulagsskráa.

Minni hlutinn leggst einkum gegn breytingum á dómsmálagjöldum. Dómsmálagjöld skiluðu á árinu 1996 um 660 millj. kr. í ríkissjóð. Til samanburðar má geta þess að kostnaður við rekstur héraðsdómstóla var liðlega 300 millj. kr. Þannig er ljóst að dómsmálagjöldin gera meira í flestum tilfellum en að standa undir kostnaði við þá starfsemi sem þar er. Hér er því um skattstofn að ræða og ber að skoða þetta frumvarp út frá skattheimtusjónarmiði.

Hvað varðar annan hluta frumvarpsins um gjaldtöku af verðbréfafyrirtækjum og áfengisveitingastöðum þá tók sá hluti frumvarpsins nokkrum breytingum í meðförum nefndarinnar og minni hlutinn gerir ekki athugasemd við þann hluta. Minni hlutinn telur að gjaldskrá fyrir birtingu reglugerðar lífeyrissjóða og staðfestingu skipulagsskráa í þriðja hluta frumvarpsins sé dæmi um skattlagningu þar sem smámunasemin keyrir fram úr hófi.

Það er einkum 4. og 5. gr. frumvarpsins sem minni hlutinn leggst gegn, en í 4. gr. er kveðið á um gjaldskrá við fjárnám sem nemur 1% af þeirri fjárhæð sem fjárnámsins er krafist fyrir. Þessi gjaldtaka lendir á skuldurum, nái fjárnámið fram að ganga. Í 4. gr. frumvarpsins eru hækkuð lágmarksgjöld og hámarksgjöld, þ.e. úr 3.000 kr. í 3.500 kr. og úr 10.000 kr. í 11.500 kr. Í frumvarpinu er áætlað að þetta ákvæði skili ríkissjóði um það bil 22 millj. kr. á ársgrundvelli. Við umfjöllun í nefndinni kom í ljós að þessi tala var ofáætluð um 6 millj. kr. þannig að tekjur verða mun minni en ætlað var.

Í 5. gr. frumvarpsins er gjaldtaka við nauðungarsölu. Þar er lágmarksfjárhæð hækkuð úr 9.000 kr. í 10.300 kr. og hámarksfjárhæð úr 30 í 35 þús. kr. Hér er um að ræða mjög íþyngjandi ákvæði fyrir fólk í fjárhagserfiðleikum sem missir eignir sínar á nauðungarsölu. Það er til vansa að ríkisvaldið skuli nota neyð fólks með þessum hætti til skattlagningar.

Hækkun á beiðni vegna nauðungarsölu, þ.e. 5. gr. frumvarpsins, átti að skila um það bil 24 millj. kr. í ríkissjóð en við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að hér var um ofmat um helming að ræða þannig að búast má við að tekjur nemi um það bil 12 millj. kr. Þetta ákvæði er fyrst og fremst íþyngjandi gagnvart þeim heimilum sem eiga í miklum fjárhagserfiðleikum því að allur þessi skattur lendir á þeim.

Geta má þess að ætlað var að þessar hækkanir á dómsmálagjöldum mundu skila um það bil 100 millj. kr. aukalega í ríkissjóð. Þegar tekið er tillit til ofmats, sem fyrr er greint frá, má ætla að tekjuaukning ríkissjóðs vegna þessa sé um 80 millj. kr. og þannig langt umfram þann

kostnað sem ríkisvaldið verður fyrir vegna þessara mála. Hér er því fyrst og fremst um að ræða skattheimtu gagnvart fátæku fólki og fólki sem lent hefur í vandræðum með fjármál sín.

Rekstrarkostnaður héraðsdómstóla hefur hækkað á þessu tímabili úr 280 millj. kr. í 340 millj. kr. Þessi skattlagning átti að gefa 100 millj. kr. í viðbótartekjur. Þó svo að einungis hluti af verkefnunum sé unninn af héraðsdómstólum er samt ljóst að hér er um mikið ósamræmi að ræða milli kostnaðar og gjaldtöku.

Það verður að hafa í huga að í 4. og 5. gr. frumvarpsins er meginuppistaða álagningarinnar sú prósenta sem lögð er til grundvallar, þ.e. 1% af beiðni um fjárnám eða beiðni um nauðungarsölu. Það gólf og þak sem sett er í gjaldtökuna og gerð er tillaga um að hækka í frumvarpinu reynir ekki á nema að hluta. Það hefði því verið eðlilegt að lækka prósentuna þannig að ekki væri um að ræða jafnmiklar álögur á einstaklinga í fjárhagsvandræðum. Tekjur vegna beiðna um fjárnám voru 150 millj. kr. á árinu 1996 og vegna beiðna um nauðungarsölur yfir 160 millj. kr. Þetta er hrein viðbótarskattlagning á fólk í fjárhagserfiðleikum.

Stjórnarandstæðingar hafa undanfarin missiri lagt fram ýmsar tillögur á Alþingi um að draga úr gjaldtöku og skattlagningu hins opinbera vegna skulda einstaklinga. Þetta frumvarp gengur þvert á þá stefnu. Hægt er að minna á loforð núverandi ríkisstjórnarflokka fyrir síðustu kosningar um að styrkja fjárhag heimilanna og gera úrbætur á skuldastöðu þeirra. Hér er hins vegar þvert á móti nýttur skattstofn af fullum þunga gagnvart fólki í fjárhagserfiðleikum. Hér er ekki einungis um að ræða alvarlegt brot á kosningaloforðum ríkisstjórnarflokkanna heldur stefnumörkun sem er að mati minni hlutans einstaklega ógeðfelld.

Minni hlutinn átelur harðlega að ekki skuli hafa verið farið vandlegar yfir þessi gjöld og skoðað hvað væri eðlilegt að hækka með tilliti til kostnaðar sem ríkisvaldið verður fyrir í stað þess að fara þá leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að hækka blint alla þá gjaldstofna sem fyrirfundust.

Í þessu sambandi má nefna að á árinu 1995 voru tæplega 700 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota og í frumvarpinu er lagt til að hækka gjöld vegna nauðungarsölu og aðfarargerðar. Samþykkt frumvarpsins eins og ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar leggja til mun þannig knýja á enn fleiri gjaldþrot og þannig birtist ríkisstjórnarstefnan í reynd gagnvart almenningi í þessu landi.

Alþingi, 16. des. 1997.

Ágúst Einarsson, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon,	Jón Baldvin Hannibalsson,

610. Svar [313. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um þróun lyfjaverðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur þróun lyfjaverðs orðið eftir að ný lyfjalög öðluðust gildi 1. júlí 1994 og ákvæði VII. kafla (um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi) og XIV. kafla (um lyfjaverð) komu til framkvæmda 1. nóvember 1995?*
2. *Hver hefur þróun á verði 20 mest seldu lyfseðilsskyldu lyfjanna orðið á þessu tímabili?*
3. *Hefur aukin samkeppni samfara meira frelsi heildsala og smásala til verðákvörðunar og meiri þjónusta á þessum vettvangi, þ.e. með fjölgun lyfjabúða, leitt til aukins kostnaðar og hækkaðs verðs til neytenda og enn fremur aukinnar neyslu?*

4. *Í hve mörgum tilfellum selja heildsalar og smásalar lyfseðilsskyld lyf á hámarksverði sem lyfjaverðsnefnd hefur ákveðið og hversu oft og mikið er verðið undir hámarki samkvæmt upplýsingum lyfjaverðsnefndar, sbr. 40. gr. lyfjalaga?*
5. *Hefur frjáls verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, skv. 40. gr. lyfjalaga leitt til söluaukningar og verðbreytinga og þá hverra?*
6. *Er það mat ráðherra að auknar heimildir til upplýsinga og kynningar í lyfjalögum hafi aukið neyslu lyfja sem seld eru án lyfseðils eða breytt neyslumunstri á annan veg?*
7. *Er ráðherra sömu skoðunar nú og hann var sem stjórnarandstöðuþingmaður á síðasta kjörtímabili þegar frumvarp til nýrra lyfjalaga var til umræðu og afgreiðslu á Alþingi?*

Ákvæði VII. kafla, um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi, og XIV. kafla, um lyfjaverð, laga nr. 93/1994 tóku gildi 15. mars 1996. Ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að hægt sé að svara 4. lið fyrirspurnarinnar. Leitast er við að svara 1., 2., 3. og 5. lið í tvennu lagi, annars vegar um þróun lyfjaverðs og hins vegar um þróun lyfjanotkunar.

Breytingar á hámarksverði lyfja.

Hagstofan mælir breytingar á opinberu hámarksverði á þriggja mánaða fresti með sérstakri lyfjavísitölu sem er hluti af vísitölu daggjaldastofnana.

Á eftirfarandi töflu má sjá að hámarksverð lyfja hefur lækkað að meðaltali um 6,6% frá 1. janúar 1996 til 1. október 1997.

Lyfjaliður vísitölu daggjaldastofnana.

	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1996	102,7	102,7	102,7	102,7	102,7	102,7	102,7	101,5	101,5	101,5	101,8	101,8
1997	100,0	100,0	100,0	97,9	97,9	97,9	96,9	96,9	96,9	95,9	95,9	95,9

Ástæða verðlækkunarinnar er þríþætt:

1. Innflutningsverð hefur lækkað, þar sem íslenska krónan hefur styrkst gagnvart helstu lyfjainnflutningsmyntunum, að breska pundinu undanskildu.
2. Breytt hámarksverð frá 1. janúar 1997 í heildsölu og smásölu.
3. Samkeppni í sölu lyfja á viðmiðunarverðskrá.

Þróun hámarksverðs 20 mest seldu lyfseðilsskyldu lyfjanna.

Samanburður á hámarksverði 1. mars 1996 og 1. nóvember 1997 á 20 mest seldu lyfseðilsskyldu lyfjunum sýnir að verðið hefur lækkað á þeim öllum að þremur undanskildum en þau eru keypt inn í breskum pundum. Að meðaltali hefur hámarksverð 20 mest seldu lyfjanna lækkað á þessu tímabili um 14%. (Sjá samanburð á fylgiskjali I.)

Breytingar á lyfjaverði til sjúklinga.

Samkeppnisstofnun kannaði í mars og í nóvember á þessi ári verð 32 algengra lyfja á höfuðborgarsvæðinu (sjá fylgiskjal II). Þar kemur fram að það verð sem sjúklingur greiðir fyrir lyf er að jafnaði lægra en greiðsluhluti hans samkvæmt ákvörðuðu hámarksverði.

Þegar borinn er saman hluti sjúklings samkvæmt gildandi opinberu lyfjaverði 1. mars 1996 og meðalverð samkvæmt könnun Samkeppnisstofnunar 1. nóvember 1997 kemur fram að hluti sjúklings hefur lækkað í nær öllum tilvilkum. Sé lægsta verðið skoðað sést að hluti sjúklings í lyfjaverði hefur lækkað að meðaltali um 40%.

Hluti sjúklings samkvæmt opinberu hámarksverði hefur hins vegar hækkað frá því 1. mars 1996 á flestum þeim lyfjum sem könnunin nær til. Skýringar á því eru m.a. þær að ódýrari lyf hafa hækkað í verði og dýrari lækkað. Þannig var hámarksverð lyfja sem kostuðu minna en 3.100 kr. hækkað og eru flest lyfin sem könnun Samkeppnisstofnunar nær til undir þeirri upphæð.

Ljóst var um síðustu áramót að hluti sjúklings í lyfjaverði hafði lækkað verulega og miðuðu áðurgreindar aðgerðir að því að halda hlutfalli almannatrygginga og sjúklinga í lyfjaverði óbreyttu.

Í vísitölu neysluverðs er sérstakur lyfjaliður sem mælir breytingar á hluta sjúklings í lyfjaverði. Í apríl á þessu ári breytti Hagstofan mælingaraðferðum sínum á þessum lið, í stað þess að reikna út hluta sjúklings af hámarksverði er nú gerð könnun mánaðarlega í nokkrum apótekum á verði til sjúklinga á algengum lyfjum. Eins og sjá má í eftirfarandi töflu hefur hluti sjúklings frá því í apríl á þessu ári lækkað um 5%:

Lyfjaliður vísitölu neysluverðs.

	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1997	100	79,8	78,4	80,2	80,9	80,2	80,4	79,8	78,9	75,8

Könnun Samkeppnisstofnunar og vísitala Hagstofunnar gefa afdráttarlausa vísbendingu um að hluti sjúklings í lyfjaverði hefur lækkað.

Breyting á verði lausasölulyfja.

Verðkönnun Samkeppnisstofnunar í nóvember 1997 nær til þriggja lausasölulyfja og sé verð sem þar er birt borið saman við opinbert verð 1. mars 1996 kemur í ljós að í nokkrum apótekum eru lyfin þrjú seld á hærra verði, en í langflestum apótekunum hefur verðið lækkað og geta nú sjúklingar fengið þessi þrjú lyf á 25–35% lægra verði en 1. mars 1996.

Um lyfjanotkun.

Ráðuneytið hefur tekið saman yfirlit yfir heildarlyfjanotkun þjóðarinnar, mælt í skilgreindum dagsskömmtum á 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000íb./dag). Í ljós kemur að hlutfallsbreyting lyfjanotkunar á milli áranna 1995 og 1996 er sú sama og á milli 1994 og 1995 (sjá fylgiskjal III). Ekki liggja fyrir tölur um árið 1997. Ekki eru til sambærilegar tölur um skilgreinda dagsskammta lausasölulyfja en ef sala þeirra er reiknuð á leyfilegu hámarksútsöluverði sést að hlutfallsbreyting hefur verið 14% á milli áranna 1995 og 1996 en 9% á milli áranna 1994 og 1995 (sjá fylgiskjal IV). Þessi breyting skýrist að mestu leyti vegna sölu tveggja lyfja sem seld hafa verið í lausasölu með undanþágu frá lyfseðilsskyldu. Þetta eru lyfin Parkódín, sem er hitalækandi verkjalyf, og Nicorette, sem er hjálparefni til að hætta reykingum.

Svar við 5. lið fyrirspurnarinnar.

Eins og áður er komið fram hefur orðið aukning á sölu lausasölulyfja sem að mestu skýrast vegna sölu lyfjanna Parkódíns og Nicorette. Það er mat ráðherra að auknar heimildir til upplýsinga og kynningar hafi aukið sölu þessara lyfja.

Svar við 6. lið fyrirspurnarinnar.

Ráðherra er enn sömu skoðunar, enda hafa allar afleiðingar aukins frelsis í lyfjasölu og verðlagningu lyfja ekki enn komið fram.

Samanburður á verði 20 mest seldu lyfseðilsskyldu lyfjanna 1.mars 1996 og 1.nóv. 1997

Nvnr	Heiti	Form	Styrkur		Magn		Innfl. gjaldm.	Lyf á viðmiðunar-verðskrá	Hám.verð mars'96 skv. lyfjaverðskrá	Hám.verð nóv.'97 skv. lyfjaverðskrá	Sv-1.7'96	Breyting á hámarksverði	Vegna gengisbr.	Vegna verðbr.
107607	Asyran	töflur	150	mg	60	stk	IKR	X	3.907	3.424	3.907	-12,4%		-12,4%
030783	Becotide	innúðal	250	mcg/sk	200	sk	GBP		5.151	5.421	5.244	5,2%	14,1%	-8,9%
159632	Cipramil	töflur	20	mg	28	stk	DKK		5.068	4.244	4.964	-16,3%	-12,5%	-3,7%
029066	Flixonase	nefúði	50	mcg/sk	16	ml	GBP		2.493	2.865	2.537	14,9%	14,1%	0,8%
099093	Fontex	hylki	20	mg	30	stk	IKR	X	5.238	4.211	4.809	-19,6%		-19,6%
063339	Imigran	töflur	100	mg	6	stk	GBP		9.435	9.403	9.601	-0,3%	14,1%	-14,5%
494724	Kliogest	töflur			84	stk	DKK		4.078	3.512	3.995	-13,9%	-12,5%	-1,4%
049650	Lamisil	töflur	250	mg	28	stk	DKK	X	13.155	10.263	12.903	-22,0%	-12,5%	-9,5%
049544	Losec	sh-hylki	20	mg	28	stk	IKR	X	7.788	6.446	7.542	-17,2%		-17,2%
559062	Nobligan	hylki	50	mg	100	stk	DKK	X	4.505	3.699	4.413	-17,9%	-12,5%	-5,4%
461731	Parkodin	töflur	510	mg	10	stk	IKR		212	236	212	11,3%		11,3%
382762	Pulmicort Turbuhaler	innúðadu	200	mcg/sk	200	sk	IKR		8.638	8.590	9.447	-0,6%		-0,6%
382770	Pulmicort Turbuhaler	innúðadu	400	mcg/sk	200	sk	IKR		13.807	13.612	15.058	-1,4%		-1,4%
461939	Roaccutan	hylki	20	mg	50	stk	CHF		14.734	11.338	14.273	-23,0%	-13,6%	-9,4%
467720	Sandimmun Neoral	hylki	100	mg	50	stk	DKK		37.922	29.828	37.177	-21,3%	-12,5%	-8,8%
115931	Serevent Diskus	innúðadu	50	mcg/sk	60	stk	GBP		5.448	5.696	5.547	4,6%	14,1%	-9,6%
524538	Serol	hylki	20	mg	30	stk	IKR	X	4.639	4.211	4.639	-9,2%		-9,2%
448761	Timpilo	augndr			5	ml	XEU		2.749	2.538	2.685	-7,7%	-7,4%	-0,3%
511303	Trisekvens	töflur			84	stk	DKK		3.911	3.390	3.832	-13,3%	-12,5%	-0,8%
454199	Zocor	töflur	20	mg	98	stk	XEU		21.091	16.439	20.635	-22,1%	-7,4%	-14,7%

Lyf í verðkönnun Samkeppnisstofnunar nóvember 1997

						Hám.verð nóv.'97 skv. lyfjaverðskrá	Hluti sjúklings í lyfjaverði m.v. hámarksverð nóv.'97	meðalverð nóv.'97	lægsta verð nóv.'97	Hluti Tryggingast. nóv.'97	Hám.verð mars'96 skv. lyfjaverðskrá	Hluti sjúklings mars.'96	Hluti Tryggingast. mars.'96	Breyting á hluta sjúklings m.v. hámarks-verð	meðal-verð	lægst verð	Breyting á hluta Tryggingastofnunar
Lyfseðilsskyld lyf																	
Amoxicillin NM Ph	hylki	500	mg	30	stk	2.100	2.100	1.808	1.231	0	1.459	1.459	0	43,9%	23,9%	-15,6%	
Asepin	töflur	0,25	mg	30	stk	659	659	564	402	0	596	596	0	10,6%	-5,4%	-32,6%	
Atenolol Delta	töflur	25	mg	100	stk	1.212	907	761	463	305	1.145	687	458	32,0%	10,7%	-32,6%	-33,4%
Daren	töflur	5	mg	100	stk	3.425	1.430	1.315	729	1.995	3.659	1.089	2.570	31,3%	20,7%	-33,1%	-22,4%
Diazepam LÍ	töflur	5	mg	50	stk	335	335	293	225	0	302	302	0	10,9%	-3,0%	-25,5%	
Doxytab	töflur	100	mg	10	stk	763	763	666	553	0	690	690	0	10,6%	-3,5%	-19,9%	
Evorel	forðapl	25	mcg/sólh	26	stk	4.300	2.226	1.892	1.523	2.074	4.948	1.904	3.044	16,9%	-0,7%	-20,0%	-31,9%
Flemoxin	mixtúru	50	mg/ml	100	ml	1.470	1.470	1.287	1.088	0	1.548	1.548	0	-5,0%	-16,9%	-29,7%	
Fontex	hylki	20	mg	30	stk	4.211	1.500	1.178	765	2.711	5.238	1.342	3.896	11,8%	-12,2%	-43,0%	-30,4%
Gynera	töflur	105	mcg	63	stk	1.734	1.734	1.500	1.162	0	1.790	1.790	0	-3,1%	-16,2%	-35,1%	
Hydramil	töflur	55	mg	100	stk	659	659	573	418	0	679	624	55	5,7%	-8,1%	-33,0%	
Kaavepenin	töflur	1	g	20	stk	1.131	1.131	986	837	0	995	995	0	13,7%	-0,9%	-15,9%	
Kliogest	töflur			84	stk	3.512	1.885	1.554	999	1.627	4.078	1.643	2.435	14,7%	-5,4%	-39,2%	-33,2%
Microgyn	töflur			63	stk	1.286	1.286	1.117	862	0	1.324	1.324	0	-2,9%	-15,6%	-34,9%	
Parkodin forte	töflur	530	mg	30	stk	441	441	388	313	0	399	399	0	10,5%	-2,8%	-21,6%	
Primazol	mixtúra	48	mg/gl	100	ml	538	538	469	387	0	439	439	0	22,6%	6,8%	-11,8%	
Roaccutan	hylki	20	mg	50	stk	11.338	3.000	370	0	8.338	14.734	3.000	11.734	0,0%	-87,7%	-100,0%	-28,9%
Ropan	töflur	1	mg	30	stk	471	471	410	304	0	436	436	0	8,0%	-6,0%	-30,3%	
Triquilar	töflur	80	mcg	63	stk	1.387	1.387	1.202	929	0	1.430	1.430	0	-3,0%	-15,9%	-35,0%	
Ventolin	innúðal	0,1	mg/sk	200	sk	1.013	1.013	748	313	0	810	634	176	59,9%	18,1%	-50,6%	
Lyf undanþegin lyfseðli																	
Asyran	töflur	150	mg	30	stk	2.107	1.347	1.160	808	760	1.968	1.010	958	33,3%	14,8%	-20,0%	-20,6%
Nexol	nefúði	140	mcg/sk	10	ml	399	399	319	207	0	392	392	0	1,8%	-18,6%	-47,2%	
Nicorette	tyggigú	2	mg	105	stk	2.016	2.016	1.541	1.323	0	2.078	2.078	0	-3,0%	-25,8%	-36,3%	
Nicotinell	forðapl	14	mg/sólh	1	stk	5.361	5.361	4.511	3.840	0	6.727	6.727	0	-20,3%	-32,9%	-42,9%	
Nitromex	tungur.t	0,5	mg	120	stk	1.870	1.057	860	539	813	1.931	813	1.118	30,0%	5,8%	-33,7%	-27,3%
Parasupp	eþ-stil	125	mg	10	stk	439	439	332	200	0	396	396	0	10,9%	-16,2%	-49,5%	
Paratabs	töflur	500	mg	30	stk	242	242	168	108	0	217	217	0	11,5%	-22,6%	-50,2%	
Parkodin	töflur	510	mg	10	stk	236	236	160	125	0	212	212	0	11,3%	-24,5%	-41,0%	
Pektolin	mixtúra			150	ml	454	454	337	238	0	Ekki til						
														Br. frá			
Lausasölulyf							Hæsta verð							hæsta verði			
Hexadent	lausn	2	mg/ml	300	ml		297	231	176	0	272	272	0	9,2%	-15,1%	-35,3%	
Laktulose NM Phar	mixtúra	667	mg/ml	500	ml		1.085	773	595	0	794	794	0	36,6%	-2,6%	-25,1%	
Pevaryl	krem	10	mg/g	30	g		754	621	490	0	648	648	0	16,4%	-4,2%	-24,4%	

Fylgiskjal III.

Lyfjanotkun mæld í skilgreindum dagskömmtum á 1000 íbúa á dag (DDD/1000íb./dag). Farið er eftir skilgreiningu WHO á dagskömmtum, en það er sá skammtur hvers lyfs sem er algengasti dagskammtur við aðalábendingu fyrir notkun þess.

Fylgiskjal 3

	DDD/1000íb./dag			Hlutfallsbreyting	
	1994	1995	1996	94/95	95/96
Meltingarfæra-og efnaskiptalyf	149,04	136,70	139,10	-8%	2%
Blóðlyf	23,06	24,97	26,06	8%	4%
Hjarta-og æðasjúkdómalyf	158,93	170,06	178,54	7%	5%
Húðlyf til inntöku	2,70	2,86	3,00	6%	5%
Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	100,25	109,43	113,51	9%	4%
Hormónalyf, önnur en kynhormón	19,55	20,68	21,70	6%	5%
Sýkingalyf	21,80	21,26	22,38	-2%	5%
Lyf með verkun á innkirtla (L02)	1,19	1,38	1,47	16%	7%
Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	37,63	41,17	44,68	9%	9%
Tauga- og geðlyf	148,85	164,77	178,00	11%	8%
Sníklalyf, skordýraeitur og skordýrafælur	1,40	1,42	1,47	1%	4%
Öndunarfæralyf	79,06	86,54	92,49	9%	7%
Augn-og eyrnalyf	9,75	9,75	10,02	0%	3%
Ýmis lyf	0,01	0,01	0,01	41%	51%
samtals	753,21	791,00	832,44	5%	5%



Fylgiskjal IV.

Álagning í heildsölu og smásölu á lausasölulyf (L) er frjáls og hefur ráðuneytið því ekki upplýsingar um söluverðmæti þessara lyfja að öðru leyti en því að selt magn á hverju ári er margfaldað með síðasta hámarksverði sem gilti áður en verðlagning varð frjáls.
Um sum lyfseðilsskyld lyf gildir að minnstu pakkningar eru undanþegnar lyfseðilsskyldu (U). Verðlagning þeirra er ekki frjáls.
Allar tölur miðast við leyfilegt hámarksverð.

	Apóteksverðmæti (þús.kr)			Hlutfallsbreyting	
	1994	1995	1996	94/95	95/96
Lausasölulyf (L)	230.224	224.314	230.713	-3%	3%
Undnþegnar pakkningar (U)	470.031	536.050	638.734	14%	19%
	700.255	760.364	869.447	9%	14%



611. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Ágústi Einarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-981 Kvikmyndasjóður**			
1.01 Kvikmyndasjóður	120,0	30,0	150,0
Greitt úr ríkissjóði	*135,2*	*30,0*	*165,2*

612. Nefndarálit [323. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið með hefðbundnum hætti; fengið allmarga aðila til fundar við sig og er þeirra getið í áliti meiri hluta nefndarinnar. Einnig sendi nefndin einstaka þætti frumvarpsins til umsagnar hjá fagnefndum þingsins og verður hér á eftir víða vísað í álit þeirra nefnda sem sendu efnahags- og viðskiptanefnd umsögn. Í öðrum tilvikum er vísað til álits fagnefnda eða minni hluta einstakra fagnefnda um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998 þar sem komið er inn á mörg sömu ákvæði og eru efni þessa bandormsfrumvarps.

1. Skerðing á framlögum til endurbóta menningarbygginga. Eins og nokkur síðastliðin ár leggur ríkisstjórnin til mikla skerðingu á mörkuðum tekjustofni til endurbóta menningarbygginga, þ.e. hinum sérstaka eignarskatti sem upphaflega var lagður á til að standa straum af byggingarkostnaði við Þjóðarbókhlöðu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að á árinu 1998 renni 200 millj. kr. af 515 millj. kr. tekjum í ríkissjóð samanborið við 150 millj. kr. samkvæmt fjárlögum ársins 1997. Hér er því enn verið að auka skerðingu þessa markaða tekjustofns, taka meira af honum beint í ríkissjóð. Sem því nemur er minna til skiptanna til að standa straum af brýnum verkefnum sem bíða úrlausnar á sviði endurbóta og viðhalds ýmissa mikilvægra menningarbygginga. Má þar sem dæmi nefna Þjóðminjasafnið sem ætlunin var að fengi umtalsverðar fjárveitingar af þessum tekjustofni á næstu árum. Minni hlutinn gagnrýnir þessa miklu skerðingu.
2. Í 2. gr. frumvarpsins er á ferðinni sérstök skerðing á átaksverkefni um framleiðslu og markaðsaukningu vistvænna og lífrænna afurða. Samkvæmt samþykktum um verkefnið og lögum nr. 27/1995 átti að verja 25 millj. kr. árlega á árunum 1996–99 til verkefnisins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að einungis helmingi þessa framlags, þ.e. 12,5 millj. kr., verði ráðstafað í upphaflegum tilgangi en afgangurinn renni í ríkissjóð. Í áliti landbúnaðarnefndar við frumvarp til fjárlaga er þessari skerðingu mótmælt og tekið undir andstöðu bændasamtakanna við þetta ákvæði, sbr. fskj. I. Athygli vekur að landbúnaðarnefnd stendur að því áliti í heild sinni. Minni hlutinn telur þessa skerðingu fráleita og leggur til að hún verði felld.

3. Í 3. og 4. gr. er vikið að framlagi til framkvæmdasjóðs fatlaðra af hinum markaða tekjustofni erfðafjárskatts. Þar er sömuleiðis, eins og í fleiri tilvikum, lagt til að ganga enn lengra í skerðingu markaðs tekjustofns en áður hefur verið gert og skulu samkvæmt frumvarpinu 235 millj. kr. af skattinum renna í ríkissjóð á árinu 1998 en aðeins 185 millj. kr. verða eftir til verkefna í sjóðnum. Við það bætist svo að sjóðurinn á að standa undir ýmsum útgjaldaliðum, svo sem félagslegri hæfingu og endurhæfingu og kostnaði við starfsemi stjórnarnefndar á árinu 1998, þannig að í reynd er það fé sem fer til beinna framkvæmda á vegum sjóðsins minna sem þessu nemur. Þessa gífurlegu skerðingu er óhjákvæmilegt að gagnrýna og vísast í þeim efnum um frekari rökstuðning til álits minni hluta félagsmálanefndar við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. fskj. II.
4. Í 5.–7. gr. frumvarpsins er fjallað um málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs og er þar gert ráð fyrir því að sjóðurinn greiði hluta af rekstrarkostnaði svæðisvinnumiðlana og vinnumálastofnunar þvert á gildandi lög. Verður kostnaður sjóðsins af þessum sökum um 100 millj. kr. og er það í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins. Þessi ráðstöfun er gagnrýniverð og eðlilegra hefði verið að halda sig við lögbundið fyrirkomulag þar sem gert er ráð fyrir því að rekstrarkostnaður vinnumiðlana og vinnumálastofnunar greiðist úr ríkissjóði, sbr. álit minni hluta félagsmálanefndar á fskj. III.
5. Í 8.–11. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um almannatryggingar en þar er að verulegu leyti bakkað með þá breytingu sem ráðist var í undir lok árs 1995 og tók gildi á árinu 1996 að afnema tengingu bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu. Ríkisstjórnin er á flótta undan mikilli og almennri óánægju elli- og örorkulífeyrisþega með þá ráðstöfun sem stjórnarandstaðan hefur frá upphafi gagnrýnt harðlega og barist gegn. Því miður hefur sú leið verið valin að ganga frá málinu með nokkuð óljósu orðalagi eða, eins og segir í 9. gr. frumvarpsins, að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skuli „taka mið af“ launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Í umræðum um þetta mál skýrðist að vísu nokkuð í svörum forsætisráðherra hvað fyrir mönnum vakir og var það til bóta. Minni hlutinn telur eftir sem áður að best hefði verið að ganga frá þessari tengingu við launaþróun eða launavísitölu með skýrum hætti og tekur undir álit minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar í því sambandi, sbr. fskj. IV. Rétt er að vekja athygli á því að með breytingunum á 59. gr. og 17. gr. almannatryggingalaga er í reynd verið að afnema þá tryggingu sem hefur verið fyrir því að þær fjárhæðir, þ.e. annars vegar frítekjumark eða skerðingarupphæðir skv. 17. gr. og hins vegar greiðslur skv. 59. gr., fylgdu sjálfkrafa launaþróun. Í reynd er verið að aftengja þessi ákvæði og þar með beina tengingu við launabreytingar hvað varðar fleiri stærðir í almannatryggingakerfinu. Þau skulu hins vegar tengjast launaþróun á sama hátt og almennir bótaliðir, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Yfirlýsingar forsætisráðherra í umræðum er þó tæpast hægt að túlka öðruvísi en þannig að orðalag 9. gr. frumvarpsins beri að skilja svo að bætur almannatrygginga og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. skuli beinlínis fylgja launaþróun (launavísitölu). Í trausti þess að við það verði staðið og í ljósi þess að fyrirhugaðar breytingar eru til bóta frá ákvörðun ríkisstjórnarinnar 1995 um að taka bótagreiðslur alveg úr sambandi leggst minni hlutinn ekki gegn þeim. Minni hlutinn ítrekar, eftir sem áður, þá skoðun sína að réttast sé að tryggja á ótvíræðan hátt að lífeyrisþegar njóti að sínu leyti launahækkana og bættra kjara almennt í þjóðfélaginu.
6. Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar en þar er lagt til að 1.064 millj. kr. af innheimtum mörkuðum tekjum til vegamála skuli renna í

ríkissjóð árið 1998. Með þessu er gengið lengra í skerðingu á mörkuðu vegafé en nokkru sinni fyrr í sögunni og er þó ferill samgönguráðherra Halldórs Blöndals og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar ljótur í þessum efnum. Ljóst er að þessi mikla skerðing, eða á annan milljarð króna borið saman við 804 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 1997 og rúmar 600 millj. kr. sem áætlaðar voru á árinu 1998 samkvæmt vegáætlun, setur forsendur nýrrar vegáætlunar í uppnám og mun skapa gríðarlega erfiðleika við að skipta allt of litlu vegafé á næsta ári. Sú forgangsröðun eða stefna ríkisstjórnarinar að vegagerð í landinu, uppbygging samgangna í landinu, skuli að þessu leyti ekki fá að njóta aukinna tekna, nema síður sé, hlýtur að vekja mikla undrun. Þörf fyrir samgöngubætur vítt og breitt um landið, jafnt í afskekktum byggðarlögum sem á höfuðborgarsvæðinu, er mikil og kröfur tímans kalla á stórauknar framkvæmdir á þessu sviði. Þrátt fyrir þetta ætlar ríkisstjórnin í hinu margumtalaða góðæri sínu að þrengja meira að vegaframkvæmdum en gert hefur verið um langt árabil og gera meira af mörkuðum tekjum vegasjóðs upptækar í ríkissjóð en nokkru sinni í sögunni.

7. Svipaða sögu er að segja um 14. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um skerðingu á tekjustofnum flugmálaáætlunar til framkvæmda í flugmálum en þar er lagt til, eins og reyndar undanfarin ár, að til viðbótar umtalsverðri skerðingu á mörkuðum tekjum til reksturs Flugmálastofnunar komi heimild til að skerða þessar tekjur til að standa straum af kostnaði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1998 er gert ráð fyrir að 60 millj. kr. af stofnkostnaði við flugstöðina verði greiddar af tekjum af flugvallargjaldi á næsta ári. Þessi mikla skerðing á mörkuðum tekjum til framkvæmda í flugmálum mun óhjákvæmilega draga verulega úr framkvæmdagetu á flugvöllum og mun það samkvæmt fyrirliggjandi flugmálaáætlun ekki síst bitna á áformuðum framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli. Minni hlutinn mótmælir þessum miklu skerðingum á framlögum til brýnna framkvæmda í samgöngumálum, vegamálum og flugmálum, og vísar í því sambandi til álits samgöngunefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. fskj. V, en þar lýsir samgöngunefnd í heild sinni óánægju með þessar skerðingar og einkanlega hina miklu skerðingu á vegafé.

Í heild má segja að boðskapur þessa frumvarps stingi mjög í stúf við góðærishjal ríkisstjórnarinnar því að hér eru á ferðinni meiri skerðingar en nokkru sinni fyrr á mörkuðum tekjustofnum til framkvæmda á mikilvægum sviðum í menningarmálum, velferðarmálum og samgöngumálum. Hlýtur það að teljast í mikilli mótsögn við hinar hástemmdu ræður stjórnarherranna um mikinn árangur á öllum sviðum og góðæri. Ljóst er a.m.k. að málaflokkar eins og uppbygging á sviði málefna fatlaðra, brýnar framkvæmdir við æðstu menningarbyggingar í landinu, svo ekki sé nú talað um samgöngumálin, eiga ekki að njóta neins af góðærinu. Góðærið er ekki þar. Minni hlutinn getur ekki fallist á þessa forgangsröðun og áherslur ríkisstjórnarinnar og mun eftir atvikum greiða atkvæði gegn einstökum þáttum frumvarpsins eða sitja hjá.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 18. des. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.	Ágúst Einarsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu til fundar Sigurgeir Þorgeirsson og Ari Teitsson frá Bændasamtökum Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að áfram verði unnið að sérstöku átaki í framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Til átaksins var stofnað með lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, en skv. 4. gr. laganna skal ríkissjóður leggja átaksverkefninu til 25 millj. kr. á ári í fjárlögum árin 1996–99. Í fjárlagafrumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að framlag til þessa verkefnis verði helmingi lægra í ár en á síðasta ári eða 12,5 millj. kr. Í samræmi við það er síðan að finna ákvæði í 6. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir þessari skerðingu. Bændasamtökin lýstu sig andvíg þessum niðurskurði og tekur nefndin undir þá skoðun.

Þá er í frumvarpinu lögð til hækkun á framlagi til Bændasamtakanna. Hækkun milli ára skýrist af því að lagt er til að þær 89 millj. kr. sem verja skal til uppkaupa á fullvirðisrétti eða markaðsaðgerða samkvæmt núgildandi búvörusamningi verði veittar til jarðræktarframlaga og fleiri verkefna. Nefndin vekur athygli á því að verið er að taka einhliða upp samning við sauðfjárbændur og nota fjármuni sem þeim eru ætlaðir samkvæmt samningnum til að leysa önnur uppsöfnuð vandamál og getur nefndin ekki tekið undir slíkt. Þá er þess að geta að nefndin hefur í álitum sínum til fjárlaganefndar á síðustu árum ítrekað bent á nauðsyn þess að gera jarðræktarframlög upp en nefndin getur ekki stutt að það sé gert með framangreindum hætti.

Við meðferð nefndarinnar á frumvarpinu óskaði hún m.a. eftir samantekt frá landbúnaðarráðuneytinu um ýmis framlög og sjóði í þágu landbúnaðarins, en vegna breyttrar framsetningar frumvarpsins bætast við nýir fjárlagaliðir í A-hluta frumvarpsins, t.d. Framleiðsluráð landbúnaðarins, Landgræðslusjóður, Búnaðarsjóður, Lánasjóður landbúnaðarins o.fl., og fylgir samantektin áliti þessu.

Alþingi, 19. nóv. 1997.

Guðni Ágústsson, form.
Egill Jónsson.
Magnús Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Ágúst Einarsson, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefndar gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998:

Enn á ný eru tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra skertar. Samkvæmt lögum er erfðafjárskattur ætlaður til framkvæmda í þágu fatlaðra. Þær tekjur eru áætlaðar 420 millj. kr. á næsta ári. Samkvæmt frumvarpinu fær framkvæmdasjóðurinn í sinn hlut 205 millj. kr. þannig að ríkið tekur í sinn hlut 215 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur uppi áform um að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna. Ef það á að takast sómasamlega þurfa málefni fatlaðra að vera í góðu lagi, nema meiningin sé að leggja auknar byrðar á sveitarfélögin. Í Reykjavík og á Reykjanesi eru langir biðlistar eftir sambýlum og því ljóst að mikil þörf er fyrir framkvæmdafé eigi að takast að stytta biðlistana. Það er ólíðandi að framkvæmdarvaldið skuli ár eftir ár skerða eyrnamerkt fé. Þá er miklu nær að breyta lögunum í stað þess að hunsa þau með þessum hætti.

Minni hluti félagsmálanefndar vill enn einu sinni vekja athygli á þeirri alvarlegu þróun sem nú á sér stað varðandi félagslega húsnæðiskerfið. Enn eru bein framlög ríkisins til byggingar félagslegra íbúða skorin niður og hefur orðið verulegur samdráttur hvað varðar fjölgun íbúða. Gert er ráð fyrir að nýjum lánum til kaupa á húsnæði fækki úr 180 í 170. Því er borið við að eftirspurn eftir félagslegu húsnæði fari þverrandi, en það á aðeins við um dreifbýlið þar sem víða var farið of geyst í byggingu félagslegra íbúða. Á höfuðborgarsvæðinu þar sem fólkið er flest og mest er um láglaunafólk, aldraða og öryrkja – sem mest þurfa á félagslegri aðstoð að halda – er eftirspurnin miklu meiri en hægt er að sinna. Minni hlutinn mótmælir þessum niðurskurði og bendir á að halda þarf áfram uppbyggingu félagslega húsnæðiskerfisins og stórauka framboð á leiguhúsnæði. Þá er staða Byggingarsjóðs verkamanna mikið áhyggjuefni en Ríkisendurskoðun hefur bent á að hann stefni í þrot verði ekki gripið til aðgerða. Enn bólar ekkert á aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þá vill minni hluti félagsmálanefndar vekja athygli á því hve framlög til jafnréttismála eru skammarlega lág. Sá málaflokkur ætti að fá forgang á málefnaskrá ríkisstjórnarinnar í ljósi yfirlýsinga og jafnréttisáætlunar sem er í gildi, en því miður virðist áhuginn vægast sagt takmarkaður.

Á síðasta þingi gagnrýndi minni hlutinn harðlega að atvinnusjóður kvenna var settur undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er engan veginn hægt að sjá hvað sjóðnum er ætlað, en upplýst var á fundi nefndarinnar að sem fyrr eru 20 millj. kr. áætlaðar til styrktar atvinnusköpun kvenna. Jafnframt kom fram að dregið hefur úr umsóknum í sjóðinn og einnig að fyrirhugað er að endurskoða reglur hans í ljósi breyttra aðstæðna. Minni hlutinn tekur undir að sjóðurinn er mikilvægur og ætti auðvitað að fá mun meira fé. Í Evrópu og Bandaríkjunum hafa konur verið mikilvirkar við stofnun nýrra fyrirtækja og átt hvað mestan þátt í auknum hagvexti þessara ríkja. Slíkt hefur ekki gerst hér nema að litlu leyti og því brýnt að kanna hvað veldur og hvernig ríki og sveitarfélög geta komið til aðstoðar með lánum og styrkjum. Jafnframt ítrekar minni hlutinn þá skoðun sína að nýsköpun í atvinnulífi og starfsmenntun fyrir atvinnulífið eru atvinnu- og menntamál, en ekki hluti af atvinnu-

leysisvanda þjóðarinnar. Á síðasta þingi var ákveðið að færa Starfsmenntasjóð atvinnulífsins undir Atvinnuleysistryggingasjóð og fær hann sömu upphæð til ráðstöfunar og á þessu fjárlagaári. Alls staðar í kringum okkur er verið að auka framlög til starfsmenntunar og hvers kyns endurmenntunar, ekki síst vegna þeirra miklu breytinga sem fram undan eru í atvinnulífinu. Störfum mun fækka í flestum framleiðslugreinum og þau verða æ sérhæfðari meðan störfum fjölgar í þjónustu- og hátækniiðnaði. Enn á ný mótmælir minni hluti félagsmálanefndar því hvernig ríkisstjórnin blandar saman óskyldum málum. Starfsmenntun atvinnulífsins á að þjóna framtíðinni og þörfum einstaklinganna en ekki að vera eitthvert skammtímaúrræði vegna þess atvinnuleysis sem við er að stríða. Því er spáð að á næstu öld verði vinnandi fólk að vera reiðubúið og eigi að fá tækifæri til að endurmennta sig til allt að þriggja starfa á starfsævinni. Afar mikilvægt er að íslenskt menntakerfi og aðilar vinnumarkaðarins lagi sig að þessari nýju þörf til þess að fólk geti búið sig í tíma undir þær miklu breytingar sem fram undan eru, breytingar sem kalla á aukinn sveigjanleika. Atvinnuleysið kallar á sérstakar og sérhæfðar lausnir sem fela í sér endurmenntun og félagslegan stuðning. Almenn menntun eða sérhæfð í þágu atvinnugreina er annað en ekki síður mikilvægt mál sem kallar á stóraukin framlög eigi íslenskt atvinnulíf ekki að dragast aftur úr því sem tíðkast meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við.

Loks vill minni hlutinn minna á málefni barna og unglinga. Á síðasta þingi var samþykkt lagabreyting þess efnis að sjálfræðisaldur verði miðaður við 18 ár. Sú breyting kallar á aukið fjármagn til málefna barna og unglinga á næstu árum. Það þarf sérstök meðferðarúrræði fyrir aldurshópinn 16–18 ára sem oft og tíðum er mjög erfiður, en þau eru ekki til staðar nú. Ekki verður séð að neitt tillit sé tekið til þessarar breytingar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998, en afar brýnt er að bæta þar úr.

Alþingi, 24. nóv. 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal III.

Umsögn félagsmálanefndar um 5.–6. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

(12. desember 1997.)

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlaug Tómasson og Björn Arnar Magnússon frá félagsmálaráðuneyti og Margréti Tómasdóttur og Sigurð Pétur Sigmundsson fyrir hönd Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Meiri hluti nefndarinnar (SF, EKG, KPál, MS, PHB, ArnbS) gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Minni hluti nefndarinnar (KÁ, RG, ÖJ) gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í 5., 6. og 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði hluta af rekstrarkostnaði svæðisvinnumiðlana og Vinnumálastofnunar þvert á gildandi lög. Viðbótarkostnaður nú nemur samtals 100 millj. kr. Athygli er vakin á því að samkvæmt gild-

andi lögum er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður svæðisvinnumiðlana og Vinnumálastofnunar komi allur úr ríkissjóði og er það mat minni hlutans að eðlilegra hefði verið að halda sig við það fyrirkomulag. Fyrir því liggja m.a. eftirgreindar ástæður:

Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa dregist saman en á sama tíma hafa sjóðnum verið falin aukin verkefni á borð við Atvinnusjóð kvenna og Starfsmenntasjóð. Mjög mikilvægt er að sjóðurinn verði sterkur og undir það búinn að mæta áföllum á vinnumarkaði. Á það er að líta að sjóðurinn nýtur ekki ríkisábyrgðar lögum samkvæmt en þeim mun mikilvægara er að sjóðurinn sjálfur fái risið undir þeim skuldbindingum sem á hann eru lagðar.

Ekki er síður mikilvægt að vel takist til við rekstur Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Í nýjum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er að finna margvíslega réttarbót en forsenda þess að atvinnulausir fái í raun notið þeirra er að myndarlega sé að verki staðið og starfseminni tryggðir nægilegir fjármunir úr ríkissjóði en Atvinnuleysistryggingasjóði ekki gert að ganga á fjármuni sem ætlaðir eru til að greiða atvinnuleysisbætur.

Fylgiskjal IV.

Umsögn minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar um almannatryggingakafla (8.–11. gr.) frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa margsinnis lýst yfir að frá og með komandi áramótum verði bætur almannatrygginga tengdar launavísitölu, þó þannig að bætur hækki aldrei minna en vísitala neysluverðs. Þessa sér þó ekki stað í frumvarpinu forsætisráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Fulltrúar minni hlutans í heilbrigðis- og trygginganefnd telja því nauðsynlegt að tekin séu af tvímæli um viðmið og framkvæmd bótahækkana. Jafnframt þarf að tryggja með ótvíræðum hætti að fyrirhuguð 4% launahækkun sem ráðgerð er um næstu áramót komi einnig fram í hækkun bóta almannatrygginga. Því er lögð fram eftirfarandi breytingartillaga af hálfu minni hlutans við 9. gr. frumvarpsins:

„65. gr. laganna orðist svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast í samræmi við launavísitölu Hagstofu Íslands, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísistölu neysluverðs. Breytingarnar skulu vera ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna janúar, apríl, júlí og október og miðast við breytingar launavísitölu á næstliðnum þremur mánuðum.“

Jafnframt vekur minni hlutinn athygli efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpi stjórnarandstöðunnar um að bætur almannatrygginga verði færðar í fyrra horf, þ.e. miðaðar við breytingar á launatöxtum verkamanna. Minni hlutinn hvetur nefndina til að kanna hvort ekki sé betra að haga ákvæðum frumvarpsins í þá veru enda hefði það skilað eldri borgurum mun meiri hækkun bótagreiðslna í kjölfar síðustu kjarasamninga.

Reykjavík, 15. des. 1997.

Össur Skarphéðinsson, form.
Margrét Frímannsdóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. október 1997.

Nefndin fékk á sinn fund Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Auði Eyvinds frá samgönguráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Þorgeir Pálsson og Sigrún Traustadóttir frá Flugmálastjórn, Magnús Oddsson ferðamálastjóri frá Ferðamálaráði, Sigurbergur Björnsson og Jón Leví Hilmarsson frá Siglingastofnun Íslands og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri og Hannes Sigurðsson frá Vegagerðinni.

Í máli fulltrúa Vegagerðarinnar kom fram að gert er ráð fyrir lækkuðum framlögum til vegamála þar sem ríkið mun fá auknar greiðslur úr vegasjóði sem alls nema 1.064 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þar með myndast inneign Vegagerðarinnar hjá ríkissjóði að fjárhæð rúmar 800 millj. kr. í árslok 1998. Heildarframlag til vegamála verður því 7.524 millj. kr. Hér er um að ræða lækkun frá gildandi vegáætlun sem gerði ráð fyrir 7.684 millj. kr. framlagi. Ljóst er að þessi skerðing mun hafa í för með sér um 6% lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda frá vegáætlun þeirri sem samþykkt var í vor. Á það var bent í áliti samgöngunefndar við afgreiðslu fjárlaga síðasta árs að lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda næmi 18–19%. Ljóst má vera að enn frekari skerðing mun hafa veruleg áhrif á framkvæmdir í vegamálum og hlýtur að leiða til frestunar á ýmsum brýnum verkefnum um land allt. Samgöngunefnd lýsir óánægju sinni með þessa niðurstöðu.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að verulegu fé, eða 190 millj. kr., verði varið af flugmálaáætlun til reksturs Flugmálastjórnar, enn fremur að 60 millj. kr. fari til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þetta mun óhjákvæmilega draga úr framkvæmdagetu á flugvöllum og samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að flugmálaáætlun mun það einkum bitna á áformuðum framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli. Sama tillaga gerir ráð fyrir því að framlög af flugmálaáætlun til reksturs Flugmálastjórnar lækki um 90 millj. kr. á tveimur árum sem þannig mun auka framkvæmdafé að nýju. Í máli fulltrúa Flugmálastjórnar komu fram áhyggjur af þeirri tekjuaukningu sem gert er ráð fyrir að verði hjá Flugmálastjórn á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þar er gert ráð fyrir að tekjur hækki um 6,2–6,9% sem þeir töldu í hærra lagi.

Í máli fulltrúa Siglingastofnunar Íslands kom fram að gert væri ráð fyrir að framlög til hafnamála yrðu í samræmi við hafnaáætlun. Samgöngunefnd telur þetta mikilvægt vegna gildis stefnumörkunar í samgöngumálum þegar til lengri tíma er litið.

Heildarframlög til ferðamála eru samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 136,8 millj. kr. og er þar um að ræða aukningu frá því í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997. Ítrekuð er sú ábending sem fram kom í áliti samgöngunefndar með fjárlagafrumvarpi síðasta árs að mikilvægt sé að verja áfram fé til rannsókna og þróunarstarfsemi í ferðamálum og úrbóta í umhverfismálum, t.d. á fjölsóttum ferðamannastöðum. Það er álit samgöngunefndar að forsenda fyrir aukinni sókn í ferðamálum sé að þeim málum verði vel sinnt.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Magnús Stefánsson.
Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.
Ragnar Arnalds.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Kristján Pálsson.

613. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Svanfríði Jónasdóttur, Svavari Gestssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála**			
a. 1.01 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála ..	43,2	5,0	48,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*37,1*	*5,0*	*42,1*

614. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Lúðvík Bergvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **12-902 Samkeppnisstofnun**			
a. 1.01 Samkeppnisstofnun	82,4	17,6	100,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*84,3*	*17,6*	*101,9*

615. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Lúðvík Bergvinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **06-325 Neyðarsímsvörun**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*26,4*	*26,3*	*52,7*
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*26,3*	*-26,3*	*0,0*

616. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (GE, KHG, KH, SJóh).

Við 6. gr.
a. 2. tölul. falli brott.
b. 4. tölul. falli brott.
c. 5. tölul. falli brott.

Greinargerð.

Hér er lagt til að liðir til skerðingar á mörkuðum tekjustofnum til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða og til vegagerðar falli brott. Gert er ráð fyrir að aukið fjármagn til vegagerðar verði veitt til samgöngumála í kjördæmum í samræmi við þá tillögu sem minni hlutinn gerir við sundurliðun 2 í frumvarpinu.

Þá er lagt til að Framkvæmdasjóður fatlaðra þurfi ekki að standa undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaði af starfsemi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra.

617. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (GE, KHG, KH, SJóh).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	2.000,0	100,0	2.100,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.643,0*	*100,0*	*8.743,0*

618. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**			
a. 1.70 Meðferð einhverfra	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*87,8*	*5,0*	*92,8*

619. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Ágústi Einarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**			
a. 1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	54,9	2,0	56,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*57,5*	*2,0*	*59,5*

620. Svar [318. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um laun og starfskjör starfsmanna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver eru heildarlaunakjör og starfskjör æðstu yfirmanna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem taka formlega til starfa 1. janúar 1998, sbr. lög nr. 60/1997 og 61/1997, þ.e. forstjóra, framkvæmdastjóra, forstöðumanna sviða, deildarstjóra og annarra stjórnenda, eftir því sem við á?

Svar óskast sundurliðað eftir föstum grunnlaunum, öðrum greiðslum, þóknunum og fríðindum, svo sem ferðakostnaði, risnu og bifreiðahlunnindum.

Almennt.

Á undanförnum missirum hefur viðskiptaráðherra svarað fyrirspurnum frá Alþingi um starfs- og launakjör stjórnenda ríkisviðskiptabankanna og Seðlabanka Íslands. Í svörunum hefur ráðherra haft hliðsjón af almennum sjónarmiðum um meðferð persónuupplýsinga, sem m.a. koma fram í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og í upplýsingalögum. Þannig hefur verið leitast við að veita umbeðnar upplýsingar á þann hátt að ekki séu gefnar upplýsingar um einstaklingsbundin kjör stjórnenda. Þá hefur þess verið gætt að svör við fyrirspurnum skaði ekki viðskiptahagsmuni viðkomandi banka. Ráðherra er bundinn af fyrrgreindum meginsjónarmiðum nú sem fyrr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. var stofnaður 30. júní sl. og var stjórn hans kjörin á framhaldsstofnfundi 10. september sl. Frá þeim tíma hefur félagið starfað að undirbúningi starfsemi sinnar sem lánastofnun en ráðning starfsmanna hefur verið meðal verkefna. Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var skipuð 10. september sl. og hefur hún síðan starfað að undirbúningi að starfsemi sjóðsins, þar á meðal ráðningu starfsmanna.

Með vísan til laga nr. 60/1997 og nr. 61/1997 var starfsmönnum Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna og kjarasamningum annarra stéttarfélaga boðið starf hjá Fjárfestingarbanka eða Nýsköpunarsjóði. Kveðið er á um að þessir starfsmenn skuli við breytingarnar njóta sömu réttinda og þeir höfðu áður samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur starfsmanns til launa hjá viðkomandi fjárfestingarlánasjóði fellur niður þegar hann tekur við starfinu.

Upphaf ráðningartíma nær allra starfsmanna og stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. miðast samkvæmt þessu við 1. janúar 1998. Sama á við um starfsmenn Nýsköpunarsjóðs, aðra en framkvæmdastjóra.

Um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 2/1995, um hlutafélög, taka til Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Þótt ríkissjóður sé í upphafi eigandi alls hlutafjár í félaginu er Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. samkvæmt viðurkenndum lagasjónarmiðum sérstakur einkaréttarlegur aðili að lögum og nýtur sem slíkur viðskiptaverndar. Ráðherra, sem fer með eignarhlut ríkissjóðs í hlutafélaginu, ber trúnaðarskyldu gagnvart því þannig að hann má ekki veita upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni þess. Vísast í þessu sambandi til skýrslu forsætisráðherra um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, sem nýlega var lögð fram á Alþingi.

Hins vegar gilda um ársreikninga Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. lög nr. 144/1994, um ársreikninga, og reglur nr. 554/1994, um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Skv. 48. gr. ársreikningalaga skal í skýringum með ársreikningi upplýsa um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi. Enn fremur skal veita upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess og greina frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjórn eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir.

Samkvæmt 42. gr. reglna nr. 554/1994 skulu í skýringum við rekstrarlið 8.1 „laun og launatengd gjöld“ í ársreikningi viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana koma fram upplýsingar um laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda stofnunar vegna starfa í þágu hennar, enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar.

Fyrrgreindar upplýsingar teljast opinberar þegar ársreikningur hefur verið lagður fram. Er ráðherra reiðubúinn að láta Alþingi í té þessar upplýsingar þegar við framlagningu ársreiknings. Þetta er í samræmi við svör viðskiptaráðherra sem hann gaf í umræðum á síðasta löggjafarþingi.

Um Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Eins og fram er komið tekur Nýsköpunarsjóður ekki til starfa fyrr en 1. janúar nk. og miðast upphaf ráðningartíma starfsmanna og stjórnenda, annarra en framkvæmdastjóra við það tímamark. Um launagreiðslur til annarra en framkvæmdastjóra er því ekki að ræða enn sem komið er.

Að því er varðar upplýsingar um heildarlaunakjör og starfskjör framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs skal á það bent að réttur alþingismanna til að óska upplýsinga í formi fyrirspurna til ráðherra takmarkast við opinber málefni. Það er mat ráðherra, og í samræmi við svör við fyrri fyrirspurnum um sambærileg mál, að launa- og starfskjör tiltekins einstaklings séu ekki opinbert málefni í þessum skilningi. Má þar til hliðsjónar hafa lagasjónarmið varðandi það hvað teljist einkamálefni í skilningi 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, en á grundvelli 5. gr. þeirra laga er það talið undanþegið aðgangi almennings hver heildarlaun hver opinber starfsmaður hefur.

Hins vegar gilda lög um ársreikninga, nr. 144/1994, um ársreikning Nýsköpunarsjóðs. Skal þar enn bent á 48. gr. ársreikningalaga, sem reifuð er hér að framan. Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs verður opinber á sama hátt og ársreikningur Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og er því ráðherra reiðubúinn að láta Alþingi í té þessar upplýsingar þegar við framlagningu ársreiknings.

621. Lög [165. mál]

um háskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 565.

622. Lög [167. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 18. des.)

Samhljóða þskj. 566.

623. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu greiða fyrir fram upp í væntanlega álagningu með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember á tekjuárinu. Fyrirframgreiðslan skal nema 2,65% af búnaðargjaldsstofni á næstliðnu tekjuári.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Heimilt er gjaldanda að sækja um breytingu á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Slíka umsókn skal senda skattstjóra er úrskurðar um breytingu greiðsluskyldunnar innan hæfilegs frests. Skattstjóri skal taka til greina umsókn gjaldanda ef fyrirsjáanlegt er að búnaðargjald breytist um sem nemur a.m.k. 25%, þó að lágmarki 10.000 kr. á milli ára.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

Frá álögðu búnaðargjaldi skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið fyrir fram skv. 4. gr. Greiði gjaldskyldur aðili ekki fyrirframgreiðslu á tilskildum tíma eða vangreiði hann skal innheimtumaður ríkissjóðs reikna hæstu leyfilegu dráttarvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 4. gr. Ef álagning er hærri en ákvörðuð fyrirframgreiðsla skal gjaldandi greiða mismuninn með sem næst jöfnum greiðslum á gjalddögum þinggjalda. Við mismun sem á rætur að rekja til of hárrar fyrirframgreiðslu skal bæta 2,5% álagi.

b. Á eftir orðinu „greiðslu“ í 5. mgr. kemur: innheimtu.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um fyrirframgreiðslur, álagningu, innheimtu og annað er varðar skattalega framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 7. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „innheimtu“ kemur: fyrirframgreiðslna.

b. Orðin „í staðgreiðslu“ falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrirframgreiðsla búnaðargjalds á árinu 1998 skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna nema 2,65% af veltu gjaldanda á árinu 1997 skv. 11.–13. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

624. Frumvarp til laga [343. mál]

um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Auk réttar foreldra skv. 1. mgr. á faðir rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

2. gr.

Í stað orðanna „hluta fæðingarorlofs“ í 3. málsl. 4. gr. laganna kemur: fæðingarorlof.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Faðir á rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

Faðir í fæðingarorlofi á rétt á greiðslu fæðingarstyrks í hlutfalli við lengd orlofsins. Þá á hann rétt á hlutfallslegri greiðslu fæðingardagpeninga í samræmi við ákvæði d-liðar 16. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um þá feður sem geta nýtt sér rétt samkvæmt lögunum við gildistöku þeirra.

625. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.92 Rafknúin farartæki, til rannsókna og tilrauna ..	0,0	20,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*194,4*	*20,0*	*214,4*
2. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.60 Náttúrugripasöfn á landsbyggðinni, styrkir ...	0,0	5,0	5,0
b. 1.61 Félag um verndun hálendis Austurlands	0,0	1,0	1,0
c. 1.62 Þjóðgarðar á miðhálendinu, undirbúningur	0,0	5,0	5,0
d. 1.63 Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun	0,0	5,0	5,0
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*92,7*	*16,0*	*108,7*
3. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. 5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	4,0	15,0	19,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*65,4*	*15,0*	*80,4*

626. Svar [80. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um starfskjör kvenna og karla hjá ráðuneytum og opinberum stofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptast*
   a. bílastyrkir,
   b. greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu,
   c. greiðslur fyrir nefndarstörf,
   d. greiðslur vegna ferðakostnaðar og dagpeninga innan lands og utan,
   e. aðrar greiðslur eða fríðindi og þá hver,
   milli kynja hjá ráðuneytum og opinberum stofnunum á árunum 1995 og 1996 og hve háar voru greiðslurnar?
   Óskað er eftir að fram komi fjöldi kvenna og karla í hverjum staflið fyrir sig.
2. *Hve háar voru greiðslur samkvæmt a–e-lið 1. liðar sem hlutfall af heildargreiðslum skipt milli kynja?*

Nauðsynleg gögn til undirbúnings þessu svari var ýmist að finna hjá starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins, ríkisbókhaldi eða þeim stofnunum í A-hluta sem annast eigið bókhald. Á grundvelli þessara gagna voru unnar eftirfarandi töflur. Að höfðu samráði við fyrirspyrjanda var ákveðið að svar við fyrri lið fyrirspurnarinnar takmarkaðist við stofnanir í A-hluta ríkissjóðs og að þar yrði fjallað um bifreiðastyrk, nefndarlaun, ferðakostnað og þóknanir.

Greining á launa- og kostnaðargreiðslum A-hluta ríkissjóðs 1995.

	Laun	Fjöldi
Konur	13.385.964.312	15.790
Karlar	15.638.113.432	11.636
Samtals	**29.024.077.744**	**27.426**

Kostnaðargreiðslur til kvenna.

Tegund	Greiðslur	Fjöldi	Hlutfall af launum kvenna (%)	Hlutfall af heild (%)
Bifreiðastyrkur	125.529.168	1.976	0,9378	0,4325
Nefndarlaun	36.609.908	403	0,2735	0,1261
Ferðakostnaður	165.792.814	1.533	1,2386	0,5712
Þóknanir	48.715.015	800	0,3639	0,1678
Samtals	**376.646.905**		**2,8137**	**1,2977**

Kostnaðargreiðslur til karla.

Tegund	Greiðslur	Fjöldi	Hlutfall af launum karla (%)	Hlutfall af heild (%)
Bifreiðastyrkur	296.976.101	3.354	1,8991	1,0232
Nefndarlaun	131.127.583	1.205	0,8385	0,4518
Ferðakostnaður	685.253.419	3.628	4,3819	2,3610
Þóknanir	142.856.717	1.455	0,9135	0,4922
Samtals	**1.256.213.820**		**9,3846**	**4,3282**
	1.632.860.725			**5,6259**

Greining á launa- og kostnaðargreiðslum A-hluta ríkissjóðs 1996.

	Laun	Fjöldi
Konur	13.510.786.835	15.885
Karlar	16.571.092.144	11.735
Samtals	**30.081.878.979**	**27.620**

Kostnaðargreiðslur til kvenna.

Tegund	Greiðslur	Fjöldi	Hlutfall af launum kvenna (%)	Hlutfall af heild (%)
Bifreiðastyrkur	124.684.813	1.895	0,9229	0,4145
Nefndarlaun	39.769.474	311	0,2944	0,1322
Ferðakostnaður	205.894.699	1.737	1,5239	0,6844
Þóknanir	62.746.471	942	0,4644	0,2086
Samtals	**433.095.457**		**3,2056**	**1,4397**

Kostnaðargreiðslur til karla.

Tegund	Greiðslur	Fjöldi	Hlutfall af launum karla (%)	Hlutfall af heild (%)
Bifreiðastyrkur	268.663.229	2.855	1,6213	0,8931
Nefndarlaun	128.137.166	837	0,7733	0,4260
Ferðakostnaður	781.884.774	3.576	4,7184	2,5992
Þóknanir	158.216.441	1.807	0,9548	0,5260
Samtals	**1.336.901.610**		**9,8951**	**4,4442**
	1.769.997.067			**5,8839**

627. Svar [334. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um afdrif mála vegna skyndiskoðana Landhelgisgæslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver urðu afdrif mála hjá sýslumönnum sem send var kæra í kjölfar athugasemda sem gerðar voru við skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar á tímabilinu frá 1. janúar 1994 til nóvemberloka árið 1997?

I.

Síðasta vor leitaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá öllum lögreglustjórum landsins eftir framkomna fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um hvernig hafi verið tekið á ítrekuðum brotum sem Landhelgisgæslan hefur kært, hversu mörg mál hafi verið afgreidd frá ársbyrjun 1994 og hversu mörg mál séu óafgreidd (þskj. 420, á 121. löggjafarþingi). Svörin bárust í lok apríl eða byrjun maí sl. og þrátt fyrir nákvæmar spurningar voru þau ekki stöðluð.

Svör lögreglustjóraembættanna voru eftirfarandi:

Lögreglustjóraembætti	Fjöldi mála	Afgreidd	Óafgreid
1. Akranes	8, þar af eitt vegna veiðiheimilda en sjö vegna lögskráningar og skipstjórnarréttinda. Ekki var um ítrekun að ræða.	8	0
2. Borgarnes	1, ekki var um ítrekun að ræða.	1	0
3. Stykkishólmur	25 mál 1994, 20 mál 1995 og 13 mál 1996. Kærða var gerð refsing í sjö málum, sex mál voru framsend öðru embætti, 44 mál voru felld niður og eitt mál var sent ríkissaksóknara. Málafjöldinn vekur athygli, en flest málin eru afar smávægileg, svo sem að ekki er vélarvörður um borð í handfærabátum, sem áskilið er samkvæmt lögum um atvinnuréttindi vélarvarða.	58	0
4. Búðardalur	0.	0	0

Lögreglustjóraembætti	Fjöldi mála	Afgreidd	Óafgreid
5. Patreksfjörður	34, flest varða lögskráningu og atvinnuréttindi. 24 mál hafa verið felld niður, fimm send ríkissaksóknara, þremur lokið með dómi, eitt með dómsátt og eitt framsent öðru embætti.	34	0
6. Bolungarvík	5, ekkert verið ítrekað og ekki þótt efni til frekari gerða í neinu þeirra.	5	0
7. Ísafjörður	14, ekkert verið ítrekað. Áminning í þremur málum. Tíu mál felld niður, eitt framsent öðru embætti.	14	0
8. Hólmavík	12	12	0
9. Blönduós	Fjöldi ekki tilgreindur. Flest mál minni háttar, svo sem skírteini ekki með. Engin ítrekuð brot.		1
10. Sauðárkrókur	3, tveimur þeirra lauk með áminningu og eitt mál var framsent öðru embætti.	3	0
11. Siglufjörður	15, einu máli lauk með dómi, 13 með áminningu og eitt mál var sent ríkissaksóknara. Í engu máli var um ítrekun að ræða.	15	0
12. Ólafsfjörður	2, engin ítrekuð brot.	2	0
13. Akureyri	28, ein ítrekuð kæra. Flest málin voru send ríkissaksóknara.	28	0
14. Húsavík	27, eitt ítrekað brot til rannsóknar.	21	6
15. Seyðisfjörður	35, eitt mál framsent öðru embætti en hin málin felld niður af embættinu eða ríkissaksóknaraembættinu. Þrjú málanna reyndust ekki kærumál.	35	0
16. Eskifjörður	11, tveimur lauk með dómi, fjögur voru felld niður og eitt mál framsent öðru embætti. Fjögur mál nýlega kærð.	7	4
17. Neskaupstaður	19, sektað hefur verið vegna ítrekaðra brota.	17	2
18. Höfn	14, 12 felld niður en tvö eru til frekari rannsóknar. Ekkert mál getur talist ítrekað brot.	12	2
19. Vík	0.	0	0
20. Vestmannaeyjar	17, níu felld niður af embættinu, þrjú felld niður af ríkissaksóknara, ákæra gefin út í fimm málum.	17	0
21. Hvolsvöllur	0.	0	0
22. Selfoss	21 sinni verið farið um borð í skip á svæðinu. Ýmist ófullnægjandi lögskráning, sem sumpart má rekja til þess að nýtt tölvuvætt lögskráningarkerfi var tekið upp, eða skipstjórnarmenn voru ekki með skírteini um borð eða þau útrunnin. Áminntir.		0
23. Keflavík	64, sex ítrekuð brot. Áminnt skriflega eða munnlega í flestum málum.		
24. Keflavíkurflugvöllur	0.	0	0

Lögreglustjóraembætti	Fjöldi mála	Afgreidd	Óafgreid
25. Hafnarfjörður	19, að lokinni rannsókn voru málin send ríkissaksóknara. Engar upplýsingar um ítrekuð brot.		
26. Kópavogur	0.	0	0
27. Rannsóknarlögregla ríkisins	12, tvö mál sættu ákæru, önnur ákæran var felld niður, en hinu lauk með viðurlagaákvörðun. Áminnt í tveimur málum; tvö mál felld niður, þrjú mál framsend öðru embætti, eitt mál upplýstist ekki.	10	2

II.

Þá var óskað eftir upplýsingum varðandi fyrrnefnda fyrirspurn frá ríkissaksóknara og í bréfi hans, dags. 15. desember 1997, sem og í sundurliðuðu yfirliti, eru veitt ítarleg svör. Bréf ríkissaksóknara fer hér á eftir:

„Vísað er til bréfa ráðuneytisins, dagsettra 28. apríl sl. og 9. þ.m., þar sem óskað er upplýsinga frá þessu embætti vegna framkominnar fyrirspurnar á Alþingi um hver orðið hafi afdrif mála hjá sýslumönnum vegna skyndiskoðana Landhelgisgæslunnar á árabilinu 1994–1997. Frá 1. júlí 1992 var sýslumönnum oft falin ákvörðun um saksókn í mörgum hinna smærri mála en frá og með 1. júlí sl. fara sýslumenn með ákværuvald í öllum þessum málum eins og flestum öðrum og öllum sérrefsilagabrotum.

Meðfylgjandi yfirlit um fjölda mála 1994–1997, sem þessu embætti hafa borist frá sýslumönnum á því brotasviði, sem ætla má að helst varði skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar, er unnið samkvæmt málaskrá embættisins. Brot er varða þrjú tiltekin lagasvið eru þar tilgreind eftir árum og hver afdrif þeirra mála urðu. Mikill meiri hluti þessara mála mun vera sprottinn af skyndiskoðunum um borð í skipum og bátum utan hafnar en þó alls ekki öll.

Í spurningum ráðuneytisins sýnist gæta misskilnings um notkun hugtaksins ítrekuð brot, en því aðeins er um slíkt að ræða að sami maður hafi, þegar nýtt mál á hendur honum er tekið fyrir í dómi, undirgengist eða verið dæmdur fyrir sams konar brot á síðustu 5 árum og sérstök lagaheimild sé þá til þess í viðkomandi lögum að ítrekun skuli hafa áhrif á refsiákvörðun. Fullyrða má að slík ítrekun á ekki við í þeim málum sem yfirlitið tekur til.

Varðandi 5. spurningu í bréfi ráðuneytisins frá 28. apríl sl., hvort um sé að ræða einhver sérstök atriði varðandi þennan málaflokk sem ríkissaksóknari telji rétt að koma á framfæri, má e.t.v. benda á að fjöldi niðurfelldra mála, þ.e. mála sem ekki leiða til útgáfu ákæru eða dómsmeðferðar, eru flest árin nokkru fleiri en þau mál, sem dómsmeðferð hljóta, og má út frá því ætla að oftar hafi e.t.v verið kært en efni stóðu til eða kæruefnin verið svo léttvæg að við rannsókn hafi skýringar komið fram af hálfu hinna kærðu er nægðu til þess að mál voru ekki höfðuð.

Beðist er velvirðingar á því hve svar hefur dregist á langinn en meðfylgjandi yfirlit mála var unnið hjá embættinu fyrir sumarleyfi en einhverra hluta vegna misfórst að senda það.“

Yfirlit ríkissaksóknara um fjölda mála 1994–1997.

Lög um lögskráningu	1994	1995	1996	1997
Ákært			1	
Endursend	1		4	
Til umsagnar/til rannsóknar		1	2	1
Felld niður	6	11	12	5
Samtals	**7**	**12**	**19**	**6**

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna

Ákært	4	10	5	1
Endursend			17	
Til umsagnar/til rannsóknar		6	5	1
Felld niður		25	51	2
Samtals	**4**	**41**	**78**	**4**

Lög um eftirlit með skipum

Ákært	1	3		
Endursend				
Til umsagnar/til rannsóknar			3	
Felld niður		1		
Ólokið				1
Samtals	**1**	**4**	**3**	**1**

1994

Málsnr.	Komudagur	Útgáfa ákæru	Dómur	Viðurlagaákv.
Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna				
1179/94	23.9.1994	14.11.1995	D. 15.12.1995	45.000 kr. sekt
1315/94	18.10.1994	22.8.1995	D. 9.10.1995	50.000 kr. sekt
1426/94	9.11.1994	22.8.1995	D. 5.9.1995	35.000 kr. sekt
1492/94	22.11.1994	22.8.1995	D. 27.9.1995	50.000 kr. sekt
Lög um eftirlit með skipum				
1388/94	22.8.1994	22.8.1995	V. 22.9.1995	70.000 kr. sekt

1995

Málsnr.	Komudagur	Útgáfa ákæru	Dómur	Viðurlagaákv.
Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna				
99/95	6.1.1995	22.8.1995	D. 21.9.1995	30.000 kr. sekt
255/95	16.2.1995	22.8.1995	D. 4.10.1995	15.000 kr. sekt
917/95	20.7.1995	11.4.1996	D.14.10.1996	Varðhald 15 dagar
1383/95	2.11.1995	12.2.1996	D. 15.5.1996	180.000 kr. sekt
1425/95	10.11.1995	5.12.1995	V. 28.12.1995	30.000 kr. sekt
96/95	20.1.1995	22.8.1995	V. 21.9.1995	30.000 kr. sekt
97/95	20.1.1995	22.8.1995	V. 14.9.1995	30.000 kr. sekt
142/95	24.1.1995	16.4.1996	V. 3.5.1996	40.000 kr. sekt
1039/95	24.8.1995	18.7.1996	V. 27.8.1996	50.000 kr. sekt
104/95	29.8.1995	1.12.1995	V. 14.2.1996	50.000 kr. sekt
Lög um eftirlit með skipum				
100/95	20.1.1995	23.11.1995	V. 13.12.1995	40.000 kr. sekt
616/95	18.5.1995	16.1.1996	V. 6.2.1996	75.000 kr. sekt
957/95	3.8.1995	13.4.1996	D. 25.7.1996	Sýknudómur

1996

Málsnr.	Komudagur	Útgáfa ákæru	Dómur	Viðurlagaákv.
Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna				
314/96	4.3.1996	19.11.1996	D. 7.12.1996	25.000 kr. sekt
812/96	31.5.1996	19.11.1996	D. 30.12.1996	35.000 kr. sekt
1172/96	29.8.1996	19.11.1996	V. 18.12.1996	35.000 kr. sekt
1679/96	27.11.1996	7.3.1996	V. 30.4.1997	10.000 kr. sekt
1769/96	9.12.1996	19.3.1996	Ekki kominn dómur	
Lög um lögskráningu				
1677/96	27.11.1996	7.3.1996	V. 30.4.1997	20.000 kr. sekt

1997

Málsnr.	Komudagur	Útgáfa ákæru	Dómur	Viðurlagaákv.
Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna				
195/97	18.2.1997	24.6.1997	D. 17.7.1997	30.000 kr. sekt

628. Svar [320 mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um breytingar á bifreiðahlunnindum hreyfihamlaðra.

1. *Hvernig og hvenær hafa upphæðir, réttindi og reglur um bensínstyrk fyrir hreyfihamlaða breyst undanfarin fimm ár?*

Orðið „bensínstyrkur“ er ekki notað í lögum og reglugerðum um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 438, um greiðslu sérstakrar fjárhæðar til rekstrar ökutækis hreyfihamlaðra, hefur verið óbreytt frá því að hún var sett 16. september 1991.

Greiðslur samkvæmt reglugerðinni við setningu hennar námu 4.050 kr. á mánuði og hafa tekið sömu breytingum og aðrar bætur almannatrygginga. Nú er upphæð greiðslnanna 4.693 kr. á mánuði.

2. *Hvernig og hvenær hafa upphæðir, réttindi og reglur um styrki til bifreiðakaupa fyrir hreyfihamlaða breyst á undanförnum fimm árum?*

Reglugerð um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra var fyrst sett 22. apríl 1987 og er nr. 170. Þessari reglugerð hefur einu sinni verið breytt á síðustu fimm árum, eða 22. janúar 1996, og gilti um úthlutun styrkja frá 1996. Þremur atriðum reglugerðarinnar var breytt.

1. Lægri styrkirnir eru nú veittir til fimm ára en voru áður til fjögurra ára.
   Hærri styrkirnir eru eftir sem áður veittir til þriggja ára.
2. Lægri styrkirnir eru nú 335 talsins. Áður voru þeir 600. Ári fyrir breytinguna höfðu aðeins 78% styrkjanna verið leyst út, en ári eftir breytinguna var hlutfallið komið í 94%.
   Hærri styrkirnir eru 50 talsins eftir sem áður.
3. Umsækjendur skulu nú vera yngri en 70 ára en áður var miðað við 75 ár.
   Upphæðir styrkjanna hafa verið óbreyttar síðustu fimm árin.
   Lægri styrkurinn er 235.000 kr.
   Hærri styrkurinn er 700.000 kr.

629. Fyrirspurn [373. mál]

til forsætisráðherra um úttektir á ríkisstofnunum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margar úttektir á starfsemi ríkisstofnana hafa verið unnar á vegum ríkisstjórnar, einstakra ráðuneyta eða nefnda á þeirra vegum frá og með árinu 1991? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir ári og stofnun eða ráðuneyti.
2. Hvaða aðilar voru fengnir til að vinna úttektirnar? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir stofnun eða ráðuneyti.
3. Hver var kostnaðurinn við hvert þessara verkefna?

Skriflegt svar óskast.

630. Fyrirspurn [374. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um vasapeningagreiðslur til lífeyrisþega.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hversu margir
a. ellilífeyrisþegar og
b. öryrkjar
sem dvelja á stofnunum hafa fengið greidda vasapeninga „utan stofnana“ samkvæmt reglugerð 213/1991 hvert undanfarinna fimm ára?

631. Fyrirspurn [375. mál]

til fjármálaráðherra um eftirlit með áfengissölu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvað hafa mörg innflutningsleyfi á áfengi verið gefin út frá 1. desember 1995?
2. Hvernig er eftirliti með sölu áfengis til veitingahúsa háttað?
3. Í 13. gr. reglugerðar um áfengisgjald er kveðið á um að skylt sé að halda birgðabókhald þannig að fyrirvaralaust megi bera saman niðurstöðu birgðabókhalds og magn vörubirgða. Hversu oft hefur þessi samanburður farið fram hjá hverjum aðila?
4. Hversu oft er athugað hvort áfengisheildsalar selji einungis þeim aðilum sem taldir eru upp í 5. gr. reglugerðar um framleiðslu, heildsölu og innflutning á áfengi í atvinnuskyni?
5. Hversu oft er athugað hvort 9. gr. sömu reglugerðar um bókhald og skráningu viðskipta sé fylgt?
6. Hvernig hefur 10. gr. sömu reglugerðar þar sem kveðið er á um að áfengisheildsalar skuli senda skýrslu um áfengisviðskipti sín ársfjórðungslega til Hagstofu Íslands verið framfylgt frá árinu 1995? Þessi skýrsla á að innihalda m.a. upplýsingar um innflutning, sölu, tegundir, magn í lítrum og hlutfall vínanda.

Skriflegt svar óskast.

632. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Svavari Gestssyni og Margréti Frímannsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar við sérstök yfirlit:			
Við 13. tölul. **Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31)**			
Landssamband eldri borgara	0,3	1,2	1,5

633. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Svavari Gestssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar við sérstök yfirlit:			
Við 9. tölul. **Ýmis framlög (02-999 1.90)**			
Landssamtökin Heimili og skóli	0,4	2,0	2,4

634. Breytingartillaga [323. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Við 2. gr. Greinin falli brott.

635. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 12. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B- og C-hlutastofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Vegna nýrrar uppsetningar fjárlagafrumvarpsins er rétt að taka fram til skýringar að ekki eru gerðar breytingartillögur við 1.– 4. gr. frumvarpsins heldur breytast þær í samræmi við þær breytingar sem gerðar eru á sundurliðunum 1– 4. Hins vegar eru lagðar til breytingar á 5.–7. gr. Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem verða á tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á sundurliðunum 2– 4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði á 5. og 6. gr. frumvarpsins en framsögumaður meiri hlutans mun gera grein fyrir helstu breytingum sem lagt er til að verði á 7. gr. í ræðu sinni við upphaf 3. umræðu.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun er ekki talin ástæða til að breyta þeirri þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins. Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 1998 endurspeglar því fyrst og fremst breytingar á tekjugrunni ársins 1997. Gert er ráð fyrir að auknar tekjur af veltusköttum árið 1997 skili sér á tekjuhlið næsta árs. Einnig er áætlað að tekjur af sölu eigna muni aukast verulega. Á móti vegur lækkun á tekjusköttum þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir að sveitarfélögin taki þátt í kostnaði vegna lækkunar á tekjuskatti einstaklinga á næsta ári. Í heild er því gert ráð fyrir að tekjuhlið fjárlaga hækki um 2,3 milljarða kr. á rekstrargrunni umfram áætlun fjárlagafrumvarpsins og verði um 165,8 milljarðar kr. árið 1998. Að venju eru álit efnahags- og viðskiptanefndar á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins og áhrifum skattalagabreytinga birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Tillögur meiri hluta nefndarinnar, er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs, leiða til hækkunar útgjalda um 1.106,7 m.kr.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 2 (A-HLUTA)

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Lagt er til að viðfangsefnið 1.04 Alþjóðasamstarf hækki um 5,5 m.kr. vegna Vestnorræna þingmannaráðsins og er tilefnið þríþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 3 m.kr. vegna starfsemi skrifstofu Vestnorræna þingmannaráðsins. Heildarkostnaður er 6 m.kr. og greiða Grænlendingar og Færeyingar helming á móti Íslendingum. Gerð var samsvarandi breytingartillaga við 3. umræðu fjáraukalaga 1997. Í öðru lagi er gerð tillaga um að framlag til Vestnorræna þingmannaráðsins hækki tímabundið um 2 m.kr. vegna norrænnar æskulýðsstefnu á vegum ráðsins. Að lokum er lagt til að framlag verði hækkað um 0,5 m.kr. vegna aukins kostnaðar við starfsemi Vestnorræna ráðsins.

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Lagt er til að hækkað verði framlag til Hrafnseyrarnefndar um 1 m.kr. og verður framlag á næsta ári þá 4 m.kr. Hækkunin er vegna utanhússviðgerða á húsi Jóns Sigurðssonar.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup hækki um 180 m.kr. Áætlað er að Happdrætti Háskóla Íslands taki allt að 180 m.kr. lán og greiði Háskóla Íslands lánsfjárhæðina sem fyrirframgreiddan arð. Háskólinn hyggst nota fé til að inna af hendi greiðslur til verktaka vegna byggingar á öðrum áfanga Náttúrufræðihúss. Kostnaður við þennan áfanga byggingarinnar er áætlaður 537 m.kr. Afborganir og kostnaður við lánið verður dreginn frá hlut skólans í hagnaði happdrættisins á næstu árum.

238 Bygginga- og tækjasjóður: Bygginga- og tækjasjóður fær skv. 14. gr. laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, hlutdeild í ríkistekjum vegna einkaleyfisgjalds frá Happdrætti Háskóla Íslands, en ekki greiðslur úr ríkissjóði. Greiðsla úr ríkissjóði lækkar um 78 m.kr. og hlutdeild í ríkistekjum hækkar um sömu fjárhæð.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkar um 43 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun sjóðsins.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Lagt er til að framlag til hljómsveitarinnar til rekstrar hækki um 3 m.kr. Með hækkun framlags ríkis um 3 m.kr. hækkar framlag Menningarsjóðs útvarpsstöðva, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnessbæjar um 2,4 m.kr. þannig að heildarvelta hljómsveitarinnar hækkar um 5,4 m.kr.

983 Ýmis fræðistörf: Lagt er til að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, 1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar, og að framlag verði 1,5 m.kr. Á síðustu árum hafa alls verið veittar 7,5 m.kr. til útgáfunnar sem hefur gefið út Íslendingasögur og Íslendingaþætti á ensku. Framlagið nú er ætlað til markaðssetningar.

984 Norræn samvinna: Gerð er tillaga um að óskiptur liður þessa fjárlagaliðar hækki um 1 m.kr. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti.

999 Ýmislegt: Gerð er tillaga um 0,6 m.kr. hækkun til óskipts liðar og er hækkunin ætluð Surtseyjarfélaginu.

04 Landbúnaðarráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Lagt er til að framlag til óskipts viðfangsefnis fjárlagaliðarins hækki um 2 m.kr. og hækkar óskipt fjárhæð sundurliðunar samsvarandi, en landbúnaðarráðuneytið ráðstafar þeirri fjárhæð.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Við 2. umræðu fjárlaga stóð til að lækka þjónustutekjur og gjöld stofnunarinnar um 15 m.kr. Fyrir mistök voru þessir liðir hins vegar hækkaðir um 15 m.kr. við 2. umræðu og þarf því að lækka þessa liði um 30 m.kr. nú við 3. umræðu.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði: Í 6. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna afurða, skuli framlag ríkissjóðs á árinu 1998 eigi nema hærri fjárhæð en 12,5 m.kr. Lagt er til að fallið verði frá þeirri skerðingu og hækkar því framlag til liðarins um 12,5 m.kr. Gerð er samsvarandi breytingartillaga við 6. gr. fjárlagafrumvarpsins.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Lagt er til að framlag til fjárlagaliðarins hækki alls um 10 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um 7 m.kr. viðbótarframlag til reksturs skólaskips á grundvelli niðurstöðu nefndar skipaðrar af sjávarútvegsráðherra. Áformað er að leigja hafrannsóknaskipið Dröfn RE 35 til þessa verkefnis. Hins vegar er lagt til að veittar verði 3 m.kr. til kynningarstarfsemi erlendis á sjónarmiðum Íslendinga varðandi veiðar og nýtingu á auðlindum hafsins.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Lagt er til að framlag til aðalskrifstofu hækki um 0,3 m.kr. vegna náðunarnefndar. Á móti lækkar framlag til samfélagsþjónustu á fjárlagalið 190 Ýmis verkefni um samsvarandi fjárhæð. Samkvæmt nýsamþykktu frumvarpi til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist mun Fangelsismálastofnun

sjá um samfélagsþjónustu og samfélagsþjónustunefnd verður lögð niður. Ákvörðun Fangelsismálastofnunar má áfrýja til náðunarnefndar og mun vinna hennar því aukast nokkuð.

190 *Ýmis verkefni:* Lagt er til að viðfangsefnið 1.70 Samfélagsþjónustunefnd falli niður. Framlag að fjárhæð 5,8 m.kr. færist til aðalskrifstofu, 0,3 m.kr., og Fangelsismálastofnunar, 5,5 m.kr. Samkvæmt nýsamþykktu frumvarpi til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist mun Fangelsismálastofnun sjá um samfélagsþjónustu og samfélagsþjónustunefnd verður lögð niður. Ákvörðun Fangelsismálastofnunar má áfrýja til náðunarnefndar. Gerð er tillaga um að veitt verði 2,4 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknar á viðurlögum við afbrotum og þróun þeirra. Rannsóknin á að beinast að dómum vegna líkamsmeiðinga, kynferðisbrota og fíkniefnabrota og tekur til dóma Hæstaréttar en einnig er fyrirhugað að dómaframkvæmd hér á landi verði borin saman við rétt annarra landa sem búa við svipaða réttarskipan og koma þar helst til greina Danmörk og Noregur.

501 *Fangelsismálastofnun ríkisins:* Gerð er tillaga um að hækkað verði framlag til Fangelsismálastofnunar um 5,5 m.kr. en á móti lækkar fjárveiting til samfélagsþjónustu á fjárlagalið 190 Ýmis verkefni um samsvarandi fjárhæð. Samkvæmt nýsamþykktu frumvarpi til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist mun Fangelsismálastofnun sjá um samfélagsþjónustu og samfélagsþjónustunefnd verður lögð niður.

733 *Kirkjugarðsgjöld:* Lagt er til að framlag til kirkjugarða hækki um 16 m.kr. Samkvæmt frumvarpi til laga um breyting á lögum um kirkjugarða o.fl. verða kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma undanþegnir skyldu til að greiða í Kirkjugarðasjóð árin 1998 og 1999. Við það aukast ráðstöfunartekjur þeirra um 16 m.kr. en framlag til Kirkjugarðasjóðs lækkar að sama skapi.

07 Félagsmálaráðuneyti

400 *Málefni barna og ungmenna:* Lagt er til að framlag til málaflokksins börn og ungmenni verði hækkað um 20 m.kr. á árinu 1998 vegna hækkunar sjálfræðisaldurs í 18 ár og er fjárveitingin færð á nýtt viðfangsefni á þessum fjárlagalið, 1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Annars vegar er gert ráð fyrir rekstri nýs meðferðarheimilis í Skagafirði og hins vegar eflingu neyðarvistunar í bráðatilvikum þar sem búast má við aukinni eftirspurn á slíkri vistun í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs.

722 *Sólheimar Grímsnesi:* Lagt er til að veitt verði 3 m.kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu heimilisins vegna þjónustusamnings félagsmálaráðuneytisins við Sólheima.

801 *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:* Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 39 m.kr. í kjölfar endurskoðunar á tekjuáætlun ríkissjóðs.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

204 *Lífeyristryggingar:* Tekjur af tryggingagjaldi aukast samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun um 100 m.kr. umfram það sem áætlað var í fjárlagafrumvarpi vegna aukinna umsvifa á vinnumarkaði. Hlutdeild lífeyristrygginga í tryggingagjaldi eykst um 100 m.kr. af þeim sökum og lækkar greiðsla úr ríkissjóði um sömu fjárhæð.

371 *Ríkisspítalar:* Lagt er til að veittar verði 2 m.kr. til myndfundabúnaðar. Landspítali ráðgerir að hefja samstarf við sjúkrahúsin á Patreksfirði og Seyðisfirði um ráðgjöf vegna geðlækninga og verður í því skyni notaður fjarfundabúnaður. Landspítali mun leggja til sinn fjarfundabúnað en framlagið er ætlað til kaupa á búnaði fyrir sjúkrahúsin á Patreksfirði og Seyðisfirði.

375 *Sjúkrahús Reykjavíkur:* Lagt er til að veittar verði 100 m.kr. til meiri háttar viðhalds til Sjúkahúss Reykjavíkur.

379 Sjúkrahús, óskipt: Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til að kosta starf á vegum fyrirhugaðs faghóps um vanda sjúkrahúsanna og áframhaldandi athugun á aukinni samvinnu eða sameiningu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Ákvörðun um frekari ráðstöfun framlagsins verður tekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík: Gerð er tillaga um að framlag verði hækkað um 2,6 m.kr. vegna verðbóta á tilfærsluframlag en við vinnslu fjárlagafrumvarps fórst það fyrir að gera ráð fyrir þeim. Framlaginu er ráðstafað til samninga sem Heilsuverndarstöðin hefur meðal annars gert um læknavakt í Reykjavík.

09 Fjármálaráðuneyti

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun: Lagt er til að 1.270 m.kr. verði færðar af fjárlagalið 381-1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 35 m.kr. af fjárlagalið 381-1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga og 900 m.kr. af fjárlaglið 989-1.90 Launa- og verðlagsmál, samtals 2.205 m.kr., yfir á almennan rekstur stofnana og verkefna í A-hluta í samræmi við sundurliðun samkvæmt sérstöku yfirliti. Breytingin er gerð til samræmis við ákvæði laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, og ákvæði frumvarps til laga um breytingar á framangreindum lögum. Samkvæmt þessum ákvæðum er gert ráð fyrir að greiðsla iðgjalds launagreiðenda í A-hluta fjárlaga til A- og B-deilda þessara lífeyrissjóða verði 11,5% af öllum launum. Úgjöld stofnana og verkefna í A-hluta fjárlagafrumvarps miðast við að iðgjald launagreiðanda sé 6% af dagvinnulaunum. Á fjárlagalið 09-989-190 Launa- og verðlagsmál er í fjárlagafrumvarpi áætlað fyrir hækkun á iðgjaldagreiðslu stofnana vegna þeirra sem verða í A-deildum sjóðanna, en samkvæmt ákvæði framangreinds frumvarps er gert ráð fyrir að hækkun á iðgjaldsgreiðslu stofnana vegna þeirra sem verða í B-deildum sjóðanna komi til lækkunar á lífeyrisskuldbindingum og verðbótum á lífeyri sem áætlað er fyrir á fyrrnefndum fjárlagalið 381 undir fjármálaráðuneyti. Stofnanir sem eru alfarið fjármagnaðar af mörkuðum tekjustofnum fá ekki hækkun samkvæmt þessari tillögu.

721 Fjármagnstekjuskattur: Gerð er tillaga um nýjan fjárlagalið undir fjármálaráðuneyti, 09-721-1.11 Fjármagnstekjuskattur, þar sem veitt verði 400 m.kr. fjárheimild, en greiddar verði 380 m.kr. á árinu 1998. Tilefni þessarar breytingar er að samkvæmt lögum um fjármagnstekjuskatt er ríkissjóður ekki undanþeginn greiðslu á skattinum af sínum vaxtatekjum. Sömu fjárhæðir færast á tekjuhlið og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs, hvorki á rekstrargrunni né greiðslugrunni.

989 Launa- og verðlagsmál: Alls er lagt til að framlag til þessa fjárlagaliðar lækki um 650 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimild þessa liðar verði aukin um 250 m.kr. Heimildin er ætluð til þess að mæta útgjöldum vegna kjarasamninga og kjaranefndarúrskurða sem ekki eru að fullu frágengnir eða sem eftir er að leggja kostnaðarmat á fyrir einstakar stofnanir. Mest munar þar um kjarasamning við sjúkrahúslækna, en mati á áhrifum hans á útgjöld heilbrigðisstofnana verður ekki lokið fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þá má nefna að kjaranefnd á eftir að úrskurða um laun heilsugæslulækna og háskólaprófessora. Hins vegar er lagt til að framlag lækki um 900 m.kr. til samræmis við ákvæði laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, og ákvæði frumvarps til laga um breytingar á framangreindum lögum. Breyting þessi er skýrð nánar í umfjöllun um fjárlagalið 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun hér að framan.

999 Ýmislegt: Lagt er til að heimild viðfangsefnisins 1.15 Kjararannsóknir lækki um 7,5 m.kr. Framlag þetta er vegna aukinna verkefna kjaranefndar og var ákveðið við 2. umræðu um frumvarpið en átti að færast á viðfangsefnið 1.65 Kjaradómur og kjaranefnd. Er því gert ráð fyrir að það viðfangsefni hækki um sömu fjárhæð.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerðin: Lagt er til að veittar verði 20 m.kr. af vegafé til stuðnings á starfsemi sérleyfishafa þar sem reglur um endurgreiðslur á þungaskatti til sérleyfishafa voru þrengdar talsvert á árinu 1997. Samgönguráðuneytið mun að fengnum tillögum Vegagerðarinnar semja reglur um úthlutun fjármunanna.

651 Ferðamálaráð: Lagt er til að framlag til ráðsins hækki alls um 4,5 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um 4 m.kr. fjárveitingu til almenns reksturs Ferðamálaráðs til að auka svigrúm ráðsins til að efla þjónustu við ferðamenn. Í því skyni er m.a. fyrirhugað að styrkja upplýsingaþjónustu í Leifsstöð. Hins vegar er lagt til að framlag vegna samstarfssamnings við Grænland og Færeyjar hækki um 0,5 m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga 1998 var samþykkt 3,5 m.kr. hækkun til Skipulagsstofnunar vegna úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í samræmi við ný byggingarlög, nr. 76/1997, sem taka gildi 1. janúar 1998. Lagt er til að fjárveitingin, að viðbættum 2,2 m.kr. af rekstrarframlagi til Skipulagsstofnunar, verði færð á nýtt viðfangsefni, 1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Framlag til Skipulagsstofnunar lækkar á móti um 5,7 m.kr.

285 Spilliefnasjóður: Áætlað er að tekjur af spilliefnagjaldi hækki um 64,1 m.kr. á næsta ári í kjölfar nýrra laga um spilliefnagjald og er þá gert ráð fyrir að heildartekjur spilliefnasjóðs verði 160 m.kr. á næsta ári. Útgjöld vegna eyðingar spilliefna hækka samsvarandi. Hlutdeild í ríkistekjum eykst að sama skapi og heildaráhrif eru engin.

301 Skipulagsstofnun: Við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga 1998 var samþykkt 3,5 m.kr. hækkun til Skipulagsstofnunar vegna úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í samræmi við ný byggingarlög, nr. 76/1997, sem taka gildi 1. janúar 1998. Lagt er til að fjárveitingin, að viðbættum 2,2 m.kr. af rekstrarframlagi til Skipulagsstofnunar, verði færð á nýtt viðfangsefni, 1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Framlag til Skipulagsstofnunar lækkar á móti um 5,7 m.kr.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands: Lagt er til að útgjöld og þjónustutekjur viðfangsefnisins 1.02 Setur í Reykjavík hækki um 8 m.kr. til samræmis við raunveltu stofnunarinnar.

Í breytingartillögum við sundurliðun 2 eru fluttar nokkrar tillögur um breytingar á sérstökum yfirlitum. Er þar ýmist um að ræða leiðréttingar, að liðir hafa fallið brott (en þeirra er þó getið í nefndaráliti við 2. umr.) og loks viðbót í samræmi við breytingartillögur við 3. umr.

Þá er lagt til að framlög til stofnana og viðfangsefna í A-hluta fjárlaga hækki samtals um 2.205 m.kr. vegna þess að þeim er ætlað að greiða til A- og B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga iðgjald sem nemur 11,5% af öllum launum í stað 6% iðgjalds af dagvinnulaunum. Sundurliðun fjárhæðarinnar á stofnanir og verkefni verði samkvæmt sérstöku yfirliti. Á móti lækkar fjárlagaliður 09-381-1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins um 1.270 m.kr., fjárlagaliður 09-381-1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga um 35 m.kr. og fjárlagliður 09- 989-1.90 Launa- og verðlagsmál um 900 m.kr. Samtals nemur lækkunin 2.205 m.kr.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA)

B-hlutaáætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga, breytinga á lántökum og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða. Í framhaldi af því gerir meiri hluti fjárlaganefndar tillögu um breytingar á sex áætlunum í B-hluta.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands: Lagt er til að happdrættinu verði heimilað að taka allt að 180 m.kr. lán og greiða Háskóla Íslands lánsfjárhæðina sem fyrirframgreiddan hagnað. Háskólinn hyggst nýta féð til að fjármagna byggingu náttúrufræðihúss. Láninu er ætlað að brúa bil á milli tekna happdrættisins og útgjalda vegna hússins á árinu 1998. Áformað er að sækja um 70 m.kr. lántökuheimild í fjárlögum 1999 vegna sama máls. Miðað er við að endurgreiðslu lána verði lokið eigi síðar en árið 2004. Greiðslur happdrættisins til Bygginga- og tækjasjóðs og til Háskóla Íslands eru áætlaðar 626 m.kr.

971 Ríkisútvarpið: Lagt er til að Ríkisútvarpinu verði heimilað að taka að láni allt að 300 m.kr. á árinu 1998 vegna sameiningar á allri starfsemi stofnunarinnar í Reykjavík á einum stað. Ákveðið hefur verið að flytja starfsemi sjónvarpsins frá Laugavegi 176 að Efstaleiti 1 og er kostnaður við frágang húsnæðis og kaup á tækjum áætlaður 962 m.kr. Áformað er taka viðbótarlán á árinu 1999 af sama tilefni.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Framlög eigenda hækka samtals um 5,4 m.kr. vegna rekstrargjalda hljómsveitarinnar. Þar af hækkar framlag ríkisins í A-hluta um 3 m.kr. og framlag annarra rekstraraðila um 2,4 m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar: Við 2. umræðu fjárlaga samþykkti Alþingi að 15 m.kr. framlag til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á lið 03-221 falli niður. Einnig var samþykkt að 54,5 m.kr. framlag frá Flugmálastjórn renni til Flugstöðvarinnar. Nettóhækkun nemur því 39,5 m.kr., og hækkar því framlag úr ríkissjóði úr 75 m.kr. í 114,5 m.kr. Einnig er áformað að hefja stækkun á Flugstöðinni á næsta ári og verja til þess 475 m.kr. Jafnhá fjárhæð verði tekin að láni.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins: Áætlun fyrirtækisins hefur verið endurskoðuð. Í nýrri áætlun er gert ráð fyrir 9.727,1 m.kr. rekstrartekjum sem er 343,3 m.kr. hækkun frá frumvarpi og 6.916,1 m.kr. rekstrargjöldum sem er 68,6 m.kr. hækkun. Hagnaður af reglulegri starfsemi verður því 2.824 m.kr. Gert er ráð fyrir að sama áfengismagn verði selt og á síðustu 12 mánuðum, en bjórsala dragist saman um 4% og tóbak um 5%. Tekjuauki skýrist af verðhækkun á söluvörum. Áætlað er að arðgreiðsla í ríkissjóð hækki um 241 m.kr. og verði 2.908 m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti

321 Rafmagnsveitur ríkisins: Gerð er tillaga um 160 m.kr. lántöku til að flýta framkvæmdum, í fyrsta lagi vegna breytinga á flutningi raforku til Akraness í kjölfar samnings við Andakílsárvirkjun, í öðru lagi vegna flutnings á raforku að Hvalfjarðargöngum sem verður fyrr en áætlað var og loks vegna breytinga á rafdreifingu í Kjós vegna þess að gamla línan frá Sogni að Korpu stendur í vegi fyrir íbúðarbyggð í Staðarhverfi. Gert er ráð fyrir

að lánin verði að fullu greidd árið 2001. Einnig er leiðrétt til lækkunar 15 m.kr. arðgreiðsla í ríkissjóð og afborganir af teknum lánum hækkaðar um sömu fjárhæð.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

C-hlutaáætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga, breytinga á lántökum og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða. Í framhaldi af því gerir meiri hluti fjárlaganefndar tillögu um breytingar á fimm áætlunum í C-hluta.

41 Forsætisráðuneyti

221 *Byggðastofnun:* Við 2. umræðu samþykkti Alþingi breytingartillögu þess efnis að framlag til Byggðastofnunar hækki um 12 m.kr. til að kosta starfsemi atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og verður þá framlag til þeirrar starfsemi alls 65 m.kr. Hækka rekstrargjöld um sömu fjárhæð.

42 Menntamálaráðuneyti

872 *Lánasjóður íslenskra námsmanna:* Áætlun Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur verið endurskoðuð. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að lánþegum fjölgi um 1% í stað 5% í frumvarpinu og eru útlán því áætluð 3.030 m.kr. í stað 3.060 m.kr. Áætlað er að afborganir af teknum lánum verði 70 m.kr. lægri og að innheimt námslán verði 40 m.kr. hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þörf á lántökum verður 100 m.kr. minni en samkvæmt frumvarpinu. Lagt er til að önnur rekstrargjöld verði hækkuð um 1 m.kr. vegna lögfræðiþjónustu og um 5 m.kr. vegna kostnaðar við málskotsnefnd. Í nýrri áætlun er gengið út frá því að framlag ríkissjóðs nemi 55% útlána, auk 55 m.kr. vaxtastyrks sem áætlað er fyrir meðal annarra rekstrargjalda og 5 m.kr. vegna málskotsnefndar sem áður var getið. Framlag ríkisins lækkar samkvæmt þessum forsendum um 43 m.kr. og verður 1.727 m.kr. Forsenda 1% lækkunar ríkisframlags er byggð á útreikningum Ríkisendurskoðunar.

45 Sjávarútvegsráðuneyti

881 *Þróunarsjóður sjávarútvegsins:* Sjóðurinn fær framlag úr A-hluta ríkissjóðs sem fært er sem rekstrartekjur í áætlun sjóðsins í C-hluta fjárlagafrumvarps. Þetta er nú leiðrétt með því að lækka rekstrartekjur um 680 m.kr. og hækka framlag til rekstrar úr ríkissjóði um sömu fjárhæð.

47 Félagsmálaráðuneyti

270 *Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild:* Tekin löng lán hækka um 500 m.kr. vegna þess að gert er ráð fyrir því húsbréfaútgáfa aukist um 5% milli ára. Þannig er gert ráð fyrir að heildarútgáfa húsbréfa á árinu 1998 verði 16,5 milljarðar kr. á markaðsvirði.

271 *Byggingarsjóður ríkisins:* Við undirbúning fjárlaga láðist að gera ráð fyrir verðbótum á fjármunatekjur, fjármagnsgjöld, afborganir af veittum löngum lánum og teknum löngum lánum. Þá er talið að breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum verði neikvæð um 357 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn endurgreiði meira af teknum lánum en nemur auknum útlánum. Þessar breytingar hafa óveruleg áhrif á stöðu sjóðsins. Í stað þess að handbært fé aukist um 71 m.kr. milli ára eins og áætlað er í fjárlagafrumvarpi er nú áætlað að það breytist ekki.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 5. GR.

1. Breytingar þær sem tíundaðar eru hér á eftir auk breyttrar tekjuáætlunar ríkissjóðs hafa áhrif til breytinga á þá fjárhæð sem birtist í 1. tölul. 5. gr. Breytingin á 1. tölul. 5. gr. er því afleidd stærð.
2. Lagðar eru til fimm breytingar á 2. tölul. 5. gr.:
   a. Lagt er til að heimild til að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna lækki um 100 m.kr. Skýringar eru þríþættar. Í fyrsta lagi hafa meðalvextir lána sem sjóðurinn tekur lækkað. Í öðru lagi hafa meðaltekjur lánþega hækkað meira en ráð var fyrir gert sem leiðir til aukinna endurgreiðslna. Loks er fjölgun lánþega talin verða 1% minni en ráð var fyrir gert. Samtals dregur þetta úr lánsfjárþörf sjóðsins um 100 m.kr.
   b. Á fundi ríkisstjórnarinnar 5. desember sl. var ákveðið að afla 475 m.kr. lánsfjárheimildar á fjárlögum 1998 til að hefjast handa við 1. áfanga stækkunar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á grundvelli framkvæmdaáætlunar Framkvæmdasýslu ríkisins.
   c. Lagt er til að ríkissjóður endurláni Happdrætti Háskóla Íslands allt að 180 m.kr. vegna framkvæmda Háskóla Íslands við náttúrufræðihús á árinu 1998.
   d. Ákveðið hefur verið að flytja starfsemi sjónvarpsins frá Laugavegi 176 að Efstaleiti 1. Til að fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir er lagt til að ríkissjóður endurláni Ríkisútvarpinu allt að 300 m.kr. á næsta ári.
   e. Lagt er til að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilt að taka allt að 160 m.kr. að láni hjá Endurlánum ríkissjóðs. Ástæða þessa er sú að nauðsynlegt er talið að flýta 160 m.kr. framkvæmdum sem áformaðar voru árið 2001. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á flutningi raforku til Akraness í kjölfar samnings við Andarkílsárvirkjun. Í öðru lagi er um að ræða flutning raforku að Hvalfjarðargöngum sem verður fyrr en áætlað var. Loks þarf að hefja fyrr í breytingar á rafdreifingu í Kjós vegna þess að gamla línan frá Sogni að Korpu er í vegi fyrir íbúðarbyggð í Staðarhverfi. Gert er ráð fyrir að þessi lántaka verði að fullu greidd árið 2001.
3. Landsvirkjun hefur óskað eftir því að lánsfjárheimild þeirra á árinu 1998 verði 8.300 m.kr. í stað 7.500 m.kr. eins og lagt er til í fjárlagafrumvarpi og hækki því um 800 m.kr. Á móti vegur að ekki verða nýttar 2.800 m.kr. af lántökuheimild yfirstandandi árs. Þessar breytingar stafa af tveimur tilefnum. Annars vegar fellur mestur hluti kostnaðar af byggingu Búrfellslínu 3A á árið 1998. Hins vegar ætlar fyrirtækið að fresta að sinni fyrirhugaðri uppgreiðslu lána fyrir gjalddaga að upphæð 2.000 m.kr. sem fjármagna átti með fé úr rekstri.
4. Hér er um að ræða tillögu um lánsheimild upp á 16.500 m.kr. miðað við markaðsvirði húsbréfa sem er í samræmi við endurskoðaða áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins um húsbréfaútgáfu á árinu 1998. Hækkunin nemur 500 m.kr.
5. Varðandi lið 6.1 er um að ræða breytingu á framsetningu en hvað varðar lið 6.2 er verið að leggja til að 13. gr. núgildandi lánsfjárlaga verði tekin óbreytt inn í frumvarpið. Er það gert til þess að taka af allan vafa um heimildina.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 6. GR.

1. Lagt er til að fallið verði frá skerðingu á framlagi til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna afurða. Til samræmis við þetta er í breytingartillögum við sundurliðun 2 lagt til að framlag til verkefnisins hækki um 12,5 m.kr.
2. Lagt er til að 1.164 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum til vegagerðar renni í ríkissjóð sem er 100 m.kr. hækkun frá ákvæði 5. tölul. 6. gr. fjárlagafrumvarpsins.

3. Við 2. umræðu fjárlaga 1998 var samþykkt 83,3 m.kr. hækkun útgjalda Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Ákvæði 7. tölul. 6. gr. fjárlagafrumvarpssins á þar með ekki lengur við.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á þskj. 636–640.

Alþingi, 18. des. 1997.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarpsins, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Nefndin fékk á sinn fund Sigurð Ólafsson frá fjármálaráðuneyti til að skýra málið frekar.

Þær skattabreytingar sem varða tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1998 koma einkum fram í frumvarpi til laga um aukatekjur ríkissjóðs, en breytingarnar munu hafa í för með sér að tekjur ríkissjóðs hækka um tæplega 99 millj. kr. á ári. Þá munu breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. leiða til tekjulækkunar fyrir ríkissjóðs sem nemur um 7,5 millj. kr. á ári en á móti kemur breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar sem mun leiða til tekjuhækkunar sem nemur allt að 8 millj. kr. verði það frumvarp að lögum. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru síðan lagðar til breytingar sem leiða til hækkunar á tryggingagjaldi. Tekjur af tryggingagjaldi hækka um 200 millj. kr. umfram áætlun fjárlagafrumvarpsins. Helmingur þeirrar hækkunar skýrist af 0,04% hækkun á hlutfalli tryggingagjalds til að fjármagna greiðslur til feðra í fæðingarorlofi. Áhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem hefur að geyma ákvæði um fyrningu réttinda sem ekki rýrna við notkun, á tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1998 eru hins vegar enn óljós.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs árið 1997 yrðu rúmlega 130,9 milljarðar kr., eða 4,7 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum ársins 1997. Nú er gert ráð fyrir að í heild aukist tekjur ársins 1997 um 850 millj. kr. frá áætlun fjárlagafrumvarpsins og verði tæplega 131,8 milljarðar kr., eða 5½ milljarður kr. umfram fjárlög

ársins 1997. Tekjuskattar munu skila svipuðum tekjum og gert var ráð fyrir þar sem lægri innheimta í tekjusköttum fyrirtækja vegur upp meiri tekjur af tekjusköttum einstaklinga.

Alþingi 17. des. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.
Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.
Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur eins og nefndin í heild haft mjög skamman tíma aflögu til að skoða tekjuforsendur fjárlagafrumvarpsins. Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja er ekki talin ástæða til að endurskoða þjóðhagsspá sem fylgdi fjárlagafrumvarpinu sl. haust.

Breytingar á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins eru því fyrst og fremst afleiðing af endurmati á tekjum ríkisins á yfirstandandi ári.

Athygli vekur að eins og á síðasta ári gerir endurmatið ráð fyrir meiri tekjum af tekjuskatti einstaklinga en minni af fyrirtækjum.

Eins og undanfarin ár eru tekjur ríkissjóðs af sölu eigna árið 1997 mun lakari en áætlað var. Endurmetin áætlun ársins 1998 gerir hins vegar ráð fyrir verulega auknum tekjum af eignasölu án þess að rökstutt sé mjög vandlega hvers vegna líklegt sé að „einkavæðingin" muni ganga betur fyrir sig og stuðla að meiri tekjum en á yfirstandandi ári.

Á næsta ári stendur til að hækka bifreiðaskatta og ná 220 millj. kr. tekjuaukningu þannig. Samtímis því liggur fyrir samkvæmt fjárlagafrumvarpi og bandormi að ganga á lengra í skerðingu markaðra tekna til vegamála í ríkissjóð en nokkru sinni fyrr. Niðurstaðan er því sú að vegamálin njóta í engu tekjuaukans af umferðinni.

Í heildina tekið er talsverð óvissa ríkjandi um margar af tekjuforsendum fjárlaga næsta árs, auk þess sem fyrir liggur að stór göt eru á gjaldahliðinni, sérstaklega varðandi heilbrigðismálin.

Einnig má setja spurningarmerki við ýmislegt í efnahagsstefnu og hagstjórn ríkisstjórnarinnar sem virðist berast áfram metnaðar- og meðvitundarlítil á á bylgju svokallaðs góðæris. Góðærið er því miður að verulegu leyti þenslu- og eyðslugóðæri, og áform um tekjuafgang á

fjárlögum eru runnin út í sandinn. Ýmsar blikur eru því á lofti hvað þjóðhagshorfur snertir á árinu 1998.

Alþingi, 17. des. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon.
Ágúst Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.

636. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.04 Alþjóðasamstarf	57,8	5,5	63,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*901,3*	*5,5*	*906,8*
2. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.23 Hrafnseyri	3,0	1,0	4,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*116,9*	*1,0*	*117,9*
3. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	248,0	180,0	428,0
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*369,5*	*180,0*	*549,5*
4. Við **02-238 Bygginga- og tækjasjóður**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*78,0*	*-78,0*	*0,0*
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*0,0*	*78,0*	*78,0*
5. Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**			
a. 1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.770,0	-43,0	1.727,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.770,0*	*-43,0*	*1.727,0*
6. Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
a. 1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	133,0	3,0	136,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*125,0*	*3,0*	*128,0*
7. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	0,0	1,5	1,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*15,0*	*1,5*	*16,5*
8. Við **02-984 Norræn samvinna**			
a. 1.90 Norræn samvinna	8,0	1,0	9,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8,0*	*1,0*	*9,0*
9. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.90 Ýmis framlög	11,0	0,6	11,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*28,1*	*0,6*	*28,7*

10. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.90 Ýmis verkefni	10,0	2,0	12,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*41,6*	*2,0*	*43,6*
11. Við **04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins**			
a. 1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	282,8	-30,0	252,8
b. Þjónustutekjur	-142,5	30,0	-112,5
12. Við **04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**			
a. 1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða	12,5	12,5	25,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*12,5*	*12,5*	*25,0*
13. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	4,0	7,0	11,0
b. 1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	0,0	3,0	3,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*124,7*	*10,0*	*134,7*
14. Við **06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Yfirstjórn	140,6	0,3	140,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*138,6*	*0,3*	*138,9*
15. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.70 Samfélagsþjónustunefnd	5,8	-5,8	0,0
b. 1.73 Rannsókn á viðurlögum við afbrotum	0,0	2,4	2,4
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*36,9*	*-3,4*	*33,5*
16. Við **06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins**			
a. 1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	440,1	5,5	445,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*395,8*	*5,5*	*401,3*
17. Við **06-733 Kirkjugarðsgjöld**			
a. 1.11 Kirkjugarðar	370,0	16,0	386,0
b. 1.13 Kirkjugarðasjóður	32,0	-16,0	16,0
18. Við **07-400 Málefni barna og ungmenna**			
a. 1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	0,0	20,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*254,3*	*20,0*	*274,3*
19. Við **07-722 Sólheimar Grímsnesi**			
a. 1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	111,1	3,0	114,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*111,1*	*3,0*	*114,1*
20. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
a. 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.550,0	39,0	2.589,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*3.095,0*	*39,0*	*3.134,0*
21. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.992,5*	*-100,0*	*4.892,5*
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*11.382,5*	*100,0*	*11.482,5*
22. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
a. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	2,0	2,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*8.192,2*	*2,0*	*8.194,2*

23. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
a. 5.01 Viðhald	46,6	100,0	146,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.517,4*	*100,0*	*4.617,4*
24. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
a. 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	300,0	25,0	325,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*300,0*	*25,0*	*325,0*
25. Við **08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**			
a. 1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	422,2	2,6	424,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*362,6*	*2,6*	*365,2*
26. Við **09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**			
a. 1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	3.077,0	-1.255,0	1.822,0
b. 1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	402,0	-35,0	367,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.700,0*	*-1.290,0*	*410,0*
27. Við bætist nýr fjárlagaliður: **09-721 Fjármagnstekjuskattur**			
a. 1.11 Fjármagnstekjuskattur	0,0	400,0	400,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*380,0*	*380,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*20,0*	*20,0*
28. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
a. 1.90 Launa- og verðlagsmál	1.110,0	-650,0	460,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.125,0*	*-650,0*	*475,0*
29. Við **09-999 Ýmislegt**			
a. 1.15 Kjararannsóknir	13,3	-7,5	5,8
b. 1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	5,0	7,5	12,5
30. Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 1.11 Styrkir til sérleyfishafa	0,0	20,0	20,0
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*6.966,0*	*20,0*	*6.986,0*
31. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
a. 1.01 Ferðamálaráð	38,6	4,0	42,6
b. 1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	9,7	0,5	10,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*134,0*	*4,5*	*138,5*
32. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	0,0	5,7	5,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*92,7*	*5,7*	*98,4*
33. Við **14-285 Spilliefnasjóður**			
a. 1.10 Eyðing spilliefna	85,0	64,1	149,1
b. *Hlutdeild í ríkistekjum*	*95,9*	*64,1*	*160,0*
34. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
a. 1.01 Skipulagsstofnun	112,8	-5,7	107,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*24,4*	*-5,7*	*18,7*
35. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.02 Setur í Reykjavík	91,7	8,0	99,7
b. Þjónustutekjur	-28,4	-8,0	-36,4

		Þús. kr.
36.	Við 5. tölul. í sérstöku yfirliti 1, Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21), bætist nýr liður, svohljóðandi: endurnýjun tölvubúnaðar	15.000
37.	Við sérstakt yfirlit 5, Listir framlög (02-982 1.90), bætist nýr liður, svohljóðandi: Úrvinnsla og viðgerðir á tónsmíðum Jóns Leifs	5.000
38.	Á eftir sérstöku yfirliti 6 komi nýtt yfirlit, svohljóðandi: **Norræn samvinna (02-984 1.90)**	
	Norræna félagið	1.000
	Óskipt	8.000
39.	Við sérstakt yfirlit 9, Ýmis framlög (02-999 1.90), bætist nýr liður, svohljóðandi: Surtseyjarfélagið	600
40.	Við sérstakt yfirlit 10, Ýmis verkefni (04-190 1.90), Óskipt. Í stað „3.800“ kemur	5.800
41.	Við sérstakt yfirlit 14, Ýmis framlög (07-999 1.90), bætist nýr liður, svohljóðandi: Vinnuheimili Krossgatna	4.000
42.	Við sérstakt yfirlit 18, Hafnamannvirki (10-335 6.70).	
	a. Við fyrirsögn yfirlitsins bætist: sbr. viðskiptahreyfingar.	
	b. Í stað „15.300“ í liðnum Óskipt komi:	15.200

Breytingar á sundurliðun 2:

43. Framlög til viðfangsefna aukist um 2.190 m.kr. vegna hækkunar lífeyrisiðgjalda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Sundurliðun á viðfangsefni frumvarpsins verði samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

		M.kr.
00-101-1.01	Yfirstjórn	1,1
00-101-1.30	Bessastaðir	0,6
00-101-1.81	Opinberar heimsóknir	0,1
00-201-1.01	Alþingiskostnaður	14,0
00-201-1.03	Fastanefndir	2,9
00-201-1.04	Alþjóðasamstarf	0,7
00-201-1.06	Almennur rekstur	10,6
00-201-1.07	Sérverkefni	0,4
00-201-1.10	Rekstur fasteigna	0,7
00-301-1.01	Ríkisstjórn	5,7
00-401-1.01	Hæstiréttur	3,5
00-610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	1,5
00-620-1.01	Ríkisendurskoðun	10,7
01-101-1.01	Yfirstjórn	3,5
01-101-1.20	Stjórnarráðshús	0,6
01-190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	0,1
01-190-1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	0,2
01-190-1.53	Landafundanefnd	0,6

01-190-1.90	Ýmis verkefni	0,1
01-201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	0,7
01-201-1.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	0,2
01-211-1.01	Þjóðhagsstofnun	6,2
01-231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	0,6
01-241-1.01	Umboðsmaður barna	0,6
01-251-1.01	Safnahús	0,1
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	0,3
02-101-1.01	Yfirstjórn	13,4
02-201-1.01	Yfirstjórn	3,6
02-201-1.02	Sameiginleg útgjöld	15,9
02-201-1.03	Rekstur fasteigna	4,2
02-201-1.05	Aðrar stofnanir og verkefni	7,8
02-201-1.06	Kennslu- og vísindadeildir	71,0
02-201-1.07	Alþjóðaskrifstofa	0,6
02-201-1.09	Verkfræðistofnun	2,8
02-201-1.20	Rannsóknarnám	1,8
02-202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	4,6
02-202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	0,8
02-203-1.01	Yfirstjórn	0,6
02-203-1.02	Rekstur fasteigna	0,3
02-203-1.03	Rannsóknastofur	6,7
02-204-1.01	Stofnun Sigurðar Nordals	0,3
02-204-1.11	Íslenskukennsla erlendis	0,1
02-205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	2,3
02-205-1.20	Bókaútgáfa	0,1
02-206-1.01	Orðabók Háskólans	0,9
02-207-1.01	Íslensk málstöð	0,6
02-208-1.01	Örnefnastofnun	0,3
02-210-1.02	Háskóli á Akureyri, rannsóknir	1,1
02-210-1.01	Háskólinn á Akureyri	10,8
02-210-1.02	Rannsóknastarfsemi	0,3
02-211-1.01	Tækniskóli Íslands	7,3
02-221-1.02	Kennaraháskólinn, rannsóknir	2,3
02-221-1.30	Kennaraháskólinn, æfingakennsla	1,6
02-221-1.01	Yfirstjórn	1,7
02-221-1.02	Rannsóknastarfsemi	0,4
02-221-1.03	Rekstur fasteigna	0,6
02-221-1.04	Stoðþjónusta	1,4
02-221-1.05	Kennsla	11,2
02-221-1.20	Endurmenntun	1,2
02-223-1.01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	1,3
02-231-1.01	Rannsóknarráð Íslands	1,9
02-299-1.61	Norræna eldfjallastöðin	0,1
02-301-1.01	Almennur rekstur	12,4
02-302-1.01	Almennur rekstur	7,6
02-303-1.01	Almennur rekstur	2,4

02-304-1.01	Almennur rekstur	13,8
02-304-1.09	Önnur verkefni	2,9
02-305-1.01	Almennur rekstur	11,1
02-306-1.01	Almennur rekstur	3,5
02-306-1.09	Önnur verkefni	0,2
02-307-1.01	Almennur rekstur	4,0
02-307-1.09	Önnur verkefni	0,9
02-308-1.01	Almennur rekstur	11,4
02-308-1.09	Önnur verkefni	0,5
02-309-1.01	Almennur rekstur	6,4
02-319-1.16	Framhaldsskólar, nýjungar í skólum	0,6
02-319-1.30	Framhaldsskólar, endurmenntun	1,8
02-319-1.11	Sameiginleg þjónusta	0,6
02-319-1.12	Orlof kennara	2,6
02-319-1.13	Forfallakennsla	2,7
02-319-1.14	Sérkennsla	3,1
02-319-1.15	Prófkostnaður	2,7
02-319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	0,7
02-319-1.17	Námsskrárgerð	1,8
02-319-1.18	Námsefnisgerð	1,0
02-319-1.19	Kennslueftirlit	0,3
02-319-1.20	Framhaldsdeildir	0,2
02-319-1.21	Nám tannsmiða	0,1
02-319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna	0,3
02-319-1.23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,6
02-319-1.27	Íslenskukennsla	0,7
02-319-1.28	Mat á skólastarfi	1,1
02-319-1.30	Endurmenntun	0,4
02-319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt	3,4
02-350-1.01	Almennur rekstur	20,7
02-350-1.09	Önnur verkefni	3,5
02-351-1.01	Almennur rekstur	9,5
02-351-1.09	Önnur verkefni	0,4
02-352-1.01	Almennur rekstur	7,7
02-352-1.09	Önnur verkefni	1,4
02-353-1.01	Almennur rekstur	11,9
02-353-1.09	Önnur verkefni	0,7
02-354-1.01	Almennur rekstur	9,0
02-354-1.09	Önnur verkefni	0,3
02-355-1.01	Almennur rekstur	3,5
02-355-1.09	Önnur verkefni	0,2
02-356-1.01	Almennur rekstur	5,8
02-356-1.09	Önnur verkefni	0,3
02-357-1.01	Almennur rekstur	10,8
02-357-1.09	Önnur verkefni	0,9
02-358-1.01	Almennur rekstur	2,4
02-358-1.09	Önnur verkefni	0,2

02-359-1.01	Almennur rekstur	18,3
02-359-1.09	Önnur verkefni	1,0
02-360-1.01	Almennur rekstur	7,5
02-361-1.01	Almennur rekstur	1,4
02-362-1.01	Almennur rekstur	2,1
02-363-1.01	Almennur rekstur	1,5
02-363-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-365-1.01	Almennur rekstur	9,0
02-365-1.09	Önnur verkefni	0,3
02-430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	0,3
02-441-1.01	Kennsla	4,2
02-441-1.02	Annað en kennsla	0,2
02-506-1.01	Almennur rekstur	5,1
02-507-1.01	Almennur rekstur	1,7
02-514-1.01	Almennur rekstur	25,3
02-514-1.09	Önnur verkefni	2,1
02-516-1.01	Almennur rekstur	5,2
02-523-1.01	Kennsla í dagskóla	3,7
02-523-1.02	Annað en kennsla	0,5
02-523-1.09	Önnur kennsla	0,8
02-524-1.01	Kennsla í dagskóla	0,9
02-524-1.02	Annað en kennsla	0,2
02-531-1.01	Kennsla í dagskóla	1,0
02-541-1.01	Kennsla	0,4
02-551-1.01	Kennsla	0,5
02-551-1.02	Annað en kennsla	0,1
02-561-1.01	Kennsla í dagskóla	3,1
02-561-1.02	Annað en kennsla	1,0
02-562-1.01	Kennsla í dagskóla	0,7
02-562-1.02	Annað en kennsla	0,5
02-563-1.10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	0,8
02-564-1.01	Kennsla	0,5
02-564-1.02	Annað en kennsla	0,1
02-571-1.01	Sjómannaskólahúsið	0,7
02-606-1.01	Kennsla	0,4
02-606-1.02	Annað en kennsla	0,2
02-610-1.10	Héraðsskólinn Núpi	0,1
02-610-1.20	Héraðsskólinn Reykjanesi	0,1
02-610-1.30	Héraðsskólinn Reykholti	0,1
02-725-1.01	Námsgagnastofnun	4,8
02-804-1.01	Kvikmyndaskoðun	0,2
02-902-1.10	Þjóðminjasafn, byggðasöfn	1,0
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	3,8
02-903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	2,7
02-905-1.01	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	9,4
02-906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	0,2
02-907-1.01	Listasafn Íslands	2,1

02-907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	0,2
02-909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	1,1
02-972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	1,9
02-981-1.01	Kvikmyndasjóður	0,4
02-981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands	0,2
03-101-1.01	Yfirstjórn	10,5
03-101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	1,8
03-101-1.53	Þýðingamiðstöð	0,8
03-201-1.01	Yfirstjórn	1,6
03-201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	7,2
03-201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	7,0
03-201-1.30	Fíkniefnaeftirlit	0,2
03-301-1.01	Sendiráð Íslands í Bonn	1,5
03-302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1,3
03-303-1.01	Sendiráð Íslands í London	1,6
03-304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	1,6
03-305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	1,4
03-306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	1,7
03-307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1,3
03-308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	1,2
03-309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	2,0
03-310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	2,2
03-311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1,8
03-312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	2,0
03-314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	1,5
03-317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki	0,6
03-318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	1,0
04-101-1.01	Yfirstjórn	4,9
04-190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	0,3
04-190-1.12	Mat á búvörum	0,2
04-190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	0,4
04-190-1.16	Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	0,1
04-211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	3,7
04-221-1.01	Veiðimálastofnun	3,0
04-222-1.01	Veiðimálastjóri	0,7
04-233-1.01	Yfirdýralæknir	4,6
04-233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	0,9
04-261-1.01	Bændaskólinn á Hvanneyri	2,1
04-271-1.01	Bændaskólinn á Hólum	1,9
04-283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	1,2
04-293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,5
04-311-1.01	Landgræðsla ríkisins	1,7
04-321-1.01	Skógrækt ríkisins	1,5
04-321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	0,5
04-321-1.90	Sérstök verkefni	0,5

04-331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	0,2
05-101-1.01	Yfirstjórn	4,1
05-190-1.49	Úrskurðarnefndir	0,8
05-202-1.01	Almenn starfsemi	9,2
05-202-1.20	Útibú	0,7
05-202-1.30	Rannsóknaskip	4,7
05-202-1.36	Veiðarfærakostnaður	0,2
05-202-1.41	Lúðueldi á Reykjanesi	0,6
05-202-1.43	Fjölstofnarannsóknir	1,7
05-203-1.01	Almenn starfsemi	2,9
05-204-1.01	Fiskistofa	9,0
05-204-1.10	Landamærastöðvar	0,2
05-204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	1,4
05-901-1.01	Yfirstjórn	1,1
05-901-1.30	Keldnaholt	0,6
06-101-1.01	Yfirstjórn	7,6
06-102-1.01	Stjórnartíðindi	0,3
06-190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	0,2
06-190-1.21	Próf málflytjenda	0,2
06-190-1.23	Próf fasteignasala	0,1
06-190-1.31	Matsnefnd eignarnámsbóta	0,1
06-190-1.32	Tölvunefnd	0,2
06-190-1.33	Mannanafnanefnd	0,1
06-190-1.34	Örorkumatsnefnd	0,1
06-190-1.53	Kostnaður vegna lögræðislaga	0,2
06-201-1.01	Yfirstjórn	1,1
06-201-1.02	Útgáfa hæstaréttardóma	0,3
06-211-1.02	Héraðsdómur Reykjavíkur	10,7
06-212-1.02	Héraðsdómur Vesturlands	1,0
06-213-1.02	Héraðsdómur Vestfjarða	0,6
06-214-1.02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	0,7
06-215-1.02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	1,6
06-216-1.02	Héraðsdómur Austurlands	0,9
06-217-1.02	Héraðsdómur Suðurlands	1,6
06-218-1.02	Héraðsdómur Reykjaness	3,7
06-301-1.05	Ríkissaksóknari	2,4
06-303-1.01	Ríkislögreglustjóri	9,0
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	2,2
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	76,3
06-321-1.01	Almannavarnir ríkisins	0,9
06-331-1.01	Yfirstjórn	1,5
06-331-1.10	Ökunám	1,0
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	0,5
06-390-1.11	Eftirlit með ökuritum	1,9
06-390-1.14	Löggæsla í Bosníu	0,7
06-390-1.15	Biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins	0,7
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	10,9

06-411-1.01	Yfirstjórn	10,0
06-412-1.01	Yfirstjórn	2,0
06-412-1.20	Löggæsla	2,7
06-413-1.01	Yfirstjórn	1,6
06-413-1.20	Löggæsla	2,5
06-414-1.01	Yfirstjórn	1,8
06-414-1.20	Löggæsla	2,9
06-415-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-415-1.20	Löggæsla	0,3
06-416-1.01	Yfirstjórn	1,4
06-416-1.20	Löggæsla	1,4
06-417-1.01	Yfirstjórn	0,8
06-417-1.20	Löggæsla	0,8
06-418-1.01	Yfirstjórn	2,3
06-418-1.20	Löggæsla	3,0
06-418-1.40	Tollgæsla	0,1
06-419-1.01	Yfirstjórn	0,8
06-419-1.20	Löggæsla	0,4
06-420-1.01	Yfirstjórn	1,4
06-420-1.20	Löggæsla	1,7
06-421-1.01	Yfirstjórn	1,6
06-421-1.20	Löggæsla	1,9
06-421-1.40	Tollgæsla	0,1
06-422-1.01	Yfirstjórn	1,0
06-422-1.20	Löggæsla	1,4
06-423-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-423-1.20	Löggæsla	0,6
06-424-1.01	Yfirstjórn	4,7
06-424-1.20	Löggæsla	7,0
06-424-1.40	Tollgæsla	0,4
06-425-1.01	Yfirstjórn	2,1
06-425-1.20	Löggæsla	2,8
06-426-1.01	Yfirstjórn	2,3
06-426-1.20	Löggæsla	2,8
06-426-1.40	Tollgæsla	0,5
06-427-1.01	Yfirstjórn	0,9
06-427-1.20	Löggæsla	0,7
06-428-1.01	Yfirstjórn	1,9
06-428-1.20	Löggæsla	2,0
06-429-1.01	Yfirstjórn	1,0
06-429-1.20	Löggæsla	1,1
06-430-1.01	Yfirstjórn	0,8
06-430-1.20	Löggæsla	0,7
06-431-1.01	Yfirstjórn	1,1
06-431-1.20	Löggæsla	1,1
06-432-1.01	Yfirstjórn	2,1
06-432-1.20	Löggæsla	2,9

06-432-1.40	Tollgæsla	0,5
06-433-1.01	Yfirstjórn	2,9
06-433-1.20	Löggæsla	5,8
06-433-1.40	Tollgæsla	0,2
06-434-1.01	Yfirstjórn	4,8
06-434-1.20	Löggæsla	9,5
06-434-1.40	Tollgæsla	0,7
06-436-1.01	Yfirstjórn	6,0
06-436-1.20	Löggæsla	9,2
06-436-1.40	Tollgæsla	0,7
06-437-1.01	Yfirstjórn	4,6
06-437-1.20	Löggæsla	6,0
06-490-1.20	Kostnaður við löggæslunám	0,2
06-501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	17,2
06-701-1.01	Þjóðkirkja Íslands	34,0
07-101-1.01	Yfirstjórn	4,2
07-101-1.90	Reynslusveitarfélög	0,2
07-302-1.01	Ríkissáttasemjari	0,8
07-311-1.01	Jafnréttisráð	0,9
07-311-1.10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	0,2
07-400-1.01	Barnaverndarstofa	1,4
07-400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	1,2
07-400-1.21	Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	1,0
07-400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	3,8
07-401-1.01	Barnaverndarráð	0,6
07-700-1.20	Vistun geðfatlaðra	1,9
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	2,0
07-700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	3,3
07-701-1.01	Sæðisskrifstofa	1,1
07-701-1.10	Sæðisráð	0,1
07-701-1.20	Sambýli	15,2
07-701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71	1,0
07-701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,6
07-701-1.60	Dagvistun	1,9
07-701-1.77	Vistheimili fyrir börn	1,3
07-702-1.01	Sæðisskrifstofa	0,6
07-702-1.20	Sambýli	6,1
07-702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,1
07-702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	0,7
07-702-1.60	Skammtímavistun	1,6
07-702-1.61	Dagvistun Keflavík	0,3
07-702-1.64	Hæfingarstöðvar	1,0
07-702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi	1,8
07-702-1.73	Vistheimili fyrir börn	2,2
07-703-1.01	Sæðisskrifstofa	0,5
07-703-1.20	Sambýli Akranesi	1,6
07-703-1.21	Sambýli Borgarnesi	0,4

07-703-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,3
07-703-1.30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	0,9
07-703-1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi	0,2
07-703-1.61	Skammtímavistun	0,6
07-704-1.01	Svæðisskrifstofa	0,2
07-704-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	1,2
07-704-1.32	Þjónusta í Strandasýslu	0,1
07-704-1.33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	0,1
07-705-1.01	Svæðisskrifstofa	0,2
07-705-1.20	Sambýli	1,6
07-705-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-705-1.40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	0,1
07-705-1.60	Skammtímavistun	0,2
07-705-1.61	Dagvistun	0,2
07-706-1.01	Svæðisskrifstofa	0,1
07-706-1.20	Sambýli	0,9
07-707-1.01	Svæðisskrifstofa	0,4
07-707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	0,9
07-707-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-707-1.30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	0,2
07-707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	0,1
07-708-1.01	Svæðisskrifstofa	0,6
07-708-1.20	Sambýli Selfossi	2,1
07-708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,3
07-708-1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	0,5
07-708-1.50	Vistheimili fyrir börn	1,0
07-708-1.70	Lambhagi	0,5
07-710-1.70	Heimili einhverfra	2,4
07-711-1.20	Sambýli	3,8
07-711-1.30	Vinnustofan Ás	0,7
07-711-1.60	Dagvistun Lækjarási	1,3
07-711-1.61	Dagvistun Bjarkarási	1,2
07-711-1.62	Dagvistun Lyngási	2,2
07-711-1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,7
07-711-1.64	Skammtímavistun Hólabergi	0,6
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	2,5
07-750-1.01	Yfirstjórn	5,1
07-980-1.01	Yfirstjórn	11,8
07-981-1.10	Félagsdómur	0,3
07-999-1.50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	0,1
07-999-1.53	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	0,1
07-999-1.60	Verkefni á sviði húsnæðismála	0,7
08-101-1.01	Yfirstjórn	8,5
08-201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	25,4
08-301-1.01	Yfirstjórn	2,9

08-301-1.10	Læknaráð	0,1
08-301-1.30	Slysavarnaráð	0,1
08-301-1.40	Siðaráð	0,1
08-311-1.01	Héraðslæknir í Reykjavík	0,3
08-315-1.01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	0,3
08-324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	2,6
08-326-1.01	Sjónstöð Íslands	0,9
08-327-1.01	Geislavarnir ríkisins	1,1
08-330-1.01	Manneldisráð	0,5
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	50,4
08-368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	9,1
08-371-1.01	Ríkisspítalar	261,0
08-375-1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	158,7
08-393-1.11	Lyfjaverðsnefnd	0,2
08-400-1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	10,3
08-408-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	4,5
08-409-1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	3,8
08-410-1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	3,9
08-411-1.01	Garðvangur, Garði	1,3
08-412-1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	6,6
08-420-1.01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	6,3
08-421-1.01	Víðines	2,5
08-422-1.01	Hlaðgerðarkot	1,0
08-430-1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	6,4
08-431-1.10	Heilsuhælisdeild	4,4
08-431-1.01	Endurhæfingardeild	2,1
08-432-1.01	Vistheimilið Bjarg	0,8
08-435-1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	1,5
08-490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	2,7
08-495-1.13	Hornbrekka, Ólafsfirði	1,0
08-495-1.15	Dalbær, Dalvík	1,5
08-495-1.17	Hulduhlíð Eskifirði	1,1
08-495-1.19	Hjallatún Vík	0,3
08-495-1.21	Höfði Akranesi	0,7
08-495-1.27	Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	1,5
08-495-1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,3
08-495-1.39	Lundur, Hellu	0,3
08-495-1.41	Hrafnista, Reykjavík	13,2
08-495-1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	11,3
08-495-1.45	Grund, Reykjavík	10,9
08-495-1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	2,6
08-495-1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	1,0
08-495-1.53	Reykjalundur, Mosfellsbæ	15,3
08-495-1.59	Reynsklusveitarfélag Akureyri	2,0
08-495-1.61	Reynsklusveitarfélag Höfn	2,3
08-495-1.63	Hlíðabær, Reykjavík	0,6
08-495-1.69	Múlabær, Reykjavík	0,9

08-510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	16,2
08-511-1.10	Heilsugæslustöðin Árbæ	1,7
08-511-1.20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	1,7
08-512-1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	2,4
08-512-1.20	Heilsugæslustöðin Mjódd	2,1
08-513-1.10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	1,6
08-514-1.10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	1,5
08-514-1.20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	2,0
08-515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	2,0
08-522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1,2
08-524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,6
08-525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,7
08-526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	1,2
08-551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,7
08-552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,9
08-553-1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	5,8
08-558-1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	0,8
08-561-1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	0,4
08-565-1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,7
08-566-1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,2
08-567-1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	0,3
08-568-1.01	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,6
08-571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,3
08-572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,5
08-574-1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	0,6
08-575-1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,3
08-576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	1,1
08-578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,4
08-579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,6
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	3,3
08-583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	1,0
08-584-1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	4,6
08-585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	2,8
08-586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	1,8
08-711-1.01	Heilsugæslusvið	1,3
08-711-1.11	Sjúkrasvið	18,5
08-715-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-715-1.11	Sjúkrasvið	4,2
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	0,7
08-721-1.11	Sjúkrasvið	2,5
08-725-1.01	Heilsugæslusvið	2,0
08-725-1.11	Sjúkrasvið	9,9
08-731-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-731-1.11	Sjúkrasvið	1,7
08-735-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-735-1.11	Sjúkrasvið	1,1
08-741-1.01	Heilsugæslusvið	0,7

08-741-1.11	Sjúkrasvið	3,4
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	1,0
08-745-1.11	Sjúkrasvið	4,9
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	1,1
08-751-1.11	Sjúkrasvið	11,0
08-755-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-755-1.11	Sjúkrasvið	5,0
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	1,2
08-761-1.11	Sjúkrasvið	9,4
08-765-1.01	Heilsugæslusvið	1,3
08-765-1.11	Sjúkrasvið	4,1
08-771-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-771-1.11	Sjúkrasvið	2,8
08-775-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-775-1.11	Sjúkrasvið	7,2
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	1,0
08-781-1.11	Sjúkrasvið	7,4
08-785-1.01	Heilsugæslusvið	1,3
08-785-1.11	Sjúkrasvið	10,7
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	3,8
08-791-1.11	Sjúkrasvið	10,6
09-101-1.01	Yfirstjórn	18,0
09-103-1.01	Ríkisbókhald	8,5
09-104-1.01	Ríkisfjárhirsla	1,2
09-105-1.01	Ríkislögmaður	1,1
09-201-1.01	Yfirstjórn	13,1
09-201-1.20	Skatteftirlit	2,1
09-202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	12,5
09-203-1.01	Skattstofa Vesturlands	1,8
09-204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	1,3
09-205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	1,2
09-206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	3,0
09-207-1.01	Skattstofa Austurlands	1,5
09-208-1.01	Skattstofa Suðurlands	1,9
09-209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	0,7
09-211-1.01	Skattstofa Reykjaness	7,4
09-214-1.01	Yfirskattanefnd	3,4
09-215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	3,9
09-261-1.01	Ríkistollstjóri	5,6
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	19,6
09-402-1.01	Fasteignamat ríkisins	7,7
09-402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd	0,1
10-101-1.01	Yfirstjórn	5,5
10-190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	0,5
10-190-1.33	Flugeftirlitsnefnd	0,1
10-335-1.01	Yfirstjórn	7,5
10-471-1.01	Flugmálastjórn	10,6

10-471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	6,7
10-481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	0,5
10-651-1.01	Ferðamálaráð	2,1
11-101-1.01	Yfirstjórn	2,3
11-201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	2,7
11-203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1,6
11-299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	0,3
11-299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	0,3
11-301-1.01	Yfirstjórn	0,4
11-301-1.02	Orkumálasvið	2,9
11-301-1.03	Orkurannsóknir	3,9
12-101-1.01	Yfirstjórn	3,5
12-190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	0,1
12-302-1.01	Löggildingarstofa	4,1
12-902-1.01	Samkeppnisstofnun	4,6
13-101-1.01	Yfirstjórn	7,1
13-101-1.02	Sérstakar kannanir	0,6
13-101-1.50	Þjóðskráin	2,4
14-101-1.01	Yfirstjórn	4,8
14-202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	0,5
14-205-1.01	Yfirstjórn	1,1
14-205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	1,1
14-210-1.01	Veiðistjóri	0,7
14-221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	5,8
14-301-1.01	Skipulagsstofnun	2,7
14-301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	0,8
14-310-1.01	Landmælingar Íslands	4,8
14-401-1.01	Yfirstjórn	0,3
14-401-1.02	Setur í Reykjavík	2,8
14-401-1.03	Setur á Akureyri	0,7
14-403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	0,1
14-403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	0,1
14-403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	0,1
14-403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	0,1
14-403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	0,1
14-410-1.01	Almenn starfsemi	10,0
14-410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	2,9

637. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

Sundurliðun 3 (**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**) og sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**) orðist svo:

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:	m.kr.
Rekstrartekjur	1.950,0
Rekstrargjöld	1.565,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**392,0**
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	1,0
Hagnaður (-tap)	**393,0**

Sjóðsstreymi:	
Hagnaður (-tap)	393,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	10,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0
Handbært fé frá rekstri	**408,0**

	m.kr.
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,0
Sala áhættufjármuna	30,0
Afhending Nýja Garðs til Háskóla Íslands	43,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**65,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	180,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6,0
Greitt í ríkissjóð og til Háskóla Íslands	626,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-452,0**
Breyting á handbæru fé	**21,0**
Handbært fé í ársbyrjun	100,0
Handbært fé í árslok	121,0

22-202 Lyfjabúð Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	143,2
Rekstrargjöld	133,5
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-9,7
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðsstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	0,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	2,1
Handbært fé frá rekstri	**2,3**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,7
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,7**
Breyting á handbæru fé	**-0,4**
Handbært fé í ársbyrjun	0,9
Handbært fé í árslok	0,5

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	903,0
Rekstrargjöld	2.507,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	110,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.494,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.530,0
Hagnaður (-tap)	**36,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	36,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	257,0
Handbært fé frá rekstri	**293,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	530,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-530,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	60,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**240,0**
Breyting á handbæru fé	**3,0**
Handbært fé í ársbyrjun	190,0
Handbært fé í árslok	193,0

m.kr.

22-973 Þjóðleikhúsið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	137,0
Rekstrargjöld	510,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-374,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	342,0
Hagnaður (-tap)	**-32,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-32,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	37,0
Handbært fé frá rekstri	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**5,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,0
Handbært fé í árslok	6,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	36,0
Rekstrargjöld	329,4
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	11,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-282,4**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	136,0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	100,4
Hagnaður (-tap)	**-46,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-46,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	46,0
Handbært fé frá rekstri	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,5
Handbært fé í árslok	1,5

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-101 Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	2.895,0
Rekstrargjöld	2.423,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**472,0**
Hagnaður (-tap)	**472,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	472,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	8,0
Handbært fé frá rekstri	**480,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	470,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-470,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	27,2
Handbært fé í árslok	27,2

m.kr.

23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	703,3
Rekstrargjöld	330,9
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-264,4
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**108,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	114,5
Hagnaður (-tap)	**222,5**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	222,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	138,4
Handbært fé frá rekstri	**360,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	533,9
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-533,9**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	475,0
Afborganir af teknum löngum lánum	262,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**213,0**
Breyting á handbæru fé	**40,0**
Handbært fé í ársbyrjun	27,7
Handbært fé í árslok	67,7

m.kr.

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	722,0
Rekstrargjöld	722,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðsstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	5,0
Handbært fé frá rekstri	**5,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	5,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-5,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	55,0
Handbært fé í árslok	55,0

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	147,2
Rekstrargjöld	140,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	3,7
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**10,9**
Hagnaður (-tap)	**10,9**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	10,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-2,5
Handbært fé frá rekstri	**11,9**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt í ríkissjóð	11,9
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-11,9**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	13,6
Handbært fé í árslok	13,6

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	9.727,1
Rekstrargjöld	6.916,1
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	13,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**2.824,0**
Hagnaður (-tap)	**2.824,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.824,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	127,0
Handbært fé frá rekstri	**2.951,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	25,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-23,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt í ríkissjóð	2.908,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2.908,0**
Breyting á handbæru fé	**19,5**
Handbært fé í ársbyrjun	664,9
Handbært fé í árslok	684,4

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	853,0
Rekstrargjöld	848,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**5,0**
Hagnaður (-tap)	**5,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	5,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	25,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	**40,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-30,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	70,0
Afborganir af teknum löngum lánum	80,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-10,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3,9
Handbært fé í árslok	3,9

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	4.389,0
Rekstrargjöld	4.399,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-65,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-75,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	110,0
Hagnaður (-tap)	**35,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	35,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	901,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	50,0
Handbært fé frá rekstri	**986,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	785,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-775,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	160,0
Afborganir af teknum löngum lánum	192,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	137,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-169,0**
Breyting á handbæru fé	**42,0**
Handbært fé í ársbyrjun	10,0
Handbært fé í árslok	52,0

m.kr.

Fjármál lánastofnanna í C-hluta

41 Forsætisráðuneyti, C-hluti

41-221 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	430,0
Fjármagnsgjöld	282,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	15,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	100,0
Hreinar fjármunatekjur	**33,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	202,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	265,0
Hagnaður (-tap)	**-10,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-10,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	179,0
Handbært fé frá rekstri	**169,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.600,0
Afborganir af veittum löngum lánum	950,0
Áhættufjármunir	-70,0
Viðskiptahreyfingar	78,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-658,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	925,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**475,0**
Breyting á handbæru fé	**-14,0**
Handbært fé í ársbyrjun	200,0
Handbært fé í árslok	186,0

m.kr.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.060,0
Fjármagnsgjöld	1.750,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	540,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	300,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.530,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.727,0
Önnur rekstrargjöld	206,0
Hagnaður (-tap)	**-9,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-9,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	379,0
Handbært fé frá rekstri	**370,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.030,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.640,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	15,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.405,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.165,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.035,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	300,0

m.kr.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	3,0
Fjármagnsgjöld	0,3
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	1,5
Hreinar fjármunatekjur	**-1,8**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	175,0
Aðrar rekstrartekjur	30,0
Önnur rekstrargjöld	215,0
Hagnaður (-tap)	**-11,8**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-11,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	4,0
Handbært fé frá rekstri	**-7,8**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**10,0**
Breyting á handbæru fé	**2,2**
Handbært fé í ársbyrjun	35,8
Handbært fé í árslok	38,0

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	590,0
Fjármagnsgjöld	690,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	45,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	10,0
Hreinar fjármunatekjur	**-155,0**
Aðrar rekstrartekjur	150,0
Önnur rekstrargjöld	120,0
Hagnaður (-tap)	**-125,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-125,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	55,0
Handbært fé frá rekstri	**-70,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.100,0
Afborganir af veittum löngum lánum	930,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-170,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.200,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**-240,0**
Handbært fé í ársbyrjun	541,0
Handbært fé í árslok	301,0

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	310,0
Fjármagnsgjöld	445,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	45,0
Hreinar fjármunatekjur	**-180,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	680,0
Önnur rekstrargjöld	1.200,0
Hagnaður (-tap)	**-700,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-700,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**-655,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	520,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**520,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.210,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-210,0**
Breyting á handbæru fé	**-345,0**
Handbært fé í ársbyrjun	690,0
Handbært fé í árslok	345,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-270 Húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	7.840,0
Fjármagnsgjöld	7.530,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-10,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	150,0
Hreinar fjármunatekjur	**170,0**
Aðrar rekstrartekjur	56,0
Önnur rekstrargjöld	226,0

Sjóðsstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	406,0
Handbært fé frá rekstri	**406,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	16.100,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-12.900,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	16.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.150,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**13.350,0**
Breyting á handbæru fé	**856,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4.886,0
Handbært fé í árslok	5.742,0

m.kr.

47-271 Byggingarsjóður ríkisins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	6.332,0
Fjármagnsgjöld	6.546,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	253,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	110,0
Hreinar fjármunatekjur	**-577,0**
Aðrar rekstrartekjur	206,0
Önnur rekstrargjöld	107,0
Hagnaður (-tap)	**-478,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-478,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	300,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-357,0
Handbært fé frá rekstri	**-535,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	600,0
Afborganir af veittum löngum lánum	4.074,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	15,0
Uppboðsíbúðir	250,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**3.209,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	6.674,0
Skyldusparnaður	400,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2.674,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	20,0
Handbært fé í árslok	20,0

m.kr.

47-272 Byggingarsjóður verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.990,0
Fjármagnsgjöld	2.740,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	100,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	110,0
Hreinar fjármunatekjur	**-960,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	275,0
Aðrar rekstrartekjur	17,0
Önnur rekstrargjöld	132,0
Hagnaður (-tap)	**-800,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-800,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-164,0
Handbært fé frá rekstri	**-964,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.450,0
Afborganir af veittum löngum lánum	824,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.626,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	5.280,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.600,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**2.680,0**
Breyting á handbæru fé	**90,0**
Handbært fé í ársbyrjun	30,0
Handbært fé í árslok	120,0

m.kr.

49 Fjármálaráðuneyti, C-hluti

49-972 Framkvæmdasjóður Íslands

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	318,0
Fjármagnsgjöld	331,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-15,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1,0**
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	35,0
Hagnaður (-tap)	**-33,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-33,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	12,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	62,0
Handbært fé frá rekstri	**41,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	62,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.015,0
Sala áhættufjármuna	100,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2.053,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2.220,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2.220,0**
Breyting á handbæru fé	**-126,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.052,0
Handbært fé í árslok	926,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	65,0
Fjármagnsgjöld	16,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	7,0
Hreinar fjármunatekjur	**42,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	18,0
Önnur rekstrargjöld	85,0
Hagnaður (-tap)	**-25,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	-25,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	7,0
Handbært fé frá rekstri	**-18,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	-16,0
Veitt löng lán	25,0
Afborganir af veittum löngum lánum	60,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**51,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	35,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-35,0**
Breyting á handbæru fé	**-2,0**
Handbært fé í ársbyrjun	122,6
Handbært fé í árslok	120,6

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	123,0
Fjármagnsgjöld	85,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	4,0
Hreinar fjármunatekjur	**31,0**
Aðrar rekstrartekjur	5,0
Önnur rekstrargjöld	15,0
Hagnaður (-tap)	**21,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	21,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-5,0
Handbært fé frá rekstri	**19,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	130,0
Afborganir af veittum löngum lánum	132,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**2,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	140,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-40,0**
Breyting á handbæru fé	**-19,0**
Handbært fé í ársbyrjun	20,0
Handbært fé í árslok	1,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8,1
Fjármagnsgjöld	2,6
Framlög í afskriftasjóð útlána	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**2,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	27,3
Aðrar rekstrartekjur	0,1
Önnur rekstrargjöld	22,6
Hagnaður (-tap)	**7,3**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	7,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-1,4
Handbært fé frá rekstri	**5,9**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	15,0
Afborganir af veittum löngum lánum	22,8
Áhættufjármunir	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**4,8**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	14,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-14,0**
Breyting á handbæru fé	**-3,3**
Handbært fé í ársbyrjun	137,0
Handbært fé í árslok	133,7

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	129,0
Hreinar fjármunatekjur	**129,0**
Önnur rekstrargjöld	102,0
Hagnaður (-tap)	**27,0**

Sjóðsstreymi:

Hagnaður (-tap)	27,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	2,0
Handbært fé frá rekstri	**29,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	215,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	20,0
Áhættufjármunir	400,0
Sala áhættufjármuna	500,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-5,0**
Breyting á handbæru fé	**24,0**
Handbært fé í árslok	24,0

638. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

1. Við 5. gr. Í stað „12.500 m.kr.“ í 1. tölul. komi: 12.650 m.kr.
2. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. greinarinnar:
   a. Í stað „8.570 m.kr.“ komi: 9.585 m.kr.
   b. Í stað „3.300 m.kr.“ í lið 2.1 komi: 3.200 m.kr.
   c. Við bætist nýir liðir er orðist svo:
      2.5. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 475 m.kr.
      2.6. Happdrættis Háskóla Íslands, allt að 180 m.kr.
      2.7. Ríkisútvarpsins, allt að 300 m.kr.
      2.8. Rafmagnsveitna ríkisins, allt að 160 m.kr.
3. Við 5. gr. Í stað „16.000 m.kr.“ í lið 3.3 komi: 16.500 m.kr.
4. Við 5. gr. Við bætist nýr liður:
   6. Ýmis ákvæði.
      6.1. Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslenskrar krónu samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
      6.2. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs, sem ekki eru komnir á gjalddaga, í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
5. Við 6. gr. 2. tölul. falli brott.
6. Við 6. gr. Í stað „1.064 m.kr.“ í 5. tölul. komi: 1.164 m.kr.
7. Við 6. gr. 7. tölul. falli brott.

639. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

1. Við 7. gr. 1.8 Liðurinn orðist svo: Að fella niður stimilgjöld vegna kaupa Eignarfélags Íslandsflugs hf. á fjórum flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ELK, TF-ELA, TF-ELF og TF-ELH.
2. Við 7. gr. 1.10 Liðurinn orðist svo: Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélagsins Atlanta ehf. á sjö flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ABM, TF-ABE, TF-ABV, TF-ABH, TF-ABI, TF-ABN og TF-ABU.
3. Við 7. gr. Nýir liðir:
   1.12 Að fella niður stimpilgjöld vegna veðsetningar Flugfélagsins Atlanta ehf. á Boeing 747-100 flugvél sem ber einkennisstafina TF-ABW.

1.13 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Íslandsflugs hf. á Boeing 737-200 flugvél sem ber einkennisstafina TF-ELL.
1.14 Að lækka eða fella niður stimpilgjöld vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing-flugvélum.
1.15 Að lækka stimpilgjald vegna kaupa Egilsstaðabæjar á landi ríkisins á Egilsstöðum, sbr. afsal dags. 28. júní 1997, þannig að stimpilgjaldið miðist við kaupverð landsins en ekki fasteignamat.

4. Við 7. gr. 2.1 Liðurinn falli brott.
5. Við 7. gr. 2.10 Liðurinn orðist svo: Að selja íbúðarhús sem tilheyra Bændaskólanum á Hvanneyri og verja söluandvirðinu til skólans.
6. Við 7. gr. Nýir liðir:
   2.30 Að selja fasteignina Drekavog 16, Reykjavík.
   2.31 Að selja fasteignina Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.
   2.32 Að selja íbúðarhúsið að Austurvegi 8, Hrísey, og verja andvirðinu til viðhalds dýralæknisbústaða í eigu ríkisins.
7. Við 7. gr. 3.17 Liðurinn orðist svo: Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
8. Við 7. gr. 3.18 Liðurinn orðist svo: Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
9. Við 7. gr. 3.19 Liðurinn orðist svo: Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
10. Við 7. gr. Nýir liðir:
   3.20 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Laugalækjarskóla.
   3.21 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Víðigrund 2, Sauðárkróki, og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar endurhæfingaraðstöðu fyrir Sjúkrahúsið Sauðárkróki.
   3.22 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Borgartún 6, Reykjavík.
   3.23 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Borgartún 21, Reykjavík.
11. Við 7. gr. Nýir liðir:
   4.17 Að selja hluta lóðarinnar Seljavegur 32, Reykjavík.
   4.18 Að selja jarðirnar Brúnir og Tjarnir í Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.
12. Við 7. gr. 5.3 Liðurinn orðist svo: Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja allt að 9 m.kr. af söluandvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Framkvæmdasjóð Íslands og Endurlán ríkisins.
13. Við 7. gr. 5.5 Liðurinn orðist svo: Að selja, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra, hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf. og verja söluandvirðinu til Bændaskólans á Hólum.
14. Við 7. gr. Nýr liður:
   5.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Skráningarstofunni hf. og verja allt að 15 m.kr. af söluandvirðinu til búnaðarkaupa og stofnframkvæmda á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis.
15. Við 7. gr. Nýir liðir:
   6.4 Að selja rekstur Lyfjabúðar Háskóla Íslands.
   6.5 Að selja eða afhenda eignir ríkissjóðs að Gufuskálum á Snæfellsnesi og semja um nýtingu mannvirkja og rekstur staðarins.

6.6 Að yfirfæra eignarhluta ríkisins í Laugaskóla í Dalasýslu til Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps í samráði við menntamálaráðuneytið.
6.7 Að selja eða afhenda Ms. Akraborg.

16. Við 7. gr. Nýir liðir:
7.23 Að kaupa jarðir vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.24 Að kaupa húseign með tilheyrandi lóðarréttindum í nágrenni Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.25 Að kaupa jörðina Eystra-Katanes í Hvalfjarðarstrandarhreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.26 Að kaupa húsnæði fyrir Náttúrustofu í Bolungarvík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.27 Að kaupa húsnæði fyrir Náttúrustofu í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.28 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.29 Að kaupa eignarhluta Reykhólahrepps í Flatey á Breiðafirði og taka til þess nauðsynleg lán.

17. Við 7. gr. 8.7 Liðurinn orðist svo: Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1998 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 20 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Upphæðinni skal varið til markaðsátaks erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi.

18. Við 7. gr. Nýir liðir:
8.16 Að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að atvinnusköpun á þeim landssvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.
8.17 Að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytis á móti eignarhlut þriðju aðila, með það að markmiði að öflugri eignarhaldsfélög geti átt frumkvæði að stofnun nýrra iðnfyrirtækja m.a. með hlutafjárútboði. Meðferð eignarhluta ríkissjóðs í slíkum eignarhaldsfélögum skal háð sömu takmörkunum og gilda um eignarhlutinn nú.
8.18 Að semja við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um stofnfjárgreiðslu ríkissjóðs til sjóðsins af söluandvirði hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.
8.19 Að semja við stjórn Skallagríms hf. um yfirtöku Ms. Akraborgar upp í skuldir félagsins við Vegagerðina.
8.20 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem fyrirhugað er að stofna ásamt Hugrúnu ehf. og fleirum, til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði upplýsingatækni um veður og sjólag til sjófarenda.
8.21 Að semja um smíði nýrrar Hríseyjarferju.

640. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

		Rekstrar-hreyfingar m.kr.	Sjóðs-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**	**149.399**	**141.981**
1	**Skattar á tekjur og hagnað**	**37.937**	**34.846**
1.1	**Einstaklingar**	**30.076**	**27.761**
1.1.1	Tekjuskattur alls	29.126	27.061
1.1.1.1	Tekjuskattur	28.546	26.546
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	580	515
1.1.5	Skattur á fjármagnstekjur	950	700
1.5.	**Lögaðilar**	**6.956**	**6.205**
1.5.1.1	Tekjuskattur	6.956	6.205
1.10	**Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar**	**905**	**880**
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	400	380
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	505	500
2	**Tryggingagjöld**	**15.190**	**14.825**
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	12.140	11.750
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.050	3.050
2.4	Tryggingagjöld, ótalin annars staðar	0	25
3	**Skattar á launagreiðslur**	**105**	**105**
3.2	Ábyrgðagjald vegna launa	105	105
4	**Eignarskattar**	**8.059**	**7.916**
4.2	**Skattar á hreina eign**	**3.990**	**3.847**
4.2.1	Einstaklingar	1.816	1.754
4.2.2	Lögaðilar	2.174	2.093

4.3	**Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé**	**450**	**450**
4.4	**Skattar á fjármagnsviðskipti**	**2.805**	**2.805**
4.4.1	Stimpilgjöld	2.805	2.805
4.5	**Sértækir eignarskattar**	**814**	**814**
4.5.2.1	Sértækir skattar á fasteignir	134	134
4.5.2.5	Sértækir skattar á aðrar eignir	680	680
5	**Skattar á vörur og þjónustu**	**87.803**	**83.984**
5.1	**Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu**	**81.517**	**77.788**
5.1.1	Almennir veltuskattar	53.936	50.487
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	53.936	50.487
5.1.2	Sértækir veltuskattar	27.581	27.301
5.1.2.1	Vörugjöld	20.832	20.552
5.1.2.1.1	Almennt vörugjald af innfluttum vörum	2.035	1.935
5.1.2.1.5	Almennt vörugjald af innlendri framleiðslu	675	660
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	4.100	4.100
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.212	2.212
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.120	5.115
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	25	25
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	681	681
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	4.660	4.500
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.324	1.324
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	2.916	2.916
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.359	2.359
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	72	72
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.398	1.398
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	4	4
5.2	**Neyslu- og leyfisgjöld**	**6.286**	**6.196**
5.2.1	Neyslu- og leyfisgjöld á bifreiðar	5.360	5.270
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.135	2.100
5.2.1.5.5	Þungaskattur	3.225	3.170
5.2.2	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	926	926
5.2.2.1	Neyslu- og leyfisgjöld af skipum	125	125
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi o.fl.	57	57
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda	3	3
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	377	377
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	350	350
5.2.2.35	Ýmislegt	14	14
6	**Aðrir skattar**	**305**	**305**

6.1.10	Iðnaðarmálagjald	108	108
6.1.15	Markaðsgjald	117	117
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	50	50
6.2.1	Sektir á skatttekjur	30	30
II.	**Aðrar rekstrartekjur**	**12.787**	**11.132**
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**	**8.935**	**7.320**
8.2	**Arðgreiðslur og leigutekjur**	**2.098**	**2.098**
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	280	280
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.818	1.818
8.3	**Aðrar eignatekjur**	**6.837**	**5.222**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	2.975	1.460
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	3.740	3.640
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	100	100
8.3.8.	Leiga á lóðum og landréttindum	22	22
9	**Ýmsar tekjur**	**3.297**	**3.297**
9.1	**Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu**	**3.297**	**3.297**
9.1.1	Dómsmálagjöld	460	460
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	105	105
9.1.3	Sértæk leyfisgjöld stofnana í A- og B-hluta	2.693	2.693
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	1.530	1.530
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl	100	100
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl	437	437
9.1.3.20	Prófgjöld	43	43
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl	44	44
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga og eftirlitsgjöld	268	268
9.1.3.35	Ýmislegt	271	271
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	39	39
10	**Sektir**	**430**	**390**
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	300	260
10.2	Dómssektir og viðurlagaákvarðanir	100	100
10.3	Ýmsar sektir	30	30
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**	**125**	**125**

III	**Tekjur af sölu eigna**	**2.721**	**2.721**
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	2.700	2.700
15.1	Sala á landi og jarðeignum	21	21
V	**Fjárframlög**	**903**	**903**
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**	**903**	**903**
18.1	**Rekstrarframlög**	**355**	**355**
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	100	100
18.1.5	Hluti sveitarfélaga í rekstri A-hluta stofnana	51	51
18.1.15	Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Vísindasjóðs	140	140
	Önnur rekstrarframlög	64	64
18.2	**Önnur fjárframlög**	**548**	**548**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	548	548
Heildartekjur ríkissjóðs		**165.810**	**156.737**

641. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða Þorláksson og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti, Þorgeir Örlygsson prófessor, Helga V. Jónsson hrl., Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Þorvarð Gunnarsson, Árna Tómasson og Ólaf Nilsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda. Þá barst nefndinni umsögn frá Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði um skattlagningu hagnaðar af sölu á ófyrnanlegum réttindum, svo sem aflahlutdeild og öðrum hliðstæðum réttindum í sjávarútvegi, verði fært undir 14. gr. skattalaga þar sem er að finna almenn ákvæði um skattlagningu söluhagnaðar. Í öðru lagi er lagt til að við lögin bætist ný grein með yfirskriftinni ófyrnanleg réttindi. Ákvæði greinarinnar eru almenn í þeim skilningi að þau taka til allra keyptra réttinda sem ekki rýrna við notkun, en í greininni er tekið fram að þau taki til keyptra réttinda til nýtingar á náttúruauðæfum, svo sem aflaheimildum og sambærilegum réttindum. Í þriðja lagi er að finna nánari útfærslu á því hvernig meta skuli eignir sem taldar eru falla undir 73. gr. skattalaga og í fjórða lagi er m.a. gert ráð fyrir að á næstu þremur árum eftir gildistöku frumvarpsins verði heimildir til fyrningar á stofnkostnaði vegna aflahlutdeildar sem keypt var fyrir gildistöku laganna lækkaðar í áföngum og rekstraraðilum heimiluð allt að

45% fyrning á árunum 1998–2000 til viðbótar við allt að 20% fyrningu vegna rekstrar á árinu 1997.

Í nefndinni var sérstaklega rætt orðalag lokamálsliðar 3. mgr. 50. gr. A, þ.e. 2. gr. frumvarpsins, en í greininni segir að um hagnað vegna sölu á ófyrnanlegum réttindum skv. 1. mgr. 50. gr. A fari skv. 5. og 6. mgr. 14. gr. skattalaga, en í 1. gr. frumvarpsins er síðastnefnd ákvæði að finna. Þá segir í ákvæðinu að verðmæti keyptra réttinda sem ekki er heimilt að fyrna sé eigi heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum. Þó sé heimilt að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. skattalaga verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður. Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að réttindin geti fallið niður, t.d. með því að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi verði lagt af. Til nánari skýringar á því hvað megi telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. telur meiri hluti nefndarinnar rétt að árétta að verðmæti réttindanna teljast að fullu til rekstrarkostnaðar ef þau falla alveg niður. Séu verðmætin hins vegar skert verulega með lögum án þess að þau falli alveg niður telst verðmætaskerðingin hlutfallslega til rekstrarkostnaðar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Við lokamálslið a-liðar 3. mgr. bætist: eða hlutfallslega ef þau eru skert verulega lögum samkvæmt.

Alþingi, 18. desember 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	

642. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem gert er út eða rekið af íslenskum aðilum, jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið, enda séu laun greidd hér á landi.
b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.
c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.

d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.
e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.
f. Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

643. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-400 Málefni barna og ungmenna**			
a. 1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	0	50,0	50,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*254,3*	*50,0*	*304,3*

644. Breytingartillaga [371. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Frá Ágústi Einarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Orðin „Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir“ í A-lið 4. gr. laganna falla brott.

645. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Hjálmari Árnasyni, Svanfríði Jónasdóttur, Svavari Gestssyni, Tómasi Inga Olrich, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Vigdísi Hauksdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Árna Johnsen.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	15,0	-1,0	14,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*230,7*	*-1,0*	*229,7*

2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	1.000	
2. Árni Kristjánsson	1.000	
3. Ásgerður Búadóttir	1.000	
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.000	
5. Halldór Laxness	1.000	
6. Hannes Pétursson	1.000	
7. Indriði G. Þorsteinsson	1.000	
8. Jón Nordal	1.000	
9. Jón úr Vör	1.000	
10. Jórunn Viðar	1.000	
11. Kristján Davíðsson	1.000	
12. Matthías Johannessen	1.000	
13. Stefán Hörður Grímsson	1.000	
14. Thor Vilhjálmsson	1.000	
		14.000

646. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
a. 1.10 Arnarholt, deild 35	0,0	8,0	8,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.517,4*	*8,0*	*4.525,4*

647. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Tekjugreinin og efnahagsforsendur.

Endurskoðuð tekjuáætlun ríkissjóðs gerir ráð fyrir að tekjurnar verði 2,3 milljörðum kr. hærri en í fjárlagafrumvarpinu. Um 900 millj. kr. má rekja til breytinga á tekjugrunni og rúmar 500 millj. kr. til aukinnar skattheimtu. Þar af eru um 400 millj. kr. vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkið greiðir af eigin vaxtatekjum og færist því einnig til gjalda og hefur ekki áhrif á nettó afkomu ríkissjóðs. Þá eru tekjur af eignasölu áætlaðar 800 millj. kr. hærri en í frumvarpinu vegna endurskoðaðrar áætlunar um hagnað af sölu eignanna. Er það skýrt með því að sölu á hluta ríkissjóðs í Íslenska járnblendifélaginu sem átti að fara fram á þessu ári var frestað til næsta árs, svo og með hækkun á söluverðmæti hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Er sú hækkun rakin til góðrar afkomu bankakerfisins á þessu ári.

Fram kom að Þjóðhagsstofnun telur ekki ástæðu til þess að endurskoða efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins sem gerir m.a. ráð fyrir 3,5% hagvexti á næsta ári og 5,2% aukningu á kaupmætti ráðstöfunartekna. Áfram er spáð verulegum viðskiptahalla eða um 3,4% af landsframleiðslu og að innflutningur aukist meira en útflutningur. Kemur það fram í því að erlendar skuldir þjóðarbúsins fara vaxandi. Áætlað er að þær aukist um 3,5% að raungildi á þessu ári og um 4,5% á því næsta. Að mati Þjóðhagsstofnunar er nokkuð liðið á hagsveifluna og því megi búast við því að afkoman verði nokkuð lakari á næstunni. Gerir stofnunin ráð fyrir tiltölulega háum vöxtum á næstu árum og bendir á að um þessar mundir sé nokkur þrýstingur á verðlag vegna mikilla umsvifa í þjóðfélaginu.

Þróunin 1997.

Minni hlutinn bendir á að efnahagsforsendur fjárlaga 1997 hafa reynst fjarri lagi. Einkaneysla er áætluð verða 5,0% í stað 3,5%, samneysla 2,2% í stað 1,5% og fjárfesting 18,6% en var spáð að yrði 5,5%. Innflutningur vex um 9,6% í stað 5,7% og þjóðartekjur munu aukast um 5,0% í stað 2,5% eins og spáð var. Ráðstöfunartekjur heimilanna jukust um 6,7% samanborið við 3,5% í forsendum fjárlaga. Tekjur ríkissjóðs á árinu reyndust verulega vanáætlaðar

og er nú gert ráð fyrir að þær verði um 5,7 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Er það mjög svipað og minni hlutinn spáði í fyrra við afgreiðslu fjárlaga. Er það verulegt áhyggjuefni hversu ónákvæmar spár um helstu þjóðhagsstærðir hafa reynst síðustu ár og er ástæða til þess að athuga sérstaklega hvernig á því stendur og hvað er til úrbóta.

Hallarekstur blasir við.

Minni hlutinn telur að þessu sinni að nokkuð sé vanmetinn hagvöxturinn á næsta ári einkum vegna líklegrar meiri einkaneyslu en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir. Gera má því ráð fyrir heldur meiri tekjum ríkissjóðs sem því nemur eða 1–1,5 milljörðum kr. Fyrirsjáanlegt er að draga muni úr fjárfestingum þegar líður á árið, en enn meira árið 1999. Að öðru leyti verður að telja efnahagsforsendur fjárlaganna líklegar. Undanfarin ár hafa tekjur ríkissjóðs verið verulega vanmetnar, eins og áður segir, en margt bendir til þess að svo sé ekki nú umfram það sem áður er hér bent á og kemur þar til að hagsveiflan virðist hafa náð hámarki. Þvert á móti ber nú á að tekjuforsendur fjárlaganna virðast ekki allar vera traustar. Þar má nefna tekjur af sölu eigna sem hafa reynst ofmetnar á þessu ári og svo gæti einnig hæglega orðið á næsta ári. Þá telur minni hlutinn að verulegir veikleikar séu á gjaldahlið frumvarpsins. Háar fjárhæðir vantar til reksturs sjúkrahúsa landsins og undanfarin ár hefur verið kerfisbundið vanmat á útgjöldum almannatrygginga. Varlega áætlað gæti verið um liðlega 2 milljarða kr. vanmat á þessum útgjöldum að ræða. Að öllu samanlögðu verður að telja að yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög hvíli á afar veikum grunni og að umtalsverður halli verði á ríkissjóði þegar upp er staðið.

Tekjugrundvöllinn þarf að styrkja.

Ríkisstjórnin treystir sér augljóslega ekki í niðurskurð á útgjöldum og því blasir við að auka verður tekjur ríkissjóðs. Minni hlutinn hefur bent á að auka megi tekjur ríkissjóðs um milljarða kr. með auknu skatteftirliti og sérstökum aðgerðum gegn skattsvikum, svo og betri innheimtu útistandandi krafna ríkissjóðs. Þá bendir minni hlutinn á að í góðæri er eðlilegt að sækja aukið fé til sameiginlegra þarfa til atvinnurekstrar með auknum sköttum og breyttum lagaákvæðum um frádrátt einstakra útgjalda frá tekjum. Þegar verr áraði fyrir nokkrum árum var sköttum létt af fyrirtækjum og skattbyrðin flutt yfir á almenning. Var þar um að ræða um 4 milljarða kr. Nú árar betur og hefur gert um skeið og er þá sjálfsagt að flytja hluta af skattbyrðinni til baka. Ákveðið hefur verið að lækka skatta á almenning og telja verður eðlilegt að atvinnulífið beri þá skattalækkun að nokkru leyti. Hefur minni hlutinn bent á að hækka megi tryggingagjald um 0,5% og afla þannig um 1,2 milljarða kr. Einnig má telja eðlilegt að skatthlutfall hagnaðar af rekstri fyrirtækja verði það sama og á launatekjur eða 39% í stað 33% eins og nú er. Slík hækkun mundi skila um einum milljarði kr. í ríkissjóð. Þá vill minni hlutinn benda á að reglur um ónotað rekstrartap til frádráttar hagnaði eru nokkuð rúmar. Talið er að ónotuð rekstrartöp séu um 78 milljarðar kr. eða liðlega fjórum sinnum hærri fjárhæð en samanlagður tekjuskattstofn allra fyrirtækja. Í einum landsfjórðungnum eru ónotuð rekstrartöp 25 sinnum hærri en tekjuskattsstofninn en það þýðir engar skattgreiðslur í 25 ár. Í öðru skattumdæmi duga ónotuð rekstrartöp fyrirtækja í 42 ár og þar sem ónotuð rekstrartöp eru lægst sem hlutfall af tekjuskattsstofni eru þau þó þrisvar sinnum hærri en tekjuskattsstofninn. Eðlilegt er að huga að því að setja þrengri tímamörk en nú gilda um nýtingu rekstrartaps. Enn má benda á möguleika á að skattleggja sérstaklega söluhagnað aflaheimilda í sjávarútvegi við þær aðstæður að fjármagn væri fært út úr atvinnugreininni.

Það er flestu öðru mikilvægara fyrir heimilin og atvinnulífið að ríkisfjármálin séu tekin föstum tökum og ekki teflt á tvær hættur í einu mesta efnahagslegu góðæri undanfarinna ára-

tuga. Vitað er að góðærið rennur sitt skeið og því munu tekjur ríkissjóðs dragast nokkuð saman að óbreyttum tekjustofnum. Litlu sem engu af ábata undanfarinna ára hefur verið varið til þess að greiða niður skuldir eða byggja upp tekjuskapandi starfsemi sem styrkir íslenskt efnahagslíf. Útgjöld íslenska ríkisins hafa vaxið nokkuð í takt við auknar tekjur og það mun reynast þrautin þyngri að draga úr þeim þegar tekjurnar minnka. Því er óhjákvæmilegt að styrkja tekjugrundvöll hins opinbera.

Lánsfjárheimildir 7. gr.

Það er ekki til marks um styrka og ábyrga fjármálastjórn þegar framkvæmdir hins opinbera fyrir milljarða kr. eru fjármagnaðar að mestu leyti og í sumum tilfellum eingöngu með lánsfé. Þar skulu fyrst nefndar virkjanaframkvæmdir upp á tugi milljarða kr., þar af á þessu ári liðlega 10 milljarða kr. Auk þess er í breytingartillögum meiri hlutans við 5.gr. frumvarpsins lagt til að hleypa af stokkunum dýrum framkvæmdum fyrir lánsfé. Áformað er að verja allt að 475 millj. kr. til að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga stækkunar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem er áætlað að kosti 1.100 millj. kr. Annar og þriðji áfangi munu kosta um 1.700 millj. kr. hvor. Samtals eru þetta framkvæmdir fyrir hálfan fimmta milljarð kr. Önnur framkvæmd er við hús Ríkisútvarpsins að Efstaleiti 1 sem mun kosta um 960 millj. kr. Ráðgert er að fjármagna þá framkvæmd að fullu með lánsfé, þar af allt að 300 millj. kr. á næsta ári. Þriðja stórframkvæmdin, sem reyndar er þegar hafin, er bygging Náttúrufræðihúss sem áætlað er að kosti liðlega 1 milljarð kr. Lagt er til að afla lánsfjár til þess á næsta ári um 180 millj. kr. og 70 millj. kr. á árinu 1999. Samtals kosta þessi mannvirki um 6½ milljarð kr. Þar af er ráðgert að fjárfesta fyrir um 1 milljarð kr. á næsta ári sem að mestu leyti er staðið undir með lánsfé. Það skýtur skökku við í góðærinu við nokkur þenslumerki að auka stórframkvæmdir ekki hvað síst þegar öðrum framkvæmdum hefur verið slegið á frest að undanförnu af þeim sökum. Má minna á tveggja milljarða kr. niðurskurð á fé til vegaframkvæmda á þessu ári og því næsta og spyrja hvort þensluáhrif verði ekki af framkvæmdum fjármögnuðum með lánsfé.

Heimildir 7. gr.

Við 7. gr. frumvarpsins er gerð athugasemd við lið 8.7. Telur minni hlutinn eðlilegt að fjármagna markaðsátak erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi með beinum fjárveitingum í stað þess að draga fjármagnið frá einstökum stofnunum samgönguráðuneytisins, einkum Vegagerð ríkisins. Þá telur minni hlutinn rétt að setja samræmdar reglur um það hvenær fella skuli niður stimpilgjöld og vísar þar til reglubundinna ákvæða um heimild til þess að fella niður þau gjöld af flugvélum.

B- og C-hluta stofnanir.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.

Minni hlutinn telur rétt að vekja athygli á rekstrarkostnaði nýstofnaðs Nýsköpunarsjóðs, en þar er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður nemi um 8 millj. kr. á hvert stöðugildi að viðbættum stofnkostnaði. Það er meira en tvöfalt hærra en sambærilegur kostnaður á stöðugildi við sjúkrastofnanir landsins.

Byggingarsjóður verkamanna.

Meiri hlutinn gerir ekki tillögu um breytingu á fjárhag Byggingarsjóðs verkamanna. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að tap af rekstri sjóðsins á næsta ári nemi 800 millj. kr. Stafar það fyrst og fremst af því að framlag ríkissjóðs nemur aðeins 275 millj. kr. í stað 1.308 millj. kr. ef staðið væri við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 1992. Þá voru vextir af útlánum

sjóðsins hækkaðir og ákveðið að miða við 500 ný framkvæmdalán á ári og til þess að ekki yrði gengið á eigið fé sjóðsins yrði ríkisframlagið sem næmi 1.308 millj. kr. á ári. Skemmst er frá því að segja að framlag ríkissjóðs hefur síðan verið skert ár hvert. Það hefur leitt af sér fækkun framkvæmdalána og stöðugan hallarekstur sjóðsins. Er nú svo komið að einungis 170 framkvæmdalán verða veitt á næsta ári eða aðeins ⅓ af því sem upphaflega var áætlað. Á þessu tímabili, 1993–98, verður skerðingin á framlagi ríkisins samtals 3.977 millj. kr. eða 50,7% af því sem það hefði átt að vera. Framlögin hafa verið 3.871 millj. kr. í stað 7.848 millj. kr. Langstærstur hluti skerðingarinnar, eða 2.909 millj. kr., hefur verið ákveðinn við fjárlagagerð þriggja síðustu ára. Er svo komið að Byggingarsjóðurinn stefnir hraðbyri í gjaldþrot og ef hann hefði verið gerður upp um síðustu áramót hefði vantað 6 milljarða kr. til þess að endar næðu saman. Félagsleg útlánastefna á sér greinilega fáa málsvara í röðum stjórnarliða.

Enn um sjúkrahúsin.

Minni hlutinn hefur við þessa fjárlagagerð lagt höfuðáherslu á raunhæfar aðgerðir til lausnar á vanda sjúkrahúsanna. Niðurskurður síðustu ára og síendurteknar kröfur um aðhald og sparnað, langt umfram eðlilega sanngirni, hafa hneppt sjúkrahúsin í fjötra hallareksturs, sem er gjörsamlega að sliga þau og farin að bitna illa á sjúklingum og starfsfólki. Tillögur meiri hlutans duga hvergi nærri til varanlegrar lausnar á vanda sjúkrahúsanna.

Uppsafnaður rekstrarhalli allra sjúkrahúsanna er nú í árslok u.þ.b. 1 milljarður kr. eftir hallarekstur síðustu ára, en því til viðbótar nemur augljós fjárvöntun til rekstrar sjúkrahúsanna á næsta ári nær hálfum öðrum milljarði, þannig að samtals er rekstrarvandi sjúkrahúsanna í landinu nær 2,5 milljarðar kr.

Á fjáraukalögum þessa árs er 200 millj. kr. óskipt fjárhæð, sem ætluð er til að mæta halla sjúkrahúsanna utan Reykjavíkur, en stóru sjúkrahúsin í Reykjavík eru skilin eftir með samtals um 700 millj. kr. halla. Þar af er talið að þau gætu búið við um 300 millj. kr. halla, Ríkisspítalarnir 200 millj. kr. og Sjúkrahús Reykjavíkur 100 millj. kr. Þannig er brýn fjárvöntun vegna uppsafnaðs halla þessara tveggja sjúkrahúsa er samtals 400 millj. kr.

Að viðbættum þessum uppsafnaða rekstrarhalla er fjárvöntun Ríkisspítalanna til sambærilegs rekstrar á næsta ári áætluð 487 millj. kr. og Sjúkrahúss Reykjavíkur 465 millj. kr., eða samtals 952 millj. kr. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri telur sig vanta 150 millj. kr. til viðbótar við frumvarpstölur, og flest hin sjúkrahúsin þurfa aukið fjármagn til þess að halda uppi svipaðri þjónustu og hingað til. Fjárvöntun allra sjúkrahúsanna á næsta ári nemur þannig nær hálfum öðrum milljarði og er deginum ljósara að 300 millj. kr. óskiptur liður á fjárlögum dugir hvergi nærri til að taka á þessum gríðarlega vanda.

Sjúkrahúsin geta ekki búið við þessar aðstæður öllu lengur og í raun blasir því ekkert annað við en stórlega skert þjónusta þessara mikilvægu stofnana samfélagsins. Minni hlutinn hefur ítrekað flutt tillögur um aukin framlög til sjúkrahúsanna og kynnt hugmyndir um tekjuöflun á móti, en meiri hlutinn hefur ekki fallist á þær. Hann hlýtur þá að axla ábyrgðina af þessu ófremdarástandi, sem og af frumvarpinu í heild.

Alþingi, 19. des. 1997.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm. Gísli S. Einarsson. Kristín Halldórsdóttir.

Sigríður Jóhannesdóttir.

648. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.32 Félag einstæðra foreldra, styrkur til endurbóta á húsnæði	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*189,0*	*5,0*	*194,0*

649. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar skv. 17. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, að samþykkja eftirfarandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, fyrir tímabilið frá upphafi árs 1998 til loka árs 2001, um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

I. INNGANGUR

Markmið ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Leiðarljós framkvæmdaáætlunarinnar er að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að konur og karlar skuli njóta jafnra tækifæra og hafa sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu. Á þeirri hugsun byggist mannréttindakafli stjórnarskrárinnar og lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með þeirri breytingu, sem gerð var á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins árið 1995, var þetta viðhorf enn styrkt. Þá var lögfest ákvæði um að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Sérstaklega er tekið fram að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Formlegt eða lagalegt jafnrétti kynjanna nægir ekki ef það skilar sér ekki til raunverulegs jafnréttis í lífi og starfi beggja kynja. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að eitt af meginmarkmiðum hennar sé: „Að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis. Stuðlað verði að jöfnum möguleikum kvenna og karla til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína.“

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar tímabilið 1998 til loka árs 2001 um aðgerðir til að koma á jafnrétti kvenna og karla er lögð áhersla á að jafnrétti kynjanna er mannréttindamál. Íslenskum stjórnvöldum ber, á grundvelli laga, sem og vegna alþjóðlegra sáttmála sem þau hafa staðfest, að sýna fordæmi og eiga frumkvæði að aðgerðum til að auka jafnrétti kynjanna.

Jafn réttur og jöfn staða kynjanna verða þó ekki tryggð með stjórnvaldsaðgerðum einum saman. Nauðsynlegt er að margir leggist hér á eitt, félagasamtök, fjölmiðlar, vinnuveitendur sem verkalýðsfélög.

Framkvæmdaáætlunin er þannig úr garði gerð að sérhver ráðherra hefur sett sér að unnið verði að tilteknum verkefnum á málasviði síns ráðuneytis. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að vinna í sameiningu að nokkrum verkefnum.

Samvinna karla og kvenna er nauðsynleg forsenda árangurs.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að jafnréttismál varða bæði konur og karla og að samvinna beggja kynja er nauðsynleg forsenda þess að árangur náist. Til skamms tíma heyrði það til undantekninga að karlar létu sig varða jafnréttismál. Jafnréttismál voru talin málefni kvenna og alfarið á þeirra ábyrgð. Reynslan hefur sýnt að jafnréttismál varða bæði konur og karla og jafnframt að samvinna beggja er forsenda þess að árangur náist. Jafnframt er ljóst að gömul og hefðbundin viðhorf er varða verkaskiptingu kvenna og karla, sérstaklega hvað varðar ábyrgð og virka þátttöku á heimilum og í umönnun barna, geta staðið í vegi raunverulegs jafnréttis.

Öll stefnumótun taki mið af jafnrétti kynja.

Ríkisstjórnin mun vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku. Samþætting krefst þess að jafnrétti kynjanna sé meðvitað haft í huga við alla áætlanagerð. Allir sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku þurfa því að hafa þekkingu á jafnréttismálum.

II. VERKEFNI RÍKISSTJÓRNARINNAR

1. Öll tölfræði kyngreind.

Ráðuneytum og ríkisstofnunum verður sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis. Skrifstofa jafnréttismála mun kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.

2. Kannað verður hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynja.

Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem verður falið að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Nefndin mun í upphafi verks leggja fyrir ríkisstjórn starfsramma og gera þar tillögur að þeim málaflokkum sem sérstaklega verða skoðaðir. Nefndin mun taka til starfa eigi síðar en 1. maí 1998 og verður starf hennar metið og endurskoðað ef þörf þykir að ári liðnu.

3. Jafnrétti hjá ríkisstofnunum.

Í árangursstjórnunarsamningum milli ráðuneyta og stofnana verði sérstaklega vikið að 6. gr. laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna sem m.a. tekur til jafnréttismála. Þá verði í erindisbréfum forstöðumanna stofnana sérstaklega minnt á að stuðlað skuli að jafnrétti kynjanna í starfsemi stofnunarinnar.

4. Konur og efnahagsmál — konur og efnahagsleg völd.

Skipuð verður nefnd sem mun leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi.

III. VERKEFNI EINSTAKRA RÁÐUNEYTA

1. Forsætisráðuneyti.

Forsætisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd verkefna ríkisstjórnarinnar, sbr. kaflann hér að framan, en auk þeirra mun ráðuneytið sinna tveimur sértækum verkefnum.

1.1. Endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum.

Nefnd forsætisráðherra um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga mun í skýrslu sinni leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Í þessu skyni mun nefndin afla upplýsinga erlendis frá um rannsóknir og skýrslur á þessu sviði en gerist þess þörf verður unnin sérstök athugun fyrir ráðuneytið.

1.2. Þróun upplýsingasamfélagsins.

Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt stefnumótun um málefni upplýsingasamfélagsins og skipað verkefnisstjórn með fulltrúum fimm ráðuneyta. Forsætisráðuneytið mun fela verkefnisstjórninni að kanna hvernig aðrar þjóðir og alþjóðasamtök fylgjast með og reyna að hafa áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu kvenna og karla. Jafnframt verði staða þessara mála hér á landi könnuð. Gagnasöfnun verði lokið fyrir árið 2000 og á grundvelli hennar verða teknar ákvarðanir um hugsanlegar aðgerðir.

2. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

2.1. Hvatning til kvenna sem og karla að sækja um störf.

Ráðuneytið hefur sett sér að fylgja þeirri stefnu að orða starfsauglýsingar þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

2.2. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Stefnt verður að því að auka enn hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og óskað eftir að tilnefningum verði hagað svo að því markmiði verði náð.

2.3. Fjölgun kvenna meðal lögreglu og meðal fangavarða.

Markvisst verður stefnt að því að ráða fleiri konur í störf lögreglumanna og fangavarða. Í því skyni verða konur hvattar til að sækja um störf sem auglýst eru, sbr. 5. gr. og 3. mgr. 7. gr. jafnréttislaga.

2.4. Staða kvenna innan lögreglunnar.

Lögreglan er fjölmennust þeirra starfsstétta sem heyra undir ráðuneyti dómsmála. Með nýrri skipan á vali nemenda í lögregluskólanum hefur konum þegar fjölgað í hópi nemenda og mun það að öllum líkindum verða til þess að auka hlut kvenna í lögreglunni þegar fram í sækir. Jafnframt því að stuðla að fjölgun kvenna innan lögreglunnar mun dómsmálaráðuneytið huga sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa í lögreglunni.

2.5. Meðferð heimilisofbeldismála.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að kanna orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum, skilaði nýverið skýrslu um niðurstöður sínar. Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar hefur dómsmálaráðherra skipað þrjár nefndir til að huga að meðferð þessara mála.

Fyrstu nefndinni er ætlað að huga að nauðsynlegum breytingum á löggjöf til að sporna við heimilisofbeldi, huga að því með hvaða hætti unnt sé að efla starf félagasamtaka sem sinna forvarnarmálum og hjálparúrræðum á þessu sviði og gera tillögur um forvarnaraðgerðir og hjálparúrræði fyrir brotaþola og gerendur.

Hinum nefndunum tveimur er falið að huga að meðferð þeirra mála sem hér um ræðir annars vegar á rannsóknarstigi, en hins vegar í dómskerfinu, og leggja fyrir dómsmálaráðherra tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf, ef því er að skipta.

2.6. Staða þolenda afbrota.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota, samdi frumvarp sem varð að lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Nefndinni var einnig falið að athuga hvort setja ætti í lög reglur um nálgunarbann og hvort fórnarlömb gætu átt betri aðgang að rannsóknarferlinu. Meðal þeirra úrræða sem nefndin hefur fjallað um er réttur brotaþola til lögmannsaðstoðar, þeim að kostnaðarlausu. Nefndin vinnur nú að tillögum um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf er miða að bættri stöðu brotaþola að þessu leyti.

2.7. Staða kvenna innan þjóðkirkjunnar.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun beina þeim tilmælum til biskupsstofu að sérstaklega verði hugað að stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar. Stefnt verði að því að aukin verði þátttaka kvenna í ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar og að jafnað verði hlutfall karla og kvenna í trúnaðarstörfum innan hennar.

Í því skyni verði tekið mið af niðurstöðum nefndar sem biskup hefur skipað til að skoða jafnréttismál í þjóðkirkjunni. Nefndinni er í fyrsta lagi ætlað að gera sér grein fyrir stöðu mála hvað varðar jafnrétti kynja í kirkjunni, í öðru lagi að kynna sér stöðu þessara eða svipaðra mála meðal nágrannakirkna á Norðurlöndum og í Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu og kynna stefnu þessara fjölþjóðasamtaka sem íslenska kirkjan tilheyrir og í þriðja lagi að gera tillögur um úrbætur sjái nefndin möguleika á því að koma slíku fram.

2.8. Forsjár- og umgengnismál.

Dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að kanna stöðu forsjár- og umgengnismála. Nefndinni hefur m.a. verið falið að kanna reynslu þá er fengist hefur af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, hvaða úrræði eru líkleg til að draga úr fjölda brota vegna umgengnisréttar og -skyldu, hvaða upplýsingar og fræðsla standa foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál, hvernig auka megi þá fræðslu ef þess er talin þörf og hverjar eru raunverulega samvistir barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá.

2.9. Jafnrétti — mannréttindi.

Á vegum dómsmálaráðuneytis verði skipulögð námskeið fyrir opinbera embættismenn um mannréttindamál, m.a. um mannréttindi kvenna sérstaklega.

3. Félagsmálaráðuneyti.

3.1. Jafnréttisumsögn.

Félagsmálaráðherra mun á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar sjá til þess að komið verði á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Jafnréttisumsögn verði gerð og látin fylgja stjórnarfrumvörpum við framlagningu þeirra á Alþingi.

3.2. Fræðsla um jafnréttismál.

Skipulögð verða námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur um markmið og leiðir í jafnréttisstarfinu, þeirra hlutverk ásamt kynningu á framkvæmdaáætluninni. Námskeiðin verði haldin á fyrri hluta ársins 1998. Námskeiðin verði haldin með svipuðum hætti og nýafstaðin námskeið um stjórnsýslu- og upplýsingalög.

3.3. Aukin virkni kvenna í stjórnmálum.

Skipuð verður nefnd sem falið verður að kanna hvernig megi auka virkni kvenna og þátttöku þeirra í almennu stjórnmálastarfi.

3.4. Tilraunaverkefni um starfsmat.

Félagsmálaráðuneytið hefur í samvinnu við starfshóp um starfsmat unnið að tilraunaverkefni um starfsmat. Tilgangurinn er að nota kynhlutlaust starfsmatskerfi til að raða störfum innbyrðis á hverjum vinnustað með það að markmiði að skoða hvort mat á störfum mismuni eftir kynferði. Niðurstaðna úr tilraunaverkefninu er að vænta vorið 1998. Félagsmálaráðuneytið mun standa að kynningu á niðurstöðum verkefnisins og kynna sérstaklega þá starfsmatsaðferð sem þar hefur verið þróuð, m.a. með útgáfu kynningarbæklings.

3.5. Fræðsla til trúnaðarmanna.

Gefin verður út handbók fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum og henni fylgt eftir með fræðslu. Í handbókinni verða í aðgengilegu formi allar þær upplýsingar er varða þætti sem geta haft áhrif á mismunandi stöðu kvenna og karla á vinnustaðnum. Sérstök áhersla verður lögð á að upplýsa og fræða um þau atriði eða þær aðstæður sem geta haft áhrif á laun og launamyndun og hvaða leiðir starfsmönnum, trúnaðarmönnum og stéttarfélögum eru færar til að hafa áhrif þar á.

3.6. Konur í hlutastörfum.

Á gildistíma áætlunarinnar verður unnin könnun á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar eða eru unnin utan hefðbundinna vinnustaða hjá konum annars vegar og hins vegar hjá körlum. Upplýsingarnar verða flokkaðar eftir atvinnugreinum og starfsgreinum. Athugað verður hvort framkvæmd könnunarinnar geti verið samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Hagstofu Íslands.

3.7. Skipting fjár úr sjóðum vegna atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við forsætisráðuneyti (Byggðastofnun), fjármálaráðuneyti og viðskipta- og iðnaðarráðuneyti, mun kanna hvernig styrkir til einstaklinga úr opinberum sjóðum sem eru eyrnamerktir atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.

3.8. Lánatryggingasjóður kvenna.

Sjóðurinn er verkefni sem er í gangi og er samvinnuverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins og áherslur hans ásamt því hvernig hann hefur nýst konum verði könnuð reglulega.

3.9. Konur og atvinnuleysi.

Á árunum 1998 og 1999 verður unnin skýrsla, byggð á þeim upplýsingum sem til eru eða sem niðurstaða könnunar ef upplýsingar skortir, um aðstæður „atvinnulausra kvenna". Í kjölfar þessa verða lagðar fram tillögur að aðgerðum eða átaki til að bæta aðstæður þeirra og möguleika til að fá vinnu. Verkefnislýsing verður unnin í samvinnu við Vinnumálastofnun.

3.10. Konur og atvinnuleit.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um vinnumiðlun er áhersla lögð á virka vinnumiðlun, m.a. með ákvæðum um vinnuleitaráætlanir. Vinnumálastofnun verður falið að þróa aðferðir sem sérstaklega henta atvinnulausum konum við að fá vinnu. Kanna skal hvort ástæða sé til að koma á fót sérstökum stuðningsúrræðum við konur sem hafa fengið vinnu eftir langvarandi atvinnuleysi.

3.11. Ný stétt vinnukvenna (aðfluttar konur).

Félagsmálaráðuneytið í samvinnu við Starfsmannafélagið Sókn mun kanna aðstöðu, réttindi og skyldur aðfluttra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna inni á einkaheimilum. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til að gera tillögur til úrbóta þar sem er talin þörf.

3.12. Tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.

Unnin verður rannsókn á viðhorfum og væntingum karla og kvenna til atvinnulífsins og samspils þess við fjölskyldulífið. Sérstaklega verður hugað að möguleikum og takmörkunum hvors kyns til að sameina þessa þætti. Sérstakur hluti rannsóknarinnar mun beinast að atvinnurekendum og viðhorfum þeirra, þar með talið hvort mismikið tillit sé tekið til þarfa karla og kvenna til að sinna fjölskyldum sínum.

3.13. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Félagsmálaráðuneyti mun beita sér fyrir því að þeim aðilum er fara með starfsmenntunarmál í hefðbundnum umönnunarstörfum kvenna verði gert kleift að kanna sérstaklega hvaða áhrif breyttar og strangari kröfur til menntunar og til framhaldsmenntunar geta haft á möguleika kvenna á starfstengdri menntun á þessum sviðum.

3.14. Konur sem flóttamenn.

Kannað verður hvort við mat á skilgreiningum á rétti flóttamanna til að sækja um dvalarleyfi hér á landi sé nægjanlega tryggt að ofsóknir og ofbeldi, sem konur sæta vegna kynferðis síns og beitt er markvisst til að neyða fólk af tilteknu þjóðerni, menningu eða trúarbrögðum til að flýja heimili sín, sé metið sem fullgild forsenda leyfisveitingar.

3.15. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Félagsmálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að unnin verði áætlun eða lagt verði fram frumvarp til laga sem hafi það að markmiði að útrýma kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum.

3.16. Jafnréttisráðgjafi.
Þegar tilraunaverkefninu um starf jafnréttisráðgjafa lýkur verður unnið mat á árangri verkefnisins og í framhaldi af því lagðar fram tillögur um framhald.

3.17. Könnun á meðferðarúrræðum fyrir fíkniefnaneytendur.
Skrifstofu jafnréttismála verður falið að kanna hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur, sem eru kostuð af opinberu fé, henti jafnt konum sem körlum.

3.18. Könnun á skilyrðum fjölskyldna.
Félagsmálaráðuneytið mun standa fyrir könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Sérstaklega verði skoðað hvort og þá hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi batnað vegna slíkra aðgerða.

3.19. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.
Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og karlanefnd jafnréttisráðs beita sér fyrir því að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

3.20. Nefndir og ráð.
Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum félagsmálaráðuneytisins mun áfram verða tekið mið af jafnréttissjónarmiðum og kallað til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

4. Fjármálaráðuneyti.
4.1. Feðraorlof.
Fjármálaráðherra hefur ákveðið að frá og með næstu áramótum njóti feður í fullu starfi hjá ríkinu tveggja vikna fæðingarorlofs. Í byrjun árs 1999 verði reynslan af þessari nýbreytni skoðuð með viðtölum og spurningum til þeirra sem þessa orlofs nutu.

4.2. Ný starfsmannastefna ríkisins og jafnréttismál.
Í nýrri starfsmannastefnu ríkisins, sem birtist m.a. í 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er kveðið á um jafnréttismál. Fjármálaráðuneytið hefur lagt áherslu á að boðið verði upp á sveigjanlegri vinnutíma en nú er o.fl. Í nýgerðum kjarasamningum og samningum aðlögunarnefnda er vikið að jafnréttismálum sem eins þáttar starfsmannahalds í ríkisstofnunum. Skoðuð verður reynslan af þessu fyrirkomulagi á árinu 1998.

4.3. Áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.
Samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra og samtaka opinberra starfsmanna er starfandi kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Eðlilegt sýnist að sú nefnd leggi á ráðin um hvernig kynbundnum upplýsingum um laun og launaþróun verður best aflað og úr þeim unnið. Fjármálaráðuneytið mun fela nefndinni þetta verkefni á árinu 1998.

4.4. Reglur um starfslýsingar.
Í bæklingi fjármálaráðherra um jafnréttismál, febrúar 1996, er hvatning til vinnuveitenda um „að starfslýsingar séu skilmerkilegar og frammistöðumat sé lagt til grundvallar starfsframa". Einnig segir í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að veita eigi starfsmanni erindisbréf o.s.frv. Með tilliti til þessa og nýrra kjarasamninga mun fjármálaráðuneytið minna á þetta ákvæði þar sem því verður við komið.

4.5. Fræðsla til yfirmanna opinberra stofnana.

Bæklingi fjármálaráðherra um jafnréttismál, febrúar 1996, var dreift til allra forstöðumanna stofnana og þeirra sem með starfsmannamál vinna. Þá voru jafnréttismál einnig tekin til umræðu á fundum með yfirmönnum stofnana í tengslum við kynningu á nýju starfsmannalögunum. Fjármálaráðuneytið mun skipuleggja fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn stofnana þess í anda þeirra hugmynda sem komu fram í jafnréttisriti ráðuneytisins.

4.6. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum í samræmi við stefnu ráðherra þar að lútandi. Áfram verður unnið að fjölgun kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

4.7. Jafnréttisnefnd í fjármálaráðuneytinu.

Í fjármálaráðuneytinu var starfandi nefnd sem tók launamyndun og jafnréttismál í ráðuneytinu til sérstakrar skoðunar. Skýrsla var gefin út árið 1996 og kynnt opinberlega. Í byrjun árs 1997 var síðan skipuð sérstök jafnréttisnefnd í fjármálaráðuneytinu. Nefndin hefur, í samráði við sérfræðinga, unnið að gerð viðhorfskönnunar hjá starfsmönnum ráðuneytisins og stofnana þess (700–800 manns) til jafnréttismála á vinnustöðum. Úrvinnslu verður lokið í janúar 1998.

4.8. Endurskoðun á eyðublöðum.

Fjármálaráðuneytið mun sjá til þess að öll eyðublöð frá stofnunum sem heyra undir fjármálaráðuneytið og þar sem einstaklingar þurfa að gefa upplýsingar um tekjur og eignir verði endurskoðuð og metin út frá jafnréttissjónarmiðum.

5. Hagstofa Íslands.

Hagstofan gegnir mikilvægu hlutverki í samþættingu jafnréttissjónarmiða, ekki hvað síst að því er varðar kyngreindar hagtölur og afmarkaða gagnasöfnun.

5.1. Öll tölfræði kyngreind.

Samkvæmt verkefni II.1 verður ráðuneytum og ríkisstofnunum sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum skuli upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis en skrifstofa jafnréttismála kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.

5.2. Eignarréttur á fasteignum.

Hagstofa Íslands mun vinna úttekt á hverjir eiga eða eru skráðir fyrir fasteignum hér á landi.

5.3. Vinnutími — hluti af reglubundinni upplýsingasöfnun er varðar laun.

Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið munu endurskipuleggja alla gagnasöfnun á þeirra vegum sem varðar vinnuframlag og laun fólks þannig að raunverulegur vinnutími komi þar skýrt fram. Þessu verki verður lokið innan tveggja ára. Ríkisstjórnin mun jafnframt beita sér fyrir því við aðila vinnumarkaðarins að sambærileg endurskipulagning fari fram hjá þeim.

5.4. Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Hagstofa Íslands mun áfram gefa reglulega út tölfræðihandbók þar sem fram kemur yfirlit yfir stöðu kvenna og karla. Útgáfan sem er í handhægu og aðgengilegu formi hentar vel almenningi. Upplýsingarnar verða bæði á íslensku og ensku og stefnt að útgáfu þriðja hvert ár.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

6.1. Reglur um rannsóknir á lyfjum.

Tryggt skuli að farið sé eftir þeim reglum sem gilda á evrópska efnahagssvæðinu um rannsóknir á lyfjum (GCP) þannig að fullt tillit sé tekið til áhrifa þeirra á konur og karla.

6.2. Nefnd um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum.

Heilbrigðisráðherra beini því til nefndar um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum að í skýrslu hennar komi fram tillögur um framtíðarstefnumótun í heilbrigðismálum sem taki mið af ólíkum þörfum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

6.3. Fæðingarorlof.

Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um fæðingarorlof þar sem báðum foreldrum verður tryggður réttur til fæðingarorlofs. Unnið verði að því að jafna þann mun sem er á rétti vinnandi fólks eftir því hvar það starfar.

6.4. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Heilbrigðisráðuneytið lítur á ofbeldi gegn konum sem heilbrigðisvandamál og mun í samvinnu við félagsmálaráðuneytið beita sér fyrir því að boðið verði upp á slíka meðferð hér á landi.

6.5. Feðrafræðsla til verðandi feðra.

Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verður gert átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðisstofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna sinna.

6.6. Endurskoðun á staðaltölum almannatrygginga.

Staðaltölur almannatrygginga eru sundurgreindar eftir kynjum þar sem það er tæknilega framkvæmanlegt. Unnið verði að því að sundurgreining nái til allra upplýsinga.

6.7. Úttekt á reglum sem varða mat á vistunarþörf.

Þær reglur sem stuðst er við þegar verið er að meta vistunarþörf ellilífeyrisþega eða öryrkja verða kannaðar með tilliti til þess hvort þær koma mismunandi út hjá konum og körlum.

6.8. Útreikningar örorkumatsbóta með tilliti til jafnréttis kvenna og karla.

Kannað verði hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé lagt til grundvallar við útreikninga á bótum vegna örorku.

6.9. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.

Í herferðum sem varða tóbaksvarnir verður unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur reykinga hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar eru mismunandi. Gerð verði tilraun í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna.

6.10. Áhættuhegðun karla.

Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svifta sig lífi og misnota vímuefni. Ljóst er að hér er um heilbrigðisvandamál að ræða og mikilvægt er að leita orsaka þess. Því mun ráðuneytið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

7.1. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna.

Í janúar 1997 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til að kanna hvort þörf sé á sérstökum stuðningi við atvinnurekstur kvenna. Nefndin hefur m.a. látið gera könnun á meðal kvenna í rekstri fyrirtækja hérlendis, svo og viðhorfum þeirra til sértækra stuðningsaðgerða við atvinnurekstur kvenna. Þá er í vinnslu yfirlit yfir helstu stuðningsaðgerðir sem í boði eru hérlendis og erlendis. Mun nefndin skila niðurstöðum og tillögum í byrjun næsta árs.

7.2. Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.

Samdráttur hefur orðið í einstökum atvinnugreinum iðnaðar undanfarin ár, en á sama tíma hafa aðrar eflst til muna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun kanna hvort þessar breytingar hafi nýst konum sem skyldi eða hvort samdrátturinn hafi frekar átt sér stað í atvinnugreinum þar sem konur eru í meiri hluta. Ef niðurstaða könnunarinnar er veik staða kvenna mun ráðuneytið fara yfir þá þætti og gera grein fyrir þeim.

7.3. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun sérstaklega taka mið af jafnréttissjónarmiðum við tilnefningu í nefndir og ráð með það að markmiði að auka þar hlut kvenna.

7.4. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og upplýsingasamfélagið.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra var falið af ríkisstjórninni 6. október 1995 að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir ríkisstjórnina um íslenska upplýsingasamfélagið næsta áratug. Nefndin skilaði áliti sínu og níu starfshópa er með henni unnu ári síðar. Eitt af meginmarkmiðunum er að nýta möguleika upplýsingatækninnar til að vinna gegn óæskilegum félagslegum áhrifum, svo sem auknu misrétti, og sjá til þess að jafnrétti sé tryggt. Í þessu felst m.a. sá ásetningur að efla fjarmenntun og atvinnuþátttöku fólks með fjarvinnslu sem mun auka jafnrétti kynjanna óháð búsetu.

7.5. Fjölgun kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Með því að auka veg kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja stefnir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið að því að auka sjálfstæði kvenna og um leið jafnrétti kynjanna. Einnig munu kraftar kvenna til eflingar atvinnulífinu nýtast betur.

7.6. Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna.

Hinn 1. janúar 1998 tekur Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins til starfa. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs. Mun sjóðurinn gegna hlutverki sínu með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar, einkum með hlutafjárþátttöku, en einnig með því að veita lán og ábyrgðir í þessu skyni. Einnig mun sjóðurinn styðja við þróunar- og kynningarverkefni.

Þátttaka kvenna í sköpun nýrra atvinnutækifæra á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja er sívaxandi sem er einnig reyndin í Bandaríkjunum, en á vegum SBA (Small Business Administration) hafa verkefni sem auka atvinnuþátttöku kvenna gefist vel.

Nýsköpunarsjóði er m.a. ætlað að vera smáum og meðalstórum fyrirtækjum öflugur bakhjarl. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti telur sérstaklega mikilvægt að auka veg kvenna í atvinnurekstri og telur að sjóðurinn muni með almennri starfsemi sinni styðja atvinnusköpun kvenna og öflun nýrra atvinnutækifæra.

7.7. Átak til atvinnusköpunar.

Í mars 1996 gerðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður með sér samstarfssamning um „Átak til atvinnusköpunar". Markmið átaksins er m.a. stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og einstaklinga á sviði atvinnu- og nýsköpunar. Þann tíma, sem stjórn átaksins hefur starfað, hafa margvísleg verkefni verið studd sem hafa ekki síður nýst konum en körlum. Má þar nefna átak til eflingar textíliðnaði, stuðning við framleiðslu sjávar- og jurtasmyrsla og markaðssetningu íslenskrar fatahönnunar erlendis en í þessum iðngreinum hafa konur verið í fararbroddi.

7.8. Þátttaka iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í samvinnuverkefnum.

a. Atvinnuuppbygging á landsbyggðinni.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun ásamt félagsmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti (Byggðastofnun) og fjármálaráðuneyti kanna hvernig styrkir úr opinberum sjóðum sem nýtast eiga atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.

b. Lánatryggingasjóður kvenna.

Lánatryggingasjóður kvenna er samvinnuverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Tilgangur með stofnun sjóðsins er að styðja konur til þátttöku og nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánum sem veitt eru umsækjendum um lánatryggingu úr Lánatryggingasjóði kvenna.

8. Landbúnaðarráðuneyti.

8.1. Félagsleg og efnahagsleg réttindi kvenna í bændastétt.

Könnuð verða ýmis ákvæði um eignaraðild í landbúnaði og búrekstri og réttindi og skyldur henni samfara. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf með það að markmiði að jafna hlut kvenna og karla. Þessu verkefni verði lokið fyrir árið 2000.

8.2. Fræðsla fyrir konur og karla í bændastétt.

Unnið verður upplýsinga- og fræðsluefni um réttindi og skyldur kvenna og karla í bændastétt. Þar verður gerð grein fyrir félagskerfi landbúnaðarins, starfi hagsmunasamtaka bænda og félagslegum réttindum sem varða konur og karla í bændastétt, ásamt upplýsingum um jafnrétti kvenna og karla almennt.

8.3. Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir því að fullt tillit verði tekið til stöðu kvenna sem búa í dreifbýli og kvenna í bændastétt í öllum þeim sértæku verkefnum sem unnin verða samkvæmt þessari framkvæmdaáætlun og varða stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og möguleika þeirra til eigin atvinnurekstrar og endurmenntunar.

8.4. Fjölgun kvenna í stjórnum og ráðum sem varða landbúnaðarmál.

Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð landbúnaðarins á sér stað og ákvarðanir teknar. Þetta átak tekur til bæði opinberra nefnda og ráða á vegum ríkisvaldsins og félags- og hagsmunasamtaka bændastéttarinnar.

9. Menntamálaráðuneyti.

Jafnrétti kynjanna í skólakerfinu er sjálfsagt réttlætismál og í anda gildandi laga um jafnan rétt karla og kvenna. Með því að tryggja jafnrétti í skólastarfi er stuðlað að því að hver einstaklingur nýti hæfileika sína og krafta sem best, óháð kynferði. Þannig nýtist þjóðfélaginu best sá mannauður sem það á.

Niðurstöður samræmdra prófa og staðlaðra kunnáttuprófa, svo og niðurstöður rannsókna sem unnar hafa verið á undanförnum árum, hafa leitt í ljós umtalsverðan kynjamun. Þannig er námsárangur pilta yfirleitt verri en stúlkna auk þess sem þeir eru líklegri en stúlkur til að detta út úr námi og lenda í ýmsum erfiðleikum í skóla. Jafnframt eru meiri líkur á að þeir fremji afbrot og neyti ólöglegra vímuefna. Á hinn bóginn kemur fram að sjálfsmat stúlkna er yfirleitt lægra en pilta þrátt fyrir betri námsárangur.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin jafnt undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu almennt, fræði bæði drengi og stúlkur um stöðu kynjanna og mannréttindi og vinni gegn misrétti. Brýnt er að huga að stöðu beggja kynja í skólakerfinu.

9.1. Námskrárgerð.

Í nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla verður sérstaklega tekið mið af lögum um grunnskóla og stefnu menntamálaráðuneytis í jafnréttismálum en þar er kveðið á um að nemendum sé ekki mismunað eftir kyni, búsetu, stétt, uppruna, trú eða fötlun. Þetta þýðir að allir skuli fá sem jöfnust tækifæri til menntunar. Þetta þýðir ekki endilega sömu úrræði fyrir alla, heldur sambærileg og jafngild tækifæri.

9.2. Vinna að jafnrétti og gegn hefðbundinni verkaskiptingu.

Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna. Mikilvægt er að menntakerfið ýti ekki undir launamun kynjanna, til dæmis með því að hvetja konur sérstaklega til að stunda ákveðið nám en karla til að stunda annars konar nám.

9.3. Jafnréttiskennsla í skólum verði efld.

Jafnréttisfræðsla í skólum verði efld og lögð verði sérstök áhersla á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi. Sérstök áhersla verði lögð á fjölskyldufræðslu og náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Nauðsynleg forsenda jafnréttiskennslu er að jafnréttisfræðsla standi kennurum og skólastjórnendum til boða.

9.4. Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar.

Menntamálaráðuneytið mun láta fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu þar sem sérstaklega verður hugað að líðan hvors kyns fyrir sig í skólum. Á grundvelli slíkra athugana verði kannað hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja.

9.5. Íþróttauppeldi stúlkna verði eflt.

Brottfall stúlkna úr íþróttum er mikið. Í ljósi mikils brottfalls stúlkna úr íþróttum mun menntamálaráðuneytið stuðla að því að íþróttauppeldi stúlkna verði sinnt í skólakerfinu ekki síður en drengja.

9.6. Tölvur og upplýsingatækni.

Menntamálaráðuneytið mun leggja aukna áhersla á að bæði kyn menntist um tölvur og upplýsingatækni. Sú fræðsla þarf að hefjast strax á yngri stigum grunnskólans til að draga úr þeim kynjamun sem þegar er orðinn umtalsverður í efri bekkjum grunnskóla.

9.7. Stærðfræði og raungreinar.

Menntamálaráðuneytið mun leita leiða til að auka áhuga stúlkna á þessum sviðum þegar í yngri bekkjum grunnskóla. Kannað verður hvort stúlkur þurfi sérkennslu á þessum sviðum.

9.8. Styrkir til jafnréttisfræðslu.

Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði grunnskóla á skólaárinu 1998–1999 mun menntamálaráðuneytið leggja sérstaka áherslu á þróunarverkefni sem tengjast jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að bæta stöðu drengja og stúlkna í skólunum.

9.9. Nefndir og ráð.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum menntamálaráðuneytisins mun sérstaklega verða tekið mið af jafnréttissjónarmiðum og kallað til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

9.10. Kvennasögusafnið.

Framlag til Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns verður hækkað um 2,1 milljón króna árið 1998 vegna reksturs Kvennasögusafns.

9.11. Konur og fjölmiðlar — ímyndir kvenna og karla.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þá um leið þátttöku þeirra í ákvörðunum varðandi þróun þessara miðla. Einnig verði kannað hvaða kven- og karlímyndir íslenskir fjölmiðlar birta og hvernig megi vinna markvisst að því að umfjöllun fjölmiðla um líf og starf kvenna sýni þær í öllum sínum fjölbreytileika. Á grundvelli slíkra athugana verði unnið að stefnumótun á þessu sviði.

9.12. Fræðsla um greiningu á afleiðingum ofbeldis.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að í grunnnámi og við endurmenntun kennara, starfsfólks heilbrigðis- og félagsþjónustu, presta, lögreglu og annarra sem líklegir eru til þess að umgangast þolendur ofbeldis verði tryggð fræðsla um hvernig bregðast skuli við og aðstoða þá sem fyrir ofbeldinu hafa orðið.

10. Samgönguráðuneyti.

10.1. Konur sem atvinnurekendur í ferðaþjónustu.

Framlag kvenna til ferðaþjónustu verður metið í ljósi þess að ferðaþjónustan skiptir sífellt meira máli fyrir bæði atvinnustig í landinu og tekjur almennt. Markmið þessarar úttektar verður að kanna hvernig konur og karlar koma að þessari vaxandi atvinnugrein og að þá verði hægt að meta hvort og þá hvernig breytingar eða sérstakar stuðningsaðgerðir gagnist konum sem körlum.

11. Sjávarútvegsráðuneyti.

11.1. Konur í fiskvinnslu.

Skipuð verður nefnd til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika. Nefndinni verður falið að afla upplýsinga um menntun þeirra kvenna sem þar starfa, félagslega stöðu þeirra o.fl. þannig að hægt sé að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar.

11.2. Konur og atvinnurekstur í sjávarútvegi.

Kannað verður hvort og þá á hvaða sviðum sjávarútvegs konur hafa haslað sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Aðgengi kvenna að fyrirgreiðslu í formi styrkja eða lána verði sérstaklega kannað. Leiði könnunin í ljós sérstök sóknarfæri fyrir konur í þessum atvinnurekstri verða þau styrkt sérstaklega. Á sama hátt verður gripið til sértækra aðgerða ef könnunin leiðir í ljós mismunun sem skýra má með kynferði.

11.3. Sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður.

Könnuð verða áhrif langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna.

12. Umhverfisráðuneyti.

12.1. Jafnréttisnefnd umhverfisráðuneytisins og stofnana þess.

Umhverfisráðuneytið mun skipa nefnd um jafnréttismál með fulltrúum stofnana ráðuneytisins fyrir árslok 1997. Hlutverk nefndarinnar verður að

— sjá til þess að gerðar verði starfsmannaáætlanir fyrir stofnanir ráðuneytisins sem miða að því að jafna stöðu kvenna og karla,
— að halda uppi umræðum og fræðslu um jafnréttismál,
— að safna upplýsingum um stöðu jafnréttismála í stofnunum,
— að koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.

12.2. Fjölgun kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum sem varða umhverfismál.

Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð umhverfismála á sér stað og ákvarðanir eru teknar.

13. Utanríkisráðuneyti.

13.1. Aðgerðaráætlun.

Á fyrstu tveimur árum framkvæmdaáætlunarinnar mun starfa samráðsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Verkefni nefndarinnar verður að vinna tillögur til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu jafnréttis kvenna og karla í alþjóðastarfi. Í áætluninni mun koma fram hvernig utanríkisráðherra fyrir hönd íslenskra stjórnvalda geti, betur en nú er, unnið að framgangi réttindamála kvenna og barna samkvæmt alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.

13.2. Konur og karlar í störfum hjá alþjóðastofnunum.

Settar verða vinnureglur sem kveði á um sem jafnastan hlut kvenna og karla í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum. Þetta ákvæði á ekki einungis við um ráðningu Íslendinga heldur einnig alla þá sem Íslendingar kjósa að styðja í stöður á vegum alþjóðasamtaka.

13.3. Mannréttindabrot gegn konum og stúlkum.

Utanríkisráðherra mun beita sér fyrir því að alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráðið taki sérstaklega til athugunar — þegar verið er að kanna hvort um brot á mannréttindum er að ræða — brot sem beinast sérstaklega gegn konum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 28/1991 skal félagsmálaráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni skal koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum.

Ríkisstjórnin og ráðherrar ríkisstjórnarinnar hver fyrir sig hafa, með framkvæmdaáætlun þeirri sem hér er lögð fyrir Alþingi í formi tillögu til þingsályktunar, einsett sér að vinna tiltekin verkefni á tímabilinu frá upphafi þessa árs til loka árs 2002.

Jafnréttismál hafa á undanförnum missirum verið mjög til umræðu í samfélaginu og afar mikilvægt er að stjórnvöld séu vel meðvituð um þarfir og vilja samfélagsins í jafnréttismálum. Vissulega ber stjórnvöldum að sýna fordæmi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að koma á jafnrétti kynjanna, en það dylst þó engum að jafnrétti verður ekki tryggt með stjórnvaldsaðgerðum einum saman. Nauðsynlegt er að allir leggist þar á eitt. Til þess að virkja þann mikla áhuga sem augsýnilega er í samfélaginu á jafnréttismálum og einnig til þess að hvetja fólk og félagasamtök til dáða á sviði jafnréttismála efndi félagsmálaráðherra til funda víða um land snemma árs 1997 þar sem framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum var til umræðu. Fundir voru haldnir á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, í Varmahlíð, á Ísafirði og í Borgarnesi, Keflavík og Reykjavík. Jafnréttis- eða félagsmálanefndir sveitarfélaganna á hverjum stað aðstoðuðu félagsmálaráðuneytið við undirbúning fundanna.

Margar góðar hugmyndir, sem reifaðar voru á fundum félagsmálaráðherra, hafa skilað sér sem verkefni í meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Samhliða fundunum var að störfum starfshópur fulltrúa ráðuneytanna og skrifstofu jafnréttismála sem skilaði tillögum að framkvæmdaáætlun til Jafnréttisráðs. Jafnréttisráð skilaði síðan tillögu að framkvæmdaáætlun til félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðuneytið sendi þá tillögu til umsagnar til annarra ráðuneyta enda var í henni gert ráð fyrir að sérhver ráðherra og ráðuneyti ynni að jafnrétti kynjanna innan síns málefnasviðs. Af hálfu ráðuneytanna var ýmist skilað inn heildstæðum tillögum að verkefnalista í framkvæmdaáætlunina eða lagðar til breytingar á tillögu Jafnréttisráðs. Allar ábendingar af hálfu ráðuneytanna voru teknar til greina og af hálfu félagsmálaráðuneytis var einnig bætt við verkefnum á verkefnalista ráðuneytisins. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er því afrakstur virks samstarfs allra ráðuneyta, skrifstofu jafnréttismála og fólksins sem þátt tók í framangreindum fundum félagsmálaráðherra. Erlent samstarf á sviði jafnréttismála hefur einnig sett sitt mark á framkvæmdaáætlunina. Í fylgiskjali I er gerð grein fyrir helstu verkefnum á þeim vettvangi.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla framkvæmdaáætlunarinnar eru tilgreind markmið ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Áhersla er lögð á að jafnréttissjónarmið verði fléttuð inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins. Minnt er á að stjórnvöld hafa skuldbundið sig að lögum og samningum til að sýna fordæmi og hafa forgöngu um aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna. Sérstaklega er fjallað um nauðsyn þess að konur og karlar vinni saman að jafnréttismálum og mikilvægi þess að öll stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna.

Ríkisstjórnin hefur með tillögunni sett sér að vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku.

Um II. kafla.

Í öðrum kafla framkvæmdaáætlunarinnar eru tíunduð verkefni ríkisstjórnarinnar. Þau varða starfsemi flestra ef ekki allra ráðuneyta og leggja í raun meginlínur í stefnu ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Gagnasöfnun og úttekt á stöðu mála er grundvallaratriði í allri réttindabaráttu. Ef upplýsingar eru greindar eftir kyni má af þeim ráða ýmislegt er varðar bæði stöðu og stefnu í jafnréttismálum. Í framkvæmdaáætluninni er lagt til að öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum verði gert að greina upplýsingar í tölfræðilegum samantektum og skýrslum eftir kyni.

Eins og fram kemur í inngangi framkvæmdaáætlunarinnar leggur ríkisstjórnin áherslu á að við alla stefnumótun og ákvarðanatöku sé jafnrétti kynjanna haft í huga. Í þessum anda er lagt til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem falið verði að kanna hvort og þá með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna.

Á undanförnum missirum hefur ítrekað verið sýnt fram á kynbundinn launamun á vinnumarkaði. Afar brýnt er að uppræta þennan mun. Hefur ríkisstjórnin lagt á það áherslu og leggur til að í samningum á milli ráðuneyta og stofnana og í erindisbréfum forstöðumanna ríkisstofnana verði, í þeim tilgangi, sérstaklega lögð áhersla á jafnréttissjónarmið.

Oft hefur verið haft á orði að ríkjandi staða karla þegar efnahagsleg völd eru annars vegar komi í veg fyrir að konur geti notið frelsis og jafnréttis í samfélaginu. Ekki liggja fyrir nægjanlegar rannsóknir á því hvernig efnahagslegir valdaþræðir liggja í samfélaginu og hvort þeir eru fremur í höndum karla. Hér er lagt til að ríkisstjórnin skipi nefnd sem geri tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi.

Um III. kafla.

Í þriðja kafa eru tíunduð verkefni sérhvers ráðuneytis. Félagsmálaráðherra lagði áherslu á að sérhvert ráðuneyti samþykkti eða legði fram sinn verkefnalista. Það er enda í anda samþættingar að ráðuneytin gangi meðvituð til verks og af eigin frumkvæði í jafnréttismálum.

Í framkvæmdaáætluninni er verkefnunum lýst með þeim hætti að ekki sýnist þörf frekari greinargerðar með hverju verkefni fyrir sig.

Fylgiskjal I.

ERLENT SAMSTARF

Áhrif á verkefnaval og þróun jafnréttismála.

Erlent samstarf á sviði jafnréttismála hefur alla tíð haft áhrif á þróun jafnréttismála á Íslandi. Skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir við fullgildingu ýmissa alþjóðlegra eða staðbundinna samninga er varða jafnréttismál hafa haft merkjanleg áhrif á hugmyndafræðilegar áherslur, þróun löggjafar og ekki síst verkefnaval. Þátttaka í erlendu samstarfi er afar mikilvæg fyrir alla þá sem koma að jafnréttismálum því mikilvægt er að leita nýrra hugmynda og nýrra leiða.

Hér er stiklað á nokkrum mikilvægum samningum og samstarfi á vettvangi jafnréttismála sem hefur þegar haft mikil áhrif á þróun jafnréttismála hér á landi og hafa sett mark sitt á framkvæmdaáætlun 1998–2002 til að ná fram jafnrétti kynjanna.

I. Sameinuðu þjóðirnar — Kvennasáttmálinn og Beijing-áætlunin.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum var staðfestur af Íslands hálfu árið 1985. Samningurinn er mjög ítarlegur og með samþykkt hans skuldbinda íslensk stjórnvöld sig að þjóðarétti til að tryggja framgang ákvæða hans.

Í inngangi samningsins segir m.a.:

„Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum minna á að mismunun gagnvart konum brýtur í bága við grundvallarreglur um jafnrétti og virðingu fyrir manngildi, hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, félags-, efnahags- og menningarlífi í löndum þeirra, hindrar aukna hagsæld þjóðfélags og fjölskyldu og veldur því að örðugra er fyrir konur að notfæra sér til fulls möguleika sína til þjónustu fyrir land sitt og mannkynið."

Með tilvísun til ákvæða í þessum samningi hafa unnist áfangasigrar í jafnréttisbaráttu kvenna og karla. Má þar m.a. nefna ákvæði um sértækar tímabundnar aðgerðir í lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa verið haldnar umfangsmiklar ráðstefnur um málefni kvenna (Mexíkó 1975, Kaupmannahöfn 1980, Nairobi 1985 og Beijing 1995) og hefur markmið þeirra verið að stuðla að jafnrétti og virkja konur til verka og áhrifa. Í aðdraganda þessara ráðstefna hefur verið safnað miklum gögnum um stöðu kvenna og réttindi. Á grundvelli þeirra hafa verið samþykktar umfangsmiklar framkvæmdaáætlanir þar sem m.a. hafa verið útfærðar leiðir og tillögur um hvernig stuðla megi að auknum réttindum og bættri stöðu kvenna um allan heim. Fjórða ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna var haldin í Beijing í september 1995. Þar var m.a. samþykkt framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Í allri vinnu að þeirri áætlun var lögð áhersla á raunhæfar aðgerðir til handa konum um allan heim og að stjórnvöld verði að taka tillit til jafnréttissjónarmiða við allar stjórnvaldsaðgerðir.

Með undirskrift Samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sem nefndur hefur verið Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, féllust íslensk stjórnvöld á að skila reglulega skýrslu til kvennamisréttisnefndar Sameinuðu þjóðanna, en kvennamisréttisnefndin hefur á hendi eftirlit með framkvæmd sáttmálans. Á árinu 1996 tók nefndin til umfjöllunar skýrslu Íslands frá 1991. Þessi skýrsla var bæði fyrsta skýrsla og fyrsta tímabilsskýrsla íslenskra stjórnvalda. Auk þess að leggja fram skýrslu flutti félagsmálaráðherra, á sérstökum fundi, ítarlega ræðu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Nefndin skilaði niðurstöðum í formi athugasemda þar sem komu fram bæði jákvæðir þættir svo og helstu áhyggjuefni og lögðu nefndarmenn til ýmsar tillögur og fyrirmæli varðandi úrbætur.

II. Samstarfsáætlun Norðurlanda í jafnréttismálum.

Það er löng og farsæl hefð fyrir samstarfi ríkisstjórna á Norðurlöndum á sviði jafnréttismála eða allt frá árinu 1974. Samvinna í jafnréttismálum undir merkjum norrænu ráðherranefndarinnar hefur verið íslenskum stjórnvöldum ómetanleg uppspretta nýrra hugmynda, nýrrar þekkingar og nýrra tengsla. Veigamikil verkefni hafa verið unnin bæði að frumkvæði og með fjárhagslegum stuðningi ráðherranefndarinnar. Þar má nefna verkefni eins og „Brjótum múrana", „Nordisk forum" í Ósló 1988 og Åbo 1994, norræna jafnlaunaverkefnið, og nú síðast tilraunaverkefni um samþættingu jafnréttissjónarmiða í stefnumótun. Þá má rekja áherslur stjórnvalda á að fá karla til virkari þátttöku í jafnréttisstarfi til norræns samstarfs.

Norrænt samstarf á sviði jafnréttis kvenna og karla byggist á norrænni samstarfsáætlun sem tekur til tímabilsins 1995 til 2000. Markmiðið með samstarfi Norðurlanda í jafnréttismálum er m.a.

— að samstarfið stuðli að árangursríkara og öflugra jafnréttisstarfi á innanlandsvettvangi í hverju og einu Norðurlandanna,

— að það verði sjálfsagt að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi á mismunandi sviðum stefnumótunar í þjóðfélaginu.

Ráðherranefndin mun á gildistíma áætlunarinnar beina samstarfi sínu að starfsemi sem

— stuðlar að því að konur og karlar fái jafnan aðgang að ákvarðanatöku í stjórnmálum og efnahagsmálum,
— stuðlar að jafnri stöðu og áhrifum kvenna og karla í efnahagsmálum; aðgerðir sem stuðla að launajafnrétti kynja eru mikilvægar í slíku starfi,
— stuðlar að jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu,
— gefur konum og körlum bætt tækifæri til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu,
— hefur áhrif á þróun jafnréttismála innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Í því skyni að ná árangri með starfi sínu á sviði forgangsverkefnanna mun ráðherranefndin vinna að þróun aðferða sem stuðla að virku jafnréttisstarfi. Ráðherranefndin leggur ríka áherslu á að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum stefnumótunar, í nánasta umhverfi, í sveitarstjórnum, við stjórn landsins og á vettvangi Norðurlanda. Ráðherranefndin stendur fyrir gerð hagtalna um konur og karla, kvenna- og jafnréttisrannsóknum, menntun í jafnréttismálum, ásamt upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

Norræna ráðherranefndin hefur í auknum mæli lagt áherslu á þátttöku karla í jafnréttisstarfi. Eitt stærsta verkefni nefndarinnar var ráðstefna undir yfirskriftinni „Norrænir karlmenn. Ólíkir einstaklingar — áþekk reynsla“ í apríl 1995. Þar var samþykkt áskorun til ráðherranefndarinnar um frekari aðgerðir á þessu sviði. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda tóku undir þá áskorun en í yfirlýsingu þeirra kom fram að nauðsynlegt væri að Norðurlöndin sýndu frumkvæði í rannsóknum á stöðu karla og hlutverki þeirra í auknu jafnrétti kvenna og karla. Ákveðið var að fela starfshópi, skipuðum fulltrúum allra Norðurlanda, að vinna drög að norrænni framkvæmdaáætlun til fjögurra ára, tímabilið 1997 til 2001, um aðgerðir sem hefðu það að markmiði að auka þátt karla í vinnunni að jafnrétti kynja. Nefndin, undir forustu formanns íslensku karlanefndarinnar, hefur skilað tillögum sínum og samþykkti norræna ráðherranefndin þær á fundi sínum í Valmiera í ágúst 1997.

III. Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins.

Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins er ein af stjórnarnefndum Evrópuráðsins og heyrir undir mannréttindadeild ráðsins. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um jafnréttismál út frá sjónarhóli mannréttinda, standa fyrir umræðu um jafnrétti í löndum Evrópuráðsins með ráðstefnuhaldi og útgáfustarfi og standa fyrir og taka þátt í rannsóknum á þessu sviði. Afmörkuð vandamál, svo sem málefni kvenna í Mið- og Austur-Evrópu, vændi, ofbeldi á heimilum, afbökun fjölmiðla á kvenímyndinni, kynferðisleg orðnotkun, málefni kvenna í hópi innflytjenda, kerfisbundnar nauðganir á konum í hernaðarskyni og „parað lýðræði“, eru nokkur þeirra málefna sem nefndin hefur fengist við á undanförnum árum. Nefndin hefur enn fremur lagt áherslu á að eiga gott samstarf við aðrar nefndir og deildir Evrópuráðsins og leitast við að tengja jafnréttismálin öllum þeim málum sem til umfjöllunar eru hjá ráðinu.

IV. Samstarf EFTA-landanna á sviði jafnréttismála.

Frá árinu 1994 hefur verið starfandi sérfræðingahópur um jafnréttismál á vegum EFTA. Hlutverk þessa sérfræðingahóps er að fjalla um tillögur að tilskipunum, reglum og ályktunum þar sem fjallað er um jafnrétti kvenna og karla eða málefni kvenna sérstaklega. Ísland tekur fullan þátt í þessu samstarfi enda skiptir það miklu þar sem þar er tekin afstaða til þess hvort tillögur að tilskipunum og reglum frá Evrópusambandinu hafi þýðingu fyrir Ísland og þar fer fram skoðun á þeim með tilliti til þess hvort þær geti orðið hluti af EES-samningnum.

V. Samstarf innan ESB.

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur Ísland fengið aðild að ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál og jafnframt að framkvæmdaáætlun sambandsins tímabilið 1996 til 2000. Félagsmálaráðuneytið fól skrifstofu jafnréttismála að hafa umsjón með aðild okkar að áætluninni hér á landi. Á grundvelli áætlunarinnar eru starfandi tveir sérfræðingahópar, annar um lagaleg málefni og hinn um vinnumarkaðsmálefni og á Ísland aðild að þeim báðum.

Ísland er nú í fyrsta sinn aðili að framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum 1996–2000. Til áætlunarinnar eru veittir töluverðir fjármunir eða um 2.400 milljónir íslenskra króna. Með þátttöku gefst Íslendingum kostur á að sækja um styrki til verkefna sem eru innan ramma áætlunarinnar. Íslendingar sýndu að þeir hafa bæði getu og áhuga á að nýta sér þá möguleika sem áætlunin býður upp á og hafa sótt um og einnig fengið styrki til verkefna.

Rammi framkvæmdaáætlunarinnar er nokkuð víður en meginmarkmið hennar er að miðla upplýsingum um hvað vel hefur tekist í jafnréttismálum og styðja við aðgerðir, kynnisferðir, ráðstefnur og rannsóknir sem varða jafnrétti kvenna og karla. Verkefni sem njóta forgangs þurfa að hafa í sér fólgna samþættingu jafnréttissjónarmiða í alla almenna stefnumótun, atvinnu- og vinnumarkaðsmál, ákvörðunartöku, upplýsingar og rannsóknir. Síðast en ekki síst er lögð áhersla á rannsóknir eða verkefni til að þróa aðferðir og leiðir til að safna kyngreindri tölfræði.

VI. Samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).

Árið 1958 fullgilti Ísland samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Samþykktin skuldbindur íslensk stjórnvöld til að tryggja launajafnrétti kynjanna og skal það gert með: a) landslögum eða reglugerðum; b) sértækum ráðstöfunum; c) heildarsamningum aðila vinnumarkaðarins eða d) með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega. Í samþykktinni er einnig að finna ákvæði um starfsmat og mikilvægi þess að við starfsmat sé gætt óhlutdrægni út frá jafnréttissjónarmiði.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Efni tillögunnar er að Alþingi álykti að ríkisstjórnin samþykki framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Megináherslur áætlunarinnar eru að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins, að sértækar, tímabundnar, kynbundnar aðgerðir séu nauðsynlegar til að koma á jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna og að samvinna karla og kvenna sé nauðsynleg forsenda árangurs. Tillagan skiptist í tvo meginkafla, almenn verkefni ríkisstjórnarinnar og verkefni einstakra ráðuneyta.

Flest verkefnin falla að núverandi starfsemi ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir að þau hafi í för með sér aukinn kostnað en þau kunna hins vegar að hafa áhrif á forgangsröðun verkefna innan ráðuneyta og stofnana ríkisins. Þau atriði sem horfa til aukins

kostnaðar er að finna í starfi nokkurra nefnda sem sérstaklega yrðu settar á laggirnar vegna framkvæmdaáætlunarinnar.

Þau verkefni áætlunarinnar sem leiða munu til viðbótarkostnaðar fyrir ríkissjóð eru eftirfarandi:

a. Skipan þriggja manna nefndar sem starfi a.m.k. í eitt ár til að meta áhrif tillagna á jafnrétti kvenna og karla. Gert er ráð fyrir því að starfsmaður skrifstofu jafnréttismála starfi með nefndinni. Áætlaður kostnaður við nefndarlaun og rekstur er um 1 m.kr.
b. Skipan þriggja manna nefndar um mótun starfsmannaáætlana fyrir ráðuneyti og stofnanir sem miði að því að jafna stöðu kvenna og karla sem starfa á viðkomandi vinnustað. Gera má ráð fyrir því að kostnaður við nefndina verði á bilinu 0,5–1 m.kr.
c. Skipan nefndar sem skili tillögu til ríkisstjórnar að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla. Gert er ráð fyrir því að þetta verkefni verði unnið á síðari tveim árum áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir því að hópur þriggja einstaklinga komi að málinu og að kostnaður við það verði á bilinu 0,5–1 m.kr.

Þau verkefni sem horfa til aukins kostnaðar og ná til einstakra ráðuneyta eru eftirfarandi:

a. Námskeið á vegum félagsmálaráðuneytis fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur um markmið og leiðir í jafnréttisstarfi. Um yrði að ræða námskeið sambærilegt við námskeið um stjórnsýslu- og upplýsingalög. Gera má ráð fyrir allt að 1 m.kr. kostnaði og eru þá námsgögn meðtalin.
b. Útgáfa handbókar á vegum félagsmálaráðuneytis fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum þar sem komið verði á framfæri aðgengilegum upplýsingum er varða þætti sem geta haft áhrif á mismunandi stöðu karla og kvenna á vinnustaðnum. Gera má ráð fyrir um 0,5 m.kr. útgáfukostnaði.
c. Rannsókn á vegum félagsmálaráðuneytis á viðhorfum og væntingum karla og kvenna til atvinnulífsins og samspils þess við fjölskyldulífið. Ætla má að kostnaður við slíka rannsókn verði ekki undir 0,5–1 m.kr.
d. Könnun á vegum félagsmálaráðuneytis á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Ætla má að kostnaður við slíka könnun verði ekki undir 0,5–1 m.kr.
e. Nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytis sem safni upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna. Gert er ráð fyrir því að hópur þriggja einstaklinga komi að málinu og að kostnaður við það verði á bilinu 0,5–1 m.kr.
f. Athugun menntamálaráðuneytis á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þá um leið þátttöku þeirra í ákvörðunum varðandi þróun þessara miðla. Ætla má að kostnaður við slíka rannsókn verði ekki undir 0,5–1 m.kr.
g. Samráðsnefnd á vegum utanríkisráðuneytis sem starfi tvö fyrstu ár framkvæmdaáætlunarinnar sem í eigi sæti fulltrúar ríkisstjórnarinnar og Jafnréttisráðs. Nefndinni verði falið að vinna tillögur til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu jafnréttis kvenna og karla í alþjóðastarfi. Gert er ráð fyrir því að hópur þiggja einstaklinga komi að málinu og að kostnaðurinn við það verði allt að 1 m.kr.

Samandregið má ætla að beinn kostnaðarauki ríkissjóðs vegna framkvæmdaáætlunarinnar verði á bilinu 7–10 m.kr. á tímabilinu 1998–2001. Ítrekað er að þetta mat byggir á að önnur verkefni framkvæmdaáætlunarinnar falli að núverandi starfsemi ráðuneyta og stofnana ríkisins þó að slíkt kunni að hafa áhrif á forgangsröðun verkefna.

650. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.07 Sérverkefni	17,6	-1,0	16,6
b. 1.08 Hið íslenska Þjóðvinafélag	0,0	1,0	1,0

Greinargerð.

Hið íslenska þjóðvinafélag á upptök sín í deilum um stjórnarfrumvörp sem lögð voru fyrir Alþingi árið 1869 um stöðu Íslands og stjórnarskrá. Bundust 18 þjóðkjörnir þingmenn samtökum í því skyni að halda fast fram landsréttindum Íslands. Hafði Jón Sigurðsson forseti Alþingis forustu um málið. Ætlast var til að samtökin yrðu vísir að félagi allra þeirra Íslendinga sem vildu vinna að því að þjóðin fengi „viðurkenndan rétt sinn til að njóta þess þjóðfrelsis sem hún er borin til að réttum lögum guðs og manna," eins og Jón Sigurðsson komst að orði. Formleg stofnun félagsins beið næsta Alþingis. Hinn 19. ágúst 1871 var Hið íslenska þjóðvinafélag stofnað og Jón Sigurðsson kjörinn forseti þess.

Hefð hefur verið fyrir því að það haldi aðalfund sinn í þingsalnum og skrifstofa Alþingis hefur annast um fjárreiður þess hin síðari ár. Í áætlunum þingsins er Þjóðvinafélaginu ætluð 1 millj. kr. á árinu 1998, undir liðnum *Sérverkefni*. Full ástæða er til að þessi aldni félagsskapur haldi sjálfstæði sínu sem sérstakur liður á fjárlögum. Því er þessi breyting lögð til en hún mun ekki leiða til aukinna útgjalda.

651. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
a. 6.01 Stofnkostnaður	0,0	40,0	40,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*268,4*	*40,0*	*308,4*

652. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

	Þús. kr.
Við sérstakt yfirlit 9, Ýmis framlög (02-999 1.90), bætist nýr liður, svohljóðandi:	
Lýðskólinn við Hverfisgötu í Reykjavík	5.000

653. Nefndarálit [338. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið snýst um það að ganga frá því með óyggjandi hætti að keyptur réttur til að nýta varanleg náttúruauðæfi eða auðlindir sem endurnýjast, svo sem aflahlutdeild, skuli ekki gjaldfærður og meðhöndlaður sem fyrnanleg eign. Sú hefur hins vegar verið framkvæmdin að undanförnu í kjölfar úrskurða skattayfirvalda og dómsniðurstaðna.

Á tveimur síðustu þingum hefur Kristinn H. Gunnarsson flutt frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fól í sér að taka af skarið um þetta efni og ákveða að aflahlutdeild skyldi skilgreina sem ófyrnanleg réttindi til þess að nýta náttúruauðæfi (sjá þskj. 77 á 122. löggjafarþingi og þskj. 1176 á 121. löggjafarþingi). Þá hafa þrír þingmenn þingflokks Alþýðubandalagsins og óháðra flutt frumvarp til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum þar sem einnig er komið inn á skattalega meðferð veiðiheimilda (sjá þskj. 330 á 122. löggjafarþingi, 9.–10. gr. III. kafla). Þar er gert ráð fyrir að allur söluhagnaður veiðiheimilda skuli talinn til tekna og vera skattskyldur á söluári og skattlagður sérstaklega. 1. minni hluti vísar til þessara frumvarpa og frumkvæðis þingmanna Alþýðubandalagsins í málum sem varða skattalega meðferð veiðiheimilda.

Það er skoðun 1. minni hluta að sú breyting sem stjórnarfrumvarpið boðar, að taka af skarið um að aflahlutdeild sé ófyrnanleg, sé til bóta og mun minni hlutinn styðja hana. Ýmislegt annað er hins vegar óljóst eða ófrágengið hvað varðar skattalega meðferð slíkra nýtingarréttinda. Má þar t.d. nefna eignafærslu slíkra réttinda í skattalegu tilliti, ákvæði um frestun skattlagningar söluhagnaðar og síðast en ekki síst sjálfa skattlagninguna eða skattprósentuna. Þessi atriði telur 1. minni hluti að þurfi að skoða betur og ljúka því verki að koma skattalegri meðferð þessara mála á hreint. 1. minni hluti hefur því fyrirvara um þessa þætti málsins.

Fyrsti minni hluti vill sérstaklega undirstrika að með ákvörðun um að gera nýtingarrétt náttúruauðlinda sem endurnýjast ófyrnanlegan í skattalegu tilliti er ekki á nokkurn hátt verið að færa réttindin nær því að verða eign handhafans. Hér er einungis verið að ganga frá tilteknu skattaatriði og ekki á nokkurn hátt verið að veikja sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fisk-

veiða né ótvíræðan rétt Alþingis til að breyta stjórnkerfi fiskveiða, þar með talið að afnema aflahlutdeildarkerfið, án þess að bætur komi fyrir.

Alþingi, 18. des. 1997.

Steingrímur J. Sigfússon.

654. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Við 5. gr. Við 3. tölul. bætist nýr liður er orðist svo:
3.7. Ríkisútvarpið, allt að 300 m.kr.

Greinargerð.

Veruleg þörf er á endurnýjun og viðhaldi á dreifikerfi Ríkisútvarpsins, bæði hljóðvarps og sjónvarps. Víða eru móttökuskilyrði sjónvarps í þéttbýli óviðunandi, svo sem í Keflavík og á Ísafirði. Verður ekki undan því vikist lengur að ráðast í endurbætur á dreifikerfinu.

655. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristni H. Gunnarssyni og Svavari Gestssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **11-399 Ýmis orkumál**			
a. 1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	437,0	26,0	463,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*559,0*	*26,0*	*585,0*

Greinargerð.

Lagt er til að niðurgreiðsla á rafhitun hækki um 60 millj. kr. sem greiðist af arðgreiðslu til ríkissjóðs vegna eignarhluta hans í Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir að niðurgreiddar verði 35.000 kwst. á ári í stað 30.000 kwst. nú og að Landsvirkjun leggi fram niðurgreiðslu af sinni hálfu á sama hátt og fyrirtækið gerir nú upp að 30 þús. kwst.

656. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-340 Málefni fatlaðra**			
a. 1.91 Reglubundið eftirlit með mænuskömmuðum	0,0	2,0	2,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*59,7*	*2,0*	*61,7*

Greinargerð.

Frá árinu 1973 hafa 48 einstaklingar mænuskaddast í slysum á Íslandi og bundist hjólastól. Unnin hefur verið könnun á tíðni fylgikvilla hjá mænuskömmuðum í hjólastól. Í ljós kemur að heilsufarsleg vandamál eru algeng hjá þessum hópi, einkum þvagfæravandamál, en reglubundið eftirlit gæti bætt þarna verulega úr. Þetta eftirlit, ef samþykkt yrði, færi væntanlega fram á Grensásdeild.

657. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 640 [Fjárlög 1998].

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni og Sigríði Jóhannesdóttur.

	Skv. brtt. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. 1.5.1.1 Tekjuskattur	6.956	1.000	7.956
2. 2.2.1.1 Tryggingagjald almennt	12.140	1.200	13.340

658. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meginefni frumvarpsins er að kveða á um að keyptar aflahlutdeildir verði ekki fyrnarlegar en keyptar veiðiheimildir hafa hingað til verið afskrifaðar um 20% á ári. Einnig er í frumvarpinu kveðið á um hvernig fara skuli með hagnað af sölu aflahlutdeildar. Frumvarpið hefur einungis verið til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd í örfáa daga og ekki var ráðrúm til

að senda málið til umsagnar eins og venja er. Málið er umfangsmikið og flókið og hefur áhrif á mjög marga þætti í sjávarútvegi hérlendis.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efnahags- og viðskiptanefnd lögðu til að málið fengi eðlilega meðferð og yrði ekki afgreitt með hraði nú fyrir jól. Á það féllst meiri hluti nefndarinnar ekki og er ætlunin að lögfesta frumvarpið núna. 2. minni hluti leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Rökstuðningur 2. minni hluta fyrir því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felst í eftirfarandi atriðum:

Engin brýn nauðsyn á afgreiðslu.

Það ber engin brýn nauðsyn til að afgreiða málið fyrir áramót. Frumvarpið skilar óverulegum tekjum í ríkissjóð, ef þá nokkrum, og ekki er verið að greiða úr réttaróvissu. Þvert á móti vakna fjölmargar lögfræðilegar spurningar við afgreiðslu málsins sem hefði verið nauðsynlegt að athuga nánar.

Meiri hlutinn féllst ekki á þá skoðun 2. minni hluta að leita sérstaklega vandaðrar álitsgerðar um lögfræðilega þætti þessa máls og lét sér nægja að kalla fyrir virta lögfræðinga á þessu sviði. Í svörum þeirra kom skýrt fram að þeir hefðu ekki haft nægjanlegan tíma til að geta metið málið að fullu. Þetta sýnir jafnframt að hér er verið að kasta til höndunum varðandi vinnubrögð.

Ónóg undirbúningsvinna.

Undirbúningur við gerð þessa frumvarps er lítill. Ekki var haft samráð við aðila sem þekkja vel til málsins, svo sem sérfræðinga á sviði lögfræði og reikningshalds eða hagsmunaaðila. Til dæmis má geta þess að í frumvarpinu er talað um kaup á varanlegri aflahlutdeild, þótt varanleg aflahlutdeild sé hvergi skilgreind í íslenskum lögum og komi ekki fyrir í löggjöf um stjórn fiskveiða. Þetta atriði sýnir að hvorki hefur málið verið unnið nægjanlega vel af hálfu fjármálaráðherra né hefur gefist tími til vandlegrar yfirferðar í þingnefndinni, en bent var á þetta af Kristni H. Gunnarssyni alþingismanni við 1. umræðu um frumvarpið.

Festir núverandi kerfi í sessi.

Meginbreytingin sem felst í frumvarpinu er að gera aflakvótann ófyrnanlegan. Sú breyting festir út af fyrir sig fiskveiðistjórnunarkerfið í sessi. Það er meðal annars álit Kristjáns Ragnarssonar, formanns LÍÚ, og telur hann það vera hið eina jákvæða við frumvarpið, þ.e. að það auki varanleika kerfisins. Ýmsir hafa einnig bent á að ákvæði frumvarpsins vinni gegn markmiðum fiskveiðistjórnunarkerfisins um hagkvæmni þar sem ákvæði þess stuðli að því að hægja á minnkun flotans.

Álitamál um afturvirkni skattalaga.

Það er álitamál hvort í frumvarpinu felist afturvirkni í skattalögum en gert er ráð fyrir að aflaheimildir, sem hafa verið keyptar fyrir gildistölu þessara laga og hingað til hefur mátt afskrifa að fullu, megi eftir gildistöku frumvarpsins einungis afskrifa um 65%. Þetta álitamál um afturvirkni hefði þurft að skoða betur.

Ekkert fjallað um gjafakvótann.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að aflaheimildum er úthlutað ókeypis. Þær eru ekki færðar til tekna hjá viðtakendum eða til eignar þótt verðmæti þeirra sé verulegt. Í þessu frumvarpi er

einungis verið að fjalla um þann hluta kvótans sem gengur kaupum og sölum milli útgerðarmanna.

Í ljósi þess að kveðið er á um í lögum að fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar skýtur nokkuð skökku við að þeir sem fá úthlutað kvótum, sem fela í sér mikil verðmæti, skuli hvergi færa þessi verðmæti í bækur sínar. Það er ekki fyrr en þeir selja veiðiheimildir að söluverðmætið er tekjufært hjá seljanda og fært sem ófyrnanleg eign hjá kaupanda. Þá fyrst öðlast fiskveiðiheimildir verðmæti gagnvart bókhaldi og skattalögum.

Hingað til hefur verið greiddur eignarskattur einungis af keyptum kvóta og það breytist ekki með þessu frumvarpi. Hinar ókeypis úthlutuðu aflaheimildir eru ekki skráðar og ekki greiddur af þeim neinn eignarskattur þótt þeir sem fá þeim úthlutað hafi frjálsan nýtingarrétt af þeim.

Milljarðaumsvif í kvótaviðskiptum.

Umfang kvótaviðskipta er verulegt en samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra, sem lagðar voru fram í efnahags- og viðskiptanefnd, kemur fram að á fiskveiðiárinu 1994/1995 var aflahlutdeild á Íslandsmiðum 527 þús. tonn. Af því aflamagni var fluttur á milli aðila varanlegur kvóti, aflahlutdeild, 93 þús. tonn, og er áætlað verðmæti hans 14 milljarðar kr.

Á fiskveiðiárinu 1995/1996 var heildaraflahlutdeild 510 þús. tonn en það ár var flutningur á varanlegum kvóta 126 þús. tonn og verðmæti hans um 26 milljarðar kr. Þessar tölur, sem eiga við flutning á aflahlutdeild, þ.e. varanlegum kvóta, sýna vel hversu umfangsmikil viðskipti með aflaheimildir eru.

Áætlað verðmæti flutnings á aflamarki, þ.e. leigukvóta, á fiskveiðiárinu 1994/1995 var 1,6 milljarðar kr. milli skipa sem eru gerð út frá sömu verstöð, 1,3 milljarðar kr. milli skipa miðað við jöfn skipti og 4 milljarðar milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð. Samtals námu leigukvótaviðskipti þetta ár 6,9 milljörðum kr. Síðastnefndi flokkurinn, þ.e. flutningur milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, er væntanlega viðskipti þar sem kvóti er leigður fyrir peninga en hluti þeirra viðskipta er oft kallaður leiguliðakerfið.

Fyrir fiskveiðiárið 1995/1996 er áætlað verðmæti flutnings á aflamarki, þ.e. leigukvóta, 2,7 milljarðar kr. milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð, 1,5 milljarðar kr. milli skipa miðað við jöfn skipti og 6 milljarðar kr. á flutningi á aflamarki milli skipa sem eru ekki gerð út frá sömu verstöð. Samtals námu verðmæti flutnings á leigukvóta 10,2 milljörðum kr. þetta ár. Umfang viðskipta með kvóta hafa þannig aukist verulega á undanförnum árum. Það hvetur vitaskuld til þess að hvergi sé hrapað að breytingum á skattalögum sem tengjast þessum viðskiptum og málið vel gaumgæft.

Mörg álitaefni við skattaútfærslu.

Það er mjög flókið skattalega hvernig fara á með kvóta. Hægt er að benda á að t.d. kaup á viðskiptavild eru ekki gjaldfærð í viðskiptum og ekki heldur eignfærð. Hægt væri að líta á viðskipti með aflahlutdeild sem sambærileg viðskipti en þetta er álitamál sem yrði að skoða betur.

Annar minni hluti tekur undir þá skoðun endurskoðenda að afskriftir endurspegli m.a. óvissu. Sé ekki afskrifað er hægt að líta á að varanleiki sé aukinn. Einnig er álitamál á hvaða verði keyptar veiðiheimildir eru færðar til eignarskatts, einkum í ljósi þess að úthlutaðar heimildir eru hvorki færðar til bókar né til tekju- eða eignarskatts. Hægt er að benda á t.d. að fasteignir koma ekki til eignarskatts á bókfærðu verði, heldur á öðru verði, þ.e. samkvæmt fasteignamati. Þannig er ljóst að farið er með misjöfnum hætti með eignir eða réttindi, hvað þá svo óljósan hlut sem aflahlutdeild.

Vel kæmi til álita að öll kvótakaup, hvort sem er leigukvóti innan ársins, þ.e. aflamark, eða varanlegur kvóti, þ.e. aflahlutdeild, séu gjaldfærð á því ári sem þau eru gerð. Það er nú þegar gert með viðskipti með aflamark, þ.e. leigukvóta.

Í frumvarpinu eru sérkennileg ákvæði um að hægt sé að fresta skattskyldu á söluhagnaði með því að fjárfesta aftur í kvóta innan tiltekins tíma. Ýmsir hafa bent á að það sé óeðlileg hindrun að ekki sé hægt að nýta söluhagnað aflaheimilda í almennum rekstri fyrirtækja og einungis sé hægt að fresta skattskyldu með því að kaupa kvóta aftur. Hér er t.d. um meiri takmarkanir að ræða en settar voru við frestun á söluhagnaði við hlutabréfaviðskipti en fjallað var um þau mál þegar lög um fjármagnstekjuskatt voru sett.

Einnig kemur vel til greina að hagnaður við sölu aflahlutdeildar komi strax til tekna og til tekjuskatts og að ekki sé hægt að fresta skattgreiðslum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Aðrir benda á varðandi þetta ákvæði að það þýðir í reynd að aldrei komi til skattlagningar á hagnaði við sölu aflahlutdeilda af því að menn munu fjárfesta aftur og aftur í kvóta og fresta þannig skattgreiðslu óendanlega. Þetta sýnir vel að mun betur hefði þurft að skoða álagningu á skatti við sölu aflahlutdeildar, ekki síst í ljósi þess að hagnaður af sölu aflahlutdeildar er sprottinn af því að seldar eru eignir sem þjóðin á í sameiningu, þ.e. fiskurinn í sjónum. Það er orðið mjög einkennilegt, þótt ekki sé kveðið fastar að orði, að aflaheimildum er úthlutað til útgerðarmanna sem síðan geta selt þær, hagnast verulega á þeirri sölu og í reynd frestað allri skattlagningu þessa hagnaðar.

Hagsmunir einyrkja fyrir borð bornir.

Í frumvarpinu er ekki gætt nógu vel að hagsmunum þeirra sem hafa rekstur sinn utan hlutafélagsformsins, þ.e. einyrkja. Þeirra staða er mun lakari ef þeir fara út úr atvinnugreininni. Þetta hefði þurft að skoða miklu betur. Hins vegar er ekki veittur tími til þess af hálfu meiri hlutans. Mikilvægt er í þessu sambandi að vilji menn taka sérstaklega á hagnaði sem menn fara með út úr greininni með sölu veiðiheimilda er það mjög erfitt og flókið þar sem við slíka útgöngu eru algengust viðskipti með hlutabréf og/eða í gegnum sameiningu fyrirtækja.

Að mati endurskoðenda er ekki gerlegt að rekja uppruna verðhækkunar á hlutabréfum til ókeypis úthlutaðra aflaheimilda. Þannig er ljóst að hér er um flókin álitamál að ræða. Benda má á að hugmyndafræðin á bak við veiðileyfagjald leysir velflest þau álitamál sem koma upp varðandi efnisþætti frumvarpsins.

Mörg álitaefni um áhrif frumvarpsins á stjórnarskrá.

Eitt mikilvægasta álitamálið varðandi þetta frumvarp er hvort atvinnuréttindi þeirra sem kaupa kvóta verði betur tryggð með því. Það gæti kallað á skaðabótakröfur á hendur ríkinu út frá ákvæðum stjórnarskrárinnar ef fiskveiðistjórnunarkerfinu yrði breytt eða það afnumið.

Ákvæði eru í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þrátt fyrir þessi ákvæði þarf að hafa í huga að vernd stjórnarskrárinnar, bæði hvað varðar eignir og atvinnuréttindi, byggist meðal annars á þróun en ekki einungis á almennum lögum og má vísa hér m.a. í skrif lögfræðinga um þetta efni. Þessi lögfræðilegu álitaefni þarf að skoða mjög vandlega en það er ekki hægt að gera á þeim skamma tíma sem þingnefndinni var ætlaður miðað við vilja meiri hlutans.

Í svokölluðu Hrannarmáli var m.a. tekist á um skattalega meðferð keypts kvóta. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar var þar skoðuð. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að þótt ekki gilti milli aðila jafnræði hvað varðar keyptan kvóta og ókeypis úthlutaðan kvóta var það ekki talin

frágangssök á þeim tíma. Þetta mat gæti hins vegar hafa breyst þegar skoðað er hið mikla umfang kvótaviðskipta núna.

Samkeppnislög brotin?

Það er staðreynd að aðili sem fær úthlutað kvóta hefur betri samkeppnisstöðu en sá sem verður að kaupa veiðiheimildir af öðrum útgerðarmanni. Hugsanlegt er í þessu sambandi að samkeppnislög séu brotin. Mismunandi samkeppnisstaða einstakra útgerðarmanna er sköpuð af stjórnvöldum með því að einum útgerðarmanni eru afhentar aflaheimildir ókeypis en annar útgerðarmaður verður að kaupa þær af öðrum. Miðað við að báðir þessir aðila geri út og veiði t.d. 1.000 tonn er ljóst að samkeppnisstaða þeirra er ólík vegna þess að annar hefur orðið að verja miklu fé til að kaupa veiðiheimildir sem hinn sleppur við. Þetta er álitaefni sem 2. minni hluti hefði viljað láta skoða nánar.

Óljós staða við verðlækkun á kvóta.

Mikið matsatriði er hvað á að gera og hvernig eigi að fara með það í bókhaldi og gagnvart skattalögum ef kvóti lækkar í verði, t.d. vegna þess að ekki veiðist, fiskstofnar minnka eða löggjafinn breytir fiskveiðistjórnunarkerfinu. Einnig má geta þess að keypt veiðiheimild gæti hækkað í verði og þá er ekki gert ráð fyrir að færa slíka verðhækkun upp í bókum fyrirtækja. Þessi ákvæði eru öll óljós í frumvarpinu og hefðu þurft betri skoðun.

Einnig má taka sem dæmi veiðiheimildir í flökkustofnum sem yrðu við kaup eignfærðar og ekki afskrifaðar. Hægt er að sjá fyrir sér að viðkomandi flökkustofn hyrfi frá landinu um tiltekinn tíma. Þá vaknar strax sú spurning hvort færa ætti niður viðkomandi eign og gjaldfæra hana á einhverjum árum. Ekki er ljóst í frumvarpinu hvernig eigi að fara að við slíkar aðstæður. Einnig er vert að hafa í huga að mikill munur getur verið á uppgjöri í reikningshaldi, sem á að endurspegla rekstur fyrirtækis og efnahag þess á sem réttastan máta eftir varkáru mati, og skattalögum. Frumvarpið fjallar um breytingar á skattalögum en vitaskuld verður að vera samræmi í aðferðafræði reikningshalds og skattalögum.

Fyrirsjáanlegur ágreiningur við skattayfirvöld.

Eitt aðalálitaefnið í frumvarpinu er hvernig gera eigi greinarmun á verði á skipi og verði á kvóta eftir samþykkt þess. Kaupendur mundu vilja hafa kvótann á sem lægstu verði, vegna þess að hann er ekki fyrnanlegur, og hafa skipið tiltölulega hátt skráð. Það er þannig fyrirsjáanlegt að ágreiningur mun verða við skattayfirvöld þar sem ekki er kveðið skýrt á um fyrirmæli í lagafrumvarpinu. Breytingartillögur meiri hlutans breyta þar engu um. Þetta er eitt af því sem hefði þurft að útfæra skýrar.

Lokaorð.

Frumvarpið fjallar á engan hátt um fiskveiðistjórnunarkerfið og sníður enga agnúa af því. Hins vegar sýnir það vel galla núverandi gjafakvótakerfis vegna þess að óvissa er um hver á kvótann í reynd og hvernig á að fara með hann í bókhaldi og gagnvart skattayfirvöldum. Þekktar eru ýmiss konar færslur í tengslum við aflaheimildir sem hafa rýrt tekjur ríkissjóðs. Þannig þekkjast dæmi um það að fyrirtæki hafi selt aflaheimildir og tekjufært andvirðið og nýtt sér þar með gamalt tap sem var að fyrnast. Síðan hefur sama fyrirtæki keypt kvótann aftur og eignfært veiðiheimildirnar og afskrifað þær um 20% á ári. Tilgangurinn sem slíkum bókhaldsfærslum er að sýna betri afkomu og leysa upp gamalt tap. Á þennan hátt hafa fyrirtæki getað fært upp eigur sínar, myndað nýjan afskriftastofn og sýnt betri afkomu en er í raun.

Allt þetta hefur byggst á sölu veiðiheimilda sem eru sameign íslensku þjóðarinnar. Vel sést á þessu litla dæmi í hvílíkar ógöngur öll meðferð málsins er komin.

Þótt hægt sé að færa skattaleg rök fyrir þeirri útfærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir er ljóst að málið er svo umfangsmikið að það krefst mun vandaðri umfjöllunar en möguleg er á örfáum dögum. Einnig hefði verið brýnt að skoða áhrif þess á fiskveiðistjórnunarkerfið auk þeirra álitamála sem hér hafa verið rakin. Það er rangt sem ýmsir þingmenn halda að hér sé sérstaklega verið að taka á hagnaði við sölu aflaheimilda. Þvert á móti er búin til leið til að komast hjá því að greiða skatt af hagnaði við sölu aflaheimildar eins og frumvarpið er úr garði gert.

Mjög erfitt er að útfæra hugmyndir um að leggja sérstakan skatt á söluhagnað við viðskipti með veiðiheimildir og mundi það væntanlega einnig leiða til þess að menn færu ekki út úr greininni heldur héldu fé sínu bundnu í sjávarútvegsfyrirtækjum en hirtu allan þann arð sem þeir gætu af hinum ókeypis úthlutuðu veiðiheimildum. Núverandi ríkisstjórn hefur einnig gert skattalögin þannig úr garði að menn geta með hlutabréfaviðskiptum tryggt sér það að arður af þessum ókeypis úthlutuðu veiðiheimildum verði í mesta lagi skattlagður um 10%, þ.e. eins og hverjar aðrar fjármagnstekjur.

Annar minni hluti telur að öll rök mæli með því að málinu verði frestað og hefði fyrir sitt leyti verið reiðubúinn að stuðla að samþykkt frumvarpsins, ef það hefði verið vilji meiri hluta Alþingis, fljótlega eftir áramót, en þá að fengnum umsögnum og vandaðri skoðun. Hægt hefði verið að láta það taka gildi fljótlega á næsta ári. Það hefði ekki skapað neina erfiðleika í framkvæmd. Einnig hefði vel komið til greina að tiltekin ákvæði frumvarpsins tækju gildi um næstu áramót.

Það skal endurtekið að engin brýn nauðsyn ber til þess að afgreiða frumvarpið með þessum hraða sem ríkisstjórnin leggur upp með. Til þess eru álitamálin allt of mörg. Að mati 2. minni hluta er til vansa gagnvart þinginu að vinna ekki betur mál sem hefur svo miklar og óbeinar afleiðingar.

Úthlutun aflaheimilda og fiskveiðistjórnunarkerfið eru eitt heitasta umræðuefnið bæði meðal almennings og stjórnmálaflokka og hefur verið svo um nokkur missiri. Lögfestingu á tilteknum skattaþáttum þess máls, sérstaklega þegar þau tengjast álitamálum á sviði lögfræði, er ekki hægt að vinna og afgreiða í skjóli nætur eins og meiri hlutinn leggur til. Þess vegna leggur 2. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 18. des. 1997.

Ágúst Einarsson, frsm. Jón Baldvin Hannibalsson.

659. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Við 5. gr. Í stað „7.500 m. kr.“ í lið 3.1 komi: 8.300 m.kr.

660. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Ólaf W. Stefánsson frá dómsmálaráðuneyti, Guðmund Jónsson, Sigrúnu Guðmundsdóttur og Gest Jónsson frá nefnd um endurskoðun skaðabótalaga, Rúnar Guðmundsson frá Vátryggingaeftirlitinu og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða með skaðabótalögum verði breytt þannig að dómsmálaráðherra fái lengri frest til framlagningar frumvarps til breytinga á skaðabótalögum til að nefnd sú sem falið hefur verið að endurskoða lögin fái nauðsynlegt svigrúm til að ljúka störfum. Endurskoðunarnefndin telur að enn skorti fullnægjandi upplýsingar um tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna eftir gildistöku skaðabótalaganna 1. júlí 1993.

Allsherjarnefnd leggur áherslu á að nefnd þeirri sem endurskoða á skaðabótalögin verði veittar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar við vinnslu málsins, en allsherjarnefnd hefur beitt sér fyrir því að svo verði. Enda þótt í frumvarpinu komi fram að ljúka skuli málinu eigi síðar en í október 1998 leggur allsherjarnefnd ríka áherslu á það að endurskoðunarnefndin ljúki störfum þannig að unnt verði að ganga frá nauðsynlegum lagabreytingum á vorþingi 1998.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.	Svavar Gestsson.
Kristján Pálsson.		Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.

661. Skýrsla [377. mál]

viðskiptaráðherra um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Inngangur.

Í skýrslu þessari er greint frá fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis, eins og kveðið er á um í 12. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Í skýrslunni kemur fram að á síðasta ári jókst mjög fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis. Kemur það að mestu til af stækkun álversins í Straumsvík. Erlend fjárfesting var rúmlega 5,6 milljarðar kr. á árinu 1996 eða 1,14% af landsframleiðslu. Til samanburðar nam samanlögð erlend fjárfesting rétt rúmum milljarði á árunum 1990–95. Bein fjármunaeign erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis nam rúmum 13,2 milljörðum króna í árslok 1996 og hækkaði um 4,8 milljarða króna frá árslokum 1995. Erlend fjárfesting vegna álvers Norðuráls á Grundartanga og stækkunar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga mun koma fram á þessu ári og því næsta.

Skýrslunni er skipt í þrjá hluta. Í þeim fyrsta er greint frá erlendri fjárfestingu áranna 1990–96 eftir löndum og atvinnugreinum, tekjum erlendra aðila af fjárfestingum hérlendis og samanburði við önnur lönd. Talnaefnið er unnið af Seðlabanka Íslands. Í öðrum hluta er skýrt frá aðgerðum stjórnvalda til að auka erlenda fjárfestingu og í þriðja hluta er fjallað um starf nefndar um erlenda fjárfestingu.

1. Fjárfesting erlendra aðila 1990–96.

Bein fjárfesting hefur verið lítil hér á landi. Í töflu 1 kemur fram að í árslok 1996 nam bein fjármunaeign erlendra aðila í atvinnustarfsemi hérlendis rúmum 13,2 milljörðum króna. Fjármunaeign samanstendur annars vegar af eigin fé og hins vegar af hreinni lánastöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum eignaraðilum. Erlent móðurfyrirtæki sem veitir t.d. lán til dótturfyrirtækja hérlendis er því að auka fjármunaeign sína á sama hátt og ef um aukið hlutafjárframlag væri að ræða.

Fjármunaeign hefur sveiflast verulega á síðustu árum sem skýrist aðallega af sveiflum í rekstrarafkomu stóriðjufyrirtækja. Árin 1991–93 var verulegt tap í rekstri stóriðjufyrirtækja hérlendis en hagnaður næstu þrjú ár á eftir. Sveiflur í lánastöðu á milli innlendra dótturfyrirtækja og erlendra móðurfyrirtækja hafa einnig haft áhrif á fjármunaeign á milli ára. Aukning fjármunaeignar í stóriðju á síðasta ári kemur að mestu til af stækkun álversins í Straumsvík. Fjármunaeign í stóriðju, þ.e. Íslenska álfélagsins og Íslenska járnblendifélagsins, er um 70% af fjármunaeign erlendra aðila hérlendis í árslok 1996.

Þess skal geta að greinarmunur er gerður á beinni fjárfestingu og viðskiptum með hlutabréf. Munurinn felst í því að með beinni fjárfestingu hefur fjárfestir stjórnunarleg áhrif á rekstur viðkomandi fyrirtækis í krafti stórs eignarhlutar. Ef eignarhlutur fjárfesta er hins vegar óverulegur er hann talinn til verðbréfaviðskipta. Þumalfingursreglan er sú að ef eignarhlutur fjárfestis er yfir 10% þá er um beina fjárfestingu að ræða, annars verðbréfaviðskipti.

Tafla 1. Bein fjármunaeign erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis.

Staða í árslok eftir atvinnugreinum

M.kr. á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Stóriðnaður	5.013	5.973	4.764	5.251	5.802	4.824	9.212
Annar iðnaður	583	605	560	543	504	584	724
Verslun	2.140	2.111	2.225	2.283	1.713	1.896	2.028
Fjármálaþj. og tryggingar	50	170	209	176	302	393	202
Annað	343	342	183	248	415	707	1.045
Samtals	8.129	9.201	7.940	8.501	8.736	8.404	13.210
	Samkvæmt vísitölu neysluverðs í árslok 1996						
Samtals	9.700	10.246	8.632	8.958	9.056	8.572	13.210

Undanskilin er verðbréfaeign og fasteignir einstaklinga.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 2 sýnir beina fjármunaeign erlendra aðila eftir löndum. Svisslendingar hafa fjárfest mest allra þjóða hérlendis en fjármunaeign þeirra var tæpir 8,1 milljarður kr. í árslok 1996. Þetta kemur til af því að móðurfélag Íslenska álfélagsins hf. er staðsett í Sviss. Í öðru sæti kemur Danmörk með rúmlega 1,3 milljarða kr. fjármunaeign en Danir hafa aðallega fjárfest hérlendis í malbikunarstöð og byggingar- og olíuverslunarfyrirtæki. Frá árinu 1990 hefur orðið stöðugur samdráttur í fjárfestingum Bandaríkjamanna á Íslandi en það ár var fjármunaeign þeirra um 1,6 milljarðar kr. á verðlagi þess árs og voru þeir í öðru sæti. Í árslok 1996 voru Bandaríkjamenn í fjórða sæti á eftir Norðmönnum með fjármunaeign fyrir um 700 millj. kr.

Tafla 2. Bein fjármunaeign erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.

Staða í árslok eftir löndum

M.kr. á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Danmörk	720	769	813	856	969	1.249	1.334
Finnland	64	75	63	40	43	52	85
Noregur	962	869	190	385	475	639	874
Svíþjóð	143	355	323	377	390	535	351
Bretland	439	477	490	489	504	534	680
Sviss	3.576	4.676	4.546	4.736	5.147	3.954	8.071
Þýskaland	103	123	161	174	209	435	470
Önnur Evrópulönd	33	50	70	80	191	114	239
Bandaríkin	1.610	1.375	1.191	1.173	570	560	708
Japan	479	432	93	191	238	331	398
Samtals	8.129	9.201	7.940	8.501	8.736	8.404	13.210

Undanskilin er verðbréfaeign og fasteignir einstaklinga.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 3 sýnir fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Samkvæmt skilgreiningu OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins geta beinar fjárfestingar á milli landa verið á þrjá vegu, þ.e. í formi hlutabréfaviðskipta, endurfjárfestinga og lánaviðskipta. Fjárfesting er stöðustærð í töflum 1 og 2 en flæðistærð í töflu 3. Fjárfesting á tilteknu ári þarf ekki að endurspeglast í

mismuninum á eignastöðu í upphafi og lok árs. Ástæðan er sú að stöðustærðir eru gerðar upp á bókhaldsgrunni en flæðistærðir á greiðslugrunni.

Fjárfesting á síðasta ári var rúmir 5,6 milljarðar kr. og vega þar áhrif stækkunar álversins í Straumsvík langþyngst. Fjárfesting á árunum 1990–95 var mjög lítil og sum árin neikvæð.

Tafla 3. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi eftir atvinnugreinum.

M.kr. á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Stóriðnaður	728	1.072	-754	-69	248	-1.376	5.278
Annar iðnaður	68	4	-1	-45	46	68	168
Verslun	518	-100	66	139	-628	157	117
Fjármálaþj. og tryggingar	-83	86	150	-40	110	92	-407
Annað	38	10	-103	-5	226	397	474
Samtals	1.268	1.071	-641	-20	2	-662	5.630

Undanskilin er verðbréfaeign og fasteignir einstaklinga.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 4 sýnir fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri eftir löndum.

Tafla 4. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi eftir löndum.

M.kr. á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Danmörk	93	22	77	-7	97	325	87
Finnland	13	8	-1	-23	2	10	29
Noregur	-68	-146	-170	161	83	158	231
Svíþjóð	-24	232	111	155	-17	125	-441
Bretland	24	29	-7	-18	14	16	72
Sviss	830	1.291	-436	-329	122	-1.587	5.024
Þýskaland	73	8	30	4	85	397	28
Önnur Evrópulönd	-57	10	5	12	89	-120	158
Bandaríkin	417	-310	-166	-55	-515	-76	379
Japan	-34	-73	-85	80	42	90	63
Samtals	1.268	1.071	-641	-20	2	-662	5.630

Undanskilin er verðbréfaeign og fasteignir einstaklinga.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Í töflu 5 eru sýndar tekjur erlendra aðila af fjárfestingum þeirra hérlendis. Tekjurnar geta verið á þrjá vegu, þ.e. í formi arðgreiðslna, endurfjárfestinga og hreinna vaxtatekna. Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er talið eðlilegt að flokka endurfjárfestingu ekki einungis sem fjárfestingu heldur einnig sem fjárfestingartekjur. Eins og sjá má í töflunni virðist endurfjárfesting ráða mestu um hvernig tekjur erlendra aðila af fjárfestingum þeirra þróast á milli ára.

Tafla 5. Tekjur erlendra aðila af fjárfestingum á Íslandi.

M.kr. á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Arðgreiðslur	1.184	524	255	118	116	647	242
Endurfjárfesting	-768	-2.021	-1.828	-1.366	804	157	923
Hreinar vaxtagreiðslur	67	191	333	292	267	240	275
Samtals	483	-1.305	-1.240	-956	1.187	1.043	1.439

Undanskilin er verðbréfaeign og fasteignir einstaklinga.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Samanburður við önnur vestræn ríki, sem nota sömu uppgjörsaðferðir, er Íslendingum mjög í óhag, eins og sést í töflu 6. Beinar fjárfestingar á Íslandi voru að meðaltali 0,21% af landsframleiðslu á árunum 1990–96. Innstreymi beinna fjárfestinga á sama tímabili var hlutfallslega minnst til Þýskalands, um 0,13%, en mest til Nýja-Sjálands, um 4,47% af landsframleiðslu.

Tafla 6. Árlegar fjárfestingar erlendra aðila í hlutaðeigandi löndum í hlutfalli við VLF.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Meðaltal 90-96
Ástralía	2,21	1,36	1,75	1,06	1,20	4,09	1,54	1,89
Bandaríkin	0,87	0,39	0,30	0,69	0,75	0,87	1,16	0,72
Bretland	3,32	1,60	1,54	1,65	1,01	2,05	2,89	2,01
Finnland	0,60	-0,19	0,37	1,02	1,53	0,84	0,99	0,74
Holland	4,35	2,20	2,45	2,80	2,19	2,72	1,60	2,62
Ísland	0,36	0,27	-0,16	0,00	0,00	-0,15	1,14	0,21
Mexíkó	0,98	1,65	1,33	1,09	2,61	2,49	1,77	1,70
Nýja-Sjáland	3,95	3,06	5,10	5,69	4,96	4,20	4,31	4,47
Sviss	2,20	1,38	0,52	0,48	2,07	1,13	...	1,29
Þýskaland	0,17	0,24	0,13	0,10	0,04	0,37	-0,14	0,13
Meðaltal landa	1,90	1,20	1,33	1,46	1,64	1,86	1,70	1,58

Heimildir: International Financial Statistics IMF, Main Economic Indicators OECD.

2. Aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu.

Markaðsstarf.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að vinna skuli að frekari erlendri fjárfestingu í atvinnulífinu, m.a. með því að efla markaðsstarfsemi og endurskoða lög um erlenda fjárfestingu. Rökin fyrir efldu markaðsstarfi og nýjum lögum liggja í mikilvægi erlendrar fjárfestingar fyrir þjóðarbúið. Það er ekki aðeins mikilvægt að fá erlent fjármagn til að styrkja íslenskt efnahagslíf og skapa ný atvinnutækifæri. Það er ekki síður mikilvægt að með erlendri fjárfestingu flyst inn þekking á sviði markaðsmála, tækni og stjórnunar.

Mikið starf hefur verið unnið í þessu skyni og áhugi erlendra aðila á Íslandi sem fjárfestingarkosti hefur aukist. Tvær fjárfestingarskrifstofur bera hitann og þungann af því markaðsstarfi að laða erlenda fjárfestingu til landsins. Það er annars vegar *Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar* (MIL) sem einbeitir sér að erlendri fjárfestingu á

sviði stóriðju og hins vegar *Fjárfestingarskrifstofa viðskiptaráðuneytis* og *Útflutningsráðs* (FÍ) sem laðar að erlenda fjárfestingu á öðrum sviðum en stóriðju.

Mikill árangur hefur orðið af þessu markaðsstarfi, sér í lagi í stóriðju. Þrír nýir stóriðjusamningar, þ.e. stækkun álversins í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og nýbygging álvers Norðuráls á Grundartanga, hafa verið undirritaðir á kjörtímabilinu og mörg verkefni á sviði stóriðju eru til athugunar á vegum MIL. Hér skal vísað til skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju sem lögð var fyrir Alþingi í október 1997.

FÍ var komið á fót árið 1995 í því skyni að veita áhugasömum erlendum fjárfestum alhliða þjónustu þegar leitað er upplýsinga um fjárfestingarvalkosti á öðrum sviðum en stóriðju. Á þessu var mikil þörf enda réð tilviljun því hvert erlendir fjárfestar leituðu með fyrirspurnir sínar áður en FÍ hóf starfsemi og enginn innlendur aðili fylgdi fjárfestingartækifærum markvisst eftir. Mikið kynningar- og undirbúningsstarf hefur verið unnið síðustu tvö árin í þessu skyni og er árangurinn af því farinn að skila sér í nýjum fjárfestingum.

Lög um erlenda fjárfestingu.

Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, var breytt með lögum nr. 46/1996. Með þeim lögum var rutt úr vegi nokkrum hindrunum fyrir fjárfestingu erlendra aðila.

Meginreglan er sú að erlendir aðilar geta fjárfest í atvinnurekstri hér á landi. Frá því eru þó nokkrar mikilvægar undantekningar; sú mikilvægasta er bann við eignarhaldi erlendra aðila í veiðum og vinnslu sjávarafurða. Í lögunum er þó kveðið á um að óbein fjárfesting erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu sé heimil upp að vissu marki.

Með lögunum var hömlum aflétt af eignarhaldi og fjárfestingu erlendra aðila á orkusviðinu og í flugrekstri. Breytingarnar voru í samræmi við ákvæði EES-samningsins um rétt aðila á EES-svæðinu til að fjárfesta í þessum greinum hér á landi. Hins vegar eru áfram takmarkanir á fjárfestingum aðila utan EES-svæðisins. Jafnframt eru í lögunum tekin af öll tvímæli varðandi heimildir erlendra aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign, til að nýta jarðhita beint í atvinnurekstri.

Nefnd er nú að störfum um endurskoðun á þessum lögum. Nefndinni er m.a. ætlað að kanna hvort breyta megi ákvæðum laganna þannig að þau verði jákvæðari í garð erlendra fjárfesta.

Samkeppni við önnur lönd.

Erlend fjárfesting í heiminum hefur aukist gríðarlega á þessum áratug. Þannig var erlend fjárfesting á árinu 1995 um 22.000 milljarðar kr., sem er um þreföld meðalfjárfesting áranna 1984–89. Fjárfestingin fer að tveimur þriðju hlutum til þróaðra ríkja en að einum þriðja til vanþróaðra. Stærstu viðtakendur erlendrar fjárfestingar árið 1995 voru Bandaríkin, Bretland og Frakkland. Stærstu iðnríkin laða enn til sín stærstan hluta erlendrar fjárfestingar en smátt og smátt hefur dregið úr hlut þeirra. Þannig hafa fyrirtæki verið að fjárfesta í stórum stíl á nýjum mörkuðum sem eru að opnast, svo sem í Suðaustur-Asíu og Austur-Evrópu. Erlendri fjárfestingu er engu að síður mjög misskipt. Þau tíu lönd sem laða til sín mesta fjárfestingu eru með tvo þriðju hluta allrar erlendrar fjárfestingar á meðan þau hundrað lönd sem minnsta fjárfestingu fá hafa samanlagt minna en 1% af kökunni.

Samfara auknum erlendum fjárfestingum hefur samkeppnin aukist. Flest ríki heims leggja mikið upp úr að laða til sín erlenda fjárfestingu. Þau bjóða fyrirtækjum stuðning af ýmsu tagi í því skyni að hvetja þau til fjárfestinga. Þessi stuðningur er oft í formi skattalegra ívilnana, aðstöðu eða jafnvel beinna peningastyrkja. Síðustu missirin hafa beinir peningastyrkir aðal-

lega verið notaðir í Evrópu. Mörg dæmi eru um tugþúsunda dollara peningastyrki fyrir hvert starf sem skapast. Sér í lagi á þetta við um hátæknigreinar.

Fjárfestingarskrifstofur gegna mikilvægu hlutverki í því skyni að greiða fyrir erlendum fjárfestingum. Slíkum skrifstofum hefur farið mjög fjölgandi á undanförnum árum með fjölmörgum nýjum aðilum sem keppa að því að fá sneið af kökunni. T.d. er talið að í Bretlandi séu starfandi um 400 fjárfestingarskrifstofur.

Margar ástæður eru fyrir því að fyrirtæki velja í auknum mæli að fjárfesta erlendis í stað þess að framleiða vörur í heimalandi sínu. Þannig má t.d. nefna að aukin samkeppni í viðskiptum hvetur fyrirtæki til að tryggja sér aðgengi að mörkuðum og framleiða þar sem kostnaður er í lágmarki. Umgjörð um erlendar fjárfestingar hefur líka víðast tekið miklum breytingum á undanförnum árum og mikilvægum hindrunum hefur verið rutt úr vegi, t.d. á sviði fjármagnsflutninga. Mikið verk er þó óunnið. Þannig standa nú yfir formlegar samningaviðræður á milli aðildarríkja OECD sem leiða eiga til fjölþjóðlegs fjárfestingarsáttmála. Þær hófust árið 1995 og er búist við að þeim ljúki snemma á næsta ári. Megintilgangur sáttmálans er að auðvelda fjárfestingar ríkja á milli og að slíkar fjárfestingar njóti samræmdrar verndar á svæði því sem sáttmálinn tekur til. Þótt samningaviðræður fari fram á vettvangi OECD er jafnframt gert ráð fyrir útvíkkun gildissviðs væntanlegs sáttmála með þátttöku ríkja utan OECD. Viðskiptaráðuneytið tekur fyrir Íslands hönd virkan þátt í þessum samningaviðræðum.

Möguleikar Íslendinga.

Íslendingar eiga óhægt um vik að keppa við þjóðir sem boðið geta upp á háa styrki til fjárfestinga, ódýrt vinnuafl eða aðgang að stórum mörkuðum. Markaðsstarf Íslendinga þarf því að vera sértækt og miðast við vel skilgreindan markhóp. Almennar markaðsaðgerðir skila litlu í hinni hörðu samkeppni sem ríkir á markaði fyrir erlendar fjárfestingar. Mestu möguleikar Íslendinga felast í fjárfestingum sem nýta sér auðlindir landsins eða aðra staðarkosti, svokallaða staðbundna fjárfestingu. Íslendingar eiga minni möguleika á færanlegum fjárfestingum sem hægt er að setja niður og taka upp með skömmum fyrirvara, eftir því hver býður best í það skiptið.

Mikil áhersla hefur hins vegar verið lögð á að kynna kosti Íslands sem fjárfestingarkosts á öðrum sviðum en stóriðju. Það markaðsstarf er langtímaverkefni og þess ekki að vænta að það valdi umbyltingu á skömmum tíma. Möguleikar Íslendinga eru á mun fleiri sviðum en í raforkufrekum iðnaði. Þannig má nefna mikla möguleika í heilsutengdri ferðaþjónustu, líftækni, fiskeldi og annarri sérhæfðri matvælaframleiðslu, smærri iðnferlum sem samnýta gufu og rafmagn og hugbúnaði svo fátt eitt sé nefnt.

Í kynningu á Íslandi sem fjárfestingarkosti hefur verið lögð áhersla á:

- *Stöðugt efnahagslíf.*
- *Stöðugleika í stjórnmálum.*
- *Hreint og ómengað land og vatn.*
- *Aðild að EES og tollfrjálsan aðgang að ES.*
- *Vel menntað og sveigjanlegt vinnuafl.*
- *Góð lífskjör.*
- *Samkeppnisfæran launakostnað.*
- *Lág símagjöld.*
- *Lágan orku- og veitukostnað, heitt og kalt vatn, gufu og rafmagn.*
- *Lítið skrifræði.*

Verkefni MIL og FÍ.

Verkefni MIL og FÍ eru mörg og fjölbreytileg. Skrifstofurnar svöruðu yfir 100 fyrirspurnum frá erlendum aðilum á síðasta ári og unnu með yfir 20 erlendum aðilum að könnun á uppsetningu hér á landi. Bæklingar um möguleika fjárfesta hafa verið gefnir út á ensku, þýsku, japönsku, kóreönsku og kínversku. Mikil vinna fer í að veita nauðsynlega aðstoð við erlenda fjárfesta, standa fyrir almennu kynningarstarfi og safna upplýsingum um mat á samkeppnisþáttum og önnur atriði sem varða möguleika erlendra aðila til að fjárfesta hér á landi.

Þrátt fyrir mikinn fjölda fyrirspurna er ekki beðið eftir fjárfestum heldur er markviss leit að fjárfestum mikilvægur þáttur í starfsemi beggja skrifstofanna. Sökum mannfæðar og takmarkaðra fjárráða hefur athyglin beinst að vel skilgreindum markhópum í fáum löndum.

Skrifstofurnar eiga mikil samskipti við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki. Víða um land hafa átaksverkefni verið sett af stað til að skilgreina kosti viðkomandi svæðis og kanna möguleika á erlendri fjárfestingu á svæðinu.

Hér að neðan er listi yfir helstu verkefni sem MIL og FÍ hafa unnið að á árinu eða eru í burðarliðnum:

- *Samningur um álver Norðuráls.*
- *Samningur um stækkun járnblendiverksmiðjunnar.*
- *Viðræður við Hydro-Aluminum um álver.*
- *Viðræður við Atlantsáls-hópinn um álver á Keilisnesi.*
- *Frumathugun á pólýolverksmiðju.*
- *Frumathugun á olíuhreinsunarstöð.*
- *Framlag til athugunar á vetnisperoxíðverksmiðju.*
- *Þátttaka í athugun á hagkvæmni magnesíumverksmiðju.*
- *Markaðsátak í stóriðjumöguleikum í Þýskalandi.*
- *Staðarvalsrannsóknir fyrir orkufrekan iðnað í Eyjafirði.*
- *Rannsóknir á stóriðjumöguleikum á Reyðarfirði.*
- *Athugun á einkristallaframleiðslu.*
- *Samningur við erlendan fjárfesti í smáþörungaeldi.*
- *Aðstoð við erlendan fjárfesti í sandhverfueldi.*
- *Samstarfsverkefni á Suðurnesjum um samnýtingu gufu og rafmagns.*
- *Rannsókn á fjárfestingarhvötum.*
- *Fjárfestingarverkefni um matvælavinnslu í Eyjafirði.*
- *Fjárfestingarverkefni eru að fara af stað á Norðurlandi vestra og Suðurlandi.*
- *Fjárfestingarverkefni á Austurlandi um fullvinnslu síldar.*
- *Fjárfestingarverkefni á Austurlandi um sumarhúsaþyrpingu.*
- *Fjárfestingarverkefni um frekari erlenda fjárfestingu í Þörungaverksmiðjunni.*
- *Fjárfestingarverkefni um flutning starfandi erlendra fyrirtækja til Íslands.*
- *Fjárfestingarverkefni á Húsavík um þurrkun á harðvið.*

3. Nefnd um erlenda fjárfestingu.

Í 12. gr. laga nr. 34/1991, með síðari breytingum, kemur fram að sérstök nefnd um erlenda fjárfestingu skuli fylgjast með að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt. Nefndin er skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum.

Nefndin hefur haldið fimm fundi á þessu kjörtímabili. Nefndin fer á fundum sínum yfir tilkynningar um erlenda fjárfestingu sem viðskiptaráðherra berast skv. 7. gr. laganna auk

annarra upplýsinga og gagna sem nefndin aflar til að fylgjast með að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Nefndin hefur einu sinni á kjörtímabilinu úrskurðað að erlend fjárfesting bryti í bága við lögin. Erlendur aðili eignaðist í því tilviki beint í fyrirtæki sem framleiðir meltu, en það stangast á við 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Viðskiptaráðherra hefur á kjörtímabilinu ekki beitt öryggisákvæði því sem fram kemur í 2. mgr. 12. gr. laganna.

662. Frumvarp til laga [290. mál]

um húsaleigubætur.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Markmið laganna.

Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

2. gr.

Húsaleigubætur.

Aðstoð samkvæmt lögum þessum er í formi greiðslna til leigjenda sem nefnast húsaleigubætur.

Sveitarfélög skulu greiða húsaleigubætur og annast félagsmálanefndir sveitarfélaga að jafnaði afgreiðslu umsókna.

3. gr.

Greiðsla ríkis til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta.

Ríkissjóður greiðir árlega 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna til sveitarfélaga vegna greiðslna húsaleigubóta. Fjárhæð þessi miðast við verðlag í janúar 1998 og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

4. gr.

Almennt um rétt til húsaleigubóta.

Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili.

Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem námsmaður á lögheimili óháð aðsetri.

Það er skilyrði húsaleigubóta að húsaleigusamningur um viðkomandi húsnæði sé til sex mánaða eða lengri tíma og að honum hafi verið þinglýst.

Um frekari skilyrði fyrir bótarétti og greiðslu bótanna fer samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

5. gr.

Meginreglur um rétt til húsaleigubóta.

Húsaleigubætur skulu ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Bætur vegna barna greiðast frá næsta mánuði eftir fæðingu barns eða lögheimilisskráningu og þar til ungmenni nær 18 ára aldri eða flytur.

Félagsmálaráðherra setur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákvæði í reglugerð um útreikning og fjárhæð bóta, þar á meðal um grunnfjárhæðir bóta.

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert um fjárhæðir húsaleigubóta á næsta ári sem geta verið hærri en grunnfjárhæðir, sbr. 3. mgr. Sveitarstjórn skal fyrir 1. nóvember ár hvert auglýsa með tryggilegum hætti ákvörðun sína um fjárhæðir húsaleigubóta og tilkynna þá ákvörðun til félagsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Atriði sem girða fyrir rétt til húsaleigubóta.

Réttur til húsaleigubóta er ekki fyrir hendi:

1. ef umsækjandi eða einhver sem býr í húsnæðinu með honum er skyldmenni leigusala í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri,
2. ef umsækjandi eða einhver sem býr í húsnæðinu með honum nýtur réttar til vaxtabóta,
3. ef leigusamningur er til skemmri tíma en sex mánaða.

7 gr.

Íbúðarhúsnæði.

Húsaleigubætur koma aðeins til álita vegna leigu á íbúðarhúsnæði.

Með íbúðarhúsnæði í lögum þessum er átt við venjulega og fullnægjandi heimilisaðstöðu og eru lágmarksskilyrði a.m.k. eitt svefnherbergi ásamt séreldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu.

Húsaleigubætur greiðast ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús eða snyrting er sameiginleg fleirum.

Þá greiðast bætur ekki þegar húsnæði til annarra nota en íbúðar er leigt til íbúðar að öllu leyti eða hluta.

8. gr.

Leigufjárhæð.

Leigufjárhæð samkvæmt lögum þessum er hin beina greiðsla fyrir leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og aðrir kostnaðarliðir, sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, rekstur, hússjóðsgjöld o.fl., teljast samkvæmt því ekki til leigufjárhæðar í skilningi laga þessara.

Ef leigjandi gefur upp leigufjárhæð, sem er verulega hærri en markaðsleiga fyrir sambærilegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi eða þykir óeðlileg að öðru leyti eða ef um er að ræða íburðarmikið og óhóflegt húsnæði, er sveitarfélagi heimilt að færa niður viðmiðunarleigu sem því nemur eða til þess sem eðlilegt þykir.

Leigufjárhæð íbúða félagasamtaka, sem lögð er til grundvallar útreikningi bóta, skal aldrei vera hærri en viðmið Húsnæðisstofnunar ríkisins um leigu félagslegra íbúða.

9. gr.

Tekjur og eignir.

Með tekjum í lögum þessum er átt við allar tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum. Reikna skal samanlagðar tekjur allra þeirra sem lögheimili eiga eða hafa skráð eða fast aðsetur í viðkomandi leiguhúsnæði og eru þá tekjur barna umsækjenda sem eru 20 ára og eldri meðtaldar. Þó eru hér undanskildar tekjur barna umsækjenda sem stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu.

Bætur almannatrygginga og húsaleigubætur fyrra árs teljast ekki til tekna skv. 1. mgr.

Ef samanlagðar eignir þeirra er 1. mgr. tilgreinir að frádregnum skuldum með vísan til 73. og 76. gr. laga nr. 75/1981 fara yfir þrjár milljónir króna, miðað við vísitölu neysluverðs, skulu 25% þeirrar fjárhæðar sem umfram er bætast við þær tekjur sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæðir húsaleigubóta. Hámarksfjárhæð samkvæmt þessari málsgrein breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu. Félagsmálaráðherra skal láta reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

10. gr.

Umsókn um húsaleigubætur.

Umsóknum um húsaleigubætur skal skilað til viðkomandi sveitarfélags sem annast afgreiðslu og útborgun bóta.

Sækja skal um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist eigi síðar en 15 dögum fyrir fyrsta dag greiðslumánaðar.

Félagsmálanefnd sveitarfélagsins ákvarðar að jafnaði um bótarétt. Umsókn um húsaleigubætur skal vera skrifleg og á sérstöku þar til gerðu eyðublaði og skal beina henni til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi leiguhúsnæði er.

Umsækjandi skal gefa allar þær upplýsingar sem krafist er á umsóknareyðublaði og nauðsynlegar eru að öðru leyti til að staðreyna megi bótarétt hans.

Sveitarfélög skulu veita allar upplýsingar um skilyrði húsaleigubóta og útreikning þeirra og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veita umsækjendum nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við gerð og frágang umsókna.

Um málsmeðferð einstakra mála er vísað til XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

11. gr.

Fylgigögn með umsókn.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. leigusamningur, gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur,
2. ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra,
3. launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölul. og barna, sbr. 1. mgr. 9. gr., fyrir þrjá síðustu mánuði,
4. önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, aðstæður og atvik kunna að kalla á.

12. gr.

Ófullnægjandi umsókn og upplýsingar.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn, sbr. 10. og 11. gr., eða umsækjandi gefur að öðru leyti ekki nauðsynlegar upplýsingar og skýringar, skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja mánaða. Sinni hann þeim tilmælum ekki kemur umsókn hans ekki til álita eða frekari meðferðar.

13. gr.

Greiðsla húsaleigubóta.

Húsaleigubætur koma til greiðslu frá og með næsta mánuði eftir að réttur til bóta hefur verið staðreyndur.

Bæturnar greiðast til leigjanda (umsækjanda) en þó er heimilt að greiða þær til leigusala samkvæmt sérstakri skriflegri beiðni leigjanda.

Bæturnar greiðast mánaðarlega fyrir síðastliðinn mánuð með einni greiðslu, eigi síðar en fimmta dag hvers mánaðar. Samningar aðila um fyrirframgreiðslu á leigu breyta engu hér um.

Húsaleigubætur greiðast aðeins á grundvelli eins húsaleigusamnings um sömu íbúð fyrir sama tímabil.

Húsaleigubætur greiðast ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð þeirra undir ákveðnu marki sem ráðherra ákveður með reglugerð. Uppgjör greiðist í þeim tilvikum einu sinni á ári.

14. gr.

Upplýsingaskylda leigjanda.

Bótaþegi skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi þegar í stað um hverjar þær breytingar á högum sínum og heimilisaðstæðum og öðrum þeim atriðum sem áhrif geta haft á rétt hans til húsaleigubóta og á bótafjárhæð.

15. gr.

Brottfall réttar til húsaleigubóta.

Réttur til húsaleigubóta fellur niður ef skilyrðum laga þessara er ekki lengur fullnægt.

Við flutning leigjanda úr leiguhúsnæði fellur niður réttur hans til húsaleigubóta. Brottfall réttinda miðast við flutningsdag.

Við andlát leigjanda fellur réttur til húsaleigubóta niður. Brottfall réttinda miðast við lok andlátsmánaðar.

Við framsal leiguréttar, framleigu eða hvers kyns framlán fellur réttur til bóta niður að hluta eða öllu leyti.

Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslur bóta, stöðva bótagreiðslur eða greiða bætur beint til leigusala, og þá með samþykki leigjanda, ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda.

Sama á við ef leigjandi vanrækir upplýsinga- og tilkynningarskyldu sína skv. 14. gr. eða hefur að öðru leyti gefið rangar eða villandi upplýsingar sem máli skipta og þýðingu hafa um bótarétt hans.

16. gr.

Málskot.

Telji leigjandi (umsækjandi) á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar við framkvæmd laga þessara, svo sem við ákvörðun um bótarétt, fjárhæð bóta, niðurfellingu þeirra eða önnur

atriði sem þýðingu hafa fyrir hann, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Um málsmeðferð fer þá samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

17. gr.

Viðurlög og endurgreiðsla.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hafi bótaþegi ranglega fengið bætur eða þær verið of háar eða fyrir of langt tímabil eða á einhvern hátt fengið hærri greiðslur en honum bar skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með 15% álagi.

Endurgreiða skal ofgreiddar bætur hvort sem um mistök var að ræða hjá sveitarfélagi eða ofgreitt var á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga bótaþega, hvort sem hann var í góðri trú eða ekki.

Sveitarfélag skal þó fella álag niður ef ofgreitt var vegna mistaka hjá sveitarfélagi og telja má víst að bótaþegi hafi verið í góðri trú.

Úrskurðir úrskurðarnefndar félagsþjónustu um kröfu sveitarfélags á hendur bótaþega skv. 2. mgr. eru aðfararhæfir.

18. gr.

Skuldajöfnuður.

Komi í ljós að bótaþegi hafi fengið of háar bætur er sveitarfélagi heimilt að beina yfirlýsingu til þess aðila sem sér um innheimtu fyrir ríkissjóð um skuldajöfnun við inneign bótaþega hjá ríkinu vegna endurgreiðslna barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 75/1981 að því leyti sem greiðslur þessar koma til útborgunar, þó þannig að áður hafi verið dregin frá öll þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld í samræmi við áðurgreind lög. Hið sama á við um inneign bótaþega vegna endurgreiðslna skatta við álagningu eftir að samanburður á álagningarskrá og staðgreiðsluskrá hefur farið fram samkvæmt lögum nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

Komi sveitarfélag fram með yfirlýsingu um skuldajöfnuð skv. 1. mgr. er innheimtumanni ríkissjóðs skylt að verða við þeirri kröfu.

Áður en skuldajafnaðaryfirlýsingu er beitt skal sveitarstjórn tilkynna bótaþega um hana og gefa honum tækifæri á að koma að andmælum sínum. Tilkynning skal fylgja skuldajafnaðaryfirlýsingu til innheimtumanns ríkissjóðs.

19. gr.

Húsnæðismál sveitarfélaga.

Lög þessi breyta á engan hátt þeirri ábyrgð er á sveitarfélögum hvílir varðandi húsnæðismál samkvæmt ákvæðum annarra laga, sbr. einkum XII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

20. gr.

Kynning laganna.

Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Kostnaður vegna þessa greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur falið öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

21. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um umsókn um húsaleigubætur og um framkvæmd, útreikning og greiðslu húsaleigubóta, auk ákvæða um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum.

22. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 100/1994, um húsaleigubætur.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sveitarfélögum er heimilt að fresta því að taka upp greiðslur húsaleigubóta að því er snertir leiguíbúðir í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags, að undanskildum almennum kaupleiguíbúðum sveitarfélaga sem leigðar eru út, enda sé það nauðsynlegt vegna gildandi samninga um slíkar íbúðir. Upptaka húsaleigubóta vegna þessara íbúða miðast þá við að núgildandi húsaleigusamningi hafi verið sagt upp eða hann runnið út og nýr samningur tekið við. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2000.

II.

Á árinu 1998 skulu sveitarfélög greiða grunnfjárhæðir bóta, sbr. 3. mgr. 5. gr., og gildir ákvæði 4. mgr. 5. gr. um ákvörðun sveitarfélags um bætur því fyrst um ákvörðun fjárhæða húsaleigubóta fyrir árið 1999.

III.

Ákvæði 3. mgr. 13. gr., um að sveitarfélög skuli greiða húsaleigubætur mánaðarlega fyrir síðastliðinn mánuð, öðlast fyrst gildi 1. janúar 1999 fyrir sveitarfélög sem hafa greitt húsaleigubætur fyrir fram fyrir næstkomandi mánuð.

663. Lög [275. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 593.

664. Lög [303. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 594 með þessari breytingu:

Ákvæði II til bráðabirgða hljóðar svo:

Úthluta skal varanlega, samkvæmt reglum í 2. og 3. mgr., 500 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, sem úthlutað hefur verið árlega af Byggðastofnun fiskveiðiárin 1995/1996 og 1996/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/1995.

Til krókabáta á þorskaflahámarki skal úthluta 180 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem 1. september sl. voru gerðir út frá byggðarlögum sem Byggðastofnun úthlutaði til á síðasta fiskveiðiári. Úthlutað skal hlutfallslegri viðbót miðað við aflaheimildir 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 8 lestir í sinn hlut miðað við óslægðan þorsk. Ekki skal bætt umfram þau mörk að þorskaflahámark með bótum verði 80 lestir miðað við 1. september 1997.

Til aflamarksbáta undir 10 brúttórúmlestum að stærð skal úthlutað 320 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem lönduðu sem samsvarar 6 lestum eða meira í þorskígildum talið samtals á fiskveiðiárunum 1995/1996 og 1996/1997. Úthluta skal hlutfallslega miðað við úthlutaðar aflaheimildir, í þorskígildum 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 1,5 lestir í sinn hlut miðað við slægðan þorsk.

665. Lög [302. mál]

um breytingar á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 595.

666. Frumvarp til laga [329. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni, skulu undanþegnar vörugjaldi.

b. Við 3. tölul. bætast tveir nýir stafliðir, f- og g-liður, sem orðast svo:
   f. Dráttarbifreiðar, þ.e. bifreiðar sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl. sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.
c. Við a-lið 4. tölul. bætist: að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
d. Við d-lið 4. tölul. bætist: að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá eru ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin gjaldskyldu.
b. 5. tölul. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiða skal skráðum eigendum dráttarbifreiða og vélknúinna ökutækja til sérstakra nota, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd, sbr. 1. gr. laga þessara, og tollafgreidd voru eða gjaldskyld aðvinnsla var framkvæmd á, á tímabilinu frá 22. maí 1997 og fram til gildistöku laga þessara, helming af því vörugjaldi sem greitt var af ökutækinu, enda hafi verið greitt 30% vörugjald af því. Ef skráður eigandi er eignarleigufyrirtæki skal greiðsla þó bundin því skilyrði að henni verði ráðstafað til leigutaka bifreiðar. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

667. Frumvarp til laga [330. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

Breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins skal vera hinn sami og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Orðin „annarra launagreiðenda en ríkissjóðs“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

b. Á eftir orðunum „ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.

c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 23. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Fjármálaráðherra getur einnig ákveðið að stofnanir sem fá framlög í fjárlögum greiði til B-deildar sjóðsins viðbótariðgjald, 9,5% af iðgjaldsstofni, og skulu tekjur sjóðsins af viðbótariðgjaldinu ár hvert dragast frá endurgreiðslu ríkissjóðs vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. 33. gr.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að semja um iðgjald frá launagreiðendum til viðbótar við iðgjald þeirra skv. 23. gr. til lúkningar á nýjum skuldbindingum skv. 1. mgr. 33. gr. Launagreiðandi, sem greiðir viðbótariðgjald samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem viðbótariðgjald er greitt fyrir.

Breytingar á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

4. gr.

Við 20. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum skv. 1. mgr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 7. gr. til þess að mæta framtíðar-

skuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 14. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til sjóðsins skv. 1. og 3. mgr. 7. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, sbr. og ákvæði til bráðabirgða II í þeim lögum. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri á sama ári skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

668. Frumvarp til laga [328. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Í stað 2.–3. málsl. 26. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir svohljóðandi: Stuðullinn skal miðast við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils. Miða skal breytinguna við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári. Hafi aðili annað reikningsár en almanaksárið skal miða stuðulinn við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir fyrsta mánuð tekjuárs og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir fyrsta mánuð eftir lok þess tekjuárs.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 30. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: Iðgjöld launþega til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu varið til aukningar líf-

eyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.

b. 6. tölul. orðast svo: Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vegna öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu varið til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 69. gr. laganna, sbr. lög nr. 65/1997:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sé svo ástatt að einungis annað hjóna er skattskylt hér á landi skv. 1. gr. skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem eru heimilisföst hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis.

b. 5. málsl. 3. mgr. fellur brott.

c. Á eftir 7. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessa stafliðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda starfi hann og sé skattskyldur skv. 1. gr. hér á landi. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst. Heimilt er að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

d. Á eftir orðunum „ofgreiddra barnabóta“ í 8. mgr. kemur: þar með taldar ofgreiddar barnabætur erlendis.

4. gr.

4. tölul. 71. gr. laganna, sbr. c-lið 11. gr. laga nr. 137/1996, orðast svo: Tekjuskattur manna sem hafa takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. af arði, leigutekjum og söluhagnaði skal ákvarðaður skv. 3. mgr. 67. gr. Þó skal tekjuskattur af hagnaði af sölu hlutabréfa sem er umfram þau mörk sem um ræðir í 3. mgr. 67. gr. vera skv. 2. tölul.

5. gr.

Á eftir orðunum „Seðlabanki Íslands“ í 1. tölul. 4. mgr. 72. gr. laganna orðast niðurlag töluliðarins svo: Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Þróunarsjóður sjávarútvegsins og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði um viðbótarfrádrátt skv. 2. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en við staðgreiðslu á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000.

669. Frumvarp til laga [304. mál]

um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.200 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1., 2., 3. og 5. tölul. 2. mgr. kemur: 11.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 3.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.700 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3.500 kr.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 3.500 kr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.700 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „9.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 10.300 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 35.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 17.200 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 5.700 kr.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 5.700 kr.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 8. gr. laganna kemur: 1.200 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.200 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 2.300 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 3.500 kr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sbr. lög nr. 140/1995:

a. 6. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1996 ..... 100.000 kr.
b. 7. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1996 ..... 50.000 kr.
c. 8. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir erlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 46. gr. laga nr. 13/1996,
   a. sem starfar skv. 8. gr. laganna ..... 100.000 kr.
   b. sem starfar skv. 9. gr. laganna ..... 50.000 kr.
d. Í stað orðanna „10. tölul.“ í 13. tölul. kemur: 12. tölul., og í stað orðanna „13.–15. tölul.“ í 18. tölul. kemur: 15.–17. tölul.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 4.600 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 2. tölul. kemur: 1.700 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2.500 kr.“ í 4. tölul. kemur: 2.800 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 5. og 6. tölul. kemur: 2.300 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 7., 8., 9. og 11. tölul. kemur: 1.200 kr
f. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 10. tölul. kemur: 900 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „300 kr.“ í 12. tölul. kemur: 500 kr.
h. Við bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   13. Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannanöfn ..... 4.000 kr.
   14. Fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgararétt ..... 1.200 kr.

11. gr.

Á eftir X. kafla laganna, sbr. lög nr. 1/1992, kemur nýr kafli, XI. kafli, **Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða,** með einni grein, 17. gr., og breytast tölur kafla og greina í samræmi við það. Hin nýja grein verður svohljóðandi:

Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða 5.000 kr. Þeir sem fara fram á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda.

Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til fjármálaráðuneytis til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 88 31. desember 1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995, og gefa þau út svo breytt.

670. Frumvarp til laga [323. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingu.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 154/1995, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 315 millj. kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1998 umfram 185 millj. kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingar á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1998 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

4. gr.

Lokamálsliður 48. gr. laganna fellur brott.

Um breytingar á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

5. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, er verður 23. gr. A, svohljóðandi:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal greiða hlutdeild í kostnaði við rekstur svæðisvinnumiðlana, sbr. 22. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, eins og kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni.

6. gr.

Í stað „1997“ í ákvæði til bráðabirgða IV með lögunum kemur: 1998.

Um breytingu á lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

7. gr.

Á eftir 4. mgr. 24. gr. laganna kemur ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga skal greiða hlutdeild í kostnaði við rekstur svæðisvinnumiðlana, sbr. 22. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, eins og kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni.

Um breytingu á lögum nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir.

8. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana greiðist af ríkissjóði og af tekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

Um breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

9. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 148/1994, fellur brott.

10. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

11. gr.

6. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lögin, sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995, fellur brott.

12. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr tölul., er verður 7. tölul., svohljóðandi:

7. Á árinu 1997 skal heimilt að hækka bætur almannatrygginga um allt að 6,6% umfram forsendur fjárlaga.

Um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingu.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 156/1996:

a. Í stað hlutfallstölunnar „1,3%“ í 1. mgr. kemur: 1,15%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „3,95%“ í 3. mgr. kemur: 3,99%.
c. Í stað hlutfallstölunnar „3,0%“ í b-lið 5. mgr. kemur: 3,04%.
d. Í stað hlutfallstölunnar „3,5%“ í c-lið 5. mgr. kemur: 3,54%.
e. Í stað hlutfallstölunnar „4,6%“ í b-lið 6. mgr. kemur: 4,64%.
f. Í stað hlutfallstölunnar „4,25%“ í c-lið 6. mgr. kemur: 4,29%.

Um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, sbr. 30. gr. laga nr. 29/1993, 2. gr. laga nr. 68/1996 og 67. gr. laga nr. 111/1992, skulu 1.064 millj. kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingu.

15. gr.

Við 14. gr. laganna, sbr. 52. gr. laga nr. 144/1995, bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þó er heimilt að verja hluta þeirra til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingu.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 15/1997, skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 79 millj. kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Ákvæði 12. gr. skal þó öðlast gildi við birtingu.

671. Lög [333. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 623.

672. Lög [343. mál]

um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 624.

673. Lög [43. mál]

um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 642.

674. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Ragnari Arnalds, Sturlu Böðvarssyni, Guðna Ágústssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Geir H. Haarde, Valgerði Sverrisdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit			
a. 6.50 Nýbygging	0,0	20,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*20,0*	*20,0*

675. Breytingartillaga [323. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Við 14. gr. Í stað „1.064 m.kr.“ komi: 1.164 m.kr.

676. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1998–2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar, samkvæmt V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árin 1998–2002 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN*

(Fjárhæðir í m.kr.)

		1998	1999	2000	2001	2002
1.1.	Markaðar tekjur:					
	1. Bensíngjald	5.128	5.351	5.488	5.575	5.642
	2. Þungaskattur, km-gjald	2.201	2.221	2.282	2.318	2.346
	3. Þungaskattur, árgjald	1.000	1.030	1.058	1.075	1.088
		8.329	**8.602**	**8.828**	**8.968**	**9.076**
1.2.	Fært í framkvæmdaátak (1.3.1.)	-360				
	Fært í ríkissjóð	-1.164				
	Umsýslugjald 0,5%		-43	-44	-45	-45
		6.805	**8.559**	**8.784**	**8.923**	**9.031**
1.3.	Framkvæmdaátak:					
	1. Frá mörkuðum tekjustofnum	360				
	2. Framlag úr ríkissjóði	350				
	3. Endurgreiðsla lánsfjár	-210				
		500				
	Samtals	**7.305**				
1.4.	Lánsfé:					
	1. Vegna Skeiðarársands		-100			
	2. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	400	-80	-80	-80	-80
	3. Vinnulán nettó	-30				
	4. Vegna framkvæmdaátaks		-280			
		370	**-460**	**-80**	**-80**	**-80**
	Samtals	**7.675**	**8.099**	**8.704**	**8.843**	**8.951**

* Áætlunin er hér sett fram á rekstrargrunni.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1998	1999	2000	2001	2002
2.1. Stjórn og undirbúningur:					
1. Skrifstofukostnaður	141	158	163	170	173
2. Tæknilegur undirbúningur	145	167	172	179	183
	286	325	335	349	356
2.2. Viðhald þjóðvega:					
1. Almenn þjónusta					
1. Sameiginlegt	244	262	267	273	275
2. Vegir og vegyfirborð	350	376	375	383	390
3. Brýr og önnur vegamannvirki	46	52	56	56	60
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	250	280	292	298	305
	890	970	990	1.010	1.030
2. Vetrarþjónusta	660	710	720	730	740
3. Viðhald					
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	531	620	650	680	695
2. Endurnýjun malarslitlaga	216	225	215	220	225
3. Styrkingar og endurbætur	284	320	330	340	345
4. Viðhald brúa og varnargarða	114	155	160	165	170
5. Öryggisaðgerðir	62	70	75	75	80
6. Vatnaskemmdir	93	110	110	110	110
	1.300	1.500	1.540	1.590	1.625
4. Þéttbýlisvegir	340	370	380	390	390
2.3. Til nýrra þjóðvega:					
1. Stofnvegir					
1. Almenn verkefni	751	400	450	450	450
2. Höfuðborgarsvæðið	548	865	1.050	1.070	1.070
3. Stórverkefni	586	1.373	1.655	1.690	1.690
4. Framkvæmdaátak	500	280	0	0	0
5. Skeiðarársandur	100	225	0	0	0
6. Þingvallahátíð	0	100	100	0	0
	2.485	3.243	3.255	3.210	3.210
2. Tengivegir	355	380	410	420	430
3. Til brúagerðar					
1. Brýr 10 m og lengri	145	170	199	218	218
2. Smábrýr	15	20	21	22	22
	160	190	220	240	240
4. Girðingar	34	40	42	45	50
2.4 Til safnvega	177	190	210	220	230
2.5. Til landsvega	52	65	74	85	90
2.6. Til styrkvega	25	25	30	35	35
2.7. Til reiðvega	22	25	30	30	35
2.8. Til tilrauna	69	76	88	89	90
2.9. Til flóabáta	420	450	460	480	480
Samtals	7.275	8.559	8.784	8.923	9.031
Lán vegna Skeiðarársands		-100			
Lán vegna Hvalfjarðar	400	-80	-80	-80	-80
Lán vegna framkvæmdaátaks		-280			
Samtals	7.675	8.099	8.704	8.843	8.951

III. FLOKKUN VEGA
3.1. Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

Suðurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Kúðafljót sunnan Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.
22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.
25 Þykkvabæjarvegur: Af Hringvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.
26 Landvegur: Af Hringvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli að Þjórsárdalsvegi nálægt Sultarfit.
201 Vallavegur: Af Hringvegi við Brúará á Hringveg við Brunná.
202 Prestbakkavegur: Af Hringvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.
204 Meðallandsvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðrifljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Hringveg austan Kúðafljóts.
205 Klausturvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
206 Holtsvegur: Af Hringvegi að Hunkubökkum.
208 Skaftártunguvegur: Af Hringvegi vestast í Eldhrauni yfir Eldvatn hjá Ásum, um Skaftártungu að Fjallabaksleið nyrðri.
209 Hrífunesvegur: Af Hringvegi nálægt Laufskálavörðu um Hrífunes á Skaftártunguveg austan Tungufljótsbrúar.
210 Ljótarstaðavegur: Af Skaftártunguvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.
211 Álftaversvegur: Af Hringvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
214 Kerlingardalsvegur: Af Hringvegi að Kerlingardal.
215 Reynishverfisvegur: Af Hringvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.
216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.
218 Dyrhólavegur: Af Hringvegi hjá Litla Hvammi í Mýrdal að heimreið að Vatnsskarðshólum.
219 Péturseyjarvegur: Af Hringvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Hringveg vestan Péturseyjar.
238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella að flugstöð.
239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut, um Eldfellshraun og Páskahraun, á Fellaveg sunnan Helgafells.
240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.
242 Raufarfellsvegur: Af Hringvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Hringveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Hringvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Hringveg austan við Steina.
245 Hverfisvegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Hringveg austan Írár.
246 Skálavegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Hringveg austan við Hvamm.
247 Sandhólmavegur: Af Hringvegi við Hvamm, um Efraholt, á Hringveg hjá Fitjamýri.
248 Markarvegur: Af Þórsmerkurvegi austan Markarfljóts að Stórumörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Hringvegi austan Markarfljóts hjá Seljalandi að Markarvegi.
250 Dímonarvegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli fram hjá Stóra-Dímon, á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli um Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Hringvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Hringveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Hringvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Hringvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Fljótsdal.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efrahvol að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Hringvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Hringveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Hringvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Hringvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Hringvegi vestan Ytri-Rangár um Árbæ, og Nónholt á Landveg hjá Köldukinn.
272 Bjallavegur: Af Árbæjarvegi á Nónholti um Bjalla á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Hringvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Hringvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Hrauk.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Hringvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Hringvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Hringvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Hringveg á Lónsheiði.
2027 Hrunavegur: Af Hringvegi að Sléttu.
2050 Fossvegur: Af Hringvegi að Fossi 2 og 3.
2075 Hörgslandsvegur: Af Hringvegi að Hörgslandi.
2120 Giljavegur: Af Hringvegi að Giljum.
2140 Brekknavegur: Af Hringvegi að Ási.
2160 Hvolavegur: Af Hringvegi að Hvoli.
2180 Sólheimavegur: Af Hringvegi að Sólheimum.
2420 Skógavegur: Af Hringvegi að kennarabústað.

2440 Skógafossvegur: Af Skógavegi að dýralæknisbústað.
2480 Seljalandsvegur: Af Hringvegi að Seljalandi.
2510 Krossvegur: Af Landeyjavegi að Hallgeirsey.
2520 Skíðbakkavegur: Af Landeyjavegi að Skíðbakka.
2530 Skeggjastaðavegur: Af Landeyjavegi að Vestritungu.
2540 Fíflholtshverfisvegur: Af Akureyjarvegi að Gerðum.
2560 Eyjarvegur: Af Hringvegi að Berjanesi.
2570 Akureyjarkirkjuvegur: Af Akureyjarvegi að Akurey.
2615 Torfastaðavegur: Af Fljótshlíðarvegi að Torfastöðum.
2625 Lambeyjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Bjargarkoti.
2645 Kirkjulækjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Kirkjulækjarkoti.
2655 Vatnsdalsvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Tumastöðum.
2675 Lynghagavegur: Af Norðurgarði á Hvolsvelli að Akri.
2699 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi að Bakkakoti.
2715 Gunnarsholtsvegur: Af Rangárvallavegi að starfsmannabústöðum.
2725 Akurhólsvegur: Af Gunnarsholtsvegi að Akurhóli.
2735 Helluvaðsvegur: Frá Hellu að Helluvaði.
2755 Hellatúnsvegur: Af Ásvegi að Hellatúni.
2765 Háarimavegur: Af Ásvegi að Háarima III.
2775 Bræðraborgarstígur: Af Ásvegi við Hábæjarkirkju á Ásveg við Tjörn.
2820 Laugalandsvegur: Af Landvegi að Nefsholti.
2840 Þverlækjarvegur: Af Hagabraut að Stúfholtshjáleigu.
2860 Hjallanesvegur: Af Landvegi að Hjallanesi.
2880 Laugavegur: Af Landvegi að Laugum.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Hringvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stórulaxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Hringvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Hringvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Hringvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Reykholt, Vatnsleysu, Múla og Geysi að þjónustumiðstöð við Gullfoss.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Hringvegi nálægt Hveragerði að Suðurvarargarði í Þorlákshöfn.
39 Þrengslavegur: Af Hringvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Hringvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss á Villingaholtsveg nálægt Villingaholti.

303 Ölvisholtsvegur: Af Hringvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Hringvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Hringveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Hringvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðrivöll.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Litlu-Sandvík.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti um Vorsabæ og Álfsstaði á Skálholtsveg litlu austar.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Steinsholti.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minnanúpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stórulaxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minniborg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Bræðratunguvegi á Pollengi austan Tungufljótsbrúar, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.

359 Bræðratunguvegur: Af Hrunamannavegi ofan Flúða, yfir Hvítá hjá Hvítárholti á Biskupstungnabraut nálægt Felli.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Hringvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Hringveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Hringvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
376 Breiðamörk: Af Hringvegi um Hveragerði, framhjá Grýtu að Gufudal.
377 Reykjavegur Hveragerði: Af Breiðumörk nálægt hótel Örk, um Austurmörk og Reykjamörk, um brú á Varmá að garðyrkjuskóla.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn: Af Þorlákshafnarvegi að ferjuhöfn við Svartaskersbryggju.
3020 Laugardælavegur: Af Hringvegi að Laugardælum.
3040 Stóru-Ármótavegur: Af Oddgeirshólavegi að Litlu-Ármótum.
3060 Forsætisvegur: Af Villingaholtsvegi á Villingaholtsveg.
3080 Hróarsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi að Læk.
3115 Arnarhólsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Hólshúsum.
3130 Holtsbýlavegur: Af Holtsvegi að Holti.
3145 Grundarvegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Vestrigrund.
3160 Baugsstaðavegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Baugsstöðum.
3175 Lækjamótavegur: Af Votmúlavegi að Lækjamótum.
3220 Reykjavegur Skeiðum: Af Skálholtsvegi að Reykjum.
3240 Ósabakkavegur: Af Skálholtsvegi að Ósabakka.
3260 Hlemmiskeiðsvegur: Af Skeiðavegi að Hlemmiskeiði.
3280 Fjallsvegur: Af Vorsabæjarvegi að Útverkum.
3307 Sandlækjarkotsvegur: Af Skeiðavegi að Sandlækjarkoti.
3315 Þrándarholtsvegur: Af Þjórsárdalsvegi að Þrándarlundi.
3320 Hlíðarvegur: Af Hælsvegi að Hæli.
3335 Háholtsvegur: Af Hælsvegi að Vestra-Geldingaholti.
3346 Melhagavegur: Af Þjórsárdalsvegi að Haga I.
3357 Heiðarbraut: Af Þjórsárdalsvegi að Gnúpverjavegi.
3367 Ásólfsstaðavegur: Af Þjórsárdalsvegi að Ásólfsstöðum.
3405 Grafarbakkavegur: Af Hrunavegi að Hverabakka.
3415 Varmalandsvegur: Af Hrunamannavegi að Varmalandi.
3425 Hrepphólavegur: Af Hrunamannavegi að Breiðási.
3435 Hvammsvegur: Af Hrunamannavegi að Hvammi.
3445 Hvítárholtsvegur: Af Hrunamannavegi að Borgarási.
3450 Selsvegur: Af Hvítárholtsvegi að Efra-Seli.
3455 Miðfellsvegur: Af Hrunamannavegi að Miðfelli 4a.
3465 Laugarvegur: Af Hrunavegi að Reykjabóli.
3475 Unnarholtsvegur: Af Auðsholtsvegi að Unnarholti.
3485 Birtingaholtsvegur: Af Auðsholtsvegi að Birtingaholti 4.
3495 Hrafnkelsstaðavegur: Af Langholtsvegi að Hrafnkelsstöðum 3.
3510 Iðuvegur: Af Skálholtsvegi að Iðu.
3520 Laugarásvegur: Af Skálholtsvegi að Skálholtsvegi.

3530 Helgastaðavegur: Af Skálholtsvegi að Helgastöðum.
3540 Skálholtsstaðarvegur: Af Skálholtsvegi að preststsetri.
3542 Vesturbyggðarvegur: Af Skálholtsvegi að Lyngbrekku.
3550 Hrosshagavegur: Af Biskupstungnabraut að Hrosshaga.
3560 Dalbrúnarvegur: Af Biskupstungnabraut að Biskupstungnabraut.
3570 Bergholtsvegur: Af Biskupstungnabraut að Bergholti.
3580 Norðurbrúnavegur: Af Biskupstungnabraut að Bergholtsvegi.
3590 Syðri-Reykjavegur: Af Reykjavegi að Brún.
3612 Vatnsleysuvegur: Af Tjarnarvegi að Vatnsleysu III.
3630 Hagavegur: Af Biskupstungnabraut að Haga III.
3660 Efribrúarvegur: Af Þingvallavegi að skóla.
3690 Bíldsfellsvegur: Af Grafningsvegi neðri að Bíldsfelli.
3695 Nesjavallavegur: Af Grafningsvegi efri að Nesjavöllum.
3710 Árbæjarvegur: Af Hringvegi að Hlöðutúni.
3720 Hlíðardalsskólavegur: Af Krýsuvíkurvegi að Hlíðardalsskóla.
3730 Hraunsvegur: Af Þorlákshafnarvegi að Hrauni 3.
3740 Bæjarhverfisvegur: Af Þorlákshafnarvegi að Vötnum.
3741 Efstadalsvegur: Af Laugarvatnsvegi að Efstadal III.
3753 Borgarbraut: Af Biskupstungnabraut að Borgarbraut 6.
3760 Hvolsvegur: Af Hringvegi að Kvíarhóli.
3770 Þórustaðavegur: Af Hringvegi að Kjarri.
3780 Núpavegur: Af Þorlákshafnarvegi að Núpum.
3790 Bakkavegur: Af Þorlákshafnarvegi að Bakka.
3915 Kirkjuferjuvegur: Af Hringvegi að Kirkjuferjuhjáleigu.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna, ofan Reykjavíkur, um Mosfellssveit, Kjalarnes og í jarðgöng undir Hvalfjörð á móts við Tíðaskarð.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Hringveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) á Kirkjusandi í Reykjavík (eftir Kringlumýrarbraut) um Kópavog og Garðabæ á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Af Nesbraut vestan Ánanausta í Reykjavík, um Ánanaust, með fram höfninni (eftir Sæbraut) um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur, að Leifsstöð.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa, um Ránargötu að Grindavíkurhöfn.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.

46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut á Fitjum um Njarðvík að Njarðvíkurhöfn.
47 Hvalfjarðarvegur: Af Hringvegi við Ártúnsá, inn Hvalfjörð að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Hvalfjarðarvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
49 Nesbraut: Af Hringvegi við Jörfa, um Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda að heilsugæslustöð.
405 Sviðholtsvegur: Af Álftanesvegi gegnt Bessastaðavegi, að Hákotsvör.
409 Fossvogsbraut: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, suður með Öskjuhlíð, austur Fossvogsdal, á Reykjanesbraut austan Blesugrófar.
410 Elliðavatnsvegur: Af Breiðholtsbraut við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt, um Rjúpnadalshlíð og norðvesturhlíð Vatnsendahvarfs, á Breiðholtsbraut.
412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
413 Breiðholtsbraut: Af Hringvegi við Rauðavatn, um norðurhlíð Vatnsendahvarfs, yfir Reykjanesbraut í Mjódd, vestur Digranesháls (Nýbýlaveg) á Hafnarfjarðarveg við Fossvog.
414 Flugvallarvegur Reykjavík: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, um Njarðargötu og Þorragötu að flugvelli.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Molduhrauni, um Engidal, út á Álftanes, að Hvoli.
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Hringvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
418 Bústaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Kringlumýrar um norðanverða Öskjuhlíð á Nesbraut á Miklatorgi.
419 Höfðabakki: Af Reykjanesbraut austan Blesugrófar í Reykjavík, yfir Elliðaár nálægt Árbæ, um Ártúnshöfða, yfir Grafarvog á Hallsveg.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að höfn í Vogakauptúni.
423 Miðnesheiðarvegur: Af Garðskagavegi norðan Keflavíkur á Sandgerðisveg á Miðnesheiði.
424 Keflavíkurvegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, um Flugvallarveg að Keflavíkurhöfn.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík, um Ísólfsskála, á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
429 Sandgerðisvegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Miðnesheiði að Sandgerði.
430 Úlfarsárvegur: Af Hringvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Hringvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Hringveg við Þverholt.

432 Hallsvegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells, á Sundabraut nálægt Gufunesi.
450 Sundabraut: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) nálægt Holtavegi, yfir Elliðavog, um Gunnunes og Álfsnes, á Hringveg í Kollafirði.
452 Faxagata: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að ferjubryggju.
453 Sundagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að Kleppsbakka.
454 Holtagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að Holtagörðum.
458 Brautarholtsvegur: Af Hringvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Hvalfjarðarveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.
470 Fjarðarbraut: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal um miðbæ Hafnarfjarðar á Reykjanesbraut hjá Þorlákstúni.
4150 Hliðsnesvegur: Af Álftanesvegi nálægt Selskarði að Hliðsnesi.
4225 Brunnastaðavegur: Af Vatnsleysustrandarvegi að Traðarkoti.
4230 Naustakotsvegur: Af Vatnsleysustrandarvegi að Sætúni.
4250 Útgarðsvegur: Af Garðskagavegi í Garði, um Útskála, á Garðskagaveg hjá Fitjum.
4315 Leirvogstunguvegur: Af Hringvegi að Leirvogstungu.
4319 Blikastaðavegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells að Blikastöðum
4324 Dalsárvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Dalsá.
4325 Hrísbrúarvegur: Af Þingvallavegi að vegamótum að Víðihóli sunnan Köldukvíslar.
4326 Reykjahlíðarvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Reykjahlíð.
4335 Mosfellsvegur: Af Þingvallavegi að Minna-Mosfelli.
4336 Æsustaðavegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Röðli.
4345 Helgadalsvegur: Af Þingvallavegi að Hreggsstöðum.
4355 Hraðastaðavegur: Af Helgadalsvegi að Hraðastöðum.
4365 Hrafnhólavegur: Af Þingvallavegi hjá Seljabrekku að Selvangi.
4510 Varmadalsvegur: Af Hringvegi að Varmadal III.
4520 Leiruvegur: Af Hringvegi að Fitjakoti.
4530 Norðurgrafarvegur: Af Hringvegi að Gryfju.
4540 Víðinesvegur: Af Hringvegi að Víðinesi.
4550 Kollafjarðarvegur: Af Hringvegi í Kollafirði að Kollafirði.
4560 Esjuvegur: Af Hringvegi við Kirkjuland á Hringveg við Skrauthóla.
4570 Grundarhverfisvegur: Af Brautarholtsvegi um Vallargrund að Grundarhverfi.
4580 Arnarholtsvegur: Af Brautarholtsvegi að Arnarholti.
4619 Víðigrundarvegur: Af Reykjahlíðarvegi að Furuvöllum.
4644 Röðulsvegur: Af Æsustaðavegi að Skuld.
4650 Neðrihálsvegur: Af Hringvegi að Neðrihálsi.

Vesturlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðargöngum, inn fyrir Akrafjall, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
47 Hvalfjarðarvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni út Hvalfjarðarströnd á Hringveg sunnan Laxár í Leirársveit.

50 Borgarfjarðarbraut: Af Hvalfjarðarvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Hringveg hjá Haugum.
51 Akrafjallsvegur: Af Hringvegi austan við Innrihólm, út fyrir Akrafjall, skammt austan Akraneskaupstaðar, inn með Akrafjalli norðanverðu á Hringveg hjá Urriðaá.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Hringvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Hringveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Hringvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði að Norðurtanga í Ólafsvík.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að ferjubryggju í Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
501 Innrahólmsvegur: Af Innnesvegi hjá Miðgarði að Kirkjubóli.
502 Svínadalsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Innnesvegur: Af Akrafjallsvegi hjá Reyni um Ytrahólm og Esjubraut á Akranesi að Akranesvegi.
504 Leirársveitarvegur: Af Hringvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Hringvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Hringveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Hringvegi hjá Klafastöðum að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Hvammi.
509 Akranesvegur: Af Akrafjallsvegi innan kaupstaðar að ferjubryggju á Akranesi.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjavegi hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka III.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.

517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Grót, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóraás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal, fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litluþverár að Helgavatni.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litluþverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum í Norðurárdal.
528 Norðurárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Hringveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Hringvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarbraut: Af Hringvegi að Egilsgötu í Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú að vegamótum að Valshamri.
539 Hítardalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Hundastapa á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Álftavatnsvegi.
573 Rifshafnarvegur: Af Útnesvegi hjá Rifi að höfn.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Norðurtanga í Ólafsvík.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall að Skallabúðum.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi að Blönduhlíð.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli að vegamótum að Vífilsdal.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.

586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að vegamótum Spágils- og Goddastaða.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi að vegamótum að Sámsstöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
5150 Rauðsgilsvegur: Af Reykdælavegi hjá Steindórsstöðum að Rauðsgili.
5178 Reykholtsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Reykholti að þorpskjarna hjá kirkju.
5240 Bifrastarvegur: Af Hringvegi að gatnamótum íbúðahverfis á bak við skólahús.
5250 Kaðalstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut að Kaðalstöðum.
5350 Valbjarnavallavegur: Af Hringvegi að Stórafjalli.
5630 Kolbeinsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi um Lindartungu á Heydalsveg.
5660 Miðhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi að Miðhrauni.
5710 Arnarstapavegur: Af Útnesvegi að Arnarstapahöfn.
5714 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi að Lýsuhóli.
5730 Hellnavegur: Af Útnesvegi að bryggju.
5750 Kvíabryggjuvegur: Af Snæfellsnesvegi að Krossnesvegi.
60 Vestfjarðavegur: Af Hringvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfirði.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Djúpveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfirði, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
61 Djúpvegur: Af Hringvegi vestan Hrútafjarðarár út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði, ofan Hólmavíkur, um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð, um Aðalstræti og Brimbrjótsgötu í Bolungarvík, að höfn.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd, yfir Kleifaheiði, um Raknadalshlíð, um Þórsgötu að höfn á Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdan til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal að höfn á Flateyri.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði að ytri höfn á Suðureyri.
67 Hólmavíkurvegur: Af Djúpvegi við Hólmavík um Hólmavík að höfn.

69 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Brunnár í Saurbæ um Holtahlíð að Garpsdalsvegi skammt innan Gilsfjarðarbrekku. (Þaðan er hann landsvegur yfir heiðina.) Einnig frá Steinadal á Djúpveg í Kollafirði.
602 Garpsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi um Garpsdal að Steinadalsvegi í botni Gilsfjarðar.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, að Bakka. (Þaðan er hann landsvegur yfir heiðina.) Einnig frá Tröllatungu á Djúpveg hjá Húsavík.
606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
610 Brjánslækjarvegur: Af Barðastrandarvegi að ferjubryggju.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall, að vegamótum neðan Bjarngötudals.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, að Hænuvík.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi í Sauðlauksdal að flugvelli á Sandodda.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Hrauni.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi við Bíldudal, út með Arnarfirði, að Feitsdal.
620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi á Hvassnesi að flugvelli.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri að Haukadal.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp að Alviðru.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, að Hjarðardal.
626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
628 Hjarðardalsvegur: Af Vestfjarðavegi að Hjarðardal í Dýrafirði.
629 Syðradalsvegur: Af Djúpvegi í Bolungarvík að Geirastöðum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd um Melgraseyri að Laugalandsvegi.
636 Hafnarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi um Pollgötu að höfn.
639 Skutulsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Ísafjarðarflugvelli, fyrir Skutulsfjörð á Djúpveg á Hauganesi.
640 Borðeyrarvegur: Af Djúpvegi að Borðeyri.
641 Krossárdalsvegur: Af Djúpvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
642 Flugvallarvegur Hólmavík: Af Djúpvegi ofan Hólmavíkur að flugvelli.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.

645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
6009 Króksfjarðarnesvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi að Vogalandi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Hringvegi hjá Stóraósi að Hvammstangahöfn.
74 Skagastrandarvegur: Af Hringvegi hjá Blönduósi að Skagastrandarhöfn.
75 Sauðárkróksbraut: Af Hringvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg hjá Narfastöðum.
76 Siglufjarðarvegur: Af Hringvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstugrund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að höfn á Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Hringvegi í Hrútafirði nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Hringveg utan við Melstað.
703 Hálsabæjavegur: Af Hringvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Hringvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Hringveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Fosshóli.
711 Vatnsnesvegur: Af Hvammstangavegi við Klapparstíg á Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Hringveg hjá Vatnshorni.
714 Fitjavegur: Af Hringvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur: Af Hringvegi hjá Deildarhóli, um Víðdalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, út austan Víðidalsár, á Hringveg vestan Lækjamóta.
716 Síðuvegur: Af Hringvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk, um Stóruborg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
721 Þingeyravegur: Af Hringvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Hringvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Hringveg nálægt Aralæk.
724 Reykjabraut: Af Hringvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Snæringsstöðum.

731 Svínvetningabraut: Af Hringvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Hringveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum við Blönduvirkjun.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði að Hvammi.
740 Hafnarvegur Blönduósi: Af Hringvegi um Húnabraut og Hafnarbraut að höfn.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá hjá Skrapatungu og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð um Eyrarveg og Strandveg á Sauðárkróki á Sauðárkróksbraut á Borgarsandi.
747 Hafnarvegur Hofsósi: Af Hofsósbraut um Norðurbraut og Hafnarbraut að höfn.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Hringvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vindheimavegur: Af Hringvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breið að Gilhaga.
757 Villinganesvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi II að Tunguhálsi I.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi austan Jökulsár vestri að Byrgisskarði.
759 Kjálkavegur: Af Hringvegi hjá Skeljungshöfða að Flatatungu.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.

784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hrolleifsár, um Skálá, austan Sléttuhlíðarvatns, á Siglufjarðarveg norðan Sléttuhlíðarvatns.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, að Sigríðarstöðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðsfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
7020 Reykjaskólavegur: Af Hringvegi að Reykjaskóla.
7040 Mýravegur: Af Heggstaðanesvegi að Mýrum III.
7060 Staðarbakkavegur: Af Miðfjarðarvegi að Staðarbakka.
7080 Laugarbakkaskólavegur: Af Miðfjarðarvegi að Laugarbakkaskóla.
7125 Króksvegur: Af Fitjavegi að Valdarásvegi.
7175 Hrappsstaðavegur: Af Víðidalsvegi að Litluhlíðarvegi.
7250 Árholtsvegur: Af Hringvegi að Árholti.
7350 Steinárvegur: Af Svartárdalsvegi að Hólsvegi.
7420 Ásholtsvegur: Frá Skagaströnd að Ásholti.
7425 Brekknavegur: Af Skagavegi að Örlygsstaðavegi II.
7450 Neðribyggðarvegur: Af Skagavegi hjá félagsheimilinu Skagaseli að Hvalnesi.
7475 Sjávarborgarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Brennigerði að Sjávarborg III.
7515 Reykjaborgarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Varmalæk að Ljósalandi.
7575 Merkigarðsvegur: Af Héraðsdalsvegi hjá Reykjum að Lambeyri.
7595 Stóruakravegur: Af Hringvegi að Stóruökrum.
7620 Húsabakkavegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Glaumbæ að Jaðri.
7630 Geldingaholtsvegur: Af Sauðárkróksbraut sunnan við Syðra-Skörðugil að vegamótum vestan Geldingaholts I.
7650 Djúpadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miðgrund að Kringlumýri.
7750 Smiðsgerðisvegur: Af Siglufjarðarvegi austan Kolku að Sleitustöðum.
7875 Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi hjá Sólgörðum að Barði.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, sunnan Grímsstaða á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Hringvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Hringvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi að Túngötu á Grenivík.
85 Norðausturvegur: Af Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Hringvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.

801 Hafnarvegur Hrísey: Frá ferjuhöfn að Norðurvegi.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss með fram flugvelli að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
810 Hafnarvegur Dalvík: Af Ólafsfjarðarvegi að höfn.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Myrkárbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð að Brávöllum.
818 Hlíðarvegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð um Syðsta-Samtún að Áslaksstöðum.
819 Hafnarvegur Akureyri: Af Hringvegi (Glerárgötu) skammt sunnan Glerár og niður með henni, um Tryggvagötu, Hjalteyrargötu og Laufásgötu að höfn.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Hringvegi á Akureyri um Hrafnagil, Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Af Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil á Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
828 Veigastaðavegur: Af Hringvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Hringvegi á Leirum, um Laugaland, Munkaþverá og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Hringvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Höfða.
833 Illugastaðavegur: Af Hringvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Hringvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Hringvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.

836 Vaglaskógarvegur: Af Hringvegi hjá Hálsi, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
837 Hlíðarfjallsvegur: Af Hringvegi (Glerárgötu) á Akureyri skammt sunnan Glerár upp með henni og yfir hana (um Borgarbraut) suður Hlíðarbraut að vegamótum vegar að skíðasvæði í Hlíðarfjalli (þangað telst landsvegur).
838 Hafnarvegur Grenivík: Af Grenivíkurvegi við íþróttavöll að höfn.
841 Fremstafellsvegur: Af Hringvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Hringvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Hringvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Hringvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Hringvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnsvegur: Af Hringvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnsvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Hringvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
859 Hafnarvegur Húsavík: Af Norðausturvegi að höfn.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Hringvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.
8010 Hæringsstaðavegur: Af Svarfaðardalsvegi að vegamótum við Hæringsstaði.
8110 Lækjarbakkavegur: Af Möðruvallavegi að Möðruvöllum I.
8120 Dunhagavegur: Af Hörgárdalsvegi að Litla-Dunhaga.
8140 Auðnavegur: Af Hringvegi við Bakka.

8160 Eyrarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi að Glæsibæ.
8170 Skjaldarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi að Skjaldarvík.
8210 Leifsstaðavegur: Af Veigastaðavegi að Leifsstöðum.
8220 Brekkuvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Svertingsstöðum.
8230 Garðsárvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Syðra Hóli.
8240 Ytri Laugalandsvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Laugarholti.
8315 Halllandsvegur: Af Veigastaðavegi að Halllanda.
8325 Mógilsvegur: Af Hringvegi að Mógili II.
8335 Geldingsárvegur: Af Hringvegi að Meyjarhóli.
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi að skógarvarðarhúsi.
8420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi að Granastöðum.
8460 Lundarbrekkubýli: Af Lundarbrekkuvegi að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi að Bjarnarstöðum.
8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi að Rauðuskriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi að Hraunkoti.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi að Núpum.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi að Árnesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi að skóla.
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi að Hraungerði.
8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi að Glaumbæ.
8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi að Brúnahlíð.
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Hallbjarnarstöðum.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi að Grímsstöðum IIb.
8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi að Ytri-Neslöndum
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi að Keldunesi.
8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi að Reistarnesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi að Gunnarsstöðum.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi að Hallgilsstöðum.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi að Hvammi.

Austurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.

85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Hringveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að verslunarhúsi.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð að Skólavegi á Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði að ferjubryggju á Seyðisfirði.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli um Breiðdalsvík á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi að höfn á Djúpavogi.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn að bryggju í Álaugarey.
912 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár að Bakkafjarðarhöfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Hámundarstöðum I.
914 Skógavegur: Af Hringvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Aðalbóli.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Hringveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Hringveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litlabakka að Galtastöðum ytri.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum að býlunum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Klúku.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.

939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu um Vestdalseyri að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði að höfn.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi um Hafnarbraut að höfn.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Af Hringvegi að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Hringveg hjá Ósi.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá að flugvelli.
983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi að Miðfelli.
984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar, að vegamótum við Birkifell.
986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár, að vegamótum að Rauðabergi II.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum að Torfastöðum II.
9130 Ytrihlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi að Ytrihlíð I.
9160 Refstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi að Refstað I.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri að Mælivöllum II.
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi að Hallfreðarstöðum II.
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi að Finnsstöðum II.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi að Borg.
9727 Þinganesvegur: Af Hringvegi að Sauðanesvegi.
9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi að Framnesi.
9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi að Hafnarnesi.
9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi að Hólum II.
9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi að Miðskeri.
9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi að Stórulág.

9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi að Lækjarhúsum I.
9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi að Jaðri.
9860 Halavegur: Af Hringvegi að Hala II.
9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi að Hnappavöllum I.
9882 Hofsvegur: Af Hringvegi að Hofi I.
9887 Hofskotsvegur: Af Hofsvegi að Hofi II.
9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi að Suðurbæ.

3.2. Flokkun stofn- og tengivega skv. 3.1. í undirflokka.
3.2.1. Stofnvegir.

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri – Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur – Bræðratunguvegur og
Laugarvatnsvegur – Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
359 Bræðratunguvegur.
365 Gjábakkavegur.
376 Breiðamörk:
Hringvegur – Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur.
Reykjanesbraut – Vatnsskarð og
Ísólfsskálavegur – Þorlákshafnarvegur.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Hvalfjarðarvegur.
49 Nesbraut.
409 Fossvogsbraut.
410 Elliðavatnsvegur.

411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur:
Reykjanesbraut – Túngata.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
423 Miðnesheiðarvegur.
424 Keflavíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Hringvegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
452 Faxagata.
453 Sundagarðar.
454 Holtagarðar.
470 Fjarðarbraut.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjavegur – Hringvegur.
51 Akrafjallsvegur.
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur – Borgarfjarðarbraut.
53 Hvítárvallavegur:
Hringvegur – Uxahryggjavegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
503 Innnesvegur:
Leynir við Akranes – Akranesvegur.
509 Akranesvegur.
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.

617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur – Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur – Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur – Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur – Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur – Miðbraut.
837 Hlíðarfjallsvegur.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.
952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur – ytri vegamót Austurvegar.
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur – ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

3.2.2. Tengivegir.
Aðrir vegir skv. 3.1. eru tengivegir.

3.3. Ferjuleiðir.

1. **Vestmannaeyjar – Þorlákshöfn.**
   Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Reykjavík – Akranes.**
   Á milli Reykjavíkur og Akraness eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum. (Gildir uns Hvalfjarðargöng verða tekin í notkun.)
3. **Stykkishólmur – Flatey – Brjánslækur.**
   Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
4. **Ísafjörður – Æðey – Vigur.**
   Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
5. **Árskógsströnd – Hrísey.**
   Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
6. **Akureyri – Hrísey – Dalvík – Grímsey.**
   Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
7. **Neskaupstaður – Mjóifjörður.**
   Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR

Á sl. vori var samþykkt vegáætlun til tveggja ára 1997 og 1998. Við afgreiðsluna var því lýst yfir, að tillaga að nýrri vegáætlun yrði lögð fram nú á haustþingi.

Hér er lögð fram tillaga að vegáætlun 1998–2002. Jafnframt er lögð fram tillaga að langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin 1999–2010. Í báðum tillögum er miðað við breytt vinnubrögð að því er tekur til fjáröflunar svo og verkefnavals á stofnvegum og skiptingu fjár til þeirra. Nú liggur vegáætlun 1998 fyrir, þar sem fjárveitingum til verkefna var úthlutað samkvæmt eldri venju þar um. Breytt vinnubrögð verða því ekki hafin fyrr en 1999 og þá eðlilegt, að það verði upphafsár nýrrar langtímaáætlunar. Langtímaáætlun er skipt upp í þrjú tímabil, hvert þeirra fjögur ár. Fyrsta tímabil langtímaáætlunar tekur til áranna 1999–2002, bæði ár meðtalin. Til að fá samsvörun milli vegáætlunar og langtímaáætlunar er þá nauðsynlegt, að vegáætlun nái til fimm ára, þ.e. til 1998 og svo fyrsta tímabils langtímaáætlunar 1999–2002.

Breytingar þær, sem lagt er til að komi til framkvæmda 1999, koma fram bæði í fjáröflun og útgjöldum. Fjáröflunin verður mun einfaldari og mun byggja alfarið á mörkuðum tekjustofnum. Millifærslum í ríkissjóð er hætt að öðru leyti en því, að umsýslugjald 0,5% af heildarinnheimtunni verður greitt þangað. Á móti kemur, að ekki er reiknað með framlögum úr ríkissjóði, sem tíðkast hafa undanfarin ár. Þá er heldur ekki reiknað með lánum úr ríkissjóði, en áður tekin lán verða endurgreidd.

Útgjaldaliðurinn stofnvegir mun einnig breytast og einfaldast skv. tillögunni. Stórverkefni fá mjög aukið fjármagn en almenn verkefni fá minna fjármagn en verið hefur.

Nefna má helstu rök fyrir því að fara nýjar leiðir við röðun verkefna og úthlutun fjár. Gildandi meginreglur um úthlutun fjár til stofnvega eru orðnar mjög gamlar og hafa ekki tekið miklum breytingum í tímans rás. Hlutföll milli kjördæma eru reiknuð út frá kostnaði, ástandi og arðsemi vega í framtíðarkerfi, sem er svo umfangsmikið að jafnan tæki það upp undir 30 ár að ljúka verkefninu eins og það hefur verið skilgreint á hverjum tíma. Þegar litið er til svo langs tíma, verður óvissa í skilgreiningu verkefnisins mjög mikil, hvað skuli tekið með og hverju sleppt. Ekki verður komist hjá misræmi milli kjördæma. Þessir vankantar komu ekki mikið að sök meðan vegakerfi landsins var í heild þurfandi fyrir úrbætur og kom þannig inn í dæmið. Eftir því sem vegakerfið hefur tekið framförum hafa gallar aðferðarinnar vaxið.

Á undanförnum árum hafa mjög vaxið kröfur um, að „frumþarfir" byggðalaga séu leystar, þ.e. vegur með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi tengi öll stærri þéttbýli landsins. Þá þarf að tengja betur saman nálæga þéttbýlisstaði til að auka samvinnu og samnýtingu. Enn fremur þarf vaxandi ferðaþjónusta á því að halda að bundið slitlag sé lagt á fjölsóttustu ferðamannaleiðir. Loks verða kröfur um aukið umferðaröryggi sífellt háværari og hefur ríkisstjórnin mótað þá stefnu að fækka skuli umferðarslysum.

Framkvæmdir og verkefni.

Með hliðsjón af því, sem er rakið hér á undan eru skilgreind framkvæmdamarkmið á vegakerfinu og verkefni sem falla að markmiðunum, verða þá viðfangsefni langtímaáætlunarinnar.

a) Ljúka Hringveginum með bundnu slitlagi og vegum af honum til þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri.
b) Tengja saman með uppbyggðum vegi nálæga byggðakjarna með fleiri en 1000 íbúa á hvorum stað (fjarlægð $\leq$ 80 km og stytting miðað við aðrar tengingar sem eru fyrir hendi $\geq$ 150 km).
c) Leggja bundið slitlag á mikilvægar ferðamannaleiðir með mikla umferð (sumarumferð $\geq$ 200 bílar á dag).
d) Endurbyggja brýr á helstu flutningaleiðum (Hringveginum og tengingum þéttbýla við hann), sem ekki þola fullan þunga (Evrópuþunga).
e) Breikka vegi, þar sem umferð er svo mikil, að flutningsgeta og umferðaröryggi verða vandamál.
f) Endurbyggja kafla með mikilli umferð ($\geq$ 500 bílar á dag) þar sem bundið slitlag var lagt á gamla vegi án endurbóta og reynst hafa hættulegir.
g) Breikka einbreiðar brýr á Hringveginum þar sem umferð er mikil ($\geq$ 400 bílar á dag).

Á meðfylgjandi skrá eru talin öll verkefni, sem falla undir framkvæmdamarkmiðin og verður lokið við þau á árunum 1999–2010 samkvæmt langtímaáætlun. Flest stórverkefni samkvæmt eldri skilgreiningum eru á hinum nýja verkefnalista önnur en jarðgöng. Þar er þó reiknað með 120 m.kr. fjárveitingu til jarðgangarannsókna á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum. Verkefni á höfuðborgarsvæðinu eru ekki tekin hér með. Þau hafa verið undir sérstökum lið, og er miðað við að svo verði áfram.

Verkefnalisti
v = 5700

A. Stórverkefni (skv. eldri listum).

1. Brýr og fjarðarþveranir.

	Kostnaður m.kr.
Þjórsá	390
Gilsfjörður	100
Lagarfljót	410
Jökulsá í Lóni	330
Brýr í Öræfum	290
Samtals	1.520

2. Vegaverkefni.

	Kostnaður m.kr.
Búlandshöfði	470
Hvalfjarðartenging	660
Ísafjarðardjúp	1.040
Tenging Norður- og Austurlands	1.040
Samtals	3.210

B. Ný verkefni.

1. Bundið slitlag til allra þéttýlisstaða ≥ 200 íbúa.

			Kostnaður m.kr.
a)	Hringvegur	Mývatnsheiði	210
	Hringvegur	Ógerðir kaflar á Austurlandi	1.310
b)	Stykkishólmsvegur	Vatnaheiði	370
c)	Snæfellsnesvegur	um Kolgrafarfjörð	160
d)	Vestfjarðavegur	Brattabrekka, Svínadalur	500
e)	Vestfjarðavegur	Bjarkarlundur – Flókalundur	1.250
f)	Barðastrandarvegur	Flókalundur – Patreksfjörður	350
g)	Vestfjarðavegur	um Gemlufallsheiði	40
h)	Djúpvegur	um Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök	150
i)	Hólmavíkurvegur eða Tröllatunguvegur		700
j)	Siglufjarðarvegur		170
k)	Grenivíkurvegur		210
l)	Norðausturvegur	Húsavík – Þórshöfn	2.600
m)	Norðausturvegur	Hringvegur – Vopnafjörður	480
		Samtals	8.500

2. Tenging nálægra byggðakjarna með fleiri en 1000 íbúa.

	Kostnaður m.kr.
a) Lágheiði	680
Samtals	680

3. Ferðamannaleiðir með mikla umferð.

	Kostnaður m.kr.
a) Bræðratunguvegur (Hvítá)	330
b) Laugarvatnsvegur	70
c) Biskupstungnabraut	200
d) Gjábakkavegur	330
e) Þjórsárdalsvegur	60
f) Þingvallavegur	130
g) Hálsasveitarvegur að Húsafelli	150
Samtals	1.270

4. Endurbygging brúa, sem ekki þola fullan þunga.

	Kostnaður m.kr.
a) Djúpá og Hörgsá	170
b) Eyvindará	90
c) Hólmsá á Mýrum	80
Samtals	340

5. Breikkun vega með mikla umferð, til þess að auka umferðaröryggi.

		Kostnaður m.kr.
a) Reykjanesbraut	Hafnarfjörður – Keflavík	2.400
	Samtals	2.400

6. Hættulegir kaflar.

		Kostnaður m.kr.
a) Hringvegur	um Stafholtstungur	450
b) Hringvegur	um Norðurárdal í Skagafirði	420
	Samtals	870

7. Breikkun brúa á vegum með mikla umferð.

	Kostnaður m.kr.
a) Breikkun brúa á Suðurlandi:	500
b) Breikkun brúa á Vesturlandi:	60
c) Breikkun brúa á Norðurlandi vestra:	250
Samtals	810

Jarðgangarannsóknir	120

Yfirlit

A. Stórverkefni (skv. eldri listum).

	Kostnaður m.kr.
1. Brýr og fjarðarþveranir	1.520
2. Vegaverkefni	3.210
B. Ný verkefni.	
1. Bundið slitlag til allra þéttbýlisstaða ≥ 200 íbúa	8.500
2. Tenging nálægra byggðakjarna með fleiri en 1000 íbúa	680
3. Ferðamannaleiðir með mikla umferð	1.270
4. Endurbygging brúa, sem ekki þola fullan þunga	340
5. Breikkun vega með mikla umferð, til þess að auka umferðaröryggi	2.400
6. Hættulegir kaflar	870
7. Breikkun brúa á vegum með mikilli umferð	850
Jarðgangarannsóknir	120
Samtals	19.720

Tillagan miðar við að verkefni á þessum lista séu skilgreind sem stórverkefni. Í langtímaáætlun er lögð fram tillaga um röðun þeirra á tímabil. Sú röðun byggir á því, að núverandi reglur um hlutföll milli kjördæma verði lagðar niður (þ.e. reikniregla og regla um íbúatölu). Hlutfall milli kjördæma verður ekki fastbundið heldur breytilegt milli ára og tímabila. Skiptingin hefur það fyrst og fremst að leiðarljósi, að ná megi heillegum áföngum og þar með góðri nýtingu fjár.

Þess ber að geta að flest öll verkefni eru óhönnuð og því er fremur að ræða um mat á kostnaði en raunverulegar kostnaðaráætlanir. Reikna verður með að færa þurfi fé milli framkvæmda til að sjá við þessari óvissu.

Miðað er við að fjárveitingum til almennra verkefna verði skipt jafnt á öll kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins.

0.1. Heildarfjármagn.

Samkvæmt tillögunni er heildarfjármagn á árinu 1998 7.675 m.kr. og er það óveruleg breyting frá gildandi vegáætlun (7.684 m.kr.). Ráðstöfunarfé fer síðan vaxandi og er 8.951 m.kr. á síðasta ári áætlunarinnar.

Markaðir tekjustofnar, bensíngjald og þungaskattur standa sem fyrr undir útgjöldum til vegamála. Miðað er við að tekjustofnarnir vaxi að raungildi um nálægt 1,6% á ári að meðaltali. Sú aukning er í samræmi við umferðarspá Vegagerðarinnar. Heildartekjur af mörkuðum stofnum hafa aukist mun meira undanfarin ár en hér er reiknað með, einkum tekjur af þungaskatti. Þar kom til aukið eftirlit, breytingar á álagningu og innheimtuferli og hertar innheimtuaðgerðir. Þessar aðgerðir hafa skilað miklum árangri og ekki er talið líklegt að miklu lengra verði komist með bættum innheimtuaðgerðum. Er því reiknað með sömu aukningu á tekjum af þungaskatti eins og tekjum af bensíngjaldi út áætlunartímabilið.

Samkvæmt lögum á að taka upp olíugjald í stað þungaskatts 1. janúar 1999. Ein af forsendum þeirrar breytingar er að tekjustofninn skili sömu tekjum og áður í ríkissjóð og við það er miðað í þessari tillögu.

Miðað er við að markaðir tekjustofnar verði hækkaðir um 3,5% 1. júní 1998 og í samræmi við verðlag eftir það, auk 2% hækkunar til viðbótar 1. júní 1999.

Færsla af mörkuðum tekjum í ríkissjóð hefur verið mikil síðustu ár. Segja má að lánsfé til framkvæmdaátaks 1993 og 1994 hafi verið endurgreitt með þessu móti. Lýkur þeirri endurgreiðslu 1998 skv. tillögunni og rúmlega það. Vegasjóður mun eiga innistæðu í ríkissjóði í lok þess árs. Ekki verður um frekari millifærslur að ræða eftir 1998 eins og áður sagði, og skýrir það aukningu ráðstöfunarfjár út tímabilið. Sú aukning er mest milli áranna 1999 og 2000, enda lýkur greiðslum eldri lána að verulegu leyti 1999.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaátakinu, sem hófst 1995 ljúki 1998. Framlag ríkissjóðs hefur verið 350 m.kr. á ári frá 1995, en með breyttum vinnubrögðum fellur það niður eins og áður var getið. Í upphafi var átakinu flýtt mjög, og í því skyni aflað lánsfjár til viðbótar framlögum í vegáætlun. Endurgreiðslum lánsfjárins lýkur 1999.

Áformað er að taka að láni 400 m.kr. til vegtenginga við Hvalfjarðargöng 1998. Þetta lán á að endurgreiða á árunum 1999–2003. Þá er gert ráð fyrir að 1999 verði endurgreitt lán sem tekið var vegna endurbygginga mannvirkja á Skeiðarársandi. Um framkvæmdir við Hvalfjörð og Skeiðarársand er nánar rætt síðar í athugasemdunum.

Tillaga sú, sem hér liggur fyrir fellur að frumvarpi til fjárlaga 1998, eins og það er að lokinni 2. umræðu. Allar tölur eru á rekstrargrunni eins og í fjárlagafrumvarpi en ekki greiðslugrunni eins og tíðkast hefur fram að þessu. Á fylgiskjali 0.1.1 er sýndur samanburður á rekstrargrunni og greiðslugrunni. Eins og þar sést er ekki mikill munur talna samkvæmt þessum tveim grunnum. Rétt er þó að benda á að vinnulán koma ekki inn í greiðslugrunn en eru ein af breytistærðunum í rekstrargrunni. Í raun er mjög erfitt að áætla töku vinnulána fram í tímann og er í tillögunni einungis sett fram tala um þróun vinnulána 1998.

0.2. Verðgrundvöllur áætlunarinnar.

Allar tölur í áætluninni eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1998 (vísitala vegagerðar 5700).

Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 1999–2002 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi.

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1998–2002

1.1. Markaðar tekjur.

Vegagerðin hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Jafnan hefur verið miðað við byggingarvísitölu þegar upphæð bensíngjalds og gjaldskrár þungaskatts hafa verið ákveðnar og voru viðmiðunarmörk sett með lögum um fjáröflun til vegagerðar á árinu 1986. Nýting stofna hefur verið góð undanfarin ár og hefur stöðugt verðlag hjálpað þar til. Bensíngjald var hækkað 1. ágúst 1997 um 4,3%. Slaki í bensíngjaldi er nú rúmlega 12% en tæp 10% í gjaldskrám þungaskatts. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki um 3,5% þann 1. júní 1998 og í samræmi við verðlag eftir það, auk 2% hækkunar til viðbótar þann 1. júní 1999.

Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða álagningu markaðra tekna á árunum 1998 –2002. Hér er um að ræða tölur miðaðar við rekstrargrunn og er það breyting frá fyrri árum. Í fylgiskjali 0.1.–01 er gerð grein fyrir þeim mismuni sem er á vegáætlun 1998, annars vegar á rekstrargrunni og hins vegar á greiðslugrunni. Allar upphæðir eru í m.kr. á verðlagi vegáætlunar 1998.

Ár	Bensín gjald	Þungask. km-gjald	Þungask. árgjald	Alls
1998	5.128	2.201	1.000	8.329
1999	5.351	2.221	1.030	8.602
2000	5.488	2.282	1.058	8.828
2001	5.575	2.318	1.075	8.968
2002	5.642	2.346	1.088	9.076

1.1.0. Bifreiðaeign.

Nokkur samdráttur var í innflutningi bifreiða á árunum 1991–1994 og minnkaði bifreiðaeign landsmanna verulega á þessum árum. Frá og með árinu 1995 jókst innflutningur að nýju og voru það árið neðskráðar 7.892 bifreiðir en voru tæplega 6 þúsund árið áður. Árið 1996 voru neðskráðar bifreiðar 10.694 og í ársbyrjun 1997 áttu landsmenn 141.532 bifreiðir.

Ársbyrjun	Fólks-bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Alm-bílar	Vöru-bílar	Bifreiðir alls
1960	14.228	89	325	5.703	20.256
1970	37.304	183	555	5.727	43.586
1980	81.025	357	1.117	7.873	90.015
1985	100.477	415	1.165	11.560	113.202
1986	102.954	426	1.422	12.741	117.117
1987	112.760	462	1.222	11.968	125.950
1988	120.153	488	1.238	11.757	133.148
1989	125.226	499	1.298	12.078	138.602
1990	124.273	490	1.328	12.177	137.778
1991	119.731	468	1.328	13.122	134.181
1992	120.862	466	1.389	14.623	136.874
1993	120.146	459	1.157	14.845	136.148
1994	116.195	439	1.193	14.451	131.839
1995	116.243	435	1.249	14.348	131.840
1996	119.232	445	1.295	14.757	135.284
1997	124.909	463	1.363	15.260	141.532

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Bensínsala jókst um 1,7% milli áranna 1995 og 1996 og nam hún 182,6 milljónum lítra á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 1996. Lítil aukning virðist hins vegar vera á sölu milli áranna 1996 og 1997. Árleg umferðaraukning samkvæmt umferðarspá Vegagerðarinnar er talin verða um 1,6% á þessu vegáætlunartímabili og er reiknað með því að hún skili sér að mestu í aukinni bensínsölu. Gert er ráð fyrir að bensínsalan verði um 189 milljónir lítra árið 1998.

Bensíngjald var hækkað um 4,27% þann 1. ágúst 1997 og er bensíngjald af blýlausu bensíni nú 26,60 kr./l. Olíufélögin hættu sölu á blýbensíni í mars 1996. Slaki í bensíngjaldi er nú rúmlega 12%. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár hækki um 3,5% þann 1. júní 1998 og í samræmi við verðlag eftir það, auk 2% hækkunar til viðbótar þann 1. júní 1999.

1.1.2.–3. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum. Um er að ræða tvenns konar þungaskatt. Annars vegar árgjald, sem innheimt er af flestum smærri dísilbifreiðum og hins vegar km-gjald, en þá er greitt af akstri samkvæmt ökumæli. Allar stærri dísilbifreiðir greiða km-gjaldið, en eigendur smærri dísilbifreiða geta greitt km-gjald í stað árgjalds ef þeir óska.

Gert er ráð fyrir svipaðri aukningu á akstri dísilbifreiða og reiknað er með á akstri bensínbifreiða eða um 1,6% á ári.

Frá því í ársbyrjun 1994 hefur Vegagerðin séð um eftirlit með þungaskatti og í kjölfarið hefur eftirlitið stóraukist. Með lagabreytingu snemma á árinu 1996 voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi álagningar og innheimtu þungaskattsins, m.a. var álagningin færð yfir til ríkisskattstjóra. Einnig voru viðurlög við brotum hert. Auk þessa hafa reglulega verið gerð átök í innheimtumálum. Árangurinn hefur orðið töluverður.

Vorið 1995 voru samþykkt á Alþingi lög um olíugjald og áttu þau að taka gildi 1. janúar 1996. Olíugjaldið á að leysa af hólmi þungaskattinn og á það að renna til Vegagerðarinnar. ýmsir annmarkar eru á því að koma olíugjaldinu í framkvæmd. Alþingi hefur tvívegis frestað gildistöku laganna þar til búið væri að leysa öll helstu vandamálin. Gildistaka laganna er nú miðuð við 1. janúar 1999.

Ein af grundvallar forsendunum fyrir olíugjaldinu var sú, að tekjur til vegagerðar myndu ekki skerðast. Ljóst var orðið að olíugjaldið eitt og sér gæti ekki skilað sömu tekjum og þungaskatturinn gerir. Nú hefur því verið lagt fram frumvarp til breytingar á lögunum um olíugjald þar sem framkvæmd olíugjaldsins er breytt þannig að um litun verður að ræða og um leið verði tekið upp viðbótargjald í formi km-gjalds á allar stærri bifreiðir.

Þess má geta að í Evrópu er nú mikil umræða um að taka upp km-gjald af stórum dísilbifreiðum, m.a. til að fjármagna vegaframkvæmdir. Til lengri tíma litið verður vart komist hjá því að opinber gjaldtaka af samgöngum hér á landi taki mið af gjaldtöku í Evrópu.

Í tekjuáætluninni er reiknað með þungaskatti öll árin þótt olíugjaldi verði komið á á tímabilinu. Gjaldskrár þungaskatts voru síðast hækkaðar 1. janúar 1996. Reiknað er með að þær hækki í takt við hækkanir bensíngjalds.

1.2. Fært í ríkissjóð.

Undanfarin ár hafa ráðstöfunartekjur Vegagerðarinnar af mörkuðum tekjustofnum verið skertar og sú skerðing látin renna í ríkissjóð. Fjárhæð þessarar skerðingar hefur farið vaxandi og er gert ráð fyrir því að hún nemi 1.164 m.kr. á árinu 1998. Skerðing þessi kemur að hluta á móti viðbótarfjármagni því sem Vegagerðin fékk vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum á árunum 1993 og 1994 en búið verður að greiða allt það viðbótarfjármagn til baka á árinu 1998 og gott betur þannig að staða vegasjóðs gagnvart ríkissjóði verður orðin jákvæð þegar það ár.

Með nýjum og breyttum vinnubrögðum við gerð vegáætlunar og langtímaáætlunar verður þessum millifærslum í ríkissjóð hætt að öðru leyti en því að greitt verður 0,5% umsýslugjald af innheimtum mörkuðum tekjum í ríkissjóð. Gjald þetta mun nema 43–45 m.kr. á ári.

1.3. Framkvæmdaátak.

Framkvæmdaátakinu í vegamálum, sem hófst árið 1995 og átti að standa til ársins 1999, mun ljúka á árinu 1998 enda er þá breytt um vinnubrögð við val verkefna og skiptingu fjár. Greiðslur til ríkissjóðs af láni vegna flýtinga framkvæmda á fyrstu árum átaksins munu þó ná til ársins 1999.

1.3.1. Frá mörkuðum stofnum.

Helmingur fjármagnsins, sem renna átti til framkvæmdaátaksins kemur frá mörkuðum tekjustofnum. Á árinu 1998 nemur þessi upphæð 360 m.kr.

1.3.2. Framlag úr ríkissjóði.

Hinn helmingur fjármagnsins kemur sem sérstakt framlag úr ríkissjóði til Vegagerðarinnar. Framlagið hefur numið 350 m.kr. á ári og mun svo einnig verða á árinu 1998.

1.3.3. Endurgreitt lánsfé.

Á fyrsta ári framkvæmdaátaksins voru fengnar 590 m.kr. að láni hjá ríkissjóði til að flýta framkvæmdum. Á árinu 1996 var lánið greitt niður um 50 m.kr. og er gert ráð fyrir sömu upphæð í afborgun á árinu 1997. Á árinu 1998 er hins vegar gert ráð fyrir því að greiða 210 m.kr. af láninu. Afganginn 280 m.kr. á að greiða á árinu 1999 en þess er getið undir sérstökum lið (1.4.4.) hér að neðan.

1.4. Lánsfé.

Á árinu 1998 er gert ráð fyrir að lántaka nettó verði um 370 m.kr. Á árunum 1999 til 2002 er hins vegar verið að endurgreiða lán; 460 m.kr. árið 1999, og síðan 80 m.kr. hvert ár um sig árið 2000, 2001 og 2002.

1.4.1. Vegna Skeiðarársands.

Á árinu 1997 fékk Vegagerðin 100 m.kr. lán úr ríkissjóði til að mæta hluta af kostnaði við lagfæringar vega á Skeiðarársandi. Lánið verður endurgreitt af vegafé á árinu 1999.

1.4.2. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga.

Útlit er fyrir að Hvalfjarðargöng verði opnuð skömmu eftir mitt ár 1998. Kostnaður við vegtengingar ganganna var áætlaður um 800 m.kr. Ákveðið var að helmingur þess kostnaðar skyldi greiðast af veggjaldi og því fjármagnaður með láni sem Spölur útvegaði. Var það fjármagn greitt til Vegagerðarinnar á árunum 1996 og 1997. Hinn helminginn, 400 m.kr., skyldi taka að láni úr ríkissjóði á árinu 1998 og endurgreiða af vegafé með jöfnum greiðslum á árunum 1999–2003 eða 80 m.kr. á ári.

1.4.3. Vinnulán nettó.

Þegar fjármögnun framkvæmdar nær yfir fleiri en eitt ár í vegáætlun er oft talið hagkvæmt að leyfa verktökum að vinna fyrir hærri upphæð en fjárveiting er til fyrir á fyrra/fyrsta árinu, og jafnvel að ljúka verkinu. Mismunurinn er þá fjármagnaður með vinnulánum, sem yfirleitt eru stutt lán, sem brúa bilið fram yfir áramótin þegar fjárveiting næsta árs er til reiðu.

Liður þessi er nýr og kemur til af því að nú er vegáætlun sett fram á rekstrargrunni. Hér birtist því mismunur greiddra vinnulána frá 1997 og tekinna vinnulána 1998. Eins og sjá má er gert ráð fyrir því að taka vinnulána á árinu verði 30 m.kr. lægri en greiðsla þeirra lána, sem tekin voru 1997. Í raun er erfitt að áætla vinnulán fram í tímann og ber að líta á þessa tölu í því ljósi. Um stöðu vinnulána á árunum 1999–2001 er erfitt að spá fyrir á þessum tímapunkti og er því gert ráð fyrir jafnvægi í greiðslum og tökum vinnulána þau árin.

1.4.4. Vegna framkvæmdaátaks.

Greiddar eru til ríkissjóðs 280 m.kr. á árinu 1999. Hér er um að ræða síðustu greiðslu af láni, sem tekið var vegna flýtingar framkvæmda á fyrsta ári framkvæmdaátaks í vegamálum. Átakinu lýkur formlega á árinu 1998 eins og áður er getið, því er þessi greiðsla sett undir kaflann um lánsfé.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1998–2002

2.1. Stjórn og undirbúningur.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdir þær, sem ráðist er í, eru stöðugt stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður var. Má í því dæmi nefna nýlegar reglur um mat á umhverfisáhrifum. Undirbúningur verkanna verður því tímafrekari og dýrari en áður var. Þá er stöðugt vaxandi þörf fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlit með þeim. Loks má nefna að auknar kröfur um upplýsingagjöf til vegfarenda leiða til vaxandi kostnaðar. Fjárveitingar til þessa liðar hafa verið of lágar undanfarin ár enda hafa þær lækkað frá því sem var á árunum í kringum 1990 (um 350 m.kr.), og er reiknað með því að þær hækki á síðari árum áætlunartímabilsins.

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, en undir það heyrir fjárreiðudeild sem sér um fjármál stofnunarinnar, bókhald og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, hagdeild sem sér m.a. um fjárhags- og rekstraráætlanagerð auk kostnaðareftirlits og lögfræði og starfsmannadeild, en undir hana heyrir, auk lögfræði og starfsmannamála, bókasafn og útgáfustarfsemi.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegagerðarstarfsmanna, sem hafa engan eða mjög lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda, var áður sérstakur liður í vegáætlun, en þar sem þeim aðilum, sem þiggja þessar greiðslur hefur fækkað mikið og kostnaður þar af leiðandi minnkað, eru eftirlaunagreiðslur nú felldar undir liðinn skrifstofukostnaður. Lagt er til að fjárveiting verði 141 m.kr. á árinu 1998 en vaxi í 158 m.kr. árið 1999, í 163 m.kr. árið 2000, í 170 m.kr. árið 2001 og í 173 m.kr. árið 2002.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verka, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim auk ýmiss konar rannsóknarstarfa. Ef unnið er við verk, sem hefur fjárveitingu samkvæmt vegáætlun færist kostnaðurinn á það. Verkefni, sem kostuð eru af þessum lið eru auk stjórnunarstarfa einkum hönnun verka, sem enn hafa ekki fjárveitingu samkvæmt vegáætlun svo og áætlanagerð svo sem gerð yfirlitsáætlunar, setning staðla og ýmsar rannsóknir.

Vegaeftirlit, upplýsingaþjónusta og umferðartalning falla undir þennan lið. Frá ársbyrjun 1994 hefur vegaeftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með þungaskatti, sem áður var í höndum fjármálaráðuneytisins. Þetta hefur leitt til aukins kostnaðar hjá vegaeftirlitinu, en árangur þessa aukna eftirlits er töluverður eins og áður er getið. Auk þess má geta að frá og með árinu 1996 annast vegaeftirlitið einnig eftirlit með ökuritum og að reglum um hvíldartíma ökumanna sé fylgt.

Lagt er til að fjárveiting til tæknilegs undirbúnings árið 1998 verði 145 m.kr., vaxi í 167 m.kr. árið 1999, í 172 m.kr. árið 2000, í 179 m.kr. árið 2001 og í 183 m.kr. árið 2002.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Viðhaldi þjóðvega er skipt niður á sama hátt og gert var við gerð vegáætlunar fyrir árin 1995–1998. Þá var tekinn upp liðurinn þéttbýlisvegir í kjölfar breytinga sem gerð var á vegalögum.

Þar eð töluverð óvissa var um fjárþörf til viðhalds og þjónustu þeirra þjóðvega sem töldust samkvæmt eldri vegalögum til vegflokksins þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum þótti rétt að hafa sérstakan lið fyrir þá.

Nú hefur fengist nokkur reynsla um fjárþörf og innbyrðis skiptingu þessa liðar og kemur til greina að skipta honum að einhverju eða öllu leyti upp og fella inn í aðra liði. Ekki er þó gerð tillaga um það að sinni.

2.2.1. Almenn þjónusta.

Áætlað hefur verið að fjárþörf til þjónustu vegakerfisins sé um 1.000–1.100 m.kr. á ári. Lagt er til að fjárveiting verði 890 m.kr. á árinu 1998, 970 m. kr. á árinu 1999, 990 m.kr. á árinu 2000, 1.010 m. kr á árinu 2001 og 1.030 m.kr. árinu 2002.

Almenn þjónusta tekur til þeirrar viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og vera þarf til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Verkefnum þessum er skipt í fjóra megin flokka, þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til vega og vegyfirborðs, til þjónustu brúa og annarra vegamannvirkja og til merkinga og vegbúnaðar.

2.2.1.1. Sameiginlegt.

Lagt er til að fjárveiting 1998 verði 244 m.kr. og verði varið til þess að greiða kostnað við ýmis sameiginleg og ófyrirséð verkefni svo og kostnað í umdæmum við stjórnun, upplýsingamiðlun og eftirlit með vegum auk margs annars sem hefur að markmiði að umferðin komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

Lagt er til að fjárveiting þessi hækki nokkuð með vaxandi umferð og verði 262 m.kr. 1999, 267 m.kr. 2000, 273 m.kr. 2001 og 275 m.kr. árið 2002.

2.2.1.2. Vegir og vegyfirborð.

Lagt er til að fjárveiting verði 350 m.kr. árið 1998 en helstu kostnaðarliðir eru viðgerðir á bundnum slitlögum og malarvegum, vegheflun, rykbinding, lagfæring á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á vegum.

Reiknað er með að fjárveiting þessi verði 376 m.kr. á árinu 1999, 375 m.kr. 2000, 383 m.kr. 2001 og 390 m.kr. árið 2002.

2.2.1.3. Brýr og önnur vegamannvirki.

Lagt er til að fjárveiting verði 46 m.kr. árið 1998 og verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, ristarhliðum og undirgöngum, stærri vegræsum og jarðgöngum, svo og vegskálum og öðrum hrun- og snjóflóðavörnum.

Fjárþörf til þessa liðar fer vaxandi og er lagt til að fjárveiting hækki í 52 m.kr. 1999, 56 m.kr. á árunum 2000 og 2001 og verði 60 m.kr. árið 2002.

2.2.1.4. Vegmerkingar og vegbúnaður.

Lagt er til að fjárveiting verði 250 m.kr. á árinu 1998 og verði varið til þess að greiða kostnað við lýsingu fram með vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum, yfirborðsmerkingar á vegum og byggingu og viðhald áningarstaða. Fjárþörf til þessara verkefna hefur vaxið verulega á undanförnum árum m.a. vegna aukinnar

lýsingar og vaxandi krafna um yfirborðsmerkingar. Lagt er til að fjárveiting þessi hækki í 280 m.kr. á árinu 1999, 292 m.kr. árið 2000, 298 m.kr. árið 2001 og 305 m.kr. árið 2002.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Lagt er til að fjárveiting til vetrarþjónustu verði 660 m.kr. á árinu 1998.

Vetrarþjónusta tekur auk snjómoksturs og hálkuvarnar til kostnaðar í umdæmum við eftirlit og upplýsingarþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkinga og öðru því er varðar öryggi vegfarandans að vetrarlagi. Kröfur til þessarar þjónustu fara ört vaxandi.

Lagt er til að fjárveiting verði 710 m.kr. á árinu 1999, 720 m.kr. 2000, 730 m.kr. 2001 og 740 m.kr. á árinu 2002. Ljóst er að teflt er á tæpasta vað með þessum fjárveitingum og má lítið útaf bregða til þess að fjárþörf verði mun meiri.

2.2.3. Viðhald.

Verkefni sem falla undir viðhald vega miða að því að varðveita verðmæti vegarins og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga sem honum er ætlaður.

Viðhald vega tekur til endurnýjunar bundinna slitlaga, endurnýjunar malarslitlaga, styrkinga og endurbóta, viðhalds brúa og varnargarða, öryggisaðgerða og vatnaskemmda. Með hliðsjón af núverandi ástandi er ljóst að ekki er unnt að fresta verulegum endurbótum og styrkingum á malarvegum og vegum með bundnu slitlagi þar til fé fæst til endurbyggingar. Slík verkefni verða því að falla undir viðhald.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð 2.000–2.100 m.kr. á ári. Hér er lagt til að fjárveitingar fari hækkandi frá 1.300 m.kr. 1998 í 1.625 m.kr. árið 2002 og nái á tímabilinu um það bil 75% af áætlaðri þörf.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga.

Viðhald bundinna slitlaga er mjög þýðingarmikið vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem liggja í bundnu slitlögunum. Frestun á yfirlögn getur á mjög skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu og skemmdum á burðarlagi. Þar sem á hverju ári bætist við bundnu slitlögin í vegakerfinu er þörf fyrir fé til viðhalds vaxandi. Hér þarf því að ná mestum hluta af áætlaðri þörf. Lagt er til að fjárveiting verði 531 m.kr. 1998 og hækki í 695 m.kr. árið 2001 eða í um 80% af áætlaðri þörf.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga.

Á rúmum helmingi þeirra 5.000 km af malarvegum sem teljast til stofn- og tengivega er slitlagið eldra en 10 ára sem er talinn hámarksendingartími malarslitlaga. Raunverulegt malarslitlag er því einungis á tæpum helmingi malarvega. Þörf til endurnýjunar malarslitlaga hefur verið metin 360 m.kr. á ári, en þar sem malarvegir styttast í takt við lengingu vega með bundnu slitlagi ætti þessi fjárþörf að fara minnkandi.

Lagt er til að fjárveiting verði 216 m.kr. árið 1998, 225 m.kr. 1999, 215 m.kr. 2000, 220 m.kr. árið 2001 og 225 m.kr. árið 2002. Fjárveiting er því aðeins um 60% af áætlaðri þörf.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur.

Á meðan unnið er að uppbyggingu vegakerfisins kemur stöðugt fram þörf fyrir styrkingar og lagfæringar sem ekki geta beðið þess að fjármagn fáist til endurbyggingar viðkomandi vegarkafla. Þörf fyrir styrkingu má oftast rekja til aukinnar umferðar þungra ökutækja, en einnig er um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot á burðarlagi vegarins. Uppbygging vega með

bundnu slitlagi hófst að verulegu marki fyrir um 20 árum og nú er að koma fram aukin þörf fyrir styrkingu þeirra. Bæði er um að ræða að endingartími burðarlaga er vart meiri en 20 ár og auk þess hefur leyfilegur ásþungi bifreiða verið aukinn frá þeim tíma. Hér er lagt til að þessari þörf verði mætt með hækkandi fjárveitingum frá 284 m.kr. 1998 í 345 m.kr. árið 2002. Þörf fyrir fjármagn til styrkinga vega með bundnu slitlagi hefur verið metin 400 m.kr. árið 1998 og að hún aukist um 20 m.kr. á ári. Fjárveitingar eru því rúmlega 70% af metinni þörf til styrkinga vega með bundnu slitlagi og er þá ekki tekið tillit til styrkinga malarvega.

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða.

Lagt er til að fjárveiting til viðhalds brúa og varnargarða verði 114 m.kr. 1998, 155 m.kr. 1999, 160 m.kr. 2000, 165 m.kr. árið 2001 og 170 m.kr. árið 2002.

Þetta er nokkur hækkun frá því sem verið hefur. Rúmlega helmingur brúa á þjóðvegakerfinu er byggður á árunum 1950–1970. Þessar brýr voru ekki byggðar fyrir þann umferðarhraða sem er í dag né þann þunga sem fer eftir vegakerfinu. Endurbygging þeirra miðar hægt og hafa fjárveitingar til viðhalds brúa ekki náð að halda í horfinu. Auk þess fer að koma að eðlilegu viðhaldi á nokkrum stórum mannvirkjum sem byggð voru eftir 1970.

2.2.3.5. Öryggisaðgerðir.

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi umferðarinnar. Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á hættulegum stöðum. Unnið er að framkvæmdaáætlun um fækkun slysa um 20% fram til ársins 2000. Með hliðsjón af því er lagt til að fjárveiting verði 62 m.kr. árið 1998, 70 m.kr. árið 1999, 75 m.kr. á árunum 2000 og 2001 og 80 m.kr á árinu 2002.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir.

Fjárþörf þessa liðar er eðlilega breytileg. Lagt er til að fjárveiting verði 93 m.kr. 1998, en 110 m.kr. 1999, 2000, 2001 og 2002.

2.2.4. Þéttbýlisvegir.

Með vegalögunum frá 1994 voru þjóðvegir í þéttbýli lagðir niður sem sérstakur vegflokkur, en þeir vegir sem töldust til flokksins falla nú að mestu undir stofnvegi og tengivegi. Fjárveitingar til þjóðvega í þéttbýli samkvæmt eldri lögum voru undir sérstökum lið og fóru að mestu til viðhalds og þjónustu og eiga því heima undir viðhaldi þjóðvega nú. Í flestum tilfellum hefur Vegagerðin samið um veghald þessara vega við viðkomandi sveitarfélög. Komið hefur í ljós að fjárþörf til þessa liðar er nokkru meiri en gert var ráð fyrir við gerð síðustu vegáætlunar.

Lagt er til að fjárveiting verði 340 m.kr. 1998, 370 m.kr. 1999, 380 m.kr. 2000 og 390 m.kr. árin 2001 og 2002. Eins og áður sagði kemur til greina að skipta þessum lið upp og fella undir aðra liði viðhalds og þjónustu.

Til nýrra framkvæmda.

Útgjöldum er skipt niður á vegflokka í samræmi við gildandi vegalög.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

Sundurliðun verkefnaflokka er í samræmi við gildandi vegáætlun fyrir árið 1998 og allar upphæðir þess árs óbreyttar. Þar á meðal er gert ráð fyrir að á árinu 1998 verði aflað 400 m.kr. lánsfjár til tengingar Hvalfjarðarganga og að lán þetta verði endurgreitt á árunum

1999– 2003. Lagt er til að á árunum 1999 og 2000 bætist við nýr liður, Þingvallahátíð, til að standa straum af nauðsynlegum breytingum og endurbótum á vegum og umferðarmannvirkjum vegna kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000.

2.3.1. Til stofnvega.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka verði eins og sýnt er á eftirfarandi töflu, sem einnig endurspeglar breytingar þær sem drepið var á í kafla 0. Inngangi. Samkvæmt því verður verkefnum samkvæmt liðnum stórverkefni fjölgað mjög og fjármagn jafnframt aukið. Við þetta fækkar verkefnum sem falla undir liðinn almenn verkefni og er lagt til að fjármagn til þess liðar minnki frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Lagt er til að fjárveiting á árinu 1998 verði óbreytt frá gildandi vegáætlun en síðan er lagt til að skilgreiningu verkefna verði breytt eins og lýst er í kafla 0.

	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
1. Almenn verkefni	751	400	450	450	450
2. Höfuðborgarsvæðið	548	865	1.050	1.070	1.070
3. Stórverkefni	586	1.373	1.655	1.690	1.690
4. Framkvæmdaátak	500	280	0	0	0
5. Skeiðarársandur	100	225	0	0	0
6. Þingvallahátíð	0	100	100	0	0

1. Almenn verkefni.

Eins og að framan var greint frá er lagt til að verkefnum samkvæmt þessum lið verði fækkað og fjárveitingar á árunum 1999 –2002 verði lægri en verið hefur. Lagt er til að fjárveitingum þessum verði skipt jafnt á milli kjördæmanna, annarra en höfuðborgarsvæðisins. Lagt er til að fjárveiting á árinu 1998 verði óbreytt frá gildandi vegáætlun.

2. Höfuðborgarsvæðið.

Hér er miðað við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamót Krýsuvíkurvegar) í suðri og til Mosfellsbæjar (vegamót Þingvallavegar) í norðri. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og ýmsar kostnaðarsamar aðgerðir aðkallandi. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest.

3. Stórverkefni.

Lagt er til að fjárveiting 1998 verði óbreytt frá gildandi vegáætlun, og er miðað við að skipting fjár á einstök verkefni verði það einnig. Frá og með 1999 koma til nýjar skilgreiningar verkefna eins og lýst er í kafla 0. Í tillögu að langtímaáætlun er lögð fram röðun verkefna á tímabil samkvæmt hinum nýju skilgreiningum.

Gert er ráð fyrir því að skipting fjárveitinga á ár til einstakra verkefna verði ákveðin við meðferð málsins á Alþingi.

4. Framkvæmdaátak.

Ríkisstjórnin ákvað við gerð vegáætlunar fyrir árin 1995–1998 að ráðast í sérstakt framkvæmdaátak í vegagerð. Lagt er til að fjárveiting á árinu 1998 verði í samræmi við

gildandi vegáætlun. Fjárveitingu á árinu 1999 verði varið til að greiða skuld sem stofnað var til árið 1995.

5. Skeiðarársandur.

Grímsvatnahlaupið mikla, sem kom í nóvember 1996 í kjölfar eldsumbrotanna í Vatnajökli, olli miklum skemmdum á vegum og brúm á Skeiðarársandi.

Kostnaður vegna skemmda á brúm verður að töluverðum hluta greiddur af Viðlagatryggingu en greiða þarf kostnað vegna viðgerða á vegum og varnargörðum af vegafé auk hluta brúarkostnaðar.

Áætlað er að sá kostnaður muni nema um 650 m.kr., þar af voru 150 m.kr. teknar í fjáraukalög 1996 og 175 m.kr. voru á vegáætlun og fjáraukalögum 1997. Hér er lagt til að þær 325 m.kr. sem á vantar verði greiddar af þessum lið, 100 m.kr. árið 1998 og 225 m.kr. árið 1999.

6. Þingvallahátíð.

Að undanförnu hefur starfað nefnd til undirbúnings kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000. Nefndin hefur skilað tillögum um ýmsar endurbætur sem gera þarf á samgöngukerfinu fyrir hátíðina ef ekki eigi að koma til vandræða fyrir umferð að og frá hátíðahöldunum.

Til að koma til móts við þessar tillögur er lagt til að varið verði 200 m.kr. til nauðsynlegustu endurbóta, 100 m.kr. árið 1999 og 100 m.kr. árið 2000. Mest af umræddum endurbótum er nauðsynlegt vegna hefðbundinnar umferðar utan þjóðhátíða

2.3.2. Til tengivega.

Lagt er til að fjárveiting til tengivega 1998 verði 355 m.kr. en hækki í 430 m.kr. síðasta ár tímabilsins, en fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið langt undir því sem vera þyrfti.

2.3.3. Til brúagerða.

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 160 m.kr. 1998, 190 m.kr.1999, 220 m.kr. árið 2000 og 240 m.kr. árin 2001 og 2002. Þessu til viðbótar koma fjárveitingar til brúagerða af liðunum stórverkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin skiptist eins og áður á milli brúa 10 m og lengri og til smábrúa. Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja hefur verið endurskoðuð til samræmis við reglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þegar ljóst að margar brýr á stofnvegum landsins þola ekki það álag sem þar um ræðir og hindra því samfellu í flutningakerfinu. Er sennilegt að auka verði af þessum sökum fjárveitingar til brúagerða verulega á næstu árum.

2.3.4. Til girðinga.

Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 34 m.kr. árið 1998 og hækki í 50 m.kr. árið 2002. Mikið er enn af ógreiddum girðingakröfum.

2.4. Til safnvega.

Safnvegir nú svara að mestu til sýsluvega áður og fjárveitingar svipaðar. Lagt er til að fjárveiting verði 177 m.kr. árið 1998 en fari síðan hækkandi í 230 m.kr. árið 2002.

2.5. Til landsvega.

Landsvegir svara til þeirra vega sem áður töldust aðalfjallvegir, nokkurra þeirra vega sem áður töldust til annarra fjallvega auk vega innan þjóðgarða og vega til nokkurra fjölsóttra ferðamannastaða.

Gert er ráð fyrir að viðhald og almenn þjónusta hluta þessara vega (þeirra vega sem opnir eru fyrir allri almennri umferð) verði greidd af lið 2.2. Veruleg þörf er á auknum fjárveitingum til þessa liðar vegna stóraukinnar umferðar ferðamanna.

Lagt er til að fjárveitingar verði 52 m.kr. árið 1998, 65 m.kr. árið 1999, 74 m.kr. árið 2000, 85 m.kr. árið 2001 og 90 m.kr. árið 2002.

2.6. Til styrkvega.

Hér er um ýmsa vegi að ræða sem áður gátu verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir, sbr. 16. gr. vegalaga.

Lagt er til að fjárveiting verði 25 m.kr. á ári fyrstu tvö ár áætlunarinnar en hækki í 30 m.kr. árið 2000 og í 35 m.kr. árin 2001 og 2002.

2.7. Til reiðvega.

Mikil þörf er á því að auka fjármagn til þessa liðar frá því sem verið hefur. Er lagt til að fjárveiting verði 22 m.kr. árið 1998 og hækki í 35 m.kr. árið 2002.

2.8. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er 1% af mörkuðum tekjum vegasjóðs í samræmi við 24. gr. vegalaga. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

2.9. Til flóabáta.

Frá og með vegáætlun 1993 hafa útgjöld ríkisins af ríkisstyrktum ferjum verið greidd af vegafé. Útgjöld þessi eru tvenns konar. Annars vegar er um að ræða beina rekstrarstyrki til viðkomandi rekstraraðila og er áætlað að þeir nemi um 215 m.kr. á ári. Hins vegar eru afborganir og vextir af lánum vegna kaupa á ferjunum. Allar ferjurnar þurfa á rekstrarstyrk að halda, mismiklum þó. Allar afborganir og vextir af ferjulánum eru greidd af Vegagerðinni.

Vegagerðin hefur unnið að ýmsum breytingum í ferjumálum, m.a. hefur ferjurekstur á einni leiðinni verið boðinn út. Við aðra rekstraraðila hafa verið gerðir rekstrarsamningar, og er þá yfirleitt um marksamninga að ræða. Stefnt er að því að bjóða út ferjurekstur á öllum ríkisstyrktum ferjuleiðum.

Vegagerðin hefur einnig unnið að því að ríkið taki við eignarhaldi á ferjunum og þeim lánum sem á þeim hvíla. Nú þegar hefur ríkið tekið við eignarhaldi á ferjunum, Sæfara og Herjólfi og á árinu 1998 er gert ráð fyrir því Baldur bætist í hópinn. Skipin eru síðan leigð til rekstraraðila.

Allt bendir til þess að Hvalfjarðargöng verði tekin í notkun skömmu eftir mitt ár 1998 og verður þá hætt að veita ríkisstyrki til Skallagríms hf., sem rekur Akraborg, en það var hluti af samningi Spalar og ríkisins. Ákveðið hefur verið að endurnýja Hríseyjarferjuna Sævar á árinu 1998. Kostnaður við smíði nýs skips er áætlaður 115 m.kr. Lagt hefur verið til að 20 m.kr. verði ráðstafað á fjáraukalögum 1997 af vegafé til þessarar framkvæmdar og kostnaðurinn að öðru leyti greiddur á áætlunartímabilinu.

Ferjuskuldir, sem nær allar eru í erlendum gjaldmiðlum, nema nú um 1.800 m.kr. ef miðað er við gengi í nóvember 1997. Mikill hluti skuldanna er í dollurum en hann hefur staðið mjög hátt undanfarið. Afborganir af þeim lánum, sem hvíla á núverandi ferjukosti ná til ársins 2007, ef gengið er út frá upphaflegum forsendum lánanna, og næmu afborganir og vextir um 350 m.kr. á árinu 1998.

Á árunum 1995–1997 var afborgunum, hvert árið um sig að fjárhæð 100 m.kr., frestað. Með breyttum vinnubrögðum við gerð vegáætlunar og langtímaáætlunar er áfram reiknað með frestun afborgana fyrstu fjögur ár þessarar vegáætlunar; um 119 m.kr. árið 1998, um 108 m.kr. árið 1999, um 99 m.kr. árið 2000 og um 19 m.kr. árið 2001. Frá og með árinu 2002 verður hins vegar farið að greiða hraðar af lánunum og því marki, að greiða niður síðustu lánin á árinu 2007, verður náð með áframhaldandi fjárveitingum af sömu stærðargráðu.

Miðað við áðurgreindar forsendur er lagt til að fjárveitingar til þessa liðar nemi 420 m.kr. árið 1998, 450 m.kr. árið 1999, 460 m.kr. árið 2000 og 480 m.kr. árin 2001 og 2002.

Framkvæmdir fyrir lánsfé.

Vegtengingar við Hvalfjarðargöng.

Leggja þarf nýja vegi til að tengja Hvalfjarðargöng við vegakerfi landsins, og eiga þeir að vera fullbúnir þegar göngin verða opnuð síðari hluta árs 1998. Alls á að leggja um 22 km af vegum, að mestu leyti norðan Hvalfjarðar, og er kostnaður áætlaður 800 m.kr. Helmingur fjárins, 400 m.kr., hefur þegar verið greiddur til Vegagerðarinnar. Hinn helmingurinn, 400 m.kr., kemur sem lán úr ríkissjóði 1998 og verður endurgreiddur á fimm árum, 1999–2003.

III. UM FLOKKUN VEGA

3.1. Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem tengivegur endar við bæ er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst safnvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.–01. eru sýndar í töfluformi vegalengdir hinna ýmsu vegflokka.

3.2.1. Stofnvegir.

Lagt er til að stofnvegir verði óbreyttir frá vegáætlun 1997–1998 að öðru leyti en því að [60]Vestfjarðavegur liggur nú yfir Gilsfjörð.

3.2.2. Tengivegir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum sem töldust tengivegir samkvæmt vegáætlun 1997–1998.

271 Árbæjarvegur: Af Hringvegi vestan Ytri-Rangár um Árbæ og Nónholt á Landveg hjá Köldukinn.

272 Bjallavegur: Af Árbæjarvegi á Nónholti um Bjalla á Landveg hjá Þúfu.
Hér er verið að gera tvo vegi úr einum, [271] Árbæjarvegi sem lengjast samtals um kaflann frá Nónholti að Landvegi hjá Köldukinn.

69 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Brunnár í Saurbæ um Holtahlíð að Garpsdalsvegi skammt innan Gilsfjarðarbrekku. (Þaðan er hann landsvegur yfir heiðina).
Lenging. Kaflinn var áður hluti af [60] Vestfjarðavegi í Gilsfirði.

602 Garpsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi um Garpsdal að Steinadalsvegi í botni Gilsfjarðar.
Nýtt nafn og númer. Kaflinn var áður hluti af [60] Vestfjarðavegi í Gilsfirði.

6009 Króksfjarðarnesvegur: Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi að Vogalandi.
Þrír bæir. Var áður safnvegur.

91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að verslunarhúsi.
Styttist lítillega, náði áður að bryggju í Hafnarkauptúni.

912 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár að Bakkafjarðarhöfn.
Nýtt nafn og númer.

3.3. Ferjuleiðir.

Lagt er til að ferjuleiðir verði óbreyttar frá vegáætlun 1997–1998.

Vakin er athygli á að fjárstuðningur við ferjuleiðina Reykjavík – Akranes fellur niður með tilkomu Hvalfjarðarganga og ferjuleiðin fellur út af vegáætlun.

Fylgiskjal 0.1.–01

Samanburður á rekstrargrunni og greiðslugrunni.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
Hlutdeild í ríkistekjum:		
Bensíngjald	5.128	5.123
Þungaskattur km-gjald	2.201	2.166
Þungaskattur árgjald	1.000	980
Markaðar tekjur:	**8.329**	**8.269**
Fært í ríkissjóð	-1.164	-1.164
Hlutdeild í ríkistekjum alls:	**7.165**	**7.105**
Greitt úr ríkissjóði:		
Framlag vegna framkvæmdaátaks	350	350
Lán í formi ríkisframl. v/Hvalfj.teng.	400	400
Endurgreitt lán v/framkv. átaks	-210	-210
Greitt úr ríkissjóði alls:	**540**	**540**
Ráðstafað til vegamála:	7.705	7.645
Viðskiptahreyfingar:		
Lækkun vinnulána	-30	-30
Mismunur rekstrar- og greiðslugrunns sem inneign hjá ríkissjóði:	60	
Viðskiptahreyfingar alls:	**-30**	**30**
Vegáætlun 1998 á rekstrargrunni:	**7.675**	**7.675**

Frá og með árinu 1998 er vegáætlun gerð á rekstrargrunni í samræmi við fjárlög. Mismunur á þessum aðferðum er einkum þessi:

Á tekjuhliðinni er með rekstrargrunni verið að skoða álagðar tekjur, en með greiðslugrunni er verið að skoða innheimtar tekjur.

Á gjaldahliðinni felst mismunurinn í töku vinnulána 1998 á móti greiðslu vinnulána sem tekin voru 1997.

Tölur rekstargrunns fyrir markaðar tekjur árið 1998 eru áætlaðar álagningartölur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1998. Bæði á það við um bensíngjald og þungaskatt. Álagningartímabil og innheimtutímabil í mörkuðum stofnum fara ekki saman og auk þess miðast álestrar- og álagningartímabil km-gjalds í þungaskatti ekki við áramót.

Þegar skipt er um uppgjörskerfi eins og nú er verið að gera í fjárlögum og vegáætlun þarf að gera upp skilin milli kerfanna. Yfirleitt er það gert á fyrsta ári nýs kerfis. þessi skil eru nokkuð flókin í mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar af áðurgreindum ástæðum. Mismunurinn felst í tekjum sem falla til árið 1997 en innheimtast ekki það ár. Hér er um að ræða bensíngjald desembermánaðar 1997 og km-gjald þungaskatts fyrir mánuðina október til desember 1997. þetta uppgjör milli kerfanna hefur ekki farið fram og er því ekki tekið með í tölum vegáætlunar.

Fskj. 2.3.01

Þjóðvegir 1. janúar 1997.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	618	993	509	686	2.806
Reykjanes	299	172	61	58	590
Vesturland	588	713	400	153	1.854
Vestfirðir	793	364	269	107	1.533
Norðurland vestra	410	631	365	219	1.625
Norðurland eystra	637	557	365	533	2.092
Austurland	921	482	368	347	2.118
Samtals	4.266	3.912	2.337	2.103	12.618

Fskj. 2.3.3.-01

Brýr á stofnvegum,
10 m og lengri.
Breidd brúa flokkuð eftir umferð.*
(Fjöldi brúa.)

Meðalumferð á dag (ÁDU)	6 m breiðar og breiðari	Mjórri en 6 m	Alls
0 – 100	1	75	76
101 – 500	34	175	209
501 – 1000	25	16	41
1001 – 2000	18	4	22
> 2000	20	0	20
Brýr í þéttbýli	14	3	17
Samtals	112	273	385

* Heimild: brúaskrá Vegagerðarinnar 1996.

677. Tillaga til þingsályktunar [379. mál]

um langtímaáætlun í vegagerð.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að á árunum 1999–2010 skuli aflað fjármagns til vegagerðar og því varið til framkvæmda í vegamálum samkvæmt langtímaáætlun eins og hér segir.

1. Áætlun um fjáröflun.

Fjárhæðir í m.kr. eru á áætluðu meðalverðlagi 1998, samkvæmt fjárlögum (vísitala vegagerðar 5700).

1. tímabil 1999–2002	35.297
2. tímabil 2003–2006	37.217
3. tímabil 2007–2010	38.839

2. Skipting útgjalda.

Fjárhæðir í m.kr.

	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil
2.1. Stjórn og undirbúningur	1.365	1.480	1.500
2.2. Viðhald þjóðvega:			
1. Almenn þjónusta	4.000	4.400	4.800
2. Vetrarþjónusta	2.900	3.100	3.200
3. Viðhald	6.255	6.847	7.859
4. Þéttbýlisvegir	1.530	1.650	1.700
2.3. Til nýrra þjóðvega:			
1. Stofnvegir:			
1. Almenn verkefni	1.750	1.800	1.800
2. Höfuðborgarsvæðið	4.055	4.280	4.280
3. Stórverkefni	6.408	6.760	6.760
4. Framkvæmdaátak	280	0	0
5. Skeiðarársandur	225	0	0
6. Þingvallahátíð	200	0	0
2. Tengivegir	1.640	1.790	1.800
3. Brúagerð	890	960	1.000
4. Girðingar	177	180	180
2.4. Til safnvega	850	950	950
2.5. Til landsvega	314	400	450
2.6. Til styrkvega	125	150	160
2.7. Til reiðvega	120	150	160
2.8. Til tilrauna	343	370	390
2.9. Til flóabáta	1.870	1.950	1.850
Samtals	35.297	37.217	38.839
Endurgreiðsla lánsfjár	-700	-80	
Samtals	34.597	37.137	38.839

3. Tillaga um skiptingu fjármagns til nýframkvæmda.

3.1. Almenn verkefni.

Lagt er til að fjármagni til almennra verkefna verði skipt jafnt á milli kjördæma annarra en höfuðborgarsvæðisins og skipting á einstök verkefni fari fram við gerð vegáætlunar.

3.2. Stórverkefni.

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Þjórsá	390		
Gilsfjörður	100		
Lagarfljót			410
Jökulsá í Lóni		330	
Brýr í Öræfum			290
Búlandshöfði	470		
Hvalfjarðartengingar	450	210	

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Ísafjarðardjúp	530	510	
Tenging Norður – Austurland	760	230	50
Hringvegur á Mývatnsheiði	90	120	
Hringvegur á Austurlandi	630	630	50
Stykkishólmsvegur, Vatnaheiði	210	160	
Snæfellsnesvegur um Kolgrafarfjörð		160	
Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svínadalur		270	230
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur		380	870
Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður	260	90	
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði	40		
Djúpvegur, Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök	150		
Hólmavíkurvegur eða Tröllatunguvegur			700
Siglufjarðarvegur	170		
Grenivíkurvegur	210		
Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn	510	800	1.290
Norðausturvegur, Hringvegur – Vopnafjörður	100	100	280
Lágheiði		510	170
Bræðratunguvegur (um Hvítá)		170	160
Laugarvatnsvegur	70		
Biskupstungnabraut	153	47	
Gjábakkavegur		330	
Þjórsárdalsvegur	60		
Þingvallavegur	130		
Hálsasveitarvegur að Húsafelli	40	110	
Djúpá, Hörgsá	110		60
Eyvindará	90		
Hólmsá á Mýrum	80		
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík	200	763	1.437
Hringvegur um Stafholtstungur		190	260
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði		420	
Breikkun brúa á Suðurlandi	115	130	255
Breikkun brúa á Vesturlandi	60		
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	190	60	
Jarðgangarannsóknir	40	40	40
Óráðstafað			208
Samtals:	6.408	6.760	6.760

3.3. Önnur verkefni.

Lagt er til að fjárveitingum til verkefna á höfuðborgarsvæðinu verði skipt á tímabil í langtímaáætlun með hliðstæðum hætti og fjárveitingum til stórverkefna. Ekki hefur unnist tími til að gera tillögur þar að lútandi, og er miðað við að þær tillögur verði lagðar fyrir samgöngunefnd við meðferð málsins á Alþingi.

Lagt er til að skipting fjármagns til einstakra verkefna annarra en framantalinna fari fram við gerð vegáætlunar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. Inngangur.

Hér er lögð fram tillaga að langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin 1999–2010. Tillagan byggir á því að vinnubrögðum við gerð vegáætlunar og langtímaáætlunar verði breytt. Breytingarnar varða einkum val verkefna á stofnvegum, röðun þeirra og úthlutun fjármagns til verkefnanna. Þá er einnig gert ráð fyrir breytingum og einföldun á tekjuhlið áætlananna.

Nefna má helstu rök fyrir því að fara nýjar leiðir við röðun verkefna og úthlutun fjár. Gildandi meginreglur um úthlutun fjár til stofnvega eru orðnar gamlar og hafa ekki tekið miklum breytingum í tímans rás. Hlutföll milli kjördæma hafa verið reiknuð út frá kostnaði, ástandi og arðsemi vega í framtíðarkerfi sem er svo umfangsmikið að jafnan tæki það upp undir 30 ár að ljúka verkefninu eins og það hefur verið skilgreint á hverjum tíma. Þegar litið er til svo langs tíma verður óvissa í skilgreiningu verkefnisins mjög mikil, hvað skuli tekið með og hverju sleppt. Ekki verður komist hjá misræmi milli kjördæma. Þessir vankantar komu ekki mikið að sök meðan vegakerfi landsins var í heild þurfandi fyrir úrbætur og kom þannig inn í dæmið. Eftir því sem vegakerfið hefur tekið framförum hafa gallar aðferðarinnar vaxið.

Á undanförnum árum hafa mjög vaxið kröfur um að frumþarfir byggðarlaga séu leystar, þ.e. vegur með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi tengi öll stærri þéttbýli landsins. Þá þarf að tengja betur saman nálæga þéttbýlisstaði til að auka samvinnu og samnýtingu. Enn fremur þarf vaxandi ferðaþjónusta á því að halda að bundið slitlag sé lagt á fjölförnustu ferðamannaleiðir. Loks verða kröfur um aukið umferðaröryggi sífellt háværari og hefur ríkisstjórnin mótað þá stefnu að fækka skuli umferðarslysum.

Framkvæmdir og verkefni.

Með hliðsjón af því sem er rakið hér á undan eru skilgreind framkvæmdamarkmið á vegakerfinu og verkefni sem falla að markmiðunum, verða þá viðfangsefni langtímaáætlunarinnar.

a. Ljúka Hringveginum með bundnu slitlagi og vegum af honum til þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri.
b. Tengja saman með uppbyggðum vegi nálæga byggðarkjarna með fleiri en 1.000 íbúa á hvorum stað (fjarlægð $\leq$ 80 km og stytting miðað við aðrar tengingar sem eru fyrir hendi $\geq$ 150 km).
c. Leggja bundið slitlag á mikilvægar ferðamannaleiðir með mikla umferð (sumarumferð $\geq$ 200 bílar á dag).
d. Endurbyggja brýr á helstu flutningaleiðum (Hringveginum og tengingum þéttbýla við hann) sem ekki þola fullan þunga (Evrópu-þunga).
e. Breikka vegi þar sem umferð er svo mikil að flutningsgeta og umferðaröryggi verða vandamál.
f. Endurbyggja kafla með mikla umferð ($\geq$ 500 bílar á dag) þar sem bundið slitlag var lagt á gamla vegi án endurbóta og reynst hafa hættulegir.
g. Breikka einbreiðar brýr á Hringveginum þar sem umferð er mikil ($\geq$ 400 bílar á dag).

Á meðfylgjandi skrá eru talin öll verkefni sem falla undir framkvæmdamarkmiðin og verður lokið við þau á tímabilinu samkvæmt áætluninni. Flest stórverkefni samkvæmt eldri

skilgreiningum eru á hinum nýja verkefnalista önnur en jarðgöng. Verkefni á höfuðborgarsvæðinu eru ekki tekin með hér. Þau hafa verið undir sérstökum lið, og er miðað við að svo verði áfram.

Verkefnalisti.
(v. = 5700)

A. Stórverkefni (samkvæmt eldri listum).

1. Brýr og fjarðarþveranir.

	Kostnaður m.kr.
Þjórsá	390
Gilsfjörður	100
Lagarfljót	410
Jökulsá í Lóni	330
Brýr í Öræfum	290
Samtals	1.520

2. Vegaverkefni.

	Kostnaður m.kr.
Búlandshöfði	470
Hvalfjarðartenging	660
Ísafjarðardjúp	1.040
Tenging Norður- og Austurlands	1.040
Samtals	3.210

B. Ný verkefni.

1. Bundið slitlag til allra þéttbýlisstaða ≥ 200 íbúa.

			Kostnaður m.kr.
a)	Hringvegur	Mývatnsheiði	210
	Hringvegur	Ógerðir kaflar á Austurlandi	1.310
b)	Stykkishólmsvegur	Vatnaheiði	370
c)	Snæfellsnesvegur	um Kolgrafarfjörð	160
d)	Vestfjarðavegur	Brattabrekka, Svínadalur	500
e)	Vestfjarðavegur	Bjarkarlundur – Flókalundur	1.250
f)	Barðastrandarvegur	Flókalundur – Patreksfjörður	350
g)	Vestfjarðavegur	um Gemlufallsheiði	40
h)	Djúpvegur	um Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök	150
i)	Hólmavíkurvegur eða Tröllatunguvegur		700
j)	Siglufjarðarvegur		170
k)	Grenivíkurvegur		210
l)	Norðausturvegur	Húsavík – Þórshöfn	2.600
m)	Norðausturvegur	Hringvegur –Vopnafjörður	480
		Samtals	8.500

2. Tenging nálægra byggðakjarna með fleiri en 1000 íbúa.

	Kostnaður m.kr.
a) Lágheiði	680
Samtals	680

3. Ferðamannaleiðir með mikla umferð.

	Kostnaður m.kr.
a) Bræðratunguvegur (um Hvítá)	330
b) Laugarvatnsvegur	70
c) Biskupstungnabraut	200
d) Gjábakkavegur	330
a) Þjórsárdalsvegur	60
f) Þingvallavegur	130
g) Hálsasveitarvegur að Húsafelli	150
Samtals	1.270

4. Endurbygging brúa, sem ekki þola fullan þunga.

	Kostnaður m.kr.
a) Djúpá og Hörgsá	170
b) Eyvindará	90
c) Hólmsá á Mýrum	80
Samtals	340

5. Breikkun vega með mikla umferð, til þess að auka umferðaröryggi.

		Kostnaður m.kr.
a) Reykjanesbraut	Hafnarfjörður-Keflavík	2.400
Samtals		2.400

6. Hættulegir kaflar.

		Kostnaður m.kr.
a) Hringvegur	um Stafholtstungur	450
b) Hringvegur	um Norðurárdal í Skagafirði	420
Samtals		870

7. Breikkun brúa á vegum með mikla umferð.

	Kostnaður m.kr.
a) Breikkun brúa á Suðurlandi	500
b) Breikkun brúa á Vesturlandi	60
c) Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	250
Samtals	810

Jarðgangarannsóknir	120

Yfirlit.

A. Stórverkefni (samkvæmt eldri listum).

	Kostnaður m.kr.
1. Brýr og fjarðarþveranir	1.520
2. Vegaverkefni	3.210
B. Ný verkefni.	
1. Bundið slitlag til allra þéttbýlisstaða ≥ 200 íbúa	8.500
2. Tenging nálægra byggðakjarna með fleiri en 1000 íbúa	680
3. Ferðamannaleiðir með mikla umferð	1.270
4. Endurbygging brúa sem ekki þola fullan þunga	340
5. Breikkun vega með mikla umferð, til þess að auka umferðaröryggi	2.400
6. Hættulegir kaflar	870
7. Breikkun brúa á vegum með mikla umferð	810
Jarðgangarannsóknir	120
Samtals	19.720

Meginforsenda við gerð langtímaáætlunar nú er að ljúka við þennan verkefnalista. Í áætluninni eru þessi verkefni flokkuð undir liðinn stórverkefni. Ekki verður gerð áætlun til svo langs tíma án þess að hafa nokkurt fé til að leysa önnur verkefni sem brýn eru eða koma upp á tímabilinu. Liðurinn almenn verkefni er ætlaður til þessa og nemur hann liðlega fjórðungi af fjárveitingu til stórverkefna.

Samtals er áætlað að rúmlega 25 milljörðum króna verði varið til stofnvega utan höfuðborgarsvæðisins á áætlunartímabilinu.

Í þessari áætlun er ekki fjallað um framkvæmdir við jarðgöng. Ef til slíkra framkvæmda kemur á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að það verði samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem einnig verði tekin afstaða til fjármögnunar. Ákveðið er að veita nokkurt fé til jarðgangarannsókna á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum. Er reiknað með 120 m.kr. alls á áætlunartímabilinu í þessi skyni.

Nokkrar stórbrýr og fjarðarþveranir, sem voru á lista yfir stórverkefni í tillögu að langtímaáætlun 1991–2002 (lögð fyrir Alþingi 1991), eru ekki á verkefnalistanum nú. Laxá í Kjós og Botnsvogur um Þyrilsey féllu niður í kjölfar ákvörðunar um Hvalfjarðargöng. Kostnaðartala fyrir Snæfellsnesveg um Kolgrafarfjörð miðast við að farið sé fyrir botn fjarðarins en ekki yfir hann. Sama á við um Vestfjarðaveg um Gufufjörð. Þá er brú á Skjálfandafljót á Norðausturvegi í Köldukinn talin geta dugað fram yfir áætlunartímann með miklu eftirliti og því ekki tekin með.

Fjárveitingar til höfuðborgarsvæðisins hækka í sömu hlutföllum og fé til stofnvega utan svæðisins og verða alls um 12,6 mia. kr. á áætlunartímabilinu.

Flestir aðrir liðir fara heldur vaxandi út tímabilið í samræmi við aukna umferð og vaxandi kröfur umferðarinnar.

0.1. Heildarfjármagn.

Í tillögunni er miðað við að markaðir tekjustofnar standi undir útgjöldum við langtímaáætlunina. Í því skyni er gert ráð fyrir að hætta millifærslum í ríkissjóð og einungis verði

greitt þangað umsýslugjald, 0,5% af mörkuðum tekjum. Þá er gert ráð fyrir að tekjustofnar hækki um 3,5% hinn 1. júní 1998 og í samræmi við verðlag eftir það, auk 2% hækkunar til viðbótar 1. júní 1999.

Miðað er við að tekjustofnar vaxi að raungildi á tímabilinu. Vöxtur á fyrsta tímabili er áætlaður 1,6% á ári, 1,2% á öðru tímabili og 1,0% á þriðja tímabili. Aukningin er í aðalatriðum í samræmi við spá um aukna umferð.

Nánari grein er gerð fyrir breytingum á tekjuöfluninni í athugasemdum við tillögu að vegáætlun.

0.2. Verðgrundvöllur áætlunarinnar.

Allar tölur í áætluninni eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1998 (vísitala vegagerðar 5700).

Gert er ráð fyrir að verðlagsgrundvöllur áætlunarinnar verði endurskoðaður við meðferð málsins á Alþingi og þá miðað við áætlað verðlag 1999.

0.3. Röðun verkefna og skipting fjár.

Áður var þess getið að verkefni samkvæmt verkefnalista eru skilgreind sem stórverkefni. Lögð er fram tillaga um röðun þessara verkefna á tímabil. Sú röðun byggist á því að núverandi reglur um hlutföll milli kjördæma verði lagðar niður (þ.e. reikniregla og regla um íbúatölu). Hlutfall milli kjördæma verður ekki fastbundið heldur breytilegt milli ára og tímabila. Skiptingin hefur það fyrst og fremst að leiðarljósi að ná megi heillegum áföngum og þar með góðri nýtingu fjár.

Til að skapa nokkurn sveigjanleika í áætlunina er miðað við að færa megi tímabundið til fjármagn allt að 200 m.kr. innan hvers kjördæmis á áætlunartímabilinu. Tilfærslan getur verið milli verkefna á verkefnalistanum, eða til og frá verkefnum á mikilvægum stofnvegum milli nálægra þéttbýlisstaða, sem ekki eru á listanum og falla því undir almenn verkefni.

Þess ber að geta að flest öll verkefni eru óhönnuð og því er fremur að ræða um mat á kostnaði en raunverulegar kostnaðaráætlanir. Reikna verður með að færa þurfi fé milli framkvæmda til að sjá við þessari óvissu.

Lagt er til að fjárveitingum til almennra verkefna verði skipt jafnt á öll kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins.

Lagt er til að fjárveitingum til verkefna á höfuðborgarsvæðinu verði skipt á tímabil í langtímaáætlun með hliðstæðum hætti og fjárveitingum til stórverkefna. Ekki hefur unnist tími til að gera tillögur þar að lútandi, og er miðað við að þær tillögur verði lagðar fyrir samgöngunefnd við meðferð málsins á Alþingi.

1. Áætlun um fjáröflun.

Fjármagn til vegagerðar samkvæmt langtímaáætlun þessari kemur alfarið frá mörkuðum tekjustofnum. Markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar eru sérstakt vörugjald af bensíni, svonefnt bensíngjald, og þungaskattur. Lög um vörugjald af olíu, nr. 120/1995, sem taka við af lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til Vegagerðar, eiga að taka gildi 1. janúar 1999. Ein af grundvallarforsendum fyrir upptöku olíugjaldsins var að nýja kerfið skilaði Vegagerðinni sömu tekjum og þungaskattskerfið hefði gert og er því í tekjuspá langtímaáætlunar reiknað með að svo verði.

Samkvæmt umferðarspá Vegagerðarinnar er árleg aukning umferðar á áætlunartímabilinu talin verða 1,0–1,6%, mest fyrstu árin. Gert er ráð fyrir að sú aukning skili sér beint í auknum tekjum af mörkuðum stofnum.

Gert er ráð fyrir að markaðar tekjur renni óskiptar til Vegagerðarinnar að frádregnu 0,5% umsýslugjaldi, sem rennur til ríkissjóðs.

Ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum framlögum úr ríkissjóði eða lántökum hjá ríkissjóði á langtímaáætlunartímabilinu. Aftur á móti er reiknað með endurgreiðslum til ríkissjóðs á lánsfé, einkum á fyrsta tímabili langtímaáætlunar. Gerð er grein fyrir þessum endurgreiðslum í skiptingu útgjalda.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár markaðra tekna hækki um 3,5% þann 1. júní 1998 og í samræmi við verðlag eftir það, auk 2% hækkunar til viðbótar þann 1. júní 1999.

Miðað við áðurgreindar forsendur verður fjármagn til Vegagerðar, samkvæmt langtímaáætlun þessari, sem hér segir:

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Markaðar tekjur:			
Bensíngjald	22.056	23.259	24.274
Þungaskattur/olíugjald	13.418	14.145	14.760
Umsýslugjald:			
0,5 % til ríkissjóðs	-177	-187	-195
Til vegagerðar	35.297	37.217	38.839

2. Skipting útgjalda.

Skipting útgjalda á fyrsta tímabili er í samræmi við tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1998–2002.

2.1. Stjórn og undirbúningur.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdir þær sem ráðist er í eru stöðugt stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður var. Má þar m.a. nefna umhverfismat sem nú þarf að gera fyrir mjög mörg verkefni og reynst hefur vera bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Undirbúningur verka tekur því bæði lengri tíma og verður dýrari en áður var. Þá er stöðugt vaxandi þörf fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlits með þeim. Fjárveiting til þessara verkefna hefur að undanförnu verið 280–300 m.kr. og hefur hvergi nærri verið nægileg. Nauðsynlegt er því að gera ráð fyrir því að hún vaxi tölulvert á áætlunartímabilinu.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Viðhaldi þjóðvega er nú skipt í fjóra meginflokka, þ.e. almenna þjónustu, vetrarþjónustu, viðhald vega og rekstur og viðhald þéttbýlisvega.

2.2.1. Almenn þjónusta.

Áætlað er að árleg fjárþörf vegna þjónustu sé nú um 1.000–1.100 m.kr. á ári og fari vaxandi. Nauðsynlegt er að fjármagn til þessara verkefna séu að mestu í samræmi við þörfina.

Almenn þjónusta afmarkast af þeirri viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og ætla má að

þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Verkefnum þessum er skipt í fjóra meginflokka, þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, sem m.a. tekur til lýsingar meðfram vegum, kantstika, áningarstaða, eftirlits með vegum og upplýsingamiðlunar til vegfarenda; til þjónustu malarvega sem tekur til vegheflunar, rykbindingar og annarra smærri viðgerðarverkefna á malarvegum; til þjónustu vega með bundnu slitlagi sem m.a. tekur til yfirborðsmerkinga, viðgerða á bundnum slitlögum og viðgerða á öxlum og annarra smærri viðgerðarverkefna á vegum með bundnum slitlögum; og til þjónustu á brúm og hliðstæðum mannvirkjum sem tekur til smærri viðgerðarverkefna sem snúa að umhirðu þessara mannvirkja.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Meðalkostnaður síðustu fimm ára við vetrarþjónustu hefur verið tæpar 700 m.kr. á ári.

Búast má við að kostnaður fari vaxandi með aukinni umferð og auknum kröfum vegfarenda.

Vetrarþjónusta tekur, auk snjómoksturs og hálkuvarnar, til eftirlits og upplýsingaþjónustu til vegfarenda, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkingum og öðru því er varðar öryggi vegfarandans að vetrarlagi.

2.2.3. Viðhald vega.

Viðhald miðar að því að varðveita verðmæti vegarins og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga sem honum er ætlaður.

Viðhald tekur m.a. til styrkingar vega og brúa, endurnýjunar slitlaga, bæði bundinna og malarslitlaga, svo og lagfæringa á hættustöðum og snjóastöðum. Með hliðsjón af núverandi ástandi vegakerfisins er ljóst að viðhaldið verður einnig að taka þátt í því að styrkja og bæta stóra hluta malarvegakerfisins, þar eð ekki er unnt að bíða eftir fjárveitingum af nýbyggingafé.

Til að sinna þessum verkefnum hefur verið metið að viðhald þyrfti að vera 2.000–2.100 m.kr. á ári. Þörfin fer vaxandi í takt við aukna umferð.

Í langtímáætlun þessari er lagt til að fjárveiting til þessa liðar verði á öðru tímabili rúmlega 80% af þörf og þyrfti að fara hækkandi.

2.2.4. Þéttbýlisvegir.

Með vegalögunum frá 1994 voru þjóðvegir í þéttbýli lagðir niður sem sérstakur vegflokkur. Nýframkvæmdir á þjóðvegum innan þéttbýlismarka eru nú taldar með öðrum nýbyggingum en undir þann lið sem hér er til umræðu fellur kostnaður við viðhald og rekstur þjóðvega inni í þéttbýli. Í flestum tilfellum er samið við viðkomandi þéttbýlissveitarfélag um að annast þessi mál að meira eða minna leyti. Kostnaður var áætlaður of lágur í upphafi og eru upphæðir þær sem lagðar eru til miðaðar við að færa fjárveitingar að raunkostnaði.

Af þessum lið er greiddur kostnaður við rekstur lýsingar, almenna þjónustu, vetrarþjónustu og viðhald á umræddum vegum.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

Þessi verkefni fá í sinn hlut rúmlega 40% heildarupphæðar. Þetta hlutfall hefur þó farið lækkandi á undanförnum árum, þar eð aðrir liðir og þá einkum þeir sem falla undir liðinn 2.2. og fjallað var um hér á undan taka til sín vaxandi hluta.

Einstakir liðir nýframkvæmda eru í samræmi við tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1998–2002 og þær tillögur sem lýst var í inngangi hér að framan. Fjármagn til almennra verkefna er áætlað nokkru lægra en verið hefur en á móti kemur að miklu að fleiri verkefni teljast nú til stórverkefna en áður og einnig er lagt til aukið fé til brúargerðar. Tillagan gerir ráð fyrir töluvert meira fjármagni til höfuðborgarsvæðisins en verið hefur og er við það miðað að aukningin sé hlutfallslega jafnmikil og aukning til almennra verkefna og stórverkefna samanlagt.

Lagt er til að fjármagni til almennra verkefna verði skipt jafnt milli kjördæma utan Reykjavíkur en gerð er grein fyrir tillögu um skiptingu fjármagns til stórverkefna í tillögunni hér að framan.

Lagt er til að fjárveitingar til tengivega hækki nokkuð en mikil þörf er á endurbótum á vegum í þeim vegflokki.

Mjög hefur skort á að undanförnu að endurbygging brúa gengi eins hratt fyrir sig og þörf er á. Er orðin mikil þörf á auknum framkvæmdum á því sviði, bæði af öryggissjónarmiðum (breikkun brúa) og til að auka burðarþol, en brýr eru allvíða orðnar hreinir þröskuldar í vegakerfinu. Er lagt til að aukið fjármagn renni til þessara framkvæmda á öðru og þriðja tímabili miðað við það sem verið hefur að undanförnu.

Gerð er tillaga um að auka fjármagn til girðinga nokkuð frá því sem nú er, enda þörfin ærin ekki síst eftir gildistöku nýju vegalaganna.

2.4. Til safnvega.

Flestir safnvegir töldust til sýsluvega samkvæmt eldri vegalögum en allmargir vegir eru nú einkavegir. Þörf er á að auka fjármagn til þessara vega frá því sem nú er.

2.5. Til landsvega.

Til þessa vegflokks teljast þeir vegir sem áður töldust aðalfjallvegir, allmikið af fjallvegum auk vega í þjóðgörðum og að fjölsóttum ferðamannastöðum. Mikil þörf er á auknu fjármagni til þessara vega.

2.6. Til styrkvega.

Til þessa vegflokks teljast vegir sem upp eru taldir í 16. gr. vegalaga. Lagt er til að fjármagn til þessara vega verði aukið nokkuð frá því, sem verið hefur þannig að komið verði að nokkru til móts við óskir þar um.

2.7. Til reiðvega.

Lagt er til að fjárveitingar til þessa liðar hækki töluvert frá því sem verið hefur. Þetta fjármagn hrekkur þó skammt miðað við fyrirliggjandi óskir. Einkum ætti að nota þessar fjárveitingar til þeirra reiðvega sem nauðsynlegt telst að liggi meðfram þjóðvegum.

2.8. Til tilrauna.

Fjármagn til þessa liðar er 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar í samræmi við vegalög.

2.9. Til flóabáta.

Þær upphæðir sem lagt er til að renni til þessa liðar eru í samræmi við áætlaðan kostnað við stofn- og rekstrarstyrki til ferja.

678. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. 5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	4,0	3,0	7,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*65,4*	*3,0*	*68,4*

Greinargerð.

Lagt er til að veita 3,0 millj. kr. til að koma upp hreinlætisaðstöðu í Jökulfjörðum, en þar er fjölfarið á sumrin af gangandi ferðamönnum á ferð um Hornstrandir.

679. Fyrirspurn [380. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjöldatakmarkanir við læknadeild Háskóla Íslands.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Telur ráðherra tímabært að rýmka aðgang að læknadeild Háskóla Íslands eða aflétta fjöldatakmörkunum (numerus clausus)?

680. Fyrirspurn [381. mál]

til menntamálaráðherra um fjöldatakmarkanir við læknadeild Háskóla Íslands.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða rök liggja til grundvallar fjöldatakmörkunum (numerus clausus) við læknadeild Háskóla Íslands?
2. Telur ráðherra tímabært að rýmka aðgang að deildinni eða aflétta fjöldatakmörkunum?

681. Fyrirspurn [382. mál]

til menntamálaráðherra um fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða deildir Háskóla Íslands beita fjöldatakmörkunum (numerus clausus)?
2. Hvernig er framkvæmd háttað?
3. Hversu margir eru teknir inn í viðkomandi námsbrautir?
4. Hversu margir þreyta að jafnaði „síupróf“ við þær?
5. Hversu margir þeirra sem ná í gegn hafa þreytt þau áður, og hversu oft?

Skriflegt svar óskast.

682. Fyrirspurn [383. mál]

til menntamálaráðherra um umsókn Friðar 2000 um leigu á skólahúsnæði í Reykholti.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hafa samningar náðst milli ráðuneytisins eða undirstofnana þess við samtökin Frið 2000 og erlenda samstarfsaðila um að leigja þeim skólahúsnæði í Reykholti í Borgarfirði til að setja þar á stofn alþjóðlegt friðarsetur?
2. Ef samningar hafa náðst, í hverju eru þeir fólgnir?
3. Hafi ekki verið samið, hver er ástæðan? Hver eru þá áform ráðuneytisins varðandi Reykholt?

683. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá Geir H. Haarde, Valgerði Sverrisdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. Við 7. gr. Liður 8.2 (kaup á dagblöðum o.fl.) falli brott.			
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	36,7	10,0	46,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*901,3*	*10,0*	*911,3*

3. Við **09-999 Ýmislegt**

a. 1.18 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka ..	123,2	6,8	130,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*543,4*	*6,8*	*550,2*

Greinargerð.

Lagt er til að liðurinn um heimild ríkisins til að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokka fyrir stofnanir ríkisins falli brott. Áætlaður kostnaður af liðnum er um 10 millj. kr. Liðurinn *Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka* er hækkaður um jafnháa fjárhæð. Jafnframt er lagt til að fé til útgáfumála hækki um 5,5% en fjárhæðin hefur staðið óbreytt í fjárlögum í tvö ár.

684. Svar [278. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um rannsóknarnefnd sjóslysa.

1. Hverjir sátu í rannsóknarnefnd sjóslysa árin 1991–96 og hverjir hafa gegnt þar formennsku?

Nefndarmenn rannsóknarnefndar sjóslysa.

	Nefndarmenn	*Formenn*
1991	Árni Árnason	Haraldur Blöndal/Ástráður Haraldsson
	Benedikt Guðmundsson	
	Filip Höskuldsson	
	Hannes Hafstein	
	Helgi Kristjánsson	
	Sigmar Sveinbjörnsson	
1992	Árni Árnason	Ástráður Haraldsson
	Benedikt Guðmundsson	
	Helgi Kristjánsson	
	Sigmar Sveinbjörnsson	
1993	Árni Árnason	Ragnhildur Hjaltadóttir
	Benedikt Guðmundsson	
	Helgi Kristjánsson	
	Ólafur Briem	
	Sigmar Sveinbjörnsson	
1994	Árni Árnason	Ragnhildur Hjaltadóttir
	Helgi Kristjánsson	
	Ólafur Briem	
	Sigmar Sveinbjörnsson	
1995	Árni Árnason	Ragnhildur Hjaltadóttir
	Helgi Kristjánsson	
	Hilmar Snorrason	
	Ólafur Briem	
	Ólafur Kristinsson	
	Sigmar Sveinbjörnsson	
1996	Árni Árnason	Ragnhildur Hjaltadóttir
	Hilmar Snorrason	
	Ólafur Briem	
	Ólafur Kristinsson	

2. *Hver hafa laun nefndarmanna og starfsmanna verið? Laun nefndarmanna óskast sundurliðuð eftir nefndarmönnum og formönnum.*

Laun nefndarmanna og starfsmanna (laun og launatengd gjöld).

Formenn	*1996*	*1995*	*1994*	*1993*	*1992*	*1991*	*Samtals*
Ragnhildur Hjaltadóttir	608.904	741.352	425.724	491.102	0	0	2.267.082
Ástráður Haraldsson	0	0	0	0	332.503	294.568	627.071
Haraldur Blöndal	0	0	0	0	0	115.693	115.693
							3.009.846
Nefndarmenn	*1996*	*1995*	*1994*	*1993*	*1992*	*1991*	*Samtals*
Árni Árnason	405.936	480.328	212.856	212.172	210.920	147.288	1.669.500
Hilmar Snorrason	405.936	177.432	0	0	0	0	583.368
Ólafur Briem	405.936	480.328	212.856	53.043	0	0	1.152.163
Ólafur Kristinsson	405.936	177.432	0	0	0	0	583.368
Helgi Kristjánsson	0	302.896	212.856	212.172	210.920	147.288	1.086.132
Sigmar Sveinbjörnsson	0	302.896	212.856	212.172	210.920	205.132	1.143.976
Benedikt Guðmundsson	0	0	0	106.086	210.920	205.132	522.138
Filip Höskuldsson	0	0	0	0	0	57.844	57.844
Hannes Hafstein	0	0	0	0	0	86.765	86.765
	1.623.744	1.921.312	851.424	795.645	843.680	849.449	6.885.254
	1996	*1995*	*1994*	*1993*	*19926*	*1991*	*Samtals*
Starfsmaður	3.540.835	3.286.970	2.766.404	2.594.633	2.817.029	2.748.827	17.754.698

3. *Hver hefur kostnaður af húsnæði nefndarinnar verið?*

Kostnaður við húsnæði nefndarinnar (húsaleiga).

1991	110.445
1992	116.066
1993	127.965
1994	129.336
1995	134.025
1996	80.170

4. *Hver hefur kostnaður af fundarhöldum, ferðum og uppihaldi nefndarinnar verið?*
5. *Hver hefur kostnaður af ferðum og uppihaldi starfsmanns sem hafa tengst sjóprófum og skráningu lögregluskýrslna víðs vegar um landið? Svar óskast sundurliðað eftir málum.*

Kostnaður við ferðir, fundahöld og uppihald.

	Fundir	*Ferðir*	*Uppihald*
1991	3.527	254.637	250.201
1992	84.297	334.620	498.778
1993	50.960	343.200	282.090
1994	144.592	505.187	332.626
1995	132.441	431.675	311.650
1996	81.675	810.400	482.050

6. *Hve miklu fé hefur verið varið til rannsókna sem Iðntæknistofnun, Neðansjávarmyndir o.fl. hafa framkvæmt að beiðni nefndarinnar? Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum og stofnunum.*

Rannsóknir gerðar af Iðntæknistofnun.

1991	355.307
1992	110.748
1993	67.790
1994	76.084
1995	416.067
1996	353.830

7. *Hve miklu fé hefur verið varið til tækjakaupa fyrir nefndina? Svar óskast sundurliðað eftir tækjum.*

Fé til tækjakaupa.

	Tölvu-búnaður	Síma- og fjarskipta-búnaður	Ýmis áhöld	Húsgögn	Sjónv.- og fjölmiðla-tæki	Skrifstofu-vélar	Eldhús- og ræstinga-tæki
1991	0	0	78.142	0	0	80.423	0
1992	0	0	0	0	0	0	0
1993	0	0	0	0	0	0	0
1994	28.200	0	71.016	57.381	309.386	0	0
1995	84.126	33.819	0	0	0	0	0
1996	48.145	71.854	0	0	0	0	0

8. *Hver hefur kostnaður verið af útgáfu skýrslna á vegum nefndarinnar?*

Kostnaður við útgáfu skýrslu nefndarinnar hefur verið greiddur af styrktaraðilum gegn birtingu styrktarlína.

685. Skýrsla [92. mál]

dómsmálaráðherra um rannsókn á störfum fíkniefnadeildar lögreglunnar, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Með beiðni (þskj. 92) ellefu þingmanna er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi sjálfstæða skýrslu um rannsókn sem fram fór í kjölfar umræðu á Alþingi um ásakanir á hendur lögreglu þess efnis að meintur fíkniefnasali starfaði í skjóli hennar. Var þess jafnframt farið á leit að ráðherra skilaði ítarlegri greinargerð og rökstuðningi um atriði sem talin voru upp í átta stafliðum.

Í skýrslu þessari verður gerð grein fyrir aðdraganda málsins, niðurstöðum þeirrar rannsóknar sem efnt var til og aðgerðum sem gripið hefur verið til í kjölfarið. Þá verður svarað sérstaklega þeim atriðum sem skýrslubeiðendur óska eftir ítarlegri greinargerð um og rökstuðningi við. Í skýrslunni er því óhjákvæmilega nokkuð um endurtekningar.

I.

Með bréfi dómsmálaráðherra til ríkissaksóknara, dags. 19. mars 1997, var óskað eftir því að fram færi opinber rannsókn á samskiptum lögreglunnar í Reykjavík og Franklíns Kristins Steiner. Markmið þeirrar rannsóknar yrði að staðreyna sannleiksgildi fullyrðinga um að Franklín Steiner stundaði umfangsmikil fíkniefnaviðskipti, sem varði við refsilög, með vitund og samþykki lögreglunnar. Með því yrði sannreynt hvort lögreglumenn hafi, einn eða fleiri, gerst sekir um brot í opinberu starfi eða eftir atvikum gerst brotlegir við refsilög.

Ríkissaksóknari svaraði þessu erindi með bréfi, dags. 20. mars 1997. Þar mælti ríkissaksóknari fyrir um opinbera rannsókn á fyrrgreindum sakarefnum með vísan til 1. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og var Rannsóknarlögreglu ríkisins falin sú rannsókn. Jafnframt lagði ríkissaksóknari til að skipaður yrði sérstakur rannsóknarlögreglustjóri til að annast stjórn þeirrar rannsóknar ásamt tilkvöddum aðstoðarmönnum, lögfræðingi og tveimur rannsóknarlögreglumönnum, með reynslu og þekkingu í rannsókn opinberra mála.

Með bréfi, dags. 23. mars 1997, var Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður settur rannsóknarlögreglustjóri til að fara með rannsókn málsins, í samræmi við tilmæli ríkissaksóknara. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 1. apríl 1997, var Atla Gíslasyni jafnframt falin rannsókn á sakarefnum í tengslum við viðtal og frétt í Vikublaðinu, 11. tbl., 6. árg., 24. mars 1997.

Settur rannsóknarlögreglustjóri skilaði niðurstöðum sínum til ríkissaksóknara með skýrslu, dags. 11. júní 1997. Skýrslunni og rannsóknargögnum er skipað í tólf kafla og fylgdu með skýrslunni tvær stórar skjalamöppur. Í bréfi setts rannsóknarlögreglustjóra til ríkissaksóknara, dags. 11. júní 1997, segir að rannsóknin hafi leitt í ljós að skipulagi lögreglunnar í Reykjavík gagnvart ávana- og fíkniefnadeild, yfirstjórn og starfsháttum deildarinnar sé um margt ábótavant. Umsjón og eftirlit með störfum deildarinnar sé ófullnægjandi. Lögreglufulltrúar deildarinnar, deildarlögfræðingar, aðstoðaryfirlögregluþjónar og yfirlögregluþjónar hafi ekki fylgt gildandi erindisbréfum og starfslýsingum í veigamiklum atriðum. Lögreglustjóri virðist ekki hafa haft vitneskju eða yfirsýn yfir stöðu mála og ekki beitt sér fyrir nauðsynlegum úrbótum. Af ferilsskýrslu Franklíns K. Steiner megi sjá að fyrir hafi legið margvíslegar upplýsingar um mikil umsvif hans sem fíkniefnasala og fíkniefnaneytanda það tímabil sem rannsóknin taki til, þ.e. frá ársbyrjun 1988 til ritunardags bréfsins. Mál hans hafi lítt verið rannsökuð eða ekki til hlítar. Tvö dæmi séu um rannsökuð mál, frá árinu 1988 og 1992, sem ekki hafi hlotið eðlilega framhaldsmeðferð. Þá eru í bréfinu rakin samskipti tveggja fyrrverandi lögreglufulltrúa í ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík við Franklín Steiner, og segir í bréfinu að þeir hafi verið á tilgreindum tímabilum í upplýsinga- og trúnaðarsambandi við hann, að því er virðist án heimildar eða vitundar yfirstjórnar. Í bréfinu segir síðan að rannsóknarhópurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að fullyrðingar í grein í Vikublaðinu, um að lögreglumenn væru á launaskrá eiturlyfjasala, ættu ekki við rök að styðjast. Í niðurlagi bréfsins kemur fram að sú háttsemi, sem nánar sé lýst í skýrslu rannsóknarhópsins og snúi að rannsókn á samskiptum lögreglunnar í Reykjavík og Franklíns Steiner o.fl., kunni að varða við XIV. kafla og 173. gr. a og 173. gr. b almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 og við lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974. Er í þessu sambandi einnig vísað til III. kafla almennra hegningarlaga. Þá segir að fullyrðingar, sem birtust í Vikublaðinu, kunni að varða við XXV. kafla almennra hegningarlaga.

Svo sem áður greinir afhenti settur rannsóknarlögreglustjóri ríkissaksóknara niðurstöður sínar 11. júní 1997, en dómsmálaráðuneytinu var afhent ljósrit af skýrslunni. Ríkissaksóknari sendi settum rannsóknarlögreglustjóra bréf, dags. 5. september 1997, þar sem komist er að

þeirri niðurstöðu að ekki sé tilefni til aðgerða af hálfu ákæruvalds, og fékk ráðuneytið jafnframt afrit af því bréfi. Bréf ríkissaksóknara er svohljóðandi:

„Ríkissaksóknara hefur borist skýrsla yðar, herra settur rannsóknarlögreglustjóri, ásamt rannsóknargögnum, sem fylgdu bréfi yðar, dagsettu 11. júní sl., varðandi það hvort lögreglumenn á vana- og fíkniefnadeildar við lögreglustjóraembættið í Reykjavík hafi, einn eða fleiri, gerst sekir um brot í opinberu starfi eða eftir atvikum gerst brotlegir við refsilög. Starfshópur hafði verið skipaður til að vinna að rannsókninni ásamt yður. Árétta ber að hlutverk ríkissaksóknara er hér sem í öðrum málum að ganga úr skugga um hvort það sem fram er komið við rannsóknina sé „nægilegt eða líklegt til sakfellis", sbr. 112. gr. laga nr. 19, 1991 um meðferð opinberra mála.

Þar sem tilefni lögregluarannsóknar þessarar er mjög sérstakt þykir rétt að gera nokkra grein fyrir tildrögum hennar eins og þau koma fram í gögnum málsins.

Aðaltilefnið virðist vera grein, sem birtist í marsmánuði sl. í 2. tbl. 14. árg. tímaritsins Mannlíf, þar sem fullyrt var að Franklín K. Steiner stundaði stórfelld fíkniefnaviðskipti í skjóli fíkniefnalögreglunnar. Þegar eftir útkomu blaðsins fóru fram á Alþingi umræður utan dagskrár um starfsaðferðir fíkniefnalögreglunnar. Fyrirspyrjandi tók m.a. svo til orða:

„Hins vegar er full ástæða til þess að Alþingi krefjist þess að fram fari rannsókn á því hvort þessar fullyrðingar eru réttar, þar sem um er að ræða starfsheiður manna og ekki síður vegna þess að sagt er þannig frá starfsaðferðum fíkniefnalögreglunnar að útilokað er fyrir Alþingi að láta sem vind um eyru þjóta."

Í framhaldi af þessum umræðum ritaði dómsmálaráðherra ríkissaksóknara bréf þann 19. mars sl. en þar segir:

„Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að beina því til yðar, herra ríkissaksóknari, að fram fari opinber rannsókn á samskiptum lögreglunnar í Reykjavík og Franklíns Kristins Steiner. Markmið þeirrar rannsóknar verði að staðreyna sannleiksgildi fullyrðingar um að Franklín Steiner stundi umfangsmikil fíkniefnaviðskipti sem varði við refsilög, með vitund og samþykki lögreglunnar. Með því verði sannreynt hvort lögreglumenn hafi, einn eða fleiri, gerst sekir um brot í opinberu starfi eða eftir atvikum gerst brotlegir við refsilög."

I.

Lögregluarannsóknin er mjög rækileg. Hún tekur einkum yfir tímabilið frá ársbyrjun 1988 til dagsins í dag. Yfirheyrðir voru alls 48 manns. Við rannsóknina var lögreglufulltrúunum Arnari Jenssyni og Birni Halldórssyni, sem rannsóknin sýnist einkum hafa beinst að, svo og 29 núverandi og fyrrverandi lögreglumönnum og 8 yfirmönnum lögreglunnar, öllum ákveðin réttarstaða grunaðra manna. Þá voru 8 vitni yfirheyrð, bæði sakaráberar og vitni er tengdust einstökum atriðum málsins og einn grunaður til viðbótar.

Í rannsókninni er fjallað um öflun upplýsinga, meðferð og vörslu fíkniefna, skipulag, starfslýsingar og starfsskiptingar í ávana- og fíkniefnadeildinni. Þá var aflað gagna frá öðrum stofnunum og leitað var í skjalasafni og skrifstofum ávana- og fíkniefnadeildar svo sem tilefni þótti til.

Ekki eru efni til að rekja hér í einstökum atriðum skýrslur þeirra sem yfirheyrðir voru, umfram þau tilvik er síðar verður sérstaklega vikið að. Í skýrslum lögreglumannanna er sú almenna niðurstaða að þeir viti ekki til þess að Franklín Kristinn Steiner hafi fengið óeðlilega fyrirgreiðslu eða afgreiðslu mála eða að þeir nefndu ein-

stök dæmi um það. Handtökur og húsleitir hjá honum hafi farið fram með eðlilegum hætti. Þeir kváðust yfirleitt ekki hafa annað fyrir sér um meintar uppljóstranir Franklíns Kristins en orðróm eða orðasveim. Tveir fyrrverandi lögreglumenn hjá ávana- og fíkniefnadeild hafa talið að meint upplýsingasamband lögreglufulltrúanna og Franklíns Kristins hafi hindrað rannsóknir hjá honum. Engin sérstök dæmi eru þó nefnd þar um. Fram kom hjá þriðja lögreglumanninum, þótt hann tæki óbeint í sama streng, að Björn og Arnar hefðu oftar en einu sinni nefnt að ekki ætti að láta Franklín Kristin í friði.

Svo er að sjá að ekki hafi verið full eining innan ávana- og fíkniefnadeildarinnar. Við skýrslutöku af lögfræðingi við embætti lögreglustjórans í Reykjavík varðandi ákveðið rannsóknarmál ræðir hann hiklaust um „höfuðóvini" Björns Halldórssonar og „óvildarmenn" hans. Eftir samhengi sínu verða þessi ummæli ekki öðruvísi skilin en svo að átt sé við menn innan lögreglunnar. Birni Halldórssyni virðist þetta ljóst og setur það í samband við að þeir hafi verið fluttir úr deildinni fyrir hans tilstilli. Kynni þetta að skýra þann óverulega mun sem er á milli framburða þeirra. Fyrrverandi deildarlögfræðingur ávana- og fíkniefnadeildar fann hjá sér hvöt, ekki aðspurður, við yfirheyrsluna, að taka fram og láta bóka sérstaklega að sér finnist „Björn Halldórsson hafa yfirburðaþekkingu á rannsóknum mála og vera afskaplega samviskusamur maður."

Höfundur greinarinnar í Mannlífi var kvaddur til skýrslugjafar sem vitni. Upplýsingar sínar kvað hann byggðar á mjög miklum fjölda trúnaðarsamtala við fólk, m.a. fólk sem stundar viðskipti með fíkniefni, menn úr fjölskyldu-, vina- og kunningjahópi Franklíns Kristins Steiner og við menn sem setið hafi með honum í fangelsi. Hann benti á og nafngreindi mann sem hann kvað lykilmann sinn í undirheiminum, sem hafi sína einkarannsókn á umsvifum Franklíns. Þá kvað hann annan lykilheimildarmann sinn úr því sem hann kysi að kalla „kerfinu". Hann kvað þetta vera embættismann sem hann vissi að gjörþekkti þessi mál, og hafi sá talið að menn væru „komnir langt út fyrir það sem lög leyfa". Hann kvaðst ekki undir nokkrum kringumstæðum gefa upp nafn þessa manns vegna stöðu hans í kerfinu.

Hinn nafngreindi lykilmaður, ásamt gæslufanga í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, sem hlotið hefur dóma fyrir fíkniefnaviðskipti, voru yfirheyrðir. Framburðir þeirra virðast gefa til kynna að undirrótin að andúð þeirra á Franklín Steiner sé reiptog milli aðila um fíkniefnamarkaðinn og að þeir telji Franklín hafa útvegað fíkniefnalögreglunni „fórnarlömb" eins og það er orðað.

Í umræðum utan dagskrár á Alþingi kom fram sakburður á hendur ávana- og fíkniefnadeildinni, sem þó var nokkuð óljós, um misbeitingu valds, jafnframt því að tekið var undir ásakanir í Mannlífsgreininni. Rannsóknarhópurinn leitaði til umræddra þingmanna um nánari skýringar og rökstuðning fyrir ásökununum. Í upplýsingaskýrslum lögreglumanna um þessi viðtöl kemur ekki fram neinn frekari rökstuðningur fyrir ásökununum þannig að á verði byggt. Renna þær því ekki stoðum undir lögregluranns óknina.

Lögregluranns óknir í fíkniefnamálum eru að sumu leyti sérstaks eðlis. Þær hljóta samkvæmt eðli máls að vera mjög nærgöngular, fela í sér líkamsleitir, innvortis sem útvortis, tíðar húsleitir, leitir í bifreiðum og skyggningar. Söfnun upplýsinga um fíkniefnamarkaðinn er undirstöðuatriði ef árangur á að nást. Eðlilega kemur því til árekstra við einstaklinga og verður það ekki um flúið.

Af öllum framangreindum rótum sýnist lögregluranns ókn þessi sprottin.

II.

Í skýrslu yðar er gerð grein fyrir almennu skipulagi og vinnubrögðum í ávana- og fíkniefnadeild. Þau stjórnunarlegu atriði er þar greinir falla ekki undir verksvið embættis ríkissaksóknara og verður því ekki tekin afstaða til þeirra hér. Ekki verður talið að þar sé um refsiverð brot að ræða.

Mál þetta snýst um uppljóstrun, hvort Franklín Kristinn Steiner hafi veitt ávana- og fíkniefnadeild upplýsingar um fíkniefnasala og þá sérstaklega hvort hann hafi fyrir þá sök fengið einhverja þá fyrirgreiðslu eða afgreiðslu sem deildinni var ekki heimilt að láta í té. Eins og áður segir hefur rannsóknin einkum beinst að lögreglufulltrúunum Arnari Jenssyni og Birni Halldórssyni.

Á grundvelli 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19, 1991 um meðferð opinberra mála, fylgir rannsóknargögnum greinargerð um rannsóknina, þar sem fram kemur samandregin lýsing á atriðum sem þér teljið ákæru geta beinst að. Verður að verulegu leyti við hana miðað hér á eftir varðandi einstök atriði.

Mál tengd Arnari Jenssyni.

Arnar Jensson var í starfi lögreglufulltrúa hjá ávana- og fíkniefnadeild frá 1. janúar 1985 til 20. september 1990. Aðgerðir deildarinnar á tímabilinu 14. maí 1986 þar til Franklín K. Steiner fór í afplánun 5. maí 1990, sem lauk 8. júní 1991, voru a.m.k. 8 húsleitir, líkamsleitir og nálega stöðug upplýsingasöfnun um starfsemi hans. Sumar upplýsingarnar virðast án efa vera úr fíkniefnaheiminum. Afleiðingar tveggja þessara aðgerða voru að Franklín Kristinn hlaut tvo fangelsisdóma í Hæstarétti og í héraði, samtals 29 mánuði.

„Furugrundarmálið", mál nr. 62-157-88.

Við rannsóknina kom fram mappa með máli merktu eins og að ofan greinir. Í möppunni er að finna afrit af framburðarskýrslum, úrskurðum, upplýsingaskýrslum o.fl., en skjöl virðist vanta í númeraröð gagnanna. Frumgögn málsins hafa ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Athugun leiddi í ljós að málið mun aldrei hafa verið sent til framhaldsmeðferðar. Í sambandi við mál þetta var nafn Franklíns nefnt og hann handtekinn og gerð húsleit á heimili hans að Furugrund 77 í Kópavogi 15. febrúar 1988. Hann viðurkenndi við yfirheyrslu daginn eftir að eiga þau 134 g af hassi auk 4 g amfetamíns sem þar fundust. Ferill málsins er færður í kæruskrá og um afdrif þess er greint í henni að það hafi verið „sent fulltrúa 22.12.1988". Arnar Jensson lögreglufulltrúi var erlendis u.þ.b. er málið var fullrannsakað. Sá sem færði kæruskrána kveðst hafa gengið frá málinu og sent það lögreglufulltrúa. Arnar synjar þvert fyrir að hafa lagt málið upp og kveðst ekki hafa hugmynd um hvað af frumritum þess hafi orðið og sagðist engar skýringar hafa á því að sakborningar í málinu hafi ekki hlotið refsingu. Hann segir það „alveg kristaltært að ég stakk þessu máli ekki undan". Vísar hann í þessu sambandi til starfslýsingar, en samkvæmt henni sé það í verkahring deildarlögfræðings að taka ákvörðun um framhald máls að rannsókn lokinni.

Ekki verður af rannsóknargögnum ráðið hver hafi orðið afdrif málsins. Væri hér um að ræða ásetningsbrot af hálfu lögreglufulltrúans, yfirmanns lögreglumannanna, hefur það líkurnar á móti sér að hann hefði skilið eftir ýmis gögn varðandi málið í fórum ávana- og fíkniefnadeildarinnar eins og raun er á hér. Þá sker áritunin frá 28.12.1988 ekki úr um það hvort málið hafi verið afhent lögreglufulltrúa eða löglærðum fulltrúa við embættið.

Með bréfi 12. júní sl. endursenduð þér lögreglustjóranum í Reykjavík afrit skjala málsins til ákvörðunar um framhald þess gagnvart sakborningum. Hinn 30. s.m. framsendi lögreglustjóri málið til ákvörðunar ríkissaksóknara, sem í dag hefur ákveðið að ekki verði gerðar kröfur um frekari aðgerðir á hendur sakborningum í málinu af hálfu ákværuvalds.

Svo sem málavextir eru fram komnir í lögregluranns ókninni þykir ekki líklegt að ákæra gæti leitt til áfellisdóma.

Mál nr. 62-118-89 og mál nr. 62-124-90.

Mál þessi eru sprottin af húsleitum á heimili Franklíns K. Steiner þann 28. júlí 1989 og 28. mars 1990. Tilefnið var það að hann var talinn hafa átt viðskipti með fíkniefni við þá er málum þessum tengdust. Ekkert er upplýst um að neitt hafi fundist eða bent til þeirra fíkniefnaviðskipta. Arnar heldur því fram að málin hafi verið eðlilega rannsökuð og fengið eðlilega meðferð. Ekki teljast efni til ákærugerðar af þessum tilefnum.

„Hegningarhússmálið", mál nr. 63-27-90.

Þetta mál er sprottið af því að 4. júní 1990 var Franklín tekinn með 2,6 g af hassi er hann var í vistun í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Arnar annaðist yfirheyrslur í málinu. Því lauk með agaviðurlögum fangelsisstjórnar.

Niðurstaða af framanrituðu um ætluð brot Arnars er sú að enginn efni séu til útgáfu ákæru. Jafnvel þótt talið yrði hugsanlegt að fella einhver atvik undir ákvæði XIV. kafla almennra hegningarlaga, þá væru slík brot löngu fyrnd. Ekki verður séð hvaða tilgangi rannsóknin þjónaði í refsiréttarlegu skyni.

Mál tengd Birni Halldórssyni.

Björn Halldórsson tók við starfi lögreglufulltrúa 14. september 1990 og hefur gegnt því síðan að undanskildu tímabilinu 1. september 1994 til 1. júní 1995. Frá 5. maí 1990 til 8. júlí 1991 afplánaði Franklín K. Steiner fangelsisrefsingu. Þá fékk hann reynslulausn til tveggja ára á 435 fangelsisdögum. Má ætla að hann hafi sýnt sérstaka varkárni vegna hennar. Stöðug upplýsingasöfnun sýnist hafa farið fram um hugsanlega fíkniefnastarfsemi Franklíns K. Steiner og þeirra aðila er álitnir voru tengjast honum. Telja má nokkuð víst að verulegur hluti upplýsinganna sé kominn fram vegna uppljóstrana frá samkeppnisaðilum Franklíns á fíkniefnamarkaðinum. Annað áðurgreindra vitna úr „undirheimunum" hefur greint frá því að það sé „ekkert mál að taka á þessu máli, það þarf ekki annað en handtaka hann (FKS) þegar hann sé að fara að heiman frá sér, hann er oftast með efni á sér". Vitnið taldi einnig að Franklín hefði ætíð nægar birgðir af fíkniefnum og væri meðal annars með efni heima hjá sér. Einnig taldi vitnið hann hafa þar talstöð sem hann gat notað til að hlusta á samskipti lögreglu í fjarskiptakerfinu. Á vana- og fíkniefnadeild hafa borist upplýsingar sem tilgreindar eru í rannsóknargögnum um vitni þetta, frá aðilum sem telja að það sé mjög virkur sölumaður á stórum skömmtum. Það muni líka höndla mikið með þýfi. Franklín muni hafi komið til þess að undanförnu. Það hafi komið við sögu brotamála. Um reynslu og viðhorf lögreglu í skýrslu hennar frá í mars 1989 segir að starfsmenn ávana- og fíkniefnadeildar hafi undanfarið reynt að afla eins mikilla upplýsinga um Franklín og ferðir hans og nokkur kostur var. Hann sé afar var um sig og borin von að unnt verði

að hafa hendur í hári hans með hefðbundnum aðferðum. Hann berist ekki á svo grunsemdum valdi, eigi ekki peninga á bankareikningum, geri öll viðskipti sín undir fjögur augu og á vallt í reiðufé. Enn fremur segir í skýrslu rannsóknarlögreglumanns:

„*Aðilar í fíkniefnaheiminum hér á landi sem og erlendis vinna eins og lögregla. Þeir safna upplýsingum um okkur og okkar vinnubrögð eins og við söfnum upplýsingum um þá. Þeir skiptast á upplýsingum og vita nánast allt um okkur. Bifreiðar, vinnutíma, heimilisföng deildarmanna, fjölskyldur deildarmanna og fleira.*“

Á tímanum frá því Franklín fékk reynslulausnina verður af gögnum rannsóknarinnar ekki annað ráðið en stöðug eftirgrennslan og upplýsingasöfnun hafi verið í gangi varðandi ætlaða ólögmæta starfsemi hans með leitum og handtökum svo sem tilefni þóttu vera til af hálfu lögreglu. Hitt er svo annað mál að það er aðeins á færi rannsóknarmanna sjálfra að dæma á grundvelli þeirra heildarupplýsinga, sem fyrir hendi eru, hvenær tækifæri sé til aðgerða. Það var síðan 13. apríl 1996 að Franklín var handtekinn með fíkniefni, og lauk því máli svo í héraðsdómi að hann var dæmdur í fangelsi í 25 mánuði.

„Tunguvegsmálið“.

Þann 15. apríl 1992 var Franklín handtekinn með fíkniefni af lögreglumönnum úr almennri deild lögreglunnar. Málið finnst ekki í kæruskrá ávana- og fíkniefnadeildar og verður ekki séð hvort eða hvaða framhaldsmeðferð það hefur fengið. Hvorki finnast í málinu afrit né frumgögn önnur en húsleitarúrskurður og ljósrit efnaskrár nr. 3170. Hún sýnir kannabis 0,6 g og amfetamín 2,2 g og er dagsett 21. apríl 1992. Í eyðingarskrá, sem dagsett er 22. júní 1993, stendur „3170 EYÐING./. LAGT UPP. BH.“ Meðal rannsóknargagnanna eru þrjár eyðingarskrár, sem eru skýrslur og listar á nálægt 40 blaðsíðum. Númer sýnis er staðfest með upphafsstöfum lögreglumanns, deildarlögfræðings eða beggja. Eyðingin fer framundir eftirliti Lyfjaeftirlits ríkisins. Lögreglumennirnir sem að handtökunni stóðu telja að skráin geti verið úr umræddu máli, segjast ekkert vita um framhald þess en reikna með því að málinu hefði verið lokið með lögreglustjórasátt þar sem ekki hafi verið um meira magn að ræða og sé það í samræmi við afgreiðslu svipaðra mála.

Björn Halldórsson telur að mál af þessari stærðargráðu hefði farið í sektarmeðferð. Hann kannaðist við skrána og taldi sig muna eftir handtökuskýrslu, húsleitarskýrslu og yfirheyrsluskýrslu í þessu máli. Áritunina (vélrituð) á eyðingarlistann kvað hann benda til þess að hann hafi lagt málið upp en það sé ekki víst, það geti líka hafa verið með samþykki deildarlögfræðings.

Eins og að framan greinir vantar flest gögn í málið til að fá viðhlítandi hugmynd um málavexti. Þykir því ekki unnt að staðhæfa að Björn hafi komið með ólögmætum hætti að málinu. Telst ákæra á hendur honum ekki líkleg til sakfellis.

„Kópavogsmálið“, mál nr. 37-1996-1136.

Þetta varðar húsleit og handtöku Franklíns K. Steiner þann 13. apríl 1996 og eftirfarandi héraðsdóm. Rannsókn virðist hafa verið lokið 30. apríl sama ár en málið hafi ekki verið framsent ríkissaksóknara fyrr en með bréfi dagsettu 9. október 1996. Lögreglufulltrúi gefur þá skýringu á þessum drætti að rannsókninni hafi ekki verið lokið þegar málið fór úr hans höndum og tilgreinir ástæður. Hvað sem því kann að líða er ljóst að dráttur sá er um ræðir gefur engin tilefni til refsiréttarlegra aðgerða.

III.

Mál varðandi reynslulausn og byssuleyfi.

Að því er fundið að lögreglufulltrúarnir, Arnar og Björn, hafi gengið „erinda Franklíns K. Steiner". Er í því sambandi nefnt að því er hinn fyrrnefnda varðar að hann hafi, ásamt yfirlögfræðingi í lögreglustjóraembættisins, borið fram tilmæli um að orðið yrði við óskum Franklíns um reynslulausn á helmingi dæmds refsitíma, þegar hann var í afplánun 1990–1991. Samkvæmt þágildandi reglugerð nr. 569/1988 um upphaf og lok fangavistar, annaðist Fangelsismálastofnun að fenginni umsögn fullnustunefndar, veitingu reynslulausnar, sbr. 3. og 4. gr. greindrar reglugerðar, sbr. 40. gr. alm. hgl. Að því er hinn síðarnefnda varðar er um að ræða meðmæli hans með umsókn Franklíns K. Steiner um skotvopnaleyfi á árinu 1994. Ekki er vitað til að þeir hafi fengið aðfinnslur yfirboðara sinna vegna framangreinds. Fjarri fer að um refsiverða háttsemi hafi verið að ræða og skiptir hér ekki máli hvernig menn kunna að líta á það að öðru leyti.

Greiðslur fyrir upplýsingar.

Meðal rannsóknargagna er skrá yfir greiðslu fyrir upplýsingar frá því 30. apríl 1982 til 4. apríl 1997. Nema greiðslurnar á tímabilinu samtals 342.300 kr. Jafnframt fylgja skránni ljósrit fylgiskjala, sem öll eru árituð af yfirmanni hjá lögreglu og að jafnaði af lögreglustjóra. Hér má vísa til reglna um greiðslur til vitna hvort heldur þau mæta fyrir dómi eða lögreglu. Ekki er ástæða til að fjalla frekar um þetta atriði.

Önnur atriði.

Sú regla hefur verið talin gilda að lögreglumönnum beri að hefja rannsókn af sjálfsdáðum liggi fyrir rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi og framkvæma hvað eina er horfir til glöggvunar á málavöxtum og lög leyfa. Lögreglumanni ber þannig að afla upplýsinga um brot og taka við upplýsingum sem fram eru bornar. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt þær kunni að vera veittar af afbrotamanni. Lögreglufulltrúarnir, Arnar og Björn, neituðu við lögregluransóknina að gefa upp nöfn þeirra er veitt höfðu þeim upplýsingar í trúnaði. Var þeim það bæði rétt og skylt, m.a. samkvæmt dómi Hæstaréttar 1985 bls. 1436 í fíkniefnamáli, þar sem vitni þótti eigi verða skyldað til að rjúfa slíkan trúnað en dómari mæti hins vegar hvort upplýsingarnar gætu talist sönnunargögn gegn ákærða við úrlausn máls.

Við lögregluransóknina athugast að eins og krafan um hana lá fyrir þá voru ekki efni til að boða lögregluliðið ásamt yfirmönnum þess, um 40 manns, og fá þeim réttarstöðu sakaðra manna, án þess að skýra fyrir hverjum og einum hvað hann hefði til saka unnið. Rétt hefði verið áður en til þess kom að kanna heimildir greinarinnar í Mannlífi og grundvöll þess sakaráburðar sem fram var fluttur við utandagskrárumræðuna á Alþingi, svo ljóst væri hvort rökstuddur grunur væri fyrir hendi og uppfyllt væru skilyrði 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991."

Hinn 11. september 1997 barst ráðuneytinu bréf ríkissaksóknara, dagsett sama dag. Þar segir að embætti ríkissaksóknara vilji í framhaldi af afgreiðslu embættisins á lögregluransókn setts rannsóknarlögreglustjóra taka eftirfarandi fram:

„Í skýrslu hans um rannsóknina, bls. 7–14, er fjallað almennt um skipulag ávana- og fíkniefnadeildar og niðurstaða dregin saman á bls. 14.

Bréf setts rannsóknarlögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. 77. gr. oml. er dagsett 11. júní sl., en þar segir svo:

„Rannsóknin leiðir í ljós að skipulagi lögreglunnar í Reykjavík gagnvart ávana- og fíkniefnadeild, yfirstjórn og starfsháttum deildarinnar er um margt ábótavant. Umsjón og eftirlit með störfum deildarinnar er ófullnægjandi. Lögreglufullrúar deildarinnar, deildarlögfræðingar, aðstoðaryfirlögregluþjónar og yfirlögregluþjónar hafa ekki fylgt gildandi erindisbréfum og starfslýsingum í veigamiklum atriðum. Lögreglustjóri virðist ekki hafa haft vitneskju um eða yfirsýn yfir stöðu mála og ekki beitt sér fyrir nauðsynlegum úrbótum.“

Af þessari tilvitnun ásamt niðurstöðu kaflans um skipulag er ljóst að hann varðar almennt skipulag deildarinnar til skýringar á þeim meintu sakarefnum, sem síðar er um fjallað í skýrslunni. Vegna þessa þótti ákæra á grundvelli þeirra ágalla sem lýst er ekki líklega til sakfellingar. Er þá sérstaklega litið til XIV. kafla almennra hegningarlaga og fyrningarreglna, 81. gr., ef sök teldist vera fyrir hendi.

Embætti ríkissaksóknara vill taka skýrt fram að utan verksviðs þess séu afskipti af skipulagi og stjórn einstakra lögreglustjóraembætta. Reglan í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 74, 1974: „Hann (ríkissaksóknari) kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit,“ var ekki tekin í lög nr. 19, 1991, sbr. einnig handbók um meðferð opinberra mála, gr. 3.1.4, um önnur verkefni ríkissaksóknara, bls. 158. Nú tekur 4. gr. lögreglulaga skýrlega af skarið um þetta, sbr. 5. gr. þeirra. Heimild ríkissaksóknara til að krefjast sérstakra rannsóknaraðgerða varðar aðeins „einstök mál“, sbr. 5. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 77. gr. oml.

Með tilvísun til þess sem að framan er ritað telur embættið rétt og nauðsynlegt að kynna dómsmálaráðuneytinu þá ákvörðun sína að hefja ekki saksókn á grundvelli kaflans um skipulag ávana- og fíkniefnadeildar á bls. 7–14 í lögregluskýrslunni. Jafnframt eru ákvæði 26. gr. laganna um meðferð opinberra mála höfð í huga.“

Með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík til dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. september 1997, er komið á framfæri athugasemdum og upplýsingum í ljósi athugasemda, sem fram koma í rannsóknarskýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra um skipulag, stjórnun og boðleiðir innan og utan ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, þar sem skýrslan gefi ekki rétta mynd af rekstri deildarinnar á framangreindu tímabili. Athugasemdunum er komið á framfæri við ráðuneytið í formi bráðabirgðaskýrslu lögreglustjórans í Reykjavík til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í bréfi lögreglustjóra segir jafnframt að hann muni fljótlega óska eftir því við ríkissaksóknara að fá afhent afrit allra gagna rannsóknarinnar, og í framhaldi af því muni lögreglustjóri taka saman endanlega skýrslu.

Í kjölfar beiðni um skýrslu þessa var ríkissaksóknara ritað bréf, dags. 21. október 1997, þar sem m.a. var óskað eftir afstöðu hans til birtingar í heild eða að hluta á skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra. Ríkissaksóknari svaraði ráðuneytinu með bréfi dags. 5. nóvember 1997. Þar segir svo um þetta atriði:

„Það hefur ekki tíðkast að gera lögreglurannsókn opinbera nema í þeim tilfellum ef til ákæru kemur og þá við þingfestingu hins opinbera máls. Nýju lögin um upplýsingaskyldu stjórnvalda, nr. 50, 1996, breyta þessu ekki, heldur undanþiggja þær birtingu berum orðum í 1. mgr. 2. gr. Fréttamenn fjölmiðla hafa óskað eftir skýrslunni til birtingar og skoðunar en því hefur verið synjað. Þykir engin heimild til að hverfa frá þeirri synjun þótt í hlut eigi alþingismenn.“

II.

Verður nú vikið að þeim atriðum sem sérstaklega er óskað eftir að gerð verði grein fyrir í beiðni skýrslubeiðenda.

a. Hvað leiddi rannsóknin í ljós um stjórnskipulag lögreglunnar í Reykjavík og starfshætti fíkniefnadeildarinnar? Uppfyllti skipulag stofnunarinnar þær kröfur sem gera má til slíkrar stofnunar? Hefur ráðherra með einhverjum hætti brugðist við niðurstöðu skýrslunnar og þá hvernig?

Í fyrrgreindu bréfi ríkissaksóknara, dags. 5. september 1997, til setts rannsóknarlögreglustjóra segir að í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra sé gerð grein fyrir almennu skipulagi og vinnubrögðum í ávana- og fíkniefnadeild. Síðan segir: „Þau stjórnunarlegu atriði er þar greinir falla ekki undir verksvið embættis ríkissaksóknara og verður því ekki tekin afstaða til þeirra hér. Ekki verður talið að þar sé um refsiverð brot að ræða."

Í bréfi setts rannsóknarlögreglustjóra til ríkissaksóknara, dags. 11. júní 1997, segir um skipulag lögreglunnar í Reykjavík:

> „Rannsóknin leiðir í ljós að skipulagi lögreglunnar í Reykjavík gagnvart ávana- og fíkniefnadeild, yfirstjórn og starfsháttum deildarinnar er um margt ábótavant. Umsjón og eftirlit með störfum deildarinnar er ófullnægjandi. Lögreglufulltrúar deildarinnar, deildarlögfræðingar, aðstoðaryfirlögregluþjónar og yfirlögregluþjónar hafa ekki fylgt gildandi erindisbréfum og starfslýsingum í veigamiklum atriðum. Lögreglustjóri virðist ekki hafa haft vitneskju um eða yfirsýn yfir stöðu mála og ekki beitt sér fyrir nauðsynlegum úrbótum."

Svo sem þegar er rakið sá ríkissaksóknari ástæðu til að senda ráðuneytinu bréf, dags. 11. september 1997, þar sem framangreind ummæli í bréfi setts rannsóknarlögreglustjóra eru gerð að umtalsefni. Fram kom í því bréfi að hann taldi að ákæra á grundvelli þeirra ágalla sem að framan er lýst væri ekki líkleg til sakfellingar. Sagði jafnframt að það væri utan verksviðs embættis ríkissaksóknara að hafa afskipti af skipulagi og stjórn einstakra lögreglustjóraembætta. Lögreglustjórinn í Reykjavík ritaði ráðuneytinu bréf, dags. 17. september 1997, þar sem hann kom á framfæri athugasemdum og upplýsingum í ljósi athugasemda, sem fram koma í rannsóknarskýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra. Taldi lögreglustjórinn í Reykjavík að skýrslan gæfi ekki rétta mynd af rekstri ávana- og fíkniefnadeildar tímabilið 1988–97. Með bréfinu fylgdi bráðabirgðaskýrsla lögreglustjórans í Reykjavík vegna skipulagskafla rannsóknarskýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra. Í bréfi lögreglustjórans í Reykjavík segir síðan:

> „Ég mun fljótlega óska eftir því við ríkissaksóknara að hann afhendi mér afrit allra gagna rannsóknarinnar, og mun í framhaldi af því taka saman endanlega skýrslu. Það er miður að Atli Gíslason skyldi ekki gefa embættinu kost á að koma að athugasemdum við skýrsluna áður en hann sendi ríkissaksóknara hana en þannig hefði hún getað orðið réttari heimild um skipulagsmál embættisins. Þetta gerir það að verkum að þessi áfangaskýrsla mín þarf að vera allítarleg."

Skýrslubeiðendur spyrja hvort skipulag stofnunarinnar hafi uppfyllt þær kröfur sem gera megi til slíkrar stofnunar. Settur rannsóknarlögreglustjóri kemst ótvírætt að þeirri niðurstöðu að svo hafi ekki verið.

Ljóst er að skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra bendir til þess að annmarkar hafi verið á skipulagi innan ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík. Rétt er að árétta það sem fram kemur í bréfi ríkissaksóknara til setts rannsóknarlögreglustjóra að hann telur að ekki sé um refsiverð brot að ræða að því er varðar atriði í skýrslunni er lúta að skipulagi og vinnubrögðum í ávana- og fíkniefnadeild. Um þetta atriði má einnig nefna að dómsmálaráðherra hefur á liðnum árum gert ýmsar athugasemdir við atriði í skipulagi lögreglunnar í Reykjavík, sem einnig tengjast heildarskipulagi löggæslu hér á landi. Leiddi það m.a. til endurskoðunar á lögreglulögum, en í framhaldi af þeirri endurskoðun voru samþykkt á Alþingi ný lögreglu-

lög, nr. 90/1996. Róttækar breytingar voru einnig gerðar á skipulagi innan lögreglunnar í Reykjavík, m.a. vegna gildistöku umræddra laga, 1. júlí 1997. Þær breytingar hafa leitt til þess að skipulagslega er stjórnun og ábyrgð yfirstjórnar lögreglunnar í Reykjavík nú með eðlilegum hætti. Þá má geta þess að sumarið 1996 átti dómsmálaráðherra fund með yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík þar sem ráðherra lagði sérstaka áherslu á virkara eftirlit og stjórnun af hálfu yfirstjórnar gagnvart fíkniefnadeild lögreglunnar.

b. Leiddi rannsóknin í ljós að lögreglan sinnti ekki ábendingum um starfsemi meints fíkniefnasala og voru rannsóknir á hendur honum jafnítarlegar og efni stóðu til? Þótti settum rannsóknarlögreglustjóra ástæða til þess að frekari rannsókn færi fram?

Í bréfi ríkissaksóknara til ráðuneytisins, dags. 5. nóvember 1997, segir svo um þetta:

„Hér er eins og áður í engu skeytt um greinargerð ríkissaksóknara frá 5. september sl. Þar er þó gerð grein fyrir rannsóknaraðgerðum gagnvart hinum meinta fíkniefnasala bæði meðan Arnar Jensson var lögreglufulltrúi og eins á tíma Björns Halldórssonar og er árangurs getið. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir þeirri almennu skoðun lögreglumanna að þeir viti ekki til þess að meintur fíkniefnasali hafi fengið óeðlilega fyrirgreiðslu eða afgreiðslu mála. Þeir kváðust heldur ekki hafa annað fyrir sér um uppljóstranir hans en orðróm eða orðsveim. Einstök dæmi gat enginn þeirra nefnt. Verulegur hluti þeirra skjala sem fyllir áðurgreindar skjalamöppur hefur að geyma upplýsingar sem ávana- og fíkniefnadeild hefur aflað varðandi þennan mann og viðskiptamenn hans. Enga einstaka ábendingu er að finna í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra um að ekki hafi verið unnið úr upplýsingum eins og efni stóðu til. Um upplýsingar þessar er annars að segja að á stökum upplýsingum er sjaldnast hægt að byggja öðru vísi en meta þær allar saman heildstætt. Þær eru á öllum stigum um sönnunargildi og trúverðugleika allt niður í það að vera frambornar af ónafngreindri persónu í símsvara lögreglunnar. Hins vegar er ávana- og fíkniefnadeildin nánast afvopnuð nýti hún sér ekki alla möguleika til öflunar upplýsinga.

Settur rannsóknarlögreglustjóri bendir á að ástæða kunni að vera til að skoða peningaleg umsvif viðkomandi manns, en telur að tæpast gefi rannsóknarfyrirmæli tilefni til þess auk þess sem slík rannsókn mundi kalla á sérfræðiaðstoð, svo sem embættis skattrannsóknarstjóra eða löggiltra endurskoðenda. Framhaldsrannsókn kom til umræðu á meðan athugun fór fram hjá embættinu. Tæpast verður á það fallist að rannsóknarfyrirmælin hafi verið svo ófullnægjandi að rannsókn á fjármálum mannsins yrði ekki við komið eða þörf væri hinnar tilgreindu sérfræðiaðstoðar. Engin líkindi eru á að hann hafi fært bókhald yfir fíkniefnaviðskipti sín. Í greinargerðinni frá 5. september sl. er lýst þeirri skoðun ávana- og fíkniefnalögreglu að hann sé afar var um sig og borin von að unnt verði að hafa hendur í hári hans með hefðbundnum aðferðum. Hann berist ekki á, eigi ekki peninga á bankareikningum, geri öll viðskipti undir fjögur augu og ávallt í reiðufé. Augljóst er að örðugt eða ómögulegt er að hafa upp á hugsanlegum sjóðum hans, hann getur átt þá í seðlum í bankahólfum eða annarri geymslu eða hvar sem vera skal í innlánsstofnunum á nöfnum annarra aðila."

Lögregluannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra er mjög rækileg. Yfirheyrðir voru nálægt 40 núverandi og fyrrverandi lögreglumenn ásamt yfirmönnum lögreglunnar og var þessum aðilum öllum ákveðin réttarstaða grunaðra manna. Í rannsókninni er fjallað um öflun upplýsinga, meðferð og vörslu fíkniefna, skipulag, starfslýsingar og starfsskiptingu í ávana- og fíkniefnadeildinni. Þá var aflað gagna frá öðrum stofnunum og leitað í skjalasafni á skrifstofu

ávana- og fíkniefnadeildar svo sem tilefni þótti til. Skýrsla hins setta rannsóknarlögreglustjóra er 33 bls. en henni fylgdu gögn í tveimur stórum skjalamöppum.

Með hliðsjón af bréfum ríkissaksóknara, dags. 5. september og 5. nóvember 1997, verður hvorki séð að rannsóknin hafi leitt í ljós að lögregla hafi í ákveðnum tilvikum ekki sinnt ábendingum um starfsemi meints fíkniefnasala né að rannsóknir hafi í ákveðnum tilvikum ekki verið jafnítarlegar og efni stóðu til. Vísast í þessu sambandi sérstaklega til umfjöllunar í bréfi ríkissaksóknara til setts rannsóknarlögreglustjóra, dags. 5. september 1997. Varðandi frekari rannsókn benti settur rannsóknarlögreglustjóri á í skýrslu sinni að ástæða kynni að vera til að skoða peningaleg umsvif Franklíns Steiner. Ríkissaksóknari tók afstöðu til þeirrar athugasemdar svo sem áður greinir.

c. *Hver var undanfari þess að ákvörðun var tekin um að dæmdum fíkniefnasala var veitt reynslulausn eftir hafa afplánað helming refsivistar? Hver tók þá ákvörðun og hvaða meðferð fékk málið í stjórnsýslunni? Hvaða almennar reglur gilda eða eftir hvaða sjónarmiðum er farið þegar ákvörðun er tekin um reynslulausn sakborninga sem hafa afplánað helming fangelsisvistar? Samræmist umrædd ákvörðun þeim reglum?*

Með bréfi dags. 28. maí 1997 fór settur rannsóknarlögreglustjóri fram á það við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að það skilaði skýrslu um meðferð á beiðni um reynslulausn sem Franklín Steiner setti fram 18. febúar 1991 og afgreidd var endanlega 4. júlí 1991. Í bréfi ráðuneytisins til setts rannsóknarlögreglustjóra, dags. 6. júní 1997, segir svo um meðferð málsins:

„1. Með bréfi mótteknu í Fangelsismálastofnun ríkisins 18. febrúar 1991 fer Franklín Kristinn fram á að honum verði veitt reynslulausn af helmingi refsingar samkvæmt eftirgreindum refsingum:
   — 9 mánaða fangelsi, að frádreginni 2 daga gæsluvarðhaldsvist, samkvæmt dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum uppkveðnum 29. maí 1989.
   — 20 mánaða fangelsi, að frádreginni 4 daga gæsluvarðhaldsvist, samkvæmt dómi Hæstaréttar uppkveðnum 8. júní 1989.
2. Fullnustumatsnefnd fjallaði um erindi Franklíns Kristins á fundi 1. mars 1991. Taldi nefndin ekki rök mæla með erindinu. Með vísan til 3. gr., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 569/1988, sbr. 40. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hafnaði Fangelsismálastofnun ríkisins framkominni beiðni með bréfi dags. 4. mars 1991.
3. Með bréfi dags. 9. apríl 1991 sendi Franklín Kristinn dómsmálaráðherra bréf þar sem hann „kærir" til ráðherra ákvörðun Fangelsismálastofnunar ríkisins frá 4. mars 1991.
4. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 28. júní 1991 til Fangelsismálastofnunar ríkisins er þess óskað að mál Franklín Kristins verði á ný lagt fyrir fullnustumatsnefnd til umsagnar.
5. Með bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins, dags. 4. júlí 1991, er Franklín Kristni tilkynnt að fullnustumatsnefnd hafi fjallað um erindið á ný á fundi 28. júní 1991, þar sem lagt hafi verið til að erindið yrði samþykkt. Með vísan til 3. gr., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 569/1988, sbr. 40. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ákvað stofnunin að Franklín Kristni yrði veitt reynslulausn af helmingi frá og með 8. júní 1991.

   Svo sem að framan greinir bar það undir Fangelsismálastofnun ríkisins að veita reynslulausn, eftir umsögn fullnustumatsnefndar. Þegar fyrir lá erindi Franklíns Kristins um endurskoðun á ákvörðun Fangelsismálastofnunar ríkisins var sú ákvörðun tekin í dómsmálaráðuneytinu að leita eftir nýrri umsögn fullnustumats-

nefndar. Að henni fenginni tók Fangelsismálastofnun ríkisins um það ákvörðun að veita umbeðna reynslulausn. Kom þá ekki til þess að ráðuneytið fjallaði efnislega um málið sem stjórnvald á æðra stjórnsýslustigi. Að öðru leyti en hér hefur verið gerð grein fyrir liggja ekki fyrir í ráðuneytinu gögn um önnur afskipti ráðuneytisins af meðferð beiðni Franklíns Kristins um reynslulausn, frá 18. febrúar 1991."

Sú meðferð mála varðandi reynslulausn sem að framan er lýst heyrir nú sögunni til. Umsagnir fullnustumatsnefndar, sem starfaði samkvæmt reglugerð nr. 568/1988, voru ekki rökstuddar sérstaklega meðan hún starfaði, en hún var lögð niður með reglugerð nr. 29/1993, um fullnustu refsidóma. Umsögn nefndarinnar var hvorki andstæð lögum né venjubundinni framkvæmd hjá nefndinni á þessum tíma. Með fyrrgreindri reglugerð, sem sett var 28. janúar 1993, var ákveðið að fanga skyldi að jafnaði ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans, ef hann afplánar refsingu fyrir m.a. meiri háttar fíkniefnabrot eða hann hefur áður afplánað óskilorðsbundnar refsingar tvívegis eða oftar, nema sérstakar ástæður mæli með, þar með talið lengd refsingar, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni.

d. Hver var rökstuðningur ríkissaksóknara fyrir því að ákæra ekki að lokinni rannsókn málsins?

Í bréfi ríkissaksóknara, dags. 5. nóvember 1997, til ráðuneytisins segir svo um þetta atriði:

„Svar við þessari spurningu er að finna í greinargerð ríkissaksóknara frá 5. september sem áður er vikið að. Rannsóknari lét fylgja skýrslu sinni bréf samkvæmt 1. mgr. 77. gr. oml. þar sem rakin voru út í hörgul þau atriði er kynnu að gefa tilefni til ákæru. Þessu var svarað lið fyrir lið í greinargerðinni og vísast til hennar."

Við þetta svar ríkissaksóknara er engu að bæta.

e. Fór lögregla fram á það við ríkissaksóknara eða dómsmálaráðherra að settar yrðu reglur sem farið yrði eftir þegar óhefðbundnar rannsóknaraðferðir væru nauðsynlegar? Voru þessar reglur gefnar út og þá hvenær?

Lögregla hefur ekki farið formlega fram á það við dómsmálaráðuneytið að settar yrðu reglur um óhefðbundar rannsóknaraðferðir. Verkefnisstjórn dómsmálaráðherra vegna átaks í ávana- og fíkniefnamálum, sem skipuð var af dómsmálaráðherra snemma árs 1996, lagði til að dómsmálaráðherra léti í samvinnu við embætti ríkissaksóknara hefja undirbúning að samningu skýrra verklagsreglna um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir í ávana- og fíkniefnamálum. Í þeirri vinnu yrði jafnframt kannað hvort skerpa þyrfti reglur um landsumboð ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík auk þess sem athugað yrði hvort æskilegt væri að setja reglur um heimild ávana- og fíkniefnadeildar til að greiða fyrir upplýsingar sem leiða til að upplýst eru stærri brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Athugun á óhefðbundnum rannsóknaraðferðum var einnig til skoðunar í vinnuhópi ráðuneytisins um samstarf tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík sem komið var á laggirnar árið 1996. Var þar m.a. safnað upplýsingum um reglur hvað þetta varðar í nágrannalöndum okkar. Dómsmálaráðherra fól síðan ríkislögreglustjóra, með bréfi dags. 29. júlí sl., að gera tillögur um slíkar reglur.

Í bréfi ríkissaksóknara til ráðuneytisins frá 5. nóvember 1997 segir um þetta atriði:

„Í málinu ræðir sums staðar um „óhefðbundnar rannsóknaraðferðir" án þess að nánar sé tilgreint við hvað sé átt, sbr. e-lið. Þetta getur verið þægilegt orðalag bæði í ræðu og riti, ef menn vilja koma sér undan að skilgreina frekar við hvað sé átt. En hér mun helst átt við uppljóstrara og tálbeitur. Að því er best verður séð hefur ávana- og fíkniefnadeild stuðst við svipaðar reglur og notaðar eru í Skandinavíu og það sem

íslenskir fræðimenn hafa um þetta ritað (próf. Jónatan Þórmundsson). Að því er uppljóstrara snertir er venjulega um að ræða privat samband hans og lögreglumanns, sem háður er algerri þagnarskyldu um uppljóstrarann, sbr. Hrd. 1985 bls. 1436. En að notkun uppljóstrara var ekkert fundið í því máli. Sama er að segja um notkun tálbeitu, sem reyndi á í hæstaréttarmáli er snerist um stórt fíkniefnamál, sbr. Hrd. 1993 bls. 1081. Þar var heldur ekkert að notkun tálbeitu fundið. Hitt er svo annað mál að varkárni er þörf við notkun tálbeitu.

Af þessu er alveg augljóst að notkun þessara svokölluðu óheföbundnu rannsókna er fyllilega lögmæt. Nú mun vera í gangi vinna til undirbúnings reglna um þær og því ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þær."

f. Brást ráðherra á einhvern hátt við skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra og þá hvernig?

Skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra var beint til ríkissaksóknara í samræmi við lög um meðferð opinberra mála sem tók ákvörðun um að aðhafast ekki frekari í málinu. Settur rannsóknarlögreglustjóri afhenti dómsmálaráðuneytinu afrit skýrslunnar og bréfs til ríkissaksóknara, dags. 11. júní 1997. Í bréfi ríkissaksóknara til ráðuneytisins, dags. 11. september 1997, er vísað til þess að það falli utan verksviðs ríkissaksóknara að hafa afskipti af stjórn einstakra lögreglustjóraembætta. Síðan segir svo:

„Reglan í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 74, 1974: „Hann (ríkissaksóknari) kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit," var ekki tekin í lög nr. 19, 1991, sbr. einnig handbók um meðferð opinberra mála, gr. 3.1.4, um önnur verkefni ríkissaksóknara, bls. 158. Nú tekur 4. gr. lögreglulaga skýrlega af skarið um þetta, sbr. 5. gr. þeirra. Heimild ríkissaksóknara til að krefjast sérstakra rannsóknaraðgerða varðar aðeins „einstök mál", sbr. 5. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 77. gr. oml.

Með tilvísun til þess sem að framan er ritað telur embættið rétt og nauðsynlegt að kynna dómsmálaráðuneytinu þá ákvörðun sína að hefja ekki saksókn á grundvelli kaflans um skipulag ávana- og fíkniefnadeildar á bls. 7–14 í lögregluskýrslunni. Jafnframt eru ákvæði 26. gr. laganna um meðferð opinberra mála höfð í huga."

Að öðru leyti vísast til þess er getur hér að framan í a-lið, m.a. varðandi þær skipulagsbreytingar sem þegar hafði verið ráðist í hjá lögreglunni í Reykjavík fyrir þá rannsókn sem hér er til umfjöllunar.

g. Hvers vegna var ekki skipaður sérstakur saksóknari í þessu máli? Komu ekki vanhæfissjónarmið til skoðunar innan ráðuneytisins áður en sú ákvöðun var tekin að skipa ekki sérstakan ríkissaksóknara í málinu þar sem rannsóknin beindist að starfsháttum lögreglu við rannsóknir opinberra mála og ríkissaksóknari hefur stöðu sinnar vegna eftirlit með þeim? Hyggst ráðherra nýta sér heimildir 1. og 2. tölul. 26. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með því að krefja ríkissaksóknara skýrslu um málið eða hyggst hann leggja til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara verði breytt og setja sérstakan saksóknara í málið?

Þær reglur sem gilda um hæfi manna samkvæmt stjórnsýslulögum og lögum um meðferð opinberra mála lúta að því, þegar um yfirmann stofnunar er að ræða, að hann meti sjálfur hvort hann víki sæti, sbr. 2. mgr. 5. gr. stjórnsýslulaga. Það er því ekki undir veitingarvaldshafa að meta í einstökum tilvikum hvort viðkomandi embættismaður er vanhæfur til meðferðar tiltekins máls.

Eins og að framan er rakið hófst rannsókn þessa máls með því að ríkissaksóknari mælti fyrir um að opinber rannsókn skyldi fara fram til að staðreyna sannleiksgildi fullyrðinga um að Franklín Steiner stundaði umfangsmikil fíkniefnaviðskipti, sem varði við refsilög, með vitund og samþykki lögreglunnar. Með því yrði sannreynt hvort lögreglumenn hafi, einn eða fleiri, gerst sekir um brot í opinberu starfi eða eftir atvikum gerst brotlegir við refsilög. Var þetta í samræmi við þær óskir sem dómsmálaráðherra setti fram í bréfi sínu til ríkissaksóknara, þar sem óskað var eftir því að ríkissaksóknari beitti sér fyrir því að opinber rannsókn færi fram á framangreindum meintum sakarefnum. Rannsókn setts rannsóknarlögreglustjóra beindist ekki að ríkissaksóknara eða meðferð mála hjá embætti ríkissaksóknara. Ekkert bendir því til þess að ríkissaksóknari hafi verið vanhæfur til að taka ákvörðun um framhald máls þessa á grundvelli skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra. Ríkissaksóknari er samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála æðsti handhafi ákæruvalds og er því stöðu sinnar vegna í tengslum við öll opinber mál. Það eitt leiðir hins vegar ekki til vanhæfis hans í þessu tilviki.

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að nýta sér heimild 1. mgr. 26. gr. laga um meðferð opinberra mála, og krefja ríkissaksóknara skýrslu um málið. Hvað það varðar er til þess að líta að greinargerð ríkissaksóknara frá 5. september 1997, um að aðhafast ekki frekar í máli þessu, er ítarlega rökstudd. Í öðru lagi skilaði ríkissaksóknari ráðuneytinu sérstöku bréfi sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan og dagsett er 11. september 1997. Vísar hann þar sérstaklega í 26. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga um meðferð opinberra mála er það skilyrði að ákvörðun ríkissaksóknara um að fella mál niður sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti til að unnt sé að leggja það til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara verði felld úr gildi. Fer því fjarri að öðru hvoru framangreindra skilyrða sé fullnægt.

Í bréfi ríkissaksóknara til ráðuneytisins, dags. 5. nóvember 1997, segir um þetta atriði:

> „Í staflið g er spurt hvers vegna ekki hafi verið skipaður sérstakur saksóknari í þessu máli.
>
> Að því er þessa hlið málsins varðar skal tekið fram: Þegar sleppir umfjöllun rannsóknara um lögreglustjóraembættið (bls. 7–14 incl) þá beinist rannsóknin að þeim Arnari og Birni. Engum athugasemdum í skýrslum rannsóknara er beint gegn embætti ríkissaksóknara. Þótt lögreglumenn hafi verið hafðir fyrir sökum hefur það aldrei tíðkast að ríkissaksóknari víki sæti af því einu. Það var sérstaklega skoðað hvort einhver önnur atriði væru í málinu sem gætu valdið því að honum bæri að víkja sæti, en þau fyrirfundust ekki.
>
> Í setningu þeirri sem tilfærð er í bréfi ráðuneytisins og tekin er úr greinargerð með beiðninni er talað um ríkissaksóknara sem yfirmann rannsóknar opinberra mála og dómsmálaráðherra sem yfirmann lögreglunnar. Nokkuð er þetta óljóst orðalag. Ef til vill af ásettu ráði? Enginn vafi er á að lögregluliðið er undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ríkissaksóknari hefur ekkert vald til að segja lögreglunni almennt fyrir verkum. Samkvæmt boðvaldi sínu sem ákærandi getur hann aðeins gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um „einstök mál“ og um „rannsókn máls“, sbr. 5. gr. 27. gr. oml. Frekari heimildir sýnast honum ekki fengnar.“

h. Greinir skýrsla setts rannsóknarlögreglustjóra frá rannsóknum lögreglunnar í Reykjavík sem ekki fengu eðlilega framhaldsmeðferð eftir rannsókn lögreglu? Ef svo er, hversu margar voru þær rannsóknir, hversu umfangsmikil mál var þar um að ræða og hyggst dómsmálaráðherra bregðast við þessum athugasemdum á einhvern hátt?

Svo sem þegar hefur verið rakið er ekki að finna í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra einstaka ábendingu um að ekki hafi verið unnið úr upplýsingum um fíkniefnasala. Í bréfi ríkissaksóknara, dags. 5. september 1997, sem rakið er í heild sinni hér að framan, er fjallað ítarlega um öll þau atriði sem settur rannsóknarlögreglustjóri taldi í greinargerð sinni að ákæra gæti beinst að. Vísast til þess sem þar segir, en til hægðarauka skal bent á að „Furugrundarmálið", mál nr. 62-157-88, fékk ekki eðlilega framhaldsmeðferð og er ekki leitt í ljós í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra hvernig á því stóð. Ríkissaksóknari kemst að þeirri niðurstöðu að svo sem málavextir séu fram komnir í lögreglurannsókninni þyki ekki líklegt að ákæra gæti leitt til áfellisdóms. Í „Tunguvegsmálinu" vantar ýmis gögn og upplýsingar um framhaldsmeðferð þess. Segir ríkissaksóknari ekki unnt að staðhæfa að Björn Halldórsson hafi komið að málinu með ólögmætum hætti. Þótti ákæra gegn honum því ekki líkleg til sakfellis.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur af sjálfsdáðum ákveðið að rannsaka hvort unnt sé að komast til botns í því hvers vegna framangreind mál fengu ekki viðhlítandi framhaldsmeðferð. Niðurstaða ríkissaksóknara felur í sér að ekki eru líkur til þess að lögreglumenn hafi í þessum tilvikum gerst sekir um refsiverða háttsemi. Eru því ekki tilefni til frekari aðgerða hvað það atriði varðar.

III.

Þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu setts rannsóknarlögreglustjóra vekja að sjálfsögðu upp réttmætar spurningar um hvort skipulag og starfsemi ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hafi á umræddu tímabili verið í samræmi við þær kröfur sem eðlilegt er að gera til slíkrar deildar. Til þess verður hins vegar að líta nú að umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar til bóta á starfsháttum og skipulagi innan einstakra rannsóknardeilda hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, auk þess sem yfirstjórn lögreglunnar hefur verið endurskipulögð í grundvallaratriðum. Það er mat ráðuneytisins að þær breytingar sem nú hefur verið ráðist í og greint er frá hér að framan hafi leitt til þess að skipulagslega sé stjórnun og ábyrgð yfirstjórnar lögreglunnar í Reykjavík nú með eðlilegum hætti.

686. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1998.

Frá fjármálaráðherra.

Við 7. gr. bætist nýr liður, 1.16, svohljóðandi:
Að endurgreiða tekjuskatt af Henrik Steffens verðlaununum sem veitt voru á árinu 1997.

687. Skýrsla [10. mál]

viðskiptaráðherra um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Á þskj. 10 óskuðu þingmenn jafnaðarmanna Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir og Össur Skarphéðinsson eftir skýrslu viðskiptaráðherra um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum.

Skýrslubeiðnin er svohljóðandi:

„Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum.

Í skýrslunni komi m.a. fram hvort haft sé samráð um verð vöru og þjónustu og hvernig hagsmunatengslum og valdasamþjöppun innan þessara fjögurra atvinnugreina sé háttað. Skýrslan leiði í ljós hvort samkeppnishættir í fyrrgreindum atvinnugreinum hamli gegn eðlilegum viðskiptaháttum og leiði til hærra verðs á vöru og þjónustu fyrir neytendur.

Í skýrslunni sé rakin þróun þessara mála síðustu ár og greint frá núverandi stöðu þeirra. Í henni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hver er markaðshlutdeild helstu fyrirtækja í hverri af hinum fjórum atvinnugreinum?
2. Eru sömu einstaklingar í ábyrgðarstöðum (stjórn/framkvæmdastjórn) hjá fleiri en einu af þeim fyrirtækjum sem getið er í lið 1? Eru sömu eignaraðilar, og þá hverjir, sem eiga yfir 5% hlut í fleiri en einu af þessum fyrirtækjum? Sérstaklega er spurt um hvort um sé að ræða stjórnar- eða eignaraðild að fyrirtækjum sem eiga í samkeppni.
3. Bendir svar við liðum 1 og 2 til þess að um sé að ræða samþjöppun valds eða óeðlileg hagsmunatengsl sem hamli samkeppni og leiði til hærra verðs á vöru og þjónustu, t.d. með verðsamráði?
4. Hver er eignarhlutdeild og stjórnarþátttaka helstu fyrirtækja í fyrrgreindum fjórum atvinnugreinum í annarri atvinnustarfsemi og má ætla að slík eignaraðild og stjórnarþátttaka skapi óeðlileg hagsmunatengsl?
5. Hefur dregið úr samkeppni innan atvinnugreinanna fjögurra undanfarin tíu ár og má ætla að einstök fyrirtæki eða stofnanir, og þá hver, hafi í krafti markaðsstöðu eða verðsamráðs samið um skiptingu markaða eða verðlagningu á vöru og þjónustu?
6. Bendir samvinna stærri fyrirtækja í flutningsstarfsemi og eignaraðild þeirra að fyrirtækjum í ferðaþjónustu eða landflutningum til þess að samkeppni sé hamlað og öðrum aðilum sé gert nær ókleift að halda uppi samkeppni við eðlileg skilyrði?
7. Hvert er umfang lánastarfsemi stærstu tryggingafélaganna og hefur henni verið beitt sem tæki í samkeppni? Má ætla að stærstu tryggingafélögin samræmi vátryggingaskilmála sína og verðlagningu þannig að þeir hamli samkeppni?
8. Hve mikið hafa olíufélögin aukið umfang starfsemi sinnar sl. fimm ár. Má ætla að sú aukning og þátttaka í annarri starfsemi en dreifingu á olíu og bensíni, svo sem sala ýmiss konar varnings á bensínstöðvum, hafi leitt til hærra verðs á bensíni og myndað óeðlilega samkeppni við aðra smásöluverslun?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna."

Viðskiptaráðherra fól Samkeppnisstofnun að gera drög að eftirfarandi skýrslu og eins og fram kemur í beiðni þingmannanna er þess farið á leit að í skýrslunni komi fram hvort haft sé samráð um verð vöru og þjónustu og hvernig hagsmunatengslum og valdasamþjöppun innan framangreindra atvinnugreina sé háttað. Einnig á skýrslan að leiða í ljós hvort samkeppnishættir hamli gegn eðlilegum viðskiptaháttum og leiði til hærra verðs á vöru og þjónustu fyrir neytendur. Þess er og óskað að í skýrslunni sé rakin þróun mála síðustu ár og staðan eins og hún er nú. Í átta töluliðum eru síðan taldar nánar upp þær upplýsingar sem fram eiga að koma í skýrslunni.

Í upphafi skal skýrt tekið fram að ókleift er með öllu að taka saman skýrslu sem gerir þeim atriðum sem farið er fram á í þingskjalinu full skil á þeim tíma sem þingsköp kveða á um. Ef fyrir lægju upplýsingar um atriði sem spurt er um í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. spurningu væru samkeppnisyfirvöld búin að grípa til íhlutunar við þeim ætluðu samkeppnisbrotum sem þar eru tilgreind. Til að svara þeim spurningum á afdráttarlausan hátt þarf því að fara fram víðtæk og mjög ítarleg upplýsingaöflun. Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að kostnaður við upplýsingaöflun og úrvinnslu upplýsinga eins og farið er fram á í umræddri beiðni um skýrslu gæti numið um tíu til tólf milljónum króna og má ljóst vera að Samkeppnisstofnun hefur ekki slíkt fjármagn til skýrslugerðar eins og hér um ræðir án sérstakrar fjárveitingar frá Alþingi. Ef svör við einstökum spurningum skýrslubeiðenda, eins og þær eru settar fram, væru jákvæð, mætti auk þess gera ráð fyrir nokkrum íhlutandi ákvörðunum samkeppnisyfirvalda.

Þar eð sá tími, sem þingsköp heimila til að svara beiðni um skýrslu, er ekki meiri en raun ber vitni hefur sú leið verið valin við skýrslugerðina að byggja á þeim upplýsingum sem þegar liggja fyrir hjá Samkeppnisstofnun. Þar eru til gögn um veltu helstu fyrirtækja á þeim mörkuðum sem skýrslubeiðnin tekur til. Enn fremur eru til gögn um stjórnir, eign fyrirtækja í öðrum fyrirtækjum o.fl. Upplýsingar þær sem þegar liggja fyrir eru misjafnlega ítarlegar eftir greinum. Auk þeirra upplýsinga, sem hér hafa verið nefndar, er í skýrslunni gerð grein fyrir þeim afskiptum eða athugunum sem samkeppnisyfirvöld hafa gert og varða banka-, olíu-, trygginga- og flutningamarkaðina. Samkeppnisyfirvöld vinna nú að málum, sumum nokkuð umfangsmiklum, sem varða meintar samkeppnishindranir á nokkrum af þeim mörkuðum sem hér er fjallað um. Þegar niðurstöður liggja fyrir, sem verður væntanlega á fyrri hluta næsta árs, verður sumum spurningum skýrslubeiðenda svarað að hluta. Hins vegar verða ekki dregnar ályktanir af þeim upplýsingum sem fram koma í meðfylgjandi skýrslu umfram þær sem þegar hafa verið birtar í Skýrslu samkeppnisráðs um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi frá árinu 1995 og svokallaðri flugrekstrarskýrslu sem Samkeppnisstofnun birti á þessu ári.

Ástæða er til að ítreka sérstaklega þær ástæður sem leiða til þess að umbeðin skýrsla getur ekki orðið ítarlegri en raun ber vitni. Í ljósi þess ber að meta hana og þær upplýsingar sem í henni felast.

BANKAR OG SPARISJÓÐIR

Markaðshlutdeild

Viðskiptabankarnir eru fjórir þ.e. Landsbanki Íslands (hér eftir Landsbankinn), Búnaðarbanki Íslands (hér eftir Búnaðarbankinn), Íslandsbanki hf. og Sparisjóðabanki Íslands hf. Þrír þeir fyrr nefndu eru með almenn bankaviðskipti við fyrirtæki og einstaklinga en Sparisjóðabanki Íslands starfar fyrst og fremst sem viðskiptabanki sparisjóðanna og á ekki bein innlánsviðskipti við almenning. Sparisjóðirnir eru 29 að tölu.

Heildarfjöldi afgreiðslustaða banka og sparisjóða í árslok 1996 var 182. Landsbankinn var með flesta afgreiðslustaði eða 62. Búnaðarbankinn var með 35 og Íslandsbanki 33. Sparisjóðirnir auk Sparisjóðabankans voru með 52 afgreiðslustaði.



Landsbankinn er stærsti banki landsins með 34% markaðshlutdeild. Markaðshlutdeild er mæld út frá vaxtatekjum og öðrum tekjum samkvæmt samstæðureikningum fyrirtækjanna. Með því móti eru tekjur Landsbankans 2,5% hærri en ella en tekjur Íslandsbanka 39% hærri. Tekjur annarra banka og sparisjóða breytast ekkert hvort sem miðað er við rekstrarreikninga eða samstæðureikninga.

Eigendur

Þeir sem eiga meira en 5% í bönkunum eru eftirfarandi aðilar:

Landsbankinn og Búnaðarbankinn	**Íslandsbanki hf.**	**Sparisjóðabankinn**	**Sparisjóðirnir**
Ríkisjóður 100%	Lífeyrissj. Verslunarm. 10,1%	Sparisjóðirnir 100%	Stofnfjáreigendasjóðir
	Lífeyrissj. Framsýn 10,%		Stofnfjáreigendur
	Fiskveiðas.Íslands 7,1%		Sparisjóðirnir
	Eignarh.f. Alþýðub. 5,9		
	Burðarás hf. 5,8%		

Sparisjóðirnir eiga í þrem til fjórum sparisjóðum. Sparisjóðirnir eru nær alfarið stofnfjáreigendasjóðir. Um stofnfjáreign gilda sérstakar reglur sem m.a. fela í sér takmarkaðan ráðstöfunarrétt.

Eign í öðrum fyrirtækjum

Bankar og sparisjóðir eiga hluti í öðrum lánastofnunum og skyldum fyrirtækjum. Eftirfarandi tafla sýnir eignarhlut þeirra í nokkrum fyrirtækjum.

	Landsbankinn	**Búnaðarbankinn**	**Íslandsbanki**	**Sparisjóðirnir**
Greiðslumiðlun hf	45,4%	18,5%	15,9%	20,2%
Kreditkort hf	17,5%	7,5%	50,0%	25,0%
Reiknistofa bankanna	39,1%	16,0%	23,9%	yfir 10,0%
Lýsing hf	40,0%	40,0%		
Þróunarfélag Íslands hf	6,3%	2,0%	3,8%	
Snorrabraut 29 hf	36,0%	15,0%	22,0%	

Landsbanki og Íslandsbanki eiga verðbréfafyrirtæki en verðbréfaþjónusta Búnaðarbankans er alfarið innan bankans. Landsbankinn á dótturfélagið Eignaumsýslufélag L.Í. ehf. Þar er verðbréfaeign fyrirtækisins í öðrum félögum eignfært. Annað tveggja dótturfélaga Búnaðarbankans er Urður ehf. sem m.a. sér um eignir bankans í öðrum félögum.

Sparisjóðirnir eiga beint eða óbeint öll hlutabréf í SP-fjármögnun hf., Kaupþingi hf., Alþjóða líftryggingafélaginu hf. og Tölvumiðstöð sparisjóðanna. Jafnframt eiga einstakir sparisjóðir hlut í öðrum sparisjóðum.

Stjórnunartengsl

Ekki eru til fullnægjandi upplýsingar um hvort eða hvar einstaklingar sem eru í ábyrgðarstöðum (stjórn/framkvæmdastjórn) hjá bönkum og sparisjóðum gegna ábyrgðarstöðum annarsstaðar. Vitað er að þeir sem gegna ábyrgðarstöðum hjá bönkum og sparisjóðum eru í stjórnum tengdra fyrirtækja. Einnig eru þeir í stjórnum annarra fyrirtækja en þeim sem tengjast bönkum og sparisjóðum.

Í þessu sambandi vísast til skýrslu Samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi sem var útgefin í byrjun árs 1995 bls. 258-260, 275, 280 og 327. Þess ber þó að gæta að upplýsingar í þeirri skýrslu eru frá árinu 1993.

Samkeppnissslegt samráð banka og sparisjóða

Samkeppnisráð hefur þegar fjallað um meint samráð bankanna í tveimur málum. Annars vegar hafði verið óskað eftir að Samkeppnisstofnun kannaði samráð um útgáfu debetkorta og hins vegar hvort bankar og sparisjóðir hefðu brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga með ólögmætu samráði og hvort um raunverulega og virka samkeppni væri að ræða á þessu sviði. Ákvarðanir samkeppnisráðs í þessum málum eru nr. 9/1994 og 19/1995.

1. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 9/1994 sem er staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar frá 20.apríl 1994 um samstarf fjármálastofnana um debetkort er m.a. komist að eftirfarandi niðurstöðu í 4. tölulið á bls. 7: *„Samkvæmt ofansögðu verður að telja að ýmis atriði í samstarfi banka, sparisjóða og greiðslukortafyrirtækja brjóti í bága við 52. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði og 1. mgr. 10 gr. samkeppnislaga."* Er þarna m.a. vísað til samstarfs sem m.a. laut að sameiginlegri birtingu banka og sparisjóða á kostnaðarupplýsingum um tékkanotkun og samræmdu debetkortagjaldi sem birt var í kynningarbæklingi.

   Í ákvörðunarorðum í fyrrnefndri ákvörðun segir m.a.:*„Samkeppnisstofnun telur ýmis önnur atriði í samstarfi fjármálastofnana vegna debetkortakerfisins stríða gegn markmiði samkeppnislaga, sbr. 1. gr. laganna, og ákvæðum þeirra um bann við samráði.... Með hliðsjón af því sem að framan greinir mælist Samkeppnisstofnun til þess að viðskiptabankar og sparisjóðir láti af hvers konar verðsamráði sbr. 10. gr. samkeppnislaga."*

2. Í fyrrnefndri skýrslu samkeppnisráðs um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi frá desember 1994 er markaði banka- og sparisjóða lýst sem fákeppnismarkaði (bls 56).

   Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/1995 þar sem fjallað var um meint samráð um gjaldskrár segir m.a. í niðurstöðukafla í 2. tölulið á bls. 15: *„Á fákeppnismarkaði hefur hegðun eins fyrirtækis áhrif á hegðun annarra. Fyrirtækin verða að taka tillit hvert til annars þegar verð og viðskiptakjör eru ákveðin. Verðlagning verður því ósveigjanleg og keimlík hjá fyrirtækjunum á markaðnum. Í greinargerðum bankastofnana sem vitnað*

hefur verið til hér að framan kemur m.a. fram að stofnanirnar telja að enginn banki eða sparisjóður geti boðið viðskiptavinum sínum umtalsvert lakari kjör en áður. Eðli markaðarins og samkeppnin á honum valdi því.“

Komist var að þeirri niðurstöðu í ákvörðun nr. 19/1995 að samkeppni bankanna færi vaxandi í ýmsum þáttum í starfi þeirra, einkum markaðsmálum.

Í ákvörðunarorðum segir síðan: *„Ekki er talin ástæða til íhlutunar vegna erindis Neytendasamtakanna er varðar gjaldskrá banka og sparisjóða.“*

3. Á þessu ári hefur Samkeppnisstofnun unnið að athugun á synjun banka og sparisjóða um aðgang Póst & síma hf að rafrænni greiðsluþjónustu þeirra fyrir gíróþjónustu pósts & síma. Í tengslum að mál þetta fer nú fram víðtæk athugun á samstarfi banka og sparisjóða innan samtaka þeirra, Reiknistofu bankanna o.fl. og hvort það hafi farið gegn samkeppnislögum. Athugun er ekki lokið.

Til glöggvunar
Til frekari athugunar er vísað til skýrslu samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 56-57,144-147, 244-280 og 322-327, skýrslu samkeppnisyfirvalda 1994 bls. 26-31 og skýrslu samkeppnisyfirvalda 1995 bls. 104-117, 154-155 og 359-363

VÁTRYGGINGAFÉLÖG

Markaðshlutdeild
Í ársbyrjun 1996 voru hér á landi starfandi 19 vátryggingafélög og stofnanir með leyfi til vátryggingastarfsemi. Síðan þá hefur Vátryggingafélag Íslands hf (VÍS) keypt Vátryggingafélagið Skandia hf. og Líftryggingafélagið Skandia hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá-Almennar) hafa keypt Húsatryggingar Reykjavíkur og eignast öll hlutafé í Ábyrgð hf. Báta og vélbáta tryggingafélög hafa einnig sameinast.



Markaðshlutdeild er mæld út frá bókfærðum iðgjöldum og fjár-festingatekjum. Frá árinu 1993 hefur markaðshlutdeild VÍS aukist um rúm 3%, Sjóvár-Almennra um rúm 5% og Tryggingamiðstöðvarinnar hf. um 2%.

Eigendur

Þeir sem eiga meira en 5% í vátryggingafélögunum eru eftirfarandi aðilar:

VÍS hf.	**Sjóvá-Almennar hf.**	**Tryggingamiðstöðin hf.**	**Alþjóða líft.f. hf.**
Ehf. Brunabótaf. Íslands 38,9%	Festing hf. 9,9%	Fram hf. 24,4%	Kaupþing hf. 35%
Ehf. Samvinnutryggingar 23,2%	Burðarás hf. 9,6%	Ingvar Vilhjálmsson sf. 7,4%	Sparisjóðab. hf. 35%
Olíufélagið hf. 13,4%	Helga Ingimundardóttir 8,5%	Ísfélag Vestmannaeyja hf. 7,3%	SPRON 10%
Líftryggingaf. Íslands hf. 11,6	H. Benediktsson hf. 5,4%	Hraðfrystihúsið hf. 5,3%	Sp. Hafnarf. 10%
Landsbanki Íslands	Guðný Halldórsdóttir 5,4%		Sp. Vélstjóra 10%
	Kristín H. Halldórsdóttir 5,1%		

Samkvæmt samningi á milli Landsbanka Íslands og Eignarhaldsfélags Brunabótafélags mun bankinn eignast öll hlutabréf Brunabótafélagsins í VÍS á næstu árum. Eigendur Tryggingar hf eru m.a. Ágúst Karlsson, Árni Gestsson, Árni Þorvaldsson, Ebeneser Ásgeirsson, Geir Zoëga, Gunnar Ólason o.fl. Ekki liggja fyrir gögn um hlut hvers þeirra í félaginu. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Vörður vátryggingafélag og báta- og skipatryggingafélög sem starfandi eru á landinu eru öll sjálfseignarstofnanir.

Eign í öðrum fyrirtækjum

Eignarhlutur vátryggingafélaganna í skyldum rekstri hefur verið nokkur. Á síðustu árum hafa þó stóru vátryggingafélögin yfirtekið rekstur smærri vátyggingafélaga og fært yfir í eigin rekstur. Flest stóru vátryggingafélögin eiga líftryggingafélög.

Íslensk endurtrygging hf. er að mestu í eigu fjögurra stærstu tryggingafélaganna. VÍS, Sjóvá-Almennar og Tryggingamiðstöðin eiga 26% hvert og Trygging á 8,3%.

Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um hve vátryggingafélögin eiga mikil verðmæti í öðrum félögum því sum þeirra hafa stofnað eignarhaldsfélög með

öðrum fyrirtækjum um hlutafjáreign sína. Jafnframt liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar í dag um eignir þeirra. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir er eign vátryggingafélaganna í öðrum félögum ekki undir 10 milljörðum kr. á markaðsverði.

Eignarhlutur vátryggingafélagana nær víða. Þau eiga stóran hlut í flutningafyrirtækjum, banka, olíufélögum, útgerðarfélögum, sölufyrirtækjum, ferðaskrifstofum o.fl.

Eftirfarandi tafla sínir eignarhlut vátryggingafélaga í nokkrum fyrirtækjum sem fleiri en eitt vátryggingafélag á hlut í.

	VÍS	**Sjóvá-Almennar**	**Tryggingam.**	**Trygging**
Olíufélagið	13,1%	10,4%		
Olís		3,1%		1,5%
Skeljungur		4,4%	4,2%	
Eimskip		12,4%		0,1%
Íslandsbanki		2,2%	1,1%	0,3%
Flugleiðir		6,0%		0,04%

Stjórnunartengsl

Ekki eru til fullnægjandi upplýsingar um hvort eða hvar einstaklingar sem eru í ábyrgðarstöðum (stjórn/framkvæmdastjórn) hjá vátryggingafélögunum gegna ábyrgðarstöðum annars staðar. Vitað er að þeir sem gegna ábyrgðarstöðum hjá vátryggingafélögum eru í stjórnum tengdra fyrirtækja. Einnig að þeir eru í stjórnum annarra fyrirtækja en þeim sem tengjast vátryggingafélögum.

Í þessu sambandi visast til skýrslu Samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 366-370, 377-378, 387-388 og 398. Þess ber þó að gæta að upplýsingar í þeirri skýrslu eru frá árinu 1993.

Samkeppnislegt samráð vátryggingafélaga

Samkeppnisráð hefur ekki fellt úrskurði um samráð vátryggingafélaganna. Samkeppnisstofnun tók hins vegar kaup VÍS á Skandia til athugunar og fékk kaup Sjóvár-Almennra á hlutum í Ábyrgð til umsagnar áður en kaupin voru gerð. Samkeppnisstofnun vinnur nú að athugun á samstarfi vátryggingafélaga innan Sambands íslenskra vátryggingafélaga ásamt fleiri málum er varða vátryggingafélög. Niðurstöður munu liggja fyrir á næsta ári.

Til glöggvunar

Samkeppnisráð hefur fjallað um tryggingafélögin í þremur málum. Annars vegar þegar óskað var eftir að Samkeppnisstofnun kannaði starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur og hins vegar tvö mál þar sem kvartað er undan villandi auglýsingum.Ákvarðanir samkeppnisráðs í þessum málum eru nr. 16/1995, 38/1996 og 39/1996.

Til frekari glöggvunar er vísað til skýrslu samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 60-61,150-151, 246 og 358-400, skýrslu samkeppnisyfirvalda 1995 bls. 81-89 og bls. 357-359 og skýrslu samkeppnisyfirvalda 1996 bls. 269-277.

OLÍUFÉLÖG

Markaðshlutdeild

Á árinu 1996 voru starfandi þrjú félög sem sáu bæði um sölu og dreifingu olíu hér á landi. Félögin eru Olíufélagið hf., Skeljungur hf. og Olíuverslun Íslands hf (Olís). Olíufélagið á 35,5% í Olís. Olíufélagið á 60% og Olís á 40% í geymslu- og dreifingarfélaginu Olíudreifingu hf. sem sér um rekstur eldsneytisbirgðastöðva, olíuflutningabíla, olíuskipa og verkstæða fyrir félögin tvö. Skeljungur á 33,3% í Bensínorkunni ehf sem selur olíuvörur í smásölu. Skeljungur sér um að dreifa olíu og skyldum vörum til Bensínorkunnar. Einnig eru starfandi tvö fyrirtæki á Keflavíkurflugvelli sem sjá um sölu á flugvélaeldsneyti. Þau eru eru í eigu olíufélaganna en ásamt þeim eiga Flugleiðir í öðru þeirra.



Af þeim þremur olíufélögum sem bæði selja og dreifa olíu er

Olíufélagið stærst á markaðnum, með rúm 40% markaðshlutdeild. Skeljungur er með rúm 31% og Olís rúm 28%. Markaðshlutdeild er mæld út frá heildartekjum. Markaðshlutdeildin hefur lítið breyst frá árinu 1993.

Eigendur

Þeir sem eiga meira en 5% í olíufélögunum eru eftirfarandi aðilar:

Olíufélagið hf.	**Skeljungur hf.**	**Olíuverslun Íslands hf.**
Olíusamlag Keflavíkur 13.1%	The Shell Petrolium co. 17.2%	Hydro Texaco A.S. 35.5%
Samvinnusjóður Íslands hf. 13.1%	Hf. Eimskipafélag Íslands 13.0%	Olíufélagið hf. 35.5%
Vátryggingafélag Íslands hf. 13.1%	H. Benediktsson hf. 8.0%	
Samvinnulífeyrissjóðurinn 11.8%		
Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 10.4%		

Eign í öðrum fyrirtækjum

Eignarhlutur olíufélaganna í skyldum rekstri er nokkur. Eftirfarandi tafla sínir eignarhlut í skyldum rekstri:

	Olíufélagið	**Skeljungur**	**Olíuversl. Íslands**
Olíuverslun Ísl. hf	35,5%		
Olíudreifing hf	60,0%	40,0%	
Gasfélagið ehf.	33,3%	33,3%	33,3%
EBK sf	25,0%	25,0%	25,0%
EAK sf	33,3%	33,3%	33,3%
Bensínorkan sf.		33,3%	
Úthafsolía ehf		33,3%	33,3%

Ekki liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar til að meta hve heildareignir olíufélaganna eru miklar í öðrum félögum en út frá þeim gögnum sem til eru eru þær ekki undir 10 milljörðum kr. Stór hluti eigna olíufélaganna er í útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum. Einnig eiga þau eignir í sjóðum, þjónustufyrirtækjum, vátryggingafélögum ofl.

Stjórnunartengsl

Ekki eru til fullnægjandi upplýsingar um hvort eða hvar einstaklingar sem eru í ábyrgðarstöðum (stjórn/framkvæmdastjórn) hjá olíufélögunum gegna ábyrgðarstöðum annars staðar. Vitað er að þeir sem gegna ábyrgðarstöðum hjá olíufélögunum eru í stjórnum tengdra fyrirtækja. Einnig eru þeir í stjórnum annarra fyrirtækja en þeim sem tengjast olíufélögum.

Í þessu sambandi vísast til skýrslu Samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 335-338, 344, 350 og 357. Þess ber þó að gæta að upplýsingar í skýrslunni eru frá árinu 1993.

Samkeppnislegt samráð olíufélaganna

Samkeppnisráð hefur ekki fellt neina úrskurði um samráð olíufélaga en oft hefur verið athugað hvort ætla meigi að samstarf hafi verið um verðlagningu. Ekki hefur tekist að sýna fram á að um samráð hafi verið að ræða. Fylgst er náið með olíuverði hér á landi og erlendis og gerður samanburður á verðþróuninni.

Til glöggvunar

Samkeppnisráð hefur fjallað um málefni olíufélaganna í fjórum málum. Varðar það annars vegar kaup Olíufélagsins á hlut í Olíuverslun Íslands og stofnun Olíudreifingar ehf. og hins vegar álit á flutningsjöfnunargjaldi. Ákvarðanir samkeppnisráðs í þessum málum eru nr. 23/1995 30/1996 og 40/1996 og álit nr. 11/1995

Til frekari athugunar er vísað til skýrslu samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 62-63,152-153, 246-247 og 328-357, skýrslu samkeppnisyfirvalda 1995 bls. 136-147 og 280-290 og skýrslu samkeppnisyfirvalda 1996 bls. 195-205, 277-280 og 463-474.

SAMGÖNGUR - FLUGFLUTNINGAR

Markaðshlutdeild

Loftflutningum er hægt að skipti í tvennt. Annars vegar er innanlandsflug og hinsvegar er millilandaflug. Í áætlunarflugi innanlands eru starfandi tvö flugfélög, Íslandsflug hf. og Flugfélag Íslands hf. Flugfélag Íslands var stofnað með samvinnu Flugfélags Norðurlands hf. og innanlandsflugs Flugleiða hf. Nokkur smærri flugfélög eru starfandi, einkum í leigu og kennsluflugi.

Í millilandaflugi eru starfandi nokkur flugfélög í áætlunarflugi með farþega. Þar á meðal eru Flugleiðir, Grönlandsfly, færeyska flugfélagið Atlantic og SAS. Annað áætlunarflug með farþega er bundið við sumarmánuðina. Eitt erlent flugfélag Cargolux flýgur áætlunarflug með frakt hingað til lands og héðan til ýmissa staða. Flugleiðir og Íslandsflug eru einnig með fraktflug til og frá landinu.

Leiguflug til og frá landinu er nokkuð. Atlanda hf hefur verið í leiguflugi í millilandaflugi og Íslandsflug tók í leigu stóra vél til fraktflugs og mun einnig nota hana eitthvað til leiguflugs. Erlend flugfélög fluga einnig leiguflug til og frá landinu bæði fyrir íslenskar- og erlendar ferðaskrifstofur.

Árið 1997 urðu miklar breytingar í innanlandsflugi er Flugfélag Íslands var stofnað og frá og með 1. júlí 1997 var allt innanlandsflug frjáls. Fyrir þann tíma voru sérleyfi á einstökum flugleiðum.



Á árinu 1996 voru Flugleiðir og Flugfélag Norðurlands með rúm 78% markaðshlutdeild miðað við heildartekjur af flugi. Ef tekið er mið af tekjum af áætlunarflugi eða fjölda farþega í áætlunarflugi voru Flugleiðir og Flugfélag Norðurlands með 90% af markaðnum. Miðað við tekjur af frakt og póstflugi voru Flugleiðir og Flugfélag Norðurlands með 75% markaðshlutdeild.

Eftir að innanlandsflug var gefið frjálst hafa orðið breytingar á markaðsskiptingu. Íslandsflug hefur aukið markaðshlutdeild sína á kostnað Flugfélags Íslands. Skýringin er að mestu sögð vera sú að farþegum hafi fjölgað.

Í maí 1997 kom út skýrsla frá Samkeppnisstofnun um flugmarkaðinn og tengda markaði. Þar kemur fram að markaðshlutdeild Flugleiða í millilandaflugi á árinu 1994 hafi verið um 90%. Er tekið mið af tekjum í farþega- og fraktflugi. Ekki eru aðgengilegar nýrri upplýsingar um þennan markað.

Eigendur

Þeir sem eiga meira en 5% í flugfélögum eru eftirfarandi aðilar:

Flugleiðir hf.	**Flugfélag Íslands hf.**	**Íslandsflug hf.**	**Flugf. Atalanda hf.**
Burðarás hf. 33,4%	Flugleiðir 65%	Höldur hf. 29,0%	Arngrímur Jónsson og fjölsk. 100%
Sjóvá-Almennar hf. 6,0%	Jóhannes Fossdal 7%	Ísflug hf. 21,3%	
	Jón E. Karlsson 7%	Ómar Benediktsson 11,1%	
	Sigurður Aðalsteinsson 7%	Olíuverslun Íslands hf. 10,9%	
	Skarphéðinn Magnússon 7%	Birkir Baldvinsson 10,4%	
	Torfi Gunnlaugsson 7%		

Eign í öðrum fyrirtækjum

Eignarhlutur flugfélaga í öðrum félögum er nokkur. Eignarhluturinn er mestur í fyrirtækjum sem tengjast ferðaþjónustu. Íslandsflug á 36,5% í Flugfélagi Austurlands og Flugleiðir eiga 12,8% í sama félagi. Íslandsflug á hlutafé í tveimur litlum flugfélögum, Flugtaki ehf og Flugvélaleigan ehf. Íslandsflug á Eignafélag Íslandsflugs ehf að lang mestu leyti.

Flugleiðir eiga 65% í Flugfélagi Íslands, 81,5% í Úrval-Útsýn, 100% í Ferðaskrifstofu Íslands sem m.a. rekur Eddu hótelin. Hótelrekstur Flugleða, m.a. Eddu hótelin, verður sameinaður í nýju félagi um næstu áramót í sérstöku hlutafélagi í eigu Flugleiða. Flugleiðir yfirtóku ferðaskrifstofunna Alís árið 1995 sem nú er rekin undir nafninu Plúsferðir. Þeir eiga einnig 12,5% í Ferðamiðstöð Austurlands, 17,2% í Jöklaferðum Flugleiðir reka ferðaskerfstofur erlendis auk þess sem fyrirtækið á ferðaskrifstofurnar Island tours og Íslandsferðir sem starfrækja ferðaskrifstofur erlendis. Flugleiðir og Úrval-Útsýn eiga 84,8% í Kynnisferðum. Gegnum dótturfélög eiga Flugleiðir síðan eignir í ferðaskrifstofum og hótelum. Flugleiðir reka og bílaleigu.

Stjórnunartengsl

Ekki eru til fullnægjandi upplýsingar um hvort eða hvar einstaklingar sem eru í ábyrgðarstöðum (stjórn/framkvæmdastjórn) hjá flugfélögum gega ábyrgðarstöðum annarsstaðar. Vitað er að þeir sem gegna ábyrgðarstöðum hjá flugfélögum eru í stjórnum tengdra fyrirtækja. Einnig eru þeir eru í stjórnum annarra fyrirtækja en þeim sem tengjast flugfélögum.

Í þessu sambandi vísast til skýrslu Samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 320-321. Þess ber þó að gæta að upplýsingar í þeirri skýrslu eru frá árinu 1993.

Samkeppnislegt samráð flugfélaganna

Samkeppnisráð hefur ekki fellt neina úrskurði um samráð flugfélaga.

Til glöggvunar

Samkeppnisráð hefur fjallað um flugmarkaðinn í tveimur málum. Varðar það kaup Flugleiða á Ferðaskrifstofu Íslands og samruna innanlandsflugs Flugleiða og Flugfélags Norðurlands í eitt fyrirtæki, Flugfélag Íslands. Ákvarðanir samkeppnisráðs í þessum málum eru nr. 1/1997 og 10/1997.

Til frekari athugunar er vísað til skýrslu samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 66-67, 156-157, 248 og 316-321, skýrslu samkeppnisyfirvalda 1996 bls. 314-323 og skýrslu Samkeppnisstofnunar frá maí 1997 um flugmarkaðinn og tengda markaði og fyrrnefndra ákvarðana samkeppnisráðs frá árinu 1997.

SAMGÖNGUR - SJÓFLUTNINGAR

Markaðshlutdeild

Tvö fyrirtæki sjá að mestu um áætlanarflutninga á sjó, Hf. Eimskipafélag Íslands og Samskip hf. Nokkur önnur fyrirtæki sjá um flutninga til og frá landinu t.d. Nes hf. og Nesskip hf. Annast þessi fyrirtæki einkum s.k. stórflutninga.

Bæði Samskip og Eimskip hafa haslað sér völl á landflutningamarkaðnum. Eimskip á meirihluta hlutafjár í Vöruflutningamiðstöðinni hf. og Samskip á

meirihluta hlutafjár í Landflutningum hf. Þessi tvö fyrirtæki sjá um mestan hluta vöruafgreiðslu fyrir vöruflutningabifreiðar sem eru í áætlunarflutningum til og frá höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt eiga Samskip og Eimskip í fyrirtækjum sem annast almenna landflutninga á milli landshluta. Standsflutningar skipafélaganna hafa minnkað hin síðustu ár en hlutur vörubíla hefur að sama skapi aukist.

Ekki eru tiltækar nægjanlegar upplýsingar um það hvernig tekjur skipafélagana skiptast á milli einstakra sviða. Miðað við rekstrartekjur þá hefur hlutur Samskipa aukist frá árinu 1993. Eimskipa var 2,5 sinnum stæra árið 1993 en Samskip en var í árslok 1996 2,1 sinnum stærra miðað við heildarveltu. Ekki eru til haldbærar upplýsingar til að sýna markaðshlutdeild einstakra skipafélaga.

Eigendur

Þeir sem eiga meira en 5% í stærstu skipafélögunum eru eftirtaldir aðilar:

Hf. Eimskipafélag Íslands
Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 12,4%
Háskólasjóður Eimskips 5,4%

Samskip hf.
Nord Atlantik transport 29,1%
Reginn hf. 18,4%
Mastur hf. 12,2%
Sund ehf. 11,1%
Samherji hf. 6,7%
Eignarhf. Alþýðubankinn hf. 5,6%
Flutningar hf. 5,6%

Eign í öðrum fyrirtækjum

Eignarhlutur skipafélaganna í öðrum félögum er all nokkur. Eignarhlutur Samskipa er allur í dótturfélögum sem starfa innanlands og erlendis í flutningum. Eignir Eimskips í öðrum fyrirtækjum eru víðar en í dótturfélögum. Eimskip á t.d. hlut í ferðaþjónustu, sjávarútvegi, fjármálafyrirtækjum, iðnaði, olíufélagi og tryggingastarfsemi. Markaðsverð bréfa Eimskips í félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkaði var metin á 6,5 milljarða króna í ársreikningi félagsins fyrir árið 1996. Eignarhlutur í félögum sem ekki voru skráð á hlutabréfamarkaði voru bókfærð á 185 m. kr.

Stjórnunartengsl

Ekki eru til fullnægjandi upplýsingar um hvort eða hvar einstaklingar sem eru í ábyrgðarstöðum (stjórn/framkvæmdastjórn) hjá skipafélögum gegna ábyrgðarstöðum annarsstaðar. Vitað er að þeir sem gegna ábyrgðarstöðum hjá

skipafélögunum eru í stjórnum tengdra fyrirtækja. Einnig eru þeir í stjórnum annarra fyrirtækja en tengjast flutningum á landi og sjó.

Í þessu sambandi vísast til skýrslu Samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 314-315. Þess ber þó að gæta að upplýsingar í þeirri skýrslu eru frá árinu 1993.

Samkeppnislegt samráð skipafélaganna

Samkeppnisráð hefur fjallað um samráð skipafélaganna í einu máli. Varðar það samstarf Eimskips og Samskips um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Með samstarfinu hætti Samskip eigin siglinum til Bandaríkjanna og flytur þess í stað a.m.k. 80% af ársútflutningi og –innflutningi félagsins til og frá Norður-Ameríku með skipum Eimskip. Ákvörðun samkeppnisráðs í þessu máli er nr. 26/1997.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1997 er m.a. komist að eftirfarandi niðurstöðu á bls. 7: *„Samkeppnisráð telur að flutningasamkomulagið frá 22. janúar sl. brjóti í bága við b. lið 10. gr. samkeppnislaga. Eimskip og Samskip eru keppinautar sem starfa á sama sölustigi. Í samkomulaginu felst að Samskip hætta beinum áætlunarsiglingum til Norður-Ameríku og flytja þess í stað fastákveðið hlutfall flutninga sinna með keppinauti sínum. Í þessu felst óhjákvæmilega að félögin hafa sammælst um að hætta að keppa á umræddri siglingaleið í einum af meginþáttunum sem flutningastarfsemi þeirra samanstendur af, þ.e. í siglingum og rekstri skipa. Öll samvinna af þessum toga er til þess fallin að draga úr samkeppni milli keppinauta, sérstaklega í tilviki sem þessu þar sem fákeppni ríkir á markaðnum. Allt samstarf milli keppinauta skapar hættu á að viðkomandi fyrirtæki fari að taka tillit til hvors annars og þar með dragi úr virkri samkeppni á viðkomandi markaði.“*

Meðan á málsmeðferð málsins stóð sóttu skipafélögin til vara, ef samkeppnisráð úrskurði að samkomulagið brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga, um undanþágu frá bannákvæði 10. gr. á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga. Í ákvörðuninni kemur fram að samkeppnisráð taldi að yrði flutningasamkomulagið ógilt á grundvelli 49. gr. samkeppnislaga myndi afleiðing þess verða sú að möguleikar Samskipa til þess að veita Eimskip virka samkeppni í flutningum til og frá Íslandi yrðu skertir og þar með myndi draga

úr samkeppni á markaðnum. Veitti samkeppnisráð skipafélögunum því undanþágu til samstarfsins til 1. ágúst árið 2000.

Samkeppnisstofnun hefur nú í athugun erindi er varðar gjaldskrárbreytingar og gjaldskrárliði skipafélaganna.

Til glöggvunar

Til frekari athugunar er vísað til skýrslu samkeppnisráðs um stjórnunar og eignatengsl í íslensku atvinnulífi bls. 68-69, 158-159, 247-248 og 308-315 og ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1997

SAMGÖNGUR - LANDFLUTNINGAR

Markaðurinn

Á markaðnum hafa verið starfandi margir einyrkjar. Eimskip og Samskip voru á þessum markaði til skamms tíma að einhverju leyti vegna for- og framhaldsflutninga. Skipafélögin hafa síðan sótt inn á landflutningamarkaðinn m.a. vegna þess að bættar vegasamgöngur hafa dregið úr strandsiglingum auk þess sem kröfur um örari flutninga hafa aukist.

Það eru tvær megin vöruafgreiðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eru þær í meirihluta eigu skipafélaganna. Haustið 1997 var stofnað ný afgreiðslustöð á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni eru síðan starfræktar vöruafgreiðslustöðvar sem eru í eigu félaga sem stunda akstur milli landshluta eða eru eingöngu afgreiðslustöðvar. Skipafélögin eru eignaraðilar að báðum þessum formum.

Áætlað er að 1/3 af vörum sem fluttar eru milli landshluta fari í gegnum vöruafgreiðslur.

Ekki eru til nægjilega haldgóðar upplýsingar til að veita svör við því hver markaðshlutdeild stærstu fyrirtækjanna er. Það liggja heldur ekki fyrir nægjanlegar upplýsingar um það hverjir eru eigendur, hvar eignarhlutur er í öðrum fyrirtækjum og stjórnarseta hjá fyrirtækjum á landflutningamarkaðnum.

688. Tillaga til þingsályktunar [384. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1997 til 27. janúar 1998.

689. Fyrirspurn [385. mál]

til forsætisráðherra um flutning þróunarsviðs Byggðastofnunar til Sauðárkróks.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvaða hagkvæmnisrök liggja að baki þeirri ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar að flytja þróunarsvið hennar til Sauðárkróks?
2. Hver verður hinn faglegi ávinningur af flutningnum, sérstaklega ef núverandi starfsmenn flytjast ekki með?
3. Var þessi ákvörðun tekin í samráði við eftirfarandi ábyrgðarmenn og stjórnendur stofnunarinnar: forsætisráðherra, forstjóra stofnunarinnar og forstöðumann þróunarsviðsins?
4. Hefur starfsfólki þróunarsviðs verið greint frá þessari ákvörðun á formlegan hátt og hugur þess til flutnings á Sauðárkrók verið kannaður?
5. Er þörf á reglugerðarbreytingu vegna flutningsins, og ef svo er, mun þá ráðherra gera þær breytingar sem krafist er þannig að ekki verði tafir á flutningi þróunarsviðs?
6. Er ákvörðunin um flutning þróunarsviðs tímabær ef áætluð heildarendurskoðun á lögum og starfsemi Byggðastofnunar samkvæmt verkefnalista ríkisstjórnarinnar stendur fyrir dyrum?
7. Hver er áætlaður kostnaður við flutninginn að því gefnu að enginn af núverandi starfsmönnum sviðsins flytjist og réttur þeirra til biðlauna í eitt ár verði fullnýttur?
8. Getur starfsfólk fleiri ríkisstofnana átt von á því að störf þeirra verði flutt nær fyrirvaralaust í annan landshluta á næstunni?
9. Hver er reynsla nágrannaþjóðanna af stofnanaflutningi? Er ástæða til þess að ætla að reynslan hérlendis verði önnur en t.d. reynsla Svía?
10. Var stofnun útibúa Byggðastofnunar á Sauðárkróki, Egilsstöðum, Ísafirði og Akureyri, þ.e. nær vettvangi á landsbyggðinni, mistök, og verða útibúin lögð niður í framhaldi af flutningi þróunarsviðs til Sauðárkróks?

Skriflegt svar óskast.

690. Fyrirspurn [386. mál]

til forsætisráðherra um ríkisstofnanir.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvaða ríkisstofnanir hafa verið stofnaðar síðustu tíu ár og hvenær, hvert er verksvið þeirra, hve margir störfuðu við hverja og eina í byrjun og hve margir nú, í hvaða sveitarfélögum fer starfsemin fram, hverjar eru heildarlaunagreiðslur miðað við heilt ár og hvernig skiptast þær eftir sveitarfélögum? Hvaða kröfur eru gerðar um menntun í hverri stofnun?

Skriflegt svar óskast.

691. Fyrirspurn [387. mál]

til forsætisráðherra um ríkisstofnanir.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvaða ríkisstofnanir hafa verið lagðar niður síðustu tíu ár og hvenær, í hvaða sveitarfélögum voru þær, hve margir unnu þar, hve margir misstu vinnuna og hverjar voru heildarlaunagreiðslur síðasta heila rekstrarár?

Skriflegt svar óskast.

692. Fyrirspurn [388. mál]

til forsætisráðherra um ríkisstofnanir.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Í hvaða ríkisstofnunum hefur störfum fjölgað um meira en 10% á síðustu tíu árum, hve mikið í hverri stofnun, hver er áætluð skipting starfanna milli kynjanna og hvaða menntunar er helst krafist?

Skriflegt svar óskast.

693. Frumvarp til laga [249. mál]

um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

I. KAFLI
Skyldutrygging, iðgjald og tryggingavernd.

1. gr.

Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um tryggingavernd eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla, II. og III. kafla.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda felur í sér skyldu til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

2. gr.

Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda skal ákveðið í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni.

Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóði skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi.

Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi eins og nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

3. gr.

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal

vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.

Lífeyrisiðgjaldi skal ráðstafa til lágmarkstryggingaverndar, sbr. 4. gr., og eftir atvikum til viðbótartryggingaverndar, sbr. 8.–10. gr.

4. gr.

Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri, sbr. 14. gr., og 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í örorkulífeyri á mánuði miðað við full réttindi til framreiknings, sbr. 15. gr. Enn fremur skal lágmarkstryggingavernd fela í sér að jafnað sé milli sjóðfélaga kostnaði vegna makalífeyris skv. 16. gr. og kostnaði vegna barnalífeyris skv. 17. gr.

Lífeyrissjóður skal, í samræmi við 24. gr. þessara laga, tilgreina það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir.

Lífeyrissjóði er heimilt, í samræmi við tryggingafræðilega athugun, að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign skv. III. kafla.

5. gr.

Sjóðfélagi getur ákveðið að ráðstafa til annars aðila en þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi vegna hans þeim hluta iðgjalds sem renna skal til séreignar skv. 3. mgr. 4. gr. og þeim hluta iðgjalds sem renna skal til viðbótartryggingaverndar.

Viðkomandi launagreiðanda eða lífeyrissjóði ber að færa greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga skv. 1. mgr. til annars aðila án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann.

Tilkynni sjóðfélagi ekki launagreiðanda eða lífeyrissjóði með hæfilegum fyrirvara hvert iðgjald það sem hann getur ráðstafað skv. 1. mgr. skuli renna skal það greiðslufært samkvæmt samþykktum viðkomandi lífeyrissjóðs.

Lífeyrissjóður sem ákveður lágmarkstryggingavernd á grundvelli 3. mgr. 4. gr. eða aðili sem móttekur iðgjald til séreignarsparnaðar eða viðbótartryggingaverndar skal tryggja að sá hluti rekstrarins sem lýtur að varðveislu og ávöxtun iðgjalds er rétthafar hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. sé fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi.

6. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.

Lífeyrissjóðum er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi sem greitt hefur verið til sjóðsins fyrir hvern sjóðfélaga á því ári.

Launagreiðendur og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og aðrir þeir sem inna af hendi iðgjaldsskyldar greiðslur, skulu að tekjuári liðnu tilgreina á launamiðum eða á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður þá fjárhæð sem iðgjöld hvers manns miðuðust við ásamt heildariðgjaldi sem skilað hefur verið til lífeyrissjóðs.

Hver sá sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði samkvæmt lögum þessum og er framtalsskyldur skv. 91. gr. laga nr. 75/1981 skal í framtali sínu tilgreina þau iðgjöld til lífeyrissjóða sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði sem hann hefur greitt til.

Að tekjuári liðnu skal ríkisskattstjóri senda hverjum og einum lífeyrissjóði yfirlit vegna hvers manns sem er aðili að sjóðnum samkvæmt þeim upplýsingum sem embættið hefur fengið samkvæmt þessari grein. Á yfirlitinu skulu koma fram iðgjaldsstofn og greitt iðgjald hvers manns og mótframlag launagreiðanda. Sé enginn lífeyrissjóður tilgreindur á framtölum eða skilagreinum launagreiðanda og lífeyrissjóða skal senda yfirlitið til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sem skal þá innheimta iðgjaldið.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

7. gr.

Lífeyrisiðgjald, til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar, skal greitt reglulega í hverjum mánuði, sbr. 2.–4. mgr.

Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Að öðru leyti fer um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs eða samkvæmt samningum þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. Réttindi vegna aukaframlaga í lífeyrissjóði umfram reglubundin framlög skulu reiknuð miðað við greiðsludag.

Launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og aðilum skv. 8. gr. ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

8. gr.

Launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að gera samning við þá aðila sem tilgreindir eru í 3. mgr. um tryggingavernd á grundvelli iðgjalda sem þeir hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. 5. gr. Iðgjaldi eða iðgjaldshluta samkvæmt þeim samningi skal verja til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla eða í sameign skv. III. kafla.

Rétthafa skv. 1. mgr. er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign nema með samkomulagi skv. 1.–3. tölul. 3. mgr. 14. gr. Ekki verður gerð aðför í réttindum samkvæmt slíkum samningi og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt.

Eftirtaldir aðilar hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um viðskiptabanka og sparisjóði.
2. Líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um vátryggingastarfsemi.
3. Verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga um verðbréfaviðskipti og hafa starfsstöð hér á landi.
4. Lífeyrissjóðir, enda uppfylli þeir skilyrði 4.–5. gr.

9. gr.

Í samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað skal koma fram nafn og kennitala greiðanda, mánaðarlegt innlegg og hvaða reglur gilda um útborgun og réttindi að öðru leyti. Allir skilmálar varðandi viðbótartryggingaverndina skulu koma fram í samningnum. Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður. Heimilt er að segja upp samningi með sex mánaða fyrirvara. Uppsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en sá sem segir samningi upp hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs sem ráðstafar iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda, en í reglum um tryggingaverndina er heimilt að kveða svo á um að flytja megi innstæðu eða réttindi á milli þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

Á sama hátt og öðrum aðilum sem tilgreindir eru í 1.–3. tölul. 3. mgr. 8. gr. er lífeyrissjóði sem uppfyllir skilyrði 4.–5. gr. heimilt að taka einungis við iðgjaldi frá tilteknum sjóðfélaga samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd. Sjóðurinn skal þó áður fá staðfesta aðild viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar.

10. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir, sem óska eftir því að bjóða upp á samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við ákvæði laga þessara, skulu fyrir fram leita eftir staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur sem um tryggingaverndina gilda séu í samræmi við ákvæði laga þessara. Allar breytingar á reglunum skal einnig tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær að fenginni umsögn opinbers eftirlitsaðila. Taka skal afstöðu til reglnanna og breytinga á þeim skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúið erindi berst ráðherra. Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari formskilyrði fyrir samningum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað.

II. KAFLI
Lífeyrissparnaður.

11. gr.

Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar.

Þegar rétthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem rétthafa vantar upp á 67 ára aldur.

Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Deyi rétthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát rétthafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát rétthafa. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr.

Í reglugerð skal kveðið á um styttri útborgunartíma ef um lágar upphæðir er að ræða.

12. gr.

Með jöfnum greiðslum skv. 11. gr. er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að rétthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði 11. gr. um lágmarkstíma, eða til æviloka rétthafa.

III. KAFLI
Lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum.

13. gr.

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign á vinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris sem er ekki lakari en sá réttur sem kveðið er á um í þessum kafla. Í samþykktum lífeyrissjóðs skal kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún getur verið mismunandi eftir því hvort iðgjald er til lágmarks- eða viðbótartryggingaverndar og eftir atvikum háð eða óháð aldri.

Réttur til lífeyris samkvæmt lögum þessum reiknast frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði. Iðgjöld launþega, sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið lífeyrissjóði skil á, svo og iðgjaldshluta hans, skal þó meta að fullu til réttinda frá eindaga iðgjaldagreiðslu, enda hafi sjóðnum borist vitneskja um iðgjaldsgreiðsluskyldu innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits skv. 18. gr. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

14. gr.

Lífeyrissjóður skal hefja útborgun ellilífeyris samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þegar sjóðfélagi hefur náð 65–70 ára aldri. Lífeyrissjóði er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris um allt að fimm ár. Í samþykktum skal kveðið á um hvernig frestun eða flýting lífeyristöku hefur áhrif á fjárhæð lífeyris.

Ellilífeyrir skal borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur lífeyrir skal verðtryggður og breytast til samræmis við breytingu á vístitölu neysluverðs. Nánar skal kveðið á um fjárhæð ellilífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans í samþykktum.

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. 1.–3. tölul. þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:

1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Viðkomandi lífeyrissjóður skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
2. Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka

og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.

3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

15. gr.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum, enda hafi sjóðfélagi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum, þar af a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili, og ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs.

Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi skal fjárhæð örorkulífeyris miðast við áunnin réttindi.

Heimilt er að ákveða að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Sama gildir ef orkutap hefur varað skemur en sex mánuði.

Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

16. gr.

Lífeyrissjóður skal greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga ef hann hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum fyrir andlát sitt, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr.

Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki vera 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélaga við andlátið miðað við 100% örorku.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri, svo sem um fjárhæð hans, framreikningsreglur, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

17. gr.

Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 3. mgr. 15. gr. skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um barnalífeyri, svo sem um útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans og fjárhæð þegar makalífeyrir vegna barns er ekki greiddur.

18. gr.

Hver lífeyrissjóður skal halda skrá um þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda. Í skránni skal vera nafn og kennitala þessara aðila. Þá skulu vera í skránni upplýsingar um fjárhæð iðgjaldagreiðslna hvers aðila, greiðslutímabil og áunnin réttindi, svo og þau atriði sem geta haft áhrif á rétt til lífeyris. Sjóðfélagi á rétt á aðgangi að upplýsingum er varða hann sjálfan. Jafnframt skal ríkisskattstjóri eiga aðgang að nauðsynlegum upplýsingum úr skránni vegna eftirlits hans skv. 6. gr.

Lífeyrissjóður skal samhliða greiðsluyfirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Sjóðfélagi á rétt á að lífeyrissjóður rökstyðji skriflega ákvörðun er hann varðar. Í rökstuddri ákvörðun skal getið um rétt sjóðfélaga til að skjóta ákvörðun til gerðardóms, sbr. 33. gr.

Heimilt er að kveða á um kerfisbundna skráningu upplýsinga um iðgjöld og lífeyrisréttindi í reglugerð, svo og veitingu upplýsinga úr slíkri skrá til skattyfirvalda og annarra eftirlitsaðila.

19. gr.

Óheimilt er í samþykktum að kveða svo á að áunnin lífeyrisréttindi skerðist eða falli niður ef sjóðfélagi hættir iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs.

Ekki skal skipta máli hvort menn eiga lífeyrisréttindi í einum eða fleiri lífeyrissjóðum og hvorki skulu menn glata réttindum né öðlast meiri rétt vegna þess að iðgjaldagreiðslur skiptast milli tveggja eða fleiri sjóða. Nánar skal í reglugerð kveða á um skiptingu lífeyrisgreiðslna milli sjóða þegar lífeyrisréttindi hafa myndast í fleiri en einum sjóði, hvernig réttindi leggjast saman og um framkvæmd þessa ákvæðis að öðru leyti.

Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur í því skyni að auðvelda framkvæmd þessarar greinar.

Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um útborgun lífeyris í einu lagi ef um lágar upphæðir er að ræða.

IV. KAFLI
Almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar.

20. gr.

Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs skal ávaxta sameiginlega með innlánum í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi er um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar. Lífeyrissjóði er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

21. gr.

Ekki er heimilt að starfrækja lífeyrissjóð nema hann hafi fullgilt starfsleyfi skv. V. eða XI. kafla.

Að jafnaði skulu minnst 800 sjóðfélagar greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs reglulega í mánuði hverjum, nema sjóðurinn tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti í samræmi við tryggingafræðilega athugun.

Lífeyrissjóði er heimilt að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna, að hluta til eða öllu leyti, hjá vátryggingafélögum, sbr. lög um vátryggingastarfsemi. Jafnframt er honum heimilt að kaupa tiltekna tryggingavernd hjá vátryggingafélögum eða öðrum lífeyrissjóðum fyrir einstaka sjóðfélaga sína. Enn fremur er lífeyrissjóðum heimilt að hafa samstarf um einstaka þætti tryggingaverndar. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

22. gr.

Lífeyrissjóðum er skylt og einum heimilt að nota í heiti sínu orðið „lífeyrissjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum eða til nánari skýringa á starfsemi sinni. Lífeyrissjóðum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, er þó heimilt að halda heiti sínu óbreyttu.

23. gr.

Lífeyrissjóður ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum sínum. Iðgjaldagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

24. gr.

Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. og ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerð skal kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, raunvexti sem athugunin skal byggjast á og ávöxtunarkröfu sem nota skal við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins. Í reglugerð skulu jafnframt sett ákvæði um mat á hreinni eign til greiðslu lífeyris vegna tryggingafræðilegra athugana. Skal í reglugerðinni tilgreina mögulegt frávik frá mati á eignarliðum í efnahagsreikningi skv. 40. gr., m.a. að verðmæti skráðra hlutabréfa og sambærilegra verðbréfa skuli miða við vegið markaðsvirði á tilteknu tímabili sem þó getur ekki verið lengra en sex mánuðir.

Athugun skv. 1. mgr. skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu Vátryggingaeftirlitsins til slíks starfs, sbr. lög um vátryggingastarfsemi.

Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda bankaeftirliti Seðlabanka Íslands tryggingafræðilega athugun skv. 1. mgr.

V. KAFLI
Starfsleyfi lífeyrissjóða.

25. gr.

Fjármálaráðherra skal veita lífeyrissjóði starfsleyfi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Sýnt er fram á að sjóðurinn muni innan þriggja ára uppfylla skilyrði 2. mgr. 21. gr.
2. Samþykktir eru samkvæmt ákvæðum 27. gr.
3. Stjórn hefur verið valin.
4. Löggiltur endurskoðandi hefur verið valinn.
5. Tryggingafræðingur hefur verið valinn.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Skulu fylgja henni samþykktir sjóðsins ásamt öðrum þeim upplýsingum og gögnum sem ráðherra ákveður. Áður en umsókn um starfsleyfi er afgreidd skal leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi lífeyrissjóða í Lögbirtingablaði.

26. gr.

Ákvörðun um starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra.

Uppfylli lífeyrissjóður sem sótt er um starfsleyfi fyrir ekki skilyrði laga þessara skal synja honum um það.

27. gr.

Samþykktir lífeyrissjóðs skulu við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Samþykktir lífeyrissjóðs skulu m.a. kveða á um eftirtalin atriði:

1. Heiti, heimili og hlutverk sjóðsins.
2. Hverjir eru sjóðfélagar.
3. Almenn skilyrði um aðild að sjóðnum og um brottfall aðildar.
4. Ársfund, hvernig boða skuli til hans, hvaða mál skuli þar lögð fram, hverjir eigi þar atkvæðisrétt og hvernig atkvæðisréttur er ákveðinn.
5. Hlutverk stjórnar, fjölda stjórnarmanna og varamanna þeirra, kjörtímabil þessara aðila, svo og hvernig vali þeirra og endurskoðanda skuli háttað.
6. Hvort fé í vörslu sjóðsins skuli varðveitt sem ein heild eða í fjárhagslega aðskildum deildum og hvernig fé sjóðsins skuli ávaxtað.
7. Hvernig iðgjöld til sjóðsins skuli ákveðin og hvernig þau skuli greidd.
8. Réttindi sjóðfélaga eða aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda skuli háttað og hver séu nánari skilyrði lífeyrisréttar. Þá skal og kveðið á um framkvæmd lífeyrisgreiðslna.
9. Framkvæmd reglubundinnar, tryggingafræðilegrar athugunar á hag sjóðsins og hvenær slík athugun skuli fara fram, sbr. 24. gr. og 39. gr.
10. Hvernig staðið skuli að breytingu á samþykktum sjóðsins.
11. Upplýsingaskyldu sjóðsins við sjóðfélaga.
12. Hlutverk og skipan gerðardóms.

28. gr.

Allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skal tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laga þessara og starfsleyfi sjóðsins. Samtök lífeyrissjóða geta tilkynnt breytingar á samþykktum í umboði aðildarsjóða sinna. Tilkynning um breytingar á samþykktum lífeyrissjóða skulu birtar í Lögbirtingablaði. Jafnframt skal tilkynna bankaeftirliti um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi lífeyrissjóðs.

VI. KAFLI
Rekstur og innra eftirlit.

29. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórn lífeyrissjóðs skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi.

Stjórn lífeyrissjóðs annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans eða þeirra samkvæmt sérstöku erindisbréfi,
2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila,
3. að móta fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins, sbr. VII. kafla,
4. að setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins,
5. að ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað,
6. að láta tryggingafræðilega athugun fara fram á fjárhag sjóðsins, sbr. 24. gr.

30. gr.

Fyrir lok júní hvert ár skal stjórn lífeyrissjóðs boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisréttur skal vera í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, sbr. 27. gr.

Ársfund skal boða með tryggilegum hætti.

Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

31. gr.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

Um hæfi framkvæmdastjóra fer skv. 1. og 2. mgr.

32. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Halda skal gerðabók um það sem gerist á fundum stjórnar. Allir stjórnarmenn sem mættir eru skulu undirrita fundargerðina.

33. gr.

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélaga, einum tilnefndum af viðkomandi lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eða öðrum þeim aðila sem tilgreindur er í samþykktum viðkomandi sjóðs. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en $\frac{1}{3}$ hluta málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

34. gr.

Við lífeyrissjóð skal endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili annast innra eftirlit, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 29. gr. Innra eftirlit skal vera hluti af skipulagi lífeyrissjóðs og þáttur í eftirlitskerfi hans.

Sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili getur verið löggiltur endurskoðandi eða sá sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins.

Lífeyrissjóði er skylt að tilkynna bankaeftirliti ef skipt er um eftirlitsaðila skv. 1. mgr.

35. gr.

Endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðs skv. 1. mgr. 34. gr. skal m.a. annast eftirfarandi verkefni:

1. hafa eftirlit með að skráning iðgjalda og lífeyrisréttinda sé samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,
2. hafa eftirlit með að lífeyrisréttindi séu reiknuð í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,
3. gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innra eftirlits og annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits,
4. hafa eftirlit með að í viðskiptum með eignir lífeyrissjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. hafa eftirlit með því að fjárfestingarstefnu sé fylgt og að ávöxtun eigna sé eðlileg,
6. hafa eftirlit með að iðgjöldum og öðru ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Bankaeftirlit setur nánari reglur um verkefni endurskoðunardeilda og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

VII. KAFLI
Fjárfestingarstefna lífeyrissjóða.

36. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild í deildaskiptum sjóði. Lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvíxlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti bankaeftirlits.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteinunum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
8. Í öðrum verðbréfum.
9. Í innlendum hlutabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutaðeigandi hlutafélaga öllum aðgengilegir.
10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.

Verðbréf skv. 1., 2. og 5.–8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum.

Eign lífeyrissjóðs skv. 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. hverjum um sig og 6. og 9. tölul. 1. mgr. samanlagt skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal eign skv. 9. tölul. ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa.

Lífeyrissjóður skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins.

Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 3.–6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

Lífeyrissjóði er ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein en skal þegar hann kaupir verðbréf gæta þess að þessi takmörk séu virt.

37. gr.

Lífeyrissjóður má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er lífeyrissjóði heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

38. gr.

Lífeyrissjóði er óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins. Lífeyrissjóði er þó heimilt að nýta almenna greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum eða taka skammtímalán til þess að jafna fjárstreymi.

Lífeyrissjóði er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda, eftirlitsaðila, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

39. gr.

Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Hrein eign til greiðslu lífeyris skal á hverjum tíma metin í samræmi við ákvæði 24. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun skv. 24. gr. í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Stjórn lífeyrissjóðs er skylt að fá álit tryggingafræðings á áhrifum breytinga á samþykktum lífeyrissjóðs á getu hans til þess að greiða lífeyri. Tryggingafræðingi lífeyrissjóðs er skylt að skýra stjórn sjóðsins þegar í stað frá því ef tryggingafræðileg úttekt leiðir í ljós að sjóðurinn stendur ekki við skuldbindingar sínar. Hann skal skila tillögum til úrbóta til stjórnar og gera bankaeftirliti viðvart.

Tryggingafræðingur lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en tryggingafræðilegum athugunum og tengdri ráðgjöf.

VIII. KAFLI

Ársreikningur og endurskoðun.

40. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár lífeyrissjóðs er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings lífeyrissjóðs.

Bankaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða efnahagsreiknings, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og fjárstreymisyfirlit og skýringar og mat á einstökum liðum.

41. gr.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun sjóðsins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hans.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda greiðandi sjóðfélaga á árinu, fjölda virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, fjölda lífeyrisþega, fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu sjóðsins.

42. gr.

Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal gerð af löggiltum endurskoðanda.

Endurskoðandi lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun og innra eftirliti, sbr. 35. gr.

Um endurskoðun hjá lífeyrissjóði gilda ákvæði VII. kafla laga um ársreikninga, eftir því sem við á, nema annað komi fram í þessum lögum.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins, svo og ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um starfsemina hafi verið brotnar, skal hann þegar í stað gera stjórn sjóðsins og bankaeftirliti viðvart. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 32. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

Bankaeftirlitið skal sjá til þess, í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila, að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá lífeyrissjóðum. Bankaeftirlitið setur reglur um endurskoðun lífeyrissjóða.

43. gr.

Senda skal bankaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu liggja frammi í starfsstöð viðkomandi lífeyrissjóðs og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.

IX. KAFLI
Eftirlit.

44. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og staðfestar samþykktir lífeyrissjóða. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum lífeyrissjóða sem það telur nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið getur lagt fyrir stjórn lífeyrissjóðs að láta fara fram tryggingafræðilega athugun á hag sjóðs á öðrum forsendum en gefnar eru í reglubundnum athugunum sjóðsins telji eftirlitið að hagur sjóðsins gefi tilefni til þess.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 4. mgr. 42. gr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að rekstri lífeyrissjóðs og fjárhagsstöðu sé ábótavant í verulegum atriðum skal það krefja stjórnendur og endurskoðanda þegar í stað um nauðsynleg gögn sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því að þeim barst krafan.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi lífeyrissjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóða eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi sjóði hæfilegan frest til úrbóta, nema brot sé alvarlegt.

45. gr.

Heimilt er Seðlabanka Íslands, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, að ákveða viðurlög í formi dagsekta, allt að 100 þús. kr. á dag, ef lífeyrissjóðir verða ekki við skyldu til afhendingar ársreikninga eða annarra gagna eða hlíta ekki kröfum bankaeftirlitsins um aðgerðir samkvæmt lögum þessum.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins samkvæmt þessum kafla skulu þegar í stað tilkynntar fjármálaráðherra, stjórn lífeyrissjóðs og endurskoðanda.

X. KAFLI
Umsjónaraðili, slit og samruni.

46. gr.

Fullnægi lífeyrissjóður ekki lengur skilyrði laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. V. kafla, reynist lífeyrissjóður ekki gjaldhæfur að mati bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóðs eða sé rekstri hans ábótavant og kröfum bankaeftirlitsins skv. 44. gr. ekki sinnt er ráðherra heimilt að skipa lífeyrissjóði umsjónaraðila um tiltekinn tíma að fengnum tillögum bankaeftirlits.

Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skulu víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfar. Tekur umsjónaraðili við réttindum og skyldum þessara aðila eftir því sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi hans sem ráðherra gefur út. Kostnaður við starf umsjónaraðila greiðist af viðkomandi lífeyrissjóði.

47. gr.

Skipun umsjónaraðila skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi lífeyrissjóði skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um skipunina í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Skylda til greiðslu iðgjalds til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs fellur niður frá og með þeim tíma sem tilkynning um skipun umsjónaraðila birtist í Lögbirtingablaði. Ef iðgjaldagreiðslu til

sjóðsins er hætt skal tryggingaskyldu fullnægt með aðild að og greiðslu iðgjalds til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eða annars lífeyrissjóðs sem viðurkenndur er af fjármálaráðherra.

Að tillögu umsjónaraðila getur ráðherra ákveðið slit lífeyrissjóðs. Skal ráðherra þá skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars lífeyrissjóðs. Skilanefnd tekur við öllum heimildum sjóðstjórnar og falla jafnframt niður heimildir stjórnarinnar frá sama tíma. Skilanefnd skal taka ákvörðun um hvort sjóðnum skuli slitið með sameiningu við annan sjóð eða með öðrum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. 49. gr.

48. gr.

Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs, hvort heldur er með sameiningu eða öðrum hætti, skal tekin af stjórn hans, nema samþykktir sjóðsins kveði á um annað eða ákvæði 47. gr. eigi við.

Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs skal þegar í stað tilkynna fjármálaráðuneytinu og bankaeftirlitinu.

Sé gert samkomulag um að sameina lífeyrissjóð algjörlega öðrum sjóði skal gefa út innköllun skv. 2. mgr. 49. gr. og halda eignunum aðgreindum þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf þó að halda eignum aðgreindum ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging.

Eignir lífeyrissjóðs skulu renna til þess lífeyrissjóðs sem hann sameinast. Við flutning og ákvörðun lífeyrisréttinda skal þess gætt að hver og einn sjóðfélagi beggja sjóðanna verði ekki fyrir réttindaskerðingu vegna sameiningarinnar. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

49. gr.

Stjórn sjóðs eða sá aðili sem samkvæmt samþykktum sjóðs hefur ákveðið að honum skuli slitið skal þegar í stað tilnefna þriggja manna skilanefnd er taki við störfum stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins, enda hafi skilanefnd ekki þegar verið skipuð skv. 3. mgr. 47. gr.

Skilanefnd skal láta birta tvisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna sjóðsins um að lýsa kröfum sínum innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar og hefur hún sömu réttaráhrif og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Eignir lífeyrissjóðs sem eftir standa þegar skuldir hafa verið greiddar skulu renna til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Skulu réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega jafnframt metin til réttar í Söfnunarsjóðnum í sama hlutfalli og er milli þeirra eigna sjóðsins er til Söfnunarsjóðsins renna og heildarlífeyrisskuldbindinga sjóðsins metinna í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

XI. KAFLI
Lífeyrissjóðir sem starfa við gildistöku laga þessara.

50. gr.

Lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum eru undanþegnir ákvæðum 21. gr., V. kafla og X. kafla. Jafnframt eru þeir undanþegnir ákvæðum 3. gr. og III. kafla enda sé kveðið á um iðgjaldsstofn og réttindi í viðkomandi lögum. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. skal þó gilda fyrir þessa sjóði.

51. gr.

Lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags og banka eru undanþegnir ákvæðum 23. gr. og 39. gr.

52. gr.

Lífeyrissjóðir, sem hyggjast halda áfram að taka við iðgjöldum eftir gildistöku laga þessara, skulu innan eins árs frá gildistökunni senda fjármálaráðuneytinu umsókn um starfsleyfi. Umsókn skulu fylgja samþykktir lífeyrissjóðs, tryggingafræðileg athugun, ásamt öðrum þeim upplýsingum sem ráðherra ákveður. Hafi sjóður ekki nægjanlega marga sjóðfélaga skv. 21. gr. skal í umsókn koma fram hvenær og hvernig sjóðurinn hyggst uppfylla skilyrði greinarinnar, sbr. 25. gr. Um veitingu starfsleyfis fer að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla, um starfsleyfi.

Hafi lífeyrissjóður ekki sent umsókn um starfsleyfi ásamt tilskildum gögnum innan þess tíma sem greinir í 1. mgr. telst sjóðurinn ekki fullnægja ákvæðum laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi og fer þá um málefni hans samkvæmt ákvæðum X. kafla.

53. gr.

Lífeyrissjóðir, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara og hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna áunninna réttinda, skulu tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlan innan eins árs frá gildistöku laganna og skal þeim veitt starfsleyfi í því skyni, að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Lög þessi skulu gilda um þá sjóði sem starfsleyfi hafa samkvæmt þessari grein eftir því sem við getur átt.

54. gr.

Lífeyrissjóði, sem starfar í samræmi við staðfesta reglugerð samkvæmt lögum nr. 55/1980 og nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli fyrir þá sem eiga aðild að sjóðnum við gildistöku laga þessara. Lífeyrissjóðurinn skal tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlun innan eins árs frá gildistöku laganna og skal honum veitt starfsleyfi í því skyni.

Kjósi sjóðurinn að taka við iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum skulu þeir eiga aðild að sérstakri deild í sjóðnum og skulu samþykktir hennar uppfylla skilyrði laga þessara. Um starfsleyfi fyrir slíka deild skal sótt innan sömu tímamarka og í 1. mgr. greinir.

Í að minnsta kosti eitt ár eftir gildistöku laga þessara skal gefa þeim sem eiga aðild að lífeyrissjóði er þessi grein tekur til kost á aðild að réttindakerfi eða öðrum lífeyrissjóði sem uppfyllir skilyrði laga þessara.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.

56. gr.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

57. gr.

Kostnaður við birtingu tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi lífeyrissjóði.

58. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Þó öðlast 3. mgr. 14. gr. ekki gildi fyrr en 1. maí 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, 2., 3., 4. og 5. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og lög nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fram til þess tíma er starfsleyfi er veitt skv. XI. kafla skal um starfsemi lífeyrissjóðs gilda sú staðfesta reglugerð sem í gildi er við gildistöku laga þessara enda hafi heimild til reksturs lífeyrissjóðs ekki fallið niður.

II.

Á árinu 2001 skal fjármálaráðherra láta gera skýrslu um þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laga þessara. Sérstaklega skal fjalla um hvernig lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum og boðið sjóðfélögum upp á fleiri valmöguleika í samsetningu lífeyrisréttinda sinna, sbr. 4. gr., enda er það eitt af markmiðum laga þessara að auka valmöguleika sjóðfélaganna. Komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika með hliðsjón af lágmörkum skv. 4. gr. skal fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp um breytingu á lögum þessum þannig að þetta markmið þeirra náist.

694. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 14. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hagnaður af sölu þeirra réttinda sem um ræðir í 50. gr. A telst að fullu til tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu réttindi. Hagnaður af sölu telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði, eftir að frá því hafa verið dregnar fengnar fyrningar og niðurfærsla skv. 6. mgr., og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Þegar ákveða skal hagnað af sölu aflahlutdeildar eða sambærilegra réttinda í sjávarútvegi skal á hverjum tíma litið svo á að fyrst sé seldur sá hluti aflahlutdeildar í sömu fisktegund sem skattaðili keypti fyrst en úthlutaðri aflahlutdeild sé ráðstafað eftir að öll keypt aflahlutdeild í tegundinni hefur verið seld.

Á því ári sem skattskyldur hagnaður af sölu aflahlutdeildar eða sambærilegra réttinda í sjávarútvegi skv. 5. mgr. færist til tekna er skattaðila heimilt að færa niður stofnverð aflahlutdeildar, sem keypt hefur verið á tekjuárinu eða á síðustu 12 mánuðum áður en salan fór fram, um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Þá getur skattaðili farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðarins um tvenn áramót, enda kaupi hann aflahlutdeild í sjávarútvegi innan þess tíma og færi hana niður um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Ef aflahlutdeild er ekki keypt innan tilskilins tíma samkvæmt þessari málsgrein telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist, framreiknaður

samkvæmt ákvæðum 26. gr. til þess árs þegar hann er tekjufærður, að viðbættu 10% álagi. Niðurfærsla eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein er því aðeins heimil að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

2. gr.

Á eftir 50. gr. laganna kemur ný grein, 50. gr. A, svohljóðandi:

a. Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar er eigi heimilt að fyrna. Til stofnkostnaðar samkvæmt þessari málsgrein telst m.a. keyptur réttur til nýtingar á náttúruauðæfum, svo sem kaup á varanlegri aflahlutdeild og sambærilegum réttindum.

   Keypt leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 5. gr. laga nr. 38/1990 skal þó heimilt að telja til stofnkostnaðar með því skipi sem það er tengt og fer þá um fyrningar þess skv. 1. tölul. 32. gr., sbr. 1. tölul. 38. gr.

   Um hagnað vegna sölu á ófyrnanlegum réttindum skv. 1. mgr. fer skv. 5. og 6. mgr. 14. gr. Verðmæti keyptra réttinda sem ekki er heimilt að fyrna er eigi heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum. Þó skal heimilt að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður eða hlutfallslega ef þau eru skert verulega lögum samkvæmt.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Ófyrnanleg réttindi.*

3. gr.

Við 74. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ófyrnanleg réttindi skv. 50. gr. A skal telja til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum fengnum fyrningum og að frádreginni niðurfærslu skv. 6. mgr. 14. gr., eftir að stofnverð, fyrningar og niðurfærslur hafa verið hækkaðar eða lækkaðar í samræmi við ákvæði 26. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó er rekstraraðilum, sem hafa keypt aflahlutdeild í sjávarútvegi fyrir gildistöku laga þessara, heimilt að fyrna þessi réttindi um allt að 20% á framtali vegna tekjuársins 1998, um allt að 15% á framtali vegna tekjuársins 1999 og um allt að 10% á framtali vegna tekjuársins 2000 og færa stofnverð keyptra aflahlutdeilda niður um þær fyrningar og fyrri fyrningar. Þó er ekki heimilt að fyrna þessi réttindi lengur en í fimm ár frá og með kaupári.

Þeim sem selt hafa aflahlutdeild fyrir gildistöku laga þessara og frestað skattlagningu söluhagnaðarins er heimilt að fara með söluhagnaðinn samkvæmt ákvæðum 13. gr.

695. Lög [290. mál]

um húsaleigubætur.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 662.

696. Lög [304. mál]

um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 669.

697. Lög [328. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 668.

698. Lög [329. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 666.

699. Lög [330. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 667.

700. Lög [323. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 670 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, sbr. 30. gr. laga nr. 29/1993, 2. gr. laga nr. 68/1996 og 67. gr. laga nr. 111/1992, skulu 1.164 millj. kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1998.

701. Þingsályktun [384. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 688.

702. Lög [249. mál]

um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 693.

703. Lög [338. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 694.

704. Lög [58. mál]

um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 58.

705. Lög [371. mál]

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 603.

706. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 537 (sbr. 1) með þessum breytingum:

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr. hljóðar svo:

Árið 1998 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**149.399,0**	**141.981,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	30.076,0	27.761,0
Skattar á tekjur lögaðila	6.956,0	6.205,0
Tryggingagjöld	15.190,0	14.825,0
Eignarskattar	8.059,0	7.916,0
Virðisaukaskattur	53.936,0	50.487,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	33.567,0	33.497,0
Skattar ótaldir annars staðar	1.315,0	1.290,0
Aðrar rekstrartekjur	**12.787,0**	**11.132,0**
Arðgreiðslur	2.098,0	2.098,0
Vaxtatekjur	6.815,0	5.200,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	3.874,0	3.834,0
Sala eigna	2.721,0	2.721,0
Fjárframlög	903,0	903,0
Tekjur samtals	**165.810,0**	**156.737,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.430,4	1.430,4
Forsætisráðuneyti	891,1	891,6
Menntamálaráðuneyti	18.107,7	18.107,7
Utanríkisráðuneyti	2.915,8	2.915,8
Landbúnaðarráðuneyti	8.185,6	8.185,6
Sjávarútvegsráðuneyti	2.515,4	2.204,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9.004,1	9.004,1
Félagsmálaráðuneyti	10.573,4	10.493,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	60.400,7	60.325,7
Fjármálaráðuneyti	20.067,3	13.857,3
Samgönguráðuneyti	10.336,8	10.558,2
Iðnaðarráðuneyti	1.261,1	1.261,1
Viðskiptaráðuneyti	1.075,6	1.075,6
Hagstofa Íslands	242,5	242,5
Umhverfisráðuneyti	2.469,8	2.419,8
Fjármagnskostnaður	16.200,0	12.300,0
Gjöld samtals	**165.677,3**	**155.272,9**
Tekjujöfnuður	**132,3**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1998 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	132,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	3.300,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-2.723,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	314,4
Handbært fé frá rekstri	**1.023,7**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-9.585,0
Afborganir veittra lána	6.620,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-550,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.700,0
Fjármunahreyfingar samtals	**3.785,0**
Hrein lánsfjárþörf (til lækkunar á skuldum)	**-4.808,7**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0
Tekin löng lán	12.650,0
Afborganir lána	-17.452,0
Fjármögnun samtals	**-4.802,0**
Breyting á handbæru fé	**6,7**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1998 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	393,0	626,0	8,0	180,0
Lyfjabúð Háskóla Íslands	0	0	0	0
Ríkisútvarpið	36,0	0	530,0	300,0
Þjóðleikhúsið	-32,0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-46,0	0	0	0
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	472,0	470,0	10,0	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	222,5	0	533,9	475,0
Ratsjárstofnun	0	0	0	0
Umsýslustofnun varnarmála	10,9	11,9	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.824,0	2.908,0	25,0	0
Alþjóðaflugþjónustan	5,0	0	30,0	70,0
Rafmagnsveitur ríkisins	35,0	137,0	785,0	160,0
Samtals	**3.920,4**	**4.152,9**	**1.921,9**	**1.185,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr. hljóðar svo:

Árið 1998 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Byggðastofnun	-10,0	1.600,0	0	1.400,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	-9,0	3.030,0	15,0	3.200,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-11,8	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	-125,0	1.100,0	0	1.200,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-700,0	0	0	1.000,0
Húsbréfadeild	0	16.600,0	0	16.500,0
Byggingarsjóður ríkisins	-478,0	600,0	15,0	4.400,0
Byggingarsjóður verkamanna	-800,0	2.450,0	0	5.280,0
Framkvæmdasjóður Íslands	-33,0	62,0	0	0
Hafnabótasjóður	-25,0	25,0	0	0
Ferðamálasjóður	21,0	130,0	0	100,0
Orkusjóður	7,3	15,0	0	0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	27,0	300,0	20,0	0
Samtals	**-2.136,5**	**25.912,0**	**50,0**	**33,080,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 12.650 m.kr. á árinu 1998 og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 9.585 m.kr. af fjárhæð skv. lið 1. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.200 m.kr.
   - 2.2. Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 1.000 m.kr.
   - 2.3. Byggingasjóðs ríkisins allt að 4.200 m.kr.
   - 2.4. Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 70 m.kr.
   - 2.5. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar allt að 475 m.kr.
   - 2.6. Happdrættis Háskóla Íslands allt að 180 m.kr.
   - 2.7. Ríkisútvarpsins allt að 300 m.kr.
   - 2.8. Rafmagnsveitna ríkisins allt að 160 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 1998 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í lið 3.1. til 3.6., sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1. Landsvirkjun, allt að 8.300 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2. Byggingarsjóði verkamanna, allt að 4.900 m.kr., sbr 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
   - 3.3. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 16.500 m.kr., sbr 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
   - 3.4. Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.200 m.kr., sbr 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.5. Byggðastofnun, allt að 1.400 m.kr., sbr 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun með áorðnum breytingum.
   - 3.6. Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

4. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs með sjálfskuldarábyrgð lántöku eftirtalinna aðila:
   - 4.1 Norðuráls hf., allt að 210 m.kr., til að ábyrgjast skaðleysi Hafnarsjóðs Grundartangahafnar vegna lántöku Norðuráls hf. hjá Hafnarsjóði Grundartanga.

5. Að yfirtaka skuldir o.fl.
   - 5.1 Yfirtaka skuldir Baldurs hf. vegna kaupa á ferjunni Baldri og húseignum á Brjánslæk í Barðastrandasýslu.

6. Ýmis ákvæði.

6.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

6.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs, sem ekki eru komnir á gjalddaga, í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr. hljóðar svo:

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 315 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1998 umfram 185 m.kr. renna í ríkissjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1998 af ráðstöfunarfé sjóðsins, kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 1.164 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1998.

6. Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, skal heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi á árinu 1998 til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

7. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skulu tekjur af brunavarnargjaldi umfram 79 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Ýmis ákvæði
Heimildir

7. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

1.2 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt eru til landsins á vegum Landsíma Íslands hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1.3 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.

1.4 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld, sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins.

1.5 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða á árinu 1998, í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.

1.6 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar ehf. vegna fjármögnunar jarðganga.

1.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna kaupa MK Flugfélagsins ehf. á flugvél með væntanlega einkennisstafi TF-MKG.

1.8 Að fella niður stimilgjöld vegna kaupa Eignarfélags Íslandsflugs hf. á fjórum flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ELK, TF-ELA, TF-ELF og TF-ELH.

1.9 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélags Íslands hf. á tveimur flugvélum sem bera einkennisstafina TF-JME og TF-JML.

1.10 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélagsins Atlanta ehf. á sjö flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ABM, TF-ABE, TF-ABV, TF-ABH, TF-ABI, TF-ABN og TF-ABU.

1.11 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugleiða hf. á Boeing 757-200 flugvél með einkennisstafina TF-FIH.

1.12 Að fella niður stimpilgjöld vegna veðsetningar Flugfélagsins Atlanta ehf. á Boeing 747-100 flugvél sem ber einkennisstafina TF-ABW.

1.13 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Íslandsflugs hf. á Boeing 737-200 flugvél sem ber einkennisstafina TF-ELL.

1.14 Að lækka eða fella niður stimpilgjöld vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing-flugvélum.

1.15 Að lækka stimpilgjald vegna kaupa Egilsstaðabæjar á landi ríkisins á Egilsstöðum, sbr. afsal dags. 28. júní 1997, þannig að stimpilgjaldið miðist við kaupverð landsins en ekki fasteignamat.

1.16 Að endurgreiða tekjuskatt af Henrik Steffens verðlaununum sem veitt voru á árinu 1997.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Laugaveg 114, Reykjavík, og kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

2.2 Að selja fasteignina Tryggvagötu 1 (Hafnarbúðir), Reykjavík, og verja hluta af andvirði hennar til uppbyggingar sjúkrahúsanna í Reykjavík samkvæmt samkomulagi þar um.

2.3 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.

2.4 Að selja fasteignina Skálholtsstíg 7, Reykjavík, og verja andvirðinu til kaupa á þjónustu- og geymsluhúsnæði fyrir Listasafn Íslands.

2.5 Að selja fasteignina Völvufell 20, Reykjavík.

2.6 Að selja fasteignina Túngötu 7, Reykjavík.

2.7 Að selja íbúðarhúsið Kollafjörð, sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til viðhalds á eignum stöðvarinnar.

2.8 Að selja íbúðarhúsið Arnarhól I, sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til greiðslu á skuldum stöðvarinnar við Framkvæmdasjóð Íslands.

2.9 Að selja íbúðarhús sem tilheyra Bændaskólanum á Hvanneyri og verja söluandvirðinu til skólans.

2.10 Að selja læknisbústað og heilsugæslustöð að Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir læknamóttöku.

2.11 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Aðalgötu 7, Stykkishólmi.

2.12 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði, og eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4, Egilsstöðum, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.

2.13 Að selja prestsbústað við Húnabraut 3, Blönduósi, og kaupa annan.

2.14 Að selja húsnæði lögreglunnar við Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra.

2.15 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins við Hjalteyri, Arnarneshreppi.

2.16 Að selja fasteignir Ríkisútvarpsins að Ytri-Skjaldarvík, Glæsibæjarhreppi.

2.17 Að selja fasteignina Spítalaveg 11 (Brekkudeild), Akureyri, og verja andvirði sölunnar til nauðsynlegra breytinga á húsnæði og aðstöðu fyrir dagdeild geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins.

2.18 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.

2.19 Að selja prestsbústað við Hlíðartún 18, Höfn í Hornafirði, og kaupa annan.

2.20 Að selja húsnæði Skattstofu Suðurlands að Þrúðvangi 20, Hellu, og kaupa annað hentugra.

2.21 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.

2.22 Að selja vitavarðarbústað við Reykjanesvita í Reykjanesbæ.

2.23 Að selja fasteignina Gauksstaðaveg 4, Gerðahreppi.

2.24 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri hennar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.

2.25 Að selja bústað varamanns sendiherra í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.26 Að selja sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín.
2.27 Að selja bústað varamanns sendiherra í Ósló og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.28 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.29 Að selja fasteignina Drekavog 16, Reykjavík.
2.30 Að selja fasteignina Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.
2.31 Að selja íbúðarhúsið að Austurvegi 8, Hrísey, og verja andvirðinu til viðhalds dýralæknabústaða í eigu ríkisins.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Laugavegi 24, Reykjavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.4 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Lyngás 11, Garðabæ, og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Hjalla 4, Patreksfirði.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirðinu til Vestfjarðaganga.
3.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hvammstangabraut 13a, Hvammstanga.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Þverbraut 1, Blönduósi, og verja andvirði hennar til kaupa á tækjum og búnaði fyrir Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Norðurgötu 4b, Siglufirði.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Laufás 4, Egilsstöðum, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.14 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði.
3.15 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.16 Að selja húsnæði sjúkrahúsa sem nú er notað fyrir barnaheimili.
3.17 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.18 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.20 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Laugalækjarskóla.

3.21 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Víðigrund 2, Sauðárkróki, og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar endurhæfingaraðstöðu fyrir Sjúkrahúsið Sauðárkróki.
3.22 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Borgartún 6, Reykjavík.
3.23 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Borgartún 21, Reykjavík.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja hluta úr lóð Kópavogshælis.
4.2 Að selja landspildu úr landi Vestra-Kataness, Hvalfjarðarstrandarhreppi, og Klafastaða í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
4.3 Að selja jörðina Svínhól í Dalabyggð, Dalasýslu.
4.4 Að selja jörðina Austmannsdal, Vesturbyggð.
4.5 Að selja hluta af jörðunum Löngumýri, Lauftúni og Krossanesi í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
4.6 Að selja jörðina Hól í Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.7 Að selja allt að 36 ha landspildu úr jörðinni Geitafelli í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Halldórsstaði í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.9 Að selja jörðina Saltvík í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.10 Að selja jörðina Hól í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
4.11 Að selja jörðina Ánastaði í Hjaltastaðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.12 Að selja jörðina Gvendarnes (Hafnarnes) í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.13 Að selja jörðina Giljur í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Stöðlum í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.15 Að selja hluta af jörðinni Króki í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.16 Að semja við eiganda jarðarinnar Ósgerðis í Ölfushreppi um makaskipti á landspildum úr Ósgerði og Nethömrum í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.17 Að selja hluta lóðarinnar Seljavegur 32, Reykjavík.
4.18 Að selja jarðirnar Brúnir og Tjarnir í Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.2 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja allt að 9 m.kr. af söluandvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Framkvæmdasjóð Íslands og Endurlán ríkisins.
5.4 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.5 Að selja, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra, hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf. og verja söluandvirðinu til Bændaskólans á Hólum.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.7 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Skýrr hf.
5.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Skráningarstofunni hf. og verja allt að 15 m.kr. af söluandvirðinu til búnaðarkaupa og stofnframkvæmda á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Ráðstöfun annarra eigna

6.1 Að selja Hríseyjarferjuna Sævar.
6.2 Að afhenda Ísafjarðarbæ skrúðgarðinn Skrúð á Núpi, Dýrafirði.
6.3 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.
6.4 Að selja rekstur Lyfjabúðar Háskóla Íslands.
6.5 Að selja eða afhenda eignir ríkissjóðs að Gufuskálum á Snæfellsnesi og semja um nýtingu mannvirkja og rekstur staðarins.
6.6 Að yfirfæra eignarhluta ríkisins í Laugaskóla í Dalasýslu til Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps í samráði við menntamálaráðuneytið.
6.7 Að selja eða afhenda Ms. Akraborg.

Kaup og leiga fasteigna

7.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
7.3 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.4 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.5 Að kaupa húseignir og byggingarreit á háskólalóðinni við Hringbraut í þágu Þjóðminjasafns Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
7.6 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu, Reykjavík, til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
7.7 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi ríkisskattstjóra og taka til þess nauðsynleg lán.
7.8 Að kaupa eignarhlut Reykjavíkurborgar í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík, til nota fyrir tollstjórann í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.9 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Landsbókasafn Íslands og fleiri safnastofnanir og taka til þess nauðsynleg lán.
7.10 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti og taka til þess nauðsynleg lán.
7.11 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.12 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
7.13 Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Hólmavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.14 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.15 Að kaupa fasteignina Norðurbæ II, Gunnarsholti, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, og taka til þess nauðsynleg lán.
7.16 Að kaupa eignarhlut Íþróttasambands Íslands í húseign Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni og taka til þess nauðsynleg lán.
7.17 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.18 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
7.19 Að kaupa eða leigja sendiherrabústað í París og taka til þess nauðsynleg lán.

7.20 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra í Helsinki og taka til þess nauðsynleg lán.
7.21 Að kaupa nýjan sendiherrabústað í London eða endurnýja lóðarleigusamning um núverandi bústað og taka til þess nauðsynleg lán.
7.22 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.23 Að kaupa jarðir vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.24 Að kaupa húseign með tilheyrandi lóðarréttindum í nágrenni Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.25 Að kaupa jörðina Eystra-Katanes í Hvalfjarðarstrandarhreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.26 Að kaupa húsnæði fyrir Náttúrustofu í Bolungarvík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.27 Að kaupa húsnæði fyrir Náttúrustofu í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.28 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.29 Að kaupa eignarhluta Reykhólahrepps í Flatey á Breiðafirði og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

8.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi 1998 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
8.2 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
8.3 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
8.4 Að ábyrgjast mögulegar skaðabótaskyldar afleiðingar af töku lyfsins Thalidomide.
8.5 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1998, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
8.6 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1998 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 20 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Upphæðinni er varið til markaðsátaks erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi.
8.7 Að ráðstafa allt að 20% arðs af eign ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
8.8 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.
8.9 Að lána til fiskeldisfyrirtækja, að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra, greiddar afborganir, vexti og verðbætur af sérstökum rekstrarlánum sem veitt voru til fiskeldisfyrirtækja á árunum 1991 og 1992.
8.10 Að taka þátt í stofnun hlutafélags um rekstur verðbréfamiðstöðvar á Íslandi.

8.11 Að semja við eiganda húsnæðis sendiherra í Moskvu um endurbætur gegn fyrirfram greiddri leigu.

8.12 Að semja við Súðavíkurhrepp um mismun söluverðs og kaupverðs sumarhúsa sem keypt voru í kjölfar snjóflóðs sem féll þann 16. janúar 1995.

8.13 Að ráðstafa allt að 30 m.kr. af aukinni sektarinnheimtu lögreglustjórans í Reykjavík til embættisins í samráði við dómsmálaráðherra.

8.14 Að ráðstafa allt að 90 m.kr. af söluandvirði hlutabréfa ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun hf. til stofnframkvæmda og fasteignakaupa á árunum 1997 og 1998.

8.15 Að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að atvinnusköpun á þeim landssvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.

8.16 Að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytis á móti eignarhlut þriðju aðila, með það að markmiði að öflugri eignarhaldsfélög geti átt frumkvæði að stofnun nýrra iðnfyrirtækja m.a. með hlutafjárútboði. Meðferð eignarhluta ríkissjóðs í slíkum eignarhaldsfélögum skal háð sömu takmörkunum og gilda um eignarhlutinn nú.

8.17 Að semja við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um stofnfjárgreiðslu ríkissjóðs til sjóðsins af söluandvirði hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

8.18 Að semja við stjórn Skallagríms hf. um yfirtöku Ms. Akraborgar upp í skuldir félagsins við Vegagerðina.

8.19 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem fyrirhugað er að stofna ásamt Hugrúnu ehf. og fleirum til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði upplýsingatækni um veður og sjólag til sjófarenda.

8.20 Að semja um smíði nýrrar Hríseyjarferju.

Sundurliðun 1, **tekjur A-hluta**, hljóða skv. brtt. á þskj. 640.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	342,4
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03 Fastanefndir	64,2
1.04 Alþjóðasamstarf	64,0
1.06 Almennur rekstur	306,4
1.07 Sérverkefni	18,0
1.10 Rekstur fasteigna	56,0
Almennur rekstur samtals	897,7
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	28,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	28,0
Gjöld samtals	**953,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-7,6
Gjöld umfram tekjur	**946,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	946,1
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit	
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
01-190 Ýmis verkefni	
Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,0

	m.kr.
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	2,1
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	1,9
1.42 Grænlandssjóður	1,5
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	10,4
1.53 Landafundanefnd	14,6
1.90 Ýmis verkefni	7,4
1.91 Heimssýning í Lissabon	40,0
Almennur rekstur samtals	113,4
Stofnkostnaður:	
6.52 Minningarkapella á Ljósavatni	7,0
Gjöld samtals	**120,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,9
Hlutdeild í ríkistekjum	2,0
Viðskiptahreyfingar	-0,5

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	128,2
1.02 Sameiginleg útgjöld	392,9
1.03 Rekstur fasteigna	216,2
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni	420,8
1.06 Kennslu- og vísindadeildir	1.480,4
1.07 Alþjóðaskrifstofa	15,1
1.09 Verkfræðistofnun	71,0
1.20 Rannsóknarnám	44,8
Almennur rekstur samtals	2.769,4
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	120,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Ritakaupasjóður	46,5
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	428,0
Stofnkostnaður samtals	474,5
Gjöld samtals	**3.363,9**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -546,6

Gjöld umfram tekjur **2.817,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.267,8
Hlutdeild í ríkistekjum 549,5

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 78,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 78,0

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 1.727,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.727,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 136,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 128,0
Hlutdeild í ríkistekjum 8,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Rithöfundasjóður Íslands 17,3
1.15 Þýðingarsjóður 7,6
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga 15,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 3,0
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 16,0
1.25 Starfsemi hljómsveita 2,5
1.27 Tónlist fyrir alla 1,5
1.28 Barnamenningarsjóður 1,5

	m.kr.
1.30 Íslenska óperan	59,1
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	33,8
1.51 Höfundaréttarsjóður	26,0
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	4,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14,0
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	15,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.90 Listir	41,0
Almennur rekstur samtals	267,7
Gjöld samtals	**267,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	229,7
Hlutdeild í ríkistekjum	38,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	3,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	2,3
1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	1,5
1.20 Iðnsaga Íslands	6,4
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,0
Almennur rekstur samtals	16,5
Gjöld samtals	**16,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,5

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5

	m.kr.
1.43 Skriðuklaustur	2,0
1.44 Snorrastofa	6,6
1.90 Ýmis framlög	11,6
Almennur rekstur samtals	27,7
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	1,0
Gjöld samtals	**28,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,7

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	11,6
1.12 Mat á búvörum	9,3
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	8,9
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4,4
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	3,5
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	1,7
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1,7
1.90 Ýmis verkefni	12,0
Almennur rekstur samtals	53,7
Gjöld samtals	**53,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,6
Hlutdeild í ríkistekjum	9,1

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	256,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	4,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,7
6.20 Fasteignir	1,3
Stofnkostnaður samtals	5,0
Gjöld samtals	**265,5**

m.kr.

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -112,5

Gjöld umfram tekjur **153,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,6
Hlutdeild í ríkistekjum 8,4

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.20 Eldi sjávardýra 19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla 11,0
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir 28,4
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins 3,0
1.42 Verktakasamningur um upplýsingaröflun 23,2
1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits 9,5
1.49 Úrskurðarnefndir 14,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO 8,5
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC) 18,4
Almennur rekstur samtals 135,5

Gjöld samtals **135,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 135,5

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 148,5

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **146,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 146,5

m.kr.

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Námsleyfi lögfræðinga	3,3
1.21 Próf málflytjenda	2,8
1.22 Próf skjalaþýðenda	0,9
1.23 Próf fasteignasala	1,7
1.31 Matsnefnd eignarnámsbóta	2,8
1.32 Tölvunefnd	4,5
1.33 Mannanafnanefnd	1,3
1.34 Örorkumatsnefnd	11,8
1.41 Útgáfa norræns dómasafns	0,6
1.42 Norræn samvinna á sviði sakfræði	0,4
1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	3,0
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	1,2
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0
1.51 Innheimta meðlaga	3,0
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga	5,5
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð	0,3
1.73 Rannsókn á viðurlögum við afbrotum	2,4
Almennur rekstur samtals	49,5
Gjöld samtals	**49,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-13,2
Gjöld umfram tekjur	**36,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,7
Hlutdeild í ríkistekjum	1,6

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	462,8
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**472,8**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-54,3
Gjöld umfram tekjur	**418,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	418,5

m.kr.

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	386,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	16,0
Almennur rekstur samtals	402,0
Gjöld samtals	**402,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	402,0

07-400 Málefni barna og ungmenna

Almennur rekstur:	
1.01 Barnaverndarstofa	39,4
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	138,4
1.21 Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	21,0
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	82,9
Almennur rekstur samtals	281,7
Gjöld samtals	**281,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	281,7

07-722 Sólheimar Grímsnesi

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	114,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	114,1

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.589,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	280,0
Almennur rekstur samtals	2.869,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Einsetning grunnskóla	265,0
Gjöld samtals	**3.134,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.134,0

m.kr.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	10,8
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	60,6
1.30 Sjómannastofur	0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir	36,4
1.33 Félag einstæðra foreldra, styrkur til endurbóta á húsnæði	5,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	20,2
1.41 Stígamót	9,8
1.50 Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	2,1
1.53 Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	3,1
1.60 Verkefni á sviði húsnæðismála	19,9
1.90 Ýmis framlög	26,5
Almennur rekstur samtals	194,9
Gjöld samtals	**194,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,9

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	4.170,0
1.15 Örorkulífeyrir	1.550,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.000,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.100,0
1.31 Örorkustyrkur	210,0
1.35 Barnalífeyrir	890,0
1.41 Fæðingarorlof	1.525,0
1.91 Annað	30,0
Almennur rekstur samtals	16.475,0
Gjöld samtals	**16.475,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.892,5
Hlutdeild í ríkistekjum	11.582,5

m.kr.

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisspítalar	9.044,6
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Stjórnarnefnd, viðhald	74,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.21 Barnaspítali	200,0
6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	169,0
6.70 Nýframkvæmdir á Landspítalalóð	39,0
Stofnkostnaður samtals	410,0
Gjöld samtals	**9.528,6**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-1.048,4
Gjöld umfram tekjur	**8.480,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8.455,2
Viðskiptahreyfingar	25,0

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	5.308,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	146,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	55,0
Gjöld samtals	**5.509,7**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-633,6
Gjöld umfram tekjur	**4.876,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.776,1
Hlutdeild í ríkistekjum	100,0

m.kr.

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	325,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	325,0

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	441,0
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-59,6
Gjöld umfram tekjur	**381,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	381,4

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1.822,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	213,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	53,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	367,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	37,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	12,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	6,0
Almennur rekstur samtals	2.510,0
Gjöld samtals	**2.510,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	410,0
Viðskiptahreyfingar	2.100,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	400,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	380,0
Viðskiptahreyfingar	20,0

m.kr.

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	460,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Stofnkostnaður	15,0
Gjöld samtals	**475,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	475,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35,0
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	23,6
1.13 Kjarasamningar	17,7
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	30,7
1.15 Kjararannsóknir	5,8
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður	25,3
1.18 Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka	130,0
1.19 Ýmsar endurgreiðslur	40,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	35,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	115,0
1.45 Ýmsar nefndir	3,3
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,5
1.60 Dómkröfur	52,0
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	12,5
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Óviss útgjöld	17,8
Almennur rekstur samtals	550,2
Gjöld samtals	**550,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	550,2

m.kr.

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	286,0
1.11 Styrkir til sérleyfishafa	20,0
Almennur rekstur samtals	306,0
Viðhaldsverkefni:	
5.05 Þjónusta	1.550,0
5.10 Viðhald	1.300,0
5.52 Þéttbýlisvegir	340,0
Viðhaldsverkefni samtals	3.190,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	2.919,0
6.11 Framkvæmdaátak	500,0
6.21 Landsvegir	52,0
6.40 Tilraunir	68,0
6.43 Safnvegir	173,0
6.45 Styrkvegir	25,0
6.47 Reiðvegir	22,0
6.55 Ferjur og flóabátar	440,0
Stofnkostnaður samtals	4.199,0
Gjöld samtals	**7.695,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	540,0
Hlutdeild í ríkistekjum	7.125,0
Viðskiptahreyfingar	30,0

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	44,7
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	6,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	10,2
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	14,5
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	68,0
Almennur rekstur samtals	143,4
Gjöld samtals	**143,4**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**140,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,6

m.kr.

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	15,6
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	10,3
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	10,2
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,5
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,0
1.56 Vernd Breiðafjarðar	1,5
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,6
1.58 Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3,0
1.59 Náttúruverndarráð	4,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	5,7
Almennur rekstur samtals	98,4
Gjöld samtals	**98,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,4

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	10,9
1.10 Eyðing spilliefna	149,1
Almennur rekstur samtals	160,0
Gjöld samtals	**160,0**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	160,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	109,8
1.11 Mat á umhverfisáhrifum	18,8
1.12 Skipulag miðhálendis	1,6
Almennur rekstur samtals	130,2
Gjöld samtals	**130,2**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-13,0
Gjöld umfram tekjur	**117,2**

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,2
Hlutdeild í ríkistekjum	95,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	11,1
1.02 Setur í Reykjavík	102,5
1.03 Setur á Akureyri	27,4
Almennur rekstur samtals	141,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	0,5
Gjöld samtals	**141,5**
Þjónustutekjur:	
Þjónustutekjur	-42,7
Gjöld umfram tekjur	**98,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,8

Þá hækkuðu framlög til eftirfarandi viðfangsefna vegna hækkunar lífeyrisiðgjalda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga:

		M.kr.
00-101-1.01	Yfirstjórn	1,1
00-101-1.30	Bessastaðir	0,6
00-101-1.81	Opinberar heimsóknir	0,1
00-301-1.01	Ríkisstjórn	5,7
00-401-1.01	Hæstiréttur	3,5
00-610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	1,5
00-620-1.01	Ríkisendurskoðun	10,7
01-101-1.01	Yfirstjórn	3,5
01-101-1.20	Stjórnarráðshús	0,6
01-201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	0,7
01-201-1.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	0,2
01-211-1.01	Þjóðhagsstofnun	6,2
01-231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	0,6
01-241-1.01	Umboðsmaður barna	0,6
01-251-1.01	Safnahús	0,1
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	0,3
02-101-1.01	Yfirstjórn	13,4
02-202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	4,6
02-202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	0,8
02-203-1.01	Yfirstjórn	0,6
02-203-1.02	Rekstur fasteigna	0,3
02-203-1.03	Rannsóknastofur	6,7
02-204-1.01	Stofnun Sigurðar Nordals	0,3
02-204-1.11	Íslenskukennsla erlendis	0,1
02-205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	2,3
02-205-1.20	Bókaútgáfa	0,1
02-206-1.01	Orðabók Háskólans	0,9
02-207-1.01	Íslensk málstöð	0,6
02-208-1.01	Örnefnastofnun	0,3
02-210-1.02	Háskóli á Akureyri, rannsóknir	1,1
02-210-1.01	Háskólinn á Akureyri	10,8
02-210-1.02	Rannsóknastarfsemi	0,3
02-211-1.01	Tækniskóli Íslands	7,3
02-221-1.02	Kennaraháskólinn, rannsóknir	2,3
02-221-1.30	Kennaraháskólinn, æfingakennsla	1,6
02-221-1.01	Yfirstjórn	1,7
02-221-1.02	Rannsóknastarfsemi	0,4
02-221-1.03	Rekstur fasteigna	0,6
02-221-1.04	Stoðþjónusta	1,4
02-221-1.05	Kennsla	11,2
02-221-1.20	Endurmenntun	1,2
02-223-1.01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	1,3
02-231-1.01	Rannsóknarráð Íslands	1,9
02-299-1.61	Norræna eldfjallastöðin	0,1

02-301-1.01	Almennur rekstur	12,4
02-302-1.01	Almennur rekstur	7,6
02-303-1.01	Almennur rekstur	2,4
02-304-1.01	Almennur rekstur	13,8
02-304-1.09	Önnur verkefni	2,9
02-305-1.01	Almennur rekstur	11,1
02-306-1.01	Almennur rekstur	3,5
02-306-1.09	Önnur verkefni	0,2
02-307-1.01	Almennur rekstur	4,0
02-307-1.09	Önnur verkefni	0,9
02-308-1.01	Almennur rekstur	11,4
02-308-1.09	Önnur verkefni	0,5
02-309-1.01	Almennur rekstur	6,4
02-319-1.16	Framhaldsskólar, nýjungar í skólum	0,6
02-319-1.30	Framhaldsskólar, endurmenntun	1,8
02-319-1.11	Sameiginleg þjónusta	0,6
02-319-1.12	Orlof kennara	2,6
02-319-1.13	Forfallakennsla	2,7
02-319-1.14	Sérkennsla	3,1
02-319-1.15	Prófkostnaður	2,7
02-319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	0,7
02-319-1.17	Námsskrárgerð	1,8
02-319-1.18	Námsefnisgerð	1,0
02-319-1.19	Kennslueftirlit	0,3
02-319-1.20	Framhaldsdeildir	0,2
02-319-1.21	Nám tannsmiða	0,1
02-319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna	0,3
02-319-1.23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,6
02-319-1.27	Íslenskukennsla	0,7
02-319-1.28	Mat á skólastarfi	1,1
02-319-1.30	Endurmenntun	0,4
02-319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt	3,4
02-350-1.01	Almennur rekstur	20,7
02-350-1.09	Önnur verkefni	3,5
02-351-1.01	Almennur rekstur	9,5
02-351-1.09	Önnur verkefni	0,4
02-352-1.01	Almennur rekstur	7,7
02-352-1.09	Önnur verkefni	1,4
02-353-1.01	Almennur rekstur	11,9
02-353-1.09	Önnur verkefni	0,7
02-354-1.01	Almennur rekstur	9,0
02-354-1.09	Önnur verkefni	0,3
02-355-1.01	Almennur rekstur	3,5
02-355-1.09	Önnur verkefni	0,2
02-356-1.01	Almennur rekstur	5,8
02-356-1.09	Önnur verkefni	0,3
02-357-1.01	Almennur rekstur	10,8

02-357-1.09	Önnur verkefni	0,9
02-358-1.01	Almennur rekstur	2,4
02-358-1.09	Önnur verkefni	0,2
02-359-1.01	Almennur rekstur	18,3
02-359-1.09	Önnur verkefni	1,0
02-360-1.01	Almennur rekstur	7,5
02-361-1.01	Almennur rekstur	1,4
02-362-1.01	Almennur rekstur	2,1
02-363-1.01	Almennur rekstur	1,5
02-363-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-365-1.01	Almennur rekstur	9,0
02-365-1.09	Önnur verkefni	0,3
02-430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	0,3
02-441-1.01	Kennsla	4,2
02-441-1.02	Annað en kennsla	0,2
02-506-1.01	Almennur rekstur	5,1
02-507-1.01	Almennur rekstur	1,7
02-514-1.01	Almennur rekstur	25,3
02-514-1.09	Önnur verkefni	2,1
02-516-1.01	Almennur rekstur	5,2
02-523-1.01	Kennsla í dagskóla	3,7
02-523-1.02	Annað en kennsla	0,5
02-523-1.09	Önnur kennsla	0,8
02-524-1.01	Kennsla í dagskóla	0,9
02-524-1.02	Annað en kennsla	0,2
02-531-1.01	Kennsla í dagskóla	1,0
02-541-1.01	Kennsla	0,4
02-551-1.01	Kennsla	0,5
02-551-1.02	Annað en kennsla	0,1
02-561-1.01	Kennsla í dagskóla	3,1
02-561-1.02	Annað en kennsla	1,0
02-562-1.01	Kennsla í dagskóla	0,7
02-562-1.02	Annað en kennsla	0,5
02-563-1.10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	0,8
02-564-1.01	Kennsla	0,5
02-564-1.02	Annað en kennsla	0,1
02-571-1.01	Sjómannaskólahúsið	0,7
02-606-1.01	Kennsla	0,4
02-606-1.02	Annað en kennsla	0,2
02-610-1.10	Héraðsskólinn Núpi	0,1
02-610-1.20	Héraðsskólinn Reykjanesi	0,1
02-610-1.30	Héraðsskólinn Reykholti	0,1
02-725-1.01	Námsgagnastofnun	4,8
02-804-1.01	Kvikmyndaskoðun	0,2
02-902-1.10	Þjóðminjasafn, byggðasöfn	1,0
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	3,8
02-903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	2,7

02-905-1.01	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	9,4
02-906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	0,2
02-907-1.01	Listasafn Íslands	2,1
02-907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	0,2
02-909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	1,1
02-972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	1,9
02-981-1.01	Kvikmyndasjóður	0,4
02-981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands	0,2
03-101-1.01	Yfirstjórn	10,5
03-101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	1,8
03-101-1.53	Þýðingamiðstöð	0,8
03-201-1.01	Yfirstjórn	1,6
03-201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	7,2
03-201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	7,0
03-201-1.30	Fíkniefnaeftirlit	0,2
03-301-1.01	Sendiráð Íslands í Bonn	1,5
03-302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1,3
03-303-1.01	Sendiráð Íslands í London	1,6
03-304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	1,6
03-305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	1,4
03-306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	1,7
03-307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1,3
03-308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	1,2
03-309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	2,0
03-310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	2,2
03-311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1,8
03-312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	2,0
03-314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	1,5
03-317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki	0,6
03-318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	1,0
04-101-1.01	Yfirstjórn	4,9
04-221-1.01	Veiðimálastofnun	3,0
04-222-1.01	Veiðimálastjóri	0,7
04-233-1.01	Yfirdýralæknir	4,6
04-233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	0,9
04-261-1.01	Bændaskólinn á Hvanneyri	2,1
04-271-1.01	Bændaskólinn á Hólum	1,9
04-283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	1,2
04-293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,5
04-311-1.01	Landgræðsla ríkisins	1,7
04-321-1.01	Skógrækt ríkisins	1,5
04-321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	0,5
04-321-1.90	Sérstök verkefni	0,5
04-331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	0,2
05-101-1.01	Yfirstjórn	4,1
05-202-1.01	Almenn starfsemi	9,2

05-202-1.20	Útibú	0,7
05-202-1.30	Rannsóknaskip	4,7
05-202-1.36	Veiðarfærakostnaður	0,2
05-202-1.41	Lúðueldi á Reykjanesi	0,6
05-202-1.43	Fjölstofnarannsóknir	1,7
05-203-1.01	Almenn starfsemi	2,9
05-204-1.01	Fiskistofa	9,0
05-204-1.10	Landamærastöðvar	0,2
05-204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	1,4
05-901-1.01	Yfirstjórn	1,1
05-901-1.30	Keldnaholt	0,6
06-102-1.01	Stjórnartíðindi	0,3
06-201-1.01	Yfirstjórn	1,1
06-201-1.02	Útgáfa hæstaréttardóma	0,3
06-211-1.02	Héraðsdómur Reykjavíkur	10,7
06-212-1.02	Héraðsdómur Vesturlands	1,0
06-213-1.02	Héraðsdómur Vestfjarða	0,6
06-214-1.02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	0,7
06-215-1.02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	1,6
06-216-1.02	Héraðsdómur Austurlands	0,9
06-217-1.02	Héraðsdómur Suðurlands	1,6
06-218-1.02	Héraðsdómur Reykjaness	3,7
06-301-1.05	Ríkissaksóknari	2,4
06-303-1.01	Ríkislögreglustjóri	9,0
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	2,2
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	76,3
06-321-1.01	Almannavarnir ríkisins	0,9
06-331-1.01	Yfirstjórn	1,5
06-331-1.10	Ökunám	1,0
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	0,5
06-390-1.11	Eftirlit með ökuritum	1,9
06-390-1.14	Löggæsla í Bosníu	0,7
06-390-1.15	Biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins	0,7
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	10,9
06-411-1.01	Yfirstjórn	10,0
06-412-1.01	Yfirstjórn	2,0
06-412-1.20	Löggæsla	2,7
06-413-1.01	Yfirstjórn	1,6
06-413-1.20	Löggæsla	2,5
06-414-1.01	Yfirstjórn	1,8
06-414-1.20	Löggæsla	2,9
06-415-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-415-1.20	Löggæsla	0,3
06-416-1.01	Yfirstjórn	1,4
06-416-1.20	Löggæsla	1,4
06-417-1.01	Yfirstjórn	0,8
06-417-1.20	Löggæsla	0,8

06-418-1.01	Yfirstjórn	2,3
06-418-1.20	Löggæsla	3,0
06-418-1.40	Tollgæsla	0,1
06-419-1.01	Yfirstjórn	0,8
06-419-1.20	Löggæsla	0,4
06-420-1.01	Yfirstjórn	1,4
06-420-1.20	Löggæsla	1,7
06-421-1.01	Yfirstjórn	1,6
06-421-1.20	Löggæsla	1,9
06-421-1.40	Tollgæsla	0,1
06-422-1.01	Yfirstjórn	1,0
06-422-1.20	Löggæsla	1,4
06-423-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-423-1.20	Löggæsla	0,6
06-424-1.01	Yfirstjórn	4,7
06-424-1.20	Löggæsla	7,0
06-424-1.40	Tollgæsla	0,4
06-425-1.01	Yfirstjórn	2,1
06-425-1.20	Löggæsla	2,8
06-426-1.01	Yfirstjórn	2,3
06-426-1.20	Löggæsla	2,8
06-426-1.40	Tollgæsla	0,5
06-427-1.01	Yfirstjórn	0,9
06-427-1.20	Löggæsla	0,7
06-428-1.01	Yfirstjórn	1,9
06-428-1.20	Löggæsla	2,0
06-429-1.01	Yfirstjórn	1,0
06-429-1.20	Löggæsla	1,1
06-430-1.01	Yfirstjórn	0,8
06-430-1.20	Löggæsla	0,7
06-431-1.01	Yfirstjórn	1,1
06-431-1.20	Löggæsla	1,1
06-432-1.01	Yfirstjórn	2,1
06-432-1.20	Löggæsla	2,9
06-432-1.40	Tollgæsla	0,5
06-433-1.01	Yfirstjórn	2,9
06-433-1.20	Löggæsla	5,8
06-433-1.40	Tollgæsla	0,2
06-434-1.01	Yfirstjórn	4,8
06-434-1.20	Löggæsla	9,5
06-434-1.40	Tollgæsla	0,7
06-436-1.01	Yfirstjórn	6,0
06-436-1.20	Löggæsla	9,2
06-436-1.40	Tollgæsla	0,7
06-437-1.01	Yfirstjórn	4,6
06-437-1.20	Löggæsla	6,0
06-490-1.20	Kostnaður við löggæslunám	0,2

06-701-1.01	Þjóðkirkja Íslands	34,0
07-101-1.01	Yfirstjórn	4,2
07-101-1.90	Reynslusveitarfélög	0,2
07-302-1.01	Ríkissáttasemjari	0,8
07-311-1.01	Jafnréttisráð	0,9
07-311-1.10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	0,2
07-401-1.01	Barnaverndarráð	0,6
07-700-1.20	Vistun geðfatlaðra	1,9
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	2,0
07-700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	3,3
07-701-1.01	Svæðisskrifstofa	1,1
07-701-1.10	Svæðisráð	0,1
07-701-1.20	Sambýli	15,2
07-701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71	1,0
07-701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,6
07-701-1.60	Dagvistun	1,9
07-701-1.77	Vistheimili fyrir börn	1,3
07-702-1.01	Svæðisskrifstofa	0,6
07-702-1.20	Sambýli	6,1
07-702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,1
07-702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	0,7
07-702-1.60	Skammtímavistun	1,6
07-702-1.61	Dagvistun Keflavík	0,3
07-702-1.64	Hæfingarstöðvar	1,0
07-702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi	1,8
07-702-1.73	Vistheimili fyrir börn	2,2
07-703-1.01	Svæðisskrifstofa	0,5
07-703-1.20	Sambýli Akranesi	1,6
07-703-1.21	Sambýli Borgarnesi	0,4
07-703-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,3
07-703-1.30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	0,9
07-703-1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi	0,2
07-703-1.61	Skammtímavistun	0,6
07-704-1.01	Svæðisskrifstofa	0,2
07-704-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	1,2
07-704-1.32	Þjónusta í Strandasýslu	0,1
07-704-1.33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	0,1
07-705-1.01	Svæðisskrifstofa	0,2
07-705-1.20	Sambýli	1,6
07-705-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-705-1.40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	0,1
07-705-1.60	Skammtímavistun	0,2
07-705-1.61	Dagvistun	0,2
07-706-1.01	Svæðisskrifstofa	0,1
07-706-1.20	Sambýli	0,9
07-707-1.01	Svæðisskrifstofa	0,4

07-707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	0,9
07-707-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,1
07-707-1.30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	0,2
07-707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	0,1
07-708-1.01	Svæðisskrifstofa	0,6
07-708-1.20	Sambýli Selfossi	2,1
07-708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,3
07-708-1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	0,5
07-708-1.50	Vistheimili fyrir börn	1,0
07-708-1.70	Lambhagi	0,5
07-710-1.70	Heimili einhverfra	2,4
07-711-1.20	Sambýli	3,8
07-711-1.30	Vinnustofan Ás	0,7
07-711-1.60	Dagvistun Lækjarási	1,3
07-711-1.61	Dagvistun Bjarkarási	1,2
07-711-1.62	Dagvistun Lyngási	2,2
07-711-1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,7
07-711-1.64	Skammtímavistun Hólabergi	0,6
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	2,5
07-750-1.01	Yfirstjórn	5,1
07-980-1.01	Yfirstjórn	11,8
07-981-1.10	Félagsdómur	0,3
08-101-1.01	Yfirstjórn	8,5
08-201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	25,4
08-301-1.01	Yfirstjórn	2,9
08-301-1.10	Læknaráð	0,1
08-301-1.30	Slysavarnaráð	0,1
08-301-1.40	Siðaráð	0,1
08-311-1.01	Héraðslæknir í Reykjavík	0,3
08-315-1.01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	0,3
08-324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	2,6
08-326-1.01	Sjónstöð Íslands	0,9
08-327-1.01	Geislavarnir ríkisins	1,1
08-330-1.01	Manneldisráð	0,5
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	50,4
08-368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	9,1
08-393-1.11	Lyfjaverðsnefnd	0,2
08-400-1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	10,3
08-408-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	4,5
08-409-1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	3,8
08-410-1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	3,9
08-411-1.01	Garðvangur, Garði	1,3
08-412-1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	6,6
08-420-1.01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	6,3
08-421-1.01	Víðines	2,5
08-422-1.01	Hlaðgerðarkot	1,0
08-430-1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	6,4

08-431-1.10	Heilsuhælisdeild	4,4
08-431-1.01	Endurhæfingardeild	2,1
08-432-1.01	Vistheimilið Bjarg	0,8
08-435-1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	1,5
08-490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	2,7
08-495-1.13	Hornbrekka, Ólafsfirði	1,0
08-495-1.15	Dalbær, Dalvík	1,5
08-495-1.17	Hulduhlíð Eskifirði	1,1
08-495-1.19	Hjallatún Vík	0,3
08-495-1.21	Höfði Akranesi	0,7
08-495-1.27	Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	1,5
08-495-1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,3
08-495-1.39	Lundur, Hellu	0,3
08-495-1.41	Hrafnista, Reykjavík	13,2
08-495-1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	11,3
08-495-1.45	Grund, Reykjavík	10,9
08-495-1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	2,6
08-495-1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	1,0
08-495-1.53	Reykjalundur, Mosfellsbæ	15,3
08-495-1.59	Reynsklusveitarfélag Akureyri	2,0
08-495-1.61	Reynsklusveitarfélag Höfn	2,3
08-495-1.63	Hlíðabær, Reykjavík	0,6
08-495-1.69	Múlabær, Reykjavík	0,9
08-511-1.10	Heilsugæslustöðin Árbæ	1,7
08-511-1.20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	1,7
08-512-1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	2,4
08-512-1.20	Heilsugæslustöðin Mjódd	2,1
08-513-1.10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	1,6
08-514-1.10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	1,5
08-514-1.20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	2,0
08-515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	2,0
08-522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1,2
08-524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,6
08-525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,7
08-526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	1,2
08-551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,7
08-552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,9
08-553-1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	5,8
08-558-1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	0,8
08-561-1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	0,4
08-565-1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,7
08-566-1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,2
08-567-1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	0,3
08-568-1.01	Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,6
08-571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,3
08-572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,5
08-574-1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	0,6

08-575-1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,3
08-576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	1,1
08-578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,4
08-579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,6
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	3,3
08-583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	1,0
08-584-1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	4,6
08-585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	2,8
08-586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	1,8
08-711-1.01	Heilsugæslusvið	1,3
08-711-1.11	Sjúkrasvið	18,5
08-715-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-715-1.11	Sjúkrasvið	4,2
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	0,7
08-721-1.11	Sjúkrasvið	2,5
08-725-1.01	Heilsugæslusvið	2,0
08-725-1.11	Sjúkrasvið	9,9
08-731-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-731-1.11	Sjúkrasvið	1,7
08-735-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-735-1.11	Sjúkrasvið	1,1
08-741-1.01	Heilsugæslusvið	0,7
08-741-1.11	Sjúkrasvið	3,4
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	1,0
08-745-1.11	Sjúkrasvið	4,9
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	1,1
08-751-1.11	Sjúkrasvið	11,0
08-755-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-755-1.11	Sjúkrasvið	5,0
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	1,2
08-761-1.11	Sjúkrasvið	9,4
08-765-1.01	Heilsugæslusvið	1,3
08-765-1.11	Sjúkrasvið	4,1
08-771-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-771-1.11	Sjúkrasvið	2,8
08-775-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-775-1.11	Sjúkrasvið	7,2
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	1,0
08-781-1.11	Sjúkrasvið	7,4
08-785-1.01	Heilsugæslusvið	1,3
08-785-1.11	Sjúkrasvið	10,7
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	3,8
08-791-1.11	Sjúkrasvið	10,6
09-101-1.01	Yfirstjórn	18,0
09-103-1.01	Ríkisbókhald	8,5
09-104-1.01	Ríkisfjárhirsla	1,2
09-105-1.01	Ríkislögmaður	1,1

09-201-1.01	Yfirstjórn	13,1
09-201-1.20	Skatteftirlit	2,1
09-202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	12,5
09-203-1.01	Skattstofa Vesturlands	1,8
09-204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	1,3
09-205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	1,2
09-206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	3,0
09-207-1.01	Skattstofa Austurlands	1,5
09-208-1.01	Skattstofa Suðurlands	1,9
09-209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	0,7
09-211-1.01	Skattstofa Reykjaness	7,4
09-214-1.01	Yfirskattanefnd	3,4
09-215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	3,9
09-261-1.01	Ríkistollstjóri	5,6
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	19,6
09-402-1.01	Fasteignamat ríkisins	7,7
09-402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd	0,1
10-101-1.01	Yfirstjórn	5,5
10-190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	0,5
10-190-1.33	Flugeftirlitsnefnd	0,1
10-335-1.01	Yfirstjórn	7,5
10-471-1.01	Flugmálastjórn	10,6
10-471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	6,7
10-481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	0,5
11-101-1.01	Yfirstjórn	2,3
11-201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	2,7
11-203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1,6
11-299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	0,3
11-299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	0,3
11-301-1.01	Yfirstjórn	0,4
11-301-1.02	Orkumálasvið	2,9
11-301-1.03	Orkurannsóknir	3,9
12-101-1.01	Yfirstjórn	3,5
12-190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	0,1
12-302-1.01	Löggildingarstofa	4,1
12-902-1.01	Samkeppnisstofnun	4,6
13-101-1.01	Yfirstjórn	7,1
13-101-1.02	Sérstakar kannanir	0,6
13-101-1.50	Þjóðskráin	2,4
14-101-1.01	Yfirstjórn	4,8
14-202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	0,5
14-205-1.01	Yfirstjórn	1,1
14-205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	1,1
14-210-1.01	Veiðistjóri	0,7
14-221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	5,8
14-310-1.01	Landmælingar Íslands	4,8
14-403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	0,1

14-403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	0,1
14-403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	0,1
14-403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	0,1
14-403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	0,1
14-410-1.01	Almenn starfsemi	10,0
14-410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	2,9

Sundurliðun 3, fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, og sundurliðun 4, fjármál lánastofnana í C-hluta, hljóða skv. brtt. í þskj. 637.

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta hljóðar svo:

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).		
1. Norræna eldfjallastöðin, samningur við Háskóla Íslands vegna Náttúrufræðihúss	43.000	
2. Háskólinn á Akureyri,		
Sólborg	20.000	
búnaður	10.000	
3. Kennaraháskóli Íslands,		
viðhald húsa	12.000	
Varmaland	6.000	
búnaður	10.000	
4. Hönnun og undirbúningur nýrra háskólabygginga	25.000	
5. Tækniskóli Íslands,		
viðhald húsnæðis	2.000	
búnaður	6.000	
endurnýjun tölvubúnaðar	15.000	
6. Tilraunastöðin Keldum,		
endurbætur á húsnæði	7.000	
7. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála,		
viðhald húsnæðis	2.000	
8. Stofnun Árna Magnússonar,		
viðhald húsnæðis	1.000	
		159.000
2. Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90).		
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík	22.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð	15.000	
3. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5.000	
4. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	15.000	
5. Borgarholtsskóli	100.000	
		157.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
bygging	57.000	
búnaður	32.000	
2. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	55.000	
		144.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands	15.000	
		15.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
bóknámshús	20.000	
heimavist	5.000	
		25.000
Norðurland eystra:		
Framhaldsskólar við Eyjafjörð	50.000	
		50.000
Austurland:		
1. Verkmenntaskóli Austurlands	18.000	
2. Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu	1.000	
		19.000
Suðurland:		
1. Skólar á Laugarvatni	50.000	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
undirbúningur bóknámsálmu	3.000	
		53.000
		463.000
3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).		
1. Áhugamannahópur um varðveislu Tryggvaskála	500	
2. Safnið Líf í fersku vatni á Hólum	500	
3. Vesturfarasetrið á Hofsósi	1.200	
4. Fræðasetrið í Sandgerði	500	
Óskipt	7.600	
		10.300

		Þús. kr.	Þús. kr.
4. Menningarstofnanir (02-969 6.21).			
1.	Þjóðminjasafn Íslands	85.000	
2.	Þjóðleikhúsið	60.000	
3.	Verndun gamalla húsa	50.000	
4.	Þjóðskjalasafn	40.000	
5.	Safnahúsið við Hverfisgötu	23.000	
6.	Þjóðarbókhlaða	15.000	
7.	Listasafn Íslands	15.000	
8.	Byggðasöfn	15.000	
9.	Stýrimannaskólinn við Öldugötu, lokagreiðsla	7.000	
10.	Langabúð á Djúpavogi, lokagreiðsla	3.500	
11.	Listasafn Einars Jónssonar	1.500	
			315.000
5. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).			
1.	Atli Heimir Sveinsson	1.000	
2.	Árni Kristjánsson	1.000	
3.	Ásgerður Búadóttir	1.000	
4.	Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.000	
5.	Halldór Laxness	1.000	
6.	Hannes Pétursson	1.000	
7.	Indriði G. Þorsteinsson	1.000	
8.	Jón Nordal	1.000	
9.	Jón úr Vör	1.000	
10.	Jórunn Viðar	1.000	
11.	Kristján Davíðsson	1.000	
12.	Matthías Johannessen	1.000	
13.	Stefán Hörður Grímsson	1.000	
14.	Thor Vilhjálmsson	1.000	
			14.000
6. Listir, framlög (02-982 1.90).			
1.	Collegium Musicum	1.000	
2.	Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000	
3.	Möguleikhúsið við Hlemm	500	
4.	Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300	
5.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	300	
6.	Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
7.	Sumartónleikar á Norðurlandi	500	
8.	Leikbrúðuland	500	
9.	Kaffileikhúsið í Hlaðvarpanum	300	
10.	Kammersveit Reykjavíkur	1.300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
11.	Íslensk tónverkamiðstöð	7.600	
12.	Íslenska brúðuleikhúsið	400	
13.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000	
14.	Reykholtshátíð	300	
15.	Djassklúbbur Egilsstaða	400	
16.	Skaftárhreppur, menningarmálanefnd	400	
17.	Menning um landið	300	
18.	Flugfélagið Loftur	1.000	
19.	Efling Stykkishólms	300	
20.	Úrvinnsla og viðgerðir á tónsmíðum Jóns Leifs	5.000	
	Óskipt	17.300	
			41.000

7. Ýmis fræðistörf (02-983 1.10).

1.	Hið íslenska bókmenntafélag	1.000	
2.	Færeysk orðabók	1.000	
	Óskipt	1.300	
			3.300

8. Norræn samvinna (02-984 1.90)

	Norræna félagið	1.000	
	Óskipt	8.000	
			9.000

9. Æskulýðsmál (02-988 1.90).

1.	Skátaskólinn Úlfljótsvatni	1.500	
2.	Fræðsluskóli KFUM, Vatnaskógi	1.500	
	Óskipt	3.000	
			6.000

10. Íþróttafélög (02-989 1.16).

	Reykjavík:		
1.	Lyftingadeild ÍR	150	
2.	Íþróttafélagið Fylkir	250	
3.	Ungmennafélagið Fjölnir	400	
4.	Íþróttafélag Reykjavíkur	400	
5.	Skotfélag Reykjavíkur	300	
6.	Karatedeild Fylkis	150	
7.	Víkingur, skíðadeild	250	
			1.900

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Handknattleiksfélag Kópavogs, aðalstjórn	250	
2. Golfklúbburinn Kjölur 3	300	
3. Breiðablik	200	
4. Skotdeild íþrótta- og ungmennafélags Keflavíkur	350	
5. Golfklúbburinn Oddur	400	
6. Knattspyrnufélagið Reynir	300	
7. Golfklúbbur Ness, Nesklúbburinn	300	
8. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	250	
9. Skotfélag Kópavogs	300	
10. Breiðablik, frjálsíþróttadeild	300	
		2.950
Vesturland:		
1. Fimleikafélag Akraness	200	
2. Golfklúbburinn Vestarr	150	
3. Ungmennasamband Borgarfjarðar	400	
4. Knattspyrnufélag ÍA	400	
5. Ungmennafélagið Snæfell	300	
6. Skotfélag Akraness	200	
		1.650
Vestfirðir:		
1. Golfklúbbur Patreksfjarðar	200	
2. Golfklúbbur Ísafjarðar	300	
3. Golfklúbbur Bíldudals	200	
4. Íþróttafélagið Grettir, Flateyri	350	
5. Ungmennafélagið Geisli, Súðavík	300	
		1.350
Norðurland vestra:		
1. Ungmennafélagið Tindastóll, skíðadeild	400	
2. Ungmennafélagið Hvöt	400	
3. Ungmennafélag Bólstaðarhlíðarhrepps	300	
		1.100
Norðurland eystra:		
1. Golfklúbburinn Hamar	200	
2. Ungmennafélagið Mývetningur	200	
3. Skíðadeild Leifturs	400	
4. Ungmennafélagið Æskan	300	
5. Skotfélag Ólafsfjarðar	200	
		1.300

	Þús. kr.	Þús. kr.
Austurland:		
1. Golfkúbbur Eskifjarðar	300	
2. Ungmenna- og íþróttafélag Bakkafjarðar	300	
3. Ungmennafélag Jökuldæla	300	
4. Golfklúbbur Norðfjarðar	400	
5. Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs	300	
		1.600
Suðurland:		
1. Knattspyrnufélagið Ægir	300	
2. Golfklúbburinn Vík	200	
3. Ungmennafélag Selfoss	200	
4. Ungmennafélag Stokkseyrar	150	
5. Golfklúbburinn Dalbúi	300	
6. Ungmennafélag Biskupstungna	200	
7. Frjálsíþróttadeild Ungmennafélags Selfoss	300	
8. Golfklúbbur Þorlákshafnar	200	
9. Félag um varðveislu Seljavallalaugar	300	
		2.150
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga og ófyrirséð		800
		14.800

11. Ýmis framlög (02-999 1.90).

1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500	
2. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300	
3. Kvenréttindafélag Íslands	500	
4. Fræðslumiðstöð um kynlíf og barneignir	700	
5. Fornleifastofnun Íslands, sumarskóli	500	
6. Kvenfélagasamband Íslands	1.500	
7. Landssamtökin Heimili og skóli	400	
8. Háskóli Íslands, mannréttindastofnun	300	
9. Skaftfell, listamiðstöð	500	
10. Edinborgarhúsið á Ísafirði	500	
11. Sögusetrið á Hvolsvelli	500	
12. Surtseyjarfélagið	600	
Óskipt	3.800	
		11.600

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Ýmis verkefni (04-190 1.90).		
1. Æðarræktarfélag Íslands	200	
2. Flóaáveitufélagið	500	
3. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	2.000	
4. Landvernd	500	
5. Skjólskógar, Vestfjörðum	3.000	
Óskipt	5.800	
		12.000
13. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).		
a. Fyrirhleðslur:		
1. Jökulsá á Dal	1.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	1.000	
3. Jökulsá í Lóni	500	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	9.000	
7. Þjórsá	1.000	
		13.500
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	700	
3. Vestfjarðakjördæmi	200	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	1.000	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1.000	
6. Austurlandskjördæmi	1.000	
7. Suðurlandskjördæmi	2.000	
		6.000
		19.500
14. Sjómannastofur (07-999 1.30).		
Færeyska sjómannaheimilið	400	
Óskipt	100	
		500
15. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).		
1. Barnaheill	500	
2. Landssamband eldri borgara	300	
3. Blindrafélagið	5.000	
4. Daufblindrafélag Íslands	700	

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Félag heyrnarlausra	3.000	
6. Félag ábyrgra feðra	200	
7. Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500	
8. Málbjörg, félag um stam	300	
9. Samtökin 78	600	
10. Umsjónarfélag einhverfra	500	
11. Þroskahjálp	3.700	
12. Vernd, fangahjálp	500	
13. Kvennaráðgjöfin	600	
14. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600	
15. Félag einstæðra foreldra	1.000	
16. Sjálfsbjörg	3.500	
17. Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500	
18. Geðhjálp	3.500	
19. Íslensk ættleiðing	2.000	
20. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000	
Óskipt	3.900	
		36.400

16. Ýmis framlög (07-999 1.90).

1. Flóttamenn á Hornafirði	20.000	
2. Vinnuheimili Krossgatna	4.000	
Óskipt	2.500	
		26.500

17. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

1. Heilbrigðisstofnunin Akranesi, sjúkrahús	2.500	
2. St. Fransiskusspítali Stykkishólmi	2.100	
3. Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunardeild	1.500	
4. Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, sjúkrahús	3.700	
5. Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, sjúkrahús	6.000	
6. Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, sjúkrahús	2.000	
7. Grenivík, heilsugæslusel	2.000	
8. Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum, sjúkrahús og heilsugæslustöð	3.000	
9. Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	26.700	
10. Heilsugæslustöðin Laugarási	9.500	
11. Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum, sjúkrahús, D-álma	40.000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
12.	Heilsugæslustöðin Garðabæ	23.600	
13.	Heilsugæslustöðin Kópavogi	14.500	
14.	Heilsugæsla í Reykjavík	32.900	
			170.000

18. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	PKU-félagið á Íslandi	100
2.	Landssamtök hjartasjúklinga	200
3.	Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	500
4.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	200
5.	Alnæmissamtökin á Íslandi	500
6.	Tourette-samtökin	100
7.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000
8.	Styrktarfélag Perthessjúkra	200
9.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300
10.	Umhyggja	300
11.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
12.	Gigtarfélag Íslands	200
13.	Samtök sykursjúkra	200
14.	Alzheimerfélagið	500
15.	Íslenskir ungtemplarar	2.000
16.	Stórstúka Íslands	2.000
	Óskipt	2.700
		12.500

19. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Snæfellsbær	140
3.	Dalahérað	180
4.	Reykhólahreppur	280
5.	Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6.	Vesturbyggð	500
7.	Súðavíkurhreppur	90
8.	Hólmavík – Nauteyrarhreppur	140
9.	Ísafjarðarbær	450
10.	Árneshreppur	1.150
11.	Djúpavík og Gjögur	140
12.	Kaldrananeshreppur	140
13.	Skagahreppur	120
14.	Skefilsstaðahreppur	120
15.	Fljótahreppur	180
16.	Ólafsfjarðarsveit	90

		Þús. kr.	Þús. kr.
17.	Svarfaðardalur	140	
18.	Grýtubakkahreppur	70	
19.	Hálshreppur	70	
20.	Mývatnssveit	90	
21.	Mývatn – Húsavíkurflugvöllur	90	
22.	Fjallahreppur	370	
23.	Öxarfjörður – Kópasker	50	
24.	Þórshöfn	50	
25.	Bakkafjörður	50	
26.	Vopnafjörður	50	
27.	Borgarfjörður eystri	280	
28.	Hjaltastaðahreppur	70	
29.	Jökuldalur, vetrarflutningar	180	
30.	Möðrudalur	90	
31.	Eiðahreppur	90	
32.	Fjarðarheiði	640	
33.	Oddsskarð	640	
34.	Breiðdalsvík	200	
35.	Djúpivogur	300	
36.	Svínafell í Nesjum	90	
37.	Mýrdalshreppur	230	
			7.800
b.	Stofnstyrkir:		
	Snjótroðari í Fljótum		500
c.	Styrkir til flugfélaga:		
	1. Flugsamgöngur við Gjögur	3.800	
	2. Flugsamgöngur við Grímsey	2.500	
	3. Flugsamgöngur Kópasker – Raufarhöfn	3.400	
			9.700
	Óskipt		1.000
			19.000

20. Hafnamannvirki (10-335 6.70), sbr. viðskiptahreyfingar.

	Vesturland:		
1.	Akranes	3.500	
2.	Snæfellsbær	21.600	
3.	Stykkishólmur	18.000	
			43.100

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	6.200	
2. Ísafjarðarbær	47.600	
3. Bolungarvík	19.800	
4. Drangsnes	1.200	
		74.800
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	12.000	
2. Skagaströnd	12.600	
3. Sauðárkrókur	30.800	
4. Siglufjörður	6.000	
		61.400
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	8.900	
2. Hrísey	1.700	
3. Hafnasamlag Norðurlands	28.900	
4. Grímsey	1.800	
5. Húsavík	70.900	
6. Kópasker	1.900	
7. Raufarhöfn	2.900	
8. Þórshöfn	28.100	
		145.100
Austurland:		
1. Vopnafjörður	1.900	
2. Borgarfjörður eystri	3.700	
3. Seyðisfjörður	5.800	
4. Neskaupstaður	7.900	
5. Eskifjörður	20.800	
6. Stöðvarfjörður	10.400	
7. Djúpivogur	1.200	
8. Höfn í Hornafirði	35.800	
		87.500
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	65.800	
2. Þorlákshöfn	24.800	
		90.600
Reykjanes:		
1. Grindavík	68.000	
2. Sandgerði	56.500	
3. Hafnasamlag Suðurnesja	30.600	

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Hafnarfjörður	4.000	
5. Garðabær	100	
		159.200
Óskipt		15.200
		677.000

21. Lendingarbætur (10-335 6.74).

1. Hellnar, Snæfellsbæ	500	
2. Drangar, Árneshreppi	300	
3. Reykjarfjörður	300	
4. Selvík á Skaga, Skefilsstaðahreppi	500	
5. Leirhöfn, Öxarfjarðarhreppi	400	
Óskipt	500	
		2.500

22. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).

1. Akranes	4.400	
2. Snæfellsbær	800	
3. Flatey á Breiðfirði	900	
4. Ísafjarðarbær	5.700	
5. Árneshreppur	500	
6. Blönduós	3.300	
7. Skagaströnd	1.700	
8. Siglufjörður	200	
9. Dalvík	1.300	
10. Grenivík	4.500	
11. Húsavík	1.100	
12. Þórshöfn	2.800	
13. Vopnafjörður	3.500	
14. Ölfushreppur, Þorlákshöfn	1.800	
15. Sandgerði	1.800	
16. Gerðahreppur	6.500	
17. Bessastaðahreppur	6.200	
18. Seltjarnarnes	4.000	
		51.000

23. Ýmis umhverfisverkefni (14-190 1.23).

Kirkjubæjarstofa	1.000	
Óskipt	14.600	
		15.600

707. Frumvarp til laga [389. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21 26. mars 1991 (tilkynningar skiptastjóra).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í 1. málsl. 84. gr. laganna kemur: lögreglustjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 84. gr. gjaldþrotaskiptalaga skal skiptastjóri, ef hann fær vitneskju í starfi sínu um atvik sem hann telur geta gefið tilefni til rökstudds gruns um að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, tilkynna það ríkissaksóknara. Lagt er til að málum verði skipað þannig að skiptastjóri beini tilkynningum þessum til lögreglustjóra. Eðlilegt þykir að þeirri meginstefnu sé fylgt að kærum vegna refsiverðra brota sé beint til lögreglu og að skráning þeirra sé sem mest á einni hendi. Sú skipan horfir til skilvirkari meðferðar mála þessarar tegundar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21 26. mars 1991.

Í frumvarpinu er lagt til að grunur um refsivert athæfi sé tilkynntur lögreglustjóra í stað ríkissaksóknara eins og nú. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

708. Tillaga til þingsályktunar [390. mál]

um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta reglur um málsmeðferð við flutning ríkisstofnana milli landshluta. Taki þær reglur m.a. á eftirfarandi þáttum:

a. aðstöðu stofnunar í nýju umhverfi,

b. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem flytja með stofnuninni,
c. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem ekki kjósa að flytja,
d. málsmeðferð gagnvart Alþingi áður en ákvörðun er tekin.

Haft verði samráð við samtök opinberra starfsmanna og önnur stéttarsamtök, eftir því sem við á, um mótun reglnanna. Niðurstöður verði kynntar Alþingi eigi síðar en á haustþingi 1998 ásamt tillögum um lagabreytingar sem þörf er talin á.

Greinargerð.

Flutningur opinberra stofnana frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar hefur oft verið til umræðu undanfarin ár og hafa stjórnskipaðar nefndir skilað tillögum um það efni. Minna má á viðamiklar tillögur nefndar frá árinu 1975 um þetta efni og önnur nefnd skilaði áliti árið 1993. Lítið hefur í reynd gerst í þessum efnum og flutningur ríkisstofnana ekki verið í neinu samræmi við umfang tillagna og mikla umræðu um málefnið. Stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu og dreifingu opinberrar stjórnsýslu hefur lengst af verið afar óskýr og vöntun á svonefndu þriðja stjórnsýslustigi sem er til staðar annars staðar á Norðurlöndum hefur gert málstök erfiðari en ella.

Miklu skiptir fyrir byggðaþróun að dreifa um landið þeim verkefnum sem til falla á vegum ríkisins. Því fylgja m.a. störf fyrir sérhæft fólk sem kemst þá í snertingu við mannlíf og viðfangsefni í byggðum víða um landið. Að mati flutningsmanna tillögunnar hefur of mikill kraftur farið í skeggræður um að flytja stórar og grónar ríkisstofnanir frá höfuðstaðnum út á land í stað þess að byggja með samræmdum hætti upp þjónustu við íbúana í hverju kjördæmi á helstu umsýslusviðum ríkisins.

Mikilvægt er að þessi mál verði tekin öðrum og ákveðnari tökum en hingað til með það að markmiði að færa þjónustu ríkisins með samræmdum hætti nær fólkinu og styrkja svæðisbundna umsýslu. Þannig má stuðla að betri stjórnsýslu, treysta stöðu landsbyggðar með fjölgun starfa og draga úr miðstýringu.

Í umræðu um þessi mál hefur hingað til skort verulega á umfjöllun um starfsaðstöðu þeirrar stjórnsýslu eða stofnana sem flytja á í nýtt umhverfi og enn óljósari hefur stefnan verið að því er varðar kjör og réttindi hlutaðeigandi starfsmanna. Hefur þetta í senn leitt til ómarkvissra vinnubragða og til óvissu og óánægju hjá starfsmönnum sem átt hafa hagsmuna að gæta vegna fyrirhugaðs flutnings.

Tilfinnanlega skortir á að til séu skýrar reglur m.a. um samskipti við starfsmenn viðkomandi stofnunar, bæði þá sem vilja halda starfi sínu áfram og hina sem ekki kjósa að flytjast með stofnuninni.

Segja má að hér sé um að ræða málefni sem varðað geti vinnumarkaðinn í heild og þörf sé á að skoða í víðara samhengi sem viðfangsefni kjarasamninga eða í löggjöf. Til dæmis er full ástæða til að setja almennar reglur sem tryggi frekar rétt verkafólks til sjós og lands, við þær aðstæður að skip eða kvóti er seldur frá því fyrirtæki sem það starfar við. Flutningsmönnum þykir rétt að skipta málinu í tvennt, annars vegar setja reglur gagnvart starfsemi ríkisins, eins og lagt er til hér, og hins vegar um aðra atvinnustarfsemi sem huga þarf betur að.

Hérlendis eru ekki til neinar heildarreglur er taka á réttarstöðu starfsmanns ríkisstofnunar sem fyrirhugað er að flytja á milli landshluta. Hugsanlegt er, vegna ágreiningsmála sem koma upp við flutning stofnunar, að styðjast við reglur sem koma fram í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Nú hafa verið sett ný starfsmannalög en í þeim er ekki, frekar en í gömlu lögunum, að finna reglur eða ákvæði um réttindi starfsmanna við flutning ríkisstofnunar.

Rétt er að minna á að í áliti nefndar um flutning ríkisstofnana frá árinu 1993 kemur fram að leita eigi allra ráða til að stofnunum haldist á starfsmönnum sínum. Þá kemur og fram að starfsmenn, sem láta af störfum vegna flutnings stofnunar, ættu að hafa forgang að hliðstæðum störfum í öðrum ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Að öðru leyti er lítið fjallað um þennan undirstöðuþátt, þ.e. starfsmennina, en mörgum öðrum atriðum eru gerð veruleg skil um leið og settar eru fram ýmsar tillögur um stofnanaflutning.

Við mótun þeirra reglna sem tillagan gerir ráð fyrir er ástæða til að líta til annarra ríkja Norðurlanda þar sem mun stærri skref hafa verið stigin en hérlendis við dreifingu stjórnsýslu ríkisins. Hér á eftir verður greint frá aðalatriðum í reglum sem gilda í Noregi varðandi starfsmenn við stofnanaflutning og m.a. var beitt við flutning Norsk Polarinstitutt frá Ósló til Tromsö. Í tengslum við þá ákvörðun var gerður samningur milli starfsmanna og stofnunar og ráðuneytis þess er stofnunin heyrði undir. Náði samningurinn bæði til þeirra starfsmanna sem fluttu með stofnuninni og þeirra sem ekki fluttu. Í honum felst m.a. að stofnunin greiðir starfsmanni sem flytur ákveðinn kostnað vegna ferðalaga, flutnings og kaupa á nýju húsnæði, svo og kostnað við sölu á eldra íbúðarhúsnæði. Einnig á starfsmaður rétt á lánum frá hinu opinbera vegna kostnaðar sem hann hefur af því að skipta um húsnæði. Þá er reynt er að útvega maka starfsmanns vinnu og börnum hans pláss á barnaheimili. Starfsmaður, sem ekki flytur með stofnun, á möguleika á að fara á tólf mánaða endurmenntunarnámskeið á fullum launum eftir að stofnunin er flutt eða í launalaust leyfi í eitt ár. Þá hefur slíkur starfsmaður forgang að sambærilegri stöðu hjá stofnunum sem heyra undir sama ráðuneyti og svo virðist sem starfsmenn, sem ákveða að flytjast ekki með stofnun, eigi kost á biðlaunum sem nema allt að 100% af fastakaupi þeirra. Einnig er ástæða til að benda á að mörg ár eiga að líða frá ákvörðun um flutning þar til hann er um garð genginn. Með því gefst hlutaðeigandi kostur á rúmum tíma til aðlögunar að breyttum aðstæðum. Verður það ásamt efnahagslegum tryggingum og ýmiss konar fyrirgreiðslu við hlutaðeigandi að teljast grundvallaratriði.

Mál þetta var flutt síðla á 120. löggjafarþingi af fyrsta flutningsmanni og kom þá ekki til umræðu. Það var síðan endurflutt á 121. þingi af þingflokki Alþýðubandalagsins og óháðra og er nú endurflutt nær óbreytt.

Með tillögunni var fylgiskjal með eftirfarandi umsögnum sem bárust í málinu á 121. löggjafarþingi (17. máli):

Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands (3. febrúar 1997).

Umsögn Alþýðusambands Íslands (22. janúar 1997).

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga (27. desember 1996).

Umsögn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (31. janúar 1997).

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands (24. janúar 1997).

Umsögn Eyþings – Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum (9. janúar 1997).

Umsögn Vinnumálasambandsins (6. janúar 1997).

Umsögn Byggðastofnunar (6. mars 1997).

709. Frumvarp til laga [391. mál]

um rétt til launa í veikindaforföllum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson og Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI
Breyting á lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, enda þótt launamaður hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum frá vinnu vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill launamaður neyta réttar síns skv. 4.–6. gr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda vottorð læknis er sýni að forföll hafi verið óhjákvæmileg, sbr. og ákvæði 5. mgr. 5. gr.

II. KAFLI
Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985.

3. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Ef skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er forfallaður af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum skv. 1. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns skv. 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis er sýni að hann hafi verið forfallaður.

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóms eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt skipverji hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 117. löggjafarþingi og endurflutt á 118. löggjafarþingi. Þá var það enn flutt á 120. löggjafarþingi, með smávægilegum breytingum á greinargerð sem gerðar voru í ljósi ábendinga sem fram komu í umsögnum um frumvarpið, og flutt aftur á 121. löggjafarþingi. Frumvarpið er nú endurflutt nær óbreytt. Markmið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að jafna rétt launafólks hér á landi til launa í veikindaforföllum. Hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikindaforföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi þróunar hér á landi undanfarinn áratug.

Um rétt launafólks til launa í veikindaforföllum gilda lög nr. 19/1979, sem ná til landverkafólks, lög nr. 35/1985, sem gilda um sjómenn, og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. reglugerð um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, nr. 411/1989. Auk þess eru í flestum kjarasamningum ákvæði um rétt til launa í veikindaforföllum.

Í stuttu máli má segja að þróun undanfarinna ára hafi aukið misrétti milli einstakra hópa launafólks hvað varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Þannig má sem dæmi nefna að starfsmenn ríkis og bæja fá greidd laun í fimmtán daga vegna fjarveru af völdum tæknifrjóvgunar og á hver starfsmaður rétt á slíkum greiðslum einu sinni. Sé litið til þessarar þróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa nú lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur“ og „óvinnufærni“ í lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 35/1985 verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu eða rannsókn vegna magasárs. Fjarvistir vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar eða ísetningar nýs gerviauga hafa ekki verið taldar veita rétt til launa í veikindaforföllum. Þá hefur tæknifrjóvgun ekki talist til greiðsluskyldra forfalla þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi, en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga rétt launafólks til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að gert sé að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að réttur heilbrigðra líffæragjafa verði tryggður sérstaklega. Enn hefur ekki reynt á rétt þessa hóps fyrir dómstólum en þegar hafa komið upp dæmi um að atvinnurekendur neiti að greiða heilbrigðum líffæragjöfum laun vegna fjarvista þeirra við líffæragjöf, enda þótt margir vinnuveitendur muni væntanlega kjósa að greiða

starfsfólki sínu laun í slíkum tilvikum. Þess má geta að árið 1993 voru skráð fjögur tilvik líffæragjafa hjá Íslendingum.

Eins og að framan greinir hafa opinberir starfsmenn fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla vegna tæknifrjóvgunar sem eru að vissu leyti einnig aðgerðir sem einstaklingar velja sjálfir hvort þeir gangast undir. Heilbrigðir líffæragjafar hafa þó algera sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til hjálpar þriðja manni, ef til vill ekki beinlínis að ráði læknis, þó að um geti verið að ræða að verið sé að bjarga lífi annarrar manneskju. Sú breyting, sem hér er lögð til, á því fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að réttur launafólks til launa í veikindaforföllum verði rýmkaður þannig að til sjúkdóma teljist hvers kyns aðgerðir, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, þótt launamaður hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Eins og fram kemur í greinargerð er þessari breytingu ætlað að tryggja þeim sem gangast m.a. undir hjartaþræðingu rétt til launa í forföllum af þeim sökum, jafnvel þótt þeir hafi ekki verið óvinnufærir við upphaf læknismeðferðar. Ákvæðum frumvarpsins er hins vegar ekki ætlað að lögskylda atvinnurekendur til geiðslu launa vegna áfengismeðferðar. Þá er lögð til sú grundvallarbreyting að heilbrigðum líffæragjöfum sé tryggður réttur til launa á meðan þeir eru fjarri vinnu af þeim sökum á sama hátt og um sjúkling væri að ræða.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott skilyrði um að menn séu óvinnufærir, sbr. það sem segir í greinargerð. Í stað þess er lagt til að kveðið verði á um að forföll hafi verið óhjákvæmileg vegna veikindanna eða slyssins, en með því er tryggt að forföll viðkomandi séu í raun að læknisráði án þess að gert sé að skilyrði að viðkomandi teljist óvinnufær, sbr. þó undantekningu í 5. mgr. 5. gr. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í ákvæðinu að læknisvottorð varði „veikindi og slys“ og er sú breyting í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting á rétti sjómanna til launa í veikindaforföllum að ekki verði lengur gert að skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær, enda hefur það skilyrði þrengt verulega rétt sjómanna þar sem þeir geta eðli málsins samkvæmt ekki leitað sér lækninga fyrr en að lokinni veiðiferð. Þannig hefur ósérhlífni sjómanna, sem reyna að vinna störf sín til loka veiðiferðar, þrátt fyrir óumdeilanleg veikindi, leitt til brottfalls réttar til veikindalauna. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í 5. mgr. að vottorð læknis varði „veikindi“ eða „slys“ og er sú breyting í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 36. gr. Bent skal á ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna sem veitir útgerðarmanni rétt til að kanna hvort sá sem vill ráða sig á skip sé haldinn sjúkdómi eða meiðslum sem geri hann ófæran til að gegna skipsstörfum og á 33. gr. laganna um skyldu skipverja til að gangast undir læknisrannsókn að kröfu skipstjóra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

710. Frumvarp til laga [392. mál]

um breyting á lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „fjögur ár“ í fyrri málslið 4. gr. laganna kemur: sex ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til samræming á reglum þeim sem gilda í íslenskum rétti um endurgreiðslu skatta. Meginreglan í skattalögum er sú að endurgreiðsla skatta, endurákvörðun þeirra og fyrning sakar miðast við sex ár aftur í tímann frá ákveðnu tímamarki. Gildandi regla í lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda um fjögurra ára fyrningu á endurgreiðslukröfu brýtur því í bága við fyrrgreinda meginreglu. Í dæmaskyni má vísa til laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en þar kemur fram í 97. gr. að heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. laganna nái til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Þá fyrnist sök samkvæmt lögunum á sex árum miðað við upphaf rannsóknar, enda hafi ekki verið um að ræða óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar, sbr. 108. gr. Samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, fyrnist sök á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða lögreglu, enda hafi ekki verið um að ræða óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar, sbr. 31. gr. laganna. Sjá einnig ákvæði um sex ára fyrningu í 5. mgr. 20. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996. Að lokum má nefna lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, en þar kemur fram í 26. gr. að heimild til endurákvörðunar virðisaukaskatts samkvæmt þeirri grein nái til skatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram og að það sama gildi einnig um endurákvörðun á ofendurgreiddum skatti.

711. Svar [361. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

1. *Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 65/1996 frá 24. mars 1997 til desember 1997?*

Dómsmálaráðuneyti bárust umsóknir tíu einstaklinga um réttaraðstoð til að leita nauðasamninga frá 24. mars 1997 til 31. desember 1997.

2. *Hversu oft hefur réttaraðstoð við nauðasamningsumleitanir verið veitt á framangreindu tímabili?*

Réttaraðstoð var veitt átta sinnum á framangreindu tímabili, ein umsókn var afturkölluð og einni umsókn var hafnað.

712. Svar [369. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skipaðan talsmann barna í forsjármálum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu oft hefur barni verið skipaður talsmaður til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls frá því að heimildin var sett í lög, sbr. 34. gr. barnalaga,

a. þegar dómstóll sker úr ágreiningsmáli,

b. þegar dómsmálaráðuneyti fer með úrskurðarvald?

Svarið óskast sundurliðað eftir dómstólum.

Samkvæmt upplýsingum frá öllum héraðsdómstólum hefur aldrei komið til þess að talsmaður hafi verið skipaður á grundvelli 34. gr. barnalaga. Þá hefur dómsmálaráðuneytið ekki skipað slíkan talsmann.

713. Svar [274. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margar nefndir hafa starfað á vegum landbúnaðarráðuneytisins frá 1. janúar 1995 til 1. júlí 1997? Óskað er eftir upplýsingum um heiti nefnda, nöfn nefndarmanna, þar sem formanna er getið sérstaklega, og kostnað við hverja nefnd miðað við hvert ár fyrir sig. Auk þess komi fram heildarkostnaður við nefndarstörf á vegum ráðuneytisins fyrrgreint tímabil, sundurliðað eftir árum.

1. Jarðanefndir skv. 4. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

Heildarkostnaður við jarðanefndir var 802.216 kr. árið 1995 og 671.397 kr. árið 1996. Reikningar vegna ársins 1997 hafa enn ekki borist en munu berast fyrri hluta árs 1998.

Samkvæmt 4. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, skal í hverri sýslu starfa jarðanefnd skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu þeir kosnir hlutfallskosningu, ef óskað er. Búnaðarsamband viðkomandi sýslu tilnefnir tvo menn í jarðanefnd en héraðsnefnd einn mann. Nefndirnar eru skipaðar til fjögurra ára í senn.

Gullbringusýsla.

Formaður: Sigurbjörn Stefánsson, Nesjum, 245 Sandgerði.
Magnús Ágústsson, Hafnargötu 9, Vogum.
Lúðvík B. Björnsson, Silfurtúni 12, Garði.

Varamenn: Sæmundur Þórðarson, Vatnsleysu.
Ólafur H. Magnússon, Nýlendu.
Símon Rafnsson, Austurkoti.

Kjósarsýsla.
Formaður: Páll Ólafsson, Brautarholti, 270 Mosfellsbær.
Einar Ólafsson, Gestshúsum, Álftanesi.
Sigurbjörn Hjaltason, Kiðafelli, Kjós.
Varamenn: Skúli Geirsson, Hafnarfirði.
Jón Sverrir Jónsson, Varmadal.
Jóhann F. Jónsson, Sviðholti.

Borgarfjarðarsýsla.
Formaður: Anton Ottesen, Ytra-Hólmi, 301 Akranes.
Jón Blöndal, Langholti, Andakílshreppi.
Þorsteinn Þorsteinsson, Skálpastöðum.
Varamenn: Magnús B. Jónsson, Hvanneyri.
Jón Kr. Magnússon, Melaleiti.
Vigfús Pétursson, Hægindi.

Mýrasýsla.
Formaður: Þórarinn Jónsson, Hamri, Þverárhlíð, 311 Borgarnes.
Sveinn Jóhannesson, Flóðatanga, Stafholtstungnahreppi.
Óðinn Sigþórsson, Einarsnesi.
Varamenn: Sigurjón Valdimarsson, Glitstöðum.
Þorvaldur T. Jónsson, Hjarðarholti.
Guðbrandur Brynjúlfsson, Brúarlandi.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
Formaður: Haukur Sveinbjörnsson, Snorrastöðum, 311 Borgarnes.
Guðmundur Albertsson, Heggsstöðum, Miklaholtshreppi.
Sveinn Guðjónsson, Stekkjarvöllum.
Varamenn: Hallsteinn Haraldsson, Gröf í Breiðuvík.
Jónas Jóhannesson, Jörfa.
Hjalti Oddsson, Vörðufelli.

Dalasýsla.
Formaður: Jóhann Pétursson, Stóru-Tungu, 370 Búðardalur.
Magnús Arngrímsson, Fellsenda.
Sturlaugur Eyjólfsson, Efri-Brunná.
Varamenn: Árni Benediktsson, Stóra-Vatnshorni.
Trausti Bjarnason, Á.
Hörður Hjartarson, Vífilsdal.

Austur-Barðastrandarsýsla.
Formaður: Kristján Magnússon, Gautsdal, 380 Króksfjarðarnes.
Sveinn B. Hallgrímsson, Skálanesi.
Þórður Jónsson, Árbæ.
Varamenn: Daníel Jónsson, Iðunnarstöðum.
Karl Kristjánsson, Kambi.
Bergsveinn Reynisson, Gróustöðum.

Vestur-Barðastrandarsýsla.
Formaður: Hilmar Össurarson, Kollsvík, 451 Patreksfjörður.
Bjarni Hákonarson, Haga.
Ragnar Guðmundsson, Brjánslæk.
Varamenn: Egill Ólafsson, Hnjóti.
Ingvi Haraldsson, Fossá.
Valur Thoroddsen, Kvígindisdal.

Vestur-Ísafjarðarsýsla.
Útrunnið, tilnefningu vantar frá héraðsnefnd.
1993
Formaður: Valdemar Gíslason, Mýrum, 471 Þingeyri.
Sólveig B. Magnúsdóttir, Innri-Hjarðardal.
Sigrún Guðmundsdóttir, Kirkjubóli, Þingeyrarhreppi.
Varamenn: Hallgrímur Sveinsson, Hrafnseyri.
Hreinn Þórðarson, Auðkúlu.
Guðmundur St. Björgmundsson, Kirkjubóli.

Norður-Ísafjarðarsýsla.
Útrunnið 25. maí, tilnefningu vantar frá héraðsnefnd.
1993
Formaður: Jón Guðjónsson, Laugabóli, 401 Ísafjörður.
Halldór Hafliðason, Ögri.
Ólöf Jónsdóttir, Hafnardal.
Varamenn: Snævar Guðmundsson, Melgraseyri.
Björn Baldursson, Vigur.
Sigmundur H. Sigmundsson, Látrum.

Strandasýsla.
Formaður: Brynjólfur Sæmundsson, Kópsnesbraut 17, 510 Hólmavík.
Magnús Sigurðsson, Felli, Broddaneshreppi.
Rögnvaldur Gíslason, Gröf, Broddaneshreppi.
Varamenn: Drífa Hrólfsdóttir, Ytri-Ósi.
Jósef Rósinkarsson, Fjarðarhorni.
Hjalti Guðmundsson, Bæ.

Vestur-Húnavatnssýsla.
Formaður: Gunnar Þórarinsson, Þóroddsstöðum, 500 Brú.
Þorsteinn B. Helgason, Fosshóli, Fremri-Torfustaðahreppi.
Tryggvi Eggertsson, Gröf, Kirkjuhvammshreppi.
Varamenn: Agnar J. Levy, Hrísakoti.
Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu.
Rafn Benediktsson, Staðarbakka.

Austur-Húnavatnssýsla.
Formaður: Ragnar Bjarnason, Norðurhaga, 541 Blönduós.
Páll Þórðarson, Sauðanesi.
Sveinn Sveinsson, Tjörn, Skagahreppi.
Varamenn: Jónas Hafsteinsson, Njálsstöðum.
Jón Árni Jónsson, Sölvabakka.
Tryggvi Jónsson, Ártúnum.

Skagafjarðarsýsla.
Formaður: Sigurbjörg Bjarnadóttir, Bjarnagili, 570 Fljót.
Egill Bjarnason, Bárustíg 1, Sauðárkróki.
Stefán Gestsson, Arnarstöðum, Hofshreppi.
Varamenn: Borgar Símonarson, Goðdölum.
Anna Margrét Stefánsdóttir, Hátúni II.
Eiríkur Loftsson, Beingarði.

Eyjafjarðarsýsla.
Formaður: Haraldur Hannesson, Víðigerði, 601 Akureyri.
Garðar Steinsson, Engihlíð.
Ólöf Þórsdóttir, Bakka, Öxnadal.
Varamenn: Hörður Snorrason, Hvammi.
Óskar Gunnarsson, Dæli.
Kristján Hermannsson, Lönguhlíð.

Suður-Þingeyjarsýsla.
Formaður: Stefán Skaftason, Straumnesi, 641 Húsavík.
Sigtryggur Vagnsson, Hriflu.
Tryggvi Stefánsson, Hallgilsstöðum.
Varamenn: Jón Jónasson, Þverá.
Erlingur Teitsson, Brún.
Hlöðver P. Hlöðversson, Björgum.

Norður-Þingeyjarsýsla.
Formaður: Sigtryggur Þorláksson, Svalbarði, 681 Þórshöfn.
Einar Ó. Björnsson, Lóni.
Jóhann Helgason, Leirhöfn.
Varamenn: Ágúst Guðröðarson, Sauðanesi.
Jón H. Guðmundsson, Ærlæk.
Stefán Eggertsson, Laxárdal.

Norður-Múlasýsla.
Formaður: Sigríður Bragadóttir, Síreksstöðum, 690 Vopnafjörður.
Sigmar Ingvarsson, Desjamýri, Borgarfjarðarhreppi.
Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli.
Varamenn: Grétar Brynjólfsson, Skipalæk.
Gunnar Guttormsson, Litla-Bakka.
Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Víðivöllum fremri.

Suður-Múlasýsla.
Formaður: Björn Þorsteinsson, Þernunesi, 750 Fáskrúðsfjörður.
Jón Atli Gunnlaugsson, Sólvöllum 1, Egilsstöðum.
Jónína Zophoníasdóttir, Mýrum, Skriðdal.
Varamenn: Gróa Jóhannsdóttir, Hlíðarenda.
Ágústína Konráðsdóttir, Hjartarstöðum.
Sigurður Kristjánsson, Skuggahlíð.

Austur-Skaftafellssýsla.
Formaður: Steinþór Torfason, Hala, 781 Höfn.
Egill Jónsson, Seljavöllum.
Sævar Kr. Jónsson, Rauðabergi.
Varamenn: Sigurgeir Jónsson, Fagurhólsmýri.
Guðjón Þorsteinsson, Svínafelli.
Guðrún Guðmundsdóttir, Hólmi.

Vestur-Skaftafellssýsla.
Formaður: Ágústa Bárðardóttir, Reyni, Mýrdal, 871 Vík.
Sigfús Sigurjónsson, Borgarfelli.
Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ.
Varamenn: Ragnheiður Júlíusdóttir, Norðurhjáleigu.
Erlendur Björnsson, Seglbúðum.
Þórarinn Eggertsson, Hraungerði.

Rangárvallasýsla.
Formaður: Hermann Sigurjónsson, Raftholti, 851 Hella.
Sveinbjörn Jónsson, Stórumörk.
Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum.
Varamenn: Kristinn Jónsson, Staðarbakka.
Elvar Eyvindsson, Skíðbakka.
Jónas Jónsson, Kálfholti.

Árnessýsla.
Formaður: Sveinn Skúlason, Bræðratungu, 801 Selfoss.
Bjarki Reynisson, Mjósyndi, Villingaholtshreppi.
Guðmundur Stefánsson, Hraungerði.
Varamenn: Guðmundur Þorvaldsson, Bíldsfelli.
Helgi Ívarsson, Hólum.
Ágúst Sigurðsson, Birtingaholti.

2. Kostnaður við nefndir skipaðar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis, þó ekki nefndir sem fá afmarkaða fjárveitingu í fjárlögum ár hvert á fjárlagaliðum 04-190 og 04-891.

Heildarkostnaður vegna þeirra var sem hér segir: 2.088.362 kr. árið 1995, 3.500.032 kr. árið 1996 og 4.023.523 kr. árið 1997. Kostnaður við nefndir sem fá afmarkaða fjárveitingu í fjárlögum hvert ár er ekki tilgreindur hér, en nákvæman kostnað við þær nefndir má sjá í ríkisreikningi.

I. Nefndir skipaðar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis.

Veiðimálanefnd.

Starfar samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Nefndin er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögunum. Hún er skipuð til fjögurra ára. Skipuð 23. júní 1995. Kostnaður er greiddur af Fiskræktarsjóði.

Vigfús B. Jónsson, Laxamýri, formaður, án tilnefningar. Varamaður: Guðmundur Stefánsson, Akureyri.

Ketill Ágústsson bóndi, Brúnastöðum, tilnefndur af Landssambandi veiðifélaga. Varamaður: Þorfinnur Þórarinsson, Spóastöðum.

Rafn Benediktsson bóndi, Staðarbakka, tilnefndur af Landssambandi veiðifélaga. Varamaður: Magnús Ólafsson, Sveinsstöðum.

Karl Ómar Jónsson verkfræðingur, tilnefndur af Landssambandi stangaveiðifélaga. Varamaður: Benedikt Jónmundsson, Akranesi.

Vigfús Jóhannsson fiskifræðingur, tilnefndur af Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Varamaður: Júlíus B. Kristinsson fiskifræðingur.

Fisksjúkdómanefnd.

Skipuð skv. 75. gr. laga nr. 76/1970. Nefndin skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma. Í henni eiga sæti samkvæmt stöðu sinni: Yfirdýralæknir, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Kostnaður er greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, formaður.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.

Guðmundur Georgsson læknir, forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum.

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Skipuð samkvæmt lögum nr. 77/1972 til fjögurra ára. Skipuð 20. september 1996. Kostnaður er greiddur af Framleiðnisjóði.

Án tilnefningar:

Bjarni Guðmundsson búvísindakennari, formaður.

Þórhalla Snæþórsdóttir, Egilsstöðum.

Samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands:

Ari Teitsson.

Sigurður Þráinsson.

Samkvæmt tilnefningu forsætisráðuneytis:

Egill Jónsson alþingismaður.

Búfræðslunefnd.

Skipuð samkvæmt lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu. Skipuð 16. október 1996 til fjögurra ára. Kostnaður er greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.

Án tilnefningar:

Guðmundur Sigþórsson, formaður.

Hákon Sigurgrímsson deildarstjóri, starfsmaður nefndarinnar.

Samkvæmt tilnefningu búnaðarþings:
Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku, Fljótsdal.
Runólfur Sigursveinsson ráðunautur, Selfossi.
Samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytis:
Karl Kristjánsson deildarsérfræðingur.
Tilnefndir af búfræðikennurum:
Þórarinn Sólmundarson búfræðikennari, Hólum.
Jón Bjarnason skólastjóri, Hólum.
Magnús B. Jónsson skólastjóri, Hvanneyri.

Markanefnd.
Skipuð skv. 69. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamál, fjallskil o.fl. Skipuð 6. mars 1996 til átta ára. Kostnaður er greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Jón Höskuldsson skrifstofustjóri, formaður.
Ólafur R. Dýrmundsson ráðunautur.
Sigurður Sigurðarson dýralæknir.

Sexmannanefnd (verðlagsnefnd búvöru).
Skv. 7. gr. laga nr. 46/1985 skal verðlagsnefnd búvöru ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda. Bændasamtök Íslands tilnefna þrjá fulltrúa, ASÍ tvo og BSRB einn. Skipuð árlega. Afmörkuð fjárveiting í fjárlögum (04-190).
Frá Stéttarsambandi bænda: Arnór Karlsson, Þórólfur Sveinsson og Guðmundur Lárusson.
Tilnefnd af ASÍ: Guðmundur Gylfi Guðmundsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir.
Tilnefndur af BSRB: Björn M. Arnórsson.
Ritari: Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneyti.

Fimmmannanefnd.
Starfar skv. 13. gr. laga nr. 46/1985. Skipuð árlega. Afmörkuð fjárveiting í fjárlögum (04-190).
Georg Ólafsson, framkvæmdastjóri Samkeppnisstofnunar, formaður.
Frá ASÍ: Ari Skúlason hagfræðingur.
Frá BSRB: Elín Björg Jónsdóttir.
Tilnefndir af mjólkurframleiðendum: Wilhelm Andersen skrifstofustjóri og Þórarinn E. Sveinsson.
Tilnefndir af kjötframleiðendum: Hjalti H. Hjaltason og Margeir Daníelsson hagfræðingur.

Hæfnisnefnd dýralækna vegna umsókna um embætti.
Samkvæmt lögum nr. 54/1989, um breytingu á lögum nr. 77/1981, um dýralækna. Skipuð 4. janúar 1996 til þriggja ára. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Steinn Steinsson dýralæknir, formaður.
Alfreð Schiöth dýralæknir.
Helgi Sigurðsson dýralæknir.

Sáðvöru- og áburðarnefnd.
Samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Skipuð 13. desember 1994. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Bjarni Helgason yfirdeildarstjóri, formaður, án tilnefningar.

Óttar Geirsson ráðunautur, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands. (Varamaður: Árni Snæbjörnsson.)
Hólmgeir Björnsson deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Fóðurnefnd.
Samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Skipuð 13. desember 1994. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Sigurður Sigurðarson dýralæknir, formaður.
Bragi L. Ólafsson deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Gunnar Guðmundsson ráðunautur, Bændasamtök Íslands.

Nefnd skv. 3. gr. laga nr. 34/1994, um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.
Skipuð 30. júní 1995. Afmörkuð fjárveiting í fjárlögum 1997 (04-190).
Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, formaður.
Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti.
Kjartan Gunnarsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneyti.

Nefnd skipuð samkvæmt þingsályktun frá 1995 til að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu.
Skipuð 8. september 1995. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Níels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti, formaður.
Elín Antonsdóttir iðnráðgjafi, Akureyri.
Brynjólfur Sæmundsson ráðunautur, Hólmavík.
Pétur Guðmundsson rekaviðarbóndi.
Sveinn Jónsson húsasmiður, Ytra-Kálfskinni.

Erfðanefnd búfjár.
Samkvæmt lögum nr. 84/1989. Skipuð 9. nóvember 1995 til þriggja ára. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Emma Eyþórsdóttir, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, formaður.
Jónas Jónasson, Veiðimálastofnun.
Jón Viðar Jónmundsson, Bændasamtök Íslands.
Sveinn Hallgrímsson, Bændaskólinn Hvanneyri.
Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nefnd samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 66/1987, um kartöfluútsæði.
Skipuð 1. október 1996 til fjögurra ára. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Ólafur Vagnsson ráðunautur, formaður.
Sigurgeir Ólafsson deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Kristján Gestsson bóndi, Forsæti, Villingaholtshreppi.

Nefnd samkvæmt reglum nr. 204/1996, um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaði og -framleiðslu, til að meta umsóknir um styrki.
Skipuð 3. maí 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, formaður.
Pálmi Vilhjálmsson, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Gísli Karlsson, Framleiðsluráð landbúnaðarins.
Guðmundur Gylfi Guðmundsson, ASÍ.
Björn Arnórsson, BSRB.

Ráðgjafarnefnd skv. 45. gr. reglugerðar nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.
Skipuð 10. september 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, formaður.
Guðfinnur Jakobsson bóndi, tilnefndur af VOR.
Stefán Gunnarsson bóndi, tilnefndur af VOR.
Jón Gunnar Jónsson, tilnefndur af Verslunarráði.
Ólafur Dýrmundsson, tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Jóhannes Gunnarsson, tilnefndur af Neytendasamtökunum.
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, tilnefnd af umhverfisráðuneyti.

Verkefnisstjórn vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að veita 450 millj. kr. til landgræðslu- og skógræktarverkefna.
Skipuð 11. febrúar 1997. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Jón Erlingur Jónasson, formaður.
Guðmundur Árnason skrifstofustjóri, forsætisráðuneyti.
Sigurður Þráinsson deildarstjóri, umhverfisráðuneyti.

Nefnd til að móta tillögur um samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í landbúnaði (þingsályktun frá 15. maí 1997).
Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Hákon Sigurgrímsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti, formaður.
Haukur Ingibergsson forstöðumaður.
Laufey Steingrímsdóttir næringarfræðingur.
Jón Sigurðsson hagfræðingur.
Jóhannes Torfason bóndi.

II. Tímabundnar verkefnanefndir.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga.
Afmörkuð fjárveiting í fjárlögum (04-190).
Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, formaður.
Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti.
Ari Teitsson, formaður Bændasamtaka Íslands.
Þórólfur Sveinsson, Bændasamtökum Íslands.
Ritari: Hákon Sigurgrímsson, landbúnaðarráðuneyti.

Nefnd skv. 10. gr. samnings um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt (frá 11. mars 1991).
Nefndin fjalli um gerð búvörusamnings um mjólkurframleiðslu. Skipuð 22. maí 1997.
Afmörkuð fjárveiting í fjárlögum (04-190).
Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, formaður.
Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti.

Jón Erlingur Jónasson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra.
Hákon Sigurgrímsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti.

Verkefnisráð í fiskeldi, samkvæmt samkomulagi milli Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknarráðs Íslands og Hitaveitu Suðurnesja.
Skipað 18. apríl 1995. Ólaunuð nefnd.
Hörður Jónsson forstöðumaður, formaður (Rannsóknarráð).
Ingimar Jóhannsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti.
Eiríkur Briem, Rafmagnsveitum ríkisins.
Júlíus Jónsson forstjóri, Hitaveitu Suðurnesja.

Undirbúningsnefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu á rannsóknarþjónustu í landbúnaði og semja lagafrumvarp um það.
Skipuð 15. nóvember 1995. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Björn Sigurbjörnsson ráðuneytisstjóri, formaður.
Jón Erlingur Jónasson, aðstoðarmaður ráðherra, varaformaður.
Níels Árni Lund deildarstjóri.
Árni M. Mathiesen alþingismaður.
Guðni Ágústsson alþingismaður.
Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður.
Ari Teitsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Starfshópur til að sjá um úthlutun lána til fiskeldisfyrirtækja í því skyni að flýta mikilvægri tækniþróun til framleiðniaukandi aðgerða.
Skipaður 19. desember 1995. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Jón Erlingur Jónasson, aðstoðarmaður ráðherra, formaður.
Guðmundur Jóhannsson, fjármálaráðuneyti.
Logi Jónsson dósent.
Guðmundur Malmquist forstjóri.
Vigfús Jóhannsson fiskifræðingur.

Starfshópur til að kanna möguleika á vinnslu og nýtingu kaplamjólkur.
Skipaður 12. janúar 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, formaður.
Þórir Haraldsson, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra.
Sveinbjörn Eyjólfsson deildarstjóri, landbúnaðarráðuneyti.
Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir.
Jón Bjarnason, skólastjóri Bændaskólans á Hólum.

Nefnd til að endurskoða starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins í samræmi við ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.
Skipuð 12. janúar 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Ólafur Friðriksson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti, formaður.
Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar.
Þórólfur Sveinsson bóndi.

Nefnd til að endurskoða lög um dýralækna.

Er nefndinni ætlað að semja frumvarp til nýrra laga um dýralækna. Skipuð 1. febrúar 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.

Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, formaður.
Sigurður Ingi Jóhannsson dýralæknir.
Rögnvaldur Ingólfsson héraðsdýralæknir.
Rögnvaldur Ólafsson bóndi, Flugumýrarhvammi.
Ritari: Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nefnd til að gera tillögur um hvar og hvernig megi gera tilraunir með að endurheimta hluta þess votlendis sem þurrkað hefur verið upp með framræslu.

Skipuð í framhaldi af erindi Fuglaverndarfélags Íslands. Skipuð 28. febrúar 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.

Níels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti, formaður.
Arnþór Garðarsson, Náttúruverndarráði.
Borgþór Magnússon, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Einar Ó. Þorleifsson, Fuglaverndarfélagi Íslands.
Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands.
Sigmundur Einarsson, umhverfisráðuneyti.

Nefnd til að endurskoða innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði og gera tillögur um leiðir til einföldunar frá núverandi skipulagi.

Skipuð 3. júlí 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Ólafur Friðriksson deildarstjóri, formaður.
Gísli Karlsson framkvæmdastjóri, Framleiðsluráði.
Sigurgeir Þorgeirsson framkvæmdastjóri, Bændasamtökum Íslands.

Nefnd til að vinna að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri og gera tillögur til ráðherra.

Skipuð 2. september 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Hákon Sigurgrímsson deildarstjóri, formaður.
Magnús B. Jónsson skólastjóri.
Haukur Ingibergsson forstöðumaður, Hagsýslu ríkisins.

Nefnd til að gera tillögur um hvernig hægt sé að lengja ræktunartíma ýmissa tegunda í gróðurhúsum — lækkun raforkuverðs.

Skipuð 2. desember 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Ólafur Friðriksson deildarstjóri, formaður.
Benedikt Árnason, iðnaðarráðuneyti.
Elías B. Elíasson, Landsvirkjun.
Guðmundur Guðmundsson, Rafmagnsveitum ríkisins.
Kjartan Ólafsson, Sambandi garðyrkjubænda.

Nefnd til að endurskoða lög um búfjárrækt og jarðrækt og semja nýja heildarlöggjöf.

Skipuð 3. desember 1996. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, formaður.
Jón Erlingur Jónasson, aðstoðarmaður ráðherra.

Þórhallur Arason, fjármálaráðuneyti.
Ari Teitsson, Bændasamtökum Íslands.
Hrafnkell Karlsson, Bændasamtökum Íslands.
Hörður Harðarson.

Starfshópur til að vinna að framgangi og kynningu stefnumótunar fyrir „Vistrænt Ísland".
Skipaður 15. janúar 1997. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Hákon Sigurgrímsson deildarstjóri, formaður.
Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri, umhverfisráðuneyti.
Haukur Halldórsson, stjórnarformaður Áforms — átaksverkefnis.
Kjartan Ólafsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Verkefnishópur til að hrinda af stað tilrauna- og þróunarverkefni í ræktun og vinnslu líns.
Skipaður 28. janúar 1997. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Björn Sigurbjörnsson ráðuneytisstjóri, formaður.
Egill Jónsson alþingismaður, tilnefndur af Byggðastofnun.
Árni Snæbjörnsson ráðunautur, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.
Jón Guðmundsson sérfræðingur, tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Magnús Óskarsson, fyrrverandi kennari, tilnefndur af Bændaskólanum á Hvanneyri.
Sigurbjörn Einarsson, Iðntæknistofnun, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti.
Starfsmaður: Kristján Eysteinsson, Ráðgjafarþjónustunni Nýsi.

Nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 188/1988, um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, II. kafla.
Skipuð 17. febrúar 1997. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Andrés Jóhannesson kjötmatsformaður, formaður.
Guðjón Þorkelsson deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Jón Viðar Jónmundsson, Bændasamtökum Íslands.
Hreiðar Karlsson, Landssambandi sláturleyfishafa.
Arnór Karlsson, Landssamtökum sauðfjárbænda.

Nefnd til að kanna hvernig hægt er að auðvelda skotveiðimönnum aðgang að ríkisjörðum.
Skipuð 7. mars 1997. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Ólafur Örn Haraldsson alþingismaður, formaður.
Jón Höskuldsson skrifstofustjóri, landbúnaðarráðuneyti.
Einar Kr. Haraldsson, fulltrúi Skotveiðifélags Íslands.
Hrafnkell Karlsson, fulltrúi Bændasamtaka Íslands.
Ingvar Viktorsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Jón Loftsson skógræktarstjóri.
Sigríður Norðmann lögfræðingur, ritari.

Nefnd til að gera tillögur að reglugerð um innflutning plantna til ræktunar.
Skipuð 20. mars 1997. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Áslaug Helgadóttir deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, formaður.
Aðalheiður Jóhannsdóttir, Náttúruvernd ríkisins.
Óli Valur Hansson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.
Jón Gunnar Ottósson, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.
Sigurður Magnússon gróðurvistfræðingur, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Þröstur Eysteinsson, Skógrækt ríkisins.

Nefnd sem hefur það hlutverk að gera úttekt á lífskjörum bænda samanborið við lífskjör annarra stétta í landinu, þróun síðustu ára o.fl.
Skipuð 21. mars 1997. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Ólafur Friðriksson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneyti, formaður.
Bjarni Ásgeirsson, Ásgarði, fulltrúi félagsmálaráðherra.
Guðmundur Stefánsson, Hraungerði, fulltrúi Bændasamtaka Íslands.
Jón Magnússon, forstöðumaður Byggðastofnunar á Sauðárkróki, fulltrúi forsætisráðherra.
Jónas Bjarnason, forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins.

Nefnd til að móta tillögur um samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í landbúnaði með það að markmiði að bæta afkomu í atvinnugreininni.
Skipuð 10. júní 1997. Kostnaður greiddur af landbúnaðarráðuneytinu.
Hákon Sigurgrímsson deildarstjóri, formaður.
Haukur Ingibergsson forstöðumaður.
Jóhannes Torfason bóndi.
Laufey Steingrímsdóttir næringarfræðingur.
Jón Sigurðsson hagfræðingur.

Áform — átaksverkefni. Stofnað með lögum nr. 26/1995. Tímabundið átaksverkefni árin 1996–99. Tilgangur: Vinna að vöruþróun og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þjónustu á innlendum og erlendum mörkuðum. Kostnaður greiddur með sérstakri fjárveitingu í fjárlögum (04-891).
Í starfshópnum eru:
Haukur Halldórsson, formaður.
Jón Helgason, fyrrverandi ráðherra.
Gísli Einarsson alþingismaður.
Guðmundur Elíasson.

714. Skýrsla [393. mál]

dómsmálaráðherra um stöðu umferðaröryggismála.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. Almennt.

Í samræmi við þingsályktun um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 1996 er nú lögð fram skýrsla um stöðu umferðaröryggismála og hvaða verkefni og megináherslur verða í umferðaröryggisstarfinu á árinu 1998. Ályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að á næstu sex árum, eða fyrir lok ársins 2000, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–92. Þessu takmarki verði

náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, vátryggingafélaga og áhugahópa um umferðaröryggismál í samvinnu við ökumenn og samtök þeirra. Opinberir aðilar og fyrirtæki sem starfa að umferðaröryggismálum og sveitarfélög með fleiri íbúa en 1.000 skili til dómsmálaráðuneytisins framkvæmdaáætlun eða tillögum er leiði til aukins umferðaröryggis. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega."

Til að vinna að framvindu umferðaröryggisáætlunarinnar skipaði dómsmálaráðherra í ágúst 1996 sérstakan vinnuhóp. Í honum eru Þórhallur Ólafsson, formaður Umferðarráðs og aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, formaður, Georg Kr. Lárusson, sýslumaður í Vestmannaeyjum, og Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni. Með hópnum hafa unnið Óli H. Þórðarson og Sigurður Helgason frá Umferðarráði.

Vinnuhópurinn, sem gengur undir heitinu umferðaröryggisnefndin, skilaði áfangaskýrslu um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar (umferðaröryggisáætlun 1997–2001) og fylgdi hún skýrslu dómsmálaráðherra til Alþingis. Nú hefur nefndin skilað nýrri áfangaskýrslu. Er þessi skýrsla til Alþingis að verulegu leyti byggð á henni.

Fjölmargir aðilar eru þátttakendur í umferðaröryggisstarfinu og er þáttur þeirra allra mikilvægur. Áfram verður lögð áhersla á að samhæfa störf og verkefni aðila til að ná sem bestum árangri. Einnig verða einstök verkefni er tengjast nýbreytni í umferðaröryggismálum styrkt af umferðaröryggissjóði Umferðarráðs og Umferðarráði eins og undanfarin ár. Lögð verður sérstök áhersla á fá en afmörkuð verkefni eins og á síðasta ári.

Á árinu 1998 verða meginviðfangsefnin:

— bílbelti og öryggisbúnaður fyrir börn í bílum,
— ölvunarakstur,
— ökuhraði og
— ungir ökumenn.

Embætti ríkislögreglustjóra tók til starfa í júlí 1997. Tilkoma embættisins gerir unnt að samræma enn frekar störf lögregluembætta á sviði umferðarlöggæslu og jafnframt vinna að sérstökum verkefnum og hafa frumkvæði að nýjungum.

Gerðar hafa verið breytingar á umferðarlögum og lögum um meðferð opinberra mála, auk þess sem tillögur um frekari breytingar verða lagðar fram á Alþingi nú á vorþingi. Með þessum breytingum er ætlunin að auðvelda lögreglu meðferð mála vegna umferðarlagabrota og innheimtu sekta, svo og að gera henni kleift að nota löggæslumyndavélar og ný öndunarsýnatæki til að ákvarða magn áfengis í blóði ökumanna. Jafnframt á að auka samræmi, skilvirkni og jafnræði hvað varðar refsingar og önnur viðurlög við brotum á umferðarlögum.

2. Staða og markmið.

Árið 1997 var að mörgu leyti gott hvað umferðaröryggi varðar þótt alltaf megi gera betur. Alvarlegum slysum fækkaði um 19%, úr 254, sem er meðaltal áranna 1991–96, í 207 árið 1997. Er það nálægt því markmiði sem stefnt er að fyrir lok ársins 2000. (Sjá mynd 1.) Það er markverð þróun því að ekki hafa færri slasast alvarlega í umferðinni frá því að skipuleg skráning umferðarslysa hófst. Árið 1997 létust 15 í umferðarslysum sem er undir meðaltali áranna 1992–96 (17) og 12 færri en meðaltal áranna 1980–90 (27). Þó að um fjölgun banaslysa sé að ræða frá árinu 1996 er breytingin innan tölfræðilegra marka þar sem um svo lágar tölur er að ræða. Tölur um slasaða í umferðinni eru byggðar á skýrslu Umferðarráðs um slys skráð af lögreglu.

Það einkenndi banaslys á árinu að tæplega helmingur ökumanna og farþega sem létust var í bifreið þar sem ekki var notaður öryggisbúnaður, þ.e. bílbelti og barnabílstólar. Er þessi nið-

urstaða dapurleg því að öllum má vera ljóst gildi þess að nota bílbelti, barnabílstóla og annan öryggisbúnað í bifreiðum.

Mynd 1.



Á árunum 1991–96 slösuðust alvarlega eða létust að meðaltali 254 á ári.

Þjóðhagslegur sparnaður af fækkun slysa á síðastliðnu ári frá meðaltali áranna 1991–96 liggur á bilinu 300–600 millj. kr. ef notaðar eru forsendur rannsóknar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á kostnaði vegna umferðarslysa.

Á árunum 1993–97 létu 16 lífið í umferðarslysum að meðaltali á ári. Borið saman við önnur Norðurlönd er hér lægst dánartíðni eða 5,9 á 100 þús. íbúa. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af tölum um fjölda banaslysa hér á landi einstök ár vegna tölfræðilegra frávika þar sem um mjög lágar tölur er að ræða. (Sjá mynd 2.)

Mynd 2.



Athygli vekur að slysum vegna ölvunaraksturs hefur fjölgað hér á landi meðan veruleg fækkun hefur orðið annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er áhyggjuefni. Í könnun sem Gallup gerði fyrir Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. kemur fram að 35% fólks segjast hafa verið farþegar með ökumanni sem hafði neytt áfengis. Hlutfallstalan er mismunandi eftir aldursflokkum, hæst meðal þeirra sem eru á aldrinum 17–34 ára. (Sjá mynd 3.)

Mynd 3.

Aldursskipting farþega sem ekið hafa með ökumanni sem neytt hefur áfengis.



Heildarfjöldi umferðaróhappa var svipaður á árinu 1997 og árin þar á undan samkvæmt upplýsingum vátryggingafélaga. Það að öllum umferðaróhöppum fækki ekki er í samræmi við reynslu annarra þjóða. Þetta skýrist meðal annars vegna fjölgunar bifreiða og aukins aksturs, en svo virðist sem sérstaka áherslu- og hugarfarsbreytingu þurfi til að draga úr fjölda umferðaróhappa.

3. Aðgerðir og verkefni árið 1997.

a. Yfirlit.

Verkefni og aðgerðir voru fjölmargar á árinu og unnið var eftir endurskoðaðri umferðaröryggisáætlun fyrir árin 1997–2001 frá því í febrúar 1997. Allmörg sveitarfélög hafa gert sínar eigin umferðaröryggisáætlanir og haldið umferðaröryggisdaga til að vekja athygli á umferðaröryggismálum í sveitarfélaginu. Vegagerðin vinnur eftir eigin umferðaröryggisáætlun auk þess að vinna að mörgum verkefnum í samvinnu við Umferðarráð, sveitarfélög og lögreglu. Umferðaröryggisnefndinni bárust einnig tillögur um einstök verkefni og aðgerðir sem aðrir aðilar hugðust hrinda í framkvæmd á árinu. Samvinnuverkefni Umferðarráðs og Slysavarnafélags Íslands um ráðningu umferðaröryggisfulltrúa á Suðurlandi síðasta sumar reyndist vel. Verkefninu verður haldið áfram næsta sumar og þá í öllum landsfjórðungum. Samvinna Sam-

bands íslenskra tryggingafélaga og Umferðarráðs var hefðbundin og beindist fyrst og fremst að notkun bílbelta með sérstaka áherslu á unga ökumenn. Nokkur tryggingafélög og frjáls félagasamtök hafa unnið gott forvarnastarf í umferðaröryggismálum.

b. Samvinnuverkefni árið 1997.

Áhersla var lögð á samvinnu aðila sem vinna að umferðaröryggismálum því að rannsóknir sýna að einir ná menn takmörkuðum árangri.

GPS-staðsetningartæki voru keypt á árinu og sett í 65 lögreglubíla. Það er gert til að auka nákvæmni við staðsetningu umferðarslysa og gerð „svartblettakorta". Þessi tæki voru keypt fyrir fé úr umferðaröryggissjóði Umferðarráðs og með framlagi frá Vegagerðinni.

Öndunarsýnamælar fyrir lögreglu voru keyptir fyrir fé úr umferðaröryggissjóði og með tilstyrk Vegagerðarinnar og Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Einnig var keypt bifreið sem innréttuð verður til þessara nota og notuð um allt land í samvinnu við lögreglu.

Hraðamyndavél var keypt á árinu fyrir fé úr umferðaröryggissjóði og með styrk frá Vegagerðinni og einnig bifreið í tengslum við rekstur myndavélarinnar.

Öndunarsýnamælarnir og myndavélin og tengdur búnaður var formlega afhentur ríkislögreglustjóranum af Umferðarráði og Vegagerðinni.

c. Lög og reglur.

Eitt af höfuðmarkmiðum umferðaröryggisáætlunarinnar er að efla viðurlagakerfið vegna umferðarlagabrota með það fyrir augum að gera það skilvirkara og einfaldara ásamt því að taka upp nýjungar í réttarvörslu vegna framangreindra brota. Auk þessa var og talið að nauðsyn bæri til að herða viðurlög við einstaka brotum og hækka sektarmörk almennt.

Með þetta markmið fyrir augum voru á árinu gerðar nokkrar breytingar á umferðarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og hegningarlögum sem ætlað er að stuðla að auknu umferðaröryggi. Einnig voru settar nýjar reglugerðir og öðrum breytt.

Sektir.

Með 3. gr. laga nr. 57 22. maí 1997, um breytingu á 100. gr. umferðarlaga, var heimiluð setning reglugerðar um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum. Reglugerð þessari er ætlað að taka til brota er varða allt að 100.000 kr. sekt. Auk þessa var ákveðið að sektir vegna umferðarlagabrota ættu að vera samtala hvers brots um sig ef um fleiri en eitt brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim væri að ræða.

Ökuferilsskrá og punktakerfi.

Með framangreindum lögum var og gerð breyting á 100. gr. umferðarlaga þar sem ákveðið var að hver sá sem á þriggja ára tímabili gerist sekur um þrjú eða fleiri brot á umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hefur náð tilteknum punktafjölda skuli sæta sviptingu ökuréttar í þrjá mánuði til viðbótar þeirri sviptingu sem við síðasta brotinu kann að liggja. Lagagreinin veitir og dómsmálaráðherra heimild til setningar reglugerðar um punktakerfi og vægi einstakra brota í punktum talið.

Reglugerðir þessar hafa nú verið settar. Reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum er nr. 403 27. júní 1997 og tók gildi 1. júlí sl. Reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota er nr. 404 27. júní 1997 og hún tók gildi 1. janúar 1998. Hér er um nýjung að ræða sem sækir fyrirmynd sína til fjölmargra landa en er engu síður að verulegu leyti samin með íslenskar aðstæður í huga.

Öndunarsýni.

Með 1. og 2. gr. laga nr. 47 22. maí 1997 var gerð breyting á 45. og 47. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, þess efnis að nú er heimilt að refsa og svipta menn ökurétti á grundvelli öndunarsýnis. Ekki verður því í öllum tilfellum nauðsynlegt að láta gera blóðrannsókn eins og skylt hefur verið til þessa. Breyting þessi byggist fyrst og fremst á því að tækni til að mæla vínandamagn í blóði með öndunarsýni hefur tekið stórstígum framförum. Þessi tilhögun á einnig að geta flýtt allri málsmeðferð.

Meðferð opinberra mála.

Með 5. gr. laga nr. 57 22. maí 1997, um breytingu á 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, voru heimildir lögreglustjóra til að beita sektargerðum einfaldaðar og rýmkaðar frá því sem verið hafði.

Á grundvelli þeirrar lagagreinar var og gerð breyting á reglugerð nr. 250 29. júní 1992, um lögreglustjórasáttir, með reglugerð nr. 402 27. júlí 1997, þar sem sektarheimildir lögreglustjóra voru hækkaðar úr 75.000 kr. í 100.000 kr.

Innheimta sekta, lögbinding vararefsingar.

Með 1. og 2. gr. laga nr. 57/1997 var og gerð breyting á 52. og 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12 febrúar 1940, þar sem ákvæði er lúta að innheimtu sekta voru skerpt.

Í fyrsta lagi var greiðslufrestur sekta takmarkaður við eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu. Þó þannig að ef sektin er endanlega ákveðin af lögreglustjóra telst sekt komin til innheimtu þegar sakborningur gengst skriflega undir greiðslu sektarinnar.

Í öðru lagi var tveimur nýjum málsgreinum bætt við 54. gr. nefndra laga. Með þessari viðbót var ákveðið að sekt sem ekki er ákvörðuð af dómstólum skuli afplánuð í varðhaldi. Auk þessa er nú lögfest það nýmæli að sektir allt að 100.000 kr. sem sakborningur hefur skriflega undirgengist fyrir lögreglustjóra skuli afplána með varðhaldi samkvæmt þar tilgreindri töflu.

Með ákvæði þessu er, eins og áður segir, ætlunin að lögbinda vararefsingu vegna sekta að fjárhæð allt að 100.000 kr. Í ákvæðinu felst að þegar sakborningur samþykkir boð lögreglustjóra um að ljúka máli með því að gangast skriflega undir greiðslu sektar með formlegri lögreglustjórasátt gangist hann jafnframt undir þá vararefsingu sem að lögum fylgir sektinni. Ef sektin er ekki greidd verður vararefsingin fullnustuð án atbeina dómstóla.

Hér er um nýmæli að ræða og er fyrirmynd ákvæðisins sótt í dönsku hegningarlögin.

Hjólreiðahjálmar.

Hinn 1. október 1997 tók gildi reglugerð nr. 525 25. ágúst 1997, um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar barna.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 72. gr. a umferðarlaga og með henni eru öll börn undir 15 ára aldri skylduð til að nota hlífðarhjálma við hjólreiðar. Lögregla skal vekja athygli barna á þessari skyldu, en vanræksla á þessu boði er engu síður refsilaus.

Löggæslumyndavélar.

Á árinu voru teknar í notkun hraða- og rauðljósamyndavélar. Notkun þessara tækja byggist á heimild í d-lið 87. gr. laga nr. 19 26. mars 1991, um meðferð opinberra mála, en þar segir að heimilt sé í þágu rannsóknar að taka myndir hvort sem er ljósmyndir eða kvikmyndir, án þess að þeir sem myndaðir eru viti af því.

Með reglugerð nr. 718 22. desember 1997 var gerð breyting á reglugerð nr. 403 27. júní 1997, um viðauka við reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum,

þess efnis að geri skráður eða skráningarskyldur eigandi ökutækis ekki grein fyrir hver hafi stjórnað ökutæki á tilteknum tíma varðar það sektum að fjárhæð 16.000 kr. Með þessari breytingu er ætlunin að koma í veg fyrir að komist verði undan viðurlögum í þeim tilfellum þar sem ökutæki hefur verið myndað með löggæslumyndavél en óljóst er um hver var við stjórn ökutækisins í viðkomandi tilfelli.

Ökuskírteini.

Hinn 15. ágúst 1997 öðlaðist gildi reglugerð um ökuskírteini, nr. 501/1997. Með henni voru teknar upp samræmdar reglur um ökuskírteini, ökukennslu og ökupróf sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við tilskipun um ökuskírteini.

Nýmæli reglugerðarinnar eru þessi helst: Ný samræmd ökuskírteini af greiðslukortagerð voru tekin í notkun, ökuréttindaflokkar endurskilgreindir þar sem fullt tillit er tekið til eldri ökuréttinda og sérstök eftirvagnaréttindi tekin upp, breytingar voru gerðar á aldursmörkum og heilbrigðiskröfur gerðar skýrari. Kröfur um ökukennslu, ökuskóla og ökupróf voru auknar og komið á stigskiptum bifhjólaréttindum sem miðast við afl bifhjóla. Jafnframt hefur verið komið á gagnkvæmri viðurkenningu á ökuskírteinum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

d. Ökuhraði.

Umferðarráð og Vegagerðin festu kaup á hraðamyndavél sem afhent var ríkislögreglustjóranum á haustdögum. Byrjað var á tilraunaverkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og í Keflavík, Vegagerðarinnar og Umferðarráðs um sérstakt umferðaröryggisátak á Reykjanesbraut, sem beindist að hraðakstri og vetrarakstri. Notuð var ný hraðamyndavél lögreglunnar. Þingmenn Reykjaneskjördæmisins tóku þátt í verkefninu ásamt fjölmörgum öðrum aðilum. Verkefnið tókst vel, færri ökumenn óku á ólöglegum hraða og slysum fækkaði.

Umferðarráð keypti „hraðavita“ sem gefur upp ökuhraða bifreiða sem aka að honum og sýnir einnig lögmæltan hámarkshraða á viðkomandi vegar- eða götukafla. Nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa einnig fest kaup á „hraðavitum“ til að nota í þéttbýlisgötum og í nágrenni skóla. Í Garðabæ var gert sérstakt átak sem vakti mikla athygli vegna þess hve mikill ökuhraði var í þéttbýli og í nágrenni skóla.

e. Bílbelti.

Samkvæmt umferðarkönnun sem lögregla annaðist fyrir Umferðarráð og athugun SVFÍ hefur notkun bílbelta ekki aukist. Nauðsynlegt er að efla og auka fræðslustarf og sérstaklega eftirlit lögreglu, ásamt því að auka viðurlög vegna umferðarlagabrota er varða bílbelti. Samkvæmt erlendum og íslenskum rannsóknum má búast við að alvarlegum slysum fækki um 30–40% ef allir nota bílbelti og annan öryggisbúnað, svo sem barnabílstóla.

f. Ungir ökumenn.

Samkvæmt slysatölum eiga ungir ökumenn á aldrinum 17–24 ára aðild að u.þ.b. helmingi allra tjóna í umferðinni. Erfitt er að meta hvort fækkun hefur orðið á slysum ungs fólks í umferðinni á síðastliðnu ári. Vonir eru bundnar við að punktakerfi sem tekið var í notkun í byrjun ársins bæti ástandið í þessum efnum.

Mynd 4.



Aldur ökumanna sem aðild áttu að slysum árið 1996
— meðaltal í árgöngum 19–24 ára og 25–60 ára.

g. Gatnamót.

Notkun löggæslumyndavéla er taka myndir af ökumönnum sem aka gegn rauðu ljósi hófst á árinu og er reynslan af þeim góð. Að beiðni dómsmálaráðuneytisins gerði lögreglan í Reykjavík skýrslu um atriði er betur mættu fara vegna notkunar löggæslumyndavéla. Lagðar hafa verið til breytingar á umferðarlögum sem gera meðferð mála hjá lögreglu einfaldari og skilvirkari. Nauðsynlegt er að fjölga „rauðljósamyndavélum" og bæta þarf í búnaðinn tæki sem mælir hraða bifreiða sem aka yfir á rauðu ljósi. Stórefla þarf löggæslu á gatnamótum, m.a. með fleiri löggæslumyndavélum.

4. Aðgerðir og verkefni árið 1998.

a. Almennt.

Eins og kom fram í síðustu áfangaskýrslu álítur umferðaröryggisnefndin að besta leiðin til að ná árangri sé að einbeita sér að fáum lykilatriðum og forgangsraða verkefnum og að unnið sé á breiðum grundvelli með þátttöku allra er vinna að umferðaröryggismálum.

Lögð verður áhersla á fjögur meginviðfangsefni:

— bílbelti og öryggisbúnað fyrir börn í bílnum,
— ölvunarakstur,
— ökuhraða og
— unga ökumenn.

Mikilvægt er að þátttakendur í umferðaröryggisstarfinu séu margir. Umferðarráð mun gera verkefnaáætlun og tímaáætlun yfir einstök verkefni (sjá fylgiskjal). Leitað verður eftir samvinnu um að einstök verkefni annarra aðila í umferðaröryggisstarfinu falli saman í tíma til að ná fram meiri áhrifum og athygli almennings.

b. Verkefni ýmissa stofnana og fyrirtækja árið 1998.

Dómsmálaráðuneytið.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa var skipuð á síðasta ári. Nefndin er skipuð sérfræðingum á sérstökum sviðum er nýtast við rannsóknir umferðarslysa. Nefndin mun starfa sjálfstætt, óháð stjórnvöldum, í þeim tilgangi einum að leggja fram tillögur að úrbótum á tilteknum sviðum umferðaröryggismála. Nefndin skal í lok hvers árs gefa út skýrslu um störf sín á árinu, þar sem m.a. komi fram upplýsingar um fjölda slysa, tegundir þeirra og orsakir, auk þeirra tillagna sem hún hefur fram að færa í umferðaröryggismálum. Nefndin hefur á árinu unnið að undirbúningi starfsins, m.a. með því að semja drög að reglugerð um starfsemi hennar og starfsreglum fyrir hana. Stefnt er að því að nefndin hefji rannsóknir tiltekinna mála á árinu 1998.

Tillögur um breytingu á umferðarlögum verða lagðar fyrir Alþingi þar sem ákvæði er um meðferð þeirra sem neita að blása í öndunarsýnamæla lögreglunnar.

Reglugerð um ökukennara og ökuskóla verður sett innan skamms, en samkvæmt reglugerð um ökuskírteini skal fræðilegur hluti ökunáms að jafnaði fara fram í ökuskóla. Þessi reglugerð er unnin í samvinnu við ökukennara og er búist við að tilkoma hennar efli mjög ökukennslu.

Reglugerð um hraðatakmarkara í stórar bifreiðir verður sett fljótlega. Er hér um mikilvægt umferðaröryggismál að ræða, einkum varðandi fólksflutningabíla.

Ríkislögreglustjórinn.

Á vegum ríkislögreglustjórans og í samvinnu við dómsmálaráðuneytið hefur verið unnið nýtt tölvukerfi fyrir tölvumiðstöð lögreglunnar, sem heldur utan um málaskrár, punktakerfi og sektainnheimtu. Það var tekið í notkun um áramót. Einnig er unnið að því að setja reglur um notkun hraðamyndavéla og öndunarsýnamæla og fleiri tæknilega þætti sem varða umferðarlöggæslu. Stefnt er að því að auka og efla þjóðvega- og hálendislöggæslu í samstarfi við einstök lögregluembætti. Þá er stefnt að fjölgun skyndiskoðana stórra ökutækja í samstarfi við Vegagerðina og Skráningarstofuna.

Vegagerðin.

Í vegáætlun fyrir árið 1998 er ráðstafað 62 millj. kr. til umferðaröryggisaðgerða. Í umferðaröryggisáætlun Vegagerðarinnar er lögð mikil áhersla á fækkun einbreiðra brúa á fjölförnustu þjóðvegum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að auka enn samstarf við lögreglu, Umferðarráð og sveitarfélögin, bæði hvað varðar nýjungar og sérstök verkefni á sviði umferðaröryggismála. Vegagerðin hefur lagt áherslu á að lækka og jafna umferðarhraða og mun styrkja kaup á nýrri hraðamyndavél á árinu 1998.

Vegagerðin vinnur að því að skrá á kort öll slys síðustu fimm ára. Kortin verða síðan notuð til að finna hættulega staði í vegakerfinu og notuð af Vegagerðinni og lögreglu til að skipuleggja endurbætur og eftirlit þar sem mest þörf er á.

Vegagerðin hefur nú tekið í notkun, til reynslu, nýjan þjónustustaðal í vetrarþjónustu sem miðar að því að auka öryggi vegfarenda við akstur að vetri til. Einnig vinnur Vegagerðin í samvinnu við Veðurstofuna að gerð nýs spákerfis sem ætlað er að segja til um væntanlegt ástand vegar að vetri til og til að gera allar aðgerðir í vetrarþjónustu skilvirkari og bæta umferðaröryggi. Vegagerðin hefur sett reglur um umferðaröryggismat nýrra vega.

Umferðarráð.

Umferðarráð mun auk hefðbundinna verkefna leggja sérstaka áherslu á samvinnu og samstarf við þá fjölmörgu aðila sem leggja umferðarmálum lið. Lokið verður við að stofna umferðaröryggisnefndir í öllum landshlutum, en þegar hafa tekið til starfa 12 af 16 nefndum. Eins

og fram kemur í drögum að verkefnaáætlun Umferðarráðs (sjá fylgiskjal) eru skipulögð verkefni allt árið. Án efa næst samvinna við aðra aðila um að samræma tímasetningu aðgerða til að ná sem bestum árangri.

Meðal einstakra verkefna má nefna:

— Verkefni Umferðarráðs og Landssíma Íslands um fræðsluefni um notkun farsíma í akstri.
— Verkefni Umferðarráðs, Vegagerðarinnar, sveitarfélaga og lögreglu um löggæslumyndavélar.
— Verkefni Umferðarráðs, Ökukennarafélagsins, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambands íslenskra tryggingafélaga, Vegagerðarinnar og annarra aðila um ökugerði og æfingasvæði á höfuðborgarsvæðinu.
— Verkefni Sambands íslenskra tryggingafélaga og Umferðarráðs um fræðslu og áróðursverkefni.
— Verkefni Umferðarráðs og Slysavarnafélags Íslands um umferðaröryggisfulltrúa í öllum landsfjórðungum.
— Verkefni Umferðarráðs og Bindindisfélags ökumanna um veltibíl og ökuleikni.
— Verkefni Umferðarráðs, landlæknis, barnalækna, Slysavarnafélags Íslands, Landssamtaka hjólreiðamanna, Landssamtaka íslenskra akstursíþróttamanna, tryggingafélaga og fleiri um átak til að auka notkun hjólreiðahjálma.

Sveitarfélög.

Reykjavíkurborg samþykkti á síðasta ári umferðaröryggisáætlun. Meðal helstu verkefna eru afmörkun hverfa með 30 km hámarkshraða, aðgerðir til að auka öryggi gangandi vegfarenda og hjólreiðafólks, hvatning til aukinnar notkunar almenningsvagna, aðgerðir til að gera aðalgatnakerfið greiðfærara og sjálfvirkt umferðareftirlit, sbr. „rauðljósamyndavélar".

Nokkur önnur sveitarfélög hafa gert starfsáætlun í tengslum við umferðaröryggisáætlunina. Einnig munu sveitarfélög efna til umferðaröryggisdaga í samvinnu við Umferðarráð, umferðaröryggisnefndir, lögreglu og Vegagerðina, ásamt ýmsum frjálsum félagasamtökum.

Vátryggingafélög.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hefur staðið fyrir námskeiðum fyrir unga ökumenn undanfarin ár. Framhald verður á því á árinu 1998 og einnig verður áfram staðið fyrir fræðslu fyrir ökunema og nemendur í efstu bekkjum grunnskóla. Þá er fyrirhugað að leggja hvatningu fyrir aukinni hjálmanotkun hjólreiðamanna lið.

Vátryggingafélag Íslands hf. mun á árinu 1998 halda áfram með umferðarfundi fyrir unga ökumenn, sem haldnir eru í samstarfi við Félag framhaldsskólanema. Þá gengst félagið fyrir slysavarnanámskeiðum fyrir eldri borgara þar sem m.a. er fjallað um umferðaröryggismál. Haldnir verða fyrirlestrar fyrir ungar mæður um umferðaröryggismál og félagið tekur einnig þátt í öryggisdegi barnanna í samstarfi við Bifreiðaskoðun hf. ásamt fleiri atburðum þar sem umferðarmál eru á dagskrá. Einnig birtir félagið auglýsingar til að vekja athygli á umferðaröryggi.

Slysavarnafélag Íslands.

Auk samstarfs um ráðningu umferðaröryggisfulltrúa um allt land sumarið 1998 verður fjallað um hjálmanotkun hjólreiðamanna, öryggi barna í bílum, bílbeltanotkun, öryggi hjólreiðamanna og um rétt viðbrögð ef slys ber að höndum. Þessi verkefni verða unnin sjálfstætt og sum einnig í samstarfi við ýmsa aðila.

Lögregluskóli ríkisins.

Allir nemendur í grunnnámsdeild skólans fá kennslu um umferðarlög og reglugerðir og reynt er að vekja áhuga þeirra á umferðarlöggæslu. Þá er vægi umferðarmála mikið í framhaldsdeild skólans, en þar er leitast við að veita fræðslu um nýjungar. Skólinn er einnig í stakk búinn til að annast leiðbeiningar til að lögreglumenn geti öðlast réttindi til að nota öndunarsýnamæla og hraðamyndavélar.

Lögregluskólinn vinnur að útgáfu handbókar fyrir lögreglumenn um umferðarmál og er gert ráð fyrir að hún muni innihalda öll gildandi lög og reglugerðir sem þeim tengjast, auk annars efnis. Stefnt er að því að bókin komi út á árinu 1998.

Markmiðið er að efla sérstaklega þann þátt er lýtur að fræðslu til nemenda um gildi umferðaröryggismála og að stuðla að nýjungum og framförum í umferðarlöggæslu.

Fylgiskjal.

Umferðarráð:

Drög að verkefna- og aðgerðaáætlun árið 1998.

Janúar:	Bæklingur til kynningar á nýjungum í umferðaröryggismálum sendur með bifreiðagjaldaseðlum. Kynning dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjórans og Umferðarráðs á punktakerfi fyrir ökumenn. Skýrsla til Alþingis um stöðu umferðaröryggismála og verkefni ársins 1998. Vetrarakstur, áróður og fræðsla um akstur að vetrarlagi.
Febrúar:	Umræður um umferðaröryggismál á Alþingi. Frumvarp lagt fram á Alþingi um breytingar á umferðarlögum, kynning. Málþing um málefni ungra ökumanna. Öryggi barna í bílum – rétt notkun búnaðar – gerð fræðsluefnis – veggspjöld og fleira.
Mars:	Umferðargetraun fyrir 12 ára nemendur. Samstarfsverkefni lögreglu og Umferðarráðs.
Apríl:	Ölvunarakstur – ný tækni tekin í notkun – samhæfð aðgerð allra lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu. Páskaumferð – 6.–13. apríl – hraði – ölvunarakstur. Frá 15. apríl – hjólreiðahjálmar. Hjólbarðar – skipt á sumarhjólbarða. Dráttarvélanámskeið.
Maí:	Hjólreiðahjálmar – markviss umfjöllun. Börn í umferðinni – Ökuhraði – „hraðaviti". 26. maí – hægri umferð í 30 ár.

Júní: Upphaf sumarumferðar – með sérstaka áherslu á notkun öryggisbúnaðar og ökuhraða.
Könnun á hjálmanotkun.
Umferðarkönnun í samstarfi við lögreglu.
Umferð í strjálbýli – samstarf við SVFÍ og umferðaröryggisnefndir – umferðaröryggisfulltrúar.

Júlí: Bæklingur með upplýsingaefni sendur með bifreiðagjaldaseðlum.
Sumarumferð – ökuhraði – ölvunarakstur – notkun bílbelta og annars öryggisbúnaðar.
Umferð í strjálbýli – samstarf við SVFÍ og umferðaröryggisnefndir – umferðaröryggisfulltrúar.

Ágúst: Verslunarmannahelgarumferð 27. júlí til 3. ágúst.
Sumarumferð – ökuhraði – ölvunarakstur – notkun bílbelta og annars öryggisbúnaðar.
Umferð í strjálbýli – samstarf við SVFÍ og umferðaröryggisnefndir – umferðaröryggisfulltrúar.

September: Skólabyrjun – ökuhraði við skóla og í íbúðahverfum.
Umferðareftirlit við skóla.

Október: Umferðarþing.
Ungir ökumenn – framhaldsskólar – 16.–31. október.
Endurskin – ökuljós.
Vetrarhjólbarðar.

Nóvember: Ungir ökumenn – framhaldsskólar – 1.–15. nóvember.
Endurskin.
Vetrarakstur.

Desember: Ölvunarakstur í tengslum við skemmtistaði og vinnustaði.
Jólaumferð – upplýsingamiðlun og fræðsla.

715. Frumvarp til laga [394. mál]

um breytingar á fyrirkomulagi áfengisverslunar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis. Staðarval skal miðast við að vörudreifing sé sem sambærilegust

um land allt að teknu tilliti til hagkvæmni í rekstri og aðstæðna á hverjum stað, m.a. fjarlægðar frá öðrum útsölustöðum.

2. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skal skipuð fimm mönnum, kosnum hlutfallskosningu á Alþingi að afloknum alþingiskosningum til fjögurra ára í senn. Stjórnin gefur umsögn til ráðherra um ráðningu forstjóra, sbr. 1. mgr. Stjórnin skal einnig vera ráðherra, forstjóra og starfsfólki til ráðuneytis um rekstur fyrirtækisins og fylgjast með því að hann sé í samræmi við lög og reglur. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skipulag stjórnarinnar.

5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal starfa þjónustufulltrúi. Hann skal tryggja að þjónusta við viðskiptavini sé vönduð og jafnframt annast kynningu á starfsemi fyrirtækisins eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjósa skal nýja stjórn ÁTVR, sbr. 4. gr., svo fljótt sem við verður komið og skal hún starfa þar til önnur hefur verið kosin að afloknum næstu alþingiskosningum.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að gera nokkrar breytingar á lagaákvæðum sem varða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og snerta möguleika fyrirtækisins til að veita viðskiptavinum sínum nútímalega þjónustu og á jafnræðisgrundvelli um allt land, eftir því sem kostur er.

Flutningsmenn eru eindregnir stuðningsmenn þess að ríkið haldi áfram einkarétti til að versla með áfengi í smásölu í sínum höndum og til að flytja inn og selja tóbak í heildsölu.

Reynsla Íslands, flestra hinna ríkja Norðurlandanna og fleiri þjóða er ótvírætt sú að slíkt fyrirkomulag sé áhrifaríkt tæki í höndum stjórnvalda til að fylgja fram aðhaldssamri stefnu í áfengismálum. Slík aðhaldssöm áfengisstefna er aftur mikilvægur hluti af heilbrigðis-, félagsmála- og velferðarmarkmiðum ríkjanna.

Til þess að góð sátt megi áfram haldast um þá tilhögun að ríkið hafi smásöludreifingu áfengis með höndum er nauðsynlegt að þjónusta við viðskiptavini geti þróast í takt við breytta tíma.

Því eru í frumvarpi þessu lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum áfengislaga og laga um verslun með áfengi og tóbak. Þær eru:

1. Ákvæði um lágmarksíbúafjölda í byggðarlagi þar sem opna má útsölu falli brott. ÁTVR fái tiltölulega frjálsar hendur í þeim efnum, þar með talið að opna verslun með áfengi í fámennari byggðarlögum fjarri núverandi verslunum.
2. Felld verði niður ákvæði í lögum sem krefjast staðgreiðslu og hafa verið túlkuð þannig að ÁTVR gæti ekki tekið við greiðslu með krítarkortum.
3. Rýmkaðir verði möguleikar til að láta afgreiðslutíma áfengisverslana fylgja afgreiðslutíma verslana almennt.
4. Breytt verði ákvæðum um stjórn ÁTVR sem fjármálaráðherra hefur einn skipað fyrirtækinu síðan 1995.
5. Stofnað verði embætti þjónustufulltrúa við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Að öðru leyti vísast í skýringar við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin felur í sér að fellt er brott það ákvæði núgildandi 1. mgr. 10. gr. áfengislaga að heimild (ríkisstjórnarinnar) til að setja á stofn útsölustaði áfengis sé bundin við það að meiri hluti íbúanna búi í þéttbýli og íbúafjöldi hafi náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt. Áfram mundu gilda þau ákvæði 10. gr. að meiri hluti samþykki útsölu í almennri kosningu í viðkomandi sveitarfélagi.

Í stað núgildandi ákvæðis um 1000 íbúa lágmark komi ákvæði um að stefnt skuli að því að vörudreifing verði sem sambærilegust um land allt að teknu tilliti til aðstæðna, m.a. fjarlægðar frá öðrum útsölustöðum en einnig hagkvæmni. Orðalag þetta dregur dám af ákvæðum 23.–26. gr. reglugerðar nr. 607/1995, um ÁTVR. Eðlilegt er að frumkvæði hvað þennan þátt þjónustu fyrirtækisins við landsmenn snertir sé í höndum þess, en afla skuli samþykkis ráðherra.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 13. gr. áfengislaga falli brott. Þar segir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, megi aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu. Þetta hefur verið túlkað þannig að ÁTVR hefur í útsölum sínum ekki treyst sér til að taka við greiðslum með krítarkortum þar sem slíkt sé lánssala. Veitingastaðir og fríhafnir stunda hins vegar slík viðskipti og möguleikar heildsala til lánsviðskipta eru ekki takmarkaðir að lögum. Eðlilegt er að ÁTVR geti stundað viðskipti á sambærilegum grunni og aðrir að þessu leyti og því er lagt til að 13. gr. falli brott.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að 1. mgr. 14. gr. áfengislaga falli brott. Þar er kveðið á um að áfengissölubúðir skuli vera lokaðar á ýmsum hátíðis- og helgidögum og í tengslum við kosningar, en einnig eftir hádegi á laugardögum.

Þessi ákvæði gera það að verkum að afgreiðslutími í verslunum ÁTVR getur í vissum tilvikum ekki verið í takt við það sem almennt tíðkast í verslunum, t.d. þar sem áfengisverslun er í verslunarmiðstöð.

Í 15. gr. áfengislaga er heimild til dómsmálaráðherra til að setja reglur um sölu og veitingar áfengis. Afgreiðslutími verslana ÁTVR ætti að takmarkast af slíkum reglum eftir því sem ástæða væri talin til í tengslum við opinbera stefnu í áfengismálum, líkt og starfsemi vínveitingahúsa.

Um 4. gr.

Ákvæði um stjórn ÁTVR er frá 1995 og felur í sér að fjármálaráðherra skipar einn stjórn fyrirtækisins og ákveður verksvið hennar. Deildar meiningar hafa verið um framgöngu stjórnarinnar frá því hún tók til starfa, einkum að því leyti sem hún hefur beitt sér sem stefnumótandi aðili í áfengismálum, fremur en rekstrarleg eða fagleg stjórn fyrirtækisins eða stofnunarinnar ÁTVR.

Með hliðsjón af mikilli sérstöðu ÁTVR þykir rétt að stjórn fyrirtækisins, sé hún til staðar á annað borð, sé kosin af Alþingi. Hafi stjórnin það hlutverk m.a. að tryggja að rekstur og öll starfsemi fyrirtækisins sé á hverjum tíma í samræmi við lög og reglur og opinbera stefnu í áfengis- og tóbaksvörnum.

Um 5. gr.

Lagt er til að stofnað verði við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins embætti þjónustufulltrúa. Ljóst er að ÁTVR þarf í starfi sínu og tilvist að glíma við vissar mótsetningar. Þær felast í því að vera annars vegar þjónustufyrirtæki við almenning og hins vegar mikilvægt tæki í höndum hins opinbera til að tryggja framgang aðhaldssamrar opinberrar stefnu í áfengis- og vímuefnavörnum og tóbaksvörnum.

Dæmi um verkefni sem gæti fallið undir verksvið slíks þjónustufulltrúa er að koma upplýsingum til viðskiptavina um vöruúrval og nýjar tegundir án þess að brjóta gegn skýlausu banni um auglýsingar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

716. Fyrirspurn [395. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fjármagn til Geislavarna ríkisins vegna mælinga á geislavirkum efnum í sjó.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hefur ráðherra tryggt að Geislavarnir ríkisins geti stundað á fullnægjandi hátt vöktun og mælingar á geislavirkum efnum á íslenskum hafsvæðum?
2. Hefur ráðuneytið gripið til sérstakra ráðstafana til að Geislavarnir ríkisins geti byrjað vöktun vegna teknesíum frá Sellafield, sem nú hefur mælst við Noregsstrendur?

717. Fyrirspurn [396. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um afleiðingar samningsslita sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvað hafa margir sérfræðingar sagt upp samningi sínum við Tryggingastofnun ríkisins?
2. Hvað hafa margir sjúklingar leitað eftir þjónustu þessara sérfræðinga og

a. hvað hafa þeir þurft að greiða fyrir þjónustuna,
b. hvað hefðu þeir þurft að greiða fyrir þjónustuna ef sérfræðingarnir hefðu áfram verið með samning við Tryggingastofnun ríkisins?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að lögum verði breytt svo að þeir sem greitt hafa samningslausum sérfræðingum fyrir læknisverk fái hlut Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiddan eða telur ráðherra e.t.v. að heimildir sé að finna í lögum?

Skriflegt svar óskast.

718. Fyrirspurn [397. mál]

til forsætisráðherra um yfirlit yfir skýrslur og greinargerðir.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Er skráð reglulegt yfirlit yfir skýrslur og greinargerðir sem unnar eru á vegum ráðuneyta og stofnana?
2. Ef slíkt yfirlit er til, er það aðgengilegt almenningi?
3. Ef yfirlitið er ekki til, mun ráðherra þá beita sér fyrir því að slíkt yfirlit yfir skýrslur og greinargerðir sem þegar hafa verið gefnar út verði gert, það skráð í framtíðinni og gert aðgengilegt almenningi?

Skriflegt svar óskast.

719. Fyrirspurn [398. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um öldrunardeildina Ljósheima á Selfossi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum sem birtust í skýrslum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vinnueftirliti ríkisins og byggingarfulltrúa Selfossbæjar varðandi húsnæði og allar aðstæður sjúklinga og starfsfólks öldrunardeildarinnar Ljósheima á Selfossi?

720. Fyrirspurn [399. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um dvalar- og hjúkrunarheimili.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Eru í gildi reglur um það hvaða þjónusta og tómstundastarf skuli vera til staðar á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða? Ef svo er, hverjar eru þessar reglur og hvernig er eftirliti með því að þeim sé framfylgt háttað?

2. Eftir hverju er farið þegar ákveðnar eru mánaðarlegar greiðslur eða daggjöld fyrir dvöl á dvalar- eða hjúkrunarheimilum?
3. Hver er heildarkostnaður á mánuði vegna hvers einstaklings, sundurliðað eftir kostnaðarliðum,
   a. á dvalarheimili,
   b. á hjúkrunarheimili?
4. Er um að ræða mismunandi greiðslur eftir þjónustustigi hvers heimilis? Ef svo er, hver metur þá þjónustu sem er í boði og hverjar er mánaðarlegar greiðslur vegna hvers einstaklings, skipt niður á heimili?
5. Hvaða reglur gilda um kostnaðarþátttöku hvers einstaklings vegna dvalar hans á dvalar- eða hjúkrunarheimili og hvernig er eftirliti háttað með framkvæmd þeirra reglna?
6. Er hverjum þeim sem á eða rekur dvalar- eða hjúkrunarheimili skylt að afhenda einstaklingi sem dvelur á viðkomandi heimili eða aðstandanda hans reglubundið yfirlit yfir greiðsluþátttöku hans? Ef slík skilyrði eru ekki fyrir hendi, mun ráðherra beita sér fyrir því að þau verði sett?

Skriflegt svar óskast.

721. Fyrirspurn [400. mál]

til umhverfisráðherra um brunavarnir í Hvalfjarðargöngum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra að lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, sbr. lög nr. 83/1997, um breytingu á þeim lögum, nái til brunavarna í Hvalfjarðargöngum og að Brunamálastofnun ríkisins eigi þar með að hafa eftirlitsskyldu með öryggi brunavarna í göngunum?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að farið verði eftir athugasemdum og ábendingum Brunamálastofnunar um brunavarnir í Hvalfjarðargöngum, en stofnunin hefur bent á að mikið vanti á að öryggisráðstafanir vegna brunavarna í göngunum séu fullnægjandi?

722. Fyrirspurn [401. mál]

til samgönguráðherra um útboðsskilmála í vegagerð.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða reglur hafa gilt um fjárhag, veltu og skil á opinberum gjöldum hjá fyrirtækjum sem valin hafa verið til verktöku í vegagerð á sl. fimm árum í ljósi almennra útboðs- og samningsskilmála ÍST 30:1997 um verkframkvæmdir með sérskilmálum sem gilda m.a. fyrir útboð á vegaframkvæmdum (kafli 7.5(b) og 7.5.1)? Er gerð krafa um ákveðið eiginfjár- eða lausafjárhlutfall? Ef svo er, hvaða viðmiðanir eru notaðar? Er gert að skilyrði við tilboðsgerð að verktaki sé ekki í vanskilum með opinber gjöld?

2. Er hægt með breyttum samningsskilmálum að skilyrða greiðslur til verktaka því að þeir standi í skilum við undirverktaka sína eða herða kröfur um viðunandi fjárhagsstöðu verktakafyrirtækja sem gengið er til samninga við um vegaframkvæmdir?

Skriflegt svar óskast.

723. Tillaga til þingsályktunar [402. mál]

um aukið samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Stefán Guðmundsson,
Magnús Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að kanna möguleika aukins samstarfs Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum, þar á meðal á sviði veiðarfæranotkunar, vísindarannsókna, markaðssetningar og málflutnings um umhverfismál og fiskveiðar á alþjóðavettvangi.

Greinargerð.

Sjálfbær nýting sjávarafurða er mikilvægt hagsmunamál Íslendinga, Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna. Fiskveiðar hafa frá alda öðli verið órjúfanlegur hluti af menningu og lífi fólks í þessum löndum og þjóðirnar veiða að hluta úr sömu fiskstofnum. Samstarf um sjálfbæra nýtingu fiskstofna liggur því í hlutarins eðli. Þjóðirnar fjórar eru smáþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Því hefur þeim reynst örðugt að koma málstað sínum á framfæri á alþjóðavettvangi, svo sem í sel- og hvalveiðum, og gildir þá einu hversu góðum rökum hann er studdur. Órökstuddur áróður fyrir banni við þorskveiðum í Norður-Atlantshafi hefur birst í auglýsingum erlendis. Auðveldara væri fyrir þjóðirnar að bregðast við slíku og sýna fram á sjálfbæra nýtingu auðlinda ef fiskveiðar væru stundaðar með svipuðum hætti í efnahagslögsögu landanna allra. Því er eðlilegt að þær starfi saman í auknum mæli.

Markmið samstarfs landanna fjögurra skulu vera eftirfarandi:

1. að tryggja sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og verndun lífríkis sjávar með svipaðri fiskveiðistjórn sem tæki m.a. til veiðarfæranotkunar og vísindarannsókna,
2. að bæta vígstöðu ríkjanna í baráttu gegn ofverndunarsjónarmiðum í sjávarútvegi, t.d. með samræmdum málflutningi á alþjóðavettvangi,
3. að vinna gegn mengun Norður-Atlantshafsins svo sem vegna úrgangs kjarnorkuendurvinnslustöðvar í Sellafield,
4. að fjölga sóknarfærum í markaðssetningu sjávarafurða, t.d. með vísan í hreinleika afurðar og umhverfisvæna nýtingu auðlindarinnar í Norður-Atlantshafi.

Þótt Íslendingar, Færeyingar, Grænlendingar og Norðmenn séu vissulega smáþjóðir á alþjóðamælikvarða, þá nær sameiginleg efnahagslögsaga þeirra yfir stóran hluta Norður-Atlantshafs. Staða þeirra í umhverfismálum er því mun veigameiri en stærð þjóðanna gefur til kynna. Með því að auka samstarf í fiskveiðimálum mundu löndin fjögur sýna umheiminum og umhverfisverndarsamtökum að markmið sjálfbærrar þróunar og hagsmunir fiskveiðiþjóða geta og eiga að fara saman. Samstarfið væri aukinheldur gott fordæmi fyrir aðrar þjóðir eins

og t.d. Evrópusambandsþjóðirnar sem löngum hafa átt í erfiðleikum með fiskveiðistjórn og eftirlit. Þá yrði um leið tryggt að sameiginleg rödd þjóðanna fjögurra mundi heyrast betur á alþjóðavettvangi en rödd hvers lands um sig.

724. Tillaga til þingsályktunar [403. mál]

um fjarstörf og fjarvinnslu í ríkisrekstri.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson, Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli með því að innleiða með markvissum hætti „fjarstörf“ og „fjarvinnslu“ í ríkisrekstri.

Greinargerð.

Fábreytni atvinnulífs í dreifbýli er talin ein af ástæðum þess hve hallað hefur á landsbyggðina á undanförnum árum. Framboð á störfum hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum er mest á höfuðborgarsvæðinu þótt viðkomandi stofnunum sé ætlað að þjóna landinu öllu. Gerðar hafa verið nokkrar tilraunir til að flytja ríkisstofnanir út á land með misjöfnum árangri. Margir benda á að það þjóni illa íbúum landsbyggðarinnar að geta ekki sameinað þau erindi sem þeir kunna að eiga við hinar ýmsu stofnanir í einni ferð til höfuðborgarinnar. Störf í ríkisstofnunum krefjast í vaxandi mæli langskólamenntunar og aukinnar sérþekkingar meðan framboð á slíkum störfum er af skornum skammti í dreifbýli. Á sama tíma færist í vöxt að makar langskólagengins fólks séu einnig langskólagengnir. Þegar kemur að því að velja stað til búsetu að loknu námi er eðlilega horft til þess hvort líkur séu á að hjónin geti bæði fengið vinnu á sínu sviði. Skortur á fjölbreytni í störfum er talin ein af helstu ástæðum þess að menntað fólk sem ættað er af landsbyggðinni er ekki tilbúið að flytja aftur í fyrri heimabyggð að afloknu háskólanámi. Ef mjög fáir þeirra sem fara í langskólanám af landsbyggðinni flytjast heim aftur að námi loknu er ljóst að afleiðingin verður mikill atgervisflótti sem ekkert byggðarlag fær staðist til lengdar.

Tæknin hefur nú gert mönnum fært að búa og starfa fjarri vinnuveitanda. Með tilkomu tölvu, internets og tölvumyndavéla hefur gefist stórkostlegt tækifæri til að dreifa þeim störfum út um land sem ríkisvaldið þarf að láta vinna og skapa þannig raunverulegan möguleika fyrir fólk í dreifbýli til að búa við svipaða fjölbreytni í starfsvali og fólk í þéttbýli býr við. Sú tegund starfa sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að komið sé á er hér nefnd „fjarstörf“ en enska hugtakið sem oft er notað yfir þessa tegund starfa er „telecommuting“. Nú þegar er mikið um fjarstörf í Bandaríkjunum og er reynslan af þeim svo góð að fyrirtæki á þéttbýlli svæðum eins og New York og Los Angeles eru jafnvel farin að hvetja starfsmenn sína til að vinna heima hluta úr vinnuvikunni. Vilja fyrirtækin með þessu minnka þann tíma sem fer í ferðir milli vinnustaðar og heimilis og fá þannig ánægðari starfskraft auk þess sem slíkt fyrirkomulag er liður í því að draga úr þeirri loftmengun sem fylgir aukinni umferð. Þá er og vitað að á Íslandi búa nokkrir einstaklingar sem inna störf af hendi fyrir fyrirtæki sem staðsett eru á vesturströnd Bandaríkjanna. Ef slíkt er gerlegt milli heimshluta ætti ekki að vera vandamál fólgið í því að færa störf í ríkisstofnunum út um land með sama hætti. Eins og svo oft áður er vilji allt sem þarf.

Hugmynd flutningsmanna gengur út á að ákveðið hlutfall opinberra starfa verði á hverjum tíma veitt fólki sem býr á landsbyggðinni og sinnir starfinu þar með aðstoð tölvu og nútímafjarskiptatækni. Með tilkomu samskiptabúnaðar á borð við Lotus Notes, ljósleiðara, tölvuskönnun skjala og annarri hraðvirki samskiptatækni er lítill munur á hvort starfsmenn sem vinna að sama verkefni sitja hver í sínu herbergi eða hver í sínum landshluta. Til að innleiða þann starfsmáta sem fylgir fjarstörfum mætti hugsa sér sem raunhæft markmið að þegar í stað verði tvö opinber störf færð yfir í hvert landsbyggðarkjördæmi og þau auglýst til umsóknar sem fjarstörf. Á næsta einu og hálfu ári verði svo metið hvernig til tekst og ríkisreksturinn aðlagaður frekari breytingum í þessa veru. Á grundvelli fenginnar reynslu verði stefnt að því að ekki færri en 2% allra opinberra starfa standi til boða sem fjarstörf árið 2003 og að í lok ársins 2007 verði ekki færri en 5% allra opinberra starfa fjarstörf. Einnig kæmi vel til greina að mati flutningsmanna að örva einkafyrirtæki til að bjóða upp á fjarstörf með því að veita tímabundna skattalega umbun fyrir hvert starf sem þannig væri búið til.

Geri Íslendingar nú átak í að koma á fjarstörfum er þó langt í frá að við verðum fyrstir þjóða til að beita tölvutækninni með þessum hætti. Rakið hefur verið hversu vinsæl fjarstörf eru að verða í Bandaríkjunum. Í Vinnunni, blaði ASÍ, var fyrir skömmu sagt frá því að danska blaðið Aktuelt hefði greint frá nýlegri Gallup-könnun í Danmörku sem sýnir að u.þ.b. sjötti hver Dani vinnur heima með aðstoð tölvutækni. Skoðanakönnunin sýndi að Danir vilja mjög gjarnan vinna heima í einn til tvo daga í hverri viku. Flestir, eða 48%, sögðu ástæðuna vera frelsið til að ráða vinnutíma sínum, 6% nefndu barnagæslu og 23% sparnað í ferðakostnaði. Blaðið Vinnan greinir einnig frá því að hinn mikli áhugi starfsfólks og atvinnurekenda á fjarvinnslu hafi ýtt við dönsku verkalýðshreyfingunni. Sagt er frá því að fyrir tíu árum hafi verkalýðshreyfingin litið á fjarstörf sem ógnun þar sem af þessari tegund starfa gæti leitt til „frumskógarvinnumarkaðar lausráðins fólks“ en nú sjái danska verkalýðshreyfingin fjarstörf sem leið til aukins áhrifamátts starfsfólks á skipulagningu og uppbyggingu eigin vinnu. Á árinu 1997 fékk yfir ein milljón danskra launþega ákvæði um fjarstörf í kjarasamninga og hið sama má segja um 620.000 starfsmenn sveitarfélaga og 60.000 starfsmenn í banka- og fjármálastörfum.

Ríkisstjórn Íslands er með þingsályktunartillögu þessari hvött til að hafa frumkvæði í sköpun fjarstarfa hér á landi og stuðla þannig á raunhæfan og markvissan hátt að jöfnun á framboði og fjölbreytni starfa milli landsbyggðar og þéttbýlis.

725. Tillaga til þingsályktunar [404. mál]

um heimild til hægri beygju á móti rauðu ljósi.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum þess efnis að heimila megi hægri beygju á móti rauðu ljósi á gatnamótum.

Greinargerð.

Í áraraðir hefur það fyrirkomulag gilt í Bandaríkjunum og Kanada að ökumönnum er heimilt að beygja til hægri á gatnamótum þótt ekið sé móti rauðu ljósi, nema sérstaklega sé tekið

fram að hægri beygja á móti rauðu ljósi sé óheimil. Ökumanni sem hyggst beygja til hægri á móti rauðu ljósi er engu síður skylt að stöðva eins og á gatnamótum þar sem stöðvunarskylda er en ekki umferðarljós. Slík regla hefur gefist vel í þessum löndum og margir Íslendingar sem flytjast heim eftir búsetu í Bandaríkjunum eða Kanada sakna þess hagræðis sem af þessu leiðir.

Mikil fjölgun bifreiða kallar á stórfelldar og dýrar framkvæmdir við samgöngumannvirki til að umferð gangi öruggt og hindrunarlítið fyrir sig. Leyfi löggjöfin hægri beygju á móti rauðu ljósi mun slíkt verða til að auðvelda mjög umferð um gatnamót og spara sveitarfélögum stórfé sem þau ella þurfa að setja í ný samgöngumannvirki og vegi til að ná sama árangri. Á stöðum þar sem ekki er talið æskilegt að leyfa hægri beygju á móti rauðu ljósi væri slíks getið á viðkomandi gatnamótum. Bann við því að beygt sé til hægri mót rauðu ljósi er í umræddum löndum gefið til kynna með skilti sem á stendur „No turn on red" ella gilda sömu reglur þegar beygt er til hægri og gilda þar sem stöðvunarskylda er á gatnamótum. Engin ástæða er til að ætla að regla sem þessi skili ekki sama jákvæða árangri í umferðinni hér á landi og hún gerir í Bandaríkjunum.

Þingsályktunartillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi en var ekki afgreidd úr nefnd. Hún er nú endurflutt í þeirri von að hlutaðeigandi nefnd gefist ráðrúm til að afgreiða málið. Af þeim svörum sem flutningsmenn hafa undir höndum frá þeim aðilum sem sendu þingnefnd umsagnir um málið er ljóst að flestir telja þá breytingu sem hér er lögð til vera til hagsbóta. Sú skoðun fellur og að þeirri reynslu sem flutningsmenn hafa af akstri í þeim löndum sem leyfa hægri beygju á móti rauðu ljósi.

726. Tillaga til þingsályktunar [405. mál]

um hámarkstíma Stjórnarráðs Íslands og ríkisstofnana til að svara erindum.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja starfsreglur um hámarkslengd þess tíma sem Stjórnarráð Íslands og aðrar ríkisstofnanir mega hafa til að svara erindum er berast og að gera auk þess átak til að auka þjónustuvitund starfsmanna ríkisstofnana við almenning og fyrirtæki er þangað leita.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga samhljóða þessari var lögð fram á 121. löggjafarþingi. Málið var ekki afgreitt úr nefnd fyrir þinglok þannig að ekki var unnt að taka þinglega afstöðu til þess. Af gögnum hlutaðeigandi nefndar kemur fram að tillagan fékk almennt jákvæðar undirtektir hjá þeim sem sendu inn umsagnir um hana. Nýlega þurfti umboðsmaður Alþingis að gera athugasemdir við seinagang í afgreiðslu mála hjá fjármálaráðuneyti eftir að í ljós kom að dregist hafði að svara tilteknu máli svo mánuðum skipti. Slík uppákoma sýnir glögglega þörfina fyrir að settar séu fastmótaðar reglur um svartíma þeirra erinda sem berast til Stjórnarráðsins og annarra ríkisstofnana. Tillagan er endurflutt í þeirri von að hlutaðeigandi þingnefnd takist að afgreiða málið fyrir lok þinghalds vorið 1998.

Meðal almennings og fyrirtækja er oft kvartað undan því að þjónustuvitund sé lítil hjá opinberum stofnunum og algengt er að erfiðlega gangi að fá svör opinberra aðila við einföldum erindum. Á ráðstefnu sem Félag löggiltra endurskoðenda og Lögfræðingafélag Ís-

lands héldu í Reykjavík 16. janúar 1998 kom fram hörð gagnrýni á tafir í skattkerfinu og hjá öðrum stofnunum þegar kæmi að því að afgreiða mál frá þeim. Morgunblaðið hefur t.d. eftirfarandi eftir einum frummælendanna sem er einn af þekktustu löggiltu endurskoðendum landsins: „Úrskurðir skattstjóra hafa oftlega dregist í marga mánuði fram yfir þann frest, sem þeim er settur í lögum.“ Í umfjöllun Morgunblaðsins er enn fremur að finna eftirfarandi tilvitnun í mál annars frummælanda, sem fjallaði um tafir í afgreiðslu mála frá ríkisskattstjóra: „Ég get nefnt sem dæmi um framkvæmdina að kvartað var yfir seinagangi ríkisskattstjóra þegar 11 mánuðir voru liðnir frá því að hann átti að hafa skilað inn gögnum til nefndarinnar. Nefndin hafnaði hins vegar kærunni. Sú hugsun vaknar stundum hjá manni hvort sterkasti leikur ríkisskattstjóra sé að skila alls ekki rökstuðningi. Yfirskattanefnd virðist lítið mark taka á kvörtunum um seinagang og eftir nokkur ár er skattgreiðandinn örmagna ef ekki látinn og þá er málið látið niður falla.“

Ummæli þeirra tveggja löggiltu endurskoðenda sem Morgunblaðið vitnar til eru ófögur lýsing á ástandinu. Alþingi og ríkisstjórn ber að mati flutningsmanns skylda til að taka á vandamálinu og tryggja þegnum landsins að ríkisstofnanir komist ekki upp með að virða að vettugi erindi sem þeim berast mánuðum og jafnvel árum saman. Í greinargerð með samhljóða þingsályktunartillögu sem flutt var á árinu 1997 voru rakin fjögur dæmi um seinagang ráðuneyta við að svara erindum. Dæmi þessi verða ekki rakin að nýju en vísað til greinargerðar með fyrri tillögu í því sambandi. Rétt er þó að taka fram vegna dæmis um að sveitarfélag hafi ekki fengið svar við erindi um kaup á landi í þrjú ár að jákvætt svar barst um síðir og var þá strax gengið frá málinu.

Eftir að tillagan var fyrst flutt komu ótrúlega margar ábendingar til flutningsmanns um mál þar sem ríkisstofnanir, aðallega ráðuneyti, hafa dregið mánuðum og árum saman að svara einföldustu erindum. Slíkt er algjörlega óásættanlegt í nútímalýðræðisríki og á þeim slóðaskap verður að ráða bót hið fyrsta.

Þingsályktunartillagan miðar að því að hafist verði handa um að bæta þjónustu hins opinbera við fyrirtæki og einstaklinga er þangað leita. Enn er langt í land að nauðsynleg hugarfarsbreyting eigi sér stað hjá hinu opinbera, en sem lið í að bæta þjónustu við almenning felur tillagan í sér að settar séu reglur um þann hámarkstíma sem Stjórnarráð Íslands og aðrar opinberar stofnanir mega taka sér til að svara þeim erindum sem þangað berast.

Á árunum 1971–81 þegar flutningsmaður var starfsmaður í Stjórnarráðinu voru starfsmenn þar sem trúðu því að farsælast væri að svara erindum ekki of fljótt. Fljót afgreiðsla var að þeirra mati talin grafa undan tiltrú almennings á að afgreiðsla máls byggðist á vandaðri málsmeðferð. Erindi voru því lögð til hliðar í nokkurn tíma áður en þau komu til skoðunar. Í fjármálaráðuneytinu var slíkum hugmyndum hins vegar algjörlega hafnað á þessum tíma. Ráðuneytisstjóri gerði öllum starfsmönnum þess að vinna eftir þeirri reglu að öllum erindum er ráðuneytinu bærust skyldi svarað innan sjö virkra daga. Væri ekki unnt að kveða upp efnislegan úrskurð innan þeirra tímamarka skyldi fyrirspyrjanda engu síður skrifað og hann upplýstur um hvenær vænta mætti endanlegs svars. Ekki er vitað til að vandvirkni í málsmeðferð hafi liðið fyrir þessa vinnureglu.

Regla sem þessi er einföld og ætti ekki að vera neinum ofviða að skilja eða vinna eftir. Með tilkomu tölvutækni og stórfelldri fjölgun opinberra starfsmanna frá þeim tíma er hér hefur verið vitnað til má vænta þess að unnt sé að svara flestum erindum innan fimm virkra daga. Gefa mætti þeim erindum númer sem ekki er hægt að svara innan tiltekins frests af eðlilegum ástæðum og birta síðan á heimasíðu viðkomandi stofnunar hvað líði afgreiðslu umrædds máls. Slík tilhögun mundi veita þeim starfsmönnum hins opinbera er í hlut eiga mikið aðhald og stórbæta þjónustu við almenning og fyrirtæki. Aðalatriðið er þó að ríkisstjórnin

setji skýrar reglur um hvers skattgreiðendur mega vænta í viðskiptum sínum við Stjórnarráðið og aðrar opinberar stofnanir.

727. Tillaga til þingsályktunar [406. mál]

um þjóðgarða á miðhálendinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta undirbúa, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hafi innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000.

Greinargerð.

Þjóðgarðar á miðhálendinu.

Oft hefur þeirri hugmynd verið hreyft á síðari árum að vernda beri náttúru miðhálendis Íslands með því að lýsa svæðið þjóðgarð í heild sinni eða að stórum hluta. Tillögur hafa þó ekki komið fram um það efni á Alþingi eða frá yfirstjórn náttúruverndarmála. Ýmislegt sem tengist hugmyndinni hefur þótt óljóst, þar á meðal mörk miðhálendisins og eignar- og stjórnsýsluréttur á einstökum hlutum þess. Þessi óvissuatriði eru nú smám saman að skýrast fyrir atbeina Alþingis og annarra stjórnvalda, að sveitarfélögum meðtöldum. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands skilaði í maí 1997 tillögu að svæðisskipulagi fram til ársins 2015, ný skipulags- og byggingarlög voru samþykkt vorið 1997 (lög nr. 73/1997) og fyrir Alþingi (122. löggjafarþingi) liggur stjórnarfrumvarp um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (367. mál) og frumvarp til sveitarstjórnarlaga (288. mál) sem gerir ráð fyrir að lögfest verði stjórnsýslumörk sveitarfélaga inn til landsins.

Í ljósi þessa þykir nú tímabært að leggja fram þá tillögu til þingsályktunar sem hér er flutt um stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendinu. Þjóðgarðarnir verði burðarásinn í náttúruverndarsvæðum á hálendinu. Helstu jöklar miðhálendisins, Vatnajökull, Hofsjökull, Langjökull og Mýrdalsjökull, og minni jöklar eins og Tungnafellsjökull, Eiríksjökull og Eyjafjallajökull, myndi eins konar kjarna þjóðgarðanna sem ríkislendur (almenningar). Jöklunum tengist síðan náttúruverndarsvæði og önnur verndarsvæði sem sumpart eru þegar friðlýst á grundvelli laga og hugmyndir liggja fyrir um í tillögu að svæðisskipulagi.

Eins og í tillögu samvinnunefndar að svæðisskipulagi miðhálendisins er hér gert ráð fyrir mannvirkjabeltum og samgönguleiðum um Sprengisand og Kjöl sem greindu að þjóðgarðssvæðin og skil væru um Fjallabaksveg nyrðri milli Mýrdals- og Vatnajökulsþjóðgarðs. Þrátt fyrir þetta yrðu til víðlendir þjóðgarðar á miðhálendinu og þeim gætu tengst núverandi friðlönd að náttúruverndarlögum og framtíðarverndarsvæði sem lögð yrðu til þeirra.

Brýnt er að fólk á þeim svæðum sem liggja að miðhálendinu líti á stofnun þjóðgarðanna sem jákvæða aðgerð og komi að undirbúningi hennar og eigi hlut í stjórnun svæðanna. Því ber að leggja áherslu á nána samvinnu stjórnvalda við heimaaðila, hlutaðeigandi skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa við undirbúning málsins. Umhverfisráðherra felur að líkindum Náttúruvernd ríkisins að sjá um undirbúning fyrir hönd ráðuneytisins og stofnunin færi með umsjá þjóðgarðanna í samvinnu við ýmsa hlutaðeigandi svo sem lög heimila.

Þannig mætti tryggja samfellu og samvinnu um stjórnun og eftirlit með náttúruverndarsvæðum miðhálendisins.

Stórbrotin og einstæð náttúra.

Miðhálendi Íslands á hvergi sinn líka. Þar er Vatnajökull, stærsti jökull Evrópu, og þrír aðrir stórir hveljöklar auk nokkurra minni. Þessum jöklum tengist eldvirkni og jarðhiti á yfirborði. Mið-Atlantshafshryggurinn liggur frá suðvestri norður yfir hálendið. Hryggnum tengjast tvö gosbelti og er jarðfræðilegt eðli hans allt annað en meginlanda. Ísland er langstærsta eyjan sem upp af honum rís. Jarðskorpan er samsett af flekum sem myndast á úthafshryggjunum. Tveir slíkir flekar, Norður-Ameríkufleki og Evrasíufleki, koma saman við gosbeltin hér á landi og rekur hvorn frá öðrum um 2 cm á ári. Hvergi er landrek eða gliðnun jafnvel sýnileg og aðgengileg og hérlendis. Svipað á við um jökulmyndanir á hálendinu, við jaðra núverandi jökla og í jökulskerjum. Samspil jarðelds og íss eru stórbrotin og uppspretta gífurlegra náttúruhamfara sem skollið geta á þá minnst varir. Þessar fágætu aðstæður auka mjög á aðdráttarafl landsins og miðhálendisins sérstaklega. Við þetta bætast auðnir og ósnortin víðerni sem flest er að finna í grennd jöklanna.

Þessa gersemi ber Íslendingum að varðveita og vernda sjálfra sín vegna og í alþjóðaþágu. Það verður best gert með hyggilegu verndarskipulagi. Nú er í fyrsta sinn unnið að svæðisskipulagi miðhálendisins og því kjörið tækifæri að móta slíka verndarstefnu. Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga tekur í meginatriðum mið af þeim áherslum er fram komu í maí 1997 í tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands til ársins 2015. Til viðbótar þeirri stefnu sem þar er mörkuð er með þingsályktunartillögu þessari bent á æskilegar leiðir til að tryggja verndun stórs hluta miðhálendisins um langa framtíð með því að stofna þar til þjóðgarða og tengja við þá önnur náttúruverndarsvæði.

Þjóðgarðar og löggjöf um náttúruvernd.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að stofnaðir verði fjórir stórir þjóðgarðar á miðhálendinu og verði jöklar og aðliggjandi landsvæði kjarninn í hverjum þeirra. Samkvæmt alþjóðlegri hefð sem á uppruna sinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og mótast hefur frá því á 19. öld er litið á þjóðgarða sem víðlend og verðmæt náttúruverndarsvæði á landi í ríkiseign. Kröfur til verndunar eru almennt miklar í þjóðgörðum, en jafnframt er gert ráð fyrir að fólki sé leyft að njóta náttúru þeirra „að svo miklu leyti og á þann hátt sem skili þeim óspilltum og til yndisauka fyrir ókomnar kynslóðir“ svo vitnað sé til bandarísku þjóðgarðalaganna.

Í lögum um náttúruvernd nr. 93/1996 segir um stofnun þjóðgarða í 29. gr.:

„Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhverfisráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.“

Nánar er kveðið á um framkvæmd friðlýsingar í 33. gr. náttúruverndarlaga og um umsjón og rekstur friðlýstra svæða í 6. og 7. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessu er hérlendis gengið út frá því sem aðalreglu að land þjóðgarða sé í ríkiseign, en jafnframt megi með samkomulagi leggja til þjóðgarða land þótt í einkaeign sé. Þá fer og vel á því að önnur verndarsvæði, til dæmis friðlönd skv. 28. gr. laga um náttúruvernd, liggi að þjóðgörðum og myndi með þeim stjórnunarlega heild samkvæmt skipulagi. Á slíkt fyrirkomulag getur einmitt reynt í mörgum tilvikum í tengslum við þá þjóðgarða sem hér er gerð tillaga um.

Almennt hefur verið litið svo á að jöklar falli undir hugtakið almenningur að fornum lögum, og raunar með ótvíræðari hætti en önnur landsvæði. Í frumvarpi til laga um þjóðlendur, sem lagt var fyrir 121. þing og endurflutt á 122. þingi (367. mál), segir m.a. í greinargerð að „jöklar sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna". (bls. 7). Þannig lítur flutningsmaður svo á að hinir stóru jöklar miðhálendisins fullnægi ótvírætt lagakröfunni um ríkiseign þegar um stofnun þjóðgarðs er að ræða og svo er að líkindum einnig um mörg stór óbyggðasvæði hið næsta þeim. Í ýmsum tilvikum er hins vegar nauðsynlegt að samkomulag sé gert við viðkomandi sveitarfélög og/eða landeigendur þá ákvörðuð eru mörk verndarsvæða í grennd jöklanna, einkum þar sem þeir liggja nærri byggð.

Verndarskipulag þarf að ná til jöklanna.

Mörg og sterk rök má færa fyrir því að setja beri jökla landsins undir verndarskipulag. Jöklarnir eru í hugum margra tákn hins ósnortna og yfir þeim hvílir dulúð og upphafning. Þeir eru snar þáttur í náttúrufari landsins og bakhjarlinn í vatnakerfum þess, bæði jökulfljóta, lindáa og grunnvatns á stórum svæðum. Vatnsvernd og verndun á hreinleika jöklanna eru því samofnar og hafa í senn heilbrigðislegt og hagrænt gildi.

Jöklar eru sífelldum breytingum háðir vegna sveiflna í veðurfari og loftslagi. Mest gætir þessara breytinga við jökuljaðrana, einkum í grennd skriðjökla. Þar er að finna minjar um framgang og hop jökla, sumpart frá löngu liðnum tíma. Jöklar hafa verið mikilvirkasti þátturinn í landmótun á Íslandi frá því ísöld gekk í garð og í grennd þeirra er víða stórfellt rof og hrikalegt landslag. Í jöklunum er að finna heimildir um loftslagssögu liðinna alda og gjóskulög sem vitna um eldgos langt aftur í aldir. Íslenskir jöklar eru þannig viðfangsefni margháttaðra vísindarannsókna og auka skilning manna í suðlægari löndum á ísaldarskeiðum jarðsögunnar.

Jöklar draga að sér ferðamenn í síauknum mæli og eru að verða mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu sem atvinnugrein hér á landi. Jafnhliða því sem nýta ber þá fjölmörgu kosti sem tengjast ferðum á jöklum og í grennd þeirra er brýnt að setja um þær reglur sem tryggja náttúruvernd og varðveislu á hreinleika og eftirsóttum eigindum ferða um jökla og nálæg víðerni. Jafnframt þarf að skýra réttarstöðu þeirra sem standa fyrir ferðum á jöklum og stuðla að öryggi ferðamanna. Allt þetta og fleira ótalið kallar á náttúruvernd og skipulag umferðar á jöklum miðhálendisins. Með því að gera þá að kjarna í þjóðgörðum er lögð áhersla á þýðingu þeirra og nærliggjandi svæða í náttúruvernd og ferðaþjónustu og leitast við að tryggja að Íslendingar og aðrir fái notið þeirra óspilltra til yndisauka um langa framtíð.

Þjóðgarðarnir fjórir — stærð og ábendingar um afmörkun.

Til glöggvunar verða þjóðgarðarnir fjórir, sem hér eru gerðar tillögur um, kenndir við stærstu jöklana innan hvers þeirra, þ.e. Vatnajökul, Hofsjökul, Langjökul og Mýrdalsjökul. Eðlilegt er að stjórnun þeirra og eftirlit með þeim verði samhæfð af hálfu ríkisins í samstarfi við aðra hlutaðeigandi. Samtals er það landsvæði sem þeir tækju yfir, um 22 þúsund ferkíló-

metrar. Hér fer á eftir yfirlit um hugsanlega afmörkun hvers þeirra og tengsl við aðliggjandi verndarsvæði (sjá einnig uppdrátt í fylgiskjali).

Vatnajökulsþjóðgarður.

Flatarmál hans gæti orðið um 15 þúsund ferkílómetrar, en hluti þess er þegar þjóðgarður (Skaftafell), eða friðlýst samkvæmt öðrum reglum (Lónsöræfi, Kringilsárrani, Eldborgaraðir [Lakagígir], Esjufjöll). Þá eru stór svæði innan marka að auki á opinberri náttúruminjaskrá, það eru svæði númer 635, 633, 654, 631, 627, 616, 615, 614, 613, 517 og 516/702, sbr. sjöundu útgáfu náttúruminjaskrár Náttúruverndarráðs 1996. Innan þjóðgarðsins yrði Vatnajökull með skriðjöklum og landsvæði og markalínur utan jökuls í aðalatriðum eins og lýst er hér á eftir, sbr. uppdrátt.

Sunnan jökuls er þjóðgarðurinn í Skaftafelli og Núpsstaður sem afar æskilegt er að verði hluti þjóðgarðs en jörðin er nú á náttúruminjaskrá (701). Að öðru leyti yrði í aðalatriðum fylgt hálendislínunni til austurs eins og hún er dregin á tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag til 2015. Þannig yrðu innan þjóðgarðsmarka m.a. Breiðamerkurfjall, Suðursveitarfjöll, Heinabergsfjöll og fjalllendi við Viðborðsdal, Hoffellsjökul og Lambatungnajökul.

Austan og norðaustan Vatnajökuls kæmu innan marka Hoffellslambatungur, friðland á Lónsöræfum með hugmynd að stækkun, Geldingafell og innanvert Múlahraun, svo og Eyjabakkar, sbr. tillögu um svæðisskipulag til ársins 2015.

Norðan Vatnajökuls yrðu innan marka Snæfellssvæði og Vesturöræfi, Kringilsárrani og Kverkárnes, friðland í Hvannalindum, Fagradalsfjall, Grágæsadalur og Fagridalur, Kverkfjöll og Kverkfjallarani. Vestan Jökulsár á Fjöllum er gert ráð fyrir markalínu um Vaðöldu, milli Dyngjufjalla og Tröllladyngju um Þríhyrning vestur í Fjórðungsöldu.

Vestan og suðvestan Vatnajökuls yrði markalína frá Fjórðungsöldu vestan Tungnafellsjökuls, um Krosshnjúka (1.258 m), Skerðing (1.137 m), Vatnsleysuöldur (867 m), Helgrindur (831 m), Þóristind (822 m) og í Tungná við Vesturbjalla (706 m). Þaðan upp með Tungná að Austurbjöllum (805 m). Frá Austurbjöllum skammt norðan við Fjallabaksveg nyrðri og mörk Friðlands að Fjallabaki austur fyrir Eldgjá. Frá Eldgjá (Hólaskjóli) lína austur í Skaftá. Áfram austur sunnan Eldborgaraða (Lakagíga) og Galta að Hverfisfljóti. Sunnan Síðujökuls sunnan við fremstu menjar um framhlaup á nútíma, um Langasker (624 m), Rauðhóla (768 m) og í hnjúk 816 m við Gæsabringur.

Hofsjökulsþjóðgarður.

Stærð hans er áætluð 2.230 ferkílómetrar. Innan þjóðgarðs kæmi allur Hofsjökull með skriðjöklum. Friðland í Þjórsárverum yrði hluti af þjóðgarðinum, sem og Kerlingafjöll sem nú eru á náttúruminjaskrá (732).

Að öðru leyti fylgdu þjóðgarðsmörkin í aðalatriðum markalínu sem hugsast dregin sem hér segir. Sunnan jökuls við mörk dökkgræns svæðis á skipulagsuppdrætti 2015 (tillaga að svæðisskipulagi) þannig að innan þjóðgarðs yrðu Kerlingafjöll og Þjórsárver. Austan jökuls lína við austurmörk ljósgræns svæðis á skipulagsuppdrætti 2015 að Laugafelli (879 m). Norðan jökuls lína frá Laugafelli í Sátu (941 m) og þaðan í Bláfell (826 m) norðvestan Hofsjökuls. Vestan Hofsjökuls lína frá Bláfelli (826 m) um Hrygg (685 m), Fjórðungsöldu (653 m) og í Hnappöldu (764 m).

Langjökulsþjóðgarður.

Stærð Langjökulsþjóðgarðs er áætluð um 2.500 ferkílómetrar. Innan marka hans væru Langjökull, Þórisjökull og Eiríksjökull með skriðjöklum. Friðland í Geitlandi ætti að tengjast

þjóðgarðinum, sem og núverandi náttúruvætti á Hveravöllum. Svæði, sem nú eru á náttúruminjaskrá eins og Hvítárnes (734), Þjófadalir og Jökulkrókur (733), féllu innan þjóðgarðsins. Aðliggjandi til norðvesturs en utan þjóðgarðsins yrðu Arnarvatnsheiði og Tvídægra (209/401) sem sérstök náttúruverndarsvæði, sem og Húsafell (206) til vesturs. Til suðvesturs tæki við þjóðgarðurinn á Þingvöllum og þá miðað við að hann verði stækkaður norðaustur fyrir Skjaldbreið.

Að öðru leyti eru mörk Langjökulsþjóðgarðs hugsuð sem hér segir: Að sunnan markalína skammt norðan línuvegar milli Skjaldbreiðs/Hlöðufells og Langjökuls. Að austan lína frá Móskarðsfjalli (593 m) norðan Sandvatns austur að vegi um um Bláfellsháls (Kjalvegi). Með Kjalvegi að Hvítárbrú og áfram norður á móts við Sandkúlufell.

Mörk að norðan væru frá Sandkúlufelli (847 m) lína um Lyklafell (977 m), Guðnahæð (625 m), norðvesturenda Eiríksgnípu suðvestur í Strút (937 m). Mörk að vestan væru lína úr Strút (937 m) suður að Kaldadalsvegi, vestan Geitlands og með Kaldadalsvegi suður undir raflínuslóð nálægt vegamótum við Uxahryggjaveg.

Mýrdalsjökulsþjóðgarður.

Stærð Mýrdalsjökulsþjóðgarðs er áætluð um 3.100 ferkílómetrar. Innan hans lægju Mýrdalsjökull með skriðjöklum, svo og Eyjafjallajökull, Torfajökull og Tindfjallajökull. Eðlilegt væri að Friðland að Fjallabaki yrði innan þjóðgarðsins. Þá er gert ráð fyrir að náttúruverndarsvæði við Heklu (730), svo og Emstrur og Fjallabak (761), yrðu hluti af þjóðgarðinum, sem og Þórsmörk (714) og Eldgjá (706) sunnan Fjallabaksvegar nyrðri.

Að öðru leyti yrðu þjóðgarðsmörkin í aðalatriðum dregin sem hér segir: Að sunnan um undirhlíðar Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls, að gerðu samkomulagi við rétthafa. Að austan væru mörk á vestanverðum Mýrdalssandi, t.d. austan Hafurseyjar í Einhyrning (694 m). Frá Einhyrningi norðnorðaustur að Hólaskjóli (sjá uppdrátt af svæðisskipulagi 2015). Mörk að norðan væru í vestur frá Hólaskjóli sunnan Fjallabaksvegar nyrðri að Tungná á móts við Austurbjalla. Þaðan með mörkum Friðlands að Fjallabaki í Stóra-Mælifell. Frá Stóra-Mælifelli í Valafell (649 m) og áfram í Þjórsá við Árskóga. Mörk að vestan fylgi fyrst Þjórsá suður frá Árskógum og eftir markalínu um dökkgrænt svæði á skipulagstillögu 2015 vestan Heklu, Selsundsfjalls og Tindfjallajökuls að Fljótsdal inn af Fljótshlíð; þaðan suður í mörk vestan Eyjafjallajökuls.

Með tilkomu þeirra þjóðgarða sem hér er gerð tillaga um kæmust Íslendingar í fremstu röð þjóða að því er varðar náttúruvernd. Sú verndarstefna sem margir hafa lýst eftir varðandi miðhálendið fengi á sig skýra og fastmótaða mynd. Jöklum miðhálendisins væri lyft á þann stall sem þeir verðskulda og aðdráttarafl og gildi óbyggðanna yrði meira en áður í hugum manna. Fyrir þjóð sem ætlar sér stóran hlut í ferðaþjónustu er mikið í húfi að vernda náttúru landsins, ekki síst jarðsögulegar minjar og víðerni og jökla hálendisins.

Fylgiskjal.

Landmótun ehf.:

Þjóðgarðar á miðhálendinu — uppdráttur með tillögu að mörkum.



728. Frumvarp til laga [407. mál]

um afnám skyldu til greiðslu þungaskatts og virðisaukaskatts á umhverfisvæn ökutæki.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ólafur Örn Haraldsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Magnús Stefánsson.

Breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þá eru ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin skattskyldu.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/ 1988, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:

Þá eru ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegin virðisaukaskatti.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Ákvæði laga þessara skulu endurskoðuð í síðasta lagi 1. júlí 2003.

Greinargerð.

Ný tækni er að ryðja sér til rúms þar sem hægt er að knýja ökutæki með óhefðbundnum orkugjöfum, t.d. rafhreyfli eða vetni, sem leiðir til hverfandi mengunar. Telja verður eðlilegt að almenningi sé gefinn kostur á að kynnast þessum nýjungum og með því að fella niður greiðslu þungaskatts og virðisaukaskatts er honum gert auðveldara að nálgast þessa umhverfisvænu tækni. Þá er breyting þessi jafnframt lögð til í þeim tilgangi að hvetja til aukinnar notkunar vistvænna ökutækja. Með lögleiðingu þessara breytinga gæti ríkissjóður orðið af einhverjum tekjum. Hins vegar er brýnt að hið opinbera sýni vilja sinn í verki til að vistvænir orkugjafar verði nýttir á samgöngutækjum landsmanna. Er það í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar. Ný tækni er að ryðja sér til rúms, henni þarf að mæta með hvatningu til almennings um að nýta sér hana, ekki síst af umhverfisástæðum. Í fyllingu tímans kann að þurfa að breyta þessu ákvæði að nýju, þ.e. þegar vistvæn ökutæki verða orðin almennari en nú tíðkast. Líta má því á efnisatriði þessara breytinga sem tímabundin meðan á breytingum stendur.

729. Fyrirspurn [408. mál]

til samgönguráðherra um samgöngur á Vestfjörðum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvernig verða tryggðar samgöngur milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða?
Hvenær verður breytt reglum um snjómokstur á Dynjandis- og Hrafnseyrarheiðum og verður veittur styrkur til áætlunarflugs milli Ísafjarðar og Bíldudals/Patreksfjarðar?

730. Fyrirspurn [409. mál]

til sjávarútvegsráðherra um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver var niðurstaða könnunar þeirrar á hagkvæmni mögulegrar kalkþörungavinnslu á helstu útbreiðslusvæðum kalkþörunga, svo sem í Húnaflóa og Arnarfirði, sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1997 að fela sjávarútvegsráðherra að láta gera?

731. Fyrirspurn [410. mál]

til félagsmálaráðherra um langtímaatvinnuleysi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða skýring er á því að langtímaatvinnuleysi, þ.e. atvinnuleysi sem varir sex mánuði eða lengur, hefur meira en tvöfaldast frá árinu 1992 til 1997 og hver hefur verið þróun langtímaatvinnuleysis á þessum árum, skipt eftir kyni og aldri?
2. Hve margir voru atvinnulausir lengur en eitt ár á framangreindu tímabili, samtals og skipt eftir kyni og aldri?
3. Telur ráðherra ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða vegna langtímaatvinnuleysis?

732. Fyrirspurn [411. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysi kvenna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða skýringu hefur ráðherra á því að atvinnuleysi var rúmlega tvöfalt meira á landinu öllu hjá konum en körlum í desember sl., eða 5,4% hjá konum og 2,5% hjá körlum?

2. Er einhver sérstök skýring á því að á Norðurlandi vestra var atvinnuleysi kvenna nærfellt þrisvar sinnum meira en karla í desember sl., eða 7,8% hjá konum og 2,8% hjá körlum?

733. Fyrirspurn [412. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðir vegna atvinnuleysis kvenna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverja telur ráðherra vera meginskýringuna á vaxandi atvinnuleysi kvenna frá árinu 1994 miðað við árin þar á undan?
2. Telur ráðherra réttlætanlegt að grípa til sértækra aðgerða vegna þess alvarlega atvinnuleysis sem nú er víða hjá konum eins og gert var árið 1993, en þá var veitt sérstakt 60 millj. kr. framlag til atvinnuátaks kvenna?

734. Fyrirspurn [413. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hefur ráðherra uppi áform um að leggja niður Heyrnar- og talmeinastöðina?
2. Hver er stefna ráðuneytisins að því er varðar framtíðarskipan þeirra verkefna sem þar hefur verið sinnt?

735. Frumvarp til laga [414. mál]

um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28/1952, með síðari breytingu, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í ljós hefur komið að sveitarstjórnir nýta ekki heimild í lögunum um álagningu og innheimtu gjalds af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, öðrum en íslenskum kvikmyndum og fræðslumyndum, allt að 10%, sem verja skal til menningar- og líknarfélaga í viðkomandi sveitarfélagi. Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn flutningsmanns á þessu þingi kom fram að leitað var upplýsinga frá öllum kaupstöðum landsins. Svör bárust frá 17 og í ljós kom að enginn þeirra nýtir sér þessa lagaheimild. Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður gerðu

það en hættu því fyrir nokkrum árum. Þykir því ekki lengur forsenda fyrir umræddum lögum og er lagt til að þau verði afnumin.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um gjald af kvikmyndasýningum. (Sjá þskj. 387, 244. mál.)

II. Lög um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952, með síðari breytingu.

736. Frumvarp til laga [415. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni M. Mathiesen, Kristín Halldórsdóttir, Magnús Stefánsson.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–4. gr., nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði, sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt tvívegis á síðasta kjörtímabili en varð þá ekki útrætt. Því miður hefur sá vandi sem því er ætlað að leysa, þ.e. umferðaróhöpp og slys sem tengjast lausagöngu stórgripa, síst minnkað.

Til marks um það er ný samantekt á umferðaróhöppum sem tengjast búfé úr ritgerð Huga Hreiðarssonar um þau efni (fskj. I).

Tíðni alvarlegra umferðaróhappa og slysa, sem rekja má til lausagöngu stórgripa á og við þjóðvegi víða um landið, er alvarlegt áhyggjuefni. Á árinu 1989 starfaði nefnd að því að kanna til hvaða ráðstafana væri unnt að grípa í því skyni að minnka umferð vörslulauss búfjár á þjóðvegum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin var m.a. skipuð fulltrúum frá Vegagerð, Búnaðarfélagi og Umferðarráði, auk þess sem í henni sat einn bóndi, landgræðslustjóri og deildarstjóri umhverfisdeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Ein meginniðurstaða nefndarinnar var að leggja til að lausaganga stórgripa yrði endanlega aflögð. Einn nefndarmanna hafði þó fyrirvara á um þá tillögu, sbr. skýrslu nefndarinnar sem birt er sem fskj. IV með frumvarpi þessu.

Þessi tillaga nefndarinnar náði ekki fram að ganga í sinni upphaflegu mynd heldur varð niðurstaðan sú með setningu nýrra laga um búfjárhald vorið 1991 að gefa sveitarstjórnum afdráttarlausar heimildir til að fyrirskipa vörslu á sínu svæði. Þótt fjölmargar sveitarstjórnir hafi brugðist við í framhaldi af setningu laganna vorið 1991, sbr. fskj. III, tíðkast lausaganga stórgripa enn á nokkrum svæðum við meiri háttar umferðaræðar og bólar ekki á aðgerðum af hálfu viðkomandi sveitarstjórna. Þetta ástand er, eins og dæmin sanna, með öllu óviðunandi og því þykir flutningsmönnum tímabært að taka af skarið.

Í áðurnefndri skýrslu færa nefndarmenn m.a. fram eftirfarandi rök fyrir þeirri tillögu sinni að banna lausagöngu stórgripa:

„Hrossum landsmanna hefur fjölgað á undanförnum árum. Víða eru þau í vörslu allt árið og mikið hefur dregið úr hrossabeit á afréttum. Töluvert er samt um að hross séu í lausagöngu í heimahögum og eiga þá oft greiðan aðgang að þjóðvegum.

Staðfestar skýrslur sýna að alvarlegustu umferðarslysin, þar sem búfé á hlut að máli, eru árekstrar ökutækja og hrossa.

Í skýrslum frá lögreglustjóraembættum er getið um 130 umferðarslys á árunum 1986–1988, þar sem ekið hefur verið á hross og lögregla kölluð á vettvang. Óhætt er að fullyrða að töluvert fleiri óhöpp hafi orðið þar sem lögreglan er ekki alltaf kölluð á staðinn og skýrslur því ekki gerðar.

Slys hafa orðið á mönnum, ökutæki stórskemmst eða eyðilagst og gripir drepist.

Bótakröfur eru miklar og í flestum tilvikum eru bifreiðaeigendur gerðir ábyrgir.

Hvað nautgripi varðar eru þeir nær undantekningarlaust í vörslu allt árið og slys af þeirra völdum eru mjög sjaldgæf. Nefndin telur hins vegar að með tilliti til búskaparhátta sé eðlilegt að um þá gildi sömu reglur og um hross.

Mun auðveldara og ódýrara er að girða griphelda girðingu fyrir hross og nautgripi en fyrir sauðfé.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til að eigendum eða umráðamönnum nautgripa og hrossa verði gert skylt að hafa gripina í vörslu allt árið, þ.e. að koma í veg fyrir lausagöngu þeirra."

Enn fremur segir í skýrslunni um þetta m.a.:

„Fjölmargar sveitarstjórnir hafa notfært sér framangreindar heimildir [heimildir laga til að takmarka búfjárhald, áður búfjárræktarlög og lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, nú lög um búfjárhald] til takmörkunar á búfjárhaldi, en samræmingu skortir og framkvæmd reglnanna er ekki alls staðar sem skyldi. Hér er því lagt til að eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, verði gert skylt að hafa þá í vörslu allt árið en áfram verði í gildi ákvæði sem heimili sveitarstjórnarmönnum að takmarka eða banna lausagöngu annars búfjár.

Er þá til þess að líta að tjón af völdum stórgripa í umferðinni eru mun alvarlegri en tjón af völdum annars búfjár og bann við lausagöngu hrossa er nú mun víðar í gildi, bæði á afréttum og heimalöndum, en bann við lausagöngu sauðfjár. Þykir nefndinni því tímabært að stíga það skref að banna alla lausagöngu stórgripa með lögum."

Þessar niðurstöður nefndarinnar og rökstuðningur eru enn í fullu gildi. Þó svo að fjölmargar sveitarstjórnir hafi á síðustu árum tekið á þessum málum og margar bannað lausagöngu hrossa eða stórgripa, sbr. fskj. III, tíðkast lausaganga enn á mörgum stöðum, jafnvel þar sem þjóðvegir með miklum umferðarþunga liggja eftir endilöngum sveitarfélögum.

Á ákveðnum leiðum er það þannig að sjaldan líður svo mánuður að ekki komi til óhappa sem tengjast lausagöngu stórgripa. Er í því sambandi óhjákvæmilegt að nefna Húnavatnssýslur og Skagafjörð en þar eru óhöpp af þessu tagi hvað tíðust.

Skylt er að geta þess að mikið hefur verið gert undanfarin ár til að ráða bót á þessu ástandi. Þannig hefur lögreglan, bæði á Sauðárkróki og Blönduósi, lagt sig fram um að fá bændur og sveitarstjórnir til samstarfs um að taka á þessum málum.

Upplýsingar um fjölda óhappa, sem tengjast búfé á landinu öllu, eru fengnar frá Vegagerð ríkisins sem hefur unnið þær upp úr lögregluskýrslum. Allar þessar upplýsingar og töflur eru birtar í fskj. II.

Ljóst er að í framhaldi af lagabreytingu af þessu tagi verða væntanlega breytingar á ábyrgð málsaðila ef umferðaróhöpp verða eftir sem áður vegna þess að stórgripir sleppa úr vörslu eða vörsluskylda er með öllu vanrækt. Reynir þá væntanlega á heimildir gildandi laga til að skipta tjóni, þ.e. lækka eða fella niður bætur ef sá sem fyrir tjóninu verður, í þessu tilviki eigandi stórgripsins eða gripanna, er meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Með vísan til þessarar heimildar er það niðurstaða flutningsmanna að leggja ekki til breytingar á umferðarlögum að svo stöddu. Meginregla 88. gr. um að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu á vélknúnu ökutæki skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess mun að sjálfsögðu haldast. Aðeins í þeim tilvikum að vörsluskylda væri vanrækt eða hún gáleysislega framkvæmd er líklegt að heimild 3. mgr. sömu greinar umferðarlaga um að lækka eða fella niður bætur yrði virk. Einnig er rétt að hafa í huga að lögð er til nokkur aðlögun að gildistöku laganna (1. janúar 1999) sem m.a. mætti nota til að meta hvort þörf væri á að breyta öðrum lagaákvæðum í kjölfar þess að Alþingi samþykkti almenna vörsluskyldu stórgripa. Núverandi staða er óviðunandi, bæði vegna þeirrar hættu á alvarlegum slysum sem lausaganga stórgripa skapar, en einnig vegna hins að staðan er mismunandi eftir sveitarfélögum. Það tekur einnig til mögulegrar meðábyrgðar eiganda gripanna á slysi í þeim sveitarfélögum þar sem lausaganga er bönnuð, sbr. t.d. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá í október 1993. Í kjölfar hans hefur þess aðeins orðið vart að lausagöngubann sé fellt úr gildi í sveitarfélögum þar sem búið var að koma því á. Er slíkt auðvitað óþolandi afturför.

Loks er rétt að geta þess að í ákvæðum vegalaga er að finna það nýmæli í 56. gr. að lausaganga alls búfjár er bönnuð á vegsvæðum þar sem girt er beggja megin vegar. Slíkt lausagöngubann á þeim vegsvæðum, sem þegar eru lokuð af með girðingum, kemur þó engan veginn í stað vörsluskyldu stórgripa, óháð ástandi girðinga meðfram vegum, eins og hér er lagt til.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1999 þannig að sveitarstjórnum og öðrum málsaðilum gefist nokkur aðlögunartími að gildistöku þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ótvíræð vörsluskylda verði lögð á eigendur stórgripa, þ.e. í þessu sambandi nautgripa og hrossa og sérstaklega tekið fram að þeim, þ.e. eigendunum, beri að sjá til þess að slíkir gripir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Þessi vörsluskylda skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem þannig háttar til að fullvíst og tryggt má telja að af því geti ekki stafað hætta fyrir umferð. Hægt er að hugsa sér þær aðstæður að beitarlönd liggi þannig úr alfaraleið að ekki sé nein hætta á að gripirnir komist á þjóðvegi eða í umferð sem máli skipti. Um slík tilvik skulu þá gilda sérstök ákvæði í samþykktum viðkomandi sveitarstjórna og um þau haft samráð við lögreglustjóra. Þá skal samþykki landbúnaðarráðherra koma til, en sveitarstjórnir hafa hins vegar, sbr. 5. gr. búfjárlaga, sjálfstæða heimild til að fyrirskipa vörslu. Ekki þykir rétt að á grundvelli hennar megi nýta hið undanþæga ákvæði um hagagöngu stórgripa utan girðinga án þess að samþykki landbúnaðarráðuneytis komi til.

Um 2. gr.

Rétt þykir að gefa nokkurra mánaða aðlögunartíma bæði sveitarstjórnum og eigendum stórgripa sem kunna að þurfa að gera tilteknar ráðstafanir til að geta uppfyllt ákvæði frumvarpsins. Ekki þykir þó fært að draga það lengur en til næstu áramóta að koma hinni breyttu skipan á.

Fylgiskjal I.

Hugi Hreiðarsson:

Könnun á árekstrum við búfé á árunum 1994–96.

Úrtakið nær til 30 lögregluembætta um land allt.

	1994 Kindur	1994 Hross	1995 Kindur	1995 Hross	1996 Kindur	1996 Hross
Keflavík	0	0	1	0	0	3
Grindavík	0	0	0	0	0	0
Hafnarfjörður	0	0	0	0	0	0
Reykjavík, Mosfellsbær	3	1	1	1	8	1
Kópavogur	1	0	0	0	1	0
Akranes	0	0	0	0	0	0
Borgarnes	27	2	20	5	23	2
Stykkishólmur	1	2	12	3	5	0
Ólafsvík	5	0	4	1	0	0
Grundarfjörður	7	0	1	0	7	0
Búðardalur	3	0	4	0	11	1
Patreksfjörður	4	0	1	0	0	0
Hólmavík	5	0	9	0	9	0
Ísafjörður	1	0	4	0	4	0
Blönduós	3	2	7	12	3	3
Sauðárkrókur	8	12	12	15	13	17
Akureyri	0	7	1	8	2	0
Ólafsfjörður	5	0	5	0	3	0
Siglufjörður	1	0	0	0	0	1
Húsavík	1	4	15	5	10	1
Egilsstaðir	3	0	4	0	8	0
Höfn	3	1	5	0	1	2
Seyðisfjörður	0	0	0	0	0	0
Vopnafjörður	4	0	2	0	9	1
Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður	18	0	14	0	22	0
Neskaupstaður	0	1	0	0	0	0
Hvolsvöllur	0	4	0	3	1	3
Selfoss	4	0	14	1	12	0
Vík	3	1	8	2	5	1
Vestmannaeyjar	0	0	0	0	0	0
Samtals hver tegund	79	34	122	50	125	30
Samtals	113		172		155	

Kindur/hrútar, lömb	326
Hestar/folöld	114
Alls	440
Meðaltal	108 kindur á ári
	38 hross á ári

Athygli vekur að óhöppum fjölgar um 35% milli áranna 1994 og 1996. Fjöldi dýra 1986–88 var 430.

Fylgiskjal II.

Upplýsingar um umferðaróhöpp sem tengjast búfé.

ÁRIÐ 1987

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildarfjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár) (sv. 2)	4	0	76
Suðurland (vestan Þjórsár) (sv. 3)	11	0	145
Reykjanes (sv. 4)	20	0	574
Vesturland (sv. 5)	26	2	199
Vestfirðir (sv. 6)	0	0	55
Norðurland vestra (sv. 7)	8	2	119
Norðurland eystra (sv. 8)	8	0	128
Austurland (sv. 9)	/	0	108
LANDIÐ ALLT	78	4	1.404

Ath. Upplýsingar Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum byggjast á lögregluskýrslum. Frá 1. mars 1988 hefur verið ætlast til að þeir ökumenn, sem lenda í óhöppum, skrái sjálfir upplýsingar um óhappið án aðstoðar lögreglu. Við breytinguna fækkaði því óhöppum sem Vegagerðin fær upplýsingar um.

ÁRIÐ 1988

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildarfjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár)	0	0	43
Suðurland (vestan Þjórsár)	14	1	103
Reykjanes	21	2	493
Vesturland	13	0	135
Vestfirðir	0	0	72
Norðurland vestra	6	1	71
Norðurland eystra	7	0	79
Austurland	5	0	57
LANDIÐ ALLT	66	4	1.053

ÁRIÐ 1989

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildar-fjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár)	7	2	51
Suðurland (vestan Þjórsár)	11	0	125
Reykjanes	23	0	360
Vesturland	18	0	128
Vestfirðir	2	0	38
Norðurland vestra	14	4	76
Norðurland eystra	6	2	70
Austurland	2	0	53
LANDIÐ ALLT	83	8	901

ÁRIÐ 1990

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildar-fjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár)	13	1	57
Suðurland (vestan Þjórsár)	13	0	107
Reykjanes	18	2	329
Vesturland	26	2	129
Vestfirðir	/	/	40
Norðurland vestra	8	0	59
Norðurland eystra	6	1	64
Austurland	5	0	51
LANDIÐ ALLT	90	7	836

ÁRIÐ 1991

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildar-fjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár)	5	0	47
Suðurland (vestan Þjórsár)	17	1	131
Reykjanes	13	0	315
Vesturland	11	0	151
Vestfirðir	/	0	33
Norðurland vestra	13	3	93
Norðurland eystra	5	0	53
Austurland	3	0	53
LANDIÐ ALLT	68	4	876

Upplýsingar frá lögreglunni á Blönduósi.

(16. mars 1993.)

Samkvæmt beiðni var tekinn saman fjöldi umferðaróhappa sem urðu vegna ákeyrslu á búfé árin 1990–92 og eins sá fjöldi hrossa og kinda sem drápust af þessum sökum.

	Kindur	Hross	Óhöpp
1990	2	5	7
1991	2	7	6
1992	8	7	14
Samtals	12	19	27

Það sem af er árinu 1993 hefur verið ekið á tvö hross.

Rétt er að fylgja þessum tölum aðeins úr hlaði. Þessi umferðaróhöpp og það búfé sem fórst af völdum þeirra er samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslum. Því til viðbótar er algengt að bændur finni kindur dauðar við þjóðveginn en slíkt er ekki skráð sem umferðaróhapp heldur sem búfjártjón. Þar af leiðir að það sauðfé sem trúlega ferst af völdum ákeyrslu er mun fleira en framangreindar tölur gefa til kynna og hætta er á því að slíkir atburðir séu oft og tíðum hálfóhugnanlegir þar sem ekki er víst að kindurnar drepist strax þótt ekið sé á brott frá staðnum án þess að tilkynna um atburðinn. Þá er misjafnt hvað mörg hross eða margar kindur farast í hvert skipti sem ákeyrsla á sér stað en það getur verið frá því að ekkert dýr týni lífi en mest hafa þrjú hross drepist í einu.

Það skal tekið fram að ástand þessara mála hefur batnað mjög mikið á síðustu árum. Ástand þessara mála er þó með öllu óviðunandi enda á umferð á 90 km/klst. og búfé á beit litla samleið.

Ég vil koma því að að ég hef verið þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að setja um þessa hluti heildarreglur þar sem kveðið er á um þessi mál. Að mínu mati standa hreppsnefndir of nálægt þessum hagsmunum til þess að hægt sé að ætlast til þess að þær setji undantekningarlaust á bann við lausagöngu búfjár innan hverrar sveitar fyrir sig enda hefur slíkt bann verið sett á aðeins í einum sveitarhreppi í þessu lögsagnarumdæmi. Eðlilegra væri að þar kæmu til heildarreglur þar sem ábyrgðinni væri deilt niður á ökutækið og ökumanninn annars vegar og búféð og eiganda þess hins vegar.

Virðingarfyllst,

Kristján Þorbjörnsson,
yfirlögregluþjónn.

Upplýsingar úr Skagafjarðarsýslu.

Hvergi virðast vera eins tíðar ákeyrslur á búfé og í Skagafjarðarsýslu. Á árinu 1992 var lögreglu tilkynnt um 12 tilvik þar sem ekið hafði verið á búfé, en 16 árið áður. Ekið var á 5 hross, 11 kindur og einn nautgrip, á móti 19 hrossum og 6 kindum árið 1991. Ákeyrslunum hefur því heldur fækkað samkvæmt þeim upplýsingum er lögreglunni berast. Þó má alltaf gera ráð fyrir að lögreglu sé ekki tilkynnt um allar ákeyrslur á búfé, sérstaklega þegar ekið er á lömb yfir sumarmánuðina.

Á árinu 1992 bárust lögreglunni 73 kvartanir um lausagöngu búfjár á þjóðvegum sýslunnar en 126 árið áður. Er þarna um verulega fækkun að ræða milli áranna sem ber að fagna. Skýringuna er sennilega að finna í frekari afskiptum lögreglu af þessum málum. Haldnir hafa verið fundir með bændum, hreppstjórum, oddvitum, starfsmönnum Vegagerðar og tryggingafélaga og málin rædd. Lögð er rík áhersla á að þar sem girt er beggja vegna vegar skuli vegsvæðið vera „skepnufrítt“.

Þá má geta þess að þrír hreppar í sýslunni hafa bannað lausagöngu stórgripa.

Fjöldi kvartana vegna lausagöngu búfjár 1992.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrahr.		1		1					1	5	6	2	16
Fljótahr.				1									1
Hofshr.			1							1	1	1	4
Hólahr.													
Lýtingsstr.				1	1								2
Rípurhr.												1	1
Sauðárkr.		1				1	1	2		1			6
Seyluhr.	1		2	1	1		1	1				1	8
Skarðshr.		1					1	2			2		6
Skefilsstr.										1	3		4
Staðarhr.	2					1	1	3	1	1	2	1	12
Viðvíkurhr.		1	1		1	1		1		3	3	2	13
Samtals	3	4	4	4	3	3	4	9	2	12	17	8	73

Búfé fyrir bifreiðum 1992.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrahr.										3			3
Fljótahr.													
Hofshr.							1						1
Hólahr.													
Lýtingsstr.													
Rípurhr.													
Sauðárkr.													
Seyluhr.						1			1		1		3
Skarðshr.											1		1
Skefilsstr.													
Staðarhr.								1		1	1		3
Viðvíkurhr.										1			1
Samtals	0	0	0	0	0	1	1	1	1	5	3	0	12

Nr.	Skýrsla nr.	Ökuhraði	Aksturskilyrði	Hvað kom fyrir
01	0 (29.6.)	Ekki vitað	Bjart	Ekið á kind og af vettvangi
02	U-17-92	80	Bjart	Ekið á kind og bifreiðinni velt
03	0 (31.8.)	Ekki vitað	Bjart	Ekið á tvö lömb
04	Y-31-92	Ekki vitað	Bjart	Ekið kind og lamb
05	U-610-92	90–100	Myrkur	Ekið á hest
06	U-32-92	70–80	Rökkur	Ekið á hest og folald
07	U-33-92	Ekki vitað	Myrkur	Ekið á hest
08	0 (23.10.)	Ekki vitað	Myrkur	Ekið á tvær kindur
09	U-38-92	60	Myrkur	Ekið á nautgrip
10	0 (3.11.)	Ekki vitað	Myrkur	Ekið á hross
11	0 (5.11.)	Ekki vitað	Myrkur	Ekið á kind
12	U-39-92	60–70	Myrkur	Ekið á tvær kindur

Ekið á skepnur í Skagafjarðarsýslu 1992.

Nr.	Dags.	Nr.	Staður	Lýsing óhapps	Meiðsli
1	29.6.	00	Norðurlandsvegur móts við Vatnshlíð	Ekið á kind og af vettvangi	
2	20.7.	17	Siglufjarðarvegur móts við Lónkot	Ekið á kind	Ökumaður
3	31.8.	00	Sauðárkróksbraut við Holtsmúla	Ekið á tvö lömb	
4	7.9.	610	Sauðárkróksbraut við Stóru-Seylu	Ekið á kind og lamb og af vettvangi	
5	4.10.	31	Norðurlandsvegur við Sólheimagerði	Ekið á hest	
6	8.10.	32	Norðurlandsvegur við Sólheimagerði	Ekið á hest og folald	
7	8.10.	33	Norðurlandsvegur við Víðivelli	Ekið á hest	
8	23.10.	00	Siglufjarðarvegur við Narfastaði	Ekið á tvær kindur	
9	30.10.	38	Sauðárkróksbraut við Reynistað	Ekið á nautgrip	
10	3.11.	00	Sauðárkróksbraut við Gil	Ekið á hest	
11	5.11.	00	Sauðárkróksbraut við Ármúla	Ekið á kind	
12	7.11.	39	Norðurlandsvegur vestan Víðimýrarsels	Ekið á tvær kindur	

Fjöldi gripa sem varð fyrir bifreiðum 1992:

Kindur	11
Hross	5
Nautgripir	1
Samtals	16

Fjöldi kvartana vegna lausagöngu búfjár 1991.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrahr.		1	2		1	2		2	4	2	4	2	20
Fljótahr.		2											2
Hofshr.	2												2
Hólahr.													0
Lýtingssthr.		2					1				1	1	5
Rípurhr.		1				2			1				4
Sauðárkr.		6	3			2		1	3			1	16
Seyluhr.	4	2	9	2		1	1	1	2	2	1	7	32
Skarðshr.	2				1		4					3	10
Skefilssthr.													0
Staðarhr.	2	1				3	5	2	2		5	1	21
Viðvíkurhr.		1		2	2	1		1		1	4	2	14
Samtals	10	16	14	4	4	11	11	7	12	5	15	17	126

Búfé fyrir bifreiðum 1991.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrahr.										1			1
Fljótahr.													
Hofshr.						1	1			1			3
Hólahr.													
Lýtingsstaðahr.													
Rípurhr.						1							1
Sauðárkr.													
Seyluhr.	1	1	1					2	1	1		1	8
Skarðshr.		1							1				2
Skefilsstaðahr.													
Staðarhr.											1		1
Viðvíkurhr.													
Samtals	1	2	1	0	0	2	1	2	2	3	1	1	16

Nr.	Skýrsla nr.	Uppgefinn hraði	Aksturseiginleikar o.fl.				
01	02	30–40	bundið slitlag	myrkur	skýjað	ísing	
02	08	90–100	bundið slitlag	myrkur	skýjað	þurrt	
03	09	80	bundið slitlag	myrkur	þoka	ísing	
04	11	70–80	bundið slitlag	myrkur	skýjað	þurrt	ók á eftir bifreið
05	553	50–60	malarvegur	rökkur	gott veður		
06	42	90	bundið slitlag	myrkur	skýjað	þurrt	mæting
07	45	100	bundið slitlag	myrkur	skýjað	þurrt	
08	47	75–80	bundið slitlag	myrkur	léttskýjað	hálka	
09	50	60	bundið slitlag	myrkur	skýjað	hálka	mæting

Ekið á skepnur í Skagafjarðarsýslu 1991.

Nr.	Dags.	Nr.	Staður	Lýsing óhapps	Meiðsli
1	9.1.	02	Sauðárkróksbraut við Grófargil	Ekið á hest	
2	6.2.	08	Norðurlandsvegur um Vallhólma	Ekið á hest	Ökumaður
3	14.2.	09	Sauðárkróksbraut við Kimbastaði	Ekið á tvö hross	Farþegi
4	5.3.	11	Norðurlandsvegur rétt vestan Valadalsár	Ekið á tvö hross	
5	18.6.	00	Sauðárkróksbraut í Hegranesi	Ekið á kind og af vettvangi	
6	28.6.	00	Siglufjarðarvegur, móts við Fell	Ekið á kind og tvö lömb	
7	14.7.	00	Siglufjarðarvegur, móts við Fell	Ekið á lamb og af vettvangi	
8	24.8.	00	Norðurlandsvegur um Vatnsskarð	Ekið á folald og af vettvangi	
9	31.8.	461	Norðurlandsvegur um Vatnsskarð	Ekið á folald	
10	14.9.	553	Skagavegur, brú yfir Gönguskarðsá	Ekið á tvö hross	
11	25.9.	00	Sauðárkróksbraut við Seylu	Ekið á hest	
12	11.10.	42	Norðurlandsvegur um Vatnsskarð	Ekið á hest	
13	25.10.	00	Siglufjarðarvegur, móts við Fell	Ekið á lamb og af vettvangi	
14	27.10.	45	Norðurlandsvegur við Silfrastaði	Ekið á hest	
15	17.11.	47	Sauðárkróksbraut við Hafsteinsstaði	Ekið á þrjú hross	
16	12.12.	50	Norðurlandsvegur við Vatnshlíð	Ekið á þrjú hross	

Samantekt: 19 hross í 12 tilvikum
6 kindur í 4 tilvikum

Fjöldi kvartana vegna lausagöngu búfjár 1990.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrahr.	1	1	1		2	1	1	2				1	10
Fljótahr.	1						1						2
Hofshr.		2	3		1			1					7
Hólahr.			2										2
Lýtingssthr.									1		1		2
Rípurhr.					1		1	2	4	4			12
Sauðárkr.	1	4	2	3	2	1	2				1		16
Seyluhr.	4	3	1	4	1		1		1	1	3		19
Skarðshr.	3	3				2				2			11
Skefilsthr.									1				1
Staðarhr.		3	3	2	5		1		1		2		17
Viðvíkurhr.	2	3	2	1	1					4	1	1	15
Samtals	12	19	14	10	13	4	7	5	8	11	9	2	114

Búfé fyrir bifreiðum 1990.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrahr.						1			2				3
Fljótahr.													
Hofshr.		1				1							2
Hólahr.													
Lýtingssthr.													
Rípurhr.													
Sauðárkr.													
Seyluhr.									1				1
Skarðshr.	1							1					2
Skefilsthr.													
Staðarhr.	1	1	1							1		1	5
Viðvíkurhr.										1			1
Samtals	2	2	1	0	0	2	0	1	3	2	0	1	14

Nr.	Uppgefinn hraði	
10	60–70 km	myrkur
14	70–80 km	myrkur
34	50 km	dagsbirta
59	70–80 km	myrkur
64	50 km	myrkur
72	60 km	myrkur

Ekið á skepnur í Skagafjarðarsýslu 1990.

Nr.	Dags.	Nr.	Staður	Lýsing óhapps
1	15.1.	00	Reykjaströnd, mót við bæinn Stein	Hestur fyrir bifreið
2	25.1.	10	Sauðárkróksbraut við Gígjarhól	Hestur fyrir vöruflutningabifreið
3	4.2.	00	Siglufjarðarvegur við Ósland	Hestur fyrir jeppabifreið
4	16.2.	14	Sauðárkróksbraut við Litlu-Gröf	Hestur fyrir jeppabifreið
5	18.3.	00	Sauðárkróksbraut við Reynistað	Hestur fyrir jeppabifreið
6	8.6.	217	Siglufjarðarvegur við Grafargerði	Tvö lömb fyrir bifreið
7	28.6.	34	Norðurlandsvegur við Grjótá á Öxnadalsheiði	Kind fyrir bifreið
8	3.8.	00	Skagavegur við Veðramót, Skarðshreppi	Tvö lömb fyrir bifreið
9	2.9.	00	Norðurlandsvegur á Öxnadalsheiði (Grjótá)	Hestur fyrir bifreið
10	12.9.	59	Norðurlandsvegur norðan Dalsár í Akrahr.	Fjögur hross fyrir jeppabifreið
11	25.9.	61	Norðurlandsvegur við Vatnshlíð	Hestur fyrir bifreið
12	8.10.	64	Siglufjarðarvegur við Kýrholt	Hestur fyrir bifreið
13	9.10.	65	Sauðárkróksbraut við Holtsmúla	Tvær kindur fyrir bifreið
14	28.12.	72	Sauðárkróksbraut við Út-Vík	Hestur fyrir bifreið

Samantekt: 13 hross í 10 ákeyrslum
7 kindur í 4 ákeyrslum
Engin slys á fólki

Með frumvarpinu voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

III. Samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald og bann eða takmörkun á lausagöngu búfjár (samantekt 27. janúar 1998).

IV. Skýrsla nefndar um búfé á vegsvæðum (desember 1989).

737. Fyrirspurn [416. mál]

til fjármálaráðherra um fjármagnstekjuskatt.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve miklar tekjur skiluðu sér í ríkissjóð af fjármagnstekjuskatti á sl. ári, skipt eftir fjármálastofnunum?
2. Er hægt að fá fram upplýsingar um skiptingu fjármagnstekjuskattsins eftir eigna- og tekjustöðu og aldri greiðenda og ef svo er hvernig var skiptingin? Ef svo er ekki, telur ráðherra rétt að hægt væri að kalla fram slíkar upplýsingar og ef ekki, hver er skýringin á því?
3. Telur ráðherra að komið hafi fram einhverjir gallar á framkvæmd laganna, svo sem vegna nauðsynlegs eftirlits eða sanngirni í álagningu skattsins, sem kalla á breytingu?

738. Fyrirspurn [417. mál]

til dómsmálaráðherra um störf tölvunefndar.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Stendur til að efla tölvunefnd og bæta aðstöðu hennar í ljósi stóraukinna verkefna sem tengjast persónuvernd og hafa fallið á nefndina á undanförnum árum?

739. Fyrirspurn [418. mál]

til utanríkisráðherra um viðskiptabann gegn Írak.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hefur núverandi ríkisstjórn einhvern tíma gert formlega samþykkt um viðskiptabannið gegn Írak og ef svo er, hvenær var hún gerð og hvert var efni hennar?
2. Eru ráðherra ljósar afleiðingar viðskiptabannsins gegn Írak sem af ábyrgum hlutlausum aðilum hefur verið lýst svo að jaðri við þjóðarmorð?
3. Hvert er álit ráðherra á þeirri staðhæfingu að viðskiptabannið gegn Írak og afleiðingar þess hafi brotið gegn Genfarsáttmálanum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi?
4. Telur ráðherra að írakska þjóðin hafi gefið Íslendingum tilefni til að taka þátt í árásum á grundvallarmannréttindi Íraka?

740. Fyrirspurn [419. mál]

til samgönguráðherra um sérleyfi til fólksflutninga.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Er það mat ráðherra að sérleyfi einstakra aðila til reglubundinna fólksflutninga sé eðlileg umgjörð samgöngumála?
2. Hver var ástæða þess að ráðherra ákvað á síðasta ári að framlengja um önnur fimm ár sérleyfi til fólksflutninga með langferðabifreiðum?
3. Hverjir eru með sérleyfi til fólksflutninga og á hvaða svæðum?
4. Þegar ráðherra ákvað á sl. ári að framlengja sérleyfi þeirra sem haft hafa leyfi til reglubundinna fólksflutninga um fimm ár voru þá sérleyfi allra sem það höfðu fyrir framlengd?
5. Aflar ráðherra upplýsinga um vilja sveitarstjórna og neytenda áður en sérleyfi á tilteknum leiðum eru endurnýjuð?

Skriflegt svar óskast.

741. Fyrirspurn [420. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þátttöku í sjávarútvegsverkefnum erlendis.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Í hve miklum mæli hefur stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins lagt fram hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum til að taka þátt í verkefnum erlendis, sbr. lög nr. 92/1994, bráðabirgðaákvæði IV?
2. Í hvaða formi hefur það hlutafé verið lagt fram, hvaða fyrirtæki er um að ræða, í hvaða löndum starfa þau eða hafa starfað og hefur þessi stuðningur verið auglýstur þannig að fyrirtæki gætu keppt um hann?
3. Hvaða annar opinber stuðningur hefur staðið þeim fyrirtækjum til boða sem farið hafa í sjávarútvegsverkefni erlendis? Hefur sá stuðningur verið auglýstur?
4. Telur sjávarútvegsráðherra að um fullnægjandi stuðning sé að ræða eða telur hann að fyrirtækin þurfi frekari hvatningar við? Ef svo er, í hvaða formi gæti sá stuðningur verið?

Skriflegt svar óskast.

742. Svar [231. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um búsetumál fatlaðra.

Með lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, voru verkefni svæðisstjórna í málefnum fatlaðra greind í tvennt, annars vegar eftirlit, samræmingu og réttindagæslu fatlaðra sem svæðisráð málefna fatlaðra annast og hins vegar framkvæmd þjónustu og rekstur sem svæðisskrifstofur málefna fatlaðra annast. Í þeim svörum sem hér fara á eftir er vísað til svæðisskrifstofa málefna fatlaðra þar sem efni fyrirspurnarinnar tekur til starfsemi þeirra, en leitað var til þeirra um svör við fyrirspurninni. Allar fjárhæðir eru á verðlagi ársins 1997.

1. *Hversu margir fatlaðir einstaklingar fengu húsnæði á vegum svæðisstjórna um málefni fatlaðra á árinu 1996 og samkvæmt áætlun fyrir árið 1997, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	1996	1997
Reykjavík	6	5
Reykjanesi	7	6
Vesturlandi		2
Vestfjörðum		1
Norðurlandi vestra	4	1
Austurlandi	6	3
Suðurlandi	3	2

2. *Hversu margir fatlaðir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	Biðlisti 31. desember 1997	Ný úrræði 1998
Reykjavík	170	17
Reykjanesi	137	17
Vesturlandi	17	5
Vestfjörðum	8	
Norðurlandi vestra	17	7
Austurlandi	3	
Suðurlandi	10	

Af þeim 170 einstaklingum sem eru á biðlista hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík nýtur um það bil þriðjungur skammtímavistunar og dagþjónustu og 15 búa á öðrum stofnunum, t.d. geðsjúkrahúsum.

Af þeim 137 einstaklingum sem eru á biðlista hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi nýtur 61 einstaklingur þjónustu skammtímavistunar og/eða dagþjónustu og 30 búa á stofnunum eða sjúkrahúsum.

Í fjárlögum ársins 1998 er fjármagn til að reka fjögur ný sambýli og dreifast þau þannig að tvö verða á Reykjanesi, eitt á Vesturlandi og eitt á Norðurlandi vestra. Þá munu þrjú sambýli verða opnuð í Reykjavík í sumar og heimili fyrir börn á Reykjanesi næsta haust, en fjármagn til heimilanna fékkst í fjárlögum 1997. Samtals munu búa 46 einstaklingar á þessum heimilum.

3. *Hver má ætla að kostnaðurinn við að leysa húsnæðisvanda þessa hóps verði, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?*

Á biðlistum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra voru 362 einstaklingar í árslok 1997. Með þeim átta nýju heimilum sem til verða á þessu ári mun fækka á þeim um 46 nöfn. Að teknu tilliti til þess má áætla að það þurfi 490–500 millj. kr. rekstrarfjárveitingu til að leysa húsnæðisvanda þeirra 316 einstaklinga sem þá eru á biðlistum á árinu 1998. Áætluð skipting fjárhæðarinnar er eftirfarandi:

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	Millj. kr.
Reykjavík	227
Reykjanesi	198
Vesturlandi	13
Vestfjörðum	7
Norðurlandi vestra	19
Austurlandi	7
Suðurlandi	20

Gera má ráð fyrir að reisa þurfi sambýli fyrir 55% þess hóps sem er á biðlistunum, eða 170–180 einstaklinga, en 45%, eða um 140 einstaklingar, muni geta nýtt sér félagslegar eða verndaðar íbúðir. Stofnkostnaður þessa húsnæðis er áætlaður 1.200–1.400 millj. kr. og er þá miðað við að jöfnum höndum verði um kaup og nýbyggingar að ræða á húsnæði fyrir sambýli og að Framkvæmdasjóður fatlaðra leggi til 10% framlag framkvæmdaraðila vegna bygginga og kaupa félagslegra íbúða.

4. *Hversu margir fatlaðir einstaklingar voru í dagvistun á árinu 1996 og samkvæmt áætlun fyrir árið 1997, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	Fjöldi 1996	1997
Reykjavík	203	212
Reykjanesi	43	42
Vesturlandi	8	8
Vestfjörðum	10	9
Norðurlandi vestra	30	39
Austurlandi	14	13

Á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi er ekki rekin sérstök dagvistarstofnun. Verndaðir vinnustaðir eru á Selfossi og í Vestmannaeyjum og eru einstaklingar í dagvistun á þeim stöðum.

5. *Hversu margir fatlaðir einstaklingar eru á biðlistum eftir dagvistun, skipt á umdæmi svæðisstjórna?*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	Fjöldi
Reykjavík	47
Reykjanesi	63
Vesturlandi	3
Vestfjörðum	3
Austurlandi	3

6. *Hver er heildarkostnaður af rekstri dagvistunar fyrir fatlaða einstaklinga árið 1996 og samkvæmt áætlun fyrir árið 1997, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	1996 millj. kr.	1997 millj. kr.
Reykjavík	172	182
Reykjanesi	25	28
Vesturlandi	6	7
Vestfjörðum	7	8
Norðurlandi vestra	10	15
Austurlandi	4	5

7. *Hver má ætla að heildarkostnaður yrði ef þörfinni fyrir dagvistun fatlaðra einstaklinga yrði mætt að fullu, skipt eftir umdæmum svæðisstjórna?*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	Millj. kr.
Reykjavík	36
Reykjanesi	48
Vesturlandi	3
Vestfjörðum	3
Austurlandi	2

Í töflunni er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður til að leysa þörf fyrir dagvistun þeirra einstaklinga sem eru á biðlistum hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Í fjárlögum ársins 1998 eru 15 millj. kr. ætlaðar til að efla dagþjónustu í Reykjavík.

Gera má ráð fyrir að koma þurfi á fót fjórum nýjum dagvistarstofnunum til að tæma biðlistana og er stofnkostnaður þess húsnæðis áætlaður 220–240 millj. kr.

8. *Hversu margir fatlaðir einstaklingar stunda vinnu á vinnustöðum í umsjón svæðisstjórna, skipt eftir umdæmum?*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	Fjöldi
Reykjanesi	53
Vesturlandi	22
Vestfjörðum	3
Norðurlandi vestra	13
Austurlandi	10
Suðurlandi	43

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík rekur ekki verndaðan vinnustað. Á hinn bóginn sækja um 150 fatlaðir einstaklingar vinnu á verndaða vinnustaði sem reknir eru á vegum félaga fatlaðra, svo sem Blindrafélagsins, Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, Styrktarfélags vangefinna og Öryrkjabandalags Íslands.

9. *Hversu margir fatlaðir einstaklingar eru á biðlistum eftir vinnu, skipt á umdæmi svæðisstjórna?*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra	Fjöldi
Reykjavík	107
Reykjanesi	46
Vesturlandi	5
Vestfjörðum	3
Norðurlandi vestra	4
Austurlandi	3
Suðurlandi	4

743. Frumvarp til laga [421. mál]

um breytingar á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Einarsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

1. mgr. 81. gr. laganna orðast svo:

Hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{10}$ hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

2. gr.

Við 2. mgr. 108. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Dómstóll getur að kröfu tjónþola og ef sérstök ástæða er til með hliðsjón af saknæmri hegðun tjónvalds og aðstæðum að öðru leyti skyldað hann til að innleysa hlut tjónþola í félaginu. Við ákvörðun innlausnarverðs skal litið til fjárhagslegrar stöðu félagsins og þess hvað sanngjarnt getur talist með hliðsjón af öllum atvikum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, voru sett að danskri fyrirmynd. Tiltölulega skömmu eftir að lögin öðluðust gildi breyttu Danir sínum lögum. Var sú leið farin í þar í landi að auka frelsi hluthafa til að semja sín á milli. Aðstaðan þar er því sú að hluthafar geta í auknum mæli byggt á öðrum réttarheimildum í lögskiptum sín á milli en lögunum um einkahlutafélög, t.d. reglum samningaréttar eða skaðabótaréttar, svo framarlega sem lögin um einkahlutafélög mæla ekki á annan veg.

Lög um einkahlutafélög hafa að geyma ýmis úrræði sem hluthafar geta byggt rétt sinn á. Í slíkum tilvikum kann að vera vafi á hvort úrræði séu talin tæmandi eða hvort hægt sé að beita öðrum réttarreglum, skráðum eða óskráðum. Ef úrræði hluthafa eru talin tæmandi í þeim tilvikum sem lögin taka afstöðu til verður að vanda sérstaklega til lagasetningarinnar. Þessari lagabreytingu er ætlað að sníða af annmarka laganna er varða úrræði sem minni hluti hluthafa hefur við tilteknar aðstæður og er á tæmandi hátt lýst í núgildandi lögum.

Breytingarnar sem lagðar eru til byggjast að mestu á þeim reglum er giltu í dönskum rétti fram til 1. júní 1996. Flutningsmönnum þykir ekki tímabært að feta strax í fótspor Dana og auka samningafrelsi milli hluthafa, nema að fenginni reynslu af einkahlutafélagaforminu, en þá mun væntanlega þurfa að koma til allsherjarendurskoðunar á lögunum.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 81. gr. núgildandi laga um einkahlutafélög þarf krafa um slit á félagi að koma frá hluthöfum er ráða yfir a.m.k. ⅕ hlutafjár. Hér er lagt til að breytt verði hve miklu hlutafé hluthafar þurfi að ráða yfir til að heimilt sé að krefjast slita. Breytingunni er í engu ætlað að hafa áhrif á þau ströngu skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi að öðru leyti til þess að krafan nái fram að ganga.

Tilgangur 81. gr. núgildandi laga er að tryggja minnihlutavernd, einkum þegar hluthöfum standa engin önnur virk úrræði til boða samkvæmt lögunum. Minnihlutaverndinni er ætlað að koma á eðlilegu jafnvægi milli hagsmuna meiri hluta og minni hluta, og getur þannig m.a. stuðlað að aukinni eftispurn eftir hlutafé, óháð hlutfalli þess af heildarhlutafé félags. Telja verður að sjónarmið um minnihlutavernd eigi sérstaklega rétt á sér í löggjöf um einkahlutafélög, þar sem oft er um að ræða fáa hluthafa og því frekar hætta á að meirihlutavaldi, sem oft er í hendi eins hluthafa, sé misbeitt. Þrátt fyrir að lögin um einkahlutafélög nefni minnihlutavernd ekki sérstaklega er augljóst að víða er byggt á henni, sbr. t.d. 18. gr., 60. gr., 69. gr., 70. gr. og 2. mgr. 76. gr.

Í tengslum við 81. gr. núgildandi laga er rétt að hafa hliðsjón af 18. gr., sem byggist á sjónarmiðum um minnihlutavernd, en samkvæmt henni getur hver einstakur í minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafa sem á meira en $^{9}/_{10}$ hlutafjár og fer með samsvarandi magn atkvæða. Lagagreinarnar eiga það sammerkt að hluthafi getur losnað úr félagi, þó við mismunandi aðstæður, auk þess sem þær byggjast á áðurnefndum sjónarmiðum um minnihlutavernd. Er af þessum sökum nauðsynlegt að líta til efnis 18. gr. við breytingu á 81. gr.

Það vekur athygli við samanburð á 18. og 81. gr. að við tiltekna hlutafjáreign getur hluthafi hvorki krafist innlausnar né slita á félagi, þrátt fyrir að vera í minni hluta. Sem dæmi má nefna mann sem á 17% í einkahlutafélagi og kemst að því að annar hluthafi hefur af ásettu ráði misnotað aðstöðu sína í félaginu. Vegna þessa vill hann selja hlut sinn. Aðrir hluthafar vilja ekki kaupa hlut hans né neinn utanaðkomandi. Eina úrræðið, sem honum er tækt í þessu tilviki sam-

kvæmt núgildandi lögum, er málshöfðun á grundvelli 2. mgr. 108. gr., þ.e. skaðabótamál gegn þeim er misnotaði aðstöðu sína. Slík málshöfðun kann þó að vera óheppileg, m.a. vegna þess að áframhaldandi samstarf innan félagsins getur reynst erfitt. Hluthafa gæti einnig reynst erfitt að sanna tjón sitt. Þá má jafnframt gera því skóna að félagið yrði enn síður álitlegur kostur fyrir fjárfesta og jafnvel viðskiptavini (viðskiptavild tapast), enda ekki tilhlökkunarefni að skipta við félag þar sem eigendur eiga í deilum sín á milli. Þetta á sérstaklega við um smærri fyrirtæki þar sem hluthafar eru oft í stjórn og sjá um daglegan rekstur þeirra. Með hliðsjón af þessu er tilefni til að ætla að skaðabótamál leysi ekki allan vanda og geti í raun gert samstarfið milli hluthafa enn erfiðara. Hluthafar í þessari stöðu þurfa því raunhæft úrræði, eins og þeir sem 81. gr. núgildandi laga tekur til.

Þrátt fyrir að lögin um einkahlutafélög hafi að mestu verið samin að danskri fyrirmynd var önnur leið valin hér en í Danmörku á sínum tíma að því er 81. gr. varðar, en þar gátu hluthafar sem áttu 1/10 hlutafjár eða meira krafist slita við sambærilegar aðstæður og lýst er í 1. mgr. 81. gr. íslensku laganna. Á þennan hátt myndaðist ekki gat í minnihlutaverndina ef svo má að orði komast.

Í raun má segja að 1. mgr. 81. gr. núgildandi laga sé ekki í fullkomnu samræmi við sjónarmið um minnihlutavernd, þrátt fyrir að slíkt hafi verið tilgangurinn með lögfestingu hennar, þar sem tiltekinn hópur hluthafa ber skarðan hlut frá borði, þ.e. þeir sem ekki geta nýtt úrræði skv. 18. gr. eða 1. mgr. 81. gr. laganna. Ekki verður heldur séð hvaða rök eru fyrir því að mynda þess háttar gat í minnihlutaverndina og slíkt samræmist illa almennri jafnræðisreglu.

Hér er því lagt til að 1. mgr. 81. gr. verði breytt á þann hátt að krafa um slit geti náð fram að ganga að kröfu hluthafa sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjár að öðrum skilyrðum uppfylltum. Hagsmunir meiri hluta hluthafa eru eftir sem áður tryggðir í 2. mgr. 81. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum getur hluthafi, sem af ásettu ráði eða með stórfelldu gáleysi veldur öðrum hluthafa tjóni, orðið skaðabótaskyldur. Hér er lagt til að dómari geti að auki, við tilteknar aðstæður og samkvæmt kröfu tjónþola (hluthafa), dæmt tjónvald (hluthafa) til innlausnar á hlutum tjónþolans. Algjört skilyrði er að hluthafi hafi valdið tjóninu með saknæmum hætti og er þá átt við ásetning eða stórfellt gáleysi, sbr. 2. mgr. 108. gr. gildandi laga.

Þessari breytingu er eingöngu ætlað að taka til þeirra tilvika þegar hluthafi er tjónvaldur, en ekki þeirra aðila sem nefndir eru í 1. mgr. 108. gr. núgildandi laga. Rökin fyrir þessu eru þau að síðarnefndu aðilunum er hægt að víkja úr starfi og komast þannig hjá frekari erfiðleikum sem kynnu að fylgja að loknum málaferlum.

Ef aðilar eru ekki sammála um hugsanlegt innlausnarverð geta þeir leitað hefðbundinna úrræða samkvæmt lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, eða ákvæðum í lögum um einkahlutafélaög. Slíkt ætti ekki að þurfa að leiða til aukins kostnaðar málsaðila, nema þá að litlu leyti þar sem líklegt er að grípa þurfi til sömu úrræða við sönnunarfærslu á tjóni og við innlausn á hlutum.

Við mat á því hvort skilyrði greinarinnar séu fyrir hendi verður m.a. að líta til eignarhlutar aðila, möguleika á áframhaldandi samstarfi og saknæmrar háttsemi tjónvalds, t.d. hvort um einstakt tilvik sé að ræða.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins og 81. gr. núgildandi laga hafa að geyma ákveðna samsvörun. Þó er sá munur á að annars vegar getur félagið krafist innlausnar og orðið eigandi hlutar og hins vegar getur sá hluthafi sem fyrir tjóni verður krafist þess að tjónvaldur innleysi hlut hans. Þá er rétt að benda á að stórfellt gáleysi er nægjanlegt skilyrði skv. 2. gr. frumvarpsins en ásetning þarf skv. 81. gr. (1. gr. frumvarpsins).

Ljóst er að innlausn við þær aðstæður sem um getur í greininni er ótvíræð réttarbót og raunhæft úrræði, enda til þess fallin að leysa menn frá samstarfi sem er komið í óefni og er e.t.v. andstætt vilja þeirra.

Frumvarpið sækir fyrirmynd sína í danskan rétt en reglan um skaðabótaábyrgð hluthafa var á sínum tíma sett í lög um einkahlutafélög að danskri fyrirmynd.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

744. Svar [382. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið leitaði umsagnar Háskóla Íslands og eftirfarandi upplýsingar bárust frá framkvæmdastjóra kennslusviðs HÍ.

1. Hvaða deildir Háskóla Íslands beita fjöldatakmörkunum (numerus clausus)?

Fjöldatakmörkun er beitt í tannlæknadeild og læknadeild, þ.e. í læknisfræði, námsbraut í hjúkrunarfræði, námsbraut í sjúkraþjálfun og lyfjafræði. Einnig er beitt fjöldatakmörkunum í námi í ljósmóðurfræði í hjúkrunarfræði (18 mánaða nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði) og í viðbótarnám í félagsvísindadeild (eins árs nám að loknu BA-, BS- eða BEd-prófi) í hagnýtri fjölmiðlun, námsráðgjöf, félagsráðgjöf og kennslufræði til kennsluréttinda.

2. Hvernig er framkvæmd háttað?

Í læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, lyfjafræði og tannlæknisfræði fara fram samkeppnispróf í desember að lokinni kennslu haustmissiris. Öllum sem hafa stúdentspróf er heimilt að skrá sig til námsins og þreyta samkeppnisprófin. Í lyfjafræði er þó gerð sú krafa við skrásetningu að nemendur verða að hafa lokið stúdentsprófi af stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðibrautum framhalds- eða menntaskóla. Samkeppnisprófin eru með svipuðu sniði í hverri fræðigrein (námsbraut), en prófgreinar og vægi einstakra greina í heildareinkunn eru eðli máls samkvæmt nokkuð mismunandi. Yfirleitt er prófað í 4–5 greinum, svo sem líffæra- og lífeðlisfræði, efnafræði, eðlisfræði, sálarfræði og félagsfræði. Nemendur verða að taka öll prófin á sama missiri og valið fer fram og ekki er unnt að fá eldri próf viðurkennd. Þeim sem ná prófum í öllum greinum haustmissiris fyrsta árs er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Sá fjöldi sem ákveðinn hefur verið í hverri fræðigrein fær að halda áfram námi á öðru missiri (vormissiri) fyrsta árs. Verði tveir eða fleiri jafnir í síðasta sæti fá báðir eða allir að halda áfram námi. Ef sá fjöldi sem fjöldatakmörkun miðast við nær ekki lágmarkseinkunn eru haldin endurtekningarpróf, ýmist í janúar eða ágúst. Þeir sem ekki ná að komast áfram geta reynt aftur að ári (í desember). Engin takmörk eru á því hversu oft þeir mega reyna.

Í ljósmóðurnámi í námsbraut í hjúkrunarfræði er inntökuskilyrði BS-próf í hjúkrunarfræði. Sérstök nefnd velur úr umsóknum eftir ákveðnum reglum.

Í viðbótarnámi í félagsvísindadeild er inntökuskilyrði baccalaureus-próf eða hliðstætt próf, auk starfsreynslu í sumum tilvikum. Nefnd í hverri fræðigrein velur úr umsóknum eftir ákveðnum reglum.

3. Hversu margir eru teknir inn í viðkomandi námsbrautir?

Í læknisfræði eru teknir inn 36, hjúkrunarfræði 60, sjúkraþjálfun 18, lyfjafræði 12 og í tannlæknadeild 6. Í ljósmóðurnám (að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði) eru teknir 8. Í viðbótarnám í félagsvísindadeild (að loknu BA-námi) eru teknir inn 15 í hagnýta fjölmiðlun, í námsráðgjöf 12, félagsráðgjöf 15 og kennslufræði til kennsluréttinda 70 (50 í fullt nám til 30 eininga í eitt ár og 20 sem taka námið á tveimur árum).

4. Hversu margir þreyta að jafnaði „síupróf" við þær?

5. Hversu margir þeirra sem ná í gegn hafa þreytt þau áður, og hversu oft?

Samkeppnispróf í læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, lyfjafræði og tannlæknisfræði fara fram í desember ár hvert, sem fyrr greinir. Fjöldi þeirra sem þreytt hafa prófin haustin 1991–96 kemur fram á meðfylgjandi yfirliti (í lyfjafræði var fjöldatakmörkun tekin upp að nýju síðasta haust, áður (um nokkurra ára skeið) var aðgangur öllum opinn sem höfðu stúdentspróf af stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðibrautum framhalds- eða menntaskóla, án frekari takmarkana).

Yfirlit yfir fjölda þeirra sem þreyttu samkeppnispróf í heilbrigðisgreinum við Háskóla Íslands 1991–96.

Læknisfræði.

	1**		2		3		4		5		
Ár	S*	F	S	F	S	F	S	F	S	F	Fjöldatakmarkanir
1991	95	86									36
1992	52	59	56	11							36
1993	31	73	33	10	12	2					30
1994	40	54	43	9	13	3	2	1			30
1995	37	67	36	9	17	4	0	1	1	0	30
1996	25	54	36	15	9	1	4	2	0	0	30

Tannlæknadeild.

	1**		2		3		4		5		
Ár	S*	F	S	F	S	F	S	F	S	F	Fjöldatakmarkanir
1991	9	10									6
1992	5	12	5	1							6
1993	2	17	6	2	1	1					7
1994	3	3	4	2	2	0	0	0			6
1995	2	9	1	1	4	0	0	0	0	0	6
1996	0	5	3	1	0	0	0	0	0	0	6

* S: Stóðust próf (óháð fjöldatakmörkunum).
F: Féllu.

** Dálkar 1–5 standa fyrir í hvaða skipti prófið var þreytt. Þó er ferill stúdenta ekki rakinn lengra aftur en til 1991.

Sjúkraþjálfun.

	1**		2		3		4		5		
Ár	S*	F	S	F	S	F	S	F	S	F	Fjöldatak-markanir
1991	33	39									20
1992	16	37	9	10							21
1993	20	49	6	7	3	2					20
1994	24	39	24	9	2	1		1			20
1995	13	37	20	5	6	0					18
1996	19	18	9	1		1					18

Hjúkrunarfræði.

	1**		2		3		4		5		
Ár	S*	F	S	F	S	F	S	F	S	F	Fjöldatak-markanir
1994	52	91	13	14	0	1					60
1995	62	39	15	17	1	2					60

* S: Stóðust próf (óháð fjöldatakmörkunum).
F: Féllu.

** Dálkar 1–5 standa fyrir í hvaða skipti prófið var þreytt. Þó er ferill stúdenta ekki rakinn lengra aftur en til 1991.

745. Fyrirspurn [422. mál]

til dómsmálaráðherra um málefni Hanes-hjónanna.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Getur ráðherra upplýst hvert er erindi þeirra fulltrúa sem samkvæmt fréttum er von á frá bandaríska dómsmálaráðuneytinu viðvíkjandi máli Hanes-hjónanna og á hvern hátt það tengist þeim?
2. Geta íslensk stjórnvöld á einhvern hátt stuðlað að því að hjónin fái aftur vegabréf sín í ljósi þess að þau hafa ítrekað boðist til að mæta fyrir rétti í Bandaríkjunum án þess að fá nokkrar undirtektir?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þeim verði veitt landvist hér á landi til frambúðar af mannúðarástæðum jafnvel þótt þau hafi verið svipt vegabréfum sínum?

746. Fyrirspurn [423. mál]

til sjávarútvegsráðherra um túnfiskveiðar.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Er ástæða til frekari tilraunaveiða á túnfiski innan íslensku fiskveiðilögsögunnar? Ef svo er, hvers vegna?
2. Ef ekki verður um frekari tilraunaveiðar að ræða mun ráðherra þá beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum svo að hægt verði að heimila erlendum túnfiskveiðiskipum veiði innan landhelginnar?
3. Er samstarf við Færeyinga um gagnkvæmar veiðiheimildir á túnfiski innan fiskveiðilögsögu landanna til athugunar?

747. Fyrirspurn [424. mál]

til iðnaðarráðherra um húshitunarkostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar er ráðherra skipaði 23. nóvember 1995 til þess að vinna að því markmiði stjórnarsáttmálans að lækka húshitunarkostnað í landinu?
2. Hvert er markmiðið með störfum nefndarinnar og er að því stefnt að tillögur hennar feli í sér tiltekna lækkun orkukostnaðar á ári?
3. Eru á döfinni frekari aðgerðir til þess að vinna að því að lækka húshitunarkostnað á þeim svæðum þar sem hann er mestur nú?

748. Svar [336. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárfestingaráform í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Hvaða áhrif munu fyrirhuguð áform um tvöföldun fjárfestinga í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á næstu þremur árum hafa á helstu þjóðhagsstærðir, svo sem þenslu, lántökur, atvinnuástand, viðskiptahalla og verðbólgu? Er hætta á að þessi fjárfestingaráform tefli í tvísýnu stöðugleika í þjóðfélaginu?*

Ýmis áform eru nú uppi um fjárfestingar í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum. Hér er einkum um að ræða uppbyggingu á Smárahvammslandi í Kópavogi og stækkun Kringlunnar í Reykjavík. Rétt er að taka fram að hér er um áform einkaaðila að ræða og mikil samkeppni á þessu sviði hefur í för með sér að viðskiptaleynd er um þau. Upplýsingar eru því af skornum skammti um marga þætti þessara fjárfestinga. Af þeim sökum verður ekki komið við mati á þjóðhagslegum áhrifum þeirra á þessu stigi. Þannig liggur m.a. ekki fyrir hvernig fjármögnun verður og að hvaða leyti erlendir fjárfestar munu taka þátt. Lauslega má ætla að þessar fjárfestingar gætu numið um 5–7 milljörðum kr. yfir þriggja ára tímabil. Í eftirfarandi töflu er sýnd áætlun um þróun fjárfestingar í verslunarhúsnæði undanfarinn rúman áratug.

Fjárfesting í verslunarhúsnæði 1985–96.

	Millj. kr. á verðlagi ársins 1996	Hlutfall af heildarfjárfestingu, %	Magnvísitala fjárfestingar í verslunarhúsnæði 1990 = 100
1985	3.030	3,8	104,4
1986	3.306	4,2	114
1987	5.103	5,6	175,9
1988	3.805	4,1	131,2
1989	3.465	4	119,4
1990	2.900	3,4	100
1991	2.473	2,8	85,2
1992	2.452	3,2	84,5
1993	2.120	3	73,1
1994	1.890	2,7	65,1
1995	1.987	2,9	68,5
1996	2.350	2,8	81

Taflan sýnir að fjárfesting í verslunarhúsnæði hefur verið sögulega mjög lítil á undanförnum árum. Til samanburðar má benda á mikla fjárfestingu árið 1987, en þá var Kringlan byggð. Áform umræddra aðila um 5–7 milljarða kr. fjárfestingu yfir þriggja ára tímabil virðast í þessu samhengi ekki líkleg til að breyta þjóðhagsforsendum að neinu marki.

Þá verður að hafa í huga að fjárfesting í stóriðju og orkuverum mun nema samtals um 45–50 milljörðum kr. á árunum 1997–99, en þungi þeirra fellur til árin 1997 og 1998. Hins vegar er reiknað með að fjárfesting í verslunarhúsnæðinu verði einkum á næsta ári.

Áætlanir Þjóðhagsstofnunar um fjárfestingu einkaaðila á næstu árum gera ráð fyrir töluverðri aukningu þeirra, enda eru efnahagshorfur taldar góðar. Áformin sem hér eru gerð að umtalsefni ættu í aðalatriðum að rúmast innan þeirra forsendna sem langtímaáætlun stofnunarinnar byggist á, þótt ef til vill sé þar komið að efri mörkum.

Að öllu samanlögðu verður því trauðla haldið fram að umrædd fjárfesting tefli í tvísýnu stöðugleika í þjóðfélaginu. Slík fjárfesting er eðlilegur þáttur í vaxandi þjóðarbúskap og gera verður ráð fyrir að markviss hagstjórn geti tryggt stöðugleikann og jafnvægið, þótt framkvæmdir einkaaðila aukist verulega við hagstæð skilyrði.

2. *Hvaða áhrif mun svo mikil fjárfesting í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu hafa á samkeppnisstöðu verslunar til lengri tíma litið, sem og fjárfestingaráform opinberra aðila?*

Fjárfestar líta m.a. til þess að smásöluverslun hefur aukist mjög að undanförnu. Bættar samgöngur o.fl. hafa haft í för með sér að hlutur höfuðborgarsvæðisins í versluninni hefur vaxið umtalsvert og má gera ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram. Þau áform sem uppi eru byggja einnig á því að verslun flytjist í auknum mæli í verslunarmiðstöðvar og stórmarkaði. Áætlað er að rými í verslunarmiðstöðvum muni þannig tvöfaldast á þremur árum.

Ef þessar áætlanir ganga eftir mun verslun færast í enn ríkari mæli til höfuðborgarsvæðisins. Einnig verður að líta til þess að íslensk verslun hefur um nokkurt skeið verið í mikilli samkeppni við erlenda verslun, eins og tíðar innkaupaferðir til útlanda bera vitni um. Þá hafa aðilar í verslun og ferðaþjónustu einnig beitt sér nokkuð fyrir því að auglýsa verslunarferðir til

Íslands. Fjárfesting í verslunarmiðstöðvum er vafalítið til þess fallin að styrkja samkeppnisstöðu innlendrar verslunar.

Ekki eru bein tengsl milli fjárfestingaáforma opinberra aðila og einkaaðila. Hins vegar liggur í augum uppi að æskilegt er að hið opinbera hafi hóf á fjárfestingum sínum á sama tíma og mikil gróska er í atvinnuvegafjárfestingu. Þetta er mikilvægt út frá hagstjórnarsjónarmiðum.

3. *Er hætta á að hér myndist offjárfesting í einni atvinnugrein? Ef svo er, hvaða afleiðingar getur það haft?*

Engar forsendur eru til að kveða upp úr um hvort fjárfesting í einstökum atvinnugreinum sé of eða van. Hér er um fjárfestingu einkaaðila að ræða og verður að gera ráð fyrir því að þær hagkvæmisathuganir sem þeir hafa gert séu traustar.

4. *Hversu mikið verður verslunarrými á höfuðborgarsvæðinu á hvern íbúa í samanburði við verslunarrými annars staðar á Norðurlöndum ef þessum áformum verður hrundið í framkvæmd?*

Tölfræði um stærð verslunarrýmis á höfuðborgarsvæðinu er mjög ábótavant. Fasteignamat ríkisins tekur saman upplýsingar um verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Samkvæmt fasteignamatinu er heildarstærð slíks húsnæðis 1.232.668 m^2 á höfuðborgarsvæðinu. Hinn 1. desember sl. bjuggu alls 164.375 manns á þessu svæði og eru því 7,5 m^2 verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á hvern íbúa. Tekið skal fram að ekki eru til tölur um verslunarhúsnæðið eitt og sér. Þá þarf einnig að hafa í huga að verslunarsvæði höfuðborgarsvæðisins er vitaskuld mun stærra en nemur landfræðilegum mörkum þess.

Leitað var til ýmissa stofnana annars staðar á Norðurlöndum og óskað eftir upplýsingum um stærð verslunarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðum þeirra. Í ljós kom að tölfræði um verslunarhúsnæði er ekki til á Norðurlöndum nema að mjög litlu leyti og virðist vera um svipuð vandamál að ræða og hér á landi. Upplýsingar bárust frá Danmörku um flatarmál verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á Kaupmannahafnarsvæðinu í eigu einkaaðila. Samkvæmt þeim tölum voru tæpir 10 m^2 á hvern íbúa.

Með fyrirvörum um nákvæmni þessara talna benda þær ekki til að verslunarrými sé meira hér á landi á hvern íbúa en í öðrum löndum. Í þessu sambandi má einnig benda á að fjárfesting í atvinnuhúsnæði hefur verið tiltölulega lítil undanfarin ár. Þannig samsvaraði slík fjárfesting til dæmis 6,3% af landsframleiðslu árið 1995 en tilsvarandi tala fyrir OECD var 6,5%. Þegar litið er yfir langt tímabil er þetta hlutfall hins vegar að jafnaði mun hærra hér á landi en að meðaltali fyrir OECD.

749. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1996.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Nefndin leggur ríka áherslu á að ráðherra taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar og sjái til þess að ráðuneyti og stofnanir bregðist við þeim ítrekuðu ábendingum sem stofnunin hefur sett fram.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 3. febr. 1998.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Gísli S. Einarsson.
Árni Johnsen.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni M. Mathiesen.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Kristín Halldórsdóttir.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

750. Frumvarp til laga [425. mál]

um eignarhald á auðlindum í jörðu og gjald fyrir nýtingu þeirra.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi taka til auðlinda í landi, botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem unnin eru úr jörðu, hvort heldur í fljótandi, föstu eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

2. gr.

Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhitasvæði merkir í lögum þessum uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns í jörðu.

Háhitasvæði merkir í lögum þessum jarðhitasvæði þar sem jarðhiti með að minnsta kosti 200 gráðu hita á Celsíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Lághitasvæði merkir í lögum þessum jarðhitasvæði þar sem einungis jarðhiti með minna en 200 gráða hita á Celsíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagslofthita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

II. KAFLI
Jarðefni.

3. gr.

Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgir réttur yfir grjóti, möl, leir, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum, svo og mold, mó og surtarbrandi.

Hafi önnur jarðefni en getið er í 1. mgr. sannanlega verið hagnýtt innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti áður en lög þessi tóku gildi fylgir réttur yfir þeim landareigninni áfram. Gildir þetta jafnt hvort sem þau efni eru á yfirborði jarðar eða í jörðu.

Önnur jarðefni sem kunna að finnast á yfirborði lands eða í jörðu, þar á meðal málmar, málmblendingar, kol önnur en surtarbrandur, jarðolía og jarðgas, eru eign ríkisins nema það viðurkenni að réttur yfir þeim fylgi landareign, sbr. 30. gr.

4. gr.

Utan landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti tilheyra öll jarðefni ríkinu.

5. gr.

Leit að jarðefnum í eigu ríkisins, sbr. 3. mgr. 3. gr. og 4. gr., er háð leyfi ráðherra. Slík leyfi nefnast *leitarleyfi*. Ráðherra getur einnig haft frumkvæði að slíkri leit hvar sem er á landinu.

Rannsóknir á legu og magni jarðefna í eigu ríkisins sem fundist hafa eru einnig háðar leyfi ráðherra. Nefnast slík leyfi *rannsóknarleyfi*.

Ráðherra er heimilt að veita leyfi til nýtingar á þekktum jarðefnum í eigu ríkisins og nefnast slík leyfi *nýtingarleyfi*.

6. gr.

Í umsóknum um leitar-, rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Leita skal umsagnar umhverfisráðherra vegna leitar-, rannsóknar- og nýtingarleyfa og eftir atvikum Orkustofnunar áður en nýtingarleyfi eru veitt. Leitar-, rannsóknar- og nýtingarleyfi skulu sett í mat á umhverfisáhrifum sé um að ræða viðkvæm svæði eða þar sem röskun lands er óafturkallanleg, svo og í öðrum tilvikum þar sem við á, sbr. lög nr. 63/1993. Nýtingarleyfi fylgi skilyrði um að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 63/1993 eftir því sem við á.

III. KAFLI
Lághitasvæði.

7. gr.

Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgja ráð yfir lághitasvæðum innan marka hennar og réttur til að hagnýta þau. Það sama á við um hveri og náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands þótt landareign sé á háhitasvæði.

Landeiganda er heimilt að hagnýta lághita, svo og hveri og náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands, með þeim takmörkunum sem eru greindar í þessum lögum. Honum ber þó að tilkynna iðnaðarráðuneytinu um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þeirrar hagnýtingar.

8. gr.

Utan landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti ræður ríkið yfir jarðhita sem er fjallað um í 1. mgr. 7. gr. og fer með rétt til að hagnýta hann.

9. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki standa að hagnýtingu jarðhita sem hann ræður yfir, og er þá ábúanda heimilt að nýta hann í eigin þágu á sinn kostnað, enda verði ekki af því spjöll á öðrum landgæðum.

Ábúandi má ekki hefja aðgerðir til hagnýtingar á jarðhita fyrr en úttektarmenn hafa staðfest að spjöll verði ekki af þeim og hann hefur eftir atvikum tilkynnt um ráðagerðir sínar skv. 2. mgr. 7. gr.

Hafi ábúandi nýtt sér heimild skv. 1. mgr. er jarðeiganda ekki skylt við brottför hans að leysa til sín mannvirki sem hafa verið gerð til að hagnýta jarðhita í öðru skyni en til heimilis- og búsþarfa, nema samkomulag hafi orðið um annað milli jarðeiganda og ábúanda þegar framkvæmdir hófust eða síðar. Um mat á innlausnarverði skal fara samkvæmt ábúðarlögum.

IV. KAFLI
Háhitasvæði.

10. gr.

Orka háhitasvæða hvar sem er á landinu tilheyrir ríkinu, sbr. þó 1. mgr. 7. gr., 11. gr. og 30. gr. Iðnaðarráðherra fer með mál er varða nýtingu hennar og er óheimilt að nýta orku án sérstaks leyfis hans.

Mörk háhitasvæða skulu ákveðin með reglugerð á grundvelli niðurstaðna af rannsóknum Orkustofnunar. Orkustofnun skal gera ráðuneytinu grein fyrir því ef rannsóknir benda til þess að breyta þurfi mörkum háhitasvæða í reglugerðinni.

11. gr.

Sá sem borað hefur eftir háhita og byrjað hagnýtingu hans fyrir gildistöku laga þessara hefur rétt til þeirrar nýtingar áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Hann skal hafa forgangsrétt til leyfa skv. 12. og 13. gr. á því vinnslusvæði og vera undanþeginn greiðslu leyfisgjalda fyrir þau leyfi.

Með hagnýtingu er átt við að aðili hafi við gildistöku laga þessara hafið orkuvinnslu eða aðra nýtingu háhita eða varið verulegum fjármunum til undirbúnings slíkra ráðstafana að nýtingu. Við það er miðað að nýtingu hafi ekki verið endanlega hætt við gildistöku laganna.

V. KAFLI
Rannsókn og nýting jarðhita.

12. gr.

Rannsóknir á jarðhita, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum, hvar sem er á landinu eru háðar leyfi ráðherra, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Slík leyfi nefnast *jarðhitarannsóknarleyfi.*

13. gr.

Nýting jarðhita hvar sem er á landinu er háð leyfi ráðherra, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Slík leyfi nefnast *jarðhitaleyfi.*

Samþykki Alþingis þarf til veitingar jarðhitaleyfis ef vermi tekið úr jörðu á hverri sekúndu nemur meiru en 25 MW. Um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

Jarðhitaleyfi felur í sér heimild til handa leyfishafa að vinna háhita úr viðkomandi háhitasvæði á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega.

14. gr.

Í umsóknum um jarðhitaleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda til nýtingar jarðhitans. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðherra eða mats á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993, eftir því sem við á, svo og Orkustofnunar.

Áður en leyfi til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita í jörðum í ríkiseign eða í ríkisumsjón og öðru sérgreindu eignarlandi ríkisins er veitt skal leita umsagnar þess ráðuneytis er fer með málefni viðkomandi jarðar eða landareignar.

15. gr.

Með rétti til yfirráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir ekki réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og jarðgufu fylgja nema annað leiði af ákvæðum laga þessara eða eðli máls.

16. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til þess að hagnýta sama jarðhitasvæði þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er. Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu jarðhitans sem ekki fæst jafnaður skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast er að hagnýta jarðhitasvæðið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar jarðhitans.

17. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.

Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

18. gr.

Sveitarfélag sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara skal hafa forgangsrétt til leyfa skv. 12. og 13. gr. og vera undanþegið greiðslu leyfisgjalds.

Áður en leyfi er veitt til nýtingar jarðhita á afrétti eða almenningi skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem málið er talið varða og hefur sveitarfélagið að öðru jöfnu forgangsrétt á nýtingu jarðhitans til orkuvinnslu til almenningsþarfa í sveitarfélaginu.

VI. KAFLI
Grunnvatn.

19. gr.

Landareign hverri sem er háð einkaeignarrétti fylgja ráð yfir grunnvatni innan marka hennar og réttur til að hagnýta það.

Utan landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti ræður ríkið yfir grunnvatni og fer með rétt til að hagnýta það.

20. gr.

Ef landamerki tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting grunnvatns í landi þeirra verður ekki aðskilin og komi upp ágreiningur milli þeirra um nýtingu grunnvatnsins sem ekki

fæst jafnaður skal afla mats dómkvaddra manna um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta grunnvatnið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers rétthafa til nýtingar þess.

21. gr.

Vinnsla grunnvatns sem ekki er háð einkaeignarrétti er háð leyfi ráðherra. Nefnist slíkt leyfi *grunnvatnsleyfi.*

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð skilyrði sem uppfylla þarf í tengslum við nýtingu grunnvatns til útflutnings.

Áður en grunnvatnsleyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðherra eða mats á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993, eftir því sem við á, svo og Orkustofnunar.

22. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til grunnvatnsleyfis innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er af sveitarfélaginu og vera undanþegið greiðslu leyfisgjalds.

Áður en grunnvatnsleyfi er veitt á afrétti eða almenningi skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem málið er talið varða.

VII. KAFLI
Vernd og eftirlit með vinnslusvæðum o.fl.

23. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 21. gr. hefur verið veitt.

Kveðið skal á um eftirlit með rannsóknar- og vinnslusvæðum jarðefna í leyfum sem eru gefin út skv. 5. gr.

24. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti. Ekki má breyta farvegi þess vatns er rennur frá jarðhitasvæði nema talið sé nauðsynlegt til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum. Verði ágreiningur um þetta atriði skal afla mats dómkvaddra manna um það.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita eða grunnvatns skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

25. gr.

Við jarðboranir sem framkvæmdar eru á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum skal færa dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar skal ákveða í reglugerð. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er leyfishafa að jarðborunum skylt að tilkynna henni þegar í stað ef heitt vatn eða gufa kemur upp og eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til iðnaðarráðuneytisins.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja.

26. gr.

Aðilar sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi eða vatn en þörf er. Borunum skal hagað þannig að þær takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar.

Sömuleiðis skulu aðilar sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu færa dagbók með upplýsingum um vinnslu, m.a. um hversu mikið vatn eða gufa er tekið úr svæðinu, hitastig og þrýsting. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni.

27. gr.

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita leyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að landareign þeirri sem í hlut á. Ber landeiganda eða umráðamanni að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar rannsóknarinnar eða nýtingar auðlindarinnar.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki láðs og lagar. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

VIII. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

28. gr.

Nú veitir ráðherra öðrum en landeiganda leyfi skv. 5., 12. og 13. gr. til að leita að, rannsaka eða hagnýta auðlind í eigu eða undir yfirráðum ríkisins innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Valdi aðgerðir leyfishafa því að landeigandi geti ekki nýtt auðlindir sem fylgja landareign eða þær spillist á landeigandi einnig rétt til bóta vegna tjóns síns af því.

29. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem hefur fengið leyfi skv. 5., 12. eða 13. gr. til að leita að, rannsaka eða hagnýta auðlind í eigu eða undir yfirráðum ríkisins innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti að taka eignarnámi land, mannvirki og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo leyfið geti komið að notum.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja landareign sem er háð einkaeignarrétti, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja landareign sem er háð einkaeignarrétti, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

Ef eignarnám skv. 1.–3. mgr. á hluta af landareign hefur í för með sér verulega rýrnun hennar að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til hennar í heild sinni.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum að öðru leyti en því að um ákvörðun eignarnámsbóta gilda ákvæði 28. gr.

30. gr.

Telji landeigandi eða annar eignarréttindi sín skerðast vegna ákvæða 3., 4., 8. eða 19. gr. um eignarrétt eða yfirráðarétt ríkisins yfir auðlindum í jörðu skal hann tilkynna það ráðherra fyrir 1. janúar 1999. Í tilkynningu skal greint af nákvæmni frá þeim réttindum sem hlutaðeigandi telur skert og rökstutt á hvaða grunni hann byggir þau.

Nú berst ráðherra tilkynning skv. 1. mgr., og getur hann þá ákveðið að ríkið falli frá eignarrétti sínum að viðkomandi auðlindum og viðurkenni þar með réttindi landeiganda yfir þeim þannig að þær fylgi landareign upp frá því. Eins má fara að ef haldið hefur verið fram eignarrétti yfir auðlindum utan marka landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti. Yfirlýsingu ráðherra um slíka viðurkenningu á eignarrétti skal þinglýst og greiðast ekki gjöld í ríkissjóð af því.

Verði málið ekki ráðið til lykta skv. 2. mgr. skal ráðherra beina því til matsnefndar eignarnámsbóta sem metur eftir atvikum hvort og hversu háar bætur hlutaðeiganda beri vegna skerðingar á eignarrétti sínum. Skal farið með málið annars eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms að öðru leyti en því að um ákvörðun bóta gilda ákvæði 28. gr.

IX. KAFLI
Um gjaldtöku fyrir leyfisveitingar og auðlindanýtingu.

31. gr.

Í leyfum sem veitt eru samkvæmt lögum þessum skal greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds.

32. gr.

Ávallt skal greiða gjald fyrir leyfi sem veitt eru samkvæmt ákvæðum þessara laga, sbr. þó ákvæði 1. og 2. gr., 7. gr., 18. gr., 22. gr. og 30. gr.

Ráðherra ákveður gjald fyrir leitarleyfi og rannsóknarleyfi, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr. og 12. gr., og skal gjaldið við það miðað að það standi undir greiðslu alls kostnaðar sem af leit og/eða rannsókn hlýst, þar á meðal kostnaðar vegna umsýslu, eftirlits og jarðrasks.

Við ákvörðun leyfisgjalds fyrir nýtingarleyfi, sbr. 3. mgr. 5. gr., jarðhitaleyfi, sbr. 13. gr., eða grunnvatnsleyfi, sbr. 21. gr., skal taka tillit til hugsanlegs verðmætis þess sem unnið kann að verða og vinnslu- og dreifingarkostnað þess með þeim hætti að þjóðin öðlist sanngjarna hlutdeild í arði af nýtingu á auðlindum í jörðu í eigu ríkisins. Nánari ákvæði um þessa gjaldtöku skal setja í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Ráðherra er heimilt að bjóða út í einu lagi rannsóknar- og nýtingarleyfi skv. 5. gr. þar sem leit hefur leitt í ljós tilvist verðmætra jarðefna í eigu ríkisins. Á sama hátt er heimilt að bjóða út nýtingarleyfi skv. 5. gr. þar sem leit og rannsóknir hafa leitt í ljós tilvist verðmætra jarðefna í eigu ríkisins. Útboð skulu fara fram samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd útboða, nr. 65/1993.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

33. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg nema með leyfi ráðherra.

Ráðherra er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi fylgir ekki skilmálum laga þessara eða skilyrðum sem sett eru í leyfi hans.

34. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi námulög, nr. 24/1973, og III. og IV. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Meginefni frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að setja heildarlöggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu og um gjaldtöku fyrir réttindi til þess að rannsaka, leita að og nýta auðlindir í jörðu í sameign þjóðarinnar og eru þau ákvæði nýmæli. Þau ákvæði eru í samræmi við þá stefnu flutningsmanna að skilgreina eigi með lögum sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, eins og hér er gert, og taka eigi gjöld fyrir réttindi sem veitt eru einstaklingum eða félögum til þess að leita að, rannsaka en þó fyrst og fremst til þess að nýta slíkar sameiginlegar auðlindir. Samræmd gjaldtaka fyrir nýtingu auðlinda í sameign þjóðarinnar, eins og frumvarp þetta er hluti af, getur skilað umtalsverðum fjárhæðum og slík gjaldtaka hefur ekki heldur neikvæð áhrif á vinnuvilja eða sparnaðarviðleitni eins og núgildandi skattkerfi gerir í ríkum mæli. Flutningsmenn frumvarpsins vilja því að slík gjaldtaka fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda ásamt með gjaldtöku fyrir mengandi atvinnustarfsemi nýtist til þess að draga mjög verulega úr því rangláta skattkerfi sem einkennir nú tekjuöflun ríkisins, einkum og sér í lagi með lækkun á tekjusköttum einstaklinga. Í framtíðinni getur slíkt nýtt tekjuöflunarkerfi ríkisins sem byggist á samræmdri auðlindaskattheimtu, þar á meðal veiðileyfagjaldi og umhverfissköttum, og ekki hefur neikvæð áhrif á framleiðsluþættina, í stöðugt vaxandi mæli leyst af hólmi það óréttláta skattkerfi sem ríkissjóður byggir nú tekjuöflun sína á.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi kveðið skýrt á um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda. Í öðru lagi er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni. Í þriðja lagi er kveðið á um eignarrétt ríkisins til orku háhitasvæða hvar sem er á landinu, með þeirri undantekningu að þeir sem hafið hafa nýtingu háhitasvæða fyrir gildistöku laganna haldi þeim rétti sínum áfram. Í fjórða lagi eru settar skýrar reglur um hvenær bætur skulu metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms. Í fimmta lagi er í frumvarpinu að finna reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsóknar og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tekur til, svo og ákvæði um gjaldtöku fyrir réttindi til þess að leita að, rannsaka og nýta þær auðlindir. Í sjötta lagi eru í frumvarpinu mun strangari ákvæði um umhverfismat en eru í gildandi lögum. Lagt er til að umhverfismat fari ávallt fram, þar sem það á við, áður en nýtingarleyfi eru veitt en ekki aðeins áður en framkvæmdir eru hafnar eins og nú er gert. Með þessu vinnst tvennt. Annars vegar aukið öryggi frá sjónarmiði umhverfisverndar þar sem mat á umhverfisáhrifum á að fara fram áður en leyfi er veitt og áður en ráðist er í mismunandi umfangsmiklar framkvæmdir um hönnun og undirbúning framkvæmda. Hins vegar tryggir þetta verklag aukið öryggi þeirra sem fyrir framkvæmdum vilja standa þar sem þeir vita þá áður en þeir þurfa að leggja í kostnað, sem getur

verið umtalsverður, hvort umrædd framkvæmd sé yfirleitt heimiluð frá umhverfisverndarsjónarmiði eða ekki. Einnig er í frumvarpinu að finna reglur um vernd jarðhitasvæða, grunnvatns og þeirra svæða sem önnur jarðefni verða numin úr. Loks er að finna ákvæði um að ríkið geti afsalað sér eignarrétti í einstökum tilvikum.

Frumvarpið er byggt á frumvarpi sem lagt var fram um eignarhald á auðlindum í jörðu á 121. löggjafarþingi (304. mál) en ákvæði um gjaldtöku hafa verið útfærð nánar, aukin og skýrð og eru nú sérstakur kafli í frumvarpinu, IX. kafli. Þar að auki eru umhverfismálin tekin mun fastari tökum en gert var í því frumvarpi.

Eldri frumvörp um auðlindir.

Almenn löggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu hefur aldrei verið sett hér á landi. Í staðinn hefur verið farin sú leið að setja löggjöf um eignarhald á tilteknum verðmætum eða gögnum, sbr. t.d. setningu námulaga, nr. 61/1907 (nú lög nr. 24/1973), og jarðhitalaga, nr. 98/1941 (nú III. kafli orkulaga, nr. 58/1967).

Eignarhald á auðlindum í jörðu er gamalkunnugt deilumál á Alþingi. Má segja að það sé nánast jafngamalt öldinni. Í umræðum á þinginu 1905 um þingsályktunartillögu um námur í jörðu komu glöggt í ljós mismunandi skoðanir þingmanna á því hvaða stefnu bæri að fylgja um eignarhald á námum. Sumir þingmenn vildu að ríkið teldist eigandi þessara verðmæta en aðrir töldu að rétturinn væri best kominn hjá landeigendum. Frumvarp til námulaga var lagt fram á Alþingi 1905 og endurflutt 1907. Í því frumvarpi var miðað við þá meginreglu að íslenska ríkið ætti námuréttinn. Meiri hluti þingmanna hafnaði því hins vegar og landeigendastefnan var því lögð til grundvallar þeim námulögum sem samþykkt voru, sbr. 2. gr. laga nr. 61/1907. Þessari stefnu var haldið þegar ný námulög voru sett og aftur með lögum nr. 24/1973 en þó með ýmsum takmörkunum. Landeigendastefnunni var einnig fylgt þegar lög nr. 98/1940, um jarðhita, voru sett og síðan þegar þau voru leyst af hólmi með III. kafla orkulaga, nr. 58/1967, með vissum takmörkunum.

Þessi tvö andstæðu sjónarmið um eignarhald settu einnig mark sitt á deilur sem urðu um eignarhald á fossum eins og glögglega kom fram í mismunandi áliti meiri og minni hluta fossanefndarinnar frá 1917. Meiri hlutinn vildi fylgja þeirri stefnu að vatnsafl væri eign þjóðarinnar en minni hlutinn taldi að slíkur réttur skyldi fylgja landareign. Stefna minni hlutans varð ofan á þegar vatnalög, nr. 15/1923, voru sett en þó var réttur landeigenda takmarkaður á ýmsan hátt.

Friður hefur ríkt um námulög enda stórfelldur námurekstur lítt verið stundaður hér á landi. Á hinn bóginn hefur talsverður styrr staðið um lög um jarðhita og þau ákvæði III. kafla núgildandi orkulaga sem leystu þau af hólmi.

Árið 1945 flutti Bjarni Benediktsson frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, þar sem gert var ráð fyrir að leyfi ráðherra þyrfti til jarðborana er næðu dýpra en 10 metra. Synja skyldi leyfis ef hætta væri á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar væri hafin eða til kæmi síðar meir, enda væri sú hagnýting jarðhitans mun verðmætari en sú hagnýting sem stefnt væri að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Árið 1957 var lagt fram stjórnarfrumvarp um jarðhita. Samkvæmt því átti réttur landeiganda að ná til nýtingar niður á 100 metra dýpi en ríkið skyldi eiga rétt til jarðhita að öðru leyti. Þetta frumvarp varð heldur ekki útrætt.

Þegar frumvarp til núgildandi orkulaga var lagt fram á Alþingi 1966 var lögð fram breytingartillaga við 9. gr. þess, en sú grein fjallar um að réttur til jarðhita skuli fylgja landareign. Breytingartillagan var svohljóðandi: „Jarðhitinn í jörðu niðri er eign þjóðarinnar. Alþingi

ákveður hverju sinni með löggjöf um umráðarétt og hagnýtingu hans.“ Tillaga þessi var felld í neðri deild.

Á síðustu tveimur áratugum hafa flest ár verið lögð fram á Alþingi frumvörp um eignarhald á jarðhita. Hefur hér ýmist verið um að ræða stjórnar- eða þingmannafrumvörp. Öll hafa þau miðað að því að takmarka umráða- og hagnýtingarrétt landeiganda, ýmist miðað við ákveðið hitastig eða dýpt. Talsverðar umræður og deilur hafa orðið um frumvörpin. Sú spurning hefur risið hæst hvort landeigendur ættu stjórnarskrárvarinn rétt til alls jarðhita undir landi sínu eða hvort heimilt væri að takmarka rétt þeirra án bóta. Alþingi hefur þó aldrei tekið efnislega afstöðu til frumvarpanna þar sem þeim hefur ýmist verið vísað til ríkisstjórnarinnar eða þau ekki útrædd í nefnd.

Eignarréttur á afréttum og almenningum.

Utan landa sem háð eru beinum eignarrétti einstaklinga eða lögaðila eru eins og kunnugt er stór landsvæði sem aldrei voru numin af landnámsmönnum. Hálendi landsins og ýmis gróðursnauð svæði féllu ekki undir landnám einstakra manna, en hafa verið nýtt í sameiningu, ýmist af íbúum tiltekinna hreppa eða héraða. Smám saman hefur myndast afnotahefð á beit og silungsveiði á þessum landsvæðum sem nefnd eru afréttir og almenningar. Um nýtingu þeirra er þegar að finna ítarlegar reglur í landbrigðaþætti þjóðveldislaganna eins og þau eru skráð í Grágás.

Það hefur hins vegar víða verið óljóst hver eru mörk afrétta og jarða sem eru undirorpnar beinum eignarrétti, sem og hver eru réttindi eigenda bújarða á almenningum og afréttum. Talið hefur verið að sum afréttarlönd kunni að vera undirorpin fullum eignarrétti einstaklinga eða sveitarfélaga en í öðrum tilvikum sé aðeins um afmarkaðan afnotarétt að ræða, svo sem beitarrétt og/eða veiðirétt.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955 er fjallað um eignarrétt á Landmannaafrétti. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu, gagnstætt héraðsdómi, að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerning, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afréttinum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969 var fjallað um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti sem liggur á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna. Þar hafði héraðsdómur dæmt Skagfirðingum eignarrétt á afréttinum í samræmi við afsal frá 1464. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að „yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfa landsvæðis þessa“.

Í dómi Hæstaréttar árið 1981 um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti segir í niðurstöðu að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið“. Er hér átt við almenn lög um eignarrétt að almenningum og afréttarlöndum. Í framhaldi af þessum dómi voru samin drög að frumvarpi til slíkra laga árið 1982. Það var ekki lagt fram en árið 1984 var samþykkt í ríkisstjórn að skipa þriggja manna nefnd til að gera önnur drög með fyrri drögin til hliðsjónar. Á fyrri hluta ársins 1993 skilaði nefnd þessi drögum að frumvarpi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna, en aldrei náðist samstaða um flutning frumvarpsins milli þáverandi stjórnarflokka.

Eins og frumvarpið var í fyrstu gerð frá nefndinni reis ágreiningur um hvort ákvæði þess stæðust eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Þáverandi iðnaðarráðherra, sem nú er fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps, fól því valinkunnum lögmönnum að yfirfara frumvarpið og breyta

því og taka við þær breytingar tillit til framkominnar gagnrýni. Frumvarpinu var þá breytt verulega og m.a. saminn nýr kafli, VIII. kafli, um eignarnáms- og bótaákvæði. Að gerðum þeim breytingum töldu þeir lögmenn sem þáverandi ráðherra leitaði til að efni frumvarpsins bryti ekki gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Um það var þó áfram ágreiningur milli þáverandi samstarfsflokka í ríkisstjórn og milli lögmanna sem aðilar studdust við þannig að ekki náðist samkomulag um flutning frumvarpsins svo breytts.

Frumvarp það sem nú er flutt er að langmestu leyti eins og sú gerð sem unnin var fyrir iðnaðarráðherra í tíð síðustu ríkisstjórnar, með lítils háttar breytingum þó. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að látið sé reyna á afstöðu Alþingis jafnvel þótt skiptar skoðanir verði áfram meðal lögfræðinga um hvort frumvarpið, eins og það er nú úr garði gert, sé í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Flutningsmenn telja löngu tímabært að í lögum sé skorið úr um hvar mörkin séu milli einkaeignarréttar og almenningseignar á landgæðum, svo sem á auðlindum í jörðu og á virkjunarrétti jarðvarma og fallvatna. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að flestir landsmenn telji að slíkur eignarréttur eigi að vera í höndum þjóðarheildarinnar nema annað hafi ótvírætt verið ákveðið og að slík eignarréttarmörk séu skýrt ákveðin í lögum áður en gera megi ráð fyrir því að viðskipti með land og landgæði milli lögaðila stóraukist frá því sem verið hefur. Flutningsmenn vilja að eignarhald á auðlindum eins og námum, jarðhita og orku fallvatna verði í höndum íslensku þjóðarinnar og sjá ekki betri leið til þess að tryggja það en með samþykkt frumvarps þess sem hér er flutt. Hins vegar þykir þeim eðlilegt að þar sem slík réttindi eru nú ótvírætt í höndum landeigenda verði svo áfram og þurfi að nýta slíkar auðlindir í eigu einstaklinga í þágu heildarinnar komi eðlilegar bætur fyrir sem miðist við sannanlegt tjón sem landeigandi kann að verða fyrir.

Æ brýnna verður að skýra hvernig eignar- og hagnýtingarrétti á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda eigi að vera háttað. Óraunhæft er að leggja út í kostnaðarsamar framkvæmdir við rannsóknir og nýtingu slíkra auðlinda meðan ekki er skýrt hver eigi rétt til auðlindanna. Um er að ræða kostnaðarsamar rannsóknir og framkvæmdir sem ljóst er að einstaklingar geta ekki lagt í einir síns liðs. Eðlilegt er að ríkið komi þar inn til að tryggja hagnýtingu þeirra auðlinda sem finnast eða finnast kunna í jörðu í framtíðinni. Með þeim rökum er eðlilegt að kveða á um að ríkið eigi umráða- og hagnýtingarrétt á auðlindum í jörðu sem finnast utan afmarkaðra eignarlanda.

Um rétt til jarðefna.

Námalög, nr. 24/1973, kveða á um rétt landeiganda til hagnýtingar jarðefna sem finnast í landi hans með ákveðnum takmörkunum. Þær takmarkanir felast aðallega í skyldu til tilkynninga um ákveðnar framkvæmdir og hömlum á sölu eða leigu námuréttinda án leyfis ráðherra. Jafnframt er landeiganda skylt að leyfa mönnum sem leita jarðefna með leyfi ráðherra óhindraðan aðgang að landi sínu. Lögin hafa líka að geyma eignarnámsákvæði.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum um rétt yfir jarðefnum. Í fyrsta lagi er talið upp hvaða jarðefni falla undir eignarrétt landeiganda. Eru það öll efni sem hagnýtt eru að einhverju marki í dag. Í öðru lagi er tekið fram að önnur efni en þau sem tiltekið er að falli undir eignarrétt landeiganda séu háð eignarrétti ríkisins. Er þar eingöngu um að ræða efni sem hingað til hafa ekki verið hagnýtt, ýmist vegna þess að þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni eða ekki er vitað að slík efni finnist hér. Ástæða þess að kveðið er á um eignarrétt ríkisins að þeim efnum er sú að ef kanna á hvort þau finnist hér kostar það viðamiklar og kostnaðarsamar rannsóknir sem ekki eru á annarra færi en ríkisins. Það er með öllu óeðlilegt að ríkið kosti mjög dýrar rannsóknir á auðlindum sem aðrir gera síðan tilkall til. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að eftirlit og ábyrgð á slíkum rannsóknum sé á einni hendi. Því er

eðlilegt að kveða á um eignarrétt ríkisins á þessum efnum og setja almennar skorður á nýtingu jarðskorpu landsins neðan yfirborðs. Þessi breyting skerðir ekki innihald eignarréttar landeiganda í dag miðað við þá notkun sem tíðkast hefur frá landnámi. Hins vegar er í frumvarpinu að finna ákvæði til að tryggja að þeir sem telja sig þrátt fyrir allt hafa orðið fyrir bótaskyldri skerðingu á eignarrétti sínum geti haft uppi kröfur um bætur fyrir það tjón sem viðkomandi verður sannanlega fyrir. Sá varnagli er þó sleginn að ríkið getur lýst yfir að réttur til jarðefna þessara fylgi landareign. Ákvæði þetta er sett til að koma í veg fyrir að ríkið þurfi að standa í hugsanlegum málaferlum vegna jarðefna sem það sér engan hag í að halda eignarrétti yfir. Unnt verður að falla frá slíkum rétti með einfaldri yfirlýsingu.

Í frumvarpinu er einnig kveðið skýrt á um að eignarréttur jarðefna á öðrum landsvæðum en jörðum sem háðar eru beinum eignarrétti sé eign ríkisins.

Um eignar- og hagnýtingarrétt jarðhita.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpi þessu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í sex háhitasvæði hefur fundist yfir 200 gráðu hiti á Celsíus á minna en 1.000 metra dýpi og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til þess að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist því eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við það.

Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði tæpast á færi einstaklinga heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum sem liggja yfir landið frá suðvestri til norðausturs og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggsins sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla og Þeistareykir. Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum): Prestahnúkur (einungis laugar, allt að 40 gráður á Celsíus), Tindafjallajökull (einungis laugar um 50 gráður á Celsíus), Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu), Nauthagi (einungis laugar, allt að 68 gráður á Celsíus), Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborðinu) og Öxarfjörður (lágt viðnám undir söndum).

Auk þess er líklegt að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna þótt ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru mörg allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Upp af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og myndar á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, og líklega Eldvörpum, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi, hugsanlega fleiri en eitt, og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt að vinnsla jarðvarma á hverju svæði sé undir yfirstjórn eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholuútbúnaðar, flóknari tækjaútbúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m.a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýtingu lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtngu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur frumvarpsins er að kveða skýrar á um eignarrétt slíks jarðhita en verið hefur.

Með tilliti til framangreinds er í lagafrumvarpi þessu greint á milli eignar- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum. Í frumvarpinu er lagt til að jarðhiti á lághitasvæðum og jarðhiti á yfirborði háhitasvæða innan marka lands sem háð er einkaeignarrétti sé eign landeigenda en allur annar háhiti í jörðu hvar sem er á landinu sem og lághiti á afréttum og almenningum verði eign ríkisins. Þó skulu þeir sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans eða varið verulegum fjármunum til undirbúnings slíkra framkvæmda hafa þann rétt óskertan áfram. Óheimilt er að aðrir aðilar en ríkið og þeir sem leyfi ríkisvaldsins fá bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Í samræmi við 2. gr. orkulaga er Orkustofnun ætlað það hlutverk að ákveða nánar mörk háhitasvæða og gefa umsögn um veitingu jarðhitaleyfa. Sömuleiðis skal leita álits umhverfisráðuneytis áður en jarðhitaleyfi er veitt.

Sett eru skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og hvernig bætur skuli metnar fyrir slíkt. Meginreglan er sú að landeiganda skal bætt allt það tjón sem hann verður sannanlega fyrir af völdum framkvæmdanna.

Í frumvarpi þessu eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum. Telji landeigandi engu að síður að eignarréttindi hans skerðist vegna ákvæða frumvarpsins um eignarrétt ríkisins á orku jarðhitasvæða skal hann bera fram bótakröfur við iðnaðarráðherra fyrir ákveðið tímamark. Hugsanlegar bætur skulu miðast við sannanlegt tjón. Á sama hátt og varðandi jarðefni getur ríkið fallið frá eignarrétti sínum með einfaldri yfirlýsingu.

Um yfirráða- og hagnýtingarrétt að grunnvatni.

Vatnalögin, nr. 15/1923, taka einungis til yfirborðsvatns og ákvæði skortir um yfirráða- og hagnýtingarrétt grunnvatns. Útflutningur á vatni er orðinn að veruleika í nokkrum mæli og um það rætt að hann geti aukist. Í frumvarpi þessu er kveðið skýrt á um hver hafi yfirráða- og hagnýtingarrétt að grunnvatni. Meginreglan samkvæmt frumvarpinu er sú að rétturinn fylgi landareignum sem háðar eru einkaeignarrétti en að ríkið eigi réttinn á öðrum landsvæðum. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild til handa ráðherra til að kveða á um skilyrði sem uppfylla þarf við nýtingu grunnvatns til útflutnings.

Bótareglur frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði skýrar reglur um bætur til landeigenda, hvort sem um er að ræða bætur vegna eignarnáms eða bætur vegna þess að öðrum en viðkomandi land-

eiganda hefur verið veitt nýtingarleyfi á auðlind sem liggur í landi viðkomandi. Meginefni bótareglu frumvarpsins er að bætur skuli einvörðungu miðast við sannanlegt tjón sem landeigandinn verður fyrir en ekki missi á hlutdeild í framtíðarhagnaði af nýtingu viðkomandi auðlindar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið tekur til auðlinda í jörðu í íslensku landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Kveðið er á um eignarhald að auðlindum utan netlaga í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram annað frumvarp er kveður á um umráða- og hagnýtingarrétt að orku vatnsfalla.

Frumvarpi þessu er ætlað að taka til hvers konar auðlinda, hvort heldur sem er efnis í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, eða orku er finnst í jörðu og er þar ekki gert ráð fyrir neinni undantekningu. Þar undir fellur m.a. grunnvatn, sbr. VI. kafla frumvarpsins. Vatnalögin, nr. 15/1923, taka einungis til yfirborðsvatns og mun því samþykkt þessa frumvarps í engu hagga þeim lögum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um hvaða jarðefni fylgi landi sem háð er einkaeignarrétti. Það eru öll þau jarðefni sem eru nýtt í dag. Hér er því ekki nein breyting á innihaldi eignarréttar landeiganda. Til öryggis er þó sett ákvæði í 2. mgr. um önnur efni sem kunna að hafa verið nýtt í einhverjum mæli. Hins vegar er kveðið á um það í 3. mgr. að öll önnur jarðefni en nefnd eru í 1. mgr. falli undir eignarrétt ríkisins. Hér er um að ræða efni sem enn hafa ekki fundist í nýtanlegu magni hérlendis. Með því að kveða á um eignarrétt ríkisins að slíkum efnum sem finnast kunna er lagður grunnur að því að ríkið geti styrkt leit og rannsóknir á því hvort slíkum auðlindum sé hugsanlega til að dreifa. Með þessu ákvæði er að vissu marki verið að fylgja fordæmi Dana frá því fyrr á öldinni er þeir settu lög árið 1932 um að ríkið ætti þær auðlindir í jörðu sem enginn í danska ríkinu hefði nýtt fyrir það tímamark.

Ákvæði 2. mgr. er öryggisákvæði og er fyrirmynd þess áðurnefnd lög sem gilda í Danmörku. Ákvæðið er þó rýmra en þau lög þar sem þessi jarðefni fylgja aðeins þeirri jörð þar sem þau hafa verið nýtt. Dönsku lögin hafa á hinn bóginn verið skýrð þannig að jarðefni fylgi landareign hafi þau verið nýtt einhvers staðar í danska ríkinu. Með þessu er verið að fyrirbyggja að upp komi vandamál með ýmis efni, eins og brennistein og steintegundir, sem hafa verið hagnýtt í smáum stíl og hafa almennt lítið verðgildi.

Ákvæði 3. mgr. um eignarrétt ríkisins tekur eingöngu til jarðefna sem hingað til hafa ekki fundist í nýtanlegu magni hérlendis. Af því leiðir að enginn hefur nýtt þau jarðefni og því er ekki gert ráð fyrir að bótaskylda stofnist vegna þessa ákvæðis frumvarpsins, sbr. ákvæði 28. gr. þess. Þó er að finna í frumvarpinu ákvæði í 30. gr. sem tryggir að þeir sem telja eignarrétt sinn skertan geti haft uppi bótakröfur fyrir ákveðið tímamark.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að öllum jarðefnum á öðrum landsvæðum en í 3. gr. greinir. Ákvæðið tekur því til afrétta og almenninga að því marki sem enginn getur sannað beinan eignarrétt sinn til þeirra landsvæða.

Um 5.–6. gr.

Í núgildandi námulögum, nr. 24/1973, er að finna ákvæði í 10. gr. um að ráðherra geti veitt sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi. Í 5.–6. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um leitarleyfi, rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi sem koma eiga í stað sérleyfa samkvæmt núgildandi námulögum. Þess skal getið að felld eru niður ákvæði sem nú er að finna í 4. og 6. gr. námulaga um að landeigandi þurfi sérstakt leyfi iðnaðarráðherra til nýtingar jarðefna á sinni landareign eða til að leigja öðrum rétt til slíkrar nýtingar.

Í 5. gr. er kveðið á um að ráðherra veiti leitarleyfi, rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi. Fyrirmynd þessarar þrígreiningar er m.a. að finna í dönskum lögum um „mineralske råstoffer í Grønland" sem nú eru nr. 335/1991. Leitarleyfi er eingöngu ætlað að veita aðgang til yfirborðsleitar á landsvæðum, hvort heldur þau eru í einkaeign eða ekki, en ekki að veita rétt til jarðrasks af neinum toga. Í 1. mgr. 5. gr. er sérstaklega tekið fram að ráðherra geti haft frumkvæði að leit jarðefna hvar sem er á landinu. Rannsóknarleyfi felur í sér heimild til borana og ítarlegri könnunar á ákveðnu svæði. Nýtingarleyfi felur í sér heimild til nýtingar og þeirra framkvæmda sem þörf er á í hverju tilviki til að nýta viðkomandi jarðefni. Leitar-, rannsóknar- og nýtingarleyfi verða ekki veitt fyrr en umsögn umhverfisráðherra hefur verið fengin eða eftir atvikum að umhverfismat samkvæmt lögum nr. 63/1993 liggur fyrir, sbr. 2. mgr. 6. gr. Þá skal eftir atvikum einnig leita umsagnar Orkustofnunar áður en nýtingarleyfi er gefið út, en samkvæmt hlutverki hennar er slíkt eðlilegt þegar um yrði að ræða nýtingarleyfi á t.d. kolum, jarðolíu og jarðgasi sem allt eru orkulindir. Stofnunin getur einnig haft faglegar forsendur til að veita umsögn um a.m.k. sum önnur jarðefni. Í öll ofangreind leyfi verða sett nánari skilyrði sem leyfishafi verður að hlíta, sbr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Réttur landeiganda yfir lághita og til hagnýtingar hans er í engu skertur frá því sem er samkvæmt gildandi lögum og ekki heldur réttur til hvera og annars náttúrlegs jarðhita á yfirborði háhitasvæða. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helst smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan eru skilin gróðurhús í Hveragerði en Hitaveita Hveragerðis nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að landeigandi hafi heimild til að bora eftir og hagnýta sér lághita með þeim takmörkunum sem lögin tilgreini. Landeigandi þarf að tilkynna um fyrirhugaðar boranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir í tengslum við nýtingu lághitans. Tilkynningarskylda hans er í þeim tilgangi að yfirvöld geti haft yfirlit yfir hvaða jarðhitaframkvæmdir eru í gangi á hverjum tíma. Þörf er á slíku vegna þess hve samtengd jarðhitasvæði eru. Aðrar takmarkanir en skylda til tilkynningar felast aðallega í ákvæðum VII. kafla um vernd og eftirlit með vinnslusvæðum o.fl.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að lághitasvæði sem eru utan fullkominna eignarlanda skuli vera eign ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf og því er hér lagt til að hugsanlegri óvissu um nýtingarrétt lághitans á afréttum og almenningum verði eytt.

Um 9. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, en orðalagi hefur verið breytt. Í lok 3. mgr. er tekið fram að matið skuli framkvæmt í samræmi við núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976.

Um 10. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt til að orka háhitasvæða eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilheyri ríkinu og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í almennum athugasemdum hér að framan. Tilvísun ákvæðisins til 30. gr. er sett til öryggis en þar er mælt fyrir um að ríkið geti eftirlátið landeiganda réttindi yfir háhitasvæði til að koma sér hjá ágreiningi um greiðslu eignarnámsbóta fyrir lítilsverð réttindi.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um hvernig mörk háhitasvæða skuli ákveðin. Leiði rannsóknir í ljós nýja þekkingu um þetta atriði skal Orkustofnun upplýsa ráðuneytið um það ef breyta þarf reglugerð um mörk háhitasvæða. Er það einnig í samræmi við 2. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sú vinnsla sem þegar er hafin á háhitasvæði megi halda áfram á sama vinnslusvæði án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til þess. Til frekari borana og vinnslu þarf að sækja um leyfi en ekki greiða leyfisgjald.

Um 12. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Á þetta bæði við um lághita- og háhitasvæði og hvort sem land er í einkaeign eða ekki. Landeigendur sem hafa rétt til lághitanýtingar skv. 7. gr. eru þó undanþegnir leyfisskyldu. Ákvæðinu er ekki ætlað að breyta 2. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, þar sem Orkustofnun er falið að annast rannsóknir á orkulindum landsins, og þarf stofnunin því ekki að leita leyfis hverju sinni. Óheppilegt þótti af lagatæknilegum ástæðum að vísa sérstaklega til orkulaga í greininni.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að nýting jarðhita hvar sem er á landinu skuli vera háð leyfi ráðherra. Skylda landeiganda sem á land á lághitasvæði til leyfisumsóknar, sbr. 3. mgr. 8. gr., er lögð til í því skyni að auðvelda eftirlit með nýtingu jarðhita hér á landi.

Sérákvæði er að finna í 2. mgr. um heimild til nýtingar á jarðhita ef vermi tekið úr jörðu á hverri sekúndu nemur meiru en 25 MW. Vermi miðast við þrípunktsástand vatns, en svo nefnist það ástand þegar vatnið er 0,01 °C heitt og undir 611,2 Pa (6,112 mb) þrýstingi. Þá eru ís, vatn og gufa í varmafræðilegu jafnvægi. Á þetta sérákvæði sér hliðstæðu í núgildandi orkulögum.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 15. eða 16. gr. að láta í té upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis. Sömuleiðis er lagt til að umhverfisráðherra og Orkustofnun skuli ávallt veita umsögn við leyfisveitingar eða mat á umhverfisáhrifum skuli fara fram þar sem það á við, sbr. lög nr. 63/1993. Með þessu er lagt til að varðandi framkvæmdir þar sem mat á umhverfisáhrifum skal fara fram samkvæmt umræddum lögum skuli slíkt mat fara fram áður en leyfi fæst gefið út en ekki aðeins áður en framkvæmdir hefjast og eftir að leyfi hefur fengist eins og nú segir. Í þessu sambandi er hert á reglum um umhverfismat og tekið þar tillit til gagnrýni sem fram hefur komið á núverandi verklagsreglur.

Leyfi skv. 12. og 13. gr. þarf vegna rannsóknar og nýtingar jarðhita sem finnst í jörðum í ríkiseign. Í 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að áður en slík leyfi séu veitt skuli leita um-

sagnar þess ráðuneytis sem fer með málefni viðkomandi jarðar, en það er í flestum tilvikum landbúnaðar- eða kirkjumálaráðuneyti.

Um 15. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Gildir þetta bæði um lághita og háhita. Ekki er ætlast til þess að með yfirráða- og hagnýtingarrétti yfir jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Jarðgas og jarðolía sem nýta má með orkugjafa og kunna að finnast við boranir í berggrunn landsins eru þannig í flestum tilvikum eign ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Sama gildir um önnur jarðefni sem frumvarpið nær til. Hitt er síðan annað mál að ekki er ætlast til þess að kveða þurfi á um það í leyfi hverju sinni að réttur nái til þeirra efna sem fylgja heitu vatni en ekki verða nýtt sérstaklega þar sem þau er að finna í mjög litlum mæli. Undantekningunni um eðli máls er ætlað að ná til þessara tilvika.

Um 16. gr.

Grein þessi er byggð á 14. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, með þeirri breytingu að tekið er fram sérstaklega að aðeins skuli leitað til dómkvaddra matsmanna ef upp kemur ágreiningur sem ekki fæst jafnaður.

Um 17. gr.

Grein þessi er að stofni til byggð á 16. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Meginreglan er sú að ekki má undanskilja jarðhitaréttindi við sölu jarðar nema þegar um ríkisjarðir er að ræða, þá verður að undanskilja jarðhitaréttindi við sölu þeirra.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sveitarfélög sem eiga land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna fái forgangsrétt til að hagnýta jarðhita sem finnst innan marka sveitarfélagsins. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu leyfisgjalda. Við það er miðað að ef beiðni kemur frá öðrum en landeiganda, sem á hagnýtingarrétt á lághita skv. 7. gr. frumvarpsins, um rannsókna- eða nýtingarleyfi á jarðhita á svæðum sem eru innan marka sveitarfélagsins skuli áður en leyfi er veitt leitað álits sveitarstjórnar um það hvort það hyggist nýta viðkomandi jarðhita. Rök þessarar sérreglu eru að nýting sveitarfélags á jarðhita sé í þágu almennings í viðkomandi sveitarfélagi og því sé rétt að tryggja með löggjöf að sveitarfélög hafi forgangsrétt til nýtingar.

Sömu rök eiga við um ákvæði 2. mgr.

Um 19. gr.

Vatnalögin, nr. 15/1923, taka eingöngu til yfirborðsvatns. Því er þörf á að kveða á um yfirráða- og hagnýtingarrétt á grunnvatni. Meginreglan er sú samkvæmt frumvarpinu að landi sem háð er beinum eignarrétti fylgir réttur til grunnvatns, sbr. 1. mgr., en að ríkið eigi yfirráða- og hagnýtingarréttinn á öðru landi. Ákvæði 2. mgr. tekur því til afrétta og almenninga að því marki sem enginn getur sannað beinan eignarrétt sinn til þeirra landsvæða.

Um vatnsréttindi að öðru leyti en kveðið er á um í þessum kafla gilda ákvæði vatnalaga nema annað leiði af lögum.

Um 20. gr.

Grein þessi er byggð á 14. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, um hvernig með skuli fara ef ekki er hægt að aðskilja hagnýtingu jarðhita tveggja eða fleiri jarðeigenda. Sú breyting er gerð að tekið er fram sérstaklega að aðeins skuli leitað til dómkvaddra matsmanna ef upp kemur ágreiningur sem ekki fæst jafnaður, sjá og ákvæði 10. gr. frumvarpsins. Sama vandamál og þar er tekið á getur komið upp varðandi nýtingu grunnvatns og því er lagt til að lögfest verði sams konar ákvæði um lausn ágreinings um það efni.

Um 21. gr.

Skilyrðin sem ráðherra getur sett í grunnvatnsleyfi mundu væntanlega byggð á aðstæðum hverju sinni. Vegna áforma um útflutning á drykkjarvatni þykir nauðsyn bera til að lögfesta heimild ráðherra til að setja honum skilyrði. Þykir því rétt að kveða á um að ráðherra geti sett í reglugerð skilyrði sem uppfylla þarf til að útflutningur þess sé heimill, t.d. ákvæði um að vatn skuli eingöngu flutt út í neytendaumbúðum.

Þá er gert ráð fyrir að áður en leyfi er gefið út skuli leita umsagna umhverfisráðherra og Orkustofnunar eða fram fara umhverfismat samkvæmt lögum nr. 63/1993, þar sem það á við.

Um 22. gr.

Eðlilegt þykir að sveitarfélög hafi svipaðan forgangsrétt til grunnvatns innan marka sinna og þau hafa skv. 19. gr. frumvarpsins til jarðhita.

Um 23. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum samkvæmt núgildandi orkulögum, nr. 58/1967. Hér er lagt til að svo verði áfram auk þess sem Orkustofnun er jafnframt falið að hafa eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns í þeim tilfellum sem grunnvatnsleyfi skv. 21. gr. hefur verið veitt.

Taka yrði afstöðu í hvert sinn þegar leyfi skv. 5. gr. yrði veitt til þess hver yrði eftirlitsaðili. Væntanlega yrði það viðkomandi sýslumaður í flestum tilvikum.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóma 49. og 50. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að hún tekur bæði til jarðhitasvæða og grunnvatns. Einnig er skýrt kveðið á um skipun matsmanna skv. 1. mgr.

Um 25. gr.

Greinin er að hluta til byggð á ákvæðum 52. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Í 1. mgr. er kveðið á um þá nýjung að skylt sé að láta iðnaðarráðuneytið vita ef önnur verðmæt efni en heitt vatn eða gufa finnast við jarðboranir.

Í 2. mgr. er kveðið á um að umráðamenn borhola skuli láta loka þeim þegar notkun þeirra er hætt.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli og er því ætlað að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu jarðhita og grunnvatns. Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem á að auðvelda eftirlit með því að markmiði greinarinnar sé framfylgt.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. mgr. á sér hliðstæðu í 18. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. núgildandi námulaga, nr. 24/1973. Verði landeigandi eða umráðamaður lands fyrir tjóni ber að bæta honum það, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Hér er að finna meginreglu um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum aðilum leyfi til rannsóknar og hagnýtingar á jarðefnum og jarðhita á eignarlandi viðkomandi landeiganda. Er meginreglan sú að þeir eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar af því að nýta viðkomandi auðlind sjálfir ef þeir hefðu til þess getu og ekki heldur til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem auðlindina nýtir.

Bótaréttur skapast ekki fyrr en viðkomandi leyfi hafa verið veitt til annarra aðila.

Á sama hátt og kveðið er á um í þessari grein skal meta tjón sem aðilar verða fyrir við eignarnám skv. 29. gr.

Um 29. gr.

Nauðsynlegt þykir að ráðherra hafi heimild til að veita leyfishöfum rannsóknar- og nýtingarleyfis skv. 5., 12. eða 13. gr. frumvarpsins heimild til eignarnáms á nauðsynlegum landsvæðum, mannvirkjum og öðrum hugsanlegum réttindum svo að markmið leyfanna náist, sbr. 1. mgr.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra til nýtingar á auðlindum svo og til að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita eða vatni, sbr. 17. gr. núgildandi orkulaga. Að öðru leyti eiga ákvæði þessarar greinar sér hliðstæðu í 17. og 19. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 1. og 2. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

3. mgr. er samhljóða 6. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

Í 4. mgr. er vísað til almennra reglna um framkvæmd eignarnáms, en núgildandi lög um þá framkvæmd eru nr. 11/1973.

Um 30. gr.

Í frumvarpi þessu er gengið út frá þeirri forsendu að ekki sé verið að skerða eignarrétt landeiganda frá því sem er í dag heldur er verið að setja almenn takmörk á nýtingu eignarréttar. Í 3. og 10. gr. frumvarpsins er því annars vegar lýst yfir að ákveðin jarðefni, sem hingað til hafa ekki verið nýtt, séu eign ríkisins og hins vegar að orka allra háhitasvæða sé eign ríkisins. Ef einhver telur að eignarréttur sinn sé skertur með þessum ákvæðum er honum gefið tækifæri til að hafa uppi bótakröfur innan ákveðins tímamarks.

Ákvæði 2. mgr. felur í sér nýjung í íslenskum lögum. Hér er miðað við að ráðherra geti horfið frá eignarrétti ríkisins að auðlindum sem krafa kynni að koma fram út af, t.d. ef auðlind skiptir litlu eða engu fyrir almenningshagsmuni og gæti fyrirsjáanlega þurft að greiða bætur fyrir, en undir þeim kringumstæðum mundi auðlind áfram vera í einkaeign.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að kröfum sem ekki verða leystar með því að ríkið falli frá eignarrétti skv. 2. mgr. yrði svarað með eignarnámsmati. Skal þá meta tjónið samkvæmt meginreglum frumvarpsins um sannanlegt tjón landeiganda eða annarra sem kynnu að geta talið til réttinda yfir auðlindum sem væru þá eftir atvikum í jörðu utan eignarlanda.

Um 31. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er það iðnaðarráðherra að meta í hvert skipti hvaða skilyrði verða sett fyrir veitingu leyfa. Óhjákvæmilega mun það oft ráðast af landfræðilegum og jarðfræðilegum aðstæðum á hverjum stað. Í greininni eru því ekki talin upp tæmandi þau skilyrði sem leyfishafa verða sett.

Um 32. gr.

Hér er fjallað um gjaldtöku fyrir leyfi til leitar, rannsókna og til nýtingar á auðlindum í sameign þjóðarinnar, þ.e. auðlindum í jörðu í eigu ríkisins.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að leyfisgjöld skuli ávallt og fortakslaust tekin.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um töku gjalda fyrir leyfi til leitar og rannsókna. Lagt er til að ráðherra ákveði gjaldið í hverju tilviki en hafi til hliðsjónar kostnað sem kann að falla til vegna eftirlits, jarðrasks og annarrar umsýslu sem stjórnvöld og eftirlitsaðilar kunna að verða fyrir.

Í 3. mgr. eru ítarlegri ákvæði um gjald fyrir nýtingarrétt. Þar er lagt til að haft verði til hliðsjónar hugsanlegt verðmæti þess sem unnið kann að verða, að frádregnum vinnslu- og dreifingarkostnaði, þannig að þjóðin fái sanngjarna hlutdeild af arði sem skapast af nýtingu auðlinda í sameign hennar. Með sanngjarnri hlutdeild er átt við 10–30% af nettóarði og er þá höfð hliðsjón af ákvæðum laga um skatt af fjármagnstekjum annars vegar og tekjuskatti fyrirtækja hins vegar. Er lagt til að nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis verði sett í lög um aukatekjur ríkissjóðs. Önnur leyfi verða væntanlega fastákveðin í reglugerð.

Í lokamálsgreininni er gert ráð fyrir því að tekjur sem til verða vegna gjaldtökunnar að frádregnum kostnaði renni í ríkissjóð.

Um 33. gr.

Efni 1. mgr. þarfnast ekki skýringar og sömuleiðis ekki efni 2. mgr. þar sem aðeins er hnykkt á eðlilegum afleiðingum þess að leyfisskilyrðum er ekki fylgt.

Um 34.–36. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

751. Frumvarp til laga [426. mál]

um eignarhald á virkjunarrétti vatnsfalla og gjald fyrir nýtingu virkjunarréttar.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI

Umráð og hagnýting.

1. gr.

Íslenska ríkið hefur umráða- og hagnýtingarrétt yfir orku allra vatnsfalla utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti með þeim takmörkunum sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Þeir sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuvinnslu eða hafið virkjunarframkvæmdir skulu halda þeim réttindum sem þeir hafa öðlast samkvæmt gildandi lögum. Sömuleiðis halda gildi sínu allar heimildir sem Alþingi hefur veitt einstökum aðilum til virkjunarframkvæmda, en nýjar framkvæmdir geta þó ekki hafist fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram samkvæmt lögum nr. 63/1993.

Réttur samkvæmt þessari grein er óframseljanlegur nema með samþykki ráðherra.

3. gr.

Landeigendur hafa heimild til að reisa og reka raforkuver með allt að 200 kW afli í þeim vatnsföllum sem um land þeirra renna.

Landeigandi má ekki aðskilja virkjunarrétt skv. 1. mgr. frá landareign sinni. Að öðru leyti skal virkjunarréttur landeiganda lúta ákvæðum V. kafla vatnalaga, nr. 15/1923.

II. KAFLI
Virkjunarleyfi og auðlindargjald.

4. gr.

Með veitingu virkjunarleyfa til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjanir skal farið samkvæmt ákvæðum orkulaga, nr. 58/1967, sbr. og ákvæði 7. gr., um útboð á virkjunarkostum. Virkjunarleyfi tekur einnig til vatnsmiðlunar og flutnings á vatni milli vatnasviða sem nauðsynlegur er vegna virkjunar þess, lagningar háspennulínu og byggingar aðveitustöðva sem nauðsynlegar eru til að flytja orku virkjunar þangað sem hún er afhent til dreifingar eða seld notanda samkvæmt sérsamningum.

Samþykki Alþingis þarf til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun stærri en 2.000 kW að uppsettu afli.

Virkjunarleyfi felur í sér einkarétt til handa leyfishafa til að vinna raforku úr vatnsfallinu á leyfistímanum innan þeirra marka og með þeim skilmálum sem í leyfisbréfinu felast.

5. gr.

Áður en virkjunarleyfi er veitt skal fram fara mat á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1993, og leita umsagnar Orkustofnunar.

6. gr.

Í virkjunarleyfi skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og kaup vátrygginga gegn hugsanlegri bótaábyrgð leyfishafa.

7. gr.

Fyrir virkjunarleyfi skal ávallt greiða leyfisgjald, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 3. gr. Sé óskað eftir virkjunarleyfi eða að yfirvöld orkumála vilja hafa frumkvæði að veitingu leyfis til virkjunar tiltekinna vatnsfalla skal efnt til útboðs á umræddum virkjunarkostum samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd útboða, nr. 65/1993. Í útboðslýsingu skal tilgreina lágmarksákvæði um leyfisgjald sem miðist við orkuvinnslugetu fyrirhugaðs orkuvers og tillit sé tekið til vinnslukostnaðar og kostnaðar við flutning orku frá stöðvarvegg til dreifikerfis eða orkukaupanda með þeim hætti að þjóðin öðlist sanngjarna hlutdeild í arði af virkjun fallvatna í eigu þjóðarinnar. Tekjur af leyfisgjaldi skulu renna í ríkissjóð.

Greiðsla leyfisgjalds fyrir virkjunarleyfi skal vera sérstakur þáttur í gerð útboðslýsingar fyrir útboð virkjunarkosta, sbr. 1. mgr. 4. gr., og höfð hliðsjón af því við mat á tilboðum.

8. gr.

Virkjunarleyfi er ekki framseljanlegt nema til komi samþykki ráðherra.

9. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi ef leyfishafi fylgir ekki skilmálum laga þessara eða skilyrðum sem sett eru í virkjunarleyfi hans.

10. gr.

Landeigendur og ábúendur á því svæði sem mannvirki vegna virkjunarframkvæmda eiga að ná yfir eru skyldir til að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu. Um bótaábyrgð virkjunaraðila vegna þess fer eftir ákvæðum III. kafla.

III. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

11. gr.

Nú rennur vatnsfall um land sem er háð einkaeignarrétti og ráðherra veitir öðrum en landeiganda leyfi til að virkja það. Getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Verði virkjun til að spilla fyrir kosti landeiganda á að virkja sjálfur vatnsfallið skv. 1. mgr. 3. gr. á hann einnig rétt til bóta af þeim sökum.

Aðrir sem verða sannanlega fyrir tjóni vegna virkjunar eða framkvæmda við hana, sbr. 10. gr., eiga rétt til bóta eftir ákvæðum 2. mgr.

12. gr.

Ráðherra getur heimilað virkjunarleyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir mannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkuflutningslínur. Ráðherra getur einnig heimilað leyfishafa að taka eignarnámi mannvirki sem kunna að standa virkjunarframkvæmdum í vegi og annað sem nauðsyn ber til vegna framkvæmda við virkjun og starfrækslu hennar.

Ef eignarnám skv. 1. mgr. á hluta af landareign hefur í för með sér verulega rýrnun hennar að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til hennar í heild sinni.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum að öðru leyti en því að um ákvörðun eignarnámsbóta gilda ákvæði 11. gr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

V. KAFLI
Gildistaka og brottfall lagaákvæða.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um leið falla úr gildi 49. gr., 54.–55. gr., 58.–59. gr. og 64.–66. gr. laga nr. 15/1923.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er einkum tvíþættur. Í fyrsta lagi sá að taka af öll tvímæli um eignarhald á virkjunarrétti vatnsfalla. Í öðru lagi að ákveða í lögum að gjald skuli ávallt greitt fyrir rétt til virkjunar fallvatna í sameiginlegri eigu þjóðarinnar, og er það nýmæli. Sú tillaga er hluti af stefnu flutningsmanna um að marka þurfi samræmda stefnu um eignarhald á auðlindum í sameign þjóðarinnar, festa þjóðareign þeirra í sessi og sjá svo til að þjóðarheildin fái hlutdeild í þeim arði sem verður við nýtingu þeirra. Slík samræmd gjaldtaka fyrir nýtingu auðlinda í eigu þjóðarinnar, þ.e. gjald fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda á og í jörðu, nýtingu fallvatna og með veiðileyfagjaldi, getur þegar fram í sækir skilað þjóðarbúinu umtalsverðum tekjum. Slík gjaldtaka, samfara umhverfis- og mengunarsköttum, er þar að auki miklu hagkvæmari tekjuöflunaraðferð fyrir alla aðila en t.d. núverandi tekjuskattskerfi sem virkar letjandi á vinnuvilja og hvetur til skattsvika. Flutningsmenn telja að tekjur sem skapast af gjöldum eins og þeim sem í frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði fyrir nýtingu virkjunarréttinda eigi því að nýta til þess að lækka tekjuskatta einstaklinga að sama skapi og að með tíð og tíma geti gjöld fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda ásamt umhverfis- og mengunarsköttum leyst núverandi skattkerfi að verulegu leyti af hólmi.

Þá er í frumvarpi þessu tekið tillit til þeirra breytinga sem verða munu í orkunýtingarumhverfi Íslendinga þegar ný tilskipun Evrópusambandsins, sem nær til Evrópska efnahagssvæðisins, tekur gildi undir lok 20. aldar, en sú tilskipun mun innleiða reglur frjálsrar samkeppni um byggingu og rekstur virkjana, þar á meðal vatnsaflsvirkjana. Áður en þær breytingar ganga í gildi verður að gera grundvallarbreytingar á orkulögum, nr. 58/1967, og hefur ríkisstjórnin boðað að það verði gert. Um tvær meginleiðir er þar að velja. Í grófum dráttum eru þessar tvær leiðir á þá lund að annars vegar skilgreini stjórnvöld orkuþarfir í orkuviðskiptum Íslendinga á hverjum tíma og bjóði síðan út byggingu og rekstur virkjana í samræmi við það á almennum útboðsmarkaði. Hin leiðin er sú að virkjunarkostir verði gerðir alfarið frjálsir og opnir hverjum og einum en þó að settum tilteknum skilyrðum af hálfu stjórnvalda sem þó mega ekki virka samkeppnishindrandi eða draga taum eins virkjunaraðila umfram annan.

Enn er ekki vitað hvora leiðina ríkisstjórnin mun velja í frumvarpi um breytingu á orkulögum en eins og frumvarp þetta er úr garði gert stæðist það sem sjálfstæð lagasetning hvora leiðina sem ríkisstjórnin kann að velja þar eð frumvarpið vísar til ákvæða orkulaga um hvernig að útgáfu virkjunarleyfa skuli staðið. Í frumvarpinu er þó skýrt tekið fram að hvora leiðina sem ríkisstjórnin kann að velja og Alþingi samþykkja í nýjum orkulögum skuli ávallt gert ráð fyrir innheimtu gjalds fyrir virkjunarleyfi — gjalds fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar sem renni til hennar og að upphæð þess gjalds skuli ákveðin á frjálsum útboðsmarkaði.

Þá eru lagðar til í 5. gr. frumvarpsins umtalsverðar breytingar í umhverfismálum við undirbúning vatnsaflsvirkjana. Eins og gildandi lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, eru úr garði gerð er miðað við að umhverfismat á byggingu og rekstri vatnsaflsvirkjana skuli fara fram áður en framkvæmdir hefjast en eftir að virkjunarleyfi hefur verið gefið út. Þessi skipan

mála við stórframkvæmdir hefur sætt mikilli gagnrýni. Gagnrýnin lýtur m.a. að því að eðlilegt sé að mat á umhverfisáhrifum fari fram áður en nýtingar- eða rekstrarleyfi er gefið út en ekki bara áður en framkvæmdir hefjast og eftir að leyfi hefur verið veitt. Í 5. gr. frumvarpsins er því lögð til sú breyting að mat á umhverfisáhrifum skuli fara fram áður en virkjunarleyfi er veitt og síðan aftur áður en sjálfar framkvæmdirnar hefjast samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þannig mun t.d. liggja fyrir áður en til leyfisveitingar getur komið hvort matsaðilar samkvæmt lögunum nr. 63/1993 eru samþykkir því eða ekki að það jarðrask fari fram sem ráðgert er við virkjunarkostinn, svo sem að sökkva landi undir virkjunarlón. Sjálfsagt er að sú niðurstaða liggi fyrir áður en lengra er haldið en bíði ekki þess að framkvæmdaleyfi hafi verið veitt, teikningar og verkáætlanir liggi fyrir og framkvæmdir séu í þann veginn að hefjast. Tillaga sú um meðferð umhverfismála við undirbúning virkjana sem gerð er í 5. gr. er á þá lund að matið fari fram í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga hvort í virkjunarkostinn skuli ráðist og í seinni áfanga með hvaða hætti það skuli gert.

Verði þessi tilhögun samþykkt er því um að ræða mikilvægt skref til þess að auka skilvirkni við umhverfismat á framkvæmdum við virkjun vatnsafls og jafnframt til þess að auka öryggi þeirra sem að framkvæmdum standa.

Löggjöf um virkjun vatnsfalla.

Orka vatnsfalla taldist ekki til hlunninda við upphaf byggðar hér á landi og lengst af síðan. Það var fyrst í upphafi þessarar aldar sem mönnum varð ljóst að Ísland byggi yfir mikilli vatnsorku sem nýta mætti til raforkuframleiðslu ef nægilegt fjármagn, tækniþekking og framtak væri til staðar. Í kjölfar þessa reis alda brasks og spákaupmennsku um land allt. Seldu landeigendur fossa til kaupenda sem ýmist voru innlendir eða erlendir einstaklingar eða félög.

Þetta vakti ugg í brjósti margra landsmanna og Alþingi samþykkti þegar árið 1907 lög um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o.fl., en lögum þessum var ætlað að sporna við þeirri þróun að fossar landsins kæmust í eigu útlendinga.

Fljótlega fóru efasemdir að vakna um rétt landeigenda til vatnsfalla og um það hvort yfirleitt væri hægt að öðlast eignar- eða yfirráðarétt á rennandi vatni. Árið 1917 flutti Gísli Sveinsson, þingmaður Vestur-Skaftfellinga, þingsályktunartillögu um riftun á samningum um nýtingu vatnsfalla er sýslur og hreppar kunni að hafa gert við einstaka menn eða félög og í bága komi við rétt Landssjóðs. Benti hann í framsöguræðu á það að dæmi væru um að seld hefðu verið vatnsréttindi við fossa í óbyggðum og almenningum sem enginn einstaklingur gæti átt tilkall til. Tillaga Gísla varð til þess að Alþingi kaus fimm manna milliþinganefnd til að gera úttekt á eignarrétti að vatnsréttindum og var nefndin, sem kölluð var fossanefndin, skipuð með konungsúrskurði 22. október 1917. Nefndin réð Einar Arnórsson, þáverandi prófessor í lögum, sem ráðgjafa sinn og samdi hann ítarlega álitsgerð um vatnsréttindi. Var það niðurstaða hans að vatn væri ekki almennt undirorpið eignarrétti þeirra sem land ættu undir því. Landeigandi ætti rétt til að nýta vatn til heimilisþarfa, jarðræktar eða iðnaðar, en að öðru leyti væri öllum frjálst að nota vatnið endurgjaldslaust.

Fossanefndin lauk störfum vorið 1919, en klofnaði í afstöðu sinni. Vildi meiri hluti nefndarmanna, þeir Bjarni Jónsson frá Vogi, Jón Þorláksson verkfræðingur og Guðmundur Björnsson landlæknir, fallast á sjónarmið Einars Arnórssonar um að öll vatnsorka væri almenningseign, en minni hluti nefndarmanna, þeir Guðmundur Eggerz og Sveinn Ólafsson frá Firði, taldi að vatnsorkan væri undirorpin eignarrétti landeigenda. Nefndarmenn voru þó allir sammála því að flutt yrði þingsályktunartillaga um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum og afréttum. Var síðan flutt á Alþingi árið 1919 þingsályktunartillaga þar sem skorað var á landsstjórnina „að lýsa alla vatnsorku á almenningum og afréttum eign ríkisins og að gera ef með þarf

ráðstafanir til þess að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða félaga er í bága kynnu að koma við þennan rétt þjóðfélagsins". Bjarni Jónsson frá Vogi, sem innan nefndarinnar hafði ávallt haldið fram þeirri skoðun að ríkið ætti öll vatnsréttindi, jafnt á löndum einstakra manna sem annars staðar, flutti breytingartillögu við þingsályktunartillöguna þess efnis að í stað orðanna „í afréttum" kæmi „í afréttum þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfélaga". Þegar tillagan var svo samþykkt á Alþingi 27. september 1919 var ekki minnst á afrétti, en hins vegar almenninga.

Nú tóku við nokkurra ára deilur um fossamálin, en frumvarp til vatnalaga var endanlega samþykkt á Alþingi 1923. Þar var reynt að bræða saman sjónarmið meiri og minni hluta fossanefndarinnar og var niðurstaðan sú að ákvæðin um eignarrétt vatnsréttinda voru höfð óljós. Segir þannig í 2. gr. vatnalaganna: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila." Síðan eru réttindi landeiganda talin upp í lögunum, en þar er honum m.a. bannað að virkja fallvatn sem er yfir 500 eðlishestöfl[1] nema með leyfi ráðherra. Jafnframt er ráðherra heimilað skv. 54. gr. laganna að taka sérhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, lögnámi til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, en landeigandi skal eiga rétt til endurgjalds vegna tjóns sem hann yrði fyrir af vatnstökunni eða vegna missis orkuvers eða orkuveitu sem hann hefur þegar byggt.

Þessi ákvæði hafa síðan verið ítrekuð í síðari lögum og þarf nú samkvæmt gildandi orkulögum leyfi Alþingis til þess að reisa og reka raforkuver stærra en 2.000 kW og leyfi ráðherra til þess að reisa raforkuver á bilinu 200–2.000 kW. Einstakar virkjanir hafa verið ákveðnar með sérlögum og í lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum, hefur Alþingi ákveðið stórvirkjanir á vatnsafli.

Þegar þetta er virt er ljóst að einstaklingur eða félag sem á land að vatnsfalli ræður ekki yfir nýtingu þess til raforkuframleiðslu umfram 200 kW. Hins vegar hefur talsverð réttaróvissa verið ríkjandi um bætur til landeigenda fyrir virkjun vatnsfalla og þykir nauðsyn bera til þess að bæta þar úr með nýrri löggjöf.

Nýtingarréttur vatnsfalla á afréttum og almenningum.

Eins og fram er komið hefur verið fjallað um nýtingarrétt vatnsfalla á afréttum og almenningum allt frá árinu 1917. Utan þeirra landsvæða sem tilheyra bújörðum eru stór landsvæði sem aldrei voru numin af landnámsmönnum. Hálendi landsins og ýmis gróðursnauð svæði féllu ekki undir landnám einstakra manna, en hafa verið nýtt í sameiningu, ýmist af íbúum tiltekinna hreppa eða héraða. Smám saman hefur myndast afnotahefð á beit og silungsveiði á þessum landsvæðum sem nefnd eru afréttir og almenningar. Um nýtingu þeirra er þegar að finna ítarlegar reglur í landbrigðaþætti þjóðveldislaganna eins og þau eru skráð í Grágás.

Það hefur hins vegar víða verið óljóst hver eru mörk afrétta og bújarða og hver eru réttindi eigenda bújarða á almenningum og afréttum.

Talið hefur verið að sum afréttarlönd kunni að vera undirorpin fullum eignarrétti einstaklinga eða sveitarfélaga, en í öðrum tilvikum sé aðeins um afmarkaðan afnotarétt að ræða, svo sem upprekstrarrétt og/eða veiðirétt.

1

500 eðlishestöfl samsvara 3,22 gWh/ári af vatnsorku (hráorku). Þá tölu þarf að margfalda með heildarnýtni rafstöðvar (sem venjulegast er á bilinu 0,85–9,90) til að fá samsvarandi raforku, svonefnda rennslisraforku, sem er sú raforka sem fengist ef allt rennsli árinnar í meðalári væri nýtt. Það fer svo eftir breytileika rennslisins í viðkomandi vatnsfalli og miðlunarmöguleikum hve stóran hluta rennslisorkunnar er unnt að nýta í reynd.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955 er fjallað um eignarrétt á Landmannaafrétti. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu, sem var andstæð niðurstöðu héraðsdóms, að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerning, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afréttinum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969 er fjallað um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti sem liggur á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna. Þar hafði héraðsdómur dæmt Skagfirðingum eignarrétt að afréttinum í samræmi við afsal frá árinu 1464. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að „yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfa landsvæðis þessa".

Í dómi Hæstaréttar um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti árið 1981 segir rétturinn í niðurstöðu sinni að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið". Er hér átt við almenn lög um eignarrétt að almenningum og afréttarlöndum. Í framhaldi af þessu voru samin drög að frumvarpi til slíkra laga árið 1982, en síðan var árið 1984 samþykkt í ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og afréttum og skyldi nefndin hafa frumvarpsdrögin frá 1982 til hliðsjónar. Á fyrri hluta ársins 1993 skilaði nefnd þessi drögum að frumvarpi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna, en ekki náðist samkomulag um flutning frumvarpsins milli þáverandi stjórnarflokka þar sem ágreiningur var um hvort ákvæði þess væru í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Þáverandi iðnaðarráðherra, sem nú er fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps, fól valinkunnum lögmönnum að endursemja frumvarpið með hliðsjón af framkominni gagnrýni og var það gert m.a. með því að saminn var nýr kafli, III. kafli, um eignarnáms- og bótaákvæði. Að þeim breytingum gerðum var talið að frumvarpið samræmdist umræddum stjórnarskrárákvæðum. Um það var þó áfram ágreiningur milli þáverandi stjórnarflokka og lögfræðilegra ráðunauta þeirra. Með hliðsjón af ívitnuðum dómum Hæstaréttar og til þess að eyða réttaróvissu er nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu og taki af tvímæli sem að áliti flutningsmanna yrði best gert með því að samþykkja frumvarp það sem hér er flutt.

Meginefni frumvarpsins.

Meginefni þessa frumvarps er að ákveða með skýrum hætti að ríkið hafi umráða- og hagnýtingarrétt yfir orku allra vatnsfalla utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti, þ.e. orku vatnsfalla á afréttum og almenningum sem ekki eru í einkaeign burtséð frá beitar- og veiðiréttindum annarra aðila á sömu afréttum. Núgildandi takmörkunum á virkjunarrétti vatnsfalla er haldið og í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði ákvæði um bætur til landeiganda sem land á að vatnsfalli er heimilað hefur verið að virkja. Skulu bæturnar miðast við sannanlegt tjón landeigandans, þar á meðal missi réttar hans til að virkja vatnsfallið til allt að 200 kW raforkuframleiðslu, ef um slíkt er að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið kveður á um það með ótvíræðum hætti að réttur til umráða og hagnýtingar á orku íslenskra fallvatna utan eignarlanda sem háð eru einkaeignarrétti sé í höndum ríkisins. Hér er því slegið föstu að ríkið hafi þann rétt á almenningum og afréttum, þótt aðrir aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, svo sem beitarrétt eða rétt til silungsveiða. Með hliðsjón af því að frumvarpið hefur aðeins að geyma ákvæði um tiltekin vatnsréttindi er réttur

ríkisins hér nefndur umráða- og hagnýtingarréttur en ekki eignarréttur, sbr. 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Um 2. gr.

Hér er orka fallvatna sem þegar hefur verið tekin til nýtingar undanskilin frá umráða- og hagnýtngarrétti ríkisins skv. 1. gr. Eigendur virkjana sem þegar hafa verið byggðar eða kunna að vera í byggingu við gildistöku laganna geta því rekið þær áfram sem hingað til. Ekki er heldur ætlunin með frumvarpi þessu að fella úr gildi heimildir sem Alþingi hefur þegar veitt til virkjunar fallvatna en ekki hafa verið nýttar þegar lögin taka gildi, en í 2. málsl. 1. mgr. eru settar þær skorður við að nýjar framkvæmdir geti hafist á grundvelli áður veittra heimilda að mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993 fari fram áður en framkvæmdir hefjast.

Í 2. mgr. er lagt til ákvæði sem skilyrðir framsal virkjunarleyfis samþykki ráðherra og er það eðlilegt í ljósi þess að ráðuneyti og stofnanir þess hafa yfirsýn um orkumarkaðinn.

Um 3. gr.

Hér er því slegið föstu að landeigendur hafi áfram heimild til þess að nýta allt að 200 kW afl í þeim vatnsföllum sem um land þeirra renna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi. Ákvæði þetta samsvarar 2. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Landeigendur geta ekki aðskilið þennan rétt frá landareign sinni, t.d. selt hann sérstaklega.

Um 4. gr.

Efni þessarar greinar lýtur að veitingu virkjunarleyfa. Lagt er til að virkjunarleyfi skuli gefin út samkvæmt ákvæðum orkulaga eins og þau eru hverju sinni og að óbreyttum þeim lögum yrðu ekki breytingar á þeirri framkvæmd frá því sem nú er en hins vegar tækju þessi lög, ef samþykkt yrðu, í framtíðinni mið af breytingum sem óhjákvæmilegt er að gerðar verði á orkulögunum. Sú meginbreyting frá gildandi ákvæðum er þó gerð í 1. mgr. þessarar greinar — og er þar einkum horft til framtíðar — að virkjunarkostir verði boðnir út og þannig m.a. ákveðið í útboði og á frjálsum markaði hversu hátt það gjald yrði sem virkjunaraðilar væru reiðubúnir að greiða fyrir afnot af auðlindinni (sbr. 7. gr.).

Í 2. mgr. er áfram gert ráð fyrir því að Alþingi þurfi að samþykkja ef reisa á og reka vatnsaflsvirkjun stærri en 2.000 kW að uppsettu afli og er það gert vegna þess að flutningsmönnum þykir ekki óeðlilegt að leita þurfi til Alþingis um slíkar heimildir þegar um er að ræða að taka til nýtingar takmarkaðar auðlindir í sameign þjóðarinnar. Alþingi mun hins vegar að sjálfsögðu ekkert hafa um það að segja í framtíðinni hver nýta muni.

Um 5. gr.

Við útgáfu leyfis til virkjunar vatnsfalls og tengdra framkvæmda þarf að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða með skilvirkari og gleggri hætti en hingað til hefur verið gert. Framkvæmdirnar þurfa svo að sjálfsögðu að standast mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993, en þau lög hafa sætt talsverðri gagnrýni þar eð ekki er gert ráð fyrir að slíkt mat fari fram fyrr en hönnun mannvirkja er lokið og framkvæmdir standa fyrir dyrum en það er að sjálfsögðu eftir að virkjunarleyfi hefur verið út gefið. Í greininni er gerð tillaga um að breyta þessu ferli þannig að umhverfismat verði látið fara fram áður en leyfi eru gefin út og svo aftur þegar mannvirki hafa verið hönnuð og framkvæmdir standa fyrir dyrum.

Með þessu vinnst tvennt. Í fyrsta lagi liggur þá fyrir áður en lengra er haldið hvort viðkomandi virkjunarkostur er ásættanlegur áður en leyfi er gefið út og leyfishafi leggur í mikinn

kostnað við teikningar og hönnun. Frá sjónarmiði umhverfismála er mikilvægt að slíkt mat liggi fyrir svo fljótt sem mögulegt er. Í öðru lagi eykur það mjög öryggi þess aðila sem virkjun undirbýr að vita áður en hann hefur kostnaðarsama vinnu við hönnunar- og áætlanagerð að áformaður virkjunarkostur hafi verið samþykktur í umhverfismati.

Einnig þykir rétt að tekið sé fram að leitað skuli umsagnar Orkustofnunar, en sérfræðingar hennar búa yfir margvíslegri þekkingu á sviði orkumála.

Um 6. gr.

Lagt er til að ráðherra hafi nokkurt svigrúm um efni virkjunarleyfis sem markist af aðstæðum í hvert sinn. Í greininni eru talin upp helstu atriði sem fjallað skuli um í virkjunarleyfi en upptalningin er ekki tæmandi.

Um 7. gr.

Eðlilegt er, ekki síst eftir að einkaréttur tiltekinna fyrirtækja til virkjana hefur verið afnuminn og frjáls samkeppni um byggingu og rekstur virkjana tekin við, að þeir sem hyggjast nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar greiði henni sanngjarna leigu fyrir. Með sanngjarnri leigu er átt við greiðslu fyrir virkjunarréttindi sem nemi 10–30% af nettóarði og eru þá höfð til hliðsjónar ákvæði skattalaga, svo sem um skatta af fjármagnstekjum og tekjuskatta. Í greininni eru ákvæði um að slíkt gjald skuli undir öllum kringumstæðum greitt. Lagt er til að upphæð leigugjaldsins verði ákveðin á almennum útboðsmarkaði við útboð virkjunarkosta og tekið verði sérstakt tillit til slíks tilboðs við val á virkjunaraðilum.

Um 8. gr.

Frumvarpið hefur þá meginstefnu að ráðherra gefi út öll virkjunarleyfi og að framsal þeirra sé skilyrt samþykki hans. Er það byggt á því að það eigi að vera á verksviði ráðherra að framkvæma hverju sinni stefnumörkun Alþingis og ríkisstjórnar í orkumálum og þátt í þeirri framkvæmd sé að hafa yfirumsjón með því að framboð og eftirspurn á raforku haldist í hendur eftir því sem unnt er.

Um 9. gr.

Mikilvægt er að ráðherra hafi heimild til þess að fylgja því eftir að leyfishafi uppfylli þá skilmála sem honum eru settir. Því er gert ráð fyrir að ráðherra geti þá afturkallað leyfi og eru þá sérstaklega gróf brot á skilmálum höfð í huga.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði 55. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og hefur því lengi verið gildandi réttur hér á landi.

Um 11. gr.

Hér er að finna meginreglu um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum aðilum leyfi til virkjunar vatnsfalls sem þeir eiga land að. Er meginreglan sú að þeir eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar þeirra af því að byggja sjálfir vatnsaflsvirkjun, ef þeir hefðu til þess getu, eða kröfu til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem virkjun reisir.

Valdi virkjun því að hætta verði rekstri smávirkjunar allt að 200 kW eða eigi verði unnt að byggja hana myndast bótaréttur og sama er að segja um bætur vegna afnotamissis lands,

skemmda á gróðri og átroðnings á landi. Slíkur bótaréttur myndast þó ekki fyrr en virkjunarleyfi hefur verið veitt öðrum en landeiganda.

Á sama hátt skal meta bætur fyrir tjón sem aðilar verða fyrir við þær aðstæður sem lýst er í 10. gr. eða við eignarnám, sbr. 12. gr.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt er að ráðherra hafi heimild til að veita virkjunarleyfishafa eignarnámsheimild. Á ákvæðið sér margar hliðstæður í íslenskum lögum er varða virkjanamál.

Um 13.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Lagt er til að ákvæði vatnalaga sem ýmist eru efnislega tekin upp í frumvarp þetta eða samrýmast ekki efni þess séu felld brott.

752. Tillaga til þingsályktunar [427. mál]

um samræmd gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Össur Skarphéðinsson, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra:

a. að gera átak til að samræma gæði tölvubúnaðar í framhaldsskólum,
b. að gera áætlun um samræmda endurnýjun á tölvubúnaði framhaldsskólanna í framtíðinni.

Greinargerð.

Tölvubúnaður í framhaldsskólum landsins er mjög mismunandi. Ástæður þess eru eflaust margar, m.a. mismunandi fjárveitingar, mismunandi skilningur forsvarsmanna og það að skólar þar sem ráðist hefur verið í nýbyggingar hafa fengið nýjan tölvubúnað sem hluta af stofnkostnaði sínum. Í þessu felst ákveðin mismunun á milli skólanna og þar með nemenda, sérstaklega í ljósi þess hversu tölvur er orðnar mikilvægar bæði í starfi og leik.

Þróun í tölvuheiminum er mjög hröð og því er nauðsynlegt að til sé stefna um endurnýjun búnaðar þannig að hún fari fram á skilvirkan og skipulegan hátt en ekki með höppum og glöppum eftir því hvað einstaka forsvarsmanni dettur í hug. Með flutningi þessarar tillögu vilja flutningsmenn nálgast það markmið að skapa og viðhalda sama umhverfi til tölvumenntunar fyrir alla nemendur framhaldsskólanna.

753. Tillaga til þingsályktunar [428. mál]

um könnun á þrávirkum lífrænum efnum í lífríki Íslands.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Kristján Pálsson,
Gísli S. Einarsson Árni M. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma athugun á dreifingu og styrk þrávirkra lífrænna efna í lífríki hafsins við Ísland.

Athugunin feli m.a. í sér eftirfarandi:

1. Mælingar á magni þessara efna í helstu tegundum nytjafiska á miðum við Ísland og gerð vöktunaráætlunar sem tryggir að jafnan séu til reiðu áreiðanlegar upplýsingar um útbreiðslu þeirra í íslenskum nytjafiskum.
2. Sérstakar mælingar á útbreiðslu efnanna meðal sjávarspendýra við Ísland.
3. Skipulegar rannsóknir á því hvernig þrávirk lífræn efni flytjast upp fæðukeðjuna við Ísland, með sérstakri áherslu á rándýr á efri stigum hennar.

Greinargerð.

Uppsöfnun á norðurslóðum.

Ein af mestu hættum sem munu í framtíðinni ógna lífríki norðurslóða, þar með töldum manninum, er mengun af völdum þrávirkra lífrænna efna. Þekktust þeirra eru klórkolefnissambönd á borð við skordýraeitrið DDT og PCB-efnahópinn sem falla bæði undir þrávirk lífræn efni þótt þau séu ólík að uppbyggingu. Vel þekktar afleiðingar af uppsöfnun þessara efna í mönnum og dýrum eru t.d. krabbamein, ófrjósemi, óeðlilegur kynþroski, ofnæmi og alvarleg bilun ónæmiskerfisins sem leiðir til tíðra sjúkdóma.

Hin köldu norðurhöf verka sem eins konar kuldagildra fyrir þrávirk lífræn efni. Ástæðunnar er að leita í eðliseiginleikum efnanna. Þau gufa upp í heitu loftslagi, berast langar leiðir með háloftum, en þegar þau koma í kaldara loftslag þéttast þau í vökva og falla niður á yfirborð. Þau falla þá ýmist beint í höfin eða skolast þangað með regni ofan af landi. Þetta ferli leiðir til þess að smám saman „sogast“ þessi efni frá uppruna sínum til heimskautanna. Þegar þau eru einu sinni komin til norðurhafanna losna þau ekki þaðan.

Stöðugleiki og þrávirkni.

Þetta er ástæðan fyrir því að í framtíðinni eru það einkum norðurslóðirnar sem verða í hættu gagnvart skaðlegum áhrifum efnanna. Eins og síðar er rakið einskorðast þau ekki við líf og heilsu íbúa norðursins heldur er líklegt að áhrifin komi fram miklu fyrr í efnahag þjóðanna sem byggja norðurhjarann.

Efnin eru afar stöðug. Það þýðir að þau brotna ekki niður fyrir tilverknað vatns, vinda, hitabreytinga, ensíma í mögum dýra eða annarra rofafla sem eru að verki í hringrás náttúrunnar. Þau geta því komið fram eiturvirkni sinni fjölmörgum sinnum yfir mjög langan tíma, jafnvel um aldir. Þótt þrávirk lífræn efni sé að sönnu aðeins að finna í örlitlu magni í höfunum leiðir stöðugleiki þeirra til að þau safnast upp í fæðukeðjunni þar sem styrkur þeirra margfaldast með hverju þrepi.

Í einföldu máli má skýra uppsöfnunina þannig: Smádýr og örþörungar taka upp þrávirk lífræn efni úr sjónum. Þau verða sjálf fórnarlömb örsmárra krabbadýra. Þrávirku lífrænu efnin brotna ekki niður við meltinguna heldur verða eftir í fituvefjum rándýrsins. Þegar það endar loks ævi sína er að finna í fitunni mestallt það magn sem var að finna í líkömum allra dýranna

sem rándýrið lagði sér til munns á lífsferli sínum. Þessi saga endurtekur sig. Örsmá krabbadýr eru étin af stærri krabbadýrum sem enn stærri dýr leggja sér síðan til munns. Þannig margfaldast magn hinna stöðugu þrávirku efna í hverju þrepi fæðukeðjunnar. Það verður því meira sem dýrið er langlífara.

Þegar komið er upp í þorskinn á norðurslóðum mælist styrkur efnanna gjarnan 25 milljón sinnum meiri en í hafinu umhverfis. Selir éta þorskinn og sumar tegundir hvala éta selina, svo ekki sé minnst á hvítabirni sem lifa aðallega á selum. Í rándýrum á borð við hvali, seli og hvítabirni getur styrkur efnanna orðið 50 þúsund milljón sinnum meiri en í sjónum umhverfis.

Íbúar norðurslóða.

Þrávirku efnin safnast fyrst og fremst upp í fituvefjum eins og áður sagði. Einkenni flestra spendýra norðursins er gríðaleg forðasöfnun í formi fitu. Það er skýringin á þeirri þverstæðu að engin spendýr hafa mælst með jafngríðarlegt magn þrávirkra lífrænna efna og hvítabirnir norðurheimskautsins sem lifa þó á slóðum þar sem engar uppsprettur slíkra efna er að finna.

Íbúar norðurslóða eiga það sameiginlegt með hinum stóru spendýrum norðursins að þeir tróna efst á toppi fæðukeðjunnar. Sumir þeirra, eins og Inúítarnir, hafa frá fornu lifað einkum á sel og hval. Þeir eru því staddir á svipuðu þrepi í fæðukeðjunni og hvítabirnirnir. Það gefur vitaskuld tilefni til að ætla að í líkömum þeirra sé að finna mikið magn þrávirkra lífrænna efna. Því miður hafa rannsóknir staðfest það. Í mjólk Inúítamæðra nyrst í Kanada hefur mælst meira af þeim en hjá nokkrum öðrum konum og áttfalt meira en í öðrum kanadískum konum.

Færeyingar leggja sér enn grindhval til munns. Hann er talin orsök þess að í mjólk færeyskra mæðra hefur mælst næsthæsta magn PCB sem mælst hefur í brjóstamjólk.

Óglögg hættumörk.

Íslendingar leggja sér að sönnu ekki mikinn hval eða sel til munns. Við borðum hins vegar meira af fiski en flestar aðrar þjóðir. Mælingar benda til að sá fiskur sé með mun minna magn af þrávirkum efnum en er að finna í sömu tegundum á hafsvæðum annarra Evrópuþjóða. Magnið sem við neytum veldur því eigi að síður að í íslenskri móðurmjólk er að finna þriðjungi meira af þrávirkum lífrænum efnum en víðast annars staðar. Það er langt undir því sem talin eru hættumörk, en felur í sér alvarlega viðvörun um framtíðina.

Stjórnvöld víðs vegar um heim hafa sett ákveðin hættumörk. Þau hafa í mörgum tilvikum einkum miðast við dramatískar afleiðingar þrávirkra efna, á borð við krabbamein, ónæmisbilanir eða dauða. Æ sterkari vísbendingar hafa þó komið fram á síðustu árum um að þrávirk lífræn efni kunni að hafa skaðleg áhrif við margfalt minni styrk en áður var ætlað. Mæður sem borðuðu fisk mengaðan PCB úr Vötnunum miklu í Michigan í Bandaríkjunum ólu börn sem við fjögurra ára aldur höfðu minni greind, einbeitingu og hreyfiþroska en önnur börn. Í þessari rannsókn var athyglisvert að ekki fundust tengsl á milli magns þrávirku efnanna og greindarþroska barnanna. Vísindamenn ályktuðu því að áhrifin hefðu orðið á fósturstigi og líklega þyrfti styrkurinn að ná tilteknum þröskuldi til að hafa skaðleg áhrif.

Í þessu samhengi er vert að hafa í huga ákveðnar breytingar sem verða við meðgöngu. Þrávirku efnin safnast upp í fituvef og þegar fóstur dýranna á norðurhjaranum þroskast kemur að því að móðirin tekur að ganga á eigin fituforða. Við það losna þrávirku efnin út í blóðið. Styrkur þeirra getur þá margfaldast. Þrávirku efnin komast yfir hindranir sem skilja að blóð móður og fósturs í spendýrum. Þegar móðir hefur fætt afkvæmið gengur hún enn frekar á fituforðann þegar hún framleiðir mjólk handa því. Við það losnar enn meira af þrávirkum lífrænum efnum. Talsvert af þeim fer að lokum með móðurmjólkinni yfir í afkvæmið. Þetta er ástæðan fyrir því að tiltölulega hátt magn þrávirkra efna hefur mælst á æskuskeiði margra

spendýra norðursins, svo sem hjá kópum og húnum, langhæst í gömlum karldýrum sem aldrei geta losað sig við efnin en minna í kvendýrum sem koma þeim frá sér með mjólkinni.

Menn hafa því spurt: Hvernig er hægt að finna hver eru hin raunverulegu hættumörk? Í hvaða magni valda tiltekin þrávirk efni ekki skerðingu á greind og hreyfiþroska? Við hvaða styrk byrja þau að gera það? Fyrir þremur árum birtist grein eftir bandaríska vísindakonu, Susan Porterfield, í fræðiritinu Environmental Health Perspectives. Þar rökstyður hún þá kenningu að í mjög litlu magni, langt undir áætluðum hættumörkum, geti þrávirk efni á borð við PCB og díoxín leitt til þess að þroski barna skerðist. Porterfield nefndi sérstaklega einbeitni, námsgetu og ofvirkni barna.

Umræða um atriði af þessu tagi í tengslum við þrávirk lífræn efni eykst stöðugt í Bandaríkjunum. Þar beinist hún ekki síst að rannsóknum vísindamanna á borð við Porterfield sem hafa sýnt að margfalt minna magn efnanna en áður var talið er líklegt til að hafa neikvæð áhrif á heilsu manna. Miðað við þá þekkingu sem fyrir liggur og mælingar á magni PCB í blóði bandarískra barna hafa fræðimenn komist að þeirri niðurstöðu að líklegt sé að fimm af hundraði barna þar í landi þjáist af greindarskorti sem beinlínis megi rekja til áhrifa mengunar af völdum efnanna.

Umhverfisvöktun og fiskmarkaðir.

Enginn vafi leikur á því að þessi umræða mun aukast á næstu árum og breiðast út til annarra heimshluta. Flest bendir til að orsakanna megi leita í neyslu á sjávarfangi, sbr. íslensku móðurmjólkina. Því er sennilegt að sjónir manna muni fyrr en seinna beinast að fiski sem veiddur er í norðurhöfum. Líklegt er að þessi þróun hafi neikvæð áhrif á möguleika íslenskra fiskafurða á erlendum mörkuðum þegar fram í sækir.

Íslendingar geta aðeins brugðist við þessu með tvennu móti: Í fyrsta lagi með því að herða róðurinn gegn notkun þrávirkra lífrænna efna í heiminum. Í öðru lagi með því að hefja umfangsmiklar mælingar á fiski við Ísland til að geta sýnt fram á hreinleika hans. Það mun reynast drjúgt haldreipi þegar í harðbakkann slær — sem örugglega verður fyrr en menn eiga von á.

Þær takmörkuðu mælingar sem hafa verið gerðar á íslenskum fiski benda til að magn þessara efna sér margfalt minna í fiski hér við land en víða erlendis. Þetta er mikilvæg staðreynd sem vissulega verður hægt að nota langa hríð til að verja markaðsstöðu fiskfangs frá Íslandi, ekki síst í því ljósi er mikilvægt að fyrir liggi sem nákvæmastar mælingar á öllum tegundum nytjafiska við Ísland og frá öllum miðum umhverfis landið.

Umhverfisvöktun af þessu tagi mun reynast mikilvæg til að slá á ótta markaða sem óhjákvæmilega mun í framtíðinni vakna vegna umræðunnar um tengsl neyslu sjávarfangs við uppsöfnun þrávirkra lífrænna í líkömum manna. Þess vegna er í tillögunni lögð sérstök áhersla á reglulegar mælingar á nytjafiskum við Ísland. Þær munu í senn styðja aðgerðir heima fyrir og í alþjóðlegu starfi þar sem íslensk stjórnvöld hafa sýnt lofsvert frumkvæði í baráttunni fyrir takmörkun þrávirkra lífrænna efna. Sömuleiðis árétta flutningsmenn að mælingar af þessu tagi geti haft ómetanlegt gildi fyrir íslenskan sjávarútveg, við markaðssetningu í framtíðinni. Hiklaust má segja að niðurstöður þeirra kunni að verða gulls ígildi fyrir sölu íslenskra sjávarafurða í framtíðinni.

Aðrar rannsóknir.

Hér á landi hafa farið fram ýmsar rannsóknir á útbreiðslu og magni þrávirkra lífrænna efna í lífríki við Ísland, bæði af hálfu Íslendinga og í nokkrum tilvikum erlendra manna. Íslendingar eru ásamt sjö öðrum þjóðum sem tengjast norðurhjaranum þátttakendur í alþjóðlegu vöktunar-

verkefni á norðurslóðum. Í tengslum við það hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins mælt efnin í nokkrum tegundum fiska og einnig Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði, en niðurstöður rannsókna hennar benda til að miklu meira sé af klórkolefnissamböndum í dýrum ofarlega í fæðukeðjunni en menn áttu von á.

Vöktunaráætlunin sem Íslendingar hafa staðið fyrir undanfarin ár í tengslum við eigið lífríki hefur verið næsta yfirgripsmikil varðandi þungmálma og geislavirk efni. Varðandi þrávirk lífræn efni hefur hún tekið fyrst og fremst til aðeins eins efnahóps, þ.e. PCB. Auk þess eru til allmargar mælingar á DDT en einvörðungu takmarkaðar mælingar á Dioxínum og Toxafeni, svo nokkuð sé nefnt.

Eins og kemur fram í fylgiskjali hefur þannig mælst veruleg uppsöfnun PCB í æðarfugli sem veiddur var á Álftanesi. Magnið er svo mikið að við vissar aðstæður um varptímann gæti það valdið „bráðum eiturhrifum". Þetta eru ótrúlegar upplýsingar sem reka væntanlega marga í rogastans.

Rannsóknir á íslenskum fálkum gáfu til kynna að í þeim væri magn PCB og DDT „jafnvel meira hér á landi en fundist hefur í sambærilegum tegundum annars staðar" (sjá fylgiskjal). Rannsóknir á sel benda einnig til að „mengun af völdum þessara efna hér við land gæti verið mun meiri en ætla mætti af legu landsins og notkun efnanna hérlendis" (sjá fylgiskjal). Rannsóknir á teistu, sem nú standa yfir, gefa hið sama til kynna. Öll þessi dýr eru mjög ofarlega í fæðukeðjunni þar sem uppsöfnunar þrávirkra lífrænna efna er að vænta, flytjist þau á annað borð inn á hafsvæðin við Ísland. Góðu heilli sýna mælingar líka að enn gætir efnanna í mjög litlum mæli í lægstu stigum fæðukeðjunnar.

Þessar niðurstöður benda eindregið til þess að í efri stigum fæðukeðjunnar við Ísland séu þrávirk lífræn efni í mun meira magni en menn töldu áður. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um það. Þess vegna er lagt til að skipuleg úttekt verði gerð á útbreiðslu og flutningi efnanna um lífríkið sem tengist Íslandi.

Erlendar rannsóknir hníga sterklega að því að hvergi á norðurslóðum sé að finna jafnmikið magn af þrávirkum lífrænum efnum og í sjávarspendýrum. Það vekur hins vegar sérstaka athygli að hér á landi hafa engar niðurstöður verið birtar um magn efnanna í sjávarspendýrum við Ísland. Þess vegna er lagt til að ráðist verði í sérstak átak í mælingum á þeim þar sem líklegt er að niðurstaðan gefi góðar vísbendingar um hversu menguð hafsvæðin umhverfis Ísland eru af þrávirkum lífrænum efnum.

Fylgiskjal.

Kristín Ólafsdóttir,
Rannsóknastofu Háskólans í Lyfjafræði:

Uppsöfnun þrávirkra lífrænna efna í fuglum og mönnum.

1. Inngangur.

Lengi hefur mönnum verið ljóst að mengun af völdum ýmissa þrávirkra lífrænna efna er meðal alvarlegustu umhverfisvandamála jarðarinnar. Skaðsemi efnanna byggist aðallega á stöðugleika þeirra í lífverum og í náttúrunni.

Efni þessi skipta hundruðum en eru flest skyld að gerð. Best þekktu mengunarefnin eru ýmis skordýraeitur og önnur varnarefni eins og DDT (díklór-difenýl-tríklóretan), hexaklórsýkló-

hexan (HCH, lindan) og hexaklórbensen(HCB). Efni af öðrum uppruna eru PCB-efni (pólíklórbífenýlsambönd) en þau voru aðallega notuð til einangrunar í stórum rafkerfum. Klórkolefnissambönd þessi eru flest afar stöðug í náttúrunni og þau safnast fyrir í fituvef dýra, einkum þeirra sem efst eru í fæðukeðjunni. Þau valda yfirleitt ekki bráðri eitrun (krampi, sem getur leitt til dauða) en hinn langi viðverutími í líkama dýra gerir áhrif þeirra á ónæmiskerfið, frjósemi og krabbameinsmyndun að áhyggjuefni (1). DDT er þekktast þessara efna og áhrif þess á frjósemi fugla varð þess valdandi að athygli manna beindist fyrst að skaðsemi klórkolefnissambanda í náttúrunni (2).

Lítið hefur verið notað af varnarefnum á Íslandi miðað við víða annars staðar, en gamma-HCH (lindan) var þó talsvert notað við böðun á sauðfé fram á síðustu ár. Ljóst er hins vegar að klórkolefnissambönd hafa víða fundist langt frá notkunarstað, meðal annars á heimskautasvæðunum (3,4) og virðast efnin því berast langar leiðir með lofti og legi. Til skamms tíma var lítið vitað um útbreiðslu klórkolefnissambanda á Íslandi. Nokkrar rannsóknir fóru þó fram í Rannsóknastofu í lyfjafræði á árunum 1970–85 (5–9) á smjöri, silungi, laxaseiðum svo og nautafitu, hreindýra- og kindafitu sem leiddu í ljós litla, en mælanlega, aðkomna, loftborna mengun af völdum klórkolefnissambanda svo og nokkra staðbundna mengun. Magn DDT og PCB í lofti og nokkrum íslenskum dýrategundum þótti fremur lítið miðað við nálæg lönd 1974 (10). Nýrri rannsóknir á selspiki (11) þykja benda til að mengun af völdum þessara efna hér við land gæti verið mun meiri en ætla mætti af legu landsins og notkun efnanna hérlendis.

2. Íslandsfálki (Falco rusticolous).

Í sömu átt benda rannsóknir á íslenskum fálkum sem nýlega er lokið (12). Í ljós kom að magn PCB- og DDT-efna var jafnvel meira hér á landi en fundist hefur í sambærilegum tegundum annars staðar, heildarmagn PCB-efna var á bilinu 0,1–232 mg/kg í brjóstvöðva. Beint samband fannst á milli magns efnanna í fálkunum og aldurs fuglanna. Einnig var ljóst að efnin berast saman í fálka þar sem beint samband var á milli magns beggja efna í öllum þeim 59 fuglum sem rannsakaðir voru. Því er ólíklegt að um staðbundna mengun sé að ræða og nær víst að efnin berist í íslenska fæðukeðju erlendis frá. Þetta gæti gerst annaðhvort beint með því að fálkar éta fugla sem fá í sig eiturefnin á erlendum vetrarstöðvum eða óbeint við að efnin berist til landsins með loft- eða hafstraumum og mengi þannig íslenskar lífverur. Er því mikilvægt að ákvarða hvernig þessi efni berast í fálkann til að unnt sé að rannsaka hvernig og hvar íslensk náttúra hefur mengast. Rannsókn á fuglum sem fálkinn lifir á, sem nú stendur yfir, verður fyrsta skrefið í þessa átt (13).

3. Æðarfugl (Somateria mollissima).

Rannsókn á æðarfugli, sem veiddur var á Álftanesi 1993, leiddi í ljós þónokkra mengun klórkolefnissambanda í æðarfuglinum (14) eða um 10–100 sinnum minna en fannst í fálka, enda er æðarfuglinn mun neðar í fæðukeðjunni en fálkinn. Mikil árstíðarsveifla sást á magni efnanna, sem endurspeglaði tilfærslu efnanna frá fituvef til annarra líffæra yfir varptímann. Á þessum tíma er hætt við að styrkur efnanna í blóði fuglanna geti hækkað nægilega til að valda bráðum eiturhrifum.

Nokkru minna magn klórkolefnissambanda hefur fundist í æðarfugli frá Svalbarða og um tífalt minna magn í sömu tegund frá Kanada. Þar sem æðarfuglinn er staðbundinn hér við land og lifir að mestu á skeldýrum í fjörum benda niðurstöður þessar því til að strendur Íslands séu eitthvað mengaðar af þrávirkum lífrænum efnum.

4. Rjúpa (Lagopus mutus).

Magn klórkolefnissambanda var kannað í nokkrum rjúpum víðs vegar að af landinu og reyndist magnið afar lítið, t.d. var heildarmagn PCB-efna um 0,0004 mg/kg í brjóstvöðva (13). Virðist magn efnanna vera heldur minna en fannst í sömu tegund í Kanada (15). Þar sem rjúpan er aðalfæða fálkans virðist ljóst að önnur fæða hans hljóti að vera mjög menguð. Rjúpan lifir einkum á fræjum og lyngi og má því ætla að fyrstu stig fæðukeðjunnar á landi (terrestrial foodchain) séu enn nokkuð hrein hvað varðar klórkolefnissambönd.

5. Móðurmjólk.

Klórkolefnissambönd hafa langan helmingunartíma og brotna lítið niður í flestum lífverum. Kvendýr spendýra geta losnað við klórkolefnissambönd með móðurmjólk, en í karldýrum eykst þéttni þeirra með aldri (11). Erlendis hafa rannsóknir á mönnum einkum beinst að tilvist klórkolefnissambanda í móðurmjólk þar sem minni fæðingarþyngd og óeðlilegur þroski nýbura hefur verið rakinn til PCB-efna (16). Við frumrannsókn á tilvist klórkolefnissambanda í íslenskri móðurmjólk (Tafla 1) kom í ljós að magn algengustu klórkolefnissambanda er svipað í íslenskri móðurmjólk og í móðurmjólk annars staðar á Norðurlöndum (17–19). Í Færeyjum (20) mældist magn PCB-efna í móðurmjólk nokkuð meira en hér og var það rakið til hvalmetis í fæðu mæðranna.

PCB-mengun er hlutfallslega meiri hér á landi en DDT-mengun þar sem hlutfall PCB/DDT í íslenskri móðurmjólk er u.þ.b. 2,5. Þetta hlutfall er svipað því sem fundist hefur í Svíþjóð (19) og Þýskalandi (21), en víðast annars staðar er þetta hlutfall nær einum og jafnvel lægra eins og í Frakklandi (22).

Þar sem rannsóknin náði einungis til 22 mæðra má ætla að nokkuð skorti á að hún veiti fullnægjandi upplýsingar um magn þrásetinna klórkolefnissambanda í íslenskri móðurmjólk. Nú er hafin nokkuð umfangsmeiri rannsókn sem nær til 40 kvenna. Könnuð verða áhrif búsetu og neyslu sjávarfangs á magn efnanna í blóði (13). Afar ólíklegt verður þó að teljast að þær aðstæður finnist á Íslandi að magn þessara mengunarefna í móðurmjólk fari yfir hugsanleg hættumörk fyrir ungbörn (um 1.000 ng/g mjólkur (16)).

Heimildir sem vísað er til með tölum í svigum er hægt að finna á heimasíðu Hollustuverndar.

754. Beiðni um skýrslu [429. mál]

frá heilbrigðisráðherra um tíðni og eðli barnaslysa tímabilið 1990–96.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Svavari Gestssyni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Ástu B. Þorsteinsdóttur og Gísla S. Einarssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðisráðherra flytji Alþingi skýrslu um tíðni og eðli barnaslysa tímabilið 1990–96. Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Heimaslys.

1. Hver var árleg tíðni heimaslysa hjá 0–4 ára, 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára börnum á tímabilinu? Hvernig er skiptingin eftir kynjum
   a. í heild,
   b. innan aldursbila?
2. Hvernig skiptast þau samtals eftir slysaflokkum (t.d. brunaslys, köfnunarslys, klemmuslys, augnáverkar, höfuðhögg, eitranir, önnur slys)? Óskað er eftir að einnig verði tilgreind skipting fyrir sérhvern aldursflokkanna.
3. Hvar verða slysin helst innan heimilisins?
4. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús vegna heimaslysa og hve lengi samtals?
5. Hve mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?
6. Hvernig er tíðni heimaslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?
7. Í umsjón hvers voru þau börn sem slösuðust á aldrinum 0–4 ára?
8. Hve mörg börn slösuðust í vörslu dagmæðra? Hvers konar áverka hlutu þau og hversu alvarlegir voru þeir?

2. Skólaslys.

1. Hver var árleg tíðni skólaslysa hjá 0–4 ára börnum (leikskólar), 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára á tímabilinu? Hvernig er skiptingin eftir kynjum
   a. í heild,
   b. innan aldursbila?
2. Hvernig skiptast þau samtals eftir slysaflokkum? Óskað er eftir að einnig verði tilgreind skipting fyrir sérhvern aldursflokkanna.
3. Hvar verða slysin helst á vettvangi skólans?
4. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús vegna skólaslysa og hve lengi samtals?
5. Hve mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?
6. Hvernig er tíðni skólaslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?

(Spurt er sérstaklega um slys við leikfimikennslu á vegum skóla í næsta lið.)

3. Íþróttaslys.

1. Hver var árleg tíðni íþróttaslysa á tímabilinu?
2. Hvernig skiptast þau eftir íþróttaflokkum?
3. Hvers konar áverkar einkenna einstaka íþróttaflokka? Óskað er eftir eins nákvæmri sundurgreiningu og gögn leyfa.
4. Hvernig skiptast þau samtals eftir eðli áverka?
5. Hve stór hluti slysanna varð í leikfimikennslu á vegum skóla eða annarra aðila?
6. Hvar verða slysin einkum á íþróttasvæðum (þar með talin íþróttahús) og við hvers konar íþróttaiðkanir?
7. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús vegna íþróttaslysa og hve lengi samtals?
8. Hve mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?
9. Hvernig er tíðni íþróttaslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?

Óskað er eftir sundurgreindum svörum fyrir börn 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvernig tíðnin skiptist eftir kynjum (a) í heild, og (b) innan aldursbila.

4. Umferðarslys.

1. Hver var árleg tíðni umferðarslysa hjá 0–4 ára, 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára börnum á tímabilinu?
2. Hvernig skiptast þau samtals eftir slysaflokkum (t.d. hjólreiðaslys, árekstur, ákeyrsla o.s.frv.)? Óskað er eftir að einnig verði tilgreind skipting sérhvers aldursflokks fyrir sig.
3. Hve mörg börn slösuðust vegna þess að sérstökum öryggisbúnaði, svo sem hjálmum og sætisbeltum, var áfátt eða hann ekki notaður?
4. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús vegna umferðarslysa og hve lengi samtals?
5. Hve mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?
6. Hvernig er tíðni umferðarslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?

5. Drukknunarslys.

1. Hver var árleg tíðni drukknunarslysa hjá 0–4 ára, 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára börnum á tímabilinu? Einnig er óskað skiptingar eftir kynjum
   a. í heild,
   b. innan aldursbila?
2. Hvernig skiptast þau samtals eftir flokkum (t.d. í heitum pottum, sundlaugum o.s.frv.)?
3. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús og hve lengi samtals?
4. Hversu mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?
5. Hvernig er tíðni drukknunarslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?

Óskað er eftir að í svari við þessum lið verði einnig greint frá slysum þar sem lá við drukknun (svokölluð nærdrukknun).

6. Vinnuslys.

1. Hvernig er hagað skráningu vinnuslysa hjá börnum til 18 ára aldurs?
2. Hvernig skiptast vinnuslys fram að þeim aldri eftir tegund vinnu?
3. Hvernig skiptast þau eftir áverkum?
4. Hvernig skiptast þau eftir aldri?
5. Hvernig skiptast þau eftir kynjum?
6. Hvernig eru samsvarandi upplýsingar frá hinum Norðurlandaþjóðunum?

7. Hættulegar vörur.

Óskað er eftir upplýsingum um slys á fyrrgreindum aldursbilum, og eftir kynjum, vegna hættulegra vara, svo sem gluggabúnaðar (t.d. stormjárns), raftækja o.s.frv.

8. Önnur slys.

Óskað er eftir upplýsingum um slys á fyrrgreindum aldursbilum, og eftir kynjum, sem falla utan þeirra slysaflokka sem reifaðir eru að framan, t.d. við húsgrunna, á byggingarsvæðum o.s.frv.

9. Dauðsföll.

1. Hve mörg dauðsföll urðu vegna slysa barna upp að 18 ára aldri á tímabilinu, hvers konar slys leiddu til þeirra og hvernig skiptust þau eftir fyrrgreindum aldursflokkum og kynjum?
2. Hvernig eru samsvarandi upplýsingar frá hinum Norðurlandaþjóðunum?

10. Aðgerðir stjórnvalda.

Til hvaða aðgerða hyggjast stjórnvöld grípa til að draga úr slysatíðni barna?

11. Fræðsla.

Hvaða fræðsla hefur af hálfu stjórnvalda verið í gangi síðustu ár sem miðar að því að fækka barnaslysum?

755. Fyrirspurn [430. mál]

til heilbrigðisráðherra um ofbeldi á börnum.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mörg börn voru lögð inn á Barnaspítala Hringsins vegna ofbeldis sem þau höfðu verið beitt á tímabilinu 1993–97, samtals og sundurgreint eftir aldri barnanna, kyni og tegund ofbeldis?
2. Hversu mörg börn komu á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna þess að þau höfðu verið beitt ofbeldi á tímabilinu 1993–97, samtals og sundurgreint eftir aldri barnanna, kyni og tegund ofbeldis?
3. Í hve mörgum tilvikum var ofbeldið gegn börnunum tilkynnt barnaverndarnefndum eða öðrum þar til bærum yfirvöldum á fyrrgeindu tímabili, á hvoru sjúkrahúsi um sig?
4. Hversu mörgum börnum var vísað til neyðarmóttöku vegna nauðgunar, stúlkum annars vegar og drengjum hins vegar, á árunum 1993–97?

Skriflegt svar óskast.

756. Fyrirspurn [431. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu tónlistarhúss.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hefur farið fram sérfræðilegt mat á þeim tillögum sem nefnd undir forustu Stefáns P. Eggertssonar lagði fram vorið 1997 um byggingu tónlistarhúss, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar þar um? Ef svo er, hver er niðurstaða þess?
2. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um byggingu tónlistarhúss, hvað varðar ákvörðun um byggingu þess, fjármögnun og staðsetningu?

757. Fyrirspurn [432. mál]

til dómsmálaráðherra um heimilisofbeldi.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður störfum þeirra þriggja nefnda sem skipaðar voru í kjölfar skýrslu dómsmálaráðherra um heimilisofbeldi vorið 1997? Hvenær má vænta niðurstaðna af starfi þeirra?
2. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir niðurstöðum nefndar Evrópuráðsins um heimilisofbeldi sem birtar voru á síðasta ári, þannig að tillögur hennar nýtist og komist í framkvæmd hér á landi?

758. Fyrirspurn [433. mál]

til menntamálaráðherra um ólympíska hnefaleika.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvað líður athugun á máli því sem Alþingi vísaði til ríkisstjórnarinnar 23. febrúar 1995 varðandi keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis?
2. Telur ráðherra að bann við sýningum á hnefaleikum nái til sýninga í sjónvarpi, í tölvu eða á internetinu og ef svo er, hvernig hyggst ráðherra framfylgja banninu?

759. Svar [370. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um framkvæmd þingsályktunar um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

1. *Hefur verið lokið gerð námsefnis um almenna fjármálaumsýslu fyrir efstu bekki grunnskólans og framhaldsskólann?*

Grunnskólinn: Námsgagnastofnun sér nemendum í skyldunámi fyrir námsgögnum. Menntamálaráðuneytið leitaði upplýsinga hjá stofnuninni um stöðu námsefnis í fjármálaumsýslu en í framhaldi af þingsályktuninni var áætlað að nýtt námsefni kæmi út 1995. Í bréfi Námsgagnastofnunar, dags. 27. janúar 1998, kemur fram að námsefnið, sem hafði vinnutitilinn „Fjármál mín og framtíð“, hafi reynst of þungt fyrir grunnskólanemendur og því var útgáfu þess frestað árið 1995. Í ljósi þess að endurskoðun aðalnámskrár stendur yfir hefur Námsgagnastofnun ekki aðhafst frekar í málinu.

Framhaldsskólinn: Á fjárlögum hefur á undanförnum árum verið fjárveiting til að styrkja námsefnisgerð á framhaldsskólastigi. Fjárveitingin dugir hvergi til að anna eftirspurn og verður því að hafna fjölda umsókna ár hvert. Á undanförnum árum hafa verið veittir styrkir til námsefnisgerðar í viðskipta- og hagfræðigreinum sem snerta ýmsa þætti fjármálaumsýslu, en ekki er um að ræða sérstakt námsefni um almenna fjármálaumsýslu. Ekki hvílir lagaleg skylda á ríkinu vegna námsefnis í framhaldsskólum.

2. *Hefur verið samið námsefni um almenna fjármálaumsýslu fyrir yngri bekki grunnskólans?*

Ekki hefur verið samið sérstakt námsefni fyrir yngri bekki grunnskóla. Fræðsla um fjármál kemur fram í námsefni í ýmsum námsgreinum, svo sem stærðfræði, samfélagsfræði og heimilisfræði.

3. *Hefur kennsla í fjármálaumsýslu í samræmi við þingsályktun frá 12. mars 1991 verið hafin í grunnskólum eða framhaldsskólum? Í hvaða bekkjum og í hvaða áföngum?*

Grunnskólinn: Fjármálafræðsla hefur ekki verið skilgreind í aðalnámskrá grunnskóla sem sérstök námsgrein. Í gildandi aðalnámskrá sem gefin var út árið 1989 er að finna markmið á þessu sviði sem grunnskólum er gert að uppfylla. Markmiðin eru einkum felld inn í stærðfræði, samfélagsfræði og heimilisfræði.

Nefnd um mótun menntastefnu skilaði tillögum sínum í júní 1994. Þar er m.a. að finna tillögur um að útvíkka námsgreinina heimilisfræði og fella inn í hana námsþætti eins og „undirstöðuatriði fjárhagslegs sjálfstæðis og fjárhagslegrar ábyrgðar, m.a. gerð atvinnuumsókna og skattskýrslna, notkun ávísanahefta og greiðslukorta“. Við endurskoðun aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla sem nú stendur yfir er hins vegar gert ráð fyrir að fjármálafræðsla falli undir nýja námsgrein í grunnskólum sem gengur undir vinnuheitinu „Lífsleikni“. Tilgangur þessarar nýju skyldunámsgreinar er að búa nemendur undir lífið með því að fjalla um ýmsa námsþætti sem ekki hafa þótt dregnir nógu skýrum línum. Dæmi um slíka námsþætti er fjármálafræðsla sem í nýrri aðalnámskrá fær mun markvissari umfjöllun en áður. Áætlað er að „Lífsleikni“ verði sjálfstæð skyldunámsgrein frá og með 4. bekk og upp í 10. bekk og verði kennd að jafnaði eina stund á viku.

Framhaldsskólinn: Fjármálaumsýsla er ekki enn skyldunám í framhaldsskólum. Nú er fjármálaumsýsla kennd á ýmsum námsbrautum framhaldsskólans. Má þar nefna verslunarbrautir og hagfræðibrautir þar sem fjallað er um bókfærslu, skattarétt, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði. Á félagsfræðibrautum taka margir nemendur námsáfanga þar sem vikið er að fjármálaumsýslu. Í flestum framhaldsskólum er kenndur samskiptaáfangi þar sem fjallað er um fjármál einstaklinga.

Í álitsgerð nefndar um mótun menntastefnu frá júní 1994 er lagt til að svokallaður ratvísikjarni verði á öllum námsbrautum framhaldsskólans. Eins og nefnt er hér að framan varðandi grunnskólann stendur nú yfir endurskoðun aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla. Þar er gert ráð fyrir að ný námsgrein, „lífsleikni“ (í stað ratvísi), verði í brautarkjarna á öllum námsbrautum. Tilgangurinn með kennslu í þessari grein er að stuðla að alhliða þroska nemenda og auka færni þeirra í að takast á við síbreytilegt og flókið samfélag. Á meðal námsþátta verða fjármálafræðsla, fjölskyldufræðsla og neytendafræðsla. Stefnt er að því að allir nemendur framhaldsskóla taki 6 einingar í „lífsleikni“.

4. *Hefur reynsla af tilraun, sem styrkt var af menntamálaráðuneytinu, með kennslu í grunnskólanum á Dalvík á svokallaðri sjálfsmennskubraut verið nýtt við gerð námsefnisins eða við kennslufyrirkomulag í skólum?*

Frumkvæði að svokallaðri sjálfsmennskubraut kom frá Dalvíkurskóla. Hugmyndin var að búa nemendur undir að flytja að heiman og standa á eigin fótum. Skólinn fékk styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla til að útfæra hugmyndina. Verkefnið tók til 10. bekkjar og í kennslunni var m.a. fjallað um skipulag eigin fjármála, fjárhagsáætlanir, eigið skattframtal, launamál, viðskipti, mannleg samskipti og mál sem snerta fjölskyldu og heimilishald almennt. Það var mat skólans að vel hefði tekist til og nemendur hefðu haft gagn af þeim undirbúningi sem veittur

var á svokallaðri sjálfsmennskubraut. Ekki varð til sérstakt námsefni af þessu tilefni. Ráðuneytið hefur komið vitneskju um tilraunina á framfæri við alla grunnskóla en ekki hefur verið gerð úttekt á því að hvaða leyti aðrir skólar hafa tekið mið af þessu fordæmi á Dalvík.

760. Frumvarp til laga [434. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994.

Flm.: Guðni Ágústsson.

1. gr.

2. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, önnur starfskjör og ágóðahluta til stjórnarmanna félags, framkvæmdastjóra eða annarra stjórnenda fyrir störf í þágu þess. Sundurliða skal heildarlaun og önnur starfskjör þessara aðila. Þá skal veita upplýsingar um meðallaun starfsmanna eftir starfshópum, karla annars vegar og kvenna hins vegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið laga um ársreikninga er að gefin sé sönn og skýr mynd með jöfnu millibili af eignum og skuldum hlutafélags, fjárhagsstöðu þess og afkomu. Rekstrarreikningur verður að sama skapi að sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðuð að reikningurinn gefi greinargóða mynd af rekstarafkomu hvers reikningsárs miðað við góða reikningsskilavenju. Í 43. gr. IV. félagaréttartilskipunar EB, sem gildi hefur hér á landi, kemur fram að í skýringum með ársreikningi skuli m.a. geta um þá fjárhæð sem veitt er á reikningsárinu í þóknun til stjórnarmanna hlutafélags, framkvæmdastjóra eða annarra stjórnenda fyrir störf þeirra. Eðlilegt er og sjálfsagt að skýrt komi fram í ársreikningi fyrirtækja hvaða laun eru greidd æðstu stjórnendum og stjórnarmönnum, sem og allar aðrar þóknanir. Þess vegna þarf að skýra nánar ákvæði 48. gr. laganna, en fram til þessa hefur nákvæm sundurliðun þessara þóknana verið talin óþörf. Að sama skapi og með hliðsjón af stöðu mála í jafnréttisumræðu er nauðsynlegt að hlutafélög upplýsi um raunveruleg laun og önnur starfskjör beggja kynja eftir starfshópum svo að auðveldara verði að ráða bót á misrétti á því sviði.

761. Tillaga til þingsályktunar [435. mál]

um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efna til sérstaks átaks til að draga úr reykingum kvenna. Verði sjónum einkum beint að stúlkum og ungum konum þannig að takast megi að koma í veg fyrir að stúlkur hefji reykingar og þær sem byrjaðar eru hætti.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur margsinnis verið bent á þá staðreynd að íslenskar konur eru meðal mestu reykingakvenna í Evrópu. Aðeins danskar konur reykja meira en þær íslensku. Á sama tíma og íslenskir karlmenn hafa dregið verulega úr reykingum virðist konum ganga verr að hætta að reykja og nú er svo komið að konur og karlar reykja jafnmikið, en þar höfðu karlar löngum mikið forskot. Jafnframt hefur komið fram að dánartíðni kvenna af völdum lungnakrabba hér á landi er einhver sú mesta í heimi og hefur því miður aukist. Nýlegar rannsóknir benda til þess að konur þoli reykingar mun verr en karlar, auk þess sem æ betur kemur í ljós að áhrif reykinga á heilsu kvenna eru miklu víðfeðmari en áður var talið. Þannig valda reykingar ekki aðeins krabbameini í lungum heldur tengjast þær brjóstakrabba, krabbameini í legi, hjarta- og æðasjúkdómum, beinþynningu o.fl. Nikótín er miklu sterkara eitur en menn hafa viljað viðurkenna. Bandarískur læknir sagði flutningsmanni að rannsóknir sýndu að rottur gerðu engan mun á heróíni og nikótíni, þær væru jafnsólgnar í hvort tveggja. Heróín er stranglega bannað en tóbak er selt ómælt.

Á ráðstefnu sem haldin var nýlega á vegum heilbrigðisráðuneytisins um heilsu kvenna kom fram að aldur þeirra kvenna sem hefja reykingar hefur farið stöðugt lækkandi. Upp úr 1960 hófu konur reykingar eftir tvítugt, en nú hefja stúlkur reykingar á unglingsaldri, 14–15 ára. Þetta þýðir að sá tími ævinnar sem konur reykja hefur lengst verulega. Það á því miður eftir að skila sér í mun verri heilsu síðar meir og þar með auknum kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið og í tjóni fyrir samfélagið. Ungir og óþroskaðir líkamar glíma við eiturverkanir sem hljóta að hafa í för með sér heilsutjón síðar meir. Tóbaksframleiðendur sem eiga nú í vök að verjast beina sjónum mjög að ungu fólki og snýst nýjasta herferðin um það að fá konur til að reykja vindla, undir þeim formerkjum að þannig séu þær jafnokar karla, gott ef það hefur ekki örvandi áhrif á samskipti kynjanna að hafa vindla um hönd.

Umhverfið og félagahópurinn hefur veruleg áhrif á það hvort unglingar byrja að reykja eða ekki. Því er afar nauðsynlegt að beina áróðri gegn misnotkun á tóbaki að þeim og þá sérstaklega stúlkunum sem er enn hættara við sjúkdómum og heilsutjóni, þótt alls ekki megi gleyma strákunum.

Afleiðingar reykinga eru eitthvert alvarlegasta og erfiðasta viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar. Það er stórkostlegt hagsmunamál þjóðarinnar að draga úr reykingum til að bæta megi líðan einstaklinga, bjarga mannslífum og draga verulega úr kostnaði samfélagsins. Öflugri forvarnir eru besta leiðin til að ná árangri í baráttunni við þann aldagamla ósið sem tóbaksnotkun er. Tilgangur þessarar tillögu er sá að fá heilbrigðisyfirvöld til þess að beina sjónum að reykingum kvenna sérstaklega þannig að hluti þess fjármagns sem nú þegar er varið til tóbaksvarna verði notaður til að ná til þess allt of fjölmenna hóps kvenna sem reykir.

762. Frumvarp til laga [436. mál]

um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers þess dýralæknis sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfa í þágu ríkisins og þeirra dýralækna sem starfa samkvæmt leyfi þar að lútandi sem veitt er eftir lögum þessum.

2. gr.

Dýralæknar skulu standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra. Þeir skulu vera á verði gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búfjárafurða, af innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða, efna, áhalda eða hluta sem borið geta með sér smitefni.

II. KAFLI
Yfirstjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með mál sem þessi lög varða.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar dýralæknaráð sem skipað er fjórum dýralæknum til fimm ára í senn og er yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, annar af stjórn Dýralæknafélags Íslands, þriðji af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og fjórði án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður ráðsins.

Ráðið skal ávallt fjalla um innflutning búfjár sé hans óskað. Einnig skal ráðið fjalla um innflutning annarra dýra, búfjárafurða og aðra þætti er snerta heilbrigðismál dýra og dýraafurða þegar þess er óskað af ráðherra eða yfirdýralækni. Ráðinu er heimilt, ef aðstæður krefja, að kalla sérfræðinga til ráðuneytis.

Sömu aðilar og taldir eru í 2. mgr. geta vísað ágreiningsmálum varðandi dýralæknisþjónustu til ráðsins. Við úrlausn þeirra ágreiningsmála skal ráðherra kalla til starfa með ráðinu lögfræðing sem fullnægir skilyrðum um skipan til starfa héraðsdómara.

Ráðið skal halda gerðabók um störf sín.

5. gr.

Yfirdýralæknir er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða. Aðstoðaryfirdýralæknir, sem valinn er úr hópi sérgreinadýralækna, skal vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans.

Yfirdýralæknir hefur með höndum:

a. yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og annarra dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar,

b. yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra; hann skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur,
c. yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs í samvinnu við Aðfangaeftirlit ríkisins,
d. yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og vinnslu sláturafurða, yfirumsjón með framleiðslu mjólkur og aðstöðu á vinnslustað hennar, auk yfirumsjónar með heilbrigði annars búfjár og afurða þess,
e. skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu og vinnslu mjólkur; hann sér um árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

6. gr.

Þeir einir eru samkvæmt lögum þessum taldir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum.

Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa leyfi landbúnaðarráðherra samkvæmt ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

Landbúnaðarráðherra gefur út leyfisbréf handa dýralækni til að stunda dýralækningar og dýralæknir undirritar eiðstaf þar að lútandi. Yfirdýralæknir heldur skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar.

Dýralækni er skylt að tilkynna yfirdýralækni:
1. þegar hann hyggst hefja dýralæknisstörf og aðsetur starfsemi sinnar,
2. flutning aðseturs,
3. starfslok sem dýralæknir.

Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar og þeir sem starfa í opinberri þjónustu skulu hafa vald á íslenskri tungu.

Heimilt er að fela dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknisstörfum undir stjórn dýralæknis ef yfirdýralæknir mælir með því.

7. gr.

Eingöngu þeir dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar mega framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.

8. gr.

Dýralækni er einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.

9. gr.

Dýralækni ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og halda við þekkingu sinni. Dýralæknir ber ábyrgð á greiningu sjúkdóms og meðferð sjúklinga sinna.

Dýralækni ber sem kostur er að upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs sem hann fær til meðferðar um ástand, meðferð, horfur og væntanlegan kostnað af meðhöndlun og lyfjameð-

ferð. Einnig skal hann upplýsa eiganda eða umráðamann um þær hættur sem geta fylgt viðkomandi aðgerð, algengar aukaverkanir lyfja sem notuð eru og lyfjamengun afurða.

Dýralækni ber, sé til hans leitað eða hann nærstaddur og náist ekki í vakthafandi dýralækni, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

Dýralæknar, sem stunda almennar dýralækningar, eiga rétt á og þeim ber skylda til að taka þátt í vaktafyrirkomulagi sem skipulagt er á viðkomandi vaktsvæði, sbr. 12. gr., nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum. Dýralækni er heimilt að semja við annan dýralækni um að taka við vaktskyldunni.

Verði dýralæknir var við eða hafi hann grun um að upp sé kominn alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á starfssvæði hans skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að staðfesta gruninn, hefta útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón sem af honum getur leitt. Hann skal tafarlaust tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir sem þurfa þykir.

Dýralækni ber að gera árlega skýrslu um læknisstörf sín og senda yfirdýralækni. Yfirdýralæknir setur reglur um hvaða upplýsingar skýrslurnar skuli geyma.

Dýralækni ber að sýna nákvæmni í útgáfu vottorða og læknisyfirlýsinga. Hann er bundinn þagnarskyldu um þá vitneskju sem hann öðlast í starfi sínu og honum er trúað fyrir og varðar ekki almannaheill.

Dýralækni er einungis heimilt að auglýsa læknisstarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum.

10. gr.

Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi landbúnaðarráðherra eða fengið viðurkenningu á að starfa sem sérfræðingur í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Umsóknir um sérfræðileyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.

IV. KAFLI
Skipan héraðsdýralæknisumdæma.

11. gr.

Umdæmi héraðsdýralækna er sem hér greinir:

1. *Gullbringu- og Kjósarumdæmi:* Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Akranes, Borgarbyggð.
3. *Snæfellsnesumdæmi:* Stykkishólmur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Hnappadalssýsla, Flatey og býli í gamla Flateyjarhreppi, Skógarstrandarhreppur.
4. *Dalaumdæmi:* Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Austur-Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flatey og býlum í Flateyjarhreppi hinum gamla.
5. *Vestfjarðaumdæmi:* Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla að Bæjarhreppi.
6. *Vestur-Húnaþingsumdæmi:* Vestur-Húnavatnssýsla, Bæjarhreppur í Strandasýslu.
7. *Austur-Húnaþingsumdæmi:* Blönduós, Austur-Húnavatnssýsla.

8. *Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi:* Akureyri, Ólafsfjörður, Dalvík, Siglufjörður, Sauðárkrókur, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppar í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarumdæmi:* Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla, að undanskildum Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppum, Norður-Þingeyjarsýsla, Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar í Norður-Múlasýslu.
10. *Austfjarðaumdæmi:* Egilsstaðir, Eskifjörður, Neskaupstaður, Seyðisfjörður, Norður- og Suður-Múlasýslur, að undanskildum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum.
11. *Austur-Skaftafellsumdæmi:* Hornafjarðarbær, Austur-Skaftafellssýsla.
12. *Vestur-Skaftafellsumdæmi:* Vestur-Skaftafellssýsla, að undanskildum Mýrdalshreppi.
13. *Suðurlandsumdæmi:* Árnes- og Rangárvallasýslur, Mýrdalshreppur.

Skipa skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi, en í hvert þeirra skal skipa tvo héraðsdýralækna.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Einnig ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða.

Héraðsdýralæknar í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum sinna eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralæknar í öðrum dýralæknisumdæmum annast jafnframt eftirlitsstörfum almenna dýralæknisþjónustu í umdæminu, þar með er talin vaktþjónusta.

Heimilt er að ráða dýralækna til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna í einstökum umdæmum.

Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu, skyldur, eftirlitsstörf og heimild til annarra dýralæknisstarfa.

Gjald, sem nemur kostnaði, skal innheimta fyrir eftirlit og skoðanir samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengum tillögum yfirdýralækis.

12. gr.

Vaktsvæði dýralækna eru sem hér greinir:

1. Gullbringu- og Kjósarumdæmi.
2. Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi.
3. Snæfellsnesumdæmi.
4. Dalaumdæmi.
5. Vestfjarðaumdæmi.
6. Austur- og Vestur-Húnaþingsumdæmi.
7. Skagafjörður og Siglufjörður.
8. Eyjafjörður, Dalvík og Ólafsfjörður.
9. Þingeyjarumdæmi.
10. Austfjarðaumdæmi.
11. Austur-Skaftafellsumdæmi.
12. Vestur-Skaftafellsumdæmi.
13. Rangárvallasýsla og Mýrdalshreppur.
14. Árnessýsla.

Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja vaktir í samráði við starfandi dýralækna innan sinna vaktsvæða þannig að dýralæknir sé þar jafnan á vakt og auðvelt sé að afla vitneskju um hvaða dýralæknir er á vakt hverju sinni.

Við skipulagningu vakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða.

Komi upp ágreiningur um skiptingu vakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar yfirdýralæknis.

Fyrir vaktþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt við sérstakar aðstæður að semja við dýralækni um greiðslu hluta ferðakostnaðar í því skyni að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu samkvæmt reglum gerðum í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands.

V. KAFLI
Sérgreinadýralæknar.

14. gr.

Ráða skal sérmenntaða dýralækna, einn á hverju eftirtalinna sérsviða: Sviði alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, nautgripa- og sauðfjársjúkdóma, júgursjúkdóma, loðdýrasjúkdóma og svínasjúkdóma. Auk þess skal ráða dýralækni með sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti sláturdýra og sláturafurða og dýralækni sem hafi eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða. Sérgreinadýralæknar starfa undir stjórn yfirdýralæknis sem setur þeim erindisbréf.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum, hver á sínu sviði, í samráði við héraðsdýralækna, með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, leiðbeiningar- og forvarnastarfi. Sérgreinadýralæknum má fela önnur verkefni, enda komi slíkt fram í erindisbréfi.

Sérgreinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að framkvæmd nauðsynlegra rannsókna og sýnatöku í samvinnu við héraðsdýralækna, rannsóknastofnanir og afurðastöðvar og hafa eftirlit með framkvæmd sóttvarnaaðgerða.

15. gr.

Yfirdýralæknir skal hafa til ráðstöfunar viðunandi aðstöðu, búnað og sérþekkingu til frumgreiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómavarna og forvarnastarfa.

16. gr.

Ráðherra skipar yfirdýralækni, aðstoðaryfirdýralækni og héraðsdýralækna til fimm ára í senn og setur þeim erindisbréf. Laun og önnur starfskjör þeirra ákveðast af kjaranefnd. Sérgreinadýralæknar skulu ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VI. KAFLI
Viðurlög gildistaka o.fl.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Verði yfirdýralæknir þess var að dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber yfirdýralækni að áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi eða sé um óhæfu í læknisstörfum að ræða og ber þá yfirdýralækni að kæra málið til ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi að fullu eða um tiltekinn tíma.

Uppfylli dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru er læknisleyfi var veitt, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu eða misnotkunar vímuefna, ber yfirdýralækni að greina ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra skal leita álits dýralæknaráðs um slík mál. Svipta má viðkomandi dýralækni lækningaleyfi ef dýralæknaráð leggur það til.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Meðan ekki hafa tekist samningar milli Dýralæknafélags Íslands og fjármálaráðuneytisins um endurmenntun gildir eftirfarandi ákvæði: „Fyrir hver 10 ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta 6 mánaða frí frá störfum með fullum launum, til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast og heim til Íslands að dvöl lokinni."

II.

Sé starf lagt niður á dýralæknir sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara rétt til biðlauna í samræmi við ákvæði í 34. gr. laga nr. 70/1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið byggist á tillögum nefndar sem skipuð var 1. febrúar 1996 til að endurskoða lög um dýralækna, nr. 77/1981, með síðari breytingum, og gera tillögu að frumvarpi til nýrra laga um dýralækna. Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, formaður, Rögnvaldur Ingólfsson dýralæknir, tilnefndur af Dýralæknafélagi Íslands, Sigurður Ingi Jóhannsson dýralæknir, tilnefndur af yfirdýralækni, og Rögnvaldur Ólafsson bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands. Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, starfaði með nefndinni. Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á liðnu vori, en hlaut ekki afgreiðslu. Landbúnaðarráðherra ákvað á liðnu sumri að skipa sérstakan starfshóp til að undirbúa endurframlagningu frumvarpsins á næsta löggjafarþingi. Í honum áttu sæti alþingismennirnir Árni M. Mathiesen, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson og Sturla Böðvarsson, Halldór Runólfsson yfirdýralæknir og Brynjólfur Sandholt, fyrrverandi yfirdýralæknir, sem var formaður.

Starfshópurinn lagði til breytingar á skipan umdæma héraðsdýralækna og vaktumdæma, þar sem fjölgað er um einn héraðsdýralækni og eitt vaktumdæmi frá því sem áður var lagt til.

Samkvæmt ákvörðun ráðherra skyldi markmið með endurskoðun laga um dýralækna vera að leggja fram tillögur sem:

— leiða til betri nýtingar fjárframlaga hins opinbera til dýralæknisþjónustu,
— gera skipulag dýralæknisþjónustu sveigjanlegra,
— tryggja dýralæknisþjónustu um allt land,
— auka heilbrigðiseftirlit með innflutningi búvara,
— tryggja eðlilegt samstarf eftirlitsaðila í landbúnaði og koma í veg fyrir skörun á þeim vettvangi.

Aðalfundur Dýralæknafélags Íslands, haldinn á Egilsstöðum 26. ágúst 1995, samþykkti samhljóða áskorun til landbúnaðarráðuneytisins og Alþingis um að taka til endurskoðunar lög um dýralækna, nr. 77/1981, og breyta þeim í samræmi við breytt starfsumhverfi dýralækna og þjóðfélagið í heild:

„Stjórn Dýralæknafélags Íslands er sammála því að í ljósi breyttra þjóðfélagsaðstæðna sé full ástæða til að endurskoða lög um dýralækna. Þó má það ekki verða til þess að sú þjónusta sem landsmönnum er tryggð í dag breytist til hins verra," eins og segir í bréfi félagsstjórnar, dags. 4. október 1996. Stjórn Dýralæknafélags Íslands telur lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu verða að taka mið af eftirfarandi:

— gætt sé byggðasjónarmiða og jafnræðis þegnanna,
— tryggð sé ímynd íslenskrar landbúnaðarframleiðslu undir merkjum gæðastýrðrar framleiðslu með áherslu á hreinleika afurða,
— fullt tillit sé tekið til vaxandi krafna um eftirlit með aðbúnaði dýra og almennra dýraverndunarsjónarmiða,
— tryggt sé að vakandi auga sé haft með smitsjúkdómum og vörnum gegn þeim um allt land,
— dýralæknum sé tryggt viðunandi vinnuumhverfi þannig að þeir geti sinnt starfi sínu út frá strängustu faglegum kröfum.

Fyrstu lærðu dýralæknarnir komu til starfa á miðri 19. öld, en starf þeirra var stopult og þurftu þeir að sinna öðrum störfum jafnframt til að afla lífsafkomu. Árið 1891 voru samþykkt lög um skipan tveggja dýralækna, annar skyldi vera í Suður- og Vesturamti, hinn í Norður- og Austuramti. Hvor dýralæknir skyldi fá 1.200 kr. í árslaun.

Með lögum nr. 61 3. nóvember 1915 var dýralæknum fjölgað í fjóra, einn fyrir hvern landsfjórðung, og skyldu árslaun hvers þeirra, 1.500 kr., greiðast úr landssjóði.

Á undanförnum 30 árum hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á dýralæknalögum. Flestar þeirra hafa hnigið að því að fjölga dýralæknisumdæmum að tilmælum bændasamtakanna sem hafa talið bændur fá ófullnægjandi dýralæknisþjónustu eða afskipta hvað þjónustu varðar vegna búsetu. Af þessari ástæðu hefur dýralæknisumdæmum stöðugt fjölgað. Þau voru 12 árið 1950, 20 árið 1970 og 31 árið 1990.

Samkvæmt núgildandi lögum um dýralækna, nr. 77/1981, er landinu skipt í 31 dýralæknisumdæmi og starfa nú héraðsdýralæknar í 27 umdæmum. Héraðsdýralæknar hafa hins vegar aldrei verið skipaðir í þrjú umdæmi, Hafnarfjarðarumdæmi, Akranesumdæmi og Norðfjarðarumdæmi, vegna skorts á fjárveitingu. Eitt hérað er nú ósetið, Norðausturlandsumdæmi, og tveimur umdæmum, Barðastrandar- og Strandaumdæmum, er þjónað frá Ísafirði.

Auk fastlaunaðra héraðsdýralækna starfa dýralæknar á sérsviðum varðandi sóttvarnir, fisksjúkdóma, fugla-, svína-, hrossa-, loðdýra- (hlutastarf), sauðfjár-, nautgripa- og júgursjúkdóma. Einn dýralæknir starfar við eftirlit með sláturafurðum og er hann jafnframt staðgengill yfirdýralæknis.

Auk framantalinna dýralækna hefur sjálfstætt starfandi dýralæknum fjölgað á síðustu árum og fyrirsjáanlegt er að þeim fjölgi enn eftir því sem verkefni gefa tækifæri til. Nú munu 15 dýralæknar starfa sjálfstætt. Þeir eru nær eingöngu á þeim svæðum landsins þar sem dýrafjöldi er mestur, greiðastar samgöngur og þar sem flest er gæludýra og dýra til afþreyingar. Á þessum svæðum sinna sjálfstætt starfandi dýralæknar einnig hluta af þjónustu við bændur vegna búfjárhalds þeirra.

Fjöldi búfjár á Íslandi 1950–96.

	Nautgripir	Þar af mjólkurkýr	Sauðfé	Hross	Svín	Varpfuglar
1950	44.535	31.766	415.544	42.280	719	97.589
1970	53.294	34.275	735.543	33.473	667	135.219
1980	59.933	33.577	827.927	52.346	1552	310.724
1994	71.923	30.518	499.110	78.517	3752	165.007
1996	74.815	29.854	463.935	80.518	3543	166.044

Aðstæður til dýralæknisþjónustu hafa breyst mikið á Íslandi síðustu ártugi og í tillögum um nýja skipan dýralæknisþjónustu er tillit tekið til þeirra breytinga. Samgöngur hafa batnað til mikilla muna víðast um landið og einangrun landsvæða er hvergi svo sem hún var til skamms tíma.

Um störf dýralækna á Norðurlöndum.

Í *Noregi* er héraðsdýralæknakerfið ríkjandi, þó á þann hátt að á þéttbýlum svæðum gegna héraðsdýralæknar eingöngu eftirlitshlutverki en í dreifbýli gegna þeir bæði eftirlitsstörfum og almennum dýralækningum. Stöðug fjölgun sjálfstætt starfandi dýralækna sem sinna dýralækningum á þéttbýlum svæðum hefur átt sér stað og fyrirsjáanlegt er að sú þróun muni halda áfram.

Í *Svíþjóð* hefur nýlega verið innleitt nýtt kerfi fyrir dýralækningar og er það algjörlega á vegum ríkisins. Ríkið greiðir héraðsdýralæknum laun en innheimtir allan kostnað af bændum fyrir aðgerðir, lyf og ferðir. Ríkið lætur þessum dýralæknum t.d. þjónustubifreiðar í té. Gjöld fyrir þjónustuna eru samkvæmt gjaldskrá sem ríkið setur. Auk héraðsdýralækna starfa sjálfstæðir dýralæknar með frjálsa gjaldskrá.

Í *Danmörku* er almennum dýralækningum eingöngu sinnt af sjálfstætt starfandi dýralæknum en umdæmisdýralæknar hafa eftirlit með höndum eða skipuleggja það og njóta þá starfskrafta sjálfstætt starfandi dýralækna ef með þarf.

Í *Finnlandi* starfa flestir dýralæknar á eigin vegum með styrk frá sveitarfélögum. Auk þess eru fastráðnir dýralæknar í eftirlitsstörfum.

Núgildandi löggjöf um dýralækna hér á landi er nær eingöngu miðuð við störf héraðsdýralækna sem bæði annast eftirlit og almenna dýralæknisþjónustu. Við breyttar aðstæður þykir rétt að leggja til aðra skipan þannig að störf sjálfstætt starfandi dýralækna nýtist betur en verið hefur og jafnframt að leggja meiri áherslu á hlutverk dýralækna við hvers konar eftirlit með heilbrigði búfjár og með allri framleiðslu úr búfjárafurðum, þó þannig að komist verði hjá skörun við eftirlit, svo sem eftirlit á vegum sveitarfélaga og Hollustuverndar ríkisins.

Tekið er tillit til aðstæðna þar sem samgöngur, t.d. að vetri, eru oft erfiðar og búfjárstofn lítill, einkum á strjálbýlli svæðum. Á slíkum svæðum er þess vart að vænta að sjálfstætt starf-

andi dýralæknar sjái rök til þess að setjast að með dýralækningaþjónustu og þar því þörf á aðstoð opinberra aðila við almenna dýralæknisþjónustu.

Störf dýralækna hafa breyst verulega á síðasta áratug með breyttum búskaparháttum. Bú hafa stækkað og fólki sem vinnur að framleiðslustörfum búfjárafurða fækkað. Gripir eru fóðraðir til fyllstu afurða frekar en áður var og eru þá kvillasamari. Á sama tíma hafa dýralækningar vegna ræktunar og notkunar reiðhesta stóraukist. Sama er um dýralæknisþjónustu vegna gæludýrahalds. Vinna við margvíslegt eftirlit hefur aukist og mun vaxa, m.a. vegna aðildar að fjölþjóðasamningum og rýmkunar á innflutningi búfjárafurða. Auk þess verður að reikna með auknu eftirliti með innflutningi búfjárafurða og kostnaðarauka sem af því leiðir. Styðst þetta við reynslu nágrannalanda okkar.

Störf héraðsdýralækna hafa til þessa, eins og þegar hefur komið fram, skipst í tvö meginviðfangsefni, annars vegar almenna þjónustu við sjúkdómavarnir og lækningar, hins vegar margvíslega umsýslan og eftirlit með auknum kröfum um hreinleika afurða, svo sem fjósaskoðun, vöktun og eftirlit í sláturhúsum, sýnatökur, skýrslugerðir o.fl., einnig eftirlit og framkvæmd bólusetninga gegn garnaveiki og eftirlit með niðurskurði gegn riðu og öðrum smitsjúkdómum. Með framkvæmd nýrra laga um dýravernd hefur aukinn tími héraðsdýralækna farið í að sinna þeim málum.

Telja verður að samkvæmt stjórnsýslu- og samkeppnislögum sé brýnt að skilja að, eins og aðstæður leyfa, eftirlits- og dýralæknisþjónustu sama aðila. Það samrýmist illa góðri stjórnsýslu að aðili gefi út starfsleyfi og hafi jafnframt tekjur af þjónustu við þá starfsemi sem fær leyfið.

Á þessum sjónarmiðum byggist sú tillaga að skipta verkefnum dýralækna í eftirlitsstörf og almennar dýralækningar. Við þá skiptingu er horft til búsetu, fjölda og dreifingar dýra og samgangna. Þannig eru talin upp í 11. gr. þau svæði landsins þar sem gert er ráð fyrir að aðeins starfi héraðsdýralæknar sem eingöngu fáist við eftirlitsstörf og þiggi laun sín úr ríkissjóði en öll almenn dýralækningaþjónusta verði á vegum sjálfstætt starfandi dýralækna. Ljóst er að þessu fyrirkomulagi verður ekki alls staðar við komið og því er gert ráð fyrir að í önnur umdæmi, sbr. 11. gr. laganna, verði skipaðir dýralæknar sem áfram gegna hinu tvíþætta hlutverki eftirlits og almennrar dýralæknisþjónustu, en þeir þiggi aðeins laun úr ríkissjóði fyrir eftirlitsstarfið.

Vitað er að vinnuálag á sumum dýralæknum er langt umfram það sem hæfir. Með þeim breytingum sem í frumvarpi þessu felast verður unnt að dreifa álagi milli dýralækna meira en verið hefur, m.a. með því að greiða öðrum dýralæknum en héraðsdýralæknum fyrir vaktir. Ávinningur verður m.a. sá að dýralæknar eiga fleiri frjálsar stundir og rýmri möguleika til viðhaldsmenntunar og aukinnar sérhæfingar miðað við þarfir einstakra svæða.

Fyrirkomulag samkvæmt frumvarpinu eykur líkur á því að upp verði komið dýralæknastöðvum þar sem sérhæfni yrði meiri og gæti það orðið til þess að lengra verði fyrir suma að sækja dýralækni en við núverandi skipan og þar með dýrara. Möguleiki er á að draga úr slíku, t.d. með því að dýralæknar annist í auknum mæli sæðingar búfjár því að þá mundi heimsóknum dýralækna fjölga og þær gætu nýst við tilfallandi dýralæknis- og forvarnastörf.

Augljós ávinningur af hinu nýja skipulagi felst einnig í því að sveigjanleiki er meiri og því unnt að hliðra til störfum eftir áherslum innan kerfisins og því hvar álagið er mest hverju sinni.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnt hver áhrif frumvarpið getur haft á fjölda dýralækna í einstökum umdæmum:

Umdæmi	Núna		Eftir breytingar	
	Héraðs-dýralæknar	Alm. starf. dýralæknar	Héraðs-dýralæknar	Alm. starf. dýralæknar
Reykjavík	1	6	1	6
Borgarfjörður	2	1	1	2
Snæfellsnes	1		1	
Dalir	1		1	
Vestfirðir	2		2	
Vestur-Húnaþing	1		1	1
Austur-Húnaþing	1		1	1
Skagafjörður – Eyjafjörður	5	3	1	8
Þingeyjarsýslur	3		2	1
Austfirðir	2	1	2	1
Austur-Skaftafellsýsla	1		1	
Vestur-Skaftafellssýsla	1		1	
Suðurland	6	4	1	10
Samtals	27	15	16	30

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um gildissvið laganna.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um markmið laganna og er ætlað að skýra verksvið þeirra sem starfa samkvæmt lögunum og að hverju sé stefnt með starfi dýralækna.

Um 3. gr.

Greinin er til staðfestingar því sem nú er, að landbúnaðarráðherra fari með öll mál sem varða lög um dýralækningar.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli. Ísland hefur margvíslegra sérstöðu varðandi dýrasjúkdóma. Við höfum sloppið við fjölda hættulegra sjúkdóma sem hafa valdið miklum usla þar sem þeir hafa komið upp í öðrum löndum. Jafnframt hafa sjúkdómar, sem lítið ber á í heimalandi, valdið ómældu tjóni á íslensku búfé þegar þeir hafa borist til landsins.

Stöðug varnarbarátta gegn því að smit berist til landsins hefur oft sætt harðri gagnrýni af hendi þeirra sem ekki þekkja hversu ómetanlega hagsmuni er verið að verja, þ.e. gott heilbrigðisástand og lítil útgjöld við dýralækningar ásamt lágum lyfja- og bóluefniskostnaði. Með skipan dýralæknaráðs er skotið styrkari stoðum undir margar þær mikilvægu ákvarðanir sem tengjast hagsmunum þjóðarinnar í þessum efnum. Næsta víst er að með aukinni samkeppni og fjölgun dýralækna koma upp fleiri ágreiningsefni sem ávinningur felst í að geta leitað lausnar á án þess að fara með mál til dómstóla. Niðurstaða lögskipaðs hóps sérfróðra manna mun að öðru jöfnu verða til styrktar í varnarbaráttunni og við úrlausn ágreiningsefna og styrkja yfirstjórn dýralæknamála.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 3. gr. núgildandi laga um verkefni yfirdýralæknis en er um margt ítarlegri. Ákvæðið um að aðstoðaryfirdýralæknir skuli vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans er nýmæli. Þá eru einnig nýmæli í greininni um verksvið yfirdýralæknis sem leiðir af breytingum sem í frumvarpinu eru ef það verður að lögum.

Verkefnum embættis yfirdýralæknis hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Kemur þar margt til, svo sem auknar heilbrigðiskröfur, aukin samskipti og viðskipti milli landa, stóraukin verkefni vegna fjölþjóðasamninga á sviði dýrasjúkdóma, heilbrigðiseftirlits og samræmingar starfshátta landa sem aðild eiga að slíkum samningum.

Ísland er aðili að mörgum alþjóðastofnunum sem fjalla um heilbrigði dýra og búfjárafurða. Embætti yfirdýralæknis fær sendar skýrslur og tilkynningar sem varða þessi mál og er jafnframt skuldbundið til að gera grein fyrir slíkum málum hér á landi, m.a. vegna inn- og útflutnings dýra og búfjárafurða. Þessi samskipti eru mjög mikilvæg þar sem kröfur um opnun markaða milli landa hafa aukist á síðustu árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allt eftirlit með framleiðslu sláturafurða og mjólkur verði undir yfirstjórn yfirdýralæknis til að samræming náist og til að koma í veg fyrir skörun við aðra aðila sem hafa eftirlit með afurðunum þegar þær eru komnar í dreifingu.

Aðstoðaryfirdýralæknir mun sinna ýmsum verkum á móti yfirdýralækni og verða tengiliður í samskiptum embættis yfirdýralæknis við dýralækna sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 1. gr. núgildandi laga.

Nýmæli er tilkynningarskylda dýralækna til yfirdýralæknis þegar þeir hefja störf, um hvar starfsaðsetur þeirra er og um starfslok. Það er til þess sett að hafa megi fulla yfirsýn yfir störf og starfssvið dýralækna þegar sjálfstætt starfandi dýralæknum fjölgar. 5. mgr. er nýmæli og byggist á því að með aðild okkar að fjölþjóðlegum samningum opnast möguleikar fyrir erlenda dýralækna til að starfa á Íslandi.

Um 7. gr.

Greinin er nýmæli, þ.e. að eingöngu dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar megi framkvæma læknisaðgerðir á dýrum.

Samkvæmt 16. gr. núgildandi laga er unnt að veita mönnum sem ekki hafa dýralæknismenntun leyfi til að starfa að dýralækningum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að slík heimild falli niður. Bæði er það að dýralæknum hefur fjölgað og margir eru við nám í dýralæknisfræðum, auk þess sem skilningur og kröfur um dýravernd og góða meðferð dýra hafa aukist.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli í dýralæknalögum en er í samræmi við ákvæði lyfjalaga. Henni er ætlað að skapa meira aðhald og árvekni um meðferð lyfja. Í flestum tilvikum verður að reikna með að sjúkdómsgreining byggist á skoðun, en greining á rannsóknarstofu eftir heimsókn dýralæknis eða eftir símaviðtal þar sem dýralæknir hefur farið yfir einkenni og gang sjúkdómsins með eiganda eða umráðamanni dýrsins telst einnig fullnægjandi sé ekki um nokkurn vafa að ræða af hálfu dýralæknis.

Um 9. gr.

Greinin geymir ýmis ákvæði sem eiga sér hliðstæðu í núgildandi lögum en einnig nýmæli sem skerpa línur varðandi störf og skyldur dýralækna. Í 4. gr. núgildandi laga eru ákvæði hliðstæð 1. mgr. 9. gr. frumvarps þessa.

2. mgr. er nýmæli. Henni er ætlað að tryggja að forráðamaður dýrs, sem kaupir þjónustu dýralæknis, viti sem nánast hvers hann má vænta varðandi kostnað, lyfjanotkun og árangur við upphaf meðferðar. Í þessu felst m.a. að framleiðanda afurða á að vera betur ljóst en nú er hvaða hætta kann að stafa af lyfjum.

3. mgr. er tilvísun í læknaeið og *codex* Dýralæknafélags Íslands. Hér er eingöngu átt við fyrstu hjálp, en vakthafandi dýralæknar sinna bráðaþjónustu.

4. mgr. er nýmæli sem byggist á þeim skipulagsbreytingum sem felast í frumvarpi þessu. Það er að dýralæknar, sem stunda almennar dýralækningar, eru skyldugir til að taka þátt í opinberri vaktþjónustu á því svæði þar sem þeirra aðalstarfsstöð er. Vaktþjónustan verði greidd af ríkissjóði. Þessi vaktþjónusta bannar ekki öðrum starfandi dýralæknum á svæðinu að vera á vakt, en hins vegar geta dýralæknar vísað á vakthafandi dýralækni utan almenns þjónustutíma. Vaktþjónustan verði skipulögð af héraðsdýralækni í viðkomandi umdæmi samkvæmt nánari reglum sem fram koma í samningum við Dýralæknafélag Íslands. Ef starfandi dýralæknar á svæði geta ekki eða óska ekki eftir að vera á vakt geta þeir komist að samkomulagi við annan dýralækni um að sá dýralæknir taki þær vaktir ef yfirdýralæknir er samþykkur. Yfirdýralæknir skal vera úrskurðaraðili um ágreiningsatriði er upp kunna að koma um skipan vakta innan vaktsvæða.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli. Þörf á sérfræðiþekkingu hefur aukist til mikilla muna, einkum vegna sífellt harðari krafna um framleiðsluafköst og umfangsmeiri þekkingar í dýralæknisfræðum. Ekki er hægt að ætla að almennir dýralæknar búi yfir margvíslegri sérþekkingu sem þörf kann að verða á. Dýralæknar hafa margir í samræmi við þetta í auknum mæli sérhæft sig á ýmsum sviðum. Rétt þykir að ákveða með lögum hvað til þarf til þess að mega kalla sig sérfræðing á sviði dýralækninga.

Um 11. gr.

Í greininni felst mikil skipulagsbreyting. Hún felst í því að dýralæknisumdæmum fækkar úr 31 í 13 umdæmi. Einn dýralæknir er skipaður í tíu umdæmanna en tveir í þau þrjú sem eru landfræðilega stærst.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að héraðsdýralæknar sinni eftirlitsstörfum en sjálfstætt starfandi dýralæknar sinni almennum dýralækningum og er það meginreglan. Í sumum umdæmum verður aftur á móti að ætla héraðsdýralæknum það hlutverk að sinna bæði eftirlitsþættinum og almennum dýralækningum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að héraðsdýralæknirinn sinni eingöngu eftirlitsstörfum í þremur umdæmum en eins og þegar hefur komið fram í þessari greinargerð er ljóst að breyttar aðstæður í einstökum byggðarlögum koma til með að gefa tilefni til endurmats á þessu fyrirkomulagi.

Eins og í núgildandi lögum skal yfirdýralæknir setja héraðsdýralæknum erindisbréf.

Fyrir eftirlitsstörf er héraðsdýralæknum ætlað að fá föst laun úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að viðfangsefni héraðsdýralækna við eftirlitsstörf á álagstímum geti verið það mikil að vöxtum að nauðsyn beri til að ráða fleiri dýralækna til starfa. Síðasta málsgreinin mælir fyrir um að gjalds skuli krafist fyrir eftirlitsstörf héraðsdýralækna. Gjaldið greiðist í ríkissjóð.

Um 12. gr.

Greinin mælir fyrir um skiptingu landsins í vaktsvæði og að jafnan sé dýralæknir á vakt á hverju svæði. Ekki þykir rétt að lögbinda fleira varðandi vaktaskipan, heldur hafa hana sveigjanlega. Greiðslur fyrir vaktþjónustu ráðast af samningum milli Dýralæknafélags Íslands og landbúnaðar- og fjármálaráðuneyta.

Um 13. gr.

Í greininni felst nýmæli sem á sér hliðstæður annars staðar, t.d. í Noregi, þ.e. að greiða skuli hluta ferðakostnaðar þegar um langan veg er að fara til nauðsynlegra dýralæknisstarfa bæði til að veita reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu. Slíkt auðveldar þeim sem búa afskekkt að nýta þjónustu dýralækna.

Um 14. gr.

Í greininni felast nokkur nýmæli.

Á undanförnum áratug hafa búskaparhættir breyst mikið, bæði í því að vaxandi áhersla er lögð á meiri afrakstur á hverju búi og að nýjar búgreinar hafa komið til. Þetta hefur krafist meiri sérþekkingar á sviði dýralækninga en áður fyrr, bæði í meðhöndlun sjúkdóma sem og auknu forvarnastarfi. Með framangreind atriði í huga hefur á undanförnum árum verið lögð stóraukin áhersla á að fá til starfa dýralækna með sérþekkingu á einstökum sviðum innan landbúnaðarins. Þeim hefur síðan í samvinnu við búgreinafélögin tekist að bæta heilbrigði og auka arðsemi búanna ásamt því að tryggja hollari afurðir. Ekki er æskilegt að þeir dýralæknar, sem vinna á sérsviðum, vinni jafnframt að almennum dýralækningum.

Til þess að nánari tengsl skapist milli sérgreinadýralækna og bænda er einn dýralæknir með sérþekkingu á júgurbólgu staðsettur við Bændaskólann á Hvanneyri og annar með sérþekkingu á hrossasjúkdómum við Bændaskólann á Hólum.

Áríðandi er að þessi þjónusta sé fyrir hendi, en betra heilsufar búfjár, bættur aðbúnaður og minnkandi notkun lyfja er í samræmi við þau markmið að framleiða vistvænar og lífrænar afurðir.

Um 15. gr.

Sauðfjárveikivarnir höfðu um áratugaskeið aðstöðu til að kryfja og gera frumathugun á sjúkum dýrum sem komið hafa til rannsókna frá dýralæknum. Um áramótin 1993–94 þegar sauðfjárveikivarnir voru settar undir embætti yfirdýralæknis með lögum nr. 25/1993 hélt þessi starfsemi áfram. Mjög mikilvægur þáttur í starfi sérgreinadýralækna er að fylgjast með og kryfja þau sýni sem þeir óska eftir eða eru send inn til rannsókna. Þetta skapar nánari tengsl milli leiðbeiningarþjónustunnar og búanna og gerir öll samskipti fljótari og öruggari. Sýni, sem þurfa frekari rannsókna við, eru send Tilraunastöðinni að Keldum eða til annarra rannsóknastofnana eftir því sem við á. Þetta fyrirkomulag hefur á undanförnum áratugum tryggt náið og frjótt samstarf milli rannsóknafólks annars vegar og eftirlits- og leiðbeiningaraðila hins vegar sem hefur leitt til aukinnar framleiðni og öruggari matvæla. Hér er ekki um nýmæli að ræða en fest er í sessi starfsemi sem er nauðsynleg til þess að yfirdýralæknir hafi ávallt slíka aðstöðu og þjónustu til reiðu en þurfi ekki að sækja hana til annarra aðila.

Um 16. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Í e-lið 9. gr. laga nr. 150/1996, um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eru m.a. gerðar þær breyt-

ingar á 22. gr. laga nr. 70/1996 að yfirdýralækni, héraðsdýralæknum og dýralækni fisksjúkdóma er bætt við þá sem teljast embættismenn samkvæmt lögunum.

Eins og fram kemur í athugasemdum þessum eru störf aðstoðaryfirdýralæknis og sérgreinadýralækna, annarra en dýralæknis fisksjúkdóma, nýmæli. Rétt þykir, með vísan til framangreindra laga, að yfirdýralæknir og héraðsdýralæknar teljist til embættismanna og hljóti starf samkvæmt ráðherraskipun, en að sérgreinadýralæknar starfi samkvæmt ráðningarsamningi.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin er í samræmi við 11. gr. núgildandi laga um dýralækna.

Um 19.–20.gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Frumvarpið felur í sér umfangsmiklar skipulagsbreytingar á sviði dýralæknisþjónustu og breytingar á eftirliti með heilbrigðismálum dýra og dýraafurða. Eftirfarandi þættir frumvarpsins munu hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs ýmist til hækkunar eða lækkunar:

Meginbreytingin er í 11. gr. frumvarpsins. Samkvæmt núgildandi lögum er landinu skipt upp í 31 dýralæknisumdæmi og hafa 27 þeirra verið setin. Í greininni er lögð til fækkun héraðsdýralæknisembætta í 16. Lagt er til að héraðsdýralæknar í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar-, og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum sinni eingöngu eftirlitsstörfum.

Í 12. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um skiptingu landsins í vaktsvæði en héraðsdýralæknar skulu skipuleggja vaktir í samráði við starfandi dýralækna innan sinna vaktsvæða þannig að dýralæknir sé þar jafnan á vakt. Fyrir vaktþjónustuna skal greiða úr ríkissjóði samkvæmt samningum Dýralæknafélags Íslands við landbúnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið. Um þennan þátt er ósamið en hér er gert ráð fyrir að um sambærilegan kostnað verði að ræða við hverja vakt og nú. Vaktsvæðum fækkar úr 27 í 14 en þau stækka að sama skapi. Skv. 9. gr. eiga dýralæknar sem stunda almennar dýralækningar rétt á og ber skylda til að taka þátt í vaktafyrirkomulagi sem skipulagt er á viðkomandi vaktsvæði.

Samkvæmt 14. gr. skulu starfa sérgreinadýralæknar á tíu tilgreindum sviðum og fjölgar þeim um einn frá því sem nú er. Starfið kemur til vegna ráðningar dýralæknis sem hafa mun eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða.

Á síðasta ári námu launagreiðslur ríkissjóðs fyrir alla dýralæknisþjónustu og tengd störf um 111 m.kr. Miðað við fyrirhugaðar breytingar er áætlað að um 68 m.kr. verði greiddar í föst laun en um 31 m.kr. verði varið til greiðslna fyrir vaktir. Ástæða þess að ekki dregur meir úr launakostnaði þrátt fyrir fækkun starfa úr 42 í 31 er sú að héraðsdýralæknum verður að

einhverju leyti bættur upp tekjumissir vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi. Þessu mati fylgir nokkur óvissa þar sem enn er ósamið um kjör dýralækna við breytt fyrirkomulag vakta.

Ekki verður hægt að bjóða öllum núverandi héraðsdýralæknum sambærileg störf hjá ríkinu. Ætla má að allt að níu einstaklingar fari á biðlaun. Kostnaður við biðlaun þeirra er um 16 m.kr. sé gert ráð að jafnaði níu mánaða rétti.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins verður komið á dýralæknaráði sem skal skipað fjórum mönnum til fimm ára í senn og vera yfirdýralækni til ráðuneytis. Við úrlausn ágreiningsmála verður ráðinu heimilt að kalla til lögfræðing og skal hann fullnægja skilyrðum um skipan til starfa héraðsdómara. Einnig verður ráðinu heimilt að kalla sérfræðinga sér til ráðuneytis. Ætla má að kostnaður við nefndina verði á bilinu 0,8–1,0 m.kr. á ári.

Í 13. gr. er heimild til landbúnaðarráðherra til að semja, við sérstakar aðstæður, við dýralækni um greiðslu hluta ferðakostnaðar. Mun þetta gert í því skyni að tryggja byggðum sem eru fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu. Ætlunin er að setja reglur um þetta efni í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands. Áætlað er að þessi kostnaður verði ekki undir 2 m.kr. árlega.

Samtals má ætla að launakostnaður á fyrsta heila árinu yrði 118 m.kr. og um 102 m.kr. á ári eftir það. Kostnaðaraukinn á fyrsta gildisári laganna yrði því um 7 m.kr. en að lokinni greiðslu biðlauna ætti að geta náðst allt að 9 m.kr. árlegur sparnaður.

763. Frumvarp til laga [437. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. laganna bætist: þó ekki greiðslur vegna látins maka eða barnalífeyrir vegna látins foreldris.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar ný lög um atvinnuleysistryggingar voru sett á síðasta ári varð 4. mgr. 7. gr. laganna nr. 12/1997 svohljóðandi:

„Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. *Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum.* Nú fær hinn atvinnulausi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.“

Skáletraða ákvæðið hafði ekki verið í lögum um atvinnuleysistryggingar sem áður giltu. Þess vegna höfðu greiðslur úr lífeyrissjóðum ekki haft áhrif á atvinnuleysisbætur.

Í framkvæmd er það nú þannig að eigi umsækjandi um atvinnuleysisbætur rétt á bótunum en sé jafnframt ellilífeyris-, örorkulífeyris- eða örorkustyrksþegi hjá Tryggingastofnun ríkisins skerða þær bætur greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Eigi umsækjandi rétt á hluta

atvinnuleysisbóta (t.d. vegna niðurfallinnar hálfs dags vinnu eða af öðrum ástæðum) skerða bætur almannatrygginga atvinnuleysisbætur í sama hlutfalli og rétturinn til þeirra er.

Þegar lögleitt var að hið sama gilti um greiðslur úr lífeyrissjóðum, en lögin tóku gildi 1. júlí 1997, brá mörgum í brún. Engar undanþágur voru frá greiðslum úr lífeyrissjóðunum þannig að greiðslur vegna látins maka og barnalífeyrir skertu einnig atvinnuleysisbætur. Getur hver sagt sér sjálfur hver áhrif þetta ákvæði hefur haft á fjárhag ekkna (og ekkla) sem misst hafa atvinnu sína og hafa fyrir börnum að sjá. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs mun hafa tekið þá ákvörðun þegar þetta varð ljóst að barnalífeyrir úr lífeyrissjóðum skuli ekki skerða atvinnuleysisbætur, en til þess að það eigi stoð í lögunum er það sett hér í lagatexta.

Hitt er óbætt. *Bætur vegna látins maka skerða atvinnuleysisbætur hins sem eftir lifir, en tekjur lifandi maka hafa engin áhrif á rétt til atvinnuleysisbóta.*

Flutningsmenn telja þetta ekki rétt og nauðsyn bera til að það sé leiðrétt og því er frumvarpið flutt.

764. Frumvarp til laga [438. mál]

um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Einar Oddur Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson,
Pétur H. Blöndal, Einar K. Guðfinnsson, Árni R. Árnason.

1. gr.

Slíta skal Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands. Um meðferð eigna og skulda félagsins við slitin fer samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 68/1994, um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt og er því endurflutt óbreytt.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 68/1994 er einn megintilgangur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands að taka þátt í vátryggingastarfsemi með eignaraðild að vátryggingafélögum. Með nýlegri sölu á hlut sínum í Vátryggingafélagi Íslands hf. til Landsbankans hefur félagið snúið frá þessum lögbundna aðaltilgangi sínum. Því er hér lagt til að félagið verði gert upp og eignum þess, umfram skuldir, skipt á milli eigenda.

Samkvæmt 5. gr. laganna, sem 2. mgr. 16. gr. vísar í, eru eigendur félagsins fyrrum tryggingatakar hjá Brunabótafélagi Íslands ásamt sameignarsjóði félagsins. Upplýsingar um einstaka eigendur og fjárhæð eignarhluta þeirra, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, liggja fyrir þannig að tæknilegar hindranir eiga ekki að vera því til fyrirstöðu að slíta félaginu.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu fól á árinu 1993 þeim Árna Tómassyni, löggiltum endurskoðanda, og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni að taka saman álitsgerð um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands. Niðurstöður þeirrar álitsgerðar eru birtar í fylgiskjali. Ákvæði um eignarhald félagsins voru síðan lögfest með lögum nr. 68/1994.

Fylgiskjal.

Niðurstaða Árna Tómassonar og Tryggva Gunnarssonar um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands í stuttu máli.

1. Brunabótafélag Íslands (BÍ) er ekki eign ríkisins þannig að ríkið geti í krafti eignarréttar gert kröfu til eigna félagsins við slit á því.
2. Hvorki sveitarfélögin í heild eða þau sveitarfélög, sem gert hafa samninga við BÍ um brunatryggingu fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi, teljast eigendur BÍ. Þeim sveitarfélögum, sem gert hafa samninga við BÍ um slíkar tryggingar, er hins vegar með lögum fengin aðild að stjórnun félagsins.
3. BÍ er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda og eigendur fasteigna sem tryggðar eru brunatryggingu hjá félaginu á hverjum tíma eru félagsmenn. Félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum iðgjaldasjóðs félagsins eftir ákveðnum reglum. BÍ hefur með höndum lögbundna starfsemi og verður ekki slitið eða eignum þess skipt upp nema Alþingi breyti lögum um félagið eða bú þess verði tekið til skipta við gjaldþrot. Verði lög um BÍ felld úr gildi án þess að jafnframt sé mælt fyrir um í lögum hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins, ber að skipta eignum félagsins á milli þeirra sem eru félagsmenn í BÍ á þeim tíma sem lögin falla úr gildi.
4. Með hliðsjón af því hversu óvirkt og óvisst hugsanlegt tilkall félagsmanna BÍ er til eigna BÍ verður að telja líkur á að löggjafinn geti án þess að það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um ráðstöfun á eignum BÍ í þágu þeirra markmiða, sem lög um BÍ hafa verið byggð á, enda séu uppfyllt ýmis almenn skilyrði slíkrar lagasetningar.
5. Leiða má rök að því að hrein eign BÍ nemi ekki lægri fjárhæð en 500 millj. kr. í árslok 1992. Líta ber á framangreinda fjárhæð sem vísbendingu um þau verðmæti sem um er að ræða fremur en formlegt mat sem unnt er að taka mið af við hugsanleg slit eða úthlutun á hreinni eign BÍ.

765. Svar [306. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiðakostnað bankanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptast greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna, sem fram komu í svari ráðherra við fyrirspurn á þskj. 32, milli kynja og stöðuheita, sundurliðað eftir árum og heildargreiðslum einstakra banka á tímabilinu 1. janúar 1993 til 10. október 1997?*
2. *Eru einstaklingsbundnir samningar, kjarasamningar eða almennar reglur að baki slíkum greiðslum og hvaða mat liggur þá til grundvallar?*

Svör við fyrirspurninni eru byggð á upplýsingum sem aflað hefur verið hjá Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Við vinnslu svarsins hefur verið höfð hliðsjón af sjónarmiðum um meðferð persónuupplýsinga.

Í töflum 1–3 koma fram heildargreiðslur til karla annars vegar og kvenna hins vegar í nokkrum flokkum stöðuheita í bönkunum. Einnig kemur fram fjöldi karla og kvenna í hverjum

flokki. Taka verður fram að upplýsingar sem bárust frá bönkunum eru ekki byggðar að öllu leyti á sömu flokkum.

Í öllum bönkunum er akstursgjald ákveðið af endurskoðunarnefnd á vegum Sambands íslenskra bankamanna og bankanna.

Landsbanki Íslands.

Sundurliðun Landsbankans eftir kynjum miðast við fastan bifreiðastyrk en ekki fékkst sundurliðun á bifreiðastyrk sem greiddur er samkvæmt nótum. Þeir flokkar sem sundurliðunin tekur til fá greitt í samræmi við einstaklingsbundna samninga sem byggjast á kjarasamningi bankamanna og eðli starfs viðkomandi. Bifreiðastyrkur samkvæmt skýrslum er greiddur í samræmi við akstur samkvæmt akstursdagbók.

Búnaðarbanki Íslands.

Í svari Búnaðarbanka Íslands er greint frá heildarbifreiðakostnaði án sundurliðunar í fastan bifreiðakostnað og akstur samkvæmt nótu. Fjárhæðum bifreiðakostnaðar almennra starfsmanna er ekki skipt eftir kyni.

Í bankanum eru samningar um ákveðinn bifreiðastyrk, mismunandi háan, fyrir ákveðna starfshópa, svo sem útibússtjóra, embættismenn og ýmsa sérfræðinga. Í þeim tilvikum aka þeir á eigin bifreiðum fyrir bankann. Í öðrum tilvikum er um greiðslu fyrir tilfallandi akstur að ræða eftir akstursdagbók.

Seðlabanki Íslands.

Greiðslur bifreiðastyrkja í Seðlabanka Íslands eru bundnar við efstu flokka launastigans og ræður kynferði starfsmanna engu þar um. Í engu tilviki er um einstaklingsbundinn samning að ræða. Ætlast er til þess að þeir starfsmenn sem fá greiddan bifreiðastyrk noti eigin bíla eða greiði sjálfir fyrir leigubíla þegar þeir sækja fundi eða eru í öðrum erindagjörðum fyrir bankann í vinnutíma á höfuðborgarsvæðinu. Í Seðlabankanum hafa verið stigin skref í þá átt að færa bifreiðastyrki inn í laun. Í bankanum er í gildi jafnréttisáætlun sem staðfest var af bankastjórn vorið 1996.

Tafla 1. Landsbanki Íslands.

	1993				1994				1995				1996				til 30.09.97			
	karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur	
	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.
Starfsheiti																				
Aðst.bankastj., svæðisstj., aðst. svæðisstj., útibússt., afgrstj.	39.025	63	3.445	10	41.823	64	3.129	10	40.658	67	3.126	10	39.899	61	3.024	9	30.585	61	2.919	9
Forstöðumenn höfuðstöðva, sérfr.	22.244	59	4.508	18	21.556	60	4.030	17	22.770	62	4.714	18	25.037	65	5.312	23	20.213	70	4.670	22
Samtals	**61.269**	**122**	**7.953**	**28**	**63.379**	**124**	**7.159**	**27**	**63.428**	**129**	**7.840**	**28**	**64.936**	**126**	**8.336**	**32**	**50.798**	**131**	**7.589**	**31**
Ofangreindir aðilar fá greiddan fastan bifreiðastyrk sem var	69.223				70.539				71.269				73.272				58.387			
Greitt skv. skýrslum	5.707	143 stm.			2.872	123 stm.			3.237	128 stm.			3.855	136 stm.			4.395	137 stm.		
Alls greitt fyrir afnot af bifreiðum starfsm.	**74.930**				**73.411**				**74.506**				**77.127**				**62.782**			

Tafla 2. Búnaðarbanki Íslands.

	1993				1994				1995				1996				til 30.09.97			
	karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur	
	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.
Starfsheiti																				
Aðst.bankastj., aðst.menn bankastj., forstöðumenn, staðg. forstöðum. Samtals	9.147	16	4.552	11	9.505	17	5.373	12	10.412	18	5.950	13	9.498	17	6.045	13	7.242	19	3.471	
Útibússtjórar	12.934	21	2.169	4	12.908	22	2.140	4	14.835	23	2.311	5	15.135	22	2.843	5	7.950	21	1.769	
Skrifstofustjórar	3.024	9	2.666	14	3.135	9	2.878	15	3.177	9	3.437	16	3.038	8	3.498	17	2.623	8	3.405	14
Sérfræðingar	2.774	12	1.213	6	4.086	12	1.390	10	4.154	17	2.556	15	5.795	20	3.169	15	3.595	18	3.023	5
Ritarar							161	1			228	1			231	1			199	18
Iðnaðarmenn	359	2			359	2			435	2			428	2			218	2		18
Afgreiðslustjóri	179	1			179	1			190	1			194	1			99	1		1
Bankaráðsmenn	204	2			152	2			315	3			532	3			609	3		
Samtals	**28.621**	**63**	**10.600**	**35**	**30.324**	**65**	**11.942**	**42**	**33.518**	**73**	**14.482**	**50**	**34.620**	**73**	**15.786**	**51**	**22.336**	**72**	**11.867**	**56**
Alls fyrir árið	**39.221**				**42.266**				**48.000**				**50.406**				**34.203**			
Greiðslur bifreiðakostn. til alm. starfsmanna	2.986	(60 starfsm.) 25 konur og 35 karlar			2.864	(62 starfsm.) 29 konur og 33 karlar			1.937	(63 starfsm.) 32 konur og 31 karl			2.875	(64 starfsm.) 35 konur og 29 karlar			617	(66 starfsm.) 32 konur og 34 karlar		
Alls	**42.207**				**45.130**				**49.937**				**53.281**				**34.820**			

Tafla 3. Seðlabanki Íslands.

	1993				1994				1995				1996				til 30.09.97			
	karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur		karlar		konur	
	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.	þús. kr.	fj.
Starfsheiti																				
Aðst.bankastjórar, framkvstj. Samtals	1.832	3,0			2.359	4,4			6.522	10,0			6.017	10,0			2.508	10,0		
Forstöðumenn	6.967	16,0			6.407	14,3			3.204	7,0			3.459	7,5			1.671	6,5		
Deildarstjórar	2.100	8,0	835	3,5	1.977	7,0	980	4,0	3.582	12,5	1.004	3,4	5.839	19,7	833	3,0	4.068	17,4	686	3,2
Sérfræðingar	4.116	16,0	501	2,5	4.898	19,6	710	3,0	5.337	21,4	681	2,8	3.500	12,8	639	3,0	2.746	13,4	841	5,8
Aðrir	297	1,2			935	3,0			833	2,0			784	2,0			392	2,0		
Samtals	**15.312**		**1.336**		**16.576**		**1.690**		**19.478**		**1.685**		**19.599**		**1.472**		**11.385**		**1.527**	
Alls	**16.648**				**18.266**				**21.163**				**21.071**				**12.912**			

766. Fyrirspurn [439. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu í austurhluta Reykjavíkur, einkum í Árbæ.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver er stefna ráðherra varðandi löggæslu í svokölluðum úthverfum Reykjavíkur, þ.e. einkum í austurhluta borgarinnar, í Grafarvogi, Árbæ og Breiðholti?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því sérstaklega að komið verði til móts við óskir íbúa í Árbæ um betri löggæslu?

767. Fyrirspurn [440. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afsal aflaheimilda vegna úthafsveiðileyfa.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hefur ráðherra bundið úthlutun veiðileyfa í íslenska deilistofna því skilyrði að þau skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996?
2. Ef svo er, hvaða skip í eigu hvaða útgerða hafa fengið veiðileyfi með slíkum skilmálum?
3. Hve miklar veiðiheimildir fengu viðkomandi skip og hve miklu þurftu þau að afsala í staðinn til þeirra sem hafa aflaheimildir innan lögsögu?
4. Hefur ráðherra með sama hætti bundið úthlutun veiðileyfa til úthafsveiða sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 151/1996?
5. Ef svo er, hversu mörg skip í eigu hvaða útgerða hafa fengið veiðileyfi með slíkum skilmálum?
6. Hve miklar veiðiheimildir fengu viðkomandi skip og hve miklu þurftu þau að afsala í staðinn til þeirra sem hafa aflaheimildir innan lögsögu?
7. Hvernig voru þær veiðiheimildir sem skip afsöluðu sér fyrir veiðileyfi metnar á móti þeim heimildum sem skipin voru að fá?

Skriflegt svar óskast.

768. Frumvarp til laga [441. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein, 115. gr. a, sem orðast svo:

1. Nú eru skilyrði til að ljúka máli samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 115. gr. og lögreglustjóri telur að hæfileg viðurlög við brotinu séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr 50.000 kr. Getur þá lögreglustjóri gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með greiðslu tiltekinnar sektar, en í sektarboði skal koma fram stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið og þau refsiákvæði sem það varðar við. Einnig skal koma fram í sektarboði hverjar geta orðið afleiðingar þess að því er ekki sinnt.

2. Hafni sakborningur sektarboði skv. 1. mgr. skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

3. Sinni sakborningur ekki sektarboði skv. 1. mgr. innan 30 daga frá því að það sannanlega barst honum eða einhverjum þeim sem birta mætti stefnu fyrir á hendur honum í einkamáli getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra. Slík áritun hefur sama gildi og dómur. Ekki er þörf á að kveðja sakborning fyrir dóm áður en máli verður lokið á þennan hátt.

4. Telji dómari hæfileg viðurlög við broti fara fram úr því sem greinir í 1. mgr. eða fyrirliggjandi gögn ekki nægileg til að sýnt sé fram á sök sakbornings hafnar hann málalokum skv. 3. mgr. með áritun sektarboðs. Slíkri ákvörðun verður ekki skotið til æðra dóms, en dómari er ekki bundinn af henni ef til saksóknar kemur vegna brotsins.

5. Nú hefur máli verið lokið með ákvörðun viðurlaga skv. 3. mgr., og getur sakborningur þá krafist þess að málið verði tekið upp á ný, enda færi hann þá fram varnir sem gætu hafa haft áhrif á úrslit þess. Kröfu um endurupptöku skal beint til þess dómstóls, þar sem máli var lokið, innan fjögurra vikna frá því að sakborningi varð kunnugt um sektarákvörðun. Dómari ákveður með úrskurði hvort krafa verður tekin til greina. Fallist dómari á kröfuna fellur ákvörðun um viðurlög skv. 3. mgr. úr gildi og sætir málið upp frá því meðferð samkvæmt almennum reglum, þó án þess að ákæra hafi verið gefin út.

6. Nú telur ríkissaksóknari að sakborningur hafi verið látinn sæta fjarstæðum málalokum, og getur ríkissaksóknari þá krafist endurupptöku málsins fyrir hlutaðeigandi dómstóli. Um meðferð þeirrar kröfu og málsins upp frá því fer eftir 5. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu í samráði við réttarfarsnefnd. Tilgangur frumvarpsins er að gera meðferð minni háttar sakamála markvissari og ná bættum árangri í sektarinnheimtu.

Um nokkra hríð hefur ekki náðst að sinna sektarmálum á viðhlítandi hátt í nokkrum af stærri umdæmum landsins og bíður nú mikill fjöldi slíkra mála afgreiðslu. Er einkum um að ræða sektarmál vegna minni háttar brota á umferðarlögum. Verði ekki gripið til aðgerða af þessu tilefni má reikna með að fjöldi þessara mála falli niður vegna sakarfyrningar. Til að refsingar hafi tilætluð varnaðaráhrif er nauðsynlegt að sakamál hljóti viðeigandi afgreiðslu lögum samkvæmt. Einnig er andstætt jafnræðissjónarmiðum að mál þessi hljóti ekki sömu meðferð í einstökum umdæmum landsins. Þá verður ekki við það unað að þeir sem greiða sektir af skilvísi þurfi að þola að aðrir komist hjá viðurlögum í fyllingu tímans með því einu að hirða ekki um að sinna sektarboði lögreglustjóra.

Ástæða þess að ekki hefur verið unnt að sinna smærri sektarmálum með viðunandi hætti verður að verulegu leyti rakin til þess að meðferð þeirra samkvæmt 115. gr. laga um meðferð

opinberra mála, nr. 19/1991, hefur ekki alls staðar reynst nægjanlega skilvirk. Reynslan af þeirri málsmeðferð í nokkrum af stærri umdæmum landsins hefur orðið sú að sektarboði lögreglustjóra hefur í ríkum mæli ekki verið sinnt af sakborningi. Saksókn eftir almennum reglum með útgáfu ákæru í þessum málum leiðir hins vegar af sér verulegt annríki fyrir lögreglu og dómstóla. Með frumvarpi þessu er lagt til að minni háttar sakamálum verði lokið á mun einfaldari hátt með ákvörðun dómara um sekt og vararefsingu og taki dómari þá ákvörðun með áritun á sektarboð lögreglustjóra. Til að máli verði lokið á þann veg verður sakborningi eða þeim sem birta má stefnu fyrir á hendur honum í einkamáli að hafa sannanlega borist sektarboð lögreglustjóra en hann ekki sinnt því innan tilskilins frests. Slík áritun hefði sama gildi og dómur og væri því unnt að leita fullnustu sektar með aðför eða beita vararefsingu.

Ef sakborningur sinnir ekki sektarboði lögreglustjóra og hefur þar með ekki uppi andmæli ef einhver eru felur það athafnaleysi almennt í sér líkur fyrir sekt sakbornings ef gögn málsins hníga einnig að þeirri niðurstöðu. Verður því ekki talið varhugavert að þessi mál hljóti afgreiðslu með einfaldari hætti en almennt er gert ráð fyrir við meðferð opinberra mála. Verður einnig að hafa hliðsjón af því að þessi málsmeðferð kemur einvörðungu til álita við afgreiðslu smæstu mála sem jafnframt eru þorri þeirra sakamála sem lögregla hefur til meðferðar.

Með þeirri málsmeðferð, sem lögð er til með frumvarpinu, má vænta þess að meðferð sektarmála verði til muna skilvirkari. Einnig má reikna með betri árangri við innheimtu sekta þegar almennt verður ljóst að málum þessum verður sinnt með þeim ýtrustu úrræðum sem lög gera ráð fyrir. Er þess þá jafnframt að vænta að sakborningur muni nýta sér boð um að ljúka máli vegna brota á umferðarlögum með greiðslu sektar innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs með 25% afslætti, sbr. 6. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 57/1997.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. kemur fram hvaða mál geti sætt þeirri meðferð sem lögð er til með frumvarpinu. Í fyrsta lagi verða að vera fyrir hendi skilyrði til að ljúka máli, samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 115. gr. laganna, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 57/1997. Af þessu leiðir þann augljósa áskilnað að viðkomandi lögreglustjóri verður að hafa ákæruvald í máli skv. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála svo því verði lokið á þann veg sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Í öðru lagi er það skilyrði til að máli verði lokið á þennan máta að hæfileg viðurlög við broti séu sekt sem ekki fari fram úr 50.000 kr. Að þessu leyti eru því gerðar ríkari kröfur en í 1. mgr. 115. gr. laganna þar sem lægstu sektir koma hér einvörðungu til álita. Þá verður máli ekki lokið á þennan veg ef brot getur varðað öðrum viðurlögum en sekt, svo sem réttindasviptingu eða eignaupptöku.

Í 1. mgr. segir einnig hvað koma skuli fram í sektarboði til sakbornings. Þar skal koma fram stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið og þau refsiákvæði sem það varðar við. Mikilvægt er að vandað verði til þessarar lýsingar á viðkomandi broti þar sem hún felur í sér afmörkun á því sakarefni sem dómari getur eftir atvikum ráðið til lykta með áritun á sektarboð. Þá skal beinlínis tekið fram í sektarboði til sakbornings hverjar geti orðið afleiðingarnar verði því ekki sinnt.

Samkvæmt 2. mgr. skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum ef sakborningur hafnar sektarboði eftir 1. mgr. Sakborningur verður að tilkynna lögreglu þessa ákvörðun sína og kemur þá ekki til þess að sektarboðið verði sent til úrlausnar héraðsdóms samkvæmt þeim

reglum sem lagðar eru til með frumvarpinu. Þess í stað verður eftir atvikum að höfða opinbert mál á hendur sakborningi með útgáfu ákæru.

Ef sakborningur sinnir ekki sektarboði lögreglustjóra innan 30 daga er í 3. mgr. mælt fyrir um heimild til að senda málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Til að mál hljóti þá meðferð verður sektarboð sannanlega að hafa borist sakborningi eða þeim sem birta mætti stefnu fyrir á hendur honum í einkamáli. Þessum áskilnaði verður fullnægt á ýmsa vegu. Þannig væri viðhlítandi í þessum efnum að sektarboð hefði verið birt af lögreglumanni skv. 20. gr. laga um meðferð opinberra mála. Einnig væri fullnægjandi að birting færi fram eftir reglum XIII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Birting sektarboðs teldist því almennt sönnuð með vottorði stefnuvotts eða póstmanns um að hann hefði afhent það sakborningi eða einhverjum öðrum sem bær var um að taka við því í hans stað. Þegar dómara berst sektarboð, sem sakborningur hefur ekki sinnt innan tilskilins frests, tekur hann ákvörðun með áritun sinni á sektarboð um fjárhæð sektarinnar. Slík ákvörðun hefur sama gildi og dómur og getur því fjárnám farið fram til fullnustu sektar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Einnig ákveður dómari vararefsingu í refsivist með áritun á sektarboð og gilda í þeim efnum reglur 54. gr. almennra hegningarlaga.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að dómari hafni áritun á sektarboð ef hann telur hæfileg viðurlög við broti fara fram úr því sem greinir í 1. mgr. eða fyrirliggjandi gögn ekki nægileg til að sýnt sé fram á sök sakbornings. Slíkri ákvörðun verður ekki skotið til æðra dóms, en dómari er ekki bundinn af henni ef til saksóknar kemur vegna brotsins.

Samkvæmt 5. mgr. getur sakborningur krafist þess að mál verði tekið upp á ný, enda færi hann fram varnir sem gætu hafa haft áhrif á úrslit málsins. Gert er ráð fyrir rúmri heimild sakbornings til að fá mál endurupptekið þannig að slíkri kröfu verði ekki hafnað nema varnir séu með öllu haldlausar. Kröfu um endurupptöku skal beint til þess dómstóls, þar sem máli var lokið, innan fjögurra vikna frá því að sakborningi varð kunnugt um sektarákvörðunina. Dómari ákveður með úrskurði hvort krafa verði tekin til greina. Slíkum úrskurði verður skotið með kæru til Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála. Tekið er fram í ákvæðinu að verði krafa um endurupptöku tekin til greina falli ákvörðun um viðurlög úr gildi. Verður málið þá í beinu framhaldi rekið áfram fyrir dómi eftir almennum reglum, en þó með því fráviki að ákæra væri ekki gefin út í málinu, enda svarar efni sektarboðs skv. 1. mgr. í öllu verulegu til þess sem komið hefði fram í ákæru.

Í 6. mgr. er að finna heimild fyrir ríkissaksóknara til að krefjast endurupptöku máls ef sakborningur hefur verið látinn sæta fjarstæðum málalokum. Verður þessari heimild beitt hvort heldur sem málalok eru fjarstæð sökum þess að þau eru of þung eða of væg.

Um 2. gr.

Verði frumvarpið að lögum er lagt til að þau öðlist þegar gildi. Við gildistöku laganna geta þau mál sem þegar eru til meðferðar hjá lögreglustjóra sætt þeirri meðferð sem lögð er til með frumvarpinu þótt brot hafi verið framið fyrir það tímamark.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í frumvarpinu er lagt til að meðferð minni háttar sakamála verði einfölduð og bættum árangri náð í sektarinnheimtu. Lagt er til að minni háttar sakamálum verði lokið með ákvörðun dómara um sekt og vararefsingu og er miðað við brot þar sem sekt fer ekki fram úr 50 þús. kr.

Að mati fjármálaráðuneytis mun frumvarpið ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum. Gera má ráð fyrir að innheimta sekta batni og að tekjur ríkissjóðs aukist þar með en ekki er hægt að segja til um að hve miklu leyti.

769. Frumvarp til laga [442. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

A-liður 4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Ríkislögreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Dómsmálaráðherra getur samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra kveðið á um skipulagt samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveðinna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögregluliða á tilteknu svæði til að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu. Þá getur ráðherra samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna staðhátta.

2. gr.

Í stað orðanna „Skipshafnir varðskipa“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: Áhafnir varðskipa og gæsluflugvéla.

3. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

3. Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar lögregluvalds bera á sér sérstök skilríki. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun lögregluskilríkja með reglugerð.

4. gr.

2. og 3. mgr. 28. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 83 27. maí 1997, orðast svo:

2. Dómsmálaráðherra skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

3. Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjóra að setja mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins er tiltækur í stöðuna.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 45. gr., svohljóðandi:

Undanþága frá aldursskilyrði.

Valnefnd Lögregluskóla ríkisins er heimilt, til ársloka 1998, að undanþiggja umsækjendur, sem voru lausráðnir eða ráðnir tímabundið til lögreglustarfa í tíð eldri laga, aldursskilyrði a-liðar 2. mgr. 38. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í a-lið 4. mgr. 7. gr. er fjallað um heimildir dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóra vegna tímabundinna löggæsluverkefna. Lagt er til í 2. málsl. að dómsmálaráðherra verði heimilað, að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra, að kveða á um samstarf lögregluliða um lengri tíma í tilteknum landshluta eða héraði. Samstarf gæti lotið að samnýtingu tækjabúnaðar, samræmingu löggæslustarfa, t.d. á sviði fíkniefna- og umferðarlöggæslu eða leitar- og björgunarstarfa, og þjálfun lögreglumanna. Æskilegt er að geta skipulagt hvernig hagað skuli miðlun mannafla milli lögregluliða um lengri tíma til þess að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, t.d. við samkomur og útihátíðir. Að fengnu ákveðnu skipulagi mun ekki í sérhverju tilviki þurfa að leita samþykkis eða fyrirmæla ríkislögreglustjóra um miðlun mannafla milli lögregluumdæma.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. lögreglulaga fara skipshafnir varðskipa með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu. Rétt þykir að ákvæðið taki einnig til áhafna gæsluflugvéla sem Landhelgisgæslan gerir út, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967.

Um 3. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um útlit og efni lögregluskilríkja, auk notkunar, í reglugerð. Meginmarkmið breytingarinnar er að fella niður ákvæði um að í lögregluskilríki skuli staða viðkomandi tilgreind. Af því leiðir að gefa þarf út nýtt skilríki handa lögreglumanni sem skiptir um stöðu eða hækkar í tign. Þetta hefur óþarfakostnað í för með sér. Mestu skiptir að lögregluskilríki staðfesti að viðkomandi fari með lögregluvald og skiptir staða lögreglumanns ekki máli í því sambandi.

Um 4. gr.

Lagt er til að ríkislögreglustjóri, en ekki dómsmálaráðherra, skipi lögreglumenn aðra en yfirlögregluþjón og aðstoðaryfirlögregluþjón. Sú tilhögun þykir vera í samræmi við hlutverk ríkislögreglustjóra. Þá er lagt til að heimilt verði, að uppfylltum öðrum skilyrðum, að setja mann til lögreglustarfa um ákveðinn tíma, þótt staðan hafi ekki verið auglýst. Tillögur um breytingar á þessari grein eru í samræmi við heimildir í 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Um 5. gr.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, skyldi að jafnaði ekki skipa aðra í lögregluþjónsstöður en þá sem staðist hefðu próf frá Lögregluskólanum. Um almenn hæfisskilyrði lögreglumannsefna voru ákvæði í 1. gr. reglugerðar um veitingu löggreglustarfs, lögregluskóla o.fl. nr. 660/1981. Skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar var valnefnd Lögregluskólans þó heimilt að víkja frá einstökum skilyrðum 1. gr. þegar sérstakar ástæður mæltu með því.

Samkvæmt 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, skulu lögreglumenn, sem skipaðir eru til lögreglustarfa, hafa lokið prófi frá Lögregluskólanum. Ákvæði um almenn hæfisskilyrði lögregluefna er að finna í 2. mgr. 38. gr. laganna. Komið hefur fram að nokkrir lögreglumenn, sem voru lausráðnir eða ráðnir tímabundið til starfa í tíð eldri laga, uppfylla ekki einstök hæfisskilyrði nýju laganna til skipunar í starf. Er þar einkum um að ræða lögreglumenn sem ekki uppfylla skilyrði um aldurshámark (35 ár). Í frumvarpi þessu er lagt til að valnefnd Lögregluskólans verði heimilt, til ársloka 1998, að víkja frá aldursskilyrði við val nema úr hópi umsækjenda. Ákvæðið er í samræmi við það markmið að tryggja framkvæmd laganna þannig að sem minnst röskun verði á stöðu og högum starfsmanna lögreglunnar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.).

Í frumvarpinu er að finna nokkrar endurbætur á núgildandi lögum sem lúta að samstarfi lögregluliða milli umdæma, að ríkislögreglustjóri skipi lögreglumenn í stað dómsmálaráðherra o.fl. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

770. Frumvarp til laga [443. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum (öndunarsýni).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við 4. mgr. 47. gr. laganna, sbr. lög nr. 48/1997, bætist: Vegna töku og rannsóknar öndunarsýnis skal sá sem sakfelldur er greiða 6.500 kr., sem teljast til sakarkostnaðar.

2. gr.

102. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, orðast svo:

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef bæði brotin varða við ákvæði 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða 3. mgr. 47. gr. skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á ákvæðum umferðarlaga, nr. 50/1987. Þessar breytingar eru lagðar til í kjölfar lögfestingar heimildar til að láta sönnun um ölvunarástand ökumanns ráðast af mælingu á lofti sem hann andar frá sér, sbr. 45. gr. laganna, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 48/1997.

Breytingarnar eru þessar:

1. *Sakarkostnaður.* Við athugun á vínandamagni í blóði ökumanns sem grunaður er um akstur undir áhrifum áfengis er greitt sérstaklega fyrir töku blóðsýnis úr ökumanni og rannsókn á því. Þessi kostnaður hefur talist til sakarkostnaðar máls, sem sakborningi er gert að greiða verði hann fundinn sekur um akstur undir áhrifum áfengis, sbr. XIX. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Kostnaður við töku blóðsýnis er misjafn eftir aðstæðum í hverju tilviki, en liggur yfirleitt á bilinu frá 6.500 til 7.000 kr. Fyrirhugað er að innan skamms verði hafist handa við að kanna ölvunarástand ökumanna með mælingu á vínandamagni í lofti sem þeir anda frá sér. Tækjabúnaður til þessara mælinga verður í umsjá lögreglunnar. Fjárfesting í búnaði þessum og rekstur hans er kostnaðarsamur og má vænta þess að fyrst um sinn verði rannsókn með þessum hætti einkum bundin við höfuðborgarsvæðið og stærri byggðarlög. Til að standa straum af þeim kostnaði er lagt til að 6.500 kr. teljist til sakarkostnaðar, sem sakborningi verði gert að greiða ef hann er fundinn sekur um ölvunarakstur. Þessi ráðstöfun mun þó hvergi nærri hrökkva til

greiðslu á þeim kostnaði ríkissjóðs, sem er samfara kaupum á nauðsynlegum tækjabúnaði og rekstri hans. Aftur á móti er höfð hliðsjón af útlögðum kostnaði vegna rannsóknar á vínandamagni í blóði. Þannig verður jafnræði milli ökumanna sem reynast aka undir áhrifum áfengis án tillits til þess hvort gerð er rannsókn á vínandamagni í blóði ökumanns eða öndunarsýni.

2. *Rannsókn vegna ölvunaraksturs.* Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga er ökumanni skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr. greinarinnar. Þær aðgerðir geta falist í rannsókn á öndunarsýni, blóð- eða þvagrannsókn eða læknisskoðun. Ef kanna á ölvunarástand ökumanns með mælingu á vínandamagni í lofti sem hann andar frá sér þarf hann að vera tilbúinn til samvinnu við lögreglu. Verður ökumaður að vera fús til að gefa öndunarsýni með blæstri í viðeigandi tækjabúnað og jafnframt þarf hann að vera fær um það þrátt fyrir ölvunarástand eða aðrar aðstæður. Ef ekki er unnt að kanna ölvunarástand ökumanns með mælingu á vínandamagni í öndunarsýni verður að færa ökumann til töku blóðsýnis. Fyrirhugað er að festa kaup á færanlegum tækjabúnaði til mælinga á vínandamagni í öndunarsýni. Má vænta þess að slíkur búnaður bæti umferðareftirlit, m.a. á fjölmennum samkomum á landsbyggðinni. Til að svo verði er hins vegar nauðsynlegt að ökumaður hindri ekki mælingu á vínandamagni í lofti sem hann andar frá sér, þannig að aka þurfi honum um lengri veg til töku blóðsýnis. Með frumvarpinu er því lagt til að viðurlög verði ákveðin við vanrækslu ökumanns á að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og varði það sviptingu ökuréttar. Er gert ráð fyrir að það brot eitt leiði til sömu sviptingar og brot á 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. laganna og hafi einnig sömu áhrif og það brot við ítrekun. Verði frumvarp þetta að lögum er jafnframt gert ráð fyrir að í reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum verði mælt fyrir um sekt fyrir brot á 3. mgr. 47. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að 6.500 kr. teljist til sakarkostnaðar máls vegna töku og rannsóknar öndurnarsýnis og að sakborningi verði gert að greiða þann kostnað ef hann er fundin sekur um akstur undir áhrifum áfengis.

Um 2. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 102. gr. verði breytt þannig að neitun ökumanns á að veita atbeina sinn við rannsókn máls sem nauðsynleg er skv. 2. mgr. 47. gr., sbr. 3. mgr., varði sviptingu ökuréttar. Þannig yrði nauðsynlegt að beita þeim viðurlögum ef ökumaður hafnar því að láta í té öndunarsýni. Ökumaður kann eftir sem áður að vera færður til blóðtöku og frekari rannsóknar og sakfelldur fyrir ölvunarakstur. Ákvæði þetta á hins vegar ekki við ef nauðsynlegt er að færa ökumann til rannsóknar vegna þess að hann er ófær um að gefa öndunarsýni sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum.

Þá er lagt til að 2. mgr. 102. gr. verði breytt þannig að neitun ökumanns á að veita atbeina við rannsókn þessara mála varði sviptingu ökuréttar eigi skemur en í eitt ár. Þannig er þessi háttsemi lögð að jöfnu við brot á 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. laganna.

Loks er lagt til að 3. mgr. 102. gr. verði breytt þannig að neitun ökumanns á að veita atbeina við rannsókn hafi sömu áhrif varðandi ítrekun og þegar brotið er gegn 45. gr. laganna. Sama gildir ef annað brotið varðar við 45. gr. en hitt við 3. mgr. 47. gr. Skal svipting ökuréttar þá eigi vara skemur en tvö ár. Ef brotin varða hins vegar við 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða 3. mgr. 47. gr., hvort heldur bæði brotin varða við annað þessara ákvæða eða annað við 1., sbr. 3.,

mgr. 45. gr. og hitt við 3. mgr. 47. gr., skal svipting eigi vera skemur en þrjú ár. Um skilyrði þess að brot hafi ítrekunaráhrif fer eftir 71. gr. almennra hegningarlaga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er veitt heimild til gjaldtöku vegna töku og rannsóknar öndunarsýna til könnunar á ölvunarástandi ökumanns. Gjaldtakan er sambærileg við gjald vegna töku og rannsóknar blóðsýna í sama tilgangi. Í gildandi umferðarlögum er heimild til töku þessara sýna og nokkur tæki hafa þegar verið keypt. Því er ekki talinn sérstakur kostnaðarauki af þessu ákvæði frumvarpsins og er lögregluembættum ætlað að standa undir þeim kostnaði sem til fellur innan núverandi fjárlagaramma.

Í frumvarpinu er einnig heimild til að svipta ökumann ökuleyfi neiti hann samvinnu við lögreglu vegna töku öndunarsýna og hefur það ákvæði ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

771. Frumvarp til laga [444. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (tölvubrot).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við 155. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Sömu refsingu varðar að nota fölsuð gögn, sem geymd eru á tölvutæku formi, til að blekkja með þeim í lögskiptum.

2. gr.

Við 157. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um notkun ófalsaðra gagna sem geymd eru á tölvutæku formi.

3. gr.

Við 158. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um rangfærslu og notkun upplýsinga og gagna sem geymd eru á tölvutæku formi.

4. gr.

Við 1. mgr. 228. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 249. gr. a, svohljóðandi:

Ef maður á ólögmætan hátt breytir, bætir við eða eyðileggur tölvuvélbúnað, eða gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi, eða hefur með öðrum hætti gert ráðstafanir sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á niðurstöðu tölvuvinnslu, varðar það fangelsi allt að 6 árum.

6. gr.

Við 1. mgr. 257. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu refsingu varðar að breyta, bæta við, þurrka út eða eyðileggja með öðrum hætti án heimildar gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið af refsiréttarnefnd, sem skipuð var af dómsmálaráðherra 2. júní 1997. Í nefndinni eiga sæti Benedikt Bogason, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem er formaður, Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari og Þorsteinn A. Jónsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins. Ritari nefndarinnar er Jónas Þór Guðmundsson, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir meðal annars að hlutverk hennar sé að semja frumvarp til laga um tölvubrot. Þetta frumvarp fjallar um slík brot og með því er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sem miða að því að mæla refsiverða nánar tiltekna háttsemi sem tengist tölvum og notkun þeirra.

II.

Hugtakið *tölvubrot* hefur ekki verið skilgreint fræðilega í íslenskum refsirétti. Er hugtakið hér notað sem samheiti yfir ýmsa óréttmæta (ólögmæta) háttsemi sem framin er með því að nota tölvu, eða sem beinist að tölvum, hugbúnaði (forritum) eða gögnum og upplýsingum sem varðveittar eru í tölvum eða á tölvutæku formi.

Hér verður leitast við að lýsa í stuttu máli helstu tilvikum sem upp geta komið og fella má undir tölvubrot, án þess þó að freista þess að skilgreina hugtakið fræðilega að öðru leyti. Tekið skal fram að enginn vafi leikur á því að sú háttsemi, sem lýst verður, er þegar að verulegu leyti refsiverð samkvæmt hegningarlögum og gefur ekki tilefni til sérstakrar lagasetningar, en um annað er nokkur vafi eins og síðar verður rakið.

Við samningu frumvarpsins hefur nokkuð verið stuðst við greinargerð Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 31. október 1991, sem samin var í tilefni af fyrirspurn INTERPOL um tölvubrot á Íslandi. Greinargerð rannsóknarlögreglunnar er að meginstefnu byggð á kandídatsritgerð Sigurðar Tómasar Magnússonar, nú héraðsdómara, frá árinu 1985. Einnig hefur verið stuðst við greinargerð Helgu Jónsdóttur lögfræðings, þáverandi starfsmanns í dóms- og kirkjumála-

ráðuneytinu, frá 19. febrúar 1993 um dönsk refsiákvæði varðandi tölvubrot sem unnin var upp úr álitsgerð dönsku refsilaganefndarinnar (Betænkning nr. 1032/1985). Enn fremur hefur verið stuðst við þá álitsgerð, auk þess sem litið hefur verið til norskra og sænskra hegningarlagaákvæða sem varða tölvubrot. Með hliðsjón af því sem kemur fram í þessum gögnum þykir mega skipta mögulegum tölvubrotum á eftirfarandi hátt:

1. *Skemmdarverk á tölvubúnaði.* Þegar um er að ræða skemmdarverk sem tengjast tölvum og notkun þeirra má greina milli skemmdarverka á tölvuvélbúnaði og gagnaberum, skemmdarverka á forritum (útþurrkun eða breyting) eða á gögnum (útþurrkun eða breyting). Almenna eignaspjallaákvæðið í 1. mgr. 257. gr. hegningarlaganna tekur vafalaust til skemmdarverka sem unnin eru á tölvuvélbúnaði og gagnaberum. Vafamál er hins vegar hvort og að hve miklu leyti útþurrkun eða breyting á forritum eða gögnum sem slíkum félli undir 1. mgr. 257. gr. þegar ekki er jafnframt um að ræða spjöll á tölvubúnaðinum eða gagnaberunum. Um þetta atriði vísast að öðru leyti til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins.

2. *Brot framin með því að nota tölvu.* Brot þau sem hér koma til greina geta verið margvísleg. Flest þeirra eiga það sameiginlegt að með þeim er stefnt að auðgun í einni eða annarri mynd.

Fyrst má nefna auðgunarbrot, sbr. XXVI. kafla hegningarlaganna. Af auðgunarbrotum sem koma til greina má nefna þjófnað (244. gr.), fjárdrátt (247. gr.) fjársvik (248. gr.) og umboðssvik (249. gr.). Ákvæði þessi mundu í allflestum tilvikum eiga við að óbreyttu þótt brot séu framin með því að nota tölvur. Helst kunna að koma upp vafamál um það hvort ákvæði um fjársvik og umboðssvik séu fullnægjandi. Vísast til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins um nánari útlistun á þessu, en þar er lagt til að bætt verði við nýju ákvæði á eftir 249. gr. um umboðssvik sem verður 249. gr. a.

Í öðru lagi má hér nefna þau tilvik þar sem tölva er notuð til að leyna broti. Hér er átt við það þegar tölva er notuð til að eyða slóð eftir brot. Í slíkum tilfellum koma ekki upp sérstök refsiréttarleg álitaefni þótt tölva sé notuð við að fremja brot.

Í þriðja lagi getur verið um að ræða stuld á gögnum. Hér er fyrst og fremst átt við að afrituð séu gögn eða upplýsingar sem geymdar eru á tölvutæku formi. Þjófnaðarákvæðið er bundið við töku líkamlegra verðmæta eða orkuforða og getur slík afritun því ekki talist þjófnaður samkvæmt hefðbundnum viðhorfum í refsirétti. Margir eru á þeirri skoðun að full ástæða væri til að láta slíka háttsemi varða refsingu. Þess má geta að eftirgerð gagna og forrita getur að sjálfsögðu falið í sér brot á höfundarétti, sbr. höfundalög nr. 73/1972, enda sé skilyrðum þeirra laga að öðru leyti fullnægt. Því má enn fremur bæta við að þótt afritun eða annars konar hagnýting upplýsinga eða gagna í tölvum geti ekki talist þjófnaður eða brot gegn höfundarétti, getur slík háttsemi falið í sér brot gegn öðrum lagaákvæðum. Má sem dæmi nefna 136. gr. hegningarlaganna um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og 228. gr. um brot gegn friðhelgi einkalífs og 26. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, um þagnarskyldu starfsmanna starfsleyfishafa samkvæmt þeim lögum. Um 228. gr. hegningarlaganna vísast nánar til athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

Í fjórða lagi er rétt að nefna skattsvik. Tölvur hafa að sjálfsögðu oft verið notaðar við ýmiss konar bókhaldsbrot, meðal annars með það að markmiði að hagræða skattskilum. Ekki verður séð að þörf sé sérstakra refsiákvæða vegna skattabrota þar sem tölvur koma við sögu.

Í fimmta lagi má nefna skjalabrot, sbr. 155.–158. gr. hegningarlaganna. Almennt eru fræðimenn sammála um að tölvuunnin gögn rúmist ekki innan hefðbundinna skilgreininga á skjalahugtakinu þar sem það er byggt á því að um skriflegt gagn sé að ræða. Af þessu leiðir að rangfærsla gagna og upplýsinga sem geymd eru á tölvutæku formi telst ekki til skjalabrota samkvæmt hefðbundnum viðhorfum í refsirétti. Þar sem viðskipti manna í millum fara í vaxandi

mæli fram með tölvusamskiptum er ljóst að þörfin fyrir refsivernd er sú sama og þegar notuð eru skrifleg gögn í hefðbundnum skilningi. Um þetta vísast að öðru leyti til athugasemda við 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins.

3. *Óheimil notkun á tölvum.* Hér er átt við það þegar maður nýtir sér tölvu eða tölvubúnað annars manns í heimildarleysi. Annars vegar getur verið um að ræða algjöran heimildarskort, þ.e. þegar notandinn hefur enga heimild, og hins vegar þær aðstæður þegar notandinn fer út fyrir notkunarheimildir sínar, t.d. starfsmaður í atvinnufyrirtæki. Í fyrra tilvikinu mætti vafalaust refsa fyrir nytjastuld skv. 2. mgr. 259. gr. hegningarlaganna, enda væri skilyrðum þess ákvæðis að öðru leyti fullnægt. Sama ætti við um síðara tilvikið ef um mjög alvarleg brot er að ræða. Í flestum tilvikum valda slík brot þó ekki tilfinnanlegu tjóni og ekki sennilegt að upp komi sérstök refsiréttarleg vandkvæði af þeim sökum.

4. *Innbrot í tölvukerfi.* Hér er átt við það sem hefur á erlendum málum verið kallað „hacking" eða „system hacking". Þótt ýmis sérákvæði kunni að eiga við um einstök tilvik er ekkert almennt ákvæði í íslenskum lögum sem á við um þessa háttsemi sem slíka. Helst sýnist koma til grein að beita 228. gr. hegningarlaganna um bréfleynd um þessa háttsemi, enda sé skilyrðum ákvæðisins fullnægt að öðru leyti. Um þetta atriði er að öðru leyti vísað til athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

5. *Eftirgerð tölvubúnaðar.* Þegar um er að ræða eftirgerð tölvuvélbúnaðar veita ákvæði sérrefsilaga nokkra refsivernd, sbr. til dæmis lög um einkaleyfi, nr. 17/1991. Þá eru í samkeppnislögum, nr. 8/1993, ákvæði um vernd atvinnuleyndarmála. Einnig má benda á 178. gr. hegningarlaganna, en þar er lögð refsing við því að falsa eða líkja eftir vöru til að blekkja aðra með í lögskiptum og við því að hafa slíka vöru á boðstólum. Það ákvæði getur að sjálfsögðu átt við um tölvuvélbúnað. Þessi ákvæði veita þó takmarkaða refsivernd. Þegar um er að ræða eftirgerð tölvuforrita koma margvísleg lagaleg vandamál, þar með talin refsiréttarleg vandamál, til skoðunar. Tölvuforrit njóta verndar skv. 4. mgr. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, sbr. lög nr. 57/1992. Það er einkum verndin gegn óheimilli fjölföldun til sölu sem er mikilvægust, en skv. 3. gr. höfundarlaga hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu. Tölvuforrit njóta þó enn fremur verndar samkvæmt öðrum ákvæðum laganna, eftir því sem við getur átt. Höfundaréttarvernd er aðallega á sviði einkaréttar og er refsiverndin frekar takmörkuð. Refsiákvæði er að finna í 54. gr. höfundalaga. Sem dæmi má nefna að brot gegn einkarétti höfundar skv. 3. gr. laganna varðar sekt, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Refsing er auk þess háð því að brotið hafi verið framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Aukin refsivernd vegna brota á einkarétti manna sem reist eru á lögum um einkaleyfi og höfundalögum er sérstakt viðfangsefni og telur refsiréttarnefnd ekki að svo stöddu ástæðu til að gera tillögur í þeim efnum.

Við undirbúning frumvarps þessa kannaði nefndin fyrst að hve miklu leyti gildandi ákvæði hegningarlaga væru fullnægjandi að því er varðar tölvubrot í þeirri merkingu sem fyrr er rakin. Eftir athugun á hegningarlögunum með tilliti til mögulegra brota sem að framan eru rakin er það skoðun nefndarinnar að ekki sé að svo stöddu nauðsynlegt að gera frekari breytingar á almennum hegningarlögum en þær sem fram koma í frumvarpi þessu. Árétta má að tölvutæknin er í örri þróun, notkun hennar verður sífellt fjölþættari og notendum fjölgar stöðugt. Mun nefndin í framtíðinni fylgjast grannt með umræðum hér á landi sem annars staðar um þau refsiréttarlegu álitamál sem upp kunna að koma af þessum sökum. Er ekki ósennilegt að vænta megi frekari breytinga á þessu sviði á næstu árum. Um rökin fyrir einstökum breytingartillögum sem felast í frumvarpinu er vísað til þess sem að framan er rakið og athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þörfin fyrir þetta ákvæði byggist á því að viðtekin skilgreining á hugtakinu skjal geti ekki tekið til gagna sem geymd eru á tölvutæku formi. Samkvæmt hefðbundnum viðhorfum í refsirétti er skjal skriflegt gagn með efni sem ber með sér hver útgefandinn er og fyrirfram er ætlað til sönnunar gagnvart öðrum en yfirlýsingargjafa sjálfum, um önnur atriði en tilvist þess sjálfs, eða gagnið er í reynd notað til slíkrar sönnunar. Fölsun á efni upplýsinga sem geymdar eru á tölvutæku formi, og ætlaðar eru til sönnunar með þeim hætti sem framangreind skilgreining gerir ráð fyrir, getur að sjálfsögðu haft jafnalvarlegar afleiðingar og fölsun skriflegra gagna. Full ástæða er til að taka af skarið í þessu efni í hegningarlögunum eins og hér er lagt til.

Með tölvutæku formi er átt við að gögn (eða forrit) séu geymd í þannig formi og með þannig táknum að úr því verði lesið með tölvubúnaði, svo sem á diskum, disklingum, segulböndum, geisladiskum o.s.frv.

Um 2. og 3. gr.

Sömu athugasemdir eiga við um þessar greinar að breyttu breytanda og rakið er í athugasemdum við 1. gr.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 228. gr. hegningarlaga er það mælt refsivert að hnýsast í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, sbr. nánar ákvæði greinarinnar. Ákvæði þetta getur átt við um aðgang að tölvukerfi sem maður hefur orðið sér út um á ólögmætan hátt, enda sé verið að „hnýsast" í gögn sem hafa að geyma upplýsingar um einkahagi. Væntanlega er þá einnig áskilið að upplýsingar, sem geymdar eru í tölvu, séu varðar á einhvern hátt, með sérstökum öryggisbúnaði eða eftir atvikum að ljóst megi vera af aðstæðum að óviðkomandi er ekki ætlaður aðgangur. Nú má hugsa sér að slíkt tölvuinnbrot sé ekki framið með þeim ásetningi að hnýsast í tiltekin gögn, heldur sé innbrotið markmið í sjálfu sér. Slík innbrot eru afar algeng. Virðist sem erfitt sé að heimfæra þau undir önnur ákvæði hegningarlaganna. Með þetta í huga er lagt til að lögfest verði ákvæði sem taki af tvímæli í þessu efni.

Með orðalaginu „á ólögmætan hátt" er fyrst og fremst átt við að aðgangur sé heimildarlaus. Á það sérstaklega við þegar gögn eru varin á einhvern hátt með aðgangsorðum, lykilnúmerum eða annars konar öryggisbúnaði sem hefur það að markmiði að takmarka aðgang við þá sem hafa fengið sérstaka heimild. Slíkur öryggisbúnaður er þó ekki skilyrði, enda verði það ráðið af aðstæðum öllum að utanaðkomandi sé ekki ætlaður aðgangur, svo sem þegar um gögn eða forrit er að ræða sem geymd eru í einkatölvum manna.

Um 5. gr.

Greinin er byggð á því að ákvæði 248. gr. hegningarlaganna um fjársvik og ákvæði 249. gr. laganna um umboðssvik séu ekki alltaf fullnægjandi þegar brot eru framin með aðstoð tölvutækni. Stafar þetta af því að fjársvik eru tvíhliða brot þar sem atbeini brotaþola er eðli málsins samkvæmt nauðsynlegur. Þannig mundu falla utan fjársvikaákvæðisins í 248. gr. tilvik þar sem viðskipti eru sjálfvirk að því marki að ekki er um það að ræða að villt hafi verið um fyrir öðrum einstaklingi sem gerir tilteknar ráðstafanir á grundvelli hinna röngu upplýsinga. Sem dæmi um þetta er þegar maður verður sér úti um aðgang að tölvukerfi án þess að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu annars manns, til dæmis með því að nota lykilnúmer eða aðgangsorð, sem honum er óheimilt að nota, með það að markmiði að verða sér eða öðrum út

um fjárhagslegan ávinning. Slík háttsemi verður ekki í öllum tilvikum felld undir 248. gr. þar sem skilyrðinu um að annar maður sé í villu, eða blekkingum beitt gagnvart honum, er ekki fullnægt. Þá verður slík háttsemi ekki í öllum tilvikum felld undir 249. gr. um umboðssvik. Af þessu leiðir að heppilegt verður að telja að sett verði í hegningarlögin sérstakt ákvæði sem taki af vafa í þessu efni. Sambærilegt ákvæði er að finna í dönsku hegningarlögunum.

Vakin er athygli á því að samkvæmt ákvæðinu er brot talið fullframið þegar maður í auðgunarskyni breytir, bætir við eða eyðir gögnum eða forritum eða gerir aðrar ráðstafanir sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á niðurstöðu tölvuvinnslu í því skyni að afla sjálfum sér eða öðrum fjárhagslegs ávinnings. Með því að færa fullframningarstigið fram með þessum hætti er dregið úr álitamálum sem kunna að koma upp um það hvar draga eigi mörkin milli tilraunar og fullframins brots, enda oft erfitt eða ógjörningur að segja nákvæmlega til um það hvenær tölvuvinnsla á grundvelli hinna röngu upplýsinga átti sér stað. Ákvæðið felur í sér nokkurt frávik frá öðrum ákvæðum XXIV. kafla hegningarlaganna sem öll teljast til svonefndra tjónsbrota, þ.e. miðað er við að brot sé fullframið þegar afleiðing verknaðar hefur komið fram. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins þarf ólögmæt yfirfærsla fjármuna ekki að hafa átt sér stað til þess að refsiábyrgð verði fram komið, heldur nægir að raskað hafi verið grundvelli tölvuvinnslunnar sem síðar gæti leitt til slíkrar yfirfærslu. Ef ráðstafanir sem maður gerir eru þess eðlis að þær eru ekki til þess fallnar að leiða til þeirrar yfirfærslu fjármuna sem stefnt er að er um tilraun að ræða sem er refsiverð skv. 20. gr. hegningarlaganna.

Verknaðarlýsingu ákvæðisins er ætlað að taka til hvers konar athafna sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á niðurstöðu tölvuvinnslu, hvort sem þær beinast að gögnum eða forritum sem geymd eru á tölvutæku formi eða að vélbúnaðinum sjálfum. Þá falla undir verknaðarlýsinguna ráðstafanir sem eru gerðar til þess að rangar upplýsingar verði færðar inn í tölvu, sem síðar geta leitt til þeirrar fjármunayfirfærslu sem að er stefnt.

Skilyrði samkvæmt ákvæðinu er að brot sé framið í auðgunarskyni, sbr. 243. gr. hegningarlaganna.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að nýr málsliður bætist við 1. mgr. 257. gr. hegningarlaganna þar sem fram kemur að refsivert sé að breyta, bæta við, þurrka út eða eyðileggja með öðrum hætti án heimildar upplýsingar eða forrit sem geymd eru í tölvum eða á gagnaberum fyrir tölvur.

Þegar um er að ræða skemmdarverk sem tengjast tölvum og notkun þeirra má greina milli skemmdarverka á tölvuvélbúnaði, skemmdarverka á forritum (útþurrkun eða breyting) eða skemmdarverka á gögnum (útþurrkun eða breyting). Almenna eignaspjallaákvæðið í 1. mgr. 257. gr. tekur án alls vafa til skemmdarverka á tölvuvélbúnaði. Sama gildir um skemmdarverk sem unnin er á gagnaberum sem innihalda forrit eða gögn. Vafamál er hins vegar hvort og að hve miklu leyti útþurrkun eða breyting á forritum eða gögnum félli undir 1. mgr. 257. gr. þegar ekki er jafnframt um að ræða skemmdir á tölvubúnaði eða gagnabera. Það samræmist tæplega venjum að túlka eignaspjallaákvæði hegningarlaganna svo rúmt að það nái til þessarar háttsemi þar sem hefðbundin skýring gerir ráð fyrir að skemmdir beinist að líkamlegum verðmætum. Þar sem breyting, útþurrkun eða eyðilegging slíkra gagna getur verið mjög afdrifarík og falið í sér mikið tjón fyrir viðkomandi er ekki síður þörf fyrir refsivernd en þegar um líkamleg verðmæti er að tefla. Verður því að telja eðlilegt að tekið sé af skarið í þessu efni með lagasetningu.

Undir ákvæðið fellur einnig breyting á gögnum eða forritum sem felst í því að koma þar fyrir svonefndum tölvuvírusum sem geta haft í för með sér truflanir á tölvuvinnslu eða eyðileggingu á gögnum eða forritum.

Bent er á að útþurrkun eða breyting gagna gæti jafnframt fallið undir önnur ákvæði hegningarlaga, sbr. til dæmis 2. mgr. 112. gr. um tálmun á rannsókn brots og 2. mgr. 162. gr. um eyðileggingu sönnunargagna til að halla eða fyrirgera rétti annarra.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 257. gr. hegningarlaganna eiga einnig við þegar um er að ræða breytingu, útþurrkun eða annars konar eyðileggingu á upplýsingum eða gögnum í tölvum. Ekki er talin þörf á að breyta orðlagi þeirra ákvæða vegna þessa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (tölvubrot).

Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum sem miða að því að skilgreina refsiverða háttsemi sem tengist tölvum og notkun þeirra. Varðar það m.a. fölsun gagna á tölvutæku formi, óheimilaðan aðgang að gögnum eða forritum á tölvutæku formi, eyðileggingu tölvubúnaðar o.fl.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér verði það óbreytt að lögum.

772. Frumvarp til laga [445. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

A. Grunnskólakennarar og stjórnendur grunnskóla.

I. KAFLI
Starfsheiti.

1. gr.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. prófi frá Kennaraskóla Íslands;

2. B.Ed.-próf eða hærri prófgráðu frá Kennaraháskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri;
3. BA-próf, BS-próf eða hærri prófgráðu frá Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri í kennslugrein sinni/kennslugreinum sínum ásamt fullgildu námi í kennslu- og uppeldisfræði til kennsluréttinda;
4. próf frá tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík;
5. próf frá teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands;
6. próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands;
7. próf frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands;
8. öðru jafngildu námi samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 4. gr., sem hefur það að markmiði að veita undirbúning til kennslu á grunnskólastigi.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

3. gr.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

4. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 2. gr. skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

II. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningarreglur.

5. gr.

Til þess að verða ráðinn eða skipaður kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið námi skv. 2. gr. og öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr.

Kennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skal hafa forgang til kennslu í sinni grein/sínum greinum í 8.–10. bekk. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar.

6. gr.

Sveitarstjórn ræður og skipar kennara, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra við grunnskóla.

Heimilt er að skipa kennara sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár við grunnskóla með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

Grunnskólakennari á rétt á fastráðningu með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti eftir tveggja ára starf nema verklok séu fyrir fram ákveðin. Heimilt er þó að ráða grunnskólakennara ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá fyrsta degi ráðningar. Skólastjórar ráða stundakennara, sbr. 9. gr., með samþykki skólanefnda.

7. gr.

Til þess að verða ráðinn skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi og kennslureynslu á grunnskólastigi.

Heimilt er að skipa skólastjórnanda sem starfað hefur í a.m.k. tvö ár við grunnskóla, þar af eitt ár sem skólastjórnandi, með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar.

Við ráðningu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra skal tekið tillit til menntunar, kennsluferils, stjórnunarreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

8. gr.

Um ráðningu og skipun kennara og skólastjórnenda grunnskóla fer eftir ákvæðum laga þessara og laga nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugreinar og aldursstig nemenda. Nú er heimilt að ráða stundakennara skv. 9. gr. og getur skólastjóri þá ráðið grunnskólakennara án undangenginnar auglýsingar. Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal setja leiðbeinandi reglur um umsóknareyðublöð og meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf.

9. gr.

Kennsla skal falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða:

1. ef um er að ræða minna en ⅓ hluta starfs;
2. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga skemur en í tvo mánuði;
3. þann sem gegnir öðru launuðu aðalstarfi.

Stundakennara skv. 1. og 3. tölul. skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

10. gr.

Óheimilt er að ráða eða skipa aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla.

Nú sækir enginn grunnskólakennari samkvæmt lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólastjóri né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn grunnskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

B. Framhaldsskólakennarar og stjórnendur framhaldsskóla.

III. KAFLI
Starfsheiti.

11. gr.

Rétt til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við framhaldsskóla, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra. Í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 90 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera í aðalgrein og 30 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 30 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda;
2. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 120 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu 60–90 einingar vera í aðalgrein og 30–60 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda;
3. námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda, enda hafi viðkomandi starfsreynslu og hafi haft nema í samningsbundnu námi, annars komi 30 eininga nám í kennslufræði;
4. öðru fagnámi sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og miðast við kennslu í framhaldsskóla ásamt 30 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda;
5. öðru jafngildu námi samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 14. gr., sem hefur það að markmiði að veita undirbúning til kennslu á framhaldsskólastigi.

Þeir sem lokið hafa námi frá Kennaraskóla Íslands fullnægja kröfum um nám í kennslufræði til kennsluréttinda.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

14. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. fullnægi skilyrðum 12. gr. skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

IV. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningarreglur.

15. gr.

Til þess að verða ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Miða skal við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem hann er menntaður á, sbr. ákvæði 11. og 12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skólameistara heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum eða minna á viku.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með talið um mat á menntun til kennslu í sérgreinum framhaldsskóla.

16. gr.

Framhaldsskólakennarar skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Skal sá frestur vera þrír mánuðir að loknum reynslutíma, nema um annað sé samið í kjarasamningi.

Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en tvö ár.

17. gr.

Við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi. Tekið skal tillit til menntunar, kennsluferils, stjórnunarreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

18. gr.

Um ráðningu skólastjórnenda og framhaldsskólakennara fer eftir ákvæðum laga þessara, laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal tilgreina í hvaða kennslugrein/kennslugreinum eða á hvaða sérsviði eru lausar stöður eða störf. Heimilt er þó

að ráða framhaldsskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, sbr. 2. mgr. 15. gr., án undangenginnar auglýsingar.

Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

19. gr.

Kennsla skal falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða:

1. ef um er að ræða minna en ⅓ hluta starfs;
2. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga skemur en í tvo mánuði;
3. þann sem gegnir öðru aðalstarfi.

Stundakennara skv. 1. og 3. tölul. skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

20. gr.

Óheimilt er að ráða til kennslu við framhaldsskóla, sbr. 11. gr., aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn sem fullnægir ákvæðum þessara laga um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólameistari þá sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar í slíkum tilvikum sé um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku eða minna, sbr. 15. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólameistari né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann sem hefur sérmenntun í auglýstri kennslugrein.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

21. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til kennslustarfa í listgreinum á framhaldsskólastigi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju m.a. með þeirri breytingu að ákvæði varðandi skil sveitarstjórna til menntamálaráðuneytisins á upplýsingum um menntun grunnskólakennara er fellt niður í ljósi þess að kennaraskrá grunnskóla er ekki lengur í umsjá menntamálaráðuneytisins. Aðrar breytingar á frumvarpinu lúta að orðalagi eða tæknilegum atriðum.

Í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 48/1986 er kveðið á um endurskoðun laganna innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Lögin voru fyrst endurskoðuð árið 1990 og var þá lagt fram frumvarp á 113. löggjafarþingi sem hlaut ekki afgreiðslu.

Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið mið af því að kennaranám er unnt að stunda við Háskólann á Akureyri og höfð er hliðsjón af ákvæðum laga varðandi flutning grunnskóla til sveitarfélaga sem Alþingi samþykkti vorið 1996, svo og sérstökum samþykktum sem gerðar voru af sama tilefni.

Undirbúningur að gerð frumvarps þessa fór fram í menntamálaráðuneytinu og síðan var efnt til viðræðna við fulltrúa kennarasamtakanna, þ.e. Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands.

1. Frumvarpinu er skipt í hluta og fjallar fyrri hlutinn um grunnskóla og sá síðari um framhaldsskóla. Með þessu verða lögin aðgengilegri og framsetning skýrari en í gildandi lögum.
2. Með frumvarpinu er m.a. leitast við að leggja áherslu á þýðingu aukinnar fagmenntunar kennara. Þetta kemur fram í 5. gr. þar sem tekið er fram að kennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skuli hafa forgang til kennslu í sinni grein í 8.–10. bekk grunnskóla og í 15. gr. er miðað við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar sem hann er menntaður til.

   Einnig er tekið fram í 11. gr. að í leyfisbréfi framhaldsskólakennara skuli tilgreina kennslugrein eða sérsvið þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

   Þá kemur fram í 12. gr. frumvarpsins að framhaldsskólakennari, sem hefur aflað sér fagmenntunar sem er verulega umfram það lágmark sem frumvarpið gerir ráð fyrir sem almennri reglu, þurfi aðeins að taka 15 einingar í kennslufræði. Lagt er til að sama gildi um kennara í iðngreinum, að uppfylltum vissum skilyrðum, en margir þeirra koma beint úr atvinnulífinu og búa yfir dýrmætri reynslu sem skólakerfinu er nauðsynleg.
3. Kveðið er á um að próf frá Kennaraskóla Íslands sé fullnægjandi undirbúningur í kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara. Til þessa hefur þetta próf aðeins gefið 15 einingar af 30 sem krafist hefur verið til kennsluréttinda við framhaldsskóla. Allmargir kennarar munu fá réttindi til kennslu við framhaldsskóla samkvæmt þessu ákvæði.
4. Í 2. og 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og er þetta nýmæli.
5. Í frumvarpinu eru ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra skuli staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Er þetta í samræmi við tilskipun 89/48/EBE sem felld var inn í íslenskt lagakerfi með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

6. Í 7. gr. gildandi laga er kveðið á um menntun kennara við tiltekna sérskóla og í tilteknu sérnámi. Þessi upptalning er felld brott, sjá 15. gr. frumvarpsins, og í staðinn er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í reglugerð. Þessi breyting er nauðsynleg vegna örrar þróunar á vinnumarkaði og þar af leiðandi breytilegra krafna til skólakerfisins hvað varðar námsframboð.
7. Ákvæði laganna um matsnefndir, sbr. 4. og 14. gr., eru einfölduð. Ákvæði um starfshætti nefndanna eru felld brott og er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í reglugerð.
8. Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skólameistara sé heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein án þess að viðkomandi hafi öðlast heimild til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Þessi heimild miðast við að um sé að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku eða minna. Hér er um nýmæli að ræða sem gerir skólameisturum kleift að ráða til starfa sérfræðinga sem ekki hafa kennslu sem aðalstarf en þetta getur skipt miklu máli varðandi tengsl atvinnulífs og framhaldsskóla.
9. Í 21. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögin taki ekki til kennslu í listgreinum á framhaldsskólastigi. Þetta er gert til þess að auðvelda framhaldsskólum að fá til starfa viðurkennda listamenn en það er vandkvæðum bundið samkvæmt gildandi lögum.
10. Ákvæði um undanþágunefndir hafa verið endurskoðuð í ljósi stjórnsýslulaga og staða nefndanna sem lægra settra stjórnvalda gerð skýrari. Hlutverk þeirra er eftir sem áður að fjalla um heimild til ráðningar þegar enginn umsækjandi uppfyllir skilyrði laganna um menntun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er óbreytt nema hvað vísað er til laga nr. 66/1995, um grunnskóla.

Um 2. gr.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum, eru þessar:

1. Þar sem kennaranám hefur verið tekið upp við Háskólann á Akureyri er þeirri stofnun bætt við í efni 2. og 3. tölul.
2. Í 8. tölul. er bætt inn ákvæði um að námið skuli hafa það að markmiði að búa viðkomandi undir kennslu á grunnskólastigi.
3. Þá er og gert ráð fyrir að meta megi kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Um 3. gr.

Greinin er ný og fjallar um ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hafa aflað sér kennsluréttinda sem viðurkennd eru í einhverju ríki innan svæðisins, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum. Þetta felur í sér að þeir hafa jafna stöðu og íslenskir ríkisborgarar til þess að sækja um kennslustarf hér á landi.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að matsnefnd skuli úrskurða um rétt kennara til að nota starfsheitið grunnskólakennari þegar um vafatilvik er að ræða. Hér er lagt til að nefndin veiti umsögn um leyfisveitingu en að lokaákvörðun verði tekin af menntamálaráðherra.

Nokkur atriði, er varða starfshætti nefndarinnar, eru felld út og gert ráð fyrir að þau komi í reglugerð.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um skilyrði þess að verða ráðinn eða skipaður kennari við grunnskóla, en hliðstæð ákvæði er að finna í 4. gr. gildandi laga. Hér er þó lagt til að upptalning á menntunargráðum verði felld út sem skilyrði ráðningar eða skipunar og þess í stað vísað til almennra menntunarskilyrða í 2. gr. Einnig eru felld út ákvæði í 4. gr. gildandi laga um skilyrði þess að vera skipaður eða ráðinn sérkennari við sérskóla eða sérdeildir grunnskóla þar sem þessar deildir og skólar eru hluti af almennum grunnskóla.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Er ákvæðinu ætlað að stuðla að því að kennarar kenni fyrst og fremst þær greinar sem þeir hafa sérhæft sig í. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um 6. gr.

Ákvæðum um ráðningu og skipun kennara er breytt til samræmis við lög nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. b-lið 1. mgr. 57 gr. laganna sem og tillögur réttindanefndar vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, samþykkt sem lög nr. 72/1996.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um ráðningu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við grunnskóla og er efnislega samhljóða ákvæðum 9. gr. gildandi laga. Hér er lagt til að við ráðningu skólastjóra verði tekið tillit til menntunar, kennslureynslu og stjórnunarreynslu líkt og gert hefur verið við ráðningu kennara, sbr. 5. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er vísað til þeirra laga sem gilda um ráðningu og skipun kennara og skólastjórnenda við grunnskóla.

Í 2. mgr. er miðað við að ráðningum kennara og skólastjórnenda skuli lokið eigi síðar en 1. maí ár hvert. Þetta ákvæði er sett til þess að tryggja betur að gengið sé frá öllum ráðningum það tímanlega að þær trufli ekki undirbúning næsta skólaárs.

3. mgr. er samhljóða 5. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Samband íslenskra sveitarfélaga skuli setja leiðbeinandi reglur um umsóknareyðublöð og meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf.

Um 9. gr.

Greinin á samstöðu með 12. gr. gildandi laga en hefur verið breytt þannig að a-liður er felldur brott þar eð hann á ekki lengur við. Aðrar breytingar eru gerðar í samræmi við reglur fjármálaráðuneytis, Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags um greiðslur til stundakennara/leiðbeinenda á föstum mánaðarlaunum, undirritaðar 22. júlí 1993, sbr. viðauka 3 með kjarasamningi þessara aðila frá 1. mars 1995.

Um 10. gr.

Greinin er í stórum dráttum óbreytt.

Í 1. mgr. eru felld út ákvæði um sérdeildir og skóla fyrir börn með sérþarfir þar sem sérdeildir og sérskólar eru hluti af hinum almenna grunnskóla.

Ákvæði um undanþágunefnd eru endurskoðuð í ljósi stjórnsýslulaga og staða nefndarinnar sem lægra setts stjórnvalds gerð skýrari. Hlutverk nefndarinnar er eftir sem áður að fjalla um heimild til ráðningar þegar enginn umsækjandi uppfyllir skilyrði laganna um menntun, eða

hvorki skólastjóri né neinn skólanefndarmanna treysta sér til þess að mæla með grunnskólakennara.

Skýrt er tekið fram að málsaðilum ber að hlíta ákvörðun undanþágunefndar þrátt fyrir málskot.

Um 11. gr.

Í greininni er það nýmæli að í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara. Með ákvæði þessu er lögð áhersla á mikilvægi sérmenntunar framhaldsskólakennara og að sú sérþekking nýtist til kennslu.

Um 12. gr.

Leitast er við að kveða skýrar á um þá menntum sem krafist er til kennsluréttinda en gert er í gildandi lögum, auk þess sem lögð er áhersla á aukna fagmenntun kennara og kennslureynslu. Helstu áherslur og breytingar eru þessar:

Kveðið er á um að nám kennara skuli veita undirbúning til kennslu í faggrein eða á sérsviði á framhaldsskólastigi.

Í 2. tölul. er kveðið á um að þeir sem lokið hafa a.m.k. 120 eininga háskólanámi og þar af 60–90 einingum í aðalgrein og 30–60 einingum í aukagrein þurfi að ljúka 15 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda í stað 30 áður.

Í 3. tölul. er kveðið á um að þeir sem lokið hafa námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein skuli auk þess ljúka 15 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda í stað 30 eininga áður. Þessi breyting er gerð til þess að auðvelda samskipti milli atvinnulífs og skóla og tekur til þeirra sem búa yfir mikilli sérþekkingu á tilteknu sviði, hafa auk þessa verulega starfsreynslu og/eða hafa haft nema í samningsbundnu námi. Að teknu tilliti til þessara þátta er talið raunhæfast að þessum kennurum verði gert að taka fyrst og fremst þá þætti kennslufræðinnar sem lúta beint að kennslustarfinu samkvæmt nánari skilgreiningu. Þeir sem ekki uppfylla þessi skilyrði verða að taka 30 einingar í kennslufræði.

Bætt er inn ákvæði um að þeir sem luku námi frá Kennaraskóla Íslands fullnægi skilyrðum um nám í kennslufræði.

Þá er kveðið á um að heimilt sé að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er gert ráð fyrir að með reglugerð verði sett ítarlegri ákvæði um menntunarkröfur í sérhæfðu námi, svo sem vélstjórnarnámi og skipstjórnarnámi.

Um 13. gr.

Greinin er ný og fjallar um ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hafa aflað sér kennsluréttinda sem viðurkennd eru í einhverju ríki innan svæðisins, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum. Í þessu felst að þeir hafa jafna stöðu og íslenskir ríkisborgarar til þess að sækja um kennslustarf hér á landi.

Um 14. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að matsnefnd skuli úrskurða um rétt kennara til að nota starfsheitið grunnskólakennari þegar um vafatilvik er að ræða. Hér er lagt til að nefndin veiti umsögn um leyfisveitingu en lokaákvörðun verði tekin af menntamálaráðherra.

Nokkur atriði er varða starfshætti nefndarinnar eru felld út og gert ráð fyrir að þau komi í reglugerð.

Um 15. gr.

Þar sem ákvæði framhaldsskólalaga um skipun kennara og skólastjórnenda breyttust með hliðsjón af lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þannig að skipun þeirra var afnumin, sbr. það sem segir í almennum athugasemdum, hefur ráðningarreglum gildandi laga verið breytt í samræmi við það.

Í sömu málsgrein er kveðið á um að framhaldsskólakennari skuli fyrst og fremst kenna þær greinar sem hann hefur sérhæft sig í.

Í 2. mgr. er ákvæði þess efnis að skólameistara sé heimilt að ráða sérfræðing til kennslu tímabundið án þess að hann uppfylli skilyrði um menntun í kennslufræði enda sé um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku að hámarki. Hér er um nýmæli að ræða.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji reglugerð um framkvæmd greinarinnar. Felld er brott upptalning á menntunarkröfum til kennslu í sérhæfðu námi sem eru í 7. gr. gildandi laga, en gert ráð fyrir að hliðstæð ákvæði verði sett í reglugerð. Við ráðningu vísast til almennra menntunarskilyrða í 12. gr.

Um 16. gr.

Greinin tekur mið af efni 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 17. gr.

Greinin er hliðstæð 9. og 11. gr. gildandi laga. Ekki er um efnisbreytingar að ræða en kveðið er á um að taka eigi tillit til menntunar, kennslureynslu, stjórnunarreynslu og umsagna, líkt og gert hefur verið við ráðningu í kennslustörf.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er vísað til þeirra laga sem gilda um ráðningu kennara og skipun skólastjórnenda við framhaldsskóla.

Í 3. mgr. er miðað við að ráðningum kennara og skólastjórnenda skuli lokið eigi síðar en 1. maí ár hvert. Þetta ákvæði er sett til þess að tryggja betur að gengið sé frá öllum ráðningum það tímanlega að þær trufli ekki undirbúning næsta skólaárs.

Um 19. gr.

Sjá athugasemdir við 9. gr.

Um 20. gr.

Sjá athugasemdir við 10. gr.

Nýmæli er að skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar ef um er að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku að hámarki.

Um 21. gr.

Ákvæði þetta er sett inn til þess að greiða fyrir því að viðurkenndir listamenn á viðkomandi sviði fáist til kennslu í listgreinum á framhaldsskólastigi.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögverndun starfsheita og starfsréttinda kennara og skólastjóra í samræmi við reynslu af framkvæmd gildandi laga og breyttri löggjöf á síðustu árum.

Að því er séð verður mun frumvarpið hafa óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs. Ástæða er til að nefna tvennt. Annars vegar að lagt er til að meta megi kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til réttinda og að dregið verði úr kröfum um að kennarar framhaldsskóla hafi lokið námi í uppeldisfræðum til kennsluréttinda. Hins vegar er gert ráð fyrir að erindum til mats- og úrskurðarnefnda geti fækkað, sérstaklega þeirra nefnda sem fjalla um framhaldsskólann.

773. Frumvarp til laga [446. mál]

um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Verja skal 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar byggingar til listskreytingar hennar og umhverfis hennar.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar þær byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti, sbr. lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970. Undanþegnar eru þó byggingar sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar sem standa fjarri alfaraleið, skemmur og aðrar sambærilegar byggingar.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um byggingar sem reistar eru á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar beinni fjárveitingarákvörðun Alþingis um byggingarframkvæmdir.

2. gr.

Í greinargerð með frumathugun og áætlanagerð skv. 3. gr. og 6. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, skal auk annarra atriða sem þar eru tilgreind gera grein fyrir áætlun um kostnað vegna listskreytinga.

Við ákvarðanir um mannvirki sem lög þessi taka til skulu arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd leita faglegrar ráðgjafar um listskreytingu hjá stjórn Listskreytingasjóðs, sbr. 5. gr.

3. gr.

Veita skal árlega eftir ákvörðun Alþingis fé í Listskreytingasjóð til listskreytinga opinberra bygginga sem þegar eru fullbyggðar við gildistöku þessara laga, umhverfis þeirra og annarra útisvæða á forræði ríkisins.

4. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins skal skipuð af menntamálaráðherra þannig: Tveir menn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og formaður skipaður án tilnefningar. Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

5. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs skal vera til ráðgjafar um listskreytingu þeirra mannvirkja sem lög þessi taka til og hvernig staðið skuli að framkvæmdum. Stjórnin ákvarðar úthlutun úr Listskreytingasjóði.

6. gr.

Um meiri háttar verkefni á sviði listskreytinga skal að öðru jöfnu fara fram opinber samkeppni í samræmi við venjur og reglur sem um það gilda á hverjum tíma. Slík samkeppni skal opin erlendum listamönnum enda njóti íslenskir listamenn sömu réttinda í þeirra löndum.

7. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum vegna kostnaðar við undirbúning umsóknar um framlag til listskreytingar skv. 3. gr., þar með talinn kostnaður við samkeppni.

8. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast fjárvörslu Listskreytingasjóðs. Heimilt skal stjórn sjóðsins með samþykki menntmálaráðherra að semja við félagasamtök sem aðild eiga að sjóðnum um að annast rekstur hans að öðru leyti.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með síðari breytingum. Heimilt skal að gera nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir til þess að lögin geti komið til framkvæmda við gildistöku, m.a. að því er varðar skipun stjórnar Listskreytingasjóðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 25. mars 1995 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, nefnd til þess að endurskoða lög um Listskreytingasjóð ríkisins, nr. 71/1990. Í nefndinni áttu sæti

fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Arkitektafélagi Íslands en formaður var Þórunn J. Hafstein, þá deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu. Nefndin skilaði áliti með tillögum um breytingar á lögunum í maí 1995. Í lok sama árs voru samþykkt á Alþingi lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem fólu í sér breytingar á fjárhagsgrundvelli Listskreytingasjóðs ríkisins á þann veg að árlegt framlag til sjóðsins skyldi fara eftir því sem ákveðið væri í fjárlögum í stað þess að miðast við 1% álag á heildarfjárveitingu ríkissjóðs til bygginga samkvæmt A-hluta fjárlaga. Með hliðsjón af þessari breyttu stöðu skipaði Björn Bjarnason menntamálaráðherra hinn 16. júlí 1996 nefnd til að fjalla um framtíðarskipan listskreytingar opinberra bygginga. Skyldi hún gera tillögur um hvernig stuðlað verði að því á hentugastan hátt að listskreyting sé jafnan eðlilegur þáttur í slíkum byggingum. Nefndin var skipuð fulltrúum frá Framkvæmdasýslu ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Arkitektafélagi Íslands en formaður var Guðmundur Magnússon sagnfræðingur. Nefndin skilaði áliti í frumvarpsformi, ásamt greinargerð, í febrúar 1997.

Frumvarp það til laga um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins sem hér liggur fyrir er að mestu byggt á tillögum þeirra tveggja nefnda sem að framan getur. Verði það að lögum leysa þau af hólmi lög nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með síðari breytingum.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja svo sem auðið er framkvæmd þeirrar meginreglu að listskreyting sé þáttur í hverri byggingu sem reist er á vegum ríkisins með því að lögbinda að 1% af heildarkostnaði við bygginguna skuli varið í þessu skyni. Að því er nýbyggingar varðar verður það á ábyrgð þeirra sem forræði hafa um hverja byggingarframkvæmd að lagaskyldu í þessu efni sé framfylgt en leita skal faglegrar ráðgjafar um listskreytinguna.

Hlutverk Listskreytingasjóðs ríkisins að því er fjárframlög til listskreytinga varðar verður samkvæmt frumvarpinu bundið við opinberar byggingar sem fullgerðar eru við gildistöku nýrra laga, svo og útisvæði sem ríkið hefur forræði á. Jafnframt verður stjórn sjóðsins til ráðgjafar um listskreytingu í þeim mannvirkjum sem lögin taka til.

Með þeirri tilhögun sem frumvarpið mælir fyrir um er gert ráð fyrir að ákveðnir fjármunir renni milliliðalaust til listskreytingar í hverri nýrri byggingu sem ríkið stendur að en jafnframt leitast við að tryggja faglegan grundvöll ákvarðana um það viðfangsefni eins og aðra þætti byggingarframkvæmdanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. felst það meginatriði frumvarpsins að til listskreytingar hverrar opinberrar byggingar og umhverfis hennar skuli verja sem svarar einum hundraðshluta af heildarbyggingarkostnaði. Ákvæðið skýtur að sjálfsögðu ekki loku fyrir að kostað sé meiru til listskreytingar húss en þessu nemur, ef fjárhagslegt svigrúm leyfir.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum hér að framan var áður gert ráð fyrir því í lögum að fjárhæð sem svaraði 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs til byggingarframkvæmda samkvæmt A-hluta fjárlaga rynni til Listskreytingasjóðs ríkisins og stjórn hans úthlutaði styrkjum til listskreytingar á grundvelli umsókna. Lög um þetta efni voru upphaflega sett árið 1982. Allt frá byrjun varð á því mikill misbrestur að þessari viðmiðun um ríkisframlag til sjóðsins væri framfylgt og árið 1995 var hún formlega afnumin eins og áður getur. Í þessu frumvarpi er farin sú leið að tengja fjármögnun listskreytingar hverri einstakri byggingu, enda verði listskreytingin skylduþáttur sem taka skal tillit til við undirbúning og áætlanagerð vegna framkvæmdanna, sbr. 2. gr.

Í 2. og 3. mgr. er gildissvið laganna markað með svipuðum hætti og gert er í núgildandi lögum um Listskreytingasjóð. Skilgreint er hvað átt er við með opinberum byggingum í þessu samhengi og hvaða byggingar af því tagi eru undanskildar ákvæðum laganna samkvæmt frumvarpinu.

Um 2. gr.

1. mgr. er ætlað að tryggja að gert sé ráð fyrir listskreytingarþættinum og kostnaði við hann í þeim athugunum og áætlunum sem samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda skulu liggja til grundvallar byggingarframkvæmdum á vegum ríkisins.

Í 2. mgr. er þeim sem standa fyrir opinberum byggingum gert skylt að leita faglegrar ráðgjafar um listskreytingu mannvirkisins. Endanleg ákvörðun um val listskreytingar, eins og um aðra byggingarþætti, verður á hendi byggingaraðila en að fenginni sérfræðilegri ráðgjöf sem stjórn Listskreytingasjóðs er ætlað að veita, sbr. 5. gr. Sú tilhögun á að stuðla að því að listrænn metnaður og fagleg viðhorf marki val á listskreytingu hverju sinni.

Um 3. gr.

Sú nýskipan sem felst í 1. gr. frumvarpsins tekur til bygginga sem reistar verða eftir að ný lög um listskreytingar opinberra bygginga hafa öðlast gildi. Mörgum eldri byggingum, svo og útisvæðum, í ríkiseigu verður þá enn til að dreifa þar sem listskreyting er engin eða ófullnægjandi. Í þessari grein er gert ráð fyrir að Alþingi veiti árlega fé í sjóð sem sinni listskreytingum á þessu sviði, svipað og Listskreytingasjóður ríkisins gerir nú fyrir opinberar byggingar almennt.

Um 4. gr.

Þessi grein kveður á um skipan stjórnar Listskreytingasjóðs. Tveir af fimm stjórnarmönnum skulu tilnefndir af Sambandi íslenskra myndlistarmanna, einn af Arkitektafélagi Íslands og einn af samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sbr. lög nr. 63/1970, en formaður skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar. Er þetta sama skipan stjórnar og kveðið er á um í núgildandi lögum um Listskreytingasjóð ríkisins, nema hvað fulltrúi tilnefndur af samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir kemur í stað fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, enda er ekki gert ráð fyrir að ný lög taki til bygginga sem lúta forræði sveitarfélaga. Með þessari skipan er stefnt að því að treysta samstarf myndlistarmanna, hönnuða og framkvæmdaraðila.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um tvíþætt hlutverk stjórnar Listskreytingasjóðs. Hún tekur ákvörðum um ráðstöfun þess fjár sem veitt er skv. 3. gr. um hendur Listskreytingasjóðs en er jafnframt ráðgjafaraðili um listskreytingar í nýbyggingum skv. 1. gr. Skipan stjórnarinnar, svo sem hún er ákveðin skv. 4. gr., á að gera hana vel fallna til að sinna slíku ráðgjafarhlutverki, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 6. gr.

Ákvæði þess efnis að um meiri háttar listskreytingarverkefni skuli að öðru jöfnu fara fram opinber samkeppni á sér hliðstæðu í gildandi lögum, sbr. 7. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins. Sama máli gegnir að því er varðar rétt erlendra listamanna til þátttöku í samkeppni, en það ákvæði er þó afdráttarlausara samkvæmt þessu frumvarpi.

Um 7.–8. gr.

Ákvæði þessara greina eru efnislega að mestu í samræmi við hliðstæð ákvæði í gildandi lögum, sbr. 3. mgr. 10. gr. og 13. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins.

Um 9.–10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins.

Í frumvarpinu felst að til listskreytingar hverrar opinberrar byggingar og umhverfis hennar skuli varið sem svarar 1% af heildarbyggingarkostnaði. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir árlegu framlagi Alþingis til Listskreytingasjóðs til listskreytinga opinberra bygginga sem þegar eru fullbyggðar, umhverfis þeirra og annarra útivistarsvæða á forræði ríkisins.

Í fjárlögum 1998 er áætlað að verja samtals um 3 milljörðum kr. til nýbygginga og meiri háttar viðhalds á byggingum og umhverfi þeirra. Þá er meðtalinn hluti kostnaðar við búnaðar- og tækjakaup. Miðað við þessa fjárhæð er áætlað að verja þurfi 20–25 m.kr. til listskreytinga nýrra bygginga samkvæmt frumvarpinu. Hluti af þessum útgjöldum verður greiddur af framlögum til búnaðarkaupa. Þar sem ekki liggur fyrir hvaða fjárhæð er um að ræða verður í þessari kostnaðarumsögn reiknað með 5–7 m.kr. Þá er í fjárlögum þessa árs 8 m.kr. framlag til Listskreytingasjóðs. Ekki liggur fyrir hvernig styrkir sjóðsins skiptast á milli nýrra og eldri bygginga. Miðað við að helmingnum verði varið til að myndskreyta nýbyggingar má ætla að frumvarpið leiði til 9–16 m.kr. kostnaðarauka á ári.

774. Frumvarp til íþróttalaga. [447. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti.

Lögin taka ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva.

2. gr.

Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íþrótta í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðlar að rannsóknum á sviði íþróttamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, en í henni eiga fimm menn sæti. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tillögu stjórnar Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tillögu íþróttakennaraskorar Kennaraháskóla Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk íþróttanefndar er að veita menntamálaráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. 8. gr.

5. gr.

Íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálsu framtaki landsmanna.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélag Íslands eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþrótta.

6. gr.

Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

7. gr.

Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

8. gr.

Alþingi veitir árlega fé í Íþróttasjóð til eflingar íþróttum í landinu. Íþróttanefnd hefur umsjón með Íþróttasjóði og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr sjóðnum, sbr. 4. gr.

Framlög úr Íþróttasjóði má veita til:

1. sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar,
2. útbreiðslu- og fræðsluverkefna,
3. íþróttarannsókna,
4. verkefna skv. 13. gr. laga þessara.

Óheimilt er að skuldbinda Íþróttasjóð til framlaga umfram það sem árlegt ráðstöfunarfé hans leyfir.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum íþróttanefndar, má kveða á um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði og hvernig umsóknum og úthlutun skuli hagað.

9. gr.

Um styrki úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka íþróttafólks fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum.

10. gr.

Um tekjuöflun íþróttasamtaka með getraunastarfsemi er mælt í sérstökum lögum um þau efni.

11. gr.

Í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins skulu íþróttir kenndar og iðkaðar svo sem nánar er kveðið á um í lögum, reglugerðum og námsskrám sem um þá skóla gilda.

Öll börn á landinu skulu læra sund nema þau séu talin ófær til þess að mati læknis.

12. gr.

Ríkið starfrækir menntastofnun sem annast menntun íþróttakennara samkvæmt lagaákvæðum um þá starfsemi.

13. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Fjárhagsleg aðild ríkisins að slíku samstarfi er háð fjárveitingum í fjárlögum.

14. gr.

Menntamálaráðherra hefur forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttaáhöld og annan búnað.

15. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi íþróttalög, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju með fáeinum breytingum.

Frumvarp þetta er í endanlegri gerð samið í menntamálaráðuneytinu. Hliðsjón var höfð af tillögum nefndar sem menntamálaráðuneytið skipaði árið 1992 til að endurskoða gildandi íþróttalög. Nefndin skilaði drögum að frumvarpi ásamt greinargerð í mars 1994. Þá voru og til hliðsjónar tillögur nefndar um eflingu íþróttastarfs sem menntamálaráðuneytið skipaði í samræmi við ályktun Alþingis frá 16. maí 1997, en sú nefnd skilaði álitsgerð í byrjun desember 1997.

Núgildandi íþróttalög eru að stofni til frá árinu 1956 (lög nr. 49/1956) en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðan, m.a. með lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Löggjöfin 1956 var reist á grunni hinna fyrstu almennu íþróttalaga, er sett voru árið 1940.

Íþróttastarfsemi í landinu fer nú fram við allt önnur skilyrði en fyrir 40 árum þegar gildandi íþróttalög voru sett. Hlutverk íþrótta í þjóðlífinu hefur síst minnkað og fjöldi þeirra sem leggja stund á íþróttir í einhverri mynd hefur stóraukist. Jafnframt hefur íþróttahreyfingin eflst að skipulagi og styrk og aðstaða til íþróttaiðkunar batnað mikið víða um land. Tilkoma sjónvarps hefur skapað nýjar aðstæður á ýmsan hátt og nýir farvegir fyrir tekjuöflun til íþróttastarfs hafa myndast, m.a. með getraunastarfsemi.

Íþróttaiðkun utan skólakerfisins fer fram innan vébanda eða á vegum frjálsra félaga, að því leyti sem ekki er um einstaklingsbundin viðfangsefni að ræða. Við samningu frumvarpsins var þetta lagt til grundvallar. Gengið er út frá því að tilgangur lagasetningar um íþróttamál sé fyrst og fremst að mynda formlega umgjörð um atbeina hins opinbera til eflingar íþróttastarfi, án íhlutunar um hvernig íþróttahreyfingin hagar störfum sínum. Íþróttakennsla í skólum fellur eðlilega undir skólalöggjöf eins og önnur skólastarfsemi.

Þau sjónarmið sem hér var lýst leiða til þess að löggjöf samkvæmt þessu frumvarpi yrði nokkru umfangsminni og einfaldari í sniðum en gildandi íþróttalög.

Nokkrar helstu breytingar og nýmæli sem frumvarpið gerir ráð fyrir, samanborið við gildandi lög, eru sem hér segir:

— Fellt er brott ákvæði um íþróttafulltrúa í menntamálaráðuneytinu en gert ráð fyrir að ráðuneytið fari sem fyrr með yfirumsjón íþróttamála af hálfu ríkisins.
— Fulltrúum í íþróttanefnd er fjölgað úr þremur í fimm og hlutverki nefndarinnar er breytt nokkuð.
— Verksvið Íþróttasjóðs er rýmkað og gert ráð fyrir að úthlutun fjár úr honum sé í höndum menntamálaráðherra að fengnum tillögum íþróttanefndar.
— Ákvæði er varða tilhögun og aðstöðu til íþróttakennslu í skólum eru felld brott en skírskotað til skólalöggjafar.
— Gert er ráð fyrir lögfestingu heimildar fyrir aðild ríkisins að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt.
— Menntamálaráðherra er ætluð forganga um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum.
— Felld eru brott ýmis sérstök ákvæði er tengjast styrkveitingum, m.a. til íþróttamannvirkja, en gert ráð fyrir heimild til að setja ákvæði um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði í reglugerð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er íþróttahugtak laganna skilgreint en tekið fram að ákvæði þeirra taki ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva. Eðlilegt er að reglur, sem æskilegt kann að þykja að settar verði um slíka starfsemi, tengist heilbrigðislöggjöf.

Um 2. gr.

Þessi markmiðsgrein á sér ekki hliðstæðu í gildandi íþróttalögum. Lögð er áhersla á að atbeini ríkis og sveitarfélaga miði að því öðru fremur að búa í haginn fyrir sem almennasta iðkun

íþrótta. Síðari málsliður greinarinnar víkur sérstaklega að gildi íþrótta fyrir uppeldis- og forvarnastarf og kveður á um að samstarf hins opinbera við íþróttahreyfinguna skuli taka mið af því. Um þetta efni má vísa til rannsóknar sem gerð var á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála árið 1992. Í skýrslu um rannsóknina sem birtist í bókinni *„Um gildi íþrótta fyrir íslensk ungmenni“* (1994), segir m.a.:

„Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að þeir unglingar sem iðka íþróttir og eru í góðri líkamlegri þjálfun eru ekki eins líklegir til að reykja, drekka eða neyta fíkniefna og þeir sem ekki ástunda íþróttir eða eru í lélegri þjálfun. Þeir segjast að jafnaði fá hærri einkunnir í skóla, telja sig betur undirbúna fyrir kennslustundir og líður betur í skólanum.“

Nefnd um eflingu íþróttastarfs, sem um getur í almennum athugasemdum hér að framan, minnir á þessar rannsóknarniðurstöður í álitsgerð sinni og hvetur m.a. til samvinnu grunnskóla og íþróttafélaga. Í því sambandi er bent á tækifæri til slíks samstarfs við mótun einsetins „heilsdagsskóla“.

Um 3. gr.

Í greininni felst að menntamálaráðuneytið hafi áfram á hendi yfirumsjón íþróttamála, að því leyti sem þau koma til kasta ríkisins, og afli þeirra upplýsinga sem þarf til að rækja það hlutverk. Slík upplýsingaöflun er eitt þeirra verkefna sem íþróttafulltrúa eru falin í gildandi lögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði þeirra um ráðningu íþróttafulltrúa verði felld úr gildi þar sem ekki þykir ástæða til að lögbinda þannig starfsskipan í ráðuneytinu. Núverandi íþróttafulltrúi er deildarstjóri í íþrótta- og æskulýðsdeild ráðuneytisins og breytingin raskar í engu þeirri tilhögun. Hins vegar er þess að vænta að það eftirlit með íþróttastarfi í skólum, sem samkvæmt gildandi lögum fellur undir verksvið íþróttafulltrúa, færist á hendur þeirra deilda menntamálaráðuneytisins sem sinna námseftirliti almennt.

Um 4. gr.

Skipan íþróttanefndar er breytt frá gildandi lögum þannig að í stað þriggja skulu fimm menn sitja í nefndinni. Auk stjórna Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands tilnefna stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og íþróttakennaraskor Kennaraháskóla Íslands sinn fulltrúa nn hvor og er það nýmæli, en menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Skipunartími bil íþróttanefndar er lengt úr þremur árum í fjögur. Lögð er áhersla á ráðgjafarhlutverk nefndarinnar gagnvart menntamálaráðherra en niður fellur m.a. ákvæði um að hún skuli, ásamt íþróttafulltrúa, vinna að því að koma á skipulagi íþróttamála í landinu. Skal um það atriði vísað til þess sem segir í almennum athugasemdum hér að framan um að sneitt sé hjá íhlutun um starfstilhögun íþróttahreyfingarinnar.

Um 5. gr.

Greinin svarar að nokkru til 15. gr. (upphaflega 20. gr.) í núgildandi lögum en felld eru brott ýmis ákvæði sem lúta að skipulagsmálum og starfsháttum íþróttahreyfingarinnar, sbr. almennar athugasemdir hér að framan og athugasemd við 4. gr. Í 2. mgr. er áréttað að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Vegna sérstöðu Ungmennafélags Íslands er sérstaklega kveðið á um stöðu þess sem sjálfstæðra félagasamtaka á sviði íþrótta. Í orðalagi málsgreinarinnar er tekið mið af umsögn frá nefnd um eflingu íþróttastarfs.

Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir skiptingu landsins í íþróttahéruð og að íþróttanefnd annist þá skiptingu í samráði við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands. Í samræmi við meginstefnu frumvarpsins er hér gert ráð fyrir að skipting landsins í íþróttahéruð verði alfarið í höndum íþróttasamtakanna, Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Eðlilegt er að íþróttafélög bindist samtökum um þess konar skipulag sem þau telja henta, t.d. til þess að vinna að málum sínum við yfirvöld sveitarfélaga, en hæpnar forsendur virðast fyrir því að lögskipa íhlutun ríkisvaldsins um það fyrirkomulag.

Um 7. gr.

Greinin svarar að mestu til tveggja fyrstu málsgreina 5. gr. núgildandi laga sem á rætur að rekja til laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 8. gr.

Samkvæmt ákvæðum um íþróttasjóð í gildandi íþróttalögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 87/1989, eru styrkveitingar úr sjóðnum einskorðaðar við íþróttamannvirki á vegum íþróttafélaga og íþróttasamtaka. Hér er gert ráð fyrir að verksvið sjóðsins verði víkkað, þannig að heimilt verði einnig að styrkja útbreiðslu- og fræðsluverkefni og íþróttarannsóknir. Þá skal og heimilt að veita úr sjóðnum styrki til verkefna skv. 13. gr. frumvarpsins sem fjallar um íþróttamiðstöðvar er ríkið á samningsbundna aðild að og miða þjónustu sína við allt landið.

Gert er ráð fyrir að íþróttanefnd geri tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. ákvæði 4. gr. um hlutverk nefndarinnar. Í gildandi lögum er kveðið á um að íþróttanefnd geri tillögur til fjárveitinganefndar (nú fjárlaganefndar) um skiptingu þess fjár sem veitt er til Íþróttasjóðs.

Ákvæði 3. mgr. um að ekki megi skuldbinda Íþróttasjóð umfram árlegt ráðstöfunarfé er ekki að finna í gildandi lögum en er eðlilegt miðað við fjárhagsgrundvöll sjóðsins.

Líkt og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að setja megi í reglugerð nánari reglur um starfsemi Íþróttasjóðs en þó er gerð nokkur breyting á því til hvaða atriða slík ákvæði skuli taka.

Um 9. gr.

Meginhluti beinna fjárveitinga í fjárlögum til starfsemi íþróttahreyfingarinnar hefur undanfarin ár verið í formi rekstrarstyrkja til landssamtaka, bæði Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og að nokkru marki til annarra landssambanda, svo sem Íþróttasambands fatlaðra. Í þessari grein er gert ráð fyrir að um slík framlög fari eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum ár hvert eins og verið hefur.

Um 10. gr.

Hagnaður af getraunastarfsemi, sem byggist á heimildum í sérstökum lögum, hefur síðari ár verið mikilvægur liður í tekjuöflun íþróttahreyfingarinnar. Eðlilegt er að í íþróttalögum, sem m.a. fjalla um opinber framlög til íþróttamála, sé vikið að þeim þætti í atbeina ríkisins sem felst í heimildum til slíkrar fjáröflunarstarfsemi.

Tekjur Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands af „lottó"-getraunum námu á tíu ára tímabili frá því að sú starfsemi hófst, undir lok árs 1986, samtals rúmlega 1.916.313.000 kr. Á sama tímabili námu tekjur íþróttahreyfingarinnar (UMFÍ meðtalið) af starfsemi Íslenskra getrauna rúmlega 457.482.000 kr.

Um 11. gr.

Í gildandi íþróttalögum eru allítarleg ákvæði um íþróttir í skólum. Ljóst er að þáttur skólanna hefur grundvallarþýðingu fyrir íþróttaiðkun í landinu. Eðlilegt er þó að um framkvæmd í þeim efnum, eins og aðra þætti skólastarfs, fari eftir lögum, reglugerðum og námsskrám sem gilda fyrir hlutaðeigandi skólastig. Á því er byggt í þessari grein frumvarpsins.

Þar sem ekki er í gildandi lögum um grunnskóla og framhaldsskóla kveðið sérstaklega á um einstakar námsgreinar þykir ástæða til að halda í íþróttalögum ákvæði um almenna skyldu til sundnáms. Að því lýtur síðari málsgrein þessarar greinar. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að það verði áfram hlutverk skólanna að sjá um að þessari skyldu sé fullnægt.

Um 12. gr.

Hliðstætt því sem gert er í 11. gr. að því er varðar skólaíþróttir er í þessari grein um menntun íþróttakennara látið við það sitja að gera ráð fyrir skyldu til að sinna þeim þætti en um framkvæmd skírskotað til sérlaga, sjá nú lög nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

Um 13. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild menntamálaráðherra til að eiga aðild að samningum um stofnun og starf íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda sé um að ræða starfsemi sem miðast við landið allt. Slíkir samningar hafa verið gerðir um Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni og Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri, með hliðsjón af íþróttalögum, en eðlilegt má telja að sérstök lagaheimild sé til grundvallar þátttöku ríkisins í samstarfi eins og hér um ræðir, jafnframt því að fjárframlög séu háð árlegum fjárveitingum í fjárlögum, sbr. einnig athugasemd við 8. gr.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um setningu reglna um öryggisráðstafanir sem taka skulu til íþróttamannvirkja og búnaðar þeirra. Nokkuð hefur þótt skorta á að í gildandi lögum væru nógu skýr ákvæði um setningu slíkra reglna og frumkvæðisskyldu í þeim efnum. Í góðu samstarfi stjórnvalda, samtaka sveitarfélaga og Slysavarnafélags Íslands hefur verið unnið að þessum málum og gefnar út leiðsögureglur og um ýmsa þætti gilda ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að taka af tvímæli um lagaskyldu til að setja öryggisreglur fyrir íþróttamannvirki. Menntamálaráðherra er sem ráðherra íþróttamála ætluð forganga um að þeirri skyldu sé framfylgt.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til íþróttalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að laga almenna löggjöf um íþróttir að þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum í þjóðfélaginu frá því að gildandi lög voru sett fyrir um 40 árum.

Meðal breytinga á meðferð fjármuna er að í stað þess að íþróttanefnd geri tillögur um úthlutun úr Íþróttasjóði til fjárlaganefndar verði tillögurnar lagðar fyrir menntamálaráðherra. Lagt er til að fjölgað verði um tvo menn í íþróttanefnd. Einnig er lagt til í frumvarpinu að menntamálaráðherra verði heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva sem miða þjónustu sína við alla landsmenn. Í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins er kveðið á um almenna heimild ríkisaðila til að gera samninga um verklegar framkvæmdir og rekstrarverkefni til margra ára.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins leiði til teljandi breytinga á kostnaði ríkissjóðs.

775. Tillaga til þingsályktunar [448. mál]

um forkönnun á vegtengingu milli lands og Eyja.

Flm.: Árni Johnsen, Sturla Böðvarsson, Árni M. Mathiesen, Hjálmar Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Kristján Pálsson, Magnús Stefánsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Svavar Gestsson, Guðni Ágústsson, Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Gísli S. Einarsson, Vilhjálmur Egilsson, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera forkönnun á gerð vegtengingar milli Vestmannaeyja og lands. Kannaðir verði tæknilegir möguleikar, hagkvæmni og fjárhagsleg arðsemi með tilliti til fólks- og vöruflutninga.

Greinargerð.

Nú er gerð jarðganga undir utanverðan Hvalfjörð á lokastigi og hefur fengist þar góð reynsla sem nýta má við önnur neðansjávargöng á Íslandi. Erlendis hefur einnig fengist mikil reynsla undanfarin ár og framfarir orðið við gerð slíkra mannvirkja. Japanar eru þar framarlega í flokki, en þeir búa að mörgu leyti við svipaðar jarðfræðilegar aðstæður og Íslendingar, svo sem eldvirkni og jarðskjálfta. Nýlega luku þeir lengstu jarðgöngum í heimi, en það eru Seikan-göngin milli eyjanna Hokkaido og Honshu. Göngin eru alls um 54 km, og þar af eru 23,5 km undir hafsbotni. Þá má minnast á Ermarsundsgöngin og Stóra-Beltisgöngin sem bæði eru komin í notkun. Norðmenn eru mjög framarlega í þessum framkvæmdum, og þar í landi eru fullgerð eða í byggingu a.m.k. 18 neðansjávargöng fyrir bílaumferð, alls yfir 60 km. Þau dýpstu fara allt að 265 m undir sjávarmál, og af göngum sem eru á skoðunar- eða undirbúningsstigi fara þau dýpstu allt að 630 m undir sjávarmál.

Milli Danmerkur og Svíþjóðar er nú unnið að gerð vegtengingar sem annars vegar er um brú og hins vegar um neðansjávargöng úr steyptum einingum (vegstokkur) sem hvíla á sjávarbotni. Slík göng hafa víða verið gerð og á undirbúningsstigi vegtenginga milli stranda er slíkur kostur oft borinn saman við göng í bergi og/eða stórbrú.

Norðmenn hafa á undanförnum árum gert töluverðar rannsóknir og hafið hönnun á flotgöngum, þ.e. pípu sem rúmar tveggja akreina veg og marar í kafi en er oftast stöguð í hafsbotninn. Slík lausn er einnig til skoðunar fyrir vegtengingu um Messínasundið á Ítalíu og milli eyja í Japan.

Vestmannaeyjar hafa frá aldamótum óslitið verið ein afkastamesta verstöð landsins með miklum tilþrifum í útgerð og atvinnulífi. Umfangsmiklir flutningar hafa átt sér stað um langt árabil milli lands og Eyja, bæði fólksflutningar og vöruflutningar, og á síðustu árum lætur nærri að um 120 þúsund manns ferðist árlega milli lands og Eyja með flugvélum og skipum, en íbúar eru um fimm þúsund.

Milli lands og Eyja eru 10 km á milli stranda þar sem styst er og mesta sjávardýpi er um 90 m á Álnum. Göng í bergi þyrftu að vera töluvert lengri, einkum þar eð djúpt er á berg í landi. Grjótvarðar fyllingar út frá Landeyjum og Eyjum mundu hins vegar stytta stokk eða pípu á botni að miklum mun. Berggöng yrðu væntanlega að mestu í móbergi eins og við sumar virkjanir hér á landi.

Forkönnun á gerð vegtengingar milli lands og Eyja væri æskilegt að gera í tveimur áföngum:

1. Tekin yrðu saman öll tiltæk gögn um jarðfræði svæðisins, sem eru töluverð, og tæknilegar lausnir kannaðar út frá þeim upplýsingum. Þá yrði safnað upplýsingum erlendis frá um verkefni af svipuðum toga og gerð spá um fólks- og vöruflutninga milli lands og Eyja. Kostnaður yrði metinn miðað við innlenda og erlenda reynslu og hagkvæmni könnuð miðað við hugsanlega umferð um göngin. Í skýrslu um þennan áfanga kæmu einnig tillögur um framhaldsrannsóknir. Áætlaður kostnaður við þennan þátt er 1,5 millj. kr.
2. Í öðrum áfanga yrðu gerðar rannsóknir á botni og aðstæðum í Eyjum og í landi. Gerð yrði skýrsla um hagkvæmustu tilhögun og tæknilega lausn og um staðsetningu. Þá yrði kostnaðaráætlun endurmetin með tilliti til aukinna upplýsinga. Áætlaður kostnaður við þennan þátt er 5 millj. kr. Mun umfangsmeiri og dýrari rannsóknir þyrfti síðan að gera til undirbúnings framkvæmda ef af þeim yrði.

Fjöldi þeirra sem ferðast til Vestmannaeyja hefur farið sívaxandi á undanförnum árum, en samgöngur eru að mörgu leyti erfiðar vegna veðurfars, bæði með tilliti til flugferða og sjóferða. Vegtenging milli Vestmannaeyja og fastalandsins mundi valda byltingu í samgöngum við þennan mikla athafna- og ferðamannabæ.

Fylgiskjal.

Bréf Björns A. Harðarsonar, yfirverkfræðings Hvalfjarðarganga, um forkönnun á gerð jarðganga milli lands og Eyja.

(Janúar 1998.)

Hugmyndin um gerð vegganga milli lands og Eyja er að mörgu leyti áhugaverð. Mikil reynsla hefur fengist undanfarin ár í gerð neðansjávarganga, bæði hérlendis og erlendis. Engar faglegar forathuganir hafa farið fram á gerð vegganga á þessu svæði en undirritaður telur mjög æskilegt að slík forathugun sé gerð.

Í fyrsta áfanga slíkrar forathugunar yrðu öll tæknileg gögn um svæðið tekin saman og túlkuð í ljósi fenginnar reynslu í veggangagerð. Enn fremur yrði gert áhættumat með tilliti til náttúruhamfara á svæðinu. Niðurstöður þessa áfanga mundu væntanlega svara þeirri spurningu hvort yfir höfuð sé tæknilega raunhæft að kanna nánar þennan möguleika á vegasambandi við Eyjar.

Ef niðurstöður fyrsta áfanga yrðu jákvæðar væri næsta skref að gera frumáætlun um heildarkostnað framkvæmda og þá kæmi í ljós hvort verkið væri fjárhagslega gerlegt.

Björn A. Harðarson
jarðverkfræðingur.

Með tillögunni var dreift til þingmanna lokaverkefni í byggingatæknifræði við Tækniskóla Íslands 1994, Jarðgöng til Vestmannaeyja, athugun á vegtengingu og samgöngum.

776. Fyrirspurn [449. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslu í skólum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hvert er hlutverk skólalæknis og hver er starfslýsing hans?
2. Hvert er hlutverk skólahjúkrunarfræðings?
3. Hver er lágmarksviðvera eða starfshlutfall skólahjúkrunarfræðings?
4. Hver eru tengsl skólalæknis og hjúkrunarfræðings við nemendaverndarráð?
5. Hvers má vænta af heilsugæslu í geðverndarmálum barna og unglinga?
6. Til hvaða úrræða geta skólahjúkrunarfræðingar gripið varðandi meðferð fyrir börn sem ánetjast hafa vímuefnum?
7. Eru uppi áform um skipulagða heilsugæslu innan framhaldsskólanna eins og skýr lagaákvæði eru um?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þegar grunnskólar voru fluttir til sveitarfélaga var kostnaður af heilsugæslu áfram greiddur af ríkissjóði og nokkurrar óvissu virðist gæta um útfærslu hennar innan skólanna.

777. Fyrirspurn [450. mál]

til heilbrigðisráðherra um skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Á hvern hátt hyggst ráðherra tryggja aðgang starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar að umræðum og ákvörðunum um svokallaða þjónustusamninga og framtíðarskipan heilbrigðiskerfisins?

778. Frumvarp til laga [451. mál]

um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 81. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Fyrning sakar skv. 200., 201. og 202. gr. hefst ekki fyrr en þolandi brots hefur náð sjálfræðisaldri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 202. gr.:

1. 1. mgr. orðast svo:

   Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 12 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 4 árum.
2. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Nú hefur sá sem dæmdur er sekur um brot á ákvæðum þessarar greinar áður verið dæmdur samkvæmt ákvæði þessu eða hann hefur verið dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn börnum, og má þá hækka refsingu í allt að 16 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga er varða kynferðisbrot gegn börnum. Í fyrsta lagi er lögð til breyting þess efnis að fyrningarfrestur varðandi kynferðisbrot gegn börnum hefjist ekki fyrr en þolandi brots hefur náð sjálfræðisaldri, þ.e. er orðinn 18 ára. Í öðru lagi er lagt til að mælt verði fyrir um eins árs lágmarksrefsingu vegna kynferðisafbrota gegn börnum og loks er lagt til að bætt verði við 202. gr. sérstakri ítrekunarheimild, þannig að hækka megi refsingu ef um endurtekið brot er að ræða.

Kynferðisleg misnotkun á börnum er einn alvarlegasti glæpur sem framinn er. Því er mikilvægt að Alþingi ásamt framkvæmdarvaldinu komi fram með aðgerðir sem leiða til úrbóta. Í svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessa frumvarps til félagsmálaráðherra á síðasta löggjafarþingi kom í ljós mjög alvarleg og ógnvekjandi staða þessara mála. Meginatriðin fara hér á eftir:

1. Barnaverndarnefndir hafa á sl. fimm árum fengið 465 mál til meðferðar vegna meintrar kynferðislegrar misnotkunar á börnum og eiga þar hlut að máli 560 börn yngri en 16 ára. Að meðaltali hafa nefndirnar haft árlega 93 mál til meðferðar þar sem 112 börn koma við sögu.
2. Áætlað er að hlutfall mála sem fá lögreglurannsókn sé a.m.k 50% eða um 240–250 mál. Af þeim hefur verið talið efni til ákæru í 126 málum, sem vörðuðu 153 börn. Þeim málum var vísað til ríkissaksóknara til ákvörðunar um hvort höfðað skyldi opinbert mál af hans hálfu. Ríkissaksóknari hefur síðan birt ákæru í 45 málum, sem vísað hefur verið til dómstólanna. Vitað er að dómstólarnir hafa sakfellt í a.m.k. 32 þeirra.

3. Engin hópmeðferð stendur börnum sem beitt eru kynferðislegu ofbeldi til boða og áfallameðferð skortir yfirleitt hérlendis. Þá er lítið eða ekkert skipulag á því hvernig langtímameðferð í þessum málum er veitt, sé hún veitt á annað borð.
4. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu sýna allar erlendar rannsóknir að hin raunverulega tíðni kynferðisofbeldis er margfalt hærri en opinberar tölur segja til um. Ekki síst eru þessar tölur ógnvekjandi þegar allar erlendar rannsóknir sýna að einungis lítill hluti þessara mála kemur fram í opinberum göngum og engin ástæða er til að ætla að staðan sé önnur hér á landi en annars staðar. Komið hefur fram að ætla megi að aðeins 10% mála þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi komi fram í opinberum gögnum.

Aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til varða stöðu brotaþola kynferðisofbeldis í réttarkerfinu. Einnig er ljóst að verulega þarf að bæta þann stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömbum kynferðisbrota stendur til boða.

Sanngjörn refsistefna verður að fela í sér að ætla megi að hún hafi tilætluð varnaðaráhrif og að eðlilegt samræmi sé í refsingum eftir grófleika brota. Að öllu jöfnu má segja að refsiramminn sem löggjafinn hefur sett sé bæði rúmur og sveigjanlegur, en það sem fyrst og fremst hefur verið gagnrýnt er refsimat dómstólanna. Refsiframkvæmdin hefur sætt töluverðri gagnrýni, en refsiákvarðanir dómstóla eru almennt mjög vægar miðað við refsihámark laga. Það hefur beint sjónum manna að því hvort setja eigi í lög ákveðið refsilágmark vegna grófra ofbeldisverka eða fíkniefnabrota, en ekki síst hefur verið til umræðu í því sambandi að sett verði ákveðið refsilágmark vegna kynferðisbrota.

Í framkvæmd virðist meginreglan varðandi langflest brot, nema þá helst manndráp, vera sú að refsing er ákveðin mjög neðarlega innan refsirammans, auk þess sem mjög stingur í augun það ósamræmi sem virðist vera í dómum, bæði innan sömu brotaflokkanna og milli þeirra. Vafalaust á það sér skýringu, en forsendur dóma eru iðulega ekki nægilega ljósar þegar gerður er samanburður á mismunandi dómaframkvæmd innan einstakra brotaflokka, þótt verknaðurinn virðist áþekkur.

Líklegt er að það sé fyrst og fremst það sem gerir að verkum að stór hluti almennings hefur oft og tíðum gagnrýnt dómaframkvæmdina, ekki síst vegna kynferðis- og ofbeldisbrota, og finnst mikið ósamræmi í dómum og refsingar of lágar.

Kynferðisbrot gegn börnum eru í augum þjóðarinnar einn alvarlegasti glæpur sem framinn er, enda ljóst að sá glæpur getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð. Uppi hafa verið mjög háværar kröfur um þyngingu refsinga, en nokkurra mánaða dómar fyrir slíka glæpi hafa oft misboðið þjóðinni. Í yfirliti um refsingar í kynferðisbrotamálum, sem birt var á Alþingi, komu fram fimm dómar vegna kynferðisbrota gagnvart börnum þar sem refsing var ákveðin 2–30 mánaða fangelsi, en í tíu dómum sem gengu í nauðgunarmálum var refsing ákveðin 12–48 mánaða fangelsi, en þar er kveðið á um eins árs refsilágmark. Það er skoðun flutningsmanna að refsingar fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum eigi ekki að vera minni en refsingar vegna nauðgunar. Með þessu frumvarpi er lagt til að sett verði refsilágmark vegna kynferðisbrota gagnvart börnum, sem verði það sama og vegna nauðgunar og þannig kveðið á um eins árs lágmarksrefsingu við brotum sem fela í sér samræði eða önnur kynferðismök við barn. Lengi hefur verið kveðið á um eins árs lágmarks refsingu við brotum gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, nauðgunarbrotum. Er þetta lagt til að norrænni fyrirmynd, en í norskri og sænskri refsilöggjöf er að finna ákvæði um lágmarksrefsingu vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Þykir flutningsmönnum síst ástæða til að hafa refsingar vægari þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum en fullorðnum.

Refsilágmarkið er aðeins lagt til hvað varðar 202. gr., en ekki þau ákvæði sem lýsa refsiverð kynferðisbrot gegn barni, niðja, kjörbarni, stjúpbarni, fósturbarni, sambúðarbarni eða

ungmenni sem viðkomandi hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Rökin á bak við þetta eru reynsla nágrannaþjóðanna af víðtækum refsilágmörkum. Þannig má nefna sem dæmi að árið 1927 var ákvæðum um kynferðisbrot breytt nokkuð í Noregi með það fyrir augum að þyngja refsingar. Var m.a. lágmarksrefsing fyrir kynferðisbrot gegn barni undir 14 ára aldri hækkuð úr einu ári í þrjú og lágmarksrefsing fyrir kynferðisbrot gegn barni á aldrinum 14–16 ára sett sex mánaða fangelsi. Voru þessar breytingar gagnrýndar harðlega og í dómum Hæstaréttar Noregs var nokkrum sinnum tekið fram að refsingin hefði verið ákveðin óðruvísi ef ekki hefði verið kveðið á um svo háa lágmarksrefsingu í lögunum. Einnig var nokkuð um að brot væru færð undir önnur ákvæði en þau í raun áttu undir og jafnvel að menn væru sýknaðir þegar lágmarksrefsingar þóttu of háar. Í kjölfar gagnrýni var lögunum breytt árið 1963 þannig að lágmarksrefsing fyrir kynferðisbrot gegn barni undir 14 ára aldri varð aftur eitt ár. Nokkrar umræður hafa orðið um þetta í Noregi síðastliðið ár og varð niðurstaðan sú að halda inni refsilágmarki í ákvæðum um kynferðisbrot gegn börnum undir 14 ára aldri, þar sem um mjög alvarleg brot væri að ræða.

Ástæða þess að ákvæðið er ekki látið ná til brota gegn niðjum og börnum í umsjá brotamanns er að því hefur verið haldið fram að það geti falið í sér hættu á að fólk veigri sér frekar við að kæra slík brot ef ljóst er að refsingin muni ekki verða undir eins árs fangelsi. Því er lagt til að ákvæðið nái aðeins til 202. gr. Flutningsmenn telja þó rétt að þetta sé sérstaklega skoðað í umfjöllun þingsins um málið.

Umboðsmaður barna lét á síðasta ári vinna skýrslu um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. Í töflu sem er fylgiskjal með frumvarpinu kemur fram yfirlit og samanburður á refsirammanum á Íslandi og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í þessum samanburði kemur m.a. fram að löggjöf í Noregi og Svíþjóð kveður á um sérstaka lágmarksrefsingu. Í Noregi skal dæma mann í fangelsi ekki skemur en eitt ár hafi verknaðurinn falið sér samræði við barn eða ungmenni og er það óháð því hvort brot telst að öðru leyti sérlega gróft eða ekki. Í Svíþjóð er í lögum ákvæði um að lágmarksrefsing fyrir kynferðisbrot af þessu tagi sem telst mjög gróft verði ekki skemmri en fangelsi í tvö ár. Í skýrslu umboðsmanns kemur einnig fram að samanburður á almennu ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum leiðir í ljós að viðmiðunaraldur er lægstur hér á landi eða 14 ár. Í Danmörku og Svíþjóð er hann 15 ár, en 14–16 ár í Noregi. Einnig kemur fram að almennt refsihámark vegna brota á almennu ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum er hærra hér á landi en í samanburðarlöndunum. Þó kemur fram að í Noregi er kveðið á um þyngri hámarksrefsingu, eða fangelsi í allt að 21 ár, þegar brot telst sérstaklega gróft. Þetta á t.d. við þegar barn er yngra en 10 ára og þegar um síendurtekin brot hefur verið að ræða.

Um kynferðisbrot gegn börnum gilda nú almennar fyrningarregur í 80.–82. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt þeim ákvæðum fer lengd fyrningarfrests eftir þyngd refsingar sem við brotinu liggur. Meginreglan er að öll brot eru fyrnanleg nema þau sem ævilangt fangelsi liggur við. Þessu var breytt árið 1981, en fram að þeim tíma voru mun fleiri brot ófyrnanleg. Samkvæmt almennum hegningarlögum eru fyrningarfrestir fjórir. Sök fyrnist á tveimur árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú sem unnið er til fer ekki fram úr sektum. Sök fyrnist á fimm árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en fjögurra ára fangelsi. Sök fyrnist á tíu árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en tíu ára fangelsi og undir þennan flokk falla flest kynferðisbrot nema þau alvarlegustu. Þá fyrnist sök á 15 árum ef þyngsta refsing við broti er 16 ára fangelsi eða lengra tímabundið fangelsi og falla m.a. brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga undir þessa fyrningarreglu. Ófyrnanleg brot eru þau brot sem við getur legið ævilangt fangelsi, svo sem manndráp af

ásetningi. Flutningsmönnum þykir rétt að sérákvæði gildi um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum og því eru lagðar til nokkrar breytingar á þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að bætt verði við 81. gr. almennra hegningarlaga ákvæði þar sem mælt er fyrir um að fyrning sakar að því er varðar brot gegn 200., 201. og 202. gr. hefjist ekki fyrr en þolandi brots hefur öðlast sjálfræði, þ.e. náð 18 ára aldri. Rök fyrir þessari breytingu lúta að eðli kynferðisbrota gegn börnum, en algengt er að ekki sé upplýst um slík brot fyrr en löngu eftir að þau voru framin. Þannig fyrnast mörg kynferðisafbrot gegn börnum löngu áður en börnin verða fullorðin og eru orðin sjálfstæð og líkleg til að tjá sig um brot sem framin hafa verið gegn þeim í æsku. Sem dæmi má taka brot gegn 202. gr., samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára. Samkvæmt núgildandi ákvæðum fyrnist slíkt brot á 10 árum, en samkvæmt tillögum frumvarpsins yrði áfram um 10 ára fyrningarfrest að ræða en hann hæfist ekki fyrr en við 18 ára aldur og því fyrnist brotið ekki fyrr en brotaþoli er orðinn 28 ára. Ef breytingar þær sem lagðar eru til í 2. gr. um ítrekun eru teknar með í reikninginn þá fyrnist slíkt brot á 15 árum og yrði þolandinn þá orðinn 33 ára þegar brotið fyrntist.

Öðru máli gegnir um brot gegn 194. gr., nauðgun, en þar er fyrningarfrestur 15 ár og þolandinn a.m.k. 14 ára þegar brotið er framið og því eru yngstu brotaþolarnir farnir að nálgast þrítugt þegar brotið fyrnist. Flutningsmönnum þykir því ekki ástæða til að gera breytingartillögu við það nú, en hér er þó um að ræða ákvæði sem e.t.v. væri rétt að kanna nánar í meðförum þingsins.

Varðandi fyrningarfrest er sérstaklega vert að benda á að hertum fyrningarreglum má ekki beita afturvirkt, því eiga þær aðeins við um brot sem framin eru eftir að lög þessi taka gildi.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 202. gr. almennra hegningarlaga, en í gildandi ákvæði er að finna almenna reglu sem lýsir samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, refsiverð. Um þvingað samræði við eldri börn gilda ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga um nauðgunarbrot. Þannig er lagt til að sett verði inn í ákvæðið eins árs refsilágmark.

Einnig er lagt til í frumvarpinu að við ákvæðið verði bætt sérstakri ítrekunarheimild, þannig að heimilt verði að hækka refsingu í allt að 16 ára fangelsi, ef sá sem dæmdur er sekur um brot á ákvæðum 202. gr. hefur áður verið dæmdur samkvæmt ákvæðinu eða honum hefur verið refsað fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Þykir nauðsynlegt að hækka refsirammann vegna ítrekaðra kynferðisbrota gegn börnum, þar sem um mjög alvarleg brot er að ræða. Má sem dæmi nefna að í Noregi var árið 1992 gerð breyting á refsiramma hegningarlaga vegna kynferðisbrota gegn börnum og var markmið breytinganna að auka viðbrögð við slíkum brotum. Fólust breytingarnar aðallega í því að hækka hámarksrefsingu í málum vegna kynferðisbrota gegn börnum í allt að 21 árs fangelsi ef um ítrekað eða gróft brot er að ræða.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Yfirlit og samanburður á refsiramma á Íslandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð hvað varðar kynferðisbrot gegn börnum.

(Úr skýrslu umboðsmanns barna um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum 1997.)

	Nauðgun	Almennt ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum	Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann	Kynferðisbrot gagnvart niðjum
Ísland	*Almenn refsimörk:* fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum (194.gr.).	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 12 árum (1.ml. 1.mgr. 202.gr.).*	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 6 árum. *Sérrefsimörk:* fangelsi allt að 10 árum (1. mgr. 201. gr.).	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 6 árum. *Sérrefsimörk:* fangelsi allt að 10 árum sé barn yngra en 16 ára (1. mgr. 200. gr.).
Danmörk	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 6 árum. *Sérrefsimörk:* fangelsi allt að 10 árum (216. gr.).**	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 6 árum. *Sérrefsimörk:* fangelsi allt að 10 árum (222. gr.).***	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 4 árum (1. mgr. 223.gr.).	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 6 árum (1. mgr. 210. gr.).
Noregur	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 10 árum. Lágmark 1 ár hafi verið um samræði að ræða. *Sérrefsimörk:* fangelsi allt að 21 ári (192. gr.).	a. Börn og ungmenni yngri en 14 ára: *almenn refsimörk:* fangelsi allt að 10 árum. Lágmark 1 ár hafi verið um samræði að ræða. *Sérrefsimörk:* fangelsi allt að 21 ári (195.gr.). b. Börn og ungmenni yngri en 16 ára: *almenn refsimörk:* fangelsi allt að 5 árum. *Sérrefsimörk:* fangelsi allt að 15 árum (196. gr.).	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 5 árum (209. gr.)****	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 5 árum, en allt að 8 árum hafi verið um samræði að ræða (207. gr.).

	Nauðgun	**Almennt ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum**	**Kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, yngri en 18 ára, sem eru í sérstökum tengslum við brotamann**	**Kynferðisbrot gagnvart niðjum**
Sviþjóð	*Almenn refsimörk:* fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 6 árum. *Sérrefsimörk:* annars vegar fangelsi allt að 4 árum og lágmark afnumið (brot ekki mjög alvarlegt) og hins vegar fangelsi ekki skemur en 4 ár og allt að 10 árum (brot mjög alvarlegt) (6. kafli: 1. gr.).	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 4 árum. *Sérrefsimörk:* fangelsi ekki skemur en 2 ár allt að 8 árum (6. kafli: 4. gr.).*****	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 4 árum. *Sérrefsimörk:* fangelsi ekki skemur en 2 ár allt að 8 árum (6. kafli: 4. gr.).	*Almenn refsimörk:* fangelsi allt að 4 árum. *Sérrefsimörk:* fangelsi ekki skemur en 2 ár allt að 8 árum (6. kafli: 4. gr.). ******

779. Svar [321. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um virðisaukaskatt af barnafatnaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvert yrði tap ríkissjóðs ef virðisaukaskattur af barnafatnaði yrði aflagður?

Óskað er eftir upplýsingum um hvert tekjutap ríkissjóðs yrði ef virðisaukaskattur væri felldur niður af barnafatnaði. Til svars við því skal í upphafi tekið fram að mjög erfitt er að áætla tekjutapið af einhverri nákvæmni. Þær upplýsingar sem skattyfirvöld hafa um skil og tekjur af virðisaukaskatti veita ekki möguleika á að sundurgreina virðisaukaskattstekjur af barnafötum sérstaklega. Mat á árlegum virðisaukaskattstekjum af barnafatnaði verður helst byggt á upplýsingum um verðmæti innflutts barnafatnaðar á einu ári, en út frá því má áætla virðisaukaskattstekjur vegna sölu varanna innan lands.

Ekki kemur fram í fyrirspurninni hvernig afmarka beri hugtakið *barnafatnaður*. Vöruflokkun innfluttra vara byggist á flokkunarreglum tollskrárinnar. Þar er að finna sérstök tollskrárnúmer fyrir *ungbarnafatnað og fylgihluti*. Í athugasemdum kemur fram að þar sé átt við „vörur fyrir ung börn sem ekki eru yfir 86 cm á hæð og nær einnig yfir barnableiur". Hins vegar flokkast fatnaður á stærri börn í sömu tollskrárnúmer og fatnaður á fullorðna og er ekki unnt að aðgreina barnaföt sérstaklega. Hvað skófatnað varðar eru sérstök tollskrárnúmer í tollskránni fyrir *barnaskó*, en ekki kemur fram sérstök afmörkun á því hugtaki.

Á árinu 1996 nam tollverð innfluttra vara, sem flokkast undir tollskrárnúmer fyrir *ungbarnafatnað og fylgihluti* eða undir tollskrárnúmer fyrir *barnaskó*, auk álagðra tolla, samtals um 440 millj. kr. Ekki liggja enn fyrir sambærilegar tölur fyrir árið 1997. Við mat á virðisaukaskattstekjum af sölu þessara vara verður jafnframt að taka tillit til áætlaðrar söluálagningar innan lands. Sé miðað við að heildsölu- og smásöluálagning hafi að meðaltali verið um 40% má áætla að virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs vegna sölu varanna hafi numið um 150 millj. kr. Ekki er tekið tillit til áhrifa af innskatti.

Að auki má ætla að einhverjar virðisaukaskattstekjur hafi hlotist vegna innlendrar framleiðslu á *ungbarnafatnaði* og *barnaskóm*. Slíkar tölur liggja þó ekki fyrir.

780. Svar [375. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um eftirlit með áfengissölu.

1. *Hvað hafa mörg innflutningsleyfi á áfengi verið gefin út frá 1. desember 1995?*

Frá 1. desember 1995 hafa verið gefin út 78 heildsöluleyfi sem ná til innflutnings og heildsölu áfengis. Auk þess hefur átta veitingastöðum verið veitt leyfi til innflutnings á áfengi vegna eigin veitingasölu.

2. *Hvernig er eftirliti með sölu áfengis til veitingahúsa háttað?*

Frá því á miðju ári 1996 hefur starfsmaður hjá áfengisvarnaráði starfað sem eftirlitsmaður með áfengisdreifingu innan lands. Honum er ætlað að hafa samráð við viðkomandi lögreglustjóra, ríkistollstjóra og ríkisskattstjóra í störfum sínum. Helstu verkefni eru sem hér segir:

a. *Eftirlit með vínveitingahúsum í samráði við lögreglustjóra og eftirlitsmenn áfengishúsa.* Hér undir fellur meðal annars eftirlit með því að ekki sé til sölu annað áfengi en það sem keypt er af aðilum með tilskilin leyfi og eftirlit með því að haldið sé bókhald yfir kaup og sölu á öllu áfengi.
b. *Eftirlit með áfengisdreifingu innflytjenda og heildsala.* Undir þetta fellur meðal annars eftirlit með því að í fórum innflytjenda og heildsala og í dreifingu á þeirra vegum sé ekki annað áfengi en þeir hafa flutt inn samkvæmt tilskildum leyfum eða keypt innan lands af aðilum sem hafa framleiðslu- eða innflutningsleyfi, svo og að allt áfengi sem flutt hefur verið inn eða keypt innan lands komi fram í sölu til aðila með smásöluleyfi eða sé í birgðum.
c. *Eftirlit með áfengisdreifingu innlendra framleiðenda.* Hér er meðal annars um að ræða eftirlit með að allt framleitt áfengi komi fram í sölu til aðila með smásöluleyfi, í útflutningi eða í birgðum.

Eftirlitsmaðurinn hefur í starfi sínu haft eftirlit með sölu heildsala og framleiðenda á áfengi til veitingahúsa og leiðbeint þeim um framkvæmdaratriði. Þegar í ljós kemur við eftirlit að settum reglum hefur ekki verið fylgt sendir hann kæru til viðkomandi lögreglustjóra og afrit til fjármálaráðuneytisins.

Auk þessa eftirlits fól fjármálaráðuneytið embætti ríkisskattstjóra með bréfi dags. 15. apríl 1997 að annast úttekt á því hvort starfsemi aðila, sem fengið höfðu leyfi til innflutnings og dreifingar á áfengi, væri í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 585/1995, um framleiðslu, heildsölu og innflutning áfengis í atvinnuskyni. Sérstakir eftirlitsmenn ríkisskattstjóra, sem hafa haft eftirlit með áfengisframleiðslu innan lands, hafa sinnt þessu verkefni á vegum embættisins.

3. *Í 13. gr. reglugerðar um áfengisgjald er kveðið á um að skylt sé að halda birgðabókhald þannig að fyrirvaralaust megi bera saman niðurstöðu birgðabókhalds og magn vörubirgða. Hversu oft hefur þessi samanburður farið fram hjá hverjum aðila?*

Sérstakir eftirlitsmenn ríkisskattstjóra annast eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda. Hér er fyrst og fremst um að ræða skatteftirlit sem þó nýtist jafnframt við almennt eftirlit með áfengisdreifingu. Hjá þessum aðilum er samanburður á birgðabókhaldi og magni vörubirgða gerður nokkrum sinnum í mánuði.

Hvað varðar aðra aðila, þ.e. þá sem hafa innflutnings- eða heildsöluleyfi, þá mun slíkur samanburður ekki hafa verið gerður, heldur hefur eftirlit fyrst og fremst beinst að öðrum þáttum, sbr. 4. og 5. lið.

4. *Hversu oft er athugað hvort áfengisheildsalar selji einungis þeim aðilum sem taldir eru upp í 5. gr. reglugerðar um framleiðslu, heildsölu og innflutning á áfengi í atvinnuskyni?*

Til svars við þessu má að mestu vísa til 2. liðar hér að framan. Eftirlitsmaður áfengisvarnaráðs annast reglubundið slíkt eftirlit sem hér um ræðir. Hann hefur sent allmargar kærur til lögreglustjóra um að áfengi hafi verið selt öðrum en þeim sem heimilt er að selja til. Er þar fyrst og fremst um að ræða sölu innflytjenda og heildsala á áfengi til aðila sem hafa fengið svokölluð tækifærisleyfi hjá lögreglustjóra.

Eftirlitsmenn ríkisskattstjóra, sem greint er frá í 2. lið hér að framan, hafa einnig sinnt slíku eftirliti. Samkvæmt upplýsingum embættisins var farið til tíu leyfishafa á árinu 1997 og þetta atriði kannað. Embættið stefnir að því að efla þennan eftirlitsþátt frekar.

5. *Hversu oft er athugað hvort 9. gr. sömu reglugerðar um bókhald og skráningu viðskipta sé fylgt?*

Hvað varðar innlenda framleiðendur áfengis þá er eftirlit með framleiðsluskýrslum og birgðabókhaldi hluti af starfi eftirlitsmanna ríkisskattstjóra, sbr. 2. lið hér að framan. Að því er varðar innflytjendur og heildsala þá hafa verkefni eftirlitsmanna áfengisvarnaráðs og ríkisskattstjóra hins vegar fyrst og fremst lotið að því að kanna, m.a. með athugun á bókhaldsgögnum, til hverra áfengi hefur verið selt, en ekki sérstaklega hvort ákvæðum 9. gr. reglugerðarinnar um um bókhald og skráningu viðskipta hafi verið fylgt.

6. *Hvernig hefur 10. gr. sömu reglugerðar þar sem kveðið er á um að áfengisheildsalar skuli senda skýrslu um áfengisviðskipti sín ársfjórðungslega til Hagstofu Íslands verið framfylgt frá árinu 1995? Þessi skýrsla á að innihalda m.a. upplýsingar um innflutning, sölu, tegundir, magn í lítrum og hlutfall vínanda.*

Eins og fram kemur í 10. gr. reglugerðarinnar ber að skila upplýsingunum til Hagstofu Íslands. Hagstofan hefur sent út eyðublöð til áfengisheildsala til útfyllingar um þessi atriði. Í þeim tilvikum er svör berast ekki fylgir Hagstofan því eftir með ítrekunum. Upplýsingar fyrir árið 1996 hafa þannig skilað sér að fullu. Nokkuð vantar enn á að allar upplýsingar um árið 1997 hafi skilað sér, en Hagstofan hyggst ganga eftir því að þeim verði skilað.

Að lokum skal tekið fram í tilefni af fyrirspurninni að um nokkurt skeið hefur verið talið að nauðsyn bæri til að efla og skipuleggja betur eftirlit með dreifingu á áfengi innan lands. Ekki er síst talin þörf á að styrkja þann lagagrundvöll sem eftirlit byggist á og færa það undir lögregluyfirvöld.

Í frumvarpi til nýrra áfengislaga og í frumvarpi til laga um breyting á lögreglulögum, sem dómsmálaráðherra hefur kynnt í ríkisstjórn, er kveðið á um þessi atriði. Lagt er til að sérstök áfengiseftirlitsdeild verði starfrækt hjá ríkislögreglustjóra og annist hún eftirlit með meðferð áfengis. Gert er ráð fyrir að embættið gefi fyrirmæli til einstakra lögregluembætta og setji þeim starfsreglur um áfengiseftirlit, auk þess að skipuleggja sérstök átaksverkefni í samráði við einstök lögregluembætti og eftir atvikum skatt- og tollyfirvöld. Þá er gert ráð fyrir að embættið haldi skrá yfir birgðageymslur, áfengisveitingahús og áfengisútsölustaði, svo og skrá yfir leyfishafa til innflutnings, framleiðslu, sölu og veitinga áfengis. Einnig er embætti ríkislögreglustjóra ætlað að veita leyfi til framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis.

Gert er ráð fyrir því að lögreglustjórar sinni hver á sínum stað eftirliti með dreifingu áfengis innan lands í samræmi við ákvarðanir ríkislögreglustjóra. Þá er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um færslu framleiðslu-, birgða- og sölubókhalds.

781. Tillaga til þingsályktunar [452. mál]

um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að setja á fót nefnd sem hafi það hlutverk að kanna hvort og þá hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir geti orðið til að draga úr þunglyndi meðal kvenna. Verði tillögum nefndarinnar síðan fylgt eftir með sérstöku átaki heilbrigðisyfirvalda.

Greinargerð.

Á nýafstaðinni ráðstefnu heilbrigðisráðuneytisins um heilsu kvenna kom fram að um 20% kvenna fá veruleg þunglyndiseinkenni einhvern tíma á ævinni meðan samsvarandi tala fyrir karla er um 10%. Erfiðlega hefur gengið að skýra þennan mikla mun og hafa margar kenningar verið settar fram, svo sem um áhrif kvenhormóna, erfðir, önnur árhrif lyfja á konur en karla o.fl. Ljóst er að félagslegar aðstæður kvenna hafa mikil áhrif á líkamlegt og andlegt ástand þeirra, en svo sem kunnugt er þá eru félagslegar aðstæður kvenna að jafnaði verri en karla nánast alls staðar í heiminum. Kvenfyrirlitning sem m.a. birtist í lágum launum kvenna, mikið vinnuálag, ábyrgð á heimili og börnum, heimilisofbeldi, skilnaðir og einvera með börnum, ásamt ýmiss konar áföllum sem konur verða fyrir í lífinu, allt hefur þetta áhrif í þá veru að gera margar konur kvíðnar og þunglyndar.

Á fyrrnefndri ráðstefnu var því varpað fram af Halldóru Ólafsdóttur geðlækni hvort ekki væri ástæða til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að draga úr þunglyndi. Á sínum tíma hófst mikil herferð til að draga úr hjarta- og æðasjúkdómum með góðum árangri. Fólki var bent á hvernig breytt mataræði og aukin hreyfing gæti dregið úr hættu á slíkum sjúkdómum sem leiddi til þess að margir hugsa nú mun betur um heilsu sína en áður. Með aukinni fræðslu um þunglyndi, einkenni þess, bættum rannsóknum á áhættuþáttum og ráðleggingum um æskileg viðbrögð mætti án efa draga úr þunglyndi meðal kvenna og karla og þar með bæta heilsu og líðan, minnka lyfjanotkun og kostnað í heilbrigðiskerfinu.

Það má öllum ljóst vera að það er ekki á valdi heilbrigðisráðherra að bæta félagslega stöðu kvenna nema hvað varðar tryggingabætur og aðgang að heilbrigðisþjónustu, þar þurfa aðrar og víðtækari aðgerðir að koma til. Heilbrigðisyfirvöld geta þó lagt sitt af mörkum til að draga úr þunglyndi kvenna með því að auka rannsóknir og efna til fræðsluherferðar sem einkum yrði beint að konum. Það er tilgangur þessarar tillögu að fá heilbrigðisyfirvöld til að grípa nú þegar til aðgerða þannig að draga megi verulega úr þeim hörmulegu afleiðingum sem þunglyndi hefur á líf þeirra sem við það stríða, sem og aðstandenda þeirra og samfélagið allt.

782. Tillaga til þingsályktunar [453. mál]

um ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta rita sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18. Ritið fjalli um aðdraganda þess að Íslendingar fengu heimastjórn, hugmyndir sem að baki lágu, helstu forvígismenn sjálfstæðisbaráttunnar um aldamótin, bæði karla og konur, aðgerðir stjórnvalda á tímabilinu og umræður og átök sem þá urðu. Einnig verði fjallað um þau áhrif sem atburðir úti í heimi höfðu á líf landsmanna og loks þróun samfélagsins á þessum tíma sem lagði að stórum hluta grunn að því atvinnulífi, stjórnkerfi og mannlífi sem hér þrífst nú. Stefnt sé að því að ritið verði tilbúið til útgáfu á 100 ára afmæli heimastjórnarinnar árið 2004.

Greinargerð.

Árið 2004 verða 100 ár liðin frá því að Íslendingar fengu heimastjórn og framkvæmdarvaldið fluttist til landsins. Þá tóku Íslendingar stjórn samfélagsins að mestu leyti í eigin hendur, sem auðvitað gekk ekki átakalaust. Aðdragandi þess að Íslendingar fengu heimastjórn

einkenndist af hörðum deilum og átökum þar sem landráðabrigsl og alls kyns ráðabrugg komu við sögu, enda svipmiklir einstaklingar sem réðu ferð. Þar má nefna menn eins og Hannes Hafstein, Valtý Guðmundsson, Benedikt Sveinsson eldri og Þorbjörgu systur hans, ásamt Skúla Thoroddsen, Birni Jónssyni o.fl. o.fl. Í kjölfar heimastjórnarinnar hófst mikið framfaraskeið með verklegum framkvæmdum, fræðslulögum, auknum réttindum kvenna og vexti sjávarútvegs, að ógleymdum hinum umdeilda síma, svo eitthvað sé nefnt. Ráðherrar komu og fóru og mikil átök voru í kringum bankana tvo. Fólk streymdi úr sveitunum á mölina og verkalýðshreyfingin steig sín fyrstu spor. Undir lok tímabilsins urðu til tveir nýir stjórnmálaflokkar sem byggðu á allt öðrum grunni en áður þekktist og starfa þeir enn. Þá hafði heimsstyrjöldin fyrri töluverð áhrif á lífskjör landsmanna sem m.a. leiddi til þess að ríkiseinokun var komið á í innflutningi, t.d. með áfengi og tóbak. Pólitísk átök voru mikil enda tók þjóðfélagið örum breytingum.

Þessu tímabili Íslandssögunnar þarf að gera verðug skil í góðu yfirlitsriti. Að sjálfsögðu hefur margt verið skrifað um einstaka þætti heimastjórnartímans og ævisögur nokkurra þeirra sem þar komu mest við sögu eru til, en þær eru afar misjafnar að gæðum miðað við þær kröfur sem nú eru gerðar til sagnfræðirita. Með þessari tillögu er lagt til að hafist verði handa um ritun sögu þessa merka og spennandi tímabils sem mikill áhugi er á og stefnt að því að verkið verði tilbúið til útgáfu árið 2004. Þannig getum við minnst á verðugan hátt þeirra karla og kvenna sem ruddu brautina og skópu það samfélag sem síðar varð kleift að bjóða börnum sínum upp á meira öryggi, betri menntun og jafnari lífskjör en finna má víðast hvar annars staðar í heiminum.

783. Svar [363. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Leitað var upplýsinga um málið hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa óskað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða að öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli laga nr. 71/1996, um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, frá 1. apríl 1997 til desember 1997?*

Alls hafa 560 einstaklingar leitað eftir samningum á grundvelli laga nr. 71/1996 og reglugerðar nr. 491/1996 á tímabilinu frá apríl til desember 1997.

2. *Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar á framangreindu tímabili?*

Alls 355 umsóknir hafa verið samþykktar, 160 umsóknum hefur verið synjað og 45 umsóknum frestað vegna ófullnægjandi upplýsinga.

3. *Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt framangreindra umsókna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.*

Þarna tvinnast gjarnan saman félagslegir og fjárhagslegir erfiðleikar og oft eru fleiri en ein ástæða fyrir því að umsóknir eru samþykktar.

Umsóknir	Ástæður samþykktar
158	lágar tekjur
78	skert starfsorka
47	barnamergð
48	mikil greiðslubyrði
24	aðrar ástæður, t.d. frestun á greiðslu skuldar meðan á námi stendur.

784. Frumvarp til laga [454. mál]

um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem áhrif hafa á hana. Skal hún gera tillögur er beinist einkum að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna og undirbúa löggjöf í þeim efnum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 10. mars 1998.

2. gr.

Allir síðastgildandi kjarasamningar fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og verkalýðsfélögum innan Alþýðusambands Vestfjarða, svo og Matsveinafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Ísafjarðar, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 30. júní 1998, nema aðilar semji um annað. Þó skal hækka kauptryggingu og aðra kaupliði, sem og hlífðarfatapeninga, um 11,4% við gildistöku laga þessara. Jafnframt skal samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna skv. a- og b-lið 1. tölul. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs, verða 3.228.503 kr. frá 1. mars 1998 og er sú tala viðmiðunarfjárhæð miðað við 1. janúar 1998 við endurskoðun fjárhæða skv. 4. mgr. sömu greinar.

3. gr.

Vinnustöðvanir aðila sem um ræðir í 2. gr., svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 3. febrúar sl. hófst verkfall á fiskiskipaflotanum en samningar sjómanna og útvegsmanna höfðu verið lausir frá því í ársbyrjun 1997 eða í rúmlega 13 mánuði. Er þetta í þriðja sinn á fjórum árum sem kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna hafa leitt til þess að stærsti hluti fiskiskipaflotans stöðvast. Fyrri deilur hafa, líkt og deilan nú, fyrst og fremst snúist um ákvörðun fiskverðs í viðskiptum utan fiskmarkaða og framsal aflamarks milli skipa sem sjómenn telja að hafi í sumum tilvikum óeðlileg áhrif á skiptakjör.

Síðustu deilum, þar sem verkfall hófst 25. maí 1995, lauk með því að ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu. Jafnframt óskuðu samtök útvegsmanna og sjómanna eftir því við sjávarútvegsráðherra að hann beitti sér fyrir lagasetningu á Alþingi ef kjarasamningar tækjust á grundvelli miðlunartillögunnar. Var miðlunartillagan samþykkt og í framhaldi af því lagði sjávarútvegsráðherra fram frumvarp til laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna sem öðluðust gildi þann 21. júní 1995.

Yfirstandandi kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna var skotið til ríkissáttasemjara snemma á síðasta ári eftir að aðilar höfðu, án árangurs, reynt að ná samkomulagi. Ríkissáttasemjari hefur haldið fjölda funda með deiluaðilum. Þær viðræður hafa ekki orðið til þess að þoka málum í átt til samkomulags.

Í janúarmánuði átti sjávarútvegsráðherra fundi með fulltrúum allra deiluaðila þar sem farið var yfir stöðu mála. Í þessum viðræðum kom í ljós að ekkert hafði þokast í átt til samkomulags á því rúma ári sem kjarasamningar höfðu verið lausir og í raun hafði lítil efnisleg umræða farið fram á milli aðila um sjálf deilumálin. Til að freista þess að koma skriði á samningaviðræður beitti sjávarútvegsráðherra sér fyrir óformlegum viðræðum á milli deiluaðila. Þessar viðræður hófust upp úr miðjum janúar en til þeirra var stofnað í nánu samráði við ríkissáttasemjara og deiluaðila. Sjávarútvegsráðherra fékk Ásmund Stefánsson framkvæmdastjóra til að stýra þessum viðræðum. Í viðræðunum var farið ítarlega yfir ýmsar hugmyndir til lausnar deilunni sem samt skiluðu ekki þeim árangri sem vonast var eftir.

Föstudaginn 6. febrúar voru á sáttafundi gerðar ýtrustu tilraunir til sátta og reifaðar hugmyndir í von um að þær gætu orðið umræðugrundvöllur að lausn á yfirstandandi kjaradeilu. Tillögurnar lutu að myndun lágmarksverðs og framsalstakmörkunum og voru ræddar í röðum deiluaðila fram á sunnudaginn 8. febrúar er nýr sáttafundur var boðaður. Aðilar höfðu hver um sig lagt mat á þær hugmyndir sem uppi voru og tjáð sig á sáttafundinum um þær með þeim hætti að ljóst er að ekki er samstaða um áframhaldandi viðræður á þeim grunni. Ekki komu fram á fundinum aðrar hugmyndir að viðræðugrundvelli sem aðilar geta sameinast um. Sá ríkissáttasemjari því ekki tilefni til að tímasetja næsta fund.

Að morgni 9. febrúar áttu fjórir ráðherrar ríkisstjórnar fundi með ríkissáttasemjara og deiluaðilum og var þar staðfest að mikið bar enn á milli.

Ljóst er að hver dagur í febrúar og mars er gríðarlega mikilvægur varðandi veiðar og vinnslu sjávarafurða. Aðeins á þessum tíma er hægt að veiða loðnu til frystingar og hrognatöku fyrir Asíumarkað. Verði ekki hægt að veiða og vinna loðnu fyrir þessa markaði mun það ekki einungis hafa í för með sér mikið efnahagslegt tap nú heldur mun það geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir stöðu íslenskra loðnuafurða á þessum mikilvæga markaði í framtíðinni.

Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á efnahagsleg áhrif þess á afkomu þjóðarbúsins ef eftirstöðvar loðnukvótans, sem nú eru um 440.000 lestir, falla óveiddar niður. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ef eftirstöðvar loðnukvótans veiðast ekki í febrúar og mars mun hann ekki veiðast þar sem loðnan drepst að lokinni hrygningu.

Samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar hefði verkfall sem stæði fram yfir lok loðnuvertíðar verulegar efnahagslegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið. Stofnunin telur að verðmæti vöru-

útflutnings loðnuafurða gæti minnkað um 6–7 milljarða kr. frá því sem gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun eða um 6–7% af allri útflutningsframleiðslu sjávarafurða. Það hefði þau áhrif að hagvöxtur minnkaði um 1% frá því sem áætlað hafði verið. Hreint tekjutap þjóðarbúsins gæti orðið 4–5 milljarðar kr. Þetta jafngildir 1,5% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Verkfall sem hefði t.d. staðið í einn mánuð hefði að mati Þjóðhagsstofnunar ekki sömu áhrif á botnfiskveiðar og vinnslu. Það byggist á því mati að afkastageta í þessum greinum sé það mikil að vinnustöðvun í nokkrar vikur mundi ekki koma í veg fyrir að hægt yrði að veiða og vinna þann fisk sem heimildir eru til að veiða á yfirstandandi fiskveiðiári. Þó er ljóst að aukinn kostnaður mundi fylgja þeirri truflun sem yrði á starfsemi þeirra fyrirtækja sem stunda veiðar og vinnslu á botnfiski.

Ljóst er að hér er um háar fjárhæðir að ræða fyrir íslenskt þjóðarbú. Það er líka ljóst að almenn stöðvun veiða og vinnslu um lengri tíma hefði mun meiri og alvarlegri afleiðingar fyrir einstaklinga sem starfa við fiskvinnslu og fyrirtæki og bæjarfélög sem byggja á sjávarútvegi. Að öllu óbreyttu er fyrirsjáanlegt að innan fárra daga stöðvist vinnsla á fiski að mestu og fjöldi fiskvinnslufólks missi atvinnuna. Fyrirtæki í sjávarútvegi og þjónustufyrirtæki þeirra munu því tapa miklum fjármunum. Sum þeirra gætu tæplega þolað langt verkfall og jafnvel orðið gjaldþrota með tilheyrandi röskun. Þá má búast við að langt verkfall skaðaði verulega markaði fyrir íslenskar sjávarafurðir því að erlendir kaupendur þyrftu að snúa sér annað með innkaup sín. Það yrði því bæði erfitt og kostnaðarsamt fyrir íslenska útflytjendur sjávarafurða að ná aftur fyrri viðskiptum.

Af framansögðu er ljóst að hér er um mikla almannahagsmuni að tefla. Með frumvarpi þessu er því lagt til að yfirstandandi vinnustöðvunum á fiskiskipaflotanum verði aflétt og gildandi kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna framlengdir frá gildistöku þessara laga til 30. júní nk. Jafnframt er gerð tillaga um að sjávarútvegsráðherra skipi nefnd þriggja manna er móti tillögur er miði að því koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör. Jafnframt er nefndinni falið að undirbúa lagafrumvarp um þetta efni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Verðmyndun á fiski og áhrif hennar á skiptakjör hefur verið helsta ágreiningsefni útvegsmanna og sjómanna í yfirstandandi deilu. Hafa forustumenn sjómanna einkum talið þörf á að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör. Sáttatilraunir síðustu vikna hafa fyrst og fremst beinst að því að finna lausn í þessu efni sem væri viðsættanleg fyrir jafnt sjómenn sem útvegsmenn. Eins og rakið er í almennum athugasemdum hafa þær tilraunir ekki borið árangur. Þar sem deiluaðilum hefur mistekist að finna á þessu sameiginlega lausn sýnist óhjákvæmilegt að löggjafinn höggvi á þennan hnút. Til undirbúnings því er með 1. gr. lagt til að sjávarútvegsráðherra skipi nefnd þriggja manna er hafi það hlutverk að kanna verðmyndun á sjávarafla og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Skal nefndin móta tillögur er beinist að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör. Loks skal nefndin undirbúa löggjöf í þessum efnum. Er nefndinni ætlaður skammur tími til starfsins og skal hún skila tillögum sínum eigi síðar en 10. mars. Er að því stefnt að Alþingi gefist tími til að fjalla um málið og lögfesta nýja lagaumgjörð í þessum efnum fyrir þinglok í vor.

Um 2. gr.

Með þessari grein er lagt til að síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem tilgreindir eru gildi frá gildistöku laganna til 30. júní 1998. Gildir þetta fyrir öll félögin hvort sem þau samþykktu verkfall eða ekki. Aðilar geta þó að sjálfsögðu samið um annað og kemur þá slíkur samningur í stað þeirrar lögbundnu framlengingar síðastgildandi kjarasamninga sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

Í greininni er loks gert ráð fyrir að kauptrygging hækki um 11,4% við gildistöku laga þessara og frá sama tíma verði sama hækkun á kaupliðum, sem og á hlífðarfatapeningum. Frá 1. mars 1998 skal samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna skv. a- og b-lið 1. tölul. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verða 3.228.503 kr. Um hækkun kauptryggingar, kaupliða, hlífðarfatapeninga og eingreiðslu dánarbóta hafði náðst samkomulag í viðræðum aðila.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um friðarskyldu milli deiluaðila frá og með þeim tíma er frumvarpið fær lagagildi til 30. júní nk. Er með henni ætlað að draga úr þeim alvarlegu afleiðingum sem hlytust af stöðvun fiskiskipaflotans eins og gert er grein fyrir í almennum athugasemdum. Vinnustöðvun, þar með talin verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið gerir ráð fyrir, er samkvæmt því óheimil. Gildir í því sambandi einu hvort aðgerðir hafa hafist áður en frumvarpið fær lagagildi eður ei eða hvort þeir sem grípa til aðgerðanna eru aðilar að yfirstandandi kjaradeilu eða ekki. Það er rétt að árétta að samkvæmt því sem segir í 2. gr. er aðilum heimilt að semja um aðra skipan kjaramála, en þeim er óheimilt að beita framangreindum úrræðum fyrr en eftir 30. júní 1998.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bundinn verði endi á kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna. Í 1. gr. er gert ráð fyrir að skipuð verði þriggja manna nefnd til að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Talið er að kostnaður við þá könnun verði óverulegur þannig að kostnaður ríkissjóðs af samþykkt frumvarpsins verði lítill sem enginn.

785. Fyrirspurn [455. mál]

til menntamálaráðherra um umfjöllun um skólastarf.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til að auka umræðu um skólastarf og stöðu einstakra grunnskóla eða skólasvæða eftir að farið er að birta niðurstöður samræmdra prófa?
2. Hvaða leiðir telur ráðherra færar til að auka umfjöllun um skólastarf í kjölfar birtingar á niðurstöðum samræmdra prófa svo að auknar upplýsingar leiði til þeirra umbóta í skólastarfi sem vænst er?

786. Fyrirspurn [456. mál]

til dómsmálaráðherra um starfssvið tölvunefndar.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Telur ráðherra eðlilegt með hliðsjón af þrígreiningu ríkisvaldsins að tölvunefnd fari með eftirfarandi hlutverk:
   a. að hafa frumkvæði að rannsókn einstakra mála,
   b. að rannsaka þau og
   c. að kveða upp endanlegan úrskurð í þeim?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að rannsóknar- og úrskurðarvald nefndarinnar verði aðgreint?

787. Fyrirspurn [457. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur í fæðingarorlofi.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Hvernig skilgreinir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti greiðslur á fæðingarstyrk og dagpeningum til mæðra í fæðingarorlofi? Eru greiðslurnar skilgreindar sem laun, tekjutrygging eða bætur?
2. Hvar er að finna stoð í lögum eða reglugerð fyrir ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins að greiða foreldrum langveikra eða fatlaðra barna ekki umönnunarbætur á meðan móðir er í fæðingarorlofi og fær greiddan fæðingarstyrk og dagpeninga?

788. Frumvarp til laga [458. mál]

um starfsréttindi tannsmiða.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Tannsmiðir geta á eigin ábyrgð smíðað og gert við tanngóma og tannparta og þá m.a. unnið við töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar.

Ákvæði 1. mgr. hagga ekki rétti tannsmiða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni. Þau hagga heldur ekki rétti tannlækna eða þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna til að vinna við töku móta og mátun né áunnum réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum eldri laga.

2. gr.

Brot, sem framin eru af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Iðnaðarráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar getur hann kveðið á um að tannsmiðum skuli gefinn kostur á þátttöku í námskeiði um mótatöku og mátun.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu, sem samið hefur verið í iðnaðarráðuneytinu, er ætlað að tryggja rétt tannsmiða til að geta starfað sjálfstætt í grein sinni, sem er löggilt iðngrein, við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum og þá unnið á eigin ábyrgð við töku móta og mátun til að geta sinnt starfi sínu.

Úr ágreiningi, sem verið hafði uppi um það hvort tannsmiðir hefðu heimild að lögum til að vinna í munnholi viðskiptavina sinna við töku móta og mátun, var leyst með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 52/1995 7. desember 1995. Með hliðsjón af atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar taldi rétturinn, sem benti á að sérstök lög um starfsréttindi tannsmiða hefðu ekki verið sett, að 6. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar, fæli í sér nægilega skýra takmörkun á atvinnufrelsi tannsmiða til þess að þeir gætu ekki unnið í munnholi manna í því skyni að setja í þá gervitennur eða tanngarða, með öðrum orðum tanngóma og tannparta. Hafði rétturinn við túlkun sína á þessari grein tannlækningalaganna mið af þeirri staðreynd að frá 1929 hefðu tannlæknar með vissum undantekningum samkvæmt tannlækningalöggjöf haft einkarétt á því að taka mót og framkvæma mátun og ekkert í athugasemdum með löggjöf um tannlækningar eða ræðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þar að lútandi á Alþingi, við meðferð frumvarps til gildandi laga, gæfi tilefni til að álíta að túlka bæri hin takmarkandi lagaákvæði öðruvísi. Taldi hæstiréttur sig því ekki geta komist að annarri niðurstöðu að óbreyttum lögum. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5483/1994 20. desember 1994 hafði hins vegar

verið talið að takmörkun á atvinnufrelsi tannsmiðs að þessu leyti byggðist ekki á beinu og ótvíræðu lagaboði. Mismunandi niðurstöður dómstóla sýna að skiptar skoðanir hafa verið um túlkun ákvæða tannlækningalaga er snerta starfssvið tannsmiða.

Atvinnufrelsi skv. 75. gr. stjórnarskrárinnar má setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Eigi verður þó annað séð en að það sé andstætt meginhugsun iðnaðarlaga, nr. 42/1978, að þeim sem hafa starfsréttindi í löggiltum iðngreinum á grundvelli þeirra sé í mikilvægum atriðum gert ókleift að sinna iðn sinni en tannsmíði hefur verið löggilt iðngrein frá því að menntamálaráðherra kvað á um það með setningu reglugerðar nr. 323/1972 (nú 2. gr. reglugerðar nr. 560/1995, um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi). Í 8. gr. iðnaðarlaganna kemur fram að m.a. meistarar hafi rétt til iðnaðarstarfa í löggiltum iðngreinum og skv. 10. gr. laganna veitir meistarabréf meistara leyfi til að reka þá iðngrein er meistarabréf hans tekur til. Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr því óviðunandi ástandi að tannsmiðir, sem eru ekki heilbrigðisstétt, geti ekki að óbreyttum lögum sinnt mikilvægum þætti í starfi sínu á eigin ábyrgð en þurfi að treysta á aðra stétt, tannlækna, til að starfa samkvæmt iðnréttindum sínum.

Til að tannsmiðir geti sinnt starfi sínu við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum þykir sjálfsagt að þeir geti unnið við töku móta og mátun hjá viðskiptavini. Er þá tekið tillit til eðlis þessa starfsþáttar sem tengist heilbrigði manna eins og reyndar aðrir þættir í störfum tannsmiða. Taka móta af munni viðskiptavinar er enda óhjákvæmilegur þáttur í smíði tanngóma (eða tannparta). Fer mótatakan í stuttu máli þannig fram að svokallaðri skeið með kvoðu (mátefni) er þrýst upp á tannstæði í munnholi og harðnar hún síðan. Tanngómurinn er svo smíðaður og mátaður í samvinnu við viðskiptavininn sem velur útlit og lögun tanna í samráði við tannsmið. Mátefni það sem notað er til mótatökunnar er algerlega hættulaust og þrautreynt. Mátun á tanngómi er sem mótataka nauðsynlegur þáttur í tannsmíðinni.

Til stuðnings því að tannsmiðir geti unnið við mótatöku og mátun má benda á að undanþágur hafa tíðkast frá ákvæðum tannlækningalöggjafar um einkarétt tannlækna til að vinna í munnholi manna og tíðkast enn. Í 4. gr. laga nr. 7/1929, um tannlækningar, náðu undanþágurnar til lækna ef þeir sönnuðu fyrir heilbrigðisstjórninni að þeir hefðu aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Með lögum nr. 34/1932 var dómsmálaráðherra síðan heimilað, með samþykki landlæknis, að veita mönnum, er lokið höfðu tannsmíðanámi, leyfi að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum sem væru tannlæknislaus. Þessi heimild til handa ráðherra var afnumin með lögum nr. 62/1947, þó þannig að þeir sem fengið höfðu leyfi ráðherra skyldu halda því þar til ákvæði yrðu sett í lög um réttindi þeirra og skyldur en slík löggjöf hefur aldrei verið sett. Skv. 9. gr. gildandi laga nr. 38/1985, um tannlækningar, getur sérhæft aðstoðarfólk undir stjórn tannlækna sinnt þessum verkefnum. Á það skal og bent að í dönskum lögum um tannsmiði (lov om kliniske tandteknikere), nr. 100/1979, með síðari breytingum, hafa tannsmiðir svipaðan rétt til að vinna við töku móta og mátun og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu og er það ekki eina landið þar sem tannsmiðir mega vinna slík störf sjálfstætt.

Þá skal tekið fram að í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 29/1997 var sú vinna við viðskiptavini, sem ráðið taldi þurfa að fara fram í tengslum við tannsmíðavinnu, talin falla undir samkeppnislög. Í ákvörðuninni var m.a. undirstrikuð sú meginregla samkeppnisréttar að allar hömlur á svigrúm manna í atvinnurekstri væru almennt til þess fallnar að draga úr samkeppni eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni á tilteknum markaði. Þykir eðlilegt með hliðsjón af samkeppnislögum, nr. 8/1993, m.a. 1. gr. um markmið laganna og 17. gr. um skaðleg áhrif á samkeppni, að setja í lög ákvæði er leiði til aukinnar samkeppni á því sviði þjónustu er hér um ræðir, bæði milli tannlækna og tannsmiða og innbyrðis milli tannsmiða en í Tannsmiðafélagi

Íslands voru 76 einstaklingar í árslok 1997 og í Sambandi íslenskra tannsmíðaverkstæðiseigenda um 20. Er talið hafið yfir vafa að heimild til handa tannsmiðum til að geta tekið mót og framkvæmt mátun muni leiða til lækkunar kostnaðar fyrir neytendur og sparnaðar hjá hinu opinbera. Þetta kemur og fram í framangreindri ákvörðun samkeppnisráðs en þar segir m.a. orðrétt: „Ekki er ástæða til að ætla annað en að samkeppni milli t.d. tannlækna og tannsmiða stuðli að lægra verði, hagkvæmni og betri þjónustu á sama hátt og í annarri atvinnustarfsemi."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Auk þess sem vísað er til almennra athugasemda hér að framan skal tekið fram að í 1. mgr. þessarar greinar er fjallað um mikilvægan þátt í störfum tannsmiða, þ.e. smíði og viðgerðir á tanngómum (heilum tanngómum eða tannsettum) og tannpörtum (hlutum tanngóma, einni eða fleiri tönnum). Við það starf er unnið við töku móta af viðskiptavini og mátun góma eða tanna. Þykir eðlilegt að tannsmiðir geti unnið öll þessi störf sjálfstætt, með öðrum orðum á eigin ábyrgð, en ekki undir handleiðslu og á ábyrgð annarra. Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands um túlkun á 6. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar, hefur tannsmiður ekki heimild nú til að starfa sjálfstætt í munnholi, þ.e. við mótatöku og mátun. Úr þeim heimildarskorti er ætlunin að bæta með sérlögum um tannsmiði á grundvelli lagafrumvarps þessa.

Þótt störf við mótatöku og mátun tengist heilbrigði manna skal ítrekað að þau þykja þó ekki þess eðlis að tannsmiðir geti ekki unnið þau sjálfstætt eins og önnur störf sem þeir vinna á grundvelli iðnaðarlaga í löggiltri starfsgrein sinni. Í þessu sambandi vísast til stuttrar lýsingar á störfunum í almennum athugasemdum. Benda má á þessu til stuðnings að samkvæmt dönskum lögum geta tannsmiðir þar í landi unnið við mótatöku og mátun á eigin ábyrgð. Þá má benda hér á undanþágu þá sem tíðkast hefur hér á landi í áranna rás varðandi sérhæft aðstoðarfólk tannlækna sem telst til heilbrigðisstétta, andstætt tannsmiðum, en skv. 4. gr. laga nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, starfa þær stéttir nú „ýmist á eigin ábyrgð eða undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði", með öðrum orðum í vissum tilvikum á eigin ábyrgð samkvæmt lögunum, andstætt því sem var samkvæmt eldri lögum. Taka má fram að nám tannsmiða er lengra en nám sérhæfðs aðstoðarfólks tannlækna og er nú fjögur ár en auk þess þarf meistaraskólanám til að geta öðlast meistararéttindi í iðngreininni.

Í 1. mgr. er sleginn sá varnagli, eins og í dönsku lögunum, að ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar. Gera má ráð fyrir að í þessum tilvikum vísi tannsmiðir viðskiptavinum sínum til heimilislækna eða annarra sérfræðinga og afli jafnvel heilbrigðisvottorða í vafatilvikum áður en vinna hefst.

Í 1. mgr. er samkvæmt framangreindu gert ráð fyrir nauðsynlegri breytingu á íslenskri löggjöf til að tryggja að tannsmiðir geti með eðlilegum hætti sinnt mikilvægum störfum í löggiltri iðngrein sinni og verður reyndar að telja til mannréttinda að eigi séu lögð óeðlileg höft á atvinnufrelsi manna með lögum. Sú hugsun kemur reyndar fram í 1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 þar sem segir að meginmarkmiði laganna um að efla virka samkeppni skuli m.a. ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvæði 1. mgr. haggi ekki rétti tannsmiða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni. Hér getur m.a. verið um að ræða smíði krónu og brúa en sú vinna tannsmiða hefur farið fram í samvinnu við tannlækna. Þá haggar málsgreinin ekki rétti tannlækna eða þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna til að vinna við töku móta og mátun í munnholi né áunnum réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum eldri laga. Sumir tann-

læknar hafa jafnvel réttindi í tannsmíði á grundvelli iðnaðarlöggjafarinnar en ákvæða hennar þarf alltaf að gæta við tannsmíði.

Um 2. gr.

Í greininni eru ákvæði um refsingu við brotum á lögunum, svo og réttarfar.

Um 3. gr.

Í greininni er almenn reglugerðarheimild til handa iðnaðarráðherra ef setja þarf nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Þá segir og að hann geti í reglugerð kveðið á um að tannsmiðum skuli gefinn kostur á þátttöku í námskeiði um mótatöku og mátun. Á slíkum námskeiðum gætu þeir tannsmiðir, sem það kysu, í anda laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, svo og símenntunar, aukið verkkunnáttu sína og hæfni í mótatöku og mátun sem er mjög lítill en nauðsynlegur þáttur í störfum þeirra tannsmiða er smíða og gera við tanngóma og tannparta.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um starfsréttindi tannsmiða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tannsmiðir geti smíðað og gert við tanngóma og tannparta og einnig unnið við töku móta og mátun án milligöngu tannlækna. Eins og segir í athugasemdum er frumvarpið flutt beinlínis í tilefni þess að Hæstiréttur hefur með dómi ákveðið að starfsumfang tannsmiða sé takmarkað. Tilgangur frumvarpsins er að afnema þá takmörkun.

Samþykkt þessa frumvarps hefur engan beinan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Hins vegar má ætla að með samþykkt frumvarpsins verði hægt að ná fram nokkrum sparnaði hjá ríkissjóði í útgjöldum Tryggingastofnunnar ríkisins vegna tannsmíða, en þau námu um 40 m.kr. á síðasta ári. Auk þess má gera ráð fyrir að almennir viðskiptavinir geti náð fram lækkun á tannsmíðakostnaði við þessa breytingu.

789. Frumvarp til laga [459. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. b-liðar 36. gr. laganna er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að

endurgreiða sjúklingum sem leituðu til sérfræðinga sem sagt höfðu sig af samningi við Tryggingastofnun ríkisins hlut almannatrygginga í kostnaði vegna læknisþjónustu. Skilyrði endurgreiðslu er að sjúklingur framvísi fullnægjandi reikningi og að viðkomandi sérfræðingur hafi endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins. Endurgreiðslan skal miðast við gjaldskrá 1. september 1997 samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 7. mars 1996.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérfræðingar sem vinna læknisverk á lækningastofum utan sjúkrastofnana fá annars vegar greitt frá sjúklingum og hins vegar frá Tryggingastofnun ríkisins. Um heildargreiðslur fyrir læknisverk fer samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins frá 7. mars 1996. Viðræður samningsaðila um endurskoðun á þeim samningi hafa staðið yfir með hléum allt síðasta ár, en samningar hafa ekki tekist er frumvarp þetta er lagt fram á Alþingi. 1. júní 1997 tilkynntu nokkrir læknar að þeir mundu hætta störfum fyrir sjúkratryggingar frá og með 1. september 1997 og síðar hafa fleiri bæst í hópinn. Nú eru starfandi 70 sérfræðingar, einkum í skurðlæknisgreinum, sem ekki starfa samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins, en starfandi sérfræðingar eru samtals um 370.

Í samræmi við b-lið 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, hefur sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins ekki greitt fyrir læknisverk sem unnin hafa verið af þeim sérfræðingum sem samkvæmt framansögðu hafa verið án samnings við stofnunina. Þeir sjúklingar sem leitað hafa til fyrrgreindra sérfræðinga hafa því þurft að greiða læknisverkin að fullu og hafa greiðslur verið samkvæmt ákvörðun sérfræðings í hverju tilviki.

Í frumvarpinu er lagt til við lögin bætist bráðabirgðaákvæði þar sem Tryggingastofnun ríkisins verði heimilað að endurgreiða sjúklingum sem leituðu til sérfræðinga sem sagt höfðu sig af samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Ekki þykir þó rétt að láta ákvæðið ná til þeirra sérfræðinga sem kynnu að vilja starfa áfram án samnings við Tryggingastofnun ríkisins. Því er gert ráð fyrir að sjúklingar fái ekki endurgreiðslu fyrr en viðkomandi sérfræðingur hefur endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins. Endurgreiðslur miðast við gjaldskrá 1. september 1997 samkvæmt samningi Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur frá 7. mars 1996 þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiði ávallt það sama og hún hefði greitt ef viðkomandi sérfræðingur hefði verið með samning við stofnunina.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er áformað að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að endurgreiða hlut almannatrygginga í sérfræðilækniskostnaði þrátt fyrir að viðkomandi læknir hafi sagt samningi sínum lausum við stofnunina. Skilyrði fyrir endurgreiðslu er að sjúkratryggður fram-

vísi fullnægjandi reikningi og að viðkomandi sérfræðilæknir hafi endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins.

Ef miðað er við meðaltalskostnað Tryggingastofnunar á hverja komu til sérfræðilæknis og að 70–80 sérfræðilæknar af um 380 hafi þegar sagt sig af samningi má áætla að endurgreiddur kostnaður Tryggingastofnunar af störfum þeirra hefði numið á bilinu 50–60 m.kr. Engar upplýsingar eru til um þá sem sótt hafa þjónustu til þeirra lækna sem sagt hafa upp samningi. Einhver hluti sjúkratryggðra hefur leitað annað eða frestað komu til sérfræðilæknis. Þá er kostnaður Tryggingastofnunar meiri að meðaltali í árslok vegna áhrifa afsláttarkorta og óvíst er í hve miklum mæli sjúkratryggðir krefjast endurgreiðslu og hvort reikningar uppfylla kröfur Tryggingastofnunar. Nokkurri óvissu er háð hve mikið frumvarpið kostar Tryggingastofnun ríkisns verði það að lögum. Í ljósi framangreinds má þó áætla að greiðsla á hlut almannatrygginga í lækniskostnaðinum geti numið um 30–50 m.kr. eftir þeim forsendum sem gefnar eru. Er þá miðað við að samið verði í febrúar eða mars og að flestir eða allir sérfræðilæknar komi aftur á samning viðTryggingastofnun í kjölfar samninga.

790. Fyrirspurn [460. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fóstureyðingar.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hve margar fóstureyðingar hafa verið framkvæmdar hér á landi á hverju ári, síðastliðin fimm ár?
2. Hve margar þeirra voru á grundvelli félagslegra ástæðna, sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 25/1975?
3. Hve mörgum konum var á þessum árum synjað um fóstureyðingu sem þær sóttu um á grundvelli félagslegra ástæðna?
4. Hve margar konur hættu við að gangast undir fóstureyðingu sem þær sóttu um á grundvelli félagslegra ástæðna?
5. Hve margar konur gengust undir fleiri en eina fóstureyðingu á tímabilinu?
6. Hvernig er aldursdreifing þeirra kvenna sem gengust undir fóstureyðingu?

Skriflegt svar óskast.

791. Fyrirspurn [461. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bifreiðakaupastyrki fyrir hreyfihamlaða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu mörgum umsækjendum um styrk til bifreiðakaupa hefur verið synjað um styrkinn á ári frá því að styrkjunum var fækkað og reglur þrengdar árið 1996?

2. Hafa margir hreyfihamlaðir bundnir hjólastól eða með gervilimi, sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fyrir hærri styrknum, fengið synjun eða lægri styrkinn vegna þess hve fáir hærri styrkirnir eru?

792. Fyrirspurn [462. mál]

til umhverfisráðherra um mælingar á geislavirkni í lífríki Íslands.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvernig fylgdust íslensk stjórnvöld með þróun geislavirkni í lífríki Íslands í kjölfar Tsjernóbíl-slyssins?
2. Hverjar voru helstu niðurstöðurnar?
3. Hvernig er fylgst með geislavirkum úrgangi frá Sellafield í hafinu umhverfis Ísland?
4. Hvernig hefur styrkur geislavirkra efna á því svæði þróast frá upphafi mælinganna?
5. Eru fyrirhugaðar mælingar á öðrum geislavirkum samsætum en þeim sem nú er fylgst með?

Skriflegt svar óskast.

793. Svar [396. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um afleiðingar samningsslita sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins.

1. *Hvað hafa margir sérfræðingar sagt upp samningi sínum við Tryggingastofnun ríkisins?*

Eins og staðan er nú hafa 113 sérfræðingar af 385 sem voru í viðskiptum á árinu 1997 sagt upp samningi sínum við Tryggingastofnun ríkisins. Uppsagnir þeirra tóku eða munu taka gildi eins og hér segir:

Dagsetning	**Fjöldi sérfræðinga af samningi**
1. september	7
1. október	31
1. nóvember	15
1. desember	4
1. janúar	13
1. febrúar	3 (73)
1. mars	11
1. apríl	27
1. maí	1
1. júní	1
Samtals	**113**

2. *Hvað hafa margir sjúklingar leitað eftir þjónustu þessara sérfræðinga og*
   a. *hvað hafa þeir þurft að greiða fyrir þjónustuna,*
   b. *hvað hefðu þeir þurft að greiða fyrir þjónustuna ef sérfræðingarnir hefðu áfram verið með samning við Tryggingastofnun ríkisins?*

Þar sem samskipti sjúklinga við sérfræðinga sem ekki eru með samning við Tryggingastofnun ríkisins koma ekki fram eða eru á nokkurn hátt tilkynnt til annarra aðila eru engar upplýsingar fyrirliggjandi um þessi samskipti, hvorki um fjölda þeirra, tegund eða kostnað.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að lögum verði breytt svo að þeir sem greitt hafa samningslausum sérfræðingum fyrir læknisverk fái hlut Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiddan eða telur ráðherra e.t.v. að heimildir sé að finna í lögum?*

Heimildir er ekki að finna í lögum til að greiða sjúklingum fyrir samskipti þeirra við samningslausa sérfræðinga. Það er mjög mikilvæg meginregla í viðskiptum Tryggingastofnunar við heilbrigðisstéttir að greiðslur eigi sér ekki stað nema samningur sé fyrir hendi. Annað mundi ýta undir upplausn almannatryggingakerfisins. Einfaldar styrkjagreiðslur, eins og gerist með sérfræðinga í tannréttingum, eiga ekki við í öðrum tilfellum.

Ráðherra mun beita sér fyrir því að lögum verði breytt og hefur frumvarpi þess efnis nú þegar verið dreift á Alþingi. Breytingin er á þann veg að sjúklingar, sem hafa átt samskipti við sérfræðinga sem ekki voru á samningi, fái endurgreitt samkvæmt þeim samningi sem hefði verið í gildi á þeim tíma sem læknisverkið fór fram, um leið og viðkomandi sérfræðingur er kominn aftur á samning og sjúklingur framvísar fullgildum reikningi um samskipti sín við hann.

794. Fyrirspurn [463. mál]

til iðnaðarráðherra um þátttöku útlendinga í virkjanaundirbúningi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Er hafin þátttaka erlendra aðila og þá hverra í athugunum um virkjanaundirbúning eða ráðgerðar virkjanaframkvæmdir hérlendis?
2. Hvað hefur nú þegar verið aðhafst í þessum efnum og hvað er ráðgert á næstunni?
3. Sé samstarf hafið eða fyrirhugað, hvaða form er á því og hvernig er fjárhagslegum samskiptum fyrir komið milli aðila?
4. Hvernig er eða verður gætt íslenskra hagsmuna í slíku samstarfi, m.a. að því er varðar þekkingu sem aflað hefur verið af innlendum aðilum á liðnum árum við orkurannsóknir og undirbúning virkjana?
5. Hvaða stefnu hafa íslensk stjórnvöld tekið að því er varðar aðgang útlendinga að rannsóknaniðurstöðum og þekkingu sem aflað hefur verið hingað til á vegum opinberra aðila hérlendis?
6. Hafa eigendur og/eða stjórn Landsvirkjunar tekið afstöðu til hugsanlegs samstarfs við erlenda aðila um byggingu og rekstur virkjana hérlendis og með hvaða hætti þeir nýti sér rannsóknaniðurstöður og þekkingu sem aflað hefur verið á vegum Landsvirkjunar á liðinni tíð?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Tilefni fyrirspurnarinnar er skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju (68. mál á 122. löggjafarþingi), svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn fyrirspyrjanda á þskj. 204 (65. mál á 122. löggjafarþingi) og fréttir þess efnis að vinna sé hafin að undirbúningi virkjana vegna ráðgerðrar álbræðslu í samvinnu við Norsk Hydro (HAMP).

795. Frumvarp til laga [464. mál]

um dánarvottorð o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Ritun dánarvottorðs.

1. gr.

Læknir skal rita dánarvottorð fyrir hvern mann er deyr hér á landi. Vottorðið skal ritað á eyðublað sem landlæknir lætur útbúa.

Líkskoðun.

2. gr.

Læknir skoðar lík og athugar hvernig andlát hefur borið að, dauðaskilmerki og líklega dánarorsök.

Andist maður á heilbrigðisstofnun ber lækni sá sem annaðist hinn látna á stofnuninni eða yfirlæknir viðkomandi deildar ábyrgð á að líkið verði skoðað.

Andist maður utan heilbrigðisstofnunar skal læknir sá sem stundaði hinn látna í banalegunni skoða líkið.

Við óvænt dauðsföll eða ef ekki tekst að ná til læknis sem stundaði hinn látna í banalegunni skal tilkynna andlátið til viðkomandi héraðslæknis. Héraðslæknir ber þá ábyrgð á að líkið verði skoðað.

Tilkynning til lögreglu.

3. gr.

Læknir sem kvaddur er til vegna líkskoðunar skal gera lögreglu viðvart ef:

1. ætla má að andlát tengist refsiverðu athæfi, sjálfsvígi eða andláti af völdum slyss,
2. maður hefur fundist látinn,
3. dauðsfall er óvænt,
4. maður andast í fangelsi eða á öðrum áþekkum stað eða
5. ætla má að dauðsfall megi rekja til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við læknismeðferð.

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun.

4. gr.

Þegar lögreglu er gert viðvart um andlát ákveður hún hvort lík skuli skoða réttarlæknisfræðilega. Slík skoðun skal að jafnaði gerð nema:

1. andlát beri að svo löngu eftir slys að lögregla telji slíka skoðun óþarfa í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga eða

2. lögregla og læknir eru sammála um að dauðdaginn hafi verið eðlilegur.

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð af lögreglu og lækni í sameiningu.

Krufning.

5. gr.

Að lokinni líkskoðun má kryfja lík í læknisfræðilegum tilgangi og fjarlægja líkamsvef og annað líffræðilegt efni:

1. hafi hinn látni eftir að hann varð sjálfráða samþykkt krufningu skriflega eða
2. nánasti venslamaður hins látna hafi samþykkt krufningu, enda þyki sannað að hún sé ekki í andstöðu við vilja hins látna.

Lík má ekki kryfja fyrr en a.m.k. sex klukkustundum eftir að nánasta venslamanni var tilkynnt um krufningu nema hann hafi samþykkt hana fyrr.

Ef gera á réttarlæknisfræðilega líkskoðun eða réttarkrufningu er óheimilt að kryfja lík í læknisfræðilegum tilgangi eingöngu.

Réttarkrufning.

6. gr.

Réttarkrufning skal gerð:

1. þegar dauðsfall verður rakið til refsiverðrar háttsemi eða ef ekki reynist unnt að útiloka slíkt með fullnægjandi hætti, eða þegar slík krufning er talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að síðar vakni grunsemdir um að dauðsfallið megi rekja til refsiverðs verknaðar,
2. þegar dánarorsök verður ekki með viðunandi hætti ákvörðuð með réttarlæknisfræðilegri líkskoðun eða
3. í öðrum tilvikum þar sem lögregla telur réttarkrufningu nauðsynlega.

Dómsúrskurður um réttarkrufningu.

7. gr.

Lögregla skal kynna nánasta venslamanni nauðsyn réttarkrufningar og leita samþykkis hans.

Samþykki nánasti venslamaður ekki réttarkrufningu skal lögregla leita úrskurðar dómara um hana.

Útgáfa dánarvottorðs.

8. gr.

Dánarvottorð ritar sá læknir, sem skoðar líkið, eða sá sem ber ábyrgð á að það sé gert.

Hafi andlát verið tilkynnt lögreglu má ekki rita dánarvottorð fyrr en hún hefur ákveðið að ekki sé ástæða til réttarlæknisfræðilegrar líkskoðunar eða réttarkrufningar.

Ef réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð skal dánarvottorð ritað af lækninum sem tók þátt í skoðuninni. Læknir sem framkvæmir réttarkrufningu ritar dánarvottorð.

Umönnun líks.

9. gr.

Lík skal geyma á stað við hæfi. Ef ekki er unnt að staðfesta andlát skal fylgjast með líkinu og ekki flytja það í líkhús fyrr en læknir hefur staðfest dauðaskilmerki.

Lík má ekki leggja í kistu fyrr en það hefur verið skoðað og dánarvottorð ritað.

Meðferð dánarvottorðs og heimild til útfarar.

10. gr.

Dánarvottorð skal afhent venslamanni hins látna.

Venslamaður afhendir dánarvottorðið sýslumanni í því umdæmi þar sem hinn látni átti lögheimili á dánardægri eða ætla má að dánarbúi verði skipt samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Nú á ákvæði 2. mgr. ekki við, t.d. vegna búsetu hins látna erlendis, og skal þá afhenda dánarvottorðið sýslumanni í því umdæmi þar sem útför hins látna verður gerð.

Sýslumaður afhendir venslamanni staðfestingu þess að andlát hafi verið tilkynnt og má ekki gera útför nema sá sem hana annast hafi fengið slíka staðfestingu.

Sýslumaður sendir dánarvottorð svo fljótt sem kostur er til Hagstofu Íslands.

Hagstofan semur upp úr dánarvottorðum skýrslur um dánarorsakir hér á landi.

Tilkynningar vegna andvana fæddra barna.

11. gr.

Fæðist barn andvana skal ekki ritað dánarvottorð, en um það skal tilkynnt til Hagstofu Íslands.

Flutningur líka úr landi.

12. gr.

Nú er lík flutt úr landi og ber sá sem það flytur ábyrgð á að dánarvottorð sé afhent sýslumanni í því umdæmi þar sem maðurinn lést. Sýslumaður afhendir flutningsaðila staðfest afrit dánarvottorðs og skal það fylgja líkinu til viðtakanda erlendis. Ekki má flytja lík úr landi nema ákvæðum þessum sé fylgt.

Refsingar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru eftir þeim varða sektum nema þyngri hegning sé við lögð í öðrum lögum.

Reglugerðarheimild.

14. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um:

1. Ritun dánarvottorða, að fengnum tillögum landlæknis.
2. Framkvæmd réttarlæknisfræðilegrar líkskoðunar, þar á meðal um lágmarkskunnáttu lækna sem gera réttarlæknisfræðilega líkskoðun.
3. Réttarkrufningu.
4. Hvernig Hagstofu Íslands verði tilkynnt um andvana fædd börn.

Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Brottfall laga.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi tilskipun frá 4. ágúst 1819 um skyldu manna að bjarga mönnum, sem sýnast dauðir, lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42 10. nóvember 1913, og lög um dánarvottorð, nr. 64 25. apríl 1962.

Breyting annarra lagaákvæða.

17. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993:*
   Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:
      Óheimilt er að greftra lík eða brenna nema staðfesting sýslumanns um að andlát hafi verið tilkynnt liggi fyrir.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Óheimilt er að setja lík andvana fædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki nema hlutaðeigandi presti eða safnaðarstjóra hafi áður verið tilkynnt það. Útfararstjóri ber ábyrgð á því að þessu ákvæði sé fylgt.
2. *Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 31. desember 1991:*
   2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo:
   Réttarlæknisfræðileg líkskoðun skal fram fara þegar rannsóknari telur það nauðsynlegt. Einnig skal framkvæma réttarkrufningu, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna leyfi.
3. *Lög um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962:*
   a. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
      3. Skýrslur héraðsdómara til Hagstofunnar um úrskurði þar sem heimilað er að fara með bú horfinna manna sem látinna og dóma um að horfnir menn skuli taldir látnir.
   b. Í stað orðsins „sóknarpresta“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: sýslumanna.
   c. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um dánarvottorð, nr. 64 25. apríl 1962, hafa verið í endurskoðun um alllangt skeið. Samhliða hafa ákvæði laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42 10. nóvember 1913, verið til endurskoðunar. Í þessari endurskoðun hafa tekið þátt Dögg Pálsdóttir hrl., áður skrifstofustjóri, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir og Haraldur Briem yfirlæknir, tilnefndir af embætti landlæknis, Þorsteinn A. Jónsson fangelsismálastjóri, áður skrifstofustjóri, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri, tilnefndur af Hagstofu Íslands. Ragnhildur Arnljótsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, starfaði með nefndinni til 1. október 1996.

Með frumvarpi þessu um dánarvottorð o.fl. er leitast við að setja skýrar reglur um hvernig bregðast skuli við þegar andlát ber að höndum. Með frumvarpinu er sameinuð löggjöf um dánarvottorð og um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum. Við samningu frumvarpsins var litið til löggjafar á þessu sviði á annars staðar Norðurlöndum, einkum í Danmörku.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. laga um dánarvottorð, nr. 64/1962. Ákvæðið felur í sér að fyrir hvern mann sem deyr á landinu skuli rita dánarvottorð. Læknar einir geta skrifað dánarvottorð og nota til þess eyðublöð sem landlæknir lætur útbúa og afhendir. Í 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ráðherra setji, að fengnum tillögum landlæknis, nánari reglur um ritun dánarvottorða. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ekki sé ritað dánarvottorð vegna andvana fæddra barna en kveðið er á um þau tilvik í 11. gr. frumvarpsins.

Í lögum um ákvörðun dauða, nr. 15/1991, er fjallað um hvenær maður telst vera látinn.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um líkskoðun og hvaða læknar skuli skoða lík.

Með líkskoðun er átt við skoðun læknis á líki þar sem hann athugar hvernig andlát hefur borið að og dauðaskilmerki. Við skoðunina reynir læknirinn einnig að ákvarða hver dánarorsök hafi verið.

Í 2. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar maður andast á heilbrigðisstofnun. Með heilbrigðisstofnun er átt við stofnanir sem falla undir lög um heilbrigðisþjónustu, sbr. nú lög nr. 97/1990, með síðari breytingum. Í þeim tilvikum ber læknir sá sem annaðist hinn látna á stofnuninni eða yfirlæknir deildarinnar ábyrgð á því að lík verði skoðað. Hér er eingöngu fjallað um hver ber ábyrgð á slíkri skoðun. Í flestum tilfellum mun hins vegar sá læknir sem er á vakt skoða líkið.

Algengast er að andlát beri að höndum á heilbrigðisstofnunum. Engu síður er nauðsynlegt að ákveða hvaða læknir skoði lík í þeim tilvikum þegar maður andast utan heilbrigðisstofnana. Í 3. mgr. er fjallað um þessi tilvik og þar ákveðið að sá læknir sem stundaði hinn látna í banalegunni skoði líkið.

Í lokamálsgrein 2. gr. eru loks fyrirmæli um hvað gera skuli þegar óvænt dauðsföll verða. Í þeim tilvikum skal tilkynna andlát til viðkomandi héraðslæknis og ber hann þá ábyrgð á að lík sé skoðað. Sama gildir þegar maður andast utan heilbrigðisstofnunar og ekki tekst að ná í þann lækni sem stundaði hinn látna í banalegunni.

Um 3. gr.

Oftast er enginn vafi á því að andlát hefur borið eðlilega að, jafnvel þótt dánarorsök sé óljós. Stundum er hins vegar óvissa um það hvernig andlát bar að og skal þá sá læknir sem skoðar líkið undantekningalaust tilkynna lögreglu um slíkt andlát. Ákvæðið setur ekki reglur um hvernig tilkynna skuli slík andlát lögreglunni. Í flestum tilvikum yrði það gert símleiðis. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um viðbrögð lögreglu við slíkum tilkynningum, ekki síst þeim sem ætla má að séu vegna mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks í sambandi við læknismeðferð eða forvarnir vegna sjúkdóms. Rétt er að undirstrika að hér er fjallað um tilkynningar til lögreglu. Telji lögreglan rannsókn vegna andláts á heilbrigðisstofnun nauðsynlega er gert ráð fyrir að í sérstökum vinnureglum verði fjallað um samskipti lögreglu og heilbrigðisstofnunar í þeim málum.

Í 3. gr. eru talin upp þau tilvik sem hér koma til greina, þ.e. ef ætla má að andlát tengist refsiverðu athæfi, sjálfsvígi eða slysi, ef maður finnst látinn eða ef dauðsfall er óvænt. Einnig er hér átt við dauðsföll í fangelsi eða á öðrum ámóta stað eða dauðsföll sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks í sambandi við læknismeðferð.

Um 4. gr.

Í greininni eru nánari fyrirmæli um viðbrögð lögreglu er henni berst tilkynning um andlát skv. 3. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er meginreglan sú að í þessum tilvikum skal lögregla ásamt lækni gera réttarlæknisfræðilega líkskoðun.

Með réttarlæknisfræðilegri líkskoðun er átt við líkskoðun sambærilega þeirri sem fjallað er um í 2. gr. frumvarpsins. Munurinn felst einkum í því að réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð af lækni og lögreglu í sameiningu.

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun er þó ekki nauðsynleg ef svo langur tími líður milli slyss og andláts að lögreglan telur slíka skoðun óþarfa með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir liggja eða lögregla og læknir eru sammála um að dauðdaginn hafi verið eðlilegur.

Um 5. gr.

Ef læknir telur nauðsynlegt að kryfja lík til að rannsaka það nánar, t.d. til að staðfesta dánarorsök, er talað um krufningu í læknisfræðilegum tilgangi. Slík krufning er eingöngu heimil ef hinn látni hefur eftir að hann varð sjálfráða, þ.e. 18 ára eftir gildistöku nýrra lögræðislaga, nr. 71/1997, 1. janúar 1998, samþykkt krufningu skriflega eða ef nánasti venslamaður hans samþykkir hana og sannað þykir að hinn látni hafi ekki verið krufningu mótfallinn. Með nánasta venslamanni er átt við maka, ef honum er til að dreifa, en ella börn hins látna. Ef hinn látni lætur hvorki eftir sig maka né börn teljast foreldrar eða foreldri nánustu venslamenn. Séu foreldrar báðir látin teljast systkini til þessa hóps. Ef í hópi nánustu venslamanna eru fleiri en einn, t.d. börn, systkini eða foreldrar verða allir að samþykkja krufninguna. Reynist ekki unnt að ná til venslamanna eða reynist þeir engir skal aflað samþykkis þeirra sem annast útför hins látna.

Um krufningar í læknisfræðilegum tilgangi er einnig fjallað í II. kafla laga um brottnám líffæra og krufningar, nr. 16/1991.

Um 6. og 7. gr.

Með réttarkrufningu í frumvarpinu er átt við gjörkrufningu sem gerð er að beiðni lögregluyfirvalda, að fengnu samþykki nánasta venslamanns eða samkvæmt dómsúrskurði. Tilgangur réttarkrufningar er að skýra dauðsfallið. Öll helstu líffæri eru skoðuð og er m.a. höfuð opnað. Tekin eru sýni sem þykja nauðsynleg til skýringa á dauðsfallinu, þar með taldir vessar eða vefir til efnarannsókna, vefjasýni til smásjárrannsókna, sýni til ræktana á sýklum o.fl., allt eftir atvikum hverju sinni. Að lokinni réttarkrufningu er skýrsla skráð þar sem fram kemur efnisleg úttekt á krufningunni með skipulegri lýsingu á niðurstöðum hennar ásamt álitsgerð þar sem niðurstaða krufningar er felld inn í það sem þekkt er um aðdraganda dauðsfallsins.

Samkvæmt 6. gr. skal gera réttarkrufningu á líki þegar dauðsfall verður rakið til refsiverðrar háttsemi eða ef ekki reynist unnt að útiloka slíkt með fullnægjandi hætti, eða þegar slík krufning er talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að síðar vakni grunsemdir um að dauðsfall megi rekja til refsiverðs verknaðar. Réttarkrufningu skal einnig framkvæma ef dánarorsök verður ekki með viðunandi hætti ákvörðuð með réttarlæknisfræðilegri líkskoðun. Lögregla getur í öðrum tilvikum talið réttarkrufningu nauðsynlega.

Í 7. gr. er fjallað um það verklag sem þarf að vera undanfari réttarkrufningar. Leita skal samþykkis nánasta venslamanns fyrir slíkri krufningu. Lögregla hefur þetta verkefni með höndum og skal útskýra fyrir hlutaðeigandi af hverju réttarkrufning er nauðsynleg. Ef nánasti venslamaður, sbr. og 5. gr. og umfjöllun um hana, samþykkir ekki réttarkrufningu óskar lögreglan eftir dómsúrskurði fyrir krufningunni.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um hvaða læknir skuli rita dánarvottorð.

Meginreglan kemur fram í 1. mgr. en hún er sú að það sé gert annaðhvort af lækni sem skoðar lík eða þeim sem ber ábyrgð á að lík sé skoðað. Undantekning er í 3. mgr. en þar er fjallað um ritun dánarvottorð í kjölfar réttarlæknisfræðilegrar líkskoðunar. Í þeim tilvikum er það læknirinn sem framkvæmir réttarkrufningu sem ritar vottorðið.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um að dánarvottorð megi ekki rita fyrr en lögreglu hefur gefist tóm til að ákveða hvort gera þurfi réttarlæknisfræðilega líkskoðun eða réttarkrufningu.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er fjallað um umönnun líks. Samkvæmt ákvæðinu skal geyma lík á stað við hæfi. Ekki má flytja lík í líkhús fyrr en læknir hefur staðfest dauðaskilmerki og óheimilt er að leggja lík í kistu fyrr en það hefur verið skoðað og dánarvottorð ritað.

Um 10. gr.

Ein meginbreytingin á gildandi framkvæmd felst í þessu ákvæði. Samkvæmt frumvarpinu skulu sýslumenn taka við dánarvottorðum og bera ábyrgð á skilum þeirra til Hagstofu Íslands. Fram til þessa hafa prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga annast þessi skil. Með breytingunni er fækkað þeim aðilum sem standa Hagstofunni skil á dánarvottorðum og reynt að tryggja að vottorðin berist fyrr til skráningar en nú er. Við núverandi aðstæður sjá vel á annað hundrað prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga um að skila Hagstofunni dánarvottorðum mánaðarlega en verði frumvarpið að lögum mun þessum aðilum fækka í tæplega þrjátíu sýslumenn sem stæðu skil á vottorðunum jafnóðum. Hagstofan hóf fyrir rúmum áratug að vinna breytingar í þjóðskrá í sívinnslu. Fluttust þá mánaðarleg skil presta á fæðingarskýrslum til fæðingarstofnanna sem senda nú Hagstofunni skýrslurnar jafnóðum. Þessi verklagsbreyting var til mikilla bóta fyrir foreldra nýfæddra barna, t.d. hvað varðar réttindi á sviði skatta-, heilbrigðis- og tryggingamála, og hefur komið á betri skilvirkni hjá þeim sem um þessi mál fjalla. Hliðstæð breyting var ekki gerð á þessum tíma varðandi skil á dánarvottorðum og hefur það æ oftar í för með sér ýmsa vankanta við skráningu látinna. Þess eru mörg dæmi að látnir einstaklingar eru skráðir lifandi í þjóðskrá vikum saman eftir andlátið með ýmsum óþægindum fyrir aðstandendur og töf á réttindanautn. Með breyttum skilum á dánarvottorðum munu látnir hverfa af þjóðskrá fljótlega eftir að aðstandendur skila dánarvottorðum til sýslumanna.

Þegar læknir hefur ritað dánarvottorð afhendir hann það venslamanni. Ef venslamanni er ekki til að dreifa skal vottorðið afhent þeim sem annast útför hins látna.

Meginreglan verður sú að venslamaður afhendir dánarvottorðið sýslumanni í því umdæmi þar sem hinn látni átti lögheimili. Einnig verður unnt að afhenda vottorðið sýslumanni í því umdæmi þar sem ætla má að dánarbúinu verði skipt samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Þess eru dæmi að hingað komi lík til greftrunar án þess að hinn látni eigi hér lögheimili eða að dánarbúi hans verði skipt hér á landi. Í þeim tilvikum skal dánarvottorðið afhent sýslumanni í því umdæmi þar sem útför verður gerð.

Óheimilt verður að gera útför manns fyrr en prestur eða annar sá sem útförina annast hefur fengið staðfestingu sýslumanns á því að andlátið hafi verið tilkynnt.

Sýslumenn skulu senda dánarvottorðin jafnóðum til Hagstofu Íslands sem semur upp úr þeim skýrslu um dánarorsakir hér á landi.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um það hvaða aðilar tilkynni Hagstofu Íslands um andvana fædd börn og með hvaða hætti, sbr. og 14. gr. frumvarpsins. Sambærilegt ákvæði var í 2. mgr. 10. gr. laga um dánarvottorð, nr. 64/1962.

Um 12. gr.

Í greininni eru ákvæði um hvernig standa skuli að flutningi líka úr landi. Efnislega er ákvæðið samhljóða 6. mgr. 5. gr. laga um dánarvottorð, nr. 64/1962.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um refsingar vegna brota gegn lögunum. Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. laga um dánarvottorð, nr. 64/1962, eins og því var breytt með 30. gr. laga nr. 116/1990.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð á grundvelli laganna um ritun dánarvottorða. Skal leita tillagna landlæknis um efni slíkrar reglugerðar. Þá skal setja í reglugerð ákvæði um réttarlæknisfræðilegar líkskoðanir og þá m.a. um lágmarkskunnáttu lækna sem þær annast. Jafnframt skal setja reglugerð um það hverjir skuli tilkynna Hagstofu Íslands um andvana fædd börn og í hvaða formi slíkar tilkynningar skuli vera, sbr. og 11. gr. frumvarpsins.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt er að breyta nokkrum lagaákvæðum við gildistöku nýrra laga um dánarvottorð o.fl.

Breyta þarf 3. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993. Annars vegar þarf að breyta orðalagi 1. mgr. 3. gr. til samræmis við breytingar á hlutverki sýslumanna vegna dánarvottorðsins. Hins vegar er sett inn í 3. gr. nýtt ákvæði um að óheimilt skuli að setja lík andvana fædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki nema um það hafi áður verið tilkynnt samkvæmt ákvæðum laganna. Sambærilegt ákvæði var í lögum um dánarvottorð en eðlilegra þykir að það sé í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Nauðsynlegt er að færa orðalag 2. mgr. 70. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, til samræmis við ákvæði frumvarpsins um réttarlæknisfræðilega líkskoðun og réttarkrufningu.

Loks þarf að breyta lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, vegna þeirra breytinga að sýslumenn skuli framvegis senda Hagstofu Íslands dánarvottorð. Prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga skulu eftir sem áður standa Hagstofunni skil á svokölluðum dánarskýrslum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dánarvottorð o.fl.

Með frumvarpinu eru ákvæði um útgáfu dánarvottorða endurskoðuð og framkvæmdin gerð skilvirkari en nú er. Ef frumvarpið verður að lögum mun það aðeins hafa minni háttar kostnaðarauka í för með sér vegna prentunar á nýjum eyðublöðum fyrir dánarvottorð og rúmast sá kostnaður innan fjárveitinga þess embættis er hefur með málið að gera.

796. Svar [401. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útboðsskilmála í vegagerð.

1. *Hvaða reglur hafa gilt um fjárhag, veltu og skil á opinberum gjöldum hjá fyrirtækjum sem valin hafa verið til verktöku í vegagerð á sl. fimm árum í ljósi almennra útboðs- og samningsskilmála ÍST 30: 1997 um verkframkvæmdir með sérskilmálum sem gilda m.a. fyrir útboð á vegaframkvæmdum (kafli 7.5(b) og 7.5.1)? Er gerð krafa um ákveðið eiginfjár- eða lausafjárhlutfall? Ef svo er, hvaða viðmiðanir eru notaðar? Er gert að skilyrði við tilboðsgerð að verktaki sé ekki í vanskilum með opinber gjöld?*

Samkvæmt grein 7.5.2 í ÍST 30 með sérskilmálum Vegagerðarinnar frá 1. júní 1990 var Vegagerðinni heimilt að óska eftir staðfestum upplýsingum um fjárhag og veltu þeirra fyrirtækja, sem til greina kom að semja við, þar með taldar upplýsingar um greiðslu opinberra gjalda ásamt yfirlýsingu viðskiptabanka bjóðanda um viðskipti hans. Jafnframt var yfirleitt nánar tiltekið í útboðslýsingum hvaða gagna yrði krafist af þeim bjóðendum sem til greina kæmu.

Á árinu 1993 var ákveðið að krefjast þess að verktaki skyldi leggja fram, áður en gengið yrði til samninga um útboðsverk, skriflega yfirlýsingu frá innheimtuaðilum ríkis- og sveitarfélaga þess efnis að hann væri ekki í vanskilum með opinber gjöld.

ÍST 30 með sérskilmálum Vegagerðarinnar voru endurskoðaðir og endurútgefnir 1. júlí 1997 í samvinnu við Flugmálastjórn og Siglingastofnun. Var þá hert á ákvæðum um upplýsingaskyldu bjóðenda og er nú tiltekið í grein 7.5(b) eftir hverju verður gengið hjá þeim bjóðendum sem til greina kemur að ganga til samninga við, en það eru í fyrsta lagi ársreikningar síðastliðinna tveggja ára, í öðru lagi yfirlýsing viðskiptabanka bjóðanda um viðskipti hans og í þriðja lagi skrifleg yfirlýsing frá innheimtuaðilum ríkis og viðkomandi sveitarfélags þess efnis að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Þá segir í grein 7.5.1 að við val á verktaka muni verkkaupi taka mið af fyrri verkum verktaka og fjárhagsstöðu. Skilyrði er að hann sé ekki í vanskilum með nein opinber gjöld og æskilegt að hann hafi unnið sambærileg verk fyrir verkkaupa eða aðra aðila.

Hagdeild vegagerðarinnar fær framangreind gögn frá bjóðendum til umfjöllunar og leggur mat á fjárhagsstöðu þeirra. Er þá m.a. litið til veltu, lausafjárstöðu og eiginfjárstöðu. Ekki er gerð krafa um ákveðið eiginfjár- og lausafjárhlutfall en þau atriði skoðuð með hliðsjón af öðrum atriðum, svo sem stærð verks og reynslu og tæknilegri getu verktaka. Áður en gengið

er til samninga er gert að skilyrði, sbr. framanritað, að verktaki sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Athygli er vakin á því að skilyrt er að hann sé ekki í vanskilum en hins vegar getur verið um skuld að ræða við opinbera aðila.

2. *Er hægt með breyttum samningsskilmálum að skilyrða greiðslur til verktaka því að þeir standi í skilum við undirverktaka sína eða herða kröfur um viðunandi fjárhagsstöðu verktakafyrirtækja sem gengið er til samninga við um vegaframkvæmdir?*

Undanfarin ár hafa farið fram umræður um hvernig tryggja megi hag undirverktaka gagnvart aðalverktökum, enda mörg dæmi um að undirverktakar hafi borið skarðan hlut frá borði í slíkum viðskiptum. Niðurstaða þessarar umræðu hefur orðið sú í aðalatriðum að þessir aðilar verði að bera ábyrgð á samningum sínum innbyrðis og að ekki sé eðlilegt að verkkaupi setji þar fram leikreglur eða skilyrði. Þó er reynt í ÍST 30 með sérskilmálum Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar að veita leiðbeinandi aðhald varðandi þessi samskipti en þar segir í grein 12.1.3: „Óski undirverktaki greiðsluábyrgðar er aðalverktaka skylt að veita slíka ábyrgð, enda leggi þá undirverktaki fram tryggingu fyrir því að hann muni ljúka verki. Óski aðalverktaki eftir slíkri tryggingu skal undirverktaki leggja hana fram, enda útvegi aðalverktaki þá greiðsluábyrgð."

Vissulega er unnt að herða kröfur um fjárhagsstöðu verktakafyrirtækja sem gengið er til samninga við um vegaframkvæmdir, en hafa ber í huga að auknar kröfur til bjóðenda leiða til hærri tilboða og skerða samkeppni. Vegagerðin gerir kröfu til þess að verktaki sem samið er við leggi fram verktryggingu sem nemi 15% af samningsfjárhæð. Tryggingar þessar eru oftast bankatryggingar eða tryggingar útgefnar af tryggingafélögum. Því fær Vegagerðin yfirleitt tjón sitt bætt ef um vanefndir vektaka eða gjaldþrot er að ræða, þ.e. þá er gengið að þessum ábyrgðaraðilum. Þykir því nær þeim standa að leggja mat á þau fyrirtæki sem til þeirra leita með ábyrgðarumsóknir, en því miður virðist vera misbrestur á að þar fari fram raunhæft mat á fjárhagslegri stöðu verktakafyrirtækja, áður en ábyrgðir eru veittar.

797. Svar [364. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um greiðslu bóta til leigubílstjóra.

1. *Hversu margir leigubílstjórar fengu greiddar bætur frá ríkinu þegar þeir misstu atvinnuleyfið við gildistöku laga nr. 77/1989, um leigubifreiðar?*

Enginn leigubílstjóri hefur fengið greiddar bætur frá ríkinu við missi atvinnuleyfis vegna gildistöku laga nr. 77/1989, um leigubifreiðar.

Með lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem tóku gildi 1. júlí 1989, var í fyrsta sinn kveðið á um í lögum að atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs félli niður við ákveðinn hámarksaldur leyfishafa, en umræða hafði þá átt sér stað um það hvort og við hvaða aldursmark atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs ætti að falla niður. Það fyrirkomulag sem nú ríkir og byggist á útgáfu atvinnuleyfa hefur staðið frá árinu 1955 og er fjöldi atvinnuleyfa á höfuðborgarsvæðinu takmarkaður. Gert er ráð fyrir að hver einstaklingur hafi eitt atvinnuleyfi og aki sjálfur eigin leigubifreið. Segja má að hver og einn leyfishafi hafi einhvers konar einkaleyfi til að bjóða upp á þessa þjónustu. Samhliða þessu einkaleyfi, eða starfsvernd, hefur löggjafinn talið sér rétt og skylt að gæta einnig hagsmuna og réttar þeirra sem nota þjónustuna

þannig að hún verði eftir sem áður góð og örugg. Almenningur á þá kröfu að þeir sem slíkt einkaleyfi hafa séu góðir, hæfir og fullfrískir ökumenn og geti þjónað viðskiptavinunum, t.d. borið ferðatöskur og annan farangur. Í ljósi þessa og fjölda kvartana á sínum tíma gerði ráðuneytið það að tillögu sinni að kveða á um 75 ára aldurshámark leyfishafa til leigubifreiðaaksturs í frumvarpi til laga um leigubifreiðar, sem lagt var fram á Alþingi vorið 1989. Í meðferð frumvarpsins á Alþingi var hámarksaldurinn lækkaður í 71 ár.

Einn leigubifreiðastjóri, sem gert var að leggja inn atvinnuleyfi sitt í samræmi við ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, höfðaði mál á hendur samgönguráðherra og byggði á því að með því að svipta sig atvinnuleyfinu vegna aldurs á grundvelli laga og reglugerða um leigubifreiðar væri brotinn á honum réttur, sem honum bæri samkvæmt stjórnskipulegri jafnræðisreglu. Hann taldi sig beittan ójafnræði eða misrétti sem fælist annars vegar í því að bifreiðastjórar sendi-, vöru- og langferðabifreiða væru ekki háðir sams konar ákvæðum um aldurshámark og hins vegar ekki heldur þeir bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur á fólksbifreiðum á þeim svæðum þar sem fjöldi leigubifreiða til fólksflutninga hefur ekki verið takmarkaður. Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm sinn í málinu 3. júní 1993. Í forsendum dómsins er staðfest það mat héraðsdómara að til grundvallar ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989, um aldursmark bifreiðastjóra leigubifreiða til fólksflutninga, liggi almenn og hlutlæg sjónarmið og gætt hafi verið jafnræðis við setningu laganna þar sem þau ná til allra sem eins eru settir. Brytu lögin því ekki jafnræðisreglu íslensks stjórnskipunarréttar.

Áður en lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, tóku gildi var kveðið á um brottfall atvinnuleyfis vegna aldurs í 16. gr. reglugerðar nr. 293/1985, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík, en skv. 19. gr. hennar var gildistöku ákvæðisins um aldurshámark frestað um þrjú ár frá gildistöku reglugerðarinnar og kom það fyrst til framkvæmda 1. júlí 1988. Þá áttu leyfishafar sem orðnir voru 75 ára að leggja inn atvinnuleyfi sín. Þrír leigubifreiðastjórar, sem gert var að leggja inn atvinnuleyfi sín í samræmi við þessa reglu, töldu ákvæðið ekki hafa lagaáðstoð og báru fram kvörtun við umboðsmann Alþingis. Hann komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að fyrrnefnt ákvæði reglugerðar um hámarksaldur hafi ekki átt sér viðhlítandi lagastoð, þannig að því yrði beitt gagnvart leyfishöfum sem höfðu leyfi við gildistöku ákvæðisins. Jafnframt mæltist hann til þess að lög um leigubifreiðaakstur yrðu tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild. Í framhaldi af niðurstöðu umboðsmanns Alþingis var hafist handa við heildarendurskoðun laga um leigubifreiðar. Frumvarp þess efnis var lagt fram í ársbyrjun 1989 og varð að lögum 1. júní sama ár, sem tóku gildi 1. júlí.

Einn þeirra sem bar fram kvörtun við umboðsmann Alþingis höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur umsjónarnefnd leigubifreiða, samgönguráðherra og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til heimtu skaða- og miskabóta vegna innköllunar atvinnuleyfis sem leigubifreiðastjóri vegna aldurs frá 1. júlí 1988 til 1. júlí 1989 áður en lög nr. 77/1989, tóku gildi. Í dómnum voru stefnanda dæmdar bætur að fjárhæð 30 þús. kr. þar sem fallist var á sjónarmið hans að skv. 69. gr. stjórnarskrárinnar yrði að koma fram heimild í lögum til að binda gildi atvinnuleyfa við aldurshámark eða ótvíræð heimild til þess að kveða á um það í reglugerð að slíkum takmörkunum megi beita og hafi slíku ekki verið til að dreifa samkvæmt lögum nr. 36/1970, um leigubifreiðar. Málinu var ekki áfrýjað af hálfu ríkissjóðs.

2. *Á hvaða forsendum voru bótagreiðslur ákveðnar?*

Eins og áður er komið fram voru engar bætur greiddar leigubílstjórum sem misstu atvinnuleyfi sitt vegna gildistöku laga nr. 77/1989, um leigubifreiðar. Hins vegar ákvað ráðuneytið með hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis, dóms bæjarþings Reykjavíkur og að höfðu samráði við embætti ríkislögmanns að greiða skaðabætur til þeirra sem misstu atvinnuleyfi sín á

tímabilinu frá 1. júlí 1988 til 1. júlí 1989 samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 293/1985, um brottfall atvinnuleyfis vegna aldurs, og byggðust þær á forsendum dómsins um bótaskylt tjón. Bótafjárhæðir til einstakra leigubílstjóra voru ákveðnar með sérstöku samkomulagi milli lögmanns þeirra og embættis ríkislögmanns.

3. *Hverjir fengu bætur og um hvaða upphæðir var að ræða í hverju tilviki?*
Alls átta leigubílstjórar fengu greiddar skaðabætur frá ríkinu við brottfall atvinnuleyfis samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 293/1985, um aldursmark. Höfuðstóll bótafjárhæðanna var 30.000–180.922 kr., samtals að upphæð 795.446 kr.

4. *Hvaða heimildir voru til greiðslu þessara bóta?*
Sjá svar við 2. lið.

798. Tillaga til þingsályktunar [465. mál]

um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita neðan við 100 m dýpi. Nefndin skilgreini þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.

Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð í landinu.

Greinargerð.

Tillaga sú sem hér er flutt er í samræmi við niðurstöðu miðstjórnar Alþýðubandalagsins sem á fundi sínum 6. febrúar sl. gerði sérstaka ályktun um skipan nefndar til að fjalla um auðlindir í sameign þjóðarinnar og auðlindagjald.

Í tillögunni eru eftirfarandi efnisatriði:

1. Nefndin fjalli um allar auðlindir sem eru í þjóðareign.
2. Nefndin skilgreini þessar auðlindir og geri tillögur um hvernig með þær skuli farið.
3. Nefndin kanni hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru.
4. Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér til þeirra er hagsmuna hafa að gæta. Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálf-

bærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð um landið.

Í rúma tvo áratugi hafa þingmenn Alþýðubandalagsins flutt stjórnarskrárfrumvörp á Alþingi um auðlindir í sameign þjóðarinnar. Fyrir þinginu liggja nú frumvörp um sama efni, þ.e. frumvarp um breytingar á stjórnarskránni og frumvörp um eignarrétt fallvatna og jarðhita, auk þingsályktunartillögu um miðhálendið, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er lagt til að skipuð verði nefnd til að kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot auðlindanna, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru og í því skyni að standa straum af hluta kostnaðarins sem þjóðin ber beint eða óbeint af varðveislu sameiginlegra auðlinda. Þá kanni nefndin möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta og stuðli að réttlátri skiptingu afrakstursins.

Ljóst er að ef takast á að vernda auðlindir sem eru sameign þjóðarinnar og tryggja sjálfbæra nýtingu endurnýjanlegra auðlinda verður að leggja áherslu á rannsóknir á þessum auðlindum sem geri okkur kleift að meta á áreiðanlegan hátt ástand þeirra, verndargildi og nýtingarþol.

Jafnframt þarf að leggja áherslu á skipulega vöktun auðlindanna til að koma í veg fyrir að þeim sé spillt. Kostnaði við hana ætti að dreifa á sanngjarnan hátt þannig að þeir borgi hlutfallslega meira sem nýta auðlindirnar.

Í flestum öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sem eru með svipaða löggjöf og Ísland, er mestallt land skipulagt og góð grunngögn um náttúrufar aðgengileg. Búið er að skrásetja jarðmyndanir, plöntur og dýr og mikilvægustu búsvæði þeirra og skrá sérstaklega hvaða dýr og plöntur þarf að vernda og hvaða búsvæði og vistkerfi þarf að friða. Sama gildir um jarðmyndanir, landslag og þjóðminjar. Aðstaða til að meta áhrif framkvæmda á umhverfið er því önnur í þessum löndum en á Íslandi. Íslendingar eru skemmra á veg komnir en hinar Evrópuþjóðirnar þar sem ekki hefur verið lokið við að skrá og greina náttúru landsins skipulega, hvorki á láði né legi, kanna ástand hennar eða meta þær ógnir sem að henni steðja. Mikið starf hefur vissulega verið unnið, þótt enn sé langt í land. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, gerð skipulagsáætlana, framkvæmd náttúruverndarmála, ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir, stóriðju eða vegagerð og önnur verksvið sem lúta að landnotkun líða fyrir þessa stöðu mála. Sama er t.d. að segja um möguleikana á að meta áhrif veiðarfæra á sjávarbotn og önnur áhrif af nýtingu nytjastofna á lífríki sjávar og á botn hans.

Kanna ætti hvort úr þessum vanda megi leysa að einhverju leyti með því að verja hluta af gjaldi sem lagt er á auðlindanotkun til rannsókna. Jafnframt hvort ekki sé eðlilegt að þeir sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar borgi hluta af kostnaði við slíkar rannsóknir þar sem þörf fyrir þær stafar ekki síst af athöfnum þeirra sjálfra.

Eðlilegt þykir nú að leggja á svokölluð umhverfisgjöld sem byggjast á því að sá sem mengar beri kostnað af athöfnum sínum. Jafneðlilegt ætti að vera að þeir sem afnot hafa af sameiginlegum auðlindum greiði hluta af kostnaðinum sem þjóðin ber vegna athafna þeirra. Slík gjaldtaka á sér nú þegar stað en nær aðeins til lítils hluta þeirra sameiginlegu gæða sem felast í íslenskri náttúru. Allir sem heimild hafa til að veiða villta fugla og villt spendýr landsins þurfa t.d. samkvæmt lögum nr. 64/1994 að greiða gjald sem varið er til rannsókna á veiðidýrum, eftirlits með veiðunum og stýringar á stofnum sem veiði er heimiluð á.

Kísiliðjan við Mývatn greiðir nú gjald sem miðast við hráefnisnotkun fyrirtækisins og er að hluta varið til rannsókna og vöktunar á auðlindinni sem verksmiðjan nýtir. Sjávarútvegsfyrirtæki greiða gjöld sem varið er að einhverju leyti til eftirlits með veiðum og til rannsókna

á nytjastofnum og veiðiþoli þeirra. Tilviljanir eða geðþóttaákvarðanir eiga ekki að ráða hverjir beri slík gjöld eða hvernig farið er með fjármagnið sem er innheimt.

Auðlindagjald þarf að vera samræmt og ná til allra sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar. Jafnframt þarf að skilgreina gjaldtökuna þannig að tilgangur hennar sé skýr og alveg ljóst hvernig verja beri því fjármagni sem er innheimt. Hér er lagt til að nefnd verði skipuð sem fái það hlutverk að skoða þessi mál og setja fram tillögu til úrbóta.

Samræmt gjald á auðlindir í þjóðareign yrði hluti af rekstrargjöldum þeirra sem nýta auðlindirnar. Hér er því ekki um skattlagningu að ræða. Sjávarútvegsfyrirtæki greiða til að mynda ýmis gjöld, t.d. í Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þau gjöld yrðu felld undir auðlindagjaldið yrði niðurstaðan sú að leggja slíkt samræmt gjald á nýtingu auðlinda í eigu þjóðarinnar.

Hér er m.a. lagt til að nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér til þeirra sem hafa hagsmuna að gæta. Um gæti verið að ræða byggðarlög sem orðið hafa fyrir beinum skakkaföllum vegna ákvarðana sem teknar hafa verið um nýtingu sameiginlegrar auðlindar, hvort sem um er að ræða fisk í sjó, orku í rennandi vatni eða í jörðu eða jarðefnanámu. Einnig mætti líta til réttlætismála eins og að jafna orkuverð. Er ekki eðlilegt að fyrirtæki sem fær að vissu leyti einkarétt á að framleiða orku úr sameiginlegri auðlind standi að hluta straum af kostnaði við dreifikerfi fyrir raforku um landið allt og stuðli þannig að jöfnun orkuverðs? Nefndin ætti jafnframt að kanna sérstaklega hvort nota megi auðlindagjald að hluta til þess að tryggja þeim sem beinna eða óbeinna hagsmuna eiga að gæta eðlilegan lágmarksafrakstur af sameiginlegum auðlindum. Sérstaklega þarf nefndin að kanna meðferð takmarkaðra auðlinda sem gengið er á með nýtingu. Til dæmis þyrfti að skoða hvort þeir sem fá heimild til að nýta efnisnámu í eigu ríkisins ættu ekki að greiða tiltekna upphæð fyrir hvert tonn af efni sem tekið er úr námunni, fyrir utan hið eiginlega umhverfisgjald. Slíkt gjald tryggði þjóðinni fastan afrakstur af námunni án tillits til þess hvernig viðkomandi fyrirtæki er rekið, enda væri sannanlega verið að ganga á hana og draga úr verðmæti hennar í framtíðinni.

799. Frumvarp til laga [466. mál]

um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi, en með honum er átt við ákvæði eftirfarandi samninga:

1. Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11 frá 11. maí 1994 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins, ásamt viðauka.
2. Samningsviðauka frá 20. mars 1952 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (samningsviðauka nr. 1), með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11.

3. Samningsviðauka nr. 4 frá 16. september 1963 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og fyrsta viðauka við hann, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11.
4. Samningsviðauka nr. 6 frá 28. apríl 1983 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi afnám dauðarefsingar, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11.
5. Samningsviðauka nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11.

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðaukar nr. 1, 4, 6 og 7, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11, eru birtir sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Fylgiskjal með lögunum, sbr. 2. efnismgr. 1. gr. laga þessara, orðast eins og greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1998.

Fylgiskjal.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

hafa í huga, að markmið Evrópuráðs er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og efld;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinni almennu mannréttindayfirlýsingu, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórnmálahefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis;

hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

[*Skylda til að virða mannréttindi.*][1)]

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

I. KAFLI
[**Réttindi og frelsi.**][1)]

2. gr.
[*Réttur til lífs.*][1)]

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:

a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;
b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flótta manns sem er í lögmætri gæslu;
c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.
[*Bann við pyndingum.*][1)]

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.
[*Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.*][1)]

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.

2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.

3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:

a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;
b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;
c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;
d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.
[*Réttur til frelsis og mannhelgi.*][1)]

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:

a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;
b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;
c. lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;
d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;

e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;
f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.

2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.

3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. tölul. þessarar greinar, skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.

4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmæt reynist.

5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.][1]

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.
d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.
e. Hann fái ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

7. gr.

[*Engin refsing án laga.*][1)]

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleysi, refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin voru.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

8. gr.

[*Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.*][1)]

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

9. gr.

[*Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi.*][1)]

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

10. gr.

[*Tjáningarfrelsi.*][1)]

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

11. gr.

[*Funda- og félagafrelsi.*][1)]

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.

2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

12. gr.

[*Réttur til að stofna til hjúskapar.*][1)]

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

13. gr.

[*Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.*][1)]

Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

14. gr.

[*Bann við mismunun.*][1)]

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

15. gr.

[*Skerðing réttinda á hættutímum.*][1)]

1. Á tímum styrjaldar eða annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar, getur samningsaðili tekið til ráðstafana sem víkja frá skyldum hans samkvæmt samningi þessum að því marki sem ýtrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum, enda séu slíkar ráðstafanir eigi í ósamræmi við aðrar skyldur hans að þjóðarétti.

2. Ákvæði þetta skal þó í engu rýra gildi 2. gr., nema þegar mannslát verða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur gildi 3. gr., 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr.

3. Hver sá samningsaðili, sem neytir þessa réttar til undansláttar, skal láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs í té fulla vitneskju um þær ráðstafanir sem tekið hefur verið til svo og ástæður þeirra. Einnig skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs um það þegar beitingu slíkra ráðstafana linnir og ákvæðum samningsins er á ný framfylgt að fullu.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

16. gr.

[Skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.][1)]

Ekkert ákvæði í 10., 11. og 14. gr. skal talið geta hindrað samningsaðila í að setja skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

17. gr.

[Bann við misnotkun réttinda.][1)]

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

18. gr.

[Takmörkun á skerðingu réttinda.][1)]

Takmarkanir þær á téðum réttindum og frelsi sem heimilaðar eru í samningi þessum skulu eigi við hafðar í nokkru öðru skyni en fyrir er um mælt.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[II. KAFLI

Mannréttindadómstóll Evrópu.

19. gr.

Stofnun dómstólsins.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa og samningsviðauka við hann hafa tekist á hendur skal setja á stofn mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn. Hann skal starfa samfellt.

20. gr.

Fjöldi dómara.

Dómstóllinn skal skipaður jafnmörgum dómurum og samningsaðilarnir eru.

21. gr.

Hæfisskilyrði.

1. Dómararnir skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.

2. Dómararnir skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.

3. Meðan kjörtímabil þeirra varir skulu dómararnir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómarastarfs. Dómstóllinn skal skera úr um öll vafaatriði varðandi framkvæmd þessarar málsgreinar.

22. gr.

Kosning dómara.

1. Dómararnir skulu kjörnir af þinginu, af hálfu sérhvers samningsaðila, með meiri hluta greiddra atkvæða af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir.

2. Sami háttur skal hafður á til að fylla tölu dómara við tilkomu nýs samningsaðila eða þegar sæti losnar í dómstólnum.

23. gr.
Kjörtímabil.

1. Dómararnir skulu kosnir til sex ára í senn. Þá má endurkjósa. Kjörtímabili helmings þeirra dómara, sem kosnir eru í fyrstu kosningu, skal þó lokið að þremur árum liðnum.

2. Þeir dómarar, sem ganga eiga úr að fyrstu þremur árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins þegar að kosningu þeirra lokinni.

3. Til að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming dómara þriðja hvert ár er þinginu heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi lengur en til níu ára né skemur en til þriggja.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins dómara er að ræða og þingið beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins annast þegar að kosningu lokinni.

5. Dómari, sem kjörinn hefur verið í stað annars er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í dómstólnum út það kjörtímabil.

6. Kjörtímabil dómara rennur út þegar þeir verða 70 ára.

7. Dómarar skulu halda sæti sínu þar til aðrir koma í þeirra stað. Þeir skulu samt halda áfram að starfa að þeim málum sem þeir voru teknir við.

24. gr.
Brottvikning.

Því aðeins verður dómara vikið úr starfi að hinir dómararnir ákveði með tveggja þriðju meiri hluta að hann fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er.

25. gr.
Skrifstofa og löglærðir aðstoðarmenn.

Dómstóllinn skal hafa skrifstofu og skal hlutverk hennar og skipulag ákveðið í starfsreglum dómstólsins. Dómstólnum til aðstoðar skulu vera löglærðir aðstoðarmenn.

26. gr.
Fullskipaður dómstóll.

Fullskipaður dómstóll skal:

1. kjósa forseta sinn og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára; þá má endurkjósa;
2. skipa deildir til ákveðins tíma;
3. kjósa forseta deilda dómstólsins; þá má endurkjósa;
4. samþykkja starfsreglur dómstólsins; og
5. kjósa ritara og einn eða fleiri aðstoðarritara.

27. gr.
Nefndir, deildir og yfirdeild.

1. Til að fara með mál sem lögð eru fyrir dómstólinn skal hann starfa í nefndum sem þrír dómarar skipa, í deildum sem sjö dómarar skipa og yfirdeild sem sautján dómarar skipa. Deildir dómstólsins skipa nefndir til ákveðins tíma.

2. Sjálfskipaður í deildina og yfirdeildina er dómari sá sem kjörinn er af hálfu þess ríkis sem er málsaðili. Fyrirfinnist enginn slíkur eða geti hann ekki tekið þátt í meðferð málsins tilnefnir aðildarríkið dómara.

3. Yfirdeildina skulu einnig skipa forseti og varaforsetar dómstólsins, forsetar deilda og aðrir dómarar sem valdir eru samkvæmt starfsreglum dómstólsins. Þegar máli er vísað til yfirdeildarinnar í samræmi við ákvæði 43. gr. skal enginn þeirra dómara sem sæti áttu í þeirri deild sem kvað upp dóm í málinu eiga sæti í yfirdeildinni, að undanskildum þó forseta deildarinnar og dómara þeim sem sæti átti af hálfu þess ríkis sem er málsaðili.

28. gr.

Yfirlýsingar nefnda um að kæra sé ótæk.

Með samhljóða atkvæðum er nefnd heimilt að að lýsa ótæka eða fella af málaskrá sinni kæru einstaklings sem borin er fram skv. 34. gr. þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari könnunar. Ákvörðunin skal vera endanleg.

29. gr.

Ákvarðanir deilda um að kæra sé tæk og um efnishlið hennar.

1. Sé ekki tekin ákvörðun í samræmi við 28. gr. skal deild kveða á um hvort kæra sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr. sé tæk og um efnishlið hennar.

2. Deild skal kveða á um hvort milliríkjakærur skv. 33. gr. séu tækar og um efnishlið þeirra.

3. Ákvörðun um hvort kæra sé tæk skal tekin sérstaklega nema dómstóllinn, í undantekningartilvikum, ákveði að annar háttur skuli hafður á.

30. gr.

Eftirgjöf lögsögu til yfirdeildarinnar.

Ef mál sem deild hefur til meðferðar gefur tilefni til alvarlegs vafa um túlkun á samningnum eða samningsviðaukum við hann eða þegar ályktun um vafamál fyrir deildinni gæti leitt til niðurstöðu sem væri í ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins, þá er deildinni heimilt hvenær sem er fyrir dómsuppkvaðningu að eftirláta yfirdeildinni lögsögu í málinu, nema því aðeins að málsaðili mótmæli.

31. gr.

Hlutverk yfirdeildarinnar.

Yfirdeildin skal:

1. úrskurða um kærur sem bornar eru fram skv. 33. gr. eða 34. gr. þegar deild hefur eftirlátið lögsögu skv. 30. gr. eða þegar máli hefur verið vísað til hennar skv. 43. gr.; og
2. fjalla um beiðnir um ráðgefandi álit sem bornar eru fram skv. 47. gr.

32. gr.

Lögsaga dómstólsins.

1. Lögsaga dómstólsins skal ná til allra málefna varðandi túlkun og framkvæmd samningsins og samningsviðauka við hann, sem vísað er til hans í samræmi við 33., 34. og 47. gr.

2. Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

33. gr.

Milliríkjamál.

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að vísa til dómstólsins meintu broti annars samningsaðila á ákvæðum samningsins og samningsviðauka við hann.

34. gr.

Kærur einstaklinga.

Dómstólnum er heimilt að taka við kærum frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í samningnum og samningsviðaukum við hann. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

35. gr.

Skilyrði þess að mál sé tækt.

1. Dómstóllinn getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan 6 mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.

2. Dómstóllinn skal eigi taka til meðferðar kæru einstaklings sem lögð er fyrir hann skv. 34. gr. ef hún er:

a. frá ónafngreindum aðila, eða
b. efnislega sú sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af dómstólnum eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.

3. Dómstóllinn skal lýsa ótæka hverja þá kæru einstaklings sem borin er fram skv. 34. gr. sem hann telur ósamrýmanlega ákvæðum samningsins, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kæruréttinum.

4. Dómstóllinn skal vísa frá hverri þeirri kæru sem hann telur ótæka samkvæmt þessari grein. Honum er heimilt að gera það á hvaða stigi málflutningsins sem er.

36. gr.

Málsaðild þriðja aðila.

1. Nú er ríkisborgari samningsaðila kærandi og hefur samningsaðili þá rétt til að bera fram skriflegar athugasemdir og taka þátt í munnlegum málflutningi í öllum málum fyrir deild og yfirdeildinni.

2. Í því skyni að tryggja rétta dómsniðurstöðu er forseta dómstólsins heimilt að bjóða sérhverjum samningsaðila sem ekki er aðili að málaferlunum eða manni sem málið varðar og ekki er kærandi að leggja fram skriflegar athugasemdir eða taka þátt í munnlegum málflutningi.

37. gr.

Kærur felldar niður.

1. Dómstóllinn getur ákveðið á hvaða stigi málsmeðferðar sem er að fella kæru af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

a. kærandi hyggist ekki fylgja kæru sinni eftir, eða
b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða
c. af einhverri annarri ástæðu sem dómstóllinn sannreynir, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um kæruna.

Dómstóllinn skal þó halda áfram rannsókn kærunnar ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau sem skýrgreind eru samningi þessum eða samningsviðaukum við hann séu virt.

2. Dómstóllinn getur ákveðið að taka kæru að nýju á málaskrá sína ef hann telur að aðstæður réttlæti það.

38. gr.

Rannsókn máls og sáttaumleitanir.

1. Ef dómstóllinn lýsir kæru tæka skal hann:

a. framkvæma athugun á málinu með fulltrúum málsaðila og ef þörf krefur framkvæma rannsókn sem þeim ríkjum sem hlut eiga að máli er þá skylt að greiða fyrir í hvívetna;

b. vera málsaðilum til reiðu við að ná sáttum í málinu enda sé við þær að fullu gætt þeirra mannréttinda sem skilgreind eru í samningnum og samningsviðaukum við hann.

2. Það sem fram fer skv. b-lið 1. mgr. skal vera trúnaðarmál.

39. gr.

Sáttagerð.

Ef sættir takast skal dómstólinn fella málið af málaskrá sinni með ákvörðun sem skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem náðist.

40. gr.

Opinber málsmeðferð og aðgangur að málsgögnum.

1. Málsmeðferð skal vera opinber nema dómstóllinn ákveði annað í sérstökum tilvikum.

2. Málskjöl sem lögð eru fram hjá ritara skulu vera aðgengileg almenningi nema forseti dómstólsins ákveði annað.

41. gr.

Sanngjarnar bætur.

Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.

42. gr.

Dómar uppkveðnir í deildum.

Dómar uppkveðnir í deildum skulu vera endanlegir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 44. gr.

43. gr.

Vísun máls til yfirdeildar.

1. Sérhverjum málsaðila er heimilt þegar um óvenjuleg mál er að ræða að óska eftir því innan þriggja mánaða frá dagsetningu dóms deildar að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar.

2. Nefnd fimm dómara yfirdeildarinnar skal verða við beiðninni ef málið vekur alvarlega spurningu varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum og samningsviðaukum við hann eða alvarlegt deiluefni sem er almennt mikilvægt.

3. Samþykki nefndin beiðnina skal yfirdeildin ljúka málinu með dómi.

44. gr.

Endanlegir dómar.

1. Dómur yfirdeildarinnar skal vera endanlegur.

2. Dómur deildar verður endanlegur:

a. þegar málsaðilar lýsa yfir að þeir muni ekki óska þess að málinu verði vísað til yfirdeildarinnar, eða

b. þremur mánuðum frá dagsetningu dómsins ef ekki hefur verið óskað eftir að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar, eða
c. þegar nefnd yfirdeildarinnar vísar frá beiðni um málskot skv. 43. gr.

3. Endanlegur dómur skal birtur.

45. gr.

Rökstuðningur dóma og ákvarðana.

1. Rökstyðja skal dóma og ákvarðanir sem lýsa kærur tækar eða ótækar.

2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

46. gr.

Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra.

1. Samningsaðilar heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.

2. Endanlegur dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með fullnustu hans.

47. gr.

Ráðgefandi álit.

1. Dómstólnum er heimilt ef ráðherranefndin æskir að láta uppi ráðgefandi álit um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningsviðauka við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann, né heldur um önnur atriði sem dómstóllinn eða ráðherranefndin kynni að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.

3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndarinnar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf meiri hluta atkvæða fulltrúa þeirra er rétt eiga til setu í nefndinni.

48. gr.

Ráðgefandi lögsaga dómstólsins.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit er ráðherranefndin ber fram sé innan verksviðs hans eins og það er skilgreint í 47. gr.

49. gr.

Rökstuðningur ráðgefandi álits.

1. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.

2. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara þá réttur til að setja fram sérálit.

3. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndarinnar.

50. gr.

Kostnaður við dómstólinn.

Evrópuráðið skal standa straum af kostnaði við dómstólinn.

51. gr.

Sérréttindi og friðhelgi dómara.

Dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.][1)]

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 1. gr.

[III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

52. gr.

Fyrirspurnir aðalframkvæmdastjóra.][1)]

Samningsaðilum er skylt, þegar aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs óskar þess, að gera grein fyrir því hvernig landslög þeirra tryggi raunhæfa framkvæmd ákvæða samnings þessa.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[53. gr.

Verndun núverandi mannréttinda.][1)]

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki eða rýri nokkur þau mannréttindi og mannfrelsi sem tryggð kunna að vera í löggjöf aðila samnings þessa eða með öðrum samningi sem hann er aðili að.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[54. gr.

Vald ráðherranefndarinnar.][1)]

Ekkert ákvæði samnings þessa skal rýra vald það sem ráðherranefndinni er fengið í stofnskrá Evrópuráðs.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[55. gr.

Útilokun annarra úrræða til að leysa úr ágreiningi.][1)]

Samningsaðilarnir eru ásáttir um að þeir muni ekki, nema um annað sé sérstaklega samið, notfæra sér samninga, sáttmála eða yfirlýsingar sem í gildi eru þeirra á milli til að leggja með málskoti ágreining um túlkun og framkvæmd samnings þessa til annars konar úrlausnar en hann mælir fyrir um.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[56. gr.

Svæðisbundið gildissvið.][1)]

1. Hvert ríki getur, þegar það fullgildir samning þennan eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs að samningur þessi skuli [þó með fyrirvara skv. 4. mgr. þessarar greinar][1)] gilda fyrir öll eða einhver af þeim landsvæðum sem það gegnir fyrir á alþjóðavettvangi.

2. Samningurinn skal gilda fyrir það eða þau landsvæði, sem greind eru í tilkynningu, að 30 dögum liðnum frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

3. Ákvæðum samnings þessa skal þó beitt á slíkum landsvæðum með fullri hliðsjón af því hversu háttar til á hverjum stað.

4. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. tölul. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að [dómstóllinn sé bær um að taka við kærum][1] frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga [skv. 34. gr. samnings þessa][1].

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[57. gr.
Fyrirvarar.][1]

1. Hverju ríki skal heimilt við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingarskjals síns að gera fyrirvara um tiltekin ákvæði samningsins að svo miklu leyti sem gildandi löggjöf á landsvæði þess er ekki í samræmi við það ákvæði. Fyrirvarar almenns eðlis skulu óheimilir samkvæmt þessari grein.

2. Sérhverjum fyrirvara samkvæmt þessari grein skal fylgja stutt greinargerð um þá löggjöf sem um er að ræða.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[58. gr.
Uppsögn.][1]

1. Samningsaðila skal einungis heimilt að segja upp samningi þessum að liðnum fimm árum frá því að hann gerðist aðili að honum og með sex mánaða uppsagnarfresti sem greindur sé í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal skýra öðrum samningsaðilum frá uppsögninni.

2. Slík uppsögn skal ekki leysa samningsaðila undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum hvað varðar verknað sem fara kann í bág við slíkar skuldbindingar og hann kann að hafa framið áður en uppsögnin tók gildi.

3. Hver sá samningsaðili, sem gengur úr Evrópuráðinu, skal slíta aðild sinni að samningi þessum með sömu skilmálum.

4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði töluliðanna hér að ofan hvað varðar hvert það landsvæði sem lýst hefur verið yfir að hann taki til skv. [56. gr.][1].

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

[59. gr.
Undirritun og fullgilding.][1]

1. Aðilum Evrópuráðs skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

2. Samningur þessi skal taka gildi þegar tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

3. Hvað varðar hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann eftir þetta, skal hann taka gildi daginn sem fullgildingarskjalið er afhent.

4. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðs um gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala sem síðar kunna að berast.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Gjört í Róm, hinn 4. nóvember 1950, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa bókun þessa, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknum réttindum og frelsi umfram það sem þegar er greint í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn").

Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

1. gr.

[*Friðhelgi eignarréttar.*][1)]

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

2. gr.

[*Réttur til menntunar.*][1)]

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[*Réttur til frjálsra kosninga.*][1)]

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggi það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[*Svæðisbundið gildissvið.*][1)]

Hver samningsaðili um sig má við undirskrift, við fullgildingu eða síðar afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um, að hve miklu leyti hann ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til landsvæða þeirra sem hann gegnir fyrir á alþjóðavettvangi og upp eru talin í yfirlýsingunni.

Hver samningsaðili, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu þar sem breytt er ákvæðum fyrri yfirlýsinga eða tilkynnt er að ákvæði samningsviðauka þessa gildi ekki um tiltekið landsvæði.

Yfirlýsingu, sem gefin er í samræmi við grein þessa, skal skoða svo sem hún sé gerð í samræmi við 1. mgr. [56. gr.][1)] samningsins.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[*Tengsl við samninginn.*][1)]

Samningsaðilum ber að líta á 1., 2., 3. og 4. gr. hér að ofan sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda samkvæmt því.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[*Undirritun og fullgilding.*][1)]

Samningsviðauka þennan er öllum aðildarríkjum Evrópuráðs, sem undirritað hafa samninginn, heimilt að undirrita. Skal fullgilda hann jafnframt samningnum eða síðar. Gengur hann í gildi þegar tíu fullgildingarskjöl hafa verið afhent. Að því er snertir undirskriftir, er síðar verða fullgiltar, skal samningsviðaukinn ganga í gildi frá þeim degi, er fullgildingarskjalið er afhent.

Afhenda skal fullgildingarskjölin aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og skal hann tilkynna öllum aðildarríkjum nöfn þeirra er fullgilt hafa.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Gjört í París hinn 20. mars 1952, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri skal senda staðfest endurrit hverju ríki sem undirritað hefur.

Samningsviðauki nr. 4 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum og samningsviðauka nr. 1 við hann.

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita og ákveðið hafa að gera ráðstafanir til þess að tryggja sameiginlega vernd tiltekinna réttinda og mannfrelsis umfram það er þegar greinir í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (og hér eftir nefnist „samningurinn"), og í 1., 2. og 3. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn er undirritaður var í París 20. mars 1952,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

[*Bann við skuldafangelsi.*][1)]

Engan mann má svipta frelsi af þeirri ástæðu einni að hann getur ekki staðið við gerða samninga.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

2. gr.

[*Ferðafrelsi.*][1)]

1. Öllum þeim sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaðar þar í landi.

2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.

3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, í þágu alls-

herjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

4. Réttindi þau, er greinir í 1. mgr., geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og séu réttlætanlegar vegna almennra hagsmuna í lýðræðislegu þjóðfélagi.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[Bann við brottvísun eigin borgara.][1]

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis sem hann er þegn í, hvort heldur sem einstaklingi eða samkvæmt ráðstöfun sem beinist gegn hópi manna.

2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis sem hann er þegn í.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[Bann við hópbrottvísun útlendinga.][1]

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[Svæðisbundið gildissvið.][1]

1. Heimilt er aðildarríkjum, um leið og þau undirrita samningsviðauka þennan, eða hvenær sem er síðar, að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um það að hve miklu leyti þau ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til þeirra landsvæða er þau fara með utanríkismál fyrir og nefnd eru í yfirlýsingunni.

2. Aðildarríki, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt næsta tölulið á undan, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu um breytingar á fyrri yfirlýsingu eða um uppsögn á gildi samningsviðauka þessa gagnvart einhverju landsvæði.

3. Yfirlýsing, sem fram er lögð samkvæmt þessari grein, telst vera gerð í samræmi við 1. mgr. [56. gr.][1] samningsins.

4. Landsvæði hvers ríkis, sem þessi samningsviðauki nær til samkvæmt fullgildingu eða samþykki ríkis, og hvert landsvæði, sem hann nær til samkvæmt yfirlýsingu ríkis í samræmi við grein þessa, ber að skoða sem aðgreind landsvæði að því er varðar ákvæðin í 2. og 3. gr. um landsvæði ríkis.

[5. Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1.–4. gr. þessa samningsviðauka, eina eða allar.][1]

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[Tengsl við samninginn.][1]

1. Aðildarríkja í milli skal líta á ákvæði 1.–5. gr. þessa samningsviðauka sem viðaukagreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda í samræmi við það.

2. [...][1]

[1] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

7. gr.

[*Undirritun og fullgilding.*][1)]

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar þeim aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Skal fullgilda hann um leið og samninginn eða síðar. Skal hann öðlast gildi þegar fimm fullgildingarskjöl hafa verið lögð fram. Nú fullgilda ríki hann síðar og gengur hann í gildi gagnvart þeim þann dag sem fullgilding er fram lögð.

2. Fullgildingarskjöl ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og tilkynnir hann öllum aðildarríkjum um hver þeirra fullgilt hafi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Strassborg, 16. dag septembermánaðar 1963, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðs. Skal aðalframkvæmdastjóri láta öllum ríkjum, er undirritað hafa, staðfest afrit í té.

Samningsviðauki nr. 6 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsingar.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa þennan samningsviðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn"), telja að þróun sú, sem orðið hefur í ýmsum aðildarríkjum Evrópuráðsins, lýsi almennri tilhneigingu í átt til afnáms dauðarefsingar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

[*Afnám dauðarefsingar.*][1)]

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða líflláta.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

2. gr.

[*Dauðarefsing á stríðstímum.*][1)]

Ríki er heimilt að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir. Slíkri refsingu skal aðeins beitt í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í lögunum og í samræmi við ákvæði laganna. Viðkomandi ríki skal kynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs slík lagaákvæði.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[*Bann við frávikum.*][1)]

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa samningsviðauka á grundvelli 15. gr. samningsins.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[*Bann við fyrirvörum.*][1)]

Óheimilt er að gera fyrirvara skv. [57. gr.][1)] samningsins um ákvæði þessa samningsviðauka.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[*Svæðisbundið gildissvið.*][1)]

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðaukinn nær til.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn tekur gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[*Tengsl við samninginn.*][1)]

Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1.–5. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn og öll ákvæði samningsins skulu gilda í samræmi við það.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

7. gr.

[*Undirritun og fullgilding.*][1)]

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann skal háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða fyrr. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

8. gr.

[*Gildistaka.*][1)]

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fimm aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar samþykkir að vera bundið af samningsviðauka þessum, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

9. gr.
[*Framlagningar.*][1)]

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.
b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa skv. 5. og 8. gr.
d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Gjört í Strassborg, 28. apríl 1983, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

Samningsviðauki nr. 7 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa samningsviðauka þennan, og ákveðið hafa að gera frekari ráðstafanir til að tryggja sameiginlega framkvæmd tiltekinna réttinda og frelsis með tilstuðlan samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn"),

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
[*Réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga.*][1)]

1. Útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skal ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög, og skal honum heimilt:

a. að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni,
b. að fá mál sitt tekið upp að nýju, og
c. að fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir.

2. Heimilt er að vísa útlendingi brott áður en hann hefur neytt réttinda sinna skv. a-, b- og c-lið 1. tölul. þessarar greinar þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

2. gr.
[*Réttur til áfrýjunar sakamáls.*][1)]

1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.

2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

3. gr.

[*Bætur fyrir ranga sakfellingu.*][1)]

Nú hefur maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýnir ótvírætt að réttarspjöll hafa orðið og skal sá sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að honum sjálfum var að öllu eða nokkru leyti um að kenna að hin óþekkta staðreynd var ekki látin upp í tíma.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

4. gr.

[*Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis.*][1)]

1. Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.

2. Ákvæði undanfarandi töluliðar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að málið sé endurupptekið í samræmi við lög og sakamálaréttarfar viðkomandi ríkis ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir, eða ef megingalli hefur verið á fyrri málsmeðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

3. Óheimilt er að víkja frá þessari grein með skírskotun til 15. gr. samningsins.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

5. gr.

[*Jafnrétti hjóna.*][1)]

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

6. gr.

[*Svæðisbundið gildissvið.*][1)]

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðauki þessi skal ná til og taka fram að hve miklu leyti það ábyrgist að ákvæði hans gildi á slíku landsvæði eða landsvæðum.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn öðlast gildi gagnvart slíku landssvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum, má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin eða breytingin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

4. Yfirlýsing, sem gerð er samkvæmt þessari grein, skal talin gerð í samræmi við 1. tölul. [56. gr.][1)] samningsins.

5. Heimilt er að skoða landsvæði sérhvers ríkis, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ríkisins, og hvert það landsvæði, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt yfirlýsingu ríkisins í samræmi við þessa grein, sem aðgreind landsvæði að því er varðar vísun til landsvæðis ríkis í 1. gr.

[6. Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1.–5. gr. þessa samningsviðauka.][1)]

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

7. gr.

[*Tengsl við samninginn.*][1)]

1. Aðildarríkjanna í milli skulu ákvæði 1.–6. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði samningsins gilda í samræmi við það.

2. [...][1)]

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

8. gr.

[*Undirritun og fullgilding.*][1)]

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða á undan. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

9. gr.

[*Gildistaka.*][1)]

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að sjö aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 8. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu við að vera bundið af samningsviðaukanum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalsins.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

10. gr.

[*Framlagningar.*][1)]

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðs um:

a. Sérhverja undirritun.
b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa skv. 6. og 9. gr.
d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

[1)] Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.

Gjört í Strassborg, 22. nóvember 1984, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðs. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 25. febrúar 1995 ályktaði Alþingi að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samningsviðauka nr. 11 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950. Í viðauka þessum, sem gerður var í Strassborg 11. maí 1994, felst endurskipulag á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans. Samningur þessi ásamt samningsviðaukum er hér á landi nefndur mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Samningsviðauki nr. 11 var fullgiltur af Íslands hálfu 29. júní 1995.

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis var undirritaður 4. nóvember árið 1950 og fullgiltur af Íslands hálfu 19. júní 1953, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Hann tók síðan gildi 3. september 1953. Samningurinn ásamt samningsviðaukum var lögfestur hér á landi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994.

Þegar mannréttindasáttmálinn var lögtekinn hér á landi var farin sú leið að lögfesta hann í heild sinni, þ.e. ekki einungis efnisreglur um þau mannréttindi sem sáttmálinn verndar, heldur einnig ákvæði II.–IV. kafla með reglum um stofnanir þær sem leysa úr kærum vegna brota á sáttmálanum og meðferð mála fyrir þeim. Í samræmi við það er lagt til í frumvarpi þessu að samningsviðauki nr. 11 verði lögtekinn hér á landi, enda felst í honum endurskipulagning á stofnunum Evrópuráðsins skv. II.–IV. kafla mannréttindasáttmálans.

II.

Frá því að samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis var undirritaður hafa verið gerðir við hann tíu samningsviðaukar. Af þeim hafa viðaukar nr. 1–8 verið fullgiltir af Íslands hálfu og síðar lögteknir hér á landi um leið og upphaflegi samningurinn. Þrír af þessum átta samningsviðaukum hafa leitt af sér breytingar á upphaflegum texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Þetta eru samningsviðaukar nr. 3 frá 6. maí 1963, nr. 5 frá 20. janúar 1966 og nr. 8 frá 19. mars 1985. Allir fela þeir í sér breytingar á ákvæðum III. og IV. kafla samningsins, þar sem fjallað er um skipan og störf mannréttindanefndar Evrópu og mannréttindadómstóls Evrópu. Fimm samningsviðaukar hafa falið í sér viðbætur við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í einum þeirra, samningsviðauka nr. 2 frá 6. maí 1963, er mælt fyrir um vald mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit um önnur atriði sáttmálans en skýringu á einstökum ákvæðum hans um vernd mannréttinda, en slíkt vald var ekki ráðgert í upphaflega samningnum. Í hinum viðaukunum fjórum eru ákvæði um ýmis mannréttindi sem ekki var kveðið á um í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Þetta eru nánar tiltekið samningsviðauki frá 20. mars 1952 (jafnan nefndur samningsviðauki nr. 1), samningsviðaukar nr. 4 frá 16. september 1963, nr. 6. frá 28. apríl 1983 og nr. 7 frá 22. nóvember 1984.

Samningsviðauki nr. 9 frá 6. nóvember 1990 tók gildi 1. október 1994 er tíu aðildarríki höfðu fullgilt hann. Með honum voru gerðar breytingar á III. og IV. kafla samningsins. Ísland er meðal þeirra ríkja sem ekki hafa fullgilt viðaukann, en geta má þess að með samningsviðauka nr. 11 er stefnt að breytingum á mannréttindasáttmálanum, sem taka yfir breytingarnar sem felast í samningsviðauka nr. 9 og hann felldur úr gildi. Samningsviðauki nr. 10 frá 25. mars 1992 hefur enn ekki tekið gildi, þar sem tilskilinn fjöldi aðildarríkja Evrópuráðsins hefur ekki fullgilt hann. Með samningsviðauka nr. 10 voru ráðgerðar breytingar á 32. gr. í III. kafla

samningsins. Ísland er eitt þeirra ríkja sem hafa ekki fullgilt viðauka nr. 10. Hann kemur því ekki til framkvæmda.

III.

Til þess að veita aðildarríkjum sáttmálans aðhald og stuðla að því að þau virði réttindin, sem sáttmálanum er ætlað að tryggja, var komið á fót sérstökum stofnunum, mannréttindanefnd Evrópu og mannréttindadómstól Evrópu, auk þess sem ráðherraráð Evrópuráðsins hefur haft ákveðnu hlutverki að gegna í því sambandi. Ákvæði um mannréttindanefndina og mannréttindadómstólinn er að finna í II.–IV. kafla samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Í stuttu máli má segja að eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans hafi verið byggt upp á eftirfarandi hátt:

Kærum vegna brota á sáttmálanum hefur í upphafi verið beint til mannréttindanefndarinnar, sem skipuð er jafnmörgum mönnum og aðildarríki að sáttmálanum eru. Nefndin leysir úr því hvort kæran sé tæk til frekari meðferðar. Telji nefndin svo vera leitar hún sátta milli kærandans og ríkisins sem í hlut á. Takist ekki sættir lætur nefndin í ljós álit sitt í skýrslu um hvort ríkið hafi brotið gegn sáttmálanum. Sú skýrsla er send ráðherranefndinni. Hvort sem mannréttindanefndin telur að um brot á sáttmálanum sé að ræða eða ekki getur hún lagt málið fyrir mannréttindadómstólinn til úrlausnar. Álit nefndarinnar um að ekki hafi verið brotið gegn sáttmálanum felur að jafnaði í sér endanlega úrlausn um kæruefnið. Telji nefndin aftur á móti að um brot sé að ræða geta afdrif málsins orðið með tvennum hætti. Annars vegar getur nefndin látið af sinni hálfu við það sitja að gera skýrslu um málið til ráðherranefndarinnar. Hafi málið ekki verið lagt fyrir mannréttindadómstólinn af hálfu aðildarríkis innan þriggja mánaða frá því að skýrsla mannréttindanefndarinnar barst ráðherranefndinni skal ráðherranefndin úrskurða hvort um brot á sáttmálanum sé að ræða. Ráðherranefndinni er ekki settur tímafrestur í því efni. Hins vegar getur mannréttindanefndin tekið ákvörðun um að leggja málið fyrir mannréttindadómstólinn, sem starfar í deildum er níu dómarar skipa hverju sinni, en dómarar við dómstólinn eru jafnmargir og aðildarríkin að Evrópuráðinu. Fyrir dómstólnum geta afdrif máls orðið þau að því sé lokið með sátt með samþykki hans. Að öðrum kosti fer fram gagnaöflun og málflutningur og kveður dómstóllinn síðan upp rökstuddan dóm sem er fullnaðarúrlausn um sakarefnið.

Framangreint eftirlitskerfi hefur reynst þungt í vöfum og með auknum málafjölda hefur afgreiðslutími mála verið talinn óviðunandi. Til þess að leita lausnar á vanda eftirlitskerfis sáttmálans hefur um nokkurra ára skeið verið til umræðu að sameina mannréttindanefndina og mannréttindadómstólinn í eina stofnun. Tillögur hafa komið fram um hvernig skipulag slíkrar stofnunar ætti að vera, en það var þó fyrst á árinu 1993 sem fram kom tillaga sem ráðherranefndin ákvað að leggja fyrir sérfræðinganefnd ráðsins í mannréttindamálum að fullvinna. Sú tillaga byggðist á málamiðlun milli sjónarmiða aðildarríkjanna og var hún undirrituð sem samningsviðauki nr. 11 hinn 11. maí 1994.

IV.

Í samningsviðauka nr. 11 felast breytingar á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans. Í fyrsta lagi eru gerðar breytingar á ákvæðum II.–IV. kafla upphaflega samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og þau sameinuð í einn kafla, II. kafla. Í öðru lagi er samningsviðauki nr. 2 felldur brott sem sjálfstæður viðauki, en ákvæði hans í staðinn felld inn í meginmál sáttmálans í hinum nýja II. kafla. Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á nokkrum ákvæðum í núverandi V. kafla samningsins og samningsviðaukum nr. 1, 4, 6 og 7 sem leiðir af breyttu

eftirlitskerfi. Í fjórða lagi er einstökum köflum og greinum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka við hann gefin fyrirsögn í samræmi við efni sitt. Í fimmta og síðasta lagi er samningsviðauki nr. 9 felldur úr gildi, en hann hefur ekki verið fullgiltur af Íslands hálfu svo sem áður getur.

Með 1. gr. samningsviðauka nr. 11 eru gerðar breytingar á ákvæðum II.–IV. kafla mannréttindasáttmálans og þau sameinuð í einn kafla, II. kafla. Nokkrum ákvæðum þessara kafla hafði áður verið breytt með samningsviðaukum nr. 3, 5, 8 og 9. Meginefni breytinganna er að mannréttindanefndin og mannréttindadómstóllinn eru lögð niður í núverandi mynd og stofnaður er nýr dómstóll, mannréttindadómstóll Evrópu, sem kemur í stað þessara stofnana. Í dómstólnum eiga sæti jafnmargir dómarar og aðildarríki Evrópuráðsins eru og eru þeir kosnir til sex ára í senn.

Kærur vegna brota á mannréttindasáttmálanum skal eftir gildistöku viðauka nr. 11 senda beint til hins nýja dómstóls. Þeim kærum, sem augljóslega uppfylla ekki þær frumkröfur sem gerðar eru til að þess að þær séu tækar til afgreiðslu, skal vísað frá af skrifstofu dómsins. Þau mál, sem eru skráð sem kærur fyrir dóminum, ganga fyrst til nefndar sem í eiga sæti þrír dómarar. Þessar nefndir athuga málin á frumstigi og geta vísað frá kærum frá einstaklingum sem ótækum, án frekari könnunar, og er slík afgreiðsla endanleg. Dómstóllinn ákveður hve margar nefndirnar verða. Þau mál, sem nefnd telur að þurfi nánari athugunar við, er vísað til deildar. Í deild sitja sjö dómarar, en fjöldi deilda fer eftir því sem dómstóllinn kann að ákveða miðað við þarfir hverju sinni. Deildir þessar fullvinna málin og hafa auk þess með höndum frumathugun á milliríkjakærum. Deildir geta vísað máli frá á hvaða stigi málflutnings sem er. Takist ekki sættir með aðilum kveða þær upp dóm í málinu. Dómur deildar er endanlegur, nema þegar málsaðili óskar eftir að máli sé vísað til svonefndrar yfirdeildar, sem í eiga sæti sautján dómarar. Skilyrði þess að yfirdeild taki til meðferðar mál sem aðili vísar til hennar eru tvenns konar. Annars vegar verður beiðni þess efnis að koma fram innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu dóms deildar. Hins vegar verður nefnd fimm dómara, sem sæti eiga í yfirdeildinni, að telja að málið sé þess eðlis að það veki alvarlega spurningu varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum, eða að um sé að ræða alvarlegt deiluefni sem sé almennt mikilvægt. Mál geta einnig borist til yfirdeildar með þeim hætti að deild vísi því þangað. Skilyrði þess eru þrenns konar. Í fyrsta lagi verður það að gerast áður en dómur í málinu er kveðinn upp í deildinni. Í öðru lagi verður málið að gefa tilefni til alvarlegs vafa um túlkun á mannréttindasáttmálanum eða samningsviðaukum við hann, eða ályktun um vafamál fyrir deildinni að vera talin geta leitt til niðurstöðu sem væri í ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins. Í þriðja lagi má aðili að málinu ekki hreyfa mótmælum við þessari málsmeðferð. Dómur yfirdeildar er endanlegur. Ætla má að í framkvæmd hljóti langflest mál endanlega afgreiðslu hjá deild og að mál verði aðeins tekið fyrir hjá yfirdeild í sérstökum tilvikum.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins mun áfram annast um fullnustu dóma, þ.e. taka við dómum frá dómstólnum og fylgjast með að ríki fari eftir því sem fyrir er mælt í dóminum. Hlutverk ráðherranefndarinnar sem úrskurðaraðila fellur hins vegar niður.

Samkvæmt 1. gr. samningsviðauka nr. 11 er samningsviðauki nr. 2 felldur brott sem sjálfstæður viðauki, en ákvæði hans í staðinn felld inn í meginmál sáttmálans í hinum nýja II. kafla. Í samningsviðauka nr. 2 er mælt fyrir um vald mannréttindadómstólsins til að láta uppi ráðgefandi álit um önnur atriði mannréttindasáttmálans en skýringu á einstökum ákvæðum hans um vernd mannréttinda, en slíkt vald var ekki ráðgert í upphaflega samningnum. Smávægilegar orðalagsbreytingar eru gerðar á texta sumra ákvæða.

Með 2. gr. samningsviðauka nr. 11 eru gerðar breytingar, annars vegar á nokkrum ákvæðum í núverandi V. kafla samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem verður nýr

III. kafli. Um er að ræða breytingar sem leiðir af breyttu eftirlitskerfi. Hins vegar er um að tefla breytingar af sömu ástæðu á samningsviðaukum nr. 1, 4, 6 og 7. Um breytingar á þessum samningsviðaukum er ekki að ræða að öðru leyti.

Samkvæmt 2. gr. samningsviðauka nr. 11 skal einstökum köflum og greinum samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka við hann gefin fyrirsögn í samræmi við efni sitt, en með samningsviðauka nr. 11 er viðauki þar sem er að finna lista yfir þessar fyrirsagnir.

Samkvæmt 2. gr. samningsviðauka nr. 11 er samningsviðauki nr. 9 felldur úr gildi, en með honum voru gerðar breytingar á III. og IV. kafla mannréttindasáttmálans. Að framan var nefnt að Ísland er meðal þeirra ríkja sem ekki hafa fullgilt samningsviðauka nr. 9. Með samningsviðauka nr. 11 er stefnt að breytingum á mannréttindasáttmálanum sem taka yfir breytingarnar sem felast í samningsviðauka nr. 9.

Eins og rakið er að framan var mannréttindasáttmáli Evrópu tekinn í lög á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Í kjölfar fullgildingar á samningsviðauka nr. 11 er nauðsynlegt að breyta þeim lögum, svo sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis ásamt samningsviðaukum, með ákvæðum samningsviðauka nr. 11 felldum inn í texta þeirra, fylgir frumvarpi þessu. Samningsviðauki nr. 11 í íslenskri þýðingu og enska og franska útgáfa textans eru birt sem fylgiskjöl nr. I, II og III.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og 1. gr. frumvarpsins ber með sér er lagt til að í stað 1. gr. laganna komi ný grein, sem feli í sér þær breytingar á samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis og viðauka við hann, er leiðir af fullgildingu samningsviðauka nr. 11. Nánar tiltekið eru breytingarnar á 1. gr. laganna þessar:

Gert er ráð fyrir að í stað orðanna „eftirtöldum samningsviðaukum“ í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna komi samningsviðauki nr. 11 ásamt nánara heiti sínu og viðauka. Jafnframt er gert ráð fyrir að stafliðir a, b og c í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. falli brott, en í þeim eru taldir upp þeir samningsviðaukar sem fela í sér breytingar á upprunalegum texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og lögfestir voru hér á landi um leið og hann. Nánar tiltekið er hér um að ræða samningsviðauka nr. 3, 5 og 8. Allir fela þeir í sér breytingar á ákvæðum III. og IV. kafla samningsins, þar sem fjallað er um skipan og störf mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins. Með samningsviðauka nr. 11 eru ákvæði II.–IV. kafla samningsins sameinuð í einn kafla, II. kafla, og leiðir af því breytingar á ákvæðum samningsins, sem taka yfir breytingarnar sem fólust í samningsviðaukum nr. 3, 5 og 8.

Í 2.–6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna eru taldir upp þeir samningsviðaukar sem fela í sér viðbætur við upphaflega samninginn. Þetta eru nánar tiltekið samningsviðaukar nr. 1, 2, 4, 6 og 7. Í 3. tölul. er getið um samningsviðauka nr. 2. Í honum er mælt fyrir um vald mannréttindadómstólsins til að láta uppi ráðgefandi álit um önnur atriði mannréttindasáttmálans en skýringu á einstökum ákvæðum hans um vernd mannréttinda. Slíkt vald var ekki ráðgert í upphaflega samningnum. Með samningsviðauka nr. 11 er samningsviðauki nr. 2 felldur brott sem sjálfstæður viðauki, en ákvæði hans í staðinn felld inn í meginmál sáttmálans í hinum nýja II. kafla. Í samræmi við það er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að samningsviðauki nr. 2 falli brott úr upptalningunni í 1. gr. og röð annarra töluliða breytist samkvæmt því.

Lagt er til að tekið verði fram um hvern og einn samningsviðauka, í upptalningu í töluliðum í 1. mgr. 1. gr., að á honum hafi verið gerðar breytingar með samningsviðauka nr. 11.

Gert er ráð fyrir breytingum á 2. mgr. 1. gr. laganna í samræmi við breytingarnar á 1. mgr. 1. gr. Þarfnast þetta ekki skýringa.

Um efni samningsviðauka nr. 11 vísast að öðru leyti til almennra athugsemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðaukar þeir sem fela í sér viðbætur við hann séu birtir sem fylgiskjal með lögunum. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að fylgiskjal þetta orðist eins og greinir í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Þar hafa ákvæði samningsviðauka nr. 11 verið felld inn í texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka við hann.

Um 3. gr.

Hljóti frumvarp þetta samþykki er gert ráð fyrir því í 3. gr. að lögin taki gildi 1. nóvember 1998. Skv. 4. gr. samningsviðauka nr. 11 tekur hann ekki gildi fyrr en fyrsta dag þess mánaðar þegar liðið er eitt ár frá því að öll aðildarríki mannréttindasáttmálans hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum með fullgildingu. Umræddan dag verður liðinn sá frestur og er því lagt til að lögin taki gildi þann dag.

Fylgiskjal I.

Samningsviðauki nr. 11 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins.

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa þennan samningsviðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn"),

telja að bráð þörf sé að endurskipuleggja eftirlitskerfi það sem stofnað er til samkvæmt samningnum til að viðhalda og bæta skilvirkni þess við verndun mannréttinda og mannfrelsis, einkum með tilliti til fjölgunar kæra og aðildar fleiri ríkja að Evrópuráðinu,

telja að það sé því æskilegt að breyta tilteknum ákvæðum samningins sérstaklega í því skyni að nýr dómstóll sem starfi samfellt komi í stað núverandi mannréttindanefndar og mannréttindadómstóls Evrópu,

vísa til samþykktar nr. 1 sem gerð var á Evrópsku ráðherraráðstefnunni um mannréttindamál sem haldin var í Vínarborg 19. og 20. mars 1985,

vísa til ályktunar 1194 (1992) sem samþykkt var af þingi Evrópuráðsins 6. október 1992,

vísa til ákvörðunar sem tekin var um endurbætur á eftirlitskerfi samningsins af leiðtogum ríkja Evrópuráðsins í Vínaryfirlýsingunni frá 9. október 1993

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. grein.

Í stað texta II.–IV. kafla samningsins (19.–56. gr.) og samningsviðauka nr. 2 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis um vald mannréttindadómstóls Evrópu til að láta uppi ráðgefandi álit skal koma eftirfarandi II. kafli samningsins (19.–51. gr.):

II. KAFLI
Mannréttindadómstóll Evrópu.

19. gr.
Stofnun dómstólsins.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa og samningsviðauka við hann hafa tekist á hendur skal setja á stofn mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn. Hann skal starfa samfellt.

20. gr.
Fjöldi dómara.

Dómstóllinn skal skipaður jafnmörgum dómurum og samningsaðilarnir eru.

21. gr.
Hæfisskilyrði.

1. Dómararnir skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af.

2. Dómararnir skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.

3. Meðan kjörtímabil þeirra varir skulu dómararnir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómarastarfs. Dómstóllinn skal skera úr um öll vafaatriði varðandi framkvæmd þessarar málsgreinar.

22. gr.
Kosning dómara.

1. Dómararnir skulu kjörnir af þinginu, af hálfu sérhvers samningsaðila, með meiri hluta greiddra atkvæða af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir.

2. Sami háttur skal hafður á til að fylla tölu dómara við tilkomu nýs samningsaðila eða þegar sæti losnar í dómstólnum.

23. gr.
Kjörtímabil.

1. Dómararnir skulu kosnir til sex ára í senn. Þá má endurkjósa. Kjörtímabili helmings þeirra dómara, sem kosnir eru í fyrstu kosningu, skal þó lokið að þremur árum liðnum.

2. Þeir dómarar, sem ganga eiga úr að fyrstu þremur árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins þegar að kosningu þeirra lokinni.

3. Til að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming dómara þriðja hvert ár er þinginu heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi lengur en til níu ára né skemur en til þriggja.

4. Þegar um starfstíma fleiri en eins dómara er að ræða og þingið beitir ákvæðum næstu málsgreinar á undan skal starfstími hvers ákvarðaður með hlutkesti er aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins annast þegar að kosningu lokinni.

5. Dómari, sem kjörinn hefur verið í stað annars er eigi hafði lokið kjörtímabili sínu, skal eiga sæti í dómstólnum út það kjörtímabil.

6. Kjörtímabil dómara rennur út þegar þeir verða 70 ára.

7. Dómarar skulu halda sæti sínu þar til aðrir koma í þeirra stað. Þeir skulu samt halda áfram að starfa að þeim málum sem þeir voru teknir við.

24. gr.

Brottvikning.

Því aðeins verður dómara vikið úr starfi að hinir dómararnir ákveði með tveggja þriðju meiri hluta að hann fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er.

25. gr.

Skrifstofa og löglærðir aðstoðarmenn.

Dómstóllinn skal hafa skrifstofu og skal hlutverk hennar og skipulag ákveðið í starfsreglum dómstólsins. Dómstólnum til aðstoðar skulu vera löglærðir aðstoðarmenn.

26. gr.

Fullskipaður dómstóll.

Fullskipaður dómstóll skal:

1. kjósa forseta sinn og einn eða tvo varaforseta til þriggja ára; þá má endurkjósa;
2. skipa deildir til ákveðins tíma;
3. kjósa forseta deilda dómstólsins; þá má endurkjósa;
4. samþykkja starfsreglur dómstólsins; og
5. kjósa ritara og einn eða fleiri aðstoðarritara.

27. gr.

Nefndir, deildir og yfirdeild.

1. Til að fara með mál sem lögð eru fyrir dómstólinn skal hann starfa í nefndum sem þrír dómarar skipa, í deildum sem sjö dómarar skipa og yfirdeild sem sautján dómarar skipa. Deildir dómstólsins skipa nefndir til ákveðins tíma.

2. Sjálfskipaður í deildina og yfirdeildina er dómari sá sem kjörinn er af hálfu þess ríkis sem er málsaðili. Fyrirfinnist enginn slíkur eða geti hann ekki tekið þátt í meðferð málsins tilnefnir aðildarríkið dómara.

3. Yfirdeildina skulu einnig skipa forseti og varaforsetar dómstólsins, forsetar deilda og aðrir dómarar sem valdir eru samkvæmt starfsreglum dómstólsins. Þegar máli er vísað til yfirdeildarinnar í samræmi við ákvæði 43. gr. skal enginn þeirra dómara sem sæti áttu í þeirri deild sem kvað upp dóm í málinu eiga sæti í yfirdeildinni, að undanskildum þó forseta deildarinnar og dómara þeim sem sæti átti af hálfu þess ríkis sem er málsaðili.

28. gr.

Yfirlýsingar nefnda um að kæra sé ótæk.

Með samhljóða atkvæðum er nefnd heimilt að að lýsa ótæka eða fella af málaskrá sinni kæru einstaklings sem borin er fram skv. 34. gr. þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari könnunar. Ákvörðunin skal vera endanleg.

29. gr.

Ákvarðanir deilda um að kæra sé tæk og um efnishlið hennar.

1. Sé ekki tekin ákvörðun í samræmi við 28. gr. skal deild kveða á um hvort kæra sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr. sé tæk og um efnishlið hennar.

2. Deild skal kveða á um hvort milliríkjakærur skv. 33. gr. séu tækar og um efnishlið þeirra.

3. Ákvörðun um hvort kæra sé tæk skal tekin sérstaklega nema dómstóllinn, í undantekningartilvikum, ákveði að annar háttur skuli hafður á.

30. gr.

Eftirgjöf lögsögu til yfirdeildarinnar.

Ef mál sem deild hefur til meðferðar gefur tilefni til alvarlegs vafa um túlkun á samningnum eða samningsviðaukum við hann eða þegar ályktun um vafamál fyrir deildinni gæti leitt til niðurstöðu sem væri í ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins, þá er deildinni heimilt hvenær sem er fyrir dómsuppkvaðningu að eftirláta yfirdeildinni lögsögu í málinu, nema því aðeins að málsaðili mótmæli.

31. gr.

Hlutverk yfirdeildarinnar.

Yfirdeildin skal:

1. úrskurða um kærur sem bornar eru fram skv. 33. gr. eða 34. gr. þegar deild hefur eftirlátið lögsögu skv. 30. gr. eða þegar máli hefur verið vísað til hennar skv. 43. gr.; og
2. fjalla um beiðnir um ráðgefandi álit sem bornar eru fram skv. 47. gr.

32. gr.

Lögsaga dómstólsins.

1. Lögsaga dómstólsins skal ná til allra málefna varðandi túlkun og framkvæmd samningsins og samningsviðauka við hann, sem vísað er til hans í samræmi við 33., 34. og 47. gr.

2. Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

33. gr.

Milliríkjamál.

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að vísa til dómstólsins meintu broti annars samningsaðila á ákvæðum samningsins og samningsviðauka við hann.

34. gr.

Kærur einstaklinga.

Dómstólnum er heimilt að taka við kærum frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í samningnum og samningsviðaukum við hann. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

35. gr.

Skilyrði þess að mál sé tækt.

1. Dómstóllinn getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan 6 mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.

2. Dómstóllinn skal eigi taka til meðferðar kæru einstaklings sem lögð er fyrir hann skv. 34. gr. ef hún er:

a. frá ónafngreindum aðila, eða
b. efnislega sú sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af dómstólnum eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.

3. Dómstóllinn skal lýsa ótæka hverja þá kæru einstaklings sem borin er fram skv. 34. gr. sem hann telur ósamrýmanlega ákvæðum samningsins, augljóslega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kæruréttinum.

4. Dómstóllinn skal vísa frá hverri þeirri kæru sem hann telur ótæka samkvæmt þessari grein. Honum er heimilt að gera það á hvaða stigi málflutningsins sem er.

36. gr.

Málsaðild þriðja aðila.

1. Nú er ríkisborgari samningsaðila kærandi og hefur samningsaðili þá rétt til að bera fram skriflegar athugasemdir og taka þátt í munnlegum málflutningi í öllum málum fyrir deild og yfirdeildinni.

2. Í því skyni að tryggja rétta dómsniðurstöðu er forseta dómstólsins heimilt að bjóða sérhverjum samningsaðila sem ekki er aðili að málaferlunum eða manni sem málið varðar og ekki er kærandi að leggja fram skriflegar athugasemdir eða taka þátt í munnlegum málflutningi.

37. gr.

Kærur felldar niður.

1. Dómstóllinn getur ákveðið á hvaða stigi málsmeðferðar sem er að fella kæru af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:

a. kærandi hyggist ekki fylgja kæru sinni eftir, eða
b. málinu hafi verið ráðið til lykta, eða
c. af einhverri annarri ástæðu sem dómstóllinn sannreynir, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um kæruna.

Dómstóllinn skal þó halda áfram rannsókn kærunnar ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau sem skýrgreind eru samningi þessum eða samningsviðaukum við hann séu virt.

2. Dómstóllinn getur ákveðið að taka kæru að nýju á málaskrá sína ef hann telur að aðstæður réttlæti það.

38. gr.

Rannsókn máls og sáttaumleitanir.

1. Ef dómstóllinn lýsir kæru tæka skal hann:

a. framkvæma athugun á málinu með fulltrúum málsaðila og ef þörf krefur framkvæma rannsókn sem þeim ríkjum sem hlut eiga að máli er þá skylt að greiða fyrir í hvívetna;
b. vera málsaðilum til reiðu við að ná sáttum í málinu enda sé við þær að fullu gætt þeirra mannréttinda sem skilgreind eru í samningnum og samningsviðaukum við hann.

2. Það sem fram fer skv. b-lið 1. mgr. skal vera trúnaðarmál.

39. gr.

Sáttagerð.

Ef sættir takast skal dómstólinn fella málið af málaskrá sinni með ákvörðun sem skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem náðist.

40. gr.

Opinber málsmeðferð og aðgangur að málsgögnum.

1. Málsmeðferð skal vera opinber nema dómstóllinn ákveði annað í sérstökum tilvikum.

2. Málskjöl sem lögð eru fram hjá ritara skulu vera aðgengileg almenningi nema forseti dómstólsins ákveði annað.

41. gr.

Sanngjarnar bætur.

Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.

42. gr.

Dómar uppkveðnir í deildum.

Dómar uppkveðnir í deildum skulu vera endanlegir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 44. gr.

43. gr.

Vísun máls til yfirdeildar.

1. Sérhverjum málsaðila er heimilt þegar um óvenjuleg mál er að ræða að óska eftir því innan þriggja mánaða frá dagsetningu dóms deildar að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar.

2. Nefnd fimm dómara yfirdeildarinnar skal verða við beiðninni ef málið vekur alvarlega spurningu varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum og samningsviðaukum við hann eða alvarlegt deiluefni sem er almennt mikilvægt.

3. Samþykki nefndin beiðnina skal yfirdeildin ljúka málinu með dómi.

44. gr.

Endanlegir dómar.

1. Dómur yfirdeildarinnar skal vera endanlegur.

2. Dómur deildar verður endanlegur:

a. þegar málsaðilar lýsa yfir að þeir muni ekki óska þess að málinu verði vísað til yfirdeildarinnar, eða

b. þremur mánuðum frá dagsetningu dómsins ef ekki hefur verið óskað eftir að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar, eða

c. þegar nefnd yfirdeildarinnar vísar frá beiðni um málskot skv. 43. gr.

3. Endanlegur dómur skal birtur.

45. gr.

Rökstuðningur dóma og ákvarðana.

1. Rökstyðja skal dóma og ákvarðanir sem lýsa kærur tækar eða ótækar.

2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómari hafa rétt til að skila séráliti.

46. gr.

Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra.

1. Samningsaðilar heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.

2. Endanlegur dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með fullnustu hans.

47. gr.

Ráðgefandi álit.

1. Dómstólnum er heimilt ef ráðherranefndin æskir að láta uppi ráðgefandi álit um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningsviðauka við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann, né heldur um önnur atriði sem dómstóllinn eða ráðherranefndin kynni að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.

3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndarinnar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf meiri hluta atkvæða fulltrúa þeirra er rétt eiga til setu í nefndinni.

48. gr.

Ráðgefandi lögsaga dómstólsins.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit er ráðherranefndin ber fram sé innan verksviðs hans eins og það er skilgreint í 47. gr.

49. gr.

Rökstuðningur ráðgefandi álits.

1. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.

2. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara þá réttur til að setja fram sérálit.

3. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndarinnar.

50. gr.

Kostnaður við dómstólinn.

Evrópuráðið skal standa straum af kostnaði við dómstólinn.

51. gr.

Sérréttindi og friðhelgi dómara.

Dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.

2. grein.

1. V. kafli samningsins verður III. kafli samningsins; 57. gr. samningsins verður 52. gr. samningsins; 58. og 59. gr. samningsins falla brott og 60.–66. gr. samningsins verða 53.–59. gr. samningsins.

2. I. kafli samningsins skal nefnast „Réttindi og frelsi“ og nýr III. kafli samningsins „Ýmis ákvæði“. 1.–18. gr. og ný 52.–59. gr. samningsins skulu fá fyrirsagnir sem greindar eru í viðauka við þennan samningsviðauka.

3. Í nýrri 56. gr., 1. mgr., skal bæta inn orðunum „þó með fyrirvara skv. 4. mgr. þessarar greinar“ á eftir orðinu „skuli“; í 4. mgr. skulu í stað orðanna „nefndin sé bær um að taka við erindum“ og „skv. 25. gr. samnings þessa“ koma orðin „dómstóllinn sé bær um að taka við kærum“ og „skv. 34. gr. samnings þessa“ á samsvarandi hátt.

Í nýrri 58. gr., 4. mgr., skulu orðin „56. gr.“ koma í stað orðanna „63. gr.“.

4. Samningsviðauki nr. 1 skal breytast þannig:

a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðauka við samningsviðauka þennan; og

b. í síðustu setningu 4. gr. skulu orðin „56. gr.“ koma í stað orðanna „63. gr.“.

5. Samningsviðauki nr. 4 skal breytast þannig:

a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðauka við samningsviðauka þennan;

b. í 3. mgr. 5. gr. skulu orðin „56. gr.“ koma í stað orðanna „63. gr.“; og bæta skal við nýrri 5. mgr., svohljóðandi:

Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1.–4. gr. þessa samningsviðauka, eina eða allar; og

c. 2. mgr. 6. gr. skal falla brott.

6. Samningsviðauki nr. 6 skal breytast þannig:

a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðauka við samningsviðauka þennan; og

b. í 4. gr. skulu orðin „57. gr.“ koma í stað „64. gr.“.

7. Samningsviðauki nr. 7 skal breytast þannig:

a. greinarnar skulu fá fyrirsagnir þær sem greindar eru í viðauka við samningsviðauka þennan;

b. í 4. mgr. 6. gr. skulu orðin „56. gr.“ koma í stað orðanna „63. gr.“ og við bætist ný 6. mgr., svohljóðandi:

Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1.–5. gr. þessa samningsviðauka; og

c. 2. mgr. 7 gr. skal falla brott.

8. Samningsviðauki nr. 9 skal falla úr gildi.

3. grein.

1. Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildaríkjum Evrópuráðsins sem undirritað hafa samninginn og geta þau lýst samþykki sínu til að vera bundin af honum með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki; eða

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki og fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki síðar.

2. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

4. grein.

Samningsviðauki þessi skal öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar þegar liðið er eitt ár frá þeim degi er allir aðilar samningsins hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af honum í samræmi við ákvæði 3. gr. Frá þeim degi er allir aðilar samningsins hafa lýst samþykka því að vera bundnir af samningsviðaukanum getur farið fram kosning nýrra dómara og frekari ráðstafanir má gera til stofnunar nýja dómstólsins í samræmi við ákvæði þessa samningsviðauka.

5. grein.

1. Kjörtímabil dómara, nefndarmanna mannréttindanefndarinnar, ritara og aðstoðarritara skal ljúka á gildistökudegi þessa samningsviðauka, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. hér á eftir.

2. Kærur sem til meðferðar eru hjá mannréttindanefndinni og ekki hafa verið lýstar tækar á gildistöku þessa samningsviðauka skulu teknar til athugunar af dómstólnum í samræmi við ákvæði þessa samningsviðauka.

3. Kærur sem hafa verið lýstar tækar á gildistökudegi þessa samningsviðauka skulu í eitt ár þaðan í frá vera áfram til meðferðar hjá nefndarmönnum mannréttindanefndarinnar. Vísa skal til dómstólsins þeim kærum sem ekki er lokið athugun á innan framgreinds tíma og skal hann taka þær til meðferðar sem tæk mál í samræmi við ákvæði þessa samningsviðauka.

4. Að því er varðar kærur sem mannréttindanefndin hefur samþykkt skýrslu um í samræmi við ákvæði eldri 31. gr. samningsins eftir gildistöku þessa samningsviðauka skal skýrslan send málsaðilum. Þeim er ekki heimilt að birta hana. Vísa má máli til dómstólsins í samræmi við ákvæði þau sem giltu fyrir gildistöku ákvæða þessa samningsviðauka. Nefnd yfirdeildarinnar skal ákvarða hvort einhver deildanna eða yfirdeildin skuli úrskurða í málinu. Ef málið er úrskurðað af deild skal úrskurður deildarinnar vera endanlegur. Mál sem ekki er vísað til dómstólsins skal fjallað um af ráðherranefndinni sem þá starfar í samræmi við ákvæði eldri 32. gr. samningsins.

5. Málum sem til meðferðar eru fyrir dómstólnum og ekki hefur verið úrskurðað í á gildistökudegi þessa samningsviðauka skal vísað til yfirdeildar dómstólsins sem skal taka þau til meðferðar í samræmi við ákvæði þessa samningsviðauka.

6. Málum sem til meðferðar eru fyrir ráðherranefndinni og ekki hefur verið úrskurðað um samkvæmt eldri 32. gr. samningsins á gildistökudegi þessa samningsviðauka skal lokið af ráðherranefndinni sem þá starfar í samræmi við fyrrgreinda grein.

6. grein.

Þegar samningsaðili hefur gefið yfirlýsingu um að viðurkenna lögsögu mannréttindanefndarinnar eða dómstólsins samkvæmt eldri 25. eða 46. gr. samningsins, sem varði einungis mál sem komið hafa upp eða byggjast á atburðum sem gerst hafa eftir að slík yfirlýsing hefur verið gefin, skal sú takmörkun þá halda gildi varðandi lögsögu dómstólsins samkvæmt þessum samningsviðauka.

7. grein.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum um:

1. sérhverja undirritun;
2. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals;
3. gildistökudag þessa samningsviðauka eða sérhvers ákvæðis hans í samræmi við 4. gr.; og
4. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samningsviðauka þennan.

Gjört í Strassborg, 11. maí 1994, á ensku og frönsku – jafngildir textar báðir – í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Viðauki.

Fyrirsagnir sem bæta skal við greinar í texta samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis og samningsviðauka við hann.

1. gr. – Skylda til að virða mannréttindi.

2. gr. – Réttur til lífs.
3. gr. – Bann við pyndingum.
4. gr. – Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.
5. gr. – Réttur til frelsis og mannhelgi.
6. gr. – Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.
7. gr. – Engin refsing án laga.
8. gr. – Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.
9. gr. – Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi.
10. gr. – Tjáningarfrelsi.
11. gr. – Funda- og félagafrelsi.
12. gr. – Réttur til að stofna til hjúskapar.
13. gr. – Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.
14. gr. – Bann við mismunun.
15. gr. – Skerðing réttinda á hættutímum.
16. gr. – Skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.
17. gr. – Bann við misnotkun réttinda.
18. gr. – Takmörkun á skerðingu réttinda.
[...]
52. gr. – Fyrirspurnir aðalframkvæmdastjóra.
53. gr. – Verndun núverandi mannréttinda.
54. gr. – Vald ráðherranefndarinnar.
55. gr. – Útilokun annarra úrræða til að leysa úr ágreiningi.
56. gr. – Svæðisbundið gildissvið.
57. gr. – Fyrirvarar.
58. gr. – Uppsögn.
59. gr. – Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki nr. 1.
1. gr. – Friðhelgi eignarréttar.
2. gr. – Réttur til menntunar.
3. gr. – Réttur til frjálsra kosninga.
4. gr. – Svæðisbundið gildissvið.
5. gr. – Tengsl við samninginn.
6. gr. – Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki nr. 4.
1. gr. – Bann við skuldafangelsi.
2. gr. – Ferðafrelsi.
3. gr. – Bann við brottvísun eigin borgara.
4. gr. – Bann við hópbrottvísun útlendinga.
5. gr. – Svæðisbundið gildissvið.
6. gr. – Tengsl við samninginn.
7. gr. – Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki nr. 6.
1. gr. – Afnám dauðarefsingar.
2. gr. – Dauðarefsing á stríðstímum.

3. gr. – Bann við frávikum.
4. gr. – Bann við fyrirvörum.
5. gr. – Svæðisbundið gildissvið.
6. gr. – Tengsl við samninginn.
7. gr. – Undirritun og fullgilding.
8. gr. – Gildistaka.
9. gr. – Framlagningar.

Samningsviðauki nr. 7.
1. gr. – Réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga.
2. gr. – Réttur til áfrýjunar sakamáls.
3. gr. – Bætur fyrir ranga sakfellingu.
4. gr. – Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis.
5. gr. – Jafnrétti hjóna.
6. gr. – Svæðisbundið gildissvið.
7. gr. – Tengsl við samninginn.
8. gr. – Undirritun og fullgilding.
9. gr. – Gildistaka.
10. gr. – Framlagningar.

Fylgiskjal II.

PROTOCOL No. 11 TO THE CONVENTION FOR THE PROTECTION OF HUMAN RIGHTS AND FUNDAMENTAL FREEDOMS, RESTRUCTURING THE CONTROL MACHINERY ESTABLISHED THEREBY

The member States of the Council of Europe, signatories to this Protocol to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention"),

Considering the urgent need to restructure the control machinery established by the Convention in order to maintain and improve the efficiency of its protection of human rights and fundamental freedoms, mainly in view of the increase in the number of applications and the growing membership of the Council of Europe;

Considering that it is therefore desirable to amend certain provisions of the Convention with a view, in particular, to replacing the existing European Commission and Court of Human Rights with a new permanent Court;

Having regard to Resolution No. 1 adopted at the European Ministerial Conference on Human Rights, held in Vienna on 19 and 20 March 1985;

Having regard to Recommendation 1194 (1992), adopted by the Parliamentary Assembly of the Council of Europe on 6 October 1992;

Having regard to the decision taken on reform of the Convention control machinery by the Heads of State and Government of the Council of Europe member States in the Vienna Declaration on 9 October 1993,

Have agreed as follows:

Article 1

The existing text of Sections II to IV of the Convention (Articles 19 to 56) and Protocol No. 2 conferring upon the European Court of Human Rights competence to give advisory opinions shall be replaced by the following Section II of the Convention (Articles 19 to 51):

"**Section II**
European Court of Human Rights

Article 19

Establishment of the Court

To ensure the observance of the engagements undertaken by the High Contracting Parties in the Convention and the protocols thereto, there shall be set up a European Court of Human Rights, hereinafter referred to as "the Court". It shall function on a permanent basis.

Article 20

Number of judges

The Court shall consist of a number of judges equal to that of the High Contracting Parties.

Article 21

Criteria for office

1. The judges shall be of high moral character and must either possess the qualifications required for appointment to high judicial office or be jurisconsults of recognised competence.

2. The judges shall sit on the Court in their individual capacity.

3. During their term of office the judges shall not engage in any activity which is incompatible with their independence, impartiality or with the demands of a full-time office; all questions arising from the application of this paragraph shall be decided by the Court.

Article 22

Election of judges

1. The judges shall be elected by the Parliamentary Assembly with respect to each High Contracting Party by a majority of votes cast from a list of three candidates nominated by the High ContractingParty.

2. The same procedure shall be followed to complete the Court in the event of the accession of new High Contracting Parties and in filling casual vacancies.

Article 23

Terms of office

1. The judges shall be elected for a period of six years. They may be re-elected. However, the terms of office of one-half of the judges elected at the first election shall expire at the end of three years.

2. The judges whose terms of office are to expire at the end of the initial period of three years shall be chosen by lot by the Secretary General of the Council of Europe immediately after their election.

3. In order to ensure that, as far as possible, the terms of office of one-half of the judges are renewed every three years, the Parliamentary Assembly may decide, before proceeding to any subsequent election, that the term or terms of office of one or more judges to be elected shall be for a period other than six years but not more than nine and not less than three years.

4. In cases where more than one term of office is involved and where the Parliamentary Assembly applies the preceding paragraph, the allocation of the terms of office shall be effected by a drawing of lots by the Secretary General of the Council of Europe immediately after the election.

5. A judge elected to replace a judge whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of his predecessor's term.

6. The terms of office of judges shall expire when they reach the age of 70.

7. The judges shall hold office until replaced. They shall, however, continue to deal with such cases as they already have under consideration.

Article 24
Dismissal

No judge may be dismissed from his office unless the other judges decide by a majority of two-thirds that he has ceased to fulfil the required conditions.

Article 25
Registry and legal secretaries

The Court shall have a registry, the functions and organisation of which shall be laid down in the rules of the Court. The Court shall be assisted by legal secretaries.

Article 26
Plenary Court

The plenary Court shall

a elect its President and one or two Vice-Presidents for a period of three years; they may be re-elected;
b set up Chambers, constituted for a fixed period of time;
c elect the Presidents of the Chambers of the Court; they may be re-elected;
d adopt the rules of the Court; and
e elect the Registrar and one or more Deputy Registrars.

Article 27
Committees, Chambers and Grand Chamber

1. To consider cases brought before it, the Court shall sit in committees of three judges, in Chambers of seven judges and in a Grand Chamber of seventeen judges. The Court's Chambers shall set up committees for a fixed period of time.

2. There shall sit as an ex officio member of the Chamber and the Grand Chamber the judge elected in respect of the State Party concerned or, if there is none or if he is unable to sit, a person of its choice who shall sit in the capacity of judge.

3. The Grand Chamber shall also include the President of the Court, the Vice-Presidents, the Presidents of the Chambers and other judges chosen in accordance with the rules of the Court. When a case is referred to the Grand Chamber under Article 43, no judge from the Chamber which rendered the judgment shall sit in the Grand Chamber, with the exception of the President of the Chamber and the judge who sat in respect of the State Party concerned.

Article 28

Declarations of inadmissibility by committees

A committee may, by a unanimous vote, declare inadmissible or strike out of its list of cases an individual application submitted under Article 34 where such a decision can be taken without further examination. The decision shall be final.

Article 29

Decisions by Chambers on admissibility and merits

1. If no decision is taken under Article 28, a Chamber shall decide on the admissibility and merits of individual applications submitted under Article 34.

2. A Chamber shall decide on the admissibility and merits of inter-State applications submitted under Article 33.

3. The decision on admissibility shall be taken separately unless the Court, in exceptional cases, decides otherwise.

Article 30

Relinquishment of jurisdiction to the Grand Chamber

Where a case pending before a Chamber raises a serious question affecting the interpretation of the Convention or the protocols thereto, or where the resolution of a question before the Chamber might have a result inconsistent with a judgment previously delivered by the Court, the Chamber may, at any time before it has rendered its judgment, relinquish jurisdiction in favour of the Grand Chamber, unless one of the parties to the case objects.

Article 31

Powers of the Grand Chamber

The Grand Chamber shall

a determine applications submitted either under Article 33 or Article 34 when a Chamber has relinquished jurisdiction under Article 30 or when the case has been referred to it under Article 43; and

b consider requests for advisory opinions submitted under Article 47.

Article 32

Jurisdiction of the Court

1. The jurisdiction of the Court shall extend to all matters concerning the interpretation and application of the Convention and the protocols thereto which are referred to it as provided in Articles 33, 34 and 47.

2. In the event of dispute as to whether the Court has jurisdiction, the Court shall decide.

Article 33

Inter-State cases

Any High Contracting Party may refer to the Court any alleged breach of the provisions of the Convention and the protocols thereto by another High Contracting Party.

Article 34
Individual applications

The Court may receive applications from any person, non-governmental organisation or group of individuals claiming to be the victim of a violation by one of the High Contracting Parties of the rights set forth in the Convention or the protocols thereto. The High Contracting Parties undertake not to hinder in any way the effective exercise of this right.

Article 35
Admissibility criteria

1. The Court may only deal with the matter after all domestic remedies have been exhausted, according to the generally recognised rules of international law, and within a period of six months from the date on which the final decision was taken.

2. The Court shall not deal with any individual application submitted under Article 34 that
a is anonymous; or
b is substantially the same as a matter that has already been examined by the Court or has already been submitted to another procedure of international investigation or settlement and contains no relevant new information.

3. The Court shall declare inadmissible any individual application submitted under Article 34 which it considers incompatible with the provisions of the Convention or the protocols thereto, manifestly ill-founded, or an abuse of the right of application.

4. The Court shall reject any application which it considers inadmissible under this Article. It may do so at any stage of the proceedings.

Article 36
Third-party intervention

1. In all cases before a Chamber or the Grand Chamber, a High Contracting Party one of whose nationals is an applicant shall have the right to submit written comments and to take part in hearings.

2. The President of the Court may, in the interest of the proper administration of justice, invite any High Contracting Party which is not a party to the proceedings or any person concerned who is not the applicant to submit written comments or take part in hearings.

Article 37
Striking out applications

1. The Court may at any stage of the proceedings decide to strike an application out of its list of cases where the circumstances lead to the conclusion that
a the applicant does not intend to pursue his application; or
b the matter has been resolved; or
c for any other reason established by the Court, it is no longer justified to continue the examination of the application.

However, the Court shall continue the examination of the application if respect for human rights as defined in the Convention and the protocols thereto so requires.

2. The Court may decide to restore an application to its list of cases if it considers that the circumstances justify such a course.

Article 38

Examination of the case and friendly settlement proceedings

1. If the Court declares the application admissible, it shall

a pursue the examination of the case, together with the representatives of the parties, and if need be, undertake an investigation, for the effective conduct of which the States concerned shall furnish all necessary facilities;

b place itself at the disposal of the parties concerned with a view to securing a friendly settlement of the matter on the basis of respect for human rights as defined in the Convention and the protocols thereto.

2. Proceedings conducted under paragraph 1.b shall be confidential.

Article 39

Finding of a friendly settlement

If a friendly settlement is effected, the Court shall strike the case out of its list by means of a decision which shall be confined to a brief statement of the facts and of the solution reached.

Article 40

Public hearings and access to documents

1. Hearings shall be public unless the Court in exceptional circumstances decides otherwise.

2. Documents deposited with the Registrar shall be accessible to the public unless the President of the Court decides otherwise.

Article 41

Just satisfaction

If the Court finds that there has been a violation of the Convention or the protocols thereto, and if the internal law of the High Contracting Party concerned allows only partial reparation to be made, the Court shall, if necessary, afford just satisfaction to the injured party.

Article 42

Judgments of Chambers

Judgments of Chambers shall become final in accordance with the provisions of Article 44, paragraph 2.

Article 43

Referral to the Grand Chamber

1. Within a period of three months from the date of the judgment of the Chamber, any party to the case may, in exceptional cases, request that the case be referred to the Grand Chamber.

2. A panel of five judges of the Grand Chamber shall accept the request if the case raises a serious question affecting the interpretation or application of the Convention or the protocols thereto, or a serious issue of general importance.

3. If the panel accepts the request, the Grand Chamber shall decide the case by means of a judgment.

Article 44

Final judgments

1. The judgment of the Grand Chamber shall be final.

2. The judgment of a Chamber shall become final

a when the parties declare that they will not request that the case be referred to the Grand Chamber; or
b three months after the date of the judgment, if reference of the case to the Grand Chamber has not been requested; or
c when the panel of the Grand Chamber rejects the request to refer under Article 43.

3. The final judgment shall be published.

Article 45
Reasons for judgments and decisions

1. Reasons shall be given for judgments as well as for decisions declaring applications admissible or inadmissible.

2. If a judgment does not represent, in whole or in part, the unanimous opinion of the judges, any judge shall be entitled to deliver a separate opinion.

Article 46
Binding force and execution of judgments

1. The High Contracting Parties undertake to abide by the final judgment of the Court in any case to which they are parties.

2. The final judgment of the Court shall be transmitted to the Committee of Ministers, which shall supervise its execution.

Article 47
Advisory opinions

1. The Court may, at the request of the Committee of Ministers, give advisory opinions on legal questions concerning the interpretation of the Convention and the protocols thereto.

2. Such opinions shall not deal with any question relating to the content or scope of the rights or freedoms defined in Section I of the Convention and the protocols thereto, or with any other question which the Court or the Committee of Ministers might have to consider in consequence of any such proceedings as could be instituted in accordance with the Convention.

3. Decisions of the Committee of Ministers to request an advisory opinion of the Court shall require a majority vote of the representatives entitled to sit on the Committee.

Article 48
Advisory jurisdiction of the Court

The Court shall decide whether a request for an advisory opinion submitted by the Committee of Ministers is within its competence as defined in Article 47.

Article 49
Reasons for advisory opinions

1. Reasons shall be given for advisory opinions of the Court.

2. If the advisory opinion does not represent, in whole or in part, the unanimous opinion of the judges, any judge shall be entitled to deliver a separate opinion.

3. Advisory opinions of the Court shall be communicated to the Committee of Ministers.

Article 50

Expenditure on the Court

The expenditure on the Court shall be borne by the Council of Europe.

Article 51

Privileges and immunities of judges

The judges shall be entitled, during the exercise of their functions, to the privileges and immunities provided for in Article 40 of the Statute of the Council of Europe and in the agreements made thereunder."

Article 2

1. Section V of the Convention shall become Section III of the Convention; Article 57 of the Convention shall become Article 52 of the Convention; Articles 58 and 59 of the Convention shall be deleted, and Articles 60 to 66 of the Convention shall become Articles 53 to 59 of the Convention respectively.

2. Section I of the Convention shall be entitled "Rights and freedoms" and new Section III of the Convention shall be entitled "Miscellaneous provisions". Articles 1 to 18 and new Articles 52 to 59 of the Convention shall be provided with headings, as listed in the appendix to this Protocol.

3. In new Article 56, in paragraph 1, the words ", subject to paragraph 4 of this Article," shall be inserted after the word "shall"; in paragraph 4, the words "Commission to receive petitions" and "in accordance with Article 25 of the present Convention" shall be replaced by the words "Court to receive applications" and "as provided in Article 34 of the Convention" respectively.

In new Article 58, paragraph 4, the words "Article 63" shall be replaced by the words "Article 56".

4. The Protocol to the Convention shall be amended as follows

a the Articles shall be provided with the headings listed in the appendix to the present Protocol; and

b in Article 4, last sentence, the words "of Article 63" shall be replaced by the words "of Article 56".

5. Protocol No. 4 shall be amended as follows

a the Articles shall be provided with the headings listed in the appendix to the present Protocol;

b in Article 5, paragraph 3, the words "of Article 63" shall be replaced by the words "of Article 56"; a new paragraph 5 shall be added, which shall read

"Any State which has made a declaration in accordance with paragraph 1 or 2 of this Article may at any time thereafter declare on behalf of one or more of the territories to which the declaration relates that it accepts the competence of the Court to receive applications from individuals, non-governmental organisations or groups of individuals as provided in Article 34 of the Convention in respect of all or any of Articles 1 to 4 of this Protocol."; and

c paragraph 2 of Article 6 shall be deleted.

6. Protocol No. 6 shall be amended as follows

a the Articles shall be provided with the headings listed in the appendix to the present Protocol; and

b in Article 4 the words "under Article 64" shall be replaced by the words "under Article 57".

7. Protocol No. 7 shall be amended as follows

a the Articles shall be provided with the headings listed in the appendix to the present Protocol;

b in Article 6, paragraph 4, the words "of Article 63" shall be replaced by the words "of Article 56"; a new paragraph 6 shall be added, which shall read

"Any State which has made a declaration in accordance with paragraph 1 or 2 of this Article may at any time thereafter declare on behalf of one or more of the territories to which the declaration relates that it accepts the competence of the Court to receive applications from individuals, non-governmental organisations or groups of individuals as provided in Article 34 of the Convention in respect of Articles 1 to 5 of this Protocol."; and

c paragraph 2 of Article 7 shall be deleted.

8. Protocol No. 9 shall be repealed.

Article 3

1. This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe signatories to the Convention, which may express their consent to be bound by

a signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

b signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 4

This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one year after the date on which all Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 3. The election of new judges may take place, and any further necessary steps may be taken to establish the new Court, in accordance with the provisions of this Protocol from the date on which all Parties to the Convention have expressed their consent to be bound by the Protocol.

Article 5

1. Without prejudice to the provisions in paragraphs 3 and 4 below, the terms of office of the judges, members of the Commission, Registrar and Deputy Registrar shall expire at the date of entry into force of this Protocol.

2. Applications pending before the Commission which have not been declared admissible at the date of the entry into force of this Protocol shall be examined by the Court in accordance with the provisions of this Protocol.

3. Applications which have been declared admissible at the date of entry into force of this Protocol shall continue to be dealt with by members of the Commission within a period of one year thereafter. Any applications the examination of which has not been completed within the aforesaid period shall be transmitted to the Court which shall examine them as admissible cases in accordance with the provisions of this Protocol.

4. With respect to applications in which the Commission, after the entry into force of this Protocol, has adopted a report in accordance with former Article 31 of the Convention, the

report shall be transmitted to the parties, who shall not be at liberty to publish it. In accordance with the provisions applicable prior to the entry into force of this Protocol, a case may be referred to the Court. The panel of the Grand Chamber shall determine whether one of the Chambers or the Grand Chamber shall decide the case. If the case is decided by a Chamber, the decision of the Chamber shall be final. Cases not referred to the Court shall be dealt with by the Committee of Ministers acting in accordance with the provisions of former Article 32 of the Convention.

5. Cases pending before the Court which have not been decided at the date of entry into force of this Protocol shall be transmitted to the Grand Chamber of the Court, which shall examine them in accordance with the provisions of this Protocol.

6. Cases pending before the Committee of Ministers which have not been decided under former Article 32 of the Convention at the date of entry into force of this Protocol shall be completed by the Committee of Ministers acting in accordance with that Article.

Article 6

Where a High Contracting Party had made a declaration recognising the competence of the Commission or the jurisdiction of the Court under former Article 25 or 46 of the Convention with respect to matters arising after or based on facts occurring subsequent to any such declaration, this limitation shall remain valid for the jurisdiction of the Court under this Protocol.

Article 7

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of

a any signature;
b the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c the date of entry into force of this Protocol or of any of its provisions in accordance with Article 4; and
d any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 11th day of May 1994, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

Appendix

Headings of articles to be inserted into the text of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms and its protocols.

Article 1 – Obligation to respect human rights
Article 2 – Right to life
Article 3 – Prohibition of torture
Article 4 – Prohibition of slavery and forced labour
Article 5 – Right to liberty and security
Article 6 – Right to a fair trial

Article 7 – No punishment without law
Article 8 – Right to respect for private and family life
Article 9 – Freedom of thought, conscience and religion
Article 10 – Freedom of expression
Article 11 – Freedom of assembly and association
Article 12 – Right to marry
Article 13 – Right to an effective remedy
Article 14 – Prohibition of discrimination
Article 15 – Derogation in time of emergency
Article 16 – Restrictions on political activity of aliens
Article 17 – Prohibition of abuse of rights
Article 18 – Limitation on use of restrictions on rights
[...]
Article 52 – Enquiries by the Secretary General
Article 53 – Safeguard for existing human rights
Article 54 – Powers of the Committee of Ministers
Article 55 – Exclusion of other means of dispute settlement
Article 56 – Territorial application
Article 57 – Reservations
Article 58 – Denunciation
Article 59 – Signature and ratification

Protocol
Article 1 – Protection of property
Article 2 – Right to education
Article 3 – Right to free elections
Article 4 – Territorial application
Article 5 – Relationship to the Convention
Article 6 – Signature and ratification

Protocol No. 4
Article 1 – Prohibition of imprisonment for debt
Article 2 – Freedom of movement
Article 3 – Prohibition of expulsion of nationals
Article 4 – Prohibition of collective expulsion of aliens
Article 5 – Territorial application
Article 6 – Relationship to the Convention
Article 7 – Signature and ratification

Protocol No. 6
Article 1 – Abolition of the death penalty
Article 2 – Death penalty in time of war
Article 3 – Prohibition of derogations
Article 4 – Prohibition of reservations
Article 5 – Territorial application
Article 6 – Relationship to the Convention
Article 7 – Signature and ratification

Article 8 – Entry into force
Article 9 – Depositary functions

Protocol No. 7
Article 1 – Procedural safeguards relating to expulsion of aliens
Article 2 – Right of appeal in criminal matters
Article 3 – Compensation for wrongful conviction
Article 4 – Right not to be tried or punished twice
Article 5 – Equality between spouses
Article 6 – Territorial application
Article 7 – Relationship to the Convention
Article 8 – Signature and ratification
Article 9 – Entry into force
Article 10 – Depositary functions

Fylgiskjal III.

PROTOCOLE N° 11 À LA CONVENTION DE SAUVEGARDE DES DROITS DE L'HOMME ET DES LIBERTÉS FONDAMENTALES, PORTANT RESTRUCTURATION DU MÉCANISME DE CONTRÔLE ÉTABLI PAR LA CONVENTION

Les Etats membres du Conseil de l'Europe, signataires du présent Protocole à la Convention de sauvegarde des Droits de l'Homme et des Libertés fondamentales, signée à Rome le 4 novembre 1950 (ci-après dénommée «la Convention»),

Considérant qu'il est nécessaire et urgent de restructurer le mécanisme de contrôle établi par la Convention afin de maintenir et de renforcer l'efficacité de la protection des droits de l'homme et des libertés fondamentales prévue par la Convention, en raison principalement de l'augmentation des requêtes et du nombre croissant des membres du Conseil de l'Europe;

Considérant qu'il convient par conséquent d'amender certaines dispositions de la Convention en vue, notamment, de remplacer la Commission et la Cour européennes des Droits de l'Homme existantes par une nouvelle Cour permanente;

Vu la Résolution n° 1 adoptée lors de la Conférence ministérielle européenne sur les droits de l'homme, tenue à Vienne les 19 et 20 mars 1985;

Vu la Recommandation 1194 (1992), adoptée par l'Assemblée parlementaire du Conseil de l'Europe le 6 octobre 1992;

Vu la décision prise sur la réforme du mécanisme de contrôle de la Convention par les Chefs d'Etat et de Gouvernement des Etats membres du Conseil de l'Europe dans la Déclaration de Vienne du 9 octobre 1993,

Sont convenus de ce qui suit:

Article 1

Le texte des titres II à IV de la Convention (articles 19 à 56) et le Protocole n° 2 attribuant à la Cour européenne des Droits de l'Homme la compétence de donner des avis consultatifs sont remplacés par le titre II suivant de la Convention (articles 19 à 51):

«**Titre II**
Cour européenne des Droits de l'Homme

Article 19
Institution de la Cour

Afin d'assurer le respect des engagements résultant pour les Hautes Parties contractantes de la présente Convention et de ses protocoles, il est institué une Cour européenne des Droits de l'Homme, ci-dessous nommée «la Cour». Elle fonctionne de façon permanente.

Article 20
Nombre de juges

La Cour se compose d'un nombre de juges égal à celui des Hautes Parties contractantes.

Article 21
Conditions d'exercice des fonctions

1. Les juges doivent jouir de la plus haute considération morale et réunir les conditions requises pour l'exercice de hautes fonctions judiciaires ou être des jurisconsultes possédant une compétence notoire.

2. Les juges siègent à la Cour à titre individuel.

3. Pendant la durée de leur mandat, les juges ne peuvent exercer aucune activité incompatible avec les exigences d'indépendance, d'impartialité ou de disponibilité requise par une activité exercée à plein temps; toute question soulevée en application de ce paragraphe est tranchée par la Cour.

Article 22
Election des juges

1. Les juges sont élus par l'Assemblée parlementaire au titre de chaque Haute Partie contractante, à la majorité des voix exprimées, sur une liste de trois candidats présentés par la Haute Partie contractante.

2. La même procédure est suivie pour compléter la Cour en cas d'adhésion de nouvelles Hautes Parties contractantes et pourvoir les sièges devenus vacants.

Article 23
Durée du mandat

1. Les juges sont élus pour une durée de six ans. Ils sont rééligibles. Toutefois, les mandats d'une moitié des juges désignés lors de la première élection prendront fin au bout de trois ans.

2. Les juges dont le mandat prendra fin au terme de la période initiale de trois ans sont désignés par tirage au sort effectué par le Secrétaire Général du Conseil de l'Europe, immédiatement après leur élection.

3. Afin d'assurer, dans la mesure du possible, le renouvellement des mandats d'une moitié des juges tous les trois ans, l'Assemblée parlementaire peut, avant de procéder à toute élection ultérieure, décider qu'un ou plusieurs mandats des juges à élire auront une durée autre que celle de six ans, sans qu'elle puisse toutefois excéder neuf ans ou être inférieure à trois ans.

4. Dans le cas où il y a lieu de conférer plusieurs mandats et où l'Assemblée parlementaire fait application du paragraphe précédent, la répartition des mandats s'opère suivant un tirage au sort effectué par le Secrétaire Général du Conseil de l'Europe immédiatement après l'élection.

5. Le juge élu en remplacement d'un juge dont le mandat n'est pas expiré achève le mandat de son prédécesseur.

6. Le mandat des juges s'achève dès qu'ils atteignent l'âge de 70 ans.

7. Les juges restent en fonctions jusqu'à leur remplacement. Ils continuent toutefois de connaître des affaires dont ils sont déjà saisis.

Article 24

Révocation

Un juge ne peut être relevé de ses fonctions que si les autres juges décident, à la majorité des deux tiers, qu'il a cessé de répondre aux conditions requises.

Article 25

Greffe et référendaires

La Cour dispose d'un greffe dont les tâches et l'organisation sont fixées par le règlement de la Cour. Elle est assistée de référendaires.

Article 26

Assemblée plénière de la Cour

La Cour réunie en Assemblée plénière

a élit, pour une durée de trois ans, son président et un ou deux vice-présidents; ils sont rééligibles;
b constitue des Chambres pour une période déterminée;
c élit les présidents des Chambres de la Cour, qui sont rééligibles;
d adopte le règlement de la Cour; et
e élit le greffier et un ou plusieurs greffiers adjoints.

Article 27

Comités, Chambres et Grande Chambre

1. Pour l'examen des affaires portées devant elle, la Cour siège en comités de trois juges, en Chambres de sept juges et en une Grande Chambre de dix-sept juges. Les Chambres de la Cour constituent les comités pour une période déterminée.

2. Le juge élu au titre d'un Etat partie au litige est membre de droit de la Chambre et de la Grande Chambre; en cas d'absence de ce juge, ou lorsqu'il n'est pas en mesure de siéger, cet Etat partie désigne une personne qui siège en qualité de juge.

3. Font aussi partie de la Grande Chambre le président de la Cour, les vice-présidents, les présidents des Chambres et d'autres juges désignés conformément au règlement de la Cour. Quand l'affaire est déférée à la Grande Chambre en vertu de l'article 43, aucun juge de la Chambre qui a rendu l'arrêt ne peut y siéger, à l'exception du président de la Chambre et du juge ayant siégé au titre de l'Etat partie intéressé.

Article 28

Déclarations d'irrecevabilité par les comités

Un comité peut, par vote unanime, déclarer irrecevable ou rayer du rôle une requête individuelle introduite en vertu de l'article 34 lorsqu'une telle décision peut être prise sans examen complémentaire. La décision est définitive.

Article 29

Décisions des Chambres sur la recevabilité et le fond

1. Si aucune décision n'a été prise en vertu de l'article 28, une Chambre se prononce sur la recevabilité et le fond des requêtes individuelles introduites en vertu de l'article 34.

2. Une Chambre se prononce sur la recevabilité et le fond des requêtes étatiques introduites en vertu de l'article 33.

3. Sauf décision contraire de la Cour dans des cas exceptionnels, la décision sur la recevabilité est prise séparément.

Article 30

Dessaisissement en faveur de la Grande Chambre

Si l'affaire pendante devant une Chambre soulève une question grave relative à l'interprétation de la Convention ou de ses protocoles, ou si la solution d'une question peut conduire à une contradiction avec un arrêt rendu antérieurement par la Cour, la Chambre peut, tant qu'elle n'a pas rendu son arrêt, se dessaisir au profit de la Grande Chambre, à moins que l'une des parties ne s'y oppose.

Article 31

Attributions de la Grande Chambre

La Grande Chambre

a se prononce sur les requêtes introduites en vertu de l'article 33 ou de l'article 34 lorsque l'affaire lui a été déférée par la Chambre en vertu de l'article 30 ou lorsque l'affaire lui a été déférée en vertu de l'article 43; et

b examine les demandes d'avis consultatifs introduites en vertu de l'article 47.

Article 32

Compétence de la Cour

1. La compétence de la Cour s'étend à toutes les questions concernant l'interprétation et l'application de la Convention et de ses protocoles qui lui seront soumises dans les conditions prévues par les articles 33, 34 et 47.

2.En cas de contestation sur le point de savoir si la Cour est compétente, la Cour décide.

Article 33

Affaires interétatiques

Toute Haute Partie contractante peut saisir la Cour de tout manquement aux dispositions de la Convention et de ses protocoles qu'elle croira pouvoir être imputé à une autre Haute Partie contractante.

Article 34

Requêtes individuelles

La Cour peut être saisie d'une requête par toute personne physique, toute organisation non gouvernementale ou tout groupe de particuliers qui se prétend victime d'une violation par l'une des Hautes Parties contractantes des droits reconnus dans la Convention ou ses protocoles. Les Hautes Parties contractantes s'engagent à n'entraver par aucune mesure l'exercice efficace de ce droit.

Article 35

Conditions de recevabilité

1. La Cour ne peut être saisie qu'après l'épuisement des voies de recours internes, tel qu'il est entendu selon les principes de droit international généralement reconnus, et dans un délai de six mois à partir de la date de la décision interne définitive.

2. La Cour ne retient aucune requête individuelle introduite en application de l'article 34, lorsque

a elle est anonyme; ou

b elle est essentiellement la même qu'une requête précédemment examinée par la Cour ou déjà soumise à une autre instance internationale d'enquête ou de règlement, et si elle ne contient pas de faits nouveaux.

3. La Cour déclare irrecevable toute requête individuelle introduite en application de l'article 34, lorsqu'elle estime la requête incompatible avec les dispositions de la Convention ou de ses protocoles, manifestement mal fondée ou abusive.

4. La Cour rejette toute requête qu'elle considère comme irrecevable en application du présent article. Elle peut procéder ainsi à tout stade de la procédure.

Article 36

Tierce intervention

1. Dans toute affaire devant une Chambre ou la Grande Chambre, une Haute Partie contractante dont un ressortissant est requérant a le droit de présenter des observations écrites et de prendre part aux audiences.

2. Dans l'intérêt d'une bonne administration de la justice, le président de la Cour peut inviter toute Haute Partie contractante qui n'est pas partie à l'instance ou toute personne intéressée autre que le requérant à présenter des observations écrites ou à prendre part aux audiences.

Article 37

Radiation

1. A tout moment de la procédure, la Cour peut décider de rayer une requête du rôle lorsque les circonstances permettent de conclure

a que le requérant n'entend plus la maintenir; ou

b que le litige a été résolu; ou

c que, pour tout autre motif dont la Cour constate l'existence, il ne se justifie plus de poursuivre l'examen de la requête.

Toutefois, la Cour poursuit l'examen de la requête si le respect des droits de l'homme garantis par la Convention et ses protocoles l'exige.

2. La Cour peut décider la réinscription au rôle d'une requête lorsqu'elle estime que les circonstances le justifient.

Article 38

Examen contradictoire de l'affaire et procédure de règlement amiable

1. Si la Cour déclare une requête recevable, elle

a poursuit l'examen contradictoire de l'affaire avec les représentants des parties et, s'il y a lieu, procède à une enquête pour la conduite efficace de laquelle les Etats intéressés fourniront toutes facilités nécessaires;

b se met à la disposition des intéressés en vue de parvenir à un règlement amiable de l'affaire s'inspirant du respect des droits de l'homme tels que les reconnaissent la Convention et ses protocoles.

2. La procédure décrite au paragraphe 1.b est confidentielle.

Article 39

Conclusion d'un règlement amiable

En cas de règlement amiable, la Cour raye l'affaire du rôle par une décision qui se limite à un bref exposé des faits et de la solution adoptée.

Article 40

Audience publique et accès aux documents

1. L'audience est publique à moins que la Cour n'en décide autrement en raison de circonstances exceptionnelles.

2. Les documents déposés au greffe sont accessibles au public à moins que le président de la Cour n'en décide autrement.

Article 41

Satisfaction équitable

Si la Cour déclare qu'il y a eu violation de la Convention ou de ses protocoles, et si le droit interne de la Haute Partie contractante ne permet d'effacer qu'imparfaitement les conséquences de cette violation, la Cour accorde à la partie lésée, s'il y a lieu, une satisfaction équitable.

Article 42

Arrêts des Chambres

Les arrêts des Chambres deviennent définitifs conformément aux dispositions de l'article 44, paragraphe 2.

Article 43

Renvoi devant la Grande Chambre

1. Dans un délai de trois mois à compter de la date de l'arrêt d'une Chambre, toute partie à l'affaire peut, dans des cas exceptionnels, demander le renvoi de l'affaire devant la Grande Chambre.

2. Un collège de cinq juges de la Grande Chambre accepte la demande si l'affaire soulève une question grave relative à l'interprétation ou à l'application de la Convention ou de ses protocoles, ou encore une question grave de caractère général.

3. Si le collège accepte la demande, la Grande Chambre se prononce sur l'affaire par un arrêt.

Article 44

Arrêts définitifs

1. L'arrêt de la Grande Chambre est définitif.

2. L'arrêt d'une Chambre devient définitif

a lorsque les parties déclarent qu'elles ne demanderont pas le renvoi de l'affaire devant la Grande Chambre; ou

b trois mois après la date de l'arrêt, si le renvoi de l'affaire devant la Grande Chambre n'a pas été demandé; ou

c lorsque le collège de la Grande Chambre rejette la demande de renvoi formulée en application de l'article 43.

3. L'arrêt définitif est publié.

Article 45

Motivation des arrêts et décisions

1. Les arrêts, ainsi que les décisions déclarant des requêtes recevables ou irrecevables, sont motivés.

2. Si l'arrêt n'exprime pas en tout ou en partie l'opinion unanime des juges, tout juge a le droit d'y joindre l'exposé de son opinion séparée.

Article 46

Force obligatoire et exécution des arrêts

1. Les Hautes Parties contractantes s'engagent à se conformer aux arrêts définitifs de la Cour dans les litiges auxquels elles sont parties.

2. L'arrêt définitif de la Cour est transmis au Comité des Ministres qui en surveille l'exécution.

Article 47

Avis consultatifs

1. La Cour peut, à la demande du Comité des Ministres, donner des avis consultatifs sur des questions juridiques concernant l'interprétation de la Convention et de ses protocoles.

2. Ces avis ne peuvent porter ni sur les questions ayant trait au contenu ou à l'étendue des droits et libertés définis au titre I de la Convention et dans les protocoles ni sur les autres questions dont la Cour ou le Comité des Ministres pourraient avoir à connaître par suite de l'introduction d'un recours prévu par la Convention.

3. La décision du Comité des Ministres de demander un avis à la Cour est prise par un vote à la majorité des représentants ayant le droit de siéger au Comité.

Article 48

Compétence consultative de la Cour

La Cour décide si la demande d'avis consultatif présentée par le Comité des Ministres relève de sa compétence telle que définie par l'article 47.

Article 49

Motivation des avis consultatifs

1. L'avis de la Cour est motivé.

2. Si l'avis n'exprime pas en tout ou en partie l'opinion unanime des juges, tout juge a le droit d'y joindre l'exposé de son opinion séparée.

3. L'avis de la Cour est transmis au Comité des Ministres.

Article 50

Frais de fonctionnement de la Cour

Les frais de fonctionnement de la Cour sont à la charge du Conseil de l'Europe.

Article 51

Privilèges et immunités des juges

Les juges jouissent, pendant l'exercice de leurs fonctions, des privilèges et immunités prévus à l'article 40 du Statut du Conseil de l'Europe et dans les accords conclus au titre de cet article.»

Article 2

1. Le titre V de la Convention devient le titre III de la Convention; l'article 57 de la Convention devient l'article 52 de la Convention; les articles 58 et 59 de la Convention sont supprimés, et les articles 60 à 66 de la Convention deviennent respectivement les articles 53 à 59 de la Convention.

2. Le titre I de la Convention s'intitule «Droits et libertés» et le nouveau titre III «Dispositions diverses». Les intitulés figurant à l'annexe du présent Protocole ont été attribués aux articles 1 à 18 et aux nouveaux articles 52 à 59 de la Convention.

3. Dans le nouvel article 56, au paragraphe 1, insérer les mots «, sous réserve du paragraphe 4 du présent article,» après le mot «s'appliquera»; au paragraphe 4, les mots «Commission» et «conformément à l'article 25 de la présente Convention» sont respectivement remplacés par les mots «Cour» et «, comme le prévoit l'article 34 de la Convention».

Dans le nouvel article 58, paragraphe 4, les mots «l'article 63» sont remplacés par les mots «l'article 56».

4. Le Protocole additionnel à la Convention est amendé comme suit

a les articles sont présentés avec les intitulés énumérés à l'annexe du présent Protocole; et

b à l'article 4, dernière phrase, les mots «de l'article 63» sont remplacés par les mots «de l'article 56».

5. Le Protocole n° 4 est amendé comme suit

a les articles sont présentés avec les intitulés énumérés à l'annexe du présent Protocole;

b à l'article 5, paragraphe 3, les mots «de l'article 63» sont remplacés par les mots «de l'article 56»; un nouveau paragraphe 5 s'ajoute et se lit comme suit

«Tout Etat qui a fait une déclaration conformément au paragraphe 1 ou 2 du présent article peut, à tout moment par la suite, déclarer relativement à un ou plusieurs des territoires visés dans cette déclaration qu'il accepte la compétence de la Cour pour connaître des requêtes de personnes physiques, d'organisations non gouvernementales ou de groupes de particuliers, comme le prévoit l'article 34 de la Convention, au titre des articles 1 à 4 du présent Protocole ou de certains d'entre eux.»; et

c le paragraphe 2 de l'article 6 est supprimé.

6. Le Protocole n° 6 est amendé comme suit

a les articles sont présentés avec les intitulés énumérés à l'annexe du présent Protocole; et

b à l'article 4, les mots «en vertu de l'article 64» sont remplacés par les mots «en vertu de l'article 57».

7. Le Protocole n° 7 est amendé comme suit

a les articles sont présentés avec les intitulés énumérés à l'annexe du présent Protocole;

b à l'article 6, paragraphe 4, les mots «de l'article 63» sont remplacés par les mots «de l'article 56»; un nouveau paragraphe 6 s'ajoute et se lit comme suit

«Tout Etat ayant fait une déclaration conformément au paragraphe 1 ou 2 du présent article peut, à tout moment par la suite, déclarer relativement à un ou plusieurs des territoires visés dans cette déclaration qu'il accepte la compétence de la Cour pour connaître des requêtes de personnes physiques, d'organisations non gouvernementales ou de groupes de particuliers, comme le prévoit l'article 34 de la Convention, au titre des articles 1 à 5 du présent Protocole.»; et

c le paragraphe 2 de l'article 7 est supprimé.

8. Le Protocole n° 9 est abrogé.

Article 3

1. Le présent Protocole est ouvert à la signature des Etats membres du Conseil de l'Europe signataires de la Convention, qui peuvent exprimer leur consentement à être liés par

a signature sans réserve de ratification, d'acceptation ou d'approbation; ou

b signature sous réserve de ratification, d'acceptation ou d'approbation, suivie de ratification, d'acceptation ou d'approbation.

2. Les instruments de ratification, d'acceptation ou d'approbation seront déposés près le Secrétaire Général du Conseil de l'Europe.

Article 4

Le présent Protocole entrera en vigueur le premier jour du mois qui suit l'expiration d'une période d'un an après la date à laquelle toutes les Parties à la Convention auront exprimé leur consentement à être liées par le Protocole conformément aux dispositions de l'article 3. L'élection des nouveaux juges pourra se faire, et toutes autres mesures nécessaires à l'établissement de la nouvelle Cour pourront être prises, conformément aux dispositions du présent Protocole, à partir de la date à laquelle toutes les Parties à la Convention auront exprimé leur consentement à être liées par le Protocole.

Article 5

1. Sans préjudice des dispositions des paragraphes 3 et 4 ci-dessous, le mandat des juges, membres de la Commission, greffier et greffier adjoint expire à la date d'entrée en vigueur du présent Protocole.

2. Les requêtes pendantes devant la Commission qui n'ont pas encore été déclarées recevables à la date d'entrée en vigueur du présent Protocole sont examinées par la Cour conformément aux dispositions du présent Protocole.

3. Les requêtes déclarées recevables à la date d'entrée en vigueur du présent Protocole continuent d'être traitées par les membres de la Commission dans l'année qui suit. Toutes les affaires dont l'examen n'est pas terminé durant cette période sont transmises à la Cour qui les examine, en tant que requêtes recevables, conformément aux dispositions du présent Protocole.

4. Pour les requêtes pour lesquelles la Commission, après l'entrée en vigueur du présent Protocole, a adopté un rapport conformément à l'ancien article 31 de la Convention, le rapport est transmis aux parties qui n'ont pas la faculté de le publier. Conformément aux dispositions applicables avant l'entrée en vigueur du présent Protocole, une affaire peut être déférée à la Cour. Le collège de la Grande Chambre détermine si l'une des Chambres ou la Grande Chambre doit se prononcer sur l'affaire. Si une Chambre se prononce sur l'affaire, sa décision est définitive. Les affaires non déférées à la Cour sont examinées par le Comité des Ministres agissant conformément aux dispositions de l'ancien article 32 de la Convention.

5. Les affaires pendantes devant la Cour dont l'examen n'est pas encore achevé à la date d'entrée en vigueur du présent Protocole sont transmises à la Grande Chambre de la Cour, qui se prononce sur l'affaire conformément aux dispositions de ce Protocole.

6. Les affaires pendantes devant le Comité des Ministres dont l'examen en vertu de l'ancien article 32 n'est pas encore achevé à la date d'entrée en vigueur du présent Protocole sont réglées par le Comité des Ministres agissant conformément à cet article.

Article 6

Dès lors qu'une Haute Partie contractante a reconnu la compétence de la Commission ou la juridiction de la Cour par la déclaration prévue à l'ancien article 25 ou à l'ancien article 46 de la Convention, uniquement pour les affaires postérieures, ou fondées sur des faits postérieurs à ladite déclaration, cette restriction continuera à s'appliquer à la juridiction de la Cour aux termes du présent Protocole.

Article 7

Le Secrétaire Général du Conseil de l'Europe notifiera aux Etats membres du Conseil:

a toute signature;
b le dépôt de tout instrument de ratification, d'acceptation ou d'approbation;
c la date d'entrée en vigueur du présent Protocole ou de certaines de ses dispositions conformément à l'article 4; et
d tout autre acte, notification ou communication ayant trait au présent Protocole.

En foi de quoi, les soussignés, dûment autorisés à cet effet, ont signé le présent Protocole.

Fait à Strasbourg, le 11 mai 1994, en français et en anglais, les deux textes faisant également foi, en un seul exemplaire qui sera déposé dans les archives du Conseil de l'Europe. Le Secrétaire Général du Conseil de l'Europe en communiquera copie certifiée conforme à chacun des Etats membres du Conseil de l'Europe.

Annexe

Intitulés des articles à insérer dans le texte de la Convention de sauvegarde des Droits de l'Homme et des Libertés fondamentales et de ses protocoles

Article 1 – Obligation de respecter les droits de l'homme
Article 2 – Droit à la vie
Article 3 – Interdiction de la torture
Article 4 – Interdiction de l'esclavage et du travail forcé
Article 5 – Droit à la liberté et à la sûreté
Article 6 – Droit à un procès équitable
Article 7 – Pas de peine sans loi
Article 8 – Droit au respect de la vie privée et familiale
Article 9 – Liberté de pensée, de conscience et de religion
Article 10 – Liberté d'expression
Article 11 – Liberté de réunion et d'association
Article 12 – Droit au mariage
Article 13 – Droit à un recours effectif
Article 14 – Interdiction de discrimination
Article 15 – Dérogation en cas d'état d'urgence
Article 16 – Restrictions à l'activité politique des étrangers
Article 17 – Interdiction de l'abus de droit
Article 18 – Limitation de l'usage des restrictions aux droits
[...]
Article 52 – Enquêtes du Secrétaire Général
Article 53 – Sauvegarde des droits de l'homme reconnus
Article 54 – Pouvoirs du Comité des Ministres
Article 55 – Renonciation à d'autres modes de règlement des différends

Article 56 – Application territoriale
Article 57 – Réserves
Article 58 – Dénonciation
Article 59 – Signature et ratification

Protocole additionnel
Article 1 – Protection de la propriété
Article 2 – Droit à l'instruction
Article 3 – Droit à des élections libres
Article 4 – Application territoriale
Article 5 – Relations avec la Convention
Article 6 – Signature et ratification

Protocole n° 4
Article 1 – Interdiction de l'emprisonnement pour dette
Article 2 – Liberté de circulation
Article 3 – Interdiction de l'expulsion des nationaux
Article 4 – Interdiction des expulsions collectives d'étrangers
Article 5 – Application territoriale
Article 6 – Relations avec la Convention
Article 7 – Signature et ratification

Protocole n° 6
Article 1 – Abolition de la peine de mort
Article 2 – Peine de mort en temps de guerre
Article 3 – Interdiction de dérogations
Article 4 – Interdiction de réserves
Article 5 – Application territoriale
Article 6 – Relations avec la Convention
Article 7 – Signature et ratification
Article 8 – Entrée en vigueur
Article 9 – Fonctions du dépositaire

Protocole n° 7
Article 1 – Garanties procédurales en cas d'expulsion d'étrangers
Article 2 – Droit à un double degré de juridiction en matière pénale
Article 3 – Droit d'indemnisation en cas d'erreur judiciaire
Article 4 – Droit à ne pas être jugé ou puni deux fois
Article 5 – Egalité entre époux
Article 6 – Application territoriale
Article 7 – Relations avec la Convention
Article 8 – Signature et ratification
Article 9 – Entrée en vigueur
Article 10 – Fonctions du dépositaire

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi og í kjölfar breytinga og viðbóta við hann er flutt frumvarp til breytinga á núgildandi lögum um mannréttindasáttmálann. Breytingarnar á sáttmálanum fela m.a. í sér að í stað núverandi mannréttindanefndar og mannréttindadómstóls Evrópu er settur á fót dómstóll sem starfi samfellt. Þær fela einnig í sér endurskipulagningu eftirlitskerfis, einkum með tilliti til fjölgunar kæra og aðildar fleiri ríkja að Evrópuráðinu, auk fleiri smærri atriða.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

800. Fyrirspurn [467. mál]

til forsætisráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum:
a. eldi vatnafiska,
b. eldi fiska í köldum sjó?

801. Fyrirspurn [468. mál]

til samgönguráðherra um mismunandi aðstöðu landsmanna til að nýta sér ljósleiðarann.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur hárri gjaldskrá Landssímans hf. fyrir afnot af ljósleiðaranum?
2. Hví er landsmönnum mismunað eftir búsetu að því er varðar gjaldtöku fyrir aðgang að ljósleiðaranum?

802. Fyrirspurn [469. mál]

til félagsmálaráðherra um launamun verkakvenna og verkakarla.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra jafnréttismála ástæðu til að ætla að ákvæði jafnréttislaga hafi verið brotin þegar upplýst er um verulegan mun á dagvinnulaunum verkakvenna og verkakarla?
2. Mun ráðherra með vísan til jafnréttislaga beita sér fyrir því að munur á dagvinnulaunum verkakvenna og verkakarla verði leiðréttur?

803. Frumvarp til laga [470. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 11. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skulu þeir sem notið hafa örorkulífeyris við 67 ára aldur halda öllum réttindum sínum, þar með talinni fjárhæð tekjutryggingar öryrkja, þegar þeir hefja töku ellilífeyris.

2. gr.

Við 17. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjárhæð tekjutryggingar ellilífeyrisþega, sem fengu greiddan örorkulífeyri við 67 ára aldur, skal ekki lækka við greiðslu ellilífeyris ef tekjur hlutaðeigandi hafa ekki breyst.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum hafa greiðslur til þeirra sem fengið hafa greiddan örorkulífeyri lækkað við það eitt að þeir verða 67 ára og hefja töku ellilífeyris. Skýring þessa er m.a. sú að skerðingarprósenta ellilífeyris skv. 2. mgr. 11. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, er 30% en skerðingarprósenta örorkulífeyris skv. 3. mgr. 12. gr. sömu laga er 25%. Auk þess hefst skerðing grunnlífeyris ellilífeyrisþega við lægri tekjumörk en grunnlífeyrir örorkulífeyrisþega, sbr. sömu ákvæði. Tekjutrygging öryrkja er einnig hærri en tekjutrygging ellilífeyrisþega. Hún lækkar um 779 kr. við það að hann verður 67 ára og fær greiddan ellilífeyri.

Ef öryrkjar eiga að halda óbreyttum greiðslum frá almannatryggingum eftir að þeir ná ellilífeyrisaldri þarf að gera þær breytingar á almannatryggingalögunum sem hér eru lagðar til. Ljóst er að framfærslukostnaður öryrkja lækkar ekki við það eitt að hann nær 67 ára aldri. Öryrki, sem verið hefur óvinnufær lengi, jafnvel stóran hluta ævinnar og búið við fötlun af einhverju tagi, má búast við að fötlunin ágerist og kostnaður við að draga fram lífið aukist því frekar en minnki. Því er það ósanngjarnt að lækka greiðslur almannatrygginga til öryrkja við það eitt að þeir ná 67 ára aldri og hefja töku ellilífeyris.

Framreikningur örorkulífeyris samkvæmt ákvæðum EES-samningsins leiðir oft til hlutfallslega hærri greiðslna en ellilífeyrisþegar fá með búsetunni einni saman. Því kunna greiðslur að lækka þegar viðkomandi hefur töku ellilífeyris. Þannig fær t.d. einstaklingur sem flytur frá Íslandi við 25 ára aldur til annars EES-lands og verður öryrki þar um þrítugt greiddan u.þ.b. $^{33}/_{40}$ hluta örorkulífeyris frá Íslandi til 67 ára aldurs. Ef hann síðan flyttist hingað aftur eftir það fengi hann aðeins $^{7}/_{40}$ hluta ellilífeyris. Viðkomandi ætti þó væntanlega meiri réttindi við töku ellilífeyris í landinu sem flust var til. Ekki er gert ráð fyrir að breyta þessu fyrirkomulagi með þessu lagafrumvarpi, en rétt þykir að benda á það misræmi sem skapast getur við framangreindar aðstæður.

Fylgiskjal.

Tryggingastofnun ríkisins:

Dæmi um tekjutengingu bóta almannatrygginga.
(Janúar 1998.)

Ellilífeyrir:

Einstaklingur með almennar tekjur.

Tekjur	Grunnlífeyrir	Tekjutrygging	Heimilisuppót	Sérstök heimilisuppbót
0	15.123	27.824	13.304	6.507
10.000	15.123	27.824	13.304	0
19.339	15.123	27.824	13.304	0
20.000	15.123	27.527	13.162	0
30.000	15.123	23.027	11.010	0
40.000	15.123	18.527	8.859	0
50.000	15.123	14.027	6.707	0
60.000	15.123	9.527	4.555	0
70.000	15.123	5.027	2.404	0
81.170	15.123	0	0	0
87.546	15.123	0	0	0
90.000	14.387	0	0	0
100.000	11.387	0	0	0
110.000	8.387	0	0	0
120.000	5.387	0	0	0
130.000	2.387	0	0	0
137.956	0	0	0	0

Einstaklingur með lífeyrissjóðstekjur.

Tekjur	Grunnlífeyrir	Tekjutrygging	Heimilisuppót	Sérstök heimilisuppbót
0	15.123	27.824	13.304	6.257
10.000	15.123	27.824	13.304	0
20.000	15.123	27.824	13.304	0
28.093	15.123	27.824	13.304	0
30.000	15.123	26.966	12.894	0
40.000	15.123	22.466	10.742	0
50.000	15.123	17.966	8.590	0
60.000	15.123	13.466	6.439	0
70.000	15.123	8.966	4.287	0
80.000	15.123	4.466	2.135	0
89.924	15.123	0	0	0

Hjón með almennar tekjur (annað hjóna).

Samanlagðar tekjur	Viðmiðunar-tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklju-trygging
0	0	13.611	27.824
27.074	13.537	13.611	27.824
40.000	20.000	13.611	24.916
60.000	30.000	13.611	20.416
80.000	40.000	13.611	15.916
100.000	50.000	13.611	11.416
120.000	60.000	13.611	6.916
150.736	75.368	13.611	0

Hjón með lífeyrissjóðstekjur (annað hjóna).

Samanlagðar tekjur	Viðmiðunar-tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklju-trygging
0	0	13.611	27.824
39.330	19.665	13.611	27.824
40.000	20.000	13.611	27.673
60.000	30.000	13.611	23.173
80.000	40.000	13.611	18.673
100.000	50.000	13.611	14.173
120.000	60.000	13.611	9.673
162.992	81.496	13.611	0

Örorkulífeyrir:

Einstaklingur með almennar tekjur.

Tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót
0	15.123	28.603	13.304	6.507
10.000	15.123	28.603	13.304	0
19.339	15.123	28.603	13.304	0
20.000	15.123	28.306	13.166	0
30.000	15.123	23.806	11.073	0
40.000	15.123	19.306	8.980	0
50.000	15.123	14.806	6.887	0
60.000	15.123	10.306	4.794	0
70.000	15.123	5.806	2.701	0
82.901	15.123	0	0	0
89.211	15.123	0	0	0
100.000	12.426	0	0	0
110.000	9.926	0	0	0
120.000	7.426	0	0	0
130.000	4.926	0	0	0
140.000	2.426	0	0	0
149.703	0	0	0	0

Einstaklingar með lífeyrissjóðstekjur.

Tekjur	Grunn-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót
0	15.123	28.603	13.304	6.257
10.000	15.123	28.603	13.304	0
20.000	15.123	28.603	13.304	0
28.093	15.123	28.603	13.304	0
30.000	15.123	27.745	12.905	0
40.000	15.123	23.245	10.812	0
50.000	15.123	18.745	8.719	0
60.000	15.123	14.245	6.626	0
70.000	15.123	9.745	4.533	0
80.000	15.123	5.245	2.440	0
91.655	15.123	0	0	0

Hjón með almennar tekjur (annað hjóna).

Samanlagðar tekjur	Viðmiðunar-tekjur	Grunn-lífeyrir	Tekju-trygging
0	0	13.611	28.603
27.074	13.537	13.611	28.603
40.000	20.000	13.611	25.695
60.000	30.000	13.611	21.195
80.000	40.000	13.611	16.695
100.000	50.000	13.611	12.195
120.000	60.000	13.611	7.695
154.198	77.099	13.611	0

Hjón með lífeyrissjóðstekjur (annað hjóna).

Samanlagðar tekjur	Viðmiðunar-tekjur	Grunn-lífeyrir	Tekju-trygging
0	0	13.611	28.603
39.330	19.665	13.611	28.603
40.000	20.000	13.611	28.452
60.000	30.000	13.611	23.952
80.000	40.000	13611	19.452
100.000	50.000	13.611	14.952
120.000	60.000	13.611	10.452
166.454	83.227	13.611	0

Þegar sameiginlegar tekjur hjóna verða það háar að þau missa tekjutryggingu alveg er kannað hvort skerða á grunnlífeyrinn. Við þann útreikning er litið til tekna hvors um sig, en tekjunum ekki jafnað. Skerðing á grunnlífeyrinum verður eins og um einstakling væri að ræða.

804. Frumvarp til laga [471. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

C- og e-liður 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svohljóðandi:

Við Vinnumálastofnun skal starfa sérstök deild er annast kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni deildarinnar eru:

a. Að fylgjast með þróun launa og annarra þátta er hafa áhrif á launakjör, jafnt á almennum vinnumarkaði sem hjá hinu opinbera.
b. Að safna upplýsingum um þær breytingar er verða á vinnumarkaði, svo sem um fækkun eða fjölgun starfa, atvinnuleysi og nýsköpun í atvinnulífi.
c. Að kanna orsakir þeirra breytinga er verða á vinnumarkaði og benda á líklega þróun hans.
d. Að gefa út skýrslur um þróun launamála, ástandið á vinnumarkaði og þær breytingar sem á honum verða. Allar tölulegar upplýsingar skulu vera kyngreindar.
e. Að fylgjast með þróun erlendis í vinnumarkaðsmálum og miðla upplýsingum um hana.
f. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um þörf vinnumarkaðarins fyrir starfsmenntun, endurmenntun og símenntun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum átti flutningsmaður þess kost að kynna sér stofnun í Svíþjóð sem kölluð var *Arbetslivscentrum* en heitir nú *Institutför arbetslivsforskning* (Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins). Eigendur stofnunarinnar eru sænska ríkið og Alþýðusamband og Vinnuveitendasamband Svíþjóðar. Fram til ársins 1994 voru verkefni stofnunarinnar mjög víðtækar vinnumarkaðsrannsóknir, en þá voru þau skilgreind upp á nýtt og beinir stofnunin nú einkum sjónum að fjórum sviðum vinnumarkaðsrannsókna. Þau eru:

1. alþjóðavæðing og atvinnustefna í Evrópu,
2. samkeppnishæfni, framleiðni og þróun vinnustaða,
3. vinnumarkaðspólitík og breyttir hagsmunir á vinnumarkaði,
4. kvennarannsóknir.

Stofnunin heldur námskeið í vinnumarkaðsrannsóknum og gefur vísindamönnum kost á þjálfun. Að mati Svía hefur stofnunin gegnt afar mikilvægri þjónustu við aðila vinnumarkaðarins, staðið fyrir umræðum og rannsóknum sem kallað hafa á breytingar á kjarasamningum, lagabreytingar og breytt vinnuumhverfi.

Það væri óskandi að hægt væri að koma upp slíkri stofnun hér á landi, ekki síst í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú er spáð á vinnumarkaðnum í kjölfar tæknibyltinga og annarra breytinga. Það er skoðun flutningsmanns að við Íslendingar séum svo langt á eftir í rannsóknum á vinnumarkaði, miðað við t.d. önnur Norðurlönd, að réttara sé að stíga minna skref og byrja

á því að byggja upp rannsóknir innan hinnar nýju Vinnumálastofnunar sem vonandi gætu orðið vísir að einhverju meira í nánustu framtíð.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði. Störfum fækkar með aukinni tækni í rótgrónum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi og landbúnaði. Samtímis verða ný störf til í þjónustugreinum, svo sem á sviði ferðaþjónustu, hátækni og upplýsinga. Jafnframt er störfum að fækka og mun fækka enn meir í einstökum þjónustugreinum þar sem tæknin er að leysa mannshöndina af hólmi komi ekki til eitthvað nýtt. Á næstu árum mun störfum væntanlega fækka í bönkum og hjá tryggingafélögum, svo og í starfsemi tengdri fjármagni, þar sem beint samband milli kaupenda og seljenda verður æ auðveldara.

Það sem af er þessum áratug hefur atvinnuleysi verið meira en þekkst hefur hér á landi um áratuga skeið þótt verulega hafi dregið úr því á allra síðustu árum. Margt bendir til þess að atvinnuleysi sér orðið varanlegt og tölur sýna að það er mun meira á meðal kvenna en karla. Allar þessar breytingar þarf að rannsaka, kanna þarf orsakir og afleiðingar og benda á nýjar leiðir, jafnframt því að spá í framtíðina og átta sig á því hvers konar menntunar og starfsþjálfunar verður þörf á næstu áratugum.

Svo sem áður segir er það mat flutningsmanns að mikið skorti á að kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir séu fullnægjandi hér á landi, hvað þá að hægt sé að öðlast heildarsýn yfir þær breytingar sem eiga og hafa átt sér stað. Enginn aðili innan stjórnkerfisins fæst við það sem meginverkefni að beina sjónum að því sem koma skal í atvinnumálum, hvað þá að stjórnvöld hafi uppi einhver áform um áherslur eða uppbyggingu á einstökum sviðum atvinnulífsins, ef frá er talin stóriðja og verkefni henni tengd.

Um árabil hefur kjararannsóknarnefnd starfað á grundvelli samninga milli aðila á almennum vinnumarkaði og verið kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði. Kjararannsóknarnefnd hefur bundið starf sitt við rannsóknir á launakjörum nokkurra hópa á almennum vinnumarkaði sem eru innan Alþýðusambands Íslands. Þá hefur starfað kjararannsóknarnefnd sem kannað hefur launaþróun meðal opinberra starfsmanna í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hagstofan hefur safnað gögnum um launaþróun og þróun atvinnustétta, sbr. bæklinga hennar *Konur og karlar 1997* og *Ísland í tölum 1997*. Þá hefur Þjóðhagsstofnun rannsakað launakjör og dreifingu launatekna samkvæmt skattframtölum, jafnframt því að kanna með reglulegu millibili þörf vinnumarkaðarins fyrir vinnuafl.

Eitt er að safna saman tölulegum upplýsingum, annað að kanna hvað að baki býr og spá til um líklega þróun.

Það er skoðun flutningsmanns að þörf sé á því að sameina kraftana hvað varðar upplýsingar um vinnumarkaðsmál eftir því sem hægt er, skilgreina verkefni hverrar stofnunar þannig að þau skarist sem minnst og efla rannsóknir svo sem kostur er. Það er ekki síst mikilvægt til þess að stjórnvöld geti áttað sig á þörf fyrir almenna menntun, starfsmenntun og endurmenntun þegnanna. Því er spáð að á næstu öld þurfi nánast hver einasti einstaklingur að mennta sig fyrir allt að þrjú störf á ævinni sem augljóslega kallar á mun öflugra starfsmenntakerfi en við höfum nú. Framtíðin kallar á vel menntað vinnuafl og sérhæfingu. Þeir sem ráða yfir færni og nýrri tækni munu standa sig vel, en hætt er við að þeir sem ekki verða læsir á tæknina verði undir. Slíkt ber að varast í lengstu lög. Því er miklvægt að sú deild sem lagt er til að verði stofnuð fylgist vel með þörf fyrir menntun og verði stjórnvöldum til ráðuneytis um æskilegar aðgerðir. Að dómi flutningsmanns eiga rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði best heima innan hinnar nýju Vinnumálastofnunar eftir setningu nýrra laga um vinnumarkaðsaðgerðir á síðasta ári. Hin nýja deild yrði til að efla stofnunina sem þar með mundi sinna mjög nauðsynlegri þjónustu við vinnuveitendur, samtök launafólks, stjórnvöld og allan almenning, að ekki sé talað um æsku landsins sem hugar að framtíðarmenntun og framtíðarstörfum.

Í 1. gr. er lagt til að c- og e-liður 4. gr. laganna falli brott þar sem þau verkefni, sem gert er ráð fyrir í þeim liðum, færast til hinnar nýju deildar er annast kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir, sbr. 2. gr.

Í 2. gr. eru skilgreind þau verkefni sem deildinni er ætlað að annast og ná þau bæði til þróunar innan lands sem utan.

805. Fyrirspurn [472. mál]

til umhverfisráðherra um stefnumörkun vegna Kyoto-bókunarinnar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig hljóðar það „sérstaka ákvæði“, kennt við Ísland, sem tekið var inn í skjal L.7 á ráðstefnunni í Kyoto 1.–10. desember 1997 og með hvaða hætti að formi til er fyrirhugað að það tengist samningnum um loftslagsbreytingar?
2. Hvaða ríki studdu framlagningu þessa ákvæðis og frá hvaða ríkjum er einkum að vænta áframhaldandi stuðnings við að það verði hluti af eða tengist Kyoto-bókuninni?
3. Hvaða röksemdir færa íslensk stjórnvöld einkum fram til stuðnings þessu ákvæði sem komi til viðbótar þeirri sérstöðu um losun gróðurhúsalofttegunda sem Ísland fékk viðurkennda í Kyoto?
4. Hvernig má gera ráð fyrir að unnið verði úr þessu „sérstaka ákvæði“ af aðilum samningsins um loftslagsbreytingar og í hvaða áföngum að því er varðar málsmeðferð og hugsanlega afgreiðslu?
5. Hvenær er þess að vænta að niðurstaða fáist í mál þetta þannig að hugsanleg viðbót þar að lútandi á grundvelli samningsins og Kyoto-bókunarinnar við hann verði orðin viðurkenndur hluti af samningnum?
6. Hvaða tillögur hefur ráðherra gert eða fyrirhugar að gera til ríkisstjórnar Íslands um það hvernig staðið verði að framgangi og framkvæmd mála í framhaldi af Kyoto-ráðstefnunni?
7. Hver er afstaða ráðherra til Kyoto-bókunarinnar og staðfestingar hennar sem hluta af samningnum sem liggur frammi til undirskriftar frá 15. mars 1998 til 15. mars 1999?

Skriflegt svar óskast.

806. Fyrirspurn [473. mál]

til utanríkisráðherra um stuðning Íslands við hugsanlegar loftárásir á Írak og afnot af íslenskum mannvirkjum.

Frá Svavari Gestssyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Er ráðherra tilbúinn að axla fyrir hönd íslensku þjóðarinnar þá meðábyrgð sem kynni að skapast vegna loftárása á írösku þjóðina sem yllu enn frekari þjáningum einstaklinga og saklausra borgara, þar með talið barna?

2. Telur ráðherra rétt að beita hervaldi gegn öllum ríkjum sem neita að framfylgja samþykktum öryggisráðsins?
3. Til hvaða refsiaðgerða telur ráðherra rétt að grípa gegn þeim ríkjum sem brjóta gegn samþykktum öryggisráðsins?
4. Hvaða ríki hafa neitað að hlíta samþykktum öryggisráðsins?
5. Telur ríkisstjórn Íslands að Bandaríkjamönnum sé heimilt að meta án samráðs og heimildar Sameinuðu þjóðanna undir hvaða kringumstæðum þeir ráðast með vopnavaldi á Írak?
6. Hvað er það sérstaklega sem ríkisstjórnin telur óhjákvæmilegt að sprengja í Írak og hvað ekki, hversu lengi og hvað á svo að taka við?

Skriflegt svar óskast.

807. Fyrirspurn [474. mál]

til iðnaðarráðherra um smíði á varðskipi.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hafa stjórnvöld ákveðið að nýta þann möguleika að nýtt varðskip verði smíðað innan lands á þeim forsendum að um sé að ræða skip sem jafna megi við þau verkefni annarra þjóða sem ekki fara í opið útboð með rökum um hernaðarleynd?
2. Ef stjórnvöld hafa ekki mótað þá stefnu, hver eru þá viðhorf ráðherra til þessa og hvaða veganesti fékk nýskipuð smíðanefnd í þessu efni?

808. Frumvarp til laga [475. mál]

um umboðsmann aldraðra.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja og bæta hag aldraðra í samfélaginu. Reynt skal að sjá til þess að stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra sé í samræmi við vilja þeirra. Í því skyni skal starfrækja embætti umboðsmanns aldraðra sem hafi það hlutverk að standa vörð um hagsmuni og réttindi aldraðra.

Með hugtakinu aldraðir er í lögum þessum átt við þá þegna þjóðfélagsins sem komnir eru á eftirlaun.

2. gr.

Forseti Íslands skipar að tillögu forsætisráðherra umboðsmann aldraðra til sex ára í senn. Umboðsmaðurinn skal hafa reynslu af félagsmálum. Hafi umboðsmaðurinn ekki lokið embættisprófi í lögum skal lögfræðingur starfa við embættið.

Kjaradómur ákveður laun og starfskjör umboðsmannsins. Umboðsmanninum er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf.

3. gr.

Umboðsmaðurinn skal vinna að því að stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög og samtök einstaklinga taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra. Hann skal í starfi sínu setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag aldraðra.

Hann skal einkum:

1. hafa frumkvæði að upplýsingaöflun um vilja aldraðra,
2. hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra,
3. koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og tilskipunum stjórnsýsluhafa er varða aldraða,
4. stuðla að því að þjóðréttarsamningar, er varða réttindi og velferð aldraðra og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu, séu virtir,
5. bregðast við telji hann að stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög eða samtök einstaklinga hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum aldraðra.

4. gr.

Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns aldraðra með erindi sín.

Umboðsmaðurinn tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum. Hann ákveður hvort ábendingin gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu. Umboðsmaðurinn tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslunnar og hjá dómstólum.

5. gr.

Stjórnsýsluhöfum er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að veita umboðsmanninum allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga skylt að veita umboðsmanninum allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Umboðsmaðurinn skal einnig, er hann telur nauðsyn bera til, hafa óheftan aðgang að öllum stofnunum sem vista aldraða eða hafa afskipti af öldruðum á einn eða annan hátt í starfsemi sinni, hvort sem þær eru reknar af opinberum aðilum eða einstaklingum, félögum eða samtökum einstaklinga.

Komi upp ágreiningur vegna ákvæða 1. og 2. mgr. er umboðsmanninum heimilt að leita atbeina dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir reglum einkamálalaga.

6. gr.

Umboðsmanninum ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmannsins.

Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Að öðru leyti fer um þagnarskyldu umboðsmannsins og starfsmanna hans samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins.

7. gr.

Umboðsmaðurinn ræður starfsmenn embættisins. Honum er einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

8. gr.

Forsætisráðuneytið skal hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins en umboðsmaðurinn ber ábyrgð á því að eyðsla þess sé innan ramma fjárlaga.

Umboðsmaðurinn skal gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. október ár hvert.

Að öðru leyti er umboðsmaður aldraða sjálfstæður og óháður fyrirmælum framkvæmdarvalds.

Forsætisráðherra setur nánari reglur um starfshætti umboðsmanns aldraða í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Sú staðreynd blasir við að á næstu áratugum mun öldruðum á Íslandi fjölga mjög sem hlutfalli af fólki á vinnumarkaði. Á undanförnum árum hafa orðið miklar umræður um hag aldraðra og með hvaða hætti unnt sé að tryggja öldruðum viðunandi lífskjör þegar starfsævinni lýkur. Sú umræða hefur að mestu markast af fjárhagslegum þáttum, svo sem bótum almannatrygginga, skattskyldu lífeyrisgreiðslna og framtíðarskuldbindingum lífeyrissjóða sem allt varðar það hvort fjárhagslegt öryggi aldraðra sé nægilega tryggt. Aldraðir hafa í auknum mæli bundist samtökum til að sinna hugðarefnum sínum og gæta hagsmuna sinna og hafa þau unnið mjög gott starf á ýmsum sviðum. Að eigin frumkvæði og í samvinnu við ýmsa opinbera aðila hafa þau staðið fyrir umræðu um framtíðarhag aldraðra, fyrirkomulag framfærslumála og fleiri mál.

Á undanförnum árum hefur orðið vart misræmis í túlkun ýmissa atriða er varða hagsmuni aldraðra, sérstaklega fjárhagslega hagsmuni, enda eru aldraðir mjög misjafnlega staddir fjárhagslega. Þar vega þyngst lífeyrisréttindi sem aflað hefur verið á starfsævinni, aðrar tekjur lífeyrisþega, svo sem af eignum, og hjúskaparstaða hins aldraða. Gagnrýnt hefur verið að jaðarskattsáhrif séu meiri á fjárhag aldraðra en eðlilegt geti talist, og misjafnt sé hvernig stjórnvaldsaðgerðir komi niður á öldruðum eftir aðstæðum þeirra. Þá liggur fyrir að aldraðir eru mjög misjafnlega í stakk búnir til að fylgja sjálfir eftir hagsmunum sínum og réttindum. Þess eru mörg dæmi að aðstandendur aldraðra sjái um réttindamál þeirra að mestu leyti en jafnframt er full ástæða til að óttast að í einstaka tilfellum sé misfarið með fjármuni aldraðra og að hagsmuna einhverra þeirra sé að einhverju eða öllu leyti ekki gætt sem skyldi.

Í framhaldi af því sem að ofan er rakið hefur að undanförnu verið talsverð umræða um að aldraða skorti talsmann sem njóti virðingar og gæti hagsmuna þeirra gagnvart stjórnvöldum, tryggi að vilji aldraðra komi fram áður en teknar eru ákvarðanir sem varða þá, fylgist með því að þjóðréttarsamningar, lög og stjórnsýslureglur séu í heiðri höfð og bregðist við ef talið er að með athöfnum eða athafnaleysi sé brotið gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum aldraðra.

Til þess að koma til móts við þarfir þær sem að ofan er lýst er lagt til í frumvarpi þessu að komið verði á fót embætti umboðsmanns aldraðra til þess að tryggja og bæta hag aldraðra í samfélaginu og reyna að sjá til þess að stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra sé í samræmi við vilja þeirra. Um fyrirmynd að þessari skipan má líta til embættis umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna. Bæði þessi embætti hafa sannað gildi sitt, umboðsmaður Alþingis

hefur á þeim áratug sem hann hefur starfað, hlotið fastan sess í þjóðfélaginu, og umboðsmaður barna hefur á sínum stutta starfstíma sýnt fram á nauðsyn embættisins til að standa vörð um hagsmuni barna. Með svipuðum hætti er ætlunin að embætti umboðsmanns aldraðra standi vörð um hagsmuni aldraðra eins og nánar er lýst í einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að tilgangur laganna sé að tryggja og bæta hag aldraðra í samfélaginu og er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns aldraðra sem hafi það hlutverk að standa vörð um hagsmuni og réttindi aldraðra. Jafnframt er ætlunin að reyna að sjá til þess að stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra sé í samræmi við vilja þeirra.

Í 2. mgr. eru aldraðir skilgreindir svo að um sé að ræða þá þjóðfélagsþegna sem komnir eru á eftirlaun. Þannig er annars vegar vísað til að um sé að ræða íslenska þegna og verður í því efni að miða við skilgreiningar sem eru í öðrum lögum, svo sem um lögheimili og skilyrði almannatryggingakerfisins um bótagreiðslur. Hins vegar er vísað til eftirlaunaaldurs sem er mismunandi, m.a. eftir stéttum og starfsaldri. Rétt þykir að miða við að þeir einstaklingar sem njóta eftirlaunagreiðslna falli undir skilgreininguna, hvaðan sem þau eftirlaun eru greidd, þótt þeir kunni að vera á nokkuð breiðu aldursbili, allt frá því um sextugt.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að umboðsmaður aldraðra verði skipaður til sex ára í senn af forseta Íslands, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Einungis er sett það hæfisskilyrði að umboðsmaðurinn hafi reynslu af félagsmálum en hafi hann ekki lokið embættisprófi í lögum skuli lögfræðingur starfa við embættið. Gera verður ráð fyrir því að lögfræðingur muni að jafnaði gegna embættinu, enda er gert ráð fyrir að umfangsmestu og mikilvægustu verkefni umboðsmannsins snúi beint og óbeint að túlkun á ákvæðum laga og stjórnsýslureglna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Kjaradómur skuli ákveða laun og starfskjör umboðsmanns og er það í samræmi við þann hátt sem á er hafður varðandi aðra æðstu embættismenn landsins. Jafnframt er til áréttingar kveðið á um að umboðsmanninum sé óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf, enda alls ófært að einstaklingur sem gegnir jafn mikilvægu embætti kunni að vera öðrum háður um fjárhagslega afkomu sína.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um verkefni og starfsskyldur umboðsmannsins. Í 1. mgr. er sett fram sú meginregla að umboðsmaðurinn skuli vinna að því að stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög og samtök einstaklinga taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra. Með afmörkun þessari er skýrt að viðfangsefni umboðsmannsins eru ekki einvörðungu lög og reglur eða efnisatriði sem varða stjórnsýsluna í landinu, heldur einnig að sjá til þess að aðrir aðilar, svo sem einstaklingar, félög og samtök einstaklinga, virði aldraða og taki fullt tillit til þeirra. Mjög mikilvægt er að umboðsmaður hafi skýran rétt til að skoða og setja fram álit sitt á atriðum er stafa af ákvörðunum einstaklinga og samtaka þeirra og má í því efni benda á að ýmsar ákvarðanir um viðskiptamálefni geta haft veruleg áhrif á hag aldraðra. Þá verður að benda á að ýmsar ákvarðanir, til dæmis um starfsemi lífeyrissjóða, eru teknar af stjórnum lífeyrissjóðanna. Stjórnir þeirra eru flestar að öllu leyti eða hluta kosnar af félagsmönnum, en þegar félagsmenn komast á lífeyrisaldur missa þeir kosningarétt og þar með rétt til áhrifa á ákvarðanatöku um mál sem varða þá mjög miklu. Í 1. mgr. er einnig lagt til að umboðsmaður lýsi niðurstöðu sinni í málum með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur og þó

að ekki sé lögskylt að hlíta niðurstöðu hans verður að ætla að álit hans vegi svo þungt að aðilar sem hann beinir tilmælum til telji sjálfsagt og eðlilegt að verða við þeim.

Í 2. mgr. eru talin upp nokkur meginverkefni umboðsmanns aldraðra í fimm töluliðum. Þó að hér sé ekki um tæmandi upptalningu að ræða verður að ætla að meginverkefni umboðsmannsins séu þar nefnd.

Í 1. tölul. er lagt til að umboðsmaður hafi frumkvæði að því að afla upplýsinga um vilja aldraðra. Er hér bæði um að ræða að safna saman og greina þær upplýsingar sem fyrir liggja hjá ýmsum aðilum og stofnunum í þjóðfélaginu um vilja aldraðra og stöðu þeirra, en jafnframt að beita sér fyrir því að leiða í ljós vilja aldraðra um mál sem þá varðar miklu, svo sem með rannsóknum, könnunum og viðtölum.

Í 2. tölul. er sú skylda lögð á herðar umboðsmanns að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra. Umboðsmaður hefur að sjálfsögðu ýmsar leiðir til að uppfylla þessa skyldu, m.a. með því að taka þátt í opinberri umræðu, standa fyrir málþingum og ráðstefnum, hugsanlega í samvinnu við opinbera aðila, samtök aldraðra og aðra, kanna og koma á framfæri sjónarmiðum og viðhorfum sem uppi eru í öðrum löndum og á alþjóðavettvangi í málefnum aldraðra.

Í 3. tölul. er áskilið að umboðsmaður komi á framfæri tillögum til úrbóta á réttarreglum og tilskipunum stjórnsýsluhafa er varða aldraða og miðar það að því að leitast við að tryggja að reglur þessar séu ávallt í sem bestu samræmi við hag og vilja aldraðra.

Í 4. tölul. er lagt til að umboðsmaður stuðli að því að virtir séu þjóðréttarsamningar sem Ísland hefur fullgilt og varða réttindi og velferð aldraðra, og Ísland uppfylli þær skyldur sem samningar þessir kveða á um.

Í 5 tölul. er loks kveðið á um að umboðsmaður bregðist við ef hann telur að stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög og samtök einstaklinga hafi brotið gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum aldraðra með athöfnum sínum eða athafnaleysi. Eins og áður hefur komið fram er nauðsynlegt að umboðsmaður geti haft afskipti af, og látið uppi álit sitt á ákvörðunum annarra en einvörðungu stjórnvalda og hið sama á við ef umboðsmaður telur brotið gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum aldraðra með athafnaleysi. Að sjálfsögðu fellur einnig hér undir að koma á framfæri tillögum til úrbóta án þess að um brot sé að ræða gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum aldraðra.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er öllum heimilt að leita til umboðsmanns með erindi. Þannig er ekki gert ráð fyrir að einungis aldraðir eða þeir sem sérstaklega fjalla um mál þeirra geti leitað til umboðsmanns, það er heimilt hverjum einstaklingi, félagi eða stofnun.

Í 2. mgr. er lagt til að umboðsmaður geti hvort sem er tekið mál til meðferðar að fenginni ábendingu eða að eigin frumkvæði en lagt er í hans vald að ákveða hvort ábending gefi tilefni til meðferðar. Þá er áskilið að umboðsmaður taki ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga en jafnframt lögð á hann skylda til að leiðbeina þeim sem til hans leitar með slík mál um færar leiðir innan stjórnsýslu og eftir atvikum hjá dómstólum. Þannig er ætlunin að tryggja að umboðsmaður fjalli t.d. ekki um réttarágreining sem samkvæmt lögum eða venju ber að útkljá með öðrum hætti, svo sem með atbeina dómstóla.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um aðgang umboðsmanns að upplýsingum um málefni einstaklinga eða hóps einstaklinga sem honum er nauðsynlegt að fá til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um víðtækan rétt umboðsmanns til að fá upplýsingar og aðgang að stofnunum sem í einstökum tilvikum kann að ganga lengra en áskilið er samkvæmt almennum reglum. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að umboðsmaðurinn geti sinnt starfi sínu, t.d. með því að fá upplýsingar um málefni einstaklinga sem til hans leita og kanna hvort afgreiðsla erindis hans innan stjórnsýslunnar sé í samræmi við meginreglur og afgreiðslu hliðstæðra erinda. Í því skyni kann umboðsmanni að vera nauðsynlegt að fá upplýsingar um málefni annarra einstaklinga en til hans leita og samkvæmt ákvæðinu skal hann hafa aðgang að þeim. Þess verður þó að geta að umboðsmaður verður bundinn af ákvæðum annarra laga, svo sem um vernd pensónuupplýsinga og meðferð þeirra. Ákvæðið tekur til upplýsinga frá einstaklingum, félögum og stofnunum, auk stjórnsýsluhafa, og er tilgangur ákvæðisins að tryggja að enginn geti komist hjá því að afhenda umboðsmanni þau gögn sem hann telur nauðsynleg til að geta sinnt hlutverki sínu. Hið sama verður sagt um stofnanir, ekki skiptir máli hver rekur þær, þeim ber skylda til að veita umboðsmanni þær upplýsingar sem hann telur þörf á.

Samkvæmt 3. mgr. er umboðsmanni heimilt að leita atbeina dómstóla til að fá afhent gögn sem hann telur nauðsynleg og fer um málsmeðferð eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um þagnarskyldu umboðsmanns um atkvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Áskilið er að þagnarskylda gildi einnig um starfsmenn umboðsmanns og haldist þótt látið sé af starfi.

Í 3. mgr. er kveðið á um að um þagnarskyldu umboðsmanns og starfsmanna hans fari að öðru leyti eftir almennum reglum um ríkisstarfsmenn.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um starfsmannamál embættis umboðsmanns og í samræmi við almennar reglur er lagt til að umboðsmaður ráði starfsmenn auk þess sem honum er heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum. Slík heimild er umboðsmanni nauðsynleg og líkleg til að vera hagkvæm fyrir embættið á tímum aukinnar sérþekkingar.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að eftirlit með fjárreiðum embættisins sé á hendi forsætisráðuneytis, auk þess sem ríkisendurskoðun fer að sjálfsögðu með endurskoðun samkvæmt almennum reglum. Þá er áréttuð sú sjálfsagða regla að yfirmaður embættisins, umboðsmaður, beri ábyrgð á að eyðsla sé innan ramma fjárlaga.

Í 2. mgr. er sú skylda lögð á umboðsmann að gefa forsætisráðherra skýrslu árlega um starfsemi sína á liðnu ári og skal prenta hana og birta opinberlega fyrir 1. október ár hvert.

Í 3. mgr. er áskilnaður um sjálfstæði embættis umboðsmanns og að hann skuli, að öðru leyti en um rekstrarþætti, vera óháður fyrirmælum framkvæmdarvalds. Slík regla er óhjákvæmileg til þess að umboðsmaður geti gegnt því margþætta hlutverki sem honum er falið samkvæmt frumvarpinu og honum er nauðsynleg í starfi sínu.

Samkvæmt 4. mgr. er forsætisráðherra heimilað að setja nánari ákvæði í reglugerð um starfshætti umboðsmanns.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

809. Nefndarálit [37. mál]

um till. til þál. um öryggismiðstöð barna.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og umsagnir hafa borist frá Læknafélagi Íslands, Barnaheillum, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, landlæknisembættinu, Rauða krossi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Vátryggingafélagi Íslands hf., umboðsmanni barna, Félagi íslenskra barnalækna, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Slysavarnafélagi Íslands, Barnaverndarstofu og Landspítalanum – Barnaspítala Hringsins.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að komið verði á fót öryggismiðstöð barna sem miðli til foreldra, kennara og annarra sem tengjast uppeldi og umönnun barna hvers konar fræðslu um öryggi og öryggisbúnað sem líklegur þykir til að fækka barnaslysum. Jafnframt er lagt til að samræmd tölvuskráning á barnaslysum verði vistuð á vettvangi miðstöðvarinnar.

Allar umsagnir sem nefndinni hafa borist um málið eru mjög jákvæðar. Nefndin er að umfjöllun lokinni þeirrar skoðunar að brýnt sé að ná fram þeim markmiðum sem tillagan stefnir að. Í umsögn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis kom fram að ríkisstjórnin hefði ákveðið 8. október sl. að hrinda af stað átaki til að fækka slysum á börnum Skipuð hefur verið sérstök verkefnisstjórn sem vinna á í tengslum við ýmsar stofnanir, sveitarfélög, félagasamtök og faghópa. Átak ríkisstjórnarinnar, sem ráðgert er að standi í þrjú ár, gerir ekki ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri stofnun heldur að samhæfðar verði og efldar aðgerðir þeirra aðila sem nú þegar vinna að slysavörnum barna. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tekur þó fram að ekki sé útilokað að niðurstaðan verði sú að komið verði á fót sérstakri miðstöð til að sinna öryggismálum barna. Ráðuneytið telur enn fremur mikinn feng í þeim upplýsingum sem fram koma í greinargerð með tillögunni.

Með hliðsjón af fyrrgreindu leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. febr. 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Guðni Ágústsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	

810. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og umsagnir hafa borist frá Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, landlæknisembættinu, St. Jósefsspítala, Heilsugæslustöðinni í Ólafsvík, Heilsugæslunni Lágmúla, Sjúkrahúsinu Akranesi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Heilsugæslustöð Miðbæjar, Landssamtökum heilsugæslustöðva, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Heilsugæslustöðinni í Fossvogi, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Egilsstaða, Sjúkrahúsi og heilsugæslustöð Suðurnesja, Félagi íslenskra heilsugæslulækna, Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi, Sjúkrahúsi Skagfirðinga Sauðárkróki og Ríkisspítölum.

Með frumvarpinu er lagt til að skipunartími formanna stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði hinn sami og embættistími þess ráðherra sem skipar þá. Allir umsagnaraðilar telja þessa breytingu eðlilega og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur rétt að þessi breyting nái fram að ganga. Leggur hún til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. febr. 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Guðni Ágústsson.		Lára Margrét Ragnarsdóttir.

811. Fyrirspurn [476. mál]

til fjármálaráðherra um ólögmæta innheimtu gjalda við skráningu í skipsrúm.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu margar eru greiðslur skráningargjalda fyrir undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa eftir að lög nr. 50/1994, um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, sem afnámu heimildina til innheimtunnar, tóku gildi?
2. Hyggst ráðherra endurgreiða þessa fjármuni þeim sem greiddu?
3. Verða greiddir vextir af þessu oftekna fé?

4. Verður af þessu tilefni farið yfir aðrar aukatekjur ríkissjóðs til að koma í veg fyrir fleiri slík mistök?

Skriflegt svar óskast.

812. Frumvarp til laga [477. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 23/1994.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Kristján Pálsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Guðmundur Árni Stefánsson, Árni R. Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skuldbinding ríkissjóðs vegna styrkhæfrar framkvæmdar myndast ekki fyrr en framlag er samþykkt á fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting á framsetningu fjárlaga frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn hefur það í för með sér að skuldbindingar sem verða til á fjárlagaárinu eru teknar með í uppgjörið hvort sem þær koma til greiðslu á árinu eða síðar. Þetta hefur þau áhrif að hlutur ríkisins í samþykktum hafnarframkvæmdum færist sem gjöld ríkisins á sama ári þótt greiðslur til verksins komi ekki fyrr en seinna samkvæmt fjárlögum.

Hafnirnar eru nú nánast undantekningarlaust fyrirtæki í eigu sveitarfélaga. Reynsla undanfarandi ára hefur sýnt að árleg framkvæmdaþörf þeirra er meiri en framlög ríkisins leyfa og taka þarf ákvarðanir um framkvæmdir á skemmri tíma en hafnaáætlun til fjögurra ára segir til um. Þess vegna hefur víða verið ráðist í framkvæmdir, með samþykki hafnaráðs og samgönguráðuneytis, án þess að ríkisframlag hafi legið fyrir en það verið gert upp síðar. Framkvæmd, sem hafin er án samþykkis ráðuneytis, getur ekki hlotið styrk.

Sá háttur, sem að framan er lýst, er mun erfiðari eftir breytingu á framsetningu fjárlaga og ekki er hægt að láta einstakar hafnir ráða niðurstöðu fjárlaga hverju sinni. Jafnframt er ljóst að gild sjónarmið við rekstur ríkissjóðs geta ekki ráðið framkvæmdum hjá svo mikilvægum fyrirtækjum sveitarfélaga sem hafnirnar eru. Því er það skoðun flutningsmanna að auka þurfi svigrúm hafna til framkvæmda án þess að þær tapi möguleikanum á ríkisstyrk síðar meir eða hafnirnar ráði með ákvörðunum sínum niðurstöðu fjárlaga. Því er lagt til að jafnvel þótt hafnarframkvæmd uppfylli öll skilyrði hafnalaga til þess að vera styrkhæf myndist ekki skuldbinding hjá ríkissjóði fyrr en framlag er samþykkt á fjárlögum.

813. Frumvarp til áfengislaga. [478. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að miða að hófsemd í meðferð áfengis.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst áfengi hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda.

Vínandastyrkur sem hlutfall af rúmmáli áfengis skal mældur við 20°C.

3. gr.

Til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis þarf leyfi samkvæmt lögum þessum. Einnig þarf leyfi til að veita áfengi í samkvæmum öðrum en einkasamkvæmum.

Veita má einstaklingi eða lögaðila leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu eða framleiðslu áfengis, enda uppfylli hann þau almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu sem lögin áskilja. Leyfisveitanda er heimilt að binda leyfi skv. 1. mgr. sérstökum skilyrðum sem talin eru nauðsynleg til að tryggja öryggi og eftirlit með atvinnustarfseminni.

Leyfi sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum eru bundin við nafn og kennitölu leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að það varði ríkissjóð ekki skaðabótaskyldu þótt gildistími leyfis verði styttur eða skilyrðum leyfis á annan hátt breytt meðan það er í gildi.

4. gr.

Innflutningur, heildsala, smásala, veitingar og framleiðsla áfengis, sem fram fer í atvinnuskyni án leyfis samkvæmt lögum þessum, varðar refsingu skv. 27. gr.

Það varðar einnig refsingu skv. 27. gr., þótt ekki sé í atvinnuskyni:

a. að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu,
b. að selja áfengi,
c. að veita áfengi með öðrum hætti en heimilt er samkvæmt lögum þessum.

Ólöglegur innflutningur áfengis varðar refsingu samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Lögregla, tollgæsla og skattayfirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum. Um greiðslu löggæslukostnaðar vegna skemmtana sem fram fara á veitingastöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga fer samkvæmt lögreglulögum.

5. gr.

Leyfi til innflutnings, heildsölu, smásölu eða framleiðslu skal einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og sem tilkynnt hefur skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

Til að fá útgefið leyfi skv. 1. mgr. 3. gr. skal umsækjandi vera orðinn 20 ára. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir

20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Framleiðslu-, innflutnings-, heildsölu- eða smásöluleyfishafa er skylt að halda, eftir því sem við á, framleiðslu-, birgða- og sölubókhald. Ráðherra setur nánari reglur um færslu bókhalds samkvæmt þessari málsgrein.

II. KAFLI
Framleiðsla áfengis.

6. gr.

Sækja skal um leyfi til framleiðslu áfengis til ríkislögreglustjóra.

Með framleiðslu áfengis er átt við hvers konar bruggun, gerjun eða eimingu áfengra drykkja, sem og blöndun eða átöppun eins eða fleiri áfengra drykkja. Til framleiðslu í þessum skilningi telst þó ekki blöndun áfengra drykkja sem á sér stað samtímis og sem hluti af veitingu áfengis.

Handhafa framleiðsluleyfis er jafnframt heimilt að selja áfengi í heildsölu.

Framleiðsluleyfi sem gefið er út til umsækjanda í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

7. gr.

Bannað er að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengi sem var ódrykkjarhæft, nema hafa til þess sérstakt leyfi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag leyfisveitinganna í reglugerð.

III. KAFLI
Innflutningur áfengis.

8. gr.

Sækja skal um leyfi til innflutnings áfengis í atvinnuskyni til ríkislögreglustjóra.

Innflutningsleyfi veitir leyfishafa jafnframt heimild til að selja eða afhenda innflutt áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Handhafa innflutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar eða í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Innflutningsleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Innflutningsleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

IV. KAFLI
Sala áfengis.

9. gr.

Sækja skal um leyfi til að selja áfengi í heildsölu til ríkislögreglustjóra.

Handhafa heildsöluleyfis er heimilt að selja eða afhenda áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Handhafa heildsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Heildsöluleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Heildsöluleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

10. gr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu áfengis.

Sækja skal um leyfi til rekstrar áfengisútsölu til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Smásöluleyfi sem gefið er út vegna áfengisútsölu í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

11. gr.

Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til rekstrar áfengisútsölu skal hún leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu.

Sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölustaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði.

Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um leyfi sem hún veitir til rekstrar áfengisútsölu og um þau skilyrði sem leyfið er bundið

12. gr.

Smásöluleyfishafi skal ábyrgjast fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðis þess sem hýsa á útsölustaðinn, afmörkun og aðgreiningu húsnæðis og rekstrar frá öðrum verslunarrekstri, sem og hámarksafgreiðslutíma. Ráðherra kveður nánar á um hámarksafgreiðslutíma og sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð.

Áfengisútsölustaðir skulu vera lokaðir á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

V. KAFLI
Veitingar áfengis.

13. gr.

Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga á veitingastað til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Leyfi til áfengisveitinga verður einungis veitt þeim sem hefur gilt veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði.

Áfengisveitingaleyfi sem gefið er út í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Sé leyfi endurnýjað má haga gildistíma þess með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af veitingarekstrinum, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

Taki nýr aðili við rekstri veitingastaðarins eða að breytt er um heiti eða kennitölu leyfishafa skal sótt um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar má sveitarstjórn gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi.

Leyfishafi skal tilnefna stjórnanda sem annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á honum ásamt leyfishafa. Ef leyfishafi rekur fleiri en einn áfengisveitingastað skal slíkur stjórnandi tilnefndur fyrir hvern þeirra. Stjórnandi skal uppfylla skilyrði laga til að fá útgefið veitingaleyfi og vera orðinn 20 ára að aldri. Taki nýr stjórnandi við rekstri staðarins skal það tilkynnt lögreglustjóra.

14. gr.

Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað skal hún afla umsagnar heilbrigðisnefndar sem metur innréttingu og annað svipmót veitingarekstrar. Einnig skal sveitarstjórn leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnda. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Skal sveitarstjórn ákveða heimilan veitingatíma áfengis á hlutaðeigandi veitingastað, gildistíma og skilyrði leyfis.

Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum ef til gjaldþrotaskipta eða rekstarstöðvunar kemur. Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð upphæð og skilmála tryggingarinnar. Skal miðað við að upphæð tryggingar sé í samræmi við umfang þess reksturs sem tryggingin nær til.

Heimilt er að synja útgáfu leyfis til áfengisveitinga þegar hlutaðeigandi skuldar skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð og samanlögð fjárhæð þessara skulda nemur hærri fjárhæð en 500.000 kr., eða ef hlutaðeigandi hefur á undanförnum fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brots á almennum hegningarlögum, lögum þessum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gjald af áfengi eða um tryggingagjald, og ástæðurnar eiga við:

a. umsækjanda sem er lögaðili með ótakmarkaðri ábyrgð eða einhvern eiganda hans,
b. umsækjanda sem er lögaðili með takmarkaðri ábyrgð, meiri hluta eigenda hans, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra,
c. umsækjanda sem er einstaklingur.

Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um þau leyfi sem hún veitir til áfengisveitinga á veitingastað og þau skilyrði sem leyfið er bundið.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, útgáfu leyfa, flokkun veitingastaða, húsnæði og búnað og eftirlit með starfsemi leyfishafa. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengis- og vímuvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.

15. gr.

Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga um borð í skráningarskyldu skipi til sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem heimahöfn skipsins er samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Leyfi til áfengisveitinga verður einungis veitt þeim sem uppfyllir skilyrði laga um veitinga- og gististaði til að fá útgefið veitingaleyfi.

16. gr.

Áður en veitt er leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi skal leitað umsagnar Siglingastofnunar Íslands.

Sé leyfi veitt nær það einungis til áfengisveitinga um borð í skipulögðum hópferðum innan landhelgi.

Að öðru leyti gilda ákvæði 13. gr. um umsókn um leyfi og gildistíma þess.

Heimilt er að veita leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í hópferð sem farin er af sérstöku tilefni. Ákvæði 1. og 2. mgr. og 1. mgr. 15. gr. gildir um slík leyfi.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum.

17. gr.

Heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að veita ábyrgðarmanni húsnæðis leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði:

a. hafi veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði,
b. annist á eigin ábyrgð alla sölu og veitingar áfengis hverju sinni,
c. annist sjálfur og greiði fyrir áfengi, aðrar veitingar og þjónustu sem gestum er látið í té.

Við útgáfu leyfa samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 3. og 4. mgr. 14. gr. eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að takmarka útgáfu leyfa ábyrgðarmanns húsnæðis við tiltekinn fjölda tilvika á hverju ári.

VI. KAFLI
Meðferð og neysla áfengis.

18. gr.

Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 20 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

19. gr.

Áfengi má hvorki afhenda né veita neinum sem er bersýnilega ölvaður.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 13., 15. og 17. gr. Sama gildir og um félagsherbergi.

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi skv. 3. gr. er óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra gegn gjaldi eða öðru verðmæti.

Það varðar mann refsingu samkvæmt lögum þessum láti hann viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu. Sama gildir ef skip hans, bátur eða annað flutningstæki er með vitund og vilja hans notað til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis. Með sama hætti skal refsa þeim sem hefur áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum laga þessara.

20. gr.

Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga semeingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

21. gr.

Hver sá sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sama gildir þótt annar hafi haft með höndum starf framangreindra manna ef þeir áttu sjálfir að annast starfið en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlaust af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. áfengi þegar þeir eru að störfum.

23. gr.

Leiki vafi á hvort sakborningur skv. 21. og 22. gr. sé undir áhrifum áfengis skal bæði lögreglu og sakborningi heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn eða öndunarprófi sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. KAFLI
Leyfissviptingar, refsingar o.fl.

24. gr.

Leyfisveitandi skal afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum þeirra til að fá útgefið slíkt leyfi.

25. gr.

Verði handhafi leyfis sem gefið er út samkvæmt lögum þessum uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal veita honum skriflega áminningu. Áminningu vegna leyfa sem gefin eru út af sveitarstjórn veitir viðkomandi sveitarstjórn eða lögreglustjóri, en ríkislögreglustjóri veitir áminningar vegna leyfa er hann hefur gefið út. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því að hún hefur verið birt leyfishafa.

Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er enn í gildi skal það varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Sveitarstjórn ber að svipta leyfi telji lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi að skilyrði 1. málsl. 2. mgr. séu uppfyllt. Ef vanræksla er stórfelld eða ítrekuð skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því.

26. gr.

Misbeiti veitingamaður sem leyfi hefur til áfengisveitinga leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli sem um áfengisveitingar gilda varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum.

Brot þjónustumanna og stjórnenda varða einnig refsingu samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum. Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi.

Innflutningur eða framleiðsla áfengis án leyfis varðar fangelsi auk sektar ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Sama gildir ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

28. gr.

Gera skal upptæk til ríkissjóðs öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti skal og gert upptækt ásamt ílátum.

Tæki sem talin eru í 7. gr., sem finnast hjá öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi, skulu gerð upptæk án tillits til þess hvort þau hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

Einnig skal gera upptækt:

a. áfengi sem ólöglega er flutt til landsins,
b. áfengi sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum,
c. áfengi sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum,
d. áfengi í vörslu þeirra sem brotlegir gerast skv. 21. gr.

VIII. KAFLI
Úrskurðarnefnd um áfengismál.

29. gr.

Heimilt er að bera ákvarðanir sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um áfengismál sem úrskurðar um ágreininginn.

Nefndin er sjálfstæð í störfum og verður úrskurðum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

30. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd um áfengismál til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af ríkislögreglu-

stjóra og einn af félagsmálaráðherra sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

31. gr.

Mál skv. 1. mgr. 29. gr. skal borið skriflega undir úrskurðarnefnd um áfengismál.

Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Um meðferð mála hjá úrskurðarnefndinni fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

IX. KAFLI

Gildistaka.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 82/1969, áfengislög, auk 3.–5. mgr. 2. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, framleiðslu eða veitingar áfengis sem veitt voru í gildistíð eldri laga halda gildi sínu. Um eftirlit, áminningar og leyfissviptingar fer eftir þessum lögum.

Sækja skal um smásöluleyfi fyrir þær áfengisútsölur sem starfræktar eru við gildistöku laganna til viðkomandi sveitarfélags innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpinu eru liður í umfangsmeiri breytingum á áfengis- og tóbaksmálum hér á landi.

II. Sögulegt yfirlit.

Ákvæði um takmarkanir á meðferð áfengra drykkja hafa verið í íslenskri löggjöf frá alda öðli. Til að mynda er að finna í Jónsbók ákvæði þess efnis að ekki megi bera ölföng í Lögréttu, hvorki til sölu né veitinga. Þær reglur sem gilda í dag hafa þó ekki farið að mótast fyrr en eftir gildistöku bannlaga þann 1. janúar 1915, en með þeim var innflutningur og sala áfengis bönnuð með öllu.

Árið 1922 var veitt undanþága frá bannlögum vegna hótana Spánverja um að setja toll á íslenskan saltfisk, en þeir töldu bannið vera brot á fríverslunarsamningi milli danska ríkisins og þess spænska. Undanþágan fól í sér að ríkið tók að sér einkasölu á spönsku víni sem innihélt ekki meira en 21% af vínanda. Sama ár var Áfengisverslun ríkisins stofnsett í þeim tilgangi að sjá um sölu spönsku vínanna og var þetta gert með lögum nr. 62/1921, um einkasölu á áfengi.

Með lögum nr. 64/1928 var áfengislöggjöfin samræmd í einn lagabálk. Helstu nýmæli laganna voru að ríkisstjórnin hafði einkarétt til innflutnings og sölu á áfengi, áfengisauglýsingar voru bannaðar og bruggunaráhöld skyldu gerð upptæk. Lögreglu var heimilað að framkvæma húsleit án dómsúrskurðar léki sterkur grunur á broti gegn áfengislöggjöfinni og refsiákvæði vegna brota á lögunum voru öll hert. Áfengi mátti ekki afhenda neinum undir 21 árs aldri. Jafnframt voru sett lög nr. 69/1928, um einkasölu á áfengi, en þau námu úr gildi lög nr. 62/1921 um sama efni.

Með auglýsingu 13. september 1933 var kynnt sú ákvörðun dómsmálaráðherra að þjóðaratkvæðagreiðsla um bannlögin skyldi fara fram 21. október sama ár. Þátttaka var einungis 45% og var afnám bannsins samþykkt með 57,7% atkvæða. Í kjölfarið voru sett ný áfengislög, nr. 33/1935. Með þeim var bann við innflutningi og sölu áfengra drykkja afnumið. Nokkur ákvæði bannlaga voru þó tekin upp óbreytt, m.a. til að hindra innflutning og bruggun á áfengi. Nýmæli var að settar voru á stofn áfengisvarnarnefndir, skipaður ráðunautur ríkisstjórnarinnar í áfengismálum og bindindisfræðsla fyrirskipuð í skólum. Þá var lagt bann við að fólk yngra en 21 árs neytti áfengis. Á þessum árum var Hótel Borg eina veitingahúsið í landinu með vínveitingaleyfi samkvæmt lögunum en þó var eitthvað um útgáfu sérstakra veitingaleyfa til vínveitingahúsa. Lögin heimiluðu þó ekki innflutning eða sölu áfengs öls sem innihéldi meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Enn fremur voru á þinginu 1934 afgreidd lög um breytingu á lögum nr. 69/1928, um einkasölu á áfengi.

Með lögum 47/1951 komu inn í áfengislög ákvæði vegna ólöglegrar sölu leigubifreiðarstjóra á áfengi. Óheimilt var að flytja eða geyma áfengi í leigubifreiðum nema í algerum undantekningartilvikum. Var lögreglunni heimilt án dómsúrskurðar að leita í bifreiðum að áfengi sem líklegt þótti að ætlað væri til ólöglegrar sölu.

Endurskoðun áfengislöggjafarinnar leiddi til setningar nýrra áfengislaga, nr. 58/1954. Tilgangur laganna var að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess. Helstu nýmæli voru m.a. að dómsmálaráðherra var heimilt að veita fleiri veitingahúsum í Reykjavík en Hótel Borg vínveitingaleyfi. Meginregla laganna var að vínveitingaleyfi skyldu ekki veitt veitingahúsum utan kaupstaða, en undantekningu mátti gera ef þau veittu aðallega erlendum ferðamönnum. Leyfin skyldi veita til fjögurra ára í senn. Þá var bannað að senda vín í póstkröfu og kaupanda gert að sanna aldur sinn með vegabréfi. Þrengdar voru heimildir lögreglustjóra til útgáfu vínveitingaleyfa til ýmiss konar klúbbstarfsemi.

Með lögum 47/1969 var aldurslágmarkið til neyslu áfengis fært úr 21 ári niður í 20 ár. Var sú breyting í samræmi við breytta löggjöf um kosningarétt, kjörgengi, lögræðisaldur og hjúskaparaldur. Þau lög voru felld inn í meginmál laga nr. 58/1954 og lögin gefin út á ný sem áfengislög, nr. 82/1969. Sama ár tóku gildi lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Tilgangur laganna var að steypa saman í einn lagabálk ákvæðum um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, en áður giltu lög nr. 65/1928, um einkasölu á áfengi, lög nr. 58/1931, um einkasölu á tóbaki, og lög nr. 65/1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, auk laga nr. 3/1961, um sameiningu rekstrar Áfengisverslunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Með lögum um breytingu á áfengislögum, nr. 52/1972, voru hækkuð öll sektarákvæði áfengislaga og refsiramma vegna brota á lögunum breytt. Lög nr. 7/1985 gerðu síðan smávægilegar breytingar á áfengislögum til samræmis við breytt ákvæði í lögum um tollheimtu og tolleftirlit. Í þessum breytingum fólst að sömu reglur skyldu gilda um áfengi og annan tollskyldan varning. Síðast urðu svo breytingar á áfengislögunum með lögum nr. 38/1988 sem tóku gildi 1. mars 1989. Í þeim lögum var numið úr gildi bann við innflutningi áfengs öls.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kafla þessum er að finna almenn ákvæði um tilgang frumvarpsins og leyfi samkvæmt því, auk skilgreiningar á hugtakinu áfengi.

Um 1. gr.

Þeim tilgangi frumvarpsins er lýst í ákvæðinu að miða að hófsemd í meðferð áfengis.

Um 2. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á áfengi sem er í samræmi við gildandi lög. Þá er mælt fyrir um að vínandastyrkur skuli mældur við staðlaðar aðstæður.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram sú meginregla frumvarpsins að leyfi þurfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis. Undir leyfisskyldu skv. 1. mgr. fellur öll starfsemi sem fram fer í atvinnuskyni. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort starfsemin er stunduð af einstaklingum eða lögaðilum. Þá er sérstaklega tekið fram í 1. mgr. að leyfi þurfi til að veita áfengi á samkomum. Er hér um að ræða vísun til 17. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um tækifærisleyfi til áfengisveitinga. Gert er ráð fyrir því að leyfi til tækifærisveitinga skuli bundið við tiltekið húsnæði. Í þessu felst því ekki ráðagerð um rýmkun á þeim reglum um tækifærisveitingar sem gilt hafa og girða fyrir áfengisveitingar á útisamkomum. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. eru veitingar áfengis í einkasamkvæmum felldar undan leyfisskyldu. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur. Skýra verður hins vegar einkasamsamkvæmi í þessu tilliti í samræmi við þau sjónarmið sem að baki liggja, einkum þau að skylda til að afla opinberra leyfa gangi ekki of nærri friðhelgi einkalífs borgaranna. Ljóst má því vera að hér er einkum um að ræða veitingar áfengis í heimahúsum, en þó getur einnig komið til þess að samkoma sem haldin er utan heimilis, í salarkynnum félagasamtaka eða þess háttar, verði talin einkasamkvæmi ef tilefni samkomunnar er sérstakt og persónulegt. Áréttað er þó að sé slíkt samkvæmi haldið á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga, fer samkoman fram á grundvelli þess leyfis og á ábyrgð viðkomandi veitingamanns.

Samkvæmt 2. mgr. skulu allir handhafar leyfa skv. 1. mgr. fullnægja þeim almennu skilyrðum sem lögin mæla fyrir um. Er ekki gert ráð fyrir að veittar séu undanþágur frá þeim. Þá er einnig heimilt að binda leyfi þessi frekari skilyrðum en þeim almennu, sé slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja öryggi og eftirlit með atvinnustarfseminni. Skilyrði þessi geta því beinst að einstökum leyfishöfum eða hópum þeirra. Verði til að mynda uppvíst um misferli tiltekins leyfishafa hefur leyfisveitandi þann möguleika skv. 2. mgr. að setja frekari skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi til þess að auðvelda eftirlit.

Í 3. mgr. kemur fram að leyfi sem gefin eru út á grundvelli laganna skuli bundin við nafn og kennitölu leyfishafa. Réttindi samkvæmt leyfum verða því ekki framseld eða öðrum veitt hlutdeild í þeim. Skyldur samkvæmt leyfum geta á hinn bóginn hvílt á fleirum en leyfishafa einum, sbr. t.d. 5. mgr. 13. gr. Þá er tekin upp í frumvarpið almenn regla, svipuð þeirri sem gilt hefur gagnvart áfengisveitingahúsum, sbr. 3. mgr. 12. gr. i.f. gildandi áfengislaga, þess efnis að leyfi skuli gefið út með fyrirvara um að það varði ríkissjóð ekki skaðabótaskyldu þótt leyfi sé afturkallað, gildistími þess styttur eða skilyrðum þess á annan hátt breytt á meðan leyfið er í gildi. Þykir rétt að taka reglu þessa upp og að hún gildi almennt gagnvart öllum leyfum sem gefin eru út á grundvelli laganna. Rétt er þó að benda á að ákvörðun um styttingu leyfis eða breytingu á skilyrðum er háð málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er refsivert að stunda leyfislaust starfsemi þá sem mælt er leyfisskyld skv. 1. mgr. 3. gr. Þá er og í 2. og 3. mgr. mælt refsiverð ýmis meðferð áfengis sem ekki verður talið að sé þáttur í atvinnustarfsemi og sem andstæð er markmiði laganna.

Samkvæmt 4. mgr. skulu lögregla, tollgæsla og skattayfirvöld annast eftirlit með þeim aðilum sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögunum. Ríkislögreglustjóri mun hafa

yfirumsjón með og annast skipulag áfengiseftirlits á landsvísu. Hann mun gefa fyrirmæli til lögregluembætta og setja þeim starfsreglur um áfengiseftirlit, auk þess að skipuleggja sérstök átaksverkefni í samráði við einstök lögregluembætti og eftir atvikum skatta- og tollyfirvöld. Þá mun ríkislögreglustjóri halda heildarskrá yfir birgðageymslur, áfengisveitingahús og áfengisútstölustaði og heildarskrá yfir leyfishafa til innflutnings, framleiðslu, sölu og veitinga áfengis. Lögreglustjórar munu hafa eftirlit með birgðageymslum, áfengisútsölum og áfengisveitingahúsum, hver í sínu umdæmi. Eftirlit lögreglustjóra mun m.a. beinast að því að haldið sé tilskilið birgðabókhald og að birgðum beri saman við bókhaldið, að yngra fólki en tvítugu sé ekki selt áfengi, að geymslustaðir áfengis séu nægilega tryggir og að leyfishafar selji einungis áfengi til þeirra sem heimild hafa til að kaupa áfengi. Þá munu lögreglustjórar annast eftirlit með áfengisauglýsingum, eftirlit með bruggi og landa á markaði og eftirlit með framboði á áfengi til ungmenna, m.a. í samráði við skólayfirvöld.

Almennt eftirlit lögreglu með framkvæmd laganna fellur undir hefðbundna starfsemi lögreglunnar og greiðist því kostnaður við það úr ríkissjóði, sbr. 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Kostnaður vegna tilvikabundins eftirlits á áfengisveitingastöðum, þar sem skemmtanir fara fram, kann þó að vera innheimtur hjá leyfishafa, sbr. 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga.

Um 5. gr.

Í greininni eru tilgreind þau almennu skilyrði sem handhafar leyfa til innflutnings, sölu, veitinga eða framleiðslu áfengis skulu ætíð fullnægja. Komi fram að leyfishafi hafi ekki fullnægt eða fullnægi ekki lengur skilyrðum fyrir leyfi skal fella leyfið úr gildi með afturköllun skv. 24. gr. að undangenginni málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum.

Skilyrði þau sem sett eru í 1. mgr. lúta að því að viðkomandi stundi í raun atvinnustarfsemi.

Aldursskilyrðið í 2. mgr. er í samræmi við fjölmörg önnur lagaákvæði er varða opinber leyfi.

Í 3. mgr. er ekki gert ráð fyrir breytingum á því að gjöld séu innheimt vegna útgáfu leyfa.

Eitt skilvirkasta úrræði opinberra aðila til að hafa eftirlit með starfsemi samkvæmt frumvarpinu er að kanna með reglubundnum hætti framleiðslu-, birgða- og sölubókhald leyfishafa. Lagt er til að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um það hvernig innflytjendur, framleiðendur, söluaðilar og veitingastaðir hagi bókhaldi sínu og skýrslugerð, en gert er ráð fyrir því að allar upplýsingar sem aflað er verði aðgengilegar þeim lögreglu-, toll- og skattrannsóknarembættum sem eftirlitið annast.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um leyfi til framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

Um 6. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er fjármálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengis. Þess í stað er lagt til að ríkislögreglustjóri veiti leyfi til framleiðslu áfengis.

Í 2. mgr. er að finna almenna skilgreiningu á framleiðslu áfengis. Fram kemur að ekki skipti máli hvort framleiðsluaðferðin er bruggun, gerjun, eiming, blöndun eða átöppun. Áréttað er þó að blöndun áfengis sem á sér stað samtímis og sem hluti af veitingu áfengis telst ekki til framleiðslu. Sé blöndunin þannig þáttur í veitingastarfsemi fellur hún eðlilega undir leyfi til hennar.

Framleiðsluleyfi er samkvæmt orðanna hljóðan bundið við framleiðslu. Með vísan til þess að framleiðsla í atvinnuskyni fer að jafnaði fram með sölu fyrir augum þykir rétt að leggja til í 3. mgr. að leyfi til framleiðslu áfengis feli jafnframt í sér leyfi til heildsölu áfengis skv. 9. gr.

Hins vegar felst ekki í framleiðsluleyfi heimild til þess að veita áfengi eða afhenda það með öðrum hætti en sölu.

Eðlilegt þykir að leyfi samkvæmt þessari grein séu fyrst gefin út til reynslu, en síðan ótímabundið, enda er um rekstur að ræða sem brýnt er að fari fram á föstum grundvelli.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. gildandi áfengislaga.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um leyfi til innflutnings áfengis í atvinnuskyni.

Um 8. gr.

Lagt er til að ríkislögreglustjóri veiti innflutningsleyfi í stað fjármálaráðherra. Einnig að í innflutningsleyfi felist jafnframt leyfi til þess að selja eða afhenda áfengi til þeirra sem framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Hins vegar er innflutningsleyfi ekki ætlað að veita handhafanum heimild til þess að selja áfengi í smásölu eða afhenda áfengi til annarra en þeirra sem leyfi hafa skv. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. Þó er innflutningsleyfishafa heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi aftur úr landi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar eða í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Er tilhögun þessi í samræmi við gildandi reglur.

Lagt er til að um gildistíma þessara leyfa gildi sömu reglur og um gildistíma framleiðsluleyfa skv. 6. gr.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um leyfi til sölu áfengis. Gert er ráð fyrir því að greint verði á milli heildsöluleyfa annars vegar og smásöluleyfa hins vegar.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um leyfi til heildsölu áfengis í atvinnuskyni. Til samræmis við aðrar breytingar á leyfisveitingum er lagt til að ríkislögreglustjóri veiti heildsöluleyfi í stað fjármálaráðherra. Sölu- og afhendingarheimild heildsöluleyfishafa er ætlað að vera takmörkuð með sama hætti og leyfi til innflutnings. Því mætti heildsali áfengis ekki selja eða afhenda einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum áfengi beint til neyslu, og skiptir þá ekki máli þótt það sé gert í kynningarskyni.

Lagt er til að gildistími þessara leyfa fari eftir sömu reglum og eiga við um gildistíma framleiðsluleyfa skv. 6. gr. og innflutningsleyfa skv. 8. gr.

Um 10. gr.

Með greininni er lagt til að viðhaldið verði einkarétti Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) til smásölu á áfengi.

Í frumvarpinu er ráðgert að ÁTVR þurfi sérstakt leyfi sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi fyrir einstökum áfengisútsölum.

Lagt er til að gildistími leyfa til smásölu fari eftir sömu reglum og eigi við um gildistíma heildsöluleyfa. Ætti gildistími í eitt ár, þegar leyfi er upphaflega gefið út, að nægja til þess að unnt verði að ganga úr skugga um, að framfylgt sé tryggilega þeim skilyrðum sem gilda um leyfið, sbr. 11. gr. og 1. mgr. 12. gr.

Um 11. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að sveitarstjórnir annist leyfisveitingar í sveitarfélögum, en hingað til hefur ekki þurft að afla slíkra leyfa.

Í 1. mgr. er að finna reglu þess efnis að sveitarstjórn leiti álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar áður en leyfi til rekstrar áfengisútsölu er veitt. Er þetta m.a. gert til að tryggja að rekstur sá sem óskað er eftir leyfi fyrir raski ekki lögmætum hagsmunum annarra.

Sérstaklega er kveðið á um að sveitarstjórn rökstyðji álit sitt og geri grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ráðið hafa niðurstöðu hennar. Í samræmi við almenn viðhorf skal rökstuðningur vera ítarlegur ef sveitarstjórn ákveður að leggjast gegn því að leyfi verði veitt. Ætti þar m.a. að koma fram lýsing á þeim hagsmunum sem fyrirhugaður rekstur væri talinn andstæður.

Í 2. mgr. kemur fram að sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu sína á leyfi til rekstrar útsölustaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, opnunartíma og önnur málefnaleg atriði.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að tilkynna lögreglustjóra í því umdæmi þar sem rekstur áfengisútsölu er leyfður um leyfisveitinguna og þau skilyrði sem hún er bundin. Er þetta gert til að gera eftirlit lögreglu öflugra og skilvirkara.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu eru talin lágmarksskilyrði sem fullnægja þarf til að fá útgefið leyfi til þess að reka útsölu fyrir áfengi. Húsnæði það sem reksturinn hýsir verður að vera búið fullnægjandi búnaði til þess að auðvelda lögreglu og öðrum opinberum aðilum eftirlit. Þá er með vísan til *heilbrigðis- og áfengisvarnasjónarmiða* mælt fyrir um að húsnæðið og reksturinn sem þar fer fram skuli afmarkaður og aðgreindur frá öðrum verslunarrekstri. Þetta er eðlilegt í ljósi þess að lagt er til grundvallar að áfengi sé ekki venjuleg verslunarvara, heldur skuli sala þess ætíð fara fram með sérstökum hætti.

Þá skal leyfishafi halda reglur um hámarksafgreiðslutíma, en gert er ráð fyrir því að nánar verði kveðið á um afgreiðslutíma, sem og önnur atriði, í reglugerð.

Ákvæði 2. mgr. koma í stað 1. mgr. 14. gr. gildandi áfengislaga. Lögð er til óbreytt sú skipan að smásala áfengis fari ekki fram á helgidögum þjóðkirkjunnar og helstu hátíðisdögum öðrum. Sú breyting er á hinn bóginn lögð til að ekki verði lengur bannað með lögum að selja áfengi í smásölu á aðfangadögum stórhátíða og þá daga sem almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram. Rétt þykir einnig að leggja til með vísan til breyttra verslunarhátta að lagt verði af ákvæði um að áfengisverslanir skuli vera lokaðar frá hádegi á laugardögum.

Um V. kafla.

Með bréfi dags. 20. september 1995 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um endurskoðun á gildandi ákvæðum laga um skilyrði fyrir veitingu leyfa til áfengisveitinga og um rekstur skemmtistaða. Var nefndinni einnig falið að gera tillögur um eftirlit með áfengisveitingahúsum og gjaldtöku í því sambandi. Hvatinn að skipun nefndarinnar var m.a. mikil umræða sem hafði verið um málefni áfengisveitingahúsanna, einkum í Reykjavík. Borgaryfirvöld voru áhugasöm um úrbætur á þessu sviði og höfðu m.a. velt því upp hvort eðlilegt kynni að vera að leyfisveitingarnar færðust frá lögreglu til sveitarfélaganna.

Tillögur nefndarinnar bárust í ágúst 1996 og voru meginatriði þeirra varðandi áfengisveitingaleyfi þessi:

Lagt var til að útgáfa leyfa yrði áfram í höndum lögreglustjóra, en að álit sveitarstjórnar fengi aukið vægi við leyfisveitinguna, m.a. hvað varðaði heimilan veitingatíma áfengis og gildistíma leyfis.

Lagt var til að numin yrði úr lögum sú viðmiðun að veitingastaður þurfi að vera fyrsta flokks til að fá almennt leyfi til áfengisveitinga. Var í þessu sambandi og lagt til að matsnefnd áfengisveitingahúsa yrði lögð niður.

Lagt var til að hert yrðu þau skilyrði sem umsækjendur um leyfi til áfengisveitinga skulu fullnægja til þess að fá leyfi útgefið.

Þá var lagt til að leyfi til áfengisveitinga skyldi ætíð gefið út á nafn og kennitölu umsækjanda, hvort sem hann er einstaklingur eða félag. Auk þessa var í tillögunum gert ráð fyrir að umsækjandi tilnefndi ávallt stjórnanda sem ábyrgð bæri á rekstrinum.

Að lokum var lagt til að sérákvæði í 12. gr. áfengislaga um eftirlit með áfengisveitingahúsum yrði afnumið ásamt heimild til að krefja veitingamenn um endurgreiðslu löggæslukostnaðar.

Varðandi tækifærisleyfi til áfengisveitinga var það tillaga nefndarinnar að slík leyfi yrðu aðeins veitt ábyrgðarmanni staðar sem ekki hefur leyfi til áfengisveitinga.

Það nýmæli var að finna í tillögum nefndarinnar að heimila ætti útgáfu leyfa til áfengisveitinga um borð í skipum í skipulögðum hópferðum innan lands.

Í V. kafla frumvarpsins er í mörgum atriðum byggt á tillögum nefndarinnar. Þó er vikið frá þeim í því veigamikla atriði að samkvæmt frumvarpinu er útgáfa leyfa til áfengisveitinga á veitingastöðum í höndum sveitarstjórna.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um útgáfu leyfa til áfengisveitinga á veitingastöðum. Sú grundvallarbreyting er lögð til frá gildandi reglum að útgáfa leyfa til áfengisveitinga á veitingastöðum verður í höndum sveitarstjórna í stað lögreglustjóra.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði að grunnskilyrði þess að fá leyfi til áfengisveitinga sé að hafa gilt leyfi til rekstrar veitingastaðar samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985. Hér er gert ráð fyrir að mat á veitingastaðnum sjálfum hafi þegar farið fram að verulegu leyti, svo sem mat á heilbrigðisþáttum, eldvörnum o.s.frv.

Í 3. mgr. koma fram almenn atriði um gildistíma leyfa til áfengisveitinga, en skv. 1. og 2. mgr. 14. gr. er reiknað með að sveitarstjórnir ákveði gildistíma einstakra leyfa, innan þeirra marka sem hér eru sett, en hámarksgildistími í fjögur ár er í samræmi við gildandi reglur.

Efnislega felst sama regla í 4. mgr. og í 3. mgr. 12. gr. gildandi laga. Sérstaklega er tekið fram að sækja þurfi um nýtt leyfi taki nýr aðili við rekstrinum. Í því felst m.a. skylda til að sækja um nýtt leyfi sé breytt um heiti á leyfishafa eða kennitölu.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að tilkynna skuli lögreglustjóra um breytingu að því er varðar stjórnanda veitingastaðar. Þetta er mikilvægt til að ávallt liggi ljóst fyrir hver sé réttur leyfishafi.

Til viðbótar þessu skal leyfishafi tilnefna stjórnanda sem annast hina leyfisskyldu starfsemi frá degi til dags. Er lagt til að tilnefndur stjórnandi beri ábyrgð á rekstrinum ásamt leyfishafa. Ákvæði þetta er sett að danskri fyrirmynd en því er ætlað að leiða til þess að ávallt sé á viðkomandi stað einstaklingur sem ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum. Einnig er mælt fyrir um þau skilyrði sem stjórnandi þarf að fullnægja. Skal þess sérstaklega getið að leyfishafa er heimilt að tilnefna sjálfan sig sem stjórnanda staðar, en þá undirgengst hann jafnframt það skilyrði að annast raunverulega reksturinn en fela hann ekki öðrum.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um sérstök skilyrði sem umsækjandi verður að fullnægja til þess að fá útgefið leyfi til áfengisveitinga á veitingastað.

Í 1. mgr. er tiltekið að sveitarstjórn beri að afla umsagnar heilbrigðisnefndar auk álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnda. Þá er tekið fram að sveitarstjórn skuli ákveða heimilan veitingatíma áfengis á hlutaðeigandi veitingastað, gildistíma og skilyrði leyfis. Í 1. mgr. er því að finna sams konar ákvæði og í gildandi lögum um heimild til að setja frekari skilyrði fyrir leyfisveitingu. Slíkt kemur eðli málsins samkvæmt einvörðungu til við sérstakar aðstæður. Getur þetta m.a. tekið til þess að sveitarstjórn ákveði að veita leyfi til áfengisveitinga með því skilyrði að einvörðungu verði veitt létt vín og áfengt öl.

Í 2. mgr. er að finna það nýmæli að lagt er til að allir umsækjendur um áfengisveitingaleyfi leggi fram tryggingu áður en leyfi er gefið út. Er tryggingunni ætlað að standa straum af greiðslu krafna á hendur leyfishafa ef til gjaldþrotaskipta eða rekstrarstöðvunar kemur. Er með þessari tilhögun komið til móts við þau viðhorf sem uppi eru um hert skilyrði gagnvart þeim einstaklingum sem reka atvinnustarfsemi sem þessa.

Í 3. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að heimilt verði að synja um útgáfu leyfis til áfengisveitinga eigi umsækjandi, eigandi eða framkvæmdastjóri í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða lífeyrissjóði, sem nemur a.m.k. 500.000 kr. Þetta er lagt til í því skyni að styrkja enn frekar það markmið frumvarpsins að herða skilyrði sem beinast að þeim einstaklingum er stunda rekstur á þessu sviði. Er ákvæði þetta tekið upp að danskri fyrirmynd. Með skuldum við hið opinbera er átt við skuldir vegna skatta og lögboðinna gjalda, hvort heldur um er að ræða skuld við ríki eða sveitarfélög. Jafnframt er mælt fyrir um að heimilt sé að synja um leyfi ef hlutaðeigandi hefur á síðustu fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brota á tilgreindum lögum.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um leyfi til áfengisveitinga og þau skilyrði sem það er bundið. Er þetta gert til að gera eftirlit lögreglu öflugra og skilvirkara.

Um 15. gr.

Lagt er til að lögfest verði nýmæli sem felst í því að heimilt verði að veita leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum sem bjóða skipulagðar hópferðir innan lands. Bakgrunnur þessarar tillögu er sá að á undanförnum árum hefur færst í vöxt að boðið sé upp á skipulagðar skoðunarferðir með skipum þar sem ferðamönnum er gefinn kostur á að sjá náttúru landsins frá sjó. Í ferðum þessum er gjarnan boðið upp á málsverð og hefur verið eftirspurn eftir því að fá að veita áfengi. Í framkvæmd hafa verið veitt leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum sem þessum við einstök tækifæri og má með hliðsjón af því segja að með þessu sé lagt til að framkvæmdinni verði komið í fastara horf.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að leitað verði umsagnar Siglingastofnunar ríkisins sem meti aðstöðu til áfengisveitinga í viðkomandi skipi út frá öryggisþáttum. Önnur ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er að finna undantekningarreglu. Er lagt til að sveitarstjórn verði heimilt að veita leyfi til áfengisveitinga á stað sem ekki hefur almennt leyfi til áfengisveitinga. Gildandi ákvæði 2. mgr. 20. gr. áfengislaga hefur verið túlkað rúmt undanfarin ár og hafa í umtals-

verðum mæli verið gefin út leyfi til áfengisveitinga við ýmis tækifæri. Vegna þessa er talið nauðsynlegt að breyta þessu fyrirkomulagi en ástæða er til að ætla að í skjóli þessa ákvæðis hafi farið fram óréttmæt starfsemi sem erfitt hefur reynst að sporna við. Lagt er til að útgáfa leyfa þessara verði einungis heimil við sérstakar aðstæður og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Er með því leitast við að halda opnum möguleika til útgáfu áfengisveitingaleyfis á stað sem ekki hefur áfengisveitingaleyfi en heldur samkomu af sérstöku tilefni. Fari hins vegar fram á viðkomandi stað starfsemi sem telst vera reglubundin veitingastarfsemi með áfengisveitingum ber að sækja um áfengisveitingaleyfi og er þess vegna lagt til í 3. mgr. að ráðherra verði heimilt að takmarka útgáfu leyfa þessara við tiltekinn fjölda á ári. Þau sérstöku skilyrði sem sett eru fyrir leyfum sem þessum beinast að því að tryggja svo sem kostur er að óréttmæt atvinnustarfsemi fari ekki fram á grundvelli leyfa þessara. Er í því skyni lagt til að ábyrgðarmaður viðkomandi staðar verði að fullu ábyrgur fyrir þeim rekstri sem þar fer fram án tillits til þess rekstrarforms sem er á viðkomandi starfsemi.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins er að finna reglur um meðferð og neyslu áfengis. Ekki eru lagðar til veigamiklar breytingar frá gildandi lögum. Gert ráð fyrir því að sömu reglur gildi að meginstefnu til um meðferð og neyslu áfengis, þó með nokkrum breytingum sem nauðsynlegar þykja með hliðsjón af réttarþróun í landinu og breyttum samfélagsháttum. Þannig er lagt til að felld verði niður ákvæði 17. gr. gildandi laga sem lýtur að tilhögun áfengissendinga og hlutverki póstafgreiðslumanna þar að lútandi og ákvæði í 3., 4. og 5. mgr. 19. gr. sem hafa að geyma reglur um heimildir til að leita í bifreiðum að áfengi sem ætla má að hafa eigi til ólöglegrar sölu, um öfuga sönnunarbyrði í tilteknum málum er varða bifreiðarstjóra og bann við því að ökumenn leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða taki ölvuð ungmenni til flutnings í bifreiðum sínum. Almennar reglur um heimildir til leitar og um sönnun er að finna í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og þykir mega vísa til þeirra laga um meðferð mála vegna brota sem hér um ræðir. Ákvæði um öfuga sönnunarbyrði samrýmist ekki grundvallarreglu laga um meðferð opinberra mála um að sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik sem telja megi honum í óhag hvíli á ákæruvaldinu, sbr. 45. gr. laganna, og það sama leiðir af 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið hér á landi, um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um aldursmark til kaupa og neyslu áfengis. Gert er ráð fyrir því að haldið verði 20 ára aldursmarki til kaupa og neyslu áfengis.

Um 19. gr.

Í greininni er að finna almenn ákvæði um meðferð áfengis. Sambærilegar reglur er að finna í gildandi áfengislögum.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. a. gildandi áfengislaga.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. gildandi áfengislaga.

Um 22. gr.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir ákvæðum samsvarandi 22. og 23. gr. gildandi áfengislaga varðandi ölvun embættismanna, opinberra starfsmanna og tiltekinna starfsstétta, en ákvæði um þetta er nú að finna í starfsmannalögum og lögum um lækna og lyfjafræðinga. Hins vegar er lagt til að haldið verði að mestu óbreyttu ákvæði um réttindasviptingar skv. 24. gr. gildandi áfengislaga, en í sérlögum um starfsstéttir sem ákvæðið tekur til skortir nokkuð á að afdráttarlaust sé kveðið á um hvernig með skuli fara við brot sem hér um ræðir.

Um 23. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 25. gr. gildandi áfengislaga, að viðbættu ákvæði um öndunarpróf, en samkvæmt umferðarlögum er nú heimilt að ákvarða ölvunarástand ökumanns á grundvelli vínandamagns í lofti sem hann andar frá sér.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um leyfissviptingar, refsingar og eignaupptöku. Með vísan til röksemda sem reifaðar eru í athugasemdum við VI. kafla er einnig lagt til að felld verði niður ákvæði 35., 37. og 47. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði að afturkalla skuli leyfi, fullnægi leyfishafi ekki lengur skilyrðum til að fá útgefið leyfi. Með þessu skapast skýr lagaheimild til afturköllunar jafnskjótt og leyfishafi uppfyllir ekki einhver skilyrði sem krafist er.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um áminningar og leyfissviptingar. Ákvæðið útilokar ekki að svipta megi handhafa leyfi ef brotið er gegn öðrum lögum en áfengislögum sem um rekstur hans gilda. Í því felst m.a. að svipta má áfengisveitingaleyfi gerist leyfishafi brotlegur við skattalög í rekstri sínum, heilbrigðisreglur o.fl.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 38. gr. gildandi áfengislaga.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. gildandi áfengislaga að öðru leyti en því að lagt er til að við ákvörðun sektar vegna brota á lögunum verði tekið mið af áfengisgjaldi samkvæmt reglum sem um það gilda.

Um tilraun og hlutdeild í brotum á lögunum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga og er því ekki lengur þörf á sérstöku tilraunarákvæði skv. 46. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að í megindráttum gildi sömu reglur um upptöku og skv. 8. og 34. gr. gildandi áfengislaga.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla er lagt til að sjálfstæðri stjórnsýslunefnd, úrskurðarnefnd um áfengismál, verði falið að leysa úr ágreiningsmálum vegna úrskurða sveitarstjórna samkvæmt lögum þessum. Þessi háttur er fallin til að auka réttaröryggi og skilvirkni á þessu sviði þar sem þeim

sem aðild geta átt að kærumáli gefst færi á að skjóta ákvörðunum þessum með einföldum og skjótum hætti til úrskurðar sjálfstæðrar og óháðrar nefndar. Þá er þetta fyrirkomulag mjög til þess fallið að tryggja samræmi í framkvæmd laganna.

Um 29. gr.

Í greininni er að finna almenna heimild til að bera ákvarðanir sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um áfengismál.

Samkvæmt 2. mgr. er úrskurðarnefndin sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnsýslukerfi ríkis og sveitarfélaga. Úrskurðum nefndarinnar verður því hvorki skotið til ráðherra né nokkurs annarrs stjórnvalds. Ráðherra getur því síður gefið nefndinni bindandi fyrirmæli um úrlausn mála. Úrskurðir nefndarinnar verða hins vegar bornir undir dómstóla skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem bera má úrlausnir hennar undir umboðsmann Alþingis.

Um 30. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra skipi þrjá menn í úrskurðarnefnd um áfengismál. Einn skal hann skipa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn samkvæmt tilnefningu ríkislögreglustjóra og einn samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra. Skal sá síðastnefndi jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Um 31. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um áfengismál.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að kærur til nefndarinnar þurfi að vera skriflegar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að meiri hluti nefndarinnar ráði niðurstöðu hennar ef nefndin er ekki einhuga í afstöðu sinni. Meginreglan er sú að allir nefndarmenn skuli sitja fundi. Forfallist aðalmaður án þess að ráðrúm gefist til að boða varamann í hans stað er nefndin engu síður ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund, sbr. 34. gr. stjórnsýslulaga. Við þær aðstæður er gert ráð fyrir að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði falla eitt á móti einu.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. kemur fram að leyfi til innflutnings, heildsölu, veitinga eða framleiðslu sem veitt voru í tíð eldri laga halda gildi sínu. Um eftirlit, áminningar og leyfissviptingar fer þó eftir reglum þessara laga. Leyfishafar þurfa því að uppfylla þau skilyrði sem lög þessi setja fyrir veitingu nýrra leyfa og ber að bregðast við vöntun á því með úrræðum laganna.

Í 2. mgr. er fjallað um þær áfengisútsölur sem starfræktar verða við gildistöku laganna. Lagt er til að veittur verði frestur til að sækja um leyfi til rekstrar þessara útsala í þrjá mánuði og að heimilt verði að starfrækja útsölurnar á því tímabili og síðan þar til afstaða hefur verið tekin til umsóknar þeirra af viðkomandi sveitarstjórn samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til áfengislaga.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða öðrum frumvörpum sem kveða á um breytingar í áfengismálum. Það felur í sér nokkrar veigamiklar breytingar á gildandi áfengislögum og eru þær helstar að leyfi til að stunda innflutning, heildsölu og framleiðslu áfengis verður veitt af ríkislögreglustjóra í stað fjármálaráðuneytis eins og nú er. Einnig færist veiting leyfis til áfengisveitinga og smásölu áfengis til sveitarstjórna en hið fyrrnefnda var áður veitt af lögreglustjórum.

Umsögnin er unnin í samráði við dómsmálaráðuneyti en að mati fjármálaráðuneytis munu eftirtaldir þættir helst hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Lagt er til að lögreglunni verði falið eftirlit með vínveitingastöðum í stað víneftirlitsmanna og að eftirlitið verði aukið. Að mati dómsmálaráðuneytis er talið að kostnaður aukist um 1–2 m.kr. Á móti kemur að matsnefnd vínveitingahúsa verður lögð niður en framlag til hennar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er áætlað 1,5 m.kr.
2. Kveðið er á um að dómsmálaráðherra skipi þriggja manna úrskurðarnefnd en heimilt verður að bera ákvarðanir sveitarstjórna undir nefndina. Ekki er ljóst hvert verður starfsumfang þessarar nefndar en ætla má að kostnaðurinn geti orðið á bilinu 0,5–1 m.kr.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum en þar er gert ráð fyrir að starfrækt verði áfengiseftirlitsdeild hjá ríkislögreglustjóra. Kostnaðarauki vegna hennar er áætlaður 3–4 m.kr., sbr. umsögn um það frumvarp. Það er því mat fjármálaráðuneytis að kostnaður ríkisins við breytingar í áfengis- og tóbaksmálum samkvæmt þessum tveimur frumvörpum aukist samtals um 4–6 m.kr.

Í frumvarpi til laga um gjald af áfengi er lagt til að ákveðið hlutfall teknanna renni til lögregluyfirvalda til að standa undir kostnaði við áfengiseftirlit, samtals um 15 m.kr. á ári. Á móti fellur niður heimild til að leggja gjöld á vínveitingastaði vegna starfa víneftirlitsmanna sem hefur skilað um 9 m.kr. tekjum. Tekjuaukinn, nettó, verður því um 6 m.kr. eða áþekkur fyrrnefndum kostnaðarauka sem leiða mun af samþykkt þessara tveggja frumvarpa.

814. Frumvarp til laga [479. mál]

um áfengis- og vímuvarnaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Áfengis- og vímuvarnaráð.

1. gr.

Stofna skal áfengis- og vímuvarnaráð sem heyrir undir ráðherra heilbrigðismála.

Tilgangurinn með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Markmiðið með starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Skipan áfengis- og vímuvarnaráðs.

2. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Til setu í áfengis- og vímuvarnaráði skal að jafnaði velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver sinn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Heilbrigðisráðherra skipar formann og varaformann úr ráðinu.

Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs.

3. gr.

Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs eru:

1. Að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt, sem og stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma.
2. Að vera ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, þar á meðal staðbundnum nefndum sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnir, m.a. um þörf á meðferðarúrræðum, og gera tillögur um stefnu stjórnvalda á þessu sviði, með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna.
3. Að gera tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna.
4. Að beita sér fyrir samhæfingu starfa þeirra sem vinna að áfengis- og vímuvörnum, sbr. 3. mgr. 1. gr., m.a. með því að halda reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara aðila.
5. Að stuðla að rannsóknum á sviði áfengis- og vímuvarna, m.a. árlegum könnunum á áfengis- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna, og fylgjast með tengslum áfengis- og fíkniefnanotkunar og afbrota.
6. Að fylgjast með stöðu áfengis- og vímuvarna í grannríkjum og annast samskipti við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum.
7. Að stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir og annast gagnasöfnun í vímuefnamálum þannig að hjá ráðinu séu nýjustu og haldbærustu upplýsingar um stöðu mála. Ráðið skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og stöðu áfengis- og vímuvarna.
8. Að annast önnur verkefni sem ráðherra eða ríkisstjórn felur ráðinu.

Dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs.

4. gr.

Heilbrigðisráðherra ræður framkvæmdastjóra að fenginni umsögn áfengis- og vímuvarnaráðs. Framkvæmdastjóri stýrir daglegri starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs og ræður annað starfsfólk ráðsins.

Árlegt ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs.

5. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð hefur árlega eftirgreinda fjármuni til ráðstöfunar til að sinna hlutverki sínu:

1. Forvarnasjóð skv. 8. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi.
2. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Framlög sem fyrirtæki eða aðrir kunna að leggja af mörkum til starfsemi á vegum ráðsins.

Reglugerðarheimild.

6. gr.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

Gildistökuákvæði.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð var lagt fram á 121. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú lagt fram öðru sinni með minni háttar breytingum. M.a. er fellt niður ákvæði um brottfall ákvæða í öðrum lögum og ákvæði til bráðabirgða um starfsemi áfengisvarnaráðs.

Ráðuneyti þau sem áfengis- og vímuvarnir heyra undir hafa um langt skeið staðið fyrir margvíslegum aðgerðum til að draga úr og hindra neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Í lok janúar 1996 ákvað ríkisstjórnin að tillögu dómsmálaráðherra, menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra að samræma aðgerðir vegna ávana- og fíkniefnavarna. Skipuð var nefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnavörnum. Áður hafði dómsmálaráðherra hrundið af stað sérstöku átaki í ávana- og fíkniefnavörnum í því skyni að skoða ýmis svið ávana- og fíkniefnavarna sem undir dómsmálaráðuneytið heyra, svo sem viðurlög, meðferð ákæruvalds og dómstóla á brotum vegna ávana- og fíkniefna, forvarnir á þessu sviði sem og löggæslu og meðferðarúrræði, m.a. fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í afbrot í tengslum við vímuefnaneyslu.

Verkefnisstjórn dómsmálaráðherra skilaði skýrslu og tillögum í júní 1996. Þar var m.a. lagt til að ríkisstjórnin markaði sér samræmda stefnu til nokkurra ára í fíkniefnavörnum og að stofnað yrði sérstakt afbrota- og áfengis- og vímuvarnaráð.

Nefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnavörnum var í kjölfarið falið að gera drög að stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum og kanna möguleika á stofnun afbrota- og áfengis- og vímuvarnaráðs.

Í desember 1996 samþykkti ríkisstjórnin stefnuyfirlýsingu í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, sem birt er sem fylgiskjal II með frumvarpinu, og byggir hún á tillögum nefndarinnar. Þá vann nefndin lagafrumvarp um áfengis- og vímuvarnaráð sem lagt var fram á 121. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Árið 1997 var á vegum ríkisstjórnarinnar unnið að endurskoðun á ýmsum lagaákvæðum sem varða meðferð áfengis og er frumvarp þetta hluti af þeirri endurskoðun. Frumvarpið er nú lagt fram að mestu óbreytt frá vorþingi 1997.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til áfengislaga og frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi. Þar eru ákvæði um breytingar og brottfall ákvæða í öðrum lögum og eru ákvæði þess efnis því felld niður í þessu frumvarpi.

Í lagafrumvarpi þessu er kveðið á um stofnun sérstaks áfengis- og vímuvarnaráðs í þeim tilgangi að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Gert er ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð taki við verkefnum áfengisvarnaráðs ásamt fíkniefnavörnum. Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hefur verið unnið að aukinni samhæfingu forvarnastarfs en margvísleg hagkvæmnisrök mæla með því að sameina áfengisvarnir öðrum fíkniefnavörnum enda hefur margsinnis með rannsóknum verið sýnt fram á tengsl áfengisneyslu og annarrar vímuefnaneyslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs verði sjálfstæð. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er í undirbúningi að sameina forvarnastarf sem unnið er á vegum ráðuneytisins undir sama þak og ná þannig fram aukinni samhæfingu og samfellu í starfi, m.a. með því að skrifstofuhald og fleiri rekstrarþættir verði sameiginlegir. Er þar auk áfengis- og vímuvarna um að ræða tóbaksvarnir, heilsueflingu, manneldismál og slysavarnir svo nokkuð sé nefnt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um að stofna skuli áfengis- og vímuvarnaráð sem heyri undir ráðherra heilbrigðismála.

Tilgangi með stofnun ráðsins er lýst í 2. mgr. en hann er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Starfsemi ráðsins skal beinast gegn neyslu áfengis- og vímuefna í öllum aldurshópum. Ráðið skal þó leggja sérstaka áherslu á áfengis- og vímuvarnir meðal barna og ungmenna.

Skaðvænlegar afleiðingar af neyslu áfengis og annarra vímuefna eru vel kunnar. Áfengis- og vímuefnaneysla er þekktur áhættuþáttur í sjálfsvígum, m.a. sjálfsvígum ungmenna. Rannsóknir hafa staðfest tengsl áfengis- og vímuefnanotkunar og áhættuhegðunar, m.a. afbrota. Könnun á vegum Fangelsismálastofnunar sýndi að af 108 ungmennum á aldrinum 15–23 ára sem fengu skilorðsbundna ákærufrestun á árunum 1993–94 sagðist rúmlega helmingur einhvern tíma hafa neytt fíkniefna og rúmlega helmingur sagðist hafa verið undir áhrifum 177 föngum á aldrinum 16–25 ára leiddi í ljós að þrír af hverjum fjórum sögðust einhvern tíma hafa neytt fíkniefna og 82% sögðust hafa verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna þegar afbrot var framið. Að undanförnu hafa komið fram uggvænlegar upplýsingar úr könnuninni „Ungt fólk '97" sem unnin var á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála þess efnis að reykingar, neysla áfengis og annarra vímuefna fari verulega vaxandi meðal unglinga.

Markmiðið með starfi áfengis- og vímuvarnaráðs er því að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ýmsum aðferðum má beita í forvörnum til að draga stórlega úr neyslu áfengis, ekki síst meðal barna og ungmenna. Samhæfing starfs og samvinna á þessu sviði er mjög mikilvæg. Markmiði um að uppræta fíkniefnaneyslu er unnt að ná ef allir þeir fjölmörgu aðilar sem vinna að áfengis- og vímuvörnum taka höndum saman og stilla saman krafta sína í öflugri samvinnu. Tengsl milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum eru of lítil. Þau þarf að efla og bæta. Áfengis- og vímuvarnaráði er því sérstaklega ætlað að beita sér fyrir samvinnu þessara aðila og samræmingu starfa þeirra. Hér er m.a. átt við heilsugæslu og aðrar heilbrigðisstofnanir, félagsmálayfirvöld sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfið, refsivörslukerfið og félagasamtök. Markmiðið með stofnun ráðsins er ekki að yfirtaka verkefni

þessara aðila heldur tryggja sem besta samvinnu og koma þar með í veg fyrir óþarfa tvíverknað.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um skipan áfengis- og vímuvarnaráðs. Gert er ráð fyrir að í ráðinu eigi sæti átta einstaklingar sem heilbrigðisráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Sérstaklega er tekið fram að til setu í ráðinu skuli að jafnaði velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Í ráðið tilnefna forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hver sinn fulltrúa og varamenn með sama hætti. Þannig er reynt að tryggja að öll ráðuneyti, sem áfengis- og vímuvarnir falla að einhverju leyti undir, tilnefni fulltrúa til setu í áfengis- og vímuvarnaráði. Auk þess er gert ráð fyrir að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni fulltrúa enda hafa sveitarfélögin veigamiklu hlutverki að gegna í vímuvörnum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Um 3. gr.

Í greininni eru verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs talin upp í átta töluliðum. Verkefnin bera þess merki að þungamiðjan í starfsemi ráðsins er að stuðla að samræmingu í áfengis- og vímuvörnum.

Í 1. tölul. er fjallað um eftirlitshlutverk ráðsins, en ráðinu er ætlað að fylgja því eftir að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Þá er einnig gert ráð fyrir að ráðið fylgi eftir stefnu ríkisstjórnar í þessum málaflokki á hverjum tíma.

Í 2. tölul. er fjallað um ráðgjafarhlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs. Því er ætlað að vera ríkisstjórn, sem og öðrum stjórnvöldum, þar á meðal staðbundnum nefndum sveitarfélaga, til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnir, gera tillögur um stefnu á þessu sviði og byggja þar á niðurstöðum rannsókna sem fyrir liggja á hverjum tíma. Ráðinu er sérstaklega ætlað að vera til ráðgjafar um þörf á meðferðarúrræðum fyrir þá sem fjötrast hafa í ofneyslu vímuefna.

Samkvæmt 3. tölul. er áfengis- og vímuvarnaráði ætlað að gera tillögur um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði. Í 5. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir árlegu ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs. Forvarnasjóður, sem stofnaður var samkvæmt lögum um gjald af áfengi, nr. 96/1995, sbr. lög nr. 85/1996, mun heyra undir áfengis- og vímuvarnaráð. Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að um þetta hlutverk ráðsins verði sett sérstök reglugerð.

Eins og áður hefur verið vikið að er tilgangur stofnunar áfengis- og vímuvarnaráðs aðallega sá að stuðla að samhæfingu og samræmingu starfa þeirra fjölmörgu aðila sem vinna að áfengis- og vímuvörnum. Í verkefnalista ráðsins er þetta hlutverk aftur tilgreint, sbr. 4. tölul., og undirstrikað að þetta skuli framkvæmt með því m.a. að hafa reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara aðila. Þannig er gert ráð fyrir að þessir samráðsfundir verði haldnir a.m.k. tvisvar á ári og að áfengis- og vímuvarnaráð hafi frumkvæði að því að boða til og halda slíka fundi.

Í 5. tölul. er áfengis- og vímuvarnaráði falið að stuðla að rannsóknum sem að gagni geta komið við áfengis- og vímuvarnir. Hér er svipað uppi á teningnum og gagnvart fræðsluefninu. Ekki er gert ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráðið framkvæmi sjálft þessar rannsóknir heldur hlutist til um að þær séu gerðar. Framkvæmd rannsókna verður falin þeim aðilum sem færastir eru til slíkra hluta, t.d. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum. Sérstök áhersla er lögð á það að áfengis- og vímuvarnaráð sjái til þess að árlega fari fram rannsóknir til að fylgjast með þróun í áfengis- og vímuefnanotkun barna og ungmenna. Slíkar rannsóknir hafa um árabil verið framkvæmdar meðal nágrannaþjóða okkar og þykja nauðsynlegar

til að byggja á forvarnastarf á þessu sviði. Þá á ráðið að fylgjast með tengslum áfengis- og vímuefnanotkunar og afbrota en tengsl hér á milli eru óvefengd og augljós.

Í 6. tölul. er áfengis- og vímuvarnaráði falið að fylgjast með stöðu þessara mála í grannríkjunum og annast samskipti við hliðstæðar stofnanir í þessum löndum.

Samkvæmt 7. tölul. á áfengis- og vímuvarnaráð að stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir. Hér er átt við alls kyns fræðsluefni, bæði námsefni og fræðsluefni til almennra nota. Gert er ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð geti hlutast til um að aðrir aðilar sjái um framkvæmd þessa verkefnis. Félagasamtök munu hér eftir sem hingað til hafa veigamiklu hlutverki að gegna við útgáfu fræðsluefnis um áfengis- og vímuvarnir fyrir almenning. Ákvæðið gerir þannig ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð hafi ákveðnu umsjónarhlutverki að gegna í þessum efnum, fylgist með þörf á útgáfu fræðsluefnis og stuðli að því að efni af því tagi sé ætíð til reiðu án þess að annast framkvæmdina sjálfa. Mikilvægt er að til séu á einum stað allar upplýsingar um áfengis- og vímuvarnir, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum. Í 7. tölul. er áfengis- og vímuvarnaráði því einnig falið að annast gagnaöflun svo að tryggt sé að hjá ráðinu verði ætíð unnt að finna nýjustu og haldbærustu upplýsingar um stöðu þessara mála. Slíkur gagnabanki kemur öllum þeim sem starfa á þessu sviði til góða og er nauðsynleg forsenda árangursríkra áfengis- og vímuvarna. Í töluliðnum er ráðinu einnig gert að gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og upplýsingar um stöðu áfengis- og vímuvarna.

Gert er ráð fyrir að unnt verði að fela áfengis- og vímuvarnaráði önnur verkefni en þau sem talin eru upp sérstaklega í 3. gr. frumvarpsins, sbr. 8. tölul.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um daglega starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs. Eins og 3. gr. frumvarpsins ber með sér eru verkefni ráðsins umfangsmikil. Því er gert ráð fyrir að ráðið reki skrifstofu þar sem starfi sérhæft starfslið sem sjái um framkvæmd ákvarðana sem áfengis- og vímuvarnaráð tekur um verkefni sem því eru falin. Gert er ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ráði framkvæmdastjóra að fenginni umsögn áfengis- og vímuvarnaráðs en hann ráði síðan annað starfslið.

Um 5. gr.

Árlegt ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs til að sinna verkefnum sínum verður af þrennum toga. Í fyrsta lagi Forvarnasjóður sem stofnaður var með lögum nr. 96/1995. Með lögum nr. 85/1996 var ákvæðum um Forvarnasjóðinn breytt þannig að fjármunum hans má nú ráðstafa til áfengis- og fíkniefnavarna. Áður var ráðstöfun sjóðsins bundin við áfengisvarnir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Alþingi geti veitt áfengis- og vímuvarnaráði sérstakar viðbótarfjárveitingar á fjárlögum hverju sinni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að starfsemi ráðsins verði að einhverju leyti fjármögnuð með framlögum frá fyrirtækjum eða öðrum sem vilja leggja vímuvörnum lið með fjárstuðningi.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Brýnt er að áfengis- og vímuvarnaráð geti hafið störf hið fyrsta. Því er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júní 1998.

Fylgiskjal I.

Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.
(3. desember 1996.)

Ríkisstjórnin telur neyslu barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki vera alvarlegt vandamál sem bregðast þurfi við.

Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að beita sér fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla, í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna og draga stórlega úr áfengis- og tóbaksnotkun þeirra.

Fram til ársins 2000 verður áhersla lögð á:

- Að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.
- Að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki.
- Að auka öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota.
- Að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki.
- Að efla meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem orðið hafa fíkninni að bráð.

Ráðuneyti gera hvert á sínu sviði framkvæmdaáætlun til að útfæra stefnu ríkisstjórnarinnar. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en 1. mars 1997.

Fjárveitingar til löggæslu og tollgæslu verða hækkaðar auk þess sem meðferðarúrræði verða efld. Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir bættri nýtingu fjármuna sem þegar er varið til varna gegn fíkniefnum, áfengi og tóbaki og að verkefni sem tengjast framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar njóti forgangs gagnvart úthlutun úr Forvarnasjóði og af fé til tóbaksvarna.

Ríkisstjórnin mun fela sérstakri nefnd að fylgjast með framkvæmd stefnunnar og að gefa ríkisstjórninni reglulega skýrslu um framgang hennar og árangur.

GREINARGERÐ

Rannsóknir gefa vísbendingar um að unglingum í efstu bekkjum grunnskóla sem hafa prófað áfengi fjölgi stöðugt. Þannig sýndi rannsókn dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur árið 1995 að frá árinu 1989 hafði þeim sem prófað höfðu áfengi fjölgað úr 41% í 66% meðal 14 ára og úr 61% í 77% meðal 15 ára. Unglingar sem höfðu drukkið áfengi síðustu 12 mánuði áður en könnunin var gerð voru spurðir hversu oft þeir hefðu orðið ölvaðir í þau skipti sem þeir drukku og sögðust 14 ára hafa orðið fullir í 46% tilvika en 15 ára í 59% tilvika. Ölvun er því mjög algeng meðal unglinga sem neyta áfengis og stór hluti unglinga er farinn að neyta áfengis og hafa reynslu af því að vera ölvaður þegar fyrir fermingu.

Rannsóknir meðal framhaldsskólanema sýna að þorri þeirra hefur neytt áfengis og flestir fundið til áfengisáhrifa.

Rannsókn við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá því fyrr á þessu ári sýnir að 97% pilta í framhaldskólum í Reykjavík og 94% stúlkna hafa neytt áfengis. Af piltunum höfðu 92% fundið áfengisáhrif og 88% stúlknanna. Samanburður milli rannsókna sýnir að kynjamunur á áfengisneyslu meðal framhaldsskólanema sé að hverfa.

Framhaldsskólanemarnir voru spurðir um aldur við fyrstu áfengisvímu. Í ljós kom að tæplega 5% voru 12 ára, 8% 13 ára, 25% 14 ára, 30% 15 ára og 20% 16 ára. Meðalaldurinn var 14,7 ára sem reyndist ívið hærri en í fyrri rannsóknum sem sýnt hafa meðalaldur um 14 ára.

Rannsóknin sýndi að tæplega 42% piltanna og 21% stúlknanna höfðu prófað ólögleg vímuefni. Algengustu vímuefnin sem framhaldsskólanemarnir höfðu prófað voru kannabisefni, þ.e. hass og gras (maríjúana) og amfetamín. Í rannsókninni voru einnig könnuð tengsl milli aldurs við fyrstu áfengisvímu og þess hvort viðkomandi hefði prófað ólögleg fíkniefni. Í ljós kom að eftir því sem aldur við fyrstu áfengisvímu hækkar minnka líkurnar á að farið sé út í neyslu ólöglegra vímuefna.

Þetta samræmist niðurstöðum fyrri rannsókna og styður tilgátur um að eftir því sem **aldur við fyrstu áfengisvímu er lægri því meiri líkur eru á því að ungmenni leiðist út í neyslu ólöglegra vímuefna.**

Daglegar reykingar barna og ungmenna aukast einnig. Kannanir á vegum héraðslækna og Krabbameinsfélags Íslands sýna að milli áranna 1990 og 1994 hafa daglegar reykingar ungmenna á aldrinum 12-16 ára aukist úr 5% í tæplega 8% meðal pilta en heldur minna hjá stúlkum eða úr 6% í 7%.

Á fylgiskjölum eru súlurit sem sýna áfengisneyslu grunnskólanema 1989 og 1995, áfengisneyslu og neyslu ólöglegra fíkniefna meðal framhaldsskólanema í Reykjavík 1996 og daglegar reykingar grunnskólanemaa 12 - 16 ára á öllu landinu árið 1994.

* * *

Vaxandi neysla barna og ungmenna á fíkniefnum, tóbaki og áfengi er mesta vá sem vofir yfir æsku landsins.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að **uppræta** neyslu fíkniefna meðal barna og ungmenna og **draga stórlega** úr neyslu þeirra á áfengi og tóbaki.

Áhersluþættir stefnu ríkisstjórnarinnar fram til ársins 2000 verða á sviði forvarna, einkum þeirra sem beinast að áhættuhópum gagnvart misnotkun áfengis, tóbaks og

fíkniefna. Hefta skal aðgengi barna og ungmenna að þessum efnum og fækka fíkniefnatengdum brotum til að auka öryggi almennings. Efla á meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem vilja hverfa af braut neyslu, ekki síst meðferðarúrræði fyrir aldurshópinn 16-18 ára. Loks skal þess freistað að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn fíkniefna-, áfengis- og tóbaksneyslu barna og ungmenna. Ýmislegt bendir til að ákveðins umburðarlyndis gæti gagnvart því að börn og ungmenni byrji snemma reykingar og takmarkaða neyslu áfengis. Þetta er hættulegt umburðarlyndi því rannsóknir sýna að mikilvægast sé að seinka upphafi neyslu áfengis og tóbaks sem mest hjá börnum og ungmennum. Börn sem byrja ung að neyta áfengis eru líklegri til að neyta ólöglegra fíkniefna auk þess sem þau eru líklegri síðar á ævinni til að vera í hópi stórneytenda áfengis. Reykingar og neysla áfengis fara einnig saman. Minnkandi áfengisneysla og reykingar meðal barna og unglinga munu því beint leiða til minnkandi neyslu ólöglegra fíkniefna.

Ráðuneyti skulu hvert á sínu sviði gera framkvæmdaáætlun þar sem stefnan verður útfærð. Framkvæmdaáætlanir skulu vera tilbúnar 1. mars 1997. Aðgerðir sem gætu orðið hluti slíkra framkvæmdaáætlana eru:

1. Að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu m.a. með því að styrkja og efla starfsemi foreldrasamtaka.
2. Að auka þátttöku heilsugæslu í forvörnum og meðferð með sérstakri áherslu á forvörnum áhættuhópa.
3. Að auka fræðslu og forvarnir í skólum allt frá leikskólaaldri með sérstakri áherslu á forvörnum áhættuhópa og stuðningi við tómstundastarf barna og ungmenna.
4. Að efla og styrkja úrræði, m.a. meðferðarúrræði sem foreldrar, heilsugæsla, sveitarfélög og skólar geta leitað til þegar vart verður áhættuhegðunar hjá barni eða ungmenni.
5. Að efla rannsóknir á sviði áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarna og nota niðurstöður slíkra rannsókna til þróunar markvissari og árangursríkari starfsemi og aðgerða á þessu sviði.
6. Að efla forvarnastarf hjá lögreglu og tryggja að löggæsla og tollgæsla hafi ávallt á að skipa þeim mannafla og búnaði er gerir þessum aðilum kleift að stemma stigu við innflutningi, dreifingu, sölu, meðferð og neyslu áfengis og fíkniefna.

Til forvarna gegn fíkniefnum, áfengi og tóbaki er nú þegar varið umtalsverðum fjármunum á fjárlögum. Fjárframlög til tollgæslu og löggæslu verða þó aukin auk þess sem meðferðarúrræði verða efld. Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir bættri nýtingu þessara fjármuna og að fjármunum Forvarnasjóðs og fé til tóbaksvarna verði varið með markvissum hætti til verkefna sem hafa þann tilgang að hrinda stefnu ríkisstjórnarinnar í framkvæmd.

Ríkisstjórnin mun fela sérstakri nefnd að fylgjast með því að stefnunni verði hrundið í framkvæmd. Jafnframt verður viðkomandi falið að skila reglulegum skýrslum um framgang stefnunnar. Þar skal m.a. gera grein fyrir árangri aðagerða sem gripið verður til til að útrýma notkun fíkniefna meðal barna og ungmenna og draga stórlega úr neyslu þeirra á áfengi og tóbaki.

Framhaldsskólanemar í Reykjavík 1996 sem prófað hafa ólögleg vímuefni.
Könnun gerð af hópi 11 í aðferðafræði III í félagsvísindadeild Háskóla Íslands vorið 1996.





Grunnskólanemar sem prófað höfðu áfengi 1989 og 1995 skv. rannsóknum dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur.

Framhaldsskólanemar í Reykjavík 1996 sem neytt hafa áfengis.
Könnun gerð af hópi 11 í aðferðafræði III í félagsvísindadeild Háskóla íslands vorið 1996.



Daglegar reykingar grunnskólanema á öllu landinu árið 1994 eftir kyni og aldri skv. könnunum á vegum héraðslækna og Krabbameinsfélags Íslands



Daglegar reykingar grunnskólanema á öllu landinu árið 1994 eftir kyni og aldri skv. könnunum á vegum héraðslækna og Krabbameinsfélags Íslands



Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð.

Markmiðið með frumvarpinu er að efla og styrkja varnir gegn neyslu áfengis- og vímuefna, sérstaklega á meðal barna og ungmenna. Lagt er til að stofnað verði áfengis- og vímuvarnaráð sem samhæfi og samræmi störf þeirra er vinna að vörnum gegn neyslu vímuefna, svo sem heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, stofnana menntamála og félagasamtaka. Gert er ráð fyrir að hið nýja ráð taki við störfum núverandi áfengisvarnaráðs sem verði lagt niður í áföngum.

Samkvæmt 2. gr. eru skipaðir átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð, þremur fleiri en í núverandi áfengisvarnaráð. Í 4. gr. er gert ráð fyrir að dagleg störf ráðsins verði í höndum framkvæmdastjóra sem ráði starfsfólk.

Í 3. gr. frumvarpsins eru talin upp nokkuð umfangsmikil verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs í átta töluliðum og verður að gera ráð fyrir að nokkur kostnaður hljótist af þeim. Sum eru þegar í höndum áfengisvarnaráðs og verður þar eingöngu um tilflutning verkefna á milli aðila að ræða. Á meðal helstu verkefna ráðsins sem telja verður ný, eða að aukist að umfangi, er að ráðinu er ætlað að gera tillögur um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði, stuðla að útgáfu fræðslugagna um vímuvarnir, vera í samskiptum við erlend ríki um áfengis- og vímuvarnir og stuðla að rannsóknum á því sviði auk þess að samhæfa verkefni þeirra sem vinna gegn neyslu vímuefna.

Kostnaður við áfengisvarnaráð er áætlaður 9,1 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 1998, og er hann greiddur af Forvarnasjóði, sbr. 8. gr. laga nr. 96/1995.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð standi undir kostnaði við starfsemi sína af framlögum úr Forvarnasjóði, með fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni og með framlögum sem fyrirtæki eða aðrir kunna að leggja af mörkum. Verður að gera ráð fyrir að kostnaður við ráðið verði greiddur úr Forvarnasjóði í samræmi við núverandi fjármögnun áfengisvarnaráðs. Eru tekjur sjóðsins áætlaðar samtals 55 m.kr. í fjárögum fyrir árið 1998. Kostnaður við áfengis- og vímuvarnaráð fer mjög eftir umfangi þess kynningar- og samræmingarstarfs sem það tekur sér á hendur og hversu margt fólk verður ráðið til að annast verkefni þess. Gera má ráð fyrir að aukinn kostnaður verði einkum af útgáfu- og kynningarstarfsemi, stuðningi við rannsóknir, erlendu samstarfi og samræmingu starfa þeirra er koma að vímuvörnum. Kostnaðarauka af þessum verkefnum má áætla a.m.k. 4–5 m.kr. á ári og má gera ráð fyrir að auknum verkefnum verði að hluta sinnt með verkefnastyrkjum úr Forvarnasjóði. Loks má gera ráð fyrir 2–3 m.kr. stofnkostnaði fyrsta árið vegna búnaðar og tækja.

Gera má gera ráð fyrir að frumvarpið hafi 14–15 m.kr. árlegan kostnað í för með sér vegna reksturs áfengis- og vímuvarnaráðs og verkefna sem það á að stuðla að. Þar til viðbótar kemur 2–3 m.kr. kostnaður við kaup á tækjum og búnaði fyrsta árið og 3–4 m.kr. biðlaunagreiðslur til starfsmanna áfengisvarnaráðs. Gera má ráð fyrir að á móti þeim kostnaði falli niður 9,1 m.kr. sem nú er ráðstafað til áfengisvarnaráðs. Verður að gera ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð verði ekki komið að fullu í rekstur fyrr en það hefur tekið við öllum verkefnum áfengisvarnaráðs. Miðað við núverandi fyrirkomulag á fjármögnun áfengisvarnaráðs verður daglegur rekstrarkostnaður áfengis- og vímuvarnaráðs greiddur af Forvarnasjóði og hefur því ekki bein áhrif á afkomu ríkissjóðs ef frá eru taldar biðlaunagreiðslur og kaup á stofnbúnaði.

815. Frumvarp til laga [480. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu vörur sem innihalda meira en 2,25% af vínanda, en eru óhæfar til neyslu og ekki er hægt að gera neysluhæfar, undanþegnar áfengisgjaldi. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánar hvaða vörur falla hér undir.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Áfengisgjald skal vera sem hér segir á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar samkvæmt flokkun hans í tollskrá:

1. Af öli sem flokkast í vörulið 2203, svo og af vörum sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206: 58,70 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
2. Af víni og öðrum gerjuðum drykkjarvörum sem flokkast undir vöruliði 2204, 2205 og 2206 og eru að hámarki 15% að styrkleika, enda innihaldi varan eingöngu vínanda sem myndast hefur við gerjun, án hvers kyns eimingar: 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
3. Af öðru áfengi: 57,50 kr.

Gjald skv. 1. mgr. skal reiknast hlutfallslega á brot af sentilítra af vínanda og brot af lítra hins áfenga drykkjar.

Ef umbúðir vöru greina ekki magn eða styrkleika áfengis sem aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. 2. gr. flytja til landsins eða fá sent erlendis frá er tollyfirvöldum heimilt að meta magn eða styrkleika áfengis og ákvarða gjald samkvæmt því.

3. gr.

4. gr. laganna fellur brott og númeraröð annarra greina breytist til samræmis við það.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir“ í 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðanna „Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi“ í 3. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skal.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Áfengisgjald skal fellt niður eða endurgreitt í eftirtöldum tilvikum.
b. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Af áfengi sem ferðamenn og farmenn hafa með sér inn í landið til eigin nota, að tilteknu hámarki sem fjármálaráðherra kveður á um í reglugerð.

c. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:
   6. Af áfengi, sem talið er upp í lyfjaskrá, til lækna og lyfsala til sölu sem lyf.
   7. Af áfengi til iðnþarfa samkvæmt nánari skilgreiningu fjármálaráðherra.
d. Orðin „svo og lækna og lyfsala vegna áfengis sem talið er upp í lyfjaskrá og selt er sem lyf, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga, og áfengis sem selt er skv. 8. tölul. 1. mgr. 11. gr. sömu laga“ í 2. mgr. falla brott.
e. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, m.a. um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu.

6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli. Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði.

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skulu 0,3% renna til áfengiseftirlits lögregluyfirvalda.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi. Tillögurnar byggjast að mestu á niðurstöðum nefndar sem skipuð var fulltrúum fjármálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis um nýskipan í áfengis- og tóbaksmálum. Tillögur nefndarinnar miða meðal annars að því að eftirlit með dreifingu og markaðssetningu áfengis hér á landi verði aukið, spornað við neyslu og henni stýrt með gjaldtöku á vörurnar.

Samhliða frumvarpinu eru lögð fram önnur frumvörp þar sem kveðið er á um ýmsar breytingar í áfengismálum hér á landi, í samræmi við tillögur nefndarinnar.

Helstu breytingar sem frumvörp þessi miða að eru sem hér segir: Í fyrsta lagi að rekstur áfengisútsala verði háður eftirliti og sambærilegum skilyrðum og rekstur vínveitingastaða. Í öðru lagi að leyfisveitingar vegna innflutnings og heildsölu áfengis, svo og yfirumsjón eftirlits með allri verslun með áfengi, verði á vegum lögregluyfirvalda. Jafnframt verði leyfi til rekstrar vínveitingahúsa og áfengisútsala háð samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Í þriðja lagi að áfengi verði flokkað í þrjá flokka, þ.e. öl, létt vín og annað áfengi, og að tekið verði upp mishátt áfengisgjald eftir flokkum.

II. Helstu atriði frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu í frumvarpinu að áfengi verði flokkað í þrjá meginflokka við ákvörðun áfengisgjalds. Þar er um að ræða í fyrsta lagi öl, í öðru lagi vín og aðrar gerjaðar drykkjarvörur að hámarki 15% að styrkleika og í þriðja lagi annað áfengi. Tilgangurinn með slíkri flokkun er að löggjafarvaldinu sé kleift að beita mismunandi gjaldtöku á einstaka flokka áfengis og hafa þannig áhrif á neysluna.

Ekki er lögð til breyting á gjaldi af öli. Hins vegar er lagt til að áfengisgjald af víni lækki um 10% frá því sem nú er. Gera má ráð fyrir að útsöluverð á algengum tegundum af rauðvíni lækki um 5–6% við þá breytingu.

Af öðru áfengi en öli og víni lækki gjald á hvern sentilítra vínanda í hverjum lítra áfengis lítillega, en leggist á móti á allt vínandamagn. Sú breyting leiðir til nokkurrar hækkunar á áfengi. Hækkunin er mest á veiku áfengi, til að mynda áfengisblöndum og áfengum gosdrykkjum, en með auknum styrkleika áfengis dregur úr áhrifum breytingarinnar. Þessi breyting þýðir um 60–90 kr. hækkun áfengisgjalds á hverja flösku af flestum tegundum áfengis. Gera má ráð fyrir að útsöluverð á algengum tegundum af vodka hækki um 3–4%.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 0,3% af gjaldi af áfengi sem flutt er inn til sölu eða vinnslu renni til áfengiseftirlits lögregluyfirvalda.

Í gildistökuákvæði frumvarpsins er kveðið á um að lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, falli brott. Skemmtanaskattur er lagður á ýmiss konar skemmtanastarfsemi sem aðgangur er seldur að og veitinga- og samkomuhús þar sem vínveitingar eru hafðar um hönd. Lögin þykja um margt orðin úrelt sökum breytinga sem orðið hafa á skemmtanastarfsemi undanfarin ár.

III. Áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Gert er ráð fyrir að lækkun á áfengisgjaldi af víni lækki tekjur ríkissjóðs um allt að 70 m.kr. á ári. Breyting á gjaldtöku af öðru áfengi en öli og víni leiðir á hinn bóginn til hækkunar á gjaldi af áfenginu. Ljóst er að tekjur ríkissjóðs munu aukast nokkuð við þá breytingu og má ætla að sá tekjuauki geti numið um 100–120 millj. kr. Í heildina má því gera ráð fyrir að tekjuaukning vegna breytinga á fjárhæð áfengisgjalds muni nema um 30–50 millj. kr.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að af tekjum af áfengisgjaldi renni 0,3% til áfengis- og tóbakseftirlits, en það svarar til um 15 millj. kr.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, falli brott við gildistöku frumvarpsins. Árlegar tekjur af skemmtanaskatti hafa numið um 70 millj. kr. Auknum tekjum af áfengisgjaldi er ætlað að vega að hluta til upp tekjutap ríkissjóðs við það að skemmtanaskattur leggst af.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að vörur sem innihalda meira en 2,25% af vínanda, en eru óhæfar til neyslu og ekki er hægt að gera neysluhæfar, skuli undanþegnar áfengisgjaldi. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti með reglugerð ákveðið nánar hvaða vörur falla hér undir.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að áfengi verði flokkað í þrennt til gjaldskyldu, þ.e. *öl, vín og aðrar gerjaðar drykkjarvörur* og loks *annað áfengi*. Æskilegt þykir að greina á milli einstakra flokka áfengra drykkja með þessum hætti í því skyni að löggjafinn geti kveðið á um mismunandi hátt áfengisgjald eftir því um hvers kyns áfengi er að ræða og þannig beitt gjaldtöku til neyslustýringar. Þess háttar neyslustýringu hefur verið beitt í ýmsum nágrannaríkjum. Flokkun til gjaldskyldu ræðst af flokkun vöru í tollskrá, en það þykir nauðsynlegt til að tryggja að ekki verði vafi á flokkun einstakra áfengistegunda til gjaldskyldu. Rétt er að taka fram að vöruflokkun tollskrárinnar byggist á alþjóðlegri tollflokkun vara.

Öl flokkast undir vörulið 2203 í tollskrá. Þá er gert ráð fyrir að vörur sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykkjum flokkist með öli hvað áfengisgjald varðar. Gert er ráð fyrir að gjald af öli verði óbreytt frá því sem nú er.

Við afmörkun hugtakanna *vín og aðrar gerjaðar drykkjarvörur* er við það miðað í fyrsta lagi að vara flokkist undir vöruliði 2204, 2205 eða 2206 í tollskrá, í öðru lagi að áfengisstyrkur sé að hámarki 15% og í þriðja lagi að varan innihaldi eingöngu vínanda sem myndast hefur við gerjun, án hvers kyns eimingar. Hér undir falla einkum vín úr þrúgum, t.d. rauðvín, hvítvín o.fl. (vöruliður 2204), og aðrir gerjaðir drykkir en vín og öl, t.d. eplavín, peruvín og kirsuberjavín (vöruliður 2206). Drykkir sem eru meira en 15% að styrkleika falla þó utan við hugtökin. Lagt er til að gjald af vörum sem falla hér undir verði 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra af vínanda af hverjum lítra áfengis og lækki samkvæmt því um 5,90 kr. eða um rúm 10% frá því sem nú er.

Gert er ráð fyrir að annað áfengi en *öl* og *vín og aðrar gerjaðar drykkjarvörur* flokkist sérstaklega til gjaldskyldu. Hér undir fellur því allt vín sem er sterkara en 15%. Hér undir fellur einnig allt áfengi sem inniheldur einhvern vínanda sem myndast hefur við eimingu, þar með talin styrkt vín, líkjörar og hvers kyns áfengisblöndur og áfengir gosdrykkir sem innihalda vínanda sem myndast hefur við eimingu. Lagt er til að gjaldtöku af vörum sem flokkast hér undir verði breytt nokkuð. Þannig muni gjaldið reiknast af öllum vínanda í drykknum. Gjaldið lækkar jafnframt úr 58,70 kr. í 57,50 kr. Þetta leiðir til nokkurrar hækkunar á gjaldi af áfenginu. Þessari breytingu er í fyrsta lagi ætlað að leiðrétta þá röskun er gjaldfrelsismörk (2,25%) þykja hafa á gjaldtöku af brenndu áfengi í þeim tilvikum sem áfengi hefur verið blandað með gosdrykk eða ávaxtasafa, en við það verður hlutfallslega stór hluti vínandamagns undanþeginn gjaldi. Í annan stað þykir æskilegt út frá áfengisvarnasjónarmiðum að beina neyslu frá slíkum drykkjarvörum.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist í heildina um 30–50 millj. kr. við breytingar á áfengisgjaldi og er þeirri tekjuaukningu ætlað að draga að hluta til úr tekjutapi ríkissjóðs við niðurlagningu skemmtanaskatts.

Í 2. mgr. er kveðið á um að gjald af áfengi skuli reiknast hlutfallslega á brot af sentilítra af vínanda og brot af lítra hins áfenga drykkjar. Ekki er um að ræða neina breytingu frá núverandi framkvæmd.

Um 3. gr.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði 4. gr. núgildandi laga, en þar er kveðið á um gjald af áfengi sem er flutt eða sent til landsins til eigin nota. Í þeim tilvikum hefur gjaldið reiknast sem tiltekin fjárhæð á hvern lítra vörunnar. Gjaldið er óháð styrkleika þegar um öl eða vín er að ræða, en af öðru áfengi hækkar gjaldið í þrepum við aukinn styrkleika. Mismunandi gjaldtaka af áfengi sem flutt er inn í atvinnuskyni annars vegar en til eigin nota hins vegar hefur haft í för með sér að umtalsverður munur hefur verið á gjaldtöku af sams konar vöru eftir því í hvaða skyni hún er flutt til landsins. Lagt er til að sérreglur um gjaldtöku af áfengi til eigin nota verði afnumdar.

Ekki verður talið að þessi breyting leiði til nokkurs óhagræðis við innflutning þeirra sem flytja inn áfengi til eigin nota. Kemur þar bæði til að auðvelt er að reikna gjaldið út og hitt að við innflutninginn leggst virðisaukaskattur ætíð ofan á tollverð gjaldskyldrar vöru að viðbættu áfengisgjaldi, og þarf því hvort eð er að reikna þann skatt út og leggja á hverju sinni. Er breyting þessi því lögð til. Í 3. mgr. er kveðið á um að ef umbúðir vöru greini í slíkum tilvikum ekki magn eða styrkleika áfengis sé tollyfirvöldum heimilt að áætla magn eða styrkleika þess

og ákvarða gjald samkvæmt því. Mat á styrkleika mundi einkum byggjast á því um hvers konar vöru er að ræða og hver sé algengur styrkleiki slíkrar vöru.

Um 4. gr.

Samkvæmt núverandi framkvæmd á innheimtu áfengisgjalds af innlendri framleiðslu annast einstakir skattstjórar álagningu gjaldsins, en eftirlit er hins vegar í höndum ríkisskattstjóra. Lagt er til að framkvæmd álagningar og eftirlits vegna gjalds á innlenda framleiðslu á áfengi og tóbaki verði alfarið í höndum ríkisskattstjóra. Við það annast einn og sami aðilinn framkvæmdina á landsvísu, en það skapar sérþekkingu á einum stað sem nýtist fyrir landið allt og léttir á verkefnum einstakra skattstjóra. Þessi breyting er í samræmi við þá þróun að færa ýmis sértæk gjöld og skatta frá skattstjórum og í hendur ríkisskattstjóra.

Um 5. gr.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 7. gr. laganna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að kveðið verðiótvírætt á um það í lögunum að gjaldið skuli lækkað eða fellt niður ef tiltekin skilyrði eða aðstæður eru fyrir hendi í stað þess að kveða á um heimild fjármálaráðherra til að lækka eða fella niður gjaldið. Hins vegar er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, m.a. um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu.

Í öðru lagi er lagt til að við lögin bætist ný ákvæði um niðurfellingu gjalda í tilteknum tilvikum. Þannig er lagt til að áfengisgjald skuli fellt niður af áfengi sem talið er upp í lyfjaskrá til lækna og lyfsala til sölu sem lyf. Í gildandi lögum er kveðið á um að fjármálaráðherra sé heimilt að lækka gjald af slíku áfengi. Rök þykja til þess að fella gjaldið alfarið niður af slíkum vörum. Auk þess er lagt til að áfengi til iðnþarfa verði undanþegið áfengisgjaldi. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra skilgreini í hvaða tilvikum áfengi teljist vera til iðnþarfa. Í núgildandi lögum er að finna heimild til að lækka gjald af slíku áfengi, en eðlilegt þykir að slíkt áfengi verði alfarið undanþegið gjaldi.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um nýtt orðalag 8. gr. laganna. Um er að ræða breytingar á orðalagi greinarinnar frá því sem hún hljóðar nú, auk þess sem ný málsgrein bætist við hana. Til einföldunar þykir að orða alla greinina á ný.

Breytingar frá núverandi grein felast annars vegar í því að gert er ráð fyrir að breytt verði tilvísun í lagaákvæði, en það er gert vegna breytingar sem gert er ráð fyrir að verði á 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Ekki er um efnisbreytingu að ræða. Hins vegar er lagt til að í stað þriggja síðustu málsliða greinarinnar komi nýr málsliður um að Áfengis- og vímuvarnaráð geri tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði.

Þá er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein um að 0,3% af innheimtu gjaldi af áfengi sem flutt er inn til sölu eða vinnslu, eða sem svarar um 15 millj. kr., verði ráðstafað til lögregluyfirvalda vegna áfengiseftirlits. Er þeirri fjárhæð ætlað að standa straum af nýjum verkefnum sem lögregluyfirvöldum er ætlað að sinna vegna áfengiseftirlits, m.a. eftirliti með birgðageymslum áfengisheildsala og sölu og dreifingu áfengis í vínveitingahús.

Um 7. gr.

Í gildistökuákvæði frumvarpsins er kveðið á um brottfall laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt. Skemmtanaskattur hefur verið innheimtur af veitinga- og samkomuhúsum þar sem vínveitingar eru hafðar um hönd, kvikmyndasýningum og af skemmtanahaldi sem aðgangur

er seldur að. Skemmtanastarfsemi hefur tekið miklum breytingum frá því að lög nr. 58/1970 tóku gildi á sínum tíma. Veitinga- og samkomuhúsum sem bjóða upp á vínveitingar hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og eru þau jafnframt orðin fjölbreytilegri. Lögin hafa ekki tekið mið af þessu og þykja um margt orðin úrelt. Enn fremur þykja lögin ekki uppfylla þær kröfur sem nú eru gerðar til skattlagningarheimilda þar sem þau fela ráðherra ákvörðun um skattlagningu.

Innheimtur skemmtanaskattur hefur á undanförnum árum verið um 70 millj. kr. á ári. Samkvæmt lögum nr. 58/1970 er skattinum ráðstafað til áfengis- og fíkniefnavarna en einnig rennur hluti hans til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Menningarsjóðs félagsheimila. Með skemmtanaskatti hefur einnig verið innheimt gjald í Menningarsjóð sem hefur verið um 10 millj. kr. á ári.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjuaukning vegna hækkunar áfengisgjalds komi að hluta til í stað þeirra tekna sem ríkissjóður hefur haft af skemmtanaskattinum. Miðað er við að þær stofnanir sem notið hafa tekna af skemmtanaskatti samkvæmt fjárlögum fái áfram framlög úr ríkissjóði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi. Lagt er til að áfengi verði flokkað í þrjá flokka til ákvörðunar áfengisgjalds, þ.e. öl, vín og aðrar gerjaðar drykkjarvörur og annað áfengi. Gert er ráð fyrir að áfengisgjald af víni og öðrum gerjuðum drykkjarvörum lækki. Af öðru áfengi er gert ráð fyrir að gjald á hvern sentilítra áfengis lækki eilítið en að gjaldfrelsismörk, 2,25%, verði afnumin. Áætlað er að tekjur af áfengisgjaldi aukist um 30–50 millj. kr. við breytinguna. Þá er lagt til að 0,3% af áfengisgjaldi sem flutt er til landsins til sölu eða vinnslu, eða sem svarar til um 15 millj. kr., verði ráðstafað til áfengiseftirlits lögregluyfirvalda. Loks er lagt til í frumvarpinu að lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, falli brott. Gert er ráð fyrir að þær stofnanir sem notið hafa tekna af skemmtanaskatti samkvæmt fjárlögum fái áfram framlög úr ríkissjóði.

Ákvæði frumvarpsins beinast einkum að þáttum sem varða tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki ástæða til að ætla að þau hafi umtalsverð útgjaldaáhrif.

816. Frumvarp til laga [481. mál]

um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
Gjaldskylda.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald, stimpilgjald, af þeim skjölum sem um ræðir í III. kafla laga þessara.

2. gr.

Stimpilskylda skjals stofnast á því tímamarki sem skjal er gefið út nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Ef tveir aðilar eða fleiri eiga að undirrita skjalið og þeir hafa eigi undirritað, samtímis þá telst þetta tímamark frá því er hinn fyrsti undirritaði.

3. gr.

Eftirgreind skjöl eru ávallt stimpilskyld hér á landi:

1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta einstaklinga eða lögaðila heimilisfasta hér á landi, fasteignir eða önnur verðmæti hér á landi.
3. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.
4. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinberar skrár hér á landi.

4. gr.

Enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. er það stimpilskylt ef einn aðili þess er heimilisfastur hér á landi.

5. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir réttindum er það veitir en eigi heiti þess eða formi.

Eftirrit af dómum, sáttum eða lögbókandagerðum, er skapar réttindi eða skyldur sem eigi hefur áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og réttinda er um ræðir.

6. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

7. gr.

Þegar skjal er gefið út í fleiri en einu eintaki er aðeins eitt þeirra stimpilskylt nema öðruvísi sé ákveðið sérstaklega.

8. gr.

Áletrun á skjal sem áður er stimplað er eigi stimpilskyld svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu ef hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun. Ella skal greiða gjald fyrir áletrunina og skal gjaldið nema hækkun þeirri er orðið hefði ef hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun, sbr. þó 3. mgr. 28. gr.

Ákvæði 1. mgr. skal einnig gilda um það skjal sem ekki er stimpilskylt hér á landi, sbr. 3. eða 4. gr.

Ábyrgð á greiðslu stimpilgjalds.

9. gr.

Hver sá sem er aðili að réttarsambandi sem tengist stimpilskyldu skjali, svo og hver sá sem er handhafi slíks skjals, ber ábyrgð á greiðslu stimpilgjalds af því.

Ákvörðun stimpilgjalds.

10. gr.

Sé ekki annars getið í lögum þessum varðandi einstakar tegundir skjala gilda svofelldar almennar reglur um ákvörðun stimpilgjalds:

1. Þegar stimpilgjald er hundraðshluti af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi í heilu hundraði skal færa gjaldið upp í næsta heila hundrað ef um er að ræða 50 krónur eða meira en ella skal færa það niður í næsta heila hundrað.
   Stimpilgjald einstaks skjals má þó aldrei vera minna en 100 kr.
2. Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar sem stimpilskyldan er bundin við.
3. Hljóði stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld sem áskilin eru eða lofað um ótiltekinn tíma eða fyrir ákveðið tímabil sem er 25 ár eða lengra, skal reikna stimpilgjaldið af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabil er ákveðið innan við 25 ár telst stimpilgjaldið af árgjaldinu margfölduðu með ártölunni. Sé árgjaldið mismunandi skal taka meðalgjaldið.
   Stimpilgjald myndar ekki stofn til ákvörðunar stimpilgjalds.

11. gr.

Ef skjal stofnar til réttinda eða skyldna sem meta má á mismunandi hátt telst stimpilgjaldið eftir hæstu fjárhæðinni.

12. gr.

Ef veðréttur er stofnaður eða trygging sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð sem frekast er ætlast til að tryggja.

13. gr.

Nú kveður stimpilskylt skjal á um greiðslu í erlendri mynt og reiknast þá stimpilgjaldið eftir sölugengi þeirrar myntar hér á landi á þeim tíma er stimplun fer fram.

Með sölugengi skv. 1. mgr. er átt við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands.

II. KAFLI

Um innheimtu stimpilgjalds, uppgjör, stimplun, endurgreiðslu gjaldsins o.fl.

Innheimta, uppgjör og stimplun.

14. gr.

Greiðslu stimpilgjalds skal staðfesta með ástimplun stimpilmerkjavélar, notkun stimpilmerkja, stimpils eða með annarri áletrun á hið stimpilskylda skjal.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð eða með öðrum fyrirmælum ákveðið gerð og búnað stimpla, stimpilmerkjavéla og stimpilmerkja og sett skilyði fyrir notkun stimpla og annarra áletrana.

15. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, skulu stimpluð áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því tímamarki sem getið er um í 2. gr. nema eindagi sé fyrr, en þá skal stimplun fara fram fyrir eindaga.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla með sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma er skjal kom hingað til lands, og skal sá er stimpla lætur votta á skjalið hvenær það var.

16. gr.

Opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðherra felur stimplun skjala, eru skyldir til að stimpla skjöl sem þeir gefa út eða afgreiða.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki, eignarleigur og aðrar fjármálastofnanir eru skyldar til að stimpla skjöl er um hendur þeirra fara. Skulu þessir aðilar inna stimplunina af hendi endurgjaldslaust.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala, enda sé fullnægt þeim skilyrðum um reikningshald, bókfærslu gjaldsins og aðra framkvæmd sem hann kann að setja.

Þeir aðilar, sem fengið hafa heimild ráðherra til þess að staðfesta greiðslu stimpilgjalds á annan hátt en þann að líma stimpilmerki á skjal, skulu gera viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skil á innheimtu stimpilgjaldi fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að stimplunin á sér stað. Mánaðarlegum stimpilgjaldsskilum skal fylgja skýrsla á því formi sem ráðherra ákveður.

Skili þeir aðilar sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar ekki innheimtu stimpilgjaldi á gjalddaga skal þeim skylt að greiða dráttarvexti af hinni vangoldnu fjárhæð, talið frá og með gjalddaga í samræmi við III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

Upplýsingaskylda og mat.

17. gr.

Þeir sem hafa á hendi stimplun skjala skulu gæta þess að hin stimpilskylda fjárhæð hvers skjals sé rétt tilgreind og geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra er stimplunar beiðast til þess að unnt sé að ákvarða stimpilgjaldið.

Heimilt skal að áætla stimpilskylda fjárhæð ef gjaldandi sinnir ekki áskorun um að gefa skýringar skv. 1. mgr. eða hin tilgreinda stimpilskylda fjárhæð þykir ósennileg eða tortryggileg.

Endurgreiðsla.

18. gr.

Stimpilmerki eða aðra staðfestingu um greiðslu stimpilgjalds, sem færð hefur verið á fullgild skjöl, er óheimilt að má af þeim aftur.

Sýslumanni er heimilt að endurgreiða stimpilgjaldið þegar skjal er ógilt með öllu að lögum eða eigi verður af því að það réttarástand skapist sem skjalið ráðgerði.

Ef skjalið er af vangá stimplað of hátt skal endurgreiða það sem ofgreitt er, sbr. lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein má því aðeins fara fram að beiðni um hana hafi borist sýslumanni áður en tvö ár eru liðin frá því atviki er beiðnin byggist á. Um fyrningu kröfu um endurgreiðslu fer samkvæmt lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Beiðni um endurgreiðslu skal fylgja frumrit þess skjals sem beiðnin varðar. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

Fyrning.

19. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki nema svo sé ástatt að opinber starfsmaður eigi sök á því að eigi var stimplað. Fyrnist krafan þá á fjórum árum. Krafa um stimpilgjald fellur þó niður þegar liðin eru fjögur ár frá þeim tíma er skjal var með öllu úr gildi.

III. KAFLI
Um stimpilgjald af einstökum skjölum.

Skjöl er varða eignayfirfærslur að fasteignum og skipum, óbein eignaréttindi o.fl.

20. gr.

Fyrir stimplun afsalsbréfa fyrir fasteignum og skipum skal greiða 0,5% af verði viðkomandi eignar. Sama gildir um afsöl við aðfarargerðir, skipti og uppboð, svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og þau erfðafestubréf sem veita rétt til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign eða skipi er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi og eigandinn gerist eignaraðili að félaginu eða eykur eignarhlut sinn í því lækkar stimpilgjaldið í hlutfalli við eignarhluta hans í félaginu.

Þegar fasteign eða skipi er úthlutað félagsmanni í hlutafélagi eða sameignarfélagi við félagsslit greiðist stimpilgjald að því marki sem eignarhluti hans í eigninni verður meiri en eignarhluti hans var í félaginu.

Ef fasteign eða skip er selt veðhafa við nauðungarsölu eða skv. 129. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, greiðist hálft gjald.

Útdrættir úr skiptabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga eða einstakra manna, er sýna eigendaskipti að fasteign eða skipi eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, maka upp í búshelming hans eða sambúðarmanni eða sambúðarkonu við sambúðarslit.

21. gr.

Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir fasteignum ákvarðast eftir fasteignamati þeirra að leigulóð meðtalinni. Nú hefur fasteignamat ekki farið fram eða liggur ekki fyrir þegar bréf er stimplað og skal þá miða við kaupverð eignar teljist það sennilegt en ella skal miða við áætlað matsverð. Fjármálaráðherra getur að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins sett nánari reglur um áætlun slíks matsverðs.

Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir skipum ákvarðast eftir því kaupverði sem sett er á eignina í bréfinu enda teljist það sennilegt, en sé þó aldrei lægri fjárhæð en nemur áhvílandi veðskuldum. Nú telst kaupverð ekki sennilegt og skal þá heimilt að áætla það í samræmi við ákvæði 17. gr.

22. gr.

Ef heimildarbréf er framselt ber að stimpla framsalið sem afsal.

23. gr.

Fyrir stimplun leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og aflaheimildir og skjala sem leggja kvaðir á annarra eign skal greiða 0,5% af áskilinni leigu eða endurgjaldi, sbr. þó 17. gr. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum. Erfðafestubréf sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja stimplast samkvæmt þessari grein.

Skilríki fyrir eignarhlutum í félögum.

24. gr.

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð, skal greiða 0,5% af fjárhæð bréfanna. Hlutabréf, sem gefin eru út í stað eldri hlutabréfa, er sannanlega hafi verið stimpluð, og jöfnunarhlutabréf, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þó undanþegin gjaldi fyrir stimplun, enda beri hvert einstakt hlutabréf með sér að um endurútgefið bréf eða jöfnunarhlutabréf sé að ræða. Þeir sem gjaldfrjálsrar stimplunar beiðast skulu sýna fram á að þau hlutabréf sem hin nýju hlutabréf leysa af hólmi hafi verið úr gildi felld eða að viðkomandi útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi ekki í för með sér raunverulega verðmætisaukningu hlutafjár í viðkomandi félagi. Gjaldfrjáls stimplun skal fara fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu hlutabréfa þeirra sem um ræðir í þessari málsgrein. Að öðrum kosti ber að innheimta stimpilgjald af þeim í samræmi við ákvæði 1. málsl.

Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst.

25. gr.

Skilríki fyrir eignarhluta í félögum með takmarkaða ábyrgð, öðrum en hlutafélögum og einkahlutafélögum, skulu stimpluð á sama hátt og hlutabréf. Sama gildir um skilríki fyrir eignarhluta þeirra manna sem bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags þar sem sumir félagsaðilar bera ótakmarkaða ábyrgð en aðrir takmarkaða.

Framsal réttinda í félögum samkvæmt þessari grein er stimpilfrjálst.

26. gr.

Stofnsamningar einkahlutafélaga og félaga með ótakmarkaða ábyrgð sem stunda atvinnu skulu stimplaðir með 0,5% af stofnfé en þó aldrei með lægri fjárhæð en 10.000 kr.

Leggi félagi fram persónulega vinnu til félagsins, auk fjárframlags eða í stað þess, skal vinnan metin til samræmis við framlagt fé annarra félaga. Aldrei skal vinnuframlag þó metið lægra en fjárframlag þess félaga sem minnst fé leggur til félagsins.

Framsal réttinda í félögum samkvæmt þessari grein er stimpilfrjálst.

Skuldabréf.

27. gr.

Af skuldabréfum, öðrum en markaðsverðbréfum skv. 32. gr., skal greiða stimpilgjald af fjárhæð bréfanna miðað við lánstíma talið frá útgáfudegi bréfsins til síðasta gjalddaga sem hér segir:

Lánstími allt að 12 mánuðum	0,2%
Lánstími lengri en 12 mánuðir	1,1%

Nú er gjalddagi óákveðinn eða bundinn við atvik sem ekki er vitað hvenær verður og skal þá líta svo á að lánstíminn sé lengri en 12 mánuðir.

28. gr.

Nú er skuld, samkvæmt skuldabréfi sem fellur undir 27. gr., endurnýjuð með nýju bréfi og skal þá stimpla bréfið án gjaldtöku, enda sé öllum eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1. Lánstíminn er ekki lengdur frá því sem upphaflega var ákveðið.
2. Kröfuhafi er sá sami samkvæmt báðum bréfunum.
3. Fyrra skuldabréf fellur úr gildi við útgáfu hins nýja.
4. Í nýju skuldabréfi er tilgreint í stað hvaða eldra skuldabréfs það kemur.

5. Skuld samkvæmt fyrra skuldabréfi er ekki gjaldfallin að öllu leyti eða að hluta og skuld samkvæmt nýju bréfi er ekki hærri en skuld samkvæmt eldra bréfi.

Nú er einhverju af skilyrðum 1. mgr. ekki fullnægt og skal þá stimpla bréfið eða þann hluta þess sem það á við um í samræmi við ákvæði 27. gr.

Nú er skuldabréfið ekki fellt úr gildi heldur skuldbreytt og skal þó greiða stimpilgjald af þeim hluta skuldar sem er í vanskilum þegar skuld er skuldbreytt eftir sömu reglu og getið er um í 27. gr.

Kaupsamningar um lausafjárkaup.

29. gr.

Af kaupsamningum um lausafjárkaup þar sem veittur er gjaldfrestur skal greiða stimpilgjald af þeim hluta kaupverðs sem gjaldfrestur er veittur á eftir sömu reglum og getið er um í 27. og 28. gr.

Fjármögnunarleigusamningar og kaupleigusamningar.

30. gr.

Af fjármögnunarleigusamningum og kaupleigusamningum um lausafé skal greiða stimpilgjald af samningsfjárhæð miðað við leigutíma sem hér greinir:

Leigutími allt að 12 mánuðum	0,2%
Leigutími lengri en 12 mánuðir	1,1%

Nú er samningur um sama leigumun endurnýjaður eða gerður samningur um greiðslu vanskila af upphaflegum samningi og skal þá greiða stimpilgjald af þeim samningi eftir sömu reglu og getið er um í 28. gr.

Víxlar og ávísanir.

31. gr.

Af víxlum, öðrum en markaðsverðbréfum skv. 32. gr., og samþykktum ávísunum, öðrum en tékkum, skal greiða stimpilgjald af fjárhæð skjalanna miðað við lánstíma talið frá útgáfudegi skjalanna til gjalddaga sem hér greinir:

Lánstími allt að 12 mánuðum	0,2%
Lánstími lengri en 12 mánuðir	1,1%

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill.

Ef skjal fullnægir ekki kröfum laga um víxla stimplast það sem skuldabréf.

Markaðsverðbréf.

32. gr.

Af skuldabréfum og víxlum sem eru markaðsverðbréf og skráð á Verðbréfaþingi Íslands eða öðrum skipulögðum verðbréfamarkaði sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan skal greiða stimpilgjald af fjárhæð skjalanna miðað við lánstímann talið frá útgáfudegi skjalanna til greiðsludags sem hér greinir:

Lánstími allt að 12 mánuðum	0,15%
Lánstími lengri en 12 mánuðir	0,50%

Nú er gjalddagi óákveðinn eða bundinn við atvik sem ekki er vitað hvenær kemur fram og skal þá líta svo á að lánstíminn sé lengri en 12 mánuðir.

Aðrir lánssamningar.
33. gr.

Fyrir stimplun annarra samninga um tiltekin lán skal greiða stimpilgjald eftir sömu reglum og getið er um í 27. og 28. gr.

Framsöl og skuldskeyting.
34. gr.

Sé skuld framseld eða færð yfir á nafn annars aðila greiðist ekkert stimpilgjald.

Tryggingaráðstafanir.
35. gr.

Fyrir stimplun tryggingarbréfa, skjala er varða fjárnáms-, kyrrsetningar- og löggeymslugerðir og skjala er varða afhendingu handveðs skal greiða 0,5% af fjárhæð skjalsins.

Nú er fjárnám endurupptekið og skal þá greiða hálft gjald.

Vátryggingasamningar.
36. gr.

Greiða skal stimpilgjald af vátryggingasamningum og skal það vera 0,2% af iðgjaldi í hvert sinn sem iðgjald er greitt.

Kaupmálar.
37. gr.

Fyrir stimplun kaupmála sem gerður er á undan stofnun hjúskapar greiðast 2.400 kr.

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru síðar, skal greiða 0,2% af þeirri fjárhæð sem verður séreign samkvæmt þeim.

Fyrir stimplun kaupmála sem gerður er skv. 72. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, skal greiða 0,2% stimpilgjald af þeirri fjárhæð sem kaupmálinn tekur til.

Verðmæti fasteigna samkvæmt þessari grein skal metið samkvæmt ákvæðum 21. gr. en frá verði þeirra þannig ákvörðuðu má draga eftirstöðvar áhvílandi veðskulda. Frá verði annarra eigna má draga eftirstöðvar áhvílandi þinglýstra skulda er á þeim hvíla.

IV. KAFLI
Stimpilfrjáls skjöl.

Afsalsbréf og fjárnám.
38. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður er afsalsbréf til sama kaupanda stimpilfrjálst. Sama gildir um fjárnám sem gert er á grundvelli kyrrsetningargerðar eða löggeymslu sem þegar hefur verið stimplað.

Stimpilfrelsi einstakra skjala.
39. gr.

Eftirtalin skjöl eru stimpilfrjáls:

1. Hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af verðbréfasjóði sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.
2. Húsbréf, sbr. lög nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.
3. Skuldabréf sem gefin eru út af ríkissjóði til erlendra lánastofnana eða sem andlag markaðsverðbréfa.

4. Skuldabréf og tryggingarbréf sem gefin eru út til Lánasjóðs íslenskra námsmanna samkvæmt lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
5. Húsaleigusamningar.
6. Skjölum sem leggja höft eða bönd á skip eða loftfar við skráningu þess hérlendis, enda sé skráningin tímabundin og skipið eða loftfarið í eigu aðila sem ekki er heimilisfastur hér á landi.
7. Líftryggingasamningar, sbr. III. kafla laga nr. 20/1954, um vátryggingasamninga.
8. Afleiðusamningar.
9. Verðbréf sem gefin eru út af aðila heimilsföstum erlendis og aðilar hér heimilsfastir kaupa, enda eru bréfin markaðsverðbréf eða keypt fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja eða verðbréfamiðlara og ákvæði 4. tölul. 3. gr. á ekki við um þau.
10. Afsöl vegna skipa sem skráð eru í íslenska alþjóðlega skipaskrá. Sama gildir um skjöl sem leggja höft eða bönd á slíkt skip og gefin eru út vegna kaupa eða smíði skipsins, enda er skjölunum þinglýst á viðkomandi skip innan sex mánaða frá því skipið er fyrst skráð í slíka skrá.
11. Skjöl sem leggja höft eða bönd á loftfar, enda hafi eigandi loftfarsins flugrekstrarleyfi og loftfarið er ætlað til nota í reglubundið áætlunarflug innan lands eða reglubundið áætlunarflug eða leiguflug á milli landa. Skilyrði stimpilfrelsis er að skjalið sé gefið út vegna kaupa á viðkomandi loftfari og því sé þinglýst innan sex mánuða frá því loftfarið er fyrst skráð hér á landi.

40. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfafyrirtæki sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, lánastofnanir sem skattskyldar eru skv. lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum, lánastofnanir sem starfsleyfi hafa samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði eða starfa á grundvelli sérlaga skulu undanþegnar stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þær kunna að taka á sig vegna starfsemi sinnar.

Félagslegar íbúðir.

41. gr.

Eigi skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem kaupendur félagslegra íbúða gefa út til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þó skal greiða stimpilgjald við kaup á almennum kaupleiguíbúðum.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

42. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísa til hins stimplaða og þess getið hversu hátt stimpilgjald hefur verið greitt af því. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað að skjal, er stimpilfrelsinu veldur, sé löglega stimplað ber að stimpla hið síðara skjal eftir efni þess.

Það breytir eigi stimpilskyldu skjals þótt það sé gefið út til tryggingar greiðslu á öðru stimpilskyldu skjali.

43. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal rita hvernig aðalskjalið er stimplað, enda séu upplýsingar um gjaldtöku ekki varðveittar á annan hátt. Ef þessu er eigi fylgt og eigi er

heldur sannað að frumritið sé löglega stimplað skal stimpla samritið eða eftirritið eins og væri það frumrit.

44. gr.

Þegar stimpilskyld skjöl eru afhent til þinglýsingar eða annarrar skráningar er opinberum starfsmönnum sem hana annast skylt að athuga hvort þau séu stimpluð. Ef svo er ekki ber að heimta stimpilgjaldið þá þegar. Sama á við þegar stimpilskyld skjöl eru afhent aðilum, er heimild hafa til stimplunar, til meðferðar, svo sem til vörslu eða innheimtu.

Þeir sem skv. 16. gr. annast stimplun skjala skulu hafa haldsrétt í stimpilskyldum skjölum til tryggingar því að gjaldið sé greitt.

45. gr.

Ríkisskattstjóra er heimilt, samkvæmt umsókn aðila, að lækka stimpilgjald af tilteknu skjali með hliðsjón af því stimpilgjaldi sem hefur verið greitt af sama skjali erlendis.

46. gr.

Ef stimpilskylt skjal er ekki stimplað innan tilskilins frests skulu þeir sem hafa á hendi stimplun skjala gera stimpilbeiðanda að greiða dráttarvexti í samræmi við III. kafla vaxtalaga af hinni vangoldnu fjárhæð talið frá og með útgáfudegi skjalsins.

Fjármálaráðherra er heimilt eftir atvikum að lækka eða láta niður falla dráttarvexti samkvæmt þessari grein ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

Eftirlit.

47. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og gæta þess að samræmi gæti við ákvörðun og innheimtu stimpilgjalds. Hann getur þó falið skattstjórum að annast einstaka þætti þessa eftirlits. Hann skal leiðbeina innheimtuaðilum og þeim sem leyfi hafa til stimplunar og skila eiga stimpilgjaldi í ríkissjóð, sbr. 16. gr. Þá skal hann setja þeim framkvæmdar- og verklagsreglur og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað skilagreinar þeirra sem um ræðir í 16. gr. og gögn sem að baki þeim búa og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna af þeim aðilum sem hann telur þörf vegna eftirlits með skattheimtu samkvæmt lögum þessum.

Kæra.

48. gr.

Vill sá sem stimplunar beiðist ekki sætta sig við ákvörðun sýslumanns um gjaldtöku eða endurgreiðslu getur hann skotið henni undir úrskurð fjármálaráðherra innan þriggja mánaða frá því ákvörðun var tekin. Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum.

Refsingar.

49. gr.

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum. Sömu refsingu skal sá sæta sem gefur rangar skýrslur um atriði er máli skiptir við ákvörðun stimpilgjalds, neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum til þess að komast hjá stimpilgjaldi, ritar rangt vottorð á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrits eða dagsetur skjal ranglega til að leyna broti

á lögum þessum, nema um brot sé ræða sem varðar þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum ef þau eru framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Gildistaka o.fl.

50. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

51. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Skulu skjöl sem afhent verða til stimplunar eftir þann tíma stimpluð eftir ákvæðum þessara laga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, 3. mgr. 12. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, 2. málsl. 14. gr. laga nr. 100/1974, um Hitaveitu Suðurnesja, 6. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, 17. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 2. mgr. 16. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, 78. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, 50. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Orðið „stimpilgjaldi" í 80. gr. Orkulaga, nr. 58/1967, og 13. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, fellur brott. Orðið „stimpilgjöldum" í 4. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, fellur brott. Orðin „stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins" í 16. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, falla brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á álagningu stimpilgjalds frá því sem nú er. Breytingarnar fela í sér verulega lækkun á gjaldhlutfalli gagnvart almennum verðbréfum. Jafnframt er gert ráð fyrir fækkun undanþága og meiri samræmingu en verið hefur milli einstakra gjaldflokka. Í þessu felst að nokkrir flokkar verðbréfa og fjármagnsviðskipta sem áður voru undanþegnir gjaldinu verða nú gjaldskyldir, en gjald á öðrum flokkum lækkar. Þá er tekið upp lægra gjald á skammtímabréfum.

Samkvæmt gildandi lögum er algengasta gjaldhlutfall stimpilgjalds 1,5% af fjárhæð viðkomandi bréfs eða samnings, óháð lánstíma. Samkvæmt tillögum frumvarpsins lækkar þetta hlutfall í 0,2% á bréfum sem eru til skemmri tíma en eins árs, en verður 1,1% af lengri bréfum. Þetta tekur meðal annars til almennra skuldabréfa. Á móti vegur álagning stimpilgjalds á ýmis ríkisskuldabréf og ríkisvíxla, sem eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt hækkar gjald af fasteignaviðskiptum úr 0,4% í 0,5%. Gjald af hlutabréfum helst hins vegar óbreytt, 0,5%. Áfram verða þó nokkrir mikilvægir flokkar skuldabréfa undanþegnir stimpilgjaldi, svo sem húsbréf, námslán, hlutdeildarskírteini, líftryggingasamningar og lán til félagslegra íbúða.

Með þessum breytingum er stefnt að því að treysta samkeppnisstöðu íslenska fjármagnsmarkaðarins gagnvart erlendum aðilum. Jafnframt er búist við að heildarveltan á markaðnum muni aukast og vaxta- og verðmyndun færast enn frekar út á markaðinn.

1. Forsaga málsins.

Þessar breytingar byggjast á tillögum nefndar sem fjármálaráðherra skipaði árið 1994 til þess að endurskoða lög nr. 36/1978, um stimpilgjald. Í erindisbréfi nefndarinnar kemur fram að lögin séu að stofni til frá 1921 og hafi ekki mikið breyst í áranna rás. Bent er sérstaklega á nokkur atriði sem þarfnist athugunar. Í fyrsta lagi er nefnt að frá því að lögin um stimpilgjald tóku gildi hafi orðið verulegar breytingar á fjármagnsmarkaði, þannig að í umferð eru margvísleg verðbréf og lánsform sem þekktust ekki þegar gildandi lög voru samþykkt, svo sem greiðslukortasamningar, hlutdeildarskírteini, fjármögnunarleigusamningar o.fl. Löngu sé orðið tímabært að laga lögin að breyttum aðstæðum og stuðla þannig að jafnræði milli einstakra tegunda verðbréfa. Í öðru lagi séu reglur um stimplun skulda- og tryggingarbréfa að mörgu leyti óeðlilegar þar sem þær eru að engu leyti bundnar lánstíma heldur reiknist eingöngu sem hlutfall af skuldarfjárhæð. Í þriðja lagi er bent á að það fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt að hafa mismunandi stimpilgjald eftir því hvort skuld ber vexti eða ekki. Í fjórða lagi hafi reglur um endurútgáfu, skuldbreytingu og áritun um breytingu á afborgunarskilmálum verið gagnrýndar. Loks er á það bent að ýmsar aðrar reglur laganna, svo sem um stimplun kaupmála og vátryggingarsamninga, þyki úreltar. Nefndinni var falið það verkefni að semja frumvarp til nýrra laga um stimpilgjald og skyldi í þeirri vinnu gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum yrðu svipaðar og verið hefur.

Nefndin skilaði fjármálaráðherra drögum að frumvarpi til nýrra laga um stimpilgjald í mars 1995. Í bréfi nefndarinnar kom fram m.a. að hún teldi rétt að skoða ýmsa þætti frumvarpsins nánar, m.a. í tengslum við fyrirhugaða upptöku fjármagnstekjuskatts í ársbyrjun 1997. Í framhaldi af því hefur nefndin yfirfarið frumvarpsdrögin frá 1995 og gert ýmsar breytingar á þeim. Jafnframt var gerð könnun á skiptingu stimpilgjalda eftir einstökum tegundum skjala en upplýsingar um þetta atriði liggja ekki fyrir hjá ríkisbókhaldi. Könnunin var gerð hjá tíu bankaútibúum og þremur sýslumannsembættum og var gerð þannig að skráð voru öll skjöl sem stimpluð voru á tilteknu tímabili og stimpilgjald innheimt.

Frá árinu 1995 hafa þær breytingar helstar orðið á töku stimpilgjalda að í apríl 1996 var stimpilgjald af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða fellt niður og um mitt þetta ár var fyrri framkvæmd varðandi innheimtu stimpilgjalds vegna skuldbreytinga breytt. Samkvæmt núverandi reglum á ekkert stimpilgjald að innheimta vegna eftirstöðva höfuðstóls við skuldbreytingu með áritun eða viðauka við eldra skuldabréf en hálft gjald þegar skuld er endurnýjuð með nýju bréfi og eldra bréf fellt úr gildi. Samkvæmt eldri framkvæmd átti hins vegar að taka fullt stimpilgjald af gjaldföllnum höfuðstól í þessum tilvikum.

Hér á eftir er í fáum orðum gerð grein fyrir álagningu stimpilgjalds, m.a. með samanburði við önnur lönd. Einnig er fjallað um skiptingu tekna eftir einstökum gjaldflokkum, fyrir og eftir breytingu, og gerð grein fyrir meginatriðum frumvarpsins.

2. Álagning stimpilgjalda hér á landi.

Stimpilgjöld eiga uppruna sinn að rekja til Spánar á 16. öld, en strax á 17. öld tók voru þau tekin upp víða í Norðurálfu. Hérlendis var stimpilgjald fyrst lögfest 1918 að danskri fyrirmynd. Ný lög um stimpilgjald voru sett á árinu 1921 og giltu þau að stofni til allt til 1978. Að vísu voru margoft gerðar breytingar á þeim en þær lutu að einstökum afmörkuðum þáttum en ekki lögunum í heild. Heildarfrumvörp um stimpilgjald voru lögð fram á Alþingi bæði á árinu 1952 og 1953, en þau urðu ekki útrædd.

Árið 1977 fór fram heildarendurskoðun á lögum um stimpilgjald, svo og ákvæðum um þinglýsingargjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, en innheimta þessara tveggja gjalda var samofin og flókin. Að lokinni endurskoðun var flutt heildstætt frumvarp um stimpil-

gjald, auk frumvarps til breytinga á lögum um aukatekjur ríkissjóðs er fól í sér afnám þinglýsingargjalds í þáverandi mynd, og voru þau bæði samþykkt.

Í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sem enn eru í gildi, fólust viðamiklar breytingar. Fyrst og fremst lutu þær að því að laga ákvæði laganna að breyttum aðstæðum, einfalda þau og auðvelda framkvæmd. Umræddar breytingar náðu þó fyrst og fremst til ákvæða um gjaldtökuna sjálfa, þ.e. fyrirmæla um gjaldstofn og gjaldstig. Á hinn bóginn voru breytingar á gildissviði laganna óverulegar.

Mikilvægasta breytingin, sem lög nr. 36/1978 fólu í sér, laut að stimplun eignarheimilda fyrir fasteignum. Fram að gildistöku þeirra hafði gjaldstofninn miðast við kaupverð ef það lá fyrir en annars við fasteignamat. Þar sem fasteignamatsverð var á þessum tíma alla jafna nokkru lægra en markaðsverð fasteigna völdu langflestir að þinglýsa ekki kaupsamningum heldur aðeins afsölum þar sem söluverð kom ekki fram. Þetta hafði hins vegar í för með sér verulega skerðingu á réttaröryggi fasteignakaupenda þar sem þeir áttu á hættu að skuldheimtumenn seljanda eða viðsemjendur hans útrýmdu eða skertu rétt kaupanda. Með vísan til þessa var því m.a. gerð sú breyting að jafnan skyldi miða gjaldstofn stimpilgjalds í fasteignaviðskiptum við fasteignamat. Gjaldið olli því ekki lengur að menn sæju sér hag í að draga að þinglýsa réttindum sínum á fasteignum samkvæmt kaupsamningum.

Frá gildistöku laga nr. 36/1978 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á einstökum ákvæðum þeirra og má í því sambandi nefna breytingar er lutu að samræmingu vegna gjaldmiðilsbreytingarinnar frá 1980, sbr. lög nr. 82/1982, svo og lækkun á stimpilgjaldi af hlutabréfum úr 2% í 0,5%, sbr. lög nr. 131/1989.

Samkvæmt gildandi lögum eru öll verðbréf stimpilskyld óháð því hvort þau teljast markaðsverðbréf eða ekki. Mikilvæg undantekning eru verðbréf ríkissjóðs sem eru stimpilfrjáls. Í kjölfar aukins frelsis í fjármagnsviðskiptum milli landa og opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins er mikilvægt að endurskoða álagningu stimpilgjalda og laga hana að því sem gengur og gerist í okkar helstu viðskiptalöndum.

3. Samanburður við önnur lönd.

Danmörk. Í Danmörku eru í gildi lög nr. 538/1993, um stimpilgjald (Bekendtgörelse af lov om stempelafgift). Lögin byggjast á talsvert eldri grunni, en fyrsta heildarlöggjöf um stimpilgjald í Danmörku er frá árinu 1861 og með lögum frá 1969 var þinglýsingagjald fellt undir stimpilgjald. Fram til ársins 1986 var stimpilgjald nær eingöngu lagt á í tekjuöflunarskyni, en eftir breytingar á lögunum á því ári var markmið með gjaldtökunni einnig að draga úr neyslu. Þannig báru kaupsamningar um ýmiss konar lausafé hærri stimpilgjöld en samsvarandi skjöl varðandi aðrar eignir. Þá skipti einnig máli hvort vara var staðgreidd eða hvort um lánsviðskipti var að ræða. Þessi lagaákvæði voru hins vegar felld út úr lögum árið 1993 og er stimpilgjald nú eingöngu lagt á í tekjuöflunarskyni, eins og fyrir lagabreytinguna 1986.

Helstu stimpilskyld skjöl eru: skjöl sem varða eignayfirfærslu fasteigna, skipa og báta, skipasmíðaskírteini sem eru endanlegur grundvöllur skráningar nýbyggðra skipa, verktakasamningar um byggingu og hönnun fasteigna, skuldabréf og ýmsir lánssamningar, tryggingar og ábyrgðarskjöl, skjöl þar sem stofnast sjálfsvörsluveð í fasteign eða lausafé, handveðsbréf, víxlar, vátryggingaskírteini og vátryggingasamningar, happdrættismiðar, skjöl um framsal réttinda og yfirtöku skuldbindinga, svo sem skulda- og veðbréfa og réttinda samkvæmt líftryggingaskírteini, kaupmálar og erfðaskrár. Stimpilfrjáls eru m.a. viðskiptabækur, innlánsskírteini og slík skjöl sem gefin eru út af bönkum, sparisjóðum og hlutdeildarsjóðum.

Helstu stimpilgjöld eru eftirfarandi: 0,6% af skjölum um eignayfirfærslu á húsnæði í einkaeign, 1,2% af skjölum um önnur fasteignakaup, 1,5% af veð- og tryggingabréfum í fasteignum,

0,3% af öðrum skjölum sem veita ábyrgð eða tryggingu, DKR 1,50 pr. DKR 5.000 af líftryggingafjárhæð, DKR 0,25 pr. DKR 5.000 af vátryggingafjárhæð annarra trygginga eða 12% af iðgjaldi.

Við mótun íslenskra reglna um stimpilgjöld hefur fyrirmynda verið leitað að talsverðu leyti til danskra laga. Þetta sést við samanburð gildandi laga um stimpilgjöld, nr. 36/1978, við danska löggjöf. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, tekur einnig í nokkrum atriðum mið af dönsku lögunum. Hins vegar er gjaldhlutfallið hér á landi mun lægra.

Noregur, Svíþjóð, Finnland. Í Noregi eru í gildi lög um stimpilgjald „Lov om dokumentavgift" nr. 59/1975. Lögin eru ekki eins víðtæk eða ítarleg og dönsku lögin. Helstu stimpilgjöld eru 2,5% af skjölum um kaup eða leigu á fasteignum.

Í Svíþjóð gilda um stimpilgjald lög nr. 1984:404 „om stampelskatt vid inskrivningsmyndigheter." Lögin eru víðtækari en norsku lögin en ganga skemur en þau dönsku. Þannig eru færri skjalategundir stimpilskyldar samkvæmt sænsku lögunum en þeim dönsku. Helstu stimpilgjöld eru 1,5% af kaupsamningum um íbúðir og 2% af hlutabréfum.

Í Finnlandi er stimpilskylda byggð á lögum frá 1943. Stimpilgjald er þar lagt á ýmsar tegundir löggerninga. Helstu stimpilgjöld eru annars vegar af skjölum vegna yfirfærslu fasteignaréttinda og eru þau breytileg með tilliti til eignarverðmætis, þ.e. 4% af skjölum að fjárhæð allt að FMK 70.000, 5% af skjölum að fjárhæð frá FMK 70.000–FMK 200.000, 6% af skjölum að fjárhæð yfir FMK 200.000 (frá 1991 hefur fólk á aldrinum 18–40 ára, sem kaupir sína fyrstu íbúð verið undanþegið stimpilgjaldi) og hins vegar 1,6% af framsali hlutabréfa, en gjald er ekki lagt á sölu hlutabréfa gegnum verðbréfamarkaði eða OTC–lista.

Önnur OECD-ríki. Saga skatta á fjármagnsfærslur er nokkuð löng í ýmsum löndum OECD. Í upphafi voru þessir skattar í flestum tilvikum hugsaðir sem gjaldtaka fyrir veitta þjónustu, t.d. skráningu samninga, en aukið frelsi á fjármagnsmörkuðum hefur leitt til þess að dregið hefur úr þessari skattheimtu. Í vissum tilvikum hafa þessir skattar jafnvel verið aflagðir, t.d. í Þýskalandi og Sviss. Þess má hins vegar geta að stimpilgjöld af fasteignaviðskiptum voru nýlega hækkuð í Bretlandi.

Innheimta stimpilgjalda hefur verið útfærð á marga vegu. Í flestum löndum hafa þau verið mishá eftir tegundum verðbréfa/færslna og eftir aðilum á fjármagnsmarkaðnum. Stimpilgjöld á skammtímaverðbréfum eru höfð lægri en á lengri verðbréfum þannig að raunskatturinn komi ekki í veg fyrir viðskipti með skammtímaverðbréf. Verðbréf útgefin af ríki og ríkisstofnunum eru oftast undanþegin stimpilgjöldum og í sumum OECD-löndum eru ákveðnir aðilar skattlagðir vægar en aðrir. Sum verðbréfaform hafa verið undanþegin stimpilgjöldum vegna örðugleika í framkvæmd, en erfitt getur reynst að ákvarða viðeigandi gjaldflokka eða innheimta gjaldið. Þetta á aðallega við um afleidd verðbréf (derivatives).

4. Tekjur ríkissjóðs og áhrif breytinganna.

Á undanförnum árum hafa tekjur af stimpilgjaldi numið 2,2–2,3 milljörðum kr., eða sem svarar til rúmlega 2% af skatttekjum ríkissjóðs.

Tekjur af stimpilgjaldi 1985–1996.

Í milljónum kr.	1985	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Tekjur af stimpilgjaldi	665	2.171	2.271	2.271	2.027	2.246	2.232	2.330
Sem % af skatttekjum ríkissjóðs	2,6	2,5	2,4	2,4	2,1	2,2	2,1	2,0

Skipting tekna eftir innheimtuaðilum og tegund samninga. Innheimt stimpilgjöld hjá bönkum og sparisjóðum eru nær eingöngu vegna víxla og skuldabréfa. Þannig er um fimmtungur stimpilgjalds hjá bönkum og sparisjóðum vegna víxla, en um 80% vegna skuldabréfa, þar af eru rúmlega 60% af bréfum til lengri tíma en eins árs. Hjá sýslumönnum skiptast tekjurnar þannig að rúm 25% þeirra eru vegna stimpilgjalds af eignayfirfærslum, tæp 10% vegna fjárnáma og tryggingabréfa og 60% vegna skuldabréfa. Um 65% þeirra skuldabréfa sem sýslumenn stimpla eru til lengri tíma en tíu ára.

Innheimtuaðilar stimpilgjalda árið 1996.

	m.kr.	%
Sýslumenn, ríkisféhirðir	1.385	59,4
Bankar og sparisjóðir	730	31,3
Verðbréfasjóðir	85	3,8
Ríkisábyrgðasjóður, fjárfestingalánasjóðir	30	1,3
Tryggingafélög	80	3,4
Aðrir aðilar	20	0,9
SAMTALS	2.330	100,0

Meginhluti þess stimpilgjalds sem innheimtur er hjá sýslumönnum og ríkisféhirði er vegna fasteignaveðbréfa til lengri tíma, kaupsamninga og afsala. Athuganir benda til þess að einungis óverulegur hluti stimpilgjalds hjá þessum embættum sé vegna skuldabréfa með skemmri lánstíma en eitt ár. Á hinn bóginn virðist um 12% innheimtra stimpilgjalda hjá bönkum og sparisjóðum vera af skuldabréfum með lánstíma allt að einu ári. Á grundvelli þess sem fram er komið og viðbótarupplýsinga frá einstökum innheimtuaðilum hefur tekjum af stimpilgjaldi verið skipt á eftirfarandi hátt eftir tegundum samninga. Rétt er að árétta að þetta er áætluð skipting, þar sem ekki eru tiltækar nákvæmar upplýsingar hjá innheimtuaðilum.

Innheimta stimpilgjalds 1996.

	Gildandi reglur		*Frumvarp*		*Mismunur*
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.
Sýslumenn, ríkisféhirðir	**1.331**		**1.136**		**195**
Skuldabréf	876	1,5	642	0,2/1,1	-234
Fasteignaviðskipti	285	0,4	356	0,5	71
Aðrir eignaskiptasamningar	25	2,0	6	0,5	-19
Fjárnám	110	1,5	81	0,5	-29
Önnur stimpilskyld skjöl	35	0,5–1,5	51	0,2–1,1	16
Bankar og sparisjóðir	**730**		**588**		**-142**
Víxlar	195	0,25	156	0,2/1,1	-39
Afurðalán	65	0,3	43	0,2/1,1	-22
Skuldabréf án veðs og vaxta	30	0,5	66	0,2/1,1	36
Almenn skuldabréf	440	1,5	323	0,2/1,1	-117
Aðrir	**215**		**266**		**51**
Hlutabréf	85	0,5	85	0,5	
Ríkisábyrgðasjóður, fjárfestingalánasjóðir	30	1,5	22	1,1	-8
Tryggingafélög	80	breytil.	53	0,2	-27
Aðrir aðilar	20	0,5–1,5	7	0,2–1,1	-13
Eignarleigusamningar			33	0,2/1,1	33
Kaupsamningar um lausafé			55	0,2/1,1	55
Leiga og sala aflakvóta			11	0,5	11
Opinberir aðilar, markaðsútgáfur	**54**		**206**		**152**
Spariskírteini			50	0,5	50
Ríkisbréf			26	0,5	26
Ríkisvíxlar o.fl.*			112	0,15/0,5	112
Skuldabréfaútgáfa atvinnufyrirtækja	33	1,5	11	0,15/0,5	-22
Skuldabréfaútgáfa sveitafélaga	21	1,5	7	0,15/0,5	-14
SAMTALS	**2.330**		**2.196**		**-134**

* Stimpilgjald samkvæmt frumvarpinu er 0,5% á lengri bréfum og 0,15% þegar lánstími er styttri en eitt ár.

Áhrif breytinganna. Eins og fram kemur í töflunni er talið að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi lækki nokkuð við þessar breytingar. Einnig verður nokkur tilfærsla milli einstakra flokka. Nokkur óvissa er um áhrif þess að leggja lægra gjald á skammtímabréf en bréf til lengri tíma. Hér er þó ekki gert ráð fyrir að hún leiði til umtalsverðrar fjölgunar skammtímabréfa á kostnað bréfa til lengri tíma. Einnig er óvíst um áhrif álagningar stimpilgjalds á ríkisbréf (sem eru undanþegin samkvæmt gildandi lögum) á ávöxtunarkröfu og þar með á gjaldahlið ríkissjóðs. Þó má ætla að vaxtakostnaður muni eitthvað aukast.

Sem dæmi um áhrif einstakra breytinga má nefna að stimpilgjald af 1 millj. kr. almennu skuldabréfaláni til lengri tíma en eins árs lækkar úr 15.000 kr. í 11.000 kr., eða um 27%. Á

hinn bóginn hækkar stimpilgjald af fasteignaviðskiptum úr 0,4% í 0,5%, eða sem nemur 1.000 kr. fyrir hverja 1 millj. kr. í íbúðakaupum. Samanlögð áhrif lægra stimpilgjalds af skuldabréfaláni og hækkun í fasteignaviðskiptum eru því ótvírætt til lækkunar. Enn fremur lækkar stimpilgjald af víxlum til skemmri tíma en eins árs úr 0,25% í 0,2% af fjárhæð víxils.

5. Nánari skýringar á helstu atriðum frumvarpsins.

a) Stimpilgjald af skuldaskjölum verði tengt lánstíma. Samkvæmt gildandi lögum er stimpilgjald af skuldabréfum og tryggingarbréfum 1,5% þegar skuldin ber vexti eða er tryggð með veði eða ábyrgð en 0,5% ef annað eða hvorugt þessara skilyrða er uppfyllt. Þá er stimpilgjald af skuldabréfum og tryggingarbréfum vegna afurðarlána með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar ávallt 0,3% og skiptir þá ekki máli hvort bréfin bera vexti eða ekki. Af víxlum er stimpilgjaldið hins vegar 0,25% og er ástæða þess væntanlega sú að víxlar eru í eðli sínu skammtímaskuldbindingar. Gagnrýnt hefur verið að gjaldtaka af skuldabréfum og tryggingarbréfum sé mismunandi eftir því hvort skuld ber vexti eða ekki. Enn fremur er oft vandkvæðum bundið að skera úr um það hvort tryggingarbréf beri vexti og þar af leiðandi í hvorn gjaldflokkinn það fellur. Loks hefur verið á það bent að stimpilgjöld vegi mjög þungt í skammtímaviðskiptum á meðan áhrif þeirra eru óveruleg þegar um skuldbindingar til langs tíma er að ræða.

Í III. kafla frumvarpsins er lagt til að stimpilgjald af almennum skuldabréfum og víxlum verði miðað við lánstímann þannig að gjaldið verði 0,2% ef lánstíminn er styttri en eitt ár, en ella 1,1% af fjárhæð skjalanna. Enn fremur er lagt til að stimpilgjald af kaupsamningum um lausafé sem kveða á um gjaldfresti að hluta eða öllu leyti og fjármögnunar- og kaupleigusamningum verði ákvarðað með sama hætti. Með slíkri reglu er dregið úr þýðingu lánsformsins eða skilmála um tryggingar og vexti fyrir gjaldtökuna. Þá er lagt til að tekið verði sérstakt lægra stimpilgjald af markaðsverðbréfum, þ.e. 0,15% þegar lánstíminn er styttri en eitt ár, en ella 0,5%. Lækkun gjaldsins ætti að bæta samkeppnisstöðu innlendrar markaðsútgáfu gagnvart erlendri og ýta undir að bréf séu sett á markað. Til að gæta samræmis er lagt til að markaðsbréf útgefin af ríkissjóði verði stimpilskyld, en þau eru nú stimpilfrjáls samkvæmt almennum reglum.

b) Stimpilgjald af eignarleigusamningum o.fl. Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim leiðum sem menn hafa til þess að fjármagna tiltekin viðskipti. Lagt er til að tekið verði stimpilgjald af kaupsamningum um lausafé þegar veittur er gjaldfrestur og af eignarleigusamningum eftir sömu reglum og gilda munu um skuldabréf. Þessar tegundir samninga, sem eru í eðli sínu lánsskjöl, þekktust lítt eða ekkert þegar núgildandi lög um stimpilgjald tóku gildi. Er lagt til að þessir samningar verði gerðir stimpilskyldir til þess að stuðla að jafnræði milli þeirra og skuldabréfa og víxla og til þess að tryggja að stimpilgjaldið hafi ekki óeðlileg áhrif á það hvaða greiðsluform er valið.

c) Undanþágur frá greiðslu stimpilgjalda. Lagt er til að hin almenna heimild fjármálaráðherra til að ákvarða hvort ríkissjóður greiði stimpilgjald, sem er í 35. gr. núgildandi laga, falli brott en í stað þess verði undanþágur tilgreindar þegar það þykir eiga við í lögum. Gert er þannig ráð fyrir að ríkið greiði framvegis stimpilgjald vegna t.d. kaupa á fasteignum á sama hátt og það greiðir virðisaukaskatt í viðskiptum eins og aðrir. Samhliða er lagt til að ýmis sérlagaákvæði sem undanþiggja tiltekna starfsemi stimpilgjaldi verði felld brott. Hér er fyrst og fremst um orku- og veitufyrirtæki að ræða en eðlilegt er að þessar stofnanir og fyrirtæki greiði stimpilgjald á sama hátt og ríkið mun gera verði tillögur frumvarpsins að lögum.

Enn fremur er lagt til að ýmis lagaákvæði sem nú eru í sérlögum og kveða á um undanþágur verði framvegis í lögum um stimpilgjald. Núverandi fyrirkomulag hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd og torveldað yfirsýn yfir það hvaða skjöl eru stimpilskyld og hver ekki. Eru þetta ákvæði sem nokkuð oft reynir á í framkvæmd hjá sýslumönnum, bönkum og öðrum innheimtumönnum stimpilgjalds. Hins vegar er gert ráð fyrir að ýmis ákvæði sem gilda á tiltölulega afmörkuðum sviðum og eru oft tímabundin í eðli sínu, verði áfram í sérlögum.

Loks er lagt til að ákvæði um stimpilfrelsi skjala sem tengjast félagslegum íbúðum og eru í 78. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, verði þrengd þannig að sérreglur fyrir framkvæmdaaðila verði afnumdar og afsöl fyrir félagslegum íbúðum verði stimpilskyld, en þau eru nú stimpilfrjáls.

d) Vátryggingarsamningar. Samkvæmt gildandi reglum er stimpilgjaldið ýmist miðað við iðgjöld eða vátryggingarfjárhæð. Þar sem gjaldið miðast við iðgjöld er það í öllum tilvikum nema einu 8% af iðgjaldi. Þetta á t.d. við um húseigendatryggingar. Stimpilgjald af heimilistryggingum og húftryggingum bifreiða miðast hins vegar við vátryggingarfjárhæð. Þá eru tilteknar tegundir trygginga undanþegnar stimpilgjaldi, m.a. brunatryggingar fasteigna, ábyrgðatryggingar bifreiða og atvinnuslysatryggingar launþega. Þannig eru mismunandi aðferðir við ákvörðun stimpilgjalda af vátryggingarsamningum sem valda erfiðleikum í framkvæmd þegar um samsettar tryggingar er að ræða auk þess sem ekkert samræmi er í gjaldtökunni. Eðlilegast er að miða stimpilgjaldið við iðgjaldið og er því lagt til að tekið verði 0,2% gjald af öllum iðgjöldum nema iðgjöldum vegna samninga um líftryggingar. Þess má geta að ekki er tekinn virðisaukaskattur af tryggingum. Á sínum tíma voru þær hins vegar almennt söluskattsskyldar.

e) Stimpilgjald af aflaheimildum (veiðikvóta). Samkvæmt gildandi lögum er tekið stimpilgjald þegar aflaheimildir eru seldar með fiskiskipum þar sem litið er svo á að aflaheimildir séu hluti af fylgifé skips, en gjaldið reiknast af skipi og fylgifé. Til þess að gæta samræmis við gjaldtöku er lagt til að þegar aflaheimildir eða veiðikvóti er seldur sér eða leigður, verði tekið stimpilgjald af þeim samningum.

f) Aðrar breytingar. Lagt er til að það nægi til að gera skjal stimpilskylt hér á landi að annar aðili þess sé heimilisfastur hérlendis. Í mörgum tilvikum eru slík skjöl stimpilskyld hér á landi. Ákvæði þetta þykir hins vegar nauðsynlegt til að jafna samkeppnisstöðu innlendra lánastofnana gagnvart erlendum. Í V. kafla er jafnframt ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir tvísköttun eða með öðrum orðum að girða fyrir að menn greiði bæði fullt stimpilgjald hér á landi og erlendis.

Einnig er lagt til að stimpilgjald af eignayfirfærslum af fasteignum og skipum hækki úr 0,4% í 0,5% til að vega að hluta upp á móti lækkun stimpilgjalds af skuldabréfum. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem miða að því að kveða skýrar á um nokkur atriði sem nú byggjast á túlkun gildandi laga. Þannig er t.d. kveðið á um það berum orðum í 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins að skuldbreytingarskjöl séu stimpilskyld og jafnframt er lagt til að skuldabréf sem fela í sér endurnýjun á skuld samkvæmt eldra bréfi verði gjaldfrjáls en nú er tekinn af slíkum bréfum helmingur af því gjaldi sem greitt er fyrir skuldabréf vegna nýrra lána. Í 39. gr. frumvarpsins kemur fram að húsaleigusamningar eru stimpilfrjálsir en það hefur hingað til verið byggt á orðum greinargerðar með eldri lögum. Þá eru lagðar til breytingar á reglum um stimplun kaupmála sem miða að því að gera núverandi reglur skýrari. Loks hafa

verið gerðar ýmsar breytingar á uppsetningu og orðalagi núgildandi laga sem miða að því að eyða vafa og gera lögin nútímalegri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gjaldskyldu. Samkvæmt ákvæðinu eru einungis þau skjöl stimpilskyld sem falla undir ákvæði III. kafla laganna en önnur skjöl eru stimpilfrjáls. Skjöl þurfa ekki að vera á pappír til að falla undir lögin heldur geta þau t.d. verið í rafrænu formi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvenær gjaldskylda stofnast. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína í 2. gr. dönsku stimpilgjaldalaganna en ekkert sambærilegt ákvæði er í núgildandi lögum. Hins vegar er kveðið á um það í 11. gr. laganna frá hvaða tímamarki frestur til þess að stimpla skjöl reiknast. Er því ekki um eiginlega efnisbreytingu að ræða.

Um 3. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 3. gr. núgildandi laga en í greininni er kveðið á um það hvenær skjöl eru stimpilskyld hérlendis. Við 2. tölul. er þó bætt ákvæði þess efnis að vátryggingarskjöl sem snerta einstaklinga búsetta hér á landi séu ávallt stimpilskyld hér á landi. Þetta leiðir til þess t.d. að slysatryggingar og starfsábyrðartryggingar sem teknar eru hjá erlendum vátryggingafélögum yrðu almennt stimpilskyldar hérlendis. Nú eru eingöngu slíkar tryggingar sem teknar eru hjá íslenskum vátryggingarfélögum stimpilskyldar og leiðir það óneitanlega til röskunar á samkeppnisstöðu þeirra gagnvart hinum erlendu félögum. Ákvæðinu er ætlað að bæta úr því. Jafnframt felst í ákvæðinu að vátryggingar vegna eigna hér á landi, t.d. ábyrgðartryggingar bifreiða, verða stimpilskyldar hér á landi þó svo vátryggjandinn sé ekki heimilisfastur hér á landi og skiptir þá engu máli hvar iðgjaldið er greitt. Samkvæmt núgildandi reglum eru eignatryggingar ekki stimpilskyldar hérlendis ef sannað er að iðgjaldið sé ekki greitt hérlendis.

Um 4. gr.

Ákvæðið er byggt á núgildandi 4. gr. laganna en í því ákvæði felst að séu allir aðilar skjals heimilisfastir hér á landi er það stimpilskylt jafnvel þótt það sé gefið út erlendis. Hér er lögð til sú breyting að nægjanlegt sé að einn aðili sé heimilisfastur hér á landi til þess að það verði stimpilskylt hérlendis. Er þetta lagt til í því skyni að jafna samkeppnisstöðu íslenskra lánastofnana gagnvart erlendum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það að það sé hinn efnislegi réttur sem í skjalinu felst sem máli skiptir við ákvörðun gjaldsins en ekki nafn þess eða form. Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum en því er mjög oft beitt við túlkun laganna.

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt að öðru leyti en því af endurriti að dómum er bætt við upptalninguna í seinni málsgreininni.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða núgildandi 6. gr. en í henni felst að þegar í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga svo sem afsal veitt og veð sett eru báðar tegundirnar stimpilskyldar. Þessi regla er sambærileg við regluna í 1. mgr. 5. gr. um að það sé hinn efnislegi réttur sem máli skiptir fyrir stimpilskylduna en ekki form eða heiti skjalsins.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 7. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin er sambærileg við 8. gr. núgildandi laga en þó eru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðinu í því skyni að gera það skýrara og eyða vafa varðandi túlkun þess.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvernig fara eigi með ýmsar áletranir á áður stimpluð skjöl sem ætlað er að haldi gildi sínu þrátt fyrir áletranirnar. Dæmi um slíkar áletranir geta verið áletranir um breytingar á veði, ábyrgð eða vöxtum. Það leiðir af 1. mgr. 5. gr. að ekki skiptir máli hvort áletrunin er rituð í heild sinni á skjalið sjálft eða á annað skjal sem verður hluti af upphaflega skjalinu, þ.e. er eins konar viðbót eða viðauki við það. Áletranir eru stimpilfrjálsar ef þær hefðu ekki breytt stimpilgjaldinu hefðu þær staðið í skjalinu frá byrjun. Þetta leiðir t.d. til þess að veðflutningar eru stimpilfrjálsir enda hefði það ekki breytt neinu fyrir gjaldtökuna þótt nýja veðið hefði verið valið í upphafi. Í 24. gr. gildandi laga er stimpilgjald af skuldabréfum sem bera vexti en eru án allra trygginga 0,5% en af bréfum sem bera vexti og eru tryggð með veði eða ábyrgð 1,5%. 8. gr. gildandi laga leiðir til þess að ef skuld samkvæmt bréfi sem ber vexti en er án allra trygginga er síðar áletrað um ábyrgð verður að greiða 1,0% stimpilgjald af höfuðstólnum til viðbótar við upphaflega gjaldið. Í 27. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að þessi munur verði afnumin og í stað þess miðist gjaldið við lánstímann. Verði 27. gr. að lögum kemur ekki til þess sem áður greinir og áletrun um lengingu lánstíma hefði engin áhrif.

Í niðurlagi 1. mgr. er vísað í 3. mgr. 28. gr. en það er gert til þess að enginn vafi leiki á því að skuldbreyting vanskila getur ekki falið í sér stimpilfrjálsa áletrun heldur er slík skuldbreyting stimpilskyld að fullu eins og um nýtt lán væri að ræða.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að 1. mgr. skuli einnig gilda um skjöl sem ekki eru stimpilskyld hérlendis vegna reglnanna í 3. og 4. gr. en vafi hefur þótt leika á því hvort áletrun á slík skjöl gæti orðið stimpilskyld skv. 8. gr. gildandi laga. Þetta þýðir að þegar skjal, t.d. skuldabréf, sem er stimpilfrjálst hérlendis er framselt til aðila sem hér er heimilisfastur yrði að stimpla skjalið þegar framsalið fer fram. Telja verður eðlilegt að sams konar reglur gildi um áletranir á slík skjöl og þau skjöl sem áður hafa verið stimpluð.

Um 9. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það hverjir bera ábyrgð á greiðslu stimpilgjalds. Sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 34. gr. núgildandi laga en ákvæðið er þó gert fyllra. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að þeir sem eru aðilar að réttarsambandi sem stimpilskylt skjal varðar svo og handhafar slíkra skjala beri ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Í mörgum tilvikum mundi það fara saman að vera handhafi skjals og aðili að réttarsambandi því sem skjalið varðar.

Um 10. gr.

Í 2. gr. núgildandi laga eru settar almennar reglur um ákvörðun stimpilgjalds. Helsta breytingin sem hér er lögð til er að gjaldið standi á heilu hundraði og að það hækki og lækki miðað við 50 kr., en nú er miðað við að gjaldið standi á heilli krónu og að það hækki og lækki miðað við 50 aura. Þá er í ljósi verðþróunar á liðnum áratug lagt til að lágmarksgjaldið verði 100 kr. en nú er það 1 króna. Viðmiðun við krónu var tekin upp í kjölfar myntbreytingarinnar með lögum nr. 82/1980. Þá er lagt til það nýmæli að stimpilgjald myndi aldrei stofn til töku gjaldsins en samkvæmt núgildandi reglum er óhjákvæmilegt að taka stimpilgjald af stimpilgjaldi í þeim tilvikum þegar gjaldið er lánað.

Um 11. og 12. gr.

11. gr. er samhljóða 9. gr. gildandi laga og kveður á um að ávallt skuli taka stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni þegar skjal stofnar til réttinda sem meta má á mismunandi hátt. Þetta ákvæði er náskylt 12. gr. frumvarpsins en sú grein er samhljóða 25. gr. gildandi laga og fjallar um það hvernig ákvarða eigi gjaldið þegar trygging er sett fyrir óákveðinni skuld.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um hvernig eigi að ákvarða stimpilgjaldið þegar hin stimpilskylda fjárhæð er tilgreind í erlendri mynt. Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum en í 2. mgr. er nýmæli sem kveður á um við hvaða sölugengi er átt. Er þetta nauðsynlegt þar sem viðskiptabankar og sparisjóðir hafa nú nokkuð svigrúm til þess að ákvarða gengi.

Um 14. gr.

Grein þessi samsvarar 10. gr. núgildandi laga en á greininni eru gerðar nokkrar breytingar vegna breyttrar framkvæmdar á gjaldtökunni. Gert er ráð fyrir því að aðalreglan verði sú að greiðslan sé staðfest með notkun stimpilmerkjavélar eða stimpilmerkja en jafnframt verði heimilt að gera það með öðrum hætti. Algengast er að stimpilgjaldið sé staðfest með notkun stimpilmerkjavélar en á undanförnum árum hafa annars konar áletranir verði notaðar í vaxandi mæli. Ráðuneytið hefur þannig heimilað nokkrum hlutafélögum og verðbréfafyrirtækjum, að fullnægðum ströngum skilyrðum, að prenta á hlutabréf að stimpilgjald hafi verið greitt. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari reglur um gerð og búnað stimpilmerkjavéla og notkun stimpla og áletrunar.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar 11. gr. núgildandi laga og er gert ráð fyrir sama fresti til þess að stimpla skjöl og þar er gert. Í greininni er sett regla um það hvenær verður að vera búið að stimpla svo að ekki komi til greiðslu dráttarvaxta skv. 46. gr. en ekki er um eiginlegan greiðslufrest að ræða. Stimpla verður skjalið áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu þess eða frá því það kom til landsins en fresturinn er styttri þegar eindagi skjalsins er fyrr. Þá verður að stimpla skjalið fyrir eindaga.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um skyldur þeirra er annast innheimtu stimpilgjalda. Í 1. mgr. er fjallað um skyldur opinberra starfsmanna en í 2. mgr. um skyldur banka og sparisjóða og annarra fjármálastofnana. Þeim er skylt að stimpla endurgjaldslaust þau skjöl sem um hendur þeirra fara. Þetta á t.d. við um skjöl vegna lánveitinga þeirra og skjöl sem þeir kaupa eða taka í innheimtu. Í 3. mgr. er loks kveðið á um heimild ráðherra til að veita öðrum en þeim sem getið er um í 1. og 2. mgr. leyfi til stimplunar skjala. Slík leyfi hafa t.d. verið veitt verðbréfafyrirtækjum og vátryggingafélögum. Ákvæðið er óbreytt frá 12. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að fellt er brott úr ákvæðinu heimild til handa fjármálaráðuneytinu að ákveða annan gjaldfrest en þann er tilgreindur er í 4. mgr. 16. gr. Er því við það miðað að frestur til þess að skila innheimtu stimpilgjaldi verði ávallt 15. dagur næsta mánaðar eftir að stimplun á sér stað en heimild til þess að ákveða annan gjalddaga hefur ekki verið nýtt.

Um 17. gr.

1. mgr. 17. gr. samsvarar 1. málsl. 13. gr. en í 2. mgr. er að finna nýmæli sem kveður á um að heimilt sé að áætla fjárhæðina ef áskorun er ekki sinnt eða hin tilgreinda fjárhæð í skjalinu,

svo sem endurgjald fyrir lóðarleigusamning, þykir ósennileg eða tortryggileg. Nokkur vafi hefur ríkt um það hvort heimilt væri að áætla stimpilskylda fjárhæð í slíkum tilvikum.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um endurgreiðslu stimpilgjalda en sambærileg ákvæði eru nú í 14. gr. laganna. Ástæður fyrir endurgreiðslu eru einkum tvær. Annars vegar sú að skjalið öðlast ekki þau réttaráhrif sem ætlunin var þegar gjaldið var greitt, en hins vegar sú að skjalið er af vangá stimplað of hátt. Í 2. mgr. er lagt til að sýslumanni verði heimilt að endurgreiða stimpilgjöld þegar stimplað skjal er ógilt eða eigi verður af því það réttarástand sem ætlunin var í upphafi. Í gildandi lögum er endurgreiðsluheimildin hjá fjármálaráðuneytinu en með bréfi dags. 1. september 1993 fól ráðuneytið sýslumönnum að annast þessar endurgreiðslur og er því með þeirri breytingu sem hér er lögð til aðeins verið að lögfesta þá framkvæmd. Sýslumenn muni enn fremur geta endurgreitt stimpilgjald af skjölum sem af vangá eru stimpluð of hátt en um þær endurgreiðslur er fjallað í 3. mgr. Fjallað er um fresti til þess að óska eftir endurgreiðslu í 4. mgr. Samkvæmt núgildandi ákvæði er fresturinn að jafnaði tvö ár frá útgáfu skjalsins. Hér er hins vegar lagt til að beiðni verði að berast innan tveggja ára frá því að þau atvik sem beiðnin byggist á átti sér stað en að öðru leyti fari um endurgreiðslukröfu samkvæmt lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Í 5. mgr. er gerð sú krafa að beiðni um endurgreiðslu fylgi frumrit viðkomandi skjals en það er nauðsynlegt til þess að hægt sé að árita viðkomandi skjal um endurgreiðsluna og þannig koma í veg fyrir misnotkun endurgreiðsluheimildarinnar. Ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi er hins vegar heimilt að víkja frá þessu skilyrði.

Um 19. gr.

Ákvæði um fyrningu er í 15. gr. gildandi laga. Greinin er óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að krafan fyrnist á fjórum árum frá því skjal féll úr gildi en nú er miðað við fimm ár. Fyrningarfresturinn verður þá í samræmi við fyrningarfresti í 4. gr. laga um endurgreiðslu oftekinna skatta, nr. 29/1995.

Um 20. gr.

Kveðið er á um í 20. og 21. gr. um stimplun heimildarbréfa fyrir fasteignum og skipum. Í 20. gr. er fjallað um gjaldskylduna en í 21. gr. um gjaldstofninn.

20. gr. frumvarpsins er sambærileg við 16. gr. núgildandi laga en í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á gildandi reglum.

Í 1. málsl. 1. mgr. er lagt til að stimpilgjaldið hækki um 0,1%. Þá er lagt til að tekið verði stimpilgjald af afsalsgerningum vegna allra skipa en nú eru bátar undir 5 brúttósmálestum undanþegnir stimpilgjaldi en engin rök þykja fyrir því að gerður sé slíkur greinarmunur.

Í 4. mgr. er lagt til að sömu reglur gildi um sölu eigna við nauðungarsölu annars vegar og ráðstöfun skiptastjóra á eign á grundvelli 129. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, hins vegar. Í núgildandi lögum er aðeins kveðið á um sölu eigna á nauðungaruppboði en með lögjöfnun hefur ákvæðinu einnig verið beitt um ráðstöfun eigna skv. 129. gr. l. nr. 21/1991.

Í 5. mgr. er lagt til að ekki verði tekið stimpilgjald við búskipti sambúðarfólks en skv. núgildandi 5. mgr. 16. gr. gildir sú undanþága eingöngu um búskipti hjóna. Enn fremur gildir undanþágan ekki ef samhliða búskiptunum er jafnframt um sölu að ræða. Lagt er til að þetta skilyrði verði fellt brott þar sem ætla má að í flestum tilvikum sé heildareignum bús skipt jafnt t.d. milli hjóna við skilnað jafnvel þótt annað þeirra kunni að fá fasteign búsins í sinn hlut.

2. málsl. 1. mgr. er samhljóða núgildandi 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. Enn fremur eru 2. og 3. mgr. sem fjalla um töku stimpilgjalda við eigendaskipti í tengslum við sameiningu og slit félaga samhljóða núgildandi ákvæðum þar um.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um gjaldstofn stimpilgjaldsins vegna eigendaskipta af fasteignum og skipum. Um þennan gjaldstofn er nú fjallað í 17. gr. laganna en hér eru lagðar til nokkrar breytingar.

Í 1. mgr. er fjallað um gjaldstofninn vegna heimildarbréfa fyrir fasteignum. Meginreglan er sú að miða á við fasteignamat húss og lóðar. Í 2. málsl. 1. mgr. er sérregla sem fjallar um það hvernig eigi að ákvarða gjaldstofninn þegar fasteignamat hefur ekki farið fram. Samkvæmt gildandi reglum á að miða við áætlað fasteignamatsverð en kaupverð ef slík áætlun er sérstökum örðugleikum bundin. Fasteignamat ríkisins hefur sett reglur um matið sem stuðst er við hjá sýslumannsembættum. Þessi aðferð við ákvörðun gjaldstofnsins getur oft leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu og er því lagt til að meginreglan verði sú að miða við kaupverð enda teljist það sennilegt. Sé svo ekki skal heimilt að miða við áætlað fasteignamatsverð.

Í 2. mgr. er fjallað um gjaldstofninn vegna heimildarbréfa fyrir skipum. 1. málsl. 1. mgr. er samhljóða núgildandi 2. mgr. 17. gr. en 2. málsl. er nýmæli. Gjaldstofninn miðast við kaupverð skips, þar með talið öllu fylgifé, svo sem aflahlutdeild, enda teljist kaupverðið sennilegt en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur áhvílandi veðskuldum. Í 2. málsl. er síðan að finna ákvæði sem heimilar að beita mati ef svo ber undir, en vafi er á því hvort það sé heimilt samkvæmt gildandi lögum.

Um 22. gr.

Ákvæðið er samhljóða 19. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Hér er fjallað um stimpilskyldu ýmiss konar réttinda en með ákvæðinu eru gerðar nokkrar breytingar á núgildandi 20. gr. Lagt er til að gjaldið lækki úr 2,0% í 0,5% í því skyni að gæta samræmis við gjaldtöku vegna eignayfirfærslna af fasteignum og skipum en stundum getur verið erfitt að ákvarða hvort samningur felur í sér sölu á fasteign eða leigu á henni. Enn fremur er lagt til að til þess að gæta samræmis verði tekið stimpilgjald þegar aflahlutdeild er seld sér, eða leigð, en eins og fram kom í skýringu við 21. gr. telst aflahlutdeild fiskiskips til fylgifjár þess og því reiknast stimpilgjaldið af henni við sölu þess. Loks er lagt til að orðin „skyldur“ og „ítök“ verði felld brott úr greininni. Í þessu felst þó engin efnisbreyting þar sem ætla má að í flestum tilvikum væru slík réttindi talin fela í sér kvöð á viðkomandi eign.

Um 24. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stimpilskyldu hlutabréfa og er greinin samhljóða 21. gr. núgildandi laga að því undanskildu að felld er brott heimild skv. 3. mgr. 21. gr. til þess að setja nánari reglur um framkvæmd greinarinnar. Slíkt ákvæði er óþarft þar sem almenn reglugerðarheimild er í 47. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er lagt til að stimpilgjaldið verði 0,5%. Þess má geta að upphaflega var gjaldið 2,0% en með lögum nr. 131/1989 var það lækkað niður í 0,5%. Þá er í málsgreininni fjallað um stimpilgjald af endurútgefnum hlutabréfum og jöfnunarhlutabréfum. Þessi bréf eru gjaldfrjáls enda sé sýnt fram á að útgáfa þeirra feli ekki í sér hlutafjáraukningu. Þau verður hins vegar að stimpla sérstökum gjaldfrelsis stimpli og verður sú stimplun að fara fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu þeirra. Að öðrum kosti eru þau stimpilskyld að fullu. Í 2.

mgr. er lagt til að framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa verði stimpilfrjálst. Er það í samræmi við núverandi reglur.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um stimplun skilríkja fyrir eignarhluta í öðrum félögum en hlutafélögum en sams konar ákvæði er nú í 22. gr. laganna. Samkvæmt þessu ákvæði stimplast t.d. skilríki fyrir eignarhluta í samvinnufélögum og samlagsfélögum. Skilríki fyrir eignarhluta í þessum félögum skulu stimpluð á sama hátt og hlutabréf og framsal réttindanna í félögunum er stimpilfrjálst á sama hátt og hjá hlutafélögum.

Um 26. gr.

Í þessari grein er fjallað um stofnsamninga félaga með ótakmarkaða ábyrgð. Greinin samsvarar 23. gr. núgildandi laga en hér eru lagðar til nokkrar breytingar.

Lagt er til í 1. mgr. að gjaldið lækki úr 2,0% í 0,5% til samræmis við þau gjöld sem félög greiða skv. 24. og 25. gr. Þá er lagt til að lágmarksgjald verði 10.000 kr. en nú er miðað við að ef félagssamningur kveður ekki á um nein fjárframlög skuli hann stimplaður með 100 kr. Lágmarksgjaldið mundi hins vegar gilda hvort sem stofnfjárframlagið væri tilgreint í samningnum eða ekki.

2. og 3. mgr. eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 23. gr. núgildandi laga.

Um 27. gr.

Í þessari grein er fjallað um stimplun skuldabréfa en lagðar eru til verulegar breytingar á núverandi ákvæðum þar um. Samkvæmt núgildandi 24. gr. laganna er stimpilgjald af skuldabréfum og tryggingarbréfum 1,5% af fjárhæð bréfs þegar skuld ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð. Ef svo er ekki er stimpilgjaldið 0,5%. Skuldabréf og tryggingarbréf vegna afurðarlána bera hins vegar alltaf 0,3% stimpilgjald.

Lagt er til að í stað þess að ákvarða gjaldið á framangreindan hátt taki það mið af lánstímanum. Er lagt til að gjaldflokkarnir verði tveir, þ.e. 0,2% og 1,1%.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að þegar óvissa er um gjalddaga beri að líta svo á að lánið sé til lengri tíma en eins árs og falli það þar af leiðandi í hærri gjaldflokkinn. Er þetta í samræmi við regluna í 11. gr. sem kveður á um það að alltaf skuli miða við hæstu fjárhæðina ef skjal stofnar til réttinda sem meta má á mismunandi hátt.

Um 28. gr.

Í þessari grein er fjallað um stimpilgjöld af endurnýjuðum skuldabréfum og skuldbreytingarskjölum. Með endurnýjuðu bréfi er átt við það tilvik þegar fyrri lánssamningur er felldur úr gildi með vísan til nýs lánssamnings aðila en með skuldbreytingu er átt það það tilvik þegar eldri samningur heldur gildi sínu en honum er breytt með áletrun á bréfið sjálft eða sérstökum viðauka við það. Þessi undanþága mun gilda um almenn skuldabréf, kaupsamninga um lausafé, eignarleigusamninga og lánssamninga sem falla undir 33. gr. en ekki t.d. víxla eða markaðsverðbréf.

Í 26. gr. núgildandi laga er fjallað um stimpilgjald af skuld sem er endurnýjuð með nýju bréfi. Þetta ákvæði hefur valdið nokkrum erfiðleikum í framkvæmd á síðustu árum og er því talið upp með tæmandi hætti hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að ákvæðið eigi við.

Í 2. mgr. kemur fram að ef einhverju skilyrði er ekki fullnægt skuli stimpla bréfið, eða þann hluta þess sem þetta á við um, að fullu eins og um nýtt bréf væri að ræða. Ef eldra bréf er t.d.

að fjárhæð 1.000.000 kr. og nýja bréfið er að fjárhæð 700.000 kr. og þar af eru 200.000 kr. vegna vanskila á eldra bréfinu yrði innheimt fullt stimpilgjald af þessum hluta en ekkert gjald af 500.000 kr. enda fullnægir sá hluti öllum skilyrðum málsgreinarinnar, sbr. og megninreglu 6. gr. Þannig ber að líta svo á að í sama skjalinu séu tvenns konar gerningar sem hvor um sig er stimpilskyldur samkvæmt þeim reglum sem um viðkomandi gerning gilda. Loks er tekið fram berum orðum í 3. mgr. að þegar um skuldbreytingu á vanskilum er að ræða ber að taka fullt stimpilgjald af vanskilunum. Þetta kemur ekki fram berum orðum í núgildandi lögum en stimpilskylda þessara skjala hefur verið ráðin af ákvæðum 24. gr., sbr. 5. og 8. gr. laganna, og er nú framkvæmd þannig að fullt stimpilgjald er tekið af gjaldföllnum vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og kostnaði en ekkert gjald er tekið af eftirstöðvum höfuðstóls.

Um 29. gr.

Þessi grein er nýmæli og kveður á um það að greiða skuli sama stimpilgjald af kaupsamningum um lausafjárkaup, þar sem veittur er gjaldfrestur eins og af skuldabréfum. Gjaldið verður því 0,2% eða 1,1%.

Um 30. gr.

Hér er fjallað um stimpilgjöld af kaupleigu- og fjármögnunarleigusamningum eða af svokallaðri eignarleigu. Ákvæðið er nýmæli. Með fjármögnunarleigu er átt við leigu á lausafé eða fasteign þar sem leigugjald ákvarðast með tilliti til þess að í lok lágmarksleigutíma hafi leigusali fengið í sinn hlut upphaflegt kaupverð auk vaxta og kostnaðar en leigutaki fær við lok þessa tíma rétt til áframhaldandi afnota en hann verður ekki sjálfkrafa eigandi hins leigða. Þegar um kaupleigu er að ræða verður leigutakinn hins vegar eigandi í lok lágmarksleigutíma en að öðru leyti eru skilmálar þessara samninga svipaðir. Sérstökum eignarleigufyrirtækjum er einum heimilt að stunda eignarleigu, sbr. lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sams konar regla gildi um töku stimpilgjalds af samningum um vanskil á eignarleigusamningum og um skuldabréf. Sé skilyrðum 28. gr. fullnægt ber því að taka ½ stimpilgjald af þeim. Að öðrum kosti væru slíkir samningar stimpilskyldir að fullu. Sama gildir ef upphaflegur samningur um leigu hlutarins er endurnýjaður.

Um 31. gr.

Um stimpilgjald af víxlum er nú fjallað í 27. gr. laganna og er gjaldið 0,25%. Sú staðreynd að gjaldið er mun lægra af víxlum en skuldabréfum byggist væntanlega á því að víxlar séu í flestum tilvikum til skamms tíma. Hér er lagt til að um víxla gildi sams konar reglur og um skuldabréf, þ.e. að lánstíminn ráði alfarið gjaldinu. Með því er komið í veg fyrir að stimpilgjaldið ráði því hvaða lánsform verður fyrir valinu. 2. og 3. mgr. eru samhljóða núgildandi 2. og 3. mgr. 27. gr.

Um 32. gr.

Hér er lagt til að af skuldabréf og víxlar sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða öðrum skipulögðum verðbréfamarkaði verði tekið stimpilgjald sem er mun lægra en það gjald sem lagt er til að verði tekið almennt af lánsskjölum. Með markaðsverðbréfi er átt við framseljanleg skuldabréf og víxla sem boðin eru einstaklingum og lögaðilum til kaups, þar sem öll helstu einkenni skjalanna í hverjum flokki eru hin sömu þar á meðal nafn útgefanda, útgáfudagur, grunnvísitala, lánstími, gjalddagar, endurgreiðsluform og uppsagnarákvæði eftir því sem við getur átt.

Um 33. gr.

Hér er fjallað um stimpilgjald af öðrum lánsamningum en þeim sem 27.–32. gr. fjallar um og er ákvæðið nýmæli. Nokkuð hefur borið á því að undanförnu að gerðir hafa verið samningar um lántökur þar sem lánveitandi lofar að lána og lántaki lofar að taka að láni tiltekna fjárhæð. Þeir hafa hins vegar ekki fullnægt þeim formskilyrðum sem gerðar eru til skuldabréfa og því hafa þeir verið stimpilfrjálsir. Svo sem kunnugt er felur skuldabréf í sér skriflega og einhliða yfirlýsingu útgefanda um skyldu hans til að greiða öðrum peninga. Skuldabréf felur þannig í sér bæði skuldaviðurkenningu og greiðsluloforð. Þessir samningar eru að öðru leyti líkir hefðbundnum skuldabréfum og til að gæta samræmis er því lagt til að þeir verði gerðir stimpilskyldir.

Um 34. gr.

Um skuldskeytingu er í núgildandi lögum fjallað í 2. málsl. 26. gr. en um framsal í 29. gr. Hér er lagt til að þessi ákvæði verði sameinuð í eina grein en ekki er um efnisbreytingar að ræða. Undir þetta ákvæði mundu bæði falla kröfur samkvæmt skuldbréfum og víxlum en einnig lausafjárkaupsamningar skv. 29. gr. og eignaleigusamningar skv. 30. gr.

Um 35. gr.

Í þessari grein er fjallað um stimpilgjald af gerningum vegna tryggingaráðstafana. Samkvæmt núgildandi lögum um stimpilgjald eru tryggingarbréf, kyrrsetningar-, löggeymslu- og fjárnámsgerðir stimplaðar skv. 1. mgr. 24. gr. laganna. Stimpilgjaldið er í flestum tilvikum 1,5% og er því hér lögð til veruleg lækkun gjaldsins. Til þess að gæta samræmis varðandi gjaldtöku af tryggingaráðstöfunum er hins vegar lagt til að skjöl er snerta afhendingu handveðs verði stimpilskyld með sama hætti og tryggingarbréf. Er þetta gert að danskri fyrirmynd en skv. 61. gr. dönsku laganna um stimpilgjald eru slíkir samningar stimpilskyldir. Með nýjum lögum um samningsveð hefur veðandlögum fjölgað. Þannig er t.d. í 33. gr. þeirra laga gert ráð fyrir að hægt sé að veita veð í vörubirgðum. Skilríki um slíka veðsetningu verða stimpilskyld samkvæmt þessari grein.

Um 36. gr.

Í þessari grein er fjallað um stimpilgjald af vátryggingarsamningum og er lagt til að gjaldið verði 0,2% af iðgjaldi.

Um stimpilgjald af vátryggingarskjölum er fjallað í 30. gr. núgildandi laga og reglugerð nr. 219/1978, sbr. reglugerð nr. 412/1984. Gjaldið er nú ýmist miðað við iðgjald eða vátryggingarfjárhæð en um fjárhæð stimpilgjaldsins af einstökum tegundum vátrygginga er fjallað í reglugerðinni. Gjaldið getur verið misjafnlega hátt og nokkrar tegundir samninga eru undanþegnir stimpilgjaldi. Hér er hins vegar lagt til að tekið verði eitt tiltölulega lágt gjald af öllum vátryggingum en ekki er gert ráð fyrir undanþágum frá gjaldtöku í IV. kafla frumvarpsins.

Um 37. gr.

Í þessari grein er fjallað um stimpilgjald af kaupmálum en sambærilegt ákvæði er nú í 31. gr. núgildandi laga.

Í 1. mgr. er lagt til að stimpilgjald vegna kaupmála sem gerðir eru fyrir hjúskap hækki úr 50 kr. í 2.400 kr.

Í 2. mgr. er fjallað um stimpilgjald af kaupmálum sem gerðir eru eftir hjúskaparstofnun og er ákvæðið samhjóða núgildandi 1. málsl. 2. mgr. 31. gr., að öðru leyti en því að lagt er til að gjaldið lækki um 0,2%. Gjaldið er 0,4% af þeirri fjárhæð sem verður séreign samkvæmt kaup-

málanum. Gjaldstofninn miðast við þær eignir sem kaupmálinn tekur til en ef áður hefur verið gerður kaupmáli um viðkomandi eignir yrði einnig að taka tillit til hans. Þetta þýðir að þegar gerður er nýr kaupmáli vegna verðmæta sem koma í stað séreignar yrði að taka tillit til eldri kaupmála og eingöngu innheimta stimpilgjald að því marki sem hin nýja eign er verðmætari en séreignin.

Í 3. mgr. felst það nýmæli að tekin eru af öll tvímæli um það að kaupmálar sem gerðir eru vegna gjafa milli hjóna skulu stimplast samkvæmt þessari grein.

Í 4. mgr. er fjallað um ákvörðun gjaldstofnsins og er ákvæðið efnislega samhljóða núgildandi 2. málsl. 2. mgr. 31. gr.

Um 38. gr.

1. málsl. er samhljóða 18. gr. núgildandi laga en 2. málsl. er nýmæli, en sanngjarnt þykir að þegar gert er fjárnám á grundvelli dóms sem staðfestir löggeymslu eða kyrrsetningargerð sem áður hefur verið stimpluð þá sé fjárnámið stimpilfrjálst.

Um 39. gr.

Hér er kveðið á um stimpilfrelsi einstakra skjala. Ákvæði um stimpilfrelsi skjala sem gefin eru út af ríkissjóði er nú byggt á 35. gr. laganna um stimpilgjald. Um stimpilfrelsi lána frá Lánasjóði íslenskra námsmanna er nú fjallað í lögum nr. 21/1992.

Í 4. tölul. er kveðið á um stimpilfrelsi námslána. Efnislega samhljóða ákvæði er nú í 17. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Í 5. tölul. er tekið fram berum orðum að húsaleigusamningar séu stimpilfrjálsir en samkvæmt gildandi lögum verður það einungis ráðið af greinargerð með eldri lögum um stimpilgjald og lögum um húsaleigu að svo sé.

Í 6. tölul. er kveðið á um að skjöl sem leggja höft eða bönd á skip eða loftfar við skráningu hérlendis séu stimpilfrjáls. Á undanförnum árum hefur sambærileg heimild oft verið í fjárlögum og þá tekið til tiltekinna fyrirtækja en heppilegra þykir að hafa almennt ákvæði um þetta í lögum um stimpilgjald.

Í 7. tölul. er fjallað um stimpilfrelsi líftryggingasamninga og er þar bæði átt við líftryggingar með dánaráhættu og sparilíftryggingar.

Í 8. tölul. er fjallað um stimpilfrelsi afleiðusamninga en ákvæðið er sett til að taka af allan vafa um að slíkir samningar eru stimpilfrjálsir en vafasamt er hvort þeir væru ella taldir falla undir III. kafla.

Í 9. tölul. er fjallað um stimpilsfrelsi tiltekinna bréfa sem erlendir aðilar gefa út. Slík skjöl eru ekki stimpilskyld samkvæmt núgildandi reglum en yrðu það skv. 4. gr. yrði undanþágan ekki gerð.

Í 10. tölul. er fjallað um skip sem skráð eru í íslenska alþjóðlega skipaskrá. Verði slík skrá tekin upp verða afsöl vegna slíkra skipa stimpilfrjáls. Sama gildir um lánsskjöl og tryggingabréf sem þinglýst er á slík skip og tengjast fjármögnun þeirra.

Í 11. tölul. er fjallað um stimpilfrelsi skjala sem leggja höft eða bönd á loftför en þar mundi einkum vera um að ræða skuldabréf og tryggingarbréf. Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði 10. tölul. sem fjallar um skip og tekur eingöngu til þeirra sem stunda flugrekstur í atvinnuskyni í reglubundnu áætlunarflugi innan lands eða milli landa eða leiguflugi milli landa. Í fjárlögum á undanförnum árum hafa verið nokkrar slíkar heimildir og er þessu ákvæði ætlað að ná til sömu aðila. Jafnframt er sett það skilyrði að skjöl þau sem hér um ræðir tengist fjármögnun vélakaupanna og þeim sé þinglýst innan sex mánuða frá skráningu loftfarsins. Þessu ákvæði, og sambærilegu ákvæði í 10. tölul., er ætlað að koma í veg fyrir að þeir aðilar sem hér um

ræðir geti þinglýst skjölum vegna almennra viðskiptaskulda sem ekki tengjast slíkum fjárfestingum á loftfar eða skip í því skyni að komast hjá því að greiða stimpilgjald af slíkum skjölum.

Um 40. gr.

Hér er kveðið á um stimpilfrelsi skuldbindinga sem hvíla á aðilum sem fást við lánastarfsemi. Sambærileg ákvæði eru nú í 50. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 6. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum. Hefur sú leið verið valin hér að taka mið af 6. gr. laga nr. 65/1982 við samningu þessa ákvæðis. Í þessu felst þó engin efnisbreyting önnur en sú sem leiðir af 35. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að skjöl sem veita handveðsrétt verði stimpilskyld, en þessi skjöl eru meðal þeirra skjala sem talin eru upp í áðurnefndri 50. gr. laga nr. 113/1996. Undanþága samkvæmt þessari grein nær ekki til hlutabréfa sem framangreindir aðilar gefa út.

Í mörgum tilvikum uppfylla þeir sjóðir sem ákvæðið tekur til fleiri en eitt af þeim skilyrðum sem talin eru upp í greininni, t.d. Lánasjóður sveitarfélaga. Sem dæmi um sjóð sem starfar á grundvelli sérlaga, auk Lánasjóðs sveitafélaga er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Hins vegar má nefna að eignarleigufyrirtæki eru dæmi um fyrirtæki sem falla ekki undir lög nr. 65/1982 en hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993.

Um 41. gr.

Um stimpilskyldu skjala, er varða félagslegar íbúðir, er nú fjallað í 78. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Lagt er til að þær undanþágur frá stimpilskyldu sem er að finna í þeim lögum verði þrengdar þannig að afsöl vegna félagslegra íbúða verði stimpilskyld á sama hátt og afsöl vegna annarra íbúða, sbr. 16. gr. núgildandi laga og 20. gr. frumvarpsins. Afsöl vegna félagslegra íbúða eru nú stimpilfrjáls skv. 1. mgr. 78. gr. laganna. Þá er lagt til að ákvæði um stimpilfrelsi lánssamninga sem Húsnæðisstofnun gerir við framkvæmdaaðila vegna byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum, svo og skuldabréfa sem þeir síðarnefndu gefa út til stofnunarinnar í verklok, verði fellt niður, enda þykja þau ákvæði ekki lengur eiga við. Ákvæði 2. mgr. er hins vegar samhljóða 3. mgr. 78. gr. laga nr. 97/1993.

Um 42. gr.

Í grein þessari er fjallað um þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal. Þá skal í stimpilfrjálsa skjalinu vísa til þess stimplaða og geta jafnframt um fjárhæð stimpilgjaldsins. Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. gildandi laga.

Um 43. gr.

Hér er fjallað um samband aðalskjals og samrita og staðfestra eftirrita aðalskjals. Greinin er samhljóða 33. gr. gildandi laga, þó með því nýmæli að óþarft er að geta um stimplunina á samriti eða staðfestu eftirriti ef þinglýsingadagbók geymir upplýsingar um greiðslu gjaldanna, eins og nú er algengast.

Um 44. gr.

Greinin fjallar um skyldu opinberra starfsmanna að hafa eftirlit með því að stimpilskyld skjöl séu stimpluð þegar komið er með þau til þinglýsingar og hvernig við skuli brugðist ef misbrestur er á. 1. mgr. er samhljóða 2. mgr. 34. gr. gildandi laga, en 2. mgr. er nýmæli, þar sem mælt er fyrir um haldsrétt þess sem stimplun annast í stimpilskyldu skjali, til tryggingar því að gjaldið sé greitt. Sambærilega reglu er t.d. að finna í dönsku lögunum.

Um 45. gr.

Greininni er ætlað að koma í veg fyrir tvísköttun í þeim tilvikum þegar greiða þarf stimpilgjald í fleiri en einu landi af sama skjalinu. Sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 46. gr.

Hér er kveðið á um hverju það varði ef stimpilgjald er ekki greitt á réttum tíma. Í 1. mgr. er að finna nýmæli þar sem mælt er fyrir um að beita skuli dráttarvöxtum í samræmi við III. kafla vaxtalaga af hinni vangoldnu fjárhæð, talið frá og með útgáfudegi skjalsins, í stað þess að beita stimpilgjaldsálagi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Er þetta í samræmi við þá almennu reglu að beita dráttarvöxtum þegar vanskil verða á fjárskuldbindingum.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar fjármálaráðherra að lækka eða fella niður dráttarvexti ef sérstakar málsbætur eru. Er ákvæðið í samræmi við 2. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Um 47. gr.

Í þessari grein er kveðið á um eftirlit og er lagt til að ríkisskattstjóri hafi það með höndum en hann geti falið skattstjórum að annast einstaka þætti eftirlitsins. Samkvæmt núgildandi lögum fer fjármálaráðuneytið með eftirlitið en bankar og sparisjóðir og aðrir þeir sem innheimta stimpilgjöld, aðrir en sýslumenn, hafa skilað stimpilgjaldinu til ríkisféhirðis. Ríkisendurskoðun hefur síðan eftirlit með innheimtu sýslumanna á stimpilgjaldi. Ákvæði núverandi laga um eftirlitið eru hins vegar ekki nægjanlega skýr og er því lagt til að ríkisskattstjóri fari með eftirlitið og að heimildir hans til eftirlits verði sambærilegar og þegar um aðra skatta er að ræða.

Um 48. gr.

Greinin fjallar um heimild til að kæra ákvörðun sýslumanns um gjaldtöku eða endurgreiðslu á stimpilgjaldi til ráðherra. Ákvæðið er svipað ákvæði 13. gr. núgildandi laga en kærufrestur hefur verið lengdur í þrjá mánuði, í stað tveggja, í samræmi við 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um kærufrest.

Um 49. gr.

Greinin fjallar um refsingar fyrir brot á lögunum. Hún samsvarar 37. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Lögin eiga að koma til framkvæmda 1. janúar 1999. Jafnframt falli úr gildi lög um stimpilgjald, nr. 36/1978, nokkur sérlagaákvæði sem tekin hafa verið upp í IV. kafla frumvarpsins, svo og nokkrar undanþágur sem tilteknir aðilar hafa frá greiðslu stimpilgjalda. Skjöl sem verða afhent til stimplunar eftir 1. janúar 1999 skulu stimpluð eftir nýju lögunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stimpilgjald.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á álagningu og innheimtu stimpilgjalds hér á landi, sem miða að því að aðlaga hana að breyttum aðstæðum á fjármagnsmarkaði og samræma gjaldtöku á einstakar tegundir verðbréfa. Þessar breytingar snúa því að tekjuöflun ríkissjóðs. Miðað við gildandi lög verður nokkur áherslubreyting varðandi ákvæði um eftirlit með gjaldtökunni en ekki er talið að það leiði til umtalsverðra útgjalda fyrir ríkissjóð og fyrirhugar fjármálaráðuneytið að komið verði á breyttu fyrirkomulagi að þessu leyti innan útgjaldaramma gildandi fjárlaga.

817. Svar [365. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um bifreiðakaup ráðuneyta.

1. *Hvaða reglur gilda um bifreiðakaup á vegum ráðuneyta?*

Um bifreiðakaup ráðuneyta gildir reglugerð nr. 580/1991, um bifreiðamál ríkisins, og jafnframt hafa verið settar sérstakar reglur á grundvelli þeirrar reglugerðar um innkaup og endurnýjun á bifreiðum í eigu ríkisins sem ráðherrar hafa til afnota. Reglurnar eru meðfylgjandi.

2. *Hversu margar bifreiðar hafa verið keyptar á vegum einstakra ráðuneyta á tímabilinu 1990–97, af hvaða bifreiðaumboðum var keypt og hver var kostnaður hvers ráðuneytis, sundurliðað eftir árum?*

Samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið frá ráðuneytum, voru alls keyptar 25 bifreiðar á vegum þeirra á árunum 1990–97. Ráðuneytin eiga þó ekki allar þessar bifreiðar nú, því að sumar þeirra hafa verið seldar þegar nýrri hafa verið keyptar. Seldar hafa verið þær bifreiðar, sem keyptar voru á árunum 1991–94, að undanskilinni bifreið landbúnaðarráðuneytis. Eftirtaldar bifreiðar hafa verið keyptar á árunum 1990–97 samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytum:

Ráðuneyti	Tegund bifreiðar	Söluaðili	Kaupverð
1990			
Engin bifreið keypt.			
1991			
Forsætisráðuneyti	Audi 100 2.8E	Hekla hf.	3.273.066
Forsætisráðuneyti	Mitsubishi Lancer	Hekla hf.	1.442.387
Menntamálaráðuneyti	Mitsubishi	Hekla hf.	2.700.000
Landbúnaðarráðuneyti	Ford Explorer	Globus hf.	2.717.917
Fjármálaráðuneyti	Mitsubishi L-300	Hekla hf.	2.030.226
Fjármálaráðuneyti	Mitsubishi Pajero	Jón E. Ingólfsson	2.884.000
Fjármálaráðuneyti	Audi 100	Hekla hf.	2.560.807

1992			
Fjármálaráðuneyti	Mitsubishi Pajero	Hekla hf.	2.815.000
Samgönguráðuneyti	Ford Explorer	Globus hf.	2.740.890
1993			
Fjármálaráðuneyti	Toyota Corolla	P. Samúelsson hf.	1.138.270
1994			
Utanríkisráðuneyti	Hyundai Sonata	Bifreiðar og landbúnaðarvélar	2.626.000
Utanríkisráðuneyti	Ford Explorer árg. '91	Sala varnarliðseigna	1.714.962
1995			
Forsætisráðuneyti	Audi A8	Hekla hf.	5.896.506
Menntamálaráðuneyti	Audi	Hekla hf.	3.458.000
Félagsmálaráðuneyti	Grand Cherokee árg. '94	Sala varnarliðseigna	2.858.619
Fjármálaráðuneyti	Audi A6	Hekla hf.	3.219.256
Samgönguráðuneyti	Mitsubishi Pajero	Hekla hf.	3.802.612
1996			
Forsætisráðuneyti	Mitsubishi Space Wagon	Hekla hf.	2.068.744
Utanríkisráðuneyti	Cherokee Laredo árg. '94	Sala varnarliðseigna	2.633.175
Utanríkisráðuneyti	BMW 728i	Bifreiðar og landbúnaðarvélar	5.846.020
Sjávarútvegsráðuneyti	Saab 9000	Globus hf.	3.316.449
Fjármálaráðuneyti	Daihatsu Charade	Brimborg hf.	1.237.189
Fjármálaráðuneyti	Mitsubishi Pajero	Hekla hf.	4.034.780
1997			
Sjávarútvegsráðuneyti	Renault Megane	Bifreiðar og landbúnaðarvélar	1.048.000
Iðnaðar- og viðskiptarn.	Mitsubishi Pajero	Hekla hf.	3.531.000

3. *Hvaða ráðuneyti hafa keypt bifreiðar og hversu margar af Sölu varnarliðseigna? Hvert var verð þeirra bifreiða?*

Utanríkisráðuneytið hefur keypt tvær bifreiðar af Sölu varnarliðseigna (nú Umsýslustofnun varnarmála): Ford Explorer árg. '91 á 1.714.962 kr. og Jeep Grand Cherokee Laredo árg. '94 á 2.633.175 kr. Félagsmálaráðuneyti hefur keypt eina bifreið af sömu stofnun: Grand Cherokee árg. '94 á 2.858.619 kr.

4. *Hvaða opinber gjöld eru greidd við innflutning og sölu þessara bifreiða í samanburði við þau gjöld sem greidd eru af innflutningi og sölu annarra bifreiða?*

Bifreiðaumboð sem annast innflutning bifreiðanna greiða aðflutningsgjöld af þeim. Greidd eru sömu opinber gjöld við innflutning og sölu bíla sem ráðuneyti kaupa og greidd eru af innflutningi og sölu annarra bifreiða.

Umsýslustofnun varnarmála fer með sölu bifreiða til ráðuneyta með sama hætti og sölu bifreiða til einstaklinga eða fyrirtækja, þ.e. að fram fer útboð. Sá munur er þó á fyrirkomulagi hjá bifreiðaumboðunum og Umsýslustofnun varnarmála að stofnunin greiðir einungis virðisaukaskatt en ekki önnur aðflutningsgjöld til innheimtumanna ríkissjóðs. Hins vegar rennur hagnaður af rekstri stofnunarinnar í ríkissjóð.

5. *Eru í gildi sérkjör varðandi kaup ráðherra á bifreiðum til einkanota? Ef svo er, hversu margir ráðherrar hafa nýtt sér þau sérkjör á árunum 1990–97 og af hvaða bifreiðaumboðum var keypt, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum?*

Ekki eru í gildi sérkjör varðandi kaup ráðherra á bifreiðum til einkanota. Hins vegar eiga ráðherrar þess kost að nýta eigin bifreiðar til embættisstarfa og greiðir þá ríkissjóður kostnað af rekstri þeirra, þar með talið fyrningarfé, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 580/1991, um bifreiðamál ríkisins. Ráðherra, sem fær bifreið í eigu og rekstri ríkisins til afnota í þágu embættis síns og til takmarkaðra einkanota, er skattlagður vegna einkanotanna.

6. *Hafa ráðherrar nýtt sér þau sérkjör til kaupa á bifreiðum af Sölu varnarliðseigna? Ef svo er, hversu margir, sundurliðað eftir ráðuneytum?*
Sjá svar við 5. lið.

Fylgiskjal.

Reglur um innkaup og endurnýjun á bifreiðum í eigu ríkisins sem ráðherrar hafa til afnota.
(Fjármálaráðuneytið 21. janúar 1992.)

1. gr.

Hver ráðherra getur fengið bifreið í eigu og rekstri ríkisins til afnota í þágu embættis síns og til takmarkaðra einkanota, svo sem aksturs milli vinnustaðar og heimilis og annarra einstakra ferða. Bifreiðar þessar skulu auðkenndar með íslenska skjaldarmerkinu sem festa skal á skráningarplötur ásamt áletruninni: Ríkisbifreið, Stjórnarráð.

2. gr.

Innkaupastofnun ríkisins sér um innkaup og endurnýjun á bifreiðum skv. 1. gr. að jafnaði á þriggja ára fresti, að höfðu samráði við bílanefnd ríkisins. Eingöngu skulu keyptar fólksbifreiðar að kaupverði allt að 3 millj. kr. miðað við verðlag í ársbyrjun 1992.

Bifreiðar þessar skulu keyptar að öllu jöfnu að undangengnu útboði og sala skal fara fram með almennu útboði. Innkaupastofnun ríkisins annast afsöl og nauðsynlegar tilkynningar vegna slíkra viðskipta svo og afhendingu bifreiða og innheimtu söluandvirðis.

3. gr.

Innkaupastofnun ríkisins skal hafa til reiðu jeppabifreiðar til afnota fyrir ráðherra vegna einstakra ferða eða verkefna.

Fjármögnun og rekstur þessarra bifreiða greiðist af fjármálaráðuneyti.

4. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 10. gr. reglugerðar nr. 580 4. desember 1991 um bifreiðamál ríkisins og öðlast þegar gildi.

818. Fyrirspurn [482. mál]

til félagsmálaráðherra um sjúkrasjóði verkalýðsfélaga.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða stéttarfélög hafa samið um sjúkrasjóði fyrir félagsmenn sína:
   a. stéttarfélög á almennum vinnumarkaði,
   b. félög opinberra starfsmanna?
2. Hvað verja stéttarfélög stórum hluta sjúkrasjóða sinna til að greiða niður ferðakostnað sjúklinga innan lands, skipt eftir kjördæmum?
3. Eru réttindi launþega í sjúkrasjóðum stéttarfélaga mismunandi eftir kjördæmum?

819. Frumvarp til laga [483. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Hjálmar Jónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan minningarreit í kirkjugarði vegna horfins manns sem úrskurðaður hefur verið látinn og nýtur sá reitur sömu friðhelgi og grafreitur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði er heimilar minningarreit í kirkjugarði vegna látins manns þegar lík hans finnst ekki eða næst ekki. Er lagt til með frumvarpi þessu að úr því verði bætt.

820. Tillaga til þingsályktunar [484. mál]

um rannsókn á refsingum við afbrotum.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum. Rannsóknin taki til eftirfarandi brotaflokka:

a. líkamsárása og annarra brota sem tengd eru að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi,
b. kynferðisbrota,
c. fíkniefnabrota.

Með rannsókninni skulu könnuð þau viðurlög sem dæmd hafa verið við þessum brotum og hvernig þau hafa þróast á undanförnum árum og áratugum. Skal rannsóknin einkum miða að því að leiða í ljós hvort unnt sé að sýna fram á að refsingar við fyrrgreindum brotum hafi þyngst eða séu nú vægari en áður. Rannsókn þessi skal taka til dóma Hæstaréttar og óáfrýjaðra héraðsdóma að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að mat verði lagt á viðurlög við þessum afbrotum og þróun þeirra.

Eftir því sem unnt er skal rannsóknin framkvæmd þannig að til verði gagnagrunnur sem síðar væri hægt að bæta við upplýsingum og nota til frekari rannsókna.

Greinargerð.

Um nokkra hríð hefur í þjóðfélaginu staðið umræða um refsingar og refsiákvarðanir dómstóla. Komið hefur fram það sjónarmið meðal annars að dómstólar ákvarði of vægar refsingar í sumum brotaflokkum. Á það ekki síst við um gróf líkamsárásir, kynferðisbrot og fíkniefnabrot. Því hefur einnig verið haldið fram að refsingar fyrir alvarlegar líkamsárásir og kynferðisbrot séu of vægar með hliðsjón af refsingum við öðrum brotum og hafa auðgunarbrot sérstaklega verið nefnd í því sambandi.

Til að mat verði lagt á þá gagnrýni sem hér hefur verið rakin er nauðsynlegt að kanna viðurlög við afbrotum með samanburði og rannsóknum á refsingum eftir brotaflokkum og innan þeirra, auk þess sem þróun viðurlaga verði metin eftir því sem unnt er. Slíkar rannsóknir og upplýsingar um sakamál og meðferð þeirra eru nauðsynlegar fyrir faglega umræðu um þessi málefni og mótun refsistefnu við lagasetningu og endurskoðun refsilaga.

Víða hjá stjórnvöldum eru skráðar upplýsingar um meðferð sakamála og afgreiðslu þeirra. Þannig má nefna að ríkislögreglustjóri heldur skrár um afbrot og rannsókn sakamála. Einnig færir ríkissaksóknari skrá um þau mál sem hann hefur til meðferðar, auk þess sem hann heldur sakaskrá. Þá er haldin skrá hjá Fangelsismálastofnun ríkisins um ýmis atriði sem lúta að fullnustu refsivistardóma. Hins vegar er það mat allsherjarnefndar að nokkuð skorti á að viðhlítandi tölfræðiupplýsingar um sakamál séu aðgengilegar. Í þeim efnum er mikilvægt að stjórnvöld kanni hvort ekki sé ástæða til að samræma skráningu upplýsinga um sakamál hjá hinum ýmsu embættum. Einnig er nauðsynlegt að hafin verði skráning tölfræðiupplýsinga á þessu sviði og má í þeim efnum hafa hliðsjón af framkvæmd slíkrar skráningar annars staðar á Norðurlöndum.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við tilteknum afbrotum, nánar tiltekið líkamsárásum og öðrum brotum þar sem ofbeldi er verulegur þáttur, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum. Í fjárlögum fyrir árið 1998 er að finna 2,4 millj. kr. fjárveitingu til dómsmálaráðuneytisins til slíkrar athugunar og er rannsóknin afmörkuð með hliðsjón af þeirri fjárveitingu. Í kjölfar hennar er hins vegar ástæða til að kanna önnur atriði nánar, svo sem viðurlög við öðrum brotaflokkum. Einnig væri ástæða til að kanna hvernig staðið er að refsifullnustu í framkvæmd og hvort auka megi varnaðaráhrif refsinga eftir því hvernig staðið er að fullnustu refsivistar innan fangelsa og utan þeirra með úrræðum eins og samfélagsþjónustu. Þá væri forvitnilegt að gera samanburð við önnur Norðurlönd á lögmæltum refsimörkum og framkvæmd í framangreindum brotaflokkum og brotategundum. Til að stuðla að fekari rannsóknum á refsingum við afbrotum og fullnustu þeirra er sérstaklega tekið fram í tillögunni að rannsóknin skuli eftir því sem unnt er framkvæmd þannig að til verði gagnagrunnur sem síðar mætti bæta við upplýsingum og nota til frekari rannsókna. Einnig gæti slíkur gagnagrunnur orðið liður í kerfisbundinni skráningu tölfræðiupplýsinga um sakamál.

Í tillögunni er markmið rannsóknar á ákvörðun viðurlaga tilgreint með því að taka fram að rannsóknin skuli miða að því að leiða í ljós hvort unnt sé að mæla hvort refsingar við tilgreindum brotum hafi þyngst eða séu nú vægari en áður. Hins vegar er því ekki lýst í einstökum atriðum hvernig staðið verði að rannsókninni og látið við það eitt sitja að taka fram að hún skuli taka til dóma Hæstaréttar og óáfrýjaðra héraðsdóma, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er. Þykir nefndinni réttara að sá sem fenginn verður til að gera rannsóknina meti á grundvelli faglegra sjónarmiða hvernig að henni verði staðið þannig að niðurstöður verði sem áreiðanlegastar.

821. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um dómstóla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara og formann réttarfarsnefndar, Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneyti, Allan Vagn Magnússon héraðsdómara og Valtý Sigurðsson héraðsdómara, dómarafulltrúana Arnfríði Einarsdóttur, Höllu Backmann Ólafsdóttur, Inga Tryggvason og Júlíus Georgsson, frá Dómarafélagi Íslands Garðar Gíslason formann og Helga I. Jónsson varaformann og frá Sýslumannafélagi Íslands Georg Lárusson formann og Ólaf K. Ólafsson varaformann. Þá komu á fund nefndarinnar Friðgeir Björnsson dómstjóri, Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari, Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, Kristján Torfason dómstjóri og Ólöf Pétursdóttir dómstjóri. Nefndinni hafa borist umsagnir um málið frá réttarfarsnefnd, Sýslumannafélagi Íslands, héraðsdómi Norðurlands eystra, héraðsdómi Austurlands, ríkislögreglustjóra, sýslumanninum á Eskifirði, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sýslumanninum í Bolungarvík, héraðsdómi Vesturlands, lögreglustjóranum í Reykjavík, héraðsdómi Reykjavíkur, Lögmannafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, dómarafulltrúum, Valtý Sigurðssyni héraðsdómara, héraðsdómi Norðurlands vestra, héraðsdómi Suðurlands, Hæstarétti Íslands, Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara, héraðsdómi Reykjaness, Kjaradómi, Hirti Torfasyni hæstaréttardómara og Hrafni Bragasyni hæstaréttardómara.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað núgildandi reglna um dómstóla og dómendur, en þær er annars vegar að finna í lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, og hins vegar í I. kafla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Má segja að frumvarpið sé síðasti áfanginn í endurskoðun réttarfarslaga sem hófst á árinu 1987.

Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna, en hingað til hafa ekki verið í gildi dómstólalög hérlendis sem hafa að geyma samfelldar reglur um skipan dómstóla í héraði og á áfrýjunarstigi, skilyrði fyrir veitingu dómaraembætta, réttindi og skyldur dómenda og önnur atriði sem snerta dómstóla. Ein af meginbreytingum frumvarpsins er sú að innri stjórnsýsla héraðsdómstólanna, að því leyti sem hún á ekki undir forstöðumenn þeirra sjálfra, er að verulegu leyti falin sérstakri stjórnarnefnd sem nefnist dómstólaráð. Nær valdsvið ráðsins ekki til Hæstaréttar. Önnur meginbreyting frumvarpsins er sú að lagt er til að sett verði á stofn óháð nefnd um dómarastörf og nær valdsvið hennar bæði til Hæstaréttar og héraðsdómstóla. Nefndinni er m.a. ætlað að setja almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Henni er einnig ætlað að taka við og leysa úr kvörtunum sem berast frá hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á sinn hlut við rækslu dóm-

starfa. Þá er í frumvarpinu lagt til að stöður dómarafulltrúa verði lagðar niður í núverandi mynd en í staðinn teknar upp stöður löglærðra aðstoðarmanna dómara. Einnig er það nýmæli í frumvarpinu að héraðsdómarar verða ekki skipaðir til starfa við ákveðinn dómstól, heldur í embætti héraðsdómara, og gætu þeir á grundvelli þeirrar skipunar starfað við hvaða héraðsdómstól sem er. Þannig ætti að verða auðveldara að breyta starfsvettvangi dómara í styttri eða lengri tíma og er með þessu stefnt að aukinni skilvirkni. Þessi regla á þó ekki við um héraðsdómara sem skipaðir eru í embætti við gildistöku laga þessara.

Málið hefur verið rætt ítarlega í nefndinni og var m.a. fjallað sérstaklega um ákvæði 20. gr. um að ekki sé skylt að setja annan í embætti héraðsdómara sem hefur forföll eða er veitt leyfi, heldur fjalli dómstólaráð um málið, en ráðherra getur einnig sett dómara í stöðuna að eigin frumkvæði. Telur allsherjarnefnd ekki ástæðu til að breyta ákvæðinu, enda er það í samræmi við þá venju sem skapast hefur hjá ríkisstofnunum, að ekki er bætt við starfsfólki vegna forfalla og leyfa nema annir krefjist þess. Nefndin fjallaði nokkuð um ákvæði 26. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að dómara sé óheimilt að taka að sér aukastörf eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á því að hann geti ekki sinnt embættisstörfum sínum sem skyldi. Þá segir í ákvæðinu að nefnd um dómarastörf setji almennar reglur um hvers konar aukastörf og eign á hlut í félögum og atvinnufyrirtækjum geti samrýmst embættisstörfum dómara. Einnig getur nefnd um dómarastörf með rökstuddri ákvörðun meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í fyrirtæki og ber dómara að hlíta banni nefndarinnar. Komu fram ábendingar um það að óæskilegt væri að dómarar sætu í nefndum á vegum stjórnsýslunnar, einkum úrskurðar- og kærunefndum. Tekur nefndin undir þetta sjónarmið. Nefndin ítrekar einnig að nefnd um dómarastörf er ætlað að setja nánari reglur um aukastörf dómara og verður þar væntanlega annars vegar um að ræða heildstætt yfirlit eða skrá yfir störf sem dómarar geta sinnt meðfram dómarastarfi án þess að upp komi efasemdir um hæfi hans og hins vegar yfirlit yfir þau störf sem dómarar ekki geta sinnt. Í umræðum um ákvæðið komu einnig fram þau sjónarmið að eðlilegt væri að takmarka heimildir dómara til þátttöku í félagastarfsemi sem leynd hvílir yfir þar sem slíkt gæti leitt til vanhæfis á sama hátt og aukastörf dómara. Þykir meiri hluta nefndarinnar ekki ástæða til að leggja til breytingar á ákvæðinu hvað þetta varðar en bendir á að almennar vanhæfisreglur laga um meðferð einkamála ná yfir þetta svið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til smávægilegar breytingar á 2. gr. frumvarpsins til leiðréttingar á heitum þeirra sveitarfélaga sem þar eru talin upp. Þá er einnig lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr.
2. Lagt er til að bætt verði við 6. gr. ákvæði þess efnis að skrifstofustjóri Hæstaréttar sé skipaður til fimm ára í senn. Breyting þessi er gerð í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og breytingar sem gerðar hafa verið á sérlögum í kjölfar setningar starfsmannalaganna.
3. Lögð er til breyting á 13. gr. sem lýtur að fjölgun í dómstólaráði úr þremur nefndarmönnum í fimm. Leggur nefndin til að í dómstólaráði eigi sæti fimm menn skipaðir af dómsmálaráðherra. Skulu tveir þeirra vera kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir vera kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstóla úr þeirra hópi, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Þykir nefndinni æskilegt að dómarar og dómstjórar sem sæti eiga í dómstólaráði komi frá dómstólum bæði af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Vegna breytinga sem lagðar eru til á 13. gr. þarf að breyta 38. gr. til samræmis.

Einnig er lögð til sú breyting á 13. gr. að það verði Kjaradómur en ekki dómsmálaráðherra sem ákveði þóknun fyrir setu í dómstólaráði.

4. Nefndin leggur til breytingu á skipan nefndar um dómarastörf sem kveðið er á um í 2. mgr. 23. gr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einn nefndarmaður sé skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands en hina tvo skipi ráðherra án tilnefningar, þar af annan sem formann nefndarinnar. Leggur nefndin til að ráðherra skipi aðeins einn nefndarmann án tilnefningar, og verði hann áfram formaður nefndarinnar, en að þriðji nefndarmaðurinn verði tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands.

   Á 23. gr. er lögð til breyting þess efnis að Kjaradómur ákveði þóknun fyrir setu í nefnd um dómarastörf í stað dómsmálaráðherra. Um er að ræða sambærilega breytingu og lögð er til á 13. gr.

5. Í 25. gr. frumvarpsins er leitast við að telja tæmdandi upp þau atriði sem dómarar geta fengið sérstaka greiðslu fyrir, önnur en föst laun og yfirvinnu. Nefndin bendir á að það leiðir af ákvæðum 6. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, að Kjaradómi beri að úrskurða hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Einnig ber Kjaradómi að hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum. Ekki er ástæða né venja til að setja Kjaradómi sérstakar vinnureglur að þessu leyti í sérlögum um einstakar stéttir embættismanna. Þá telur nefndin að ákvæði 3. mgr. 25. gr. hafi ekki sjálfstæða merkingu. Nefndin leggur því til að í 25. gr. verði eingöngu kveðið á um að Kjaradómur ákveði laun dómara fyrir embættisstörf þeirra. Fer hann þá eftir þeim lögum sem um Kjaradóm gilda.

6. Þá eru lagðar til breytingar á 32. gr. en þar er kveðið á um að frestur til að höfða mál um bótakröfu vegna embættisstarfa dómara sé sex mánuðir frá þeim tíma sem tilefni til bótaskyldu mátti vera orðið ljóst. Þykir allsherjarnefnd sex mánaða fyrningarfrestur of stuttur og leggur til að ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. verði fellt brott og ákvæði 3. mgr. breytt þannig að almennar reglur gildi um meðferð mála samkvæmt ákvæðinu. Þannig gildir þá almennur fyrningarfrestur um bótakröfur vegna embættisstarfa dómara, en hann er tíu ár.

7. Nefndin ræddi sérstaklega um ákvæði 17. gr. frumvarpsins, en þar er kveðið á um að til héraðsdómstóla megi ráða löglærða aðstoðarmenn dómara og er gert ráð fyrir að störf af þessu tagi komi í stað núverandi starfa dómarafulltrúa. Dómarafulltrúar hafa framkvæmt dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns viðkomandi héraðsdómstóls, en breyting varð á stöðu þeirra eftir dóm Hæstaréttar vorið 1995 þar sem talið var að meðferð dómarafulltrúa á mikilvægum dómsmálum væri brot á mannréttindasáttmála Evrópu. Var lögum breytt í kjölfar dómsins þannig að dómarafulltrúar mega ekki fara með og leysa úr deiluefni í einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi og mega þeir ekki fara með opinber mál frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Í ljósi þessa telur nefndin rétt að stöður dómarafulltrúa verði lagðar niður. Ljóst er að löglærðir aðstoðarmenn dómara koma ekki í stað dómarafulltrúa, enda munu þeir ekki fara með dómsvald og því ekki geta sinnt t.d. þingfestingum eða fyrirtökum að óbreyttum réttarfarslögum. Hafa nefndinni borist ábendingar frá dómurum um að þetta muni auka mjög á störf þeirra án þess að gert sé ráð fyrir fjölgun dómara og hafa héraðsdómstólar á landsbyggðinni bent á að erfitt verði fyrir einn dómara að komast yfir allar dómsathafnir í umdæminu. Í því sambandi má þó vekja athygli á ákvæði síðari málsgreinar 2. gr. þar sem fram kemur sú meginregla að umdæmi hvers héraðsdómstóls skuli vera ein þinghá, en dómsmálaráðherra megi þó víkja frá því með reglugerð að fengnum meðmælum viðkomandi dómstóls og dómstólaráðs. Því leggur nefndin til breytingu á 41. gr. frumvarpsins, ákvæði til bráðabirgða. Þar er kveðið á um að þeir sem eru í starfi dómarafulltrúa við gildistöku

laga þessara skuli eiga kost á starfi aðstoðarmanna dómara. Leggur nefndin til að við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða að úr röðum þeirra sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku laganna, gegndu sama starfi 1. júní 1995 og fullnægðu á þeim tíma skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara verði settir allt að fjórir héraðsdómarar umfram þann fjölda sem kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr. Verði þessarar heimildar neytt skal þeim sem fullnægja framangreindum skilyrðum gefinn kostur á því að sækja um setningu í dómaraembætti. Við veitingu embættis skal gætt ákvæða 2. og 4. mgr. 12. gr. Sá sem settur er í dómaraembætti samkvæmt þessari heimild nýtur í hvívetna sömu stöðu og sá sem skipaður hefur verið héraðsdómari eftir ákvæðum þessara laga, að öðru leyti en því að setning hans rennur sjálfkrafa út 30. júní 2001. Losni fyrir þann tíma sæti einhvers þess sem hefur verið settur dómari samkvæmt þessari heimild verður ekki annar settur í embættið til loka tímabilsins. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um þá sem gegna dómaraembætti til loka setningartíma að þeim tíma liðnum. Loks leggur nefndin til breytingu á síðari málsgrein 41. gr., sem verður 3. mgr., til samræmis við breytingu þá sem lögð er til á greininni.

Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Guðrún Helgadóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Alþingi, 10. febr. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.
Hjálmar Jónsson.	Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.

822. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um dómstóla.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
      1. Orðið „Skógarstrandarhreppur“ í 2. tölul. falli brott.
      2. Í stað orðsins „Dalvíkurhreppur“ í 5. tölul. komi: Dalvíkurkaupstaður.
      3. Í stað orðanna „Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur“ og „Tunguhreppur“ í 6. tölul. komi: Hlíðar-, Jökuldals- og Tunguhreppur.
      4. Í stað orðsins „Selfossbær“ í 7. tölul. komi: Selfosskaupstaður.
      5. Í stað orðsins „Kópavogskaupstaður“ í 8. tölul. komi: Kópavogsbær.
   b. Í stað orðanna „fengnum meðmælum“ í 2. mgr. komi: fenginni umsögn.

2. Við 6. gr. Á eftir orðunum „skipar dómstólnum skrifstofustjóra“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: til fimm ára í senn.
3. Við 12. gr. Á eftir orðunum „verið alþingismaður“ í 7. tölul. 2. mgr. komi: eða.
4. Við 13. gr.
   a. 1.–3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem dómsmálaráðherra skipar. Tveir þeirra skulu kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstóla úr þeirra hópi, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Skipunartími í dómstólaráð er fimm ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár.
   b. Í stað orðanna „þriggja manna“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: fimm manna.
   c. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Láti héraðsdómari eða dómstjóri, sem sæti á í dómstólaráði, af embætti eða starfi dómstjóra áður en skipunartími hans er á enda eða fái hann lausn frá setu í ráðinu skal annar kjörinn og skipaður í hans stað til loka skipunartímans.
   d. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 4. mgr. komi: Kjaradómur.
5. Við 23. gr.
   a. Í stað 2. málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og einn skipar ráðherra án tilnefningar. Skal sá síðastnefndi vera formaður nefndarinnar og fullnægja skilyrðum til að verða skipaður í embætti hæstaréttardómara.
   b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í síðari málslið 4. mgr. komi: Kjaradómur.
6. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Kjaradómur ákveður laun dómara fyrir embættisstörf þeirra.
7. Við 32. gr.
   a. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
   b. 3. mgr. orðist svo:
   Við rekstur mála samkvæmt framangreindu skal fara eftir almennum reglum.
8. Við 38. gr.
   a. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Þegar skipað er í fyrsta sinn í dómstólaráð skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára.
   b. 4. mgr. orðist svo:
   Þegar skipað er í fyrsta sinn í nefnd um dómarastörf skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til tveggja ára, annar aðalmaður ásamt varamanni til fjögurra ára, en þriðji aðalmaðurinn og varamaðurinn til sex ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.
9. Við 41. gr.
   a. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að úr röðum þeirra sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku þessara laga, gegndu sama starfi 1. júní 1995 og fullnægðu á þeim tíma skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara verði settir allt að fjórir héraðsdómarar umfram þann fjölda dómara sem um ræðir í 1. mgr. 12. gr. Verði þessarar heimildar neytt skal þeim sem fullnægja framangreindum skilyrðum gefinn kostur á að sækja um setningu í dómaraembætti. Við veitingu embættis skal gætt ákvæða 2. og 4. mgr. 12. gr. Sá sem settur er í dómaraembætti samkvæmt þessari

heimild nýtur í hvarvetna sömu stöðu og sá sem skipaður hefur verið héraðsdómari eftir ákvæðum þessara laga, að öðru leyti en því að setningin rennur sjálfkrafa út 30. júní 2001. Losni fyrir þann tíma sæti einhvers þess sem hefur verið settur dómari samkvæmt þessari heimild verður ekki annar settur í embættið til loka tímabilsins. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um þá sem gegna dómaraembætti til loka setningartíma að þeim tíma liðnum.

b. Á eftir orðunum „heimildar skv. 1. mgr.“ í 2. mgr. komi: né verða settir dómarar skv. 2. mgr.

823. Skýrsla [19. mál]

umhverfisráðherra um mengun frá fiskimjölsverksmiðjum, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Á þskj. 19 óska þingmenn Alþýðubandalagsins og óháðra, Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson og Ögmundur Jónasson, eftir því að umhverfisráðherra flytji Alþingi skýrslu um mengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

Samkvæmt mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, er veiting starfsleyfa til fiskimjölsverksmiðja og eftirlit með þeim á vegum Hollustuverndar ríkisins.

Rekstur fiskimjölsverksmiðja á Íslandi hefur verið háður miklum sveiflum, meiri en í flestum öðrum greinum sjávarútvegs. Á sjöunda áratugnum átti sér stað mikil uppbygging í þessum iðnaði. Verksmiðjum fjölgaði og mikil aukning varð á afköstum.

Á þeim tíma voru umhverfismál vart á dagskrá í sama skilningi og nú. Engin fiskimjölsverksmiðja var þá með búnaði til þess að draga úr eða eyða lykt. Að því er frárennsli varðaði var soð aðeins nýtt að hluta. Fyrstu soðeimingartækin voru sett upp í landinu í lok sjötta áratugarins. Fyrir þann tíma var soð ekki nýtt heldur var því veitt til sjávar. Eftir þetta hófst nýting á soði í verksmiðjunum, en langur tími leið þar til allar verksmiðjur tóku að nýta soðið að fullu. Hvatinn að nýtingu soðs í verksmiðjunum var upphaflega ekki vegna umhverfismála heldur fjárhagslegs eðlis, til að auka mjölnýtingu verksmiðjanna. Gera má ráð fyrir að úr soði fáist nú um 25% af mjöli verksmiðjanna við vinnslu á þokkalegri loðnu. Sé um lélegt hráefni að ræða getur þetta hlutfall orðið mun hærra.

Eftir hrun síldarstofnanna voru flestar verksmiðjurnar verkefnalitlar og gætti þá mikillar varúðar og jafnvel ótta við teljandi fjárfestingar og framkvæmdir. Þessa varð vart allt fram á þennan áratug. Fjárhagsleg afkoma var einnig slakari en nú. Þetta hafði áhrif á viðhald, endurnýjun og þróun verksmiðjanna.

Verksmiðjunum hefur fækkað síðustu árin. Árið 1985 voru þær 43, 36 árið 1993 og nú eru þær 27. Þrátt fyrir þetta hafa heildarafköst verksmiðjanna aukist en sú aukning hefur einkum átt sér stað síðustu fimm árin. Fyrir tíu árum var aðeins ein verksmiðja á Íslandi búin sæmilegum tækjakosti til lykteyðingar. Nú er mikill meiri hluti af afkastagetu verksmiðjanna með viðunandi mengunarvarnabúnaði. Þessi árangur hefur að mestu leyti náðst á síðustu fimm árum. Eins og fram kemur í 2. kafla skýrslunnar voru nær allar verksmiðjur á Íslandi búnar beinum eldþurrkurum, en til þess að unnt sé að brenna útblæstrinum verður að taka gufu- eða heitloftsþurrkara í notkun í þeirra stað. Um er að ræða umfangsmiklar og dýrar framkvæmdir

og tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma að bæta úr þessu. Úr gufu- og heitloftsþurrkurum fæst hins vegar betra og verðmætara mjöl ef um framleiðslu úr góðu hráefni er að ræða. Þarna er því ekki einungis um kostnað við mengunarvarnir að ræða heldur verða verksmiðjurnar einnig færar um að framleiða verðmætari afurðir. Í þessu sambandi skal tekið skýrt fram að tækni til algjörrar lykteyðingar á útblæstri frá fiskimjölsverksmiðjum er ekki fyrir hendi, a.m.k. ekki með viðráðanlegum kostnaði. Fullkomnasti lykteyðingarbúnaður sem nú er völ á breytir ástandinu hins vegar mjög til batnaðar. Við vinnslu á lélegu hráefni gætir ólyktar þrátt fyrir fullkomnasta mengunarvarnabúnað. Eins og getið er um í 2. kafla stafar lykt frá verksmiðjunum af lyktarefnum sem myndast í fiskinum við geymslu. Af þessu leiðir að lykt frá útblæstrinum verður því meiri og verri sem hráefnið er geymt lengur. Ferskleiki hráefnisins er þannig grundvallaratriði í þessu sambandi.

Stærsta og erfiðasta vandamálið við mengun frá fiskimjölsverksmiðjum stafar af því lélega hráefni sem unnið er á sumarvertíð. Þetta á ekki einungis við um lykt heldur einnig um vökvamyndun í hráefni. Aukin vökvamyndun veldur því að mikið álag verður á vökvahluta vinnslukerfisins. Við slíkar aðstæður dregur mjög úr afköstum verksmiðjanna og aukin hætta er á að vökvi fari til spillis.

Til þess að bæta úr þessu verður ekki hjá því komist að grípa til aðgerða til þess að bæta gæði hráefnisins, þ.e. ferskleika þess. Ekki er nægilegt að grípa eingöngu til aðgerða í verksmiðjunum heldur verður einnig að bæta meðferð bræðslufisksins um borð í veiðiskipunum. Helst kemur til greina að kæla hráefnið þegar í skipunum. Nokkur nótaveiðiskip eru búin kælitönkum, en nokkrir erfiðleikar virðast vera á notkun þeirra á sumarloðnu. Helst kemur til greina að ísa hráefnið um borð í skipunum. Ljóst er þó að ýmis vandamál geta komið upp við ísun afla um borð í nótaveiðiskipum.

Í þessu sambandi mætti einnig vekja athygli á því að forráðamenn verksmiðja kvarta mjög undan miklu saltinnihaldi í mjöli á sumarvertíð. Ástæða þessa getur aðeins verið ein, þ.e. að sjór sé ekki skilinn nægilega vel frá loðnunni áður en hún fer í lestar skipanna. Mikill sjór í loðnu getur dregið úr geymsluþolinu og þannig ferskleika hráefnisins, sem aftur veldur aukinni lyktarmengun við vinnslu. Auk þessa veldur sjórinn auknu álagi á vökvakerfi verksmiðjanna og setur vinnslujafnvægið úr skorðum. Gera verður ráðstafanir til þess að bæta úr þessu en það verður aðeins gert með því að bæta síun á sjó frá loðnunni um borð í skipunum.

Ef mikið aflast takmarkast aflamagnið í raun ekki af afkastagetu veiðiskipanna heldur verksmiðjanna. Afköst verksmiðjanna eru hins vegar mjög háð ferskleika hráefnisins sem unnið er úr. Sé mikið gengið á geymsluþolið dregur verulega úr afköstunum.

Við framleiðsu á bræðsluafurðum gildir það sama og um flestar greinar fiskvinnslu, þ.e. að gæði afurða geta ekki orðið meiri en sem nemur gæðum hráefnisins sem unnið er úr. Bætt hráefnismeðferð bæði á sjó og í landi, einkum á sumarloðnu, mundi þannig ekki aðeins draga úr mengun heldur einnig stuðla að auknum gæðum hráefnisins, betri afköstum verksmiðjanna og meiri verðmætasköpun. Einnig þarf að kanna hvort unnt sé að skipuleggja sumarveiðar og samræma veiðar og vinnslu betur.

Margar fiskimjölsverksmiðjur eru illa staðsettar með tilliti til íbúðabyggðar. Þetta má að hluta rekja til þess að flestar verksmiðjanna hófu starfsemi fyrir mörgum áratugum, en þá voru umhverfismál vart á dagskrá. Einnig hefur sums staðar verið byggt í nágrenni verksmiðjanna eftir að þær hófu starfsemi. Hafa verður og í huga að verksmiðjur sem taka við bræðslufiski verða að vera við höfn og helst við hafnarbakka.

Oft er spurt um rafvæðingu fiskimjölsverksmiðjanna. Verksmiðjurnar nota mikla orku en yfirleitt í takmarkaðan tíma á ári og þá eru flestar eða jafnvel allar verksmiðjurnar starfandi samtímis. Núverandi dreifikerfi raforku annar flutningi slíkrar orku aðeins að hluta. Eins og

framkemur annars staðar í skýrslunni, byggist lykteyðingarbúnaður verksmiðjanna á brennslu útblástursins. Ekki er um að ræða að olíu sé brennt eingöngu til lykteyðingar, þá mundi olíukostnaður verksmiðjanna stóraukast. Útblásturinn er brenndur í eldhólfum katla og þurrkara. Olíunotkun eykst nánast ekkert við slíka lykteyðingu. Við algjöra rafvæðingu verksmiðjanna er ekki unnt að eyða eða draga úr lykt með brennslu. Þá verður að grípa til efnahreinsiturna, en eins og fram kemur í 2. kafla getur notkun þeirra verið nokkrum annmörkum háð. Gert er ráð fyrir að um 6% af útblæstri koldíoxíðs á Íslandi komi frá fiskimjölsverksmiðjum. Ef að því kemur að umhverfisvæn brennsluefni, t.d. vetni, verða tekin í notkun yrði þessi vandi úr sögunni.

Í skýrslubeiðninni er í tíu töluliðum óskað eftir nánari upplýsingum. Umfjöllun um þá fer hér á eftir. Fjallað verður um 1. og 10. lið saman þar sem að hluta er um sama efni að ræða.

1. Starfandi fiskimjölsverksmiðjur, starfsleyfi þeirra og ástand umhverfismála.

Afköst verksmiðja eru miðuð við vinnslu af hráefni á sólarhring. Afköst verksmiðju geta verið mjög breytileg eftir því hvernig hráefni er unnið en miðað er hér við meðalafköst. Með B-leyfi er átt við bráðabirgðaleyfi.

Hér verður greint frá hvernig staða mála í verksmiðjunum er samkvæmt ákvæðum starfsleyfa. Reynslan er þó sú að oft verður ekki hjá því komist að breyta ákvæðum leyfanna og veita lengri fresti. Margar ástæður geta valdið því að óhjákvæmilegt sé að breyta frestum. Síðustu árin hafa staðið yfir miklar framkvæmdir og breytingar á verksmiðjunum. Verði framhald á því verður þess ekki langt að bíða að fiskimjölsverksmiðjurnar verði búnar fullkomnasta mengunarvarnabúnaði sem völ er á.

Verksmiðja	**Starfsleyfi**	**Gildistími**

Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum *1997 B-leyfi* *Þrír mánuðir*
Afköst: 1.000 tonn.
Í verksmiðjunni eru gufuþurrkarar og lykteyðingarbúnaður.
Eimarar og fitugildrur eru í notkun.
Verksmiðjunni var veitt leyfi til fjögurra ára sem nýlega féll úr gildi. Frestur til kynningar á nýju leyfi er ekki útrunninn og var því gefið út B-leyfi sem gildir þar til vinnslu nýs starfsleyfis er lokið. Hollustuvernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við búnað verksmiðjunnar.

Ísfélag Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 650 tonn.
Beinir eldþurrkarar, ekki lykteyðingarbúnaður.
Eimarar eru fyrir hendi, en ekki fitugildrur.
Framkvæmdir við verksmiðjuna standa yfir. Settir verða upp heitloftsþurrkarar og útblástur brenndur. Þá verður fitugildra með loftfleytingu tekin í notkun.
Afköst verksmiðjunnar verða jafnframt aukin í 1.200 tonn.
Samkvæmt starfsleyfi á framkvæmdum þessum að ljúka eigi síðar en 15. október nk.
Undanfarin ár hefur verksmiðjan ekki haft heimild til framleiðslu frá 15. apríl til 15. október og verður svo þar til ákvæðum um mengunarvarnir í starfsleyfi hefur verið fullnægt.

Hafnarmjöl hf., Þorlákshöfn *1996* *Fjögur ár*
Afköst: 600 tonn.
Í verksmiðjunni eru gufuþurrkarar og lykteyðingarbúnaður.

Eimarar og fitugildra eru viðunandi.
Verksmiðja þessi hóf rekstur um áramót 1996–97. Verulegra byrjunarerfiðleika gætti en svo virðist sem tekist hafi að leysa þau vandamál.

Fiskimjöl og Lýsi hf., Grindavík *1998* *Til 31. desember 1998*
Afköst: 900 tonn.
Í verksmiðjunni eru gufu- og heitloftsþurrkarar. Útblástur er brenndur. Verulegir hnökrar hafa verið á lykteyðingarbúnaðinum og var vinnsla stöðvuð tímabundið sl. sumar af þeim orsökum. Nú er unnið að breytingum á lykteyðingarbúnaðinum og er hluta þeirra þegar lokið. Breytingum á að ljúka að fullu fyrir 30. apríl 1998.
Eimarar hafa nýlega verið endurnýjaðir. Fitugildra er fyrir hendi.

Snæfell hf., Sandgerði *1998* *Fjögur ár*
Afköst: 300 tonn.
Verksmiðja þessi hefur notað beina eldþurrkara og ekki haft lykteyðingarbúnað. Framkvæmdir standa yfir við verksmiðjuna og eru á lokastigi.
Verið er að setja upp gufuþurrkara í stað eldþurrkara og verður útblástur brenndur.
Eimarar verða endurnýjaðir og fitugildru komið upp.
Gert er ráð fyrir að afköst verksmiðjunnar verði aukin í 600 tonn síðar á árinu 1998.

SR-Mjöl hf., Reykjanesbæ *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 1.000 tonn.
Heitloftsþurrkarar með brennslu á útblæstri.
Viðunandi eimarar. Fitugildrur.

Faxamjöl, Reykjavík *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 520 tonn.
Heitloftsþurrkarar, brennsla.
Eimarar, fitugildrur.
Í starfsleyfinu eru ákvæði um endurskoðun innan tveggja ára.

Haraldur Böðvarsson, Akranesi *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 1.000 tonn.
Verksmiðja þessi var endurnýjuð að verulegu leyti og afköst aukin úr 500 í 1.000 tonn. Framkvæmdum lauk að mestu í janúar 1997.
Góður mengunarvarnabúnaður er fyrir hendi, en talsverðir byrjunarerfiðleikar komu fram.
Hluti af tækjakosti verksmiðjunnar var af nýrri gerð.
Miklar breytingar og endurbætur hafa verið gerðar á mengunarvarnabúnaði og tækjakosti verksmiðjunnar eftir að hún hóf vinnslu með nýjum búnaði. Þessar breytingar eru til mikilla bóta og er þess vænst að viðunandi lausn hafi fengist.

Fiskur og mjöl hf., Patreksfirði[1] *1997 B-leyfi* *Þrír mánuðir*
Afköst: 100–200 tonn.

Rauðfeldur, Bíldudal[1] *1997 B-leyfi* *Þrír mánuðir*
Afköst: 30 tonn.

Rauðsíða, Þingeyri[1] *1997 B-leyfi* *Þrír mánuðir*
Afköst: 80 tonn.

Mjölvinnslan hf., Hnífsdal[1] *1994* *Fjögur ár*
Afköst: 120 tonn.
Verksmiðja þessi hefur ekki tækjakost til vinnslu á feitfiski. Vinnsla er einungis fólgin í þurrkun, mölun og sekkjun á úrgangi frá fiskvinnslu.

Gná, Bolungarvík *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 850 tonn.
Afköst verksmiðju þessarar hafa verið aukin úr 400 tonnum og mikið af tækjakosti endurnýjaður. Gufuþurrkari með undirþrýstingi hefur verið tekinn í notkun. Þurrkaragerð þessi er ný af nálinni og er þessi sá fyrsti sem tekinn er í notkun á Íslandi.
Ástand verksmiðjunnar hefur breyst mjög til batnaðar.
Lykteyðingarbúnaður er í lagi.
Eimarakostur er góður. Fitugildrur verða settar upp fyrir næstu sumarvertíð.

Mjölverksmiðjan hf., Hvammstanga *1980* *Ótímasett*
Afköst: 30 tonn.
Verksmiðja þessi vinnur eingöngu rækju.
Kæling og þvottur á útblæstri.

SR-Mjöl hf., Siglufirði *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 1.400 tonn.
Beinir eldþurrkarar. Lykteyðing er með kæli- og þvottaturni.
Eimarakostur er góður. Fitugildrur eru innbyggðar í vökvakerfið. Verið er að setja upp nýjar gildrur með loftfleytingu.
Skipt verður um þurrkara og settir upp þurrkarar sem unnt er að brenna útblæstri frá.
Frestur til þess í starfsleyfi er til 1. júlí 1998.

Krossanes hf., Ólafsfirði *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 150 tonn.
Gufuþurrkarar og brennsla á útblæstri.
Eimaraafköst viðunandi. Verið er að setja upp fitugildrur.

---

[1] Síðastöldu verksmiðjurnar fjórar hafa litlar mengunarvarnir. Fiskur og mjöl hf. hefur kæli- og þvottaturn fyrir útblástur. Verksmiðjur þessar vinna ekki bræðslufisk heldur eingöngu úrgang frá fiskvinnslu.

Fiskvinnsla hefur verið lítil á Patreksfirði, Bíldudal og Þingeyri og því lítil og stundum engin vinnsla í verksmiðjunum þar. Starfsleyfi eru veitt rekstraraðila hverju sinni en á því hefur orðið breyting nýlega í þremur verksmiðjanna. Starfsleyfi þarf því að auglýsa og kynna en það tekur talsverðan tíma. Verksmiðjurnar á Patreksfirði, Bíldudal og Þingeyri eru því á bráðabirgðaleyfum til þriggja mánaða en þau getur Hollustuvernd ríkisins gefið út án kynningar að fengninni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar.

Gert er ráð fyrir að mál verksmiðjanna fjögurra verði afgreidd samtímis á þessu ári.

Á þessum stöðum þurfa að vera verksmiðjur til þess að vinna úrgang frá fiskvinnslu.

Krossanes hf., Akureyri *1998* *Til ársloka 1998*
Nýtt starfsleyfi gildir til ársloka 1998. Gildistími er hafður stuttur vegna vandamála er gætt hefur í verksmiðjunni.
Afköst: 500 tonn.
Verksmiðjan er búin gufuþurrkara og heitloftsþurrkara. Brennsla á útblæstri hefur ekki verið fullnægjandi. Nýlega hefur verið gengið frá búnaði til þess að bæta brennslu á útblæstri.
Eimarakostur er góður. Verið er að endurnýja fitugildrur og taka gildrur með loftfleytingu í notkun.
Staðsetning verksmiðjunnar nyrst í bænum er afar óhentug. Norðanátt (hafgola) er algeng á sumrin. Fjölmenn íbúðarbyggð er skammt frá verksmiðjunni. Vinnsluhráefnið er lélegast og útblástur lyktarefna mestur á sumrin en þá er vindátt yfirleitt óhagstæðust.

SR-Mjöl hf., Raufarhöfn *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 850 tonn.
Beinir eldþurrkarar eru í verksmiðjunni. Lykteyðingarbúnaður fyrir útblástur er ekki fyrir hendi.
Eimarakostur er góður.
Fitugildrur eru fyrir frárennsli.
Koma á upp lykteyðingarbúnaði eigi síðar en 1. júlí 2000.

Hraðfrystihús Þórshafnar hf., Þórshöfn *1986* *Ótímasett*
Afköst: 650 tonn.
Gufuþurrkarar, brennsla.
Eimaraafköst góð. Fitugildrur.
Sátt hefur verið um nýtt starfsleyfi.

Lón hf., Vopnafirði *1990* *Ótímasett*
Afköst: 550 tonn.
Gufuþurrkarar, brennsla.
Eimaraafköst góð, fitugildrur.
Staðsetning verksmiðjunnar er óhentug.
Sátt hefur verið um nýtt starfsleyfi.

SR-Mjöl hf., Seyðisfirði *1993* *Ótímasett*
Afköst: 1.100 tonn.
Heitloftsþurrkarar, brennsla á útblæstri.
Eimaraafköst góð. Endurnýja þarf fitugildrur.

Síldarvinnslan hf., Neskaupstað *1996* *Fjögur ár*
Afköst: 1.100 tonn.
Heitloftsþurrkarar, brennsla á útblæstri.
Eimaraafköst góð, fitugildrur.

Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. *1995* *Fjögur ár*
Afköst: 1.100 tonn.
Heitloftsþurrkarar, brennsla á útblæstri.
Eimaraafköft viðunandi, fitugildra.

SR-Mjöl hf., Reyðarfirði *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 600 tonn.
Beinir eldþurrkarar eru í verksmiðjunni. Lykteyðingarbúnaður fyrir útblástur er ekki fyrir hendi.
Eimaraafköst viðunandi. Verið er að setja upp fitugildrur með loftfleytingu.
Koma á upp nýjum þurrkurum og lykteyðingarbúnaði eigi síðar en 1. júlí 1999.

Loðnuvinnslan hf., Fáskrúðsfirði *1996* *Fjögur ár*
Afköst: 1.000 tonn.
Gufuþurrkarar, brennsla á útblæstri.
Eimaraafköst viðunandi, fitugildra.

Búlandstindur hf., Djúpavogi *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 600 tonn.
Verksmiðja þessi var reist á sjötta áratugnum. Eftir að bræðslu á síld lauk að mestu var viðhaldi verksmiðjunnar ábótavant. Beinir eldþurrkarar voru í verksmiðjunni og lykteyðingarbúnaður ekki fyrir hendi. Fitugildru var þó komið upp.
Miklar framkvæmdir og endurbætur hafa farið fram á verksmiðjunni og átti þeim að ljúka fyrir lok janúar 1998. Gufuþurrkarar eru nú notaðir í stað eldþurrkara og lykteyðingarbúnaður með brennslu settur upp.

Ósland hf., Hornafirði *1997* *Fjögur ár*
Afköst: 550 tonn.
Beinir eldþurrkarar eru í verksmiðjunni. Lykteyðingarbúnaður fyrir útblástur er ekki fyrir hendi.
Eimarar eru í verksmiðjunni og fitugildra.
Samkvæmt ákvæðum starfsleyfis á að skipta um þurrkara og brenna útblæstri eigi síðar en 1. júlí nk.
Í starfsleyfi, sem gefið var út 1995, var gert ráð fyrir að lykteyðingarbúnaði yrði komið upp sumarið 1997. Af þessu varð ekki. Gefið var út nýtt starfsleyfi 1997. Að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd var frestur framlengdur til 1. júlí 1998.

2. Kröfur um mengunarvarnir í starfsleyfum.

Mengunarvarnir sem kveðið er á um í starfsleyfum eru einkum fólgnar í því að koma upp sérstökum búnaði og tækjakosti til þess að draga sem mest úr loftmengun, mengun af frárennsli og annarri mengun sem getur verið mismunandi eftir verksmiðjum, t.d eftir staðsetningu.

Loftmengun.

Kvartanir yfir starfsemi fiskimjölsverksmiðja eru einkum um loftmengun, þ.e. ólykt sem berst með útblæstri þeirra. Lykt þessi stafar einkum af lyktarefnum sem myndast í fiski við geymslu. Um er að ræða mikinn fjölda efna, sem skipta má í nokkra efnaflokka. Fólk skynjar lykt ekki í réttum hlutföllum við magn lyktarefna heldur samkvæmt veldishlutföllum. Þetta þýðir að þótt níu tíundu hlutum af lyktarefnunum sé eytt skynjar fólk aðeins helmingsminnkun. Skynmörk fyrir lyktarefnum í útblæstri frá fiskimjölsverksmiðjum eru mjög lág og í mörgum tilfellum í milljörðustu hlutum af lyktarefni í einum hluta af lofti. Af framangreindum ástæðum er óframkvæmanlegt að eyða allri lykt í útblæstri með þeirri tækni sem nú er völ á. Lyktarefni

í útblæstrinum eru almennt ekki talin skaðleg heilbrigðu fólki en þau eru hvimleið, m.a. vegna þess að þau setjast í föt og annan vefnað.

Varnir gegn loftmengun.

Sé um vel ferskt efni að ræða næst árangur með því að þvo og kæla útblásturinn í kæli- og þvottaturni. Uppleysanleiki lofttegunda í vatni eykst með lækkandi hitastigi og er því mikilvægt að kæla útblásturinn sem mest. Sé lengra gengið á geymsluþolið myndast önnur lyktarefni sem ekki leysast upp í vatni. Þá þarf að grípa til annarra aðgerða. Þar er einkum um brennslu á útblæstrinum við 700–800°C að ræða. Fram á þennan áratug voru flestar íslenskar fiskimjölsverksmiðjur búnar beinumeldþurrkurum. Ekki er unnt að brenna útblæstri frá þeirri gerð þurrkara. Til þess að unnt sé að brenna útblæstrinum þarf að skipta um þurrkara og setja upp gufu- eða heitloftsþurrkara. Slík framkvæmd er viðamikil og dýr.

Notkun efnahreinsiturna gæti komið til greina. Efnahreinsiturnar hafa ekki náð sömu útbreiðslu og brennsla en þeir valda frárennslismengun. Þess ber þó að geta að nokkur þróun er í hönnun efnahreinsiturna.

Frárennslismengun.

Nokkrar kvartanir berast um vökvarennsli frá verksmiðjum, en þó í mun minna mæli en vegna lyktar. Leitast er við að búa verksmiðjurnar þannig að um sem minnst frárennsli sé að ræða. Frárennsli er einkum eftirfarandi:

a. Soð, hugsanlega soðkjarni, blóðvatn og vökvi eða yfirfall frá löndunarkerfi.
b. Kæli- og þéttivatn frá vinnslunni.
c. Vökvi er til fellur við hreinsun og þrif.

Varnir gegn frárennslismengun.

a. Soð o.fl. Meginlausnin er í því fólgin að búa verksmiðjurnar afkastamiklum eimurum til þess að nýta vökvann og koma þannig í veg fyrir frárennsli. Einnig þarf vökvastreymi að vera samhæft og hæfilegir jöfnunartankar að vera fyrir hendi.
b. Kæli- og þéttivatn. Þarna er um mjög mikinn vökva að ræða en innihald af mengandi efnum er lítið. Um varnir eða hreinsun á þessu rennsli er vart að ræða. Vart berast kvartanir vegna þessa rennslis.
c. Vökvi frá hreinsun og þrifum. Unnt er að nýta hluta af þessu rennsli og er gert ráð fyrir því að hann sé tekinn inn í vinnslukerfið. Annan hluta er ekki unnt að nýta en leitast er við að hafa hann sem minnstan.

Í starfsleyfum er einnig gert ráð fyrir fitugildrum til þess að draga úr áhrifum meiri háttar óhappa.

3. Kröfur um loftræstingu frá lyktaruppsprettum í verksmiðjum, sbr. orðalag í nýlegum starfsleyfum.

Texti í nýlegum starfsleyfum er oftast eftirfarandi: „Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðjum, svo sem sjóðurum, pressum, tönkum og skilvindum, og ræstiloftið flutt til lykteyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með." Meginlyktaruppsprettan í verksmiðjum er útblástur frá þurrkurum. Um lykteyðingarbúnað fyrir þurrkarana er fjallað í öðrum greinum starfsleyfa en þeirrar sem hér er vitnað til. Í tilvitnuðum texta er um að ræða lykteyðingu frá öðrum þáttum en þurrkurum. Þótt mestur hluti lyktarinnar berist frá þurrkaraútblæstri skipta þessir þættir einnig máli. Nokkrar helstu lyktaruppsprettur sem um getur verið að ræða eru taldar upp í greininni. Orðalag er þannig að

ekki er um tæmandi upptalningu að ræða enda er slíkt vart framkvæmanlegt. Sífellt er verið að breyta verksmiðjunum, þá er hráefnið síbreytilegt, en það hefur áhrif á þessi atriði. Ekki er unnt að festa umrædd atriði algjörlega í texta, heldur verður að vera unnt að meta tilvik er fram kunna að koma. Því er rangt að leggja þann skilning í umrætt orðalag að það beri vott um slakar kröfur.

4. Eftirlit af hálfu heilbrigðisyfirvalda með að starfsleyfi séu haldin.

Í 3. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, er kveðið á um eftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi. Reglubundið eftirlit skal framkvæmda að lágmarki einu sinni á ári. Reglubundnar mengunarmælingar skal framkvæma fimmta eða tíunda hvert ár eftir stærð og staðsetningu verksmiðja. Verksmiðjur eru heimsóttar, tækjakostur og vinnsluhættir kannaðir, farið yfir feril, rætt við starfsmenn og íbúa. Mælingar eru gerðar en síbreytilegt hráefnið sem verksmiðjurnar fá til vinnslu veldur því að oft er erfitt að meta niðurstöður. Ýmsa mikilvægustu þættina er varla eða ekki unnt að mæla. Mætti þar sem dæmi nefna lykt frá útblæstri. Fræðilega má segja að mæling sé þar framkvæmanleg en mælingar yrðu svo umfangsmiklar, tímafrekar og dýrar að þeim verður ekki beitt í eftirliti. Við mat á lykt verður að beita skynmati. Mikilvægur hluti af eftirlitinu er fólginn í því að kanna hvort tilskilinn búnaður sé fyrir hendi og hvort hann starfi eins og til er ætlast.

5. Mannfæð og fjárskortur há æskilegu eftirliti með verksmiðjunum.

Mannfæð og fjárskortur há mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins, ekki síst í sambandi við eftirlit með verksmiðjum, þar sem starfsfólkið er bundið við vinnu við gerð ýmiss konar starfsleyfa, sem eðli máls verða að sæta forgangi. Allar verksmiðjur hafa þó fengið lágmarkseftirlit á undanförnum árum, eins og það er skilgreint í 3. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum.

6. Innra eftirlit af hálfu rekstraraðila.

Verksmiðjur eiga að hafa innra eftirlit og skrá helstu atriði, svo sem móttekið hráefni, hvenær og hvernig vinnsla fer fram, óhöpp er kunna að verða og athugasemdir ef mengunarvarnabúnaður starfar ekki sem skyldi. Framkvæmd þessa er nokkuð misjöfn en almennt má segja að innra eftirliti sé ábótavant.

7. Notkun og meðferð eiturefna.

Í starfsleyfum er gerð grein fyrir að um notkun og meðferð slíkra efna fari samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar er eftirlit með slíkum efnum á vinnustöðum á vegum Vinnueftirlits ríkisins. Ekki hefur annað komið fram en að ákvæði reglugerðarinnar séu haldin.

8. Vald eftirlitsaðila til að grípa inn í og knýja fram úrbætur. Svæðisbundið eftirlit.

Í 23. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, eru ákvæði um þetta efni, sbr. 7. mgr. 25. gr. Unnt er m.a. að veita áminningu, veita frest til úrbóta, stöðva viðkomandi starfsemi og beita dagsektum. Þar sem eftirlit með verksmiðjum er á vegum svæðisbundins eftirlitsaðila, þ.e. heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna, er vinnsla og veiting starfsleyfa og breyting á starfsleyfum áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins. Sama gildir um beitingu þvingunarúrræða. Eftirlit hefur einungis verið falið svæðisbundnu

eftirliti á tveimur svæðum, í Reykjavík og á Austurlandi. Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón og fær sendar niðurstöður með reglulegu millibili. Segja má að þetta fyrirkomulag, að því er varðar fiskimjölsverksmiðjur, sé enn á tilraunastigi. Hingað til hefur það gefið góða raun.

9. Dagsektir vegna mengunar í fiskimjölsverksmiðjum sl. fimm ár.

Að því er beitingu þvingunarúrræða samkvæmt heimildum 23. gr. laga nr. 81/1988 sl. fimm ár varðar hefur verksmiðjum oft verið veitt áminning og tilhlýðilegur frestur til úrbóta. Stöðvun á starfsemi hefur verið hótað og ber það eitt oft árangur. Starfsemi hefur verið stöðvuð í fjórum verksmiðjum. Tvær þeirra hafa ekki hafið rekstur á ný og ein hefur ekki heimild til vinnslu á tímabilinu frá 15. apríl til 15. október þar til mengunarvörnum hefur verið komið upp. Dagsektum hefur ekki verið beitt sl. fimm ár. Dagsektir eru form viðurlaga ætlað til þess að knýja á um úrbætur. Þær eru ekki refsing í skilningi refsilaga og verða ekki innheimtar eftir að úr hefur verið bætt.

824. Fyrirspurn [485. mál]

til viðskiptaráðherra um staðsetningu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar voru ástæður þess að skrifstofum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var ekki valinn staður á landsbyggðinni?
2. Hefði það hamlað starfsemi fyrrnefndra stofnana ef þær hefðu verið staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins?

825. Fyrirspurn [486. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útboð á hafrannsóknaskipi.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hefur verið lögð áhersla á að hafrannsóknaskip verði smíðað að öllu leyti eða að hluta til innan lands?
2. Hefur verið leitað upplýsinga um möguleika lægstbjóðanda til að smíða skipið?
3. Verður leitað viðbótarupplýsinga hjá lægstbjóðanda á næstunni til að tryggja hagkvæma niðurstöðu?

826. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um dómstóla.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

26. gr. orðist svo:

Dómara er óheimilt að taka að sér starf, eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki eða taka þátt í starfsemi, svo sem leynireglum, ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi, en nefnd um dómarastörf setur almennar reglur þar að lútandi.

Áður en dómari tekur við embætti skal hann tilkynna nefndinni ef einhverjar þær ástæður eru fyrir hendi sem greinir í 1. mgr. Sé um að ræða starf eða eignarhlut í félagi eða fyrirtæki sem ekki er um getið í almennum reglum nefndarinnar skal dómari engu að síður fyrir fram leita leyfis nefndarinnar.

Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi, eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki eða taka þátt í annarri starfsemi, svo sem með aðild að leynireglu, ef slíkt fær ekki samrýmst embættisstörfum hans. Dómara ber að hlíta slíku banni en heimilt er að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess.

827. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um kosningar til sveitarstjórna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sesselju Árnadóttur og Sigríði Lillý Baldursdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Jón Thors og Ólaf Walter Stefánsson frá dómsmálaráðuneyti, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hjörleif B. Kvaran borgarlögmann og Gunnar Eydal, skrifstofustjóra borgarstjórnar.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Hjaltastaðahreppi, Bárðdælahreppi, Eyrarbakkahreppi, Borgarfjarðarhreppi, Broddaneshreppi, Reykholtsdalshreppi, Dalabyggð, Skorradalshreppi, Rangárvallahreppi, Sveinsstaðahreppi, Akureyrarbæ, Vestmannaeyjabæ, Þingvallahreppi, sýslumanninum á Akranesi, Stykkishólmsbæ, Skútustaðahreppi, Reykjanesbæ, Selfossbæ, Eyrarsveit, Reykjavíkurborg, Snæfellsbæ, Ísafjarðarbæ, Stöðvarhreppi, Torfalækjarhreppi, Kópavogsbæ, Tjörneshreppi, Djúpavogshreppi, Skeggjastaðahreppi, Djúpárhreppi, Hríseyjarhreppi, Bæjarhreppi, Holta- og Landsveit, Vatnsleysustrandarhreppi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skriðuhreppi, Þorkelshólshreppi, Hvammstangahreppi og dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að um kosningar til sveitarstjórna gildi ein lög og er þar m.a. fylgt fordæmi annarra Norðurlanda. Áfram munu þó gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis um atkvæðagreiðslur utan kjörfunda. Þetta fyrirkomulag þykir vera til þess fallið að auðvelda hinum almenna borgara sem valinn er í kjörstjórn starf sitt. Núna er framkvæmdin

sú að um kosningar til sveitarstjórna gilda annars vegar ákvæði laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, og hins vegar ákvæði III. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Við samningu þessa frumvarps var fyrst og fremst stuðst við fyrrgreind sveitarstjórnarlög og lög um kosningar til Alþingis. Nefndin, sem samdi frumvarpið, fór þá leið að eyða öllum mun á kröfum til sveitarfélaga eftir íbúafjölda. Þá var viðmiðunardagur kjörskrár færður frá því að vera fimm vikum fyrir kjördag í þremur vikum fyrir, sbr. 5. gr., sá sem sæti á í kjörstjórn skal ætíð víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar, sbr. 15. gr., almenna reglan verður sú að í sveitarfélögum verði bundnar hlutfallskosningar, en ef enginn framboðslisti berst eru kosningarnar óbundnar, sbr. 19. gr., framboðsfrestur verður þrjár vikur í stað fjögurra, sbr. 20. gr., og kjósendur eiga nú rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi er átta vikur eru til kjördags, sbr. 42. gr.

Félagsmálanefnd komst að þeirri niðurstöðu að þær breytingar sem nefndin lagði til væru algerlega ófullnægjandi. Félagsmálanefnd ákvað að gera verulegar breytingar á frumvarpinu og færa lögin til nútímahorfs þannig að mið verði tekið af reynslu undanfarinna ára og framkvæmd kosninga gerð auðveldari.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Nefndin hefur gert breytingar á uppsetningu frumvarpsins svo að sem eðlilegast samræmi sé milli greina. Breytingar þessar hafa ekki áhrif á efni frumvarpsins. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til viðbót við 1. gr. þar sem rétt þykir að kveða á um að félagsmálaráðuneytið skuli auglýsa formlega að almennar sveitarstjórnarkosningar skuli fara fram. Þótt lög segi hver kjördagurinn skuli vera þarf að ákveða kjördaginn formlega og þykir rétt að gera það með auglýsingu, m.a. með hliðsjón af því hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla má hefjast skv. 42. gr. sem verði 43. gr.
2. Lögð er til breyting á 1. mgr. 2. gr. sem fjallar um kosningarrétt þar sem ekki þykir nægilega skýrt tekið fram í ákvæðinu að kosningarréttur sé bundinn við það sveitarfélag þar sem viðkomandi á lögheimili.
3. Í 3. mgr. 2. gr. er lagt til að vísað verði til 1. mgr. 2. gr. um aldur og lögheimili í sveitarfélagi eins og gert er í 2. mgr. greinarinnar.
4. Lögð er til breyting á 3. gr. sem fjallar um kjörgengi. Rétt er að binda kjörgengi með skýrari hætti við lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Tilvísun til 2. gr. eins og hún er nú tryggir það ekki.
5. Lagt er til að við 7. gr. bætist að kjörskrá sé staðfest af sveitarstjórn. Nefndin telur að hér sé um nauðsynlegt formskilyrði að ræða, þ.e. að sveitarstjórn taki kjörskrá til umfjöllunar á fundi.
6. Lagt er til að við bætist ný grein, sem verði 8. gr., þar sem fram komi að félagsmálaráðuneytið skuli birta almenna auglýsingu um að kjörskrár skuli lagðar fram og um kærufrest, svo sem segir í 20. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987. Þar með þurfa sveitarstjórnir aðeins að auglýsa framlagningarstað.
7. Lögð er til breyting á orðalagi 2. mgr. 8. gr. sem verði 9. gr. Sveitarstjórn skal nú ætíð auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi.
8. Lagt er til að í 3. mgr. 9. gr., sem verði 10. gr., sé tekið fram að breytingar geti einnig orðið á dönsku, finnsku, norsku eða sænsku ríkisfangi, jafnframt því íslenska, sem þá er hægt að leiðrétta fram á kjördag.
9. Lagt er til að 2. mgr. 12. gr., sem verði 13. gr., falli brott. Miðað við nútímasamgöngur er ákvæði þetta talið óþarft.

10. Lagt er til að við 3. mgr. 12. gr., sem verði 13. gr., bætist sá möguleiki að hægt sé að kenna kjördeild við kjörstað.
11. Lögð er til breyting á 13. gr., sem verði 14. gr., en hún fjallar um kjörstjórnir og undirbúning kosninga. Í stað 1.–3. mgr. er lagt til að komi fimm nýjar málsgreinar með einfaldari og skýrari framsetningu en nú. Bætt er við ákvæði um hverfiskjörstjórnir sem starfa þar sem fleiri en ein kjördeild er á sama kjörstað. Auk þess er kveðið á um að kjörstjórnarmenn skuli hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu.
12. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 14. gr., sem verði 15. gr., að skilyrði um að gerðabækur þær sem sveitarstjórnir láta kjörstjórnum í té skuli vera gegnumdregnar og löggiltar af hlutaðeigandi lögbókanda verði fellt brott. Formfesta þessi varðandi gerðabækurnar er talin óþörf og í framhaldi af því bætt við ákvæði um að sérstök eyðublöð geti jafnframt komið í stað þeirra hjá undirkjörstjórnum og hverfiskjörstjórnum.
13. Lögð er til sú breyting á 15. gr., sem verði 16. gr., að bætt er við til frekari skýringar að ákvæði 1. mgr., eins og greininni verður breytt, eigi við um bundnar hlutfallskosningar. Að lokum eru í 2. mgr. taldar upp ítarlegri vanhæfisástæður kjörstjórnarmanna.
14. Í 21. gr., sem verði 22. gr., eru lagðar til breytingar á fjölda meðmælenda eftir stærð sveitarfélaga. Í stað þess að hafa sveitarfélög með 2.001 –16.000 íbúa í sama flokki er lagt til að í sveitarfélagi með 2.001–10.000 íbúa þurfi að lágmarki 40 meðmælendur, í sveitarfélögum með 10.001–50.000 þurfi 80 meðmælendur og í sveitarfélagi með 50.001 íbúa og fleiri þurfi að lágmarki 160 meðmælendur.
15. Lögð er til sú breyting á 23. gr., er verði 24. gr., að í stað þess að yfirkjörstjórn haldi fund á næsta virkum degi eftir að frestur sá er liðinn sem ákveðinn er um framboð verði haldinn fundur næsta dag án tillits til hvort sá dagur er frídagur.
16. Lögð er til einföldun á orðalagi 33. gr. er verði 34. gr.
17. Í 1. málsl. 2. mgr 36. gr., sem verði 37. gr., er lögð til ítarlegri skýring á útliti framboðslista við prentun þeirra hvað varðar lágmarksbreidd fyrir hvern lista.
18. Í 3. mgr. 36. gr., sem verði 37. gr., er lagt til að auk þess að geta þess um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri skuli jafnframt tekið fram að einnig geti verið um að ræða annað framboð en frá stjórnmálasamtökum. Ástæða þess er sú að þeir sem standa að framboði til sveitarstjórna fullnægja naumast alltaf kröfum til að teljast stjórnmálasamtök.
19. Í 40. gr., sem verði 41. gr., er lagt til að í stað orðsins „hreppstjórar“ komi orðin „eða fulltrúar sýslumanna“ og þannig geti aðrir fulltrúar sýslumanna en hreppstjórar varðveitt milli kosninga þá atkvæðakassa sem notaðir eru við kosningarnar.
20. Í 1. mgr. 42. gr., sem verði 43. gr., er lögð til einföldun á orðalagi þar sem fjallað er um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Þá bætast við tvær nýjar málsgreinar þar sem lögin þurfa að taka á því tilviki að kosningar kunni að verða ákveðnar þannig að ekki verði átta vikur til kjördags, t.d. þegar kosning hefur verið úrskurðuð ógild eða fram fara kosningar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Jafnframt er tekið skýrt fram hvernig atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram þegar kosning er óbundin.
21. Í 2. mgr. 42. gr., sem verði 4. mgr. 43. gr. og fjallar um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, er lagt til að bætt sé við að eftir því sem við eigi verði farið eftir lögum um kosningar til Alþingis því að nauðsynlegt er að hafa í huga að ekki er líklegt að unnt verði að tryggja að við hinar ýmsu aukakosningar sem lögunum mun verða beitt um geti atkvæðagreiðsla utan kjörfundar farið fram hjá öllum kjörstjórum, svo sem í skipum, hjá kjörræðismönnum eða á öðrum stöðum erlendis á sama hátt og við almennar kosningar.

22. Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 43. gr., sem verði 44. gr., að skilyrðislaus skylda verði að auglýsa kjörstað almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara. Ákvæði núgildandi laga um að slíkt þurfi ekki sé kjörstaður öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur þykir óljóst og því eðlilegra að kjörstað skuli auglýsa án undantekninga.
23. Í 1. mgr. 44. gr., sem verði 45. gr. og fjallar um kjörklefa, er lögð til einföldun á orðalagi. Ítarleg útskýring í 1. og 2. mgr. 44. gr. núgildandi laga á því hvernig tjaldað skuli fyrir klefana svo ekki fáist séð inn í þá ásamt fleiri lýsingum eru taldar óþarfi.
24. Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 46. gr., sem verði 47. gr., að meginreglan verði sú að kjörfund skuli setja á kjörstað kl. 9 árdegis en að yfirkjörstjórn geti ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi.
25. Lagðar eru til breytingar á 54. gr. sem verði 55. gr. Orðalag 1. málsl. er einfaldað en jafnframt er því bætt við að hægt sé að framvísa kennivottorði til að sanna á sér deili jafnframt því sem áfram verði notast við nafnskírteini. Með kennivottorði er þá átt við önnur persónuskilríki, svo sem ökuskírteini, vegabréf og greiðslukort með mynd. Þá er gerð sú breyting á 2. málsl. að í stað þess að oddviti afhendi kjósanda kjörseðil geti það verið hvaða fulltrúi í kjörstjórn sem er.
26. Í 2. mgr. 55. gr., sem verði 56. gr., er lögð til breyting á 3. málsl. Greinin fjallar um rétt manns til að kjósa þó svo að hann sé ekki á kjörskrá ef hann getur framvísað ákveðnu vottorði máli sínu til stuðnings. Lagt er til að niður falli ákvæði um að vottorð sé einnig gilt sé það undirritað af sveitarstjórn í því sveitarfélagi þar sem kjósandi er á kjörskrá enda er aðeins um eitt sveitarfélag að ræða. Jafnframt sé málsliðnum breytt þannig að það sé oddviti eða framkvæmdastjóri sveitarstjórnar sem geti undirritað slíkt vottorð. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 4. málsl.
27. Lagt er til að 4. mgr. 58. gr., sem verði 59. gr., falli brott. Ákvæðið fjallar um hvenær skuli ekki meta atkvæði ógilt. Efnisregla þessi kemur fram í X. kafla frumvarpsins, nánar tiltekið í 77. gr., sem verði 79. gr., og er því óþarft að tvítaka það.
28. Lagt er til að 67. gr. færist, ásamt kaflafyrirsögn X. kafla, og verði 75. gr. þar sem greinin á þar betur heima. Þá er lagt til að í 1. málsl. 1. mgr. sé gert ráð fyrir að kjördeild geti verið ein og því sé rétt að bæta því við, þar sem segir að yfirkjörstjórn skuli með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þess að hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin, að það sé gert nema kjördeild sé ein og talning fari fram í lok kjörfundar.
29. Lagt er til að við 73. gr., sem verði 72. gr., sé bætt nýrri málsgrein þess efnis að undirkjörstjórn geti afhent yfirkjörstjórn ákveðin kjörgögn óinnsigluð að viðstöddum umboðsmönnum lista ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis. Ákvæði þetta er samhljóða 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis.
30. Lagt er til að við bætist ný grein, sem verði 73. gr., þar sem fjallað er um að kanna skuli hvort samræmi sé milli tölu kjósenda í kjördeildarbókum og afhentra atkvæðaseðla.
31. Í 74. gr., sem verði 76. gr., er lagt til að á eftir orðinu „stjórnmálasamtökum“ í 2. mgr. komi orðin „eða tengda listunum“ þar sem framboð þurfa ekki ætíð að tengjast stjórnmálasamtökum.
32. Lagðar eru til breytingar á 1. málsl. 1. mgr. 75. gr., sem verði 77. gr. og fjallar um opnun atkvæðakassa við lok kosninga, þar sem hafa ber í huga að um er að ræða kosningu í einu sveitarfélagi og að oft er einungis um að ræða eina kjördeild. Þá fer talning fram í beinu framhaldi af því að kosningu lýkur. Þá þarf að gera ráð fyrir að yfirkjörstjórn, þar sem eru margar kjördeildir, hafi borist utankjörfundaratkvæði. Þá er lagt til að ákvæði 1. mgr.

82. gr. um talningu við óbundna kosningu verði flutt fram í 75. gr., sem verði 77. gr., og verði 3. mgr.

33. Lagt er til að við 77. gr., sem verði 79. gr., bætist ný málsgrein um mat á gildi atkvæða við óbundnar kosningar. Ákvæði þetta þykir nauðsynlegt til að tryggja réttarstöðu í þessum tilvikum.
34. Lagt er til að 84. gr. verði 83. gr. og jafnframt sé bætt við greinina ákvæði um söfnun og varðveislu kjörskráa.
35. Þá er lagt til að við bætist ný grein, sem verði 84. gr., þar sem sérstaklega er tekið fram að tilkynna skuli úrslit kosninga og geta þess sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir.
36. Lagt er til að 2. mgr. 82. gr. verði með lagfæringu á orðalagi að 1. mgr. 87. gr. Þá er orðalag í upphafi 1. mgr., sem verður 2. mgr., gert skýrara.
37. Lagt er til að við bætist ný grein, sem verði 88. gr., um að yfirkjörstjórn skuli senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð er Hagstofan lætur í té, sbr. ákvæði í 117. gr. laga um kosningar til Alþingis.
38. Lögð er til breyting á 1. og 2. mgr. 85. gr., sem verði 1. mgr. 89. gr., þannig að það sé yfirkjörstjórn, í stað undirkjörstjórnar, sem boðar til kjörfundar að nýju ef kosning hefur farist fyrir af óviðráðanlegum orsökum. Þá er jafnframt lögð til sú breyting í 3. mgr. 85. gr., sem verði 2. mgr. 89.gr., að það sé yfirkjörstjórn sem getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef um óviðráðanlegar ástæður er að ræða.
39. Lögð er til sú breyting á 86. gr., sem verði 90. gr., að skýrt sé tekið fram að það sé sitjandi sveitarstjórn sem í samráði við yfirkjörstjórn boðar til nýrra kosninga í sveitarfélagi ef nauðsynlegt verður að kjósa á ný.
40. Í 88. gr., sem verði 92. gr., er lagt til að a- og b-liður falli brott. Ákvæði þessi voru sett í upphafi aldarinnar til að vernda kjósendur gegn því sem þá var talinn óæskilegur kosningaáróður. Í dag er ekki farið eftir þessum ákvæðum og þau í raun þverbrotin án þess að gripið sé til viðeigandi viðurlaga, sbr. refsiheimild c-liðar 98. gr. laganna. Það er því skoðun nefndarinnar að ákvæðin séu úrelt.
41. Í 91. gr., sem verði 95. gr., er lagt til að við bætist nýr málsliður þar sem ástæða þykir til að taka fram að jafnframt því sem yfirkjörstjórn gefur út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og til jafnmargra varamanna skuli hún einnig ef þörf krefur gefa út kjörbréf til annarra varamanna sem sæti taka í sveitarstjórn og kjörnir hafa verið í bundnum hlutfallskosningum.
42. Lagt er til að c-liður 98. gr., sem verði 102. gr., falli brott með vísan til þess sem fyrr segir um breytingu á 88. gr. um óleyfilegan kosningaáróður.

Alþingi, 19. febr. 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

828. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til l. um kosningar til sveitarstjórna.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:
   Félagsmálaráðuneytið skal auglýsa hvenær almennar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „sveitarstjórna“ í 1. mgr. komi: sveitarstjórnar.
   b. Í stað orðanna „hér á landi“ í 1. mgr. komi: í sveitarfélaginu.
   c. 3. mgr. orðist svo:
      Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr. og hefur ekki verið sviptur lögræði.
4. Við 7. gr. Á eftir orðinu „samin“ komi: og staðfest af sveitarstjórn.
5. Á eftir 7. gr. komi ný grein er verði 8. gr., svohljóðandi:
   Félagsmálaráðuneytið skal eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag birta í útvarpi og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar kærum skuli komið á framfæri og hver kærufrestur er.
6. Við 8. gr. er verði 9. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.
7. Við 9. gr. er verði 10. gr. Á eftir orðinu „íslenskt“ í 3. mgr. komi: danskt, finnskt, norskt eða sænskt.
8. Við 10. gr. er verði 11. gr. Í stað „9. gr.“ í 1. mgr. komi: 10. gr.
9. Við 12. gr. er verði 13. gr.
   a. 2. mgr. falli brott.
   b. Á eftir orðunum „að jafnaði“ í 3. mgr., er verði 2. mgr., komi: kenna við kjörstað eða.
10. Við 13. gr. er verði 14. gr. Í stað 1.–3. mgr. komi fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
    Yfirkjörstjórn skal kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf.
    Í sveitarfélagi sem skipt er í kjördeildir skal kjósa undirkjörstjórnir jafnmargar og fjöldi kjördeilda er. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað skal sveitarstjórn kjósa hverfiskjörstjórn til að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar.
    Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórnir síðar en kveðið er á um í 1. mgr.
    Í hverri kjörstjórn eiga sæti þrír aðalmenn og þrír varamenn sem allir skulu eiga kosningarrétt í sveitarfélaginu. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.
    Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.
11. Við 14. gr. er verði 15. gr. 3. mgr. orðist svo:

Sveitarstjórnir skulu láta yfirkjörstjórnum í té gerðabækur. Yfirkjörstjórnir láta undirkjörstjórnum og hverfiskjörstjórnum í té gerðabækur, nema þeim kjörstjórnum séu lögð til sérstök eyðublöð er komi í stað gerðabókar.

12. Við 15. gr. er verði 16. gr. Greinin orðist svo:

Sá sem sæti á í kjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar í bundnum hlutfallskosningum.

Einnig skal kjörstjórnarmaður víkja sæti ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar.

13. Við 16. gr. er verði 17. gr. Í stað orðanna „yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn“ í 1. mgr. komi: kjörstjórnum.
14. Við 21. gr. er verði 22. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
    a. Í stað „16.000“ í c-lið komi: 10.000.
    b. Á eftir c-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: í sveitarfélagi með 10.001–50.000 íbúa 80 meðmælendur.
    c. D-liður, er verði e-liður, hljóði svo: í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa 160 meðmælendur.
15. Við 23. gr. er verði 24. gr. Í stað orðanna „á næsta virkum degi“ í 1. málsl. komi: næsta dag.
16. Við 24. gr. er verði 25. gr. Í stað „88. gr.“ í 3. málsl. komi: 92. gr.
17. Við 31. gr. er verði 32. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr.:
    a. Í stað „28. gr.“ komi: 29. gr.
    b. Í stað „17. gr.“ komi: 18. gr.
18. Við 32. gr. er verði 33. gr. Í stað „29. gr.“ komi: 30. gr.
19. Við 33. gr. er verði 34. gr. Greinin orðist svo:

Um kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, gerð þeirra og meðferð fer eftir lögum um kosningar til Alþingis.

20. Við 36. gr. er verði 37. gr.
    a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þar sem bundnar hlutfallskosningar fara fram skal prenta framboðslistana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda.
    b. Á eftir orðinu „stjórnmálasamtök“ í 3. mgr. komi: eða annað framboð.
    c. Á eftir orðinu „stjórnmálasamtakanna“ í 3. mgr. komi: eða annars framboðs.
21. Við 40. gr. er verði 41. gr. Í stað orðanna „og hreppstjórar“ í 1. mgr. komi: eða fulltrúar þeirra.
22. Við 42. gr. er verði 43. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:

Kjósandi hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags.

    b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Nú hefur kjördagur verið ákveðinn með skemmri fyrirvara en átta vikum og á kjósandi þá rétt á að greiða atkvæði frá og með næsta virka degi eftir að kjördagur hefur verið ákveðinn.

Þegar kosning er óbundin ritar kjósandi, er greiðir atkvæði utan kjörfundar, á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra aðal- og varamanna er hann kýs. Tilgreina skal varamenn í þeirri röð sem kjósandi kýs að þeir taki sæti.

    c. Við 2. mgr., er verði 4. mgr., bætist: eftir því sem við á.

23. Við 43. gr. er verði 44. gr. Orðin „nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur“ í 2. mgr. falli brott.
24. Við 44. gr. er verði 45. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Þegar kosning fer fram skal svo búið um kjörklefa að utan frá verði hvorki í þá gengið né séð.
    b. 2. mgr. falli brott.
25. Við 46. gr. er verði 47. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 9 árdegis en yfirkjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi.
26. Við 54. gr. er verði 55. gr.
    a. 1. málsl. orðist svo: Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar.
    b. Í stað orðsins „oddviti“ í 2. málsl. komi: fulltrúi í kjörstjórn.
27. Við 55. gr. er verði 56. gr. 3. og 4. málsl. 2. mgr. orðist svo: Vottorð er einnig gilt sé það undirritað af oddvita eða framkvæmdastjóra sveitarstjórnar fyrir hennar hönd. Tilkynna ber undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag hvaða kjósendum í kjördeildinni sveitarstjórn hafi gefið vottorð.
28. Við 58. gr. er verði 59. gr. 4. mgr. falli brott.
29. Við 62. gr. Greinin færist aftur fyrir 63. gr. og verði 64. gr.
30. Við 66. gr. Greinin verði 74. gr.
31. Við 67. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: nema kjördeild sé ein og talning fari fram í lok kjörfundar.
    b. Í stað „85. gr.“ í 2. mgr. komi: 89. gr.
    c. Greinin ásamt kaflafyrirsögn X. kafla færist og greinin verði 75. gr.
32. Við 68. gr. Greinin verði 67. gr.
33. Við 69. gr. er verði 68. gr. Í stað „55. gr.“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: 56. gr.
34. Við 70.–72. gr. Greinarnar verði 69.–71. gr.
35. Við 73. gr. er verði 72. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn gögn skv. 1. mgr. óinnsigluð, að viðstöddum umboðsmönnum lista.
36. Við bætist ný grein, 73. gr., svohljóðandi:
    Yfirkjörstjórn kannar hvort tala kjósenda sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjördeildarbókum undirkjörstjórna sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir undirkjörstjórna.
37. Við 74. gr. er verði 76. gr. Á eftir orðinu „stjórnmálasamtökum“ í 2. mgr. komi: eða tengda listunum.
38. Við 75. gr. er verði 77. gr.
    a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í viðurvist manna skv. 2. mgr. 76. gr. opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild sveitarfélagsins, nema talning fari fram í lok kjörfundar, eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skal fara með það eins og segir í 72. gr.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Þegar kosning er óbundin fer talning atkvæða fram með þeim hætti að oddviti yfirkjörstjórnar les upp nöfnin sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórnarmönnum til athugunar en þeir skrá atkvæðin jafnóðum.

39. Við 77. gr. er verði 79. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við óbundnar kosningar skal ekki meta atkvæði ógilt þótt sleppt sé fornafni eða eftirnafni ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

40. Við 78. gr. er verði 80. gr. Í stað „32. gr." komi: 33. gr.

41. Á eftir 79. gr., er verði 81. gr., komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (82. gr.)

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á auglýstum tíma skv. 75. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

b. (83. gr.)

Að talningu lokinni skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og varðveita þá. Skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal yfirkjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og skrá yfirlýsingu þar um í gerðabók kjörstjórnar.

Sama gildir um söfnun og varðveislu kjörskráa.

c. (84. gr.)

Við lok talningar skal tilkynna úrslit kosninga og skal getið sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir.

42. Við 80. gr. er verði 85. gr. 3. mgr. falli brott.

43. Við 81. gr., er verði 86. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

44. Við 82. gr. Greinin falli brott.

45. Við 83. gr. er verði 87. gr.

a. Við bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:

Þegar kosning er óbundin eru þeir sem flest atkvæði fá sem aðalmenn réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

b. 1. mgr., er verði 2. mgr., orðist svo:

Varamenn, þar sem kosning er óbundin, skulu vera jafnmargir og aðalmenn. Varamenn eru þeir sem hljóta atkvæðamagn þannig: 1. varamaður er sá sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

c. 2. mgr. falli brott.

46. Við bætist ný grein, 88. gr., svohljóðandi:

Yfirkjörstjórn skal senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

47. Við 84. gr. Greinin falli brott.
48. Við 85. gr. er verði 89. gr.
    a. Í stað 1. og 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
    Nú ferst kosning í kjördeild fyrir á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum og kveður þá yfirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar.
    b. Í stað orðsins „Undirkjörstjórn“ í 1. málsl. 3. mgr., er verði 2. mgr., komi: Yfirkjörstjórn.
    c. Orðin „enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar“ í 3. mgr., er verði 2. mgr., falli brott.
    d. Í stað „72. gr.“ í 4. mgr., er verði 3. mgr., komi: 71. gr.
49. Við 86. gr. er verði 90. gr.
    a. Í stað „89. gr.“ í 1. mgr. komi: 93. gr.
    b. Á eftir orðunum „og skal þá“ í 1. mgr. komi: sitjandi.
    c. Við 2. mgr. bætist: eftir því sem við getur átt.
50. Við 88. gr. er verði 92. gr.
    a. A- og b-liður falli brott.
    b. Í stað orðanna „á kjörskrá, hér undir“ í f-lið, er verði d-liður, komi: á kjörskrá; hér undir.
51. Við 91. gr. er verði 95. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Yfirkjörstjórn skal ef þörf krefur gefa út kjörbréf til annarra varamanna sem sæti taka í sveitarstjórn og kjörnir hafa verið í bundnum hlutfallskosningum.
52. Við 96. gr. er verði 100. gr. Í stað „89. gr.“ komi: 93. gr.
53. Við 98. gr. er verði 102. gr.
    a. C-liður falli brott.
    b. Í stað orðanna „6. tölul. 88. gr.“ í i-lið, er verði h-liður, komi: d-lið 92. gr.

829. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um Örnefnastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Gunnarsson frá menntamálaráðuneyti, Kristján Árnason frá Íslenskri málnefnd, Þór Magnússon þjóðminjavörð og Þórhall Vilmundarson frá Örnefnastofnun.

Mál þetta var fyrst flutt á 121. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Umsagnir bárust þá frá heimspekideild Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Örnefnastofnun, Orðabók Háskólans, Íslenskri málnefnd og Þjóðminjasafni Íslands. Málið er nú endurflutt að teknu tilliti til þeirra umsagna sem menntamálanefnd aflaði. Til viðbótar barst ný umsögn frá Þjóðminjasafni Íslands.

Frumvarpið felur í sér að sett verður á fót sjálfstæð ríkisstofnun, Örnefnastofnun Íslands, sem tekur við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns sem er sjálfstæð deild innan safnsins. Jafnframt verði kveðið skýrt á um hlutverk stofnunarinnar og starfsemi hennar í megin-

dráttum. Hinni nýju stofnun er ætlað að halda áfram því starfi sem unnið hefur verið á vegum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins en á víðtækari grundvelli og í samstarfi við aðra aðila í meiri mæli en verið hefur. Mikilvægt er að tryggt sé að stofnunin hafi góð tengsl og samráð við sem flesta þá aðila sem starfa á sviðum örnefnafræða, bæði innan lands og utan. Þá er lögð áhersla á þjónustuhlutverk stofnunarinnar við almenning, m.a. með tilstilli nettengingar um tölvur, og jafnframt skal stofnunin styðja við kennslu í örnefnafræðum.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur rétt að ríkisvaldið standi vörð um þann ómetanlega menningarfjársjóð sem stofnunin hefur í vörslum sínum. Leggur hún til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Árni Johnsen.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.		Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.

830. Frumvarp til laga [487. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, og breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

I. KAFLI

Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 2. tölul., svohljóðandi: Áætlaðan afla sem telst ekki til aflamarks samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 10. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

1. Við greinina bætist ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi:
   Sé óunnum fiski landað innan lands og hann seldur til vinnslu aðila er fellur undir skilgreiningu 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og hefur gilt vinnsluleyfi fyrir viðkomandi starfsemi samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, nr. 93/1992 skulu aðeins 75% teljast til aflamarks. Ákvæði þetta á einnig við um rækju en ekki uppsjávarfiska.
2. 7. mgr. orðast svo:
   Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum og afli frystiskipa, svo og afli skipa sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sem fluttur er óunninn eða

lítt unninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk en allt að 15% á aðrar tegundir.

II. KAFLI

Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

3. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Allar veiðar frystiskipa og skipa sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð eru óheimilar innan línu sem er dregin 30 mílur utan viðmiðunarlínu.

III. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en ákvæði 1. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. september 1998.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er leitast við að styrkja stöðu ísfiskskipa og bátaútgerðar og gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða til þess að jafna samkeppnisskilyrði milli framangreindra útgerða annars vegar og hins vegar frystiskipa og annarra skipa sem vinna afla sinn um borð.

Telja verður að miklir hagsmunir séu í því fólgnir að sjávarútvegsbyggðir öðlist á nýjan leik þann styrk sem leiðir af nálægð þeirra við gjöful fiskimið. Nálægðin við miðin var forsenda þess að byggðirnar risu og sjávarútvegurinn sem þar var stundaður skilaði þjóðarbúinu gífurlegum hagnaði sem dreifðist um þjóðfélagið og breytti því á fáeinum áratugum úr fátæku bændasamfélagi í nútímavelferðarþjóðfélag sem er í fremstu röð í heiminum. Í öllum meginatriðum eru forsendurnar óbreyttar. Fiskimiðin eru gjöful sem fyrr og ódýrast er að nýta þau frá nálægum byggðarlögum. Framfarir í tækjabúnaði og veiðitækni hafa fremur styrkt þessi sannindi en hitt.

Engu að síður hefur þróunin undanfarinn áratug orðið á annan veg. Útgerð stærstu og dýrustu skipanna, frysti- og vinnsluskipanna, hefur farið vaxandi og þeim hefur verið beitt mikið á grunnslóðarmiðum. Að sama skapi hefur útgerð ísfisktogara og bátaútgerðar hnignað. Orsakanna hefur aðallega verið að leita í lagaákvæðum sem hafa mismunað útgerðarflokkum og haft afgerandi áhrif á afkomu þeirra. Undir engum kringumstæðum getur það verið þjóðhagslega hagkvæmt eða félagslega heppilegt að arðvænleg útgerð dagróðrarbáta og ísfiskskipa sé með íþyngjandi lagaákvæðum gerð óhagkvæmari en útgerð frystiskipa og fullvinnsluskipa.

Þá verður það að teljast óskynsamleg stjórnun veiða sem leiðir af sér að stærstu og öflugustu skipum landsmanna er haldið til veiða á grunnslóð þegar augljóslega ber að beita skipunum til þess að nýta úthafsmið eða fjarlæg mið utan 200 mílna fiskveiðilögsögu landsmanna.

Ekki getur það heldur talist sérlega skynsamleg stjórnun að æ stærri hlutur veiðanna er stundaður á smábátum allan ársins hring. Vandséð er hver meining stjórnvalda er með því að stuðla að því að þorri sjómanna á Vestfjörðum, veðurharðasta svæði landsins, er kominn ofan í báta sem eru minni en 6 tonn en er róið í líkindum við það sem áður tíðkaðist á vertíðarbátum.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði sem leiða til skynsamlegri verkaskiptingar flotans en nú er. Annars vegar eru ákvæði sem jafna stöðu báta og ísfiskskipa gagnvart frysti- og vinnsluskipum hvað varðar nýtingu á aflamarki og hins vegar ákvæði sem beina útgerð síðarnefnda útgerðarflokksins út fyrir 30 mílur utan viðmiðunarlínu.

Ákvörðun löggjafans ef af verður um bann við öllum botnfiskveiðum frystiskipa og vinnsluskipa innan 30 mílna er gífurleg stefnubreyting. Hún er ákvörðun um það að bátar og ísfiskskip eigi að nýta grunnslóðina og að afli þeirra skipa eigi að koma í land til vinnslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við greinina er bætt ákvæði þess efnis að í upphafi fiskveiðiárs skuli áætlaður afli sem telst ekki til aflamarks skv. 2. gr. frumvarpsins vera dregin frá leyfðum heildarafla áður en aflamarki er úthlutað til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar er gildandi lagaákvæði um heimild ráðherra til að beita álagi á notað aflamark þegar óunninn fiskur er fluttur úr landi rýmkað þannig að heimildin nær einnig til lítt unnins fisks og enn fremur útflutnings frá frystiskipum og skipum sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafurða um borð. Þykir ekki samræmi í því að álagi er beitt nú ef út er fluttur óunninn ísaður þorskur en frystur óunninn þorskur er í dag fluttur út án álags. Verður að telja eðlilegt að sömu ákvæði séu notuð í báðum tilvikum. Þá er nauðsynlegt að gefa ráðherra svigrúm til þess að beita álagi á bilinu 0–15 eða 20% eftir því hversu lítt unninn fiskurinn er, en nú verður aðeins beitt hámarksálagi eða engu.

Í b-lið greinarinnar er tekið á þeim vanda sem skapast hefur vegna þess að notað aflamark frystiskipa og vinnsluskipa er ekki reiknað út frá veiddum afla heldur lönduðum afurðum og notaðir ákveðnir reiknistuðlar til þess að reikna magn af fiski upp úr sjó út frá lönduðum afurðum. Ítrekað hafa komið fram ábendingar um að þessi aðferð ívilni umræddum skipum og færi þeim í raun umframaflamark. Má þar benda á umfjöllum Morgunblaðsins, t.d. frá 6. september 1992, þar sem fram kemur að frystitogarar sem gera út á karfa og grálúðu fái 20–30% meiri aflaheimildir í reynd en ísfisktogarar vegna þess að þeir geti valið sér hráefni. Til þess að jafna þennan mun er lagt til að ísfiskskip og ferskfiskskip, sem landa óunnum fiski til vinnslu innan lands, fái ívilnun þannig að einungis 75% af aflanum teljist til notaðs aflamarks.

Með þessum tveimur aðgerðum, sem lagt er til í greininni að gripið verði til, er samkeppnisstaða ísfiskskipa og bátaútgerðar jöfnuð frá því sem nú er gagnvart vinnsluskipum og frystiskipum og því ætti útgerð þeirra að styrkjast og landvinnslan fengi í kjölfarið meira magn til vinnslu.

Um 3. gr.

Lagt er til að vinnsluskipum og skipum sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð verði óheimilt að stunda veiðar innan línu sem dregin er 30 mílur utan viðmiðunarlínu og er vísað til greinargerðar til nánari skýringar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að þar sem fiskveiðiárið er hafið og aflamarki hefur verið úthlutað verður ákvæðum 1. gr. ekki beitt á yfirstandandi fiskveiðiári. Rétt er að benda á að ákvæði b-liðar 2. gr. frumvarpsins verða til þess að auka afla þeirra skipa sem njóta ívilnunar samkvæmt ákvæðinu. Erfitt er að meta heildaráhrifin en hafa verður í huga að ívilnunin mundi í mesta lagi gilda fimm mánuði fiskveiðiársins hjá hluta flotans. Líklegt er að aflaaukningin skili sér í auknum lönduðum afla í smærri sjávarbyggðunum.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:
I. Stjórnvöld hafa afhent frystitogurum veiðiréttinn (úr Morgunblaðinu, sunnudaginn 11. maí 1997).
II. Ályktanir 56. fiskiþings 20.–21. nóvember 1997.

831. Fyrirspurn [488. mál]

til dómsmálaráðherra um notkun síma í ökutækjum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hefur verið kannað hvort símanotkun ökumanna við akstur hefur sannanlega valdið
   a. slysum á fólki,
   b. tjóni á ökutækjum?
2. Hversu mörg ökutæki í landinu eru nú búin símtæki?
3. Hvað hefur verið gert vegna ályktunar Alþingis frá 11. maí 1987 um að settar yrðu reglur um símanotkun í ökutækjum?
4. Má búast við að símanotkun ökumanna við akstur verði takmörkuð með lögum eins og ýmsar þjóðir hafa gert, nú síðast Danir?

Skriflegt svar óskast.

832. Frumvarp til laga [489. mál]

um breytingu á lögum um Þjóðhagsstofnun, nr. 54/1974, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson,
Steingrímur J. Sigfússon, Gísli S. Einarsson.

1.gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og starfar á vegum Alþingis. Forsætisnefnd Alþingis ræður forstjóra hennar til fimm ára í senn. Hann ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart þinginu. Forsætisnefnd Alþingis getur, að fengnu samþykki Alþingis, vikið forstjóranum úr starfi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, er verður 2. gr., svohljóðandi:

Þjóðhagsstofnun er engum háð í störfum sínum. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Þjóðhagsstofnunar.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 2. tölul. orðast svo: Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir fyrir komandi ár sem lagðar skulu fram samhliða fjárlagafrumvarpi, svo og að gera þjóðhagsáætlun til langs tíma. Við gerð langtímaáætlana skal stofnunin m.a. leggja áherslu á verndun og nýtingu auðlinda og umhverfismál.
b. 4. tölul. orðast svo: Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir Alþingi, ríkisstjórn, Seðlabanka Íslands og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem um semst og samrýmist almennum reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Skýrslur, áætlanir og spár Þjóðhagsstofnunar skulu teknar til umfjöllunar í fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, eftir því sem við á hverju sinni.

4. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:
Ríkissjóður greiðir kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunar.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:
Árlega skal samin heildarskýrsla um störf Þjóðhagsstofnunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. um ráðningu forstjóra Þjóðhagsstofnunar gildir skipun núverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru gerðar nokkrar breytingar á lögum um Þjóðhagsstofnun. Meginbreytingin er að stofnunin er færð frá forsætisráðuneyti og mun framvegis heyra undir Alþingi nái frumvarpið fram að ganga. Vegna hlutverks stofnunarinnar er talið nauðsynlegt að hún sé að öllu leyti óháð stjórnvöldum. Telja verður óheppilegt og jafnvel óeðlilegt að Þjóðhagsstofnun skuli heyra undir forsætisráðuneytið jafnframt því að stofnunin eigi að fylgjast með efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma og leggja mat á árangurinn. Má benda á að Alþingi ákvað fyrir rúmum áratug að færa Ríkisendurskoðun frá framkvæmdarvaldinu undir yfirstjórn Alþingis, m.a. vegna þeirra sjónarmiða að ekki þótti eðlilegt að Ríkisendurskoðun heyrði undir aðila sem stofnuninni var falið að hafa eftirlit með. Breyting þessi er til þess fallin að styrkja starfsaðstöðu Alþingis, m.a. við gerð fjárlaga, og er þinginu opnuð leið til þess að láta stofnunina gera á eigin vegum rannsóknir og athuganir á einstökum málum.

Í samræmi við þessi sjónarmið er lagt til í frumvarpinu að beiðnir til Þjóðhagsstofnunar um skýrslur eða athuganir verði að vera innan almennra reglna sem forsætisnefnd Alþingis setur. Rétt er að slíkar reglur geri Þjóðhagsstofnun kleift að meta fyrir stjórnvöld áhrif efna-

hagsaðgerða og lagabreytinga og nýta þannig sérfræðikunnáttu og dýra reiknigetu, sem einungis er til staðar í stofnuninni.

Þá er gert ráð fyrir að áfram geti alþingismenn og einstakar þingnefndir snúið sér beint til stofnunarinnar og óskað eftir upplýsingum eða skýrslu um efnahagsmál, sbr. 5. tölul. 2. gr. laganna um Þjóðhagsstofnun.

Þriðja meginbreytingin er að við verkefni Þjóðhagsstofnunar er bætt að stofnunin skuli gera þjóðhagsáætlun til langs tíma og taka mið af vernd og nýtingu auðlinda, svo og umhverfismálum, þegar metin eru áhrif tiltekinna aðgerða á þjóðarbúskapinn. Er þessi breyting gerð til þess að stuðla að vandaðri áætlanagerð og markvissri efnahagsstjórn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að Þjóðhagsstofnun heyri undir Alþingi í stað forsætisráðherra, eins og nú er. Í samræmi við þá breytingu er gert ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis ráði forstjóra stofnunarinnar. Til viðbótar koma ákvæði þar sem kveðið er á um að forstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar, að hann sé starfsmaður Alþingis og beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart því og loks að forsætisnefnd Alþingis geti að fengnu samþykki Alþingis vikið forstjóranum úr starfi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að Þjóðhagsstofnun sé engum háð í störfum sínum og enn fremur um rétt forsætisnefndar Alþingis til að krefjast skýrslu um einstök mál er falla undir starfsemi Þjóðhagsstofnunar.

Um 3. gr.

Lagðar eru til breytingar á 2. gr. gildandi laga. Í fyrsta lagi er kveðið á um gerð áætlana til langs tíma og að leggja beri áherslu á verndun og nýtingu auðlinda, svo og umhverfismál, í þeim áætlunum. Í öðru lagi að Þjóðhagsstofnun geti annast verkefni fyrir aðra aðila, svo sem ríkisstjórn, Seðlabanka Íslands og alþjóðastofnanir, en þó innan þeirra marka sem forsætisnefnd Alþingis setur. Er það til samræmis við þá breytingu að Þjóðhagsstofnun starfi á vegum Alþingis í stað ríkisstjórnar. Loks er bætt við greinina ákvæði um að skýrslur Þjóðhagsstofnunar skuli teknar til umfjöllunar í fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, í hvorri um sig eða báðum, eftir því sem við á.

Um 4. gr.

Lagt er til að 4. gr. laganna falli brott, enda er það hlutverk sem Þjóðhagsstofnun er ætlað samkvæmt þar til greindum lögum fallið brott og greinin því óþörf.

Um 5. gr.

Lagt er til að ríkisjóður greiði allan kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunar, en nú greiðir ríkissjóður helming og Seðlabanki Íslands hinn helminginn. Þar sem sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar er lykilatriði í breytingum frumvarpsins þykir ekki eðlilegt að stofnunin eigi fjármögnun starfsemi sinnar að hálfu undir Seðlabanka Íslands og er því breytingin lögð til. Þess í stað er gert ráð fyrir að fjárhæðin sem Seðlabankinn greiðir nú til Þjóðhagsstofnunar renni í ríkissjóð.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að sambærilegt ákvæði og er að finna í lögum um Ríkisendurskoðun um gerð skýrslu sem lögð skal fyrir Alþingi verði í lögum um Þjóðhagsstofnun.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

833. Nefndarálit [355. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni Hafstein og Karl Kristjánsson frá menntamálaráðuneyti, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Hinu íslenska kennarafélagi, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands og Margréti Friðriksdóttur frá Skólameistarafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að afmarka ráðningartíma aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum í þeim tilgangi að stuðla að æskilegri endurnýjun starfsfólks í þessum stöðum. Frumvarpið nýtur stuðnings Hins íslenska kennarafélags, Kennarasambands Íslands og Skólameistarafélags Íslands.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og telur að takmörkun á ráðningartíma aðstoðarstjórnenda í framhaldsskólum sé heimil með vísan til 3. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Nefndin leggur til breytingu við 1. gr. frumvarpsins þannig að skólameistari geti ráðið aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn í stað þess að hann sé ráðinn til fimm ára. Verði frumvarp þetta að lögum ræður skólameistari áfangastjóra til allt að fjögurra ára og telur nefndin að samræma eigi skilyrði við ráðningu þessara aðila.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „ræður aðstoðarskólameistara til“ í fyrri málslið 1. gr. komi: allt að.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Árni Johnsen.	Svanfríður Jónasdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

834. Tillaga til þingsályktunar [490. mál]

um umhverfisstefnu í ráðuneytum og ríkisstofnunum.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Össur Skarphéðinsson, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að sjá til þess að öll ráðuneyti og stofnanir ríkisins marki sér stefnu í umhverfismálum. Hverju ráðuneyti og hverri ríkisstofnun verði skylt að setja fram áætlun þar sem kveðið verði á um aðgerðir til að ná settu marki. Ábyrgðarmenn á hverjum stað geri umhverfisráðherra árlega grein fyrir stöðu mála. Innan árs frá samþykkt þessarar tillögu skal umhverfisráðherra leggja fram skýrslu á Alþingi um stöðu og þróun umhverfismála í ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Greinargerð.

Skilningur og áhugi á umhverfisvernd hefur aukist mikið undanfarin ár hér á landi sem annars staðar í heiminum. Ljóst er hins vegar að marga skortir vitneskju og leiðbeiningar um hvernig þeir geti lagt sitt af mörkum til umhverfisverndar, hvort heldur er á heimili eða vinnustað. Það vantar fræðslu, upplýsingar og beinar tillögur eða fyrirmæli sem auðvelt er að tileinka sér og nýta í daglegu lífi. Umhverfisfræðsla er enn í molum þrátt fyrir samþykkt Alþingis í árslok 1988 þess efnis að ríkisstjórninni væri falið „að auka og samræma fræðslu um umhverfismál í skólum, m.a. í tengslum við endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla og þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla, svo og fyrir almenning í samvinnu við opinbera aðila, fjölmiðla og félagasamtök.“ Fullyrða má að fræðsla um umhverfismál sé enn ómarkviss og máttlítil og brýnt að ráða bót þar á. Þess ber þó að geta að frjáls félagasamtök af ýmsu tagi hafa sýnt þessu málefni áhuga, haft frumkvæði að ýmiss konar umhverfisverkefnum og a.m.k. sum fengið styrki úr ríkissjóði til útgáfu fræðsluefnis sem ætla má að komið hafi einstaklingum, heimilum og vinnustöðum að notum. Má þar nefna Landvernd, Kvenfélagasamband Íslands, Neytendasamtökin, Norræna félagið, Ungmennafélag Íslands, Bandalag skáta o.fl.

Einstök fyrirtæki hafa áttað sig á mikilvægi þess að marka sér stefnu í umhverfismálum og leggja sitt af mörkum til betra umhverfis. Það bætir ímynd þeirra út á við og skilar sér oft í beinum sparnaði og aukinni velvild í garð fyrirtækisins. Þessi hugsun virðist lítt eða ekki hafa skilað sér til ráðuneyta og ríkisstofnana, enda hagur þeirra af bættri ímynd e.t.v. ekki jafnaugljós. Markviss umhverfisstefna getur hins vegar skilað sparnaði í rekstri og betri líðan starfsmanna, auk þess sem ráðuneytum og ríkisstofnunum ber siðferðileg skylda til að sýna gott fordæmi í þessum efnum sem öðrum. Hér verða nefnd aðeins nokkur dæmi um atriði sem hafa ber í huga við mótun og framkvæmd umhverfisstefnu á vinnustöðum ríkisins.

Pappírsnotkun er eitt það fyrsta sem hver vinnustaður hlýtur að huga að. Ýmsir töldu að símbréf og tölvutækni mundu draga úr pappírsnotkun en sú hefur alls ekki orðið raunin. Hófleg pappírsnotkun dregur ekki aðeins úr rekstrarkostnaði heldur er einnig umhverfisvæn aðgerð. Þess vegna þarf að huga að því hvers konar pappír er notaður og hvernig hann er notaður, hvort útprentun og ljósritun sé stillt í hóf, hvort dýrmætur pappír sé notaður undir minnispunkta eða hvort nýta má til þess afgangspappír, hvort pappírnum sé safnað til endurvinnslu o.s.frv. Einnig þarf að tryggja að t.d. dagblaðapappír sé safnað saman til endurvinnslu.

Einnota vörur tíðkast enn á fjölmörgum vinnustöðum og hugsunin er sennilega fyrst og fremst sú að spara vinnu við þvott. Menn drekka úr einnota málum, borða af pappadiskum með plasthnífapörum, þurrka sér og af borðum með eldhúspappír, öllu er síðan fleygt og sorpið

urðað eða brennt með ærnum tilkostnaði. Notkun margnota vara í stað einnota hæfir visthæfum vinnustað. Að sjálfsögðu er þar margnota umbúðum, flöskum, dósum og fernum skilað til endurvinnslu.

Spilliefni eru notuð í einhverjum mæli á flestum vinnustöðum. Allir verða að vita hvernig þau ber að meðhöndla og hvert eigi að skila þeim að notkun lokinni. Sama er að segja um hreinsiefni, en oft eru notuð miklu sterkari efni en raunveruleg þörf er á. Því þarf að huga vel að notkun hreinsiefna, velja efni með viðurkenndri umhverfismerkingu og stilla notkun þeirra í hóf.

Bílanotkun er stór liður í rekstri flestra vinnustaða og nú er flestum orðinn ljós drjúgur hlutur bílaumferðar í mengun andrúmsloftsins. Það er því margföld ástæða til að draga úr bílanotkun eftir því sem mögulegt er. Athuga þarf hvort sendiferðir eru tíðari en nauðsyn ber til, hvort bílar stofnunarinnar eru óþarflega eyðslufrekir, hvort unnt sé að nota rafknúna bíla o.s.frv.

Þetta eru aðeins nokkur augljós dæmi um þætti sem til greina koma við mótun umhverfisstefnu, en hluti af slíkri stefnu er einnig fólginn í notalegu og heilsusamlegu vinnuumhverfi starfsmanna, s.s. reglum um reyklaust umhverfi o.fl. Ekki má heldur gleyma umhverfi vinnustaðarins, lóð og bílastæði.

Mikilvægt er að ábyrgðarmaður umhverfisstefnu á hverjum stað sé raunverulegur ráðamaður á staðnum og að hann fylgist vel með að stefnunni sé framfylgt. Allir starfsmenn, hærra sem lægra settir, þurfa að vita nákvæmlega um hvað málið snýst. Eðlilegast væri því að fela sérstökum verkefnisstjóra að fara á vettvang, kynna sér ástand mála á hverjum stað, setja fram tillögur í samstarfi við stjórnendur og kynna málið ítarlega fyrir öllum starfsmönnum.

Með tillögu þessari er kveðið á um skyldu umhverfisráðuneytisins til að hafa forgöngu um mótun umhverfisstefnu í ráðuneytum og ríkisstofnunum. Með flutningi hennar er ekki dregið í efa að umhverfisráðuneytinu sé ábyrgðin ljós þar sem í verkefnaskrá ráðuneytisins fyrir þetta kjörtímabil stendur m.a.: „Í samvinnu við önnur ráðuneyti verður kannað hvernig ráðuneyti og stofnanir ríkisins geta gengið á undan með góðu fordæmi í umhverfismálum með því að auka nýtni og taka tillit til sjónarmiða umhverfisverndar í daglegum rekstri sínum. Mótuð verður umhverfisstefna í ríkisrekstri.“

Þess ber að geta að nokkuð hefur þegar verið unnið í samræmi við þessa yfirlýsingu. Umhverfisráðherra lét útbúa bækling með leiðbeiningum og fól einum starfsmanna ráðuneytisins að hafa umsjón með framkvæmd umhverfisstefnu í ríkisrekstri. Tillögurnar voru samþykktar í ríkisstjórn í febrúar 1997 og stefnan síðan kynnt á fundi með fjölmiðlum um mitt síðasta ár. Árangur þessa er þó ekki meiri en svo að fæstir þeirra mörgu ríkisstarfsmanna sem fyrsti flutningsmaður spurði um þessi mál könnuðust við slíka stefnu á sínum vinnustað eða aðgerðir til að framfylgja henni. Augljóst er því að taka þarf þessi mál miklu fastari tökum. Krefja þarf ráðuneyti og ríkisstofnanir um sundurliðaða áætlun um aðgerðir til að ná markmiðum umhverfisstefnu og reglubundna skilagrein til umhverfisráðherra sem hann geri síðan grein fyrir í skýrslu til Alþingis. Það er efni þessarar tillögu.

835. Svar [420. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um þátttöku í sjávarútvegsverkefnum erlendis.

1. *Í hve miklum mæli hefur stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins lagt fram hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum til að taka þátt í verkefnum erlendis, sbr. lög nr. 92/1994, bráðabirgðaákvæði IV?*
2. *Í hvaða formi hefur það hlutafé verið lagt fram, hvaða fyrirtæki er um að ræða, í hvaða löndum starfa þau eða hafa starfað og hefur þessi stuðningur verið auglýstur þannig að fyrirtæki gætu keppt um hann?*

Á árinu 1996 keypti Þróunarsjóður sjávarútvegsins 62 krókabáta eftir að þeir höfðu verið úreltir sem fiskiskip. Sjóðurinn hefur nú ráðstafað 16 af þessum bátum, ýmist með beinni sölu eða á annan hátt. Í samstarfi við sjávarútvegsráðuneytið var tveim bátum ráðstafað til Gambíu. Fimm bátar hafa verið seldir úr landi til erlendra aðila, án beinnar þátttöku íslenskra aðila. Fjórir bátar voru seldir til Tansaníu en þar er Þróunarsjóður hluthafi í NAFICO Ltd. að litlu leyti, aðalhluthafar eru í Kenía en hyggjast gera bátana út til rækjuveiða við strendur Tansaníu, m.a. frá Zanzibar. Þróunarsjóður hefur í hyggju að íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki taki við hlut Þróunarsjóðs þegar verkefnið er farið af stað. Þá fara fram viðræður við eigendur ALPHA-Group í Úganda um kaup á fimm bátum til veiða á nílarkarfa á Viktoríuvatni.

Í 11. gr. laga nr. 92/1994 er kveðið á um þátttöku sjóðsins í þróunarverkefnum af ýmsu tagi. Þátttakan miðast þó eingöngu við lánsframlög, ábyrgðir eða beina þátttöku í hlutafélögum, ef þannig stendur á. Sjóðnum er með öðrum orðum ekki ætlað að veita styrki til þróunarverkefna. Þátttöku Þróunarsjóðsins í þróunarverkefnum má skipta í fjóra mismunandi flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða aðstoð varðandi vöru-, vinnslu- eða veiðiþróun. Í öðru lagi að greiða fyrir fyrirtækjum sem vilja hasla sér völl erlendis. Í þriðja lagi að taka beinan þátt í rekstri erlendis í samstarfi við innlend fyrirtæki og að síðustu með þátttöku í kynnisferðum til að athuga möguleika erlendis. Verður nú gerð grein fyrir aðstoð sjóðsins við fyrirtæki til að taka þátt í verkefnum erlendis.

Sjóðurinn hefur fengið nokkrar beiðnir um að aðstoða íslensk fyrirtæki við að hasla sér völl erlendis í samstarfi við aðila á hverjum stað og einni umsókn hefur verið svarað jákvætt. Um var að ræða umsókn frá HEH International vegna könnunar á möguleikum á samstarfi íslenskra og víetnamskra fyrirtækja í sjávarútvegi. Umsækjendur höfðu þá þegar lagt í umtalsverðan kostnað við verkefnið. Ekki hefur enn orðið af þátttöku sjóðsins í þessu verkefni.

Sjóðurinn hefur ekki auglýst sérstaklega eftir umsóknum til þessara verkefna heldur hefur verið haft samband við fyrirtæki sem sýnt hafa áhuga á að reyna fyrir sér á erlendum vettvangi.

Sjóðurinn hefur þrisvar sent fulltrúa í ferðir til þess að kanna möguleika fyrir íslenska aðila á atvinnuumsvifum erlendis. Í öllum tilvikum var um að ræða samstarf við viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð Íslands. Fyrsta ferðin var til Múrmansk í Rússlandi. Sjóðurinn tók þá þátt í viðskiptaferð sem efnt var til í tilefni af ráðstefnu um tækifæri til fjárfestinga í norðvesturhluta Rússlands. Önnur ferðin var til Pakistan, þangað sendi Þróunarsjóður fulltrúa í ferð á vegum utanríkisráðuneytisins til þess að kanna möguleika Íslendinga á að taka þátt í uppbyggingu sjávarútvegs þar í landi. Þessi ferð kom til að frumkvæði ræðismanns Íslands í Karachi og óskuðu utanríkisráðuneytið og Útflutningsráð Íslands eftir þátttöku Þróunarsjóðs. Þriðja ferðin var farin til Malasíu í samstarfi við Útflutningsráð og var hugsuð sem kynnisferð til þess að kanna hvort íslensk fyrirtæki sem framleiða búnað til fiskveiða gætu hugsanlega náð markaðshlutdeild í þeim heimshluta með íslenskum veiðiaðferðum

og-búnaði. Að frumkvæði Útflutningsráðs hafa síðan fulltrúar Hampiðjunnar, DNG-sjóvéla, Þróunarsjóðs og Borgarplasts rætt um hugsanlega samvinnu um að senda krókabát í eigu Þróunarsjóðs með búnaði frá fyrrnefndum fyrirtækjum til reynsluveiða í malasískri fiskveiðilögsögu. Verkefni þetta er einnig hugsað sem liður í fyrirhugaðri heimsókn utanríkisráðherra Íslands til Malasíu.

Ljóst er af þessum kynnisferðum að Þróunarsjóðurinn getur með þeim aðilum sem fyrr eru nefndir lagt umtalsvert af mörkum til þess að kanna og benda á tækifæri erlendis sem íslensk fyrirtæki gætu nýtt sér.

3. *Hvaða annar opinber stuðningur hefur staðið þeim fyrirtækjum til boða sem farið hafa í sjávarútvegsverkefni erlendis? Hefur sá stuðningur verið auglýstur?*
4. *Telur sjávarútvegsráðherra að um fullnægjandi stuðning sé að ræða eða telur hann að fyrirtækin þurfi frekari hvatningar við? Ef svo er, í hvaða formi gæti sá stuðningur verið?*

Ekki hefur á vegum hins opinbera verið um sérstakan fjárstuðning að ræða til fyrirtækja sem hafa farið í sjávarútvegsverkefni erlendis. Á hinn bóginn hefur sjávarútvegsráðuneytið lagt áherslu á að rækta sambönd við ríki þar sem Íslendingar hafa fjárfest í sjávarútvegi og þar sem þeir hyggjast gera það. Í því sambandi hefur m.a. verið um að ræða gagnkvæmar opinberar heimsóknir ráðherra. Þá má geta þess að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins mun í starfi sínu leggja fram hlutafé þegar um er að ræða fjárfestingakosti sem sjóðurinn telur arðvænlega. Með starfsemi sjóðsins skapast því ný tækifæri fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og önnur fyrirtæki, m.a. til að fjárfesta í sjávarútvegi erlendis.

Erfitt er að leggja mat á hvort sá stuðningur sem nú er veittur sé fullnægjandi eða ekki. Þó er skoðun sjávarútvegsráðuneytisins að svo sé.

836. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um hollustuhætti.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóra og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur deildarstjóra frá umhverfisráðuneyti og frá Hollustuvernd ríkisins Hermann Sveinbjörnsson framkvæmdastjóra og forstöðumenn sviða stofnunarinnar, Davíð Egilsson, Ólaf Pétursson, Sigurbjörgu Gísladóttur, Franklín Georgsson og Jón Gíslason. Þá komu á fund nefndarinnar úr stjórn Hollustuverndar ríkisins Ingunn St. Svavarsdóttir, Jón Erlingur Jónasson, Kristín Einarsdóttir og Sigurður Óskarsson. Einnig komu á fund nefndarinnar Birgir Þórðarson og Tryggvi Þórðarson frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Jóhann Þórsson og Freysteinn Sigurðsson frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Elín Smáradóttir frá Skipulagi ríkisins, Ólafur Ólafsson landlæknir og Lúðvík Ólafsson aðstoðarlandlæknir, Eyjólfur Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins og Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, heilbrigðisnefnd Sauðárkrókssvæðis, heilbrigðiseftirliti Austurlands, heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðarsvæðis, Akureyrarbæ, heil-

brigðiseftirliti Kjósarsvæðis, heilbrigðiseftirliti Vesturlandssvæðis, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, héraðslækninum í Austurlandshéraði, héraðslækninum í Reykjavík, heilbrigðiseftirliti Vestfjarðasvæðis, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, heilbrigðiseftirliti Kópavogssvæðis, heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðarkaupstaðar, stjórn Hollustuverndar ríkisins, heilbrigðisnefnd Garðabæjar, heilbrigðiseftirliti Reykjavíkursvæðis, heilbrigðisnefndum Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, heilbrigðisnefnd Selfosskaupstaðar, Reykjavíkurborg, Vinnuveitendasambandi Íslands, heilbrigðisnefnd Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar eystri, Náttúruverndarráði, Alþýðusambandi Íslands, forstjóra Náttúruverndar ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Skipulagi ríkisins, héraðslækninum í Suðurlandshéraði, umhverfis- og heilbrigðisnefnd Akraness svæðis, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristínu Einarsdóttur, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi eystra, Neytendasamtökunum, heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Hafnarfjarðarbæ, stjórn Náttúruverndar ríkisins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Læknafélagi Íslands, landlækni, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Sigurði Óskarssyni, Jóni Gíslasyni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í frumvarpinu er að finna heildstæðar reglur um hollustuhætti og mengunarvarnir og er því ætlað að koma í stað núgildandi laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Meðal helstu nýmæla frumvarpsins má nefna að gert er ráð fyrir að lögin nái framvegis einnig yfir efnahagslögsöguna og til farkosta sem ferðast undir íslenskum fána. Þá er lögð til fækkun heilbrigðisnefnda, gert er ráð fyrir að þær verði tíu talsins og að þær verði jafnframt svæðisnefndir. Lagt er til að ráðherra skipi hollustuháttaráð sem fjalli um þá þætti sem undir lögin falla og er ráðið ráðgefandi fyrir ráðherra. Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar á Hollustuvernd ríkisins. Þannig er lagt til að ekki verði stjórn yfir stofnuninni, en að henni verði skipaður forstjóri, og er þetta í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana. Hlutverk Hollustuverndar verður að mestu óbreytt og er stofnuninni áfram ætlað að hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvörnum og eiturefnaeftirliti. Einnig ber Hollustuvernd að sjá um vöktun umhverfisins, en umhverfisnefnd bendir á að ekki er ætlunin að hreyfa við lögbundnu hlutverki annarra stofnana á sviði umhverfisvöktunar. Í frumvarpinu er lögð til breyting á núgildandi reglum um veitingu starfsleyfa og leggur nefndin til nokkrar breytingar á þeim ákvæðum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að heiti frumvarpsins verði breytt þannig að lögin heiti lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Telur nefndin að rétt sé að orðið mengunarvarnir komi fram í heiti laganna þar sem um er að ræða einu lögin sem taka almennt á mengunarvörnum ásamt lögum um varnir gegn mengun sjávar. Þykir hið nýja heiti lýsa innihaldi laganna betur en hollustuháttahugtakið eitt og sér. Er þar m.a. tekið mið af því hvernig hugtakið er notað í öðrum lögum. Í samræmi við þessa breytingu er lögð til breyting á skilgreiningum frumvarpsins hvað þetta varðar.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á skilgreiningum sem koma fram í 3. gr. frumvarpsins. Bárust nefndinni ábendingar um að orðalag mætti í sumum tilfellum vera markvissara og skýrara og því eru lagðar til breytingar á greininni. Þannig eru lagðar til breytingar á skilgreiningum hugtakanna hollustuhættir og mengunarvarnir, auk hugtaksins hollustuvernd, og hugtökin mengunarvarnaeftirlit og heilbrigðiseftirlit eru skilgreind. Þá er lagt til að skilgreiningu á prófunum verði breytt nokkuð og að skilgeining á hugtakinu vottun verði

felld brott þar sem það kemur hvergi fyrir í frumvarpstextanum. Í kjölfar þessara breytinga eru lagðar til orðalagsbreytingar á nokkrum stöðum í frumvarpinu sem ekki er ástæða til að tíunda frekar.

3. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 4. og 5. gr. frumvarpsins, en ekki felst í tillögunum nein efnisleg breyting og er áréttað að þrátt fyrir orðalag 1. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir því eftir sem áður að Hollustuvernd ríkisins annist bæði hollustuvernd og mengunarvarnaeftirlit.
4. Lagt er til að ákvæðum 6. gr. um útgáfu starfsleyfa verði breytt á þann veg að öll starfsleyfi verði annaðhvort veitt af Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefndum en að umhverfisráðherra veiti ekki starfsleyfi eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þannig er gert ráð fyrir að Hollustuvernd veiti starfsleyfi fyrir umfangsmeiri atvinnurekstur sem getur haft mengun í för með sér og eru í fylgiskjali sem bætist við frumvarpið taldar upp þær tegundir atvinnurekstrar sem Hollustuvernd veitir starfsleyfi fyrir. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefndir veiti starfsleyfi fyrir annan mengandi atvinnurekstur og nánari reglur verði settar um það í reglugerð.

   Í tengslum við þessar breytingar eru einnig lagðar til nokkrar breytingar á kæruferlum, sbr. 31. og 32. gr. frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir að unnt verði að kæra ákvarðanir heilbrigðisnefnda og ákvarðanir Hollustuverndar um útgáfu starfsleyfa til ráðherra. Þykir nefndinni þetta fyrirkomulag vera meira í samræmi við þróun þá sem hefur orðið í stjórnsýslunni undanfarin ár og þá meginreglu að mál sem snerta mikilvæga hagsmuni fái vandaða meðferð innan stjórnsýslunnar og að þar sé möguleiki á endurskoðun með stjórnsýslukæru. Einnig hefur verið bent á nauðsyn þess, á grundvelli jafnræðisreglu stjórnsýslulaganna, að allar stjórnsýslukærur, er varða sömu efnisreglur, séu kæranlegar til sama úrskurðaraðila.

   Þá eru lagðar til minni háttar breytingar á málsmeðferð starfsleyfisumsókna hjá Hollustuvernd ríkisins í samræmi við fyrrgreindar breytingar á veitingu starfsleyfa. Loks er lagt til að starfsleyfi útgefin af Hollustuvernd verði ekki birt í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda heldur verði einungis birt þar auglýsing um útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Auk þess verði getið hvers efnis þau séu og hvar nálgast megi starfsleyfin í heild sinni.
5. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 7. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að 1. mgr. verði breytt þannig að ákvæði um tímabundnar undanþágur verði felld brott. Því verði í greininni heimild fyrir ráðherra, þegar sérstaklega stendur á og að fengnum umsögnum heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar, til að veita undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr. Í öðru lagi eru lagðar til orðalagsbreytingar á reglugerðarheimild í 2. mgr. og miða þær að því að gera ákvæðið skýrara. Í því sambandi skal sérstaklega bent á að það er ráðherra sem leggur þær skyldur á heilbrigðisnefndirnar að þær sinni verkefnum í tengslum við skuldbindingar íslenska ríkisins á grundvelli EES-samningsins. Loks er lagt til að efni 3. mgr. um að samráð skuli haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga verði fært í 9. gr. þar sem fjallað er um stjórn málaflokksins. Þykir ákvæðið betur eiga heima þar.
6. Á 11. gr. eru lagðar til breytingar á 1. mgr. þar sem fjallað er um skipan heilbrigðisnefnda. Lögð er til sú breyting að allir fimm mennirnir sem sæti eiga í hverri heilbrigðisnefnd skuli kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Samtökum atvinnurekenda og náttúruverndarnefndum sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu er síðan heimilt að tilnefna einn fulltrúa hvorum í nefndina til viðbótar, en þeir hafa ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Nauðsynlegt verður að telja í ljósi hlutverks heilbrigðisnefnda að fulltrúar

atvinnurekenda og náttúruverndar komi að málum allt frá fyrstu stigum eftirlitsins. Slíkt mun auðvelda eftirlit, fyrirbyggja misskilning og auka upplýsingaflæði milli aðila. Er gert ráð fyrir að fulltrúar atvinnulífs og náttúruverndar hafi sömu stöðu og aðrir nefndarmenn að undanskildum atkvæðisrétti.

Þá eru lagðar til breytingar á 2. mgr. í því skyni að laga texta frumvarpsins að réttum heitum sveitarfélaga.

7. Á 12. gr. er lögð til breyting varðandi gerð fjárhagsáætlana heilbrigðisnefnda. Miðar breytingin að því að heilbrigðisnefndir sinni meira gerð fjárhagsáætlana en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þannig er lagt til að heilbrigðisnefndir skuli fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir og skal áætlunin vera innan þess fjárhagsramma sem sveitarfélög setja. Með þessu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin tilkynni heilbrigðisnefndum hver heildarfjárveiting til málaflokksins er og nefndin marki sér síðan áætlun um hvernig þessum fjármunum skuli varið. Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlunin sé síðan send viðkomandi sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu. Ætlast er til að tekið verði tillit til kostnaðar sem hlýst af aðgerðum skv. 27. gr. frumvarpsins við gerð fjárhagsáætlana. Heilbrigðisnefndum er ætlað að sinna þessum verkþætti á sama hátt og áður þrátt fyrir að kostnaðurinn sé ekki lagður á viðkomandi sveitarfélag heldur falli hann á heilbrigðisnefndina. Hefðbundið umhverfiseftirlit á að vera jafnvirkt og áður. Hér er því gert ráð fyrir samábyrgð sveitarfélaga á hverju eftirlitssvæði á þeim kostnaði sem til fellur, m.a. við hefðbundið umhverfiseftirlit.
8. Á 14. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar, en einnig er lagt til að við greinina verði bætt nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að fulltrúar Hollustuverndar ríkisins eigi rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda með tillögurétti og málfrelsi. Sams konar ákvæði er nú að finna í 30. gr. frumvarpsins, en betur þykir fara á því að hafa ákvæðið í 14. gr. og því er breytingin lögð til.
9. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 15. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting sem snýr að því að ekki verði skylt að hafa tvo heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi á hverju eftirlitssvæði eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Þykir ljóst að ekki er alls staðar þörf fyrir fleiri en einn heilbrigðisfulltrúa og því óheppilegt að festa slíkt ákvæði í lög. Þrátt fyrir þessa breytingu er gert ráð fyrir að ráðnir verði fleiri heilbrigðisfulltrúar þar sem þess þykir þörf, sérstaklega á eftirlitssvæðum sem ná yfir stórt landsvæði. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar er varða ráðningu heilbrigðisfulltrúa og miða þær að því að stuðla að sjálfstæði heilbrigðisnefnda. Þannig er lagt til að heilbrigðisnefndir á hverju eftirlitssvæði ráði heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit. Bárust umhverfisnefnd margar ábendingar þess efnis að slíkt fyrirkomulag væri heppilegra en það sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. að sveitarstjórnir ráði heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar. Auk þess má benda á að tillögur umhverfisnefndar eru í samræmi við reglur sem gilda um ráðningu heilbrigðisfulltrúa nú.
10. Á 16. gr. er lögð til orðalagsbreyting þannig að ekki verði tilgreindir sérstaklega ákveðnir aðilar sem bundnir eru þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd, heldur gert ráð fyrir að ákvæðið nái til allra sem starfa samkvæmt lögunum. Tekið skal fram að þagnarskyldan mun einnig ná til aðila sem gerður er þjónustusamningur við skv. 24. gr. frumvarpsins og eru þeir með vísan til þessa ákvæðis bundnir sömu þagnarskyldu og ríkisstarfsmenn, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
11. Á 17. gr. er lögð til breyting á skipun hollustuháttaráðs. Lagt er til að í ráðinu eigi sæti níu menn í stað fimm áður. Enn er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra skipi formann ráðsins, þá á forstjóri Hollustuverndar ríkisins sæti í ráðinu og loks er gert ráð fyrir að

Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Alþýðusamband Íslands, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og landlæknisembættið tilnefni einn mann í ráðið hvert, og eru fjórir síðastnefndu aðilarnir nýir í ráðinu. Lögð er áhersla á að fá fleiri fagaðila inn í ráðið. Með því næst aukin fagleg umfjöllun um umhverfisvernd og ráðið getur veitt stjórnsýslunni traustari stuðning. Breytingin leiðir einnig til til meira jafnvægis sjónarmiða í ráðinu.

12. Á 18. gr. er lögð til smávægileg breyting þess efnis að felld verði brott orðin „eða gæti verið“ þegar fjallað er um þá starfsemi Hollustuverndar sem er í samkeppnisrekstri. Þykir eðlilegra að sönnunarbyrði um það að stofnunin sé í samkeppnisrekstri hvíli á þeim sem halda slíku fram í stað þess að stofnunin beri sönnunarbyrði fyrir því að svo sé ekki.
13. Lagt er til að í 24. gr. verði bætt vísun til 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, en þar koma fram reglur um það hvernig fara skuli með samninga líkt og þá sem kveðið er á um í 24. gr.
14. Lagt er til að í 25. gr. verði bætt ákvæði um að kostnaður af birtingu samþykkta og gjaldskráa sveitarfélaga í B-deild Stjórnartíðinda skuli falla á sveitarfélögin. Er hér um að ræða lögfestingu þeirrar framkvæmdar sem hefur verið viðhöfð.
15. Þá er lagt til að síðari málsgrein 30. gr. verði bætt við 28. gr., en fyrri málsgrein hennar var bætt í 14. gr.
16. Lagt er til að bætt verði ákvæði við 29. gr. þess efnis að Hollustuvernd ríkisins skuli sjá um samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráð eða alvarleg mengunarslys, matarsýkingar eða annað alvarlegt ástand svipaðs eðlis þar sem þörf er á heildaryfirsýn og samhentu átaki. Er lagt til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga tilkynni Hollustuvernd þegar í stað er slík tilfelli koma upp og stofnunin og viðkomandi heilbrigðisnefndir taki í kjölfarið ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir.
17. Gerð er tillaga um að nýju ákvæði verði bætt inn í VI. kafla, um valdsvið og þvingunarúrræði, og það áréttað að við meðferð mála samkvæmt kaflanum skuli fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga.
18. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 31. og 32. gr. þar sem fjallað er um málsmeðferð og úrskurði. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði á um að unnt verði að kæra ákvarðanir heilbrigðisnefnda og ákvarðanir Hollustuverndar um útgáfu starfsleyfa til ráðherra og er vísað um þetta til umfjöllunar í 4. tölul. hér að framan. Þá er lagt til að í ákvæði 31. og 32. gr. verði settir sambærilegir tímafrestir fyrir úrskurðarnefndina annars vegar og ráðherra hins vegar til að ljúka meðferð kærumála og er um að ræða styttri fresti en samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga. Þannig er gert ráð fyrir að úrskurðir verði kveðnir upp eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að málið berst til viðkomandi úrskurðaraðila. Þó er undantekning frá þessu ef um er að ræða mjög viðamikil mál þar sem fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla taki lengri tíma og getur afgreiðslufrestur þá verið allt að átta vikur, en tilkynna skal kæranda um það sérstaklega.
19. Lagðar eru til nokkrar breytingar á viðurlagaákvæðum frumvarpsins og felast breytingarnar helst í því að lagt er til að brot varði sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Einnig er lagt til að sé um ítrekuð brot að ræða liggi við þeim allt að fjögurra ára fangelsi. Loks er það nýmæli lagt til að sektir megi gera lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra sem í þágu hans starfa, þó ekki ef um óhappatilvik er að ræða. Einnig má leggja sektir á lögaðila ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans hafa gerst sekir um brot.

20. Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar í stað, að undanskilinni þeirri skipan sem kveðið er á um í 11. gr., en gert er ráð fyrir að hún taki gildi 1. ágúst og fram að þeim tíma starfi núverandi heilbrigðisnefndir og sveðisnefndir.
21. Loks er lagt til að bætt verði við lögin nýju ákvæði til bráðabirgða þess efnis að stjórn Hollustuverndar ríkisins og úrskurðarnefnd skv. 31. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skuli ljúka við að úrskurða í þeim kærumálum sem kærð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara. Gert er ráð fyrir að stjórnin og úrskurðarnefndin ljúki störfum fyrir 1. júlí 1998.

Alþingi, 20. febr. 1998.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Tómas Ingi Olrich.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristján Pálsson.

837. Breytingartillögur [194. mál]

við frv. til l. um hollustuhætti.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÓÖH, TIO, KPál, ÍGP, ÁMM, LMR).

1. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
   Hollustuhættir og mengunarvarnir taka í lögum þessum til hollustuverndar, mengunarvarnaeftirlits, vöktunar, tengdra rannsókna og fræðslu um þessi mál.
   b. 2. mgr. orðist svo:
   Hollustuvernd tekur til eftirlits með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum þeim tengdum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra. Einnig tekur það til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum, m.a. með tilliti til manneldismála.
   c. 3. mgr. orðist svo:
   Mengunarvarnaeftirlit tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.
   d. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heilbrigðiseftirlit tekur til hollustuhátta og mengunarvarna.
   e. Í stað orðanna „lágmarka losun mengunarefna“ í 5. mgr. komi: lágmarka mengun.
   f. Orðin „hönnun vöru“ í 6. mgr. falli brott.
   g. Í stað orðsins „verksmiðju“ í 6. mgr. komi: starfsemi.
   h. 8. mgr. orðist svo:
   Rannsóknir (prófanir) felast í greiningu sýna vegna eftirlits, eftirlitsverkefna, vöktunar og annarra þjónusturannsókna eða fyrirbyggjandi aðgerða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.
   i. 9. mgr. falli brott.

2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „heilbrigðiseftirlits“ í 1. mgr. komi: hollustuverndar.
   b. 3. tölul. orðist svo: meindýr og eyðingu þeirra.
   c. Á eftir orðunum „katta og“ í 4. tölul. komi: annarra.
   d. Í stað orðanna „því um líkt“ í 11. og 14. tölul. komi: þess háttar.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „mengunarvarna“ í 1. mgr. komi: mengunarvarnaeftirlits.
4. 6. gr. orðist svo:

   Hollustuvernd ríkisins gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögum þessum.

   Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og ekki er talinn upp í fylgiskjali, sbr. 1. mgr., eftir því sem mælt er fyrir um í reglugerð.

   Hollustuvernd ríkisins skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Hollustuverndar ríkisins innan átta vikna frá auglýsingu.

   Hollustuvernd ríkisins skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna.

   Auglýsa skal í B-deild Stjórnartíðinda útgáfu og gildistöku starfsleyfa sem Hollustuvernd ríkisins gefur út.
5. Við 7. gr.
   a. Orðin „tímabundna“ og „í allt að 12 mánuði“ í 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:

      Ráðherra setur almenn ákvæði í reglugerð um valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa, þar með talið um þátttöku í eftirlits-, rannsóknar- og vöktunarverkefnum.
   c. 3. mgr. falli brott.
6. Við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga.
7. Við 10. gr. Orðin „og mengunarvarna“ falli brott.
8. Við 11. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:

      Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor í nefndina til viðbótar. Fulltrúar atvinnurekenda og náttúruverndarnefnda hafa ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.
   b. Í stað orðsins „Sandgerði“ í 8. tölul. 2. mgr. komi: Sandgerðisbær.
   c. Í stað orðsins „Hafnarfjarðarbær“ í 9. tölul. 2. mgr. komi: Hafnarfjarðarkaupstaður.
   d. Í stað orðsins „Seltjarnarnesbær“ í 10. tölul. 2. mgr. komi: Seltjarnarneskaupstaður.
   e. Í stað orðsins „eftirlits“ í 4. mgr. komi: heilbrigðiseftirlits.
9. Við 12. gr.
   a. Á undan 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir, innan fjár-

hagsramma sem sveitarfélög setja, og senda hana til viðkomandi sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu.

b. Orðin „og mengunarvarna“ í 1. og 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
c. Orðin „gerð fjárhagsáætlunar“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
d. Í stað orðsins „eftirlitið“ í 2. mgr. komi: heilbrigðiseftirlitið.

10. Við 13. gr. Orðin „og mengunarvörnum“ í síðari málslið falli brott.
11. Við 14. gr.
a. Í stað orðanna „þrír nefndarmanna“ í 1. mgr. komi: þrír atkvæðisbærra nefndarmanna.
b. Orðin „og mengunarvarna“ í 2. mgr. falli brott.
c. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda með tillögurétti og málfrelsi.

12. Við 15. gr.
a. 1. mgr. falli brott.
b. Í stað 1. málsl. 2. mgr. komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Heilbrigðisnefndir á hverju eftirlitssvæði ráða heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit sveitarfélaganna með þeim viðfangsefnum sem undir lögin falla. Starfi einungis einn heilbrigðisfulltrúi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri eftirlitsins. Ef heilbrigðisfulltrúarnir eru tveir eða fleiri skal einn úr hópi þeirra jafnframt ráðinn framkvæmdastjóri eftirlitsins.

13. Við 16. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Þeir sem starfa samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd.
14. Við 17. gr.
a. Orðin „stefnumörkun um atvinnustarfsemi og gera tillögu um framkvæmdina“ í 1. mgr. falli brott.
b. 2. mgr. orðist svo:
Í ráðinu eiga sæti níu menn. Umhverfisráðherra tilnefnir einn og er hann formaður, forstjóri Hollustuverndar ríkisins á sæti í ráðinu og Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Alþýðusamband Íslands, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og landlæknisembættið tilnefna einn hvert.

15. Við 18. gr.
a. Orðin „og mengunarvörnum“ í 2. mgr. falli brott.
b. Í stað orðsins „eftirlits“ í 2. mgr. komi: heilbrigðiseftirlits.
c. Orðin „eða gæti verið“ í 2. málsl. 3. mgr. falli brott.
d. Orðin „og mengunarvörnum“ í 4. mgr. falli brott.

16. Við 19. gr.
a. Í stað orðsins „eftirlits“ í 1. málsl. komi: heilbrigðiseftirlits.
b. Orðin „og mengunarvarnir“ í 2. málsl. og „og mengunarvarna“ í 3. málsl. falli brott

17. Við 21. gr. Orðin „við hlutaðeigandi eftirlit“ falli brott.
18. Við 22. gr. Í stað orðanna „prófunar“ í 1. og 2. málsl. komi: rannsóknar.
19. Við 24. gr.
a. Í stað orðsins „eftirlitsins“ í 1. málsl. komi: heilbrigðiseftirlitsins.
b. Við 2. málsl. bætist: sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

20. Við 25. gr. 5. og 6. málsl. 2. mgr. orðist svo: Gjöld má innheimta með fjárnámi. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga.

21. Við 28. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Fulltrúum Hollustuverndar ríkisins er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sveitarfélaga ná til. Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit fer um valdsvið og þvingunarúrræði í samræmi við þennan kafla laganna.
22. Við 29. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Hollustuvernd ríkisins skal sjá um samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráð eða alvarleg mengunarslys, matarsýkingar eða önnur vá svipaðs eðlis. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga skal þegar í stað tilkynna Hollustuvernd ríkisins um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir.
23. 30. gr. orðist svo:
Við meðferð mála samkvæmt þessum kafla skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga.
24. Við 31. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra fer með úrskurðarvald samkvæmt lögunum, sbr. ákvæði 32. gr., eða þegar ágreiningur rís vegna ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 6. gr.
    b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
    Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.
25. Við 32. gr.
    a. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um ágreining milli Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.
    b. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
    Ákvarðanir Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda um útgáfu starfsleyfa skv. 6. gr. má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefnda.
    Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að honum berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.
26. 33. gr. orðist svo:
Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.
27. Á eftir 33. gr. komi ný grein, 34. gr., og orðist svo:
Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum sveitarfélaga skulu sæta meðferð opinberra mála.

28. Við 34. gr. Í stað orðanna „gildi 1. janúar 1998“ komi: þegar gildi.
29. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, IV, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna, sbr. meðal annars 31. gr., skulu stjórn Hollustuverndar ríkisins og úrskurðarnefnd, skipuð samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ljúka við að úrskurða í kærumálum sem kærð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara. Stjórnin og úrskurðarnefndin skulu hafa lokið þeim störfum fyrir 1. júlí 1998.

30. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
31. Við frumvarpið bætist fylgiskjal, svohljóðandi:

Fylgiskjal.

Atvinnurekstur sem Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnsframleiðsla.
6. Kísilmálmsframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn.
12. Meðferð úrgangs – móttökustöðvar sveitarfélaga: Flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla.
22. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
23. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
24. Annar sambærilegur rekstur.

838. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um endurreisn Þingvallaurriðans.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir um það frá landbúnaðarráðuneyti, fisksjúkdómanefnd, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Veiðimálastofnun, Veiðifélagi Þingvallavatns, Þingvallahreppi og veiðimálastjóra.

Í tillögugreininni er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi nefnd til að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns. Alger kaflaskipti urðu í sögu Þingvallaurriðans þegar útfall vatnsins, Efra-Sog, var þvergirt og straumvatnið leitt um jarðgöng í Steingrímsstöð. Virkjunin gjöreyddi mikilvægasta stofninum sem hrygndi fyrir mynni og í efri hluta Efra-Sogs. Í kjölfar virkjunarinnar hækkaði vatnsborðið og það, ásamt landsigi í norðurhluta Þingvallavatns, linaði straum á hinum mikilvægu hrygningarstöðvum í Öxará. Viðgangur stofnsins í ánni hefur ekki vera svipur hjá sjón síðan.

Verði ekkert að gert eru taldar yfirgnæfandi líkur á að urriðinn í Þingvallavatni muni smám saman hverfa úr vistkerfi vatnsins. Nefndin leggur því til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 18. febr. 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Guðjón Guðmundsson.	Hjálmar Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Ágúst Einarsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.

839. Tillaga til þingsályktunar [491. mál]

um málefni ungra fíkniefnaneytenda.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að standa fyrir sérstöku átaki til að tryggja tafarlausa meðferð ungra fíkniefnaneytenda sem vilja fara í meðferð þannig að framvegis myndist ekki langir biðlistar eftir meðferð vegna áfengis- og fíkniefnanotkunar.

Greinargerð.

Í Morgunblaðinu 27. janúar sl. er viðtal við Þórarin Tyrfingsson yfirlækni á Vogi. Í viðtalinu kemur fram að að mati SÁÁ er meira um fíkniefni á Íslandi nú en nokkru sinni áður og einnig að tíðkaðar eru nýjar aðferðir við neyslu þeirra. Yfirlæknirinn fullyrðir að ástandið hafi versnað til muna frá 1995, mun meira af ólöglegum fíkniefnum sé í umferð, fleiri noti alls

konar efni og neysluaðferðirnar séu fjölbreyttari. Hans álit er að lækning sé mun erfiðari en hún var fyrir þremur til fjórum árum.

Þórarinn segir að þetta skapi mikinn vanda hjá sjúkrahúsinu Vogi þar sem fólk sem er illa á sig komið og í afeitrun þurfi mikla umönnun og Vogur hafi alls ekki undan. Sjúklingar sem þurfi að sinna séu á biðlistum en göngudeildir og vaktir stóru spítalanna leggi fram mikla vinnu í þágu þeirra. Hann fullyrðir að mikill skortur sé á skyndiþjónustu fyrir áfengissjúklinga og allt að 300 sjúklingar séu á biðlista, misjafnlega illa á sig komnir.

Mat þeirra sem vinna að þessum málum er að mjög tilfinnanlega vanti meðferðarpláss fyrir yngstu vímuefnaneytendurna en ef séð væri fyrir þörfum þeirra mundi það létta á þrýstingi sem hefur verið á almenn meðferðarheimili að undanförnu um að taka mjög unga vímuefnaneytendur til meðferðar. Komið hefur fram í blaðafréttum að yngsti vímuefnaneytandi sem hefur verið til meðferðar á Vogi sé 13 ára. Þeir sem best þekkja til vímuefnavanda unglinga telja að unglingar í þessum aðstæðum þurfi mun sérhæfðari meðferð en er í boði á almennum meðferðarstofnunum.

Í fylgiskjali eru línurit sem fengin voru frá Vogi og birtust í SÁÁ-fréttum, 1. tbl. 1998.

Fylgiskjal.

Ungt fólk í meðferð á Vogi 1997.

Fjöldi einstaklinga í hverjum aldurshópi og fjöldi innritana.

Aldur	Stúlkur	Piltar	Alls	Innritanir
13 ára	1	0	1	1
14 ára	2	3	5	6
15 ára	8	10	18	23
16 ára	13	14	27	40
17 ára	7	29	36	47
18 ára	20	35	55	72
19 ára	24	40	64	75
Alls	75	131	206	264

Stórneytendur kannabis og amfetamíns á Vogi.
Fjöldi einstaklinga.



Fjöldi ungra einstaklinga á Vogi.



Hlutfall stórneytenda kannabisefna í þremur aldurshópum meðal sjúklinganna á Vogi 1987–97.



840. Breytingartillaga [225. mál]

við frv. til l. um kosningar til sveitarstjórna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 22. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skráning kjósenda sem neyta atkvæðisréttar er þó ávallt óheimil af hálfu umboðsmanna eða fulltrúa þeirra.

841. Fyrirspurn [492. mál]

til félagsmálaráðherra um frestun á yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hefur nýverið komið til álita af hálfu ráðherra að fresta yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga vegna ónógs undirbúnings?
2. Hver er staða undirbúnings yfirfærslunnar?

842. Fyrirspurn [493. mál]

til sjávarútvegsráðherra um tilboð í smíði rannsóknaskips fyrir Hafrannsóknastofnun.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hvers vegna var lægsta tilboði í smíði nýs rannsóknaskips fyrir Hafrannsóknastofnun ekki tekið?
2. Var tilboð lægstbjóðanda ekki í samræmi við útboðsskilmála?

843. Fyrirspurn [494. mál]

til dómsmálaráðherra um ráðningu fíkniefnalögreglumanna.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hver er reynslan af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðasta ári að ráða sex nýja fíkniefnalögreglumenn til starfa í Reykjavík (þrjá starfsmenn) og á Eskifirði, Ísafirði og Akureyri (einn á hverjum stað)?
2. Hvenær voru þessir lögreglumenn ráðnir og hvert er starfssvið þeirra og starfsumhverfi, þar á meðal lögsaga þeirra?
3. Hver er árangurinn af þeirri stefnumótun að styrkja baráttuna gegn fíkniefnavandanum úti á landsbyggðinni með ráðningu sérstakra starfsmanna á þessum þremur svæðum?
4. Var 35 millj. kr. fjárveiting, sem sérgreind var til aukinnar löggæslu vegna fíkniefnamála, nýtt til fulls, og hvernig var henni varið?

844. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um hollustuhætti.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Löngu er tímabært að endurskoða lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og setja heildstæða löggjöf er taki tillit til breytinga í umhverfisrétti og umhverfisvernd hérlendis og erlendis, þar á meðal ákvæða í alþjóðasamningum. Frá því að heildarlög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit voru fyrst sett árið 1981 hafa orðið miklar breytingar í stjórnkerfinu á sviði umhverfismála. Stofnað var umhverfisráðuneyti árið 1990 og fluttir til þess í áföngum ýmsir málaflokkar er nú falla undir gildissvið laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Meingallað frumvarp.

Því urðu það mikil vonbrigði þegar umhverfisráðherra lagði fram frumvarp um hollustuhætti á haustþingi 1997 og í ljós kom hversu illa hafði verið að þeirri endurskoðun staðið í

veigamiklum atriðum. Vinna umhverfisnefndar við frumvarpið hefur verið ómarkviss og engan veginn skilað því sem þurft hefði til gagngerra breytinga á því þrátt fyrir nokkrar lagfæringar sem felast í sumum breytingartillagna meiri hluta nefndarinnar. Við 2. umræðu málsins eru þess vegna mörg atriði sem minni hlutinn gagnrýnir harðlega og bendir hann meðal annars á eftirfarandi:

1. *Metnaðarlaus markmið sem endurspregla ekki þróun umhverfisréttar.*
2. *Mikið valdaframsal til umhverfisráðherra með opnum reglugerðarheimildum.*
3. *Sérlög og alþjóðasamningar ekki tengd við frumvarpið.*
4. *Innbyggðir hagsmunaárekstrar með fulltrúa atvinnurekenda í heilbrigðisnefndum.*
5. *Hollustuháttaráð, samsafn þrýstihópa í stað stjórnar.*
6. *Hollustuvernd ríkisins áfram í fjársvelti.*
7. *Stór eftirlitssvæði eru jafnvel með einn heilbrigðisfulltrúa.*
8. *Ótraustur grunnur undir gjaldskrár.*
9. *Tvískipt kæruferli sem skapar réttaróvissu.*
10. *Ýmsir fleiri agnúar á frumvarpinu.*

Af þessu má vera ljóst að minni hlutinn getur ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

Óvandaður undirbúningur.

Frumvarpið var samið af nefnd sem ráðherra skipaði 16. febrúar 1996 og skilaði hún af sér frumvarpi 12. ágúst 1997. Hafði áður, 1991–93, starfað nefnd að lagaendurskoðun á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis, en frumvarp sem hún samdi var aldrei lagt fram í heild. Engin heildstæð úttekt hafði farið fram á málaflokknum né heldur almenn stefnumörkun á vegum umhverfisráðuneytisins áður en síðari nefndin var skipuð. Er sérstaklega tekið fram í greinargerð með frumvarpinu að „í skipunarbréfi nefndarinnar [hafi ekki verið] kveðið á um hvernig endurskoðun laganna skyldi háttað þannig að nefndinni var falið að móta vinnuna“.

Við skipun í nefndina gætti mikils misvægis við val á tilnefningaraðilum. Sést það best af því að Vinnuveitendasambandi Íslands var gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa án mótvægis, t.d. frá samtökum launafólks, neytendasamtökum og frjálsum félagasamtökum er hafa umhverfisvernd sérstaklega á dagskrá. Líklega hefði þó verið æskilegast að velja í slíka nefnd einstaklinga út frá faglegum sjónarmiðum einvörðungu, en leita álits hagsmuna- og félagasamtaka á meðan samning lagafrumvarpsins stóð yfir. Frumvarpið ber þess augljós merki að samtök atvinnurekenda hafa komið þar ár sinni vel fyrir borð og helst það misvægi þrátt fyrir viðleitni meiri hluta umhverfisnefndar til að draga úr því.

Fram hefur komið gagnrýni á vinnubrögð hinnar stjórnskipuðu nefndar, meðal annars frá tveimur fulltrúum í stjórn Hollustuverndar ríkisins, kjörnum af Alþingi. Einnig hefur komið fram að starfsmenn Hollustuverndar ríkisins hafi ekki verið með í ráðum við gerð tillagna um frumvarpið.

Á heildina litið verður að telja frumvarpið, eins og það var lagt fram af ráðherra, afar rýrt og lítinn rökstuðning að finna fyrir megintillögum þess. Greinargerð með frumvarpinu er ótrúlega lítilfjörleg, ekki síst þegar litið er á þýðingu málaflokksins. Þannig varpar hún hvorki ljósi á þróun umhverfisréttar né greinir frá réttarþróun og lögum á þessu sviði í nálægum löndum.

Störf umhverfisnefndar að frumvarpinu.

Eins og rakið er í nefndaráliti meiri hlutans bárust umsagnir um frumvarpið frá fjölda aðila og margir komu til viðræðna við nefndina, bæði úr röðum umsagnaraðila og aðrir tilkvaddir.

Í umsögnum kom fram mikil og almenn gagnrýni á ýmis veigamestu ákvæði frumvarpsins, ekki síst val fulltrúa í heilbrigðisnefndir, myndun hollustuháttaráðs í stað stjórnar Hollustuverndar ríkisins, forræði sveitarstjórna fyrir heilbrigðisnefndum, veitingu starfsleyfa og úrskurðaraðila í kærumálum. Þá kom fram frá starfsmönnum og fulltrúum í stjórn Hollustuverndar ríkisins hörð gagnrýni á margt það er laut að stofnuninni samkvæmt frumvarpinu.

Um það leyti sem umsagnarfrestur um frumvarpið rann út og nefndin var að búa sig undir að vinna úr umsögnum um mánaðamót nóvember/desember 1997 kom um það krafa frá umhverfisráðuneytinu að frumvarpið yrði lögfest fyrir áramót. Þegar sumir nefndarmanna töldu það óvinnandi veg þar sem tíminn var knappur og verkefnið stórt lagði meiri hlutinn til að hluti af frumvarpinu yrði lögfestur sem breyting á gildandi lögum og nefndin flytti um það tillögu. Ekki varð samstaða um efni hennar og lagði þá meiri hlutinn 11. desember 1997 fram sérstakt frumvarp til laga um breytingu á gildandi lögum, nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Hófst 1. umræða um það mál 16. desember en varð eigi lokið því að umhverfisráðherra samdi um það við þingflokksformenn að frumvarp þetta yrði dregið til baka og var það gert 18. desember 1997. Með samkomulagi þessu var gert ráð fyrir að vinnu yrði haldið áfram við upphaflegt frumvarp og það afgreitt sem lög um mánaðamótin febrúar/mars 1998. Með þessu var umhverfisnefnd vissulega ætlaður naumur tími til umfjöllunar um málið eins og berlega kom í ljós síðar.

Ótækt til afgreiðslu þrátt fyrir tillögur til bóta.

Við vinnu að frumvarpinu settu fulltrúar minni hlutans fram fjölmargar athugasemdir við efni þess og áttu frumkvæði að því að kvaddir voru til aðilar, síðast lögfræðingur með sérþekkingu á stjórnsýslurétti (sjá fylgiskjal I), til að segja álit sitt á frumvarpinu og svara fyrirspurnum nefndarmanna. Meiri hlutinn vann að mótun á breytingartillögum sem kynntar voru á þremur fundum áður en málið var afgreitt frá nefndinni.

Í nefndinni gafst allt of stuttur tími til að gaumgæfa málið eins og þurft hefði til að bæta úr mörgum augljósum agnúum. Í svo mikilsverðu máli hefði þurft að afla álitsgerða um marga þætti og fá fram efnisleg drög ráðuneytis að reglugerðum. Þó telur minni hlutinn ýmsar af tillögum meiri hlutans horfa til bóta og mun ef á reynir styðja viðkomandi atriði. Á heildina litið er frumvarpið hins vegar langt frá því að geta talist fullunnið og er ekki frambærilegt til lögfestingar. Ef nefndin hefði fengið svo sem mánuð í viðbót til að vinna að málinu hefði mátt fara betur ofan í saumana á mörgum framkomnum athugasemdum og ráða bót á augljósum annmörkum. Það stóð hins vegar ekki til boða og því er megintillaga minni hlutans að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til vandaðrar yfirferðar í ljósi fyrirliggjandi athugasemda og nýtt og betra frumvarp síðan lagt fyrir haustþing, til afgreiðslu fyrir lok ársins.

Meginávirðingar frumvarpsins.

1. Metnaðarlaus markmið sem endurspegla ekki þróun umhverfisréttar.

Lítil alúð hefur verið lögð við markmiðsþátt frumvarpsins. Engin viðleitni er til að draga fram nýlegar skilgreiningar í umhverfisrétti sem meðal annars eru staðfestar í Ríó-yfirlýsingunni og víða sér stað í löggjöf Evrópulanda. Má í því sambandi benda á hliðstæða danska löggjöf um umhverfisvernd (Lov om miljøbeskyttelse nr. 625/1997). Hér eru höfð í huga grundvallarhugtök eins og varúðarregla, mengunarbótaregla og samþættar mengunarvarnir. Svipað á við um stefnumið eins og að leitast beri við að takmarka notkun hráefna, stuðla að sem hreinastri tækni og endurnýtingu og gæta umhverfisverndarsjónarmiða við framleiðslu og innflutning á vörum. Þá er hvergi í frumvarpinu vikið að neytendavernd og fulltrúum samtaka neytenda er ekki ætlaður neinn hlutur í meðferð mála samkvæmt því.

2. Mikið valdaframsal til umhverfisráðherra með opnum reglugerðarheimildum.

Frumvarpið gengur ótrúlega langt í framsali valds til umhverfisráðherra með heimildum til að setja reglugerðir án minnstu viðleitni til efnislegrar afmörkunar. Tvær greinar, 4. og 5. gr., með samtals 35 tölusettum liðum eru einberar fyrirsagnir sem ráðherra á að fylla út í með reglugerðum. Þess utan úir og grúir af reglugerðarheimildum, oft um hin mikilsverðustu atriði, m.a. „um valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins“ (7. gr.), „nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar“ (20. gr.) og „starfsreglur“ hollustuháttaráðs. Óskað var eftir að efnisrammi eða drög að helstu reglugerðum yrðu lögð fram í nefndinni, en engin viðleitni var af hálfu ráðuneytisins í þá átt.

3. Sérlög og alþjóðasamningar ekki tengd við frumvarpið.

Ákvæði 4. og 5. gr. frumvarpsins, þótt víðtæk séu, ná ekki yfir sérlög eins og matvælalög, lög um eiturefni og hættuleg efni og lög um mengun sjávar og reglur settar á grundvelli þeirra, en ákvæði þeirra varða verksvið heilbrigðiseftirlits og Hollustuverndar ríkisins.

Í frumvarpinu hefði þurft að skilgreina með skýrum hætti verksvið aðila og hafa tilvísun í sérlög og reglur settar samkvæmt þeim. Þannig hefði átt að tryggja að ákvæði frumvarpsins um gjaldtöku og eftirlit að viðbættum kærum og úrskurðum eigi við um matvælaeftirlit, eiturefnaeftirlit, mengun sjávar, tóbaksvarnir og fleira sem hlutaðeigandi aðilum er eða kann að verða falið að annast.

Þá skortir tilvísun í alþjóðasamninga, um framkvæmd þeirra og hlut Hollustuverndar ríkisins í því efni. Ákvæði gildandi laga um framkvæmd alþjóðasamninga á verksviði Hollustuverndar ríkisins eru felld niður, og eru engar augljósar ástæður færðar fram því til stuðnings. Í umsögn sinni lagði Hollustuvernd ríkisins til að bætt yrði svofelldu ákvæði við frumvarpið:

„Þá skal stofnunin hafa eftirlit með framkvæmd alþjóðasamþykkta og samninga sem Ísland er aðili að og eru á verksviði hennar og sinna rannsóknar- og vöktunarskyldu vegna þeirra. Til að ná þessum markmiðum er Hollustuvernd heimilt að gera kröfu til þess að eftirlitssvæði taki þátt í eftirlits-, rannsóknar- eða vöktunarverkefnum. Skal heilbrigðiseftirliti tilkynnt með góðum fyrirvara um framkvæmd slíkra verkefna.“

Á þessa eða viðlíka tilhögun féllst meiri hlutinn ekki.

4. Innbyggðir hagsmunaárekstrar með fulltrúa atvinnurekenda í heilbrigðisnefndum.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir fimm mönnum í hverri heilbrigðisnefnd, þar af skyldu samtök atvinnurekenda á viðkomandi eftirlitssvæði tilnefna einn. Samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans á að fjölga fulltrúum í sjö í hverri heilbrigðisnefnd, þar af er samtökum atvinnurekenda veittur réttur til að tilnefna einn fulltrúa, án atkvæðisréttar við afgreiðslu mála, og hliðstætt ákvæði er um fulltrúa náttúruverndarnefnda sveitarfélaga á svæðinu.

Hér er um fráleitar tillögur að ræða. Heilbrigðisnefndir ættu einvörðungu að vera skipaðar kjörnum fulltrúum sveitarstjórna og nær engri átt að setja í þær fulltrúa atvinnurekenda eða annarra hagsmunaaðila. Sú fullyrðing, sem færð er fram í athugasemdum við frumvarpið, að „atvinnulífið“ standi undir mestum hluta kostnaðar við eftirlitið, eða 70–80%, er fjarri lagi og ekki gild rök fyrir slíkri skipan mála. Hvarvetna í stjórnsýslu er viðleitni í þveröfuga átt. Skiptir sú tillaga meiri hlutans að fulltrúi atvinnurekenda hafi ekki atkvæðisrétt í nefndinni ekki sköpum. Með setu fulltrúa atvinnurekenda í heilbrigðisnefnd er boðið upp á hagsmunaárekstra auk margvíslegrar réttaróvissu, til dæmis er ákveða þarf hver sé réttmætur tilnefningaraðili.

Í þessu sambandi vísast m.a. í álit (fylgiskjal I) Halldórs Jónssonar héraðsdómslögmanns, 4. tölul., sem hann tók saman eftir að hafa reifað sömu atriði á fundi umhverfisnefndar 18. febrúar sl. Þar segir lögmaðurinn meðal annars:

„Í frumvarpinu kemur fram að heilbrigðisnefndir séu skipaðar sjö mönnum, þar af tveimur sem hafa ekki atkvæðisrétt. Staða nefndarmanna sem hafa ekki atkvæðisrétt er mjög sérstæð, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þeir teljast vera nefndarmenn og þurfa því að uppfylla skilyrði þar að lútandi, þar á meðal um hæfi. Engar skýringar er að finna um það hvers vegna tveir nefndarmenn hafa þessa stöðu en ekki t.d. stöðu áheyrnarfulltrúa með tillögurétti, svo sem tíðkast gjarnan."

Í umsögnum um frumvarpið sem bárust umhverfisnefnd komu fram eindregin andmæli við þessa skipan mála frá eftirtöldum umsagnaraðilum:

Bæjarstjórn Akureyrar, heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðarsvæðis, Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðiseftirliti Kópavogssvæðis, heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, heilbrigðiseftirliti Austurlands, heilbrigðisnefnd Austurlands, BSRB, heilbrigðiseftirliti Vesturlandssvæðis, heilbrigðisnefnd Garðabæjar og Bessastaðahrepps, heilbrigðisnefnd Sauðárkrókssvæðis og heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, heilbrigðiseftirliti Reykjavíkursvæðis, Reykjavíkurborg, heilbrigðisnefnd Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar eystri, umhverfis- og heilbrigðisnefnd Akranessvæðis, fulltrúa í stjórn Hollustuverndar ríkisins (Kristínu Einarsdóttur), heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis, stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, bæjarráði Hafnarfjarðar, Náttúruverndarsamtökum Austurlands (NAUST) og landlæknisembættinu.

Fram kom í umsögnum nokkurra fyrrgreindra aðila að engin samtök atvinnurekenda sé að finna á tilteknum eftirlitssvæðum, sbr. 11. gr. Svipuðu máli gegnir um náttúruverndarnefndir sem hafa mjög óljósa og veika stöðu samkvæmt lögum um náttúruvernd og utan Reykjavíkur spanna umdæmi þeirra ekki yfir kjördæmi. Víða hafa náttúruverndarnefndir líka verið lagðar af og málasvið þeirra lagt til annarra nefnda. Hollustuvernd ríkisins bendir í umsögn sinni á þá þversögn að þeir sem eftirlit beinist að eigi að hafa veruleg áhrif á framkvæmd mála, en neytendur sem eitt helsta markmið laganna beinist að (sbr. að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði) eiga sér engan lögskipaðan málsvara samkvæmt frumvarpinu. Efast talsmenn Hollustuverndar ríkisins um að slík skipan mála samræmist ákvæðum EES-samningsins og markmiðum um óháð opinbert eftirlit sem taki sérstakt tillit til hagsmuna neytenda. Engin sérstök athugun fór fram á þessum þætti málsins á vegum umhverfisnefndar þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar fulltrúa minni hlutans um það atriði.

5. Hollustuháttaráð, samsafn þrýstihópa í stað stjórnar.

Tillögur meiri hlutans gera, á svipaðan hátt og frumvarpið, ráð fyrir að stjórn Hollustuverndar ríkisins verði lögð niður og í hennar stað komi svonefnt hollustuháttaráð, „sem hafi það hlutverk að fjalla um þá þætti sem falla undir lögin og varða atvinnustarfsemi, svo sem samhæfingu krafna og eftirlits. ... Ráðherra skal leita álits ráðsins um þá þætti er varða atvinnustarfsemi, svo sem um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár." Samkvæmt frumvarpinu skyldu eiga sæti í ráðinu fimm menn, þar af tveir fulltrúar samtaka atvinnurekenda (VSÍ og VMSÍ), fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk forstjóra Hollustuverndar ríkisins og formanns sem ráðherra skipaði.

Meiri hlutinn gerir tillögu um fjóra til viðbótar í ráðið, tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og land-

læknisembættinu. Þannig er ráð þetta orðið níu manna stofnun og á ráðherra að setja því starfsreglur „að fengnum tillögum þess".

Rökin fyrir upphaflegri tillögu ráðherra eru samkvæmt athugasemdum við frumvarpið að hafa „hugfast að stærsti hluti kostnaðar er borinn af atvinnuvegunum, þar á meðal ríki og sveitarfélögum". Samkvæmt upplýsingum Hollustuverndar ríkisins eru aðeins um 5 millj. kr. af um 180 millj. kr. rekstrarkostnaði stofnunarinnar fengnar með eftirlitsgjöldum. Gjaldtökumál geta því ekki talist gild röksemd fyrir að lögfesta skipan sem þessa.

Minni hlutinn telur rangt að ákveða nú að leggja niður stjórn Hollustuverndar ríkisins og setja í staðinn ráð þetta. Engin samkvæmni er í gjörðum framkvæmdarvaldshafa sem leggur til þessa skipan mála. Sú stefna hefur verið ríkjandi hjá umhverfisráðuneytinu að hafa stjórnir yfir stofnunum þess, sbr. stjórn sem sett var yfir Náttúrufræðistofnun Íslands með lögum nr. 60/1992, yfir Náttúruvernd ríkisins með lögum nr. 93/1996 og stjórn sem ráðherra skipaði nýverið yfir Landmælingar ríkisins, þar sem engin stjórn var fyrir. Engar þær breytingar hafa orðið á starfsemi Hollustuverndar ríkisins sem kalla sérstaklega á að stjórn yfir stofnuninni verði nú aflögð. Tillagan samkvæmt frumvarpinu ber þess merki að nefndin sem samdi frumvarpið hafi talið stjórn Hollustuverndar til trafala og fremur viljað tryggja ítök atvinnurekenda „um samhæfingu krafna og eftirlits ... og stefnumarkandi reglugerðir" en að hafa stjórn skipaða fulltrúum kjörnum af almannavaldi eins og Alþingi. Vakin er athygli á umsögn Hollustuverndar ríkisins um þetta efni (sjá fylgiskjal II) þar sem stendur meðal annars:

„Það vekur athygli að hollustuháttaráð og verkefni þess er að finna í þeim kafla frumvarpsins sem ber heitið *stjórn, skipan og starfsmenn* og að verkefni ráðsins eru í raun betur skilgreind en í dag á við um verkefni stjórnar Hollustuverndar. Hlutverkið er einnig víðtækt og skarast á við verkefni Hollustuverndar, þ.e. samhæfing krafna og eftirlits og tillögugerð um framkvæmd mála ... Verksviðið er takmarkað við atvinnustarfsemi, en mestur hluti eftirlits á sviði mengunarvarna og matvæla- og eiturefnaeftirlits beinist að atvinnustarfsemi. Hagsmunaaðilar eiga því að fá veigamikið hlutverk í ráði sem falið er samræmingar- og ráðgjafarhlutverk í stjórnsýslunni og það jafnvel skörinni ofar en á við um Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu eru völdin einnig tekin af ráðherra, hann getur lítið gert án þess að leita álits hjá ráðinu! *Stórlega er efast um að þetta sé rétta leiðin til að byggja upp forvarnir og óháð eftirlit til að tryggja hagsmuni neytenda og lífríkis.* Þá er hætt við að starfsemi ráðsins skarist við starfsemi matvælaráðs sem er samstarfsráð skipað á grundvelli ákvæða matvælalaga og skipað er fulltrúum opinberra stofnana (fagaðila) sem fara með yfirumsjón og að hluta til framkvæmd opinbers matvælaeftirlits."

Þótt menn geti haft skiptar skoðanir á gjörðum stjórnar Hollustuverndar ríkisins eins og fleiri slíkra stjórna, verður því ekki á móti mælt að stjórnin hefur í mörgum tilvikum veitt nauðsynlegt aðhald og stuðning, jafnt inn á við sem út á við. Í stað tilviljunarkenndrar ráðsmennsku gagnvart einstökum ríkisstofnunum ættu stjórnvöld að móta almenna stefnu um yfirstjórn þeirra og tengsl við einstök ráðuneyti sem þær heyra undir. Þetta er meðal annars rétt að gera í ljósi nýlegra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem forstjórum stofnana eru færð mjög aukin völd.

Frá Hollustuvernd ríkisins komu fram hugmyndir um að í stað stjórnar komi innri framkvæmdastjórn og utanaðkomandi fagráð sem veiti faglega og stefnumótandi ráðgjöf. Fulltrúar minni hlutans lýstu sig reiðubúna til að skoða slíkar hugmyndir ef það yrði ofan á að leggja af stjórn yfir Hollustuvernd ríkisins. Fagráð væri þá hugsað til að auka tengsl stofnunarinnar út á við, meðal annars við rannsóknastofnanir og háskóla.

6. Hollustuvernd ríkisins áfram í fjársvelti.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar kemur ekkert fram sem vekur vonir um stefnubreytingu í málefnum Hollustuverndar ríkisins að því er snertir fjárveitingar og uppbyggingu stofnunarinnar sem faglegs og óháðs eftirlitsaðila. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem fylgir frumvarpinu, samin í samráði við umhverfisráðuneyti, er lokaniðurstaðan þessi: „Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að frumvarpið hafi ekki í för með sér teljandi breytingar á útgjöldum ríkissjóðs." Um þetta mat segir meðal annars í athugasemdum Hollustuverndar ríkisins sem bárust umhverfisnefnd:

„Ekki er vikið einu orði í umsögninni [frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis] að auknu stjórnsýsluhlutverki Hollustuverndar vegna alþjóðasamninga eins og EES. *Er þetta með ólíkindum þegar haft er í huga að stofnunin fer með umfangsmeira hlutverk á þessu sviði en nokkur önnur stofnun hér á landi,* að tilteknum ráðuneytum undanskildum. Það sama gildir um rannsóknar- og vöktunarskyldu sem fellur á stofnunina vegna þessara mála. Í lok B. liðar og 2. mgr. C. liðar athugasemda með frumvarpinu kemur m.a. fram hvert umfang EES-mála er hjá Hollustuvernd ríkisins og jafnframt að við endurskoðun laga nr. 81/1988 hafi verið tekið sérstakt tillit til þessara mála og breyttrar stjórnsýslu. Hvernig getur þetta farið fram hjá þeim sem eiga að gera grein fyrir kostnaði vegna þessarar starfsemi? Þegar á heildina er litið getur aukin rekstrarþörf vegna EES-mála skipt tugum milljóna í árlegum rekstrar-, rannsóknar- og vöktunarkostnaði." Enn fremur má minna á nýlega úttekt á mannaflaþörf Hollustuverndar, þar sem talið er algjört lágmark að bætt verði við 20 ársverkum hjá stofnuninni til að sinna lögboðnum verkefnum.

7. Stór eftirlitssvæði eru jafnvel með einn heilbrigðisfulltrúa.

Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins var kveðið á um að „á hverju eftirlitssvæði [skuli] starfa a.m.k. tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi og skal annar þeirra jafnframt vera framkvæmdastjóri eftirlitsins".

Í athugasemdum frumvarpsins við þessa grein segir m.a.: „Mikilvægt er að ekki starfi færri en tveir heilbrigðisfulltrúar á hverju eftirlitssvæði bæði til þess að tryggja að ætíð sé heilbrigðisfulltrúi á staðnum og eins til þess að fyrirbyggja faglega einangrun aðila. Vegna eðlis starfans er mjög mikilvægt að ávallt sé heilbrigðisfulltrúi tiltækur auk þess sem sú verkaskipting hefur komist á í eftirlitinu með auknum kröfum til mengunarvarna að einn heilbrigðisfulltrúi sérhæfi sig í mengunarvarnaeftirliti."

Meiri hluti umhverfisnefndar gerir þá breytingartillögu við frumvarpið að einungis sé lögboðið að einn heilbrigðisfulltrúi starfi á hverju eftirlitssvæði, sem alls staðar utan Reykjaneskjördæmis eru hin sömu og kjördæmi landsins. Þessi breytingartillaga og rökstuðningur fyrir henni í nefndaráliti meiri hlutans tala skýru máli um mat stjórnarflokkanna á gildi heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna.

Ákvæði frumvarpsins um tvo heilbrigðisfulltrúa að lágmarki voru meðal fárra ákvæða frumvarpsins sem hlutu almennt jákvæðar undirtektir. Undantekningar þar að lútandi voru umsagnir Vinnuveitendasambands Íslands og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með breytingartillögunni verður meiri hlutinn við kröfum þessara aðila en gengur þvert á sjónarmið heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlits einstakra svæða. Hjá nokkrum þeirra komu fram þau sjónarmið að athuga ætti viðmiðun við íbúafjölda og miða þá við einn starfsmann í fullu starfi fyrir hverja 5.000 íbúa. Ljóst er að verði þessi tillaga meiri hlutans samþykkt, um að fullnægjandi geti talist að lögum að aðeins einn heilbrigðisfulltrúi starfi á eftirlitssvæði, verður það áfall fyrir fjölmarga sem tryggja vilja viðunandi heilbrigðiseftirlit um land allt.

Tillagan um tvo heilbrigðisfulltrúa að lágmarki á eftirlitssvæði helst í hendur við stækkun eftirlitssvæðanna. Frá landfræðilega stærstu kjördæmunum eins og Austurlandi hafa heyrst efasemdaraddir um hvort réttmætt sé að hafa aðeins eitt eftirlitssvæði í kjördæmi. Þegar fellt er síðan niður það öryggisákvæði að heilbrigðisfulltrúar séu að minnsta kosti tveir á hverju svæði verður sú skipan mála sem gert er ráð fyrir í 11. gr. enn meira álitamál.

8. Ótraustur grunnur undir gjaldskrár.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins um fjármál, álagningu eftirlitsgjalda og gjaldskrár eiga örugglega eftir að valda deilum eins og frá þeim hnútum er gengið. Til bóta er sú breytingartillaga meiri hlutans að heilbrigðisnefndir en ekki sveitarstjórnir geri fjárhagsáætlanir, en eftir stendur að það skal vera „innan fjárhagsramma sem sveitarfélögin setja". Þá er sú hlið sem snýr að greiðendum eftirlitsgjalda, en þeir munu vísa til þess að eðlilegt sé að gjöld fyrir eftirlit séu samræmd á landsmælikvarða. Af hálfu eftirlitsaðila og sveitarstjórna verður eðlilega á það bent að kostnaður við heilbrigðiseftirlit á stórum þéttbýlissvæðum og í dreifbýli sé misjafn og eigi sú staðreynd að endurspeglast í hámarksgjaldskrá sem ráðherra er ætlað að setja.

Grundvallaratriði ætti að vera að þegnum landsins sé óháð búsetu tryggt sama öryggi og aðstaða um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ákvæði frumvarpsins eru langt frá að tryggja að slíku markmiði verði náð. Verði aðeins ráðinn einn heilbrigðisfulltrúi á eftirlitssvæði eins og orðið gæti niðurstaðan samkvæmt tillögu meiri hluti nefndarinnar gengur það augljóslega gegn jafnræðissjónarmiðum. Í sömu átt vísar ótryggur fjárhagsgrundvöllur heilbrigðiseftirlits, einkum á stórum en tiltölulega fámennum eftirlitssvæðum.

9. Tvískipt kæruferli sem skapar réttaróvissu.

Sá kafli frumvarps ríkisstjórnarinnar sem er fáránlegastur miðað við eðlilega stjórnsýslu eru ákvæði 6., 31. og 32. gr. um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur og um málsmeðferð og úrskurði. Samkvæmt þessum ákvæðum skyldi ráðherra einn hafa allt í hendi sér um starfsleyfi fyrir fjárfestingar sem næmu hærri upphæð en 950 millj. kr., jafnt útgáfu starfsleyfanna sem úrskurði í kærumálum. Var þetta í góðu samræmi við ítrekaða útgáfu ráðuneytisins á ólögmætum reglugerðum um meðferð kærumála, sem undanfarin missiri hefur leitt til réttleysis almennings þegar um starfsleyfi er að ræða. Á þetta var ítrekað bent við umræður á Alþingi af fulltrúum í minni hluta umhverfisnefndar og einnig á fundum í nefndinni. Var leitað eftir því að fá sérstaka athugun á stjórnsýsluþætti málsins að því er kæruleiðir varðar sem og um aðild fulltrúa atvinnurekenda að heilbrigðisnefndum. Við þessu var orðið á síðustu stigum nefndarstarfsins, og eins og áður var getið kom Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður með stuttum fyrirvara á fund nefndarinnar en hann starfaði áður hjá umboðsmanni Alþingis. Svaraði Halldór fyrirspurnum nefndarmanna og tók í framhaldi af því saman minnispunkta (sjá samantekt hans í fylgiskjali I).

Leiddi þetta til þess að meiri hlutinn sá sig knúinn til að gera breytingar á þessum þætti frumvarpsins á síðustu stigum umfjöllunar í nefndinni, vissulega til verulegra bóta frá upphaflegu frumvarpi, en þó langt frá því að tryggja örugga kærumeðferð og stjórnsýslu. Tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir að heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins gefi út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, Hollustuvernd með vísan til sérstaks fylgiskjals með lögunum. Slík starfsleyfi og ákvarðanir um þau „má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefnda". (32. gr.) Öðrum málum er varða ágreining „um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda" er heimilt að vísa til sérstakrar úrskurðarnefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurði innan stjórnsýslunnar.

Eftir stendur því að tveir aðilar, sérstök úrskurðarnefnd og ráðherra, geta þurft að fjalla samtímis um efnisatriði sem varða eitt og sama málið þrátt fyrir viðleitni meiri hlutans til að greina þar á milli. Um þetta segir Halldór Jónsson hdl. í áliti sínu til umhverfisnefndar:

„Það er annað sem vert er að nefna í þessu samhengi en það eru aðrar stjórnvaldsákvarðanir en um útgáfu starfsleyfis. Þar gerir frumvarpið ráð fyrir að öll mál hljóti afgreiðslu úrskurðarnefndarinnar. Það er því ekki ætlast til að úrskurðarnefndin láti þá tegund rekstrar, sem talin er í fyrrgreindu fylgiskjali, sig ekki varða."

Minni hlutinn leggur áherslu á að hér hefði átt að ganga hreint til verks, fela einum og sama aðila úrskurðarvald í málefnum sem hljóta kærumeðferð samkvæmt lögunum og hafa þannig fast land undir fótum fyrir alla hlutaðeigandi. Eðlilegt væri að fela sérstakri úrskurðarnefnd það verkefni í stað þess að hafa ágreiningsefni um starfsleyfi atvinnurekstrar á borði ráðherra til úrskurðar. Slíkt fyrirkomulag er með öllu ástæðulaust og mun óhjákvæmilega valda tortryggni. Hvergi í nágrannalöndum er sá háttur á hafður að ráðherra skeri úr um kærumál vegna starfsleyfa fyrirtækja heldur er meðferð slíkra ágreiningsmála falin sérstökum kærunefndum. Það er augljóslega veiting starfsleyfa til stóriðjufyrirtækja sem veldur þráhyggju ríkisstjórnarinnar og meiri hluta umhverfisnefndar í þessu efni. Það er illt til þess að vita þegar pólitísk tortryggni verður æ yfirsterkari eðlilegri réttargæslu og öryggi í málsmeðferð.

9. Ýmsir fleiri agnúar á frumvarpinu.

Hér hefur verið vikið að stærstu veikleikum þessa frumvarps og tillagna meiri hluta umhverfisnefndar um afgreiðslu þess. Á margt fleira mætti benda sem athugavert er við málið.

Sérkennilegt er að sett er inn skilgreining á mengunarvarnaeftirliti og hollustuvernd í 3. gr. með vísan til eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og með sama hætti skilgreining á hollustuvernd með vísan í matvælaeftirlit, sem síðan eru hvergi til umfjöllunar í frumvarpinu. Verður það meðal annars til þess að ráðherra hefur ekki möguleika til undanþágu um þau efni skv. 7. gr. frumvarpsins, þar sem hvergi er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir eftirliti með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum, nema þar sem fjallað er um innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum í bráðabirgðaákvæði III. Einnig sýnist vanta lagastoð að því er varðar setningu gjaldskrár fyrir eftirlit með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum.

Þá er óljóst hvernig standa skuli að breytingum á yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins. Nú er framkvæmdastjóri yfir stofnuninni en tilskilið er samkvæmt frumvarpinu að forstjóri verði ráðinn. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi þegar í stað. Eftir breytingar samkvæmt frumvarpinu, meðal annars þá að engin stjórn verður lengur yfir Hollustuvernd ríkisins, fær stofnunin stöðu líkt og um sé að ræða deild í umhverfisráðuneytinu.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði II eiga núverandi heilbrigðisnefndir að starfa til 1. ágúst 1998 en þá eiga nýjar nefndir skv. 11. gr. að taka við af þeim. Það er mikil bjartsýni að ætla að kosningu þeirra og öðru sem að starfi þeirra lýtur verði lokið innan þessara tímamarka, ekki síst þar eð fjöldi sveitarstjórna þarf að koma sér saman um nefndarskipan innan flestra eftirlitssvæða.

Kærufrestur til ráðherra vegna útgefins starfsleyfis samkvæmt ákvörðun Hollustuverndar ríkisins er tvær vikur samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans við 32. gr. frumvarpsins. Þetta telur minni hlutinn óþarflega stuttan frest og má benda á að í Danmörku er hliðstæður frestur fjórar vikur og í Noregi þrjár vikur.

Sá háttur að auka við lögin fylgiskjali með upptalningu á atvinnurekstri sem Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi er í senn óvanalegur og ekki gott fordæmi í lagasetningu. Gerir þetta lagasetninguna ótrausta að þarflausu. Augljóslega er fylgiskjalinu ætlað að vera hluti af lögunum og hefði því átta að setja ákvæði þess inn í þau á viðeigandi stað.

Frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnar.

Óvandaður undirbúningur setur mark sitt á þetta frumvarp og óskiljanlegt óðagot hefur einkennt meðferð þess allt frá því málið kom til umræðu 23. október 1997 þar til frumvarpið var afgreitt úr nefnd 20. febrúar 1998. Minni hluti umhverfisnefndar lýsti áhuga sínum á að vinna áfram að frumvarpinu í nefndinni í von um að samkomulag gæti tekist um frekari breytingar og helst samstaða um afgreiðslu málsins í heild. Yfir störfum nefndarinnar hvíldi skuggi þess samkomulags sem umhverfisráðherra bauð upp á og fallist var á rétt fyrir jólahlé þingsins um að málið yrði lögfest um mánaðamót ferbrúar/mars 1998. Minni hlutinn telur enn mikið vanta á að unnt sé að styðja frumvarpið eins og það lítur út að teknu tilliti til breytingartillagna meiri hlutans og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Er þá haft í huga að endurbætt og vel unnið frumvarp verði lagt fyrir Alþingi strax og haustþing kemur saman og það lögfest fyrir lok ársins 1998.

Alþingi, 23. febr. 1998.

Hjörleifur Guttormsson, frsm.	Ásta B. Þorsteinsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir.

Fylgiskjal I.

Álit Halldórs Jónssonar hdl.
(18. febrúar 1998.)

Tekið skal fram að Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður vann álit þetta fyrir nefndina með stuttum fyrirvara og hafði því skamman tíma til vinnslu þess. Breyting var gerð á tillögum meiri hluta umhverfisnefndar hvað varðar útgáfu starfsleyfis eftir að álit þetta lá fyrir.

1.

Ég vísa til símtals okkar fyrr í kjölfar fundar umhverfisnefndar. Það varð úr að ég mundi setja á blað nokkra minnispunkta um það sem fram fór á fundinum og snerti stjórnsýsluþátt frumvarpsins. Af þeim tíma sem ég hef haft til umráða leiðir að umfjöllun mín verður í lágmarki.

2.

Frumvarp til laga um hollustuhætti (og mengunarvarnir) fjallar um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í frumvarpinu eru annars vegar ítarlegar reglur um stjórn þessara mála og hins vegar koma fram markmið sem útfæra skal í reglugerðum. Þessar útfærslur skapa hinn efnislega grundvöll laganna, þ.e. þær reglur sem borgurum er ætlað að hlíta. Ákvæði laganna um meðferð ágreiningsmála verður að lesa í þessu ljósi. Þannig er eðlismunur á meðferð ágreiningsmála milli stjórnvalda um stjórnkerfið sem slíkt og meðferð ágreiningsmála þar sem borgari sættir sig ekki við ákvörðun stjórnvalds um efnisatriði. Það eru síðarnefnd ágreiningsmál sem fjallað er um í stjórnsýslurétti í sambandi við kærumeðferð, þ.e. meðferð stjórnsýslukæra. Fyrrnefndu málin koma stjórnsýslurétti að sjálfsögðu við, og þá einkum varðandi það úrlausnarefni, hvort tiltekið stjórnvald hafi verið bært til tiltekinna ráðstafanna gagnvart einstaklingi eða félagi. Þá aðferð að setja í lög sérstakan farveg til lausnar ágreiningsmála milli

stjórnvalda mun ég ekki fjalla um að öðru leyti, en vil þó geta þess að samkvæmt almennum reglum á ráðherra úrslitaorð í slíkum efnum.

Ég mun fyrst víkja að stjórnsýslukærum samkvæmt frumvarpinu en fjalla síðar um skipan heilbrigðisnefnda og vandamál sem snerta sveitarfélög. Í lokin mun ég vekja athygli almennt á efnisþáttum frumvarpsins sem snerta valdframsal löggjafans til umhverfisráðherra.

3.

Með stjórnsýslukæru er átt við það réttarúrræði þegar aðili máls eða annar sá sem kærurétt á skýtur stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds sem skylt er að endurskoða ákvörðunina. (Páll Hreinsson, Stjórnsýslulögin — skýringarrit, bls. 251.) Í frumvarpinu er, að teknu tilliti til þeirra breytingartillagna sem liggja nú fyrir, ráð fyrir því gert að allir geti látið reyna á stjórnvaldsákvörðun sem tekin hefur verið á grundvelli laganna (frumvarpsins). Er hér um að ræða ákvörðun um starfsleyfi skv. 6. gr. og ákvörðun um þvingunarúrræði samkvæmt VI. kafla, svo eitthvað sé nefnt. Til úrlausnar í slíku máli er þá hvort tiltekin efnisskilyrði séu uppfyllt.

Frumvarpið eins og það er nú gerir ráð fyrir að úrlausnarefni um veitingu starfsleyfis fái úrlausn hjá tveimur mismunandi stjórnvöldum, enda þótt reyna kunni á sömu efnisskilyrði. Eru það heilbrigðisnefndir og úrskurðarnefnd samkvæmt 31. gr. og Hollustuvernd ríkisins og ráðherra samkvæmt 32. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. Í fylgiskjali með breytingartillögum kemur fram hvaða mál það eru sem lúta síðarnefndri meðferð. Aðgreiningin er gerð á grundvelli eðlis rekstrarins.

Ég vil geta þess hér að það er að mínum dómi ekkert sem mælir gegn þeirri leið, sem farin er í frumvarpinu, að veiting starfsleyfis fari eftir mismunandi leiðum eftir eðli mála. Er eðlilegt að viðameiri mál fái aðra og viðurhlutameiri afgreiðslu en léttvægari mál. Ég geri á hinn bóginn athugasemdir við kærumeðferð þessara mála.

Í málum er snerta útgáfu starfsleyfis kveður úrskurðarnefnd annars vegar og ráðherra hins vegar upp fullnaðarúrskurði innan stjórnsýslunnar. Það er með öðrum orðum ekki gert ráð fyrir að aðili innan stjórnsýslunnar skeri úr í öllum málum af sama toga, en eins og áður segir kann úrskurður ráðherra og úrskurður nefndarinnar að velta á sama efnisatriði. Samkvæmt þessu getur sú staða komið upp samkvæmt frumvarpinu að tveir andstæðir fullnaðarúrskurðir liggi fyrir innan stjórnsýslunnar um túlkun á tilteknu reglugerðarákvæði. Sú skipan mála væri óeðlileg.

Það er annað sem vert er að nefna í þessu samhengi en það eru aðrar stjórnvaldsákvarðanir en um útgáfu starfsleyfis. Þar gerir frumvarpið ráð fyrir að öll mál hljóti afgreiðslu úrskurðarnefndar. Því er ekki ætlast til að úrskurðarnefndin láti þá tegund rekstrar, sem talin er í fyrrgreindu fylgiskjali, sig ekki varða.

4.

Í frumvarpinu kemur fram að heilbrigðisnefndir séu skipaðar sjö mönnum, þar af tveimur sem hafa ekki atkvæðisrétt. Staða nefndarmanna sem hafa ekki atkvæðisrétt er mjög sérstæð, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þeir teljast vera nefndarmenn og þurfa því að uppfylla skilyrði þar að lútandi, þar á meðal um hæfi. Engar skýringar er að finna um það hvers vegna tveir nefndarmenn hafa þessa stöðu en ekki t.d. stöðu áheyrnarfulltrúa með tillögurétti, svo sem tíðkast gjarnan. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um þessa tilhögun.

Svo sem ég benti á í dag hefur sú aðferð færst í vöxt í stjórnsýslu að láta hagsmunaaðila ekki eiga beina aðild að stjórnvaldsákvörðunum en gefa þeim þess í stað rétt til að koma að sjónarmiðum sínum með umsögnum. Er þessi leið talin hafa þá kosti að úrlausnir stjórnvalds

verði trúverðugri en verið hefði ef hagsmunaaðilar ættu beina aðild að þeim, án þess að hagsmunum þeirra sé varpað fyrir róða. Ég mun að öðru leyti en þessu ekki tjá mig um tilhögun frumvarpsins í þessa veru.

Ég tek fram að þessi sjónarmið eiga ekki við í sama mæli þegar kemur að skipan hollusturáðs, enda hef ég ekki séð í yfirferð minni að hollusturáð fari með stjórnsýsluvald.

5.

Þegar litið er til þess að þeir sem nota munu lög um hollustuhætti og mengunarvarnir eru í mörgum tilvikum ólöglærðir tel ég eðlilegt að bætt verði í VI. kafla umfjöllun um rétt aðila samkvæmt stjórnsýslurétti. Ekki er þó tilefni til að óttast að stjórnsýslulögin eigi ekki við í þessum málum.

6.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir komi með ýmsum hætti að stjórn hollustu- og mengunarvarnarmála. Þannig skipa sveitarstjórnir flesta nefndarmenn í heilbrigðisnefndir og hafa umsjón og bera ábyrgð á fjármálum þeirra. Engar reglur eru þó að finna í frumvarpinu um útfærslu á þessu, t.d. um ákvarðanatöku. Í þessu sambandi má geta þess að núgildandi lög eru ítarlegri um þetta en þar eru þó mun færri sveitarfélög um hverja heilbrigðisnefnd. Ég tel vafalaust að frumvarpið muni þegar leiða til erfiðra deilna milli sveitarfélaga. Að öðru leyti treysti ég mér ekki til að fjalla um þennan þátt miðað við gefinn tíma.

7.

Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli umhverfisnefndar á að í frumvarpið skortir efnisleg ákvæði, sem ráðherra er síðar ætlað að útfæra með stjórnvaldsfyrirmælum. Ég tek þetta fram vegna þeirra alvarlegu úrræða sem frumvarpið veitir stjórnvöldum, svo sem stöðvun atvinnurekstrar. Það er ekki ólíklegt að þær raddir muni heyrast að 4. og 5. gr. frumvarpsins feli í sér of víðtækt valdframsal til ráðherra til þess að grípa inn í réttindi borgaranna sem varin eru af stjórnarskránni. Á það skal bent í þessu sambandi að viss þróun hefur átt sér stað síðustu ár í þessum efnum, annars vegar með setningu stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, og hins vegar í dómstólum landsins. Þar sem ég hef ekki hugað að þessu sérstaklega í yfirferð minni mun ég ekki tjá mig um þetta efni.

8.

Á fundinum í dag var m.a. fjallað um hlutlæga refsiábyrgð sem fram kemur í breytingartillögu. Ég vil vegna þessa benda á að Ragnheiður Bragadóttir, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, hefur m.a. sérhæft sig í umhverfisrefsirétti.

Fylgiskjal II.

Umsögn Hollustuverndar ríkisins um frumvarp til laga um hollustuhætti.

(21. nóvember 1997.)

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis dags. 7. nóvember 1997 þar sem óskað er eftir umsögn Hollustuverndar ríkisins um frumvarp til laga um hollustuhætti (194. mál), sem

ætlað er að koma í stað laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Þrír fulltrúar í stjórn Hollustuverndar ríkisins, Ingunn St. Svavarsdóttir og varamaður hennar, Jón Erlingur Jónasson, og Karl Björnsson fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga komu með beinum hætti að starfi þeirrar nefndar sem skilaði drögum að frumvarpi til laga um hollustuhætti til umhverfisráðherra. Í mörgum atriðum er varða ákvæði frumvarpsins eins og því var skilað til umhverfisráðherra var um málamiðlun að ræða milli sjónarmiða nefndarmanna. Af þessum sökum telja framangreindir aðilar ekki eðlilegt að koma með athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Að beiðni stjórnar lögðu framkvæmdastjóri og forstöðumenn stofnunarinnar fram hjálagða umsögn um frumvarpið. Stjórnin tók hana ekki til efnislegrar umfjöllunar, en telur eðlilegt að sjónarmið starfsmanna stofnunarinnar berist til umhverfisnefndar. Kristín Einarsdóttir stjórnarmaður mun skila séráliti til nefndarinnar, en Sigurður Óskarsson lagði fram hjálagða bókun ásamt greinargerð.

F.h. stjórnar Hollustuverndar ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson, framkvstj.

Fskj. 1.

BÓKUN
við umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti.

Varðar 20. gr. frumvarpsins.

Áréttuð er tillaga fulltrúa Alþingis í stjórn Hollustuverndar ríkisins sem kynnt var umhverfisráðuneytinu með bréfi dags. 29/11/1996:

„Stjórn Hollustuverndar ríkisins skal vera óbreytt, þ.e.a.s. 5 manna stjórn með tveim fulltrúum kosnum af Alþingi, tveim skipuðum af ráðherra og einum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga."

Sigurður Óskarsson stjórnarmaður
í Hollustuvernd ríkisins.

Greinargerð með bókun:
Greinargerð um aðild og störf endurskoðunarnefndar.

Endurskoðunarnefndin var skipuð af umhverfisráðherra 16/02/1996. Formaður nefndarinnar var skrifstofustjóri umhverfisráðuneytisins, Ingimar Sigurðsson. Í nefndinni sátu og unnu allir stjórnarmenn Hollustuverndar aðrir en fulltrúar Alþingis, Kristín Einarsdóttir og Sigurður Óskarsson.

Formaður Hollustuverndar, skipuð af ráðherra, sat í nefndinni sem fulltrúi stjórnar, Karl Björnsson stjórnarmaður sat þar sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Erling-

ur stjórnarmaður, skipaður af ráðherra, sat fundi nefndarinnar sem varaformaður stjórnar Hollustuverndar.

Fulltrúum Alþingis í stjórn Hollustuverndar var *neitað* um upplýsingar varðandi störf nefndarinnar og formanni Hollustuverndar og fulltrúa stjórnar í nefndinni var *bannað*, af formanni nefndarinnar, að veita þeim nokkrar efnislegar upplýsingar um nefndarstörfin á starfstíma nefndarinnar m.a.s. löngu eftir að drög að lagabreytingunum voru komin í hendur umbjóðenda annarra stjórnarmanna.

Aðdragandi og stjórn vinnubragða við þessa lagasmíð virðist að verulegu leyti hafa snúist um valdabaráttu.

Ítrekuð tilraun er nú gerð, með lagalega vafasömum og ólýðræðislegum aðferðum, til að auka völd framkvæmdarvaldsins á kostnað Alþingis og nú, á síðasta stigi, einnig á kostnað sveitarfélaganna, sbr. lokaniðurstöðu í frumvarpinu varðandi stjórn Hollustuverndar.

Verulegum fjármunum hefur verið til kostað, m.a. gefnar út að tilhlutan umhverfisráðuneytis, í janúar og júní 1996, tvær skýrslur þar sem sérstök áhersla er lögð á, án nokkurra raka og með villandi hætti, að leitast við sýna fram á hversu mikilvægt sé að eyða áhrifum Alþingis í stjórn stofnunarinnar.

Vinnubrögðum við gerð þessa frumvarps hafa fulltrúar Alþingis í stjórn Hollustuverndar mótmælt harðlega og með sannanlegum hætti, en án sýnilegs árangurs.

Fskj. 2.

Umsögn framkvæmdastjóra og forstöðumanna Hollustuverndar um frumvarp til laga um hollustuhætti (194. mál).

(21. nóvember 1997.)

Framkvæmdastjóri og forstöðumenn fagsviða Hollustuverndar ríkisins gera veigamiklar athugasemdir við frumvarpið og er umfjöllun um efnisatriði þess skipt upp í tvo kafla. Fyrst eru almennar athugasemdir um grundvallaratriði sem sérstök ástæða er til að draga fram og síðan koma athugasemdir við einstakar greinar og tillögur um orðalag tiltekinna greina. Jafnframt er rétt að fram komi að þeir sem að þessum athugasemdum standa, eða fulltrúar þeirra, eru tilbúnir til að mæta á fund umhverfisnefndar Alþingis og gera nánari grein fyrir efnisatriðum í þessari umsögn.

I. kafli. Almennar athugasemdir og áhersluatriði.

Stjórn Hollustuverndar ríkisins átti fulltrúa í nefnd þeirri sem skipuð var til að endurskoða lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en starfsmenn stofnunarinnar voru ekki hafðir með í ráðum við gerð tillagna að þessu frumvarpi. Endurskoðunarnefndin tók heldur ekki tillit til veigamikilla athugasemda framkvæmdastjóra og forstöðumanna Hollustuverndar þegar drög að þessu frumvarpi voru send til umsagnar í nóvember 1996. Því eru athugasemdir við það frumvarp sem nú er komið fram nokkuð umfangsmiklar.

Fækkun eftirlitssvæða og heilbrigðisnefnda.

Helstu kostir frumvarpsins eru betri og markvissari uppsetning en er í gildandi lögum, auk þess sem fram koma mikilvægar skilgreiningar. *Þá ætti fækkun eftirlitssvæða og ekki síður heilbrigðisnefnda að auðvelda og bæta framkvæmd eftirlits í héraði. Þetta eru veigamikil atriði sem mikilvægt er að ná fram.* Ef til vill væri hægt að ganga lengra í sameiningu eftirlits-

svæða, svo sem með því að sameina Reykjavíkursvæði og Kjósarsvæði. Er þá m.a. horft til þess að Reykjavíkursvæði mun taka yfir eftirlit á Kjalarnesi frá og með 1. janúar 1998 og þess að Kjósarsvæði hefur starfssvæði sem er nokkuð dreift, þ.e. Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Mestu máli skiptir þó að eftirlit á hverju svæði sé virkt, að sjálfstæði heilbrigðisnefnda sé tryggt og að Hollustuvernd ríkisins geti sinnt sínu eftirlits- og yfirumsjónarhlutverki. Þar koma önnur ákvæði frumvarpsins til skoðunar.

Úrskurðarákvæði og starfsleyfi.

Úrskurðarákvæðum er breytt með þessu frumvarpi og er það til verulegra bóta að vísa málum beint til úrskurðarnefndar í stað þess að kæra fyrst til stjórnar Hollustuverndar. Veiting starfsleyfa og úrskurðarákvæði hafa mikið verið til umræðu að undanförnu. *Farsælasta lausnin gæti verið sú að ráðherra veiti ekki starfsleyfi, heldur verði starfsleyfisveitingar alfarið í höndum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.* Þá er tryggt að ætíð verður unnt að kæra mál til úrskurðar á öðru stjórnstigi, ýmist til úrskurðarnefndar eða þá beint til ráðherra þegar um er að ræða umfangsmeiri atvinnurekstur sem getur valdið mengun. Með umfangsmeiri atvinnurekstri er hér miðað við starfsemi, eins og fram kemur í frumvarpinu, þar sem fjárfesting er meiri en 950 m.kr. Ráðherra fjallar þá eingöngu um þau atriði sem kunna að verða kærð af hálfu þess sem sækir um starfsleyfi eða annarra sem vilja kæra veitingu þess. Hafa ber í huga að í nálægum ríkjum er veiting starfsleyfa fyrir umfangsmikinn atvinnurekstur ekki í höndum ráðherra heldur stofnana eða sérstakra nefnda sem fara með það hlutverk.

Hagsmunatenging eftirlits.

Hagsmunaaðilar eins og samtök atvinnurekenda og Samband íslenskra sveitarfélaga virðast hafa haft veruleg áhrif á frumvarpið, en eins og kunnugt er beinist eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum að starfsemi sveitarfélaga og almennum atvinnurekstri. Nægir að nefna tillögu frumvarpsins um skipan hollustuháttaráðs, þar sem hagsmunaaðilar munu hafa meiri hluta, tillögu um að atvinnurekendur skipi fulltrúa í heilbrigðisnefndir og tillögur um að sveitarstjórnir ráði heilbrigðisfulltrúa, setji þeim starfslýsingu og sjái um gerð fjárhagsáætlana. Nái þetta fram munu þeir sem eftirlit beinist að hafa veruleg áhrif á framkvæmd mála, en neytendur, sem eitt helsta markmið laganna beinist að (sbr. að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði), eiga sér engan lögskipaðan málsvara samkvæmt frumvarpinu. *Efast er um að slík skipan mála samræmist ákvæðum EES-samningsins og markmiðum um óháð opinbert eftirlit sem taki sérstakt tillit til hagsmuna neytenda.* Evrópusambandið (ESB) er nú að endurskoða skipulag eftirlits og störf vísindanefnda á vegum stofnana bandalagsins. *Meginmarkmið í endurskipulagningu mála hjá ESB er að einfalda löggjöf, leggja áherslu á neytendavernd og rjúfa hagsmunatengsl vegna eftirlits og hefur Evrópuþingið átt þar stóran hlut að máli.* Kveikjan að þessu var ekki síst kúariðumálið þar sem ásakanir hafa komið fram um að eftirlitsskyldu hafi ekki verið sinnt. Sem dæmi má nefna að þeir sem fara með yfirstjórn landbúnaðarmála hjá ESB stjórna ekki lengur eftirlitsstarfsemi og vísindastarfi á því sviði, heldur hefur hún verið færð til þeirra sem fara með stjórn neytendamála og hollustuhátta. *Hvaða rök eru fyrir því að taka þveröfuga stefnu hér á landi? Þau eru vandséð og því æskilegt að velja aðra nálgun við skipan hollustuhátta og mengunarvarna en gert er í frumvarpinu!* Ef umhverfisnefnd Alþingis fellst ekki á þessi rök er mælst til þess að kannað verði hvort tillögur í þessu frumvarpi samræmist skuldbindingum vegna EES og markmiðum ESB um neytendavernd og skipan opinbers eftirlits og vísindalegra starfa á þessum sviðum.

Vegna þess hversu ákveðið hagsmunaaðilar virðast sækja aðkomu sína að stjórnsýslunni er rétt að vekja athygli á að þessum aðilum hefur þegar verið tryggður mikill réttur með tilkomu stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Einnig er rétt að vekja athygli á að í þessum athugasemdum er gerð tillaga um stjórnskipan Hollustuverndar ríkisins, sbr. athugasemdir um 20. gr. frumvarpsins, og gerir hún ráð fyrir nánum tengslum yfirstjórnar stofnunarinnar við hagsmunaaðila þannig að þeir séu upplýstir um framkvæmd mála og geti komið viðhorfum sínum á framfæri.

Nýtt stjórnsýslustig.

Það vekur athygli að hollustuháttaráð og verkefni þess er að finna í þeim kafla frumvarpsins sem ber heitið *stjórn, skipan og starfsmenn* og að verkefni ráðsins eru í raun betur skilgreind en í dag á við um verkefni stjórnar Hollustuverndar. Hlutverkið er einnig víðtækt og skarast á við verkefni Hollustuverndar, þ.e. samhæfing krafna og eftirlits og tillögugerð um framkvæmd mála. Jafnframt stefnumörkun um atvinnustarfsemi! Á þetta ráð að móta stefnu í stóriðjumálum Íslendinga og er eðlilegt að slík starfsemi sé hluti af lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir? Verksviðið er takmarkað við atvinnustarfsemi, en mestur hluti eftirlits á sviði mengunarvarna og matvæla- og eiturefnaeftirlits beinist að atvinnustarfsemi. Hagsmunaaðilar eiga því að fá veigamikið hlutverk í ráði sem falið er samræmingar- og ráðgjafarhlutverk í stjórnsýslunni og það jafnvel skörinni ofar en á við um Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu eru völdin einnig tekin af ráðherra, hann getur lítið gert án þess að leita álits hjá ráðinu! *Stórlega er efast um að þetta sé rétta leiðin til að byggja upp forvarnir og óháð eftirlit til að tryggja hagsmuni neytenda og lífríkis.* Þá er hætt við að starfsemi ráðsins skarist við starfsemi matvælaráðs, sem er samstarfsráð skipað á grundvelli ákvæða matvælalaga og skipað er fulltrúum opinberra stofnana (fagaðila) sem fara með yfirumsjón og að hluta til framkvæmd opinbers matvælaeftirlits. *Eins og nafnið bendir til væri eðlilegra að skipa fagaðila í hollustuháttaráð (enska „Council of Environmental and Public Health"), fela því að hluta til önnur verkefni og tengja starfsemi þess beint við starfsemi Hollustuverndar í stað þess að búa til nýtt stig í stjórnsýslu.* Ef niðurstaðan verður önnur eiga neytendasjónarmið að minnsta kosti að vera jafn rétthá sjónarmiðum atvinnurekenda í ráðinu. Alþingi gæti einnig haft áhuga á að skipa fulltrúa í ráðið og það sama getur átt við landlækni sem er ráðgjafi ráðherra um framkvæmd laganna. Margt bendir til að skipan þessa ráðs geti verið verri valkostur en að hafa áfram stjórn yfir Hollustuvernd eins og verið hefur frá því stofnunin tók til starfa.

Sjálfstæði heilbrigðisnefnda.

Tryggja verður sjálfstæði heilbrigðisnefnda og ákvörðunar- og tillögurétt nefndanna um framkvæmd heilbrigðiseftirlits eins og núgildandi lagaákvæði gera. Heilbrigðisfulltrúar eru starfsmenn heilbrigðisnefnda. Nefndirnar ættu því að ráða heilbrigðisfulltrúa og setja þeim starfslýsingu, ekki sveitarstjórnir. Einnig ætti nefndin að gera tillögu að fjárhagsáætlun þar sem hún þekkir best framkvæmd eftirlitsins og áherslur í starfsemi þess. *Heilbrigðiseftirlitið á einnig að vera óháð atvinnulífinu og vísast þar til fyrri athugasemda.* Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir heimild til að krefjast faggildingar á starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. *Ein meginkrafa faggildingar er að eftirlitið sé óháð þeim sem það beinist að.* Heilbrigðisfulltrúi er starfsmaður heilbrigðisnefndar sem fer með valdsvið og þvingunarúrræði samkvæmt frumvarpinu og því er vandséð að atvinnurekendur geti átt þar fulltrúa.

Eftirlit með framkvæmd laganna.

Hollustuvernd ríkisins á að annast eftirlit með framkvæmd laganna og hafa yfirumsjón með hollustuháttum og mengunarvörnum, *en stofnunina vantar í raun heimildir til að geta staðið undir þessum kröfum.* Þannig getur stofnunin ekki gert kröfu um að haldinn sé fundur í heilbrigðisnefnd, en héraðslæknar sem hafa ráðgjafarhlutverk hafa heimild til þess. Hollustuvernd getur heldur ekki gert kröfu til þess að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga taki þátt í eftirlits- eða rannsóknarverkefnum til að kanna ástand mála eða hvernig staðið er að eftirliti. Þá vantar ákvæði sem skylda eftirlitið til samráðs við stofnunina þegar upp koma bráð og alvarleg mengunarslys eða matarsjúkdómar. *Því verður að styrkja þau ákvæði frumvarpsins sem varða eftirlitsskyldu um framkvæmd laganna, yfirumsjón með eftirliti og samstarf Hollustuverndar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.* Sem dæmi má nefna að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sendir nú fulltrúa til Íslands til að kanna hvernig staðið er að framkvæmd EES-reglna og hvernig yfirumsjónaraðili (Hollustuvernd) sinnir eftirliti með þeim sem fara með beint eftirlit og hvaða aðgerðum er beitt ef framkvæmd er ábótavant. Lagaheimildir verða að vera fyrir hendi til að yfirumsjónaraðili geti brugðist við athugasemdum og kröfum af hálfu ESA.

Heimildir laganna.

Að lokum verður að tryggja að frumvarpið gefi rétta mynd af starfsemi Hollustuverndar og eftirlitsskyldum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. *Jafnframt að ekki leiki vafi á að gjaldtökuheimildir og úrskurðarákvæði eigi við um alla starfsemi sem frumvarpið á að ná til.* Þetta er ítrekað hér þar sem ákvæði 4. og 5. gr. frumvarpsins ná fyrst og fremst yfir mengunarvarnir og almennt heilbrigðiseftirlit (eftirlit með stofnunum, sóttvarnir o.þ.h.), ekki sérlög eins og matvælalög, lög um eiturefni og hættuleg efni, lög um mengun sjávar og reglur á grundvelli þeirra, sem einnig eru á verksviði Hollustuverndar og heilbrigðiseftirlitsins. *Því verður í frumvarpinu að skilgreina betur verksvið aðila og bæta við tilvísun í sérlög og reglur á grundvelli þeirra og tryggja með þeim hætti að ákvæði frumvarpsins um gjaldtöku og málsmeðferð (kærur og úrskurði) eigi einnig við um matvælaeftirlit, eiturefnaeftirlit, tóbaksvarnir og annað sem hlutaðeigandi aðilum er eða kann að vera falið að annast. Alþjóðasamninga ber einnig að nefna í þessu sambandi en með þessu frumvarpi er lagt til að felld verði úr gildi lagaákvæði um framkvæmd alþjóðasamninga á verksviði Hollustuverndar ríkisins.* Réttara væri að styrkja lagaheimildir vegna alþjóðasamninga og taka á þeim málum þar sem fjallað er um framkvæmd laganna og í kaflanum um Hollustuvernd ríkisins.

II. kafli. Athugasemdir við heiti laganna og einstakar greinar.

A. Heiti laganna.

Lagt er til að heiti laganna verði *„Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir“*. Þetta eru einu lögin sem taka almennt á mengunarvörnum ásamt lögum um mengun sjávar. Því er rétt að þetta komi fram í heiti laganna. Matvælaeftirlit og eiturefnaeftirlit þarf ekki að draga fram með sama hætti í heiti laganna þar sem sérlög eru til um þessa málaflokka. Hins vegar eiga skilgreiningar og önnur ákvæði einnig að ná til þessara málaflokka, sbr. tillögur um breytingu á 1. gr og nýja 6. gr.

Með því að hafa heiti laganna eins og að framan greinir er hægt að nota orðin heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi og heilbrigðiseftirlit, sem víða koma fyrir í frumvarpinu og hljóta að ná yfir alla starfsemi, þannig að þau ná bæði yfir hollustuhætti og mengunarvarnir. Þetta er mun betri lausn en fram kemur í 3. gr. frumvarpsins þar sem „hollustuhættir“ eru skilgreindir þannig að þeir nái yfir „heilbrigðiseftirlit“ og „mengunarvarnir“. Þá verður notkun

orðanna heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi og heilbrigðiseftirlit ómarkviss þar sem þau ná í raun ekki yfir mengunarvarnir.

Í samræmi við þetta ætti að breyta greinum frumvarpsins þar sem fjallað er um „heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir“ þannig að notað verði orðalagið „hollustuhættir og mengunarvarnir“.

B. 1. gr.

Greinin verður að taka á öryggi neyslu- og nauðsynjavara í stað þess að fjalla um „heilnæmt umhverfi“, sem á vissan hátt er tvítekning og ómarkvisst orðalag, þar sem á undan er í sömu setningu fjallað um „heilnæm lífsskilyrði“ og á eftir um „ómengað umhverfi“.

Í þessum athugasemdum er notkun orðsins „neysluvörur“ tilvísun til hlutverks laganna vegna matvælaeftirlits og notkun orðsins „nauðsynjavörur“ vegna eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum í ýmsum vörum. Lagt er til að greinin verði endurskoðuð (sbr. skáletrun) og hljóði svo:

1. gr.

Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast *í ómenguðu umhverfi og öruggum neyslu- og nauðsynjavörum.*

C. 2. og 3. gr.

Til samræmis við breytingar á heiti laganna er einnig lögð til breyting á skilgreiningum og hvar þær koma fram í frumvarpinu. Í skilgreiningum frumvarpsins er reynt að fella hlutverk laganna undir skilgreiningarnar heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir. Með því móti verða skilgreiningar ómarkvissar, þær gefa ranga mynd af verksviði laganna og taka ekki mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Lagt er til að sá hluti 3. greinar sem fjallar um skilgreiningu á umfangi og heiti laganna verið gerður að 2. mgr. 2. gr. en hreinar orðaskýringar verði áfram í 3. gr. Lagt er til að í skilgreiningu á umfangi laganna verði tilteknir og skilgreindir þeir meginþættir sem lögin ná til og að ný 2. mgr. 2. gr. orðist á eftirfarandi hátt, auk þess sem orðið heilbrigðiseftirlit verði skilgreint í 3. mgr. 2. gr:

Ný 2. og 3. mgr. 2. gr.

Hollustuhættir og mengunarvarnir *taka í lögum þessum til* ***hollustuverndar, mengunarvarnaeftirlits, eiturefnaeftirlits og vöktunar****, svo og* ***rannsókna*** *þessu tengdu og fræðslu um þessi mál.*

Hollustuvernd *tekur til eftirlits með matvælum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra, svo og til sóttvarna og erfðabreyttra lífvera.*

Mengunarvarnaeftirlit *tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar.*

Eiturefnaeftirlit *tekur til eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum, eftirlits með nauðsynjavörum sem innihalda slík efni, svo og til takmörkunar á notkun slíkra efna.*

Vöktun *tekur til kerfisbundinna og síendurtekinna skráninga einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.*

Rannsóknir *(prófanir) felast í greiningu sýna vegna opinbers eftirlits, eftirlitsverkefna, eftirlitsvöktunar og annarra þjónusturannsókna eða fyrirbyggjandi aðgerða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.*

Heilbrigðiseftirlit *tekur til hollustuhátta og mengunarvarna.*

Samkvæmt tillögunni hér að framan er umfjöllun um fræðslu og um eiturefni og hættuleg efni tekin út úr skilgreiningum frumvarpsins um heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir. Skilgreining frumvarpsins á „*heilbrigðiseftirliti*“ er að öðru leyti látin gilda fyrir „*hollustuvernd*“, þó með þeirri breytingu að orðin „*m.a. með tilliti til manneldismála*“ falli burt. Manneldisráð Íslands sér að mestu um þessa fræðslu. Þá er því beint til nefndarinnar að kanna hvort bæta á „*erfðabreyttum lífverum*“ inn í skilgreiningu á hollustuvernd þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd laga um þá starfsemi. Skilgreining frumvarpsins á „mengunarvörnum“ er hér skipt í „*mengunarvarnaeftirlit*“ og „*vöktun*“, skilgreiningin fyrir vöktun er tekin óbreytt úr frumvarpinu. „*Eiturefnaeftirlit*“ er skilgreint sérstaklega sem hluti af hollustuháttum og mengunarvörnum í samræmi við breytingar á lögum og meðfylgjandi umfangi undanfarin ár. Skilgreining frumvarpsins á „*prófun*“ er tekin úr öðrum lögum/stöðlum án þess að hún sé tengd verksviði þeirra laga sem hér eru til umfjöllunar. Þessu verður að breyta og er því lögð til framangreind skilgreining.

Í framangreindri tillögu er í 3. mgr. 2. gr lagt er til að „heilbrigðiseftirlit“ verði skilgreint þannig að það nái til „*hollustuhátta og mengunarvarna*“. Til skýringar er vísað til athugasemda um heiti laganna.

Til samræmis við framangreindar breytingar er lagt til að 3. gr. hefjist á orðunum; „*Í lögum þessum hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu*“. Þá eru eftirfarandi breytingar lagðar til:

Að skilgreiningin á „***bestu fáanlegri tækni***“ verði leiðrétt og einfölduð m.a. með því að nota orðin „*lágmarka mengun*“ í stað „*lágmarka losun mengunarefna*“ þar sem orðið mengun er skilgreint og nær yfir fleira en mengunarefni:

Í skilgreiningu á eftirliti er bæði fjallað um athugun á vöru og hönnun vöru. Rétt er að fella burt orðin „*hönnun vöru*“ þar sem heilbrigðiseftirlit beinist ekki að eftirliti með vöruþróun, auk þess sem orðið ferli er mjög víðtækt vegna hlutverks eftirlitsaðila. Þessa breytingu á að gera þó svo að skilgreininguna geti verið að finna í öðrum lögum. Einnig á að nota orðið „*starfsemi*“ í stað „*verksmiðju*“, þar sem eftirlit beinist oft að minni fyrirtækjum/ starfsemi.

Að lokum er rétt að fella burt skilgreiningu á „*vottun*“ þar sem orðið kemur ekki fyrir í frumvarpinu og skilgreiningin er því marklaus.

Lagt er til að 3. gr. orðist á eftirfarandi hátt;

3. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu:

*Með **mengun** er átt við það þegar örverur efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar fólks, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis, svo og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.*

*Með **bestu fáanlegu tækni** er átt við virkustu aðferðina sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs, til að vernda alla þætti umhverfisins, og nær hún til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðar, svo og starfræksluhans. Með **fáanlegri** tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum.*

***Eftirlit** merkir athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.*

***Faggilding** merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.*

D. 4. og 5. gr.

Efnisatriði í 4. og 5. gr. gefa ekki rétta hugmynd af gildissviði þessara laga og umfangi stjórnsýsluverkefna og eftirlits sem Hollustuvernd og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er falið að sinna. Til dæmis eru þar engin ákvæði um matvæli og eiturefni þar sem sérlög gilda um þessa málaflokka. Þar með skapast óvissa um hvernig beri að túlka ákvæði frumvarpsins, t.d. varðandi gjaldtöku og úrskurðarmál (stjórnsýslukærur) á þeim sviðum sem ekki eru tilgreind í þessum greinum frumvarpsins. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að lagastoð sé fyrir framkvæmd mála sem byggist á alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Því er lagt til að bætt verði í frumvarpið nýrri 6. gr. Rétt er að benda á að ákvæði um alþjóðasamninga hafa fallið burt við gerð frumvarpsins, en þau komu inn í lög nr. 81/1988 með lagabreytingu nr. 70/1995 og þá vegna starfsemi Hollustuverndar ríkisins. Því þarf einnig að skoða slík ákvæði í III. kafla frumvarpsins.

Enn fremur er rétt að benda á að 4. og 5. gr. eru byggðar upp með svo ólíkum hætti að vart er hægt að finna samræmi þar á milli, sbr. ýmsar takmarkanir eða áhersluatriði vegna mengunarþátta (setja viðmiðunarmörk, takmarkanir, leyfilegmörk, gera úttektir, skráningar o.þ.h.). Ekkert slíkt er að finna í 4. gr. Einnig má benda á að ákvæði eru um endurskoðun starfsleyfa í 2. tölul. 5. gr. vegna mengunarvarna, en engin slík ákvæði eru í 4. gr. vegna hollustuhátta (heilbrigðiseftirlits). Því er full ástæða til að skoða þessar greinar nánar.

E. Ný 6. gr.

Eins og að framan greinir er nauðsynlegt að tryggja betur lagastoð og skilgreina betur verksvið Hollustuverndar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Því er lagt til að bætt verði við ákvæðum vegna sérlaga og alþjóðasamninga sem móta starfsemi Hollustuverndar og heilbrigðiseftirlitsins. Nýja 6. gr. ber því að skoða sem viðbót við ákvæði 4. og 5. gr. sem ekki taka á þessum þáttum. Mikilvægustu sérlög eru þar tilgreind, en einnig má nefna að eftirlitsskyldur er að finna í öðrum lögum eins og tóbaksvarnalögum og sóttvarnalögum. Lagt er til að orðalag nýrrar 6. gr. verði svohljóðandi:

6. gr.

Framkvæmd hollustuhátta og mengunarvarna skal jafnframt byggð á ákvæðum matvælalaga, nr. 93/1995, laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og laga um mengun sjávar, nr. 32/1986, með áorðnum breytingum, og reglum settum á grundvelli þessara laga. Einnig skal byggt á ákvæðum annarra laga sem varða starfsemi Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Til að stuðla að framkvæmd þessara laga setur ráðherra enn fremur reglugerðir um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir og í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

F. 6. gr. frumvarpsins sem verði 7. gr.

Í samræmi við almennar athugasemdir í I. kafla er lagt til að skoðað verði hvort veiting starfsleyfa á að hluta til að vera í höndum ráðherra, eða hvort fela á Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga alfarið að sjá um þetta verkefni. Ekki er hér gerð tillaga um breytingu á 6. gr. frumvarpsins (verður 7. gr.), en hugmyndir eru um hvernig það mætti gera ef vilji er til breytinga. Til samræmis yrði þá einnig að gera breytingu á 31. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um málsmeðferð og úrskurði. Markmiðið með hugsanlegum breytingum er að tryggja að ágreiningi vegna veitingar starfsleyfa verði í öllum tilvikum unnt að skjóta til úrskurðar hjá úrskurðarnefnd eða ráðherra, allt eftir því sem við á.

G. 7. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að greinin falli burt. Undanþáguákvæði 1. mgr. getur aðeins átt við um mengunarvarnir og þá þætti almenns heilbrigðiseftirlits sem varða húsnæðiseftirlit og annað sem tilgreint er í 4. gr. Annað mun gilda um reglugerðir sem byggðar eru á sérlögum sem tilgreind eru í tillögu að nýrri 6. gr. Þarna er misræmi. Þá er varasamt að opna fyrir undanþágur með þeim hætti sem hér er gert! Væri ekki raunhæfara að gera það í hlutaðeigandi reglugerðum og takmarka undanþáguheimildir við ákvæði þar sem þörf er á aðlögun eða bregðast þarf við óviðráðanlegum aðstæðum? Til dæmis væri rétt að breyta undanþáguheimild í heilbrigðisreglugerð þannig að hún væri ekki eins víðtæk og raun er á. Ef umhverfisnefnd Alþingis vill halda þessari málsgrein í frumvarpinu þá ætti að takmarka heimildina enn frekar og vísa til óviðráðanlegra aðstæðna eða annars þess háttar.

2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er einnig óþörf. Skv. 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins á ráðherra að setja reglugerð um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa, skv. 4. mgr. 20. gr. á ráðherra að setja reglugerð um skipulag Hollustuverndar og í 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins eru ákvæði um að ráðherra skuli setja reglur um dagsektir.

3. mgr. fjallar um eðlilega vinnureglu við setningu reglugerða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna. Umsagnaraðilar geta verið fjölmargir og er engin ástæða til að nefna einn þeirra frekar en aðra í lögum. Ef skipa á hollustuháttaráð er enn frekari ástæða til að fella þessi ákvæði burt þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga á að eiga þar fulltrúa.

H. Heiti II. kafla frumvarpsins.

Kaflinn heitir „Stjórn, skipan og starfsmenn", en í kafla þessum er ekki fjallað um hlutverk og skyldur Hollustuverndar ríkisins. Kaflaheitið er því misvísandi þegar horft er til eftirlitsskyldu og yfirumsjónarhlutverks Hollustuverndar. Því er lagt til að kaflaheitið verði *„Stjórn og skipan heilbrigðiseftirlits"*.

I. 10. gr.

Vegna breytinga á heiti laganna og skilgreiningum verður að umorða í þessari grein og öðrum greinum frumvarpsins þannig að *„hollustuhættir og mengunarvarnir"* komi í stað *„heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna.* Þetta kemur ekki í veg fyrir að nefndir heiti eftir sem áður heilbrigðisnefndir og starfsmenn þeirra heilbrigðisfulltrúar, sbr. aðrar greinar þessa kafla laganna. Heilbrigðisfulltrúar eru þá starfsmenn sem hafa eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum, heilbrigðisnefndir sinna sömu málum og heilbrigðiseftirlit er eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum. Með þessum tillögum hafa heiti eða hugtök verið samræmd þannig að hollustuvernd, sbr. Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit, sbr. heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, ná yfir bæði hollustuhætti og mengunarvarnir.

J. 11. gr.

Vísað er til áhersluatriða í I. kafla um mikilvægi þess að fækka eftirlitssvæðum og heilbrigðisnefndum. Einnig atriða sem varða setu fulltrúa atvinnulífsins í heilbrigðisnefndum. Heilbrigðisnefndir eiga að vera óháðar og það er andstætt því sem er að gerast á EES að hagsmunatengja framkvæmd eftirlits. Því ættu samtök atvinnulífsins ekki að tilnefni fulltrúa til setu í heilbrigðisnefndum. Ákvæði þar um í frumvarpinu á að fella burt og halda þeirri skipan sem er í lögum í dag.

Vegna 2. mgr. vaknar spurning um hvort rétt sé að veita ráðherra heimild til að gera breytingu á lögskipan eftirlitssvæða, sbr. reglugerðarheimild til sameiningar eftirlitssvæða. Einnig er álitamál hvort þetta ákvæði er nauðsynlegt ef breyting á skipan eftirlitssvæða (sameining)

sem lögð er til með þessu lagafrumvarpi nær fram að ganga. Lagt er til að þessi málsgrein falli burt.

Lagt er til að heimild heilbrigðisnefnda skv. 3. mgr. *verði bundin samþykki sveitarstjórna* þar sem breyting á fyrirkomulagi eftirlits getur varðað skyldur þeirra við rekstur eftirlitsins.

K. 12. gr.

Óskað er eftir að gætt verði varúðar vegna ákvæða 12. gr. frumvarpsins um gerð fjárhagsáætlana og gjaldskrármál. Það sama á við um ákvæði 15. gr. um ráðningu heilbrigðisfulltrúa, sbr. einnig áherslur í I. kafla athugasemdanna. *Ekki verður betur séð en að dregið sé úr sjálfstæði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með þeim ákvæðum sem hér eru sett fram.* Gerð fjárhagsáætlana, rekstur eftirlitsins og ráðning starfsmanna á samkvæmt þessum ákvæðum að vera í höndum sveitarfélaga. Er hugsanlegt að heilbrigðisfulltrúi verði í framhaldi af þessu t.d. settur undir tæknideild sveitarfélagsins? Hvað kemur í veg fyrir að það yrði gert? Ekki þarf að minna á að sveitarstjórnir og þar með tæknideildir þeirra eru undir eftirliti heilbrigðiseftirlitsins, en tæknideildir fara t.d. með veigamikil mál á sviði mengunarvarna. Sá aðili sem ræður í starf getur líka rekið. Gæti ekki skapast óþægileg aðstaða fyrir eftirlitsaðila ef skipan mála verður með þessum hætti?

Lagt er til að greininni verði breytt þannig *að heilbrigðisnefnd sjái um að gera tillögu að fjárhagsáætlun,* sem lögð verði fyrir sveitarstjórnir. Einnig er lagt til *að heilbrigðisnefnd verði í stað sveitarstjórnar falið að ráða heilbrigðisfulltrúa,* sbr. 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Jafnframt er lagt til að umhverfisnefnd Alþingis skoði önnur ákvæði frumvarpsins með það í huga að sjálfstæði eftirlitsins verði tryggt!

Í 3. mgr. greinarinnar kemur fram að leita á eftir umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda vegna gjaldtöku. Þetta á réttilega að vera *„hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar“* þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að ein heilbrigðisnefnd starfi á hverju svæði, en það er breyting frá því sem nú er. Að lokum er nauðsynlegt að skýrt verði hvað átt er við í þessari málsgrein með eftirfarandi setningum: *„Upphæðin skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður“*. Mjög varasamt er að setja slík ákvæði í lög ef ekki er ljóst hvaða afleiðingu það hefur fyrir möguleika sveitarfélaga til gjaldtöku og þar með til að sinna eftirliti á viðunandi hátt. Í þessu samhengi er vert að geta þess að gjaldtaka heilbrigðiseftirlitsins í landinu er hlutfallslega mun lægri en t.d. hjá sjálfstætt starfandi skoðunarstofum í sjávarútvegi. Þá verður að hafa í huga að hluti af rekstri opinbers eftirlits tengist ráðgjöf og viðbrögðum við kvörtunum, sýkingum og slysum sem oft er kostnaðarsamt að vinna að. Gera framangreind ákvæði heilbrigðiseftirlitinu kleift að reikna með kostnaði og þar með gjaldtöku vegna þeirra mála sem hér er vikið að. Ef ekki verður að skoða þetta nánar þar sem þá væri dregið úr öryggisráðstöfunum gagnvart neytendum og markmiðum laganna um að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði í ómenguðu umhverfi.

Vegna framangreindra athugasemda er ástæða til að taka fram að Hollustuvernd gerir ráð fyrir að sveitarfélög kosti hluta af rekstrarkostnaði heilbrigðiseftirlitsins og þar með kostnað við samræmd eftirlits-, rannsóknar- eða vöktunarverkefni.

L. 15. gr.

Um ráðningu heilbrigðisfulltrúa er vísað til athugasemda við 12. gr. Hér skal ítrekað að ekki er talið rétt að sveitarstjórn, sem eftirlit beinist að, fari með ráðningarmál heilbrigðisfulltrúa og setji þeim starfslýsingu. *Þetta á að vera hlutverk heilbrigðisnefndar.*

Til samræmis við athugasemdir um 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa verði aðeins í þessari grein frumvarpsins.

M. 17. gr.

Vísað er til almennra athugasemda í I. kafla þessara athugasemda og er lagt til að greinin falli burt. Ráðgefandi ráð með meiri hluta af hálfu hagsmunaaðila, án fulltrúa neytenda eða annarra sem hagsmuna hafa að gæta, er ekki boðleg lausn. Þess í stað er lögð til breyting á þeim kafla frumvarpsins sem fjallar um Hollustuvernd ríkisins, sbr. athugasemdir um 20. gr. Sú lausn sem þar er lögð til er talin góð varðandi faglega starfsemi og árangursríka stjórnun, þannig að jafnframt náist samræming í störfum fagsviða. *Lagt er til að í stað stjórnar komi innri framkvæmdastjórn og utanaðkomandi fagráð.* Fagráð veiti faglega og stefnumótandi ráðgjöf, en fari ekki með faglega eða rekstrarlega stjórnun, hún verði hins vegar í höndum framkvæmdastjórnar. Fallist umhverfisnefnd Alþingis ekki á þessar tillögur verður að skoða að nýju hvort besti valkosturinn er hollustuháttaráð eða stjórn yfir Hollustuvernd eins og nú er. Verði niðurstaðan sú að tillaga um skipan hollustuháttaráðs verði lögð fyrir Alþingi ætti að gjörbreyta skipan ráðsins og skoða einnig þau verkefni sem ráðinu er ætlað að sinna.

N. 18. gr.

Vísað er til áhersluatriða í I. kafla athugasemdanna um eftirlit með framkvæmd laganna og vegna alþjóðasamninga. Með ákvæðum greinarinnar eru lagðar skyldur á Hollustuvernd um eftirlit með framkvæmd laganna og yfirumsjón og þar með samræmingu eftirlits. Hins vegar vantar bein og virk úrræði til að ganga eftir því að kröfur séu uppfylltar og til að kanna hvernig eftirliti er háttað. Þá hefur Hollustuvernd engin úrræði ef heilbrigðisnefnd kýs að afla ekki tiltekinna gagna, afhenda þau ekki, skila þeim ekki á tilteknum tíma eða vill haga skráningu með öðrum hætti en nauðsynlegt er vegna starfa samræmingaraðila. Því er nauðsynlegt að bæta ákvæðum við þessa grein og einnig 19. gr. frumvarpsins.

Einnig er lagt til að núgildandi ákvæðum um framkvæmd alþjóðasamninga verði bætt inn í frumvarpið (sbr. lög nr. 70/1995) og að sett verði inn ákvæði sem kveða á um rannsóknar- og vöktunarskyldu Hollustuverndar vegna þeirra. Þetta er nauðsynlegt að gera í ljósi þess að EES samningurinn gerir kröfu til þess að veittar séu ýmsar grunnupplýsingar um ástand umhverfismála og einnig varðandi samsetningu neysluvatns, neyslu aukefna og aðra þætti á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.

Lagt er til að við 2. mgr. 18. gr. verði bætt eftirfarandi: *„Þá skal stofnunin hafa eftirlit með framkvæmd alþjóðasamþykkta og samninga sem Ísland er aðili að og eru á verksviði hennar og sinna rannsókna- og vöktunarskyldu vegna þeirra. Til að ná þessum markmiðum er Hollustuvernd heimilt að gera kröfu til þess að eftirlitssvæði taki þátt í eftirlits-, rannsóknar- eða vöktunarverkefnum. Skal heilbrigðiseftirliti tilkynnt með góðum fyrirvara um framkvæmd slíkra verkefna.“*

Í 2. setningu 3. mgr. er lagt til að orðin *„eða gæti verið“* verði felld burt. Að öðrum kosti má túlka þessi ákvæði þannig að fjárhagslegan rekstur verði að aðgreina með tilliti til hugmyndaauðgi manna um samkeppnismöguleika á sviði hollustuhátta og mengunarvarna. Leiðbeiningar fjármálaráðuneytisins til Hollustuverndar taka einnig aðeins mið af starfsemi sem er í samkeppnisrekstri, ekki möguleikum á því sviði.

O. 19. gr.

Vísað er til athugasemda við 18. gr. og er lagt til að eftirfarandi bætist við í lok greinarinnar: *„Meðal annars getur stofnunin gefið út viðmiðunarreglur um fjölda eftirlitsferða,*

töku sýna á eftirlitsskyldum stöðum, skráningar og mat á niðurstöðum rannsókna (prófana).“

Þá er lagt til að bætt verði við svohljóðandi texta sem verði 2. mgr. 19. gr.:

„Hollustuvernd ríkisins skal sjá um samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráð eða alvarleg mengunarslys og matarsjúkdómar. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga skal þegar í stað tilkynna Hollustuvernd um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi eftirlitssvæði taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir. Þá skal heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veita Hollustuvernd þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að annast eftirlit með framkvæmd laganna og alþjóðasamþykkta og samninga sem vísað er til í 18. gr.“

Að lokum er lagt til að 1. mgr. 30. gr. frumvarpsins verði að 3. mgr. 19. gr. ásamt ákvæðum um að Hollustuvernd geti gert kröfu um að haldinn verði fundur í heilbrigðisnefnd. Orðalag 3. mgr. verði þannig:

„Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda með tillögurétti og málfrelsi og stofnunin getur einnig krafist þess að fundur verði haldinn í heilbrigðisnefnd“.

P. 20. gr.

Í samræmi við athugasemdir um 17. gr. er gerð tillaga um nýja 20. gr. sem hljóði með þeim hætti sem hér kemur fram. Tillagan gerir ráð fyrir nánu samstarfi forstjóra og forstöðumanna Hollustuverndar (framkvæmdastjórn) og er það gert til að tryggja markvissa stjórnun og samræmingu í störfum fagsviða stofnunarinnar. Fagráði er síðan ætlað að styðja faglega starfsemi og er því miðað við að það verði skipað aðilum með faglegan bakgrunn á þeim fagsviðum sem stofnuninni er ætlað að sjá um framkvæmd á. Jafnframt er gert ráð fyrir að forstöðumenn verði skipaðir af ráðherra, eins og gert var allt þar til lögum var breytt á árinu 1995. Ekki er talið rétt að draga úr vægi fagsviða stofnunarinnar og er þá horft til þess hve stórir málaflokkar falla undir hlutaðeigandi verkefnasvið. *Því er talið rétt að ráðherra hafi ákvörðunartöku um hvaða aðilar fari með forstöðu faglegra mála.*

Framkvæmdastjórn er ætlað að halda nánu samstarfi við hagsmunaaðila þannig að þeir séu upplýstir um framkvæmd mála og geti komið skoðunum sínum og tillögum um framkvæmdaratriði á framfæri við stofnunina. Þetta er talin betri lausn og nær til fleiri aðila en raun væri á ef tilteknir hagsmunaaðilar fengju að skipa sæti í stjórn HVR, hollustuháttaráði eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

Rétt er að undirstrika að samstaða og sátt er innan Hollustuverndar um þessa skipan mála. Lagt er til að ný 20. gr. hljóði svo:

20. gr.

Við stofnunina skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til 5 ára í senn og skal hann hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Þá skal stofnuninni skipt í verkefnasvið og starfar forstöðumaður yfir hverju og skal hann hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Ráðherra skipar forstöðumenn til 5 ára í senn og skal einn þeirra gegna starfi staðgengils forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk í samráði við forstöðumenn.

Forstjóri fer með æðsta vald í starfsemi stofnunarinnar, en forstöðumenn bera faglega ábyrgð á sínu verksviði og rekstrarlega gagnvart forstjóra. Forstjóri og forstöðumenn skipa framkvæmdastjórn stofnunarinnar, sem mótar stefnu í störfum hennar. Framkvæmdastjórn kemur reglulega saman og skal halda reglubundna fundi með samtökum hagsmunaaðila, sem ákvæði laga þessara taka til.

Ráðherra skipar fagráð stofnunarinnar til 4 ára í senn og skal það vera henni til ráðgjafar um málefni laganna. Fagráð skal skipað 6 mönnum sem hafa sérfræðiþekkingu eða starfsreynslu á verksviði stofnunarinnar. Framkvæmdastjórn gerir tillögur til ráðherra um starfsreglur fyrir fagráð.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

Q. 21. gr.

Í greininni er fjallað um gjaldskrá vegna veittrar þjónustu og verkefna á vegum Hollustuverndar, en í lok 2. setningar kemur síðan fyrir orðalagið *„við hlutaðeigandi eftirlit“*. Þetta verður að fella burt þar sem þjónusta og verkefni þurfa ekki að vera tengd eftirliti og orðast þetta þá *„... sem ákvörðun gjalds byggist á.“*

R. 28. gr.

Lagt er til að fyrstu setningu 2. mgr. 30 gr. verði bætt við 1. mgr. 28. gr. með þeim breytingum sem hér koma fram: *„Fulltrúum Hollustuverndar er jafnframt heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla undir eftirliti nefndanna fer fram og lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sveitarfélaga ná til.“* Með þessari breytingu eru ákvæði vegna sýnatöku í sömu grein frumvarpsins.

S. 30. gr.

Greinin byggist á þremur ólíkum ákvæðum. Í þessum athugasemdum hefur 1. mgr. verið flutt í 19. gr. þar sem fjallað er um samskipti Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Fyrsta setning 2. mgr. hefur verið flutt í 28. gr. þar sem fjallað er um sýnatökur og þá stendur aðeins síðari setning 2. mgr. eftir. Hana verður hins vegar að umorða því ákvæðið má skilja þannig að heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar fari með valdsvið og þvingunarúrræði í þeim tilvikum þegar Hollustuvernd fer með eftirlit. Um orðalag vísast m.a. til laga nr. 28/1990, um breytingu á lögum nr. 81/1988, og er lagt til að ný 30. gr. orðist þannig:

30. gr.

Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit getur stofnunin beitt sama valdi og sömu þvingunarúrræðum og heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar, sbr. ákvæði þessa kafla laganna.

T. 31. gr.

Til samræmis við hugsanlega breytingu á 6. gr. frumvarpsins (verður 7. gr.) í þá veru að ráðherra veiti ekki starfsleyfi vegna atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér mengun, yrði einnig að breyta ákvæðum um málsmeðferð og úrskurði. Ef tekið yrði mið af því að Hollustuvernd ríkisins veitti starfsleyfi fyrir stóriðju í samræmi við nýja 7. gr., væri hægt að vísa ágreiningsmálum vegna þeirra til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Síðari setningu 1. mgr. þessarar greinar mætti þá orða þannig: *„Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra fer með úrskurðarvald, sbr. ákvæði 7. gr. og 32. gr. laganna“*.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að úrskurðarnefnd verði skipuð þremur lögfræðingum og er það breyting frá því sem nú er. Ekki er gerð athugasemd við þessa breytingu eða aðrar breytingar á ákvæðum um málsmeðferð og úrskurði, enda eru þær til bóta, en þó mætti bæta eftirfarandi

við 2. mgr. 31. gr.: „*Úrskurðarnefnd er heimilt að leita sérfræðilegrar ráðgjafar vegna mála sem vísað er til úrskurðar hjá nefndinni.*“

U. 34. gr.

Ekki er raunhæft að miða gildistöku laganna við 1. janúar 1998, enda eru í frumvarpinu lagðar til breytingar sem nauðsynlegt er að ræða frekar, m.a. á grundvelli þessara athugasemda.

V. Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Í umsögn koma ekki fram afgerandi niðurstöður eða rök fyrir þeim og virðist skorta á þekkingu á starfsemi stofnunarinnar, ekki síst varðandi rannsóknir (prófanir). Þá er vandséð hvernig breyting á starfsheitinu framkvæmdastjóri í forstjóri á að leiða til sparnaðar því starfsskyldur forstöðumanna verða í raun þær sömu og áður. Vegna rannsókna og prófana sem fjallað er um í 3. og 4. tölul. *er rétt að benda á að faggilding rannsóknarstofu mun leiða aukins árlegs rekstrarkostnaðar.* Fjárhagsleg aðgreining rekstrar sem er í samkeppni mun heldur ekki leiða til lækkunar ríkisframlags þar sem þjónusturannsóknir til annarra en heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eru þegar seldar á raunkostnaði. Bókhaldsleg aðgreining breytir því engu þar um. *Ríkisframlag vegna þjónusturannsókna fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu tekur mið af því að haldið sé uppi öryggisþjónustu og að hægt sé að bregðast við matareitrunum og matarsýkingum sem upp koma. Einnig verður að hafa í huga að Hollustuvernd nýtir niðurstöður þessara rannsókna með margvíslegum hætti í sinni starfsemi.* Tengist þetta m.a. eftirlits- og yfirumsjónarhlutverki stofnunarinnar og gagnasöfnun og upplýsingaskyldu um tíðni og umfang matarsýkinga og matareitrana.

Ekki er vikið einu orði í umsögninni að auknu stjórnsýsluhlutverki Hollustuverndar vegna alþjóðasamninga eins og EES. *Er þetta með ólíkindum þegar haft er í huga að stofnunin fer með umfangsmeira hlutverk á þessu sviði en nokkur önnur stofnun hér á landi*, að tilteknum ráðuneytum undanskildum. Það sama gildir um rannsóknar- og vöktunarskyldu sem fellur á stofnunina vegna þessara mála. Í lok B-liðar og 2. mgr. C-liðar athugasemda með frumvarpinu kemur m.a. fram hvert umfang EES-mála er hjá Hollustuvernd ríkisins og jafnframt að við endurskoðun laga nr. 81/1988 hafi verið tekið sérstakt tilliti til þessara mála og breyttra aðstæðna vegna stjórnsýslu. *Hvernig getur þetta farið fram hjá þeim sem eiga að gera grein fyrir kostnaði vegna þessarar starfsemi.* Þegar á heildina er litið getur aukin rekstrarþörf vegna EES-mála skipt tugum milljóna í árlegum rekstrar-, rannsóknar- og vöktunarkostnaði. Hollustuvernd ríkisins hefur í þessari umsögn vakið sérstaka athygli á því að nauðsynlegt er að styrkja ákvæði frumvarpsins vegna alþjóðasamninga. Því verður að leggja fram kostnaðarmat vegna þessarar starfsemi.

Að lokum verður að minna á að þegar ný matvælalög, nr. 93/1995, voru til afgreiðslu á Alþingi kom fram í umsögn fjármálaráðuneytisins að umfang matvælaeftirlits og matvælasviðs Hollustuverndar muni að líkindum aukast vegna EES. Fram kom að kostnaðarmat vegna starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði kæmi fram við endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Sú er ekki raunin. Fyrir liggur að starfsemi HVR á matvælasviði hefur aukist, en lítið hefur verið komið til móts við auknar þarfir af hálfu fjárveitingavaldsins. Því er nauðsynlegt að lagt verði fram kostnaðarmat við endurskoðun laga nr. 81/1988 í samræmi við framangreinda niðurstöðu fjármálaráðuneytisins vegna starfsemi á matvælasviði. Það sama ætti að sjálfsögðu að gilda um starfsemi vegna mengunarvarna og eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum.

Þegar á heildina er litið er ljóst að á Hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er stöðugt bætt nýjum verkefnum án þess að raunhæft kostnaðarmat fari fram. Úr þessu verður að bæta og setja fram tillögur um úrbætur.

Niðurlag.

Óskað er eftir að umhverfisnefnd Alþingis taki sem mest tillit til þessarar umsagnar framkvæmdastjóra og forstöðumanna Hollustuverndar. Ekki síst á þetta við um athugasemdir varðandi heimildir laganna, hollustuháttaráð og stjórnskipan Hollustuverndar ríkisins. Þá eru ítrekaðar áhyggjur aðila varðandi þau ákvæði laganna sem fjalla annars vegar um sjálfstæði heilbrigðiseftirlits gagnvart sveitarfélögum og hagsmunaaðilum og hins vegar hina stjórnskipulega veiku stöðu Hollustuverndar ríkisins gagnvart heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga við eftirlit með framkvæmd laga þessara og tengdra reglugerða.

845. Nefndarálit [389. mál]

um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti, nr. 21 26. mars 1991 (tilkynningar skiptastjóra).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Jón H. B. Snorrason og Jón Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra.

Í frumvarpinu er lagt til að skiptastjóra beri að tilkynna grun sinn um að þrotamaður eða aðrir hafi gerst sekir um refsivert athæfi til lögreglustjóra í stað þess að nú á að tilkynna slíkt til ríkissaksóknara. Nefndin telur rétt að gerð sé breyting á löggjöf þess efnis að tilkynning berist ekki ríkissaksóknara, en telur eðlilegt að skiptastjóra beri að tilkynna grun um refsivert athæfi til ríkislögreglustjóra og gerir breytingartillögu við frumvarpið þess efnis. Er slíkt í samræmi við skipan þessara mála, sbr. reglugerð nr. 406/1997, um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, en þar kemur fram að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra skuli annast rannsókn efnahagsbrota og saksókn þeirra.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðsins „lögreglustjóra" í 1. gr. komi: ríkislögreglustjóra.

Alþingi, 24. febr. 1998.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Árni R. Árnason.	Hjálmar Jónsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Jón Kristjánsson.	Kristján Pálsson.

Jóhanna Sigurðardóttir. Guðrún Helgadóttir.

846. Frumvarp til laga [495. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich, Einar Oddur Kristjánsson, Egill Jónsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Magnús Stefánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr“ í B-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: sem eru 50 ára eða eldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með ákvæðum laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, er mælt svo fyrir að skipstjórnarmönnum skuli veita atvinnuréttindi á grundvelli skipstjórnarnáms eftir stigum. Á grundvelli hvers námsstigs miðast réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum, kaupskipum og varðskipum við stærð skipanna.

Með stöðugri þróun í skipasmíðum og á skipakosti landsmanna fer stærð skipa vaxandi. Á það ekki síst við um fiskiskipaflota okkar, en þar starfar mestur fjöldi skipstjórnarmanna. Skipstjórnarmenn sem ná góðum árangri, reynast aflasælir og farsælir eru áhrifamiklir þátttakendur í þeirri þróun. Þeir eru eftirsóttir til skipstjórnar á nýjum skipum sem eru stærri og betur búin en hin eldri sem leyst eru af hólmi, enda byggist afkoma þeirra mjög á hæfni skipstjórnarmanna. Hún fæst ekki öll með hinu hefðbundna skipstjórnarnámi, heldur byggist hún einnig að stórum hluta á reynslu þeirra og kunnáttu úr skipstjórnarstarfinu sjálfu.

Þróun skipaflotans veldur því að stærðarmörk skipstjórnarréttinda missa gildi sitt. Framan af starfsævi auka skipstjórnarmenn við atvinnuréttindi sín með því að fara aftur til náms. Við setningu laganna var með B-lið ákvæðis til bráðabirgða tekið tillit til þess að þróun skipastóls hefur bein áhrif á aðstöðu þessara manna þar sem atvinnuréttindi þau sem þeir afla sér fylgja ekki eftir stækkun skipanna og til mikilvægis reynslu þeirra af skipstjórnarstörfum, svo og þess að fimmtugir menn eða eldri eiga erfitt um vik að snúa sér á ný að skólanámi. Með frumvarpinu er lagt til að áfram verði tekið tillit til aðstæðna manna sem orðnir eru fimmtugir eða eldri.

Samkvæmt B-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögunum er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum nefndar um undanþágur til takmarkaðs tíma, að veita ótímabundin takmörkuð réttindi þeim mönnum sem fæddir eru 1934 eða fyrr og starfað hafa sl. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf. Þegar ákvæðið var leitt í lög átti það við um menn sem þá voru 50 ára eða eldri. Með frumvarpinu er lagt til að heimildin eigi áfram við um menn sem orðnir eru 50 ára eða eldri og hafa starfað sl. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf.

847. Frumvarp til laga [496. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich, Einar Oddur Kristjánsson, Egill Jónsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Magnús Stefánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. Í stað orðanna „sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr“ í B-lið kemur: sem eru 50 ára eða eldri.
b. Við bætist nýr liður, C-liður, svohljóðandi: Sé sett stærri aðalvél í skip eða hún stækkuð er heimilt að veita starfandi vélstjóra, sem hefur næsta stig atvinnuréttinda fyrir neðan það sem þarf eftir breytinguna, óskert réttindi til að gegna áfram sömu stöðu á sama skipi að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með ákvæðum laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, er mælt svo fyrir að vélstjórnarmönnum skuli veita atvinnuréttindi á grundvelli vélstjórnarnáms eftir stigum. Á grundvelli hvers námsstigs miðast réttindi til vélstjórnar á fiskiskipum, kaupskipum og varðskipum við vélarafl aðalvélar skipanna.

Með stöðugri þróun í skipasmíðum, vélsmíðum og á skipakosti landsmanna fer stærð og afl aðalvéla skipa vaxandi. Á það ekki síst við um fiskiskipaflota okkar, en þar starfar mikill fjöldi vélstjórnarmanna. Góðir vélstjórnarmenn eru mikilvægir þátttakendur í þeirri þróun og eru eftirsóttir til vélstjórnar á nýjum skipum sem eru stærri og betur búin en hin eldri sem leyst eru af hólmi. Hæfni vélstjóra fæst ekki öll með hinu hefðbundna vélstjórnarnámi, heldur byggist hún einnig á reynslu þeirra og kunnáttu úr vélstjórnarstarfinu sjálfu.

Þróun skipaflotans veldur því að stærðarmörk atvinnuréttinda vélstjórnarmanna missa gildi sitt. Framan af starfsævi auka þeir við atvinnuréttindi sín með því að fara aftur til náms. Við setningu laganna var með B-lið ákvæðis til bráðabirgða tekið tillit til þess að þróun skipastóls hefur bein áhrif á aðstöðu þessara manna þar sem atvinnuréttindi þau sem þeir afla sér fylgja ekki eftir stækkun aðalvéla skipanna og til mikilvægis reynslu þeirra af skipstjórnarstörfum, svo og þess að fimmtugir menn eða eldri eiga erfitt um vik að snúa sér á ný að skólanámi.

Með frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að áfram verði tekið tillit til aðstæðna manna sem orðnir eru fimmtugir eða eldri. Hins vegar er lagt til að veitt verði heimild til að veita mönnum undanþágu til að gegna áfram sömu stöðu á sama skipi vegna stækkunar aðalvéla skipa hafi þeir næsta stig atvinnuréttinda við það stig sem stækkunin krefst. Sambærilegt ákvæði til bráðabirgða er í gildandi lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Samkvæmt B-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögunum er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum nefndar um undanþágur til takmarkaðs tíma, að veita ótímabundin takmörkuð réttindi þeim mönnum sem fæddir eru 1934 eða fyrr og starfað hafa sl. 10 ár á undanþágu við vélstjórn. Þegar ákvæðið var leitt í lög átti það við um menn sem þá voru 50 ára eða eldri.

Í a-lið 1. gr. er lagt til að heimildin eigi áfram við um menn sem orðnir eru 50 ára eða eldri og hafa starfað sl. 10 ár á undanþágu við vélstjórn.

Í b-lið 1. gr. er lagt til að við þær aðstæður að aðalvél skips er stækkuð eða hún endurnýjuð með stærri aðalvél megi með undanþágu veita vélstjóra, sem þegar hefur næsta stig atvinnuréttinda við það stig sem þarf eftir breytinguna, óskert atvinnuréttindi til að gegna áfram sömu stöðu á sama skipi að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

848. Breytingartillögur [225. mál]

við frv. til l. um kosningar til sveitarstjórna.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Við 92. gr.
   a. Í stað orðanna „15 dögum eftir kjördag“ í 1. mgr. komi: þegar yfirkjörstjórn hefur lýst kosningaúrslitum.
   b. 2. mgr. falli brott.
2. Við 93. gr. 2. mgr. falli brott.

849. Svar [430. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um ofbeldi á börnum.

1. *Hversu mörg börn voru lögð inn á Barnaspítala Hringsins vegna ofbeldis sem þau höfðu verið beitt á tímabilinu 1993–97, samtals og sundurgreint eftir aldri barnanna, kyni og tegund ofbeldis?*

Á árunum 1993–97 voru 124 börn lögð inn á Barnaspítala Hringsins vegna gruns um ofbeldi. Af þeim voru 105 stúlkur og 19 drengir.

Langflest barnanna eða 95 voru lögð inn vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi. Aðrar tegundir ofbeldis eru ekki sundurgreindar hér og eru flokkaðar saman sem vanræksla.

Innlögn vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi:

Aldur	Drengir	Stúlkur
0–4 ára	6	32
5–9 ára	6	29
10–14 ára	1	21
15–16 ára	0	0

Innlögn vegna vanrækslu:

Aldur	Drengir	Stúlkur
0–4 ára	2	8
5–9 ára	3	8
10–14 ára	1	5
15–16 ára	0	2

Taka ber fram að skoðanir og rannsóknir á Barnaspítala Hringsins staðfesta ekki alltaf grun um ofbeldi.

2. *Hversu mörg börn komu á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna þess að þau höfðu verið beitt ofbeldi á tímabilinu 1993–97, samtals og sundurgreint eftir aldri barnanna, kyni og tegund ofbeldis?*

Heildarkomufjöldi barna á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur árin 1993–97 þar sem ofbeldi var sett sem sjúkdómsgreining var 1.729.

Drengir voru 1.149 og stúlkur 576. Í skráninguna vantar skiptingu eftir kyni fyrir fjóra einstaklinga.

Koma á slysadeild vegna ofbeldis:

Aldur	Drengir	Stúlkur
0–4 ára	149	133
5–9 ára	187	66
10–14 ára	447	206
15–16 ára	366	171

Varðandi fyrirspurn um tegund ofbeldis vísast til fylgiskjals en þar koma fram hvaða áverkar voru greindir við rannsókn á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur á börnum sem flokkuð voru: *koma inn vegna ofbeldis*. Meðfylgjandi skipting á áverkum á við árið 1997.

3. *Í hve mörgum tilvikum var ofbeldið gegn börnunum tilkynnt barnaverndarnefndum eða öðrum þar til bærum yfirvöldum á fyrrgeindu tímabili, á hvoru sjúkrahúsi um sig?*

Barnaspítali Hringsins. Ef grunur vaknar um ofbeldi eða vanrækslu er barnaverndaryfirvöldum í öllum tilvikum gert viðvart. Eins og sést á svari við 1. lið eru flest barnanna, sem koma á Barnaspítala Hringsins til skoðana og rannsókna vegna ofbeldis, talin hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Þessum börnum er í nær öllum tilvikum vísað til spítalans af barnaverndarnefndum eða félagsmálayfirvöldum í heimabyggð barnsins og eru niðurstöður skoðana og rannsókna sendar sömu aðilum. Barnaverndarnefndum og félagsmálastofnunum er alltaf tilkynnt um þau mál sem ekki hafa farið í gegnum þeirra hendur áður. Þau börn sem lögð eru inn vegna félagslegra vandamála þar sem um vanrækslu af hendi umönnunaraðila er að ræða koma flest í gegnum félagsmálastofnun eða barnaverndarnefndir. Nokkur eru send af barnalækni, heimilislækni, lögreglu, slysadeild eða foreldrum. Félagsmálastofnanir eða barnaverndarnefndir fá tilkynningu bréflega.

Slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í um þriðjungi tilvika er gagnaðili sjálfur á aldrinum 0–14 ára. Í þeim tilvikum þar sem gagnaðili er eldri, t.d. foreldri, fylgir það oftast barni sínu á slysadeild og því getur verið að í einhverjum tilvikum sé frásögn barns eða foreldis ekki rétt. Alltaf er haft í huga hvort um mögulega vanrækslu eða ofbeldi af ásetningi geti verið að ræða

og það þá tilkynnt þar til bærum yfirvöldum. Ef grunur er um kynferðislegt ofbeldi er börnum í öllum tilvikum vísað á Barnaspítala Hringsins til frekari skoðana og rannsókna.

4. *Hversu mörgum börnum var vísað til neyðarmóttöku vegna nauðgunar, stúlkum annars vegar og drengjum hins vegar, á árunum 1993–97?*

Heildarfjöldi barna á aldursbilinu 12–16 ára sem leituðu til neyðarmóttökunnar á árunum 1993–97 var 86 börn. Þar af voru stúlkur 81 og drengir fimm. Á sama tímabili leituðu 49 stúlkur og tveir drengir 17 og 18 ára til neyðarmóttökunnar.

Fylgiskjal.

Slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur 1997		Fjöldi				
Áverkar		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–16 ára	Alls
B30	Veirutárabólga				1	1
H16	Glærubólga			1		1
L84	Líkþorn og sigg		1			1
R04	Blæðing í öndunarvegi	1	1			2
S00	Yfirborðsáverki á höfði	1	2	25	29	57
S01	Opið sár á höfði	1	5	6	18	30
S02	Brot á höfuðkúpu og andlitsbeinum			6	7	13
S03	Liðhlaup, tognun og ofreynsla í liðum og liðböndum höfuðs				4	4
S05	Áverki á auga og augntótt		1	2		3
S06	Innankúpuáverki		2	5	2	9
S07	Kramningaráverki á höfði			1		1
S09	Aðrir og ótilgreindir áverkar á höfði			1	1	2
S10	Yfirborðsáverkar á hálsi			6	1	7
S13	Liðhlaup, tognun og ofreynsla liða og banda við háls			2	3	5
S20	Yfirborðsáverki á brjóstkassa		1	4	3	8
S22	Brot á rifi/rifjum, bringubeini og brjósthrygg			1		1
S28	Kramningaráverki á brjóstkassa og áverkaafstýfing hluta brjóstkassa			1		1
S30	Yfirborðsáverki á kviði, mjóbaki og mjaðmagrind			3	1	4
S37	Áverki á grindarholslíffærum				1	1
S40	Yfirborðsáverki á öxl og upphandlegg		2		2	4
S42	Brot á öxl og upphandlegg			1		1
S43	Liðhlaup, tognun og ofreynsla liða og banda í axlargrind				1	1
S46	Áverki á vöðva og sin við öxl og upphandlegg				1	1
S50	Yfirborðsáverki á framarmi		1	1	1	3
S52	Brot á framhandlegg		1	3	1	5
S53	Liðhlaup, tognun og ofreynsla liða og banda í olnboga			2		2
S60	Yfirborðsáverki á úlnlið og hendi			2	2	4
S61	Opið sár á úlnlið og hendi			1	2	3
S62	Brot við úlnlið og hönd		1	4	1	6
S63	Liðhlaup, tognun og ofreynsla liða og banda við úlnlið og hönd			5	1	6
S66	Áverki á vöðva og sin við úlnlið og hönd			1		1

S70	Yfirborðsáverki á mjöðm og læri			1	4	5
S71	Opið sár á mjöðm og læri			1		1
S77	Kramningaráverki á mjöðm og læri			1		1
S80	Yfirborðsáverki á fótlegg		1	3		4
S90	Yfirborðsáverki á ökkla og fæti			1		1
S92	Brot á fæti, nema ökkla			2		2
T00	Yfirborðsáverkar sem ná til margra líkamssvæða			1	4	5
T14	Áverki á ótilgreindu líkamssvæði	1	1	1	2	5
T20	Bruni og æting á höfði og hálsi			1		1
T22	Bruni og æting á öxl og efri útlim, nema úlnlið og hönd		1			1
Y04	Assault by bodily force			1		1
Y91	Evidence of alcohol involvement determined by level of intoxication				1	1
Z00	Almenn skoðun og rannsókn einstaklings án kvartana og skráðrar greiningar				2	2
Alls		**4**	**21**	**97**	**96**	**218**

850. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um dómstóla.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

6. gr. orðist svo:

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum hæstaréttarritara. Hann stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um.

Þann einn má skipa í embættið sem lokið hefur embættisprófi í lögum og fullnægir almennum dómaraskilyrðum.

851. Frumvarp til laga [225. mál]

um kosningar til sveitarstjórna.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

I. KAFLI
Kjördagur.

1. gr.

Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu.

Félagsmálaráðuneytið skal auglýsa hvenær almennar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram.

Kjörtímabil sveitarstjórnar er fjögur ár.

II. KAFLI
Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr.

Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu.

Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa glatað kosningarrétti þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

3. gr.

Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr. og hefur ekki verið sviptur lögræði.

III. KAFLI
Kjörskrár.

4. gr.

Sveitarstjórnir gera kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.

5. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 2. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

6. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð er Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur í té og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hún lætur skrá á þau.

7. gr.

Þegar kjörskrá hefur verið samin og staðfest af sveitarstjórn skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag birta í útvarpi og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram hvar kærum skuli komið á framfæri og hver kærufrestur er.

9. gr.

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

10. gr.

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá fyrir þann tíma er greinir í 5. gr.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt, danskt, finnskt, norskt eða sænskt ríkisfang.

11. gr.

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 10. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá.

12. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, jafnskjótt og hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það sem skort hefur á að færi lögum samkvæmt.

IV. KAFLI
Kjördeildir.

13. gr.

Hvert sveitarfélag er ein kjördeild, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstað eða tölusetja til aðgreiningar.

V. KAFLI
Kjörstjórnir og undirbúningur kosninga.

14. gr.

Yfirkjörstjórn skal kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf.

Í sveitarfélagi sem skipt er í kjördeildir skal kjósa undirkjörstjórnir jafnmargar og fjöldi kjördeilda er. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað skal sveitarstjórn kjósa hverfiskjörstjórn til að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórnir síðar en kveðið er á um í 1. mgr.

Í hverri kjörstjórn eiga sæti þrír aðalmenn og þrír varamenn sem allir skulu eiga kosningarrétt í sveitarfélaginu. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.

Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.

Í sveitarfélagi, sem ekki er skipt í kjördeildir, gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna.

Sveitarstjórn getur ákveðið að sama kjörstjórn stýri kosningum til sveitarstjórnar og kosningum til Alþingis.

15. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Yfirkjörstjórnir bóka viðtöku framboða, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningarathöfnina.

Sveitarstjórnir skulu láta yfirkjörstjórnum í té gerðabækur. Yfirkjörstjórnir láta undirkjörstjórnum og hverfiskjörstjórnum í té gerðabækur, nema þeim kjörstjórnum séu lögð til sérstök eyðublöð er komi í stað gerðabókar.

16. gr.

Sá sem sæti á í kjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar í bundnum hlutfallskosningum.

Einnig skal kjörstjórnarmaður víkja sæti ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar.

17. gr.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

VI. KAFLI
Framboð og umboðsmenn.

18. gr.

Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn fyrir lok framboðsfrests að hann skorist undan endurkjöri.

19. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem geta verið með tvennu móti:

a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

20. gr.

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

21. gr.

Þegar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar þrjár vikur eru til kjördags.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru.

22. gr.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar.

Lágmarksfjöldi meðmælenda skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

a. í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa 10 meðmælendur,
b. í sveitarfélagi með 501–2.000 íbúa 20 meðmælendur,
c. í sveitarfélagi með 2.001–10.000 íbúa 40 meðmælendur,
d. í sveitarfélagi með 10.001–50.000 íbúa 80 meðmælendur,
e. í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa 160 meðmælendur.

Hámarkstala meðmælenda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

23. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórnir setja.

24. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund næsta dag og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests kveður hún upp úrskurð um hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð ræður afl atkvæða úrslitum.

25. gr.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurð sveitarstjórnar má kæra á sama hátt sem fyrir er mælt í 93. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

26. gr.

Á framboðslista í sveitarfélagi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á sem aðalmenn í sveitarstjórn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Nú

berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Við hinar sömu sveitarstjórnarkosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

27. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

28. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim sem úrskurðaður er ógildur.

29. gr.

Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður framkominn framboðslisti sjálfkjörinn.

30. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

31. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð sinn á framboðslista merkir hún lista framboðanna með hliðsjón af skrá dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu alþingiskosningar.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn listanna.

32. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

Nú fer óbundin kosning fram, framboðsfrestur framlengist samkvæmt ákvæðum 29. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 18. gr. og skal þá yfirkjörstjórn auglýsa það með sama hætti og framboð.

33. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 30. gr. skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn birta listann þannig breyttan með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

VII. KAFLI
Kjörgögn.

34. gr.

Um kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, gerð þeirra og meðferð fer eftir lögum um kosningar til Alþingis.

35. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

36. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar sveitarstjórnarkosningar.

37. gr.

Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða sveitarstjórnarkosningar í tilteknu sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal.

Þar sem bundnar hlutfallskosningar fara fram skal prenta framboðslistana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti ½ sm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök eða annað framboð hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** ... (nafn stjórnmálasamtakanna eða annars framboðs).

38. gr.

Ef um óbundnar kosningar er að ræða skal kjörseðill vera tvískiptur. Efri hluti kjörseðils skal ætlaður fyrir nöfn og heimilisföng aðalmanna en neðri hluti hans fyrir nöfn og heimilisföng varamanna. Á neðri hluta kjörseðils skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra sem kjósa á.

39. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en nauðsynlegt er að mati yfirkjörstjórnar og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

40. gr.

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórn síðan afhenda með öruggum hætti hverri undirkjörstjórn jafnmarga seðla og kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu afhentir í vönduðum umbúðum er yfirkjörstjórn innsiglar svo vandlega að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir þegar atkvæði eru talin.

41. gr.

Sömu atkvæðakassar skulu að jafnaði notaðir og við alþingiskosningar. Sýslumenn eða fulltrúar þeirra varðveita atkvæðakassana milli kosninga og sjá um að þeir séu til taks í tæka tíð þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera af sömu gerð, eigi minni en 31,5 sm að lengd, 21 sm að breidd og 15,7 sm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa er sé 15,7 sm löng að minnsta kosti og 6,5 mm víð að ofan en víðari að neðan.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í sveitarfélaginu.

42. gr.

Félagsmálaráðuneytið lætur hverri yfirkjörstjórn í té sérprentun af lögum þessum ásamt skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir. Yfirkjörstjórn skal sjá til þess að undirkjörstjórnir fái slíka sérprentun.

Formenn yfir- og undirkjörstjórna geyma eintök þessi og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

VIII. KAFLI
Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

43. gr.

Kjósandi hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags.

Nú hefur kjördagur verið ákveðinn með skemmri fyrirvara en átta vikum og á kjósandi þá rétt á að greiða atkvæði frá og með næsta virka degi eftir að kjördagur hefur verið ákveðinn.

Þegar kosning er óbundin ritar kjósandi, er greiðir atkvæði utan kjörfundar, á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra aðal- og varamanna er hann kýs. Tilgreina skal varamenn í þeirri röð sem kjósandi kýs að þeir taki sæti.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar fer að öðru leyti eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

IX. KAFLI
Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

44. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveður sveitarstjórn.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara.

45. gr.

Þegar kosning fer fram skal svo búið um kjörklefa að utan frá verði hvorki í þá gengið né séð.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð sem skrifa má við.

46. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar er félagsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

Félagsmálaráðuneytið sendir yfirkjörstjórnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þessara en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undirkjörstjórnum.

47. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 9 árdegis en yfirkjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti en séu þeir eigi heldur viðstaddir kveður sá eða þeir sem við eru úr kjörstjórninni valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni og halda þeir sæti sínu uns hinir koma.

Upphaf kjörfundar skal auglýsa með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

48. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

49. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista má enginn vera inni í kjörfundarstofunni nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnar leggur fram böggul með kjörseðlum. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana en meðkjörstjórar og umboðsmenn telja líka. Skal fjöldi seðlanna skráður í gerðabók kjörstjórnar og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

50. gr.

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána sem fylgir. Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar er henni kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma kjörbréfi í rétta kjördeild en ella skal það skráð sérstaklega í gerðabók kjörstjórnar og varðveitt með sama hætti og aðrir atkvæðaseðlar.

51. gr.

Kjörstjórn athugar hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

52. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

53. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

54. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörslu einn mann eða fleiri sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til að atkvæðagreiðsla hefjist og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um í hverri röð kjósendur komist að skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrr inn sem framar stendur á kjörskrá af þeim sem gefa sig fram.

55. gr.

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir fulltrúi í kjörstjórn honum einn kjörseðil.

56. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði nema hann hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema hann sanni með vottorði að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama sveitarfélags og hafi afsalað sér þar kosningarrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í gerðabók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar gerðabók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað, enda sé einnig getið um það í gerðabókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð er einnig gilt sé það undirritað af oddvita eða framkvæmdastjóra sveitarstjórnar fyrir hennar hönd. Tilkynna ber undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag hvaða kjósendum í kjördeildinni sveitarstjórn hafi gefið vottorð.

57. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý er kjörstjórn lætur í té og sér um að jafnan séu nægilega vel ydd.

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista er þeir gefa atkvæði sitt og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

58. gr.

Kjósandi greiðir atkvæði við bundnar hlutfallskosningar á þann hátt að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

59. gr.

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna.

Á þann hluta seðilsins sem ætlaður er fyrir kjör varamanna skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á.

Kjósandi skal brjóta seðilinn saman þannig að það sem á hann var ritað snúi inn og skal kjósandi sjálfur stinga kjörseðli í atkvæðakassann.

60. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem segir í lögum þessum.

61. gr.

Kjósandi má ekki hagga neitt við listum sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

62. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr klefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður þótt hann skili auðum seðli.

63. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í gerðabókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

64. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

65. gr.

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

66. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

67. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa sem kjörstjórninni hafa borist með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn og umboðsmenn lista athuga fylgibréfin og rannsaka hvort sá sem bréfið er frá stendur á kjörskrá og ef svo er hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist að sá sem bréfið er frá standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

68. gr.

Komi það í ljós að sá er sent hefur utankjörfundaratkvæði standi ekki á kjörskrá, sé búinn að greiða atkvæði, hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 56. gr., eða hafi dáið fyrir kjördag leggur kjörstjórnin kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu aftur í sendiumslagið og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að ef í sendiumslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf ásamt kjörseðilsumslagi eða ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

69. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt og skal þá bóka nákvæmlega í gerðabókina í hverju ágreiningurinn er fólginn og skal síðan yfirkjörstjórn úrskurða um gildi þess.

70. gr.

Þau kjörseðilsumslög sem enginn ágreiningur er um að gild séu lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

71. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og kjörseðilsumslög þau er gild hafa verið tekin hafa verið látin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjótt ganga frá sér í umslagi öllum þeim seðlum sem ónýttir hafa verið og í öðru öllum þeim seðlum sem afgangs eru ónotaðir.

72. gr.

Um leið og kosningu er lokið og undirkjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar ásamt atkvæðakössum.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn gögn skv. 1. mgr. óinnsigluð, að viðstöddum umboðsmönnum lista.

73. gr.

Yfirkjörstjórn kannar hvort tala kjósenda sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjördeildarbókum undirkjörstjórna sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir undirkjörstjórna.

74. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í gerðabókina.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina á hann rétt á að bóka það sjálfur og riti hann nafn sitt undir.

X. KAFLI
Framkvæmd atkvæðatalningar.

75. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin nema kjördeild sé ein og talning fari fram í lok kjörfundar. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má að dómi yfirkjörstjórnar.

Sé kosningu frestað skv. 89. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

76. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórnmálasamtökum eða tengda listunum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

77. gr.

Í viðurvist manna skv. 2. mgr. 76. gr. opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild sveitarfélagsins, nema talning fari fram í lok kjörfundar, eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skal fara með það eins og segir í 67. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim sem í honum eru óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Þegar kosning er óbundin fer talning atkvæða fram með þeim hætti að oddviti yfirkjörstjórnar les upp nöfnin sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórnarmönnum til athugunar en þeir skrá atkvæðin jafnóðum.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

78. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

a. ef kjörseðill er auður,
b. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru,
c. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil,
d. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
e. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

79. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt þó að gallað sé ef greinilegt er hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli fylgi orðið listi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálasamtaka o.s.frv.

Lista telst greitt atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

Við óbundnar kosningar skal ekki meta atkvæði ógilt þótt sleppt sé fornafni eða eftirnafni ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

80. gr.

Utankjörfundaratkvæði greitt lista fyrir breytingu á honum skv. 33. gr. skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

81. gr.

Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða uns úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur og skal þá geta um ágreininginn í gerðabók kjörstjórnar.

Þá er allir kjörseðlar eru upplesnir og atkvæðin skráð telur yfirkjörstjórn atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanna og skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í sveitarfélaginu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

82. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á auglýstum tíma skv. 75. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

83. gr.

Að talningu lokinni skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og varðveita þá. Skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal yfirkjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og skrá yfirlýsingu þar um í gerðabók kjörstjórnar.

Sama gildir um söfnun og varðveislu kjörskráa.

84. gr.

Við lok talningar skal tilkynna úrslit kosninga og skal getið sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir.

XI. KAFLI
Kosningaúrslit.

85. gr.

Við bundnar hlutfallskosningar skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur skv. 2. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

86. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o.s.frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti skv. 2. mgr. hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt hlýtur 2. sætið o.s.frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

87. gr.

Þegar kosning er óbundin eru þeir sem flest atkvæði fá sem aðalmenn réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

Varamenn, þar sem kosning er óbundin, skulu vera jafnmargir og aðalmenn. Varamenn eru þeir sem hljóta atkvæðamagn þannig: 1. varamaður er sá sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

88. gr.

Yfirkjörstjórn skal senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

XII. KAFLI
Kosningum frestað og uppkosningar.

89. gr.

Nú ferst kosning í kjördeild fyrir á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum og kveður þá yfirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Yfirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur óviðráðanlegar ástæður, eins og óveður, hindra að kosning geti fram haldið og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina. Hafi kosningu verið frestað ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þegar kosningu hefur verið frestað skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 71. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu að kjörskráin og þau eftirrit hennar sem kjörstjórnin hefur haft til afnota skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði IX. kafla laganna, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

90. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðuð ógild skv. 93. gr. þessara laga og skal þá sitjandi sveitarstjórn í samráði við yfirkjörstjórn boða til nýrra kosninga í sveitarfélaginu og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga eftir því sem við getur átt.

91. gr.

Nú fara aukakosningar fram vegna þess að kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar og síðari kosningarnar fara fram innan hálfs árs frá þeim fyrri og skal þá kosið samkvæmt fyrri kjörskrá.

Fari kosning síðar fram skal gerð ný kjörskrá.

XIII. KAFLI
Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

92. gr.

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll telst:

a. að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunnindum í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að torvelda öðrum sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar,
b. að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni,
c. að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma,
d. að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá; hér undir heyrir sérstaklega ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í sveitarfélagi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá,
e. að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar,
f. að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði sem greitt hefur verið eða á annan hátt.

XIV. KAFLI
Kosningakærur.

93. gr.

Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

Viðkomandi sýslumaður skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar er honum hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði nefndarinnar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins og skal tilkynning um kæruna komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er kærunni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og nefndin úrskurðar kosningu ógilda og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað um kærur sem fram kunna að koma vegna þeirra.

94. gr.

Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

XV. KAFLI
Nýkjörin sveitarstjórn.

95. gr.

Yfirkjörstjórn skal gefa út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og jafnmargra varamanna. Yfirkjörstjórn skal ef þörf krefur gefa út kjörbréf til annarra varamanna sem sæti taka í sveitarstjórn og kjörnir hafa verið í bundnum hlutfallskosningum.

Jafnframt skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

96. gr.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag og jafnskjótt lætur fráfarandi sveitarstjórn af störfum.

Fulltrúi í sveitarstjórn getur krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum og skal þá leggja mál að nýju fyrir hana á fyrsta fundi hennar. Nú er mál þannig vaxið að framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið og verður þessa úrræðis þá ekki neytt, enda sé heimild til afgreiðslu málsins í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

97. gr.

Nú ógildir ráðuneytið kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur sem fram kunna að koma hafa verið úrskurðaðar.

Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

XVI. KAFLI
Varamenn taka sæti á kjörtímabili.

98. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði sveitarstjórnarlaga varðandi tímabundinn brottflutning sveitarstjórnarmanns.

Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins og úrskurði þess má skjóta til dómstóla.

99. gr.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

XVII. KAFLI
Kostnaður.

100. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þar með talinn kostnaður vegna kjörnefndar skv. 93. gr., greiðist úr sveitarsjóði.

XVIII. KAFLI
Refsiákvæði.

101. gr.

Sektum varðar, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

102. gr.

Eftirtalið varðar sektum:

a. ef maður býður sig fram til setu í sveitarstjórn vitandi að hann er ekki kjörgengur,
b. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,
c. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra,
d. ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kýs eða hefur kosið,
e. ef maður njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið,
f. ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu,
g. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,
h. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt sem greint er í d-lið 92. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum,
i. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

103. gr.

Eftirtalið varðar sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

a. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar,
b. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri, sem veitir aðstoð, segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði,
c. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna eða atkvæðakassa tefur fyrir að það komist til skila,
d. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
e. ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við sömu sveitarstjórnarkosningar,
f. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,
g. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

104. gr.

Eftirtalið varðar varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum:

a. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,
b. ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu með því að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu, og hagnýta þá sjálfur eða láta þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða með öðrum hætti.

105. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XIX. KAFLI

Gildistaka.

106. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við almennar sveitarstjórnarkosningar í maí 1998. Jafnframt falla úr gildi 12.–19. gr., 1., 3. og 4. mgr. 20. gr., 21.–34. gr. og 36.–39. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

852. Fyrirspurn [497. mál]

til samgönguráðherra um endurgreiðslu þungaskatts.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Á hvaða forsendum fá sérleyfishafar 70% endurgreidd af þeim þungaskatti sem þeir greiða vegna aksturs á sérleiðum?
2. Ráða sérleyfishafarnir sjálfir hve mikið þeir aka á endurgreiðsluskyldum leiðum eða leggur ráðuneytið mat á „þörf“ fyrir samgöngur og tíðni þeirra á tilteknum svæðum? Óskar ráðuneytið upplýsinga um rekstur, umfang eða áætlanir sérleyfishafa áður en endurgreiðsla fer fram?
3. Hverjar eru heildargreiðslurnar og hve mikið hefur komið í hlut hvers sérleyfishafa undanfarin fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

853. Tillaga til þingsályktunar [498. mál]

um vegtolla.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Árni M. Mathiesen, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé að beita vegtollum til þess að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar.

Greinargerð.

Vegtollum hefur verið beitt víða um lönd á undanförnum árum. Tilraunir hafa verið gerðar í Bretlandi til að koma á vegtollum í því skyni að fjármagna vegagerð, en án mikils árangurs. Í öðrum löndum hafa vegtollar hins vegar verið nýttir til þess að fjármagna uppbyggingu vegakerfisins, svo sem í Frakklandi og Noregi.

Hér á landi er hins vegar lítil hefð fyrir slíkri gjaldtöku. Hvalfjarðargöngin sem væntanlega verða opnuð um miðjan júlí nk. eru gerð á grundvelli einkaframkvæmdar þar sem umferðin stendur undir stofnkostnaði og rekstri ganganna. Þau eru því til marks um að unnt er að beita gjaldtöku af umferð til þess að fjármagna þjóðhagslega hagkvæma fjárfestingu sem ella hefði verið erfitt.

Þróun síðustu ára gerir það meira knýjandi en fyrr að leita nýrra leiða í umferðarmálum. Umferð bifreiða fer árlega mjög vaxandi. Slíkt veldur gríðarlegu álagi — þó oft tímabundnu — á vegi og önnur samgöngumannvirki. Umferðaröngþveiti skapast víða í borgum og bæjum stuttan tíma sólarhringsins, þegar fólk er á leið úr og í vinnu. Umferðaræðar ráða ekki við álagið og miklir og kostnaðarsamir umferðarhnútar myndast. Tilvik af þessu tagi eru að verða æ algengari á höfuðborgarsvæðinu og má segja að einkenni stórborgarlífsins séu þar að koma í ljós. Athyglisvert er að meðal þeirra atriða sem íbúar Reykjavíkur telja neikvæðust við búsetu sína eru einmitt þau er lúta að umferðarmálum og umferðaröryggi, samkvæmt viðhorfskönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun.

Hefðbundið svar við þessu hefur verið að fjárfesta í meiri vegagerð, mislægum gatnamótum, breiðari vegum og þar fram eftir götunum. Gífurlegt fjármagn hefur farið í að leysa umferðarvanda af þessu tagi.

Á allra síðustu missirum og árum hefur hins vegar orðið þó nokkur hugarfarsbreyting í þessum efnum. Settar hafa verið kröfur um aðhald í ríkisrekstri og að ekki sé ráðist í ónauðsynlegar fjárfestingar. Þá hafa áhyggjur manna af umhverfinu aukist, vegna útblásturs og áhrifa mannvirkja á það.

Af þessum sökum hafa hugmyndir um að beita vegtollum sem hagstjórnartækjum eflst. Mismunandi veggjald eftir álagstímum gæti stýrt umferðarþunganum og dreift honum yfir lengri tíma. Þannig mætti koma í veg fyrir umferðaröngþveiti, spara hinu opinbera fjárfestingar í ónauðsynlegum umferðarmannvirkjum og verja því fjármagni til annarra hluta. Þessu mætti auðvitað koma við með hefðbundinni innheimtu slíkra gjalda, en hitt er líklegra til árangurs að nýta sér það að rafeindatækni auðveldar okkur að verðleggja umferð í því skyni að hafa áhrif á hana. Þannig mætti hækka veggjöldin þegar umferð er mikil en draga að sama skapi úr gjaldtökunni þegar færri bílar eru á ferð.

Jafnframt því að slík gjaldtaka gæti vitaskuld stuðlað að betri nýtingu fjárfestingar má gera ráð fyrir að hún hefði í för með sér minnkandi útblástur frá samgöngutækjum. Alþjóðlegar

skuldbindingar okkar í kjölfar Kyoto-ráðstefnunnar gera það að verkum að afar brýnt er að hyggja að slíku hvar sem því verður við komið, án þess að af hljótist óbærilegur þjóðfélagslegur kostnaður, sérstaklega í ljósi þess að áætlað er að um þriðjungur útstreymis koldíoxíðs kemur frá innanlandssamgöngum.

Hugmyndir af þessu tagi eru mjög ofarlega á dagskrá í þjóðfélagsumræðunni víða um lönd. Hinn 6. desember sl. var mjög ítarlega fjallað um málið í hinu virta breska fréttatímariti The Economist. Þar var m.a. bent á að hugmyndum af þessu tagi hefði sums staðar verið hrint í framkvæmd. Dæmi um það má finna frá Frakklandi. Eigandi þjóðvegarins A1 norður frá París og í átt til borgarinnar Lille hóf að beita mismunandi vegtollum til þess að draga úr sunnudagsumferð sem vegurinn réð ekki við. Árangurinn lét ekki á sér standa, umferðin dróst saman um 15% og umferðaröngþveitið hvarf. Í Noregi hefur mismunandi gjaldtöku verið beitt til þess að dreifa umferð með svo góðum árangri að yfirvöld þar í landi hyggja nú að því hvernig beita megi slíkri gjaldtöku víðar. Frá og með árinu 2001 verður veggjöldum beitt í Hollandi til þess að draga úr umferð inn í stórborgir og fleiri dæmi af þessu tagi má nefna.

Af þessu má sjá að hér er ekki verið að ræða um hefðbundna gjaldtöku af umferð til þess að standa undir fjárfestingu í umferðarmannvirkjum. Markmiðið er ekki síður hitt, eins og fram kemur í ályktunartextanum, að minnka þörf fyrir fjárfestingu í vegamálum og draga úr mengun.

Ljóst er að margvísleg vandamál þarf að yfirstíga áður en hugmyndum af þessu tagi er hrint í framkvæmd. Fyrir liggur að tæknilega er unnt að standa þannig að málum að mismunandi veggjöld séu innheimt. Slík gjaldtaka, sem kæmi vitaskuld að einhverju leyti í stað núverandi fjáröflunar til vegagerðar, gæti hins vegar vakið pólitískar og jafnvel siðferðilegar spurningar sem leysa þyrfti úr. Því er lagt til að þessi mál séu skoðuð til þess að fá úr því skorið hvort skynsamlegt sé að hrinda þeim í framkvæmd.

854. Tillaga til þingsályktunar [499. mál]

um ný markmið í framhaldsmenntun.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að standa fyrir sérstöku átaki til þess að efla starfsmenntun í framhaldsskólum. Við undirbúning átaksins skal meðal annars hugað að eftirfarandi þáttum:

a. hvernig unnt er að styrkja kennslu í verklegum greinum,
b. hvernig unnt er að stuðla að því að boðið verði fram fjölbreyttara starfsnám en nú er, m.a. styttri og sveigjanlegri námsleiðir á framhaldsskólastigi,
c. hvernig unnt er að tryggja að veitt verði aukið fjármagn til starfsmenntunar, t.d. með sérstökum framlögum í því augnamiði að efla starfsmenntun í framhaldsskólum,
d. hvernig unnt er að tryggja, t.d. með sérstökum samningum milli menntamálaráðuneytisins og Kennaraháskóla, að starfsmenntakennurum fjölgi á næstu árum og að endur- og símenntun þeirra verði styrkt sérstaklega,
e. hvernig tryggja má með skipulegum aðgerðum að samningar takist við atvinnulífið þannig að starfsemi flestra fyrirtækja verði skipulögð með hliðsjón af starfsmenntunarkröfum,
f. hvernig best er að setja markmið um að 80–90% af hverjum árgangi ljúki einhvers konar framhaldsnámi.

Greinargerð.

Löngum hefur verið talað mikið um að auka vægi list- og verkgreina í íslenska grunnskólanum og um það gefin góð fyrirheit. Því miður hefur reynst svo hingað til að hlutur verk- og listgreina í grunnskólanum hefur ekki aukist. Hefur því verið borið við að kennsla sé dýrari í þessum greinum en öðrum, bekkjardeildir séu stórar og í slíkum greinum þurfi að skipta bekkjunum og af því sé mikið óhagræði í skólastarfi. Síðast en ekki síst hafa einfaldlega verið of fáir tímar til skiptanna. Nú hefur kennslustundum í grunnskóla verið fjölgað nokkuð og þá vaknar sú spurning hvort unnt sé að tryggja að nægur hluti af viðbótartímunum fari til aukinnar kennslu í áðurnefndum greinum. Áfram þarf að gera ráð fyrir að stórum bekkjardeildum sé skipt, en verkgreinakennurum hefur reynst afar erfitt að hafa umsjón með yfir 25 börnum í einu í þessum greinum þar sem þau þarfnast oft mikillar einstaklingstilsagnar. Leita þarf leiða til að auka veg list- og verkgreina og leggja þarf aukna áherslu á að árangur í þeim verði metinn ekki síður en annað þegar nemendur eru brautskráðir úr grunnskóla. Árangur nemenda í verklegum greinum hefur mikið forsagnargildi þegar metið skal hvaða börn eru líkleg til að standa sig vel í framhaldsnámi og hver ekki.

Margar leiðir hafa á síðustu árum verið ræddar til að auka framboð á svokölluðum „styttri starfsnámsbrautum“ í framhaldsskóla. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar og sumar mjög góðra gjalda verðar. Þó verður að segja að hvati til að fara í slíkt nám hefur ekki verið fyrir hendi því að þokkalega hefur gengið hjá ungu fólki að komast út í atvinnulífið og afla sér starfsreynslu, sem gefur möguleika til starfsframa, án þess að það hafi tekið sérstök próf. Þá hefur ekki verið nægur vilji hjá atvinnurekendum og verkalýðsfélögum til að semja um að þeir sem hafa slíkt starfsnám fái sérstakan launaauka umfram þá sem sjálfir hafa orðið sér úti um starfsreynslu utan skóla. En margt bendir til að þeir tímar, þegar ungt fólk gat gengið út í atvinnulífið strax eftir grunnskóla og aflað sér starfsreynslu og starfsframa, séu nú liðnir. Virðist það stutt af því að vaxandi hluti ungs fólks er langtímum saman á atvinnuleysisskrá. Það veldur því áhyggjum að ungir Íslendingar afla sér framhaldsmenntunar í miklu minni mæli en ungt fólk í nágrannalöndum og nýjustu tölur sýna að aðeins um 55% þeirra ljúka einhvers konar framhaldsnámi. Þetta hlutfall verður að bæta.

Erfitt hefur verið á niðurskurðartímum undanfarinna ára að tryggja það fjármagn sem þarf til að byggja upp starfsmenntun um allt land. Viðbúið er að í fyrstu verði þar um frekar smáa hópa að ræða sem þurfa samt að njóta forgangs í fjárveitingum svo að eðlileg þróun geti orðið. Því er nauðsynlegt að ræða hvernig unnt sé að eyrnamerkja fjármagn til að nota til uppbyggingar á þessu sviði og veita þar með þróun og uppbyggingu í þessum greinum forgang. Þetta mætti tengja eftir því sem unnt væri endurmenntun og símenntun í viðkomandi greinum og örva þannig þróun í verkmenntum og starfsmenntun.

Á undanförnum árum hefur starfsréttindanám fyrir verkmenntakennara því miður ekki verið stöðugt í boði. Það hefur orðið til þess að allt of stóran hluta þeirra sem eru við kennslu í verkmenntagreinum og hafa góða faglega menntun vantar kennslufræðilega þekkingu og hefur það háð þróun í greinunum. Gera þarf réttindanámi starfsmenntakennara hærra undir höfði og hafa það stöðugt í boði fyrir þá sem vilja stunda slíka kennslu og hafa til þess faglegan grunn. Til þess þyrfti að gera sérstakan samning milli Kennaraháskóla og menntamálaráðuneytis og mætti hugsa sér að námið væri hægt að stunda að hluta til með fjarnámi.

Mjög brýnt er að stuðla að samkomulagi milli ráðuneytis, atvinnulífs og verkalýðsfélaga um aukið framboð stuttra starfsmenntabrauta þar sem allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi og að slíkt nám njóti virðingar og tilhlýðilegs forgangs. Til þessa verks þarf að ganga skipulega um land allt.

Æskilegt er að átakið miði að því að að minnsta kosti 80–90% íslenskra ungmenna útskrifist með einhvers konar starfsmenntun til að byggja framtíð sína á. Til þess að það markmið náist þarf að beita öllum tiltækum ráðum og má í því sambandi benda á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar. Einnig má minna á að ávallt þurfa að bjóðast tækifæri til að fólk geti bætt við starfsmenntun sína og aukið þannig tækifæri sín í greininni. Einnig þarf að vera nauðsynlegur sveigjanleiki í kerfinu svo að þeir sem áður hafa aflað sér starfsmenntunar í fagi sem hefur ekki leitt af sér viðunandi atvinnutilboð geti lagt stund á annað fag þar sem betra útlit er með atvinnu og fengið þá metið á sanngjarnan hátt það sem áður var lokið við.

855. Tillaga til þingsályktunar [500. mál]

um vinnuumhverfi sjómanna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að vinnuumhverfi sjómanna sé bætt. Meðal annars þarf að huga að mengunarvörnum um borð í skipum, eftirliti með meðferð matvæla og meðferð hættulegra efna, auk þess sem gefa þarf gaum að vinnuvernd um borð í fiskiskipum og kaupskipum á þann hátt að um vinnuumhverfi sjómanna gildi vinnu-, hollustu- og mengunarvarnareglur sambærilegar við þær sem gilda hjá öðrum starfsstéttum.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um mengun hafsins og útblástur skipa, en lítið hefur verið fjallað um mengun um borð í skipum. Á Íslandi eru ekki í gildi lög sem taka á mengun í skipum. Eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit hefur náð fram á bryggjubrún, en ekki um borð í skipin. Sama má segja um eftirlit af hálfu Vinnueftirlits ríkisins, nema ef slys verða um borð í skipi í höfn.

Nú er þó von á úrbótum því að 21. október sl. lagði umhverfisráðherra fram frumvarp til laga um hollustuhætti og er það nú til umfjöllunar í þinginu. Í frumvarpinu er mælt fyrir um það merka nýmæli að lög um hollustuhætti taki til farkosta sem ferðast undir íslenskum fána. Skýringar með ákvæðinu eru að vísu rýrar, en af því má draga þá ályktun að eftirlit Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits muni í framtíðinni ná til allra skipa sem sigla undir íslenskum fána. Í kjölfar samþykktar nýrra laga um hollustuhætti verði þannig sama eftirlit með hollustuháttum á vinnustöðum í landi og í skipum. Mikilvægt er að fylgja þessari lagabreytingu eftir og huga sérstaklega að vinnuumhverfi sjómanna.

Með tillögunni var fylgiskjal: Taka verður á innri mengun í skipum. Guðbjartur Einarsson, vélfræðingur (Mbl. 16. apríl 1997).

856. Nefndarálit [179. mál]

um till. til þál. um samræmda samgönguáætlun.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og umsagnir borist frá Vegagerðinni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Siglingastofnun Íslands.

Samkvæmt tillögunni skal samgönguráðherra falið að skipa nefnd til að kanna hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun og gera í framhaldi af því tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum. Umsagnaraðilar telja að tillagan fjalli um þarft málefni og mæla með samþykkt hennar.

Samgöngunefnd telur í ljósi umræðu síðustu ára að þörf sé á því að taka til skoðunar það efni sem tillagan greinir og leggur til að hún verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „1. apríl 1998“ í 2. mgr. tillögugreinarinnar komi: árslok 1998.

Guðmundur Árni Stefánsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Egill Jónsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Stefán Guðmundsson.

857. Svar [440. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um afsal aflaheimilda vegna úthafsveiðileyfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ráðherra bundið úthlutun veiðileyfa í íslenska deilistofna því skilyrði að þau skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996?*
2. *Ef svo er, hvaða skip í eigu hvaða útgerða hafa fengið veiðileyfi með slíkum skilmálum?*
3. *Hve miklar veiðiheimildir fengu viðkomandi skip og hve miklu þurftu þau að afsala í staðinn til þeirra sem hafa aflaheimildir innan lögsögu?*
4. *Hefur ráðherra með sama hætti bundið úthlutun veiðileyfa til úthafsveiða sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 151/1996?*

5. *Ef svo er, hversu mörg skip í eigu hvaða útgerða hafa fengið veiðileyfi með slíkum skilmálum?*
6. *Hve miklar veiðiheimildir fengu viðkomandi skip og hve miklu þurftu þau að afsala í staðinn til þeirra sem hafa aflaheimildir innan lögsögu?*
7. *Hvernig voru þær veiðiheimildir sem skip afsöluðu sér fyrir veiðileyfi metnar á móti þeim heimildum sem skipin voru að fá?*

Um áramótin 1996/1997 voru gefnar út tvær reglugerðir er vörðuðu úthlutun aflahlutdeildar samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Í fyrsta lagi reglugerð nr. 685/1996, um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni, og er þar byggt á 6. gr. laga nr. 151/1996. Í öðru lagi er um að ræða reglugerð nr. 27/1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg, sem byggist á 5. gr. laga nr. 151/1996.

Í báðum tilvikum var nýtt heimild til að skip sem fá úthlutað aflahlutdeild skuli afsala sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands, sbr. 4. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 151/1996. Skipum sem fengu úthlutað aflahlutdeild í rækju á Flæmingjagrunni var gert að afsala sér aflahlutdeild, sem úthlutað er á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem nam 4% af þeirri rækjuhlutdeild sem úthlutað var á árinu 1997. Skipum sem fengu úthlutað aflahlutdeild í úthafskarfa var gert að afsala sér hlutdeild sem nam 8% af þeirri úthafskarfahlutdeild sem þeim var úthlutað. Skip sem höfðu ekki veiðiheimildir í lögsögu Íslands voru skert tilsvarandi í þeim tegundum sem var úthlutað.

Við mat á aflahlutdeild sem skipum var gert að afsala sér var miðað við verðmætastuðla sem birtir voru í reglugerð nr. 362/1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997 og leyfilegan hámarksafla þess árs. Verðmætastuðull rækju á Flæmingjagrunni var sá sami og fyrir rækju sem veiddist innan lögsögunnar. Verðmætastuðull úthafskarfa var 0,54 en 0,8 fyrir karfa sem veiddist innan lögsögunnar.

Í meðfylgjandi töflum, sem unnar eru af Fiskistofu, koma fram svör við þeim atriðum fyrirspurnarinnar er lúta að upplýsingum um einstök skip. Þar er miðað við nafn skips og eiganda á úthlutunardegi.

Tafla 1. Úthlutun aflaheimilda í rækju á Flæmingjagrunni.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutað aflamark	Skerðing í þorskígildum
1128	Arnarnes SI 70	Þormóður rammi hf.	160.409	6.596
1276	Sólbakur EA 307	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	95.863	3.835
1352	Svalbarði SI 302	Rækjuvinnslan Pólar hf.	177.660	7.306
1383	Skutull ÍS 180	Togaraútgerð Ísafjarðar hf.	73.441	2.938
1407	Siglfirðingur SI 150	Siglfirðingur ehf.	61.105	2.444
1462	Þórunn Havsteen ÞH 40	Guðmundur Eiríksson	72.172	2.887
1484	Margrét EA 710	Samherji hf.	48.830	1.953
1506	Heiðrún ÍS 4	Bakki Bolungarvík hf.	105.838	4.234
1514	Hjalteyrin EA 310	Samherji hf.	74.469	3.062
1576	Kolbeinsey ÞH 10	Fiskiðjusamlag Húsavíkur	130.707	5.228
1609	Stakfell ÞH 360	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	73.310	2.932
1626	Klettur SU 100	Halaklettur ehf.	21.462	883
1634	Hólmadrangur ST 70	Hólmadrangur hf.	110.363	4.415
1742	Hersir ÁR 4	Ljósavík hf.	100.551	4.022
1752	Gissur ÁR 6	Ljósavík hf.	29.146	1.166
1753	Guðmundur Péturs ÍS 45	Básafell hf.	166.400	6.656
1757	Hamrasvanur SH 201	Sigurður Ágústsson ehf.	33.221	1.329
1768	Nökkvi HU 15	Nökkvi hf.	136.649	5.466
1807	Hákon ÞH 250	Gjögur ehf.	134.903	5.396
1903	Þorsteinn EA 810	Ingimundur hf.	106.587	4.263
1905	Jöfur ÍS 172	Fiskverkunin Leiti ehf.	182.125	7.285
1916	Sigurfari ÓF 30	Sædís ehf.	118.674	4.747
1942	Bliki EA 13	Bliki hf.	131.767	5.271
2013	Bessi ÍS 410	Álftfirðingur ehf.	111.633	4.465
2061	Sunna SI 67	Þormóður rammi hf.	895.259	35.810
2155	Brimir SU 383	Sigurnes hf.	104.842	4.194
2197	Blængur NK 117	Síldarvinnslan hf.	127.678	5.107
2204	Hafrafell ÍS 222	Básafell hf.	142.222	5.849
2206	Hvannaberg ÓF 72	Dalberg ehf.	107.122	4.285
2211	Andvari VE 100	Jóhann Halldórsson	319.552	12.782
2212	Guðbjörg ÍS 46	Hrönn hf.	331.626	13.265
2216	Pétur Jónsson RE 69	Pétur Stefánsson	310.827	12.433
2218	Snæfell SH 740	Ottó Wathne hf.	497.466	20.457
2220	Svalbakur EA 2	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	209.973	8.399
2237	Dalborg EA 317	Snorri Snorrason hf.	265.957	10.937
2244	Klara Sveinsdóttir SU 50	Akkur ehf.	338.644	13.926
2258	Erik BA 204	Rækjuver ehf.	217.116	8.928
2259	Kan BA 101	Rækjuver ehf.	201.414	8.283
2262	Júlíus Havsteen ÞH 1	Fiskiðjusamlag Húsavíkur	93.860	3.754
2266	Helga Björg HU 7	Skagstrendingur hf.	118.083	4.723
2270	Arnarborgin EA 316	Útgerðarfélagið Ás ehf.	20.111	827
2271	Andenes RE 43	Atlantes Fisk ehf.	40.964	1.685
ALLS:			6.800.000	274.423
Magn sem afsalað var í hverri tegund í kg (fiskveiðiárið 1996/1997):				
Magn sem afsalað var í hverri tegund miðað við þorskígildi (fiskveiðiárið 1996/1997):				

Ofangreindar upplýsingar miðast við úthlutunardag, þann 14. febrúar 1997. Breytingar sem orðið hafa á aflaheimildum einstakra skipa vegna framsals aflaheimlda og eigendaskipti frá þeim tíma koma ekki fram hér.

Afsal aflahl. í flæm.rækju	Afsal aflahl. í ýsu	Afsal aflahl. í ufsa	Afsal aflahl. í grálúðu	Afsal aflahl. í skarkola	Afsalað í þorskígildum
-0,0970071%					-6.596
		-0,0166083%			-3.835
-0,1074395%					-7.306
		-0,0006816%	-0,0083946%		-2.938
		-0,0105864%			-2.444
		-0,0125038%			-2.887
		-0,0084597%			-1.953
		-0,0183364%			-4.234
-0,0450349%					-3.062
			-0,0157859%		-5.228
				-0,0221346%	-2.932
-0,0129790%					-883
		-0,0191204%			-4.415
		-0,0174205%			-4.022
				-0,0088003%	-1.166
		-0,0054302%	-0,0163112%		-6.656
		-0,0057555%			-1.329
			-0,0165035%		-5.466
		-0,0081793%		-0,0264772%	-5.396
		-0,0184663%			-4.263
		-0,0315533%			-7.285
				-0,0358315%	-4.747
		-0,0228286%			-5.271
	-0,0065206%	-0,0096702%			-4.465
		-0,1551038%			-35.810
			-0,0028080%	-0,0246351%	-4.194
		-0,0221203%			-5.107
-0,0860084%					-5.849
		-0,0185588%			-4.285
		-0,0553625%			-12.782
		-0,0574543%			-13.265
		-0,0538509%			-12.433
-0,3008422%					-20.457
		-0,0363778%			-8.399
-0,1608371%					-10.937
-0,2047946%					-13.926
-0,1313009%					-8.928
-0,1218048%					-8.283
			-0,0113357%		-3.754
		-0,0204580%			-4.723
-0,0121621%					-827
-0,0247728%					-1.685
-1,3049834%	-0,0065206%	-0,6248868%	-0,0711389%	-0,1178786%	-274.423
-88.739	-2.233	-240.456	-9.817	-13.014	
-88.739	-2.233	-144.274	-23.561	-15.617	-274.423

Tafla 2. Úthlutun aflaheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

Skip	Heiti	Eigandi	Úthlutað aflamark	Skerðing í þorskígildum
155	Jón Kjartansson SU 111	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	633	27
1265	Skagfirðingur SK 4	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	658.431	28.234
1268	Akurey RE 3	Grandi hf.	186.809	8.662
1270	Mánaberg ÓF 42	Sæberg hf.	1.201.810	51.534
1273	Vestmannaey VE 54	Bergur-Huginn ehf.	820.109	35.166
1281	Múlaberg ÓF 32	Sæberg hf.	8.928	383
1308	Venus HF 519	Hvalur hf.	2.245.243	96.276
1328	Snorri Sturluson RE 219	Grandi hf.	1.490.852	63.928
1345	Freri RE 73	Ögurvík hf.	361.644	15.507
1351	Sléttbakur EA 304	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	331.239	14.204
1360	Engey RE 1	Grandi hf.	449.706	19.283
1365	Viðey RE 6	Grandi hf.	314.323	13.478
1369	Akureyrin EA 110	Samherji hf.	732.000	31.388
1376	Víðir EA 910	Samherji hf.	1.663.587	71.335
1395	Kaldbakur EA 301	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	255.982	10.977
1408	Runólfur SH 135	Guðmundur Runólfsson hf.	130.623	5.601
1412	Harðbakur EA 303	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	371.660	15.937
1459	Breki VE 61	Vinnslustöðin hf.	520.467	22.318
1471	Ólafur Jónsson GK 404	Miðnes ehf.	1.161.745	49.816
1473	Hringur SH 135	Guðmundur Runólfsson hf.	165.526	7.675
1484	Margrét EA 710	Samherji hf.	12.495	536
1497	Kambaröst SU 200	Gunnarstindur hf.	64.659	2.998
1530	Sigurbjörg ÓF 1	Magnús Gamalíelsson hf.	41.113	1.763
1536	Barði NK 120	Síldarvinnslan hf.	7.620	327
1552	Már SH 127	Snæfellingur hf.	164.788	7.066
1553	Jón Baldvinsson RE 208	Grandi hf.	657.874	28.210
1578	Ottó N. Þorláksson RE 203	Grandi hf.	901.665	38.663
1579	Gnúpur GK 11	Þorbjörn hf.	668.509	28.666
1585	Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10	Haraldur Böðvarsson hf.	898.986	38.549
1628	Sléttanes ÍS 808	Básafell hf.	647.373	27.759
1634	Hólmadrangur ST 70	Hólmadrangur hf.	36.243	1.554
1833	Málmey SK 1	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	3.353.038	143.778
1868	Haraldur Kristjánsson HF 2	Sjólaskip hf.	3.384.962	145.147
1880	Ýmir HF 343	Stálskip ehf.	2.182.267	93.576
1902	Höfrungur III AK 250	Haraldur Böðvarsson hf.	1.905.339	81.701
1972	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	Þorbjörn hf.	283.676	12.164
1976	Snæfugl SU 20	Skipaklettur hf.	1.289.101	55.277
1977	Júlíus Geirmundsson ÍS 270	Gunnvör hf.	1.179.543	50.579
2013	Bessi ÍS 410	Álftfirðingur ehf.	104.954	4.500
2107	Haukur GK 25	Valbjörn ehf.	275.398	11.809
2165	Baldvin Þorsteinsson EA 10	Samherji hf.	2.925.691	125.454
2170	Örfirisey RE 4	Grandi hf.	2.373.759	101.787
2182	Rán HF 42	Stálskip ehf.	1.265.266	54.255
2184	Vigri RE 71	Ögurvík hf.	1.681.311	72.095
2203	Þerney RE 101	Grandi hf.	2.098.167	89.969
2212	Guðbjörg ÍS 46	Hrönn hf.	170.268	7.301
2220	Svalbakur EA 2	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	751.471	32.223
2236	Siglir SI 250	Siglfirðingur ehf.	1.849.778	85.769
2248	Sindri VE 60	Melur hf.	426.011	19.753
2265	Arnar HU 1	Skagstrendingur hf.	72.145	3.094
2285	Geiri Péturs ÞH 344	Geiri Péturs ehf.	255.211	10.943
	Samtals		45.000.000	1.938.991
Magn sem afsalað var í hverri tegund í kg (fiskveiðiárið 1996/1997):				
Magn sem afsalað var í hverri tegund miðað við þorskígildi (fiskveiðiárið 1996/1997):				

Ofangreindar upplýsingar miðast við úthlutunardag, þann 7. mars 1997. Breytingar sem orðið hafa á aflaheimildum einstakra skipa vegna framsals aflaheimlda og eigendaskipti frá þeim tíma koma ekki fram hér.

Afsal aflahl. í úth.karfa	Afsal aflahl. í ýsu	Afsal aflahl. í ufsa	Afsal aflahl. í grálúðu	Afsal aflahl. í skarkola	Afsal aflahl. í steinbít	Afsal aflahl. í langlúru	Afsalað í þorskígildum
					-0,0004100%		-27
		-0,1222866%					-28.234
-0,0359114%							-8.662
		-0,2232052%					-51.534
		-0,1523140%					-35.166
		-0,0016582%					-383
		-0,4169960%					-96.276
		-0,2768873%					-63.928
		-0,0671661%					-15.507
		-0,0615192%					-14.204
		-0,0835213%					-19.283
		-0,0583773%					-13.478
		-0,1359500%					-31.388
		-0,3089684%					-71.335
		-0,0475421%					-10.977
		-0,0242599%					-5.601
		-0,0690262%					-15.937
		-0,0966634%					-22.318
	-0,0727448%	-0,1078821%					-49.816
-0,0318201%							-7.675
		-0,0023206%					-536
-0,0124298%							-2.998
				-0,0133073%			-1.763
		-0,0014153%					-327
		-0,0306051%					-7.066
		-0,1221832%					-28.210
		-0,1674610%					-38.663
		-0,1241582%					-28.666
		-0,1669635%					-38.549
		-0,1202327%					-27.759
		-0,0067312%					-1.554
		-0,6227403%					-143.778
		-0,5661383%	-0,0321159%	-0,0181159%	-0,0211640%		-145.147
		-0,2585759%		-0,2557065%			-93.576
		-0,3538675%					-81.701
		-0,0526856%					-12.164
		-0,0900209%		-0,1810845%	-0,1587689%		-55.277
				-0,3817845%			-50.579
	-0,0065719%	-0,0097463%					-4.500
			-0,0356554%				-11.809
		-0,5433715%					-125.454
		-0,4408645%					-101.787
		-0,0623701%		-0,1784058%	-0,2451958%		-54.255
		-0,3122601%					-72.095
		-0,3896804%					-89.969
		-0,0316228%					-7.301
		-0,1395663%					-32.223
-0,3555947%							-85.769
-0,0818948%							-19.753
				-0,0194568%		-0,0311561%	-3.094
			-0,0244883%		-0,0428259%		-10.943
-0,5176509%	-0,0793167%	-6,8698046%	-0,0922596%	-1,0478612%	-0,4683647%	-0,0311561%	-1.938.991
-232.943	-27.158	-2.643.501	-12.732	-115.684	-44.260	-344	
-124.857	-27.158	-1.586.100	-30.556	-138.821	-30.982	-516	-1.938.991

858. Svar [344. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um hlutafjáreign dótturfyrirtækja ríkisbankanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Í hvaða fyrirtækjum hafa dótturfyrirtæki ríkisbankanna keypt eignarhlut á síðustu fimm árum? Hvert var kaupverðið í hverju einstöku tilviki?*
2. *Hversu mikinn arð hafa dótturfyrirtæki bankanna fengið af þessum eignarhlutum? Í sundurliðun komi fram arðgreiðslur af einstökum eignarhlutum.*
3. *Í hvaða fyrirtækjum eiga dótturfyrirtæki bankanna nú eignarhlut? Hvert er nafnverð þeirra og bókfært verðmæti? Hversu stór hlutur er það af heildarhlutafé viðkomandi fyrirtækis þar sem um er að ræða hlutafélag?*
4. *Hver var ávöxtun hlutafjár eða annarra eignarhluta í eigu dótturfyrirtækja ríkisbankanna á síðasta ári? Í sundurliðun komi fram ávöxtun einstakra eignarhluta.*
5. *Hafa ríkisbankarnir og dótturfyrirtæki þeirra selt eignarhluti í fyrirtækjum á síðustu fimm árum? Ef svo er, hvenær fóru þær sölur fram, hvert var söluandvirðið og á hvaða gengi voru hlutabréfin eða aðrir eignarhlutir seldir?*

Óskað er upplýsinga um hlutafjáreign dótturfyrirtækja ríkisviðskiptabankanna, en í svari við fyrirspurn frá síðasta þingi (þskj. 773) var greint frá hlutafjáreign bankanna sjálfra. Í greinargerð með fyrirspurninni kemur fram að svara sé óskað til að fá fyllri vitneskju um raunveruleg eignatengsl ríkisviðskiptabankanna við hlutafélög.

Mat ráðherra, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, er að ekki sé unnt að veita umbeðnar upplýsingar. Rök fyrir þessari niðurstöðu eru eftirfarandi:

Dótturfyrirtækjum bankanna má skipta í tvennt; annars vegar verðbréfa- og hlutabréfasjóði (í tilviki Landsbankans er það reyndar dótturfélag Landsbréfa sem rekur sjóðina) og hins vegar eignarhalds- og eignaumsýslufélög. Í öllum tilvikum er um hlutafélög eða einkahlutafélög að ræða.

Hafa ber í huga að hér er óskað upplýsinga um hlutafjáreign hlutafélaga sem eru dótturfyrirtæki ríkisviðskiptabankanna, en ekki hlutafjáreign bankanna sjálfra. Minnt er á að í skýrslu forsætisráðherra um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins sem lögð var fyrir Alþingi á þessu þingi (þskj. 25) kemur fram að réttur þingmanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nær aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber. Ráðherra sem fari með eignarhlut í hlutafélagi beri að halda trúnað um upplýsingar sem honum eru veittar og skaðað geti hagsmuni félagsins. Þessi sjónarmið eiga hér við þótt ríkisviðskiptabankarnir fari með eignarhlut í umræddum hlutafélögum.

Landsbankinn á verðbréfafyrirtækið Landsbréf hf. Á vegum þess starfar dótturfyrirtækið Landsvaki ehf. sem rekur Landssjóð hf., Íslenska hlutabréfasjóðinn hf. og Íslenska fjársjóðinn hf. Þeir tveir síðastnefndu eru skráðir á Verðbréfaþingi Íslands. Búnaðarbankinn á Verðbréfasjóð Búnaðarbankans hf. og Hlutabréfasjóð Búnaðarbankans hf. Hinn síðarnefndi er skráður á Verðbréfaþingi Íslands. Meginhlutverk þessara félaga er að kaupa og selja verðbréf til ávöxtunar fyrir hluthafa og eigendur hlutdeildarskírteina. Öll þessi félög starfa á samkeppnismarkaði. Einnig gilda reglur um trúnaðarskyldur fyrirtækjanna, starfsmanna þeirra og stjórnenda gagnvart viðskiptamönnum, sbr. til hliðsjónar lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Með hliðsjón af þessu telur ráðherra ekki

eðlilegt að veita upplýsingar um kaup og sölu einstakra verðbréfa- og hlutabréfasjóða á hlutabréfum á síðustu fimm árum, arðgreiðslum í félögunum, ávöxtun hlutafjár eða nokkur þau önnur atriði sem beðið er um í fyrirspurninni, umfram þær upplýsingar sem fyrirtæki skráð á Verðbréfaþingi Íslands þurfa að veita og aðgengilegar eru á þeim vettvangi.

Á vegum Landsbankans starfa þrjú eignarhalds- og eignaumsýslufélög, þ.e. Hömlur hf., Reginn hf. og Rekstrarfélagið hf. Hömlur hf. eiga og fara með eignarhluta í öðrum félögum til að tryggja fullnustu krafna Landsbankans eða dótturfyrirtækja hans og annast að öðru leyti eignaumsýslu og kaup og sölu eigna. Í samræmi við þetta gæta Hömlur hf. hagsmuna bankans við uppgjör erfiðra útlánamála með yfirtöku, rekstri og sölu eigna. Rekstrarfélagið hf. sér um og selur fasteignir sem bankinn hefur yfirtekið eða eignast á uppboðum eða við samninga um fullnustu krafna bankans. Reginn hf. sér um og selur hlutabréf og eignarhluta í félögum sem bankinn hefur yfirtekið til að tryggja fullnustu krafna bankans. Á vegum Bún-aðarbankans starfa tvö eignarhalds- og eignaumsýslufélög, þ.e. Grænibær hf. og Urður ehf. Grænibær hefur keypt af bankanum fullnustueignir sem erfiðlega hefur gengið að selja og séð um rekstur þeirra þar til þær hafa selst. Urður ehf. á og rekur íbúðarhúsnæði sem útibússtjórar bankans búa í.

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, eru bankinn og starfsmenn hans bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna sinna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema að undangegnum úrskurði dómara. Jafnframt eru í lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, lagðar hömlur við skráningu og meðferð upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila. Rétt er einnig að vekja athygli á þeirri reglu 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá sem í hlut á samþykki. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Þá er skv. 6. gr. sömu laga heimilt að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast og um er að ræða upplýsingar um viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra.

Líta verður svo á að reglur um þagnarskyldu bankanna um hagi viðskiptamanna hans og viðskipti við þá standi í vegi fyrir því að bankinn geti veitt upplýsingar um hvaða hlutabréf og eignarhluta þeir hafa yfirtekið og um yfirtökuverð þeirra. Á sama hátt er ekki eðlilegt að bankarnir veiti upplýsingar um bókfært verðmæti einstakra hlutabréfa eða eignarhluta í öðrum félögum, sem í mörgum tilvikum eru einnig viðskiptamenn bankans. Í samræmi við reglu 45. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði hafa bankarnir leitast við að selja þessar eignir jafnskjótt og það hefur verið talið hagkvæmt. Í þeim fáu tilvikum sem um hefur verið að ræða hlutabréf sem hafa verið skráð á verðbréfamarkaði hefur söluverðið tekið mið af því, en í öðrum tilvikum hefur söluverðið tekið mið af því hvað bankastjórn hefur talið eðlilegt og ásættanlegt verð hverju sinni miðað við mat á eigninni og markaðsaðstæður. Bankarnir hafa gengið til slíkra samninga um sölu með það að leiðarljósi að virða trúnað við þá sem stofnað hafa til viðskipta við bankana og miklu skiptir að viðskiptamenn þeirra geti treyst því að svo verði áfram. Með hliðsjón af þessu og framangreindum lagaákvæðum sem gilda um starfsemi bankanna verður að telja að ekki sé heimilt að veita upplýsingar um söluverð þeirra hlutabréfa og eignarhluta í félögum sem dótturfyrirtæki bankanna selja sem vörslu- og umsýsluaðilar þessara eigna.

859. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Dýrmundsson, landnýtingarráðunaut Bændasamtaka Íslands, og Svein Runólfsson landgræðslustjóra, Andrés Arnalds og Björn Barkarson frá Landgræðslu ríkisins. Umsögn barst um málið frá Landgræðslu ríkisins og um samhljóða tillögu á 121. löggjafarþingi bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Landssambandi hestamannafélaga, Bændasamtökum Íslands og umhverfisnefnd Alþingis.

Í tillögugreininni er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, móti tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Þá segir í tillögugreininni að tillögurnar skuli kynntar Alþingi á haustþingi 1998.

Á fundum nefndarinnar var staðfest að mikil fjölgun hrossa á síðustu áratugum hefði á ýmsum stöðum leitt til ofbeitar og skemmda á landi og með frekari fjölgun stefndi í óefni. Nefndin telur að nauðsynlegt sé að bregðast við þessu og móta tillögur til úrbóta. Þá telur nefndin rétt að tillögur landbúnaðarráðherra liggi fyrir á haustþingi 1998. Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „Tillögurnar verði kynntar Alþingi á haustþingi 1998“ í síðari málslið tillögugreinar komi: Tillögurnar liggi fyrir á haustþingi 1998.

Alþingi, 25. febr. 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.	Hjálmar Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Lúðvík Bergvinsson.	Ágúst Einarsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.

860. Breytingartillaga [225. mál]

við frv. til l. um kosningar til sveitarstjórna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 59. gr. 3. mgr. falli brott.

861. Fyrirspurn [501. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu þungaskatts.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Á hvaða forsendum fá sérleyfishafar 70% endurgreidd af þeim þungaskatti sem þeir greiða vegna aksturs á sérleiðum?
2. Ráða sérleyfishafarnir sjálfir hve mikið þeir aka á endurgreiðsluskyldum leiðum eða leggur ráðuneytið mat á „þörf“ fyrir samgöngur og tíðni þeirra á tilteknum svæðum? Óskar ráðuneytið upplýsinga um rekstur, umfang eða áætlanir sérleyfishafa áður en endurgreiðsla fer fram?
3. Hverjar eru heildargreiðslurnar og hve mikið hefur komið í hlut hvers sérleyfishafa undanfarin fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

862. Fyrirspurn [502. mál]

til menntamálaráðherra um listaverkakaup Listasafns Íslands.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hversu miklu fjármagni hefur Listasafn Íslands varið árlega til listaverkakaupa síðastliðin fimm ár?
2. Eftir hvaða reglum er farið við val á þeim listaverkum sem keypt eru?
3. Hvað ræður verðlagningu á þeim listaverkum sem keypt eru?
4. Er talið að fölsuð verk hafi verið keypt til safnsins á síðustu fimm árum og ef svo er, hve mörg?
5. Stendur til að breyta reglum um kaup á listaverkum og ef svo er, hvernig?
6. Hvaða reglur gilda um lán á listaverkum til stofnana?

863. Fyrirspurn [503. mál]

til umhverfisráðherra um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið hér á landi til að uppfylla skuldbindingar samningsins um líffræðilega fjölbreytni?
2. Hvaða aðgerðir hafa enn ekki komið til framkvæmda en eru fyrirhugaðar til að fullnægja ákvæðum samningsins?

3. Hvernig hefur af Íslands hálfu verið unnið að framkvæmd á áætlun ráðstefnu umhverfisráðherra Evrópuríkja í Sofíu 1995 um umhverfi Evrópu (Environment of Europe)?
4. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd greinar samningsins nr. 7. c. um að „greina ferli og þá flokka starfsemi sem hafa, eða eru líklegir til að hafa, veruleg skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra noktun líffræðilegrar fjölbreytni og vakta áhrif þeirra með sýnatöku og annarri tækni“?
5. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd greinar 8. h. um vernd upprunalegs umhverfis þess efnis að „koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum og tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim og uppræta þær“?

Skriflegt svar óskast.

864. Skýrsla [504. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. Inngangur.

Þær tillögur til úrbóta sem samþykktar voru í kjölfar skýrslunnar „Nýir tímar í norrænu samstarfi“ eru í aðalatriðum komnar til framkvæmda bæði hvað varðar norrænu stofnanirnar og verkefnastarfið. Á árinu 1997 var síðan hafinn undirbúningur að endurskipulagningu Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar sem áætlað er að ljúki árið 1998. Markmið endurskipulagningarinnar er að skapa þær forsendur að unnt verði að starfa af skilvirkni í þeim þrem víddum; þeirri norrænu, evrópsku og þeirri er snýr að grannsvæðasamstarfinu; sem störf ráðherranefndarinnar fara fram í og flétta þær saman eftir þörfum. Með þessu móti er komið til móts við óskir Norðurlandaráðs um að færa skipulag samstarfs norrænu ráðherranefndarinnar nær því skipulagi, sem Norðurlandaráð hefur komið á störf sín. Þess verður jafnframt gætt, að skipulagið endurspegli uppbyggingu stjórnsýslunnar í aðildarríkjunum, enda er það nauðsynlegt skilyrði fyrir gagnsemi samstarfsins og góðum tengslum milli þess starfs, sem unnið er á norrænum vettvangi og þess, sem unnið er í stjórnsýslu landanna.

Á árinu 1997 var gerð úttekt á lagalegri stöðu norrænu stofnananna gagnvart norrænu ráðherranefndinni og skrifstofu hennar. Í ljós kom að bæði skorti víða á að laglegur grundvöllur stofnananna væri nægilega skýr og eins, að skipting ábyrgðar milli stofnananna og skrifstofu ráðherranefndarinnar væri ljós. Unnið verður að því á árinu 1998 að koma þessum málum í rétt horf.

Samstarf það, sem á sér stað innan vébanda norrænu ráðherranefndarinnar er afar fjölbreytt, ráðherranefndin hefur 15 mismunandi samsetningar og embættismannanefndirnar eru 17 talsins. Auk þess eru að störfum margvíslegir vinnuhópar, sérfræðihópar og stjórnir stofnana. Þá starfa þjóðþing landanna saman, sem kunnugt er og eiga samstarf við ráðherranefndina innan vébanda Norðurlandaráðs. Þetta er nefnt hið opinbera norræna samstarf. Auk þessa á sér stað fjölbreytt norrænt samstarf milli frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. Mikilvægt er að boðleiðir og upplýsingaflæði milli allra þessara aðila sé sem best. Þannig nærir og styrkir einn þáttur samstarfsins annan og líkur aukast á að góðar hugmyndir verði að veruleika. Því lét norræna ráðherranefndin á árinu 1997 kanna hvert væri umfang og eðli þess

norræna samstarfs sem á sér stað milli frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. Á grundvelli þeirrar könnunar liggja nú fyrir drög að norrænni samstarfsáætlun um aukin tengsl milli norrænu ráðherranefndarinnar og frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. Ákvörðunar um hana er að vænta á árinu 1998. Samtök Norrænu félaganna á Norðurlöndum hafa þegar tekið ákveðið frumkvæði með því að standa fyrir svokölluðum Norrænum þjóðfundum með víðtækri þátttöku fulltrúa frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum. norræna ráðherranefndin hefur stutt þetta framtak með fjárframlögum.

Á árinu 1997 var ákveðið að starfrækt yrði til reynslu norræn upplýsingaþjónusta sem Norræna félagið í Svíþjóð rekur fyrir hönd norrænu ráðherranefndarinnar. Þannig gefst almenningi kostur á að leita upplýsinga um rétt sinn samkvæmt þeim norrænu samningum sem gerðir hafa verið. Starfsemi þessi hefst árið 1998. Vonir standa til að hún nýtist þeim fjölda Norðurlandabúa sem flytjast milli Norðurlanda vegna náms og starfa og að upplýsingar fáist um hvernig framkvæmd samninganna er háttað og hvar sé þörf úrbóta.

Norræn fjárlög ársins 1997 voru 702,6 millj. d.kr. og fjárlög ársins 1998 eru ívið lægri í sambærilegum tölum. Þar með lýkur því þriggja ára sparnaðartímabili sem hófst 1996, því ríkisstjórnir landanna allra stefna að óbreyttum norrænum fjárlögum fyrir árið 1999.

Norrænar fjárlagatillögur fyrir árið 1998 vou lagðar fyrir 49. þing Norðurlandaráðs í nóvember 1997 í Helsinki og fjárlögin samþykkt af samstarfsráðherrum landanna í kjölfarið. Í þeirri samþykkt var tekið fullt tillit til tilmæla Norðurlandaráðs um skiptingu fjárlaganna. Jafnframt er hafinn undirbúningur að þeirri könnun, sem forsætisnefnd Norðurlandaráðs lagði til í nefndaráliti sínu um fjárlögin, á möguleikum þess að auka fjármögnun utan norrænu fjárlaganna á starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins og Norrænu eldfjallastöðvarinnar auk nokkurra annarra stofnana með það fyrir augum, að flytja síðan stofnanir þessar af norrænu fjárlögunum. Vegna þess mikilvæga starfs sem unnið er á vegum Norrænu eldfjallastöðvarinnar og vegna þess, að hún er eina norræna stofnunin á Íslandi ef frá er talið Norræna húsið, væri það óásættanlegt ef starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar yrði hætt. Hlutverk Norræna iðnaðarsjóðsins er ekki síður mikilvægt í vaxandi norrænu efnahagssamstarfi. Þáttur iðnaðarrannsókna í því að bæta samkeppnisstöðu Norðurlanda sem heildar er óvéfengjanlegur. Því þarf starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins að eiga sér stað með einum eða öðrum hætti.

Stöðugt er stefnt að nánara samráði við Norðurlandaráð um fjárlögin. Sá háttur hefur nú verið tekinn upp að leita umsagnar Norðurlandaráðs áður en norrænu samstarfsráðherrarnir ákveða fjárveitingar af óráðstöfuðum hluta fjárlaganna. Þýðing þess að halda eftir hluta fjárlaganna óráðstöfuðum við upphaf fjárlagaársins hefur aukist undanfarin ár. Ástæðan er sú að ákvarðanir um ný verkefni vegna formennskuáætlana landanna eru ekki teknar fyrr en eftir að búið er að samþykkja fjárlög viðkomandi árs.

Í fjárlögum ársins 1998 er í fyrsta sinn gefið gróft yfirlit yfir skiptingu norrænu fjárlaganna milli víddanna þriggja, þeirrar norrænu, evrópsku og grannsvæðavíddarinnar. Leitast verður við að gefa enn betri mynd af þessari skiptingu í fjárlagatillögum ársins 1999, en Norðurlandaráð hefur um nokkurt skeið óskað eftir þessum upplýsingum.

Evrópumál eru á dagskrá flestra funda ráðherranefndarinnar og embættismannanefndanna. Til að umræða um þau sé markviss og árangursrík þarf það starfsfólk sem kemur að undirbúningi fundanna að hafa innsýn í störf Evrópusambandsins. Því hefur sá háttur nú verið tekinn upp, að sendiráð norrænu ríkjanna í Brussel taka við starfsfólki frá ráðherranefndarskrifstofunni til tímabundinnar námsdvalar. Eftir sem áður gegna þó utanríkisráðuneyti landanna lykilhlutverki við allan undirbúning Evrópuumræðunnar á norrænum vettvangi. Að þessum markmiðum verður stefnt í skipulagi og störfum norrænu ráðherranefndarinnar.

Mikilvægt er að norræna ráðherranefndin sé sveigjanleg í störfum sínum og skipulag starfsins þannig að unnt sé að bregðst skjótt við nýjum vandamálum og að boðleiðir og umgjörð starfsins séu skýrar og gagnsæjar. Jafnframt ber að leggja áherslu á að kerfið sé opið fyrir pólitískum skilaboðum frá fulltrúum aðildarlandanna. Að þessum markmiðum verður stefnt í skipulagi og störfum norrænu ráðherranefndarinnar.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda.

Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa með höndum pólitíska stefnumörkun í samstarfi ríkisstjórna Norðurlanda. Þeir halda að jafnaði tvo formlega fundi á ári og er annar þeirra í tengslum við Norðurlandaráðsþing. Við það tækifæri eiga þeir fund með forsætisnefnd ráðsins og oddvitum stjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja. Auk þessa eiga þeir með sér óformlegt samráð um ýmis norræn og alþjóðleg mál. Í tengslum við þann fund sem haldin var í Bergen áttu forsætisráðherrarnir einnig fund með forsætisráðherra Japan.

Forsætisráðherra Svía, Göran Persson, flutti venju samkvæmt stefnuræðuna á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1997 enda tók Svíþjóð við forustuhlutverki í samstarfi norrænu ríkisstjórnanna úr hendi Norðmanna um áramót 1997–1998.

Í kjölfar Amsterdamfundar Evrópusambandsins voru niðurstöður hans til umræðu á fundi forsætisráðherranna í Bergen í júní 1997. Davíð Oddsson, forsætisráðherra, ræddi þar sérstaklega framtíð Schengensamkomulagsins og hagsmuni Íslendinga í því sambandi. Á Bergenfundinum var og fjallað um orkumál og samþykkt yfirlýsing um umhverfisvæna orkudreifingu á svæðinu. Málefni Eystrasaltsríkjanna voru og til umræðu með tilliti til aðildarumsókna þeirra að Evrópusambandinu og Atlantshafsbandalaginu.

Á fundi forsætisráðherranna í nóvember 1997 í Helsinki var Schengensamkomulagið og framtíð þess til umræðu. Jafnframt var þar fjallað um efnahags- og myntbandalag Evrópu; atvinnumál á vettvangi Evrópusambandsins og nauðsyn þess að koma á greiðara upplýsingastreymi til norrænu ráðherranefndarinnar um fyrirhugaðar og teknar ákvarðanir Evrópusambandsins. Málefni Sameinuðu þjóðanna; fyrirhugaður leiðtogafundur Eystrasaltsráðsins í Ríga og málefni Barentsráðsins voru og á dagskrá. Framkvæmdastjóri ráðherranefndarskrifstofunnar gaf skýrslu á fundinum um þær skipulagsbreytingar sem unnið var að á vegum ráðherranefndarinnar.

Á fundi forsætisráðherranna með oddvitum stjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja lýsti Paavo Lipponen, forsætisráðherra Finnlands, áætlun Finna sem nefnist „Norðlæga víddin“ en markmið hennar er að auka áherslu Evrópusambandsins á umhverfismál og efnahagsþróun á norðlægum jaðarsvæðum þess. Á fundinum var fjallað um málefni Norðurskautsvæðisins og aukna þátttöku sjálfsstjórnarlandanna í samstarfi forsætisráðherranna og störfum ráðherranefndarinnar.

Á fundi forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs voru Evrópumál og málefni grannsvæðanna á dagskrá. Auk þess var formennskuáætlun Svía fyrir árið 1998 kynnt.

3. Samstarfsráðherrar Norðurlanda.

Samstarfsráðherrar héldu sex reglulega fundi á árinu. Auk þess áttu þeir fundi með samstarfsráðherrum Eystrasaltsríkjanna, forsætisnefnd Norðurlandaráðs og sendiherrum norrænu ríkjanna í Brussel.

Umræður um þau Evrópumálefni sem efst voru á baugi áttu sér stað á flestum fundum samstarfsráðherranna. Á fundi þeim sem samstarfsráðherrarnir áttu með sendiherrum norrænu ríkjanna í Brussel var lögð áhersla á mikilvægi þess að fulltrúar Norðurlandanna allra ættu með sér pólitískt samráð fyrir fundi í Evrópusambandinu um mikilvæg Evrópumál og að upp-

lýsingar bærust nægilega snemma frá Brussel til þess að umræðan um Evrópumál í Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni yrði gagnleg. Einnig var rætt hlutverk þess samráðshóps sem skipaður er fulltrúum norrænu sendiráðanna í Brussel og lögð áhersla á náið samstarf þess hóps við þá sem hafa með höndum norrænt samstarf í heimalöndunum og á skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Samstarfsráðherrarnir samþykkja árlega starfsáætlun fyrir samstarfið við grannsvæðin. Sú áætlun tekur til alls norræna grannsvæðasamstarfsins sem kostað er af norrænu fjárlögunum og tekur mið af því tvíhliða samstarfi sem á sér stað milli einstakra ríkja Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (sjá 12. kafla í skýrslu þessari). Norrænu upplýsingaskrifstofurnar, sem starfræktar eru í Eystrasaltsríkjunum þremur og Pétursborg gegna lykilhlutverki í norræna grannsvæðasamstarfinu.

Á fundi Norrænu samstarfsráðherranna með samstarfsráðherrum Eystrasaltsríkjanna var gerð grein fyrir aðalatriðum grannsvæðasamstarfsins og kallað eftir sjónarmiðum um áherslur frá samstarfsráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Komu þar fram óskir, um að miðlað yrði af reynslu Svía og Finna af undirbúningi fyrir aðild að Evrópusambandinu og hafa óskir þessar verið hafðar að leiðarljósi við skipulagningu norræna upplýsingastarfsins í Eystrasaltsríkjunum á starfsárinu. Jafnframt komu á fundinum fram óskir um að stofnuð yrðu útibú frá upplýsingaskrifstofunum í Tallinn, Ríga og Vilníus; að miðlað yrði reynslu af því að gera erlenda borgara virka þátttakendur í samfélaginu; að aukið yrði svæðisbundið samstarf á ýmsum sviðum og um samstarf um aðgerðir gegn fjárglæpum.

Samstarf á norrænum vettvangi um málefni Norðurskautssvæðanna fer fram samkvæmt árlegum verkefnaáætlunum sem samstarfsráðherrarnir setja. Eftir nokkra byrjunarörðugleika er starfsemin nú að komast á rekspöl. Fjárveitingar til hennar eru rúmlega 2 millj. d.kr. árlega. Árið 1998 verður 6 millj. d.kr. veitt til norrænnar rannsóknaráætlunar um málefni Norðurskautssvæðisins. Af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar verður fylgst náið með störfum Norðurskautsráðsins, (sjá nánar kafla 4, lið 2.c) í þeim tilgangi að koma á skynsamlegri verkaskiptingu, en Norðurskautsráðinu er ætlað að verða heildarrammi fyrir þá starfsemi, sem snýr að málefnum Norðurskautssvæðisins ekki síst þeim er snúa að umhverfisvernd og sjálfbærri auðlindanýtingu.

Velferðarmál eru meðal þeirra þverfaglegu málefna sem heyra undir samstarfsráðherrana og sem náið samráð er haft um við viðkomandi fagráðherranefndir. Á árinu 1997 voru lagðar fram tvær skýrslur um velferðarmál á Norðurlöndum á breiðum grundvelli. Jafnframt átti sér stað umræða um það efni á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1997. Samstarfsráðherrarnir munu halda áfram að fjalla um velferðarmál bæði með tilliti til þess, hvernig fyrirliggjandi upplýsingar geti nýst Eystrasaltsríkjunum, og hvernig þær verði kynntar í Evrópusambandinu.

Ríkisstjórn Íslands ákvað á árinu 1997 að veita samtökunum „American Scandinavian Foundation“ styrk að upphæð 250 þúsund bandaríkjadala til að stofna norræna menningarmiðstöð í New York. Í kjölfar þessa ákváðu samstarfsráðherrar Norðurlanda að frumkvæði samstarfsráðherra Íslands að veita 1,65 millj. d.kr. af norrænu fjárlögunum til stofnunar menningarmiðstöðvarinnar. Ríkisstjórn Finnlands hefur síðar ákveðið að fara að dæmi Íslands en ríkisstjórnir annarra norrænna landa hafa ekki tekið ákvörðun um fjárstuðning.

Auk þess sem þegar er getið var m.a. á dagskrá samstarfsráðherranna að ákveða umboð fyrir nýstofnað norrænt ráð um stefnu í málefnum fatlaðra; nýjar reglur fyrir Vestnorræna sjóðinn og að styrkja Samband norrænu félaganna vegna ráðstefnanna „Norræni þjóðfundurinn“.

4. Samstarf utanríkisráðherra Norðurlanda og norrænt samstarf á alþjóðavettvangi.

1. Fundir utanríkisráðherra Norðurlanda.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda halda nú þrjá reglulega samráðsfundi á hverju ári. Auk þess hittust utanríkisráðherrarnir nokkrum sinnum óformlega á árinu vegna annarra utanríkisráðherrafunda, til dæmis í Eystrasaltsráðinu, Evrópuráðinu, OECD, Barentsráðinu, Norðurlandaráði og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

a. Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda í Ósló, 4.–5. febrúar 1997.

Málefni Evrópusamstarfsins, bæði Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins ásamt fyrirhugaðri stækkun Atlantshafsbandalagsins voru meginefni utanríkisráðherrafundarins í Ósló.

Utanríkisráðherrarnir vöktu athygli á því, að með danskri formennsku í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, finnskri formennsku í Evrópuráðinu, setu Svíþjóðar í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og öflugri þátttöku Norðurlanda í starfi Atlantshafsbandalagsins og á vettvangi Evrópusambandsins væri Norðurlöndin í sterkri stöðu á alþjóðavettvangi.

Ráðherrarnir ræddu enn fremur grannsvæðasamstarf Norðurlanda innan vébanda Norðurskautsráðsins, Eystrasaltsráðsins og Barentsráðsins og samskiptin við Rússland. Voru ráðherrarnir sammála um mikilvægi þess að efla samstarf á Norðurslóðum. Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með stofnun Norðurskautsráðsins og lögðu áherslu á uppbyggingu þess.

Ráðherrarnir áréttuðu aukið vægi Evrópuráðsins og lögðu áherslu á aukna samvinnu milli Evrópusambandsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópuráðsins til styrkingar lýðræðis og öryggis í Evrópu. Mannréttindamál í Tyrklandi voru einnig til umræðu á fundinum.

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, hafði framsögu á fundinum um málefni Atlantshafsbandalagsins og fyrirhugaða stækkun þess síðar á árinu. Í máli sínu lagði utanríkisráðherra áherslu á sjálfsákvörðunarrétt ríkja í öryggis- og varnarmálum og áframhaldandi friðarþróun Atlantshafsbandalagsins. Utanríkisráðherra vakti sérstaka athygli á stöðu Eystrasaltsríkjanna í þessu sambandi.

Í umræðum um Evrópumál lagði utanríkisráðherra áherslu á mikilvægi pólitísks samráðs sem fer fram innan ramma samningsins um evrópska efnahagssvæðið og minnti á mikilvægi þess fyrir Ísland og Noreg að geta fylgst sem best með þróun ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins og haft áhrif á þá þróun.

b. Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda á siglingu milli Bodö og Tromsö í Noregi 21.–22. maí 1997.

Meginefni fundarins voru málefni Evrópusambandsins og evrópska efnahagssvæðisins, ný skipan öryggismála í Evrópu og samstarf Norðurlanda á grannsvæðum ásamt mannréttindamálum.

Málefni Eystrasaltssvæðisins voru ofarlega á baugi í umræðunni og lögðu ráðherrarnir sérstaka áherslu á mikilvægi þess að tengja Eystrasaltsríkin í vaxandi mæli Evrópusamstarfi og undirstrikuðu jafnframt mikilvægi Eystrasaltssvæðisins í öryggismálum álfunnar. Áréttuðu þeir stuðning sinn við aukið svæðisbundið samstarf Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og við Eystrasaltsráðið sem vaxandi samráðsvettvang á sviði efnahagsmála, umhverfismála, mannréttinda og uppbyggingu lýðræðislegra stofnana.

Ráðherrarnir fögnuðu samstarfssamningi Atlantshafsbandalagsins og Rússlands á sviði öryggismála og lögðu áherslu á mikilvægi hans fyrir áframhaldandi stöðugleika og öryggi í Evrópu. Einnig lýstu þeir yfir ánægju sinni með formennsku Dana í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og áréttuðu mikilvægt framlag stofnunarinnar til friðarþróunar og stöðugleika í Austur-Evrópu og á Balkansvæðinu.

Á fundinum fjölluðu utanríkisráðherrar Norðurlanda einnig um ástand mannréttindamála í Tyrklandi, Kína, Íran, Búrma og Afganistan. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra vakti sérstaka athygli á bágri stöðu kvenna í Afganistan og hvatti til sameiginlegra aðgerða á alþjóðavettvangi til að bæta stöðu þeirra.

Utanríkisráðherra hafði framsögu á fundinum um framkvæmd samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Í máli sínu áréttaði hann þýðingu þess að Norðurlöndin þróuðu enn frekar innbyrðis starf sitt í Evrópumálum og kvaðst fullviss um að frekara samstarf á því sviði yrði Norðurlandasamstarfinu til mikilla hagsbóta vegna aukins vægis Evrópumála í öllum ríkjunum fimm.

c. Utanríkisráðherrafundur Norðurlandanna í Bergen 3.–4. september 1997.

Á fundinum ræddu utanríkisráðherrarnir um þróun Evrópusamstarfsins í kjölfar niðurstöðu leiðtogafundar Evrópusambandsins í Amsterdam. Sérstök áhersla var lögð á fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins. Voru ráðherrarnir sammála um að stækkun þess til Mið- og Austur-Evrópu stuðlaði að vaxandi lýðræðisþróun og auknum stöðugleika, bæði í efnahagslegu tilliti og útfrá öryggissjónarmiðum. Ákvörðun Evrópusambandsins um að Schengen-samstarfið yrði fært inn á vettvang Evrópusambandsins var einnig ofarlega á baugi í umræðunni. Utanríkisráðherra Íslands lagði áherslu á að skjót lausn fengist í Schengen málefnum er varðaði Ísland og Noreg.

Ráðherrarnir ræddu um öryggismál Evrópu að afloknum leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Madríd. Hafði utanríkisráðherra framsögu í þeim málaflokki. Ráðherrarnir undirstrikuðu mikilvægi Atlantshafsbandalagsins í hinu nýja öryggiskerfi í Evrópu og vísuðu til ákvörðunar bandalagsins um að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi til aðildarviðræðna og aukins samstarfs Atlantshafsbandalagsins við Rússland. Lögðu ráðherrarnir einnig áherslu á hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu sem lykilstofnunar í tryggingu friðar og jafnvægis í Evrópu.

Ráðherrarnir fjölluðu um málefni evrópska efnahagssvæðisins og lögðu þar áherslu á mikilvægi pólitískrar samvinnu sem fram fer á þeim vettvangi.

Mannréttinda- og friðarmál skipuðu einnig veglegan sess á fundi ráðherranna.

d. Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna í Bergen 3.–4. september 1997.

Í tengslum við reglubundinn haustfund utanríkisráðherra Norðurlanda hefur skapast sú hefð að þeir hitti starfsbræður sína frá Eystrasaltsríkjunum. Var slíkur fundur nú haldinn í fimmta sinn. Á fundinum í Bergen var þróun Evrópusambandsins og fyrirhuguð stækkun þess ofarlega á baugi vegna niðurstöðu ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins. Ráðherrar Norðurlandanna áréttuðu stuðning sinn við umsóknir Eistlands, Lettlands og Litháen að Evrópusambandinu.

Utanríkisráðherrarnir ræddu einnig um mikilvægi svæðisbundis samstarfs við Eystrasaltið, annars vegar milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og hinsvegar innan Eystrasaltsráðsins. Voru þeir sammála um að aukið samstarf á sviði efnahagsmála, viðskipta og umhverfismála stuðlaði að aukinni hagsæld og stöðugleika í Evrópu.

Aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, Marc Grossman tók þátt í fundi ráðherranna sem sérstakur gestur. Gerði hann grein fyrir afstöðu Bandaríkjanna til samvinnu við Norðurlönd og Eystrasaltsríkin og lýsti því yfir að Bandaríkin myndu auka þátttöku sína í samstarfi á þessu svæði til að stuðla að eflingu öryggis og velsældar í norðanverðri Evrópu. Utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna fögnuðu áherslum Bandaríkjanna. Almennt samkomulag er um mikilvægi þess að auka tengsl við þriðju aðila á þessum vettvangi og samþykkt var að stefna að svipaðri þátttöku annarra ríkja í framtíðinni.

2. Samstarf Norðurlanda á grannsvæðum.

Grannsvæðasamstarf Norðurlanda grundvallast fyrst og fremst á samstarfi Norðurlanda innan Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins, norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins auk margþættra annarra samskipta Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland. Lögð hefur verið áhersla á að samræma margvíslegan stuðning Norðurlanda gagnvart Eystrasaltsríkjunum, til dæmis með því að auka upplýsingaflæði um stuðningsaðgerðir einstakra ríkja. Jafnframt hefur verið reynt að efla stuðning á þeim sviðum þar sem framlag Norðurlanda getur komið að mestu liði, til dæmis á sviði félags- og atvinnumála, á sviði frjálsra félagasamtaka og varðandi réttindi minnihlutahópa. Norðurlönd leggja áherslu á gott samstarf við norrænar fjármálastofnanir og Evrópusambandið og að samstarf Norðurlanda á vettvangi Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins verði eflt eins og kostur er.

a. Eystrasaltsráðið.

Á utanríkisráðherrafundi Eystrasaltsráðsins sem haldinn var 1.–3. júlí 1997 var meginumræðuefnið framkvæmdaáætlun Eystrasaltsráðsins sem samþykkt var á leiðtogafundi þess í Visby 3.–4. maí 1996. Í framkvæmdaáætlun ráðsins var lögð sérstök áhersla á samræmdar aðgerðir aðildarríkjanna á sviði lýðræðisþróunar, mannréttinda, mennta- og menningarmála ásamt efnahags- og umhverfismálum. Á fundinum lýstu utanríkisráðherrarnir ánægju sinni með þróun svæðisbundinnar samvinnu á vegum ráðsins og áréttuðu mikilvægi Eystrasaltsráðsins við eflingu lýðræðisþróunar og framlag þess til aukins öryggis og jafnvægis í Evrópu.

Ráðherrarnir voru sammála um að efla þyrfti varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi á svæðinu og lýstu stuðningi sínum við starf vinnuhóps Eystrasaltsráðsins um skipulagða glæpastarfsemi.

Utanríkisráðherrafundurinn samþykkti jafnframt að setja á fót fasta skrifstofu Eystrasaltsráðsins í einu aðildarríkja þess.

Utanríkisráðherra Íslands minnti á reynslu Norðurlanda af innbyrðis samstarfi og fagnaði auknu samstarfi norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs við Eystrasaltsráðið. Norðurlönd hafa veigamiklu hlutverki að gegna á vettvangi Eystrasaltsráðsins við þróun og uppbyggingu lýðræðislegra stofnana, við eflingu efnahags- og viðskiptalífs með því að stuðla að bættu viðskiptaumhverfi og vaxandi samvinnu á sviði umhverfismála. Norðurlönd leggja nú áherslu á að samræma margvíslegan stuðning og starfsemi í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og á Norðurskautssvæðunum.

Í maí mánuði 1997 var gengið frá samningum um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháen.

b. Barentsráðið.

Meginhlutverk Barentsráðsins er að efla hverskonar samstarf á svæði Barentshafsins, einkum varðandi umhverfismál, viðskipta- og efnahagssamvinnu, samgöngumál og á sviði

vísinda- og tæknisamvinnu. Með starfsemi Barentsráðsins er lagður grunnur að auknum stöðugleika og friðsælli framþróun og uppbyggingu atvinnulífs á þessu svæði.

Af hálfu Norðurlanda hefur verið lögð áhersla á að ná fram úrbótum á sviði umhverfismála og einnig að efla hverskonar efnahags- og viðskiptasamvinnu við Norðvestur-Rússland. Starfsemi Barentsráðsins hefur þegar orðið til þess að treysta tengslin milli Norðurlanda og Rússlands einkum hvað varðar mengunarvarnir og efnahagslega uppbyggingu í norðvestanverðu Rússlandi.

c. Norðurskautsráðið.

Mikilvægt skref var stigið 19. september 1996 þegar Norðurskautsráðið, nýr samstarfsvettvangur um málefni norðurslóða, var stofnað í Ottawa í Kanada. Stofnríki ráðsins voru Norðurlöndin ásamt Kanada, Bandaríkjunum og Rússlandi. Skipulagsreglur Norðurskautsráðsins eru nú nær fullgerðar en einungis stendur eftir ágreiningur um hvernig skuli haga brottvikningu frjálsra félagasamtaka sem veitt hefur verið áheyrnaraðild ef þau fyrirgera rétti sínum með ábyrgðarlausri framgöngu.

Það er mikilvægt hagsmunamál Íslands að Norðurskautsráðið nái sem fyrst að verða vettvangur þar sem fæst yfirsýn yfir stöðu mála á Norðurslóðum og aðildarríkin geta tekið höndum saman um að tryggja í senn sjálfbæra nýtingu auðlinda og eðlilega umhverfisvernd.

Enn sem komið er hefur ekki náðst samstaða um að setja á fót eina aðalskrifstofu fyrir Norðurskautsráðið en komi til þess mæla ýmis rök með því að henni yrði valinn staður hérlendis.

3. Samstarf Norðurlanda um Evrópumál.

a. Samstarf tengt Evrópusambandinu og EES.

Samstarf Norðurlanda um Evrópumál er ein af þremur grundvallarstoðum norræns samstarfs. Þetta samstarf er mjög mikilvægt enda eiga Ísland og Noregur náið samstarf við Evrópusambandið með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu og þátttöku í pólitískum skoðanaskiptum, Schengen-samstarfinu og með aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu.

Málefni Evrópusambandsins og EES eru nánast orðin fastur liður á norrænum samráðsfundum um utanríkismál, hvort heldur á ráðherrafundum eða fundum embættismanna. Sum af mikilvægum gildum Norðurlandanna verða sífellt fyrirferðarmeiri í umræðunni innan Evrópusambandsins, eins og umhverfismál, atvinnumál og barátta gegn glæpum og fíkniefnum. Jafnframt eru miklar breytingar framundan í Evrópu í tengslum við fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins og stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu. Þessar breytingar munu hafa margvísleg áhrif á Ísland og því er ákaflega mikilvægt að fylgjast vel með þróun þessara mála og ræða þau reglulega á vettvangi Norðurlandanna en þrjú þeirra eru nú aðilar að Evrópusambandinu.

b. Schengen-samstarfið.

Norræna vegabréfasambandið hefur verið við lýði í yfir fjörutíu ár og hefur reynst mjög vel. Norðurlöndin voru frumkvöðlar á þessu sviði þar sem þetta samstarf hófst löngu áður en Schengen-samstarfinu var komið á. En þetta þýddi einnig að ef Schengen-samstarfið ætti að ná til Norðurlandanna þyrftu þau öll að verða aðilar að því samstarfi samtímis til að koma í veg fyrir að norræna vegabréfasambandið liði undir lok. Ásættanleg lausn náðist í þá veru með undirskrift samstarfssamnings Íslands og Noregs við Schengen-ríkin í desember 1996. Sá samningur tryggir Íslandi og Noregi fulla þátttöku í Schengen-samstarfinu og hafa Ísland og Noregur tekið þátt í öllu nefndarstarfi þess, sem gengið hefur mjög vel.

Þegar sú ákvörðun var tekin í Amsterdam sl. sumar að fella Schengen-samstarfið undir Evrópusambandið, var jafnframt staðfest að samstarfið við Ísland og Noreg yrði byggt á samstarfssamningnum frá árinu 1996. Unnið er að því að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við og eru góðar líkur á því að svo getið orðið.

c. Evrópuráðið.

Á vettvangi Evrópuráðsins á sér stað umtalsvert samráð milli Norðurlanda. Fastafulltrúar Norðurlanda á vettvangi Evrópuráðsins hittast mánaðarlega í Strassborg, ásamt varafastafulltrúum. Á þeim fundum er sérstök dagskrá og tekur hvert ríki að sér að hafa framsögu um einstaka dagskrárliði. Norðurlönd koma sjaldan sameiginlega með tillögur á fundum ráðherranefndarinnar en oft er þó samráð haft um afstöðu til einstakra mála, þannig að hvert Norðurlanda fyrir sig lýsir sömu afstöðu til mikilvægra málefna.

Á árinu 1997 var ákveðið að efla fyrirsvar Íslands hjá Evrópuráðinu. Fastanefnd Íslands tók til starfa hjá Evrópuráðinu í Strassborg undir stjórn sendiherra með búsetu á staðnum. Ákvörðunin tengist því að Ísland tekur að sér í fyrsta sinn formennskuna í ráðherranefnd Evrópuráðsins í maí mánuði árið 1999 og varaformennsku þegar á næsta ári, 1998.

Pólitískt hlutverk Evrópuráðsins hefur aukist verulega eftir lok kalda stríðsins en hornsteinninn í starfsemi þess er efling og varðveisla mannréttinda ásamt styrkingu lýðræðisþróunar í aðildarríkjum þess. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað mikið og eru nú fjörutíu talsins. Evrópuráðið gegnir afar mikilvægu hlutverki við að styðja þjóðir Mið- og Austur-Evrópu á leið þeirra til lýðræðis og er einn af máttarstólpunum í öryggiskerfi Evrópu.

4. Norrænt samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annað samstarf á alþjóðavettvangi.
a. Sameinuðu þjóðirnar.

Norrænt samráð um málefni Sameinuðu þjóðanna fer víða fram. Forsætis- og utanríkisráðherrar landanna ræða málefni samtakanna reglulega á fundum sínum, auk margvíslegra umræðna, sem fara fram á vettvangi Norðurlandaráðs, og beinna samskipta ráðuneyta og stjórnarstofnana. Utanríkisráðherrar Norðurlanda hafa komið saman til fundar í upphafi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York á hverju ári. Embættismenn í utanríkisráðuneytum Norðurlandanna ræða málefni Sameinuðu þjóðanna reglulega á fundum sínum.

Sem kunnugt er hefur norrænt samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum og dregið hefur úr sameiginlegum málflutningi Norðurlandanna vegna aðildar þriggja þeirra að Evrópusambandinu. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eiga Norðurlönd sífellt oftar samleið með Evrópusambandinu á sviði yfirlýsinga um utanríkismál og í ræðuflutningi. Á reglubundnum samráðsfundum Norðurlandanna í New York gefst áfram kostur á gagnlegri upplýsingamiðlun og skoðanaskiptum.

Norðurlöndin hafa unnið sameiginlega að tillögum um endurbætur á efnahags- og félagsmálastarfi samtakanna og á öryggisráðinu. Samráðsfundir um þróunaraðstoð eru haldnir reglulega, m.a. í tengslum við starfsemi stofnana Sameinuðu þjóðanna

Norrænt samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í Genf heldur áfram en tekur æ meira mið af þátttöku þriggja þeirra í Evrópusambandinu.

Náið samstarf er á milli Norðurlanda innan UNESCO og mótuð sameiginleg norræn afstaða til helstu mála. Einnig er staðið sameiginlega að framboðum í framkvæmdaráð en Norðurlönd hafa ýmist haft einn eða tvo fulltrúa þar. Jafnframt hafa fastafulltrúar og/eða varafastafulltrúar hist með reglulegu millibili til að bera saman bækur sínar um einstök málefni.

Árlega eru haldnir sameiginlegir fundir UNESCO-nefnda Norðurlandanna, fastafulltrúa og fulltrúa úr ráðuneytum.

b. Alþjóðabankinn.

Norðurlönd hafa með sér náið samstarf um málefni Alþjóðabankans. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin skipa sameiginlega stjórnarmenn í stofnanir bankans og standa að sameiginlegri skrifstofu í bankanum í Washington, D.C. Samskipti við skrifstofuna eru náin, enda er það eitt af markmiðum hennar að þjónusta þau lönd sem að henni standa. Þátttaka Eystrasaltsríkjanna er ennþá takmörkuð en samstarf Norðurlanda á sér langa og árangursríka sögu. Með samstilltum málflutningi er afstaða Norðurlandanna skýr og áhrif landanna meiri en eignarhlutfall þeirra í bankanum segir til um.

Stór hluti þeirra mála sem tekin eru fyrir af stjórn Alþjóðabankans og nefndum hans eru rædd ítarlega milli Norðurlandanna. Vettvangur slíkra skoðanaskipta eru vikulegir símafundir, auk daglegra samskipta með hjálp símskeyta og tölvupósts. Hingað til hafa einungis Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð tekið virkan þátt í þessum hluta samstarfsins en nú hefur Ísland bæst í þennan hóp með samfelldri þátttöku frá október 1997.

Utanríkisráðherra situr nú fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í þróunarnefnd Alþjóðabankans. Þróunarnefndin mótar meginstefnu bankans í þróunarmálum og er ráðgefandi aðili fyrir ársfund bankans hvað varðar framkvæmd og framvindu stefnumiða hans.

Bankaráðsmenn (governors) Norðurlandanna í Alþjóðabankanum eiga reglulega fundi með forseta bankans. Síðasti fundur var haldinn í Stokkhólmi í nóvember 1996 og verður næsti fundur haldinn í Reykjavík í júní nk. Fundurinn í Reykjavík markar ákveðin tímamót þar sem vænst er þátttöku Eystrasaltsríkjanna í fyrsta sinn.

Norðurlöndin skiptast á um að halda samráðsfundi um málefni Alþjóðabankans þrisvar á ári. Einn slíkur fundur var haldinn á Íslandi í apríl 1997 og áætlað er að næsti fundur á ábyrgð Íslendinga verði í janúar 1999. Þessu til viðbótar eru haldnir samráðsfundir samhliða fundum þróunarnefndar bankans.

c. Aðrar alþjóðastofnanir.

Norrænt samráð á sér einnig stað með reglubundnum hætti innan annarra alþjóðastofnana sem Norðurlönd eiga aðild að. Þar má nefna Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), Efnahags- og þróunarstofnunina (OECD) og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Samráðsfundir eru haldnir reglulega í höfuðborgum Norðurlanda um málefni Öryggis- og samvinnustofnunarinnar.

d. Stofnun sendiráðs í Helsinki.

Mikilvægi Norðurlandasamstarfsins endurspeglaðist skýrt í ákvörðun ríkisstjórnar Íslands 18. júlí um að opna nýtt sendiráð Íslands í Helsinki. Utanríkisráðherra Íslands opnaði sendiráðið formlega þann 25. ágúst 1997.

e. Norræn menningarmiðstöð í New York.

Ríkisstjórn Íslands ákvað á árinu 1997 að veita samtökunum „American Scandinavian Foundation“ styrk að upphæð 250 þúsund bandaríkjadala til að stofna norræna menningarmiðstöð í New York. Utanríkisráðherra Íslands lýsti sérstökum áhuga á málinu og hefur fylgt erindi stofnunarinnar „American Scandinavian Foundation“ eftir við utanríkisráðherra hinna Norðurlandanna sem tekið hafa vel í tillögu utanríkisráðherra. Finnar hafa þegar farið að fordæmi Íslendinga og veitt fé til verkefnisins.

f. Sendiráð Norðurlanda í Berlín.

Samstarfssamningur Norðurlanda um sendiráð landanna á sameiginlegri sendiráðslóð í Berlín var undirritaður 4. ágúst 1995. Verkið gengur samkvæmt áætlun og er ráðgert að byggingar fyrir norrænu sendiráðin fimm verði fullgerðar árið 1999.

5. Norrænu fjárlögin 1998.

Frumvarp til fjárlaga ráðherranefndarinnar fyrir árið 1998 er á verðlagi ársins 1998 og eru niðurstöðutölur þess 710,7 millj. d.kr.

Norðurlandaráð átti beinni aðild að gerð fjárlaga ársins 1998 en áður hefur verið. Ráðið gaf þegar á þingi sínu haustið 1996 til kynna hvaða sviðum ætti að áliti þess að veita forgang. Enn fremur hefur formaður samstarfsráðherranna og forsætisnefndin haldið fund um fjárlagadrögin 4. mars 1997. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs skipaði auk þess hóp sem annast samskipti við skrifstofu ráðherranefndarinnar um fjárlagafrumvarpið. Nýrri skipan samráðs við Norðurlandaráð hefur nú verið komið á varðandi ráðstöfun á ráðstöfunarfé samstarfsráðherranna.

Umbótastarfinu í norrænu samstarfi hefur verið haldið áfram með úttekt á skiptingu ábyrgðar og starfshæfni innan stofnana ráðherranefndarinnar svo og úttekt á skipulagi skrifstofu nefndarinnar. Skipulagsferlið miðar að því að skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar taki frekar mið af þeirri forgangsröðun sem stjórnmálamenn á Norðurlöndum vilja með því að gera ákvörðunarferlið skilvirkara og skilgreina betur ábyrgð manna.

Sérstök forgangsverkefni á fjárlögunum.

Sérstök forgangsverkefni á árinu 1998 taka mið af annars vegar forgangsröðun Norðurlandaráðs á þingi þess 1996, hins vegar af ýmsum þáttum formennskuáætlunar Norðmanna sem fóru með formennsku 1997, pólitískum framkvæmdaáætlunum hinna einstöku geira svo og fyrirmælum samstarfsráðherranna um fjárlagavinnuna. Þeir þættir sem njóta forgangs eru, í ríkara mæli en áður hefur verið, þverfaglegir og má þar nefna upplýsingatækni, umhverfismál svo og málefni varðandi starfs- og nemendaskipti og þróunarstarf. Á sviði menningar og menntunar njóta aðgerðir í þágu barna og ungmenna, á sviði alþýðu- og fullorðinsmenntunar og alþýðulegt menningarsamstarf aukins forgangs.

Áfram verður lögð áhersla á umhverfismál. Til viðbótar því fé sem veitt er innan geirans og innan grannsvæðaáætlunarinnar eru nokkur þverfagleg verkefni þar sem mikil áhersla er lögð á umhverfismál. Enn fremur verður málefnum heimskautssvæðisins áfram gert hátt undir höfði. Lagt er til að nýrri rannsóknaráætlun varðandi heimskautssvæðið verði hleypt af stokkunum.

Skipting fjárlaga ársins 1998 milli sviða.

Hlutur menningar-, mennta- og rannsóknarsviðanna í fjárlögunum er 45,4%. Sé kostnaðinum við rekstur skrifstofunnar skipt niður á samstarfssviðin hækkar heildarhlutur menningar-, mennta- og rannsóknargeirans í 49,2% af heildarfjárlögum ársins 1998. Samsvarandi hlutur vegna ársins 1997 var 51,9%.

Fjárlögin skiptast milli verkefna og almennra styrkja annars vegar (57% af heildarupphæðinni) og stofnana hins vegar (43% af heildarupphæðinni, þar af fær skrifstofa ráðherranefndarinnar 7,8% í sinn hlut).

Skipting fjárlaga 1998 á mismunandi forgangsverkefni



Nýju verkefnin.

Við undirbúning fjárlagatillagnanna hefur sviðunum verið gefinn kostur á að setja fram tillögur um ný verkefni sem yrðu fjármögnuð með endurskipulagningarsjóði sem varð til vegna 2,5% rekstrarsparnaðar. Alls bárust tillögur að fjárhæð um 84 millj. d.kr. vegna ársins 1998. Ef litið er á allt verkefnatímabilið eru tillögurnar að fjárhæð 270 millj. d.kr. yfir þriggja ára tímabil.

Tillögurnar sem lagðar eru fram í fjárlagatillögunum eru byggðar á eftirfarandi skilmálum:
- Er tillagan í samræmi við þau tilmæli sem Norðurlandaráð samþykkti á þinginu?
- Er tillagan í samræmi við áætlunina sem Norðmenn settu fram fyrir formennskutíð sína?
- Felur tillagan í sér evrópska vídd?
- Er tillagan í samræmi við þá stefnu sem sett hefur verið fram fyrir geirann?

Auk endurskipulagningarsjóðsins hefur forgangsröð verið breytt innan ramma sviðanna. Nýjar áherslur verða á eftirfarandi sviðum: á sviði heimsskautsrannsóknaráætlunar, þverfaglegra umhverfisáætlana, jafnréttisrannsókna, velferðarmála, varðandi umhverfismerkið Svaninn og á sviði fíkniefnamála.

Skipting fjárlaganna milli áherslusviðanna þriggja.

Í fyrsta sinni er nú unnt að sýna hvernig fjárlögin vegna ársins 1996 skiptast milli áherslusviðanna þriggja.

Taflan sýnir skiptinguna fjárlagaárið 1996 og upplýsingarnar eru sóttar í þau stöðuuppgjör sem stofnanirnar og sviðin hafa skilað. Í þeim leiðbeiningum sem gefnar voru fyrir stöðuuppgjörið voru stofnanir m.a. beðnar að meta heildartölu hvers áherslusviðs. Upplýsingarnar eru þannig að hluta byggðar á mati stofnana en ekki á nákvæmum bókhaldsgögnum.

Þróun fjárlaga á árunum 1993–1998.

Milljónir d.kr.	1993	1994	1995	1996*	1997	1998
Nafnvirði	650,7	655,9	718,9	707,5	702,6	710,7
á verðlagi 1997	709,2	697,4	747,9	721,7	702,6	695,9

* ATH ! Enginn uppreikningur á árinu 1996.

Afgangur á fjárlögunum.

Milljónir d.kr.	1994 þús. d.kr.	1995 þús. d.kr.	1996 þús. d.kr.	1997 þús. d.kr.	1998 þús. d.kr.
Afgangur	31.331 frá 1992	17.689 frá 1993	5.900 frá 1994	2.500 frá 1995	0 frá 1996
þar af:					
endurgreitt löndunum	0	0	2.000	0	0
til ráðstöfunar ráðherranefndar	31.331	17.689	3.900	2.500	
Fjárlög	655.886	718.925	707.474	702.636	710.694
Ráðstöfunarfé norrænu ráðherranefndarinnar	687.217	736.614	711.374	705.136	710.694

Afgangur á fjárlögunum hefur stöðugt minnkað síðan 1994. Ástæðan er fyrst og fremst lægri vaxtatekjur. Vegna starfsársins 1996 var halli að fjárhæð 2,3 millj. d.kr. sem greiddur var á árinu 1997.

Samningsstýrikerfi ráðherranefndarinnar.

Gerðir hafa verið rammasamningar við allar norrænar stofnananir. Tvennt einkennir umfram annað samningsstýrikerfið: Samningurinn sem stýrir inntaki verkefnisins og fjárframlögum og kerfisbundin skýrslugerð þar sem árangurinn er metinn í lok starfstímabilsins miðað við skuldbindingar og fjárframlög. Þetta er gert á ári hverju og ráðherranefndin sendir áfram til Norðurlandaráðs upplýsingar um hugsanleg frávik.

Í hverjum samningi er gefinn kostur á að taka samninginn til endurskoðunar ef pólitískar ákvarðanir breytast eða ef grípa þarf til sparnaðar.

Vorið 1997 hefur sérfræðingahópur um fjárlög metið samningakerfið. Í skýrslu sinni kemst hópurinn að því að

- samningsstýrikerfinu er ekki beitt með virkum hætti sem verkfæri til þess að koma pólitískum forgangsmálum í gegn,
- samningsstýringin gæti orðið betra stýritæki ef embættismannanefndir yrðu dregnar frekar inn í hana,
- embættismannanefndirnar eru pólitískar stofnanir í þeim skilningi að þær undirbúa mál og ákvarðanir og samþykkja mál fyrir hönd viðkomanda ráðherra (að meðtöldum samningi stofnananna) og því ætti að efla og þróa stjórnunarhlutverk nefndanna,
- hlutverk hinna ýmsu aðila þarf að skýrast og afmarkast betur almennt, og sérstaklega í sambandi við samningsstýrikerfið,
- svara þarf spurningunni um hver beri mesta ábyrgð á að skilgreina og þróa gæðamarkmið og matsaðferðir fyrir stofnanir,
- koma þyrfti samningsstýrikerfinu á einnig í tengslum við stærri verkefni og áætlanir.

Aðalritaranum hefur verið falið að endurskoða stefnumið varðandi samningsstýringu ráðherranefndarinnar á grundvelli tillögu sérfræðingahópsins um fjárlög og sjónarmiða stofnananna og embættismannanefndanna.

Tekjuhlið fjárlaganna.

Starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar er að mestu fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum en skipting þeirra er ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu. Skiptireglan miðast við hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, sem nú eru 1994 og 1995.

TEKJUR, þús. d.kr. 1998	Fjárlög	Fjárlög 1997	Skiptiregla 1998
Launatengd gjöld	5.900	6.000	
Vaxtatekjur	14.000	11.500	
Aðrar tekjur/(eða tap)	800	800	
Framlög landanna	681.936	692.394	
Þar af:			
- Danmörk	170.484	171.714	24,8 %
- Finnland	110.474	121.861	17,6 %
- Ísland	7.501	6.924	1,0 %
- Noregur	150.708	150.249	21,7 %
- Svíþjóð	242.769	241.646	34,9 %
Fjárlög samtals	**702.636**	**710.694**	

Samningur um greiðslur fyrir æðri menntun.

Norrænir ráðherrar menntamála og rannsókna (MR-U) hafa gert samkomulag um jafnan aðgang að æðri menntun. Samkvæmt samningnum fara greiðslurnar fram gegnum fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar. Greiðsluskylda samkvæmt samningnum hvílir á Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku. Ísland, Grænland, Færeyjar og Álandseyjar standa utan þess. Upplýsingar um fjölda námsmanna eru sóttar í ASIN-gagnagrunninn og starfshópurinn um greiðslufyrirkomulagið hefur síðan skilað þeim.

Greiðslufyrirkomulag, þús. d.kr.	Fjárlög 1997	Fjárlög 1998
Danmörk	-8.481	-11.797
Finnland	+8.646	+11.682
Ísland	-	-
Noregur	+13.200	+13.398
Svíþjóð	-13.365	-13.283
Alls	**0**	**0**

Greiðslur að meðreiknuðum greiðslum samkvæmt samningnum um greiðslur fyrir æðri menntun.

Gagnkvæmar greiðslur landanna hafa aðeins áhrif á innbyrðis skiptingu landanna í milli (Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar). Greiðslur landanna til norrænu ráðherranefndarinnar eru að meðtöldum greiðslum samkvæmt samningnum um greiðslur fyrir æðri menntun sem hér segir:

Greiðslur að meðreiknuðu greiðslufyrirkomulagi, millj. d.kr.	Fjárlög 1997	Fjárlög 1998
Danmörk	162.003	159.917
Finnland	119.120	133.543
Ísland	7.501	6.924
Noregur	163.908	163.647
Svíþjóð	229.404	228.363
Alls	**681.936**	**692.394**

Athugasemdir:

Launatengd gjöld: á við skattskyld laun starfsmanna skrifstofunnar.

Vaxtatekjur: Í fjárlögunum er gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 11,5 millj. d.kr. sem eru áætlaðar á grundvelli væntanlegra 3,5 % vaxta á árinu 1998. Vextirnir hafa verið þessir síðan haustið 1996 og þess er ekki vænst að vextir hækki svo neinu nemi.

Vaxtatekjur norrænu ráðherranefndarinnar hafa lækkað mjög á undanförnum árum og er það afleiðing almennrar vaxtalækkunar í Evrópu. Þetta hefur valdið óvissu varðandi fjárlagagerð ráðherranefndarinnar. Í fjárlögunum 1996 var gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 17,5 millj. d.kr. en uppgjörið nú sýnir að sú áætlun var allt of há. Samkvæmt reikningsuppgjöri ársins 1996 urðu vaxtatekjur einungis 12,5 millj. d.kr. sem er 5 millj. d.kr. lægri upphæð en áætlað hafði verið.

Aðrar tekjur: Undir þennan tekjulið færast endurgreiðslur verkefnafjármagns frá ýmsum stjórnsýslustofnunum og óráðstafað fjármagn stofnananna frá fyrri árum.

Gjaldahlið fjárlaganna Verð ársins í þús. d.kr.	1998 þús. d. kr.	Hlutur %	1997 þús. d. kr.	Hlutur %
1. Menningarsamstarf	**137.562**	**19,4%**	**138.041**	**19,6%**
Verkefnafé og almennir styrkir	91.988	67%	94.895	69%
Stofnanir	45.574	33%	43.146	31%
2. Menntun og rannsóknir	**185.148**	**26,1%**	**198.270**	**28,2%**
Verkefnafé og almennir styrkir	128.639	69%	142.455	72%
Stofnanir	56.509	31%	55.815	28%
3. Umhverfismál	**40.105**	**5,6%**	**33.660**	**4,8%**
Verkefnafé	40.105	100%	33.660	100%
4. Efnahagsmál	**133.860**	**18,8%**	**129.546**	**18,4%**
Verkefnafé	42.864	32%	42.615	33%
Stofnanir	90.995	68%	86.931	67%
5. Réttindi þegnanna	**67.726**	**9,5%**	**62.428**	**8,9%**
Verkefnafé	32.645	48%	29.102	47%
Stofnanir	35.081	52%	33.326	53%
6. Grannsvæði Norðurlanda	**52.020**	**7,3%**	**51.000**	**7,3%**
Verkefnafé	42.942	83%	41.922	82%
Stofnanir	9.078	17%	9.078	18%

Gjaldahlið fjárlaganna Verð ársins í þús. d.kr.	1998 þús. d. kr.	Hlutur %	1997 þús. d. kr.	Hlutur %
7. Önnur starfsemi	**94.273**	**13,3%**	**89.691**	**12,8%**
Verkefnafé	28.873	31%	25.307	28%
Stofnanir	65.400	69%	64.384	72%
Samtals	**710.694**	**100,0%**	**702.636**	**100,0%**
Verkefnafé og almennir styrkir	408.057	57%	409.956	58%
Stofnanir	302.637	43%	292.680	42%
þar af skrifstofa ráðherranefndar	*55.404*	*7,80%*	*54.526*	*7,76%*

6. Menningarmál.

Í skýrslu ráðherranefndar menningarmála til Norðurlandaráðs seint á árinu 1996 var gerð grein fyrir ráðgerðum *áhersluþáttum í menningarsamstarfinu* næstu árin og voru eftirtalin svið sérstaklega tilgreind: Verkefni í þágu barna og ungmenna, kvikmyndir og fjölmiðlar, listasviðið, norræn menningararfleifð, kynning á norrænni menningu utan Norðurlanda, norrænar bókmenntir og norrænn málskilningur, verkefni sem tengja mismunandi samstarfssvið, menning og upplýsingatækni, norræn fjölmenning og Norræni menningarsjóðurinn. Starfið á árinu 1997 tók mið af þessari stefnumörkun. Formennska í ráðherranefndinni var það ár í höndum Norðmanna og af þeirra hálfu voru jafnframt sett fram sérstök stefnumið fyrir menningarsamstarfið. Áhersluþættir voru barna- og ungmennasamstarfið, fjölmenningarsamfélagið og menningartengd úrræði til að vinna gegn kynþáttafordómum og útlendingaandúð, samstarf við grannsvæði Norðurlanda, notkun upplýsingatækni í þágu norrænnar menningarmiðlunar og málskilnings, norrænt fjölmiðlunarsamstarf í evrópsku samhengi og norræn viðhorf í evrópskri menningarsamvinnu. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að norrænt menningarsamstarf ætti sér rætur í menningarstefnu hinna einstöku þjóða og tengdist starfi innlendra menningarstofnana.

Samstarf á sviði *barna- og æskulýðsmenningar* efldist á árinu. Komið var upp tölvuvef sem nefnist „Valhalla“ og er ætlað að vera upplýsinga- og samskiptavettvangur fyrir þá sem standa að og taka þátt í barna- og æskulýðsmenningarstarfi á Norðurlöndum. Verkefni á sviði myndlistar sem kallað var „Börnin og birtan á Norðurlöndum“ var unnið í samvinnu skóla og listasafna víðs vegar um Norðurlönd, m.a. með íslenskri þátttöku.

Á sviði *kvikmynda og fjölmiðlunar* er Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn aðalfarvegur samstarfsins að því er varðar fjárstuðning til einstakra verkefna. Jafnframt er athyglinni í vaxandi mæli beint að áhrifum og möguleikum nýrrar tækni í fjölmiðlun. Á vegum ráðherranefndar menningarmála starfar stjórnarnefnd um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf sem gegnir ráðgjafarhlutverki um stefnumörkun, beitir sér fyrir upplýsingaöflun og kynningarstarfi um þróun á sviði fjölmiðlunar og stuðlar að tilraunaverkefnum sem eru til þess fallin að efla norræna samvinnu. Meðal viðfangsefna sem fjallað var um í skýrslum sem út komu eða unnið var að á árinu á vegum nefndarinnar má nefna útvarp og sjónvarp í almannaþágu í ljósi rafrænnar tækni, refsiábyrgð og bótaskyldu í tengslum við sjónvarps- og netmiðlun yfir landamæri, höfundarétt við endursýningar efnis úr söfnum sjónvarpsstöðva og áhrif þeirrar tilhneigingar til samruna gagna-, fjarskipta- og útvarps/sjónvarpsþjónustu sem ný tækni hefur í för með sér. Fjallað var um þessi mál á sérstökum fundi ráðherranefndar menningarmála í Kalmar í júní 1997. Í ályktun fundarins var m.a. lögð áhersla á mikilvægi útvarps og sjónvarps

í almannaþágu og jafnframt var stjórnarnefndinni falið að undirbúa tillögur um aðgerðir sem stuðlað gætu að norrænu samstarfi á sviði margmiðlunar. Í norrænu samstarfsfjárlögunum fyrir árið 1998 er ætlað fé til stuðnings við slík verkfni. Markmiðið er að stuðla að samstarfi sem styrkt geti norræn tungumál og menningu í hinu alþjóðlega upplýsingasamfélagi.

Við *Norrænu blaðamannamiðstöðina* í Árósum urðu forstöðumannaskipti á árinu 1997. Dr. Sigrún Stefánsdóttir var ráðin rektor til fjögurra ára frá 1. september 1997.

Árið 1994 var komið á fót kerfi *ferðastyrkja fyrir unga norræna listamenn* sem þriggja ára reynsluverkefni. Styrkáætlun þessi fékk nafnið „Sleipnir". Markmiðið var að auka kynni ungra norrænna listamanna úr öllum listgreinum af list annarra norrænna þjóða og stuðla að því að þeir líti á Norðurlönd í heild sem starfssvæði sitt. Við lok reynslutímabilsins 1997 var gerð úttekt á starfseminni. Niðurstaðan var sú, að áætlunin hefði í meginatriðum heppnast eins og til var stofnað og þjónað tilgangi sínum. Ráðherranefnd menningarmála ákvað að framlengja áætlunina um önnur þrjú ár eða til ársins 2000. Í úttektarskýrslunni kom fram, að á árunum 1994–1996 hlutu 72 íslenskir listamenn ferðastyrki Sleipnis.

Norræna *listamannamiðstöðin Dalsåsen* á Fjölum í Noregi tók til starfa á árinu. Þar eru m.a. gistivinnustofur fyrir myndlistarmenn. Norræna myndlistar- og listiðnaðarnefndin er jafnframt stjórnarnefnd miðstöðvarinnar.

Norræna æskulýðshljómsveitin „Orkester Norden" var stofnuð 1993 sem samstarfsverkefni Lionshreyfingarinnar og Norrænu félaganna með fjarhagslegum stuðningi Norræna menningarsjóðsins. Þegar sá stuðningur féll niður samkvæmt reglum sjóðsins varð nokkur óvissa um framtíð hljómsveitarinnar. Ráðherranefnd menningarmála veitti styrki til hljómsveitarinnar 1996 og 1997 og hlutaðist jafnframt til um úttekt á starfseminni. Á grundvelli úttektarskýrslunnar, sem lá fyrir í endanlegri gerð í ársbyrjun 1997, ákvað ráðherranefndin að stuðla að því að starfsgrundvöllur hljómsveitarinnar yrði tryggður næstu tvö árin, 1998 og 1999.

Árið 1994 var komið á fót nefnd til að stuðla að *auknu samstarfi norrænna* safna á sviði lista- og menningarsögu. Starfstími nefndarinnar var ákveðinn þrjú ár. Hlutverk hennar skyldi m.a. vera að hlutast til um einstök samvinnuverkefni, mynda upplýsinganet og draga fram í dagsljósið þátt safnanna í norrænni menningarsamvinnu. Nefndin hefur beitt sér fyrir ráðstefnum og könnunum um ýmis mál sem verksviði hennar tengjast, svo sem um nýtingu upplýsingatækni í norrænum söfnum, skipulag safnamála og safnalöggjöf á Norðurlöndum svo og hlut safna í umhverfisvernd frá menningarsögulegu sjónarmiði. Fjallað hefur verið sérstaklega um starf safna sem beinist að börnum og ungmennum. Á því sviði er unnið að undirbúningi norræns samstarfsverkefnis sem lýtur að því hvernig tengja megi þann menningararf sem söfnin varðveita framtíðarsýn barna og ungs fólks við upphaf nýs árþúsunds. Að undangenginni viðhorfskönnun meðal safnastofnana ákvað ráðherranefnd menningarmála 1997 að framlengja starfstíma norrænu safnanefndarinnar til ársins 2000.

Meðal verkefna sem tengjast *norrænum menningararfi* og styrkt voru af ráðstöfunarfé ráðherranefndar menningarmála 1997 má nefna heildarútgáfu Íslendingasagna í enskri þýðingu á vegum Bókaútgáfunnar Leifs Eiríkssonar. Veittur var styrkur, 350 þús. d.kr. (um 3,9 millj. ísl. kr.) til kynningarstarfs í Bandaríkjunum, en áður hafði útgáfan hlotið styrk úr Norræna menningarsjóðnum.

Helstu verkefni í *kynningu á norrænni menningu* erlendis á árinu 1997 voru umfangsmikil tónlistarhátíð í Toronto í Kanada, sem raunar tók einnig til fleiri listgreina, og bókmenntakynning í Þýskalandi. Tónlistarkynning í Bretlandi, sem hófst 1996, tók einnig til ársins 1997. Í öllum þessum verkefnum komu margir íslenskir listamenn, höfundar og flytjendur, við sögu.

Undir lok árs 1996 var lögð fram skýrsla um athugun á *norrænu bókmenntasamstarfi*. Með hliðsjón af niðurstöðum hennar ákvað ráðherranefnd menningarmála að auka nokkuð framlag til þýðingarstyrkja af norrænum fjárlögum fyrir árið 1998.

Undanfarin tvö ár hefur norrænn vinnuhópur um *upplýsingatækni á menningarsviði* verið að störfum. Markmiðið var að stuðla að því að uppbyggingu „menningarneta", þ.e. tölvutengdra upplýsinganeta um menningarmál, í hinum einstöku norrænu löndum yrði hagað þannig að þau gætu orðið samvirk og upplýsingarnar nýst hvarvetna á Norðurlöndum. Skipun vinnuhópsins hefur verið endurnýjuð með nánar skilgreindu verksviði og starfstíminn ákveðinn til ársloka 1999.

Á fundi ráðherranefndar menningarmála vorið 1996 var samþykkt að láta taka saman yfirlit um verkefni sem unnið væri að eða nýlokið á Norðurlöndum í því skyni að hamla gegn *útlendingaandúð og kynþáttafordómum*. Var talið æskilegt að gera slíka úttekt áður en teknar yrðu ákvarðanir um frekara norrænt samstarf í þessum efnum á vettvangi ráðherranefndarinnar. Skýrsla lá fyrir vorið 1997. Var þá settur á fót vinnuhópur til að undirbúa tillögur um menningartengd samstarfsverkefni sem stuðlað gætu að því að draga úr fordómum á þessu sviði. Hópurinn skilaði skýrslu í júní 1997 þar sem settar voru fram hugmyndir um tíu verkefni. Að lokinni umsagnarmeðferð meðal norrænna samstarfsstofnana var ákveðið á fundi ráðherranefndar menningarmála í desember 1997 að veita styrki til þriggja verkefna en óska frekari greinargerðar og tillagna fyrir fyrsta fund ráðherranna 1998. Samstarfið miðar að því að varpa ljósi á fjölþættar rætur menningar í norrænum nútímaþjóðfélögum og snýr m.a. að börnum og unglingum. Norrænu fjárlögin 1998 gera ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til verkefna á þessu sviði.

Skýrsla starfshóps sem falið var að undirbúa áætlun um *menningarsamstarf við grannsvæði Norðurlanda* kom til umfjöllunar ráðherranefndar menningarmála snemma árs 1997. Ákveðið var að senda skýrsluna norrænum samstarfsstofnunum á menningarsviðinu í því skyni að hún yrði höfð til hliðsjónar við mótun grannsvæðasamstarfsins á næstu árum.

Menningarsamstarfið innan vébanda Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins er fastur dagskrárliður á fundum ráðherranefndar menningarmála, þar sem færi gefst á að skiptast á upplýsingum og skoðunum um málefni sem á döfinni eru hverju sinni í því samstarfi. Í september 1997 var haldinn fundur í Brussel með fulltrúum menningarmálaráðuneytanna á Norðurlöndum til að bera saman bækur um viðbrögð við hugmyndum framkvæmdastjórnar ESB um nýja, heildstæða samstarfsáætlun á sviði menningarmála. Fulltrúar frá skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar sátu einnig fundinn.

Á vegum ráðherranefndar menningarmála er nú hafin vinna að undirbúningi greinargerðar þar sem settar verða fram hugmyndir um *framtíðarskipan norræns menningarsamstarfs*. Er stefnt að því að greinargerðin verði lögð fyrir Norðurlandaráð á þingi þess haustið 1998.

7. Menntamál og vísindi.

Samstarf Norðurlanda á sviði menntamála og vísinda á árinu 1997 hefur beinst að því að auka almennt samstarf landanna svo og að styrkja samstarf við önnur Evrópuríki og við grannsvæði Norðurlanda. Aukin þátttaka Norðurlanda í Evrópusamstarfi stuðlar að þróun í alþjóðasamvinnu bæði hvað varðar Evrópusambandið og aðrar stofnanir og gerir þeim betur kleift að halda norrænu svipmóti sínu.

Unnið er að því að styrkja og þróa samstarf á sviði menntamála og vísinda. Markmiðið er að jafn auðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og í eigin landi.

Lögð er áhersla á að styrkja norræn viðhorf í alþjóðasamstarfi og gera starfsemina skilvirkari. Í starfsáætlunum verður lögð sérstök áhersla á að styrkja tengslin milli hinna vestlægu Norðurlanda og annarra ríkja Norðurlanda.

Í samræmi við þessa stefnumörkun fer meginhluti fjárveitinga sviðsins til almennra styrkveitinga, samskipta og tímabundinna verkefna. Aukin áhersla hefur verið lögð á samhæfingu og í samræmi við það var m.a. ákveðið að skipa stefnumarkandi samstarfshóp um upplýsingatækni í menntamálum og vísindum.

Enn fremur hafa nýjar áætlanir um samvinnu á sviði skólamála, svo og um fullorðinsfræðslu og alþýðufræðslu, verið samþykktar og ná þær yfir árabilið 1997–2000. Í áætlununum verður m.a. lögð aukin áhersla á málasamstarf, áhuga ungmenna á náttúruvísindum, stærðfræði og tækni, símenntun og upplýsingatækni og margmiðlun.

Nýr vinnuhópur um málasamstarf var settur á laggirnar á árinu sem er ætlað að koma með tillögur að stefnumörkun til að vísa veginn í málasamstarfi Norðurlanda.

NORDMÅL-áætlunin (1996–2000) tekur til *tungumálasamstarfs Norðurlandaþjóðanna* og var hún staðfest af norrænu ráðherranefndinni í mars 1995. Stefnt er að því að styrkja tungumálasamstarfið enn frekar á komandi árum. NORDMÅL áætluninni er ætlað að styrkja norrænt tungumálasamfélag og tekur til námskeiðahalds, framleiðslu kennsluefnis, orðabókargerðar, rannsókna, upplýsingastarfsemi og fleiri verkefna.

Margar stofnanir koma að NORDMÅL áætluninni svo sem norrænar málastofnanir en norræn námskeið og önnur samskipti innan NORDPLUS stuðla einnig að því að styrkja norrænt tungumálasamfélag og um leið þau markmið sem lýst er í NORDMÅL áætluninni.

Á vegum NORDMÅL hafa verið haldin fjölmörg námskeið fyrir kennara og túlka, gefnar út námsbækur sem þýddar hafa verið á finnsku, færeysku og íslensku og unnið er að orðabókarsmíði. Fulltrúar Félags dönskukennara og Samtaka móðurmálskennara eru virkir í NORDMÅL.

Áætlun ráðherranefndarinnar um *hreyfanleika og tengsl* snýr sérstaklega að ungu fólki. Nauðsynlegt er að ungt fólk á Norðurlöndum fái tilfinningu bæði fyrir því sem líkt er og ólíkt með þeim þjóðum sem þar búa. Mikilvægt er að ungt fólk kynnist tungumálum grannlandanna frá skólaaldri og fái tækifæri til að kynnast menningu þeirra, lifnaðarháttum og gildismati.

Verkefnið *NORDPLUS-junior* er sniðið fyrir ungt fólk á aldrinum 16–19 ára og á áfram að skipa veglegan sess í norrænu skólasamstarfi. Verkefninu er m.a. ætlað að styrkja sambandið við Vestur-Norðurlönd og skapa jákvætt viðhorf til norræns menntunarumhverfis. Með nemendaskiptum ræktar vestnorræna starfsáætlunin sérstaklega sambandið milli Íslands, Grænlands og Færeyja og annarra ríkja Norðurlanda.

Norrænu tölvusamskiptaneti fyrir skóla, *Óðni* (Norræna skólanetinu), var komið á laggirnar í mars 1994. Tölvunet þetta á að auðvelda öll samskipti milli skóla og annarra menntastofnana á Norðurlöndum en á einnig að verða upplýsingabanki. Netið tengist alþjóðlega tölvunetinu internet. Norræna skólanetið á að hafa alla burði til þess að styrkja tengsl skólastofnana á Norðurlöndum og auðvelda samstarf bæði nemenda og kennara á Norðurlöndum. Langflestir grunn- og framhaldsskólar á Íslandi hafa aðgang að netinu.

Ráðherranefndin hleypti af stokkunum nýrri samstarfsáætlun um samvinnu um notkun upplýsingatækni í kennslu, *IDUN*, á árinu 1995.

Á háskóla- og vísindasviðinu hefur tölvusamskiptanetið *NORDUnet* gegnt svipuðu hlutverki og Óðinn. Samkomulag er um að styðja NORDUnet enn frekar svo það geti betur sinnt hlutverki sínu í framtíðinni.

Styrkveitingum á vegum NORDPLUS hefur verið haldið áfram bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi.

NORDPLUS áætlunin á stóran þátt í því að uppfylla þau markmið sem liggja til grundvallar áframhaldandi samvinnu á sviði menntunar á Norðurlöndum en henni er ætlað að stuðla að auknu samstarfi milli háskóla á Norðurlöndum.

Á hverju ári taka alls um 5000 nemendur og kennarar á Norðurlöndum þátt í áætluninni. Í NORDPLUS gefst námsmönnum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, allt að eitt ár, við háskóla annars staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustarfi. Þátttaka háskólanema í NORDPLUS hefur farið stigvaxandi á undanförnum árum en ein meginforsendan fyrir þátttöku í NORDPLUS er gagnkvæmni í nemendaskiptum. Á ráðherrafundi menntamálaráðherra Norðurlanda í desember 1995 var ákveðið að halda þessu verkefni áfram en upphaflega átti því að ljúka 1996. Íslendingar taka virkan þátt í þessu samstarfi og tekur Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins við umsóknum um styrkina og veitir upplýsingar þar að lútandi.

Norrænn samningur um jafnan aðgang að háskólum var undirritaður í Kaupmannahöfn 3. september 1996. Miðað er við að samningurinn gildi í þrjú ár frá 1. janúar 1997. Samningur þessi kemur í stað fyrri samnings um sama efni sem gerður var til tveggja ára 1994.

Meginatriði samningsins er að allir norrænir stúdentar hafi jafnan aðgang að öllum háskólum á Norðurlöndum. Í samningnum eru ákvæði um greiðslukerfi sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð munu taka upp sín á milli. Samkvæmt þessu kerfi skulu þau ríki sem senda frá sér fleiri stúdenta en þau taka á móti greiða ákveðið gjald fyrir mismuninn. Ísland verður undanþegið frá þessum ákvæðum.

Á gildistíma samningsins næstu þrjú ár verður metið hvort hagsmunum Íslands af samningnum yrði betur borgið með þátttöku okkar í greiðslukerfinu.

Norræna ráðherranefndin hefur í hyggju að *örva samvinnu milli alþýðustofnana,* frjálsra félagasamtaka, lýðháskóla, samtaka í atvinnulífi og annarra samtaka og stofnana sem sinna fræðslu. Stefnt er að því að örva þverfagleg verkefni innan fullorðinsfræðslunnar.

Áfram er unnið að því að skapa virkt norrænt vísindasamfélag sem stuðlað getur að því að styrkja stöðu norrænna vísinda- og tæknirannsókna. Haldið verður áfram að leita leiða til verkaskiptingar og sérhæfingar meðal háskóla og annarra æðri menntastofnana. NORDPLUS-áætlunin og styrkjakerfi það sem NorFA starfrækir eru mikilvæg í þessu sambandi. Öflug og tíð samskipti norrænna vísindamanna í sameiginlegum verkefnum verður áfram einn af hornsteinum norrænnar samvinnu.

Áætlunum um umhverfisrannsóknir og rannsóknir á skilyrðum mannlífs á norðurslóð verður haldið áfram. Umræður fara fram um framtíð norrænnar samvinnu um líftækni.

Krafan um norrænt notagildi sameiginlegra fræðslu- og rannsóknarstofnana verður höfð að leiðarljósi við ákvarðanir um stofnanirnar og í starfi þeirra í samræmi við nýjar samþykktir um sameiginlegar norrænar stofnanir.

Ráðherranefndin hefur í hyggju að styrkja einkum þann hluta rannsóknarsamstarfsins sem beinist að sérstökum norrænum verkefnum á sviði menningar og þjóðmála. Vinna er hafin að nýju norrænu rannsóknarverkefni í hug- og félagsvísindum og er áætlað að verkefninu ljúki árið 2000.

Á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda í desember 1997 var samþykkt að senda samstarfsráðherrunum til athugasemda tillögu Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) um breytingu á skipan norræns vísindasamstarfs. Tillagan felur í sér að heildarstefna verði mótuð um alla samvinnu landanna á þessu sviði.

Norræn lífsiðfræðinefnd.

Norræn lífsiðfræðinefnd (Nordisk komité for bioetik) hefur starfað frá árinu 1988 og var endurskipuð til þriggja ára frá 1. janúar 1996.

Nefndin hélt þrjá starfsfundi á árinu 1997, í febrúar í Bergen, í maí í tengslum við málþing í Reykjavík og í nóvember í Kaupmannahöfn.

Dagana 2.–5. maí 1997 var haldið málþing um lífsýnabanka á vegum nefndarinnar í Norræna húsinu í Reykjavík. Málþingið sóttu vísindamenn, lögfræðingar, rithöfundar, stjórnmálamenn, guðfræðingar og heimspekingar frá öllum Norðurlöndum, alls um 40. Af hálfu Íslands sóttu þingið um 14 manns, þar á meðal fulltrúar frá helstu lífsýnabönkum hér á landi. Fluttir voru fyrirlestrar um íslenskan banka sem geymir lifandi frumur til krabbameinsrannsókna og um guðfræðilegar og siðfræðilegar hliðar á lífsýnabönkum. Fjallað var um nokkur dæmi um ólíka lífsýnabanka á Norðurlöndum, Janus sermisbankann í Noregi, danskt blóðsýnasafn til greiningar á ýmsum sjúkdómum í nýfæddum börnum, fósturvefjabanka í Svíþjóð og finnskan kynfrumubanka til nota við glasafrjóvgun. Áhugi viðskiptalífsins á lífsýnabönkum hefur aukist mjög á síðustu árum, samhliða hraðri þróun á sviði sameindaerfðafræði. Nýjar aðferðir og aukin tækni gera mögulegt að einangra erfðaefni jafnvel úr örfáum frumum og úr sýnum frá gengnum kynslóðum. Rætt var um nýja möguleika og hagnýtingu við framleiðslu nýrra lyfja og bættar aðferðir við greiningu. Fjallað var um vandamál í tengslum við upplýst samþykki. Ljóst er að slíkt samþykki þarf ekki aðeins við sýnatöku heldur einnig varðveislu jafnt sem notkun sýna í nýjum tilgangi. Hlutverk siðanefnda er að hindra misnotkun og vernda rétt einstaklingsins í þessu samhengi. Skýrt var frá núgildandi löggjöf á Norðurlöndum og þróun mála á þessu sviði á alþjóðavettvangi. Bent var á mikilvægi aukinnar samvinnu og áhersla lögð á mikilvægi þess að hlutverk og starfsemi lífsýnabanka væri gerð lýðum ljós. Allra persónulegra upplýsinga bæri að gæta vandlega og fela umsjá þeirra ábyrgum og hæfum aðilum.

Í tengslum við málþingið stóð nefndin fyrir opinberum fyrirlestri í Norræna húsinu. Titill fyrirlestrarins var: Lífsýnabankar í heilbrigðiskerfinu – gjafasöfn eða verslunarvara?

Á vegum nefndarinnar kom á árinu 1997 út ritið „Human biobanks – ethical and social issues“ („Söfn með lífsýnum úr mönnum – siðfræðilegar og félagslegar spurningar“) með fyrirlestrum af ofangreindu málþingi í Reykjavík, svo og umræðum meðal þátttakenda.

Stefnt er að því að nefndin gefi út bækling á árinu 1998, er veitir yfirlit yfir hinar ýmsu siðanefndir Norðurlanda á sviði lækninga og líffræði svo og lög og reglugerðir þar að lútandi. Er hér um mjög þarft rit að ræða, sem hefur verið lengi í undirbúningi, en hér er um að ræða eina rit sinnar tegundar á Norðurlöndum. Kemur til greina að endurútgefa það með reglulegu millibili.

Bæklingurinn um siðanefndir verður endurbættur í ljósi ráðstefnu, sem nefndin ráðgerir að halda í Kaupmannahöfn dagana 27.–28. apríl 1998 með þátttöku helstu lífsiðfræðinefnda (bioetiska kommittéer) Norðurlanda. Gert verður ráð fyrir 2–3 nefndum frá hverju landi, og verður einum fulltrúa frá hverri nefnd boðið á ráðstefnuna. Hverri nefnd verður einnig heimilt að bjóða einum öðrum fulltrúa á eigin kostnað. Auk þess verður áheyrnarfulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum boðið á ráðstefnuna. Fulltrúum tveggja íslenskra lífsiðfræðinefnda verður boðið, Siðaráði landlæknis og Vísindasiðanefnd. Á fundinum er ráðgert að hinar ýmsu siðanefndir beri saman bækur sínar, geri grein fyrir starfsemi sinni og starfsreglum og beri saman hvernig þær meðhöndla nokkur prófmál.

Þótt núverandi umboð nefndarinnar renni út í árslok 1998, hefur nefndin fullan hug á að starfa áfram fái hún til þess endurnýjað umboð, enda telur hún þau málefni, sem falla innan verk sviðs hennar, þurfa umfjöllunar frekar en nokkru sinni áður.

8. Umhverfismál.

Samstarf umhverfisráðherra Norðurlanda (MR-Miljø) byggist á Norrænu umhverfisáætluninni 1996–2000 (Den Nordiske Miljøstrategi 1996–2000). Í áætluninni koma fram þau markmið sem sett eru í samstarfinu bæði innan Norðurlanda og á alþjóðavettvangi. Hin beina framkvæmd umhverfisáætlunarinnar er í höndum fastra vinnuhópa og annarra nefnda sem falin er sérstök verkefni. Embættismannanefndin fylgist með vinnu nefndanna fyrir hönd ráðherranna og upplýsir þá um gang mála. Því eru einstök verkefni almennt ekki á dagskrá ráðherrafunda.

Umhverfisráðherrafundir eru að jafnaði þrisvar á ári. Það sem hæst bar á þeim vettvangi á árinu voru alþjóðleg málefni, svo sem samstarfið á Norðurskauti og undirbúningur og skoðanaskipti fyrir fundinn í Kyoto um loftslagsbreytingar. Evrópumál eru fastur liður á dagskrá umhverfisráðherra. Þar eru rædd almenn málefni, sem og dagskrár komandi funda í ráðherraráði Evrópusambandsins (ESB). Hefur þessi vettvangur verið nýttur til þess að koma að sjónarmiðum Íslands varðandi einstakar gerðir sem eru í undirbúningi hjá ESB. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að fyrir fundi umhverfisráðherra ESB eru haldnir stuttir samráðsfundir umhverfisráðherra Norðurlanda. Þessir fundir eru haldnir í Luxemborg og hefur umhverfisráðherrum Noregs og Íslands verið boðið. Hafa þeir fundir verið sóttir eftir föngum af Íslands hálfu.

Þrír fundir eru í norrænu embættismannanefndinni um umhverfismál (EK-Miljø) á ári hverju. Aðalverkefni þeirra funda eru undirbúningur fyrir ráðherrafundi og ákvarðanataka um málefni sem ekki fara til ráðherranna, svo sem um verkefnaáætlanir fastra vinnuhópa. Embættismannanefndin hefur lagt áherslu á samvinnu við aðrar embættismannanefndir og á síðasta ári bættist embættismannanefndin um neytendamál (EK-Konsument) í hópinn.

Á síðasta fundi nefndarinnar árið 1997 var samþykkt að hrinda í framkvæmd starfsáætlun um náttúruvernd á Norðurskauti („Handlingsplan om Naturskydd i Arktis").

Stuðningur við samning um þrávirk lífræn efni.

Á síðasta ári var tekin ákvörðun um nokkuð sérstakt verkefni á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda um stuðning við samningaferli um gerð hnattræns samnings um takmörkun á losun þrávirkra lífrænna efna. Samningurinn verður unninn á vegum UNEP og felst hinn sérstaki stuðningur Norðurlanda í því að þau kosta sameiginlega einn starfsmann á vegum UNEP til að vinna að framgangi málsins. Verkefnið var fjármagnað að hluta til með norrænu fé, en löndin leggja einnig hvert fyrir sig myndarlegan skerf til fjármögnunarinnar. Þessi ákvörðun var tekin í framhaldi af góðu samstarfi norrænu ríkjanna um að hrinda þessum samningaviðræðum í framkvæmd.

8.1. Störf vinnunefnda.

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Hlutverk nefndarinnar eru að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og móta tillögur að aðgerðum á alþjóðavettvangi og heima fyrir. Enn fremur að nýta það fé sem nefndinni er ætlað til að styrkja hinn vísindalega grundvöll þessa starfs. Haldnir voru tveir fundir á árinu þar sem stefnumótun fór fram og styrkjum úthlutað. Einn vinnuhópar starfaði á vegum nefndarinnar.

Nú þegar fyrir liggur alþjóðleg bókun um takmörkun brennisteinsmengunar og því er unnið á vegum nefndarinnar að svipuðu samkomulagi er varðar köfnunarefnissambönd. Enn fremur er unnið af miklum krafti að rannsóknum sem lagt geta grunn að samkomulagi um þrávirk lífræn efni og þungmálma en margt er enn óþekkt um hegðun þeirra, sérstaklega á norðurslóðum. Þessar rannsóknir eru mjög dýrar og því nauðsynlegt að vinna skipulega að þeim.

Ákveðið var að styrkja norrænt starf til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að ýta undir rannsóknir þar að lútandi. Fylgst er náið með störfum Evrópusambandsins að því er varðar reglur um losun mengandi efna í loft og haf með sérstakri áherslu á aðgerðir til að takmarka myndun oxandi lofttegunda.

Á þessu ári veitti nefndin um 1,5 millj. kr. til verkefna í íslenskri umsjón en íslensk þátttaka var í nokkrum verkefnum til viðbótar. Stefnumörkun ráðherranefndarinnar gerir það að verkum að nánast er ógerningur að fá fjármagn til annarra verkefna en þeirra sem ljóslega styrkja reglugerðarvinnu og stefnumörkun.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna (NMD).

Starfsemi NMD var með svipuðu sniði árið 1997 og á árinu 1996. Ísland lætur af formennsku í NMD í árslok 1997 eftir þriggja ára formennsku. Það verkefni sem hæst ber, er vinna við skýrslu um fjölbreytileika náttúrunnar (biodiversity) sem á að koma út árið 2000. Af öðrum verkefnum á vegum NMD árið 1997 sem snerta Ísland má nefna:

- lok vöktunarverkefnis á strandsvæðum, samstarfsverkefni milli Íslands, Færeyja og Noregs en Breiðafjörður er vöktunarstaður á Íslandi,
- skipulagning á vöktun ferskvatns með tilliti til væntanlegrar ESB tilskipunar.

Hluti af starfsemi NMD er að hafa umsjón með verkefnum á grannsvæðunum og þá einkum og sér í lagi að koma á vöktun og stuðla að góðri meðferð á gögnum í Eystrasaltsríkjunum.

Helstu verkefni NMD á árinu 1998:

- áframhaldandi vinna við gerð skýrslu um fjölbreytileika,
- vöktun ferskvatns og
- úttekt á vöktunarverkefni á strandsvæðum en því skal ljúka með vinnufundi hér á landi þar sem niðurstöður verða skoðaðar og tillögur að framhaldi ræddar.

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur (NKG) er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Nefndin er stjórnvöldum til ráðgjafar við stefnumótun. Hún vinnur að öflun og úrvinnslu gagna sem undirbyggja ákvarðanir og aðgerðir heima fyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Hún stuðlar að samvinnu stjórnvalda og að samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best. Nefndin hefur í vaxandi mæli beint starfi sínu að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu. Meðal verkefna sem unnin eru á þeim vettvangi má nefna samvinnu þjóða um takmörkun á notkun eiturefna og aðgerðir til að draga úr áhættu við notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Á síðustu árum hafa verkefni er nýtast Norðurlandaþjóðunum vegna aðildar þeirra að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og Evrópusambandinu fengið aukið vægi. Ísland hefur tekið þátt í starfi efnavörunefndarinnar frá árinu 1989. Ísland fór með formennsku í nefndinni árið 1997 en þrír fundir voru haldnir á árinu.

Verkefnin sem unnið hefur verið að á árinu eiga sér stoð í norrænu umhverfisverndaráætluninni fyrir árin 1996–2000. Í grófum dráttum skiptast verkefni vinnunefndarinnar í fjóra flokka, þ.e. flokkun hættulegra efna, skilgreiningu á áhættu vegna efnanotkunar, áhættumat og takmörkun áhættu. Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í átta þeirra, þ.e. nefndum um eftirtalin málefni;

- varnarefni sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju,
- önnur varnarefni en þau sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju, svo og um framkvæmd nýrrar Evrópusambandstilskipunar um viðkomandi efni,

- takmörkun á notkun ósoneyðandi efna,
- efni sem geta valdið skaða á taugakerfi,
- efni sem geta verið hættuleg heilsu fólks,
- hættuflokkun umhverfisskaðlegra efna,
- þróun aðferða til að flokka efni sem eru hættuleg fyrir umhverfið og
- aðferðir við mat á áhættu vegna efnanotkunar.

Meðal þeirra verkefna sem unnið hefur verið að í verkefnahópum á árinu 1997 má nefna eftirfarandi: Þróun aðferða til að meta áhættu, söfnun upplýsinga og skipulögð samvinna þeirra rannsóknastofnana á Norðurlöndum sem koma að slíkum verkefnum, könnun á bindingu varnarefna í ólíkum tegundum af jarðvegi og könnun á efnum sem hafa svipuð áhrif og hormónar. Á vegum viðkomandi starfshóps hafa verið gefnar út skýrslurnar: „Development of Ecotoxicity and Toxity Testing of Chemicals" (TemaNord 1997:524) og „Non-mutagenic carcinogens: mechanisms and tests methods" (TemaNord 1997:601). Aflað hefur verið upplýsinga og unnar úttektir varðandi eiturefni og umhverfiseitur og efnafræðilega eiginleika varnarefna. Könnuð var útbreiðsla skaðlegra efna svo sem óson-eyðandi efna og samræmdar áætlanir og aðgerðir til að draga úr magni hættulegra efna í umhverfinu. Gefin var út skýrslan „Alternatives to Methyl Bromide" (TemaNord 1997:513) og fræðslubæklingurinn „Verndun ósonlagsins – norræn viðhorf". Unnið var að verkefnum varðandi prófunaraðferðir á efnum sem áhrif hafa á taugakerfi manna. Lokið var við íslenskt verkefni sem hófst árið 1996 varðandi rannsókn á aðferð til að mæla hugsanleg áhrif af notkun leysiefna á fólk sem hefur unnið með slík efni. Unnið hefur verið að verkefnum um flokkun hættulegra efna hvað varðar áhrif á umhverfi og/eða heilsu manna. Þessar upplýsingar hafa verið mikilvægt framlag í samstarf við þjóðir Evrópusambandsins. Gefnar voru út skýrslurnar „Health effects of selected chemicals – Volume 4" (TemaNord 1997:599) og „Environmental Hazard Classification" (TemaNord 1997:549). Lokið var verkefni er tengdist Evrópusamstarfi varðandi aðferðafræði við áhættumat. Gefin var út skýrslan „The use of decision-aid methods in the assessment of risk reduction measures in the control of chemicals".

Vinnunefnd um náttúruvernd og útivistarmál.

Náttúruverndar- og útivistarnefndin hefur það hlutverk að skilgreina samnorræn markmið og leiðir í náttúruvernd, útivist og verndun menningarlandslags. Verksvið nefndarinnar spannar allt frá faglegri stefnumótun til tillagna um framkvæmd og stjórnsýsluaðgerðir ásamt því að benda á stöðu vísindalegrar þekkingar á hverju sviði. Nefndin starfar í umboði norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við norræna stefnu í umhverfismálum (Den Nordiske Miljøstrategi 1996–2000).

Á árinu 1997 var lögð áhersla á verkefni sem einkum snerta verndun líffræðilegrar fjölbreytni, þar undir verndun búsvæða og tegunda, útivistarmál og verndun menningarlandslags. Markmið einstakra verkefna er fyrst og fremst að gefa yfirlit yfir stöðu einstakra málaflokka innan náttúruverndar, hugsanlega þróun, ógnir gegn búsvæðum og tegundum sem og að koma með tillögur um hvernig best sé staðið að verndun þeirra.

Í samræmi við þá stefnu sem tekin var á árinu 1996 var stofnaður nýr hópur um verndun heimskautasvæða. Hópnum er ætlað það hlutverk að leggja fram áætlun, árið 1999, um verkefni sem stuðla að náttúruvernd og sjálfbærri nýtingu á þeim sviðum náttúruverndar og útivistar sem aðrar alþjóðlegar stofnanir eða samtök taka ekki til. Í fyrstu er aðeins miðað við sameiginleg verkefni milli Grænlands, Íslands og Svalbarða.

Á árunum 1996 og 1997 hefur verið lögð meiri áhersla á verkefni sem stuðla að verndun menningarminja. Þetta er einkum mikilvægt þar sem landslag er sífellt að breytast bæði vegna

ýmissa framkvæmda og hefðbundins landbúnaðar. Nú þegar hafa ein fjögur verkefni verið sett í gang þar sem m.a. er tekið á þáttum eins og „menningarminjar og mat á umhverfisáhrifum" og „menningaminjar í landbúnaðarlandslagi".

Lokið var við nokkur verkefni á árinu m.a. verkefni um þá hættu sem vistkerfum getur stafað af sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera en sérstök ráðstefna verður haldin um þetta efni á næsta ári. Einnig var lokið verkefni um stofnstærðir fugla á Norðurlöndum og framtíðarhorfur á því sviði.

Á sviði útivistar var lokið við verkefni um almannarétt árið 1996. Í kjölfar þeirra útgáfu var ákveðið að gefa út bækling um sama efni á Norðurlöndum fyrir hinn almenna ferðamann og mun bæklingurinn koma út á næsta ári. Nú um þessar mundir er einnig verið að leggja síðustu hönd á útgáfu um „Græna ferðamennsku" (Økoturisme i Norden) en í þeirri skýrslu er reynt að skilgreina hvað sé græn ferðamennska og hvaða kröfur sé hægt að gera til þeirra ferðaþjónustuaðila sem telja sig reka náttúruvæna ferðaþjónustu.

Á sviði landslagsverndar var lokið við verkefnið „Israndslinier í Norden" og stendur til að gefa út úrdrátt úr verkinu sem hægt er að nota við kennslu í skólum.

Nefndin mun á árinu 1998 styðja um 18–20 verkefni þar á meðal verkefni sem heyra undir samvinnu milli hinna ýmsu sviða, sérverkefni sem fjalla um heimskautssvæðin og samvinnuverkefni við Eystrasaltríkin.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og orkumál.

Þessi nefnd samanstendur af fulltrúum frá orku- og umhverfisráðuneytunum. Þátttaka Íslands í störfum nefndarinnar hefur verið takmörkuð og hafa íslensku fulltrúarnir aðeins tekið þátt í tveimur nefndarfundum á þessu ári en nefndarfundir hafa alls verið 8.

Starf nefndarinnar beindist einkum að samningviðræðum um bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og hvernig mætti tryggja að bókunin hefði ákvæði sem gerði það kleift að ná markmiðum samningsins á sem hagkvæmastan hátt. M.a. hefur verið unnið að verkefnum sem varpa betra ljósi á með hvaða hætti viðskipti með losunarkvóta fyrir gróðurhúsalofttegundir geta farið fram og hvaða efnahagslegur ávinningur fylgir slíku fyrirkomulagi. Þá hefur verið unnið að útfærslu á hugmyndum um reglur fyrir sameiginlega framkvæmd (joint implementation) vegna aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig hefur verið unnið að gerð vísitalna til að meta árangur af aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og settar hafa verið í gang rannsóknir á aðferðum til að bera saman gróðurhúsaáhrif mismunandi lofttegunda.

Nefndin stóð fyrir sérstakri ráðstefnu í Ósló í maí þar sem fjallað var um rammasamning Sameinuðu þjóðanna og leiðir til að taka tillit til aðstæðna einstakra ríkja með mismunandi losunarskuldbindingum (byrdefordeling). Þá voru haldnir sérstakir vinnufundir um bindingu koltvíoxíðs í gróðri og sameiginlega framkvæmd. Ísland átti fulltrúa á þessum fundum og þóttu þeir afar gagnlegir sem undirbúningur fyrir samningaviðræðurnar í Kyoto.

Ráðherranefndin samþykkti á haustdögum 1997 nýtt erindisbréf (mandat) fyrir samstarfsnefndina.

Á næsta ári fyrirhugar samstarfsnefndin að beina athyglinni sérstaklega að Kyoto-bókuninni og þeim áhrifum sem hún kann að hafa á orku- og umhverfismál og efnahag Norðurlandanna. Á þessu ári hafa Norðmenn gegnt formennsku í nefndinni en um áramótin taka Svíar við stjórn.

Vinnuhópur um mat á umhverfisáhrifum (MKB ad-hoc).

Skipulag ríkisins hefur tekið þátt í starfi norræns vinnuhóps um mat á umhverfisáhrifum (MKB ad-hoc) árið 1997. Gert er ráð fyrir að hópurinn starfi út árið 1998. Helstu verkefni hans á þessu tímabili hafa verið og verða að undirbúa samskiptanet um mat á umhverfisáhrifum á Norðurlöndum sem taka muni við af þeim samskiptavettvangi sem vinnuhópurinn hefur verið til þessa. Í því skyni hafa verið styrkt verkefni sem snúa beint að uppsetningu og þróun slíks samskiptanets, sem væntanlega yrði fyrst og fremst á veraldarvefnum. Einnig verkefni sem snúa að þróun umhverfismatsáætlana, m.a. með hliðsjón af fyrirliggjandi drögum að tilskipun Evrópusambandsins þess efnis og verkefni varðandi mat á umhverfisáhrifum sem ná til annarra landa (transboundary impact assessment), m.a. með hliðsjón af svokölluðum Espoo samningi um það efni. Einnig hefur vinnuhópurinn fjallað um áhrif nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum (97/11) á lög og reglur um mat á umhverfisáhrifum á Norðurlöndum.

Hópur um hreinni tækni.

Hópur um hreinni tækni starfar undir embættismannanefnd um umhverfismál (EK–Miljø) á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefni hópsins er að vinna að samræmingu og skilgreina sameiginleg verkefni á sviði hreinni framleiðslutækni og sorphirðu. Við vinnu sína hefur hópurinn lagt áherslu á þær meginreglur sem gilda á sviði umhverfismála, þ.m.t. mengunarbótaregluna, ábyrgð framleiðenda, varúðarregluna, líftímagreiningu (frá vöggu til grafar) og sjálfbæra þróun. Hópurinn tekur fyrst og fremst mið af hlutverki stjórnvalda á framangreindu sviði með tilliti til þess að hlutverk þeirra er að setja ramma til að innleiða hreinni tækni og bæta sorphirðu. Í störfum sínum tekur hópurinn mið af norrænu umhverfisstefnunni.

Þau verkefnasvið sem hópurinn um hreinni tækni hefur fengist við á árinu 1997 eru m.a. eftirfarandi:

- Ábyrgð framleiðenda. Haldin var tveggja daga námstefna í Stokkhólmi í maí sl. Jafnframt var undirbúin skýrsla „Producentansvar i Norden".
- Hreinni framleiðslutækni og umhverfisstjórnun og umhverfismálakerfi (EMAS). Haldin var tveggja daga námstefna í Ósló í september sl. Góð þátttaka var frá Íslandi.
- Sjálfbær framleiðsla og neysla, m.a. framleiðsluvöruháð umhverfisstefna. Undirbúin var námsstefna sem haldin verður í janúar 1998 í samvinnu við embættismannanefndir sem fara með málefni neytenda og atvinnulífs.
- Umhverfisáætlanir sveitarfélaga. Lokið var við verkefni sem unnið var í Færeyjum og á Íslandi (á Egilsstöðum) og gefin út handbók um umhverfisáætlanir sveitarfélaga, „Plan for miljøet i kommunene - Kommunale miljøhandlingsplaner i småsamfunn" (TemaNord 1997:576). Haldin var námsstefna í Færeyjum í maí sl. og ráðstefna fyrir fulltrúa sveitarstjórna á Íslandi í júní sl. Tæplega áttatíu þátttakendur sóttu ráðstefnuna á Íslandi.
- Vinna á sviði bestu fáanlegu tækni (BAT). Á árinu kom út skýrsla um bestu fáanlegu tækni í fiskiðnaði „Best Available Technology i Fiskindustrien" (TemaNord 1997:580), sem unnin var á árinu 1996. Áfram var unnið að verkefni um bestu fáanlegu tækni í málmiðnaði og í rafmagnsiðnaði. Auk þess var unnin skýrsla um framkvæmd hreinnar framleiðslutækni í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Vinna hópsins um hreinni tækni fer að stærstum hluta þannig fram að settar eru á laggirnar verkefna- og tengiliðahópar, sem annars vegar hafa það hlutverk að stýra tilteknum verkefnum og hins vegar að styrkja norræna samvinnu og auka upplýsingastreymi milli aðila sem vinna innan málaflokksins. Vinnan í hópnum um hreinni tækni og undirhópum hans er að miklu leyti

tengd starfi vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta á bæði við þegar nýjar gerðir eru að koma fram og einnig á sviði framkvæmdarinnar. Á árinu 1997 hefur m.a. verið fjallað um framkvæmd rammatilskipunar um spilliefnalista, tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang, umhverfisstjórnun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, reglugerð um flutning spilliefna, og tilskipanir um urðun úrgangs, sorpbrennslu og brennslu spilliefna.

8.2. Samstarfsverkefni Noregs og Íslands um snjóflóð.

Eftir snjóflóðið á Súðavík í janúar 1995 sótti Jarðtæknistofnun Noregs (Norges geotekniske institut, NGI) til norrænu ráðherranefndarinnar um styrk til verkefnis sem fæli í sér samvinnu milli Norðmanna og Íslendinga um snjóflóðarannsóknir. Veittur var styrkur að upphæð 1 millj. n.kr. 1995 og síðan var veittur framhaldsstyrkur 1,25 millj. n.kr. 1996. NGI hefur tekið þátt í verkefninu af hálfu Noregs en Veðurstofa Íslands af hálfu Íslands. Styrkjum áranna 1995 og 1996 var skipt jafnt milli Norðmanna og Íslendinga.

Árið 1996 var sótt til norrænu ráðherranefndarinnar um framhaldsstyrk til verkefnisins árið 1997. Alls var sótt um 1.25 millj. n.kr. styrk til 15 undirverkefna en einungis var veittur styrkur til þriggja verkefna, alls 470 þús. n.kr. Verkefnin ásamt veittum styrk eru:

1.	Ritun handbókar fyrir snjóeftirlitsmenn	350 þús. n.kr.
2.	Áframhaldandi þróun íslensks snjóflóðalíkans	60 þús. n.kr.
3.	Áframhaldandi þróun NIS líkans (norskt snjóflóðalíkan)	60 þús. n.kr.

Þriðja verkefnið er unnið af Norðmönnum og verður það ekki frekar rætt hér. Ekki hefur gefist tækifæri til að hefjast handa við annað verkefnið ennþá, en það á að vera í umsjón Íslendinga. Inntak þess er framhaldsþróun eðlisfræðilega snjóflóðalíkansins sem þróað var á Íslandi og notað í verkefni HÍ 1995 og 1996, nefnt „Mat á meðaltíðni snjóflóða". Gerð handbókar er samstarfsverkefni Noregs og Íslands og nokkuð hefur áunnist þar. Sett hefur verið saman handrit með nokkurri aðstoð frá Veðurstofunni. Gert er ráð fyrir að bókin komi út í Noregi í vor eða sumar. Væntanlega verður stór hluti þessa handrits síðan þýddur á íslensku og gefinn út í sumar ásamt öðru efni fyrir íslenska snjóeftirlitsmenn sem að nokkru leyti er þegar fyrirliggjandi.

9. Réttindi þegnanna.

9.1. Heilbrigðis- og félagsmál.

Ráðherrafundur.

Norrænu heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarnir héldu sumarfund sinn á árinu 1997 í Kalmar í Svíþjóð þann 12. maí. Á fundinum var gerð grein fyrir áformum Norðmanna í formennskutíð þeirra í ráðherranefndinni. Ráðherrarnir töldu mikilvægt að á norrænum vettvangi væri fjallað um mat á læknisfræðilegum aðferðum og lækningatækjum. Enn fremur væru stjórnun og skipulag heilbrigðismála atriði sem æskilegt væri að skoða betur í ljósi þess hve fyrirkomulag þessara mála er breytilegt frá einu landi til annars.

Í tilefni af því að ákveðið hafði verið að koma á 3 mánaða hámarksbið eftir sjúkrahúsþjónustu í Noregi óskuðu Norðmenn eftir að ræða möguleika á að kaupa þjónustu annars staðar á Norðurlöndum, þ.e. ef ekki væri unnt að framkvæma einhverjar aðgerðir í Noregi á tilsettum tíma og ef möguleikar væru á hagkvæmari aðgerðum. EES-samningurinn gefur jafnframt íbúum á Evrópska efnahagssvæðinu ákveðna möguleika á að sækja sér þjónustu til annarra landa sé ekki unnt að fá hana í heimalandinu.

Ráðherrarnir fjölluðu einnig um menntun heilbrigðisstarfsfólks og sameiginlegan menntunarmarkað, reyklausar ferjur á Norðurlöndum, rannsókn á fátækt á Norðurlöndum, athugun á lífskjörum í Eystrasaltslöndunum og heilbrigðis- og félagsmál innan ESB/EES.

Ráðherrafundurinn var haldinn í tengslum við ráðstefnu um velferð á Norðurlöndum sem haldin var í Kalmar. Þar var fjallað um breyttar forsendur í velferðarmálum, þverfaglega samvinnu á norrænum vettvangi og hvort unnt yrði að varðveita norræna velferðarmódelið í framtíðinni.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (ÄK–S) hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi í Reykjavík 21. mars var fjallað um breytingar á samvinnu landanna í málefnum fatlaðra, samvinnu í baráttunni gegn eiturlyfjum, verkefni í Eystrasaltslöndunum, aðgerðir í framhaldi af ráðstefnu ráðherranefndarinnar um „Velferðarsamfélag morgundagsins“ og mál tengd Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig var sérstaklega gerð grein fyrir dönsku verkefni sem snýr að félagslegri ábyrgð fyrirtækja.

Á fundi í tengslum við ráðherrafundinn í Kalmar 13. maí ræddi embættismannanefndin, auk undirbúnings fundar ráðherranna, nýjar verkefnatilögur, skýrslu frá vinnuhópi um velferðarmál, úrvinnslu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 1995 og undirbúning norrænnar ráðstefnu um baráttu barna og ungmenna gegn glæpum, eiturlyfjaneyslu og ofbeldi.

Haustfundur embættismannanefndarinnar var í Stokkhólmi 26. september. Þar voru á dagskrá fjárveitingar til rannsóknar- og samvinnuverkefna, þjónustusamingar við norrænar stofnanir, endurskoðun samnings um sameiginlegan vinnumarkað heilbrigðisstarfsfólks og gagnkvæm réttindi þeirra, skýrsla frá Norrænu menntamiðstöðinni á sviði daufblindu og málefni sem efst voru á baugi innan Evrópusambandsins. Í tengslum við fundinn var haldin dagsráðstefna um aukinn fjölda hjónaskilnaða á Norðurlöndum og afleiðingar þess fyrir börn.

9.1.1. Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV).

Nordiska hälsovårdshögskolan í Gautaborg í Svíþjóð er samnorræn menntastofnun um æðri menntun og rannsóknir á sviði heilbrigðisfræða. Skólinn hefur starfað frá árinu 1953 en á árinu var því fagnað að 10 ár eru liðin síðan skólinn flutti í Nya Varvet, þar sem hann er nú staðsettur.

Gerður var nýr samningur um rekstur skólans við norrænu ráðherranefndina til þriggja ára (1998–2000). Samkvæmt samningnum skuldbindur skólinn sig til að kenna 112 námsvikur á ári og að 20 nemendur ljúki meistaraprófi árlega sem er tvöfalt meira en verið hefur undanfarin ár. Þá er lögð áhersla á að styrkja norræna stöðu skólans m.a. með jafnari norrænni dreifingu kennara eftir heimalandi.

Allt frá árinu 1987 hefur skólinn verið samstarfsaðili Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar (WHO Collaborating Centre) varðandi stefnu í heilbrigðismálum, skipulag og menntun (Health Policies, Planning and Education) en á árinu 1997 hófust viðræður milli skólans og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að skólinn yrði einnig gerður að samstarfsaðila varðandi réttindi sjúklinga.

Dr. med. Guðjón Magnússon hefur verið rektor skólans frá ársbyrjun 1996 og er það álit margra að bæði námið og stjórnun skólans hafi tekið breytingum til batnaðar eftir að hann tók við því starfi. Á annan tug Íslendinga stunduðu nám við skólann á árinu 1997 auk þeirra sem sóttu þar ráðstefnur og þeirra sem fengu stuðning og leiðsögn við rannsóknarverkefni.

Nemendur. Heildarfjöldi nemenda við skólann árið 1997 var um áttahundruð. Nemendur voru frá öllum norrænu löndunum og hefur hvert land ákveðið fyrirfram hve mörg námskeið

það ætlar að greiða fyrir. Ísland ákvað fyrir nokkrum árum að standa straum af kostnaði fyrir sem svarar til 13 námskeiða á ári. Þau námspláss voru öll notuð á árinu 1997 auk nokkurra til viðbótar. Þannig stunduðu fjórtán Íslendingar nám við skólann, þ.e. tveir læknar, fjórir hjúkrunarfræðingar, þrír stjórnendur sjúkrastofnana, einn heilbrigðisfulltrúi, einn félagsráðgjafi, einn manneldisfræðingur, einn næringarfræðingur og einn lögfræðingur.

Heildarfjöldi umsækjenda um nám í skólanum var yfir 3500 manns sem er langt umfram þann fjölda sem skólinn getur annað. Nokkur fækkun varð í fjölda umsækjenda á árinu 1997 miðað við árið 1996 þó það sýni engan veginn hliðstæða fækkun og milli áranna 1995 og 1996. Ástæður þess að færri hafa sótt um á síðustu árum eru nokkrar og hefur stjórn skólans og kennarar reynt að leita skýringa og bregðast við þeim. Meginástæðan fyrir fækkun umsækjenda er aukið framboð á námi í heilbrigðisfræðum við aðra háskóla á Norðurlöndum, en einnig miklar kröfur í námi miðað við hliðstætt nám á Norðurlöndum og víðar svo og hert inntökuskilyrði til náms við skólann. Einnig hafa vinnuskilyrði starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar víða breyst þannig að einstaklingar eiga erfiðara en áður með að fá leyfi frá störfum til að stunda nám.

Kennsla. Námið við Norræna heilbrigðisfræðaháskólann er byggt upp í formi námskeiða. Þannig er ekki um samfellt nám að ræða heldur taka nemendur námskeið við skólann jafnhliða starfi innan heilbrigðisþjónustunnar í sínu heimalandi. Að loknu átta mánaða námi hlýtur viðkomandi viðurkenningu í heilbrigðisfræðum. Þeir sem stunda rannsóknir í framhaldi af slíku námi og fá þær metnar sem fullnægjandi öðlast meistaragráðu í heilbrigðisfræðum og þeir sem stunda enn víðtækari vísindastörf, undir leiðsögn kennara skólans, geta hlotið doktorsgráðu frá skólanum.

Við skólann er einnig mikið framboð af einstökum stuttum námskeiðum fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar á Norðurlöndum og umfangsmikið fræðslustarf er á vegum skólans fyrir starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar í Eystrasaltslöndunum.

Enginn Íslendingur lauk á þessu ári meistaragráðu né doktorsgráðu frá skólanum. Hins vegar fengu sex Íslendingar viðurkenningu eða diplom fyrir að hafa lokið átta mánaða námi frá skólanum.

Á árinu 1996 hóf skólinn samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands varðandi nám í stjórnun og rekstri heilbrigðisstofnana. Það samstarf jókst enn á árinu 1997 og komu nemendur frá Endurmenntunarstofnun m.a. í námsferð til skólans.

Ný námsskipan var staðfest af stjórn skólans á árinu. Helstu breytingar eru skýrari skil milli almenns náms og rannsóknanáms, en skólinn gerir sambærilegar kröfur og gerðar eru í þeim skólum sem taldir eru bestir á sviði heilbrigðisfræða.

Rannsóknir. Ný rannsóknastefna var samþykkt af stjórn skólans á árinu. Mest áhersla er lögð á norrænar og alþjóðlegar samanburðarrannsóknir. Samtals var unnið að um 60 rannsóknarverkefnum.

Ísland tekur þátt í nokkrum norrænum rannsóknum, þ.e. á heilsufari barna, þróun hjartasjúkdómatíðni og breytingum á meðferð magasára.

Þá má nefna umfangsmikla rannsókn á afleiðingum sameiningar sjúkrahúsa.

Á árinu ákvað stjórn skólans að leggja niður svokallað Vísindaráð þar sem ekki þótti lengur vera vettvangur fyrir slíkt ráð. Hins vegar var ákveðið að tilnefna nokkra vísindalega ráðgjafa við skólann.

9.1.2. Norræn stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).

Fyrir íslenska tannlækna eru tengslin við NIOM hagkvæm vegna upplýsinga um gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga. Ekki síst til þess að koma í veg fyrir að verið sé að nota efni áður en þau eru fullreynd.

Verkefnum NIOM er skipt í fjóra meginþætti:

- stöðlun („standariseringu"),
- prófun efna,
- rannsóknir og
- fræðslu.

Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

NIOM starfar nú ekki aðeins á norrænum vettvangi heldur hefur stofnunin fengið heimild til starfsemi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Í ljósi þess er í auknum mæli reynt að fjármagna rekstur stofnunarinnar með því að selja þjónustu hennar á þeim markaði.

Haldnir voru þrír stjórnarfundir á árinu.

9.1.3. Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum.

Einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna situr í nefndinni, þ.e. alls fimm manns og jafnmargir varamenn, skipaðir til þriggja ára í senn. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári.

Skrifstofa NLN er í Uppsölum í Svíþjóð. Starfsmenn nefndarinnar eru fjórir.

Kostnaður við störf nefndarinnar er um 3 millj. s.kr. og greiðist að mestu með framlagi frá norrænu ráðherranefndinni en einnig með sértekjum nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar eru m.a.:

- að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og framkvæmd lyfjamála á Norðurlöndum.
- að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf Evrópu um lyfjamál, innan Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA, ESB og Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA).
- að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda og norrænu ráðherranefndina.
- að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og kostnaði milli Norðurlanda (þar með talið ATC, DDD og ATCvet).

Innan NLN eru starfandi starfshópar á eftirtöldum sviðum:

- Lög og reglugerðir.
- Norræn lyfjatölfræði.
- ATC-vet.

Innan NLN hafa auk þess starfað til skemmri tíma starfshópar um ýmis afmörkuð málefni, svo sem um samnorræna skráningu, flokkun lyfja, klíniskar prófanir, lyfjaeftirlit, lyfjanotkun o.s.frv.

NLN heldur námskeið, bæði norræn og alþjóðleg, um lyfjafræðileg efni og hefur staðið fyrir ýmsum merkum ráðstefnum, ýmist ein sér eða í samstarfi við aðra.

Norræna lyfjanefndin hefur gefið út fjölda bóka og bæklinga með leiðbeiningastöðlum um framkvæmd lyfjamála og ýmis afmörkuð svið er varða lyf. Nýjasta útgáfan (NLN Publication No 44) nefnist: „NLN Baltic Conference 1997" og fjallar um ráðstefnu um lyfjanotkun og lyfjatölfræði sem norræna lyfjanefndin stóð fyrir í Ríga í Lettlandi dagana 16.–17. júní 1997.

NLN tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur fengið áheyrnarfulltrúa í ýmsa mikilvæga vinnuhópa um lyfjamál innan ESB. Nýjar tilskipanir ESB um lyfjamál eru sendar NLN til

umsagnar. Skrifstofa NLN varðveitir öll skjöl ESB um lyfjamál og þangað geta heilbrigðisyfirvöld og lyfjafyrirtæki sótt þjónustu varðandi málefni ESB. NLN tekur virkan þátt í samstarfi Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar. NLN hefur með styrk frá norrænu ráðherranefndinni tekið að sér aðstoð við Eystrasaltslöndin, Eistland, Lettland og Litháen við að skipuleggja lyfjamál í löndunum. Fulltrúar landanna hafa t.d. verið hér á landi á vegum NLN til að kynna sér hvernig skipulagningu lyfjaskráninga og lyfjaeftirlits er háttað hér.

Starfsemi norrænu lyfjanefndarinnar hefur nýlega verið metin útfrá „norrænu notagildi" (Nordisk nytte) eins og aðrar stofnanir ráðherranefndarinnar og fékk nefndin ágætiseinkun eins og hún hefur reyndar einnig fengið í öðrum athugunum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Norræna lyfjanefndin hefur ótvírætt mikla þýðingu fyrir Íslendinga. Við skipulag lyfjamála á Íslandi hefur einkum verið tekið mið af skipulagi þessara mála á hinum Norðurlöndunum en það hefur einmitt verið talið vera til fyrirmyndar fyrir önnur lönd. Flokkun lyfja samkvæmt svokölluðu ATC-kerfi og mælikvarði á lyfjanotkun með skilgreindum dagskömmtum (DDD) er tilkomin í norrænu samstarfi og NLN hefur unnið ötullega að útbreiðslu þessara kerfa á alþjóðavettvangi. Mikill vinnusparnaður er fólginn í því að geta fengið aðgang að upplýsingum og þeirri vinnu sem lögð er í skráningar lyfja, gerð laga og reglugerða á hinum Norðurlöndunum. Einnig hefur samanburður á milli Norðurlanda á lyfjanotkun og kostnaði á vegum starfshóps NLN um lyfjatölfræði nýst heilbrigðisyfirvöldum hér á landi í verulegum mæli á undanförnum árum við ákvarðanatöku um aðgerðir til að draga úr lyfjanotkun og lækka lyfjakostnað.

9.1.4. Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna er norræn stofnun á sviði félags- og heilbrigðismála. Aðalmarkmið nefndarinnar er að efla rannsóknir í áfengis- og vímuefnamálum. Nefndin á einnig að stuðla að þverfaglegum rannsóknum á notkun vanabindandi lyfja. Auk þess skipuleggur nefndin vísindaráðstefnur og stuðlar að bættri menntun vísindamanna og auknum samskiptum þeirra bæði innan Norðurlanda og víðar. Jafnframt sér hún um upplýsingarmiðlun, bókaútgáfu og skýrslugerð.

Fjárframlög til nefndarinnar fyrir tímabilið 1995–1997, voru áætlaðar 6,6 millj. finnskra marka samkvæmt þriggja ára rammaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar. Fjárframlög fyrir árið 1997 voru 2.351.047 finnsk mörk. Áætlað er að þessi upphæð muni lækka og samkvæmt tillögum mun NAD fá 1,92 millj. finnskra marka árið 1998.

Í nefndinni sitja nú einn aðalmaður og einn varamaður frá hverju landi en auk þess var mynduð vísindaleg ráðgjafarnefnd á þessu ári sem í er einn aðili frá hverju landi auk varamanns. Breytingar voru gerðar á stjórn nefndarinnar á þessu ári en áður höfðu setið í nefndinni þrír nefndarmenn og þrír varamenn frá hverju landi. Þetta var gert í samræmi við tillögur norrænu ráðherranefndarinnar um að fækka í stjórnum einstakra nefnda. Nefndin fundar að jafnaði tvisvar á ári og situr þá aðalmaður og fulltrúi vísindanefndarinnar fundinn. Þeir fundir sem haldnir hafa verið á árinu 1997, annars vegar í Ósló og hins vegar í Kaupmannahöfn, einkenndust fyrst og fremst af umræðum um stjórnunarlegar skipulagsbreytingar hjá nefndinni. Skrifstofa nefndarinnar er í Helsingfors og þar starfa framkvæmdastjóri og tveir aðrir starfsmenn nefndarinnar.

Hér á eftir fer yfirlit um helstu verkefni nefndarinnar árið 1997.

Dagana 13.–14. mars 1997 var haldin ráðstefna í Ósló sem fjallaði um misnotkun fíkniefna og þungun og var skipulögð af NAD. Á þessari ráðstefnu voru þátttakendur og fyrirlesarar frá öllum norrænu löndunum og Bandaríkjunum. Von er á bók um efni ráðstefnunnar. Vinnu-

fundur var haldinn dagana 2.–3. apríl 1997, til að ræða verkefni NAD (SNAPS) um hagsmunaaðila og breytingar á fyrirkomulagi áfengismála á Norðurlöndum. Í þessu verkefni var unnið að rannsóknum á þeim breytingum sem eru að verða á norrænum áfengismálum t.d á einkasölu áfengis.

Fundir voru haldnir dagana 7.–9. mars og 25.–26. apríl í svokölluðu Baltikaverkefni.

Á árinu komu út nokkrar bækur þar á meðal Diversity in Unity, Studies of Alcoholics Anonymous in Eight Societies; Narkotikasituationen i Norden; Perception of Social Problems in Societies under Transition, Survey around the Baltic Sea; Substance Abuse and Pregnancy (skýrsla frá ráðstefnunni um þetta efni).

NAD studdi auk þess nokkurn fjölda vísindamanna til áframhaldandi rannsókna og greiddi fyrir ferðakostnað varðandi rannsóknir og norrænt samstarf. NAD hafði frumkvæði að því að samræma spurningalista varðandi kannanir á áfengisneyslu sem nota á í evrópskum samanburðarrannsóknum. Því miður gat Ísland ekki tekið þátt í þessari könnun eins og hin norrænu löndin þar sem ekki fékkst fjármagn til þess.

Í október var ráðgert að halda fund um stefnu í áfengismálum á Norðurlöndum en ákveðið var að hætta við fundinn vegna þeirrar óvissu sem var ríkjandi varðandi úrskurð Evrópudómstólsins í máli varðandi áfengissölu í smásöluverslunum. Áætlað er að þessi ráðstefna verði haldin á næsta ári þegar menn hafa kynnt sér niðurstöður dómstólsins og unnið úr þeim.

NAD styrkir norræna tímaritið „Nordisk alkoholskrift" fjárhagslega og tilnefnir fulltrúa í ritstjórn. Ritstjórn skipa 6 manns þar af einn Íslendingur.

Mörg þeirra mála sem fá umfjöllun hjá NAD snerta Ísland að miklu leyti, svo sem stefnumörkun varðandi sölu og dreifingu áfengis og ýmis rannsóknarverkefni sem NAD hefur kostað, stutt og aðstoðað við. Fulltrúar Íslands í nefndinni hafa haldið fram séríslenskum sjónarmiðum.

9.1.5 Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála, NOSOSKO, er fastanefnd sem starfað hefur frá árinu 1946. Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um félagsmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Hér er átt við félagsmál í víðri merkingu, þar sem veigamestu útgjaldaliðirnir eru heilbrigðismál og lífeyristryggingar. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem frá þátttökulöndunum koma.

Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að Evrópusambandinu eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun. Í þeirri vinnu hafa Norðurlandaþjóðirnar verið leiðandi, enda byggir ESSPROS-flokkunin að mestu leyti á norrænum fyrirmyndum. Frá og með þeirri skýrslu sem út kom á árinu 1997 er leitast við að tryggja að samræmi sé milli þeirra upplýsinga sem birtast í norrænu skýrslunni og skýrslum Eurostat.

Á fundum nefndarinnar var auk fastra dagskrárliða fjallað m.a. um upplýsingar um hvenær menn hætta störfum á vinnumarkaði, ráðstefnu um notkun sambærilegra norrænna upplýsinga, kannanir á fátækt á Norðurlöndum og gerð heimasíðu fyrir NOSOSKO. Í mars stóð NOSOSKO fyrir fundi um tölfræðilegar upplýsingar í Ríga í Lettlandi fyrir embættismenn og sérfræðinga í Eystrasaltslöndunum þremur.

Í tengslum við sumarfund NOSOSKO var haldin sameiginleg ráðstefna nefndarinnar og NOMESKO (Norrænnar nefndar um heilbrigðistölfræði). Viðfangsefni ráðstefnunnar var

heilsufar og félagslegur ójöfnuður. Þar kom fram að í öllum löndunum er verulegur munur á heilbrigðisástandi eftir félagslegri stétt og atvinnu fólks.

9.1.6. Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin var stofnuð árið 1966 að tillögu Norðurlandaráðs. Eftir tilkomu norrænu ráðherranefndarinnar árið 1978 var NOMESKO gerð að fastanefnd um heilbrigðistölfræði með sérstakan fjárhag. Frá 1979 hefur NOMESKO haft skrifstofuaðstöðu í Kaupmannahöfn.

Markmið nefndarinnar er að skapa grundvöll fyrir heilbrigðistölfræði, sem hægt er að nota í samanburði milli Norðurlandanna og að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum á sviði heilbrigðistölfræði. Þá hefur nefndin einnig aðstoðað Eystrasaltsríkin í heilbrigðistölfræði á undanförnum árum.

Nefndin gefur út ítarlega heilbrigðistölfræðibók árlega og er texti hennar bæði á ensku og dönsku. Einnig önnur rit eftir því sem tilefni gefst.

Samræmd skráning og flokkun í heilbrigðistölfræði hefur jafnframt verið eitt af helstu verkefnum nefndarinnar. Þannig hefur hún haft með höndum gerð norrænnar slysaskráningar. Á síðustu árum hafa verkefni af þessu tagi þó færst meira til norrænu miðstöðvarinnar um flokkun sjúkdóma og annarra heilbrigðismála í Uppsölum í Svíþjóð (samanber hér að neðan).

Vegna sérhæfðra verkefna hafa ýmsir sérfræðingar verið fengnir til liðs við nefndina og hafa þeir sótt norræna fundi á afmörkuðum sviðum. Samantekið má segja að gagnsemi NOMESKO felist einkum í því að þeir sem vinna með heilbrigðistölfræði á Norðurlöndum kynnist innbyrðis og læri hver af öðrum og að heilbrigðistölfræðin verði samburðarhæf innan Norðurlandanna, en þar er heilbrigðistölfræði af óvenju háum gæðaflokki.

Flokkunarmiðstöð sjúkdóma og heilbrigðisvandamála í Uppsölum.

Segja má að ofangreind stofnun sé afsprengi NOMESKO-nefndarinnar. Hún fæst við flokkun sjúkdóma og skyld mál og starfar sem miðstöð á Norðurlöndum fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Í þessum málum kemur stofnunin fram gagnvart WHO fyrir hönd Norðurlandanna. Miðstöðin er sjálfstæð stofnun og fjármögnuð af löndunum sameiginlega samkvæmt samningi við heilbrigðisyfirvöld í hverju landi. Aðsetur miðstöðvarinnar er nú við félagslækningadeild háskólans í Uppsölum í Svíþjóð.

Verkefni nefndar er á sviði flokkunar sjúkdóma og heilbrigðisvandamála. Slík verkefni, sem áður heyrðu undir NOMESKO-nefndina, munu smám saman flytjast til þessarar stofnunar. Nefndin hefur látið gera samræmda norræna skrá um flokkun skurðaðgerða, kostnaðarflokkun sjúkdóma (s.k. DRG) fyrir Norðurlöndin o.fl.

Markmiðið með starfi stofnunarinnar er að gera sjúkdómaflokkun og aðra flokkun sem notuð er í heilbrigðisþjónustunni áreiðanlegri. Við það auðveldast samanburður milli svæða og landa og milli ólíkra tímabila. Þá verður skýrslugerð um heilsufar og heilbrigðisþjónustu byggð á traustari grunni. Flokkunin er jafnframt undirstaða margskonar vísindavinnu og rannsókna í heilbrigðisþjónustunni.

9.1.7. Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Aðalverkefni NUD er að mennta starfsfólk sem vinnur með daufblindum, að þjóna sem þekkingarmiðstöð, vinna að söfnun og þróun þekkingar og sinna alþjóðlegu samstarfi á sviði daufblindu.

Í *stjórn* NUD er einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Þrír stjórnarfundir og tveir símafundir voru haldnir á árinu. Sérstakt *skólaráð* er skipað af stjórn til tveggja ára í senn. Einn fundur var í skólaráðinu á árinu 1997.

Fjárveiting frá norrænu ráðherranefndinni til NUD er eftir rammasamningi til þriggja ára í senn 1995–1997. Árið 1997 fékk NUD 6.138 þús. d.kr. Starfsemin var aukin á árunum 1995 og 1996 auk þess sem NUD fékk ekki fulla fjárveitingu eftir samningi 1996, sem leiddi til þess að draga varð saman starfsemi á þessu ári og aflýsa námskeiðum til þess að vera innan ramma fjárveitingar í lok tímabilsins. Núverandi þriggja ára samningur var framlengdur um eitt ár, til ársloka 1998, en síðan verður gerður nýr þriggja ára samningur.

Starfsemi: Haldin voru þrjú þemanámskeið, þrjú grunnnámskeið og tvær námsvikur. Enn fremur hélt NUD einnar viku þemanámskeið í samvinnu við „Institutionen for Døvblinde" í Álaborg.

Sex þátttakendur voru frá Íslandi á námskeiðum á árinu. Þar af var enginn daufblindur þátttakandi en íslenskir umsækjendur voru samtals 12.

9.1.8. Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Norðurlandasamningur sá er hér um ræðir var undirritaður í Arjeplog í Finnlandi í júní 1993 og var hér um að ræða endurskoðaðan eldri samning frá 25. ágúst 1981 um heilbrigðisstéttir og dýralækna. Endurskoðun fór fram vegna EES-samnings og miðaði fyrst og fremst við að taka út úr samningnum ákvæði sem voru í andstöðu við hann.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum.

Aðilar samningsins töldu að þrátt fyrir samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið þá verði áfram þörf á norrænum reglum um viðurkenningu starfsgreina. Í fyrsta lagi að því er varðar sérgreinar sem EES-reglur ná ekki til. Í öðru lagi að því er varðar einstaklinga er hlotið hafa menntun sína í þriðja landi og í þriðja lagi vegna norrænna ríkisborgara sem ella hefðu lakari möguleika á að stunda starfsgrein sína í öðru norrænu landi. Samningurinn er því í raun og hefur á árinu 1997 verið í stöðugri endurskoðun og Norðurlöndin ræða á þessum vettvangi þau vandamál sem upp koma vegna hins sameiginlega vinnumarkaðar. Eftirlitsnefndin er auk þess vettvangur kvartana sem fram koma um meint brot á samningnum og kvartana vegna framkvæmdar hans að öðru leyti. Samningurinn gildir nú á Íslandi um: lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, ljósmæður, sjóntækjafræðinga, sálfræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga, röntgentækna, tannfræðinga, aðstoðarmenn tannlækna, sjúkraliða, dýralækna og hnykkja.

Eftirlitsnefndin hefur auk framangreinds unnið að því á árinu 1997 að endurskoða samninginn með tilliti til þess að fjölga þeim heilbrigðisstéttum sem undir samninginn heyra. Nefndin hefur í því skyni borið saman nám ýmissa heilbrigðisstétta sem nú eru ekki í samningnum og liggja nú fyrir drög að breytingu á samningnum sem unnið verður frekar að á árinu 1998, en gert er ráð fyrir að endurskoðun samningsins ljúki á því ári.

Eftirlitsnefndin tekur saman tölulegar upplýsingar um flutning heilbrigðisstétta milli Norðurlandanna svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum sem undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingu eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

9.2. Neytendamál.

Samstarfsáætlun um neytendamál.

Samstarf Norðurlanda á sviði neytendamála hefur byggst á samstarfsáætlun um neytendamál fyrir árin 1994–1998. Á undanförnum árum hefur samstarfið byggst á megináherslum samstarfsáætlunarinnar þ.e:

- að bæta lagalega stöðu neytanda, einkum að því er varðar fjárhagsmálefni, heilsu þeirra og öryggi,
- að fylgja eftir kröfum neytenda um að tekið sé aukið tillit til umhverfissjónarmiða,
- að stuðla að því að rannsóknir um málefni neytenda verði auknar frá því sem verið hefur og
- að taka virkan þátt í umræðum og þróun neytendamála á vettvangi Evrópusambandsins.

Á fundi ráðherra sem haldinn var 1. júlí 1997 í Ósló var norrænu embættismannanefndinni falið að leggja drög að nýrri samstarfsáætlun fyrir Norðurlönd sem taki við af þeirri áætlun sem starfað hefur verið eftir og sem myndi gilda til ársins 2004.

Norræna umhverfismerkið.

Ráðherrar ræddu einnig á fundi sínum um norræna umhverfismerkið, Svaninn, og voru þeir sammála um að styrkja ætti það samstarf enn frekar, m.a. með hliðsjón af því að Danir hafa nú ákveðið með lögum sem samþykkt voru 30. maí 1997 að taka þátt í norræna umhverfismerkinu. Áhersla hefur verið lögð á hina jákvæðu reynslu sem Norðurlönd hafa haft af umhverfismerkinu og að staða merkisins verði tryggð gagnvart því umhverfismerki sem Evrópusambandið vill að tekið verði upp í Evrópu. Samkomulag var um að auka ætti fjárframlög frá norrænu ráðherranefndinni til að styrkja hið sameiginlega norræna framlag til umhverfismerkisins en í dag er 95% af starfseminni rekin á grundvelli framlaga í hverju ríki fyrir sig.

Neytendarannsóknir.

Unnið hefur verið að því að auka veg rannsókna á sviði neytendamála og samþykktar reglur um með hvaða hætti styrkir skuli veittir af norrænu fé til þeirra sem vilja stunda rannsóknir og ljúka doktorsnámi eða öðru sambærilegu námi sem nýtist til eflingar á grunnrannsóknum á sviði neytendamála. Á vegum norrænu embættismannanefndarinnar starfar ráðgjafi sem á árinu 1997 heimsótti m.a. Háskóla Íslands í því skyni að kynnast rannsóknastarfi á háskólastigi sem fram fer hér á landi. Á næsta ári er ráðgert að halda þverfaglega ráðstefnu um neytendarannsóknir og áréttuðu ráðherrarnir nauðsyn þess að rannsóknir á sviði neytendamála verði efldar.

Neytendafræðsla.

Á árinu hefur verið unnið markvisst að því í öllum norrænu löndunum að framfylgja norrænu framkvæmdaáætluninni um neytendafræðslu í skólum 1996–1999. Hér á landi skipaði viðskiptaráðherra samráðshóp um framkvæmd áætlunarinnar og hefur hópurinn unnið að gerð tillagna sem lagðar verða fram í byrjun árs 1998.

Evrópusamstarfið.

Innan norrænu embættismannanefndarinnar er rætt um ýmis málefni sem eru á döfinni á vettvangi Evrópusambandsins hverju sinni og sjónarmið Norðurlanda samræmd eftir því sem unnt er. Í því sambandi má nefna að á fundi ráðherranna var m.a. rætt um grænbók ESB er fjallar um auglýsingar (Commercial Communication) og þau sjónarmið sem koma fram um hana í skýrslu útgefinni af norrænu ráðherranefndinni (TemaNord 1997:505). Ráðherrar lýstu

yfir nauðsyn þess að náið samstarf héldi áfram milli norrænu ríkjanna um Evrópumálin svo og önnur mál sem gætu verið til þess fallin að norrænu ríkin hefðu frumkvæði að tekin yrðu upp t.d. innan Evrópusambandsins. Ráðherrarnir óskuðu eftir því að embættismannanefndin athugaði hvort grundvöllur sé fyrir því að Norðurlönd geri tillögu um setningu sameiginlegra reglna um markaðsfærslu á veraldarvefnum sem einkum beinist að börnum og unglingum, sbr. einnig um þetta efni skýrsluna TemaNord 1996:618 (Konsumenten i det nya medielandskabet – et seminarium om mediepolitikk).

Norðurlönd og grannsvæðin.

Samstarf og stuðningur hefur verið veittur til grannsvæðanna m.a. með því að veita styrki til þess að halda kynningarfundi fyrir fulltrúa þeirra og var t.d. haldinn slíkur fundur í Reykjavík 6. október 1997. Á þessum fundi kynntu norrænir fulltrúar í lögfræðilega stýrihópnum um neytendamál samstarf Norðurlanda á sviði neytendamála og jafnframt með hvaða hætti Norðurlöndin gætu aðstoðað fulltrúa grannsvæðanna í því að styrkja neytendavernd á þeim slóðum.

Virk norræn samvinna á sviði neytendaverndar.

Loks má nefna að undanfarið hefur samstarf Norðurlanda á sviði neytendamála einnig verið kynnt í Færeyjum og Grænlandi og er þess vænst að þessi ríki muni í framtíðinni taka meiri þátt í norrænu samstarfi um neytendamál.

Af framansögðu er ljóst að á sviði neytendamála hefur samstarfið verið virkt á öllum þremur meginstoðum hins norræna samstarfs, þ.e. á sviði norrænnar samvinnu, Evrópumálefna og aðstoðar við grannsvæðin.

9.3. Norrænn vinnumarkaður.

Samstarfið á vinnumálasviðinu.

Samstarfið á vinnumálasviðinu á árinu 1997 hefur mótast mikið af umræðum um stefnu í atvinnumálum í víðu samhengi og samstarfi við önnur verkefnasvið Norðurlandaráðs m.a. um velferðarmál. Í framhaldi af Velferðarráðstefnunni í Reykjavík í júní 1996 skipuðu norrænu vinnumálaráðherrarnir samstarfsnefnd um velferðarmál sem lagði fram skýrslu um „Norræna velferðarþjóðfélagið" í október 1997. Þá var unnin norræn skýrsla um atvinnumál á árinu sem lögð var fram sem umræðugrundvöllur um atvinnumál á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki. Starfshópur á vegum embættismannanefndarinnar lauk við skýrslu um samstarfssamninga Norðurlandanna á vinnumarkaðssviðinu á árinu.

Skipulag norræna vinnumálasamstarfsins.

Nýtt skipulag fyrir samstarf Norðurlandanna um vinnumál tók gildi 1. janúar 1997 en það leysir af hólmi eldra skipulag sem er frá því í janúar 1992. Hlutverk embættismannanefndarinnar (EK–A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, er að vera stefnumarkandi í vinnumálum.

Undir embættismannanefndina heyra nú fimm fastanefndir, 2 verkefnahópar og 2 samskiptahópar. Auk þess heyrir ein stjórnarnefnd stofnunar, þ.e. NIVA, undir embættismannanefndina. Fastanefndirnar eru skipaðar sérfræðingum til að fjalla um einstaka málaflokka. Þetta eru nefndir um atvinnu- og vinnumarkaðsmál, vinnuverndarmál, vinnuverndarrannsóknir, vinnuréttarmál og atvinnulíf og um fólksflutninga. Sérstök samskiptanefnd undirbýr fundi embættismannanefndarinnar í samráði við skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar en auk þess annast hún vinnumálasamskipti við grenndarsvæði Norðurlanda.

Nefndirnar hafa allar gert nákvæma grein fyrir hlutverkum sínum og verkefnum í sérstökum stefnu- og verkefnaskjölum.

Enn fremur eru starfandi starfshópar um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er NIAL sem sér um „Informationsprojektet", sem er fjölbreytt útgáfustarfsemi um vinnumál. Á vegum þessa verkefnis er m.a. tímaritið „ARBETSLIV I NORDEN". Þá er einnig starfshópur um evrópsk vinnumál og sérstakur samskiptahópur um vinnumarkaðsþjónustu.

Vinnumarkaðssamstarf.

Vinnumarkaðsnefndinni er ætlað að vera vettvangur fyrir umræður um atvinnumál, vinnumarkaðssmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi. Sérstakur samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu annast samstarf um vinnumiðlun, atvinnuleysistryggingar og starfsmenntun í atvinnulífinu.

Nefndin hélt ráðstefnu í Hveragerði þann 12. september sl. um gæðastjórnun í starfi stofnana á sviði vinnumála. Sérstaklega var rætt um hvort gæðastjórnun ynni með eða móti stefnumarkandi stjórnun að öðru leyti.

Nefndin tók einnig þátt í ráðstefnu um atvinnumál fatlaðra. Meginumræðuefnið var hvernig Norðurlöndin hafa skipulagt þjónustu sína fyrir fatlaða í atvinnulífinu bæði með tilliti til fyrirkomulags og aðferða og hvernig núverandi þjónusta kemur til móts við væntingar atvinnuleitenda og vinnuveitenda.

Eitt helsta verkefni á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar er NORDJOBB, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna en Norræna félagið hefur annast þessi samskipti fyrir Ísland og hefur hlutur Íslands jafnan verið stór í þessu verkefni. Norrænu félögin hafa reyndar verið að yfirtaka þessi samskipti alls staðar á Norðurlöndum. Á árinu hafa 275 íslensk ungmenni farið í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB með einum eða öðrum hætti og 115 norræn ungmenni hafa komið til vinnu á Íslandi.

NORDPRACTIC er sambærilegt verkefni fyrir Eystrasaltslöndin á vegum Norðurlandaráðs og hafa 7 einstaklingar komið frá Eystrasaltsríkjunum á þessu ári.

Þau verkefni sem einkum eru í gangi á vegum nefndarinnar nú eru rannsókn á samspili milli launa og atvinnuleysis á Norðurlöndum, rannsókn á samspili milli virkrar vinnumarkaðsstefnu og dagpeningakerfisins með tilliti til hagþróunar og rannsókn á sveigjanleika vinnumarkaðarins á Norðurlöndum.

Nefndin gefur árlega út árbækur annars vegar um vinnumarkaðsrannsóknir á Norðurlöndum og hins vegar um stöðu og þróun vinnumarkaðar á Norðurlöndum.

Starfsmenntun.

Eftir að NAMU-verkefninu lauk árið 1996 hefur samstarfið á sviði starfsmenntunar verið til endurskoðunar. Framhald þessa samstarfs var rætt á fundi vinnumarkaðsnefndarinnar í mars 1997 og var samstarfshópi um vinnumarkaðsþjónustu falið að meta þörfina á áframhaldi samstarfsins. Samstarfshópurinn hefur unnið að þessu verkefni á árinu.

Samstarfshópurinn ákvað að halda seminar/sérfræðingafund á næsta ári um hvernig vinnumarkaðskannanir eru nýttar í löndunum við að móta skipulag starfsmenntanámskeiða.

Atvinnuleysistryggingar.

Norrænt samstarf vegna atvinnuleysistrygginga hefur farið fram í tveim nefndum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, þ.e. í norrænum samstarfshóp um atvinnuleysistryggingar og fastanefndinni vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar auk þess sem þessi málefni hafa heyrt undir vinnumarkaðsnefndina og samstarfshóp um vinnumarkaðsþjónustu.

Á árinu var haldin norræn ráðstefna um atvinnuleysistryggingar í Majviks í Finnlandi en ráðstefna þessi er haldin til skiptis í löndunum á tveggja ára fresti. Meginumræðuefnið var annars vegar hvaða áhrif atvinnuleysisbótareglur hafa á atvinnuleysið og hins vegar hvaða áhrif vinnumarkaðsaðgerðir hafa.

Vinnuréttur og atvinnulíf.

Norræna samstarfsnefndin um vinnurétt og atvinnulíf er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða í málefnum á sviði vinnuréttar og atvinnulífs bæði innan og utan Norðurlanda.

Vinnuréttarnefndin hefur lagt megináherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu og framkvæmd annarra sem þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað er að nái til Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi hefur verið lögð rík áhersla á samstarf við aðila vinnumarkaðarins ekki síst um vinnuréttartilskipanir Evrópusambandsins. Umfjöllunin hefur einnig náð til annarra þátta í evrópsku og alþjóðlegu vinnumálasamstarfi.

Vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það hlutverk að vinna að samræmingu reglna og staðla á sviði vinnuverndar sem og aðferðafræði sem beitt er til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Mikil hagræðing hefur náðst með samræmdri þátttöku í staðlastarfi á vettvangi Evrópusambandsins sem nefndin hefur staðið fyrir.

Meðal verkefna eru fundir og ráðstefnur til að miðla reynslu og samræma reglur, staðla og aðferðir sem beitt er á Norðurlöndum og samræma sjónarmið Norðurlanda í þessum málum innan Evrópusambandsins. Einnig er fjármunum varið til þróunarverkefna af ýmsu tagi og má sem dæmi taka verkefni sem nýlega er lokið og miðaði að því að draga úr skaðlegum áhrifum einhæfrar vinnu og síendurtekinna hreyfinga við vinnu.

Nefndin hefur unnið að því að samræma aðstoð Norðurlanda á sviði vinnuverndar við Eystrasaltsríkin. Þannig hafa verið haldin fræðslunámskeið í öllum Eystrasaltsríkjunum um leiðir til að skipuleggja aðgerðir stjórnvalda til að draga úr slysum og heilsutjóni á vinnustöðum. Vinnueftirlit ríkisins stýrir verkefni sem fengið hefur um 2,3 millj. ísl. kr. fjárveitingu og felst í því að fræða og þjálfa starfsmenn Vinnueftirlitsins í Eistlandi í vinnuverndarmálum fiskvinnslu.

Meðal stærstu verkefna nefndarinnar er könnun á vinnuframlagi barna og ungmenna á Norðurlöndum og hefur verið varið til þess um 15 millj. ísl.kr. Vinnueftirlit ríkisins fer með verkefnastjórn þess. Niðurstöður eru væntanlegar fyrir mitt þetta ár.

Í júní nk. verður haldin hér á landi ráðstefna norrænna Vinnueftirlita og gert ráð fyrir um 80 þátttakendum.

Vinnuverndarrannsóknir.

Hlutverk samstarfsnefndarinnar um vinnuverndarrannsóknir er að vinna að samræmingu rannsókna og að sameiginlegum rannsóknarverkefnum á sviði vinnuverndar. Auk þessa styrkir nefndin rannsóknir á sviði vinnuverndar.

Eitt af þeim verkefnum sem nefndin styrkir er ráðstefna vinnuverndarsérfræðinga sem haldin er árlega í norrænu löndunum til skiptis. Í september á þessu ári verður þessi ráðstefna haldin í Reykjavík. Áætlað er að hingað komi um 250 sérfræðingar alls staðar að á Norðurlöndum og kynni niðurstöður sínar á vinnuverndarrannsóknum. Á vegum nefndarinnar starfar undirnefnd sérfræðinga um grundvöll mengunarmarka fyrir vinnustaði.

NIVA (Nordisk institution for videreutdanning inom arbejdsmiljöområdet).

Stofnunin hefur það hlutverk að halda framhaldsnámskeið fyrir háskólamenntaða sérfræðinga í vinnuverndarrannsóknum. Haldin eru 12–14 námskeið á ári. Þátttaka Íslendinga er sérstaklega styrkt af stofnuninni, sem niðurgreiðir ferða- og uppihaldskostnað íslenskra þátttakanda á námskeiðum sem haldin eru annars staðar á Norðurlöndum. Áætlað er að námskeið á vegum stofnunarinnar um heilsufarsáhrif vinnu á konur verði haldið hér á landi á árinu 1999.

9.4. Starfsmannaskipti á Norðurlöndum.

Enn eru starfsmannaskiptin við lýði þótt tillögur hafi komið fram um að fella starfsemina niður. Því var mótmælt og rökstutt af samstarfsnefndinni, sem annast hefur úthlutun fjárins, að starfsemin hafi reynst hið besta og verið samstarfi ríkisstofnana, sem hlut áttu að máli, til eflingar. Þá hefur einnig verið stutt við bakið á samtökum sveitarstjórna á Norðurlöndum með starfsemi af líku tagi. Starfsemin mun enn halda áfram í óbreyttu formi árið 1998. Framlag er hins vegar hið sama og verið hefur um alllangt skeið, þ.e. 1,8 millj. d.kr., og hefur því farið lækkandi að raungildi. Hlutur Íslands var óbreyttur á árinu 1997 eða 5%.

Styrkþegar á árinu 1997 voru sex talsins og er þeirra að jafnaði getið í greinargerð fjármálaráðuneytisins til Skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda.

Sú skipulagsbreyting sem gerð var á skrifstofu ráðherranefndarinnar í árslok 1996 hefur reynst þessari starfsemi vel að áliti samstarfsnefndarinnar. Starfsemin heyrir undir menningarmála-, rannsókna- og menntamáladeild skrifstofunnar þar sem nú hvílir meginþungi starfsemi ráðherranefndarinnar. Þess má geta að lík starfsemi og hér um ræðir hefur um fimm ára skeið verið við lýði hjá Evrópusambandinu (svonefnd Karolus-áætlun), en óvíst er um framhald þessarar áætlunar eftir árið 1999.

9.5. Jafnréttismál

Norrænt samstarf á sviði jafnréttis kvenna og karla byggir á norrænni samstarfsáætlun sem tekur til tímabilsins 1995 til 2000. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda héldu tvo fundi á árinu og var í tengslum við þann seinni haldinn fundur með þeim ráðherrum frá Eystrasaltslöndunum sem fara með jafnréttismál. Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK–Jäm) hélt fjóra fundi á árinu.

Norræn samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála.

Samstarfsáætlunin var samþykkt í byrjun ársins 1995 og gildir til ársins 2000. Markmiðið með samstarfi Norðurlanda í jafnréttismálum er:

- að samstarfið leiði til þess að haldið verði áfram að þróa sameiginlega lífsýn Norðurlandaþjóða, svo og sameiginlega stefnu þeirra í víðara samstarfi innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.
- að samstarfið stuðli að árangursríkara og öflugra jafnréttisstarfi á innanlandsvettvangi í hverju og einu Norðurlandanna.
- að það verði sjálfsagt að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi á mismunandi sviðum stefnumótunar í þjóðfélaginu. Einnig skal gæta jafnréttissjónarmiða á þeim sviðum stefnumótunar sem starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar tekur til.

Ráðherranefndin mun á gildistíma áætlunarinnar beina samstarfi sínu að starfsemi sem:

- stuðlar að því að konur og karlar fái jafnan aðgang að ákvarðanatöku í stjórnmálum og efnahagsmálum.

- stuðlar að jafnri stöðu og áhrifum kvenna og karla í efnahagsmálum. Aðgerðir sem stuðla að launajafnrétti kynja eru mikilvægar í slíku starfi.
- stuðlar að jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu.
- gefur konum og körlum bætt tækifæri til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu.
- hefur áhrif á þróun jafnréttismála innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Í því skyni að ná árangri með starfi sínu á sviði forgangsverkefnanna mun ráðherranefndin vinna að:
- þróun aðferða sem stuðla að virku jafnréttisstarfi.

Ein aðferð sem ráðherranefndin leggur einkar ríka áherslu á, er að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum stefnumótunar, í nánasta umhverfi, í sveitarstjórnum, við stjórn landsins og á vettvangi Norðurlanda. Aðrar áhrifaríkar aðferðir eru gerð hagtalna um konur og karla, kvenna- og jafnréttisrannsóknir, menntun í jafnréttismálum ásamt upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

Verkefni samkvæmt samstarfsáætluninni.

Norræn ráðstefna „Konur, vinna og efnahagsmál". Grundvallarmarkmiðið í starfi að jafnréttismálum er að bæta efnahagslega stöðu og áhrif kvenna þar sem slíkt hefur áhrif á jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum. Efnahagsleg völd og áhrif kvenna og karla eru því eitt meginviðfangsefni norrænu samstarfsáætlunarinnar.

Norræna ráðherranefndin stóð fyrir tveggja daga ráðstefnu vorið 1997 um þetta efni. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík og voru ráðstefnugestir um 220, frá Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum.

Þrjú meginþemu ráðstefnunnar voru:
- Rétturinn til starfa og réttra launa.
- Konur í kjarasamningum.
- Ólíkir hópar kvenna – styrkur, ekki veikleiki.

Á ráðstefnunni komu fram tillögur að áframhaldandi norrænu samstarfi á þessu sviði. Þær ásamt skýrslu frá ráðstefnunni verða gefnar út á skandinavísku í TemaNord-seríunni í byrjun ársins 1998.

Bókin *„Halva makten – nordiska kvinnor på väg".* Bókinni er ætlað að fylgja eftir því verki sem hófst með útgáfu bókarinnar „Den ofärdiga demokratin" sem kom út árið 1983. Tilgangur verkefnisins er að lýsa stöðu kvenna á Norðurlöndum hvað varðar völd og áhrif og hvernig norrænar konur og norræn stjórnvöld í hverju landi hafa náð þeim árangri sem raun er. Í ritinu verður m.a. fjallað ítarlega um ábyrgð, skipulag og þátttöku stjórnvalda og opinberra stofnana í jafnréttismálum og hvernig samvinna frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda hefur þróast. Að verkinu koma konur frá öllum norrænu löndunum og er stefnt að útgáfu hennar vorið 1998.

Karlar og jafnrétti kynja. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda samþykktu á árinu sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 1997 til 2000 um karla og jafnrétti kynja. Í áætluninni eru samtals fimmtán verkefni sem öll hafa það að markmiði að auka virka þátttöku karla í þessu starfi. Framkvæmdaáætlunin ásamt greinargerð frá starfshópnum sem hana vann, hefur verið gefin út á íslensku. Á árinu 1997 hófst undirbúningur ráðstefnu um feðrahlutverkið sem haldin verður í Finnlandi á árinu 1998. Í tengslum við ráðstefnuna verður sérstaklega hugað að því hvernig karlar nýta rétt sinn til feðraorlofs. Auk framangreindra verkefna hefur verið ákveðið að næstu verkefni samkvæmt áætluninni verði rannsókn á feðrahlutverkinu, hugmyndarit um

karla og jafnrétti í atvinnulífinu og viðamikið verkefni um ofbeldi karla. Þá varð á árinu mikil umræða um stofnun sérstakrar stöðu um karlarannsóknir hjá NIKK og tóku jafnréttisráðherrarnir það mál sérstaklega upp við norrænu samstarfsráðherrana.

Jafnréttissjónarmið á alla þætti samfélagsins. Eitt af forgangsverkefnunum samkvæmt samstarfsáætluninni er að þróa og prófa aðferðir og tæki sem stuðla að því að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum stjórnsýslustigum landanna við alla málaflokka. Hið sama á við um stjórnsýslu norrænu ráðherranefndarinnar. Til þess að stuðla að slíkri þróun aðferða eru nú í gangi sérstök verkefni í öllum norrænu ríkjunum sem byggir á hugmyndum um „mainstreaming".

Markmiðið með verkefninu er að þróa aðferðafræði og tæki til þess að gera sjónarmið kynjajafnréttis miðlæg í allri almennri stefnumótun. Verkefnið nær til tveggja málaflokka, til starfs og stefnumótunar í málum ungmenna og til starfs og stefnumótunar í vinnumarkaðsmálum. Verkefnið er til þriggja ára og mun ná til allra Norðurlandanna og Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Starfandi er norrænn verkefnisstjóri og innlendur verkefnisstjóri í hverju landi. Á Íslandi var ákveðið að einskorða verkefnið við stefnumótun og starf í málefnum ungmenna. Skrifstofa jafnréttismála stýrir verkefninu en þátt í því taka Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur og Íþrótta- og tómstundaráð Akureyrar.

Norrænt fréttabréf um jafnréttismál. Frá árinu 1996 hefur verið gefið út norrænt fréttabréf um jafnréttismál. Tilgangur þess er að miðla fréttum um jafnréttisstarfið á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og á Norðurlöndum. Fréttabréfið er gefið út á finnsku, íslensku, skandinavísku og á ensku í 3000 eintökum, þar af eru 200 eintök á íslensku. Blaðið kemur út þrisvar á ári.

Upplýsingabanki á netinu um kvennahreyfinguna á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum. Norrænu rannsóknarstofnuninni í kvenna- og jafnréttisfræðum hefur verið falið að safna upplýsingum um kvennahreyfingar á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum og koma þeim á internetið. Kvenréttindafélag Íslands er tengiliður rannsóknarstofnunarinnar hér á landi.

Önnur verkefni.

Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og jafnréttisfræðum, NIKK. Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og jafnréttisfræðum var stofnuð á árinu 1995. Rannsóknarstofnunin, sem er þverfagleg, hefur aðsetur í Ósló. Stjórnin er skipuð til þriggja ára fulltrúum frá hverju Norðurlandanna. Hlutverk norrænu rannsóknarstofnunarinnar er að samhæfa norrænar kvenna- og jafnréttisrannsóknir, byggja upp gagnagrunn um rannsóknir á þessu sviði, samræma gagna- og upplýsingaþjónustu á Norðurlöndum og skipuleggja og standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir fræðikonur/menn. Á stofnuninni er aðstaða til að halda námskeið fyrir fræðimenn og nemendur og aðstaða fyrir gestafræðimenn. Einnig skal rannsóknarstofnunin skipuleggja og veita aðstöðu vegna stúdenta- og fræðimannaskipta. Stofnunin er tengiliður við ýmis alþjóðasamtök og stofnanir og hefur sem slík orðið til að auka alþjóðlegt samstarf og styrkja tengsl við erlenda fræðimenn og stofnanir.

Á þeim rúmlega tveimur árum sem NIKK hefur starfað hefur stofnunin skapað sér sess bæði á norrænum og á alþjóðavettvangi. Á þessum stutta tíma hefur hún staðið fyrir mörgum fjölbreytilegum verkefnum þar sem áherslan hefur verið á að draga fram norrænt notagildi og norræna sérstöðu. Mikil áhersla er á að tengja starf stofnunarinnar við grannsvæðin. Þá hefur eftirspurn eftir þjónustu NIKK, sem að stórum hluta byggist á nýjustu upplýsingatækni, aukist stöðugt. Mörg verkefni NIKK eru fjármögnuð með utanaðkomandi styrkjum.

Nokkur viðamikil verkefni fóru af stað á árinu 1997 m.a. um kynferði og stjórnmál (kjönn og politikk). Önnur verkefni voru undirbúin og fara af stað á árinu 1998, m.a. verkefnið „Kyn, ungmenni og kynlífshegðun (HIV/Aids) í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi" en það verkefni er fjármagnað af norrænu ráðherranefndinni. Þá var á árinu lokið stóru rannsóknarverkefni sem nefnist „Konur, stríð og ást". Stofnunin hvetur einnig aðra til að koma á fót nýjum rannsóknarverkefnum og veitir þeim stuðning. Mikil áhersla er lögð á að auka samstarf milli fræðafólks á Norðurlöndunum. Íslendingar eru þátttakendur í flestum rannsóknarverkefnum sem stofnunin stendur fyrir og hefur tilkoma hennar stórlega aukið þátttöku okkar í norrænum rannsóknum á þessu sviði. Á árinu voru haldin nokkur rannsóknarnámskeið fyrir fræðafólk bæði á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Undirbúningur heimsþings um kvennarannsóknir sem haldið verður í Tromsö í Noregi í júní 1999 er hafinn en NIKK er ein þeirra stofnana sem stendur að þeim undirbúningi. Þetta verður í fyrsta sinn sem heimsþingið verður haldið á Norðurlöndum.

Samstarf við Eystrasaltsríkin.

Baltnesk/norræn jafnréttisráðstefna. Í samstarfsáætlun Norðurlanda við Eystrasaltsríkin frá árinu 1995 var ákveðið um að haldin skyldi stór ráðstefna um jafnrétti kynja í einu af Eystrasaltsríkjunum. Undirbúningur að baltneskri/norrænni jafnréttisráðstefnu hófst síðan á árinu 1996. Ráðstefnan var haldin í Valmiera í Lettlandi í ágúst 1997 og stóð í fjóra daga. Yfirskrift hennar var „Konur og karlar tala saman". Tilgangur ráðstefnunnar var að kalla saman konur og karla frá baltnesku og norrænu löndunum til virkrar umræðu um stöðu kynjanna, um þörf lagasetningar um jafnrétti kynja, um þörf aðgerða og samstarfs milli baltneskra og norrænna félagasamtaka og fræðimanna um jafnrétti kynja. Ráðstefnuna sóttu um 1000 til 1200 manns frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum og norðurhéruðum Rússlands. Frá Íslandi fóru um 50 manns, þar af um 14% karlar. Ísland átti fjóra af 27 aðalfyrirlesurum ráðstefnunnar en það voru þau Guðrún Agnarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Sigrún Stefánsdóttir og Þórólfur Þórlindsson. Þá átti Ísland fulltrúa í menningardagskrá ráðstefnunnar. Haldin var kvennamessa undir leiðsögn sr. Auðar Eir og vakti hún mikla athygli ekki síst vegna bágrar stöðu kvenna innan kirkjunnar í Eystrasaltsríkjunum. Tvær ungar leikkonur, Sigrún Sól og Vala Þórsdóttir, voru með einþáttunga og Valgerður Andrésdóttir flutti tónverk á píanó eftir norræn og baltnesk tónskáld. Þar að auki voru um 30 manns virkir í málstofum. Félagsmálaráðherra Íslands flutti opnunarræðu ráðstefnunnar í Eistlandi.

Ríkisstjórn Íslands veitti undirbúningsnefndinni hér á landi sérstakan styrk sem leiddi til þess að hægt var að styrkja einstaka þátttakendur og auðvelda þannig félagasamtökum að taka þátt.

Sem lið í undirbúningi þessarar stóru ráðstefnu voru haldnar tvær minni, í Litháen og í Eistlandi.

Baltnesk-norræn framkvæmdaáætlun. Norrænu jafnréttisráðherrarnir ákváðu að unnin skyldi sérstök verkefnaáætlun fyrir samstarfið við Eystrasaltsríkin á sviði jafnréttismála. Skipaður var sérstakur starfshópur sem skilaði tillögum sínum á miðju árinu. Norrænu jafnréttisráðherrarnir áttu síðan fund um áætlunina með ráðherrum Eystrasaltsríkjanna sem fara með jafnréttismál. Áætlunin var svo samþykkt á fundi norrænu jafnréttisráðherranna í Ósló í lok ársins. Hún tekur til tímabilsins 1998 til 2000. Meginþemu áætlunarinnar eru:

- Samstarf stjórnvalda/embættismanna sem vinna að jafnrétti kynja.
- Samstarf um fræðslu/miðlun upplýsinga.
- Samstarf um kvenna- og jafnréttisrannsóknir.
- Samstarf félagasamtaka.
- Samstarf um að vinna gegn ofbeldi gagnvart konum.

Þessi áætlun mun leggja grunninn að samstarfi á sviði jafnréttismála ekki aðeins við Eystrasaltsríkin heldur einnig við héruð Norðvestur-Rússlands.

9.6. Vímuefnamál.

Þann 18. desember 1996 ákvað norræna ráðherranefndin að setja á fót þverfaglega embættismannanefnd á sviði fíkniefnavarna (EK-NARKOTIKA), sem tók við af norrænni samstarfsnefnd af svipuðum toga er lauk störfum um þær mundir. Bar sú nefnd heitið „Nordiska kontaktmannaorganet för narkotikafrågor". Var skipað í hina nýju nefnd af hálfu Norðurlandaþjóðanna allra, en hún heyrir beint undir ráðherranefndina. Fjárveitingar af norrænum fjárlögum til fíkniefnamála jukust um 600.000 d.kr. til að styrkja betur þau verkefni sem embættismannanefndin mat brýnust á þeim tíma.

Mörg og gagnleg verkefni hafa komið til kasta EK-NARKOTIKA og hún lagt til við ráðherranefndina að styrkja nánari tengsl við Eystrasaltsríkin, en mikið flæði fíkniefna streymir frá Austur-Evrópu um þau lönd vestur á bóginn. Eitt meginverkefni nefndarinnar er að leggja til hvernig peningum skuli varið til baráttunnar gegn fíkniefnabölinu og byggir hún tillögur sínar til ráðherranefndarinnar á umsóknum, skýrslum og vettvangsupplýsingum.

Starf EK-NARKOTIKA snertir meira eða minna alla þá aðila, sem af einhverri alvöru starfa að fíkniefnavörnum á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og sunnar í álfunni.

Fyrsti fundurinn í norrænu ráðherranefndinni um vímuefnamál (MR-NARK) var haldinn í tengslum við 49. Norðurlandaráðsþing í nóvember sl. Páll Pétursson, félagsmálaráðherra flutti innlegg Íslands og gerði grein fyrir vaxandi eiturlyfjaneyslu og hve ný efni væru fljót að berast til landsins. Taldi ráðherra aukið atvinnuleysi stuðla að meiri neyslu meðal yngri kynslóðarinnar. Ráðherra sagði næst af markvissara forvarnarstarfi, eflingu lögreglu og tollgæslu auk sérstakrar áherslu á yngri áhættuhópa hvað fíkniefni, áfengi og tóbak snerti. Hann lauk máli sínu með frásögn af samstarfsverkefni ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar í Evrópuátakinu „European Cities Against Drugs", sem hefur að markmiði að Ísland verði án eiturlyfja árið 2002. Þar er áherslan lögð á börn, unglinga og foreldra.

Sömu fulltrúar félagsmála- og heilbrigðismálaneytis sitja í ECAD-hópnum og í norrænu embættismannanefndinni um vímuefnamál (EK-NARK). Tveir fundir voru haldnir í nefndinni á árinu. Hinn fyrri var haldinn í Stokkhólmi sl. vor til undirbúnings ráðherrafundinum í Helsingfors í nóvember.

10. Efnahagsmál.

10.1. Efnahags- og fjármál.

Samstarf efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna á yfirstandandi starfsári hefur verið fjölbreytt. Auk hefðbundinna verkefna á sviði efnahags- og ríkisfjármála hafa á undanförnum árum bæst við sérstök verkefni, m.a. á sviði umhverfismála og atvinnumála auk þess sem málefni Eystrasaltsríkjanna hafa hlotið mikla umfjöllun, sérstaklega í tengslum við norrænu fjárfestingaráætlunina. Á árinu 1997 hafa málefni Norræna fjárfestingarbankans verið ofarlega á baugi svo og Evópska myntsamstarfið (EMU) og hugsanleg áhrif þess. Jafnframt var á vegum ráðherranna unnin skýrsla þar sem fjallað var um áhrif af aðgerðum í ríkisfjármálum á Norðurlöndum (sjá umfjöllun um starf embættismannanefndar). Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum og helstu áherslum í starfi efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna á árinu 1997. Auk þess verður fjallað um störf ýmissa nefnda á sviði þeirra, helstu verkefni og greinargerðir.

Ráðherrafundir.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlandanna héldu þrjá fundi á árinu 1997. Í maí héldu ráðherrarnir óformlegan fund í París í tengslum við ráðherrafund OECD-ríkjanna þar sem rætt var um undirbúning ráðherrafundar EFTA- og ESB-ríkjanna. Í lok júnímánaðar funduðu ráðherrarnir í Noregi. Á fundinum var rætt um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum, umhverfisskattlagningu, fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin og áhrif Evrópska myntsamstarfsins (EMU). Enn fremur fjölluðu ráðherrarnir um skýrslu sem fjallar um áhrif af aðgerðum í ríkisfjármálum á Norðurlöndum. Í nóvember var haldinn ráðherrafundur í Helsinki í tengslum við fund Norðurlandaráðs. Þar var fjallað um réttarstöðu og skattamál NIB, efnahagsmál á Norðurlöndum, skýrslu um aðgerðir í ríkisfjármálum og umhverfismál. Jafnframt var rætt Evrópska myntsamstarfið og önnur Evrópumál.

Megináherslur í starfi ráðherranefndarinnar á sviði efnahags- og fjármála á yfirstandandi starfsári voru eftirfarandi:

Samstarf á sviði atvinnumála.
Norræna fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin.
Myntbandalag Evrópu.
Stuðningur við rússnesku nærhéruðin.
Umhverfismál.
Starfsemi og verksvið Norræna fjárfestingarbankans.

Áhrif aðgerða í ríkisfjármálum á Norðurlöndum.

Auk ofangreindra atriða hafa ráðherrafundirnir verið vettvangur almennrar umræðu um ástand og horfur í efnahagsmálum, bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi. Í nóvember kom út árleg skýrsla ráðherranna um efnahagsmál á Norðurlöndum, Økonomiske udsigter i Norden (sjá umfjöllun um starf efnahagsnefndar fjármálaráðherra).

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a) *Embættismannanefndin* (EK-Finans). Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig haft yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Á árinu 1997 voru málefni Norræna fjárfestingarbankans mikið til umfjöllunar bæði hjá nefndinni og ráðherrunum. Umræðan snérist um tvennt, annars vegar að NIB fái viðurkennda alþjóðlega stöðu og hins vegar að fá á hreint skattamál bankans og starfmanna hans. Á árinu 1997 var á vegum nefndarinnar gefin út skýrsla (Budgetkonsolidering i de nordiska länderna) sem fjallar um áhrif aðgerða í ríkisfjármálum á Norðurlöndum á hagvöxt og velferð.

b) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum. Hlutverk þessarar nefndar er að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni. Nefndina skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Starf nefndarinnar hefur að mestu falist í að greiða fyrir og leitast við að tryggja framgang fjárfestingaráætlunarinnar. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutnings-

sjóðsins (Nopef). Nefndin hefur sent árlegar skýrslur til Norðurlandaráðs um stöðu og framkvæmd fjárfestingaráætlunarinnar. Á árinu 1996 var samþykkt framlenging á fjárfestingaráætluninni fram til ársins 1999.

c) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu (Økonomiske udsigter i Norden) til fjármálaráðherranna sem síðan er lögð fram á þingi Norðurlandaráðs.

d) *Ráðgjafanefnd í gjaldeyris- og peningamálum (Nordiskt finansielt udvalg).* Eins og nafnið ber með sér er nefndin ráðgefandi aðili fyrir fjármálaráðherrana í gjaldeyris- og peningamálum. Enn fremur annast nefndin undirbúning og samræmingu norrænna sjónarmiða á þessu sviði á alþjóðavettvangi, einkum fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig hefur nefndinni verið falið að fylgjast náið með framvindu og undirbúningi vegna evópska efnahags- og myntbandalagsins og gera ráðherrunum grein fyrir stöðu mála. Nefndina skipa embættismenn frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Af Íslands hálfu hefur Seðlabankinn að mestu sinnt þessu starfi til þessa. Fyrirhugað er að fjármálaráðuneytið komi í meira mæli inn í þetta starf á næstunni, meðal annars í ljósi aukins vægis peninga- og lánamála í starfi ráðuneytisins.

e) *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Kontaktgruppe for miljø og økonomi).* Á vegum tveggja embættismannanefnda, þ.e. þeirra sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø), starfar sérstakur vinnuhópur sem einkum fjallar um hagrænar aðgerðir á sviði umhverfismála. Fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið eiga fulltrúa í þessum hópi. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Á árinu 1997 var haldin ráðstefna þar sem annars vegar var rætt um umhverfismál og atvinnumál og hins vegar um hagræn stjórntæki á sviði samgangna og verða skýrslur um hvort efni um sig gefnar út fljótlega.

f) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Á árinu 1997 var m.a. gerð úttekt á fyrirkomulagi samningsstjórnunar í norrænum rekstri og hafin er vinna við að skoða og gera tillögur um breytta framsetningu norrænu fjárlaganna. Fundi hópsins sitja einnig starfsmenn frá Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar.

g) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personaleutskottet).* Norræna launa- og starfsmannanefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefnd Norðurlanda (samstarfsráðherra) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs. Nefndin veitir ráðgjöf í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra sem starfa við norrænar stofnanir og skrifstofur nefndanna í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar ýmist frá samstarfsnefndinni, ráðherranefndinni, Norðurlandaráði eða skrifstofum þeirra. Nefndin getur að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndarinnar og stjórnarnefndarinnar. Hún ákveður þóknanir til stjórnarmanna við norrænar stofnanir. Nefndin á að ábyrgjast að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana frá 9. desember 1988 og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Nefndin heldur 4–5 fundi á ári. Stundum er málum, eftir kynningu og umræðu, skotið til lokaafgreiðslu hjá starfsmannahaldi ráð-

herranefndarinnar og viðkomandi nefndarfulltrúa þegar erindið varðar stofnun í landi hans. Greinargerð um niðurstöðu er þá lögð fyrir næsta nefndarfund. Starfið árið 1997 einkenndist af sérstakri heildarúttekt á launasetningu starfsmanna á skrifstofu ráðherranefndarinnar sem og umfjöllun um ráðningarformið þar og ráðningarmál í norrænum stofnunum. Þá voru einnig áberandi sem fyrr mál sprottin af stofnanaúttektinni. Mörg mál af ýmsum toga, einstaklingsmál/endurskoðun lífeyrissamnings o.fl., komu til umfjöllunar og túlkunar í nefndinni en verða ekki sundurgreind hér frekar.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Norræni fjárfestingarbankinn var stofnaður árið 1976. Afkoma bankans árið 1996 var líkt og undanfarin ár mjög góð. Á árinu 1996 nam hagnaður bankans um 114 milljónum ECU, eða sem svarar til 12,2% af eigin fé, samanborið við 103 milljóna ECU hagnað árið 1995. Bankinn greiddi eigendunum 35 milljónir ECU í arð, eða sem nemur 10% af innborguðu stofnfé bankans. Á árinu 1996 veitti NIB lán til Íslands fyrir um 4,6 milljarða króna sem svarar til 5% útborgaðra lána bankans og er hlutur Íslands í heildarútlánum nú um 8%. Eignarhlutur Íslands í bankanum nemur um 1%. Nánar er fjallað um starfsemi bankans í kafla 15.

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samstarf og samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna starfsemi Evrópubankans í London. Norðurlöndin eiga þrjá fulltrúa í stjórn bankans sem hafa náið en óformlegt samráð þar sem leitast er við að samræma norræn sjónarmið.

10.2. Atvinnu- og iðnaðarmál.

Á árinu 1997 önnuðust Norðmenn formennsku í hinu norræna samstarfi og þar með á sviði orku-, iðnaðar- og atvinnumála. Haldnir voru tveir stefnumarkandi ráðherrafundir. Annar í Ósló í febrúar og hinn í Kalmar í ágúst. Einnig fundaði embættismannanefndin til þess að framfylgja ákvörðunum ráðherranna og Norðurlandaráðs. Forustuhlutverkið flyst á árinu 1998 til Svía, frá 1. janúar 1998.

Höfuðáherslan í starfsemi ráðherranefndarinnar árið 1997 hefur verið á eftirtöldum þrem sviðum: Bættri samkeppnisstöðu norrænu landanna til atvinnuaukningar og hagsældar. Samræmingu atriða er varða Evrópska efnahagssvæðið og Evrópusambandið. Áframhaldandi aðgerðir í samstarfsmálum í þágu grannsvæðanna í austri.

Á Norðurlandavettvangi.

Á fundi sínum í Kalmar í ágúst sl. ákváðu ráðherrarnir að hrinda af stað víðtækri úttekt á hinu norræna samstarfi og samstarfskostum að því er tekur til nýsköpunar og þróunar. Verkið er hafið og skal því lokið í september 1998. Áform og tillögur skulu einnig varða Norræna iðnaðarsjóðinn og hlutverk hans, en sú stofnun heyrir undir ráðherranefndina. Að verkinu koma m.a. utanaðkomandi ráðgjafaraðilar og hljóðar kostnaðaráætlunin við úttektina upp á 900 þús. d.kr.

Á árinu var lokið könnun og skýrslugerð um það með hverjum hætti atvinnulífið á Norðurlöndum notfærir sér upplýsingatæknina. Einkum var tekið mið af litlum og meðalstórum

fyrirtækjum, en tilgangurinn var að bera kennsl á sameiginlega þætti og þar með skyggnast eftir nýjum hugmyndum og aðgerðum á norrænum vettvangi.

Síðla árs var rekinn endahnútur á skýrslugerð um samverkun atvinnulífs, vinnumarkaðar og byggðasvæða. Fyrir dyrum stendur að efna til ráðstefnu um þessi mál í ársbyrjun 1998.

Starfshópur hefur haft með höndum undirbúning norrænnar ráðstefnu á árinu 1998 um iðnað og umhverfi. Verður þar einkum fjallað um samþætta stefnu í umhverfis- og framleiðslumálum.

Síðla árs skoruðu iðnaðarráðherrar Norðurlanda sameiginlega á viðskiptaráðherra Bandaríkjanna að staðfesta snarlega samþykkt OECD um afnám styrkveitinga til skipasmíðaiðnaðarins.

Fundir ráðherranefndarinnar svo og embættismannanefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál hafa verið mikilsverður vettvangur ráðuneytanna á Norðurlöndum til upplýsinga og skoðanaskipta og jafnframt til að ýta undir margt vænlegt samstarfsframtakið. Sem dæmi mætti nefna, að á fundi embættismannanefndarinnar, í ágúst 1997, voru veittar 200 þús. d.kr. til samstarfsverkefnis Iðntæknistofnunar Íslands og Færeyinga til eflingar ferðamannaiðnaði sem byggir á menningarlegum og umhverfisvænum grundvelli.

EES/ESB.

Á fundum iðnaðarráðherranna svo og embættismannanefndarinnar er jafnan fastur dagskrárliður þar sem skipst er á skoðunum og veittar óformlegar upplýsingar af vettvangi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins um þau mál sem efst eru á baugi. Svo dæmi séu tekin mætti nefna OECD samþykktina um afnám undirboða og til skipasmíðaiðnaðar. Einnig atriði er taka til samkeppnishæfni og viðmiðunar (benchmarking).

Grannsvæðin.

Á vegum ráðherranefndarinnar hafa átt sér stað talsverð samskipti við stjórnvöld grannsvæðanna til eflingar þeirri viðleitni Eystrasaltsríkjanna og grenndar Pétursborgar að aðlaga sig ESB og EES á sviði iðnaðar- og atvinnumála. Samskiptin hafa verið í formi málþinga, námsferða og þjálfunar sérfræðinga frá grannsvæðunum. Sérstaklega skal tilgreint verkefnið Nordpraktik, en til þess voru veittar samtals 3,5 millj. d.kr. á árinu 1997 (en 5 millj. d.kr. árið áður). Þar er um að ræða aðstoð og þjálfun um 150 sérfræðinga frá grannsvæðunum. Í tengslum við það verkefni efndi Norræni iðnaðarsjóðurinn til námsstefnu í Lettlandi í því augnamiði að efla viðskiptasambönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sem og grenndar þeirra í Rússlandi.

Á árinu 1997 voru veittar 100 þús. d.kr. til sérstaks ráðstefnuhalds á grannsvæðunum, með tilstuðlan OECD, til eflingar verslunar og viðskipta.

Stofnanir.

Heildarúttekt og endurskoðun á starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins lauk á fyrri hluta ársins. Þá var unnið að mótun nýrrar stefnu fyrir sjóðinn, sem lögð var fyrir iðnaðarráðherrana í Kalmar í ágúst sl. til samþykktar. Til grundvallar var lagður styrkur norrænnar samvinnu á sviði iðnaðarrannsókna og þróunar í evrópsku samhengi. Sjóðurinn mun hér eftir fást við fjármögnun á frumskeiði nýsköpunarferlis í enn ríkari mæli og hvetja til verkefnahugmynda á norrænum vettvangi, verkefna sem ýmist væri hægt að fjármagna frá Evrópu eða í viðkomandi landi. Megináherslan var sem fyrr lögð á starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem og þróun og framleiðslu þar sem höfð er hliðsjón af umhverfisvernd, lífsgæðum og heilbrigði.

Ný framkvæmdaáætlun fyrir Nordtest var samþykkt af iðnaðarráðherrum Norðurlanda í ágúst 1997. Helstu áherslusvið eru upplýsinga- og rafeindatækni, gæðakröfur, efnistækni og umhverfismál. Samkvæmt áætluninni stuðlar Nordtest áfram að öryggi, góðu umhverfi og gæðum með því að efla norræna samvinnu um prófunartækni. Vert er að geta þess sérstaklega, að aðferðir og tækniskýrslur Nordtest eru gjarnan lagðar til grundvallar í alþjóðlegu og evrópsku þróunar- og stöðlunarstarfi á sviði prófunartækni. Það hefur svo leitt til þess að norrænar aðstæður og sjónarmið í þessum efnum eru mjög ríkjandi. Áfram verður mikil áhersla lögð á Evróputengslin og samstarfið við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stofnana þess.

10.3. Orkumál.

Norrænn raforkumarkaður.

Á þessum áratug hafa átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Norðurlöndum. Norðmenn riðu á vaðið með breytingar og gáfu viðskipti með raforku frjáls og síðan hafa bæði Svíar og Finnar gert breytingar sem stefna í sömu átt. Í Danmörku er nú unnið að skipulagsbreytingum. Þessar breytingar hafa haft talsverð áhrif á viðskipti með raforku milli ríkjanna.

Um árabil hefur verið gott samstarf og mikil viðskipti með raforku milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Þetta samstarf hefur leitt til betri nýtingar á orkulindunum og dregið úr umhverfisáhrifum vegna orkuvinnslu auk þess að hafa í för með sér fjárhagslegan ávinning. Samstaða er um að mikilvægt sé að þróa raforkuviðskipti á milli landanna enn frekar í ljósi áðurnefndra skipulagsbreytinga og í samræmi við yfirlýsingu sem orkumálaráðherrar samþykktu í júní 1995. Það á meðal annars við um gjald fyrir flutning á orku milli landanna og kauphallarviðskipti með raforku.

Fjallað hefur verið um leiðir til að samræma eða samhæfa skattlagningu á raforku á milli landanna og lauk starfshópur á vegum embættismannanefndarinnar störfum á árinu. Haldin var námsstefna um það mál dagana 23. til 24. apríl 1997. Athuganir sem gerðar hafa verið staðfesta að umhverfisskattar og umhverfisgjöld, sérstaklega á raforkuvinnslu, geta stuðlað að bættum umhverfisáhrifum. Svo virðist þó að ef koma á í veg fyrir aukningu í losun CO_2 vegna raforkuframleiðslu á Norðurlöndum þurfi að leggja á há gjöld eða skatta nema önnur stjórntæki verði notuð samhliða. Athuganir sýna jafnframt að ekki er hægt að samhæfa skattlagningu á raforku á Norðurlöndum án þess að taka tillit til ýmissa annarra mála á sviði orkumála, svo sem þróunar jarðgasmarkaðar, lokun kjarnorkuvera í Svíþjóð og efnahagslegs jafnvægis á milli landanna. Sömuleiðis skiptir þróun raforkumála á evrópska efnahagssvæðinu miklu, ekki síst þar sem viðskipti með raforku við Þýskaland og Holland eru vaxandi. Ráðherrarnir hafa því lagt áherslu á mikilvægi víðtæks samstarfs í þessu efni.

Markaður fyrir jarðgas.

Gerðar hafa verið athuganir á aukningu markaðar fyrir jarðgas á Norðurlöndunum og grannsvæðum þeirra í austri. Sérstakur vinnuhópur með fulltrúum ráðuneyta og fyrirtækja hefur fjallað um þýðingu jarðgass í orkukerfi Norðurlandanna (annarra en Íslands) og grannsvæðanna. Ísland á ekki fulltrúa í hópnum. Ráðherranefndin telur að þróun markaða með jarðgas verði fyrst og fremst að meta af þeim fyrirtækjum sem stunda viðskipti með gas. Á vegum vinnuhópsins hefur verið unnin viðamikil skýrsla um hlutverk jarðgass í Norðurlöndum og grannsvæðunum og var rætt um skýrsluna á ráðstefnu í desember 1997. Ráðherranefndin fylgist einnig með því sem gert er á vegum Evrópusambandsins á þessu sviði, en sem kunnugt er hefur verið unnið að gerð tilskipunar um innri markað fyrir jarðgas. Fyrirhugað er að athuga mikilvægi jarðgass til að draga úr umhverfisáhrifum orkuvinnslu á Norðurlöndum og í öðrum löndum við Eystrasalt.

Orku- og umhverfismál.

Á ráðherrafundi í Reykjavík árið 1995 var skipaður starfshópur sem einkum var falið að vinna að sameiginlegu tilraunaverkefni (Joint Implementation) til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Markmið verkefnisins var að varpa ljósi á möguleika og hindranir við framkvæmd slíkra verkefna milli Norðurlanda og grannríkjanna í austri. Hópurinn hefur einnig unnið að verkefnum er lúta að mismunandi skuldbindingum ríkja varðandi takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda, viðskipti með losunarkvóta og loks áhrifum innflutnings og útflutnings á jarðgasi og raforku á losun gróðurhúsalofttegunda.

Á árinu 1997 hefur einnig verið samstarf við ráðherranefndina á sviði umhverfismála um þessi mál og hefur sameiginlegur starfshópur nefndanna unnið að margvíslegum verkefnum sem tengjast rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Starfshópurinn gekkst m.a. fyrir ráðstefnu í maí og vinnufundi í september sl. um þessi mál vegna undirbúnings fyrir loftslagsráðstefnuna í Kyoto. Íslendingar áttu fulltrúa bæði á ráðstefnunni og vinnufundinum, hvort tveggja var afar gagnlegt. Ákveðið hefur verið að starfshópurinn starfi áfram á næsta ári.

Orkusparnaður, bætt orkunýting.

Á þessum áratug hafa eins og áður segir átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Norðurlöndunum. Ráðherranefndin hefur látið kanna hvort þessar breytingar hafi í för með sér neikvæð áhrif hvað varðar hagkvæma orkunýtingu eða orkusparnað og hrundið af stað verkefnum með það fyrir augum að vinna gegn því að slíkt eigi sér stað.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin hefur frá árinu 1987 verið skipulögð sem markáætlun til þriggja eða fjögurra ára í senn. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Núverandi rannsóknaáætlun lýkur á næsta ári, en þegar hefur verið ákveðið að hrinda nýrri áætlun af stað og er unnið að undirbúningi hennar.

Evrópusambandið, Evrópska efnahagssvæðið og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða evrópska efnahagssvæðið og þróun á sviði orkumála innan Evrópusambandsins.

Ráðherranefndin hefur styrkt vinnu Alþjóða orkumálastofnunarinnar varðandi sameiginlega framkvæmd til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Í yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna frá 27. júní sl. um sjálfbæra þróun á sviði orkumála umhverfis Eystrasaltið fólu þeir orkumálaráðherrum Norðurlanda að vinna að tilteknum verkefnum. Þessi verkefni lúta að möguleikum til að auka nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, nota jarðgas í stað olíu eða kola, samvinnslu raforku og varma, orkusparnaði o.fl. Í nóvember sl. var lögð fyrir forsætisráðherra Norðurlanda skýrsla þar sem fjallað er um fyrstu niðurstöður þessara verkefna, en gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á fyrri hluta ársins 1998. Í tengslum við þetta starf hefur starfshópur sá er vinnur að málinu meðal annars sótt Eystrasaltsríkin heim og gengist fyrir ráðstefnu um orkumál á Norðurlöndunum og í ríkjunum við Eystrasaltið.

Á vegum ráðherranefndarinnar hefur verið komið upp þjálfunaráætlun annars vegar fyrir verk- og tæknifræðinga sem starfa hjá orkufyrirtækjum og hins vegar fyrir kennara við háskóla og tækniskóla í Eystrasaltsríkjunum. Áætlunin miðar einkum að því að tengja betur hagræna þætti inn í áætlanagerð og rekstur á orkusviðinu.

Ráðherranefndin hefur m.a. í framhaldi af ályktun Norðurlandaráðs nr. 34/1995 unnið að verkefni er miðar að því að kanna möguleika til nánara samstarfs milli Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna og ríkjanna í Austur-Evrópu.

Niðurlag.

Starf norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er gagnlegt fyrir Ísland, þó svo að orkulindir okkar, orkuvinnsla og orkunýting sé verulega frábrugðin því sem er annars staðar á Norðurlöndum og raforkukerfi landsins einangrað. Mikilvægt er að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í löndunum og fá yfirlit yfir skatta og gjöld á orkuvinnslu og orkusölu. Hvort tveggja kemur að góðu gagni í sambandi við þá endurskoðun á framtíðarskipan raforkumála sem nú er unnið að sem og athugun á tengingu raforkukerfis landsins við grannríkin. Starf ráðherranefndarinnar að verkefnum er lúta að umhverfishlið orkumálanna, einkum hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda, hefur stuðlað að betri og víðtækari þekkingu á því sviði og létt undirbúning Íslands vegna vinnu í tengslum við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Mikilvægt er að því starfi verði haldið áfram m.a. í ljósi bókunarinnar sem samþykkt var í Kyoto. Íslendingar hafa notið góðs af orkurannsóknaráætluninni og hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að því samstarfi verði haldið áfram. Þá eru fundir á vegum ráðherranefndarinnar mikilvægir til að skiptast á skoðunum varðandi orkumál er tengjast evrópska efnahagssvæðinu.

10.4. Samgöngumál

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum samstarfsráðherra fer norrænt samstarf um samgöngumál að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET) en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum, ásamt aðstoðarfólki. Á undanförnum árum hafa ráðherrar samgöngumála hist tvisvar á ári að jafnaði í tengslum við þing Norðurlandaráðs, en í ár og á fyrra ári var þó aðeins haldinn einn fundur ráðherranna. Fundurinn í ár var í Málmey 1. október.

Á árinu voru eftirtalin mál m.a. til umfjöllunar:

1. Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.

Á fundum NET kynnir hvert land það sem efst er á baugi í samgöngumálum hvers lands. Í ár voru mál er varða frelsi í fjarskipta- og póstmálum ofarlega á blaði í Noregi, á Íslandi og í Finnlandi, framkvæmdir í vegamálum og við flugvallagerð í Finnlandi, á Íslandi (Hvalfjarðargöng og fyrirhugaðar framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll), í Danmörku (Stórabeltis- og Eyrarsundsframkvæmdir) og í Noregi (Gardemoen-flugvöllur sem opnaður verður í október 1998).

2. Málefni, er varða EES/ESB og Norðurlöndin, svo og annað erlent samstarf.

Á fundum ráðherranna og NET voru kynnt og rædd þau mál sem til umræðu voru á árinu í samskiptum EES/ESB og Norðurlanda. Af einstökum málum má nefna umhverfismál flugsins, einkum hávaðamál, þrengsli í flugumferðinni, gjöld á þungar bifreiðar, 4. og 5. rammarannsóknaráætlun ESB og fjármögnun TEN framkvæmda m.a. með einkafjármögnun.

NET samþykkti á fundi sínum í Málmey 30. september að koma á fót starfshópi með fulltrúum frá öllum hinum norrænu löndum til þess að leggja línurnar og ræða evrópsk samgöngumálefni til undirbúnings formennsku Finnlands í Evrópusambandinu 1999. Ráðherrarnir samþykktu á fundi sínum 1. október að veita 100 þús. d.kr. til þessa verkefnis.

Hvað snertir annað erlent samstarf voru á fundum NET rædd mál er varða Eystrasaltsríkin og samgöngur milli ríkja í Austur- og Vestur-Evrópu.

3. Umferðaröryggismál.

Eftir að nefnd um umferðaröryggismál (SNT) var lögð niður í upphafi árs 1997 hefur starfað óformlegur vinnuhópur fulltrúa þeirra ráðuneyta sem fara með umferðaröryggismál á Norðurlöndum. NET samþykkti að veita til þessa starfs 307 þús. d.kr. á þessu ári. Verkefni hópsins skal vera m.a. að sjá um Norræna umferðaröryggisdaga á árinu 1998.

4. Verkefnaáætlun um norrænt samstarf á sviði samgöngumála.

Á fundi sínum í Málmey samþykktu samgönguráðherrarnir að óska eftir því við NET að nefndin ynni að verkefnaáætlun um norrænt samstarf á sviði samgöngu- og umferðarmála fyrir árin 1998–2000, sem lögð yrði fyrir þing Norðurlandaráðs á árinu 1998.

5. Mögulegir fjárfestingakostir fyrir stórframkvæmdir í samgöngumálum.

Ræddir voru mögulegir kostir við fjármögnun stórframkvæmda í samgöngumálum. Þar voru nefndir kostir eins og fjármögnun með vegatollum (bompengar) og færslu frá því kerfi til umferðargjalda (road pricing).

10.5. Húsnæðis- og byggingarmál.

Húsnæðisráðherrar Norðurlandanna samþykktu á fundi í Álasundi þann 3. júní 1997 tillögu að nýrri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 1998–2001. Samstarfið hefur haft að leiðarljósi miðlun reynslu og þekkingar varðandi leiðir og lausnir í húsnæðismálum. Á árinu var unnið að rannsóknarverkefnum varðandi stefnumótandi þætti húsnæðismála, gefnar út skýrslur og haldnar námsstefnur auk þess sem unnið var að undirbúningi fyrir ný verkefni.

Með norrænt notagildi að leiðarljósi lögðu húsnæðisráðherrarnir áherslu á eftirfarandi atriði varðandi samstarfið í næstu framtíð: Félagslegir þættir húsnæðismála, sjálfbær þróun húsnæðis- og byggingarmála og samvinna við grannsvæði Norðurlanda. Í samstarfsáætluninni er lögð áhersla á breyttar áherslur á þessum vettvangi síðastliðin ár. Félagslegir þættir, staða og aðskilnaður ólíkra hópa á húsnæðismarkaði og aðstæður þeirra sem verst eru settir hafa verið í brennidepli. Þannig hefur dregið úr vægi tæknilegra þátta er lúta að nýbyggingum að öðru leyti en því sem viðkemur vistvænum byggingum, umhverfi og sjálfbærri þróun sem fengið hefur sífellt meira vægi.

Á húsnæðisráðherrafundinum í Álasundi 3. júní 1997 var kynnt skýrsla með niðurstöðum á úttekt á stöðu félagshópa og aðskilnaði á húsnæðismarkaði (Bostadspolitik mot segregation. TemaNord 1997:544). Markmiðið með verkefninu var að kanna hvaða möguleikar og takmarkanir væru í hverju landi á því að fyrirbyggja aðskilnað á húsnæðismarkaði og hvernig hægt sé að komast hjá mismunun á húsnæðismarkaði. Skýrslan fékk góðar viðtökur og hefur þegar verið ákveðið að fylgja þessu verkefni eftir með því að taka saman yfirlit um góðar lausnir í þessum málum. Verkefnið verður unnið í samstarfi við sambönd sveitarfélaga á Norðurlöndum sem sýnt hafa málinu mikinn áhuga.

Á árinu lauk rannsóknarverkefni með skýrslu undir heitinu „Norrænn húsnæðismálaréttur". Skýrslan „Nordisk bustadsrett" er samanburðargreining á gildandi réttarreglum um

húsnæðismál á Norðurlöndum (TemaNord 1997:594). Skýrslan var kynnt á fjölmennri námsstefnu í Noregi. Einnig var haldin námsstefna um byggingarlöggjöf á Norðurlöndum. Samanburðarrannsókn á byggingarkostnaði lauk með útgáfu skýrslu sem ber heitið: „Byggkostnader i Norden" (TemaNord 1997:508).

Unnið var að rannsóknarverkefni sem ber heitið „Housing in the Nordic Countries" sem er ætlað að draga upp heildarmynd af fyrirkomulagi og stöðu húsnæðismála á Norðurlöndum. Markmið þessa verkefnis er að gefa út rit með upplýsingum um húsnæðismál á Norðurlöndum sem yrði aðgengilegt fyrir Eystrasaltslöndin, Austur-Evrópu og einnig gagnlegt í Evrópusamstarfi. Skýrslan verður gefin út á ensku á næsta ári. Einnig hefur farið fram undirbúningsvinna fyrir samnorrænt verkefni um húsnæðismál eldra fólks sem verður unnið á árinu 1998. Tekið verður saman yfirlit um reynslu Norðurlandanna hvað varðar skipulag, fyrirkomulag og mismunandi lausnir í húsnæðismálum aldraðra.

Undirbúningur hefur einnig farið fram á árinu fyrir námsstefnur sem fyrirhugað er að halda á næsta ári. Fjallað verður um húsaleigubætur og greiningu á þróun á leigumarkaði. Fulltrúi Íslands hefur lagt til að fjallað verði um þær breytingar er orðið hafa og eru í bígerð á húsnæðislánakerfum, stjórnun og fyrirkomulagi húsnæðismála. Embættismannanefndin hefur samþykkt tillöguna og verður námsstefnan haldin hér á landi á vormánuðum 1998.

10.6. Byggðamál.

10.6.1. Embættismannanefndin um byggðamál.

Samstarf Norðurlandanna í byggðamálum byggist aðallega á þremur þáttum. Mestum fjármunum er varið til samstarfshéraðanna, síðan er samstarf um menntun og rannsóknir á sviði byggðaþróunar og skipulagsmála. Þriðji þáttur samstarfsins er samskipti embættismanna um byggðastefnu og mótun hennar.

Svo sem getið var um í skýrslu um samstarf Norðurlanda árið 1996 er samstarf landamærahéraða Norðurlanda í örri breytingu eftir að Svíþjóð og Finnland gengu í Evrópusambandið. Á vegum þess eru umfangsmiklar stuðningsáætlanir til landamærahéraða, svokallað INTERREG. Norðmenn taka þátt í þessu samstarfi en greiða alla þátttöku sína sjálfir. Er nú svo komið að viðhorf og vinnuaðferðir ESB ráða lögum og lofum í flestum samstarfshéruðunum utan norræna Atlantssamstarfinu, sem er hið eina sem er alveg utan við ESB. (Um það er fjallað í kafla 10.6.2.)

Áður hefur verið getið um samstarf Norðurlandanna annars vegar og Skotlands hins vegar í byggðamálum. Nokkrir íslenskir aðilar hafa tekið þátt í verkefnum innan ramma þess samstarfs. Nú hefur Evrópusambandið einnig tekið yfir fjármögnun þessa samstarfs sem nú heitir Northern Periphery. Norðmenn taka fullan þátt í verkefninu en greiða sinn hlut að fullu. Ísland hefur möguleika á þátttöku í einstökum verkefnum innan ramma verkefnisins og er fullur áhugi á því hjá flestum þeim aðilum sem hafa tekið þátt í hinu norræna samstarfi með Skotum.

Á árinu 1997 tók til starfa ný norræn stofnun á sviði byggðamálasamstarfsins. Stofnunin heitir Nordregio og hefur aðsetur í Stokkhólmi. Verkefni hennar er menntun og rannsóknir á sviði byggða- og skipulagsmála. Nordregio stendur á grunni þriggja eldri stofnana: Nordplan, sem var norræn menntastofnun á sviði skipulagsmála; NordREFO, sem var norræn rannsóknastofnun í byggðamálum og NOGRAN, sem var starfshópur um úttektir og tölfræðiupplýsingar í byggðamálum sem var NERP, norrænu embættismannanefndinni í byggðamálum til ráðuneytis. Nordregio mun efla eftir því sem kostur er þekkingaröflun og -miðlun á sviði byggða- og skipulagsmála. Allar forsendur eru fyrir því að stofnunin geti gegnt forustuhlutverki á sínu sviði innan Evrópu.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda (sjá nánar kafla 15.6.) heyrir undir samstarfið í byggðamálum. Nú hefur reglugerð um starfsemi sjóðsins verið breytt og er þess að vænta að áherslubreytingar verði í starfsemi hans í kjölfarið þannig að hann beini lánveitingum sínum til Færeyja og Grænlands í auknum mæli og styðji NORA samstarfið með beinum fjárframlögum.

Á árinu var fram haldið samstarfi embættismannanefndanna í byggðamálum og landbúnaðarmálum.

10.6.2. Norræna Atlantsnefndin NORA (áður samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda).

Árið 1997 var annað starfsár Norrænu Atlantsnefndarinnar NORA, en nefndin er samstarfsvettvangur Íslendinga, Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna og heyrir nefndin undir Norrænu embættismannanefndina í byggðamálum (NERP). Skrifstofa nefndarinnar er staðsett í Þórshöfn í Færeyjum. Hér á landi er skrifstofa Byggðastofnunar á Egilsstöðum í forsvari fyrir nefndina, en að auki annast skrifstofur í Nuuk, Stavanger og Bodø málefni nefndarinnar.

Meginmarkmið með starfi nefndarinnar eru eftirfarandi;

- að hvetja til og efla samvinnu innan svæðisins með áherslu á eftirfarandi atriði; (1) auðlindir og umhverfismál sjávar, (2) landbúnað, (3) verslun og viðskipti, (4) ferðaþjónustu og (5) samgöngur.
- að koma á samstarfi milli nefndarinnar og annarra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins. Einkum skal þó lögð áhersla á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum.
- að miðla reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum milli landanna.
- að stuðla að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum, þar sem löndin geta notið góðs af reynslu hvers annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og fólk í millum.

Þrír fulltrúar frá löndinum fjórum eiga sæti í nefndinni og eru fulltrúar Íslands skipaðir í nefndina af forsætisráðherra. Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á að fulltrúar sveitarstjórna taki þátt í starfi nefndarinnar.

Á þessu öðru starfsári nefndarinnar hafa borist margar umsóknir um styrki frá öllum löndunum, en skilyrði fyrir styrkveitingu er að í það minnsta kosti tvö aðilarlönd séu umsækjendur að hverjum styrk.

NORA hefur á árinu 1997, eins og á árinu 1996, haft frumkvæði að nokkrum fjölda samstarfsverkefna sem tengjast markmiðum nefndarinnar. Fjárveiting til nefndarinnar á árinu 1997 var um fimm milljónir danskra króna og hefur stórum hluta þess verið ráðstafað bæði til styrkja og til þess að setja af stað verkefni sem tengjast áður nefndum markmiðum.

Árið 1997 var formaður nefndarinnar Kaj Egede fyrrverandi ráðherra í grænlensku heimastjórninni, en á árinu 1998 munu Íslendingar fara með formennsku í nefndinni.

10.7. Landbúnaður og skógrækt.

Norrænt samstarf á sviði landbúnaðar og skógræktar stendur á gömlum merg og hefur verið mjög virkt frá upphafi aldarinnar. Þetta samstarf skilar stöðugt hugmyndum að nýjum viðfangsefnum og áherslum inn í það starf sem unnið er á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar. Á liðnu ári var unnið áfram eftir þeirri starfsáætlun fyrir tímabilið 1996–2000 sem samþykkt var í Kuopio í Finnlandi á 47. þingi Norðurlandaráðs. Eins og í öðrum starfsáætlunum innan hins norræna samstarfs er gengið út frá meginmarkmiðunum þremur, norrænu notagildi, tengingu við alþjóðamál einkum innan Evrópusamstarfsins og tengslum við svonefnd grannsvæði í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi.

Megináherslur í hinni nýju samstarfsáætlun er á verkefni sem hafa skírskotun og tengsl til eftirfarandi fjögurra sviða:
- Gæði í landbúnaðarframleiðslunni með áherslu á umhverfið.
- Varðveisla erfðafræðilegs fjölbreytileika.
- Byggðaþróun á landssvæðum sem eru sérstaklega háð landbúnaði og skógrækt.
- Sjálfbær skógrækt.

Náttúrulegar forsendur til landbúnaðar og skógræktar skera sig nokkuð úr því sem er í flestum löndum álfunnar og öflugt norrænt samstarf á þessum sviðum er því sérlega verðmætt t.d. við sókn Norðurlandanna inn í rannsóknaáætlanir Evrópubandalagsins. Af þeim ástæðum er meðal annars lögð mikil áhersla á þau beinu tengsl sem eru milli Norrænu embættismannanefndarinnar um landbúnað og skógrækt (NEJS) og verkefna sem lúta að rannsóknum og þróun. Landbúnaðarráðherrar Norðurlanda hafa því lagst eindregið gegn þeim hugmyndum sem lúta að því að færa sem mest af samstarfi á þessu sviði til samráðsnefndar menntamálaráðuneytanna og telja að málaflokknum sé betur fyrir komið í núverandi kerfi og þjóni sem mjög gott verkfæri í þróun allrar samvinnu innan atvinnuvegarins.

Ráðherrafundirnir eru nú tveir á ári og skipt í tvær málstofur þar sem fjallað er annars vegar um landbúnað og hins vegar um skógrækt auk sameiginlegrar umræðu. Á síðasta ári var sumarfundurinn haldinn í Kolding í Danmörku og haustfundurinn í Oslo. Á sumarfundinum var sérstaklega fjallað um norræna virkni innan FAO gagnvart World Food Summit og tillaga lögð fyrir Norðurlandaráð þar sem gert er ráð fyrir að Norðurlandaráð fái það hlutverk að fylgja áætluninni eftir.

Stofnanir sem heyra undir ráðherranefnd landbúnaðar og skógræktar (MR–JS) hafa fengið háa einkunn með hliðsjón af „norrænu notagildi" og virðist það jafnvel styrkjast vegna hlutverks þeirra í að fylgja málum eftir í alþjóðlegri umræðu svo sem gagnvart varðveislu erfðaefnis og líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærri nýtingu lands í matvælaframleiðslunni. Norræni genbankinn kemur með mjög virkum hætti að þessum málaflokkum gagnvart alþjóðlegu samstarfi og er einnig mjög virkur í samstarfi við Eystrasaltsríkin og Rússland. Efling hefur einnig orðið í starfsemi Norræna genbankans fyrir húsdýr. Stofnanir og helstu langtímaverkefni á vegum NEJS er:
- Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).
- Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH).
- Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
- Norræna bútæknináðið (NTS).
- Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
- Samstarf landbúnaðarháskólanna (NOVA).
- Norræna dýralæknasamstarfið (NKVet).
- Samstarfsnefnd um plöntusjúkdóma og samræming um innflutning.

Auk þessara viðfangsefna veitir NEJS fjármagni til ýmissa verkefna sem rekin eru á verkefnagrundvelli á grundvelli umsókna. Þar má nefna gæðastýringu í landbúnaði með sérstaka áherslu á umhverfismál, varðveislu erfðaefnis, þróun landbúnaðar og skógræktar með hliðsjón af þróun landbúnaðarins og sjálfbæra framleiðslu skógarnytja. Embættisnefndin hefur fjármagnað verkefni í samvinnu við embættismannanefndina um umhverfismál (EK–Miljø) og embættismannanefndina fyrir byggðaþróun (NERP). Þessum verkefnum er ekki lokið. Þá hefur embættismannanefndin lagt mikla áherslu á matvælaöryggi þar á meðal þá hættu sem stafar af lyfjaleyfum í matvælum og öryggi matvæla með hliðsjón af salmonellumengun. Þessi verkefni verða áfram ofarlega á verkefnaskrá nefndarinnar. Þá hefur nefndin haft til umræðu landbúnaðarstefnumörkun ESB og tók ákvörðun um að láta sérstaka umræðu fara fram á

óformlegan hátt um þróun viðskipta með landbúnaðarvörur á alþjóðlegum vettvangi. Á árinu var að mestu lokið við fjögur viðamikil rannsóknarverkefni sem styrkt voru af umhverfisáætlun norrænu ráðherranefndarinnar og stýrt af NKJ og SNS. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í þremur þessara verkefna sem snúa að hringrás næringarefna í jarðvegi og áhrifum breytinga í samsetningu lofthjúpsins á vöxt plantna. Í báðum verkefnaflokkum hefur þátttaka íslenskra vísindamanna gert þeim fært að taka þátt í umsóknum í fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins og einnig skapað mikilvægan þekkingargrunn vegna þátttöku í alþjóðlegri umræðu um umhverfismál svo sem hnattrænar loftslagsbreytingar.

11. Sjávarútvegsmál.

Í norræna sjávarútvegssamstarfinu var á árinu 1997 annars vegar horft til þess hvernig hægt er að styrkja innviði sjávarútvegsins í löndunum með stuðningi við ýmiskonar rannsóknir honum tengdar. Áhersla á þennan þátt er ekki ný af nálinni og hefur verið eins og rauður þráður í samstarfinu undanfarin ár. Hins vegar var sjónum beint út á við í ríkari mæli en verið hefur, m.a. með því að horfa til markaðslanda fyrir sjávarafurðir og reynt að gera sér grein fyrir hvaða kraftar eru þar mest áberandi eða muni hafa áhrif á norrænan sjávarútveg.

Norræna samstarfið á sjávarútvegssviðinu er ekki lengur sjálfstætt samstarfssvið heldur fellur það undir efnahags- og atvinnusamstarf í samræmi við breytingar sem gerðar voru á heildarskipulagi norrænu ráðherranefndarinnar árið 1996. Sjávarútvegssamstarfið heldur þó sínum hlut í fjárveitingum frá fyrra ári og hafði til ráðstöfunar árið 1997 alls 7,2 millj. d.kr. Sem fyrr var ein milljón lögð í samstarfsverkefni á sviði sjávarútvegs- og umhverfismála. Hafin er endurskoðun á fyrirkomulagi þess samstarfs og má reikna með að henni ljúki á fyrri hluta ársins 1998. Væntanlega verður þessu samstarfi haldi áfram, þó til þess kunni að koma að skipulag þess breytist.

Umsóknir um 27 sameiginleg norræn verkefni voru teknar til umfjöllunar. Alls var farið fram á styrki til rannsókna sem námu 27 millj. d.kr. sem svarar til rétt rúmlega fjórðungs heildarkostnaðar við þær rannsóknir. Búið er að úthluta styrkjum til 17 verkefna. Þar á meðal er framhaldsverkefni í merkingu fiska með rafmerkjum, grálúðurannsóknir í Norður-Atlantshafi og samanburðarverkefni hagfræðinga á fiskveiðistefnu Dana, Norðmanna og Íslendinga.

Í framhaldi af starfi nefndar sem fylgdist sérstaklega með umræðum um umhverfismerkingar bæði innan Norðurlanda og annars staðar í Evrópu, var stofnað til upplýsingaherferðar um sjávarútveg í norrænu ríkjunum. Þá hefur norrænt ráðgjafarfyrirtæki verið fengið til að taka út það sem kallað er ný markaðstaða sjávarútvegsins, með því að reyna að greina hvaða kröfur neytendur muni gera til sjávarútvegs á Norðurlöndum á næstu fimm árum. Búist er við að þar verði umhverfiskröfur, kröfur um neytendavald og aukið upplýsingastreymi efstar á blaði en niðurstöðu er að vænta í vor.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki í nóvember var haldinn fundur sjávarútvegsráðherra Norðurlanda. Þrír fundir voru í embættismannanefndinni á árinu, í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Norðmenn höfðu á hendi formennsku í starfinu á þessu ári en Svíar taka við um áramót.

Í samstarfsáætlun fiskveiðisamstarfsins til ársins 2000 er það meginmarkmið að stuðla að því að efla sjávarútveg sem mikilvægan þátt þjóðlífs í löndunum. Það telst sérstaklega mikilvægt að styðja verkefni sem snerta þau lönd eða þá landshluta sem háðastir eru sjávarútvegi. Markmiðið felur í sér áherslu á verndun auðlinda sjávar og skynsamlega nýtingu þeirra. Skipulagi starfsseminnar hefur ekki verið breytt, formlegt samstarf fer fram innan ráðherranefndar og embættismannanefndar sem felur vísindanefnd að meta umsóknir og vinnunefnd

umsjón starfsins. Mikilvægur þáttur er starf fiskveiðiráðgjafa norrænu ráðherranefndarinnar sem sér um daglegan rekstur og samræmingu.

12. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Til grannsvæða Norðurlanda teljast Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, þ.e. Murmansk-, Arkhangelsk- og Pétursborgarsvæðin auk Kaliningrad og Karelen.

Norðurskautssvæðið telst einnig til grannsvæða Norðurlanda en samstarfið um málefni Norðurskautssvæðisins fer fram samkvæmt sérstakri starfsáætlun.

Starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar á grannsvæðum Norðurlanda hefur staðið frá árinu 1990. Samkvæmt starfsáætlun fyrir grannsvæðin sem samþykkt var árið 1995 er samstarfið við grannsvæðin ein af þrem meginviddum norræns samstarfs. Veitt var 51 millj. d.kr. til grannsvæðasamstarfsins samkvæmt grannsvæðaáætluninni fyrir árið 1997. Auk þess var umtalsverðum fjárhæðum veitt til samstarfsins af öðrum fjárlagaliðum þannig að nærri lætur að 100 millj. d.kr. hafi runnið til þess af norrænum fjárlögum árið 1997.

Meginmarkmið norræns samstarfs við grannsvæðin er að:

- stuðla að friði, öryggi og stöðugleika í Evrópu,
- stuðla að þróun lýðræðis og markaðsbúskapar, mannréttindum og ábyrgri nýtingu auðlinda.

Samstarf og samskipti við grannsvæðin á sér stað á nánast öllum sviðum norræns samstarfs. Það fer fram á vegum Norðurlandaráðs, norrænu ráðherranefndarinnar, embættismannanefndanna, sérfræðinga- og starfshópa og norrænu stofnananna. Með þessu móti verða tengsl Norðurlanda við grannsvæðin mjög víðtæk og til þess fallin að stuðla að jákvæðri þróun þar.

Á grundvelli óska frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi er lögð áhersla á starfsemi og verkefni þar sem Norðurlönd geta boðið sérstaka þekkingu og kunnáttu og þar sem framlag Norðurlandanna er mikilvæg viðbót við starfsemi heimamanna.

Áherslusvið starfsáætlunarinnar fyrir grannsvæðin hafa verið:

- Upplýsingastarfsemi og samskipti.
- Styrkjakerfi.
- Menningar- og umhverfissamstarf.
- Réttindi þegnanna.
- Iðnaðar- og efnahagsmál.
- Umhverfissamstarf.
- Landbúnaðarsamstarf.

Starfshópur um stefnumörkun fyrir samstarf Norðurlanda við grannsvæðin skilaði árið 1996 úttekt á samnorrænu starfsáætluninni og á samstarfsverkefnum landanna hvers um sig við grannsvæðin, svo og tillögum um samnorræna stefnumörkun og áherslusvið í norrænu grannsvæðaáætluninni. Á grundvelli þessarar úttektar samþykktu samstarfsráðherrar Norðurlanda á fundi sínum í október 1996 að áherslur í starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum verði á sviðum þar sem norrænt samstarf gefi aukið gildi og að stærri og sýnilegri verkefni fái forgang. Enn fremur að áhersla verði á samstarf sem stuðli að þróun lýðræðis og á stuðning við samtök vinnumarkaðar og almennings. Önnur áherslusvið verði stuðningur við þróun frjálsra félagasamtaka, norræn tungumálakennsla svo og stuðningur við Eystrasaltsríkin í viðleitni þeirra til að aðlaga löggjöf og stjórnsýslu að væntanlegri þátttöku í ESB. Meðal markmiða ráðherranefndarinnar fyrir grannsvæðasamstarfið er einnig aukin samræming aðgerða við starfsemi norrænna fjármögnunarstofnana og markvissara samstarf við önnur svæðisbundin samtök á Eystrasalts- og Barentssvæðinu.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) bera ábyrgð á starfsemi ráðherranefndarinnar á grannsvæðum Norðurlanda og taka ákvarðanir um starfsáætlun og fjárveitingar á þessu sviði.

Fundur samstarfsráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var haldinn í Brussel í marsmánuði. Til umfjöllunar var m.a. hlutverk upplýsingaskrifstofanna, stuðningur Norðurlanda við undirbúning Eystrasaltsríkjanna fyrir inngöngu í ESB og samstarf á sviði menntunar, jafnréttis, menningar og umhverfismála.

Verkefni innan starfsáætlunarinnar á fyrstu þremur ársfjórðungum voru alls 36. Tveimur nýjum verkum var ýtt úr vör, verkefni um stjórnsýslu og lýðræði og verkefni um þriðju stoðina. Fjórum verkefnum var lokið á tímabilinu, m.a. verkefni um nýjar leiðir í fullorðinsfræðslu. Í sumum verkefnum hefur í upphafi reynst örðugt að gera rússneska þátttöku að veruleika þó gert hafi verið ráð fyrir henni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að baltneskir og rússneskir þátttakendur hafa ólíkar forsendur og þarfir.

Norrænu upplýsingaskrifstofurnar.

Meðal þess sem upplýsingaskrifstofan í Tallinn stóð að á árinu var norræn menningarhátíð með þátttöku 21 listamannahóps og norræn-baltnesk jafnréttisráðstefna með 620 þátttakendum svo og heimsókn félagsmálaráðherra Íslands í tengslum við ráðstefnuna. Skrifstofan hefur þar að auki komið að fjölda grannsvæðaverkefna með tengslamyndun, upplýsingamiðlun o.fl. Á vegum skrifstofunnar var á árinu unnið að verkefnum um m.a. menningarmiðlun, fjölmiðlasamstarf, jafnréttismál og almenna upplýsingastarfsemi. Veittir voru styrkir til norrænnar tungumálakennslu og starfsemi frjálsra félagasamtaka. Upplýsingaskrifstofan í Vilníus kom einnig að undirbúningi jafnréttisráðstefnunnar í Valmieri í Lettlandi en gott samstarf eistneskra og norrænna embættismanna hefur komist á í framhaldi af ráðstefnunni. Norræn-baltnesk námsstefna „Information and Communication Technology as a Tool for Learning" var haldin í Tallinn í september. Skrifstofan átti þátt í undirbúningi námsstefnunnar „The Cultural Image of Small Countries in Europe" sem haldin var í september. Áhuginn á Nordpraktik-verkefninu og þýðingarstyrk NORDBOK hefur verið mikill. Tíu eistneskir kennarar í líffræði, efnafræði og landafræði tóku þátt í námskeiði um umhverfisfræðslu sem haldið var á Álandseyjum í september. Tengslanet hefur myndast á mörgum sviðum í framhaldi af verkefnum sem skrifstofan hefur komið að.

Upplýsingaskrifstofan í Ríga hafði umsjón með norrænu menningarhátíðinni í Lettlandi en í apríl voru settar upp rúmlega 40 sýningar á öllum listasviðum. Hátíðin tókst í alla staði mjög vel, hún var vel sótt og fékk mikla og jákvæða fjölmiðlaumfjöllun. Viðamikið verkefni skrifstofunnar á árinu var undirbúningur og framkvæmd jafnréttisráðstefnu sem haldin var í ágúst með hátt í 1200 þátttakendum frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum og norðurhéruðum Rússlands. Ráðstefnan þótti takast mjög vel. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda tóku þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnunni og héldu jafnframt ráðherrafund. Skrifstofan hefur aðstoðað tungumálamiðstöð ríkisins í Lettlandi við menntun sænsku- og norskukennara. Haldin var námsstefna um skartgripalist með 100 þátttakendum frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum og Bandaríkjunum. Upplýsingamiðlun, bókasafn og tungumálanámskeið voru sem áður mikilvægir þættir í starfsemi skrifstofunnar.

Upplýsingaskrifstofan í Vilníus skipulagði og framkvæmdi einnig norræna menningarhátíð í apríl með allt að þrem sýningum af ýmsu tagi á degi hverjum. Þar ber hæst rokkóperuna „Peer Gynt". Hátíðin fékk góða umfjöllun í norrænum og litháískum fjölmiðlum. Baltneskir og norrænir listamenn stóðu í sameiningu að fjölmörgum atriðum og standa vonir til að samstarfið hafi orðið kveikjan að nýjum verkefnum. Upplýsingaskrifstofan tók þátt í undirbúningi

norrænu-baltnesku jafnréttisráðstefnunnar í Valmieri í Lettlandi en litháískir þátttakendur voru 145. Skrifstofan hefur einnig komið að öðrum verkefnum innan grannsvæðaáætlunarinnar. Verkefnið „Teacher Training in the Baltic States" er hafið og námskeiðin fara fram samkvæmt áætlun. Einnig hafa verið haldnar námsstefnur á sviði félags- og heilbrigðismála og um umferðaröryggi. Skrifstofan hefur gert samning við ríkisútvarp Litháens um að styrkja u.þ.b. 100 útvarpsþætti um norrænar bókmenntir. Ríkissjónvarp Litháens hefur lokið sýningum á norrænum kvikmyndum sem norrænar sjónvarpsstöðvar hafa lánað án endurgjalds. Enn fremur hefur skrifstofan styrkt þátt í ríkisútvarpi Litháens um íslenska list og byggingarlist. Stofnun Norræns félags í Litháen er í undirbúningi. Skrifstofan styrkti fimm norræna listmálara til þátttöku í tveggja vikna alþjóðlegri námsstefnu í Vilníus fyrir listmálara og styrkur var einnig veittur til sýningar í Reykjavík í október á list frá Litháen. Í september var í Reykjavík frumsýnt leikritið „Þrjár systur" eftir Tsjekhov en það var samstarfsverkefni milli leikhúsa. Mjög góð aðsókn hefur verið að námskeiðum í norrænum tungumálum á vegum skrifstofunnar og annar hún engan veginn eftirspurn. Upplýsingafundur hefur verið haldinn um Nordpraktik.

Upplýsingaskrifstofan í Pétursborg hefur á undanförnum árum unnið að því að móta sér starfsvettvang. Hún var formlega opnuð í október sl. og þá fyrst var unnt að auka starfsemi hennar, m.a. með því að hefja starfsemi á Barentssvæðinu. Í febrúar- og marsmánuði stóð skrifstofan fyrir finnskum og dönskum tungumáladögum og hefur þar með kynnt fimm norræn tungumál. Tungumálanámskeiðum skrifstofunnar var fram haldið og um mitt ár 1997 voru þátttakendur alls 350 í 25 hópum. Skrifstofan styrkir einnig námskeið í eistnesku í Pskov, sem mikill áhugi er fyrir, en vonast er til að þau muni stuðla að bættum samskiptum milli Eystrasaltsríkjanna og landamærasvæða Rússlands. Á Barentssvæðinu voru haldin norræn tungumálanámskeið fyrir háskólanema í hagfræði, þjóðhagfræði og lögfræði. Meðal menningarviðburða á árinu má nefna umfangsmikla sýningu á verkum norrænna og rússneskra listamanna en viðtökur voru slíkar að sýningin var framlengd um tvær vikur. Gestir voru rúmlega tíu þúsund og sýningin fékk mikla og jákvæða umfjöllun í þarlendum fjölmiðlum. Skrifstofan hefur einnig staðið fyrir sýningum á barnabókum og norrænni list og veitt styrk til norrænnar námsstefnu um barnabókmenntir. Í Pretrozavodsk háskóla hefur verið opnað norrænt bókasafns- og upplýsingaherbergi með upplýsingamiðlun um styrkjakerfi ráðherranefndarinnar en herbergið nýtist einnig háskólalektorum við kennslu í norrænum tungumálum. Lögð hafa verið drög að samstarfi um bókasafn við háskóla á Archangelsk-svæðinu. Skrifstofan býr sig undir að taka í notkun upplýsingatækni sem felur í sér mikla möguleika á mörgum sviðum, ekki síst hvað varðar tengslin við háskólalektora í norrænum tungumálum. Á sviði fjölmiðlunar má geta þess að skrifstofurnar í Tallinn, Riga og Pétursborg stóðu í sameiningu fyrir ferð blaðamanna frá Norðurlöndum og Pskov um Eistland og Lettland.

13. Lagaleg mál.

13.1. Löggjafarmál.

Samstarf Norðurlandanna um löggjafarmál byggist á samstarfsáætlun um norrænt löggjafarsamstarf sem dómsmálaráðherrar Norðurlanda samþykktu sumarið 1996. Á fundi dómsmálaráðherranna í Bodø í júní 1997 var þessi áætlun endurskoðuð, svo og vinnuáætlun með henni, og þá m.a. bætt við nýjum viðfangsefnum er varða brotastarfsemi bifhjólagengja, kynferðislega misnotkun barna og efnahagsbrot. Í vinnuáætluninni eru tilgreind ýmis önnur svið, svo sem samstarf innan ESB á réttarvörslusviði, löggjöf um réttarfar og endurskoðun Lúganósamningsins, löggjöf um upplýsingaskyldu stjórnvalda, upplýsingatækni og brotastarfsemi sem tengist upplýsingum í tölvum, vernd persónuupplýsinga, reglur um alþjóðlegan sifjarétt,

löggjöf á sviði fjármunaréttar með hliðsjón af neytendavernd o.fl. Samstarfsáætlunin inniheldur fyrst og fremst leiðbeiningar um vinnuferli og tilhögun samstarfs, m.a. til að tryggja samhæfingu og samræmingu ráðstafana sem grípa þarf til til að framkvæma ESB tilskipanir.

Samstarf um löggjafarmál fer einkum fram með fundum dómsmálaráðherranna og embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf þar sem unnið er að samræmingu á samstarfinu og sameiginleg málefni rædd.

Á sumarfundi dómsmálaráðherra var auk endurnýjunar samstarfsáætlunarinnar og vinnuáætlunar með henni fjallað um málefni er varða brotastarfsemi í tengslum við bifhjólagengi og gerð verkáætlun um samstarf og samráð lögreglu og um löggjöf til að vinna gegn þeirri brotastarfsemi, mál er tengjast ESB og Amsterdam samkomulaginu, framtíðarþróun dómstólaskipunar, samstarf um baráttu gegn efnahagsbrotum og samstarfið við Eystrasaltsríkin.

Embættismannanefndin hittist reglulega en auk þess hittast fulltrúar dómsmálaráðuneytanna, eða annarra fagráðuneyta á viðkomandi sviði þar sem það á við, formlega eða óformlega, og er þar skipst á upplýsingum og einstök löggjafarviðfangsefni rædd. Þetta samstarf fer og fram í tengslum við alþjóðlega fundi, hvort heldur er á vettvangi ESB eða annars staðar, þar sem norrænir fulltrúar hafa náið samstarf og samræma sjónarmið sín eftir því sem unnt er.

Meðal viðfangsefna sem rædd hafa verið á fundum embættismannanefndarinnar eða einstakra samráðshópa má nefna alþjóðleg einkaréttarmálefni á sviði sifjaréttar, málefni þriðju stoðar ESB almennt, refsilög og refsiréttarfar, viðbrögð gegn bifhjólagengjum en ítarleg skýrsla var gerð um tiltæk úrræði í því sambandi, kynferðisleg misnotkun barna, samstarf um þróun hlutafélagalöggjafar, tilskipun um neytendakaup og ábyrgðir, Schengen samstarfið o.fl.

Embættismannanefndin hefur á árinu stuðlað að nokkrum málþingum. Í Reykjavík var haldið málþing um lögtöku EES gerða, málþing var halið í Noregi um umhverfisbrot, um hlutafélög í Stokkhólmi og annað um sifjarétt í ársbyrjun 1998. Þá hefur nefndin gert starfsreglur fyrir starf tengiliða um rannsóknir á Evrópurétti og samþykkt fjárstuðning við verkefni á því sviði, svo sem varðandi áskilnað um upptöku lagaskuldbindinga í landsrétt og áhrif þess að landsrétti ef þeim áskilnaði er ekki fullnægt, um opinber útboð og um rétt neytenda til upplýsinga er varða umhverfisáhrif.

13.2. Málefni flóttamanna

Samráðsnefnd æðri embættismanna um málefni flóttamanna fjallar um stefnumótun í málefnum er varða flóttamenn. Þar fara og fram víðtæk upplýsingaskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar um útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum o.fl. Viðfangsefni nefndarinnar hafa að verulegu leyti snúist um málefni fyrrum Júgóslavíu og aðstoð við heimflutning flóttamanna þaðan. Víðtækt samstarf er og um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem einstakar sendinefndir til þessara landa gera. Málefni Eystrasaltsríkjanna hafa einnig verið til meðferðar en ríkjunum hefur verið veitt margvíslega aðstoð við uppbyggingu landamæraeftirlits, þjálfun starfsfólks í því sambandi, gerð vegabréfaskráa o.fl. Á árinu luku öll Norðurlöndin gerð samninga við Eystrasaltsríkin um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana og um endurviðtöku eigin borgara sem og annarra sem komið hafa beint frá einu ríki til annars. Haft er samráð vegna samninga um afnám vegabréfsáritana, með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen samstarfinu. Þróun mála eftir gildistöku Dublin-samnings Evrópusambandsríkjanna um mál flóttamanna hefur verið rædd og staða Íslands og Noregs í því sambandi. Samstarf á þessu sviði nær og til þeirra ráðherra sem fara með málefni er varða flóttamenn og innflytjendur. Á árinu áttu þeir m.a. fund með samráðherrum frá Eystrasaltsríkjunum um sameiginleg málefni.

14. Norrænar stofnanir á Íslandi.

14.1. Norræna húsið.

Formlegt hlutverk hússins er að „koma til móts við og örva áhuga á norrænum málefnum á Íslandi og miðla þekkingu um Ísland á öðrum Norðurlöndum". Hefur þetta verið hlutverk stofnunarinnar frá því hún hóf störf árið 1968.

Norræna húsið er norræn menningarmiðstöð á breiðum grunni og heyrir undir norrænu ráðherranefndina. Það er að mestu leyti rekið af ráðherranefndinni og þar með af Norðurlöndunum sameiginlega.

Starfsemin á árinu 1997 var svipuð umfangs og árið 1995 og uppfyllti á öllum sviðum kröfur samningsins um verkefnavísa sem gerður var við norrænu ráðherranefndina fyrir tímabilið 1995–98. Starfsemin fer aðallega fram í Norræna húsinu en á starfsárinu skipulagði stofnunin sýningar í Reykjavík (3) og á landsbyggðinni (á Akureyri, í Stykkishólmi og á Sauðárkrók), í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð (3) og í Frakklandi (sýning um sögu Íslands sem lánuð var sendiráði Íslands í Frakklandi).

Enn fremur hefur verið lánað efni úr bókasafni Norræna hússins um allt land og lánaðar hafa verið grafíksýningar á myndum úr vegamiklu grafíksafni bókasafnsins.

Fréttablaðið „Islands-Kontakt" kom út þrisvar sinnum á árinu, en það miðlar pólitískum, menningarlegum og öðrum upplýsingum um Ísland til u.þ.b. 2.000 lesenda á Norðurlöndum, áskrifendum að kostnaðarlausu.

Á árinu hefur verið boðið upp á 367 opinber dagskráratriði í Norræna húsinu, en þau skiptast þannig: 184 fyrirlestrar/ráðstefnur (89 á vegum hússins og 95 á vegum leigutaka), 58 tónleikar (14/44), 59 kvikmyndasýningar (43/16), 30 leiksýningar (21/9), 13 námskeið (2/11), 19 listsýningar (14/5) og 4 kynningarsýningar (4/0).

Húsið er opið alla daga vikunnar; á starfsárinu hefur því aðeins verið lokað í 6 daga. Bókasafn Norræna hússins er eina bókasafnið á landinu sem er opið alla daga.

Talning gesta í sal, anddyri og fundarherbergi sýnir 7% fækkun á árinu í samanburði við árið 1996 sem var metár. Útlán úr bókasafni hefur aukist lítillega en fjöldi gesta á listsýningum er nokkurn veginn stöðugur og sama máli gegnir um veltu kaffistofunnar.

Í starfsemi hússins á árinu skal sérstaklega lögð áhersla á eftirfarandi:

Í febrúar og mars mánuði voru að venju haldnir norrænir bókmenntadagar, en til þeirra er á hverju ári boðið rithöfundum frá Norðurlöndum og frá sjálfstjórnarsvæðunum til skiptis. Einnig voru haldnir íslenskir bókmenntadagar á skandínaviskum málum, sem voru sérstaklega ætlaðir Norðurlandabúum sem búsettir eru hérlendis en skilja ekki íslensku. Eftirfarandi rithöfundar tóku þátt í bókmenntadögunum: Dorrit Willumsen frá Danmörku, Olli Jalonen frá Finnlandi, Vigdís Grímsdóttir, Hallgrímur Helgason, Gyrðir Elíasson og Kristín Ómarsdóttir frá Íslandi, Kjell Askildsen frá Noregi, Göran Tunström frá Svíþjóð og Leo Löthman frá Álandi. Alls sóttu 575 gestir bókmenntadagana.

Æskulýðsverkefnið „Vestnorræn fjölmiðlaverkstæði" hélt áfram starfsemi sinni. Á árinu hefur verkefnastjórn verið í höndum Norðurlandahússins í Færeyjum en meginábyrgð á verkefninu ber forstjóri Norræna hússins í Reykjavík sem þróaði hugmyndina á árunum 1994–1995. Áþreifanlegur árangur af verkefninu er m.a. útgáfa tímaritsins OZON en á árinu komu út 3. og 4. tbl. þess. OZON er skrifað á dönsku af unglingum á aldrinum 16–20 ára og er dreift í 25.000 eintökum til framhaldsskóla í hinum vestnorrænu löndum. OZON er mikið notað í dönskukennslu íslenskra menntaskóla. Verkefnið „Vestnorræn fjölmiðlaverkstæði" er fjármagnað af norrænu ráðherranefndinni og vestnorrænu stofnununum þremur, Norðurlandahúsinu í Færeyjum, Norræna húsinu í Reykjavík og Norrænu stofnuninni á Grænlandi.

Norræna húsið er í nánu samstarfi við Háskóla Íslands en norrænir sendikennarar við háskólann eiga aðsetur og kenna í Norræna húsinu, Háskóli Íslands notar salinn til kennslu u.þ.b. 30 sinnum á ári og um 15 háskólatónleikar eru haldnir í húsinu á hverju ári.

Dagana 19.–21. september var haldin norræn námsstefna um búsetulandslag, en þátttakendur voru 55 frá Íslandi og 35 annars staðar að á Norðurlöndum.

Haldin voru tvö tveggja vikna sumarnámskeið um íslenska tungu og menningu en í þeim tóku þátt 43 einstaklingar frá öllum Norðurlöndum.

Á hverju ári á tímabilinu 1996–98 fær Norræna húsið í grunnstyrk u.þ.b. 55 millj. ísl.kr. frá norrænu ráðherranefndinni en veltan verður um 77 millj. ísl.kr. á árinu. Mismunurinn felst í svonefndum ytri framlögum en af þeim eru um 75% frá hinum ýmsu styrkjakerfum norrænu ráðherranefndarinnar. Enn fremur fær Norræna húsið á hverju ári umtalsverða óbeina styrki með samningum, sérstaklega við Samskip, Eimskip og Flugleiðir.

Starfsmenn hússins eru 17, þar af 2 verkefnaráðnir vegna NORDMÅL-verkefnisins, í 11,5 stöðugildum.

Í stjórninni eiga sæti 7 manns, 3 frá Íslandi og 1 frá hverju landanna Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

14.2. Norræna eldfjallastöðin.

Norræna eldfjallastöðin er samnorræn stofnun sem heyrir undir norrænu ráðherranefndina. Samræmd reglugerð fyrir norrænar stofnanir tók gildi 1. janúar 1997 og jafnframt hófst skipunartími nýrrar stjórnar með einum fulltrúa frá hverju þátttökulandanna.

Hlutverk.

Í reglugerð sem tók gildi 1. janúar 1997 er hlutverk stofnunarinnar skilgreint:

„Meginhlutverk Norrænu eldfjallastöðvarinnar er að stunda rannsóknir í jarðvísindum með áherslu á eldvirkni, flekahreyfingar og umhverfisrannsóknir þeim tengdar. NORDVULK á að þróa norrænt samstarf í grundvallarvísindum á sínu sviði. Stofnunin á að hafa greinilega norræna ásýnd (profil), og skapa með þeim hætti norrænt gildi til viðbótar við faglegar niðurstöður samvinnunnar.

Til að ná þessum markmiðum á NORDVULK að:

a) móta og vinna að rannsóknarverkefnum, viðhalda tengslum við aðrar stofnanir og tryggja á þann hátt að stofnunin fylgist með framþróun á sínu sviði.
b) skapa aðstöðu til rannsókna fyrir norræna vísindamenn, sem heimsækja stofnunina í lengri eða skemmri tíma, og koma á samstarfi og tengslum við vísindamenn á Norðurlöndum og í öðrum heimshlutum,
c) annast framhaldsmenntun ungra norrænna vísindamanna, m. a. með því að bjóða dvalarstyrki (stipendiatprogram),
d) eiga þátt í skipulagi og rekstri sumarskóla, vinnufunda og ráðstefna á Norðurlöndum,
e) birta eða á annan hátt gera afrakstur starfsins aðgengilegt almenningi."

Rannsóknir.

Á starfstíma Norrænu eldfjallastöðvarinnar hefur fræðigreinin, sem stofnunin er kennd við, eldfjallafræðin, tekið miklum breytingum. Þegar stofnunin hóf störf beindist athyglin einkum að virkum eldfjöllum og ferlum, sem tengdust eldgosum. Sívaxandi skilningur á hnattrænu mikilvægi efnisflutnings frá möttli til yfirborðs og aðgreiningu möttulefnis milli efnisgeyma mannlegs umhverfis olli mikilli fjölgun viðfangsefna, sem eldfjallafræðin var betur í stakk búin að fást við en aðrar fræðigreinar. Á umliðnum 20 árum hafa því myndast skil milli tvenns

konar viðfangsefna eldfjallafræðinnar. Annars vegar eru viðfangsefni, sem lúta að vöktun eldvirkra svæða í þeim tilgangi að meta og vara við hættu vegna eldgosa, hins vegar viðfangsefni sem leitast við að auka skilning á orsökum eldvirkninnar og hnattrænum áhrifum hennar á umhverfið. Í upphafi tók Norræna eldfjallastöðin virkan þátt í verkefnum, sem heyra undir fyrri hóp viðfangsefna, en í seinni tíð hafa rannsóknirnar beinst í auknum mæli að þeim síðari.

Helstu rannsóknarverkefni stofnunarinnar árið 1997 í jarðefnafræði og bergfræði fjölluðu um uppruna bergs á gliðnunarbeltunum. Sem dæmi má nefna að líkanreikningar benda til þess að möttullinn í grennd við möttulstrókinn byrji að bráðna á 100 km dýpi og að kvikan skiljist frá möttulefninu á dýpi sem er minna en 30 km. Annað dæmi er verkefni, sem hófst á þessu ári og miðar að því að afla gagna til að meta áhrif eldgosa á efnahvörf í heiðhvolfinu, og enn önnur verkefni miða að því að rekja feril mengunarefna í efri hlutum lofthjúpsins með því að tengja forsöguleg gos á Íslandi við mengun á Grænlandi, en efnin geta aðeins borist til Grænlands eftir að hafa farið einu sinni eða oftar umhverfis hnöttinn. Á umliðnum tveimur árum hefur verið unnið að því að afla fjár til að kaupa nýtt tæki til þessara rannsókna. Hér er um að ræða tæki til greiningar á samsætuhlutföllum í ýmiss konar jarðefnum. Verð tækisins er um 40–50 millj. kr. Rannsóknarráð Íslands veitti stofnuninni upphaflega 10 millj. kr. til þessa verkefnis en sá styrkur skipti sköpum við öflun fjár frá erlendum aðilum. Knut och Alice Wallenberg Stiftelse hljóp undir bagga með framlagi sem nam öðrum tíu milljónum og sama gerði danska rannsóknarráðið. Norræna ráðherranefndin hefur síðan veitt stofnuninni verkefnastyrk sem mun að hluta renna til kaupa á umræddu tæki, en stofnunin greiðir það sem á vantar af eigin fé. Þetta tæki (ICP multicollector mass spectrometer) mun ef vel verður á haldið valda straumhvörfum í möguleikum til umhverfisrannsókna á Íslandi og vonir standa til að það nýtist sem flestum vísindamönnum á Íslandi og öðrum Norðurlöndum, en sambærilegt tæki er ekki til annars staðar á Norðurlöndum.

Sem dæmi um verkefni í jarðeðlisfræði má nefna notkun radarmynda, sem eru teknar úr gervihnöttum til að meta hreyfingar jarðskorpunnar. Samanburður tveggja mynda, sem eru teknar með nokkru millibili (mánuðir, ár) gefur samfellda mynd af hreyfingum á mjög stóru svæði, en það er mikil framför frá fyrri aðferðum, sem byggjast á landmælingum á jörðu niðri. Beiting þessarar aðferðar á flekaskilin um Ísland mun leiða til stóraukins skilnings á þeim kröftum sem ráða hreyfingum jarðskorpuflekanna, og sömuleiðis er nú mögulegt að fá skýra mynd af hægfara skorpuhreyfingum umhverfis helstu eldstöðvar landsins.

Verkefni í rafeindatækni er beinast að þróun sjálfvirks búnaðar til umhverfisvöktunar. Forsenda og markmið verkefnisins er þróun tækni til vöktunar eldvirkra svæða en flestir þættir verksins eru þess eðlis að niðurstaðan nýtist til alhliða vöktunar á ólíkum umhverfisþáttum við erfiðar aðstæður. Þessi verkefni eru styrkt úr sjóðum Evrópubandalagsins.

Alþjóðleg tengsl.

Af þeim alþjóðlegu samvinnuverkefnum, sem stofnunin á aðild að, ber mest á verkefnum sem eru fjármögnuð af Evrópusambandinu. Vinnu við þessi verkefni lýkur á miðju ári 1998.

Norrænir styrkþegar.

Styrkþegar vinna að verkefnum sem tengjast rannsóknarstefnu stofnunarinnar hverju sinni, en langflestir styrkþeganna kjósa að starfa að verkefnum í jarðefnafræði og bergfræði. Áherslan í rannsóknum stofnunarinnar til lengri tíma litið ræðst mjög af því á hvaða sviði styrkþegar kjósa að starfa, enda mynda styrkþegar stóran hluta þess mannafla til rannsókna, sem stofnunin hefur yfir að ráða. Eins er á það að líta að norrænu styrkþegarnir eru mikilvægur hornsteinn í starfi stofnunarinnar.

Sumarskóli Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Þriðji sumarskóli Norrænu eldfjallastöðvarinnar, 1997, var nú haldinn með fjárstuðningi frá US National Science Foundation. Hver skóli fjallar um þröngt, sérhæft efni á sviði sem höfðar til hnattrænna fyrirbrigða, en leitast við að velja efnið þannig að náttúra Íslands gefi möguleika á fræðslu úti í náttúrunni. Þátttakendur eru ungir vísindamenn, sem eru að fást við doktorsverkefni eða hafa nýlokið slíku námi, en fyrirlesarar eru þekktustu sérfræðingar sem völ er á til að fjalla um efni skólans. Skólinn er haldinn síðsumars í grennd við náttúrufyrirbrigði tengd efni skólans.

Sumarskólinn 1997 var haldinn við Mývatn og fjallaði um jarðeðlisfræðileg ferli á flekaskilum og tæknilegar úrlausnir við að aðhæfa mæliaðferðir á yfirborði jarðar að aðstæðum á miklu sjávardýpi. Sumarskólinn 1998 er í undirbúningi og efni þess skóla mun tengjast rannsóknum á grænlensku ískjörnunum og loftslagsbreytingum á Norður-Atlantshafi. NorFA og Evrópubandalagið hafa þegar veitt fé til skólans 1998.

15. Norrænir sjóðir.

15.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB).

Almennt um starfsemina.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) er í eigu Norðurlanda og árið 1997 er 22. starfsár hans. Eignaraðild Íslands að bankanum er um 1%. Hlutverk Norræna fjárfestingarbankans er að veita lán og ábyrgðir á markaðskjörum til fjármögnunar fjárfestinga sem uppfylla kröfur um norræna hagsmuni, jafnt innan sem utan Norðurlanda. Bankinn veitir einnig lán til verkefna í Eystrasaltslöndum samkvæmt sérstakri fjárfestingaráætlun þeirra vegna. Auk þess annast bankinn nýja fjárfestingaráætlun á sviði umhverfismála á grannsvæðum Norðurlanda. Höfuðstöðvar bankans eru í Helsingfors, en auk þess hefur bankinn sæðisskrifstofur í Kaupmannahöfn, Ósló, Reykjavík, Stokkhólmi og Singapore. Hjá NIB starfa nú alls 119 starfsmenn og þar af fjórir Íslendingar.

Fjárhagur.

Hagnaður af starfsemi Norræna fjárfestingarbankans fyrstu átta mánuði ársins 1997 nam ECU 80 millj. (ISK 6,4 milljarðar) sem er betri afkoma en á sama tíma ári fyrr (ECU 74 millj.). Þróun starfseminnar bendir jafnframt til þess að afkoma bankans á árinu 1997 verði svipuð og árið áður, en þá var hagnaður bankans ECU 114 millj. (ISK 9,1 milljarðar), hinn hæsti í sögu bankans. Hreinar vaxtatekjur NIB fyrstu átta mánuði ársins námu ECU 87 millj. (ISK 7,0 milljörðum) en námu ECU 82 millj. á fyrra ári. Þessi góði rekstrarárangur hefur náðst með vönduðum vinnubrögðum við lánshæfismat og fagmennsku á sviði bankaviðskipta. Bankinn hefur leitast við að finna lánshæf verkefni sem eru í samræmi við norræna hagsmuni um leið og þátttaka bankans treystir stöðu lántakandans. Bankanum hefur tekist þetta. Það sést annars vegar á auknum samruna norræns atvinnulífs og hins vegar í sterkri heildarmynd útlánastofnsins, en bankinn hefur ekki orðið fyrir útlánatöpum undanfarin ár. Útlánastofn bankans hefur vaxið um 8% að meðaltali á ári undanfarin fjögur ár, reyndar mun meira síðustu tvö árin, og nam ECU 6,6 milljörðum (ISK 528,7 milljörðum) í lok ágúst 1997.

Eigið fé bankans jókst um rúm 8,9%, úr ECU 940 millj. í ágúst 1996 í ECU 1.024 millj. (ISK 82,0 milljarða) í lok ágúst 1997. Arðsemi eigin fjár bankans fyrstu átta mánuði ársins 1997 var 11,9%, en 12,0% á sömu mánuðum 1996. Grunnfé bankans nemur nú ECU 2.809 millj. (ISK 225,0 milljörðum), og á þeim grundvelli getur bankinn lánað jafnvirði ECU 7.022 millj. (ISK 562,5 milljarða) sem norræn fjárfestingarlán, en útlánaramminn til Norðurlanda

samsvarar 2,5 földu grunnfé bankans. Þessu til viðbótar koma síðan sérstakir lánarammar fyrir verkefnafjárfestingarlán (PIL) sem nema ECU 2.000 millj. (ISK 160 milljörðum) og lán til Eystrasaltslanda að fjárhæð ECU 60 millj. (ISK 4,8 milljarðar) auk fjárfestingaráætlunarinnar á sviði umhverfismála sem svarar ECU 100 millj. (ISK 8,0 milljörðum). Heildarútlánageta bankans nemur því nú um ECU 9.182 millj. (ISK 734,6 milljörðum). Niðurstaða efnahagsreiknings bankans nam ECU 8.985 millj. (ISK 720 milljörðum) í lok ágúst 1997. Útborgaður arður til eigenda bankans á árinu 1997 vegna hagnaðar 1996 er ECU 35 millj. (ISK 2,8 milljarðar).

Lánveitingar NIB til Norðurlanda.

Lánveitingar NIB til Norðurlanda (norræn lán) eru umfangsmesti þátturinn í starfsemi bankans, og námu þær alls ECU 5.979 millj. (ISK 480 milljörðum) í árslok 1997 eða ríflega 83% af heildarútlánastofni bankans. Bankinn hefur nýtt u.þ.b. 80% af núverandi útlánaramma sínum til Norðurlanda. Nýjar lánveitingar bankans á árinu 1997 námu ECU 2.980 millj. (ISK 240 milljörðum). Útlán bankans til umhverfisfjárfestinga bæði í iðnaði og innviðum hafa vaxið hröðum skrefum. Þá hefur orðið verulegur vöxtur í lánveitingum sem tengjast fjárfestingum norrænna fyrirtækja yfir landamæri og samruna norrænna fyrirtækja. Frá upphafi hefur starfsemi NIB miðast við að eiga gott samstarf við aðrar norrænar fjármálastofnanir. Á liðnu ári vann bankinn áfram að því að efla samvinnu við norræna bankakerfið. Annars vegar hefur NIB ásamt öðrum norrænum fjármálastofnunum tekið þátt í fjármögnun einstakra stærri verkefna, jafnt á Norðurlöndum sem utan þeirra, og hins vegar lagt bönkum og lánastofnunum í einstökum löndum til lánaramma. Innan þessara lánaramma hefur bankinn fjármagnað fjölda smárra og meðalstórra verkefna sem fyrirtæki og sveitarfélög hafa hrundið í framkvæmd. Lánarammar af þessu tagi hafa verið meðal verkefna NIB um langt skeið, en vægi þeirra hefur aukist umtalsvert að undanförnu, jafnt á Norðurlöndum sem annars staðar. NIB stefnir að því að auka samstarf af þessu tagi við banka og fjármálastofnanir. Bankinn hefur m.a. veitt slíka lánaramma til sjö stofnana á Íslandi: Iðnlánasjóðs, Ferðamálasjóðs, Lánasjóðs sveitarfélaga, Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands, Íslandsbanka og SPRON.

Veruleg auking hefur orðið í útlánum bankans til Norðurlanda undanfarin þrjú ár í tengslum við bætt efnahagsástand og aukinn vilja til fjárfestinga. Heildarútlán bankans til Norðurlanda jukust um tæp 25% á árinu 1997 eða úr ECU 4.787 millj. í ECU 5.979 millj. Aukna útlánastarfsemi má einnig án efa rekja að hluta til þeirrar aðlögunar bankans að breyttum markaðsaðstæðum sem unnið hefur verið að. Má þar nefna endurskoðun og útvíkkun á hugtakinu norrænir hagsmunir, en norrænir hagsmunir eru eitt af grundvallarskilyrðum fyrir öllum lánveitingum NIB. Meginreglan við lánveitingar NIB er að fjárfesting sú sem fjármögnuð er gagnist a.m.k. tveim norrænum löndum. Endurskoðunin fól m.a. í sér að bankinn gat hafið lánveitingar til innviðafjárfestinga í mun ríkara mæli en áður, þar sem allar stærri innviðafjárfestingar féllu nú undir kröfuna um norræna hagsmuni, enda þótt fjárfestingin varðaði einungis eitt land. Þessi breyting hafði einnig þýðingu vegna þeirrar stefnu stjórnvalda að veita aðilum í einkageiranum aukna heimild til að annast tilteknar innviðafjárfestingar. Jafnframt var gerð sú breyting að bankanum var gert kleift að taka þátt í fjármögnun erlendra fjárfestinga á Norðurlöndum þótt aðeins eitt landanna eigi beina aðild að verkefninu, enda efli fjárfestingin atvinnulíf og fjölgi störfum í viðkomandi landi. Að lokum má einnig nefna þá ákvörðun bankans að hefja þátttöku í svokölluðum „syndicated loans" í samstarfi við aðra banka. Þá hefur NIB á undanförnum tveim árum lagt ríka áherslu á aukið samstarf við aðra banka og fjármálastofnanir eins og áður hefur verið nefnt, m.a. með veitingu lánaramma

til einstakra banka og lánastofnana sem síðan eru endurlánuð af viðkomandi bönkum/fjármálastofnunum til verkefna sem uppfylla kröfur NIB um norræna hagsmuni.

Útistandandi lán NIB til Norðurlanda skiptust þannig 31. desember 1997:

	Millj. ECU	%
Danmörk	792,0	13
Finnland	1.694,4	28
Ísland	486,1	8
Noregur	792,1	13
Svíþjóð	2.214,3	38

Fjármagns til lánveitinga aflar bankinn með lántökum á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði og nýtur þar hæsta mögulegs lánstrausts, AAA/Aaa hjá þeim alþjóðlegu fyrirtækjum sem fremst fara við mat á lánstrausti.

Lánveitingar NIB til Íslands.

Á árinu 1997 var gengið frá átta nýjum lánssamningum við íslenska lántakendur að fjárhæð ríflega 10 milljarðar kr. Útistandandi lán bankans til íslenskra lántakenda nema nú ríflega ISK 39 milljörðum. Þessu til viðbótar koma síðan samningsbundin óútborguð lán að jafnvirði ISK 4,5 milljarðar sem væntanlega koma til útborgunar á næstu tólf mánuðum. Útborguð ný lán til Íslands á árinu 1997 námu um ISK 6,5 milljörðum, en það er mun meiri fjárhæð en undanfarin ár. Árleg útborgun nýrra lána til Íslands á árunum 1990–1994 nam þannig ríflega ISK 3 milljörðum og á árunum 1995 og 1996 tæplega 4,5 milljörðum kr. hvort ár. Virkir lánssamningar við íslenska lántakendur eru nú 88 og lántakendur 40.

Útistandandi lán bankans til íslenskra lántakenda hafa aukist um tæplega 96% frá árslokum 1990 til ársloka 1997 eða úr ECU 250,5 millj. í árslok 1990 í ECU 490 millj. í árslok 1997. Heildarútlán bankans til Norðurlanda í árslok 1997 nam tæpum ECU 6 milljörðum eða jafnvirði ISK 483 milljarða og þar af voru lán til íslenskra lántakenda að jafnvirði ríflega ISK 39 milljarðar eins og áður sagði sem samsvarar ríflega 8% hlutdeild í norrænnum lánum bankans. NIB er langstærsti einstakur erlendur lánveitandi til Íslands með um 15% af öllum erlendum langtímaskuldbindingum þjóðarbúsins í lok september 1997, sbr. eftirfarandi töflu:

Hrein erlend skuldastaða í lok september 1997 og útstandandi lán NIB til Íslands í árslok 1997:

	Milljarðar ISK [1]	Útlán NIB	%
Löng erlend lán alls	261,6	39,3	15,0
Ríkissjóður	126,0	7,5	6,0
Sveitarfélög	6,9	3,6	52,2
Innlánsstofnanir	25,4	2,4	9,4
Aðrar lánastofnanir	43,9	12,5	28,5
Atvinnufyrirtæki [2]	59,5	13,3	22,4

1) Bráðabirgðatölur samkvæmt Hagtölum mánaðarins í desember 1997, bls. 19.

2) Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga, svo og einkafyrirtæki.

Á árinu 1997 voru samþykkt 8 ný lán til Íslands að fjárhæð ISK 8,3 milljarðar. Nánar tiltekið er hér um að ræða lán til orkuframleiðslu í tengslum við nýja stóriðju, bæði til Landsvirkjunar ISK 3.600 millj. og Hitaveitu Reykjavíkur ISK 2.450 millj., lán til Marels hf. ISK 200 millj. í tengslum við fjárfestingu yfir landamæri, þ.e. kaup á danska fyrirtækinu Carnitech A/S, lán til Flugleiða hf. vegna kaupa á nýjum Boeing 757-200 þotum ISK 1.080 millj. og til stækkunar á Grundartangahöfn vegna stækkunar Járnblendifélagsins og byggingu nýs álvers ISK 205 millj. Lán til Grindavíkurbæjar vegna hafnarendurbóta nam ISK 80 millj., lánarammi til SPRON nam ISK 290 millj. til endurlána og lánarammi til Íslandsbanka hf. nam ISK 500 millj.

Útlán bankans til íslenskra lánþega eru í háum gæðaflokki. Vanskil hafa verið nánast óþekkt, og bankinn hefur aldrei tapað neinu á útlánum sínum til Íslands. Á eftirfarandi töflu má sjá samandregið yfirlit yfir íslenska lántakendur NIB í árslok 1997:

Lántakendur	Fjöldi lántakenda	Upphæð í milljörðum
Fjárfestingarlánasjóðir	6	12,5
Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga	8	10,7
Ríkissjóður	1	7,5
Sveitarfélög	4	3,6
Einkafyrirtæki	17	2,6
Bankar	4	2,4
Samtals	40	39,3

Alþjóðleg lán.

Lán alþjóðadeildar NIB hafa verið veitt til 30 landa, og nema útistandandi lán og samningsbundin óútgreidd lán nú um ECU 1,7 milljarði. Um er að ræða u.þ.b. 300 verkefni þegar lánarammar eru meðtaldir. Nú liggja fyrir ákvarðanir stjórnar um veitingu nýrra lána til 30 verkefna sem nema alls um ECU 350 millj. Á vegum alþjóðadeildar eru þessir lánaflokkar helstir:

PIL (Projektinvesteringslån): Langmestur hluti alþjóðalána NIB er veittur í gegnum PIL-lánaflokkinn. Þessi lán eru veitt til verkefna í þróunarlöndum og löndum sem bjuggu áður við áætlunarbúskap í Mið- og Austur-Evrópu. PIL-lánaramminn samsvarar ECU 2 milljörðum, og ábyrgjast aðildarlönd NIB 90% af þeirri fjárhæð. Um 70% af PIL-lánarammanum hefur þegar verið ráðstafað. Stofnað var til PIL-lánaflokksins árið 1982, og aldrei hefur komið til þess að nýta þyrfti ábyrgðir aðildarlandanna.

BIL (Baltiska Investeringslån): Þessi lánaflokkur var settur upp til stuðnings uppbyggingu markaðskerfis í Eystrasaltsríkjunum, en ásamt honum hefur NIB veitt tæknilega aðstoð á fjármálamarkaði í þessum ríkjum með þátttöku í stofnun og uppbyggingu fjárfestingarbankanna þriggja í þessum ríkjum. Lánarammi BIL nemur ECU 60 millj., og eru lán aðallega veitt til einkafyrirtækja, bæði beint og í gegnum fjárfestingarbankana. Aðildarlönd NIB ábyrgjast BIL-lánin að fullu. Aldrei hefur komið til þess að þessar ábyrgðir hafi verið leystar út.

Umfangsmestu fjárfestingar norrænna fyrirtækja í Eystrasaltsríkjunum hafa verið í Eistlandi, enda hafa Eistlendingar náð lengst í uppbyggingu markaðshagkerfis af Eystrasaltsþjóðunum þremur.

MIL (Miljöinvesteringslån): Þessi nýi lánaflokkur var formlega settur á laggirnar 1997, og er tilgangur hans að taka þátt í fjármögnun umhverfisverkefna á grannsvæðum Norðurlanda. Markmiðið er að draga úr mengun sem berst út í Eystrasalt og mengun í norðvestur-

héruðum Rússlands. MIL-lán eru með 100% ábyrgð frá eigendum bankans. Þessum lánum skal varið til eflingar fjárfestinga á sviði umhverfismála á grannsvæðunum í austri, þ.e. landsvæðum við Eystrasalt, Barentshaf og á Kólaskaga. Á þessum svæðum eru umhverfismál í ólestri og mikil þörf á að draga úr mengun sem berst út í Eystrasalt og mengun í norðvesturhéruðum Rússlands.

Nikkelbræðslurnar í Pechenka á Kólaskaga er meðal þeirra verkefna sem hafa verið til sérstakrar athugunar í bankanum. Markmiðið með þátttöku Norðurlanda í endurbótum á þessu fyrirtæki er að draga úr efnamengun á þessu svæði.

Bankinn hefur eflt frekar samstarf sitt við aðrar fjölþjóðlegar fjármálastofnanir, ekki síst Evrópska fjárfestingarbankann í Lúxemborg (EIB), Evrópubankann í London (EBRD), Alþjóðabankann (IBRD) og Alþjóðafjármögnunarstofnunina (IFC) í Washington. Bankinn vill með þessu samstarfi stuðla að fullri fjármögnun verkefna sem eru mikilvæg bæði frá þjóðhags- og umhverfissjónarmiði. Grannsvæði Norðurlanda við Eystrasalt og á Barentssvæðinu njóta forgangs í þessu efni.

Íslensk útrás og alþjóðadeild NIB.

Áhugi íslenskra fyrirtækja á lánum bankans utan Norðurlanda virðist fara vaxandi. Það er í samræmi við aukna alþjóðavæðingu og útrás atvinnulífsins á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. NIB hefur átt í viðræðum við nokkur íslensk fyrirtæki sem hyggja á markaðssókn á alþjóðamarkaði og mun leggja sitt af mörkum til að styðja við bakið á álitlegum útrásarverkefnum í íslensku atvinnulífi. Aðildarlönd NIB taka ábyrgð á alþjóðlegum lánum bankans miðað við eignarhlut sinn í honum. Þetta þýðir að Ísland tekur ábyrgð á um 1% af þessum útlánum. Heildarútlán til verkefna með þátttöku íslenskra fyrirtækja námu um 0,3% af heildarútlánum alþjóðadeildar NIB árið 1986. Öll aðildarlönd NIB, að undanskildu Finnlandi, eru með nokkru lægri hlutdeild í útlánum en nemur útlánaábyrgðum. Nokkur lánaverkefni vegna íslenskrar útrásar eru í athugun og undirbúningi hjá alþjóðadeild NIB, en þau kunna að auka hlut Íslands í heildarútlánum deildarinnar.

Þau lán sem þegar hafa verið veitt eru til Ilsanta-lyfjafyrirtækisins í Litháen og jarðhitaveitu í borginni Tianjin í Kína sem verkfræðifyrirtækið Virkir-Orkint átti aðild að. Jafnframt ganga þau til hitaveitu í Galanta í Slóvakíu. NIB lánaði til jarðhitaveitunnar í Tianjin í Kína í samvinnu við NDF (Nordic Development Fund). Auk þess hefur NIB í samvinnu við NDF lánað til fiskveiðiverkefnis í Namibíu (Íslenskar sjávarafurðir hf.).

Meðal verkefna sem eru til skoðunar hjá NIB um þessar mundir eru ný háhitaverkefni sem Virkir-Orkint á aðild að. Þessi verkefni eru i Tianjin og i Yuannan í Kína. Þá er Silfurtún ehf. með verkefni í Kína sem unnið er að í samráði við samgönguráðuneyti Kína. Loks má nefna að kínversk stjórnvöld hafa leitað eftir samstarfsaðila á Norðurlöndum á sviði fiskvinnslu sem íslensk fyrirtæki gætu hugsanlega orðið aðilar að og NIB fjármagnað. NIB mun eftir fremstu getu koma til móts við þessi fyrirtæki og efla þannig íslenska hagsmuni í alþjóðlegri markaðssókn.

15.2. Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI)

Hlutverk Norræna iðnaðarsjóðsins er að stuðla að tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífi Norðurlanda og stuðla að því að samkeppnishæfar afurðir, ferli og þjónusta sé í boði. Sjóðurinn nær markmiðum sínum með því að styðja rannsókna- og þróunarverkefni sem eru samstarf innan Norðurlanda og stuðla að auknum tengslum og þróun nýrra hugmynda meðal norrænna fyrirtækja.

Fjárveiting Norræna iðnaðarsjóðsins frá norrænu ráðherranefndinni á árinu 1997 nam 63,8 millj. n.kr. Fyrir þessa fjárveitingu var hægt að hrinda í framkvæmd norrænum rannsókna- og þróunarverkefnum samtals að fjárhæð 132 millj. n.kr. Sjóðurinn veitti til þessara verkefna 58,8 millj. n.kr. eða 47%, atvinnulífið lagði fram 47% en norrænu rannsóknarráðin um 9%. Hinum umfangsmiklu norrænu rannsóknarverkefnum hefði varla verið hrint í framkvæmd án stuðnings frá sjóðnum bæði faglega og með fjárframlögum.

Á árinu 1997 hafa yfir 200 aðilar, fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og háskólar á öllum Norðurlöndum tekið þátt í verkefnum á vegum Norræna iðnaðarsjóðsins og er fjöldi einstaklinga sem tekið hefur þátt í þessari starfsemi verulega meiri.

Mestur hluti starfsemi sjóðsins beinist að rannsóknar- og þróunarstarfsemi á milli Norðurlanda en á síðasta ári hefur einnig verið leitast við að efla samstarf Norðurlanda við grannsvæðin (Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland).

Á árinu 1997 lauk fjórum umfangsmiklum þróunaráætlunum sem beinst hafa að ákveðnum starfssviðum en unnið hefur verið að þessum áætlunum frá því á árunum 1993–1994. Verkefnaáætlanir þessar eru: NordFood (matvælaiðnaður), NordList (beinist að léttum byggingarhlutum sérstaklega í flutningatækni), NordPap (pappírsiðnaður) og Nordic Wood (tréiðnaður).

Ekki hefur enn verið skilað lokaskýrslu um öll verkefni innan þessara áætlana en þegar er ljóst að af þeim hafa leitt yfir 200 endurbætur á framleiðsluvörum og framleiðsluferlum í norrænum iðnaði og um 50 frumgerðum nýrra framleiðsluvara sem hafa verið þróaðar. Mörg hundruð vísindalegar skýrslur hafa verið gefnar út og auk þess birtar greinar í blöðum og tímaritum.

Í byrjun ársins voru lagðar fram niðurstöður úttektar sem norræna ráðherranefndin beitti sér fyrir að gerð væri á starfsemi sjóðsins. Í úttektarskýrslunni er því haldið fram að Norræni iðnaðarsjóðurinn hafi hvetjandi áhrif og stuðli að aukinni samvinnu milli hinna ýmsu aðila sem aftur á móti bæta hver aðra upp. Talið er að verkefni þau sem sjóðurinn styður leiði til tækniþróunar, nýsköpunar, uppbyggingar þekkingar og þróunar og endurbóta á framleiðsluferlum. Í skýrslunni er bent á að verkefnin séu almennt mjög hagnýt. Af verkefnum leiðir einnig oft fjárhagslegur ávinningur og sparnaður eða aukning tekna vegna hagræðingar í framleiðsluferlum. Fyrirtækin ná beinum ávinningi með sparnaði í framleiðslu eða aukinni veltu í u.þ.b. þriðjungi verkefna.

Á árinu tók stjórn sjóðsins ákvörðun um stefnumörkun sjóðsins til næstu þriggja ára eða fram til ársins 2000. Samkvæmt þeirri ákvörðun, sem staðfest hefur verið af iðnaðarráðherrum Norðurlanda, mun sjóðurinn einbeita sér að 5 áherslusviðum, þ.e. matvælaiðnaði, tréiðnaði, umhverfismálum, lífsgæðum og hollustu og þróun smárra og meðalstórra fyrirtækja ásamt samstarfi við grannsvæðin (Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland). Stjórn sjóðsins hefur sett á laggirnar samstarfsnefndir til að hraða undirbúningi og framkvæmd rannsókna- og þróunarverkefna á ofangreindum sviðum. Nefndir þessar munu ásamt starfsfólki sjóðsins undirbúa tillögur í sumar og haust um hvernig styrkjum og aðstoð á ofangreindum áherslusviðum verður varið.

15.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef).

Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, (Nopef) er að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Þetta gerir sjóðurinn með því að styðja for- og arðsemisathuganir á verkefnum sem talið er að geti leitt til nýrra viðskiptatækifæra á erlendum mörkuðum. Í þessu skyni veitir Nopef lán á hag-

stæðum kjörum. Jafnframt stendur sjóðurinn fyrir almennum athugunum sem geta komið norrænu viðskiptalífi að gagni í þessu samhengi.

Nopef styður við forathuganir vegna útflutningsverkefna eftir tveimur meginleiðum. Annars vegar er um að ræða almennan stuðning við slík verkefni utan aðildarríkja ESB og EFTA. Hins vegar styður sjóðurinn samstarf norrænna og baltneskra fyrirtækja með því að veita lán til stofnunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Eistlandi, Lettlandi og Litháen (BIP-lán). Að auki hefur Nopef með höndum nokkur smærri verkefni, m.a. stuðning við grannsvæðin í Norðvestur-Rússlandi og samstarfsverkefni við ESB.

Almenn verkefni.

Nopef veitir fyrirtækjum áhættulán til for- og arðsemisathugana á verkefnum sem til þess eru fallin að efla útflutning frá Norðurlöndum og stuðla að alþjóðavæðingu norrænna fyrirtækja. Lánin geta svarað til allt að 50% af kostnaði við gerð slíkra athugana og getur sjóðurinn breytt þeim í styrk reynist ekki grundvöllur fyrir verkefninu en annars ber að endurgreiða þau. Lánin eru vaxtalaus.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:

- Verkefnið verður að vera vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni.
- Verkefnið verður að tengjast löndum utan ESB og EFTA.
- Norrænir hagsmunir þurfa að liggja að baki verkefninu.
- Raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins þarf að liggja fyrir.

Verkefnin geta verið af margvíslegu tagi og er lögð megináhersla á að viðunandi líkur séu á að þeim verið hrint í framkvæmd.

Lán vegna baltnesku ríkjanna (BIP).

Í tengslum við fjárfestingaráætlunina fyrir baltnesku ríkin (BIP) hafa norrænu löndin falið Nopef að styðja norræn fyrirtæki til að stofna lítil og meðalstór fyrirtæki í þessum löndum. Í vissum tilvikum kemur einnig til greina að styrkja fyrirtæki frá umræddum ríkjum ef það er í samstarfi við norrænan aðila. Stuðningurinn samkvæmt þessari áætlun, sem nær til ársloka 1999, er í formi vaxtalauss láns eins og þegar um almennan stuðning er að ræða. Lánin geta hins vegar numið allt að 60% af áætluðum kostnaði við athuganirnar og, ef verkefnið leiðir til árangurs, er hægt að sækja um 20% viðbótarlán. Ef verkefni er ekki hrint í framkvæmd getur lántaki sótt um niðurfellingu lánsins. Verkefnin eru jafnframt skilgreind víðar en almennu verkefnin, m.a. ná þau til undirbúnings viðskiptaáætlana og samstarfssamninga, tillögugerðar um endurskipulagningu fyrirtækja o.fl. Hámarksstuðningur við hvert verkefni er 600 þúsund finnsk mörk.

Verkefnin 1997.

Nopef studdi 105 verkefni á árinu 1997 og nam stuðningurinn við þau rúmlega 290 millj. ísl.kr. Þar af voru 2 íslensk verkefni sem fengu samtals 8,3 millj. ísl.kr. Hér á eftir er sýndur fjöldi verkefna eftir löndum og fjárhæðir fyrir árin 1996 og 1997.

	Fjöldi		Fjárhæð (millj. ísl. kr.)	
	1996	1997	1996	1997
Danmörk	22	39	83,3	12,0
Eistland	0	1	0	3,3
Finnland	14	24	42,6	61,1
Ísland	6	2	21,4	8,3

	Fjöldi		Fjárhæð (millj. ísl. kr.)	
	1996	1997	1996	1997
Noregur	20	15	73,9	47,8
Svíþjóð	25	23	86,4	56,7
Almennt	0	1	0	1,3
Samtals	87	105	307,6	90,5

Enginn vafi er á því að starfsemi Nopef hefur verið að styrkjast undanfarin ár og árangurinn að aukast, sérstaklega hefur áherslan á grannsvæðin verið að skila sér. Verkefnum hefur fjölgað sem leitt hafa af sér viðskipti og jafnframt hefur eftirspurn eftir stuðningi frá sjóðnum aukist. Þannig var fjöldi umsókna 242 á árinu 1997 borið saman við 197 í fyrra.

Alls hefur sjóðurinn fjallað um 1660 verkefni á fjórtán ára starfstíma og þar af samþykkt lán og styrki til 840 verkefna. Nopef, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors.

15.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF).

Norræni þróunarsjóðurinn tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Ákvörðun var tekin vorið 1996 um tvöföldun stofnfjár sjóðsins og er það nú 515 millj. SDR (um 51 milljarður ísl.kr.) sem greiðist af Norðurlöndunum í samræmi við „norræna deililykilinn".

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánskjörin eru með þeim bestu sem þekkjast. Lánin eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en með 0,75% þjónustugjaldi á ári. Einnig er í litlum mæli veitt áhættulán til einkafyrirtækja.

Á árinu 1997 veitti stjórn sjóðsins vilyrði fyrir 26 lánum samtals að upphæð 82 millj. SDR (um 8 milljarðar ísl.kr.). Um miðjan desember 1997 höfðu verið undirritaðir lánasamningar um 95 þróunarverkefni í 32 löndum samtals að upphæð 313 millj. SDR eða um 31 milljarðar ísl.kr.

Fimm lán hafa verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta:

a) Lán var veitt til fiskveiðiverkefnis í Malawi að upphæð 2,8 millj. SDR (um 280 millj. ísl.kr.). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Alþjóðabankanum og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Verulegur hluti lánsins var notaður til byggingar tveggja skipa á Íslandi, rannsóknarskips og togveiðiskips. Frekari kaup á tækniaðstoð og búnaði frá Íslandi eru til athugunar.
b) Fiskveiðiverkefni í Namibíu hlaut 1,5 millj. SDR lán (150 millj. ísl.kr.). Sjóðurinn tók þátt í fjármögnun verkefnisins ásamt Norræna fjárfestingarbankanum (NIB). Verkefnið er samstarfsverkefni Íslenskra sjávarafurða hf. og Ríkisútgerðarfélags Namibíu, sem í sameiningu standa í verulegum fjárfestingum vegna uppbyggingar á veiðum og vinnslu í sameiginlegu fyrirtæki, Seaflower Whitefish Corporation í bænum Luderitz. Lán NDF var notað til kaupa á tækjabúnaði í frystihús og í frystitogara fyrirtækisins. Mestur hluti lánsins fór til kaupa tækjabúnaðar frá Íslandi.
c) Á Grænhöfðaeyjum tekur sjóðurinn þátt í fjármögnun fiskveiðiverkefnis í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Veitt hefur verið lán að upphæð 2,1 millj. SDR (um 210 millj. ísl.kr.) til að kosta fræðslustarfsemi, ráðgjöf og tækjabúnað. Verkefnið var að

hluta undirbúið af íslenskum ráðgjöfum fyrir hönd NDF. Tækjabúnaður verður keyptur árin 1998 og 1999. Möguleikar eru á að hluti búnaðarins komi frá Íslandi.

d) Þá tekur sjóðurinn þátt í hitaveituverkefni í Tanggu í Kína í samvinnu við NIB. Lán NDF til verkefnisins er 700 þús. SDR (um 70 millj. ísl.kr.). Verkefninu er að mestu lokið. Íslenskir ráðgjafar störfuðu við verkefnið á árinu og töluvert af búnaði var keypt á Íslandi. Frekari jarðhitaverkefni eru til athugunar.

e) Sjóðurinn hefur veitt rammalán til Þróunarbanka Austur-Afríku (East African Development Bank), sem er í eigu ríkissjóða Kenya, Tanzaníu og Uganda og hefur aðsetur í Kampala. Þessum lánaramma er ætlað að styðja við smáar og meðalstórar fjárfestingar. Lánsupphæðin er 5,6 millj. SDR (um 560 millj. ísl.kr.). Íslenskum aðilum var veitt lán að upphæð 500 þús. Bandaríkjadala (um 35 millj. ísl.kr.) til fjárfestinga í fiskveiðum og vinnslu við Viktoríuvatn.

f) Sjóðurinn hefur veitt lán í fiskveiðiverkefni í Mozambique í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og dönsku þróunarstofnunina DANIDA. Lán sjóðsins er 3,6 millj. SDR (um 360 millj. ísl.kr.) og er að hluta notað til að fjármagna rekstur á Feng, rannsóknarskipi Þróunarsamvinnustofnunar, en einnig til fjárfestinga í skipum og búnaði til fiskveiða og fiskvinnslu í landinu. Breytingar á Feng og smíði lítils sérhæfðs rannsóknarbáts fyrir liðlega 500 þús. Bandaríkjadali voru gerðar á Íslandi.

Heildarlán til verkefna með beinum íslensku hagsmunum eru um það bil 16 millj. SDR (um 1,6 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa unnið samninga sem nema um 1,8% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,06%. Auk þess hefur sjóðurinn í allnokkrum mæli keypt íslenska sérfræðiþjónustu til verkefnaundirbúnings og eftirlits.

Norræni þróunarsjóðurinn hefur tíu starfsmenn. Meðal þeirra er einn Íslendingur, Engilbert Guðmundsson, hagfræðingur, en hann gegnir starfi aðstoðarframkvæmdastjóra sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna.

15.5. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Árið 1997 var sjöunda starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Stofnfé félagsins er nú 80 millj. ekna.

Megintilgangur félagsins samkvæmt stofnsamningi Norðurlandanna er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og rekstrarhorfum. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meiru en 25% af heildarhlutafé.

Í árslok 1997 hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í alls 38 verkefnum með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 7,7 millj. ekna en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 35,3 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 11, Tékkland 6, Slóvakía 2, Eistland 7, Lettland 7, Litháen 2 og Rússland 3. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 8, Finnland 11, Noregur 8 og Svíþjóð 9.

Styrktarsjóður NEFCO (Blødgøringsfaciliteten).

Árið 1996 var tekin ákvörðun um að stofna styrktarsjóð við NEFCO og starfrækja hann næstu þrjú ár. Árið 1997 námu framlög til sjóðsins 35 millj. d.kr., 25 millj. d.kr. frá norrænu löndunum og 10 millj. d.kr. af norrænum fjárlögum.

Frá stofnun sjóðsins hafa um 16 verkefni verið til umfjöllunar og ýmist verið tekin ákvörðun um styrk eða lýst yfir vilja til að styrkja. Fjögur þessara verkefna eru komin til framkvæmda. Samtals hefur sjóðurinn ráðstafað og samþykkt framlag að fjárhæð 81,58 millj. d.kr. og ef talin eru með þau verkefni sem lýst hefur verið vilja til að styrkja hefur um 100 millj. d.kr. verið ráðstafað.

Þar sem ekki var ljóst hvert framhaldið yrði á starfrækslu sjóðsins eftir árið 1998 var ákveðið að gera úttekt á starfsemi hans fyrstu árin til að meta árangur af starfinu. Niðurstöður úttektarinnar munu liggja fyrir í byrjun febrúar 1998 og í kjölfar þeirra verður tekin ákvörðun um áframhaldandi rekstur sjóðsins.

15.6. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

Útlán.

Fjöldi umsókna í ár eru fleiri en árið 1996. Samþykkt lán til íslenskra verkefna í lok ársins eru álíka mörg og á síðasta ári, eða 11 talsins, þar af hafa 10 verið greidd út. Samþykkt lán til Færeyja og Grænlands á árinu eru 7, þar af er eitt lánið þegar greitt út. Hér er um töluverða aukningu að ræða.

Útlán sjóðsins eru að mestu í skilum, vanskil eru færri nú en árið 1996.

Reksturinn.

Starfsemi sjóðsins hefur aukist verulega á síðustu árum og eru starfsmenn fjórir en alls eru stöðugildin þrjú að forstjóranum meðtöldum. Tveir starfsmenn vinna hálfan daginn við bókhald og ritarastörf.

Hagnaður hefur verið af starfseminni á hverju ári. Uppgjör á miðju ári sýndi 2,4 MDKK hagnað. Hagnaðurinn fyrir árið 1997 verður væntanlega eitthvað lægri en í fyrra, þótt endanlegar tölur séu ekki þekktar.

Afskriftareikningi útlána er beitt af varúð og tengist stærð hans framtíðarhorfum útlána, en mat á öryggi þeirra er byggt á nýjustu upplýsingum um rekstur fyrirtækja og ástand veða.

Nú er hafinn undirbúningur fyrir breytta starfssemi sjóðsins eftir að nýjar samþykktir um verksvið hans taka gildi um áramótin 1997/98.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann.

15.7. Norræni menningarsjóðurinn.

Hlutverk norræna menningarsjóðsins er að efla menningarsamstarf Norðurlandanna en 1997 var 30. starfsár sjóðsins. Starfsemi sjóðsins nær til alls menningarsamstarfs norrænu landanna, þ.e. menntunar, rannsókna og menningarstarfsemi í víðri merkingu.

Sjóðurinn veitir styrki til afmarkaðra verkefna, til verkefna sem stuðla að auknu samstarfi milli landamærahéraða Norðurlanda innbyrðis og við grannsvæði Norðurlanda og til upplýsingarstarfsemi um menningu og menningarsamstarf norrænu landanna.

Markmið sjóðsins er að styrkja nýja hópa til samstarfs, að stuðla að nýjum samstarfsleiðum og tilraunaverkefnum. Lögð er áhersla á verkefni í þágu barna og unglinga og með

þátttöku þeirra, verkefni sem stuðla að auknum tungumálaskilningi innan Norðurlanda, verkefni sem nýta sér nýja fræðslumiðla, verkefni sem hafa þann tilgang að draga úr útlendingahatri og kynþáttafordómum og verkefni sem hafa ljósa skírskotun til almennings.

Árið 1997 bárust sjóðnum 943 umsóknir að upphæð samtals um 195 millj. d.kr. Veittir voru styrkir til 260 verkefna, samtals að upphæð um 26 millj. d.kr., sem er u.þ.b. 13% af heildarupphæð umsókna.

Um þessar mundir er verið að auka skilvirkni skrifstofu Norræna menningarsjóðsins með því að taka í notkun sérhannað tölvukerfi sem auðveldar meðferð umsókna, einkum með tilliti til lýsinga og mats á umsóknum, úrvinnslu og gæðamats.

Frá ársbyrjun 1998 er veitt úr sjóðnum aðeins tvisvar á ári en umsóknarfrestur er 15. mars og 15. september. Með því er þess vænst að betri yfirsýn náist yfir norræn menningarverkefni og að meðferð umsókna verði heildstæðari.

865. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til vopnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Jón H. B. Snorrason og Jón Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landsbjörg, undirbúningsnefnd hagsmunasamtaka skotvopna- og skotfærasala á Íslandi, Sýslumannafélagi Íslands, Skotfélagi Reykjavíkur, lögreglustjóranum í Reykjavík, Skotveiðifélagi Íslands, Skotíþróttasambandi Íslands, Landhelgisgæslunni, Slysavarnafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Skotfélagi Austurlands, ríkislögreglustjóra, Verslunarráði Íslands, veiðistjóraembættinu, sýslumanninum á Eskifirði, sýslumanninum í Bolungarvík og Vinnueftirliti ríkisins.

Í frumvarpinu er að finna heildstæðar reglur um vopn og er að miklu leyti byggt á núgildandi löggjöf um skotvopn, sprengiefni og skotelda, en lagt er til að settar verði víðtækar reglur sem nái til allra tækja sem telja má til vopna. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að þar er hugtakið vopn skilgreint og er skilgreiningin nokkuð víðtæk. Þá er að finna í frumvarpinu reglur um iðkun skotfimi, en ekki hafa verið ákvæði í lögum um þá íþrótt. Einnig eru þar ákvæði um söfnun og sýningar vopna, ákvæði um hnífa og önnur árásarvopn, auk þess sem kveðið er á um sérstaka samræmda landsskrá yfir skotvopn. Lagt er til að heimilaður verði rekstur skotvopnaleiga og að sú meginregla verði lögfest að ekki skuli veitt leyfi fyrir öðrum skotvopnum en þeim sem eru lögleg samkvæmt veiðilöggjöfinni. Þá er frumvarpinu ætlað að tryggja öruggari meðferð skotelda, þar sem að lagt er til að lögfest verði ákvæði sem hingað til hafa verið í reglugerð, m.a. um lágmarksaldur þeirra sem selja má skotelda. Einnig eru í frumvarpinu fyllri ákvæði um upptöku vopna, en nokkuð hefur skort á slíka heimild varðandi hnífa. Loks er lagt til að ríkislögreglustjóri taki við þeim stjórnsýsluverkefnum sem ráðherra fer með samkvæmt gildandi lögum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að táragasi verði bætt inn í upptalningu í e-lið 1. mgr. 2. gr. til áréttingar því að lögunum er ætlað að taka til þess konar vopna. Sams konar breyting er lögð til við 30. gr.

2. Lögð er til breyting á 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, þess efnis að til lögreglu teljist opinberir erlendir öryggisverðir sem leyfi fá til þess að flytja inn og bera skotvopn undir stjórn lögreglunnar. Þannig er lagt til að slíkir öryggisverðir falli undir undanþáguákvæði 3. gr., og því gildi lögin ekki um vopn, tæki og efni í þeirra eigu, en gert er ráð fyrir að ráðherra setji sérstakar reglur um slík vopn.
3. Við 5. gr. eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar er lögð til breyting á 6. mgr. þar sem kveðið er á um bann við því að flytja inn, framleiða eða eiga sérstaklega hættulegar tegundir vopna sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði. Lagt er til að ákvæðið taki ekki aðeins til vopna heldur einnig til hluta þeirra. Hins vegar er lagt til að reglugerðarheimild 8. mgr. nái einnig til þess að settar verði reglur um prófun, merkingar og gæðaeftirlit efna og tækja sem heimilað verður að flytja til landsins.
4. Þá eru lagðar til tvær breytingar á 13. gr. frumvarpsins. Annars vegar breyting þess efnis að lögreglustjóri geti veitt manni búsettum erlendis tímabundið leyfi fyrir skotvopni, enda uppfylli hann skilyrði laganna fyrir veitingu skotvopnaleyfis. Með hinni breytingunni er lagt til að bætt verði við 3. mgr. ákvæði þess efnis að ráðherra setji í reglugerð, auk ákvæða um námskeið, ákvæði um próf í meðferð og notkun skotvopna áður en skotvopnaleyfi er veitt. Þykir rétt að reglur verði settar um að tilteknum árangri skuli náð áður en slíkt leyfi er veitt.
5. Við 16.gr. er lagt til að bætt verði við undanþáguheimild ákvæðisins reglu þess efnis að ef vikið er frá meginreglunni, um að sá sem erfir skotvopn skuli hafa skotvopnaleyfi, skuli vopnið gert óvirkt.
6. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 20. gr. og á 21. gr. er lögð til breyting þar sem hnykkt er á því hvernig fara skuli með vopn sem flutt eru á milli staða. Þannig er lagt til að mælt verði fyrir um að við burð og flutning á skotvopnum milli staða skuli þau vera óhlaðin og í umbúðum. Einnig er lagt til að ákvæði verði bætt við frumvarpið þess efnis að við umræddar aðstæður sé óheimilt að bera vopn á sér innanklæða.
7. Lagt er til að bætt verði við ákvæði 4. mgr. 34. gr. um haldlagningu heimild til að leggja hald á öll þau vopn sem lögin taka til, en ekki eingöngu ákveðin vopn sem talin eru upp í frumvarpstextanum.
8. Einnig er lögð til breyting á 37. gr. frumvarpsins er varðar geymslu og ráðstöfun vopna sem gerð hafa verið upptæk eða hald lagt á, en nefndinni bárust ábendingar um nauðsyn þess að í lögunum sé kveðið á um að ríkislögreglustjóri setji reglur um þetta efni.
9. Loks er lögð til breyting á gildistökuákvæði og lagt til að lögin taki gildi 1. september 1998.

Valgerður Sverrisdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. febr. 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Kristján Pálsson.
Guðrún Helgadóttir.		Hjálmar Jónsson.

866. Breytingartillögur [175. mál]

við frv. til vopnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „og gasvopn“ í e-lið 1. mgr. komi: gasvopn og táragasefni.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „eða fangelsa“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: fangelsa eða erlendra lögreglumanna eða öryggisvarða sem starfa undir stjórn lögreglu.
3. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „tegundir vopna“ í 6. mgr. komi: eða hluta þeirra.
   b. Við lokamálslið 8. mgr. bætist: og um prófun þeirra, merkingar og gæðaeftirlit.
4. Við 13. gr.
   a. Við síðari málslið 3. mgr. bætist: og próf.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Lögreglustjóri getur veitt manni búsettum erlendis tímabundið leyfi fyrir skotvopni, enda fullnægi viðkomandi skilyrðum 1. mgr. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tímabundið skotvopnaleyfi.
5. Við 16. gr. Við síðari málslið greinarinnar bætist: enda verði skotvopnið gert óvirkt.
6. Við 20. gr. Í stað orðanna „ber á sér“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: fer með.
7. Við 21. gr. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Við burð og flutning á skotvopnum milli staða skulu þau vera óhlaðin og í umbúðum. Óheimilt er að bera þau á sér innanklæða.
8. Við 30. gr. Við síðari málslið 4. mgr. bætist: og táragasvopn.
9. Við 34. gr. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Sama á við um önnur vopn samkvæmt lögum þessum.
10. Við 37. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
    Ríkislögreglustjóri ákvarðar hvernig geymslu og ráðstöfun þeirra vopna er háttað sem haldlögð eru vegna afturköllunar leyfis eða gerð eru upptæk samkvæmt kafla þessum.
11. Við 40. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1998“ í fyrri málslið komi: 1. september 1998.

867. Lög [97. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1996.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 97.

868. Frumvarp til laga [194. mál]

um hollustuhætti og mengunarvarnir.

(Eftir 2. umr., 3. mars.)

I. KAFLI
Markmið, skilgreiningar og framkvæmd.

1. gr.

Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra.

3. gr.

Hollustuhættir og mengunarvarnir taka í lögum þessum til hollustuverndar, mengunarvarnaeftirlits, vöktunar, tengdra rannsókna og fræðslu um þessi mál.

Hollustuvernd tekur til eftirlits með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum þeim tengdum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra. Einnig tekur það til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum, m.a. með tilliti til manneldismála.

Mengunarvarnaeftirlit tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

Heilbrigðiseftirlit tekur til hollustuhátta og mengunarvarna.

Með *mengun* er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Með *bestu fáanlegri tækni* er átt við framleiðsluaðferð og tækjakost sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með *fáanlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

Eftirlit merkir athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

Faggilding merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Rannsóknir (prófanir) felast í greiningu sýna vegna eftirlits, eftirlitsverkefna, vöktunar og annarra þjónusturannsókna eða fyrirbyggjandi aðgerða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.

Vöktun merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

4. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd hollustuverndar setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir þessa grein og er útgáfa þess í höndum heilbrigðisnefnda,
2. umgengni og þrifnað utan húss,
3. meindýr og eyðingu þeirra,
4. hreinsun hunda, m.a. vegna sullaveiki, katta og annarra gæludýra,
5. íbúðarhúsnæði, starfsmannabústaði og starfsmannabúðir,
6. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði,
7. skóla og aðra kennslustaði,
8. rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur,
9. leikskóla og leikvelli,
10. heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili og meðferðar- og vistunarstofnanir og stofnanir fyrir fatlaða,
11. íþróttastöðvar, íþróttahús, sundstaði, baðhús, gufubaðstofur, sólbaðstofur og almenna baðstaði, baðvatn og þess háttar,
12. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna,
13. samkomuhús, þar á meðal kirkjur,
14. farþegaskip, almenningsbifreiðar, farþegaflugvélar og þess háttar,
15. þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra,
16. töku sýna og úrvinnslu þeirra,
17. viðmiðanir fyrir eðlis-, efna- og örverufræðilega þætti,
18. önnur sambærileg atriði.

5. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd mengunarvarnaeftirlits setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, þar á meðal ákvæði um staðsetningu, viðmiðunarmörk, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar; krafist skal bestu fáanlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því,
2. endurskoðun starfsleyfa vegna verulegra breytinga á atvinnurekstri eða vegna tækniþróunar,
3. áhættumat fyrir atvinnurekstur þar sem hætta er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum,
4. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,
5. umhverfisstjórn, vöktun og eftirlitskerfi fyrirtækja, svo og viðurkenningu, úttekt og eftirlit með slíkum kerfum,
6. umhverfismerki á vörur, m.a. um veitingu þeirra og gjaldtöku,
7. eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og tilkynningarskyldu þeirra sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang,
8. úttekt á hugsanlegri mengunarhættu,
9. meðferð vatns og sjávar í atvinnurekstri þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinna efna,

10. úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs,
11. fráveitur og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka,
12. varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn,
13. varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði, mengandi efni og losun þeirra út í andrúmsloftið,
14. varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg og mengandi efni,
15. hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi,
16. varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun hennar,
17. önnur sambærileg atriði.

6. gr.

Hollustuvernd ríkisins gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögum þessum.

Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og ekki er talinn upp í fylgiskjali, sbr. 1. mgr., eftir því sem mælt er fyrir um í reglugerð.

Hollustuvernd ríkisins skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Hollustuverndar ríkisins innan átta vikna frá auglýsingu.

Hollustuvernd ríkisins skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna.

Auglýsa skal í B-deild Stjórnartíðinda útgáfu og gildistöku starfsleyfa sem Hollustuvernd ríkisins gefur út.

7. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr.

Ráðherra setur almenn ákvæði í reglugerð um valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa, þar með talið um þátttöku í eftirlits-, rannsóknar- og vöktunarverkefnum.

8. gr.

Sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld sveitarfélaganna, sem og ríkisstofnanir, skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir vegna framkvæmda sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Stjórn, skipan og starfsmenn.

9. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum nr. 106/1954 og skal hann semja við þar til bæra aðila samkvæmt mati Hollustuverndar ríkisins um framkvæmd eftirlits á varnar-

svæðum. Utanríkisráðherra skal hafa samráð við umhverfisráðherra um alla framkvæmd eftirlits á varnarsvæðum og gilda lög þessi eftir því sem við á.

Landlæknir er ráðgjafi ráðherra um það er að lögum þessum lýtur og undir embætti hans fellur.

Við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga.

10. gr.

Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg.

11. gr.

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor í nefndina til viðbótar. Fulltrúar atvinnurekenda og náttúruverndarnefnda hafa ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.

Eftirlitssvæði skv. 1. mgr. eru:

1. Reykjavíkursvæði.
   Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
2. Vesturlandssvæði.
   Starfssvæði: Vesturlandskjördæmi.
3. Vestfjarðasvæði.
   Starfssvæði: Vestfjarðakjördæmi.
4. Norðurlandssvæði vestra.
   Starfssvæði: Norðurlandskjördæmi vestra.
5. Norðurlandssvæði eystra.
   Starfssvæði: Norðurlandskjördæmi eystra.
6. Austurlandssvæði.
   Starfssvæði: Austurlandskjördæmi.
7. Suðurlandssvæði.
   Starfssvæði: Suðurlandskjördæmi.
8. Suðurnesjasvæði.
   Starfssvæði: Reykjanesbær, Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
9. Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.
   Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðabær og Kópavogsbær.
10. Kjósarsvæði.
    Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, kveðið á um sameiningu eftirlitssvæða.

Heimilt er heilbrigðisnefndum að gera samkomulag um annað fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Í slíkum tilvikum hafa heilbrigðisfulltrúar sama rétt til afskipta þar og á eigin svæði.

12. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir, innan fjárhagsramma sem sveitarfélög setja, og senda hana til viðkomandi sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu. Sveitarfélög bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Þau hafa umsjón með fjármálum þess, skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga og álagningu eftirlitsgjalda. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

Náist ekki samkomulag milli sveitarfélaga innan eftirlitssvæðis um hvaða sveitarfélag annist fjárreiður fyrir heilbrigðiseftirlitið skal umhverfisráðherra úrskurða hvert þeirra skuli annast fjárreiðurnar að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Heimilt er sveitarfélögum, að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda, að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Umhverfisráðherra, utanríkisráðherra á varnarsvæðum, setur, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, hámarksgjaldskrá sem sveitarstjórnir geta innheimt eftir. Upphæðin skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

13. gr.

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á. Nefndin skal vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

14. gr.

Heilbrigðisnefnd skiptir með sér verkum og ræður meiri hluti atkvæða afgreiðslu máls. Telst afgreiðsla fullnægjandi séu þrír atkvæðisbærra nefndarmanna viðstaddir. Um vanhæfi nefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits eða heilbrigðisfulltrúi í umboði hans skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann getur krafist þess að fundir verði haldnir og að tekin verði þar fyrir tiltekin mál.

Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda með tillögurétti og málfrelsi.

Héraðslæknir eða sá heilsugæslulæknir sem hann tilnefnir skal vera ráðgjafi og heilbrigðisnefndum til aðstoðar um heilbrigðisþjónustu. Héraðslæknir á seturétt á fundum heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétti. Héraðslæknir getur krafist þess að haldinn verði fundur í heilbrigðisnefnd.

15. gr.

Heilbrigðisnefndir á hverju eftirlitssvæði ráða heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit sveitarfélaganna með þeim viðfangsefnum sem undir lögin falla. Starfi einungis einn heilbrigðisfulltrúi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri eftirlitsins. Ef heilbrigðisfulltrúarnir eru tveir eða fleiri skal einn úr hópi þeirra jafnframt ráðinn framkvæmdastjóri eftirlitsins. Sveitarstjórnir setja þeim starfslýsingar að fengnum tillögum heil-

brigðisnefndar og ákveða í samráði við heilbrigðisnefnd aðsetur þeirra. Eingöngu má ráða í starf heilbrigðisfulltrúa þá sem fengið hafa leyfi umhverfisráðherra til starfans. Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

16. gr.

Þeir sem starfa samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Upplýsingar og tilkynningar heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu. Sama gildir um aðra sem starfa samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Ráðherra skipar hollustuháttaráð til fjögurra ára í senn sem hefur það hlutverk að fjalla um þá þætti sem falla undir lögin og varða atvinnustarfsemi, svo sem samhæfingu krafna og eftirlits. Ráðherra skal leita álits ráðsins um þá þætti er varða atvinnustarfsemi, svo sem um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár.

Í ráðinu eiga sæti níu menn. Umhverfisráðherra tilnefnir einn og er hann formaður, forstjóri Hollustuverndar ríkisins á sæti í ráðinu og Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Alþýðusamband Íslands, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og landlæknisembættið tilnefna einn hvert.

Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum þess.

III. KAFLI
Hollustuvernd ríkisins.

18. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins og annast hún eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögin falla.

Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina þegar um landið allt er að ræða og við heilbrigðisnefndir þegar um einstök svæði er að ræða. Öll starfsemi stofnunarinnar, sem er í samkeppnisrekstri, skal vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar. Undir þetta fellur m.a. sala á þjónustu, ráðgjöf, rannsóknum og prófunum og hvers konar eftirlitsstarfsemi sem þar kann að vera stunduð.

Stofnunin skal sjá um gerð fræðsluefnis og upplýsa og fræða þá er starfa að heilbrigðiseftirliti.

19. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits í landinu og koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og að því

að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina.

20. gr.

Við stofnunina skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri.

Stofnuninni skal skipt í svið og skal forstöðumaður starfa yfir hverju þeirra. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn. Einn forstöðumanna skal gegna starfi staðgengils forstjóra.

Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

21. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, sbr. 18. gr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

IV. KAFLI
Faggilding og innra eftirlit.

22. gr.

Ráðherra getur, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, ákveðið með reglugerð að stofnunin skuli hljóta faggildingu vegna rannsóknar á vegum stofnunarinnar. Ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða með reglugerð, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, að starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga skuli hljóta faggildingu vegna rannsóknar og eftirlits og þá hvernig að henni skuli staðið. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

23. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð kröfur um gæðastjórnun og innra eftirlit í fyrirtækjum sem eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum þessum. Þar skal m.a. kveðið á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.

24. gr.

Heilbrigðisnefndum og Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og annað sem greint er frá í VI. kafla er þó eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

V. KAFLI
Samþykktir sveitarfélaganna.

25. gr.

Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,
2. meðferð úrgangs og skolps,
3. gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu,
4. ábyrgðartryggingar.

Upphæð gjalda skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og umsögn Hollustuverndar ríkisins, sett hámarksgjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustu sveitarfélaga sem sveitarfélög geta nýtt sér kjósi þau það fremur en að setja sér sérstaka gjaldskrá. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Skulu gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi, leiga eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins áður en hann staðfestir samþykktina.

Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

VI. KAFLI
Valdsvið og þvingunarúrræði.

26. gr.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum, reglugerðum, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum geta heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun, þar með lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs.

Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skal nota sérstök innsigli er auðkenni viðkomandi eftirlitssvæði heilbrigðisfulltrúa.

27. gr.

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er heilbrigðisnefnd heimilt

að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Þegar verk það sem heilbrigðisnefnd lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

28. gr.

Heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sama gildir um starfsmenn Hollustuverndar ríkisins þegar um er að ræða starfsemi sem stofnunin hefur eftirlit með.

Fulltrúum Hollustuverndar ríkisins er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sveitarfélaga ná til. Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit fer um valdsvið og þvingunarúrræði í samræmi við þennan kafla laganna.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

29. gr.

Telji Hollustuvernd ríkisins svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

Hollustuvernd ríkisins skal sjá um samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráð eða alvarleg mengunarslys, matarsýkingar eða önnur vá svipaðs eðlis. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga skal þegar í stað tilkynna Hollustuvernd ríkisins um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir.

30. gr.

Við meðferð mála samkvæmt þessum kafla skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga.

VII. KAFLI
Málsmeðferð og úrskurðir.

31. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra fer með úrskurðarvald samkvæmt lögunum, sbr. ákvæði 32. gr., eða þegar ágreiningur rís vegna ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 6. gr.

Í úrskurðarnefnd skv. 1. mgr. eiga sæti þrír lögfræðingar sem uppfylla skulu starfsgengisskilyrði héraðsdómara, formaður tilnefndur af Hæstarétti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma

skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar.

32. gr.

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.

Ákvarðanir Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda um útgáfu starfsleyfa skv. 6. gr. má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefnda.

Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að honum berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.

VIII. KAFLI

Viðurlög.

33. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

34. gr.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum sveitarfélaga skulu sæta meðferð opinberra mála.

IX. KAFLI

Gildistaka.

35. gr.

Lögin öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. skal sú skipan sem kveðið er á um í 11. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. ágúst 1998. Þar til skulu núverandi heilbrigðisnefndir starfa og fer um störf þeirra samkvæmt þessum lögum. Núverandi svæðisnefndir skulu starfa áfram til sama tíma og gegna því hlutverki sem kveðið er á um í lögum nr. 81/1988, með áorðnum breytingum.

II.

Þær reglugerðir, sem í gildi eru samkvæmt lögum nr. 81/1988, með áorðnum breytingum, skulu halda gildi sínu þar til þeim hefur verið breytt, að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við ákvæði þessara laga.

III.

Þrátt fyrir breytingar á eftirlitsstarfsemi Hollustuverndar ríkisins varðandi innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum skal starfsemin haldast óbreytt þar til reglugerð hefur verið sett sem kveður á um eftirlitshlutverk aðila.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði laganna, sbr. m.a. 31. gr., skulu stjórn Hollustuverndar ríkisins og úrskurðarnefnd, skipuð samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ljúka við að úrskurða í kærumálum sem kærð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara. Stjórnin og úrskurðarnefndin skulu hafa lokið þeim störfum fyrir 1. júlí 1998.

Fylgiskjal.

Atvinnurekstur sem Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnsframleiðsla.
6. Kísilmálmsframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn.
12. Meðferð úrgangs – móttökustöðvar sveitarfélaga: Flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla.
22. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
23. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
24. Annar sambærilegur rekstur.

869. Frumvarp til laga [355. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

(Eftir 2. umr., 3. mars.)

1. gr.

3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Hann ræður einnig kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

870. Þingsályktun [17. mál]

um endurreisn Þingvallaurriðans.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 17.

871. Lög [225. mál]

um kosningar til sveitarstjórna.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 851 með þessari breytingu:

59. gr. hljóðar svo:

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna.

Á þann hluta seðilsins sem ætlaður er fyrir kjör varamanna skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á.

872. Fyrirspurn [505. mál]

til sjávarútvegsráðherra um heimkomu háhyrningsins Keikós.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hver er afstaða ráðherra til þess að leyfa heimkomu háhyrningsins Keikós?
Hefur málið verið til skoðunar í sjávarútvegsráðuneytinu?

873. Tillaga til þingsályktunar [506. mál]

um jarðabréf.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson, Egill Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að auðvelda nýliðun í landbúnaði með því að koma á nýjum lánaflokki, „jarðabréfum“, er bjóði upp á svipaðan lánstíma og lánskjör við kaup á bújörðum og húsbréf við kaup á íbúðarhúsnæði. Heimilt verði að lána allt að 65% af kaupverði bújarða, þ.e. til kaupa á landi, fasteignum, vélum og bústofni.

Greinargerð.

Nýliðun í landbúnaði hefur á undanförnum árum verið allt of lítil til að greinin geti þróast eðlilega. Ástæðurnar má einkum rekja til lélegrar afkomu af búrekstri og erfiðleika nýliða við að afla langtímalána til jarðakaupa. Afkoma af búrekstri eins og hún er nú gerir bónda sem er að hefja búskap ekki mögulegt að standa undir greiðslubyrði af fjárfestingarlánum þegar lánstími er einungis til nokkurra ára. Þótt margir eldri bændur vilji hætta búskap í því skyni að hleypa yngri bændum að jörðinni ráða ungir bændur ekki við að kaupa miðað við þá fjármögnun sem er í boði. Afrakstur ævistarfs flestra bænda er bundinn í jörðum þeirra og bústofni og þeir eiga ekki hægt um vik að selja jörð og bústofn nema þeir fái umtalsverðan hlut söluverðsins greiddan á öruggan hátt.

Með því að bjóða upp á húsbréf eykur ríkisvaldið öryggi í viðskiptum með íbúðarhúsnæði jafnframt því sem slík kaup eru aðgengilegri fyrir kaupanda og seljanda. Jarðakaup fela að sjálfsögðu í sér kaup á fleiru en íbúðarhúsnæði þar sem íbúðarhús, land, útihús, vélar og búpeningur eru órjúfanleg heild eigi jörð að haldast í ábúð. Hugmyndin að jarðabréfum gengur út á að stofnaður verði nýr lánaflokkur þar sem lánað verði til allt að 40 ára til kaupa á jörðum ásamt fasteignum, vélum og búpeningi. Ekki er óeðlilegt þegar lán er veitt til jarðakaupa að líta á búrekstur eins og annan rekstur þar sem einn rekstrarþáttur verður ekki skilinn frá öðrum (going concern). Á sama hátt og með húsbréf fær kaupandi jarðar veðleyfi fyrir skuldabréfi með heildarveði í viðkomandi jörð. Kaupandinn skiptir á skuldabréfinu fyrir ríkistryggð jarðabréf sem útgefandi sér um að afhenda seljanda jarðarinnar. Seljanda jarðarinnar er síðan í sjálfsvald sett hvort hann selur jarðabréfin öll eða hluta þeirra eða notar þau sem greiðslu upp í aðra fasteign. Markaður fyrir jarðabréf mun án efa verða með svipuðum hætti og nú er fyrir húsbréf. Hagur seljanda jarðar eftir tilkomu jarðabréfa er, auk þess að geta frekar selt jörð sína, sá að hann fær tryggingu fyrir því að staðið verði í skilum með stærstan hluta söluverðs.

Kaupanda er jafnframt auðveldað að ráða við kaupin með því að fá að greiða 65% af kaupverði jarðarinnar á allt að 40 árum.

Búnaðarsamband Eyjafjarðar samþykkti á fundi í janúar 1997 tillögu í þessa veru. Bændablaðið greindi frá því að hugmynd Búnaðarsambandsins miðaðist við að jarðabréf gætu numið allt að 65% kaupverðsins. Í grein sem Ævarr Hjartarson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, ritar í Bændablaðið 21. maí 1997 rekur hann þann vanda sem við er að etja varðandi nýliðun í landbúnaði. Ævarr nefnir sem dæmi að þokkalega uppbyggð jörð með vélum og greiðslumarki í mjólk upp á 100.000–120.000 lítra kosti vart undir 30 millj. kr. Slíkur búrekstur er talinn gefa af sér um 7 millj. kr. í brúttótekjur en af þeirri fjárhæð fara 3,5 millj. kr. beint í rekstur búsins þannig að einungis eru eftir 3,5 millj. kr. fyrir launum bóndans og fjölskyldu hans og til að greiða vexti og afborganir af lánum. Miðað við hefðbundna fjármögnun við jarðakaup má ætla að vextir og afborganir af 30 millj. kr. jarðakaupaláni nemi um 3,6 millj. kr. á ári svo ljóst er að slíkt dæmi gengur engan veginn upp. Bóndi sem er eingöngu með sauðfjárbúskap er að öllu jöfnu með mun lægri brúttótekjur en í því dæmi sem rakið var hér að framan. Góð sauðfjárjörð þar sem framleidd eru um 10 tonn af kindakjöti gefur vart af sér nema 4–4,5 millj. kr. í brúttótekjur. Ljóst má því vera að greiðslugeta sauðfjárbænda til að standa straum af vöxtum og afborgunum af jarðakaupum er mjög lítil og nýliðun í sauðfjárbúskap nánast háð því að bóndi sé tilbúinn að afhenda afkomanda sínum jörðina til ábúðar án þess að fá fullt verð fyrir hana. Með tilkomu lánaflokks sem gerði mögulegt að fjármagna allt að 65% af kaupverði jarðar, véla og búpenings til 40 ára lækkar árleg greiðslubyrði vaxta og afborgana um nálægt 2 millj. kr. á ári eða úr um 3,6 millj. kr. í 1,7 millj. kr. (Reikniforsendur eru að jarðarverð sé 30 millj. kr. og jarðabréfalán með húsbréfavöxtum nemi 65% af kaupverði eða 19,5 millj. kr. í stað eftirstöðvaláns/bankaláns upp á 15,5 millj. kr. til sjö ára á 10% vöxtum.)

Þótt tilkoma jarðabréfa muni mjög auðvelda ungu fólki að ráðast í kaup bújarða verður engu síður erfitt að hefja búrekstur meðan rekstrarskilyrði í landbúnaði eru jafnerfið og þau eru í dag. Margt bendir þó til þess að rekstrarskilyrði muni batna á komandi árum. OECD spáir því t.d. að verð á kjöti fari hækkandi í Evrópu á næstu árum samfara auknum kaupmætti alls þorra almennings. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að auðvelda nýliðun í landbúnaði eins og nauðsynlegt er ef greinin á að þróast og dafna eðlilega. Verði tillagan samþykkt mun slíkt stuðla að því að eldri bændur geti á tryggan hátt fengið eðlilegt verð fyrir jarðir sínar er þeir láta af búskap og ungu fólki sem vill hefja búskap er gert auðveldara að ráðast í jarðakaup.

874. Lög [194. mál]

um hollustuhætti og mengunarvarnir.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 868.

875. Lög [248. mál]

um breytingar á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 293.

876. Lög [355. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 869.

877. Frumvarp til laga [507. mál]

um húsnæðismál.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Tilgangur og orðskýringar.
1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

2. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Almenn lán eru þær lánveitingar sem fólgnar eru í skiptum á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði.

Fasteignaveðbréf eru skuldabréf sem kaupandi íbúðarhúsnæðis gefur að jafnaði út með 1. eða 2. veðrétti í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði.

Félagasamtök merkja almenn félög eða almannasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það langtímamarkmið að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna.

Félög merkja félög sem rekin eru að hætti samvinnufélaga, hlutafélaga, einkahlutafélaga, sjálfseignarstofnana eða félaga með ótakmarkaðri ábyrgð er hafa að markmiði að byggja, eiga og reka leiguhúsnæði.

Húsbréf eru markaðshæf skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs í tengslum við lánveitingar hans.

Húsnæðisbréf eru skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs og sjóðurinn selur á almennum markaði í því skyni að afla fjár til starfsemi sinnar.

Húsnæðislán nefnast þær lánveitingar sem Íbúðalánasjóður annast samkvæmt lögum þessum.

Lán til leiguíbúða eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, aðilum á þeirra vegum, félögum eða félagasamtökum til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði með 1. veðrétti í hlutaðeigandi eign.

Viðbótarlán eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir einstaklingum til viðbótar almennu húsnæðisláni til öflunar eigin húsnæðis að jafnaði með 1. eða 2. veðrétti í hlutaðeigandi eign, næst á eftir fasteignaveðbréfi, eftir tilvísun húsnæðisnefndar sveitarfélags.

2. ÞÁTTUR
Stjórn húsnæðismála.
II. KAFLI
Skipulag.
3. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

4. gr.
Íbúðalánasjóður.

Stofna skal sérstakan lánasjóð er nefnist Íbúðalánasjóður. Íbúðalánasjóður skal annast stjórn og framkvæmd húsnæðismála samkvæmt lögum þessum. Skal sjóðurinn vera ráðgefandi fyrir félagsmálaráðherra og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum og fara með þau verkefni sem getið er í lögum þessum og ráðherra felur honum með reglugerð.

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins er lýtur sérstakri stjórn, og heyrir undir félagsmálaráðherra.

5. gr.
Sveitarstjórnir.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á og hefur frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn fylgjast með þörf á húsnæði í sveitarfélaginu.

6. gr.
Húsnæðisnefndir.

Sveitarstjórnir skipa húsnæðisnefndir sveitarfélaga.

Húsnæðisnefndir sveitarfélaga fara með stjórn og samræmingu húsnæðismála á vegum sveitarfélags.

III. KAFLI
Íbúðalánasjóður.
7. gr.
Stjórn.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Íbúðalánasjóðs til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna, en stjórn sjóðsins skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

8. gr.
Framkvæmdastjóri.

Stjórn Íbúðalánasjóðs ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Hann annast daglegan rekstur skrifstofu sjóðsins, fjárreiður og reikningsskil. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Framkvæmdastjóri vinnur tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun sjóðsins.

9. gr.
Verkefni.

Verkefni Íbúðalánasjóðs eru:

1. Að annast lánveitingar og sinna húsbréfaviðskiptum í samræmi við ákvæði laga þessara.
2. Að annast lánveitingar til sveitarfélaga og félagasamtaka til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði.
3. Að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi Íbúðalánasjóðs, og gæta þess að sjóðurinn starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
4. Að gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn í samræmi við ákvæði fjárlaga þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður.
5. Að koma á framfæri við almenning upplýsingum um hlutverk og þjónustu Íbúðalánasjóðs.
6. Að stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, m.a. með veitingu lána eða styrkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.
7. Að sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur sjóðnum með reglugerð á sviði húsnæðismála.

10. gr.
Tekjur.

Íbúðalánasjóður fjármagnar þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum með þeim hætti sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með sölu húsnæðisbréfa.

11. gr.
Varsla.

Íbúðalánasjóður skal varðveita og ávaxta það fé sem hann hefur umsjón með. Stjórn Íbúðalánasjóðs getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að fela öðrum varðveislu eigna sjóðsins, að nokkru leyti eða öllu. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra.

12. gr.
Skipulag.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fenginni tillögu stjórnar Íbúðalánasjóðs, frekari verkefni og skipulag sjóðsins, þar á meðal skiptingu hans í svið eða deildir að því leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum.

IV. KAFLI
Húsnæðisnefndir.

13. gr.
Skipan.

Sveitarstjórn skipar húsnæðisnefnd að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nefndina skipa þrír til fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal kjörinn af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

14. gr.
Verkefni.

Helstu verkefni húsnæðisnefndar sveitarfélags eru:

1. Að gera árlega áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og að hafa milligöngu um, og eiga frumkvæði að því, að aflað verði húsnæðis í því skyni og aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun.
2. Að leggja mat á þörf einstaklinga, sem búa við erfiðar aðstæður, á viðbótarláni og hvort þeir uppfylli skilyrði í því efni.
3. Að hafa milligöngu um töku lána hjá Íbúðalánasjóði fyrir hönd sveitarfélags til öflunar leiguhúsnæðis fyrir einstaklinga.
4. Að veita almennar upplýsingar og ráðgjöf um húsnæðismál og húsaleigusamninga.
5. Að aðstoða aldraða og samtök þeirra við öflun húsnæðis, með ráðgjöf, við útboð, byggingarframkvæmdir, samningsgerð o.fl.

Jafnframt sér húsnæðisnefnd um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni á sviði húsnæðismála. Húsnæðisnefndir setja sér starfsreglur sem sveitarstjórnir skulu staðfesta og almenningur skal hafa greiðan aðgang að.

Húsnæðisnefnd er heimilt að taka gjald fyrir kostnað við þjónustu sem þær veita samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn staðfestir.

3. ÞÁTTUR
Húsnæðislán.
V. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.
Lánveitingar Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður annast lánveitingar samkvæmt eftirfarandi lánaflokkum:

1. *Almenn lán* til einstaklinga skv. VI. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði.
2. *Viðbótarlán* til einstaklinga skv. VII. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á eigin íbúðarhúsnæði.
3. *Lán til leiguíbúða* til sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga skv. VIII. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu.

16. gr.
Aðrir lánaflokkar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að stofna til nýrra lánaflokka. Gert skal ráð fyrir öllum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram. Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að skuldbreyta lánum sjóðsins.

Um nánari skilyrði lánveitinga samkvæmt þessari grein fer eftir því sem ákveðið er í lögum þessum og reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs.

17. gr.
Húsbréfadeild.

Til þess að annast almenn húsnæðislán skal Íbúðalánasjóður starfrækja húsbréfadeild. Hlutverk húsbréfadeildar er:

1. Að gefa út flokka markaðshæfra húsbréfa í nafni Íbúðalánasjóðs með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.

2. Að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum.
3. Að stuðla að því að greið sala sé á húsbréfum á markaði.
4. Að gæta þess að inn- og útgreiðslur vegna fasteignaveðbréfa og húsbréfa standist á þannig að jafnvægi sé á hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjárstreymi fram í tímann.

VI. KAFLI
Almenn lán — húsbréf.

18. gr.
Greiðslumat.

Um skilyrði þess að húsbréfadeild samþykki skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf fer eftir viðmiðunarreglum sem stjórn Íbúðalánasjóðs setur um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt er húsbréfadeild heimilt að synja um skipti á skuldabréfum.

Við skipti á húsbréfum gegn fasteignaveðbréfum skv. 2. tölul. 17. gr. skal liggja fyrir mat á eftirfarandi þáttum:

1. Veðhæfni þeirrar fasteignar sem lögð er að veði fyrir tilgreindri skuld.
2. Greiðslugetu skuldara.
3. Verðmæti húsbréfa og fasteignaveðbréfa miðað við markaðsvexti sambærilegra verðbréfa á viðskiptadegi. Sé ekki unnt að miða við vexti á viðskiptadegi skal miða við nýjustu og bestu heimildir um markaðsvexti.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um að annast mat skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr. og hafa með höndum samskipti útgefanda fasteignabréfa við húsbréfadeild. Jafnframt má ákveða í reglugerð að mat skv. 1. tölul. 2. mgr. megi fela sérstökum trúnaðarmönnum.

19. gr.
Fasteignaveðbréf.

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, og hafa sömu lánskjör og þau húsbréf, sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, sbr. 25. gr., að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 29. gr.

Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar fasteignar.

20. gr.
Matsverð.

Stjórn Íbúðalánasjóðs setur reglur, sem félagsmálaráðherra staðfestir, um eðlilegt matsverð fasteigna sem skulu byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði.

21. gr.
Lánstími og lánskjör.

Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 40 ár. Ráðherra skal kveða nánar á um lánstíma einstakra lánaflokka í reglugerð.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða þeim degi sem aðilar koma sér saman um.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbréfa.

22. gr.

Hlutkesti.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem sýslumaður hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram skal auglýsa með tveggja mánaða fyrirvara númerin á húsbréfunum sem upp hafa komið til innlausnar. Skal kveða nánar á um framkvæmd þessa í reglugerð.

23. gr.

Aukaafborganir.

Skuldurum fasteignaveðbréfa er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða að endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga. Til að jafna fjárstreymi vegna slíkra endurgreiðslna er heimilt að innleysa útgefin húsbréf eftir hlutkesti, sbr. 22. gr.

24. gr.

Frestun afborgana.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum fasteignaveðbréfa í allt að þrjú ár og leggjast þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda. Skilyrði frestunar er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

25. gr.

Greiðslukjör húsbréfa.

Húsbréf skulu gefin út í verðbréfaflokkum og skulu öll bréf í sama flokki bera sömu upphæð. Stjórn Íbúðalánasjóðs gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki. Félagsmálaráðherra tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

26. gr.

Gjaldfallin húsbréf.

Endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta af húsbréfum, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan tíu ára frá gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur verðtryggðra lána bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga. Um ógildingu húsbréfa fer eftir almennum lögum.

27. gr.

Verðbréfaviðskipti.

Húsbréf skulu skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

Fyrirtækjum sem leyfi hafa til verðbréfaviðskipta og annast viðskipti með húsbréf er skylt að hafa á reiðum höndum, og aðgengilega, nýjustu skráningu á gengi húsbréfa fyrir viðskiptaaðila sína. Viðskiptaaðilum er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta söluverðs eða kaupverðs sem opinbert er, án þess að koma opinberlega slíku kaup- eða sölutilboði á framfæri. Fyrirtækjum, sem annast við-

skipti með húsbréf, er skylt að tilkynna öll viðskipti sem þau annast jafnharðan til þess verðbréfaþings sem annast skráningu húsbréfa.

28. gr.

Eftirlit.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með því að starfsemi húsbréfadeildar sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer eftir ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands. Haft skal eftirlit með útgáfu húsbréfa og fjárhag húsbréfadeildar. Skal Íbúðalánasjóður veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar. Í þeim mæli sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu húsbréfadeildar hefur það rétt til að afla upplýsinga og láta fara fram vettvangsrannsóknir hjá öðrum deildum Íbúðalánasjóðs.

Auk eftirlits með húsbréfadeild skv. 1. mgr. skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á eftirmarkaði á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og laga um verðbréfasjóði.

Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabankinn skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf.

29. gr.

Vaxtaálag.

Húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Félagsmálaráðherra ákveður vaxtaálag þetta, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

30. gr.

Reglugerð.

Félagsmálaráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfaviðskipta, þar á meðal um skyldur fasteignasala til þess að veita upplýsingar um gengi húsbréfa.

VII. KAFLI
Viðbótarlán.

31. gr.

Lánveiting.

Að beiðni húsnæðisnefndar sveitarfélags veitir Íbúðalánasjóður einstaklingum sem rétt eiga á almennu láni til kaupa á eigin íbúð viðbótarlán sem nema má nema allt að 25% af matsverði íbúðar. Heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði (almennt lán og viðbótarlán) getur þó aldrei orðið hærra en 90% af verði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að almennt lán og viðbótarlán séu innan þessara marka.

Að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga setur ráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð um skilyrði lánveitinga skv. 1. mgr. Við veitingu viðbótarlána skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis.

Að höfðu samráði við stjórn Íbúðalánasjóðs er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu almenns láns skv. 18. gr. til einstaklinga sem hyggjast taka bæði almennt lán og viðbótarlán.

Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda viðbótarlána skv. 1. mgr. ef fyrirséð er að víkja verður frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eða þau raski í verulegum atriðum fjárhag þess.

32. gr.

Lánskjör viðbótarlána.

Viðbótarlán skulu vera að fullu verðtryggð og skal höfuðstóll lánsins miðast við neysluvísitölu, eins og hún er á hverjum tíma.

Viðbótarlán eru afborgunarlaus fyrsta árið.

Hámarkslánstími viðbótarlána skal vera 40 ár. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um lánstíma í reglugerð.

Viðbótarlán endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt neysluvísitölu á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar viðbótarlána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Íbúðalánasjóði er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af viðbótarlánum skulu vera breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lögbirtingablaði.

Um viðbótarlán skulu að öðru leyti gilda meginreglur VI. kafla laga þessara um fasteignaveðbréf eftir því sem við getur átt.

33. gr.

Sala íbúðar með viðbótarláni.

Eiganda íbúðar sem á hvílir viðbótarlán er heimilt að selja íbúð sína, enda greiði hann annaðhvort upp viðbótarlánið eða afli samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku kaupanda á láninu. Að höfðu samráði við húsnæðisnefnd sveitarfélags skal Íbúðalánasjóður við þær aðstæður gæta þess að nýr kaupandi sem ætlað er að yfirtaka viðbótarlánið uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til þeirra sem ætluð eru slík lán.

34. gr.

Leiga íbúðar með viðbótarláni.

Eiganda íbúðar sem á hvílir viðbótarlán er við óvenjulegar aðstæður heimilt að leigja íbúð sína tímabundið, enda afli hann samþykkis húsnæðisnefndar sveitarfélags og kynni henni efni leigusamnings. Húsnæðisnefnd sveitarfélags skal kynna Íbúðalánasjóði slíka ákvörðun tafarlaust. Standi leiga íbúðar óvenjulengi að mati húsnæðisnefndar sveitarfélags getur Íbúðalánasjóður eftir skriflega aðvörun til eiganda íbúðar gjaldfellt veitt viðbótarlán sem á íbúðinni hvílir.

VIII. KAFLI
Lán til leiguíbúða.

35. gr.

Almennt.

Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa leiguíbúða.

Samþykktir eða stofnskrár félaga og félagasamtaka skv. 1. mgr. skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra áður en þau eru skráð og hefja starfsemi sína.

36. gr.

Samþykktir.

Í samþykktum félaga og félagasamtaka skulu vera ákvæði um eigið fé, fjárhagslega ábyrgð, skipun stjórnar, fjölda stjórnarmanna, kjör stjórnarmanna, fundarboðun, hver geti

skuldbundið félagið, reikningsár og endurskoðun og ráðstöfun eigin fjár við slit félags. Í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur skal kveða nánar á um efni samþykkta félaga samkvæmt lögum þessum.

Félagsmálaráðherra lætur gera fyrirmyndir að samþykktum skv. 1. mgr.

Áður en félagsmálaráðuneytið staðfestir samþykktir hlutaðeigandi félagasamtaka skal senda þær til umsagnar sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar sveitarfélags, þar sem þær eru starfandi. Í slíkri umsögn skal koma fram hvort samþykktirnar fullnægja skilyrðum laga þessara og reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

Samþykktir, sem félagsmálaráðuneytið hefur þegar staðfest vegna félaga og félagasamtaka, sem undir lög þessi falla, halda gildi sínu.

37. gr.

Lánsumsóknir.

Þegar sótt er um lán til leiguíbúða skv. 35. gr. skal koma fram í lánsumsókn fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar. Einnig skal fylgja greinargerð um útvegun nauðsynlegs viðbótarfjár. Að lokinni athugun tekur Íbúðalánasjóður ákvörðun um hvort framkvæmdin og lánveiting falli að settum skilyrðum fyrir láni.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að hafna lánsumsókn ef íbúðarhúsnæði telst óvandað eða ófullnægjandi að mati stjórnar sjóðsins.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um skilyrði lána til leiguíbúða, þar á meðal um gerð íbúða, stærðir þeirra, hagkvæmni og byggingarkostnað, svo og úrræði til þess að tryggja sem lægst íbúðarverð.

38. gr.

Lánskjör.

Lán til leiguíbúða sem veitt eru sveitarfélögum, félagasamtökum og félögum til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði skulu tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Lánin skulu vera að fullu verðtryggð og höfuðstóll þeirra miðast við neysluvísitölu, eins og hún er á hverjum tíma.

Lán til leiguíbúða mega nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, þó aldrei meiru en 90% af þeim kostnaðargrundvelli af lánveitingu sem stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt.

Lánstími lána skv. 1. og 2. mgr. má nema allt að 50 árum. Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum á lánstímanum. Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af lánum til leiguíbúða skulu vera breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lögbirtingablaði.

39. gr.

Upplýsingaskylda.

Félög og félagasamtök samkvæmt lögum þessum skulu láta Íbúðalánasjóði í té bókhaldsgögn, ársskýrslur og upplýsingar um framkvæmdir og húsbyggingar óski Íbúðalánasjóður eftir því.

40. gr.

Ráðstöfun leiguhúsnæðis.

Um rétt til leiguhúsnæðis fer eftir félagslegum aðstæðum umsækjanda og því hvort tekjur hans og eignir hans séu innan tekju- og eignamarka, sem nánar skulu ákveðin í reglugerð er félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélögum sem fengið hafa lán til leiguíbúða er heimilt að ráðstafa leiguhúsnæði með kaupleigusamningi til einstaklinga skv. 1. mgr.

Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúðum sem byggðar eru eða keyptar samkvæmt lögum þessum á meðan á þeim hvíla lán til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði eða lán sem veitt hafa verið samkvæmt eldri lögum og Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða breytt lánskjör með samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs.

41. gr.

Leiguíbúðir sveitarfélaga.

Sveitarfélagi er heimilt að stofna hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða félag með ótakmarkaðri ábyrgð er annist útleigu íbúða í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn er heimilt að leggja slíku félagi til íbúðir í eigu sveitarfélags, ásamt þeim skuldbindingum sem þeim fylgja.

Áður en skráning hlutafélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðherra.

Stofni sveitarfélag hlutafélag skv. 1. mgr. skal allt hlutafé þess vera í eigu sveitarfélags og skal sala þess óheimil án samþykkis félagsmálaráðherra. Að öðru leyti skulu ákvæði laga um hlutfélög gilda um slíkt félag eftir því sem við getur átt.

Sveitarfélag er leggur félagi skv. 1. mgr. til íbúðir í eigu sveitarfélagsins ber áfram ábyrgð á þeim fjárhagsskuldbindingum sem til hefur verið stofnað vegna byggingar eða kaupa slíkra íbúða.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði þess að sveitarstjórn megi stofna félag skv. 1. mgr., hvað skuli koma fram í samþykktum þess og hvernig skuli hagað yfirfærslu eigna og skulda til slíks félags.

42. gr.

Leigufjárhæð.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að mánaðarlegt leigugjald íbúða sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skuli miðast við afborganir og vexti af slíku láni og vaxtakostnað af framlagi eiganda íbúðar auk almenns rekstrarkostnaðar. Víki lántakandi frá viðmiðunarleiguupphæð er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að gjaldfella lán til leiguhúsnæðis sem veitt hefur verið.

4. ÞÁTTUR

Önnur ákvæði.

IX. KAFLI

Kærunefnd húsnæðismála.

43. gr.

Skipan.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd húsnæðismála til þriggja ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að skera úr ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs ríkisins og húsnæðisnefnda samkvæmt lögum þessum.

Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna og skal hann fullnægja almennum skilyrðum til þess

að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan átta vikna frá því nefndinni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir til getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

44. gr.

Valdsvið.

Til kærunefndar húsnæðismála má skjóta ákvörðunum stjórnar Íbúðalánasjóðs og ákvörðunum húsnæðisnefnda sveitarfélaga er varða úthlutun viðbótarlána. Áður en kærunefnd húsnæðismála tekur ákvarðanir húsnæðisnefnda sveitarfélaga til meðferðar skal ákvörðun sveitarstjórnar liggja fyrir.

Úrskurði kærunefndar húsnæðismála verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar og skrifstofuhald. Í slíkri reglugerð er jafnframt heimilt að kveða nánar á um valdsvið kærunefndar og hvaða málefnum megi skjóta til hennar.

X. KAFLI

Varasjóður.

45. gr.

Stjórn.

Starfræktur skal sérstakur varasjóður í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga sem Íbúðalánasjóður varðveitir. Félagsmálaráðherra skipar stjórn varasjóðs til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír stjórnarmenn ásamt varamönnum skulu skipaðir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn ásamt varamanni eftir tilnefningu fjármálaráðherra og einn ásamt varamanni af félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann stjórnarinnar og varamann hans og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Kostnaður við störf stjórnar varasjóðs greiðist úr varasjóði.

46. gr.

Hlutverk.

Varasjóðurinn bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Þegar fyrirsjáanlegt er að ábyrgð eða kostnaður muni falla á varasjóðinn skal Íbúðalánasjóður tilkynna stjórn varasjóðs slíkt.

Varasjóðurinn skal aðskilinn frá öðrum fjárhag Íbúðalánasjóðs í bókhaldi og öðru reikningshaldi.

47. gr.

Framlög.

Til þess að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skv. 46. gr. greiða sveitarfélög tiltekinn hundraðshluta viðbótarlána sem framlag í varasjóð. Framlagið skal nema 5,0% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Viðbótarlán, sbr. 31. gr., skal ekki koma til útborgunar fyrr en framlag sveitarfélags í varasjóð hefur verið greitt.

Hundraðshluti framlaga sveitarfélaga skv. 1. mgr. skal endurskoðaður á a.m.k. eins árs fresti. Félagsmálaráðherra er með reglugerð heimilt að hækka eða lækka hlutfallið, að fenginni slíkri endurskoðun og umsögn Seðlabanka Íslands.

Nánari ákvæði um varasjóð skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra gefur út að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

48. gr.
Stimpilgjald.

Um stimpilgjöld af skjölum vegna lána samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði laga um stimpilgjöld.

49. gr.
Afskriftir.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins sem glatað hafa veðtryggingu við nauðungarsölu íbúðar.

Félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs, reglugerð um nánari framkvæmd innheimtu krafna skv. 1. mgr. og um skilyrði fyrir afskriftum samkvæmt þessari grein.

50. gr.
Gjaldtaka.

Félagsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs, lántökugjöld, gjöld fyrir tæknilega þjónustu, svo og gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum. Heimilt er að jafna síðastgreindum kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn.

51. gr.
Reglugerð.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

52. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað fangelsi eða sektum.

XII. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

53. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði I til bráðabirgða skulu þó halda gildi sínu. Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði II til bráðabirgða og snerta innlausn félagslegra íbúða og útreikning innlausnarverðs. Enn fremur halda gildi sínu þau ákvæði sem vísað er til í ákvæði IV til bráðabirgða og varða réttarstöðu eigenda félagslegra íbúða, svo og þær greinar sem vísað er til í ákvæði V til bráðabirgða og snerta réttarstöðu þeirra sem gert hafa samninga um leigu á félagslegum leiguíbúðum og kaupleiguíbúðum.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra gefa út þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem halda skulu gildi sínu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 13. gr. um skipan húsnæðisnefnda öðlast gildi þegar í stað og koma fyrst til framkvæmda eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Frá sama tíma fellur úr gildi 39. gr. laga nr. 97/1993. Ákvæði 56. gr. um undirbúningsnefnd og 57. gr. um matsnefnd öðlast gildi þegar í stað. Félagsmálaráðherra skal skipa nefndir þessar eigi síðar en 15. maí 1998.

Ákvæði 3. mgr. í ákvæði til bráðabirgða V og 6. mgr. í ákvæði til bráðabirgða VI öðlast gildi þegar í stað.

Við gildistöku laganna skal Húsnæðisstofnun ríkisins lögð niður. Íbúðalánasjóður skal þá taka við hlutverki, réttindum, öllum eignum, skyldum og skuldbindingum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

54. gr.

Sameining sjóða.

Við gildistöku laga þessara skulu Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir. Frá sama tíma tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Réttindi og undanþágur sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna njóta samkvæmt gildandi lögum skulu taka til Íbúðalánasjóðs.

Greiðslu- og vistunarstaður skuldaskjala, sem eru í eigu eða til innheimtu hjá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna, verður hjá Íbúðalánasjóði þegar hann tekur til starfa. Íbúðalánasjóður tekur við öllum réttindum og öllum skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu þeirra eða aðild að dómsmálum sem þeir reka eða rekin eru gegn þeim. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Skulu þær birtast með u.þ.b. tveggja vikna millibili, hin fyrri a.m.k. 30 dögum áður en Íbúðalánasjóður tekur til starfa. Ákvæði í veðskuldabréfum, sem gefin hafa verið út vegna lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna skulu að öðru leyti halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skal Tryggingarsjóður vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993 lagður niður. Frá sama tíma tekur varasjóður skv. X. kafla laga þessara og ákvæði til bráðabirgða VII við hlutverki, réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum sjóðsins.

55. gr.

Skipun stjórnar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal skipuð í fyrsta sinn frá og með 1. janúar 1999. Á sama tíma lýkur skipunartíma núverandi húsnæðismálastjórnar og til starfa tekur stjórn Íbúðalánasjóðs samkvæmt þessum lögum.

56. gr.

Undirbúningsnefnd.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga, sem eru nauðsynlegir vegna fyrirhugaðrar starfrækslu Íbúðalánasjóðs. Við gildistöku laga þessara skal Íbúðalánasjóður bundinn við þá löggerninga. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Undirbúningsnefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem hún fer með. Skulu stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar veita nefndinni alla nauðsynlega aðstoð, sem hún óskar eftir.

Kostnaður við störf undirbúningsnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

57. gr.

Matsnefnd.

Félagsmálaráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna til þess að leggja mat á allar eignir og skuldir Húnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og annarra sjóða sem Húsnæðisstofnun ríkisins fer með eða varðveitir. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. mars 1999. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Matsnefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem hún fer með. Skulu stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar veita nefndinni nauðsynlega aðstoð.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði laga nr. 97/1993.

Þrátt fyrri ákvæði laga þessara skulu eftirtalin ákvæði laga nr. 97/1993, með síðari breytingum, ásamt fyrirsögnum einstakra greina, halda gildi sínu, að því er snertir lán sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og eftir því sem við getur átt: 2.–4. mgr. 16. gr., 36. gr., 44. gr., 46. gr., 9.–13. mgr. 52. gr., 3. og 4. mgr. 58. gr. a, 5. mgr. 65. gr., 2. mgr. 68. gr., 77. gr., 79. gr., 80. gr., 1., 3. og 4. mgr. 82. gr., 83.–86. gr., 93. gr. a og ákvæði IV til bráðabirgða í þeim lögum, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum þessum.

Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða II, IV og V í lögum þessum, með þeim takmörkunum, sem fram koma í 2. mgr. 53. gr. laga þessara og nefndum bráðabirgðaákvæðum.

II.

Innlausn eldri íbúða.

Með íbúðir sem sveitarfélög hafa innleyst og ekki hefur verið endurúthlutað á grundvelli eldri laga við gildistöku laga þessara og íbúðir sem sveitarfélög innleysa eftir gildistöku laga þessara skal farið samkvæmt lögum þessum.

Kaupskylda sveitarfélags eða annars framkvæmdaraðila sem kann að vera til staðar eftir að félagsleg íbúð hefur verið innleyst fellur niður eftir það.

Ákveði sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili að nýta sér forkaupsrétt á félagslegri íbúð eða kaupleiguíbúð, sem boðin er til sölu, fellur slíkur réttur niður eftir að íbúð hefur verið ráðstafað á ný. Sveitarstjórn eða framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

Kaupskylda sveitarfélags við nauðungarsölu íbúðar skv. 86. gr. laga nr. 97/1993 skal ekki vara lengur en í 15 ár frá útgáfu síðasta afsals.

Á meðan kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélaga á félagslegu húsnæði varir samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, skulu húsnæðisnefndir, þar sem þær eru starfandi, annast meðferð mála vegna þeirra íbúða, sem ganga til sveitarfélaga.

Um útreikning á innlausnarverði félagslegra íbúða, sem sveitarfélög leysa til sín skv. 1. mgr., skal beita fyrirmælum 1. og 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993. Hafi íbúð verið byggð eftir gildistöku laga nr. 51/1980 skal enn fremur gæta ákvæða 1. og 2. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993, en annars 1.–3. og 8. mgr. 89. gr. laga nr. 97/1993, hafi íbúðin verið byggð fyrir gildistöku fyrrnefndra laga. Um íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna fer eftir ákvæðum 90. gr. laga nr. 97/1993. Stjórn varasjóðs skv. 45. gr. laga þessara skal fjalla um heimildir húsnæðisnefnda skv. 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993.

Kærunefnd húsnæðismála skal úrskurða samkvæmt þessu ákvæði um þann ágreining sem verður á milli seljanda íbúðar og framkvæmdaraðila.

III.

Ráðstöfun innleystra íbúða.

Íbúð sem sveitarstjórn hefur leyst til sín samkvæmt ákvæðum eldri laga getur hún ráðstafað þannig:

1. Sveitarstjórn getur ákveðið að selja íbúðina á almennum markaði. Áður skal hún greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna.
2. Sveitarstjórn getur ákveðið að leigja íbúðina út. Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Við þær aðstæður skal sveitarfélagið eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara.

Á meðan innlausnarskylda hvílir á sveitarfélögum samkvæmt lögum nr. 97/1993 er þeim heimilt eftir tillögu húsnæðisnefnda sveitarfélaga að ákveða að tiltekinn hluti árlegra viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða, enda taki söluverð slíkra íbúða mið af markaðsverði íbúða á viðkomandi svæði.

IV.

Sala og ráðstöfun eignaríbúða.

Eftir gildistöku laga þessara getur eigandi félagslegrar eignaríbúðar hvenær sem er, að virtum ákvæðum um forkaupsrétt sveitarfélaga, selt íbúð sína á almennum markaði, greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Forkaupsréttur sveitarfélaga skal aldrei vera lengri en 30 ár frá útgáfu síðasta afsals íbúðar. Sveitarstjórn er heimilt að stytta þann tíma hvenær sem er.

Um réttarstöðu eigenda félagslegra eignaríbúða fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í 70.–71. gr. laga nr. 97/1993 eftir því sem við getur átt og með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

V.

Leigu- og kaupleiguíbúðir.

Samningar, sem einstaklingar hafa gert um félagslegar leiguíbúðir, halda gildi sínu. Um samskipti leigutaka og framkvæmdaraðila gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga. Um leigugjald gilda ákvæði 73. gr. laga nr. 97/1993.

Samningar, sem einstaklingar hafa gert um kaupleiguíbúðir, halda gildi sínu. Um réttarstöðu slíkra aðila og um samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 72. gr., 2., 3., 5. og 6. mgr.73. gr. og 76. gr. laga nr. 97/1993 með þeim takmörkunum þó sem í lögum þessum greinir.

Einstaklingur sem hefur kauprétt vegna íbúðar sem hann hefur á leigu, sbr. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 97/1993, og hyggst nýta sér þann rétt skal hafa gert það fyrir 31. desember 1998. Að þeim tíma liðnum fellur kaupréttur niður. Eftir samþykkt laga þessara og a.m.k. þremur mánuðum fyrir gildistöku þeirra skulu húsnæðisnefndir sveitarfélaga þar sem við á tilkynna öllum þeim sem fengið hafa íbúð leigða með kauprétti um þennan frest til nýtingar kaupréttar.

VI.

Framkvæmdaíbúðir.

Framkvæmdalánssamningar, sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur gert fyrir gildistöku laga þessara skv. 58. gr. laga nr. 97/1993, skulu halda gildi sínu.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal staðfesta lok framkvæmda og byggingarkostnað íbúða, sem fullgerðar eru eftir gildistöku laga þessara, með úttekt sinni.

Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili skal skila lokauppgjöri á byggingarkostnaði innan mánaðar frá því er framkvæmdalánssamningur rann út eða lokaúttekt fór fram.

Að uppfylltu ákvæði 3. mgr. skulu greiddar eftirstöðvar framkvæmdaláns sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur veitt.

Með allar íbúðir sem eru á framkvæmdastigi skal farið á grundvelli laga þessara eftir gildistöku þeirra. Lán til slíkra íbúða skulu einnig veitt á grundvelli þessara laga frá gildistöku þeirra.

Eftir samþykkt laga þessara og a.m.k. þremur mánuðum fyrir gildistöku þeirra skulu húsnæðisnefndir sveitarfélaga þar sem við á tilkynna breytt ástand öllum þeim sem fengið hafa loforð eða úthlutun íbúðar á byggingarstigi eða annars konar íbúðar samkvæmt eldra kerfi og ljóst er að ekki verður tilbúin til afhendingar og/eða uppgjörs fyrr en eftir gildistöku laga þessara. Slíkum aðilum skal jafnframt gefinn kostur á því að hætta við kaup óski þeir þess.

VII.

Varasjóður.

Í varasjóð skv. X. kafla laga þessara skulu auk framlaga sveitarfélaga renna:

1. Allar eignir og réttindi Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.
2. Söluhagnaður af íbúðum sem innleystar eru af hálfu sveitarfélaga og endurseldar með söluhagnaði.
3. Framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum vegna afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna.

Varasjóðurinn skal meðan þörf gerist bæta byggingargalla en ekki það sem telst eðlilegt viðhald á íbúðum sem af hefur verið greitt tryggingargjald samkvæmt ákvæðum 81. gr. laga nr. 97/1993.

Stjórn varasjóðsins skal nota söluhagnað af innleystum íbúðum, sbr. 2. tölul. 1. mgr., og framlög ríkissjóðs skv. fjárlögum, sbr. 3. tölul. 1. mgr., til þess að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða, þó aldrei fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Varasjóður skal starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 2. og 3. mgr. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að færa fé á milli deilda ef ástæða þykir til. Félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglur um nánari framkvæmd 2. og 3. mgr.

VIII.

Fjárframlög.

Á árunum 1999 og 2000 er Íbúðalánasjóði heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með niðurgreiddum vöxtum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði vegna niðurgreiðslu vaxta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið sameiginlega af samráðshópi ríkis og sveitarfélaga, sem félagsmálaráðherra skipaði 15. október 1997, og starfshópi til að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk og starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem félagsmálaráðherra skipaði 22. október 1997. Verkefni *samráðshópsins* var að vinna að útfærslu tillagna um breytingar á félagslega íbúðakerfinu yfir í félagslegt lánakerfi. Markmiðið skyldi vera að auka sveigjanleika félagslega lánakerfisins og færa umsýslu þess í auknum mæli til sveitarfélaga. Jafnframt var samráðshópnum falið að annast viðræður við sveitarfélög um að félagsleg aðstoð húsnæðiskerfisins fari í gegnum húsnæðisnefndir sveitarfélaga og um uppgjör vegna fortíðarvanda í félagslega húsnæðiskerfinu. Samráðshópnum var falið að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna og nefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk Húsnæðisstofnunar. Í samráðshópinn voru skipaðir Karl Björnsson bæjarstjóri, Páll R. Magnússon, formaður húsnæðisnefndar Reykjavíkur, Gunnar S. Björnsson, varaformaður húsnæðismálastjórnar, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður samráðshópsins. Verkefni *starfshópsins* var að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk og starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Skyldi starfshópurinn gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins með hliðsjón af tillögum þriggja nefnda sem skilað höfðu tillögum um breytingar á húsnæðiskerfinu. Starfshópnum var falið að vinna að útfærslu á tillögum um breytt stjórnskipulag stofnunarinnar, sameiningu byggingarsjóðanna og starfsemi þeirra í ljósi breyttra aðstæðna á húsnæðis- og fjármagnsmarkaði. Loks var starfshópnum ætlað að taka til úrvinnslu niðurstöður starfshóps ríkis og sveitarfélaga um breytingar á félagslega íbúðakerfinu. Í starfshópinn voru skipaðir Hákon Hákonarson, formaður húsnæðismálastjórnar, Gunnar S. Björnsson, varaformaður húsnæðismálastjórnar, Páll Gunnar Pálsson, deildarstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins.

Starfsmaður beggja hópanna var Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Með hópunum störfuðu að frumvarpsgerð þeir Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður og Þórhallur Vilhjálmsson lögfræðingur. Að tilteknum þáttum og útreikningum vann Haraldur Haraldsson hagfræðingur. Einnig komu að útreikningum starfsmenn Þjóðhagsstofnunar.

Hóparnir tveir hafa í sameiningu unnið að gerð frumvarps þessa ásamt fylgifrumvarpi þess. Til grundvallar vinnunni voru lagðar þær skýrslur, álit og gögn sem vísað er til hér á eftir. Meðan á vinnu hópanna stóð var jafnframt haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um útfærslu einstakra hugmynda og ákvæða. Hóparnir tveir eru sammála um efni frumvarpanna og telja þau bæta verulega úr því ástandi á sviði húsnæðismála sem nú ríkir.

Í 2. kafla hér á eftir er lýst meginmarkmiðum þessa frumvarps og helstu frávikum frá gildandi lögum á þessu sviði. Því næst er í 3. kafla fjallað um samanburð á núverandi lánakerfi til byggingar og kaupa á félagslegu íbúðarhúsnæði og nýju kerfi viðbótarlána, er komi í stað

þess. Þá er í 4. kafla fjallað um aðdraganda og undirbúning málsins og niðurstöður helstu skýrslna sem um húsnæðismál fjalla í seinni tíð. Í 5. kafla er vikið að þróun löggjafar um húsnæðismál og helstu einkennum hennar. Í 6. kafla er síðan fjallað um stöðu félagslega íbúðakerfisins á árunum 1990–96. Þar á eftir eru athugasemdir við einstakar greinar. Frumvarpinu fylgja töflur og línurit sem vísað er til í texta þess, umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, yfirlit yfir þær greinar laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem halda munu gildi sínu eftir gildistöku laganna og yfirlýsing fjármálaráðherra um samráð við félagsmálaráðherra um ákvarðanir er snerta vaxtabætur og fjárhæð þeirra.

Frumvarpinu fylgir frumvarp til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög. Um skýringar á því frumvarpi vísast til athugasemda með því. Samhliða frumvarpi þessu mun fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, vegna nauðsynlegra breytinga á vaxtabótakerfinu sem leiðir af frumvarpi þessu ef að lögum verður. Þá má hér einnig nefna frumvarp fjármálaráðherra um stimpilgjald sem ætlað er að verða að lögum á þessu þingi.

2.
Markmið og helstu breytingar.

2.1. Almennt.

Frumvarp það sem hér er lagt fram um húsnæðismál er annað tveggja frumvarpa er hafa það að markmiði að einfalda og samræma skipulag húsnæðismála til lengri tíma og tryggja rétt þeirra sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda við öflun húsnæðis. Frumvarpið leysir til framtíðar af hólmi núgildandi ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins sem snerta málefni Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, svo og atriði er lúta að lánveitingum til íbúðarhúsnæðis og verkefni sveitarfélaga í þeim efnum. Frumvarpið er í fjórum meginþáttum, því er skipt í 12 kafla og alls í 57 greinar. Í frumvarpinu eru átta umfangsmikil bráðabirgðaákvæði, meðal annars vegna lokunar eldra kerfis. Í síðara frumvarpinu (fylgifrumvarpi), um byggingar- og húsnæðisamvinnufélög, er fjallað um búseturétt og samvinnufélög með svipuðum hætti og gert er í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þykir eðlilegra að sérlög gildi um þessa starfsemi, enda um frjáls félög að ræða sem byggja á sérstöku formi og fyrirkomulagi án beinna tengsla við Íbúðalánasjóð, nema hvað snertir lánveitingar og eftirlit með þeim. Fylgifrumvarpið er alls í sex köflum og 23 greinum. Samhliða frumvörpum þessum mun fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar sem lagðar eru til breytingar á fyrirkomulagi vaxtabóta og útborgun þeirra.

Nokkur umræða hefur farið fram á síðustu árum um skipulag húsnæðismála hér á landi, einkum félagslega húsnæðiskerfið, svo og um málefni Húsnæðisstofnunar ríkisins. Lögð hefur verið veruleg vinna í endurskoðun á húsnæðislánakerfinu. Í 4. kafla er vitnað til fjögurra nefnda á vegum félagsmálaráðuneytis sem störfuðu frá miðju ári 1995 til febrúarloka 1998, skýrslu vinnuhóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um félagslega íbúðakerfið frá febrúar 1997 og skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins sem gefin var út í október 1996. Í niðurstöðum allra þessara skýrslna koma fram kröfur um verulegar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Þá hafa félagsmálaráðherra borist tíðar kvartanir og ábendingar um breytingar frá fólki sem býr í félagslegum eignaríbúðum.

Fram hafa komið verulegir gallar á félagslega húsnæðiskerfinu. Gildandi lög um félagslega húsnæðiskerfið voru að stofni til samin á þeim tíma er skortur var á íbúðarhæfu húsnæði og framboð fjármagns til byggingar íbúðarhúsnæðis var af skornum skammti. Umhverfið á húsnæðismarkaði og fjármagnsmarkaði er hins vegar gerbreytt og nægt framboð af hvoru

tveggja. Þau lög sem lagt er til að horfið verði frá með þessu frumvarpi eru þess vegna barn síns tíma. Þau eru flókin, bjóða upp á lítinn sveigjanleika og taka ekki mið af þeim breytingum sem hafa orðið á íslensku samfélagi undanfarna áratugi. Þá hefur umtalsverð gagnrýni beinst að umfangi og kostnaði þess, innlausn sveitarfélaga á félagslegum íbúðum og endursölu þeirra, fjármögnun kerfisins o.fl. Við samningu frumvarpsins hefur verið reynt að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hæst hefur borið í þessari umræðu. Stefnt er að því að skapa nýtt og einfaldara kerfi sem þjónar betur tekjulágu fólki og öldruðum, er ódýrara í rekstri og hentar betur sveitarfélögunum. Þá er jafnframt leitast við að gera málskotsrétt einstaklinga vegna ákvarðana húsnæðisnefnda og annarra stjórnvalda gleggri og skilvirkari með því að koma á fót sjálfstæðri úrskurðarnefnd.

Meginmarkmið frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Að einfalda og samræma meðferð og lánveitingar til húsnæðismála til lengri tíma litið.
2. Að stofna sjálfstæðan sjóð, Íbúðalánasjóð, sem ætlast er til að verði fjárhagslega sjálfstæður til framtíðar og standi undir lánveitingum sínum og rekstri með eigin tekjum.
3. Að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna.
4. Að loka félagslega eignaríbúðakerfinu í núverandi mynd.
5. Að félagsleg jöfnun við öflun eigin húsnæðis sé í formi sértækra viðbótarlána og að fjárhagsleg aðstoð til einstaklinga fari í gegnum vaxtabótakerfi.
6. Að breyta þátttöku, áhrifum og ábyrgð sveitarfélaga og húsnæðisnefnda sveitarfélaga hvað félagslegt húsnæði og lánveitingar varðar.
7. Að stofna varasjóð, sem verði í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga, og hafi það hlutverk að bæta Íbúðalánasjóði það tjón sem hann kann að verða fyrir vegna tapaðra viðbótarlána.
8. Að stofna sjálfstæða kærunefnd húsnæðismála.

2.2. Einföldun og samræming.

Afar þýðingarmikið er að einfalda og samræma betur þá húsnæðislöggjöf sem nú gildir, sérstaklega félagslega húsnæðiskerfið, sem er að mörgu leyti ábótavant. Dregið hefur úr eftirspurn eftir félagslegum eignaríbúðum og þær hafa staðið auðar í nokkrum sveitarfélögum. Nauðungarsala félagslegra eignaríbúða hefur aukist á síðari árum. Þá þykir félagslega eignaríbúðakerfið flókið og óskilvirkt og lítt sveigjanlegt. Viðbótarlán til kaupa á eignaríbúðum, sem fela í sér allt að 100% lán, hafa í mjög mörgum tilfellum leitt einstaklinga í fjárhagserfiðleika, sem þeir eiga erfitt með að komast út úr. Eru mörg dæmi þess að kaupendur íbúða hafi ekki ráðið við svo mikla skuldsetningu, misst eignina á uppboð og staðið eftir í skuld við húsnæðislánakerfið og þar af leiðandi ekki átt aðgang að neinni fyrirgreiðslu til öflunar húsnæðis annarri en frá viðkomandi sveitarfélagi. Þessi hópur hefur þannig orðið mun verr settur en áður. Í frumvarpinu er að fenginni reynslu gert ráð fyrir að 10% eigin framlag íbúðarkaupanda sé ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir aðgangi að lánafyrirgreiðslu til félagslegra eignaríbúða. Eðlilegra er að ætla að fólk sem ekki á neinn sparnað til þess að leggja til við íbúðarkaup fari á leigumarkað, enda er gert ráð fyrir eflingu leigumarkaðarins samhliða þeim breytingum sem hér eru kynntar á húsnæðislánakerfinu. Þannig er rétt að skoða frumvarp þetta með hliðsjón af nýjum lögum um húsaleigubætur er samþykkt voru á Alþingi í lok síðasta árs.

Þótt félagslega íbúðalánakerfið hafi haft verulega þýðingu í að sjá fólki fyrir hagkvæmu og vel byggðu húsnæði hafa vandamálin hin síðari ár verið að koma betur og betur í ljós. Að sumu leyti eru þau staðbundin, þar sem markaðsverð fasteigna hefur fallið á meðan verðlagning félagslegra eignaríbúða lýtur öðrum lögmálum. Við nánari skoðun má hins vegar ljóst vera að veruleg vandamál við núverandi fyrirkomulag félagslegra eignaríbúða eru einnig til

staðar á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar þar sem markaðsverð húsnæðis er nálægt byggingarkostnaði. Endursala hefur aukist stórlega í kjölfar verulegrar fjölgunar félagslegra íbúða og einnig virðast eigendaskipti í félagslega íbúðalánakerfinu vera tíðari en áður. Á árinu 1996 var gengið frá endursölu 819 íbúða. Samsvarandi fjöldi árið 1990 var 317 íbúðir. Eigendaskipti virðast tíðari í félagslega kerfinu en á almennum fasteignamarkaði, en miðað við upplýsingar frá félagsíbúðadeild Húsnæðisstofnunar má ætla að um 11% íbúða í kerfinu séu endurseldar árlega. Þá kemur vandinn einnig fram í fjölgun íbúða í félagslega kerfinu, sem þar með eru á ábyrgð húsnæðisnefnda sveitarfélaga. Á vegum Húsnæðisnefndar Reykjavíkur eru t.d. nú um 3.900 íbúðir. Eftirfarandi tafla sýnir fjölgun félagslegra íbúða á vegum húsnæðisnefndar Reykjavíkurborgar frá árinu 1987. Um er að ræða félagslegar eignaríbúðir og félagslegar og almennar kaupleiguíbúðir (gögn um fjölda íbúða í Reykjavík 1994 vantar):

	Fjöldi félagslegra íbúða á vegum húsnæðisnefndar Reykjavíkur	Fjöldi íbúða í Reykjavík	Fjöldi félagslegra íbúða sem hlutfall af fjölda íbúða samtals
1987	2.739	36.158	7,6%
1988	2.839	36.850	7,7%
1989	2.888	37.524	7,7%
1990	3.001	38.410	7,8%
1991	3.128	39.048	8,0%
1992	3.279	39.409	8,3%
1993	3.391	39.865	8,5%
1994	3.573		
1995	3.708	41.470	8,9%
1996	3.805	41.909	9,1%
1997	3.913	42.434	9,2%

Árið 1987 voru íbúðir á vegum húsnæðisnefndar Reykjavíkurborgar 7,6% af öllum íbúðum í Reykjavík. Þetta hlutfall var orðið 9,2% í árslok 1997.

Jafnframt hefur verið gagnrýnt hversu kostnaðarsamt er að halda uppi rekstri Húsnæðisstofnunar ríkisins og einstakra húsnæðisnefnda. Með því að einfalda og samræma betur opinber afskipti af lánveitingum til húsnæðismála fæst gleggri mynd af réttindum og skyldum manna í þeim efnum. Í stuttu máli má segja að verið sé að bregðast við tvíþættum vanda sem er innbyggður í núverandi kerfi. Annars vegar er verið að leggja af mjög kostnaðarsama yfirbyggingu við niðurgreiðslu lána og færa aðstoðina inn í skattkerfið líkt og tíðkast á almennum markaði. Reyndar hefur vaxtabótakerfið virkað samhliða á hluta af félagslegu lánunum, þannig að í raun hefur niðurgreiðslan komið í gegn um tvö kerfi. Allur kostnaður vegna reksturs kerfisins, sem nú skiptir hundruðum milljóna króna á ári, leggst á eigendur félagslegra íbúða. Hins vegar er verið að bregðast við því að félagslega íbúðalánakerfið hefur ekki tekið mið af almennum íbúðamarkaði, en það fyrirkomulag hefur í mörgum tilfellum valdið togstreitu milli notenda kerfisins og húsnæðisnefnda sveitarfélaga.

Að síðustu er rétt að minna á þá staðreynd að félagslega íbúðalánakerfið stefnir í þrot og að óbreyttu hefði þurft að koma til veruleg hækkun vaxta af félagslegum lánum.

2.3. Stofnun Íbúðalánasjóðs.

Stofnaður er Íbúðalánasjóður, sjálfstæð ríkisstofnun, sem hefur það meginhlutverk að standa undir og fjármagna nýtt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi er um að ræða almennar lán-

veitingar sem grundvallast á núverandi húsbréfakerfi. Í öðru lagi verði tekin upp viðbótarlán, sem húsnæðisnefndir sveitarfélaga hafa milligöngu um að veita, og í þriðja lagi er um að ræða lán til byggingar leiguhúsnæðis. Auk þessara meginlánaflokka hefur Íbúðalánasjóður heimildir til þess að stofna til nýrra lánaflokka. Með stofnun Íbúðalánasjóðs er horft til framtíðar um rekstur og fjármögnun nýs húsnæðislánakerfis, sem ætlað er að standa undir eigin lánveitingum og að þátttaka ríkisins verði fyrst og fremst í formi vaxtabóta að því er snertir kaup og byggingu eigin íbúðarhúsnæðis.

2.4. Sameining sjóða.

Nauðsynlegt er að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna til þess að mynda einn sterkan sjóð, sem geti verið bakhjarl hins nýja húsnæðislánakerfis. Slíkur sjóður, í því fjármálaumhverfi sem við búum nú við, hefur alla möguleika til þess að leita eftir hagstæðri fjármögnun viðbótarlána með sölu húsnæðisbréfa á innlendum og erlendum markaði. Með sameiningu sjóðanna er enn fremur tekist á við vanda Byggingarsjóðs verkamanna, en töluvert hefur gengið á eigið fé sjóðsins og stefnir í þrot hans ef ekkert verður að gert.

2.5. Lokun eldra kerfis.

Núverandi félagslegt eignaríbúðakerfi er lagt niður og upp tekin viðbótarlán til þeirra sem búa við erfiðar aðstæður. Í því felst að kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélaga líður undir lok og enn fremur núverandi kaupleigukerfi. Í þess stað er lagt til að núverandi leiguíbúðakerfi verði styrkt, sem er í samræmi við nýsamþykkt lög um húsaleigubætur. Til þess að ekki verði röskun á högum þeirra sem búa í félagslegum íbúðum og til þess að koma í veg fyrir óæskileg áhrif, sem kunna að fylgja breytingunni, er gert ráð fyrir nokkuð löngum aðlögunartíma. Búast má við því að kostnaður sveitarfélaganna af rekstri félagslegra eignaríbúða minnki þegar fram líða stundir.

2.6. Viðbótarlán og vaxtabætur.

Tekin verða upp viðbótarlán sem geta numið allt að 25% af kaupverði íbúðar til viðbótar almennu láni. Heildarlánveiting getur því numið allt að 90% af kaupverði íbúðar. Með núverandi vaxtabótakerfi, ásamt þeim breytingum sem gerðar verða á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt samhliða frumvarpi þessu, er síðan vegið á móti þeim áhrifum sem hækkun vaxta hefur í för með sér. Ein stærsta breytingin á vaxtabótakerfinu verður fólgin í fyrirframgreiðslu bótanna. Þá er það jafnframt nýjung að frá 25. ári lánstímans lækkar 6% tekjuskerðing vaxtabóta um 0,5% á ári hverju en sú breyting léttir verulega greiðslubyrðina í kerfinu án þess að draga úr hraðri eignarmyndun á síðari hluta lánstímans. Er við það miðað að þær komi til útborgunar á þriggja mánaða fresti. Með þessu er stuðlað að því að þeir sem búa við erfiðar aðstæður og eiga ekki kost á lánsfjármagni á almennum markaði, vegna þeirra kjara sem þar eru í boði, geti fjármagnað eigin íbúðakaup. Er við það miðað að þeir sem kost eiga á viðbótarláni verði betur settir en ef þeir hefðu keypt félagslega eignaríbúð samkvæmt því kerfi er nú gildir. Eftir breytinguna er fólki skapaður möguleiki til þess að velja um íbúðir á almennum markaði, en ekki eingöngu íbúðir á vegum húsæðisnefnda sveitarfélaga eins og nú er. Greiðslubyrði er í flestum tilfellum léttari á fyrri hluta lánstímans. Kerfið er gert einfaldara og sveigjanlegra. Með vaxtabótakerfinu næst enn fremur það markmið að laga kerfið betur að sveiflum sem kunna að verða á tekjum fólks.

2.7. Breytt þátttaka, áhrif og ábyrgð sveitarfélaga.

Sveitarfélög hafa áfram það meginhlutverk að kanna þörf fyrir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og eiga frumkvæði, og eftir atvikum, milligöngu um að aðstoða einstaklinga við öflun eigin húsnæðis. Lögð er sérstök áhersla á það hlutverk húsnæðisnefnda að aðstoða aldraða og samtök þeirra við öflun húsnæðis með ýmiss konar ráðgjöf, en reynslan hefur sýnt að þörf er fyrir slíkt. Við það að taka upp viðbótarlán til þeirra sem eru tekjulágir og búa við erfiðar aðstæður, ásamt því að leggja af byggingu og úthlutun félagslegra eignaríbúða, er ljóst að umtalsverðar breytingar munu verða á umfangi þess starfs sem húsnæðisnefndir hafa haft með höndum. Er því aukin áhersla lögð á þau verkefni húsnæðisnefnda að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á húsnæði. Þá verður það í verkahring húsnæðisnefnda að leggja mat á aðstæður umsækjenda og fjalla um umsóknir þeirra um viðbótarlán. Til þess að mæta kostnaði vegna hugsanlegs taps við veitingu viðbótarlána er gert ráð fyrir því að sveitarfélag greiði framlag í varasjóð og standi þar með undir hugsanlegu tjóni Íbúðalánasjóðs vegna tapaðra útlána. Með þessu er stefnt að því að gera sveitarfélögin ábyrgari og meðvitaðri um framangreint hlutverk sitt, jafnframt að veita sveitarfélögum hverju um sig svigrúm til þess að skipuleggja og móta eigin stefnu í húsnæðismálum.

2.8. Stofnun varasjóðs.

Til þess að standa undir því tjóni, sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna tapaðra viðbótarlána, greiða sveitarfélög ákveðið hlutfall af viðbótarláni í varasjóð sem þau bera síðan ábyrgð á að standi undir skuldbindingum. Auk þessa er varasjóðnum fengið það hlutverk að fara með mál er snerta lokun eldra kerfis og um samskipti ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum.

2.9. Kærunefnd húsnæðismála.

Með því að koma á fót kærunefnd húsnæðismála er stefnt að því að gera meðferð mála er upp kunna að koma í samskiptum einstaklinga við Íbúðalánasjóð og húsnæðisnefndir sveitarfélaga einfaldari og skýrari. Með því er jafnframt stefnt að því að félagsmálaráðuneytið geti betur sinnt stefnumótunarhlutverki sínu í húsnæðismálum.

2.10. Helstu breytingar frá gildandi lögum.

Stærsta breytingin sem felst í frumvarpinu lýtur að félaglega íbúðakerfinu. Er sú grundvallarbreyting lögð til að byggingu og kaupum á félagslegum eignaríbúðum verði hætt og í stað þess tekið upp nýtt félagslegt íbúðalánakerfi. Að meginstefnu til eru núgildandi ákvæði til byggingar leiguíbúða óbreytt, en lagt til að ákvæði um kaupleiguíbúðir verði felld brott. Auk þessa sem hér hefur verið rakið eru sett í sjálfstætt frumvarp ákvæði um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Helstu breytingar frumvarpsins má að öðru leyti greina í þrjá þætti. Í fyrsta lagi lúta þær að félagslegri aðstoð við einstaklinga. Í öðru lagi að þátttöku sveitarfélaga í slíkri aðstoð og í þriðja lagi að breytingum sem snerta uppbyggingu og skipulag húsnæðismála.

2.10.1. Félagsleg aðstoð til einstaklinga.

Þær breytingar sem lúta að félagslegri aðstoð til einstaklinga eru einkum með þrennu móti:

a. Núverandi félagslegu húsnæðiskerfi verður lokað frá og með gildistöku laganna. Við tekur nýtt og breytt kerfi. Eldra kerfi félagslegra íbúða verður þó viðhaldið meðan innlausn íbúða samkvæmt eldra kerfi stendur yfir. Innlausnarreglur eldra kerfis geta því gilt

í nokkurn tíma enn. Um frekari úthlutanir félagslegra íbúða verður hins vegar ekki að ræða á grundvelli eldri reglna.

b. Félagsleg aðstoð (jöfnun) verður annars vegar í formi húsbréfaláns, 65–70% láns, og hins vegar í formi 20–25% viðbótarláns.
c. Félagsleg jöfnun verður framkvæmd með vaxtabótakerfi. Vaxtabætur verða greiddar út á kaupári.
d. Einstaklingar geta valið úr öllum íbúðum á markaði, en ekki fyrir fram ákveðnum fjölda íbúða.

2.10.2. Þátttaka sveitarfélaga.

Við það að taka upp viðbótarlán til þeirra sem búa við erfiðar aðstæður verða óhjákvæmilega umtalsverðar breytingar á þátttöku sveitarfélaga í því sambandi. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru fjórþættar:

a. Kaupskylda sveitarfélaga á núverandi félagslegum eignaríbúðum verður afnumin við endursölu og þeim heimilað að selja félagslegar eignaríbúðir á almennum markaði án annarra skilyrða en að áhvílandi félagsleg lán verði gerð upp.
b. Sveitarfélögum verður heimilað að breyta félagslegum eignaríbúðum, sem koma til innlausnar, í leiguíbúðir til frambúðar.
c. Svonefndum framkvæmdarlánveitingum verður hætt.
d. Sveitarfélögum verður heimilað að stofna félög um rekstur leiguíbúða sinna, þar með talin hlutafélög, jafnvel með þátttöku utanaðkomandi aðila að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, enda ábyrgist sveitarfélag við þær aðstæður allar greiðsluskyldur gagnvart Íbúðalánasjóði vegna lána sem veitt hafa verið úr sjóðnum.
e. Sveitarfélög greiða í varasjóð framlag sem bætir tjón Íbúðalánasjóðs vegna tapaðra viðbótarlána og kostnað vegna þeirra.

2.10.3. Skipulag húsnæðismála.

Helstu breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á skipulagi húsnæðismála, eru eftirfarandi:

a. Húsnæðisstofnun ríkisins verður lögð niður. Við tekur sjálfstæð ríkisstofnun, Íbúðalánasjóður, sem hefur á að skipa sérstakri fimm manna stjórn sem félagsmálaráðherra skipar.
b. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verða sameinaðir og tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki þeirra.
c. Íbúðalánasjóður hefur það meginhlutverk að veita einstaklingum, sveitarfélögum og félagasamtökum lán til íbúðakaupa samkvæmt nánari reglum.
d. Stofnaður verður sérstakur varasjóður til að bæta tjón Íbúðalánasjóðs vegna tapaðra viðbótarlána. Vegna eldra kerfis verður hlutverk sjóðsins þó víðtækara fyrst í stað.
e. Tryggingarsjóður vegna byggingargalla verður lagður niður.
f. Komið verður á sérstakri kærunefnd húsnæðismála sem skjóta má til ágreiningsmálum er upp kunna að koma og tengjast íbúðalánveitingum og meðferð á íbúðum sveitarfélaga.
g. Sjálfstæð lög verða sett um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.
h. Heimilt verður að stofna frjáls félög um rekstur leiguíbúða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

3.
Samanburður á núverandi lánakerfi og nýju kerfi viðbótarlána.

3.1. Almennt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að horfið verði frá núverandi kerfi um fjármögnun félagslegra eignaríbúða. Í stað þess er tekið upp kerfi þar sem stuðningur hins opinbera við þá sem búa við erfiðar aðstæður og ekki eiga kost á að fjármagna eigin íbúðakaup á þeim lánskjörum, sem almennt bjóðast, felst í vaxtabótum, svo og viðbótarlánum. Núverandi aðstoð er í reynd sambland af tvennu. Annars vegar vaxtabótakerfi, þar sem vaxtagjöld vegna íbúðarkaupa mynda stofn til vaxtabóta að teknu tilliti til eigna og tekna hlutaðeigandi. Hins vegar er um það að ræða að vextir eru greiddir niður af félagslegum íbúðum. Erfitt er að hafa heildarsýn yfir stuðning hins opinbera við eigendur félagslegra eignaríbúða, en á hinn bóginn er einnig vandkvæðum bundið að finna út umfang vaxtabóta til eigenda félagslegra eignaríbúða. Meginkostir þess að stuðningur hins opinbera við íbúðareigendur verði í formi vaxtabóta eru fólgnir í einfaldleika vaxtabótakerfisins, það er mun ódýrara og það léttir greiðslubyrði af lánum vegna íbúðarkaupa, einkum á fyrri hluta lánstímans. Ekki síður er mikilvægt að það markmið næst að laga vaxtakjör betur að aðstæðum íbúðareigenda hverju sinni. Í núgildandi félagsíbúðakerfi er heimilt að hækka vexti ef tekjur íbúðareiganda hækka tvö ár í röð og fara yfir viðmiðunarmörk. Hins vegar er ekki heimilt að lækka vexti aftur ef tekjur lækka. Vaxtabótakerfið fylgir hins vegar þeim breytingum sem verða á tekjum íbúðareiganda þannig að vaxtaniðurgreiðslan verður ávallt í samræmi við aðstæður fólks hverju sinni.

3.2. Vaxtabætur og niðurgreiðslur.

Á árinu 1996 voru greiddar vaxtabætur að upphæð 3.300.931 þús. kr. og 3.457.959 þús. kr. árið 1997. Samvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra fengu 47.133 einstaklingar þessar greiðslur árið 1996 eða að meðaltali 70.034 kr. hver einstaklingur; 48.946 einstaklingar árið 1997 eða að meðaltali 70.648 kr. hver. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda hjóna sem fengu greiddar vaxtabætur. Hjón eru hér talin sem tveir einstaklingar, þannig voru vaxtabætur á hjón árið 1996 að meðaltali 140.068 kr.

Um áramótin 1996/1997 var tala lántakenda vegna félagslegra eignaríbúða 5.764, samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar kemur einnig fram að niðurgreiddir vextir vegna félagslegra eignaríbðúa voru 838 millj kr. á árinu 1996 eða 145.385. kr. að meðaltali á hvern lántakenda. Hér eru hjón talin saman sem einn lántakandi, sem og einstaklingar. Vegna þessa er fjöldi lántakenda í félagslega eignaríbúðakerfinu ekki fyllilega samanburðarhæfur við fjölda einstaklinga sem fengu vaxtabætur. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu vaxtabóta á milli tekjuhópa á árunum 1994–96:

Tekjubil í þús. kr.	Vaxtabætur 1994	Hlutfallsleg skipting	Vaxtabætur 1995	Hlutfallsleg skipting	Vaxtabætur 1996	Hlutfallsleg skipting
0–2.000	1.379.515.800	50,0%	1.523.197.300	50,4%	1.608.378.900	48,7%
2.000–3.000	782.114.900	28,4%	854.432.800	28,3%	912.229.300	27,6%
3.000–4.000	401.741.200	14,5%	432.329.200	14,3%	505.333.300	15,3%
4.000>	192.996.600	7,0%	213.001.000	7,0%	274.990.200	8,3%
Samtals	2.756.368.500	100,0%	3.022.960.300	100,0%	3.300.931.700	100,0%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Samkvæmt töflunni hér að framan fara um 50% af greiddum vaxtabótum til einstaklinga með tekjur innan við 2,0 millj. kr. Hér er að hluta til um sama hóp að ræða og fær niðurgreidda vexti í gegnum félagslega íbúðakerfið. Af þessu má ætla að stór hluti þeirra, sem fá félagslega aðstoð í formi niðurgreiddra vaxta, fái einnig vaxtabætur. Þannig er stuðningur til sama einstaklings orðinn með tvennum hætti, annars vegar niðurgreiddir vextir og hins vegar vaxtabætur. Athyglisvert er að á árinu 1996 fengu aðilar, sem höfðu 2 millj. kr. eða minna í tekjur, samtals í vaxtabætur um 1,6 milljarða kr. Á sama tíma voru niðurgreiðslur vaxta hjá Byggingarsjóði verkamanna vegna félgslegra eignaríbúða um helmingi lægri upphæð, eða 838 millj. kr. (sbr. síðar).

3.3. Rekstrarkostnaður félagslega eignaríbúða- og vaxtabótakerfisins.

3.3.1. Vaxtaniðurgreiðslur.

Samkvæmt ársskýrslu Húsnæðisstofnunar ríkisins 1996 var hlutdeild Byggingarsjóðs verkamanna í rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar ríkisins 138,2 millj. kr. Til samanburðar voru niðurgreiddir vextir vegna félagslegra eignar- og leiguíbúða um 1.320 millj. kr. Rekstrarkostnaðurinn er því um 10,5%, sem hlutfall af vaxtaniðurgreiðslunni. Vaxtaniðurgreiðslan skiptist þannig á milli eignar- og leiguíbúða, samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins, og rekstrarkostnaður Byggingarsjóðs verkamanna miðað við sömu hlutföll og vaxtaniðurgreiðslurnar:

	Vaxtaniður-greiðslur, millj. kr.	**Hlutfall**	**Rekstrarkostnaður Byggingarsjóðs verkamanna, millj. kr.**
Eignaríbúðir	838	63,5	87,8
Leiguíbúðir	236	17,9	24,7
Félagslegar kaupleiguíbúðir (leiguíbúðir)	212	16,1	22,3
Almennar kaupleiguíbúðir (leiguíbúðir)	33	2,5	3,4
Samtals	1.319	100	138

Ef rekstrarkostnaður Byggingarsjóðs verkamanna skiptist í sömu hlutföllum og niðurgreiðslur vaxta vegna félagslegra íbúða var rekstrarkostnaður vegna félagslegra eignaríbúða hjá sjóðnum á sl. ári um 87,8 millj. kr., sem er eins og áður um 10,5% af vaxtaniðurgreiðslunum. Hafa ber í huga að umsýslukostnaður við lánafyrirgreiðslu sjóðsins er hér meðtalinn.

Auk þessa fellur til nokkur kostnaður hjá sveitarfélögum við rekstur húsnæðisnefnda og því sem nefndunum fylgir, sbr. framanritað.

3.3.2. Vaxtabætur.

Á árinu 1996 voru greiddir út um 3,3 millljarðar kr. í vaxtabætur. Útreikningur vaxtabóta fer að mestu fram vélrænt í gegnum skattkerfið. Ekki liggja fyrir tölur um kostnaðarauka í skattkerfinu vegna útreiknings á vaxtabótum en ætla verður að um óverulegan viðbótarkostnað sé að ræða vegna þessa. Samkvæmt ríkisreikningi árið 1996 nam rekstrarkostnaður allra skattstofa á landinu það ár 505 millj. kr. sem samsvarar um 15% af greiddum vaxtabótum á því ári.

Hér er eingöngu fjallað um samanburð á rekstrarkostnaði þessara tveggja kerfa. Rétt er að benda á að ef aukin áhersla yrði lögð á félagslega aðstoð við íbúðaeigendur í gegnum vaxtabótakerfið má ætla að það leiði til kostnaðarauka, a.m.k. fyrst um sinn, þar sem þeir

sem nú eru á biðlista eftir félagslegum eignaríbúðum gætu fengið íbúðir strax á almennum markaði og þar með vaxtabætur. Fyrst um sinn gæti aðstoðin náð til fleiri aðila en nú.

3.4. Samanburður á greiðslubyrði.

Eftirfarandi tafla sýnir nokkur dæmi um samanburð á greiðslubyrði vegna íbúðakaupa miðað við 90% lán, sem ber 2,4% ársvexti, og 90% lán, sem ber 5,1% ársvexti. Lánstími í báðum tilfellum er 40 ár. Gert er ráð fyrir að frá og með 26. ári lækki það hlutfall af tekjum (6%) sem dregið er frá vaxtagjöldum við útreikning vaxtabóta um 0,5% á ári.

Yfirlit yfir nettógreiðslur í vaxtabótakerfinu af 40 ára jafngreiðsluláni. Án verðbólgu miðað við 5,1% vexti, 2,4% vexti, frádráttur frá vaxtabótum lækkar um ½ % á ári frá og með 26. ári.

Hjón	Húsnæðis-verð	Tekjur á mán.	Láns-upphæð	Nettó greiðslur, m.v. 5,1% vexti Á föstu verðlagi	Núvirt. m.v 5.1% raunvxt.	Nettó greiðslur, m.v. 2,4% vexti Á föstu verðlagi	Núvirt. m.v 5,1% raunvxt.
Dæmi 1.	7.000.000	150.000	6.300.000	9.659.000	3.593.000	9.488.000	3.889.000
Dæmi 2.	7.000.000	200.000	6.300.000	10.757.000	4.142.000	9.856.000	4.163.000
Dæmi 3.	7.000.000	225.000	6.300.000	11.306.000	4.416.000	9.870.000	4.177.000
Dæmi 4.	8.000.000	150.000	7.200.000	10.713.000	3.947.000	10.562.000	4.265.000
Dæmi 5.	8.000.000	200.000	7.200.000	11.734.000	4.431.000	11.118.000	4.640.000
Dæmi 6.	8.000.000	225.000	7.200.000	12.281.000	4.705.000	11.253.000	4.749.000
Dæmi 7.	5.000.000	150.000	4.500.000	7.817.000	3.033.000	7.050.000	2.983.000
Einstætt foreldri							
Dæmi 8.	5.500.000	80.000	4.950.000	6.917.000	2.452.000	6.880.000	2.710.000
Dæmi 9.	6.000.000	80.000	5.400.000	7.657.000	2.756.000	7.368.000	2.882.000
Einstaklingur							
Dæmi 10.	5.000.000	80.000	4.500.000	6.549.000	2.426.000	6.383.000	2.536.000
Dæmi 11.	5.500.000	80.000	4.950.000	7.387.000	2.796.000	6.880.000	2.710.000

Með þeirri breytingu á útreikningi vaxtabóta, sem hér er gert ráð fyrir, sýnir taflan að nýtt kerfi stenst fyllilega samanburð við greiðslubyrði af lánum eins og þau eru í núverandi félagslegu eignaríbúðakerfi. Um nánari samanburð í einstökum dæmum vísast til fylgiskjals I með frumvarpinu.

3.5. Samanburður á eignarmyndun.

Nægjanlegt íbúðarhúsnæði er til í landinu og í mörgum sveitarfélögum er framboð meira en eftirspurn. Þetta kemur fram í því að íbúðir, félagslegar og almennar, standa víða auðar.

Jafnframt má benda á að á almennum markaði eru byggðar íbúðir sem eru sambærilegar að verði og gæðum við þær sem félagslega kerfið hefur byggt og/eða boðið til sölu.

Einnig má benda á ýmis gjöld sem lögð eru á söluverð félagslegra íbúða án tillits til markaðsverðs á hverjum tíma. Slík gjöld skekkja allan samanburð á verði félagslegra íbúða og íbúða á almennum markaði. Jafnframt er við innlausn félagslegra íbúða stuðst við ákveðnar reikniforsendur við afskrift íbúða, óháð markaðsverði þeirra. Þetta hefur leitt til þess að eignarmyndun í núverandi félagslegu eignaríbúðakerfi hefur verið mun hægari en ella.

Þrenns konar reglur hafa gilt um afskriftir við útreikning greiðslna til seljanda. Í reglum frá 1984 um verðbætur á afskriftir voru íbúðir afskrifaðar um 0,5% á ári miðað við hvert ár sem seljandi átti íbúðina. Í reglum um 4% aukaverðbætur frá sama ári voru afskriftirnar hins vegar 1% á ári fyrstu 20 árin sem seljandi átti íbúðina og 0,5% eftir það. Í reglum sem giltu um íbúðir seldar eða byggðar eftir 1990 voru afskriftirnar 1,5% á ári fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það. Á árinu 1995 var afskriftarhlutfallið lækkað í 1%.

Ljóst er að mismunandi aðferðir á hverjum tíma hafa leitt til verulegs mismunar á verði íbúða. Við hverja innlausn íbúða hefur verið notast við þá reglu sem í gildi hefur verið þegar innlausnin hefur farið fram. Þannig hefur verið notast við mismunandi reglur fyrir sömu íbúð án leiðréttingar.

Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig eignarhluti íbúðarkaupanda félagslegrar íbúðar rýrnar samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum. Um endursölu á félagslegum íbúðum fer skv. VIII. kafla reglugerðar nr. 375/1996. Um eignarhluta seljanda og greiðslu til hans við endursölu á íbúð hans gilda tvær greinar í reglugerðinni. Fyrri greinin, 74. gr., fjallar um eignarhlut seljanda íbúða sem byggðar eru eftir gildistöku laga nr. 51/1980. Þar segir um fyrningu að frá framreiknuðu kaupverði sé dregin fyrning 1% fyrir hvert eignarhaldsár. Í 75. gr. er fjallað um íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980. Fyrir þessar íbúðir eru tvær reiknireglur notaðar. Reiknuregla 1 miðar við 0,5% fyrningu, en reiknuregla 2 miðar við 1% fyrningu.

Eign að frádreginni fyrningu



Ef miðað er við að íbúðarverðið sé 100 kr. á fyrsta ári hefur eignarhlutur íbúðarkaupandans eftir 15 ára eignarhald rýrnað í 85 kr. miðað við 1% árlega fyrningu. Eignarhlutinn hefur þá rýrnað í 93 kr. miðað við 0,5% fyrningu. Að loknum 26 ára eignarhaldstíma hefur eignarhlutur íbúðareigandans rýrnað í 87 kr. miðað við 0,5% fyrningu og 74 kr. miðað við 1% fyrningu. Eftir 33 ár er eignarhluti íbúðareigandans 84 kr. miðað við 0,5% fyrningu og 67 kr. miðað við 1% fyrningu og loks eftir 42 ár er eignarhluti íbúðareigandans 79 kr. miðað við 0,5% fyrningu og 58 kr. miðað við 1% fyrningu.

Eignarhluti seljanda.

Eignarhaldsár	0,5%	1,0%
1	100	99
15	93	85
26	87	74
33	84	67
42	79	58

Rétt er að taka fram í þessu sambandi að ekki hefur verið tekið tillit til annarra þátta í reiknireglum þeim sem eignarhluti seljenda í félagslega íbúðakerfinu byggist á. Reglurnar gera ráð fyrir því að við eignarhluta seljanda bætist þær endurbætur sem gerðar hafa verið á íbúðinni en frá dragist vanræksla á viðhaldi, auk annarra þátta sem ekki verða raktir hér.

Gert er ráð fyrir því að íbúðaverð á almennum markaði þróist þannig að hlutfallsleg breyting sé jöfn á milli ára og verðmunur á nýrri íbúð og eldri íbúð verði jafnmikill og verðmunur á íbúðum byggðum 1990 og síðar annars vegar og á íbúðum byggðum 1940–49. Ljóst er að margir þættir spila inn í markaðsverð íbúða, svo sem staðsetning þeirra og meðferð íbúðareigenda á eigninni. Á töflunni hér að neðan má sjá hvernig íbúðaverðið hefur þróast í fjölbýlishúsum í Reykjavík á árunum 1940–96.

Fasteignaverð í fjölbýli í Reykjavík árið 1996, eftir byggingartíma.

	Byggingartímabil						
Herb. stærð	*1940–49*	*1950–59*	*1960–69*	*1970–79*	*1980–89*	*1990–*	*Meðaltal*
2	79.483	82.763	83.666	81.824	90.869	91.049	84.628
3	74.458	79.566	78.687	73.947	85.197	86.083	79.072
4	76.032	74.484	72.276	70.218	81.040	75.067	74.002
5	70.437	71.444	67.772	65.627	70.880	65.068	68.854

Íbúðarverð eftir byggingartímabilum margfaldað með fjölda íbúða í hverjum stærðarflokki

Herb. stærð	*1940–49*	*1950–59*	*1960–69*	*1970–79*	*1980–89*	*1990–*	*Meðaltal*
2	7.312.436	4.717.491	9.872.588	11.700.832	11.812.970	4.006.156	49.422.752
3	8.637.128	8.911.392	11.094.867	7.542.594	7.582.533	6.284.059	50.052.576
4	6.538.752	6.703.560	10.26.3192	8.285.724	4.862.400	3.603.216	40.257.088
5	1.831.362	4.929.636	5.286.216	3.871.993	2.976.960	520.544	19.416.828
Vegið $\bar{x}$	***75.999***	***77.019***	***76.236***	***74.410***	***84.844***	***83.318***	***77.900***

Sem hlutfall af fasteignaverði byggðar 1990 og síðar:

91%	92%	91%	89%	102%	100%

Á eftirfarandi mynd má sjá eignarmyndun í almenna kerfinu annars vegar og í félagslega íbúðakerfinu hins vegar. Eignarmyndunin er mun hraðari í almenna kerfinu en félagslega íbúðakerfinu.

Samanburður á eignarmyndun



4.
Undirbúningur.

4.1. Almennt.

Við undirbúning og gerð lagafrumvarps þessa hafa legið fyrir skýrslur Ríkisendurskoðunar og nefnda sem félagsmálaráðherra hefur skipað til þess að kanna ýmsa þætti húsnæðismála og koma með tillögur til úrbóta. Einnig hefur verið höfð til hliðsjónar skýrsla vinnuhóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um félagslega íbúðakerfið.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslu Ríkisendurskoðunar og niðurstöðum og tillögum helstu nefnda og starfshópa eins og þær eru birtar í skýrslum þeirra.

4.2. Skýrsla Ríkisendurskoðunar, október 1996.

Í framhaldi fundar sem félagsmálaráðherra átti með Ríkisendurskoðun í nóvember 1995 ritaði hann Ríkisendurskoðun bréf, dags. 6. desember 1995, og fór þess á leit að framkvæmd yrði stjórnsýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 9. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun hóf vinnu í maímánuði 1996 og skilaði skýrslu í október 1996.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar koma fram allmiklar athugasemdir, þar á meðal við fjármögnun húsnæðiskerfisins og fjárhagslega stöðu byggingarsjóðanna. Að mati Ríkisendurskoðunar bendir fátt til annars en að eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins muni varðveitast á næstu árum og að staða sjóðsins muni haldast traust. Sömu sögu sé að segja um húsbréfadeildina, en aftur á móti er vakin athygli á þeim kostnaði sem fylgir rekstri deildarinnar, hvernig honum verði mætt og nauðsyn vaxtamunar til þess að mæta áætluðum útlánatöpum. Um Byggingarsjóð verkamanna segir að staða hans sé alvarleg og að við sjóðnum blasi greiðsluþrot á næstu árum. Aðgerðir, sem gripið hafi verið til á árunum 1992–93, hafi brugðist. Þó hafi bein framlög til sjóðsins farið lækkandi og vanda sjóðsins verið velt áfram frá ári til árs.

Um rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins tekur Ríkisendurskoðun fram að efla þurfi kostnaðareftirlit hjá stofnuninni þannig að draga megi úr útgjöldum, en rekstrarkostnaður stofnunarinnar hafi numið 440,3 millj. kr. á árinu 1995. Sé þetta nauðsynlegt svo stofnuninni verið kleift að halda sig innan þess fjárveitingarramma sem Alþingi hafi markað henni árlega. Enn fremur bendir Ríkisendurskoðun á að húsnæðismálastjórn og félagsmálaráðuneytið þurfi að sinna virkara eftirlits- og aðhaldshlutverki með fjárhagsmálefnum stofnunarinnar.

4.3. Skýrsla nefndar um húsbréfakerfið, janúar 1997.

Félagsmálaráðherra skipaði 10. janúar 1996 nefnd til að kanna möguleika á að draga úr ríkisábyrgð í húsbréfakerfinu og að færa starfsemi húsbréfadeildar frá Húsnæðisstofnun til lánastofnana. Í nefndinni voru skipaðir Benedikt Árnason hagfræðingur, viðskiptaráðuneyti, Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, félagsmálaráðuneyti, Pétur H. Blöndal alþingismaður, Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar, Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri peningamálasviðs Seðlabanka Íslands, og Magnús Stefánsson alþingismaður sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Sigurður Geirsson, forstöðumaður verðbréfadeildar Húsnæðisstofnunar, starfaði með nefndinni. Í starfi sínu hafði nefndin samráð við Samband íslenskra viðskiptabanka og forráðamenn fasteignasala.

Nefndin skilaði sameiginlegum tillögum og niðurstöðum í skýrslu til félagsmálaráðherra í janúar 1997. Hún taldi að draga mætti úr áhættu ríkissjóðs með því að endurbæta aðferðir við greiðslu- og veðmat og að ástæða væri til þess að lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki öxluðu fulla ábyrgð á því að greiðslumatið væri í samræmi við þær reglur sem húsbréfadeildin setti. Jafnframt taldi nefndin að bæta mætti veðmat sem lagt hefði verið til grundvallar veðsetningu fasteignaveðbréfa og kæmi þar tvennt til álita. Annars vegar hvort áfram væri rétt að styðjast að hluta við brunabótamat og hins vegar hvort ekki kynni að vera betra að fela lánastofnunum, sem jafnframt önnuðust greiðslumat, að gera jafnhliða mat á fyrirhuguðu veði. Það var mat nefndarinnar að draga mætti úr áhættu ríkissjóðs af rekstri húsbréfadeildarinnar með þessu móti. Mikilvægt væri að hrinda þessum áformum í framkvæmd hið fyrsta. Nefndin kannaði jafnframt þróun vanskila og útlánatapa hjá húsbréfadeildinni með hliðsjón af skýrslu Ríkisendurskoðunar um Húsnæðisstofnun ríkisins frá október 1996. Enn fremur lét deildin framreikna fjárhagsstöðu húsbréfadeildar, miðað við mismunandi forsendur um útlánatöp. Niðurstöður þessara athugana bentu til þess að núverandi vaxtaálag, 0,35%, væri of lágt.

Nefndin skilaði sameiginlegum tillögum. Annars vegar var um að ræða tillögur um aðgerðir sem unnt væri að grípa strax til. Hins vegar benti nefndin á mögulega þróun húsbréfakerfisins til lengri tíma, með það fyrir augum að draga úr ríkisábyrgð á húsbréfum og/eða gera hana óþarfa. Lagði nefndin til að þrír eftirtaldir kostir yrðu kannaðir í því sambandi:

1. Að strax yrði hafist handa um að færa afgreiðslu og alla þjónustu vegna húsbréfakerfisins frá húsbréfadeild til viðskiptabanka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja, með sérstökum þjónustusamningi.
2. Að framkvæmd greiðslu- og veðmats færi fram saman og yrði alfarið á ábyrgð viðskiptabanka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja. Ábyrgðin fælist í því að bætt yrði krafa, sem hefði tapast þar sem ekki hefði verið farið í einu og öllu að reglum um greiðslu- og veðmat. Hafist yrði handa um endurbætur á því greiðslu- og veðmati sem nú væri grundvöllur að heimild til skuldabréfaskipta.
3. Að ekki væri unnt að hverfa frá ríkisábyrgð nema að til kæmi aðili sem veitt gæti sambærilega ábyrgð. Lagði nefndin til að unnið yrði að afnámi ríkisábyrgðar samkvæmt

langtímaáæltun, með það að markmiði að öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum raskist ekki við afnám hennar, enda leiði það ekki til aukins kostnaðar fyrir húskaupendur eða húsbyggjendur.

Í skýrslu nefndarinnar var einnig vikið að langtímastefnumörkun fyrir húsbréfakerfið sem ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um hér.

4.4. Skýrsla vinnuhóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um félagslega íbúðakerfið, febrúar 1997.

Hinn 5. september 1996 skipaði stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga vinnuhóp til athugunar á skuldbindingum sveitarfélaga vegna félagslega húsnæðiskerfisins og gerð tillagna af því tilefni. Í vinnuhópinn voru tilnefndir Karl Björnsson bæjarstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður, Magnús B. Jónsson sveitarstjóri og Páll R. Magnússon, formaður húsnæðisnefndar Reykjavíkur. Með vinnuhópnum störfuðu Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur og Guðrún Hilmisdóttir verkfræðingur.

Vinnuhópurinn skilaði sameiginlegri skýrslu sinni í lok febrúar 1997 til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Helstu tillögur vinnuhópsins eru samandregið þessar:

1. Að vextir af félagslegum íbúðalánum og af lánum vegna félagslegra eignaríbúða og félagslegra kaupleiguíbúða verði breytilegir og háðir tekjum viðkomandi. Vaxtaprósenta geti verið á bilinu 1–5,1% og að vextir og lánstími lána vegna félagslegra leiguíbúða sveitarfélaga verði óbreyttir frá því sem nú er.
2. Að Tryggingarsjóður vegna byggingargalla verði lagður niður. Eignum sjóðsins verði ráðstafað til viðkomandi sveitarfélaga og félagasamtaka sem greiðslur hafa komið frá, í sama hlutfalli og þær komu í sjóðinn. Greiðslunum verði ráðstafað til lagfæringar á félagslegum íbúðum og/eða til lækkunar verðs þeirra.
3. Að 0,75% þóknun af félagslegum nýbyggingum til tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins verði felld niður. Sveitarfélögum verði falið að annast það eftirlitshlutverk, sem tæknideildin hefur séð um, ásamt öðrum umsýsluþáttum kerfisins. Jafnframt verði þóknun til sveitarfélaga (2–6%) tekin til endurskoðunar ásamt 3,5% óafturkræfu framlagi sveitarfélaga vegna nýrra félagslegra íbúða. Stefnt verði að því að öll umsýsluþjónusta vegna félagslegra íbúða verði sjálfbær.
4. Að veitt verði lán vegna félagslegrar íbúðar ásamt bílskúr/bílskýli við ákveðnar aðstæður.
5. Að við gerð samnings um kaupleiguíbúð eignist leigjandi/kaupandi sjálfkrafa eignarhlut þegar afborgunarhlutur í húsaleigu hefur náð 10% af verðmæti íbúðar.
6. Að kaupskylda sveitarfélaga á félagslegum íbúðum verði fimm ár, en forkaupsréttur 30 ár. Allir sem geri upp lán á íbúðum sínum að kaupskyldutíma liðnum eigi rétt á kvaðalausu afsali, enda hafi sveitarfélag hafnað forkaupsrétti á viðkomandi íbúð.
7. Að lögum um skyldur sveitarfélaga til að innleysa félagslegar íbúðir á nauðungarsölu verði breytt þannig að innlausnarskyldan sé bundin þeim tíma sem sveitarfélag hefur kaupskyldu á íbúðinni.
8. Að íbúðarkaupandi geti valið um hvort greidd sé afborgun af láni á fyrsta ári í félagslega kerfinu.
9. Að sveitarfélögum sem þess óska verði heimilað að hætta að reka félagslegt eignaríbúðakerfi og kaupleiguíbúðakerfi, að undanskildum kaupleiguíbúðum fyrir öryrkja og aldraða. Í stað félagslegra eignaríbúða á vegum sveitarfélaga verði einstaklingum veitt félagsleg íbúðalán.

10. Að þeim sveitarfélögum, sem ákveða að innleiða félagsleg íbúðalán, verði heimilað að selja á almennum markaði þær íbúðir, sem ekki hefur tekist að selja, samkvæmt skilmálum um sölu kaupleigu- og eignaríbúða.
11. Að sveitarfélög reki áfram félagslegar leiguíbúðir eins og verið hefur.
12. Að vaxtabætur verði greiddar af félagslegum lánum til einstaklinga og þær renni til Byggingarsjóðs verkamanna til lækkunar á greiðslubyrði viðkomandi lántakanda.
13. Að náið samráð verði haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um framtíðarhlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins og að sambandið tilnefni fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.
14. Að allsherjarendurskoðun fari fram á stuðningi hins opinbera við íbúðarhúsnæðiskerfið í landinu, þ.e. vegna eignar- og leiguíbúða. Stuðningur hins opinbera verði samræmdur. Hann fari fram annars vegar með vaxtabótum til íbúðarkaupenda og hins vegar með húsaleigubótum til leigjenda. Miðað verði við markaðsverð íbúða. Íbúðareigendur og leigjendur afli sér íbúða á almennum markaði og greiði fyrir þær á því verði sem þar er.

4.5. Skýrsla nefndar um félagslegar íbúðir sveitarfélaga, maí 1997.

Hinn 16. október 1995 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að fjalla um félagslega íbúðalánakerfið og leita leiða til lausnar á þeim vanda sem sveitarfélögin ættu við að glíma vegna íbúða sem ekki hefði tekist að nýta. Í nefndinni sátu Magnús B. Jónsson sveitarstjóri, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri og Magnús Stefánsson alþingismaður sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Í júní 1996 var leitað eftir þátttöku fulltrúa Alþýðusambands Íslands í nefndina og tók Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, sæti í henni. Með nefndinni störfuðu Gísli Gíslason, deildarstjóri félagsíbúðadeildar Húsnæðisstofnunar, og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem vann að frumvarpsgerð.

Í nefndinni voru lagðar fram skýrslur Sambands íslenskra sveitarfélaga um félagslega íbúðalánakerfið (fræðslurit 18. mars 1997) og ályktun um félagslega íbúðakerfið sem samþykkt var á 53. fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga í mars 1997, svo og ályktun um félagslegar íbúðir sem samþykkt var á sambandsstjórnarfundi Alþýðusambands Íslands sem haldinn var 19.–20. nóvember 1996.

Verkefni nefndarinnar var tvískipt. Annars vegar að leysa vanda sveitarfélaga vegna íbúða sem standa auðar og ónotaðar. Hins vegar að gera tillögur um breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu. Vísaði nefndin til þess að athuganir hennar á félagslega íbúðakerfinu hefðu leitt í ljós nauðsyn þess að gera verulegar breytingar, þar sem viðfangsefnið væri fyrst og fremst félagslegar eignaríbúðir á vegum sveitarfélaga. Ekki væri fjallað sérstaklega um félagslegar leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Fyrra verkefnið hafði forgang og skilaði nefndin tillögum í formi frumvarps um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins 7. mars 1996, er síðar var samþykkt sem lög nr. 76/1996.

Nefndin skilaði síðan skýrslu sinni til félagsmálaráðherra í maí 1997. Var nefndin sammála um að leggja til að félagslega eignaríbúðakerfinu yrði breytt í félagslegt húsnæðislánakerfi þannig að félagsleg lán færu beint til einstaklinga til kaupa á almennum markaði. Í þeim hluta skýrslunnar þar sem gerð er grein fyrir tillögum nefndarinnar segir meðal annars:

„Í nefndinni hefur verið fjallað um ýmsar hugmyndir um úrlausnir og breytingar á félagslega íbúðakerfinu. Tillögurnar snúa annars vegar að nýju fyrirkomulagi og hins vegar að vanda vegna þeirra félagslegu íbúða sem fyrir eru í eignaríbúðakerfinu. Gert er ráð fyrir breytingum á félagslegum lánamálum, dregið verði úr og breytt lánveitingum til eignaríbúða en lögð áhersla á að efla leigumarkað. [...]

Nefndin leggur til að hafist verði handa um að gera breytingar á félagslega húsnæðislánakerfinu. Lagt er til að félagslega eignaríbúðakerfinu verði breytt í félagslegt húsnæðislánakerfi, að félagsleg lán fari beint til einstaklinganna til kaupa á almennum fasteignamarkaði. Um leið og umsækjendur fá sjálfdæmi um kaup fellur niður kaupskylda sveitarfélaganna. Nefndin var ekki sammála um að leggja fram eina ákveðna tillögu í þessum efnum, því eru settar fram þrjár mismunandi hugmyndir um félagsleg lán til frekari athugunar og útfærslu, m.a. með tilliti til fjármögnunar. Almenn skilyrði fyrir möguleikum á félagslegu láni eru tekju- og eignarmörk. Einnig verði lánin til einstaklinga háð ákveðnum kröfum um greiðslumat, verð íbúða, stærð og gæði. Í stað aðstoðar í formi niðurgreiðslu vaxta verði stefnt að því að veita hana í formi vaxtabóta.

Nefndin setur hér fram þrjár mismunandi útfærslur varðandi nýjar lánveitingar:

I. Veitt verði 70% félagslegt lán beint til umsækjenda sem geta keypt íbúðir á almennum fasteignamarkaði. Til viðbótar verði hægt að sækja um viðbótarlán (stofnlán) allt að 20% fyrir milligöngu Byggingarsjóðs verkamanna. Eigið fé húsnæðiskaupanda verði á bilinu 10–30% kaupverðs. Hlutverk sveitarfélaga snúi að afgreiðslu og ábyrgð gagnvart „stofnláninu“ en kaupskylda falli niður. Sveitarfélag geti tekið lántökugjald til að standa undir umsýslukostnaði sveitarfélaga. Ábyrgðargjald verði innheimt og renni í varasjóð til að mæta útlánatöpum. Við endursölu verði félagsleg lán innheimt og gerð upp.

II. Samkvæmt settum reglum verði húsnæðiskaupanda veitt félagslegt lán úr Byggingarsjóði verkamanna sem nemi allt að 80% af kaupverði íbúðar á frjálsum fasteignamarkaði. Eftirstöðvar verði eigið fé húsnæðiskaupanda. Umsækjanda verði við greiðslumat gerð grein fyrir hve dýra íbúð honum sé heimilt að kaupa, líkt og gert er við afgreiðslu húsbréfa. Viðkomandi velji sér síðan þá fasteign sem hann hyggst fjárfesta í. Áður en hann fær félagslegt lán lætur viðkomandi banki/stofnun athuga hvort íbúðin uppfyllir þau skilyrði sem sett eru um slíkar íbúðir. Að öðru leyti færu húsnæðiskaupin fram eins og önnur fasteignaviðskipti. Endursala á íbúð sem keypt er með þessu móti væri alfarið á ábyrgð eiganda og gæti hann selt íbúðina með kvaðalausu afsali ef lán á íbúðinni eru uppgerð eða færð.

Samkvæmt þessari tillögu hætta sveitarfélögin afskiptum af nýjum félagslegum eignaríbúðum en leggja í staðinn áherslu á að mæta skyldum félagsþjónustu sveitarfélaga með félagslegum leiguíbúðum og húsaleigubótum.

III. Veitt verði allt að 65% húsbréfalán fyrir milligöngu húsbréfadeildar ásamt allt að 25% viðbótarláni sem veitt verði úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir milligöngu sveitarfélagsins. Viðbótarlánið verði í raun að stórum hluta til styrkur, t.d. vaxta- og afborgunarlaust í ákveðinn tíma eða meðan lántakandinn uppfyllir tiltekin skilyrði. Ríki og/eða sveitarfélög standi undir kostnaði við viðbótarlánin.“

Um núgildandi félagslegt íbúðakerfi tók nefndin eftirfarandi fram:

„Þær félagslegu eignaríbúðir sem byggðar hafa verið fylgja núgildandi lögum varðandi kaupskyldu, forkaupsrétt og öðrum þeim kvöðum sem fylgja félagslegum eignaríbúðum. Réttindum og skyldum þeirra sem nú eiga félagslegar íbúðir verður ekki breytt afturvirkt. Íbúðum sem koma til innlausnar er hins vegar hægt að ráðstafa til næsta kaupanda með breyttum forsendum hafi lögum verið breytt. Nefndin setur fram mismunandi leiðir til frekari athugunar og útfærslu, m.a. með tilliti til fjármögnunar.

Meðfylgjandi tillögur snúa að þeim íbúðum sem nú eru í notkun:

I. Núverandi félagslegum eignaríbúðum verði breytt í þá veru að kaupskylda verði afnumin við endursölu og sveitarfélögum verði heimilað að selja félagslegar eignaríbúðir á

almennum markaði án annarra skilyrða en að lán verði gerð upp. Þar með félli niður kaupskylda og önnur þau skilyrði sem fylgja félagslegum eignaríbúðum enda yrðu þær þar með hluti af almennum fasteignamarkaði.

II. Sveitarfélögum verði heimilað að breyta félagslegum eignaríbúðum, sem koma til innlausnar, í leiguíbúðir til frambúðar.

III. Sveitarfélög geti valið óbreytt félagsíbúðakerfi eða tekið upp bein lán til einstaklinga. Við ákvörðun um að tekin skuli upp félagsleg lán væri jafnframt tekin ákvörðun um að sveitarfélagið hætti að sækja um nýjar félagslegar íbúðir og endurúthlutun félagslegra íbúða verði hætt. Í stað þess verði félagslegar íbúðir sem sveitarfélög þurfa að leysa til sín seldar á markaðsverði á frjálsum markaði eða breytt í félagslegar leiguíbúðir. „Markaðsverð“ íbúðar gæti þó aldrei orðið lægra en svo að áhvílandi lán yrði gert upp miðað við uppgreiðsluverð þess. Við útreikning á uppgreiðsluverði láns á félagslegri íbúð verði miðað við tiltekna vexti, t.d. ávöxtunarkröfu húsbréfa og niðurgreiðslu lána til allt að 43 ára. Lækkun íbúðarverðs vegna slíkrar niðurgreiðslu skiptist milli sveitarfélags og Byggingarsjóðs verkamanna.

Hlutverk sveitarfélags sem tæki ákvörðun um að taka upp félagsleg lán yrði fremur að „eiga“ og reka félagslegar leiguíbúðir og stefnt verði að því að *félagslegar íbúðir* verði ekki aðrar en leiguíbúðir í eigu sveitarfélaga og félagasamtaka en *félagsleg lán* verði úrræði til fasteignakaupa á frjálsum markaði.“

Auk framangreindra tillagna lagði nefndin til að gerðar yrðu breytingar á ákvæðum núgildandi laga um kaupleiguíbúðir er miðuðu að því að leigugreiðslur mynduðu eign leigjandans í íbúðinni. Þá lagði nefndin til að hætt yrði veitingu 10% viðbótarlána úr Byggingarsjóði verkamanna. Um aðgerðir til þess að fyrirbyggja nauðungarsölu félagslegra íbúða lagði nefndin til að greiðslumat það sem lægi til grundvallar ákvörðun um lánveitingu yrði endurskoðað og lögð yrði meiri áhersla á eigið fjárframlag. Einnig að gripið yrði fyrr til aðgerða og lögð til innlausn íbúðar þegar sýnt þætti að stefndi í óefni og að auka þyrfti framboð á leiguhúsnæði.

Nefndin lagði enn fremur til í tillögum sínum að kannaðir yrðu kostir þess og gallar að vaxtabreytingar hjá Byggingarsjóði verkamanna ættu sér stað í áföngum, þannig að ef tekjur færu yfir ákveðin mörk hækkuðu vextir allt að þeim sem eru á húsbréfum. Á sama hátt lækkuðu vextir færu tekjur niður fyrir ákveðin mörk. Í því sambandi þyrfti að athuga reglur um tekjumörk og samband þeirra við vaxtastig. Nefndin taldi einnig að unnt væri að ná þessum markmiðum með breyttu vaxtabótakerfi og að kanna bæri kosti og galla þeirrar leiðar.

Nefndin var sammála um nauðsyn þess að leita þyrfti leiða til að rétta hlut Byggingarsjóðs verkamanna. Hefðu ýmsar hugmyndir verið settar fram. Nefndin setti þó ekki fram sérstakar tillögur í þessu efni enda ekki verkefni hennar, en hún lagði áherslu á nauðsyn þess að leiða málið sem fyrst til lykta.

Á 53. fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga í mars 1997 sem vísað er til í skýrslu nefndarinnar ályktaði sambandið um félagslega íbúðakerfið. Í inngangi ályktunarinnar er tekið fram að í löggjöf um félagslega íbúðakerfið hafi miklar skyldur verið lagðar á sveitarfélögin. Á allra síðustu árum hefðu fjárhagslegar skuldbindingar þeirra farið ört vaxandi vegna ákvæða um kaupskyldu og aukinnar innlausnar félagslegra íbúða, sem ekki hefði reynst unnt að endurselja. Síðan segir í ályktuninni:

„Vandi einstakra sveitarfélaga vegna skuldbindinga og ábyrgða af félagslega íbúðakerfinu er þó mjög misjafn og í mörgum þeirra hefur rekstur þess gengið vel þótt ýmsar ábendingar hafi komið fram um úrbætur á kerfinu. Eigi að síður standa mörg sveitarfélög frammi

fyrir mjög alvarlegum fjárhagsvanda og uppsöfnun skulda vegna kaupskyldunnar, sem í sumum tilvikum er gjörsamlega óviðráðanleg.

Fulltrúaráðið leggur til að félagslega íbúðakerfið verði tekið til gagngerrar endurskoðunar af nefnd þeirri sem félagsmálaráðherra hefur falið endurskoðun laga um félagslegar íbúðir og að vinnu nefndarinnar verði hraðað. Fulltrúaráðið telur að með skýrslu vinnuhóps sambandsins frá í febrúar 1997 sé lagður góður grunnur að uppstokkun kerfisins."

Í ályktun sambandsins er síðan að finna ábendingar um hvað beri að hafa til hliðsjónar við endurskoðunina, þar á meðal að tekin verði upp félagsleg íbúðalán og að sveitarfélögin reki áfram félagslegar leiguíbúðir.

Á sambandsstjórnarfundi Alþýðusambands Íslands í nóvember 1996 var ályktað um félagslega íbúðakerfið. Í inngangi ályktunarinnar, sem vísað er til í skýrslu nefndarinnar um félagslegar íbúðir sveitarfélaga, er rakið hvernig staðið hafi verið að undirbúningi málsins og að helsti vandinn nú í húsnæðismálum væri vandi þess fólks sem ekki tækist að halda sér inni í félagslegu eignaríbúðunum eða komist þar ekki inn. Ástæða þess væru lágar tekjur og fjárskortur. Þó svo að fólk fengi lánað fyrir 10% hlutanum og þar með fyrir öllu kaupverðinu réði það ekki við afborganir. Sú lausn hefði því verið rædd að fjölga félagslegum leiguíbúðum.

Vísað er til þess að félagslegu eignaríbúðirnar hafi greitt úr húsnæðisvanda mikils fjölda fólks og tryggt viðunandi húsnæði. Þær breytingar hafi á hinn bóginn orðið á undanförnum árum að almennur húsnæðisskortur væri ekki lengur vandamál. Framboð á lánsfé hefði aukist verulega, verðmunur á eldri íbúðum og nýbyggingum væri víða mikill og vaxtabætur væru komnar ásamt húsaleigubótum. Með þessu væru forsendur félagslega íbúðakerfisins orðnar allt aðrar en áður. Lagði sambandsstjórnin til þær breytingar á félagslegum íbúðalánum að veitt yrðu sérstök lán til þeirra sem uppfylltu skilyrði Byggingarsjóðs verkamanna um lán úr sjóðnum til þess að kaupa sér íbúð að eigin vali. Þessu fyrirkomulagi mundi fylgja nokkur áhætta fyrir kaupandann en lágir vextir og góðir greiðsluskilmálar drægju verulega úr henni. Um félagslegar leiguíbúðir lagði sambandsstjórnin til að leiguíbúðum yrði fjölgað verulega til ráðstöfunar fyrir þá eigna- og tekjuminnstu.

4.6. Skýrsla nefndar um endurskoðun á starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, janúar 1998.

Hinn 13. janúar 1997 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að vinna að endurskipulagningu á rekstri og skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í nefndina voru skipuð: Einar Kr. Guðfinnsson alþingismaður, Halldór Árnason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Hákon Hákonarson, formaður húsnæðismálastjórnar, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður. Í skipunarbréfi nefndarinnar var kveðið á um að nefndin skyldi taka mið af eftirfarandi:

a. Niðurstöðum og tillögum Ríkisendurskoðunar í skýrslu um stjórnsýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins.
b. Niðurstöðum og tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði í ársbyrjun 1996 til að kanna möguleika á að draga úr ríkisábyrgð í húsbréfakerfinu og færa starfsemi húsbréfadeildar frá Húsnæðisstofnun ríkisins til lánastofnana.
c. Niðurstöðum og tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði í september 1995 til þess að fjalla um félagslega húsnæðiskerfið.

Nefndin skilaði skýrslu sinni til félagsmálaráðherra með bréfi, dags. 19. desember 1997, og var hún gefin út í janúar 1998. Nefndin fjallaði um niðurstöður Ríkisendurskoðunar í

skýrslu um stjórnsýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins, skýrslu nefndar um húsbréfakerfið og skýrslu nefndar um félagslegar íbúðir sveitarfélaga. Nefndin var sammála um að nauðsynlegt væri að gera breytingar á gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Helstu tillögur nefndarinnar um breytt fyrirkomulag húsnæðiskerfisins eru eftirfarandi:

1. Að skýrar verði kveðið á um hlutverk Húsnæðisstofnunar og húsnæðismálastjórnar, að hlutverk hennar verði að útfæra og framfylgja á hverjum tíma stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Stofnunin heyri undir félagsmálaráðherra sem skipi stjórn hennar. Ráðherra skipi jafnframt þriggja manna kærunefnd til þess að úrskurða í ágreiningsmálum, sem kunna að koma upp við afgreiðslu mála hjá stofnuninni. Meginhlutverk stjórnarinnar verði umsjón með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stefnumótun verði í höndum félagsmálaráðherra og Alþingis.
2. Að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði sameinaðir. Sameining sjóðanna geti skapað forsendu til að vinna að öflugri fjármögnun sjóðanna og meiri hagkvæmni. Lagt er til að kannaðir verði möguleikar á því að sameinaður sjóður taki sjálfur lán til fjármögnunar útlána án þess að það skráist á skuldalista ríkisins. Lánakerfi stofnunarinnar og alla stjórnsýslu megi einfalda og gera skilvirkari.
3. Að afgreiðsla og öll þjónusta húsbréfakerfisins verði færð frá húsbréfadeild til viðskiptabanka og sparisjóða.
4. Að starfsemi ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar verði breytt og miðist eingöngu við úrvinnslu á niðurstöðum og tillögum frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og frá lánastofnunum. Með því lagi verður samræmd úrvinnsla á greiðsluerfiðleikamálum á vegum þeirra aðila sem málið varðar bæði skilvirkari fyrir neytendur og hagkvæmari fyrir aðila málsins. Ákvörðun um úrræði, skuldbreytingu og/eða frestun greiðslna verði áfram tekin af Húsnæðisstofnun og hlutaðeigandi lánastofnun á grundvelli heildaryfirlits og tillagna frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.
5. Að unnið verði að breytingum á núgildandi fyrirkomulagi vaxtabóta með það fyrir augum að sú aðstoð verði skilvirkari og komi til móts við mismunandi þarfir fjölskyldna eftir stærð þeirra og stöðu á húsnæðismarkaði.
6. Að teknar verði upp viðræður ríkis og sveitarfélaga um útfærslu á tillögum nefndarinnar um breytingar á félagslega íbúðakerfinu yfir í félagslegt lánakerfi. Markmiðið verði að færa afgreiðslu og umsýslu félagslega lánakerfisins í auknum mæli til sveitarfélaga. Gengið verði til viðræðna við sveitarfélög um að félagsleg aðstoð húsnæðiskerfisins fari gegnum húsnæðisnefndir þeirra.

4.7. Skýrsla starfshóps um nýtt greiðslumat, febrúar 1998.

Hinn 17. apríl 1997 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til þess að endurskoða núgildandi greiðslumat húsbréfakerfisins og gera tillögur um nýtt greiðslumat vegna fasteignaveðlána. Starfshópnum var ætlað að gera tillögu um nýtt greiðslumat er byggi m.a. á upplýsingum um tekjur, eignir, skuldir og framfærslukostnað fjölskyldunnar. Starfshópnum var falið að gera tillögur um samræmt greiðslumat með það fyrir augum að framkvæmd og ábyrgð verði alfarið á hendi viðskiptabanka og sparisjóða. Í starfshópinn voru skipuð Hilmar Þórisson, aðstoðarframkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Þórunn Þorsteinsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Landsbanka Íslands, Sólrún Halldórsdóttir, hagfræðingur hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, í fjarveru Elínar Sigrúnar Jónsdóttur, forstöðumanns Ráðgjafarstofunnar, en hún kom til starfa í júní 1997, og Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins. Sigurður Kr. Friðriksson viðskiptafræðingur starfaði með starfshópnum fram til 1. september 1997.

Í skýrslu hópsins í febrúar 1998 koma meðal annars fram eftirfarandi tillögur:

1. Að heildartekjur, skuldir, eignir og framfærslukostnaður heimilisins verði grundvöllur fyrir nýtt greiðslumat.
2. Að framkvæmd og ábyrgð greiðslumats verði alfarið á herðum lánastofnana. Ábyrgð verði skilgreind og miðist við starfslega ábyrgð við framkvæmdina.
3. Að Húsnæðisstofnun og lánastofnanir vinni saman að gerð nýs forrits á grundvelli þess sem Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur þróað.
4. Að vinnsluferlið og greiðslumatið verði einfaldað.
5. Að samið verði einfalt og notendavænt forrit til greiðslumats. Markmið þess verði að einstaklingar er hyggjast ráðast í fasteignakaup geti sjálfir greiðslumetið sig. Slíkt forrit verði hægt að nálgast á heimasíðum Húnæðisstofnunar, lánastofnana, fasteignasala og annarra þeirra er tengjast fjármálum heimilanna.
6. Að greiðslumatið verði skilyrt því að viðskiptabanki viðkomandi hafi unnið greiðslumatið og það fari fram þegar kauptilboð liggur fyrir.
7. Í húsnæðiskerfinu verði greiðslumat samræmt. Sömu forsendur, þ.e. tekjur, skuldir, eignir og framfærslukostnaður, verði lagðar til grundvallar þegar um kaup á frjálsum markaði er að ræða, í félagslega húsnæðiskerfinu og þegar metin er heimild til skuldbreytinga og frystingar lána. Grundvallarreglurnar eru þær sömu en hægt að meta önnur atriði sjálfstætt eftir aðstæðum hverju sinni.
8. Að unnið verði að gerð „neysluviðmiðunar" fyrir íslensk heimili sem verði grundvöllur leiðbeininga fyrir greiðslumatið um framfærslu fjölskyldunnar.
9. Að sérstök framkvæmdanefnd Húsnæðisstofnunar og lánastofnana hafi umsjón með framgangi greiðslumatsins og meti árangur.
10. Að álitamálum um framkvæmd greiðslumats verði vísað til úrskurðarnefndar um viðskipti neytenda og fjármálafyrirtækja.
11. Að lögð verði rík áhersla á traust til viðskiptavinarins og það meginmarkmið greiðslumatsins að hjálpa fólki að átta sig á raunverulegri greiðslugetu sinni.
12. Að aukin áhersla verði lögð á ráðgjöf um fjármál heimilanna í tengslum við greiðslumat.

5.
Þróun löggjafar um húsnæðismál og helstu einkenni.

Löggjöf um lánveitingar til byggingar og kaupa íbúða, um skipulag húsnæðismála og um afskipti opinberra aðila af slíkum málum á sér langa sögu hér á landi. Þrátt fyrir að löggjöf þessi hafi tekið ýmsum breytingum, sem nánar verður rakið hér á eftir, hefur meginmarkmiðið verið að takast á við þörf fólks, sem hefur búið við mismunandi aðstæður og kjör, fyrir húsnæði og öryggi í húsnæðimálum. Þar hefur annars vegar verið greint á milli almenns húsnæðislánakerfis og félagslegs íbúðalánakerfis.

5.1. Skipan húsnæðismála fram til ársins 1970.

5.1.1. Bygging verkamannabústaða.

Upphaf félagslegra íbúðarbygginga má rekja til ársins 1919 þegar fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík beitti sér fyrir stofnun samvinnufélags um byggingu leiguíbúða er hlaut nafnið Byggingarfélag Reykjavíkur. Á þeim tíma var Reykjavík í örum vexti og skortur á frambærilegu leiguhúsnæði mikill.

Með lögum nr. 45/1929, um verkamannabústaði, var í fyrsta sinn mælt fyrir um opinberan stuðning við byggingu verkamannabústaða. Gerðu lögin ráð fyrir stofnun byggingarsjóðs í hverju bæjarfélagi. Í stjórn sjóðsins skyldu sitja þrír menn, tveir kosnir af hlutaðeigandi

sveitarstjórn eða bæjarstjórn og einn af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu sem jafnframt væri formaður stjórnar sjóðsins. Fjár til sjóðsins skyldi meðal annars aflað með framlögum úr ríkissjóði og samsvarandi framlögum úr bæjar- og sveitarsjóði. Við það var miðað að sjóðurinn veitti byggingarfélagi, sem reist væri á samvinnugrundvelli, lán til þess að koma upp íbúðum fyrir félagsmenn sína. Í greinargerð með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 45/1929, kemur fram að þegar litið væri til efna fjöldans yrði seint komið á slíkri skipan mála að „verkalýðurinn" fengi „hollar og ódýrar íbúðir með þægindum nútímans", nema ríki og sveitarfélög gengjust fyrir því og veittu aðstoð sína.[1] Nokkrar breytingar voru gerðar á ákvæðum laganna með lögum nr. 55/1931, þar á meðal að hækka framlög ríkis og sveitarfélaga til sjóðsins. Lögin voru síðan endurútgefin sem lög nr. 71/1931, um verkamannabústaði.

Lög nr. 3/1935, um verkamannabústaði, leystu af hólmi lög nr. 71/1931. Með þeim var sú breyting gerð, að fjármögnun verkamannabústaða var færð til eins sjóðs er náði yfir landið allt. Skiptist sjóðurinn í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún og skyldi aðeins veita lán til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni sem reist væri á samvinnugrundvelli.

5.1.2. Opinber aðstoð við byggingar íbúðarhúsa.

Lög nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, leystu af hólmi lög nr. 3/1935 og lög nr. 71/1938, um byggingarsamvinnufélög. Fram að setningu laganna höfðu verið byggðar 300–400 íbúðir í verkamannabústöðum.

Með lögum nr. 44/1946 var ætlunin að gera löggjöf um afskipti ríkisins og sveitarfélaga af íbúðarbyggingum einfaldari og þægilegri í meðförum og fella í einn lagabálk öll ákvæði um stuðning hins opinbera við íbúðarbyggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Svaraði I. kafli inn til gildandi laga um verkamannabústaði og II. kafli til laga um byggingarsamvinnufélög. Í III. kafla var fjallað um íbúðarbyggingar sveitarfélaga, en þar var fyrst opnað fyrir möguleika á lánveitingum til byggingar félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga. Loks var í IV. kafla fjallað um skiptingu byggingarefnis og eftirlit af hálfu ríkisvaldsins með byggingarmálum þeim sem lögin tækju til. Í greinargerð með frumvarpinu er því lýst að afskipti ríkisins og sveitarfélaga af íbúðarbyggingum hafi farið ört vaxandi og að þeim byggingarfélögum verkamanna sem hefðu hlotið styrk hefði fjölgað. Þá hafi sveitarfélög og byggingarsamvinnufélög ráðist í byggingarframkvæmdir, en þrátt fyrir það væri áfram þörf á að leysa húsnæðisvandræði fólks á ýmsum stöðum, þar á meðal í Reykjavík. Var gert ráð fyrir því að það yrði hlutverk byggingarfélaganna og byggingarsamvinnufélaga að byggja miðað við eðlilega fólksfjölgun og hæfilegt aðstreymi eða tilflutning fólks, svo og að útrýma lélegum og gömlum íbúðum. Á hinn bóginn yrði það hlutverk sveitarfélaganna sjálfra að útrýma heilsuspillandi íbúðum og ráða fram úr húsnæðisvandræðum þeim sem leiddi af of örum flutningi fólks til einhvers staðar, en í báðum tilfellum nytu þessir aðilar mikillar aðstoðar ríkisins.[2]

Með lögum nr. 27/1952 var aukið við nýjum kafla í lög nr. 44/1946 er fjallaði um lánveitingar til smáíbúðarhúsa sem menn, sem í húsnæðisvandræðum ættu, kæmu sér upp til eigin íbúðar að verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar. Lög nr. 44/1946 voru síðan endurútgefin sem lög nr. 36/1952. Með lögum nr. 51/1954 var IV. kafla laga nr. 36/1952 breytt þannig að ákveðið var að lána til smáíbúða og að einnig mætti lána sveitarfélögum úr lánadeildinni til þess að byggja litlar íbúðir.

---

[1] Alþt. 1929, A-deild, bls. 274.
[2] Alþt. 1945, A-deild, bls. 403.

Með lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, var III. kafli laga nr. 36/1952 felldur brott. Þá leystu lög nr. 60/1962, um verkamannabústaði, af hólmi I. kafla laga nr. 36/1952. Með lögunum var lögbundið heitið Byggingarsjóður verkamanna, en það hafði verið notað um þann sjóð er komið var á fót með lögum nr. 3/1935. Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna skyldi vera að bæta úr húsnæðisþörf þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna sem ekki hefðu tekjur né ættu eignir yfir tilteknu hámarki sem nánar var ákveðið í lögunum. Skyldi sjóðurinn þannig vera til hjálpar þeim sem væru verst settir í þjóðfélaginu og ekki gert ráð fyrir að aðstoðin yrði eingöngu bundin við verkamenn. Í 4. gr. laganna var áfram gert ráð fyrir að veitt yrðu lán aðeins til eins byggingarfélags í hverju bæjarfélagi. Lög nr. 60/1962 voru síðan felld úr gildi með lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastjórn, en þar með lauk lánveitingum til byggingarfélaganna og sveitarfélög og stjórnir verkamannabústaða tóku yfir verkefni þeirra.

5.1.3. Stofnun húsnæðismálastjórnar.

Með lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, var felldur brott III. kafli laga nr. 36/1952 er fjallaði um íbúðarbyggingar sveitarfélaga. Með lögunum var lagður grundvöllur að skipulegri starfsemi á vegum ríkisins, bæði til stefnumótunar á sviði húsnæðismála og lánveitinga vegna íbúðarbygginga. Komið var á fót húsnæðismálastjórn, sem ríkisstjórnin skipaði, er heyrði undir félagsmálaráðuneytið. Skyldi verkefni húsnæðismálastjórnar vera að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa umsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðarbygginga í landinu. Mælt var fyrir um stofnun almenns veðlánakerfis til íbúðarbygginga, undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og að Landsbanki Íslands aflaði fjár til hins nýja veðlánakerfis. Í varasjóð hins almenna veðlánakerfis skyldu meðal annars renna afborganir og vextir lána sem veitt hefðu verið eða veitt yrðu af framlögum ríkisins til heilsuspillandi húsnæðis. Enn fremur eignir Lánadeildar smáíbúða. Samkvæmt lögunum skyldi aðeins veita lán til byggingar íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Í II. kafla laga nr. 55/1955 var síðan fjallað um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Skyldi húsnæðismálastjórn vera í fyrirsvari við ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum. Með lögum nr. 3/1957 var sú breyting gerð að húsnæðismálastjórn skyldi skipuð sjö mönnum, völdum af ráðherra.

Með lögum nr. 55/1955 hefst saga húsnæðismálastjórnar og í raun Húsnæðisstofnunar ríkisins þótt formlega væri hún ekki stofnsett fyrr en með lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastjórn, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðarbygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o.fl., en þau lög leystu af hólmi lög nr. 55/1955.

5.1.4. Stofnun Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Með lögum nr. 42/1957 var kveðið á um stofnun *Húsnæðismálastofnunar ríkisins* er heyrði undir félagsmálaráðuneytið. Skyldi stofnunin beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og lánveitingum til íbúðarbygginga í landinu. Gert var ráð fyrir að húsnæðismálastjórn veitti stofnuninni forstöðu og að í stjórninni sætu fimm menn. Skyldu fjórir þeirra kosnir af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af ráðherra eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Þá skyldi félagsmálaráðherra skipa stofnuninni framkvæmdastjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Með lögum nr. 42/1957 var komið á fót *Byggingarsjóði ríkisins* er skyldi annast lánveitingar til íbúðarbygginga og standa straum af framkvæmdum er húsnæðismálastjórn kynni að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings. Skyldi stofnfé sjóðsins meðal annars vera varasjóður hins almenna veðlánakerfis og lán ríkisins til Lánadeildar

smáíbúða. Þá var sjóðnum ætlað að standa straum af kostnaði við störf húsnæðismálastjórnar. Veðlánakerfi til íbúðarbygginga skyldi starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands og lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar. Gert var ráð fyrir að hið almenna veðlánakerfi, sem myndað var með lögum nr. 55/1955, starfaði áfram. Þá var það nýmæli að mælt var fyrir um skyldusparnað ungs fólks á aldrinum 16–25 ára til íbúðarbygginga og samningsbundinn sparnað annarra í sama skyni. Með lögum nr. 56/1962 var sú breyting gerð á lögum nr. 42/1957 að alþingiskjörnum stjórnarmönnum var fjölgað úr fjórum í fimm, auk þess sem kjörtímabil stjónarmanna varð fjögur ár í stað þriggja.

Með lögum nr. 19/1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, var sett ný heildarlöggjöf um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Ekki voru gerðar efnisbreytingar að því er snerti stjórn stofnunarinnar og hlutverk. Ákvæði laganna um Byggingarsjóð ríkisins voru að mestu samhljóða fyrri lagaákvæðum, en útlánareglum húsnæðismálastjórnar var breytt í verulegum atriðum, þar á meðal var heimilt að veita sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Heimild þessi var síðar aukin svo að hún næði einnig til aldraðra og annarra félaga öryrkja.

5.1.5. Byggingarframkvæmdir í Breiðholti.

Með lögum nr. 97/1965 voru gerðar allnokkrar breytingar á ákvæðum laga nr. 19/1965. Tilefni þeirra voru kjarasamningar sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu þá gert og svonefnd *júlíyfirlýsing* ríkisstjórnarinnar þá um sumarið. Með þessum aðgerðum var lagður grundvöllur að hinum miklu byggingarframkvæmdum í Breiðholti sem kenndar hafa verið við framkvæmdanefnd byggingaráætlunar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Á vegum nefndarinnar voru byggðar samtals 1.251 íbúð á árunum 1968–80. Þar af voru 248 leiguíbúðir sem komu í hlut Reykjavíkurborgar. Láglaunafólk gat fengið lánuð 80% af kostnaðarverði íbúðar til 33 ára með 4% vöxtum og afgangurinn, 20%, átti að greiðast með jöfnum afborgunum á fjórum árum. Á sama tíma voru hvorki greiddir vextir né afborganir af 80% láninu. Samhliða þessum aðgerðum var hið almenna húsnæðislánakerfi styrkt enn frekar með ýmsum aðgerðum.

5.2. Skipan húsnæðismála 1970–1980.

5.2.1. Afskipti færð undir húsnæðismálastjórn.

Með lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, voru ákvæði laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 19/1965, og ákvæði laga um verkamannabústaði, nr. 60/1962, sameinuð í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Helstu efnisbreytingar frá eldri lögum voru þær að stjórn Byggingarsjóðs verkamanna var falin húsnæðismálastjórn, en þar með annaðist húsnæðismálastjórn úthlutun lána úr báðum sjóðunum. Með þessu voru öll opinber afskipti af íbúðarbyggingum, nema lánveitingar úr stofnlánadeild landbúnaðarins, færð undir eina stjórn. Að því er snerti skipan stjórnar stofnunarinnar var sú breyting gerð að í henni áttu sæti sex menn, þar af fimm kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands og skyldi hann hafa sömu réttarstöðu og aðrir fulltrúar í stjórninni. Þá var sú breyting gerð að kostnaði stofnunarinnar skyldi skipt á milli Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna í hlutfalli við útlán hvors sjóðsins fyrir sig.

Með lögum nr. 30/1970 voru þau verkefni byggingarfélaga verkamanna að byggja verkamannabústaði færð til sveitarfélaganna og stjórna verkamannabústaða. Í stjórnum verkamannabústaða sátu sex menn skipaðir af félagsmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Voru þrír tilnefndir af sveitarstjórn, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefn-

ingu verkalýðsfélaganna í sveitarfélaginu. Þrátt fyrir að lánveitingum til byggingarfélaga verkamanna hefði verið hætt var megininnihald laganna hið sama og áður, að aðstoða launafólk til að eignast eigið íbúðarhúsnæði. Árið 1970 höfðu verið byggðar 1748 íbúðir í verkamannabústöðum.

5.2.2. Leiguíbúðir sveitarfélaga.

Með lögum nr. 58/1973 var sú breyting gerð á lögum nr. 30/1970 að sveitarfélögum, sem ekki áttu kost á íbúðum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, var gert mögulegt að byggja leiguíbúðir. Á grundvelli laga þessara voru byggðar alls 849 leiguíbúðir. Til þeirra voru lánuð úr Byggingarsjóði ríkisins 80% af kostnaði til 33 ára með almennum vaxtakjörum sjóðsins. Þremur árum síðar var lögum um leiguíbúðir sveitarfélaga breytt á þann veg að sveitarfélögum var heimilað að selja leiguíbúðirnar á almennum markaði.

5.2.3. Byggingarsamvinnufélög.

Með lögum nr. 59/1973 var bætt nýjum kafla við lög nr. 30/1970 er fjallaði um byggingarsamvinnufélög og lánveitingar til slíkra félaga. Með lögunum voru endanlega felld úr gildi lög nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 59/1973 kemur fram að ákveðið hafi verið að hafa lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög sem sérstakan kafla í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins við hlið kaflans um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði, en að öðru leyti yrði skírskotað til ákvæða laga um samvinnufélög. Var talið að með því yrði húsnæðislöggjöfin sem heilsteyptust, enda væri góð samvinna milli byggingarsamvinnufélaga annars vegar og stofnunarinnar og Byggingarsjóðs ríkisins hins vegar nauðsynleg. Helsta breytingin fólst í því að byggingarsamvinnufélögin hættu að vera milliliðir um ríkisábyrgðir fyrir þá sem sjálfir byggðu eða keyptu íbúðir, og veðdeild Landsbanka Íslands tók við verkefni þeirra aðila sem höfðu fjallað um ábyrgðirnar.

Með lögum nr. 61/1993 var felld niður sú heimild byggingarsamvinnufélaga að geta fjármagnað byggingu íbúða fyrir félagsmenn sína með framkvæmdalánum úr Byggingarsjóði ríkisins, en slík heimild hafði í raun verið felld brott með lögum nr. 47/1991. Eftir þessar lagabreytingar má segja að lokið hafi afskiptum Húsnæðisstofnunar ríkisins af lánveitingum til byggingarsamvinnufélaga.

5.3. Skipan húsnæðismála 1980–89.

5.3.1. Breyttir tímar kalla á breytta löggjöf.

Með lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, voru veigamiklar breytingar gerðar á gildandi löggjöf um húsnæðismál. Nafni stofnunarinnar var breytt í Húsnæðisstofnun ríkisins. Breytingar urðu á tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins. Tekið var inn í lögin það markmið, er sett hafði verið í kjarasamningum 1974, að þriðjungur allra íbúða í landinu yrði byggður á félagslegum grundvelli. Þá var í lögunum sérstaklega kveðið á um þá lánaflokka sem Byggingarsjóður ríkisins lánaði til og um heimildir húsnæðimálastjórnar til þess að ákveða nýja lánaflokka.

Að því er snerti stöðu, skipulag, stjórn og hlutverk stofnunarinnar voru þær breytingar helstar að tekið var fram að Húsnæðisstofnun ríkisins væri sjálfstæð ríkisstofnun sem lyti sérstakri stjórn og heyrði undir félagsmálaráðuneytið. Var þetta talið rétt til þess að koma á glöggri verkaskiptingu milli ráðuneytisins og stofnunarinnar. Á vegum stofnunarinnar skyldi unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Skyldi stofnunin hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum og fara með stjórn hins opinbera

veðlánakerfis. Kveðið var á um deildarskiptingu innan Húsnæðisstofnunar sem starfaði eftir sem áður sem ein heild. Um stjórn stofnunarinnar var tekið fram að stjórnin skyldi skipuð níu mönnum. Ekki var lengur gert ráð fyrir að Landsbanki Íslands tilnefndi fulltrúa í stjórnina. Á hinn bóginn áttu sæti í stjórninni tveir menn skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en sjö voru kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi. Þá var kjörtímabil stjórnar miðað við almennar alþingiskosningar í stað þess að vera fjögur ár. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 51/1980 sagði um kjörtímabil stjórnarinnar að eðlilegra þætti að fulltrúarnir væru kosnir eftir hverjar almennar alþingiskosningar þar sem ákvarðanir og stefnumörkun í íbúðalánum hins opinbera vörðuðu mikla fjármuni og hlytu að tengjast stefnumótun stjórnvalda á sviði fjárfestingar- og lánamála, ríkisfjármála og raunar einnig félagsmála. Í 5. gr. laganna var hlutverk húsnæðismálastjórnar rakið í sex töluliðum. Í skýringum við ákvæði er vakin athygli á því að húsnæðismálastjórn skuli skera úr vafa eða ágreiningsmálum um einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludag þeirra. Tekið var fram að í þessu fælist að húsnæðismálastjórn ætti ekki að hafa bein afskipti af einstökum lánveitingum sem fullnægðu lánshæfisskilyrðum, nema til að ákveða greiðsludag þeirra. Aftur á móti færi stjórnin með úrskurðarvald í öllum ágreiningsog vafamálum.

Ári áður en lög nr. 51/1980 tóku gildi hafði Húsnæðisstofnun ríkisins einnig tekið við því hlutverki Stofnlánadeildar landbúnaðarins að annast lánveitingar til íbúðarbygginga í sveitum landsins. Eftir þessa breytingu má segja að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi, ein allra lánastofnana, annast veitingu langtímalána til húsnæðismála í landinu. Lífeyrissjóðirnir höfðu þær þó enn með höndum en starfssvið þeirra hefur þó fyrst og fremst verið á öðrum vettvangi.

5.3.2. Breytingar á lánskjörum og lánaflokkum.

Með lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, var engin breyting gerð á stöðu, skipulagi, stjórn og hlutverki stofnunarinnar frá því sem verið hafði. Með lögunum var á hinn bóginn horfið frá því að fastbinda vexti af lánum byggingarsjóðanna í lögum, en ákvörðunarvald fært til ríkisstjórnarinnar. Í lögunum voru heimildir Byggingarsjóðs verkamanna til byggingar leiguíbúða auknar verulega. Lánstími leiguíbúða sveitarfélaga var lengdur úr 16 árum í 31 ár. Einnig var mælt fyrir um lánveitingar til sveitarfélaga, félagasamtaka, stofnana á vegum ríkisins eða sveitarfélaga sem byggðu eða keyptu leiguíbúðir, ætlaðar til útleigu á hóflegum kjörum fyrir námsmenn, aldraða og öryrkja. Þá var einnig heimilað að selja leigutaka eignarhlut í íbúð, að því tilskildu að eignarhluti stæði óhreyfður meðan leigutaki hefði not af íbúðinni. Með lögum nr. 25/1988 var lánstíminn lengdur úr 31 ári í 43 ár. Hann var síðan enn lengdur í 50 ár með lögum nr. 58/1995.

5.3.3. Ráðgjöf vegna greiðsluvanda.

Á árinu 1985 tók til starfa við Húsnæðisstofnun ríkisins sérstök ráðgjafarstöð til þess að leysa vanda þess fólks sem hafði lent í greiðsluerfiðleikum þegar laun voru skert á árinu 1983 á sama tíma og greiðslubyrði lána vegna húsnæðiskaupa og húsbygginga jókst verulega. Í fyrstu var ráðgjafarstöðin hugsuð sem tímabundið verkefni, en hún hefur verið starfrækt síðan. Ráðgjafarstöðin hefur sinnt erindum mikils fjölda fólks og undirbúið veitingu svonefndra „greiðsluerfiðleikalána“ auk stórfelldra skuldbreytinga. Frá því að ráðgjafarstöðin tók til starfa og fram til ársloka 1996 höfðu rúmlega 13.000 umsóknir borist og rúmlega 10.000 þeirra verið afgreiddar með úrræðum stofnunarinnar. Nokkuð hefur dregið úr aðsókn að ráðgjafarstöðinni undanfarin ár. Á árinu 1995 voru umsóknir 1.545 en fækkaði um 23%

á árinu 1996 og miðað við sex fyrstu mánuði ársins 1997 er líklegt að fjöldi umsókna verði um 30% færri en árið 1996. Á verðlagi ársins 1995 námu lán vegna greiðsluerfiðleika frá 1985–91 um 6,3 milljörðum kr. Á árinu 1994 höfðu rúmlega 700 umsækjendum verið veittar 273 millj. kr. í skuldbreytingarlán og alls hafa 430 umsækjendur fengið að fresta greiðslum af lánum sínum í eitt til þrjú ár.

5.3.4. Breytingar á lánsfjárhæð og lánstíma.

Í kjölfar kjarasamninga milli aðila vinnumarkaðarins voru samþykkt á Alþingi lög nr. 54/1986 er fólu í sér veigamiklar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Hafa þær breytingar stundum verið nefndar „86 kerfið". Meginbreytingarnar fólu í sér að fjárhæð lána frá Húsnæðisstofnun ríkisins tvöfaldaðist og lánstími var lengdur í 40 ár. Lífeyrissjóðir skuldbundu sig til að verja allt að 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum stofnunarinnar, sem kæmi fram fyrir hönd byggingarsjóðanna beggja og skipti síðan niður lánsfénu milli sjóðanna eftir þörfum. Þá var fallið frá þeirri tilhögun að fastbinda lágmarksframlag ríkissjóðs. Það skilyrði var sett fyrir lánveitingum frá Byggingarsjóði ríkisins að umsækjandi fengi skriflegt lánsloforð innan ákveðins tíma frá því að hann afhenti umsókn sína. Í lánsloforðinu var tilgreind fjárhæð lánsins og greiðsludagar. Sú breyting var gerð á stjórn stofnunarinnar að félagsmálaráðherra skyldi auk þeirra sem fyrir voru skipa einn mann eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og urðu því stjórnarmenn tíu. Þær breytingar urðu hjá Byggingarsjóði verkamanna að lánshlutfall var hækkað úr 80% í 85% af samþykktu kostnaðarverði íbúðar. Jafnframt var heimilað að hækka lánshlutfallið í 90% ef um sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður var að ræða. Þá var jafnframt tekin upp heimild til að veita sérstök lán til þriggja ára þeim sem ættu í verulegum erfiðleikum með útborgun við kaup á íbúðum í verkamannabústöðum. Með þessu var veitt heimild til þess að lána allt kaupverðið.

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins hefur ætíð verið að veita almenn veðlán til íbúðarbygginga, sem og til kaupa á nýjum og notuðum íbúðum, lán vegna greiðsluerfiðleika, lán til viðhalds og endurbóta, orkusparandi breytinga, lán til almennra kaupleiguíbúða o.fl. Grundvallarbreytingar voru gerðar á starfsemi sjóðsins með lögum nr. 47/1991 er hið almenna lánakerfi frá árinu 1986 var lagt niður. Þar með urðu lánaflokkar einungis þrír að tölu, en þeir voru tólf þegar þeir voru flestir, á árunum 1988–90. Með tilkomu húsbréfakerfisins 1989 drógust útborguð lán sjóðsins verulega saman. Á árinu 1989 námu þau rúmum 7.500 millj. kr. en á árinu 1994 einungis 40 millj. kr.

5.3.5. Kaupleigukerfi.

Enn voru gerðar breytingar á húsnæðiskerfinu með lögum nr. 56/1988 þar sem komið var á fót kaupleigukerfi er byggðist á þeim forsendum að á vegum sveitarfélaga og annarra framkvæmdaraðila væru byggðar eða keyptar íbúðir þar sem íbúar ættu kost á að velja um leigu eða kaup með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Kaupleiguíbúðirnar eru tvenns konar: félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir. Byggingarsjóður verkamanna hefur það verkefni að lána til sveitarfélaga eða félagasamtaka sem kaupa eða byggja félagslegar kaupleiguíbúðir ætlaðar fólki sem af félagslegum ástæðum þarf aðstoð við útvegun húsnæðis. Almennar kaupleiguíbúðir eru á hinn bóginn byggðar og reknar á félagslegum grundvelli fyrir almennan húsnæðismarkað og fjármagnaðar úr Byggingarsjóði ríkisins. Á árinu 1988 var einnig gerð sú breyting með lögum nr. 25/1988 að lánstími leiguíbúðalána til sveitarfélaga og félagasamtaka var lengdur úr 31 ári í 43 ár og með lögum nr. 58/1995 í allt að 50 ár.

Lög nr. 60/1984 voru síðar endurútgefin sem lög nr. 86/1988. Með lögum nr. 109/1988 voru gerðar breytingar á ákvæðum laganna um kaupleiguíbúðir með þeim hætti að íbúar í félagslegum kaupleiguíbúðum skyldu einnig eiga kost á að kaupa eignarhlut í leiguíbúð sem tryggði þeim öruggan afnotarétt af íbúðinni.

5.4. Skipan húsnæðismála 1989–98.

5.4.1. Húsbréfaviðskipti.

Húsnæðislánakerfið frá 1986 var síðan leyst af hólmi með lögum nr. 76/1989 er bættu við nýjum kafla í húsnæðislöggjöfina, um húsbréfaviðskipti. Tilgangurinn með „húsbréfakerfinu", eins og það er oft nefnt, var að breyta fjármögnun hins almenna húsnæðislánakerfis þannig að í stað þess að sækja um beint peningalán til Húsnæðisstofnunar fara viðskiptin fram með þeim hætti að kaupandi/seljandi íbúðar eða byggjandi óskar eftir kaupum á fasteignaveðbréfi sem kaupandi gefur út. Það er síðan keypt af Húsnæðisstofnun sem greiðir fyrir það með ríkistryggðum og markaðshæfum húsbréfum. Fasteignaveðbréfið getur verið allt að 65% af matsverði íbúðar, en 70% ef um er að ræða kaup á fyrstu íbúð. Meðal skilyrða þess að skuldabréfakaup verði heimiluð er að umsækjandi gangist undir greiðslumat. Vextir voru nokkru hærri en í eldra lánakerfi. Samhliða voru teknar upp vaxtabætur sem jafna vaxtamuninn í mörgum tilvikum. Það er seljandi sem fær húsbréfin í hendurnar, en hann getur látið þau ganga áfram í næstu íbúðarkaup, átt þau áfram sem sparnað eða selt þau á markaði.

5.4.2. Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur.

Með lögum nr. 24/1991 var bætt nýjum kafla við húsnæðislöggjöfina er fjallaði um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Lögin geyma almenn ákvæði um skipan og hlutverk húsnæðissamvinnufélaga og um réttarstöðu félagsmanna í slíkum félögum. Í stað hlutaréttar sem menn gátu keypt sér í kaupleiguíbúðum samkvæmt þeim lagabreytingum sem áttu sér stað á árunum 1988 og 1990 gátu félagsmenn í húsnæðissamvinnufélögum keypt sér búseturétt er tryggði leigutaka ótímabundinn afnotarétt af íbúðinni. Að öðru leyti væru markmið húsnæðissamvinnufélaga sambærileg við markmið byggingarsamvinnufélaga.

5.4.3. Þróun félagslega íbúðakerfisins hin síðari ár.

Með lögum nr. 70/1990 voru gerðar allnokkrar breytingar á þeim þætti húsnæðislöggjafarinnar er snerti skipulag og lánveitingar í félagslega íbúðakerfinu. Ein veigamesta breytingin fólst í því að stjórnir verkamannabústaða voru lagðar niður og húsnæðismál sveitarfélaga voru sett undir sérstakar húsnæðisnefndir. Þá var hugtakið „verkamannabústaðir" fellt brott og öll félagsleg húsnæðislán sameinuð í Byggingarsjóði verkamanna, þar á meðal lánaflokkurinn til almennra kaupleiguíbúða. Felldur var niður sá lánaflokkur Byggingarsjóðs ríkisins að veita lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Er í greinargerð tekið fram að umsóknir um slík lán hafi verið afar fáar og að Byggingarsjóður verkamanna sjái einnig um þennan þátt. Lánaflokkar voru ákveðnir fjórir: Lán til félagslegra kaupleiguíbúða, lán til félagslegra eignaríbúða, lán til félagslegra leiguíbúða og lán til almennra kaupleiguíbúða. Þá var lánshlutfall hækkað og lánstími samræmdur. Gerð var sú breyting að sveitarfélög þyrftu ekki lengur að leggja fram 10% óafturkræft framlag til félagslegra eignaríbúða, en í þess stað gert ráð fyrir að sveitarfélögin lánuðu Byggingarsjóði verkamanna 10% byggingarkostnaðar sem þau fengju síðan endurgreidd á 15 árum með sömu vöxtum og gilda um lán sjóðsins til félagslegra eignaríbúða. Með lögum nr. 70/1990 var enn fremur gert ráð fyrir að kaupendur íbúða greiddu 10% íbúðarverðs og að hægt yrði að veita lán fyrir allt íbúðarverðið. Þá voru

hækkuð tekjumörk umsækjenda og sett skilyrði um að umsækjendur réðu yfir tilteknu tekjulágmarki og að það fólk, sem lenti undir tekjumörkunum, ætti kost á leiguhúsnæði. Auk þessa sem hér hefur verið rakið voru gerðar ýmsar breytingar er lutu að heimild til þess að breyta vaxtakjörum yrðu breytingar á fjárhagsstöðu þeirra sem fengið höfðu félagslegt húsnæði. Opnað var fyrir heimild til þess að lána til bílskýla og til upphitunar gangstétta og framkvæmdaraðilum veitt aukið svigrúm til þess að ákveða í upphafi hvers konar íbúðir þeir hygðust kaupa eða byggja. Stofnaður var Tryggingarsjóður vegna byggingargalla, en til hans skal leggja 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Hlutfall fyrningar var hækkað í 1,5% fyrstu 20 árin en eftir það skyldi hún vera 0,75%. Þá voru stimpilgjöld af skuldabréfum felld niður þegar félagslegar íbúðir ættu í hlut og kaupskylda sveitarfélaganna stytt úr 15 árum í 10 ár.

Með 10.–12. gr. laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, urðu þær breytingar að sveitarfélögum var, auk framlags síns er fólst í 10% láni til Byggingarsjóðs verkamanna, gert að leggja fram óafturkræft framlag, 3,5% af kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu. Þá var ákveðið að lán til félagslegra íbúða mætti nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði og að húsnæðismálastjórn væri heimilt að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem ættu í verulegum erfiðleikum með útborgun við kaup á íbúð ef um væri að ræða sérstakar erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður.

Með lögum nr. 12/1994 var Byggingarsjóði verkamanna heimilað að veita sveitarfélögum framkvæmdarlán til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum og létt var á greiðslubyrði almennra kaupleiguíbúða.

Enn voru breytingar gerðar á ákvæðum er snertu félagslega íbúðakerfið með lögum nr. 58/1995. Til grundvallar þeirri lagasetningu lá skýrsla nefndar sem vann að því að leggja mat á reynsluna af lögum nr. 70/1990. Skilaði nefndin skýrslu um athuganir sínar og tillögur til úrbóta í maí 1993. Með lögum nr. 58/1995 var húsnæðisnefndum falið að taka endanlega ákvörðun um úthlutun íbúða til einstaklinga. Ákveðið var að 3,5% framlag sveitarfélaga til félagasamtaka og fyrirtækja yrði háð samþykki sveitarstjórnar. Meðal þeirra markmiða sem lögunum var ætlað að ná var að gera félagslega íbúðarkerfið sveigjanlegra fyrir sveitarfélögin. Í því sambandi skyldi t.d. heimilað að færa lán, sem veitt höfðu verið framkvæmdaraðilum, milli lánaflokka og að víkja frá skilyrðum greiðslumats um hámarksgreiðslubyrði og að vaxtakjör miðuðust við raunverulegar aðstæður fólks. Þá var fyrningarreglum laganna breytt þannig að fyrning yrði 1% af öllum íbúðum sem byggðar hefðu verið eftir gildistöku laga nr. 51/1980.

Með lögum nr. 61/1993 voru gerðar allnokkrar breytingar á II. kafla laga nr. 86/1988, er fjallar um hlutverk og skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins. Var meðal annars fellt út það ákvæði að Húsnæðisstofnun ríkisins væri „sjálfstæð ríkisstofnun". Í greinargerð með frumvarpinu er það rakið að félagsmálaráðuneytið og Húsnæðisstofnun ríkisins hafi verið ósammála um stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar og að niðurstöður athugana hefðu sýnt fram á að sjálfstæði hennar væri verulegt eða mjög mikið og að það væri í raun aðeins með setningu laga og reglugerða sem áhrif ráðherra kæmu fram. Á hinn bóginn hefði húsnæðismálastjórn nær algert forræði í málefnum stofnunarinnar og um útlán að undanskildum vaxtaákvörðunum. Með lögunum var kveðið á um að félagsmálaráðherra færi með yfirstjórn húsnæðismála og að Húsnæðisstofnun ríkisins væri „ríkisstofnun" er lyti stjórn húsnæðismálastjórnar. Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1746/1996 (SUA 1996:168) tók umboðsmaður að eigin frumkvæði til athugunar skilyrði stjórnsýslukæru til félagsmálaráðuneytisins, samkvæmt lögum nr. 97/1993. Eftir könnun umboðsmanns á tilurð laganna var það niðurstaða hans að eftir lagabreytinguna teldist Húsnæðisstofnun ríkisins ekki hafa stöðu sjálf-

stæðrar stofnunar og væri stofnunin því ekki lengur undanþegin yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins sem sjálfstæð ríkisstofnun. Ótvírætt væri að félagsmálaráðherra færi með yfirstjórn stofnunarinnar frá gildistöku laga nr. 61/1993 og að frá þeim tíma hefði stofnunin haft stöðu lægra setts stjórnvalds gagnvart félagsmálaráðherra. Af þessum sökum yrðu stjórnvaldsákvarðanir Húsnæðisstofnunar ríkisins, þar með talið húsnæðismálastjórnar, skotið til félagsmálaráðherra á grundvelli 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Auk þeirra breytinga, sem gerðar voru á skipulagi húsnæðismála með lögum nr. 61/1993, lauk 26 ára sögu skyldusparnaðar ungmenna á Íslandi. Sömu örlög hlaut hönnunardeild (teiknistofa) Húsnæðisstofnunar. Deildinni hafði verið komið á fót með lögum nr. 42/1957.

Hinn 1. maí 1997 störfuðu alls 53 einstaklingar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í 52 stöðugildum.

Með lögum nr. 76/1996 voru síðan gerðar þær breytingar að húsnæðismálastjórn var heimilað að breyta félagslegum eignaríbúðum í félagslegar kaupleiguíbúðir, enda væru íbúðirnar taldar óseljanlegar í sveitarfélaginu. Í öðru lagi var húsnæðismálastjórn veitt heimild til þess að víkja frá reglum um tekjumörk einstaklinga, enda sýndi húsnæðisnefnd fram á að það væri eina leiðin til að íbúð yrði úthlutað. Loks var ákveðið að hafi sveitarfélag innleyst eða innleysi félagslegar íbúðir samkvæmt kaupskyldu, og þær yrðu ekki nýttar árið um kring vegna hættu á snjóflóði eða skriðuföllum, yrði húsnæðismálastjórn heimilt að veita sveitarstjórn greiðslufrest á láni Byggingarsjóðs verkamanna í ákveðinn tíma. Með þessum breytingum var ætlunin að finna lausn á þeim vanda sem sum sveitarfélög áttu við að glíma vegna félagslegra íbúða sem ekki hefði tekist að nýta. Um tilurð þess frumvarps er varð að lögum nr. 76/1996 er fjallað í kafla 4.5 hér að framan.

5.5. Megineinkenni húsnæðislöggjafarinnar — samantekt.

Þegar litið er til þeirra breytinga sem löggjöf um húsnæðismál hefur tekið og raktar hafa verið hér að framan má sjá í hnotskurn nokkra þróun einstakra þátta í hinu almenna og félagslega íbúðalánakerfi, svo og í stjórnsýslulegri stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins. Almennu húsnæðislánakerfi var komið á fót um miðjan sjötta áratuginn þar sem einstaklingar hafa átt kost á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins með hagstæðum vöxtum, tryggðum með veði í hlutaðeigandi húseign. Á árinu 1989 var veðlánakerfi þetta leyst af hólmi með áðurnefndu húsbréfakerfi þar sem kaupandi húseignar gefur út svonefnt fasteignaveðbréf með veði í hlutaðeigandi húseign, sem síðan eru skiptanleg fyrir ríkistryggð og markaðshæf húsbréf. Í annan stað hefur opinber aðstoð byggst á félagslegu húsnæðiskerfi sem á sér lengri forsögu. Í félagslega húsnæðiskerfinu hefur aðstoðin verið með mismunandi hætti. Bakhjarl þess hefur verið Byggingarsjóður verkamanna, en upphaf hans má rekja til laga nr. 3/1935, þegar stofnaður var einn byggingarsjóður er náði til landsins alls og skyldi vera bakhjarl verkamannabústaðakerfisins. Einkenni félagslega kerfisins hefur verið að aðstoða efnalitla einstaklinga og fjölskyldur til þess að eignast eigið húsnæði með sem hagkvæmasta hætti og að aðstoða sveitarfélög við að anna þörf fyrir húsnæði með byggingu félagslegra eignaríbúða og leiguíbúða.

Eftir að húsbréfakerfið leysti af hólmi lánakerfið frá 1986 hefur langmestur hluti þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað síðan, snert þau ákvæði húsnæðislöggjafarinnar sem fjallað hafa um félagslegar íbúðir. Með lögum nr. 70/1990 voru verkefni stjórna verkamannabústaða, er heyrðu til stjórnsýslu ríkisins, færð til húsnæðisnefnda sveitarfélaga og aukin ábyrgð lögð á sveitarfélög um skipulagningu félagslegra íbúða í sveitarfélaginu. Reynt hefur verið að auka valkosti einstaklinga í félagslega íbúðakerfinu með lánveitingum til bygginga leiguíbúða og kaupleiguíbúða. Þá hefur þurft að bregðast við einstökum vandamálum er upp

hafa komið meðal annars vegna þeirrar lögbundnu skyldu sveitarfélaga að kaupa til sín félagslegt húsnæði.

Á árinu 1952 hófst opinber aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum með stofnun byggingarsjóðs. Húsnæðismálastjórn er síðan sett á laggirnar á árinu 1957 og jafnframt varð Húsnæðisstofnun ríkisins til sem sérstök stofnun. Með lögum nr. 51/1980 eru Húsnæðisstofnun ríkisins falin þau verkefni sem Húsnæðismálastofnun hafði áður haft og verður hún þá sjálfstæð ríkisstofnun.

Innra skipulag stofnunarinnar hefur einnig breyst. Fram að setningu laga nr. 61/1993 hafði stjórnarmönnum fjölgað frá fimm upp í tíu, en með þeim lögum fækkaði þeim í sjö. Jafnframt var sú breyting gerð að stofnuninni var fengin staða lægra setts stjórnvalds gagnvart félagsmálaráðherra. Um nánara skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur félagsmálaráðherra sett reglugerð nr. 370/1994, um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins. Gert er ráð fyrir því samkvæmt reglugerðinni, að Húsnæðisstofnun ríkisins starfi sem ein heild, en skiptist í tvö svið, rekstrarsvið og lánasvið.

Verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa lengst af verið að annast lánveitingar til íbúðarbygginga og stýring á veðlánakerfi til íbúðarbygginga. Húsbréfakerfið, sem komið var á fót árið 1989, hefur síðan komið í stað þess og hefur sérstök deild innan stofnunarinnar haft með höndum framkvæmd húsbréfaviðskipta. Með lögum nr. 30/1970 var stjórn Byggingarsjóðs verkamanna falin húsnæðismálastjórn. Með lögum nr. 51/1980 var henni falið að samræma og skipuleggja opinber afskipti húsnæðismála og hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum ásamt stjórn hins almenna veðlánakerfis. Á hinn bóginn hefur dregið úr því hlutverki stofnunarinnar að standa fyrir leiðbeiningarstarfsemi og tæknirannsóknum, enda hafa aðrar stofnanir komið til, er helga sig þeim málum. Þá hafa stofnuninni verið falin ýmis verkefni er snerta upplýsingagjöf og ráðgjöf í tengslum við löggjöf um fjöleignarhús og útleigu íbúðarhúsnæðis. Hlutverk húsnæðismálastjórnar hefur því verið að breytast í samræmi við breyttar aðstæður og breyttar þarfir fólks.

Núverandi löggjöf um skipan húsnæðismála er nú að finna í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993. Þau lög verða ekki skilin til hlítar nema menn þekki nokkuð forsögu þeirra og hvernig einstök ákvæði hafa komið til. Í dag geyma lögin rétt um 120 greinar. Í fyrstu 34 greinunum er fjallað um markmið laganna, hlutverk og skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóð ríkisins og húsbréfaviðskipti. Í greinum 35–93 a er ákvæði um skipulag og verkefni félagslega íbúðakerfisins. Loks er í 94.–119. gr. fjallað um húsnæðis- og byggingarsamvinnufélög. Af þessu sést að langflest ákvæði lúta að skipulagi félagslega íbúðakerfisins og lánveitingum í því kerfi. Hið almenna húsnæðislánakerfi, er komið var á fót með húsbréfakerfinu, hefur fest sig í sessi og jafnvægi hefur verið í viðskiptum með húsbréf.

Helstu verkefni Húsnæðisstofnunar nú við framkvæmd húsnæðismála má draga saman þannig:

1. Að hafa með höndum umsjón með rekstri, fjárhag og starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins, þar sem starfræksla húsbréfadeildar er mest áberandi en einnig hefur sjóðurinn annast lánveitingar samkvæmt nánar tilgreindum lánaflokkum. Gert er ráð fyrir því í skipulagi stofnunarinnar að það sé húsbréfadeildin sem annist starfrækslu Byggingarsjóðs ríkisins, úrvinnslu aðsendra gagna vegna húsbréfalána og dagleg samskipti við þá aðila er annast greiðslumat fyrir einstaklinga vegna fyrirhugaðra húsbréfalána, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 370/1994.
2. Að hafa með höndum umsjón með rekstri, fjárhag og starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna, sem hefur verið bakhjarl félagslega íbúðalánakerfisins. Í því sambandi er starfrækt við stofnunina sérstök félagsíbúðadeild sem annast lánveitingar og önnur fjármál

á vegum félagslega lánakerfisins og undirbýr tillögur um ráðstöfun þess fjármagns sem sjóðurinn hefur til umráða. Til aðstoðar við félagsíbúðadeildina hefur einnig verið starfrækt sérstök tæknideild er heyrir undir rekstrarsvið og annast gerð tæknilegra umsagna, kostnaðareftirlit og lokaúttektir á félagslegum íbúðarbyggingum. Jafnframt hefur tæknideildin haft með höndum úrvinnslu á tæknilegum upplýsingum og tekið þátt í þróun byggingariðnaðar.

3. Að veita upplýsingar og ráðgjöf til einstaklinga. Upplýsingagjöf þessi er í höndum sérstakrar þjónustudeildar sem einnig sér um útgáfu á ársskýrslu stofnunarinnar, ráðgjöf til einstaklinga, aðstoð við íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum og öflun og miðlun upplýsinga um húsnæðismál, þar á meðal um fjöleignarhús og löggjöf um leigu íbúðarhúsnæðis.

6.
Staða félagslega íbúðakerfisins 1990–96.

Eins og rakið er í kafla 5.4.3 hér að framan hafa í tímans rás verið gerðar breytingar á skilyrðum og fyrirkomulagi félagslega íbúðakerfisins. Á árinu 1990 var gerð mikil breyting á félagslegum lánum, m.a. var kveðið skýrt á um skyldur og ábyrgð sveitarfélaga um félagslegar íbúðir sem færðar voru frá stjórnum verkamannabústaða til húsnæðisnefnda sveitarfélaga, kaupskylda sveitarfélaga var stytt úr 15 árum í tíu ár ásamt fjölmörgum öðrum atriðum. Gerð var úttekt á framkvæmd laga nr. 70/1990 og birt í skýrslu nefndar sem mat reynsluna af lögunum (félagsmálaráðuneytið, maí 1993).

6.1. Þróun útlána Byggingarsjóðs verkamanna 1990–96.

Í byrjun árs 1990 voru félagslegar íbúðir í landinu öllu 6.613 talsins. Í lok árs 1995 voru á skrá 9.965 félagslegar íbúðir og hafði þeim því fjölgað um 3.352 frá árinu 1990, eða um 51%. Þessa miklu fjölgun má rekja til stóraukins áhuga sveitarfélaga og félagasamtaka á byggingu félagslegra íbúða, sérstaklega í lok síðasta áratugar og í byrjun þessa. Þetta sést vel á umsóknum sem sveitarfélög og félagasamtök senda Húsnæðisstofnun þegar sótt er um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum.

Umsóknir um lán 1990–96.

Ár	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Umsóknir	1.115	1.716	2.044	1.688	1.408	887	687

Samtals bárust umsóknir um að byggja eða kaupa 1.115 íbúðir árið 1990. Flestar voru umsóknirnar árið 1992 en þá var sótt um lán til að byggja eða kaupa samtals 2.044 íbúðir. Eftir það fer að draga úr umsóknum og fyrir árið 1996 var sótt um lán vegna 687 íbúða. Einnig er athyglisvert að umsækjendur, þ.e. framkvæmdaaðilar sem geta sótt um lán úr sjóðnum, voru aðeins 20 á árinu 1996, en voru vel yfir 100 árið 1992. Þetta skýrist að miklu leyti af því að dregið hefur verulega úr umsóknum frá minni sveitarfélögum og hefur sú þróun verið áberandi undanfarið.

Ef þrjú síðustu ár eru skoðuð sérstaklega með tilliti til þessa kemur fram að á árinu 1994 voru umsækjendur samtals 74, þar af 49 sveitarfélög. Árið 1995 voru umsækjendur samtals 57, þar af 36 sveitarfélög og árið 1996 voru 30 umsækjendur eins og áður segir, þar af 16 sveitarfélög. Í eftirfarandi töflu hér að neðan er umsóknum sveitarfélaga þessi þrjú ár skipt eftir kjördæmum. Félagasamtök eru talin sérstaklega enda þjóna sum þeirra landinu öllu.

	Umsóknir um lán 1994	Fjöldi umsækjenda	Umsóknir um lán 1995	Fjöldi umsækjenda	Umsóknir um lán 1996	Fjöldi umsækjenda
Reykjavík	194	1	200	1	180	1
Reykjanes	425	11	261	10	155	6
Vesturland	31	6	27	7	5	2
Vestfirðir	13	3	8	3	0	0
N-vestra	28	5	8	2	3	1
N-eystra	84	9	31	5	38	2
Austurland	28	7	6	2	4	2
Suðurland	37	7	16	6	3	2
Kjördæmin	*840*	*49*	*557*	*36*	*388*	*16*
Félagasamtök	*568*	*25*	*330*	*21*	*299*	*14*
Samtals	**1.408**	**74**	**887**	**57**	**687**	**30**

Árið 1994 bárust umsóknir frá 49 sveitarfélögum um samtals 840 íbúðir en 16 sveitarfélög óskuðu eftir lánum vegna 388 íbúða árið 1996. Umsóknum á þessum tveimur árum hefur því fækkað um 54% og umsækjendum um tvo þriðju. Sama þróun er hjá félagasamtökum en ekki eins mikil hlutfallslega.

6.2. Framkvæmdalán.

Framkvæmdaaðilar í félagslega íbúðakerfinu, þ.e. sveitarfélög og félagasamtök, eiga kost á að fá hluta af lánsfjárhæð greiddan á framkvæmdatíma. Algengast er að framkvæmdalán séu greidd framkvæmdaaðilum á 15 mánuðum með sem næst jöfnum mánaðarlegum afborgunum. Vextir framkvæmdalána eru 4,9% og er heimilt að greiða út allt að 90% af endanlegu láni á framkvæmdatíma. Þegar byggingu er lokið og lokaúttekt hefur farið fram er framkvæmdalánið gert upp og því breytt í langtímalán.

Veitt framkvæmdalán til sveitafélaga og félagasamtaka undanfarin ár, til byggingar og kaupa á félagslegum íbúðum, hafa verið í kringum 500 á ári. Árið 1990 og árið 1996 skera sig þó úr eins og fram kemur í töflunni.

Veitt framkvæmdalán 1990–96.

Ár	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Veitt lán	827	597	535	500	505	459	250

Fjöldi framkvæmdaheimilda á hverju ári á að byggjast á framlagi ríkisins til sjóðsins ár hvert. Á árinu 1992 var gengið út frá því að sjóðnum yrðu tryggðar í ríkisframlag tæpar 1.100 millj. kr. á ári til frambúðar. Þegar árið eftir var vikið frá þeirri stefnumörkun og ríkisframlagið lækkað. Árið 1996 var framlagið 400 millj. kr. og 300 millj. kr. árið 1997.

Eins og áður segir hefur félagslegum íbúðum fjölgað um 3.352 íbúðir frá árinu 1990. Er þar um að ræða bæði nýjar og notaðar íbúðir sem teknar hafa verið í notkun á tímabilinu. Átt er við þær íbúðir þar sem gengið hefur verið frá langtímaláni við uppgjör á áður veittu framkvæmdaláni sjóðsins.

Skipting milli nýrra og notaðra íbúða.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Nýjar íbúðir	480	273	359	563	925	409	341
Notaðar íbúðir	27	88	83	64	76	52	84
Samtals	**507**	**361**	**442**	**627**	**1.001**	**461**	**425**

Undanfarin ár hefur Húsnæðisstofnun lagt ríka áherslu á að framkvæmdaaðilar gangi úr skugga um hvort hagkvæmt sé að kaupa eldra húsnæði eða íbúðir í smíðum áður en tekin er ákvörðun um byggingu nýrra íbúða. Þetta hefur borið árangur, sérstaklega úti á landi þar sem mikið framboð er á notuðu húsnæði.

Rétt er að vekja athygli á því að víða á Vesturlöndum eru lánveitingar opinberra aðila og almennra húsnæðisstofnana með þeim hætti að lánveitingar miðast við fullbúnar íbúðir en fjármögnun framkvæmda er á verksviði banka og sparisjóða.

6.3. Endursöluíbúðir.

Endursölur félagslegra íbúða hafa stórlega aukist undanfarin ár eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Við endursölu er að öllu jöfnu veitt viðbótarlán sem er mismunurinn á áhvílandi láni og fullu láni sjóðsins, sem er allt að 90% af samþykktu íbúðaverði. Viðbótarlán þetta hefur að meðaltali lækkað þar sem við innlausn hefur þeim íbúðum smátt og smátt fækkað þar sem áhvílandi eru óverðtryggð eða hlutaverðtryggð lán, en að sama skapi hefur íbúðum með full verðtryggð lán fjölgað.

	1990	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**
Fjöldi endursöluíbúða	317	426	519	608	752	817	819
Viðbótarlán (heild), millj. kr.	370	476	632	551	417	477	500
Meðallán á íbúð, millj. kr.	1,2	1,1	1,2	0,9	0,6	0,6	0,6

Á árinu 1996 var gengið frá endursölu 819 íbúða. Árið 1990 voru íbúðirnar 317. Endursölur hafa aukist stórlega í kjölfar verulegrar aukningar félagslegra íbúða á síðastliðnum árum og einnig virðast eigendaskipti í félagslega íbúðakerfinu vera tíðari en áður. Miðað við upplýsingar frá félagsíbúðadeild Húsnæðisstofnunar má ætla að um 11% íbúða séu endurseldar árlega. Eigendaskipti virðast tíðari í félagslega íbúðakerfinu en á almennum fasteignamarkaði.

6.4. Íbúðaverð.

Á undanförnum árum hefur meðallán Byggingarsjóðs verkamanna til byggingar og kaupa á íbúðum lækkað. Þannig var meðallánið um 6,2 millj. kr. árið 1992, en er nú um 5,6–5,7 millj. kr. Ástæðurnar eru:

1. Kostnaðargrundvöllurinn var lækkaður um 5% í júní 1992.
2. Húsnæðismálastjórn setti stærðarreglur árið 1992 .
3. Sveitarfélögum var árið 1992 gert skylt að leggja fram sérstakt óafturkræft framlag, 3,5% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Við þetta lækkar söluverð til kaupenda og lán Byggingarsjóðs verkamanna sem því nemur.

4. Framkvæmdaaðilum var gert skylt að athuga fyrst um kaup á notuðu húsnæði áður en ráðist er í byggingu. Á þetta hefur verið lögð rík áhersla undanfarin ár.

6.5. Viðbótarlán.

Í nefnd þeirri er fjallaði um félagslegar íbúðir sveitarfélaga, sbr. kafla 2.5, var nokkur umræða um viðbótarlánin, þ.e. hin svokölluðu 100% lán, og reynsluna af þeim, sérstaklega með tilliti til þess hvort þeim sem fá slík lán sé hættara en öðrum lántakendum við að geta ekki staðið undir umsömdum greiðslum og missa íbúðir sínar á nauðungarsölu. Umsóknum um þessi aukalán hefur farið ört fjölgandi undanfarin ár eins og meðfylgjandi tafla sýnir:

	1992	1993	1994	1995	1996
Samþykkt viðbótarlán	63	99	113	179	176
Synjað um viðbótarlán	11	26	33	39	83
Samtals	74	125	146	218	259

Ekki er fjarri lagi að ætla að árlega hafi um 1.000 félagslegum íbúðum verið ráðstafað til nýrra eigenda undanfarin ár. Er þá átt við íbúðir sem koma til endursölu á ári hverju og nýjar íbúðir í kerfið sem seldar eru einstaklingum. Samkvæmt því hafa um 15–20% kaupenda fengið viðbótarlán síðastliðin ár (yfirleitt eru lánin ekki 100%, því að lögð er áhersla á að kaupendur leggi fram eigið fé, oft 2,5–5% af kaupverði). Við skoðun á 88 nauðungarsöluíbúðum, sem komið höfðu til skráningar hjá félagsíbúðadeild stofnunarinnar á árinu 1996, reyndust 29 íbúðarkaupendur hafa fengið viðbótarlán frá stofnuninni þegar kaupin voru gerð. Þetta þýðir að um þriðjungur nauðungarsöluíbúða voru með viðbótarlán. Lausleg skoðun fyrir árið 1995 sýndi að hlutfallið var um 25%.

Óvarlegt er að fullyrða mikið um reynsluna af viðbótarlánum út frá þessum tölum þar sem ekki eru allar nauðungarsölur skoðaðar og ýmsir þættir sem ekki er hægt að sjá fyrir nema með nákvæmri úttekt hafa áhrif. Allt að einu benda þessar tölur til að hlutfallslega fleiri íbúðir með áhvílandi viðbótarláni fari á nauðungarsölu en íbúðir þar sem ekki hefur verið veitt slíkt lán. Viðbótarlánin hafa hjálpað mörgum fjölskyldum til að koma sér þaki yfir höfuðið en jafnframt er ljóst að boginn er spenntur til hins ýtrasta og lítið eða ekkert má út af bregða. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Húsnæðisstofnun ríkisins kemur fram það álit að full ástæða sé til að kanna hvort ekki beri fremur að vísa því fólki út á leigumarkaðinn sem ekkert getur lagt til íbúðarkaupanna (bls. 92).

6.6. Nauðungarsölur.

Tölur lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar um fjölda íbúða sem seldar eru á nauðungarsölu sýna að þeim hefur fjölgað töluvert undanfarin ár. Ástæður þessa geta verið ýmsar, svo sem verri afkoma fólks almennt miðað við það sem áður var, breyttar eða hertar innheimtuaðgerðir, aukning viðbótarlána og of lítil eigin fjármögnun. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að komi til vanskila á lánum Húsnæðisstofnunar getur skuldari samið um vanskilin ef sýnt þykir að hann geti gert þau upp á tiltölulega skömmum tíma ásamt því að standa í skilum með afborganir lána. Ef vandinn er meiri á viðkomandi kost á aðstoð Ráðgjafastöðvar stofnunarinnar þar sem niðurstaðan getur verið skuldbreyting vanskila og frestun á afborgunum lána, oft í samvinnu við aðrar lánastofnanir.

Í töflunni sést fjöldi kröfulýsinga (uppboða) á árunum 1991–96, skipt á milli sjóða Húsnæðisstofnunar.

Fjöldi kröfulýsinga 1991–96.

	1992	1993	1994	1995	1996
Bygg.sj. ríkisins	236	266	249	253	172
Húsbréfadeild	39	121	179	233	258
Bygg.sj. verkam.	55	77	112	142	181
Samtals	330	464	540	628	611

Eins og sjá má fækkaði uppboðum milli áranna 1995 og 1996 með tilliti til heildarlána Húsnæðisstofnunar. Ef félagslegar íbúðir, þ.e. íbúðir með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna, eru skoðaðar kemur í ljós að uppboðum hefur fjölgað úr 142 árið 1995 í 181 árið 1996, eða liðlega 27%. Er það svipuð aukning og árin áður. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga hve vöxturinn í félagslega kerfinu hefur verið á liðnum árum, eða fjölgun íbúða um rúmlega helming frá árinu 1990. Á árinu 1996 voru 30% af öllum uppboðsíbúðum Húsnæðisstofnunar félagslegar eignaríbúðir. Sambærilegar hlutfallstölur fyrir árið 1995 eru 23% og árið 1994 um 21%. Miðað við að hlutfall félagslegra eignaríbúða er um 8% af íbúðum landsmanna er augljóst að greiðsluvandi íbúa í félagslegum eignaríbúðum er mikill. Þetta sést einnig á umsóknum til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna en eins og áður var vikið að voru á fyrsta starfsári stofunnar 23,5% afgreiddra umsókna vegna eigenda félagslegra eignaríbúða.

6.7. Kostnaður og ábyrgð vegna nauðungarsölu.

Sú regla gildir hjá Húsnæðisstofnun ef lán er ekki greitt á gjalddaga að 30 dögum síðar hefst innheimtuferill sem lýkur annaðhvort með því að skuldari gerir upp vanskil sín eða að íbúð viðkomandi er seld nauðungarsölu. Innheimtuferlinum má í stórum dráttum skipta í þrennt: Í fyrsta lagi er send ítrekun til skuldara, 30 dögum frá gjalddaga, í öðru lagi greiðsluáskorun, 90 dögum frá gjalddaga hafi greiðsla þá ekki verið innt af hendi og að síðustu nauðungarsölubeiðni. Nauðungarsölubeiðni er send sex mánuðum frá gjalddaga og hefst þá uppboðsferillinn. Honum er skipt í þrjú stig; fyrsta fyrirtaka, byrjun uppboðs og framhald uppboðs.

Meðan á innheimtuferlinum stendur getur skuldari leitað til Húsnæðisstofnunar eða veðdeildar Landsbanka Íslands til þess að semja um greiðslur á vanskilum eða leitað eftir greiðslufrystingu lána sinna eða skuldbreytingu. Hægt er að fresta uppboðsmálum meðan umsókn er í vinnslu og einnig er uppboðsmál afturkallað ef samþykkt hefur verið að veita skuldara fyrirgreiðslu. Af þessum sökum m.a. getur innheimtuferillinn verið mjög mislangur eftir því hver á í hlut. Þannig virðist það ekki vera mjög óalgengt, hvað varðar íbúðir sem að lokum eru seldar nauðungarsölu, að ferillinn geti tekið 1½ ár til 2 ár.

Á uppboði ber viðkomandi sveitarfélagi að leysa til sín félagslegar eignaríbúðir sem byggðar hafa verið á þeirra vegum. Kaupverðið er matsverð hennar, skv. 88. gr. og 89. gr. laga nr. 97/1993. Kaupverð húsnæðisnefndarinnar er því alveg óháð því hver vanskil fyrri eiganda eru eða hvort Húsnæðisstofnun hafi fengið allar kröfur sínar greiddar á uppboðinu. Ef útreiknaður eignarhluti uppboðsþola (10%) dugar ekki og krafa stofnunarinnar fæst ekki greidd á uppboðinu, að hluta eða öllu leyti, fellur það sem á vantar á Byggingarsjóð verkamanna. Stofnunin á samt sem áður enn kröfur á uppboðsþola, en eðli máls samkvæmt eru litlar líkur á að krafan fáist greidd. Athugun leiðir í ljós að meðalkrafa eftir nauðungarsölu á félagslegum íbúðum sé um 700–900 þús. kr. á íbúð. Í þessari tölu eru ekki eingöngu vanskil í eiginlegri merkingu, heldur einnig dráttarvextir (oft 30–40% af heild) og kostnaður ýmiss

konar, svo sem greiðsla í ríkissjóð og kostnaður vegna vanrækts viðhalds uppboðsþola samkvæmt mati húsnæðisnefndar. Ætla má að undanfarin ár hafi um 60–70 íbúðir verið seldar nauðungarsölu á ári, sem þýðir að kostnaður Byggingarsjóðs verkamanna vegna þessa er um 50–55 millj. kr.

Á uppboði verður viðkomandi sveitarfélag eigandi íbúðarinnar og ber af henni skatta og skyldur og hirðir af henni arð. Frágangur og endursala þessara íbúða til nýs kaupanda tekur oft nokkuð langan tíma. Oftar en ekki er ástæðan sú að illa gengur að fá uppboðsþola til að rýma íbúðina. Samkvæmt upplýsingum húsnæðisnefndar Reykjavíkur eru uppboðsíbúðir nú seldar aftur eftir 8–10 mánuði að meðaltali. Kostnaður sveitarfélagsins af íbúðunum á þessum tíma er frá 70–100 þús. kr. vegna fasteignagjalda, trygginga, hússjóðs, viðhalds og þess háttar. Kostnaður annarra sveitarfélaga í landinu virðist vera mjög svipaður.

Samkvæmt framansögðu má áætla að heildarkostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna uppboðsíbúða í félagslega kerfinu sé um 55–60 millj. kr. á ári.

6.8. Auðar íbúðir.

Frá árinu 1995 hefur Húsnæðisstofnun gert þrjár sérstakar athuganir eða kannanir á fjölda félagslegra eignaríbúða sem ekki hefur tekist að ráðstafa, þ.e. hvorki selja né leigja. Athugað var hversu margar íbúðir í viðkomandi sveitarfélagi hafi staðið auðar. Í fyrsta lagi lengur en tvo mánuði, í öðru lagi lengur en sex mánuði og að síðustu lengur en eitt ár. Jafnframt var leitað upplýsinga um félagslegar eignaríbúðir sem ekki hefur tekist að selja, en verið leigðar í þess stað. Niðurstaða þessara þriggja athugana fyrir landið í heild var eftirfarandi:

	Fjöldi íbúða auðar lengur en 2 mánuði	**Fjöldi íbúða auðar lengur en 6 mánuði**	**Fjöldi íbúða auðar lengur en 1 ár**	**Fjöldi fél. eignaríbúða í leigu**
Athugun í nóv. 1995	102	53	25	172
Athugun í maí 1996	140	89	30	234
Athugun í okt. 1996	116	79	32	266

Ef skoðuð er þróun á fjölda íbúða sem staðið hafa auðar í sex mánuði eða lengur (en telja má að illa sé fyrir komið með íbúðir sem hafa verið auðar í svo langan tíma) sést að þeim hefur fjölgað úr 53 í nóvember 1995 í 79 í október 1996. Hafði þeim þó fækkað um 10 frá athuguninni í maí sama ár. Fjöldi félagslegra íbúða í leigu eykst hins vegar um nærri 55% milli ára, úr 172 íbúðum í 266 íbúðir árið 1996.

Ef athugun Húsnæðisstofnunar sem gerð var í október 1996 er skoðuð sérstaklega kemur í ljós að samtals 116 félagslegar íbúðir höfðu staðið auðar lengur en tvo mánuði, 79 íbúðir lengur en sex mánuði og 32 íbúðir lengur en eitt ár.

Hjá félagsíbúðadeild Húsnæðisstofnunar voru í október 1996 skráðar 10.195 félagslegar íbúðir. Skipting þeirra eftir kjördæmum var eftirfarandi:

Skipting félagslegra íbúða 1996 eftir kjördæmum

Kjördæmi	Fjöldi íbúða	Hlutfallsleg skipting
Reykjavík	4.649	47%
Reykjanes	2.030	20%
Vesturland	355	3%
Vestfirðir	516	5%
Norðurland vestra	458	4%
Norðurland eystra	1.199	12%
Austfirðir	534	5%
Suðurland	454	4%
Samtals:	10.195	100%

Ef miðað er við þær íbúðir sem staðið hafa auðar lengur en tvo mánuði er hlutfall þeirra af heildarfjölda félagslegra íbúða 1,14%, ef miðað er við sex mánuði er hlutfallið 0,77% og ef miðað er við íbúðir sem hafa staðið auðar lengur en eitt ár er hlutfallið 0,31%.

Skipting auðra íbúða eftir kjördæmum og hlutfall þeirra af fjölda félagslegra íbúða í viðkomandi kjördæmi er eftirfarandi samkvæmt fyrrnefndri athugun:

	Fjöldi íbúða auðar lengur en 2 mánuði	**Hlut-fall**	**Fjöldi íbúða auðar lengur en 6 mánuði**	**Hlut-fall**	**Fjöldi íbúða auðar lengur en 1 ár**	**Hlut-fall**
Reykjavík	15	0,32%	8	0,17%	0	0,00%
Reykjanes	6	0,30%	3	0,15%	0	0,00%
Vesturland	4	1,13%	2	0,56%	2	0,56%
Vestfirðir	56	10,85%	44	8,53%	20	3,88%
Norðurland vestra	5	1,09%	2	0,44%	0	0,00%
Norðurland eystra	7	0,58%	3	0,25%	0	0,00%
Austurland	8	1,50%	6	1,12%	2	0,37%
Suðurland	15	3,30%	11	2,42%	8	1,76%

Af þessu má ráða að vandamálið er að stærstum hluta bundið við eitt kjördæmi, Vestfirði, en þar eru yfir 50% þeirra íbúða sem hafa verið auðar lengur en sex mánuði. Einnig er hlutfall auðra íbúða merkjanlega hærra á Suðurlandi en í hinum kjördæmunum (að Vestfjörðum frátöldum). Í fyrri athugunum voru hlutföllin nokkuð álíka hvað þetta varðar.

Ástæða er til að vekja athygli á því að þetta vandamál, þ.e. að íbúðir standa auðar í ýmsum sveitarfélögum eða seljast ekki, er ekki eingöngu bundið við félagslegar íbúðir. Sama gildir um íbúðir á almennum markaði þar sem atvinnuástand er bágborið, fólksfækkun hefur orðið og fasteignamarkaðurinn er almennt veikur. Engar sérstakar athuganir eða kannanir hafa verið gerðar á umfangi þessa vanda. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að endursala íbúða á almennum markaði á landsbyggðinni er erfiðari viðfangs fyrir einstaklinga en í félagslega kerfinu þar sem kaupskylda sveitarfélaga tryggir örugga endursölu.

6.9. Framlög sveitarfélaga.

Á tímabilinu 1980–90 lögðu sveitarfélög fram óafturkræft framlag vegna félagslegra eignaríbúða er nam 10% byggingarkostnaðar. Framlag þetta var í raun lagt í Byggingarsjóð verkamanna sem síðan lánaði út 80% byggingarkostnaðar.

Þegar lögunum var breytt 1990 var þessu fyrirkomulagi breytt. Í stað óafturkræfs framlags var tekið upp framlag sem var í formi láns til Byggingarsjóðs verkamanna. Er það gert með því að sveitarfélögin kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun sem hún endurgreiðir sveitarfélaginu á 15 árum en vextir eru þeir sömu og á lánum Byggingarsjóðs verkamanna til eignaríbúða. Ef miðað er við meðalíbúð í félagslega kerfinu sem kostar 7.200.000 kr. er lán sveitarfélagsins 694.800. kr.

Samkvæmt 42. gr. laga nr. 97/1993 skal sveitarfélag einnig leggja fram sem sérstakt óafturkræft framlag 3,5% af kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar á vegum sveitarfélagsins. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að lækka verð félagslegra íbúða en þetta þýðir að söluverð þeirra er 3,5% lægra en ella. Miðað við meðalíbúð eins og í dæminu á undan verður framlag sveitarfélagsins 252.000 kr. Þá var einnig gert ráð fyrir greiðslu framlagsins þegar um aðra framkvæmdaaðila en sveitarfélög er að ræða en með lögum nr. 58/1995 var greiðsla framlagsins háð samþykki sveitarstjórnar.

6.10. Staða Byggingarsjóðs verkamanna.

Samkvæmt athugunum á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna er ljóst að mjög hratt gengur á eigið fé sjóðsins og að grípa þarf til aðgerða til að koma í veg fyrir að sjóðurinn komist í þrot. Framlög ríkisins hafa dregist saman umfram samdrátt í útlánum og aðgerðir til að draga úr fjárþörf hafa ekki allar gengið eftir. Á síðastliðnum árum hefur niðurgreiðsla Byggingarsjóðs verkamanna aukist jafnt og þétt en framlög til sjóðsins minnkað. Samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins 31. desember 1996 var eigið fé hans 7,7 milljarðar kr. og hafði rýrnað um 900 millj. kr. frá árinu áður. Á árinu 1996 voru vaxtagjöld og gengistap 1.322 millj. kr. umfram vaxtatekjur sem er í raun niðurgreiðsla félagslega húsnæðiskerfisins. Í ár er framlag ríkissjóðs lækkað úr 400 millj. kr. í 300 millj. kr. og því er viðbúið að umfang niðurgreiðslunnar aukist enn á árinu 1997. Samkvæmt úttekt húsnæðismálastjórnar dagsettri 11. febrúar 1997, sem gerð var samkvæmt beiðni félagsmálaráðherra, má gera ráð fyrir að miðað við óbreyttan rekstur verði eigið fé sjóðsins komið í þrot á árinu 2004.

Í ársskýrslu Húsnæðisstofnunar fyrir árið 1996 kemur fram að vextir á útlánum sjóðsins voru að meðaltali 2,4% á árinu, en vextir af teknum lánum voru að meðaltali um 6,2%. Ef eignir sjóðsins eru núvirtar með sömu vöxtum og eru á teknum lánum er verðmæti þeirra 35.506 millj. kr. sem er 13.573 millj. kr. lægra en bókfært verð þeirra (bls. 46). Bókfært eigið fé sjóðsins er 7,7 milljarðar kr., eins og áður segir, en það væri neikvætt um 5,9 milljarða kr. ef eignir sjóðsins (útlánin) væru bókfærð með framangreindum hætti. Ljóst er samkvæmt framangreindu að fjárhagsstaða sjóðsins er afar slæm og óviðunandi.

Miðað við óbreytt kerfi kæmi einkum tvennt til greina til að bjarga sjóðnum frá greiðsluþroti, þ.e. annars vegar hækkun vaxta og hins vegar aukið ríkisframlag. Vextir hjá Byggingarsjóði verkamanna voru síðast hækkaðir árið 1993 úr 1% í 2,4%. Útreikningar benda til þess að vextir á félagslegum íbúðalánum þurfi að hækka um og yfir 1%, úr 2,4% í allt að 3,6%, svo að tryggt sé að núverandi eiginfjárstaða sjóðsins haldist miðað við að framlag ríkissjóðs sé a.m.k. 400 millj. kr. á ári. Samkvæmt fjárlögum 1998 er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs í ár til Byggingarsjóðs verkamanna verði 275 millj. kr. Þannig er ljóst að miðað við þetta framlag þarf að hækka vexti á félagslegum íbúðalánum enn meira til þess að sjóðurinn fari ekki í greiðsluþrot að öllu öðru óbreyttu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. þátt.

Fyrsti þáttur frumvarpsins geymir I. kafla, þar sem fjallað er um tilgang laganna og orðskýringar. Hér er framsetningin önnur en í gildandi lögum, þar sem tekið er upp það nýmæli að skýra í sérstakri grein grunnhugtök frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er að stuðla að því, með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga, að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum og enn fremur að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Greinin felur ekki í sér breytingu á þessu meginmarkmiði. Þó er orðalagi breytt með þeim hætti að í stað þess að geta um markmið er í greininni fjallað um tilgang.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli. Til þess að stuðla að gleggri og skýrari framsetningu er í upphafi frumvarpsins skýrð merking grunnhugtaka frumvarpsins. Jafnframt veita orðskýringarnar nokkra vísbendingu um innihald og uppbyggingu frumvarpsins. Flest orðanna eru þegar notuð í núverandi löggjöf og fela því ekki í sér nýja merkingu. Má þar nefna orðin fasteignaveðbréf, húsbréf og félagasamtök. Með orðinu félög er vísað til orðsins fyrirtæki í núgildandi löggjöf. Sú breyting er gerð að ekki er vísað til einstaklinga í upptalningunni. Það útilokar á hinn bóginn ekki að þeir geti rekið félög sem frumvarpið tekur til. Nauðsynlegt er að skýra orðin félög og félagasamtök þegar kemur að því að ákveða hvaða aðilar skuli eiga kost á lánum til byggingar leiguíbúða, samkvæmt VIII. kafla frumvarpsins. Um rétt einstaklinga til lána fer að öðru leyti eftir VI. kafla og VII. kafla frumvarpsins. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 2. þátt.

Í 2. þætti frumvarpsins eru í þremur köflum ákvæði er fjalla um stjórnskipulag húsnæðismála. Framsetning þessara ákvæða er með öðrum hætti en í gildandi lögum. Tilgangurinn með henni er að veita glögga yfirsýn yfir þau stjórnvöld sem hafa með höndum framkvæmd húsnæðislöggjafarinnar og hver séu helstu verkefni þeirra. Horfir þetta til einföldunar miðað við framsetningu gildandi löggjafar, sem geymir meðal annars fyrirmæli um verkefni húsnæðismálastjórnar, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og húsbréfadeildar, sem hefur mikið sjálfstæði innan Húsnæðisstofnunar ríkisins. Einnig er í sumum ákvæðum núgildandi laga fjallað um verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins. Auk þessa koma sveitarfélög og húsnæðisnefndir einnig að húsnæðismálum. Í II. kafla er að finna almenna lýsingu á stjórnkerfi húsnæðismála, þar sem félagsmálaráðherra fer með yfirstjórnina. Í III. kafla er síðan fjallað um Íbúðalánasjóð, stjórn hans, helstu verkefni og skipulag. Loks er í IV. kafla fjallað um húsnæðisnefndir sveitarfélaga, skipan þeirra og verkefni.

Um 3. og 4. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn húsnæðismála og beri stjórnskipulega ábyrgð á framkvæmd þeirra. Til þess að annast stjórn og framkvæmd húsnæðismála í umboði ráðherra er gert ráð fyrir stofnun Íbúðalánasjóðs, sem verði sjálfstæð ríkisstofnun. Með sjálfstæðri ríkisstofnun er vísað til þeirra almennu reglna sem

gilda um samband æðra og lægra stjórnvalds og um heimildir æðra stjórnvalds til afskipta af einstökum málum. Ekki er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra hafi afskipti af starfsemi sjóðsins, nema með setningu stjórnvaldsfyrirmæla. Þrátt fyrir þetta felst þó ekki takmörkun á rétti félagsmálaráðherra sem yfirstjórnanda húsnæðismála til þess að krefja sjóðinn um upplýsingar og gögn um málefni sjóðsins, þar á meðal um einstök mál. Sú staðreynd að sjóðurinn skuli vera ráðgefandi fyrir félagsmálaráðherra og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum takmarkast að sjálfsögðu af því sem fram kemur í einstökum greinum frumvarpsins og þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem kunna að verða gefin á grundvelli þeirra.

Um 5. og 6. gr.

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er fjallað um þá stjórnsýslu er sveitarfélög skulu hafa með höndum. Skylda sveitarstjórna verður eftir sem áður að eiga frumkvæði að því að leysa úr húsnæðisþörf fólks í sveitarfélaginu og aðstoða það við öflun húsnæðis og kanna þörf á húsnæði í sveitarfélaginu. Um skyldur sveitarfélaga til þess að tryggja framboð á íbúðarhúsnæði handa þeim sem búa við erfiðar aðstæður er fjallað í 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þykir eðlilegra að í þeim lögum sé fjallað um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum.

Til þess að fara með stjórn og samræmingu húsnæðismála í sveitarfélaginu skipa sveitarfélög húsnæðisnefndir.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um skipan Íbúðalánasjóðs. Í samræmi við þá grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar að ráðherra beri stjórnskipulega ábyrgð á þeim málaflokki eða málaflokkum, sem honum eru fengnir samkvæmt lögum, er eðlilegt að hann skipi stjórn Íbúðalánasjóðs. Í gildandi lögum og í eldri löggjöf hefur verið við það miðað að húsnæðismálastjórn, er fari með stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, skuli kosin hlutbundinni kosningu af Alþingi eftir hverjar kosningar og varamenn með sama hætti. Breytilegt hefur verið hve margir hafa setið í húsnæðismálastjórn, eins og rakið er í almennum athugasemdum. Þá hefur jafnframt verið breytilegt hverjir hafi haft rétt til þess að tilnefna menn til setu í húsnæðismálastjórn.

Sé litið yfir þróun löggjafar um afskipti opinberra aðila af húsnæðismálum er ljóst að hún hefur einkennst nokkuð af því hvernig staðið hefur verið að fjármögnun húsnæðislánakerfisins og útdeilingu þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar hafa verið hverju sinni. Með því að fela Alþingi afskipti af skipun húsnæðismálastjórnar má segja að í því hafi verið fólgið visst eftirlit með ráðstöfun þeirra fjármuna sem Húsnæðisstofnun voru fengnir til ráðstöfunar. Þegar litið er til þess að með frumvarpinu er stefnt að því að Íbúðalánasjóður verði fjárhagslega sjálfstæður, að fjármunum til húsnæðismála er að miklu leyti aflað með sölu skuldabréfa á almennum markaði og að það er félagsmálaráðherra sem fer með yfirstjórn húsnæðismála í landinu verður ekki séð að sérstök ástæða sé til þess að Alþingi kjósi stjórn Íbúðalánasjóðs með sama hætti og fyrr. Auk þess ber að líta til þess að Íbúðalánasjóður kemur til með að lúta eftirliti þeirra stofnana er undir Alþingi heyra, Ríkisendurskoðunar og eftir atvikum umboðsmanns Alþingis.

Um 8. gr.

Til þess að annast daglegan rekstur stofnunarinnar er gert ráð fyrir því að stjórn Íbúðalánasjóðs ráði framkvæmdastjóra. Ekki þykir rétt að það sé í verkahring ráðherra að skipa framkvæmdastjóra eins og nú er ætlast til í 6. gr. gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er gert ráð fyrir því

að fjármálaráðherra birti lista yfir þá starfsmenn sem ekki eru taldir upp í ákvæðinu og teljast embættismenn. Ekki er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs falli undir þessa upptalningu. Því er gert ráð fyrir að um framkvæmdastjóra gildi ekki ákvæði II. hluta starfsmannalaga. Þykir fara betur á þessu þegar litið er til þess að það er stjórn Íbúðalánasjóðs sem ber endanlega ábyrgð á rekstri sjóðsins og að þau markmið sem sett eru náist. Framkvæmdastjóri hans ber síðan ábyrgð á þeim störfum sem honum eru falin gagnvart stjórn sjóðsins. Af þessu leiðir enn fremur að framkvæmdastjóri verður ekki bundinn af ákvörðunum kjaranefndar og kjaradóms um starfskjör sín. Ætti því stjórn Íbúðalánasjóðs að hafa aukið svigrúm til þess að ráða mann í starf framkvæmdastjóra.

Með því að taka fram að framkvæmdastjóri skuli framfylgja ákvörðunum stjórnar Íbúðalánasjóðs er ekki einvörðungu verið að undirstrika hlýðniskyldu framkvæmdastjóra, heldur einnig að leggja áherslu á að stjórn Íbúðalánasjóðs geti falið honum önnur verkefni en tilgreind eru í greininni.

Greinin gerir ekki ríkari hæfniskröfur til framkvæmdastjóra en almennt eru gerðar til ríkisstarfsmanna. Gera verður þó ráð fyrir því að framkvæmdastjóri hafi þá viðbótarþekkingu og reynslu sem stjórn Íbúðalánasjóðs telur nauðsynlega að framkvæmdastjóri hafi til þess að geta gegnt starfinu.

Um 9. gr.

Meginverkefni stjórnar Íbúðalánasjóðs verður að annast framkvæmd húsnæðislánakerfisins samkvæmt nánari fyrirmælum í þriðja þætti frumvarpsins. Auk þessa hefur stjórn sjóðsins á hendi þau verkefni er lúta að fjárhag og rekstri sjóðsins og að hann starfi í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um hann gilda hverju sinni. Jafnframt er vísað til þess að stjórn Íbúðalánasjóðs skuli koma á framfæri við almenning upplýsingum um hlutverk og þjónustu sjóðsins. Þó er gert ráð fyrir því að Íbúðalánasjóður geti eftir því sem fjárhagur hans leyfir veitt lán eða styrki til þess að stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum á íbúðamarkaði. Loks er ráðherra heimilt að fela sjóðnum viðbótarverkefni á sviði húsnæðismála, enda sé það gert með reglugerð.

Um 10. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður verði fjárhagslega sjálfstæð stofnun og að ekki þurfi í framtíðinni bein fjárframlög úr ríkissjóði til þess að standa undir starfsemi hans. Við það er miðað að Íbúðalánasjóður standi undir þeim verkefnum sem honum eru falin með vöxtum af lánastarfsemi sinni, ávöxtun eigna sinna og með sölu húsnæðisbréfa. Tímabundið er þó gert ráð fyrir sérstökum fjárframlögum af fjárlögum, eins og fram kemur í ákvæði VIII til bráðabirgða.

Um 11. gr.

Í núgildandi löggjöf er gert ráð fyrir því að varsla Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna sé hjá Seðlabanka Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn geti að fengnu samþykki félagsmálaráðherra ákveðið að sjóðirnir skuli varðveittir á annan hátt. Ekki þykir ástæða til þess að taka sérstaklega fram að varsla Íbúðalánasjóðs sé hjá Seðlabanka Íslands, enda hvílir sú skylda á stjórn Íbúðalánasjóðs að tryggja sem besta ávöxtun eigna sinna.

Í 2. mgr. er vísað til þess að Íbúðalánasjóður skuli, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra. Hér er stuðst við sama orðalag og er í núgildandi lögum um lánveitingar Byggingarsjóðs rík-

isins. Um lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna er gert ráð fyrir því að Íbúðalánasjóður semji með sama hætti við lánastofnanir um að þær annist afgreiðslu lána og innheimtu þeirra.

Um 12. gr.

Greinin er að meginhluta til samhljóða 1. mgr. 3. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Sveitarstjórn, sem kosin er við hverjar sveitarstjórnarkosningar, fer með æðsta vald í málefnum sveitarfélagsins og ber ábyrgð á rekstri þess og er jafnframt við framkvæmdir sínar bundin af lögum og almennum grundvallarreglum. Í greininni er mælt fyrir um að sveitarstjórnir skipi húsnæðisnefndir til þess að fara með vald sitt í húsnæðismálum. Það er lagt í vald sveitarstjórnar að ákveða hvort nefndarmenn í húsnæðisnefnd verði þrír eða fimm. Ekki þykir ástæða til að láta það ráðast af fjölda íbúa í sveitarfélaginu eins og nú er gert. Með þessu er sveitarstjórnum veitt færi á að skipuleggja störf húsnæðisnefnda eftir umfangi þeirra í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að samtök stærstu samtaka launafólks í sveitarfélaginu komi að skipun húsnæðisnefnda. Ekki er nánar tilgreint hvaða samtök launafólks sé þar um að ræða. Eins og rakið er í almennum athugasemdum við frumvarp þetta tóku stjórnir verkamannabústaða og sveitarstjórna við verkefnum byggingarfélaga verkamanna með lögum nr. 30/1970. Með lögum nr. 70/1990 var síðan ákveðið að húsnæðisnefndir kæmu í stað stjórna verkamannabústaða. Þegar litið er til þess að það er sveitarstjórn sem ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðismála í sveitarfélaginu og það getur skipt hana miklu hvernig verkefni húsnæðisnefnda eru skipulögð, verður að telja eðlilegt að sömu reglur gildi um skipun húsnæðisnefnda og um skipun annarra nefnda sveitarfélags. Þá er á það að líta að samkvæmt sveitarstjórnarlögum geta sveitarstjórnir falið öðrum nefndum sveitarfélagsins verkefni húsnæðisnefnda. Í ljósi þess er ekki eðlilegt að takmarka í þessu frumvarpi þann rétt sveitarstjórna.

Um 14. gr.

Í greininni eru tilgreind þau meginverkefni sem húsnæðisnefndir skulu hafa með höndum. Upptalningin er ekki tæmandi og getur sveitarstjórn ákveðið að fela húsnæðisnefnd frekari verkefni, sbr. 2. mgr.

Við það að taka upp viðbótarlán til þeirra sem eru tekjulágir og búa við erfiðar aðstæður, ásamt því að leggja af byggingu og úthlutun félagslegra eignaríbúða, er ljóst að umtalsverðar breytingar munu verða á umfangi þess starfs sem húsnæðisnefndir hafa haft með höndum þegar fram í sækir. Samkvæmt þessu verður aukin áhersla lögð á þau verkefni húsnæðisnefnda að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á húsnæði og eiga frumkvæði að því að aflað verði húsnæðis í því skyni að aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun. Þá verður það í verkahring húsnæðisnefnda að leggja mat á aðstæður umsækjanda um viðbótarlán. Auk þessa er gert ráð fyrir því að húsnæðisnefndir hafi með höndum upplýsingagjöf til íbúa sveitarfélagsins um húsnæðismál. Í 5. tölul. er það nýmæli tekið upp að það skuli vera meðal verkefna húsnæðisnefnda að aðstoða aldraða og samtök þeirra við öflun húsnæðis, með ráðgjöf við útboð, byggingarframkvæmdir, samningsgerð og fleiri þætti.

Í 3. mgr. er sveitarstjórnum veitt heimild til þess að taka gjöld fyrir þá þjónustu sem húsnæðisnefndir veita samkvæmt lögum þessum. Mikilvægt er að kostnaðargrundvöllur slíkrar gjaldtöku sé skýr.

Um 3. þátt.

Í 3. þætti er fjallað um lánveitingar Íbúðalánasjóðs, sem einu nafni nefnast húsnæðislán. Framsetningin er hér önnur en í gildandi lögum, sem einkum leiðir af sameiningu byggingarsjóðanna og veitingu viðbótarlána til einstaklinga. Í þessum þætti eru fjórir kaflar, V. kafli um lánveitingar Íbúðalánasjóðs, VI. kafli um almenn lán og húsbréf, VII. kafli um viðbótarlán og VIII. kafli um lánveitingar til leiguíbúða.

Um V. kafla.

Kaflinn geymir almenn ákvæði um lánveitingar Íbúðalánasjóðs. Meginbreytingin frá núgildandi lögum felst í veitingu viðbótarlána til einstaklinga og að ekki er lengur gert ráð fyrir sérstökum framkvæmdarlánum til byggingaraðila.

Um 15. gr.

Lánveitingar Íbúðalánasjóðs eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er um að ræða almenn lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, sem í daglegu tali eru einnig nefnd húsbréfalán. Eins og í núverandi löggjöf er ekki gert að skilyrði að lánveitingin sé vegna kaupa á eigin íbúð. Í öðru lagi eru í greininni tilgreind viðbótarlán og loks í þriðja lagi lán til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um heimild til þess að stofna til nýrra lánaflokka að því tilskildu að gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlunum sjóðsins fyrir það ár sem fjárveiting fer fram. Ekki þykir ástæða til þess að lögbinda sérstaklega þá lánaflokka sem unnt er að lána til í þessu sambandi. Þó er gert ráð fyrir því að heimildinni verði beitt í samræmi við þær heimildir sem verið hafa í núgildandi lögum. Þannig verður áfram gert ráð fyrir því að unnt verði að stofna sérstaka lánaflokka vegna bygginga fyrir aldraða, til dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, til einstaklinga með sérþarfir, vegna greiðsluerfiðleika einstaklinga, þar sem skilyrði er að greiðsluvandinn stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum, vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum, sbr. 27. gr. a núgildandi laga. Á sama hátt og í gildandi lögum eru slíkar lánveitingar háðar mati stjórnar Íbúðalánasjóðs hverju sinni.

Orðalag greinarinnar útilokar ekki að Íbúðalánasjóður veiti einstaklingum almenn lán til þess að byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði sem ætlað er til útleigu, ef stjórn Íbúðalánasjóðs telur þess háttar lánveitingar eðlilegar og hagkvæmar.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 19. og 22. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er að finna efnislega samhljóða ákvæði og er að finna í IV. kafla gildandi laga, er fjallar um húsbréfaviðskipti. Þó hafa verið gerðar breytingar á framsetningu einstakra ákvæða og orðalagi í þeim tilgangi að skýra frekar almennar lánveitingar Íbúðalánasjóðs og starfsemi húsbréfadeildar. Í þessu skyni eru tekin upp ákvæði um fasteignaveðbréf og lánskjör þeirra sem ekki er að finna í núgildandi lögum. Þá er sú breyting gerð að það skal vera stjórn Íbúðalánasjóðs sem tekur ákvarðanir í stað húsbréfadeildar. Þykir það eðlilegra, þar sem það er Íbúðalánasjóður sem ber ábyrgð á rekstri og starfsemi húsbréfadeildar.

Um 18. gr.

Greinin er sama efnis og 20. gr. núgildandi laga.

Um 19. gr.

Rétt er að hafa sérstakt ákvæði um fasteignaveðbréf sem kaupandi íbúðarhúsnæðis gefur út og hvaða meginreglur gildi um slík skuldabréf.

Í 2. mgr. er vikið frá þeirri reglu 27. gr. gildandi laga að skipta megi á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf, sem nema megi allt að 75% af eðlilegu matsverði fasteignar. Í stað þess er miðað við að hámark þetta verði fært niður í 70% þegar umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars 65%. Er þetta í samræmi við það fyrirkomulag sem verið hefur. Þá er einnig til þess að líta að heildarlánveiting til íbúðakaupa, þ.e. almennt lán og viðbótarlán, fari ekki yfir 90% af kaupverði íbúðar, sbr. skýringu við 31. gr.

Um 20. gr.

Greinin er sama efnis og 2. mgr. 27. gr. gildandi laga.

Um 21. gr.

Greining fjallar um lánskjör fasteignaveðbréfa. Í 1. mgr. er stuðst við efni 26. gr. gildandi laga að því slepptu að ekki er gert ráð fyrir því að unnt sé að áskilja að einungis verðtryggð skuldabréf verði gjaldgeng í skiptum fyrir húsbréf.

Í 3. og 4. mgr. er mælt fyrir um frá hvaða tíma fasteignaveðbréf skuli bera vexti og verðbætur og um vaxtakjör.

Um 22. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 23. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Greinin er sama efnis og 24. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. og 4. mgr. 27. gr. a gildandi laga. Greininni er ekki ætlað að útiloka þær heimildir sem verið hafa til þess að saman fari frestun afborgana og sérstakar lánveitingar vegna greiðsluerfiðleika, sbr. skýringu við 16. gr.

Um 25. gr.

Greinin er sama efnis og 28. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 25. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu til skráningar húsbréfa á Verðbréfaþingi Íslands.

Í 2. mgr. er að finna efnislega svipað ákvæði og nú er í 31. gr. gildandi laga. Sú breyting er þó gerð að í stað verðbréfamiðlara koma fyrirtæki sem hafa fengið leyfi til þess að stunda verðbréfaviðskipti. Er þessi breyting nauðsynleg þar sem hugtak þetta er ekki notað lengur sem lögbundið starfsheiti. Í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti er notað hugtakið „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu“ um verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlun.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Greinin geymir almenna heimild fyrir ráðherra til þess að setja frekari fyrirmæli í reglugerð um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfaviðskipta og þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

Hér er lagt til að tekin verði upp sérstök viðbótarlán, auk almenns láns, sem veitt verði þeim sem búa við erfiðar aðstæður. Með viðbótarláninu getur heildarlánveitingin numið allt að 90% af kaupverði íbúðar. Með þessu er stuðlað að því að þeir sem búa við slíkar aðstæður og eiga ekki kost á lánsfjármagni á almennum markaði geti fjármagnað eigin íbúðarkaup, sem þeir ættu ella ekki kost á. Með núverandi vaxtabótakerfi ásamt þeim breytingum sem gerðar verða á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, samhliða frumvarpi þessu, er síðan vegið á móti þeim áhrifum sem hækkun vaxta hefur í för með sér. Er við það miðað að þeir sem kost eiga á viðbótarláni verði ekki verr settir en þeir væru hefðu þeir keypt félagslega eignaríbúð samkvæmt því kerfi er nú gildir.

Til þess að mæta kostnaði vegna tapaðra viðbótarlána og kostnaði við innheimtu hugsanlegs taps á viðbótarlánum gerir frumvarpið ráð fyrir því að sveitarfélög greiði tiltekið hlutfall af viðbótarlánum í sérstakan varasjóð, samkvæmt nánari fyrirmælum í 47. gr.

Gert er ráð fyrir því að framkvæmd viðbótarlánveitinga verði þannig að húsnæðisnefndir sveitarfélaga hafi það verkefni að kanna þörf fyrir íbúðarhúsnæði og aðstoða fólk við húsnæðisöflun. Sveitarfélög geri síðan áætlun um þörf fyrir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, sem þau senda Íbúðalánasjóði með ósk um að sjóðurinn veiti viðbótarlán upp að tilteknu hámarki, sem húsnæðisnefnd hafi heimild til þess að ávísa á. Stjórn Íbúðalánasjóðs fer yfir þessar áætlanir og þau gögn sem þær byggjast á og ákveður hámark lánsheimildar sem sveitarfélagi er heimilt að nýta og miðað við það heildarfjármagn sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar í það skiptið. Miðað er við að í lok hvers árs liggi fyrir hverjar verði lánsheimildir húsnæðisnefndar fyrir næsta ár.

Um 31. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að húsnæðisnefnd sé heimilt að vísa á allt að 25% viðbótarlán hjá Íbúðalánasjóði, sem síðan sjái um afgreiðslu lánsins auk almenna lánsins. Tekið er fram að almennt lán og viðbótarlán geta aldrei orðið hærra en 90%. Greiðsla viðbótarláns er síðan skilyrt því að húsnæðisnefnd greiði framlag sitt í varasjóð. Leiði greiðslufall til tjóns fyrir Íbúðalánasjóð getur hann gengið að varasjóðnum, sbr. 46. gr.

Gert er ráð fyrir að húsnæðisnefnd ákveði á grundvelli greiðslumats, sem nefndin annast og ber ábyrgð á, hversu hátt viðbótarlánið megi vera. Nánari reglur um hverjir skuli eiga rétt á viðbótarláni og um framkvæmd greiðslumats verða settar í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tekið er fram að við setningu slíkrar reglugerðar skuli höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum og íbúðarstærð. Jafnframt er gert ráð fyrir því að í slíkri reglugerð verði unnt að gera kröfur um gerð og ástand þess húsnæðis sem um er að ræða. Er það í raun í samræmi við það sem lagt er til að gert verði varðandi ástand og gerð leiguhúsnæðis, sbr. 2. mgr. 37. gr. Gert er ráð

fyrir að tekið verði upp nýtt greiðslumat með hliðsjón af tillögum starfshóps um nýtt greiðslumat sem vísað er til í kafla 4.6 að framan. Þar er m.a. lagt til að Húsnæðisstofnun ríkisins (Íbúðalánasjóður samkvæmt frumvarpinu) og lánastofnanir vinni saman að nýju sameiginlegu greiðslumati vegna húsnæðislána og annarra lána þar sem tekjur, heildaryfirlit yfir skuldir, eignir og fjölskylduframfærsla eru grundvallarþættir.

Samkvæmt 18. gr. frumvarpsins setur stjórn Íbúðalánasjóðs viðmiðunarreglur um framkvæmd greiðslumats. Til þess að tryggja samspil almenns láns og viðbótarláns þykir rétt að taka upp heimildarákvæði í 3. mgr. þess efnis að ráðherra geti ákveðið í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu almenns láns þegar ljóst er að lántakandi verður jafnframt að taka viðbótarlán. Skilyrðin geta með öðrum orðum orðið vægari í því tilviki en almennt gerist. Verði frumvarpið að lögum munu þessir þættir þarfnast frekari athugunar og útfærslu, m.a. í ljósi skýrslu starfshóps um greiðslumat sem áður er vísað til, svo og í ljósi núgildandi reglugerðar nr. 592/1996, um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða. Með frumvarpinu er ekki ætlunin að þeir sem lagt geta fram 10% íbúðarverðs og rétt eiga á 90% láni samkvæmt núgildandi kerfi verði lakar settir í því kerfi sem við tekur samkvæmt frumvarpinu. Ætlast verður til þess að undirbúningsnefnd skv. 56. gr. frumvarpsins hugi strax að þessu atriði í samráði við starfsmenn Húsnæðisstofnunar, sveitarfélög og félagsmálaráðuneytið.

Í sveitarstjórnarlögum er að finna ítarleg ákvæði um fjármál sveitarfélaga. Er við það miðað að sveitarstjórn hafi fyrir lok janúarmánaðar gert fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð, stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár. Jafnframt er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn geti endurskoðað fjárhagsáætlun sveitarfélags ef í ljós koma breytingar á forsendum áætlunarinnar. Til samræmis við ákvæði sveitarstjórnarlaga er því tekið fram í 4. mgr. að sveitarstjórn sé heimilt að takmarka þann fjölda viðbótarlána sem hún hefur til ráðstöfunar hverju sinni, komi í ljós að forsendur fyrir fjárhagsáætluninni hafi breyst.

Um 32. gr.

Greinin fjallar um lánskjör viðbótarlána. Í 6. mgr. er tekið fram að vextir séu breytilegir og að stjórn Íbúðalánasjóðs skuli við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Tekið er fram að birta skuli slíkar ákvarðanir í Lögbirtingablaði. Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um að við veitingu viðbótarlána skuli að öðru leyti gilda meginreglur VI. kafla laga þessara um fasteignaveðbréf eftir því sem við á. Er þar meðal annars horft til 23. gr. um aukaafborganir og 24. gr. um frestun afborgana, svo og um matsverð íbúða, sbr. 20. gr.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvernig með skuli fara ef eigandi íbúðar, sem fengið hefur félagslegt lán, ákveður að selja íbúðina. Sett eru þau skilyrði að hann geri annaðhvort að greiða upp viðbótarlánið eða afla samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku kaupanda á láninu. Í slíkum tilvikum þarf að vera ljóst að nýr kaupandi uppfylli skilyrði fyrir veitingu viðbótarláns. Ekki er gert ráð fyrir því að undir slíkum kringumstæðum skerðist það heildarfjármagn til viðbótarlána sem húsnæðisnefndir sveitarfélaga fá heimild til að vísa á hverju sinni.

Um 34. gr.

Greinin veitir eiganda íbúðar, sem fengið hefur viðbótarlán, heimild til þess að leigja hana undir vissum kringumstæðum, að uppfylltum tilgreindum skilyrðum og með ákveðinni málsmeðferð. Með þessu er stuðlað að því að viðbótarlán séu veitt á réttum forsendum og

að einstaklingar er njóta viðbótarlána hafi visst svigrúm ef óvæntar og tímabundnar aðstæður leiða til þess að viðkomandi þarf að leigja íbúð sína. Ákveðnar skyldur eru lagðar á húsnæðisnefndir, enda þekkja þær aðstæður betur en Íbúðalánasjóður.

Um VIII. kafla.

Áfram er gert ráð fyrir lánveitingum til byggingar og kaupa leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka, þar á meðal húsnæðissamvinnufélaga. Um skyldur sveitarfélaga til þess að tryggja framboð á íbúðarhúsnæði handa þeim sem búa við erfiðar aðstæður er fjallað í 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt ákvæðinu skal sveitarstjórn, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja meðal annars framboð leiguhúsnæðis handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi að meginstefnu til um lánveitingar til byggingar leiguíbúða og áður. Þá er gert ráð fyrir að teknar verði upp viðræður milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig sveitarfélög komi nánar að fjármögnun lána til leiguíbúða og meðferð kaupleiguíbúða, en samkvæmt núgildandi lögum standa sveitarfélög með ýmsum hætti að slíkri fjármögnun. Gert er ráð fyrir því að niðurstaða þessara viðræðna liggi fyrir við gildistöku laga þessara.

Ekki er gert ráð fyrir veitingu sérstakra lána til byggingar kaupleiguíbúða. Í þess stað er gert ráð fyrir því að sveitarfélög geti, óski þau þess, ráðstafað leiguíbúðum sínum með kaupleigusamningi. Um samningskjör fer að öðru leyti eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Um 35. gr.

Lánveitingar til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði eru takmarkaðar við þau félög og félagasamtök sem félagsmálaráðherra hefur staðfest samþykktir eða stofnskrár fyrir. Af þessu leiðir að einstaklingar geta ekki átt kost á slíkum lánum, nema þeir hafi um þá starfsemi félög sem fullnægja framangreindum skilyrðum. Hér er um að ræða sérstakar lánveitingar sem lúta sérstökum skilmálum, þar á meðal um ákvörðun vaxta og leigugjalds. Þykir rétt að binda slíkar lánveitingar við tilgreinda aðila eins og verið hefur í framkvæmd.

Um 36. gr.

Til þess að félög eða félagasamtök geti átt kost á láni til byggingar leiguíbúða þurfa slíkir aðilar að uppfylla skilyrði sem snerta innra skipulag þeirra.

Gert er ráð fyrir því að félagasmálaráðherra leiti eftir umsögn sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar á því hvort hlutaðeigandi félag uppfylli skilyrði laganna. Tilgangurinn með þessu er, auk þess að tryggja vandaðri málsmeðferð, að tryggja að sveitarstjórnir og húsnæðisnefndir hafi ávallt vitneskju um fjölda þeirra félaga og félagasamtaka sem hafa að markmiði að byggja og reka leiguíbúðir. Fellur slíkt vel að skyldu sveitarfélaga til að fylgjast með þörf fólks fyrir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og aðstoða það við húsnæðisöflun. Tekið er fram að eldri samþykktir félaga og félagasamtaka, sem félagsmálaráðuneytið hefur samþykkt, halda gildi sínu.

Um 37. gr.

Í 1. mgr. er að finna efnislega samhljóða ákvæði og nú er í 115. gr. gildandi laga. Við það er miðað að áður en lánsloforð er veitt hafi umsækjandi lagt fram fullnægjandi gögn og upplýsingar um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir eða um kaup á húsnæði til útleigu.

Í 2. mgr. er fjallað um meðferð lánsumsókna. Tekið er fram að stjórn Íbúðalánasjóðs sé heimilt að hafna lánsumsókn ef íbúðarhúsnæði telst óvandað eða ófullnægjandi. Er slíkt í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. um að lánsumsókn sé afgreidd áður en byggingarframkvæmdir eru hafnar eða kaup á íbúðarhúsnæði eru gerð. Slík heimild er nauðsynleg þegar litið er til þess að í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð frekari ákvæði um skilyrði lána, þar á meðal um gerð íbúða, stærð þeirra, hagkvæmni og byggingarkostnað og til þess að tryggja sem lægst íbúðarverð. Þá getur verið rétt að binda lánveitingar ákveðnum skilyrðum þegar þeim íbúðum sem um er að ræða er ætlað að þjóna tilteknum hópi manna, svo sem barnafólki og þeim sem búa við erfiðar aðstæður, þar á meðal öryrkjum og öldruðum.

Um 38. gr.

Greinin geymir efnislega sömu ákvæði og gilda um lánveitingar til byggingar leiguíbúða, sbr. 52. gr. gildandi laga. Þó er gert ráð fyrir því að það verði stjórn Íbúðalánasjóðs sem ákveði vexti, að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 116. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 40. gr.

Greinin geymir almenn ákvæði um ráðstöfun leiguhúsnæðis og um rétt til leiguhúsnæðis. Í 1. mgr. eru þau meginsjónarmið rakin sem ráðandi verða um rétt einstaklinga til leiguhúsnæðis. Gert er ráð fyrir því að þessi sjónarmið verði nánar útfærð í reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í 2. mgr., sem er nýmæli, er mælt fyrir um rétt sveitarfélags, sem fengið hefur lán til leiguíbúða, til þess að ráðstafa leiguhúsnæði með kaupleigusamningi. Með kaupleigu er hér vísað til þess að leigutaki verði eigandi íbúðar þegar samanlagðar leigugreiðslur hans hafa náð tiltekinni fjárhæð. Gert er ráð fyrir því að fjallað verði nánar um þennan þátt í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga, sem getið er um í umfjöllun um VIII. kafla hér að framan.

Lokamálsgreinin er efnislega samhljóða lokamálsgrein 117. gr. núgildandi laga.

Um 41. gr.

Greinin er nýmæli. Í 35. og 36. gr. er að finna almenn ákvæði um skilyrði þess að félag og félagasamtök geti fengið lán hjá Íbúðalánasjóði til byggingar eða kaupa leiguíbúða. Ákvæði þessi eiga einnig við um þau félög sem sveitarfélög stofna í sama tilgangi. Greinin geymir á hinn bóginn sérstök skilyrði um það þegar sveitarfélag leggur slíku félagi til leiguíbúðir sínar.

Heimildir sveitarfélags til þess að stofna félag um rekstur leiguíbúða sinna eru ekki eingöngu bundnar við stofnun hlutafélags. Með slíkri ráðstöfun verður sveitarstjórn ekki laus við þær skuldbindingar sem hún eða húsnæðisnefnd hefur stofnað til vegna byggingar leiguíbúða, en þar á meðal eru lán sem tekin hafa verið til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum og ákvörðun leigugjalds vegna slíkra íbúða. Heimild þessi veitir sveitarfélögum á hinn bóginn möguleika að ná vissri hagkvæmni við rekstur leiguíbúða sinna.

Um 42. gr.

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 5. mgr. 73. gr. núgildandi laga. Sú breyting er þó gerð að félagsmálaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að mánaðarlegt leigugjald, sem

leigjandi greiðir fyrir afnot sín af leiguíbúð, skuli miðast við afborganir og vexti af láni Íbúðalánasjóðs til leiguíbúða, vaxtakostnað af framlagi þess aðila er stóð að byggingu húsnæðisins, sem jafnframt er eigandi íbúðarinnar, auk almenns rekstrarkostnaðar. Þar sem hér er um að ræða lánveitingar á sérstökum kjörum, sem ætlaðar eru til byggingar leiguíbúða fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður, er nauðsynlegt að unnt sé að ákveða leigufjárhæðina með þessum hætti.

Um 4. þátt.

Hér er að finna í fjórum köflum önnur ákvæði er lúta að framkvæmd einstakra ákvæða frumvarpsins og um gildistöku þess. Í IX. kafla er fjallað um kærunefnd húsnæðismála, sem er nýmæli. Í X. kafla er fjallað um sérstakan varasjóð vegna viðbótarlána og annarra tímabundinna verkefna, sem einnig eru nýmæli. Í XI. kafla er síðan að finna ýmis ákvæði og loks eru í XII. kafla ákvæði, er snerta gildistöku laganna.

Um IX. kafla.

Kaflinn fjallar um skipan og valdsvið kærunefndar húsnæðismála. Ákvæði kaflans eru nýmæli. Í núgildandi lögum hafa komið upp ýmis vandamál um valdsvið þeirra stjórnvalda sem hafa með framkvæmd húsnæðismála að gera. Að sumu leyti er skýringanna að leita í þeim breytingum sem löggjöf um húsnæðismál hefur sætt frá því að Húsnæðisstofnun ríkisins var komið á fót. Að öðru leyti er þeirra að leita í því að stjórnkerfi húsnæðismála hefur ekki verið svo skýrt sem skyldi. Í því sambandi má nefna að þegar stjórnir verkamannabústaða tóku við verkefnum byggingarfélaga verkamanna voru þær skipaðar af félagsmálaráðherra og töldust því hluti af stjórnsýslu ríkisins. Síðar tóku húsnæðisnefndir við verkefnum stjórna verkamannabústaða. Jafnhliða þessu starfaði Húsnæðismálastofnun ríkisins, síðar Húsnæðisstofnun ríkisins, undir sérstakri stjórn húsnæðismálastjórnar er hafði stöðu sjálfstæðrar ríkisstofnunar. Ákvæði hafa verið í lögum um að matsnefnd félagslegra íbúða, síðar húsnæðismálastjórn, skeri úr ágreiningi sem rís um innlausnarverð félagslegra eignaríbúðar. Ekki hefur alltaf verið ljóst hvaða reglur hafa gilt að öðru leyti um málskotsrétt einstaklinga vegna viðskipta þeirra við stjórnir verkamannabústaða og síðar húsnæðisnefndir og þá í framhaldi af því hvort unnt hafi verið að skjóta þeim til húsnæðismálastjórnar eða til félagsmálaráðuneytisins. Þá ber hér einnig að geta þeirra lagabreytinga sem gerðar voru 1993 er höfðu það í för með sér að Húsnæðisstofnun ríkisins taldist ekki lengur sjálfstæð ríkisstofnun í sama skilningi og áður, en með því jukust afskipti félagsmálaráðuneytisins af einstökum málum, sem fengið höfðu meðferð hjá Húsnæðisstofnun.

Með því að koma á fót sérstakri kærunefnd eru mál þessi gerð skýrari og einfaldari í framkvæmd. Jafnframt er dregið úr afskiptum félagsmálaráðherra af deilumálum. Til fyllingar ákvæðum kaflans koma síðan ákvæði stjórnsýslulaga eftir því sem við geta átt.

Um 43. gr.

Kærunefnd húsnæðismála er stjórnsýslunefnd sem hefur það hlutverk að skera úr ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda, og lýtur ekki valdboði félagsmálaráðherra í einstökum málum. Með þessu fyrirkomulagi er það hlutverk félagsmálaráðuneytisins að vera endanlegur úrskurðaraðili í einstökum málum fengið sjálfstæðari nefnd. Markmiðið með þessu er að stuðla að auknu réttaröryggi og því hagræði að ráðuneytið geti einbeitt sér betur að stefnumótun í húsnæðismálum og enn fremur að Íbúðalánasjóður geti betur skilað hlutverki sínu sem lánastofnun og verið ráðgefandi aðili fyrir almenning og húsnæðisnefndir.

Þar sem gert er ráð fyrir því að þau ágreiningsatriði, sem nefndin komi einkum til að fjalla um, snerti skýringu og framkvæmd einstakra ákvæða laganna, svo og málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga er við það miðað að tveir nefndarmanna séu lögfræðingar. Þá hefur nefndin sjálfstæða heimild til þess að kveðja sér til ráðuneytisins sérfróða aðila við úrlausn einstakra mála. Ljóst er að það getur skipt einstaklinga miklu að fljótt sé greitt úr máli, sérstaklega þegar reynir á fjárhaglega hagsmuni. Er því lagt til að nefndin hafi átta vikur til þess að kveða upp úrskurð í hverju máli. Í sérstaklega erfiðum málum getur þessi frestur verið naumur, reynir þá á tilkynningarskyldu nefndarinnar til aðila máls skv. 9. gr. stjórnsýslulaga.

Þar sem hér er um að ræða sjálfstæða úrskurðarnefnd í húsnæðismálum er rétt að ríkissjóður greiði kostnað við störf hennar í samræmi við almennar reglur.

Um 44. gr.

Greinin fjallar um valdsvið kærunefndar húsnæðismála. Tekið er fram að úrskurðir nefndarinnar séu ekki kæranlegir til félagsmálaráðherra. Er það gert til þess eins og áður segir að félagsmálaráðuneytið geti betur sinnt því hlutverki sínu að vinna að stefnumörkun í húsnæðismálum og til þess að auka réttaröryggi.

Þar sem sveitarstjórn fer með æðsta vald í málefnum sveitarfélags verður ákvörðun húsnæðisnefndar ekki kærð nema sveitarstjórn hafi áður fjallað um málið.

Í 1. mgr. er tekið fram að kæra megi til nefndarinnar ákvarðanir stjórnar Íbúðalánasjóðs almennt, svo og þær ákvarðanir húsnæðisnefndar er snerta veitingu viðbótarlána, sbr. VII. kafla. Gert er ráð fyrir því að félagsmálaráðherra setji að öðru leyti ákvæði í reglugerð um valdsvið kærunefndarinnar, þar á meðal um hvaða ákvarðanir húsnæðisnefnda verði að öðru leyti bornar undir kærunefndina. Með því að tilgreina að öðru leyti ekki sérstaklega hvaða málefnum verði skotið til nefndarinnar er skapað svigrúm til þess að leysa ýmis álitamál, sem kunna að koma upp, um það hvaða málefnum verði skotið til nefndarinnar. Gert er ráð fyrir því að í slíkri reglugerð verði t.d. kveðið nánar á um hvaða ákvörðunum húsnæðisnefnda samkvæmt bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins verði skotið til kærunefndarinnar. Það fyrirkomulag sem hér er mælt fyrir um útilokar ekki kæruheimild til æðra stjórnvalds, sé ekki mælt fyrir um kæruleiðir að öðru leyti. Undir slíkum kringumstæðum taka við almennar reglur stjórnsýsluréttarins um kæru til æðra stjórnvalds, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga. Verði mál á hinn bóginn kært til kærunefndarinnar verður því ekki skotið til félagsmálaráðherra, sbr. 2. mgr. Hér er um að ræða sérákvæði sem gengur framar hinu almenna ákvæði stjórnsýslulaganna.

Um X. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um varasjóð og hlutverk hans. Varasjóðnum er bæði ætlað að taka til framtíðarverkefna samkvæmt frumvarpinu og til verkefna sem tengjast núverandi félagsíbúðakerfi, en byggingu og rekstri félagslegra eignaríbúða verður hætt við gildistöku frumvarps þessa. Um það hlutverk sjóðsins er fjallað í VII. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Markmiðið með stofnun sjóðsins er enn fremur að skapa möguleika til þess að leysa úr ýmsum verkefnum sem kunna að koma upp við gildistöku laga þessara og snerta lok núverandi félagsíbúðakerfis.

Um 45. gr.

Varasjóður viðbótarlána er í eigu og á sameiginlegri ábyrgð sveitarfélaga, en varðveittur hjá Íbúðalánasjóði. Hefur sjóðurinn sjálfstæðan fjárhag. Félagsmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Er þar fylgt sama skipunartíma og hjá stjórn Íbúðalánasjóðs.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, þremur tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af fjármálaráðherra og einum af félagsmálaráðherra sem jafnframt skipar formann stjórnarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Með þessu er leitast við að tryggja að þeir aðilar, sem koma að uppgjöri vegna þeirra breytinga sem leiðir af samþykkt laganna, taki jafnframt þátt í ákvörðunum. Enn fremur fæst það hagræði að stjórn Íbúðalánasjóðs getur betur einbeitt sér að þeim framtíðarverkefnum sem Íbúðalánasjóði eru fengin samkvæmt frumvarpinu.

Um 46. gr.

Meginhlutverk varasjóðs viðbótarlána verður að bæta það tjón sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna tapaðra viðbótarlána og tengds kostnaðar. Jafnframt eru sjóðnum eins og áður segir fengin önnur verkefni með VII. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Gerð er sú krafa að Íbúðalánasjóður tilkynni varasjóði um fyrirsjáanlegan kostnað eða ábyrgð sjóðsins áður en til tjóns kemur. Með því gefst varasjóði, með eða án Íbúðalánasjóðs, kostur á að meta stöðu mála og ákveða hvað gera skuli áður en til endanlegs tjóns kemur.

Tekið er fram að sjóðurinn skuli hafa sjálfstæðan fjárhag og vera aðskilinn frá öðrum fjárhag Íbúðalánasjóðs í bókhaldi og öðru reikningshaldi.

Um 47. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að sveitarfélög leggi í varasjóð framlög sem nema megi allt að 5% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Hér er miðað við hverja lánveitingu fyrir sig. Það er gert að skilyrði fyrir útborgun viðbótarláns að framlag sveitarfélags hafi áður verið greitt.

Gengið er út frá því að sjóðurinn standi ávallt undir skuldbindingum sínum. Af þeim sökum er mælt fyrir um að hundraðshluti fjárframlaga sveitarfélaga skuli endurskoðaður a.m.k. árlega og að félagsmálaráðherra verði heimilt að hækka eða lækka hlutfallið með reglugerð að fenginni slíkri endurskoðun.

Um XI. kafla.

Eins og fyrirsögn kaflans ber með sér geymir hann ýmis ákvæði er snerta almenna framkvæmd einstakra ákvæða frumvarpsins eða heimildir til handa félagsmálaráðherra og stjórn Íbúðalánasjóðs í sama tilgangi.

Um 48. gr.

Í 78. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir því að ekki skuli greiða stimpilgjald af afsali fyrir félagslegri íbúð, en að kaupandi greiði þinglýsingu. Þá er tekið fram að ekki skuli greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem kaupendur félagslegra íbúða gefa út til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir því að greidd verði stimpilgjöld af skuldabréfum vegna viðbótarlána. Gert er ráð fyrir því að um undanþágu frá stimpilskyldu framangreindra skjala verði fjallað í lögum um stimpilgjöld, en frumvarp um það efni er nú til meðferðar á Alþingi.

Um 49. gr.

Greinin er nýmæli og felur í sér heimild til handa Íbúðalánasjóði að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins, sem glatað hafa veðtryggingu við nauðungarsölu íbúðar. Heimild þessi er til komin vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar í skýrslu stofnunarinnar frá október 1996, bls. 141, við þá framkvæmd Húsnæðisstofnunar að afskrifa þær kröfur sem voru fimm

ára og eldri. Með þessu er jafnframt stefnt að markvissari og samræmdari framkvæmd. Gert er ráð fyrir setningu reglugerðar um nánari útfærslu þessa ákvæðis.

Um 50. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin geymir almenna heimild fyrir félagsmálaráðherra til þess að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæða frumvarpsins. Eins og rakið er í almennum athugasemdum og skýringum við 3. og 4. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir því að afskipti félagsmálaráðherra af störfum Íbúðalánasjóðs og húsnæðismálum almennt verði með setningu stjórnvaldsfyrirmæla. Tekur heimild ráðherra einnig til setningar reglugerðar vegna bráðabirgðaákvæða frumvarpsins gerist þess þörf. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir því að félagsmálaráðherra hafi heimildir til þess að setja einstakar reglugerðir, reglur eða fyrirmæli á grundvelli eftirtalinna ákvæða:

— Um verkefni Íbúðalánasjóðs, sbr. 4. gr.
— Um styrki vegna tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði, sbr. 6. tölul. 9. gr.
— Um önnur verkefni Íbúðalánasjóðs, sbr. 7. tölul. 9. gr.
— Um skipulag Íbúðalánasjóðs, sbr. 12. gr.
— Um skilyrði lánveitinga samkvæmt öðrum lánaflokkum, sbr. 2. mgr. 16. gr.
— Heimild til þess að fela sérstökum trúnaðarmönnum mat skv. 18. gr.
— Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir, sbr. 19. gr.
— Um matsverð fasteigna, sbr. 20. gr.
— Hámarksfjárhæð einstakra lánaflokka, sbr. 21. gr.
— Um framkvæmd hlutkestis skv. 22. gr.
— Um frestun afborgana af fasteignaveðbréfum, sbr. 24. gr.
— Um greiðslukjör húsbréfa, sbr. 25. gr.
— Um ákvörðun vaxtaálags, sbr. 29. gr.
— Frekari fyrirmæli um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfaviðskipta, sbr. 30. gr.
— Um skilyrði viðbótarlánveitinga, sbr. 2. mgr. 31. gr.
— Um samspil almennra lána og viðbótarlána, sbr. 3. mgr. 31. gr.
— Um hámarkslánstíma viðbótarlána, sbr. 32. gr.
— Um efni samþykkta félaga sem sækja um lán til leiguíbúða, sbr. 36. gr.
— Skilyrði lánveitinga til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, sbr. 37. gr.
— Um rétt til leiguhúsnæðis, sbr. 40. gr.
— Skilyrði þess að sveitarstjórn megi stofna félag til reksturs leiguíbúða, sbr. 41. gr.
— Heimild til þess að ákveða mánaðarlegt leigugjald, sbr. 42. gr.
— Heimild til þess að kveða nánar á um störf og starfshætti kærunefndar húsnæðismála, sbr. 44. gr.
— Um hundraðshluta framlaga og nánari ákvæði, sbr. 47. gr.
— Skilyrði afskrifta, sbr. 49. gr.
— Um gjaldtöku, sbr. 50. gr.
— Um erindisbréf nefnda, sbr. 56. og 57. gr.
— Um nánari reglur um störf varasjóðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða VII.

Um 52. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XII. kafla.

Kaflinn geymir ákvæði sem lúta að gildistöku laganna og um skil þeirra og laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um 53. gr.

Frumvarpið gerir almennt ráð fyrir því að ákvæði þess öðlist gildi og komi til framkvæmda 1. janúar 1999 og þá falli úr gildi lög nr. 97/1993.

Frá þessari reglu er þó vikið í 2. mgr. að því leyti sem það er talið nauðsynlegt til þess að afgreiða lán til félagslegra íbúða samkvæmt því kerfi sem úr gildi fellur og til þess að raska sem minnst stöðu þeirra sem búa í slíkum íbúðum. Af þessum sökum eru í ákvæði I til bráðabirgða tilgreind þau ákvæði sem almennt munu halda gildi sínu á meðan eldra réttarástand varir. Í ákvæðum til bráðabirgða II, IV og V er síðan vikið að atriðum er sérstaklega lúta að innlausn og sölu félagslegra eignaríbúða, ráðstöfun og sölu eignaríbúða, svo og réttarstöðu þeirra sem gert hafa samninga um félagslegar leiguíbúðir og um kaupleiguíbúðir.

Í 3. mgr. er tekið fram að félagsmálaráðherra skuli við gildistöku laganna gefa út lög nr. 97/1993 með þeim breytingum sem leiðir af 2. mgr. Í fylgiskjali II með frumvarpinu er að finna þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem gert er ráð fyrir að haldi gildi sínu.

Í 4. mgr. er lagt til að sú undantekning verði gerð frá almennu gildistökuákvæði frumvarpsins að 13. gr. þess, sem fjallar um skipan húsnæðisnefnda, öðlist gildi við birtingu laganna í Stjórnartíðindum og að frá sama tíma falli brott ákvæði 39. gr. laga nr. 97/1993. Er þetta gert svo skipa megi húsnæðisnefndir í samræmi við ákvæði laga þessara í framhaldi af fyrirhuguðum sveitarstjórnarkosningum á þessu ári. Einnig er lagt til að ákvæði 56. og 57. gr. öðlist gildi við birtingu laganna, enda er nauðsynlegt að þessar nefndir hefji störf strax.

Í 5. mgr. er vísað til þess að 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V og 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI skuli öðlast gildi við birtingu. Er slíkt nauðsynlegt þar sem í ákvæðinu er lögð sú skylda á húsnæðisnefndir sveitarfélaga að tilkynna annars vegar þeim sem fengið hafa úthlutað félagslegri eignaríbúð um breytt ástand og hins vegar þeim sem gert hafa samning um leigu félagslegrar leiguíbúðar með kaupréttí að frestur til þess að neyta kaupréttar renni út 31. desember 1998 og að hann falli niður eftir það.

Í 6. mgr. er sérstaklega tekið fram að Íbúðalánasjóður skuli við gildistöku frumvarpsins taka við hlutverki, réttindum, öllum eignum, skyldum og skuldbindingum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Um réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem eru í starfi hjá Húsnæðisstofnun ríkisins við gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 54. gr.

Í greininni er fjallað um eina þá grundvallarbreytingu sem felst í frumvarpinu, en það er sameining Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, og hvernig eignir og skuldbindingar þessara sjóða skuli renna til Íbúðalánasjóðs við gildistöku laganna. Þá er lögð áhersla á að um þau réttindi og þær undanþágur, sem sjóðir þessir hafa notið í öðrum lögum, skuli halda gildi sínu. Má þar t.d. nefna ákvæði laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 55. gr.

Greinin fjallar um skil milli starfa stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnæðismálastjórnar. Er gert ráð fyrir að skipunartíma núverandi stjórnarmanna í húsnæðismálastjórn ljúki við gildistöku laganna og stjórn Íbúðalánasjóðs taki þá við.

Um 56. gr.

Til þess að standa að undirbúningi að stofnun Íbúðalánasjóðs og yfirtöku sjóðsins á verkefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins er gert ráð fyrir því að félagsmálaráðherra skipi þriggja manna undirbúningsnefnd. Er við það miðað að nefndin verði skipuð eigi síðar en 15. maí 1998 og að hún taki til starfa frá þeim tíma. Markmiðið með þessu er að gera þá stjórn Íbúðalánasjóðs, er tekur til starfa 1. janúar 1999, betur hæfa til þess að takast á við verkefni sjóðsins. Meðal þeirra verkefna, sem nefndin mun óhjákvæmilega koma til með að sinna, er að undirbúa skipulagningu Íbúðalánasjóðs og meta hvernig verkefnum hans verði best sinnt miðað við þann mannafla sem til staðar verður. Heimildir nefndarinnar eru bundnar við ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að standa að framangreindum undirbúningi, þar á meðal að gera þjónustusamninga og samninga við einstaka starfsmenn um framhald á störfum þeirra við gildistöku frumvarpsins. Mikilvægt er að niðurstaða liggi fljótt fyrir í þessum efnum, ekki síst fyrir núverandi starfsmenn Húsnæðisstofnunar, en einnig fyrir starfsemi stofnunarinnar og væntanlega yfirtöku Íbúðalánasjóðs á henni. Til þess að tryggja betur áhrif starfsmanna í þessum efnum er gert ráð fyrir því að í erindisbréfi ráðherra til nefndarinnar komi m.a. fram að starfsmenn eigi áheyrnarfulltrúa þegar fjallað er um málefni þeirra. Þó er gert ráð fyrir að undirbúningsnefndin komi að gerð reglna um greiðslumat og samspili almennra lána og viðbótarlána skv. 31. gr. frumvarpsins.

Nefndin hefur ekki heimildir til afskipta af einstökum málum sem til meðferðar kunna að vera hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Gert er ráð fyrir því að nefndin hafi náið samstarf við húsnæðismálastjórn. Nauðsynlegt er því að nefndin njóti beins aðgangs að gögnum stofnunarinnar og starfsmönnum hennar vegna starfa sinna.

Um 57. gr.

Eitt meginmarkmið með frumvarpi þessu er að Íbúðalánasjóður standi sjálfur undir þeim verkefnum sem honum eru fengin. Í þeim tilgangi er í greininni mælt fyrir um skipan nefndar til þess að leggja mat á allar eignir og skuldir Húsnæðisstofnunar ríkisins og þeirra sjóða sem hún fer með eða varðveitir. Skulu niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir sem fyrst og í síðasta lagi 1. mars 1999.

Þegar Íbúðalánasjóður tekur til starfa er nauðsynlegt að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um fjárhagstöðu þeirra sjóða sem hann yfirtekur, svo og um fjárhagstöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins eru alls átta. Sjö þeirra geyma reglur um hvernig fara skuli með réttarástand samkvæmt eldri lögum og líða mun undir lok eftir því sem ákvæðin koma til framkvæmda. Með ákvæðunum er stefnt að því að ekki verði röskun á högum þeirra sem búa í félagslegum íbúðum. Flest ákvæðin lúta að réttindum og skyldum einstaklinga sem búa í félagslegum eignaríbúðum og hvernig samskiptum þeirra við sveitarfélög og aðra framkvæmdaraðila verði best háttað. Í þeim efnum er við það miðað að sömu reglur gildi að meginstefnu til og gilda samkvæmt núgildandi lögum. Í ákvæði VIII til bráðabirgða er síðan að finna sérákvæði er lýtur að framlögum ríkissjóðs vegna lána til leiguíbúða.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið geymir upptalningu á þeim greinum laga nr. 97/1993 sem áfram skulu halda gildi sínu eftir því sem við getur átt og nauðsynlegt er til þess að skil laga samkvæmt frum-

varpi þessu og laga nr. 97/1993, verði sem átakaminnst, sbr. 1. mgr. 53. gr. frumvarpsins. Ljóst er að sum þessara ákvæða geta haft þýðingu um einhver ár eftir gildistöku nýrra laga. Til viðbótar þeim ákvæðum sem hér er vísað til munu, að ákveðnu marki, gilda áfram tiltekin ákvæði gildandi laga, sem vísað er til í ákvæðitil bráðabirgða II, IV og V.

Gert er ráð fyrir því að félagsmálaráðherra endurútgefi þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem skulu áfram halda gildi sínu. Í fylgiskjali II með frumvarpi þessu koma fram þau ákvæði sem áfram verða í gildi að fullu eða að hluta.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Samkvæmt ákvæðinu fer um þær íbúðir sem sveitarfélag hefur innleyst til sín samkvæmt ákvæðum gildandi laga og þau hafa ekki endurúthlutað við gildistöku nýrra laga eftir ákvæðum nýju laganna. Ákvæðið tekur einnig til annarra framkvæmdaraðila eftir því sem við getur átt. Hafi sveitarstjórn ekki ráðstafað íbúð á ný þegar frumvarpið verður að lögum getur hún ráðstafað henni í samræmi við ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæði gildandi laga um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélaga og annarra framkvæmdaraðila falla niður þegar íbúð hefur verið innleyst á grundvelli slíkra ákvæða, með öðrum orðum kaupskylda og forskaupsréttur haldast ekki við endursölu slíkra íbúða. Við þær aðstæður skal gefa út kvaðalaust afsal.

Í 1. mgr. 86. gr. gildandi laga er að finna sérstakt ákvæði um kaupskyldu sveitarfélaga. Er þar tekið fram að sé félagsleg eignaríbúð, eða almenn kaupleiguíbúð og tilgreindar íbúðir samkvæmt eldri lögum, seld við nauðungarsölu hafi sveitarstjórn kaupskyldu á íbúðinni. Í 4. mgr. þessa ákvæðis er lagt til að kaupskylda sveitarfélags við slíkar kringumstæður verði takmörkuð við 15 ár frá útgáfu síðasta afsals. Er þetta í samræmi við það sem kaupskylda sveitarfélaga á félagslegum íbúðum getur lengst orðið samkvæmt gildandi lögum.

Gert er ráð fyrir því að á meðan kaupskylda og forkaupsréttur varir gildi sömu reglur um útreikning á innlausnarverði félagslegra íbúða og samkvæmt núgildandi lögum. Verði ágreiningur um útreikninginn verður unnt að skjóta honum til kærunefndar húsnæðismála.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið geymir fyrirmæli um hvernig sveitarfélag og annar framkvæmdaraðili, eftir því sem við getur átt, getur ráðstafað íbúð sem hefur verið innleyst á grundvelli ákvæðis II til bráðabirgða. Í fyrsta lagi er við það miðað að sveitarstjórn geti selt íbúðina á almennum markaði, enda greiði sveitarstjórnin upp áhvílandi lán, sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að unnt sé að leigja íbúðina, en þá skuli sveitarfélagið eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laganna. Ef eign er seld á almennum markaði koma til reglur þessa frumvarps um almenn lán og/eða viðbótarlán ef viðkomandi kaupandi uppfyllir skilyrði um veitingu viðbótarlána.

Í 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að sveitarfélög hafi sérstaka heimild, á meðan kaupskylda varir, til þess að áskilja að tiltekinn hluti árlegra viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða. Er þá við það miðað að sveitarstjórn geti ákveðið að það verði gert að skilyrði fyrir veitingu viðbótarláns að því sé varið til kaupa á hinni innleystu íbúð. Með þessu móti er leitast við að draga úr óæskilegum áhrifum sem gætu orðið ef ákvæðum um kaupskyldu væri beitt í óvenjuríkum mæli og ekki tækist að endurselja slíkar íbúðir á almennum markaði. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir meti hverju sinni hvort erfiðleikar séu við að ráðstafa innleystum íbúðum með öðrum hætti. Rétt þykir að takmarka heimildina við þann tíma sem kaupskylda varir. Um tímabundinn rétt sveitarfélags verður því að ræða.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið tekur til eigenda félagslegra eignaríbúða.

Að því er snertir eigendur félagslegra eignaríbúða er gert ráð fyrir því að þeir geti selt íbúð sína á almennum markaði hafi þeir greitt upp áhvílandi lán við Byggingarsjóð verkamanna og við framkvæmdaraðila. Heimild þessi er háð því að forkaupsréttur sveitarfélags sé fallinn niður, sem getur orðið 30 ár frá útgáfu síðasta afsals en fyrr hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti. Sveitarstjórn er heimilt að stytta þennan tíma hvenær sem er.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Ákvæðið tekur til þeirra sem gert hafa samninga um leigu- eða kaupleiguíbúðir, svo og til annarra sem búa í annars konar félagslegum íbúðum. Tekið er á því í 3. mgr. ákvæðisins að þeir einstaklingar, sem gert hafa leigusamning með kauprétti, haldi rétti sínum til kaupa á íbúð til 31. desember 1998, en að þeim tíma liðnum falli niður slíkur réttur. Lögð er sú skylda á húsnæðisnefndir sveitarfélaga að tilkynna þeim sem hafa gert leigusamninga með kauprétti um breytt ástand.

Um ákvæði til bráðabirgða VI.

Ákvæðið tekur til þeirra félagslegu íbúða sem eru í byggingu og er ekki lokið við gildistöku laga þessara og hvernig skuli fara með umsóknir um slíkar íbúðir.

Gert er ráð fyrir því að framkvæmdalánssamningar og uppgjör vegna þeirra verði óbreyttir, en að um lánveitingar fari að öðru leyti eftir ákvæðum frumvarpsins. Eftir gildistöku laganna fara því engar lánveitingar fram samkvæmt eldra kerfi.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er lögð sú skylda á húsnæðisnefndir sveitarfélaga að þær tilkynni þeim sem fengið hafa loforð eða úthlutun íbúðar, hvort sem um er að ræða íbúðir á byggingarstigi eða annars konar íbúðir sem til ráðstöfunar eru, um breytt ástand. Miðað er við að það verði gert eftir samþykkt frumvarpsins og a.m.k. þremur mánuðum áður en lögin öðlast gildi. Þeim aðilum sem hætta vilja við kaup skal gefinn kostur á því. Við þær aðstæður kemur til endurgreiðslu á innborguðu fé. Um lánveitingar fer síðan að öðru leyti eftir ákvæðum nýju laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða VII.

Í ákvæðinu er fjallað um önnur verkefni varasjóðs en að bæta tjón Íbúðalánasjóðs vegna tapaðra viðbótarlána. Gert er ráð fyrir því að varasjóðurinn hafi einnig það hlutverk að sjá um verkefni Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993 og að taka ákvarðanir um niðurgreiðslu eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna, ef í ljós kemur að markaðsverð eigna sem veðlán sjóðsins hvíla á reynist lægra en uppreiknuð veðlán sjóðsins. Við þær aðstæður er stjórn varasjóðsins heimilt að afskrifa mismun sem myndast á uppgreiddu framreiknuðu láni sjóðsins og 90% af markaðsverði þeirrar fasteignar sem lánið hvílir á. Sett er að skilyrði að viðkomandi íbúð sé orðin eign sveitarfélags og að samráð skuli haft við sveitarfélög um afskriftina. Með því að fela varasjóðnum þessi verkefni eru þau skilin frá starfsemi Íbúðalánasjóðs. Með því fást skarpari skil á milli eldri mála og starfsemi Íbúðalánasjóðs, sem ætlað er að taka til lánveitinga í framtíðinni.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er síðan tekið fram að skipta skuli varasjóðnum í sjálfstæðar og aðskildar deildir eftir þeim verkefnum sem honum eru fengin skv. 2. og 3. mgr. Veitt er heimild til þess að færa fé á milli deilda ef ástæða þykir til. Heimild þessi er fyrst og fremst hugsuð sem tímabundið úrræði þegar upp kemur fjárþurrð í einstökum deildum.

Um ákvæði til bráðabirgða VIII.

Svo sem rakið er í athugasemdum við VIII. kafla hér að framan er gert ráð fyrir að viðræður fari fram á milli ríkis og sveitarfélaga um hver verði þáttur sveitarfélaga við fjármögnun lána til leiguíbúða og meðferð núverandi kaupleiguíbúða. Gert er ráð fyrir því að slíkar viðræður leiði til samkomulags. Á meðan niðurstaða í þessu efni liggur ekki fyrir er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi í lánveitingum til sveitarfélaga vegna leiguíbúða, þ.e. með niðurgreiddum vöxtum og lánum til allt að 50 ára. Heimild sjóðsins í þessu efni er takmörkuð við árin 1999 og 2000, samkvæmt fjárlögum ríkissjóðs, enda gert ráð fyrir því að samkomulag ríkis og sveitarfélaga verði komið til framkvæmda eigi síðar en í lok þess tíma.

Yfirlit yfir nettógreiðslur í vaxtabótakerfinu af 40 ára jafngreiðsluláni.
Án verðbólgu m.v. 5,1% vexti, 2,4% vexti, tekjuskerðingin lækkar um ½% á ári frá og með 26. ári.

				Nettó greiðslur, m.v. 5,1% vexti		Nettó greiðslur, m.v. 2,4% vexti	
Hjón	Húsnæðis-verð	Tekjur á mán.	Láns-upphæð	Á föstu verðlagi	Núvirt, m.v 5,1% raunvxt.	Á föstu verðlagi	Núvirt, m.v 5,1% raunvxt.
Dæmi 1.	7.000.000	150.000	6.300.000	9.659.000	3.593.000	9.488.000	3.889.000
Dæmi 2.	7.000.000	200.000	6.300.000	10.757.000	4.142.000	9.856.000	4.163.000
Dæmi 3.	7.000.000	225.000	6.300.000	11.306.000	4.416.000	9.870.000	4.177.000
Dæmi 4.	8.000.000	150.000	7.200.000	10.713.000	3.947.000	10.562.000	4.265.000
Dæmi 5.	8.000.000	200.000	7.200.000	11.734.000	4.431.000	11.118.000	4.640.000
Dæmi 6.	8.000.000	225.000	7.200.000	12.281.000	4.705.000	11.253.000	4.749.000
Dæmi 7.	5.000.000	150.000	4.500.000	7.817.000	3.033.000	7.050.000	2.983.000
Einstætt foreldri							
Dæmi 8.	5.500.000	80.000	4.950.000	6.917.000	2.452.000	6.880.000	2.710.000
Dæmi 9.	6.000.000	80.000	5.400.000	7.657.000	2.756.000	7.368.000	2.882.000
Einstaklingur							
Dæmi 10.	5.000.000	80.000	4.500.000	6.549.000	2.426.000	6.383.000	2.536.000
Dæmi 11.	5.500.000	80.000	4.950.000	7.387.000	2.796.000	6.880.000	2.710.000


Dæmi 1. Nettó greiðsla hjóna m.v. 7 millj.kr. íbúð og 150.000 kr. mánaðartekjur.
Á föstu verði
Þús. kr.
á ári
400
350
300
250
200
150
100
50
0
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38 39 40
5,1% vextir
2,4% vextir


Dæmi 2. Nettó greiðsla hjóna m.v. 7 millj.kr. íbúð og 200.000 kr. mánaðartekjur.
Á föstu verði
Þús. kr.
á ári
400
350
300
250
200
150
100
50
0
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38 39 40
5,1% vextir
2,4% vextir

Dæmi 3. Nettó greiðsla hjóna m.v. 7 millj.kr. íbúð og 225.000 kr. mánaðartekjur.
Á föstu verði




Dæmi 4. Nettó greiðsla hjóna m.v. 8 millj.kr. íbúð og 150.000 kr. mánaðartekjur.
Á föstu verði
Þús. kr.
á ári
450
400
350
300
250
200
150
100
50
0
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38 39 40
5,1% vextir
2,4% vextir

Dæmi 5. Nettó greiðsla hjóna m.v. 8 millj.kr. íbúð og 200.000 kr. mánaðartekjur.
Á föstu verði



Dæmi 6. Nettó greiðsla hjóna m.v. 8 millj.kr. íbúð og 225.000 kr. mánaðartekjur.
Á föstu verði




Dæmi 7. Nettó greiðsla hjóna m.v. 5 millj.kr. íbúð og 150.000 kr. mánaðartekjur.
Á föstu verði
Þús. kr.
á ári
300
250
200
150
100
50
0
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38 39 40
5,1% vextir
2,4% vextir

Dæmi 8. Nettó greiðsla einstæðs foreldris m.v. 5½ millj.kr. íbúð og 80.000 kr. mánaðartekjur
Á föstu verði



Dæmi 9. Nettó greiðsla einstæðs foreldris m.v. 6 millj.kr. íbúð og 80.000 kr. mánaðartekjur
Á föstu verði



Dæmi 10. Nettó greiðsla einstaklings m.v. 5 millj.kr. íbúð og 80.000 kr. mánaðartekjur
Á föstu verði



Dæmi 11. Nettó greiðsla einstaklings m.v. 5½ millj.kr. íbúð og 80.000 kr. mánaðartekjur
Á föstu verði



Útreikningar á vaxtabótum Allar fjárhæðir í þús.kr. **HJÓN** 5,10%

Forsendur:	Verðb.	Vextir	Lánstími	Skerðing	Tekjur	Þak bóta	Höfuðstóll	Fast.mat	Eignam.	Þak vaxtgj	Samtals	Fast verð Samtals	Núvirt Samtals
	0,0%	5,10%	40	6,0%	1.800	239	6.300	7.000	5.255	685	9.659	9.659	3.593

Ár	Eft.stv	Afborg.	Vextir	Greiðsla	Afborgun m. verðb.	Vextir m. verðb.	Afborgun samtals	Stofn til vaxtabóta	Skerð. v/ 7% þaks	Vaxta-bætur	Eigna-frádr.	Nettó greiðsla	Nettó greiðsla	Nettó greiðsla
0	6300,0													
1	6249,1	50,9	321,3	372,2	50,9	321,3	372,2	321,3	0,0	213,3	0,0%	159	159	151
2	6195,6	53,5	318,7	372,2	53,5	318,7	372,2	318,7	0,0	210,7	0,0%	161	161	146
3	6139,4	56,2	316,0	372,2	56,2	316,0	372,2	316,0	0,0	208,0	0,0%	164	164	141
4	6080,3	59,1	313,1	372,2	59,1	313,1	372,2	313,1	0,0	205,1	0,0%	167	167	137
5	6018,2	62,1	310,1	372,2	62,1	310,1	372,2	310,1	0,0	202,1	0,0%	170	170	133
6	5953,0	65,3	306,9	372,2	65,3	306,9	372,2	306,9	0,0	198,9	0,0%	173	173	129
7	5884,4	68,6	303,6	372,2	68,6	303,6	372,2	303,6	0,0	195,6	0,0%	177	177	125
8	5812,3	72,1	300,1	372,2	72,1	300,1	372,2	300,1	0,0	192,1	0,0%	180	180	121
9	5736,5	75,8	296,4	372,2	75,8	296,4	372,2	296,4	0,0	188,4	0,0%	184	184	117
10	5656,9	79,6	292,6	372,2	79,6	292,6	372,2	292,6	0,0	184,6	0,0%	188	188	114
11	5573,2	83,7	288,5	372,2	83,7	288,5	372,2	288,5	0,0	180,5	0,0%	192	192	111
12	5485,2	88,0	284,2	372,2	88,0	284,2	372,2	284,2	0,0	176,2	0,0%	196	196	108
13	5392,8	92,4	279,7	372,2	92,4	279,7	372,2	279,7	0,0	171,7	0,0%	200	200	105
14	5295,6	97,2	275,0	372,2	97,2	275,0	372,2	275,0	0,0	167,0	0,0%	205	205	102
15	5193,5	102,1	270,1	372,2	102,1	270,1	372,2	270,1	0,0	162,1	0,0%	210	210	100
16	5086,2	107,3	264,9	372,2	107,3	264,9	372,2	264,9	0,0	156,9	0,0%	215	215	97
17	4973,4	112,8	259,4	372,2	112,8	259,4	372,2	259,4	0,0	151,4	0,0%	221	221	95
18	4854,8	118,6	253,6	372,2	118,6	253,6	372,2	253,6	0,0	145,6	0,0%	227	227	93
19	4730,2	124,6	247,6	372,2	124,6	247,6	372,2	247,6	0,0	139,6	0,0%	233	233	90
20	4599,3	131,0	241,2	372,2	131,0	241,2	372,2	241,2	0,0	133,2	0,0%	239	239	88
21	4461,6	137,6	234,6	372,2	137,6	234,6	372,2	234,6	0,0	126,6	0,0%	246	246	86
22	4317,0	144,6	227,5	372,2	144,6	227,5	372,2	227,5	0,0	119,5	0,0%	253	253	85

Útreikningar á vaxtabótum Allar fjárhæðir í þús.kr. **HJÓN** 5,10%

Forsendur:	Verðb.	Vextir	Lánstími	Skerðing	Tekjur	Þak bóta	Höfuðstóll	Fast.mat	Eignam.	Þak vaxtgj	Samtals	Fast verð Samtals	Núvirt Samtals
	0,0%	5,10%	40	6,0%	1.800	239	6.300	7.000	5.255	685	9.659	9.659	3.593

Ár	Eft.stv	Afborg.	Vextir	Greiðsla	Afborgun m. verðb.	Vextir m. verðb.	Afborgun samtals	Stofn til vaxtabóta	Skerð. v/ 7% þaks	Vaxta-bætur	Eigna-frádr.	Nettó greiðsla	Nettó greiðsla	Nettó greiðsla
23	4165,0	152,0	220,2	372,2	152,0	220,2	372,2	220,2	0,0	112,2	0,0%	260	260	83
24	4005,2	159,8	212,4	372,2	159,8	212,4	372,2	212,4	0,0	104,4	0,0%	268	268	81
25	3837,3	167,9	204,3	372,2	167,9	204,3	372,2	204,3	0,0	96,3	0,0%	276	276	80
26	3660,8	176,5	195,7	372,2	176,5	195,7	372,2	195,7	0,0	96,7	0,0%	275	275	76
27	3475,3	185,5	186,7	372,2	185,5	186,7	372,2	186,7	0,0	96,7	0,0%	275	275	72
28	3280,3	195,0	177,2	372,2	195,0	177,2	372,2	177,2	0,0	96,2	0,0%	276	276	69
29	3075,4	204,9	167,3	372,2	204,9	167,3	372,2	167,3	0,0	95,3	0,0%	277	277	65
30	2860,1	215,3	156,8	372,2	215,3	156,8	372,2	156,8	0,0	93,8	0,0%	278	278	63
31	2633,7	226,3	145,9	372,2	226,3	145,9	372,2	145,9	0,0	91,9	0,0%	280	280	60
32	2395,9	237,9	134,3	372,2	237,9	134,3	372,2	134,3	0,0	89,3	0,0%	283	283	58
33	2145,9	250,0	122,2	372,2	250,0	122,2	372,2	122,2	0,0	86,2	0,0%	286	286	55
34	1883,1	262,8	109,4	372,2	262,8	109,4	372,2	109,4	0,0	82,4	0,0%	290	290	53
35	1607,0	276,2	96,0	372,2	276,2	96,0	372,2	96,0	0,0	76,0	2,6%	296	296	52
36	1316,7	290,2	82,0	372,2	290,2	82,0	372,2	82,0	0,0	67,0	8,1%	305	305	51
37	1011,7	305,0	67,2	372,2	305,0	67,2	372,2	67,2	0,0	57,8	14,0%	314	314	50
38	691,1	320,6	51,6	372,2	320,6	51,6	372,2	51,6	3,2	38,7	20,1%	334	334	50
39	354,1	336,9	35,2	372,2	336,9	35,2	372,2	35,2	10,5	18,2	26,5%	354	354	51
40	0,0	354,1	18,1	372,2	354,1	18,1	372,2	18,1	18,0	0,0	33,2%	372	372	51

Útreikningar á vaxtabótum

Allar fjárhæðir í þús.kr. **HJÓN** 5,10%

Forsendur:	Verðb.	Vextir	Lánstími	ekjuskerð	Tekjur	Þak bóta	Höfuðstóll	Fast.mat	ignamark	ak vaxtgj	Samtals	Fast verð Samtals	Núvirt Samtals
	0,0%	2,40%	40	6,0%	1.800	239	6.300	7.000	5.255	685	9.488	9.488	3.889

Ár	Eft.stv	Afborg.	Vextir	Greiðsla	Afborgun m. verðb.	Vextir m. verðb.	Afborgun samtals	Stofn til vaxtabóta	Skerð. v/ 7% þaks	Vaxta-bætur	Eigna-frádr.	Nettó greiðsla	Nettó greiðsla	Nettó greiðsla
0	6300,0													
1	6204,4	95,6	151,2	246,8	95,6	151,2	246,8	151,2	0,0	43,2	0,0%	204	204	194
2	6106,6	97,9	148,9	246,8	97,9	148,9	246,8	148,9	0,0	40,9	0,0%	206	206	186
3	6006,4	100,2	146,6	246,8	100,2	146,6	246,8	146,6	0,0	38,6	0,0%	208	208	179
4	5903,8	102,6	144,2	246,8	102,6	144,2	246,8	144,2	0,0	36,2	0,0%	211	211	173
5	5798,7	105,1	141,7	246,8	105,1	141,7	246,8	141,7	0,0	33,7	0,0%	213	213	166
6	5691,1	107,6	139,2	246,8	107,6	139,2	246,8	139,2	0,0	31,2	0,0%	216	216	160
7	5580,9	110,2	136,6	246,8	110,2	136,6	246,8	136,6	0,0	28,6	0,0%	218	218	154
8	5468,1	112,8	133,9	246,8	112,8	133,9	246,8	133,9	0,0	25,9	0,0%	221	221	148
9	5352,6	115,5	131,2	246,8	115,5	131,2	246,8	131,2	0,0	23,2	0,0%	224	224	143
10	5234,3	118,3	128,5	246,8	118,3	128,5	246,8	128,5	0,0	20,5	0,0%	226	226	138
11	5113,2	121,1	125,6	246,8	121,1	125,6	246,8	125,6	0,0	17,6	0,0%	229	229	133
12	4989,1	124,0	122,7	246,8	124,0	122,7	246,8	122,7	0,0	14,7	0,0%	232	232	128
13	4862,1	127,0	119,7	246,8	127,0	119,7	246,8	119,7	0,0	11,7	0,0%	235	235	123
14	4732,0	130,1	116,7	246,8	130,1	116,7	246,8	116,7	0,0	8,7	0,0%	238	238	119
15	4598,8	133,2	113,6	246,8	133,2	113,6	246,8	113,6	0,0	5,6	0,0%	241	241	114
16	4462,5	136,4	110,4	246,8	136,4	110,4	246,8	110,4	0,0	2,4	0,0%	244	244	110
17	4322,8	139,7	107,1	246,8	139,7	107,1	246,8	107,1	0,0	0,0	0,0%	247	247	106
18	4179,8	143,0	103,7	246,8	143,0	103,7	246,8	103,7	0,0	0,0	0,0%	247	247	101
19	4033,3	146,4	100,3	246,8	146,4	100,3	246,8	100,3	0,0	0,0	0,0%	247	247	96
20	3883,4	150,0	96,8	246,8	150,0	96,8	246,8	96,8	0,0	0,0	0,0%	247	247	91
21	3729,8	153,6	93,2	246,8	153,6	93,2	246,8	93,2	0,0	0,0	0,0%	247	247	87
22	3572,6	157,2	89,5	246,8	157,2	89,5	246,8	89,5	0,0	0,0	0,0%	247	247	83

Útreikningar á vaxtabótum

Allar fjárhæðir í þús.kr.

HJÓN

5,10%

Forsendur:	Verðb.	Vextir	Lánstími	ekjuskerð	Tekjur	Þak bóta	Höfuðstóll	Fast.mat	ignamark	ak vaxtgj	Samtals	Fast verð Samtals	Núvirt Samtals
	0,0%	2,40%	40	6,0%	1.800	239	6.300	7.000	5.255	685	9.488	9.488	3.889

Ár	Eft.stv	Afborg.	Vextir	Greiðsla	Afborgun m. verðb.	Vextir m. verðb.	Afborgun samtals	Stofn til vaxtabóta	Skerð. v/ 7% þaks	Vaxta-bætur	Eigna-frádr.	Nettó greiðsla	Nettó greiðsla	Nettó greiðsla
23	3411,5	161,0	85,7	246,8	161,0	85,7	246,8	85,7	0,0	0,0	0,0%	247	247	79
24	3246,7	164,9	81,9	246,8	164,9	81,9	246,8	81,9	0,0	0,0	0,0%	247	247	75
25	3077,8	168,8	77,9	246,8	168,8	77,9	246,8	77,9	0,0	0,0	0,0%	247	247	71
26	2904,9	172,9	73,9	246,8	172,9	73,9	246,8	73,9	0,0	0,0	0,0%	247	247	68
27	2727,9	177,0	69,7	246,8	177,0	69,7	246,8	69,7	0,0	0,0	0,0%	247	247	64
28	2546,6	181,3	65,5	246,8	181,3	65,5	246,8	65,5	0,0	0,0	0,0%	247	247	61
29	2361,0	185,6	61,1	246,8	185,6	61,1	246,8	61,1	0,0	0,0	0,0%	247	247	58
30	2170,9	190,1	56,7	246,8	190,1	56,7	246,8	56,7	0,0	0,0	0,0%	247	247	55
31	1976,2	194,7	52,1	246,8	194,7	52,1	246,8	52,1	0,0	0,0	0,0%	247	247	53
32	1776,9	199,3	47,4	246,8	199,3	47,4	246,8	47,4	0,0	0,0	0,0%	247	247	50
33	1572,8	204,1	42,6	246,8	204,1	42,6	246,8	42,6	0,0	0,0	3,3%	247	247	48
34	1363,7	209,0	37,7	246,8	209,0	37,7	246,8	37,7	0,0	0,0	7,3%	247	247	45
35	1149,7	214,0	32,7	246,8	214,0	32,7	246,8	32,7	0,0	0,0	11,3%	247	247	43
36	930,5	219,2	27,6	246,8	219,2	27,6	246,8	27,6	0,0	0,0	15,5%	247	247	41
37	706,1	224,4	22,3	246,8	224,4	22,3	246,8	22,3	0,0	0,0	19,8%	247	247	39
38	476,3	229,8	16,9	246,8	229,8	16,9	246,8	16,9	0,0	0,0	24,1%	247	247	37
39	241,0	235,3	11,4	246,8	235,3	11,4	246,8	11,4	0,0	0,0	28,6%	247	247	35
40	0,0	241,0	5,8	246,8	241,0	5,8	246,8	5,8	0,0	0,0	33,2%	247	247	34

Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir þær greinar laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem halda munu gildi sínu að fullu eða hluta eftir gildistöku laganna.

Lánskjör.
16. gr. (2.–4. mgr.)

...

Hvert lán skal að jafnaði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til eins og nánar greinir í lögum þessum. Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati.

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins frá og með 1. júlí 1984 skulu vera breytilegir. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Selji lántakandi (skuldari) íbúð sína ber honum skylda til að tilkynna aðilaskipti að láni til Húsnæðisstofnunar ríkisins án tafar. Kaupanda og seljanda ber báðum að undirrita yfirlýsingu um þetta efni. Sé tilkynningarskylda vanrækt er húsnæðismálastjórn heimilt að gjaldfella þau lán er hvíla á fasteign frá Byggingarsjóði ríkisins.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða breytt vaxtakjör á láni við aðilaskipti til samræmis við almenn vaxtakjör samkvæmt nánari ákvörðun hennar.

...

...

Félagslegar íbúðir. Skilgreiningar.
36. gr.

Félagslegar íbúðir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Kaupleiguíbúðir.
2. Félagslegar eignaríbúðir.
3. Félagslegar leiguíbúðir.
4. Íbúðir eldri laga, svo og íbúðir sem byggðar voru á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar í verkamannabústöðum, leiguíbúðir sveitarfélaga og félagasamtaka sem byggðar voru í tíð og íbúðir sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 58/1973 og 38/1976.

Framkvæmdaraðili hefur val um þá kosti sem fram koma í 1.–3. tölul. og skal við lánsumsókn kveðið á um hvers konar íbúð er um að ræða.

Með félagslegum eignaríbúðum er átt við íbúðir sem kaupandi festir kaup á þegar í upphafi, sbr. ákvæði eldri laga um verkamannabústaði.

Með félagslegum leiguíbúðum er átt við íbúðir sem eingöngu eru til leigu.

Kaupleiguíbúðir eru tvenns konar: félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir. Í kaupleiguíbúðum er um þrjá kosti að velja:

a. Kaupréttur nýttur strax í upphafi.
b. Leigu með kauprétti.
c. Leigu með hlutareign.

Félagslegar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða viðurkenndra félagasamtaka, fjármagnaðar með láni úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði og 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.

[Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði, sbr. 50. og 52. gr., og a.m.k. 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 1. gr.*

Skyldur, ábyrgð og verksvið sveitarfélaga.

...

44. gr.

Sveitarfélag ber fjárhagslega ábyrgð á þeim umsýslukostnaði sem endursala íbúða hefur í för með sér. Er sveitarfélagi heimilt að áskilja sér allt að 1% álag af endursöluverði vegna eigendaskipta sem skiptist jafnt milli seljanda og kaupanda.

Sveitarfélag ber þann kostnað sem kann að verða ef íbúð stendur auð við innlausn og endursölu.

Nú selst eignaríbúð ekki og er sveitarfélagi þá heimilt að leigja hana tímabundið þar til kaupandi fæst. Um leigufjárhæð gildir viðmiðunarregla 73. gr. Í reglugerð skal nánar kveðið á um leigu samkvæmt grein þessari.

Skyldur, ábyrgð og verksvið félagasamtaka sem standa að félagslegum íbúðum.

46. gr.

Félagasamtök, sem fengið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra um heimild til þess að koma á fót og reka félagslegar íbúðir, bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum, á rekstri og ráðstöfun félagslegra íbúða á þeirra vegum.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar á vegum félagasamtaka hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu fjármagnar viðkomandi framkvæmdaraðili þann kostnað sem umfram er. Sama gildir ef fyrirtæki fær staðfestingu félagsmálaráðherra til að koma á fót og reka almennar kaupleiguíbúðir.

Lán. Lánskjör

52. gr. (9.–13. mgr.)

...
...
...
...
...
...
...
...

[Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna, frá og með 1. júlí 1984, skulu vera breytilegir. Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytis um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánum (lánaflokkum) Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans.][1)]

[Lánin eru afborgunarlaus fyrsta árið þegar um er að ræða íbúðir sem seldar eru einstaklingum.][1)]

Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Húsnæðisstofnun ríkisins er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

...

Framkvæmdalán.

[58. gr. a. (3. og 4. mgr.)

...

...

[Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélaga skulu, að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings, breytast til samræmis við vexti af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, nema sveitarfélag sýni fram á að kaupandi uppfylli enn þá skilyrði b-liðar 1. mgr. 64. gr. laganna um tekjumörk og njóti þar af leiðandi óbreyttra vaxtakjara á láni sínu frá sveitarfélagi. Slík endurskoðun skal síðan fara fram á þriggja ára fresti.][1)]

Verði vanskil á láni Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélags eða ef íbúð er ráðstafað til kaupanda sem ekki fullnægir skilyrðum 64. gr. laga þessara er sjóðnum heimilt að gjaldfella lán sitt.

...]

[1)] *L. 150/1995, 4. gr.*

Réttur einstaklinga til félagslegra íbúða.
Félagslegar eignaríbúðir. Kaup á félagslegum kaupleiguíbúðum.

64. gr.

...

...

...

...

[Hafi úthlutun á íbúð átt sér stað til einstaklinga sem ekki uppfylltu skilyrði um eignir eða tekjur, sbr. a- eða b-lið, og ekki hafi verið veittar undanþágur samkvæmt þessari grein, skal húsnæðismálastjórn breyta vöxtum af lánum viðkomandi einstaklinga þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 15. gr.*

Félagslegar leiguíbúðir og félagslegar kaupleiguíbúðir.

65. gr.

[Rétt til félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka eiga þeir sem búa við erfiðar aðstæður, enda séu eignir og tekjur innan eigna- og tekjumarka, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 64. gr.

Sömu skilyrði gilda um leigu í félagslegri kaupleiguíbúð.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 16. gr.*

Réttarstaða eigenda eða leigjenda félagslegra íbúða.
Eignarhald á félagslegri eignaríbúð.
68. gr. (2. mgr.)

...

Kaupandi skal inna af hendi fyrstu greiðslu sína upp í áætlað kostnaðarverð innan þriggja mánaða frá því að úthlutun fer fram. Sveitarstjórn, eða húsnæðisnefnd í umboði hennar, ákveður gjalddaga á framlagi kaupanda og skiptingu fjárhæðarinnar milli gjalddaga en miða skal við að framlag kaupanda greiðist á byggingartíma íbúðanna. Standi kaupandi að íbúð ekki í skilum með framlag sitt á réttum gjalddögum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar fellur réttur hans til íbúðarinnar niður og fær hann þá endurgreitt það sem hann hafði þegar greitt, eigi síðar en við lok uppgjörs, auk verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

70. gr.

Íbúðareiganda er óheimilt að leigja út íbúð sína nema að fengnu skriflegu samþykki sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar í umboði hennar. Heimilt er að binda samþykki skilyrðum um leigutíma og leigufjárhæð. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af sveitarstjórn eða húsnæðisnefnd, er ógildur. Nú verður leigutaki fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Framkvæmdaraðili getur rift leigusamningi sem er ógildur skv. 1. mgr. og krafist útburðar leigutaka.

Auk ákvæða 1. og 2. mgr. er Byggingarsjóði verkamanna heimilt að breyta vöxtum á láni íbúðareiganda frá þeim tíma sem íbúðin var leigð út án heimildar þannig að vextir frá þeim tíma verði þeir sömu og gilda um lán [til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum].[1)]

[Réttur kaupanda sem stofnast við kaupsamning á félagslegri eignaríbúð er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, svo sem við hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna.][1)]

Ákvæði [1.–4. mgr.][1)] eiga við um allt félagslegt húsnæði, einnig það sem byggt var samkvæmt eldri lögum.

[1)] *L. 58/1995, 19. gr.*

71. gr.

Eigendum er óheimilt að veðsetja íbúðir sínar fyrr en áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna eru lægri en 75% af uppfærðu kostnaðarverði íbúða.

Leiga á kaupleiguíbúð. Kauprétturr.
72. gr.

Í almennum og félagslegum kaupleiguíbúðum getur umsækjandi valið um þrjá kosti: kaup, leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign.

Ef félagsskapur er byggður um eitt ákveðið form kaupleiguíbúða og það komi skýrt fram í samþykktum félagsins sem staðfestar hafa verið af félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr.

73. gr.

...

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kauprétt-

arins neytt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað að maki yfirtaki íbúðina við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti eiga uppsagnarákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

...

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaraðila, auk almenns rekstrarkostnaðar. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum afborgunum. Um ákvörðun húsaleigu skal kveðið nánar í reglugerð.

[Að öðru leyti gilda lög um húsaleigusamninga eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaraðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 20. gr.*

Kaup á eignarhlut í kaupleiguíbúð.

76. gr.

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af félagslegri kaupleiguíbúð með því að selja honum eignarhlut í henni fyrir 10% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðarinnar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni meðan hann hefur afnot af henni.

[Heimilt er að selja eignarhlut, 10% eða 30% af kostnaðarverði almennra kaupleiguíbúða. Skilyrði fyrir kaupum á 10% eignarhlut er að nettóeign sé innan ákveðinna marka sem ákveðin skulu með reglugerð. Hafi húsnæðisnefnd úthlutað íbúð með 10% eignarhlut, án þess að skilyrða um eignamörk hafi verið gætt, skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið úr 90% í 70% (30% eignarhlutur).][1)]

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. og 2. mgr., eiga ákvæði húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. og 2. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

[Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Framkvæmdaraðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhluturinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta.

Þegar í hlut eiga íbúðir, sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, er húsnæðismálastjórn heimilt við endurúthlutun að verða við rökstuddri ósk framkvæmdaraðila um hækkun á upphaflegu láni í 90% lán, framreiknað með lánskjaravísitölu, miðað við samþykktan byggingarkostnað. Lánskjör eru þau sömu og á áhvílandi láni að teknu tilliti til þess lánstíma sem liðinn er. Sama gildir sé um að ræða íbúðir sem látnar hafa verið í té með 30% eignarhlut. Heimild til hækkunar á láni samkvæmt þessu ákvæði á einungis við ef framkvæmdaraðili sýnir fram á að íbúð verði ekki endurúthlutað með upphaflegu láni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Um leigufjárhæð gildir ákvæði 73. gr.

Um heimild framkvæmdaraðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 23. gr.*

Leiga á félagslegri leiguíbúð.

77. gr.

Um samskipti leigutaka og framkvæmdaraðila gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga. Um leigugjald gildir ákvæði 73. gr.

Endurskoðun vaxta.

79. gr.

[Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort meðaltekjur kaupanda síðustu þrjú ár, þar af tekjur tvö síðustu árin, hvort ár fyrir sig, nemi hærri fjárhæð en tekjumörk skv. b-lið 64. gr. kveða á um. Komi í ljós að þær tekjur eru yfir tekjumörkum skal breyta vöxtum af láni hans þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Upp frá því skal slík könnun gerð á þriggja ára fresti.

Ákvæði þetta á við um allt félagslegt húsnæði þar sem lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna voru ekki ákveðnar með föstum vöxtum.

Skattstjórum er skylt að láta Húsnæðisstofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd vaxtabreytingar samkvæmt þessari grein.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 25. gr.*

Endurskoðun greiðslukjara.

80. gr.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af heildartekjum greiðanda.

[Kaupskylda og forkaupsréttur][1)]

[1)] *L. 58/1995, 26. gr.*

Almenn ákvæði.

[82. gr. (1., 3. og 4. mgr.)

Þegar íbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn, eða annar framkvæmdaraðili, skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

...

Um bílskúra og bílgeymslur skal fara sem um hluta úr íbúð hvað varðar forkaupsrétt og kaupskyldu.

Þegar íbúð, sem byggð var fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, hefur verið endurseld og úthlutað á nýjan leik eftir gildistöku laga nr. 70/1990 gildir ákvæði 83. gr. um kaupskyldu framkvæmdaraðila.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 26. gr.*

[Íbúðir byggðar frá og með gildistöku laga nr. 70/1990.] [1)]

[1)] *L. 58/1995, 26. gr.*

[83. gr.

Framkvæmdaraðili hefur kaupskyldu á öllum félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum fyrstu 10 árin frá afhendingu íbúðar en fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma hefur framkvæmdaraðili forkaupsrétt á eignaríbúðum og kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Ákvæði þessarar greinar um kaupskyldu eiga ekki við um lögbýli, sbr. 58. gr. a.][1]
[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[Íbúðir byggðar samkvæmt lögum nr. 51/1980 til gildistöku laga nr. 70/1990.][1]
[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[84. gr.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu fyrstu 15 árin frá afhendingu íbúðar en fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt á þeim íbúðum sem boðnar hafa verið til sölu.][1]
[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.][1]
[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[85. gr.

Sveitarstjórn hefur forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Þær íbúðir sem undir grein þessa falla eru:

1. Íbúðir í verkamannabústöðum byggðar í tíð laga fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.
2. Íbúðir byggðar af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965.
3. Leigu- og söluíbúðir samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976.
4. Íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma.][1]

[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[Nauðungaruppboð.][1]
[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[86. gr.

Nú er félagsleg eignaríbúð, félagsleg eða almenn kaupleiguíbúð, sbr. 36. gr., sem sveitarstjórn hefur ráðstafað til einstaklings, íbúð byggð af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965, leigu- og söluíbúð samkvæmt lögum nr. 58/1973 eða lögum nr. 38/1976, seld á nauðungarsölu og hefur sveitarstjórn þá kaupskyldu á íbúðinni. Sama gildir um íbúð samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði sem ráðstafað var til einstaklings. Undanþegnar ákvæðum þessarar greinar eru félagslegar eignaríbúðir á lögbýlum, sbr. 58. gr. a.

Kaupverð skal vera söluverð íbúðar skv. 88. gr. þegar í hlut á íbúð, byggð eða keypt eftir gildistöku laga nr. 51/1980. Ef um er að ræða íbúð sem byggð var eða keypt fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 verður kaupverð eignarhlutur seljanda skv. 89. gr. að viðbættum uppfærðum eftirstöðvum áhvílandi lána Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna sem veitt voru til kaupa á viðkomandi eign.][1]
[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[Endursala.
Almenn ákvæði.][1]

[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[87. gr. (1.–4. mgr.)

Húsnæðisnefnd, eða annar framkvæmdaraðili, skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn.

Eigandi félagslegrar íbúðar, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það húsnæðisnefnd (sveitarstjórn) eða öðrum framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili kaupir inn íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Húsnæðisnefnd skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga sem eru í eigu einstaklinga ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar eða hefur kaupskyldu á hlutaðeigandi íbúð. Aðrir framkvæmdaraðilar sjá með sama hætti um að leysa inn og endurselja íbúðir á sínum vegum.

Í sérstökum tilvikum geta húsnæðisnefndir óskað eftir því við húsnæðismálastjórn að fá heimild til að samræma söluverð sambærilegra íbúða þegar verð þeirra er mishátt, svo sem vegna vísitölubreytinga á byggingartíma, mismunandi lánskjara og kostnaðar við viðgerðir og endurbætur.

...

...

[Íbúðir byggðar eftir gildistöku laga nr. 51/1980.][1]

[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[88. gr. (1. og 2. mgr.)

Um greiðslu til seljanda fer með eftirfarandi hætti: Við kaup á íbúðinni skal seljandi fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags. Einnig skal seljandi íbúðarinnar fá endurgreiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Til frádráttar greiðslu til seljanda kemur fyrning, vanræksla á viðhaldi, lausaskuldir og ógreidd gjöld. Fyrning reiknast 1% af framreiknuðu verði íbúða fyrir hvert ár. Vanræksla á viðhaldi er metin af húsnæðisnefnd í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds.

Seljandi íbúðar á rétt á fullnaðargreiðslu samkvæmt grein þessari innan átta vikna frá söludegi íbúðar. Með söludegi er átt við þann dag þegar úttekt á eigninni hefur farið fram og útreikningur á eignarhluta seljanda liggur fyrir. Skal þetta gert innan 30 daga frá því seljandi lagði fram skriflega beiðni um innlausn.

...

...

[Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.][1]

[1] *L. 58/1995, 26. gr.*

[89. gr. (1.–3. og 8. mgr.)

Um greiðslu til seljanda fer með eftirfarandi hætti: Seljandi skal fá endurgreidda þá fjárhæð sem hann greiddi af kaupverði íbúðarinnar þegar hann festi kaup á íbúðinni, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42

hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina, einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbætur skal greiða miðað við lánskjaravísitölu, en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir. Til frádráttar greiðslu til seljanda kemur fyrning, vanræksla á viðhaldi, lausaskuldir og ógreidd gjöld. Fyrning er 0,5% fyrir hvert ár eignarhaldstíma. Vanræksla á viðhaldi er metin af húsnæðisnefnd í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Seljandi skal þó ekki fá lægri greiðslu en hann hefði fengið samkvæmt áðurgildandi reglum um 4% aukaverðbætur fyrir hvert ár eignarhaldstíma ásamt reglum um 1,0% árlega fyrningu. Þessar aukaverðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstímann eftir 1. júlí 1984.

Húsnæðisnefnd skal greiða seljanda andvirði endurbóta á íbúðinni að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds.

Seljandi íbúðar á rétt á fullnaðargreiðslu skv. 2. mgr. 88. gr.

...

...

...

...

Þær íbúðir, sem undir grein þessa falla, eru:

1. Íbúðir í verkamannabústöðum byggðar í tíð laga fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.
2. Íbúðir byggðar af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965.
3. Leigu- og söluíbúðir samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976.
4. Íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 26. gr.*

[Íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 26. gr.*

[90. gr.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvílandi láns úr Byggingarsjóði verkamanna greiddar upp. Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda hennar skv. 88. gr. og skulu félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

Heimilt er félagsmönnum í Byggingarfélagi verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.][1)]

[1)] *L. 58/1995, 26. gr.*

[93. gr. a.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að samþykkja frestun á afborgun lána til Byggingarsjóðs verkamanna þegar sveitarstjórn hefur keypt inn félagslega íbúð samkvæmt ákvæðum laganna um kaupskyldu sem ekki verður nýtt sem heilsársíbúð vegna hættu á snjóflóðum eða skriðuföllum, enda sé íbúð á hættusvæði, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum. Frestun á afborgun lána samkvæmt ákvæði þessu getur ein-

ungis átt sér stað í ákveðinn tíma eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar á meðan unnið er að varanlegri lausn. Vextir, og verðbótaþáttur vaxta, greiðast á meðan frestur stendur yfir.][1)]
[1)] *L. 76/1996, 2. gr.*

Ákvæði til bráðabirgða.
IV.

Um útgreiðslur á innstæðum á skyldusparnaðarreikningum gilda eftirfarandi reglur:

a. Innstæður, sem eru 30.000 kr. eða lægri, skulu greiddar eigendum án umsóknar innan sex mánaða frá gildistöku laganna.
b. Eigandi innstæðu, sem nemur hærri fjárhæð en 30.000 kr., á kost á að fá innstæðu sína greidda þegar hann hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin nota eða hefur barn á framfæri. Sama á við um 75% öryrkja samkvæmt örorkumati Tryggingastofnunar ríkisins [og þann sem misst hefur tekjur vegna langvarandi veikinda. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á greiðslu sem eru atvinnulausir og hafa verið það í a.m.k. þrjá mánuði samtals síðustu sex mánuði áður en sótt er um greiðslu. Enn fremur skulu námsmenn, sem hafa verið í a.m.k. sex mánaða samfelldu námi síðustu tólf mánuði áður en sótt er um greiðslu eða munu fyrirsjáanlega stunda nám sem mun sannanlega taka þann tíma, eiga rétt á greiðslu.][1) ...1)]

Húsnæðisstofnun skal kynna réttindi samkvæmt þessum lið sérstaklega.

c. Aðrar innstæður en þær sem fram koma í a- og b-liðum skulu greiddar eigendum 1. janúar árið 2000.
d. Ákvæði laga um skyldusparnað, sbr. VIII. kafla laga nr. 86/1988, með síðari breytingum, um skattalega stöðu innstæðna, vaxtaákvarðanir, vísitöluútreikning og innheimtu skulu, eftir því sem við á, gilda til 1. janúar 2000.
e. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um innstæður á skyldusparnaðarreikningum.

[1)] *L. 12/1994, 6. gr.*

Fylgiskjal III.

Yfirlýsing fjármálaráðherra um samráð við félagsmálaráðherra um ákvarðanir er snerta vaxtabætur og fjárhæð þeirra.

Frumvarp til laga um húsnæðismál gerir ráð fyrir að horfið verði frá félagslegri fjárhagsaðstoð vegna íbúðarhúsnæðis í formi lána með niðurgreiddum vöxtum. Þess í stað verði farvegur fjárhagsaðstoðarinnar húsaleigubætur, sbr. ný lög frá því í desember sl., og vaxtabætur skattkerfisins, sbr. fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum tekjuskattslaga.

Um leið og félagsleg fjárhagsaðstoð hins opinbera verður markvissari en áður er mikilvægt að tryggja að fyllsta samræmis verði gætt við allar ákvarðanir sem lúta að vaxtabótum og annarri húsnæðisaðstoð. Hlutaðeigandi ráðuneyti munu því verða að hafa náið samstarf um mögulegar breytingar á aðstoðinni í framtíðinni og fjármálaráðherra fullt samráð við félagsmálaráðherra um meðferð og ákvörðun vaxtabóta.

Friðrik Sophusson.
Magnús Pétursson.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál.

Samkvæmt frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núverandi skipulagi húsnæðismála og eru eftirfarandi breytingar þeirra veigamestar:

Í fyrsta lagi er lagt til að Húsnæðisstofnun ríkisins verði lögð niður 1. janúar 1999 og að ný stofnun, Íbúðalánasjóður taki við hlutverki hennar og skuldbindingum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins. Íbúðalánasjóði er ætlað að vera óháður framlögum úr ríkissjóði og standa undir lánveitingum sínum og rekstri með eigin tekjum en stjórn sjóðsins verður skipuð fimm mönnum. Innlausnarreglur eldra kerfis munu þó vara í einhverja áratugi en allar nýjar úthlutanir verða á grundvelli nýrra reglna.

Í öðru lagi verða umtalsverðar breytingar á þátttöku, áhrifum og ábyrgð sveitarfélaga og húsnæðisnefnda sveitarfélaga hvað félagslegt húsnæði og lánveitingar varðar.

Í þriðja lagi mun félagsleg jöfnun verða veitt í gegnum vaxtabótakerfi í stað niðurgreiðslu vaxta. Að öðru leyti verður uppbygging kerfisins sú að Íbúðalánasjóður veitir einstaklingum sem eiga rétt á almennu láni til kaupa á eigin íbúð húsbréfalán fyrir allt að 65–70% af verði íbúðar og sértækt viðbótarlán fyrir allt að 20–25%. Lagaákvæði varðandi lán til leiguíbúða, þ.e. til sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, eru að mestu óbreytt frá gildandi lögum.

Í fjórða lagi verður settur á fót sérstakur varasjóður með það meginhlutverk að bæta mögulegt tjón Íbúðalánasjóðs af töpuðum viðbótarlánum en varðandi eldra kerfi tekur varasjóðurinn m.a. við hlutverki Tryggingasjóðs vegna byggingargalla. Sá sjóður verður lagður niður og allar eigur hans og réttindi renna í varasjóðinn auk framlaga sveitarfélaga, söluhagnaðar af innleystum íbúðum og eftir atvikum framlaga ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Þeir þættir frumvarpsins sem hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs eru eftirfarandi:

a. Gert er ráð fyrir því að allt að 1.000 nýir einstaklingar komi árlega inn í vaxtabótakerfið sem hefðu að óbreyttu farið inn í félagslega eignaríbúðakerfið og fengið lán með niðurgreiddum vöxtum. Áætlað er að greiðslur vaxtabóta af þessum sökum muni hækka árlega um allt að 120 m.kr. að jafnaði á næstu 10 árum.
b. Í tengslum við þetta frumvarp er boðað að lagt verði fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem leiðir til þess að byrjað verður að greiða út vaxtabætur á kaupári en ekki á næsta ári á eftir eins og nú er. Talið er að þessi breyting leiði til 170 m.kr. kostnaðarauka árið 1999 og 500 m.kr. árlegs kostnaðarauka eftir það næstu 5–10 árin eða þar til ætla má að áhrif flýtingarinnar gangi til baka.
c. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII er Íbúðalánasjóði heimilt að veita lán til leiguíbúða með niðurgreiddum vöxtum á árunum 1999–2000. Fjöldi og upphæð lána skulu taka mið af framlagi ríkissjóðs í fjárlögum og áætluðum kostnaði vegna niðurgreiðslu vaxta. Miðað er við að veitt verði lán til allt að 50 leiguíbúða til 50 ára. Núvirtar vaxtaniðurgreiðslur miðað við 5,7 m.kr. meðallán á íbúð gætu þannig numið allt að 75 m.kr. á ári.
d. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII skal ákveðið framlag úr ríkissjóði renna til varasjóðs sem ræðst af ákvörðun í fjárlögum hverju sinni. Framlagið lýtur að afskriftum og niðurgreiðslum eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna. Ætla verður að þessi kostnaður sé óverulegur en geti orðið allt að 10 m.kr. á ári.

Samantekið má ætla að kostnaður ríkissjóðs, sem tengist breytingum á húsnæðislánakerfinu á árinu 1999, verði 365 m.kr. Árið 2000 má ætla að kostnaðurinn nemi 815 m.kr. og um 860 m.kr. árið 2001. Næstu þrjú ár þar á eftir má ætla að kostnaðurinn aukist um allt að 120 m.kr. á ári og verði um 1.200 m.kr. eftir það. Á móti vegur framlag til Byggingarsjóðs verkamanna í fjárlögum 1998, 275 m.kr. Enn fremur má gera ráð fyrir að rekstrarkostnaður við húsnæðislánakerfið lækki um 180 m.kr. frá og með árinu 2000. Loks mun kerfisbreytingin leiða til þess að Íbúðalánasjóður verður leystur undan kostnaði við niðurgreiðslu vaxta þegar félagslegar íbúðir koma til innlausnar og fjárhagsstaða sjóðsins styrkist að sama skapi.

878. Frumvarp til laga [508. mál]

um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til félaga sem rekin eru að hætti samvinnufélaga og hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem eigin íbúðir eða íbúðir með búseturrétti.

Markmið félaga skv. 1. mgr. skal jafnframt vera:

a. að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna sem þeir síðar hyggjast nota til kaupa á búseturétti,
b. að eiga aðild að fyrirtækjum sem með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög, og hlutafélögum, þar með töldum einkahlutafélögum, enda standi slík félög að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir starfsemi samvinnufélaga.

2. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Búseti er félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi sem öðlast hefur búseturétt.

Búseturéttur er réttur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi til að öðlast ótímabundinn rétt yfir íbúð sem byggð hefir verið eða keypt á vegum húsnæðissamvinnufélags.

Búseturéttargjald er það gjald sem félagsmanni í húsnæðissamvinnufélagi ber að greiða til þess að öðlast búseturétt og er tiltekið hlutfall af verðmæti þess húsnæðis sem félagsmaður vill tryggja sér rétt til.

Búsetuíbúð er íbúð sem hefur verið byggð eða keypt á vegum húsnæðissamvinnufélags og ráðstafað til búseta.

Búsetugjald er það gjald, sem búseti greiðir vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar af búsetuíbúð.

Húsnæðissamvinnufélag er samvinnufélag sem byggir, á og hefur yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þess er látið í té sem almennar kaupleiguíbúðir með búseturétti og tryggir þeim ótímabundin afnot af íbúðunum gegn kaupum á eignarhlut í þeim.

Byggingarsamvinnufélag er samvinnufélag sem reisir íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og rekur lánastarfsemi fyrir félagsmenn sína.

II. KAFLI
Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur.

3. gr.
Félagsstofnun.

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags skal eftir því sem við á fara eftir ákvæðum laga um samvinnufélög á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum sem miði meðal annars að því að tryggja réttindi og skyldur félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum skulu einnig vera ákvæði sem stuðla að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal hafa orðið húsnæðissamvinnufélag í heiti sínu sem skammstafa má hsf. Öðrum er óheimilt að nota slíkt heiti í nafni félags síns.

4. gr.
Stofnun búseturéttar.

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélög, enda fullnægi þeir skilyrðum um rétt einstaklinga til félagsaðstoðar í húsnæðismálum samkvæmt nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur í reglugerð og greiði ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins.

Þegar félagsmaður notfærir sér rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 5. gr. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

Búseturétt geta þeir einir eignast eða keypt sem eru orðnir fjárráða.

5. gr.
Búseturéttargjald.

Búseturéttargjald ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis og hins vegar af lánsfé til langs tíma.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveður fjárhæð búseturéttargjalds og hvenær það skuli innt af hendi.

Nú gengur búseturéttur kaupum til annars félagsmanns og skal þá ákveða endursöluverðið eftir upphaflegu verði að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Þá skal bæta við kostnaði seljanda vegna endurbóta á húsnæðinu en draga frá kostnað við að bæta úr göllum á íbúðinni, allt samkvæmt samkomulagi eða mati.

6. gr.
Búseturéttur.

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð enda standi hann skil á gjöldum til félagsins af íbúðinni. Brjóti félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann umráðarétti yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörun áður en til slíks kemur.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 7. gr. um rétt til afnota og 14. gr. um framleigu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almannasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags og skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

7. gr.

Ráðstöfun búseturéttar.

Réttur búseturéttarhafa er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélagi í stað fyrri búseta, enda notfæri sá sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu og fullnægi skilyrðum þessara laga til þess.

8. gr.

Vanskil félagsmanns.

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 10. gr. Búseta er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.

Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins enda hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörun. Stjórn húsnæðissamvinnufélags tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

III. KAFLI

Búsetufélög.

9. gr.

Stofnun búsetufélags.

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að búseturéttarhafar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir sem þar hafa keypt sér búseturétt mynda með sér sérstaka deild innan húsnæðissamvinnufélagsins sem nefnist *búsetufélag*. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrr eða fljótlega eftir úthlutun óski búseturéttarhafar í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði eftir því. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Óski búseturéttarhafar í tilteknum byggingaráfanga, þar sem íbúðir eru tíu eða færri, ekki eftir því að mynda sérstakt búsetufélag skulu þeir eigi að síður skoðast sem deild í húsnæðissamvinnufélaginu. Á meðan svo er fer stjórn húsnæðissamvinnufélagsins með þau verkefni sem annars væru í höndum búsetufélagsins, en deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Óski meiri hluti búseturéttarhafa í deild eftir stofnun sérstaks búsetufélags skal stjórn húsnæðissamvinnufélags verða við því.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð, bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Slíkar

samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélag og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form fyrir samþykktir búsetufélaga.

10. gr.

Ábyrgð búsetufélags og búsetugjald.

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, *búsetugjald.*

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélags á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. mgr. Ákvörðun um fjárhæð búsetugjalds getur hver félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði af íbúðum þar sem húsnæðissamvinnufélag er eigandi þeirra.

11. gr.

Veðsetning íbúða.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur án samþykkis búsetufélags veðsett íbúðir fyrir lánum úr Íbúðalánasjóði sem tekin eru til byggingar á þeim.

Óheimilt er að veðsetja íbúðirnar fyrr en áhvílandi lán úr Íbúðalánasjóði eða lán sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum eru orðin lægri en 75% af uppfærðu verði þeirra.

Stjórn búsetufélags þarf að samþykkja veðsetningar vegna lána sem tekin kunna að verða síðar til endurbóta og viðhalds á fasteignum. Með reglugerð má takmarka þær veðsetningarheimildir.

12. gr.

Búsetusamningur.

Hver sá sem hefur fengið keyptan búseturétt skal gera búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseti geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum, svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinna vanskila. Uppsagnarfrestur af hálfu búseta er hins vegar sex mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé enginn slíkur félagsmaður hefur seljandi búseturéttar heimild til að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélagi heimilt að fresta endurgreiðslu á andvirði búseturréttar (eignarhlutar) í allt að sex mánuði frá lokum uppsagnarfrests og skal fullnaðargreiðsla til seljanda búseturéttar eiga sér stað í síðasta lagi innan tólf mánaða frá uppsögn búsetusamninga. Um endurgreiðslu búseturéttar fer að öðru leyti eftir því sem segir í 13. gr. laga þessara.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldssjóð, greiðslu rekstrarkostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o.fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat á íbúðinni.

13. gr.

Endurgreiðsla búseturéttar.

Hætti búseti afnotum af íbúð skal eignarhlutur hans endurgreiddur honum með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

14. gr.

Framleiga.

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Óski búseti eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseti hafi brýna þörf fyrir það, svo sem vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af húsnæðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigutaki fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og krafist útburðar leigutaka.

15. gr.

Viðhaldssjóður.

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur ákveður gjöld til hverju sinni. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds skv. 10. gr.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af viðhaldi fasteignar utan húss, sem félagið annast, og viðhaldi íbúða sem búseti hverrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagsmaður fær fé úr viðhaldssjóðnum til viðhalds íbúðar sinnar samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur félagsins setur.

IV. KAFLI
Fjáröflun húsnæðissamvinnufélaga.

16. gr.

Fjáröflun húsnæðissamvinnufélaga.

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi.
b. Með lánum úr Íbúðalánasjóði. Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt þessum staflið, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
c. Með árlegu framlagi í varasjóð af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins, sbr. 4. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna, eða hluti framlaga þeirra, til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá viðurkenndri lánastofnun. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum og veðbótum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu, enda hafi félagsmaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.

17. gr.

Takmarkanir.

Óheimilt er að selja íbúðir sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum á meðan á þeim hvíla lán úr Íbúðalánasjóði eða lán sem veitt hafa verið samkvæmt eldri lögum og Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið.

18. gr.

Kaup á eldra íbúðarhúsnæði.

Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Íbúðalánasjóði til kaupa á íbúðarhúsnæði sem síðan er ráðstafað með búseturétti. Húsnæðið skal fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð má ekki vera hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar að frádregnum afskriftum.

V. KAFLI
Byggingarsamvinnufélög.

19. gr.

Stofnun byggingarsamvinnufélaga.

Heimilt er með samþykki félagsmálaráðherra að stofna til byggingarsamvinnufélaga í þeim tilgangi að reisa íbúðir fyrir félagsmenn sína til eigin nota á sem hagkvæmastan hátt og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna.

20. gr.

Nánari ákvæði.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um tilgang byggingarsamvinnufélaga, fjölda félaga, félagsstofnun, skrásetningu, félagsslit og samþykktir byggingarsamvinnufélaga, réttindi og skyldur einstakra félagsmanna, byggingarflokka, fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda. Einnig ákvæði um hvernig aflað skuli fjár til byggingarsamvinnufélaga, gerð byggingarsamninga við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast, um stofnsjóð og varasjóð, ráðstöfun íbúða, sölu þeirra og leigu, þar með talin ákvæði um forkaupsrétt og úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi, svo og önnur þau atriði er varða starfsemi og rekstur byggingarsamvinnufélaga.

Um skipulag og starfshætti byggingasamvinnufélaga gilda að öðru leyti ákvæði laga um samvinnufélög.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Reglugerðarsetning.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um ákvörðun leigugjalds.

22. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

23. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður yfirtaka öll eldri lán sem Byggingarsjóður verkamanna og eftir atvikum Byggingarsjóður ríkisins hafa veitt til húsnæðis- og byggingarsamvinnufélaga, þar á meðal vegna búseturéttaríbúða, ásamt þeim réttindum og skyldum sem slíkum lánum fylgja.

II.

Fyrirmæli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um ákvörðun leigugjalds vegna félagslegra kaupleiguíbúða sem leigðar eru með hlutarétti, sbr. 73. gr. laga nr. 97/1993, og um kaup á eignarhlut í kaupleiguíbúð, sbr. 76. gr., skulu halda gildi sínu eftir því sem við getur átt á meðan á slíkum íbúðum hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um húsnæðismál. Kemur frumvarpið, ef að lögum verður, í stað VI. og VII. kafla núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, en í þeim köflum er fjallað um byggingarsamvinnufélög og húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Byggingarsamvinnufélagsformið hefur hin síðari ár ekki verið nýtt sem neinu nemur til byggingar eignaríbúða. Með lögum nr. 47/1991 voru þær breytingar gerðar á lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins að ekki var lengur gert ráð fyrir að byggingarsamvinnufélög ættu kost á framkvæmdarlánum til byggingar húsnæðis fyrir félagsmenn sína. Með lögum nr. 61/1993 var sú breyting gerð á ákvæðum um fjáröflun byggingarsamvinnufélaga að þau ættu ekki lengur kost á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélög geti meðal annars fjármagnað íbúðarbyggingar fyrir félagsmenn sína með lánum úr Íbúðalánasjóði. Þegar litið er til þess að hér er um að ræða frjáls félög einstaklinga, og húsnæðissamvinnufélög, sem tengjast ekki Íbúðalánasjóði nema að takmörkuðu leyti, þykir rétt að um þau gildi sérstök lög. Er slík framsetning aðgengilegri og einfaldari. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda með frumvarpi til laga um húsnæðismál.

Efnislega eru fyrstu fjórir kaflar frumvarps þessa nánast samhljóða VII. kafla gildandi laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Orðalagi hefur lítillega verið breytt, einkum með tilliti til stofnunar Íbúðalánasjóðs og sameiningar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í 2. gr. hafa verið teknar inn helstu skilgreiningar hugtaka til frekari skýrleika en slíkar skilgreiningar er ekki að finna í gildandi lögum. Þá er efni VI. kafla gildandi laga um byggingarsamvinnufélög fellt brott, enda hefur ekki um langt skeið verið stuðst við ákvæði þessa kafla við íbúðarbyggingar hér á landi. Eigi að síður, og þess í stað, er í V. kafla frumvarpsins tekið upp ákvæði í 19. gr., sem gerir ráð fyrir því að heimilt verði að stofna byggingarsamvinnufélög með samþykki félagsmálaráðherra. Gert er ráð fyrir að nánari reglur um fyrirkomulag þess háttar félaga verði settar í reglugerð. Í 20. gr. frumvarpsins eru talin upp helstu atriði sem fram þurfa að koma í slíkri reglugerð reynist nauðsynlegt að setja hana. Sú upptalning er þó ekki tæmandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um til hvaða félaga lögin taki og hver markmið slíkra félaga séu. Efni greinarinnar er að hluta tekið úr 94. og 101. gr. gildandi laga. Ekki þykir ástæða til að taka sér-

staklega fram að það skuli vera markmið húsnæðissamvinnufélaga og byggingarsamvinnufélaga að útvega lán til íbúðarbygginga.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök sem fram koma í frumvarpinu.

Um 3.–12. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 102.–111. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 6. mgr. 76. gr. gildandi laga og er nauðsynleg vegna samhengis við 12. gr.

Um 14. og 15. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 112. og 113. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 114. gr. gildandi laga og Íbúðalánasjóðs getið í stað Byggingarsjóðs verkamanna.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 117. gr. gildandi laga og Íbúðalánasjóðs getið sem lánveitanda.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 117. gr. gildandi laga og Íbúðalánasjóðs getið sem lánveitanda.

Um 19. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að heimilt verði áfram að stofna til byggingarsamvinnufélaga eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Áður en til þess kemur skal þó afla samþykkis félagsmálaráðherra.

Um 20. gr.

Í stað þess að tíunda með sama hætti og í VI. kafla núgildandi laga fyrirkomulag byggingarsamvinnufélaga og starfsemi þeirra byggir greinin á því að félagsmálaráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um þá þætti, þ.e. alla þá þætti sem fram koma í VI. kafla gildandi laga og jafnvel fleiri. Er þessi háttur hafður á þar sem byggingarsamvinnufélög hafa síðustu ár ekki komið nærri byggingu og fjármögnun íbúðarhúsnæðis einstaklinga.

Um 21. og 22. gr.

Greinarnar eru samhljóða 118. og 119. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er frumvarp þetta fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um húsnæðismál. Rétt er því að taka fram í frumvarpi þessu að Íbúðalánasjóður skuli yfirtaka öll eldri lán Byggingarsjóðs verkamanna sem veitt hafa verið til húsnæðissamvinnufélaga og eftir atvikum þau lán sem veitt hafa verið til byggingarsamvinnufélaga úr Byggingasjóði ríkisins ásamt þeim réttindum og skyldum sem slíkum lánum fylgja.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Þar sem gert er ráð fyrir að lög um Húsnæðisstofnun ríkisins verði felld úr gildi með frumvarpi til laga um húsnæðismál er rétt að kveða á um að ákvæði þeirra laga um leigugjald og um eignarhlut í kaupleiguíbúðum haldi gildi sínu eftir því sem við á meðan á þeim hvíla lán sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði verkamanna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Frumvarpið er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um húsnæðismál sem felur í sér stofnun Íbúðalánasjóðs sem sjá mun um lánveitingar til húsnæðiskaupa. Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að koma í stað VI. og VII. kafla núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, en í þeim köflum er fjallað um byggingarsamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög og búseturétt. Þar sem þetta efni á ekki heima í frumvarpi til laga um húsnæðismál sem tekur til lánveitinga þykir rétt að kveða á um skyldur og réttindi byggingar- og húsnæðissamvinnufélaga í sérstökum lögum.

Meginkaflar frumvarpsins eru efnislega samhljóða VI. og VII. kafla núgildandi laga og af því leiðir að frumvarp þetta, verði það að lögum, mun ekki leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

879. Frumvarp til laga [509. mál]

um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31 27. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

5. og 6. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

2. gr.

1. málsl. 15. gr. laganna, er verður 13. gr., orðast svo: Flugvallagjöld skv. 6. og 7. gr. skulu vera grunntaxtar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði úr lögum heimild til innheimtu gjalda af flugvélabensíni og þotueldsneyti skv. 5. og 6. gr. laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31/1987.

Breytingum þessum er ætlað að jafna samkeppnisskilyrði í flugi með því að fella gjaldið niður.

Verði frumvarpið að lögum munu áætlaðar tekjur samkvæmt flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001, sem nú er til meðferðar á Alþingi, lækka um 45 millj. kr. á árinu 1998, 65 millj. kr. árið 1999, 67 millj. kr. árið 2000 og 69 millj. kr. árið 2001. Fjárveitingar til framkvæmda á flugvöllum lækka þó ekki um þá fjárhæð þar sem framlag til rekstrar flugvalla og til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar mun lækka um 28 millj. kr. á árinu 1998 og 35 millj. kr. á árunum 1999–2001. Framlag til framkvæmda á flugvöllum samkvæmt flugmálaáætlun lækkar því um 17 millj. kr. á árinu 1998, 30 millj. kr. árið 1999, 32 millj. kr. árið 2000 og 33 millj. kr. árið 2001.

Samhliða þessu verða lendingargjöld í innanlandsflugi hækkuð sem nemur tapi vegna niðurfellingar á eldsneytisgjaldi í innanlandsflugi. Yfirstjórn Keflavíkurflugvallar hefur lýst því yfir að sértekjur Keflavíkurflugvallar muni hækka um 18 millj. kr. ár hvert til ársins 2001 og á móti komi lækkun á framlagi til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar samkvæmt flugmálaáætluninni.

880. Frumvarp til laga [510. mál]

um breytingu á lögum nr. 142/1996, um póstþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 350 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra sendinga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.
2. Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölul., þar með talinna póstkorta.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Póst- og fjarskiptastofnun getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, heimilað einstaklingum og lögaðilum, öðrum en einkaréttarhafa, póstmeðferð á póstsendingum skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi til almannaheilla og ekki í atvinnuskyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi en varð ekki útrætt.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna, þar sem skilgreindur er einkaréttur til póstmeðferðar innan lands, verði breytt til samræmis við skilgreiningu þá sem fram kemur í tilskipun ESB nr. 97/67 um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar. Tilskipunin var samþykkt eftir að lög nr. 142/1996, um póstþjónustu, voru samþykkt á Alþingi. Nú þegar hafa fjölmörg Evrópuríki tekið skilgreininguna upp í sína löggjöf.

Í samræmi við tilskipunina er gert ráð fyrir að einkaréttur til póstmeðferðar taki til bréfa í umslögum og sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 350 g að þyngd og annarra ritaðra orðsendinga og prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi, þar með talinna póstkorta, sem eru innan fyrrgreindra þyngdarmarka. Með umslögum í 1. tölul. er átt við bréf sem lokað er aftur, hvort sem þau eru límd eða þeim lokað með öðrum hætti. Einkaréttur fellur þó niður ef burðargjald póstsendinga er meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá. Lægsti gjaldflokkur einkaréttarhafa er nú 20 g bréf, en burðargjald þeirra er 35 kr. Er því gert ráð fyrir að einkaréttur falli niður á sendingum þar sem heildarburðargjald vegna póstsendinga er hærra en 175 kr. (5 sinnum 35), ef miðað er við núgildandi gjaldskrá.

Er aðgreining þessi mun nákvæmari en samkvæmt gildandi lögum þar sem meginviðmiðið er lokaðar sendingar. Hefur það viðmið valdið vandkvæðum í framkvæmd þegar reynt hefur verið að aðgreina og skilja að þann póst sem er í einkarétti og þann póst sem telst utan einkaréttar, m.a. í því skyni að skilja að fjárhagslega einkaréttarþjónustu annars vegar og samkeppnisþjónustu hins vegar. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að viðmiðið verði annars vegar þyngd og hins vegar burðargjald sem hvort tveggja eru mælikvarðar sem ekki eiga að valda vandkvæðum í framkvæmd þegar greint er á milli pósts innan og utan einkaréttar eða við fjárhagslegan aðskilnað.

Engin breyting verður með þessu frumvarpi á póstmeðferð verðlista, bæklinga, blaða og tímarita með utanáskrift sé innihald allra sendinga eins og án umbúða eða um þær búið í gagnsæjum umbúðum. Þessar póstsendingar verða eftir sem áður utan einkaréttar.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sú breyting verði gerð á 12. gr. laganna að við bætist ný málsgrein þar sem Póst- og fjarskiptastofnun geti, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr., heimilað einstaklingum og lögaðilum, öðrum en einkaréttarhöfum, póstmeðferð á póstsendingum sem eru undir 350 g að þyngd og þar sem burðargjald er lægra en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.

Með undanþáguheimild þessari er fyrst og fremst verið að horfa til þess þegar íþróttafélög, hjálparsveitir og ýmis góðgerðarsamtök sjá um að dreifa pósti í fjáröflunarskyni, en nokkuð hefur borið á því í framkvæmd.

Það er Póst- og fjarskiptastofnun sem veitir undanþágu þessa. Verður undanþágan ekki veitt aðilum sem hafa póstmeðferð að atvinnu og einungis aðilum sem hafa að markmiði almannaheill. Fara skal varlega með veitingu undanþáguheimildar þessarar, sbr. orðalagið „þegar sérstakar ástæður mæla með því“, og túlka ákvæðið þröngt. Þegar Póst- og fjarskiptastofnun fær til meðferðar beiðni um undanþágu fer um afgreiðslu hennar eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og almennum stjórnsýslusjónarmiðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 142/1996, um póstþjónustu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 1. mgr. 6. gr. laganna, þar sem skilgreindur er einkaréttur til póstmeðferðar innan lands, verði breytt til samræmis við skilgreiningu þá sem kemur fram í tilskipun nr. 97/67, um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins.

Þar sem hér er um þrengingu á einkaréttinum að ræða er lögð til sú breyting á gildandi lögum að Póst- og fjarskiptastofnun geti, þegar sérstakar ástæður mæla með því, heimilað einstaklingum og lögaðilum, öðrum en rétthafa, póstmeðferð á póstsendingum skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi til almannaheilla og ekki í atvinnuskyni. Í greinargerð með frumvarpinu er ítrekað að fara skuli varlega með veitingu undanþáguheimildar þessarar.

Ekki verður séð að frumvarp þetta leiði til kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

881. Svar [449. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um heilsugæslu í skólum.

1. *Hvert er hlutverk skólalæknis og hver er starfslýsing hans?*

Hlutverk skólalæknis er að fylgja ákvæðum um heilsugæslu í skólum í reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar, nr. 160/1982, með síðari breytingum, og hafa umsjón með að tilmælum og leiðbeiningum landlæknis um áhersluþætti í skólaheilsugæslu sé framfylgt. Skólalæknir skal einnig vera til ráðgjafar í skólunum um ýmsa þætti er lúta að heilsufari og vellíðan nemenda.

Það er hlutverk hverrar heilsugæslustöðvar að setja starfslýsingu fyrir sitt starfsfólk eftir því sem þurfa þykir og því ekki til nein ein starfslýsing fyrir skólalækna sem hóp. Hins vegar er í tilmælum landlæknis um áhersluþætti í skólaheilsugæslu kveðið á um hvenær læknisskoðanir eiga að fara fram.

2. *Hvert er hlutverk skólahjúkrunarfræðings?*

Hlutverk skólahjúkrunarfræðings er að fylgja ákvæðum um heilsugæslu í skólum í reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar, nr. 160/1982, með síðari breytingum. Í starfi skólahjúkrunarfræðings felst að hafa eftirlit með andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu skólabarna. Skólahjúkrunarfræðingur fylgir tilmælum landlæknis um áhersluþætti í skólaheilsugæslu og er til ráðgjafar í skólunum um ýmsa þætti er lúta að heilsufari og vellíðan nemenda. Hann fylgist með börnunum sjálfum og leitast við að kynnast skólabarninu, fjölskyldu þess og umhverfi. Þá sinnir hann forvörnum, heilbrigðisfræðslu og heilbrigðishvatningu, svo og stuðningi, ráðgjöf og meðferð eftir því sem við verður komið. Skólahjúkrunarfræðingur er einn af tengiliðum heilsugæslunnar við fjölskylduna og skólann.

3. Hver er lágmarksviðvera eða starfshlutfall skólahjúkrunarfræðings?

Heilsugæsla í skólum er hluti af verkefnum heilsugæslustöðva eins og t.d. mæðravernd, ungbarnavernd og heilsugæsla aldraðra. Hverri heilsugæslustöð er ætlað að sinna tilteknu svæði og er ekki ákveðið sérstaklega hversu miklum tíma hún ver til hvers þjónustuþáttar. Hver heilsugæslustöð hefur því ákvörðunarvald um forgangsröðun þeirra verkefna sem henni ber að sinna. Varðandi starfshlutfall skólahjúkrunarfræðinga hefur sú viðmiðun verið notuð síðustu ár að miða fulla stöðu við 600–1.000 börn. Í könnun sem gerð var árið 1988 á starfi og starfssviði skólahjúkrunarfræðinga á Stór-Reykjavíkursvæðinu (Björg Eysteinsdóttir hjúkrunarfræðingur) kom fram að skólahjúkrunarfræðingar töldu að miða bæri við 650 börn fyrir fullt starf. Lágmarksviðvera í skólunum sjálfum hefur ekki verið ákveðin.

4. Hver eru tengsl skólalæknis og hjúkrunarfræðings við nemendaverndarráð?

Í reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum er skólum ekki gert skylt að stofna nemendaverndarráð heldur er þeim það heimilt. Þar er heldur ekki fastákveðið hverjir eigi aðild að ráðinu heldur einungis tilgreint hverjir geti átt þar sæti og er fulltrúi heilsugæslunnar einn þeirra. Svo virðist sem nemendaverndarráðum fari fjölgandi og má sem dæmi nefna að nemendaverndarráð munu vera við alla skóla í Reykjavík. Í langflestum tilvikum hafa skólastjórnendur óskað eftir því að fulltrúi heilsugæslunnar sitji fundi nemendaverndarráðs en það er þó ekki algilt. Oftast er það þá skólahjúkrunarfræðingurinn sem situr fundina. Tengsl skólahjúkrunarfræðings við nemendaverndarráð eru almennt meiri en skólalæknis. Dæmi eru þó um að bæði skólalæknir og skólahjúkrunarfræðingur sitji alla fundi nemendaverndarráðs og ekki er óalgengt að ef slíkir fundir eru haldnir vikulega sitji skólahjúkrunarfræðingurinn þá alla en skólalæknirinn einu sinni í mánuði. Skólastjórnendur á mörgum stöðum hafa lýst því yfir að seta fulltrúa heilsugæslunnar sé forsenda þess að nemendaverndarráð geti sinnt hlutverki sínu.

5. Hvers má vænta af heilsugæslu í geðverndarmálum barna og unglinga?

Samkvæmt 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er geðvernd einn af heilsuverndarþáttum heilsugæslunnar. Að miklu leyti er það starf samofið öðru heilsuverndarstarfi sem þar er unnið. Starfsfólk heilsugæslu er því vakandi fyrir þáttum er lúta að geðheilbrigði barna og unglinga í öllum samskiptum sínum við þau og foreldra þeirra. Einn af þeim þáttum er ungbarnaverndin. Þar hafa nú verið teknar upp nýjar skoðanir við þriggja og hálfs árs og fimm ára aldur með það einkum að markmiði að greina þroskafrávik hjá börnum. Með því að taka upp markvisst þroskamat við fimm ára aldur gefst tækifæri til að vinna með vanda þeirra barna sem greinast með frávik áður en skólaganga hefst.

Samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, annast heilsugæslustöðvar skólaheilsugæslu. Skólaheilsugæslan hefur því heilsugæslustöðina sem sitt bakland og öll vinna sem þar fer fram er hluti af hinni heildstæðu þjónustu sem þar er veitt. Með því skapast grundvöllur fyrir náið samstarf skólans (kennarans), skólalækna og skólahjúkrunarfræðinga. Víst má telja að enginn aðili utan heimilanna sé í svipaðri aðstöðu til að greina hegðunarvandamál hjá börnum og unglingum og kennarar í grunnskólum. Með því að tryggja reglubundna samvinnu og greiðan aðgang kennara að skólalæknum og hjúkrunarfræðingum opnast möguleikar til að greina vandamál og áhættu fljótt og er það mjög mikilvægt til þess að ná árangri í meðferð. Í annan stað er heilsugæslan í lykilaðstöðu til þess að samhæfa nauðsynlega meðferð vegna geðrænna vandamála barna og unglinga þar sem saman þurfa að vinna skóli, heilsugæsla, sérfræðingar, félagsráðgjafar og sálfræðingar og meðferðin beinist oft og tíðum ekki síður að foreldrum en barni. Samkvæmt upplýsingum frá yfirlækni barna- og unglingageðdeildar er um að ræða geðræn vandamál hjá a.m.k. öðru foreldri 30–60% barna sem koma á deildina.

Starfshópur heilbrigðisráðuneytisins um stefnumótun í málefnum fatlaðra skilaði 10. október síðastliðinn fyrstu tillögum um áherslur í geðheilbrigðisþjónustu barna og unglinga. Starfshópurinn vinnur nú að nánari útfærslu þeirra tillagna þar sem m.a. er fjallað um þátt heilsugæslunnar í geðverndarmálum.

6. *Til hvaða úrræða geta skólahjúkrunarfræðingar gripið varðandi meðferð fyrir börn sem ánetjast hafa vímuefnum?*

Skólahjúkrunarfræðingar veita börnum sem ánetjast hafa vímuefnum ýmiss konar ráðgjöf og stuðning, viti þeir um vanda barnanna. Í öllum slíkum tilvikum er nauðsyn á víðtæku samstarfi við fjölskyldu, skóla og heilsugæslu til að finna þau úrræði sem henta best hverju sinni. Skólahjúkrunarfræðingar nýta sér ráðgjöf sérfróðra aðila, svo sem hjá Barnaverndarstofu, Fjölskyldumiðstöð á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, SÁÁ og hjá félagsmálaþjónustu sveitarfélaga, og vísa börnum í meðferð hjá þeim stofnunum/sérfræðingum sem fást við slíkan vanda.

Í nokkrum sveitarfélögum vinna skólahjúkrunarfræðingar með fulltrúum félagsmiðstöðva og lögreglu að því að finna og styðja börn í vanda.

7. *Eru uppi áform um skipulagða heilsugæslu innan framhaldsskólanna eins og skýr lagaákvæði eru um?*

Heilsuvernd er sinnt innan nokkurra framhaldsskóla hér á landi en ekki nándar nærri allra. Sá heilsuverndarþáttur hefur hvorki verið skipulagður sem heild né samræmdur af heilbrigðisyfirvöldum. Hins vegar hefur t.d. verið farið með ýmiss konar heilbrigðisfræðslu í framhaldsskóla. Mikil vægt er að skilgreindir verði nánar meginþættir sem leggja ber áherslu á í heilsugæslu innan framhaldskólanna. Landlæknisembættið hefur hafið upplýsingasöfnun frá nokkrum þeim aðilum sem vinna við heilsuvernd í framhaldsskólum og er þess að vænta að tilmæli komi frá landlækni síðar á þessu ári um að hverju ætti helst að huga í heilsuvernd framhaldsskólanema. Á vegum Heilsueflingar, sem er samstarfsverkefni heilbrigðisráðuneytisins og landlæknisembættisins, er stefnt að átaksverkefni um heilsueflingu í framhaldsskólum.

Einnig er rétt að geta þess að hafinn er undirbúningur heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins að þátttöku Íslands í samstarfsverkefni Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Evrópusambandsins og Evrópuráðsins, „Health Promoting Schools“, í þeim tilgangi að efla heilsuvernd í skólum. Mun það verkefni bæði ná til grunnskóla og framhaldsskóla.

Þótt í lögum um framhaldsskóla sé frá því greint að ef heilsugæslustöð er starfandi í nágrenni skóla sé heimilt að fela henni að annast heilsuverndina hefur ekki verið reiknað með því í fjárveitingum til heilsugæslunnar.

882. Fyrirspurn [511. mál]

til félagsmálaráðherra um Vinnuklúbbinn.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver er reynslan af tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar sem gengur undir nafninu Vinnuklúbburinn?
2. Hvaða sveitarfélög geta og eiga rétt á að nýta sér þjónustu Vinnuklúbbsins?
3. Hvaða áform eru um áframhaldandi störf Vinnuklúbbsins og þá undir forræði hvers?

883. Fyrirspurn [512. mál]

til menntamálaráðherra um kennslu í grunnskólum.

Frá Birnu Sigurjónsdóttur.

1. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að tryggja nemendum í grunnskólum kennslu menntaðra kennara?
2. Telur ráðherra réttlætanlegt að sérkennsla í grunnskóla sé í höndum einstaklinga sem hvorki hafa menntun í sérkennslufræðum né almenna kennaramenntun?

884. Fyrirspurn [513. mál]

til samgönguráðherra um ríkisstyrktar kaupskipaútgerðir á Norðurlöndum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver eru ríkisframlög til kaupskipa sem skráð eru og gerð út annars staðar á Norðurlöndum?
2. Er veittur ríkisstyrkur í einhverju formi til íslenskra kaupskipa?

885. Fyrirspurn [514. mál]

til iðnaðarráðherra um ábyrgð byggingameistara.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver er ábyrgð byggingameistara íbúðarhúsnæðis gagnvart kaupendum á hvers konar smíða- eða steypugöllum sem fram koma í nýbyggingum?
2. Ef um ábyrgð er að ræða, hversu lengi varir hún?

886. Fyrirspurn [515. mál]

til umhverfisráðherra um brunamótstöðu húsgagna.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvaða reglur gilda hér á landi um brunamótstöðu húsgagna,

a. sem flutt eru til landsins,
b. sem framleidd eru innan lands?

887. Fyrirspurn [516. mál]

til menntamálaráðherra um úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver var niðurstaða úttektar á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð sem Alþingi samþykkti 24. febrúar 1995 að fela menntamálaráðherra að láta gera?

888. Fyrirspurn [517. mál]

til fjármálaráðherra um gjaldþrot einstaklinga að kröfu hins opinbera.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hversu margir einstaklingar hafa verið lýstir gjaldþrota vegna skulda við opinbera aðila síðustu fimm árin?
2. Hvernig skiptast þeir eftir fjárhæð krafna:
   a. innan við 100 þús. kr.,
   b. á bilinu 1–200 þús. kr.,
   c. á bilinu 2–300 þús. kr.,
   d. á bilinu 3–400 þús. kr.,
   e. á bilinu 4–500 þús. kr.,
   f. á bilinu 5–600 þús. kr.,
   g. á bilinu 6–700 þús. kr.,
   h. á bilinu 7–800 þús. kr.,
   i. á bilinu 8–900 þús. kr.,
   j. á bilinu 900 þús. kr.–1 millj. kr.,
   k. hærri en 1 millj. kr.?
3. Hver hefur verið innheimtukostnaður vegna þessara aðila?
4. Hversu mörg dæmi eru um að einstaklingar hafi verið lýstir gjaldþrota oftar en einu sinni vegna sömu kröfunnar?
5. Hvernig skiptast einstaklingar í 2. lið eftir umdæmum?

Skriflegt svar óskast.

889. Skýrsla [518. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um 50. alþjóðaheilbrigðisþingið í Genf 4.–14. maí 1997 og fund svæðisnefndar WHO í Evrópu í Istanbul 15.–19. september 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISÞINGIÐ

1. Inngangur.

Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var samþykkt 22. júlí 1946 á sérstöku alþjóðlegu heilbrigðismálaþingi. Stofnunin sjálf tók ekki til starfa fyrr en 7. apríl 1948 þegar 26 af 61 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna höfðu staðfest stofnskrána. Aðildarríki WHO eru núna yfir 190.

Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Genf en auk þess fer stór hluti starfseminnar fram í sex svæðisnefndum og skrifstofum þeirra. Svæðisskrifstofurnar eru staðsettar á eftirtöldum stöðum:

— Brazzaville, Congo.
— Washington, Bandaríkjunum.
— Alexandríu, Egyptalandi.
— Kaupmannahöfn, Danmörku.
— Nýju Delhi, Indlandi.
— Manila, Filippseyjum.

Alþjóðaheilbrigðisþingið, sem haldið er einu sinni á ári, er sá vettvangur sem tekur helstu ákvarðanir varðandi starfsemi WHO og markar stefnu stofnunarinnar á hverjum tíma. Framkvæmdastjórnin, sem kemur saman tvisvar á ári, er hins vegar framkvæmdanefnd þingsins. Svæðisnefndir WHO koma saman einu sinni á ári, í 1–2 vikur hverju sinni. Þess á milli starfa fastanefndir svæðisskrifstofanna.

Meginmarkmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er að stuðla að sem bestu heilsufari allra jarðarbúa. Heilbrigði er skilgreint í stofnskrá WHO sem ástand sem feli í sér fullkomið líkamlegt, andlegt og félagslegt velferli, ekki einungis firð sjúkdóma og vanheilinda.

Helstu viðfangsefni WHO eru:

— Leiðsögn í heilbrigðismálum á heimsvísu.
— Samvinna við ríkisstjórnir á sviði áætlanagerðar, stjórnunar og mats á framkvæmd aðgerða í heilbrigðismálum.
— Þróun og miðlun viðeigandi heilbrigðistækni, upplýsinga og gæðastaðla fyrir heilbrigðisþjónustu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin starfar í nánu samstarfi við aðildarríkin, alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir og samtök, frjáls félagasamtök og sérhæfðar miðstöðvar á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Jafnframt tengist starfsemi WHO viðfangsefnum margra annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna.

WHO hefur einkum náð árangri í baráttunni við smitsjúkdóma, lækkun dánartíðni og lengingu lífs, dreifingu lífsnauðsynlegra lyfja og aðgerðum til þess að bæta heilsufarið í borgum heimsins. Verkefnin fram undan eru hins vegar óþrjótandi og má þar m.a. nefna aðgerðir til þess að tryggja *heilbrigði allra*, hefta útbreiðslu nýrra og eldri sjúkdóma, koma á nánari samvinnu þeirra sem vinna að heilbrigðismálum, bæta umhverfið og stuðla að heilsusamlegri lífsstíl fólks.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gegnt forustuhlutverki á sviði heilbrigðismála í heiminum um áratugaskeið. Á síðustu árum hafa hins vegar alþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðabankinn og svæðisbundnir fjárfestingarbankar orðið æ meira áberandi á heilbrigðissviðinu og stofnað sérhæfðar deildir á því sviði. Hefur það aðallega komið til af því að fjárhagslegur stuðningur og lánafyrirgreiðsla við einstök lönd hefur í vaxandi mæli tengst ákveðnum aðgerðum í heilbrigðismálum. Á sama tíma hefur verið dregið úr fjárveitingum til WHO og hafa stofnuninni verið settar ákveðnar skorður af þeim ríkjum sem leggja mest til starfseminnar.

2. 50. alþjóðaheilbrigðisþingið 1997.

Dagana 4.–14. maí 1997 var haldið 50. þing Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf í Sviss. Samkvæmt venju fór þinghaldið fram í höll Þjóðabandalagsins.

Þingið starfar að hluta í sameinaðri málstofu en meginstarfið fer fram í tveimur nefndum, nefnd A og nefnd B. Nefnd A fjallar um stöðu heilbrigðismála, áhersluþætti í forvarnarstarfi, sérhæfð verkefni stofnunarinnar og áætlanir hennar, svo og fjárlagatillögur tengdar sérstökum verkefnum. Á dagskrá nefndar B eru hins vegar aðallega stjórnunarleg, fjárhagsleg og lögfræðileg málefni. Enn fremur voru haldnir fræðslu- og umræðufundir um einstök efni.

Forseti þingsins var kosinn dr. S.I. Shervani frá Indlandi. Formaður nefndar A var valinn dr. R. Campos frá Belize og formaður nefndar B, dr. T. Taitai frá Kiribati.

Fulltrúar Íslands á þinginu voru: Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, formaður sendinefndarinnar, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Einar Magnússon skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur og Ólafur Ólafsson landlæknir. Starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf voru einnig sendinefndinni til aðstoðar.

Í upphafi fundar var um það deilt hvort Taívan fengi áheyrnaraðild að þinginu en skipulagsnefnd þingsins hafði lagst gegn því. Nicaragua lagði hins vegar til að Taívan fengi áheyrnaraðild. Eftir langar og heitar umræður var tillaga skipulagsnefndar samþykkt með 128 atkvæðum, 19 voru á móti og fimm sátu hjá. Viðhaft var nafnakall að kröfu Kínverja.

3. Ástand heilbrigðismála í heiminum 1997.

Samkvæmt skýrslu WHO um ástand heilbrigðismála í heiminum 1997 munu auknar lífslíkur, samfara grundvallarbreytingum á lífsstíl, leiða til gífurlegrar aukningar á krabbameinum og öðrum langvinnum sjúkdómum á næstu tveimur áratugum. Það er því mikilvægt að gripið verði til aðgerða til þess að draga úr þeirri byrði sem þessi aukning kemur til með að verða á heilbrigðiskerfi landanna.

Fyrir hálfri öld létust flestir íbúar heimsins áður en þeir náðu 50 ára aldri. Núna verða flestir eldri en það og meðallífslíkur í heiminum voru árið 1996 taldar 65 ár. Vissulega er aukin lífslengd verðugt markmið og þá sérstaklega ef fólk getur komist hjá þjáningum vegna fátæktar, sársauka, fötlunar og sjúkdóma. Því miður er það ekki hlutskipti allra og því er mikilvægt að leita leiða til þess að tryggja bætt heilsufar og bæta lífi við árin.

Í skýrslu WHO fyrir árið 1996 kom fram að 17 milljónir manna deyja á ári úr smitsjúkdómum. Árleg dánartala fyrir langvinna sjúkdóma er 25 milljónir eða helmingur allra dauðsfalla í heiminum. Árið 1996 greindust 10 milljónir með krabbamein og 6 milljónir, sem þegar eru greindir, dóu úr sama sjúkdómi. Úr hjartasjúkdómum létust yfir 15 milljónir manna.

Skýrsla ársins 1997 vekur athygli á auknu misræmi í heilsufari ríkra og fátækra. Þar kemur fram að smitsjúkdómar eru algengari meðal fátækra og fólks í dreifbýli en langvinnir sjúkdómar hjá mið- og hátekjufólki í þéttbýli. Jafnframt er bent á að mismunurinn á smit-

sjúkdómum og langvinnum sjúkdómum felist í því að þá fyrrnefndu er oftast unnt að lækna en besta ráðið gegn þeim síðarnefndu séu forvarnir og breyttur lífsstíll.

Reiknað er með því að fjöldi aldraðra, eða 65 ára og eldri, í heiminum aukist um 80% á næstu 25 árum. Í a.m.k. 25 löndum mun einn af hverjum fimm íbúum verða 65 ára eða eldri árið 2020. Helstu dánarorsakir munu, ef svo heldur fram sem horfir, verða krabbamein og lungna- og hjartasjúkdómar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin leggur til að aðildarlöndin grípi til víðtækra aðgerða í baráttunni gegn langvinnum sjúkdómum. Þær fela m.a. í sér árangursríkar skoðanir, forvarnir, heilsueflingu, endurhæfingu, skattlagningu áhættusams lífernis og rannsóknir vegna þróunar lyfja og bólusetningar. WHO er hins vegar ljóst að maðurinn er ekki eilífur og leggur áherslu á að þegar að lífslokum er komið sé mikilsvert að vel sé búið að fólki, því verði sýnd nærgætni og umhyggja og að það fái að deyja án kvala og með reisn.

4. Ræða aðalframkvæmdastjóra WHO.

Dr. Hiroshi Nakajima, aðalframkvæmdastjóri WHO, fjallaði í ræðu sinni um mörg af þeim atriðum sem tekin eru upp í ársskýrslu WHO í ár og verið hafa til umfjöllunar í skýrslum undanfarinna ára. Hann benti á að ekki þyrfti aðeins að bregðast við krabbameinum og hjarta- og æðasjúkdómum heldur væri átak í að draga úr blindu, geðtruflunum og áfengis- og vímuefnavandamálum líka mikilvægt. Stóran hluta þessara vandamála væri annaðhvort unnt að lækna eða draga verulega úr þeim.

Aðalframkvæmdastjórinn vakti athygli á þeim samvinnuverkefnum WHO sem beinast að því að draga úr langvinnum sjúkdómum. Þau eru GINA-verkefnið sem snýr að asma, DIABCARE-verkefnið að sykursýki, CARMEN-verkefnið að hjarta- og æðasjúkdómum, MONICA-verkefnið að sjúkdómum í blóðrásarkerfinu og CINDI-verkefnið sem fæst við samhæfingu forvarna gegn langvinnum sjúkdómum. Þessi verkefni hefur WHO tengt faraldsfræðilegum rannsóknum sínum og alheimsgagnagrunni. Á þessum grundvelli hefur stofnunin síðan þróað leiðbeiningar sínar á sviði forvarna, meðferðar og endurhæfingar.

Varðandi endurskoðun á áætluninni um *heilbrigði allra* lagði aðalframkvæmdastjórinn mikla áherslu á markvissa þróun að bættu heilsufari. Í tillögu að nýrri áætlun, sem fjallað verður um á alþjóðaheilbrigðisþinginu að ári, taldi hann m.a. mikilvægt að taka fyrir endurskoðun á læknanámi og læknisstörfum, skipulag heilbrigðismála, grunnþjónustu, hjúkrun, ljósmæðrastörf, heföbundna læknisfræði, félagslegt öryggi og fjármögnun þjónustu og mismunandi lækningaaðferðir. Samhliða benti dr. Nakajima á að í því umbótastarfi, sem átt hefur sér stað innan WHO sl. fjögur ár, hefði tekist að skapa markvissari, skilvirkari og meðfærilegri stofnun sem væri tilbúin til frekari aðgerða á sviði heilbrigðismála.

5. Ræða Íslands.

Formaður íslensku sendinefndarinnar, Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, ávarpaði alþjóðaheilbrigðisþingið og gerði m.a. grein fyrir árangri Íslendinga fyrr á öldinni í baráttunni við smitsjúkdóma og þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til á síðustu áratugum í því skyni að draga úr langvinnum sjúkdómum. Hann vakti athygli á að á Íslandi væru núna hafnar rannsóknir á sviði erfðagreiningar og erfðafræði sjúkdóma. Vonir standi til þess að þessar rannsóknir veiti okkur mikilsverðar upplýsingar um erfðafræði sjúkdóma og geti á næstu árum legið til grundvallar þróun nýrra lækningaaðferða og árangursríkari lyfja.

Formaður sendinefndarinnar gerði að umtalsefni hlutverk WHO við uppbyggingu á heilbrigðisþjónustu víða um lönd. Öll Norðurlöndin hefðu grundvallað sínar landsáætlanir í heilbrigðismálum á stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um *heilbrigði allra*

árið 2000. Sérstaklega hefði stofnunin þó unnið mikið starf í því að aðstoða þróunarlöndin við að byggja upp heilbrigðisþjónustu og tryggja útvegun nauðsynlegra lyfja og bóluefna.

Meðal stærstu verkefna WHO nú væri aðstoð við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna í Austur-Evrópu og Asíu. Þau verkefni snerta forvarnir og meðferð vegna sjúkdóma, uppbyggingu sjúkratrygginga, þróun læknavísinda, gæðaeftirlit og dreifingu lyfja og mótun og framkvæmd heilbrigðisáætlunar. Davíð benti á að reynsla Norðurlanda, og þar á meðal Íslendinga, ætti að geta komið að góðum notum við uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í þessum löndum. Í ljósi þess árangurs sem Norðurlönd hefðu náð í heilbrigðismálum væri mikilsvert fyrir WHO að nýta sér þann áhuga sem er á samstarfi við umrædd lönd.

6. Fjárhagstillögur fyrir tímabilið 1998–1999.

Tillögur til fjárveitinga á fjárhagstímabilinu 1998–1999 voru helsta viðfangsefni nefndar A. Aðalframkvæmdastjóri WHO lagði til að föstu fjárlögin verði 846.118.000 US$ sem er, þegar tekið hefur verið tillit til gengis- og verðbreytinga, sambærilegur fjárhagsrammi þeim sem stofnunin bjó við á fjárhagstímabilinu 1996–1997. Þess ber að geta að föst framlög eru aðeins tæpur helmingur af heildarfjárhagsramma WHO. Á fjárhagstímabilinu 1996–1997 voru föst framlög 842.654.000 US$ og frjáls framlög stofnana og landa 1.086.952.000 US$. Heildarfjárhagsramminn var því 1.929.606.000 US$.

Fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið höfðu Bandaríkjamenn sett fram kröfur um aukna skilvirkni í starfi WHO og allt að 5% niðurskurð á föstum fjárhagsramma stofnunarinnar. Á undirbúningsfundi Norðurlanda fyrir þingið var rætt um að þau gætu sætt sig við óbreyttan fjárhagsramma. Fulltrúum landanna var hins vegar ljóst að vart yrði unnt að gera sér vonir um meira en sömu upphæð og á undanfarandi fjárhagstímabili eða 842,7 milljónir US$. Sú var líka niðurstaðan eftir langar og strangar umræður um fjárlögin þar sem Kanadamenn gegndu hlutverki í að ná niðurstöðu. Samkomulagið kostaði hins vegar það að greiðslur vestur-evrópskra ríkja munu hækka frá því sem verið hefur.

Í fjárhagsáætlun WHO er ráð gert fyrir að hin frjálsu framlög lækki úr 1.086.952.000 US$ fjárhagstímabilið 1996–1997 í 956.126.000 US$ fjárhagstímabilið 1998–1999. Heildarfjárhagsramminn lækkar því úr 1.929.606.000 US$ í 1.798.780.000 US$ eða um 130.826.000 US$. Þetta kemur m.a. til af því að mörg ríki áforma að draga úr frjálsum framlögum sínum til ýmissa verkefna. Norðurlönd hafa til dæmis dregið verulega úr þátttöku sinni í ýmsum aðgerðum á vegum WHO. Ein afleiðing þessa samdráttar er að þrátt fyrir að fasta framlagið til Evrópuskrifstofunnar sé nánast hið sama á milli tímabila lækkar heildarfjárhagsramminn úr 95,7 milljónum US$ í 85,7 milljónir US$.

Fasti og frjálsi hluti fjárhagsrammans skiptast í grófum dráttum á eftirfarandi hátt:

		Fastur hluti – US$	Frjáls hluti – US$
1.	Höfuðstöðvar og svæðisskrifstofur	19.281.800	2.462.000
2.	Stefnumótun og stjórnun	255.618.000	182.439.000
3.	Uppbygging heilbrigðisþjónustu	170.423.800	63.019.000
4.	Heilsuefling og heilsuvernd	130.463.000	168.088.000
5.	Sóttvarnir	135.144.400	472.144.000
6.	Stjórnunarverkefni	128.693.900	67.974.000
	Alls	**842.654.000**	**956.126.000**
		1.798.780.000	

Svíar höfðu fyrir hönd Norðurlanda framsögu í umræðunni um fjárlagatillögurnar og verkefni WHO á tímabilinu 1998–1999. Norðurlönd lögðu mikla áherslu á að tengja fjármálin frekari mótun stefnunnar um *heilbrigði allra* á 21. öldinni. Áætlunin væri tæki ríkisstjórna aðildarríkjanna til frekari landvinninga í heilbrigðismálum. Norðurlöndin bentu líka á að tengslin milli fastra framlaga og frjálsra framlaga yrðu að vera skýrari vegna þess að þar sem frjálsu framlögin væru orðin svo há sem raun ber vitni væri hætta á að fáein lönd stýrðu um of starfsemi stofnunarinnar. Slíkt stríddi gegn jafnræðisreglunni.

Enn fremur vöktu Norðurlönd athygli á því að þótt þau teldu fjárframlög til WHO, og reyndar allrar starfsemi Sameinuðu þjóðanna, síst of há væri ekki vanþörf á að athuga nánar hvort stjórnkerfi WHO væri nægilega skilvirkt. Hugsanlega mætti draga nokkuð úr stjórnunarkostnaði.

Í fjárhagsáætlun WHO er gerð ítarleg grein fyrir verkefnum stofnunarinnar á fyrrnefndum starfssviðum. Þar koma líka fram margar fróðlegar upplýsingar um ástand heilbrigðismála í heiminum í dag.

Þar kemur fram að WHO hefur undanfarið lagt áherslu að aðstoða 33 lönd við uppbyggingu grunnheilbrigðisþjónustu; árið 1994 nutu 43 lönd sérstakrar neyðarþjónustu af einhverju tagi og 55 lönd árið 1995 á öllum starfssvæðum stofnunarinnar. Yfir 60 lönd, þar af 26 í Afríku, nutu stuðnings og fyrirgreiðslu á lyfjamálasviði á árinu 1995 og fjöldi þeirra sem óska eftir aðstoð fer vaxandi. Á Evrópusvæðinu eru það einkum fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna sem njóta aðstoðar.

Frumkvæði WHO varðandi heilsuborgir hefur náð útbreiðslu í öllum heimshlutum og nýjar borgir bætast stöðugt við. Umhverfismál eru vaxandi þáttur í starfsemi stofnunarinnar, einkum eftir umhverfisráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna í Rio de Janeiro á árinu 1992.

Skipulegar bólusetningar og sjúkdómavarnir njóta sérstaks forgangs í starfsemi WHO. Engu að síður taka smitsjúkdómar gífurlegan toll á ári hverju. Árlega deyja 12 milljónir barna úr barnasjúkdómum, 8 milljónir smitast af berklum og 3 milljónir deyja úr þeim. Mikil áhersla er nú lögð á að bregðast skipulega við nýjum smitsjúkdómum og öðrum gömlum sem sums staðar hafa tekið við sér á ný.

7. Framtíðarstefnumótun.

Á 48. alþjóðaheilbrigðisþinginu 1995 var ákveðið að hefja endurskoðun á stefnumörkun WHO um *heilbrigði allra árið 2000*. Endurskoðunin er liður í þeim aðgerðum stofnunarinnar að bregðast við yfirstandandi breytingum í heiminum og til þess að undirbúa WHO fyrir að takast á við ný verkefni á 21. öldinni. Sú vinna hefur einkum beinst að því að meta þróunina frá 1950 og þó sérstaklega frá Alma-Ata fundinum 1978 og spá fyrir um framvinduna til 2025. Hafa viðræður farið fram við einstök lönd og svæðisnefndir WHO hafa rætt þessi mál á fundum sínum. Enn fremur hefur aðalframkvæmdastjóri WHO skipað sérstakan vinnuhóp til þess að koma með tillögur að endurskoðaðri og endurbættri áætlun um *heilbrigði allra*. Fyrsta skýrsla hópsins var til umfjöllunar á þinginu.

Framtíðarstefnumótun og umbætur í starfsemi WHO var eitt helsta viðfangsefni 50. alþjóðaheilbrigðisþingsins. Norðurlönd eru meðal þeirra landa sem hvað mest hafa látið þessi málefni til sín taka. Hafa þau látið í ljós skoðanir á því hvernig dagleg starfsemi megi betur fara og að þörf sé á að gera skipulag WHO bæði einfaldara og skilvirkara. Á þinginu gerðu Norðurlandaþjóðirnar grein fyrir því hvernig standa bæri að endurskoðun stefnumörkunar WHO um *heilbrigði allra* og hvaða verkefni væru mest aðkallandi.

Niðurstöður athugana sýna að frá dögum Alma-Ata yfirlýsingarinnar hafa með eflingu heilsugæslu orðið miklar framfarir í heilbrigðismálum í heiminum. Lífslíkur hafa aukist,

dregið hefur úr ungbarnadauða og aðgangur að heilbrigðisþjónustu hefur batnað. Þrátt fyrir þennan árangur er það mat WHO að flest ríki heimsins standi frammi fyrir mörgum og víðtækum vandamálum sem þau þurfa að takast á við eigi þau að geta bætt almennt heilsufar þegna sinna. Breytt aldurssamsetning og örar tækniframfarir setja líka í vaxandi mæli sitt mark á starfsemi og inntak heilbrigðisþjónustunnar.

Á 51. alþjóðaheilbrigðisþinginu á árinu 1998 verður tekin ákvörðun um framtíðarstefnu WHO og er gert ráð fyrir að hún byggist á tveimur grundvallarreglum: jafnræði (equity) og samábyrgð (solidarity). Lögð verður áhersla á þrjú meginatriði við að hrinda stefnumörkun WHO um *heilbrigði fyrir alla* í framkvæmd:

1. Sameiginleg gildi verði lögð til grundvallar mati á heilsufari alls staðar heiminum.
2. Litið verði á gott heilsufar sem lykilatriði í allri þjóðfélagsþróun.
3. Þróuð verði traust og árangursrík heilbrigðiskerfi.

Hlutverk höfuðstöðva WHO í þessu samhengi yrði m.a. rekstur upplýsingamiðstöðvar sem opin væri allan sólarhringinn, vöktun og greining á þáttum sem áhrif hafa á heilsufar, mat á framtíðarþróun í heilbrigðismálum, rannsóknir og þróunarstarf, skipulagning hjálparstarfs og neyðaraðstoðar og aðstoð við áætlanagerð og framkvæmd stefnumála stofnunarinnar í aðildarríkjunum.

Gert er ráð að fyrir að svæðanefndirnar muni, samhliða mótun heildarstefnu WHO og þar á eftir, fjalla nánar um útfærslu einstakra atriða, hver í sínum heimshluta. Hjá Evrópuskrifstofu WHO eru meginverkefnin endurskoðun hinna 38 markmiða sem löndin hafa sett sér til ársins 2000 og sú viðleitni að fjalla ekki aðeins um verkefni heilsugæslu heldur jafnt sjúkrahúsþjónustu sem aðra þætti heilbrigðisþjónustu.

8. Helstu ályktanir 50. alþjóðaheilbrigðisþingsins.

Hér verður gerð grein fyrir helstu ályktunum þingsins. Þeir sem þess óska geta fengið ítarlegri upplýsingar um ályktanir og ákvarðanir alþjóðaheilbrigðisþingsins í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Fjármál og framtíðarstefnumótun.

— Skýrsla vinnuhóps um þróun heilbrigðismála/Report of the task force on health in development (WHA50.23).
— Skipting fjárveitinga á tímabilinu 1998–1999/Proposed appropriation resolution for the financial period 1998–1999 (WHA50.25).
— Fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 1998–1999/Proposed programme budget for the 1998–1999 biennium: reallocation to priority health programmes of amounts resulting from measures to increase efficiency (WHA50.26).
— Styrking heilbrigðiskerfa þróunarríkja/Strengthening health systems in developing countries (WHA50.27).
— Niðurjöfnun framlaga á fjárhagstímabilinu 1998–1999/Scale of assessments for the financial period 1998–1999 (WHA50.33).

Sjá nánar 6. og 7. kafla.

Um starfsemi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

— Samstarfsmiðstöðvar WHO/WHO collaborating centres (WHA50.2).

Þingið taldi að nota þyrfti betur þá sérhæfðu þekkingu sem til staðar væri í samstarfsmiðstöðvum WHO/WHO collaborating centres. Aðildarlöndin voru hvött til að þróa og styrkja stofnanir í sínu landi sem hefðu á að skipa afburðaþekkingu í heilbrigðismálum

þannig að þær gætu gerst samstarfsmiðstöðvar WHO. Þá var ákveðið að fela framkvæmdastjóranum að styrkja tengslin milli WHO og samstarfsmiðstöðva WHO og gera athugun á starfsemi þeirra.

— Flutningur svæðisskrifstofu Austur-Miðjarðarhafssvæðisins frá Alexandríu til Kaíró/Relocation of the Regional Office for the Eastern Mediterranean from Alexandria to Cairo (WHA50.11).

— Umbætur í starfsemi WHO/WHO-reform: linking the renewed health-for-all strategy with the Tenth General Programme of Work, programme budgeting and evolution (WHA 50.28).

— Ráðning erlends starfsfólks hjá WHO/Recruitment of international staff in WHO: geographical representation.

Áður hefur verið fjallað um það (WHA48.28) að ekki er jafnræði í því frá hvaða löndum fólk sem ráðið er til starfa kemur. Áður hefur verið sett það mark að 60% af nýráðningum komi frá löndum þaðan sem engir eða fáir starfsmenn WHO eru. Þessu marki hefur ekki verið náð og var það ítrekað.

— Ráðningar kvenna hjá WHO og þátttaka þeirra í starfi stofnunarinnar/Employment and participation of women in the work of WHO (WHA50.16).

Lögð var þung áhersla á að WHO leitaði í meira mæli til kvenna til fastra starfa og tímabundinna ráðgjafarstarfa hjá stofnuninni. Var ákveðið að setja markið á það að hlutur kvenna yrði 50% og að á árinu 2002 væru 50% þeirra sem ráðnir væru nýir til starfa konur. Einnig voru aðildarlöndin hvött til að ráða konur í auknum mæli til sérhæfðra starfa.

Um lyfjamál.

— Leiðbeiningar varðandi löggildingu og gæði lyfja/Guidelines on the WHO Certification Scheme on the Quality of Pharmaceutical Products moving in International Commerce (WHA50.3).

— Ályktun vegna auglýsinga, markaðssetningar og sölu á lyfjum og lækningavörum á veraldarvefnum/Cross-border advertising, promption and sale of medical products through the internet (WHA50.4).

Um eflingu öryggis í meðferð hættulegra efna.

— Efling öryggis í meðferð hættulegra efna/Promotion of chemical safety, with special attention to persistent organic pollutants (WHA 50.13).

Um varnir í umhverfi hafsins.

— Varnir í umhverfi hafsins/Protection of the marine enviroment (WHA 50.14).

Um gæði líffrænna framleiðsluvara.

— Gæði líffrænna framleiðsluvara/Quality of biological products moving in international commerce (WHA 50.20).

Um heilbrigðisástand og aðstoð við arabíska íbúa á arabískum sjálfstjórnarsvæðum.

— Heilbrigðisástand og aðstoð við arabíska íbúa á arabískum sjálfstjórnarsvæðum, þar með talið Palestínu/Health conditions of, and assistance to, the Arab population in the occupied Arab territories,including Palestine (WHA50.38).

Um stjórn og útrýmingu hitabeltissjúkdóma og annarra smitsjúkdóma.

— Stofnun alþjóðlegrar ónæmisaðgerðastofnunar/Establishment of the International Vaccine Institute (WHA50.12).

Stofnunin verður staðsett í Seoul í Kóreu. Ætlað er að hún verði komin með fulla starfsemi árið 2000 og þá muni starfa þar um 150 manns. Stofnunin verður rekin með fjármagni sem fæst með frjálsum fjárframlögum. Meginverkefni hennar verða að leiðbeina varðandi þróun nýrra bóluefna, að kynna ný og bætt bóluefni og að stunda rannsóknir.

— Alþjóðlegi berklavarnardagurinn/World Tuberculosis Day (WHA50.21).

Ákveðið var að hafa sérstakan dag ár hvert, 24. mars, þar sem lögð er áhersla á berklavarnir.

— Aðgerðir gegn malaríu/Malaria prevention and control (WHA50.34).

— Uppræting fílaveikinnar/Elimination of lymphatic filariasis as a public health problem (WHA50.29).

— Aðgerðir gegn gíneönsku ormaveikinni/Eradication of dracunculiasis (WHA50.35).

— Aðgerðir gegn afrísku svefnsýkinni/African trypansomiasis (WHA50.36).

WHO telur mögulegt að hafa stjórn á og jafnvel útrýma nokkrum af helstu hitabeltissjúkdómunum, svo sem malaríu, fílaveiki, gíneanskri ormaveiki og afríkskri svefnsýki. Þetta er fyrst og fremst háð því að WHO, aðildarríkin og alþjóðlegar stofnanir veiti nægjanlega mikla fjármuni til verkefnisins. Til umfjöllunar á þinginu voru fjórar ályktanir um frekari aðgerðir í baráttunni gegn þessum sjúkdómum.

Malaría.

Á milli 300 og 500 milljónir manna sýkjast af malaríu ár hvert og milli 1,5 til 2,7 milljónir deyja úr sjúkdómnum. Um 90% af dauðsföllunum eiga sér stað í Afríku sunnan Sahara. Önnur ríki þar sem malaría er algeng eru Indland, Brasilía, Srí Lanka, Víetnam, Kólumbía og Salómonseyjar.

Fílaveiki.

Fílaveikin hefur áhrif á heilsufar 120 milljóna manna í 73 löndum á fimm svæðum í heiminum, þ.e. Suðaustur-Asíu, Afríku, Vestur-Kyrrahafssvæðinu, Ameríku og Austur-Miðjarðarhafssvæðinu. Talið er að með tiltölulega einföldum aðgerðum megi auðveldlega útrýma þessum sjúkdómi.

Gíneanska ormaveikin.

Árið 1996 voru skráð 152.814 tilfelli af gíneanskri ormaveiki og voru 78% þeirra í einu landi – Súdan. Utan Súdan fækkaði nýskráðum tilfellum um 52% milli áranna 1995 og 1996.

Afríska svefnsýkin.

Talið er að árlega séu ný tilfelli af afrísku svefnsýkinni á bilinu 300.000 til 500.000, þó svo að skráð tilfelli séu aðeins 25.000. Alþjóðaheilbrigðisþingið vakti sérstaka athygli á þessum sjúkdómi og skoraði á alþjóðastofnanir og innlenda aðila að taka höndum saman í baráttunni gegn honum.

Um einræktun.

— Einræktun manna/Cloning in human reproduction (WHA50.37).

Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti ályktun varðandi einræktun eða klónun fólks. Þar er því lýst yfir að einrækun á fólki sé siðfræðilega ótæk og stríði gegn mannlegri reisn

og siðferði. Þingfulltrúar lýstu því jafnframt yfir að virðing væri borin fyrir frelsi til siðferðilega viðurkenndra vísindarannsókna og aðgerða til þess að tryggja aðgang að hagnýtum niðurstöðum þeirra. Rannsóknir á sviði einræktunar og erfðafræði þyrftu hins vegar að lúta sérstökum reglum og eftirliti á grundvelli ákveðinna siðfræðilegra viðmiða.

Skorað var á aðalframkvæmdastjóra WHO að beita sér fyrir því að skýra og meta siðfræðilega, félagslega og vísindalega þýðingu einræktunar á almennt heilsufar í heiminum. Þetta verkefni verði unnið í nánu samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, ríkisstjórnir aðildarríkjanna, fagfólk og vísindastofnanir. Lögfræðilegir þættir viðfangsefnisins skulu einnig skýrðir og hvatt er til umræðu um þetta málefni. Skýrsla um málið skal lögð fram á næsta alþjóðaheilbrigðisþingi árið 1998.

Aðildarlöndin voru hvött til að stuðla að almennri umræðu um einræktun í sínum löndum.

Um aðgerðir gegn ofbeldi.

— Varnir gegn ofbeldi/Prevention of violence (WHA50.19).

Samþykkt var áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi þar sem litið er á ofbeldi sem almennt heilbrigðisvandamál. Verkefnið felur í sér að á næstu þremur árum verði safnað upplýsingum um ofbeldi og þær metnar. Niðurstöðurnar verði síðan notaðar við að setja áætluninni mælanleg markmið sem miði að því að fyrirbyggja ofbeldi og draga úr þeim heilsufarsvandamálum sem rót sína eiga að rekja til ofbeldisverka. Lögð var áhersla á víðtækt samstarf WHO við samstarfsmiðstöðvar WHO, aðrar stofnanir og félagasamtök.

Jafnhliða er á vegum WHO unnið að alþjóðlegri flokkun ytri orsaka meiðsla eða skaða (ICECI, International Classification for External Causes of Injury). Gera má ráð fyrir að sú skrá verði síðar hluti af hinni alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeinaskrá (ICD). WHO telur að ofbeldi kosti árlega 3,5 milljónir manna í heiminum lífið og að sú tala hafið farið hækkandi á þessum áratug.

Um alþjóðlegan áratug frumbyggja heimsins.

— Alþjóðlegur áratugur frumbyggja heimsins/International Decade of the World's Indigenous People (WHA50.31).

Þetta efni var einnig til umfjöllunar á 47., 48. og 49. alþjóðaþingi WHO. Á þessu þingi var farið yfir hvað hefði áunnist. Lögð var áhersla á uppbyggingu heilbrigðisþjónustu frumbyggja sem byggðist á þeirra eigin forsendum og menningarheimi og með þátttöku starfsfólk af þeirra uppruna.

9. Fræðslu- og umræðufundir.

9.1. Rannsókn á áhrifum næringar.

Í samvinnu við Háskóla Sameinuðu þjóðanna og fleiri aðila stendur WHO fyrir alþjóðlegri rannsókn á vexti barna og ungbarna. Þátttakendur fylgja ákveðnum fyrirmælum varðandi næringu og aðbúnað barna. Einn liður í rannsókninni er að meta útbreiðslu of- og vannæringar. Tilgangur fundarins var að afla stuðnings við verkefnið.

9.2. Ofbeldi og heilsa.

Á fundinum var gerð grein fyrir áætlun WHO um aðgerðir til þess að draga úr ofbeldi í heiminum.

9.3. Starfsemi WHO á svið HIV/AIDS.

Á fundinum upplýsti WHO aðildarríkin um þá starfsemi sem er í gangi á vegum stofnunarinnar varðandi að fyrirbyggja og draga úr HIV/AIDS og kynsjúkdómum (STD).

Á fundinum var kynnt starfsáætlun fyrir árin 1997–2001. Gefnar voru tölulegar upplýsingar eins og að talið sé að um 29.400.000 einstaklingar hafi smitast af HIV. Af hinum fullorðnu séu 42 % konur og hlutfall þeirra fari vaxandi. Flest nýsmit séu hjá fólki undir 25 ára og að um 400.000 nýsmit séu hjá börnum.

Meginverkefni WHO á þessu sviði beinast að því að draga úr smiti, að styrkja og bæta heilbrigðiskerfi til að þau geti betur sinnt þessum sjúklingum og draga úr fordómum. Það fer eftir heimssvæðum á hvaða þætti hver svæðisskrifstofa leggur megináherslu. Vandi heimssvæða og einstakra landa er mismunandi.

Mikið var rætt um vanda þróunarlanda varðandi fræðslu til mæðra um brjóstagjöf. Þar sem alnæmi smitast með brjóstagjöf ætti að ráðleggja mæðrum að hafa ekki börn sín á brjósti. Það hefur hins vegar í för með sér annan vanda þar sem skortur er á annarri fæðu, brjóstagjöfin er besta vörnin gegn ýmsum öðrum kvillum og það að hafa barn á brjósti hefur að hluta til virkað sem getnaðarvörn. Meðan leynd hvíldir yfir því að vera með þennan sjúkdóm gefur það augaleið að ef kona er ekki með barn sitt á brjósti getur það verið vísbending um að hún sé smituð. Einnig var í þessu sambandi rætt um að aflétta þyrfti þagnarskyldunni um þennan sjúkdóm.

Rætt var um vanda þeirra þjóða sem ekki hafa ráð á að gefa alnæmislyf og ekki einu sinni verkjalyf eða sýklalyf. Þjóðir standa því mjög misjafnlega að vígi eftir því hversu góða heilbrigðisþjónustu þær geta veitt. Kynntur var kvennasmokkurinn sem ein leið í baráttunni við alnæmi og aðra kynsjúkdóma.

9.4. Heilbrigði fyrir alla á næstu öld.

Kynnt var uppkast að endurskoðaðri áætlun um *heilbrigði allra* á 21. öldinni.

9.5. Fjórða alþjóðlega ráðstefnan á sviði heilsueflingar.

Kynnt var dagskrá og skipulag 4. alþjóðlegu ráðstefnunnar um heilsueflingu sem haldin verður í Jakarta í Indónesíu 21.–25. júlí nk. Seinasta alþjóðlega ráðstefnan á þessu sviði var haldin í Sundsvall í Svíþjóð árið 1991. Yfirskrift þessarar ráðstefnu er New Players for New Era. Mikil áhersla er lögð á það að fólk frá þróunarlöndunum sæki þessa ráðstefnu.

9.6. Endurskoðun á stofnskrá WHO.

Sérstakur fundur um stofnskrá WHO var haldinn á þinginu. Þar voru svæðaskipting WHO, forgangsröðun verkefna og innri málefni stofnunarinnar helstu umræðuefnin. Þeirri umræðu verður haldið áfram innan framkvæmdastjórnar WHO og á næstu alþjóðaheilbrigðisþingum.

10. Samráðsfundir.

10.1. Norðurlandahópurinn.

Á hverjum morgni kl. 8.00 hittust fulltrúar Norðurlandanna og fóru yfir stöðu mála. Farið var yfir hvað hafði gerst daginn áður og það sem var á dagskrá dagsins. Finnar höfðu forsæti á fundunum þar sem þeir áttu fulltrúa í framkvæmdastjórninni fram til þingsins. Norðmenn tóku sæti Norðurlanda í framkvæmdastjórninni frá og með núverandi þingi.

Fundirnir á þinginu mótuðust mjög af því að Gro Harlem Brundtland hafði skömmu áður lýst yfir framboði sínu til starfs aðalframkvæmdastjóra WHO. Voru Norðmenn óþreytandi

við að lýsa hvernig gengi að afla framboðinu fylgis og virtist sem framboð hennar hefði fengið mjög góðar undirtektir í flestum heimsálfum.

10.2. Vestur-Evrópski hópurinn og aðrir (WEOG).

Sömuleiðis héldu lönd Vestur-Evrópu og fleiri (Western European and Others Group) samráðsfund á hverjum morgni kl. 8.30. Þar var einnig farið yfir stöðu og horfur mála á þinginu. Fundir þessir voru undir forsæti Bandaríkjamanna.

11. 51. alþjóðaheilbrigðisþingið.

Ákveðið var að 51. Alþjóðaheilbrigðisþingið yrði haldið í Genf í Sviss. Stefnt er að því að það hefjist mánudaginn 11. maí 1998.

FUNDUR SVÆÐISNEFNDAR WHO Í EVRÓPU Í ISTANBUL 15.–19. SEPTEMBER 1997

1. Inngangur.

Dagana 15.–19. september 1997 var 47. fundur svæðisnefndar WHO í Evrópu haldinn í Istanbul í Tyrklandi. Fundinn sóttu fulltrúar 49 landa á starfssvæði Evrópuskrifstofunnar. Fulltrúar alþjóðlegra samtaka og stofnana sóttu einnig fundinn.

Dr. Halil Ibrahim Özsoy, heilbrigðismálaráðherra Tyrklands, var kjörinn forseti fundarins. Fundarstjóri var dr. Marta di Gennaro frá Ítalíu og varafundarstjóri prófessor Vilius Grabauskas frá Litáen.

Af Íslands hálfu sóttu fundinn Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra, Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri og Ingimar Einarsson skrifstofustjóri. Á fundinum var Davíð Á. Gunnarsson kosinn í fastanefnd Evrópuskrifstofunnar (SCRC).

2. Starfsemi WHO í Evrópu.

Dr. Hiroshi Nakajima, aðalframkvæmdastjóri WHO, ávarpaði fundinn. Hann gerði að umtalsefni vöxt nýrra og eldri smitsjúkdóma og aðgerðir til þess að halda þeim í skefjum og hefta útbreiðslu þeirra. Enn fremur lagði dr. Nakajima áherslu á að WHO vænti mikils af löndum Evrópu við mótun stefnunnar um *heilbrigði allra* (HFA) á 21. öldinni.

Dr. Jo E. Aswall, framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofu WHO, bauð ríkið Andorra velkomið í hóp aðildarlanda Evrópusvæðisins og gerði síðan grein fyrir ástandi og þróun mála frá seinasta svæðafundi. Þau stríðsátök sem þjáð hafa Evrópu á undanförnum árum með meðfylgjandi heilbrigðisvandamálum virðast á undanhaldi. Mikill munur er á dánartíðni eftir löndum og ójöfnuður fer vaxandi. Malaría ógnar enn heilsufarsástandinu í suðausturhluta svæðisins en tekist hefur að ráða niðurlögum barnaveikifaraldurs sem herjaði í fyrrum Sovétlýðveldunum í byrjun áratugarins.

Gerð hafa verið drög að stefnumörkun í heilbrigðismálum 21. aldarinnar fyrir Evrópusvæðið og í aðildarlöndunum hefur aldrei verið unnið meira að langtímastefnumótun. Heilsuefling er í miklum uppgangi í flestum löndum, reynt er að ráðast að sameiginlegum rótum sjúkdóma (CINDI-verkefnið) og Evrópuskrifstofan hefur lagt aukna áherslu á baráttuna gegn reykingum. Umhverfismál hafa fengið meira vægi en áður og gert er ráð fyrir að yfir 60% Evrópulandanna hafi komið sér upp landsáætlun á sviði umhverfis- og heilbrigðismála (NEAP-programme).

Aukin áhersla er lögð á gæði heilbrigðisþjónustu og hefur athyglinni m.a. verið beint að því að bæta heilsufar kvenna og barna. Skipuleg tengsl svæða, borga, sjúkrahúsa og skóla í baráttunni fyrir bættu heilsufari hafa komið að góðum notum. Evrópuheilsuáætlunin (EUROHEALTH-programme), sem er langfjárfrekasta verkefni Evrópuskrifstofunnar, er nú í fullum gangi í 25 af þeim 26 löndum sem því er ætlað að ná til. Meiri áhersla er nú lögð á umræður um heilbrigðismál í fréttabréfum Evrópuskrifstofunnar og að koma upplýsingum á framfæri við samstarfsaðila skrifstofunnar í aðildarríkjunum.

Fastanefnd Evrópuskrifstofunnar (SCRC, the Standing Committee of the Regional Committee) hélt fimm fundi á árinu. Meginviðfangsefnin voru Evrópuheilsuáætlunin, áætlanir í umhverfis- og heilbrigðismálum, og endurskoðun áætlunarinnar um *heilbrigði allra* í Evrópu.

Evrópska umhverfis- og heilbrigðisnefndin (EEHC) gerði grein fyrir störfum sínum og undirbúningi Þriðju evrópsku ráðstefnunnar á sviði umhverfis- og heilbrigðismála sem haldin verður í London í júní árið 1999. Einkunnarorð þeirrar ráðstefnu verður *Umhverfi og heilsa í samstarfi: framkvæmd aðgerða við upphaf 21. aldarinnar*. Samkvæmt ákvörðun Helsinki-ráðstefnunnar í júní 1994 var ætlunin að öll þátttökuríkin yrðu búin að koma sér upp sérstakri áætlun í heilbrigðis- og umhverfismálum fyrir árslok 1997. Í október 1996 höfðu 35 ríki komið sér upp slíkri áætlun.

Á fundinum var gerð grein fyrir samstarfi WHO við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðleg samtök í Evrópu. Lögð var áhersla á að gott heilsufar væri einn af hornsteinum varanlegs stöðugleika og framfara í öllum löndum Evrópu. Viðunandi ástand verði ekki tryggt nema með markvissu samstarfi aðildarríkjanna og þeirra fjölmörgu stofnana og samtaka sem koma að heilbrigðismálum og tengdum málaflokkum í Evrópu.

Þegar upp komu nokkur tilfelli af Creutzfeldt-Jakob sjúkdóminum (V-CJD) árið 1996 ákvað svæðisnefnd WHO að grípa til ákveðinna aðgerða varðandi vöktun og baráttu gegn sjúkdóminum. Áformað er að þessu viðvörunarkerfi verði komið á næstu 3–4 ár.

Lömunarveiki hefur stungið sér niður í nokkrum löndum Evrópu og gripið hefur verið til víðtækra aðgerða til þess að ráða niðurlögum hennar, svo sem með víðtækum bólusetningum og uppsetningu vöktunarkerfa. Sem dæmi má nefna að í Albaníu voru fjöldabólusetningar í október og nóvember 1996 og síðan þá hafa ekki borist tilkynningar um ný tilfelli.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að fyrirbyggja og halda smitsjúkdómum í skefjum. Gerð hefur verið áætlun í þeim tilgangi og henni hrundið í framkvæmd. Árangurinn virðist lofa góðu, jafnvel þó að ástandið sé enn alvarlegt og nýir sjúkdómar séu að skjóta upp kollinum. Kynsjúkdómar eins og sýfilis hafa aukist stórlega í löndum Austur-Evrópu á þessum áratug eða í sumum löndum upp í 100–300 tilfelli á hverja 100.000 íbúa. Á sama tíma er þessi sjúkdómur á hröðu undanhaldi í Vestur-Evrópu og þá sérstaklega á Norðurlöndum. Nýgengi alnæmis/hiv-veirunnar hefur verið nokkuð stöðugt í Vestur-Evrópu undanfarin ár en í Austur-Evrópu er aukningin mjög mikil, sem og í öðrum sjúkdómum er breiðst geta út við kynmök og notkun á sprautum.

Vakin var athygli á að hið mikilvægasta sem ríkjunum stæði til boða til þess að bæta efnahag sinn og heilsufar þegnanna væri að draga úr neyslu tóbaks. Tóbak væri hættulegasta fíkniefnið sem notað er á svæðinu og ástandið færi versnandi. Yrði ekki gripið til róttækra aðgerða mundi tóbakið orsaka dauða meira en tveggja milljóna manna á ári hverju eða eitt af hverjum fimm dauðsföllum á starfssvæðinu. Eru þá ekki taldir með allir sjúkdómar sem tengja má óbeinum reykingum. Miðað við óbreytt ástand er búist við því að dánartölur vegna reykinga í fyrrum Sovétlýðveldum og nýfrjálsum ríkjum Evrópusvæðisins verði allt að helmingi hærri en í öðrum hlutum Evrópu.

3. Framtíðarverkefni WHO.

Á fundinum gerði framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar grein fyrir ákvörðunum alþjóðaheilbrigðisþingsins og framkvæmdastjórnar WHO varðandi framtíðarstarfsemi samtakanna. Þar kom fram að heildarfjárhagsrammi WHO á árunum 1998–1999 verður 842.654.000 US$ sem er 0,4% lækkun miðað við 1996–1997. Það felur í sér að fjárframlag til starfsemi Evrópuskrifstofunnar lækkar um 205.000 US$. Enn fremur er þess krafist að stjórnunarkostnaður verði lækkaður um 3% á tímabilinu.

A. Nanda, ráðgjafi við Evrópuskrifstofuna, gerði grein fyrir nýju mati á framkvæmd áætlunarinnar um heilbrigði allra (HFA) á starfssvæði skrifstofunnar. Samanborið við fyrri úttektir hafa með hliðsjón af félagslegum og efnahagslegum þáttum orðið verulegar breytingar, sérstaklega í löndum Mið- og Austur-Evrópu og fyrrum Sovétlýðveldum. Þegnar þessara ríkja búa við mjög ójafna lífskosti í heilsufarslegum efnum og er munurinn milli einstakra hópa óviðunandi að mati Evrópuskrifstofunnar. Heilbrigðisyfirvöld víðast hvar í Evrópu gera sér fyllilega grein fyrir áhrifum ójafnaðar á heilsufar og reyna að bregðast við vandamálinu á einn eða annan hátt. Enn fremur sýnir mat WHO að munurinn á heilsufarsástandi milli landa er jafnvel meiri en innan þeirra.

Drög að heildaráætlun WHO um *heilbrigði allra* var til umræðu á fundinum. Í kynningu var lögð áhersla á að fyrirliggjandi uppkast væri árangur samstarfs fulltrúa landa frá öllum heimsálfum og samstarfs við fjölda alþjóðlegra samtaka og frjálsra félagasamtaka. Þar er lögð áhersla á fjögur meginatriði:

— Heilbrigði allra á 21. öldinni.
— Brýnustu úrlausnarefni framtíðarinnar.
— Eftirfylgni stefnuatriða.
— Frá stefnumálum til athafna.

Á Evrópufundinum var lagt til að framkvæmd heilbrigðisstefnunnar verði lýst nánar og að stefnuskránni verði skipt í tvo hluta þar sem annar hlutinn fjallaði eingöngu um sjálfa stefnumörkunina en hinn um framkvæmd stefnumála í aðildarríkjunum. Mótun heilbrigðisstefnunnar verður áfram til umræðu á nokkrum alþjóðlegum fundum áður en hún verður lögð fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið vorið 1998 til ákvörðunar.

Sá hluti framtíðarstefnunnar um *heilbrigði allra* sem snertir Evrópu mun verða áfram í vinnslu næstu missirin. Drög að stefnumörkun hafa verið send út til umsagnar í löndunum og til alþjóðlegra samtaka. Ánægja var með hversu vel tengslum heilsufars og félagslegra og efnahagslegra þátta er lýst í drögunum, jafnt sem mikilvægi þess að benda á þverfaglegt eðli heilbrigðis- og heilsufarsvandamála.

Því var haldið fram að texti stefnuskrárinnar væri of langur og of ítarlegur til þess að stjórnmálamenn og almenningur gætu á auðveldan hátt tileinkað sér boðskapinn. Sænska sendinefndin bar fram tillögu um tvö skjöl. Annars vegar stuttort stefnuskjal sem næði til meginatriða og hins vegar að fyrrirliggjandi drög væru síðan notuð til stuðnings útfærslu stefnumörkunarinnar í aðildarríkjunum. Enn fremur var einhugur um að leggja áherslu á árangur heilbrigðisþjónustu og að meginmarkmiðum HFA-áætlunarinnar verði fækkað frá því sem verið hefur.

4. Ályktanir og ákvarðanir fundarins.

Á fundi svæðisnefndar WHO voru samþykktar 10 ályktanir og er hér gerð grein fyrir helstu atriðum þeirra.

4.1. EUR/RC47/R1 — Skýrsla fastanefndar svæðisnefndarinnar.

Svæðisnefndin samþykkti skýrslu fastanefndarinnar og fól framkvæmdastjóra Evrópuskrifstofunnar að framfylgja niðurstöðum og tillögum hennar.

4.2. EUR/RC47/R2 — Greining stefnumörkunar.

Svæðisnefndin samþykkti ályktun um stuðning við frekari stefnumótun í aðildarríkjunum á forsendum áætlunar WHO um *heilbrigði allra.*

4.3. EUR/RC47/R3 — Skipulag svæðastarfseminnar.

Svæðisnefndin samþykkti ályktun um athugun á skipulagi starfseminnar á Evrópusvæðinu, tengslin við aðalstöðvarnar í Genf og nýjar reglur varðandi skiptingu fjárveitinga til verkefna skrifstofunnar.

4.4. EUR/RC47/R4 — Útrýming lömunarveiki.

Svæðisnefndin samþykkti ályktun um samþykkt áætlunar um aðgerðir til þess að útrýma lömunarveiki á Evrópusvæðinu fyrir árið 2000. Áhersla var lögð á að viðkomandi ríki beittu bólusetningum og vöktunaraðgerðum aðgerðaáætlunarinnar MECACAR PLUS. Þess var jafnframt krafist að framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar veitti aukið fjármagn af frjálsum framlögum og aflafé skrifstofunnar til þessara aðgerða.

4.5. EUR/RC47/R5 — Breyting á reglum varðandi svæðisnefnd WHO í Evrópu og fastanefnd hennar.

Svæðisnefndin ákvað að breyta reglum varðandi ákvarðanir nefndarinnar og útnefningu og val á fulltrúum til embætta á vegum svæðisnefndarinnar og fastanefndar hennar. Útnefning á kandídötum í embætti framkvæmdastjóra Evrópuskrifstofunnar skal aðeins borin upp undir ákveðnum dagskrárlið á fundum nefndarinnar. Skipa skal nefnd til þess að koma með tillögur um kandídata og skal samsetning hennar endurspegla landfræðilega samsetningu starfssvæðis Evrópuskrifstofunnar. Þá er í reglunum nánar kveðið á um hvaða eiginleikum kandídatar skulu vera búnir, svo sem varðandi skilning á heilbrigðisvandamálum og félagslegum, pólitískum, menningarlegum og öðrum viðkvæmum málefnum á starfssvæðinu. Enn fremur er þess krafist þess að kandídatinn ráði fullkomlega yfir einu af vinnumálum stofnunarinnar og að hann sé nægjanlega heilsugóður til þess að sinna skyldum framkvæmdastjóra. Það á þó á engan hátt að útiloka fatlaða einstaklinga frá því að sækjast eftir embættinu.

4.6. EUR/RC47/R6 — Heilbrigði allra á 21. öldinni (HFA 21): heilbrigðisstefna fyrir Evrópu.

Svæðisnefndin lagði áherslu á mikilvægi stefnumörkunar WHO varðandi heilbrigði allra á 21. öldinni og þýðingu hennar vegna þróunar heilbrigðismála um allan heim, ekki síst í aðildarríkum Evrópusvæðisins. Enn fremur var ákveðið að gerð verði ný og stutt útgáfa af HFA 21-áætluninni og að fyrirliggjandi drög að áætlun verði notuð sem leiðbeiningar WHO í vinnu sem snertir almannaheilsu.

4.7. EUR/RC47/R7 — Aðgerðaáætlun 1998–1999 varðandi forvarnir og að halda smitsjúkdómum í skefjum.

Svæðisnefndin staðfesti aðgerðaáætlun 1998–1999 varðandi forvarnir og að halda smitsjúkdómum í skefjum. Sérstök áhersla verður lögð á þau lönd sem eru þátttakendur í EVRÓPUHEILSU (EUROHEALTH)-áætluninni. Einnig var mælst til þess að framkvæmdastjóri

Evrópuskrifstofunnar notaði stærri hluta af sjálfstæðum framlögum og aflafé til aðgerða gegn smitsjúkdómum í umræddum löndum.

4.8. EUR/RC47/R8 — Drög að þriðju aðgerðaáætluninni gegn tóbaksneyslu í Evrópu 1997–2001.

Svæðisnefndin staðfesti meginforsendur þriðju aðgerðaáætlunarinnar gegn tóbaksneyslu í Evrópu en lagði um leið áherslu á að einstök framkvæmdaratriði verði að kanna nánar. Nefndin fól framkvæmdastjóra Evrópuskrifstofunnar að kanna möguleika á að koma á fót sérstakri aðgerðanefnd um *Tóbakslausa Evrópu* í samvinnu við ýmis alþjóðasamtök og stofnanir. Sú nefnd tæki þá væntanlega til starfa 1. janúar 1999 og verði skipuð til fimm ára fyrst í stað.

4.9. *EUR/RC47/R9—Kynning á tillögum að fjárhagsramma fjárhagstímabilið 2000–2001.*

Svæðisnefndin ákvað að fjárveitingatillögur fyrir fjárhagstímabilið 2000–2001 taki mið af almennu vinnuáætlun WHO, forsendum heildarfjárhagsramma WHO og helstu forgangsverkefnum í HFA-stefnumörkuninni.

4.10. EUR/RC47/R10—Dagsetningar og staðsetningar næstu funda svæðisnefndar WHO.

Svæðisnefndin ákvað að 46. fundur nefndarinnar verði haldinn í Kaupmannahöfn 14.–18. september 1998. Jafnframt var ákveðið að 49. fundurinn verði á Ítalíu 13.–17. september 1999.

Fylgiskjal I.

AGENDA[1]

PLENARY MEETINGS

1. Opening of the session
2. Appointment of the Committee on Credentials
3. Election of the Committee on Nominations
4. Election of the President and the five Vice-Presidents
5. Election of the Chairman of Committee A
6. Election of the Chairman of Committee B
7. Establishment of the General Committee
8. Adoption of the agenda and allocation of items to the main committees
9. Review and approval of the reports of the Executive Board on its ninety-eighth and ninety-ninth sessions
10. Review of *The world health report 1997* (incorporating the Director-General's report on the work of WHO)
11. [deleted]
12. Election of Members entitled to designate a person to serve on the Executive Board
13. Awards
    - 13.1 Léon Bernard Foundation Prize
    - 13.2 Dr A.T. Shousha Foundation Prize
    - 13.3 Jacques Parisot Foundation Fellowship
    - 13.4 Ihsan Dogramaci Family Health Foundation Prize and Fellowship
    - 13.5 Sasakawa Health Prize
    - 13.6 Francesco Pocchiari Fellowship

[1] The agenda was adopted at the third plenary meeting.

13.7 Dr Comlan A.A. Quenum Prize for Public Health in Africa

13.8 United Arab Emirates Health Foundation Prize

14. Approval of reports of main committees

15. Closure of the Fiftieth World Health Assembly

COMMITTEE A

16. Election of Vice-Chairmen and Rapporteur

17. Proposed programme budget for the financial period 1998-1999

17.1 General review

17.2 Financial review

18. Preparation of the Tenth General Programme of Work

19. Implementation of resolutions and decisions (progress reports by the Director-General)

- Prevention of violence (resolution WHA49.25)
- Reorientation of medical education and medical practice (resolution WHA48.8)
- Guidelines on the WHO Certification Scheme on the Quality of Pharmaceutical Products moving in International Commerce (resolution WHA22.50)
- Quality of biological products moving in international commerce
- Reproductive health
- Tobacco or health (resolution WHA43.16)
- World Tuberculosis Day (resolution WHA46.36)
- HIV/AIDS and sexually transmitted diseases (resolution WHA49.27)

20. Control of tropical diseases

- Lymphatic filariasis
- Malaria
- Eradication of dracunculiasis
- African trypanosomiasis

COMMITTEE B

21. Election of Vice-Chairmen and Rapporteur

22. Financial matters

    22.1 Interim financial report on the accounts of WHO for 1996 and comments thereon of the Administration, Budget and Finance Committee; External Auditor's report on his work

    22.2 Status of collection of assessed contributions, including Members in arrears in the payment of their contributions to an extent which would justify invoking Article 7 of the Constitution

    22.3 Report on casual income

    22.4 [deleted]

23. [deleted]

24. Scale of assessments

    24.1 Assessment of new Members and Associate Members

    24.2 Scale of assessments for the financial period 1998-1999

25. Real Estate Fund

26. WHO reform

    26.1 Renewing the health-for-all strategy, including report of the task force on health in development

    26.2 *The world health report 1998* and third evaluation of progress in implementation of the global strategy for health for all by the year 2000

27. Collaboration within the United Nations system and with other intergovernmental organizations

    27.1 General matters

    27.2 Environmental matters

    - Special session of the United Nations General Assembly: Five years after the United Nations Conference on Environment and Development

    - Promotion of chemical safety, with special attention to persistent organic pollutants

    - Protection of the marine environment

    27.3 Health assistance to specific countries

28. Health conditions of, and assistance to, the Arab population in the occupied Arab territories, including Palestine

29. Personnel matters

    29.1 Recruitment of international staff in WHO

        - Geographical representation

        - Employment and participation of women in the work of WHO

    29.2 Confirmation of amendments to the Staff Rules: salaries for ungraded posts and the Director-General

30. United Nations Joint Staff Pension Fund

    30.1 Report of the United Nations Joint Staff Pension Board

    30.2 Appointment of representatives to the WHO Staff Pension Committee

31. Method of work of the Health Assembly

Supplementary agenda item: Cloning in human reproduction

Fylgiskjal II.

AGENDA

1. **Opening of the session**
   (a) Election of the President, the Executive President, the Deputy Executive President and the Rapporteur
   (b) Adoption of the agenda and programme of work

2. **Review of the work of WHO**
   (a) Statement by the Director-General
   (b) Statement by the Regional Director
   (c) Report of the Standing Committee of the Regional Committee (including proposed changes to the Rules of Procedure)
   (d) Report of the European Environment and Health Committee
   (e) Collaboration with other UN agencies and intergovernmental organizations in Europe, and statements by representatives of intergovernmental organizations
   (f) Communicable diseases:
      - Update of the regional communicable diseases action plan
      - Poliomyelitis eradication
      - Regional surveillance system for transmissible spongiform encephalopathies
   (g) European Regional Action Plan for a Tobacco-free Europe:
      - Report on second Action Plan (1992–1996)
      - Proposals for third Action Plan (1997–2001)

3. **The future work of WHO**
   (a) Matters arising out of decisions of the World Health Assembly and the Executive Board (including the work of the Executive Board Special Group on the Constitution related to regional arrangements)
   (b) European regional Health for All policy:
      - Report on the third evaluation, including a comparative analysis
      - Health for All policy renewal in the European Region
      - Renewal of the global Health for All strategy and policy

4. **Elections and nominations**
   (a) Nomination of members of the Executive Board
   (b) Election of members of the Standing Committee of the Regional Committee
   (c) Election of a member of the Joint Coordinating Board of the Special Programme for Research and Training in Tropical Diseases
   (d) Consideration of candidatures for award of the Jacques Parisot Foundation Fellowship

5. **Other matters**
   (a) Date of the forty-eighth session and date and place of the forty-ninth session
   (b) Other business
   (c) Approval of the report and closure of the forty-seventh session

RESOLUTIONS

EUR/RC47/R1	Report of the Standing Committee of the Regional Committee
EUR/RC47/R2	Health policy analysis
EUR/RC47/R3	Regional arrangements
EUR/RC47/R4	Eradication of poliomyelitis
EUR/RC47/R5	Additions and amendments to the Rules of Procedure of the Regional Committee and the Standing Committee of the Regional Committee
EUR/RC47/R6	Health for All for the twenty-first century (HFA 21): The health policy for Europe
EUR/RC47/R7	Plan of action 1998–1999 for the prevention and control of infectious diseases
EUR/RC47/R8	Draft third Action plan for a tobacco-free Europe 1997–2001
EUR/RC47/R9	Presentation of the proposed programme budget for the financial period 2000–2001
EUR/RC47/R10	Date and place of regular sessions of the Regional Committee in 1998 and 1999

DECISIONS

EUR/RC47(1)	Rules of Procedure of the Regional Committee for Europe and its Standing Committee – German language version
EUR/RC47(2)	Third Evaluation of Progress towards Health for All in the European Region of WHO (1996–1997)

Annex 1	Agenda

890. Frumvarp til laga [519. mál]

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Inngangsmálsliður greinarinnar orðast svo:
Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum mega aka fólksbifreið í leiguakstri.

b. 2. tölul. orðast svo: hafa óflekkað mannorð; enginn telst hæfur til að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum sem dæmdur hefur verið til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða varðhalds; ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengra en fjögurra mánaða fangelsi eða varðhaldsvist telst brotið fyrnt í skilningi laganna nema um sé að ræða skírlífisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi; brotið telst þó ætíð fyrnt ef viðkomandi hefur fengið upprreist æru.

c. 3. tölul. orðast svo: hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu sem felst í því að vera fjár síns ráðandi.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða**, með einni grein, 9. gr., og breytist greina- og kaflatala samkvæmt því. Greinin orðast svo ásamt fyrirsögn:

Starfsleyfi.

Þeim einum sem hafa starfsleyfi er heimilt að taka að sér eða stunda leiguakstur með vörur á vörubifreiðum, vörubifreiðum með aukabúnaði, vörubifreiðum með eftirvögnum og sendibifreiðum.

Til að öðlast starfsleyfi þarf viðkomandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. hafa fullnægjandi starfshæfni, þar með talið fullnægjandi ökuréttindi,
2. hafa óflekkað mannorð,
3. hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu sem felst í því að vera fjár síns ráðandi.

Bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreið sinni skilríki til sönnunar á því að þeir hafi starfsleyfi. Heimilt er að halda námskeið fyrir umsækjendur um starfsleyfi til leiguaksturs með vörur á vörubifreiðum og sendibifreiðum.

Heimilt er að svipta leyfishafa starfsleyfi tímabundið ef hann brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar eða fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast slíkt leyfi, en fyrir fullt og allt ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Starfsleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Þó er heimilt að framlengja starfsleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Leyfi samkvæmt kafla þessum eru gefin út í samgönguráðuneytinu.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða með lögunum bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þeir sem stunda leiguakstur með vörur á sendibifreiðum, vörubifreiðum, vörubifreiðum með aukabúnaði og vörubifreiðum með eftirvögnum eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Þeir sem stunda leiguakstur með vörur á sendibifreiðum, vörubifreiðum, vörubifreiðum með aukabúnaði og vörubifreiðum með eftirvögnum skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér starfsleyfis á árinu 1998.

Þeir sem stunda leiguakstur með vörur á sendibifreiðum, vörubifreiðum, vörubifreiðum með aukabúnaði og vörubifreiðum með eftirvögnum við gildistöku laga þessara þurfa ekki að sækja námskeið skv. 3. mgr. 9. gr. ef ákveðið verður að halda slíkt námskeið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Tilgangur þess er fyrst og fremst að setja reglur um sendi- og vörubifreiðastjóra sem stunda leiguakstur með vörur. Lagt er til að þeir sem þennan akstur stunda skuli hafa til þess starfsleyfi og uppfylli almenn hæfnisskilyrði leigubifreiðalaganna á sama hátt og þeir sem stunda leiguakstur á fólki. Við það er miðað að þeir sem þegar stunda slíkan akstur skuli einnig sækja um slíkt starfsleyfi á árinu 1998.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ákvæði greinarinnar eigi einungis við um fólksbifreiðar í leiguakstri, enda er kveðið á um skilyrði fyrir starfsleyfum sendi- og vörubifreiðastjóra, sem stunda leiguakstur, í 9. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Hér er skilgreint hvað felst í óflekkuðu mannorði. Samkvæmt gildandi lögum er þessa skilgreiningu að finna í reglugerð en þar sem kveðið er fastar að orði en í almennri skilgreiningu um óflekkað mannorð í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, var farin sú leið hér að skilgreina hvaða háttsemi sé þess eðlis að menn hafi með henni fyrirgert rétti sínum til að fá útgefið atvinnuleyfi eða starfsleyfi á leigubifreið.

Hér er lagt til að nánar verði skýrt hvað felist í orðunum „fullnægjandi fjárhagsstaða". Ákvæðið er í meginatriðum samhljóða ákvæði reglugerðar um leigubifreiðar, nr. 224/1995, og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 2. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að þeir sem stunda leiguakstur á sendibifreiðum, vörubifreiðum, vörubifreiðum með aukabúnaði og vörubifreiðum með eftirvögnum skuli hafa starfsleyfi. Með því er fyrst og fremst verið að tryggja að þeir sem hafa atvinnu af þessum akstri uppfylli ákveðin skilyrði um fullnægjandi ökuréttindi, óflekkað mannorð og fjárhagsstöðu. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir að þeir sem starfsleyfi hafa geti í forföllum sínum ráðið annan mann á bifreiðina og þarf sá aðili ekki sérstakt starfsleyfi.

Með 2. mgr. er kveðið á um skilyrði þess að geta öðlast starfsleyfi. Skilyrðin felast í því að umsækjandi um starfsleyfi þarf að hafa fullnægjandi ökuréttindi til að aka í atvinnuskyni þeirri bifreið sem um ræðir. Jafnframt þarf sá sem sækir um slíkt starfsleyfi að hafa óflekkað mannorð. Í því sambandi er miðað við þá skilgreiningu hugtaksins sem gefin er í lögum um kosningar til Alþingis nr. 80/1987. Krafan í þessu efni er ekki eins ströng eins og hjá þeim sem stunda leiguakstur á fólksbifreið, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Auk þess er gerð krafa um fullnægjandi fjárhagsstöðu sem fellst í því að vera fjár síns ráðandi, þ.e. að bú viðkomandi hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Með 3. mgr. er lagt til að heimilt verði að halda námskeið fyrir bifreiðastjóra sendibifreiða og vörubifreiða í leiguakstri. Ef ákveðið verður að halda slík námskeið er þó gert ráð fyrir að þeir sem þegar stunda þennan akstur við gildistöku laganna þurfi ekki að fara á námskeið, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lokamálsgrein 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. er sambærilegt við ákvæði í 4. mgr. 7. gr. sem lúta að þeim sem stunda leiguakstur á fólksbifreiðum.

Ákvæði 5. mgr. er sambærilegt við ákvæði í 5. mgr. 7. gr. sem lúta að þeim sem stunda leiguakstur á fólksbifreiðum.

Ákvæði 6. gr. er miðað við að úthlutun starfsleyfanna fari fram í samgönguráðuneytinu. Ekki þykir henta að skipa sérstakar umsjónarnefndir af þessu tilefni.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

Frumvarpinu er ætlað að setja starfsreglur um sendibifreiða- og vörubifreiðastjóra sem stunda leiguakstur með vörur. Lagt er til að þeir sem þennan akstur stunda skuli hafa til þess starfsleyfi og uppfylla almenn hæfnisskilyrði leigubifreiðalaganna á sama hátt og þeir sem stunda leiguakstur með fólk.

Ekki er talið að frumvarpið, verði það að lögum, muni leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

891. Frumvarp til laga [520. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996 (eftirlit með meðferð áfengis).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að starfrækja áfengiseftirlitsdeild sem annist eftirlit með meðferð áfengis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til áfengislaga. Í frumvarpi til áfengislaga er gert ráð fyrir því að lögregla, tollgæsla og skattayfirvöld annist eftirlit með þeim aðilum sem hafa leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, sölu, veitingar og framleiðslu áfengis. Lagt er til að ríkislögreglustjóri hafi yfirumsjón með og annist skipulag áfengiseftirlits á landsvísu. Hann mun gefa fyrirmæli til lögregluembætta og setja þeim starfsreglur um áfengiseftirlit, auk þess að skipuleggja sérstök átaksverkefni í samráði við einstök lögregluembætti og eftir atvikum skatta- og tollyfirvöld. Þá mun ríkslögreglustjóri halda heildarskrá yfir birgðageymslur, áfengisveitingahús og áfengisútstölustaði og heildarskrá yfir leyfishafa til innflutnings, framleiðslu, sölu og veitinga áfengis.

Þetta er viðbót við það hlutverk sem ríkislögreglustjóra er nú þegar falið í lögreglulögunum, nr. 90/1996. Gert er ráð fyrir að innan embættisins verði sett upp sérstök deild til að hafa umsjón með þessu hlutverki. Mun þetta stuðla að virkara og öflugra eftirliti með meðferð áfengis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkislögreglustjóri starfræki áfengiseftirlitsdeild. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til áfengislaga en þar er gert ráð fyrir að lögreglu-, tollgæslu- og skattyfirvöld annist eftirlit með þeim sem hafa leyfi til innflutnings, heildsölu, framleiðslu og veitingu áfengis. Í þessu frumvarpi er við það miðað að ríkislögreglustjóri hafi yfirumsjón með og annist skipulag áfengiseftirlits á landsvísu og að í því skyni verði sett á fót sérstök deild. Kostnaðarauki vegna launa, ferðakostnaðar og annars tengds kostnaðar er talinn nema 3–4 m.kr.

Gert er ráð fyrir að ákveðið hlutfall tekna af áfengisgjaldi fari til að mæta þessum kostnaði.

892. Frumvarp til laga [521. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (fyrning sakar).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:
   Á 15 árum, þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi.
b. 2. mgr. orðast svo:

Fyrningarfrestur vegna brota, sem fólgin eru í því að komast undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera, er aldrei skemmri en 5 ár.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981 og 43. gr. laga nr. 90/1996:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri.
b. Í stað orðsins „refsilögsögu“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: forráðasvæðis.
c. 4. mgr. orðast svo:

Fyrningarfrestur rofnar þegar rannsókn opinbers máls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi. Í málum, sem lögreglan má samkvæmt lögum ljúka með sátt, rofnar fyrningarfrestur þegar lögreglan sakar mann um brot og kynnir honum sáttaboð. Þegar lög heimila stjórnvaldi endranær að kveða á um refsingu fyrir brot rofnar fresturinn þegar stjórnvaldið sakar mann um slíkt brot.

d. 5. mgr. orðast svo:

Rannsókn skv. 4. mgr. rýfur ekki fyrningarfrest ef rannsóknari hættir rannsókninni, ákærandi ákveður að höfða ekki opinbert mál gegn sakborningi eða ákærandi afturkallar ákæru. Stöðvist rannsókn máls um óákveðinn tíma rýfur rannsóknin heldur ekki fyrningarfrest. Stöðvist rannsókn máls af því að sakborningur hefur komið sér undan rannsókn rýfur rannsóknin fyrningarfrest, en sá tími sem rannsóknin stóð yfir telst ekki til fyrningartímans. Ef máli er vísað frá héraðsdómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði innan 6 mánaða frá þeim degi, er málinu var vísað frá, rýfur undangengin rannsókn ekki fyrningarfrest.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. a laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1981 og 8. gr. laga nr. 42/1985:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fésekt, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt. Þegar fjárhæð fésektar er 60.000 krónur eða hærri er fyrningarfresturinn þó 5 ár.

b. 2. mgr. orðast svo:

Hafi greiðsla fésektar verið tryggð með fjárnámi eða öðrum sambærilegum hætti innan fyrningarfresta skv. 1. mgr. lengjast þeir frestir um 2 ár.

c. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 1. og 2. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar. Var Hallgrímur Ásgeirsson, forstöðumaður hjá Siglingastofnun Íslands og stundakennari í refsirétti við lagadeild Háskóla Íslands, fenginn til að semja drög að frumvarpinu, en þau voru síðan rædd á fundum nefndarinnar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum IX. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga.

Tilefni frumvarpsins verður m.a. rakið til erindis umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra frá september 1997 varðandi ákvæði hegningarlaganna um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum. Einnig er almenn endurskoðun á ákvæðum IX. kafla hegningarlaganna orðin tímabær, m.a. vegna nýrra réttarfarslaga.

Frumvarpið felur í sér nokkur nýmæli og eru þessi þau helstu:

Lagt er til að sakarfyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum skv. 194.–202. gr. laganna teljist aldrei fyrr en frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri.

Lagt er til að undangengin rannsókn rjúfi ekki sakarfyrningarfrest ef opinberu máli er vísað frá héraðsdómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði ákæruvaldsins innan 6 mánaða frá þeim degi.

Lagt er til að fyrningarfrestur fésektar lengist um 2 ár ef greiðsla sektar hefur verið tryggð með fjárnámi eða öðrum sambærilegum hætti innan frestsins.

Auk framangreindra nýmæla er í frumvarpinu leitast við að skýra orðalag ákvæða IX. kafla hegningarlaganna og færa það til samræmis við lagabreytingar sem orðið hafa frá því að lög nr. 20/1981 tóku gildi, einkum breytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Í frumvarpinu er efnisskipan ákvæða kaflans að öðru leyti látin haldast óbreytt.

Frumvarpið hefur ekki að geyma ákvæði um beitingu nýrra fyrningarreglna vegna brota sem framin eru fyrir gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum. Í þeim efnum gilda ákvæði 2. gr. og 2. gr. a hegningarlaganna, sbr. 2. gr. laga nr. 31/1961, og meginreglur sem af þeim verða leiddar. Ef sök eða refsing er fyrnd samkvæmt núgildandi reglum við gildistöku laganna verður refsingu ekki beitt. Þá er gert ráð fyrir að brot, sem voru framin fyrir gildistöku laganna og voru ekki fyrnd við það tímamark, lúti núgildandi fyrningarreglum nema yngri reglur séu hagstæðari fyrir sakborning.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 81. gr. hegningarlaganna, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, fyrnist sök á 15 árum, þegar þyngsta refsing við broti er 16 ára fangelsi eða lengra tímabundið fangelsi. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. fyrnist sök á 10 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi. Hætt er við að þessi ákvæði verði túlkuð þannig að ekki sé kveðið á um fyrningu sakar þegar þyngri refsing en 10 ára fangelsi en vægari refsing en 16 ára fangelsi liggur við broti. Ekki var þó gert ráð fyrir slíku við setningu laga nr. 20/1981.

Hér er því lagt til að kveðið verði skýrar á um þetta atriði. Lagt er til að orðalagi 4. tölul. 1. mgr. 81. gr. verði breytt þannig að kveðið sé á um að sök fyrnist á 15 árum, þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi.

Um b-lið.

Sérstaka fyrningarreglan í 2. mgr. 81. gr. hegningarlaganna, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, um bókhaldsbrot skv. 262. gr. laganna, var sett vegna þess að talin var þörf á alllöngum fyrningarfresti við slík brot, þar sem upp um þau kemst oft löngu eftir að þau eru framin og erfitt getur verið að ljóstra upp um þau. Viðurlög við bókhaldsbrotum samkvæmt upphaflegu ákvæði 262. gr. voru sektir eða varðhald. Með 1. gr. laga nr. 39/1995 var gerð breyting á 262. gr. hegningarlaganna og kveðið á um að hámarksrefsing við meiri háttar brotum gegn tilgreindum skattalögum og bókhaldslögum sé fangelsi allt að 6 árum. Gildandi sérregla um fyrningu brota skv. 262. gr. er því óþörf og er lagt til að hún verði felld niður.

Lögfesting sérstakrar fyrningarreglu um brot sem fólgin eru því í að skjóta sér með ólögmætum hætti undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera byggði á

sömu rökum og sérreglan um fyrningu bókhaldsbrota skv. 262. gr. Frá setningu laga nr. 20/1981 hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á helstu skattalögum og tollalögum, m.a. með tilliti til hámarksrefsinga og sakarfyrningar. Ekki er því sama þörf fyrir sérreglu um fyrningu slíkra brota og áður. Sérreglan getur þó enn átt við og er því lagt til að henni verði haldið en orðalagi breytt lítillega. Lagt er til að fyrningarfrestur vegna brota, sem fólgin eru í því að komast undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera, sé aldrei styttri en 5 ár. Önnur lagaákvæði um þessar brotategundir ganga framar almenna ákvæðinu. Ef þar er kveðið á um hámarksrefsingu, sem leiðir til lengri fyrningarfrests en 5 ára, eða ef þar er kveðið sérstaklega á um lengd fyrningarfrests, ganga þau ákvæði því framar.

Um 2. gr.

Um a-lið.

Í ákvæðum 194.–202. gr. hegningarlaganna um kynferðisbrot er kveðið á um að þyngsta refsing sem liggi við þeim brotum sé 2 til 16 ára fangelsi. Skv. 81. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, fyrnist sök vegna þessara brota á 5 til 15 árum. Skv. 1. mgr. 82. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, telst sakarfyrningarfresturinn frá þeim degi er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk.

Þegar kynferðisbrot beinast gegn börnum er hætt við að fyrningarfrestur sé liðinn þegar börnin hafa náð þeim þroska sem þarf til þess að gera sér grein fyrir því að um refsivert brot hafi verið að ræða. Þá er og hætt við að börn hafi takmarkaða möguleika á að kæra slík afbrot.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérregla um upphaf sakarfyrningarfrests vegna brota skv. 194.–202. gr. hegningarlaganna. Gert er ráð fyrir að 1. mgr. 82. gr. laganna verði breytt þannig að bætt verði við nýjum málslið þar sem kveðið er á um að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum teljist ekki fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri. Samkvæmt tillögunni telst fyrningarfrestur vegna þessara brota því frá þeim degi er refsiverðum verknaði lauk, nema brotaþoli hafi þá ekki náð fyrrgreindum aldri, og telst fresturinn þá frá þeim degi er brotaþoli nær þeim aldri. Upphaf frestsins er miðað við síðara tímamarkið. Standi verknaður fram yfir 14 ára aldursmarkið eða hefjist eftir að brotaþoli hefur náð 14 ára aldri telst fresturinn frá þeim degi er verknaðinum lauk.

Breytingunni er ætlað að aðlaga fyrningarreglur hegningarlaganna að þeim aðstæðum sem upp geta komið þegar kynferðisbrot beinast gegn börnum. Varðandi aldursmarkið 14 ár ber að hafa í huga að samkvæmt frumvarpinu tekur fyrningarfresturinn aldrei að líða fyrr en við það aldursmark, en eins og áður segir getur fresturinn verið allt frá 5 til 15 ára. Ef 5 ára fyrningarfrestur er ekki rofinn fyrnist sök þegar brotaþoli nær 19 ára aldri. Ef fyrningarfrestur er lengri, þ.e. 10 eða 15 ár, fyrnist sök þegar brotaþoli nær 24 eða 29 ára aldri, nema fresturinn sé rofinn innan þess tíma. Almennt má ætla að brotaþoli hafi innan þess frests náð nægilegum þroska til þess að gera sér grein fyrir afbrotinu og haft möguleika á að kæra það. Þá ber að taka tillit til lagaraka fyrir fyrningu sakar sem viðurkennd eru í refsirétti. Þau rök varða til dæmis öflun sönnunargagna og aðrar forsendur rannsóknar, hraða rannsóknar og breytta hagi sakbornings.

Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um beitingu þessara reglu um brot sem framin eru fyrir gildistöku laganna. Um það gilda ákvæði 2. gr. og 2. gr. a hegningarlaganna, sbr. 2. gr. laga nr. 31/1961, og þær meginreglur sem af þeim má leiða. Ef sök er fyrnd við gildistöku laganna samkvæmt núgildandi reglu verður refsingu ekki beitt.

Um b-lið.

Í refsirétti hefur hugtakið refsilögsaga verið skilgreint sem vald til þess að setja refsilög og vald til þess að framfylgja þeim lögum með rannsókn, dómi og refsifullnustu. Merking hug-

taksins refsilögsaga í 3. mgr. 82. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, samræmist ekki þessari skilgreiningu. Ákvæðið hefur verið túlkað þannig að átt sé við íslenskt forráðasvæði. Því er lagt til að í stað orðsins refsilögsaga komi orðið forráðasvæði. Hér er ekki um að ræða breytingu á efni ákvæðisins.

Með forráðasvæði er átt við íslenskt land, íslenska landhelgi og íslenska lofthelgi, eins og þessi hugtök eru afmörkuð í lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Refsiverð brot á fiskveiðilöggjöf eða annarri löggjöf um meðferð auðlinda, sem framin eru innan efnahagslögsögunnar, teljast einnig vera framin innan íslensks forráðasvæðis að þessu leyti. Hugtakið forráðasvæði er því í samræmi við túlkun á 1. málsl. 1. tölul. 4. gr. hegningarlaganna.

Um c-lið.

Með lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, voru eiginlegar dómsrannsóknir lagðar niður. Því er lagt til að fellt verði niður gildandi ákvæði 4. mgr. 82. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, um að réttarrannsókn rjúfi sakarfyrningarfrest.

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála er rannsókn í höndum lögreglu nema öðru vísi sé mælt fyrir í lögum og er rannsóknari sá starfsmaður lögreglu eða ákæruvalds sem rannsókn stýrir eða sinnir hverju sinni, sbr. 66. gr. Lagt er til að hugtakið rannsóknari verði notað til samræmis við hugtakanotkun í þeim lögum. Í lögreglulögum er tilgreint hverjir séu handhafar lögregluvalds, sbr. 9. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Þá er lagt til að hugtakið sakborningur verði notað í stað hugtaksins sökunautur og er það til samræmis við hugtakanotkun í lögum um meðferð opinberra mála.

Lagt er til að fyrningarfrestur rofni þegar rannsókn opinbers máls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi. Átt er við að rof fyrningarfrests miðist við það þegar tiltekinn maður er við rannsókn opinbers máls sannanlega hafður fyrir sökum vegna refsiverðs brots þannig að rannsókn málsins beinist að þeim manni sem sakborningi í skilningi laga um meðferð opinberra mála. Nokkur vafi getur leikið á því hvenær maður er orðinn sakborningur samkvæmt þeim lögum. Stundum er það ljóst, t.d. þegar maður er handtekinn vegna gruns um refsivert brot, settur í gæsluvarðhald eða þegar framkvæmd er leit eða önnur þvingunarráðstöfun í þágu rannsóknar máls. Sama á við þegar maður er yfirheyrður við rannsókn máls vegna gruns á hendur honum um refsivert brot, en þá á hann rétt á því að fá vitneskju um að hann hafi réttarstöðu sem sakborningur, sbr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í öllum þessum tilvikum er ljóst að maður er orðinn sakborningur og að fyrningarfrestur er rofinn. Vera má að rannsókn máls hafi beinst að tilteknum manni sem sakborningi þannig að fyrningarfrestur sé rofinn, þótt framangreind tilvik séu ekki fyrir hendi, t.d. vegna þess að ekki hefur náðst í sakborning. Hvílir sönnunarbyrðin um þau atriði á ákæruvaldinu. Í þeim efnum nægja t.d. fyrirmæli ríkissaksóknara um rannsókn á hendur ákveðnum manni eða handtökuskipun dómara. Samkvæmt frumvarpinu er það því ekki skilyrði fyrir rofi á fyrningarfresti að manni hafi verið gerð grein fyrir réttarstöðu sinni sem sakborningi eða að honum sé kunnugt um hana.

Í 4. mgr. 82. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981 og 43. gr. laga nr. 90/1996, er áskilið að lögfræðingur (lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans) fjalli um mál. Var þessi áskilnaður gerður í þeim tilgangi að stuðla að réttaröryggi sakborninga. Telja verður að unnt sé að tryggja sama réttaröryggi að þessu leyti, þótt lögreglumenn annist rannsókn mála, enda fái þeir fullnægjandi fræðslu og leiðbeiningar þar að lútandi. Því er lagt til að felldur verði niður áskilnaður um að lögfræðingur fjalli um mál svo lögregluransókn rjúfi fyrningarfrest.

Með sátt er átt við lögreglustjórasáttir, sektarboð og sektargerðir lögreglu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og reglugerðum þar að lútandi sem settar eru með stoð í þeim

lögum. Lögregla telst saka mann um brot og kynna honum sáttboð þegar fylgt er þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi. Allt að einu ber ákæruvald sönnunarbyrði þess að fyrningarfrestur hafi verið rofin með þessum aðgerðum.

Þær breytingar aðrar sem lagt er til að gerðar verði á ákvæðinu miða að því að einfalda og skýra orðalag.

Um d-lið.

Lagt er til að orðalagi 5. mgr. 82. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, verði breytt til samræmis við lög um meðferð opinberra mála. Lagt er til að rannsókn rjúfi ekki fyrningarfrest ef rannsóknari hættir henni. Átt er við að rannsóknari hætti rannsókn málsins endanlega, en skv. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála getur lögregla hætt rannsókn opinbers máls ef ekki þykir vera grundvöllur til að halda henni áfram eða ef í ljós kemur að kæra var ekki á rökum reist. Einnig er lagt til að undangengin rannsókn rjúfi ekki fyrningarfrest ef ákærandi ákveður að höfða ekki opinbert mál gegn sakborningi, en skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála tekur handhafi ákæruvalds ákvörðun um hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki eftir að rannsókn er lokið hjá lögreglu. Þá er lagt til að undangengin rannsókn rjúfi ekki fyrningarfrest ef ákærandi afturkallar ákæru, en ákærandi getur afturkallað ákæru, sem hann hefur gefið út, fram til þess að dómur gengur, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Tillaga um breytt orðalag varðandi ákvæði um stöðvun rannsóknar felur ekki í sér efnisbreytingu frá gildandi lögum. Varðandi túlkun á því hvenær rannsókn hafi stöðvast um óákveðinn tíma má vísa til dómaframkvæmdar þar að lútandi.

Lagt er til að gildandi ákvæði lokamálsliðar 5. mgr. 82. gr. hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981, verði breytt, enda hafa ýmis vafaatriði vaknað við túlkun þess. Í lögum um meðferð opinberra mála eru ákæranda ekki settir sérstakir frestir til þess að laga annmarka á málatilbúnaði sem valda frávísun frá dómi og höfða mál að nýju á hendur sakborningi. Ekki er lagt til að sett verði ákvæði um slíka fresti í hegningarlögin, enda ætti slíkt ákvæði fremur við í lögum um meðferð opinberra mála. Hins vegar eiga hér að nokkru leyti við sömu sjónarmið um sakarfyrningu og eiga við um stöðvun rannsóknar. Ef máli er vísað frá og ekki höfðað að nýju er eðlilegt að það leiði til sömu niðurstöðu varðandi sakarfyrningu og þegar rannsókn máls stöðvast. Þá getur sá tími sem líður frá því að máli er vísað frá til þess að hafist er handa við að bæta úr ágöllum talist óeðlilega langur með tilliti til sakarfyrningar. Því er lagt til að undangengin rannsókn rjúfi ekki fyrningarfrest ef máli er vísað frá dómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum innan 6 mánaða frá þeim degi er málinu var vísað frá. Nægilegt er að sýnt sé fram á að hafist hafi verið handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði innan 6 mánaða frestsins. Ekki er áskilið að gefin hafi verið út ný ákæra innan frestsins.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að 1. mgr. 83. gr. a hegningarlaganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1981 og 8. gr. laga nr. 42/1985, verði breytt þannig að fjárhæð fésekta, sem fyrnast á 5 árum, verði hækkuð í 60.000 krónur til samræmis við verðlagsþróun. Verði frumvarpið að lögum styttist um 2 ár fyrningarfrestur ógreiddra fésekta, sem ákveðnar hafa verið fyrir gildistöku laganna og eru 20.000 krónur eða hærri en lægri en 60.000 krónur. Með fésekt er hér átt við refsingu sem ákveðin er með dómi, sektargerð dómara eða sektargerð stjórnvaldshafa, þar á meðal sektargerð lögreglustjóra.

Um b-lið.

Lagt er til að 2. mgr. 83. gr. a hegningarlaganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1981, verði breytt þannig að hafi fjárnám verið gert eða önnur sambærileg trygging fengin innan fyrningarfresta skv. 1. mgr. til tryggingar greiðslu fésektar skuli 2 ár bætast við fyrningarfrestina. Að þeim tíma liðnum falla niður allar eftirstöðvar fésektarinnar og tryggingar fyrir henni. Fésekt sem er lægri en 60.000 krónur fyrnist þá á 5 árum en fésekt sem er 60.000 krónur eða hærri fyrnist á 7 árum. Hér því um að ræða 2 ára fyrningarfrest til viðbótar almennum fyrningarfrestum skv. 1. mgr.

Um c-lið.

Lagt er til að 3. mgr. 83. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 20/1981, verði breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til á 2. mgr. 83. gr. a.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (fyrning sakar).

Í frumvarpinu eru gerðar breytingar á ákvæðum um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

893. Frumvarp til laga [522. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: refsingu.

2. gr.

Í stað orðsins „varðhald“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

3. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Hegningar samkvæmt lögum þessum eru fangelsi og fésektir.

Fangelsi skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, mánuður 30 dagar og ár 360 dagar.

4. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 16/1976, kemur: fangelsisrefsing.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 5. gr. laga nr. 42/1985:

a. Í stað orðanna „refsivist, sem ólokið er“ í 1. mgr. kemur: fangelsi, sem óafplánað er.
b. Í stað orðanna „refsivist eftir“ í 1. mgr. kemur: fangelsi samkvæmt.
c. Í stað orðanna „taki út refsivist“ í 3. mgr. kemur: afpláni fangelsisrefsingu.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. kemur: fangelsisrefsingar.

7. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 49. gr. laganna kemur: fangelsi.

9. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, falla brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1997:

a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur svohljóðandi málsgrein:

Þegar sekt er tiltekin ákveður dómstóll í dómi, úrskurði eða sátt tímalengd vararefsingar, sem ekki skal vera styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár.

b. 4. mgr. fellur brott.
c. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Sekt allt að 100.000 krónum, sem ekki er ákveðin af dómstólum og sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með fangelsi eftir meðfylgjandi töflu.
d. Í stað orðsins „varðhaldsins“ í 6. mgr. kemur: fangelsisins.

11. gr.

55. gr. laganna, sbr. 2. tölul. 195. gr. laga nr. 19/1991, orðast svo:

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast í fangelsi.

Dagsektir skal afplána í fangelsi og ákveður sýslumaður tímalengd vistunar. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.

Afplánun sekta og greiðslna samkvæmt þessari grein skal ákvarðaður tími sem ekki er styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár. Hafi hluti skuldar verið greiddur skal stytta afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig að hann verði ekki styttri en 2 dagar. Skuld, sem samsvarar hluta úr degi, afplánast með heilum degi.

12. gr.

1. mgr. 57. gr. a laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:

Í dómi er heimilt að ákveða að allt að 3 mánuðir fangelsisrefsingar verði óskilorðsbundnir, en aðrir hlutar skilorðsbundnir.

13. gr.

Í stað orðanna „þyngri refsingu en varðhald“ í 1. málsl. 67. gr. laganna kemur: fangelsi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fangelsi.
b. 3. og 4. málsl. 1. mgr. falla brott.

15. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 75. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 77. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 4. mgr. kemur: fangelsi.

17. gr.

2. málsl. 78. gr. laganna orðast svo: Má þá dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

18. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Nú heimila lög aukna refsingu við broti og skulu þá takmörk þau, sem sett eru í 34. gr., ekki vera því til fyrirstöðu að dæma megi í fangelsi allt að 20 árum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1981:

a. Í stað orðsins „Refsivist“ í 1. mgr. kemur: Fangelsi.
b. Orðin „varðhald eða“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: fangelsis.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: fangelsi.

20. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 84. gr. laganna kemur: fangelsi.

21. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 88. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1941, falla brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

23. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 91. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 92. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 93. gr. laganna falla brott.

26. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru“ í 1. mgr. 95. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 101/1976, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum. Nú eru sakir miklar og varðar brot þá fangelsi allt að 6 árum.

27. gr.

96. gr. laganna fellur brott.

28. gr.

2. málsl. 1. mgr. 101. gr. laganna fellur brott.

29. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum“ í 2. mgr. 102. gr. laganna kemur: Sömu refsingu.

30. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 103. gr. laganna falla brott.

31. gr.

104. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

33. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 109. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

34. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 110. gr. laganna kemur: fangelsi.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 111. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

36. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 112. gr. og 1. og 2. mgr. 113. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 114. gr. laganna falla brott.

38. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 115. gr. laganna fellur brott.

39. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 116. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

40. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 118. gr. laganna falla brott.

41. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 119. gr. laganna kemur: fangelsi.

42. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 120. gr. laganna kemur: fangelsi.

43. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 120. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973 og 2. gr. laga nr. 16/1990, fellur brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

46. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 123. gr. laganna fellur brott.

47. gr.
Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.

48. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 125. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

49. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 126. gr. laganna falla brott.

50. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi.

51. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 128. gr. laganna falla brott.

52. gr.
3. málsl. 129. gr. laganna fellur brott.

53. gr.
Orðið „varðhaldi“ í 131. gr. laganna fellur brott.

54. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 132. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

55. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 133. gr. laganna falla brott.

56. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 134. gr. laganna falla brott.

57. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 136. gr. laganna falla brott.

58. gr.
Orðin „varðhaldi eða“ í 137. gr. laganna falla brott.

59. gr.
Orðið „varðhaldi“ í 139. gr. laganna fellur brott.

60. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 140. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

61. gr.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 141. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

62. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 142. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

63. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 144. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

64. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 145. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

65. gr.

Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ 1. mgr. 146. gr. laganna falla brott.

66. gr.

Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 147. gr. laganna falla brott.

67. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 148. gr. laganna falla brott.

68. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru“ í 149. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

69. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 151. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

70. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 152. gr. laganna falla brott.

71. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 154. gr. laganna kemur: fangelsi

72. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 155. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

73. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 157. gr. laganna falli brott.

74. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 158. gr. laganna falli brott.

75. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. 159. gr. laganna fellur brott.

76. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 160. gr. laganna falla brott.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 162. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum“ í 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef málsbætur eru og brot varðar ekki þyngri refsingu að lögum má beita sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

78. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 163. gr. laganna falla brott.

79. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 167. gr. laganna fellur brott.

80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 168. gr. laganna:

a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

81. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 169. gr. laganna fellur brott.

82. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. 170. gr. laganna fellur brott.

83. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 4. mgr. 171. gr. fellur brott.

84. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 172. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum“ í 1. mgr. kemur: sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 173. gr. laganna:

a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

86. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 174. gr. laganna falla brott.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 175. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 3. mgr. fellur brott.

88. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 176. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

89. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 177. gr. laganna falla brott.

90. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 178. gr. laganna fellur brott.

91. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 180. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 135/1996, fellur brott.

92. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 183. gr. laganna fellur brott.

93. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 184. gr. laganna fellur brott.

94. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 185. gr. laganna fellur brott.

95. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 186. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

96. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 187. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 188. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða varðhald“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

98. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 189. gr. laganna falla brott.

99. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 191. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: Fangelsi allt að 1 ári.

100. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 192. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

101. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 193. gr. laganna fellur brott.

102. gr.

Í stað orðanna „úr lægsta stigi refsivistar“ í 204. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fyrir lágmark fangelsis.

103. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 5. mgr. 206. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

104. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 209. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 6 mánuði.

105. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 210. gr. laganna fellur brott.

106. gr.

Orðin „eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga“ í 213. gr. laganna falla brott.

107. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 214. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

108. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 215. gr. laganna fellur brott.

109. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 216. gr. laganna falla brott.

110. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 217. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

111. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, falla brott.

112. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 219. gr. laganna fellur brott.

113. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 220. gr. laganna kemur: Fangelsi.

114. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 221. gr. laganna falla brott.

115. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 222. gr. laganna kemur: fangelsi.

116. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 223. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

117. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 225. gr. laganna fellur brott.

118. gr.

Orðin „eða varðhaldi, ef málsbætur eru“ í 1. mgr. 226. gr. laganna falla brott.

119. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 227. gr. laganna fellur brott.

120. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 228. gr. laganna:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.

121. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 229. gr. laganna kemur: fangelsi.

122. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 230. gr. laganna kemur: fangelsi allt 1 ári.

123. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 231. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. kemur: fangelsi.
b. Orðin „varðhaldi á hærra stigi eða“ í 2. málsl. falla brott.

124. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 232. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

125. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. laganna fellur brott.

126. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. a laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1973, fellur brott.

127. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi.

128. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 235. gr. laganna kemur: fangelsi.

129. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 236. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

130. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 240. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

131. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 246. gr. laganna fellur brott.

132. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 253. gr. laganna falla brott.

133. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 254. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

134. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 1. mgr. 256. gr. laganna falla brott.

135. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 257. gr. laganna:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 3. mgr. falla brott.

136. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 258. gr. laganna fellur brott.

137. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 259. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. fellur brott.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

138. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 261. gr. laganna fellur brott.

139. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 262. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, falla brott.

140. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 263. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

141. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 264. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1997:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „varðhald eða“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

142. gr.

267. gr. laganna fellur brott.

143. gr.

XXIX. kafli laganna, 268.–271. gr., fellur brott.

II. KAFLI
Breytingar á öðrum lögum.

144. gr.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

145. gr.

Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í a-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í b-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi.

146. gr.

Lög um friðun Þingvalla, nr. 59 7. maí 1928.

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 8. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

147. gr.

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56 23. júní 1932.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 75/1982, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

148. gr.

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 44. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

149. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 116/1990, fellur brott.

150. gr.

Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, nr. 60 29. apríl 1943.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. gr. laganna, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

151. gr.

Lög um þjóðfána Íslendinga, nr. 34 17. júní 1944.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

152. gr.

Lög um stjórn flugmála, nr. 119 28. desember 1950.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 2. málsl. 4. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

153. gr.

Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 4. tölul. B-liðar 9. gr. b laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1982, kemur: í fangelsi.

154. gr.

Lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Í stað orðanna „til refsivistar sem ekki hefur verið afplánuð“ í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi sem ekki hefur verið afplánað.
c. Orðið „varðhaldi“ í 3. tölul. 3. gr. laganna fellur brott.
d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

155. gr.

Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

156. gr.

Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7. 14. mars 1962.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsing.
b. 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Nú er óskað framsals á manni sem vegna annars brots en í framsalsbeiðni greinir hefur verið dæmdur í fangelsi hér á landi, eða vistun hans á hæli hefur verið ákveðin í dómi eða samkvæmt heimild í dómi, og verður hann þá ekki framseldur fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af hælinu.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fangelsi.

157. gr.

Lög um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 31. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1985, kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

158. gr.

Lög um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963.

Í stað orðsins „varðhald“ í 35. gr. laganna kemur: fangelsi.

159. gr.

Lög um ráðherraábyrgð, nr. 4 19. febrúar 1963.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhald“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi.

160. gr.

Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 68. gr. laganna falla brott.

161. gr.

Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
b. 4. gr. laganna orðast svo:
   Fullnusta skal refsingu skv. 3. gr. í fangelsi að íslenskum lögum um jafnlangan tíma.
c. Orðin „eða varðhalds“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna falla brott.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
f. Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Fullnusta fangelsisdóma o.fl.**
g. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 2. málsl. 8. gr. laganna kemur: refsingu.
h. Í stað orðsins „refsivist“ í 13. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
i. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: refsingu.
j. Í stað orðsins „refsivist“ í 18. gr. laganna kemur: fangelsi.
k. Fyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Umsjón með mönnum sem fengið hafa reynslulausn.**
l. Í stað orðsins „refsivist“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
m. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

162. gr.

Lög um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 153. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 154. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 155. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
d. Orðið „varðhaldi“ í 156. gr. laganna fellur brott.
e. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 157. gr. laganna fellur brott.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 158. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 158. gr. laganna kemur: fangelsi.
h. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 160. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

i. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 161. gr. laganna kemur: fangelsi.
j. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. mgr. 161. gr. laganna falla brott.
k. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 162. gr. laganna fellur brott.
l. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 162. gr. laganna falla brott.
m. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 163. gr. laganna fellur brott.
n. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 163. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
o. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 164. gr. laganna fellur brott.
p. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 165. gr. laganna falla brott.
q. Orðið „varðhaldi“ í 166. gr. laganna fellur brott.
r. Orðið „varðhaldi“ í 167. gr. laganna fellur brott.
s. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 168. gr. laganna kemur: fangelsi.
t. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 169. gr. laganna kemur: fangelsi.
u. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. 169. gr. laganna falla brott.
v. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 170. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
w. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 171. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
x. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 172. gr. laganna kemur: fangelsi.
y. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 173. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
z. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 174. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
þ. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 175. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
æ. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 177. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
ö. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 179. gr. laganna kemur: fangelsi.
aa. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 181. gr. laganna kemur: fangelsi.

163. gr.

Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 5. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 17. gr. laganna fellur brott.

164. gr.

Áfengislög, nr. 82 2. júlí 1969.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 33. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, fellur brott.

165. gr.

Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.

a. Í stað orðanna „og varðhaldi“ í inngangsmálslið 1. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

166. gr.

Höfundalög, nr. 73 29. maí 1972.

Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 78/1984, fellur brott.

167. gr.

Lög um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

168. gr.

Námulög, nr. 24 17. apríl 1973.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 15. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

169. gr.

Lög um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.

Orðið „varðhald“ í 4. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 162. gr. laga nr. 91/1991 og 2. gr. laga nr. 39/1994, fellur brott.

170. gr.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

171. gr.

Lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, fellur brott.

172. gr.

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25 22. maí 1975.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. tölul. 31. gr. laganna falla brott.

173. gr.

Lög um sálfræðinga, nr. 40 23. maí 1976.

Orðið „varðhaldi“ í 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1988, fellur brott.

174. gr.

Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

Orðið „varðhaldi“ í 34. gr. laganna fellur brott.

175. gr.

Lög um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 29. maí 1979.

Orðið „varðhaldi“ í 10. gr. laganna fellur brott.

176. gr.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. mgr. 107. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

177. gr.

Lög um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7 8. mars 1983.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

178. gr.

Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

a. Í stað orðanna „styttri refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi um styttri tíma.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi.
c. 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Þegar sá sem óskast framseldur hefur verið dæmdur í fangelsi eða samkvæmt dómi eða með heimild í dómi skal eða er vistaður á stofnun fyrir annan verknað en framsalsbeiðni fjallar um er ekki heimilt að framselja hann fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af stofnuninni.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

179. gr.

Lög um tóbaksvarnir, nr. 74 28. maí 1984.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í grein 19.1 í lögunum kemur: fangelsi allt að 2 árum.

180. gr.

Lög um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984.

Orðið „varðhaldi“ í 24. gr. laganna fellur brott.

181. gr.

Siglingalög, nr. 34 19. júní 1985.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 236. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 237. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
d. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 238. gr. laganna kemur fangelsi allt að fjórum árum.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 239. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 241. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

182. gr.

Sjómannalög, nr. 35 19. júní 1985.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 76. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum eða fangelsi allt að fjórum árum ef miklar sakir eru.
b. Orðin „varðhald eða“ í 2. mgr. 80. gr. laganna falla brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 82. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 83. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
e. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að fjórum árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 86. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 87. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

183. gr.

Lög um tannlækningar, nr. 38 12. júní 1985.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

184. gr.

Útvarpslög, nr. 68 27. júní 1985.

a. Í stað orðsins „varðhaldsrefsingu“ í 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 3. mgr. 37. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 98/1995, kemur: fangelsi.

185. gr.

Lög um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 21. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 3 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

186. gr.

Lög um geislavarnir, nr. 117 31. desember 1985.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

187. gr.

Lög um varnir gegn megnun sjávar, nr. 32 5. maí 1986.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi.

188. gr.

Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50 6. maí 1986.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

189. gr.

Lög um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 23. september 1987.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

190. gr.

Vaxtalög, nr. 25 27. mars 1987.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
b. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.
c. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.

191. gr.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

192. gr.

Umferðarlög, nr. 50 30. mars 1987.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 100. gr. laganna fellur brott.

193. gr.

Tollalög, nr. 55 30. mars 1987.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 2. mgr. 126. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 69/1996, kemur: fangelsi allt að sex árum.
c. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 126. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
e. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
f. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 129. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
h. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 133. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að sex árum.
i. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 135. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

194. gr.

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálslið 136. gr. laganna falla brott.

195. gr.

Lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4 11. janúar 1988.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

196. gr.

Lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

a. Orðið „varðhald“ í 3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „óskilorðsbundna refsivist“ í 1. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: óskilorðsbundið fangelsi.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
e. Í stað orðsins „heildarrefsivist“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: heildarrefsing.
f. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. tölul. 1. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
g. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsing.
h. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.

i. Í stað orðsins „refsivistardómur“ í 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisdómur.
j. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
k. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 3. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
l. Í stað orðanna „refsivist“ í 1., 3. og 4. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsing.
m. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
n. Orðið „refsivistar“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, fellur brott.
o. Í stað orðsins „refsivistina“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
p. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
q. Orðin „varðhalds- og“ í 1. mgr. 35. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 123/1997, falla brott.

197. gr.

Lög um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 40. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

198. gr.

Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

199. gr.

Læknalög, nr. 53 19. maí 1988.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

200. gr.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 28. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 70/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

201. gr.

Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31 23. apríl 1990.

Í stað orðsins „varðhald“ í 1. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

202. gr.

Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1996, falla brott.

203. gr.

Lög um innflutning dýra, nr. 54 16. maí 1990.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

204. gr.

Lög um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

205. gr.

Lög um einkaleyfi, nr. 17 20. mars 1991.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

206. gr.

Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 2. mgr. 97. gr. laganna kemur: fangelsi.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í b-lið 98. gr. laganna kemur: fangelsi.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 99. gr. laganna kemur: fangelsi.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 102. gr. laganna kemur: til afplánunar fangelsisrefsingar.
f. Í stað orðsins „refsivist“ í inngangsmálslið 176. gr. laganna kemur: fangelsi.
g. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 181. gr. laganna kemur: fangelsi.

207. gr.

Lög um samvinnufélög, nr. 22 27. mars 1991.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 78. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 80. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 81. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.

208. gr.

Lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, nr. 27 2. apríl 1991.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

209. gr.

Lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41 27. maí 1992.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 31. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

210. gr.

Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58 2. júní 1992.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 59. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Orðið „varðhaldi“ í 60. gr. laganna fellur brott.

c. Orðið „varðhaldi“ í 61. gr. laganna fellur brott.
d. Orðið „varðhaldi“ í 62. gr. laganna fellur brott.
e. Orðin „varðhaldi eða“ í 63. gr. laganna falla brott.
f. Orðið „varðhaldi“ í 64. gr. laganna fellur brott.
g. Orðið „varðhaldi“ í 65. gr. laganna fellur brott.
h. Orðið „varðhaldi“ í 66. gr. laganna fellur brott.

211. gr.

Lög um gjaldeyrismál, nr. 87 17. nóvember 1992.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

212. gr.

Lög um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, nr. 93 20. nóvember 1992.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 32. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 89/1997, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

213. gr.

Lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100 16. desember 1992.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi.

214. gr.

Samkeppnislög, nr. 8 25. febrúar 1993.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum en.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

215. gr.

Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25 7. apríl 1993.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

216. gr.

Lög um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 29. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

217. gr.

Lög um hönnunarvernd, nr. 48 21. maí 1993.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna falla brott.

218. gr.

Lög um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993.

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

219. gr.

Lög um félagslega aðstoð, nr. 118 23. desember 1993.

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

220. gr.

Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123 27. desember 1993.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 24. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

221. gr.

Lög um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

222. gr.

Lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60 11. maí 1994,

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 99. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

223. gr.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64 19. maí 1994.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

224. gr.

Lyfjalög, nr. 93 20 maí 1994.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, falla brott.

225. gr.

Lög um einkahlutafélög, nr. 138 28. desember 1994.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 127. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 128. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 129. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

226. gr.

Lög um ársreikninga, nr. 144 29. desember 1994.

Orðin „varðhald eða“ í 82. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

227. gr.

Lög um bókhald, nr. 145 29. desember 1994.

Orðin „varðhald eða“ í 36. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

228. gr.

Lög um hlutafélög, nr. 2 30. janúar 1995.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 153. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 154. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 154. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 155. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 156. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

229. gr.

Lög um vörugjald af olíu, nr. 34 7. mars 1995.

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

230. gr.

Lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47 7. mars 1995.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

231. gr.

Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54 8. mars 1995.

Í stað orðanna „og varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

232. gr.

Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.

Í stað orðanna „refsivist í fangelsi“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

233. gr.

Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134 22. desember 1995.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 28. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

234. gr.

Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57 3. júní 1996.

Orðin „varðhaldi eða“ 2. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

235. gr.

Lög um náttúruvernd, nr. 93 14. júní 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

236. gr.

Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94 14. júní 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

237. gr.

Lög um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113 12. júlí 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 101. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

238. gr.

Lög um póstþjónustu, nr. 142 27. desember 1996.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.

239. gr.

Lög um fjarskipti, nr. 143 27. desember 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: fangelsi.

240. gr.

Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151 27. desember 1996.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

241. gr.

Lög um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 20. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

242. gr.

Lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23 29. apríl 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

243. gr.

Lög um vörumerki, nr. 45 22. maí 1997.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna falla brott.

244. gr.

Lög um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54 22. maí 1997.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

245. gr.

Lög um öryggisþjónustu, nr. 58 22. maí 1997.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í d-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

246. gr.

Lög um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

247. gr.

Skipulags- og byggingarlög, nr. 73 28. maí 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 60. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

248. gr.

Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79 26. maí 1997.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

249. gr.

Lög um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96 27. maí 1997.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

III. KAFLI

Gildistaka.

250. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar refsing er dæmd vegna brots sem framið er fyrir gildistöku laga þessara, og hæfileg refsing hefði verið varðhald samkvæmt eldri lögum, skal refsing ákveðin í fangelsi um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

Nú hefur maður verið dæmdur í varðhald en ekki afplánað dóm að einhverju leyti eða öllu og skal þá refsing, eða eftirstöðvar hennar, afplánuð sem fangelsi um jafnlangan tíma. Sama gildir ef refsing er ákvörðuð á ný vegna rofa á skilorði varðhaldsrefsingar og ef vararefsing hefur verið ákveðin í varðhaldi.

Varðhaldsrefsing fellur niður ef fullnusta dóms er eigi byrjuð innan fimm ára. Um fyrningu fer að öðru leyti eftir 2.–5. mgr. 83. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar, sem skipuð var af dómsmálaráðherra 2. júní 1997. Í nefndinni eiga sæti Benedikt Bogason, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en hann er formaður nefndarinnar, Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, Davíð Þór Björgvinsson lagaprófessor, Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari og Þorsteinn A. Jónsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins. Ritari nefndarinnar er Jónas Þór Guðmundsson, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir meðal annars að nefndin skuli endurskoða ákvæði V. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, einkum með tilliti til afnáms varðhaldsrefsingar. Þetta frumvarp er afrakstur þeirrar endurskoðunar, en hún tekur bæði til almennra hegningarlaga og refsiákvæða í öðrum lögum. Með frumvarpi þessu er lagt til að varðhald verði fellt niður sem refsing fyrir afbrot. Einnig eru lagðar til ýmsar lagfæringar á lagaákvæðum um refsingar og önnur atriði, svo sem nánar verður rakið síðar.

II.

Fyrstu heildstæðu hegningarlög landsins voru almenn hegningarlög handa Íslandi frá 25. júní 1869. Í öðrum kapítula laganna var að finna ákvæði um refsingar og voru þær fleiri og fjölbreyttari en ákvæði gildandi laga. Samkvæmt lögunum gat refsivist verið annars vegar hegningarvinna, sem greindist í typtunarhúsvinnu og betrunarhúsvinnu, og hins vegar fangelsi, sem greindist í einfalt fangelsi, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fangelsi við vatn og brauð og ríkisfangelsi.

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940, leystu af hólmi lögin frá 1869, en með þeim voru refsingar einfaldaðar. Þannig var tegundum refsivistar fækkað en þær eru nú tvenns konar, fangelsi og varðhald, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna. Þetta var gert að fyrirmynd dönsku hegningarlaganna frá 1930 og var reist á þeim röksemdum að tvær tegundir refsivistar væru nauðsynlegar.

Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi til laganna segir að gert sé ráð fyrir því að til fangelsisvistar verði dæmt fyrir meiriháttar afbrot og að þeirri refsivist sæti einnig þeir menn sem óheppilegt þyki að umgangist varðhaldsfanga, til dæmis þeir sem áður hafi setið í fangelsi, þótt síðar framið brot hafi verið smávægilegt, sbr. 5. mgr. 44. gr. laganna. Í varðhald skuli hins vegar yfirleitt dæma fyrir smáfelld brot, en þó með fyrrgreindri undantekningu varðandi þá sem ekki þóttu samboðnir varðhaldsföngum. Þetta er nánar skýrt í athugasemdum greinargerðar við 32. gr. laganna, en þar segir að aðgreining fanga virðist óhjákvæmileg, þannig að þeir menn, sem framið hafa smávægileg brot eða eru í refsivist til að afplána sektir, séu ekki látnir taka út refsingu í félagsskap með stórglæpamönnum þjóðfélagsins, þar á meðal þeim sem sýnt er að gera sér lögbrot að atvinnu. Samkvæmt þessu voru því þeir sem gerðust sekir um afbrot er varðaði refsivist flokkaðir í annars vegar eiginlega afbrotamenn og hins vegar aðra sem fremur var talið að hefði orðið á yfirsjón, sem leiddi til mildari og styttri frjálsræðissviptingar í formi varðhalds, en sú tegund refsingar var talin eins konar *custodia honesta* (heiðvirðra manna gæsla).

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. almennra hegningarlaga má dæma menn í fangelsi ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár. Í varðhald má hins vegar dæma menn í tiltekinn tíma, sem ekki er skemmri en fimm dagar og ekki lengri en tvö ár, nema annað sé ákveðið í lögum, sbr. 1. mgr. 44. gr. laganna. Auk mismunadi tímalengdar fangelsis og varðhalds gerðu almenn hegningarlög til ársins 1988 ráð fyrir nokkrum mun á inntaki þessara tveggja tegunda refsivistar. Varðhaldsvist átti að jafnaði að taka út í einrúmi, nema annað væri nauðsynlegt vegna aldurs eða heilsu fangans, sbr. 2. mgr. 44. gr. laganna. Frá þessu var gerð sú undantekning að heimilt var að láta varðhaldsfanga taka refsingu út að öllu leyti eða nokkru í félagi, en þó skyldu þeir ekki hafðir með föngum sem dæmdir höfðu verið til fangelsisrefsingar. Meginreglan um fangelsisrefsingu var aftur á móti sú að refsingu átti að afplána í félagi við aðra fanga, nema um skamma vist væri að ræða, sbr. 35. gr. laganna. Skv. 3. mgr. 44. gr. laganna þurftu varðhaldsfangar ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi og var þeim heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði, húsmunum, bókum og öðrum persónulegum nauðsynjum að svo miklu leyti sem það færi ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu. Þá máttu varðhaldsfangar útvega sér vinnu sem samrýmdist öryggi og góðri reglu, og átti varðhaldsfanginn sjálfur arðinn af vinnunni. Ef varðhaldsfanginn sjálfur sá sér ekki fyrir vinnu sem varðhaldsstjórnin samþykkti var honum skylt að vinna það er hún lagði þeim til og átti eftir því sem unnt var að miða vinnuna við undangengna vinnu varðhaldsfangans og þekkingu. Á greiningi milli varðhaldsstjórnar og fanga um vinnu mátti skjóta til dómsmálaráðherra, sbr. 4. mgr. 44. gr.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið taldist varðhald mildari tegund refsivistar en fangelsi og því gilti sú regla við ákvörðun refsingar, ef breyta þurfti refsingu þeirri sem við broti var lögð, að tveir dagar í fangelsi voru jafnir þremur dögum í varðhaldi, sbr. 1. mgr. 79. gr. laganna. Þegar dæmdur var hegningarauki í fangelsi bar einnig að breyta eftirstöðvum varðhaldsvistar í fangelsisvist í samræmi við þetta, sbr. 2. mgr. 78. gr. laganna.

III.

Við setningu almennra hegningarlaga voru aðstæður hér á landi þær að ekki var unnt að fullnusta refsivist í samræmi við þær mismunandi reglur sem giltu um fangelsi og varðhald. Því var beinlínis gert ráð fyrir því í 271. gr. laganna, að heimilt væri að láta varðhaldsfanga taka úr refsingu í sömu fangelsisstofnun og fanga þá sem hefðu verið dæmdir í fangelsisvist meðan ekki var til sérstök varðhaldsstofnun. Þó bar að halda varðhaldsföngum aðgreindum frá öðrum föngum eftir því sem kostur var.

Í 2. gr. laga nr. 18/1961, um ríkisfangelsi og vinnuhæli, sagði að stofna skyldi í Reykjavík eða nágrenni ríkisfangelsi, sem rúmaði 100 fanga og væri skipt í tilteknar deildir, þar á meðal deild fyrir varðhaldsfanga. Þessi lög voru leyst af hólmi með lögum nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, en í 3. gr. þeirra sagði að dómsmálaráðherra skyldi ákveða hvar byggja skyldi ríkisfangelsi. Því átti að skipta í deildir eftir nánari ákvörðun ráðherra, en sérstaklega var gert ráð fyrir varðhaldsdeild. Í 1. mgr. 16. gr. laganna var síðan gerður fyrirvari meðan ríkisfangelsi hefði ekki verið byggt, þannig að þeir sem vista ætti í ýmsum deildum ríkisfangelsis yrðu vistaðir í þeim fangelsum sem til væru á hverjum tíma eftir því sem aðstæður leyfðu. Ríkisfangelsi var aldrei byggt í samræmi við þessi lagafyrirmæli. Því kom ekki til þess í framkvæmd að refsivist væri fullnustuð í samræmi við afdráttarlausan áskilnað laga um mismunandi inntak varðhalds og fangelsis. Einnig breyttist meðferð á föngum í fangelsisvist smám saman í það horf sem gilti um varðhaldsfanga lögum samkvæmt. Með gildandi lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, sem komu í stað umræddra laga nr. 38/1973, var síðan lögfest sama réttarstaða fyrir varðhaldsfanga og þá sem afplánuðu fangelsisrefsingu. Þannig segir í 3. mgr. 3. gr. laganna að í afplánunarfangelsum skuli vista þá sem dæmdir eru í fangelsi, varðhald og þá sem afplána vararefsingu fésekta. Í III. kafla laganna eru síðan nánari ákvæði um fangavistina, en þau taka jöfnum höndum til þeirra sem vistaðir eru í afplánunarfangelsum hvort heldur sem þeir hafa verið dæmdir í varðhald eða fangelsi. Með lögunum um fangelsi og fangavist voru einnig felldar úr gildi 2.–5. mgr. 44. gr., 2. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 79. gr. almennra hegningarlaga, en þær lutu að sérstökum réttindum varðhaldsfanga, svo sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

IV.

Það sem upphaflega lá til grundvallar tvenns konar tegundum refsivistar fær ekki staðist þegar litið er til seinni tíma laga og viðhorfa innan refsiréttar og afbrotafræði. Kemur tæplega til álita að greina afbrot og afbrotamenn í tvennt eftir eðli þeirra og afbrotum, þannig að mismunandi tegund refsivistar eigi við eftir atvikum í hverju tilviki. Virðist sá eðlismunur á afbrotamönnum og högum þeirra ekki styðjast við haldbær rök svo unnt sé að réttlæta að þeir séu flokkaðir í annars vegar eiginlega afbrotamenn og hins vegar þá sem ekki er jafnalvarlega komið fyrir. Slík greining getur verið tilviljunum háð hverju sinni, þannig að hún leiði til mismununar og óréttlætis í viðbrögðum samfélagsins við refsiverðri háttsemi. Þá er ástæðulaust að gefa til kynna með sérstakri tegund refsivistar að önnur og mildari sjónarmið eigi við um afbrot eða þann sem það hefur framið ef óhjákvæmilegt er á annað borð að grípa til frjálsræðissviptingar sem viðurlaga við refsiverðri háttsemi.

Upphaflega var varðhaldi ætlað að vera refsing sem fólst í frjálsræðissviptingu í skamman tíma. Varðhald hefur hins vegar ekki náð sérstöðu varðandi tímalengd því refsimörk varðhalds og fangelsis skarast yfirleitt í lögum sem leggja refsivist við broti. Einnig gætir þess í réttarframkvæmdinni að tímalengd varðhalds og fangelsis skarist að þessu leyti, nema þegar um alvarleg afbrot er að ræða eða brot þar sem refsivist er ákveðin um styttri tíma en 30 daga lágmark fangelsisvistar, sbr. 1. mgr. 34. gr. almennra hegningarlaga. Innan þessara marka getur síðan ráðist af tilviljun eða óljósum atriðum hvort dæmd refsing er varðhald eða fangelsi, án þess að það hafi teljandi áhrif fyrir afbrotamann. Fyrir hann varðar hins vegar meiru hve langan tíma honum er gert að sæta frjálsræðissviptingu fremur en tegund refsivistar, sem fær engu breytt að gildandi lögum um inntak refsingarinnar. Ef áfram verður gert ráð fyrir tvenns konar tegundum refsivistar er nauðsynlegt að fangelsi og varðhald verði skilgreind að nýju í lögum þannig að refsimörkin skarist ekki nema að litlu leyti. Á hinn bóginn kemur síður til álita að horfið verði frá þeirri stefnu sem mörkuð var með gildandi lögum um fangelsi og fangavist,

nr. 48/1988, að refsifangar njóti sömu réttarstöðu án tillits til þess hvort þeir hafa verið dæmdir í varðhald eða fangelsi. Þannig er tæplega raunhæft að eiginlegur munur á varðhaldi og fangelsi geti legið í öðru en tímalengd refsivistar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að varðhald verði afnumið sem viðurlög við refsiverðri háttsemi. Það verður að telja eðlilega afleiðingu þess að lög gera nú ekki ráð fyrir mismunandi inntaki varðhalds og fangelsis við fullnustu refsingar og á þetta enn fremur við þar sem áskilnaður eldri laga í þessum efnum kom aldrei til framkvæmda. Verði frumvarp þetta að lögum verða því í raun engar breytingar á því hvernig fullnusta refsidóma fer fram að gildandi lögum. Þykir þetta heppilegra en að áfram verði búið við tvær tegundir refsivistar, jafnvel þótt komið yrði í veg fyrir að tímalengd þeirra skarist í lögum og réttarframkvæmd eins og sem áður var rakið.

Við afnám varðhaldsrefsingar vaknar sú spurning hvort halda beri hugtakinu fangelsi sem refsitegund eða hvort taka eigi upp þess í stað hlutlausa heitið refsivist, sem til þessa hefur verið samheiti yfir þær tegundir refsingar sem fullnustaðar eru með frelsissviptingu. Þegar litið er til þess að hugtakið fangelsi hefur unnið sér fastan sess í lagamáli, og jafnframt að því er ætla verður í vitund almennings, þykja rök mæla gegn breytingu að þessu leyti. Einnig er ástæðulaust að hugtakið refsivist fá aðra merkingu en þá að vera samheiti yfir mismunandi tegundir refsinga í umræðu um þróun viðurlagakerfisins, þótt fangelsi yrði að breyttum lögum eina refsitegundin af því tagi.

Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 97/1995, má aðeins beita gæsluvarðhaldi fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Þótt stjórnarskráin geri ráð fyrir tilvist varðhaldsrefsingar verður ekki talið að afnám hennar sé andstætt stjórnarskránni, enda er það í verkahring löggjafans að ákveða hvaða refsing er lögð við afbroti. Aftur á móti mun fangelsisrefsing við afbroti þar sem refsiviðurlög voru áður einungis varðhald leiða til þess að unnt verður að beita gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls. Þess hefur hins vegar ekki gætt í framkvæmd að gæsluvarðhaldi sé beitt nema brot séu alvarleg. Einnig er í mörgum tilvikum, þar sem varðhald er algeng refsing við broti, heimilt að dæma í fangelsi og þar með unnt að úrskurða í gæsluvarðhald, t.d. vegna brots gegn umferðarlögum. Þá skal þess getið að með frumvarpi þessu er í nokkrum tilvikum lagt til að ákvæðum sérrefsilaga verði breytt þannig að varðhald verði numið úr lögum og látið við það sitja að brot geti varðað sektum.

V.

Við afnám varðhaldsrefsingar er nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Hér verður nánar lýst í einstökum atriðum þeim breytingum á lögunum sem lagðar eru til með frumvarpinu.

1. Í I.–IX. kafla hegningarlaganna er að finna almennar reglur sem varða öll refsiverð brot. Með afnámi varðhaldsrefsingar er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á þeim ákvæðum laganna. Þannig er lagt til að felld verði úr lögunum ákvæði um varðhaldsrefsingu og verða því hegningar samkvæmt lögunum fangelsi og sektir. Með þeirri breytingu verður hugtakið refsivist óþarft í lögunum og er lagt til að það falli brott. Þótt varðhaldsrefsing verði felld niður er ekki lagt til að unnt verði að dæma í fangelsi um skemmri tíma en 30 daga, sbr. 1. mgr. 34. gr. laganna. Hefur almennt ekki verið tíðkað að dæma í varðhald í skemmri tíma og þykir ástæðulaust að beita fangelsisrefsingu ef ekki eru efni til að hún vari minnst í 30 daga.
2. Víða í hegningarlögunum er refsirammi einstakra ákvæða varðhald eða fangelsi í tvö ár eða um lengri tíma, ýmist þannig að sektir geta einnig legið við broti, sbr. 131. gr., 139.

gr., 167. gr., 178. gr. og 215. gr., eða viðurlög eru bundin við refsivist, sbr. 1. mgr. 90. gr., 126. gr., 134. gr., 1. mgr. 168. gr. og 4. mgr. 220. gr. Í þessum tilvikum er einfaldlega lagt til að orðið varðhald verði numið brott úr lögunum og eftir standi óbreytt fangelsi sem refsing og einnig sektarrefsing þar sem það á við.

3. Í mörgum ákvæðum hegningarlaganna eru refsingar við brotum sektir, varðhald eða fangelsi í ýmist þrjá eða sex mánuði eða eitt ár, sbr. til dæmis 1. mgr. 112. gr., 113. gr., 115. gr., 123. gr., 157. gr., 169. gr., 3. mgr. 175. gr., 180. gr., 210. gr., 227. gr., 1. mgr. 232. gr. og 261. gr. Þessi refsimörk eru misvísandi að því leyti að tímamörk fangelsis eru þrengri en tveggja ára hámarkslengd varðhalds, sbr. 44. gr. laganna. Þannig er unnt að ákvarða varðhaldsrefsingu í mun lengri tíma en fangelsisrefsingu, en slík niðurstaða væri í raun þyngri dómur en fangelsisrefsing. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem upphaflega bjuggu að baki mismunandi tegundum refsivistar er hins vegar einsýnt að dæma ber fangelsisrefsingu í tilvikum þegar brot er mjög saknæmt. Því er lagt til að þessum ákvæðum verði breytt þannig að varðhald verði fellt niður án þess að haggað sé við þeirri fangelsisrefsingu sem við broti liggur. Með þessu fæst einnig betra innbyrðis samræmi milli refsinga fyrir hin ýmsu brot þar sem áþekk refsimörk þykja eiga við.
4. Í nokkrum ákvæðum hegningarlaganna eru refsingar við broti sektir eða varðhald um tiltekinn tíma, ýmist þrjá eða sex mánuði eða eitt ár, sbr. 2. mgr. 111. gr., 119. gr., 120. gr., 2. mgr. 122 gr., 127. gr., 154. gr., 2. mgr. 176. gr., 1. mgr. 186. gr., 222. gr. 3. mgr. 228. gr., 229. gr., 231. gr., 2. mgr. 232. gr., 234. gr. og 235. gr. Lagt er til að þessum ákvæðum verði breytt þannig að fangelsi komi í stað varðhalds án þess að gerðar verði breytingar á tímamörkum.
5. Í allnokkrum ákvæðum hegningarlaganna eru refsingar við broti sekt eða varðhald án þess að gerðar séu takmarkanir á lengd refsivistarinnar. Því getur varðhald lengst orðið tvö ár, sbr. almenna hámarkið í 44. gr. laganna. Þessi ákvæði eru til dæmis 2. mgr. 90. gr., 125. gr., 132. gr., 140. gr., 141. gr., 2. mgr. 142. gr., 144. gr., 151. gr., 2. mgr. 155. gr., 2. mgr. 168. gr., 2. mgr. 172. gr., 2. mgr. 173. gr., 187. gr., 2. mgr. 191. gr., 1. mgr. 192. gr., 214. gr., 217. gr., 223. gr., 230. gr., 240. gr., 263. gr. og 4. mgr. 264. gr. Með hliðsjón af innbyrðis samræmi og eðli þeirra brota, sem þessi ákvæði leggja refsingu við, þykir ekki efni til að tveggja ára fangelsi komi í öllum tilvikum í stað varðhalds. Hér hefur yfirleitt verið valin sú leið að í stað varðhalds komi fangelsi allt að einu ári. Í einstaka tilvikum hefur það ekki verið talið heppilegt og hefur tímalengd fangelsis þá verið ýmist þrír eða sex mánuðir eftir því sem best þykir eiga við í hverju tilviki.
6. Víða í hegningarlögunum mæla ákvæði fyrir um breytilegar refsingar eftir nánari atvikum eða saknæmi brots í hverju tilviki, ýmist þannig að refsingar geti verið þyngri eða vægari. Sem dæmi um *þyngri refsingar* má nefna eftirfarandi ákvæði: 1. mgr. 95. gr. (sekt eða varðhald, en fangelsi allt að sex árum ef sakir eru miklar), 116. gr. (sekt eða varðhald, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar), 1. mgr. 136. gr. (varðhald eða fangelsi allt að einu ári, en fangelsi allt að þremur árum ef brot er framið til að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings eða ef opinber starfsmaður notar vitneskju í því skyni), 149. gr. (sektir eða varðhald, en fangelsi allt að einu ári ef miklar sakir eru), 160. gr. (fangelsi allt að tveimur árum eða varðhald, en þyngja má refsingu í allt að sex ára fangelsi ef sök er stórfelld og eins ef manni verður slíkt á oftar), 1. mgr. 175. gr. (varðhald eða fangelsi allt að þremur árum, en fangelsi allt að sex árum ef um sjúkdóma er að ræða sem hið opinbera hefur gert sérstakar ráðstafanir til að hefta eða afstýra að berist hingað til lands), 214. gr. (varðhald eða sekt, en fangelsi allt að þremur árum ef brot er framið í eigingjörnum tilgangi), 217. gr. (sekt eða varðhald, en fangelsi allt að einu ári ef háttsemi er sérstaklega

vítaverð), 1. mgr. 264. gr. (sekt, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum, en varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum ef brot ítrekað eða stórfellt). Sem dæmi um *vægari refsingar* má nefna eftirfarandi ákvæði: 109. gr. (fangelsi allt að þremur árum, en varðhald eða sektir ef málsbætur eru fyrir hendi), 126. gr. (varðhald eða fangelsi allt að þremur árum eða sektir ef miklar málsbætur eru fyrir hendi), 3. mgr. 188. gr. (varðhald eða fangelsi allt að einu ári, en dæma má sektir eða varðhald eða láta refsingu falla niður ef hjónaband sætir ekki ógildingu), 5. mgr. 206. gr. (fangelsi allt að fjórum árum, en sektir eða varðhald ef málsbætur eru), 226. gr. (fangelsi allt að fjórum árum, en varðhald ef málsbætur eru) og 1. mgr. 254. gr. (fangelsi allt að fjórum árum, en refsing má þó vera varðhald eða sektir *ef sá sem fyrir sök er hafður hafði í upphafi komist ráðvandlega að verðmætum* þeim er aflað hafði verið með auðgunarbroti). Varðandi ákvæði þessi er yfirleitt lagt til að fangelsi um tiltekinn tíma komi í stað varðhalds án þess að hróflað verði við því að refsingar geti ýmist verið þyngri eða vægari eftir nánari atvikum eða saknæmi brots í hverju tilviki. Þó er í einstaka tilvikum vikið frá þessu.

7. Samkvæmt 267. gr. hegningarlaganna skal lögreglustjóri í samráði við barnaverndarnefnd (skólanefnd) beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum ef barn hefur framið brot áður en það varð 15 ára gamalt. Ef nauðsyn ber til af þessum sökum að svipta mann foreldravaldi yfir barni getur dómsmálaráðherra gert það og falið öðrum forsjá barns. Mál af þessu tagi hafa sætt meðferð samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna. Því er lagt til að þetta ákvæði verði fellt úr gildi.

VI.

Vegna afnáms varðhalds eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á refsiákvæðum í öðrum lögum en almennum hegningarlögum. Hefur verið farið yfir öll gildandi lög og eru ýmsar breytingar lagðar til á refsiákvæðum laga, en þær eru helst þessar:

1. Í lögum er algengt að refsingar fyrir brot á þeim séu bundnar við sektir eða varðhald án þess að gerðar séu takmarkanir á lengd refsivistarinnar. Varðhald getur því lengst orðið tvö ár, sbr. almenna hámarkið í 44. gr. hegningarlaganna. Lagt er til að þessum ákvæðum verði breytt þannig að tveggja ára fangelsi komi í stað varðhalds. Verður sá refsirammi almennt talinn heppilegur í þeim tilvikum þegar ástæða þykir til að brot á lögum geti varðað frjálsræðissviptingu. Í nokkrum tilvikum hefur þó verið vikið frá þessu og lögð til styttri fangelsisrefsing.
2. Í flestum atriðum eru lagðar til hliðstæðar breytingar á refsiákvæðum í öðrum lögum við þær sem lagðar eru til á hegningarlögunum. Þannig er lagt til í þeim tilvikum sem refsingar við brotum eru varðhald eða fangelsi um tiltekinn tíma að orðið varðhald verði numið brott og eftir standi óbreytt fangelsi. Einnig er lagt til að fangelsi komi í stað varðhalds í þeim tilvikum sem því er markaður skemmri tími en tvö ár án þess að lagðar séu til breytingar á þeim tímamörkum. Þá er í flestum tilvikum lagt til að ekki verði haggað við þeim lagaákvæðum sem mæla fyrir um breytilegar refsingar eftir nánari atvikum eða saknæmi brots. Þannig er lagt til að fangelsi í tiltekinn tíma komi í stað varðhalds án þess að hróflað verði við því að refsingar geti ýmist verði þyngri eða vægari eftir nánari atvikum eða saknæmi brots.
3. Af sömu ástæðum og lagt er til að hugtakið refsivist verði fellt brott úr hegningarlögunum er lagt til að það falli einnig brott úr öðrum lögum. Þess í stað er í flestum tilvikum lagt til að komi fangelsi eða fangelsisrefsing.
4. Í nokkrum tilvikum varða brot á lögum fangelsi án þess að gerðar séu takmarkanir á lengd refsivistarinnar. Samkvæmt þessum ákvæðum getur því refsing þyngst orðið fangelsi í 16

ár, sbr. 34. gr. hegningarlaga. Hér má sem dæmi nefna 8. gr. laga um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, (sekt, varðhald eða fangelsi ef sakir eru miklar), 4. gr. laga um stjórn flugmála, nr. 119/1950, (sekt, varðhald eða fangelsi), 15. gr. laga um tannlækningar, nr. 38/1985, (sekt, varðhald eða fangelsi), 1. mgr. 19. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, (fangelsi ef sakir eru miklar), 1. mgr. 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, (sekt, varðhald eða fangelsi) og 1. mgr. 21. gr. laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, (sekt eða fangelsi ef sakir eru miklar). Í öllum tilvikum skortir viðhlítandi rök fyrir því að brot á sérrefsilögum geti varðað sömu eða þyngri refsingu en alvarlegustu afbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Því er lagt til að þessum ákvæðum verði breytt þannig að tímalengd fangelsis verði tilgreind. Í flestum tilvikum er lagt til að brot á viðkomandi lögum geti varðað tveggja ára fangelsi.

VII.

Við afnám varðhaldsrefsingar reynir á ýmis atriði varðandi skil yngri laga og eldri. Þau lúta bæði að málum sem koma til dóms í gildistíð yngri laga og málum sem hafa verið dæmd í gildistíð eldri laga.

Ef frumvarp þetta verður að lögum verður fangelsisrefsing dæmd vegna brots sem framið er fyrir gildistöku laganna, þótt áður hefði komið til álita að dæma varðhald. Sama gildir ef mál er dæmt endanlega í Hæstarétti eftir gildistöku laganna. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 2. gr. hegningarlaga, en þar segir að mál skuli dæmt eftir nýrri lögum, bæði um refsinæmi verknaðar og refsingu. Hins vegar er tekið fram að ekki verði dæmd þyngri refsing en hún hefði orðið eftir eldri lögum. Í 69. gr. stjórnarskrárinnar segir einnig að viðurlög megi ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er refsiverð háttsemi átti sér stað. Þetta verður ekki talið standa í vegi þess að fangelsi verði dæmt í stað varðhalds vegna brots sem framið er í tíð eldri laga. Þótt fangelsi hafi upphaflega átt að vera þyngri refsing en varðhald er inntak refsinga lögum samkvæmt það sama án tillits til tegundar refsivistar. Einnig hefur ekki verið talið andstætt lögum að breytingar séu gerðar á reglum um fullnustu refsingar. Í frumvarpinu þykir rétt að taka fram í ákvæði til bráðabirgða að dæma skuli fangelsi um jafnlangan tíma og hæfileg refsing hefði verið í varðhaldi samkvæmt eldri lögum vegna brots sem framið er í gildistíð þeirra. Með þyngri refsingum vegna hækkunar lágmarkstíma í refsivist, sem verður 30 daga fangelsi í stað tveggja daga varðhalds, er hins vegar lagt til að unnt verði að dæma fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

Við afnám varðhaldsrefsingar reynir einnig á fullnustu varðhaldsdóma sem gengið hafa í tíð eldri laga, hvort heldur sem er að refsifullnustan standi yfir eða dómur sé að öllu leyti óafplánaður þegar ný lög taka gildi. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að varðhaldsdómur verði afplánaður á sama hátt og fangelsisdómur. Sama gildir einnig við ákvörðun refsingar á ný vegna rofs á skilorði varðhaldsrefsingar og ef vararefsing hefur verið ákveðin í varðhaldi.

Þá er lagt til að reglur um brottfall dæmdrar varðhaldsrefsingar verði í ákvæði til bráðabirgða með lögunum. Það ákvæði felur ekki í sér breytingar frá gildandi reglum.

Í gildistökuákvæði er lagt til að lögin öðlist gildi 1. október 1998 til að ráðrúm gefist til að kynna efni þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

Í gildandi lögum er refsivist flokkuð annars vegar í fangelsi og hins vegar í varðhald. Í reynd er enginn munur á þessu tvennu og verði frumvarpið að lögum verða engar breytingar á því hvernig fullnusta refsidóma fer fram. Í frumvarpinu eru gerðar breytingar sem miða að því að afnema varðhaldsvist en einnig eru gerðar ýmsar lagfæringar á ákvæðum annarra laga um refsingar auk annarra atriða.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

894. Nefndarálit [466. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónas Þór Guðmundsson frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði viðauki nr. 11 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, mannréttindasáttmála Evrópu. Hinn 25. febrúar 1995 ályktaði Alþingi að heimila ríkisstjórninni að fullgilda þennan samningsviðauka fyrir Íslands hönd. Samningurinn ásamt samningsviðaukum var lögfestur í heild sinni hér á landi árið 1994.

Í viðaukanum felst endurskipulag á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans og er meginefni breytinganna að mannréttindanefndin og mannréttindadómstóllinn eru lögð niður í núverandi mynd og stofnaður er nýr dómstóll, mannréttindadómstóll Evrópu, sem kemur í stað þessara stofnana. Í dómstólnum eiga sæti jafnmargir dómarar og aðildarríki Evrópuráðsins eru og eru þeir kosnir til sex ára í senn.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.

Kristján Pálsson.

895. Svar [488. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um notkun síma í ökutækjum.

1. *Hefur verið kannað hvort símanotkun ökumanna við akstur hefur sannanlega valdið*
   a. *slysum á fólki,*
   b. *tjóni á ökutækjum?*

Í tilefni af fyrirspurn þessari leitaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá Umferðarráði. Af gögnum Umferðarráðs verður ráðið að ekki eru dæmi um skráð umferðarslys, þ.e. hjá lögreglu, þar sem orsök umferðarslyss hefur verið rakin til notkunar farsíma. Umferðarráð leitaði einnig eftir upplýsingum hjá tryggingafélögum og kannaði hvort notkun farsíma væri algeng orsök umferðarslysa samkvæmt þeirra skráningu. Samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélögunum eru þess ekki mörg dæmi að ökumaður hafi viðurkennt að orsök umferðaróhapps eða slyss hafi mátt rekja til þess að hann hafi verið að tala í farsíma. Hins vegar væru allmörg dæmi um að aðilar að óhappi hafi fullyrt að mótaðilinn hafi verið að tala í síma þegar óhappið átti sér stað, gegn mótmælum þess síðarnefnda. Hefur þetta að öðru leyti ekki verið kannað sérstaklega.

2. *Hversu mörg ökutæki í landinu eru nú búin símtæki?*

Samkvæmt umferðarkönnun 1997 er farsími í rúmlega fjórðu hverri bifreið hér á landi. Í töflunni hér að neðan má sjá hlutfall bifreiða með farsíma árin 1987–96 samkvæmt umferðarkönnun, sem lögregla gerir fyrir Umferðarráð. Tekið skal fram að í þessum tölum er ekki tekið tillit til GSM-síma sem menn kunna að hafa lausa í bílum.

1987	6,6%	1993	14,8%
1988	6,4%	1994	15,3%
1989	9,2%	1995	21,3%
1990	10,3%	1996	27,3%
1991	11,0%	1997	28,8%
1992	12,0%		

3. *Hvað hefur verið gert vegna ályktunar Alþingis frá 11. maí 1987 um að settar yrðu reglur um símanotkun í ökutækjum?*

Þingsályktunartillagan var á sínum tíma send samgönguráðuneytinu til meðferðar. Í skýrslu um framkvæmd þingsályktunartillagna frá 1990 segir að ályktunin hafi verið send póst- og símamálastjóra til umsagnar og að umsögn hans hafi falið í sér almennar ábendingar um notkun farsíma með umferðaröryggi í huga. Eigi að síður hefur þetta viðfangsefni verið til meðferðar bæði í dómsmálaráðuneytinu og hjá Umferðarráði með hliðsjón af því að notkun farsíma í bifreiðum getur eins og notkun ýmissa annarra tækja í bifreiðum haft áhrif á umferðaröryggi.

Í umferðarlögunum eru ekki bein ákvæði sem lúta að notkun farsíma en í 4. gr. laganna segir að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Þetta almenna ákvæði á auðvitað við um notkun farsíma og gerir mönnum skylt að nota farsímann á þann veg að ekki leiði til hættu í umferðinni. Síðan hafa verið settar sérstakar reglur í reglugerð um staðsetningu farsíma í ökutækjum sem miða að því að draga úr slysahættu. Þá hefur Umferðrráð haft þessi mál til meðferðar og í námi til almennra ökuréttinda er um þetta fjallað. Í sérstöku bréfi til

þeirra sem fá ökuskírteini er minnst á þá ábyrgð sem fylgir því að aka bifreið og varað við hættu við notkun farsíma í akstri. Í námsefni til aukinna ökuréttinda er fjallað um hættu af slíkri notkun og í ökukennaranámi er fjallað um mikilvægi þess að ökumaður sé með hugann við akstur og í því sambandi minnst á notkun farsíma. Eigendum og ökumönnum hópferðabifreiða hafa verið send bréf þar sem fjallað er um ábyrgð ökumanna hópbifreiða og þeir hvattir til að nota ekki farsíma í akstri. Í útvarpsþáttum og öðrum upplýsingum á vegum Umferðarráðs hefur almennum leiðbeiningum verið komið á framfæri.

4. *Má búast við að símanotkun ökumanna við akstur verði takmörkuð með lögum eins og ýmsar þjóðir hafa gert, nú síðast Danir?*

Notkun síma í bílum hefur á undanförnum árum aukist gríðarlega, eins og framangreindar tölu bera með sér. Danir hafa á síðasta ári brugðist við því með því að takmarka með lögum notkun ökumanna á síma í akstri. Hefur dómsmálaráðherra af þeirri ástæðu ákveðið að setja á laggirnar starfshóp, sem hafa mun það hlutverk að kanna þetta mál nánar, þ.e. áhrif og afleiðingar símanotkunar ökumanna á umferðaröryggi, svo og til hvaða úrræða eigi að grípa til að tryggja sem best umferðaröryggi hvað þetta varðar. Starfshópurinn verður skipaður aðilum frá Umferðarráði og ríkislögreglustjóra, auk fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Er gert ráð fyrir því að hópurinn skili niðurstöðum sínum næsta haust.

896. Fyrirspurn [523. mál]

til fjármálaráðherra um starfsemi Umsýslustofnunar varnarmála, „Sölu varnarliðseigna“.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur það stoð í lögum að fella niður aðflutningsgjöld af vöru, þar með töldum bifreiðum, sem Umsýslustofnun varnarmála, „Sala varnarliðseigna“, flytur inn og selur hér á landi í samkeppni við annan verslunarrekstur? Ef svo er, um hvaða lagaheimild er þar að ræða?
2. Hvernig er háttað eftirliti með uppboðum og sölu Umsýslustofnunarinnar á bifreiðum?

897. Nefndarálit [72. mál]

um till. til þál. um atvinnusjóð kvenna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust umsagnir frá Kvenfélagasambandi Íslands, Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, skrifstofu jafnréttismála, Kvenréttindafélagi Íslands, Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar, Vinnumálasambandinu, Atvinnu- og ferðamálastofu Reykjavíkurborgar og Byggðastofnun.

Í tillögugreininni er lagt til að félagsmálaráðherra skipi nefnd sem endurskoði og geri tillögur um framhald á starfi atvinnusjóðs kvenna. Þá er gerð grein fyrir skipun fimm nefndarmanna.

Nefndin telur eðlilegt að gerð verði úttekt á atvinnusjóði kvenna. Að mati nefndarinnar er ekki samræmi milli tillögugreinarinnar og greinargerðar sem með fylgir og leggur hún því til **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. mgr. tillögugreinarinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nefndin taki jafnframt mið af þeirri úttekt sem gerð hefur verið á vegum Vinnumálastofnunar og því hvernig styrkir hafa nýst.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Ögmundur Jónasson.

898. Nefndarálit [287. mál]

um frv. til l. um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjörleif B. Kvaran borgarlögmann og Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavíkurborg verði sameinuð. Sveitarfélög þessi eru hvort í sínu kjördæminu og skv. 110. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, verður sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma ekki ákveðin nema með lögum.

Nefndin fékk til skoðunar sérfræðiálit frá embætti ríkislögmanns og Þorgeiri Örlygssyni prófessor. Niðurstaða þeirra var sú að alþingiskjördæmi séu sjálfstætt mörkuð í 31. gr. stjórnarskrárinnar óháð annarri umdæmisskiptingu landsins. Af því leiði að þeim mörkum verði ekki breytt með almennum lögum, heldur einungis með breytingu á stjórnarskránni sjálfri. Því sé eðlilegt að í frumvarpi þessu séu tekin af tvímæli um að sameining þessara tveggja sveitarfélaga hafi ekki áhrif á gildandi kjördæmaskipan. Þá kom fram í máli borgarlögmanns að þess muni verða farið á leit við ríkisstjórnina að fyrir næstu alþingiskosningar verði flutt frumvarp til stjórnskipunarlaga um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps í eitt kjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi.

Í 2. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga segir að hafi sameining hlotið samþykki skuli sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags og önnur atriði. Ákvarðanir þessar skulu sendar félagsmálaráðuneyti sem ákveður hvenær sameining skuli fara fram. Skv. 112. gr. laganna skal ráðuneytið, þegar það hefur staðfest sameiningu, gefa út tilkynningu um hana sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu hafa hreppsnefnd Kjalarneshrepps og borgarstjórn Reykjavíkur nú þegar tekið framangreindar ákvarðanir og sent ráðuneytinu. Í gögnum frá sveitarstjórnunum tveimur kemur fram að gert er ráð fyrir að kosið verði sameiginlega í sveitarfélögunum til borgarstjórnar í reglulegum sveitarstjórnarkosningum í maí 1998 og að sameining sveitarfélaganna taki gildi við upphaf næsta kjörtímabils í júní 1998. Nauðsynlegar ákvarðanir liggja því fyrir svo að félagsmálaráðuneytinu sé unnt að staðfesta sameiningu sveitarfélaganna að því frátöldu að ekki hefur verið samþykkt frumvarp til laga um sameininguna á grundvelli 110. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nefndin lítur svo á að frumvarpið geri ráð fyrir að félagsmálaráðuneytinu verði veitt heimild til að staðfesta samþykktir sveitarstjórnanna tveggja um sameininguna, þar á meðal um gildistöku sameiningarinnar, sbr. 2. mgr. 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Nefndin vekur athygli á því að gildistökuákvæði frumvarpsins vísar til þess að þá fyrst er lögin taka gildi hefur ráðuneytið heimild til að staðfesta samþykktir sveitarfélaganna um sameininguna.

Í 3. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að í Reykjavík nefnist sveitarstjórn borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélags borgarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar borgarráð. Í skýringum með lögunum kemur fram að með orðhlutanum „borg“ sé lögð áhersla á sérstöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar og langstærsta sveitarfélags landsins. Sveitarfélagið heitir eftir sem áður Reykjavík eins og fram kemur í fyrrgreindum lögum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Reykjavíkurborg“ komi: Reykjavík.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur.

Alþingi, 5. mars 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

899. Svar [316. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um laxveiðiferðir stjórnenda ríkisviðskiptabankanna og Seðlabanka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margar laxveiðiferðir hafa stjórnendur ríkisviðskiptabankanna og Seðlabanka farið árlega sl. fimm ár og hver var árlegur kostnaður við þær, sundurliðaður eftir útgjöldum við laxveiðileyfin annars vegar og öðrum útgjöldum hins vegar?*
2. *Hver var tilgangur og tilefni ferðanna, hverjir voru þátttakendur í þeim og hver tekur ákvörðun um slíkar ferðir?*
3. *Í hvaða laxveiðiár var farið og hve oft í hverja þeirra hvert ár um sig?*
4. *Hverjir eru leigutakar þessara laxveiðiáa?*

Svar við fyrirspurn þessari er byggt á upplýsingum sem ráðuneytinu bárust frá Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Seðlabanka Íslands.

Við undirbúning svarsins hefur verið höfð hliðsjón af sjónarmiðum um persónuvernd. Einnig hefur þess verið gætt að svör við fyrirspurninni hafi ekki að geyma upplýsingar sem skaðað geti hagsmuni umræddra stofnana af samkeppnis- eða viðskiptaástæðum.

Fjöldi laxveiðiferða stjórnenda ríkisviðskiptabankanna og Seðlabanka síðastliðin fimm ár og árlegur kostnaður við þær.

Landsbanki Íslands.

Kostnaður Landsbankans af laxveiðiferðum er sem hér segir:

	1993	1994	1995	1996	1997
Veiðileyfi	4.346.000	2.124.000	3.783.000	1.955.000	2.138.975
Önnur útgjöld	807.990	642.380	1.332.011	594.000	585.739
Samtals	**5.153.990**	**2.766.380**	**5.115.011**	**2.549.000**	**2.724.714**

Samkvæmt upplýsingum bankans var farið að jafnaði í fjórar ferðir á ári.

Búnaðarbanki Íslands.

Kostnaður við laxveiðiferðir Búnaðarbankans hefur verið sem hér segir:

	1993	1994	1995	1996	1997
Veiðileyfi	2.177.000	1.730.400	924.000	966.000	987.000
Önnur útgjöld	1.058.985	920.121	809.003	599.355	610.680
Samtals	**3.235.985**	**2.650.521**	**1.733.003**	**1.565.355**	**1.597.680**

Samkvæmt upplýsingum bankans var farið í tvær veiðiferðir hvort árið 1993 og 1994 en síðan hefur verið farið einu sinni á sumri.

Seðlabanki Íslands.

Kostnaður við laxveiðiferðir Seðlabankans hefur verið sem hér segir:

	1993	1994	1995	1996	1997
Veiðileyfi	1.287.000	1.287.000	1.338.000	1.152.000	1.197.000
Önnur útgjöld	546.000	1.117.000	928.000	803.000	707.000
Samtals	**1.833.000**	**2.404.000**	**2.266.000**	**1.955.000**	**1.904.000**

Samkvæmt upplýsingum bankans var farið í veiðiferðir tvisvar á ári á árunum 1993–95 og einu sinni á ári undanfarin tvö ár.

Tilgangur og tilefni ferðanna, þátttakendur og ákvörðun um ferðirnar.

Samkvæmt upplýsingum Landsbanka Íslands hefur tilefni ferðanna verið að viðhalda og afla nýrra viðskiptasambanda með því að bjóða innlendum og erlendum viðskiptamönnum bankans í slíkar ferðir. Hefur bankastjórn annast móttökurnar.

Samkvæmt upplýsingum Búnaðarbanka Íslands hefur tilgangur ferðanna verið sá að kynnast erlendum og innlendum gestum sem boðið hefur verið í ferðirnar. Þátttakendur af hálfu bankans hafa aðallega verið þeir stjórnendur bankans sem hafa haft erlend samskipti á sinni könnu. Sá bankastjóri sem fer með erlend samskipti hefur tekið ákvörðun um þessar móttökur og ferðir.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands hafa fulltrúar ýmissa erlendra fjármálastofnana sem bankinn á náin samskipti við verið gestir bankans. Telur bankinn þessar ferðir vera gagnlegar til að efla viðskiptaleg sambönd bankans og þar með þjóðarinnar við erlendar fjármálastofnanir. Bankastjórar Seðlabankans, ýmist allir eða færri, hafa verið gestgjafar. Bankastjórar Seðlabankans taka ákvarðanir um ferðirnar.

Laxveiðiár.

Samkvæmt upplýsingum Landsbanka Íslands var árið 1993 farið í Vatnsdalsá, Selá, Hrútafjarðará og Þverá. Árið 1994 var farið í Vatnsdalsá, Selá, Laxá í Þingeyjarsýslu og Hrútafjarðará. Árið 1995 var farið í sömu ár. Árið 1996 var farið í Selá, Hrútafjarðará, Laxá í Þingeyjarsýslu og Grímsá. Árið 1997 var farið í Selá, Hrútafjarðará og Laxá í Þingeyjarsýslu. Að jafnaði var farin ein ferð á ári í hverja á.

Af hálfu Búnaðarbanka Íslands hefur verið farið í veiðiferð í Þverá öll árin og Laxá í Dölum árin 1993 og 1994.

Samkvæmt upplýsingum fór Seðlabankinn í veiðiferðir í Vatnsdalsá árin 1993–96, í samvinnu við Landsbankann á árunum 1993–95. Árið 1997 var farið í Þverá.

Leigutakar umræddra laxveiðiáa.

Af hálfu Landsbanka Íslands voru veiðileyfi í umræddum laxveiðiám keypt af Sporði hf., Lóni sf., Bálki hf. og Laxárfélaginu. Af hálfu Búnaðarbanka voru veiðileyfi í Laxá í Dölum keypt af bændum og í Þverá af Sporði ehf. Af hálfu Seðlabankans voru veiðleyfi í Vatnsdalsá keypt af Lóni hf. og í Þverá af Sporði ehf.

900. Frumvarp til laga [524. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á c-lið 69. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Framangreint hlutfall skal þó lækkað um 0,5 á hverju ári sem maður á rétt á vaxtabótum samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis umfram 25 ár. Hafi maður fengið vaxtabætur samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis í 36 ár skal frádráttur á grundvelli tekjuskattsstofns falla niður.

b. Á eftir 5. málsl. 4. mgr., er verður 7. málsl., koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Við ákvörðun vaxtabóta á því ári þegar maður aflar sér íbúðarhúsnæðis, en hefur ekki fengið vaxtabætur árið áður, skal þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar reikna vaxtabætur frá og með þeim ársfjórðungi sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið. Skal hámark vaxtagjalda, tekjuskattsstofn og hámark vaxtabóta þá ákveðið hlutfallslega miðað við það.

c. Á eftir 8. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Heimilt er að greiða fyrir fram ársfjórðungslega áætlaðar vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á árinu 1999 og síðar. Skulu áætlaðar vaxtabætur greiddar út fjórum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs.

Áætlaðar vaxtabætur skal miða við gjaldfallna og greidda vexti hvers ársfjórðungs af þeim veðlánum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis, þó ekki meira en fjórðung af hámarki vaxtagjalda, sbr. 3. mgr.

Frádrátt frá vaxtagjöldum hvers ársfjórðungs sbr. 4. mgr., skal miða við fjórðung af staðgreiðsluskyldum tekjum síðustu 12 mánaða á undan honum að viðbættum þeim tekjum utan staðgreiðslu sem fram koma á skattframtali fyrra árs. Fyrirframgreiddar vaxtabætur fyrir hvern ársfjórðung skulu eigi vera hærri en fjórðungur af hámarki vaxtabóta, sbr. 4. mgr.

Sá sem rétt kann að eiga til fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári sem hann aflar sér íbúðarhúsnæðis skal sækja um fyrirframgreiðsluna og leggja fram tilskildar upplýsingar. Lánastofnanir, lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem veita lán til íbúðarkaupa gegn veði í fasteign skulu veita skattyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða fyrirframgreiðslu vaxtabóta. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um ákvörðun og fyrirframgreiðslu vaxtabóta.

d. Á eftir orðunum „Innheimtustofnunar sveitafélaga“ í 10. mgr. kemur: svo og gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánum Íbúðalánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útborgun vaxtabóta vegna ársfjórðungs er hefst 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu frumvarpi er lagt til að vaxtabætur til þeirra sem kaupa fasteignir eftir að lögin taka gildi verði greiddar fyrir fram í stað þess að greiðast eftir á líkt og verið hefur. Með þessari breytingu munu vaxtabætur koma til greiðslu á kaupári en ekki ári síðar líkt og nú er. Í frumvarpinu er einnig lagt til að heimilt verði að skuldajafna vaxtabótum, sé um vanskil að

ræða, til greiðslu á afborgunum og vöxtum af húsnæðislánum. Jafnframt er lagt til að skerðingarhlutfall vaxtabóta, sem er 6% af tekjuskattsstofni, lækki um hálft prósentustig fyrir hvert ár sem bótaþegi á rétt á vaxtabótum vegna sama íbúðarhúsnæðis umfram 25 ár. Hafi bótaþegi fengið vaxtabætur samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis í 36 ár falli frádráttur á grundvelli tekjuskattsstofns niður.

Lagt er til að fyrirframgreiðsla vaxtabóta vegna gjaldfallinna og greiddra vaxta verði fjórum sinnum á ári. Í fyrsta skipti fimm til átta mánuðum eftir kaup á fasteign í stað þess að bæturnar séu greiddar út einu sinni á ári, allt að tveimur árum frá kaupdegi líkt og nú er. Fyrirframgreiðsla vaxtabóta á tekjuárinu er bráðabirgðagreiðsla og miðast við vexti af veðlánum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis. Að tekjuárinu liðnu verður síðan endanleg vaxtabótaupphæð hvers bótaþega ákvörðuð í tengslum við álagningu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla vaxtabóta mun hafa í för með sér tímabundna útgjaldaaukningu. Samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkisskattstjóra fengu um 9.300 einstaklingar (hjón talin sem tveir einstaklingar) greiddar vaxtabætur við álagningu opinberra gjalda árið 1997 sem ekki höfðu fengið greiddar vaxtabætur árið 1996. Samtals námu greiðslur vaxtabóta til þessa hóps um 500 m.kr. árið 1997.

Sé gert ráð fyrir svipuðum upphæðum við gildistöku laganna mun fyrirframgreiðsla til nýrra bótaþega auka árleg útgjöld ríkissjóðs um allt að 500 m.kr. næstu fimm til átta árin. Áætlað er að útgjaldahækkun ríkissjóðs á gildistökuári laganna verði um þriðjungur fyrrgreinds kostnaðar eða um 170 m.kr. Afgangurinn af útgjaldahækkuninni kemur fram ári síðar. Algengasti útborgunartími vaxtabóta vegna kaupa á íbúð er áætlaður fimm til átta ár og mun framangreind útgjaldaaukning því ganga að mestu leyti til baka á því árabili.

Í fjárlögum fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir að greiðslur ríkissjóðs vegna vaxtabóta verði um 3.800 m.kr.

Hækkun á vöxtum til félagslegra lána. Í frumvarpi félagsmálaráðherra til laga um húsnæðismál er lagt til að niðurgreiðslu vaxta vegna íbúðarkaupa verði hætt og að vextir á lánum til félagslegs húsnæðis verði hækkaðir úr 2,4% í 5,1%. Fyrirframgreiddar vaxtabætur munu þannig koma í stað vaxtaniðurgreiðslu. Hér verður gerð grein fyrir þeim áhrifum sem þessi breyting mun hafa á ríkissjóð og þá aðila sem fá lán til kaupa á félagslegu húsnæði.

Íbúðarkaupendur. Til að gera grein fyrir áhrifum af breytingunni verður borin saman greiðslubyrði af láni fyrir og eftir hækkun vaxta, að teknu tilliti til vaxtabóta. Sýnd verða alls ellefu dæmi með tilliti til hjóna, einstæðra foreldra og einstaklinga og mismunandi tekna og lánsupphæða.

Í dæmunum er stuðst við eftirfarandi forsendur:

— Lánstími er 40 ár og vextirnir eru annars vegar 2,4% og hins vegar 5,1%.
— Lánsupphæð nemur 90% af húsnæðisverði.
— Afborgun er einu sinni á ári.
— Hámark vaxtabóta er á fyrsta ári 2,5% hærra en nú er og hækkar árlega til jafns við verðbólgu.
— Vaxtabætur skerðast um 6% af tekjuskattsstofni.
— Tekjuskerðingarhlutfallið lækkar um ½ prósentustig á ári frá 26. til 37. árs.
— Vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir umfram skuldir upp fyrir ákveðin mörk.
— Útreikningar vaxtabóta taka miða af gildandi lögum.
— Ekki er gert ráð fyrir hækkun launa eða verðlags.

Í eftirfarandi töflu eru bornar saman nettógreiðslur, þ.e. heildarafborgun að frádregnum vaxtabótum, fyrir hjón, einstætt foreldri og einstaklinga miðað við mismunandi laun og láns-

upphæðir. Greiðslubyrðin er sýnd annars vegar sem summa allra ársgreiðslna og hins vegar núvirði þeirra miðað við 5,1% raunvexti.

Yfirlit yfir greiðslubyrði í vaxtabótakerfinu af 40 ára jafngreiðsluláni.

			Nettógreiðslur m.v. 5,1% vexti		Nettógreiðslu, m.v. 2,4% vexti	
Þús. kr.	Húsnæðis-verð	Tekjur á mán.	Summa ársgreiðslna	Núvirði ársgreiðslna	Summa ársgreiðslna	Núvirði ársgreiðslna
Hjón						
Dæmi 1.	7.000	150	9.659	3.593	9.488	3.889
Dæmi 2.	7.000	200	10.757	4.142	9.856	4.163
Dæmi 3.	7.000	225	11.306	4.416	9.870	4.177
Dæmi 4.	8.000	150	10.713	3.947	10.562	4.265
Dæmi 5.	8.000	200	11.734	4.431	11.118	4.640
Dæmi 6.	8.000	225	12.281	4.705	11.253	4.749
Dæmi 7.	4.500	150	7.817	3.033	7.050	2.983
Einstætt foreldri						
Dæmi 8.	5.500	80	6.917	2.452	6.880	2.710
Dæmi 9.	6.000	80	7.657	2.756	7.386	2.882
Einstaklingur						
Dæmi 10.	5.000	80	6.549	2.426	6.383	2.536
Dæmi 11.	5.500	80	7.387	2.796	6.880	2.710

Meginniðurstaðan er að sé tekið tillit til vaxtabóta er núvirt greiðslubyrði lánanna svipuð í flestum dæmanna hvort sem vextir eru 2,4% eða 5,1%. Í öllum dæmunum nema 3, 7 og 11 er núvirt greiðslubyrði af láni með 5,1% vexti lægri en af láni með 2,4% vexti. Þess má einnig geta, þó að það sjáist ekki í töflunni, að í öllum tilfellum er árleg greiðslubyrði af láni með 5,1% vöxtum lægri á fyrri hluta lánstímans en hærri á seinni hlutanum.

Nánari umfjöllun um greiðslubyrði er í frumvarpi félagsmálaráðherra um húsnæðismál.

Ríki. Með hækkun vaxta í félagslega kerfinu mun kostnaður ríkissjóðs af vaxtabótum til þess hóps sem fær félagsleg lán aukast. Sé gert ráð fyrir að allt að 1.000 einstaklingar komi árlega inn í vaxtabótakerfið, sem að óbreyttu hefðu farið inn í félagslega eignaíbúðakerfið, er áætlað að vaxtabætur muni hækka að jafnaði um 120 m.kr. á ári næstu tíu árin við fyrrgreinda breytingu. Árleg útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna hækkunar vaxtabóta verður því í heild um 1.200 m.kr. þegar upp er staðið. Á móti vegur framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna sem var 275 m.kr. í fjárlögum ársins 1998. Jafnframt mun kerfisbreytingin leiða til þess að Íbúðalánasjóður verður leystur undan kostnaði við niðurgreiðslu vaxta þegar félagslegar íbúðir koma til innlausnar og rekstrarkostnaður húsnæðiskerfisins lækkar til muna.

Sjóðurinn verður fjárhagslega sjálfstæð stofnun óháð framlögum ríkissjóðs. Með því að hækka vaxtaniðurgreiðslu úr innlausn íbúða og styrkja þannig fjárhagsstöðu sjóðsins, verður í náinni framtíð hægt að afnema ríkisábyrgð á lántökum sjóðsins og bæta þjónustu hans með aukinni þátttöku bankakerfisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a. Lagt er til að dregið verði úr tekjutengingu vaxtabóta þegar vaxtagreiðslutímabil vegna sömu eignar er lengra en 25 ár. Tekjutengingin fellur alfarið niður eftir 36 ár. Þessi breyting er lögð til í tengslum við heildarendurskipulagningu á íbúðalánakerfinu.
b. Þessu ákvæði er ætlað að jafna út misræmi sem orðið getur á fyrsta ári bótaréttar milli ársfjórðungsgreiðslna og vaxtabóta þar sem útreikningur þeirra miðast nú við heilt ár.
c. Með þessu ákvæði er áformað að koma á nýju greiðslufyrirkomulagi vaxtabóta, þ.e. fyrirframgreiðslu. Stefnt er að því að flýta útborgun vaxtabótanna og mun hún eiga sér stað fjórum sinnum á ári. Gert er ráð fyrir að þeir sem uppfylla skilyrði til að njóta vaxtabóta vegna íbúðarhúsnæðis sem aflað er á árinu 1999 eða síðar geti sótt um að fá bæturnar greiddar á þennan hátt. Umsókn skal afhent skattstjóra. Samhliða umsókninni liggja fyrir upplýsingar um tekjur umsækjanda á ákveðnu tímabili. Á grundvelli þessara gagna og upplýsinga mun skattstjóri síðan afgreiða umsóknina. Loks byggir þessi tilhögun á þeirri forsendu að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um vaxtagjöldin. Verður slíku best fyrir komið með beinni samvinnu milli skattyfirvalda og lánastofnana.

   Fyrirframgreiðsla vaxtabóta á tekjuárinu er bráðabirgðagreiðsla. Að tekjuárinu liðnu verður síðan tekin endanleg ákvörðun um vaxtabótaupphæðir hvers bótaþega í tengslum við álagningu opinberra gjalda.
d. Lagt er til að heimild verði til skuldajöfnunar við gjaldfallnar afborganir og vexti til íbúðalánakerfisins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum

Frumvarp þetta miðar að því að vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á húsnæði eftir 1. janúar 1999 verði greiddar út ársfjórðungslega fyrirfram á kaupári eignar, en ekki árið eftir, eins og ákvæði núgildandi laga segja til um. Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um húsnæðismál sem miðast við að vextir vegna lána til félagslegs húsnæðis verði hækkaðir úr 2,4% í 5,1% en að í þess stað verði greiddar vaxtabætur. Nánari umfjöllun um heildaráhrif þessara breytinga á útgjöld ríkissjóðs er að finna í umsögn með því frumvarpi.

Verði frumvörp þessi að lögum mun það leiða til aukningar á útgreiðslum vaxtabóta. Annars vegar er gert ráð fyrir aukningu að fjárhæð 120 m.kr. árlega næstu 10 árin vegna um 1.000 einstaklinga sem öðlast munu rétt til vaxtabóta en hefðu annars tekið lán með niðurgreiddum vöxtum í félagslega húsnæðiskerfinu. Hins vegar er er áætlað að útstreymi vaxtabóta aukist um 170 m.kr. árið 1999 og um 500 m.kr. á ársgrundvelli næstu 5–8 árin þar á eftir vegna flýtingar á greiðslum til kaupárs fasteignar. Að samanlögðu er því gert ráð fyrir að miðað við núgildandi lög aukist vaxtabætur um 290 m.kr. árið 1999, um 740 m.kr. árið 2000

en síðan um 120 m.kr. því til viðbótar á hverju ári fram til ársins 2004 og verði árlegur kostnaðarauki þá orðinn um 1.200 m.kr. alls. Í þessu sambandi skal bent á að samhliða þessu fellur niður 275 m.kr. framlag til Byggingasjóðs verkamanna sem veitt hefur verið í fjárlögum til að mæta vaxtamun veittra og tekinna lána sjóðsins.

Kostnaður við breytingar á framkvæmd vaxtabótagreiðslna fellur til á árinu 1999 og eftirleiðis og þá einkum hjá Ríkisskattstjóraembættinu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir stofnkostnaði sem nemi um 2,5 m.kr. vegna uppsetninga og breytinga á tölvuvinnslu bótakerfisins, m.a. til þess að gera það kleift að upplýsingar um lán og vaxtagreiðslur bótaþega berist vélrænt frá lánastofnunum. Í öðru lagi er reiknað með að rekstrarkostnaður vaxi um 7,5 m.kr. Þar af eru 1 m.kr. aukning á aðkeyptri tölvuvinnslu, 4,5 m.kr. útgjöld við eitt og hálft starf í skattkerfinu og 2 m.kr. póstburðargjöld vegna bréfasendinga til bótaþega.

901. Fyrirspurn [525. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál barna og unglinga.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Er unnið að heildstæðri stefnumörkun fyrir landið allt í geðheilbrigðismálum barna og unglinga?
2. Ef svo er, hvernig miðar þeirri vinnu og hvenær má vænta niðurstöðu?

902. Svar [473. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Margrétar Frímannsdóttur um stuðning Íslands við hugsanlegar loftárásir á Írak og afnot af íslenskum mannvirkjum.

1. *Er ráðherra tilbúinn að axla fyrir hönd íslensku þjóðarinnar þá meðábyrgð sem kynni að skapast vegna loftárása á írösku þjóðina sem yllu enn frekari þjáningum einstaklinga og saklausra borgara, þar með talið barna?*

Frá því að fyrirspurnin kom fram hefur dregið, a.m.k. tímabundið, úr spennu í samskiptum Sameinuðu þjóðanna og Írak. Öryggisráðið hefur samþykkt að hækka þá upphæð sem Írak má afla með olíusölu á sex mánaða tímabili úr tveimur milljörðum Bandaríkjadala í 5,2 milljarða. Sem kunnugt er tókst framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, á elleftu stundu að gera samkomulag við írösk stjórnvöld sem fól það í sér að ekki yrði gripið til árása á Írak í því skyni að knýja Íraka til að virða ályktanir öryggisráðsins. Framkvæmdastjórinn setti sér tvö markmið fyrir ferðina til Írak, þ.e. að tryggja að Írakar hlíti í einu og öllu ályktunum öryggisráðsins um vopnaleit og skoðun í landinu og undanbragðalausa samvinnu við eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna (UNSCOM). Ef ríkisstjórn Íraks fer í einu og öllu eftir samkomulaginu sem gert var sl. sunnudag þarf ekki að koma til loftárása.

Utanríkisráðherra ber ábyrgð á starfi Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hefur ekki í hyggju að víkja sér undan þeirri ábyrgð.

2. *Telur ráðherra rétt að beita hervaldi gegn öllum ríkjum sem neita að framfylgja samþykktum öryggisráðsins?*

Ísland er hlynnt því að öll ríki leysi ágreining sín í millum með friðsamlegum samningum.

Hafa skal hugfast að viðskiptabann Sameinuðu þjóðanna á Írak hefur verið í gildi síðan 1991. Viðskiptabannið var sett á í því skyni að knýja írösk stjórnvöld til að virða ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og heimila vopnaleit og skoðun svo að heimsbyggðin gæti fullvissað sig um að Saddam Hussein stæði ekki að framleiðslu gereyðingarvopna sem hann hefur meðal annars beitt gegn eigin þegnum. Hótun um beitingu hervalds gegn Írak er ekki fyrstu viðbrögð Sameinuðu þjóðanna heldur eins konar neyðarúrræði þegar aðrar friðsamlegar leiðir, þar á meðal samningaleiðin, hafa verið reyndar til þrautar.

3. *Til hvaða refsiaðgerða telur ráðherra rétt að grípa gegn þeim ríkjum sem brjóta gegn samþykktum öryggisráðsins?*

Refsiaðgerðir eru ætíð óyndisúrræði. Mikilvægt er að átta sig á að slíkar aðgerðir öryggisráðsins byggjast ekki á sjálfstæðum ákvörðunum einstakra ríkja heldur stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Mælt er fyrir um aðgerðir vegna ófriðarhættu, friðrofa og árása í VII. kafla stofnskrárinnar.

4. *Hvaða ríki hafa neitað að hlíta samþykktum öryggisráðsins?*

Refsiaðgerðir öryggisráðsins eru nú í gildi gagnvart Írak, Sierra Leone, Angóla, Súdan og Líbýu. Ekki er kunnugt um að nokkurt ríki hafi neitað að framfylgja þessum refsiaðgerðum.

5. *Telur ríkisstjórn Íslands að Bandaríkjamönnum sé heimilt að meta án samráðs og heimildar Sameinuðu þjóðanna undir hvaða kringumstæðum þeir ráðast með vopnavaldi á Írak?*

Full samstaða er um það innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna að Írökum beri að virða viðeigandi ályktanir þess í einu og öllu. Aðildarríkin greinir ekki á um að Írakar hafi brotið gegn þessum ályktunum. Full samstaða er hins vegar ekki um viðbrögð við vanefndum Íraka.

Af hálfu Bandaríkjanna er litið svo á að Írakar hafi brotið gegn vopnahlésskilmálum frá 1991 og því séu loftárásir eðlilegt framhald af aðgerðum þeirra í Flóabardaga, sjái Írakar ekki að sér. Bandarísk stjórnvöld hafa kynnt öryggisráðinu, Arabaríkjunum og öðrum samstarfsríkjum rækilega þessi sjónarmið og hafa þau hlotið umtalsverðan stuðning þótt ekki sé um þau full samstaða. Ef Bandaríkin hefðu talið sig geta beitt vopnavaldi gegn Írak án samráðs við önnur ríki sem sæti eiga í ráðinu hefðu þau ekki beðið útkomu ferðar framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna eða niðurstaðna úr samningaviðræðum fulltrúa Rússlands og Frakklands sem hafa reynt að miðla málum.

6. *Hvað er það sérstaklega sem ríkisstjórnin telur óhjákvæmilegt að sprengja í Írak og hvað ekki, hversu lengi og hvað á svo að taka við?*

Markmið sprengjuárása yrði hið sama og markmið eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna, að koma í veg fyrir eða eyða búnaði sem gerir Írökum kleift að framleiða lífefna- og eiturvopn. Íslensk stjórnvöld eru ekki í aðstöðu til að meta á hertæknilegan hátt hvernig sprengjuárásir, ef til þeirra kemur, skuli útfærðar.

903. Fyrirspurn [526. mál]

til dómsmálaráðherra um reglugerð um geðrannsóknir.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er háttað fyrirkomulagi geðrannsókna á þeim einstaklingum sem ákærðir hafa verið fyrir afbrot?
2. Eru í gildi reglur um þessar rannsóknir? Ef ekki, mun ráðherra þá beita sér fyrir því að þær verði settar?

904. Fyrirspurn [527. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu geðlækna í fangelsum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur verið gengið frá formlegum samstarfssamningi um þjónustu geðlæknis á Sogni, Sjúkrahúsi Suðurlands og í fangelsinu að Litla-Hrauni? Ef svo er, hvað felst í þeim samningi?
2. Hefur verið gerður sérstakur samningur um þjónustu geðlækna í öðrum fangelsum? Ef svo er, hvað felst í þeim samningum?

905. Fyrirspurn [528. mál]

til heilbrigðisráðherra um fyrirkomulag meðferðar ósakhæfra geðsjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir nauðsynlegri fjölgun fagfólks við réttargeðdeildina að Sogni í ljósi niðurstöðu nýlegrar skýrslu um starfsemi deildarinnar?
2. Hvernig er staðið að framkvæmd eftirmeðferðar þeirra sjúklinga sem eru lausir úr öryggisgæslu réttargeðdeildarinnar og hljóta dóm um eftirmeðferð og eftirlit sem innt skal af hendi af fagfólki deildarinnar undir umsjón yfirlæknis?
3. Er áætluð sérstök fjárveiting til þessarar þjónustu? Ef svo er, hver er fjárhæðin skipt niður á þau ár sem deildin hefur starfað og hver er áætlun þessa árs?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir uppbyggingu sérhæfðrar göngudeildar og meðferðarheimilis til eftirmeðferðar fyrir þessa einstaklinga eftir útskrift af réttargeðdeildinni?
5. Hefur ráðherra í hyggju að setja sérstakar reglur um þennan þátt heilbrigðisþjónustu fyrir ósakhæfa geðsjúklinga?

906. Fyrirspurn [529. mál]

til dómsmálaráðherra um skipun tilsjónarmanna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvernig er staðið að skipun tilsjónarmanna ósakhæfra geðsjúklinga skv. 62. gr. almennra hegningarlaga? Eru í gildi sérstakar reglur þar að lútandi? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slíkar reglur verði settar?

907. Fyrirspurn [530. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun á löggjöf um vistun, meðferð og eftirmeðferð ósakhæfra geðsjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að aðstaða að Sogni verði bætt þannig að auknir möguleikar verði til að sinna meðferð ósakhæfra og sakhæfra geðsjúkra afbrotamanna, m.a. með fjölgun fagfólks og bættri starfsaðstöðu, í ljósi niðurstöðu nýlegrar skýrslu um starfsemi réttargeðdeildarinnar að Sogni?
2. Hafa verið settar skýrar reglur um fyrirkomulag eftirmeðferðar þeirra sjúklinga sem eru lausir úr öryggisgæslu á réttargeðdeildinni að Sogni en dæmdir til eftirmeðferðar um lengri eða skemmri tíma? Ef svo er, hverjar eru þessar reglur og hvernig er tryggt af hálfu ráðuneytisins að þeim sé framfylgt?
3. Hefur ráðherra í hyggju að endurskoða löggjöf og reglur er lúta að vistun, meðferð og eftirmeðferð brotlegra ósakhæfra geðsjúkra einstaklinga í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á fimm ára starfstíma réttargeðdeildarinnar að Sogni, m.a. til þess að skýra hlutverk og skyldur dóms-, heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda gagnvart þessum einstaklingum?

908. Svar [476. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um ólögmæta innheimtu gjalda við skráningu í skipsrúm.

1. *Hversu margar eru greiðslur skráningargjalda fyrir undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa eftir að lög nr. 50/1994, um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, sem afnámu heimildina til innheimtunnar, tóku gildi?*

Engur greiðslur áttu sér stað árið 1994.
Árið 1995 voru greiddar 2.175.000 kr., þ.e. 435 skráningar.
Árið 1996 voru greiddar 4.105.000 kr., þ.e. 821 skráning.
Árið 1997 voru greiddar 4.155.000 kr., þ.e. 831 skráning.
Á þessu ári voru greiddar 725.000 kr., þ.e. 145 skráningar.
Samtals eru þetta 11.160.000 kr., þ.e. 2.232 skráningar.

2. *Hyggst ráðherra endurgreiða þessa fjármuni þeim sem greiddu?*

Samkvæmt lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, skulu stjórnvöld hafa frumkvæði að slíkum endurgreiðslum þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið. Í samræmi við ákvæði laganna hafa þegar verið gerðar ráðstafanir í samráði við Ríkisbókhald til að þeir sem greidd hafa umrædd leyfisgjöld fái þau endurgreidd. Réttur til endurgreiðslu samkvæmt lögunum tekur til leyfisgjalds sem greitt hefur verið eftir 1. janúar 1996. Samtals koma því til endurgreiðslu 8.985.000 kr.

3. *Verða greiddir vextir af þessu oftekna fé?*

Vextir verða greiddir af þessu fé í samræmi við 2. gr. laga nr. 29/1995, en þeir skulu vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma.

4. *Verður af þessu tilefni farið yfir aðrar aukatekjur ríkissjóðs til að koma í veg fyrir fleiri slík mistök?*

Þessi mistök stafa af sérstökum ástæðum sem ekki eiga við um aðra þætti aukatekna ríkissjóðs. Engu síður verður athugað hvort tryggt sé að rétt sé staðið að innheimtu annarra aukatekna ríkissjóðs.

909. Breytingartillaga [72. mál]

við till. til þál. um atvinnusjóð kvenna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 1. mgr. tillögugreinarinnar bætist: og hvernig tryggja megi honum aukið fjármagn.

910. Fyrirspurn [531. mál]

til utanríkisráðherra um Umsýslustofnun varnarmála.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Telur utanríkisráðherra hlutverk Umsýslustofnunar varnarmála, sbr. reglugerð nr. 227/1995, sérstaklega hvað varðar yfirtöku og kaup á umfram- og afgangsvörum frá hernum á Keflavíkurflugvelli og milligöngu um kaup á bifreiðum og tækjum og búnaði sem starfsmenn hans hafa flutt til landsins án aðflutningsgjalda, vera í samræmi við nútímaviðskiptahætti og ákvæði samkeppnislaga?
2. Hvar í „varnarsamningi“ milli Íslands og Bandaríkjanna er lagastoð fyrir samkomulagi frá 17. maí 1962, um meðferð umfram- og afgangsvöru, og hvar í samningnum er heimild til þess að selja utan vallar vörur sem fluttar eru inn af hernum eða bandarískum hermönnum án aðflutningsgjalda?
3. Telur ráðherra tímabært að endurskoða samkomulagið frá 1962?
4. Hvað líður athugun þeirri, sem utanríkisráðherra ræddi um á Alþingi 8. maí 1996, á hagkvæmni flutnings aðalútsölu Umsýslustofnunar varnarmála frá Reykjavík til Suðurnesja?

5. Mun Ríkisendurskoðun verða falið að annast hagkvæmniathugunina, sbr. ummæli ráðherra á Alþingi 8. maí 1996 um að forstjóri Umsýslustofnunarinnar hefði í bréfi til ráðherra og í viðræðum við ríkisendurskoðanda lagt til að slík athugun færi fram?
6. Telur ráðherra rétt að óska eftir því við Ríkisendurskoðun að gerð verði stjórnsýsluendurskoðun á Umsýslustofnun varnarmála?

Skriflegt svar óskast.

911. Fyrirspurn [532. mál]

til menntamálaráðherra um fjarkennslu Verkmenntaskólans á Akureyri.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir aukafjárveitingum til Verkmenntaskólans á Akureyri til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu fjarnáms á vegum skólans?

912. Fyrirspurn [533. mál]

til heilbrigðisráðherra um vímuefnameðferð barna og unglinga.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Hversu mörg börn og ungmenni á aldrinum 12–20 ára hafa farið í meðferð vegna vímuefnaneyslu á Vogi, sjúkrahúsi SÁÁ, síðastliðin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir aldri fyrir hvert ár.
2. Hversu hátt hlutfall af heildarsjúklingafjölda er á aldrinum 12–20 ára?
3. Er til vitneskja um geðsjúkdóma eða félagsleg vandamál sem gætu verið orsakir vímuefnaneyslu barna og ungmenna?
4. Fá börn og ungmenni sem koma til meðferðar vegna vímuefnamisnotkunar læknismeðferð geðlækna, meðferð sálfræðinga eða aðstoð félagsráðgjafa á sjúkrahúsi SÁÁ?
5. Veitir barna- og unglingageðdeild Landspítala einhverja þjónustu þeim börnum og ungmennum sem þurfa meðferð vegna misnotkunar á vímuefnum?
6. Veita geðdeildir Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur börnum og ungmennum á aldrinum 12–20 ára sérstaka meðferð vegna misnotkunar á vímuefnum? Ef svo er, hversu mörg sjúkrarúm eru í notkun að staðaldri þar í því skyni?
7. Eru til önnur meðferðarúrræði ætluð þessum aldurshópum?
8. Telur heilbrigðisráðherra það heppilega lausn að veita börnum og ungmennum meðferð vegna vímuefnamisnotkunar á stofnunum sem sniðnar eru að þörfum fullorðinna?

Skriflegt svar óskast.

913. Frumvarp til laga [534. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta B. Þorsteinsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr liður sem verður e-liður og orðast svo: Greiðslur í fæðingarorlofi og umönnunarbætur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu verður kveðið skýrt á um að heimilt verði að greiða umönnunarbætur samhliða greiðslum í fæðingarorlofi.

Nokkur munur virðist vera á því hvernig fjármálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti túlka greiðslur til mæðra sem taka fæðingarorlof.

Samkvæmt 4. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, allt að 63.537 kr. á mánuði og/eða taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu.

Í 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, segir: „Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á fæðingardagpeningum samkvæmt grein þessari, enda hafi þeir að jafnaði átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna og eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barnsins.“ Í c-lið 6. gr. segir: „Fæðingardagpeningar skulu greiddir í sex mánuði.“ Í n-lið sömu greinar segir: „Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.“

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn um réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi á 122. löggjafarþingi 1997–98 (þskj. 311) segir m.a. um konur í þjónustu ríkisins: „Konur í þjónustu ríkisins sem áður féllu undir lög nr. 38/1954, eldri starfsmannalög, njóta launa í barnsburðarleyfi í samræmi við reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Við fæðingu barns eru greidd laun í sex mánuði ...

Konan heldur þeim dagvinnulaunum sem stöðu hennar fylgja á þeim tíma sem hún fer í barnsburðarleyfi ...

Þegar kona nýtur launagreiðslna í barnsburðarleyfi á grundvelli reglugerðar nr. 410/1989 er litið svo á að hún sé áfram í starfi og ávinnur hún sér þar af leiðandi rétt til orlofs og annarra starfsaldurstengdra réttinda á meðan barnsburðarleyfið varir, í allt að 12 mánuði. Greitt er í lífeyrissjóð af launum í barnsburðarleyfi.“

Um konur sem eru opinberir starfsmenn sveitarfélaganna segir m.a.: „Opinberir starfsmenn sveitarfélaganna njóta að öllu jöfnu réttinda í samræmi við reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Byggist það á ákvæði í kjarasamningum ...“

Um aðra starfsmenn sveitarfélaganna segir: „Þó virðist það almennt vera svo að starfsmenn í fæðingarorlofi ávinni sér starfsaldur í orlofinu ...“

Þá segir í svari fjármálaráðherra um starfsmenn bankanna: „Samkvæmt kjarasamningi á kona rétt á að vera fjarverandi í sex mánuði vegna barnsburðar og töku kjörbarns. Fastráðin kona nýtur fullra launa fyrstu þrjá mánuðina.“

„Meðan á fæðingarorlofi stendur, hvort heldur fyrstu þrjá mánuðina meðan kona er á launum í bankanum eða síðari þrjá mánuðina þegar hún fær greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins í stað launa frá bankanum, nýtur konan fullrar réttindaávinnslu til starfsaldurs samkvæmt bókuninni í kjarasamningnum.“

Af þessu má sjá að fjármálaráðuneyti túlkar greiðslur í fæðingarorlofi á mjög eindreginn hátt sem launagreiðslur og er litið svo á að konan sé áfram í starfi meðan á töku barnsburðarleyfis stendur. Greitt er í lífeyrissjóð af launum og konan ávinnur sér rétt til orlofs og annarra starfsaldurstengdra réttinda enda hafi konan farið úr launaðu starfi meðan á fæðingarorlofi stendur.

Í niðurstöðum kærunefndar jafnréttismála hefur verið byggt á því að laun í fæðingarorlofi falli undir hugtakið „kjör“ í skilningi jafnréttislaganna.

Í úrskurðum sínum hefur tryggingaráð hins vegar túlkað greiðslur til mæðra sem bætur og að samkvæmt 43. gr. almannatryggingalaga sé ekki heimilt að greiða samtímis tvenns konar bætur. Þannig hefur framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins verið á þann veg að mæður sem eignast alvarlega sjúk eða fötluð börn verði að velja um að taka annaðhvort fæðingarorlofsgreiðslur eða umönnunarbætur þó svo að umönnunarbætur séu auljóslega grundvallaðar á allt öðrum forsendum en greiðslur í fæðingarorlofi.

Í reglugerð með heimild í lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir að umönnunarbætur taki við af fæðingarorlofsgreiðslum þótt heimilt sé að greiða bæturnar á fæðingarorlofstímabilinu. Þetta hefur ráðuneytið túlkað á þann veg að ef barn fæðist alvarlega fatlað eða er með lífshættulegan sjúkdóm getur móðir fengið greiddar umönnunarbætur frá þriggja mánaða aldri barns gegn því að hún afsali sér fæðingarorlofsgreiðslum. Með þessu er móður gert að afsala sér þriggja mánaða launum. Hafa ber í huga að launuð vinna móður á öðrum tíma skerðir ekki réttinn til umönnarbóta enda er verið að standa undir tilfinnanlegum útgjöldum og sérstakri gæslu eða umönnun með þessum greiðslum. Greiðslur í fæðingarorlofi eru skattskyldar en ekki umönnunarbætur.

Með úrskurði tryggingaráðs er verið að leggja að jöfnu greiðslur sem eru af jafn ólíkum toga og grundvallaðar á gjörólíkum forsendum eins og greiðslur í fæðingarorlofi og umönnunarbætur. Verið er að skerða tekjur foreldra langveikra og fatlaðra barna með því að gera þeim að afsala sér launatekjum í fæðingarorlofi gegn greiðslum á umönnunarbótum sem eiga að standa undir umtalsverðum kostnaði sem ekki fæst bættur með öðrum hætti. Þess eru mörg dæmi að annað foreldri þessara barna þurfi að dvelja langdvölum fjarri heimili og margar fjölskyldur halda tvö heimili á meðan á meðferð barns stendur. Það er því augljóslega mikið réttlætismál að létta undir með foreldrum sjúkra og fatlaðra barna vegna tilfinnanlegra útgjalda. Þau útgjöld fást ekki bætt nema með greiðslum á umönnunarbótum.

Frumvarp þetta er flutt til þess að taka af öll tvímæli um túlkun á lögum um almannatryggingar um að greiðslur á dagpeningum til mæðra beri að túlka sem laun eða launaígildi, enda hafi móðir lagt niður launað starf vegna fæðingar barns og að greiðslur í fæðingarorlofi upphefji ekki rétt foreldra til greiðslna á umönnunarbótum vegna alvarlega sjúkra eða fatlaðra barna.

914. Svar [362. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

1. *Hve margir einstaklingar hafa leitað heimildar til samninga um greiðslu eignarskatts eða tekjuskatts skv. 2. efnismgr. 1. gr. laga nr. 64/1996, um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamnings við skuldheimtumenn skv. 3. efnismgr. sömu greinar frá 1. maí 1997 til desember 1997?*

Í 2. mgr. 1. gr. laga sem vísað er til hér að framan segir:

„Telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar."

Á tímabilinu frá 1. maí 1997 til desemberloka eru fimm erindi skráð í málaskrá ráðuneytisins þar sem óskað var eftir skuldbreytingu á hlut ríkissjóðs í vangoldnum opinberum gjöldum. Einu erindinu var hafnað þar sem gjaldandinn skuldaði staðgreiðslu launagreiðenda og virðisaukaskatt. Öðru var hafnað þar sem gjaldandinn bauð lakari tryggingu en ríkissjóður hafði fyrir. Þau þrjú erindi er eftir standa bárust ráðuneytinu á síðari hluta ársins 1996, en voru ekki afgreidd á umræddu tímabili af því að gjaldendurnir féllu frá beiðninni.

Í 3. mgr. 1. gr. laga sem vísað er til hér að framan segir:

„Telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja nauðasamning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Gjaldandinn sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi.
2. Skattkröfur séu ekki tilkomnar vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.
3. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi."

Á tímabilinu frá 1. maí 1997 til desemberloka eru fimm erindi skráð í málaskrá ráðuneytisins þar sem óskað er eftir að ríkissjóður fallist á nauðasamning gjaldenda. Tvö af þessum erindum eru enn óafgreidd. Þeim þremur sem eftir standa var hafnað þar sem þau stóðust ekki ákvæði laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Í greinargerð með lögum nr. 64/1996, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að auk skilyrða í 1.–3. tölul. 1. gr. þurfi nauðasamningar að uppfylla ákvæði gjaldþrotaskiptalaga. Tekið skal fram að eitt þessara þriggja erinda var vegna lögaðila.

2. *Hversu margir samningar hafa verið gerðir samkvæmt lögum nr. 64/1996 frá 1. maí 1997 til desember 1997 sundurliðað skv. 2. og 3. efnismgr. 1. gr. laganna?*

Á umræddu tímabili uppfyllti engin beiðni ákvæði framangreindra laga og því var ekki unnt að fallast á neina þeirra.

3. *Hverjar eru fjárhæðir sem samið hefur verið um á framangreindu tímabili? Svar óskast sundurliðað eftir umsóknum.*

Á umræddu tímabili uppfyllti engin beiðni ákvæði framangreindra laga.

4. *Mun ráðherra beita sér fyrir breytingu á lögum sem miðar að því að gera úrræðið skilvirkara fyrir fólk í fjárhagsörðugleikum?*

Á sama tíma og lög nr. 64/1996 voru samþykkt voru jafnframt samþykkt lög um réttaraðstoð við einstaklinga. Með þessum lögum var opnað fyrir þann möguleika að gjaldendur sem hyggjast leita eftir nauðasamningum en hafa ekki efni á lögfræðiaðstoð geta sótt um réttaraðstoð til nefndar á vegum dómsmálaráðuneytisins. Þannig geta einstaklingar í fjárhagsörðugleikum fengið aðstoð við gerð nauðasamninga. Ráðuneytið telur að með þessu sé komið til móts við þarfir einstakra gjaldenda sem eru í fjárhagsörðugleikum og eiga raunhæfan möguleika á að ná fram nauðasamningum. Hvað varðar ákvæði 111. gr. laga nr. 75/1981, telur ráðuneytið ekki rétt að rýmka heimildina enn frekar, þar sem flest erindi sem hafnað er standast ekki ákvæði 1.–3. tölul. 4. mgr. Í þeim tilfellum sem gjaldendur uppfylla framangreind skilyrði en standast ekki ákvæði laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., er gjaldendum bent á að leita heimildar viðkomandi héraðsdóms fyrir nauðasamningum eða á framangreinda nefnd hjá dómsmálaráðuneytinu.

915. Frumvarp til laga [176. mál]

um dómstóla.

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

I. KAFLI

Dómstólaskipanin.

1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Dómstólar í héraði eru átta. Heiti þeirra, aðsetur og umdæmi eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Borgarhreppur, Borgarbyggð, Álftaneshreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.
3. Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur,

Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur, Skagahreppur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fljótahreppur og Siglufjarðarkaupstaður.

5. Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Ólafsfjarðarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Árskógshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Keldunesshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.
6. Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðar-, Jökuldals- og Tunguhreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Eiðahreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Bæjarhreppur, Hornarfjarðarbær, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
7. Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúpárhreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur, Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Ölfushreppur.
8. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur og Kópavogsbær.

Umdæmi hvers héraðsdómstóls skal vera ein þinghá. Frá þessu má dómsmálaráðherra þó víkja með reglugerð sem hann getur sett að fenginni umsögn hlutaðeigandi héraðsdómstóls og dómstólaráðs.

3. gr.

Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.

II. KAFLI
Hæstiréttur Íslands.

4. gr.

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra.

Þann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.
8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

Áður en skipað verður í dómaraembætti skal dómsmálaráðherra leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda til að gegna því. Umsækjanda verður ekki veitt embættið ef í umsögninni kemur fram það álit að hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 8. tölul. 2. mgr.

5. gr.

Hæstaréttardómarar kjósa sér forseta til tveggja ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddur. Biðjist forseti eða varaforseti lausnar frá því starfi eða láti hann af dómaraembætti áður en kjörtímabili er lokið skulu dómarar kjósa annan í hans stað til loka þess. Hæstiréttur tilkynnir um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum laga, stýrir forseti meðal annars þeirri starfsemi Hæstaréttar sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavald yfir þeim. Hann ber ábyrgð á rekstri Hæstaréttar og fjárreiðum og kemur fram af hálfu dómstólsins út á við, auk þess að gegna þeim sérstöku störfum sem mælt er fyrir um í öðrum lögum.

Nú eru hvorki forseti Hæstaréttar né varaforseti við störf eða hvorugur þeirra getur tekið þátt í afgreiðslu máls eða öðru embættisverki, og kemur þá í stað forseta sá dómari sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

6. gr.

Forseti Hæstiréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda þar. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er embættismaður og fer um stöðu hans að öðru leyti eftir almennum reglum um slíka starfsmenn ríkisins. Þann einn má skipa í embættið sem hefur lokið embættisprófi í lögum eða hliðstæðri prófgráðu í lögfræði eða annarri grein við háskóla.

Forseti ræður til Hæstaréttar lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Hann fer og með vald til að slíta ráðningu þeirra eftir þeim almennu reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

7. gr.

Eftir ákvörðun forseta taka þrír eða fimm dómarar við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómarar skipi dóm. Þá getur forseti ákveðið að einn dómari skipi dóm í kærumáli sem er skriflega flutt og varðar ekki mikilsverða hagsmuni, svo og að einn dómari haldi þing til að taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm.

Þegar fimm eða sjö dómarar skipa dóm í máli skulu að jafnaði eiga þar sæti þeir sem lengst hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar. Varadómari skv. 8. gr. verður ekki kvaddur þar til setu nema tölu dómara verði ekki náð vegna vanhæfis eða forfalla reglulegra dómara.

Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómari, sem tekur ekki annars þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum ef annar dómari verður síðar fyrir forföllum.

Þegar Hæstiréttur fæst lögum samkvæmt við annað en meðferð máls fyrir dómi taka allir reglulegir dómarar þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum. Hafi dómari forföll eða sé hann vanhæfur skal að jafnaði ekki kvaddur til varadómari skv. 8. gr. nema færri en fimm hæstaréttardómarar geti sinnt því.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur Hæstiréttur falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi eða endurupptöku máls. Þá getur Hæstiréttur einnig falið forseta einum að ráða til lykta ýmsum minni háttar málefnum.

8. gr.

Nú er hæstaréttardómari vanhæfur til að skipa dóm í máli eða hann fær leyfi eða hefur forföll frá störfum um skamman tíma, og skipar þá dómsmálaráðherra samkvæmt tillögu forseta varadómara til að taka sæti hans í tilteknu máli. Varadómari skal vera úr röðum héraðsdómara, prófessora í lögum, hæstaréttarlögmanna eða fyrrverandi dómara við Hæstarétt og fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómara.

Séu allir hæstaréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli skal forseti gera tillögu til dómsmálaráðherra um einn varadómara til að sitja þar í forsæti. Þegar slíkur varadómari hefur verið skipaður gerir hann tillögu til ráðherra um skipan dómsins að öðru leyti.

Varadómari verður ekki leystur frá starfi í máli nema samkvæmt eigin ósk eða hann missi að mati Hæstaréttar almenn dómaraskilyrði áður en starfi hans lýkur.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa varadómara fyrir hvert mál sem hann tekur sæti í.

9. gr.

Hæstaréttardómara verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt. Dómsmálaráðherra veitir dómara leyfi frá störfum. Að fenginni tillögu Hæstaréttar setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur, enda verði ekki farið svo að á leyfistímanum sem í 8. gr. segir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita hæstaréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 4. mgr. 4. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti hæstaréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími.

10. gr.

Hæstiréttur heldur dómþing í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

Forseti Hæstaréttar stýrir dómi ef hann á þar sæti, en ella varaforseti. Taki hvorugur þeirra þátt í meðferð máls situr þar í forsæti sá dómari í málinu sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

Hæstiréttur getur ákveðið að draga úr eða fella niður tímabundið reglulega starfsemi til að koma megi við orlofi dómara og annarra starfsmanna.

11. gr.

Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Hæstiréttur setur.

Dómar Hæstaréttar skulu gefnir út. Um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

III. KAFLI
Héraðsdómstólar.

12. gr.

Dómarar í héraði eru 38 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af dómsmálaráðherra.

Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.

Dómsmálaráðherra skipar þrjá menn í dómnefnd til þriggja ára í senn til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Hæstarétti og er hann formaður nefndarinnar. Tilnefnir Dómarafélag Íslands annan mann í nefndina úr röðum héraðsdómara en Lögmannafélag Íslands þann þriðja úr hópi starfandi lögmanna. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er þrjú ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

Dómnefnd skv. 3. mgr. skal láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Ráðherra setur að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar.

13. gr.

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem dómsmálaráðherra skipar. Tveir þeirra skulu kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstóla úr þeirra hópi, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómari. Skipunartími í dómstólaráð er fimm ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Hver þessara fimm manna skal hafa varamann sem skipaður er og eftir atvikum tilnefndur á sama hátt og aðalmaður. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í dómstólaráði oftar en tvisvar samfleytt.

Láti héraðsdómari eða dómstjóri, sem sæti á í dómstólaráði, af embætti eða starfi dómstjóra áður en skipunartími hans er á enda eða fái hann lausn frá setu í ráðinu skal annar kjörinn og skipaður í hans stað til loka skipunartímans. Ráðherra skipar til sama tíma nýjan mann í dómstólaráð ef sá sem hann skipar án tilnefningar hverfur frá starfinu áður en skipunartíma lýkur.

Dómstólaráð kýs sér formann frá byrjun hvers árs að telja. Það ákveður hvar starfsemi þess fer fram.

Kjaradómur ákveður þóknun fyrir setu í dómstólaráði.

14. gr.

Auk þess sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga er hlutverk dómstólaráðs sem hér segir:

1. Að fara með á sína ábyrgð fjárreiður héraðsdómstóla, gera tillögur til dómsmálaráðherra um sameiginlega fjárveitingu til þeirra og skipta á milli þeirra fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.
2. Að ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, svo og að setja almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra.
3. Að skipuleggja endurmenntun héraðsdómara og annarra lögfræðinga í þjónustu héraðsdómstóla.
4. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla, en dómstólaráð getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni, sbr. 1. mgr. 24. gr.
5. Að safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við héraðsdómstóla og gera eftir þörfum ábendingar af því tilefni, svo og að stuðla að öðru leyti að því að gætt sé þar skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála.
6. Að setja eftir þörfum almennar reglur um viðveruskyldu héraðsdómara á vinnustað og tilhögun orlofs þeirra, þar á meðal um hvort og þá hvernig dregið verði úr starfsemi héraðsdómstóla vegna orlofs dómara og annarra starfsmanna.
7. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega.
8. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla eða löggjöf sem um þá gildir.

Dómstólaráð skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna.

15. gr.

Dómstólaráð ákveður við hvaða héraðsdómstól dómari skuli eiga fast sæti. Heimilt er þó að ákveða að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól, heldur sinni þeir störfum við alla héraðsdómstóla eftir því sem þeim kann að vera úthlutað af málum við hvern þeirra í skjóli almennrar heimildar dómstólaráðs. Dómstólaráð ákveður hvar slíkir dómarar hafi starfsstöð.

Ákvörðun dómstólaráðs um starfsvettvang skv. 1. mgr. skal hvort heldur gilda um óákveðinn tíma eða tiltekið tímabil. Þegar embætti héraðsdómara er laust skal að jafnaði taka ákvörðun um fyrsta starfsvettvang væntanlegs dómara áður en það er auglýst laust til umsóknar.

Eftir því sem frekast er unnt skal dómstólaráð taka tillit til óska héraðsdómara þegar starfsvettvangur hans er ákveðinn.

Héraðsdómari á rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða má eftir að hafa starfað í þrjú ár samfleytt við sama dómstól eða án fasts sætis við tiltekinn dómstól, enda standi ákvæði 5. mgr. því ekki í vegi að fengið verði fyrir hann dómarasæti á öðrum vettvangi, sbr. og 39. gr.

Héraðsdómari verður ekki færður á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum í lengri tíma en sex mánuði á hverju tíu ára tímabili ef hann getur ekki með góðu móti sótt vinnu þar án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

Ef þörf er á héraðsdómara, sem á fast sæti við héraðsdómstól, til að starfa að tilteknu dómsmáli við annan héraðsdómstól, þar á meðal í fjölskipuðum dómi, ákveður dómstólaráð hverjum verði falið starfið. Dómara er skylt að hlíta slíkri ákvörðun dómstólaráðs.

16. gr.

Dómsmálaráðherra skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól til fimm ára í senn. Þar sem þrír eða fleiri dómarar eiga fast sæti við héraðsdómstól kjósa þeir einn úr sínum röðum til að gegna starfinu, en séu dómararnir tveir tilnefnir dómstólaráð annan þeirra til starfans ef þeir koma sér ekki saman um valið. Kosning eða tilnefning bindur ekki ráðherra um skipun dómstjóra. Ef dómari er einn við héraðsdómstól skal hann skipaður þar dómstjóri. Skipun dómstjóra raskast ekki þótt dómurum við dómstól fjölgi eða fækki á skipunartímanum.

Við héraðsdómstól þar sem þrír eða fleiri héraðsdómarar eiga fast sæti er þeim heimilt að kjósa varadómstjóra, en að öðrum kosti telst staðgengill dómstjóra vera sá dómari við dómstólinn sem lengst hefur verið skipaður í embætti héraðsdómara.

Flytjist dómari, sem gegnir starfi dómstjóra, til annars dómstóls eða sé honum veitt lausn frá starfinu eða embætti héraðsdómara skal skipaður nýr dómstjóri samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Nú telur dómstólaráð dómstjóra brjóta af sér í því starfi, og skal það þá gefa honum kost á að tjá sig um ávirðingarnar. Telji dómstólaráð skýringar dómstjóra óviðunandi getur það veitt honum skriflega áminningu. Ef sakir eru miklar eða brot ítrekað getur dómstólaráð lagt til í rökstuddu erindi að dómstjóra verði veitt lausn frá starfinu. Dómsmálaráðherra tekur ákvörðun um hvort dómstjóra verði veitt lausn, en um meðferð slíks máls gilda að öðru leyti ákvæði stjórnsýslulaga.

Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Dómstjóri skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum. Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en héraðsdómara og slítur ráðningu þeirra. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra samkvæmt ákvæðum 28.–30. gr. Hann fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólaráð leggur dómstólnum í hendur, hann annast samskipti við dómstólaráð um þau málefni sem undir það heyra og hefur annars með höndum verkefni sem dómstólaráð kann að fela honum sérstaklega. Þá kemur dómstjóri að öðru leyti fram út á við í þágu dómstólsins og er í fyrirsvari um sérstök málefni hans.

17. gr.

Til aðstoðar dómurum má ráða til héraðsdómstóla lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Dómstjóri annast slíka ráðningu og gilda um hana almennar reglur um starfsmenn ríkisins að öðru leyti en því að hún skal vera tímabundin og ekki til lengri tíma en fimm ára við sama dómstól.

18. gr.

Við úthlutun mála til dómara eða deilda þeirra skal dómstjóri gæta þess að starfsálag þeirra verði svo jafnt sem auðið er, en eftir föngum skal leitast við að tilviljun ráði hvaða dómari fær mál til meðferðar. Dómstólaráð getur sett leiðbeiningarreglur um úthlutun mála.

Sé máli úthlutað deild dómara ákveða þeir sem hana skipa hver þeirra fari með það.

Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli nema annað sé skylt að lögum. Dómstjóri getur þó ákveðið að neytt verði heimildar í öðrum lögum til að dómur verði fjölskipaður héraðsdómurum. Hann úthlutar þeim þá máli í sameiningu og velur einn úr hópi þeirra til að sitja þar í forsæti. Sé þörf á héraðsdómara frá öðrum dómstóli til að skipa dóm í máli leitar dómstjóri til dómstólaráðs sem felur dómara verkið.

Dómara er heimilt að biðjast undan úthlutun máls vegna tengsla við efni þess, aðila, fyrirsvarsmann eða lögmann þótt hann verði ekki talinn vanhæfur til að fara með það, enda sé beiðni hans studd haldbærum rökum og kostur annars dómara við dómstólinn til að fara með málið. Þá er dómara og heimilt að biðjast undan úthlutun vegna sérstakra anna eða þess að jafnaðar sé ekki gætt með henni. Dómstjóri tekur afstöðu til beiðna sem þessara, en dómara þeim sem í hlut á er heimilt að skjóta ákvörðun hans til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Dómstjóra er heimilt að draga aftur úthlutun án beiðni þess dómara sem hefur fengið mál til meðferðar ef hann verður ekki við tilmælum dómstjóra um að ljúka því innan hæfilegs frests eða veikindi hans eða hliðstæð atvik torvelda að hann geti sinnt því. Hlutaðeigandi dómara er heimilt að skjóta slíkri ákvörðun dómstjóra til úrlausnar dómstólaráðs. Þeirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nú víkur héraðsdómari sæti í máli, og skal þá dómstjóri úthluta því á ný, enda fullnægi annar dómari sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með það. Ef með þarf getur dómstjóri leitað til dómstólaráðs um að það feli dómara við annan dómstól að taka við úthlutun málsins.

19. gr.

Fullnægi enginn dómari við héraðsdómstól sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður dómstjóri í einu lagi upp úrskurð um að þeir víki allir sæti í því. Reynist enginn dómari við annan dómstól heldur hæfur til að fara með málið gefur dómstólaráð skriflegt og rökstutt álit um það. Skal þá dómsmálaráðherra skipa setudómara til að fara með málið.

Setudómari skal fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara. Nú hefur setudómari verið skipaður og hann telur þörf á að dómur verði fjölskipaður í málinu með öðrum en sérfróðum meðdómsmönnum eða það er skylt að lögum. Skal dómsmálaráðherra þá að ósk hans skipa aðra tvo setudómara til að fara með málið með honum en sá sem fyrst var skipaður situr í forsæti í dóminum.

Setudómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.

Dómstólaráð ákveður þóknun setudómara og greiðist hún úr ríkissjóði.

20. gr.

Héraðsdómara verður ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleytt en tólf mánuði nema vegna veikinda. Dómstólaráð getur þó veitt undanþágu til leyfis í lengri tíma, til mest tólf mánaða í senn, ef dómari leitar eftir því til náms. Dómstólaráð setur að öðru leyti reglur um leyfi héraðsdómara frá störfum. Dómstólaráð veitir leyfi vegna orlofs, auk þess að taka afstöðu til umsóknar um leyfi í öðru skyni, sem stendur í heild í mánuð eða skemmri tíma. Að öðrum kosti gerir það tillögu um afgreiðslu umsóknar héraðsdómara um leyfi, en dómsmálaráðherra ákveður hvort það skuli veitt að fenginni slíkri tillögu.

Nú hefur héraðsdómari forföll eða honum er veitt leyfi skv. 1. mgr., og verður þá annar því aðeins settur í embætti hans að sérstakar annir krefji og dómstólaráð mæli með því. Dómsmálaráðherra setur þá dómara að fenginni ábendingu dómstólaráðs um mann til starfans. Ráðherra getur þó að eigin frumkvæði eða eftir tillögu dómstólaráðs auglýst embættið laust til setningar meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, en dómstólaráð skal þá velja einn úr hópi umsækjenda til að benda á til starfans.

Þrátt fyrir framangreint er dómsmálaráðherra heimilt að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við aðra alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða 3. og 4. mgr. 12. gr.

Sá einn verður settur til að gegna embætti héraðsdómara sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari.

21. gr.

Héraðsdómstólar skulu hver um sig hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, svo og annars í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra séu þær fleiri en ein innan umdæmis dómstóls. Um slíka ákvörðun skal mælt í reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu hlutaðeigandi dómstóls.

Héraðsdómari getur háð þing utan fasts þingstaðar til að taka fyrir mál innan umdæmis síns ef það þykir heppilegt vegna rekstrar þess. Með sama skilyrði getur héraðsdómari einnig háð þing utan umdæmis síns til að taka fyrir mál eftir þingfestingu þess.

22. gr.

Við héraðsdómstóla skulu háð regluleg dómþing á föstum þingstöðum samkvæmt því sem dómstólaráð ákveður að fengnum tillögum dómstjóra. Dómstólaráð tilkynnir slíka ákvörðun með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

IV. KAFLI
Réttindi og skyldur dómara.

23. gr.

Ákvæði þessa kafla taka jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara nema annars sé sérstaklega getið.

Til að gegna störfum sem mælt er nánar fyrir um í þessum kafla skipar dómsmálaráðherra þrjá menn til að sitja í nefnd um dómarastörf, svo og jafnmarga til vara. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og einn skipar ráðherra án tilnefningar. Skal sá síðastnefndi vera formaður nefndarinnar og fullnægja skilyrðum til að verða skipaður í embætti hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarmanna er sex ár en þó þannig að skipunartími eins þeirra rennur

út annað hvert ár. Sömu reglur gilda um skipun varamanna. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

Úrlausnum nefndar um dómarastörf verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Nefnd um dómarastörf skal hafa eftir þörfum samvinnu við dómstólaráð um starfsemi sína. Kjaradómur ákveður þóknun fyrir setu í nefndinni.

24. gr.

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum nema með málskoti til æðra dóms.

Dómara er skylt að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Dómara ber að hlíta boði forstöðumanns dómstóls um önnur atriði varðandi störf sín en meðferð og úrlausn máls. Héraðsdómurum ber og að hlíta lögmætum ákvörðunum dómstólaráðs.

Dómurum ber að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þeim skal eftir föngum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar.

25. gr.

Kjaradómur ákveður laun dómara fyrir embættisstörf þeirra.

26. gr.

Dómara er óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Dómari skal tilkynna nefndinni um aukastarf áður en hann tekur við því. Sé ekki getið um heimild til að gegna starfinu í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um að hvaða marki samrýmanlegt sé embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómari skal tilkynna nefndinni um hlut sem hann eignast í félagi eða fyrirtæki. Sé ekki getið um heimild til að eiga slíkan hlut í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómara ber að hlíta slíku banni, en heimilt er að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess.

27. gr.

Hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á hans hlut með störfum sínum er heimilt að beina skriflegri kvörtun af því tilefni til nefndar um dómarastörf. Í slíkri kvörtun skal greint frá atvikum og röksemdum fyrir því að brotið hafi verið á rétti þess sem hana ber fram. Berist nefndinni kvörtun sem hún telur þegar sýnt að gefi ekki tilefni til frekari aðgerða vísar hún kvörtuninni frá sér. Að öðrum kosti gefur nefndin hlutaðeigandi dómara og forstöðumanni dómstóls kost á að skila skriflegum athugasemdum innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að taka í einu lagi til meðferðar tvær eða fleiri kvartanir sem beinast að sama dómara.

Sé kvörtun metin tæk til meðferðar skal nefnd um dómarastörf ljúka málinu með skriflegu og rökstuddu áliti. Telji nefndin kvörtunina gefa tilefni til aðgerða getur hún í áliti sínu fundið að störfum hlutaðeigandi dómara eða veitt honum áminningu eftir ákvæðum 28. gr.

28. gr.

Nú telur forstöðumaður dómstóls að háttsemi dómara eða vanræksla í starfi eða framferði hans utan starfs sé slík að aðfinnsluvert sé án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við. Getur þá forstöðumaðurinn beint munnlegum eða skriflegum tilmælum til dómarans um úrbætur.

Beri tilmæli skv. 1. mgr. ekki árangur eða telji forstöðumaður dómstóls ávirðingar dómara alvarlegri en svo að tilmæli hans ein séu við hæfi skal hann beina málinu til nefndar um dómarastörf með skriflegu og rökstuddu erindi. Eins skal farið að ef dómari hlítir ekki ákvörðun dómstólaráðs eða banni skv. 4. mgr. 26. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að beina máli til nefndar um dómarastörf með sama hætti og greinir í 2. mgr. Þá er nefndinni og heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði ef atvik eru með þeim hætti sem þar segir.

Berist nefnd um dómarastörf mál samkvæmt því sem um ræðir í 2. eða 3. mgr. skal hún gefa hlutaðeigandi dómara kost á að taka til andsvara í skriflegri greinargerð. Nefndinni ber að öðru leyti að afla gagna eftir því sem hún telur nauðsyn bera til. Um meðferð máls fer annars samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem átt getur við.

Nefnd um dómarastörf skal ljúka máli með skriflegri og rökstuddri ákvörðun um hvort hlutaðeigandi dómara verði veitt áminning. Sé áminning veitt skal hún birt dómaranum með sannanlegum hætti, en jafnframt skal þá ákvörðunin send forstöðumanni dómstólsins sem hann starfar við auk dómsmálaráðherra. Dómstólaráði skal jafnframt send ákvörðunin ef héraðsdómari á í hlut.

Dómara, sem hefur sætt áminningu, er heimilt að höfða mál á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins til að fá hana fellda úr gildi, en það skal þá gert innan mánaðar frá því að hún var birt dómaranum.

29. gr.

Veita má dómara lausn frá embætti um stundarsakir ef hann hefur sætt áminningu en lagar sig ekki að henni innan hæfilegs tíma eða gerist innan þriggja ára á ný sekur um ávirðingar sem gefa tilefni til áminningar. Dómara verður einnig veitt lausn frá embætti um stundarsakir ef hann missir almenn hæfisskilyrði til að gegna því. Það sama gildir jafnframt ef opinber rannsókn beinist að dómara eða opinbert mál er höfðað á hendur honum og áfellisdómur um sakirnar sem hann er borinn yrði til þess að hann missti almenn hæfisskilyrði.

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra, en ráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

Nú hefur dómara verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir af öðrum ástæðum en þeim sem getur í lokamálslið 1. mgr., og skal þá innan tveggja mánaða höfða á hendur honum mál samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 30. gr., en ella fellur lausnin sjálfkrafa niður. Verði máli vísað frá dómi eða sé það fellt niður fellur lausnin jafnframt sjálfkrafa niður ef nýtt mál er ekki höfðað innan tveggja vikna en þannig verður þó ekki farið að oftar en eitt skipti. Lausn sem veitt hefur verið um stundarsakir eftir ákvæði lokamálsliðar 1. mgr. stendur þar til opinberri rannsókn lýkur með ákvörðun um að hlutaðeigandi dómari verði ekki sóttur til sakar, sex mánuðir eru liðnir án þess að ákæra sé gefin út á hendur honum eða opinberu máli lýkur með endanlegum dómi um sýknu hans en annars þar til tvær vikur eru liðnar frá því að endanlegur dómur hefur gengið um sakfellingu hans.

Dómari heldur fullum embættislaunum meðan á lausn um stundarsakir stendur.

30. gr.

Þegar dómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Um rekstur máls fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

Þótt dómur gangi í héraði í máli skv. 1. mgr. stendur lausn um stundarsakir áfram meðan kostur er á áfrýjun innan almenns frests, svo og enn eftir það meðan mál er rekið fyrir Hæstarétti ef áfrýjað er.

Endanlegur dómur um að dómara sé vikið frá leiðir sjálfkrafa til lausnar hans úr embætti.

Sé dómari sýknaður af kröfu um frávikningu tekur hann sjálfkrafa við embætti sínu á ný frá þeim tíma sem dómur um það telst endanlegur.

31. gr.

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra en dómsmálaráðherra héraðsdómurum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ef hann leitar eftir henni sjálfur, enda sé það gert með þeim fyrirvara sem gildir almennt um starfsmenn ríkisins.

Dómari telst sjálfkrafa fá lausn frá embætti ef hann tekur við skipun í annað embætti.

Heimilt er að veita dómara lausn frá embætti án óskar hans ef hann er orðinn 65 ára, en hann skal þá upp frá því taka eftirlaun svo sem hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

Dómara skal veitt lausn frá embætti ekki síðar en frá þeim degi sem hann nær 70 ára aldri.

32. gr.

Um refsiábyrgð dómara vegna háttsemi hans í embætti fer eftir almennum hegningarlögum og sérákvæðum annarra laga.

Verði athafnir dómara í starfi eða athafnaleysi öðrum til tjóns ber ríkið á því bótaábyrgð eftir almennum reglum. Dómari verður ekki sjálfur krafinn um bætur, en ríkinu er þó heimilt að gengnum áfellisdómi að beina að honum framkröfu, enda hafi ásetningsverk hans leitt til bótaskyldu.

Við rekstur mála samkvæmt framangreindu skal fara eftir almennum reglum.

33. gr.

Um önnur atriði en að framan greinir gilda almennar reglur um starfsmenn ríkisins um dómara eftir því sem átt getur við.

V. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga o.fl.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanteknum ákvæðum 38. gr. sem taka þegar gildi.

35. gr.

Við gildistöku þessara laga falla brott eftirtalin lög og ákvæði laga:

1. Lög um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.
2. I. kafli laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, með áorðnum breytingum.

3. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989.
4. 160. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.
5. 3. mgr. 3. gr., 2. málsl. 4. mgr. 4. gr., 3. mgr. 6. gr., 3. mgr. 143. gr. og 4. mgr. 165. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með áorðnum breytingum.

36. gr.

Við gildistöku þessara laga verða svofelldar breytingar á ákvæðum annarra laga:

1. Í 10. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, fellur brott orðið „Hæstaréttarritari", en í stað þess kemur: Skrifstofustjóri Hæstaréttar.
2. Heiti laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, verður: Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

   Kaflanúmer og kaflafyrirsagnir í sömu lögum falla brott.

   Greinanúmer í sömu lögum breytast þannig að 10.–16. gr. verða 1.–7. gr.

   Í 1. gr. (áður 10. gr.) sömu laga fellur brott tilvísun í 12. gr., en í staðinn kemur: 3. gr.

   Í 2. mgr. 5. gr. (áður 2. mgr. 14. gr.) sömu laga falla brott orðin „1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.", en í staðinn kemur: almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur.

   Í 3. mgr. 6. gr. (áður 3. mgr. 15. gr.) sömu laga falla brott orðin „ákvæði 1. og 3.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.", en í staðinn kemur: sömu reglur og um sýslumenn að öðru leyti en um starfsreynslu.

   17.–20. gr. sömu laga falla brott.
3. Í 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með áorðnum breytingum, falla brott orðin „hann þá með samþykki forstöðumanns dómstólsins kvatt til tvo aðra héraðsdómara til setu í dómi", en í stað þeirra kemur: dómstjóri þá ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu.

   Í 1. og 3. mgr. 155. gr. sömu laga falla brott orðin „hæstaréttarritari" og „hæstaréttarritara", en í staðinn koma í viðeigandi falli orðin: skrifstofa Hæstaréttar.
4. Í 1. mgr. 2. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með áorðnum breytingum, falla brott orðin „hann kveðji", en í stað þeirra kemur: kvaddir verði.

   Í 3. mgr. sömu greinar falla brott orðin: „er dómara rétt, að fengnu samþykki forstöðumanns dómstólsins, að kveðja til héraðsdómara til setu í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni eða tvo héraðsdómara", en í stað þeirra kemur: getur dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu eða tveir héraðsdómarar með einum sérfróðum meðdómsmanni.

   Í 2. mgr. 3. gr. sömu laga fellur brott orðið „hæstaréttarritara", en í stað þess kemur: starfsmenn Hæstaréttar.

   Upphafsmálsliður 3. mgr. 155. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Synjað skal um útgáfu áfrýjunarstefnu ef hún telst ekki vera í réttu horfi. Í lokamálslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „hæstaréttarritara".

   Í 1., 2. og 4. mgr. 155. gr., 3. mgr. 156. gr. og 1. mgr. 158. gr. sömu laga falla brott orðin „hæstaréttarritari" og „hæstaréttarritara", en í staðinn koma í viðeigandi falli orðin: skrifstofa Hæstaréttar.
5. 3. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, svo sem því ákvæði var breytt með 9. gr. laga nr. 150/1996, verður svohljóðandi: Hæstaréttardómarar, skrifstofustjóri Hæstaréttar og héraðsdómarar.

VI. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

37. gr.

Með gildistöku laga þessara er ekki raskað skipun eða setningu í dómaraembætti.

Þeir sem gegna embættum héraðsdómara við héraðsdómstóla við gildistöku laga þessara hljóta þá sjálfkrafa embættisheitið héraðsdómari sem ekki verður bundið við ákveðinn dómstól.

Þeir sem gegna starfi dómstjóra við héraðsdómstóla þegar lög þessi öðlast gildi skulu halda þeim starfa til loka yfirstandandi skipunartímabils.

38. gr.

Dómsmálaráðherra skipar menn í dómstólaráð, dómnefnd um héraðsdómaraembætti og nefnd um dómarastörf þegar þessi grein hefur öðlast gildi. Ráðið og nefndirnar taka þá þegar til starfa.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í dómstólaráð skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Við gildistöku þessarar greinar fellur niður skipun nefndar skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989. Þegar skipað er í fyrsta sinn í nýja dómnefnd um héraðsdómaraembætti skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára, en þriðji aðalmaðurinn og varamaðurinn til þriggja ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í nefnd um dómarastörf skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til tveggja ára, annar aðalmaður ásamt varamanni til fjögurra ára, en þriðji aðalmaðurinn og varamaðurinn til sex ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

39. gr.

Héraðsdómara, sem er skipaður í embætti við gildistöku þessara laga, verður ekki gert að skipta um starfsvettvang gegn vilja sínum nema hann geti með góðu móti sótt vinnu á nýjum vettvangi án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

Ákvæði 6. mgr. 15. gr. gilda um héraðsdómara þótt hann hafi verið skipaður í embætti fyrir gildistöku laga þessara.

40. gr.

Innan mánaðar frá gildistöku þessara laga ber dómurum við Hæstarétt og héraðsdómurum, sem hafa með höndum aukastörf, ótilkvöddum að gera nefnd um dómarastörf grein fyrir þeim og leita eftir atvikum heimildar hennar til að gegna þeim áfram. Telji nefndin dómara óheimilt að gegna aukastarfi áfram skal hann fá sig leystan frá því innan sex mánaða frá því að honum er tilkynnt um afstöðu nefndarinnar.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beitt um eignarhlut dómara í félögum og atvinnufyrirtækjum, en þó þannig að frestur til að láta af hendi hlutann skal vera eitt ár frá tilkynningu um að nefndin telji dómara óheimilt að eiga hann.

41. gr.

Þeir sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku þessara laga skulu eiga kost á starfi skv. 17. gr., en þó þannig að þargreindar takmarkanir á ráðningartíma gilda ekki um þessa starfsmenn.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að úr röðum þeirra sem skipaðir eru í starf dómarafulltrúa við gildistöku þessara laga, gegndu sama starfi 1. júní 1995 og fullnægðu á þeim tíma skilyrðum til að fá skipun í embætti héraðsdómara verði settir allt að fjórir héraðsdómarar umfram þann fjölda dómara sem um ræðir í 1. mgr. 12. gr. Verði þessarar heimildar neytt skal þeim sem fullnægja framangreindum skilyrðum gefinn kostur á að sækja um setningu í dómaraembætti. Við veitingu embættis skal gætt ákvæða 2. og 4. mgr. 12. gr. Sá sem settur er í dómaraembætti samkvæmt þessari heimild nýtur í hvarvetna sömu stöðu og sá sem skipaður hefur verið héraðsdómari eftir ákvæðum þessara laga, að öðru leyti en því að setningin rennur sjálfkrafa út 30. júní 2001. Losni fyrir þann tíma sæti einhvers þess sem hefur verið settur dómari samkvæmt þessari heimild verður ekki annar settur í embættið til loka tímabilsins. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um þá sem gegna dómaraembætti til loka setningartíma að þeim tíma liðnum.

Starfandi dómarafulltrúar við gildistöku laga þessara, sem neyta hvorki heimildar skv. 1. mgr. né verða settir dómarar skv. 2. mgr., skulu eiga kost á að láta af störfum fyrir árslok 1998 með rétti til biðlauna. Um biðlaunarétt þeirra gilda annars almennar reglur um starfsmenn ríkisins.

42. gr.

Verði heiti sveitarfélags sem getið er í 2. gr. breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til dómumdæmisins sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Ef sameinuð eru tvö eða fleiri sveitarfélög sem hvort eða hvert heyra til síns dómumdæmis eftir ákvæðum 2. gr. skal dómsmálaráðherra ákveða með reglugerð undir hvaða umdæmi nýja sveitarfélagið eigi þar til annarri skipan verður komið á með lögum.

916. Frumvarp til vopnalaga. [175. mál]

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Með vopni er í lögum þessum átt við hvert það tæki eða efni sem unnt er að beita til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega, enda sé með tilliti til aðstæðna ástæða til að ætla að fyrirhugað sé að nota tækið eða efnið í slíkum tilgangi.

Með skotvopni er í lögum þessum átt við vopn eða tæki sem hægt er með sprengikrafti, samanþjöppuðu lofti eða á annan sambærilegan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum.

Með skotfærum er í lögum þessum átt við hvers konar skot eða skeyti sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

Með sprengiefni er í lögum þessum átt við fast eða fljótandi efni eða efnablöndu sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræði.

Með skoteldum er í lögum þessum átt við flugelda, reyk- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða nánar en um getur í 2.–5. mgr. hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar og kveða nánar á um flokkun þeirra.

2. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um:

a. skotvopn,
b. skotfæri,
c. sprengiefni,
d. skotelda,
e. önnur vopn, svo sem hnúajárn, örvaboga, högg-, stungu- eða eggvopn, rafmagnsvopn, gasvopn og táragasefni,
f. efni og tæki sem samkvæmt skilgreiningu 1. gr. teljast ekki til skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda en hafa svipaða eiginleika og verkanir og
g. eftirlíkingar þeirra vopna sem getur í a–f-liðum.

Ákvæði laganna gilda einnig um einstaka hluta þeirra efna og tækja sem tilgreind eru í 1. mgr., svo sem láshús, hlaup, hvellhettur og púður.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um meðferð og notkun vopna sem greinir í 1. og 2. mgr. Þar er m.a. heimilt að kveða á um bann við einstökum vopnum.

3. gr.

Lög þessi gilda ekki um vopn, tæki og efni skv. 1. og 2. gr. sem eru í eigu Landhelgisgæslu, lögreglu, fangelsa eða erlendra lögreglumanna eða öryggisvarða sem starfa undir stjórn lögreglu. Ráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Ákvæði laganna gilda ekki um eftirgreind tæki og efni:

a. naglabyssur og skothamra sem ætluð eru til að nota í byggingariðnaði,
b. línubyssur og tilheyrandi skotfæri, merkjabyssur eða önnur slík skotvopn og skotelda sem eingöngu eru notaðir við björgunarstörf,
c. vopn og tæki sem eingöngu eru notuð við aflífun dýra í löggiltum sláturhúsum,
d. önnur tæki og efni sem valda óverulegri hættu samkvæmt ákvörðun ráðherra.

II. KAFLI
Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

4. gr.

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda í atvinnuskyni nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra, Vinnueftirlits ríkisins og slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda er með brunamál fara.

Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita þeim einstaklingi sem hefur skotvopnaleyfi og sýnir að öðru leyti fram á hæfni sína til framleiðslunnar.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi skv. 1. mgr., enda tilnefni það einn starfsmann sinn eða fleiri sem fullnægja skilyrðum 2. mgr. til þess að annast framleiðsluna.

Handhafa skotvopnaleyfis er heimilt að fengnu leyfi lögreglustjóra að hlaða skothylki til eigin nota í þau skotvopn sem hann hefur leyfi fyrir, enda sé heimilt að nota slík skotfæri hér á landi. Skilyrði slíks leyfis eru að lögreglustjóri telji viðkomandi hafa nægilega þekkingu til þess að hlaða skothylki og fara með hleðslubúnað, að hann hafi haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár og gengist undir námskeið í hleðslu skotfæra, en ríkislögreglustjóri þarf að samþykkja

námsefni og fyrirkomulag slíkra námskeiða. Í leyfi skal koma fram hversu mikið magn af púðri, hvellhettum og skothylkjum leyfishafa er heimilt að kaupa.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um réttindi og skyldur framleiðanda samkvæmt þessari grein, þar með talið um framleiðslu, búnað framleiðsluhúsnæðis og nauðsynlegar öryggisreglur. Áður en slík reglugerð er sett skal haft samráð við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins.

5. gr.

Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda skv. 7. gr. felur jafnframt í sér leyfi til innflutnings á þeim vörum. Ríkislögreglustjóra er heimilt að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi. Áður en leyfi er veitt til innflutnings skotvopna skal leita umsagnar lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda er með brunamál fara. Sé sótt um leyfi til innflutnings á sprengiefni skal og leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita þeim sem hafa skotvopnaleyfi leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að flytja til landsins eða framleiða skotvopn sem ekki eru númeruð eintaksnúmeri framleiðanda. Ríkislögreglustjóra er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar skotvopn hefur ótvírætt söfnunargildi.

Óheimilt er að flytja inn eða framleiða:

a. sjálfvirka eða hálfsjálfvirka skammbyssu,
b. sjálfvirkan eða hálfsjálfvirkan riffil,
c. sjálfvirka haglabyssu,
d. hálfsjálfvirka eða handhlaðna fjölskota haglabyssu með skothylkjahólfum sem tekur fleiri en tvö skothylki nema henni hafi verið breytt til samræmis við þennan áskilnað.

Innflutningur og framleiðsla á eftirlíkingum vopna er bannaður, enda sé ástæða til að ætla að erfitt sé að greina þær frá fyrirmyndinni.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða eiga sérstaklega hættulegar tegundir vopna, eða hluta þeirra, sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og slík skotfæri, skotelda og sprengiefni.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–6. mgr. er heimilt með leyfi ríkislögreglustjóra að framleiða vopn til útflutnings. Ríkislögreglustjóri getur og heimilað innflutning slíkra vopna ef þau hafa ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs þeirra eða tengsla við sögu landsins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd innflutnings samkvæmt þessari grein, m.a. um staðfestingu lögreglustjóra á vörureikningum áður en tollafgreiðsla fer fram, um innflutning þeirra efna og tækja sem greind eru í 3.–6. mgr. og eftirlíkinga þeirra. Í reglugerðinni er einnig heimilt að ákveða nánar hvaða efni og tæki megi flytja til landsins og um prófun þeirra, merkingar og gæðaeftirlit.

6. gr.

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri má fela lögreglustjórum að gefa út slík leyfi þar sem um er að ræða tímabundinn flutning á milli landa.

Ekki þarf leyfi fyrir greindum tækjum og efnum sem flutt eru úr landi með skipum eða flugförum ef þessar vörur teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

7. gr.

Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema að fengnu leyfi ríkislögreglustjóra.

Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita þeim einstaklingi sem hefur verslunarleyfi og skotvopnaleyfi eða sérþekkingu á þeim vörum sem þar um ræðir eftir nánari reglum sem ráðherra setur.

Leyfi skv. 1. mgr. má veita skrásettu firma eða félagi sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann sem fullnægi skilyrðum 2. mgr. og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félagasamtökum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þau hafi ekki verslunarleyfi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ríkislögreglustjóri heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til að selja skotelda í smásölu.

Aðeins skal veita þeim leyfi skv. 1. mgr. sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra eða annarra yfirvalda sem með brunamál fara.

Leyfi skv. 1. mgr. skal ekki veita til lengri tíma en fimm ára eða til skemmri tíma ef ástæða þykir til að mati ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita leyfi til reksturs skotvopnaleigu, enda sé fullnægt ákvæðum 2., 3., 5., 6. og 7. mgr. 7. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um rekstur skotvopnaleigu og þar skal m.a. kveða nánar á um skilyrði sem leigutaki og leigusali skulu fullnægja, svo og um starfsemina að öðru leyti.

9. gr.

Verslunareigandi, innflytjandi eða framleiðandi skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda skal halda færslubók yfir keypt og seld skotvopn og skotfæri. Skal hann gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar, krafist þess að fá aðgang að húsnæði þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

10. gr.

Sá sem hefur fengið leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda eða leyfi til reksturs skotvopnaleigu má ekki selja eða á annan hátt afhenda þargreindar vörur öðrum en þeim sem sýnir skilríki fyrir því að hann megi kaupa eða taka á móti vörunum.

Óheimilt er að afhenda kaupanda skotfæri í önnur vopn en þau sem hann hefur heimild til að nota samkvæmt skilríkjum þeim sem hann framvísar skv. 1. mgr. Sama gildir um kaup á púðri og nauðsynlegum hlutum til hleðslu skotfæra skv. 2. mgr. 2. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja takmarkanir á magn skotfæra sem einstaklingi er heimilt að kaupa.

11. gr.

Þeim sem hefur leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri eða sprengiefni eða reksturs skotvopnaleigu og þeim sem hefur leyfi til sýninga og söfnunar skv. 15. gr. er ekki heimilt að nota greindar vörur nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

III. KAFLI
Meðferð skotvopna og skotfæra.

12. gr.

Enginn má eignast eða nota skotvopn nema að fengnu skotvopnaleyfi. Leyfið veitir lögreglustjóri í umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili. Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um að hafa skotvopnaleyfi fyrir þann sem er á æfingum á vegum viðurkenndra skotfélaga á viðurkenndu æfingasvæði.

Skotvopnaleyfi skal vera skriflegt. Í því skal tilgreina nafn, kennitölu og heimilisfang leyfishafa. Þar skal vera nýleg ljósmynd af leyfishafa. Einnig skal tilgreina nákvæmlega hvers konar skotvopn leyfishafa er heimilt að nota. Í skotvopnaleyfi skal skrá öll skotvopn í eigu leyfishafa, gerð þeirra, lástegund, hlaupvídd, hámarksfjölda skota og eintaksnúmer framleiðanda. Lögreglustjóra er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir leyfi telji hann þess þörf.

Skotvopnaleyfi skal ekki gefið út til lengri tíma en tíu ára í senn og til skemmri tíma ef ástæða þykir til. Við endurnýjun skotvopnaleyfis er lögreglustjóra heimilt að kanna hæfni leyfishafa ef sérstök ástæða þykir til.

13. gr.

Veita má leyfi fyrir skotvopnum til veiða, íþróttaiðkunar skv. 17. gr., starfa skv. 14. gr. og til sýninga og söfnunar skv. 15. gr. Umsækjandi skal gera grein fyrir því í hverju skyni sótt sé um leyfi. Skilyrði fyrir veitingu skotvopnaleyfis eru:

a. að hafa náð 20 ára aldri og hafa ekki verið sviptur sjálfræði. Í reglugerð er heimilt að víkja frá þessu aldursskilyrði vegna íþróttaskotfimi, sbr. 17. gr.,
b. að hafa ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni, laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða þessara laga,
c. að hafa nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, vera andlega heilbrigður og að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi fyrir skotvopni þótt viðkomandi hafi brotið ákvæði laga þeirra sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að brot var framið. Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið getur lögreglustjóri þó veitt umsækjanda leyfi, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða varðhaldi og ekki verið um að ræða árásar- eða ofbeldisbrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, ítrekuð ölvunarbrot eða brot á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða lögum þessum.

Þeir sem sækja um leyfi fyrir skotvopnum skulu sækja námskeið í meðferð og notkun skotvopna. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um námskeið þessi og próf.

Lögreglustjóri getur veitt manni búsettum erlendis tímabundið leyfi fyrir skotvopni, enda fullnægi viðkomandi skilyrðum 1. mgr. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tímabundið skotvopnaleyfi.

14. gr.

Lögreglustjóri getur veitt félagi, stofnun eða einstaklingi leyfi til þess að eiga skotvopn ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar. Í slíku tilviki skal tilnefndur ákveðinn aðili er annist vörslu skotvopnanna og tilheyrandi skotfæra.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra, að víkja frá ákvæði laganna um að skotvopn skuli númerað eintaksnúmeri framleiðanda við veitingu leyfa skv. 1. mgr. þegar um er að ræða umsókn bónda sem er ábúandi á lögbýli eða dýralæknis um leyfi fyrir hlaupstuttri einskota byssu, þó ekki stærri en 22 cal. (fjárbyssu) til aflífunar búfjár.

15. gr.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað einstaklingi, samtökum og opinberu safni að eiga og varðveita skotvopn sem hefur ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs, tengsla við sögu landsins eða af öðrum sérstökum ástæðum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um þessi atriði. Heimilt er að veita sömu aðilum leyfi til að eiga og varðveita takmarkað magn skotfæra fyrir framangreind vopn, enda hafi skotfærin ótvírætt söfnunargildi.

Óheimilt er að nota vopn skv. 1. mgr. til veiða og kaupa fyrir þau skotfæri nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Vopn þessi skal skrá sérstaklega í skotvopnaskrá.

16. gr.

Skotvopni, sem er hluti dánarbús, skal innan tólf mánaða frá andláti leyfishafa ráðstafað til aðila sem hefur leyfi til að eiga slíkt skotvopn. Þegar um er að ræða skotvopn sem hefur ótvírætt minja- eða tilfinningagildi er heimilt að víkja frá þessu skilyrði, enda verði skotvopnið gert óvirkt.

17. gr.

Félagi er óheimilt að hafa iðkun skotfimi að markmiði án leyfis ríkislögreglustjóra. Áður en slíkt leyfi er gefið út skal ríkislögreglustjóri afla umsagnar lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slík leyfi.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um skotvopnaleyfi til einstaklinga til iðkunar skotfimi og um leyfi til skotfélaga til eignar á skotvopnum.

18. gr.

Halda skal sérstaka skotvopnaskrá fyrir landið í heild. Í hana skrá lögreglustjórar upplýsingar um veitt skotvopnaleyfi samkvæmt reglum er ráðherra setur í reglugerð. Í skotvopnaskrá skal skrá allar breytingar á skotvopnum skv. 38. gr. Þar skal jafnframt skrá öll horfin skotvopn.

19. gr.

Eiganda skotvopns er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar, nema viðtakandi sýni fram á að hann hafi leyfi lögreglustjóra til að eiga það eða nota.

Eiganda skotvopns er heimilt að lána það manni til tímabundinna afnota sem leyfi hefur til að nota sams konar skotvopn. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slík afnot.

20. gr.

Hver sá sem fer með eða notar skotvopn skal hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna það þegar lögregla krefst þess. Nú sýnir maður ekki skotvopnaleyfi og getur þá lögregla tekið vopnið í sína vörslu til bráðabirgða þar til viðkomandi leggur fram skilríki fyrir því að hann hafi heimild til þess að nota vopnið.

Nú er viðkomandi með vopnið að láni eða á leigu og skal hann þá leggja fram skriflega heimild eiganda skotvopnsins því til sönnunar.

21. gr.

Sá sem fer með eða notar skotvopn skal ætíð gæta fyllstu varúðar. Óheimilt er að bera skotvopn á almannafæri. Við burð og flutning á skotvopnum milli staða skulu þau vera óhlaðin og í umbúðum. Óheimilt er að bera þau á sér innanklæða.

Þeim sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa er óheimil meðferð skotvopns.

Þegar ástæða er til að ætla að maður hafi brotið framangreind ákvæði getur lögregla fært hann til læknisrannsóknar, þar á meðal blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð sem heilbrigðisstarfsmaður telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Ekki má hleypa af skoti á vegi, yfir veg, úr ökutæki, á almannafæri eða annars staðar þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Ekki má hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðruvísi fyrir um. Mál út af broti á ákvæðum þessarar málsgreinar skal því aðeins höfða að sá krefjist sem misgert var við.

22. gr.

Ekki má afhenda öðrum skotfæri en þeim sem skráður er fyrir því skotvopni sem þau eru ætluð fyrir, enda framvísi viðkomandi leyfi fyrir skotvopninu. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um afhendingu skotfæra í reglugerð, þar á meðal um bann við einstökum gerðum skotfæra.

23. gr.

Eigandi eða vörsluaðili skotvopns og skotfæra skal ábyrgjast vörslu þeirra með þeim hætti að óviðkomandi aðili nái ekki til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum og læstum hirslum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vörslu skotvopna og skotfæra. Er m.a. heimilt að setja skilyrði um tiltekna geymslu skotvopna eftir að tilteknum skotvopnafjölda er náð.

24. gr.

Skotfélagi eða öðrum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga á öðru svæði en lögreglustjóri hefur leyft að notað verði til slíkrar starfsemi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð og búnað skotsvæða, þar með talið um geymslu skotvopna og skotfæra. Samráð skal haft við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins áður en slíkar reglur eru settar.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal lögreglustjóri leita umsagnar sveitarstjórnar, Vinnueftirlits ríkisins og Brunamálastofnunar ríkisins.

25. gr.

Nú eyðileggst skotvopn eða því er fargað og skal það þá afskráð. Týnist skotvopn eða sé því stolið skal eigandi þess tilkynna lögreglu um það þegar í stað og skal hvarfið skráð í skotvopnaskrá.

IV. KAFLI
Meðferð sprengiefnis.

26. gr.

Enginn má kaupa sprengiefni nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfisbeiðandi hefur lögheimili. Ef umsækjandi er lögaðili veitir lögreglustjóri leyfið þar sem starfsstöð umsækjandans er.

Aðeins má veita þeim leyfi til þess að kaupa sprengiefni sem sýnir fram á að honum sé það nauðsynlegt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal gefið út fyrir ákveðinni tegund og magni sprengiefnis.

Eigandi sprengiefnis skal ábyrgjast vörslur þess og sjá um að óviðkomandi nái ekki til þess.

Þegar lögaðili fær leyfi skv. 1. mgr. skal hann að jafnaði tilnefna ákveðinn mann eða menn sem annist vörslur sprengiefnisins.

Þeim sem fengið hefur leyfi til þess að kaupa sprengiefni er óheimilt að afhenda það öðrum nema með leyfi lögreglustjóra.

27. gr.

Sá einn má fara með sprengiefni og annast sprengingar sem fengið hefur til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili og gildir það í finm ár frá útgáfudegi.

Aðeins má veita þeim leyfi skv. 1. mgr. sem að mati Vinnueftirlits ríkisins hefur næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni eftir nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Sá sem fer með og notar sprengiefni skal ætíð gæta fyllstu varúðar.

28. gr.

Sprengiefni skal geyma í sérstakri sprengiefnageymslu.

Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um geymslu á sprengiefni, um flutning á því og meðferð þess. Áður en slík reglugerð er sett skal leita eftir tillögum frá Brunamálastofnun ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins.

29. gr.

Nú finnst sprengiefni eða hlutir, sem ætla má að hafi að geyma sprengiefni, rekið á land eða á víðavangi og skal þá finnandi, landeigandi eða ábúandi þegar tilkynna lögreglustjóra um fundinn.

V. KAFLI
Meðferð annarra vopna.

30. gr.

Vopnaburður á almannafæri er bannaður. Heimilt er að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hætta er því samfara.

Bannað er að flytja til landsins, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum:

a. bitvopn ef blaðið er lengra en 12 sm, enda sé það ekki ætlað til notkunar við heimilishald eða atvinnu,
b. fjaðrahníf, fjaðrarýting, fallhníf, fallrýting, stunguvopn eða önnur slík vopn,
c. höggvopn, svo sem hnúajárn, gaddakylfu, felukylfu, kylfu sem ekki er ætluð til íþróttaiðkunar eða önnur slík vopn, svo og rafmagnsvopn,
d. sverð, sem eru sambland högg- og bitvopna,
e. kaststjörnu, kasthníf eða önnur slík vopn,
f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn, svo og örvarodda. Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi.

Heimilt er að víkja frá banni 2. mgr. með leyfi ríkislögreglustjóra ef vopn hefur söfnunargildi eða sérstakar ástæður mæla með.

Öðrum en lögreglu er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eignast handjárn og fótajárn úr málmi eða öðru efni. Sama gildir um gasvopn og táragasvopn.

31. gr.

Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar.

VI. KAFLI
Meðferð skotelda.

32. gr.

Bannað er að selja eða afhenda skotelda barni yngra en 16 ára sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum. Öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára er óheimil.

33. gr.

Þeir sem fara með skotelda skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Ráðherra setur ákvæði í reglugerð um sölu og meðferð skotelda, þar á meðal getur hann sett reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda. Jafnframt getur hann kveðið á um sérstakt eftirlit í því skyni og að innflytjandi skuli eftir atvikum bera kostnað af því.

VII. KAFLI
Refsingar, eignaupptaka o.fl.

34. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum getur leyfisveitandi afturkallað hvenær sem er ef ekki teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, leyfishafi hefur ekki farið eftir settum fyrirmælum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni og tæki sem leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi skv. 12. gr. eða 27. gr. skal lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfishafi á lögheimili taka ákvörðun um leyfissviptingu án tillits til þess hvar leyfið er upphaflega gefið út.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án fyrirvara ef brýna nauðsyn ber til.

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu vara ábótavant að mati lögreglustjóra og getur hann þá til bráðabirgða og án fyrirvara lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni. Sama á við um önnur vopn samkvæmt lögum þessum.

35. gr.

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað skal sá sem sviptur er leyfinu skila því til lögreglu ásamt þeim vopnum, efnum og tækjum sem hann hefur í vörslum sínum á grundvelli leyfisins.

Þegar ekki eru fyrir hendi skilyrði til eignaupptöku getur lögreglustjóri að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu ákveðið að selja greindan varning. Við sölumeðferð skal svo sem kostur er haft samráð við eiganda varningsins. Söluandvirði að frádregnum kostnaði skal renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri vopn, efni eða tæki svo lélegt og verðlaust eða verðlítið að ekki sé rétt að selja það og skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eru refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

37. gr.

Skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda, sem flutt hafa verið til landsins eða framleidd eru í landinu án heimildar eða finnast vörslulaus eða í vörslu manns án heimildar, skal gera upptæk til ríkissjóðs. Jafnframt skal gera upptæk með sama hætti önnur vopn sem ólögmæt teljast samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Nú fremur maður brot með nefndum tækjum eða efnum og skilyrði til upptöku þeirra er fyrir hendi, og er þá heimilt, ef brot er stórfellt, að gera einnig upptæk önnur slík tæki og efni sem sökunautur hefur leyfi fyrir.

Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

Ríkislögreglustjóri ákvarðar hvernig geymslu og ráðstöfun þeirra vopna er háttað sem haldlögð eru vegna afturköllunar leyfis eða gerð eru upptæk samkvæmt kafla þessum.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Allar breytingar, svo sem á lásgerð, mögulegum skotafjölda eða aukabúnaði sem hefur áhrif á eiginleika skotvopns eða verkan, eru óheimilar nema með leyfi lögreglustjóra.

Breytingar skv. 1. mgr. skulu skráðar í skotvopnaskrá og í skotvopnaleyfi.

39. gr.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

917. Frumvarp til laga [389. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21 26. mars 1991 (tilkynningar skiptastjóra).

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

1. gr.

Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í 1. málsl. 84. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

918. Þingsályktun [179. mál]

um samræmda samgönguáætlun.

(Afgreidd frá Alþingi 9. mars.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að kanna hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun og gera í framhaldi af því tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum.

Nefndin skili niðurstöðu fyrir árslok 1998.

919. Tillaga til þingsályktunar [535. mál]

um PCB og önnur þrávirk lífræn efni.

Flm.: Kristján Pálsson, Össur Skarphéðinsson, Árni M. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að gera úttekt á hvar PCB og önnur þrávirk lífræn efni er að finna hér á landi og í hve miklu magni. Jafnframt geri ráðherra tillögu um eyðingu þeirra efna sem geta reynst skaðleg lífríkinu.

Greinargerð.

Þrávirk lífræn efni, svonefnd klórkolefnissambönd, eru einhver eitruðustu efni sem þekkjast í náttúrunni en eitt þekktasta efnið innan klórkolefnissambandanna er PCB. Þetta efni, PCB, hefur verið notað til ýmissa hluta en hér á landi helst á rafeinangrara, þétta og spennubreyta allt til þess að notkun PCB var bönnuð hér árið 1988.

Ástæðan fyrir því að PCB var bannað er uppsöfnunaráhrif þess í lífríkinu og langur viðverutími sem getur haft áhrif á ónæmiskerfi líkamans, valdið ófrjósemi og aukið líkur á krabbameini.

Þó nokkurt magn var flutt inn af þessum efnum á árunum fyrir 1988 en ekki er vitað með vissu hve mikið. Ekki er heldur vitað hvar þessum efnum var fargað né í hve miklu magni, enda ekkert opinbert eftirlit með því hvernig einstaklingar og fyrirtæki, önnur en opinberir aðilar, eyddu því sem var í notkun þegar bannið tók gildi. Helst er talið að þessu hafi verið fargað á sorphaugum nálægt þéttbýlisstöðum.

Rannsóknir á lífrænum þrávirkum efnum í náttúrunni.

Ýmsar mælingar á magni þrávirkra lífrænna efna í dýrum hafa farið fram á síðustu árum af hálfu m.a. Rannsóknastofu í lyfjafræði á Álftanesi. Þær mælingar sýna að magn þessara efna í æðarfugli á Álftanesi er heldur meira en mælist í æðarfugli á Svalbarða og tífalt meira en mælist í æðarfugli í Kanada.

Þegar rjúpnastofninn er hins vegar skoðaður er PCB-magn minnst hér á Íslandi miðað við rjúpnastofninn á Svalbarða og í Kanada. Munurinn á fæðuvali þessara fuglategunda liggur í því að æðarfuglinn lifir að mestu á skeldýrum úr fjöruborðinu en rjúpan lifir einkum á fræjum og lyngi. Þetta bendir ótvírætt til þess að skeldýr við strendur landsins séu menguð af þrávirkum lífrænum efnum þótt ekki sé um hættulega mengun að ræða enn sem komið er.

Á Norðfirði og Fáskrúðsfirði var gerð rannsókn á magni PCB í kræklingi árið 1988 og mældist töluverð mengun af völdum PCB á stöðum þar sem upplýst hafði verið að efninu hefði verið fargað. Þessi mengun mældist allt að þrettán sinnum meiri en í viðmiðunarsýnum, teknum á svipuðum slóðum en fjarri förgunarstöðum.

Í skýrslu um rannsóknina kemur fram að á sorphaugum Fáskrúðsfjarðar mun, líklega árið 1982, hafa verið fargað fjórum þéttum sem innihéldu um 10 lítra af PCB-olíu hver. Þéttarnir fundust ekki og er talið að þeir hafi verið urðaðir með öðru rusli. Á Norðfirði var talið að hellt hefði verið niður talsverðu magni af PCB-olíu í holræsi staðarins og þar að auki hefðu allt að 20 spennar verið urðaðir með öðru rusli.

Niðurstöður mælinganna sýndu að í nánd við staði þar sem PCB-þéttar eru urðaðir var mengun allt að þrettán sinnum meiri en þar sem ekki eru bein áhrif frá PCB-förgun. Einnig vakti athygli að hæstu mæligildin voru þar sem mengandi efni komu frá sorphaugum en ekki þar sem PCB hafði verið hellt í holræsin.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 17. október 1988 til Hollustuverndar ríkisins, sem Guðmundur Bjarnason þáverandi heilbrigðisráðherra undirritar, fer ráðuneytið fram á að fá „nákvæmar upplýsingar um það frá Hollustuvernd ríkisins hvar PCB-mengun sé að finna við strendur landsins, t.d. á sorphaugum og í hve miklu magni".

Ekkert varð úr þessari upplýsingaöflun vegna fjárskorts og engin hreinsun fór heldur fram á Norðfirði og Fáskrúðsfirði af sömu ástæðu þrátt fyrir að mælingar sýndu ótvírætt að um verulega mengun væri þar að ræða.

Eins og kom fram í fjölstofnarannsóknum Hafrannsóknastofnunar árið 1996 mælist mikil mengun í sjófuglum við Íslandsstrendur en þó mjög misjafnlega mikil eftir stöðum. Kvikasilfursmengunin var t.d. mun meiri í lunda við Vestmannaeyjar en í Skotlandi, mismunur sem ekki hefur fengist skýring á né hvers vegna öll þessi mengun mælist í fuglum hér við land.

Mengun af þrávirkum efnum hefur eins og fyrr er getið mælst veruleg á nokkrum stöðum við strendur landsins og er það sterk vísbending um að slíka mengun sé að finna víðar um landið. Eðlilegt verður að teljast að þar sé tekinn af allur vafi, enda er ímynd landsins sem hreins og óspillts mjög mikilvæg og forsenda fyrir markaðsstöðu íslenskra sjávarafurða.

Kanadamenn hafa gert úttekt hjá sér í þessu efni og fylgjast með stöðum þar sem PCB-efni er að finna á sorphaugum og víðar. Slíkir staðir eru vaktaðir í Kanada. Of seint getur verið að grípa til aðgerða þegar PCB og önnur slík efni fara að mælast í hættulegu magni í lífríkinu. Mengun úr jarðvegi getur verið mjög lengi að koma fram, jafnvel mörg ár eins og kemur fram í skýrslu Hollustuverndar um mengunina á Reyðarfirði. Þar kemur einnig fram að mengun af völdum PCB í jarðvegi er mun verri en ef PCB væri hellt beint í sjóinn þótt ekki sé verið að mæla með því.

Mikilvægt er í þessu sambandi að muna hið fornkveðna að það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í.

Hlutverk hins opinbera er að tryggja eftirlit og fyrirbyggjandi ráðstafanir á þessu sviði.

920. Frumvarp til laga [536. mál]

um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

1. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þó er ekki heimilt að fullnusta refsivist með samfélagsþjónustu hafi dómþoli auk refsivistar verið dæmdur til greiðslu sektar að viðlagðri vararefsingu og samanlögð refsivist og vararefsing sektar er lengri en átta mánuðir.

2. gr.

Á eftir 22. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:

Hafi maður verið dæmdur til greiðslu sektar að viðlagðri allt að sex mánaða vararefsingu er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta sektina með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir en mest 320 klukkustundir.

Þó er ekki heimilt að fullnusta sektina með samfélagsþjónustu, ef dómþoli hefur auk sektar verið dæmdur til refsivistar sex mánuði eða lengur, ef samanlögð refsivist og vararefsing sektar eru lengri en átta mánuðir eða ef sekt er hærri en 4 millj. kr.

Ef dómþoli er dæmdur bæði til refsivistar og til greiðslu sektar er heimilt að fullnusta hvort tveggja með samfélagsþjónustu að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef um er að ræða samfélagsþjónustu vegna fullnustu sektar er nægilegt að dómþoli óski eftir því í síðasta lagi innan hálfs mánaðar frá því að honum barst í hendur innheimtubréf lögreglustjóra.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þegar sekt að viðlagðri vararefsingu er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta sekt að fjárhæð 500 þús. kr.

4. gr.

Í stað orðsins „refsivistardómur“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: dómur.

5. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: refsivist og/eða sekt.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða hvort refsivist skuli afplánuð“ í 1. mgr. komi: hvort refsivist skuli afplánuð eða sekt fullnustuð með innheimtu og eftir atvikum vararefsingu.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um fullnustu sektar með samfélagsþjónustu.
c. Við 3. mgr. bætist: eða sekt fullnustuð með innheimtu og eftir atvikum vararefsingu.
d. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Það sama gildir um fullnustu sektar með samfélagsþjónustu.

e. Við greinina bærist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þegar hvort tveggja refsivist og sekt eru fullnustaðar með samfélagsþjónustu skal tími í samfélagsþjónustu fyrst ganga til frádráttar sekt komi til þess að beita þurfi ákvæðum 4. mgr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til að heimilt verði að fullnusta sektardóm með samfélagsþjónustu þarf dómurinn að vera kveðinn upp eftir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Með lögum nr. 123 22. desember 1997, um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, voru rýmkaðar verulega heimildir dómþola sem dæmdur hefur verið til refsivistar til að sinna samfélagsþjónustu í stað þess að afplána refsingu í fangelsi. Undanfarin ár hefur verið í lögum þröng heimild fyrir dómþola til að óska eftir samfélagsþjónustu í stað afplánunar refsidóma en víða erlendis hafa slíkar heimildir verið lengi í lögum og gefist mjög vel. Heimild laga nr. 123/1997 nær hins vegar ekki til refsivistar þeirra sem dæmdir hafa verið til greiðslu sekta að viðlagðri vararefsingu í formi refsivistar geti dómþoli ekki innt sektargreiðslu af hendi. Þau tilvik hafa komið upp að dómþoli hafi ekki efni á að greiða sekt, t.d. vegna gjaldþrots eða verulega skerts gjaldþols í framhaldi af þeim atburðum er leiddu til sektardóms. Vandséð er að það hafi verið ætlan Alþingis að veita rýmri heimildir til samfélagsþjónustu í stað refsivistar þegar brot er þess eðlis að dómþoli er dæmdur í óskilorðsbundna refsivist en þegar refsivistin er vararefsing. Fjölmörg tilvik geta orðið þess valdandi að dómþoli geti ekki staðið í skilum með greiðslu sektar og vandséð að slíkt réttlæti að viðkomandi sé skilyrðislaust gert að sitja af sér vararefsingu í fangelsi meðan þeir sem dæmdir hafa verið til refsivistar eiga þess kost að sinna samfélagsþjónustu í stað hennar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hægt verði að fullnusta sektardóma með samfélagsþjónustu eins og dóma þar sem dæmd hefur verið refsivist. Er þetta gert í þeim tilgangi að jafna þann mun sem nú er á fullnustu þessara tveggja tegunda refsinga.

Í íslenskri refsilöggjöf eru höfuðgreinar refsinga aðeins tvær, refsivist og fésektir. Fésektum er ætlað að bitna á fjármunum eða fjárráðum hins brotlega en refsivist á persónufrelsi hans. Einkenni fésekta eru um margt önnur en einkenni refsivistar. Fésekt taka menn út frjálsir ferða sinna og er hún því sjaldnast eins mannorðsskemmandi og refsivist eins og Jónatan Þórmundsson bendir á í riti sínu *Viðurlög við afbrotum*, bls. 217. Það er almennt viðurkennt að fésektir séu vægari refsitegund en refsivist og að hæsta sektarrefsing samkvæmt lögum sé vægari refsing en skemmsta refsivist. Á hinn bóginn er oft erfiðleikum bundið að innheimta fésektir og tryggja að þær bitni á sökunautum persónulega eins og tilgangurinn hlýtur að vera. Þess vegna er gert ráð fyrir refsivist sem vararefsingu ef sektargreiðsla bregst.

Það skýtur nokkuð skökku við að hér á landi sé heimilt að fullnusta refsivist með samfélagsþjónustu en ekki fésektir, sérstaklega þegar haft er í huga að fésekt getur orðið jafnþungbær og refsivist ef dómþoli á ekki kost á að inna sektargreiðslu af hendi. Auk þess koma fésektir mjög misjafnlega við dómþola, efnalitlir sökunautar þurfa frekar að afplána vararefsingu en hinir sem betur mega sín. Afpláni dómþoli vararefsingu er hann í sömu stöðu og sá sem dæmdur er til refsivistar. Enginn munur er þar á, vararefsing fésektar er fullnustuð með sama hætti og óskilorðsbundin refsivist. Jónatan Þórmundsson prófessor bendir á það í *Viðurlögum*

við afbrotum, á bls. 40, að í raun sé óviðunandi að það geti farið eftir efnahag og afkomu hvort dómþoli þarf að taka út vararefsingu fésektar í varðhaldi eða fangelsi ef sektin fæst ekki greidd. Bendir hann á að komið hafi til tals að afnema vararefsingu með öllu en bendir jafnframt á að eitthvað verði að koma í staðinn. Nefnir hann samfélagsþjónustu sem úrræði.

Það sjónarmið hefur komið fram að fésektir hafi þann kost fyrir samfélagið að þær færi því fé í stað þess að baka því kostnað eins og refsivist. Þessi munur hverfur þegar sökunautur hefur ekki efni á að inna sektargreiðslu af hendi og þarf að afplána vararefsingu. Þá er fésektarúrræði jafndýrt fyrir þjóðfélagið og refsivist. Fyrrnefnt sjónarmið, að samfélagsþjónusta spari þjóðfélaginu fjármuni, á orðið jafnt við um refsivist og fésektir í slíku tilviki.

Gera verður ráð fyrir að þeir sem hafa efni á að greiða fésektir sínar muni eftir sem áður gera það því að samfélagsþjónusta er í flestum tilfellum þungbærari en greiðsla sektar fyrir dómþola. Telja verður hverfandi líkur á að ríkið verði af miklum sektargreiðslum við að lögfesta það úrræði sem frumvarpið felur í sér. Refsingar eru ekki hugsaðar sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð þótt réttlætanlegt sé að horfa til þess við setningu laga og reglna sem gilda eiga um refsingar hvaða úrræði hafi í för með sér minnstan kostnað fyrir ríkissjóð. Þá er umhugsunarvert hvort það samrýmist 65. gr. stjórnarskrárinnar að láta efnalausa eða efnalitla sökunauta sæta annarri og þyngri refsingu en þá sem betur mega sín. Skv. 65. gr. skulu allir vera jafnir fyrir lögunum, m.a. óháð efnahag þeirra. Það er grundvallaratriði og réttlætismál að leiðrétta slíkan mismun á milli dómþola.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að dómur um sekt að viðlagðri vararefsingu auk refsivistar hafi áhrif á það hvort heimilt sé að fullnusta refsivist með samfélagsþjónustu. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að hægt verði að fullnusta sektardóma með samfélagsþjónustu og einnig blandaða dóma þar sem bæði er dæmd sekt og refsivist er eðlilegt að samanlögð lengd þessara tveggja refsiúrræða hafi áhrif á hvort heimilt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu. Þar sem fésektir eru vægara refsiúrræði en refsivist þykir ástæða til að setja markið við átta mánaða samanlagða vararefsingu og refsivist.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að fullnusta sektir með samfélagsþjónustu. Sömu meginreglur eiga að gilda og um fullnustu refsivistar eins og frumvarpið ber með sér. Í ljósi meginmarkmiðs frumvarpsins, að jafna mun milli refsivistar og fésektar, þykir ekki ástæða til að heimila þannig fullnustu sekta sem vararefsing fylgir ekki.

Í 2. mgr. eru sett inn skilyrði fyrir því að sekt verði fullnustuð með samfélagsþjónustu og eru þau skilyrði sambærileg við skilyrði sem sett eru fyrir því að refsivist sé fullnustuð á þann hátt.

Í 3. mgr. er lagt til að heimilt verði að fullnusta bæði sektir og refsivist ef um blandaðan dóm eða dóma er að ræða að fullnægðum öðrum skilyrðum laganna. Í því felst m.a. að refsing, refsivist og vararefsing sektar, má ekki vera lengri en átta mánuðir samanlagt og þar af má refsivistin ekki vera lengri en sex mánuðir.

Um 3. gr.

Í greininni eru annars vegar sett tímamörk þess hvenær dómþoli þarf að sækja um samfélagsþjónustu og hins vegar hvernig reikna skuli út lengd samfélagsþjónustu frá fjárhæð sektar.

Í a-lið er lagt til að dómþoli hafi frest til að sækja um samfélagsþjónustu vegna fullnustu sektar þar til hún er komin til innheimtu hjá lögreglustjóra. Dómþoli hefur tíma til að sækja um samfélagsþjónustu þar til liðinn er hálfur mánuður frá því að honum barst í hendur innheimtubréf lögreglustjóra.

Í b-lið er lagt til að hverjar 40 klukkustundir í samfélagsþjónustu jafngildi 500 þús. kr. sekt. Þetta þýðir í raun að sektir, sem eru lægri en 500 þús. kr., verður að fullnusta með að lágmarki 40 klukkustundum í samfélagsþjónustu. Þetta mun draga úr því að fólk nýti sér þennan kost þegar um er að ræða lægri sektir.

Um 4. og 5. gr.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar þannig að viðkomandi greinar laganna taki til allra dóma en ekki bara refsivistardóma.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 26. gr. laganna til að laga hana að breytingum sem frumvarpið felur í sér. Auk þess er lagt til í e-lið að ef til þess kemur að svipta þarf dómþola heimild til samfélagsþjónustu og fullnusta þarf dóminn með afplánun eða greiðslu sektar verði sá tími sem dómþoli hefur innt af hendi í samfélagsþjónustu fyrst látinn ganga til frádráttar sektinni og síðan refsivistinni. Er þetta í samræmi við markmið frumvarpsins um að jafna mun milli refsitegunda.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið er í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 123 22. desember 1997, um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, með síðari breytingum.

921. Fyrirspurn [537. mál]

til menntamálaráðherra um sparnað í ráðuneytinu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver er árlegur sparnaður menntamálaráðuneytisins, m.a. í launakostnaði, í kjölfar nýrra laga um grunnskóla frá 1995 sem kváðu á um að allur rekstur grunnskóla væri á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga?

Skriflegt svar óskast.

922. Fyrirspurn [538. mál]

til félagsmálaráðherra um sameiningu sveitarfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver voru markmið ráðherra með sérstöku átaki í sameiningu sveitarfélaga sem leiddi til þess að sveitarfélögum fækkaði um 24 árið 1994? Hafa þau markmið náðst?
2. Hver er stefna ráðherra nú varðandi hlutverk og skipulag sveitarstjórnarstigsins?
3. Hver hefur verið þróun:
   a. íbúafjölda,
   b. fjárhags,
   c. stjórnunarkostnaðar,
   d. atvinnustigs,
   e. þjónustustigs,

   í þeim 12 sveitarfélögum sem urðu til við sameiningu sveitarfélaga árið 1994? Hvernig telur ráðherra að þessir þættir muni þróast næstu fimm ár? — Óskað er eftir upplýsingum um síðustu þrjú árin fyrir sameiningu, stöðu þegar sameining gekk í gildi og síðan um breytingar árlega þaðan í frá.

Skriflegt svar óskast.

923. Fyrirspurn [539. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjur og gjöld vatnsveitna.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar voru tekjur vatnsveitna samtals í hverjum kaupstað landsins árin 1996 og 1997 samkvæmt ársreikningum og hverjar voru þær samtals hjá öllum kaupstöðum?
2. Hver voru útgjöld vatnsveitna samtals (samanlögð rekstrargjöld og fjárfestingar) í hverjum kaupstað árin 1996 og 1997 samkvæmt ársreikningum og hver voru útgjöldin samtals í öllum kaupstöðum?
3. Hver er mismunur tekna skv. 1. lið og útgjalda skv. 2. lið og hversu hátt hlutfall af tekjum ársins 1997 er mismunurinn, hvort tveggja reiknað fyrir hverja vatnsveitu fyrir sig?
4. Hverjar voru arðgreiðslur hverrar vatnsveitu árin 1996 og 1997, sundurliðað eftir árum og samtals?

Skriflegt svar óskast.

924. Fyrirspurn [540. mál]

til félagsmálaráðherra um kostnað við grunnskóla.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaga og samtaka þeirra, annar en launakostnaður kennara, sem hefur leitt af breytingum sem urðu samkvæmt nýjum lögum um grunnskóla frá 1995, þar sem kveðið var á um að allur rekstur grunnskóla væri á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga?
2. Telur ráðherra að sveitarfélögin hafi fengið tekjustofna til þess að mæta þeim kostnaði?

Skriflegt svar óskast.

925. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um dómstóla.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

Á undan orðunum „1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.“ í 5. mgr. 2. tölul. 36. gr. komi: skilyrðum.

926. Frumvarp til laga [541. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 220. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef erlent skip skv. 2. og 3. mgr. er rekið eða gert út af íslenskum aðila eða er í ferð á hans vegum er honum heimilt að krefjast þess að sjópróf séu haldin vegna atvika sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., með sömu skilyrðum og þar greinir. Ef áhöfn eða hluti áhafnar eru jafnframt í íslensku stéttarfélagi er viðkomandi stéttarfélagi heimilt að krefjast þess að sjópróf verði haldin vegna sömu atvika.
b. Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 2., 3. og 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðari ár hefur mjög færst í vöxt að íslenskar skipaútgerðir noti í rekstri sínum skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi en manni þau eigi að síður með íslenskri áhöfn, alfarið eða að hluta til. Íslensk löggjöf hefur ekki náð að fylgja þessari þróun að öllu leyti og er í sumum tilfellum nauðsynlegt að laga löggjöfina að þessum veruleika. Má í því sambandi meðal annars benda á breytingu sem gerð var á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, á haustþingi 1997 um að slysatryggja íslenska sjómenn sem starfa um borð í erlendum skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

Samkvæmt siglingalögum er einungis Siglingastofnun Íslands og rannsóknarnefnd sjóslysa heimilt að krefjast sjóprófs þegar um er að ræða erlend skip og skiptir þá engu þótt skipin séu rekin eða gerð út af íslenskum aðilum og mönnuð með íslenskri áhöfn. Upp hafa komið tilvik þar sem slíkt hefur verið til baga og má í því sambandi nefna alvarlegt vinnuslys um borð í kaupskipi sem var í leigu hjá íslenskri útgerð en sigldi undir erlendum fána. Í því tilfelli var útgerðaraðilanum mjög umhugað um að haldin yrðu sjópróf til þess að fullnægjandi sönnun fengist um aðdraganda slyssins. Atvik voru þau að gámagripla slóst í íslenskan sjómann, sem var fulltrúi útgerðarinnar um borð í skipinu, þegar verið var að losa skipið í höfninni í Argentia á Nýfundnalandi, með þeim afleiðingum að hann hlaut beinbrot á hægri lærlegg og missti þrjá fingur hægri handar, auk annarra meiðsla. Íslenska útgerðin, leigutaki skipsins, óskaði eftir því að sjópróf yrðu haldin vegna þessa slyss en héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því með þeim rökum að útgerðarmanni skips væri ekki heimilt að óska sjóprófs þegar um væri að ræða erlend skip.

Mikilvægt er að tryggja bæði stéttarfélögum íslenskra sjómanna og útgerðaraðila skipsins rétt til þess að krefjast sjóprófs í slíkum tilfellum. Er slíkt til að auka réttaröryggi viðkomandi sjómanna og útgerðar þannig að tryggð verði fullnægjandi sönnun á tildrögum slysa og þannig megi með fyrirbyggjandi aðgerðum koma í veg fyrir frekari slys í framtíðinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgerðaraðilum verði tryggður réttur til að krefjast sjóprófa vegna atvika sem verða um borð í skipum sem þeir hafa í sínum rekstri að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr. 220. gr. laganna. Auk þessa er íslenskum stéttarfélögum tryggður sami réttur, þó að því tilskyldu að um sé að ræða skip sem rekin eru eða gerð út af íslenskum útgerðaraðilum.

Tekið skal fram að ákvæði frumvarpsins ber að túlka með þeim fyrirvara sem greinir í 1. gr. siglingalaga um að virða beri reglu þjóðaréttarins við slík sjópróf og við mat á því hvort þau verði haldin.

Útgerðaraðili í frumvarpinu tekur hvort tveggja til útgerðaraðila kaupskipa- og fiskiskipa, hvort sem félög eða einstaklingar standa að slíkum rekstri.

927. Frumvarp til laga [542. mál]

um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Tollgæslufáni er tjúgufáni með silfurlitu upphafstéi (T) í efra stangarreit miðjum.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Fáni forseta Íslands er hinn íslenski tjúgufáni, en í honum, þar sem armar krossmarksins mætast, skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum, ferhyrndum reit.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „samkvæmt 2. gr.“ í 3. mgr. kemur: skv. 2. og 3. gr.
b. 4. mgr. fellur brott.

4. gr.

Í stað orðsins „forsetaúrskurði“ í 7. gr. laganna kemur: reglugerð.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans og fer þá um rannsókn málsins að hætti opinberra mála, en forsætisráðuneytið sker úr um ágreininginn.

6. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: forsætisráðuneytið.

7. gr.

Á eftir orðunum „í samræmi við“ í 10. gr. laganna kemur: ákvæði laga þessara, þar á meðal.

8. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Lög þessi ná jafnframt, eftir því sem við á, til hvers konar skírskotana til eða eftirlíkinga af þjóðfánanum, svo sem áprentana og myndvarpana.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

Heimilt er með leyfi forsætisráðuneytisins að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.

b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 5. mgr. kemur: forsætisráðuneytisins.
c. 6. mgr. orðast svo:
Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

10. gr.

13. gr. laganna orðast svo:
Forsætisráðuneytið skal gefa út reglugerð um notkun og meðferð fánans.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið fellur brott 3. mgr. 29. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar reglugerð skv. 7. og 13. gr. laganna hefur verið sett falla úr gildi forsetaúrskurður nr. 5/1991, um fánadaga og fánatíma, og auglýsing nr. 4/1991, um liti íslenska fánans.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var áður lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97, en varð ekki útrætt. Það er nú lagt fyrir Alþingi á ný í meginatriðum óbreytt, en við það hefur verið aukið nokkrum minni háttar breytingum. Þær koma annars vegar til vegna þess að sérákvæði um póst- og símafána eiga ekki við lengur, en hins vegar til að hnykkja á og styrkja reglur um meðferð mála vegna brota á lögunum. Er nánar gerð grein fyrir þessum breytingum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, en að öðru leyti fer hér á eftir skýrsla nefndar þeirrar er forsætisráðherra skipaði til að endurskoða lög um þjóðfánann á útmánuðum 1995.

Saga íslenska fánans er samofin sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Framan af voru menn ekki á eitt sáttir um gerð fánans og lengi mun ekki hafa verið gerður greinarmunur á fána og skjaldarmerki.

Hinn 13. mars 1897 ritaði Einar skáld Benediktsson grein í blað sitt, Dagskrá, þar sem hann segir að þjóðlitir Íslands séu blátt og hvítt og að krossinn sé hið algengasta og hentugasta flaggmerki. Leggur hann til að fáni Íslands verði hvítur kross á bláum feldi.

Á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur 27. desember 1906 sýndi Matthías Þórðarson, síðar þjóðminjavörður, fánahugmynd sína: hvítan kross á bláum feldi með rauðum krossi innan í hvíta krossinum. Áttu litirnir að tákna fjallablámann, ísinn og eldinn.

Fánatillaga Matthíasar sigraði að lokum, en á þessu stigi hölluðust menn miklu fremur að hugmynd Einars, bláum fána með hvítum krossi. Varð sú fánagerð vinsæl víða, ekki síst eftir að danskt herskip gerði árið 1913 upptækan slíkan fána sem var á kappróðrarbáti á Reykjavíkurhöfn. Hleypti þetta atvik miklum hita í fánamálið.

Að tillögu Hannesar Hafstein ráðherra var 22. nóvember 1913 gefinn út konungsúrskurður um að fyrir Ísland skyldi löggildur vera sérstakur fáni. Gerð hans skyldi ákveðin með nýjum konungsúrskurði þegar ráðherra Íslands hefði haft tök á að kynna sér óskir manna á Íslandi um það atriði. Hér var einungis um að ræða sérfána fyrir Ísland, þ.e. fána sem nota mætti á Íslandi og í íslenskri landhelgi.

Í næsta mánuði eða 30. desember 1913 skipaði svo ráðherra nefnd til þess að taka gerð fánans til rækilegrar íhugunar og koma fram með tillögur um lögun og lit hans.

Í nefnd þessa voru skipaðir Guðmundur Björnsson landlæknir, formaður, Matthías Þórðarson þjóðminjavörður, Ólafur Björnsson ritstjóri, Jón Jónsson (Aðils) dósent og Þórarinn B. Þorláksson listmálari.

Fánanefndin skilaði yfirgripsmikilli skýrslu 1914. Gerðar voru tvær tillögur um liti fánans:

a. fáninn skyldi vera heiðblár með hvítum krossi og hárauðum krossi innan í hvíta krossinum, eða
b. hvítur með heiðbláum krossi og hvítri og blárri rönd utan beggja vegna.

Með tilvísun til konungsúrskurðarins frá 22. nóvember 1913 var gefinn út konungsúrskurður 19. júní 1915 um lögun og liti fánans þannig að þrílita gerðin var ákveðin. Þessi fáni varð svo þjóðfáni er Ísland varð fullvalda ríki 1. desember 1918, sbr. konungsúrskurð 30. nóvember 1918. Hér með var fáninn ekki lengur einungis sérfáni heldur hið þráða fullveldistákn þjóðarinnar.

Þegar lýðveldisstofnunin var undirbúin var rætt um fánann. Ekki kom til breyting á gerð fánans, lögun og litum, heldur notkun hans og meðferð. Þá voru sett gildandi lög um þjóðfána Íslendinga sem voru fyrstu lögin sem nýkjörinn forseti Íslands, Sveinn Björnsson, staðfesti og var það gjört á Þingvelli 17. júní 1944. Voru lögin meðundirrituð af forsætisráðherra, dr. juris Birni Þórðarsyni. Sama dag var gefinn út forsetaúrskurður um fánadaga o.fl.

Hinn 22. júní 1987 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra nefnd til þess að endurskoða reglur varðandi íslenska fánann. Í nefndinni áttu sæti Guðmundur Benediktsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti, Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Pétur Thorsteinsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneyti, og Birgir Thorlacius, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í forsætis- og menntamálaráðuneyti.

Nefnd þessi gerði ekki tillögu um breytingar á lögunum um þjóðfánann. Hins vegar lagði nefndin til að ákveða skyldi og auglýsa staðla um liti fánans. Samkvæmt þessu gaf forsætisráðuneytið út auglýsingu um liti íslenska fánans 23. janúar 1991. Jafnframt lagði nefndin til nokkrar breytingar á forsetaúrskurði um fánadaga sem staðfestar voru með nýjum forsetaúrskurði 23. janúar 1991. Nefndin samdi leiðbeiningar um meðferð fánans sem birtar voru í riti um fána Íslands o.fl. sem forsætisráðuneytið gaf út 1991.

Skipun nefndar.

Hinn 9. mars 1995 skipaði forsætisráðherra, Davíð Oddsson, nefnd til að endurskoða lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga, einkum verndarákvæði þeirra í 12. gr., sem og önnur þau lagaákvæði sem sett hafa verið fánanum til verndar. Var þetta gert í samræmi við ályktun Alþingis frá 6. maí 1994 sem mælti fyrir um þessa nefndarskipun.

Nefndinni var einnig falið að gera tillögur að reglum um meðferð og notkun skjaldarmerkis Íslands — ríkisskjaldarmerkisins.

Í nefndinni áttu sæti Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður, Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrverandi forseti sameinaðs Alþingis, skipaðir án tilnefningar, Andrés Pétursson upplýsingafulltrúi, tilnefndur af Útflutningsráði Íslands, og Magnús Oddsson ferðamálastjóri, tilnefndur af Ferðamálaráði Íslands.

Formaður nefndarinnar var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneyti.

Vinnubrögð.

Starf nefndarinnar hefur ekki einungis lotið að sjálfum lögunum um þjóðfánann heldur einnig að viðfangsefnum sem varða auglýsingu forsætisráðuneytisins 23. janúar 1991 um liti íslenska fánans og forsetaúrskurð 23. janúar 1991 um fánadaga og fánatíma, auk forsetaúrskurðar um skjaldarmerki Íslands, nr. 35 17. júní 1944.

Nefndin hefur leitast við að vinna að verkefni sínu af kostgæfni. Gagna, heimilda og upplýsinga hefir verið aflað á ýmsa vegu. Saga fánans hefir verið skoðuð, svo sem umfjöllun

Alþingis fyrr og síðar og skýrsla fánanefndar 1913. Til umráða hafa verið margháttuð gögn nefndarinnar sem forsætisráðherra skipaði 1987 til að endurskoða reglur varðandi fánann. Leitað hefur verið eftir ráðgjöf og áliti hjá þeim sem hafa til að bera sérfræðilega þekkingu og kunnáttu, einkum að því er varðar staðla til að tengja aukið frjálsræði til notkunar fánans við gæðastjórnun og umhverfisvernd, svo og til að velja nothæfan litastiga til að ákvarða fánalitina. Litið hefir verið á reglur og venjur sem tíðkast um notkun og meðferð þjóðfána og ríkisskjaldarmerkja í öðrum ríkjum, einkum annars staðar á Norðurlöndum. Hafðar hafa verið í huga venjur og starfshættir sem nú tíðkast hjá forsætisráðuneytinu fánanum til verndar. Nefndin hefur haldið marga fundi þar sem málin hafa verið skoðuð af gaumgæfni og ítarlega rædd.

Hér verður gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum og viðhorfum sem liggja til grundvallar tillögum nefndarinnar er varða þjóðfánann.

Tillögur, sem nefndin gerir um skjaldarmerkið, eru settar fram í sérstöku frumvarpi til laga um skjaldarmerki Íslands.

Verkefni.

Þó að skipunarbréf nefndarinnar hljóði upp á endurskoðun laganna í heild er litið svo á að þar undir heyri ekki að breyta gerð fánans, hvorki að lögun né litum. Þá lítur nefndin svo á að ekki komi til mála að setja að formi til ný fánalög og fella úr gildi þau sem fyrir eru. Kemur þar til sögulegt gildi laga sem voru undirrituð á helgistund á Þingvelli við Öxará 17. dag júnímánaðar 1944.

Endurskoðun slíkra laga einskorðast því við breytingar einar og þær óhjákvæmilegar. Slíku er fyrir að fara um nokkur atriði í lögunum auk þess sem nefndinni er sérstaklega falið að endurskoða verndarákvæði 12. gr. og þau lagaákvæði önnur sem sett hafa verið fánanum til verndar.

Verndarákvæði 12. gr. laganna.

Mælt var fyrir ályktun Alþingis um endurskoðun fánalaganna með skírskotun til þess að auka þyrfti frjálsræði um notkun fánans með sérstöku tilliti til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu. Ekki getur orkað tvímælis að rétt sé að gera allt sem verða má til eflingar og framdráttar atvinnulífi og efnahag landsmanna, en notkun fánans í þessum tilgangi er óhjákvæmilega háð því að í engu sé skert þýðing hans sem þjóðfána sem er tákn og ímynd þjóðarvitundar og fullveldis. Það verður því að hafa í heiðri verndarákvæði 12. gr. fánalaganna.

Með tilliti til þessa má í engu lina á hinu almenna ákvæði laganna um verndun fánans þar sem segir að enginn megi óvirða fánann, hvorki í orði né verki. Það ákvæði á að standa áfram að óheimilt sé að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar. Sömuleiðis skal óbreytt að stjórnmálaflokkum sé óheimilt að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Sérheimild til notkunar fánans.

Sérstaklega hafa verið tekin til endurskoðunar ákvæði 4. mgr. 12. gr. laganna þar sem segir að óheimilt sé að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vörum. Hefur þá meginviðfangsefnið verið fólgið í því að leita leiða til að samræma annars vegar tillitið til helgi og virðingar við fánann og hins vegar notkun hans til markaðssetningar á vöru og þjónustu. Niðurstaðan hefur orðið sú að heimila beri þessa tilteknu notkun nema að því er varðar firmamerki.

Gert er ráð fyrir að þetta sé heimilt svo framarlega að framleiðslan eða þjónustan sem í hlut á fylgi ákveðnum íslenskum stöðlum um gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa. Gæðastjórnun felur hins vegar í sér að stjórnendur fyrirtækja viðhafi vinnubrögð, starfsvenjur og stjórnunaraðferðir sem marka og framfylgja þeirri stefnu að tryggja gæði vöru og þjónustu. Stjórnun umhverfisáhrifa felur í sér að gætt sé umhverfisverndar og reksturinn sé svo vistvænn sem verða má. Þannig geta þeir notfært sér fánann til markaðssetningar sem fullnægja tilteknum skilyrðum. Með þessu móti stuðlar heimildin til notkunar fánans að bættri gæða- og umhverfisstjórnun. Þegar á allt er litið hljóta þó gæði vöru og þjónustu jafnan að vera traustasta markaðssetningin. Hlýtur þá að vera af hinu góða að fáninn sé notaður í þessu skyni þegar þess er jafnframt gætt að honum er engin óvirðing gerð þar sem hann er ekki tengdur því sem enginn sómi er að. Með þetta að markmiði er gert ráð fyrir skilorðsbundinni heimild til að nota fánann til markaðssetningar og er það veigamesta breytingin á lögunum sem gerð er tillaga um. Hefur nefndin notið sérfræðikunnáttu og ráðgjafar Staðlaráðs Íslands um aðferðir og leiðir við að binda notkun fánans til markaðssetningar við gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa.

Staðlaráð Íslands hefur að leiðarljósi í starfi sínu að auka vöxt og nýsköpun í atvinnulífi landsmanna og bæta starfsskilyrði þess og vernd og öryggi neytenda. Með því að tengja notkun fánans til markaðssetningar við slíka starfsemi er stuðlað að eflingu íslensks atvinnu- og efnahagslífs.

Aðrar breytingar á lögunum.

Í lögum um þjóðfánann er mælt fyrir um fána hafnsögumanns. Slíkur fáni hefur ekki verið notaður og er ákvæði um hann úrelt. Fylgt er alþjóðareglum um merki hafnsögumanns. Því er lagt til að þetta ákvæði laganna verði fellt niður.

Í gildandi lögum er kveðið á um að engin merki önnur en þau sem tilgreind eru megi nota í þjóðfánanum. Hér er ekki tiltekið merkið í fána forseta Íslands samkvæmt forsetaúrskurði 8. júlí 1944. Er lagt til að bætt verði úr þeirri vangá með því að nefna merki forsetans með öðrum merkjum sem lögin heimila að séu í fánanum.

Samkvæmt lögunum skal með forsetaúrskurði kveða á um fánadaga og fánatíma. Þar sem nauðsyn krefur og gert er ráð fyrir að reglugerð verði sett um notkun og meðferð fánans þykir rétt til samræmis að þar verði mælt fyrir um fánadaga og fánatíma. Því er gerð tillaga um slíka breytingu.

Þá er í nokkrum tilvikum vísað til dómsmálaráðuneytisins í lögunum um þjóðfánann. Hér er um að ræða verkefni sem forsætisráðuneytið hefur nú með höndum, sbr. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, 2. gr. Þykir því rétt að lögfesta þetta þannig að í stað dómsmálaráðuneytis komi forsætisráðuneyti. Gerðar eru tillögur um þessar breytingar sem þykja óhjákvæmilegar enda í samræmi við það sem hefur viðgengist í þessum efnum.

Í samkeppnislögum er lagt bann við að selja vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum. Þykir rétt að þetta sé í lögum um þjóðfánann sem annað er fánann varðar. Er gerð tillaga um að svo sé.

Engar aðrar breytingar gerir nefndin að tillögu sinni við sjálf lögin um þjóðfánann.

Auglýsing um liti fánans.

Mikilvægt er við gerð fánans að nákvæmni sé gætt í litum hans. Ber að hafa þá fánaliti sem fyrir er mælt. Það þýðir að litir fánans eiga ekki að vera breytilegir. Miklar brotalamir hafa verið í framkvæmd á þessari óhjákvæmilegu reglu.

Þetta kann að eiga sér rætur að einhverju leyti í þeim breytingum sem í tímans rás hafa orðið á orðalagi í fyrirmælum um liti fánans, sbr. konungsúrskurð 19. júní 1915, konungsúrskurð 30. nóvember 1918 og fánalögin 17. júní 1944. Í konungsúrskurðunum er heiðblái liturinn auðkenndur ultramarine-blár en þeirri skilgreiningu sleppt úr gildandi lögum. Óljóst er hvaða litur heiðblár er því að heiðbláminn getur verið mismunandi. Sama óvissa er um ultramarine-bláma og ekki einhlít skýring á þeim lit. Stöðugleika bláa litarins hefur þannig einkum verið áfátt í gerð fánans, en einnig kemur hér til sögu rauði liturinn þó að litamismunar gæti þar síður en í bláa litnum. Samt hefur viðgengist talsverður munur á ljósrauðustu litunum og hinum dekkstu. Þess er og að geta að samkvæmt fánalögunum skal rauði liturinn vera eldrauður en í konungsúrskurðunum var hann skilgreindur hárauður. Hvíti liturinn, sem áður var óskilgreindur, er nú í fánalögunum auðkenndur *mjallhvítur*. Þessi litur sést samt yfirleitt ekki skjannahvítur eða línhvítur heldur gráhvítur eða jafnvel kremhvítur.

Það ræður af líkum að breytilegir fánalitir hafa ekki verið til sóma og raunar vanvirða við það þjóðartákn sem fáninn er. Ekki einungis hafa mismunandi litir í fánanum stungið almenning í augu heldur og stundum valdið hvimleiðum vanda, svo sem fyrir sendiherra Íslands víða um lönd. Svo rammt kvað að þessu að á fyrstu árum lýðveldisins tók forseti Íslands sig fram um að vekja athygli á vandanum og benda á leiðir til úrbóta. Það virðist hafa komið fyrir ekki. Lítið sem ekkert var löngum gert til úrbóta. Furðulegt má raunar heita að framkvæmdinni var jafnt ábótavant varðandi ríkisfánann og almenna fánann. Ættu þó að hafa verið hæg heimatökin hjá ríkisvaldinu að sjá svo um að fánarnir sem það sjálft notaði væru rétt til gerðir að lögum.

Skipulegar aðgerðir til að ráða bót á þessu ástandi komu ekki til fyrr en með fánanefndinni 1987. Nefnd þessi lagði til að hagnýtt yrði sérstök tækni sem nota mætti við gerð fánans. Litir fánans skyldu miðaðir við tiltekna litaformúlu til að leitast við að tryggja að hann verði ávallt í réttum litum. Samkvæmt þessu gaf forsætisráðuneytið út auglýsingu 23. janúar 1991 um liti íslenska fánans. Þar segir að litirnir miðist við svokallaðan Scotdic-litastiga. Þá voru litir fánans í fyrsta sinni tilgreindir í litastiga.

Reynslan af þessari skipan er sú að greining fánalitanna í þessari auglýsingu hefur ekki gagnast sem skyldi. Er þetta annars vegar vegna þess að Scotdic-litastiginn er lítt þekktur eða óþekktur hjá birgjum sem íslensk fyrirtæki í saumaskap og prentiðnaði skipta við og því virðist einsýnt að kerfið hentar ekki til þeirra nota sem það er ætlað. Hins vegar getur þetta litakerfi aðeins gagnast við litun á textíl. Að vísu má líta svo á að fánaliti þurfi ekki að skilgreina nema fyrir taudúka vegna þess að fánar til flöggunar verði ekki gerðir úr öðrum efnum. Fáni prentaður á blað eða varpað á skjá sé aðeins skírskotun eða eftirlíking af hinum raunverulega fána og því þurfi ekki að hirða um nákvæmni lita þegar svo háttar til. En með því að nú er lagt til að rýmka reglur um notkun fánans sérstaklega til markaðssetningar og nota hann þannig áprentaðan við framboð vöru og þjónustu er, þó að ekki sé af öðrum ástæðum, full þörf á og e.t.v. óverjandi annað en að hægt sé að skilgreina hann jafnframt í litastiga fyrir prentun.

Með tilliti til þessa þykir einsýnt að taka beri upp annan litastiga fyrir fánann en mælt er fyrir í auglýsingunni frá 1991. Er þá að velja milli ýmissa litastiga sem notaðir eru í þessu skyni.

Við val á litakerfi fyrir íslenska fánann eru nokkur atriði sem gera verður væntingar um. Litakerfi verður að fullnægja vissum kröfum. Skilgreining á litum þarf að vera skýr. Í litakerfinu á að vera hægt að lýsa litum fánans þannig að enginn vafi leiki á hvort litirnir séu innan ákveðinna, heimilaðra marka. Kerfið þarf að vera eins einfalt í notkun og kostur er án þess að fórnað sé kröfum um vel skilgreinda liti. Þá þarf litakerfið að vera vel þekkt á alþjóðlegum markaði. Er þetta nauðsynlegt til að tryggja aðgengi að réttum litum til nota við gerð fánans,

hvort sem er úr textíl eða með prentun. Hægt þarf að vera að nota litakerfið til að lýsa litum á textíl, í prentun og á skjá. Til þess að þetta megi verða verður kerfið að vera þekkt og notað í öllum þessum greinum. Að auki þarf að vera rekjanlegt samræmi á milli lita frá einni notkunargrein til annarrar. Enn fremur er nauðsynlegt að hægt sé að nota kerfið á einfaldan hátt til þess að fylgjast með og ganga úr skugga um að litir á fánanum í notkun séu innan settra marka. Jafnframt þarf að tryggja að litir fánans séu innan leyfilegra marka í textílfánum þó að um mismunandi efni sé að ræða.

Svo vill til að við eftirgrennslan hefur komið í ljós að það litakerfi sem framleiðendur notast við og er þekktast hér á landi er svokallað Pantone-litakerfi. Þetta kerfi má nota alhliða, jafnt fyrir prentun sem textíl. Af þessum ástæðum hefur nefndin haft augastað sérstaklega á Pantone-kerfinu. Það hefur verið tekið til gagngerðrar yfirvegunar og sérstaklega metið hvernig það svarar þeim væntingum sem gera verður í þessum efnum. Eftir vandlega skoðun og ítarlega athugun er það mat nefndarinnar að Pantone-litakerfið fullnægi þeim kröfum sem gera verði til litakerfis fyrir íslenska fánann. Nefndin hefur notið ráðgjafar og sérfræðilegrar kunnáttu við þetta viðfangsefni frá Iðntæknistofnun Íslands og sérmenntuðum textílhönnuði. Með frumvarpi þessu fylgir tillaga að auglýsingu um liti íslenska fánans.

Reglugerð um notkun og meðferð fánans.

Nefndin gerir tillögu að reglugerð um notkun og meðferð fánans. Kemur þar þegar til að nauðsyn ber til að útfæra hina veigamiklu breytingu sem frumvarpið felur í sér á 12. gr. fánalaganna.

Hins er svo að gæta að hvergi er að finna í heilsteyptu formi þær alþjóðavenjur um þjóðfána sem viðgangast og helgaðar eru af venju hér á landi. Þó er við að styðjast leiðbeiningar um meðferð fánans sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið gaf út 1. desember 1965. Einnig er um þetta efni samantekt fánanefndarinnar frá 1987. Leiðbeiningar þessar hafa ekki verið teknar upp með formlegri stjórnvaldstilskipan, svo sem ákvæðin um fánadaga.

Í reglugerð þeirri sem lögð er til er að finna efni sem verið hefur á víð og dreif auk veigamikilla viðbóta sem ýmist eru allsendis nauðsynlegar eða rétt þykir að láta fylgja með.

Vegna þessa ræður af líkum að efni reglugerðarinnar er mjög misjafnt að vægi, allt frá ófrávíkjanlegum fyrirmælum til þess sem er í átt að leiðbeiningum eða tilmælum um æskilega meðferð og notkun fánans.

Með frumvarpi þessu fylgir tillaga að reglugerð um notkun og meðferð fánans.

Notkun fánans og virðing fyrir honum.

Á árinu 1944 samþykkti Alþingi ályktun þar sem lýst var yfir þeirri ósk og beint áskorun til landsmanna að efld sé og aukin notkun fánans og virðing fyrir honum sem tákni hins íslenska þjóðernis og fullveldis.

Þingsályktun þessi fól ríkisstjórninni að hvetja bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir um allt land og félög og félagasamtök er vinna að menningar- og þjóðernismálum til þess að beita áhrifum sínum í þá átt að sem flest heimili, stofnanir og fyrirtæki eignuðust íslenska fána, kæmu sér upp fánastöngum og drægju íslenska fánann að hún á hátíðlegum stundum. Þetta gerðist í aðdraganda að stofnun lýðveldisins og hafði áhrif fyrir og eftir þann mikla viðburð. Eftir það er ekki vitað að unnið hafi verið markvisst eftir þingsályktun þessari. Samt er vilji Alþingis enn í fullu gildi. Naumast verður þó annað sagt en að á skorti að almenningur tileinki sér æskilega notkun fánans og virðingu fyrir honum sem sæmir.

Hér er því fullkomin ástæða til að taka til hendi en ekki verður komið við fyrirmælum heldur hvatningu. Hugarfarsbreyting þarf að koma til og er þá mest um vert til framtíðar litið

að æsku landsins sé innrætt gildi fánans og virðing fyrir honum. Ber því auk þess að beita þeim ráðum, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir, að efla sem mest skilning og tilfinningu fyrir fánanum í öllum grunnskólum landsins.

Nefndin telur að forsætisráðuneytið eigi að taka til sinna ráða í þessu efni þar sem fáni Íslands heyrir nú undir það ráðuneyti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna hefur póst- og símafáni verið ríkisfáninn, tjúgufáni, með sérstöku merki í efra stangarreit miðjum. Eftir að Póst- og símamálastofnun var færð úr opinberu í einkaréttarlegt rekstrarumhverfi og póst- og símaþjónusta að mestu gefin frjáls á hvorki við að slík fyrirtæki hafi heimild til að auðkenna fána sína með sérstöku merki né heldur til að nota fána, sem eingöngu eru ætlaðir opinberum stofnunum, en heimild til að setja póst- og símamerkið í fánann náði, eðli máls samkvæmt, eingöngu til tjúgufánans.

Ákvæði um tollfánann er efnislega óbreytt.

Um 2. gr.

Hér er að finna ákvæði um fána forseta Íslands sem er óbreytt tekið úr forsetaúrskurði nr. 40/1944, en rétt þykir að taka það upp í lögin, m.a. með tilliti til 4. gr. þeirra.

Jafnframt er fellt brott ákvæði 3. gr. um fána hafnsögumanns. Þar var svo mælt fyrir að sá fáni væri hinn almenni þjóðfáni með hvítum jöðrum á alla vegu jafnbreiðum krossunum.

Fáni þessi mun ekki hafa verið notaður á Íslandi. Almennt nota skip alþjóðamerkjafána til þess að kalla á leiðsögu- eða hafnsögumann og til að gefa til kynna að skip hafi hafnsögumann um borð. Hafnsögubátar nota alþjóðamerkjafánann til auðkennis frá öðrum skipum.

Um 3. gr.

Í 3. mgr. 5. gr. er fjallað um heimild til að nota tjúgufánann á skip sem ríkið tekur á leigu til embættisþarfa. Rétt þykir að heimild til að flagga tjúgufánanum á slíkum skipum taki eftir atvikum jafnframt til fána forseta Íslands, sbr. a-lið.

Breyting í b-lið miðar að því að fella brott heimild til að nota póstfánann á slíkum skipum, sbr. þá breytingu sem 1. gr. frumvarpsins felur í sér.

Um 4. gr.

Í stað þess að kveðið hefur verið á um fánadaga og fánatíma með forsetaúrskurði er hér mælt fyrir um að það skuli gert í reglugerð. Með því að nú þykir nauðsyn að setja reglugerð um notkun og meðferð fánans sem ekki var áður fyrir að fara er eðlilegt að allt efni sem slíkt varðar sé fært þar undir.

Um 5. gr.

Reglur laganna um málsmeðferð við brotum á þeim hafa valdið nokkrum vafa um hvernig á skuli haldið. Í 14. gr. laganna er að finna refsiheimildir og viðurlagaákvæði, sem eðli máls samkvæmt fara að hætti opinberra mála. Samkvæmt 8. gr. laganna ber forsætisráðuneyti hins vegar að skera úr um ágreining um rétta meðferð fánans. Til að taka af öll tvímæli þykir rétt að á því verði hnykkt að lögreglan rannsaki þau mál sem upp kunna að koma en skili þeirri rannsókn til forsætisráðuneytisins. Ráðuneytið kveður þá upp úrskurð á grundvelli þeirrar rannsóknar og getur, eftir atvikum, vakið athygli ríkissaksóknara á niðurstöðu sinni.

Um 6. gr.

Hér er gerð breyting til samræmis við auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, 2. gr.

Um 7. gr.

Eftirlit lögreglu hefur skv. 10. gr. laganna einungis tekið til þess hvort fáninn sé að gerð og lögun eins og reglur gera ráð fyrir og ekki svo upplitaður eða slitinn að verulega víki frá réttum litum hans. Ástæða þykir til að hnykkja á því lögreglunni ber að hafa eftirlit með að meðferð fánans sé í samræmi við öll ákvæði fánalaganna, en ekki einungis að því leyti sem þegar er getið.

Um 8. gr.

Gildissviðsákvæði laganna hefur verið orðað þannig að þau taki aðeins til fána sem notaðir eru á venjulegan hátt, þ.e. þegar þeir eru dregnir að húni til flöggunar. Á hinn bóginn má ljóst vera að verndarákvæðum laganna er jafnframt ætlað að ná til margvíslegrar annars konar notkunar. M.a. vegna þess að meginbreyting frumvarps þessa felst í því að rýmka reglur um notkun fánans í öðru skyni en til flöggunar þykir rétt að gildissvið laganna verði fært út með þeim hætti sem hér er lagt til.

Um 9. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna fjallar um firmamerki, vörumerki, söluvarning, umbúðir og auglýsingar á vöru eins og í gildandi lögum en sá er munur á að hér er það heimilað sem áður var óheimilt, nema óheimilt er áfram að nota fánann í firmamerki. Þá er í upptalningu málsgreinarinnar bætt við orðinu „þjónusta“ þannig að aukið frjálsræði um notkun fánans nær ekki einungis til vöru heldur og til þjónustu.

Við þessari breytingu eru slegnir varnaglar. Leyfi forsætisráðuneytisins þarf að koma til svo að heimilt sé að nota fánann svo sem hér greinir. Það skilyrði er sett að sú starfsemi sem í hlut á fullnægi vissum gæðakröfum. Áréttað er ákvæði 1. mgr. 12. gr., um að eigi megi óvirða fánann, þannig að aukið frjálsræði breytir engu þar um. Gert er ráð fyrir að forsætisráðuneytið setji reglugerð sem kveði nánar á um þessi efni í framkvæmd.

5. mgr. er breytt til samræmis við reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Í c-lið er lagt til að núverandi ákvæði 6. mgr. um að dómsúrskurðar skuli aflað vegna brota á verndarákvæðunum falli brott, enda fer það hvorki saman við nútímastjórnarfar né önnur málsmeðferðarákvæði. Þess í stað er lagt til að ákvæði sambærilegt því sem er í 3. mgr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, verði tekið upp í þessi lög og fellt brott úr samkeppnislögum, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Þessi grein mælir svo fyrir að gefin skuli út reglugerð um notkun og meðferð fánans en áður mátti gera það ef þörf krefði.

Um 11. gr.

Gildistökuákvæði þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Fylgiskjal I.

Tillaga að auglýsingu um liti íslenska fánans.

Litir þjóðfána Íslendinga miðast við Pantone-litakerfið þannig:

Textíl.

Heiðblái liturinn:	Pantone nr. 19-4056 TC
Mjallhvíti liturinn:	Pantone nr. 11-0602 TC
Eldrauði liturinn:	Pantone nr. 19-1663 TC

Prentun í sérlit.

Heiðblái liturinn:	Pantone nr. 287
Mjallhvíti liturinn:	Hvítt
Eldrauði liturinn:	Pantone nr. 1795

Prentun í fjórlit.

Heiðblái liturinn:	C: 100%	M: 69%	Y: 0%	BK:11,5%
Mjallhvíti liturinn:	C: 0%	M: 0%	Y: 0%	BK: 0%
Eldrauði liturinn:	C: 0%	M: 94%	Y: 100%	BK: 0%

Skjár.

Heiðblái liturinn:	C: 42%	M: 45%	Y: 0%	BK:60%
Mjallhvíti liturinn:	C: 0%	M: 6%	Y: 23%	BK: 3%
Eldrauði liturinn:	C: 0%	M: 70%	Y: 80%	BK: 36%

Leyfileg frávik frá skilgreindum litum eru 2,5% samkvæmt Basic Colorimetric Display framsetningunni. Taka skal úr notkun fána ef einhver litur hans er utan leyfilegra marka.

Nánari upplýsingar um fánalitina veitir forsætisráðuneytið og erlendis sendiráð Íslands.

Fáninn í réttum litum og hlutföllum skal vera til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands og hjá lögreglustjórum landsins.

Ákvæði þessi eru sett skv. 13. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

Auglýsing um liti íslenska fánans 23. janúar 1991 er hér með felld úr gildi.

Skýringar við auglýsingu þessa.

Samkvæmt 1. mgr. eru litir fánans miðaðir við tiltekna litaformúlu, svokallað Pantone-litakerfi. Þessi aðferð er byggð upp með sýnishornum af litum sem raðað er í kerfi og sett saman á litaspjöldum þar sem fæst yfirlit yfir hvaða liti kerfið hefur upp á að bjóða. Hverju sýnishorni er gefið ákveðið númer. Hagnýting þessa kerfis er fólgin í tilvísun til þeirra litasýnishorna sem miða skal liti fánans við.

Hér eru litir fánans tilgreindir í textíl, prentun og á skjá. Textíllitir eru grunnviðmiðun fyrir liti fánans en samsvarandi afleiddir litir í prentun og á skjá eru fundnir samkvæmt forskrift sem Pantone Color Drive forrit gefur um samsvörun lita. Prentlitir fánans eru gefnir upp bæði fyrir prentun í sérlit og í fjórlit vegna þess að þær prentaðferðir eru notaðar jöfnum höndum og því eru fánalitirnir settir fram á báða vegu. Í prentun í sérlit eru Pantone-númer ekki notuð fyrir mjallhvíta litinn þar sem gert er ráð fyrir að prentað sé á hvítan bakgrunn.

Tilvísun er í númer fyrir hvern lit. Þessi númer vísa til lita sem samsvara fánanum eins og hann er ákveðinn í fánalögunum og á mynd sem var birt með fylgiskjali þeirra í Stjórnartíðindum 1944. Svo er og miðað við tausýnishorn frá 1944 með litum fánans eins og upphaflega var gert ráð fyrir þegar fánalögin voru sett. Sýnishorn þessi eru varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands. Enn fremur er tekið mið af sýnishornum sem forsætisráðuneytið gaf út 1991, Litir íslenska fánans.

Í 2. mgr. er kveðið á um leyfileg frávik frá hinum tilgreindu litum fánans í 1. mgr. Kemur það til af því að gera verður ráð fyrir að blæbrigði geti orðið á lit fánans. Vegna mismunandi þéttleika í vefnaði getur áferð orðið misglansandi. Einnig taka efni misvel við lit og af þeim ástæðum geta einnig komið fram blæbrigði. Hafa þarf og í huga að fánar upplitast með tíð og tíma. Með því að hjá blæbrigðum verður ekki komist er viðfangsefnið að setja takmörk fyrir því hvað litir fánans megi bregða mikið út frá hinum rétt tilgreindu. Er slíkt gert erlendis þar sem vandað er til verka við gerð þjóðfána.

Leyfileg frávik frá skilgreindum litum til notkunar í fána eru ákveðin 2,5% frá uppgefnu litanúmeri. Nota skal CMC-jöfnu við útreikninga. Litur er þá mældur í litmæli og niðurstöður settar fram með „Basic Colorimetric Display“ aðferðinni sem samanstendur af töflu með upplýsingum um niðurstöður mælinga á sýni og viðmiðunarsýni, ásamt upplýsingum um tækjastillingar og litamun. Auk þess er sýnt á grafi hver afstaða sýnisins er í litrúminu í samanburði við viðmiðunarsýni. Lagt er til að efni, sem keypt er inn og ætlað til notkunar í fána, sé mælt á þennan hátt áður en framleiðsla á fánum úr því hefst. Þessi aðferð er kunn innan þeirra iðngreina sem málið varða og eiga því birgjar og framleiðendur að geta nýtt sér þessa tækni.

Með þessum viðbúnaði má meta hvort fánar eru réttir að lit eða notkun þeirra heimil. Þeir fánar, sem eru með einhvern lit utan leyfilegra marka, eru ólöglegir og taka skal þá úr notkun. Þetta ákvæði á við fána sem koma til eftir að reglur þessar eru settar. Til að framfylgja reglum um fánaliti skiptir meginmáli að séð sé um að taudúkar, sem framleiðendur og birgjar hafa á boðstólum til fánagerðar, séu í tilskildum litum og eigi séu fánar til sölu nema rétt gerðir.

Fyrirmæli um skjáliti fánans geta einungis átt við um tölvuunnar myndir, svo sem í upplýsingakerfum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að forsætisráðuneytið og sendiráðin veiti nánari upplýsingar um fánalitina. Hér er meðal annars átt við að forsætisráðuneytið gefi út og hafi á reiðum höndum sýnishorn af litum fánans jafnframt skilagóðri lýsingu á meðferð og hagnýtingu Pantone Color Drive forrits og Basic Colorimetric Display aðferðarinnar.

Ekki gerist þörf á að skýra 4.–6. mgr.

Fylgiskjal II.

Tillaga að reglugerð um notkun og meðferð þjóðfána Íslendinga.

I.
Hinn almenni þjóðfáni.

Heimild til að nota fánann.

1. gr.

Öllum er heimilt að nota hinn almenna þjóðfána, enda sé farið að lögum og reglum sem um hann gilda.

Fánann má nota við öll hátíðleg tækifæri, jafnt þau sem tengjast einkalífi sem önnur, eða á sorgarstundum.

Fánastengur og fánastærð.

2. gr.

Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng sem reist er á jörðu.

3. gr.

Þegar fánastöng er reist á jörðu skal lengd hennar vera fimm sinnum breidd fánans. Ef stöngin er upp af þaki húss eða skáhallt út frá húsi skal hún vera 2 1/2 sinnum breidd fánans.

Fáni dreginn á stöng.

4. gr.

Fána á að draga að hún með jöfnum hraða og skal efra horn hans falla að húninum. Fánalínan skal vera vel strekkt svo að fánajaðar liggi ávallt við stöng. Þegar fáni er dreginn niður á það að gerast með jöfnum hægum hraða. Gæta skal þess að fáni snerti ekki jörð, vatnsyfirborð eða gólf hvort heldur hann er dreginn á stöng eða dreginn niður.

Fánadagar.

5. gr.

Sérstaklega er við hæfi að fáni sé dreginn á stöng eftirgreinda daga:

1. Fæðingardag forseta Íslands.
2. Nýársdag.
3. Föstudaginn langa.
4. Páskadag.
5. Sumardaginn fyrsta.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudag.
8. Sjómannadaginn.
9. 17. júní.
10. 1. desember.
11. Jóladag.

Alla framangreinda daga skal draga fánann að hún nema föstudaginn langa, þá í hálfa stöng.

6. gr.

Hverja daga aðra en segir í 5. gr. og við hvaða tækifæri skal flagga fer eftir ákvörðun forsætisráðuneytisins.

Fánatími.

7. gr.

Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi vera uppi lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.

Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

Fáni í hálfa stöng.

8. gr.

Þegar draga skal fána í hálfa stöng skal það gert með þeim hætti að fáninn er fyrst dreginn að hún og síðan lækkaður svo að 1/3 stangarinnar sé fyrir ofan efri jaðar fánans.

Við jarðarfarir skal fáninn dreginn að hún þegar greftrun er lokið og skal hann blakta þar til kvölds til virðingar við hinn látna.

Fáni á líkkistu.

9. gr.

Sé líkkista sveipuð fánanum skal krossmarkið vera við höfðalag og eigi skal leggja neitt ofan á fánann. Hvorki má kasta rekunum á fánann né láta hann síga niður í gröf.

Fánahylling.

10. gr.

Þegar hylla á fána er hann borinn á hyllingarstað samanbrotinn og liggjandi á öxl eða handlegg þess sem kemur með hann eða þaninn milli handgripa fjögurra til átta manna.

Fari fánahylling fram undir berum himni er fáninn dreginn að hún. Fari hylling fram innan húss er æskilegt að fáninn sé borinn inn á stöng sem komið verði fyrir á hyllingarstað.

Þjóðfáninn með sérfánum.

11. gr.

Ekki má hafa þjóðfánann inn á milli merkja eða fána héraða, sveitarfélaga, stofnana, félaga og fyrirtækja. Skal þjóðfánanum haldið aðskildum frá slíkum fánum eða fánaborgum. Sé sérfánunum hvirfilraðað má þó íslenski fáninn vera í miðju milli þeirra.

12. gr.

Heimilt er að hafa þjóðfánann uppi á samkomum með sérfánum þeirra sem eru aðilar að eða standa að mannamótum þeim sem um er að ræða. Skal þá þjóðfáninn vera lengst til vinstri séð frá áhorfanda þegar komið er að fánastað.

Íslenski fáninn með öðrum þjóðfánum.

13. gr.

Á milliríkjamótum eða öðrum fjölþjóðlegum samkomum má hafa uppi þjóðfána erlendra ríkja ásamt íslenska fánanum.

Í röð þjóðfána skal íslenski fáninn vera lengst til vinstri séð frá áhorfanda þegar komið er að fánastað en öðrum þjóðfánum raðað til hægri frá honum í stafrófsröð íslenskra heita hlutaðeigandi ríkja.

Sé þjóðfánum hvirfilraðað má íslenski fáninn vera í miðju milli hinna fánanna.

14. gr.

Þegar íslenski fáninn er hafður uppi ásamt erlendum þjóðfánum skal leitast við að hafa alla fánana af sömu stærð. Ef fánarnir eru á stöngum og ekki unnt að draga þá alla samtímis að hún eða niður skal íslenski fáninn dreginn fyrstur að hún og síðastur niður.

15. gr.

Heimilt er, ef heiðra skal við sérstakt tækifæri ákveðna erlenda þjóð eða milliríkjastofnun, að hafa fána slíks aðila milli íslenska fánans og þess þjóðfána sem annars ætti að vera næstur honum.

Ekki má raða sérfánum eða einkennismerkjum, hvort heldur einkaaðila eða opinberra aðila, inn á milli þjóðfána. Slíkir fánar skulu hafðir í röðum eða þyrpingum aðskildum frá þjóðfánum.

16. gr.

Aldrei má hafa tvo eða fleiri þjóðfána á sömu stöng.

Séu íslenski fáninn og erlendur þjóðfáni hengdir á vegg á stöngum sem liggja í kross skal íslenski fáninn vera til vinstri séð frá áhorfanda og stöng hans yfir stöng hins fánans.

Reglur fánanum til verndar.

17. gr.

Enginn má óvirða fánann, hvorki í orði né verki.

Engin merki má hafa í fánanum nema heimiluð séu í hinum sérstöku ríkisfánum.

Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum fánans skulu vera til sýnis þar sem forsætisráðuneytið ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum.

Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá sem gerðir eru með réttum litum og hlutföllum reita og krossa. Óheimilt er að nota fána sem ekki eru gerðir í samræmi við sýnishorn þau er greinir í 3. mgr. Óheimilt er og að draga á stöng fána sem er upplitaður, óhreinn, trosnaður eða skemmdur að öðru leyti og ber jafnan að lagfæra hann strax, að öðrum kosti skal hann ónýttur með því að brenna hann. Má gera slíka fána upptæka ef notaðir eru á stöng eða sýndir á almannafæri utan eða innan húss.

Óheimilt er að nota fánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða sams konar skilríkjum.

Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota fánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

Ýmis meðferð fánans.

18. gr.

Sé fáni á stöng við altari, ræðustól eða ræðuborð, leiksvið eða annan sambærilegan stað skal hann vera vinstra megin séð frá áhorfanda. Séu fánarnir tveir skulu þeir vera sinn til hvorrar handar.

Sé fáni hengdur á vegg skal hann liggja slétt við vegginn og minni reiturinn vera ofan til eða lengst til vinstri frá sjónarhorni áhorfanda.

Eigi má nota fánann til að sveipa með honum styttu eða annan hlut og enginn má nota hann sem klæði á sjálfan sig eða hlífðarfat, borðdúk eða gólfábreiðu.

Þegar um burðarfána er að ræða, þ.e. þjóðfána á burðarstöng, má naglfesta jaðar hans á stöngina.

Brjóta skal fánann saman í þrennt að endilöngu og síðan leggja hann saman í þríhyrnu eða vefja hann upp þannig að eingöngu blái liturinn snúi út. Fáninn skal ávallt geymdur á öruggum stað. Fáni, sem hefir blotnað, skal eigi brotinn saman til geymslu fyrr en hann hefur þornað.

Sérheimild til notkunar fánans.

19. gr.

Heimilt er að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vöru eða þjónustu með leyfi forsætisráðuneytis enda sé fánanum ekki óvirðing gerð.

Með umsókn um slíka heimild skal fylgja yfirlýsing umsækjanda um að rekstur, framleiðsla eða þjónusta sem í hlut á fylgi tilteknum íslenskum stöðlum um gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa.

Ef ráðuneytið metur umsóknina fullnægjandi heimilar það íslenskum lögaðila, fyrirtæki eða einstaklingi þá notkun fánans sem sótt er um.

20. gr.

Ef skrásett hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem þjóðfáninn er notaður án heimildar skal afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu forsætisráðuneytisins. Ef maður setur án heimildar þjóðfánann á söluvarning, umbúðir hans eða í auglýsingu á þjónustu skal fenginn dómsúrskurður um að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til sölu sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra svo framarlega sem þær eru þá í vörslum hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.

Fánar á skipum og bátum.

21. gr.

Almennar reglur um notkun og meðferð fánans gilda jafnt á sjó sem á landi eftir því sem við á og við verður komið.

22. gr.

Öll skip skulu vera búin fánanum. Hann skal vera hæfilega stór með tilliti til stærðar skipsins og skal hann líta óaðfinnanlega út.

23. gr.

Á skipum skal fánastöng komið fyrir í skut eða á ráarenda aftur af því siglutré sem aftast er. Sé um smáskip eða báta að ræða má draga fánann að hún á siglutré eða aftasta siglutré ef fleiri eru en eitt.

24. gr.

Skip má hafa fánann uppi utan reglulegs fánatíma ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Skip á að jafnaði að hafa fánann uppi á fánatíma.

26. gr.

Þegar skip sigla þétt hvort fram hjá öðru í höfn eða á hafi úti og heilsa í kurteisis- og viðurkenningarskyni skal það gert þannig:

Skip það, sem frumkvæði á, dregur sinn fána niður með hægum og jöfnum hraða þannig að neðri jaðar fánans nemi við borðstokk eða, ef um rá er að ræða, við þrjár til fjórar fánabreiddir undir ráarenda. Í þessari stöðu er svo beðið með fánann þar til skipið, sem heilsað er, hefur svarað kveðjunni til fullnustu.

Það skip svarar kveðjunni með því að draga sinn fána niður með hægum og jöfnum hraða þannig að neðri jaðar fánans nemi við borðstokk eða, ef um rá er að ræða, við þrjár til fjórar fánabreiddir undir ráarenda og án tafar aftur upp.

Skipið sem frumkvæði átti lýkur nú kveðjunni með því að draga sinn fána að hún með hægum og jöfnum hraða.

II.

Ríkisfáninn (tjúgufáninn).

27. gr.

Reglur um notkun og meðferð hins almenna þjóðfána gilda um ríkisfánann eftir því sem við á.

28. gr.

Ríkisfánann nota Alþingi, ríkisstjórn, Hæstiréttur, dómstólar, ráðuneyti, stjórnsýslustofnanir ríkisins og fulltrúar utanríkisráðuneytisins erlendis, sendiráð og ræðisskrifstofur.

Forsætisráðuneytið getur heimilað stofnun ríkisins, þó að ekki fari með stjórnsýslu, að flagga með ríkisfánanum ef slík notkun styðst við venju.

29. gr.

Ríkisfánann má aðeins nota á húsum og við hús sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis.

Þótt hús sé eign ríkisins eða ríkisstofnana má ekki nota ríkisfánann á því ef leigt er að mestu leyti eða öllu einstaklingum, einkafyrirtækjum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota ríkisfánann á húsi sem er í einkaeign ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

30. gr.

Draga skal ríkisfánann á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valdsmanna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, á fánadögum skv. 5. gr.

31. gr.

Póst- og símafáni er eingöngu notaður á byggingum og farartækjum í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar.

32. gr.

Tollgæslufáni er eingöngu notaður á byggingum og farartækjum í þágu tollgæslunnar.

33. gr.

Á skipi má aðeins nota ríkisfánann ef það er í eigu ríkisins eða ríkisstofnunar og notað í þágu stjórnsýslu ríkisins.

Ef ríkið tekur skip á leigu vegna stjórnsýslu, svo sem strandgæslu eða annarrar löggæslu, má nota ríkisfánann.

III.

Ýmis ákvæði.

Smáfánar og fánaveifur.

34. gr.

Um borðfána, skrautfána, bílfána og aðra smáfána fer, að því er varðar liti og stærðarhlutföll reita og krossa, samkvæmt almennum reglum um þjóðfánann, ákvæðum fánalaga og auglýsingu um fánaliti.

35. gr.

Eigi hafa aðrir íslenska ríkisfánann á bifreiðum en forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar sem geta notað hann þegar þeir ferðast í bifreið í embættiserindum.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins erlendis, sendiherrar og ræðismenn mega nota ríkisfánann á bifreiðar sínar.

36. gr.

Hinar almennu reglur um þjóðfánann gilda ekki um fánaveifur, fánaoddveifur og fánaborða að öðru leyti en því að ætíð skal nota rétta fánaliti. Breidd hvítu randanna skal vera helmingur af breidd hinnar rauðu.

Rísi ágreiningur um gerð eða notkun á fánaveifum, fánaborðum eða öðrum fánamerkjum skal leita leiðbeiningar forsætisráðuneytisins.

Mynd og merki með fánanum.

37. gr.

Hönnun mynda og merkja af fánanum skal fylgja í einu og öllu litum og hlutföllum krossa og reita svo sem mælt er fyrir um gerð fánans.

Hlutverk forsætisráðuneytisins.

38. gr.

Forsætisráðuneytið fer með mál sem varða þjóðfánann.

Ráðuneytið sér um að almenningur hafi jafnan greiðan aðgang að reglum og fyrirmælum um rétta gerð fánans, notkun hans og meðferð.

Rísi ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans sker forsætisráðuneytið úr.

Forsætisráðuneytið setur frekari reglur um notkun og meðferð fánans svo sem þörf kann að krefja.

Verkefni löggæslunnar.

39. gr.

Lögregluyfirvöld skulu hafa eftirlit með að lögum og reglum um notkun og meðferð fánans sé fylgt. Ágreiningi um réttan skilning á fyrirmælum ber að vísa til úrskurðar forsætisráðuneytisins ella verði komið fram ábyrgð á hendur þeim sem hlut eiga að máli.

Viðurlög.

40. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum og málsmeðferð eftir því sem við á skv. 14. gr. laga um þjóðfána Íslendinga, sbr. 10. gr. og 5.–7. mgr. 12. gr.

41. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma, nr. 5 23. janúar 1991.

42. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin kveður í raun og veru ekki á um annað en það sem liggur í hlutarins eðli. Í henni felst hvatning til almennings um að notkun fánans verði gerð að sem víðtækastri venju jafnframt því að honum sé sýnd tilhlýðileg virðing.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um fánastengur og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um samræmi milli lengdar fánastanga og stærðar fána, bæði þegar fánastöng er reist á jörðu og þegar hún er á húsi, hvort heldur er uppi á þaki eða skáhallt út frá húsi.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða leiðbeiningar um hvernig með skuli fara þegar fáni er dreginn á stöng eða niður. Tilgangurinn er sá að við þá athöfn sé fánanum sýnd virðing.

Um 5. gr.

Fánadagar eru óbreyttir frá 1. gr. forsetaúrskurðar um fánadaga og fánatíma 23. janúar 1991. Mælst er til þess að almenningur dragi fána á stöng þessa daga en fyrirmæli til opinberra aðila um slíkt eru í 30. gr.

Um 6. gr.

Þessi grein um aðra fánadaga er óbreytt frá 2. gr. forsetaúrskurðar um fánadaga og fánatíma.

Um 7. gr.

Grein þessi um fánatíma er óbreytt frá 3. gr. forsetaúrskurðar um fánadaga og fánatíma.

Um 8.–9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í grein þessari eru skýr ákvæði um hvernig með skuli farið þegar fáni er hylltur. Þykir mikils um vert að ekkert fari úrskeiðis þegar slíkur virðingarvottur er sýndur.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um stöðu þjóðfánans gagnvart sérfánum. Ekki er heimilt að hafa þjóðfánann á stöng meðal slíkra fána eða einkennismerkja. Ef þjóðfánanum er flaggað á staðnum skal hann standa sér og aðskilinn frá þessum fánum nema sérfánunum sé hvirfilraðað með þjóðfánann í miðju.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða undanþágu frá aðalreglunni í 11. gr. Á samkomum eða mannamótum má hafa þjóðfánann meðal sérfána ef þeir eru einkennismerki þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Er mælt fyrir um hvar þjóðfánanum skal skipað þegar svo stendur á.

Um 13. gr.

Að jafnaði eru erlendir þjóðfánar einungis notaðir hér á landi af opinberum fulltrúum erlendra ríkja. Samkvæmt hlutarins eðli er sú notkun heimil. Í þessari grein er heimilað og kveðið á um hvernig með skuli farið á milliríkjamótum eða öðrum fjölþjóðlegum samkomum þegar uppi eru hafðir þjóðfánar erlendra ríkja ásamt íslenska fánanum.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um jafnræði þjóða að því er varðar fánastærð í fánaröð og sérstöðu íslenska fánans þegar þjóðfánar eru dregnir að hún og niður aftur.

Um 15. gr.

Grein þessi heimilar að raða fánum með afbrigðilegum hætti þegar heiðra skal við sérstakt tækifæri ákveðna erlenda þjóð eða milliríkjastofnun, til dæmis Sameinuðu þjóðirnar eða Evrópuráðið. Hér er um að ræða frávik frá aðalreglu um röðun þjóðfána skv. 2. mgr. 13. gr. Þá er hér svo mælt fyrir að ekki megi raða á milli þjóðfána öðrum fánum, hvorki opinberra aðila né einkaaðila. Mælt er fyrir um hvernig fyrir skuli komið slíkum fánum sem kunna að vera á vettvangi.

Um 16. gr.

Í grein þessari er tekið fram að ekki megi hafa tvo eða fleiri þjóðfána á sömu stöng svo sem kann að vera gert um merki eða aðra fána.

Þá er hér að finna leiðbeiningu um hvernig með skuli fara í tilteknu tilfelli þegar saman fara íslenski fáninn og erlendur þjóðfáni.

Um 17. gr.

Þessi grein kveður á um grundvallarreglur til verndar fánanum.

Í 1. mgr. er að finna hina almennu reglu að enginn megi óvirða fánann, hvorki í orði né verki, sbr. 12. gr. laganna.

Í 2. mgr. er lagt bann við að hafa í fánanum önnur merki en þau sem heimiluð eru í hinum sérstöku ríkisfánum, þ.e. póst- og símafána og tollgæslufána, sbr. 4. gr. laganna.

Með 3. mgr. er mælt fyrir um sýnishorn af réttum litum og hlutföllum fánans. Framkvæmd og umsjón þessa er fengin forsætisráðuneyti og lögreglustjórum landsins, sbr. 9. gr. laganna.

Samkvæmt 4. mgr. er bannað að hafa á boðstólum til sölu eða leigu aðra fána en þá sem eru réttir að formi og litum, sbr. 9. gr. laganna. Sömuleiðis er óheimilt hvorutveggja að nota fána sem ekki er rétt til búinn svo og fána sem er úr sér genginn. Eftirlit með þessu er í höndum lögreglu og heimild til að gera fána upptækan ef út af settum reglum er brugðið, sbr. 10. gr. laganna.

Í 5. mgr. er að finna óbreytta 2. mgr. 12. gr. laganna. Kveðið er á um að óheimilt sé að nota fánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða sams konar skilríkjum. Eðlilegt er að heimfæra undir sams konar skilríki t.d. nafnspjöld og bréfsefni. Hins vegar gegnir öðru máli um notkun fánans sem ekki er í hagsmunaskyni eða af stærilæti en líta má heldur á sem virðingarvott í einhverju formi við það þjóðartákn sem fáninn er. Þannig verður þetta bann ekki heimfært upp á fánann í barmmerkjum sem menn bera eða á límmiðum á bifreiðum svo að eitthvað sjálfsagt sé nefnt. Bannið getur ekki heldur átt við notkun fánans til auðkennis á íslenskum mönnum og munum á alþjóðamótum, fundum, íþróttaviðburðum og vöru- og listsýningum né í prentuðum heimildum til að aðskilja það sem íslenskt er frá hinu erlenda.

Í 6. mgr. er tekin upp óbreytt 3. mgr. 12. gr. laganna um að óheimilt sé einstökum stjórnmálaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar. Þetta bann varðar einnig bandalag tveggja eða fleiri stjórnmálaflokka. Sama gildir og um félög og einstaklinga í kosningabaráttu, svo sem við kjör forseta Íslands, sbr. 5. mgr. um bann við að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga og félaga.

Samkvæmt 7. mgr. má ekki nota fánann í firmamerki. Hér er óbreytt það sem verið hefur þó að breyting verði í þessu efni með vörumerki enda ólíku saman að jafna.

Í 8. mgr. er lagt bann við að selja erlenda vöru merkta fánanum. Er þetta nýtt ákvæði sem ætlað er samkvæmt frumvarpi því sem fram er lagt að komi í 7. mgr. 12. gr. laganna.

Um 18. gr.

Í þessari grein kennir ýmissa grasa um notkun og meðferð fánans. Þar er að finna reglur sem eiga það sammerkt að stuðla að því að fánanum sé ekki gerð óvirðing.

Um 19. gr.

Grein þessi fjallar um mikilvægustu breytinguna sem lögð er til í frumvarpi því sem lagt er fram og er breyting á 4. mgr. 12. gr. laganna.

Í 1. mgr. er heimilað að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vöru eða þjónustu með skilyrðum. Enginn má nota sér þessa heimild nema með leyfi forsætisráðuneytisins. Sú krafa er gerð að fánanum sé ekki óvirðing gerð. Er þá ekki einungis átt við að sómi sé að vöru og þjónustu sem í hlut á heldur og að notkun fánans sé smekkleg svo sem að því er varðar staðsetningu og stærð hans á umbúðum.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig varið skuli umsókn til forsætisráðuneytisins um heimild skv. 1. mgr. Með umsókn skal vera yfirlýsing umsækjanda um að rekstur, framleiðsla eða þjónusta sem um ræðir fylgi tilteknum íslenskum stöðlum um gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa.

Þeir sem leita eftir heimild til þessarar notkunar fánans eiga hér greiða leið. Staðlar eru til frjálsra afnota. Hægt er að snúa sér til Staðlaráðs Íslands þar sem er að fá allar upplýsingar um staðla og lýsingar á hinum einstöku stöðlum sem velja má úr eftir því sem við á um þá starfsemi sem í hlut á. Hér er ekki átt við gæðastaðla eða staðla um gæði tiltekinnar vöru eða þjónustu heldur gæðastjórnunarstaðla — gæðakerfi eða umhverfisstjórn. Gæðastjórnunarstaðall segir fyrir um þær stjórnunaraðferðir sem ráða vinnubrögðum og verklagi sem á að tryggja gæðin og staðall um stjórnun umhverfisáhrifa miðar að vistvænni framleiðslu.

Þegar umsækjandi leggur fram yfirlýsingu um að hann fylgi tilteknum gæðastjórnunarstaðli rekur forsætisráðuneyti ekki nauður til að gera sérstaka könnun á gæðum þeirrar vöru eða þjónustu sem í hlut á. Gæðastjórnunarstaðall á að vera trygging fyrir gæðum. Ráðuneytið á að geta tekið umsækjanda á orðinu. Enginn ábyrgur maður gerir sér leik að því að fá heimild til að nota fánann á röngum forsendum. Of mikið er í húfi. Slíkt fæli í sér refsingu og afturköllun leyfisins og væri það ekki góð markaðssetning. Annað mál er ef ráðuneytið sér einhverja meinbugi eða annmarka á umsókn um notkun fánans, þá er málið athugað eftir því sem efni standa til.

Heimildin til að nota fánann þarf ekki að vera bundin við tiltekinn staðal ef fylgt er jafngildum reglum. Hér er átt við rekstur sem lýtur ströngu gæðamati, svo sem er um fisk- og landbúnaðarafurðir, eða fylgir sambærilegu stjórnkerfi sem er þá gerð grein fyrir. Slíkir aðilar þyrftu ekki að tiltaka ákveðna staðla sem þeir fylgdu. Svo er og um þá sem hafa fengið sérstaka gæðaviðurkenningu, hvort sem er frá Vottun hf. eða öðru viðurkenndu vottunarfyrirtæki.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru óbreytt frá 5. og 6. mgr. 12. gr. laganna með þeirri breytingu sem lögð er til samkvæmt frumvarpi því sem fram er lagt og leiðir óhjákvæmilega til þess að tekið er tillit til að hægt geti verið að fá heimild fyrir þeirri notkun fánans sem hér eru annars viðurlög við.

Um 21. gr.

Grein þessi kveður á um það eitt sem liggur í hlutarins eðli. Skal fánanum virðing sýnd og hann má í engu óvirða jafnt á sjó sem á landi.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um að skip skuli vera búin fánanum og er það ákvæði að finna í reglum um búnað skipa, nr. 189/1994.

Um 23. gr.

Greinin mælir fyrir um hvar fánastöng skuli komið fyrir og fáni dreginn að hún á skipum og bátum. Er hér farið eftir viðtekinni venju.

Um 24. gr.

Hér er heimild til undanþágu frá hinum almennu reglum um fánatíma skv. 7. gr. Það getur alltaf borið við á sjó að nauðsyn krefji að fáni sé dreginn að hún á hvaða tíma sólarhringsins sem er, t.d. þegar skip siglir að nóttu til inn í landhelgi erlends ríkis.

Um 25. gr.

Mælst er hér til að skip hafi fánann uppi á reglulegum fánatíma. Er þetta mikils um vert fyrir allt eftirlit með skipum, svo sem vegna stjórnunar fiskveiða og almennrar löggæslu strandríkis. Á kaupskipum er venja að hafa fánann uppi á fánatíma og fer vel á að svo verði einnig um fiskiskip.

Um 26. gr.

Hér er að finna viðteknar alþjóðavenjur um kveðjur skipa í kurteisis- og viðurkenningarskyni. Mikils er um vert að ekkert fari úrskeiðis og er því reglum þessum hér nákvæmlega lýst.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. eru taldir upp þeir aðilar sem nota mega ríkisfánann. Með stjórnsýslustofnun er átt við stofnun sem fer með stjórnsýsluvald. Öðrum stofnunum ríkisins er óheimilt að nota þennan fána. Þannig er skólum, lista- og menningarstofnunum, framkvæmdar- og rekstraraðilum og viðskiptabönkum eða atvinnufyrirtækjum ríkisins óheimilt að nota ríkisfánann.

Í 2. mgr. er fjallað um þær stofnanir ríkisins aðrar en stjórnsýslustofnanir sem venja hefur skapast um að noti ríkisfánann. Forsætisráðuneytið getur heimilað þeim stofnunum að nota áfram ríkisfánann. Hér er átt við stofnanir svo sem Háskóla Íslands, Þjóðleikhúsið og Þjóðminjasafnið, svo að eitthvað sé nefnt. Ekki er þó gert ráð fyrir að slíkar stofnanir þurfi að sækja um leyfi fyrir ríkisfánanum heldur sé það framvegis heimilt sem hingað til hefur viðgengist ef forsætisráðuneytið lætur kyrrt liggja. Hins vegar má ráðuneytið ekki heimila neinum notkun ríkisfánans sem ekki fæst við stjórnsýslu ríkisins og ekki hefur haft að venju að nota ríkisfánann.

Um 29. gr.

Samkvæmt grein þessari er óheimilt að nota ríkisfánann á eða við önnur hús en þau sem eru notuð í þágu ríkisins hvort sem húsið er í eign ríkisins eða einkaeign.

Sérákvæði er um heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis.

Um 30. gr.

Hér er lögð sú skylda á herðar þeim sem leyfist að nota ríkisfánann að draga fánann á stöng á hinum ákveðnu fánadögum.

Um 31. gr.

Grein þessi einskorðar notkun póst- og símafána við hús og farartæki sem notuð er í þágu stofnunarinnar.

Um 32. gr.

Umsögn um 31. gr. á hér við að breyttu breytanda.

Um 33. gr.

Samkvæmt þessari grein er notkun ríkisfánans á sjó bundin við skip sem notuð eru í þágu stjórnsýslu ríkisins. Aðeins má nota fánann á skip Landhelgisgæslunnar og þau önnur skip er varða stjórnsýslu að einhverju leyti og gildir þá einu hvort skipin eru í eigu ríkis eða í einkaeign.

Um 34.–36. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Hér er að finna ákvæði til varnar gegn því að fáninn sé afskræmdur í myndum og merkjum. Er þá sama hvort heldur mynd fánans er prentuð, greypt, þrykkt eða máluð á málm, tré eða annað efni. Sérstaklega mikilvægt er að þessi fyrirmæli séu virt þegar heimilað er að nota fánann til markaðssetningar, í auglýsingar, á umbúðir og söluvöru. Svo er raunar einnig þegar um er að ræða að fáninn sé á boðstólum sem minjagripur, barmmerki eða þess háttar, en slíkir gripir eru að sjálfsögðu alltaf heimilaðir ef þeir eru ekki áfestir eða hluti af öðrum söluvarningi.

Um 38. gr.

1. mgr. er í samræmi við auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, 2. gr.

2. mgr. mælir fyrir um að forsætisráðuneytið veiti upplýsingar um gerð, notkun og meðferð fánans. Er þá gert ráð fyrir að lög, auglýsing um liti og reglugerð séu höfð aðgengileg fyrir allan almenning og gerðar aðrar þær ráðstafanir sem þörf er á, sbr. 9. gr. laganna.

3. mgr. er um úrskurðarvald forsætisráðuneytisins, sbr. 8. gr. laganna.

4. mgr. gerir ráð fyrir að reglugerðin sé til endurskoðunar hvenær sem tilefni er til eða gefnar út sérstakar leiðbeiningar um einstök atriði sem ástæða gæti þótt til.

Um 39. gr.

Hér er kveðið á um verkefni löggæslunnar sem er þeim mun auðveldara en áður þar sem eftirlitið sem þarf að hafa er fyrst og fremst með því sem fram fer á almannafæri og á því að vera þjónum réttvísinnar jafnaugljóst sem öðrum. Sérstaklega ber lögreglunni að hafa auga með því sem einkum getur óvirt fánann og að verndarákvæði séu virt, svo sem að fáninn sé ekki notaður í heimildarleysi til markaðssetningar.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 41. gr.

Hér er felldur úr gildi forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma 23. janúar 1991. Efni hans er hins vegar tekið upp í reglugerð þessa nema ákvæðið um að leita skuli leiðbeininga Landhelgisgæslunnar og Siglingamálastofnunar um fána á bátum og skipum. Ákvæði þetta hefur ekkert sjálfstætt gildi þar sem þessar stofnanir hafa jafnan veitt sjófarendum þær upplýsingar og leiðbeiningar um fánann sem beðið er um. Hins vegar var haft samráð við þessa aðila um þann kafla í reglugerðinni sem fjallar um fána á skipum og bátum.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum um þjóðfána Íslendinga. Helsta breytingin er þess efnis að notkun fánans er endurskilgreind og leyft verður að nota hann til markaðssetningar undir vissum skilgreindum kringumstæðum. Þá er í tilllögu að reglugerð lagt til að litir fánans verði skilgreindir eftir öðru litakerfi en til þessa hefur tíðkast.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarps þessa hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

928. Frumvarp til laga [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Búfjáreftirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fóðrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. desember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fóðrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af einstökum tegundum. Búfjáreftirlitsmaður skal

skrá magn, tegundir, gæði og geymsluaðstöðu alls fóðurs hjá hverjum búfjáreiganda og einnig áform hans um fóðuröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar, svo og uppskera korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Búfjáreftirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu. Telji hann meðferð þess ábótavant skal hann tilkynna sveitarstjórn og landgræðslustjóra það án tafar.

Nú meinar ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis búfjáreftirlitsmanni aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum. Skal þá búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það án tafar. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta skal hún innan viku senda skriflega tilkynningu um það til landbúnaðarráðherra sem þá er skylt að láta fara fram sérstaka skoðun á viðkomandi stað. Skylt er lögreglu að fara með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits sem þannig er ákveðið. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús eða um land jarðar án leyfis ábúanda nema að fengnum dómsúrskurði. Ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum. Landeigandi er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi um fjölda og eigendur gripa sem eru í hagagöngu á landi hans.

Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf skráir búfjáreftirlitsmaður á eyðublað sem Bændasamtök Íslands láta í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjáreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skulu undirrita skýrslu þessa og skal hún send Bændasamtökum Íslands sem fyrst að lokinni haustskoðun. Bændasamtök Íslands hafa yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu og annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjárfjölda, fóðurforða og uppskeru korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis. Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að krefjast veðs í þeim fénaði til tryggingar greiðslu alls kostnaðar af þessum ráðstöfunum.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Telji búfjáreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir úrbætur ekki þola neina bið getur lögreglustjóri fyrirvaralaust tekið búfé úr vörslu eiganda eða umráðamanns og ráðstafað búfénu án tafar með þeim hætti sem framangreindir aðilar telja best tryggja velferð þess.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra. Það var lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Meginbreytingar sem frumvarpið felur í sér eru á V. kafla núgildandi laga um búfjárhald sem fjallar um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár. Nokkur reynsla er nú komin á framkvæmd laganna um búfjárhald og hafa komið í ljós nokkrir vankantar á þeim og er með frumvarpi þessu stefnt að því að auka við heimildir og ákvæði gildandi laga til að auðvelda störf búfjáreftirlitsmanna og skyldur sveitarstjórna í þessum efnum.

Lög um forðagæslu voru fyrst sett árið 1913 en eftirlit með ásetningi búfjár hófst löngu áður. Þó mun opinberu eftirliti ekki hafa verið komið á fyrr en eftir samþykkt horfellislaganna árið 1884. Samtök bænda hafa lengst af haft frumkvæði um framkvæmd þessara mála og hefur það tengst umbótum í fóðrun og aðbúnaði búfjár, svo og auknu öryggi í búskap. Þannig voru fóðurbirgðafélögin sem störfuðu framan af öldinni eins konar tryggingafélög. Frá árinu 1965 hefur verið samstarf á milli forðagæslu Bændasamtaka Íslands (áður Búnaðarfélags Íslands) og Hagstofu Íslands, enda upplýsingarnar veigamikill liður í hagtölum landbúnaðarins.

Tilgangur forðagæslu.

Upphaflegur tilgangur forðagæslunnar var að að tryggja að ætíð væri til nægilegt fóður fyrir þann fénað sem settur var á vetur og að unnt væri að grípa til ráðstafana ef út af bæri. Þrátt fyrir að gífurlegar breytingar hafi orðið á búskaparháttum eftir miðja öldina og fóðuröflun orðið tryggari sýnir reynslan að forðagæslan gegnir enn mikilvægu hlutverki þótt í breyttri mynd sé.

Meginverkefni forðagæslunnar er fólgið í árlegu eftirliti og gagnaöflun. Skráð er allt búfé sem sett er á vetur, birgðir gróffóðurs mældar og metnar að magni og gæðum og skráð er uppskera korns, kartaflna, rófna og gulróta. Athugaður er húsakostur og aðbúnaður fénaðar, þar með talið aðbúnaður og ástand útigangshrossa. Ef fram kemur að fóður skorti snemma vetrar er gripið til viðeigandi ráðstafana og þess eru mörg dæmi að upplýsingar úr skýrslum um heyfeng hafi verið notaðar til að jafna fóðurbirgðir milli héraða vegna harðinda og grasbrests. Þá er búfjáreftirlitsmönnum ætlað það hlutverk að fylgjast með ástandi beitilanda í byggð á starfssvæði sínu. Slíkt eftirlit er undirstaða beitarstjórnunar og hóflegrar nýtingar lands.

Með þeirri framkvæmd sem að framan er lýst skapast grundvöllur til þess að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og koma í veg fyrir vanfóðrun og illa meðferð búfjár. Þannig tekst oft að koma í veg fyrir vandamál sem geta skaðað ímynd bændastéttarinnar. Slíkar aðstæður koma upp á hverju ári og varða flestar eða allar tegundir búfjár. Sambærilegt eftirlit er ekki í framkvæmd samkvæmt lögum um dýravernd, nr. 15/1994. Því er veigamikill eðlismunur á þessum lögum. Markmið laganna um búfjárhald er að koma í veg fyrir að vandamál skapist vegna fóðurskorts og vanhirðu, en samkvæmt lögum um dýravernd eru að jafnaði ekki tök á að grípa inn í fyrr en í óefni er komið.

Söfnun og meðferð upplýsinga.

Búfjáreftirlitsmenn, sem starfa á vegum sveitarstjórna, annast þessi störf undir umsjón búnaðarsambandanna. Þessu eftirlitsstarfi er ekki sinnt með öðrum hætti og því er ekki um að ræða tvíverknað eða skörun milli stofnana. Bændasamtök Íslands hafa yfirumsjón með framkvæmdinni og annast úrvinnslu gagna. Hjá bændasamtökunum eru til staðar upplýsingar um búfjárfjölda og uppskeru fóðurs og garðávaxta í tölvutæku formi frá árinu 1980. Lögin setja

verulegar takmarkanir um hverjir hafa aðgang að þessum upplýsingum og er ákvörðun um það í höndum landbúnaðarráðuneytisins. Sem fyrr segir eru upplýsingar forðagæslunnar veigamikill liður í gagnaöflun Hagstofu Íslands að því er varðar landbúnað og upplýsingar um fjölda sauðfjár á einstökum lögbýlum eru grundvöllur framleiðslustjórnunar í sauðfjárframleiðslunni. Í sumum tilvikum hefur verið byggt á gögnum allnokkuð aftur í tímann. Þá hefur notkun þessara gagna aukist á seinni árum vegna ýmiss konar áætlanagerðar og rannsókna varðandi þróun landbúnaðarins. Þess ber að geta að í Evrópusambandinu er sérstakt eftirlitskerfi til að afla slíkra gagna og þau notuð með ýmsum hætti við stjórnsýslu, svo sem í sambandi við beingreiðslur og styrkveitingar af ýmsu tagi. Eftirtaldir aðilar eru meðal þeirra sem á undanförnum árum hafa fengið heimild til þess að nota upplýsingar úr forðagæsluskýrslum:

— Landbúnaðarráðuneytið.
— Hagþjónusta landbúnaðarins.
— Framleiðsluráð landbúnaðarins.
— Embætti yfirdýralæknis.
— Bændasamtök Íslands.
— Búgreinafélög.
— Búnaðarsambönd.
— Landslags- og skipulagsarkitektar.
— Bændaskólar.
— Háskóli Íslands.
— Dýraverndarráð.
— Tryggingafélög, vegna útreiknings tjóna.
— Lögmenn, vegna málareksturs fyrir bændur o.fl.
— Fræðimenn (einstaklingar).
— Byggðastofnun.
— Landgræðsla ríkisins.
— Skattstjórar.
— Skiptastjórar, í gjaldþrotamálum.
— Inn- og útflutningsfyrirtæki.

Nýmæli samkvæmt frumvarpinu.

Til þess að eftirlitskerfi eins og það sem að framan er lýst geti þjónað tilgangi sínum þurfa eftirlitsmenn að eiga aðgang að öllum býlum og ákvæði laga þurfa að vera skýr um málsmeðferð sé þeim synjað um aðgang eða þeir hindraðir á annan hátt við störf sín. Nokkuð hefur borið á því á undanförnum árum að bændur hafa synjað eftirlitsmönnum um upplýsingar og aðgang að býlum sínum. Verði framhald á slíku skerðir það áreiðanleika og gildi þeirra upplýsinga sem hér um ræðir og getur hindrað eðlilega framkvæmd ýmissa ákvæða, svo sem að því er varðar beingreiðslur í sauðfjárframleiðslu. Þá er þess að geta að í slíkum tilfellum er oft um að ræða mál sem varða velferð dýra og nauðsynlegt er að fyrir hendi séu óyggjandi heimildir til þess að hægt sé að grípa til nauðsynlegra aðgerða í tíma.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum um búfjárhald, miðast í fyrsta lagi að því að treysta ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna og skapa grundvöll fyrir umhverfistengda gæðastjórnun, sbr. reglur um lífræna og vistræna framleiðsluhætti, og í öðru lagi að því að tryggja hindrunarlausa framkvæmd V. kafla laganna um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Annar megintilgangur laganna um búfjárhald, sbr. ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna, er að tryggja að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé. Vaxandi kröfur neytenda um skilgreindar og rekjanlegar upplýsingar um uppruna búfjárafurða, og ekki síður alvarleg sjúkdómstilfelli í búfénaði í Evrópu nýverið, gera það að verkum að taka þarf reglur um merkingar gripa til gaumgæfilegrar skoðunar og aðlaga þær nútímakröfum og breyttum aðstæðum. Í löndum Evrópusambandsins er nú þegar skylda að merkja alla gripi samkvæmt viðurkenndu merkjakerfi sem samræmt er fyrir aðildarlöndin öll (reglugerð nr. 92/102/EÖF frá 27. nóvember 1992). Umræða um búfjármerkingar hér á landi hefur verið í samræmi við þróun þessara mála víða erlendis. Í lögum nr. 162/1994 og reglugerð við þau, nr. 219/1995, er kveðið svo á að við lífræna landbúnaðarframleiðslu skuli allt búfé vera einstaklingsmerkt með öruggum hætti. Skal það skráð í búfjárskýrslu Bændasamtaka Íslands eða annarri sambærilegri skrá sem vottunarstofa viðurkennir. Skrá skal öll sjúkdómstilvik, lyfjanotkun og bólusetningar fyrir einstaka gripi á býlunum. Hliðstæð ákvæði um einstaklingsmerkingu sláturgripa eru í reglugerð nr. 89/1996, um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu, sem sett er á grundvelli ákvæða í 67. gr. laga nr. 99 8. september 1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Einstaklingsmerkingar búfjár geta einnig verið mikilvæg tæki til þess að sannreyna uppruna kynbótagripa, svo sem hrossa, svo koma megi í veg fyrir misferli varðandi vottorðagjöf.

Á búnaðarþingi 1996 var samþykkt ályktun þess efnis að komið skyldi á einstaklingsmerkingum á öllum nautgripum hér á landi og ályktun sama efnis var samþykkt á aðalfundi Landssambands kúabænda í ágúst 1996. Á vegum Bændasamtaka Íslands hefur verið gerð áætlun um framkvæmd slíkrar aðgerðar. Til þess að tryggja lagagrundvöll fyrir slíkri framkvæmd er lagt til að bætt verði við 5. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um heimild til að koma á skyldumerkingu búfjár eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja í þessu sambandi.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins miðast að því gera ákvæði 10. gr. laganna skýrari og ótvíræðari og treysta með því framkvæmd laganna.

Í 1. mgr. 10. gr. er bætt inn ákvæði um að búfjáreftirlitsmenn skuli auk þess að skrá uppskeru gróffóðurs skrá uppskeru korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis. Skráning á uppskeru „matjurta“ er meðal hefðbundinna hlutverka búfjáreftirlitsmanna og byggist það á ákvæðum 3. gr. laga um hagfræðiskýrslur, nr. 29 18. nóvember 1895. Rétt þykir að hafa þessi ákvæði einnig í lögunum um búfjárhald og að skráningin nái einnig til uppskeru korns. Rétt er að benda á að allur sá jarðargróði sem hér um ræðir getur jöfnum höndum nýst til fóðurs búpenings og til manneldis.

Nokkur dæmi eru þess að ábúendur lögbýla og aðrir umráðamenn búfjár meini búfjáreftirlitsmönnum aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum. Slíkt dregur úr gildi upplýsinganna og veldur erfiðleikum við ýmsa framkvæmd, t.d. að því er varðar framleiðslustjórnun í sauðfjárframleiðslunni. Þá veldur það mikilli óánægju meðal bænda ef ekki er hægt að láta eitt yfir alla ganga. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að oftar en ekki tengist tregða búfjáreigenda við að leyfa búfjáreftirlitsmönnum aðgang að gripahúsum sínum og beitilöndum því að ekki er allt með felldu hvað varðar meðferð lands, fóðurbirgðir og velferð dýra. Með vísan til þess er talið nauðsynlegt að treysta ákvæði laganna svo grípa megi til aðgerða í slíkum tilvikum. Því er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við núgildandi ákvæði laganna, sem verður 2. mgr.

10. gr., þar sem ráðherra er heimilað að grípa til nauðsynlegra ráðstafana með aðstoð lögregluyfirvalda takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta.

Eitt af hlutverkum búfjáreftirlitsmanna er að fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu. Til þess að gera þessa framkvæmd markvissari er bætt inn ákvæði um að búfjáreftirlitsmaður skuli gera sveitarstjórn og landgræðslustjóra aðvart telji hann um illa meðferð lands að ræða.

Með vaxandi hrossaeign þéttbýlisbúa færist það í vöxt að bændur taki hross í hagagöngu. Fyrir kemur að hafa þarf afskipti af slíkum beitarfénaði og hann ber að skrá eins og annan búfénað. Vill þá brenna við að ekki séu fyrir hendi upplýsingar um eigendur og ábyrgðarmenn hrossanna. Því þykir rétt að skylda landeigendur til að hafa jafnan tiltækar upplýsingar um eigendur og fjölda gripa í hagagöngu á landi þeirra.

Til þess að koma í veg fyrir að talning verði vefengd er í 4. mgr. 10. gr. bætt inn ákvæði um að ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjáreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skuli að lokinni talningu undirrita skýrslu um búfjárfjölda, fóðurforða og uppskeru korns og garðávaxta.

Um 3. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýtt ákvæði sem tryggi sveitarstjórn rétt til að krefjast veðs í fénaði viðkomandi bónda fyrir greiðslu kostnaðar sem af því hlýst ef grípa þarf til aðgerða vegna fóðurskorts og vanfóðrunar búfjár. Í sumum tilfellum getur verið um að ræða umtalsverðar fjárhæðir sem sveitarstjórn er ábyrg fyrir og því þykir ekki óeðlilegt að heimilt verði að krefjast tryggingar í bústofni fyrir greiðslu kostnaðar sem leiðir af aðgerðum sem grípa verður til.

Til þess að tryggja tafarlausar aðgerðir ef upp koma alvarleg brot vegna fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi gagnvart dýrum er lagt til að við 3. mgr. sömu greinar verði bætt ákvæði sem heimilar lögreglustjóra að svipta búfjáreiganda umráðum búfjár og ráðstafa til vistunar hjá öðrum aðila eða með þeim hætti sem búfjáreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir telja best tryggja velferð þess.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að setja skuli reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um framkvæmd fóðagæslu, eftirlit og talningu búfjár, en slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Lagt er til að heiti laganna breytist og verði eftirleiðis lög um búfjárhald, fóðagæslu o.fl., enda verður að telja að núverandi lagaheiti sé of þröngt miðað við efni þeirra.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald.

Frumvarpið felur í sér viðbætur við einstaka greinar laganna sem miðast að því að auðvelda framkvæmd þeirra með því að skýra betur út skyldur og heimildir sveitarstjórna og búnaðarsambanda varðandi búfjáreftirlit og forðagæslu.

Einnig er í frumvarpinu að finna tillögur um nýja málsliði í 11. gr. laganna sem ætlað er að tryggja fjárhagslega hagsmuni sveitarstjórna með veði í fénaði og að heimila lögreglustjóra við sérstakar aðstæður að taka búfé fyrirvaralaust úr vörslu eiganda eða umráðamanns.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

929. Frumvarp til laga [544. mál]

um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist settar kröfur um gæði, séu unnar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að merkingar og upplýsingar um þær séu fullnægjandi.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst:

Sjávarafli: Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr.

Fiskafurðir: Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.

Sjávarafurðir: Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Dreifing: Hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talinn innflutningur, útflutningur, sala og geymsla.

Eldisfiskur: Öll lagardýr sem klakist hafa út eða verið alin við stýrðar aðstæður eða afurðir unnar úr þeim. Sjávar- eða ferskvatnsfiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem teknir eru úr náttúrulegu umhverfi sínu og aldir þangað til þeir hafa náð æskilegri sölustærð til manneldis, teljast einnig til eldisfiska. Fiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar sem náð hafa sölustærð, teknir hafa verið úr náttúrulegu umhverfi sínu og haldið lifandi til sölu síðar, teljast ekki til eldisfiska ef þeim er aðeins haldið lifandi án þess að reynt sé að auka við stærð þeirra eða þyngd.

Eldisafurðir: Heill eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.

Fiskmarkaður: Uppboðs- eða heildsölumarkaður fyrir sjávarafla.

Flutningatæki: Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, járnbrautarvagna eða loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, svo sem lestir skipa og gámar til vöruflutninga á landi, sjó eða í lofti.

Hollustuhættir: Allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu sjávarafurða.

Hreinn sjór: Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað örverugróðri, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt heilnæmi fiskafurða og sem notaður er við þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum þessum.

Neysluvatn: Vatn sem fullnægir kröfum íslenskra yfirvalda um gæði drykkjarvatns.

Pökkun: Sú aðgerð að vernda fiskafurðir með umbúðum, ílátum eða öðrum viðeigandi umbúnaði.

Vinnsluskip: Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað og hann hefur verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting fisks um borð eða suða á rækjum og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í merkingu laga þessara.

Vinnslustöð: Hver sú aðstaða þar sem sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, unnar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar. Fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu teljast ekki vinnslustöð.

3. gr.

Lög þessi taka til meðferðar, vinnslu og dreifingar sjávarafurða og jafnframt til eftirlits með vinnslu, dreifingu og pökkun hafbeitar, vatna- og eldisfisks.

Lögin taka ekki til smásöluverslunar innan lands.

4. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

II. KAFLI
Opinberar kröfur.

5. gr.

Sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til manneldis, skulu vera heilnæmar og ómengaðar.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða skal vera í samræmi við góða framleiðslu- og hollustuhætti.

Starfsfólk skal gæta fyllsta hreinlætis og skulu öll svæði, búnaður, flát, áhöld, geymslur og flutningatæki eða annað er kemst í snertingu við sjávarafurðir þrifið og ef við á gerileytt svo þær mengist ekki.

Meðferð og dreifingu sjávarafurða skal hagað í samræmi við eðli þeirra og eiginleika.

Halda ber sjávarafurðum við hitastig í samræmi við eðli þeirra, geymslu- og verkunaraðferðir.

Ráðherra setur frekari reglur um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem skulu tryggja heilnæmi og gæði þeirra.

6. gr.

Hönnun og búnaður skipa, vinnslustöðva, fiskmarkaða, íláta, áhalda, geymslna og flutningatækja og annars er kemst í snertingu við sjávarafurðir skal vera með þeim hætti að þrif og gerileyðing, þar sem við á, séu auðveld og unnt að gæta fyllsta hreinlætis svo sjávarafurðir mengist ekki eða gæði þeirra spillist.

Ráðherra skal setja nánari reglur um hönnun og búnað samkvæmt 1. mgr., þar með talið um kæli- eða frystibúnað, fiskmóttöku, vinnslusvæði, hreinlætisaðstöðu og aðbúnað fyrir starfsfólk og eftirlitsaðila.

7. gr.

Í sjávarafurðir til neyslu innan lands og á Evrópska efnahagsvæðinu má einungis nota þau aukefni og í því magni sem íslensk yfirvöld leyfa. Í sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til útflutnings til annarra landa, má einungis nota þau aukefni og í því magni sem leyft er í viðkomandi markaðslandi.

Ílát, umbúðir og aðrir fletir, sem sjávarafurðir koma í snertingu við, skulu vera úr efnum sem samþykkt eru af íslenskum yfirvöldum.

Óheimilt er að nota til þrifa og gerileyðingar önnur efni en þau sem íslensk yfirvöld heimila.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hvers kyns efna sem komist gætu í snertingu við sjávarafurðir

8. gr.

Nota skal neysluvatn eða hreinan sjó til þvotta, þrifa, ísframleiðslu og við vinnslu sjávarafurða eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð.

9. gr.

Óheimilt er að nýta sjávarafurðir sem mengaðar eru hættulegum efnum til fóðurframleiðslu.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Ráðherra setur reglur um efni þessarar greinar, þar á meðal um leyfilegt hámark gerla, niðurbrotsefna og mengandi efna í sjávarafurðum.

10. gr.

Sjávarafurðum skal pakkað við fullnægjandi hreinlæti til að komið verði í veg fyrir mengun afurðanna. Umbúðir og annað sem líklegt er að komist í snertingu við fiskafurðirnar skal fullnægja öllum reglum um hollustuhætti og gæði. Ráðherra setur frekari reglur um pökkun sjávarafurða.

11. gr.

Sjávarafurðir skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum skal koma fram nafn Íslands, óstytt eða skammstafað IS, og leyfisnúmer viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfishafa þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans. Sé afurðin send ópökkuð, búlkuð, skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

12. gr.

Ákvæði laga þessara um vinnslu, dreifingu, pökkun og merkingar taka einnig til eldisafurða. Ráðherra getur sett frekari reglur þar um.

13. gr.

Óheimilt er að vinna, pakka eða dreifa sjávarafurðum og eldisafurðum sem ekki uppfylla settar kröfur um meðferð, flutning, geymslu, gæði, heilnæmi, aukefni, pökkun og merkingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum með stoð í þeim. Þetta gildir einnig um afurðir sem líklegt er að uppfylli ekki settar kröfur þegar þær koma á áfangastað.

III. KAFLI
Leyfisveitingar og eftirlit.

14. gr.

Allar vinnslustöðvar, þar með talin vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Sama gildir um fiskimjölsverksmiðjur, framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum og stöðvar þar sem vinnsla eða pökkun hafbeitar- og eldisfisks fer fram.

Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, önnur en vinnsluskip, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi og starfsleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á, og samning við faggilta skoðunarstofu, sbr. 16. gr. Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna eða geyma sjávarafurðir án vinnslu- eða starfsleyfis.

Fiskistofa heldur skrá yfir vinnslu- og starfsleyfishafa sem skal senda til sjávarútvegsráðuneytis, Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra erlendra eftirlitsaðila sem þess óska.

Ráðherra getur sett nánari reglur um veitingu leyfa og skráningu þeirra.

15. gr.

Forsvarsmenn vinnslustöðva bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með vinnslunni og starfseminni til þess að tryggja að hvort tveggja sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang vinnslunnar og starfseminnar og byggt á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að skráð séu með tilliti til eðlis starfseminnar þau atriði sem farið geta úrskeiðis eða valdið skaða á afurðum, svo sem við veiðar, vinnslu, flutning eða geymslu.
2. Að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi vinnslu og fyrir hendi séu skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar í viðkomandi fyrirtæki og til hvaða aðgerða grípa skuli sé aðstæðum ábótavant eða ef sjávarafurðir uppfylla ekki settar kröfur.
3. Að tekin séu reglulega sýni í framleiðslunni til greiningar á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi.
4. Að haldin sé aðgengileg skrá um afla, vinnslu og birgðir.
5. Að teknar séu upp skráðar vinnureglur til að fylgjast með og hafa stjórn á þeim atriðum sem getið er í 1.–4. tölul.

Niðurstöður eftirlits, rannsókna og prófana skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

16. gr.

Öllum starfs- og vinnsluleyfishöfum, sbr. 14. gr., er skylt að hafa samning við faggilta skoðunarstofu. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur frá þessu skilyrði mæli sérstakar ástæður með því.

Fiskistofa veitir skoðunarstofum starfsleyfi hafi þær sótt um eða hlotið faggildingu frá faggildingarsviði Löggildingarstofu eða öðrum viðurkenndum faggildingaraðila á Evrópska efnahagssvæðinu og að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Skoðunarstofur skulu vera óháðar öllum hlutaðeigandi aðilum. Skoðunarstofa og starfsfólk hennar má ekki taka þátt í störfum sem geta haft áhrif á sjálfstæði dómgreindar eða ráðvendni þeirra varðandi skoðunarstarfsemina. Allir hagsmunaaðilar skulu geta sótt þjónustu til skoðunarstofa. Ekki skulu vera óréttlát skilyrði fjárhagslega eða af öðrum toga. Starfsemi stofunnar skal hagað með þeim hætti að viðskipavinum sé ekki mismunað.

Skoðunarstofur skulu fylgjast reglulega með húsnæði, ástandi skipa, hreinlæti, búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfishafa.

Skoðunarstofur rækja eftirlit sitt á vegum Fiskistofu sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt enda skulu þær veita Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem Fiskistofa ákveður.

Verði misbrestur á að skoðunarstofur ræki skyldur sínar, vanræki þær upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar, veitir Fiskistofa áminningu eða sviptir þær starfsleyfi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur nánari reglur um innra eftirlit og starfsemi skoðunarstofa. Ráðherra getur meðal annars sett reglur um framkvæmd skoðana til að tryggja samræmi þeirra.

17. gr

Forsvarsmönnum starfs- og vinnsluleyfishafa, sbr. 14. gr., er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt í samráði við Fiskistofu að gera vettvangskannanir hjá þeim aðilum sem falla undir ákvæði þessara laga og reglugerða settra með stoð í þeim til þess að ganga úr skugga um að ákvæði þeirra séu virt. Fiskistofa getur heimilað erlendum eftirlitsaðilum sambærilegar vettvangskannanir. Íslensk yfirvöld skulu veita þessum eftirlitsmönnum alla nauðsynlega aðstoð við að gegna skyldum sínum.

Skylt er að láta skoðunarstofu og Fiskistofu í té án endurgjalds sýni af sjávarafurðum til rannsókna.

18. gr.

Fiskistofa gefur út opinber útflutningsvottorð fyrir sjávarafurðir sé þess krafist.

19. gr.

Fiskistofu er heimilt að láta stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða, eldisafurða og afurða vatna- og hafbeitarfisks sem brjóta í bága við ákvæði II. kafla laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt honum. Enn fremur er heimilt að láta innkalla afurðir sem dreift hefur verið enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að þær brjóti í bága við ákvæði laga þessara og reglna settum samkvæmt þeim.

Eigandi sjávarafurða ber allan kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar.

20. gr.

Ákvarði Fiskistofa að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis eða fóðurs ber eiganda vinnslunnar eða útflytjanda að eyða vörunni innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þar um.

Fiskistofu er þó heimilt í sérstökum tilvikum að ákveða að hagnýta megi sjávarafurðirnar til annarrar framleiðslu.

IV. KAFLI
Innflutningur sjávarafurða.
Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

21. gr.

Innflytjandi sjávarafurða, sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal tilkynna Fiskistofu um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.

Vinnsluleyfishafi, sbr. 14. gr., eða annar viðtakandi þessara sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

Fiskistofu er heimil skyndiskoðun á þessum sjávarafurðum og sýnataka til rannsókna.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni af henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni til vinnslu eða umpökkunar hjá viðurkenndum vinnsluleyfishafa. Afla fiskiskipa frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem landað er hér á landi, skal skoða á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Fiskistofa skal leggja áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

22. gr.

Allur innflutningur lifandi fisks og fiskafurða, að meðtöldu fiskimjöli, frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla þessara laga. Heimilt er að landa afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Sjávarútvegsráðuneytið getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan EES.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

23. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum.

Einnig skal birta mánaðarlega þær breytingar sem verða á henni.

Öryggisákvæði.

24. gr.

Í þeim tilfellum þegar sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna og dýra réttlætir slíkt getur ráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

V. KAFLI

Landamærastöðvar.

25. gr.

Eftirlitsmenn Fiskistofu eða aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar annast eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni skal setja á fót landamærastöðvar þar sem starfi eftirlitsmenn sem eru sérþjálfaðir til þessara starfa og séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum skoðunum á sjávarafurðum sem um stöðvarnar fara.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

26. gr.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað og að sendingin sé frá vinnslustöð, vinnsluskipi eða frystiskipi sem er á skrá ráðuneytisins yfir viðurkennda aðila, sbr. 23. gr. þessara laga.

Eftirlitsmaður skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í fiskimjöl enda sé hún laus við eiturefni.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Í tollvörugeymslu skal aðeins fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.

27. gr.

Innflytjandi eða annar viðtakandi sjávarafurða sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu með hæfilegum fyrirvara hvert afurðirnar verða sendar og tilgreina magn, tegund og hvenær áætlað er að þær berist.

Um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit.

28. gr.

Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með sjávarafurðum frá viðurkenndum framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu sendingu skal greiða 405 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 202 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 121 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.460 kr.

Heimilt er að breyta framangreindum gjöldum með tilliti til breytinga á meðalgengi Evrópumyntar (ECU). Grunngjaldið er miðað við gengi Evrópumyntar í mars 1997 eða 81 kr. Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða á landamærastöð.

Ráðherra er heimilt að hækka gjöld skv. 2. mgr. ef í ljós kemur að kostnaður Fiskistofu af eftirliti með innfluttum sjávarafurðum er meiri en sem nemur þessum gjöldum. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur raunverulegum kostnaði við eftirlitið.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvörugeymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvörugeymslu.

29. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjölda landamærastöðva, staðsetningu þeirra, rekstur, búnað, útgáfu vottorða, tíðni skoðana, sýnatökur og rannsóknir. Með reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum og um nánara fyrirkomulag við gjaldtöku, þar á meðal um lækkunarheimildir og innheimtu.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

30. gr.

Uppfylli vinnslu- eða starfsleyfishafi ekki ákvæði II. kafla, 15. gr. um innra eftirlit og 16. gr. er Fiskistofu heimilt að svipta þau vinnsluleyfi eða starfsleyfi og jafnframt að loka viðkomandi fyrirtæki með innsigli. Fái skip ekki vinnsluleyfi eða starfsleyfi, sbr. 14. gr., eða sé svipt því er Fiskistofu heimilt að svipta það veiðileyfi.

Áður en til sviptingar kemur samkvæmt þessari málsgrein skal gefa viðkomandi kost á að skýra mál sitt og veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.

Veiti starfs- eða vinnsluleyfishafi Fiskistofu eða skoðunarstofu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða aðstoð við framkvæmd eftirlits eða skoðun, sbr. 17. gr., getur Fiskistofa svipt viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfi.

31. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga og að ákveða gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli þeirra.

Gjald Fiskistofu fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu skal vera 200.000 krónur.

Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemur hlutfallslegri hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í ágúst 1993, þ.e. 192,5 stig.

VII. KAFLI
Viðurlög.

32. gr.

Fyrir brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim sem framin eru af ásetningi eða gáleysi skal refsa með sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru.

33. gr.

Rannsókn brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla niður lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Einnig falla þá úr gildi eftirfarandi lög um breytingu á þeim lögum, nr. 58/1994, 85/1995, 89/1997 og 114/1997.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka IV. og V. kafli þessara laga um innflutning sjávarafurða og landamærastöðvar gildi 1. nóvember 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilskipanir EBE nr. 91/493, 92/48 og 91/492 fela í sér ítarlegar kröfur um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem fella verður inn í íslenska löggjöf. Mikilvægt er að reglur sem settar eru í þeim tilgangi byggi á traustum lagagrunni og að lagagrunnurinn geri stjórnvöldum kleift að framfylgja þeim kröfum sem gerðar eru í framangreindum tilskipunum. Nauðsynlegt þykir að gera breytingar á gildandi lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra til að svo megi verða.

Lög nr. 93/1992 hafa tekið verulegum breytingum frá því þau voru lögfest árið 1992. Veigamesta breytingin átt sér stað með lögum nr. 89/1997, sem sett voru í framhaldi af samkomulagi EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins árið 1996 um að fella inn í EES-samninginn samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir. Í ljósi þeirra breytinga sem þegar hafa verið gerðar á gildandi lögum og þeirra breytinga sem nauðsynlegt er að gera með frumvarpi þessu hefur í sjávarútvegsráðuneytinu verið samið frumvarp til nýrra heildarlaga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til veigamiklar efnisbreytingar frá gildandi lögum en helstu form- og efnisbreytingar eru eftirfarandi:

Leitast er við að samræma hugtakanotkun tilskipunum EBE nr. 91/493, 91/492 og 92/48. Er því í frumvarpinu að finna mun fleiri skilgreiningar á hugtökum en í gildandi lögum og er hugtakanotkun í ákvæðum frumvarpsins í samræmi við þær. Í II. kafla frumvarpsins um opinberar kröfur eru ítarlegar reglur um hreinlæti, hönnun og búnað og sérstök ákvæði um pökkun og vinnslu, dreifingu og pökkun eldisfisks.

Lítils háttar efnisbreytingar frá gildandi lögum eru nauðsynlegar til að unnt sé að samræma íslenska löggjöf framangreindum EBE tilskipunum. Samkvæmt tilskipun EBE nr. 91/493 þurfa aðeins þeir aðilar sem vinna sjávarafurðir vinnsluleyfi. Er því í frumvarpinu lagt til að fiskiskip, önnur en vinnsluskip, og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu skuli hafa starfsleyfi. Þá er nauðsynlegt að gera reglur sem gilda um notkun á neysluvatni og hreinum sjó til þvotta, þrif, ísframleiðslu og vinnslu sveigjanlegri. Í tilskipun EBE nr. 91/493 er ýmist gerð sú krafa að einungis megi nota neysluvatn eða að nota megi bæði neysluvatn og hreinan sjó og í undantekningartilfellum er heimilt að nota annan vökva. Samræmist 9. gr. laga nr. 93/1992 því ekki framangreindri tilskipun. Lagt er til í frumvarpinu að ráðherra verði falið að ákveða með reglugerð hvernig þessu skuli háttað.

Ólíkt gildandi lögum nær gildissvið frumvarpsins ekki til eftirlits með slátrun eldisfisks. Er það eðlilegt þar sem slíkt eftirlit er á valdsviði embættis yfirdýralæknis en ekki sjávarútvegsráðuneytisins. Á sama hátt er eðlilegt að upprunareglur sem nú er að finna í 6. gr. laga nr. 93/1992 verði felldar niður þar sem eftirlit með þeim er ekki á valdsviði sjávarútvegsráðuneytisins.

Afar mikilvægt er að skoðunarstofur, sem skulu samkvæmt 14. gr. gildandi laga fylgjast með hreinlæti, búnaði og innra eftirliti fyrirtækja og skipa, starfi faglega og með samræmdum hætti. Er því í frumvarpinu lagt til að skoðunarstofur þurfi faggildingu og að þær séu hlutlaus

þriðji aðili. Hluteysisregla er til þess fallin að treysta trúverðugleika skoðunarstofa og auðvelda Fiskistofu eftirlit með þeim.

Í 29. og 30. gr. gildandi laga var gert ráð fyrir að skipuð yrði málskotsnefnd. Málskotsnefndinni var sem óháðum úrskurðaraðila ætlað að auka réttaröryggi, skilvirkni og öruggari málsmeðferð. Frá því að lög nr. 93/1992 tóku gildi hafa verið sett stjórnsýslulög sem ætlað er að tryggja örygga og skilvirka málsmeðferð innan stjórnsýslunnar. Þykir því ekki ástæða til að hafa sérstaka málskotsnefnd.

Að lokum gerir frumvarpið ráð fyrir því að Fiskistofa geti heimilað öðrum erlendum eftirlitsaðilum en Eftirlitstofnun EFTA að gera vettvangsskoðanir hjá starfs- og vinnsluleyfishöfum. Er með því verið að tryggja að útflutningur sjávarafurða frá Íslandi stöðvist ekki vegna krafna innflutningslands um vettvangsskoðun hjá starfs- eða vinnsluleyfishafa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Um 2. gr.

Hér er að finna skilgreiningar á hugtökum sem koma fram í frumvarpinu. Skilgreiningar á hugtökunum sjávarafli, fiskafurðir og sjávarafurðir eru samhljóða skilgreiningum þessara hugtaka í 2. gr. laga nr. 93/1992. Rétt þykir að bæta við til skýringar og samræmingar á hugtakanotkun öðrum hugtökum sem skilgreind eru í tilskipununum EBE nr. 91/493 og 91/492 og fram koma í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Hugtökin meðferð, vinnsla og dreifing ná til flestra þátta sem 3. gr. laga nr. 93/1992 vísar til og er því ekki um verulega efnisbreytingu að ræða. Þó er lagt til að slátrun á hafbeitar-, vatna- og eldisfiski falli utan gildissviðsins þar eð hún heyrir undir yfirdýralækni. Frumvarpið nær þó til eftirlits með vinnslu, pökkun og dreifingu eldisfisks. Óþarft þykir að taka fram að frumvarpið taki einnig til innfluttra sjávarafurða sem ætlaðar eru til umpökkunar eða vinnslu hér á landi eins og gert er í 2. málsl. 3. gr. laga nr. 93/1992. Frumvarpið tekur til allra sjávarafurða sem eru til meðferðar, vinnslu eða dreifingar hér á landi, þar með talið umpökkunar og endurútflutnings. Niðurfelling framangreinds málsliðar felur því ekki í sér efnisbreytingu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í tilskipunum EBE nr. 91/493, 91/492 og 92/48 er að finna ítarlegar kröfur um meðferð sjávarafurða sem lúta að því að tryggja heilnæmi og gæði þeirra. Í gildandi lögum er að finna almennar reglur sem ætlað er að ná yfir allar þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt framangreindum tilskipunum. Í frumvarpinu er leitast við að tilgreina nánar hvað teljast góðir framleiðslu- og hollustuhættir. Ekki er um tæmandi talningu að ræða enda er ógerningur að gefa hana. Tækni við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og rannsóknir á sviði heilbrigðis- og gæðamála eru í stöðugri framþróun og því mjög breytilegt frá einum tíma til annars hvað

teljast góðir framleiðslu- og hollustuhættir. Það er því eðlilegt að ráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um þetta efni.

Um 6. gr.

Líkt og í 5. gr. er hér leitast við að greina nánar en í gildandi lögum hvaða kröfur eru gerðar til starfs- og vinnsluleyfishafa. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum. Fjallar þessi grein um hönnun og búnað skipa, vinnslustöðva, fiskmarkaða, flutningatækja, geymslna, íláta og áhalda og annars er komist getur í snertingu við fiskafurðir. Líkt og í 5. gr. er ógerningur að gefa tæmandi lýsingu á þeim kröfum sem gera þarf til að tryggja góða hollustuhætti og lágmarksgæði. Þær kröfur sem gera verður til þeirra sem fara með sjávarafurðir eru mjög breytilegar, bæði frá einum aðila til annars vegna mismunandi hlutverks þeirra svo og frá einum tíma til annars. Er ráðherra því í 2. mgr. falið að kveða nánar á um hönnun og búnað samkvæmt 1. mgr. Almennt má segja að þrif, og gerileyðing ef við á, verði að vera auðveld og á þetta til að mynda við um fiskmóttöku, vinnslusvæði, svo sem gólf og veggi, löndunarbúnað og öll tæki og tól sem snerta fiskafurðir. Til að unnt sé að gæta fyllsta hreinlætis og fullnægja gæðakröfum þarf allur aðbúnaður því til tryggingar að vera til staðar, svo sem dælibúnaður fyrir neysluvatn eða hreinan sjó, fullnægjandi aðstaða til að skilja frá úrgang, hreinlætisaðstaða og fullnægjandi aðstaða fyrir starfsfólk.

Um 7. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1992 að öðru leyti en því að rétt þykir að kveða skýrar á um að sömu reglur gilda á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1992.

3. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 8. gr. laga nr. 93/1992.

Um 8. gr.

Samkvæmt tilskipun EBE nr. 91/493 má ekki alltaf nota hreinan sjó í stað neysluvatns. Þá er í undantekningartilfellum heimilt samkvæmt framangreindri tilskipun að nota annað en hreinan sjó eða neysluvatn. Þar sem 9. gr. gildandi laga samræmist ekki tilskipuninni að þessu leyti og um tæknilegt atriði er að ræða er lagt til að ráðherra skuli í reglugerð kveða á um hvenær skuli nota neysluvatn, hreinan sjó eða hvort nota megi annan vökva.

Um 9. gr.

1. og 2. mgr. greinarinnar eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 93/1992. 3. mgr. greinarinnar er frábrugðin 4. mgr. 5. gr. laga nr. 93/1992 að því leyti að ástæða þykir til að fella niður orðið „útflutnings“ enda er reglugerðarheimild ráðherra að þessu leyti ekki bundin við sjávarafurðir sem flytja á út. Þá var orðalagið talið óheppilegt þar sem um þetta efni gilda samræmdar reglur á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvernig staðið skuli að pökkun sjávarafurða. Ekki er um efnislega breytingu frá gildandi lögum að ræða þar sem almenn ákvæði 5. og 7. gr. gildandi laga rúma kröfur við pökkun afurða. Greinin er því einungis til skýringar.

Um 11. gr.

Líkt og í 10. gr. laga nr. 93/1992 segir í þessari grein að sjávarafurðir skuli vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Þá er í sam-

ræmi við tilskipun EBE nr. 95/71 gerð krafa um að nafn Íslands, óstytt eða skammstafað IS, komi fram. Í gildandi lögum segir að fram skuli koma leyfisnúmer vinnslustöðva þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans. Í ljósi þess að í frumvarpinu er gerður greinarmunur á starfs- og vinnsluleyfishöfum nægir ekki að gera kröfu um að leyfisnúmer vinnslustöðva komi fram. Því er þess krafist að fram komi leyfisnúmer starfs- og vinnsluleyfishafa.

Um 12. gr.

Þó að túlkun á gildandi lögum leiði til þess að sömu reglur skuli gilda um sjávarafurðir annars vegar og afurðir hafbeitar-, vatna- og eldisfisks hins vegar þykir skýrara að taka það fram sérstaklega.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 93/1992. Orðin „flytja úr landi" voru felld niður í samræmi við skilgreiningu orðsins „dreifing" í frumvarpinu. Þá er greinin látin ná til hafbeitar-, vatna- og eldisafurða í samræmi við 12. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er afmarkað hvaða aðilar skuli hafa vinnsluleyfi. Eru það vinnslustöðvar, sem samkvæmt skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins er hver sú aðstaða þar sem sjávarafli er tilreiddur, verkaður, unninn, kældur, frystur, pakkaður eða geymdur. Dæmi um vinnslustöðvar eru vinnsluskip, lagmetisiðjur og fiskgeymslur sem ekki eru hlutar af vinnslufyrirtæki. Fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu og skip sem ekki vinna afla um borð teljast ekki vinnslustöðvar og þurfa því ekki vinnsluleyfi skv. 1. mgr. Er hér um efnislega breytingu frá lögum nr. 93/1992 að ræða til samræmis við tilskipun EBE nr. 91/493. Í athugasemdum með 12. gr. laga nr. 93/1992 segir að lagt sé til að um eina tegund leyfa, vinnsluleyfa, verði að ræða þar sem það sé einfaldara. Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemd vegna þessa og leit svo á að það samræmdist ekki tilskipun EBE nr. 91/493 að krefjast vinnsluleyfis af aðilum sem ekki vinna afurðir. Var því ákveðið að veita fiskmörkuðum og skipum sem ekki vinna afurðir starfsleyfi, sbr. 2. mgr. Líkt og samkvæmt gildandi lögum þurfa fiskimjölsverksmiðjur, framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum og stöðvar þar sem vinnsla eða pökkun hafbeitar- og eldisfisks fer fram vinnsluleyfi.

Í samræmi við tilskipun EBE nr. 91/493 gerir 2. mgr. ráð fyrir að fiskiskip önnur en vinnsluskip og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu þurfi starfsleyfi. Til frekari skýringar vísast til athugasemda með 1. mgr. greinarinnar.

Í 4. mgr. segir að óheimilt sé að veiða, vinna eða geyma sjávarafurðir án starfs- eða vinnsluleyfis.

Í athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA hefur komið fram að 1. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 684/1995 samræmist ekki a) lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar EBE nr. 91/493 um eldisfisk þar sem í reglugerðinni sé krafist leyfis yfirdýralæknis til slátrunar eldisfisks. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mgr. 12. gr. gildandi laga. Í ljósi athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA og þeirra breytinga sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins var ákveðið að fella málsgreinina brott.

Samkvæmt 3. mgr. er það Fiskistofa sem veitir vinnslu- og starfsleyfi að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað. Vinnsluleyfi er því aðeins veitt að uppfylltar séu kröfur um innra eftirlit, sbr. 15. gr., og viðkomandi hafi samning við faggilta skoðunarstofu, sbr. 16. gr. Skylt er að binda vinnsluleyfi vinnslu tilgreindra afurða. Er með því lagt til að gengið verði

lengra að þessu leyti en í lögum nr. 93/1992 þar sem segir í 3. mgr. 12. gr. að vinnsluleyfi megi binda framleiðslu tilgreindra afurða. Er breytingin í samræmi við tilskipun EBE nr. 91/493 sem gerir ráð fyrir að þegar vinnsluleyfi er gefið út skuli meta hvort viðkomandi vinnlustöð uppfylli skilyrði tilskipunarinnar með hliðsjón af þeirri vinnslu sem þar á að fara fram. Ekki er gerð krafa um innra eftirlit þegar um veitingu starfsleyfis er að ræða.

Ákvæði 5. mgr. er nýmæli. Í samræmi við kröfur tilskipunar EBE nr. 91/493 er Fiskistofu gert að halda skrá yfir vinnslu og starfsleyfishafa en nánar skal kveðið á um skrána í reglugerð. Skrána skal senda til sjávarútvegsráðuneytis og erlendra eftirlitssaðila sem þess óska.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. laga nr. 93/1992. Rétt þykir að árétta hver tilgangur innra eftirlitsins sé.

Um 16. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 14. gr. laga nr. 93/1992.

Í 2. mgr. er lagt til að skoðunarstofur fái því aðeins starfsleyfi að þær hafi faggildingu frá faggildingarsviði Löggildingarstofu eða öðrum viðurkenndum faggildingaraðila á Evrópska efnahagssvæðinu og að uppfylltum skilyrðum sem ráðherra setur í reglugerð. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 93/1992 veitir Fiskistofa skoðunarstofum viðurkenningu. Í athugasemdum með greininni kemur fram að fyrirkomulag faggildingar, vottana og prófana sé í örri þróun í heiminum og vænta megi breytinga á löggjöf okkar á næstunni. Því sé ráðherra heimilt að ákveða að annar aðili gangi úr skugga um hæfni skoðunarstofa og veiti þeim viðurkenningu. Lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, gera í 7. gr. ráð fyrir að Löggildingarstofa annist faggildingu skoðunarstofa. Lögin taka ekki til eftirlits með heilnæmi og gæða matvæla en eðlilegt þykir að skoðunarstofur á því sviði hafi löggildingu líkt og skoðunarstofur er falla undir framangreind lög.

Um nýmæli er að ræða í 3. mgr. greinarinnar. Ástæða þykir til að tryggja hlutleysi skoðunarstofa og jafnræði þeirra sem eiga viðskipti við þær. Trúverðugleiki skoðunarstofa og samræmd framkvæmd þeirra eru meginstoðir árangursríks eftirlits og skilyrði þess að unnt sé að fela einkaðilum framkvæmd skoðunar. Greinin byggir á IST EN 45004:1995. Skoðunarstofan skal vera óháð öllum hlutaðeigandi aðilum. Í því felst að skoðunarstofan og þeir starfsmenn hennar sem bera ábyrgð á framkvæmd skoðunar mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar eða notendur þess sem skoðað er né heldur umboðsmenn einhvers þessara aðila. Þá segir í 3. mgr. að skoðunarstofa og starfsfólk hennar megi ekki taka þátt í störfum sem geta haft áhrif á sjálfstæði dómgreindar eða ráðvendni þeirra varðandi skoðunarstarfsemina. Í þessu felst sérstaklega að þau skuli ekki taka beinan þátt í hönnun, markaðsetningu, notkun, rekstri eða viðhaldi þess sem skoðað er, né sambærilegra eininga sem keppa við það á markaði. Að lokum segir að allir hagsmunaaðilar skuli geta sótt þjónustu til skoðunarstofunnar. Ekki skuli vera óréttlát skilyrði fjárhagslega eða af öðrum toga. Starfsemi stofunnar skal hagað með þeim hætti að viðskiptavinum sé ekki mismunað. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja viðskiptavinum skoðunarstofa ákveðna vernd gegn ójafnræði og öðrum óréttmætum viðskiptaháttum. Ákvæðið er til áréttingar en felur á engan hátt í sér undantekningu frá gildandi samkeppnislögum.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvert hlutverk faggiltra skoðunarstofa skuli vera. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum nr. 93/1992 en orðalag greinarinnar er samhæft orðalagi frumvarpsins.

Þá er í 5. mgr. kveðið á um með skýrari hætti hvert samband skoðunarstofa og Fiskistofu sé. Segir að skoðunarstofur framkvæmi eftirlit sitt á vegum Fiskistofu. Er með þessu ætlað að árétta að Fiskistofa framselur ekki stjórnvald til skoðunarstofa heldur er skoðunarstofum aðeins ætlað veita Fiskistofu upplýsingar um hvort starfs- og vinnsluleyfishafar framfylgi lögum. Fiskistofa er ábyrg fyrir eftirlitinu eins og tilskipun EBE nr. 91/493 gerir kröfu um. Til þess að Fiskistofa geti sannreynt að skoðunarstofurnar uppfylli skyldur sínar er skoðunarstofum gert skylt að veita Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem Fiskistofa ákveður. Fiskistofa ákveður því meðal annars á hvaða formi upplýsingarnar skuli berast og hversu oft.

6. mgr. og 7. mgr. eru efnislega samhljóða 2. málsl. 3. mgr. og 5. mgr. 14. gr. laga nr. 93/1992. Þó þykir til skýringar ástæða til að taka sérstaklega fram að ráðherra getur sett reglur um hvernig staðið skuli að framkvæmd skoðunar. Slíkar reglur geta verið nauðsynlegar til að tryggja fullt samræmi í framkvæmd. Þá verður að telja að slíkar reglur geti auðveldað eftirlit Fiskstofu með skoðunarstofum.

Um 17. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 15. gr. laga nr. 93/1992.

Samkvæmt 2. mgr. getur Fiskistofa heimilað erlendum eftirlitsaðilum vettvangskönnun en samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 93/1992 er Eftirlitstofnun EFTA eini erlendi aðilinn sem hefur slíka heimild. Nauðsynlegt var talið að víkka ákvæðið þar sem heimild til vettvangskönnunar getur verið skilyrði þess að íslenskar afurðir verði fluttar inn til annarra landa. Þá er gerð sú krafa til íslenskra stjórnvalda að þau veiti framangreindum eftirlitsaðilum alla nauðsynlega aðstoð við að gegna skyldum sínum. Sú krafa er í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunar EBE nr. 91/493.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 15. gr. laga nr. 93/1992.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. málsl. 16. gr. laga nr. 93/1992. Til skýringar er tekið fram að um útflutningsvottorð vegna sjávarafurða sé að ræða. Lagt er til að 2. málsl. 16. gr. laga nr. 93/1992 falli niður þar sem víða erlendis eru gerðar kröfur um að opinber aðili gefi vottorðin út.

Um 19. gr.

Í 17. gr. laga nr. 93/1992 segir að Fiskistofu sé heimilt að stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem brjóta í bága við 10. og 11. gr. laganna. Réttara þótti að vísa til II. kafla í heild, svo og reglugerða settra samkvæmt honum.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 18. gr. laga nr. 93/1992.

Um 21–30. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 19.–28. gr. laga nr. 93/1992.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. laga nr. 93/1992.

Um 32. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. laga nr. 93/1992. Ekki þótti ástæða til að tiltaka sérstaklega að heimilt sé að refsa stjórnarmönnum félaga og framkvæmdastjóra fyrirtækja vegna brota gegn tilteknum ákvæðum frumvarpsins þar sem almennar reglur refsiréttar gera ráð fyrir að slíkt sé heimilt ef við á.

Um 33. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. laga nr. 93/1992.

Um 34. gr.

Lagt er til að önnur ákvæði frumvarpsins en er að finna í IV. og V. kafla öðlist þegar gildi er frumvarpið verður að lögum. IV. og V. kafla er ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en 1. nóvember 1998 og vísast um þá dagsetningu til athugasemda með lögum nr. 114/1997.

Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, og lög nr. 58/1994, 85/1995, 89/1997 og 114/1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fyrri lög um meðferð sjávarafurða og eftirlits með framleiðslu þeirra, nr. 93/1992, verði endurskoðuð. Sú endurskoðun felur í sér nokkrar tæknilegar breytingar sem ekki eiga að valda sérstökum kostnaði fyrir ríkissjóð. Lagt er til að málskotsnefnd verði lögð niður og er það gert með því að fella niður 29. og 30. gr. laga nr. 93/1992. Til að kosta starf þeirrar nefndar er 1,5 m.kr. veitt á um 1998 og mun það fé sparast verði lögin samþykkt.

930. Frumvarp til laga [545. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „menntamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: menningarmálaráðuneyti.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Menningarmálaráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Þjóðleikhús, leikfélög og aðra leiklistarstarfsemi. Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðra tónlistarstarfsemi. Listkynningu innan lands og utan. Listamannalaun og Rithöfundasjóð

Íslands. Bókmenntir og útgáfustarfsemi. Kvikmyndir og Kvikmyndasjóð Íslands. Aðra listastarfsemi.
2. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn og náttúrugripasöfn. Listasafn Íslands og önnur listasöfn. Aðra safnastarfsemi.
3. Ríkisútvarp, þ.e. hljóðvarp og sjónvarp.
4. Höfundalög. Félagsheimili og skemmtanaskatt.
5. Minjar. Mannanöfn, bæjanöfn og örnefni. Íslenska málnefnd.
6. Æskulýðsstarfsemi. Íþróttir. Aðra félagsstarfsemi á sviði menningarmála.

3. gr.

Á eftir orðinu „forsætisráðherra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: sbr. þó ákvæði 6. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lagt til að stofnað verði menningarmálaráðuneyti. Gert er ráð fyrir að verkefni á sviði menningarmála, sem hingað til hafa verið í umsjá menntamálaráðuneytisins, verði færð til hins nýja ráðuneytis. Sérstakur ráðherra fer með menningarmál ef af samþykkt frumvarpsins verður. Flutningsmaður telur brýnt að menningu sé gert það hátt undir höfði að sérstakt ráðuneyti fari með málefni hennar. Vitaskuld skarast nokkuð verksvið menntunar og menningar en minna en ætla mætti.

Menntamálaráðuneytið hefur nóg verkefni við umsjón skólastarfs í landinu. Það er nú þegar eitt stærsta ráðuneytið og yrði það áfram þótt menningarmálin væru í hinu nýja ráðuneyti.

Menningarmálaráðuneytið hefði umsjón með listum, svo sem leiklist, hljómlist, kvikmyndum, sönglist, myndlist, danslist, bókmenntum o.fl. Einnig heyrðu öll söfn undir þetta nýja ráðuneyti, svo sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, bókasöfn, náttúrugripasöfn og listasöfn í umsýslu ríkisvaldsins. Eitt mikilvægasta verksvið menningarmálaráðuneytis væri að vera stjórnsýsluaðili Ríkisútvarps, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, og að fjalla um minjar, íþróttir, m.a. Íþróttasamband Íslands, æskulýðsmálefni, m.a. Æskulýðssamband Íslands, og höfundarétt. Þessir þættir heyra núna undir menntamálaráðuneyti.

Verksvið hins nýja ráðuneytis er mótað í frumvarpinu eftir reglugerð um störf Stjórnarráðsins. Hér er farin sú leið að gera tillögu um lögfestingu meginákvæða reglugerðarinnar sem snúa að menningu og marka með því starfssvið menningarmálaráðuneytisins.

Á þessu ári er um 17 milljörðum kr. ráðstafað til menntamálaráðuneytisins á fjárlögum en af þeirri fjárhæð renna tæpir 4 milljarðar kr. til menningarmála. Umsvif hins nýja ráðuneytis verða um 4 milljarðar kr. en menntamálaráðuneytið verður eftir sem áður með útgjöld yfir 13 milljarða kr. á ári.

Til samanburðar er utanríkisráðuneytið með útgjöld upp á 3 milljarða kr. á ári, landbúnaðarráðuneytið um 8 milljarða kr., sjávarútvegsráðuneytið um 2,5 milljarða kr., dóms- og kirkjumálaráðuneytið 8,5 milljarða kr., félagsmálaráðuneytið 10 milljarða kr., heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 59 milljarða kr., fjármálaráðuneytið 21 milljarð kr., samgönguráðuneyti er með 10 milljarða kr., iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið með um 2 milljarða kr. og umhverfisráðuneytið með rúmlega 1 milljarð kr.

Á þessu sést að hið nýja menningarmálaráðuneyti yrði stærra að fjárhagslegu umfangi en utanríkisráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og umhverfis-

ráðuneytið. Önnur ráðuneyti eru stærri. Þannig eru sterk rök fyrir því að stofna sérstakt ráðuneyti um menningarmál út frá fjárhagslegum umsvifum menningar á vegum ríkisins. Yngsta ráðuneytið er umhverfisráðuneytið en stofnun þess sýndi á sínum tíma aukna áherslu stjórnvalda á umhverfismál. Þá voru umhverfismál sem heyrðu undir önnur ráðuneyti færð í hið nýja umhverfisráðuneyti. Viðhorf og vinna í sambandi við umhverfismál hafa gjörbreyst, m.a. við að starfrækt er sérstakt umhverfisráðuneyti.

Meginástæðan fyrir þessu frumvarpi er þó ekki fjárhagslegs eðlis heldur er tilgangurinn að marka skýran farveg fyrir menningu hér á landi. Brýnt er að efla menningu og stuðning ríkisvaldsins við alla þætti hennar. Það verður best gert með því að hafa sérstaka stjórnsýsluumgjörð um hana. Mikil gróska er í menningu hérlendis. Um það vitnar margvísleg útgáfustarfsemi, listsýningar og frjó umræða. Stjórnvöld eiga að fylgja slíku eftir með bættu skipulagi og aukinni áherslu á menningarmál, eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Það hefur staðið söfnum hérlendis fyrir þrifum að of lítið fé hefur verið veitt til þeirra. Söfn hafa ekki notið athyglinnar sem þeim ber í menningarsamfélagi. Með stofnun menningarráðuneytis, sem hefði m.a. umsjón með söfnum, yrði þeim gert hærra undir höfði en nú er og væri það vel.

Menning er ekki einungis veigamikill þáttur í að bæta mannlíf og samskipti einstaklinga heldur er hún efnahagslega mikilvæg. Menningarstarfsemi skilar miklu framlagi til landsframleiðslunnar og hlutur hennar fer vaxandi. Hægt er að nefna kvikmyndaiðnað sem dæmi um slíkt.

Ástæðulaust er að hafa áhyggjur af að fjölgun ráðuneyta kalli á útþenslu stjórnsýslunnar þar sem hér yrði um markvissari stjórn menningar- og menntamála að ræða. Flutningsmaður telur að sameining annarra ráðuneyta komi vel til greina og þar ber hæst sameiningu sjávarútvegs-, iðnaðar-, viðskipta- og landbúnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Slíkt er ekki lagt til í þessari tillögu en ástæða er til að vekja athygli á hugmyndinni. Uppstokkun ráðuneyta og verksviða þeirra er brýnt verkefni hérlendis.

Sú skipan þekkist víða að hafa sérstakt menningarráðuneyti og er Frakkland einna kunnasta dæmið á því sviði, svo og sum Norðurlanda. Vænta má að samstaða geti náðst um frumvarpið og gert er ráð fyrir að gildistaka laga samkvæmt því verði í ársbyrjun árið 1999 þannig að tóm gefist til að undirbúa stofnun hins nýja ráðuneytis.

Virði sérhvers þjóðfélags endurspeglast í menningu þess. Aldrei verður of vel hlúð að þeim þáttum sem móta menningu okkar, ekki síst í ljósi þess hve fámenn við erum. Það er íslensk menning sem hefur gert okkur kleift að lifa hér sjálfstæðu lífi þrátt fyrir fámennið.

931. Frumvarp til laga [546. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað 9.–17. gr. laganna (III. kafli, **Almennar ferðaskrifstofur**) koma 15 nýjar greinar, 9.–23. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur og tilvísanir samkvæmt því:

a. (9. gr.)

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar um ferðir innan lands og erlendis.
b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun gistihúsnæðis.
d. Skipulagningu og sölu hópferða, innan lands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.
e. Starfrækslu bókunarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. b-, c- og d-liði, og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókunarþjónustu.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hvaða hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a–d-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

b. (10. gr.)

Hver sá sem vill reka ferðaskrifstofu skal hafa til þess leyfi samgönguráðuneytis. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn.

Erlend ferðaskrifstofa, sem hyggst opna starfsstöð á Íslandi, skal sækja um leyfi og leggja fram tryggingu fyrir starfsemi sinni svo sem nánar er fyrirmælt í lögum þessum.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skiptast í tvo flokka eftir umfangi:

1. *Ferðaskrifstofa:* Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við ferðamenn, þar með talin skipulagning og miðlun ferða, þar með talin alferð, gisting og frístundaiðja, og selur almenna farseðla.
2. *Ferðaskipuleggjandi:* Ferðaskipuleggjandi merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga innan lands, einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundariðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim innan lands. Ferðaskipuleggjandi annast enga almenna farseðlaútgáfu til útlanda, hvorki með leiguflugi né áætlunarflugi.

Óheimilt er að stunda þau störf sem greind eru í þessum lögum, svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eða hliðstæð erlend orð, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

Ferðaskrifstofa skal hafa leyfi sitt til ferðaskrifstofureksturs sýnilegt á starfsstöð sinni.

Ráðuneytið ákveður einnig hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.

c. (11. gr.)

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Alferð,* sbr. lög um alferðir, nr. 80/1994, er fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst gisting:
   a. flutnings,
   b. gistingar,
   c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar.

   Það telst alferð þótt reikningar sé gerðir sérstaklega fyrir hvert atriði.
2. *Leiguflug* er annað flug en reglubundið áætlunarflug til flutnings á farþegum með loftförum til og frá Íslandi þegar aðili, þar með talin ferðaskrifstofa, hefur tekið farrými loftfars að hluta eða öllu leyti á leigu hjá flugrekanda.

3. *Tryggingarskyld starfsemi* er sala alferða innan lands og utan og leiguflugs til útlanda.
4. *Viðskiptavinur* er sá sem kaupir alferð eða leiguflug hjá ferðaskrifstofu. Framselji viðskiptavinur alferð eða leiguflug til þriðja manns fær sá kröfu á ferðaskrifstofu stöðvist rekstur hennar eða verði hún gjaldþrota. Kaup á alferð eða sæti með leiguflugi til endursölu fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

Í lögum þessum er orðið ferðaskrifstofa bæði notað um ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu nema annað sé tekið fram.

d. (12. gr.)

Sækja skal um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu a.m.k. tveimur mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi skal hefjast. Leita skal umsagnar ferðamálastjóra um allar slíkar umsagnir.

Til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár; ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanskildir skilyrði um ríkisfang samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
b. vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi, enda sé forsvarsmaður slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um erlendan aðila að ræða eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Hafi umsækjandi um ferðaskrifstofuleyfi haft leyfi til slíkrar starfsemi á síðustu fimm árum og hafi sú ferðaskrifstofa orðið gjaldþrota eða rekstur hennar stöðvast með þeim afleiðingum að nauðsynlegt hafi verið að grípa til tryggingar skal umsókn um leyfi til ferðaskrifstofureksturs hafnað.

e. (13. gr.)

Áður en leyfi til ferðaskrifstofureksturs er veitt skal ferðaskrifstofa eða samtök slíkra fyrirtækja leggja fram sönnun þess að hún hafi nægilega tryggingu til heimflutnings farþega erlendis frá auk þess sem skylt er að gera farþega kleift að ljúka alferð, hvort sem um er að ræða alferð innan lands eða utan, í samræmi við upphaflega áætlun hennar. Enn fremur skal tryggja endurgreiðslu þess fjár er viðskiptavinur hefur þegar greitt vegna alferðar sem enn er ófarin komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu.

f. (14. gr.)

Þeim viðskiptavinum viðkomandi ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð, hvort sem um er að ræða alferð innan lands eða utan, skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það sem viðskiptavinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrir fram ákveðna alferð, hvort sem um flutning, gistingu eða aðra fyrirframgreidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af tryggingarfé svo að honum sé gert kleift að ljúka ferð sinni. Hins vegar er ekki skylt að greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrir fram ákveðinnar alferðar.

Hafi viðskiptavinur gengið til samnings við ferðaskrifstofu um að hefja alferð og greitt innborgun inn á ferð í því skyni en endanlegur samningur ekki komist á skal engu að síður greiða það fé sem viðskiptavinurinn hefur þegar reitt af hendi enda leggi hann til fullnægjandi sönnunargögn þar að lútandi.

Þeir sem hafa greitt alferð að hluta eða öllu leyti en ekki hafið ferð skulu fá endurgreitt það fé sem þeir hafa reitt af hendi.

Hafi verið gripið til tryggingar og viðskiptavini verið gert kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflegan samning eru frekari kröfur ekki teknar til greina.

Þegar umheimflutning farþega er að ræða fyrir milligöngu ráðuneytis vegna rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu áður en alferð er lokið skal aðeins greiddur sá hluti alferðarinnar er viðskiptavini tókst ekki að ljúka.

Hafi viðskiptavinur aðeins keypt sér far með leiguflugi er heimflutningur hans tryggður af tryggingarfé ferðaskrifstofu.

Einungis beint fjárhagslegt tjón af alferð skal greitt af tryggingarfé ferðaskrifstofa en ekkert tjón sem rekja má til hugsanlegra óþæginda eða miska.

g. (15. gr.)

Ef til rekstarstöðvunar ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda kemur skulu viðskiptavinir leggja fram skriflega kröfu innan 60 daga frá birtingu áskorunar um kröfulýsingu. Meðfylgjandi skulu vera nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir. Ef samgönguráðuneytið telur að frekari gögn séu nauðsynleg til sönnunar kröfunni er því heimilt að óska eftir þeim. Ef vafi leikur á um hvort gögn til stuðnings kröfu séu fullnægjandi skal samgönguráðuneytið skera úr.

h. (16. gr.)

Ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi skulu leggja fram tryggingu samkvæmt a- og b-lið 19. gr. sem nemur 70% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð, 40% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð eða 20% af heildarveltu á ári vegna tryggingarskyldrar starfsemi og skal sú niðurstaða sem gefur hæstu tryggingu gilda. Trygging skal þó aldrei vera lægri en 2 millj. kr. vegna ferðaskrifstofu og ferðaskipuleggjanda.

Samgönguráðherra skal setja reglur um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa til að aðskilja tryggingarskylda starfsemi frá annarri starfsemi og til að nauðsynlegar upplýsingar við mat á tryggingarfjárhæð liggi fyrir.

Samgönguráðherra er heimilt að krefjast hærri tryggingar í þeim tilfellum þegar um sérstaklega áhættusaman rekstur er að ræða eða að öðru leyti er ljóst að trygging samkvæmt lögum þessum mun ekki nægja komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu.

i. (17. gr.)

Til að meta upphæð tryggingar hjá umsækjanda sem er að sækja um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu í fyrsta sinn skal umsækjandi leggja fram ítarlega áætlun um rekstur, greiðslustreymi og efnahag fyrir yfirstandandi og næsta ár. Áætlunin skal vera brotin niður á mánuði og áætluð tryggingarskyld velta sérgreind. Áætluninni skal fylgja staðfesting endurskoðanda á að áætlunin sé rétt miðað við gefnar forsendur. Samgönguráðuneytið leggur mat á forsendur áætlunarinnar og er því heimilt að óska eftir samningum og öðrum gögnum er það telur nauðsynleg við mat á áætluninni.

Leyfishafar með tryggingu skv. a- og b-lið 19. gr. skulu fyrir 31. mars ár hvert senda samgönguráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning og önnur gögn sem áskilin eru í reglum, sbr. 2. mgr. 16. gr., auk áætlunar um fyrirhuguð umsvif á starfsárinu. Ráðuneytið tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga um hvort tryggingarfjárhæð skuli breytt að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda.

Ef endurskoðað ársuppgjör hefur ekki borist 30. apríl er ráðuneytinu heimilt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi.

Ef leyfishafi hefur ekki sinnt ákvörðun ráðuneytis um hækkun tryggingarfjárhæðar innan mánaðar frá því að honum var tilkynnt ákvörðun um hækkun hennar fellur leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi.

Telji samgönguráðuneytið að rekstur ferðaskrifstofu gangi erfiðlega er því heimilt að kveðja til löggiltan endurskoðanda til að leggja mat á fjárhagsstöðu hennar. Tilkvöddum endurskoðanda er í þessu skyni heimill aðgangur að starfsstöð ferðaskrifstofunnar til að gera þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum hennar sem hann telur nauðsynlegar.

Telji samgönguráðuneytið nauðsynlegt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi vegna brota á þessari grein skal ráðuneytið tilkynna viðkomandi ferðaskrifstofu um það skriflega. Skal ferðaskrifstofan hafa 14 daga frest til að bæta úr þeim atriðum er ráðuneytið telur ábótavant.

j. (18. gr.)

Trygging gildir jafnlengi og leyfi til ferðaskrifstofureksturs. Ef trygging verður ófullnægjandi á leyfistímanum skal afturkalla leyfi til ferðaskrifstofureksturs þar til bót hefur orðið á. Trygging skal vera tiltæk í allt að sex mánuði eftir niðurfellingu leyfis nema um uppsögn tryggingar sé að ræða. Ef fullnægjandi sönnur eru færðar á að allar kröfur vegna rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu hafi verið greiddar er samgönguráðuneytinu heimilt að fella þann hluta tryggingar sem eftir stendur úr gildi áður en lögbundnir sex mánuðir eru liðnir.

Samgönguráðuneytið ákvarðar hvort greiða skal af tryggingarfé skv. 13. gr. Eigi er heimilt að fella tryggingu úr gildi eða skerða tryggingarfé nema leyfi ráðuneytisins komi til. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef grípa þarf til tryggingarfjár vegna rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofunnar.

k. (19. gr.)

Trygging, sbr. 13. gr., getur verið:

a. Fé í vörslu samgönguráðuneytis, sbr. 1. mgr. 16. gr.
b. Fé sem lagt er inn í viðurkennda banka- eða peningastofnun í nafni samgönguráðuneytis, sbr. 1. mgr. 16. gr.
c. Yfirlýsing um tryggingu frá banka eða tryggingafélagi.

l. (20. gr.)

Samgönguráðherra er heimilt að tilnefna tilsjónarmann til að sjá um uppgjör tryggingarfjár. Hann skal þá hafa með höndum umsýslu vegna heimflutnings farþega og endurgreiðslu af tryggingarfé ferðaskrifstofu. Kostnaður við störf tilsjónarmanns skal greiddur af tryggingarfé.

m. (21. gr.)

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði,
b. ef trygging sú, sem sett er skv. 13. gr., fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur,
c. ef leyfishafi hættir að hafa búsetu á Íslandi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu fellur leyfið niður ef einhverra þeirra skilyrða er misst sem uppfylla ber samkvæmt

lögum þessum eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður sem uppfyllir skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

n. (22. gr.)

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár, enda sé fullnægt almennum skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis skv. 21. gr.

o. (23. gr.)

Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Samgönguráðherra er heimilt að taka gjöld af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum sem renna til samgönguráðuneytis til að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum þessum. Fjárhæð gjaldanna skal koma fram í reglum sem ráðherra setur skv. 2. mgr. 16. gr. Gjöldin skulu standa undir kostnaði af bókhaldsrannsóknum og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegir eru til að sannreyna fjárhæð tryggingar og með öðrum hætti hafa eftirlit með rekstri ferðaskrifstofa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó eru starfandi ferðaskrifstofur undanþegnar ákvæðum h-liðar 1. gr. (16. gr.) laga þessara fram til 1. ágúst 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Við samningu frumvarpsins leitaði ráðuneytið aðstoðar til fulltrúa ferðaskrifstofa, tryggingafélaga og endurskoðenda. Þá óskaði ráðuneytið umsagnar Neytendasamtakanna og Félags íslenskra ferðaskrifstofa. Einnig var horft til nágrannalandanna.

Tilgangur þessa frumvarps er fyrst og fremst að setja skýrari reglur um rekstur ferðaskrifstofa hér á landi, svo sem um ferðaskrifstofuleyfi og fjárhæð tryggingar.

Um ferðaskrifstofur gilda lög um skipulag ferðamála, nr. 117/1994. Í þeim lögum er tilgreint í 13. gr. að ferðaskrifstofa skuli leggja fram tryggingu fyrir heimflutningi farþega og því sem greitt hefur verið komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofunnar. Nánar er fjallað um upphæð tryggingar í reglugerð um ferðaskrifstofur, nr. 281/1995. Þar kemur fram að trygging fyrir svokallað A-leyfi, en það á við um ferðaskrifstofu sem skipuleggur ferðir erlendis og selur farseðla, nemur nú 10 millj. kr. Umrætt ákvæði í lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, kemur til vegna aðildar Íslands að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ein gerða EES-samningsins fjallar einmitt um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarpakka, og var efni þessarar tilskipunar lögfest í lögum um alferðir, nr. 80/1994. Í alferðalögunum er fjallað nánar um hvað felst í alferð en hvergi er vikið að tryggingarskyldu vegna hennar.

Í umræddri tilskipun nr. 90/314/EBE frá 13. júní 1990 er að finna ákvæði um tryggingarskyldu í 7. gr. Ákvæðið er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„Skipuleggjandinn og/eða smásalinn sem er aðili að samningnum skulu leggja fram fullnægjandi sönnunargögn um tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir heimflutning neytandans ef til gjaldþrots kynni að koma.“

Þetta ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins hefur verið túlkað á þann veg að aðildarríkjum beri að greiða allar innborganir vegna alferðar eða gera umræddum viðskiptavinum kleift að ljúka för sinni auk þess sem það er skylt að flytja farþega til síns heima óski hann ekki eftir að halda áfram för. Enn fremur er ljóst að hér er um tryggingu vegna alferða að ræða og ekki er skylt að endurgreiða neytendum vegna annarra hluta en þeirra sem í alferð felast. Hér er fyrst og fremst um neytendavernd að ræða á ákveðnu sviði ferðaþjónustu. Eins og kunnugt er er BSP-trygging ætíð í gildi hjá þeim aðilum sem selja reglubundnar áætlunarferðir með flugvélum (en ekki reglubundið leiguflug), og farþegum, sem kaupa sæti með áætlunarflugi, er því ávallt tryggð heimkoma.

Eins og áður sagði var sú leið farin við setningu alferðalaganna að tryggingarákvæði umræddrar tilskipunar Evrópusambandsins var sett inn í lög um skipulag ferðamála þegar þeim var breytt með lögum nr. 81/1994 (endurútefin lög, nr. 117/1994) en ekki haft með í alferðalögunum sjálfum. Undanfarin missiri hafa nokkrar ferðaskrifstofur hér á landi hætt rekstri. Af þeim voru tvær með nokkurn fjölda farþega erlendis þegar reksturinn stöðvaðist. Sú hefð hefur skapast vegna uppgjörs á tryggingarfé hér á landi að greiða heimflutning og innborganir, bæði vegna alferða og leiguflugs. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins er ekki skylda að greiða innborganir vegna leiguflugs svo sem gert hefur verið hér á landi hingað til. Því er lagt til í frumvarpi þessu að einungis verði greiddur heimflutningur þegar eingöngu er um leiguflug að tefla en bæði innborganir og heimflutningur vegna alferða auk þess sem viðskiptavinum ferðaskrifstofu skal gert kleift að ljúka alferð sinni óski þeir eftir því.

Þá er lagt til að tryggingarfé vegna ferðaskrifstofureksturs verði hækkað verulega. Það er ljóst að 10 millj. kr. trygging hrekkur skammt ef stór ferðaskrifstofa stöðvast í háannatíma. Því er lagt til í frumvarpinu að ákveðið hlutfall af tryggingarskyldri veltu ferðaskrifstofu skuli lagt fram sem trygging. Með því er tryggt að ætíð verði nægjanlegt tryggingarfé þegar og ef til rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu kemur.

Þá er að finna mun nákvæmari reglur um umsókn til ferðaskrifstofureksturs, svo og um mat á upphæð tryggingarfjár.

Í frumvarpinu er enn fremur lögfest skipting milli rekstrarforma ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Hér er í raun um A- og B-leyfi að tefla samkvæmt núgildandi reglugerð en nauðsynlegt þótti að binda þessa skiptingu í lög.

Loks er í frumvarpinu heimild fyrir samgönguráðherra að tilnefna tilsjónarmann til að sjá um uppgjör tryggingarfjár. Þessi heimild er nauðsynleg þar sem uppgjör af þessu tagi er flókið og tímafrekt. Ekki er talið heppilegt að hafa slíka umsýslu á hendi ráðuneytisins og því farsælla að skipa tilsjónarmann fyrir hvert einstakt tilfelli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið (9. gr.).

Greinin er óbreytt frá 9. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um b-lið (10. gr.).

Hér er lagt til að skipting leyfa til ferðaskrifstofureksturs verði skilgreind í lögunum sjálfum en ekki í reglugerð eins og nú er gert. Nokkurs misskilnings hefur þótt gæta um skiptingu í A- og B-leyfi í reglugerð um ferðaskrifstofur og er því farin sú leið hér að skipta ferðaskrifstofum í annars vegar ferðaskrifstofur og hins vegar ferðaskipuleggjendur. Meginmunurinn á flokkunum felst í því að ferðaskrifstofa hefur leyfi til farseðlaútgáfu, þ.e. henni er heimilt að selja farseðla með áætlunarflugi og leiguflugi. Ferðaskipuleggjanda er hins vegar aðeins

heimilt að skipuleggja ferð með áætlunarflugi, þ.e. að útvega gistingu og annað það sem viðskiptavinir kunna að óska eftir og afhenda farseðla sem gefnir eru út af flugfélagi í áætlunarflugi.

Enn fremur er í þessari grein kveðið á um að erlend ferðaskrifstofa sem hyggst opna starfsstöð hér á landi þurfi að sækja um leyfi. Þetta gildir líka um ferðaskrifstofur innan EES. Þrátt fyrir að þær kunni að hafa tryggingar í heimalandi sínu verður að telja að sömu reglur skuli gilda um þær og íslenskar ferðaskrifstofur þegar þær starfa hér á landi. Sama gildir þá um íslenska ferðaskrifstofu með starfsstöð erlendis. Slík skrifstofa yrði þá að leggja fram tryggingu í því landi þar sem starfsstöðin er. Reynslan hefur einnig sýnt að oft er óvarlegt að treysta tryggingum erlendra ferðaskrifstofa komi til rekstarstöðvunar hér á landi.

Um c-lið (11. gr.).

Hér er verið að skýra hugtök sem koma fyrir í lagatextanum og þarfnast greinin ekki frekari skýringar.

Um d-lið (12. gr.).

Í greininni eru talin upp almenn skilyrði fyrir leyfi til reksturs ferðaskrifstofu. Þetta ákvæði er í aðalatriðum í samræmi við gildandi lög en þó er sú nýbreytni hér að hafi umsækjandi um ferðaskrifstofu borið ábyrgð á slíkum rekstri á undanförnum fimm árum með þeim afleiðingum að grípa varð til tryggingar skal synja honum um leyfi til ferðaskrifstofureksturs. Hér er verið að reyna að sporna við því að aðilar sem telja verður að hafi nokkuð vafasama fortíð í ferðaskrifstofurekstri setji á fót ferðaskrifstofur æ ofan í æ.

Um e-lið (13. gr.).

Um þetta ákvæði er fjallað í athugasemdum við 14. gr. og er vísað til þeirra.

Um f-lið (14. gr.).

Í greininni er skýrt hvað tryggingunni er ætlað að greiða. Eins og fyrr segir er tilskipun Evrópusambandsins nr. 90/314/EBE grunnurinn að breytingu á lögunum og í henni er í mjög grófum dráttum skýrt hvað skuli greiða. Ákvæði tilskipunarinnar er svohljóðandi:

„Skipuleggjandinn og/eða smásalinn sem er aðili að samningnum skulu leggja fram fullnægjandi sönnunargögn um tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir heimflutningi neytandans ef til gjaldþrots kynni að koma."

Eins og ljóst er af þessu eru ekki mjög nákvæmar leiðbeiningar um hvað greiða skuli. Þó er ljóst að heimflutningur er alltaf greiddur. Síðari hluti greinarinnar er vandmeðfarnari. Við samningu þessa frumvarps hefur verið litið til nágrannalandanna og þá ekki hvað síst um þennan þátt þess.

Allt sem þegar hefur verið greitt áður en lagt er upp í alferð skal endurgreitt komi til rekstrarstöðvunar. Hér er átt við farseðla, gistingu, bílaleigubíla og aðra þætti er lúta beint að upphaflegri alferð. Enn fremur er átt við alls kyns menningarviðburði, svo sem leikhússýningar eða tónleika, enda séu þeir hluti upphaflegrar alferðar. Hafi farþegi þegar hafið ferð og óski hann eftir að ljúka henni skal honum gert það kleift í samræmi við þann samning sem gerður var. Enginn frekari kostnaður var greiddur. Farþegi, sem greitt hefur fyrir gistingu á fjögurra stjörnu hóteli, getur ekki í ljósi rekstrarstöðvunar fært sig á fimm stjörnu hótel og óskað eftir að slík gisting verði greidd af tryggingarfé. Ef ekki tekst að ná samningum við þá aðila er upphaflegum samningi var beint að skal einungis greiða það hlutfall af ferðinni er á við þann þátt. Fáist ekki miðar í fyrirframákveðið leikhús sem farþegi hefur greitt skal gefa

honum kost á að fara í annað leikhús enda sé ekki um ólíka viðburði að ræða svo að kostnaðurinn verði mun meiri.

Óski farþegi eftir að komast heim strax og ljóst er að ferðaskrifstofa hefur stöðvað rekstur skal það tryggt að honum verði endurgreiddur sá hluti ferðarinnar sem eftir er.

Um g-lið (15. gr.).

Hér eru fyrirmæli um hvaða gögn viðskiptavinir þurfi að leggja fram til sönnunar kröfu sinni. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Um h- og i-lið (16. og 17. gr.).

Í greininni er kveðið á um upphæð tryggingar. Hér er um grundvallarbreytingar að ræða frá gildandi lögum þar sem kveðið er á um fasta fjárhæð án tillits til umfangs starfsemi ferðaskrifstofa. Umfang ferðaskrifstofa er mjög mismunandi. Stærstu ferðaskrifstofurnar hafa hundruð farþega eða jafnvel þúsundir erlendis í einu meðan þær minnstu eru ekki með nema örfáa. Hér er um mjög áhættusaman rekstur að ræða þar sem almennir neytendur geta tapað miklum fjármunum. Ljóst er að tryggingar þær sem í gildi eru samkvæmt gildandi lögum hrökkva hvergi nærri til ef stór ferðaskrifstofa verður gjaldþrota. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 90/314/EBE er skylt að tryggja að allir farþegar, sem erlendis kunna að dveljast á vegum ferðaskrifstofu, komist heim komi til rekstrarstöðvunar auk þess sem greiða skal allt það fé sem viðskiptvinur hefur lagt út vegna ferðarinnar. Að núgildandi lögum er ljóst að þessari tilskipun er ekki fullnægt svo viðunandi sé. Því er nú boðuð sú breyting að binda upphæð tryggingar ferðaskrifstofa við veltu þeirra þannig að tryggt sé að trygging sé í samræmi við umfang hennar á hverjum tíma. Ársreikningar skulu lagðir fram svo að ætíð á að vera öruggt að trygging sé nægjanleg.

Ekki er gerður greinarmunur á tryggingu ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofa. Gert er ráð fyrir að trygging skuli vera 70% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð, 40% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð eða 20% af veltu af heildarsölu árs miðað við tryggingarskylda veltu. Með tryggingarskyldri veltu er gert ráð fyrir að fyrirtæki kunni að hafa ýmislegt annað á prjónunum en ferðaskrifstofustarfsemi og er því gert ráð fyrir að ferðaskrifstofustarfsemin sé aðgreind í ársreikningum. Í 16. gr. er heimild fyrir samgönguráðherra til að gefa út reglur um aðskilnað í bókhaldi ferðaskrifstofa vegna tryggingarskyldrar starfsemi. Vegna ferðaskrifstofa er enn fremur nauðsynlegt að taka tillit til svokallaðrar BSP-tryggingar en hana þurfa allar ferðaskrifstofur, sem gefa út farseðla í reglubundnu áætlunarflugi, að hafa. Slík trygging er fullnægjandi komi til þess að áætlunarflug stöðvist.

Í 17. gr. er enn fremur kveðið á um að ef ferðaskrifstofa uppfyllir ekki þá lagaskyldu að leggja fram endurskoðaða ársreikninga árlega sé ráðuneytinu heimilt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi. Í slíkum tilfellum er ferðaskrifstofum gert kleift að bæta ráð sitt innan mjög þröngs frests. Ákvæði af þessu tagi er óhjákvæmilegt eigi að vera unnt að hafa virkt eftirlit með rekstri ferðaskrifstofa á hverjum tíma.

Þá er ráðuneytinu enn fremur gefin heimild til að grípa inn í rekstur ferðaskrifstofu ef ástæða er til að ætla að rekstur hennar gangi mjög erfiðlega. Þá er heimilt til að fá löggiltan endurskoðanda til að yfirfara bókhald ferðaskrifstofunnar til að ganga úr skugga um hvort rekstur hennar sé í hættu.

Um j-lið (18. gr.).

Hér er kveðið á um að trygging til ferðaskrifstofureksturs skuli gilda jafnlengi og leyfið sjálft, enn fremur að trygging skuli vera til reiðu í allt að sex mánuði eftir að leyfi hefur verið

fellt úr gildi. Á þeim tíma ætti að vera ljóst hvert umfang tjónsins er, þ.e. hvort nauðsynlegt er að grípa til tryggingarinnar. Sé hins vegar ljóst miklu fyrr hvernig lyktir mála verða er þó gert ráð fyrir að heimilt sé að afhenda trygginguna fyrr.

Um k-lið (19. gr.).

Í þessari grein er kveðið á um form tryggingar. Umsækjendum er heimilt að leggja tryggingarfé í reiðufé til ráðuneytisins eða inn í viðurkennda banka- eða peningastofnun auk þess sem þeim er heimilt að leggja fram bankaábyrgð eða yfirlýsingu um tryggingu frá viðurkenndu tryggingafélagi.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér umtalsverða hækkun á tryggingum frá því sem nú er er ljóst að ferðaskrifstofur eiga erfitt með að leggja tryggingu fram í reiðufé. Því var sú leið farin að heimila umsækjendum að tryggja sig hjá tryggingafélagi eða kaupa bankaábyrgð þannig að ef til rekstrarstöðvunar kemur verði ráðuneytinu gert kleift að ganga að slíkri tryggingu eða bankaábyrgð.

Um l-lið (20. gr.).

Hér er samgönguráðherra veitt heimild til að tilnefna tilsjónarmann til að sjá um uppgjör tryggingar ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu kemur. Þetta er fyrst og fremst gert vegna þess að hér er um sérhæft og tímafrekt verkefni að ræða sem illa samræmist öðrum störfum ráðuneytisins. Hingað til hefur uppgjör vegna tryggingarfjár ferðaskrifstofa verið í höndum starfsmanna ráðuneytisins og reynslan sýnir að eðlilegra væri að hafa utanaðkomandi aðila í þessu verkefni. Það er líka ljóst að með frumvarpi þessu er umsýsla vegna uppgjörs tryggingarfjár mun meiri en verið hefur svo að þörfin fyrir tilsjónarmann af þessu tagi er brýn komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu.

Um m-lið (21. gr.).

Greinin er samhljóða 15. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um n-lið (22. gr.).

Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um o-lið (23. gr.)

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að setja skýrari reglur en nú gilda um rekstur ferðaskrifstofa hér á landi, einkum um skiptingu ferðaskrifstofuleyfa og fjárhæð trygginga sem nota má til heimflutnings farþega komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu.

Í h-lið 1. gr. frumvarpsins er lögð til hærri viðmiðun á tryggingarfjárhæðinni. Í stað þess að miða við 10 m.kr. eins og nú er skulu ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur leggja fram tryggingu sem nemur 70% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð, 40% af veltu fjögurra söluhæstu mánuðanna í röð eða 20% af heildarveltu á ári vegna tryggingarskyldrar starfsemi og skal sú niðurstaða sem gefur hæsta tryggingu gilda. Trygging skal þó aldrei vera lægri en 10 m.kr. vegna ferðaskrifstofu og 2 m.kr. vegna ferðaskipuleggjanda.

Samkvæmt o-lið 1. gr. frumvarpsins verður samgönguráðherra heimilt að taka gjöld af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum sem renna til samgönguráðuneytis til að standa straum af kostnaði við eftirlit sem hlytist af samþykk frumvarpsins. Er hér um um að ræða kostnað af bókhaldsrannsóknum og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegir eru til að sannreyna fjárhæð trygginga. Gert er ráð fyrir að árlega yrði innheimt um 30 þús. kr. gjald af um 40 ferðaskrifstofum sem gæfi af sér 1,2 m.kr.

Ekki verður um kostnaðarauka fyrir ríkissjóð að ræða, verði frumvarpið að lögum.

932. Frumvarp til laga [547. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um afdrátt staðgreiðslu frá og með árinu 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í 2. gr. þess frumvarps er lagt til að felld verði niður sú regla að reikna beri álagsstuðul á vexti af verðbréfum þegar þau eru ekki með árlegri greiðslu. Útreikningum þessum var ætlað að jafna skattlagningu á vöxtunarforma sem bundin eru til lengri tíma og þeirra þar sem vextir eru greiddir árlega. Komið hefur í ljós að ýmsum vandkvæðum er bundið að ákvarða slíkan stuðul og að mjög flókið yrði að framkvæma þessa jöfnun. Þar sem hér er ekki um að ræða verulegar fjárhæðir né stórfelldan mismun á

skattlagningu er lagt til að felld verði niður skylda til útreiknings og útgáfu þessa sérstaka stuðuls. Breyting samkvæmt þessu frumvarpi er gerð til samræmis við fyrrgreinda breytingu á tekjuskattslögunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur.

Frumvarp þetta snýr að breytingu á ákvæði laga um staðgreiðsluskatt af fjármagnstekjum sem ekki mun hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

933. Fyrirspurn [548. mál]

til viðskiptaráðherra um kaup Landsbankans á veiðileyfum í Hrútafjarðará.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg laxveiðileyfi keypti Landsbankinn og einstakir sjóðir, fyrirtæki, stofnanir og dóttur- og hlutdeildarfyrirtæki hans árlega af leigutaka Hrútafjarðarár sl. 15 ár, sundurliðað eftir fjölda veiðiferða, fjölda stanga í hverri veiðiferð og fjölda stangardaga?
2. Hvað kostuðu þessi laxveiðileyfi í Hrútafjarðará, sundurliðað eftir árum, og hvað er innifalið í laxveiðileyfinu?
3. Hver var annar kostnaður bankans og einstakra sjóða, fyrirtækja, stofnana og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja hans árlega við þessar ferðir, sundurliðað eftir ferðakostnaði, gistingu og öðrum uppihaldskostnaði og hvernig sundurgreindist sá kostnaður?
4. Hve margir stangardagar, sundurliðað eftir innlendum gestum, erlendum gestum og starfsmönnum bankans og einstakra sjóða, fyrirtækja, stofnana og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja hans, skiptust milli þessara aðila?
5. Hvaða stöðu gegndu þeir sem voru gestir í þessum ferðum hvert ár um sig? Sérstaklega er spurt um hvort þátttakendur hafi verið:
   a. fyrrverandi bankastjórar og fyrrverandi og núverandi bankaráðsmenn og á hvaða árum og af hvaða tilefni,
   b. fyrrverandi og núverandi ráðherrar og á hvaða árum og af hvaða tilefni,
   c. forstöðumenn ríkisstofnana og þá í hvaða atvinnugrein, á hvaða árum og af hvaða tilefni,
   d. forstöðumenn einkafyrirtækja og þá í hvaða atvinnugrein, á hvaða árum og af hvaða tilefni.
6. Getur ráðherra nefnt dæmi um að laxveiðiboð íslenskra banka til fulltrúa erlendra fjármálastofnana hafi leitt til lækkunar á vaxtakjörum landsmanna eða betri vaxtakjara í samningum við erlenda aðila?

Skriflegt svar óskast.

934. Tillaga til þingsályktunar [549. mál]

um að rita sögu landnáms og búsetu Íslendinga á Grænlandi og landafunda í Vesturheimi.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Johnsen, Birna Sigurjónsdóttir,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem ráði sérfræðinga til að annast ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, búsetu þeirra þar og hinna merku landafunda í Vesturheimi. Stefnt skal að því að sagan komi út um aldamótin og tengist hátíðahöldum í tilefni þeirra og afmælis landafunda Íslendinga í Ameríku.

Nefndin hafi heimild til að ráða sér starfsmenn til gagnasöfnunar og söguritunarinnar. Nefndin hafi allt að 15 milljónir króna til ráðstöfunar í þessu skyni á árinu 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum eftir því sem þarf til að ljúka verkefninu.

Greinargerð.

Ekki hefur verið gerð nein alvarleg tilraun til þess að skrifa með heildstæðum hætti og aðgengilegum fyrir almenning sögu hins merka landnáms Íslendinga á Grænlandi á söguöld og búsetu þeirra þar. Margvíslegar heimildir er þó að finna bæði skriflegar og í fornminjum um þetta landnám og aldalanga búsetu Íslendinga eða norrænna manna á Grænlandi. Hvað ritaðar heimildir snertir er mikill fengur að samantekt dr. Ólafs Halldórssonar sem birtist í bókinni „Grænland í miðaldaritum". Einnig má nefna rit Björns Þorsteinssonar sagnfræðings, svo og nýlegt rit Helga Guðmundssonar prófessors. Nokkuð hefur verið unnið að rannsóknum og um þessi mál ritað af hálfu Grænlendinga og Dana en á skortir að við Íslendingar höfum sýnt þessum merka hluta af sögu okkar nægilega ræktarsemi. Þessum kafla í Íslandssögunni er ekki nægur gaumur gefinn í kennslubókum. Nokkur vakning varð þó í þessu sambandi þegar haldið var hátíðlegt að 1000 ár væru liðin frá komu Eiríks rauða til Grænlands á sínum tíma.

Nú er á nýjan leik tilefni til að varpa ljósi á þessa sögu og reyna að efla tilfinningu fyrir henni í vitund þjóðarinnar.

Með því að nýta þær heimildir sem til eru, fyrst og síðast Íslendingasögurnar en einnig upplýsingar sem fyrir liggja eða fá má með fornleifarannsóknum, úr bréfa- og skjalasöfnum o.fl., má bregða skýrara ljósi á þetta tímabil, landnámið sjálft og líf og störf Íslendinganna á Grænlandi. Margt bendir til að samskiptin við byggðirnar á Grænlandi og verslun með varning sem þaðan barst hafi haft meiri áhrif á Íslandi og íslenskt efnahagslíf á þjóðveldisöld en hingað til hefur verið talið. Athyglin hefur reyndar í mjög miklum mæli beinst að endalokum búsetu norrænna manna á Grænlandi og þeirri dulúð sem það mál umlykur. Í minna mæli hefur viðfangsefnið verið sjálf búsetan og þær aldir sem liðu frá því að Eiríkur rauði og hans fólk tók sér bólfestu á Grænlandi og allt fram yfir aldamótin 1400 þegar búseta stóð enn sannanlega með nokkrum blóma á Grænlandi. Búseta norrænna manna á Grænlandi hefur að öllum líkindum staðið í hartnær hálft árþúsund og spannar þar af leiðandi mjög afdrifarík tímabil í sögu íslensku þjóðarinnar eða allt frá því fyrir kristnitöku og fram á 15. öld.

Spyrja má hver sé tilgangurinn með söguritun af þessu tagi og hvort slíkar bækur komi ekki til með að rykfalla uppi í hillum. Því er til að svara að forsenda þess að unnt sé að upplýsa fólk með trúverðugum hætti um efni af þessu tagi er að frumheimildir séu kannaðar og gögn dregin saman og úr þeim unnið skipulega og vísindalega. Slíka undirstöðuvinnu vantar í þessu tilviki. Á grundvelli hennar og vandaðrar söguritunar má síðan matreiða afmarkaða þætti og hagnýta

á margvíslegan hátt. Má þar nefna gerð aðgengilegs kennsluefnis til nota í skólum, upplýsingamiðlun og fræðslu til almennings, gerð kvikmynda og sjónvarpsefnis, efni til nota í landkynningu og til hagnýtingar í ferðaþjónustu o.s.frv. Síðast en ekki síst skiptir hér máli að við sýnum sögunni ræktarsemi og þessum merka kafla sem einnig tengist samskiptum okkar við næstu nágranna okkar á Grænlandi.

Ástæðulaust er að fara út í deilur um það hér hvort norrænir menn á Grænlandi voru Íslendingar eða Grænlendingar. Arfleifðin er sameiginleg báðum þjóðunum og ljóst er að á Grænlandi er einnig mikill áhugi á því að fræðast um þennan þátt í búsetusögu landsins. Reyndar hafa Grænlendingar þegar ákveðið að sýna hinu norræna landnámi og minjum um það aukna ræktarsemi, m.a. með uppbyggingu í Brattahlíð, bæ Eiríks rauða. Þessi mál hafa einnig verið á dagskrá í vestnorrænu samstarfi og má rekja þangað ákveðið frumkvæði að því að halda hinum sameiginlega menningararfi á þessu sviði til haga og hafa hann í heiðri.

Fundur Vínlands og siglingaafrek kappa á borð við Leif heppna Eiríksson, Þorfinn karlsefni og Guðríði Þorbjarnardóttur yrðu að sjálfsögðu vænn kafli í hinni merku sögu landnáms- og siglinga í vestur frá Íslandi.

Í haust samþykkti Alþingi að vísa til ríkisstjórnarinnar með jákvæðri umsögn tillögu Svavars Gestssonar um að minnast landafundanna sérstaklega. Hefur ríkisstjórnin einnig skipað nefnd um þessi mál. Tillagan dregur fram sérstakan þátt málsins og hana bera að skoða í samhengi og sem viðbót við það sem þegar er í undirbúningi af hálfu stjórnvalda. Vel gæti komið til greina að fela svonefndri landafundanefnd að hafa yfirumsjón með verkinu.

935. Tillaga til þingsályktunar [550. mál]

um Argos-staðsetningartæki til leitar og björgunar.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að finna leiðir til þess að auka og auðvelda notkun Argos-staðsetningartækja meðal þeirra sem ferðast um hálendi Íslands og auðvelda þannig leit og aðstoð við þá sem týnast eða þurfa á hjálp að halda.

Greinargerð.

Ferðalög um hálendi Íslands aukast ár frá ári og eru ferðir við erfiðar aðstæður æ algengari, svo sem að vetri til. Þeim sem leggja í slíkar ferðir getur verið hætta búin vegna þess hve veður eru válynd og torleiði mikið í óbyggðum. Alloft þarf að fá fjölmennt lið og búnað björgunarsveita, Landhelgisgæslu, lögreglu, slökkviliðs o.fl. til björgunar. Eins og vera ber er þá ekkert til sparað til að bjarga lífi og heilsu þeirra sem týnst hafa á fjöllum.

Argos-staðsetningartækið hefur valdið byltingu í átt til aukins öryggis og auðveldari og ódýrari leitar að týndu fólki. Tækið sendir stöðugt út merki um hvar það er statt og segir þannig til um staðsetningu þess sem það ber. Merkið frá Argos-tækinu berst til gervihnatta og þaðan um alþjóðlegt kerfi til móttökustöðvar hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík. Þannig er hægt að fylgjast nákvæmlega með ferðum þess sem tækið ber og vita nákvæmlega hvar hann er staddur ef hann þarf á björgun eða aðstoð að halda. Tækið er þar að auki búið sérstakri merkjasendingu með 16 möguleikum sem sendandinn getur notað til þess að segja til um hvers hann óskar. Hann getur þannig gefið til kynna hvort um bráðan háska er að ræða og björgunar

sé óskað strax eða hvort vandinn er minni háttar og aðeins er óskað eftir minni háttar aðstoð vegna bilana á búnaði o.s.frv. Einn augljós kostur tækisins er að ekki þarf að biðja um leit þó að ferðamaðurinn tefjist án þess að vera í nokkrum vanda staddur. Með einfaldri merkjasendingu getur hann gefið merki um slíka óvænta en hættulausa töf.

Argos-kerfið hefur verið í notkun hérlendis í fjögur ár og hefur þegar orðið til þess að bjarga lífi fólks á hálendinu og um leið komið í veg fyrir umfangsmiklar og kostnaðarsamar leitir. Að undanförnu hafa ferðamenn í vanda tvívegis notað tækið til þess að kalla eftir hjálp. Hægt hefur verið að koma þeim samstundis til bjargar og ganga að dvalarstað þeirra með lágmarksfyrirhöfn og kostnaði.

Uppsetning og fjárfesting við Argos-kerfið hér á landi hefur verið um 6 milljónir króna og auk þess er rekstrarkostnaður kerfisins allnokkur vegna afnotagjalda og leigu á gervihnattasambandi. Þá þarf einnig að greiða sérstakt gjald, sem þó er lágt, af hverju tæki sem ferðamaður tekur með sér. Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík hefur borið þennan kostnað. Það eru hins vegar augljósir hagsmunir allra sem að öryggismálum og björgunarmálum vinna að sem flestir noti Argos-tækið í ferðum þar sem búast má við töfum, erfiðleikum eða hættu. Nægir í því sambandi að benda á þá hagsmuni sem felast í færri og markvissari útköllum á þyrlum Landhelgisgæslunnar. Láta mun nærri að rekstrarkostnaður kerfisins á einu ári nemi kostnaði af einu útkalli stóru þyrlunnar í eina umfangsmikla leit. Þá er ótalinn allur beinn og óbeinn kostnaður björgunarsveita og einstaklinga sem af mikilli ósérhlífni inna af hendi sjálfboðaliðastarf og leggja fram dýr tæki.

Nauðsynlegt og eðlilegt er að ríkisvaldið leggi sitt af mörkum til þess að auka notkun Argos-tækjanna. Með því er öryggi þegnanna aukið og um leið sparað fé, fyrirhöfn og áhyggjur.

936. Tillaga til þingsályktunar [551. mál]

um rekstur björgunarsveita í landinu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að setja á fót nefnd með það að markmiði að létta rekstur björgunarsveita í landinu og bæta starfsaðstöðu þeirra. Nefndin skoði tekjumöguleika sveitanna og rekstrarkostnað þeirra og þá sérstaklega gjöld og álögur sem þær greiða til opinberra aðila. Enn fremur leggi nefndin fram tillögur um hvernig tryggja megi framtíðarstöðu björgunarsveitanna.

Greinargerð.

Björgunarsveitir gegna mikilvægu hlutverki á Íslandi. Aðstæður hér eru með þeim hætti að oft þarf að leita eftir aðstoð bæði björgunarsveita og opinberra aðila, svo sem Landhelgisgæslu, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraliðs. Starf björgunarsveitanna er ómetanlegt. Mest af því er sjálfboðaliðastarf og það útheimtir mikil útgjöld. Björgunarsveitir búa við erfið rekstrarskilyrði og margt bendir til að slíkt muni draga úr starfsgetu þeirra miðað við auknar kröfur á sviði öryggismála. Enn fremur er hætta á minni aðsókn sjálfboðaliða.

Mikilvægt er að rekstrar- og starfsgrundvöllur sveitanna sé skoðaður og að opinberir aðilar tryggi framtíðarstöðu þeirra enda eiga opinberir aðilar mikið undir því að njóta starfs sveitanna og tryggja þannig öryggi þegnanna með viðráðanlegum kostnaði.

Íslendingar meta líf og heilsu hvers einstaklings mikils. Enn fremur eru mikil verðmæti í húfi ef vá steðjar að. Náttúra landsins er óblíð og getur skapað hættur og veitt mönnum þungar búsifjar. Atvinnuhættir landsmanna kalla oft á að brugðist sé við hættuástandi og þá yfirleitt mjög skjótt. Búseta þeirra krefst einnig sérstakra ráðstafana í öryggismálum, bæði vegna strjálbýlis og hversu byggð er víða nærri hættum náttúrunnar.

Björgunar- og hjálparstörf hér á landi hafa að mestum hluta mætt á björgunarsveitunum. Að baki sveitunum stendur fólk sem hefur ánægju af því að aðstoða aðra og verða að liði í samfélaginu. Þetta fólk leggur fram gríðarmikið sjálfboðaliðastarf og dýran búnað sem það þarf sjálft að kaupa. Það vinnur einnig að fjáröflun til sveitanna en þær þurfa verulegt fé til rekstrar og tækjakaupa og húsnæðiskaupa. Allir landsmenn þekkja að björgunarsveitir koma til hjálpar við smæstu og stærstu tilvik. Varla verður mikið að vetrarfærð áður en fólk þarf á aðstoð björgunarsveita að halda; varla þarf mikið að hvessa án þess að björgunarsveitir séu kallaðar út til þess að bjarga verðmætum, að ekki sé minnst á hin alvarlegri mál þegar leita þarf að fólki eða bjarga því úr sjávarháska. Þá er öllum í fersku minni ómetanlegt starf björgunarsveitarfólks við hin hörmulegu og mannskæðu snjóflóðaslys.

Enda þótt Íslendingar séu svo lánsamir að búa að einstæðri hefð um framlag björgunarsveitanna má það ekki gleymast að störf í þágu öryggis borgaranna og björgunarstörf eru skyldur samfélagsins. Víðast hvar erlendis bera opinberir aðilar kostnað af slíku að mestu með atvinnubjörgunarmönnum og herliði. Jafnframt því sem björgunarsveitarfólk hér á landi leggur fram liðsinni sitt af fúsum og frjálsum vilja án þess að ætlast til endurgjalds verður samfélagið að sjá til þess að rekstrar- og starfsaðstaða sveitanna sé góð. Hér er ekki aðeins um sanngirnissjónarmið að ræða heldur þarf beinlínis að koma í veg fyrir að sveitirnar skreppi saman eða gefist upp annaðhvort vegna fjárskorts eða manneklu. Sums staðar á landsbyggðinni hafa björgunarsveitirnar ekki haft rekstrargundvöll og væru ekki starfandi ef ekki kæmi til stuðningur frá heildarsamtökum viðkomandi björgunarsveita. Víða í þjóðfélaginu hefur orðið vart minni vilja til þess að inna af hendi sjálfboðaliðastarf og baráttan um frítíma fólks eykst. Baráttan í fjáröflun hefur farið harðnandi og óhemjumikill tími björgunarsveitarfólks fer í fjársöfnun en gæti ella farið til annarra starfa í þágu sveitanna. Þá er einnig til þess að líta að enginn er krafinn um gjald þegar björgunarsveit kemur til hjálpar og opinberir aðilar eru oft þeir sem þurfa mest á starfi sveitanna að halda.

Björgunarsveitirnar greiða flest opinber gjöld og álögur á við annan rekstur. Meðal þessara gjalda er virðisaukaskattur og aðflutningsgjöld af stórum hluta aðfanga þótt ýmsir þættir séu þar undanþegnir, þungaskattur af bifreiðum, gjöld vegna síma og fjarskipta, gatnagerðargjöld, fasteignagjöld, tryggingar og fleira mætti telja.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitast við að finna leiðir til þess að styrkja björgunarsveitirnar eins og þær eru reknar en ekki er verið að leggja til að breyta þeim einstæða og verðmæta grundvelli sem þær byggjast á, sem er hugsjón og vilji til þess að verða náunga sínum og samfélaginu að liði. Það eru hagsmunir og skylda ríkisvaldsins að skapa slíkri starfsemi lífsskilyrði.

937. Lög [389. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (tilkynningar skiptastjóra).

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 917.

938. Lög [466. mál]

um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 799.

939. Þingsályktun [72. mál]

um atvinnusjóð kvenna.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem endurskoði og geri tillögur um framhald á starfi atvinnusjóðs kvenna. Nefndin taki jafnframt mið af þeirri úttekt sem gerð hefur verið á vegum Vinnumálastofnunar og því hvernig styrkir hafa nýst.

Félagsmálaráðherra skipi tvo nefndarmenn, Byggðastofnun einn og Kvenfélagasamband Íslands einn og einn komi úr hópi atvinnuráðgjafa.

940. Þingsályktun [484. mál]

um rannsókn á refsingum við afbrotum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 820.

941. Frumvarp til laga [552. mál]

um bindandi álit í skattamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Ríkisskattstjóri skal láta uppi bindandi álit í skattamálum eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, enda geti mál varðað verulega hagsmuni þess sem eftir slíku áliti leitar. Beiðni um bindandi álit getur tekið til álitamála sem snerta álagningu skatta og gjalda sem eru á valdsviði skattstjóra eða ríkisskattstjóra og falla undir úrskurðarvald yfirskattanefndar.

Ekki er heimilt að óska eftir bindandi áliti um skattaleg áhrif ráðstafana, sem þegar hafa verið gerðar.

2. gr.

Senda skal skriflega beiðni um bindandi álit til ríkisskattstjóra í tæka tíð til að unnt sé að gefa álit áður en ráðstöfun er gerð. Beiðnin skal vera vel afmörkuð varðandi þau álitaefni sem um er spurt og henni skulu fylgja upplýsingar og gögn sem þýðingu hafa og álitsbeiðandi hefur yfir að ráða.

Þurfi ríkisskattstjóri á frekari gögnum að halda hjá álitsbeiðanda til þess að geta tekið afstöðu og gefið álit skal hann kalla eftir þeim svo fljótt sem unnt er. Álitsbeiðandi skal afhenda gögnin innan þess frests sem ríkisskattstjóri setur honum. Berist gögn ekki innan tilskilins frests, skal vísa erindinu frá eða takmarka álitið við fyrirliggjandi gögn.

Beiðni um bindandi álit telst sjálfkrafa fallin úr gildi ef ráðstafanir, sem beiðnin lýtur að, eru gerðar eftir að beiðni er send ríkisskattstjóra og áður en álit liggur fyrir.

3. gr.

Ríkisskattstjóri skal láta uppi bindandi álit samkvæmt lögum þessum svo fljótt sem unnt er.

Nú telur ríkisskattstjóri að beiðni sé vanreifuð eða óskýr eða aðrar ástæður mæla gegn því að látið sé uppi bindandi álit og getur hann þá vísað beiðninni frá með rökstuðningi. Hið sama gildir ef ljóst þykir að álitsbeiðandi hafi ekki verulega hagsmuni af því að fá fyrirspurn sinni svarað.

4. gr.

Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið við gerð bindandi álits, sendir hann það til álitsbeiðanda og viðkomandi skattyfirvalds. Álitið skal vera rökstutt.

5. gr.

Álitsbeiðandi getur kært bindandi álit ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar. Um kærufrest, efni kæru og málsmeðferð fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Álitsbeiðanda og fjármálaráðherra er heimilt að bera úrskurð yfirskattanefndar skv. 1. mgr. undir dómstóla enda sé það gert innan þriggja mánaða frá því að úrskurður yfirskattanefndar var kveðinn upp.

Frávísun ríkisskattstjóra skv. 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. verður hvorki borin undir yfirskattanefnd né dómstóla.

6. gr.

Skattyfirvöld skulu leggja bindandi álit ríkisskattstjóra til grundvallar skattlagningu álitsbeiðanda. Álitið er ekki bindandi fyrir skattyfirvöld að því marki sem forsendur hafa breyst, sem álitið er byggt á. Hið sama gildir hafi verið gerð breyting á lögum áður en ráðstöfun var gerð sem um er fjallað í álitinu og sú breyting tekur beint til atriða sem álitið byggist á.

7. gr.

Til að mæta þeim kostnaði sem ríkisskattstjóri hefur af gerð bindandi álita skal greiða gjald er miðist við þá vinnu sem ríkisskattstjóri hefur af gerð álits í hverju tilviki, þó aldrei hærri fjárhæð en 50.000 kr. Fjármálaráðherra skal birta gjaldskrá sem ríkisskattstjóri skal miða gjaldtöku sína við.

Ráðherra getur ákveðið, í þeim tilvikum þegar máli hefur verið vísað frá eða beiðni er dregin til baka, að endurgreiða gjald skv. 1. mgr.

Ákvörðun um fjárhæð gjalds skv. 1. mgr. er hvorki hægt að bera undir yfirskattanefnd né dómstóla.

8. gr.

Ríkisskattstjóri skal birta ákvarðanir og niðurstöður sem fram koma í álitum samkvæmt lögum þessum að því leyti sem þær hafa almenna þýðingu.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp nýmæli sem verið hefur gildandi í nágrannalöndum okkar um árabil og lýtur að heimild skattyfirvalda til að gefa fyrirfram bindandi álit í skattamálum. Gert er ráð fyrir að skattaðilar geti óskað eftir því við ríkisskattstjóra að hann gefi bindandi álit um skattaleg áhrif fyrirhugaðra ráðstafana skattaðila og þannig fengið úr því skorið fyrir fram hvernig álagning skattstjóra muni verða. Meginmarkmið frumvarpsins er að auka réttaröryggi skattaðila með því að tryggja þeim leið til að fá fyrir fram úr því skorið hvernig skattlagning verður, svo þeir geti tekið ákvarðanir og gert ráðstafanir á grundvelli þeirra upplýsinga. Að auki er þess vænst að úrræði þetta leiði til færri ágreiningsmála á síðari stigum, þ.e. fyrir yfirskattanefnd og dómstólum.

Frumvarp þetta, sem unnið var í fjármálaráðuneytinu, er að mestu leyti sniðið að danskri fyrirmynd en Danir settu fyrst lög um þetta úrræði árið 1982. Nefnd á vegum fjármálaráðherra, sem í eiga sæti fulltrúi Félags löggiltra endurskoðenda og fulltrúi Lögmannafélagsins ásamt ríkisskattstjóra og fulltrúum ráðuneytisins, hefur fjallað ítarlega um efni frumvarpsins á nokkrum fundum sínum. Er samkomulag í nefndinni um efni frumvarpsins. Jafnframt er nefndin að skoða atriði sem snerta málsmeðferð og málshraða fyrir yfirskattanefnd og frestun á réttaráhrifum úrskurða nefndarinnar, hugmyndir um umboðsmann skattgreiðenda og skipulag skattkerfisins. Þá er verið að skoða viðurlagaákvæði skattalaga. Er gert ráð fyrir að nefndin leggi fram frumvörp á yfirstandandi þingi eða haustþingi um breytingar sem hún telur nauðsynlegar.

Fyrir fram bindandi álit ríkisskattstjóra er viðbót við aðra upplýsingagjöf innan skattkerfisins. Núna eru gefin út ýmis álit um túlkanir á lögum og reglugerðum, auk þess sem slíkar upplýsingar koma fram í leiðbeiningarritum ríkisskattstjóra. Fyrir fram bindandi álit eru hins vegar annars eðlis en framangreind upplýsingagjöf og hafa víðtækari réttaráhrif. Af þeim sökum eru gerðar ríkari kröfur um form og efni þeirra.

Bindandi álit verða afmörkuð við skatta og gjöld sem eru á valdsviði skattstjóra og falla undir úrskurðarvald yfirskattanefndar. Fyrirspurnir um álagningu bifreiðagjalda, tolla og fasteignaskatta, svo dæmi séu tekin, falla því utan frumvarpsins þar sem þessir skattar eru ekki á valdsviði skattstjóra. Ekki er heldur hægt að óska álits um lækkun á tekjuskattsstofni skv. 66. gr. laga nr. 75/1981 eða á ákvörðun um heimilisfesti skv. 1. gr. laganna, þar sem slíkar ákvarðanir skattstjóra eru ekki kæranlegar til yfirskattanefndar.

Í frumvarpinu eru að auki sett önnur skilyrði þess að bindandi álit verði látið uppi. Fyrirspurn verður að beinast að tiltekinni fyrirætlan skattaðila um ráðstafanir, sem ekki hefur þegar verið ráðist í, þar sem því er nánar lýst að hverju fyrirspurnin beinist. Bindandi álit ríkisskattstjóra munu að líkum nýtast best í þeim tilvikum þegar álitamál lýtur að túlkun flókinna eða óljósra ákvæða laga eða reglugerða fremur en t.d. matskenndum atriðum, svo sem mati á verðmætum eigna, eða sönnunarfærslu um staðreyndir máls. Auk þess verður fyrirspurnin að snerta verulega fjárhagslega hagsmuni skattaðila.

Gert er ráð fyrir að allir skattaðilar geti óskað bindandi álits ríkisskattstjóra. Fyrirspurnin verður hins vegar að varða álitsbeiðanda sjálfan, þ.e. ekki er hægt að óska eftir afstöðu ríkisskattstjóra um ráðstafanir sem einhver annar hefur í hyggju að gera. Svo sem áður er getið er heldur ekki gert ráð fyrir því að hægt verði að spyrja almennt án tengsla við raunverulegt tilvik. Að sjálfsögðu geta lögmenn, endurskoðendur og aðrir aðilar óskað bindandi álits fyrir hönd umbjóðenda sinna, ef framangreind skilyrði eru fyrir hendi.

Gert er ráð fyrir því að hægt verði að kæra bindandi álit ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar á sama hátt og úrskurði skattstjóra og ríkisskattstjóra. Gilda lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, um kærur vegna bindandi álita.

Bindandi álit ríkisskattstjóra skulu lögð til grundvallar skattlagningu álitsbeiðanda. Álitið er hins vegar ekki bindandi fyrir skattyfirvöld varðandi skattlagningu í öðrum tilvikum, þ.e. við ákvörðun um skatt annars aðila eða við skattlagningu álitsbeiðanda, undir öðrum kringumstæðum en þeim sem voru forsenda álitisins. Það fer eftir almennum reglum um áhrif stjórnvaldsákvarðana, fordæmisgildi úrskurða yfirskattanefndar og niðurstöðu dómstóla hvert gildi bindandi álit ríkisskattstjóra er í málum sem varða aðra aðila eða önnur atvik en þau sem álitið snýst um.

Gert er ráð fyrir að lagt verði á sérstakt gjald fyrir beiðni um bindandi álit. Því er ætlað að standa straum af þeim kostnaði sem ríkisskattstjóri mun hafa af gerð slíkra álita. Að auki er gjaldtaka almennt talin til þess fallin að koma í veg fyrir að óskað verði álita í málum sem hafa óverulega þýðingu fyrir skattaðila eða varða atvik sem ekki eru að fullu fyrirséð þegar fyrirspurn er lögð fram og jafnframt stuðla að því að fyrirspurnir séu vel undirbúnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lýst skilyrðum sem beiðni um bindandi álit þarf að fullnægja til þess að hægt sé að láta uppi bindandi álit. Í 1. mgr. er áskilið að málið geti varðað verulega hagsmuni þess er óskar álits. Hér er fyrst og fremst átt við verulega fjárhagslega hagsmuni tengda úrlausnarefninu sem spurt er um. Hins vegar er ekki útilokað að ríkisskattstjóri geti látið uppi bindandi álit þótt ekki séu verulegir fjárhagslegir hagsmunir bundnir úrlausnarefninu sem

slíku, t.d. ef fyrirséðar eru fleiri ráðstafanir sama aðila verði niðurstaða ríkisskattstjóra jákvæð. Í sömu málsgrein kemur fram að álit ríkisskattstjóra geti varðað álitamál sem snerta álagningu skatta og gjalda sem eru á valdsviði skattstjóra eða ríkisskattstjóra og falla undir úrskurðarvald yfirskattanefndar.

Í 2. mgr. kemur fram að ekki sé hægt að óska bindandi álits um ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar. Megintilgangur með lögfestingu frumvarps þessa er að koma á fót úrræði er þjóni hagsmunum þeirra sem þurfa að fá úr því skorið fyrir fram hvernig skattlagningu verði háttað undir nánar greindum kringumstæðum. Eðli máls samkvæmt verður því að óska álits áður en ráðstafanir eru gerðar. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að ákvörðun skattyfirvalda um skattlagningu beri að með venjulegum hætti, þ.e. við álagningu.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um formskilyrði beiðna um bindandi álit. Beiðni um bindandi álit skal vera skrifleg og send ríkisskattstjóra með nægjanlegum fyrirvara til að unnt sé að gefa álit áður en ráðstöfun, sem fyrirspurnin lýtur að, er gerð. Ekki eru sett nákvæm tímamörk hvað þetta varðar, enda ræðst það af eðli máls og atvikum hverju sinni hvenær mögulegt er fyrir álitsbeiðanda að óska álits og jafnframt hve langan tíma ætla má að ríkisskattstjóri þurfi til svara.

Almennt má gera ráð fyrir að afgreiðsla álita gangi hratt fyrir sig hjá ríkisskattstjóra enda skulu fylgja beiðninni öll gögn sem máli skipta og fullnægjandi atvikalýsing, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Sé gögnum áfátt er gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri beini því til álitsbeiðanda svo fljótt sem unnt er að afla frekari gagna innan tiltekins frests. Berist ekki umbeðin gögn metur ríkisskattstjóri hvort hægt sé að veita álit um hluta fyrirspurnarinnar eða vísar henni frá í heild.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að beiðni um bindandi álit teljist sjálfkrafa fallin úr gildi ef ráðstafanir sem beiðnin lýtur að eru gerðar eftir að beiðnin er send ríkisskattstjóra og áður en bindandi álit liggur fyrir.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um málshraða. Fyrir fram bindandi álit ríkisskattstjóra samkvæmt þessu frumvarpi er þess eðlis að það kemur að takmörkuðu gagni ef það er ekki látið uppi innan skamms tíma eftir að þess er óskað. Erfitt er hins vegar að lögbinda ákveðinn tímafrest í þessu sambandi þar sem mál geta verið misflókin og umfangsmikil. Því er sú leið farin hér að setja almennt ákvæði um að ríkisskattstjóri skuli láta uppi álit svo fljótt sem unnt er. Grein þessi er sambærileg ákvæðum stjórnsýslulaga um málshraða en er hér sett fram til að undirstrika mikilvægi skjótra úrlausna þessara mála.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ríkisskattstjóra til að hafna beiðni um bindandi álit. Heimild þessa verður að skýra með hliðsjón af því að álit ríkisskattstjóra er bindandi og því er ætlað að vera grundvöllur skattlagningar síðar. Honum er því hvorki rétt né skylt að láta uppi bindandi álit, þótt önnur skilyrði laganna séu uppfyllt, ef hann telur sig ekki geta byggt álit sitt á þeim atvikalýsingum sem fyrir hendi eru. Þau tilvik geta komið upp ef beiðnin er ekki nægjanleg vel úr garði gerð, atvikalýsing óljós eða óvissa er um önnur atvik sem hafa áhrif á niðurstöðu máls.

Um 4. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að ríkisskattstjóri skuli senda álit sitt bæði til þess skattstjóra, sem kemur til með að byggja ákvörðun um skattlagningu á álitinu og álitsbeiðanda. Gert er ráð fyrir að álit ríkisskattstjóra verði ávallt rökstutt.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um kæruheimildir og málskotsrétt. Gert er ráð fyrir að álitsbeiðandi geti kært álit ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar á sama hátt og hægt verði að kæra úrskurð skattstjóra og ríkisskattstjóra til nefndarinnar, þó með þeirri undantekningu sem greinir í 3. mgr.

Í 2. mgr. segir að álitsbeiðandi eða fjármálaráðherra geti borið úrskurði yfirskattanefndar um kærur vegna bindandi álita ríkisskattstjóra undir dómstóla. Ekki er útilokað að mál sé rekið fyrir dómstólum vegna úrskurðar yfirskattanefndar um álit ríkisskattstjóra, þótt samhliða sé í gangi ágreiningur um skattákvörðun byggða á álitinu. Slíkt kann að vera óheppilegt og í flestum tilvikum má telja eðlilegra að skattákvörðunin sem slík sé borin undir dómstóla. Sú leið var hins vegar valin að takmarka ekki heimildir aðila til að bera mál undir dómstóla, m.a. af þeirri ástæðu að álitsbeiðandi kann að hafa af því hag að fá niðurstöðu dómstóla um önnur atriði en lúta beint að skattalegum áhrifum álitsins. Hvað fjármálaráðherra snertir er þetta eina leiðin til að fá niðurstöðu lægra settra stjórnvalda hnekkt ef túlkun laga eða önnur atriði orka tvímælis að hans mati.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að skattyfirvöld skuli leggja álit ríkisskattstjóra til grundvallar álagningu gjalda hjá álitsbeiðanda vegna þeirra atriða sem álitið varðar. Álitið bindur stjórnvöld frá þeim tíma sem það er komið til álitsbeiðanda og frestar kæra til yfirskattanefndar eða eftir atvikum stefna fyrir dómstólum ekki áhrifum álitsins. Álitið er hins vegar ekki bindandi ef atvik, eru öðruvísi en lýst var í beiðni um álitið. Álitið er heldur ekki bindandi ef löggjöf hefur tekið breytingum áður en ráðstöfun var gerð sem um er fjallað í álitinu og sú breyting tekur beint til atriða sem niðurstaða álitsins byggist á.

Það fer eftir almennum reglum um áhrif stjórnvaldsákvarðana, fordæmisgildi úrskurða yfirskattanefndar og niðurstöðu dómstóla, hvert gildi bindandi álit ríkisskattstjóra er í málum sem varða aðra aðila eða önnur atvik en þau sem álitið snýst um.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gjaldtöku vegna álitsgerða ríkisskattstjóra. Gert er ráð fyrir því að innheimt verði gjald, samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur, og það taki mið af umfangi verksins við að gefa álitið. Hámarksgjaldtaka er ákveðin í lögunum 50.000 kr. en gert er ráð fyrir því að í gjaldskrá fjármálaráðherra verði kveðið á um tiltekið grunngjald sem innheimt verður við móttöku beiðni um bindandi álit og viðbótargjald miðað við umfang máls sem greiða beri áður en álitsgerð lýkur. Ríkisskattstjóri metur verkið og ákveður gjaldtöku í samræmi við gjaldskrána. Sú ákvörðun verður hvorki borin undir yfirskattanefnd né dómstóla en samkvæmt almennum stjórnsýslureglum er hægt að kæra slíka ákvörðun til fjármálaráðuneytisins.

Um 8. gr.

Þar sem bindandi álit ríkisskattstjóra varðar einvörðungu hagsmuni álitsbeiðanda sjálfs er ekki gert ráð fyrir að álit verði birt í heild sinni. Niðurstaða ríkisskattstjóra, sem fram kemur í áliti hans, kann hins vegar að hafa almenna þýðingu fyrir skattaðila og er því í þessari grein gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri birti þær niðurstöður.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um bindandi álit í skattamálum.

Verði frumvarp þetta að lögum geta skattaðilar óskað eftir bindandi áliti frá ríkisskattstjóra um skattaleg áhrif af fyrirhuguðum ráðstöfunum sínum í því skyni að fá úr því skorið fyrir fram hvernig álagningu skattstjóra verður háttað. Álit um beitingu laga og reglugerða í skattamálum eru raunar þegar gefin út og koma einnig fram í ýmsum leiðbeiningum frá ríkisskattstjóra. Hins vegar hafa réttaráhrifin sem fylgja bindandi álitum af þessum toga það í för með sér að vanda verður betur til málsmeðferðar og framsetningar. Að hluta til verður því um að ræða sambærileg verkefni og embættið hefur verið að sinna en auk þess er gert ráð fyrir auknum fjölda erinda sem fari í þennan nýja farveg, m.a. ýmsar fyrirspurnir sem áður var beint til skattstjóra. Gert er ráð fyrir að ráða þurfi 2–3 nýja starfsmenn til ríkisskattstjóraembættisins til þess að reyndari starfsmenn geti tekið að sér að hafa umsjón með þessu verkefni. Árlegur launakostnaður embættisins gæti aukist af þeim sökum um 6–9 m.kr. og því til viðbótar kæmi 1 m.kr. stofnkostnaður vegna tölvubúnaðar og aðstöðu. Á móti vegur að samkvæmt ákvæði í frumvarpinu verður heimilt að taka allt að 50.000 kr. gjald til þess að mæta kostnaði við hverja álitsgerð. Þær þjónustutekjur embættisins eru lauslega áætlaðar 1–2 m.kr. á ári.

Samkvæmt frumvarpinu er ríkisskattstjóra einnig ætlað að annast birtingu á þeim álitum sem talin eru hafa almenna þýðingu. Gert er ráð fyrir að sú birting verði í nýju tímariti, Skatta- og tollatíðindum, sem gefið verður út vegum fjármálaráðuneytisins en sú útgáfa er fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu í fjárlögum ársins 1998.

Í fjárlögum ársins 1998 er veitt 10 m.kr. fjárveiting á liðnum *09-212 Ýmis skatta- og tollamál* til þess að mæta útgjöldum við forúrskurði í skattamálum. Þar af er fyrirhugað að helmingurinn, eða sem samsvarar tveimur störfum, renni til embættis ríkisskattstjóra. Ef reyndin verður sú að tvö störf nægja til þess að sinna innsendum erindum má því gera ráð fyrir að ekki þurfi frekari fjárveitingar til ráðuneytisins til þessa verkefnis en eru í útgjaldaramma gildandi fjárlaga.

Loks má nefna að til lengri tíma litið má ætla að þetta nýja fyrirkomulag geti dregið eitthvað úr útgjöldum yfirskattanefndar og dómstóla þar sem færri málum verði vísað þangað til úrskurðar.

942. Frumvarp til laga [553. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „eða teljast hafa af tekjur“ í 5. tölul. kemur: þar með talinn söluhagnað.
b. Á eftir orðinu „sérþekkingu“ í 6. tölul. kemur: svo og af söluhagnaði vegna slíkra eigna.
c. Á eftir orðinu „tekjur“ í 7. tölul. kemur: þar með talinn söluhagnað.

2. gr.

2. mgr. 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 17. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Hlutafélög og önnur félög og samlög sem falla undir 1., 2. og 4. tölul. 2. gr. geta farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa í öðrum hlutafélögum eða einkahlutafélögum um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari málsgrein skal hann hækkaður eða lækkaður samkvæmt verðbreytingastuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

4. gr.

8. tölul. 31. gr. laganna orðast svo:

Þá fjárhæð, sem hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og félög og samlög sem falla undir 2. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. hafa fengið greidda í arð skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ákvæði þetta skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum, sem skráð eru erlendis, ef það félag, sem arðinn fær, sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hefur verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

5. gr.

Við 52. gr. bætist nýr tölul. sem orðast svo: Kostnað vegna greiðslna, gjafa eða annars, sem ólögmætt er samkvæmt 109. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, til manna sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa á sviði löggjafarvalds, dómsvalds eða stjórnsýslu, hvort heldur er á Íslandi eða í öðrum ríkjum eða hjá alþjóðasamtökum og stofnunum sem þjóðríki, ríkisstjórnir eða alþjóðastofnanir eru aðilar að.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „33%“ í 1. mgr. kemur: 30%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „41%“ í 2. mgr. kemur: 38%.

c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal tekjuskattur þeirra lögaðila er greinir í 3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. af fengnum arði skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. vera 10% af þessum tekjum.
d. Í stað orðanna „3. mgr." í 4. mgr. kemur: 4. mgr.

7. gr.

Orðið „innlendum" í 1. mgr. 78. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagingu á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í frumvarpi þessu er að finna nokkrar mikilvægar breytingar á þeim reglum sem gilda um skattlagningu atvinnurekstrar o.fl. Auk þessara breytinga er gert ráð fyrir að fram komi á þessu þingi skattafrumvörp sem fjalla um málsmeðferð í skattkerfinu og samskipti skattkerfisins og skattborgaranna. Þau mál hafa verið til sérstakrar athugunar í ráðuneytinu um nokkurt skeið. Frumvörp þau sem um ræðir eru annars vegar um bindandi álit ríkisskattstjóra og hins vegar frumvarp sem gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á þeim reglum sem gilda um yfirskattanefnd.

Auk þeirra frumvarpa sem að framan getur eru önnur mál enn í vinnslu í fjármálaráðuneytinu með það fyrir augum að verða lögð fram síðar á þessu þingi eða á því næsta. Má þar t.d. nefna viðurlagaákvæði skattalaga og réttaráhrif úrskurða í skattkerfinu og frekari breytingar á skattlagningarreglum, m.a. með tilliti til ýmissa tillagna sem kynntar hafa verið að undanförnu af hagsmunaaðilum, svo sem samsköttun móður- og dótturfyrirtækja og skattaleg atriði varðandi starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að gerðar verði umtalsverðar breytingar á skattlagningu á arðgreiðslum milli fyrirtækja og lækkun á skatthlutfalli þeirra, í öðru lagi að bætt verði inn í lögin ákvæði er banni fyrirtækjum með beinum hætti að gjaldfæra í rekstri sínum mútur eða sambærilegar greiðslur til opinberra aðila og í þriðja lagi að lagfærð verði ákvæði er snúa að framkvæmd og túlkun laganna.

Skattlagning hagnaðar og arðs.

Efnahagsleg tvísköttun.

Megintilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til á skattlagningu lögaðila með tilliti til arðs, er að koma hér á betra og markvissara fyrirkomulagi en nú er með það fyrir augum að koma í veg fyrir að hagnaður af atvinnurekstri verði skattlagður meira en aðrar tekjur vegna tvísköttunar, þ.e. skattlagningar hjá því fyrirtæki þar sem hagnaðurinn myndast og síðan aftur hjá eiganda hlutafjárins. Skattlagning hlutafélaga hefur verið með þeim hætti að heimilt er að draga frá skattskyldum tekjum útborgaðan arð að tilteknu hámarki, sem upphaflega var 15% en hefur nú verið lækkað í 7% af nafnverði hlutafjár, þar með talin útgefin jöfnunarhlutabréf. Skatthlutfall hlutafélaga síðustu árin var eins og nú er 33% af skattskyldum tekjum að frádregnum útborguðum frádráttarbærum arði.

Skattlagning arðs hjá hluthöfum hér á landi hefur verið með ýmsum hætti. Ef hluthafinn er innlendur lögaðili er arðurinn skattlagður með öðrum skattskyldum tekjum hans, þ.e. hann ber 33% skatt. Ef hluthafi er einstaklingur var arðurinn skattlagður með öðrum skattskyldum

tekjum, þó var heimill frádráttur að hámarki 10% af nafnverði hlutafjár allt að tilteknu hámarki sem síðast var rúmlega 130 þús. kr. á hvern einstakling. Með breyttri skattlagningu fjármagnstekna einstaklinga, sem gildir frá og með árinu 1997, var þessu breytt á þann veg að á arð af hlutabréfum er nú lagður 10% skattur.

Á arð, sem greiddur var til hluthafa sem búsettur var erlendis, var lagður 20% afdráttarskattur. Vegna ákvæða laga um skatt á fjármagnstekjur lækkaði þetta hlutfall í 10% hjá einstaklingum. Með tvísköttunarsamningum við einstök ríki er samið um að skattur þessi sé lækkaður í 0–15%, sem jafnframt kemur til frádráttar þeim skatti sem lagður er á þessar tekjur í búsetulandi hluthafans. Vegna arðsfrádráttarreglunnar hér á landi hefur Ísland í samningum sínum við önnur ríki áskilið sér rétt til að leggja 15% afdráttarskatt á þann arð, sem ekki hefur verið skattlagður hjá hlutafélaginu hérlendis.

Til aðgreiningar frá þeirri tvísköttun, sem leiða kann af því að eigandi tekna er búsettur og skattskyldur í öðru landi en þar sem þær myndast, er talað um efnahagslega tvísköttun þegar tekjur eða eignir verða tvisvar andlag skattlagningar innan sömu skattalögsögu eins og t.d. þegar um er að ræða annars vegar hagnað hlutafélags og hins vegar arð hluthafa, sem greiddur er af þeim hagnaði. Það hefur lengi verið viðfangsefni í mörgum ríkjum að draga úr eða afnema efnahagslega tvísköttun. Reynt hefur verið að leysa það með mismunandi hætti og misjöfnum árangri. Skoðanir fræðimanna og stjórnmálamanna um hversu langt skuli gengið í þessu efni og hvernig það verði best gert eru og mismunandi.

Í þeim ríkjum sem ekki hafa gert neinar sérstakar ráðstafanir til að draga úr efnahagslegri tvísköttun er lagður fullur skattur á hagnað hlutafélagsins og einnig fullur skattur á arð í hendi hluthafa. Fyrirkomulag þetta var algengt á árum áður og er nú yfirleitt kallað sígilda skattkerfið, þótt það hafi verið á undanhaldi og sé nú fremur undantekning en regla. Þær aðferðir sem notaðar eru til að létta eða afnema efnahagslega tvísköttun má annars vegar greina í tvennt eftir því hvort ívilnun er veitt hlutafélagi eða hluthafa. Hins vegar má greina þær í þrennt eftir megineinkennum þeirra. Í fyrsta lagi eru svokallaðar ígildisaðferðir. Í þeim felst að hluthafa eru reiknaðar tekjur eins og hann hefði fengið greiddan arðinn að viðbættum þeim skatti sem hlutafélagið greiddi af honum og honum reiknaður skattur af þeim tekjum. Frá þeim skatti má síðan draga þann skatt sem hlutafélagið hafði greitt og áður var reiknaður hluthafanum til tekna. Með þessu móti næst það fram að hagnaðurinn ber sama skatt og hluthafinn greiðir af öðrum tekjum en skattgreiðslunni er skipt á milli hlutafélagsins og hluthafans.

Í öðru lagi eru aðferðir sem byggja á því að heimila að draga greiddan arð frá skattskyldum tekjum. Yfirleitt er frádrátturinn heimilaður hjá hluthafanum en það þekktist einnig að svo væri gert hjá hlutafélaginu. Síðarnefnda fyrirkomulagið hefur nú verið lagt af í öllum löndum OECD nema hér á landi.

Í þriðja lagi er að nefna lönd, sem ekki beita framangreindum aðferðum, en veita ívilnanir í formi frádráttar á hluta móttekins arðs frá skattskyldum tekjum eða nota lægra skatthlutfall á arð en aðrar tekjur í þeim tilgangi að vega upp áhrif tvísköttunar. Er þá gjarnan miðað við að samanlögð skattlagning á hagnað hlutafélags og arð hluthafa verði ekki hærri en skattur á aðrar tekjur hluthafans.

Samkvæmt skýrslu OECD, „Taxation and household saving", frá 1994 höfðu flest aðildarríkjanna sem þá voru, þ.e. öll nema fimm af 25, tekið upp eitthvert kerfi til að létta eða aflétta efnahagslegri tvísköttun. Þau fimm sem ekki höfðu gert það, Bandaríkin, Benelux-löndin og Sviss, bjuggu þá enn við klassíska kerfið með fullri tvísköttun. Fimmtán ríki léttu tvísköttun af hluthafa megin, þar af sjö með fullri ígildisaðferð og hin með frádrætti hjá hluthöfum eða ígildisaðferð að hluta til. Tvö lönd veittu ívilnun beggja vegna, Ísland með arðsfrádrætti hjá hlutafélaginu og hjá hluthafa og Þýskaland með mismunandi skatthlutföllum eftir því hvort

arði var útdeilt eða ekki og með ígildisreglum hjá hluthöfum. Einungis þrjú ríki veittu ívilnun eingöngu hjá hlutafélaginu. Þau hafa nú öll breytt reglum sínum. Svíþjóð breytti yfir í klassískt kerfi, þ.e. tvísköttun, en vinnur á móti áhrifum hennar með lægra skatthlutfalli á arð en launatekjur. Spánn fór yfir í ígildiskerfi og Grikkland afnam arðsfrádrátt hjá hlutafélagi en heimilar hann hjá hluthafa. Ísland er því eina ríkið í OECD sem enn veitir ívilnun hjá hlutafélagi með því að heimila að arður sé dreginn frá skattskyldum tekjum.

Sé litið til Norðurlandanna sérstaklega voru Finnland, Noregur og Svíþjóð áður fyrr með kerfi, sem heimilaði frádrátt hjá hlutafélagi vegna arðsúthlutunar svipað því sem Ísland hefur enn. Nú hafa tvö fyrstnefndu löndin farið yfir í ígildiskerfi og Svíþjóð í sígilt kerfi með ívilnandi skatthlutfalli. Danmörk hefur hins vegar farið úr skattígildiskerfi yfir í sígilt kerfi með ívilnandi reglum.

Margvísleg rök hafa verið færð fyrir þeirri meginreglu sem fram kemur hjá ríkjum OECD að veita ívilnun hluthafa megin en ekki hjá hlutafélaginu. Meðal þeirra má nefna að ívilnanir hlutafélags megin tengjast útborguðum arði og eru taldar hvetja hlutafélög til að borga út arð fremur en að byggja upp eigið fé. Enn fremur er það talin öruggari skattheimta að taka skattinn af í fyrsta lið en þeim síðasta og eins er talið að lágt skatthlutfall af arði í hendi hluthafa kunni að verka sem hvatning til fjárfestingar í hlutabréfum. Þá skiptir frelsi í fjárfestingum milli landa og fjölþjóðasamstarf í skattamálum miklu í þessu efni. Tvísköttunarsamningar OECD-landanna miðast við að full skattlagning hagnaðar hafi farið fram í hlutafélaginu. Þau ríki sem ekki skattleggja hlutafélög í eigu erlendra aðila framselja í reynd skattlagningarvald til þess ríkis þar sem hluthafinn hefur búsetu. Oftar en ekki nýtur ríkissjóður viðkomandi lands þeirrar ívilnunar sem veitt er en ekki hluthafinn. Gegn þessum áhrifum hafa íslensk stjórnvöld reynt að vinna í tvísköttunarsamningum sínum með sérákvæði sem veitir okkur rétt til að taka hærri afdráttarskatt af úthlutuðum hagnaði, sem ekki hefur verið skattlagður hjá hlutafélaginu. Sífellt reynist erfiðara að fá slíkt samþykkt.

Rétt er að vekja athygli á því að á síðastnefnda atriðið reynir mjög í sambandi við þá samninga sem í gildi eru vegna stóriðju í eigu erlendra aðila hér á landi. Í samningum um stækkun álvers Ísals og um álver Norðuráls var samið um að arðsfrádráttarheimildin yrði ekki notuð. Var svo gert í þeim tilgangi að vernda skattalega hagsmuni íslenska ríkisins. Í báðum samningunum eru hins vegar ákvæði þess efnis að félögin geta innan fárra ára valið að starfsemi þeirra falli að fullu undir íslensk skattalög. Geri þau það, sem allar líkur benda til, mun það að óbreyttum lögum hvað varðar frádrátt á úthlutuðum arði leiða til tekjutaps hjá ríkissjóði, sem numið getur hundruðum milljóna króna á ári. Á hið sama einnig við um aðra starfsemi annarra hlutafélaga sem eru í eigu erlendra aðila.

Íslenska skattkerfið var, eins og að framan greinir, blandað kerfi með ívilnun að hluta til hjá hluthöfunum og að hluta til hjá hlutafélögunum. Með fjármagnstekjuskattinum var þeim hluta sem að hluthöfum snýr breytt þannig að í stað frádráttar að hluta og fullrar skattlagningar að hluta var tekin upp skattlagning með lágu hlutfalli. Hlutafélaga megin var gerð sú breyting að frádráttarheimildin var lækkuð úr 10% af nafnverði hlutafjár í 7% af nafnverði. Að því leyti stendur enn í grundvallaratriðum það kerfi að veitt er ívilnun hlutafélags megin með þeim annmörkum sem að framan greinir og flestöll ríki hafa horfið frá á undanförnum árum.

Skattur á arðgreiðslur milli félaga.

Hér að framan var fjallað um samhengi og áhrif af skattlagningu hlutafélags og hluthafa, sem skattlagður er samkvæmt þeim reglum sem gilda um skattlagningu einstaklinga. Afnám eða mildun tvísköttunar vegna arðgreiðslna þar á milli leysir þó ekki að fullu úr tvísköttun

hagnaðar. Æ algengara er að hlutafélög eigi hlutabréf hvert í öðru og að arður sé greiddur úr einu hlutafélagi í annað. Eins og nú er háttað er tvísköttun eða margsköttun möguleg þegar arður er greiddur á milli hlutafélaga ef arðurinn er hærri en 7% af nafnverði hlutafjár. Getur þetta takmarkað fjármagnsflutninga á milli fyrirtækja og komið í veg fyrir hagræðingu og hagkvæma fjárfestingu.

Í flestum löndum OECD hefur verið gripið til ráðstafana í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða að draga úr tvísköttun hagnaðar við greiðslu á arði á milli hlutafélaga. Í nær öllum tilvikum er það gert með því að móttekinn arður er frádráttarbær frá skattskyldum tekjum að einhverju eða öllu leyti. Í mörgum tilvikum eru nokkrar takmarkanir á frádrættinum, einkum þannig að til þess að nýta heimildina er gerð krafa um að eignarhluti í hlutafélaginu, sem arðinn greiðir, sé að lágmarki 25%, en einnig eru dæmi þess að einungis tiltekinn hluti af arðinum sé frádráttarbær.

Í flestum ríkjum OECD gilda þær reglur um arðgreiðslur frá erlendu hlutafélagi, sem innlent félag á hlut í, að sá arður er frádráttarbær frá skattskyldum tekjum eða að greiddur afdráttarskattur er dreginn frá innlendum skatti. Í hvorugu tilvikinu er þó um það að ræða að með þessum hætti sé bættur sá skattur sem greiddur kann að hafa verið af hlutafélaginu sem slíku, reglan nær einungis til þess afdráttarskatts sem kann að hafa verið lagður á arðgreiðslu úr landi. Enn fremur eru þessar reglur oft skilyrtar með því að skattlagning hlutafélagsins hafi verið áþekk því sem er í heimalandi hluthafans. Með tvísköttunarsamningum er yfirleitt samið um að lækka afdráttarskatta á arð í 0 til 15% eftir eignaraðild.

Frumvarpið þjónar m.a. þeim tilgangi að greiða því leið að unnt verði að flytja arð af starfsemi hlutafélaga í eigu íslenskra aðila inn í landið án þess að til tvísköttunar komi. Ekki er með íslenskum lögum unnt að aflétta þeim skatti sem lagður er erlendis á félög í íslenskri eigu, hvorki félagaskattinum né afdráttarskatti á þann arð sem greiddur er úr landi. Með þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér verður samningstaða Íslands hins vegar betri að því er það varðar að krefjast niðurfellingar eða lækkunar á afdráttarskattinum. Með því að fá hann felldan niður sitja innlend fyrirtæki skattalega við sama borð og erlend að því er varðar arð af hlutum í innlendum og erlendum félögum.

Skattlagning söluhagnaðar í hendi hlutafélaga.

Með frumvarpi þessu er ekki lögð til breyting á skattlagningu söluhagnaðar lögaðila af hlutabréfum. Um skattlagningu söluhagnaðar gegnir að ýmsu leyti öðru máli en um skattlagningu arðs. Rökin fyrir því að gera arð frádráttarbæran hjá hluthafa eru þau að arðurinn sé greiddur af hagnaði ársins eða uppsöfnuðum hagnaði frá fyrri árum. Samkvæmt hlutafélagalögum er ekki heimilt að greiða út arð nema hagnaður hafi orðið af starfseminni á tekjuárinu eða uppsafnaður hagnaður sé til staðar.

Hagnaður af sölu hlutabréfa er annars eðlis. Að hluta til kann að vera um að ræða hagnað, sem ekki hefur verið greiddur út og safnast hefur upp, en oft er að stórum hluta um að ræða verðaukningu á hlutum umfram beina hækkun á eigin fé félagsins. Hækkunin stafar þá af öðru, svo sem mati á væntanlegum tekjum, réttindum, aðstöðu eða völdum. Til grundvallar söluhagnaðinum liggur þannig ekki rekstrarhagnaður sem þegar hefur verið skattlagður eins og um er að ræða þegar arður á í hlut. M.a. af þessum ástæðum hafa þau lönd, sem heimila að móttekinn arður sé dreginn frá skattskyldum tekjum, ekki látið þá reglu ná til söluhagnaðar. Þannig er söluhagnaður hlutabréfa í OECD-löndunum yfirleitt skattlagður með skatthlutfalli hlutafélagsins, sem í reynd er þyngri skattlagning en á aðrar tekjur þegar ekki er tekið tillit til verðbólgu við útreikning á söluhagnaði eins og gert er hér á landi.

Í sumum löndum OECD er þó að finna einhverjar ráðstafanir til að lækka skattlagningu á söluhagnað frá því sem að framan greinir. Þannig tóku fjögur lönd, þar á meðal Ísland, tillit til verðbólgu við útreikning á söluhagnaði. Nokkur lönd beittu lægra skatthlutfalli á söluhagnað, yfirleitt um 2/3 af fullu skatthlutfalli, ef eignarhaldið hafði varað tiltekinn lágmarkstíma. Þá þekkjast reglur um skattfrestun ef söluhagnaður er endurfjárfestur í hliðstæðum eignum innan tiltekinna tímamarka.

Ekkert af löndum OECD skattleggur söluhagnað með sama hætti og arð. Sérstöðu í því efni hefur Noregur, sem hefur um nokkurt skeið beitt svokallaðri RISK-aðferð (*R*egulering av aksjens *I*nngangsverdi med endring i selskapets *S*kattlagte *K*apital) við skattlagningu á söluhagnaði af hlutabréfum. Stofnverð hlutabréfanna er þá leiðrétt með tilliti til breytinga á skattlögðu eigin fé hlutafélagsins. Við sölu á hlutabréfum dregst þannig leiðrétt stofnverð frá söluverðinu og mismunurinn telst skattskyldur söluhagnaður. Gallinn við þessa aðferð er hversu flókin hún er í framkvæmd. Á vegum norska fjármálaráðuneytisins er nú unnið að endurskoðun á þessari aðferð á grundvelli fenginnar reynslu í þeim tilgangi að gera hana auðveldari í notkun.

Af framangreindum ástæðum er í frumvarpi þessu lagt til að hlutafélögum verði heimilað að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum ef þeir kaupa önnur slík innan tveggja ára frá sölunni. Með því er í senn komið í veg fyrir að fjármagn sé bundið í tilteknum hlutabréfum af skattalegum ástæðum, þ.e. til að forðast skattlagningu, og jafnframt hvatt til áframhaldandi hlutabréfaeignar. Að þessu sinni ekki lagt til að gerðar verði aðrar breytingar á skattlagningu söluhagnaðar hjá lögaðilum en fylgst verður með þróun í þeim málum með tilliti til breytinga síðar.

Breytingar á sköttum samkvæmt frumvarpinu.

Breyting á skattareglum.

Í þeim tilgangi að samhæfa skattlagningu hagnaðar af rekstri hjá hlutafélagi og arðs í hendi hluthafa og til að koma í veg fyrir margsköttun við arðgreiðslur á milli hlutafélaga er í frumvarpinu gert ráð fyrir tiltölulega einföldu kerfi. Í grundvallaratriðum byggist það á því að hagnaður hlutafélags verði skattlagður í því hlutafélagi sem hann myndast upphaflega og síðan með 10% fjármagnsskatti þegar hann er greiddur út sem arður til hluthafa, sem er einstaklingur, sameignarfélag eða starfar í öðru félagsformi þar sem úttekt úr félaginu er skattfrjáls. Eftir upphaflegu skattlagninguna hjá hlutafélaginu getur arður gengið á milli hlutafélaga án þess að mynda skattstofn. Sama regla er látin gilda um arð sem kemur frá útlöndum, þó með því skilyrði að sá hagnaður sem að baki arðsúthlutunni stendur hafi fengið svipaða skattlagningu og hagnaður hlutafélaga hér á landi.

Tilgangurinn með þessum breytingum er ekki að breyta skatttekjum ríkisins. Af þeim ástæðum er lagt til að samfara þessum breytingum verði skatthlutföll lækkuð nokkuð til þess að tryggja að með breytingunum verði skattbyrði atvinnurekstrar ekki aukin og til að skapa eðlilegt samræmi í skattlagningu einstaklinga og hagnaðar þeirra af mismunandi rekstrarformum.

Áhrif á skattgreiðslur og tekjur ríkisjóðs.

Tekjuskattur sem lagður var á lögaðila á árinu 1997 var um 5,3 milljarðar króna. Þar af er áætlað að á hlutafélög hafi verið lagðir um 4,7 milljarðar en um 600 m.kr. á sameignarfélög. Gerð var athugun á áhrifum þeirra breytinga, sem frumvarpið felur í sér, á úrtak um 100 hlutafélaga en í úrtakinu voru flest skattahæstu hlutafélög landsins. Af þeim sem í úrtakinu lentu greiddu 56 félög tekjuskatt, samtals um 1,1 milljarð króna, en það er um 25% af öllum tekjuskatti hlutafélaga. Má því ætla að úrtakið lýsi vel áhrifum væntanlegra breytinga.

Skattskyldar tekjur þessara 56 hlutafélaga voru 3.942 m.kr. Með núverandi skattareglum yrðu helstu stærðir sem skipta máli við skattlagningu þessar:

Skattskyldar tekjur	3.942 m.kr.
Greiddur arður til frádráttar	481 m.kr.
Skattstofn	3.461 m.kr.
Tekjuskattur 33%	1.142 m.kr.

Skatthlutfall miðað við skattskyldar tekjur fyrir frádrátt úthlutaðs arðs hefði því orðið 29,0% í stað álagningarhlutfallsins 33%. Áhrif arðsfrádráttarreglunnar eru þannig ígildi 4% í skattstiganum. Áhrif arðsfrádráttarreglunnar á einstök fyrirtæki er nokkuð mismunandi en oftast ekki mikil. Þannig var raunverulegt skatthlutfall hjá 44 af þessum 56 hlutafélögum 27% eða hærra. Ástæðan fyrir hinum tiltölulega litlu áhrifum er fyrst og fremst sú að mikill munur er á nafnverði hlutafjár og eigin fé fyrirtækjanna. Útborgaður arður, sem hjá framangreindum fyrirtækjum var yfirleitt 7% af nafnverði hlutafjár eða meira, var að jafnaði einungis 1,7% af eigin fé þeirra. Frádráttarbær arður sem hlutfall af eigin fé var á bilinu 0 til 8,5% en var í langflestum tilvikum innan við 2,5%.

Með þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir yrði skattlagning þannig:

Skattskyldar tekjur	3.942 m.kr.
Móttekinn arður til frádráttar	254 m.kr.
Skattstofn	3.688 m.kr.
Tekjuskattur 30%	1.106 m.kr.

Upplýsingar um móttekinn arð voru ekki fullkomnar og er hann eingöngu talinn þar sem upplýsingar voru fyrir hendi. Er hann því væntanlega vanáætlaður og áætlaður skattur því eitthvað hærri en rétt er. Miðað við þessar tölur mundu skattgreiðslur þessara hlutafélaga lækka um u.þ.b. 35 m.kr. sem er um 3% lækkun. Meðalskatthlutfallið yrði um 28,1% miðað við skattskyldar tekjur. Er það til samanburðar við 29% í núgildandi kerfi eins og að framan greinir.

Séu þessar tölur yfirfærðar á öll hlutafélög má gera ráð fyrir að áhrifin yrðu þau að tekjuskattur hlutafélaga lækkaði um nálægt 150 m.kr. Við það bætist að samkvæmt frumvarpinu mun tekjuskattur sameignarfélaga lækka úr 41% í 38%. Tekjuskattslækkun af þeim ástæðum er áætluð um 45 m.kr. þannig að í heild má gera ráð fyrir lækkun á tekjusköttum fyrirtækja sem nemur tæplega 200 m.kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin er til fyllingar og skýringar þeim reglum sem gilda um takmarkaða skattskyldu. Ótvíræðar reglur þurfa að gilda um skattskyldu söluhagnaðar hjá skattaðilum sem búsettir eru erlendis eins og hjá innlendum skattaðilum.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að felld verði niður sú regla að reikna beri álagsstuðul á vexti af verðbréfum þegar þau eru ekki með árlegri greiðslu. Útreikningum þessum var ætlað að jafna skattlagningu ávöxtunarforma sem bundin eru til lengri tíma og þeirra þar sem vextir eru greiddir árlega. Komið hefur í ljós að ýmsum vandkvæðum er bundið að ákvarða slíkan stuðul og að mjög flókið yrði að framkvæma þessa jöfnun. Þar sem hér er ekki um að ræða verulegar fjárhæðir né stórfelldan mismun á skattlagningu er lagt til að lögð verði niður skylda til útreiknings og útgáfu þessa sérstaka stuðuls.

Um 3. gr.

Í grein þessari felst að hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð verður heimilað að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum með því að kaupa önnur innan tveggja ára frá því að hin fyrri voru seld. Skattgreiðslan frestast þannig þar til að hlutabréf eru seld án þess að önnur séu keypt í staðinn. Frestur til þess að kaupa ný bréf í stað hinna seldu er allt að tvö ár. Séu ný bréf ekki keypt er söluhagnaðurinn skattskyldur með áorðnum verðbreytingum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um arð af hlutum og hlutabréfum í hlutafélögum. Ber að líta á greinina í samhengi við tillögur um lækkun skatthlutfalla í 6. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess ákvæðis laganna sem heimilar að hlutafélög dragi útborgaðan arð frá skattskyldum tekjum sínum komi ákvæði þess efnis að lögaðilum, öðrum en sameignarfélögum, sjóðum, sjálfseignarstofnunum o.þ.h., dánarbúum og þrotabúum, verði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttekinn arð sem þau fá úthlutað frá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Greinin kveður einnig á um að hið sama skuli gilda um arð sem móttekinn er frá útlöndum að uppfylltu því skilyrði að þar hafi hagnaður hlutafélagsins, sem verið er að úthluta, verið skattlagður með svipuðum hætti og gert er hér á landi. Tilgangurinn með því skilyrði er að koma í veg fyrir að þeir innlendir aðilar sem valið hafa að setja sig niður í erlendum skattavinjum búi við betri skattaskilyrði en aðrir. Rökin fyrir þessum tillögum eru ítarlega rædd í almennum athugasemdum hér að framan.

Ástæðan fyrir því að heimild til frádráttar á mótteknum arði er takmörkuð við framangreind félagsform en nær t.d ekki til sameignarfélaga er sú að með innborgun arðs til þeirra er skattlagningu hans að fullu lokið þar sem úttekt úr sameignarfélagi er skattfrjáls en arðgreiðsla úr hlutafélagi til einstaklinga ber fjármagnstekjuskatt. Með þessum reglum næst því sama skattlagning á arð óháð því hvort hann hefur gengið í gegn um fleiri eða færri lögaðila og óháð því hvers eðlis þeir eru.

Um 5. gr.

Tilgangurinn með þessari grein er að uppfylla af Íslands hálfu tilmæli OECD frá 11. apríl 1996, þar sem aðildarríki OECD voru hvött til að haga skattalöggjöf sinni þannig að komið sé í veg fyrir að líta megi á mútugreiðslur sem eðlilegan rekstrarkostnað. Mútur eru ekki skilgreindar í þessum lögum en um þær er fjallað víða í lögum, m.a. í almennum hegningarlögum, og er vísað til þeirra laga hvað verknaðarlýsingu varðar. Mútur felast í því að manni eru boðnar eða færðar óhæfilegar gjafir, fjármunir eða annað, sem ætlað er honum eða þriðja aðila til þess að fá hann til að vinna eða láta ógert að vinna einhver þau verk sem tengjast opinberum skyldum hans með það í huga að ná eða að halda einhverjum ávinningi.

Ýmis alþjóðasamtök og stofnanir, svo sem OECD, Evrópuráðið, Evrópubandalagið og Sameinuðu þjóðirnar, hafa á undanförnum árum hvatt ríki heims til að berjast gegn hvers konar spillingu, m.a. mútugreiðslum. Allur almenningur og stjórnkerfi ríkjanna eiga mikið undir því að réttra aðferða sé gætt í opinberri stjórnsýslu og að heiðarleiki ríki í opinberu lífi. Hægt þarf að vera að treysta opinberum starfsmönnum til að fjalla málefnalega og án annarlegra sjónarmiða um hvert mál. Samkvæmt íslenskum hegningarlögum er refsivert að múta opinberum embættismönnum, sbr. 109. gr. þeirra laga, og eins er það refsiverður verknaður af hálfu embættismanna ef þeir krefjast, taka við eða láta lofa sér ávinningi sem þeir eiga ekki tilkall til í sambandi við framkvæmd starfa síns.

Þær alþjóðastofnanir sem barist hafa gegn spillingu í hinum opinbera geira hafa lagt á það áherslu að ríki heims víkki út gildandi reglur sem taka á þessu í hverju landi um sig þannig að þær nái einnig til sambærilegs verknaðar sem framin er í öðrum löndum. Liður í þessu er að koma í veg fyrir að innlend fyrirtæki fái frádrátt í skattalegu uppgjöri vegna mútugreiðslna til embættismanna í öðrum löndum.

Þess skal og getið í þessu sambandi að á vettvangi OECD var gerður alþjóðasamningur gegn mútugreiðslum til opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Samningur þessi var undirritaður af hálfu Íslands 17. desember 1997.

Um 6. gr.

Greinin varðar lækkun skatthlutfalla lögaðila. Í fyrsta lagi er lagt til að almennt skatthlutfall lögaðila annarra en sameignarfélaga, stofnana, sjóða o.þ.h. lækki úr 33% í 30%. Í öðru lagi er gerð tillaga um að skatthlutfall sameignarfélaga o.fl. verði 38% í stað 41% eins og verið hefur. Er það gert til samræmis við breytingar á skatthlutfalli einstaklinga. Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp sérstakt 10% skatthlutfall af mótteknum arði hjá þeim lögaðilum sem greiða eiga 38% skatt af öðrum tekjum sínum. Samkvæmt gildandi lögum skattleggjast arðstekjur með öðrum tekjum rekstrarins, þ.e. nú með 41% skatti. Í fjórða lagi er tilvísun leiðrétt til samræmis við þær breytingar sem gerðar eru á greininni.

Um 7. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur í tilefni kvörtunar sem henni barst gert athugasemdir við 78. gr. tekjuskattslaga að því er varðar skattalega meðferð innstæðna í lánastofnunum. Telur stofnunin að um sé að ræða mismunun milli innlendra og erlendra fjármálastofnana að því er varðar eignarskattsfrelsi bankainnstæðna. Stangist það á við 4., 36., og 40. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem og ákvæði 1. gr. tilskipunar um frjálst streymi fjármagns innan Evrópska efnahagssvæðisins. Koma athugasemdir stofnunarinnar fram í bréfi hennar (letter of formal notice) frá 20. febrúar 1998.

Er hér lögð til breyting í þá veru að afnema umrædda mismunun. Ekki er að vænta neinna umtalsverðra áhrifa af þessari breytingu.

Um 8. gr.

Samkvæmt grein þessari öðlast lögin þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1999, þ.e. álagningu á tekjur ársins 1998. Samkvæmt því mun arður sem hlutafélag greiðir út af hagnaði ársins 1998 ekki koma til frádráttar. Arður sem það fær greiddan og er tekjufærður á þessu ári mun verða frádráttarbær og hin lækkuðu skatthlutföll munu gilda fyrir tekjur ársins 1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á nokkrum ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki er talið að þær hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

943. Frumvarp til innheimtulaga. [554. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, þó ekki innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum, innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga og innheimtu umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.

2. gr.
Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og skuldara í atvinnurekstri að víkja frá ákvæðum 7. gr. Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI
Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr.
Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;
b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og
c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir.

4. gr.
Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið undir gjaldþrotaskiptum;
b. hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis;
c. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland.

5. gr.
Innheimta eigin peningakröfu.

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.
Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti.

7. gr.
Innheimtuviðvörun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan a.m.k. tíu daga frá sendingu viðvörunar. Ekki er skylt að senda innheimtuviðvörun samkvæmt þessari grein þegar beitt er beinni aðfarar- eða uppboðsheimild samkvæmt lögum.

Í viðvörun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa og innheimtuaðila;
b. lýsing á kröfu;
c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;
d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast;
e. greiðslustaður; og
f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Krafa telst greidd ef greiðsla hefur borist áður en fresturinn er liðinn.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.
Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir óski skuldari þess.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.
Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu. Ljúki innheimtu samkvæmt lögum þessum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.
Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning en opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.
Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

12. gr.
Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrareða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.
Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Tryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs og skulu þær breytast 1. janúar ár hvert. Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það vátryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti vátryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Leyfi og eftirlit.

Ráðherra fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal bankaeftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji bankaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum.

Bankaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hætta er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli.

Bankaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 1. mgr. 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt skal bankaeftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Um eftirlitið fer samkvæmt lögum þessum, svo og lögum um Seðlabanka Íslands eftir því sem við á.

Gagnvart lögmönnum fer stjórn Lögmannafélags Íslands með eftirlit samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Svipta má leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum; eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

17. gr.

Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. laga þessara eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. skal þó vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998 og skal beita þeim um innheimtustarfsemi sem stunduð er eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er byggt á frumvarpi, sömdu af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði snemma á árinu 1996. Í nefndinni sátu Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri, formaður, Eggert B. Ólafsson héraðsdómslögmaður, Jón Ögmundur Þormóðsson skrifstofustjóri, Magnús Haukur Magnússon héraðsdómslögmaður og Sigríður A. Arnardóttir lögfræðingur. Áður

hafði verið unnið að undirbúningi undir frumvarpsgerð. Sumarið 1996 var frumvarpið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar og bárust margar athugasemdir sem unnið var úr í viðskiptaráðuneytinu. Síðan tók nefndin frumvarpið til meðferðar að nýju og gerði á því ýmsar breytingar. Lárus L. Blöndal héraðsdómslögmaður hafði þá tekið sæti í nefndinni í stað Magnúsar Hauks Magnússonar og Þuríður Jónsdóttir héraðsdómslögmaður kom í stað Sigríðar A. Arnardóttur.

Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Með viðvörun væri stefnt að því að skuldarar almennt ættu kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en til innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga yrði gripið. Lánardrottinn mundi væntanlega á þessu stigi innheimtu sjálfur senda skuldara viðvörun. Hann gæti þó leitað aðstoðar lögmanns eða annars innheimtuaðila en bæri þá sjálfur ábyrgð á hugsanlegri greiðslu til hans umfram lágmarkskostnað.

Við samningu frumvarpsins, sem snertir m.a. innheimtustarfsemi lögmanna, viðskiptabanka og sparisjóða og ýmissa stofnana, var einkum stuðst við norsk innheimtulög. Þá var höfð hliðsjón af dönsku lagafrumvarpi um þetta efni. Tekið skal fram að í Svíþjóð eru sérstök lög um innheimtu.

Samkvæmt frumvarpinu mundu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, m.a. um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem ákveða má í reglugerð ráðherra. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Þau gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir lögin. Þykir eigi þörf á slíku þar eð innheimta skatta og gjalda er lögbundin og enginn kostnaður, annar en lögbundinn vaxtakostnaður, fellur á gjaldendur nema um sé að ræða útlagðan kostnað. Innheimta slíkra krafna er þannig almennt mun kostnaðarminni en almenn kröfuinnheimta. Virðist því réttur greiðenda í þeim fjölmörgu málum, sem hér um ræðir, vera nægilega tryggður samkvæmt gildandi lögum og verklagsreglum.

Innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falla heldur ekki undir innheimtu samkvæmt frumvarpi þessu. Sem dæmi um kostnað, sem væri utan ramma fyrirhugaðra laga, væri kostnaður við útgáfu stefnu, fjárnámsbeiðni og annar kostnaður fyrir dómstólum og kostnaður við birtingu greiðsluáskorunar með stoð í lögum um aðför eða nauðungarsölu. Ef lögmaður sendir innheimtubréf, án þess að innheimtuviðvörun hafi áður verið send, teldist það ekki innheimtuaðgerð á grundvelli réttarfarslaga heldur yrði bréfið, sem væntanlega yrði kallað innheimtu-

viðvörun eftir gildistöku innheimtulaga, að fullnægja skilyrðum sem gerð eru til viðvörunar samkvæmt innheimtulögum. Slíkt kallar á litlar breytingar á efni innheimtubréfa. Eftir sem áður verður heimilt að fara beint í aðför eða nauðungaruppboð, sbr. 2. mgr. 2. gr., vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna, þar sem heimild er til slíks í lögum, án þess að viðvörun samkvæmt lögum þess sé gefin út. Nefna má að innheimta lögmanna og allra annarra aðila, svo sem banka, sparisjóða og Húsnæðisstofnunar, fellur undir ákvæði frumvarpsins nema innheimtuaðgerðir séu á grundvelli réttarfarslaga.

Innheimta umdeildra peningakrafna, þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf, fellur heldur ekki undir fyrirhuguð lög. Hér getur t.d. verið um að ræða lögfræðilega aðstoð vegna umferðarslyss.

Í 2. mgr. kemur fram að innheimtuaðilar séu einstaklingar og lögaðilar sem annast innheimtu. Hugtakið innheimtuaðili tekur yfir kröfuhafa nema annað komi fram. Svo sem fram kemur í 1. mgr. getur innheimtan verið fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Innheimta launþega á launakröfu sinni félli samkvæmt þessu ekki undir lögin, t.d. ákvæðin um sendingu innheimtuviðvörunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. málsl. þessarar greinar er heimilt með samningi annars vegar milli kröfuhafa og hins vegar milli skuldara, sem er í atvinnurekstri, að víkja frá 7. gr. um innheimtuviðvörun.

Ef skuldari hefur á hinn bóginn gengist undir skuldbindingar sem almennur neytandi en ekki vegna atvinnurekstrar síns verður ekki vikið frá ákvæðum 7. gr. um innheimtuviðvörun. Skiptir þá ekki máli hvort skuldbindingar þessa neytanda eiga rætur að rekja til kaupa hans t.d. á hvers kyns vöru eða þjónustu. Þannig verður skylda til sendingar innheimtuviðvörunar ekki felld niður eða frestur til greiðslu eftir sendingu viðvörunar ákveðinn styttri en tíu dagar eins og mælt er fyrir um í 7. gr.

Samkvæmt 2. málsl. greinarinnar geta kröfuhafi og innheimtuaðili með samningi sín á milli vikið frá ákvæðum 9. gr. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og 1. mgr. 10. gr. um greiðslu innheimtufjár.

Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Eru þar almennt gerðar kröfur um innheimtuleyfi og fasta starfsstöð hér á landi og auk þess þarf gilda starfsábyrgðartryggingu.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þurfa vissir aðilar þó ekki innheimtuleyfi til að mega stunda innheimtu fyrir aðra, með öðrum orðum lögmenn, viðskiptabankar og sparisjóðir og opinberir aðilar, m.a. Húsnæðisstofnun. Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi þurfa almennt ekki innheimtuleyfi enda tekur 3. gr., sem mælir fyrir um innheimtuleyfi, aðeins til innheimtu fyrir aðra. Skv. 5. gr. mundi aðili þó þurfa innheimtuleyfi ef hann kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. þessarar greinar nægir ekki að starfsábyrgðartrygging samkvæmt 14. gr. sé tekin heldur þarf innheimtuaðili jafnframt að sjá til þess að hún sé ætíð í gildi.

Um 4. gr.

Hér er greint frá þeim skilyrðum sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta öðlast innheimtuleyfi en þau eru almennt séð lögræði, óflekkað mannorð og lögheimili hér á landi. Lögaðilar sem slíkir fá ekki innheimtuleyfi.

Tekið skal fram að í 3. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, segir svo um óflekkað mannorð: „Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“

Um 5. gr.

Í greininni felst undantekning frá því að eigi þurfi innheimtuleyfi ef innheimta er stunduð vegna eigin starfsemi. Þykir rétt að gera kröfu til innheimtuleyfis ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Þetta gildir ekki um lögmenn, opinbera aðila, viðskiptabanka og sparisjóði sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um góða innheimtuhætti.

Hér er um vísireglu að ræða svipað og sjá má t.d. í 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Krafan um góða innheimtuhætti gildir bæði um samskipti innheimtuaðila við skuldara og kröfuhafa þótt kaflaheitið gangi skemmra. Í framkvæmd skiptir reglan þó væntanlega mestu máli um samskipti innheimtuaðila og skuldara. Vernd ákvæðisins getur þá náð til fjölskyldu skuldara, atvinnurekenda hans og kunningja hans. Gæta verður góðra innheimtuhátta við sérhverja ráðstöfun eða athöfn sem er þáttur í innheimtunni.

Í norsku lögunum og danska lagafrumvarpinu er beinlínis tekið fram að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, tjóni eða óþægindum. Er um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um góða innheimtuhætti.

Um samband innheimtuaðila og kröfuhafa gildir sú meginregla að innheimtuaðila ber að fylgja fyrirmælum kröfuhafans. Á innheimtuaðilanum hvílir samt sem áður sú sjálfstæða skylda að hlýðnast ekki fyrirmælum kröfuhafa ef þau fela í sér eitthvað sem stríðir gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt lögunum eða reglugerð á grundvelli þeirra.

Innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmuni kröfuhafans.

Sé aftur vikið að skiptum innheimtuaðila og skuldara gildir sú regla að innheimtuaðili á ekki að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar.

Það getur brotið gegn góðum viðskiptaháttum ef beitt er hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara, svo sem maka, atvinnurekanda eða kunningjum. Öðruvísi stendur á þegar um er að ræða aðra sem tengdir eru málinu á einn eða annan hátt, t.d. samskuldara eða ábyrgðarmann.

Það getur brotið gegn góðum innheimtuháttum að hóta að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara í frekari mæli en heimilt er að lögum.

Endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir innheimtuhættir er að sjálfsögðu í höndum dómstóla.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtuviðvörun.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. skal senda eina viðvörun og gefa skuldara færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda

þarf viðvörunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d. ábyrgðarmönnum. Í grein þessari er kveðið á um minnst tíu daga frest en kröfuhafi eða annar innheimtuaðili getur haft frestinn lengri. Þótt skylt sé að senda eina viðvörun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviðvörun. Sé skylduviðvörun virt að vettugi og lögmanni er t.d. síðan falin innheimta mundi innheimtubréf hans, hverju nafni sem nefnist, í því tilviki ekki falla undir hugsanleg reglugerðarákvæði um lágmarkskostnað vegna skylduviðvörunar.

Fresturinn telst frá sendingu viðvörunar. Í þessu felst að skuldari ber hallann af seinkun í pósti og því að viðvörunin komi ekki fram enda hafi hún verið send á nægilega tryggan hátt og á heimilisfang þar sem gild ástæða er til að ætla að unnt sé að ná til skuldara. Sending í almennum pósti telst vera tryggur sendingarháttur og því er ekki gerð krafa til þess að viðvörun sé send í ábyrgðarbréfi. Ef kröfuhafi eða innheimtuaðili hafa ekki ástæðu til að ætla að hafa megi upp á skuldara á öðru heimilisfangi verður almennt að teljast nægilegt að senda viðvörunina á það heimilisfang sem skuldarinn gaf kröfuhafanum. Ef ekkert heimilisfang var gefið upp telst almennt fullnægjandi að senda hana á lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Skv. 2. málsl. 1. mgr. er ekki skylt að senda innheimtuviðvörun vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna þar sem farið er beint í aðför eða nauðungaruppboð á grundvelli heimildar í lögum. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir heldur sent innheimtubréf gilda almennar reglur laganna um viðvörun, sbr. nánar það sem segir í athugasemdum við 1. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram hvað skuli standa í innheimtuviðvörun. Eins og segir í athugasemdum við 1. gr. er það svipað og venja er í innheimtubréfum nú.

Í 3. mgr. segir að krafa teljist greidd ef greiðsla hefur borist áður en settur frestur er liðinn. Nægilegt er að greiðslan berist t.d. banka eða sparisjóði.

Í 4. og 5. mgr. er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar um sendingu innheimtuviðvörunar í sérstökum tilvikum.

Samkvæmt 4. mgr. má víkja frá ákvæðunum ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt. Nefna má hættu á að krafan fyrnist ef mál er ekki höfðað. Undir öllum kringumstæðum verður einungis vikið frá ákvæðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir hættu á að fullnustumöguleikum verði spillt. Ef unnt er að fylgja ákvæðunum án þess að hættan aukist er innheimtuaðila það skylt.

Í 5. mgr. er tekið á því ef skuldari hreyfir sannanlega mótbárum gegn peningakröfu. Þá er innheimtuaðila heimilt að hverfa frá venjulegum innheimtuaðferðum, sem ella er skylt að gæta, og bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla. Í slíkum tilvikum er það meginreglan að innheimtuaðili þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort mótbáran sé studd efnislegum rökum eða aðeins tilraun skuldara til að draga að greiða kröfuna.

Til frekari skýringar er vísað til athugasemda við 1. gr. um að viðvörun geti komið í stað innheimtubréfa, svo og tengsl viðvörunar við innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga, en almennt má ætla að viðvörunin yrði undanfari slíkra aðgerða. Kjósi aðili að senda skuldara ítrekun yrði það að teljast heimilt enda sé ekki í undantekningartilvikum brotið með því í bága við regluna um góða innheimtuhætti.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umboð innheimtuaðila og felur hún m.a. í sér að uppgjör við innheimtuaðila er bæði hvað varðar stað og tíma jafngilt greiðslu til kröfuhafa sjálfs. Skuldari á að geta gert ráð fyrir að innheimtuaðili hafi umboð til að taka við greiðslu og semja um hana,

jafnvel til að gefa alla kröfuna eftir eða hluta hennar eða veita greiðslufrest, svo að bindandi sé fyrir kröfuhafa. Gangi innheimtuaðili of langt kann hann að baka sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Gengið er út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að innheimtuaðili hafi fengið umboð frá kröfuhafa til innheimtu.

Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir en þó því aðeins að skuldari óski þess.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu innheimtuaðila gagnvart kröfuhafa enda fari sá síðarnefndi fram á upplýsingar um innheimtuna. Það er undir mati innheimtuaðila komið hvaða upplýsingar hann veitir kröfuhafa og hvenær. Sérstök ástæða getur verið til að vekja athygli kröfuhafa á mótbárum sem skuldari hefur haft uppi þótt ekki sé gert ráð fyrir afdráttarlausri reglu um það efni. Ljúki innheimtu samkvæmt innheimtulögum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili þó að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör og er kveðið á um það hvað þar skuli greina. Í þessu felst t.d. að lögmaður, er lokið hefði innheimtu á grundvelli innheimtulaga en höfðaði síðan mál til innheimtu kröfunnar, þyrfti ekki að afhenda kröfuhafa slíkt skriflegt uppgjör sem kveðið er á um í greininni.

Grein þessi um upplýsingaskylduna er frávíkjanleg, sbr. 2. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skil innheimtuaðila á innheimtufé. Skv. 2. gr. er þessi málsgrein frávíkjanleg.

Í 2. mgr., sem er ekki frávíkjanleg, er kveðið á um skyldu innheimtuaðila, sem stunda innheimtu fyrir aðra, til að halda innheimtufé aðskildu frá eigin fé. Til að fullnægja þeirri kröfu þarf að leggja féð á vörslufjárreikninga þannig að það verði ekki dregið undir gjaldþrotaskipti innheimtuaðilans ef til þeirra kemur. Opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu og sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

Nefna má í þessu sambandi að í reglum nr. 626/1995 um fjárvörslur lögmanna o.fl., sem stjórn Lögmannafélags Íslands setti á grundvelli laga um málflytjendur og staðfestar voru af dómsmálaráðherra, segir í 2. gr. að reglurnar taki til lögmanna sem varðveita í eigin nafni fjármuni fyrir hönd umbjóðenda sinna. Í 4. gr. segir að fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skuli varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt greininni og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

Gengið er út frá því að í almennri reglugerðarheimild ráðherra felist heimild til að setja reglur um fjárvörslureikninga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð skuldara á greiðslu kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt hinum fyrirhuguðu innheimtulögum. Reglurnar fjalla annars vegar um þau tilvik, er skuldari hefur greitt innan greiðslufrests í viðvörun á grundvelli 7. gr., eða hins vegar er innheimtuaðilar, m.a. kröfuhafar, hafa brotið þannig gegn ákvæðum 7. gr. að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum. Í þessum sérstöku tilvikum verður skuldari ekki krafinn um hærri kostnað en

kveðið yrði á um í reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr. hafi heimild til setningar slíkrar reglugerðar verið nýtt og ákvæði þar að lútandi í gildi.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um heimild viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða má á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í 2. málsl. er það skilyrði sett að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar skuli taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

Með því að setja ákvæði um hámark þóknunar má stuðla að því að kröfur á hendur skuldara, þar sem skuldari hefur ekkert val um innheimtuaðila, verði ekki strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu á kostnað hans. Kjósi kröfuhafi að greiða umframþóknun getur hann það. Á hinn bóginn er ekki stefnt að því að skuldari komist hjá því að greiða útlagðan kostnað, sem almennt yrði án efa innan hóflegra marka, og jafnvel áætlaðan kostnað. Með kostnaði er með öðrum orðum átt við beinan og óbeinan kostnað sem leiðir af innheimtu samkvæmt innheimtulögum. Reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þóknunar lögmanna vegna aðfarar eða nauðungaruppboðs eða opinberra gjalda í því sambandi.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu innheimtuaðila, svo og starfsmanna hans í víðri merkingu.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. að viðskiptaráðherra veiti leyfi og svipti leyfishafa þeim.

Þá er í 2. mgr. gert er ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi almennt eftirlit með innheimtustarfsemi á grundvelli laganna. Bankaeftirlitið gegnir nú þegar eftirlitshlutverki á grundvelli annarra laga.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heimild bankaeftirlitsins til að gefa innheimtuaðilum, m.a. kröfuhöfum, fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum og jafnframt um lok máls með sátt er gildi sem fyrirmæli.

Í 4. mgr. er heimild til að banna leyfisbundna innheimtustarfsemi til bráðabirgða. Verði eigi úr bætt skal bankaeftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Samkvæmt 6. mgr. er gert ráð fyrir þeirri undantekningu að stjórn Lögmannafélags Íslands fari gagnvart lögmönnum með eftirlit með framkvæmd innheimtulaga. Stjórnin hefur haft eftirlit með starfsemi lögmanna sem stunda innheimtu auk annarra starfa, m.a. eftirlit með gjaldtöku þeirra, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Væri stjórnin ekki með þetta eftirlit yrði eftirlit með innheimtu á frumstigi samkvæmt innheimtulögum hjá bankaeftirliti en eftirlit með innheimtu á síðara stigi í hendi stjórnarinnar. Hugsanlegt er að bankaeftirlitið og stjórnin hafi, ef þurfa þykir, með sér samráð og jafnvel samstarf um gerð verklagsreglna, sem tengjast einstökum þáttum eftirlits, til að tryggja sem mest samræmi varðandi framkvæmd laganna, einkum að því er varðar góða innheimtuhætti.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sviptingu innheimtuleyfis, m.a. ef leyfishafi hefur ekki fullnægt skyldum sínum. Í því sambandi má m.a. benda á að leyfishafinn skal fullnægja skilyrðum 6.

gr. um góða innheimtuhætti, 7. gr. um innheimtuviðvörun og 3. mgr. 15. gr. um að fylgja fyrirmælum um að breyta starfsháttum.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um refsingar. Ákvæðið um hlutdeild getur leitt til þess að starfsmönnum innheimtuaðila sé jafnvel refsað, svo og kröfuhafa eða öðrum sem geta verið hlutdeildarmenn í broti innheimtuaðila.

Um 18. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði. Þörf er á nokkrum aðlögunartíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til innheimtulaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu á kröfum til hagsbóta fyrir neytendur. Kostnaður, sem leiðir af lögum þessum verði frumvarpið samþykkt, felst einkum í því að viðskiptaráðuneytið þarf að annast umfjöllun um leyfisumsóknir til innheimtustarfsemi og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á, sbr. 15. gr., að annast eftirlit með innheimtustarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir að umfjöllun viðskiptaráðuneytis hafi teljandi kostnað í för með sér heldur bætist hún við almenna starfsemi ráðuneytisins. Kostnaður af starfsemi bankaeftirlitsins er borinn af Seðlabankanum sem til þessa hefur ekki tekið gjald fyrir þá þjónustu. Því verður ekki séð að samþykkt frumvarpsins hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

944. Frumvarp til laga [555. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal fimmtíu aurum eða lægri fjárhæð sleppt, en fimmtíu og einn eyrir eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu. Seðlabankinn ákveður alla nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að tillögu Seðlabanka Íslands, sem telur tímabært að fá heimild til að hætta notkun 5, 10 og 50 aura myntar, þannig að krónan verði lægsta mynteining í umferð.

Frá því að gjaldmiðli Íslands var breytt 1. janúar 1981 og verðmæti krónunnar hundraðfaldaðist hefur verulega dregið úr notkun aura í viðskiptalífinu. Nú er svo komið að ein króna er smæsta eining í viðskiptum fjölmargra aðila, m.a. ríkissjóðs.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um gjaldmiðil Íslands sem eru hliðstæðar breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 38 8. maí 1974, sbr. reglugerð nr. 339 frá 13. nóvember 1974, um að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Samfara gjaldmiðilsbreytingunni 1981 voru framangreind lagaákvæði felld úr gildi með lögum nr. 65 29. maí 1979.

Verði frumvarp þetta að lögum verður enginn skyldugur að greiða fjárhæð er reiknast fimmtíu aurar eða lægri fjárhæð. Hins vegar verða allir skyldugir til að hlíta því að greiða fjárhæð er reiknast fimmtíu og einn eyrir eða hærri fjárhæð með heilli krónu.

Þessi ákvæði girða þó ekki fyrir það að einstakar einingar séu verðlagðar með því að tilgreina verð þeirra í aurum, t.d. gengi erlendra gjaldmiðla, verð á lítra af eldsneyti, verð á einingu af rafmagni, heitu vatni o.s.frv.

Er því eðlilegt að gera ráð fyrir því að aurar séu eftir sem áður til sem eining í gjaldmiðlinum þótt sláttu 5, 10 og 50 aura myntar sé hætt. Yrði það þannig að vörur og þjónustu megi áfram verðleggja í aurum, eins og að framan getur, en heildaruppgjörsfjárhæð kröfu eða reiknings sé ávallt sléttuð út miðað við heila krónu. Þetta hefur í för með sér að í reikningum eru einstaka liðir í aurum en samtala reiknings ávallt sléttuð út miðuð við lægstu slegnu einingu og á þetta við hvort sem greiðsla fer fram í reiðufé eða á annan hátt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hætt verði að nota aura í peningaviðskiptum. Öll viðskipti verði í heilum krónum. Seðlabanki Íslands hefur til þessa gefið út í minni mynt en krónu. Slík mynt hefur ekki verið slegin undanfarin tólf ár, enda eftirspurn eftir henni lítil.

Ekki mun koma til kostnaðar ríkissjóðs af samþykkt frumvarps þessa.

945. Frumvarp til laga [556. mál]

um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Skilgreiningar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Evra: Gjaldmiðil þeirra ríkja Evrópusambandsins (ESB) sem taka upp sameiginlegan gjaldmiðil í samræmi við sáttmála ESB, sem undirritaður var 7. febrúar 1992.

EMU: Efnahags- og myntbandalag Evrópu.

Eka: Evrópureikningseiningu (European Currency Unit, ECU) sem myndar myntkörfu sem um er fjallað í reglum ESB nr. 3320/94 og í gildi er þegar evran verður tekin upp sem gjaldmiðill þátttökuríkja í EMU.

Eka sem vísað er til í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi og skilgreind er á sama hátt og segir í 1. mgr. skal metin sem ein eka á móti einni evru. Sé vísað til eku í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi án þess að eka sé skilgreind á þann hátt sem greinir í 1. mgr., skal líta svo á að um eku í skilningi 1. mgr. sé að ræða, nema sýnt sé fram á að annað hafi vakað fyrir aðilum að slíkum samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi.

Áframhaldandi gildi samninga.

2. gr.

Sé greiðsluskylda samkvæmt samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi í gjaldmiðli sem ekki verður lengur til sem sjálfstæður gjaldmiðill við tilkomu evrunnar skal evra koma í stað þess gjaldmiðils samkvæmt því hlutfalli sem ákveðið er í reglum ESB að gilda skuli.

Sé greiðsluskylda samkvæmt samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi í eku mun ein evra koma í stað einnar eku samkvæmt reglum ESB.

Skuldbindingar þær sem lýst er í 1. og 2. mgr. er heimilt að efna í þeim gjaldmiðli eða gjaldmiðlum sem upphaflega hefur verið samið um í samningum, skuldaskjölum eða öðrum löggerningum sem þar eru greindir, svo fremi að þeir gjaldmiðlar séu þá lögmætir, eða evru en ekki í öðrum gjaldmiðlum.

3. gr.

Aðili að samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi getur ekki borið fyrir sig að hann þurfi ekki að efna skuldbindingar sem í þeim felast og að hann hafi einhliða rétt til að breyta, segja upp eða gjaldfella slíka samninga, skuldaskjöl eða aðra löggerninga, vegna eftirgreindra atriða:

a. Tilkomu evrunnar.
b. Að boðin sé fram evra til að efna skuldbindingar sem getið er í 1. og 2. mgr. 2. gr.
c. Að verðmæti skuldbindinga sé ákveðið í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr.
d. Að útreikningi eða ákvörðun efnis eða greiðslumáta samnings, skuldaskjals eða annars löggernings vegna vaxta eða annarra atriða hafi verið breytt eða skipt út vegna tilkomu evrunnar og að evran komi þar í stað sem efnislega jafngildur gjaldmiðill.

Gildissvið o.fl.

4. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um alla samninga, skuldaskjöl (þar með talin hlutabréf, arðmiða, vaxtamiða og þess háttar) og aðra löggerninga hverju nafni sem nefnast, sem fela í sér greiðsluskyldu, hvort sem þeir eru gerðir í atvinnuskyni eða ekki.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um miðjan febrúarmánuð 1998 óskaði viðskiptaráðuneytið eftir því að Seðlabanki Íslands hefði forgöngu um að semja frumvarp til laga um gildi samninga í ekum og þeim Evrópumyntum sem verða hluti af EMU þegar ný mynt í Evrópu, evran, tekur gildi í ársbyrjun 1999. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að taka af allan vafa um að upptaka evrunnar muni ekki leiða til ógildingar samninga í ekum eða einstökum myntum aðildarríkja EMU.

Um þessi mál hefur nokkuð verið fjallað á alþjóðlegum vettvangi og þar hefur niðurstaðan almennt verið að ekki sé grundvöllur fyrir einhliða uppsögn samninga með tilkomu EMU og því að þjóðlegar myntir aðildarríkja verða ekki lengur gjaldgengar til að efna samninga. Sama á við þar sem samningar eru í eku. Þessi afstaða byggist á því að markaðsaðilar hafa vitað undanfarin 6–7 ár að hverju stefndi og geti því ekki í góðri trú einhliða sagt upp slíkum samningum af þeirri ástæðu að samningsmynt sé ekki lengur fyrir hendi.

Alþjóðasamtök á fjármálamarkaði eins og ISDA (International Swap Dealers Association) hafa þó mælt með að aðalsamningum (Master Agreements) milli aðila sé breytt vegna þessa og hefur íslenska ríkið m.a. gert slíka breytingarsamninga.

Hér á landi er nokkuð um samninga þar sem skuldari hefur lofað að greiða í mynt aðildarríkja EMU eða eku. Nefna má sem dæmi innlenda gjaldeyrisreikninga innlánsstofnana, ECU-tengd spariskírteini ríkissjóðs, krónureikninga tengda ECU auk ýmissa samninga utan stofnana milli innlendra og erlendra aðila.

Nú hafa nokkur ríki þegar sett lög sem fjalla um áframhaldandi gildi samninga og skuldbindinga eftir tilkomu evrunnar. Lög þessi hafa að markmiði að koma í veg fyrir að samningsaðili geti haft í frammi ágreining um að annars bindandi samningur sé ekki skuldbindandi, þar sem greiðslu sé ekki hægt að inna af hendi í áður umsaminni (þjóðlegri) mynt.

Ein mikilvægasta slík lagasetning varð í New York fylki sl. sumar. Hliðstæðar lagasetningar hafa átt sér stað í Illinois- og Kaliforníufylkjum í Bandaríkjunum.

Til þess að gera enn frekar grein fyrir aðdraganda frumvarpsins og sýna fram á þörf fyrir sérstaka löggjöf í þessu efni er hér birtur kafli úr sérritaröð Seðlabankans frá 1997, sem fjallar um EMU — aðdraganda og áhrif:

„**Hugsanleg áhrif peningamálastefnu ESB-ríkja á íslenska löggjöf.**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur þegar sent ráðherraráðinu tvær tillögur um reglugerðir sem varða hina sameiginlegu mynt, evru. Tillögurnar miða að því að eyða lagalegri óvissu um áhrif myntskiptanna. Hin fyrri, tillaga að reglugerð um nokkur ákvæði vegna upptöku evru, nr. 96/C 369/05, byggist á 235. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og er henni ætlað að gilda þegar frá þeim tíma sem hún er birt í stjórnartíðindum sambandsins. Megininntak hennar er 1) að staðfesta að frá og með 1. janúar 1999 skuli allar tilvísanir í eku í lögum, samningum, skuldaskjölum og öðrum löggerningum breytast í tilvísanir í evru þannig að eitt eku sé jafnt einni evru; 2) að staðfesta að samningar, sem gerðir eru í eku eða mynt einhvers þess ríkis sem verður aðili að Myntbandalaginu og gilda fram yfir 1. janúar 1999, skuli halda gildi sínu; 3) að ákveða umreikning einstakra mynta aðildarríkjanna yfir í evrur með

gildistöku 1. janúar 1999 og að ákveða uppfærslu eða niðurfærslu þeirra í cent við breytinguna. Þessi reglugerð mun hafa áhrif á löggjöf í öllum ríkjum ESB óháð því hvort þau gerast aðilar að Myntbandalaginu eða ekki. Hin síðari er tillaga að reglugerð um upptöku evru, nr. 96/C 369/06, og byggist á 109. (1) (4) gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og er henni ætlað að gilda frá og með 1. janúar 1999 þegar evra kemur í stað eku sem hættir þá að vera sjálfstæð reiknieining. Sú tillaga fjallar einkum peningamálalega hlið á gildistöku evrunnar. Reglugerðin mun hafa bein áhrif á löggjöf í þeim ríkjum sem gerast aðilar að Myntbandalaginu, en óbein áhrif á löggjöf þeirra ríkja sem standa utan við. Reglugerðin fjallar í einstökum atriðum um notkun evru á aðlögunartímabilinu frá 1. jan. 1999 til 31. des. 2001, þ.e. þegar reiknieiningin evra og mynt sérhvers aðildarríkis Myntbandalagsins er notuð jöfnum höndum í öllum verðákvörðunum og fjárhagslegum viðmiðunum, og um skyldu aðildarríkjanna til að setja í umferð evru-seðla og slá mynt í evrum eða í smærri einingum (cent) sem látin verður í umferð í síðasta lagi hinn 1. jan. 2002. Þá eru sérákvæði sem varða þá samninga sem hafa tilvísun í gjaldmiðil aðildarríkjanna í lok aðlögunartímabilsins eftir 31. des. 2001 og um notkun gjaldmiðla einstakra ríkja í tiltekinn tíma eftir lok aðlögunartímabilsins. Báðum tillögunum er hins vegar beint til allra aðildarríkja ESB þar sem ekki liggur endanlega fyrir hvaða ríki verða aðilar að Myntbandalaginu í upphafi. Með hliðsjón af framangreindu er ekki ástæða til að fjalla hér sérstaklega um síðari reglugerðartillöguna þar sem bein áhrif hennar á löggjöf þeirra ríkja, sem standa utan við Myntbandalagið, eru ekki eins augljós. Um fyrri tillöguna er hins vegar rétt að fjalla nánar þar sem hún mun að öllum líkindum hafa bein áhrif á löggjöf EFTA/EES-ríkjanna með tilvísun til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en samkvæmt þeim samningi eru EFTA-ríkin skuldbundin til þess að taka upp í innlenda löggjöf ákvæði tilskipana Evrópusambandsins samkvæmt nánari reglum. Þess ber að geta að ofangreindar tvær tillögur um reglugerðir eru nú til ítarlegrar athugunar í nefndum Evrópusambandsins.

Þar sem ákveðið hefur verið að frá og með 1. janúar 1999 skuli ein evra vera jöfn einni eku, sem jafnframt hættir að vera til sem reiknieining, kemur til álita að breyta öllum tilskipunum Evrópusambandsins, sem hafa beina tilvísun til eku, þannig að í þess stað komi tilvísun í evru. Breyting af þessu tagi yrði einungis gerð til þess að gæta nákvæmni í lagasetningu og notkun hugtaka, en hefur ekki áhrif á þegar gerða fjármálasamninga. Breytingin kann hins vegar að hindra hugsanleg málaferli vegna deilna um lagalega túlkun samninga sem eru með tilvísanir í eku. Náðst hefur breið pólitísk samstaða í ráðherraráðinu um báðar tillögurnar, og er ekki úr þessu gert ráð fyrir efnisbreytingum á þeim sem neinu skipta. Þar með er gert ráð fyrir því, sbr. 2. gr. draga að reglugerð nr. 96/C 369/05, að hvarvetna í lögum eða reglugerðum, samningum eða öðrum löggerningum þar sem vísað er til eku skuli frá og með 1. janúar 1999 slíkt jafngilda tilvísun til evru. Vera má að nauðsynlegt sé, þrátt fyrir framangreint ákvæði, að breyta einstökum tilskipunum Evrópusambandsins vegna þessa, og hefur tilskipun nr. 93/6EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (CAD-tilskipunin) verið nefnd sem dæmi. Vegna EFTA/EES-ríkjanna þarf að huga að hugsanlegum breytingum á löggjöf, reglugerðum eða reglum þeirra ríkja þar sem bein tilvísun er til eku. Í íslenskri löggjöf er að finna allnokkur dæmi um tilvísanir af þessu tagi. Sem dæmi um texta úr íslenskri löggjöf má nefna 6. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Í ýmsum reglugerðum og reglum er einnig að finna samsvarandi tilvísanir í viðmiðun við eku.

Í 18. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, er m.a. heimild til að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku mynteiningunni (eku) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Með tilkomu evru þarf ekki að gera breytingu á þessu ákvæði í seðlabankalögunum þar sem hér er einungis um heimildarákvæði að ræða, enda

hættir eku einnig að vera til sem reiknieining og evra verður sjálfstæð mynteining eða „einn erlendur gjaldmiðill“ skv. 18. gr. sem heimilt verður að miða gengi íslensku krónunnar við.

Annað atriði, sem hafa ber í huga við breytingu frá eku í evru, er að tryggja áframhaldandi gildi samninga sem gerðir eru í einhverri af myntum aðildarríkja Myntbandalagsins eða í eku til lengri tíma en 1. jan. 1999. Ef til vill er ástæðulaust að gera ráð fyrir deilum eða málaferlum vegna túlkunar samninga sem gerðir hafa verið hér á landi með beinni tilvísun í eku eða með gengisviðmiðun við eku. Vandamálið er sá eðlismunur sem er á eku og evru. Eka er samsett af gjaldmiðlum 11 ríkja, en evra verður sjálfstæður gjaldmiðill. Í þessu samhengi má benda á að ríkissjóður hefur gefið út fjóra flokka spariskírteina í íslenskum krónum með gengisviðmiðun við eku, og af þeim eru nú tveir flokkar útistandandi. Annars vegar er 1994-1 Ecu D með gjalddaga 05.11.1999, en í þeim flokki voru gefin út skírteini að nafnverði samtals 1.576,5 millj. kr. Hins vegar er flokkur 1995-1 Ecu D með gjalddaga 10.02.2000. Sölu spariskírteina úr þeim flokki er ekki lokið, en hinn 1. mars 1997 höfðu verið gefin út spariskírteini að fjárhæð 1.916,3 millj. kr. Ekki liggur fyrir hvort eitthvað af þessum spariskírteinum hefur verið selt til erlendra aðila. Engu að síður kann að vera nauðsynlegt gagnvart þeim sem slík skírteini eiga að taka af allan vafa um að frá og með 1. janúar 1999 breytist gengisviðmiðunin úr eku í evru.

Í öðrum samningum, t.d. lánssamningum, kunna að vera ákvæði um uppsögn þeirra eða heimild til að krefjast endurskoðunar á samningi ef óvænt atvik ber að höndum (e. events of default). Tilkoma Myntbandalagsins og útgáfa evru getur tæplega flokkast undir slík skilyrði fyrir uppsögn eða endurskoðun samnings. Hins vegar kann að vera nauðsynlegt að eyða óvissu um þetta atriði með lögformlegum hætti með því að kveða skýrt á um að notkun evru í stað eku eða einstakra mynta aðildarríkja Myntbandalagsins sé ekki tilefni til uppsagnar slíkra samninga eða endurskoðun þeirra.

Vera má að ofangreind atriði séu ekki þess eðlis að talið verði nauðsynlegt að grípa til lagasetningar þeirra vegna hér á landi. Hugsanlega verður talið nægja að birta opinbera stjórnvaldsauglýsingu um réttaráhrif þessara breytinga. Nánari athugun kann hins vegar að leiða í ljós að talið verði tryggara að grípa til lagasetningar af þessu tilefni. Á það er einnig að líta að ekki liggur fyrir sameiginlegt álit EFTA/EES-ríkjanna á þessum atriðum þar sem þau eru enn þá til umfjöllunar í starfshópum á þeirra vegum. Bent skal þó á að hér er um að ræða atriði sem EFTA/EES-ríkin verða að hafa fyllstu hliðsjón af til þess að vinna að framgangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið samkvæmt efni hans.“

Frumvarp þetta er byggt á hliðstæðri lagasetningu í löndum utan ESB, m.a. lagasetningu í New York fylki.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gjaldmiðill þeirra ríkja ESB sem taka upp sameiginlegan gjaldmiðil í samræmi við sáttmála ESB, sem undirritaður var 7. febrúar 1992 og kenndur er við Maastricht, verður skilgreindur sem evra (e. euro).

Aðrar skilgreiningar í 1. mgr. skýra sig sjálfar að öðru leyti en því að reglur ESB nr. 3320/94 eru svohljóðandi að því er varðar samsetningu eku-körfu í gjaldmiðlum þátttökuríkja í ESB 22. desember 1994:

Þýskt mark (DM)	30,6242
Sterlingspund (GBP)	0,08784
Franskur franki (FRF)	1,332
Ítölsk líra (ITL)	151,8
Hollensk flórína (NLG)	0,2198
Belgískur franki (BEF)	3,301
Lúxemborgískur franki (LUF)	0,130
Dönsk króna (DKK)	0,1976
Írskt pund (IEP)	0,008552
Grísk drakma (GRD)	1,440
Spánskur peseti (ESP)	6,885
Portúgalskur skúti (PTE)	1,393

Í 2. mgr. er kveðið á um að sé tilvísun til eku í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi sem sé skilgreind á þann hátt sem getur í 1. mgr., þ.e. í samræmi við myntkörfu samkvæmt reglum ESB nr. 3320/94, sem raktar eru hér að framan, þá skuli ekan metin sem ein eka á móti einni evru (1:1). Sé eka ekki skilgreind á þann hátt sem að framan greinir í hlutaðeigandi gerningi ber þó að líta svo á að um eku í skilningi 1. mgr. sé að ræða nema sýnt sé fram á með haldbærum rökum að annað hafi vakað fyrir þeim sem eru aðilar að slíkum gerningi.

Um 2. gr.

Fyrri tvær málsgreinarnar fjalla um hvernig við skuli bregðast þegar greiðsluskylda er í gjaldmiðli sem ekki verður lengur til sem sjálfstæður gjaldmiðill við tilkomu evrunnar eða í ekum. Í báðum tilvikum skal evran koma í staðinn í samræmi við hlutfall sem ákveðið er í reglum ESB. Samkvæmt áætlun um tilurð evrunnar myndast ekki gengishlutfall milli hennar og þjóðlegra mynta fyrr en aðfaranótt 1. janúar 1999.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ekki sé hægt að efna skuldbindingu í umsömdum gjaldmiðli eftir að sá gjaldmiðill hefur orðið að evru, þ.e. að einungis sé hægt að efna skuldbindingu í umsömdum lögmætum gjaldmiðli eða evru.

Um 3. gr.

Hér eru tíunduð þau atriði sem gætu valdið því að aðili að gerningi hefði uppi andmæli, bæri fyrir sig að hann þyrfti ekki að efna skuldbindingu, að hann hefði einhliða rétt til að breyta, segja upp eða gjaldfella slíka skuldbindingu. Atriðin sem hér um ræðir eru talin upp í a–d-lið, þau eiga sér stoð í fyrri greinum frumvarpsins og eiga að útiloka, verði frumvarpið samþykkt sem lög, að aðilar geti borið fyrir sig þær mótbárur, svo löglegt sé, sem ella mundu geta leitt til að skuldbinding sem svo er ástatt um yrði vanefnd eða að réttur hafi skapast til að breyta, segja upp eða gjaldfella slíka skuldbindingu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um áframhaldandi gildi samninga með tikomu evrunnar.

Með frumvarpi þessu er tekið á því að til er að verða nýr gjaldmiðill, evra, sem koma mun í stað ekunnar (ECU) og verður sameiginlegur gjaldmiðill í flestum aðildarríkja ESB. Tilgangur frumvarpsins er að koma í veg fyrir að samningum verði sagt upp vegna þess að þeir voru gerðir í gjaldmiðli sem hættir að gilda við tilkomu evrunnar. Nokkuð er um að ríkissjóður hafi gert slíka samninga, bæði innan lands og erlendis, auk þess sem þeir eru nokkuð algengir á fjármagnsmarkaðinum. Með samþykkt frumvarpsins verður tryggt að tilkoma evrunnar valdi engri röskun á þegar gerðum samningum.

Ekki verður séð að ríkissjóður beri kostnað af þessum sökum.

946. Frumvarp til laga [557. mál]

um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Stofna skal hlutafélag um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Nafn félagsins skal vera Samábyrgðin hf. Hlutverk hlutafélagsins er að hafa á hendi þá starfsemi sem vátryggingafélögum er heimil samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum til hlutafélagsins. Við stofnun hlutafélagsins skal allt hlutafé vera í eigu ríkissjóðs.

2. gr.

Viðskiptaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni hf.

Ráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í félaginu við stofnun þess. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár á stofnfundi félagsins nemi eigi lægri fjárhæð en 75% af eigin fé Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum eins og það er samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi fyrir árið 1996. Hlutafé getur þó tekið breytingum til hækkunar.

Ráðherra ákveður skiptingu hlutafjár í hluta.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. þeirra laga ekki um fjölda stofnenda og hluthafa.

3. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða sölu á eignarhlut ríkissjóðs í félaginu að hluta til eða að öllu leyti. Ráðherra er heimilt að ákveða að andvirði seldra hlutabréfa skuli ráðstafað til öryggismála sjómanna í tengslum við byggingu nýs varðskips.

4. gr.

Allir starfsmenn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum sem taka laun samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Samábyrgðinni hf. eftir yfirtöku hennar á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Nú tekur maður sem gegnir starfi hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum við starfi hjá Samábyrgðinni hf. og skal hann á því tímamarki njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Réttur hans til launa hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum fellur niður er hann tekur við starfinu.

5. gr.

Hinn 1. júlí 1998 tekur Samábyrgðin hf. við starfsemi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Á því tímamarki er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum lögð niður. Starfsleyfi það er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hefur færist þá sjálfkrafa til hins nýja félags.

Viðskiptaráðherra skipar þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu og ekki falla undir valdsvið stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga.

Kostnaður af stofnun hlutafélags greiðist af Samábyrgðinni hf.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Hinn 30. júní 1998 falla úr gildi lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, ásamt síðari breytingum, svo og lög um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum.

Um Samábyrgðina hf. og starfandi bátaábyrgðarfélög gilda að öðru leyti en leiðir af ákvæðum laga þessara ákvæði laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum. Ákvæði laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, eiga einnig við um Samábyrgðina hf., eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið samkvæmt ákvörðun viðskiptaráðherra, í viðskiptaráðuneytinu. Samkvæmt frumvarpinu skal stofna hlutafélag um rekstur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Meginástæða þess að farið er út í stofnun hlutafélags um reksturinn er að þannig er ríkisstjórninni gert kleift að mæta tilboði sem bátaábyrgðarfélögin, viðskiptaaðilar Samábyrgðarinnar og starfsmenn hafa gert í hlut ríkissjóðs í félaginu.

Auk þess gerir frumvarp þetta ráð fyrir afnámi skyldutryggingar þilfarsbáta undir 100,49 rúmlestir brúttó með niðurfellingu laga um bátaábyrgðarfélög.

Um allnokkurt skeið hefur skyldutrygging sú sem lögð er á herðar eigenda vélbáta með þilfari 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni verið gagnrýnd. Ýmsir hafa talið þessa skyldutryggingu tímaskekkju enda var henni komið á er bátafloti landsmanna var annar en hann er nú og aðstæður aðrar. Á síðustu árum hefur Landssamband íslenskra útvegsmanna ítrekað ályktað um það á fundum sínum að afnema bæri skyldutryggingu skipa undir 100 lestum og gera þær frjálsar. Landssamband smábátaeigenda hefur og ályktað í sömu veru. Í kjölfar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið misstu bátaábyrgðarfélögin einkarétt sinn

á því að taka umrædda báta í tryggingu og að skipta landinu upp í markaðssvæði. Starfa þau nú í samkeppni við önnur vátryggingafélög á þessum markaði og þykir því ekki tilefni til þess að hafa sérlög um þau lengur.

2. Stutt samantekt á sögu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélaganna.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var stofnuð með lögum nr. 54/1909. Henni var þá ekki lagt til sérstakt stofnfé úr ríkissjóði né gert ráð fyrir að það kæmi frá öðrum. Henni var hins vegar tryggð ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum sínum upp að 200.000 kr. Auk þess lagði ríkissjóður Samábyrgðinni til fjármuni, alls 25.000 kr., vegna kostnaðar við stofnun og stjórn hennar.

Samkvæmt fyrstu lögunum um Samábyrgðina skyldi hún vera gagnkvæmt tryggingafélag. Með lögum nr. 23/1921 voru ákvæði laga nr. 54/1909 sem kváðu á um að Samábyrgðin væri gagnkvæmt vátryggingafélag felld brott og ábyrgð ríkissjóðs vegna skuldbindinga félagsins hækkuð úr 200.000 kr. í 800.000 kr. Bar ríkissjóður einn ábyrgð á skuldbindingum þess allt til 1967 er fyrsta verulega breytingin var gerð á lögunum.

Árið 1941 var ríkissjóði þó gert að leggja félaginu til stofnfé, 500 þús. kr. og árið 1947 var ríkissjóði enn gert að leggja því til viðbótarstofnfé, 1,5 millj. kr. Frá upphafi og fram til 1967 voru sérstök ákvæði í lögunum um að ef félaginu yrði slitið skyldi ráðstafa eignum þess til Fiskveiðasjóðs.

Árið 1967 voru sett ný lög um Samábyrgðina, eins og áður sagði, lög nr. 47/1967. Með þeim var ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum félagsins felld brott og sömuleiðis ákvæðin um afdrif eigna félagsins við félagsslit. Árið 1976 voru enn sett ný lög um Samábyrgðina, lög nr. 19/1976. Breytingar á lögunum áttu fyrst og fremst rætur að rekja til nýrra laga um vátryggingastarfsemi, einkum ákvæða um Tryggingaeftirlitið og nýrra sérstakra laga um bátaábyrgðarfélögin sem samtímis voru samþykkt á Alþingi, lög nr. 18/1976. Þau lög gerðu ýmis ákvæði laganna um Samábyrgðina óþörf.

Gildandi lög um Samábyrgðina voru sett árið 1978, lög nr. 37/1978. Helsta breytingin sem þá var gerð var að bráðafúatryggingin sem sett var inn í lögin árið 1967 var felld niður en í hennar stað kom sjálfstæð tryggingargrein innan Samábyrgðarinnar, Aldurslagasjóður fiskiskipa. Gildandi lögum var breytt með lögum nr. 40/1990 og var þá felldur brott sá kafli laganna sem fjallaði um Aldurslagasjóð. Þá má einnig nefna breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 116/ 1993 og fjallað verður nánar um síðar.

Lögin um *bátaábyrgðarfélög* eru upphaflega frá árinu 1938 en þá var skyldutrygging á fiskiskipum, 70 smálestum brúttó eða minni, lögfest, sbr. lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, nr. 27/1938. Þá voru nokkur bátaábyrgðarfélög þegar starfandi en þeim fjölgaði verulega við þessa lagasetningu. Lögin hafa breyst nokkuð í tímans rás. Lögin voru endurskoðuð í byrjun fimmta áratugarins í ljósi reynslunnar af rekstri félaganna, sbr. lög nr. 32/1942. Þá var skyldutryggingin útvíkkuð og hún látin ná til vélbáta með þilfari allt að 100 smálestum að stærð. Enn voru lögin endurskoðuð með lögum nr. 61/1947 og var þá heiti laganna breytt í lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Gildandi lög um bátaábyrgðarfélög eru nr. 18/1976. Er það samsett útgáfa laga nr. 41/1967 og breytinga á þeim lögum, nr. 91/1975. Með lögunum frá 1975 var stærðarmörkum breytt úr 100 rúmlestum brúttó í 100,49 rúmlestir brúttó og var það gert til að taka af öll tvímæli um stærðarmörk þeirra skipa sem féllu undir skyldutrygginguna. Ýmsar breytingar voru einnig gerðar vegna tilkomu laga um vátryggingastarfsemi og vegna starfsemi Tryggingaeftirlits. Með lögum nr. 116/1993 voru gerðar þær breytingar á lögum nr. 18/1976 sem nauð-

synlegar voru vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. M.a. var felldur niður einkaréttur bátaábyrgðarfélaganna til þess að vátryggja fiskiskip undir 100,49 rúmlestum, einkaréttur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum að endurtryggja skipin afnuminn og afnumin undanþága bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar frá greiðslu tekju- og eignarskatts. Þá var bátaábyrgðarfélögunum gert að setja sér samþykktir með ákvæðum um eignarhald og félagsslit. Eru félögin nú gagnkvæm vátryggingafélög samkvæmt samþykktum sínum.

Bátaábyrgðarfélögin eru nú fjögur talsins, Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, Bátatrygging Breiðafjarðar, Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga og stærsta bátaábyrgðarfélagið, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, sem nýlega fékk starfsleyfi til alhliða vátryggingastarfsemi og skipti um nafn, heitir nú Vörður vátryggingafélag. Formlega telst það þó enn þá bátaábyrgðarfélag. Árið 1992 voru bátaábyrgðarfélögin sjö talsins.

3. Tilboð í hlut ríkissjóð í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Fulltrúar frá bátaábyrgðarfélögunum, viðskiptaaðilar Samábyrgðarinnar og starfsmenn hafa gert iðnaðar- og viðskiptaráðherra tilboð í eignarhluta ríkissjóðs í félaginu (sjá fylgiskjal I). Hljóðar tilboðið upp á 190 millj. kr. Með því er áratugaágreiningur um eignarhald á Samábyrgðinni leystur. Með tilboðinu viðurkenna fulltrúar sjávarútvegsins eignarrétt ríkissjóðs og ríkissjóður viðurkennir að ekki sé óeðlilegt að tekið sé tillit til að hluti viðskiptavildar fyrirtækisins sé viðurkenndur sem eign viðskiptaaðilanna. Hafa enda bátaábyrgðarfélögin í hendi sér hvort þau halda áfram viðskiptum við Samábyrgðina sem endurtryggjanda.

Viðskiptaráðherra hefur samþykkt kauptilboðið með fyrirvara um samþykki Alþingis. Hefur ríkisstjórnin einnig samþykkt tilboðið fyrir sitt leyti. Með samþykki sínu hefur ríkisstjórnin jafnframt ákveðið að um sölu á Samábyrgðinni muni ekki fara samkvæmt verklagsreglum um útboð og sölu ríkisfyrirtækja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki er lengur gert ráð fyrir sérlögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Reiknað er með að almenn lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum, gildi um starfsemi hlutafélagsins sem tekur yfir rekstur Samábyrgðarinnar.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar gera ráð fyrir að viðskiptaráðherra fari með eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni. Greinin gerir ráð fyrir að andvirðinu, komi til sölu, verði varið til kaupa á öryggisbúnaði sem staðsettur verði um borð í nýju varðskipi, eða tengdur því á annan hátt.

Um 4. gr.

Lagt er til að núverandi starfsmönnum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum verði boðið sambærilegt starf hjá Samábyrgðinni hf. eftir stofnun þess.

Um 5. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að Samábyrgðin hf. þurfi að sækja um starfsleyfi til þess að mega stunda þá vátryggingastarfsemi sem Samábyrgð Íslands á fiskiskipum stundar nú. Komi til þess að Samábyrgðin hf. vilji útvíkka starfssvið sitt fer um slíkt samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi.

Hlutverk undirbúningsnefndar sem viðskiptaráðherra kemur til með að skipa, verði frumvarpið að lögum, verður m.a. að tryggja að yfirfærsla starfsmanna verði með þeim hætti er

segir í 4. gr. og að ganga frá nauðsynlegum formsatriðum vegna stofnunar hlutafélagsins. Nefndin gangi einnig frá formlegum samningum við tilboðsgjafa.

Um 6. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að þau bátaábyrgðarfélög sem nú eru starfandi komi til með að starfa eftir lögum um vátryggingastarfsemi. Af sjálfu leiðir að afnám sérlaga um bátaábyrgðarfélög afnemur skyldu til þess að hafa þilfarsbáta að 100,49 brúttórúmlestum tryggða. Er það í samræmi við það sem gildir um önnur skip og báta, stærri og minni. Um leið er einnig afnumin skylda bátaábyrgðarfélags til þess að taka í tryggingu hvern þann er óskar eftir tryggingu á félagssvæði viðkomandi bátaábyrgðarfélags.

Fylgiskjal I.

Kauptilboð eignarhlut ríkissjóðs í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Við undirritaðir, Sveinn Hjörtur Hjartarsson og Hjálmar Styrkársson, f.h. bátaábyrgðarfélaganna og viðskiptaaðila við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, svo og starfsmenn sem standa að tilboði þessu, kallaðir tilboðsgjafar í tilboði þessu, gera iðnaðar- og viðskiptaráðherra eftirfarandi

kauptilboð:

Tilboðsgjafar kaupa allan eignarhlut ríkissjóðs í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Kaupverð eignarhlutans er 190.000.000 kr. (krónur eitthundrað og níutíu milljónir), sem greiðast þannig að 45.000.000 kr. verða greiddar við afhendingu hlutabréfa ríkissjóðs í Samábyrgðinni, þó ekki síðar en 30. júní 1998, 45.000.000 kr. verða greiddar 30. júní 1999 og afgangurinn, 100.000.000 kr., með átta jöfnum afborgunum 30. júní ár hvert, í fyrsta sinn 30. júní árið 2001.

Gefið skal út verðtryggt skuldabréf, tryggt með bankatryggingu eða sambærilegri tryggingu sem aðilar kunna að koma sér saman um. Skal bréfið bera meðaltal kjörvaxta (Landsbanka Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf. og Íslandsbanka hf.). Verðtrygging skal miðast við vísitölu neysluverðs.

Tilboðsgjafar eru samþykkir því að ráðherra leggi fram á Alþingi lagafrumvarp um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum þar sem fram kemur að ráðherra fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að selja eignarhlut ríkissjóðs í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til ofannefndra aðila samkvæmt þeim ákvæðum sem tilgreind eru í þessu tilboði.

Aðilar eru sammála um að stefnt sé að því að ljúka samningsgerð innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilboðsins.

Reykjavík, 5. febrúar 1998.
f.h. tilboðsgjafa:
Sveinn Hjörtur Hjartarson.
Hjálmar Styrkársson.

Með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis lýsi ég því yfir að ég er samþykkur framanrituðu tilboði:
5. mars 1998.
Finnur Ingólfsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum verði breytt í hlutafélag í eigu ríkissjóðs. Skv. 3. gr. er viðskiptaráðherra heimilt að ákveða sölu á eignarhlut ríkissjóðs í félaginu og í greinargerð kemur fram að viðskiptaaðilar félagsins hafi gert 190 m.kr. tilboð í félagið sem talið er ásættanlegt. Samkvæmt ársreikningum félagsins fyrir 1996 nam eigið fé þess 253 m.kr. í lok þess árs og vátryggingaskuld (fjármunir settir til hliðar upp í væntanlegar tjónagreiðslur) 264 m.kr.

947. Frumvarp til laga [558. mál]

um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Stofna skal hlutafélag er nefnist Íslandssíld hf. Ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, taka til Íslandssíldar hf. ef annað leiðir ekki af lögum þessum. Sjávarútvegsráðherra annast undirbúning að stofnun félagsins.

2. gr.

Hlutverk Íslandssíldar hf. er að annast viðskipti með síldarafurðir og aðrar sjávarafurðir og hvers konar aðra starfsemi er því tengist. Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Íslandssíld hf. tekur við stofnun félagsins, sbr. 6. gr., við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar öðrum en þeim sem ráðstafað er á annan hátt, sbr. 8. og 9. gr.

4. gr.

Heildarupphæð hlutafjár Íslandssíldar hf. skal nema 75% af eigin fé félagsins. Skal ráðherra skipa matsnefnd til að meta eignir og skuldir síldarútvegsnefndar til viðmiðunar um upphæð hlutafjár að teknu tilliti til ákvæða 8. og 9. gr.

5. gr.

Þeir síldarsaltendur sem greitt hafa lögmælta söluþóknun af útfluttri síld skv. 2. gr. laga nr. 62/1962 á tímabilinu 1. janúar 1975 – 31. desember 1997 eru eigendur 85% hlutafjár félagsins við stofnun þess en Íslandssíld hf. skal eiga 15% hlutafjár félagsins.

Félög sem slitið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, á annan hátt en með sameiningu við önnur félög, teljast þó ekki eigendur skv. 1. mgr. Sama á við sé gjaldþrotaskiptum á búi aðila lokið fyrir sama tíma. Eigendur sameignarfélaga sem slitið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara skulu eiga rétt á hlutafé skv. 1. mgr., sbr. 3. mgr., í hlutfalli við eignarhlut þeirra í sameignarfélaginu við slit þess.

Hlutdeild hvers aðila skal miðast við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar 1. janúar 1975 – 31. desember 1997 af heildarverðmæti samanlagðs útflutnings allra aðila er teljast eigendur skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr., þessarar greinar á sama tímabili, framreiknað til verðlags við gildistöku laga þessara á grundvelli vísitölu neysluverðs.

Eigin hluti félagsins skal selja innan 18 mánaða frá stofnun þess. Hluthafar sem greiddu lögmælta söluþóknun, sbr. 1. mgr., á tímabilinu 1. júlí 1992 – 31. desember 1997 eiga fyrstu 18 mánuði eftir stofnun félagsins forkaupsrétt að þeim. Enn fremur er heimilt að veita þeim forkaupsrétt að hlutum sem boðnir eru til sölu vegna hlutafjárhækkunar á sama tímabili. Forkaupsrétturinn skal miðast við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar 1. júlí 1992 – 31. desember 1997 af heildarverðmæti útflutnings allra aðila er teljast eigendur skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr., á sama tímabili.

6. gr.

Halda skal stofnfund fyrir 1. júlí 1998 og skal félagið þá taka við eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar öðrum en þeim er um ræðir í 8. og 9. gr., sbr. 3. gr. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið og kjósa stjórn þess.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins skal greiðast af félaginu.

7. gr.

Fastráðnir starfsmenn síldarútvegsnefndar skulu eiga kost á starfi hjá Íslandssíld hf.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá síldarútvegsnefnd gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

8. gr.

Stofna skal sjóð sem skal renna til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal vera í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar. Stofnfé sjóðsins skal vera 110 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar. Ráðstöfun fjár úr sjóðnum skal háð samþykki sjávarútvegsráðherra og skal árleg ráðstöfun miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins.

9. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins skal vera 80 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár fyrir stofnunina sem skal staðfest af dómsmálaráðuneyti, sbr. lög nr. 19/1988.

10. gr.

Sjóður sá sem um er rætt í 8. gr. skal undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem þeir nefnast. Framlag til sjóðs þess sem um er rætt í 9. gr. skal undanþegið tekjuskatti.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá og með stofnun Íslandssíldar hf. skal síldarútvegsnefnd lögð niður og falla þá úr gildi lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd hefur um nokkurt skeið verið til umræðu hjá stjórnvöldum, sem og hjá síldarútvegsnefnd og félögum síldarsaltenda. Árið 1992 var á 115. þingi lögð fram þingsályktunartillaga um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd (þskj. 391) þess efnis að skipuð skyldi nefnd til að endurskoða lög nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Tillagan varð ekki útrædd og var flutt aftur á 116. og 117. löggjafarþingi. Árið 1993 var á 117. þingi lögð fram þingsályktunartillaga um nýtingu síldarstofna við Ísland (þskj. 154) þess efnis að skipuð skyldi nefnd til að gera tillögur sem miðuðu að aukinni nýtingu síldar til manneldis. Í apríl 1994 varð samkomulag um það í sjávarútvegsnefnd Alþingis að sameina framangreindar þingsályktunartillögur í eina og standa að flutningi hennar. Ályktunin var samþykkt á Alþingi 4. maí 1994 og hljóðaði svo: *Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögu sem miði að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar. Nefndin endurskoði m.a. í þessu sambandi lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, í þeim tilgangi að efla markaðsöflun fyrir síldarafurðir.*

Í framhaldi af ályktuninni skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd í september 1994 sem var falið hlutverk í samræmi við ályktunina. Í nefndinni sátu Halldór Árnason, formaður, Valdimar Indriðason og Jón Eyfjörð Eiríksson, skipaðir af sjávarútvegsráðherra, Dagmar Óskarsdóttir, tilnefnd af félögum síldarsaltenda, Gunnar Flóvenz, tilnefndur af síldarútvegsnefnd, Ólafur Baldur Ólafsson, tilnefndur af Samtökum fiskvinnuslustöðva, og Sverrir Leósson, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Arnar Sigurmundsson tók sæti Valdimars Indriðasonar í lok árs 1995. Starfsmaður nefndarinnar var Snorri Rúnar Pálmason, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu til sjávarútvegsráðherra síðari hluta árs 1994 með tillögum varðandi aukna nýtingu síldar til manneldis og stuðning við markaðssetningu saltaðra síldarafurða. Í framhaldi af tillögum nefndarinnar flutti ráðherra frumvarp um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu á haustþingi 1994 sem varð að lögum sama ár. Þá var í framhaldi af áfangaskýrslunni m.a. stofnað til formlegs samráðs útgerðar og vinnsluaðila. Fiskveiðasjóður tók jákvæða afstöðu til erindis sjávarútvegsráðherra varðandi hagstæð lán til kaupa á kælibúnaði í skip og sogdælum (vakumdælum) til löndunar síldar og stjórnvöld framlengdu vissar tryggingar til markaðssóknar í Austur-Evrópu.

Nefndin skilaði lokaskýrslu og tillögum þann 19. mars 1997. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram samdóma álit síldarútvegsnefndar og félaga síldarsaltenda á endurskoðun laganna, þess efnis að núverandi sölufyrirkomulag hafi gefist vel en þó sé rétt að taka til endurskoðunar nokkur ákvæði laganna sem séu orðin úrelt enda hafi þeim ekki verið beitt um langa hríð. 8. gr. laganna, sem heimilar að heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd sé gefinn einkaréttur til útflutnings á saltaðri síld, er tekin sem dæmi um slíkt ákvæði enda hefur síldarútvegsnefnd margoft óskað eftir slíkum breytingum á lögunum. Helstu rök fyrir óbreyttu fyrirkomulagi eru sögð þau að semja verði um sölu saltsíldarinnar áður en söltun hefst því kröfur kaupenda um verkunaraðferðir, stærðarflokka o.s.frv. séu mjög misjafnar. Erlendir kaupendur vilji ekki semja um kaup sín með fyrirframsamningum nema þeir hafi tryggingu fyrir því að

ekki verði síðar boðin eða seld á viðkomandi markaði sams konar síld frá sömu vertíð á lægra verði. Slíka tryggingu sé ekki hægt að gefa nema einhver skipuleggi söltunina, fylgist með markaðsástandi, útflutningi og söluverði síldarinnar, sbr. löggildingarákvæði laganna um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Sökum þess hve markaðir fyrir saltaða síld séu takmarkaðir og sveiflukenndir og geymsluþol síldarinnar lítið taki síldarsaltendur almennt ekki þá áhættu að framleiða saltsíld nema salan sé tryggð með fyrirframsamningum. Af þessum ástæðum hafi bankar ekki viljað veita afurðalán út á síld sem söltuð er án fyrirframsamninga og erfitt sé fyrir framleiðendur að kaupa aðföng til framleiðslunnar, nema tryggt sé að varan seljist.

Nefndin taldi mikilvægt að farið yrði að vilja framleiðenda hvað sölufyrirkomlag og útflutning saltsíldar varðaði. Lagði nefndin því til að við endurskoðun laganna yrði í meginatriðum byggt á óbreyttu fyrirkomulagi en lögunum breytt í samræmi við óskir félaga síldarsaltenda. Í skýrslunni segir enn fremur:

Með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á útflutningsfyrirkomulagi ýmissa sjávarafurða að undanförnu telur nefndin þó æskilegt að samkvæmt hinum breyttu lögum hafi sjávarútvegsráðherra heimild til að breyta Síldarútvegsnefnd í hlutafélag komi síðar fram óskir þar að lútandi frá félögum síldarsaltenda.

7. gr. tillagna nefndarinnar að breyttum lögum hljóðaði svo:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að breyta Síldarútvegsnefnd í hlutafélag í eigu saltsíldarframleiðenda óski félög síldarsaltenda eftir slíkri breytingu og falla þá úr gildi lögin um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Eignum nefndarinnar skal ráðstafað til síldarsaltenda í réttu hlutfalli við framreiknað verðmæti seldrar síldar á vegum Síldarútvegsnefndar og skal þá miðað við verðlag þess árs, þegar eignunum er skipt.

Við slíka skiptingu skal eignum nefndarinnar einungis ráðstafað til þeirra fyrirtækja og einstaklinga, sem saltað hafa síld eftir að síldveiðibanni í herpinót lauk um áramót 1974/1975, enda hafi sú síld verið seld fyrir milligöngu Síldarútvegsnefndar.

Hætti Síldarútvegsnefnd störfum af öðrum ástæðum skulu sömu reglur gilda um ráðstöfun eigna hennar.

Stjórn síldarútvegsnefndar samþykkti þann 3. september 1997 svohljóðandi tillögu:

Þar sem litlar líkur eru á því að Síldarútvegsnefnd geti áfram gefið erlendum saltsíldarkaupendum, sem semja um kaup sín með fyrirframsamningum, tryggingu fyrir því að ekki verði síðar boðin sams konar síld á viðkomandi markað á lægra verði og enn fremur með hliðsjón af þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á útflutnings- og sölufyrirkomulagi helstu sjávarafurða landsmanna, samþykkir Síldarútvegsnefnd að beita sér fyrir því — að höfðu samráði við félög síldarsaltenda — að stofnuninni verði svo fljótt sem unnt er breytt í hlutafélag í eigu saltsíldarframleiðenda og að núgildandi lög um Síldarútvegsnefnd og útflutning síldar verði felld úr gildi. ... óvissan um frambúðarfyrirkomulag þessara mála sé óviðunandi og skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi aðila og geti teflt markaðs- og sölumálum íslenskrar saltsíldar í tvísýnu.

Á sameiginlegum fundi stjórna Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi, sem haldinn var 13. október 1997, samþykktu stjórnir félaganna með öllum greiddum atkvæðum að styðja eindregið ofangreinda tillögu síldarútvegsnefndar. Enn fremur var samþykkt að eignum nefndarinnar skuli þá ráðstafað í réttu hlutfalli við framreiknað verðmæti seldrar saltsíldar á vegum síldarútvegsnefndar og skuli miðað við verðlag þess árs sem eignum er skipt.

Þann 12. febrúar 1998 gerðu síldarútvegsnefnd og stjórnir Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi með sér samþykkt vegna und-

irbúnings að stofnun hlutafélags um starfsemi síldarútvegsnefndar. Var m.a. samþykkt að 80% af eigin fé síldarútvegsnefndar skiptist í hlutfalli við framleiðsluverðmæti útfluttrar saltsíldar á tímabilinu frá 1. janúar 1975 til 30. júní 1992 og 20% skiptist í hlutfalli við framleiðsluverðmæti útfluttrar saltsíldar tímabilið 1. júlí 1992 – 31. desember 1997. Samþykktin er birt í fylgiskjali IV með frumvarpi þessu.

Í ljósi samþykktar síldarútvegsnefndar frá 3. september 1997, samþykktar félaga síldarsaltenda 13. október 1997 og afstöðu sérstaklega skipaðrar nefndar um síldarmálefni þótti ástæða til að móta tillögur um að breyta síldarútvegsnefnd í hlutafélag þar sem núverandi stjórnun á framleiðslu saltsíldar og útflutningi hennar yrði afnumin. Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr ríkisafskiptum af atvinnulífinu og afnema lögbindingu sérstaks rekstrarforms um einstök félög en láta almenn ákvæði hlutafélagalaga gilda. Hefur frumvarp þetta verið samið í sjávarútvegsráðuneytinu í samráði við fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

Ráðstöfun og skipting eigna síldarútvegsnefndar.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o.fl., sagði að til þess að standast kostnað af störfum nefndarinnar gæti nefndin, með samþykki ráðherra, ákveðið að greitt skyldi í sérstakan sjóð 2% af andvirði seldrar síldar. Sjóði þessum mætti eingöngu verja í þágu síldarútvegsins. Yrði sjóðurinn svo mikill að öruggt þætti gæti síldarútvegsnefnd ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra, að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn síldar. Lög þessi giltu þar til núgildandi lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, tóku gildi. Í 2. gr. laganna er kveðið á um hvernig verja megi tekjum nefndarinnar. Þar segir að árlegur tekjuafgangur skuli lagður í sérstakan sjóð í vörslu nefndarinnar. Sjóði þessum megi eingöngu verja í þágu síldarútvegsins samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og með samþykki ráðherra. Ekki er þess getið í núgildandi lögum nr. 62/1962 líkt og var í lögum nr. 74/1934 að endurgreiða megi eigendum af tekjuafgangi nefndarinnar en af greinargerð með lögum nr. 62/1962 má þó ráða að ekki var ætlunin að breyta þeirri heimild. Af þeim lagaákvæðum sem að framan eru rakin má draga þá ályktun að óheimilt sé að ráðstafa sjóðum nefndarinnar nema til hagsbóta fyrir síldarútveginn. Telja verður að þessu skilyrði sé best framfylgt með því að stofna hlutafélag sem hefur breiðan og sterkan starfsgrundvöll á sviði síldariðnaðar og með því að styrkja síldarrannsóknir, vöruþróun og markaðsöflun.

Í frumvarpinu er lagt til, í samræmi við það sem að framan hefur verið rakið, að stofnað verði hlutafélag í eigu síldarsaltenda. Hlutafélagið, Íslandssíld hf., yrði samkvæmt frumvarpinu í eigu þeirra síldarsaltenda sem greitt hafa lögmælta söluþóknun af útflutningsverðmæti saltsíldar til síldarútvegnsnefndar á tímabilinu 1975–97 og er það í samræmi við samþykktir síldarútvegsnefndar og félaga síldarsaltenda og skýrslu sérstakrar nefndar um síldarmál. Hafi gjaldþrotaskiptum á búi aðila verið lokið eða félagi verið slitið á annan hátt en með sameiningu við annað félag áður en frumvarpið verður að lögum, eiga viðkomandi aðilar samkvæmt frumvarpinu ekki rétt til hlutabréfa. Eðlilegt þykir að miða við tímabilið 1975 til nýliðinna áramóta, en banni við veiðum á síld í herpinót lauk um áramót 1974–75 og eru eignir síldarútvegsnefndar að mestu myndaðar á þessu tímabili.

Í samræmi við skýrslu sérstakrar nefndar um síldarmál og samþykktar síldarsaltendafélaganna 13. október 1997 er lagt til að hlutur hvers aðila miðist við framlög hans. Er því lagt til að hlutdeild hvers aðila miðist við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar af heildarverðmæti samanlagðs útflutnings allra þeirra er talist geta eigendur hlutabréfa samkvæmt frumvarpinu. Í samþykkt síldarútvegsnefndar og síldarsalt-

endafélaganna frá 12. febrúar 1998 er m.a. gert ráð fyrir að hlutur hvers aðila ráðist ekki aðeins af framlögum hans heldur einnig af því tímabili sem þau voru innt af hendi. Þótt ekki væri fallist á efni samþykktarinnar að þessu leyti var talið rétt að koma til móts við þau sjónarmið er lágu að baki henni. Hætt er við að hlutur síldarsaltenda sem hófu útflutning saltsíldar fyrir fáum árum en eru núna með mikla markaðshlutdeild verði lítill miðað við markaðshlutdeild þeirra. Því er lagt til að Íslandssíld hf. eignist 15% hlutafjár félagsins sem það skal bjóða til sölu innan 18 mánaða frá stofnun þess. Á því tímabili skulu þeir hluthafar er greiddu söluþóknun, sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, tímabilið 1. júlí 1992 – 1. janúar 1997 eiga forkaupsrétt að eigin hlutum félagsins. Þá er félaginu heimilt að bjóða sama hópi hluthafa forkaupsrétt að hlutafé sem falt er vegna hlutafjárhækkunar á sama tímabili. Með þessu móti skapast tækifæri fyrir þennan hóp hluthafa til að auka hlut sinn.

Samkvæmt ársreikningi síldarútvegsnefndar fyrir reikningsárið 1. júlí 1996–30. júní 1997 var eigið fé félagsins 470.681.940 kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að matsnefnd skipuð af sjávarútvegsráðherra meti verðmæti eigna síldarútvegsnefndar. Þá er gert ráð fyrir að við stofnun félagsins taki hlutafélagið við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar, öðrum en þeim sem renna til sjóðs til síldarrannsókna og í vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóð, sem lagt er til að verði stofnaðir. Rétt þykir að stofnfé Íslandssíldar hf. miðist við að Íslandssíld hf. fái, með hliðsjón af eðli starfseminnar og markaðsaðstæðum, traustan rekstrargrundvöll. Við gerð frumvarpsins var tveimur sérfræðingum falið að leggja sjálfstætt mat á það hversu hátt eigið fé Íslandssíldar hf. þurfi að vera til að tryggja framtíðarrekstur fyrirtækisins. Til grundvallar þessari athugun voru lagðir efnahags- og rekstrarreikningar síldarútvegsnefndar tvö undangengin ár og efnahagsreikningur þriggja fyrirtækja sem starfa að útflutningi sjávarafurða. Endurskoðandi síldarútvegsnefndar gaf enn fremur álit sitt um sama efni. Mikill munur var á annars vegar áliti þeirra sérfræðinga sem leitað var til og hins vegar áliti löggilts endurskoðanda síldarútvegsnefndar. Í frumvarpinu er farið bil beggja.

Eðlilegt er að leggja fé í varasjóð og er lagt til að hann nemi 25% af eigin fé félagsins. Er það í samræmi við 4. tölul. samþykktar síldarútvegsnefndar og síldarsaltendafélaganna frá 12. febrúar 1998.

Eins og áður er vikið að er gert ráð fyrir að tveir sjóðir verði stofnaðir, annars vegar síldarrannsóknasjóður og hins vegar vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóður. Lagt er til að síldarrannsóknasjóðurinn renni til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar en síldarrannsóknir eru nær eingöngu stundaðar af Hafrannsóknastofnuninni. Með hliðsjón af því að fé sjóðsins á samkvæmt frumvarpinu alfarið að renna til Hafrannsóknastofnunarinnar þykir eðlilegt að sjóðurinn verði í vörslu hennar. Lagt er til að stofnfé síldarrannsóknasjóðsins nemi 110 millj. kr. Tekið var mið af hlutdeild þeirra aðila sem falla undir 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, en það er um 20–25% af eigin fé félagsins. Gert er ráð fyrir að vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðurinn verði ekki eign ríkissjóðs heldur sjálfseignarstofnun. Lagt er til að stofnfé sjóðsins verði 80 millj. kr. Við ákvörðun eigin fjár sjóðsins var miðað við hversu hátt eigið fé Íslandssíldar þyrfti að vera, svo og að sjóðurinn gæti framfylgt hlutverki sínu. Eðlilegt er að tryggja eftirlit með því að sjóðurinn verði starfræktur í samræmi við skipulagsskrána og er því lagt til að sjóðurinn starfi samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög. nr. 19/1988. Þar sem sjóðurinn er stofnaður með lögum er eðlilegt að skipulagsskrá sjóðsins sé undirbúin af sjávarútvegsráðherra. Með stofnun framangreindra sjóða þykir tryggt að fé síldarútvegsnefndar renni til málefna sem eru til hagsbóta fyrir síldarútveginn þannig að nýsköpun, sókn í vöruþróun og markaðssetningu og stöðug og góð rekstrarskilyrði iðnaðarins verði tryggð.

Meginefni frumvarpsins.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

— Félagið Íslandssíld hf. verði stofnað og taki til starfa í síðasta lagi 1. júlí 1998.
— Hlutafé Íslandssíldar hf. verði í eigu síldarsaltenda.
— Íslandssíld hf. taki við þeim hluta eigna síldarútvegsnefndar sem ekki renna í síldarrannsóknarsjóð eða í vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóð.
— Stofnaðir verði síldarrannsóknarsjóður í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar og vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóður í vörslu Íslandssíldar hf.
— Fastráðnir starfsmenn síldarútvegsnefndar eigi kost á starfi hjá Íslandssíld hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að stofnað skuli hlutafélag er nefnist Íslandssíld hf. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um önnur atriði en nauðsynlegt er vegna stofnunar félagsins en gert er ráð fyrir að ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, taki til þess, nema annað leiði af lögunum. Lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, heyra undir sjávarútvegsráðherra og er sjávarútvegsráðherra því eðlilega falið að annast undirbúning að stofnun félagsins.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni er það hlutverk Íslandssíldar hf. að annast viðskipti með síldarafurðir og aðrar sjávarafurðir og hvers konar starfsemi er því tengist. Íslandssíld hf. mun því ólíkt síldarútvegsnefnd sem starfaði samkvæmt lögum nr. 62/1962 ekki hafa stjórnvaldshlutverki að gegna enda mundi slíkt ekki samræmast tilgangi þessa frumvarps sem er m.a. að minnka opinber afskipti af greininni. Þá þykir skynsamlegt og eðlilegt að binda ekki hlutverk Íslandssíldar hf. við þröngt svið til að félagið hafi svigrúm til að laga sig að síbreytilegum markaðsaðstæðum. Af sömu ástæðu þykir eðlilegt að heimila hluthafafundi að breyta tilgangi félagsins.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að Íslandssíld hf. taki við stofnun félagsins við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar öðrum en þeim sem ráðstafað er á annan hátt, sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins. Tekið var mið af því að stofnfé Íslandssíldar hf. þyrfti að vera nægilega mikið til að skapa traustan rekstrargrundvöll fyrir félagið með tilliti til eðli starfseminnar og markaðsaðstæðna.

Um 4. gr.

Lagt er til að varasjóður Íslandssíldar hf. nemi 25% af eigin fé félagsins. Er það í samræmi við samþykkt síldarútvegsnefndar og saltendafélaganna frá 12. febrúar 1998 sem vikið er að í almennum athugasemdum. Eignir og skuldir síldarútvegsnefndar skulu metnar af matsnefnd sem ráðherra skipar. Matsnefndinni er ætlað að tryggja að eignir félagsins séu metnar á eðlilegu verði, þ.e. að hvorki sé um van- né ofmat á einstökum eignaliðum að ræða.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það hverjir skuli teljast eigendur hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum er gert ráð fyrir að 15% af hlutafénu verði eign Íslandssíldar hf. en 85% renni til þeirra síldarsaltenda sem greitt hafa lög-

mælta söluþóknun af útfluttri síld samkvæmt 2. gr. l. nr. 62/1962 á tímabilinu 1. janúar 1975 – 31. desember 1997. Er greinin í anda ákvæða 2. gr. núgildandi laga, nr. 62/1962, svo og ákvæði 2. gr. eldri laga, nr. 74/1934, þar sem segir að sjóði síldarútvegsnefndar megi aðeins verja í þágu síldarútvegsins. Árabilið er miðað við tímabilið eftir að síldveiðar hófust að nýju þegar banni við veiðum í herpinót lauk um áramót 1974–75 en til þessa tíma má rekja tilurð eigna síldarútvegsnefndar. Ákvæði greinarinnar um eigin hlut Íslandssíldar hf. felur í sér undantekningu frá gildandi hlutafélagalögum. Í samræmi við anda hlutafélagalaganna er gert ráð fyrir að félagið geti aðeins átt hlut sinn í takmarkaðan tíma.

Í 2. mgr. eru tilteknir aðilar sem ekki geta talist eigendur hlutafjár þrátt fyrir að þeir hafi greitt gjald skv. 2. gr. laga nr. 62/1962. Það eru félög sem slitið hefur verið á annan hátt en með sameiningu við önnur félög áður en frumvarpið verður að lögum. Sama á við hafi gjaldþrotaskiptum á búi félags eða einstaklings lokið áður en frumvarpið verður að lögum. Er með þessu móti leitast við að tryggja að félagið verði í höndum þeirra sem mesta hagsmuni hafa af rekstri þess.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig reikna skuli hlutdeild þeirra aðila sem talist geta eigendur hlutafjár samkvæmt frumvarpinu. Skal hlutur hvers um sig miðast við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar frá 1. janúar 1975 til 31. desember 1997 af heildarverðmæti samanlagðs útflutnings allra þeirra sem teljast eigendur skv. 1. mgr., sbr. 2 mgr., þessarar greinar frumvarpsins á sama tímabili, framreiknað til verðlags við gildistöku laga þessara á grundvelli vísitölu neysluverðs. Er með þessu móti reynt að finna út framreiknað verðmæti þeirra greiðslna sem viðkomandi aðilar hafa innt af hendi skv. 2. gr. laga nr. 62/1962. Hjá síldarútvegsnefnd liggja fyrir skráðar upplýsingar um verðmæti útfluttrar síldar allra þeirra er flutt hafa út síld á viðmiðunartímabilinu, svo og heildarverðmæti allrar útfluttrar síldar. Þessi gögn síldarútvegsnefndar yrðu lögð til grundvallar við útreikning á hlutdeild þeirra sem rétt eiga á hlutafé samkvæmt frumvarpinu.

Í 4. mgr. er kveðið á um forkaupsrétt afmarkaðs hóps hluthafa og er því um að ræða undantekningu frá hlutafélagalögum. Forkaupsrétturinn er bundinn tímatakmörkunum og miðast aðeins við hlut félagsins og hækkun hlutafjár. Þegar um hækkun hlutafjár er að ræða er félaginu heimilt en ekki skylt að veita hinum afmarkaða hópi forkaupsrétt. Ákvörðun um það er tekin á sama hátt og ákvörðun um hækkun hlutafjár samkvæmt samþykktum félagsins. Eins og rakið er í almennum athugasemdum er þeim sem nú eru virkir síldarsaltendur gefið tækifæri til að auka hlut sinn. Er með því móti reynt að koma til móts við samþykkt síldarútvegsnefndar og síldarsaltendafélaganna frá 12. febrúar 1998.

Um 6. gr.

Um efni draga að stofnsamningi Íslandssíldar hf. vísast til fylgiskjals I og um drög að samþykktum til fylgiskjals II. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að fastráðnir starfsmenn síldarútvegsnefndar eigi kost á starfi hjá Íslandssíld hf. Þá er kveðið á um það hvernig fara skuli með biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá síldarútvegsnefnd. Ekki er í frumvarpinu kveðið á um að starfsmennirnir hafi þennan rétt.

Um 8. gr.

Með þessari grein er stofnaður sjóður í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar vegna síldarrannsókna á vegum stofnunarinnar. Síldarrannsóknasjóður kemur að góðum og almennum not-

um fyrir síldarútveginn og er því í samræmi við kröfu 2. gr. laga nr. 62/1962 um að sjóði síldarútvegsnefndar sé ráðstafað í þágu síldarútvegsins. Eins og greinir í almennum athugasemdum er tekið mið af hlutdeild þeirra sem falla undir 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins í eigin fé síldarútvegsnefndar.

Um 9. gr.

Fyrir liggur að leita verður frekari markaða erlendis fyrir saltsíld og frekari leiða til að nýta síld til manneldis. Það verður því að teljast skynsamlegt að stofna sjóð sem ætlað er að efla vöruþróun og markaðsöflun síldarafurða. Samræmist tilgangur sjóðsins mjög hagsmunum síldarútvegsins. Stofnfé sjóðsins er ákveðið með hliðsjón af hlutverki sjóðsins og hversu hátt eigið fé Íslandssíldar hf. skuli vera. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að draga úr opinberum afskiptum innan síldarútvegsins og er því lagt til að sjóðurinn verði sjálfseignar-stofnun. Þekking á markaðsaðstæðum og þörfum greinarinnar liggur hjá félögum síldarsaltenda og þykir því eðlilegt að fela þeim stjórn sjóðsins. Til að tryggja að rekstur sjóðsins sé í samræmi við skipulagsskrá hans er lagt til að um sjóðinn fari samkvæmt lögum nr. 19/1988. Skipulagsskrá sjóðsins fylgir frumvarpi þessu, sbr. fylgiskjal III.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Íslandssíld hf.
STOFNSAMNINGUR

1. gr.

Heiti félagsins er Íslandssíld hf. Heimilisfang þess er Garðastræti 37, Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að annast viðskipti með síldarafurðir og aðrar sjávarafurðir og hvers konar aðra starfsemi er því tengist.

3. gr.

Hlutafé félagsins er ... kr. ... Hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. — ein króna — að nafnverði. Hlutir skulu hljóða á nafn.

4. gr.

Mismunur hinna yfirteknu eigna og skulda skal vera eigið fé Íslandssíldar hf. og skiptist það í hlutafé að fjárhæð ... kr., sbr. 3. gr., en það sem umfram verður leggst í varasjóð, sbr. 100. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

5. gr.

Félagið er stofnað í samræmi við ákvæði laga nr. ..., um stofnun hlutafélaga um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, en að öðru leyti fer um málefni félagsins samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og ákvæðum annarra laga sem við eiga.

6. gr

Stofnendur eru eftirtaldir aðilar sem skrifa sig fyrir hlutafé sem hér segir: ...
Allt hlutafé er þegar greitt, sbr. l. nr. ...

7. gr.

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagasjóði og er áætlaður kostnaður ... kr.

... 1998.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKTIR
fyrir
Íslandssíld hf.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er heiti þess Íslandssíld hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er Garðastræti 37, Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að annast viðskipti með síldarafurðir og aðrar sjávarafurðir og hvers konar aðra starfsemi er því tengist. Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

4. gr.

Hlutafé félagsins er ... kr. ..., ... millj. kr. Hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. að nafnverði.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

6. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hafa hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum. Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok desembermánaðar ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu endurskoðanda eða hluthafa, sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um hlutafélög.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í bréfi ásamt auglýsingu í dagblaði eða á annan jafnsannanlegan hátt. Hluthafafundi skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti helmingi hlutafjár í félaginu. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé mælt fyrir um í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
c. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manns í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað og tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á síðasta starfsári.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru borin upp.

15. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og þremur varamönnum, kjörnum á aðalfundi með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Gefa skal forfölluðum aðalmanni kost á því að tilnefna varamann sinn ef unnt er.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni.

Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið.

Stjórnarfundur er lögmætur ef þrír stjórnarmanna sækja fund.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfundar. Hver aðalstjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og semur við hann um starfskjör hans. Hún veitir prókúrumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og kjörnum endurskoðendum félagsins allar þær upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Sé kosinn endurskoðandi skal einnig kjósa varamann hans til sama tíma. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er tímabilið 1. júlí – 30. júní. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

22. gr.

Samþykktum þesum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. ⅔ hlutum af því hlutafé í félaginu, sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 93. gr. hlutafélagalaga.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins ... 1998.

Fylgiskjal III.

SKIPULAGSSKRÁ
Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins

Stofnun.

1. gr.

Í samræmi við lög ... er með skipulagsskrá þessari stofnaður sjóður er ber heitið Vöruþróunar- og marksaðsöflunarsjóður síldarútvegsins. Sjóðurinn skal hafa heimilisfang og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Í samræmi við 9. gr. laga nr. ..., um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, hafa verið lagðar fram 80 milljónir króna. Höfuðstóll sjóðsins skal vera 10 milljónir króna.

Markmið.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að efla vöruþróun og markaðsöflun á síldarafurðum samkvæmt nánari ákvæðum þessarar skipulagsskrár.

4. gr.

Markmiðum sjóðsins skal m.a. náð með veitingu styrkja vegna kostnaðar tengdum vöruþróun og markaðsöflun fyrir síldarafurðir, svo sem kostnaðar vegna rannsókna, tækjakaupa, kynninga og auglýsinga.

Tekjur og gjöld.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

a. Ávöxtunartekjur stofnfjár.
b. Fjárframlög og gjafir.
c. Aðrar tekjur.

6. gr.

Gjöld sjóðsins eru sem hér segir:

a. Útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum sjóðsins samkvæmt 3. og 4. gr. hér á undan.
b. Almennur rekstrarkostnaður sjóðsins.
c. Önnur útgjöld.

7. gr.

Gæta skal hagsýni í hvívetna við meðferð eigna og fjármuna sjóðsins. Fé sjóðsins skal ætíð ávaxtað á tryggan og arðbæran hátt. Ekki skal ráðstafa hærri fjárhæð á ári hverju en sem nemur árstekjum sjóðsins, auk $\frac{1}{10}$ af upphaflegu eigin fé sjóðsins að frádregnum höfuðstól, sbr. 2. gr.

Stjórn.

8. gr.

Í stjórn Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins eiga sæti fjórir menn og fjórir til vara. Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi skulu hvort um sig tilnefna tvo stjórnarmenn og tvo til vara til tveggja ára í senn. Stjórnin skal kjósa sér formann.

9. gr.

Sjóðstjórn heldur fundi þegar þurfa þykir en eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Rita skal fundargerðir stjórnarfunda.

10. gr.

Sjóðstjórn skal setja sér starfsreglur. Hún stýrir daglegum rekstri sjóðsins og ræður öllum málefnum hans til lykta með þeim takmörkunum sem greindar eru í skipulagsskrá þessari. Sjóðstjórn ber ábyrgð á því að meginmarkmiðum sjóðsins, eins og þeim er lýst í 3. og 4. gr. á undan, verði náð að svo miklu leyti sem kostur er.

11. gr.

Sjóðstjórn getur ráðið framkvæmdastjóra Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins sem verði gjaldkeri sjóðsins, hafi prókúruumboð og sjái um bókhald og fjárreiður sjóðsins eða ákveði vistun sjóðsins á annan hátt. Sjóðstjórn skal fela löggiltum endurskoðanda að annast endurskoðun bókhalds.

12. gr.

Sjóðstjórn skal gæta almennra lagaákvæða um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988.

Skipulagsskrá.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskránni. Á staðfestingardegi skal Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóður síldarútvegsins taka til starfa.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki sjávarútvegsráðherra og tekur breytingin gildi þegar hún hefur hlotið staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

14. gr.

Sjóður þessi verður lagður niður sé stjórn hans einhuga um það og að fenginni umsögn sjávarútvegsráðherra. Sjávarútvegsráðuneytið tekur þá við öllum eigum sjóðsins til ráð-stöfunar og varðveislu. Eignunum verður aðeins ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins sbr. 3. og 4. gr.

Fylgiskjal IV.

ÁLYKTUN

(12. febrúar 1998.)

Síldarútvegsnefnd og stjórnir Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi, gera svofellda samþykkt vegna undirbúnings að stofnun hlutafélags um starfsemi síldarútvegsnefndar:

Afar mikilvægt er að Íslandssíld hf. verði öflugt fyrirtæki til sóknar inn á markaði fyrir síldarafurðir. Frá því að síldarútvegsnefnd hóf starfsemi sína á fjórða áratugnum, hefur merki íslenskrar síldar verði haldið á lofti með þeim árangri að eftir er tekið hjá samkeppnisaðilum okkar. Nýtt rekstrarform er nauðsynlegt til að mæta breyttum aðstæðum, en samhliða því má ekki draga svo mátt úr félaginu að það dugi ekki til þeirrar markaðssóknar sem nauðsynleg er. Standa þarf þannig að breytingunni að síldarsaltendur sjái hag sínum best borgið innan vébanda félagsins.

Stjórn síldarútvegsnefndar og stjórnir saltendafélaganna gera því eftirfarandi sameiginlega samþykkt um hvernig standa skuli að verki, svo þessum markmiðum verði náð:

1. Þegar þörf Íslandssíldar hf. fyrir áhættufé er metin, er mikilvægt að fullt tillit sé tekið til þeirrar áhættu sem fylgir markaðssókn félagsins í Austur-Evrópu.
2. Eitt mikilvægasta hlutverk Íslandssíldar hf. verður markaðsstarf og vöruþróun. Þess vegna er ekki þörf á sérstökum markaðs- og vöruþróunarsjóði. Ef stjórnvöld vilja hins vegar eyrnamerkja sérstakan sjóð til þessarar starfsemi er ekki tilefni til að hafa stofnfé sjóðsins hærra en 60 m.kr.
3. Við breytingu síldarútvegsnefndar myndar eigið fé hennar, eftir að lagt hefur verið fé í markaðssjóð, eigið fé Íslandssíldar hf. Hlutaféð sem þannig verður til er eign síldarsaltenda. Því skal skipta milli þeirra með eftirfarandi hætti:
   3.1. 80% skiptast í hlutfalli við framleiðsluverðmæti útfluttrar saltsíldar á tímabilinu frá 1. janúar 1975 til 30. júní 1992.
   3.2. 20% skiptast í hlutfalli við framleiðsluverðmæti útfluttrar saltsíldar tímabilið 1. júlí 1992 til 31. desember 1997.
   3.3. Stofna skal sérstakan sjóð í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar til að efla rannsóknir á síldarstofninum. Sjóðurinn skal eignast það hlutafé sem annars hefði fallið til félaga sem slitið hefur verið við gildistöku laganna með öðrum hætti en með sameiningu við önnur félög, svo og hlutafé félaga þar sem gjaldþrotaskiptum á búi

aðila var lokið fyrir sama tíma. Þetta hlutafé skal sjóðurinn selja Íslandssíld hf. á gengi sem svarar til þess að sjóðurinn fái greidda hlutdeild þessara félaga í eigin fé síldarútvegnsefndar samkvæmt þeirri skiptireglu sem hér að framan greinir. Síldarsaltendur sem söltuðu síld á því tímabili sem tilgreint er í grein 3.2 skulu hafa forkaupsrétt að þessu hlutafé í hlutfalli við framleiðsluverðmæti útfluttrar síldar á umræddu tímabili. Forkaupsréttur viðkomandi framleiðenda skal gilda allt að 18 mánuðum frá stofnun félagsins.

4. Nafnverð hlutafjár Íslandssíldar hf. verði 75% af eigin fé þess. Með því að standa með framangreindum hætti að breytingu á Síldarútvegsnefnd í hlutafélag telja stjórnir Síldarútvegsnefndar og saltendafélaganna að Íslandssíld hf. geti orðið öflugt félag og vettvangur fyrir síldarsaltendur til að halda samstöðu sinni um markaðs- og sölumál.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að stofna hlutafélagið Íslandssíld um starfsemi síldarútvegsnefndar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að eigið fé nefndarinnar við síðustu reikningsskil, 30. júní 1997, nam rúmum 470 m.kr. Raunvirði eigin fjár er nokkuð meira, þar sem bókfært verð fasteigna er 101 m.kr. en brunabótamat 423 m.kr. Ekki er ljóst hvert heildarvirði eigin fjár er, enda á sérstök matsnefnd að meta það, sbr. 4. gr. Reiknað er með að kostnaður vegna matsnefndarinnar falli á síldarútvegsnefnd en ekki á ríkissjóð.

Í 7. gr. segir að fastráðnir starfsmenn síldarútvegsnefndar skuli eiga kost á starfi hjá Íslandssíld hf. Gert er ráð fyrir að laun og önnur starfskjör þeirra verði óbreytt, þannig að ekki myndast biðlaunaábyrgð á ríkissjóð af þeim sökum.

Samkvæmt 8. gr. skal stofna sjóð til síldarrannsókna með 110 m.kr. stofnfé og skv. 9. gr. sjóð til eflingar vöruþróunar síldarafurða með 80 m.kr. stofné, hvorutveggja af eigin fé nefndarinnar. Það sem þá verður eftir verði ráðstafað þannig að 75% verði að hlutafé og 25% að varasjóði félagsins. Af hlutafé renni 85% til síldarsaltenda skv. 5. gr. og 15% verði í eigu félagsins, hvorutveggja án endurgjalds.

948. Viðbótarsvar [274. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytisins.

Í svari við fyrirspurn í þskj. 713 kom ekki fram kostnaður við hverja nefnd svo sem óskað var eftir. Við sundurliðun á heildarkostnaði, í kostnað á hverja nefnd, kom fram að fyrir mistök höfðu sjö tímabundnar nefndir fallið niður og ein nefnd í fyrra svari var tvítalin. Allar þessar sjö nefndir hafa lokið störfum. Heildarfjöldi nefnda og stjórna sem starfað hafa á tímabilinu

er því 68, 23 jarðanefndir, 18 skipaðar samkvæmt lögum, ályktunum Alþingis eða ákvörðun ríkisstjórnar og 27 tímabundnar nefndir og stjórnir. Þannig hafa nýskipanir nefnda og stjórna numið níu á ári að meðaltali. Nefndir merktar með stjörnu (*) eru nefndir sem lokið hafa störfum. Af 27 tímabundnum nefndum og stjórnum hafa 17 lokið störfum en tíu eru enn starfandi. Þar sem kostnaður við annað en stjórnar- eða nefndarlaun er verulegur er hann gefinn upp sérstaklega. Í öðrum nefndum og stjórnum getur þó einnig verið um annan kostnað en nefndar- eða stjórnarlaun að ræða, svo sem aksturskostnað, dvalarkostnað, sérfræðikostnað og útgáfukostnað. Sá kostnaður er þá innifalin í þeirri tölu sem gefin er.

1. Kostnaður landbúnaðarráðuneytisins við jarðanefndir í krónum, eftir nefndum fyrir árin 1995–1997.

Jarðanefndir	1995	1996	1997
Gullbringusýsla	5.348	10.672	4.938
Kjósarsýsla	0	0	0
Borgarfjarðarsýsla	36.170	38.891	54.743
Mýrasýsla	23.692	11.849	33.430
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	0	0	0
Dalasýsla	37.518	52.309	52.150
Austur-Barðastrandarsýsla	18.679	10.458	19.078
Vestur-Barðastrandarsýsla	0	0	0
Vestur-Ísafjarðarsýsla	17.199	0	27.000
Norður-Ísafjarðarsýsla	8.961	67.695	0
Strandasýsla	37.172	20.200	47.200
Vestur-Húnavatnssýsla	0	27.064	8.040
Austur-Húnavatnssýsla	61.446	50.782	0
Skagafjarðarsýsla	102.896	93.045	43.804
Eyjafjarðarsýsla	114.324	109.132	104.914
Suður-Þingeyjarsýsla	49.734	50.728	0
Norður-Þingeyjarsýsla	29.410	30.672	23.095
Norður-Múlasýsla	35.015	40.420	41.197
Suður-Múlasýsla	9.485	48.538	16.500
Austur-Skaftafellssýsla	0	64.634	0
Vestur-Skaftafellssýsla	0	0	0
Rangárvallasýsla	80.505	75.127	91.191
Árnessýsla	202.550	0	104.117
Samtals	870.104	802.216	671.397

2. Kostnaður í þús. kr. við nefndir og stjórnir skipaðar samkvæmt lögum, ályktunum Alþingis, ákvörðun ríkisstjórnar eða ákvörðun landbúnaðarráðherra, 1995–1997.

I. Nefndir og stjórnir skipaðar samkvæmt lögum, ályktunum Alþingis eða ákvörðun ríkisstjórnar.

Nefndir	1995	1996	1997
Veiðimálanefnd			
stjórnarlaun	108	80	64
önnur laun	0	356	709
Fisksjúkdómanefnd	0	0	0
Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins			
stjórnarlaun	3.191	3.395	3.395
önnur laun	7.215	7.328	6.782
Búfræðslunefnd	0	0	0

Nefndir	1995	1996	1997
Markanefnd	0	169	62
Sexmannanefnd (verðlagsnefnd búvöru)			
nefndarlaun	1.519	2.162	2.785
önnur laun	538	568	243
Fimmmannanefnd			
nefndarlaun	3.729	3.226	2.858
önnur laun	1.070	1.136	1.176
Hæfnisnefnd dýralækna vegna umsókna um embætti	0	0	0
Sáðvöru- og áburðarnefnd	0	0	0
Fóðurnefnd	0	0	0
Nefnd skv. 3. gr. laga nr. 34/1994, um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum			
nefndarlaun	1.630	2.323	1.347
önnur laun	236	522	541
Nefnd skipuð samkvæmt þingsályktun frá 1995 til að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu	0	89	88
Erfðanefnd búfjár	0	0	0
Nefnd skv. 2. gr. reglugerðar nr. 66/1987, um kartöfluútsæði	0	0	0
Nefnd samkvæmt reglum nr. 204/1996, um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaði og -framleiðslu, til að meta umsóknir um styrki	0	0	0
Ráðgjafarnefnd skv. 45. gr. reglugerðar nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu	0	0	0
Verkefnisstjórn vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að veita 450 millj. kr. til landgræðslu- og skógræktarverkefna	0	0	604
Nefnd til að móta tillögur um samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í landbúnaði (þingsályktun frá 15. maí 1997)	0	0	263
Samtals	20.208	21.354	20.917

II. Tímabundnar nefndir og stjórnir skipaðar samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Nefndir	1995	1996	1997
Framkvæmdanefnd búvörusamninga	1.476	1.586	1.000
aðkeypt þjónusta	0	738	0
*Nefnd skv. 10. gr. samnings um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt (frá 11. mars 1991)	0	0	0
Verkefnisráð í fiskeldi, samkvæmt samkomulagi milli Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknarráðs Íslands og Hitaveitu Suðurnesja	0	0	0
* Undirbúningsnefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu á rannsóknarþjónustu í landbúnaði og semja lagafrumvarp um það	0	672	0
*Starfshópur til að sjá um úthlutun lána til fiskeldisfyrirtækja í því skyni að flýta mikilvægri tækniþróun til framleiðniaukandi aðgerða	0	0	184
Starfshópur til að kanna möguleika á vinnslu og nýtingu kaplamjólkur	0	0	0
*Nefnd til að endurskoða starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins í samræmi við ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar			
nefndarlaun	0	179	0
aðkeypt þjónusta	0	447	0
*Nefnd til að endurskoða lög um dýralækna	0	584	222
Nefnd til að gera tillögur um hvar og hvernig megi gera tilraunir með að endurheimta hluta þess votlendis sem þurrkað hefur verið upp með framræslu	0	0	268

Nefndir	1995	1996	1997
*Nefnd til að endurskoða innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði og gera tillögur um leiðir til einföldunar frá núverandi skipulagi			
nefndarlaun	0	0	152
aðkeypt þjónusta	0	275	0
*Nefnd til að vinna að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri og gera tillögur til ráðherra			
nefndarlaun	0	0	191
aðkeypt þjónusta	0	0	687
Nefnd til að gera tillögur um hvernig hægt sé að lengja ræktunartíma ýmissa tegunda í gróðurhúsum með lækkun raforkuverðs	0	0	0
*Nefnd til að endurskoða lög um búfjárrækt og jarðrækt og semja nýja heildarlöggjöf	0	0	666
Starfshópur til að vinna að framgangi og kynningu stefnumótunar fyrir „Vistrænt Ísland“	0	0	0
Verkefnishópur til að hrinda af stað tilrauna- og þróunarverkefni í ræktun og vinnslu líns	0	0	0
*Nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 188/1988, um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, II. kafla	0	0	375
*Nefnd til að kanna hvernig hægt er að auðvelda skotveiðimönnum aðgang að ríkisjörðum	0	0	0
Nefnd til að gera tillögur að reglugerð um innflutning plantna til ræktunar	0	0	0
Nefnd sem hefur það hlutverk að gera úttekt á lífskjörum bænda samanborið við lífskjör annarra stétta í landinu, þróun síðustu ára o.fl.	0	0	0
Áform – átaksverkefni,			
stjórnarlaun	1.709	2.005	2.009
aðkeypt þjónusta	5.631	5.519	5.212
*Nefnd samkvæmt þingsályktun (samþykkt á Alþingi 12. apríl 1994), til að gera tillögur um aðgerðir til að vernda íslenska fjárhundinn og hreinrækta stofninn	0	338	0
*Starfshópur til að vinna að undirbúningi Suðurlandsskóga	0	0	148
*Nefnd til að kanna starfsumhverfi og samkeppninsstöðu garðyrkju og ylræktar í landinu	0	243	0
*Nefnd til að fjalla um innflutning á kartöflum, nýju grænmeti, blómum og sveppum	182	0	0
*Nefnd til að gera tillögu um rekstur Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti	782	0	0
*Nefnd til að gera tillögur um eflingu, verksvið og verkaskiptingu bændaskólanna á Hólum, Hvanneyri og Reykjum	607	0	0
*Sjómannanefnd, til að vinna að stefnumótun í málefnum landbúnaðarins	0	0	964
Samtals	10.387	12.586	12.078

3. Tímabundnar nefndir skipaðar samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra sem ekki var getið í svari í þskj. 713.

**Nefnd samkvæmt þingsályktun (samþykkt á Alþingi 12. apríl 1994), til að gera tillögur um aðgerðir til að vernda íslenska fjárhundinn og hreinrækta stofninn.*

Skipuð 21. júlí 1994.

Sveinbjörn Eyjólfsson deildarstjóri, formaður,
Kristinn Hugason ráðunautur,
Guðrún Guðjohnsen.

**Starfshópur til að vinna að undirbúningi Suðurlandsskóga.*
Skipaður 4. júní 1996.
Jón Erlingur Jónasson, aðstoðarmaður ráðherra, formaður,
Jón Loftsson skógræktarstjóri,
Gunnar Sverrisson bóndi.

**Nefnd til að kanna starfsumhverfi og samkeppnisstöðu garðyrkju og ylræktar í landinu.*
Skipuð 10. nóvember 1995.
Sveinbjörn Eyjólfsson skrifstofustjóri formaður,
Ólafur Friðriksson deildarstjóri,
Guðjón Guðmundsson alþingismaður.

**Nefnd til að fjalla um innflutning á kartöflum, nýju grænmeti, blómum og sveppum.*
Skipuð 14. mars 1994 samkvæmt lögum nr. 46/1985, til fjögurra ára.
Sveinbjörn Eyjólfsson skrifstofustjóri, formaður,
Bjarni Finnsson framkvæmdastjóri,
Magnús Gíslason,
Kjartan Ólafsson ráðunautur,
Sigurður Þráinsson bóndi,
Sigurbjartur Pálsson bóndi.

**Nefnd til að gera tillögu um rekstur Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti.*
Skipuð 24. janúar 1995.
Baldvin Kr. Baldvinsson bóndi, formaður,
Haraldur Sveinsson bóndi,
Kristinn Hugason ráðunautur,
Leifur Kr. Jóhannesson forstöðumaður,
Sigurbjörn Bárðarson tamningamaður.

**Nefnd til að gera tillögur um eflingu, verksvið og verkaskiptingu bændaskólanna á Hólum, Hvanneyri og Reykjum.*
Skipuð 16. desember 1993.
Egill Bjarnason ráðunautur, formaður,
Grétar Unnsteinsson skólastjóri,
Jón Bjarnason skólastjóri,
Magnús B. Jónsson skólastjóri.

**Sjömannanefnd, til að vinna að stefnumótun í málefnum landbúnaðarins.*
Skipuð 23. september 1996.
Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, formaður,
Ögmundur Jónasson, BSRB,
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, ASÍ,
Jón Sigurðsson, Vinnumálasambandinu,
Hannes G. Sigurðsson, Vinnuveitendasambandi Íslands,
Ari Teitsson, Bændasamtökum Íslands.

949. Svar [399. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um dvalar- og hjúkrunarheimili.

1. *Eru í gildi reglur um það hvaða þjónusta og tómstundastarf skuli vera til staðar á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða? Ef svo er, hverjar eru þessar reglur og hvernig er eftirliti með því að þeim sé framfylgt háttað?*

Í þjónustuhúsnæði, þ.e. íbúðum og dvalarheimilum, skal skv. 1. tölul. 18. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 82/1989, vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félagsþjónustu. Aðstaða skal vera fyrir læknishjálp, hjúkrun og endurhæfingu. Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörf, sbr. 19. gr., og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.

Á hjúkrunarrými á öldrunarstofnun eða hjúkrunarheimili skal skv. 2. tölul. 18. gr. laga um málefni aldraðra vera aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Enn fremur segir að við hönnun skuli þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og hlýleg. Aðstaða skal vera fyrir aldraða sjúklinga með heilabilunareinkenni.

Eftir því sem kostur er skulu hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimili vera í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða sjúkrahús eftir aðstæðum í hverju tilviki. Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörfum sjúklings og byggist á hjálp til sjálfshjálpar.

Í lögunum er ekki talið nánar upp hvert tómstundarstarf eigi að vera.

Kveðið er á um eftirlit í 4. gr. reglugerðar nr. 411/1973, um landlækni og landlæknisembættið. Þar segir að landlæknir annist faglegt eftirlit með öllum heilbrigðisstofnunum.

2. *Eftir hverju er farið þegar ákveðnar eru mánaðarlegar greiðslur eða daggjöld fyrir dvöl á dvalar- eða hjúkrunarheimilum?*

Dvalarheimili.

Fram til ársins 1993 voru daggjöld dvalarheimila ákveðin af daggjaldanefnd sjúkrahúsa samkvæmt reglugerð nr. 113/1980. Skv. 3. gr. reglugerðarinnar bar nefndinni að ákveða daggjöld þannig að samanlagðar tekjur stofnunar stæðu undir rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði ákveðið að stofnunin veitti innan ramma fjárlaga. Árið 1993 var daggjaldanefnd lögð niður og daggjöld ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Með reglugerð nr. 422/1992 var dvalarheimilum gert skylt að greiða fyrir lyf, rannsóknir og röntgengreiningu, endurhæfingu, hjálpartæki og sjúkraflutninga aðra en þá sem sjúkrahúsi ber að greiða. Til að komast að hver hækkun á daggjaldi þyrfti að vera til að mæta áhrifum reglugerðarinnar var raunkostnaður allra dvalarheimila árið 1993 tekinn saman af heilbrigðisráðuneytinu og daggjaldið hækkað sem kostnaðinum nam.

Í forsendum útreikninga daggjalda var allt til 1. janúar 1996 notuð vísitala daggjaldastofnana. Frá fjárlögum 1996 hafa daggjöld verið hækkuð í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga, eins og gildir um aðrar stofnanir.

Hjúkrunarheimili.

Fjármögnun hjúkrunarrýma er tvenns konar. Annars vegar eru framlög til rekstrar af fjárlögum, þá fá stofnanir greidda ákveðna fjárhæð og skerðast greiðslur ekki þótt nýting minnki, og hins vegar eru stofnanir sem fá greitt fyrir hvern legudag, eða daggjöld, sem þýðir að ein-

ungis er greitt fyrir rými í notkun. Daggjöld voru upphaflega ákvörðuð á grundvelli ársreikninga. Eðlilegt hefur þótt að kostnaður á rúm sé mismunandi þar sem þjónustan er mismikil, þar á meðal þjónusta sérfræðinga. Mismunurinn skýrist einnig af ytri aðstæðum á hverjum stað, t.d. möguleikum á langlegu á sjúkrahúsi.

Í forsendum útreikninga daggjalda dvalar- og hjúkrunarheimila hefur verið notuð vísitala daggjaldastofnana. Vægi einstakra liða var ákveðið í framhaldi af athugun á raunskiptingu kostnaðar 18 hjúkrunarheimila og var skiptingin miðuð við vegið meðaltal heimilanna og við rúmafjölda.

Hjúkrunarheimili á daggjöldum fengu fram til ársins 1993 sérstök daggjöld til að bæta rekstrarhalla. Annars vegar var um að ræða halladaggjöld vegna halla síðasta árs og hins vegar jöfnunardaggjöld vegna halla á fyrri hluta yfirstandandi árs. Þessu var breytt árið 1993, daggjöld voru hækkuð og hætt að greiða rekstarhalla. Í fjárlögum 1996 var gert ráð fyrir að daggjöld væru ákveðin einu sinni á ári í byrjun árs til að ná betur utan um fjárhagsáætlanir og til samræmis við stofnanir á föstum fjárlögum. Fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga ár hvert eru daggjöld endurskoðuð miðað við verðlagsforsendur fjárlaga.

Fjárveitingar til heimila á föstum fjárlögum taka mið af fjárlögum fyrri ára, sem samþykkt eru af Alþingi, og eru fjárveitingar endurskoðaðar miðað við verðlagsforsendur og rekstrarreikning stofnana. Í upphafi voru fjárveitingarnar grundvallaðar á reikningum síðasta árs fyrir breytinguna, þ.e. þegar stofnunin fór á föst fjárlög og hætti að vera á daggjöldum, og áætlun fyrsta ársins á fjárlögum. Þegar ákveðin er fjárveiting til rekstrar nýs heimilis er byggt á rekstraráætlun viðkomandi hjúkrunarheimilis og tekið mið af öðrum hjúkrunarheimilum sem eru í rekstri.

Af hálfu heilbrigðisráðuneytisins eru í undirbúningi gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimili. Unnið hefur verið að samanburði á framlögum hjúkrunarheimila, m.a. með tilliti til hjúkrunarþyngdar. Á hjúkrunarheimilum hefur verið tekið í notkun mælitæki sem mælir hjúkrunarþyngd á heimilum fyrir aldraða (RAI-mæling — raunverulegur aðbúnaður íbúa) og mun ráðuneytið taka tillit til raunverulegrar hjúkrunarþyngdar á stofnunum í ákvörðun fjárframlaga í þjónustusamningi. Stefnt er að mun ítarlegri úttekt og samanburði á hjúkrunarheimilum áður en gerðir verða þjónustusamningar.

3. *Hver er heildarkostnaður á mánuði vegna hvers einstaklings, sundurliðað eftir kostnaðarliðum,*
   a. *á dvalarheimili,*
   b. *á hjúkrunarheimili?*

Á dvalarheimilum er sama daggjald alls staðar á landinu, 3.259 kr., eða 99.128 kr. á hvern einstakling á mánuði.

Á hjúkrunarheimilum er framlag vegna hvers einstaklings u.þ.b. tvöfalt hærra en á dvalarheimilum (sjá svar við 4. lið).

Vísitala daggjaldastofnana var notuð til 1. janúar 1996 og var hún byggð á raunkostnaði og skiptingu 18 hjúkrunarheimila. Frá þeim tíma er notast við verðlagsforsendur fjárlaga og er skiptingin 70% laun og 30% annar kostnaður.

Helstu kostnaðarliðir á hjúkrunarheimilum eru eftirfarandi:

Laun	70–80%	*Algengt er að launakostnaður sé 70–72%* Laun lækna 2%, laun hjúkrunarfræðinga 16%, laun starfsfólks í BSRB 21%, laun Sóknarfólks 31%.
Matvörur	10–11%	
Orkukostnaður	1,5–2%	
Viðhald og tæki	1–6%	*Hlutfall af kostnaði er mismunandi milli ára*
Lyf og lyfjavörur	4–5%	
Akstur og flutningur	1–2%	
Annað	4–5%	



4. *Er um að ræða mismunandi greiðslur eftir þjónustustigi hvers heimilis? Ef svo er, hver metur þá þjónustu sem er í boði og hverjar er mánaðarlegar greiðslur vegna hvers einstaklings, skipt niður á heimili?*

Dvalarheimili.

Á dvalarheimilum er ekki um að ræða mismunandi greiðslur milli heimila. Sama daggjald er alls staðar á landinu, 3.259 kr., eða 99.128 kr. á hvern einstakling á mánuði.

Hjúkrunarheimili.

Eins og áður hefur komið fram fengu hjúkrunarheimili á daggjöldum fram til ársins 1993 sérstök daggjöld til að bæta rekstrarhalla, en þá voru daggjöld hækkuð sem nam halladaggjöldum og hætt að greiða rekstrarhallann. Annars vegar var um að ræða halladaggjöld vegna halla næstliðins árs og hins vegar jöfnunardaggjöld vegna halla á fyrri hluta yfirstandandi árs. Daggjöld voru því ákvörðuð á grundvelli ársreikninga ársins á undan og mikið ósamræmi í daggjöldum. Frá þessum tíma hefur verið reynt að jafna daggjöld eftir því sem fjárveitingar leyfa á ári hverju, en þó hefur þótt eðlilegt í undantekningartilvikum að kostnaður á rúm sé mismikill. Skýrist það m.a. af mismikilli þjónustu, þar á meðal þjónustu fagfólks. Mismunur-

inn skýrist einnig af ytri aðstæðum á hverjum stað, t.d. möguleikum á langlegu á sjúkrahúsi í byggðarlaginu, en þar er hægt að veita meiri hjúkrunar- og læknisþjónustu en unnt er að veita á litlum hjúkrunarheimilum.

Hjúkrunarheimili á daggjöldum	Framlag á mán. á hvern einstakling m.v. daggjöld 1998
Seljahlíð, Reykjavík	216.445
Hornbrekka, Ólafsfirði	216.445
Dalbær, Dalvík	216.445
Hulduhlíð, Eskifirði	216.445
Hjallatún, Vík í Mýrdal	216.445
Höfði, Akranesi	216.445
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	177.147
Barmahlíð, Reykhólum	216.445
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	216.445
Fellaskjól, Grundarfirði	177.147
Naust, Þórshöfn	216.445
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	161.482
Jaðar, Ólafsvík	161.482
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	216.445
Lundur, Hellu	216.445
Hrafnista, DAS, Reykjavík	216.445
Hrafnista, DAS, Hafnarfirði	231.197
Elliheimilið Grund, Reykjavík	216.445
Kumbaravogur, Stokkseyri	200.780

Hjúkrunarheimili á föstum fjárlögum	Framlag á mán. á hvern einstakling m.v. fjárlög 1998 (nettó) og legudaga 1997
Sunnuhlíð, Kópavogi	264.650
Hjúkrunarheimilið Skjól, Reykjavík	249.000
Hjúkrunarheimilið Eir, Reykjavík	244.966
Garðvangur, Garði	257.226
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir, Reykjavík	226.310
Sólvangur, Hafnarfirði	249.825
Skógarbær, Reykjavík	245.395
Sundabúð, Vopnafirði	213.668
Öldrunarstofnun Önfirðinga	213.668
Sjúkraskýlið, Þingeyri	389.785

Á sjúkraskýlinu á Þingeyri voru að meðaltali nýtt rúmlega þrjú hjúkrunarrými á árinu 1997 og verður þar af leiðandi framlag á hvern einstakling mjög hátt.

Í forsendum útreikninga á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ er gert ráð fyrir að 66 hjúkrunarrými verði nýtt eins og þjónustusamningur kveður á um.

Athuga ber að hjá hjúkrunarheimilum á föstum fjárlögum eru hækkanir vegna lífeyrisiðgjalda inni í fjárlögum 1998, en þær eru ekki komnar inn í daggjald 1998 á daggjaldastofnunum.

5. *Hvaða reglur gilda um kostnaðarþátttöku hvers einstaklings vegna dvalar hans á dvalar- eða hjúkrunarheimili og hvernig er eftirliti háttað með framkvæmd þeirra reglna?*

Vísað er til reglugerðar nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, með síðari breytingum, síðast breytt með reglugerð nr. 561/1997.

Vistmenn dvalarheimila taka þátt í rekstrarkostnaði með grunnlífeyri, tekjutryggingu og öðrum tekjum.

Í 5. gr. segir að vistmaður sem hefur eigin tekjur (aðrar en bætur almannatrygginga) sem að frádregnum staðgreiðsluskatti eru hærri en 28.093 kr. á mánuði, skuli með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af dvalarkostnaði sínum að hluta eða fullu. Hann greiðir aldrei hærri fjárhæð í hverjum mánuði en sem nemur dvalarkostnaði, eða 99.128 kr.

Ef vistmaður á maka skiptast tekjur vistmannsins að jöfnu milli vistmanns og maka þegar staðgreiðsluskattar hafa verið frá þeim dregnir. Ef tekjurnar eftir skiptingu eru hærri en 28.093 kr. skal hann með þeim tekjum standa straum af dvalarkostnaði sínum.

Langlegusjúklingar 67 ára og eldri taka þátt í dvalarkostnaði sínum þegar þeir hafa legið 120 daga síðustu 24 mánuði í hjúkrunarrými fyrir aldraða.

Í 10. gr. reglugerðar nr. 47/1990 segir að langlegusjúklingur sem hefur eigin tekjur (aðrar en bætur almannatrygginga) sem að frádregnum staðgreiðsluskatti eru hærri en 22.570 kr. á mánuði, skuli með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði sínum að hluta eða fullu. Hann greiðir þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði, eða 99.128 kr. á mánuði.

Ef langlegusjúklingur á maka skiptast tekjur vistmannsins að jöfnu milli vistmanns og maka þegar staðgreiðsluskattar hafa verið frá þeim dregnir. Ef tekjurnar eftir skiptingu eru hærri en 22.570 kr. skal hann með þeim tekjum standa straum af dvalarkostnaði sínum.

Eftirlit með framkvæmd reglnanna er þannig Tryggingastofnun ríkisins reiknar út greiðslur á hvern einstakling út frá skattaframtali viðkomandi. Ef breytingar hafa átt sér stað, t.d. ef tekjur hafa fallið niður hjá einstaklingi sem hafði tekjur á síðasta framtalsári eða tekjur hafa verið áætlaðar á hann, er gjaldið endurreiknað. Tryggingastofnun ríkisins sendir dvalar- og hjúkrunarheimilum yfirlit yfir hvað hver einstaklingur á að greiða.

6. *Er hverjum þeim sem á eða rekur dvalar- eða hjúkrunarheimili skylt að afhenda einstaklingi sem dvelur á viðkomandi heimili eða aðstandanda hans reglubundið yfirlit yfir greiðsluþátttöku hans? Ef slík skilyrði eru ekki fyrir hendi, mun ráðherra beita sér fyrir því að þau verði sett?*

Tryggingastofnun ríkisins sendir stofnunum yfirlit yfir hvað hver einstaklingur skuli greiða. Innheimta á vistgjöldum er í höndum forstöðumanna dvalar- og hjúkrunarheimila og fær greiðandi kvittun fyrir greiðslunni eins og bókhaldslög gera ráð fyrir. Á daggjaldastofnunum er greiðslan send aftur til Tryggingastofnunar sem sendir yfirlit með kvittun til baka. Tryggingastofnun skráir hverja greiðslu á kennitölu einstaklings sem er um leið eftirlit með að rétt upphæð er greidd.

950. Frumvarp til laga [559. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd búvara, skipuð sex mönnum, ákveður afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð búvara í heildsölu.

Samtök launþega tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hinn af stjórn Alþýðusambands Íslands. Noti annar aðilinn ekki tilnefningarrétt sinn færist réttur hans til hins.

Stjórn Bændasamtaka Íslands og stjórnir búgreinasamtaka, sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 4. gr. og starfa fyrir búgreinafélög þeirra afurða sem verðlagðar eru hverju sinni, tilnefna tvo fulltrúa í nefndina sameiginlega. Skal annar þeirra tilnefndur til að fjalla eingöngu um verðmyndun til framleiðenda. Skal hann víkja úr nefndinni fyrir fulltrúa samtaka afurðastöðva í nefndinni þegar fjallað er um verðmyndun hjá afurðastöðvum.

Samtök afurðastöðva fyrir búvörur tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Skulu þeir tilnefndir þannig að í nefndinni starfi hverju sinni fulltrúar frá þeirri vinnslugrein sem um er rætt hverju sinni. Annar þessara fulltrúa skal tilnefndur til að starfa aðeins í nefndinni þegar nefndin fjallar um verðmyndun hjá afurðastöðvum og kemur í stað fulltrúa framleiðenda sem víkur sæti.

Landbúnaðarráðherra tilnefnir einn fulltrúa í nefndina og er hann formaður hennar.

Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Ákvarðanir í nefndinni skulu teknar með einföldum meiri hluta atkvæða. Komi upp jöfn staða atkvæða sker atkvæði formanns úr um niðurstöðu.

Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna mann í nefndina í stað samtaka framleiðenda og samtaka afurðastöðva en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka launþega. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins skulu vera verðlagsnefnd til aðstoðar.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd ákveður við upphaf hvers verðlagsárs, í fyrsta sinn 1. september 1998, lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Hverri afurðastöð er heimilt að greiða framleiðendum hærra verð en lágmarksverð. Verðlagsnefnd ákveður leyfileg afföll af verði mjólkur sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk. Ákvörðun um lágmarksverð mjólkur skal byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluaðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni. Ákvörðun verðlagsnefndar um lágmarksverð skal tekin til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni. Framleiðslukostnaður á nautgripakjöti til framleiðenda skal metinn og skráður af verðlagsnefnd við

ákvörðun á lágmarksverði mjólkur. Heimilt er verðlagsnefnd að ákveða að skráning á verði nautgripakjöts falli niður. Landssambandi kúabænda er þá heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka nautgripakjöts.

Verðlagsnefnd metur við upphaf hvers verðlagsárs framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú, í fyrsta sinn 1. september 1998. Miða skal við kostnaðarútreikninga er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir meðalbús sem er rekið við eðlilegar framleiðsluaðstæður. Tilgreina skal ársvinnu á sauðfjárbúi af stærð sem miðað er við og virða endurgjald fyrir vinnuframlag til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Mat verðlagsnefndar skal taka til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni. Landssamtökum sauðfjárbænda er heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka kindakjöts.

Til ákvörðunar á framleiðendaverði annarra búvara en afurða sauðfjár og nautgripa skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi að stærð, sem er rekið við eðlilegar framleiðsluaðstæður, komi fram um það óskir frá Bændasamtökum Íslands og viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda í viðkomandi grein skv. 2. mgr. 4. gr. Tilgreina skal ársvinnu á búinu og virða endurgjald fyrir vinnuframlag til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Verðlagsgrundvöllurinn gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagsárs og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert nema annað sé ákveðið með samkomulagi í verðlagsnefnd. Nefndinni er hvenær sem er heimilt að taka mið af verðlagsbreytingum vegna fjármagns- og reksturskostnaðar svo og launabreytingar á tímabilinu, komi fram um það óskir í nefndinni. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum samningsaðila með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Nefndin getur þó komið sér saman um annan frest.

Við kostnaðarútreikninga skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á verði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands skal afla fullnægjandi gagna fyrir verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara, tekjur annarra stétta og verð og verðbreytingar á einstökum kostnaðarliðum verðlagsgrundvallar. Verðlagsnefnd skal í samráði við Hagstofu Íslands setja reglur um öflun gagna.

Hagþjónusta landbúnaðarins skal árlega afla rekstursreikninga frá bændum, nægilega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað hinna ýmsu búvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og verðlagsnefnd. Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar í samráði við verðlagsnefnd.

Verðlagsnefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir verðlagningu búvara. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna ef þrír nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og aðrar opinberar stofnanir, svo og Framleiðsluráð landbúnaðarins, að því leyti sem rannsóknirnar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Telji umræddar stofnanir sig ekki geta látið í té starfslið til þess að gera þær rannsóknir er verðlagsnefnd hefur ákveðið að fram skuli fara er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslið, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim er rannsóknir gera í té nauðsynlegar upplýsingar að viðlögðum dagsektum sé upplýsingaskyldu ekki sinnt.

4. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd ákveður heildsöluverð búvara sem verðlagðar eru skv. 8. gr., að teknu tilliti til afurðaverðs til framleiðenda og rökstuddra upplýsinga um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara, nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 30. gr. laganna. Nefndin getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir ákvörðun heildsöluverðs á búvörum með hliðstæðum hætti og segir í 11. gr.

Verðlagsnefnd er, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilt í samkomulagi um heildsöluverð að gera tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva, enda sé það samhljóða ákvörðun nefndarinnar.

Verðlagsnefnd getur, að fengnum tillögum afurðastöðva eða samtaka þeirra, heimilað afurðastöðvum að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Samningar þessir skulu hljóta staðfestingu verðlagsnefndar.

5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er verðlagsnefnd að breyta heildsöluverði á búvörum hafi orðið breytingar á afurðaverði til framleiðenda, sbr. 8. gr., eða rekstrarkostnaði og vinnulaunum við vinnslu búvara, komi fram um það ósk innan nefndarinnar.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd getur, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs, ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal hjá afurðastöð 1,8% verðskerðingargjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, í sama skyni og 20. gr. kveður á um. Ráðherra ákveður viðmiðunarkostnað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

8. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Frá og með 1. september 1998 skal innheimta verðtilfærslugjald hjá afurðastöðvum af hverjum innvegnum mjólkurlítra í afurðastöð innan greiðslumarks. Gjald þetta telst til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af verðlagsnefnd. Verðtilfærslugjaldið skal vera 2,65 kr. á hvern lítra mjólkur. Gjald þetta greiðist út á tilteknar mjólkurafurðir við sölu innan lands eftir ákvörðun verðlagsnefndar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Við kaup á kindakjöti frá framleiðendum eða samkomulag um að annast sölu þess skal tilgreina hvort kjötið sé til sölu innan lands eða til útflutnings, en greiðslur fyrir kindakjöt skulu vera óháðar greiðslumarki lögbýlisins.

b. Í stað orðanna „kjöt af dilkum“ í 6. mgr. kemur: „kjöt af sauðfé“

10. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark mjólkur 1998–2005.**

11. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu mjólkur eru:

a. Að skapa rekstrarumhverfi fyrir framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni.
b. Að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið.
c. Að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

12. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Heildargreiðslumark mjólkur er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem beingreiðslur ríkissjóðs miðast við. Heildargreiðslumark mjólkur skal ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf hvers verðlagsárs. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarið tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða. Við mat á neyslu og birgðum skal miða við gildandi stuðla um samsetningu mjólkurafurða samkvæmt ákvörðun Framkvæmdanefndar búvörusamninga. Verði sala mjólkurafurða undir heildargreiðslumarki ársins þannig að birgðir aukist kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Á sama hátt hækkar heildargreiðslumark ef sala eykst. Birgðir sem verða til vegna framleiðslu einstakra mjólkurframleiðenda umfram heildargreiðslumark, sbr. 3. mgr., teljast ekki til birgða við ákvörðun heildargreiðslumarks.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu þess í greiðslumark lögbýla.

Framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark skal fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur þó heimilað sölu þessara vara innan lands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

13. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða aðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis verður við upphaf verðlagsárs 1998–1999 jafnt greiðslumarki þess eins og það verður skráð við lok verðlagsársins 1997–1998, að teknu tilliti til breytinga sem verða á heildargreiðslumarki vegna verðlagsársins 1998–1999, skv. 1. mgr. 45. gr. laganna og að teknu tilliti til aðilaskipta fyrir 20. ágúst 1998. Að þeim tíma liðnum breytist greiðslumark hvers lögbýlis í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki, við aðilaskipti með greiðslumark eða vegna tilfærslna á greiðslumarki milli lögbýla samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Sé greiðslumark ekki nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár fellur það niður, enda hafi Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Framkvæmdanefnd búvörusamninga er heimilt að ráðstafa þessu greiðslumarki til frumbýlinga, en að öðru leyti bætist það við greiðslumark annarra lögbýla í hlutfalli við skráð greiðslumark þeirra. Óski framleiðandi eftir að halda greiðslumarki á lögbýlinu án þess að nýta það til framleiðslu getur hann lagt það inn til geymslu hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins, lengst til 1. september 2005. Greiðslumark sem þannig er geymt tekur ekki breytingum á geymslutímanum.

14. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Heimil eru aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Öll viðskipti með greiðslumark skulu fara um einn markað sem Framleiðsluráð landbúnaðarins eða annar aðili annast samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Aðilaskipti með greiðslumark taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir flutningi greiðslumarks frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Nú vill leiguliði selja slíkt greiðslumark og skal jarðareigandi þá eiga forkaupsrétt að greiðslumarkinu á markaðsverði sem síðast liggur fyrir skv. 1. mgr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um markaðssetningu og aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess.

15. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðenda mjólkur og skal svara til 47,1% af verði mjólkur eins og það er ákveðið skv. 8. gr. laganna. Greiðslu til hvers lögbýlis samkvæmt greiðslumarki þess er heimilt að skipta á þann veg að hluti greiðslunnar verði óháður framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlis sé ekki minni en tilskilið lágmark sem hlutfall eða heild af greiðslumarki, hluti greiðist eftir framleiðslu og hluti greiðist þannig að það stuðli að sem jafnastri dreifingu innleggs eftir mánuðum. Beingreiðsla skal greiðast mánaðarlega og skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða nánar greiðslutilhögun og fráviksmörk beingreiðslu fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, nánari reglur um beingreiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, greiðslutilhögun, fráviksmörk og ráðstöfun beingreiðslna vegna ónýtts greiðslumarks.

16. gr.

Í stað orðsins „fimmmannanefnd“ í 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 64. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: verðlagsnefnd búvöru. Orðin „og fimmmannanefnd“ í 2. málsl. 66. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr stafliður, K, svohljóðandi: Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum verðlagsnefndar búvara, að verja til eftirfarandi verkefna eftirstöðvum af verðmiðlunargjöldum skv. C-lið ákvæða til bráðabirgða sem ekki hefur verið ráðstafað:

1. Rannsókna- og þróunarverkefna í framleiðslu og vinnslu mjólkur.
2. Endurmenntunar er leiði til meiri gæða og hagræðingar í framleiðslu mjólkur.
3. Hagrannsókna vegna verðlagningar og úttekta á stöðu framleiðslu og/eða vinnslu mjólkur.
4. Lækkunar á tilteknum mjólkurafurðum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar 9.–10., 12., 14., 17., 18. og 56.–58. gr., 2.–4. málsl. 59. gr., 60. og 61. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. september 1998 skulu verðákvarðanir fyrir búvörur fara eftir þeim ákvæðum sem í gildi eru fyrir gildistöku þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra og í samráði við Bændasamtök Íslands. Tilgangur frumvarpsins er að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna ákvæða í samningi frá 17. desember 1997, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands, en sá samningur tekur við af samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu frá 15. ágúst 1992 sem byggðist á samningi sömu aðila um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt sem undirritaður var 11. mars 1991.

Samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar byggist á áliti sjömannanefndar frá 4. nóvember 1997 um framleiðslu og vinnslu mjólkur. Sjömannanefnd sem er skipuð aðilum vinnumarkaðarins, fulltrúum bænda og ríkisins var falið af landbúnaðarráðherra í september 1996 að vinna að stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins. Verkefni nefndarinnar fólust í að athuga rekstrarskilyrði landbúnaðarins hérlendis í samanburði við nágrannalöndin, athuga verðlagningu búvara og samkeppnislöggjöf, innflutningsvernd fyrir búvörur, hagræðingu við framleiðslu og vinnslu búvara og smásöluverslun og verðlagslöggjöf um viðskipti með búvörur. Álit nefndarinnar um framleiðslu og vinnslu mjólkur, sem samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar byggist á, inniheldur úttekt á þróun í framleiðslu og vinnslu mjólkur á síðustu árum, hvaða áhrif samningur um stjórnun mjólkurframleiðslunnar frá 1992 hefur haft og tillögur um hvert beri að stefna á næstu árum í málefnum mjólkurframleiðenda og mjólkuriðnaðar og í markaðsmálum greinarinnar.

Með búvörusamningnum sem gerður var í ágúst 1992 voru gerðar grundvallarbreytingar á starfsskilyrðum mjólkurframleiðslunnar. Útflutningsbætur voru aflagðar, framleiðsluskil-

yrði voru þrengd og niðurgreiðslur voru færðar af heildsölustigi yfir í beingreiðslur til bænda. Heildargreiðslumark mjólkur við upphaf samningsins var lækkað úr 104,5 milljón lítrum í 100 milljón lítra og leyfð var sala á greiðslumarki milli framleiðenda. Gerð var tiltekin krafa til mjólkurframleiðenda og mjólkurbúa um hagræðingu sem leiddi til lækkunar á raunverði mjólkur til bænda og neytenda. Til að ná því fram var m.a. ráðstafað fjármunum úr verðmiðlunarsjóði til úreldingar á mjólkurbúum og í hagræðingarverkefni meðal bænda. Markmið samningsins frá 1992 um stjórnun mjólkurframleiðslunnar hafa að flestu leyti gengþið eftir. Helst hefur orðið eftir að ná fram þeirri hagræðingu sem að var stefnt ásamt því að afkomumöguleikar mjólkurframleiðenda hafa versnað samanborið við almenna afkomu fólks í líkum störfum. Athuganir Hagþjónustu landbúnaðarins fyrir sjömannanefnd gefa þá þróun til kynna, þó svo að ekki hafi farið fram nákvæm úttekt eða samanburður. Af þessari ástæðu m.a. hefur eiginfjárstaða mjólkurframleiðenda, sem könnun Hagþjónustunnar náði til, versnað verulega árin 1992–1996.

Samningur sá, sem nú liggur fyrir og undirritaður var 17. desember sl., spannar tímabilið 1998–2005. Um efni hans vísast til fylgiskjala I og II með frumvarpinu.

Í samningnum er byggt á þessum markmiðum:

1. Að skapa rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni í vaxandi samkeppni við innfluttar búvörur.
2. Að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun verði og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið.
3. Að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

Meginbreytingarnar, sem ákvæði samningsins fela í sér, verða tíundaðar hér á eftir.

Aukið frjálsræði og sveigjanleiki í verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða.

Samið er um að ákvörðun mjólkurverðs til bænda breytist í skráningu lágmarksverðs í stað fastrar verðlagningar og að skráning á heildsöluverði mjólkur og mjólkurafurða verði aflögð eigi síðar en 30. júní 2001. Vinnan við verðlagningu verði einfölduð með því að í stað þess að verðlagsnefnd búvara, svonefnd sexmannanefnd, ákveði verð til bænda og fimmmannanefnd ákveði heildsöluverð mjólkur og mjólkurafurða verði allar verðlagsákvarðanir á hendi verðlagsnefndar búvara og fimmmannanefnd hætti störfum. Sú breyting komi til framkvæmda eftir að yfirstandandi verðlagsári lýkur þann 31. ágúst 1998. Jafnframt er skipun á fulltrúum í verðlagsnefndina breytt með tilliti til þess að nefndin taki fullnaðarákvarðanir og að ekki verði unnt að skjóta ágreiningsefnum til yfirnefndar ef upp koma.

Endurskoðun og mat á hagkvæmni framleiðslustjórnunar.

Samið er um að fyrirkomulag framleiðslustjórnunar haldist óbreytt fyrst um sinn og komi til endurskoðunar á samningstímanum. Fram er sett það markmið að auka beri sveigjanleika núgildandi framleiðslustjórnunar, auðvelda eigi tilfærslu á greiðslumarki milli framleiðenda, auðvelda nýliðun og stuðla að raunhæfu verðlagi á greiðslumarki. Í samningnum er kveðið á um að könnun á mögulegum leiðum að þessu markmiði fari fram fyrir 1. júní 1998. Þá eru ákvæði um að öll kvótaviðskipti fari um einn markað og að þegar liðin eru fjögur ár af samningstímanum verði lagt sérstakt mat á stöðu framleiðslustjórnunar og hvort, hvernig og þá hvenær hana eigi að leggja niður og hvað taki við.

Hagræðing og stuðningur.

Samið er um að fjármunum, sem eftir verða í verðmiðlunarsjóði mjólkur þegar lögbundnum verkefnum lýkur, verði ráðstafað til rannsókna- og þróunarverkefna fyrir mjólkurframleiðsluna, endurmenntunar til að auka hagræði og gæði framleiðslunnar, hagrannsókna í þágu mjólkurframleiðslunnar og til lækkunar á tilteknum mjólkurafurðum. Landbúnaðarráðherra taki ákvörðun um ráðstöfun fjármunanna, að fengnum tillögum verðlagsnefndarinnar. Enn fremur leggi ríkissjóður fram á þremur árum 22,5 millj. kr. til rannsókna, þróunarverkefna og endurmenntunar í mjólkurframleiðslu og til að stuðla að þróun á starfsemi afleysingahringa hjá mjólkurframleiðendum.

Önnur atriði.

Samið er um að skráning og útreikningur á greiðslumarki lögbýla verði með sama hætti og er í gildandi samningi frá 1992. Jafnframt að heildargreiðslumark mjólkur, sem kemur til skipta milli framleiðenda, skuli fara eftir neyslu innlendra mjólkurvara á sama hátt og í gildandi mjólkursamningi og að stuðningshlutfall haldist óbreytt, eða 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur. Sú breyting er þó gerð þar á að stuðninginn skal miða við lágmarksverð mjólkur til bænda. Samkvæmt gildandi samningi skal hann miðast við svokallað verðlagsgrundvallarverð sem er skráð verð til framleiðenda. Framleiðslu umfram innanlandsþörf skal á sama hátt og áður ráðstafa á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Verksvið verðlagsnefndar búvara er víkkað þannig að það nái til verðlagningar í heildsölu, til viðbótar því að verðleggja til framleiðenda. Það er gert með því að fimmmannanefnd er lögð niður og verkefni hennar færð til verðlagsnefndar búvöru. Þá er skipan nefndarinnar breytt nokkuð. Fulltrúum neytenda í nefndinni fækkar úr þrem í tvo við það að stjórn ASÍ tilnefni einn fulltrúa í stað tveggja. Fulltrúum framleiðenda fækkar á sama hátt úr þremur í tvo og jafnframt er gert ráð fyrir að stjórn Bændasamtaka Íslands og stjórnir viðurkenndra samtaka búgreinafélaga, í þeim greinum sem verðlagt er fyrir, tilnefni fulltrúana í sameiningu.

Nýmæli er að gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra tilnefni fulltrúa í nefndina og sé hann formaður nefndarinnar. Enn fremur er það nýmæli að gert er ráð fyrir fulltrúum frá samtökum afurðastöðva í nefndina er komi frá þeirri vinnslugrein sem verðlagt er fyrir hverju sinni. Þetta er sama fyrirkomulag og er gildandi fyrir fimmmannanefnd, en í henni taka sæti fulltúar afurðastöðva í þeirri vinnslugrein sem fjallað er um hverju sinni. Fulltrúar frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði taka því þátt í verðlagningu þegar fjallað er um verðlagsmál mjólkur og fulltrúar Landssamtaka sláturleyfishafa þegar fjallað er um verðlagsmál sláturafurða. Gert er ráð fyrir að samtök afurðastöðva eigi einn fulltrúa í nefndinni þegar fjallað er um verðlagningu til framleiðenda, en tvo þegar fjallað er um verðlagningu á vinnslu- og heildsölustigi. Annar fulltrúi framleiðenda víki þá úr nefndinni sem verður sem áður sex manna. Komi ekki tilnefning frá samtökum launþega í nefndina tilnefnir félagsmálaráðherra í þeirra stað en landbúnaðarráðherra í stað samtaka afurðastöðva. Sama á við ef samtök afurðastöðva eru ekki starfandi.

Með þessari breytingu laganna hverfur hlutverk sáttasemjara ríkisins við verðlagningu búvara komi upp ágreiningur. Á sama hátt fellur niður verkefni þriggja manna úrskurðarnefndar sem skal skera úr ágreiningi um verðlagningu búvara reynist sáttaumleitanir árangurslausar.

Ákvarðanir í verðlagsnefnd búvöru verða teknar með einföldum meiri hluta atkvæða. Til að tryggja meiri hluta í nefndinni, komi upp ágreiningur, fær atkvæði formanns tvöfalt vægi komi upp jöfn staða atkvæða.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér nýmæli er varðar fyrirkomulag um verðlagningu á afurðum nautgripa. Í stað þess að miða verðlagningu á mjólk og nautgripakjöti við afurðir meðalbús skal miða verðlagninguna við bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluaðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum. Með þessu fyrirkomulagi eru verðlagsnefnd gefnar frjálsari hendur við mat á því hvernig verðlagsgrundvallarbú fyrir mjólk er fundið, þar sem nefndinni er ekki skylt að miða við reikningsleg meðaltöl. Verðlagsnefnd skal ákvarða lágmarksverð til framleiðenda fyrir mjólk, sem hverri afurðastöð ber að greiða að lágmarki, í stað þess að skrá fast verð. Í áliti sjömannanefndar frá 4. nóvember 1997 er lagt til að verðskráningu á nautgripakjöti verði hætt eigi síðar en 1. september 1998. Verðlagsnefnd skal samt sem áður meta framleiðslukostnað nautgripakjöts við gerð verðlagsgrundvallar fyrir mjólkurframleiðsluna við ákvörðun lágmarksverðs. Því er gert ráð fyrir að tillögur nefndarinnar um fyrirkomulag á verðlagningu á nautgripakjöti komi til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1998.

Nýmæli er að viðurkenndum samtökum skv. 4. gr. laganna er heimilað að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir nautgripakjöt og kindakjöt. Það á sér hliðstæðu í að verðlagsnefnd búvara hefur skráð annað verð á einstökum flokkum nautgripakjöts og kindakjöts en hefur numið áætluðum framleiðslukostnaði. Það hefur verið gert í samræmi við tillögur frá landssamtökum þessara búgreina hverju sinni. Verð þetta hefur hins vegar verið fast verð en ekki viðmiðunarverð eins og hér er lagt til, þar sem í gildandi löggjöf er einungis gefinn kostur á að verðlagsnefnd búvara ákveði fast verð fyrir afurðir einstakra búgreina til framleiðenda eða gefi það frjálst og þá falli það undir ákvæði samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að breyting verði gerð á fyrirkomulagi verðákvörðunar verðlagsnefndar búvöru fyrir afurðir annarra búgreina en sauðfjár og nautgripa.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. í gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að verðlagsnefnd búvara ákveði heildsöluverð búvara í stað fimmmannanefndar er verði lögð niður. Fimmmannanefnd hefur verðlagt vinnslu- og heildsölukostnað afurða nautgripa, sauðfjár og alifugla. Samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995 var gert ráð fyrir að heildsöluverðlagningu sauðfjárafurða yrði hætt haustið 1997. Þeirri ákvörðun var frestað af fimmmannanefnd til haustins 1998. Í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá 17. desember sl. eru ákvæði um að verðlagsnefnd búvara sem starfar skv. 8. gr. laganna verðleggi mjólk í heildsölu og jafnframt að þeirri verðlagningu verði hætt ekki síðar en 30. júní 2001. Það er því talið rökrétt að ákvarðanir, sem kunna að verða teknar um opinbera verðlagningu búvara í vinnslu og heildsölu, færist til verðlagsnefndar búvara og að fimmmannanefnd hætti störfum við lok yfirstandandi verðlagsárs, sem lýkur 31. ágúst 1998. Ákvæði er um að verðlagsnefndin geti heimilað afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli afurða, komi um það tillögur frá samtökunum eða einstökum afurðastöðvum. Það er í samræmi við álit sjömannanefndar frá nóvember 1997 og í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá desember

1997. Það er jafnframt í samræmi við núgildandi fyrirkomulag við verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða sem fimmmannanefnd ákveður. Sú verðtilfærsla milli afurða á rót sína að rekja til þess tíma er niðurgreiðslum á verði mjólkur var breytt í beinar greiðslur til bænda árið 1992, sbr. skýringar við 8. gr. hér á eftir. Samningur um verðtilfærslu milli afurðastöðva mun ekki binda aðrar afurðastöðvar en þær sem að honum standa. Öllum afurðastöðvum verður frjálst að taka þátt í þessum samningum eða standa utan þeirra. Þeir taka ekki gildi nema með samþykki verðlagsnefndar. Efnislega eru þessi ákvæði samhljóða 59. gr. núgildandi laga sem heimilar samninga milli Framleiðsluráðs landbúnaðarins og afurðastöðva í mjólkuriðnaði er kveði á um verðtilfærslu til að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda milli mjólkurbúa. Fimmmannanefnd er heimilt að grípa inn í þessa samninga.

Að öðru leyti fjallar greinin um sama efni og núgildandi 13. og 14. gr.

Um 5. gr.

Greinin er hliðstæð gildandi ákvæðum í 15. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin er hliðstæð gildandi ákvæðum í 16. gr. laganna og fjallar um heimild fyrir verðlagsnefnd búvara til að taka ákvörðun um hvort búvörur skuli verðlagðar til framleiðenda og í heildsölu þegar nefndin telur næga samkeppni á markaði til staðar til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag.

Um 7. gr.

Stjórnir Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands gera tillögu um að fella niður innheimtu á gjaldi sem tekið er af kindakjöti við útflutning vegna útflutningsuppgjörs og nemur 30 kr. á kg. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 407/1997 um útflutning kindakjöts er því gjaldi, sem ekki er endurgreitt samkvæmt ákvæðum laganna, ráðstafað til að greiða uppbót á skilaverð, þannig að jafnaður verði með sama hlutfalli sá munur sem er á milli meðalverðs fyrir útflutning og verðs þess útflutnings sem ekki nær meðalverði, og til að greiða framlag til jöfnunar á flutningskostnaði sláturfjár sé sláturfé flutt til slátrunar í hús með ESB- eða USA-leyfi. Talið er að með skiptingu á betri útflutningsmörkuðum milli sláturleyfishafa, svo sem gert er samkvæmt heimild í lögunum, sé ekki nauðsynlegt að viðhafa jöfnun á útflutningsverði samkvæmt núgildandi 21. gr. laganna.

Um 8. gr.

Lagt er til að lögfest verði verðtilfærslugjald af innveginni mjólk í afurðastöð sem er innan greiðslumarks.

Við lögfestingu ákvæða í búvörusamningnum frá 1992 var niðurgreiðslu á verði mjólkur og mjólkurafurða í heildsölu hætt en jafnvirði þeirra greitt beint til bænda. Niðurgreiðslur voru þá mjög breytilegar sem hlutfall af verði hverrar afurðar. Í hlutfalli af framleiðslukostnaði voru niðurgreiðslur mestar á smjöri og mjólkurdufti. Til að valda ekki röskun á markaði mjólkurafurða við þessa tilfærslu á fjármunum, var tekin ákvörðun í fimmmannanefnd um að heimila tilfærslur á milli verðs einstakra afurða sem hefur verið við lýði síðan. Það er gert á þann hátt að við heildsöluverðlagningu er fært af verði einnar afurðar til annarrar þó þannig að summa fjárhæðar til hækkunar vara verði jöfn summu fjárhæða til lækkunar annarra vara. Hér er lagt til að gjald þetta verði bundið í lögum og að það verði ákveðið 2,65 kr. af hverjum lítra mjólkur og notað til að lækka verð tiltekinna afurða. Sé miðað við núverandi markað mjólkur og mjólkurafurða mun gjald þetta nema tæplega 270 millj. kr. á ári. Gjald

þetta mun verða til árlegrar endurskoðunar og koma til athugunar hjá verðlagsnefnd búvara þegar nefndin hefur verið skipuð. Innheimta þessa gjalds nemur nú rúmlega 300 millj. kr. og mun því lækka um ríflega 35 millj. kr. Gera má ráð fyrir áframhaldandi lækkun gjaldsins.

Um 9. gr.

Stjórnir Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands gera tillögu um að undanþiggja allt útflutningsskylt kindakjöt, sem slátrað er utan hausts sláturtíðar, útflutningsuppgjöri. Í núgildandi lögum nær undanþágan einungis til dilkakjöts.

Um 10. gr.

Greinin felur í sér breytingu á fyrirsögn X. kafla laganna og er það í samræmi við gildistíma hins nýja búvörusamnings.

Um 11. gr.

Í greininni eru talin upp markmið samningsins um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, hliðstætt og gert var við samning um framleiðslu sauðfjárafurða skv. 36. gr. laganna.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um heildargreiðslumark mjólkur og er efnislega samhljóða ákvæðum í 44. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um greiðslumark lögbýla, skráningu þess, handhafa beingreiðslu og tilfærslu á greiðslumarki milli lögbýla.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega samhljóða núgildandi 46. gr. Nýmæli eru þau að viðskipti með greiðslumark skuli fara um einn markað. Ákvæðin byggjast á tillögum sjömannanefndar frá 4. nóvember 1997 um viðskipti með greiðslumark. Þær eru settar fram með það að markmiði að viðskipti með greiðslumark valdi sem minnstri hækkun á framleiðslukostnaði mjólkurafurða, sem hátt verðlag á framleiðslurétti hefur leitt af sér og að upplýsingar um þróun viðskipta með greiðslumark verði opnari og áreiðanlegri. Þetta viðskiptafyrirkomulag á sér fyrirmynd hjá öðrum þjóðum, svo sem í Danmörku og Kanada þar sem þetta fyrirkomulag er talið gefa góða raun.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 47. gr. núgildandi laga. Betur er skýrt en í gildandi lögum hvernig megi skipta beingreiðslu eftir framleiðsluaðstæðum, m.a. til að tryggja jafnari framleiðslu mjólkur eftir árstíðum.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Samkvæmt C-lið ákvæða til bráðabirgða í gildandi lögum er heimilað að verja allt að 450 milljónum kr. af verðmiðlunargjöldum af mjólk, sem var óráðstafað árið 1992, til að styrkja úreldingu mjólkurbúa eða hagræðingu í mjólkuriðnaði samkvæmt sérstökum reglum sem land-

búnaðarráðherra setur. Einnig er heimilt að veita styrki af þessu fé til búháttabreytinga á lögbýlum með mjólkurframleiðslu sem liggja fjarri afurðastöð og á lögbýlum þar sem flutningskostnaður mjólkur vex verulega vegna niðurlagningar afurðastöðvar. Ráðstafað hefur verið af þessum fjármunum til úreldingar á tveimur mjólkurbúum samkvæmt ákvæðunum og til búháttabreytinga á fimm lögbýlum. Samkvæmt reglum nr. 204 18. mars 1996 um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingar í mjólkuriðnaði og mjókurframleiðslu, rann frestur til umsókna um framlög til hagræðingar hjá afurðastöðvum og bændum út þann 1. september 1997. Til umfjöllunar eru enn þá umsóknir um hagræðingu í mjólkuriðnaði sem ekki hafa verið teknar til ákvörðunar og því ekki unnt sem stendur að gera sér grein fyrir því um hversu háa fjárhæð er að ræða sem verður til ráðstöfunar samkvæmt nýju bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Eftirstöðvar hagræðingarfjárins eru sem stendur 55 millj. kr.

Ekki er gert ráð fyrir að binda í búvörulögum framlag, alls 22,5 millj. kr., er veitt verði árin 1999–2001 skv. 7. gr. samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 17. desember 1997. Veiting þess verði gerð með fjárlögum hverju sinni.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Verðákvarðanir, sem hafa verið teknar á grundvelli ákvæða í núgildandi lögum, gilda út verðlagsárið sem lýkur 31. ágúst 1998.

Fylgiskjal I.

Samningur
um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu.

Landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtök Íslands gera með sér eftirfarandi samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu á grundvelli 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

1. gr.
Markmið samningsins.

Markmið þessa samnings eru:

1.1. Að skapa rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni.

1.2. Að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun verði og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið.

1.3. Að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

2. gr.
Um hugtök.

2.1. **Heildargreiðslumark** er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er skv. 3. gr. og skiptist í greiðslumark lögbýla.

2.2. **Greiðslumark lögbýla** er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli, sbr. gr. 4.2. og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.
2.3. **Bein greiðsla** er stuðningur við framleiðslu og markað fyrir mjólkurafurðir, greiddur úr ríkissjóði til greiðslumarkshafa.

3. gr.
Heildargreiðslumark mjólkur.

3.1. Heildargreiðslumark mjólkur skal ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu þess verðlagsárs. Við þá ákvörðun skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarandi tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins um neyslu mjólkurafurða fyrir komandi verðlagsár að teknu tilliti til birgða. Miða skal við gildandi stuðla um samsetningu mjólkurafurða samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga. Verði sala mjólkurafurða undir heildargreiðslumarki ársins, þannig að birgðir aukist, kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Á sama hátt hækkar heildargreiðslumark ef sala eykst. Birgðir sem verða til vegna framleiðslu einstakra mjólkurframleiðenda umfram greiðslumark, sbr. gr. 3.3, teljast ekki með við ákvörðun heildargreiðslumarks.
3.2. Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár.
3.3. Rétthafa greiðslumarks er heimilt að framleiða mjólk umfram greiðslumark og skal sú framleiðsla fara á erlendan markað á ábyrgð hans og viðkomandi afurðastöðvar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur þó heimilað sölu þessara vara innan lands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefur tilefni til.

4. gr.
Greiðslumark lögbýla.

4.1. Greiðslumark er bundið við lögbýli og skal það skráð á eina kennitölu, nema um fleiri sjálfstæða rekstraraðila sé að ræða. Þar sem fleiri aðilar standa saman að búrekstri skal það skráð sérstaklega hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins.
4.2. Greiðslumark hvers lögbýlis verður við upphaf gildistíma þessa samnings jafnt greiðslumarki þess eins og það verður skráð hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins við lok verðlagsársins 1997–1998 að teknu tilliti til breytinga sem gerðar kunna að verða á heildargreiðslumarki vegna verðlagsársins 1998–1999 samkvæmt grein 3.1 og að teknu tilliti til viðskipta með greiðslumark fyrir 1. september 1998. Síðan breytist greiðslumark hvers lögbýlis í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki, við breytingar skv. gr. 5.2 og til samræmis við kaup eða sölu á greiðslumarki skv. gr. 5.3 eða á annan þann hátt sem kann að verða ákveðið samkvæmt samningi þessum.
4.3. Beinar greiðslur skulu nema 47,1% af lágmarksverði á hverjum tíma sem kveðið er á um í 6. gr. Skal hluti þeirra greiðslna vera óháður framleiðslu að því tilskildu að framleiðsla lögbýlis sé ekki minni en tilskilið lágmark, hluta skal greiða eftir framleiðslu og hluta skal greiða þannig að það stuðli að æskilegri dreifingu innleggs eftir mánuðum. Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega og skal Framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða nánar greiðslutilhögun og fráviksmörk beinna greiðslna fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda.

5. gr.
Skráning og viðskipti með greiðslumark.

5.1. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, halda skrá yfir rétthafa greiðslumarks og færa í hana jafnóðum þær breytingar sem á því verða. Rétthafaskipti á greiðslumarki taka gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

5.2. Nýti rétthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár, fellur það niður hjá viðkomandi rétthafa, enda hafi Framleiðsluráð landbúnaðarins kynnt honum rétt hans til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Framkvæmdanefnd búvörusamninga er heimilt að ráðstafa þessu greiðslumarki til frumbýlinga, en að öðru leyti bætist það við greiðslumark annarra rétthafa í hlutfalli við skráð greiðslumark þeirra. Óski rétthafi eftir að halda greiðslumarki á jörð sinni án þess að nýta það til framleiðslu, getur hann lagt það inn til geymslu hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins út gildistíma samnings þessa. Greiðslumark þetta breytist ekki meðan það er í geymslu.

5.3. Viðskipti með greiðslumark eru heimil. Sé ábúandi annar en eigandi, þarf samþykki hans fyrir sölu. Öll viðskipti með greiðslumark skulu fara um einn markað sem Framleiðsluráð landbúnaðarins, eða annar aðili sem landbúnaðarráðherra ákveður, annast. Starfsreglur kvótamarkaðar skulu ákveðnar í reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur að fenginni umsögn Landssambands kúabænda.

5.4. Í þeim tilgangi að auka sveigjanleika núverandi kvótakerfis, auðvelda tilfærslu á greiðslumarki milli framleiðenda, auðvelda nýliðun og stuðla að raunhæfu verðlagi á greiðslumarki, munu samningsaðilar standa að könnun og mati á leiðum til að ná þessum markmiðum. Könnun þessi skal m.a. ná til mats á áhrifum hugsanlegra breytinga á hag mjólkurframleiðenda, tilkostnað mjólkurframleiðslunnar hjá framleiðendum og afurðstöðvum, nýliðun innan greinarinnar og jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar eftir mjólkurafurðum. Stefnt skal að því að könnuninni ljúki fyrir 1. júní 1998. Verði niðurstaða könnunarinnar sú að einhver eða einhverjar tillögur á grunni hennar þjóni þeim markmiðum sem fram koma í 1. grein samningsins og þeim sem nefnd eru hér að ofan, mun Framkvæmdanefnd búvörusamninga, í samráði við stjórn Landssambands kúabænda, beita sér fyrir að efni þeirra verði fellt inn í samninginn eða tengt framkvæmd hans.

6. gr.
Afurðaverð.

6.1. Verðlagsnefnd búvara annast verðlagningu mjólkurvara. Nefndin skal þannig skipuð:

Tveir fulltrúar launþegasamtaka tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambandi Íslands. Noti annar aðilinn ekki tilnefningarrétt sinn færist réttur hans til hins. Noti hvorugur aðilinn tilnefningarrétt sinn tilnefnir félagsmálaráðherra fulltrúa í þeirra stað.

Tveir fulltrúar tilnefndir af Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda sameiginlega. Einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Noti þau ekki tilnefningarrétt sinn skal landbúnaðarráðherra tilnefna fulltrúa í þeirra stað.

Landbúnaðarráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Komi upp jöfn staða atkvæða þegar fjallað er um málefni mjólkurframleiðslunnar, sker atkvæði formanns úr um niðurstöðu.

6.2. Verðlagsnefnd ákveður við upphaf hvers verðlagsárs, í fyrsta sinn 1. september 1998, lágmarksverð fyrir mjólk til bænda sem miðast við 1. flokks mjólk. Hverri afurðastöð er heimilt að greiða framleiðendum hærra verð en lágmarksverð. Afurðastöð er heimilt að greiða lægra verð fyrir mjólk sem ekki stenst viðmiðunargæði samkvæmt reglugerð um mjólk og mjólkurvörur. Ákvörðun lágmarksverðs skal miða við bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluaðstöðu þar sem tekin er hliðsjón af heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni. Ákvörðun verðlagsnefndar um lágmarksverð skal tekin til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni.

6.3. Verðlagsnefnd ákveður í hvert sinn sem ákvörðun um lágmarksverð til bænda er tekin, heildsöluverð mjólkur og mjólkurafurða. Verðlagning í heildsölu nær til nýmjólkur, rjóma, undanrennu, skyrs (pakkaðs og ópakkaðs), smjörs, osta (26 og 17% í heilum og hálfum stykkjum), undanrennudufts, þ.m.t. undanrennuduft til iðnaðar og nýmjólkurdufts, þ.m.t. nýmjólkurduft til iðnaðar. Verðlagning skal taka mið af þróun almennra rekstrarskilyrða fyrirtækja í líkum rekstri svo og afkomu mjólkurbúanna.

Verðlagsnefnd skal strax við upphaf starfs síns hefja aðlögun heildsöluverðs einstakra vörutegunda að breyttu rekstrarumhverfi og viðskiptaháttum. Slíkri aðlögun einstakra vörutegunda skal lokið eigi síðar en 30. júní 2001, en þá skal verðlagsnefnd hætta verðlagningu mjólkur og mjólkurvara í heildsölu.

6.4. Afurðastöðvar skulu greiða gjald vegna verðtilfærslu af hverjum mjólkurlítra innan greiðslumarks, sem veginn er inn í mjólkurbú. Gjaldið greiðist út vegna sölu tiltekinna afurða eftir ákvörðun Verðlagsnefndar og samkvæmt reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur.

Verðlagsnefnd getur að fengnum tillögum afurðastöðva eða samtaka þeirra, ákveðið frekari verðtilfærslu til niðurfærslu á verði tiltekinna afurða með takmarkað verðþol. Fyrirkomulag verðtilfærslna tekur gildi 1. september 1998 og gildir til loka samningsins.

7. gr.
Hagræðing og stuðningur.

7.1. Þeim fjármunum sem eftir verða í verðmiðlunarsjóði þegar lokið er lögbundnum verkefnum hans skal ráðstafa til eftirtalinna verkefna:

a. Rannsókna- og þróunarverkefna í framleiðslu og vinnslu mjólkur.
b. Endurmenntunar er leiði til meiri gæða og hagræðingar í framleiðslu mjólkur.
c. Hagrannsókna vegna verðlagningar og úttektar á stöðu framleiðslu og/eða vinnslu mjólkur.
d. Lækkunar á tilteknum mjólkurafurðum.

Landbúnaðarráðherra skal ráðstafa fjármunum úr sjóðnum til þessara verkefna að fengnum tillögum verðlagsnefndar búvara.

7.2 Ríkissjóður leggur fram á samningstímanum fjármuni sem framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafar til verkefna undir a- og b-lið í 1. lið 7. gr. að fengnum tillögum fagráðs í nautgriparækt. Heimilt er að ráðstafa hluta þessara fjármuna til þróunar á starfsemi afleysingahringa hjá mjólkurframleiðendum.

Ár	1999	2000	2001
Upphæð í millj. kr.	10,0	7,5	5

8. gr.
Innflutningur mjólkurvara.

8.1. Aðilar eru sammála um að ekki verði gripið til lækkunar tollverndar eða annarra ráðstafana sem orsakað gætu ójafnvægi milli framleiðslu og sölu mjólkurvara, umfram þær skuldbindingar sem gerðar verða með alþjóðasamningum.

9. gr.
Endurskoðun samnings.

9.1. Samningsaðilar geta hvor um sig farið fram á viðræður um endurskoðun á samningnum eða einstökum atriðum hans.

9.2. Að fjórum árum liðnum frá upphafi gildistíma samningsins skulu samningsaðilar kanna framkvæmd hans og í framhaldi af þeirri könnun hefja viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings. Við þá vinnu skal m.a. lagt sérstakt mat á stöðu kvótakerfisins og hvort, hvernig og þá hvenær leggja á það niður og hvað taki þá við.

10. gr.
Framkvæmd og gildistími.

10.1. Samningur þessi gildir frá og með 1. september 1998 til og með loka verðlagsárs árið 2005.

10.2. Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samnings þessa. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda öðru en landbúnaðarráðherra hinu.

Reykjavík, 17. desember 1997.

F.h. Bændasamtaka Íslands
(Með fyrirvara um samþykki í almennri atkvæðagreiðslu mjólkurframleiðenda)

Ari Teitsson

Guðmundur Lárusson

Guðmundur Þorsteinsson

Hjörtur Hjartarson

Pétur Helgason

F.h. ríkisstjórnar Íslands
(Með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis)

Guðmundur Bjarnason
landbúnaðarráðherra

Friðrik Sophusson
fjármálaráðherra

Fylgiskjal II.

Álit sjömannanefndar um framleiðslu og vinnslu mjólkur.

(Nóvember 1997.)

1. Inngangur

Með bréfi dags. 23. september 1996 tilkynnti landbúnaðarráðherra að samkomulag hefði orðið milli aðila að Sjömannanefnd um áframhaldandi starf og starfsvettvang nefndarinnar við stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins. Verkefni nefndarinnar samkvæmt því yrðu eftirfarandi:

1. Athugun á rekstrarskilyrðum landbúnaðarins hérlendis í samanburði við nágrannalöndin.
2. Athugun á verðlagningu búvara og samkeppnislöggjöf með hliðsjón af hliðstæðum í nágrannaokkar.
3. Innflutningsvernd fyrir landbúnaðarvörur.
4. Hagræðing við framleiðslu og vinnslu landbúnaðarvara.
5. Smásöluverslun og verðlagslöggjöf um viðskipti með búvörur.

Nefndinni var falið að móta umfjöllun þessara málaflokka og annarra sem tengjast stefnumörkun að mati nefndarinnar.

Að höfðu samráði við þá aðila sem áttu aðild að Sjömannanefnd voru eftirtaldir aðilar skipaðir í nefndina:

Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu. Varamaður Jón Erlingur Jónasson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra.
Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
Varamaður Björn Arnórsson, hagfræðingur.
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands.
Varamaður Guðmundur ***Gylfi Guðmundsson,*** hagfræðingur.
Jóngeir Hlinason, framkvæmdastjóri VMS, tilnefndur af Vinnumálasambandinu.
Varamaður Árni Benediktsson, stjórnarformaður.
Guðni N. Aðalsteinsson, hagfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands án varamanns.
Ari Teitsson, formaður og ***Þórólfur Sveinsson,*** varaformaður, tilnefndir af Bændasamtökum Íslands.
Varamaður Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri.

Hákon Sigurgrímsson, deildarstjóri, var skipaður ritari nefndarinnar.

Jón Sigurðsson tók sæti Árna Benediktssonar sem varamaður í nefndinni í janúar 1997 og í september 1997 tók hann sæti Jóngeirs Hlinasonar sem aðalmaður. Í september 1997 varð einnig sú breyting á skipan nefndarinnar að ***Hannes G. Sigurðsson*** tók sæti Guðna N. Aðalsteinssonar. Þá ákvað miðstjórn Alþýðusambands Íslands í nóvember 1996 að draga fulltrúa sinn út úr Sjömannanefnd. Aðrir tilnefningaraðilar ákváðu að fulltrúar þeirra í nefndinni héldu áfram störfum. Þá hefur ***Björn Arnórsson,*** varamaður Ögmundar Jónassonar, annast störf í undirnefndum Sjömannanefndar fyrir hönd hans.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var ákveðið að skipa þrjár undirnefndir sem ynnu að athugun ákveðinna þátta:

Nefnd I. Um rekstrarskilyrði landbúnaðarins hérlendis í samanburði við nágrannalöndin og um innflutningsvernd fyrir landbúnaðinn.
Nefnd II. Um verðlagningu landbúnaðarvara og samkeppnislöggjöf.
Nefnd III. Um mjólkurframleiðslu og vinnslu mjólkurvara.

Hér fara á eftir álit og tillögur Sjömannanefndar um mjólkurframleiðslu. Er þar byggt á áliti undirnefndar III sem falið var að fjalla um þau mál og undirbúa tillögugerð. Í undirnefnd III áttu þessir sæti: Guðmundur Sigþórsson, formaður, Jón Erlingur Jónasson, Ari Teitsson, Björn Arnórsson, Jón Sigurðsson og Guðmundur Lárusson. Einnig störfuðu með nefndinni þeir Guðbjörn Árnason, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, Óskar H. Gunnarsson, formaður Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Pálmi Vilhjálmsson, starfsmaður samtakanna og Guðmundur Stefánsson, hagfræðingur B.Í. Ritari nefndarinnar var Hákon Sigurgrímsson.

Við upphaf starfs í undirnefnd um málefni mjólkurframleiðslunnar var ákveðið að safna upplýsingum um stöðu mjólkurframleiðslunnar og mjólkuriðnaðarins, á þeim grundvelli, sem Sjömannanefnd starfaði eftir við gerð áfangaskýrslu um mjólkurframleiðslu frá maí 1992. Jafnframt að gera úttekt á þróun og stöðu mjólkurframleiðslunnar og mjólkuriðnaðarins á gildistíma samnings um stjórnun mjólkurframleiðslunnar frá 15. ágúst 1992.

Í starfi nefndarinnar hefur þurft að sætta ólík sjónarmið hagsmunaaðila að nefndinni um val leiða að þeim markmiðum sem sett eru fram. Til að ná sameiginlegri niðurstöðu hafa því nefndarmenn þurft að jafna með samningum ágreining um leiðir að hinum sameiginlegu markmiðum. Það er skoðun nefndarmanna að við gerð jafn viðamikilla breytinga á rekstrarskilyrðum framleiðslu og úrvinnslu mjólkur og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, verði að hafa fyrirvara um áhrif ófyrirséðrar framvindu, t.d. vegna efnahagslegra áfalla, alþjóðlegra samninga eða líkra aðstæðna er kynnu að stefna stöðu mjólkurframleiðslu í hættu, sem gæti þurft að bregðast við á ófyrirséðan hátt og tillögur nefndarinnar taka ekki til.

Tillögur nefndarinnar um markmið og leiðir í mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaði ná frá lokum gildandi búvörusamnings, þann 31. ágúst 1998 til ársins 2005. Þær fela í sér að skapa nýtt og opnara rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða,
bæta afkomu í greininni og að nýtt verði á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markaði sem teljast hagkvæmir og að þeim stöðugleika verði viðhaldið sem náðst hefur fyrir tilstilli gildandi búvörusamnings.

Reykjavík 4. nóvember 1997,

Guðmundur Sigþórsson
formaður

Ari Teitsson

Björn Arnórsson

Hannes G. Sigurðsson

Jón Sigurðsson

Þórólfur Sveinsson

2. Umhverfi mjólkurframleiðslunnar

2.1. Lagalegt umhverfi mjólkurframleiðslunnar

Verðlagning, framleiðslustjórnun og meginskipulag mjólkurframleiðslunnar og mjólkurvinnslunnar byggist í öllum aðalatriðum á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum (oft nefnd búvörulögin). Í lögunum er m.a. fjallað um verðlagningu, verðmiðlun, vinnslu og sölu búvara og stjórn búvöruframleiðslunnar.

Verðlagning mjólkurafurða er tvískipt. Verðlagningu til bænda annast Verðlagsnefnd búvara („Sexmannanefnd"). Bændasamtökin eiga rétt á að tilnefna þrjá fulltrúa í nefndina og neytendur þrjá. Heildsöluverðlagning mjólkurvara er í höndum „Fimmmannanefndar" en í henni eiga sæti forstjóri Samkeppnisstofnunar sem er formaður, tveir fulltrúar neytenda og tveir fulltrúar afurðastöðva. Samkvæmt lögunum má enginn kaupa eða selja mjólkurvörur innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum búvörulaganna. Verðlagningin er því fastbundin og nær til allrar framleiðslu bænda og mikils meirihluta framleiðslu afurðastöðvanna. Fimmmannanefnd verðlagði einnig ákveðnar vörur í smásölu, en þeirri verðlagningu var hætt og smásöluverðlagning á mjólk og mjólkurvörum gefin frjáls.

Verðmiðlun og verðtilfærsla milli mjólkurvara og mjólkursamlaga byggist einnig á þessum lögum. Markmiðið með verðmiðlun og verðtilfærslu er að jafna flutningskostnað og aðstöðu mjólkursamlaga og nýta verðteygni einstakra afurða til að nýta sem best rými markaðarins.

Einnig eru í búvörulögunum ákvæði um stjórnun búvöruframleiðslunnar. Í kaflanum um stjórn búvöruframleiðslunnar eru m.a. ákvæði sem heimila landbúnaðarráðherra að gera samning við sauðfjár- og mjólkurframleiðendur þar sem þeim er tryggt fullt verð fyrir ákveðið framleiðslumagn. Einnig eru þar ákvæði um beinar greiðslur frá ríkinu til framleiðenda þessara búvara sem koma í stað hluta afurðaverðs. Ákvæði laganna um framleiðslutakmarkanir eiga sér sögu allt aftur til ársins 1980 er svokallað búmark var tekið upp. Virk framleiðslustjórnun hófst þó ekki að marki fyrr en með breytingu búvörulaganna árið 1985 og gerð búvörusamningsins árið 1986. Með núgildandi búvörusamningi frá árinu 1992 og á grundvelli búvörulaga voru teknar upp beingreiðslur til bænda í ársbyrjun 1993 og jafnframt féllu þá niður allar niðurgreiðslur á heildsölustigi. Fyrir framleiðslu innan samnings, þ.e. innan greiðslumarks, fá framleiðendur mjólkur nú greidd 47,1% af afurðaverði frá ríkinu, en 52,9% frá afurðastöðvum.

2.2. Álit Sjömannanefndar 1992

Hinn 5. maí 1992 skilaði Sjömannanefnd „Áfangaskýrslu um mjólkurframleiðslu." Í áliti nefndarinnar er að finna eftirfarandi lýsingu þar sem dregnar voru saman helstu staðreyndir um þróun mjólkurframleiðslunnar undangengin 10 ár og mat nefndarinnar á stöðu greinarinnar þá:

- Mjólkurframleiðendum hafði fækkað og mjólkurframleiðsla aukist á meðan mjólkurbúum hafði lítið fækkað.
- Þrátt fyrir umtalsverða raunlækkun á verði mjólkur til bænda hafði dregið úr mjólkurneyslu á mann sem nam rúmlega 1% á ári sl. áratug.
- Færa þurfti fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu niður um 5 milljónir lítra.
- Horfur voru á að innan skamms tíma stæði mjólkurframleiðslan frammi fyrir aukinni samkeppni frá innfluttum mjólkurvörum.
- Samkvæmt drögum að GATT-samningi var gert ráð fyrir að sú tollvernd sem mjólkurframleiðslan nyti lækkaði að lágmarki um 15% á 6 árum.

- Samdráttur í framleiðslu, bættar samgöngur, aukið geymsluþol mjólkurvara og fullkomnari umbúðatækni hafði raskað forsendum þess skipulags sem mjólkurframleiðan byggði á.
- Umtalsverð umframfjárfesting var í framleiðsluaðstöðu hjá bændum og í mjólkuriðnaðinum.
- Verðmiðlunarkerfið hafði unnið gegn hagræðingu í mjólkurframleiðslunni.
- Verulegir möguleikar voru til lækkunar framleiðslukostnaðar hjá bændum með betra skipulagi í framleiðslu og bættri nýtingu fjárfestinga hjá mjólkurframleiðendum.
- Auka mátti hagkvæmni mjólkurvinnslunnar með fækkun rekstrareininga og/eða aukinni sérhæfingu og samvinnu innan greinarinnar.

2.3. *Tillögur Sjömannanefndar 1992*

Tillögur þær sem Sjömannanefnd skilaði hinn 5. maí 1992 miðuðu að eftirfarandi:

- Að mjólkurframleiðslan yrði aðlöguð innanlandsmarkaði, útflutningi hætt og dregið úr útgjöldum ríkissjóðs.
- Að framleiðsluverð á mjólkurafurðum yrði lækkað og kröfum neytenda þannig mætt og samkeppnisstaða mjólkurafurða styrkt á matvörumarkaðnum.
- Að afkomumöguleikar þess fólks sem vinna myndi við þessar greinar, þegar jafnvægi er náð, yrðu ekki lakari en annarra stétta;
- Að bændum gæfist eðlilegt svigrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Fram kemur að tillögurnar taki mið af þeim breytingum sem kunni að verða í milliríkjaverslun vegna alþjóðlegra samninga. Einnig að nefndin vilji stefna að því að innlend búvöruframleiðsla haldi eins mikilli markaðshlutdeild fyrir mjólkurafurðir og unnt er. Eigi það að takast sé ljóst að á næstu árum þurfi verð afurðanna að lækka umfram lækkun tollverndar samkvæmt alþjóðlegum samningum.

Helstu tillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Að virkur fullvirðisréttur færðist úr 104.5 millj. lítra í 100 millj. lítra haustið 1992.
- Að greiðslumark yrði bundið við lögbýli en viðskipti heimiluð.
- Að fé yrði veitt úr verðmiðlunarsjóði til úreldingar mjólkurbúa og hjá bændum.
- Að verðlagningarkerfi mjólkurafurða yrði tekið til endurskoðunar (1. jan. 1995).
- Að tiltekin krafa yrði gerð til bænda og mjólkursamlaga um hagræðingu.
- Að verðmiðlun mjólkur yrði aflögð en þess í stað tekin upp flutningajöfnun á mjólk er tryggði sama verð um allt land.
- Að landið yrði eitt sölusvæði og mjólkurbúum í sjálfsvald sett hvort þau störfuðu sjálfstætt, tækju upp samvinnu/verkaskiptingu sín á milli eða sameinuðust.
- Að einkaréttur mjólkurbús til sölu innan sölusvæðis félli niður.
- Að verðtilfærsla til þess að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda á milli mjólkurbúa yrði heimiluð.
- Að verðhlutföll milli fitu og eggjahvítu yrðu endurskoðuð til þess að draga úr verðtilfærsluþörf.
- Að niðurgreiðslum á heildsölustigi yrði hætt 1. janúar 1993 en í stað þeirra teknar upp beingreiðslur til bænda.

Hinn 15. ágúst 1992 var undirritaður samningur um stjórn mjólkurframleiðslunnar milli Stéttarsambands bænda og ríkisstjórnar Íslands. Samningurinn byggði í öllum aðalatriðum á tillögum Sjömannanefndar. Helsta frávikið var að hagræðingarkrafa sem gerð var til framleiðenda var lækkuð úr 6% í 5%. Þá hefur sú endurskoðun á verðlagskerfi mjólkurinnar, sem nefndin lagði til að gerð yrði fyrir árslok 1994, og ákvæði eru um í samningnum, ekki farið fram.

3. Þróun mjólkurframleiðslu og neyslu 1991 til 1996

3.1. Starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar

Framleiðsluverðmæti í íslenskum landbúnaði (reiknað á verði til bænda) var nær 17,0 milljarðar króna á árinu 1996 (meðtalin eru afurðir úr fiskeldi og hlunnindi). Þar af var hlutur nautgriparæktarinnar nær 6,4 milljarðar eða sem nemur 37,6% og er greinin hlutfallslega stærst meðal búgreina í íslenskum landbúnaði. Til samanburðar má nefna, að samkvæmt sömu forsendum var þáttur sauðfjárræktarinnar um 3,5 milljarðar, eða 20,6%. Samanlagður þáttur hefðbundinna búgreina, þ.e. nautgripa- og sauðfjárræktar, í heildarframleiðsluverðmæti í íslenskum landbúnaði var því nær 58% á árinu 1996. Fyrir áratug síðan nam hlutdeild þeirra 73%.

Starfsumhverfi í landbúnaði hefur tekið umtalsverðum breytingum á síðustu árum og fyrirséð er, að þær halda áfram. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun féllu framlög ríkisins til landbúnaðarins úr 9,8% af heildarútgjöldum ríkisins á árinu 1989 í 4,2% á árinu 1996. Þessi samdráttur var í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að draga úr beinum fjárhagslegum stuðningi við landbúnað.

Tafla 3.1.1 sýnir samdrátt í framleiðslustyrkjum og fjármagnstilfærslum til landbúnaðar árin 1991 til 1997 í milljónum króna á verðlagi í maí 199.

Tafla 3.1.1. Opinber framlög til landbúnaðar árin 1991-1997 (m. kr.).

1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
14.174	13.418	9.240	7.983	7.693	7.729	7.437

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið.

Ekki eru tiltækar tölur fyrir mjólkurframleiðsluna sérstaklega, en sama þróun á þó við um hana. Efnahags- og samvinnustofnunin, OECD, birtir árlega svokölluð PSE-gildi fyrir aðildarlönd stofnunarinnar. Um er að ræða stuðul sem sýnir stuðning við landbúnað í hinum einstöku löndum. Fyrir íslenskan landbúnað í heild hefur PSE-gildið lækkað úr 81% árin 1986-1988 í 68% árið 1996. Ef stuðningur við mjólkurframleiðsluna er tekinn sérstaklega hefur hlutfallið lækkað úr 89% árin 1986-1988 í 79% árið 1996. Ísland er þó enn í hópi þeirra þjóða sem veita mestan stuðning skv. þessum útreikningum.

3.2. Innvigtun mjólkur 1991 til 1996

Samdráttur í mjólkurframleiðslu á tímabilinu 1991 til 1996 er á landinu öllu 3,7%. Um er að ræða samdrátt hjá öllum mjólkursamlögum nema samlögunum í Búðardal, á Sauðárkróki, Húsavík og Vopnafirði. Heildarsamdráttur á 1. sölusvæði, þ.e. svæði Mjólkursamsölunnar í Reykjavík sem nær frá Barðaströnd í vestri til Hornafjarðar í austri, er 4,3% eða nokkru meiri en á landinu öllu. Hjá mjólkursamlaginu á Akureyri er samdrátturinn 4,4%.

Tafla 3.2.1 sýnir breytingar á innvigtun mjólkur hjá einstökum mjólkursamlögum og heildarinnvigtun mjólkur árin 1991 til 1996.

Tafla 3.2.1. Innvigtun hjá mjólkursamlögunum 1991 — 1996 í þús. lítra.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Ms. Reykjavík	4.192	3.939	3.864	3.850	3.775	3.572	-14,8
Ms. Borgarnesi *	9.764	9.212	9.255	9.435	9.525	9.591	-1,8
Ms. Búðardal	3.115	2.870	3.637	3.911	3.692	3.806	22,2
Ms. Patreksfirði **	1.029	927	275	0	0	0-	100,0
Ms. Ísafirði	1.694	1.637	1.540	1.520	1.317	1.331	-21,4
Ms. Hvammst.	2.551	2.362	2.410	2.489	2.509	2.463	-3,4
Ms. Blönduósi	4.062	3.702	3.701	3.816	3.947	4.012	-1,2
Ms. Sauðárkróki	8.526	7.733	7.834	8.250	8.421	8.662	1,6
Ms. Akureyri	20.464	19.936	19.486	20.096	20.489	19.558	-4,4
Ms. Húsavík	6.201	6.031	5.780	6.367	6.490	6.241	0,7
Ms. Vopnafirði	771	763	763	837	882	845	9,6
Ms. Egilsstöðum	2.921	2.665	2.653	2.716	2.738	2.819	-3,5
Ms. Norðfirði	626	573	602	558	549	542	-13,5
Ms. Hornafirði ***	1.865	1.536	1.575	1.693	1.844	1.736	-6,9
Mb. Flóamanna	37.729	35.835	36.540	36.515	36.686	36.464	-3,4
Samtals	**105.510**	**99.772**	**99.917**	**102.052**	**102.864**	**101.643**	**-3,7**

* Á árinu 1996 var vinnslu mjólkur hætt í mjólkursamlaginu í Borgarnesi með tilstyrk úreldingarsjóðs og frá janúar 1997 færðist allt mjólkurinnlegg bænda á svæðinu til Ms. í Reykjavík.

** Innleggjendur Ms. Patreksfjarðar fluttust til Ms. í Búðardal í árslok 1993.

*** Á árinu 1996 var tekin ákvörðun um úreldingu Ms. á Hornafirði með tilstyrk úreldingarsjóðs, og fluttist mjólkurinnlegg bænda á svæðinu annars vegar til Ms. á Egilsstöðum og hins vegar til Mjólkurbús Flóamanna frá 1. janúar 1997.

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjömannanefndar.

3.3. *Ráðstöfun mjólkur til einstakra þátta vinnslu og neyslu 1991 til 1996*

Tafla 3.3.1 sýnir neyslu mjólkur og mjólkurvara árin 1991-1996. Neysla drykkjarmjólkur hefur dregist saman á tímabilinu um 4,6%, neysla skyrs og kvargs um 9,6% og sala dufts (nýmjólkur- og undanrennuduft) um 22,4%. Á sama tíma hefur neysla á ostum stóraukist eða um 26,1%. Breyting á neyslu annarra afurða er minni.

Tafla 3.3.1. Neysla mjólkurvara 1991-1996 (þús. ltr./kg).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk, ltr.	44.923	45.117	44.839	43.693	42.278	42.846	-4,6
Rjómi, ltr.	1.902	1.898	1.879	1.938	1.949	1.953	2,7
Sýrðar mjólkurvörur, ltr.	3.854	3.888	3.940	3.926	3.970	3.955	2,6
Jógúrtvörur, ltr.	2.478	2.557	2.743	2.621	2.579	2.475	-0,1
Skyr og kvarg, kg	1.457	1.358	1.295	1.412	1.387	1.317	-9,6
Viðbit, kg	1.625	1.636	1.670	1.717	1.656	1.610	-0,9
Ostar, kg	2.799	2.997	3.225	3.351	3.466	3.530	26,1
Duft, kg	757	482	445	501	566	587	-22,4
Aðrar mjólkurvörur, kg	255	424	401	333	347	457	79,5

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

Í töflum 3.3.2 til og með 3.3.9 er m.a. sýnd neysla mjólkur og mjólkurafurða umreiknuð í hrámjólk, annarsvegar eftir fituinnihaldi mjólkurinnar en hinsvegar eftir próteininnihaldi. Við þá útreikninga kemur í ljós að sem stendur verður til afgangur af fitu sem fluttur er út, þar sem ekki er jöfn notkun þessara efna vegna vaxandi neyslu á magrari mjólkurafurðum, t.d. léttmjólk. Við lestur áðurnefndra taflna þarf að hafa í huga að meðalfituinnihald mjólkurinnar er 3,9-4,0% en próteininnihald er 3,3-3,4%.

Í töflu 3.3.2 er sýnd neysla mjólkur og mjólkurafurða í lítrum hrámjólkur, umreiknuð m.v. fituinnihald mjólkurinnar. Miðað við þennan reikningsmáta hefur heildarneysla mjólkur í meginatriðum haldist óbreytt á gildistíma búvörusamningsins, en tilfærsla orðið milli einstakra vöruflokka. Umtalsverður samdráttur hefur orðið í neyslu drykkjarmjólkur á tímabilinu eða úr 32,7 millj. lítra árið 1991 í 28,3 millj. lítra árið 1996. Er það samdráttur um 13,5%. Neysla á mjólk í ostum hefur aukist umtalsvert eða úr 16,9 millj. ltr. í 20,8 millj. sem er aukning um 23,2%. Athygli vekur að neysla á viðbiti hefur haldist því nær óbreytt í lítrum mjólkur talin.

Tafla 3.3.2. Neysla mjólkurvara 1991-1996 umreiknuð í ltr. mjólkur m.v. fitu (þús. ltr.).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk	32.680	31.631	30.313	29.427	28.618	28.282	-13,5
Rjómi	16.038	15.915	15.731	16.148	16.183	16.134	0,6
Sýrðar mjólkurvörur	3.671	3.668	3.786	3.816	3.879	3.872	5,5
Jógúrtvörur	2.304	2.587	2.677	2.472	2.532	2.355	2,2
Skyr og kvarg	476	424	342	456	476	436	-8,4
Viðbit	25.102	24.364	25.263	26.605	25.707	25.339	0,9
Ostar	16.922	17.966	19.109	19.936	20.490	20.846	23,2
Duft	1.557	868	887	1.126	1.339	1.373	-11,8
Aðrar mjólkurvörur	351	351	387	386	447	600	70,9
Samtals	**99.101**	**97.774**	**98.495**	**100.372**	**99.671**	**99.237**	**0,1**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

Í töflu 3.3.3 sést neysla mjólkur og mjólkurvara í lítrum hrámjólkur, umreiknuð m.v. próteininnihald mjólkurinnar. Miðað við þennan útreikning hefur heildarneyslan aukist um 3,1% á árunum 1991-1996. Neysla drykkjarmjólkur hefur einungis dregist saman um 2,6% á tímabilinu, en neysla rjóma og sýrðra mjólkurvara aukist lítillega. Neysla skyrs og kvargs dróst saman um 14,8% og neysla viðbits um 3,8%. Neysla osta hefur hins vegar aukist um 26,2%.

Tafla 3.3.3 Neysla mjólkurvara 1991-1996 umreiknuð í lítra mjólkur m.v. prótein (þús. ltr.).

Heiti	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk	45.473	45.730	45.829	45.155	43.623	44.285	-2,6%
Rjómi	1.358	1.360	1.348	1.394	1.404	1.410	3,8%
Sýrðar mjólkurvörur	3.884	3.915	3.969	3.952	3.987	3.968	2,2%
Jógúrtvörur	2.209	2.213	2.326	2.197	2.156	2.075	-6,0%
Skyr og kvarg	6.675	6.220	5.758	6.092	5.965	5.689	-14,8%
Viðbit	3.101	3.295	3.274	3.291	3.135	2.983	-3,8%
Ostar	27.158	29.100	31.556	32.785	33.804	34.286	26,2%
Duft	8.337	5.389	4.952	5.535	6.214	6.472	-22,4%
Aðrar mjólkurvörur	230	251	280	275	301	335	45,5%
Samtals	**98.425**	**97.472**	**99.292**	**100.676**	**100.590**	**101.503**	**3,1%**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

Í töflu 3.3.4 er sýnd neysla mjólkurafurða á íbúa árin 1991-1996. Neysla á drykkjarmjólk hefur dregist saman um 8,5%, neysla viðbits um 5,0% og neysla á ostum hefur aukist um 20,9%. Ef frá eru taldir ostar og „aðrar mjólkurvörur", hefur neysla allra mjólkurvara á íbúa dregist saman á tímabilinu.

Tafla 3.3.4. Neysla mjólkurvara á íbúa 1991-1996 (ltr. og kg).

	1991	1992	1993	1994	1994	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk, ltr.	174,1	173,5	169,8	164,3	158,3	159,3	-8,5
Rjómi, ltr.	7,4	7,3	7,1	7,3	7,3	7,3	-1,5
Sýrðar mjólkurvörur, ltr.	14,9	15,0	14,9	14,8	14,9	14,7	-1,6
Jógúrtvörur, ltr.	9,6	9,8	10,4	9,9	9,7	9,2	-4,2
Skyr og kvarg, kg	5,6	5,2	4,9	5,3	5,2	4,9	-13,3
Viðbit, kg	6,3	6,3	6,3	6,5	6,2	6,0	-5,0
Ostar, kg	10,9	11,5	12,2	12,6	13,0	13,1	20,9
Duft, kg	2,9	1,9	1,7	1,9	2,1	2,2	-25,6
Aðrar mjólkurvörur, kg	1,0	1,6	1,5	1,3	1,3	1,7	72,2

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

Í töflu 3.3.5 kemur fram að neysla mjólkurvara í lítrum á íbúa umreiknuð í mjólk m.v. fituinnihald mjólkurinnar hefur dregist saman úr 384,1 ltr. á íbúa árið 1991 í 368,9 lítra árið 1996 eða um 4,0%. Neysla á drykkjarmjólk hefur dregist mun meira saman eða um 17,0% Ef litið er aftur til ársins 1980 hefur neysla mjólkur á íbúa minnkað úr 463,4 ltr. á íbúa á ári í 368,9 lítra eða um 20,4%.

Tafla 3.3.5. Neysla mjólkurvara í lítrum á íbúa 1991-1996, umreiknuð í mjólk m.v. fitu.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk	126,7	121,7	114,8	110,6	107,2	105,1	-17,0
Rjómi	62,2	61,2	59,6	60,7	60,6	60,0	-3,5
Sýrðar mjólkurvörur	14,2	14,1	14,3	14,3	14,5	14,4	1,2
Jógúrtvörur	8,9	9,9	10,1	9,3	9,5	8,8	-2,0
Skyr og kvarg	1,8	1,6	1,3	1,7	1,8	1,6	-12,1
Viðbit	97,3	93,7	95,7	100,0	96,3	94,2	-3,2
Ostar	65,6	69,1	72,4	74,9	76,7	77,5	18,2
Duft	6,0	3,3	3,4	4,2	5,0	5,1	-15,4
Aðrar mjólkurvörur	1,4	1,4	1,5	1,5	1,7	2,2	63,7
Samtals	**384,1**	**376,1**	**373,1**	**377,3**	**373,3**	**368,9**	**-4,0**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

Í töflu 3.3.6 sést neysla mjólkurvara á íbúa árin 1991-1996 umreiknuð í lítra mjólkur m.v. próteininnihald mjólkurinnar. Neysla osta hefur aukist um 21,1%, en neysla flestra annarra mjólkurvara dregist saman. Í heild hefur neysla mjólkurvara, m.v. prótein, dregist saman um 4,2 lítra eða 1,1% á tímabilinu.

Tafla 3.3.6. Neysla mjólkurvara í lítrum á íbúa 1991-1996, umreiknuð í mjólk m.v. prótein.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk	176,3	175,9	173,6	169,8	163,4	164,6	-6,6%
Rjómi	5,3	5,2	5,1	5,2	5,3	5,2	-0,5%
Sýrðar mjólkurvörur	15,1	15,1	15,0	14,9	14,9	14,8	-2,0%
Jógúrtvörur	8,6	8,5	8,8	8,3	8,1	7,7	-9,9%
Skyr og kvarg	25,9	23,9	21,8	22,9	22,3	21,1	-18,3%
Viðbit	12,0	12,7	12,4	12,4	11,7	11,1	-7,8%
Ostar	105,3	111,9	119,5	123,3	126,6	127,5	21,1%
Duft	32,3	20,7	18,8	20,8	23,3	24,1	-25,5%
Aðrar mjólkurvörur	0,9	1,0	1,1	1,0	1,1	1,2	39,5%
Samtals	**381,5**	**374,9**	**376,1**	**378,5**	**376,7**	**377,3**	**-1,1%**

Útflutningur mjólkurvara hefur verið lítill undanfarin ár. Á árunum 1991 og 1992 var flutt út talsvert magn af ostum og undanrennudufti. Þessi útflutningur kom til vegna sérstaks átaks til að lækka birgðir samkvæmt búvörusamningi. Árið 1994 voru flutt út 458 tonn af smjöri, en árin 1995 og 1996 var útflutningurinn mun minni. Þessi útflutningur er einkum tilkominn vegna misvægis milli fitu og próteins í framleiðslunni m.v. sölu. Í töflu 3.3.7 sést útflutningur mjólkurvara árin 1991-1996.

Tafla 3.3.7. Útflutningur mjólkurvara 1991-1996 (þús. kg).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Viðbit	0	4	24	458	89	25	0,0
Ostar	794	497	0	0	0	78	-90,2
Duft	0	140	0	0	0	0	0,0
Samtals	**794**	**641**	**24**	**458**	**89**	**103**	**-87,1**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

Í töflu 3.3.8 er sýndur útflutningur mjólkurvara árin 1991-1996 umreiknaður í lítra mjólkur m.v. fituinnihald mjólkurinnar og í töflu 3.3.9 er hliðstæður útreikningur m.v. próteininnihald mjólkurinnar. Hafa verður í huga að við útflutning á viðbiti (smjöri) er einungis verið að flytja út fituna úr mjólkinni, en við útflutning á ostum bæði fitu- og próteinhluta. Þetta ber að hafa í huga þegar útflutningstölur eru skoðaðar á fitugrundvelli annars vegar og próteingrundvelli hins vegar.

Tafla 3.3.8. Útflutningur mjólkurvara 1991-1996 umreiknaður í mjólk, m.v. fitu (þús. ltr.).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Viðbit	0	82	493	9.389	1.799	513
Ostar	4.084	3.456	0	0	2	541
Duft	0	991	0	0	3	0
Samtals	**4.084**	**4.529**	**493**	**9.389**	**1.804**	**1.054**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

Tafla 3.3.9. Útflutningur mjólkurvara 1991-1996 umreiknaður í mjólk m.v. prótein (þús. ltr.).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Viðbit	0	6	36	685	134	37
Ostar	8.809	4.962	0	0	3	774
Duft	0	1.274	0	0	4	0
Samtals	**8.809**	**6.242**	**36**	**685**	**140**	**812**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

4. Nautgripakjötsframleiðsla

4.1. *Framleiðsla og neysla nautgripakjöts*

Frá árinu 1991 til ársins 1996 var innvegið nautgripakjöt frá 3.000 til 3.500 tonn á ári en sveiflaðist milli 2 og 3 þúsund tonn næstu ár þar á undan Til viðbótar þessu kemur heimaslátrun sem erfitt er að áætla. Mikil framleiðsla nautgripakjöts á árunum 1993 og 1994 olli offramboði og verð til bænda var lækkað í um 60% af reiknuðu grundvallarverði. Til að bregðast við þessum aðstæðum stóð Landssamband kúabænda ásamt fleirum að stofnun fyrirtækisins Kjötframleiðendur ehf. til að jafna framboð og eftirspurn.

Tafla 4.1.1 sýnir innvigtun og neyslu nautgripakjöts árin 1980-1996 og neyslu nautgripakjöts sem hlutfall af heildarkjötneyslu í landinu sama tímabil. Neysla á nautgripakjöti óx á árabilinu 1980 til 1987 en hefur nokkurn veginn staðið í stað síðan. Hlutfall nautgripakjöts af heildarkjötneyslu hefur aukist úr 15,8% í 20,0% frá 1980 til 1996 og neysla á íbúa hefur aukist úr 10,6 í 12,2 kg.

Tafla 4.1.1. Framleiðsla og neysla nautgripakjöts 1980-1996 (þús. kg).

	Framl. tonn	Framl. 1980=100	Neysla tonn	Neysla 1980=100	Neysla á íbúa, kg	Kjötneysla alls, tonn	Nautgr.kjöt hlutfall
1980	1.983	100,0	2.413	100,0	10,6	15.226	15,8
1981	2.266	114,3	2.423	100,4	10,5	15.170	16,0
1982	2.156	108,7	2.390	99,0	10,2	16.415	14,6
1983	2.495	125,8	2.090	86,6	8,8	16.088	13,0
1984	2.491	125,6	2.253	93,4	9,4	15.772	14,3
1985	2.740	138,2	2.592	107,4	10,7	16.734	15,5
1986	3.126	157,6	2.620	108,6	10,8	14.841	17,7
1987	3.068	154,7	3.579	148,3	14,6	16.899	21,2
1988	2.923	147,4	3.372	139,7	13,5	16.385	20,6
1989	2.888	145,6	2.954	122,4	11,7	16.150	18,3
1990	2.921	147,3	2.857	118,4	11,2	16.070	17,8
1991	2.998	151,2	3.120	129,3	12,1	15.906	19,6
1992	3.378	170,3	3.357	139,1	13,1	16.284	20,6
1993	3.399	171,4	3.126	129,5	12,1	16.271	19,2
1994	3.545	178,8	3.252	134,8	12,2	15.628	20,8
1995	3.061	154,4	3.160	131,0	11,8	15.960	19,8
1996	3.142	158,4	3.276	135,8	12,2	16.345	20,0

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjömannanefndar.

4.2. Verðlagning nautgripakjöts

Verð til bænda á nautgripakjöti hefur um langt skeið verið ákveðið af Verðlagsnefnd búvara. Samkvæmt ákvæðum 18. gr. búvörulaganna má enginn kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt þeim lögum. Hins vegar mega bændur framleiða eins mikið af nautgripakjöti og þeir vilja. Þegar framleiðslan er meiri en innlendur markaður getur tekið við, eykst tilhneiging til að sniðganga hina opinberu verðlagningu. Föst verðlagning er því í raun ekki framkvæmanleg nema samfara stýringu á framboði.

Þegar heildsöluverðlagning á sauðfjárafurðum verður aflögð, í samræmi við ákvæði í gildandi samningi ríkis og bænda um framleiðslu sauðfjárafurða, má segja að markaðurinn ráði verðmyndun allra kjöttegunda sem eru á markaði hér á landi nema nautgripakjöts. Möguleikar nautgripakjöts til samkeppni við aðrar kjöttegundir sem lúta lögmálum markaðarins, að því er verðmyndun varðar, eru mjög takmarkaðir á meðan það er háð opinberri verðlagningu.

4.3. Kynbætur

Nautgripakjötsframleiðslan er nú að meginhluta stunduð sem hliðarbúgrein með mjólkurframleiðslunni og áætlað er að tekjur af framleiðslu þess séu um 10% af heildartekjum mjólkurframleiðenda. Hin seinni ár hefur þó færst í vöxt að bændur sem stunda nautgripakjötsframleiðslu kaupi kálfa af mjólkurframleiðendum og ali þá upp til slátrunar. Þá hefur einnig fjölgað þeim nautgripakjötsframleiðendum sem eiga hjarðir af Galloway-blendingum. Galloway-kynið hefur þótt standa sig vel við íslenskar aðstæður og virðist hafa allnokkra yfirburði miðað við íslenska kúakynið hvað varðar vaxtarhraða, holdfyllingu og framlegð á hvert framleitt kíló.
Töluverður áhugi hefur verið á því að bæta nautgripakjötsframleiðsluna enn frekar og á árunum 1991 og 1992 fór Landssamband kúabænda að vinna að undirbúningi á innflutningi á nýjum nautgripakynjum til kjötframleiðslu. Árið 1994 fékkst leyfi til að flytja inn fósturvísa af Aberdeen Angus og Limousine holdakynjum frá Danmörku og koma þeim fyrir í fósturmæðrum í einangrunarstöðinni í Hrísey. Sæðing með sæði úr nautum af þessum kynjum hófst haustið 1996 og fæddust fyrstu kálfarnir í maí 1997. Vaxtargeta hjá blendingum af þessum kynjum er talin vera 15 til 25% meiri en af hreinum innlendum gripum. Með tilkomu þessara nýju kynja skapast möguleikar til þess að auka framleiðslu á nautgripakjöti í hærri gæðaflokkum.

5. Fjöldi bænda og þróun bústærðar

5.1. Fjöldi mjólkurframleiðenda og þróun meðalinnleggs

Árið 1980, þegar framleiðslustýring í mjólkurframleiðslunni var tekin upp, voru mjólkurframleiðendur 2.262. Árið 1996 voru þeir 1.291 og hafði því fækkað um 971 eða um 42,9%. Á sama tímabili jókst meðalinnlegg um 31.400 lítra, úr 47.300 í 78.700 lítra eða um 66,4%. Á árabilinu 1992 til 1996, eða á gildistíma núverandi samnings um stjórn mjólkurframleiðslunnar, fækkaði mjólkurframleiðendum um 218 eða um 14,4%. Á sama tíma jókst meðalinnlegg um 8.800 lítra eða um 12,6%.

Tafla 5.1.1. sýnir þróun meðalinnleggs frá upphafi framleiðslustjórnunar árið 1980 til ársins 1996 og hlutfallsbreytingar milli ára.

Tafla 5.1.1. Fjöldi mjólkurinnleggjenda hjá mjólkursamlögunum 1980-1996.

	Innleggjendur			Meðal innlegg		
	Fjöldi pr. 31. des.	1980=100	Breyt. milli ára, %	Lítrar pr. framl.	1980=100	Breyt. milli ára, %
1980	2.262	100,0	0,0	47.300	100,0	0,0
1981	2.198	97,2	-2,8	46.900	99,2	-0,8
1982	2.144	94,8	-2,5	48.800	103,2	4,1
1983	2.062	91,2	-3,8	51.600	109,1	5,7
1984	2.010	88,9	-2,5	54.000	114,2	4,7
1985	1.973	87,2	-1,8	58.700	124,1	8,7
1986	1.822	80,5	-7,7	60.300	127,5	2,7
1987	1.729	76,4	-5,1	61.700	130,4	2,3
1988	1.650	72,9	-4,6	62.200	131,5	0,8
1989	1.595	70,5	-3,3	62.600	132,3	0,6
1990	1.558	68,9	-2,3	68.700	145,2	9,7
1991	1.509	66,7	-3,1	69.900	147,8	1,7
1992	1.456	64,6	-3,1	69.900	147,8	0,0
1993	1.427	63,1	-2,4	70.000	148,0	0,1
1994	1.388	61,4	-2,7	73.500	155,4	5,0
1995	1.332	58,9	-4,0	77.200	163,2	5,0
1996	1.291	57,1	-3,1	78.700	166,4	1,9

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjömannanefndar.

Tafla 5.1.2. Fjöldi mjólkurinnleggjenda eftir samlagssvæðum og fækkun þeirra á árunum 1982 til 1992 og 1992 til 1996.

	1982	1992			1996		
	Fjöldi	Fjöldi	Fækkun á ári	Fækkun á ári í %	Fjöldi	Fækkun á ári	Fækkun á ári í %
Mjólkursamsalan	87	57	3,0	4,1%	45	3,0	5,7%
Mjólkursaml. Borgarnesi	206	149	5,7	3,2%	134	3,8	2,6%
Mjólkursaml. Búðardal	132	76	5,6	5,4%	62	3,5	5,0%
Mjólkursaml. Ísfirðinga	63	36	2,7	5,4%	28	2,0	6,1%
Mjólkursaml. Hvammstanga	72	48	2,4	4,0%	40	2,0	4,5%
Mjólkursaml. Blönduósi	82	65	1,7	2,3%	62	0,8	1,2%
Mjólkursaml. Sauðárkróki	167	129	3,8	2,6%	106	5,8	4,8%
Mjólkursaml. KEA	257	205	5,2	2,2%	181	6,0	3,1%
Mjólkursaml. Húsavík	140	103	3,7	3,0%	94	2,3	2,3%
Mjólkursaml. Vopnafirði	15	11	0,4	3,1%	12	-0,3	-2,2%
Mjólkursaml. Egilsstöðum	86	50	3,6	5,3%	43	1,8	3,7%
Mjólkursaml. Norðfirði	11	7	0,4	4,4%	6	0,3	3,8%
Mjólkursaml. Hornafirði	73	34	3,9	7,4%	33	0,3	0,7%
Mjólkursaml. Flóamanna	753	486	26,7	4,3%	445	10,3	2,2%
Alls	**2.144**	**1.456**	**68,8**	**3,8%**	**1.291**	**41,3**	**3,0%**

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið.

Frá árinu 1982 og til ársins 1996 hefur mjólkurinnleggjendum fækkað úr 2.144 í 1.291 eða um 39,8%. Á þessu árabili hefur meðalinnlegg á framleiðanda aukist úr 48.800 lítrum mjólkur í 78.700 lítra mjólkur eða um 61,3%.

Sé þessum árum skipt upp í tímabil fyrir og eftir gildandi búvörusamning kemur í ljós býsna lík þróun. Þannig er árleg fækkun á landinu öllu fyrra tímabilið, þ.e. frá árinu 1982 til ársins 1992, 68,8 innleggjendur eða 3,8% árlega. Sama tímabil jókst meðalinnlegg um 2.110 lítra á ári eða um 3,7% að meðaltali. Eftir að búvörusamningurinn tók gildi árið 1992 og til ársins 1996 fækkaði mjólkurinnleggjendum árlega um 41,3 eða um 3,0% á ári að meðaltali. Á sama tímabili jókst meðalinnlegg um 2.200 lítra á ári eða 3,0% að meðaltali. Samkvæmt þessum tölum virðist gerð samningsins í sjálfu sér ekki hafa leitt til marktækrar breytingar á fjölda innleggjenda eða bústærð, a.m.k. ekki enn sem komið er. Við lestur á töflum 5.1.1 og 5.1.2 og töflum 5.2.1 og 5.2.2 er rétt að hafa í huga að í þeim fyrrnefndu er eingöngu um að ræða þá rétthafa greiðslumarks sem lögðu inn mjólk viðkomandi ár. Í töflum 5.2.1 og 5.2.2 eru teknir með allir rétthafar greiðslumarks í mjólk, án tillits til hvort það var virkt eða ekki.

Athygli vekur að innleggjendum fækkar hlutfallslega mest hjá minnstu mjólkursamlögunum, þ.e. samlögunum í Búðardal, Ísafirði, Hvammstanga og hjá Austfjarðabúunum á Egilsstöðum og á Norðfirði.

5.2. Stærð kúabúa

Í töflu 5.2.1 er sýnd stærðardreifing kúabúa í nóvember 1997 og í töflu 5.2.2 eru samskonar upplýsingar miðað við 1. janúar 1993. Árið 1997 eru 53,6% búanna með greiðslumark undir 100.000 lítrum, en voru 68,3% árið 1993. Með greiðslumark yfir 150.000 lítra eru 11,6% nú, en voru 7,3% árið 1993. Meðalgreiðslumark var árið 1993 66.938 lítrar en er nú árið 1997, 78.192 lítrar. Þetta er aukning um rúma 11 þús. lítra eða 16,8%. Meðalaldur bænda er bæði árin 50 ár.

Tafla 5.2.1. Stærð kúabúa m.v. nóvember 1997.

Bústærð m.v. greiðslumark, ltr.	Greiðslumark þús. ltr.	Hlutfall af heild	Fjöldi býla	Meðal - greiðslumark	Meðalaldur bænda
Undir 25.000	1.130	1,1	113	10.000	56
25.001-50.000	9.248	9,1	235	39.354	53
50.001-75.000	18.015	17,7	290	62.119	50
75.001-100.000	26.179	25,7	300	87.264	49
100.001-125.000	22.564	22,1	205	110.070	47
125.001-150.000	13.035	12,8	96	135.778	46
150.001-175.000	6.091	6,0	38	160.287	48
175.001-200.000	2.229	2,2	12	185.750	49
Yfir 200.000	3.472	3,4	15	231.437	43
Samtals	**101.963**	**100,0**	**1.304**	**78.192**	**50**

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjömannanefndar.

Tafla 5.2.2. Stærð kúabúa m.v. 1. janúar 1993.

Bústærð m.v. greiðslumark, ltr.	Greiðslumark þús. ltr.	Hlutfall af heild	Fjöldi býla	Meðal - greiðslum.	Meðalaldur bænda
Undir 25.000	1.809	1,8	183	9.885	61
25.001-50.000	13.223	13,2	345	38.326	50
50.001-75.000	23.809	23,8	381	62.490	51
75.001-100.000	29.526	29,5	340	86.840	48
100.001-125.000	16.167	16,2	145	111.498	45
125.001-150.000	8.170	8,2	60	136.172	45
150.001-175.000	3.536	3,5	22	160.713	43
175.001-200.000	1.114	1,1	6	185.690	46
Yfir 200.000	2.651	2,7	12	220.929	42
Samtals	**100.005**	**100,0**	**1.494**	**66.938**	**50**

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjömannanefndar.

5.3. Þróun afurða hjá íslenskum mjólkurkúm

Samkvæmt skýrslum nautgriparæktarfélaganna árin 1980 til 1996, jukust afurðir eftir hverja kú úr 3.750 ltr. í um 4.150 ltr eða um 0,7% á ári til jafnaðar. Á þessu tímabili hefur fjöldi þátttakenda í skýrsluhaldi aukist talsvert þannig að gera má ráð fyrir að afurðir hafi í raun aukist meira en þessar tölur segja til um. Á sama tíma dróst kjarnfóðurgjöf umtalsvert saman og minnkaði úr 700 kg í 500 kg eða um 1,8% á ári að meðaltali. Ef gert er ráð fyrir að 1 kg af kjarnfóðri þurfi til að framleiða 2,5 kg af mjólk, má áætla að framleidd mjólk af gróffóðri eftir hverja kú hafi aukist úr 1.900 kg í 2.800 kg á tímabilinu eða um 3% á ári að jafnaði. Það eru því líkur á að unnt sé að auka afurðir íslenskra mjólkurkúa umtalsvert með breyttri og aukinni fóðrun, þ.e. með aukinni kjarnfóðurgjöf.

Framleiðsluumhverfi er ákaflega mótandi um afurðasemi gripanna. Glöggt dæmi um það er annars vegar mjólkurframleiðslan á Nýja-Sjálandi, þar sem meðalnytin er innan við 4.000 ltr. á ári og hins vegar Ísrael, þar sem meðalafurðir eru um 10.000 lítar á ári eftir kúna. Hér er um gripi af sama kyni að ræða. Undanfarin 10 ár hefur myndast um 1.000 lítra munur á meðalframleiðslu eftir grip af sama kyni í Noregi og Svíþjóð. Ástæðan er sú að Norðmenn hafa verið að aðlaga sig framleiðslutakmörkunum, hliðstæðum og hér á landi, en Svíar hafa ekki búið við framleiðslutakmarkanir og hafa nýtt afurðasemi gripanna með aukinni og bættri fóðrun. Það er því nauðsynlegt að átta sig á því að það er einungis erfðaefnið sem flutt er á milli landa en ekki búskaparaðstæðurnar. Í íslenska kúastofninum er mikil afkastageta sem ekki hefur verið nýtt vegna þeirrar framleiðslustefnu sem hér hefur verið ríkjandi frá því framleiðslustjórnun var tekin upp í mjólkurframleiðslunni árið 1980.

5.4. Tilfærsla greiðslumarks árin 1992-1996

Afkoma mjólkurframleiðenda hefur undanfarin ár verið lakari að meðaltali en stefnt var að með samningnum frá 1992. Ástæður þessa má að nokkru rekja til kostnaðar við kaup á greiðslumarki og álitamál er hvort frjáls verslun með kvóta sem samningurinn leyfði hafi stuðlað að frekari fækkun framleiðenda og stækkun búa en annars hefði orðið. Í framhaldi af búvörusamningnum frá 1992 var sala á greiðslumarki milli framleiðenda leyfð. Samkvæmt gögnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefur greiðslumark sem nemur 15,1 milljónum lítra færst á milli bænda á árunum 1991-1996. Ætla má að tilflutningur þessa greiðslumarks hafi kostað mjólkurframleiðendur tæpa 2 milljarða króna eða að meðaltali um 3-4 krónur á hvern innveginn mjólkurlítra á ári.

Tafla 5.4.1. Færsla á greiðslumarki milli býla árin 1992-1996.

Flutt greiðslumark milli bænda í þús. lítrum

1992	4.446
1993	2.461
1994	1.972
1995	3.352
1996	2.908
Samtals	**15.139**

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Einhver hluti þeirrar tilfærslu sem orðið hefur með greiðslumark er vegna sameiningar greiðslumarks á eitt nafn á lögbýli þar sem fleiri voru skráðir rétthafar áður. Langmestur hluti tilfærslunnar er þó vegna viðskipta með greiðslumark. Það var eitt af markmiðunum með gerð búvörusamningsins að takmarka óhagkvæma framleiðslu, stækka búin og ná þannig fram hagræðingu til að efla samkeppnisstöðu mjólkurframleiðslunnar. Það markmið hefur ekki náðst nema að hluta.

5.5. *Endurnýjunarþörf fjósbygginga.*

Í könnun sem gerð var árið 1986 á aldri og nýtingu fjósa og fjárhúsa kom fram að mikill hluti fjósbygginga í landinu var reistur á árunum 1955 til 1965. Lægð virðist síðan í þessum framkvæmdum fram yfir 1970, en þá hófst annað uppbyggingartímabil sem stóð til ársins 1980, þegar framleiðslustjórnun er tekin upp. Frá þeim tíma hefur verulega dregið úr fjósbyggingum. Á undanförnum árum hefur nokkuð verið um endurbyggingar á eldri fjósum og greinilegt er að þetta er sú leið sem margir bændur velja til endurnýjunar á framleiðsluaðstöðu sinni.

Tafla 5.5.1 sýnir fjölda fjósbygginga sem Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur veitt lán til. Bæði er um að ræða ný fjós og stækkanir á eldri fjósum. Lækkandi meðalfjöldi básа síðustu árin stafar af því að aðallega er um að ræða stækkanir á eldri fjósum en ekki nýbyggingar.

Tafla 5.5.1. Lán Stofnlánadeildar til fjósbygginga 1975-1996.

	Byggingum lokið, fjöldi	Básafjöldi alls	Meðalfjöldi básа
1975	46	1.384	30,1
1976	47	1.422	30,3
1977	39	1.320	33,8
1978	36	890	24,7
1979	17	455	26,8
1980	16	350	21,9
1981	20	508	25,4
1982	21	505	24,0
1983	26	579	22,3
1984	23	774	33,7
1985	31	741	23,9
1986	22	504	22,9
1987	17	416	24,5
1988	13	308	23,7
1989	12	290	24,2
1990	6	172	28,7
1991	15	290	19,3
1992	16	318	19,9
1993	7	135	19,3
1994	9	143	15,9
1995	6	68	11,3
1996	8	145	18,1
Samtals	453	11.717	25,9

Heimild: Stofnlánadeild landbunaðarins.

Frá árinu 1975 hafa verið endurnýjuð fjós yfir um þriðjung kúastofnsins. Þegar þess er gætt að mörg nýleg og vel búin fjós hafa verið tekin úr notkun á síðustu árum í tengslum við sölu á greiðslumarki má gera ráð fyrir að jafnvel minna en þriðjungur framleiðslunnar sé í fjósum 20 ára eða yngri. Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið á endurnýjunarþörf fjósbygginga á Suðurlandi eru aðeins 6% þeirra fjósa sem þar eru í notkun reist á sl. 10 árum.

6. Verðlag og afkoma

6.1. Verðmyndun mjólkur

Þann 1. janúar 1993 voru gerðar grundvallarbreytingar á verðmyndunarkerfi mjólkur. Þá var niðurgreiðslum á heildsölustigi breytt í beinar greiðslur til bænda og verðmiðlun milli mjólkurbúa að mestu aflögð en flutningsjöfnun á mjólk heimiluð. Hins vegar var heimiluð verðtilfærsla innan mjólkuriðnaðarins til þess að jafna mismun á framleiðslukostnaði og verði til neytenda sem niðurgreiðslurnar höfðu myndað. Þessar breytingar eru sýndar í töflum 6.1.1 og 6.1.2.

Tafla 6.1.1. Vinnslu- og dreifingarkostnaður, sjóðagjöld, verðmiðlun, verðtilfærsla og pökkunargjald mjólkur (nýmjólk í líters pökkum) árin 1991 til 1996 (meðalverð hvers árs).

	Vinnslu- og dreifingark.	Umbúðakostnaður	Verðmiðlun	Sjóðagjöld	Kostn. v. nýmjólk	Verðtilf.-gjald
1991	16,17	5,50	3,35	1,59	26,61	1,61
1992	16,59	5,50	2,87	1,62	26,58	1,61
1993	16,59	5,50	1,85	1,60	25,54	0,00
1994	16,66	5,50	0,70	1,57	24,43	0,00
1995	16,71	5,50	0,65	1,55	24,41	0,00
1996	17,15	5,94	0,65	1,62	25,36	0,00

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Tafla 6.1.2. Verðmyndun nýmjólkur (í lítra pakkn.) árin 1991 til 1996 (meðalverð hvers árs).

	Verð til bænda	Vinnslu og heilds.kostn	Niður-greiðslur*	Uppgjörs-sjóður **	Beinar greiðslur	Óniðurgr. heildsöluv.
1991	51,23	26,61	32,17	0,00	0,00	77,84
1992	52,38	26,58	32,84	0,00	0,00	78,96
1993	52,58	25,54	4,33	2,17	24,77	78,12
1994	52,52	24,43	0,00	2,17	24,24	76,95
1995	52,21	24,41	0,00	2,17	24,40	76,62
1996	54,26	25,36	0,00	2,17	25,67	79,62

* Niðurgreiðslur á árinu 1993 voru vegna birgða frá fyrra ári.
** Verðtilfærsla.
Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

6.2. Þróun verðvísitölu mjólkur til bænda í samanburði við vísitölu neysluverðs

Í töflu 6.2.1 er borin saman þróun verðvísitölu mjólkur til bænda og þróun vísitölu neysluverðs á 10 ára tímabili, 1987 til 1996. Á árunum 1987 til 1990 fylgdi verð mjólkur verðþróun annarra neysluvara, að undanteknu árinu 1989. Í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna árið 1990 og með nýjum samningi um stjórnun mjólkurframleiðslunnar varð hins vegar afgerandi breyting sem hélst til loka tímabilsins. Frá árinu 1990 og fram til ársins 1996 hækkaði vísitala neysluverðs um 21,8% en verðvísitala mjólkur til bænda um 11,3%.

Tafla 6.2.1. Þróun verðvísitölu mjólkur til bænda 1987—1996 í samanburði við vísitölu neysluverðs.

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Neysluverðsvísitala	100,0	125,4	151,9	174,4	186,3	193,3	201,2	204,2	207,7	212,4
Mjólk	100,0	124,1	156,4	174,9	181,6	186,9	186,9	184,0	185,9	194,7

Heimild: Hagstofa Islands.

Ef þær breytingar sem orðið hafa á vísitölunum frá samningsgerðinni árið 1992 eru skoðaðar sérstaklega kemur í ljós að vístala neysluverðs hefur hækkað sem nemur 5,7 prósentustigum meira en verðvísitala mjólkur. Þar af eru 5 stig vegna umsaminnar hagræðingarkröfu, en 0,7 prósentustig af öðrum ástæðum.

6.3. *Þróun smásöluverðs mjólkur, rjóma, osta og eggja árin 1991 til 1996 samanborið við önnur matvæli*

Sú þróun sem lýst er í töflu 6.2.1 kemur enn skýrar fram ef þróun verðvísitölu mjólkur í smásölu er borin saman við þróun verðvísitölu annarra matvara.

Tafla 6.3.1 sýnir þróun verðvísitölu matvara frá febrúar 1991 til febrúar 1997. Jafnframt má sjá í töflunni hlutfallslegt vægi matvara og hlutfall mjólkur, rjóma, osts og eggja í heildarneyslugrunni sama tímabil.

Tafla 6.3.1. Þróun smásöluverðs mjólkur, rjóma, osta og eggja árin 1991 til 1996 samanborið við önnur matvæli.

		1991	1992	1993[1]	1994	1995	1996	1997	Breyting 1991-1997
0	MATVÖRUR [ALLS]	141,4	144,6	148,4	146,2	147,0	150,8	154,6	+9,3%
	Hlutfallslegt vægi [alls]	**19,4%**	**18,6%**	**17,0%**	**16,3%**	**16,2%**	**16,3%**	**16,3%**	
00	Mjöl, grjón, bakaðar vörur	151,0	157,6	159,7	160,7	165,7	171,0	173,0	+14,6%
01	Kjöt og kjötvörur	133,3	142,5	142,6	137,6	136,5	133,0	140,9	+5,7%
02	Fiskur, fiskvörur	150,1	155,3	160,2	159,3	164,2	158,4	156,2	+4,1%
03	Mjólk, rjómi, ostar, egg	143,0	145,8	144,9	136,7	135,6	137,5	143,1	+0,7%
	Hlutfallslegt vægi [03]	**3,7%**	**3,5%**	**3,4%**	**3,2%**	**3,1%**	**3,1%**	**3,1%**	
04	Feitmeti, olíur	158,1	153,8	152,8	125,8	130,0	132,0	132,9	-25,8%
05	Grænmeti, ávextir, ber	127,2	121,6	135,9	132,8	135,9	154,8	156,6	+23,3%
06	Kartöflur, vörur úr þeim	148,3	137,5	167,4	220,6	145,1	200,8	186,9	+26,0%
07	Sykur	274,2	243,1	244,9	273,2	348,0	349,1	438,4	+159,9 %
08	Kaffi, te, kakó, súkkulaði	141,0	136,1	140,5	157,2	201,9	190,3	186,1	+32,0%
09	Aðrar matvörur	141,9	145,8	148,4	150,4	149,5	149,3	152,3	+7,3%

Skýringar á einstökum liðum:
01 Kjöt nýtt (lítt eða óunnið); kjöt saltað og reykt (lítt eða óunnið); og kjöt unnið og kjötvörur
06 Kartöflur og vörur framleiddar úr þeim (s.s. kartöflutlögur)
09 Sælgæti, ís og matvörur aðrar
Á árinu 1992 (nóvember) kom inn nýr neyslugrunnur þar sem vægi matvæla lækkaði um nær 2% í heildargrunninum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

6.4. *Afkoma kúabænda 1992 til 1996*

Hagþjónusta landbúnaðarins hefur gert samanburð á afkomu bænda í nautgriparækt samkvæmt búreikningum frá 84 sérhæfðum kúabúum fyrir árin 1992 til 1996. Sömu bú eru með í þessum útreikningum öll árin. Samkvæmt skilgreiningu Hagþjónustunnar teljast sérhæfð kúabú vera bú sem hafa að lágmarki 70% heildarbúgreinatekna sinna af nautgriparækt.

Niðurstöður rekstrarkönnunarinnar sýna að á umræddu tímabili hefur greiðslumark í mjólk á þessum búum aukist að meðaltali úr 89.871 lítrum í 98.171 lítra eða um 8.700 lítra sem er 9,2% aukning. Engin breyting hefur orðið á greiðslumarki í sauðfé og því hefur heildargreiðslumark búanna aukist um 8,8%. Mjólkurkúm hefur á sama tíma fjölgað um 1,4 að meðaltali og meðalgreiðslumark pr. kú hefur aukist um 125 lítra eða 3,5%.

Tafla 6.4.1. Afkoma 84 kúabúa árin 1992 til 1996. Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi ársins 1996.

	1992	1993	1994	1995	1996	Breyt., % 1992-1996
Fjöldi reikninga	84	84	84	84	84	0,0
Fjöldi mjólkurkúa	25,4	25,3	25,6	26,4	26,8	5,5
Greiðslumark, ærgildi	540,8	546,4	556,7	564,9	588,4	8,8
- þar af mjólk	516,5	525,4	536,1	544,5	564,2	9,2
Greiðslumark í mjólk, ltr.	89.871	91.420	93.281	94.743	98.171	9,2
Búgreinatekjur alls	6.437	6.193	6.085	6.324	6.480	0,7
Mjólkurkýr	5.267	5.146	5.172	5.223	5.378	2,1
Breytilegur kostnaður	2.495	2.496	2.466	2.550	2.542	1,9
Framlegð	3.942	3.697	3.619	3.774	3.938	-0,1
Framlegð, %	61,2	59,7	59,5	59,7	60,8	
Fastur kostnaður	1.244	1.221	1.241	1.271	1.307	5,1
Laun og launatengd gjöld	259	334	343	372	382	47,5
Afskriftir	962	889	928	1.080	1.217	26,5
- þar af niðurf. greiðslumarks	94	71	138	219	293	211,7
Fjármagnsliðir	431	408	311	347	300	-30,4
Aðrar tekjur	269	332	215	259	305	13,4
Hagn./tap fyrir laun eig.	1.574	1.511	1.354	1.335	1.419	-9,8
Launagreiðslugeta búsins	1.833	1.845	1.697	1.707	1.801	-1,7
Veltufjármunir	944	825	866	870	911	-3,5
Fastafjármunir	10.490	10.344	10.153	10.398	10.574	0,8
Eignir alls	11.434	11.169	11.019	11.268	11.485	0,4
Skammtímaskuldir	1.997	2.200	2.282	2.160	2.464	23,4
Langtímaskuldir	3.660	2.413	3.343	4.323	4.446	21,5
Skuldir alls	5.657	4.613	5.625	6.483	6.910	22,1
Höfuðstóll	5.777	6.556	5.394	4.785	4.575	-20,8
Skuldir og höfuðstóll	11.434	11.169	11.019	11.268	11.485	0,4
Veltufjárhlutfall	47,3	37,5	37,9	40,3	37,0	
Eiginfjárhlutfall	50,5	58,7	49,0	42,5	39,8	

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins. Útreikningur Sjömannanefndar.

Á tímabilinu hækkuðu meðalskuldir úr 5,7 m.kr. í 6,9 m.kr. eða um 22,1%. Á sama tíma jukust eignir aðeins um 0,4%. Eigið fé úrtaksins lækkaði því að meðaltali um 20,8% og var árið 1992 50,5% en 39,8% árið 1996. Lækkandi eiginfjárhlutfall undirstrikar úttekt eigenda úr rekstrinum umfram það sem búin skila í hagnað fyrir laun eigenda.

Á tímabilinu lækkaði launagreiðslugeta meðalbúsins um úr 1.833 þús. kr. í 1.801 þús. kr. eða um 1,7%. Launagreiðslugetan jókst hins vegar milli áranna 1995 og 1996 um 5,5% eða úr 1.707 í 1.801 þús. kr. Hlutfall launagreiðslugetu af heildartekjum (búgreinatekjur+aðrar tekjur) lækkaði úr 27,3% í 26,5%. Hagnaður fyrir laun til eigenda lækkaði um 9,8%. Hlutfall hagnaðar fyrir laun eigenda (m.v. heildartekjur) var árið 1992 23,5% en 20,9% árið 1996.

Þegar litið er á niðurstöðutölur rekstrar kemur í ljós að búgreinatekjur hafa aukist lítillega eða um 0,7%. Tekjur af mjólkurframleiðslu hafa hins vegar aukist um 2,1%. Breytilegur kostnaður hefur aukist um 1,9% og framlegð búsins (búgreinatekjur — breytilegur kostnaður) hefur lækkað um 0,1%, var 61,2% 1992 en 60,8% 1996. Fastur kostnaður hækkaði á tímabilinu um 5,1% en afskriftir um 26,5%.

Niðurfærsla greiðslumarks nam kr. 94 þús. árið 1992 en kr. 293 þús. árið 1996. Niðurfærsla greiðslumarks var því rétt tæpur fjórðungur allra afskrifta árið 1996 eða jafngildi 4,5% af öllum búgreinatekjum. Niðurfærsla greiðslumarks árið 1996 svarar til þess að meðalstofnverð keypts greiðslumarks sé um 1.465 þús. á hverju búi það ár. Niðurfærslan er um þrjár krónur á hvern lítra greiðslumarks, en tekjuaukning í mjólk allt tímabilið er um kr. 1,13 pr. lítra greiðslumarks eins og það var árið 1996. Tekjuaukning af mjólk milli áranna 1995 og 1996 er kr. 1,58 pr. lítra greiðslumarks eins og það var árið 1996. Kostnaðarauki vegna niðurfærslu greiðslumarks á sama tíma m.v. greiðslumark 1996 var kr. 0,75 pr. lítra.

6.4. Félagsleg staða

Eitt af því sem hamlar mjólkurframleiðslunni í samkeppni um vinnuafl við aðrar atvinnugreinar er sú mikla binding sem starfinu fylgir. Samkvæmt bókun III með samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu var gert ráð fyrir að ríkissjóður greiddi 37,5 milljónir króna til ársloka 1995 til að styrkja afleysingar hjá kúabændum vegna orlofs og frídaga. Landssambandi kúabænda var falin framkvæmd málsins. Í reglum afleysingasjóðs er kveðið á um að kúabændur geti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fengið allt að 40% launa og launatengdra gjalda vegna afleysingamanns sem styrk úr sjóðnum. Hámarksfjöldi afleysingadaga sem greitt er fyrir á ári eru 24 dagar á einstakling og 48 dagar á hjón eða sambýlisfólk. Fyrstu afleysingahringirnir voru stofnaðir síðla árs 1993 og í árslok 1996 höfðu um 30 afleysingahringir verið starfræktir. Um 200 býli hafa þegið styrk úr sjóðnum. Nokkrir afleysingahringanna hafa starfað óslitið frá árinu 1993 en starfsemi annarra einungis varað í nokkra mánuði. Helsta vandamálið í starfsemi afleysingahringanna er skortur á hæfu og þjálfuðu starfsfólki.

7. Staða mjólkuriðnaðarins

7.1. Framleiðni í mjólkuriðnaðinum

Samkvæmt nýlegri greinargerð Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) jókst framleiðni í mjólkuriðnaðinum á tímabilinu 1975 - 1994 um 18,3%. Þetta er minni framleiðniaukning en í almennum iðnaði á sama tíma. Orsakir þess er m.a. að finna í að framleiðsla mjólkur hefur á þessu tímabili dregist verulega saman. Mjólkursamlögin hafa brugðist við þessum samdrætti með því að auka hlutdeild verðmætari afurða þannig að framleiðsluvirði á föstu verðlagi hefur aukist nokkuð eins og fram kemur í fremsta dálki í töflu

Tafla 7.1.1. Framleiðni vinnuafls 1975 - 1994 skv. útreikningum SAM.

	FRAMLEIÐSLA		ÁRSVERK	ÁRSVERK		FRAMLEIÐNI	
	Vísitala frl. SAM (1)	% breyting f.f.á. (2)	Skv. samant. SAM	Vísitala vinnuafls (3)	% b. f.f.á. f.f.á. (4)	Vísitala framleiðni (5) (5)=(1)/(3)	% b. f.f.á. f.f.á. (6)
1975	87,0		424	88,6		98,2	
1976	81,1	-6,8%	434	90,8	2,5%	89,3	-9,1%
1977	86,7	7,0%	451	94,3	3,9%	92,0	3,0%
1978	90,7	4,6%	466	97,5	3,3%	93,1	1,2%
1979	95,7	5,5%	477	99,7	2,3%	96,0	3,1%
1980	98,3	2,8%	473	98,8	-0,9%	99,5	3,7%
1981	93,8	-4,6%	485	101,5	2,7%	92,5	-7,1%
1982	93,1	-0,8%	485	101,3	-0,1%	91,8	-0,7%
1983	93,0	-0,1%	483	101,0	-0,3%	92,0	0,2%
1984	93,6	0,7%	483	101,0	0,0%	92,7	0,7%
1985	96,8	3,4%	491	102,6	1,6%	94,3	1,7%
1986	102,2	5,6%	481	100,6	-2,0%	101,6	7,7%
1987	102,2	0,1%	494	103,2	2,6%	99,1	-2,5%
1988	101,0	-1,2%	492	102,9	-0,2%	98,1	-0,9%
1989	100,5	-0,5%	483	100,9	-2,0%	99,6	1,5%
1990	**100,0**	**-0,5%**	**478**	**100,0**	**-0,9%**	**100,0**	**0,4%**
1991	108,7	8,7%	466	97,5	-2,5%	111,6	11,6%
1992	108,4	-0,3%	463	96,8	-0,7%	112,0	0,3%
1993	105,2	-3,0%	453	94,7	-2,2%	111,1	-0,8%
1994	109,9	4,4%	452	94,6	-0,2%	116,2	4,6%

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Útreikningar í töflu 7.1.1 eru gerðir þannig að innanlandssala og útflutningur hvers árs er margfaldaður með skráðu heildsöluverði pr. 1. júní 1980. Ársverkafjöldi er skv. starfsmanna- og launaskrám afurðastöðva.

7.2. *Fækkun mjólkursamlaga*

7.2.1. Fækkun mjólkursamlaga 1989 — 1992

Á tímabilinu 1989—1992, fram að núgildandi búvörusamningi, var mjólkursamlögum Kaupfélags Berufjarðar, Djúpavogi (KBF), Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn (KL) og Vestur-Barðstrendinga á Patreksfirði, lokað og þau úrelt með greiðslum úr verðmiðlunarsjóði skv. reglum sem tóku gildi 1988. Mjólk sem framleidd er á svæði KL fluttist til Mjólkursamlagsins á Vopnafirði sem einnig sér um að þjóna svæðinu með neysluvörur. Mjólk af félsgssvæði KBF ásamt þjónustu við Djúpavog fluttist til Mjólkursamlagsins á Höfn í Hornafirði. Við úreldingu Mjólkursamlagsins á Patreksfirði fluttist mjólkin ásamt þjónustu við svæðið til Mjólkursamlagsins í Búðardal.

7.2.2. Fækkun mjólkursamlaga 1992 — 1997

Árið 1992 voru gefnar út reglur þar sem ráðstafað var fjármagni úr verðmiðlunarsjóði mjólkur til úreldingar á afurðastöðvum og aðstöðu hjá mjólkurframleiðendum. Mjólkursamlögin í Borgarnesi og á Höfn í Hornafirði voru úrelt samkvæmt þessum reglum.

Starfsemi Mjólkursamlagsins í Borgarnesi var hætt 1. janúar 1996 og sú framleiðsla sem þar fór fram flutt ist til Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, Mjólkursamlagsins í Búðardal og Mjólkurbús Flóamanna. Mjólkursamsalan annast framleiðslu dagvara fyrir neyslumarkaðinn á svæði Mjólkursamlagsins í Borgarnesi.

Mjólkursamlag Kaupfélags Austur-Skaftfellinga (KASK) á Höfn í Hornafirði hætti starfsemi 1. janúar 1997. Innvigtun mjólkur af félagssvæði KASK, vestan Almannaskarðs, fluttist til Mjólkurbús Flóamanna, en mjólk austan Almannaskarðs fluttist til Mjólkursamlags Kaupfélags Héraðsbúa (KHB) á Egilsstöðum. Mjólkursamlag KHB annast framleiðslu dagvara fyrir neyslumarkaðinn á Djúpavogi og á Höfn.

Í töflu 7.2.1 er yfirlit yfir úrelt mjólkursamlög og fjölda mjólkursamlaga í rekstri á árunum 1988—1996.

Tafla 7.2.1. Úrelt mjólkursamlög og samlög í rekstri á tímabilinu 1988 — 1996.

Ár	Niðurlagt	Afurðastöðvar í rekstri
1988		17
1989	KBF Djúpavogi	16
1991	KL Þórshöfn	15
1992	MSVB Patreksfirði	14
1995	KB Borgarnesi	13
1996	KASK, Höfn, Hornafirði	12

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

7.2.3. Áhrif fækkunar mjólkurbúa

Eingöngu er til mat á sparnaði við úreldingu mjólkursamlaganna í Borgarnesi og á Höfn í Hornafirði. Samkvæmt því mati má telja að sparnaður við úreldingu þessara afurðastöðva sé samtals á bilinu 80 — 120 milljónir kr., eða um kr. 0,80 — 1,10 pr. lítra m.v. heildarinnvigtun í landinu. Sé einungis miðað við innvigtun á svæði 1, þ.e. svæði Mjólkursamsölunnar, er áætlað að sparnaðurinn nemi kr. 1,40 - 2,18 á innveginn lítra. Ekkert mjólkurbú hefur verið úrelt á Norðurlandi.

8. Breytingar á rekstrarumhverfi

8.1. Auknar opinberar kröfur

Á undanförnum árum hafa reglur um gæði mjólkur verið hertar. Þann 1. mars 1986 tók gildi mjólkurreglugerð þar sem sett voru strangari ákvæði um flokkun hrámjólkur en áður höfðu gilt. Þar var miðað við að í fyrsta flokk færi mjólk með allt að 250.000 gerlum í ml, en yrði gerlafjöldinn meiri, yrði mjólkin verðfelld. Ári síðar voru þessi mörk hert og til að mjólk færi í 1. flokk þurfti gerlafjöldinn að vera undir 100.000 í ml. Þann 1. september 1992 voru reglur enn hertar. Auk verðfellingar vegna heildargerlafjölda var þá tekin upp verðfelling vegna fjölda hitaþolinna og kuldakærra gerla. Jafnframt voru settar reglur um hámarksfjölda fruma í ml, þannig að til að mjólk flokkaðist í 1. flokk mátti fjöldi fruma ekki fara yfir 750.000 í ml. Þann 1. september 1994 voru mörk um hámarksfrumutölu og sett í 600.000 í ml. Í nýrri mjólkurreglugerð sem tók gildi 1. júlí 1997 er miðað við að efri mörk vegna fruma fari niður í 400.000 1. janúar 1998, auk annarra breytinga.

Þessar hertu reglur hafa leitt til þess að mjólkursamlögin hafa fengið betra hráefni til vinnslu og geymsluþol mjólkurvaranna hefur aukist umtalsvert. Hins vegar hafa hertar reglur leitt til kostnaðarauka fyrir bændur, án þess að það hafi enn komið fram í hækkun á grundvallarverði mjólkur.

Erfitt er að meta ýmsa þætti þess kostnaðarauka sem leggst á bændur. Í því tilliti er þó hægt að nefna að hertar kröfur hafa að sjálfsögðu leitt til aukinnar vinnu á búunum og þess að meira magn mjólkur er verðfellt. Þá hefur kostnaður vegna nýliðunar í kúahópnum einnig aukist. Þannig er talið að nýliðunarhlutfallið hafi á fáum árum aukist úr 20 í 25% á ári.

9. Staða mjólkurframleiðslunnar

Ef reynt er að meta framangreindar upplýsingar um stöðu mjólkurframleiðslunnar og þróun á gildistíma núgildandi búvörusamnings í mjólk blasir eftirfarandi við:

- Jafnvægi hefur náðst milli framleiðslu og neyslu mjólkur og mjólkurafurða.
- Verðmiðlun mjólkur hefur verið aflögð en flutningsjöfnun tekin upp í takmörkuðum mæli.
- Með framlögum af hagræðingarfé hefur mjólkurbúum fækkað úr 15 í 12 á tímabilinu sem er minni fækkun en gert var ráð fyrir.
- Verðtilfærsla til þess að jafna framlegð einstakra mjólkurafurða og stuðla að hámarksnýtingu markaða var framkvæmd.
- Verðhlutföll milli fitu og eggjahvítu hafa verið endurskoðuð til þess að draga úr þörf á verðtilfærslu, en að öðru leyti hefur ekkert orðið úr áformum um endurskoðun á verðlagskerfi mjólkur.
- Beingreiðslur, 47,1% af grundvallarverði, hafa verið teknar upp í stað niðurgreiðslu heildsöluverðs.
- Greiðsla afurðastöðva er 52,9% af grundvallarverði.
- Viðskipti með greiðslumark eru heimil og hafa 15,1 m. lítra flutst milli aðila. Ef greiðsla hefði komið til í öllum tilfellum, má áætla að tæpir 2 milljarðar kr. hefðu flust milli aðila við þessa breytingu.
- Mjólkurinnleggjendum hefur fækkað úr 1.509 árið 1991 í 1.291 í lok árs 1996 og ársmeðalinnlegg aukist úr 69.900 ltr. í 78.700 ltr. Þrátt fyrir fækkun framleiðenda og stækkun búa er enn til staðar vannýtt framleiðsluaðstaða.
- GATT samningurinn hefur haft þau áhrif á rekstrarskilyrði mjólkurframleiðslunnar að innflutningur mjólkurvara skv. honum er talinn samsvara 1 milljón líta á ári sem samsvarar 1 % af heildarframleiðslu.
- Samkvæmt útreikningum Hagþjónustu landbúnaðarins hefur launagreiðslugeta kúabúa lækkað um 1,7% árin 1991 - 1996 reiknað á föstu verðlagi.
- Framleiðslutakmarkanir hafa takmarkað nýtingu mannafla og fjármuna í mjólkurframleiðslunni og leitt til hærri framleiðslukostnaðar.
- Nær engin nýfjárfesting í fjósum hefur átt sér stað og verulegur hluti þeirra fjósa sem nú er framleitt í þarfnast endurnýjunar.
- Ekkert hefur orðið úr áformum um úttekt á áhrifum framleiðslustjórnunar og möguleikum á því að gera hana sveigjanlegri.

10. Markmið nýs búvörusamnings varðandi mjólk

Þegar hugað er að markmiðum nýs búvörusamnings er taki gildi 1. september 1998, er mikilvægt að standa vörð um þann árangur sem hefur náðst og leita nýrra leiða að þeim markmiðum sem ekki náðust og setja ný markmið er tryggi jafnframt stöðu mjólkurframleiðslunnar sem atvinnugreinar. Meginmarkmiðin eru þessi:

- Að skapa rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða, sem leiði af sér aukna hagkvæmni í vaxandi samkeppni við innfluttar búvörur.
- Að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun verði og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið.
- Að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innanlands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

11. Tillögur nefndarinnar - leiðir að markmiðum

Tillögur nefndarinnar um leiðir að þeim markmiðum, sem sett eru fram í 10. kafla, eru gerðar með hliðsjón af þeim árangri og vankönturn sem komið hafa fram við framkvæmd á gildandi búvörusamningi um stjórn mjólkurframleiðslunnar, frá 15. ágúst 1992. Við val á leiðum kemur óhjákvæmilega fram að sé stefnt að tilteknu markmiði geti verið hætta á að fjarlægjast annað. Því er reynt að leita meðalhófs í vali leiða þannig að megináherslur við markmiðssetningu náist. Í markmiðunum felst að mjólkurframleiðsla á Íslandi verði öflug og tileinki sér nýjungar til framfara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur og ítrustu hagræðingar sé gætt í framleiðslu, vinnslu og dreifingu. Ennfremur er gert ráð fyrir að bætt afkoma í greininni leiði af sér að nýliðun aukist. Við opnun alþjóðlegra viðskipta og minnkandi landamæravernd þarf að auka samkeppnishæfni mjólkurframleiðslunnar til lengri tíma með öðru en innflutningstakmörkunum eingöngu.

Tillögur Sjömannanefndar um leiðir að markmiðum fyrir mjólkurframleiðsluna eru í þremur meginliðum. Í fyrsta lagi um verðlagninu mjólkur og mjólkurafurða, í öðru lagi framleiðslustýringu og í þriðja lagi hagræðingu í greininni.

11.1. Verðlagning mjólkur og mjólkurafurða

Í áfangaskýrslu Sjömannanefndar frá maí 1992 var lagt til að verðlagning mjólkur og mjólkurafurða færi fram í samræmi við ákvæði búvörulaga frá 1985 (nú 1993) en yrði tekin til endurmats fyrir árslok 1994. Við það endurmat átti að hafa til hliðsjónar reynslu af breytingum í framkvæmd samningsins, sem nefndin lagði til, m.a. á afkomu bænda og afurðastöðva. Þetta endurmat hefur ekki farið fram.

Sjömannanefnd gerir eftirfarandi tillögur um fyrirkomulag verðlagningar. Tillögurnar fela það í sér að breyta þarf ákvæðum í búvörulögum frá 1993 um fyrirkomulag verðlagningar.

11.1.1. Verð til framleiðenda

Verð til framleiðenda fer eftir ákvæðum 7. - 12. gr. laga um framleiðslu, verðlagingu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og 18. gr. þeirra laga. Skv. ákvæðum laganna er skylt að ákveða verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld og launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi í nautgriparækt, sem sé rekið við eðlilegar framleiðsluaðstæður. Skv. 18. gr. laganna má enginn kaupa eða selja búvörur innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum laganna. Þetta leiðir af sér að mjólkurbúum er skylt að greiða eitt og sama verð fyrir mjólk til bænda fyrir sömu gæði án tillits til þess hvað rekstrarakoma búanna leyfir til hækkunar eða lækkunar. Til breytinga á þessu gerir Sjömannanefnd eftirfarandi tillögur:

1. Verðlagsnefnd búvara ákveði lágmarksverð til bænda fyrir mjólk af skilgreindum gæðum. Heimilt verði að víkja frá lágmarksverði vegna lakari gæða skv. ákvörðunum verðlagsnefndar. Greitt verði hærra verð fyrir gæðameiri mjólk. Verðákvörðun nautgripakjöts verði felld niður eigi síðar en 1. september 1998, en framleiðslukostnaður þess áfram metinn og skráður.
2. Verðlagsnefnd búvara verði þannig skipuð: Tveir fulltrúar launþegasamtaka tilnefndir af BSRB og ASÍ. Noti annarhvor þessara aðila ekki tilnefningarrétt sinn tilnefni hinn aðilinn en félagsmálaráðherra tilnefni í þeirra stað, noti hvorugur tilnefningarrétt sinn. Tveir fulltrúar frá BÍ. Landbúnaðarráðherra tilnefni formann án tilnefningar. Þá tilnefni landbúnaðarráðherra fulltrúa í stað BÍ noti þau ekki rétt sinn. Þá skulu SAM eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina, þó eingöngu til að fjalla um málefni mjólkurframleiðslunnar. Komi upp jöfn staða atkvæða í nefndinni þegar fjallað er um málefni mjólkurframleiðslunnar sker atkvæði formanns úr um niðurstöðu.

3. Ákvörðun lágmarksverðs fari fram árlega og verði tekin til endurskoðunar innan ársins komi fram ósk um það í Verðlagsnefnd.
4. Nýr verðlagsgrundvöllur verði ákveðinn sem verðákvörðunin miðist við. Verðlagsgrundvöll skal miða við vel rekið bú af hagstæðri stærð en ekki landsmeðaltal eins og er í dag.
5. Hverri afurðastöð verði frjálst að að greiða framleiðendum mjólkur umfram lágmarksverð á hvern þann hátt sem er valinn.

11.1.2. Stuðningur við mjólkurframleiðsluna

Við gerð gildandi búvörusamnings var niðurgreiðslum á heildsölustigi hætt en í þeirra stað teknar upp beingreiðslur til bænda. Það var gert á þann hátt að ríkjandi stuðningur var umreiknaður á lítra mjólkur sem fór til sölu á innlendum markaði. Samkvæmt því var samið um að beingreiðslur í mjólkurframleiðslu skyldu nema 47,1 % af verði til framleiðenda. Sjömannanefnd telur ekki forsendur til að taka þetta hlutfall til endurskoðunar við þær breytingar á fyrirkomulag við verðlagningu mjólkur, sem hér eru lagðar til og leggur til eftirfarandi:

1. Stuðningur við mjólkurframleiðslu verði í formi beingreiðslna, sem verði 47,1% af lágmarksverði.
2. Beingreiðslur verði misháar eftir árstíma til að draga úr árstíðabundinni sveiflu í mjólkurframleiðslunni.

11.1.3. Myndun heildsöluverðs

Verðlagning búvara í heildsölu fer eftir ákvæðum 13. - 16. gr. búvörulaga. Þá gilda ennfremur um ákvörðun heildsöluverðs ákvæði 18. gr. laganna um að enginn megi kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þeirra. Heildsöluverð búvara er ákveðið af fimmmannanefnd, sem í eiga sæti tveir fulltrúar afurðastöðva í mjólkuriðnaði, tveir fulltrúar neytenda undir formennsku forstjóra Samkeppnisstofnunar. Í tillögum nefndarinnar felst að það hlutverk Fimmmannanefndar að ákveða verð mjólkur og mjólkurafurða í heildsölu, hverfur. Því er lagt til að Verðlagsnefnd búvara verði falið, í stað Fimmmannanefndar, að verðleggja tímabundið mjólk og mjólkurvörur í heildsölu og fylgjast með verðtilfærslum. Með breyttum viðskiptaháttum hefur komið fram krafa um sveigjanlegri verðlagningu en er heimil skv. ákvæðum laganna. Sjömannanefnd telur óhjákvæmilegt að tekin verði upp frjálsari verðmyndun á mjólk og mjólkurafurðum í heildsölu og leggur eftirfarandi til:

1. Verðlagsnefnd búvara taki yfir hlutverk Fimmmannanefndar 1. september 1998.
2. Verðlagsnefndin ákveði heildsöluverð fyrir sömu afurðir mjólkur og eru verðlagðar í dag. Verðlagningin nær til mjólkur, undanrennu, rjóma, skyrs, smjörs, osta, undanrennudufts og nýmjólkurdufts. Verðlagning fari fram þegar ákvörðun er tekin um lágmarksverð til bænda en verði tekin til endurskoðunar komi fram ósk um það í Verðlagsnefnd. Verðlagsnefnd skal strax við upphaf starfs síns hefja aðlögun heildsöluverðs einstakra vörutegunda að breyttu rekstrarumhverfi og viðskiptaháttum.
3. Verðlagning miðist við þróun í almennum rekstrarskilyrðum fyrirtækja í líkum rekstri, svo og afkomu mjólkurbúanna.
4. Verðlagsnefnd hætti verðlagningu þessara afurða eigi síðar en 30. júní árið 2001. Skal nefndin hafa lokið aðlögun heildsöluverðs einstakra vörutegunda fyrir þann tíma.
5. Gjald vegna verðtilfærslu milli afurða verði ákveðið með lögum. Innheimt verði gjald af hverjum mjólkurlítra við innvigtun í mjólkurbú sem greiðist út vegna framleiðslu (sölu) tiltekinna afurða (smjör, undanrennuduft, nýmjólkurduft).
6. Afurðastöðvar eða samtök þeirra geri tillögur til Verðlagsnefndar um aðra verðtilfærslu, til niðurfærslu á verði tiltekinna afurða með takmarkað verðþol.

7. Allar verðtilfærslur skulu vera háðar heimildum Verðlagsnefndar.
8. Framkvæmd innheimtu og greiðslna fari eftir reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur.
9. Fyrirkomulag verðtilfærslna taki gildi strax við upphaf samningsins (1. sept. 1998) og gildi til loka hans.

11.2. Framleiðslustjórnun

Í áfangaskýrslu Sjömannanefndar frá maí 1992 voru gerðar tillögur um markmið og fyrirkomulag framleiðslustjórnunar. Tillögurnar miðuðu að því að draga úr framleiðslu mjólkur, fækka framleiðendum og koma á viðskiptum með framleiðslurétt (kvóta). Í starfi nefndarinnar árið 1992 var fjallað um annmarka sem fylgdu framleiðslustjórnuninni. Litið var til möguleika á sveigjanlegra fyrirkomulagi vegna ótta um neikvæð áhrif af kvótakerfinu á hagræðingu framleiðslunnar, þróun bústærðar og nýliðun. Um þessi atriði náðist ekki niðurstaða og því var lagt til að fram færi ítarleg könnun á áhrifum framleiðslustjórnunarinnar á afkomu mjólkurframleiðenda fyrir árslok 1994. Sú könnun hefur ekki farið fram.

Við umfjöllun um framleiðslustýringu í Sjömannanefnd hefur komið fram að nefndin telur ekki unnt að afnema takmarkanir á framleiðslu mjólkurframleiðenda með kvótum enn um sinn. Nefndin bendir á að við beitingu kvóta sem framleiðslustjórnunartækis eigi að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Að kvótinn dragi ekki úr stærðarhagkvæmni í mjólkurframleiðslunni.
- Að kvótinn valdi sem minnstri hækkun á framleiðslukostnaði.
- Að kvótinn haldi umframframleiðslu mjólkur í skefjum.

Í kafla 5.4 kemur fram að árlegur kostnaður mjólkurframleiðenda við kaup á greiðslumarki hafi numið 3-4 kr. á hvern lítra mjólkur, eða þrjú til fjögur hundruð m.kr. árlega. Það svarar til tæplega þrjú hundruð þúsund kr. á hreinu kúabúi, skv. skýrslum Hagþjónustu landbúnaðarins. Til að fjarlægjast ekki þau sjónarmið um beitingu kvóta sem stjórntækis sem að ofan greinir, leggur Sjömannanefnd til eftirfarandi fyrirkomulag á kvóta til stýringar mjólkurframleiðslu hjá bændum:

1. Heildarframleiðslukvóti, hér nefnt greiðslumark, verði jafn innanlandsmarkaði.
2. Greiðslumark (kvóti) verði bundið við lögbýli.
3. Greiðslumark (kvóti) hvers lögbýlis verði framreiknað frá ári til árs í hlutfalli við breytingar á neyslu innanlands á mjólk og mjólkurafurðum.
4. Beingreiðslur til lögbýla fari eftir greiðslumarki þess (kvóta) að teknu tilliti til framleiðslumagns.
5. Greiðslulmark (kvóti) getur færst milli lögbýla á eftirfarandi hátt:
   a) Við kaup og sölu. Viðskipti með greiðslumark (kvóta) á þennan hátt fari fram á "kvótamarkaði", sem verði falinn Framleiðsluráði landbúnaðarins með reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum Framkvæmdanefndar búvörusamninga.
   b) Hjá þeim sem framleiða umfram kvóta eykst greiðslumark um tiltekið hlutfall af þeirri framleiðslu lögbýlisins sem er umfram kvóta. Hjá þeim sem framleiða minna en nemur kvóta lögbýlisins, lækkar greiðslumarkið um tiltekið hlutfall af mismun þess sem framleitt er og kvóta lögbýlisins. Framleiðendum sem vilja draga saman eða hætta, verði með sérstökum samningi við Framkvæmdanefnd búvörusamninga, gert heimilt að halda beingreiðslum um ákveðinn tíma án tillits til framleiðslumagns.

Verði greiðslumark (kvóti) lögbýlis aukið á þennan hátt er skylt að flytja allt það framleiðslumagn mjólkur sem er umfram greiðslumark (kvóta) á erlendan markað á ábyrgð framleiðandans, að því leyti sem ekki er þörf fyrir framleiðsluna á innanlandsmarkað.

Áður en af þessari framkvæmd getur orðið skal Framkvæmdanefnd búvörusamninga gera úttekt á áhrifum af framkvæmd þessa stafliðar á afkomu mjólkurframleiðenda, tilkostnað mjólkurframleiðslunnar hjá framleiðendum og afurðastöðvum, nýliðun innan greinarinnar og jafnvægi í framleiðslu og eftirspurn mjólkurafurða. Þessari úttekt skal lokið eigi síðar en 1. september 1998. Framkvæmdanefnd gerir því aðeins tillögu um að þessi leið verði farin að úttektin leiði til hagfelldrar niðurstöðu.

11.3. Hagræðing

Í áliti Sjömannanefndar frá 1992 er lagt til að fjármunum, sem voru til í verðmiðlunarsjóði, verði varið til að úrelda umframframleiðslugetu í mjólkurbúum. Jafnframt að fjármunum sem eftir kunna að verða í sjóðnum að þessum verkefnum loknum, verði varið til þess að lækka mjólkurverð til neytenda. Nefndin telur að því verkefni sem lagt var upp með við úreldingu á mjólkurbúum og framleiðsluaðstöðu hjá bændum, skv. reglum um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingar í mjókuriðnaði og mjólkurframleiðslu, eigi að vera lokið.

Nefndin telur að ráðstafa eigi þeim fjármunum sem voru ætlaðir til hagræðingar í mjólkuriðnaði og hefur ekki verið ráðstafað úr verðmiðlunarsjóði, til eftirfarandi verkefna:

1. Rannsókna og þróunarverkefna í framleiðslu og vinnslu mjólkur.
2. Endurmenntunar er leiði til betri gæða í framleiðslu mjólkur og til hagræðingar.
3. Til hagrannsókna vegna verðlagingar og úttektar á stöðu framleiðslu og/eða vinnslu mjólkur.
4. Til lækkunar á tilteknum mjólkurafurðum.

Verðlagsnefnd landbúnaðarins geri tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun fjármuna til þessara verkefna.

Tafla 1. Heildarinnvigtun mjólkur og sala mjólkurafurða árin 1980 til 1996
umreiknuð á fitugrunn í þús. ltr. og í ltr. á íbúa

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Heildar innvigtun	107.018	102.960	104.573	106.446	108.457	115.878	109.186	105.882	102.185	99.649	106.920	105.509	105.509	99.722	99.917	102.052	102.864
Samtals sala:	105.727	95.426	101.748	99.813	98.807	96.276	98.711	102.164	101.464	101.128	101.143	99.101	97.774	98.495	100.372	99.671	99.237
Neysla alls í ltr. á íbúa:	463,4	417,8	434,6	421,1	412,6	398,8	405,9	415,4	406,0	400,1	396,5	389,7	374,5	373,4	377,3	372,8	369,0

2. Heildarinnvigtun mjólkursamlaga frá 1980 til 1996, þús. ltr.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Mjólkursamsalan	4.595	4.232	4.116	4.016	4.174	4.469	4.244	4.297	4.142	3.805	4.123	4.192	3.939	3.864	3.850	3.775	3.572
Mjólkursaml. KB	9.991	9.030	9.221	9.224	9.589	10.629	10.098	9.879	9.434	8.849	9.375	9.763	9.212	9.255	9.435	9.525	9.591
Mjólkursaml. Dalasýslu	2.873	2.610	2.760	2.792	3.010	3.342	3.351	3.155	3.034	2.877	3.174	3.115	2.870	3.637	3.911	3.692	3.806
Mjólkursaml. V. Barðst.	833	786	746	817	810	974	1.081	963	922	851	990	1.029	927	275	0	0	0
Mjólkursaml. Ísfirðinga	1.389	1.369	1.354	1.473	1.493	1.600	1.716	1.646	1.609	1.493	1.565	1.694	1.637	1.540	1.520	1.317	1.331
Mjólkursaml. Hvammstanga	2.786	2.542	2.483	2.503	2.686	2.918	2.683	2.486	2.463	2.432	2.509	2.551	2.362	2.410	2.489	2.509	2.463
Mjólkursaml. Blönduósi	3.969	3.899	3.937	4.060	4.012	4.236	4.211	4.007	3.821	3.650	4.068	4.062	3.702	3.701	3.816	3.947	4.012
Mjólkursaml. Sauðárkróki	7.648	7.450	7.575	8.168	8.574	9.202	8.623	8.423	8.161	7.786	8.311	8.526	7.733	7.834	8.250	8.421	8.662
Mjólkursaml. KEA	21.551	21.213	21.353	21.968	22.161	22.432	21.760	21.091	20.276	20.447	21.619	20.464	19.936	19.486	20.096	20.489	19.558
Mjólkursaml. Húsavík	6.526	6.484	6.667	6.935	6.629	6.642	6.789	6.124	6.185	6.014	6.354	6.201	6.031	5.780	6.367	6.490	6.241
Mjólkursaml. KL	184	229	245	264	263	257	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mjólkursaml. Vopnafirði	545	557	602	677	646	688	698	624	528	565	755	771	763	763	837	882	845
Mjólkursaml. Egilsstöðum	2.493	2.424	2.509	2.598	2.664	2.832	2.875	2.781	2.638	2.776	3.027	2.921	2.665	2.653	2.716	2.738	2.819
Mjólkursaml. Norðfirði	701	612	619	574	555	587	642	622	634	601	650	626	573	602	558	549	542
Mjólkursaml. KBF	299	288	313	355	398	482	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mjólkursaml. Hornafirði	1.618	1.593	1.652	1.680	1.722	1.801	1.717	1.516	1.538	1.772	1.921	1.865	1.536	1.575	1.693	1.844	1.736
Mjólkursaml. Flóamanna	39.017	37.642	38.421	38.342	39.071	42.787	38.698	38.268	36.800	35.731	38.479	37.729	35.835	36.540	36.515	36.686	36.464
Samtals:	**107.018**	**102.960**	**104.573**	**106.446**	**108.457**	**115.878**	**109.186**	**105.882**	**102.185**	**99.649**	**106.920**	**105.509**	**99.722**	**99.917**	**102.052**	**102.864**	**101.643**
Hlutfallsleg breyting frá f. ári:	-8,7%	-3,79%	1,57%	1,79%	1,89%	6,84%	-5,78%	3,03%	-3,49%	-2,48%	7,30%	-1,32%	-5,48%	0,20%	2,14%	0,80%	-1,19%

Tafla 3. Neysla mjólkurvara 1980-1996 (þús. ltr./kg).

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Drykkjarmjólk, ltr.	46.309	46.204	46.203	45.754	44.455	44.307	45.439	45.092	44.227	44.537	44.592	44.923	45.117	44.839	43.693	42.278	42.846
Rjómi, ltr.	1.477	1.573	1.620	1.669	1.716	1.759	1.835	1.950	1.892	1.830	1.848	1.902	1.898	1.879	1.938	1.949	1.953
Sýrðar mjólkurvörur, ltr.	3.094	3.106	3.200	3.455	3.522	3.418	3.342	3.414	3.481	3.513	3.630	3.854	3.888	3.940	3.926	3.970	3.955
Jógúrtvörur, ltr.	1.130	1.309	1.288	1.167	1.441	1.474	1.644	1.778	2.055	2.204	2.429	2.478	2.557	2.743	2.621	2.579	2.475
Skyr og kvarg, kg	1.595	1.560	1.726	1.797	1.599	1.545	1.467	1.444	1.442	1.545	1.452	1.457	1.358	1.295	1.412	1.387	1.317
Viðbit, kg	1.671	1.169	1.435	1.319	1.297	1.202	1.276	1.543	1.594	1.618	1.652	1.625	1.636	1.670	1.717	1.656	1.610
Ostar, kg	1.496	1.666	1.846	1.988	2.085	2.108	2.249	2.454	2.567	2.601	2.643	2.799	2.997	3.225	3.351	3.466	3.530
Duft, kg *	91	97	112	123	130	133	145	159	149	135	146	757	482	445	501	566	587
Aðrar mjólkurvörur, kg **	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	255	424	401	333	347	457

* Árin 1980 - 1990 er eingongu talið nýmjólkurduft.

** Aðeins taldar eftir 1990

Tafla 4. Neysla mjólkurvara 1980-1996 umreiknuð í ltr. mjólkur m.v. fitu (þús. ltr.).

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Drykkjarmjólk	43.118	42.755	41.726	41.468	39.864	38.942	38.449	37.113	35.629	35.251	34.268	32.680	31.631	30.313	29.427	28.618	28.282
Rjómi	12.757	12.561	13.946	14.035	14.504	14.880	15.517	16.508	16.079	15.551	15.714	16.038	15.915	15.731	16.148	16.183	16.134
Sýrðar mjólkurvörur	3.110	3.122	3.216	3.472	3.540	3.435	3.359	3.431	3.498	3.531	3.648	3.671	3.668	3.786	3.816	3.879	3.872
Jógúrtvörur	883	1.022	1.006	911	1.125	1.151	1.284	1.389	1.605	1.721	1.897	2.304	2.587	2.677	2.472	2.532	2.355
Skyr og kvarg	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	476	424	342	456	476	436
Viðbit	36.003	24.885	29.491	26.657	25.928	23.700	24.932	26.904	27.121	27.190	27.447	25.102	24.364	25.263	26.605	25.707	25.339
Ostar	9.229	10.417	11.627	12.422	12.950	13.255	14.171	15.727	16.505	16.954	17.163	16.922	17.966	19.109	19.936	20.490	20.846
Duft *	627	664	772	848	896	913	999	1.092	1.027	930	1.006	1.557	868	887	1.126	1.339	1.373
Aðrar mjólkurvörur **	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	351	351	387	386	447	600
Samtals	**105.727**	**95.426**	**101.784**	**99.813**	**98.807**	**96.276**	**98.711**	**102.164**	**101.464**	**101.128**	**101.143**	**99.101**	**97.774**	**98.495**	**100.372**	**99.671**	**99.237**

* Árin 1980 - 1990 er eingongu talið nýmjólkurduft.

Tafla 5. Neysla mjólkurvara á íbúa 1980-1996 (ltr. og kg).

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1994	1996
Drykkjarmjólk, ltr.	202,9	200,1	197,5	193,0	185,6	183,6	186,8	183,3	176,9	176,3	175,0	174,1	173,5	169,8	164,3	158,3	159,3
Rjómi, ltr.	6,5	6,8	6,9	7,0	7,2	7,3	7,5	7,9	7,6	7,2	7,3	7,4	7,3	7,1	7,3	7,3	7,3
Sýrðar mjólkurvörur, ltr.	13,6	13,5	13,7	14,6	14,7	14,2	13,7	13,9	13,9	13,9	14,2	14,9	15	14,9	14,8	14,9	14,7
Jógúrtvörur, ltr.	5,0	5,7	5,5	4,9	6,0	6,1	6,8	7,2	8,2	8,7	9,5	9,6	9,8	10,4	9,9	9,7	9,2
Skyr og kvarg, kg	7,0	6,8	7,4	7,6	6,7	6,4	4,0	5,9	5,8	6,1	5,7	5,6	5,2	4,9	5,3	5,2	4,9
Viðbit, kg	7,3	5,1	6,1	5,6	5,4	5,0	5,2	16,3	17,5	17,7	18,7	6,3	6,3	6,3	6,5	6,2	6
Ostar, kg	6,6	7,2	7,9	8,4	8,7	8,7	9,2	10,0	10,3	10,3	10,4	10,9	11,5	12,2	12,6	13	13,1
Duft, kg *	0,4	0,4	0,5	0,5	0,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,5	0,6	2,9	1,9	1,7	1,9	2,1	2,2
Aðrar mjólkurvörur, kg **	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1,6	1,5	1,3	1,3	1,7

* Árin 1980 - 1990 er eingongu talið nýmjólkurduft.

** Aðeins taldar eftir 1990

Tafla 6. Neysla mjólkurvara í lítrum á íbúa 1980-1996, umreiknuð í mjólk m.v. fitu.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Drykkjarmjólk	206,5	203,2	196,2	193,4	186,0	180,3	177,2	170,4	162,9	160,3	156,2	126,7	121,7	114,8	110,6	107,2	105,1
Rjómi	55,9	54,4	59,6	59,2	60,6	61,6	63,8	67,1	64,3	61,5	61,7	62,2	61,2	59,6	60,7	60,6	60
Sýrðar mjólkurvörur	13,6	13,5	13,7	14,6	14,8	14,2	13,8	13,9	14,0	14,0	14,3	14,2	14,1	14,3	14,3	14,5	14,4
Jógúrtvörur	3,9	4,4	4,3	3,8	4,7	4,8	5,3	5,6	6,4	6,8	7,4	8,9	9,9	10,1	9,3	9,5	8,8
Skyr og kvarg	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,8	1,6	1,3	1,7	1,8	1,6
Viðbit	157,8	107,8	126,0	112,4	108,3	98,2	102,5	109,4	108,5	107,6	107,7	97,3	93,7	95,7	100	96,3	94,2
Ostar	40,4	45,1	49,7	52,4	54,1	54,9	58,3	63,9	66,1	67,1	67,4	65,6	69,1	72,4	74,9	76,7	77,5
Duft *	2,7	2,9	3,3	3,6	3,7	3,8	4,1	4,4	4,1	3,7	3,9	6	3,3	3,4	4,2	5	5,1
Aðrar mjólkurvörur **	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1,4	1,4	1,5	1,5	1,7	2,2
Samtals	**480,8**	**431,3**	**452,8**	**439,4**	**432,2**	**417,8**	**425,0**	**434,7**	**426,3**	**421,0**	**418,6**	**384,1**	**376,1**	**373,1**	**377,3**	**373,3**	**368,9**

* Árin 1980 - 1990 er eingongu talið nýmjólkurduft.

** Aðeins taldar eftir 1990

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna ákvæða í samningi frá 17. desember 1997 um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands. Sá samningur tekur við af samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu frá 15. ágúst 1992. Samningurinn byggist á áliti sjömannanefndar frá 4. nóvember 1997 um framleiðslu og vinnslu mjólkur.

Eftirfarandi atriði munu hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs:

a. Skv. 1. gr. frumvarpsins verður verksvið verðlagsnefndar búvara víkkað þannig að það nái til verðlagningar í heildsöiu til viðbótar því að verðleggja til framleiðenda. Skipan nefndarinnar breytist nokkuð og munu sitja í henni 5–6 menn eftir atvikum. Samkvæmt þessu hættir fimmmannanefnd störfum en kostnaður við hana nam um 4,2 m.kr. á árinu 1997. Samkvæmt frumvarpinu kæmi þessi breyting til framkvæmda eftir að yfirstandandi verðlagsári lýkur 31. ágúst 1998.

b. Skv. 2. gr. frumvarpsins ákveður verðlagsnefnd búvara lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda og skal nefndin miða verðlagninguna við bú af hagkvæmri stærð í stað þess að miða við afurðir meðalbús. Með þessu eru verðlagsnefnd gefnar frjálsari hendur við mat á því hvernig verðlagsgrundvallarbú fyrir mjólk er fundið þar sem nefndinni yrði ekki lengur skylt að miða við reikningsleg meðaltöl. Þá metur verðlagsnefnd framleiðslukostnað á kjöti og Landssambandi kúabænda verður heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka nautgripakjöts.

   Skv. 12. gr. frumvarpsins skulu öll viðskipti með greiðslumark fara fram á einum markaði í þeim tilgangi að viðskipti með greiðslumark valdi sem minnstri hækkun á framleiðslukostnaði mjólkurafurða.

   Loks ber að nefna að skv. 15. gr. frumvarpsins helst beingreiðsluhlutfallið óbreytt eða 47,1% af verði mjólkur eins og það er ákveðið á hverjum tíma.

   Samanlögð áhrif framantalinna breytinga eru talin stuðla að stækkun búa og frekari hagræðingu sem gæti leitt til lægri kostnaðar ríkisins.

c. Skv. 8. gr. er lagt til að frá og með 1. september 1998 skuli innheimt verðtilfærslugjald hjá afurðastöðvum af hverjum innvegnum mjólkurlítra í afurðastöð innan greiðslumarks. Verðtilfærslugjaldið skal nema 2,65 kr. á hvern lítra mjólkur og er ætlað til verðlækkunar á tilteknum afurðum. Miðað við óbreytt greiðslumark, þ.e. 102 millj. lítra, mun árleg innheimta gjaldsins nema um 270 m.kr. Ráðstöfun þessa fjár yrði sýnd í fjárlögum á samnefndum tilfærslulið.

d. Samkvæmt ákvæði 7.2 í 7. gr. samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 17. desember 1997 skal ríkissjóður á samningstímanum leggja fram fjármuni sem framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafar til tiltekinna hagræðingar- og stuðningsverkefna. Samtals er um að ræða 22,5 m.kr. sem áformað er að skiptist þannig að 10 m.kr. séu lagðar fram greiddar árið 1999, 7,5 m.kr. árið 2000 og 5 m.kr. árið 2001. Líta verður svo á að samþykki Alþingi þetta frumvarp felist í því viljayfirlýsing um að veita þessa fjármuni til samræmis við samninginn.

Samkvæmt forsendum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 17. desember 1997 er ekki að búast við miklum breytingum á greiðslumarki mjólkur a.m.k. til 30. júní 2001 er verðlagning mjólkur verður gefin frjáls. Hér er því gert ráð fyrir því að greiðslumarkið verði áfram 102 millj. lítra. Samantekið má ætla að áhrif frumvarpsins á ríkissjóð, verði það að lögum, nemi um 5,8 m.kr. árið 1999, allt að 3,3 m.kr. árið 2000 og 0,8 m.kr. árið 2001. Eftir það gæti dregið úr kostnaði ríkissjóðs við mjólkurframleiðslu en það er undir ólíkum þáttum komið eins og árangri bænda, viðbrögðum markaðarins við frjálsri verðlagningu og því hvort þær aðferðir sem nota skal til að draga úr kostnaði við viðskipti með framleiðslurétt skila árangri.

951. Frumvarp til laga [560. mál]

um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið og skilgreiningar.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að fjármálastarfsemi sem lög þessi taka til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina.

Með fjármálastarfsemi er í lögum þessum átt við hvers konar starfsemi fyrirtækja, stofnana og annarra aðila sem tilgreindir eru í 2. gr.

Með eftirlitsskyldum aðilum er í lögum þessum átt við aðila sem eftirlit Fjármálaeftirlits tekur til skv. 2. gr.

2. gr.
Eftirlitsskyld starfsemi.

Eftirlit samkvæmt þessum lögum tekur til starfsemi eftirtalinna aðila:

1. Viðskiptabanka og sparisjóða,
2. lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða,
3. vátryggingafélaga,
4. félaga og einstaklinga sem stunda vátryggingamiðlun,
5. fyrirtækja í verðbréfaþjónustu,
6. verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða,
7. kauphalla og annarra skipulegra tilboðsmarkaða,
8. verðbréfamiðstöðva,
9. lífeyrissjóða,
10. fjárfestingarfélaga.

Lögin taka einnig til eftirlits með annarri starfsemi en greinir í 1. mgr. sem Fjármálaeftirlitinu er falið samkvæmt sérstökum lögum.

Um eftirlit með starfsemi innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi fer samkvæmt ákvæðum sérlaga og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Þegar vafi leikur á um hvort starfsemi fellur undir þessa grein sker stjórn Fjármálaeftirlitsins úr.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.
Stofnun.

Með eftirlit samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun og lýtur sérstakri stjórn. Stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra en hann hefur ekki afskipti af einstökum málum sem til umfjöllunar eru hjá Fjármálaeftirlitinu.

4. gr.
Stjórn.

Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.

5. gr.
Forstjóri. Starfsmenn.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins er ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar ákveður starfskjör forstjóra.

Forstjóri ræður starfsmenn til stofnunarinnar og er heimilt að ákveða að þeir njóti kjara samkvæmt samningum bankamanna.

6. gr.
Hæfi.

Stjórnarmenn skulu búa yfir þekkingu á fjármagnsmarkaði og hafa haldgóða menntun sem nýtist á þessu sviði. Gæta skal þess við skipun stjórnar að starfsreynsla og menntun stjórnarmanna sé sem fjölbreyttust.

Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingarstærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í og snerta hina eftirlitsskyldu aðila. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

Ráðherra setur reglur um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna við eftirlitsskylda aðila. Þar skal meðal annars kveðið á um takmarkanir á heimildum til að vera í fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum eða eiga hlutabréf í þeim.

7. gr.

Ráðgjafarnefnd.

Sérstök ráðgjafarnefnd skal vera stjórn Fjármálaeftirlitsins til ráðgjafar um rekstur og starfshætti stofnunarinnar. Nefndin er skipuð fulltrúum eftirlitsskyldra aðila.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með ráðgjafarnefndinni þar sem fjallað er um áherslur í starfi stofnunarinnar. Ráðgjafarnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar.

Nánar skal kveðið á um ráðgjafarnefndina í reglugerð, meðal annars um skipun hennar.

III. KAFLI
Starfsemi.

8. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.

9. gr.

Athugun og aðgangur.

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina og Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan.

Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem hún telur þörf á.

10. gr.

Athugasemdir og úrbætur.

Komi í ljós við athuganir Fjármálaeftirlitsins að eftirlitsskyldir aðilar fylgja ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi þeirra skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan ákveðins frests.

Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við.

Hafi stjórn eftirlitsskylds aðila vanrækt skyldu sem á henni hvílir samkvæmt lögum, reglugerðum, reglum eða samþykktum getur Fjármálaeftirlitið boðað til fundar í stjórn aðilans um leiðir til úrbóta. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins stýrir fundinum og hefur málfrelsi og tillögurétt.

11. gr.

Fullnustuúrræði. Tilkynningarskylda.

Sé kröfum eða athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga í formi dagsekta. Innheimta viðurlaga samkvæmt þessari málsgrein skal ákveðin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og renna innheimt viðurlög að ¾ hlutum til ríkissjóðs. Nánar skal kveðið á um ákvörðun viðurlaganna og innheimtu í reglugerð.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi eftirlitsskyldum aðila. Er eftirlitsskyldum aðila skylt að veita eftirlitsmanni aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum, sem hann hefur í sinni vörslu, og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem eftirlitsmaður óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila með málfrelsi og tillögurétti. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af hinum eftirlitskylda aðila.

Ef brot eru alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög að mati Fjármálaeftirlitsins ber því að greina ríkislögreglustjóra frá því.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar viðskiptaráðherra, þeim ráðherra sem annars fer með yfirstjórn viðkomandi málefna og stjórn hins eftirlitsskylda aðila, eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa.

IV. KAFLI
Þagnarskylda. Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og Seðlabanka Íslands.

12. gr.
Þagnarskylda.

Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur eftirskyldra aðila, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um lögmenn, endurskoðendur, tryggingarstærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé að starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má þó veita í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðilar séu ekki auðkenndir.

13. gr.
Samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Fjármálaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 12. gr., sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf er gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi.

Ákvæði 1. mgr. gilda um skipti á upplýsingum við stjórnvöld hér á landi eða erlendis sem fjalla um gjaldþrot og slit eftirlitsskyldra aðila, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun hjá þeim eða tryggingafræðilegar úttektir. Sama gildir um þá sem eftirlit hafa með þessum aðilum. Upplýsingaskipti eru einnig heimil við eftirlitsstjórnvöld á sviði félagaréttar.

Upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu skv. 12. gr. Fjármálaeftirlitinu er því aðeins heimilt að veita upplýsingar samkvæmt þessari grein að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

14. gr.

Samskipti við Seðlabanka Íslands.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins skal eiga reglulega samráðsfundi með fulltrúum Seðlabankans. Þar skal hann veita upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem nauðsynlegar eru starfsemi Seðlabankans.

Fjármálaeftirlitið skal veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýtast í starfsemi bankans. Komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila, sem eru í viðskiptum við Seðlabankann, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera bankastjórn Seðlabankans viðvart.

Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt þessum lögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabankans skulu gera sérstakan samstarfssamning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Skýrslugjöf.

Fjármálaeftirlitið skal ársfjórðungslega gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína.

16. gr.

Greiðsla eftirlitskostnaðar.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins.

Eftirlitsgjald skal greitt ársfjórðungslega fyrir fram. Fyrir 1. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið áætla kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár og skal álagning miðuð við þá áætlun. Miða skal við að eftirlitsskyldir aðilar greiði eftirlitsgjald í hlutfalli við þann tíma sem ætla má að fari í eftirlit með viðkomandi flokki þeirra. Stjórn stofnunarinnar skal senda viðskiptaráðherra áætlunina til samþykktar að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar.

Eftirlitsgjald skal ákvarðað þannig og skal að hámarki nema eftirfarandi hundraðshlutum:

1. Vegna starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða 0,021% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
2. Vegna starfsemi vátryggingafélaga 0,33% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0,04% af bókfærðum fengnum endurtryggingariðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. Heimilt er að leggja mishátt eftirlitsgjald á mismunandi vátryggingagreinar.
3. Vegna starfsemi félaga og einstaklinga sem stunda vátryggingamiðlun 0,053% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Vegna starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða 0,1015% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Vegna starfsemi kauphalla og annarra skipulegra tilboðsmarkaða 2% af rekstrartekjum.
6. Vegna starfsemi lífeyrissjóða 0,0098% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem fastagjald að fjárhæð 150.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris undir 1 milljarði króna, 300.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris frá 1–10 milljörðum kr., og 600.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. þessa töluliðar greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga í viðkomandi lífeyrissjóði.

7. Vegna starfsemi verðbréfamiðstöðva 2% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

Falli starfsemi hins eftirlitsskylda aðila að fleiri en einu sviði skv. 2. gr. skal áætla eftirlitsgjald í hlutfalli við starfsemi á hverju sviði fyrir sig.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitskostnað samkvæmt þessari grein.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi Fjármálaeftirlitsins skal hann ganga upp í eftirlitsgjald næsta árs í hlutfalli við álagt eftirlitsgjald skv. 3. mgr. Verði rekstrartap skal taka tillit til þess við álagningu eftirlitsgjalds á næsta ári.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar. Þar er heimilt að kveða á um að sértækt eftirlit eða viðamiklar kannanir sem stofnunin framkvæmir verði greiddar samkvæmt reikningi.

17. gr.

Kærunefnd.

Ákvörðunum Fjármálaeftirlits má skjóta til sérstakrar kærunefndar.

Kærunefndin er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír. Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og formann nefndarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

Kærandi skal greiða 120.000 kr. gjald vegna kæru um leið og kært er. Nefndinni er heimilt að ákveða endurgreiðslu kærugjalds. Að öðru leyti greiðist kostnaður við störf nefndarinnar úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

Úrskurðum kærunefndar verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar. Í slíkri reglugerð má jafnframt kveða nánar á um valdsvið kærunefndar, hvaða málefnum megi skjóta til hennar og kærufresti.

Um þagnarskyldu kærunefndar fer skv. 12. gr.

18. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi Fjármálaeftirlitsins í reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um ákvörðun og innheimtu dagsekta.

19. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Á sama tíma leggst starfsemi Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands niður.

Starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem eru í starfi við gildistöku laganna skulu eiga rétt á starfi hjá Fjármálaeftirlitinu.

Ráðherra skal gangast fyrir endurskoðun á ákvæðum 16. gr. fyrir 1. janúar árið 2002.

Fjármálaeftirlitið fer með þau verkefni sem Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eru falin samkvæmt öðrum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er samið með hliðsjón af niðurstöðum meiri hluta nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði með bréfi, dags. 14. maí 1996, um endurskoðun eftirlits með fjármálastofnunum. Í nefndinni áttu sæti Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari, formaður, Steingrímur Hermannsson, bankastjóri Seðlabankans, tilnefndur af Seðlabankanum, Sveinn Jónsson, aðstoðarbankastjóri Búnaðarbanka Íslands, tilnefndur af fjármálastofnunum sem heyra undir eftirlit bankaeftirlits, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga, tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga, og Kjartan Gunnarsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, sem fer með vátryggingamál í ráðuneytinu. Starfsmaður nefndarinnar var Páll Gunnar Pálsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneyti.

Nefndin tók til athugunar hvernig eftirliti með stofnunum og félögum sem starfa á fjármagnsmarkaði yrði best háttað í framtíðinni. Nefndin fjallaði sérstaklega um þrjú viðfangsefni. Í fyrsta lagi fjallaði nefndin um hvort til greina kæmi að sameina þá starfsemi sem fram fer í bankaeftirlitinu og Vátryggingaeftirlitinu. Í öðru lagi tók nefndin til skoðunar stöðu eftirlitsstofnunar eða eftirlitsstofnana innan stjórnsýslunnar. Í þriðja lagi var fjallað um hvernig standa beri undir kostnaði af eftirlitsstarfsemi á fjármagnsmarkaði. Nefndin skilaði skýrslu með bréfi, dags. 19. desember 1997. Í kjölfar þess var frumvarp þetta samið í ráðuneytinu.

Skýrsla nefndarinnar er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Meginniðurstöður nefndarinnar.

Helstu niðurstöður nefndarinnar eru þessar:

— Það er niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að virkast eftirlit með fjármagnsmarkaði náist með því að setja á stofn eitt almennt fjármálaeftirlit sem nái til allra greina markaðarins. Rökin sem nefndin færir fyrir sameiningu núverandi eftirlita byggjast einkum á þróun fjármagnsmarkaðar á Íslandi og í nálægum löndum síðari ár. Þannig hafi markalínur milli einstakra þátttakenda á fjármagnsmarkaði máðst út, markaðurinn bjóði upp á heildstæða þjónustu þar sem hefðbundnir flokkar fjármálaþjónustu blandist meira eða minna saman. Erfitt sé því orðið að skilgreina hvar eftirliti með einstökum þáttum starfsemi á fjármagnsmarkaði verði best fyrir komið miðað við núverandi uppbyggingu eftirlits. Sérstaklega er nefnt að viðskiptabankar og sparisjóðir hafi haslað sér völl á vátryggingamarkaði hér á landi. Einnig hafi vátryggingafélög látið til sín taka á sviði annarrar fjármálaþjónustu. Allt þetta leiði til þess að skynsamlegt sé að sameina núverandi eftirlitsstofnanir, bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið.

— Meiri hluti nefndarinnar telur að sameinuð eftirlitsstofnun skuli heyra stjórnskipulega undir ráðherra fjármagnsmarkaðar, viðskiptaráðherra. Er lagt til að stofnuninni stýri stjórn þriggja manna sem skipuð verði af ráðherra. Lögð er áhersla á að huga sérstaklega að starfstengslum stofnunarinnar við Seðlabanka Íslands. Nauðsynlegt sé að tryggja að Seðlabankinn geti í starfsemi sinni nýtt sér þær upplýsingar sem aflað er innan eftirlitsstofnunarinnar og öfugt. Því leggur nefndin til að Seðlabanki Íslands tilnefni einn mann í stjórn hinnar sameinuðu eftirlitsstofnunar.

— Nefndin telur rétt að gera aðilum sem heyra undir eftirlit hinnar sameinuðu eftirlitsstofnunar að standa undir kostnaði við það svipað og vátryggingafélögin gera nú, en eins og kunnugt er hefur Seðlabankinn greitt kostnað við bankaeftirlit án sérgreindrar gjaldtöku.

Hámark gjaldanna þurfi að ákveða í lögum og önnur atriði varðandi þau hliðstætt núgildandi lögum um vátryggingastarfsemi.

Fulltrúi Seðlabanka Íslands í nefndinni gerði sérstaka athugasemd við niðurstöður meiri hluta nefndarinnar. Þar kemur fram að hann geti ekki stutt þá niðurstöðu meiri hlutans að sameina beri bankaeftirlit og vátryggingaeftirlit í sjálfstæða stofnun undir viðskiptaráðuneytinu. Sjá nánar rök sem fram koma í skýrslu nefndarinnar.

Þróun fjármagnsmarkaðar og þörf á heildstæðu eftirliti.

Þjóðhagsleg nauðsyn áreiðanlegs fjármálakerfis er óumdeilanleg. Þess vegna er brýnt að á hverjum tíma sé fyrir hendi virkt og sveigjanlegt eftirlit með starfsemi á fjármagnsmarkaði. Slíkt eftirlit verður sífellt að laga að breyttum aðstæðum. Vegna hinnar öru þróunar á fjármagnsmarkaði verður reglulega að taka til skoðunar hvort það eftirlit sem til staðar er á hverjum tíma sé eins og best verður á kosið.

Á undanförnum árum hefur sífellt færst í aukana að boðin sé blönduð fjármálaþjónusta vátryggingafélaga og annarra fjármálastofnana. Í þessu felst að boðið er upp á samninga um líftryggingu o.fl. persónutryggingar ásamt því að hluti iðgjalda fer til sparnaðar. Íslensk vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar hafa á síðustu missirum boðið slíka fjármálaþjónustu.

Einnig hefur alþjóðleg þróun verið sú að svokallaðar fjármálasamstæður (financial conglomerates) myndast. Þannig hafa lánastofnanir, vátryggingafélög og verðbréfafyrirtæki verið tengd saman, annaðhvort sem dóttur- og móðurfyrirtæki eða í gegnum eignarhaldsfélög. Fjármálasamstæður eru nú algengar víða í Evrópu og eru þegar fyrir hendi hér á landi.

Nefna má nokkur atriði sem valdið geta erfiðleikum í fjármálasamstæðum og snerta eftirlit. Í fyrsta lagi eru viðmið og grundvöllur eiginfjárkrafna lánastofnana og vátryggingafélaga ólík. Á samstæðugrundvelli getur þetta valdið erfiðleikum. Nefna má í þessu sambandi sérstaklega tvöföldun tryggingaskuldbindinga og sérsjónarmið að því er varðar mat krafna og eigna. Til umræðu hafa verið mismunandi aðferðir við mat á samstæðum. Þetta gerir miklar kröfur til eftirlitsaðila. Þá hefur sú hætta mikið verið til umræðu á erlendum vettvangi að sama eigið fé samstæðu sé reikningslega notað oftar en einu sinni.

Í öðru lagi geta innbyrðis tengsl samstæðna leitt til þess að „smit" verði milli einstakra eininga, þannig að t.d. vátryggingafélag sem gengur illa getur haft neikvæð áhrif á lánastofnun í samstæðunni. Þetta varðar bæði bein fjárhagsleg áföll og umtal sem leitt getur til áfalla. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að eftirlitsaðili hafi góða yfirsýn yfir samstæðuna.

Í þriðja lagi má nefna að stjórnendur tiltekinna hluta af samstæðu geta haft veruleg bein og óbein áhrif á stjórnun annarra hluta samstæðunnar. Sá sem hefur eftirlit með síðarnefnda hlutanum hefur hins vegar ekki tök á því að meta hæfni stjórnenda fyrrnefnda hlutans.

Nýlega hefur Landsbanki Íslands tryggt sér kauprétt á helmingi hlutafjár í Vátryggingafélagi Íslands hf. og Líftryggingafélagi Íslands hf. Einnig má nefna kaup sparisjóðanna á Alþjóða líftryggingafélaginu hf., kaup Vátryggingafélags Íslands á Fjárfestingarfélaginu Skandía hf. og nú síðast kaup Búnaðarbanka Íslands hf. og Íslandsbanka hf. á hluta í líftryggingafélaginu Samlíf hf.

Einnig eru bankar og sparisjóðir eigendur eða sameigendur að verðbréfafyrirtækjum, eignarleigufyrirtækjum, greiðslukortafyrirtækjum og greiðslumiðlunum. Lífeyrissjóðir eru eigendur hlutafjár í viðskiptabanka og innlend vátryggingafélög láta að sér kveða á öðrum sviðum. Þessi þróun leiðir til þess að þörfin eykst á heildstæðu eftirliti. Hætta kann að stafa af óvissu um það undir hvaða stofnun eftirlit fellur.

Þessi dæmi sýna að flokkar fjármálastarfsemi, sem áður voru aðgreindir hér á landi, eru nú samþættir. Þetta á við þótt vátryggingastarfsemi og aðra fjármálastarfsemi verði að reka í aðgreindum einingum.

Flest bendir til þess að sameinað eftirlit verði öruggara og árangursríkara en eftirlit fleiri aðskildra stofnana, þótt úr ýmsum ókostum megi bæta með samvinnu eftirlitsstofnana og upplýsingaflæði milli þeirra. Líklegt er að þróun næstu ára muni þrýsta enn á og auka þörfina á samræmdu eftirliti á einni hendi.

Þegar litið er til nágrannalandanna kemur í ljós að öll þróun er í átt til sameiningar eftirlitsstofnana. Þannig starfa sameinaðar eftirlitsstofnanir í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Í Finnlandi er einnig rætt um sameiningu eftirlita. Þá eru í undirbúningi miklar breytingar á eftirliti á breskum fjármagnsmarkaði sem fela í sér heildstæðara eftirlit.

Þannig er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að komið verði á fót stofnun sem hafi með höndum þá eftirlitsstarfsemi sem bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitinu er nú falin.

Staða eftirlitsstofnunar innan stjórnsýslunnar. Tengsl við Seðlabanka.

Mjög er breytilegt eftir löndum hvort eftirliti með fjármálastarfsemi er skipað beint undir seðlabanka, hvort ráðuneyti eiga þar hlut að máli eða hvort eftirlitið er í höndum sérstakrar stofnunar. Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi er eftirlit með fjármálastofnunum utan seðlabanka þessara landa. Þó er gjarnan gert ráð fyrir tilteknum tengslum, svo sem setu fulltrúa seðlabanka í stjórn eftirlitsstofnunar. Í Finnlandi er eftirlit með fjármálastarfsemi, annarri en vátryggingastarfsemi, rekið í tengslum við seðlabankann, en með sjálfstæðri stjórn. Í Bretlandi hefur eftirlit með innlánsstofnunum verið í höndum seðlabankans, en eftirlit með annarri starfsemi á fjármagnsmarkaði í höndum ýmissa aðila. Nú standa yfir breytingar sem fela það í sér að færa bankaeftirlitið frá Seðlabanka Englands. Sjaldgæft er að seðlabankar hafi með höndum eftirlit með annarri starfsemi en starfsemi lánastofnana.

Hér á landi hefur staða bankaeftirlits í stjórnsýslunni áður verið til umfjöllunar, m.a. í tengslum við setningu núgildandi seðlabankalaga. Við undirbúning frumvarps að þeim lögum voru uppi hugmyndir um að gera bankaeftirlitið að sjálfstæðri stofnun sem þó starfaði innan Seðlabankans og á hans reikning. Sumir þingmenn vildu hins vegar stíga skrefið til fulls og lögðu því fram frumvarp til laga um sjálfstætt bankaeftirlit.

Almennt má segja að eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands hafi gefist vel. Eftir því sem umfang eftirlitsins hefur aukist og fleiri svið fjármagnsmarkaðarins hafa verið felld undir bankaeftirlitið má þó segja að þessi þáttur í starfsemi bankans hafi fjarlægst hið eiginlega hlutverk Seðlabankans. Rök eru fyrir því að eftirlit með innlánsstofnunum falli undir seðlabanka þar sem hann er lánveitandi til þrautavara. Önnur svið, svo sem verðbréfaviðskipti, lífeyrissjóðastarfsemi eða vátryggingastarfsemi, eru fjarlægari hlutverki bankans.

Mikilvægt er að eftirlitstofnun fái að starfa óháð öðrum hagsmunum en þeim sem í eftirlitinu felast. Þetta verður best tryggt með því að tryggja þessari starfsemi sjálfstæði. Því er í frumvarpi þessu lagt til að með eftirlitið fari sérstök stofnun, Fjármálaeftirlitið. Stofnuninni er ætlað mikið sjálfstæði til ákvarðana og er gert ráð fyrir að stofnunin hafi sérstaka stjórn. Einnig er gert ráð fyrir að ákvörðunum stofnunarinnar verði vísað til sérstakrar kærunefndar en ekki ráðherra. Gert er ráð fyrir að stofnunin falli stjórnskipulega undir viðskiptaráðherra, en honum er ekki ætlað vald til að hafa áhrif á ákvarðanir stofnunarinnar eða til að endurskoða þær.

Í frumvarpinu er lögð mikil áhersla á gott samstarf Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Mikilvægt er að Seðlabankinn fái áfram notið þeirrar upplýsingaöflunar og þekkingar

sem nú er til staðar í bankaeftirlitinu, og að ekki þurfi að koma til tvíverknaðar. Að sama skapi er brýnt að Fjármálaeftirlitið haldi góðum tengslum við Seðlabankann. Báðum stofnununum er þetta nauðsynlegt þannig að þær geti gegnt hlutverki sínu á sem árangursríkastan hátt. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir gagnkvæmri miðlun upplýsinga og samráði, þrátt fyrir þagnarskyldu sem á starfsmönnum hvílir.

Nauðsyn eftirlits og kostnaður við starfrækslu þess.

Rétt er að leggja áherslu á að frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir aukinni eftirlitsstarfsemi á fjármagnsmarkaði. Einungis er gert ráð fyrir að eftirlit það sem nú fer fram í bankaeftirliti og Vátryggingaeftirliti sé á einni hendi. Það eftirlit sem þessar stofnanir hafa með höndum er forsenda þess að hægt sé að fylgjast með heilbrigði fjármagnsmarkaðar og verjast áföllum. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru gerðar ríkar kröfur um slíkt eftirlit og hefur starfsemi núverandi eftirlitsstofnana verið aðlöguð að EES-samningnum.

Forsætisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Er þar gert ráð fyrir að meta þurfi þörf fyrir eftirlitsstarfsemi og gildi hennar í samanburði við kostnað þjóðfélagsins. Með hliðsjón af framangreindri nauðsyn eftirlitsins verður að telja að frumvarp það sem hér er til umfjöllunar sé í samræmi við þá stefnumörkun sem lögð er til í frumvarpi forsætisráðherra.

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði af eftirlitsstarfseminni. Rétt er þó að hafa í huga að nýlega voru samþykkt lög frá Alþingi sem kveða á um fullt eftirlit bankaeftirlits yfir lífeyrissjóðum. Kann það að auka umfang opinbers eftirlits á fjármagnsmarkaði.

Starfsemi bankaeftirlits og Vátryggingaeftirlits nú er fjármögnuð með ólíkum hætti. Þannig stendur Seðlabankinn straum af kostnaði bankaeftirlitsins og aflar með starfsemi sinni tekna til þess að standa undir þeim kostnaði. Hins vegar standa vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar undir kostnaði af eftirliti Vátryggingaeftirlitsins. Skv. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 60/1994 er kostnaði sem jafnað er árlega á vátryggingafélögin, jafnað á þau í hlutfalli við bókfærð iðgjöld samkvæmt ársreikningi viðkomandi reikningsárs. Gera má vátryggingafélagi að greiða allt að 0,33% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0,04% af bókfærðum fengnumendurtryggingariðgjöldum. Þá getur ráðherra heimilað að fengnum tillögum Vátryggingaeftirlitsins að álagður hundraðshluti af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum verði mishár eftir vátryggingagreinum, enda mæli sérstakar ástæður með slíku.

Í nágrannalöndunum er eftirlitsskyldum aðilum almennt gert að standa undir kostnaði af eftirlitinu.

Eðlilegt er að þeir aðilar sem nú falla undir eftirlit bankaeftirlits verði við þær breytingar sem frumvarpið felur í sér gert að greiða fyrir eftirlitið með svipuðum hætti og vátryggingafélög. Raunar verður að telja þá breytingu nauðsynlega þó nýju sameiginlegu Fjármálaeftirliti yrði ekki komið á fót. Flest mælir með því að eðlilegt sé að koma á jafnræði milli fyrirtækja á fjármagnsmarkaði að þessu leyti.

Meginefni frumvarpsins.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru þessi:

— Gert er ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Fjármálaeftirlitinu, sem annast skal þá starfsemi sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið hafa nú með höndum.

— Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstakri stjórn, en heyrir undir viðskiptaráðherra.

— Með yfirstjórn stofnunarinnar fer þriggja manna stjórn og með daglega stjórn fer forstjóri. Stjórnendum og starfsmönnum eru sett ströng hæfisskilyrði.
— Gert er ráð fyrir að stofnunin hafi áþekkar starfsheimildir og úrræði og núverandi eftirlitsstofnanir.
— Kveðið er á um náin samskipti Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, og samskipti Fjármálaeftirlitsins við önnur eftirlitsstjórnvöld.
— Öllum eftirlitsskyldum aðilum er ætlað að greiða kostnað af eftirlitinu.
— Gert er ráð fyrir sérstakri kærunefnd, en þangað má skjóta ákvörðunum stofnunarinnar.
— Þá er gert ráð fyrir breytingum á seðlabankalögum og lögum um vátryggingastarfsemi sem leiða af stofnun Fjármálaeftirlitsins. Ekki er gert ráð fyrir efnislegum breytingum á öðrum sérlögum. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Í því frumvarpi er kveðið á um þær breytingar á seðlabankalögunum sem leiðir af þessu frumvarpi. Þá er einnig lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á fjármagnsmarkaði vegna stofnunar Fjármálaeftirlits, þar sem lagðar eru til breytingar á hugtökum í tengslum við gildistöku þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laga þessara er hið sama og núgildandi ákvæða um starfsemi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlits. Í III. kafla frumvarpsins er nánar kveðið á um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, þ.e. hverjar starfsheimildir stofnunarinnar eru og hvernig henni beri að haga starfsemi sinni. Í 1. mgr. felst að lögunum er ætlað að stuðla að öruggum og áfallalausum viðskiptum á fjármagnsmarkaði og er Fjármálaeftirlitið tæki til að ná því markmiði.

Nauðsynlegt þykir til hægðarauka að skilgreina tvö grundvallarhugtök í lögunum, fjármálastarfsemi og eftirlitsskylda aðila. Skilgreining beggja þessara hugtaka styðst við efnisinntak 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið laganna, þ.e. til hvaða starfsemi frumvarpinu er ætlað að taka. Er farin sú leið að skilgreina eftirlitið nákvæmlega með hliðsjón af gildandi löggjöf. Þannig er ekki gerð tilraun til þess að láta eftirlitið ná til fleiri þátta fjármagnsmarkaðar en núgildandi lög kveða á um. Hér er því byggt á því að gilda þurfi lög og reglur um viðkomandi fjármálastarfsemi til þess að opinbert eftirlit þjóni tilgangi sínum. Hlutverk eftirlitsstofnunar er fyrst og fremst að fylgjast með því að starfsemi sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Ef engar reglur eru í gildi um tiltekna starfsemi og öll viðmið skortir verður eftirlit með henni ómarkvisst.

Ekki er því farin sú leið að kveða á um að Fjármálaeftirlitið skuli hafi eftirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum, en tillögur þess efnis hafa áður verið lagðar fyrir Alþingi. Sú tilhögun hefði þann kost að eftirlit með fjármagnsmarkaði væri víðtækara. Hins vegar væri mikilvægum spurningum um eftirlitið ósvarað. T.d. væri látið liggja milli hluta í hverju eftirlitið skuli felast. Í þeim tilvikum sem starfsemi fellur að öllu eða verulegu leyti utan löggjafar skortir eftirlitið viðmið og ábyrgð eftirlitsstofnunar er óljós. Sömuleiðis væri umfang eftirlits óljóst, sbr. stefnumörkun í fyrrgreindu frumvarpi til laga um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Ekki er mælt með þessari leið hér heldur lagt til að þörfin á eftirliti og efnisákvæðum sé vegin og metin í hvert sinn sem ný starfsemi kemur fram.

Sem dæmi um starfsemi á fjármagnsmarkaði sem ekki fellur undir opinbert eftirlit á fjármagnsmarkaði eru innlánsdeildir samvinnufélaga, en þær féllu utan eftirlits með lögum nr. 84/1993, um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, svo og starfsemi Póstgírós. Greiðslukortastarfsemi fellur einungis undir eftirlit Samkeppnisstofnunar, sbr. VIII. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993. Einnig er útgáfa rafeyris ekki háð opinberu eftirliti. Þá tekur eftirlitið ekki til fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu annarra en verðbréfasjóða. Ráðuneytið hefur nú til athugunar hvernig haga skuli löggjöf um þessa þætti og má vænta þess að á næstu missirum verði lögð fyrir Alþingi frumvörp sem kveði á um þessa starfsemi og opinbert eftirlit með henni.

Í 1. mgr. eru talin upp nokkur svið fjármagnsmarkaðarins sem lúta munu eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Óheimilt er að starfa á þessum sviðum án starfsleyfis. Ákvæði 2. mgr. taka hins vegar til starfsemi sérstakra stofnana og lögaðila eða sértæks eftirlits sem fellur utan þeirra almennu sviða sem talin eru í 1. mgr. Hér falla undir Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um innheimtu, en samkvæmt því er gert ráð fyrir eftirliti bankaeftirlitsins. Ekki þykir ástæða til að telja þessar stofnanir og starfsemi upp í lögunum, enda má gera ráð fyrir að fleira bætist við í framtíðinni. Þá tekur ákvæðið t.d. einnig til hliðarstarfsemi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Einnig er ljóst að lögin taka til starfsemi sem falin er verktökum, sbr. t.d. 37. gr. laga nr. 60/1994, enda fer sú starfsemi fram í skjóli starfsleyfis hins eftirlitsskylda aðila.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig haga skuli eftirliti yfir landamæri og er í því efni vísað til ákvæða alþjóðasamninga. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið felur í sér reglur um þetta.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að stofnunin sjálf meti hvort henni beri eftirlit þegar vafi leikur á því hvort starfsemin falli undir eftirlitið.

Um 3. gr.

Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Þó Fjármálaeftirlitið falli undir viðskiptaráðherra er honum ekki ætlað að hafa efnisleg eða fagleg afskipti af starfsemi stofnunarinnar. Því er nauðsynlegt að sérstök stjórn fari með yfirstjórn stofnunarinnar og hafi eftirlit með starfseminni. Þannig er stjórninni ætlað að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða eftirlit og aðgerðir gagnvart eftirlitsskyldum aðilum. Í því ljósi má líta á stjórnina sem ákveðinn öryggisventil gagnvart fjármagnsmarkaðnum, sem meðal annars tryggi að meðalhófs sé gætt í öllum aðgerðum. Ekki er gert ráð fyrir að eftirlitsskyldir aðilar eigi fulltrúa í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Stjórninni er ætlað mikið vald við ákvarðanatöku og væri óeðlilegt ef fulltrúar eftirlitsskyldra aðila væru settir í þá stöðu að þurfa að taka afstöðu til slíkra aðgerða.

Seðlabanka Íslands er hins vegar ætlað að tilnefna fulltrúa í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Lögð er áhersla á það í frumvarpinu að góð tengsl séu á milli Seðlabankans og eftirlitsstofnunarinnar, en þetta er nauðsynlegt til þess að báðir aðilar sinni hlutverki sínu á sem árangursríkastan hátt. Nánar er að því vikið í skýringum við 14. gr.

Stjórninni er ætlað að móta samskipti sín við forstjóra og starfsmenn og mun hún skilgreina nánar hvað átt er við með meiri háttar ákvörðunum í 2. mgr., sbr. og ákvæði III. kafla. Meðal ákvarðana sem teljast verða meiri háttar eru ákvarðanir sem getið er í 11. gr., staðfesting opinberra reglna sem Fjármálaeftirlitinu er falið að setja o.fl. Ráðherra getur kveðið nánar á um þetta í reglugerð ef þess er talin þörf.

Um 5. gr.

Forstjóri stofnunarinnar stýrir henni undir yfirumsjón stjórnar. Til að undirstrika faglegt sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart viðskiptaráðherra þykir rétt að forstjóri sé ráðinn af stjórninni og beri ábyrgð gagnvart henni. Með hliðsjón af þessu er litið svo á að forstjóri sé ekki embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með hliðsjón af því að stofnunin starfar að eftirliti á fjármagnsmarkaði þykir rétt að kveða á um að heimilt sé að ákveða að starfsmenn eftirlitsins njóti kjara samkvæmt kjarasamningum bankamanna. Þá er rétt að benda á að starfsmenn bankaeftirlitsins taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna, en gera má ráð fyrir að ríflega helmingur starfsmanna hinnar nýju stofnunar komi þaðan.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hæfi stjórnarmanna, forstjóra og annarra starfsmanna. Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hæfniskröfur sem gera skuli til stjórnenda. Til stjórnarsetu eru sett skilyrði um þekkingu. Þá er lögð áhersla á að við skipan stjórnarinnar sé þess gætt að samanlögð þekking og starfsreynsla stjórnarmanna sé sem víðtækust. Strangari kröfur eru gerðar til forstjóra þar sem kveðið er á um háskólamenntun og víðtæka þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um almennt hæfi stjórnenda og starfsmanna til starfa. Nauðsynlegt er að ferill stjórnenda sé með þeim hætti að hægt sé að bera til þeirra traust og að þeir geti metið mismunandi tilvik á hlutlægum forsendum. Þá er nauðsynlegt að þeir sem starfa við eftirlitið og taka ákvarðanir séu ekki í nánum starfs- eða eignatengslum við hina eftirlitsskyldu aðila.

Í 5. mgr. er kveðið á um sérstakt hæfi, þ.e. hvenær stjórnendum og starfsmönnum er óheimilt að taka þátt í meðferð máls. Ekki verður hjá því komist að stjórnendur og starfsmenn geti á einhvern hátt átt hagsmuna að gæta af afgreiðslu tiltekinna mála.

Nauðsynlegt er að skýrar reglur gildi um viðskipti stjórnar, forstjóra og starfsmanna við eftirlitsskylda aðila. Slíkar reglur eru þekktar í nágrannalöndunum og nauðsynlegar til að tryggja trúverðugleika starfseminnar.

Um 7. gr.

Eðlilegt þykir að hinir eftirlitsskyldu aðilar eigi formlegan vettvang til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs stofnunarinnar. Því er kveðið á um að fulltrúar eftirlitsskyldra aðila skipi sérstaka ráðgjafarnefnd í þessu skyni. Í 16. gr. er gert ráð fyrir að nefndin gefi umsögn sína um kostnaðaráætlun stofnunarinnar og geti þannig komið sjónarmiðum sínum að. Rétt er að leggja áherslu á að þessari nefnd er ekki ætlað neitt ákvörðunarvald í málefnum stofnunarinnar.

Ekki er kveðið á um hvernig nefndin skuli skipuð en gengið út frá því að fulltrúar allra samtaka eftirlitsskyldra aðila eigi fulltrúa í nefndinni. Þar sem slík samtök eru breytingum háð er gert ráð fyrir að kveðið verði nánar á um skipan nefndarinnar í reglugerð.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um starfsemi, starfsheimildir og úrræði Fjármálaeftirlitsins. Ákvæðin eru sambærileg ákvæðum núgildandi IV. kafla seðlabankalaga og 53. – 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

Um 8. gr.

Hér er að finna meginákvæði um starfssvið Fjármálaeftirlitsins. Eftirlit þess beinist að tvennu. Annars vegar að því hvort fylgt sé þeim reglum sem um starfsemina gilda. Hins vegar að því hvort starfsemin sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Meginhersla í starfseminni hlýtur jafnan að lúta að því hvort starfsemin uppfylli þau hlutlægu skilyrði sem sett eru. Engu að síður er nauðsynlegt að eftirlitsstofnunin hafi svigrúm til að leggja ákveðið huglægt mat á hvort starfsemin sé heilbrigð og eðlileg þótt ákvæði laga og reglna hafi ekki verið brotin. Ljóst er þó að slíku mati verður ávallt að beita af mikilli varfærni.

Í sérlögum er kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlits vegna hinnar tilteknu starfsemi. Þannig er t.d. kveðið á um afturköllun starfsleyfa í ýmsum lögum á fjármagnsmarkaði. Slíkar heimildir gilda að sjálfsögðu jafnhliða.

Um 9. gr.

Í þessari grein er kveðið á um víðtækar heimildir Fjármálaeftirlitsins til aðgangs að upplýsingum og upplýsingagjöf. Þagnarskylduákvæði laga á fjármagnsmarkaði girða ekki fyrir veitingu þessara upplýsinga enda gildir sami trúnaður um meðferð Fjármálaeftirlitsins á upplýsingunum.

Um 10. gr.

Þegar í ljós kemur að einhverju er ábótavant í starfsemi eftirlitsskyldra aðila gerir Fjármálaeftirlitið athugasemdir. Þegar gerðar eru meiri háttar athugasemdir við starfsemi eftirlitsskyldra aðila er gert ráð fyrir að þær þurfi að bera undir stjórn til samþykktar eða synjunar, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Sama á við þegar mál er komið á það stig að nauðsynlegt er að boða fund í stjórn aðilans.

Um 11. gr.

Þegar athugasemdum og kröfum um úrbætur er ekki sinnt er ekki gert ráð fyrir öðrum fullnustuúrræðum en þeim sem fram koma í 1. mgr., þ.e. að heimilt sé að ákveða dagsektir. Ákvæði þetta byggist á sama grunni og sambærilegt ákvæði 41. gr. seðlabankalaga.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlit geti skipað fulltrúa sinn sem sérstakan eftirlitsmann hjá viðkomandi aðila með víðtækum íhlutunarrétti. Þessi heimild er í senn ígildi fullustuúrræðis og úrræði sem grípa má til þegar nauðsynlegt er að takmarka yfirvofandi tjón.

Í 3. mgr. er tekinn af allur vafi um að Fjármálaeftirlitinu beri að tilkynna ríkislögreglustjóra þegar það telur að refsivert brot hafi verið framið. Ekki má leika neinn vafi á samspili þessara tveggja aðila.

Þessu til viðbótar má nefna að Fjármálaeftirlitið gæti við tilteknar aðstæður lagt til við viðskiptaráðherra að afturkalla starfsleyfi stofnana á grundvelli sérlaga sem um þær gilda. Má sem dæmi um þetta nefna ákvæði XIII. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Þegar gripið er til aðgerða samkvæmt þessari grein eru mál komin á það alvarlegt stig að nauðsynlegt er að tilkynna viðskiptaráðherra um þær. Einnig ber að tilkynna þeim ráðherra sem fer með málefni viðkomandi aðila, t.d. fjármálaráðherra að því er varðar málefni lífeyrissjóða og samgönguráðherra að því er varðar Ferðamálasjóð. Sömuleiðis ber að tilkynna stjórn aðilans.

Um 12. gr.

Í þessari grein er að finna almennt þagnarskylduákvæði sem lýtur að stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna á vegum Fjármálaeftirlitsins. Ákvæðið tekur mið af gildandi þagnarskylduákvæðum og er m.a. sniðið að reglum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 13. gr.

Vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins sem lúta að opinberu eftirliti á fjármagnsmarkaði eru gerðar þær kröfur til lögbærra eftirlitsstofnana á svæðinu að þær miðli upplýsingum sín á milli um eftirlitsskylda aðila sem bjóða þjónustu í fleiri en einu ríki. Með þessu er reynt að tryggja öruggt eftirlit í samræmi við reglur um heimaríkiseftirlit sem gilda á svæðinu. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja samráð og veitingu upplýsinga, enda séu hinar lögbæru eftirlitsstofnanir háðar sambærilegri þagnarskyldu.

Um 14. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er lögð áhersla á góð samskipti Seðlabanka og Fjármálaeftirlits og gagnkvæma veitingu nauðsynlegra upplýsinga. Í þessari grein er kveðið á um hvernig haga skuli þessu samstarfi, m.a. að þessir aðilar skuli gera með sér samstarfssamning. Slíkt samstarf á sér fyrirmyndir í nágrannalöndunum, m.a. Noregi. Í 19. gr. er lagt til að sambærilegu ákvæði verði bætt við þagnarskylduákvæði 38. gr. seðlabankalaga. Um skýringu á þessu ákvæði vísast að öðru leyti til almennra athugasemda.

Samkvæmt frumvarpi til breytinga á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir sambærilegri upplýsingaskyldu og samráði af Seðlabankans hálfu. Þar er jafnframt gert ráð fyrir sjálfstæðri heimild Seðlabankans til öflunar upplýsinga. Samstarfssamningur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans samkvæmt þessari grein skal taka tillit til þessarar upplýsingaöflunar þannig að tryggt verði að eftirlitsskyldum aðilum sé ekki gert að skila hliðstæðum upplýsingum bæði til Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

Um 15. gr.

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri samráðsnefnd Fjármálaeftirlits og viðskiptaráðuneytisins, eins og nú starfar á grundvelli seðlabankalaga. Þess í stað er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra sé reglulega gerð grein fyrir starfseminni. Brýnt er að viðskiptaráðherra hafi yfirsýn yfir ástand fjármagnsmarkaðarins.

Um 16. gr.

Seðlabanki Íslands hefur staðið undir kostnaði við starfsemi bankaeftirlits. Þeir sem stunda vátryggingastarfsemi hafa staðið undir kostnaði við starfsemi Vátryggingaeftirlitsins með greiðslu sérstaks eftirlitsgjalds.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðstöðumunur þessi verði leiðréttur þannig að allir eftirlitsskyldir aðilar standi undir þeim kostnaði sem eftirlit hefur í för með sér. Til þess að áætla þann kostnað sem fellur á eftirlitsskylda aðila hefur verið haft samráð við forstöðumenn Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits. Á grundvelli upplýsinga frá þeim um áætlaðan kostnað og áætlaða eftirlitsþörf vegna hinna einstöku greina fjármagnsmarkaðarins gerir frumvarpið ráð fyrir að árlegur kostnaður við rekstur Fjármálaeftirlitsins geti numið allt að 200 millj. kr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar leggi rekstraráætlun fyrir ráðherra til samþykktar og að eftirlitsgjald á hinar einstöku greinar verði lagt á í samræmi við þá áætlun.

Ráðgjafarnefnd fulltrúa fjármálamarkaðarins hefur umsagnarrétt um áætlunina. Hafa verður borð fyrir báru í þeirri áætlun til þess að viss sveigjanleiki sé mögulegur varðandi mismunandi áherslur í eftirlitsstarfinu á milli ára. Hér kemur einnig til að gera má ráð fyrir að einhver byrjunarkostnaður kunni að falla á stofnunina, m.a. vegna hönnunar tölvukerfa og breytinga á húsnæði.

Vegna mismunandi stærða eftirlitsskyldra aðila, sem endurspeglar ekki í öllum tilvikum umfang eftirlits með hverjum þeirra, er lagt til að greiðsla hvers aðila sé ekki undir tilteknu lágmarki.

Ljóst er að gjaldtaka af þessu tagi þarf að byggjast á ákveðinni reynslu. Þar sem hún er ekki fyllilega fyrir hendi nú er í 20. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir endurskoðun þessa ákvæðis innan þriggja ára frá gildistöku laganna.

Um 17. gr.

Til að tryggja faglegt sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins gagnvart viðskiptaráðherra er lagt til að sett verði á stofn sérstök kærunefnd sem taki við og úrskurði í kærum vegna ákvarðana stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að skjóta megi ákvörðunum stofnunarinnar til æðra stjórnvalds, en slík kæruheimild er ekki talin vera fyrir hendi vegna ákvarðana bankaeftirlitsins. Í áliti sínu frá 2. október 1996 í svokölluðu Softísmáli lét umboðsmaður Alþingis í ljós þá skoðun að eðlilegt sé að tryggja kærusamband milli bankaeftirlits og viðskiptaráðuneytis, bæði á vettvangi hins eiginlega bankaeftirlits og annarra verkefna sem bankaeftirlitinu eru falin lögum samkvæmt. Hér er höfð hliðsjón af þessu áliti. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Fjármálaeftirlitinu er ætlað að taka til starfa um næstu áramót. Í þessari grein er kveðið á um hvernig breytingunum skuli háttað.

Fylgiskjal I.

Skýrsla
nefndar um endurskoðun á opinberu eftirliti með fjármálastofnunum.
(Janúar 1998.)

Inngangur

Skipun nefndarinnar

Með bréfi, dags. 14. maí 1996, skipaði viðskiptaráðherra nefnd um endurskoðun eftirlits með fjármálastofnunum. Nefndinni var ætlað að taka til athugunar hvernig eftirliti með stofnunum og félögum sem starfa á fjármagnsmarkaði yrði best háttað í framtíðinni, bæði með fagleg sjónarmið og hagkvæmni í huga.

Í nefndinni áttu sæti:

- Guðmundur Skaftason, fyrrv. hæstaréttardómari, formaður,
- Steingrímur Hermannson, bankastjóri Seðlabankans, tilnefndur af Seðlabankanum,
- Sveinn Jónsson, aðstoðarbankastjóri Búnaðarbanka Íslands, tilnefndur af fjármálastofnunum sem heyra undir eftirlit bankaeftirlits,
- Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga, tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga, og
- Kjartan Gunnarsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, sem fer með vátryggingamál í ráðuneytinu.

Starfsmaður nefndarinnar var Páll Gunnar Pálsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneyti. Þá hafa Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, og Erlendur Lárusson, forstöðumaður Vátryggingaeftirlits, aðstoðað nefndina.

Tilgangur með skipun nefndarinnar

Í skipunarbréfi segir að markmið þeirrar endurskoðunar sem nefndinni er falin sé að eftirlitsstarfsemi á fjármagnsmarkaði fullnægi á sem árangursríkastan hátt þeim kröfum sem gerðar eru til hennar, m.a. með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í ræðu sinni á ársfundi Seðlabanka Íslands 28. mars sl. sagði viðskiptaráðherra meðal annars: „*Nefndinni er ætlað að taka til skoðunar með heildstæðum hætti hvernig eftirliti með fjármálastofnunum verði best háttað í framtíðinni, hvernig hagsmunir viðskiptavinanna verði best tryggðir og hvernig traust og trúverðugleiki gagnvart innlendum og erlendum aðilum verði best tryggður.*“

Í skýrslu Seðlabanka Íslands til viðskiptaráðherra um starfsemi bankaeftirlitsins frá því í febrúar 1996 segir í lokaorðum: „*Við samningu löggjafar um starfsemi hinna ýmsu fjármálastofnana hefur þess verið gætt, eftir því sem kostur er, að tryggja bankaeftirlitinu þá stöðu að það geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Hafa skyldur þess að sama skapi aukist verulega. Þessum breytingum hefur hins vegar ekki verið fylgt eftir með endurskoðun laganna um Seðlabanka Íslands að því er bankaeftirlitið varðar. Er orðið brýnt að taka þau ákvæði til endurskoðunar í ljósi þeirra aðstæðna.*“

Meðal annars með hliðsjón af þessum ummælum Seðlabankans mun ráðherra hafa ákveðið að láta fara fram víðtæka athugun á tilhögun opinbers eftirlits með fjármálastofnunum og þeim kostum sem til greina koma.

Nánar um starfssvið nefndarinnar

Ljóst er að starfsumboð nefndarinnar er mjög víðtækt samkvæmt skipunarbréfi. Þar eru þó nefnd sérstaklega þrjú viðfangsefni. Í fyrsta lagi hvort til greina komi að sameina þá starfsemi sem fram fer í bankaeftirlitinu og Vátryggingaeftirlitinu, í öðru lagi hvernig standa beri undir kostnaði af þeirri starfsemi og í þriðja lagi verði að taka til skoðunar stjórnsýslulega eftirlitsstofnunar eða eftirlitsstofnana í stjórnsýslunni. Í ljósi þess hve viðfangsefnið er umfangsmikið mun umfjöllun nefndarinnar fyrst og fremst beinast að þeim atriðum sem nefnd eru í skipunarbréfinu.

Í skipunarbréfinu kemur fram að nefndinni er ekki ætlað að einskorða umfjöllun sína við það eftirlit sem nú fer fram í þessum stofnunum, heldur hún í umfjöllun sinni og ályktunum að taka mið af því að lífeyrissjóðir og fleiri stofnanir eða félög á fjármagnsmarkaði kunni í framtíðinni að falla undir opinbert eftirlit. Hefur nefndin litið svo á að henni beri að fjalla sérstaklega um til hvaða fjármálastofnana og fyrirtækja opinbert eftirlit á fjármagnsmarkaði skuli taka og hvers eðlis eftirlit með viðkomandi fjármálastofnun skuli vera. Umfjöllun um það er alger forsenda þess að unnt sé að fjalla um þau þrjú viðfangsefni sem áður voru nefnd.

Þá hefur nefndin fjallað um starfsemi eftirlitsstofnunar yfirleitt, heimildir og úrræði. Þannig hefur verið hugað almennt að eftirlitskerfi fjármálastofnunar og starfsháttum eftirlitsstofnunar.

Öll viðfangsefni nefndarinnar sem hér hefur verið minnst á varða grundvöll opinbers eftirlits með fjármálastofnunum, traust þess og trúverðugleika.

Nefndin hefur í störfum sínum haft hliðsjón af því hvernig háttað er eftirliti með fjármálastofnunum erlendis, einkum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin hefur ekki talið það hlutverk sitt að klæða hugmyndir sínar og niðurstöður í frumvarpsbúning, eða huga nákvæmlega að útfærslu einstakra atriða, enda má ráða af skipunarbréfi nefndarinnar að henni sé fyrst og fremst ætlað að auðvelda ráðherra ákvörðun um stefnumörkun og samningu löggjafar í kjölfar hennar.

1. Niðurstöður

1.0 Inngangur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum nefndarinnar.

Nefndin hefur náð samstöðu um flest efnisatriði. Ekki hefur þó náðst samstaða um hvort sameina beri í eina stofnun eftirlit með fyrirtækjum á fjármagnsmarkaði og hver staða eftirlitsstofnunar skuli vera í stjórnsýslunni. Fjórir af fimm nefndarmönnum eru þó sammála um þessi atriði og eru niðurstöður þeirra raktar hér á eftir. Fulltrúi Seðlabanka Íslands í nefndinni er ekki sammála öðrum nefndarmönnum um þetta og gerir hann grein fyrir afstöðu sinni í kafla 1.2.

Samstaða er um það í nefndinni að einstakir nefndarmenn geri ekki nánari grein fyrir afstöðu sinni í skýrslunni. Áskilja þeir sér rétt til að skila til ráðherra nánari skýringum á hugmyndum sínum og áherslum.

1.1 Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður nefndarinnar eru þessar:

1. Starfsemi sem hafa ber eftirlit með.

Það er mat nefndarinnar að forsenda markviss eftirlits sé að hin eftirlitsskylda starfsemi sé byggð á ákvæðum í lögum og reglum settum samkvæmt þeim. Meta þurfi hverju sinni hvort tiltekin starfsemi krefjist löggjafar og lögbundins eftirlits. Í kafla 2 er fjallað um helstu þætti fjármálastarfsemi, sem nú er þekkt, og dregnar ályktanir um eftirlit með henni. Þannig leggur nefndin til að komið verði á víðtækara eftirliti með starfsemi greiðslukortafyrirtækja og lífeyrissjóða en nú er. Einnig er lagt til að komið verði á eftirliti með fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, öðrum en verðbréfasjóðum og lögð áhersla á að tryggt verði að eftirlit með blandaðri fjármálaþjónustu og fjármálasamstæðum verði með heildstæðum hætti.

2. Sameining bankaeftirlits og Vátryggingaeftirlits.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar er eitt viðfangsefna hennar að taka afstöðu til þess hvort sameina skuli þá starfsemi sem fram fer í bankaeftirlitinu og Vátryggingaeftirlitinu. Í því felst hvort fjármálaeftirlitið í landinu skuli vera á einni hendi eða á vettvangi fleiri stofnana. Í 4. kafla eru rakin almenn sjónarmið varðandi þetta. Meginrökin gegn slíkri sameiningu eru að vátryggingastarfsemi og önnur starfsemi á fjármagnsmarkaði sé í raun eðlisólík. Einnig séu í löggjöf reistar skorður við því að vátryggingastarfsemi og annarri fjármálastarfsemi sé blandað saman þar sem gerð er krafa um að þessi tvenns konar starfsemi sé rekin í aðskildum félögum. Því sé ekki tilefni til að sameina eftirlitsstofnanirnar.

Rökin fyrir sameiningu byggjast einkum á þróun fjármagnsmarkaðar á Íslandi og í nálægum löndum hin síðari ár. Markalínur milli einstakra þátttakenda á fjármagnsmarkaði eru að mást út, markaðurinn býður upp á heildstæða þjónustu þar sem hefðbundnir flokkar fjármálaþjónustu blandast meira eða minna saman. Fjármálasamsteypur sem bjóða víðtæka þjónustu ryðja sér æ meira til rúms. Erfitt er því orðið að skilgreina hvar eftirliti með einstökum þáttum starfsemi á fjármagnsmarkaði verði best fyrir komið miðað við núverandi uppbyggingu eftirlits.

Á síðustu mánuðum hafa viðskiptabankar og sparisjóðir haslað sér völl á vátryggingamarkaði hér á landi. Einnig hafa vátryggingafélög látið til sín taka á sviði annarrar fjármálaþjónustu. Þótt lögum samkvæmt beri að reka vátryggingastarfsemi og aðra fjármálastarfsemi í aðskildum félögum muni þessi starfsemi fléttast verulega saman í flestum tilvikum.

Er því niðurstaða meiri hluta nefndarinnar sú að virkt eftirlit náist með því að setja á stofn eitt almennt fjármálaeftirlit er nái til allra greinanna.[1]

3. Staða eftirlitsstofnunar í stjórnsýslunni og stjórn hennar.[2]

Í 5. kafla skýrslunnar er fjallað um stöðu sameinaðrar eftirlitsstofnunar í stjórnsýslunni. Meiri hluti nefndarinnar telur að stofnunina beri stjórnskipulega undir ráðherra fjármagnsmarkaðar, viðskiptaráðherra. Stofnuninni stýri stjórn þriggja manna sem skipuð verði af honum.

Með sameiningu í einni sjálfstæðri stofnun mun Seðlabanki Íslands ekki hafa sjálfkrafa og beinan aðgang að upplýsingum um afkomu fjármálastofnana sem hann hefur haft og þarf að hafa. Því þarf að huga sérstaklega að starfstengslum slíkrar stofnunar við Seðlabanka Íslands. Nauðsynlegt er að tryggja að Seðlabankinn geti í starfsemi sinni nýtt sér þær upplýsingar sem aflað er innan eftirlitsstofnunarinnar og að Seðlabankinn og hún geti nýtt sér með gagnkvæmum hætti þá starfsreynslu og þekkingu sem jafnan verður til innan stofnananna. Því er lagt til að Seðlabanki Íslands tilnefni einn mann í stjórn eftirlitsstofnunar.

Nefndin telur að gæta þurfi sérstaklega að hæfisskilyrðum stjórnarmanna og annarra starfsmanna. Þeir verða að vera óháðir þeim sem hagsmuna eiga að gæta og starfa á embættisgrundvelli.

4. Starfsemi eftirlitsstofnunar, heimildir og úrræði.

Í 3. kafla er fjallað um starfsemi eftirlitsstofnunar, heimildir og úrræði. Nefndin telur að leggja beri áherslu á að tryggja að fjármálastofnanirnar sjálfar hafi yfir að ráða góðu eftirlitskerfi jafnframt því að skapa hinu opinbera eftirliti skilyrði til þess að fylgjast með því. Þá leiðir þróun síðustu ára í starfsemi og löggjöf fjármálastofnana til þess að eftirlit hins opinbera eftirlitsaðila verður í ríkara mæli rammaeftirlit, almennt en ekki sértækt. Nefndin leggur þó áherslu á að standa verði vörð um svigrúm eftirlitsstofnunar til þess að hafa mismunandi áherslur í eftirliti með einstökum flokkum fjármálastofnana og til þess að standa undir þeirri ábyrgð sem henni er falin á hverjum tíma. Þá leggur nefndin áherslu á að heimildir eftirlitsstofnunar til rannsóknar og til þess að knýja á um að farið sé að fyrirmælum hennar verði skýrðar og samræmdar, sbr. kafla 3.2.2. og 3.2.3.

---

[1] Fulltrúi fjármálafyrirtækja sem heyra undir bankaeftirlitið, tekur fram að afstöðu hans í nefndinni beri ekki að skilja á þann veg að öll fjármálafyrirtækin styðji þá tillögu að bankaeftirlitið verði fært frá Seðlabankanum til sameinaðrar eftirlitsstofnunar.

[2] Niðurstöður í þessum kafla eru við það miðaðar að um sameiningu eftirlitsstofnana verði að ræða, sbr. niðurstöðu hér að framan. Fjallað er um aðra valkosti í 5. kafla, einkum kafla 5.3.

5. Þagnarskylda.

Nefndin bendir á að endurskoða þurfi ákvæði um þagnarskyldu í því skyni að tryggja samvinnu um samnýtingu þekkingar og miðlun upplýsinga milli þeirra stofnana sem hér skipta máli. Hafa má til hliðsjónar dönsk og norsk ákvæði um þagnarskyldu í þessu sambandi.

6. Kæruréttur.

Nefndin leggur áherslu á að tryggður verði réttur fjármálastofnunar til að kæra ákvarðanir eftirlitsstofnunar til viðskiptaráðuneytis og vísar þar um m.a. til álits umboðsmanns Alþingis þar að lútandi, sbr. kafla 3.2.4.

7. Kostnaður við eftirlitsstofnunina.

Nefndin telur rétt að gera aðilum sem undir eftirlit heyra að standa undir kostnaði við það með svipuðum hætti og vátryggingafélögin gera nú. Seðlabankinn hefur hingað til greitt kostnað vegna bankaeftirlits, en ef hann verður ekki rekstraraðili eru engin efni til að leggja þann kostnað á hann. Hámark gjaldanna þarf að ákveða í lögum og önnur atriði varðandi þau hliðstætt því sem nú á sér stað í lögunum um vátryggingastarfsemi.

Meiri hluti nefndarinnar telur margt mæla með því að þessi háttur verði einnig hafður á þótt bankaeftirlitið verði áfram rekið með lítið breyttu sniði.

Gerð er nánari grein fyrir þessu í kafla 6.

8. Annað.

Samstaða er um það í nefndinni að frumforsenda skilvirks eftirlits með fjármálastarfsemi sé að stjórnsýsla eftirlitsstofnunar sé skýr, ábyrgð ljós og að stofnunin geti tekið ákvarðanir á faglegum grunni án íhlutunar. Þetta eru að mati nefndarinnar þau meginatriði sem hafa verður í huga hvernig sem stjórnsýslulegri stöðu eftirlitsstofnunar verður hagað að öðru leyti.

1.2 Athugasemd fulltrúa Seðlabanka Íslands

Eins og fram kemur í skýrslu nefndar um endurskoðun eftirlits með fjármálastofnunum, get ég ekki stutt þá niðurstöðu meiri hlutans, að sameina beri bankaeftirlit og vátryggingaeftirlit í sjálfstæða stofnun undir viðskiptaráðuneytinu. Rök gegn slíkri sameiningu eru rakin í skýrslunni og vísa ég fyrst og fremst til þeirra. Þá vil ég taka fram eftirfarandi:

Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 segir í 3. gr. f-lið um hlutverk bankans: „að vera banki innlánsstofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa og peningaviðskiptum".

Ljóst er, að Seðlabanki Íslands getur ekki uppfyllt ofangreind ákvæði um eftirlit með bankastarfsemi, ef núverandi bankaeftirlit er frá honum tekið, nema með því að koma upp á eigin vegum öðru eftirliti með verðbréfa- og peningaviðskiptum.

Ef ákveðið yrði að fella brott úr lögum um Seðlabanka Íslands ákvæði um eftirlit með bankastarfsemi, má jafnframt ljóst vera, að honum yrði gert erfitt að vera „banki innlánsstofnana og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum". Til þess að geta sinnt því verkefni þarf bankinn að hafa milliliðalausar upplýsingar um stöðu slíkrar starfsemi á hverjum tíma. Eftirlit á vegum bankans sem fullnægði þeirri þörf, þyrfti þó að öllum líkindum ekki að vera eins umfangsmikið og bankaeftirlitið er nú.

Einnig vil ég leggja áherslu á, að ég dreg í efa, að um nokkurn sparnað verði að ræða með sameiningu bankaeftirlits og vátryggingaeftirlits. Hin sameinaða stofnun hlýtur að starfa í tveimur mjög sjálfstæðum deildum, því eftirlitsverkefnin eru að flestu leyti ólík, eins og fram kemur í skýrslunni. Bankaeftirlitið nýtur hins vegar verulegs hagræðis af ýmiss konar annarri

starfsemi Seðlabanka Íslands. Auk þess hlýst af því viðbótar kostnaður, að Seðlabankanum mun verða nauðsynlegt að koma á fót einhvers konar beinu eftirliti með verðbréfa- og peningastofnunum, eins og fyrr segir.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, og annars rökstuðnings gegn sameiningu, sem fram kemur í skýrslunni, er það eindregin niðurstaða mín, að skynsamlegast sé að reka bankaeftirlitið sem deild innan Seðlabanka Íslands.

2. Starfsemi sem falla skal undir opinbert eftirlit

2.0 Inngangur

Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina til hvaða fjármálastarfsemi hið opinbera eftirlit sem nú er kveðið á um í IV. kafla laga um Seðlabanka Íslands og V. kafla laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi skuli taka. Mikilsvert er að þessi mörk séu eins skýr og unnt er, bæði vegna eftirlitsstofnana og þeirra sem eftirlitinu lúta. Því er rétt að huga að því hverjar séu forsendur opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi, til hvaða starfsemi það tekur nú og með hvaða starfsemi sem nú er stunduð er nauðsynlegt að hafa hið opinbera eftirlit. Í því efni verður að skoða hver tilgangurinn er með því og hvaða hagsmuni er verið að vernda. En fyrst verður hugað að meginforsendum eftirlits með fjármálastarfsemi.

2.1 Forsendur opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi

Þegar fjallað er um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er nauðsynlegt að gera grein fyrir því hverjar forsendur þess eru, þ.e. hvaða meginskilyrði starfsemi þurfi að uppfylla til að opinbert eftirlit verði skilvirkt og þjóni tilgangi sínum.

Almennt verður að telja að gilda þurfi lög og reglur um viðkomandi fjármálastarfsemi til þess að opinbert eftirlit þjóni tilgangi sínum. Hlutverk eftirlitsstofnunar er fyrst og fremst að fylgjast með því að starfsemi sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Ef engar reglur eru í gildi um tiltekna starfsemi og öll viðmið skortir verður eftirlit með henni ómarkvisst. Frumforsenda skilvirks eftirlits er því að um starfsemi fari eftir lögum og reglum.

Þá er almennt talið að opinberu eftirliti á þessu sviði hljóti að fylgja krafa um að starfsleyfi þurfi til starfsemi. Starfsleyfi á sér upphaf og endi, útgáfa þess kallar á eftirlit og í hugsanlegri afturköllun þess felst aðhald.

Ör þróun fjármagnsmarkaðar verður ekki séð fyrir. Þannig er þróun og mótun fjármálastarfsemi jafnan á undan löggjöfinni. Yfirleitt er viðurkennt að löggjöf megi heldur ekki þrengja um of að hugsanlegri þróun á þessu sviði. Ný starfsemi getur því oft fallið utan ramma gildandi laga. Því kemur til athugunar hvort tryggja megi engu að síður tiltekið lágmarkseftirlit með slíkri starfsemi þegar frá byrjun. Í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands[3], sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi 1992, er í 27. gr. lagt til að Seðlabankinn hafi eftirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum. Í greinargerð segir að hugtakið fjármálastofnun sé ekki skilgreint í greininni, en það beri að túlka rúmt, þannig að það nái til allra stofnana og fyrirtækja sem starfa á fjármagnsmarkaði og veita almenningi og fyrirtækjum fjármálaþjónustu. Við túlkun á ákvæðinu verði að hafa hliðsjón af aðstæðum á fjármagnsmarkaði hverju sinni.

Með þeirri tilhögun sem hér er lýst er mikilvægum spurningum um eftirlit ósvarað. Þannig er túlkunaratriði hverju sinni hvaða starfsemi fellur undir eftirlit og má raunar leiða líkum að

---

[3] AT 1992 A:3209.

því að dómstólar myndu skýra heimildir og skyldur bankaeftirlits þröngt þrátt fyrir fyrrgreind ummæli greinargerðar. Þá er látið liggja milli hluta í hverju eftirlitið skuli felast. Í þeim tilvikum sem starfsemi fellur að öllu eða verulegu leyti utan löggjafar skortir eftirlitið viðmið. Þá er ábyrgð eftirlitsstofnunar óljós. Þegar eitthvað fer úrskeiðis í starfsemi fjármálastofnunar koma jafnan upp spurningar um það hvort eftirlitsstofnun hafi brugðist rétt við og hvað henni hefði borið að gera. Nefna má í þessu sambandi héraðs- og Hæstaréttardóm í svokölluðu Ávöxtunarmáli, en í því máli krafðist fyrrum viðskiptavinur Ávöxtunar hf. bóta vegna tjóns sem hann varð fyrir. Meðal annars var deilt um hvort lagafyrirmæli um eftirlit bankaeftirlits með verðbréfasjóðum hefðu á þessum tíma verið nægilega skýr.[4]

Það er mat nefndarinnar með hliðsjón af framansögðu að það sé forsenda þess að eftirlit með fjármálastarfsemi markvisst sé að starfsemin sé studd efnisákvæðum. Því verði að vega og meta í hvert sinn sem ný starfsemi kemur fram hvort setja beri löggjöf um hana og þar með hvernig eftirliti skuli háttað. Nauðsynlegt er að löggjafinn sé á verði í þessum efnum án þess þó að eðlilegri þróun á fjármagnsmarkaði sé of þröngur stakkur sniðinn.

2.2 Vátryggingastarfsemi

Kveðið er á um vátryggingastarfsemi í lögum nr. 60/1994. Taka lögin til vátryggingastarfsemi, þ.e. starfsemi vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara. Þannig kveða þau á um starfsleyfi vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara og er ætlað að tryggja grundvöll vátryggingastarfsemi og þar með vernda rétt vátryggingataka. Samkvæmt ýmsum greinum laganna hefur Vátryggingaeftirlitið eftirlit með vátryggingastarfsemi sem rekin er af vátryggingafélögum, útibúum erlendra vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi og þeim sem fengið hafa starfsleyfi til miðlunar vátrygginga. Um starfsemi Vátryggingaeftirlitsins og vátryggingafélaga samkvæmt lögunum vísast til viðauka I með skýrslu þessari og um viðhorf til sameiningar Vátryggingaeftirlits og bankaeftirlits vísast til 4. kafla.

2.3 Innlánsstofnanir

Hér er um að ræða stofnanir og félög sem falla undir lög nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði. Samkvæmt 4. gr. þeirra er óheimilt að hefja starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra. Stofnanir og félög sem störfuðu við gildistöku laganna, en falla undir þau, halda leyfi til starfsemi sinnar. Tilgangur eftirlits er að fylgjast með stofnunum, starfsgetu þeirra og þar með vernda hagsmuni viðskiptamanna.

Bankaeftirlitið hefur ekki lengur formlegt eftirlit með innlánsdeildum samvinnufélaga. Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. a. laga nr. 22/1991 um samvinnufélög, sbr. lög nr. 84/1993 um breyting á þeim lögum, teljast innlánsdeildir samvinnufélaga ekki til innlánsstofnana í skilningi laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands. Við setningu laga nr. 84/1993 var til umfjöllunar frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands og með lögfestingu þess hefðu innlánsdeildirnar fallið undir bankaeftirlitið. Frumvarpið náði hins vegar ekki fram að ganga. Innlánsdeildum hefur fækkað á síðustu árum og starfsemi þeirra dregist verulega saman. Engu að síður telur nefndin rétt að hugað verði að því að þær heyri undir bankaeftirlitið enda sömu hagsmunir í húfi og í starfsemi innlánsstofnana.

Að öðru leyti vísast um starfsemi lánastofnana til viðauka I.

---

[4] Héraðsdómsmálið nr. E-9841/1991, Hallgrímur A. Ottósson gegn Seðlabanka Íslands, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dómur 13. janúar 1994. Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 53/1994: Seðlabanki Íslands gegn Hallgrími A. Ottóssyni og Hallgrímur A. Ottósson gegn Seðlabanka Íslands, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dómur 2. apríl 1996.

2.4 Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir

Lög nr. 123/1993 taka til félaga eða stofnana sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum. Þessar lánastofnanir verða að vera í formi hlutafélags. Stofnanir sem falla undir skilgreininguna og voru starfandi við gildistöku laganna falla undir eftirlit hvort sem þau eru hlutafélög eða ekki. Eftirlit með nokkrum stofnunum byggist bæði á tilvitnuðum lögum og sérlögum sem gilda um starfsemi þeirra. Lög nr. 123/1993 vísa um mörg efnisákvæði til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 123/1993 teljast eignarleigufyrirtæki til lánastofnana. Um er að ræða fyrirtæki sem hafa eignarleigu að meginstarfsemi sinni, óháð því hvernig hún er fjármögnuð. Falla þessi fyrirtæki undir bankaeftirlit Seðlabanka Íslands samkvæmt 15. gr. laganna.

2.5 Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir

Um þessa starfsemi gilda nú lög nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti og lög nr. 10/1993 um verðbréfasjóði. Í þessum tveimur lögum er mælt fyrir um eftirlit af hálfu bankaeftirlitsins sem miðar fyrst og fremst að því að tryggja rétt viðskiptamanna. Fram hafa komið þau sjónarmið að óeðlilegt sé að eftirlit með verðbréfamarkaði sé í Seðlabankanum. Um þetta vísast til 5. kafla skýrslunnar. Til þessarar starfsemi þarf starfsleyfi ráðherra.

2.6 Stofnanir samkvæmt sérlögum

Hér falla undir Verðbréfaþing Íslands samkvæmt lögum nr. 11/1993 um Verðbréfaþing Íslands fjárfestingarfélög samkvæmt lögum nr. 9/1984 um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri og Húsbréfadeild samkvæmt lögum nr. 150/1995 um breytingu á lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í lögum þessum er mælt fyrir um að bankaeftirlitið skuli hafa eftirlit með þeim, en það hefur verið talið nauðsynlegt til að treysta starfsemina og vernda hagsmuni viðskiptamanna. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 150/1995 segir að með hliðsjón af því hversu umfangsmikil útgáfa húsbréfa er, því að húsbréfakerfið fjármagnar sig sjálft án ríkisframlags, og miðað við að þeim gjöldum sem húsbréfadeildin áskilur sér er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum, þyki þau efnislegu rök vega þungt að allur ferill húsbréfa frá útgáfu til eftirmarkaðs verði undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.[5]

Samkvæmt nýsettum lögum nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með því að starfsemi Nýsköpunarsjóðs sé í samræmi við ákvæði laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 61/1997 segir að starfsemi sjóðsins byggist m.a. á nákvæmu mati á afskriftum, en skv. 9. gr. laganna skal varðveita eigið fé sjóðsins. Þá segir að þættir í starfsemi og stjórnun sjóðsins séu sambærilegir starfsemi þeirra stofnana sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með[6].

Þá er vel hugsanlegt að kveðið verði á um opinbert eftirlit með einstökum fjármálastofnunum sem ekki teljast til þeirra flokka stofnana sem hér hafa verið nefndir. Vel má t.d. hugsa sér að kveðið verði á um opinbert eftirlit í sérlögum um einstaka lánasjóði sem ekki falla undir lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði sem áður voru nefnd.

---

[5] AT 1995 A:1747, þskj. 289.

[6] 121. löggjafarþing, þingskjal 704, 407. mál.

Engin dæmi er að finna um þetta í núgildandi löggjöf, en nefna mætti t.d. nýsköpunarsjóði eða áhættulánasjóði sem ekki eru taldir eiga heima undir fyrrgreindum lögum nr. 123/1993. Almennt verður að telja æskilegt að koma á opinberu eftirliti með slíkum stofnunum, en þá verður jafnframt að skilgreina í hverju það skuli felast.

2.7 Lífeyrissjóðir

Með lögum nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða var bankaeftirliti Seðlabanka Íslands falið eftirlit með því að lífeyrissjóðir færu eftir ákvæðum laganna. Samkvæmt lögunum skulu lífeyrissjóðir senda bankaeftirlitinu ársreikninga sína og hefur það metið fjárhagslega stöðu þeirra á grundvelli ársreikninga og gefið út skýrslu um niðurstöður sínar. Þá er kveðið á um að skoðunarmenn tilkynni bankaeftirlitinu um verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu og greiðslutryggingar útlána. Getur bankaeftirlitið krafið lífeyrissjóð um úrbætur. Í lögunum eru einnig ákvæði um að bankaeftirlitinu beri að setja reglur um gerð ársreikninga þeirra og reglur um framkvæmd endurskoðunar hjá þeim. Hefur hvort tveggja verið gert með fyrirmælum frá 30. desember 1991. Af öðrum almennum lagaákvæðum má nefna lög nr. 55/1980 um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í þeim er kveðið á um skylduaðild að lífeyrissjóðum, lágmarksiðgjald og endurgreiðslu iðgjalda. Þá eru í gildi lög nr. 91/1980 um skráningu lífeyrisréttinda. Þar er kveðið á um að færa skuli eina heildarskrá yfir lífeyrisréttindi allra landsmanna. Að öðru leyti en hér er nefnt hafa lífeyrissjóðirnir starfað eftir reglugerðum sínum sem staðfestar eru af fjármálaráðuneytinu.

Nefndin telur mjög mikilvægt að komið verði á fullu eftirliti með starfsemi lífeyrissjóða. Hagsmunir lífeyrisþega og umfang sjóðanna á fjármagnsmarkaði leiða til þess að brýnt er orðið að kveða með heildstæðum hætti á um starfsemi þeirra, þar á meðal eftirlit.

Á yfirstandandi löggjafarþingi er til umfjöllunar frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða[7]. Ýmsar verkskyldur eru lagðar á bankaeftirlit Seðlabanka Íslands í frumvarpinu og þykir rétt til yfirlits að rekja þær hér á eftir.

Eins og hjá vátryggingafélögunum skiptast þær í höfuðatriðum annars vegar í eftirlit með verðmætum, fjármálaeftirlit, og hins vegar í tryggingafræðilegt eftirlit. Um þetta segir í athugasemd með frumvarpinu: „Gert er ráð fyrir að eftirlitið verði í höndum bankaeftirlitsins. Með hliðsjón af allítarlegum kröfum frumvarpsins um fjárhagslega stöðu sjóðanna og skýlausum ákvæðum um tryggingafræðilegar úttektir þykir rétt að bankaeftirlitið, sem þegar hefur nokkra reynslu í þessum efnum, hafi eftirlit með því að sjóðirnir starfi í samræmi við ákvæði laganna og uppfylli þær kvaðir sem á þá eru lagðar. Sé þörf á sérstökum ráðstöfunum í þeim tilgangi að tryggja réttindi sjóðfélaga skal bankaeftirlitið gera því stjórnvaldi sem fer með málefni sjóðanna viðvart og það getur gripið til ráðstafana í samræmi við ákvæði laganna."

Í fjármálaeftirlitinu felst m.a. að bankaeftirlitið setur reglur um gerð ársreikninga og innheimtir reikningsskilin, setur reglur um endurskoðun, hefur eftirlit með rekstri og fjárhagsstöðu lífeyrissjóða, viðurkennir eftirlitsaðila, setur reglur um verkefni þeirra og metur hvenær „skipulagður markaður" telst vera fyrir hendi o.fl. Í hinu tryggingafræðilega eftirliti felst innheimta og athugun á hinum tryggingafræðilegu skýrslum sjóðanna, ákvörðun um sérstakar

[7] Frumvarpið var einnig lagt fram á síðasta löggjafarþingi og er hér vísað til þingskjals 882, 530. máls, á 121. löggjafarþingi.

tryggingafræðilegar athuganir og eftirlit með fjárhagsstöðu þeirra, mat á gjaldhæfi og viðeigandi aðgerðir o.fl.

Álitamál kann að vera undir hvora eftirlitsstofnunina, bankaeftirlit eða Vátryggingaeftirlit, heppilegra er að fella lífeyrissjóðina ef ekki kemur til sameiningar þeirra. Segja má að rökréttast sé að hinn tryggingafræðilegi þáttur falli undir Vátryggingaeftirlitið, en bankaeftirlitið hafi með höndum eftirlit með verðmætaþættinum. Þessu fylgir sá ókostur að þegar komnir eru tveir eftirlitsaðilar með sjóðunum er ekki víst ábyrgðarsvið hvors um sig verði nógu skýrt afmarkað og dregið gæti úr skilvirkni eftirlitsins.

Vægi heildareigna lífeyrissjóða (verðbréfaeignar og útlána) er mikið í samanburði við útlán bankakerfisins. Það styður það sjónarmið að fela bankaeftirlitinu eftirlitið. Rétt er einnig að hafa í huga í þessu sambandi að þeir hnökrar á starfsemi lífeyrissjóða, sem upp hafa komið að undanförnu og rekja má til skorts á eftirliti, snerta flestir ávöxtun og útlán lífeyrissjóða. Með hliðsjón af framansögðu og einkum með vísan til þess að bankaeftirlitið annast nú tiltekið eftirlit með lífeyrissjóðum er því eðlilegt að eftirlit með þeim falli undir bankaeftirlitið. Eftirlitsskylda þess næði til þeirra sjóða sem nú starfa eftir staðfestri reglugerð fjármálaráðuneytisins og þeirra er hljóta starfsleyfi þess síðar.

Á móti hafa komið fram þau sjónarmið að heildarskuldbindingar lífeyrissjóðanna og hinn tryggingafræðilegi þáttur mæli með því að Vátryggingaeftirlitið hafi eftirlit með sjóðunum. Samkvæmt upplýsingum frá Kredittilsynet, stofnun sem hefur eftirlit með starfsemi á fjármagnsmarkaði í Noregi, fer eftirlit með lífeyrissjóðum fram með sama hætti og eftirlit með líftryggingafélögum.

Í frumvarpi til laga um lífeyrissjóðina, sem nefnt var hér að framan, sýnist nokkuð rækilega frá því gengið hvernig hinu tryggingafræðilega eftirliti skuli háttað. Nefna má að bankaeftirlitið getur lagt fyrir stjórn lífeyrissjóðs að láta fara fram tryggingafræðilega athugun á hag sjóðs á öðrum forsendum en gefnar eru í reglubundnum athugunum sjóðsins.

Það er mat nefndarinnar að í þeim tilvikum sem eftirlitsstofnun er þörf á sérfræðiþekkingu þeirrar stofnunar sem ekki fer með hið formlega eftirlit megi leysa það með einfaldri samvinnu milli eftirlitsstofnananna um verkaskiptingu þeirra á milli ef ekki kemur til sameiningar þeirra. Ætla má að til þess þurfi ekki neina lagabreytingu þótt ekki myndi skaða að víkja að því í lagatexta.

Ekki er samstaða um það í nefndinni hvorri eftirlitsstofnuninni eigi að fela hið formlega eftirlit og veltur afstaða nefndarmanna á þeim rökum sem hér hafa verið reifuð. Telur meiri hluti nefndarinnar að fela skuli bankaeftirlitinu að fara með þetta eftirlit. Minni hluti nefndarinnar telur hins vegar að eftirlit með lífeyrissjóðum eigi fremur heima í Vátryggingaeftirliti. Hins vegar er samstaða um að tryggja verði aðgang þeirrar stofnunar sem með eftirlitið fer að sérþekkingu í hinni stofnuninni. Stefna stjórnvalda í þessum efnum er hins vegar skýr og hefur hún komið fram í fyrrgreindum frumvörpum.

2.8 Fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu önnur en verðbréfasjóðir

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1993 um verðbréfasjóði taka þau til verðbréfasjóða sem hafa eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu og gefa út hlutdeildarskírteini til þeirra sem fá félaginu fé til ávöxtunar og innleysa þau að kröfu eigenda af eignum félagsins. Skilgreining þessi tekur ekki til allra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem svo hafa verið nefnd einu nafni.

Gott dæmi um sjóði sem taldir eru falla utan þessarar skilgreiningar eru svokallaðir hlutabréfasjóðir, en þeir starfa með þeim hætti að fólki gefst kostur á að kaupa hlutabréf í sjóðunum

sem síðan fjárfesta í hlutabréfum fyrirtækja. Þessir sjóðir gefa ekki út hlutdeildarskírteini og falla því ekki undir fyrrgreinda skilgreiningu á verðbréfasjóðum. Starfandi eru 10 sjóðir og nam heildareign þeirra um 15,4 milljörðum kr. í ágúst 1997. Engin heildarlöggjöf gildir um starfsemi þessara sjóða og eftirlit með þeim.

Finna má fleiri gerðir af fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem ekki teljast til verðbréfasjóða og lúta ekki opinberu eftirliti. Þannig má nefna svokallaða peningamarkaðssjóði, en svo nefnast sjóðir sem aðallega fjárfesta til skamms tíma, m.a. í innlánum innlánsstofnana, og teljast ekki til verðbréfasjóða. Rétt er að taka fram að hér falla ekki undir þeir skammtímasjóðir hérlendra verðbréfafyrirtækja sem nú starfa, en þeir eru verðbréfasjóðir í skilningi laga nr. 11/1993. Tilkynnt hefur verið til bankaeftirlits um markaðssetningu peningamarkaðssjóða á grundvelli EES-samningsins og hefur bankaeftirlitið vísað slíkri tilkynningu frá á þeim grundvelli að ekki væri um eftirlitsskylda starfsemi að ræða samkvæmt íslenskum lögum. Það þýðir að starfsemi slíkra sjóða er heimil hér á landi án eftirlits, hvort sem um er að ræða erlenda eða innlenda starfsemi.

Með bréfi, dags. 28. maí sl., skipaði viðskiptaráðherra nefnd um endurskoðun á lagaramma um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Verkefni nefndarinnar er að kanna, m.a. með hliðsjón af löggjöf nágrannalanda, hvort rétt sé að setja í löggjöf ákvæði um annars konar sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum en verðabréfasjóði samkvæmt skilgreiningu laga nr. 10/1993. Telji nefndin svo vera skal hún semja lagaákvæði um starfsumhverfi slíkra sjóða. Nefndinni er jafnframt ætlað að koma með tillögur um aðrar breytingar á lögum um verðbréfasjóði sem nefndin telur æskilegar. Telja verður brýnt að kveðið verði á um starfsemi fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu annarra en verðbréfasjóða og skyldu þeirra til að öðlast starfsleyfi og lúta opinberu eftirliti, enda hníga flest rök að því að eftirlit með starfsemi þessara sjóða verði með svipuðum hætti og eftirlit með verðbréfasjóðum.

2.9 Greiðslukortastarfsemi og rafrænar greiðslur

Ekki er kveðið á um starfsemi greiðslukortafyrirtækja með heildstæðum hætti hér á landi. Nokkrum sinnum hefur frumvarp um greiðslukortastarfsemi verið lagt fram á Alþingi, en ekki hlotið afgreiðslu. Í þeim frumvörpum hefur verið kveðið á um starfsleyfi greiðslukortafyrirtækja og eftirlit bankaeftirlits með starfsemi þeirra.

Í VIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 er kveðið á um eftirlit með greiðslukortastarfsemi. Þannig skal Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð hafa eftirlit með greiðslukortastarfsemi og gæta þess að viðskiptahættir séu sambærilegir hér við það sem almennt gerist í helstu viðskiptaríkjum okkar. Skulu kortaútgefendur tilkynna útgáfu greiðslukorta til Samkeppnisstofnunar og heldur hún skrá yfir þá. Þá er kortaútgefendum skylt að veita Samkeppnisstofnun upplýsingar um viðskiptaskilmála sína gagnvart korthöfum og greiðsluviðtakendum og gjaldskrá skal birta opinberlega. Samkeppnisráð getur lagt bann við ósanngjörnum viðskiptaskilmálum og lagt fyrir kortaútgefanda að breyta viðskiptaháttum sínum.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, eins og segir í 1. gr. laganna. Eftirlit Samkeppnistofnunar og samkeppnisráðs samkvæmt framansögðu hlýtur að afmarkast af þessu hlutverki, enda bera ákvæði VIII. kafla laganna þess merki eins og áður er lýst. Telja verður að þörf sé á að opinbert eftirlit með starfsemi greiðslukortafyrirtækja verði víðtækara en hér var lýst og að í lög verði sett almenn ákvæði er lúta að rekstraröryggi þeirra. Á þeim forsendum verður að telja að slíkt eftirlit verði best rækt af bankaeftirlitinu í samfellu við það eftirlit sem það hefur nú með höndum, ef ekki kemur til sameiningar eftirlitsstofnana. Eftirlit

samkeppnisyfirvalda næði engu að síður til greiðslukortafyrirtækja samkvæmt almennum heimildum samkeppnislaga á sama hátt og nú er um viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir. Vekja verður þó athygli á því að eftirlit samkeppnisyfirvalda með þessari starfsemi á sér fordæmi á Norðurlöndum.

Í tengslum við þetta er vert að vekja athygli á því að nú á sér stað ör þróun á sviði rafrænna greiðslna. Af hálfu Seðlabankans hefur verið hugað að þessu og hefur starfshópur innan bankans, sem fjallað hefur um rafrænar greiðslur, skilað skýrslu um málið[8]. Svokallaður rafeyrir, electronic money, mun ryðja sér til rúms innan tíðar, en með rafeyri er átt við talnarunur sem geymdar eru á tölvuskrá og hafa í sér fólgin loforð útgefanda um að greiða þær með framvísun. Ætla má að innan skamms verði hægt að hlaða greiðslukort með ígildi peninga og nota þau til greiðslu án frekari tengingar við bankareikning. Þá mun aukið öryggi í samskiptum á tölvunetum almennt gefa færi á slíkum viðskiptum. Rétt er að nefna þetta hér til umhugsunar með tilliti til opinbers eftirlits með fyrirtækjum sem annast munu slík viðskipti.

2.10 Verðbréfamiðstöð

Á vegum viðskiptaráðuneytisins hefur verið unnið að undirbúningi verðbréfamiðstöðvar, en með verðbréfamiðstöð er átt við félag sem annast rafræna skráningu á eignarhaldi og réttindum yfir rafbréfum á grundvelli starfsleyfis. Rafbréf eru í þessum skilningi framseljanleg rafrænt skráð verðbréf sem skráð eru í verðbréfamiðstöð. Í frumvarpi til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa[9] sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið hafi eftirlit með því að starfsemi verðbréfamiðstöðvar sé í samræmi við lög og reglur og því heimilt að svipta aðila að félaginu rétti til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn, viðskiptabankar og sparisjóðir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geti verið aðilar að verðbréfamiðstöðinni.[10]

2.11 Blönduð fjármálaþjónusta og fjármálasamstæður

2.11.1 Blönduð fjármálaþjónusta

Í nefndinni hefur verið rætt nokkuð um blandaða fjármálaþjónustu vátryggingafélaga og fjármálastofnana hér á landi og erlendis, svokallaðar Unit-linked tryggingar. Í þessu mun einkum felast að boðið sé upp á samninga um líftryggingu o.fl. persónutryggingar ásamt því að hluti iðgjalda fari til sparnaðar. Þar sýnist vera í boði og ráðlagt að hluti iðgjalda fari til kaupa á ákveðinni líftryggingarfjárhæð, en hinn hlutinn til sparnaðar með því að fjárfesta í ákveðnum sjóðum eftir vali vátryggingartakans og á hans áhættu. Starfsemi á borð við þessa mun einkum rekin af líftryggingafélögum.

Hér á landi er hlutur líftryggingafélaga í vátryggingum mjög óverulegur. Af heildariðgjöldum munu aðeins um 3% vera vegna líftryggingagreinarinnar. Þetta mun stafa af því að hérlendis hafa lífeyrissjóðirnir tekið að sér líftryggingaþáttinn í ríkara mæli en átt hefur sér stað víða erlendis. Benda má á að hin langvarandi verðbólga hér á landi hafði veruleg áhrif á líftryggingaformið hér. Þá eru kaup á líftryggingum ekki frádráttarbær eins og framlag í lífeyrissjóð auk þess sem skylduaðild að lífeyrissjóðum leiðir til þess að eftirspurn eftir líftryggingum er í lágmarki. Með tilliti til þessa og að óbreyttu lagaumhverfi má leiða að því líkum

---

[8] Seðlabanki Íslands; Skýrsla starfshóps um rafrænar greiðslur, september 1996.

[9] 121. löggjafarþing, þingskjal 801, 407 mál.

[10] Sjá einnig skýrslu til viðskiptaráðherra um undirbúning að stofnun félags um rafræna eignarskráningu verðbréfa, verðbréfamiðstöð, frá því í nóvember 1996.

að þróun í þessa átt hér á landi geti enn um sinn orðið hæg. Nefna má að líftryggingafélög og lífeyrissjóðir hafa komið á samstarfi sín á milli og þannig hafa sjóðfélögum tiltekins lífeyrissjóðs verið boðnar líftryggingar og lífeyristryggingar.

Íslensk vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar hafa á síðustu misserum boðið blandaða fjármálaþjónustu, svipaða þeirri sem hér hefur verið nefnd. Eftirlit með þessari starfsemi vátryggingafélaga er í höndum eftirlitsstofnunar í heimaríki hins erlenda vátryggingafélags skv. EES-samningnum.

2.11.2 Fjármálasamstæður

Á undanförnum árum hefur hin alþjóðlega þróun verið sú að mynda svokallaðar fjármálasamstæður (financial conglomerates), stundum kallaðar fjármálasamsteypur. Þannig hafa lánastofnanir, vátryggingafélög og verðbréfafyrirtæki verið tengd saman, annað hvort sem dóttur- og móðurfyrirtæki eða í gegnum eignarhaldsfélög. Slíkar fjármálasamstæður eru nú algengar víða í Evrópu. Fjármálasamsteypur eru þegar fyrir hendi hér á landi. Þannig eru bankar eigendur eða sameigendur að vátryggingafélögum, verðbréfafyrirtækjum, eignarleigufyrirtækjum, greiðslukortafyrirtækjum og greiðslumiðlun. Lífeyrissjóðir eru virkir eigendur hlutafjár í viðskiptabanka og innlend vátryggingafélög láta að sér kveða á öðrum sviðum.[11] Þessi þróun leiðir til þess að þörfin eykst á heildstæðu eftirliti. Hætta kann að stafa af óvissu um það undir hvaða stofnun eftirlit fellur.

Þessi málefni hafa því verið mikið til umræðu á alþjóðlegum vettvangi. Þannig hafa verið settar á fót nefndir, m.a. á vegum Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit (Basle Committee on Banking Supervision),[12] til þess að fjalla um þessi mál.[13]

Rétt er hér að nefna nokkur atriði sem valdið geta erfiðleikum í fjármálasamstæðum og snerta eftirlit. Í fyrsta lagi eru viðmið og grundvöllur eiginfjárkrafna lánastofnana og vátryggingafélaga ólík. Á samstæðugrundvelli getur þetta valdið erfiðleikum. Nefna má í þessu sambandi sérstakt eðli tryggingaskuldbindinga og sérsjónarmið að því er varðar mat krafna og eigna. Til umræðu hafa verið mismunandi aðferðir við mat á samstæðum. Þetta gerir miklar kröfur til eftirlitsaðila. Þá hefur sú hætta mikið verið til umræðu á erlendum vettvangi að sama eigið fé samstæðu sé reikningslega notað oftar en einu sinni.

Í öðru lagi geta innbyrðis tengsl samstæðna leitt til þess að „smit" verði milli einstakra eininga, þannig að t.d. vátryggingafélag sem gengur illa getur haft neikvæð áhrif á lánastofnun í samstæðunni. Þetta varðar bæði bein fjárhagsleg áföll og umtal sem leitt getur til áfalla. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að eftirlitsaðili hafi góða yfirsýn yfir samstæðuna.

Í þriðja lagi má nefna að stjórnendur tiltekinna hluta af samstæðu geta haft veruleg bein og óbein áhrif á stjórnun annarra hluta samstæðunnar. Sú sem hefur eftirlit með síðarnefnda hlutanum hefur hins vegar ekki tök á því að meta hæfni stjórnenda fyrrnefnda hlutans.

Á fyrrgreind atriði má líta sem rökstuðning fyrir sameiginlegri eftirlitsstofnun og augljóst er að eftirlit með fjármálasamstæðum yrði heildstæðara með þeim hætti, a.m.k. ef fyrirtæki í samstæðunni eru öll hérlend. Sú vinna sem fram hefur farið í tengslum við fyrrnefnda Basel-

---

[11] Fjallað er um skilgreiningu á „financial conglomerates" í skýrslunni Prudential Supervision of Financial Conglomerates, Report of the Mixed Technical Expert Group (Banking Advisory Committee and Insurance Committee), XV/1130/94-En-Rev.6, 12 March 1996.

[12] Basel-nefndin um bankaeftirlit er nefnd sem að standa opinberar stofnanir á sviði bankaeftirlits. Hún var stofnuð árið 1975 af seðlabankastjórum tíu ríkja hópsins (G-10 eða tíu helstu iðnríkja). Í henni eiga sæti fulltrúar frá bankaeftirliti og seðlabönkum í Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Japan, Kanada, Lúxemborg, Sviss, Svíþjóð og Þýskalandi.

[13] Sjá nánar T. de Swaan, Supervision of financial conglomerates, Smáskrift 4, hefte II, Kredittilsynet, 22. mai 1996.

nefnd bendir einnig til þessa, en þó hefur niðurstaðan ekki orðið sú að gera kröfur um eftirlit á einni hendi, a.m.k. ekki enn um sinn. Fremur hefur verið lögð áhersla á gagnsæi, þ.e. að aðgerðir fyrirtækja í samstæðum séu sýnilegar og að aðgengi eftirlitsaðila að upplýsingum sé tryggt. Þá hefur verið lögð áhersla á samvinnu eftirlitsstofnana og að upplýsingaflæði milli þeirra sé tryggt og þagnarskyldu þeirra hagað með þeim hætti að hún hindri það ekki. Einnig hefur verið nefnt hvort koma megi því svo fyrir að ein eftirlitsstofnun taki sjálfkrafa frumkvæði í eftirlitinu, t.d. sú stofnun sem fer með eftirlit með móðurfyrirtæki.

Rétt er í þessu samhengi að minna á svokallaða BCCI-tilskipun sem reifuð er í niðurlagi kafla 3 í viðauka I. Samkvæmt þeirri tilskipun er gert ráð fyrir breytingum á þagnarskyldu eftirlitsstofnana til að tryggja upplýsingaflæði. Þá eru gerðar kröfur um tilkynningaskyldu endurskoðenda ef þeir verða varir við ágalla í rekstri eða starfsemi fyrirtækja í nánum tengslum við viðkomandi fjármálastofnun.[14]

3. Starfsemi eftirlitsstofnunar, heimildir og úrræði

3.0 Inngangur

Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að taka til athugunar hvernig áherslum í starfsemi opinberrar eftirlitsstofnunar skuli háttað. Í því efni verður að taka mið af lögum og reglum hverju sinni og öðru eftirliti með stofnunum. Frumforsenda skilvirks eftirlits eru skýrar reglur um framkvæmd þess og verksvið.

Þegar litið er á eftirlitið í heild sinni má skipta því í tvennt. Annars vegar eftirlit sem er á vegum fyrirtækjanna sjálfra og hins vegar opinbert eftirlit sem hér á landi er í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Almennt verður að líta svo á að meginþungi eftirlitsins hvíli á þeim aðilum er hafa það með höndum á vegum fjármálafyrirtækjanna.[15]

Í þessum kafla verður farið yfir meginþætti í því eftirlitskerfi sem fjármálastofnanir eiga eða ættu almennt að hafa innan sinna vébanda. Þá verður fjallað um starfshætti hinnar opinberu eftirlitsstofnunar. Hugað verður að starfsháttum eftirlitsstofnunar, rannsóknarheimildum, heimildum til að setja stofnunum fyrirmæli og úrræðum til að framfylgja ákvörðunum. Þá verður sérstaklega hugað að heimildum til að kæra ákvarðanir eftirlitsstofnunar.

3.1 Eftirlitskerfi fjármálastofnunar

3.1.1 Ábyrgð stjórnenda

Hin eiginlega ábyrgð á rekstri og starfsemi hvílir á stjórnendum fyrirtækjanna, aðalfundum, stjórnum og framkvæmdastjórn. Þeim ber að sjá um að öll ákvarðanataka sé innan lögleyfðra marka. Þessum aðilum er ætlað frjálsræði til viðskipta innan þess ramma. Gerðar eru kröfur til þeirra sem gerast stjórnendur fjármálastofnana, en í flestum lögum um fjármálastarfsemi eru stjórnendum sett hæfisskilyrði. Þannig er almennt gert að skilyrði að menntun, starfs-

---

[14] Um þetta er m.a. fjallað í skýrslunni Prudential Supervision of Financial Conglomerates, Report of the Mixed Technical Expert Group, 12 March 1996.

[15] Hér má til glöggvunar vísa til greinar forstjóra danska Finanstilsynet i NFT 1/1989 þar sem hann ræðir þetta efni og reynir að gefa hlutdeild hvors þáttar fyrir sig tölulegt gildi. Hann tekur fram að auðvitað sé ómögulegt að ákvarða eitthvert skiptihlutfall vegna skiptingar á ábyrgðinni, en til að sýna hugsanaferilinn nefnir hann tölu 80 fyrir einkaþáttinn á móti 20 fyrir opinbera þáttinn. Sennilega mætti með sama rétti nefna tölurnar 90:10. Þegar á þetta er litið er auðsætt að eftirlit hins opinbera skiptist í tvennt, annars vegar eftirlit með störfum eftirlits innan fyrirtækjanna og á hinn bóginn eftirlit sem beinist að einstökum þáttum í starfsemi þeirra.

reynsla og starfsferill stjórnenda sé með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.[16]

Hlutverk stjórnenda er að sjá til þess að starfsemi fyrirtækis sé í góðu horfi, skipulag þess sé gott og fjármunum vel ráðstafað.

3.1.2 Innra eftirlitskerfi, innri endurskoðun

Í umfjöllun síðustu ára um starfsemi fjármálastofnana hefur innra eftirliti verið gefinn sífellt meiri gaumur. Ýmis þekkt áföll fjármálastofnana hafa verið rakin til þess að innra eftirlit hafi ekki verið í góðu horfi. Þá hefur þróunin verið sú að setja í stærri stofnunum upp svokallaðar innri endurskoðunardeildir til þess að hafa eftirlit inni í stofnuninni.

Innra eftirlitskerfi má skilgreina svo að um sé að ræða ferli sem felur í sér hvers konar eftirlit sem stofnað er til af stjórnendum stofnunar eða starfsmönnum til þess að gefa sann gjarna tryggingu fyrir því að tiltekin markmið í starfsemi stofnunar náist. Í þeim markmiðum felst góð nýting fjármuna, nægileg stjórnun og eftirlit með ýmsum áhættuþáttum og verndun eigna, traust og áreiðanleg upplýsingagjöf og að lögum, reglum, stefnum og markmiðum sé fylgt.

Í lögum nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. og lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, er kveðið á um starfrækslu endurskoðunardeilda í fjármálastofnunum. Í lögunum er þó kveðið á um heimild bankaeftirlits til þess að undanþiggja stofnanir þeirri skyldu að settum tilteknum skilyrðum. Áskilnað um stofnun innri endurskoðunardeilda er ekki að finna í öðrum gildandi lögum á þessu sviði.

Hlutverk innri endurskoðunardeilda er að framfylgja skyldum stjórnar sem áður var vikið að, fylgjast með því að lögum, reglugerðum, reglum, samþykktum og starfsreglum sem um stofnun gilda sé fylgt, fylgjast með skipulagi hennar, hafa eftirlit með því hvort starfsmenn taka góðar eða óheppilegar ákvarðanir, kanna áreiðanleika upplýsinga sem byggt er á, ganga úr skugga um eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna og gera úttektir og rannsóknir fyrir stjórnendur.

Mikilvægt er að innri endurskoðunardeild njóti sjálfstæðis í starfsemi sinni. Þannig er eðlilegt að hún heyri beint undir stjórn stofnunar, en falli ekki undir framkvæmdastjórn sem sér um daglegan rekstur.

3.1.3 Ytri endurskoðun

Almennt skulu ársreikningar fjármálastofnana endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum, sem oft eru nefndir ytri endurskoðendur þar sem þjónusta þeirra er aðkeypt. Samkvæmt lögum nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur hafa þeir réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þar á meðal þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.

Ytri endurskoðandi gengur úr skugga um að bókhald og reikningsskil séu í samræmi við ákvæði laga, reglna, samþykkta og góða reikningsskilavenju, en auk þess gengur hann úr skugga um virkni innri endurskoðunar og annars innra eftirlits.

Ytri endurskoðandi getur átt þátt í ákvarðanatöku innan fjármálastofnunar. Þetta er afleiðing þess að endurskoðandi er stundum spurður álits á einstökum aðgerðum stofnunar. Endurskoðandi verður hins vegar að varðveita hið opinbera sýslunarhlutverk sitt og gæta þess að

---

[16] Á vettvangi Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit er lögð áhersla á hæfi stjórnenda við veitingu starfsleyfa og eftirlit með bönkum. Sjá ritið Basic Supervisory Methods, Compendium of Documents Produced by the Basle Committee on Banking Supervision, Volume One, Basle April 1997.

hann geti sinnt starfi sínu á hlutlægan hátt. Endurskoðandi sem orðinn er þátttakandi í rekstri fjármálastofnunar getur illa skilið á milli þess og eftirlitshlutverks síns.

Löggiltur endurskoðandi staðfestir niðurstöður sínar með áritun ársreiknings þar sem hann lætur í ljós álit sitt. Í ýmsum löndum hefur komið fram gagnrýni á það hve stuttar áritanir eru og segja lítið um hina ýmsu þætti endurskoðunarstarfsins. Í því sambandi verður þó að hafa í huga að um endurskoðun fer samkvæmt ítarlegum faglegum stöðlum sem eru alþjóðlegir að miklu leyti. Einnig gefa opinberir eftirlitsaðilar út reglur sem fylgja ber við endurskoðun á ýmsum sviðum fjármálastarfsemi, sbr. reglur Seðlabankans um endurskoðun viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, frá 30. desember 1994. Endurskoðendur fjármálafyrirtækja semja yfirleitt ítarlegar endurskoðunarskýrslur til stjórnenda fyrirtækjanna og þessar skýrslur geta eftirlitsaðilar kynnt sér. Eðli máls samkvæmt hljóta áritanir á ársreikninga hins vegar að vera gagnorðar.

Nauðsynlegt er að eftirlitsstofnun geti treyst því sem best að endurskoðendur fylgi stöðlum, reglum og öðrum viðurkenndum endurskoðunaraðferðum á hverjum tíma. Auðvitað geta komið upp tilvik í endurskoðun þar sem endurskoðendur reynast ekki verðir þess trausts sem til þeirra er borið. Á síðustu árum hafa gengið nokkrir dómar hér á landi er varða rekstur einstakra fjármálafyrirtækja. Við athugun á réttargögnum má sjá dæmi um verulega veikleika í innra eftirliti og störfum ytri endurskoðenda. Einstök tilvik af þessu tagi mega þó ekki leiða hugann frá þeirri staðreynd að yfirleitt leggja fjármálafyrirtæki mikla áherslu á að viðhalda traustu innra eftirliti og að almennt starfa löggiltir endurskoðendur af nákvæmni og samviskusemi. Eitt meginhlutverk opinbers eftirlits er að fylgjast með því að innra eftirlit og endurskoðun séu í réttu horfi og grípa til viðeigandi ráðstafana í þeim undantekningartilvikum er þessir öryggisþættir bregðast.

Nefna má að eftirlitsstofnanir á fjármagnsmarkaði hafa í sumum tilvikum eftirlit með ytri endurskoðendum og nægir í því sambandi að nefna eftirlitið í Noregi, sbr. viðauka III með skýrslu þessari.

3.1.4 Samantekt

Með hliðsjón af því sem nú hefur verið rakið virðist mikilvægast að leggja höfuðáherslu á eftirlitið í fyrirtækjunum sjálfum jafnframt því að skapa hinu opinbera eftirliti skilyrði, bæði lagalega og í reynd, til að fylgjast með því. Virkt eftirlit af þessu tagi myndi einnig hafa góð áhrif á vinnuaga úti í fyrirtækjunum, sem er mjög þýðingarmikið atriði í þessu sambandi.

Það er því mat nefndarinnar að huga þurfi enn betur að hlutverki innra eftirlits, innri endurskoðunar og störfum löggiltra endurskoðenda á sviði fjármálastarfsemi. Samræma þarf sem best fyrirmæli um þessi efni í lögum og opinberum reglum sem varða þau margvíslegu fyrirtæki sem hér um ræðir. Í því sambandi þarf að sjálfsögðu að hafa hliðsjón af þeim ítarlegu almennu endurskoðunarstöðlum sem fyrir liggja og vikið er að hér á undan. Jafnframt þarf að samræma sem mest reglur er varða samskipti löggiltra endurskoðenda fjármálafyrirtækja og hinna opinberu eftirlitsaðila.

3.2 Opinbert eftirlit eftirlitsstofnana

3.2.1 Starfshættir eftirlitsstofnana — hlutverk og þróun

Tvær meginstefnur eru uppi um framkvæmd opinbers eftirlits með starfsemi fjármálastofnana. Annars vegar er nákvæmt eða sértækt eftirlit, þ.e. þegar eftirlitið fer að verulegu leyti fram inni í fjármálastofnunum, gerðar eru athuganir á staðnum með reglulegum hætti og farið í gegnum smáatriði í starfsemi stofnunar. Hins vegar er almennt eftirlit, þ.e. þegar eftir-

litið miðast fyrst og fremst við að ganga úr skugga um að skipulag stofnunar sé gott, að í stofnuninni sé virkt innra eftirlit og traust endurskoðun.

Meginstefnur í eftirliti hljóta að miklu leyti að ráðast af þeim reglum sem um fjármálastarfsemi gilda almennt. Á síðustu árum, einkum í kjölfar EES-samningsins, hafa verið settar nákvæmar reglur um starfsemi flestra fjármálastofnana. Liður í þessari þróun hefur verið að auka áherslu á innra eftirlit og innri endurskoðun fjármálastofnunar. Í kafla 3.1 voru reifuð sjónarmið er lúta að þessu. Einnig hefur þróunin verið sú að skerpa á tilkynningaskyldu endurskoðenda til eftirlitsstofnunar. Reglur sem settar hafa verið um fjármálastofnanir miða einnig að því að tilteknum upplýsingum sé skilað til eftirlitsaðilans í tilteknu formi.

Þessi þróun leiðir til þess að eftirlit hins opinbera eftirlitsaðila hlýtur í æ ríkara mæli að fylgja þeirri meginstefnu að vera rammaeftirlit, þ.e. almennt, en ekki sértækt[17]. Þá hlýtur eftirlitsstofnun að byggja á undirliggjandi eftirliti, þ.e. innra eftirliti og innri endurskoðun og ytri endurskoðun. Eins og fram kom í kafla 3.1 hér að framan er nauðsynlegt í þessu sambandi að eftirlitsstofnun fái sundurliðaðar upplýsingar um hvaða eftirlitsvinna hefur verið unnin og hvenær.

Þess ber hins vegar að geta að þróun sú sem hér hefur verið lýst hefur ekki enn náð til allra fjármálastofnana. Einnig verður að leggja áherslu á að nauðsynlegt getur verið að hafa mismunandi áherslur í eftirliti með einstökum flokkum fjármálastofnana. Til dæmis er ekki sjálfgefið að sömu sjónarmið gildi um eftirlit með minnstu og stærstu lánastofnununum.

Að mati nefndarinnar hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands að mörgu leyti aðlagað sig þeim aðstæðum sem hér hafa verið nefndar. Starfshættir þess eru þó breytilegir eftir stofnunum sem það hefur eftirlit með. Eftirlit bankaeftirlitsins er að miklu leyti byggt á úrvinnslu og eftirliti á grundvelli gagna sem því berast og mati á helstu þáttum í starfsemi stofnana, svo sem eiginfjárstöðu, stórum áhættuskuldbindingum og mati á afskriftaþörf. Stofnanir eru þó heimsóttar í tengslum við reglubundnar kannanir á tilteknum þáttum í rekstri og starfsemi þeirra og nákvæmar athuganir gerðar á starfsstöð.[18]

Eftirlit Vátryggingaeftirlits virðist hins vegar vera fremur sértækt, samhliða almennu eftirliti. Þannig fer það að verulegu leyti fram í vátryggingafélögunum sjálfum, gerðar eru athuganir á staðnum og farið í gegnum smáatriði í starfsemi stofnunar.

Rétt er að leggja áherslu á að skilja ber á milli eftirlits með fjármálastofnunum og fyrirmæla um stjórnun stofnana. Gæta verður þess að eftirlitsstofnanir taki ekki beinan þátt í stjórnun stofnana.

Hafa verður í huga, þegar rætt er um starfshætti eftirlitsstofnana, að ábyrgð þeirra á heilbrigði fjármálastofnana er mikil og vaxandi. Nægir að nefna í þessu sambandi víðtæka umfjöllun dómstóla og umboðsmanns Alþingis um starfshætti bankaeftirlits í tengslum við eftirlit þess með Ávöxtun sf. Með þetta í huga má ætla að forsvarsmenn eftirlitsstofnana leitist við að halda uppi víðtæku og nákvæmu eftirliti til að firra sig ásökunum um ófullnægjandi eftirlit.

Á síðustu árum hafa verið settar á fót tvær úrskurðarnefndir um viðskipti, annars vegar við vátryggingafyrirtæki og hins vegar við önnur fjármálafyrirtæki. Að nefndunum standa samtök

---

[17] Athygli vekur í þessu sambandi að í skýrslu nefndar sem falið var að endurskoða starfsemi eftirlitsstofnunarinnar „Finanstilsynets kontrol með de danske pengeinstitutter" (Finanstilsynet), er lögð áhersla á að stofnunin geri nákvæmar athuganir á starfsstöð. Athugasemdir þessa efnis komu einnig fram í áliti umboðsmanns Alþingis í Ávöxtunarmálinu.

[18] Vakin er athygli á að Basel-nefndin um bankaeftirlit hefur unnið meginreglur eða kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit (Core Principles for Effective Banking Supervision). Þar er m.a. lögð áhersla á að árangursríkt bankaeftirlit eigi í senn að fela í sér eftirlit á vettvangi og úr fjarlægð. Jafnframt að bankaeftirlit verði að hafa reglubundið samband við stjórnendur bankanna og rækilega innsýn í starfshætti þeirra. Sjá um þetta ritið Basic Supervisory Methods, Compendium of Documents Produced by the Basle Committee on Banking Supervision, Volume One, Basle April 1997.

viðkomandi fyrirtækja, Neytendasamtökin og viðskiptaráðuneytið. Nefndum þessum er ætlað að fjalla um kvartanir neytenda gegn þeim fjármálafyrirtækjum sem aðild eiga að nefndunum og hafa þau að tilteknu marki skuldbundið sig til að hlíta úrskurðum nefndanna. Að mati þessarar nefndar er rétt að greina á milli starfssviðs eftirlitsstofnunar og viðkomandi úrskurðarnefnda með þeim hætti að nefndirnar fái almennt til meðferðar úrskurðartæk ágreiningsefni á neytendasviði, nema ljóst sé að einstök mál séu þess eðlis að þau beinlínis varði starfssvið viðkomandi eftirlitsstofnunar.

Sjálfstætt skoðunaratriði er hvort eðlilegt sé að eftirlitsstofnanir setji sjálfar reglur um starfsemi fjármálastofnana eins og nú tíðkast í mörgum tilvikum. Óheppilegt er að eftirlitsstofnanir setji reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja sem þeim ber að túlka og síðan framfylgja. Á hitt ber að líta að sérþekkingu á þessum sviðum er óvíða að finna annars staðar en í eftirlitsstofnunum og því kann að reynast erfitt að setja reglur án atbeina þeirra auk þess sem heimildir til málskots myndu leiða til þess að stofnunum er lúta eftirliti kynni að vera heimilt að bera þær undir ráðuneyti. Þá munu eftirlitsstofnanir í nágrannalöndum okkar hafa vald til að setja reglur og vinna að samningu reglna og laga. Það er þó mat nefndarinnar að yfirleitt beri að miða að því að viðskiptaráðuneytið setji reglur sem kveðið er á um í lögum þótt það njóti aðstoðar eftirlitsstofnana við samningu þeirra.

Nauðsynlegt er fyrir eftirlitsstofnun að heimildir hennar, bæði til rannsóknar og fullnustuúrræða, séu samræmdar og settar fram í heildstæðri löggjöf. Nefndin leggur áherslu á að Seðlabankalögin verði endurskoðuð með tilliti til þessa, að því er bankaeftirlit varðar, ef ekki verður ráðist í sameiningu eftirlitsstofnana og bankaeftirlit verður áfram í Seðlabankanum. Rétt er að víkja hér nánar að úrræðum og heimildum eftirlitsstofnananna.

3.2.2 Rannsóknarúrræði eftirlitsstofnana

Mikilvægt er að eftirlitsstofnunum séu tryggðar aðstæður til að sinna eftirlitshlutverki sínu á þann hátt að árangur náist. Eftirlitsstofnunum sem ekki eru tryggð rannsóknarúrræði er ekki kleift að sinna hlutverki sínu sem skyldi.

Í viðauka I með skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi bankaeftirlits og Vátryggingaeftirlits og meginháherslum í starfsemi þeirra samkvæmt lögum og reglum. Rannsóknarúrræði bankaeftirlits felast í því að stofnunum er skylt að veita umbeðnar upplýsingar og veita aðgang að upplýsingum. Þá er endurskoðendum í mörgum tilvikum skylt að tilkynna um ágalla í rekstri stofnunar. Svipaðar heimildir eru fyrir hendi að því er varðar Vátryggingaeftirlitið.

Endurskoða verður úrræði vegna vanskila á skýrslum og fyrirskipuðum gögnum til eftirlitsaðila. Núgildandi ákvæði um beitingu dagsekta eru þung í vöfum og hafa að jafnaði ekki reynst virk til að knýja fram efndir á skilaskyldu. Kanna þarf hvort ekki megi gera þau skilvirkari eða finna önnur úrræði.

Í nefndinni komu fram þau sjónarmið að taka yrði til athugunar hvort ítrekuð vanræksla stjórnenda á tilkynningaskyldu ætti að leiða til refsiábyrgðar þeirra.

Einnig var því hreyft að hugleiða mætti hvort ekki kynni að vera rétt að heimila starfsmönnum eftirlitsstofnana skýrslutöku af vitnum og aðilum mála sem til rannsóknar væru. Skýrslutaka þessi gæti farið eftir reglum laga um meðferð opinberra mála og hefði sama gildi og skýrslutaka í slíkum málum. Sem rök fyrir þessu var nefnt að um sérhæfð málefni væri að ræða og ætla mætti að starfsmenn eftirlitsstofnunar hefðu meiri þekkingu á viðfangsefninu og

því meira vald á rannsókninni en hinn almenni lögreglumaður. Annar valkostur væri að móta frekara samstarf eftirlitsstofnana og opinberra rannsóknaraðila.[19]

Þá þarf að mati nefndarinnar að huga almennt að samskiptum eftirlitsstofnunar og opinberra rannsóknaraðila. Oft er það vandasamt úrlausnarefni eftirlitsstofnunar hvort eða hvenær gera beri rannsóknaraðila viðvart um ætluð brot á lögum.

3.2.3 Fullnustuúrræði eftirlitsstofnana

Samkvæmt gildandi lögum er bankaeftirlitinu og Vátryggingaeftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta á þeim atriðum sem aflaga fara. Þá er bankaeftirlitinu heimilt að boða til fundar í stjórn stofnunar um leiðir til úrbóta og er fulltrúa bankaeftirlitsins heimilt að stýra honum og leggja fram tillögur. Samkvæmt 17. gr. Seðlabankalaga er bankaeftirliti heimilt að beita dagsektaákvæðum skv. 41. gr. Seðlabankalaga sinni stofnun ekki kröfum um úrbætur. Þá er bankaeftirlitinu heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi stofnun á kostnað hennar. Einnig skal bankaeftirlitið tilkynna ráðherra um kröfur, athugasemdir og aðgerðir samkvæmt 17. gr. Engin heildstæð ákvæði er að finna um úrræði Vátryggingaeftirlitsins hér að lútandi, en allar stofnanir á fjármagnsmarkaði sem starfa á grundvelli starfsleyfis eiga á hættu að missa starfsleyfi sitt í tilteknum tilvikum sem að jafnaði eru tilgreind í viðkomandi lögum.

Ljóst er af lagaákvæðum um Vátryggingaeftirlit og bankaeftirlit að þessum stofnunum er ætlað í starfsemi sinni að fara með opinbert vald. Þannig er þeim t.d. heimilt að krefjast úrbóta á þeim atriðum sem aflaga fara eins og að framan er lýst. Það er mat nefndarinnar að tryggja verði að kröfum eftirlitsstofnana sé fylgt til þess að starfsemi þeirra beri árangur.[20]

Nefndarmenn eru sammála um að samræma þurfi fullnustuúrræði gagnvart einstökum flokkum fjármálastofnana. Einnig kom fram sú afstaða að skerpa mætti á þeim úrræðum sem nú eru til staðar að því er varðar bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið þótt skiptar skoðanir hafi verið um það í nefndinni. M.a. kom fram að hafa mætti hliðsjón af XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 um úrræði eftirlitsstofnana, en í tilvitnuðum lögum er kveðið á um rétt Samkeppnisráðs til að banna aðgerðir og leggja á stjórnvaldssektir og dagsektir. Einnig komu þau sjónarmið fram í nefndinni að skerpa mætti á refsiákvæðum laga á þessu sviði, en nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins samdi á árinu 1995 tillögur að endurskoðuðum refsiákvæðum í lögum um íslenska fjármagnsmarkaðinn.[21] [22]

3.2.4 Heimildir til að kæra ákvarðanir eftirlitsstofnunar

Eins og fram kemur í viðauka II með skýrslu þessari hefur verið talið að ekki sé fyrir hendi kærusamband milli Seðlabanka Íslands og viðskiptaráðuneytis, þannig að ráðuneytið hefur vísað frá beiðnum um endurskoðun á ákvörðunum bankaeftirlitsins. Ljóst er jafnframt að ákvarðanir þess verða ekki kærðar til bankastjórnar eða bankaráðs Seðlabankans þar sem ákvarðanir bankaeftirlitsins eru teknar í nafni Seðlabankans. Í áliti sínu frá 2. október 1996 í svokölluðu Softísmáli hefur umboðsmaður Alþingis látið í ljós þá skoðun að vegna þess hve starfsemi bankaeftirlits sé eðlisólík starfsemi seðlabanka og vegna sérstaks stjórnsýslusam-

---

[19] Tekið skal fram að í nefndinni kom jafnframt fram sú afstaða að beiting refsinga ætti ekki við í þessu sambandi og andstaða við þá hugsun að heimila starfsmönnum eftirlitsstofnunar að taka skýrslur af vitnum með framangreindum hætti.

[20] Hafa ber í huga að í næsta kafla leggur nefndin til að heimilt verði að kæra ákvarðanir eftirlitsstofnunar til æðra stjórnvalds.

[21] Viðskiptaráðuneytið, Greinargerð starfshóps viðskiptaráðuneytis um endurskoðun refsiákvæða í lögum um íslenska fjármagnsmarkaðinn, október 1995.

[22] Á hinn bóginn kom fram í nefndinni eindregin afstaða þess efnis að hvers konar umfjöllun um refsingar sem fullnustuúrræði væri utan verksviðs hennar.

bands bankaeftirlits og viðskiptaráðuneytis kunni að vera kærusamband milli banka eftirlits og viðskiptaráðuneytis þó að ekki sé um kærusamband að ræða milli Seðlabanka og ráðuneytis. Þó gerir hann ekki athugasemd við túlkun viðskiptaráðuneytisins, en leggur til við ráðuneytið að það grípi til aðgerða til að eyða réttaróvissu hér að lútandi með það fyrir augum að tryggja að kærusamband milli bankaeftirlits og viðskiptaráðuneytis sé til staðar, bæði á vettvangi hins eiginlega bankaeftirlits og annarra verkefna sem bankaeftirlitinu eru falin lögum samkvæmt.

Ákvarðanir Vátryggingaeftirlitsins má kæra til viðskiptaráðuneytis.

Nefndin telur brýnt með tilliti til réttaröryggissjónarmiða að aðilum verði tryggður réttur til að kæra ákvarðanir eftirlitsstofnana á þessu sviði til æðra stjórnvalds, þ.e. viðskiptaráðuneytis.

3.2.5 Hugleiðingar um breytingar á IV. kafla Seðlabankalaga

Eins og fram kemur í inngangi hefur Seðlabanki Íslands sérstaklega óskað eftir því við viðskiptaráðherra að IV. kafli laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands verði endurskoðaður. Nefndin tekur undir það að nauðsyn sé breytinga á tilvitnuðum kafla Seðlabankalaganna ef ekki verður ráðist í víðtækari breytingar á skipulagi eftirlitsstofnana. Fyrr í þessum kafla hafa komið fram margvíslegar ábendingar í þessa veru.

4. Sameining eftirlitsstofnana

4.0 Inngangur

Hér á landi hefur opinbert eftirlit með fjármálastofnunum þróast þannig að greint hefur verið skýrt á milli eftirlits með vátryggingastarfsemi og annarri fjármálastarfsemi bæði í löggjöf og framkvæmd. Er hér því til athugunar hvort rétt sé að sameina á einum stað allt eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þegar litið er til nágrannalandanna kemur í ljós að tilhögun eftirlits er mjög mismunandi að þessu leyti. Fræðilega kemur einnig til mála að greina eftirlit með fjármálastofnunum í fleiri aðgreindar stofnanir en hér er gert,[23] sbr. umfjöllun í viðauka III með skýrslu þessari.

Rétt þykir að reifa helstu sjónarmið sem mæla með og á móti sameiningu.

4.1 Sjónarmið sem mæla með sameiningu núverandi eftirlitsstofnana

Á undanförnum árum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að reka beri eina eftirlitsstofnun sem fari með eftirlit með fjármálastarfsemi í heild sinni, eins og hún er nánar skilgreind. Rök sem mæla með sameiningu eftirlitsstofnana eru þessi helst:

1. Skil milli vátryggingastarfsemi og annarrar fjármálastarfsemi eru ekki eins skýr og áður og ýmislegt bendir til þess að þróunin verði sú að skilin verði enn óskýrari. Þetta stafar m.a. af aukinni fjölbreytni í þjónustu fyrirtækja á þessum sviðum. Á næstu árum mun í æ ríkara mæli bjóðast þjónusta sem í senn ber einkenni vátryggingastarfsemi, verðbréfaviðskipta og annarrar fjármálastarfsemi. Hér á landi er nú þegar boðin þjónusta af þessu tagi. Bent hefur verið á að þetta geti boðið upp á erfiðleika í eftirliti, hver skuli fara með eftirlit og hvort þekking sé til staðar til að annast það.
2. Þróunin er sú erlendis að mynda svokallaðar fjármálasamsteypur (financial conglomerates). Um þetta er fjallað í kafla 2.9. Þar eru reifaðir erfiðleikar við eftirlit með fjár-

[23] Sjá nánar um þetta Llewellyn, David T., The Rationale and Institutional Structure of Financial Regulation, August 1996. (Óbirt)

málasamstæðum[24]. Þessi þróun leiðir til þess að meiri þörf verður á heildstæðu eftirliti. Hætta kann að stafa af óvissu um það undir hvaða stofnun eftirlit fellur.

Nýlega hefur Landsbanki Íslands tryggt sér kauprétt á sem næst helmingi hlutafjár í Vátryggingafélagi Íslands hf. og Líftryggingafélagi Íslands hf. Einnig má nefna kaup sparisjóðanna á Alþjóða líftryggingafélaginu hf. og kaup Vátryggingafélags Íslands á Fjárfestingarfélaginu Skandía hf.

Þessi dæmi sýna að flokkar fjármálastarfsemi, sem áður voru aðgreindir eru nú samþættir. Þetta á við þótt vátryggingastarfsemi og aðra fjármálastarfsemi verði að reka í aðgreindum einingum.

3. Þættir í starfsemi fyrirtækis sem heyra undir aðra eftirlitsstofnunina kunna að eiga betur heima undir eftirliti hinnar stofnunarinnar. Þannig er ekki augljóst út frá faglegum forsendum hvort eftirlit með lífeyrissjóðum skuli vera á hendi vátryggingareftirlits eða bankaeftirlitsins. Með tilliti til þessara sjónarmiða yrði skilvirkt eftirlit því best tryggt með sameiginlegri eftirlitsstofnun.
4. Með tilkomu EES-samningsins hafa verið sett ný lög og nýjar reglur sem fela í sér ítarlegri ákvæði en áður giltu um starfsemi fyrirtækja á fjármagnsmarkaði, bæði vátryggingafélaga og annarra fjármálastofnana. Þessar reglur eru um margt byggðar á líkum forsendum, hvort sem um vátryggingafélög eða önnur fyrirtæki er að ræða. Sem dæmi má nefna reglur um ársreikninga og endurskoðun, kröfur um innra eftirlit o.s.frv. Jafnframt gilda líkar reglur um starfsemi eftirlitsstofnananna sjálfra og það skapar þeim sterkari samstöðu. Eðlismunur á áhættumati vátryggingafélaga og annarra fjármálastofnana er ekki svo mikill að það hindri sameiningu.
5. Hugsanlegt er að mismunandi starfsaðferðir og mismunandi áherslur tveggja eftirlitsstofnana á skyldum sviðum geti haft áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja. Jafnræði fengist með því að fela eftirlitið einum aðila. Einnig fengist betri yfirsýn.
6. Upp geta komið erfiðleikar í samskiptum tveggja stofnana ef starfssvið þeirra skarast. Líkindi eru til þess að sameinuð eftirlitsstofnun hefði meira vægi en tvær aðskildar. Áfallalítið eftirlit hingað til tryggir ekki áfallalaust eftirlit framvegis.
7. Bent hefur verið á að sameining stofnananna gæti leitt til þess að nýting sérfræðiþekkingar yrði markvissari og hagkvæmari með tilliti til þess hversu gott eftirlitið er. Þá má rökstyðja það að rekstur slíkrar sameinaðrar stofnunar væri fjárhagslega hagkvæmari. Má þar nefna ýmsa stoðstarfsemi, svo sem afgreiðslu og fleira.

Niðurstaða þeirra sem mæla með sameiningu er sú að allt þetta bendi til þess að sameinað eftirlit verði árangursríkara en sé því skipt milli stofnana eins og verið hefur. Þá sé líklegt að þróun næstu ára muni þrýsta enn á og auka þörfina á samræmdu eftirliti á einni hendi. Réttara sé því að mæla með sameiningu strax, fremur en að skapa hættu á mistökum vegna ófullnægjandi eftirlitskerfis.

Eins og fram kemur í viðauka III við skýrsluna hefur eftirlit með fjármálastofnunum verið sameinað í eina stofnun í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Samkvæmt upplýsingum virðist sú tilhögun hafa gefist vel í meginatriðum.

---

[24] Í skýrslu sem unnin var á vegum Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit, The Supervision og Financial Conglomerates, prepared by a Tripartite Group of banking, securities and insurance regulators, segir m.a.: „The rapid Growth of financial conglomerates which cut across the banking, securities and insurance sectors, raises questions as to whether the traditional approach to prudential supervision - whereby each supervisor monitors institutions in one constituency without much contact with supervisors responsible for other parts of the group - is still appropriate." Basic Supervisory Methods, Compendium of Documents Produced by the Basle Committee on Banking Supervision, Volume Three, Basle April 1997.

4.2 Sjónarmið sem mæla gegn sameiningu núverandi eftirlitsstofnana

Rök sem mæla gegn sameiningu eftirlitsstofnananna eru einkum þessi:

1. Starfsemi Vátryggingaeftirlitsins er að sumu leyti eðlisólík starfsemi bankaeftirlitsins. Í eðli samninga vátryggingafélags um vátryggingar felst óvissa um hvort félagið muni bera kostnað af tjóni sem tryggt er gegn og þá hversu mikinn kostnað. Við slíkt mat verður að styðjast við tjónareynslu. Samningar flestra stofnananna sem undir bankaeftirlitið heyra eru hins vegar þess eðlis að vitað er með mikilli vissu hvað þær þurfa að inna af hendi vegna samnings, áhættan við hann felst fyrst og fremst í því hvort efndir takast eins og til er ætlast. Markaðsáhætta, svo sem gengisáhætta og vaxtaáhætta vegna peningalegra eigna, er annars eðlis en áhætta vátryggingafélaga. Tryggingafræðilegt mat Vátryggingaeftirlitsins og áhættumat bankaeftirlitsins er því ólíkt að þessu leyti. Því hefur verið haldið fram að af þessum sökum verði hin umrædda sameining meiri í orði en á borði og breyti ekki öðru í raun en yfirstjórn Vátryggingaeftirlitsins. Hún næði fyrst og fremst til stjórnenda skrifstofunnar. Þá hefur því verið haldið fram að þessi munur á starfsemi eftirlitsstofnananna leiði m.a. til sérhæfingar starfsfólks á hvoru sviði, sem þá nýtist síður á öðrum sviðum. Sú ábending hefur einnig komið fram að vandamál bankaeftirlitsins vegna tapaðra útistandandi krafna lánastofnana, sem alþekkt eru, hafi ekki verið áhyggjuefni hjá Vátryggingaeftirliti að því er vátryggingafélögin snertir. Er hér um að ræða verulegan áherslumun í starfi eftirlitsstofnananna.
2. Því hefur verið haldið fram að sameinuð eftirlitsstofnun hafi síður möguleika en aðskildar stofnanir til að þróa og búa yfir fjölbreytni og sérþekkingu í eftirlitsstörfum sínum. Ljóst sé að áherslur í eftirliti með mismunandi þáttum fjármálastarfsemi séu mjög breytilegar. Nálgast þurfi hvern þátt fjármálastarfsemi út frá tilteknum og sérstökum forsendum. Sameinaðri stofnun sé þetta ekki kleift.[25]
3. Erlendis hefur þróunin orðið sú að til hafa orðið fyrirtæki sem sinna ýmsum tegundum fjármálaþjónustu, bjóða t.d. vátryggingarsamninga sem bæði fela í sér líftryggingu og fleiri persónutryggingar og að annast ávöxtun á hluta iðgjaldanna í formi sparnaðar, en á áhættu vátryggingartakans, að því er best verður séð. Þótt slíkar tryggingar hafi verið boðnar hér á landi er það í svo litlum mæli og ófyrirsjáanlegt hvernig þær þróast að það út af fyrir sig réttlætir tæpast sameiningu stofnananna. Í nálega öllum tilfellum myndi starfsemin falla undir eftirlit annarrar hvorrar þeirra, enda um leyfisskylda atvinnu að ræða. Ætti tæpast að vera vandkvæðum bundið að ákveða undir hvora eftirlitsstofnunina slík fyrirtæki heyrðu.
4. Bent hefur verið á að ekkert gjaldþrot hjá frumtryggingafélagi hér á landi hefur átt sér stað frá því að Vátryggingaeftirlitið tók til starfa fyrir rúmum 22 árum. Samruni vátryggingafélaga og flutningur vátryggingastofna þeirra hefur á tímabilinu gerst með frjálsum samningum þeirra á milli þótt þar kæmi einnig til þrýstingur frá eftirlitsaðilum. Ekki sé því unnt að ályktа að skilvirkni þessara stofnana aukist við sameiningu. Almennt má því segja að hvorug stofnunin sé vanbúin til eftirlits þótt æskilegt verði að telja að endurskoða lagagrundvöll um starfsemi þeirra.
5. Sú skoðun hefur komið fram að hvorki séu augljós fjárhagsleg rök né hagkvæmnirök fyrir því að sameina eftirlitsstofnanirnar. Tæpast verði séð að mikið sparist í yfirstjórn nýrrar stofnunar ef til sameiningar kemur. Leiða megi að því rök að Vátryggingaeftirlitið yrði rekið sem sérstök eining á grundvelli laganna um vátryggingastarfsemi. Því kynni í raun að fara svo að tveir forstöðumenn færu með stjórn eftirlitsstofnunar vegna ólíkra við-

[25] Þessi rök koma m.a. fram hjá Llewellyn, David T., The Rationale and Institutional Structure of Financial Regulation.

fangsefna sem áður hefur verið lýst. Þá sé ekki auðséð hvaða önnur yfirstjórn gæti sparast svo um munaði. Sama megi segja um almennt skrifstofuhald. Afgreiðsla almennings sé lítil hjá báðum stofnununum svo sparnaður þar vegi ekki þungt. Einnig sé stjórnunarstarfið miklu einfaldara í smærri einingum en þeim stærri. Þegar skilvirkni í starfi vegur þyngst megi ekki einhver óviss lækkun kostnaðar ráða úrslitum.

6. Í lögum um fjármálastofnanir eru reistar skorður við því að vátryggingastarfsemi og önnur starfsemi fjármálastofnana sé rekin í einni heild, óaðgreint. Þess vegna hefur því verið haldið fram að ljóst sé hvaða eftirlitsstofnun fari með eftirlit hverrar einingar og því ekki mikil hætta á skörun í eftirliti þótt fleiri en ein stofnun fari með eftirlit á fjármagnsmarkaði. Heimildir vátryggingafélaga til atvinnurekstrar á öðru sviði en vátryggingasviði eru takmarkaðar í lögunum um vátryggingastarfsemi. Í 3. mgr. 9. gr. laganna er vátryggingafélagi heimilað að reka viðskiptabanka eða aðra fjármálastarfsemi í sérstöku félagi. Hún myndi því falla til eftirlitssviðs bankaeftirlits. Í 11. gr. laganna er félögunum heimilað að reka þar til greinda hliðarstarfsemi. Á sama hátt er viðskiptabönkum og sparisjóðum heimilt að stunda vátryggingastarfsemi með stofnun dótturfélags. Önnur umsýsla þeirra þarf að vera hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi og háð leyfi bankaeftirlits. Önnur starfsemi sýnist þeim ekki heimil.

Niðurstaða þeirra sem ekki telja ástæðu til sameiningar er sú að ókosti tveggja aðskilinna eftirlitsstofnana megi sníða af með skipulegri samvinnu þeirra, þar sem sérþekking yrði nýtt í samstarfi eftirlitsstofnana og samráð haft um eftirlitssvið ef þau skarast.

4.3 Niðurstaða

Fjórir nefndarmanna telja að sameina beri eftirlit á fjármagnsmarkaði í eina sjálfstæða ríkisstofnun. Fulltrúi Seðlabankans er hins vegar mótfallinn sameiningu. Rök með og móti sameiningu koma fram í köflum 4.1. og 4.2. hér að framan.

Verði ekki af sameiningu stofnananna er það álit nefndarinnar að stuðla eigi að frekari samvinnu eftirlitsstofnananna. Í því efni þurfi að tryggja upplýsingastreymi milli þeirra og að þagnarskylduákvæði sem þær eru bundnar af standi þar ekki í vegi. Enn fremur verði samvinna um samnýtingu á þekkingu og reynslu hvorrar stofnunar. Verkin verði þó ávallt unnin á ábyrgð þeirrar stofnunar sem hefur eftirlitið með höndum.

5. Stjórnsýsluleg staða eftirlitsstofnunar á fjármagnsmarkaði

5.1 Almennt

Eins og fram kemur í viðauka III er mjög breytilegt eftir löndum hvort eftirliti með fjármálastarfsemi er skipað beint undir seðlabanka, hvort ráðuneyti eiga þar hlut að máli eða hvort eftirlitið er í höndum sérstakrar stofnunar. Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi er eftirlit með fjármálastofnunum utan seðlabankanna. Þó er gert ráð fyrir tilteknum tengslum, svo sem setu fulltrúa seðlabanka í stjórn eftirlitsstofnunar. Í Finnlandi er eftirlit með fjármálastarfsemi annarri en vátryggingastarfsemi rekið í tengslum við seðlabankann, en með sjálfstæðri stjórn. Í Bretlandi hefur eftirlit með innlánsstofnunum verið í höndum seðlabankans, en eftirlit með annarri starfsemi á fjármagnsmarkaði í höndum ýmissa aðila[26]. Sjaldgæft er að seðlabankar hafi með höndum eftirlit með annarri starfsemi en starfsemi lánastofnana.[27]

---

[26] Nú hefur verið ákveðið að færa bankaeftirlitið frá Seðlabanka Englands. Sjá umfjöllun í viðauka III.

[27] Sjá Goodhart and Schoenmaker, Special Paper No. 52, LSE Financial Markets Group, Institutional Separation Between Supervisory and Monetary Agencies.

Í umræðu um hvort eftirlit með fjármálastarfsemi skuli tilheyra seðlabanka eða ekki verður að hafa í huga að í starfsemi seðlabanka felst alltaf einhvers konar eftirlit, beint eða óbeint. Hlutverk seðlabanka leiðir til þess að hann verður að hafa góða yfirsýn yfir fjármagnsmarkaðinn.

Þegar rætt er um eftirlit með fjármálastarfsemi er hins vegar átt við kerfisbundið eftirlit, bæði almennt, þ.e. eftirlit með fjármálastarfsemi í heild sinni, og sértækt, þ.e. eftirlit með einstökum stofnunum, sjóðum og fyrirtækjum. Það er slíkt reglubundið eftirlit sem oft á tíðum stendur utan almennrar seðlabankastarfsemi.

Síðan 1961 hefur eftirlit með fjármálastarfsemi hér á landi heyrt undir Seðlabanka Íslands, en fyrir þann tíma hafði verið gert ráð fyrir sjálfstæðu eftirliti með bönkum og sparisjóðum, sbr. lög nr. 48/1923, og sparisjóðseftirliti, sbr. lög nr. 69/1941, en þó var fjármálaráðuneytinu falið að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri sparisjóða skv. lögum nr. 83/1935. Þegar lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands voru sett virðist ekki hafa verið deilt um það að setja bankaeftirlitið undir Seðlabankann.

Hins vegar kom þetta til umræðu þegar fjallað var um frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 36/1986. Í viðauka II er fjallað um stjórnunarlega stöðu bankaeftirlitsins og er þar bent á að ákvæði Seðlabankalaga um skipun samstarfsnefndar og ráðherraskipun forstöðumanns bankaeftirlits feli í sér tilraun til málamiðlunar í þessum efnum. Þar er einnig greint frá tillögum bankamálanefndar sem vann að undirbúningi frumvarps, en þær lutu að því að gera bankaeftirlitið að sjálfstæðri stofnun sem þó starfaði innan Seðlabankans og á hans reikning. Sumir þingmenn vildu hins vegar stíga skrefið til fulls og lögðu því fram frumvarp til laga um sjálfstætt bankaeftirlit.[28]

Niðurstöður nefndarinnar að því er varðar önnur helstu skoðunaratriði velta að mörgu leyti á því hvort ráðist verður í sameiningu eftirlitsstofnananna eða ekki. Rétt er að kanna stjórnsýslulega stöðu eftirlitsstofnana í þessu ljósi. Fyrst er þó rétt að skoða almenn sjónarmið með og á móti því að eftirlit með fjármálastarfsemi heyri undir seðlabanka.[29]

5.2 Helstu rök með og á móti því að eftirlit með fjármálastarfsemi tilheyri seðlabanka

Rétt er að reifa helstu sjónarmið er varðar tengsl seðlabanka og eftirlitsstofnunar. Tekið skal fram að umfjöllunin á að mestu við um seðlabanka almennt. Þá er rétt að taka fram að sjónarmið þau sem hér eru reifuð hafa annað tveggja komið fram í umfjöllun nefndarinnar eða fræðiritum sem nefndarmenn hafa lagt til grundvallar. Eftirfarandi umfjöllun er hins vegar almenn og er ekki ætlað að lýsa afstöðu einstakra nefndarmanna. Helstu rök með því að eftirlit með fjármálastarfsemi heyri undir seðlabanka eru þessi:

1. Mörkin milli seðlabankastarfsemi og eftirlits með fjármálastarfsemi eru oft óljós. Seðlabanki skal standa vörð um peningakerfi ríkis, stuðla að heilbrigðum rekstri fjármálakerfis og hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun. Jafnframt er það eitt af hlutverkum seðlabanka að vera banki innlánsstofnana. Seðlabanki hefur heimild til þess að taka ákvarðanir um bindiskyldu innlánsstofnana og annarra lánastofnana og kveða á um ákveðið lausafjárhlutfall. Þessi verkefni krefjast upplýsinga sem eðlilegt er að eftirlitsaðili láti í té, hvort sem hann er innan eða utan seðlabanka.

---

[28] Sjá AT 1985–86:1132.

[29] Sjá einnig Goodhart and Schoenmaker, Special Paper No. 52, LSE Financial Markets Group, Institutional Separation Between Supervisory and Monetary Agencies.

2. Peningastjórnunarhlutverk seðlabanka og hlutverk eftirlitsstofnunar fer að því leyti vel saman að peningastjórnun og eftirlit krefst hvort tveggja ákveðins sjálfstæðis gagnvart stjórnvöldum.
3. Þau sjónarmið hafa komið fram að náin tengsl eftirlitsaðila og seðlabanka kunni að leiða til hófsamara og yfirvegaðra eftirlits með meiri yfirsýn en ella. Þannig leiði sambýlið til þess að stofnanirnar eigi auðveldara með að stilla saman strengi sína. Sé eftirlitsaðili ekki í tengslum við seðlabanka kunni að vera meiri líkur á því að hann grípi til umdeildra aðgerða. Minni líkur séu á stóráföllum á fjármagnsmarkaði ef náin tengsl eru milli eftirlits og seðlabanka.
4. Ýmsar upplýsingar sem safnað er og liggja fyrir hjá eftirlitsaðila eru mikilvægar fyrir störf seðlabanka. Þannig felur eftirlit með fjármálastarfsemi í sér upplýsingaöflun. Þær upplýsingar þannig fást eru seðlabanka nauðsynlegar við ákvarðanatöku og veita betri yfirsýn en annars væri. Að sama skapi geta upplýsingar, sem seðlabanki hefur yfir að ráða komið eftirlitsaðilum að góðum notum í starfi þeirra. Af hálfu Seðlabanka Íslands hefur því verið lýst yfir að bankinn yrði að setja upp einhvers konar „eftirlitsstarfsemi" innan bankans ef bankaeftirlit yrði fært út úr bankanum.
5. Eftirlitsaðili og seðlabanki geta samnýtt sérfræðiþekkingu beggja og stuðlað þannig að betra eftirliti og meiri yfirsýn en ella.
6. Eftirlitsaðili getur haft stuðning af alþjóðasamstarfi seðlabanka.
7. Rekstrarleg hagkvæmnisrök kunna að mæla með því að eftirlit heyri undir seðlabanka. Með því að fela seðlabanka eftirlitið fæst hagræðing í rekstri. Fram til þessa hefur þetta sjónarmið vegið þungt hér á landi.

Helstu rök gegn því að eftirlit með fjármálastarfsemi heyri undir seðlabanka eru þessi:

1. Yfirstjórn seðlabanka og yfirstjórn eftirlitsstofnunar byggja á ólíkum forsendum að sumu leyti. Seðlabanki fer með mikilsverð tæki til efnahagsstjórnunar, sem leiðir til þess að stjórnun hans verður alltaf efnahagspólitísk að vissu marki. Gildir þetta jafnvel þótt seðlabanki njóti sjálfstæðis gagnvart ríkisstjórn og þingi. Seðlabanka er nauðsynlegt að halda góðu sambandi við stofnanir og fyrirtæki á fjármagnsmarkaði til þess að hann geti sem best sinnt hlutverki sínu. Hagsmunir heildarinnar eru hafðir að leiðarljósi.

   Yfirleitt er talið að sá aðili sem fer með eftirlit með fjármálastarfsemi verði að vera sjálfstæður. Eftirlit eftirlitsstofnunar er fyrst og fremst bundið við einstakar fjármálastofnanir, þ.e. hvort tiltekin stofnun stenst þær kröfur sem til hennar eru gerðar og hvort hún er rekin í samræmi við lög og reglur.

   Því hefur verið haldið fram að þessi blæbrigðamunur á efnahagsstjórnun annars vegar og eftirlitsstarfsemi hins vegar valdi því að samskipti við fjármálastofnanir verði óhjákvæmilega á ólíkum forsendum eftir því hvoru hlutverkinu er verið að gegna hverju sinni. Þetta kunni að leiða til vandkvæða ef þessi hlutverk eru á einni hendi.

   Þá hefur því verið hreyft að sú staða kunni að koma upp að ákvarðanir seðlabanka í tengslum við efnahagsmál geti gengið gegn tilmælum hans sem eftirlitsstofnunar. Sem fræðilegt dæmi má nefna að um leið og seðlabanki leggur með aðgerðum sínum línurnar fyrir lækkun vaxta kann eftirlitsaðilinn að leggja til við lánastofnun sem stendur illa að hún grípi til aðgerða til að bæta stöðu sína. Eina leiðin til þess fyrir stofnunina kann að vera að hækka hjá sér vexti. Á litlum samkeppnismarkaði kynni þetta að fara illa saman.[30]

[30] Sjá um hliðstæð fræðileg dæmi Frameworks for Monetary Stability, Issues on Placing Supervision in the Central Bank.

2. Þá hefur það einnig verið nefnt að seðlabanki sem lánveitandi til þrautavara kynni að vera tregari til að grípa til harkalegra eftirlitsaðgerða vegna fjárhagslegra hagsmuna sinna í viðkomandi lánastofnun.[31]
3. Hugleiða má hvort það sé jákvætt fyrir seðlabanka að hafa eftirlit á sínum snærum þar sem starfsemi eftirlitsstofnana getur fylgt ágreiningur. Þegar áföll verða í eftirlitsskyldum stofnunum er eftirlitsaðilanum oft kennt um hvernig fór. Þetta kann að skaða ímynd seðlabanka og draga úr starfsgetu hans að öðru leyti.
4. Eftirlit með innlánsstofnunum tilheyrir víða erlendis seðlabankastarfsemi með vísan til þess að seðlabankar eru lánveitendur til þrautavara. Að margra mati er eftirlit með þessum stofnunum óaðskiljanlegur hluti seðlabankastarfsemi[32]. Ekki er hins vegar augljóst að eftirlitsstofnun sem fer með eftirlit með verðbréfafyrirtækjum og lífeyrissjóðum skuli falla undir seðlabanka. Ef eftirlit með vátryggingastarfsemi og eftirlit með annarri fjármálastarfsemi er sameinað fellur það verr að hlutverki seðlabanka og á því síður heima þar undir. Þá hefur því verið hreyft að eftirlit eigi vel heima í seðlabanka þegar um lítt þróaða fjármálastarfsemi er að ræða. Þegar um þróaða fjármálastarfsemi er að ræða, sem er í takt við fjármagnsmarkað, komi fremur til greina að aðskilja eftirlit frá seðlabanka.[33]
5. Starfsemi eftirlitsstofnunar byggist á viðkvæmum upplýsingum um starfsemi fjármálastofnana. Þagnarskylda stofnunarinnar er því mjög mikilsverð. Þau sjónarmið hafa komið fram að erfiðara geti reynst að tryggja trúnað ef stofnunin er ekki rekin sem sjálfstæð eining.[34]
6. Seðlabanki kann í vissum tilvikum að vera í samkeppni við aðrar fjármálastofnanir sem lúta eftirliti hans sem eftirlitsstofnunar. Þá hefur verið bent á að í öðrum tilvikum kunni samstarf seðlabanka og eftirlitsskyldra fjármálastofnana, eða aðild seðlabanka í stjórnum þeirra að leiða til þess að eftirlitsstarfsemi seðlabanka með þeim stofnunum verði ekki trúverðug.
7. Á Alþingi hefur þeirri skoðun verið hreyft að eðlilegt sé að eftirlitsaðili hafi eftirlit með seðlabanka ekkert síður en öðrum fjármálastofnunum. Seðlabanki þurfi sambærilegt aðhald og aðrar fjármálastofnanir. Á Alþingi hafa verið lögð fram frumvörp um sjálfstætt bankaeftirlit og þessari röksemd þá verið beitt[35]. Ekki er vitað til þess að þessi háttur sé hafður á í öðrum löndum.
8. Reynslan hér á landi sýnir að staða eftirlitsaðila í stjórnkerfinu og ábyrgð á starfsemi hans verður óljós ef ekki er kveðið nægilega skýrt á um þessi atriði í lögum.

5.3 Valkostir varðandi stjórnsýslulega stöðu eftirlitsstofnunar

5.3.1 Meginleiðir

Hér að framan hafa verið nefnd nokkur rök með og á móti því að seðlabankar hafi eftirlit með fjármálastofnunum. Rök þessi vegast á og niðurstaðan getur orðið á hvorn veginn sem er, allt eftir aðstæðum á hverjum stað og á hverjum tíma. Þannig verður að skoða hvert tilvik fyrir sig.

---

[31] Sjá Frameworks for Monetary Stability, Issues on Placing Supervision in the Central Bank
[32] Sjá t.d. Llewellyn, David T., The Rationale and Institutional Structure of Financial Regulation.
[33] Sjá Frameworks for Monetary Stability, Issues on Placing Supervision in the Central Bank.
[34] Sjá Frameworks for Monetary Stability, Issues on Placing Supervision in the Central Bank.
[35] AT 1985–86 A:1132.

Þegar litið er til þeirra valkosta sem koma til greina varðandi stjórnsýslulega stöðu eftirlitsstofnunar má nefna þessar leiðir:

1. Eftirlit tilheyri seðlabanka.
2. Eftirlit tilheyri viðskiptaráðuneyti.
3. Eftirlitsstofnun sé sjálfstæð stofnun.
4. Eftirlit sé sambland af tveimur af þremur ofangreindum leiðum.

Sé litið til núverandi fyrirkomulags verður að telja að bankaeftirlitið falli undir lið 4, en Vátryggingaeftirlitið falli undir lið 3.

5.3.2 Staða eftirlitsstofnunar eða stofnana með tilliti til sameiningar þeirra

Þegar valið er milli þessara kosta verður að hafa í huga hver niðurstaðan varðandi sameiningu eftirlitsstofnananna verður í raun, óháð tillögum nefndarinnar. Hér verður því að fjalla um mismunandi valkosti með tilliti til þess hvort af sameiningu eftirlitsstofnananna verður eða ekki.

5.3.2.1 Staða sameinaðrar eftirlitsstofnunar

Ef niðurstaðan yrði sú að sameina eftirlitsstofnanirnar tvær kæmi tvennt til greina:

1. Ný eftirlitsstofnun sem heyra myndi undir viðskiptaráðuneytið, en vera sjálfstæð að öðru leyti. Slíkri stofnun yrði væntanlega skipuð stjórn. Taka yrði til athugunar hvernig stjórnin skyldi skipuð og einkum hæfisskilyrði hennar. Ekki virðist koma til álita að eftirlitsskyldir aðilar hafi rétt til að tilnefna menn í stjórnina. Kemur þar til að slík skipan myndi ganga gegn sjálfstæði stofnunarinnar. Auk þess kynnu hagsmunaaðilar að öðlast þar aðgang að upplýsingum um samkeppnisaðila. Þá yrði að taka til sérstakrar athugunar við mótun löggjafar um stofnunina hvernig samskiptum og tengslum við Seðlabankann skyldi háttað, m.a. með tilliti til gagnkvæmrar nýtingar á upplýsingum.
2. Ný sameinuð eftirlitsstofnun sem starfaði í tengslum við Seðlabankann[36]. Í því fælist að eftirlitsstofnun starfaði í rekstrarlegum tengslum við Seðlabankann og hefðu stofnanirnar stoð hvor af annarri að því er varðar upplýsingar og þekkingu[37]. Þau sjónarmið hafa komið fram að vátryggingastarfsemi eigi ekki samleið með Seðlabankanum og því sé óeðlilegt að fella sameinaða eftirlitsstofnun með einhverjum hætti undir Seðlabankann. Eftirlitsstofnun og Seðlabanki gætu þó haft verulegt hagræði af nánu sambýli, bæði að því er varðar gagnaöflun, upplýsingastreymi, alþjóðasamstarf, nýtingu sérþekkingar á einstökum sviðum og fleira[38]. Þetta ræðst þó að verulegu leyti af því hvernig tengslum eftirlitsstofnunar við Seðlabankann yrði háttað. Þannig myndi slík eftirlitsstofnun tæplega verða felld beint undir bankastjórn Seðlabankans, heldur falla beint undir viðskiptaráðuneytið, en hafa sjálfstæða stjórn, hugsanlega með aðild bankastjórnar.

---

[36] Um rök með og á móti því að eftirlit heyri undir seðlabanka vísast til kafla IV. a).

[37] Þegar núverandi fjármálaráðherra Bretlands kynnti þá ákvörðun sína að færa bankaeftirlit út úr Seðlabanka Bretlands sagði bankastjóri hans eftirfarandi: „....it will continue to be important under the new arrangements that the central bank is able to monitor, through the new regulatory body, the financial condition of individual institutions, as well as that of the system as a whole". Bank of England, Press Notice, 20 May 1997.

[38] Benda má á að nokkur umræða var um það í Noregi fyrir nokkrum árum að fella eftirlitsstofnunina undir Seðlabanka Noregs þótt þar fari eftirlitsstofnunin einnig með eftirlit með vátryggingastarfsemi. Reyndar náðu þær hugmyndir ekki fram að ganga, m.a. vegna þess að menn töldu að sjálfstæði hennar yrði stefnt í voða. Sjá Sammenslåing av Kredittilsynet og Norges Bank, rapport til Finans- og tolldepartementet, mars 1992.

5.3.2.2 Staða eftirlitsstofnana ef ekki verður af sameiningu

Ef niðurstaðan verður sú að sameina ekki núverandi eftirlitsstofnanir kemur fyrst og fremst til álita hvernig styrkja megi núverandi starfsemi. Fyrir liggur að gera verður ýmsar breytingar á löggjöf um eftirlitsstarfsemina, einkum að því er varðar bankaeftirlit. Snúa slíkar breytingar einkum að því að gera starfsheimildir bankaeftirlitsins skýrari en nú. Þá liggur fyrir að setja verði í löggjöf reglur um samskipti þessara eftirlitsstofnana við eftirlitsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu. En fyrst og fremst verður að huga að því hvernig stjórnsýslulegri stöðu þessara stofnana verði best háttað.

Að því er stöðu bankaeftirlits í Seðlabankanum varðar er það álit nefndarinnar að núverandi skipulag þess sé óskýrt, en það er reifað í viðauka II með skýrslu þessari. Bankaeftirlitið er deild í Seðlabankanum, lýtur yfirstjórn bankaráðs og bankastjórnar, en forstöðumaður eftirlitsins er skipaður af viðskiptaráðherra. Þá starfar samráðsnefnd viðskiptaráðuneytis og Seðlabanka um bankaeftirlit. Af þessu sést að stjórnskipulag þess er flókið, en ekki síður að ekki liggur ljóst fyrir hver ber í raun ábyrgð á starfsemi þess. Í dómsmálum hefur t.d. leikið vafi á hverjum skuli stefna til greiðslu skaðabóta. Í svokölluðu Ávöxtunarmáli var Seðlabanka Íslands, viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti stefnt í héraði til greiðslu bóta vegna meintrar vanrækslu bankaeftirlitsins.[39] Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur þó alla tíð litið svo á að hún beri óskoraða ábyrgð á starfsemi þess og hefur hagað afskiptum sínum af eftirlitsstarfinu samkvæmt því. Í viðauka II við skýrslu þessa er þess enn fremur getið að þrátt fyrir að forstöðumaður bankaeftirlits sé skipaður af ráðherra verði að telja að hann beri fyrst og fremst ábyrgð gagnvart Seðlabankanum og stjórn hans og að ekki verði séð að ráðherra hafi aðra stöðu gagnvart bankaeftirlitinu en Seðlabankanum almennt. Bankastjórn fari með stjórn bankaeftirlitsins, beri ábyrgð á rekstri þess og taki ákvarðanir í málum er lúta að því.

Tvær meginbreytingar á stjórnsýslulegri stöðu bankaeftirlitsins koma til greina.

1. Annars vegar að bankaeftirlitið verði deild í Seðlabankanum sem heyri alfarið undir hann, en ekki viðskiptaráðuneytið, eins og nú er að öðru leyti en því að viðskiptaráðuneytið fer með málefni Seðlabankans. Með því yrði ábyrgð Seðlabankans á eftirlitinu skýr. Hann sæi þá til þess að ráðuneytið væri upplýst um stöðu og starfsemi þeirra stofnana sem háðar eru eftirliti hans. Þau sjónarmið hafa komið fram að þessi leið sé heppilegust. Annars verði ábyrgðin óskýrari, trúverðugleiki kunni að skerðast, hættan aukist á hagsmunaárekstrum og erfiðara verði að halda utan um trúnaðarupplýsingar.
2. Hins vegar að bankaeftirlitið heyri beint undir viðskiptaráðherra, en sjálfstæð stjórn, skipuð af honum, fari með yfirstjórn eftirlitsins. Bankaeftirlitið verði því í raun sjálfstæð ríkisstofnun. Hins vegar komi til greina að það verði áfram rekið í tengslum við Seðlabankann, en heyri ekki undir yfirstjórn bankans. Þessi leið hefði í för með sér að ekki yrðu rofin tengsl Seðlabanka og bankaeftirlits, en sjálfstæði bankaeftirlits gagnvart Seðlabanka þó aukið. Jafnframt yrði vægi viðskiptaráðuneytis í yfirstjórn bankaeftirlitsins aukið og ábyrgð þess á bankaeftirliti gerð afdráttarlaus.

Vátryggingaeftirlitið heyrir nú beint undir viðskiptaráðuneytið og er forstöðumaður skipaður af viðskiptaráðherra. Hins vegar hefur eftirlitið ekki sjálfstæða stjórn. Taka verður til athugunar hvort heppilegra sé að ráðherra skipi eftirlitinu stjórn sem færi með yfirstjórn stofnunarinnar, en forstöðumaður ynni í umboði hennar eða sæti í henni.

---

[39] Héraðsdómsmálið nr. E-9841/1991, Hallgrímur A. Ottósson gegn Seðlabanka Íslands, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dómur 13. janúar 1994.

Að síðustu má nefna þann möguleika að fela Seðlabankanum einungis eftirlit með þeim stofnunum sem hann er örþrifalánveitandi fyrir, en setja á fót nýja sjálfstæða stofnun til þess að hafa eftirlit með öðrum stofnunum sem nú falla undir eftirlit bankaeftirlitsins. Þessi leið er hins vegar ekki talin vænleg, síst með tilliti til þeirra breytinga sem nú eru að verða á fjármagnsmarkaði og áður hefur verið lýst auk hagkvæmnissjónarmiða.

5.4 Niðurstöður

Að mati nefndarinnar er það frumforsenda skilvirks eftirlits með fjármálastarfsemi að stjórnsýsla eftirlitsstofnunar sé skýr. Þetta verður að tryggja hvort sem eftirlitið fer fram utan eða innan veggja seðlabanka. Einnig verður eftirlitsaðili að njóta þess sjálfstæðis að óhlutdrægni hans verði ekki dregin í efa. Eftirlitsaðili verður því að geta tekið ákvarðanir á faglegum grunni án íhlutunar, m.a. íhlutunar hagsmunaaðila, og án þess að hæfi hans verði dregið í efa. Það sem í raun skiptir máli er hvort réttarstaða eftirlitsstofnunar sé tryggð, þannig að unnt sé að sinna eftirliti á hlutlægum grundvelli.

Ekki hefur náðst samstaða í nefndinni um það hvernig þetta verði best tryggt. Meiri hluti nefndarmanna telur þó að sameinuð eftirlitsstofnun skuli vera sjálfstæð og heyra undir viðskiptaráðuneytið, en Seðlabanka tryggð aðild að stjórn.

Ef niðurstaðan verður sú að sameina ekki umræddar eftirlitsstofnanir telja þrír nefndarmenn að nauðsynlegt sé að skipa bankaeftirlitinu sjálfstæða stjórn, en tveir nefndarmanna telja að því sé best borgið sem almennri deild í Seðlabankanum sem heyri að öllu leyti undir stjórn hans.

Það er mat nefndarinnar að ef stofnanirnar verða ekki sameinaðar skuli skipa Vátryggingaeftirlitinu sérstaka stjórn, en eins og fram er komið fer forstöðumaður einn með stjórn þess, undir yfirstjórn ráðherra. Þó var bent á að það kynni að verða vandkvæðum bundið að finna óháða menn til stjórnarsetu.

6. Fjármögnun eftirlits

Starfsemi bankaeftirlits og Vátryggingaeftirlits nú er fjármögnuð með ólíkum hætti. Þannig stendur Seðlabankinn straum af kostnaði bankaeftirlitsins og aflar með starfsemi sinni tekna til þess að standa undir þeim kostnaði. Hins vegar standa vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar undir kostnaði af eftirliti Vátryggingaeftirlitsins. Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laga nr. 60/1994 er kostnaði sem jafnað er árlega á vátryggingafélögin, jafnað á þau í hlutfalli við bókfærð iðgjöld samkvæmt ársreikningi viðkomandi reikningsárs. Gera má vátryggingafélagi að greiða allt að 0,33% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,04% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum. Þá getur ráðherra heimilað að fengnum tillögum Vátryggingaeftirlitsins að álagður hundraðshluti af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum verði mishár eftir vátryggingagreinum, enda mæli sérstakar ástæður með slíku.

Eins og fram kemur í viðauka III með skýrslu þessari standa eftirlitsskyldir aðilar undir kostnaði af eftirliti á Norðurlöndum.

Það er tillaga meiri hluta nefndarinnar að aðilum sem heyra undir eftirlit bankaeftirlits verði gert að greiða fyrir það með svipuðum hætti og vátryggingafélög greiða fyrir starfsemi Vátryggingaeftirlits. Skiptir þar ekki máli hver niðurstaðan verður í umfjöllun um sameiningu eftirlitsstofnana eða stjórnsýslulega stöðu þeirra. Ljóst er þó að sameining eftirlitsstofnananna ræki enn frekar á eftir því. Flest mælir með því að eðlilegt sé að koma á jafnræði milli fyrirtækja á fjármagnsmarkaði að þessu leyti. Þó verður að huga að því hvort lækka megi á móti útgjöld þessara stofnana vegna annarra viðskipta þeirra við Seðlabankann, eftir atvikum vegna bindiskyldu innlánsstofnana. Bent hefur verið á að fjármálastofnanir sem heyra undir

bankaeftirlit eru ekki allar með bindiskyldu gagnvart Seðlabankanum. Leiða megi rök að því að Seðlabankans af rekstri bankaeftirlits leggist misþungt á fjármálastofnanir. Hér sé því um mál að ræða sem varði samkeppnisstöðu stofnananna.

Verði eftirlitsstarfsemin sameinuð leggur fulltrúi fjármálafyrirtækja sem nú heyra undir eftirlit bankaeftirlits áherslu á að eðlilegar skorður verði reistar við því að eftirlitsstofnunin geti velt rekstrarkostnaði á þau fyrirtæki sem eftirliti sæta. Verði eftirlitsstarfsemi áfram innan Seðlabankans sé rétt að bankinn standi áfram undir kostnaði við eftirlitið á sama hátt og hann greiðir kostnað annarra verkefna sinna. Fái Seðlabankinn heimild til að taka gjald fyrir þessa starfsemi þurfi til mótvægis að breyta skilmálum um viðskipti fjármálafyrirtækja við bankann.

Að mati meiri hluta nefndarinnar hefði gjaldskylda fjármálastofnana í för með sér að koma yrði á fjárhagslegum aðskilnaði milli bankaeftirlits og annarra deilda Seðlabankans og að meta yrði til fjár gagnkvæma þjónustu bankaeftirlits og annarra deilda.

Að mati fulltrúa Seðlabankans er ekki nauðsynlegt að koma á fjárhagslegum aðskilnaði milli bankaeftirlits og annarra deilda bankans verði gjald tekið af stofnunum sem eftirlit nær til. Gjaldtöku megi haga þannig að hún mæti í stórum dráttum þeim kostnaði sem ætla megi að bankinn verði fyrir vegna eftirlitsstarfsins. Til umræðu hefur komið hvort rétt sé að Seðlabankinn beri hluta kostnaðar af bankaeftirliti með tilliti til þess hagræðis sem hann hefur af eftirlitsstarfseminni.

Viðauki I — Almennt eftirlit með fjármagnsmarkaði hér á landi

1. Bankaeftirlit

1.1 Saga bankaeftirlits og þróun [40]

Fjármálastarfsemi á sér ekki langa sögu hér á landi. Það var ekki fyrr en upp úr 1850 að sparisjóðastarfsemi komst á legg, fyrst með tilraunum Skútustaðahrepps til að ávaxta fé sveitarsjóðs með því að lána það út gegn veði í fasteignum á árunum 1853–1856, auk þess sem sparisjóður búlausra starfaði í hreppnum á árunum 1858–1864. Fyrsti reglulegi sparisjóðurinn var hins vegar Sparisjóður Múlasýslna sem stofnaður var árið 1868. Fleiri sparisjóðir voru stofnaðir í kjölfarið. Þá tók Landsbanki Íslands til starfa árið 1886 og Íslandsbanki hf. árið 1904.

Fyrstu lagaákvæði um opinbert eftirlit með bankastarfsemi er að finna í lögum nr. 48/1923 um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum. Töluvert hafði verið fjallað um nauðsyn og tilhögun opinbers eftirlits á árunum þar á undan, m.a. í tengslum við setningu laga um sparisjóði. Í lögunum frá 1923 segir ekkert um starfssvið eftirlits, aðeins er vísað til reglugerðarheimildar Stjórnarráðsins. Sú heimild var aldrei nýtt og því aldrei kveðið formlega á um starfsskyldur eftirlitsmannsins. Í nefndaráliti með frumvarpinu segir þó að aðalstarf eftirlitsmanns sé að rannsaka raunverulegt fjárhagsástand banka og sparisjóða, gera tillögur til stjórna þessara stofnana, koma skipulagi á bókhald sparisjóðanna, gefa ríkisstjórninni skýrslur og upplýsingar og vera ráðunautur hennar.

Í lögunum var kveðið á um launakjör eftirlitsmannsins. Laun, uppbót og ferðakostnaður hans skyldu greidd úr ríkissjóði, en bankar og sparisjóðir skyldu endurgreiða í ríkissjóð í hlutfalli við það fjármagn sem þeir hefðu í veltu um hver áramót.

Lög þessi voru felld úr gildi með lögum nr. 83/1935 um viðauka við og breyting á lögum nr. 44/1915 um sparisjóði. Borið hafði á talsverðri óánægju bankanna með eftirlitið og vildu þeir m.a. ekki borga sinn hluta kostnaðar við embættið. Með fyrrgreindum lögum var fjármálaráðuneytinu hins vegar falið að annast eftirlit með öllum sparisjóðunum í landinu. Skyldi

[40] Björn Jóhannesson: Eftirlit með skipulagðri fjármálastarfsemi. Kandídatsritgerð við Lagadeild Háskóla Íslands 1988.

það hafa nákvæmt eftirlit með því að starfsemi þeirra, rekstur og stjórn væri í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og önnur fyrirmæli. Þá skyldi ráðuneytið knýja á um úrbætur þegar ástæða væri til og því vera heimilt að stöðva rekstur sparisjóðs ef ekki væri bætt úr ágöllum. Sparisjóðunum var skylt að endurgreiða ríkissjóði kostnað af eftirlitinu í hlutfalli við samanlagðar inn- og útborganir þeirra síðastliðið ár.

Þessi skipan hélst til ársins 1941, en með lögum nr. 69/1941 um sparisjóði var ráðherra þeim sem færi með bankamál falið að fara með sparisjóðaeftirlitið. Í lögunum er gert ráð fyrir afskiptum sparisjóðaeftirlits af starfsemi sparisjóða, kveðið á um tilkynningaskyldu endurskoðenda og stjórnenda í tilteknum tilvikum og eftirlitinu falið að setja reglur.

Ekkert lögbundið eftirlit var með starfsemi banka frá 1935 allt til ársins 1961 þegar lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands voru sett. Á þessum árum höfðu verið gerðar tilraunir til að koma á sameiginlegu eftirliti með bönkum og sparisjóðum, en jafnan án árangurs. Með lögum nr. 10/1961 var Seðlabankanum falið að hafa með höndum eftirlit með starfsemi allra innlánsstofnana, þ.e. banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóði Íslands, svo og hverri þeirri stofnun sem hefði með höndum innlánsstarfsemi. Um leið féll niður sú skipan á sparisjóðaeftirliti sem verið hafði við lýði frá 1941. Starfsemi Seðlabankans hér að lútandi nefndist bankaeftirlit. Þar með var í fyrsta sinn komið á fót virku almennu eftirliti með fjármálastofnunum.

Í lögum nr. 10/1961 var starfsemi bankaeftirlits skilgreind svo að fylgst skyldi með því að innlánsstofnanir fylgdu lögum og reglum, sem giltu um starfsemi þeirra, og gerðar athuga semdir ef hagur og rekstur stofnunar væri talinn óheilbrigður. Slíkar athugasemdir skyldu tilkynntar ráðherra þegar í stað. Lögin kváðu ekki sérstaklega á um að eftirlitinu skyldi skipað í sérstaka deild innan Seðlabankans. Á árunum 1961–1969 mun aðalendurskoðandi Seðlabankans jafnframt hafa verið forstöðumaður bankaeftirlitsins, en með honum störfuðu tveir til þrír menn við það. Árið 1969 var komið á fót sérstakri deild innan bankans, bankaeftirliti Seðlabankans. Það var hins vegar ekki fyrr en með núgildandi lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, að kveðið var á um það í lögum að bankaeftirlit skyldi falið sérstakri deild innan bankans.

1.2 Starfsemi og starfssvið bankaeftirlits samkvæmt núgildandi lögum

Eins og áður segir fór bankaeftirlitið lengst af einungis með eftirlit með innlánsstofnunum. Í núgildandi lögum nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands, þar sem almenn ákvæði um bankaeftirlit er að finna, er einungis kveðið á um eftirlit með innlánsstofnunum. Í IV. kafla laganna kemur fram að bankaeftirlit athugi bókhald og reikninga innlánsstofnana og kanni að öðru leyti fjárhag og starfsemi þeirra (14. gr.), fylgist með því að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu sem í viðskiptunum felst (15. gr.) og kanni að öðru leyti hvort hagur og rekstur innlánsstofnunar sé óheilbrigður (sbr. 3. mgr. 17. gr.). Í kaflanum er enn fremur kveðið á um skyldur innlánsstofnana gagnvart bankaeftirlitinu og heimildir bankaeftirlits til aðgerða, en frekar verður vikið að því síðar.

Frá gildistöku núgildandi Seðlabankalaga hafa hins vegar orðið verulegar breytingar á fjármagnsmarkaði hér á landi. Nýjar tegundir fjármálastofnana hafa skotið upp kollinum og tilvist þeirra hefur smám saman kallað á opinbert eftirlit með þeim. Við það hefur eftirlitssvið bankaeftirlits víkkað. Hefur af hagkvæmnisástæðum þótt eðlilegt að fella eftirlit með nýrri starfsemi undir bankaeftirlit þrátt fyrir að sú starfsemi hafi ekki sömu rökbundnu tengsl við Seðlabankann og starfsemi innlánsstofnana. Hefur sá háttur verið hafður á að kveða á um auknar eftirlitsskyldur bankaeftirlits í sérlögum um viðkomandi fjármálastarfsemi, en vísa þar jafnframt til ákvæða Seðlabankalaga.

Sú þróun sem átt hefur sér stað á fjármagnsmarkaði á síðustu árum, bæði að því er varðar breyttar áherslur í fjármálastarfsemi og sífellt fleiri og nákvæmari reglur um starfsemi fyrirtækja, hefur leitt til breytinga á starfsemi bankaeftirlits. Ekki verður hjá því komist að fjalla stuttlega um þá starfsemi og þau fjármálafyrirtæki sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með, reifa reglur um starfsemi þessara stofnana og sérákvæði um eftirlit.

1.2.1 Innlánsstofnanir:

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er með lögum fengið víðtækt starfssvið í fjármálaþjónustu. Samkvæmt 44. gr. laga nr. 113/1996 er starfsemi þessara stofnana fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti. Hlutverk bankaeftirlitsins samkvæmt lögunum er að hafa eftirlit með því að starfsemi sé í samræmi við lögin, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Þá er kveðið á um upplýsingaskyldu stofnana og tengdra fyrirtækja eða hlutdeildarfyrirtækja vegna eftirlits og eftirlit með innlendum stofnunum erlendis og erlendum stofnunum hér á landi. Hins vegar er eftirlitið sjálft ekki skilgreint nákvæmlega í lögunum, heldur leiðir það af efnisreglum þeirra um starfsemi fyrirtækjanna.

Um helstu efnisreglur laganna má nefna reglur um svokallað eiginfjárhlutfall, en samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laganna skal eigið fé á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum hlutaðeigandi stofnunar og liðum utan efnahagsreiknings. Um þetta gilda auk laganna reglur Seðlabankans nr. 348/1996 um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Reglurnar byggjast á tilskipun 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (CAD) og tilskipun 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana (Solvency Ratio Directive). Þar er meðal annars að finna reglur um reglulega upplýsingagjöf stofnana og í viðaukum koma fram leiðbeiningar um form fyrir upplýsingagjöf.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. mega viðskiptabankar og sparisjóðir ekki eiga eða taka að veði eignarhluti í einstökum fyrirtækjum í óskyldri starfsemi sem nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi stofnunar. Þá skulu eignarhlutur og heildarskuldbindingar viðkomandi fyrirtækis gagnvart viðskiptabanka eða sparisjóði vera innan þeirra marka sem getur í reglum er ráðherra setur, sbr. reglugerð nr. 366/1994 um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar skulu áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila ekki fara yfir 25% af eigin fé lánastofnunar. Þó er gert ráð fyrir tilteknum aðlögunartíma til 31. desember 2001. Í 6. gr. er kveðið á um að lánastofnun skuli hafa yfir að ráða traustu stjórnunar- og upplýsingakerfi og innra eftirlitskerfi þar sem stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru auðkenndar og skráðar þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim. Þá er kveðið á um reglulega upplýsingagjöf.

Í VII. kafla laganna er kveðið á um ársreikning, endurskoðun og samstæðureikningsskil. Samkvæmt 6. mgr. 62. gr. skal endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun starfa við viðskiptabanka eða sparisjóð. Segir þar að innri endurskoðun sé hluti af skipulagi stofnunar og þáttur í eftirlitskerfi hennar. Heimilt er bankaeftirliti að veita undanþágu frá stofnun deildar og setja tiltekin skilyrði þess í stað. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar skulu endurskoðendur gera bankaeftirliti viðvart ef þeir verða varir við verulega ágalla í rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar. Þá hefur Seðlabankinn sett reglur nr. 554/1994 um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana og reglur um endurskoðun viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, frá 30. desember 1994. Í

fyrrnefndu reglunum er m.a kveðið á um mat á afskriftaþörf útlána og annarra skuldbindinga og framsetningu afskriftareiknings útlána.

Í síðarnefndu reglunum er m.a. að finna skilgreiningu á góðri endurskoðunarvenju.

1.2.2 Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir:

Eins og kunnugt er hafa starfað hér á landi ýmsir lánasjóðir sem sinnt hafa tilteknum verkefnum eða atvinnugreinum og í því skyni einkum stundað útlán. Hér er einkum um að ræða svokallaða fjárfestingarlánasjóði og eru Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Byggðastofnun og Stofnlánadeild landbúnaðarins stærstir þeirra. Þessir sjóðir lutu ekki formlegu opinberu eftirliti fyrr en með lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. og lög nr. 20/1996 um breyting á þeim lögum, að bankaeftirlitinu var falið að hafa eftirlit með starfsemi þeirra. Samkvæmt 2. gr. laganna taka þau til félaga og stofnana sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Auk þess ná lögin til eignarleigufyrirtækja, sbr. 9. gr. laganna. Eftir setningu þeirra kannaði bankaeftirlitið í samvinnu við viðskiptaráðuneytið hvaða lánastofnanir falla undir lögin. Í kjölfar þess hefur samþykktum og lögum einstakra lánasjóða verið breytt til þess að þeir falli ekki undir lög nr. 123/1993, en starfssvið viðkomandi sjóða og starfsheimildir hafa þótt þess eðlis að rétt væri að fella þá undan lögunum. Sem dæmi má nefna Iðnþróunarsjóð, Bjargráðasjóð, Lánasjóð sveitarfélaga o.fl. Samkvæmt samantekt bankaeftirlits frá 17. júlí 1996 falla nú eftirtaldir lánasjóðir undir lögin og lúta því eftirliti þess: Byggðastofnun, Ferðamálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Samvinnusjóður Íslands hf., Verslunarlánasjóður, Hafnabótasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Orkusjóður og Útflutningslánasjóður. Fiskveiðasjóður Íslands og Iðnlánasjóður ásamt með Iðnþróunarsjóði, sem nú lýtur ekki eftirliti bankaeftirlits, verða um næstu áramót lagðir niður, en á grunni þeirra stofnaðir Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., skv. lögum nr. 60/1997, og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, skv. lögum nr. 61/1997. Fjárfestingarbankinn fellur undir lög nr. 123/1993, en Nýsköpunarsjóður ekki. Hann mun þó lúta eftirliti bankaeftirlitsins.

Eftirlit með þessum lánastofnunum byggist á ákvæðum laga nr. 123/1993 og sérákvæðum í sérlögum um viðkomandi lánastofnun ef þau eru fyrir hendi. Lög nr. 123/1993 byggjast á efnisákvæðum laga nr. 113/1996. Um efnisatriði starfseminnar og eftirlitsins vísast því til umfjöllunar um viðskiptabanka og sparisjóði, laganna, reglugerða og reglna sem þar eru nefndar.

1.2.3 Eignarleigufyrirtæki:

Fyrstu lög um starfsemi eignarleigufyrirtækja voru nr. 19/1989 um eignarleigustarfsemi. Þar var bankaeftirlitinu falið að hafa eftirlit með eignarleigustarfsemi og starfsemi eignarleigufyrirtækja. Þessi lög voru felld úr gildi með lögum nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, en samkvæmt 9. gr. laganna ná þau einnig yfir eignarleigufyrirtæki. Heimilt er samkvæmt ákvæðinu að setja reglugerð um starfsemi eignarleigufyrirtækja, en það hefur ekki verið gert.

1.2.4 Verðbréfaviðskipti:

Bankaeftirlitið hefur eftirlit með verðbréfaviðskiptum, þ.e fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, en undir það hugtak falla verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir. Nú eru í gildi lög nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti. Bankaeftirlitinu var fyrst falið eftirlit hér að lútandi með lögum nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun, en þau lög kváðu á um verðbréfamiðlun og verðbréfasjóði. Voru þetta fyrstu almennu lög sem sett voru um þessa starfsemi. Þau lög féllu úr

gildi með lögum nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, en samkvæmt þeim hafði bankaeftirlitið eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja. Við af þeim tóku lög nr. 9/1993 um verðbréfaviðskipti og lög nr. 10/1993 um verðbréfasjóði.

Í XII. kafla laga nr. 13/1996 er kveðið á um eftirlit með fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Þar er kveðið á um eftirlit bankaeftirlits með starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi og innlendra fyrirtækja erlendis. Kveðið er á um aðgang að upplýsingum og rétt bankaeftirlits til þess að krefjast úrbóta ef starfsemi fyrirtækis brýtur gegn lögum eða reglum eða er að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust. Sérstaklega er kveðið á um heimildir bankaeftirlits til þess að krefjast upplýsinga og gagna ef það hefur rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna um meðferð trúnaðarupplýsinga, en þar er kveðið á um svokölluð innherjaviðskipti.

Á meðal efnisákvæða laganna eru ákvæði V. kafla um eigið fé fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, en með lögunum voru teknar upp hliðstæðar reglur og gilda um viðskiptabanka og sparisjóði. Í 37. gr. laganna er sérstaklega kveðið á um aðgerðir bankaeftirlits og viðskiptaráðuneytis ef fyrirtæki uppfyllir ekki eiginfjárkröfur. Í umfjöllun um viðskiptabanka og sparisjóði hér að framan var vísað til reglna Seðlabankans nr. 348/1996 um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Í lögunum er að finna ítarlegar reglur um starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, réttindi þeirra og skyldur. Þá voru áður nefnd ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga. Á grundvelli laganna gilda reglugerð nr. 361/1993 um tryggingarskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfaviðskipta, reglur Seðlabankans frá 13. september 1995 um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa og reglugerð nr. 505/1993 um almennt útboð verðbréfa. Í VI. kafla laganna um ársreikninga og endurskoðun er um margt að finna hliðstæð ákvæði og í lögum nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

1.2.5 Verðbréfasjóðir:

Um verðbréfasjóði gilda lög nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, sbr. lög nr. 21/1996 um breyting á þeim lögum. Áður hafði verið kveðið á um verðbréfasjóði í lögum nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun, en þau kváðu á um verðbréfamiðlun og verðbréfasjóði. Þau lög féllu úr gildi með lögum nr. 20/1989.

Ákvæði IX. kafla laga nr. 10/1993 eru áþekk ákvæðum í lögum um verðbréfaviðskipti. Í lögunum er kveðið á um hvernig starfsemi verðbréfasjóða skuli háttað. Þannig skal fela sérstöku rekstrarfélagi rekstur verðbréfasjóðs, en í því felst daglegur rekstur sjóðsins. Umsjá og varðveisla verðbréfa skal hins vegar falin vörslufyrirtæki sem gjarnan er verðbréfafyrirtæki það sem sjóðurinn starfar við. Lögð er áhersla á sjálfstæði rekstrarfélags gangvart vörslufyrirtæki og er því óheimilt að hafa önnur störf með höndum en rekstur verðbréfasjóðs eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu. Í lögunum er einnig kveðið á um útgáfu hlutdeildarskírteina og innlausn, en kveðið er á um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða í reglugerð nr. 362/1993. Þá eru í lögunum ákvæði um fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða, þ.e. í hvers konar verðbréfum sjóður má fjárfesta, hversu hátt hlutfall af eignum sjóður eða deild sjóðs má fjárfesta í verðbréfum, útgefnum af sama aðila eða, hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða. Sérstaklega er kveðið á um heimildir bankaeftirlits til að heimila fjárfestingu umfram þau mörk sem lögin kveða á um. Í 31. gr. er kveðið á um tilkynningaskyldu endurskoðenda til bankaeftirlits, áþekka þeirri sem kveðið er á um í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og lögum um verðbréfaviðskipti. Um gerð ársreiknings verðbréfasjóða gilda reglur Seðlabankans frá 30. desember 1993.

1.2.6 Verðbréfaþing:

Með lögum nr. 11/1993 um Verðbréfaþing Íslands er bankaeftirlitinu falið nánar tilgreint eftirlit með Verðbréfaþinginu. Áður hafði verðbréfaþing starfað á grundvelli 11. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands, en þar er honum heimilað að stofna og starfrækja verðbréfaþing í samvinnu við fjármagnsmarkaðinn samkvæmt reglum sem Seðlabankinn setti. Fram að setningu laga nr. 11/1993 fór bankaeftirlitið ekki með eftirlit með starfsemi þess.

Bankaeftirlitið hefur eftirlit með því að Verðbréfaþingið starfi samkvæmt lögum og reglum og hefur aðgang að gögnum þingsins. Hins vegar er Verðbréfaþinginu falið að hafa eftirlit með því að viðskipti þar séu í samræmi við lög og reglur. Sú skylda hvílir á stjórnendum og starfsmönnum þingsins að gera bankaeftirlitinu viðvart ef þeir verða varir við starfsemi sem ætla má að sé í andstöðu við lög eða reglur.

Viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í frumvarpinu felst sú meginbreyting að einkaréttur á starfsemi Verðbréfaþings Íslands er afnuminn. Kveðið er á um eftirlit bankaeftirlits með starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

1.2.7 Húsnæðisstofnun ríkisins:

Samkvæmt lögum nr. 150/1995 um breyting á lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með starfsemi húsbréfadeildar. Fyrir setningu tilvitnaðra breytingalaga var kveðið á um að bankaeftirlitið hefði eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þau ákvæði þóttu vandskýrð og var því ráðist í breytingar á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 97/1993 skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með útgáfu húsbréfa og fjárhag húsbréfadeildar. Þá skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með húsbréfum á eftirmarkaði. Kveðið er á um upplýsingaskyldu Húsnæðisstofnunar og jafnframt heimild bankaeftirlits til þess að láta fara fram vettvangsathuganir hjá öðrum deildum stofnunarinnar í þeim mæli sem það er nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu húsbréfadeildar. Sérstaklega er kveðið á um þá skyldu Seðlabanka Íslands að stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði.

1.2.8 Lífeyrissjóðir:

Samkvæmt lögum nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða hefur bankaeftirlitið með höndum takmarkað eftirlit með lífeyrissjóðum. Þannig skulu lífeyrissjóðir senda bankaeftirlitinu ársreikninga sína og hefur það metið fjárhagslega stöðu þeirra á grundvelli ársreikninga og gefið út skýrslu um niðurstöður sínar. Þá skulu skoðunarmenn tilkynna bankaeftirlitinu um verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu og greiðslutryggingar útlána. Getur bankaeftirlitið krafið lífeyrissjóð um úrbætur.

1.2.9 Fjárfestingarfélög:

Í lögum nr. 9/1984 um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri er gert ráð fyrir svokölluðum fjárfestingarfélögum. Samkvæmt V. kafla laganna eru þau sérstaklega mynduð til fjárfestingar í áhættufé atvinnufyrirtækja, skuldabréfum eða annarri hliðstæðri fjármögnun slíkra fyrirtækja. Einstaklingum sem kaupa hlutabréf í fjárfestingarfélagi er heimilt að draga kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum. Ríkisskattstjóri skal árlega veita fjárfestingarfélögum sem hann viðurkennir sérstaka staðfestingu og halda skrá yfir þau. Samkvæmt 3. mgr. 24. gr. laganna er kveðið á um að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli hafa eftirlit með starfsemi fjárfestingarfélaga og gilda um það sömu reglur og um eftirlit með bönkum og sparisjóðum eftir því sem við á. Telji bankaeftirlitið að

starfsemi fjárfestingarfélags brjóti í bága við lög, reglur eða eðlilega viðskiptahætti skal það gera fjármálaráðherra viðvart.

2. Vátryggingaeftirlit

2.1 Saga Vátryggingaeftirlits og þróun

Fyrst var kveðið á um opinbert eftirlit með vátryggingafélögum og vátryggingastarfsemi í lögum nr. 26/1973 um vátryggingastarfsemi. Hét eftirlitsstofnun með þeim þá tryggingaeftirlit. Tilgangur með eftirlitinu var í fyrsta lagi að fylgjast með því að vátryggingafélög ræktu hið félagslega þjónustuhlutverk sitt, en þeim sem vátryggingar bjóða er ætlað að bæta mönnum fjárhagslegt tjón er þeir verða fyrir, þar með talið líkams- og heilsutjón. Í öðru lagi var löggjöfin sett vegna þeirrar áhættu sem í starfseminni felst vegna vátryggingarskuldbindinganna sem oft nema mjög háum fjárhæðum. Nauðsynlegt er þannig að tryggja greiðslugetu félaga sem vátryggingar bjóða og öryggi þeirra sem kröfur eiga á bótum. Var því eitt meginverkefni tryggingaeftirlitsins samkvæmt lögunum að kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingafélaga í því skyni að tryggt væri að starfandi vátryggingafélög gætu staðið við skuldbindingar sínar.

Þetta hlutverk rækti eftirlitið einkum með því að safna upplýsingum og gögnum um starfsemina og með endurskoðun hjá félögunum. Þessum markmiðum skyldi ná með því að ákveða form ársreikninga (reglugerð nr. 77/1975), svo og hugtök sem nota skyldi í bókhaldi vátryggingafélaga. Reikningarnir skyldu staðfestir af tryggingaeftirliti og birtir í Lögbirtingablaði. Þá bar eftirlitinu að kanna vátryggingarskilmála og iðgjaldagrundvöll vátrygginga sem á boðstólum voru. Vátryggingarskilmálar sem félögin notuðu og breytingar á þeim voru háðir samþykki eftirlitsins og bar því „að gæta þess að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptahátt í vátryggingaviðskiptum“. Um iðgjöld og iðgjaldagrundvöll gilti hliðstætt ákvæði. Lögin mæltu svo fyrir að iðgjöld hverrar greinar skyldu standa undir tjónagreiðslum og eðlilegum rekstrarkostnaði í viðkomandi grein. Var þá litið til lengra tímabils en eins árs. Um líftryggingar voru ítarlegri ákvæði í lögunum en um aðrar greinar vátrygginga, en samkvæmt venju er eftirlit víða strangara með þeirri tegund vátrygginga en öðrum. En kveðið var á um hvernig ávaxta skyldi líftryggingasjóð og skyldu verðbréf sjóðsins árituð sem eign hans. Þau mátti ekki veðsetja né selja nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra. Engin slík ákvæði voru hins vegar um ávöxtun tryggingasjóðs í öðrum greinum vátrygginga.

2.2 Lög um vátryggingastarfsemi

Núgildandi lög um vátryggingastarfsemi eru nr. 60/1994. Eftirlit með vátryggingastarfseminni er ekki skilgreint almennt í lögunum. Aftur á móti er í þeim mikill fjöldi ákvæða um bein og óbein afskipti eftirlitsins af vátryggingafélögum og ýmsum þáttum vátryggingastarfseminnar. Af þeim má nokkuð ráða tilgang þess. Þannig segir í 54. gr. að vátryggingaeftirlitið skuli a.m.k. árlega kanna gjaldþol og greiðsluþol vátryggingafélaga á grundvelli ársreikninga fyrir næstliðið reikningsár. Enn fremur segir þar að Vátryggingaeftirlitið skuli árlega leggja mat á vátryggingaskuld vátryggingafélaga, þar á meðal hvort tekið sé á fullnægjandi hátt tillit til óvissu í mati með nauðsynlegu álagi og hvort skilyrðum um það sem lagt er fram til jöfnunar vátryggingaskuldinni sé fullnægt, sbr. 34. og 35. gr. Í 34. gr. er svo fyrir mælt að vátryggingaskuldin skuli metin þannig að hún samsvari óuppgerðum heildarskuldbindingum vátryggingafélags vegna gerðra vátryggingasamninga. Nánar tiltekið samanstendur hún af iðgjaldaskuld, skuldbindingum félags vegna þess hluta iðgjaldanna sem fellur á tímabilið eftir að reikningsári lýkur, tjónaskuld, skuldbindingum félags vegna tjóna sem orðið hafa og óuppgerð eru í lok reikningsársins og útjöfnunarskuld sem er óvissuálag vátryggingaskuldarinnar. Í eldri lögum var vátryggingaskuldin nefnd tryggingasjóður, tjónaskuldin hét bótasjóður og iðgjaldaskuldin

iðgjaldasjóður. Heitin í nýju lögunum lýsa betur hvers eðlis þessi efnahagsliður er, þ.e. hann er skuldbinding félagsins gagnvart vátryggðum, en ekki sjóður hjá félaginu. Af öðrum verkefnum Vátryggingaeftirlitsins samkvæmt 55. gr. má nefna að það skal fylgjast með vátryggingaskilmálum sem í boði eru hér á landi og gæta þess að þeir séu í samræmi við lög sem hér gilda og góða viðskiptahättu. Enn fremur skal það fylgjast með iðgjaldagrundvelli vátrygginga með það fyrir augum að iðgjöld sem í boði eru hér á landi séu sanngjörn í garð vátryggingataka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Þá skal Vátryggingaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptaháttum vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Enn fremur skal það starfrækja neytendamáladeild sem hefur með höndum upplýsinga- og kvörtunarþjónustu fyrir vátryggingataka og vátryggða hjá vátryggingafélögum.

Til frekara yfirlits má skipta verkefnasviðinu í eftirfarandi þætti eftir því um hvaða aðila er að ræða, sbr. ársskýrslu 1987–1995:

1. Málefni innlendra vátryggingafélaga sem reka vátryggingastarfsemi.
2. Málefni erlendra vátryggingafélaga sem reka vátryggingastarfsemi hér á landi.
3. Málefni vátryggingamiðlara sem starfa við starfsleyfisskylda vátryggingamiðlun.
4. Neytendamál, málefni vátryggingataka og vátryggðra, þeirra sem vátryggingar kaupa og fá bætur frá vátryggingafélögum.
5. Málefni innlendra aðila, einstaklinga, stofnana, opinberra aðila og annarra sem leita ráðgjafar, upplýsinga, álits, umsagnar o.s.frv. á vátryggingasviði.
6. Erlend málefni vegna samstarfs á alþjóðavettvangi og vegna aðila sem leita ráðgjafar, upplýsinga o.s.frv. á vátryggingasviði.
7. Innri málefni eftirlitsins, rekstur, fjármál, tölvu- og gagnavinnsla og skrifstofuhald.
8. Vistun úrskurðarnefndar vátryggingamála.

2.3 Aðalsérkenni vátryggingastarfsemi og Vátryggingaeftirlits og starfsemi annarra fjármálastofnana og bankaeftirlits

Rétt þykir að víkja hér að þeim mismun sem skilur að starfsemi vátryggingafélaga og annarra fjármálastofnana að því er snertir andlag viðskiptanna. Að jafnaði getur verðbréfasali sem miðlar verðbréfum gert sér grein fyrir því hvers virði viðkomandi verðbréf sé, hvernig það sé tryggt og líkum á að skuldari standi í skilum. Hliðstætt gildir um lánastofnun, t.d. banka sem lánar fé. Hún getur kannað þær tryggingar sem í boði eru og greiðsluþol lántakanda að öðru leyti. Hjá vátryggingafélagi er þessu allt öðruvísi farið. Þegar vátryggingafélag gerir t.d. samning um skaðatryggingu hefur það enga möguleika á að gera sér grein fyrir því í upphafi hvort af honum leiði tjón fyrir félagið. Það hefur ekki við annað að styðjast en tölfræðilegar upplýsingar um tjónareynslu í viðkomandi grein. Fyrirfram veit það ekki hvað sú tryggingavernd kostar sem það er að taka að sér. Lánastofnanir geta eða eiga strax við samningsgerð að geta metið af mikilli nákvæmni þá peningalegu áhættu sem samningnum kann að fylgja. Þessi munur á andlagi viðskiptanna skilur hér á milli. Áhættan felst fyrst og fremst í því hvort efndir takast eins og til var ætlast.

Í IV. kafla laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands eru ákvæði um bankaeftirlitið. Hlutverk þess í stórum dráttum er að hafa eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir hverju sinni (13. gr.). Enn fremur að athuga bókhald og reikninga og kanna að öðru leyti fjárhag og starfsemi þessara stofnana (14. gr.) og fylgjast með því að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila þeirra séu í samræmi við áhættu sem í viðskiptunum felst með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnana og eigin fé (15. gr.).

Í ársskýrslu Vátryggingaeftirlitsins 1987–1995 er hliðstæðri starfsemi þess lýst á þessa leið: „Meginverkefni á fjármála- og viðskiptasviði er eftirlit með hinum fjárhagslega og viðskiptalega þætti vátryggingastarfseminnar, mat á fjárhagsstöðu, gjaldþoli og gjaldhæfi og almennt hinni viðskiptalegu áhættu í vátryggingarekstri, eftirlit með rekstrarfyrirkomulagi, bókhaldi og innra eftirliti vátryggingafélaga, gagnasöfnun og greiningu upplýsinga, yfirferð ársreikninga og annarra gagna, kannanir hjá vátryggingafélögum og vátryggingamiðlurum, eignir á móti vátryggingaskuld vátryggingafélaga, birting meginniðurstaðna ársreikninga í Lögbirtingablaði.“ Ljóst er að í meginatriðum er um hliðstæða starfsemi að ræða hjá báðum stofnununum að því er tekur til eftirlits með verðmætum á viðskiptasviði. Að öðru leyti eru viðfangsefnin ólík eins og áður er á minnst, sbr. lögin um vátryggingastarfsemi.

3. Opinbert eftirlit með fjármagnsmarkaði og EES-samningurinn

Hér að framan hefur verið drepið á helstu lög sem gilda á fjármagnsmarkaði og reglur og reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Ljóst er af þeirri reifun að reglur á þessu sviði hafa tekið stórstígum breytingum á síðustu 3–4 árum. Þær breytingar hafa átt sér stað í kjölfar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í raun snerta þessar breytingar starfsemi eftirlitsstofnana á tvennan hátt.

Annars vegar lýtur efni tilskipana Evrópusambandsins, sem tekið hefur verið upp í íslenska löggjöf, að starfsskyldum og starfsheimildum eftirlitsstofnana. Nefna má að heimildir til þess að koma á fót fjármálastofnunum í öðrum aðildarríkjum fela í sér svokallað heimaríkiseftirlit, en í því felst að eftirlitsstofnun hefur eftirlit með starfsemi innlendra fjármálastofnana á Evrópska efnahagssvæðinu, en leggur þeim jafnframt á herðar ýmsar skyldur að því er varðar starfsemi erlendra fjármálastofnana hér á landi. Þá kveða tilskipanirnar á um að eftirlitsaðilar á Evrópska efnahagssvæðinu hafi samráð sín á milli um tiltekin atriði. Reglur hér að lútandi hafa ekki verið teknar upp í íslenska löggjöf að öllu leyti, en í inngangi skýrslu þessarar var einmitt vikið að mikilvægi endurskoðunar á ákvæðum um bankaeftirlit, m.a. með tilliti til þessa.

Hins vegar hafa reglur sem heimfærðar hafa verið úr tilskipunum sett íslenskum fjármálastofnunum ítarlegri reglur en áður giltu um tiltekna þætti í starfsemi þeirra, en slíkar reglur fela jafnframt í sér skýrari viðmið fyrir eftirlitsstofnanir í störfum sínum en áður tíðkuðust. Nægir hér að nefna ákvæði um eiginfjárhlutfall, hámarksfyrirgreiðslu til einstakra viðskiptavina og fleira.

Í tilskipunum Evrópusambandsins sem lúta að starfsemi á fjármagnsmarkaði er lögð mikil áhersla á eftirlit með þessari starfsemi. Því má fullyrða að þátttaka Íslands í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafi aukið verulega vægi opinbers eftirlits á þessu sviði. Samningurinn felur enn fremur í sér að reglur um helstu svið fjármagnsmarkaðar eru samræmdar í öllum aðildarríkjum.

Til glöggvunar þykir rétt að nefna nokkrar tilskipanir sem varða starfsemi á fjármagnsmarkaði.

Um fjármálastarfsemi aðra en vátryggingastarfsemi gilda m.a. þessar tilskipanir:

1. Fyrsta tilskipun ráðsins 77/780/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana (Fyrsta bankatilskipun).
2. Önnur tilskipun ráðsins 89/646/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE (Önnur bankastilskipun).
3. Tilskipun 83/350/EBE og 92/30/EBE um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli.

4. Tilskipun 89/299/EBE um eigið fé lánastofnana og tilskipun 91/633/EBE um framkvæmd hennar.
5. Tilskipun 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana (Solvency Ratio Directive).
6. Tilskipun 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Tilskipunin byggir á drögum að nýjum BIS-reglum (Bank of International Settlement).
7. Tilskipun 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana.
8. Tilskipun 76/66/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.
9. Tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga.
10. Tilskipun 92/121/EBE um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana.
11. Tilskipun 94/19/EBE um innlánatryggingakerfi.
12. Tilskipun 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana.
13. Tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.
14. Tilskipun 79/279/EBE til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi auk fleiri tilskipana er varða skráningu á verðbréfaþingi.
15. Tilskipun 89/298/EBE um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa.
16. Tilskipun 89/592/EBE um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti.
17. Tilskipun 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS).

Tilskipanir á vátryggingasviði eru m.a. þessar:

1. Tilskipun 64/225/EBE um endurtryggingar.
2. 1. tilskipun 72/166/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE, 90/232/EBE og ákvörðun 91/232/EBE.
3. 1. tilskipun 73/239/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipunum 76/580/EBE, 84/641/EBE, 87/343/EBE, 87/344/EBE, 88/357/EBE og 90/618/EBE.
4. Tilskipun 73/240/EBE um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda o.fl.
5. Tilskipun 77/92/EBE um vátryggingamiðlara.
6. Tilskipun 78/473/EBE um samtryggingar.
7. 1. tilskipun 79/267/EBE um líftryggingar með breytingum samkvæmt tilskipun 90/619/EBE.
8. 2. tilskipun 84/5/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja með breytingum samkvæmt tilskipun 90/232/EBE.
9. Tilskipun 84/641/EBE um ferðamannaaðstoð.
10. Tilskipun 87/344/EBE um réttaraðstoð.
11. 2. tilskipun 88/357/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipun 90/618/EBE.
12. 3. tilskipun 90/232/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja.
13. 2. tilskipun 90/619/EBE um líftryggingar.
14. Tilskipun 91/674/EBE um ársreikning og samstæðureikning vátryggingafélaga.
15. 3. tilskipun 92/49/EBE um skaðatryggingar.
16. 3. tilskipun 92/96/EBE um líftryggingar.
17. Tilmæli 74/165/EBE um gildistíma ábyrgðartrygginga ökutækja í öðru aðildarríki.
18. Tilmæli 81/76/EBE um að flýta tjónsuppgjöri í ábyrgðartryggingum ökutækja.
19. Tilmæli 92/48/EBE um vátryggingamiðlara.
20. Að síðustu má nefna tilskipun 95/26/EBE um breytingu á fyrstu og annarri bankatil-

skipun, tilskipunum á sviði vátrygginga, tilskipun um fjárfestingarfyrirtæki og tilskipun um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), með það í huga að efla eftirlit á þessum sviðum (Post-BCCI-tilskipun).

Rétt er að vekja sérstaka athygli á tilskipun 95/26/EBE sem síðast var getið, en hún var sett vegna annmarka á sameiginlegum reglum Evrópusambandsins sem í ljós komu við fall BCCI-bankans (Bank of Credit and Commerce International) árið 1991. Tilskipuninni er ætlað að herða eftirlit með tilteknum sviðum fjármálastofnana. Hún skilgreinir og bannar tiltekin náin tengsl fjármálastofnana og skyldar endurskoðendur þeirra til þess að tilkynna eftirlitsstofnunum um annmarka á rekstri og fjárhag fjármálastofnana. Einnig kveður hún á um samráð eftirlitsstofnana sín í milli. Tilurð þessarar tilskipunar sýnir hve mikil áhersla er lögð á eftirlit á fjármagnsmarkaði og er lýsandi fyrir öra þróun á þessu sviði.

Viðauki II — Staða eftirlitsstofnana í stjórnsýslunni samkvæmt núgildandi lögum

1. Staða bankaeftirlitsins

1.1 Almennt

Samkvæmt lögum nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands er bankaeftirlit rekið sem deild í bankanum. Engu að síður hefur bankaeftirlitið nokkra sérstöðu þar samanborið við aðrar deildir hans. Er þar fyrst að nefna að deildin er ásamt endurskoðunardeild eina deildin sem sérstaklega er kveðið á um í lögum. Einnig hefur bankaeftirlitið sérstöðu í Seðlabankanum að því er stjórnun varðar. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir því hvernig stjórn bankaeftirlitsins er háttað og í hverju sérstaða þess er fólgin að þessu leyti. Verður fjallað um fjóra aðila sem koma að stjórn bankaeftirlits með einum eða öðrum hætti, þ.e. samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka um bankaeftirlit, ráðherra, bankaráð og bankastjórn.

1.2 Samstarfsnefnd viðskiptaráðuneytis og Seðlabanka Íslands

Í 3. mgr. 13. gr. Seðlabankalaga er kveðið á um sérstaka samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka sem fylgjast á með starfsemi bankaeftirlitsins. Í nefndinni sitja fulltrúi ráðuneytis, einn bankastjóri Seðlabankans og forstöðumaður bankaeftirlitsins. Viðskiptaráðherra skipar nefndarformann.

Hugmyndin með þessari samstarfsnefnd var sú að efla tengsl milli bankaeftirlits og viðskiptaráðuneytis[41]. Þetta var gert án þess að slíta tengsl bankaeftirlitsins við Seðlabankann. Ætla má að með þessari tilhögun hafi verið ætlunin að koma til móts við það sjónarmið að eftirlit með fjármálastarfsemi bæri að fela sjálfstæðri stofnun án beinna stjórnunartengsla við Seðlabankann[42]. Bankamálanefnd sú sem vann að tillögum um Seðlabankafrumvarp og skipuð var 1981 gerði ráð fyrir róttækum breytingum á stöðu bankaeftirlitsins í átt að stórauknu sjálfstæði. Þannig átti bankaeftirlitið að vera sjálfstæð stofnun sem þó starfaði innan Seðlabankans og á hans reikning. Skyldi það lúta yfirstjórn ráðherra og bankaráðs. Forstöðumaður skyldi skipaður af ráðherra og vera óháður bankastjórn[43]. Í umfjöllun á Alþingi voru einnig uppi háværar raddir um að auka þyrfti sjálfstæði bankaeftirlitsins. Þannig var gerð breytingar-

---

[41] Í framsögu sinni með frumvarpinu, í AT 1985–86 B:2368, gerði Matthías Bjarnason viðskiptaráðherra svofellda grein fyrir þessari skipan: „Með þessu móti er leitast við að tengja ráðuneytið beint við bankaeftirlitið en tengsl þessara tveggja aðila hafa lengst af einkum farið fram með milligöngu stjórnar Seðlabanka."

[42] Þetta sjónarmið kom fram í umræðum á Alþingi, t.d. í AT 1985–86 B:3993.

[43] Sjá um þetta fylgiskjal við nefndarálit, AT 1985–86 A:3292.

tillaga við frumvarpið sem byggð var á fyrrgreindum tillögum bankamálanefndar[44]. Einnig var lagt fram frumvarp til laga um sjálfstætt bankaeftirlit[45]. Frumvörp þessi urðu ekki að lögum.

Eins og áður er komið fram hefur samstarfsnefndin það hlutverk að fylgjast með starfsemi bankaeftirlitsins, sbr. 3. mgr. 13. gr. Seðlabankalaga. Þannig er komið á fót nefnd þar sem forstöðumaður bankaeftirlits hittir fyrir fulltrúa ráðuneytis og bankastjóra Seðlabanka. Hins vegar er ekki getið nánar um verkefni nefndarinnar eða valdsvið, svo sem frumkvæði eða heimildir til þess að krefja bankaeftirlitið um úrbætur í starfsemi þess. Engin fyllingarákvæði eru heldur í reglugerð nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands.

Hins vegar setti viðskiptaráðuneytið, hinn 8. maí 1987, sérstakar starfsreglur forstöðumanns og samstarfsnefndar við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Fjallað er um samstarfsnefndina í 8.–10. gr. reglnanna. Skv. 10. gr. skal halda nefndarfundi reglulega og skal forstöðumaður gera samstarfsnefnd grein fyrir framvindu mála og kynna niðurstöður eftirlitsins. Allar meiri háttar athugasemdir er varða óheilbrigða starfsemi eftirlitsskyldra aðila skulu kynntar nefndinni, svo og ef gripið er til aðgerða þeirra sem bankaeftirlit getur beitt og fyrr er lýst. Skv. 9. gr. reglnanna skal bankastjórnin leggja fram starfsáætlun fyrir bankaeftirlitið tvisvar á ári og skal hún gilda fyrir næstu sex mánuði. Skal hún lögð fyrir samstarfsnefndina til staðfestingar.

Þrátt fyrir ofangreindar starfsreglur er hlutverk nefndarinnar og valdsvið mjög óljóst. Þannig er hvergi að finna svör við því hvort nefndin beri á einhvern hátt ábyrgð á störfum bankaeftirlits. Ekki er heldur ljóst hver úrræði nefndin hefur ef starfsemi bankaeftirlitsins er ábótavant. Telja má að löggjafinn hefði kveðið á um slíka ábyrgð og slíkar heimildir ef ætlunin hefði verið að gefa afskiptum samstarfsnefndar slíkt vægi. Af óskýrleika umræddra réttarheimilda verður því að draga þá ályktun að nefndin gegni einungis því hlutverki að koma á umræðu milli hlutaðeigandi aðila með það að leiðarljósi að samræma þá vinnu sem fram fer á þessum vettvangi. Hún beri því ekki ábyrgð á störfum bankaeftirlitsins og hafi ekki heimild til þess að gera neinar sérstakar ráðstafanir í sínu nafni.

1.3. Skipun forstöðumanns bankaeftirlits

Skipun forstöðumanns bankaeftirlits er í höndum viðskiptaráðherra, en skv. 2. mgr. 13. gr. Seðlabankalaga skipar ráðherra forstöðumann bankaeftirlits til sex ára í senn hið mesta. Í forföllum getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett annan mann í hans stað. Þetta er mjög sérstakt fyrirkomulag þar sem bankaeftirlitið telst vera ein af deildum Seðlabankans. Aðrir forstöðumenn deilda eru ráðnir af bankastjórn, að frátöldum forstöðumanni endurskoðunardeildar sem ráðinn er af bankaráði, sbr. 34. gr. laganna.

Samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar er sá yfirmaður sem skipar, setur eða ræður mann til starfa. Hér verður að taka til umfjöllunar hvort svo sé einnig í þessu tilviki eða hvort sérsjónarmið eigi við.

Skipan þessari var komið á með núgildandi lögum. Í tíð laga nr. 10/1961 heyrði bankaeftirlitið beint undir bankann og forstöðumaður var, eins og aðrir starfsmenn, ráðinn af bankastjórn.

Tilgangur ráðherraskipunar var sá sami og nefndur var hér að framan í umfjöllun um samstarfsnefndina. Þannig skyldi með þessu efla bein tengsl ráðuneytis og bankaeftirlits án þess að slíta tengsl bankaeftirlits við Seðlabankann. Einnig má ætla að það sjónarmið hafi legið hér að baki að koma til móts við þá sem vildu sjálfstæði bankaeftirlits frá Seðlabankanum sem mest.

---

[44] Sjá breytingartillögur, AT 1985–86 A:3316.

[45] AT 1985–86 A:1132.

Í 4.–7. gr. starfsreglna forstöðumanns og samstarfsnefndar er fjallað um verkefni hans og ábyrgð. Skv. 4. gr. skal forstöðumaður starfa undir bankastjórn Seðlabankans og bera ábyrgð á daglegum rekstri bankaeftirlitsins. Skal hann sjá um að verkefni sem bankaeftirlitinu eru falin séu unnin á faglegan hátt og eftir bestu samvisku í hvívetna. Skv. 5. gr. skal forstöðumaður gæta þess að starfsmenn bankaeftirlitsins séu hæfir til þeirra verkefna sem þeim eru falin.

Spurningin er sú hvaða áhrif ráðherraskipun forstöðumanns hefur. Augljóslega fær ráðherra ákveðin óbein áhrif á störf bankaeftirlitsins með því að hann getur skipað þann forstöðumann sem hann treystir til verksins. Að sama skapi skerðast áhrif Seðlabankans.

Einnig verður að telja að ábyrgð forstöðumanns bankaeftirlitsins gagnvart bankastjórn og bankaráði sé annars eðlis en annarra forstöðumanna. Þannig verður að líta svo á að bankastjórn eða bankaráð hafi ekki heimild til þess að víkja forstöðumanni úr starfi. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins veitir sá lausn úr stöðu sem skipað hefur í hana, nema sérstaklega sé mælt fyrir um aðra tilhögun í lögum. Ákvæði 2. mgr. 34. gr. Seðlabankalaga, sem kveður á um vald bankastjórnar til þess að ráða starfsmenn og segja þeim upp, breytir engu hér um. Má því ályktа sem svo að ráðherra einn geti vikið forstöðumanni úr starfi.

Þrátt fyrir þetta verður að telja að forstöðumaður beri fyrst og fremst ábyrgð gagnvart Seðlabankanum og stjórn hans. Verður því að ályktа sem svo að valdsvið ráðherra yfir bankaeftirlitinu einskorðist við skipun forstöðumanns og vikningu hans úr starfi, þar sem annað kemur ekki fram. Það er hins vegar mat ráðherra hvern hann skipar forstöðumann og honum ber einnig að meta hvort víkja skuli forstöðumanni úr starfi. Gera má þó ráð fyrir að ráðherra meti réttmæti vikningar á grundvelli tilmæla eða tillagna bankastjórnar eða bankaráðs.

1.4 Yfirstjórn bankaráðs

Samkvæmt 25. gr. er yfirstjórn Seðlabankans í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögunum. Í Seðlabankalögunum er lítið fjallað nánar um hlutverk bankaráðs í yfirstjórn bankaeftirlits. Einungis er kveðið á um það að bankaráð geri tillögur um forstöðumann bankaeftirlits ef ráðherra þarf að setja mann í stöðuna um stundarsakir, sbr. 1. mgr. 13. gr. Af orðalagi ákvæðisins verður hins vegar ráðið að ráðherra þurfi ekki að leita tillagna bankaráðs um skipun forstöðumanns undir öðrum kringumstæðum. Skipan þessi er sérkennileg og verður ekki séð að nein rök liggi hér að baki.

Önnur afskipti bankaráðs eru ekki tiltekin í Seðlabankalögunum eða reglugerð fyrir Seðlabankann. Þannig á bankaráð t.d. ekki aðild að samstarfsnefnd Seðlabanka og ráðuneytis um bankaeftirlit. Eins og áður er komið fram á forstöðumaður bankaeftirlits, fulltrúi ráðuneytis og einn bankastjóri sæti í nefndinni, sbr. 2. mgr. 13. gr. sbl. Hins vegar segir í 7. gr. starfsreglna forstöðumanns og samstarfsnefndar að forstöðumaður bankaeftirlits eigi rétt á að sitja fundi bankaráðs Seðlabankans þegar það fjallar um starf bankaeftirlitsins. Jafnframt gefur hann bankaráði reglulega skýrslu um starfið.

Af framangreindu má sjá að hlutverki bankaráðs í yfirstjórn bankaeftirlits er ekki markaður skýr farvegur í lögum, reglugerð eða reglum sem um þetta fjalla. Hin sérstöku fyrirmæli 2. mgr. 13. gr. Seðlabankalaga um yfirstjórn bankaráðs benda þó til þess að löggjafinn hafi ætlað bankaráði stærra hlutverk í stjórn bankaeftirlits en annarra deilda Seðlabankans ef frá er talin endurskoðunardeild sem bankaráð hefur umsjón með. Verður því að ætla að bankaráð hafi sérstaklega ríka eftirlitsskyldu gagnvart bankaeftirlitinu.

Hins vegar verður ekki séð að bankaráð geti tekið ákvarðanir í málum er varða bankaeftirlitið. Bankaráð getur þannig ekki breytt ákvörðunum þess og bankaeftirlitinu er ekki skylt að fara að vilja bankaráðs. Gilda þar skýr fyrirmæli 1. mgr. 27. gr. laganna um það að banka-

stjórn taki ákvarðanir í öllum málum er varða Seðlabankann og ekki eru öðrum falin með lögunum. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. um yfirstjórn bankaráðs verður ekki talið hrófla við þessari meginreglu. Önnur niðurstaða myndi leiða til réttaróvissu um stjórn bankaeftirlits.

Samkvæmt framansögðu er hér fyrst og fremst um eftirlitsvald bankaráðs að ræða. Ber því skylda til þess að fylgjast náið með starfsemi bankaeftirlitsins og ber ábyrgð samkvæmt því.

1.5 Yfirstjórn bankastjórnar

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. Seðlabankalaga hefur Seðlabankinn eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laganna ber bankastjórn ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin í lögunum.

Á ákvæði 2. mgr. 13. gr. laganna um yfirstjórn bankaráðs og bankastjórnar ber að líta í ljósi þessara almennu ákvæða. Þannig verður ekki séð að bankastjórn hafi aðra stöðu gagnvart bankaeftirliti en Seðlabankanum almennt að öðru leyti en því sem hér hefur komið fram varðandi ráðherra, samstarfsnefnd og bankaráð. Verður því að telja að bankastjórn fari í reynd með stjórn bankaeftirlits. Hún hefur vald til þess að taka ákvarðanir í málefnum bankaeftirlits og ber ábyrgð á rekstri þess. Samkvæmt 4. gr. starfsreglna forstöðumanns og samstarfsnefndar starfar forstöðumaður undir bankastjórn Seðlabankans og ber ábyrgð á daglegum rekstri bankaeftirlitsins. Má því ætla að forstöðumanni beri að leggja allar meiri háttar ákvarðanir fyrir bankastjórn til samþykkis eða synjunar. Sem dæmi um slíkar ákvarðanir má nefna ákvarðanir um viðurlög eða skipun eftirlitsmanns með stofnun, skv. 4. mgr. 17. gr. Seðlabankalaga, og ákvörðun um lagatúlkun sem hefur fordæmisgildi.

1.6 Niðurstöður

Samkvæmt framangreindu er réttarstaða bankaeftirlitsins samkvæmt Seðlabankalögunum mjög óljós. Hér að framan hafa hins vegar verið færð fyrir því nokkur rök að túlka beri þröngt heimildir samstarfsnefndar ráðuneytis, ráðherra og bankaráðs til afskipta. Þannig verður að telja að afskipti samstarfsnefndar felist einungis í samráði aðila og að sérstök afskipti ráðherra felist einungis í skipun forstöðumanns og vikningu hans. Þannig hefur t.d. ekki verið talið að um kærusamband sé að ræða, en í því felst að stjórnsýsluákvörðunum bankaeftirlits verður ekki skotið til ráðherra[46]. Einnig verður að telja að bankaráð hafi fyrst og fremst með höndum ríkt eftirlitsvald. Hins vegar fari bankastjórn með stjórn bankaeftirlits, beri ábyrgð á rekstri þess og taki ákvarðanir í málum er að því lúta.

1.7 Frumvarp til Seðlabankalaga frá 1992

Í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, framlögðu á Alþingi 1992, var gert ráð fyrir að bankaeftirlitið yrði áfram deild í Seðlabankanum, en þó lagðar til nokkrar breytingar er varða stöðu eftirlitsins innan bankans.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að leggja niður umrædda samstarfsnefnd. Er því borið við í greinargerð að nefndin hafi veigalitlu hlutverki að gegna auk þess sem réttarstaða hennar sé óljós að því er varðar ábyrgð hennar á störfum bankaeftirlitsins.[47] Þess í stað er gert ráð fyrir

---

[46] Að mati umboðsmanns Alþingis er þetta þó ekki vafalaust. Um það vísast til umfjöllunar í 3. kafla skýrslunnar.

[47] AT 1992 A:3246.

því í 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins að Seðlabankinn hafi samráð við ráðuneytið um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins. Auk þess gefi hann ráðuneytinu skýrslu um starfsemi þess minnst tvisvar á ári. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 38. gr. er gert ráð fyrir að bankaráð Seðlabankans sé bankastjórn til ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins. Enn fremur var í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum að því er varðar skipun forstöðumanns bankaeftirlits. Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. er þannig gert ráð fyrir að bankaráð skipi forstöðumann samkvæmt tillögu bankastjórnar. Af orðalagi ákvæðisins verður að álykta að bankaráð verði að fara að tillögu bankastjórnar. Í greinargerð með frumvarpinu segir að breyting þessi sé liður í því að auka sjálfstæði bankans og skerpa ábyrgðarsvið og stjórnskipulag innan hans. Með því að færa skipunarvald bankaráði í hendur sé jafnframt verið að gefa stöðu forstöðumanns aukið vægi. Jafnframt kemur fram að þótt bankaráð ráði forstöðumann bankaeftirlitsins felist ekki í því að bankaráð hafi yfir honum að segja eða hafi dagleg afskipti af störfum bankaeftirlitsins.[48] Þannig er gert ráð fyrir því að sá aðili sem skipar forstöðumann hafi ekki yfir honum að segja. Hér er því um sömu aðstöðu að ræða og lýst var hér að ofan um tengsl ráðherra og forstöðumanns.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. Seðlabankafrumvarps er gert ráð fyrir því að bankaeftirlitið starfi undir yfirstjórn bankastjórnar. Þannig er gert ráð fyrir að fellt verði út ákvæði um yfirstjórn bankaráðs. Segir í greinargerð að óheppilegt sé talið að kveða á um yfirstjórn tveggja aðila yfir þessari starfsemi. Bankaeftirlitið skuli því starfa undir yfirstjórn og á ábyrgð bankastjórnar eins og allar aðrar deildir bankans að undanskilinni endurskoðunardeild[49]. Sú tilhögun er beinskeyttari en núgildandi tilhögun og felur því ekki í sér jafn mikla réttaróvissu.

2. Staða Vátryggingaeftirlitsins

Stjórnsýsluleg staða Vátryggingaeftirlitsins er skýrari en bankaeftirlitsins. Eftirlit með vátryggingastarfsemi heyrir þannig beint undir ráðherra vátryggingamála, nú viðskiptaráðherra. Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 60/1994 annast Vátryggingaeftirlitið stjórnsýslu og eftirlit með þeirri starfsemi í umboði ráðherra.

Ráðherra skipar forstöðumann Vátryggingaeftirlitsins til sex ára í senn. Forstöðumaðurinn stjórnar daglegum rekstri og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Þá ræður forstöðumaður aðra starfsmenn eftirlitsins. Ráðherra setur ákvæði um skipulag og starfsemi Vátryggingaeftirlitsins með reglugerð. Sú reglugerð hefur ekki verið sett.

Samkvæmt framansögðu er eftirlit með vátryggingastarfsemi í höndum viðskiptaráðherra, en sérstök stofnun fer með þetta eftirlit í umboði ráðherra. Viðskiptaráðuneytið er því æðra stjórnsýslustig gagnvart Vátryggingaeftirlitinu og kærusamband þar á milli. Engin stjórn fer með yfirumsjón og eftirlit með starfsemi Vátryggingaeftirlitsins. Stjórnsýsluleg uppbygging þess er því mjög einföld í sniðum.

Viðauki III – Eftirlit með fjármagnsmarkaði í nokkrum löndum

1. Inngangur

Þegar hugað er að æskilegri tilhögun eftirlitsstarfsemi hér á landi er nauðsynlegt að líta til þeirra landa sem við miðum okkur helst við. Í þessum kafla er því að finna yfirlit yfir helstu atriði er varða fyrirkomulag eftirlitsstarfsemi á Norðurlöndum auk Þýskalands og Bretlands.

---

[48] AT 1992 A:3246–3247.

[49] AT 1992 A:3247.

Einnig er gerð grein fyrir því hvernig sameiginlegar reglur á EES-svæðinu snerta uppbyggingu eftirlitsstarfsemi.[50]

2. Danmörk

Eftirlit með lánastofnunum, fjárfestingarfélögum, verðbréfaviðskiptum, vátryggingastarfsemi og lífeyrissjóðum er sameinað í eina eftirlitsstofnun, Finanstilsynet. Stofnunin á rætur sínar að rekja til sameiningar á bankaeftirliti og tryggingaeftirliti sem tók gildi 1988.

Eftirlitsstofnunin heyrir undir efnahagsráðuneytið (Økonomiministeriet) þótt tilteknir þættir í eftirlitsskyldri starfsemi heyri undir önnur ráðuneyti.

Ekki eru í gildi sérstök lög um starfsemi og fyrirkomulag eftirlitsstofnunarinnar. Ákvæði þessa efnis er hins vegar að finna í lögum um starfsemi viðkomandi fjármálastofnana eða lögum um tiltekna fjármálastarfsemi.

Stjórn eftirlitsstofnunarinnar skipa forstöðumaður hennar, þrír aðstoðarforstöðumenn, sem eru deildarstjórar þriggja deilda, og stjórnandi rekstrar- og skipulagsdeildar.

Stjórn stofnunarinnar lýtur yfirstjórn tveggja ráða á tveimur starfssviðum sínum. Þannig starfar sérstakt tryggingaráð (Forsikringsråd) sem tekur ákvarðanir í veigameiri málum á tryggingasviði. Eftirlit stofnunarinnar á tryggingasviði er því í samráði við og undir yfirstjórn tryggingaráðsins. Efnahagsráðuneytið skipar 8 menn í ráðið, til 4 ára í senn. Tveir þeirra koma fram fyrir hönd tryggingataka, tveir fyrir hönd vátryggingafélaga og einn fyrir hönd lífeyrissjóða.

Þá lýtur stjórn stofnunarinnar yfirstjórn verðbréfaráðs (Fondsråd) vegna eftirlits á verðbréfamarkaði. Efnahagsmálaráðherra skipar 11 menn í ráðið og skipar hann jafnframt formann og varaformann. Aðrir en þeir eru skipaðir eftir tilnefningu hagsmunaaðila.

Starfsemi eftirlitsstofnunarinnar skiptist í meginatriðum í þrjár deildir. Verðbréfa- og reikningsskiladeild fer með eftirlit með verðbréfaviðskiptum, fjárfestingarfyrirtækjum, verðbréfamarkaði og reikningsskilum allra stofnana. Deildin sér um samskipti og fyrirgreiðslu við verðbréfaráðið. Tryggingadeildin hefur eftirlit með vátryggingafélögum, vátryggingasamstæðum, lífeyrissjóðum o.fl. Tryggingafræðileg atriði heyra undir deildina. Lánastofnanadeild hefur eftirlit með lánastofnunum og samstæðum. Auk þessa starfar sérstök rekstrar- og skipulagsdeild sem fer með ýmis innri málefni og þjónustu, lagaleg málefni, tölvumál og samskipti og þjónustu við tryggingaráðið.

Eftirlitsstofnunin er ekki tengd Seðlabanka Danmerkur. Þó hefur hún náin samskipti við hann og skiptast stofnanirnar á upplýsingum. Þegar erfiðleikar steðja að í starfsemi á fjármagnsmarkaði er einnig um nána samvinnu stofnananna að ræða. Fulltrúi Seðlabankans mun eiga sæti í verðbréfaráði.

Kostnaður af eftirliti stofnunarinnar er greiddur af þeim stofnunum sem undir það heyra. Í hinum dönsku lögum um banka og sparisjóði er þannig kveðið á um að stofnanir samkvæmt þeim lögum standi undir kostnaði af opinberu eftirliti.

Rétt er að geta þess að verðbréfaþing á Norðurlöndum hafa tilteknum eftirlitsskyldum að gegna að því er varðar viðskipti á þinginu og eftirlit með þingaðilum. Eftirlitsstofnanirnar hafa eftirlit með starfsemi þeirra að öðru leyti.

[50] Heimildir í þennan kafla eru fengnar víða að, einkum úr ýmsum ársskýrslum eftirlitsstofnana þessara landa.

3. Svíþjóð

Í Svíþjóð fer ein stofnun með opinbert eftirlit með vátryggingastarfsemi, lánastarfsemi og verðbréfaviðskiptum (Finansinspektionen). Sameining bankaeftirlits og tryggingaeftirlits náði fram að ganga 1991. Stjórnsýslulega heyrir eftirlitsstofnunin undir fjármálaráðuneytið (Finansdepartementet).

Stjórn stofnunarinnar er skipuð forstöðumanni hennar, sem skipaður er af ríkisstjórninni til ákveðins tíma, og sex öðrum mönnum sem einnig eru skipaðir af ríkisstjórninni.

Stofnuninni er skipt í þrjár megindeildir, þ.e. vátryggingadeild, lánadeild og verðbréfamarkaðsdeild. Auk þessara deilda eru stjórnsýsludeild og deild sem annast samskipti við Evrópusambandið, neytendamál og endurskoðun. Forstöðumenn deilda eru skipaðir af ríkisstjórn eftir tillögu forstöðumanns.

Náið samráð er milli Seðlabanka Svíþjóðar og eftirlitsstofnunarinnar og á fulltrúi Seðlabankans sæti í stjórn hennar.

Kostnaður við eftirlitið er greiddur af þeim stofnunum sem undir það heyra. Gjöld eru tvenns konar, annars vegar gjöld vegna einstakra verkefna, samkvæmt ákvæðum reglugerðar, en hins vegar eftirlitsgjald. Eftirlitsgjaldið er fólgið í annars vegar föstu gjaldi og hins vegar breytilegu gjaldi, en breytilega gjaldið fer eftir þeim tíma sem starfsmenn leggja í eftirlit með tilteknum sviðum fjármálastarfsemi.

4. Noregur

Árið 1986 var opinbert eftirlit með fjármagnsmarkaði sameinað í eina stofnun, Kredittilsynet, en bankaeftirlit og tryggingaeftirlit hafði fram að því verið rekið í tveimur aðskildum stofnunum. Megintilgangur sameiningarinnar var að styrkja eftirlit með vátryggingastarfsemi. Rétt er að nefna að síðustu ár hefur komið til tals að sameina eftirlitsstofnunina og Seðlabanka Noregs, en af því hefur ekki orðið.

Stofnunin hefur eftirlit með starfsemi á lánamarkaði, verðbréfamarkaði og vátryggingastarfsemi (lífeyrissjóðir). Þá hefur stofnunin hlutverki að gegna í eftirliti með starfsemi endurskoðenda almennt, svo sem að því er varðar starfsréttindi og skráningu endurskoðenda, viðurkenningu á starfsréttindum erlendra endurskoðenda í Noregi o.fl.

Með stjórn stofnunarinnar fer fimm manna stjórn, skipuð af konungi til fjögurra ára. Forstöðumaður er einnig skipaður af konungi til sex ára í senn. Stofnunin heyrir undir fjármálaráðherra. Fulltrúi Seðlabanka á sæti í stjórninni með málfrelsi og tillögurétti.

Stofnunin skiptist í þrjár fagdeildir, fjármála- og tryggingadeild, markaðsdeild og endurskoðunardeild.

Kostnaður ríkisins við eftirlitið greiðist af eftirlitsskyldum aðilum. Kostnaðurinn dreifist á einstaka flokka fjármálastarfsemi eftir umfangi eftirlits í hverjum flokki.

5. Finnland

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er ekki sameinað í einni stofnun eins og á hinum Norðurlöndunum þremur sem fjallað hefur verið um. Sérstök eftirlitsstofnun fer þó með hið almenna eftirlit með lánamarkaði og verðbréfaviðskiptum, en tryggingaeftirlit heyrir ekki þar undir nema að því er varðar eftirlit með samstæðum fjármálastofnana. Félagsmálaráðuneytið finnska (Sosial- og helsovårdsdepartementet) fer með eftirlit með vátryggingafélögum og er starfrækt sérstök tryggingadeild innan ráðuneytisins.

Fyrrgreind eftirlitsstofnun var sett á stofn með lögum nr. 503/1993. Stofnunin starfar við Seðlabanka Finnlands, en við breytingarnar 1993 var lögð áhersla á að skilgreina sjálfstæði eftirlitsstarfseminnar gagnvart Seðlabankanum.

Stofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun og heyrir sem slík undir fjármálaráðuneytið. Til þess að tryggja tengsl milli hennar og Seðlabankans er stofnunin þó sett undir eftirlit og yfirumsjón bankaráðs Seðlabankans (riksdagens bankfullmäktige), en bankaráðið er kjörið af þjóðþinginu. Hlutverk bankaráðsins er að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar, skipa stjórnarmenn og setja reglur um starfsemi hennar. Ráðið samþykkir árlega fjárhags- og starfsáætlun. Hins vegar tekur það ekki þátt í einstökum ákvörðunum stofnunarinnar og hefur þannig ekki áhrif á daglega starfsemi.

Forstöðumaður eftirlitsstofnunarinnar er skipaður af forseta Finnlands. Stjórn hennar er skipuð þremur mönnum, þ.e. forstöðumanni stofnunarinnar og tveimur skipuðum af bankaráðinu eftir tilnefningu fjármálaráðherra og Seðlabanka Finnlands. Auk þess skipar bankaráðið viðbótarmann í stjórn eftir tilnefningu tryggingamálaráðherra til þess að fjalla um málefni er varða tryggingafélög í þeim tilvikum sem þau koma til meðferðar eftirlitsins, einkum á samstæðugrundvelli. Forstöðumaður vátryggingaeftirlits á sæti í stjórninni sem áheyrnarfulltrúi.

Kostnaður við eftirlit stofnunarinnar er greiddur af þeim sem undir það heyra.

Í lögum nr. 503/1993 er kveðið á um skipulag stofnunarinnar, hlutverk og heimildir.

6. Bretland

Eftirlit með lánastofnunum í Bretlandi hefur verið í höndum Seðlabanka Englands (Bank of England). Sérstök deild innan bankans hefur annast eftirlitið undir umsjón sérstaks bankaeftirlitsráðs (Board of Banking Supervision) sem hefur verið ráðgefandi fyrir Seðlabankann. Ráðið er skipað níu mönnum og sæti í því eiga bankastjóri og aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, forstöðumaður eftirlitsdeildarinnar og sex óháðir aðilar sem tilnefndir eru af bankastjóra bankans og fjármálaráðherra í sameiningu.

Ákveðið hefur verið að gera verulegar breytingar á skipulagi eftirlits með fjármálastarfsemi í Bretlandi. Þannig verði ábyrgð á eftirliti með bönkum flutt frá Seðlabanka Englands til Securities and Investment Services Board (SIB) sem nánar er lýst hér á eftir.

Um fjármálaþjónustu gilda sérstök lög, Financial Services Act. Eftirlit með verðbréfaviðskiptum og fjármálaþjónustu er ekki í höndum eins aðila, heldur ber viðskipta- og iðnaðarráðuneytið ábyrgð á heilbrigði fjármagnsmarkaðar og vernd fyrir fjárfesta. Hins vegar hefur einkaréttarlegum aðila, Securities and Investment Services Board (SIB), verið falið að annast þetta verkefni ráðuneytisins að verulegu leyti. SIB hefur síðan falið tilteknum samtökum eftirlitsverkefni á tilteknum sviðum. Dæmi um þetta eru Securities and Futures Assocation (SFA), Financial Intermediaries Managers and Brokers Association (FIMBRA) og Life Assurance and Unit Trust Regulatory Organisation (LAUTRO). Fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Englands hafa þó haft beint eftirlit með ríkisskuldabréfum og skuldabréfamarkaði að því er varðar stóra fjárfesta. Auk þessa hefur sérstök nefnd, Panel on Take-Overs and Mergers, eftirlit með meðferð á hluthöfum við yfirtöku félaga. Nefndin starfar að frumkvæði Seðlabankans. Þá má nefna að á verðbréfamarkaði í London (the International Stock Exchange) starfar hópur (the Insider dealing Group) sem fylgist með markaðnum.

Eftirlit með vátryggingafélögum er í höndum viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins. Sérstök stofnun, The Government Actuary´s Department (GAD), aðstoðar ráðuneytið við eftirlitið, en gefur jafnframt skýrslu til fjármálaráðuneytis. Til umræðu hefur verið að fella þá starfsemi undir sameinaða eftirlitsstofnun.[51]

---

[51] Byggt á heimildum í dagblöðum og fréttatilkynningu, Bank of England, Press Notice, 20 May 1997.

7. Þýskaland

Sérstök stofnun, Bundesaufsichtsamt für das Kreditwesen, hefur eftirlit með lánastofnunum í Þýskalandi. Heyrir stofnunin undir fjármálaráðuneytið þýska. Jafnframt hefur Seðlabanki Þýskalands (Deutsche Bundesbank) hlutverki að gegna við eftirlit með lánastofnunum. Eftirlitsstofnunin starfar í nánu samráði við Seðlabankann. Þannig er forstöðumaður eftirlitsstofnunarinnar skipaður af þjóðþinginu í samráði við bankann og hann situr stjórnarfundi hans þegar þar eru tekin til meðferðar mál sem varða eftirlitið.

Eftirlitið skiptist þannig milli eftirlitsstofnunarinnar og Seðlabankans að daglegt eftirlit heyrir undir eftirlitsstofnunina, samráð skal hafa við Seðlabankann um fyrirmæli og reglur sem eftirlitsstofnunin setur fram og tillögur eftirlitsstofnunar, sem varða eiginfjárkröfur og lausafjárstöðu, verður Seðlabankinn að samþykkja áður en fyrirmæli eru gefin. Seðlabankinn tilkynnir eftirlitsstofnuninni um atriði sem hann fær vitneskju um í lánastofnunum og varða eftirlitið.

Vátryggingaeftirlit er í höndum sérstakrar stofnunar, Bundesaufsichtsamt für das Versicherungswesen. Sérstök ráðgjafarnefnd, Versicherungsbeirat, tekur þátt í mikilvægum ákvörðunum. Nefndin er skipuð 60 mönnum og tekur ákvarðanir í einstökum málum í samráði við forsvarsmenn tryggingaeftirlitsins.

Eftirlit með verðbréfamarkaði er ekki á hendi einnar stofnunar í Þýskalandi, heldur í höndum verðbréfamarkaða í einstökum sambandsríkjum. Skipulag eftirlitsins mun þó í endurskoðun.

8. Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið

Eins og áður hefur komið fram er í reglum Evrópusambandsins um starfsemi á fjármagnsmarkaði lögð áhersla á eftirlit með henni. Jafnframt hafa tilskipanir Evrópusambandsins veitt eftirlitsstofnunum skýrari viðmið við eftirlit en áður og lagt eftirlitsaðilum tilteknar skyldur á herðar. Hins vegar er ekki að finna reglur um uppbyggingu eftirlitsstofnananna sjálfra eða starfsemi þeirra, heldur er aðildarríkjum Evrópusambandsins og þar með aðildarríkjum EES-samningsins ætlað að ákveða hvernig skipulagi eftirlits skuli háttað í viðkomandi ríki.

Helstu heimildir

1. Alþingistíðindi.
2. Bank for International Settlements: Compendium of Documents Produced by the Basle Committee on Banking Supervision, Volume One to Three, Basle April 1997.
3. Bank of England, Press Notice, 20 May 1997.
4. Björn Jóhannesson: Eftirlit með skipulagðri fjármálastarfsemi. Kandídatsritgerð við Lagadeild Háskóla Íslands 1988.
5. Central banking, Volume IV, number 1: Banking supervision after BCCI.
6. Erhvervsministeriet: Finanstilsynets kontrol med de danske pengeinstitutter, København, august 1995.
7. European Commission: Prudential Supervision of Financial Conglomerates, Report of the Mixed Technical Expert Group (Banking Advisory Committee and Insurance Committee), XV/1130/94-En-Rev.6, 12 March 1996.
8. Finans- og tolldepartementet: Organiseringen av det offentlige tilsynet med finansnæringen. St. meld. nr. 48 (1991–1992).
9. FT-Financial Publishing: Financial Regulation Report, Reorganizing the Regulation Industry, February 1997.
10. Goodhart and Schoenmaker, Institutional Separation Between Supervisory and Monetary Agencies, Special Paper No. 52, LSE Financial Markets Group, April 1993.

11. Greenspan, Alan: Remarks by Alan Greenspan Board of Governors of the Federal Reserve System at the International Conference of Banking Supervisors, Stockholm, June 13, 1996.
12. Industriministeriet: Fremtidens finansielle sektor, København, maj 1992.
13. International Monetary Fund: Frameworks for Monetary Stability, Issues on Placing Supervision in the Central Bank, Washington 1994.
14. Kredittilsynet: 10 års-jubileum for etableringen av Kredittilsynet gjennom sammenordningen mellom Bankinspeksjonen og Forsikringsrådet.
15. Llewellyn, David T., The Rationale and Institutional Structure of Financial Regulation, 8. August 1996. (Óbirt)
16. Løken, Knut: Kontroll, Intern administrativ kontroll, 4. utgave, Oslo 1993.
17. NFT 1/1989.
18. Otholm, Carl Aage (fleiri höfundar): Dansk pengevæsen, i dag - i morgen, Denmark 1991.
19. Páll Gunnar Pálsson: Réttarstaða Seðlabanka Íslands gagnvart ráðherrum, ríkisstjórn og Alþingi, kandídatsritgerð við lagadeild Háskóla Íslands.
20. Regeringens proposition 199/91:177 om sammenslagning av bankinspektionen och försäkringsinspektionen, m.m., Sverige 1991.
21. Sammenslåing av Kredittilsynet og Norges Bank, rapport til Finans- og tolldepartementet, mars 1992.
22. Seðlabanki Íslands; Skýrsla starfshóps um rafrænar greiðslur, september 1996.
23. Skýrslur Seðlabanka Íslands, bankaeftirlits.
24. Skýrslur umboðsmanns Alþingis.
25. Skýrslur Vátryggingaeftirlits, vátryggingagreinar.
26. Statens Offentliga Utredningar 1991:2: Finansiell tillsyn, Finansdepartementet, Stockholm 1991.
27. T. de Swaan (ýmsir höfundar), the Supervision of financial conglomerates, Småskrift 4, hefte II, Kredittilsynet, 22. mai 1996.
28. Umboðsmaður Alþingis: Álit í tilefni af kvörtun Softís hf., 2. október 1996.
29. Viðskiptaráðuneytið: Greinargerð starfshóps viðskiptaráðuneytis um endurskoðun refsiákvæða í lögum um íslenska fjármagnsmarkaðinn, október 1995.
30. Viðskiptaráðuneytið: Skýrsla um undirbúning að stofnun félags um rafræna eignarskráningu verðbréfa, verðbréfamiðstöð, nóvember 1996.

Ýmis fleiri óbirt skrif auk ársskýrslna eftirlitsstofnana o.fl.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði Fjármálaeftirlit er sjái um alla eftirlitsstarfsemi á fjármagnsmarkaðinum. Vátryggingaeftirlitið og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands verði felld inn í þessa nýju stofnun.

Á árinu 1997 kostaði rekstur Vátryggingaeftirlitsins um 49 m.kr. og rekstur bankaeftirlitsins um 100 m.kr. Þegar þessar stofnanir verða sameinaðar má gera ráð fyrir einhverjum sparnaði við sameininguna, þótt ekki sé hægt að áætla með góðu móti hver hann verður. Hitt er ljóst að verkefni beggja stofnanna eru að aukast, þannig að sparnaður mun ganga upp í kostnað við síaukna starfsemi. Í athugasemd við 15. gr. er tekið fram að rekstrarkostnaður við hina nýju stofnun geti numið allt að 200 m.kr. á ári. Með tímanum verður að ætla að hina nýja stofnun flytjist á einn samastað. Við það skapast verulegur stofnkostnaður sem ætla má með hliðsjón af reynslu annarra stofnana að geti orðið 30–50 m.kr., miðað við að Fjármálaeftirlitið komi sér fyrir í leiguhúsnæði. Ekki er gert ráð fyrir að sá kostnaður falli á ríkissjóð heldur verði að fullu greiddur af þjónustutekjum viðkomandi stofnana.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að lögð verði gjöld á eftirlitsskyldar stofnanir er nægi til að standa undir kostnaði eftirlitsins, þannig að ekki verður um sérstakt framlag úr ríkissjóði að ræða. Vátryggingaeftirlitið er nú að fullu kostað af eftirlitsgjöldum vátryggingafélaga en starfsemi bankaeftirlits hefur til þessa verið kostuð af Seðlabanka Íslands. Þeim kostnaði verður létt af bankanum nái frumvarpið fram að ganga. Á móti kemur að verði bankaeftirlitið skilið frá Seðlabankanum, mun hann þurfa að koma á fót einhvers konar eftirliti í stað þess til að sinna lögbundnum skyldum bankans við „að stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum“, eins og það er nú orðað í seðlabankalögunum.

Í 16. gr. er kveðið á um skipun kærunefndar. Kostnaður við nefndinga greiðist úr ríkissjóði en á móti kemur að kærandi skal greiða 120.000 kr. gjald um leið og kært er. Miðað við kostnað af hliðstæðum nefndum ríkisins má ætla að nefndarlaun og annar kostnaður geti numið 0,8–1 m.kr. á ári, en þeim kostnaði verði að mestu mætt með tekjum af kærugjaldinu.

Í 19. gr. er lagt til að starfsmönnum beggja stofnananna verði boðið starf við Fjármálaeftirlitið. Ekki er gert ráð fyrir að koma þurfi til biðlaunagreiðslna og er þá vísað til 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og 34. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

952. Frumvarp til laga [561. mál]

um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Breyting á lögum nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 1. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 7. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 7. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

6. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
7. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
9. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
11. Í stað orðsins „bankaeftirlitins“ 3. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í b-lið 10. tölul. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í c-lið 10. tölul. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
6. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
7. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
8. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 5. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
12. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
13. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
14. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
15. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
16. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
17. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
18. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 6. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
21. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ hvarvetna í 7. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
22. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 8. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 9. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
24. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 5. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
25. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
26. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
27. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
28. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

29. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
30. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „Bankaeftirlitinu“ í 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.
31. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
32. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
33. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
34. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
36. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
37. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
38. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 47. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
39. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitinu“ í 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
40. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 1. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
41. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 51. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
42. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
43. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
44. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. máls. 3. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 4. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. 4. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. og 2. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
6. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 25. gr. og „bankaeftirlits“ í 2. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 46. gr. og „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ í 1. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. málsl. 3. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 3. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 5. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
12. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. og 3. mgr. 57. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 5. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 7. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 8. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 9. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 9. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „Bankaeftirlitinu“ í 63. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.
15. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
16. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
17. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 6. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 8. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 8. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 9. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 10. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 11. mgr. 66. gr kemur: Fjármálaeftirlitið.
18. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
21. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

22. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 6. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.
24. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. málsl. 3. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
25. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
26. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 83. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
27. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 4. tölul. 1. mgr. 84. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
28. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
29. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
30. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
31. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ hvarvetna í 2. málsl. 1. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 3. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
32. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
33. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 1. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
34. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur: stofnunin; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
36. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
37. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
38. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „bankaeftirlitinu“ í 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 15. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: stofnunin; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „bankaeftirlitinu“ í 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
9. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
10. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 20. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og

í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 23. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
15. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
16. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 26. gr. kemur: Fjármálaeftirliti.
17. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
18. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 6. mgr. 29. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
19. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 31. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
20. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 32. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og við lokamálslið 3. mgr. 32. gr. bætist: og ákvæða um samstarfssamning Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
21. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
22. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ hvarvetna í 1. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
24. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi:

1. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í skilgreiningu á eftirlitsstjórnvaldi í 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
4. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitsins“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 9. tölul. 1. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlits“ í 3. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
9. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlits“ í 1. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins, í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. og 6. málsl. 3. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

11. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 26. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðsins „bótasjóður“ hvarvetna í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. kemur: tjónaskuld; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 30. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
15. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
16. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
17. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
18. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirliti“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
21. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 5. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 6. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
22. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
23. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 4. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
24. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
25. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirliti“ í 5. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirliti“ í 6. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
26. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
27. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
28. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 3. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
29. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 47. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.

30. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
31. 2.–6. mgr. 50. gr. falla brott.
32. 51. og 52. gr. falla brott.
33. 53. gr. orðast svo: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þeim er reka starfsemi sem háð er ákvæðum laga þessara og útibúum erlendra vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Um eftirlitið fer samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
34. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 54. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; 4. mgr. 55. gr. fellur brott; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
36. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 58. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
37. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
38. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
39. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
40. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
41. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
42. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
43. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 70. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
44. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 71. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
45. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
46. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 73. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 2. mgr. 73. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

47. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 74. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
48. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
49. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
50. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 5. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
51. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
52. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 79. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 79. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
53. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
54. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 3. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
55. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
56. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
57. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
58. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
59. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 4. mgr. 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
60. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
61. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlits“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: stofnunin.
62. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 92. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 92. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
63. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

64. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: það; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
65. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
66. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: það; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
67. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 97. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 97. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
68. 1. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða falla brott.

Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

7. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands:

Í stað orðanna „skilgreiningu Tryggingaeftirlitsins“ í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. kemur: 22. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar vera álögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ kemur: Fjármálaeftirlitinu.
2. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
3. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ kemur: Fjármálaeftirlitinu.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitisins“ í 2. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlit“ í 2. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaleftirlitið.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 2. mr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 40 gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
10. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðanna „bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
11. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 44. gr. kemur:

Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

13. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
14. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
15. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitið“ í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.

10. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „Seðlabanka Íslands“ í 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Breyting á lögum nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

12. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins:

Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 2/1997, um lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

13. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 2/1997, um lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga:

Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 5. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: það; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti:

Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands eða Tryggingaeftirlit“ í 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 50/1987, umferðarlögum.

17. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 50/1987, umferðarlögum:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 20/1943, um búfjártryggingar.

18. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 20/1943, um búfjártryggingar:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitsins“ í 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Tryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög.

20. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitinu“ í 8. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabankans“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlits seðlabankans“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabankans“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
6. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 2. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabankans“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“, „bankaeftirliti Seðlabankans“ og „Seðlabanka Íslands“ í 31. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; Fjármálaeftirlitinu, og: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
9. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabankans“ í 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp frumvarps til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í því eru fyrst og fremst lagðar til breytingar á hugtakanotkun til samræmis við þá nýju skipan sem gert er ráð fyrir í því frumvarpi. Jafnframt eru gerðar breytingar á lögum um vátryggingastarfsemi sem lúta að skipan mála að því er Vátryggingaeftirlitið varðar. Nefna má að lagt er til að ákvæði þeirra laga um neytendamáladeild verði fellt úr gildi, þar sem ekki er talið eðlilegt að við Fjármálaeftirlitið starfi neytendamáladeild sem aðeins fjalli um vátryggingamál. Unnt verður að kveða á um starfsemi slíkrar deildar í reglugerð um starfsemi Fjármálaeftirlits. Frumvarpið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

Í frumvarpi þessu er lagt til að orðalagi í nokkrum lögum verð breytt um leið og Vátryggingareftirlitið og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands verði sameinuð í eina stofnun, sbr. frumvarp þar að lútandi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Til hliðsjónar er vísað til kostnaðarumsagnar um frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Samþykkt þessa frumvarps hefur ekki kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

953. Frumvarp til laga [562. mál]

um vexti, dráttarvexti og verðtryggingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vexti og dráttarvexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé kveðið á í lögum. Lögin gilda einnig um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

2. gr.

Auk vaxta, dráttarvaxta og verðbóta taka lög þessi til annars endurgjalds sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar.

3. gr.

Ákvæði II. kafla og 11.–13. gr. laga þessara gilda því aðeins að ekki leiði annað af lögum, samningum eða venju.

II. KAFLI
Almennir vextir.

4. gr.

Almenna vexti skal því aðeins greiða af peningakröfum fram að gjalddaga þeirra að það leiði af samningum, venju eða lagafyrirmælum.

Þegar skylt er að greiða vexti samkvæmt þessari grein, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu þeir vera jafnháir þeim vöxtum sem kveðið er á um í 5. gr.

Almennir vextir samkvæmt lögum þessum skulu ekki lagðir við höfuðstól kröfu við útreikning vaxta, nema það leiði af samningum, venju eða lagafyrirmælum. Þó er heimilt að leggja almenna vexti sem fallið hafa á fram til gjalddaga einu sinni við höfuðstól þegar ákveðinn er stofn til dráttarvaxtaútreiknings.

5. gr.

Þegar samið er um vexti af óverðtryggðri peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður til opinberrar birtingar með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum óverðtryggðum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum.

Þegar samið er um vexti af verðtryggðri peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður til opinberrar birtingar með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum verðtryggðum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum.

6. gr.

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum skv. 1. mgr. 5. gr.

Sé fjárhæð skaðabótakröfu miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti skv. 1. mgr. frá þeim tíma.

7. gr.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum ber að tilkynna Seðlabankanum um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi og með þeim fyrirvara sem Seðlabankinn krefst.

Seðlabankinn skal fyrir lok mánaðar birta í Lögbirtingablaði vexti á óverðtryggðum og verðtryggðum útlánum skv. 5. gr. og dráttarvexti skv. 1. mgr. 9. gr. og skal hver tilkynning lögð til grundvallar í samræmi við lög þessi næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Seðlabankinn skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðinda töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma á næstliðnu ári.

III. KAFLI
Dráttarvextir.

8. gr.

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn skulu dráttarvextir reiknast af peningakröfu frá og með gjalddaga, ef eigi er greitt á gjalddaga, fram að greiðsludegi.

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara um greiðslu. Sé sá mánaðardagur, sem greiðslukrafan miðast við, ekki til í næsta mánuði skal skuldari greiða dráttarvexti frá og með síðasta degi þess mánaðar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til heimtu kröfunnar, sbr. þó 13. gr. um skaðabætur.

9. gr.

Dráttarvextir af peningakröfum skulu ákveðnir sem ársvextir með þeim hætti að leggja saman vexti skv. 1. mgr. 5. gr. og hundraðshlut ákveðinn af Seðlabanka Íslands. Hundraðshlutinn má ekki vera hærri en 10.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt í lánssamningum lögaðila að ákveða dráttarvexti sem ársvexti með því að leggja saman almenna vexti og samningsbundinn hundraðshlut. Hundraðshlutinn má þó ekki vera hærri en 10.

10. gr.

Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

11. gr.

Ef atvik, sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt, valda því að greiðsla fer ekki fram skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum. Hið sama á við ef greiðslufall skuldara verður vegna þess að hann neytir lögmætra vanefndaúrræða gagnvart kröfuhafanum í þeim mæli sem honum er heimilt.

12. gr.

Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu sem stofnast eftir gildistöku laga þessara og krafist almennra vaxta með tilvísun til 5. eða 6. gr. laga þessara má dæma almenna vexti, enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist skv. 1. mgr. 9. gr. má dæma dráttarvexti frá gjalddaga kröfunnar skv. 8. gr. til greiðsludags, enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

13. gr.

Skaðabótakröfur skulu bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 9. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geta þó, ef sérstaklega stendur á, ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta.

IV. KAFLI
Verðtrygging sparifjár og lánsfjár.

14. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um skuldbindingar, sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum, þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Með verðtryggingu er í þessum kafla átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu eða gengi erlends gjaldmiðils. Um heimildir til verðtryggingar fer skv. 15. gr. nema lög kveði á um annað.

15. gr.

Óheimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 16. gr. nema grundvöllur verðtryggingarinnar sé vísitala neysluverðs, sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir vegna verðtryggingar sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra heimilað að fleiri opinberlega skráðar vísitölur en tilgreindar eru í 1. mgr. geti verið grundvöllur verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 14. gr.

Seðlabankinn skal að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna eða lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

Seðlabankanum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að óheimilt sé að verðtryggja innlánsfé og hvers konar lánsfé samkvæmt samningum um lánveitingu sem stofnað er til eftir nánar tiltekinn tíma eða ef lán er afhent eftir hinn tiltekna tíma.

16. gr.

Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst hjá sýslumönnum skulu þeir gæta þess að ákvæðanna sé getið í þinglýsingarbókum og að þær komi fram á vottorðum þinglýsingarstjóra um efni þinglýsingarbóka.

17. gr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í þeim skal meðal annars kveðið á um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Seðlabankinn getur beitt viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir

viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki sinnt.

18. gr.

Vísitala neysluverðs, sbr. 15. gr. með grunninn 100 í maí 1988, skal í hverjum mánuði margfölduð með stuðlinum 19,745. Útkoman, án aukastafa, skal gilda sem vísitala fyrir næsta mánuð á eftir í fyrsta sinn fyrir apríl 1995, gagnvart fjárskuldbindingum sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995 og eru með ákvæðum um lánskjaravísitölu þá sem Seðlabankinn reiknaði og birti mánaðarlega samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sbr. reglugerð nr. 18/1989. Hagstofan skal birta mánaðarlega í Lögbirtingablaði vísitölu skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Verði gerð breyting á grunni vísitölu neysluverðs skal Hagstofan birta í Lögbirtingablaði margfeldisstuðul fyrir þannig breytta vísitölu í stað stuðulsins sem getið er í 1. mgr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um lánskjaravísitölu í lögum og hvers kyns stjórnvaldsfyrirmælum öðrum og samningum sem í gildi eru 1. apríl 1995.

V. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

19. gr.

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi áskilur sér hærri dráttarvexti en leyfilegt er samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af refsiverðum brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Endurgreiðslukröfur og aðrar einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í slíkum málum.

20. gr.

Ef samningur um dráttarvexti telst ólögmætur er sá samningur ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft.

VI. KAFLI

Gildistaka.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi vaxtalög nr. 25/1987 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Nú segir í peningakröfu í íslenskum krónum, gerðri fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir eða vísað er til með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. mgr. 5. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. mgr. 5. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

Nú segir í peningakröfu í íslenskum krónum, gerðri fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. mgr. 5. gr. að viðbættum 4,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. mgr. 5. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.

II.

Nú segir í peningakröfu, þar með talinni skaðabótakröfu, niðurstöðu dómsmáls eða öðrum gerningi, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 10. eða 11. gr. laga nr. 25/1987 og skulu þá dráttarvextir eftir gildistöku laganna reiknaðir skv. 9. gr. laga þessara.

III.

Nú segir í lánssamningi, innlánsskilríki eða öðrum gerningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að fjárhæðir breytist með reikningsgengi SDR eða ECU (SDR- eða ECU-gengisvísitölu) sem Seðlabankinn reiknar út og birtir og skal þá í hverjum mánuði miðað við opinbert viðmiðunargengi ECU eða SDR (kaupgengi) skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, á 21. degi undanfarandi mánaðar. Nú er gengi ekki skráð á 21. degi mánaðar og skal þá lagt til grundvallar það kaupgengi er skráð var næst á undan þeim degi. Óheimilt er að taka við innlánum á reikninga sem stofnaðir hafa verið með fyrrgreindum kjörum fyrir gildistöku laga þessara, nema heimilað verði skv. 15. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fram til ársins 1987 voru í gildi lög um bann við okri, dráttarvexti o.fl. („okurlög", nr. 58/1960). Samkvæmt þeim og ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands frá 1961 var bankanum heimilt að ákveða lágmarksvexti innlána og hámarksvexti útlána. Vextir í almennum viðskiptum manna á meðal máttu ekki vera hærri en almennir útlánsvextir banka og sparisjóða. Seðlabankinn nýtti fyrrgreinda lagaheimild og ákvað alla almenna vexti í landinu til febrúar 1984. Þá heimilaði Seðlabankinn bönkum og sparisjóðum að ákveða vexti á innlánum sem bundin voru til minnst sex mánaða og millibankalánum. Í ágúst sama ár veitti Seðlabankinn sömu aðilum heimild til að ákveða alla aðra vexti en af almennum sparisjóðsbókum og endurseljanlegum afurðalánum, dráttarvexti og vexti af skuldabréfum sem gefin höfðu verið út fyrir gildistöku þessarar ákvörðunar Seðlabankans. Veruleg hækkun útlánsvaxta banka og sparisjóða strax á haustmánuðum 1984 varð til þess að Seðlabankinn greip aftur í taumana í ársbyrjun 1985 og lækkaði vexti útlána. Hélst þessi skipan fram á árið 1986.

Árið 1987 voru sett lög um vexti er komu í stað okurlaganna frá 1960. Með vaxtalögunum (nr. 25/1987) var staðfest almennt frelsi til samninga manna á milli um vexti, þó ekki um dráttarvexti sem enn eru ákveðnir af Seðlabankanum. Með vaxtalögunum var Seðlabankanum falið að birta opinberlega upplýsingar um vexti hjá bönkum og sparisjóðum, honum falið að ákveða dráttarvexti innan tiltekinna marka og að auglýsa meðalvexti á skuldabréfalánum banka og sparisjóða til almennrar notkunar í viðskiptalífinu.

Frá því að vaxtalög gengu í gildi og almennu samningsfrelsi um aðra vexti en dráttarvexti var komið á hefur íslenskur fjármagnsmarkaður tekið margvíslegum breytingum. Hér skal einungis þeirra helstu getið:

— Bankar, sparisjóðir og aðrar helstu lánastofnanir hafa tekið upp kjörvaxtakerfi útlána. Í kjörvaxtakerfi eru lántakendur flokkaðir í nokkra kjörvaxtaflokka eftir fjárhagslegum styrkleika og tryggingum sem þeir geta sett fyrir lánum. Vextir í hverjum flokki eru ákveðnir sem álag á hlutaðeigandi kjörvexti (grunnvexti). Jafnframt hefur fjölbreytni innlánsreikninga aukist.
— Afnám síðustu gjaldeyrishaftanna í árslok 1994 en þar með tengdist íslenskur fjármagnsmarkaður erlendum fjármagnsmörkuðum traustari böndum en áður.
— Efling hlutabréfamarkaðar.
— Lánsfjáröflun ríkissjóðs með markaðsútboðum og samkomulag fjármálaráðuneytis og Seðlabankans um að bankinn veiti ríkissjóði ekki fyrirgreiðslu í formi yfirdráttarlána.
— Aukin áhersla fyrirtækja og sveitarfélaga á að afla lánsfjár með sölu skuldabréfa á verðbréfamarkaði í stað hefðbundinna bankalána.
— Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hafa skapast auknir möguleikar erlendra fjármálafyrirtækja til að veita þjónustu hér á landi.

Árið 1989 var bætt við lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, ákvæði sem heimilar bankanum að fengnu samþykki viðskiptaráðherra að hlutast til um vexti banka og sparisjóða í því skyni að tryggja að raunvextir útlána verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana. Þrátt fyrir mikla umræðu um vaxtamál af og til á liðnum árum og fullyrðingar um að vextir hér á landi séu mun hærri en í útlöndum hefur ekki verið talin ástæða til að beita þessu lagaákvæði. Á árinu 1993 fór nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins yfir vaxtamyndun á lánsfjármarkaði, einkum með tilliti til þess hvort uppbygging og skipulag markaðarins, t.d. víðtæk verðtrygging, hindraði eðlilega vaxtamyndun. Meginniðurstaða nefndarinnar var að svo væri ekki en jafnframt benti nefndin á ýmis atriði sem betur mættu fara. Einkum taldi hún að mikil notkun verðtryggingar í bankakerfinu og ójafnvægi óverðtryggðra og verðtryggðra eigna (útlána) og skulda (innlána) hefði óheppileg áhrif á vaxtamyndun. Einnig benti hún á mikilvægi þess fyrir vaxtamyndun í landinu að opinberir aðilar fullnægðu innlendri lánsfjárþörf sinni sem mest á markaði. Þá benti hún á ýmsar aðrar breytingar sem væru til þess fallnar að bæta vaxtamyndun á fjármagnsmarkaði.

Nefndin taldi að samanburður á vöxtum hér á landi og erlendis sýndi að útlánsvextir hefðu frá því að vaxtafrelsi komst á verið í hærra lagi en þó ekki í ósamræmi við það sem þekkist í nágrannaríkjum, einkum annars staðar á Norðurlöndum og í smáum Evrópuríkjum. Hún benti þó á að þessi munur hefði farið vaxandi á árinu 1993. Í kjölfar nefndastarfsins gripu ríkisstjórnin og Seðlabankinn til samræmdra markaðsaðgerða í októberlok 1993 og stuðluðu þannig að um 2% lækkun raunvaxta.

Ein af tillögum nefndarinnar var að vaxtalög yrðu endurskoðuð og í ágúst 1994 skipaði viðskiptaráðherra nefnd í því skyni. Í skipunarbréfi hennar segir að við endurskoðun vaxtalaga skuli einkum tekið mið af reynslunni frá setningu þeirra, breytinga á fjármagnsmarkaði á undanförnum árum og ákvæða hliðstæðra laga erlendis. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á fyrirkomulag á ákvörðun dráttarvaxta, hvaða vexti úr bankakerfinu Seðlabankinn birtir opinberlega og hvaða meðalvexti hann reiknar út. Nefndin lauk störfum í október 1995 og skilaði viðskiptaráðherra frumvarpi til nýrra heildarlaga um vexti og verðtryggingu. Í nefndinni sátu: Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, formaður, Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, Sveinn Jónsson aðstoðarbankastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða, og Þórhallur Arason skrifstofustjóri, tilnefndur af fjármálaráðuneyti. Með nefndinni starfaði Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur í Seðlabanka Íslands.

Frá því að nefndin lauk störfum hefur frumvarpið verið til skoðunar í viðskiptaráðuneytinu. Ráðuneytið gerði allnokkrar breytingar á frumvarpi vaxtalaganefndarinnar þó svo að frumvarpið sem hér birtist byggist að verulegu leyti á vinnu hennar.

Meginefni frumvarpsins.

Lagt er til að ný lög um vexti, dráttarvexti og verðtryggingu komi í stað vaxtalaganna frá 1987. Vaxtalögunum hefur verið breytt sex sinnum frá því að þau voru sett. Fyrst með lögum nr. 9/1989, síðan lögum nr. 67/1989, lögum nr. 19/1991, lögum nr. 91/1991, lögum nr. 90/1992 og loks með lögum nr. 13/1995. Meðal annars hefur verið bætt við þau tveimur nýjum köflum, um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða (með lögum nr. 67/1989) og um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár (með lögum nr. 13/1995). Nefndin sem vann að gerð frumvarpsins var sammála um að ástæða væri til að breyta fjölmörgum ákvæðum vaxtalaganna, þar á meðal að fella niður kaflann um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Til að auðvelda umfjöllun um efnisatriði og tryggja innra samhengi og réttar tilvísanir innan margbreyttra laga taldi nefndin rétt að leggja til að sett yrðu ný heildarlög í stað laganna frá 1987.

Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi meginbreytingar á sviði vaxtamála:

— Lagt er til að í stað þess að Seðlabankinn ákveði einhliða dráttarvexti af öllum peningakröfum verði lögaðilum heimilt í lánssamningum að semja um dráttarvexti upp að vissu marki. Lögaðilar hafa samkvæmt frumvarpinu heimild til að semja um álag ofan á almenna vexti (samningsvexti) en álagið má þó ekki vera hærra en 10 hundraðshlutar. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt verða ákveðnir með sama hætti og dráttarvextir af kröfum í innlendri mynt skv. 1. mgr. 9. gr.

— Lagt er til að þegar samningsaðilum láist að tilgreina vaxtafót verði miðað við vexti sem Seðlabankinn birtir. Skulu þeir taka mið af lægstu vöxtum á nýjum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum en ekki veginni meðalársávöxtun af nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Fyrrgreindu vextirnir eru lægri en þeir síðarnefndu. Þykir óeðlilegt að löggjafinn hygli skuldareigendum fyrir ófullnægjandi frágang lánssamninga. Rétt er að benda á að einungis í undantekningartilvikum reynir á þetta ákvæði vaxtalaga. Reynslan er sú að yfirleitt er einhver vaxtafótur tilgreindur ef á annað borð er áskilið að krafa beri vexti.

— Aðilar eru hvattir til að semja um ákveðna vexti sín á milli en nota ekki í blindni almenna viðmiðun við vexti á markaðnum, eins og nú tíðkast, t.d. meðalársávöxtun á nýjum almennum útlánum hjá bönkum og sparisjóðum. Þessir meðalvextir eru ýmsum annmörkum háðir. Í fyrsta lagi hefur orðið æ erfiðara fyrir Seðlabankann að velja vogir til að reikna meðalvexti eftir því sem kjör vaxtakerfi banka og sparisjóða hefur orðið fjölbreytilegra. Í öðru lagi eru við útreikning á þessum meðalvöxtum notaðir allir vextir af skuldabréfalánum banka og sparisjóða, þ.e. lánum á lágum vöxtum til traustra aðila með góðar tryggingar og lánum á háum vöxtum til aðila með lakari tryggingar og allir vextir þar á milli. Þessir meðalvextir eru síðan notaðir í ríkum mæli í samningum manna á milli utan bankakerfisins án þess að tillit sé tekið til mismunandi aðstæðna lántakenda. Þetta getur þýtt að aðilar sem taka lán utan bankakerfisins með góðum tryggingum greiða í raun hærri vexti en eðlilegt getur talist. Einnig má finna dæmi um hið gagnstæða. Því er lagt til að í stað þess að reikna út og birta meðalvexti banka og sparisjóða, sem aðilar geta notað í viðskiptum sín á milli, verði Seðlabankanum falið að birta vexti sem taka mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Ekkert er því til fyrirstöðu að samið sé um tiltekið frávik frá þessum vöxtum eftir aðstæðum hverju sinni.

— Lagt er til að vextir af skaðabótakröfum verði hækkaðir frá því sem nú gildir, þ.e. úr vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum í vexti sem Seðlabankinn ákveður til opinberrar birtingar með hliðsjón af lægstu vöxtum af nýjum óverðtryggðum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum. Miðað við núverandi vaxtastig myndi þessi tillaga frumvarpsins leiða til þess að vextir af skaðabótakröfum hækkuðu úr 0,6% í 9,2%.
— Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Með 6. gr. laga nr. 67/1989 var bætt við vaxtalög kafla um vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða, IV. kafla (17.–19. gr.). Ákvæðum kaflans hefur aðeins einu sinni verið beitt. Í 2. mgr. 18. gr. er kveðið á um að viðskiptaráðherra láti fara fram árlega og oftar ef þurfa þykir athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða. Í desember 1993 óskaði viðskiptaráðherra eftir því við Seðlabankann að hann athugaði vaxtakjör fjárfestingarlánasjóðanna. Greinargerð bankans er frá mars 1994. Hún þótti ekki gefa tilefni til þeirra aðgerða sem heimilar eru skv. 19. gr. vaxtalaga, þ.e. að settar yrðu meginreglur um lánskjör fjárfestingarlánasjóðanna. Rétt er að benda á að skv. 7. gr. frumvarpsins ber fjárfestingarlánasjóðum að tilkynna Seðlabankanum um öll vaxtakjör sín. Telji viðskiptaráðherra þess þörf getur hann óskað eftir því að Seðlabankinn taki saman greinargerð um þau. Auk þess skal bent á að flestir fjárfestingarlánasjóðir lúta nú sömu meginreglum og viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þeir mega þó ekki taka við innlánum. Því þykir óeðlilegt að sérákvæði gildi um vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða. Einnig má nefna að á síðustu missirum hefur samkeppni aukist milli innlendra fjárfestingarlánasjóða og erlendra banka og fjárfestingarlánasjóða og verðbréfamarkaðarins. Hvort tveggja dregur enn úr nauðsyn þess að láta sérákvæði gilda um vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða.
— Loks er lagt til að misneytingarákvæði vaxtalaga og ákvæði um endurgreiðslu á ofteknum vöxtum verði að mestu fellt brott. Ákvæði þessi eiga rætur sínar að rekja til þess tíma þegar ekki ríkti frjálsræði í samningum um vexti. Þörf fyrir ákvæðin nú, þegar frelsi í samningum um vexti hefur fest sig í sessi, er því lítil. Hafa ber í huga að hin almennu misneytingarákvæði hegningarlaga eiga við um samninga um vexti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi, sem afmarkar gildissvið laganna, samsvarar 1. gr. vaxtalaga. Við greinina hefur verið bætt nýjum málslið um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sbr. þá breytingu sem gerð var á vaxtalögum með lögum nr. 13/1995.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. gildandi vaxtalaga.

Um 3. gr.

Í 3. gr. gildandi vaxtalaga kemur fram að ákvæði II. kafla og 11.–13. gr. um almenna vexti og dráttarvexti gildi því aðeins að ekki leiði annað af lögum, samningum og venju. Í frumvarpinu er tekinn af allur vafi um að 8.–10. gr. frumvarpsins eru ekki frávíkjanlegar.

Um 4. gr.

1. mgr. er samhljóða 4. gr. gildandi vaxtalaga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði sem tekur af skarið um það hvers konar vexti á að greiða þegar ekki er samið um vexti en skyldu til að greiða þá leiðir af venju eða lagafyrirmælum. Gert er ráð fyrir að þessir vextir séu hinir sömu og í 5. gr.

Í 3. mgr. er líka ný regla. Í gildandi lögum er hvergi tekið fram hvort almennir vextir eigi að leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti eða ekki. Lagt er til að tekið verði af skarið um það í lögum að ekki verði heimilt að leggja almenna vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti nema um það hafi verið samið, það leiði af venju eða lagafyrirmælum. Ástæðan er sú að lengst af í réttarsögunni hefur það ekki verið heimilt um almenna vexti og það er ekki heimilt samkvæmt gildandi rétti í öðrum norrænum löndum.

Um 5. gr.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið hefur verið rakið að meðalávöxtun af nýjum útlánum viðskiptabanka og sparisjóða sé að ýmsu leyti óheppileg viðmiðun fyrir vexti af peningakröfu þegar enginn sérstakur hundraðshluti er tiltekinn. Í raun er það trassaskapur lánveitanda að semja um vexti en tiltaka ekki vaxtafótinn. Því er óeðlilegt að löggjafinn tryggi tiltölulega háa vexti af slíkum peningakröfum. Af þessum sökum er lagt til að ný viðmiðun verði valin. Þessi nýja viðmiðun eru vextir sem Seðlabankinn birtir á grundvelli 7. gr. frumvarpsins og skulu þeir ákveðnir með hliðsjón af lægstu vöxtum á útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum.

Eftir að viðskiptabankar og sparisjóðir tóku upp kjörvaxtakerfi hefur fjölbreytileiki vaxta aukist verulega. Við útreikning á meðalvöxtum banka og sparisjóða eru notaðir vextir af útlánum sem veitt eru gegn góðum tryggingum og vextir af útlánum sem veitt eru gegn lakari tryggingum og eru nokkru hærri en hinir fyrrnefndu og vextir þar á milli. Eftir því sem fjölbreytileiki vaxta hefur aukist hefur Seðlabankanum reynst æ erfiðara að útbúa nauðsynlegar vogir. Lægstu vextir samkvæmt þessari grein munu að öllum líkindum verða svipaðir kjörvöxtum viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana (einkum fjárfestingarlánasjóða), en það eru vextir til traustustu viðskiptavina. Vegið meðaltal af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána viðskiptabanka og sparisjóða er 9,2% á ári um þessar mundir og 6,2% af verðtryggðum skuldabréfalánum. Þess er að vænta aðilar muni almennt semja um tiltekið álag á þessa vexti, meðal annars eftir því hvaða tryggingar lántakandi setur fyrir greiðslu skuldarinnar. Meðalvextir af nýjum, almennum, óverðtryggðum skuldabréfalánum viðskiptabanka og sparisjóða, sem eru núgildandi viðmiðunarvextir vaxtalaga fyrir óverðtryggðar peningakröfur og mikið notaðir í viðskiptum utan bankakerfisins, voru 3,7% hærri en kjörvextir viðskiptabanka og sparisjóða á árinu 1997. Hvað verðtryggð skuldabréfalán varðar var þessi vaxtamunur 2,8%.

Um 6. gr.

Í 7. gr. vaxtalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, segir að vextir af kröfum um skaðabætur skuli á hverjum tíma vera jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Í athugasemdum við greinina í frumvarpinu sem varð að vaxtalögum segir að þessi viðmiðun sé valin í trausti þess að vextirnir fylgi nokkurn veginn verðbólgu. Hræringar í vaxtamálum á undanförnum missirum hafa leitt til þess að viðskiptabankar og sparisjóðir leggja sívaxandi áherslu á sérkjarareikninga, ýmist óbundna eða bundna. Eru óbundnir sparisjóðsreikningar mjög á undanhaldi. Vegið meðaltal vaxta af óbundnum sparisjóðsreikningum er um þessar mundir 0,6% sem er nokkru lægra en verðbólga. Reynslan sýnir að þessir vextir eru yfirleitt lægri en verðbólga og næstlægstu vextir í bankakerfinu. Aðeins vextir af tékkareikningum eru lægri.

Lagt er til að almennir vextir á skaðabótakröfur sem falla undir lögin verði jafnir vöxtum skv. 1. mgr. 5. gr. Undir lögin falla skaðabætur innan samninga og þær skaðabætur utan samninga sem ekki falla undir skaðabótalög (líkamstjón, miski, þjáningar og bætur fyrir missi framfæranda). Fyrir gildistöku laga nr. 67/1989 voru vextir af þessum skaðabótakröfum hinir sömu og vegið meðaltal af almennum útlánum. Telja verður að ranglæti sé í því fólgið að sá sem á skaðabótakröfu en getur af einhverjum ástæðum ekki fylgt henni fram, þ.e. gjalddagi hennar í skilningi laganna er ekki kominn, þurfi að sæta því að fá ekki nema sparisjóðsvexti á kröfu sína. Eðlilegt er að tjónvaldur greiði hærri vexti. Lagt er til að miðað verði að lægstu vexti almennra útlána skv. 1. mgr. 5. gr., sem t.d. eru 9,2% nú.

Um 7. gr.

Samkvæmt 8. gr. gildandi vaxtalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 67/1989, ber viðskiptabönkum og sparisjóðum að tilkynna Seðlabankanum án tafar um öll vaxtakjör og breytingar á þeim í því formi sem bankinn krefst. Jafnframt ber verðbréfafyrirtækjum að tilkynna bankanum um breytingar á ávöxtunarkröfu verðbréfasjóða og eignarleigufyrirtækjum um breytingar á eignarleigukjörum. Í greininni er ekki tekið fram að slíkum upplýsingum þurfi að skila til Seðlabankans með ákveðnum fyrirvara. Sú venja hefur skapast að viðskiptabankar og sparisjóðir breyta vöxtum einungis 1., 11. og 21. dag mánaðar og áformaðar breytingar eru tilkynntar Seðlabankanum daginn áður en þær taka gildi.

Í 24. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eru afdráttarlaus ákvæði um skyldu aðila til að veita bankanum upplýsingar um atriði er varða hlutverk hans. Þrátt fyrir þetta almenna ákvæði þykir eðlilegt að í vaxtalögum séu ákvæði um skyldu aðila til að upplýsa Seðlabankann um vaxtakjör sín, enda skipta slíkar upplýsingar sköpum fyrir framkvæmd annarra ákvæða vaxtalaga.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar frá ákvæðum 8. gr. vaxtalaga. Í fyrsta lagi er lagt til að upplýsingaskylda um vexti nái til annarra lánastofnana auk viðskiptabanka og sparisjóða. Hingað til hafa þær almennt ekki þurft að veita Seðlabankanum upplýsingar um vaxtakjör sín með sama hætti og viðskiptabankar og sparisjóðir. Eignarleigufyrirtæki falla einnig undir hugtakið lánastofnun þannig að þeim ber áfram skylda til að upplýsa Seðlabankann um vaxtakjör sín. Hins vegar er lagt til að skylda til að upplýsa um ávöxtunarkröfu verðbréfasjóða falli brott, enda hafa þær upplýsingar ekkert gildi fyrir framkvæmd vaxtalaga. Þó skal tekið fram að telji Seðlabankinn nauðsynlegt að afla slíkra upplýsinga getur hann að sjálfsögðu gert það á grundvelli 24. gr. seðlabankalaga.

Í öðru lagi er skýrt tekið fram að upplýsingar um vexti verði að liggja fyrir með þeim fyrirvara sem Seðlabankinn krefst. Eðli máls samkvæmt eru ákvarðanir um vaxtabreytingar yfirleitt ekki teknar með löngum fyrirvara og því eðlilegt að Seðlabankinn gæti hófs í kröfum sínum um fyrirvara tilkynninganna.

Í þriðja lagi eru lagðar til grundvallarbreytingar á því ákvæði 8. gr. vaxtalaga er fjallar um birtingu Seðlabankans á vöxtum viðskiptabanka og sparisjóða. Samkvæmt gildandi ákvæði skal bankinn fyrir lok mánaðar birta í Lögbirtingablaði öll almenn vaxtakjör þessara aðila. Eftir því sem kjörvaxtakerfi viðskiptabanka og sparisjóða hefur þróast á undanförnum árum og fjölbreytileiki vaxta aukist hafa þessar auglýsingar aukist. Jafnframt hefur orðið æ erfiðara að bera vexti einstakra viðskiptabanka og sparisjóða saman, svo sem vegna ólíkra skilmála innlánsreikninga og ólíkrar uppbyggingar kjörvaxtakerfa útlána. Leiða má að því líkur að auglýsingar sem þessar hafi verið gagnlegar fyrstu árin eftir að vextir voru gefnir frjálsir en að heldur hafi dregið úr gagnsemi þeirra á síðustu árum og missirum. Við framkvæmd núgildandi vaxtalaga hefur einungis birting meðalvaxta af óbundnum sparisjóðsreikningum

(7. gr.), meðalvaxta af nýjum almennum skuldabréfalánum (5. gr.) og hæstu vaxta af almennum skuldabréfalánum (6. gr.) gildi. Þessir vextir gilda samkvæmt ákvæðum laganna næsta mánuðinn eftir að þeir birtast eða uns þeir eru næst birtir. Aðrir vextir eru eingöngu birtir til upplýsingar.

Í stað þess að Seðlabankinn birti öll almenn vaxtakjör viðskiptabanka og sparisjóða er lagt til að lögfest verði að bankinn birti þá vexti sem gildi hafa við framkvæmd laganna. Auk þess getur bankinn að sjálfsögðu birt aðra vexti viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem hann telur heppilegt að birtir séu opinberlega. Þá er einkum haft í huga að birting tiltekinna vaxta verði til að stuðla að betri vaxtamyndun á lánsfjármarkaði. Rétt er að vekja athygli á því að í 2. mgr. 8. gr. vaxtalaga er kveðið á um að birta skuli vaxtakjör sparisjóðanna sameiginlega. Skv. 52. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, er Sparisjóðabanka Íslands hf. heimilt að leggja fyrir sparisjóðina leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld, enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga. Hver einstakur sparisjóður ákveður síðan sjálfur vexti og þjónustugjöld sín. Með hliðsjón af þessu er lagt til að fellt verði niður núgildandi ákvæði um sameiginlega birtingu á vaxtakjörum sparisjóðanna.

Lokamálsliður 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er nýjung. Nauðsynlegt þykir að fyrir liggi með aðgengilegum hætti upplýsingar um þá vexti sem Seðlabankanum ber að birta samkvæmt vaxtalögum. Því er lagt til að í upphafi hvers árs birti Seðlabankinn í Stjórnartíðindum töflu er sýni þessa vexti eins og þeir voru á hverjum tíma á næstliðnu ári. Hér er um að ræða fjórar talnaraðir með tólf gildum hver hið mesta:

1. Lægstu vextir af óverðtryggðum peningakröfum, skv. 1. mgr. 5. gr.
2. Lægstu vextir af verðtryggðum peningakröfum, skv. 2. mgr. 5. gr.
3. Hundraðshluti sem bætist við vexti skv. 1. tölul. af peningakröfum þegar taka dráttarvaxta hefst.
4. Samtala af hundraðshluta skv. 3. tölul. og vöxtum skv. 1. tölul., þ.e. dráttarvextir skv. 1. mgr. 9. gr.

Auk þessara vaxta kann að þykja heppilegt að Seðlabankinn birti einnig talnaröð er sýni vexti af skaðabótakröfum á hverjum tíma.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. vaxtalaga, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1989.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru þrjár meginbreytingar frá dráttarvaxtaákvæðum 10. og 11. gr. vaxtalaga. Í fyrsta lagi er lagt til að lögaðilar fái heimild til að semja um álag ofan á almenna vexti (samningsvexti) í lánssamningum í stað þess að dráttarvextir séu ákveðnir einhliða af Seðlabanka. Í öðru lagi er lagt til að dráttarvextir sem Seðlabankinn ákveður verði hinir sömu hvort heldur peningakrafan er í innlendri eða erlendri mynt. Í þriðja lagi er lögð til breyting á ákvörðun dráttarvaxta þannig að Seðlabankinn geti ákveðið dráttarvexti án þess að taka mið af vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Skv. 1. mgr. skulu dráttarvextir ákveðnir af Seðlabanka með því að leggja saman lægstu vexti á nýjum óverðtryggðum útlánum hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum skv. 1. mgr. 5. gr. og hæfilegt álag að mati Seðlabankans. Lagt er til að hámarksálag verði 10%. Sú tala er valin með hliðsjón af afstöðunni sem ætla má að sé um þessar mundir milli dráttarvaxta og vaxta skv. 5. gr. frumvarpsins. Dráttarvextir eru um þessar mundir 16,5% á ári en síðarnefndu vextirnir að líkindum um 9% ef tekið er mið af núgildandi kjör-

vöxtum. Núverandi aðstæður fela því í sér að umrætt álag sé um 7,5%. Hámarksálagið í greininni, 10%, veitir því nokkurt svigrúm til að hækka dráttarvexti frá því sem nú er, ef þörf krefur. Ekki þykir eðlilegt að leggja til að lögfest verði ákveðið lágmarksálag.

Núgildandi regla um ákvörðun dráttarvaxta kveður á um að hlutfallið milli dráttarvaxta, að viðbættri tölunni 100, og ávöxtunar nýrra almennra útlána skv. 2. mgr. 10. gr. vaxtalaga, að viðbættri tölunni 100, sé á bilinu 1,02 til 1,06. Meðalávöxtun ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum er nú 13,6%. Það þýðir að svigrúm Seðlabankans til að ákveða dráttarvexti liggur á bilinu 15,2% til 20,4%. Eins og fyrr segir eru dráttarvextir nú 16,5%.

Skv. 2. mgr. er heimilt í lánssamningum lögaðila að semja um dráttarvexti sem álag ofan á almenna vexti (samningsvexti). Álagið má þó ekki vera hærra en 10 hundraðshlutar ofan á almenna vexti. Talið er nauðsynlegt að auka svigrúm lögaðila til að semja um dráttarvexti, m.a. vegna aukinnar alþjóðavæðingar á fjármagnsmarkaði. Fyrirtæki eiga nú greiðari aðgang en áður að alþjóðlegum lánsfjármarkaði.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. vaxtalaga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 11. gr.

Greinin er í samræmi við 13. gr. vaxtalaga. Rétt þykir að taka af allan vafa um að ekki skuli reikna dráttarvexti á meðan skuldari neytir lögmætra vanefndaúrræða gagnvart kröfuhafanum, en túlkun núgildandi ákvæðis með tilliti til þessa hefur verið nokkuð á reiki. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 12. gr.

Greinin á sér fyrirmynd í 14. gr. vaxtalaga, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989 og 160. gr. laga nr. 91/1991. Eðlilegt þykir að kveða á um sambærilega reglu vegna almennra vaxta og nú gildir um dráttarvexti, sbr 1. mgr.

Um 13. gr.

Greinin byggist á 15. gr. vaxtalaga. Í tilvísun til 1. mgr. 9. gr. felst að dráttarvextir skuli vera samtala vaxta skv. 6. gr. laganna og ákveðins hundraðshluta samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Vert er að vekja athygli á því að bætt hefur verið inn í niðurlag greinarinnar orðunum „ef sérstaklega stendur á“. Talið er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir frjálslega túlkun á þessu ákvæði að hnykkja á því að aðeins þegar sérstaklega stendur á sé heimilt að hreyfa við upphafstíma dráttarvaxta á skaðabótakröfur.

Um 14.–18. gr.

Með lögum nr. 13/1995 var felldur brott VII. kafli laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. („Ólafslaga“). Í honum voru ákvæði um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Þess í stað var bætt við vaxtalög nýjum kafla um það efni (20.–24. gr.). Þessar greinar frumvarpsins eru samhljóða tilsvarandi greinum vaxtalaga með þeim undantekningum að heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eru þrengdar og tekinn af allur vafi um að Seðlabankanum sé heimilt að fengnu samþykki viðskiptaráðherra að leggja bann við verðtryggingu á tilteknu tímamarki.

Frá 1960 var almennt óheimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Þessi almenna regla var tekin upp í Ólafslög við setningu þeirra 1979. Með

breytingum á þeim árið 1989 var þó heimilað að gengisbinda skuldbindingar í íslenskum krónum með sérstökum gengisvísitölum, ECU og SDR, sem Seðlabankinn birti. Þessi breyting var liður í auknu frelsi í gjaldeyrismálum á sínum tíma. Gengisbinding á grundvelli þessara vísitalna hefur notið takmarkaðrar hylli.

Samkvæmt Ólafslögum (og eldri lögum) giltu sérstakar reglur um svokölluð erlend endurlán, þ.e. lán innlends aðila til annars innlends aðila á lánsfé sem hann aflaði erlendis. Höfuðstóll slíkra lána var ýmist tilgreindur í erlendum gjaldmiðli eða íslenskum krónum. Mun fyrrgreinda fyrirkomulagið vera mun algengara. Um slík lán gilti að heimilt var að áskilja að innlenda lánið ásamt vöxtum væri endurgreitt á sama gengi og erlenda lánið. Þá var áskilið að væri erlenda lánið endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið væri óheimilt að beita hærra gengi við innheimtu innlenda lánsins. Þetta fyrirkomulag getur gengið þegar sérhvert erlent lán er endurlánað til tiltekinna innlendra aðila, þ.e. lán stendur á móti láni. Eftir því sem frelsi í gjaldeyrismálum hefur aukist og starfsemi innlendra lánastofnana þróast hefur þetta hins vegar riðlast. Lán sem þær veita og bundin eru gengi erlendra gjaldmiðla eru veitt „úr einum lánapotti" sem sífellt er verið að endurfjármagna. Þá hefur orðið æ algengara að höfuðstóll erlendra endurlána sé ekki tilgreindur í íslenskum krónum heldur erlendum gjaldmiðli. Þótti því rétt að fella niður ákvæði Ólafslaga um erlend endurlán með lögum nr. 13/1995.

Eftir að verðtryggingakafli Ólafslaga var felldur brott með lögum nr. 13/1995 og verðtryggingarákvæðum þess í stað bætt við vaxtalög hafa komið fram mismunandi skoðanir á því hvaða reglur gildi um gengisbindingu skuldbindinga í íslenskum krónum. Þetta stafar af því að orðalag þess ákvæðis vaxtalaga (20. gr.) sem fjallar um gengisbindingu er annað en orðalag tilsvarandi ákvæðis Ólafslaga. Í þeim fyrrnefndu segir „... þar sem áskilið er að greiðslurnar skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli, sbr. 21. gr." Í Ólafslögum segir aftur á móti „... með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldmiðils, sbr. 39. gr." Annars vegar er því nú haldið fram að almennt sé heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eins og það er á hverjum tíma (dagsgengi). Samkvæmt þessari túlkun taka ákvæði laganna einungis til gengisbindingar sem felst í því að nota gengisvísitölu en ekki til gengisbindingar á grundvelli dagsgengis. Hins vegar er því haldið fram að þrátt fyrir breytingu á orðalagi þá gildi enn sama almenna regla og í Ólafslögum og að óheimilt sé að gengisbinda skuldbindingar í íslenskum krónum nema með gengisvísitölum. Nefndin sem vann að gerð frumvarpsins fór ítarlega yfir þetta atriði og aflaði álitsgerðar frá Jóni Sveinssyni hdl. Niðurstaða Jóns og nefndarinnar var sú að síðari túlkunin væri rétt.

Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði um almennt bann við gengisbindingu skuldbindinga í íslenskum krónum nema með sérstökum gengisvísitölum (ef erlend endurlán eru undanskilin) ná ekki til allra innlendra aðila. Þannig hefur ríkissjóður búið við rýmri heimildir. Í lögum nr. 79/1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, er kveðið á um að ríkissjóður geti gefið út ríkisskuldabréf og spariskírteini með verðtryggingu miðað við gengi erlendra gjaldmiðla eða SDR. Þetta hefur ríkissjóður nýtt sér og gefið út skuldabréf í íslenskum krónum sem eru bundin gengi ECU og SDR.

Nefnd sú sem vann að gerð frumvarps þessa fjallaði um hvort leyfa ætti að skuldbindingar í íslenskum krónum væru bundnar gengi erlends gjaldmiðils og þá með hvaða hætti. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin aflaði erlendis tíðkast almennt ekki að gefin séu út skuldabréf í innlendum gjaldmiðli sem bundin eru gengi erlends gjaldmiðils. Helst má finna dæmi um þetta í ríkjum Suður-Evrópu og Mið- og Suður-Ameríku þar sem innlendir aðilar bera fremur lítið traust til innlenda gjaldmiðilsins. Algengast er að gengisbinding sé með þeim hætti

að skuldabréfin eru gefin út í erlendum gjaldmiðli. Þannig eru ECU-bréf sem ríkissjóðir Englands og Frakklands gefa út og selja innanlands í ECU en ekki í breskum pundum eða frönskum frönkum sem bundin eru gengi ECU. Þegar slík bréf eru keypt eiga sér því stað gjaldeyrisviðskipti eða ígildi þeirra. Hið sama gildir þegar bréfin eru endurgreidd eða vextir greiddir.

Eftir að gjaldeyrisviðskipti voru að fullu gefin frjáls í árslok 1994 hafa aðstæður gerbreyst hér á landi. Minni þörf er en áður fyrir ákvæði um gengisbindingu skuldbindinga í íslenskum krónum. Vilji einstaklingur eða fyrirtæki gengisbindingu er ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi geri samning í erlendum gjaldmiðli, kaupi verðbréf í erlendum gjaldmiðli eða leggi sparifé sitt inn á gjaldeyrisreikning. Við þessar aðstæður er því orðið tímabært að þrengja heimildir til gengisbindingar og koma á þeirri almennu reglu að skuldbindingar í íslenskum krónum verði ekki bundnar við gengi erlendra gjaldmiðla.

Samkvæmt 14. gr. og 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins verður ekki heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Er talið rétt að taka af allan vafa þar að lútandi. Hins vegar gæti Seðlabankinn á grundvelli 2. mgr. 15. gr. gefið út sérstakar gengisvísitölur eins og nú tíðkast og heimilað gengisbindingu á grundvelli þeirra að fengnu samþykki viðskiptaráðherra. Þótt nefndin hafi gengið frá ákvæðinu með þessum hætti mælti hún engu síður með því að heimildin yrði ekki notuð. Því er í bráðabirgðaákvæði III kveðið á um hvernig fara skuli með skuldbindingar í íslenskum krónum sem þegar hefur verið stofnað til og eru bundnar gengisvísitölum.

Talið er að samningar með viðmiðun við gengisvístölu á grundvelli ákvæðisins í vaxtalögum séu mjög fáir. Í árslok 1997 voru t.d. aðeins um 46 millj. kr. á gengisbundnum krónureikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum en svo eru nefndir þeir innlánsreikningar sem viðmiðun hafa við framangreindar gengisvísitölur. Í bráðabirgðaákvæði III er kveðið á um hvernig farið skuli með innstæður og samninga af þessu tagi sem þegar eru í gildi.

Frá því að verðtrygging var almennt heimiluð með setningu „Ólafslaga“ 1979 hafa orðið miklar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum. Ný sparnaðar- og lánsform hafa komið til sögunnar og gjaldeyrisviðskipti hafa verið gefin frjáls. Þá hefur litið dagsins ljós ný tegund fjármálasamninga, afleiður (e. derivatives) sem notaðar eru til að draga úr þeirri áhættu sem felst t.d. í tiltekinni verðbréfaeign, kröfueign eða útistandandi skuldum eða keyptar í þeirri von að hagnast á markaðssveiflum. Hér má nefna samninga um vaxtaskipti, gjaldmiðlaskipti og valrétt og ýmiss konar framvirka samninga, svo sem um gjaldmiðla. Allar þessar breytingar vekja upp spurningar um gildissvið og gagnsemi opinberra reglna um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Nefndin sem samdi frumvarpið var þeirrar skoðunar að opinberar reglur um verðtryggingu fjárskuldbindinga þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að verja almennt sparifé og lánsfé landsmanna fyrir rýrnum af völdum innlendrar verðbólgu eins og hún er venjulega mæld, þ.e. sem meðaltalsbreyting á verði í stóru úrtaki vöru og þjónustu. Þeim hafi hins vegar ekki verið ætlað að hindra eðlilega þróun á fjármagnsmarkaði. Vegna eðlis afleiðusamninga og annarra fjármálasamninga af því tagi má ljóst vera að þeir falla ekki undir ákvæði laganna. Hið sama gildir um viðmiðun skuldaskjala við hlutabréfavísitölu eða aðra slíka vísitölu sem ekki verður talin verðvísitala í sama skilningi og vísitala neysluverðs.

Rétt er að vekja athygli á því að með breytingunni á vaxtalögum með lögum nr. 13/1995 leysti vísitala neysluverðs lánskjaravísitölu af hólmi frá og með 1. apríl 1995. Þetta endurspeglast í ákvæðum 18. gr. frumvarpsins sem samsvara 24. gr. gildandi vaxtalaga, sbr. e-lið 1. gr. laga nr. 13/1995. Í þessu ákvæði frumvarpsins felst því ekki afturvirkni þótt svo mætti ætla þegar litið er til dagsetningarinnar í ákvæðinu.

Þá er í 4. mgr. 15. gr. tekinn af allur vafi um að Seðlabankanum sé heimilt að fengnu samþykki viðskiptaráðherra að leggja bann við verðtryggingu á tilteknu tímamarki.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um það að hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi áskilur sér hærri dráttarvexti en leyfilegt er samkvæmt lögunum skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið er lagt til að misneytingarákvæði VI. kafla núgildandi laga verði felld brott. Ákvæði þessi eiga rætur sínar að rekja til þess tíma þegar ekki ríkti frjálsræði í samningum um vexti. Hagnýt þýðing ákvæðanna nú, þegar frelsi í samningum um vexti hefur fest sig í sessi, er því lítil.

Í 25. gr. gildandi vaxtalaga er regla sem mælir fyrir um sektir, varðhald eða fangelsi allt að einu ári fyrir þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma sem til skuldar er stofnað. Reglan samkvæmt vaxtalögunum er því sú að heimilt er að semja um hærri vexti en hin svonefndu gildandi vaxtamörk eru, en ef það er gert á þeim huglægu forsendum sem mælt er fyrir um í ákvæðinu er það refsivert. Í raun eru engin skýr vaxtamörk samkvæmt lögunum, a.m.k. er mjög hæpið að þau mörk séu svo áþreifanleg að þau séu heppileg viðmiðun um það hvenær háttsemi er refsiverð eða ekki.

Tilvist þessa ákvæðis í vaxtalögunum verður að skoða í ljósi þess að verið var í fyrsta sinn í lögum í langan tíma að veita frelsi til að semja um almenna vexti. Það var því ekki óeðlilegt að í lögunum væri sérstakt refsiákvæði sem ætti við þegar menn misnotuðu það frelsi sem veitt var með lögunum. Í skýringum í greinargerð með þessu ákvæði í frumvarpi því sem síðar varð að vaxtalögum segir m.a. að markmiðið með ákvæðinu hafi verið það að veita bæði lánastofnunum og almenna lánamarkaðnum hæfilegt svigrúm til athafna og þróunar en veita lántakendum jafnframt viðunandi vernd. Hagnýt not þessa ákvæðis hafa hins vegar verið óveruleg. Hafa ber í huga að misneytingarákvæði almennra hegningarlaga veita refsivernd á þessu sviði sem öðrum. Raunar taldi nefndin sem vann að gerð frumvarpsins heppilegra að kanna breytingar á almennum hegningarlögum væri til þess ástæða.

Um 20. gr.

Með tilliti til þess að meginákvæði III. kafla frumvarpsins um ákvörðun dráttarvaxta eru ekki frávíkjanleg þykir rétt að kveða á um að samningar sem fela í sér óheimila dráttarvaxtatöku séu ógildir. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 27. gr. núgildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa. Rétt er þó að undirstrika að frumvarpið felur ekki í sér afturvirkt frelsi til að ákveða dráttarvexti.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Ákvæðin þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í þeim er leitast við að taka á öllum þeim tilvikum sem upp geta komið þegar skipt er úr einni viðmiðun vaxtalaga yfir í aðra.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið tekur fyrst og fremst til innstæðna á krónureikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum sem verðtryggðir eru með þessum hætti (um 46 millj. kr. í árslok 1997). Sam-

kvæmt meginreglu frumvarpsins verður óheimilt að stofna nýja slíka reikninga, nema til komi birting gengisvísitölu á grundvelli 2. mgr. 15. gr. Þess er að vænta að viðskiptabankar og sparisjóðir bjóði eigendum þessara innstæðna að breyta þeim, t.d. í innstæður á gjaldeyrisreikningi. Til áréttingar er tekið fram í 3. málsl. að óheimilt sé að taka við nýjum innlánum á þá reikninga sem um ræðir, þ.e. reikninga sem stofnaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vexti, dráttarvexti og verðtryggingu.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á núverandi vaxtalögum. Mikilvægasta breytingin er sú að lagt er til að svigrúm verði skapað fyrir lögaðila að semja um dráttarvexti. Álag ofan á samningsvexti má þó í öllum tilfellum ekki verða hærra en 10 af hundraði. Þá eru önnur ákvæði lögð til sem flest miða að því að afnema síðustu leifar af inngripum stjórnvalda í ákvörðun vaxta. Í 7. gr. er lagt til að Seðlabanki Íslands skuli birta upplýsingar um lægstu vexti útlána og dráttarvexti og skulu upplýsingarnar byggðar á vaxtakjörum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Þessi upplýsingasöfnun er mjög lík því sem Seðlabankinn hefur annast til þessa þannig að kostnaðarauki bankans af þessum sökum verður óverulegur.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

954. Svar [463. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um þátttöku útlendinga í virkjanaundirbúningi.

1. *Er hafin þátttaka erlendra aðila og þá hverra í athugunum um virkjanaundirbúning eða ráðgerðar virkjanaframkvæmdir hérlendis?*

Ekki er vitað til þess að erlendir aðilar hafi átt beina aðild að virkjanaundirbúningi hér á landi. Hins vegar hafa erlendir aðilar lagt mat á kostnað við öflun raforku hér á landi sem þeir hafa nýtt sér við könnun á hagkvæmni tiltekinna framkvæmda. Annars vegar er um að ræða verkefni er lýtur að lagningu sæstrengs frá Íslandi og útflutningi raforku til Hollands, svokallað Icenet-verkefni, og hins vegar sameiginlega athugun á byggingu stórs álvers og orkuvera, svokallað Noral-verkefni.

Að Icenet-verkefninu stóðu auk Reykjavíkurborgar hollensku fyrirtækin Nuon, Epon og NKF Kabel. Landsvirkjun var óbeinn aðili að verkefninu. Þá hafa Scottish Hydro í Skotlandi, Hambürgischer Electricitätswerke í Þýskalandi og Statkraft í Noregi sýnt möguleikanum á útflutningi raforku áhuga og verið í sambandi við iðnaðarráðuneyti, Landsvirkjun og Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar í því efni.

Unnið er að athugun á byggingu álvers og orkuvera í samstarfi iðnaðarráðuneytis, Landsvirkjunar og Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar við norska fyrirtækið Hydro Aluminium sem er hluti norska stórfyrirtækisins Norsk Hydro. Athugunin miðast við samtengda verkefnafjármögnun álvers og virkjana.

2. *Hvað hefur nú þegar verið aðhafst í þessum efnum og hvað er ráðgert á næstunni?*

Þau tvö verkefni sem nú eru í gangi eru fyrstu verkefnin þar sem erlendir aðilar koma að könnun á virkjunaraðstæðum og hefur í þeim fyrst og fremst verið lagt mat á stofnkostnað, en vettvangsrannsóknir hafa ekki farið fram á vegum erlendra aðila. Hugsanlegt er að síðar á þessu ári taki Hydro Aluminium þátt í kostnaði við virkjanarannsóknir sem tengjast Noral-verkefninu, en þeim rannsóknum yrði stýrt af Landsvirkjun.

Ekki er kunnugt um áhuga annarra erlendra aðila á að standa að könnunum á byggingu virkjana hér á landi.

3. *Sé samstarf hafið eða fyrirhugað, hvaða form er á því og hvernig er fjárhagslegum samskiptum fyrir komið milli aðila?*

Bæði Icenet-verkefnið og Noral-verkefnunum hefur verið stjórnað af sameiginlegri verkefnisstjórn aðilanna sem staðið hafa að verkefnunum. Í þeim hefur reglan verið sú að hver aðili um sig hefur borið allan kostnað af eigin starfsliði við viðkomandi athuganir en aðkeyptum kostnaði hefur verið skipt með ýmsu móti, samkvæmt nánara samkomulagi aðila að fengnum tillögum verkefnisstjórnanna.

4. *Hvernig er eða verður gætt íslenskra hagsmuna í slíku samstarfi, m.a. að því er varðar þekkingu sem aflað hefur verið af innlendum aðilum á liðnum árum við orkurannsóknir og undirbúning virkjana?*

Af hálfu Íslendinga hafa hagsmunir Íslands verið í fyrirrúmi í samstarfinu. Eðli málsins samkvæmt hefur upplýsingagjöf milli aðila verið með þeim hætti sem nauðsynlegt er til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu og hefur gagnkvæmur trúnaður ríkt á milli aðila.

5. *Hvaða stefnu hafa íslensk stjórnvöld tekið að því er varðar aðgang útlendinga að rannsóknaniðurstöðum og þekkingu sem aflað hefur verið hingað til á vegum opinberra aðila hérlendis?*

Erlendir sem innlendir aðilar hafa eðlilega haft aðgang að almennum upplýsingum sem Orkustofnun hefur aflað og birt opinberlega, en hvorki Icenet-hópnum né Noral-hópnum hafa verið veittar upplýsingar umfram það af hálfu stofnunarinnar. Fyrirkomulag þetta var rætt við ráðuneytið vegna Icenet-verkefnisins. Iðnaðarráðuneytið hefur almennt talið eðlilegt að opinberir eða hálfopinberir aðilar, svo sem Landsvirkjun, sem sinnt hafa rannsóknum á orkulindunum og aflað upplýsinga um þær meti sjálfir hvort og þá að hve miklu leyti þeir veita öðrum innlendum eða erlendum aðilum aðgang að upplýsingunum og á hvaða kjörum, enda eru þessir aðilar best færir um að meta gildi upplýsinganna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur þó lagt ríka áherslu á að með upplýsingar sem hafa beint viðskiptalegt gildi sé farið sem algert trúnaðarmál milli þeirra aðila sem í hlut eiga.

6. *Hafa eigendur og/eða stjórn Landsvirkjunar tekið afstöðu til hugsanlegs samstarfs við erlenda aðila um byggingu og rekstur virkjana hérlendis og með hvaða hætti þeir nýti sér rannsóknaniðurstöður og þekkingu sem aflað hefur verið á vegum Landsvirkjunar á liðinni tíð?*

Síðla árs 1992 var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar og hollensku fyrirtækjanna Nuon, Epon og NKF Kabel um Icenet-verkefnið. Verkefnið fólst í athugun á orkuöflun á Íslandi og flutningi raforku um sæstreng frá Íslandi til Hollands. Liður í verkefninu var könnun á möguleika þess að byggja sæstrengsverksmiðju í Reykjavík. Landsvirkjun gekk á árinu 1994 til samstarfs við þessa aðila með sérstökum samningi við þá án þess þó að verða beinn aðili að verkefninu sjálfu. Hvorki í þeim samningi né á annan hátt hefur stjórn Landsvirkjunar tekið afstöðu til hugsanlegs samstarfs við erlenda aðila um byggingu og rekstur virkjana hérlendis. Í samstarfi um Icenet-verkefnið hefur Landsvirkjun aðallega látið hollensku fyrirtækjunum í té almennar upplýsingar um virkjunarmöguleika hér á landi til notkunar í hagkvæmniathugunum sínum, upplýsingar sem yfirleitt hafa verið aðgengilegar í opinberum gögnum. Sama máli gegnir um samstarf Landsvirkjunar við Scottish Hydro í Skotlandi, Hambürgischer Electricitätswerke í Þýskalandi og Statkraft í Noregi, en þessir aðilar hafa sýnt úflutningsmöguleikanum áhuga. Stjórn Landsvirkjunar hefur hins vegar samþykkt að Landsvirkjun yrði aðili að sameiginlegri athugun Íslendinga og Hydro Aluminium á þeim möguleika að byggja hér á landi álver og þá gert ráð fyrir samtengdri verkefnafjármögnun álvers og virkjana. Þetta felur óhjákvæmilega í sér gagnkvæma upplýsingagjöf í trúnaði milli þessara aðila sem nauðsynleg er til að komast að marktækri niðurstöðu.

955. Frumvarp til laga [563. mál]

um barnabætur.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

Markmið laganna er að gera tekjulágum foreldrum kleift að ala upp börn sín.

2. gr.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Sama gildir um sambúðarfólk sem hafa sama lögheimili.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta skv. 3. mgr. og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.

Óskertar barnabætur skulu árlega nema 102.436 kr. með fyrsta barni en 121.932 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Óskertar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 170.614 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 175.014 kr., en þó 30.176 kr. hærri sé barnið yngra en sjö ára. Búi framfærandi barns í óvígðri sambúð skal hann ekki teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Barnabætur skv. 3. mgr. skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.141.042 kr. hjá hjónum og umfram 570.521 kr. hjá einstæðu foreldri. Með tekjuskattsstofni í þessu

sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, að teknu tilliti til frádráttar skv. 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr laga nr. 75/1981. Skerðingarhlutfallið skal vera 5% með einu barni, 9% með tveimur börnum og 11% með þremur börnum eða fleiri.

Barnabætur vegna hvers barns á framfæri hjóna skerðast um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna fer fram úr 4.174.466 kr. uns þær falla niður. Á sama hátt skerðast barnabætur vegna hvers barns á framfæri einstæðra foreldra um 3% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 6.262.219 kr. uns þær falla niður.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. og 96. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við getur átt.

Barnabætur skulu ákveðnar við álagningu tekjuskatts, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981. Nánari reglur, m.a. um fyrirframgreiðslu og útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast strax gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða ákvæðum 68. gr. laga nr. 75/198, um tekjuskatt og eignarskatt. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði tekjuskattslaganna um barnabætur verði felld brott úr þeim lögum og sett í sérlög um barnabætur þess í stað. Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til breytinga á lögum nr. 75/1981 þar sem lagðar eru til ýmiss konar breytingar til einföldunar á skattkerfinu. Barnabætur eru hluti þess en þær tilheyra frekar hinu félagslega kerfi en tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Um frekari athugasemdir að baki þessum breytingum vísast til greinargerðar með því frumvarpi.

Huga þyrfti að breytingum á barnabótum ef tekinn verður upp flatur tekjuskattur án persónuafsláttar. Sá munur sem er á barnabótum einstæðra foreldra og hjóna helgast aðallega af því að hjón geta samnýtt 80% af ónýttum persónuafslætti hvort annars. Þannig greiðir einstætt foreldri með 150 þús. kr. tekjur á mánuði umtalsverða skatta en hjón með sömu tekjur greiða nánast engan skatt. Vandamálið er ef til vill í hnotskurn það að börn hafa ekki sjálfstæðan persónuafslátt. Ef tekin verður upp flatur tekjuskattur og húsnæðisbætur er hugsanlega óþarfi að greiða mismunandi barnabætur eftir hjúskaparstöðu foreldra.

Sú stefna að láta sveitarfélögin í auknum mæli sjá um þá þjónustu sem snýr að borgurunum leiðir hugann að því hvort barnabætur og jafnvel húsnæðisbætur falli ekki betur að verksviði sveitarfélaga. Þau fengju miklu betri yfirsýn yfir félagslega stöðu einstaklinganna. Slíkur tilflutningur verður auðveldari þegar sérlög gilda um barnabætur.

956. Tillaga til þingsályktunar [564. mál]

um húsnæðisbætur.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að útfæra nýja hugmynd um húsnæðisbætur sem komi í stað núverandi húsaleigu- og vaxtabóta. Félagsmálaráðherra skipi, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, nefnd sem kanni málið og leggi fram mótaðar tillögur að nýju húsnæðisbótakerfi í formi lagafrumvarps.

Nefndin leggi störfum sínum til grundvallar eftirfarandi meginmarkmið:

a. Hver fjölskylda eða einstaklingar sem búa í sömu íbúð fái húsnæðisbætur sem eru háðar fjölda þeirra sem búa í íbúðinni.
b. Húsnæðisbæturnar skerðist í hlutfalli við samanlagðar tekjur og eignir allra þeirra sem í íbúðinni búa.
c. Húsnæðisbæturnar séu skilyrtar því að þær renni til greiðslu leigu, fasteignagjalda eða afborgana af lánum af íbúðinni.
d. Að húsnæðisbæturnar verði tekjuskattsfrjálsar

Nefndin ljúki störfum fyrir 1. nóvember 1998 og félagsmálaráðherra leggi fram frumvarp til laga um húsnæðisbætur á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar eigi síðar en 1. desember 1998.

Greinargerð.

Markmiðið með tillögunni er að búið verði til húsnæðisbótakerfi, sem er einfalt, almennt, réttlátt og bætir stöðu stórra fjölskyldna. Það tryggi einungis þá sem eru aðstoðar þurfi og styðji séreignarstefnuna. Gengið verði út frá þeirri meginforsendu að þeir sem greiða skatta sem varið er til bóta skuli ekki vera verr settir en þeir sem bótanna njóta. Einungis 15–20% þjóðarinnar þurfa aðstoð og ekki er skynsamlegt að styrkja svo til alla til að afla sér húsnæðis. Því verði felldur niður hluti þeirra skatttekna sem nú er aflað til vaxtabóta. Kerfið felist í bótum sem greiddar verði mánaðarlega og renni til greiðslu á húsaleigu eða greiðslu af lánum sem tekin hafa verið til að kaupa íbúðarhúsnæði. Bæturnar verði háðar stærð fjölskyldu sem býr í sömu íbúð og skerðist í hlutfalli við tekjur allra í fjölskyldunni.

Til eru margar gerðir fjölskyldna. Hefðbundin fjölskylda er hjón og börn, eitt eða fleiri, þó að einstæðum foreldrum með eitt eða fleiri börn fjölgi. Markmiðið er að styrkja allar fjölskyldur jafnt, hvernig sem fjölskyldugerðin er; hjón, einstæðir foreldrar, einhleypingar, systkini sem halda saman heimili, barnafjölskyldur eða barnlausar o.s.frv.

Tillagan er lögð fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á skattalögum. Sú breyting á skattalögum er afdrifarík og ætlað að ná yfir sjö ár til þess að launakerfi landsmanna geti aðlagast henni. Breyting á vaxtabótum, sem var grundvöllur greiðslumats fólks, yfir í húsnæðisbætur er ekki síður afdrifarík og gert ráð fyrir að hún taki sömuleiðis sjö ár.

Núverandi kerfi.

Núverandi kerfi styrkja er afar flókið og margbrotið. Því má skipta í fjóra meginhluta:

— Húsbréfakerfi.
— Vaxtabætur.
— Húsaleigubætur.
— Félagslega húsnæðiskerfið.

Húsbréfakerfið. Allir fá lán eftir að hafa farið í greiðslumat og fá ríkisábyrgð á lán sín, 65–70% af kaupverði íbúðar í gegnum húsbréfakerfið. Húsbréfakerfinu er ætlað að styðja séreignarstefnuna en stuðningurinn er mjög óljós. Hann felst í ríkisábyrgð sem sennilega lækkar vaxtakröfuna um 2–3% og greiðslubyrðina af t.d. 5 millj. kr. láni um 7–10 þús. kr. á mánuði. Þrátt fyrir greiðslu 0,35% vaxtaálags er þannig um umtalsverðan styrk að ræða. Ekki er lagt til að þessari styrkveitingu verði hætt, enda er hún mikilvægur hlekkur í séreignarstefnu í húsnæðismálum, en svipaðri aðstoð má hugsanlega ná fram með skipulegu húsbréfakerfi á vegum einkaaðila (banka og verðbréfafyrirtækja) án þátttöku ríkisins.

Vaxtabætur. Vaxtabótakerfið er ekki háð stærð fjölskyldu heldur fjölskyldugerð, þ.e. hefðbundnum fjölskyldum sem eru hjónum, einstæðir foreldrar eða einstaklingar. Barnlaus hjón fá t.d. sömu vaxtabætur og hjón með fjögur börn.

Vaxtabæturnar eru félagslega ranglátar. Þannig geta hjón með 600 þús. kr. laun á mánuði fengið nærri 20 þús. kr. í vaxtabætur á mánuði eða jafnháar vaxtabætur og hjón með miklu lægri laun. Þannig er brotin sú regla að þeir sem greiði bæturnar (skattgreiðendur almennt) séu ekki verr settir en þeir sem bæturnar þiggja.

Vaxtabótakerfið hvetur mjög til skuldasöfnunar. Í grófum dráttum má segja að fólk greiði fyrstu vaxtakrónurnar sínar allt að 6% af tekjum. Þegar vextirnir fara umfram þau mörk greiðir ríkið hverja vaxtakrónu þar til hámarki vaxtabóta er náð. Sem dæmi má taka einstakling sem hefur 250 þús. kr. í tekjur á mánuði eða 3 millj. kr. á ári. Ef hann leggur í íbúðakaup og þar með skuldasöfnun og vaxtagreiðslur lítur dæmið þannig út: Af vaxtagreiðslum greiðir hann fyrstu 180 þús. kr. á ári sjálfur. Það gæti verið af u.þ.b. 3,5 millj. kr. láni. Næstu 140 þús. kr. vaxtagreiðslnanna greiðir ríkið á formi vaxtabóta. Það gætu verið 2,5 millj. kr. Af því fé greiðir hann hvorki vexti né verðbætur. Þar sem flest lán eru jafngreiðslulán (annúitetslán) til langs tíma eru greiðslur fyrstu árin nær eingöngu vextir en eftir það verður meginþungi greiðslunnar vextir og verðbætur. Þannig greiðir ríkið í reynd mestallt viðbótarlánið. Einstaklingurinn er þannig hvattur til að taka helst 6 millj. kr. að láni en ekki 3,5 millj. kr.! Fyrrgreindu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt fylgja á sérstöku skjali þrjár myndir sem sýna hvernig vaxtabætur eru greiddar sem fall af tekjum.

Húsaleigubætur. Fyrir skemmstu voru teknar upp almennar húsaleigubætur. Það kerfi er mjög gallað. Það er reyndar félagslegt að því leyti að tekið er tillit til barna í upphæð bóta en bæturnar skerðast um 24% af öllum tekjum fjölskyldunnar umfram 120 þús. kr. á mánuði hvort sem um er að ræða einstakling eða hjón með fjögur börn. Vegna þessa fær sex manna fjölskylda engar húsaleigubætur ef tekjur allra í fjölskyldunni fara umfram 210 þús. kr. á mánuði. Þá eru bæturnar takmarkaðar við helming af húsaleigunni. Hvernig fólk með mjög lágar tekjur á að greiða hinn helming leigunnar er óljóst.

Miklar kröfur eru gerðar til húsnæðis í húsaleigubótakerfinu þannig að fólk með mjög stopular tekjur mun ekki geta leigt góðar íbúðir og fær því ekki bætur, en þyrfti þó sennilega mest á þeim að halda.

Húsaleigubæturnar eru auk þess skattskyldar og skerðast verulega hjá mörgum. Jafnframt skerða húsaleigubætur þessa árs húsaleigubætur næsta árs! Fyrrgreindar myndir sýna hvernig húsaleigubætur eru greiddar sem fall af tekjum.

Félagslega húsnæðiskerfið. Verulega flókið kerfi félagslegra eignar- og leiguíbúða myndar félagslega húsnæðiskerfið. Bæturnar koma fram sem vaxtaniðurgreiðsla og þær eru því ósýnilegar þeim sem njóta. Vextir eru yfirleitt 1–2,4%.

Miklar kvaðir eru á eignarhaldi á eignaríbúðum og fólk getur ekki valið sér íbúð. Þannig verður til hugtakið „bæjarblokkir“ sem er mjög niðurlægjandi fyrir íbúa þeirra. Vegna þess að fólk velur ekki íbúðina og hún er bundin alls konar kvöðum er hætt við að fólk fái ekki sömu

tilfinninguna fyrir því að eiga hana og venjulega íbúð. Kaupskylda sveitarfélaganna grefur enn fremur undan þeirri tilfinningu að eiga íbúðina. Fólk talar um að „skila" íbúðinni. Þannig talar fólk venjulega ekki um eigur sínar.

Vaxtaniðurgreiðslan er mjög mikil. Þannig er greiðsla af 7,2 millj. kr. láni (90% af 8 millj. kr. íbúðaverði) til 43 ára með 2,4% vöxtum 270 þús. kr. á ári. Slíkt lán með 5% markaðsvöxtum næmi 410 þús. kr. á ári. Niðurgreiðslan er 140 þús. kr. á ári í 43 ár. Þessi niðurgreiðsla er hvorki sýnileg né skattskyld. Vextirnir voru hækkaðir fyrir nokkrum árum úr 1% í 2,4%. Við það hækkaði árleg greiðsla af láninu um 86 þús. kr. á ári eða rúmar 7 þús. kr. á mánuði og niðurgreiðslan lækkaði jafnmikið. Ef fólk fer yfir tekjumörkin og vextirnir eru hækkaðir í 4,9% hækkar greiðslubyrðin um 11 þús. kr. á mánuði. Það eru sennilega hæstu jaðarskattar í öllu kerfinu!

Lágir vextir á húsnæðislánum í félagslega húsnæðiskerfinu hafa valdið því að ekki er eins gætt að byggingarkostnaði. Hann virðist oft vera hærri en í almenna húsnæðiskerfinu. Það er þekkt fyrirbæri að niðurgreiðsla hækkar framleiðsluverð vöru.

Lágir vextir valda auk þess offramleiðslu á þeim íbúðum sem þeir renna til og hefur það komið mörgum sveitarfélögum í koll. Sérstaklega hefur það valdið öðrum húseigendum í sveitarfélögunum miklum skaða því fasteignirnar verða óseljanlegar og hríðfalla í verði.

Niðurgreiddir vextir á afmörkuðum hluta lánamarkaðarins auka heildareftirspurn eftir lánsfé og vextir utan niðurgreidda hlutans hækka. Þannig er vaxtaniðurgreiðslan að hluta til borin af öðrum húsbyggjendum sem ekki njóta hennar.

Nú hefur verið lagt fram stjórnarfrumvarp sem gerir ráð fyrir að sértæka félagslega húsnæðiskerfið verði lagt niður en í stað þess komi almenna vaxtabótarkerfið með húsbréfakerfinu auk viðbótarláns. Það gæti verið drjúgt skref í átt að þeim húsnæðisbótum sem hér eru lagðar til.

Lýsing á nýju kerfi.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að húsnæðisbæturnar verði háðar stærð fjölskyldu, en hugtakið „fjölskylda" yrði skilgreint mjög rúmt eins og áður er getið. Meta þarf hvað eðlilegt er að bæturnar verði háar til þess fólks sem af ýmsum ástæðum hefur engar tekjur. Þá þarf að meta hversu mikið þessar bætur eiga að skerðast þegar heildartekjur fjölskyldunnar hækka. Mikilvægt er að allar tekjur verði teknar inn í þá mynd, jafnt tekjur barna sem bætur.

Við mat á þessum bótum þarf að skoða aðrar bætur, svo sem barnabætur, bætur félagsmálastofnana sveitarfélaga, lífeyri frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Bæturnar gætu litið út sem hér segir:

Fjöldi í fjölskyldu	1	2	3	4	5	6	7
Húsnæðisbætur (þús. kr./mán.)	11	15	18	21	24	27	30
Efri tekjumörk (þús. kr./mán.)	110	150	180	210	240	270	300

Húsnæðisbætur mundu skerðast um 10% af öllum tekjum fjöskyldunnar og yrðu skattfrjálsar.

Þetta kerfi mun koma hópum fólks til góða sem hingað til hefur ekki átt beinan rétt til bóta, t.d. fólki sem annast aldraða foreldra eða systkinum sem búa saman.

Þetta kerfi kæmi í staðinn fyrir vaxtabótakerfið, húsaleigubætur og félagslega húsnæðiskerfið.

Sjónarmið við val á bótakerfi.

Þegar bótakerfi er valið er mikilvægt að huga að því hvaða hópa eigi að tryggja og við hvaða aðstæður, hvernig styrk er komið til skila og hvaða áhrif hann hefur á hegðun fólks. Enn fremur hvort styrkurinn sé réttlátur í þeim skilningi að sá sem greiðir styrkinn, þ.e. skattgreiðandinn, sé ekki verr settur en sá sem styrkinn hlýtur. Miklu varðar að skilgreina vel hvaða hópa á að styrkja og að styrkurinn sé augljós, að kerfið leiði ekki til hegðunar sem samrýmist ekki hagsmunum heildarinnar.

Talið hefur verið mikilvægt að styðja ungt fólk til að eignast eigið húsnæði með húsnæðisstyrkjum og enn fremur tekjulágt fólk sem ekki getur fengið nauðsynlegt húsnæði ella. Þá hefur það verið talið æskilegt hér á landi að fólk eigi almennt sitt eigið húsnæði. Þannig hefur verið byggt upp viðamikið og flókið kerfi margvíslegra bóta.

Eins og getið er um hér að framan eru húsnæðisstyrkir af ýmsu tagi. Styrkirnir eru oft ekki gagnsæir. Þeir eru ýmist á formi ríkisábyrgðar eða vaxtaniðurgreiðslu en hvorugt sést. Þá eru þessar bætur skattfrjálsar. Þó eru húsaleigubætur beingreiðslur en þær hygla einstaklingum á kostnað stórra fjölskyldna. Vaxtabæturnar felast í því að ríkið greiðir vissa vexti fyrir fólk og er það bæði félagslega ranglátt og hvetur til skulda. Þessi kerfi standast ekki þær kröfur sem gera þarf við val á bótakerfi.

Það kerfi sem lagt er til að tekið verði upp er gagnsætt og félagslega réttlátt.

Samspil við önnur kerfi.

Ef þetta kerfi húsnæðibóta verður tekið upp er nauðsynlegt að endurskoða öll önnur kerfi húsnæðisbóta og styrkja, t.d. hvort nauðsynlegt sé að einstæðir foreldra njóti sérstöðu í barnabótum og víðar. Húsnæðisbæturnar bæta jú sérstaklega þann kostnað sem felst í því að halda heimili. Enn fremur þarf að endurskoða bætur Atvinnuleysistryggingasjóðs og almannatryggginga, sem og lánareglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þá þurfa sveitarfélög að skoða reglur sínar um félagslega hjálp og í kjölfarið þarf að endurskoða fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga.

957. Frumvarp til laga [565. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

Lokamálsliður 6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 4. tölul. fellur brott.
b. 7. tölul. orðast svo: Barnabætur greiddar úr ríkissjóði.

4. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

1. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.
2. Iðgjöld launþega til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu varið til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.
3. Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vegna öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. Að auki allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda sé iðgjaldinu varið til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar skv. II. kafla sömu laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að iðgjöld séu greidd reglulega.

Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir, sbr. 2. mgr. 8. gr., hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum.

Heimilt er að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að krafa sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skattframtali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um aðrar fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr. Heimildin nær til fimm ára aftur í tímann frá og með tekjuári. Sé ekki um fjármagnstekjur að ræða á því tekjuári þegar mótreikningur á sér stað yfirfærist mótreikningsheimildin til næsta skattframtals í allt að fimm ár. Heimild samkvæmt þessari málsgrein tekur einungis til fjármagnstekna utan rekstrar hjá einstaklingum og þeirra lögaðila sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

Ákvæði 1. mgr. um heimild til að draga frá beinan kostnað við öflun tekna gilda ekki um leigutekjur, vexti eða aðrar fjármagnstekjur.

Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar. Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 21.823.200 kr. eða meira ef um einstakling er að ræða, en 43.646.400 kr. ef í hlut eiga hjón, einstaklingar í staðfestri samvist eða sambýlisfólk með sama lögheimili ef það hefur átt barn saman eða sambúð hefur varað í a.m.k. eitt ár.

Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt að draga frá þeim tekjum húsaleigugjöld af íbúðarhús-

næði til eigin nota. Frádráttur þessi leyfist eingöngu til frádráttar leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið til útleigu.

5. gr.

63. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

64. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Tekjur barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., skulu teljast með tekjum þess foreldris sem hærri hefur hreinar tekjur ef foreldrarnir eru í hjúskap eða óvígðri sambúð sem varað hefur samfleytt í a.m.k. eitt ár en ella með tekjum þess foreldris eða manns sem framfærir barnið.

8. gr.

66. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 67. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Tekjuskattur þeirra manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, er 8,38% af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr.

10. gr.

68. og 69. gr. laganna falla brott.

11. gr.

2. mgr. 70. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. 1. og 2. tölul. falla brott.
b. 1. mgr. 3. tölul. orðast svo:

Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tölul. 3. gr., sbr. þó 2. tölul. þessarar greinar, skal ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni með skatthlutfalli skv. 1. mgr. 67. gr. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 72. gr.

13. gr.

120. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skal innheimtuhlutfall í staðgreiðslu vera 34,94% vegna launatímbila á árinu 2000,

32,44% á árinu 2001, 29,92% á árinu 2002, 27,51% á árinu 2003, 25,07% á árinu 2004, 22,56% á árinu 2005 og 19,99% á árinu 2006.

15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXXI í lögunum fellur brott.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXXII í lögunum fellur brott.

17. gr.

1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXIII í lögunum orðast svo:

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árunum 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004 og 2005 skal á árunum 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005 og 2006 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.120.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 6.240.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt árin 1998 og 1999, 6% árið 2000, 5% árið 2001, 4% árið 2002, 3% árið 2003, 2% árið 2004 og 1% árið 2005.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXXIV í lögunum:

a. Í stað hlutfallstölunnar „7%“ í 4. og 6. málsl. 1. mgr. kemur: 6%, og: 5%.
b. Við 1. mgr. bætast átta nýir málsliðir, svohljóðandi: Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2002 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árið 2001. Fyrirframgreiðslan skal vera 4% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2001 vegna tekna á árinu 2000 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2003 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árið 2002. Fyrirframgreiðslan skal vera 3% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2002 vegna tekna á árinu 2001 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2004 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árið 2003. Fyrirframgreiðslan skal vera 2% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2003 vegna tekna á árinu 2002 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2005 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árið 2004. Fyrirframgreiðslan skal vera 1% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2004 vegna tekna á árinu 2003 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum.

19. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXXV í lögunum orðast svo:

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt bráðabirgðaákvæði XXXIII og XXXIV skulu gilda ákvæði VIII.–XIII. kafla laga nr. 75/1981 eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

Þetta ákvæði til bráðabirgða tekur ekki til brottfalls eða breytinga á 6. gr., 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., 28. gr., 30. gr., 66. gr., 67. gr., A-liðar 69. gr. og 120 gr. laga nr. 75/1981 eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

20. gr.

1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI í lögunum orðast svo: Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í 17., 30., 41., 78., 83. og 84. gr. laganna sem hér segir.

21. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

A. Þegar önnur lög kveða á um að nota skuli persónuafslátt, sjómannaafslátt eða fjárhæð vaxtabóta sem viðmið um fjárhæðir skal miða við fjárhæð persónuafsláttar, sjómannaafsláttar eða vaxtabóta á árinu 1997 og láta þær taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

B. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur reiknast á eftirfarandi hátt við álagningu tekjuskatts árin 1999–2007 vegna áranna 1998–2006:

a. Við álagningu tekjuskatts á árinu 1999 vegna tekna ársins 1998 skal tekjuskattur reiknast 27,31% af tekjuskattsstofni.

b. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2000 vegna tekna ársins 1999 skal tekjuskattur reiknast 26,41% af tekjuskattsstofni.

c. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna ársins 2000 skal tekjuskattur reiknast 23,33% af tekjuskattsstofni.

d. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2002 vegna tekna ársins 2001 skal tekjuskattur reiknast 20,83% af tekjuskattsstofni.

e. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2003 vegna tekna ársins 2002 skal tekjuskattur reiknast 18,31% af tekjuskattsstofni.

f. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2004 vegna tekna ársins 2003 skal tekjuskattur reiknast 15,90% af tekjuskattsstofni.

g. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2005 vegna tekna ársins 2004 skal tekjuskattur reiknast 13,46% af tekjuskattsstofni.

h. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005 skal tekjuskattur reiknast 10,95% af tekjuskattsstofni.

C. Frá tekjum manna skv. II. kafla laganna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á árunum 1997–99 samkvæmt lögum nr. 9/1984.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við aukningu á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á hverju ári. Til þess að fá fullan frádrátt samkvæmt þessum tölulið skal árlega fjárfest fyrir 129.900 kr. hjá einstaklingi og 259.800 kr. hjá hjónum.

Frádráttur hjá þeim sem fjárfest hafa fyrir þær fjárhæðir er greinir í 2. mgr. skal vera sem hér greinir:

a. Vegna fjárfestingar á árinu 1997 skal hann vera 60% af fjárhæðum skv. 2. mgr.

b. Vegna fjárfestingar á árinu 1998 skal hann vera 40% af fjárhæðum skv. 2. mgr.

c. Vegna fjárfestingar á árinu 1999 skal hann vera 20% af fjárhæðum skv. 2. mgr.

Hafi maður fjárfest fyrir lægri fjárhæð en greinir í 2. mgr. skal frádráttur skv. 3. mgr. taka hlutfallslegum breytingum.

Fjárhæð, sem heimilt hefur verið að flytja á milli ára vegna fjárfestinga í atvinnurekstri fyrir gildistöku laga þessara, telst vera aukning á fjárfestingu í atvinnurekstri skv. 1. og 2. mgr. og skulu um frádráttinn gilda ákvæði 3. og 4. mgr. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi

hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til söluárs frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Reglur þessa ákvæðis skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf. Enn fremur skulu þær þrátt fyrir lög nr. 9/1984 gilda um stofnfjárbréf í sparisjóðum, enda sé útboð slíkra stofnfjárbréfa opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og það staðfest af ríkisskattstjóra og skal eigi heimilt að selja stofnfjárbréf í þrjú ár frá kaupum. Ef stofnfjárbréf er selt fyrir þann tíma skal nýttur frádráttur færður til tekna samkvæmt ákvæðum 2. og 3. málsl. 6. mgr.

Frádráttur samkvæmt þessu ákvæði heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu vegna tekjuöflunaráranna 2000–2006 (álagningarárin 2001–2007) gilda sömu reglur og giltu fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 63., 64., 65., 68., b-lið 69., 70. og 71. gr. laga 75/1981, um skattlagningu einstaklinga, einstæðra foreldra, hjóna og barna, tekjuskattshlutfall, persónuafslátt, sjómannaafslátt, barnabætur og vaxtabætur að teknu tilliti til 2.–5. mgr. þessa ákvæðis.

Þrátt fyrir ákvæði A- og B-liða 68. gr. eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara skal:

a. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 1998 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1999 vegna tekna og eigna árið 1998 persónuafsláttur vera 280.320 kr. og sjómannaafsláttur 671 kr.
b. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 1999 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2000 vegna tekna og eigna árið 1999 persónuafsláttur vera 279.948 kr. og sjómannaafsláttur 656 kr.
c. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 2000 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2001 vegna tekna og eigna árið 2000 persónuafsláttur vera 239.955 kr. og sjómannaafsláttur 655 kr.
d. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 2001 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2002 vegna tekna og eigna árið 2001 persónuafsláttur vera 199.963 kr. og sjómannaafsláttur 470 kr.
e. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 2002 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2003 vegna tekna og eigna árið 2002 persónuafsláttur vera 159.976 kr. og sjómannaafsláttur 235 kr.
f. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 2003 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2004 vegna tekna og eigna árið 2003 persónuafsláttur vera 119.978 kr. og sjómannaafsláttur 0 kr.

g. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 2004 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2005 vegna tekna og eigna árið 2004 persónuafsláttur vera 79.985 kr. og sjómannaafsláttur 0 kr.
h. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 2005 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2006 vegna tekna og eigna árið 2005 persónuafsláttur vera 39.993 kr. og sjómannaafsláttur 0 kr.
i. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 2006 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2007 vegna tekna og eigna árið 2006 persónuafsláttur vera 0 kr. og sjómannaafsláttur 0 kr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. B-liðar 69. gr. eins þau voru fyrir gildistöku laga þessara skulu:

a. Vaxtabætur á árunum 1998, 1999 og 2000 vera þær sömu og þær hefðu verið miðað við þær reglur sem giltu á árinu 1997.
b. Vaxtabætur á árinu 2001 vera 6/7 af vaxtabótum eins og þær hefðu verið miðað við þær reglur sem giltu á árinu 1997.
c. Vaxtabætur á árinu 2002 vera 5/7 af vaxtabótum eins og þær hefðu verið miðað við þær reglur sem giltu á árinu 1997.
d. Vaxtabætur á árinu 2003 vera 4/7 af vaxtabótum eins og þær hefðu verið miðað við þær reglur sem giltu á árinu 1997.
e. Vaxtabætur á árinu 2004 vera 3/7 af vaxtabótum eins og þær hefðu verið miðað við þær reglur sem giltu á árinu 1997.
f. Vaxtabætur á árinu 2005 vera 2/7 af vaxtabótum eins og þær hefðu verið miðað við þær reglur sem giltu á árinu 1997.
g. Vaxtabætur á árinu 2006 vera 1/7 af vaxtabótum eins og þær hefðu verið miðað við þær reglur sem giltu á árinu 1997.
h. Vaxtabætur á árinu 2007 vera 0 kr.

Persónuafsláttur, sjómannaafsláttur og vaxtabætur samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu teljast ekki til tekna samkvæmt lögum þessum.

Þetta ákvæði til bráðabirgða tekur ekki til brottfalls eða breytinga á 6. gr., 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., 28. gr., 30. gr., 66. gr., 67. gr., A-liðar 69. gr. og 120 gr. laga nr. 75/1981 eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta unnu ásamt fyrsta flutningsmanni Hannes G. Sigurðsson, Haraldur Johannessen, Ísól Fanney Ómarsdóttir, Jónas Fr. Jónsson og Víglundur Þorsteinsson.

Efni frumvarpsins.

Efni frumvarpsins er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er hlutfall tekjuskatts lækkað úr 26,41% í 8,38% á tekjuárunum 2000–2006 þannig að staðgreiðsla verður í lok tímans um 19,99% af launum í stað 38,02%. Hlutfall útsvars verður áfram breytilegt en það er núna 11,61% í staðgreiðslu. Hins vegar eru flutt úr skattalögum öll félagsleg atriði, sem verða óþörf eða eiga betur heima í öðrum lögum. Nær allir afsláttar- og frádráttarliðir eru felldir niður. Skattkerfið verður mikið einfaldara.

Samhliða frumvarpi þessu er flutt frumvarp til laga um barnabætur sem tryggir óbreyttar barnabætur og tillaga til þingsályktunar um húsnæðisbætur í stað húsaleigubóta, félagslega húsnæðiskerfins og vaxtabóta, sem verja munu hag tekjulágs fólks. Frumvarpið lýtur eingöngu að breytingum á tekjuskatti einstaklinga en snertir ekki skattlagningu lögaðila.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að einfalda tekjuskattskerfið stórlega með því flytja úr skattalögum alla þætti sem varða félagslega eða tryggingalega hjálp. Þetta á við um persónuafslátt, barnabætur, sjómannaafslátt, vaxtabætur, skattfrelsi dagpeninga og bifreiðastyrkja. Þessir þættir eru fluttir í sérstök lög eða felldir niður þar sem þörfin verður ekki fyrir hendi ef þetta frumvarp verður samþykkt. Þannig verður skattkerfið einfalt, altækt og án undantekninga.

Markmið frumvarpsins er að auka meðvitund borgarans um og ábyrgð hans á velferðarkerfinu með því að láta alla sem hafa tekjur taka þátt í að greiða það. Núna greiðir aðeins helmingur framteljenda tekjuskatt og einungis þriðjungur framteljenda greiðir meira til ríkisins en hann fær í bætur. Sá hluti heldur í reynd uppi velferðarkerfi ríkisins. Enn fremur er mikilvægt að sem flestir íbúar sveitarfélaga taki beinan þátt í kostnaði við rekstur þeirra til þess að skapa sveitarstjórnum nauðsynlegt kostnaðaraðhald. Hægt er að sjá hættuleg áhrif þegar sífellt fleiri kjósendur gera kröfur um þjónustu sem æ færri skattgreiðendur greiða. Með þessari breytingu er lagður varanlegur og heilbrigður grunnur að velferðarkerfinu.

Þá er það markmið frumvarpsins að atorka og frumkvæði einstaklinga stækki þjóðarkökuna þannig að meira verði til skiptanna fyrir alla þegna þjóðfélagsins. Flatur tekjuskattur mun hvetja fólk til menntunar, athafna og dugnaðar. Frumvarpið miðar að því að auka heildarhag landsmanna með því að auka ráðstöfunartekjur allra frekar en að jafna tekjur þeirra sem hefur tekist misjafnlega.

Eðlilegt þykir að fólk taki þátt í kostnaði við velferðakerfið í samræmi við getu, þ.e. tekjur og eignir. Hins vegar má spyrja hvort ekki sé nóg að sá sem hafi tvöfaldar tekjur greiði tvöfalt til velferðarkerfisins sem allir njóta þó að jöfnu í stórum dráttum. Frumvarpið tekur mið af þessu.

Einfaldara skattkerfi mun auðvelda almenningi vinnu við framtal, allt eftirlit verður einfaldara. Hvati til skattsvika minnkar vegna lægri skattbyrði og barátta gegn þeim verður léttari.

Á þeim sjö árum sem breytingin á að taka verður raunhæft að reikna með að forsendur séu fyrir því að hækka lægstu laun umtalsvert vegna þess að hagur fólks með hærri tekjur batnar töluvert og vegna skattalækkunarinnar, sem verður tæp 3% á ári, þarf það ekki launahækkun.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um barnabætur sem tryggir óbreyttar barnabætur en þær kosta um 1,46% hærri tekjuskatt. Þá er flutt tillaga til þingsályktunar um húsnæðisbætur sem komi í stað óskaplega flókins og óréttláts kerfis húsaleigubóta, félagslegra íbúða og vaxtabóta. Markmið bótanna er að styrkja einungis þá sem eru hjálpar þurfi og að sá sem greiðir styrkinn sé aldrei verr settur fjárhagslega en sá sem styrktur er. Það má svo huga að því í framhaldinu hvort barnabætur og húsnæðisbætur eigi ekki að vera verkefni sveitarfélaga og þar með mætti huga að því að fella tekjuskatt alveg niður.

Ekki er gert ráð fyrir að vergar tekjur ríkis og sveitarfélaga breytist við þess breytingu.

Lýsing á breytingunni.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig gert er ráð fyrir að hinir ýmsu afslættir og bætur verði skert. Þá er sýnt hvernig skattprósentan og þar með staðgreiðslan mun lækka ár frá ári frá 2000–2006.

Tekju-ár	Skatt-prósenta	Stað-greiðsla	Sérst. tekjusk.	Persónu-afsláttur á ári	Frítekju mark** á mánuði	Sjó-manna-afsláttur	Vaxta-bætur	Hluta-bréfa-frádr.	Athuga-semdir
1997	29,31%	40,88%	5%	286.812	60.902	671	7/7	60%	Núg. lög
1998	27,41%	39,02%	7%	280.320	62.361	656	7/7	40%	Núg. lög
1999	26,41%	38,02%*	7%	279.948	63.916	655	7/7	20%	Núg. lög
2000	23,33%	34,94%*	6%	239.955	59.615	470	6/7	-	Frumvarp
2001	20,83%	32,44%*	5%	199.963	53.508	235	5/7	-	Frumvarp
2002	18,31%	29,92%*	4%	159.970	46.411	0	4/7	-	Frumvarp
2003	15,90%	27,51%*	3%	119.978	37.858	-	3/7	-	Frumvarp
2004	13,46%	25,07%*	2%	79.985	27.695	-	2/7	-	Frumvarp
2005	10,95%	22,56%*	1%	39.993	15.388	-	1/7	-	Frumvarp
2006	8,38%	19,99%*	-	0	0	-	-	-	Frumvarp

* Óbreytt útsvar 11,61%
** Að teknu tilliti til skattfrelsis 4% iðgjalds til lífeyrissjóðs.

Núverandi löggjöf og áhrif breytingarinnar.

Útsvar til sveitarfélaganna er lagt á allar tekjur fólks. Því er aðeins eitt skattþrep gagnvart útsvari en útsvarsprósentan er mismunandi eftir sveitarfélögum. Núna er hún að meðaltali 11,61% á allar tekjur einstaklinga. Tekjuskattur til ríkisins er lagður á einstaklinga í þremur skattþrepum. Núna er 0% skattur af tekjum að 62.361 kr. á mánuði. Tekjur á bilinu 62.362–260.000 kr. bera 27,41% skatt og tekjur yfir 260.000 kr. bera 34,41% skatt.

Undanfarin ár hefur tekjuskattur einstaklinga lækkað umtalsvert og mun lækka enn á næsta ári eins og sést á töflu hér að framan.

Skattfrelsi 4% lífeyrissjóðsiðgjalda þýðir að í reynd er tekjuskattur 25,35%, útsvar 11,15% og staðgreiðsla 36,50% af launatekjum frá 1. janúar 1999. Ef þetta frumvarp verður samþykkt verður tekjuskattur í reynd 8,04%, útsvar 11,15% og staðgreiðsla 19,19% af launatekjum frá 1. janúar 2006.

Meginmarkmið núverandi skattkerfis er tekjujöfnun en ekki tekjuöflun til ríkissjóðs og þar með velferðakerfisins. Þetta er í andstöðu við almenn markmið skatta, sem eru tekjuöflun. Slík tekjujöfnun er mjög dýr og hefur óæskilegar afleiðingar. Því mun breytingin leiða til almennt betri lífskjara og gagnast jafnvel hinum tekjulægri. Lágar tekjur eru ekki persónueinkenni á fólki og fólk getur breytt gildi sínu á vinnumarkaði og aukið tekjur sínar með menntun, metnaði og dugnaði, sérstaklega þegar háir jaðarskattar standa ekki í veginum.

Á undanförnum áratugum hefur markvisst verið stefnt að því að auka vægi ýmiss konar jaðaráhrifa skattkerfsins með því að tekjutengja alla frádráttarliði þess. Þetta hefur leitt til þess að óvíða eru áhrif jaðarskatta eins mikil eins og á Íslandi. Er nú svo komið að einungis um 7% af tekjum allra í landinu rennur til ríkissjóðs og tekjuskatt umfram bætur greiðir einungis þriðjungur framteljenda.

Núverandi skattkerfi er með miklu félagslegu ívafi. Persónuafsláttur leiðir til þess að þeir sem lægstar hafa tekjurnar greiða ekki skatta. Ríkissjóður greiðir útsvar, fjármagnstekjuskatt og eignarskatt fyrir þá skattþegna sem eru undir frítekjumarki en útsvarið og fjármagnstekjuskattur eru án nokkurra afslátta. Þannig er tekjuskattur neikvæður um 11,61% af tekjum undir frítekjumarki. Ríkið greiðir 11,61% útsvar fyrir framteljandann til sveitarfélagsins. Barnabætur eiga að jafna kjör þeirra sem hafa börn á framfæri og hinna sem ekki eiga börn. Sjó-

mannaafsláttur á að bæta sjómönnum upp fjarvistir frá heimilum sínum. Vaxtabætur eiga að létta fólki íbúðarkaup. Skattfrelsi dagpeninga og bifreiðastyrkja tekur mið af kostnaði við að afla tekna. Svo er skattstjóra heimilt að fella niður eða lækka skatta hjá fólki sem lendir í óláni eða býr við mikla ómegð. Nú verður þessum félagslegu þáttum skattkerfisins lýst nánar.

Persónuafslátturinn er styrkur til þeirra sem hafa lágar tekjur og er hann notaður til að leysa þá undan því að greiða til velferðakerfisins. Hann er jafnframt notaður til þess að greiða fjármagnstekjuskatt, eignarskatt og útsvar til sveitarfélagins fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Frá reiknuðum skatti einstaklings er dregin föst upphæð, persónuafsláttur (nú 23.360 kr. á mánuði). Þannig greiðir einstaklingurinn engan skatt eða útsvar af launatekjum undir u.þ.b. 62 þús. kr. á mánuði (frítekjumark). Persónuafslættinum er ráðstafað til greiðslu á tekjuskatti, útsvari, eignarskatti o.s.frv. Hann er aldrei greiddur út en 80% af ónýttum persónuafslætti er ráðstafað til maka. Því er frítekjumark hjóna með eina fyrirvinnu rúmar 112 þús. kr. á mánuði.

Gert er ráð fyrir að persónuafslátturinn verði felldur niður á sjö árum og ætti sá tími að nægja aðilum vinnumarkaðarins til þess að ná fram raunverulegum hækkunum á lægstu laun hlutfallslega miðað við hærri laun. Þeir sem hærri hafa launin geta fallið frá launahækkunum á þessu árabili vegna þess að skattbyrði þeirra lækkar umtalsvert. Þá er nýju kerfi húsnæðisbóta ætlað að verja kjör hinna lægst launuðu og milda áhrif af því að persónuafslátturinn er felldur niður í áföngum. Hann mun og bæta mjög kjör lífeyrisþega.

Barnabótum er ætlað að jafna kjör barnafólks og þeirra barnlausu. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á barnabótum þótt nokkrir hnökrar séu á því kerfi. T.d. eru foreldrum með háar tekjur ekki greiddar barnabætur og því eru kjör þeirra ekki bætt til samræmis við barnlaust fólk með sömu tekjur. Í reynd eru núverandi barnabætur ómegðarbætur en ekki barnabætur.

Í samræmi við það markmið frumvarpsins að skattkerfið verði án félagslegra þátta er lagt til að barnbætur verði teknar úr tekjuskattskerfinu og er flutt sérstakt frumvarp til laga um barnabætur.

Sjómannaafsláttur var upphaflega hugsaður sem styrkur til sjómanna vegna hlífðarfatnaðar og mikillar fjarveru frá heimilum. Þar sem aðrir atvinnurekendur eins og verktakar og söluaðilar sem selja um allan heim þurfa að greiða starfsmönnum sínum aukalega fyrir það óhagræði sem fylgir starfinu má færa rök að því að sjómannaafslátturinn sé í reynd styrkur til útgerðarinnar. Samkvæmt frumvarpinu á sjómannaafslátturinn að falla niður á þremur árum. Flestir sjómenn munu þó koma betur út úr þeirri lækkun skattprósentu sem fylgir í kjölfarið og því ætti ekki að vera andstaða við þetta.

Vaxtabætur er hugsaður sem styrkur til þeirra sem eru að koma yfir sig þaki. Þær verða þó varla taldar félagslegar því hátekjufólk getur fengið og fær vaxtabætur sem eru hærri en þær bætur sem tekjulægra fólk á kost á. Þannig geta hjón með 600 þús. kr. mánaðartekjur fengið tæpar 20 þús. kr. á mánuði í vaxtabætur. Fólk með lágar tekjur getur hins vegar ekki keypt íbúð og fær því ekki þennan styrk á formi vaxtabóta.

Á mynd 1–3 í er dreginn upp ferill vaxtabóta fyrir einstakling, einstætt foreldri og hjón sem fall af tekjum heimilisins. Neðri mörkin fyrir vaxtabætur, bláa línan, 6% af tekjum, er sá hluti vaxta sem framteljandinn greiðir sjálfur. (Frá vaxtagjöldum dragast 6% af tekjum.) Þann hluta vaxta sem er umfram þessi 6% greiðir ríkið upp að hámarki vaxtabóta (rauða línan). Það sem fer umfram rauðu línuna greiðir framteljandinn svo sjálfur. Á sömu mynd eru sýndar húsaleigubætur samkvæmt nýsamþykktum lögum. Þær eru mismunandi eftir fjölda barna og skerðast um 24% af heildartekjum fjölskyldunnar umfram 120.000 kr. á mánuði og er þá sama hvort um er að ræða einstakling eða sjö manna fjölskyldu. Þar sem húsaleigubæturnar eru skattskyldar eru tvö þrep á ferlinum, hið fyrra þegar bætur og tekjur fara yfir skattleysismörk og hið síðara er tekjur og bætur síðasta árs (þær dragast jú frá sem tekjur) fara umfram 125.000

kr. á mánuði. Hjá hjónum er gert ráð fyrir að annað sé heimavinnandi en hitt noti 80% af persónufrádrættinum. Ekki er tekið mið af skerðingum vegna eigna. Þá er á mynd 1–3 dreginn upp ferill þeirra nýju húsnæðisbóta sem lagðar eru til. Nefnd er falið að gera tillögur um endanlega upphæð þeirra.

Vaxtabæturnar hvetja mjög til skuldasöfnunar því ekki skiptir máli fyrir fólk sem er á vissu tekju- og eignabili hvort það skuldar einni eða tveimur milljónum króna meira eða minna. Ríkið greiðir alla vexti og verðbætur. Þar sem húsnæðislán eru yfirleitt til langs tíma og með jöfnum árlegum greiðslum (annuitet) eru fyrstu greiðslurnar aðallega vextir og seinni greiðslur aðallega verðbætur. Hvort tveggja er greitt af ríkinu.

Vaxtabæturnar eru afar flóknar en í grófum dráttum má segja að fólk greiði fyrstu vaxtakrónurnar sjálft allt að 6% af tekjum. Eftir það greiðir ríkið hverja vaxtakrónu upp að hámarkinu, sem er tæpar 20 þús. kr. á mánuði fyrir hjón. Það sem umfram er greiðir fólk sjálft. Sem dæmi má taka hjón með 500 þús. kr. tekjur á mánuði. Þau borga fyrstu 30 þús. kr. af vöxtunum sjálf. (Skuld u.þ.b. 6 millj. kr.) Svo greiðir ríkið tæpar 20 þús. kr. af þeim vöxtum sem eru umfram 30 þús. kr. á mánuði. (Skuld u.þ.b. 4 millj. kr.) Það er því ákveðinn hvati til að skulda svo mikið (u.þ.b. 10 millj. kr.) að vextir verði um 50 þús. kr. á mánuði.

Nærri 50.000 framteljendur njóta vaxtabóta. Þeir hafa margir farið í greiðslumat fyrir íbúðarkaup en þar hafa vaxtabæturnar hafa haft áhrif á matið. Því er mjög vandmeðfarið að kippa þannig grundvellinum undan matinu sem aftur var undirstaða íbúðarkaupa. Þess vegna er valin sú leið að draga úr vaxtabótum á sjö árum til þess að fólk geti aðlagað sig nýjum aðstæðum.

Í stað vaxtabóta (og í stað húsaleigubóta og félagslega íbúðakerfisins) koma húsnæðisbætur, sem verða háðar fjölskyldustærð og skertar vegna tekna og eigna. Samhliða frumvarpi þessu er flutt um það tillaga til þingsályktunar. Húsnæðisbæturnar skulu renna til greiðslu afborgana af íbúðarlánum, fasteignagjalda eða leigu. Þeir sem vaxtabóta njóta eru margir með miðlungstekjur eða meira og njóta því boðaðrar skattalækkunar. Þeir tekjulægri njóta fyrirhugaðra húsnæðisbóta. Þær eru dregnar upp á mynd 1–3.

Dagpeningar og bifreiðastyrkir. Lagt er til að hætt verði að meðhöndla dagpeninga og bifreiðastyrki á sérstakan hátt í skattkerfinu. Mikil aukning hefur verið í skattfrjálsum dagpeningum sem að hluta eru dulið ígildi launa en þeir hafa þrefaldast að raungildi á síðustu 10 árum. Á sama tíma er ekki tekið tillit til mjög mikils kostnaðar við öflun tekna, svo sem kostnaðar við gæslu barna. Bent hefur verið á að dagpeningar og bifreiðastyrkir renna að mestu leyti til karla og því er þessi aðgerð framlag til jafnréttis kynja.

Jaðarskattar og fátæktargildrur. Mikil umræða hefur farið fram um jaðarskatta og áhrif þeirra á myndun á svokölluðum fátæktargildrum. Fátæktargildra felst í því að fólk lendir í þeirri aðstöðu að geta ekki bætt fjárhagslega stöðu sína vegna þess að ef það reynir að auka tekjur sínar með því að vinna meira eða betur, taka á sig ábyrgð eða mennta sig missir það svo mikið af tekjutengdum bótum að það hefur lítinn sem engan ávinning af átakinu. Því festist það ævilangt í stöðu þiggjandans og jafnvel mann fram að manni.

Núverandi kerfi er fullt af slíkum jaðarsköttum og hefur verið bent á þá verstu sem snerta aldraða, einstæða foreldra, atvinnulaust fólk og námsfólk. Nokkuð hefur verið dregið úr jaðarsköttum undanfarin ár. Fyrirliggjandi frumvarp lækkar jaðarskatta umtalsvert eða um 14%.

Gallar á núverandi skattalöggjöf.

Núverandi löggjöf fylgja margir ókostir og skulu hér raktir nokkrir þeirra.

Flókið kerfi. Fyrst má nefna að núverandi löggjöf er mjög flókin og með ýmiss konar skattaafslætti, frádráttarliði og undanþágur. Til að nýta sér slíkt til fulls þurfa landsmenn að

vera vel lesnir í skattalögunum. Má sem dæmi nefna að til langs tíma nýttu fáir sér skattafrádrátt vegna framhaldsskólanáms barna sinna. Það var ekki gert af góðmennsku við ríkissjóð heldur frekar vegna vanþekkingar á skattalögum. Nú hefur þessi heimild verið víkkuð út þannig að allir foreldrar með tekjulítinn ungling á aldrinum 16–21 árs fá slíkan frádrátt.

Ef skattkerfi er haft mjög „réttlátt" og látið taka tillit til ólíkra aðstæðna verður það mjög flókið. Flókið skattkerfi krefst aftur sérþekkingar sem kostar sitt og er ekki á færi þeirra sem minnst mega sín. Þannig verður kerfið aftur óréttlátt. Þess vegna er einfalt skattkerfi hagstætt hinum minni máttar.

Flókið skattkerfi leiðir til þess að meira svigrúm er fyrir mismunandi túlkanir. Það leiðir til ágreinings sem aftur leiðir til kærumála. Af öllu þessu leiðir kostnaður fyrir þjóðfélagið.

Skatteftirlit og framtal. Flókið skattkerfi hefur í för með sér að skatteftirlit verður mjög erfitt og þungt í vöfum auk þess sem eftirlitið er mjög dýrt. Það leiðir einnig til þess að mjög margir leita eftir dýrri þjónustu endurskoðenda vegna þess að þeir treysta sér ekki sjálfir til að fylla út skattskýrsluna sína. Allur þessi kostnaður skilar minna en engu til þjóðarbúsins. Því væri hagkvæmt fyrir heildarhag þjóðar að einfalda skattkerfið en þannig batnar eftirlit og skattskil aukast. Það kerfi sem hér er lagt til er svo einfalt að það ætti að vera nóg að treysta á staðgreiðsluna. Launaseðlar yrðu sendir skattyfirvöldum og þau sendu staðfestingu til skattgreiðandans. Hann þyrfti ekki að telja fram!

Undanskot og lakara siðferði. Í skjóli flókins skattkerfis og hárra skatta þrífast undanskot og svört atvinnustarfsemi. Því hærri sem skattarnir verða því meiri verður hvatinn til að vinna svart og vinnuskipti ýmiss konar aukast umtalsvert án þess að ríkissjóður fái neinn skerf af þeirri köku. Þetta gengur jafnvel svo langt að fólk talar um það sín á milli að skattsvik séu ekki eiginlegt lögbrot og að þau séu stunduð í sjálfsvörn. Þetta grefur undan siðferðisvitund þjóðarinnar og eykur þar með líkurnar á því að fólk fari einnig að brjóta önnur lög. Þess vegna er mjög brýnt að berjast af alefli gegn skattsvikum en sterkt tæki í þeirri baráttu er að gæta þess að skattbyrðin verði ekki svo þung að hún allt að því neyði fólk til skattsvika. Fólk tekur síður þessa áhættu ef skattar eru lægri.

Dugnaður, framtak og menntun. Launajöfnun og háir jaðarskattar hafa einnig áhrif á dugnað, framtak og menntun landsmanna. Má í raun segja að dugnaður, framtak og menntun séu skattlögð sérstaklega í dag. Fólk sem leggur hart að sér og vinnur mikið, sækist eftir ábyrgð eða menntar sig ber oft ekki sérstaklega mikið úr býtum umfram það fólk sem leggur minna á sig. Skattkerfið dregur úr gömlum dyggðum eins og dugnaði, vinnusemi, stundvísi, reglusemi og trúmennsku. Félagslegt kerfi sveitarfélaganna bindur svo endahnútinn á hengingaról dyggðanna. Mörgu fólki sem er að basla við að koma upp þaki yfir sig og börnin sín og greiðir mikla skatta sviður sárt að sjá aðra komast upp með að hagnýta sér bótakerfið. Bótakerfi sem greitt er með sköttum þeirra.

Þessi áhrif skattkerfisins er ógnvænleg því þjóðfélagið þarf svo mjög á duglegu og framtakssömu fólki að halda. Það er skaði ef þjóðfélagið verðlaunar leti og leggst í doða vegna rangrar stefnu í skattamálum. Hver stendur þá undir velferðarkerfinu? Velferðarkerfið á að gefa öllum þegnum þjóðfélagsins öryggistilfinningu þannig að þeir þurfi ekki að óttast áföll en það á ekki að styrkja fólk sem getur staðið á eigin fótum.

Niðurgreidd láglaunastörf. Núverandi skattkerfi er einnig fráhrindandi fyrir hálaunastörf en dregur að sér láglaunastörf. Fyrirtæki sem greiðir há laun og stendur frammi fyrir því að setja niður starfsemi sína hér eða í landi með mildari sköttum á hærri tekjur velur hitt landið því að starfsfólkið lítur ætíð á ráðstöfun tekna eftir skatt og fyrirtækið kemst af með að greiða lægri laun. Inn í þessa mynd kemur að sjálfsögðu félagsleg þjónusta og reyndar allt velferðarkerfið og því er mjög mikilvægt að það sé skilvirkt og gott.

Í því sambandi skulu sérstaklega höfð í huga hálaunastörf sem tengjast starfsemi sem hægt er að stunda nánast hvar sem er í heiminum óháð stund og stað eins og hugbúnaðargerð og ýmiss konar fjármálastarfsemi. Við höfum horft upp á það að undanförnu að ýmis hugbúnaðarfyrirtæki hér á landi hafa flutt starfsemi sína úr landi og í sumum tilfellum hefur skattstefnan hér haft áhrif þar á. Þá hafa þeir Íslendingar sem hæstar hafa tekjurnar flutt lögheimili sitt úr landi. Til að auka samkeppnishæfni okkar á nýrri öld verðum við að víkja frá þessari láglaunastefnu og taka upp heilbrigðara skattkerfi.

Gallar á núverandi kerfi bóta.

Bótakerfið hefur þróast skipulagslítið og hefur oft einungis verið horft til afmarkaðs þáttar án þess að taka aðra þætti með í spilið. Þetta hefur leitt til tvítryggingar og margtryggingar en einnig vantryggingar. Dæmi um þetta er samspil almannatrygginga, heilbrigðiskerfisins og sjúkrasjóða verkalýðsfélaganna sem komið var á með lögum.

Annað dæmi eru margvíslegar bætur vegna uppeldis barna. Dæmi: LÍN lánar einstæðu foreldri 25 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn. Skattkerfið greiðir barnabætur sem eru um 14–17 þús. kr. á mánuði. Húsaleigubætur eru um 4 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn, mæðralaun 0–4 þús. kr. á mánuði og meðlag er 12 þús. kr. á mánuði. Alls eru þetta 55–61 þús. kr. á mánuði í ráðstöfun fyrir hvert barn og ódýrari barnaheimili að auki fyrir forgangshópa.

Dæmi um vantryggingu er hins vegar þegar einstaklingar sem hafa stopular tekjur og búa í leiguherbergjum eiga hvorki kost á félagslegri íbúð né fá húsaleigubætur.

Nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um að taka upp samræmingu í félagslega húsnæðiskerfinu og láta það falla að vaxtabótakerfinu. Frumvarp þetta og tillaga til þingsályktunar um húsnæðisbætur sem fylgir með eru í reynd framhald þeirrar þróunar sem þar er hafin. Er hér gerð tilraun til að taka heilsteypt á þeim styrkjum sem ríki og sveitarfélög veita fólki til öflunar íbúðarhúsnæðis þannig að þeir einir verði tryggðir sem hafa þörf fyrir það og enginn sé ótryggður.

Launamunur og tekjudreifing.

Skattkerfið er óheppilegt tæki til að jafna tekjur landsmanna. Fyrir það fyrsta má benda á að launamunur eftir skatt hefur sennilega ekki minnkað hér á landi þrátt fyrir núverandi skattkerfi, sem í vaxandi mæli hefur verið beitt til að jafna tekjur. Launamunurinn fyrir skatt hefur samkvæmt því aukist mjög enda á Ísland í æ meiri samkeppni við önnur lönd um hátekjustörf.

Launamunur á sér oftast náttúrulegar skýringar, t.d. þegar greitt er fyrir menntun, ábyrgð, dugnað, snilld, reynslu, fjarvistir að heiman og mikla vinnu. Þegar einstaklingur fer í langskólanám gerir hann kröfu til þess að fá betur greitt fyrir vinnu sína til að standa undir þeim kostnaði sem hlaust af skólagöngunni. Menn fást ekki til starfa sem mikil áhætta og ábyrgð fylgir nema njóta þess í því endurgjaldi sem fæst fyrir starfann. Á sama hátt þarf að borga fólki fyrir að vinna fjarri heimilum sínum eða fyrir að þurfa að þola mikla vosbúð. Þá eru flestir atvinnurekendur reiðubúnir til þess að greiða duglegu og snjöllu fólki hærri laun vegna þess að slíkt skilar sér í öflugra starfi og eykur möguleika atvinnurekstrarins.

Þar sem launamunur á sér náttúrulegar skýringar í flestum tilvikum þá mun fólk ætíð líta til þeirra launa sem því stendur til boða eftir að skattar hafa verið greiddir. Fólk lítur ekki á þá peninga sem renna til ríkissjóðs sem hluta af tekjum sínum. Það mundi sætta sig við þriðjungi lægri laun ef skattar væru lægri og útborguð laun væru þau sömu. Þegar um er að ræða mjög hæft eða menntað fólk eða vinnu við slæmar aðstæður er það því í raun launagreiðandinn sem þarf að bera þann kostnað sem hlýst af kröfu um hærri laun. Launakrafan snýst um útborguð laun en ekki heildarlaun. Skattkerfið eins og það er í dag jafnar því ekki laun heldur

veltir kostnaðinum yfir á launagreiðandann. Það má jafnvel velta því fyrir sér hvort launamunur fyrir skatta verði ekki enn meiri þegar reynt er að jafna launin með því að leggja meiri skatta á hærri laun meira en lægri laun.

Þá má nefna að þegar áhrif jaðarskatta eru mikil þurfa launahækkanir að taka mið af því og launagreiðandinn þarf að greiða enn hærri laun svo búbót launþegans verði einhver.

Þrátt fyrir framangreint skal vissulega viðurkennt að skattkerfi okkar hefur einhver áhrif á launamun í landinu. Hins vegar er sennilegt að það hafi frekar þau áhrif að allir hafi heldur lægri laun en ella vegna þess hve kerfið er dýrt. Heildarhagur landsmanna er minni af þessu skattkerfi en hann væri ef það hefði þann hvata sem frumvarpið felur í sér.

Niðurstaðan er því sú að skattkerfið verði ekki notað til að jafna tekjumun og því eigi að hverfa frá því markmiði hér á landi. Frekar eigi að stefna að aukinni velsæld allra landsmanna sem nýtt kerfi mun ótvírætt hafa í för með sér.

Skattkerfi og félagsleg kerfi.

Í núverandi skattkerfi er blandað saman félagslegu kerfi, tekjujöfnun og tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Barnabætur, sjómannaafsláttur og sérstök heimild skv. 66. gr. eru dæmi um félagslega þætti. Til viðbótar höfum við mjög sterk félagsleg kerfi: Almannatryggingar, atvinnuleysistryggingar, Byggingarsjóð verkamanna, húsaleigubætur, LÍN, félagsþjónustu sveitarfélaganna og lífeyrissjóðina. Öll þessi kerfi eru flókin og taka lítið mið hvert af öðru. Því er mikið um tvítryggingar og líka vantryggingu í kerfinu. Dæmi: LÍN lánar einstæðu foreldri 25 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn. Skattkerfið greiðir barnabætur sem eru um 17 þús. kr. á mánuði. Húsaleigubætur eru um 4 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn, mæðralaun 0–4 þús. kr. og meðlag er 12 þús. kr. á mánuði. Alls eru þetta 55–61 þús. kr. á mánuði til sráðstöfunar fyrir hvert barn og ódýrari barnaheimili að auki.

Bent skal á að skattkerfið er ekki félagslegt kerfi og á ekki að vera það. Í fyrsta lagi má því til rökstuðnings benda á að skattamál heyra undir fjármálaráðuneytið en félagsmál og heilbrigðis- og tryggingamál heyra undir sérstök ráðuneyti. Í öðru lagi eru sérfróðir aðilar félagsmála- og heilbrigðisstofnana miklum mun færari en starfsmenn skattkerfisins að meta hverjir þurfa á aðstoð þjóðfélagsins að halda. Það ætti að stefna að því að beina félagslegri og heilsufarslegri aðstoð í ákveðna farvegi þar sem fagmennska ráði ríkjum. Einfaldari stjórnsýsla þýðir jafnframt skilvirkari stjórnsýsla.

Áhrif á ýmsa hópa fólks.

Þessi breyting á skattalögum og meðfylgjandi breyting á húsnæðisbótum mun hafa mikil áhrif á ráðstöfunartekjur fjölda fólks að öðru óbreyttu. Þar sem markmið frumvarpsins er að breyta ekki tekjum ríkis og sveitarfélaga er ljóst að sumir hópar munu hagnast en aðrir tapa jafnmiklu. Þó er hagnaður fyrir alla að svo miklu leyti sem kerfið verður ódýrara, skattstofninn stækkar vegna meiri dugnaðar og framtaks og undanskotum fækkar.

Það er aðallega fólk með heildartekjur rétt um skattleysismörkin (u.þ.b. 62 þús. kr. á mánuði) sem verst verður úti. Það fólk hefur hvorki greitt tekjuskatt né útsvar til þessa en mun eftir breytinguna greiða um 20% í skatt og útsvar. Skattgreiðslur einstaklings með þessar heildartekjur verða um 12 þús. kr. meiri á mánuði þegar breytingin er að fullu komin fram eftir sjö ár. Mánaðartekjur hans þyrftu því að hækka um 2 þús. kr. (3%) á hverju ári einungis til að standa undir nýjum skattgreiðslum. Nú er búið að semja um lágmarkstekjur, sem eru nokkru hærri en þetta eða um 70 þús. kr. á mánuði. Það fólk sem hefur þær tekjur kemur ekki eins illa frá breytingunni. Fyrirhugaðar húsnæðisbætur munu milda þessi áhrif, sérstaklega hjá lífeyrisþegum.

Ætla verður að takast muni á þessum sjö árum að bæta kjör láglaunafólks umfram það sem gerist hjá þeim sem hærri hafa launin eins og fyrr var nefnt.

Hjón með eitt til tvö börn þar sem annað hjónanna er heimavinnandi en hitt vinnur úti og nýtir sér 80% af persónuafslætti þess heimavinnandi munu þurfa að greiða allnokkru meira í tekjuskatt þar sem skattleysismörk þess sem úti vinnur eru um 112 þús. kr. á mánuði að teknu tilliti til skattfrelsis lífeyrissjóðsiðgjalda. Hjónin greiða um 22 þús. kr. á mánuði í skatta eftir breytingun en greiddu ekkert áður. Það kann að reynast nauðsynlegt að jafna mismuninn á barnabótum hjóna og einstæðra foreldra en nú fá einstæðir foreldrar umtalsvert hærri barnabætur en hjón vegna samnýtingar hjóna á persónuafslætti. Hækka þyrfti mánaðarlaun þess útivinnandi um 3 þús. kr. á ári eða um 3%.

Það fólk, sem hér hefur verið minnst á, kemur verst út úr breytingunni. Þessir hópar munu njóta húsnæðisbótanna og mögulegra hækkana lægstu launa. Aðrir hópar koma ekki jafnilla frá breytingunni. Sérstaklega mun afkoma fólks með stopular tekjur sem að meðaltali eru nokkru lægri en núverandi skattleysismörk batna með nýju húsnæðisbótunum.

Ljóst er að breytingin kemur fólki með háar tekjur til góða. Jaðarskattaáhrif minnka og tekjuskattshlutfallið lækkar. Einstaklingur með 400 þús. kr. heildartekjur á mánuði greiðir núna tæpar 126 þús. kr. í skatta á mánuði. Eftir breytinguna greiðir hann 80 þús. kr. í skatta. Hann „græðir" því um 46 þús. kr. á breytingunni (12% af tekjum) eða um 2% á hverju ári.

Telja verður víst að frumvarpið muni óbeint koma þeim til góða sem lægri tekjurnar hafa. Í síðustu kjarasamningum á almenna vinnumarkaðnum var samið um 70.000 kr. lágmarkslaun. Þar sem hátekjufólkið fær skattalækkun ætti það að sætta sig við litla sem enga launahækkun þau ár sem skattbreytingin gengur yfir. Það gefur fyrirtækjunum svigrúm til þess að hækka lægstu launin umtalsvert. Vandamál verkalýðshreyfingarinnar sem hefur bæði láglaunahópa og hærra launaðar stéttir innan vébanda sinna leysist þegar þeir hærra launuðu fá verulegar skattalækkanir.

Áhrif breytinganna sjást á myndum 1–3 en þar er sýnd hækkun og lækkun á skattbyrði sem fall af tekjum.

Áhrif á ríkissjóð og sveitarfélög.

Frumvarp þetta og fylgifrumvörp munu ekki hafa teljandi áhrif á hag ríkissjóðs og sveitarfélaga. Lækkun skattprósentunar er valin þannig að vergar tekjur ríkissjóðs haldist. Í dag nema vergar skatttekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga um 7% af brúttótekjum landsmanna. Niðurfelling afslátta og frádráttarliða sem núverandi löggjöf um tekju- og eignarskatt gerir ráð fyrir mun alfarið standa undir lækkuðu tekjuskattshlutfalli að óbreyttum tekjuskattsstofni. Jafnvel má gera ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs muni aukast í tengslum við breytingarnar vegna aukinna umsvifa í þjóðfélaginu, betri skattskila, aukinni vinnu landsmanna, fjölgun hátekjustarfa, minni skattsvika og einfaldara eftirlits og framkvæmd á innheimtu tekjuskatts eins og skattlausa árið er dæmi um. Á móti þessum hagnaði ríkissjóðs kemur að hækka þarf tryggingabætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga nokkuð þrátt fyrir nýjar húsnæðisbætur.

Fyrirhugaðar húsnæðisbætur munu létta byrðum af sveitarfélögunum vegna félagslegrar þjónustu langt umfram húsaleigubæturnar, sem eru mjög takmarkaðar. Enn fremur munu þær draga úr þörf námsmanna fyrir lán. Þær munu auk þess hafa áhrif á þörf fólks fyrir bætur frá almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum. Sparnaður á þessum sviðum gæti líklega numið sem svarar auknum kostnaði við húsaleigubætur.

Laffer-kúrfan. Rétt er að benda á svofellda Laffer-kúrfu. Á áttunda áratugnum kom Arthur Laffer fyrst fram með hina frægu og einföldu hugmynd sína um samband tekna ríkissjóðs og

tekjuskattshlutfallsins. Niðurstaða hans var sú að ef skattprósenta á tekjur einstaklinga er 0% fær ríkissjóður að sjálfsögðu engar tekjur. Ef skattprósentan er 100% af tekjum, þ.e. ef launþeginn fær ekkert fyrir vinnu sína, hverfa tekjur ríkissjóðs. Enginn nema einstaka hugsjónamaður vinnur ef hann fær ekkert fyrir vinnuna. Ef enginn skattur er lagður á en skattheimta síðan hafin og tekjuskattsprósentan hækkuð smám saman aukast tekjur ríkissjóðs til að byrja með. Svo ná þær hámarki og minnka svo með frekari hækkun prósentunnar og hverfa þegar tekjuskattsprósentan hefur náð 100% af tekjum.

Hvað gerist þegar skattprósentan er hækkuð og fer yfir það gildi sem gefur ríkissjóði hæstar tekjur þannig að tekjur lækka við frekari hækkun prósentunnar? Viss störf leggjast af. Enginn fæst til að sinna þeim. Önnur störf flytjast til annarra landa. (Jafnvel unnin hér á landi í verktöku!) Enn önnur hverfa undir yfirborðið og fólk fer að koma sér hjá því að greiða skatta, löglega og ólöglega. Fólk reynir að finna löglegar smugur í skattalögunum (vaxtabætur, dagpeningar) eða telur ekki fram tekjur sínar. Þjónustuskipti hefjast. Ég vinn fyrir þig og þú fyrir mig. Þrýstingur vex á löggjafann að breyta skattalögunum til þess að mynda smugur fyrir vissa þrýstihópa (sjómannaafsláttur, dagpeningar). Ekki er hægt að meta hvar hámarkið er á Lafferkúrfunni og það er eflaust háð efnahagsástandi, skattlagningu í öðrum löndum og heiðarleika þjóðarinnar. Það er álit flutningamanna að skattprósentur flestra skatta hér á landi kunni að vera komnar yfir markið þannig að sérhver skattahækkun minnki tekjur ríkissjóðs og að skattalækkun kunni jafnframt að leiða til aukningar á tekjum ríkissjóðs.

Tekjuskattur erlendis.

Tekjuskattur í Vestur-Evrópu. Þegar tekjuskattskerfi nágrannaríkja okkar í Vestur-Evrópu er skoðað kemur í ljós að þar er um æði fjölbreytta flóru að ræða. Þó eiga kerfin það yfirleitt sameiginlegt að tekjuskattur er stighækkandi, þ.e. þeir sem hærri laun hafa greiða ekki aðeins hærri skatta í réttu hlutfalli við auknar tekjur heldur greiða þeir hlutfallslega hærri tekjuskatt. Þetta er útfært með ýmsum hætti og kerfin því misjafnlega vinnuletjandi, enda eru í þeim veruleg jaðaráhrif, líkt og hér. Þá virðist tilhneigingin yfirleitt vera til þess að hafa kerfin flókin þannig að vinna við skattskýrslu verður flókin aðgerð rétt eins og hér á landi.

Þegar hæsta tekjuskattshlutfallið er skoðað kemur í ljós að það er víða hærra en hér. Í mörgum ríkjum fer hlutfallið langt yfir 50% í hæsta þrepi og algengt er að þrepin séu mun fleiri en hérlendis.

Ermarsundseyjarnar og eyjan Mön. Á Ermarsundseyjunum Jersey og Guernsey eru skattar mun lægri og skattkerfið einfaldara en víðast annars staðar í álfunni, enda orðið „skattaparadís" oft nefnt þegar þessar eyjar berast í tal. Þó er það ekki svo að í skattumdæmi þessara tveggja eyja sé engin skattheimta, en athygli vekur að flatur tekjuskattur er á þessum eyjum. Hlutfallið er 20% fyrir íbúa þeirra og hefur verið óbreytt um áratugaskeið. Slíkur einfaldleiki og stöðugleiki í skattkerfinu auðveldar fólki áætlanir og er æskilegur fyrir hagkerfið.

Eyjan Mön á Írlandshafi sker sig úr flestum öðrum skattumdæmum álfunnar líkt og Ermarsundseyjarnar. Á eyjunni eru tvö tekjuskattsþrep, hið lægra 15% og hið hærra 20%.

Umræðan í Bandaríkjunum. Hvergi hefur umræðan um það hvort taka skuli upp flatan tekjuskatt eða ekki verið eins mikil og í Bandaríkjunum. Þar er yfirleitt gert ráð fyrir að skatturinn yrði 20% eða lægri og sambærilegur fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Helstu röksemdirnar sem færðar hafa verið fram eru:

— Að hagvöxtur muni aukast og hefur verið bent á að jafnvel lítil aukning hagvaxtar skili mikilli kaupmáttaraukningu þegar litið er nokkur ár fram í tímann.

— Að gerð skattskýrslunnar verði einföld, en hún er afar flókin nú og í rannsókn sem gerð hefur verið fyrir skattyfirvöld í Bandaríkjunum er gert ráð fyrir að landsmenn eyði 5,4 milljörðum klukkustunda í að fylla út skattskýrslur.
— Að sanngjarnara sé að fólk greiði skatta í réttu hlutfalli við tekjur í stað þess að því sé refsað fyrir hærri tekjur með tiltölulega hærri skattgreiðslu.
— Að pólitískar smáskammtalækningar og pólitísk mismunun í gegnum tekjuskattskerfið muni leggjast af vegna þess að stjórnmálamenn munu ekki lengur geta hrært stöðugt í skattkerfinu og hyglað einum á kostnað annars. Prófessor Alvin Rabushka við Stanfordháskóla áætlar að óhagkvæmar fjárfestingar sem sérstaklega er lagt út í af skattalegum ástæðum nemi 100 milljörðum dala. Þessir fjármunir færu í arðbærari farvegi ef skattkerfið byði upp á slíkt.
— Að réttarstaða fólks batni með einfaldara skattkerfi, en í dag standi fólk höllum fæti gagnvart skattyfirvöldum.

Þar sem gert er ráð fyrir því í tillögum um flatan tekjuskatt í Bandaríkjunum að sömu reglur skuli gilda um fyrirtæki og einstaklinga er ekki hægt að heimfæra allt framangreint beint upp á Ísland. Þó er ljóst að í megindráttum á sama röksemdarfærsla við, hagvöxtur mun aukast, skattskýrslan verður einfaldari, skattkerfið sanngjarnara, skattaleg mismunun minnkar og einstaklingar þekkja rétt sinn betur og standa því betur að vígi gagnvart skattyfirvöldum.

Samantekt.

Ef frumvarp þetta verður að lögum mun það leiða til aukinnar hagsældar landsmanna. Landið verður fýsilegri kostur fyrir hátekjufólk og því fylgir vöxtur ýmissa þjónustu- og atvinnugreina sem greiða há laun. Með því yrði Ísland reiðubúið að takast á við nýja öld og samkeppnishæfni landsins í samanburði við nágrannalöndin ykist umtalsvert. Jafnvel má velta því fyrir sér hvort aukin skilvirkni kerfisins og fjölgun starfa á landinu muni ekki leiða til þess að tekjur ríkissjóðs aukist töluvert frá því sem nú er þannig að hægt verði að lækka skattana enn frekar eða að auka þjónustu við almenning.

Telja verður því víst að markmið frumvarpsins muni nást.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði upp flatur tekjuskattur og að sama skattprósenta gildi fyrir alla, bæði börn og fullorðna. Því er óþarft að taka sérstaklega fram að ákveðnar tekjur barna skuli skattleggjast á tiltekinn hátt og því er lagt til að lokamálsliður 6. gr. laganna falli brott.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að það teljist til hlunninda starfsmanna reki vinnuveitandi hópferðabifreið til að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu. Þessi hlunnindi verða skattlögð líkt og önnur hlunnindi sem tekjur hjá starfsmanninum eftir viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra. Ekki er eðlismunur á því hvort vinnuveitandi ekur starfsmanni til vinnu í hópferðabifreið eða hvort hann leggur starfsmanni til einkabifreið til að aka til og frá vinnu. Lagt er til að jafnræði skattgreiðenda verði virt hvað þetta atriði varðar.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að eignarauki sem stafar af aukavinnu skattgreiðanda við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota verði skattlagður á sama hátt og öll önnur vinna skatt-

greiðanda. Færa má fyrir því rök að með því að afnema skattfrelsi þessarar aukavinnu verði spornað við „svartri“ atvinnustarfsemi við húsbyggingar. Húseigandi þarf að greiða tekjuskatt af eignaraukanum nema hann geti sýnt fram á að hann hafi með einhverjum hætti greitt þriðja aðila verklaun fyrir vinnu sem aukið hefur verðmæti eignarinnar.

Jafnframt er hér lagt til að fellt verði niður skattfrelsi persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, vaxtabóta og húsnæðisbóta þar sem frumvarpið gengur út frá því að bætur þessar og afslættir verði afnumdir. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þetta falli niður á sjö ára aðlögunartíma og er í því ákvæði skattfrelsi þeirra tryggt á aðlögunartímanum.

Um 4. gr.

Lagt er til að með ákvæðinu verði þrengdar heimildir einstaklinga til frádráttar frá tekjum utan atvinnurekstrar. Til einföldunar er 30. gr. laganna endurskrifuð. Henni hefur verið breytt oft á undanförnum árum og þótti eðlilegt að endurskrifa hana samhliða því að fella niður nokkrar af heimildum hennar til frádráttar.

Í fyrsta lagi er lagt til að felldar verði niður heimildir einstaklinga til að draga frá tekjum útgjöld á móti ökutækjastyrki, dagpeningum eða hliðstæðum endurgreiðslum á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda. Gera verður ráð fyrir að atvinnurekandi greiði þann kostnað sem hlýst af ferðalögum starfsmanna hans og dragi frá rekstrartekjum sínum. Óþarfi er að hafa við lýði ferðahvetjandi kerfi sem dagpeningakerfið óneitanlega er. Auk þess verður að gera ráð fyrir því að atvinnurekandi umbuni þeim starfsmönnum sínum með hærri launagreiðslum sem þurfa að leggja sér til bíl í vinnunni.

Í öðru lagi er lagt til að afnumdar verði heimildir fjármálaráðherra til að undanþiggja ákveðnar tekjur skattgreiðslum. Samhliða því verður 120. gr. laganna felld brott sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Með þeim breytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerðar verði á tekjuskattskerfinu verða hjón skattlögð sem einstaklingar. Skattalegt óhagræði eða hagræði af hjúskap hverfur að því er viðkemur tekjuskattslögunum sjálfum. Hvorki verður um persónuafslætti né bætur að ræða samkvæmt skattalögum þannig að óþarfi verður að skattleggja hjón sameiginlega. Með þessu ákvæði er því einungis ítrekað að hjón skuli skattleggja sem einstaklinga. Taka skal þó fram að samábyrgð hjóna á sköttum helst eftir sem áður.

Um 6. gr.

Sjá athugasemdir um 4. gr. frumvarpsins. Greinin er óþörf eftir að tekin verður upp sú regla að hjón verði skattlögð sem einstaklingar.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting til samræmis við það meginmarkmið frumvarpsins að tekin verði upp flatur tekjuskattur jafnt á börn sem fullorðna. Allar sérreglur til við skattlagningu barna eru því óþarfar og því eru 2. og 3. mgr. 65. gr. felldar niður.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að felldar verði niður allar valkvæðar skattaívilnanir. Skattkerfið á að vera einfalt og skattalögin auðlesin og skilin. Þegar skattprósentan verður orðin um 8,38% og heildarskattarnir með útsvari um 20% er þörfin fyrir slíkar ívilnanir hverfandi auk þess sem æskilegt er að allur félagslegur stuðningur komi í gegnum félagsmálayfirvöld en ekki í gegnum skattkerfið.

Um 9. gr.

Með þeirri breytingu sem lögð er til á 67. gr. laganna kemur skýrt fram sú meginhugsun frumvarpsins að allir afslættir og bætur falli brott og tekjuskattsprósentan verði 8,38%. Útsvarið mun síðan ráða því hverjir hinir endanlegu skattar verða. Einnig eru hér afnumdar allar sérreglur við útreikning tekjuskatts barna.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að persónu- og sjómannaafsláttur falli niður og jafnframt að hætt verði að greiða vaxtabætur vegna íbúðarhúsnæðis. Þá er lagt til að ákvæði um barnabætur verði felld úr skattalögum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að hróflað verði við núverandi barnabótakerfi og verður því samhliða þessu frumvarpi flutt sérstakt frumvarp til laga um barnabætur úr ríkissjóði.

Um 11. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til helgast af því að ákvæðið verður óþarft þegar ákvæði um persónu- og sjómannaafslátt hafa verið afnumin.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að orðið persónuafsláttur verði fellt niður úr 1. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 71. gr. Er þetta gert til samræmis við niðurfellingu persónuafsláttar. Að öðru leyti vísast til athugasemda um 11. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Hér er lagt til, sbr. 4. gr. frumvarpsins, að happdrættisvinningar verði skattskyldir til jafns á við aðrar tekjur.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að ákvæði til bráðabirgða XXIX vegna innheimtuhlutfalls staðgreiðslu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 45/1987 verði orðað til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á skatthlutfallinu með lögum þessum, sbr. meðal annars 17. gr. frumvarpsins.

Um 15.–16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17.–19. gr.

Hér er lagt til að ákvæði tekjuskattslaga um sérstakan tekjuskatt (hátekjuskatt) verði framlengd til ársins 2005 en að þau verði látin lækka um eitt prósentustig á ári frá og með árinu 2000. Lagt er til að þessi sérstaki tekjuskattur hverfi úr lögum árið 2006 þegar skattbreytingar samkvæmt þessum lögum verði komnar að fullu til framkvæmda.

Um 20. gr.

Felldar eru út úr ákvæðinu tilvísanir til ákvæða sem eiga ekki við lengur þar sem felldir hafa verið út allir afslættir og bætur.

Um 21. gr.

Bráðabirgðaákvæði A-liðar er tilkomið vegna fjölda annarra laga sem byggjast á viðmiðum persónuafsláttar, sjómannaafsláttar eða öðrum þeim viðmiðum sem lagt er til að verði lögð niður með þessu frumvarpi.

B-liður hefur að geyma bráðabirgðaákvæði sem gilda eiga á aðlögunartíma þeirra skattbreytinga sem frumvarpið felur í sér. Lagt er til að skattar lækki í áföngum næstu sjö árin.

Þá er í C-lið bráðabirgðaákvæði þar sem lagt er til að tekin verði úr meginmáli lagatextans ákvæði er lúta að fjárfestingum manna í atvinnurekstri þar sem þær heimildir sem ákvæðin kveða á um eiga að hverfa smám saman úr lögum. Eðlilegra er því að hafa ákvæðið sem bráðabirgðaákvæði við lögin.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er um að ræða bráðabirgðaákvæði sem tiltekur hvaða reglur skuli gilda á aðlögunartíma breytinganna. Gert er ráð fyrir að ákvæði núgildandi skattalaga gildi áfram næstu sjö árin að teknu tilliti til þessa ákvæðis.

958. Skýrsla [566. mál]

Vestnorræna ráðsins fyrir árið 1997.

1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í byrjun árs 1997 sátu eftirtaldir fulltrúar í Vestnorræna ráðinu (Vestnorræna þingmannaráðinu): Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Svavar Gestsson. Varamenn voru þá Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson, Gísli S. Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. Þann 17. maí voru kosnir sex fulltrúar og jafnmargir varafulltrúar úr hópi alþingismanna í Vestnorræna ráðið samkvæmt nýsamþykktri stofnskrá fyrir ráðið. Þá voru kosnir: Ólafur G. Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni Johnsen, Svavar Gestsson og Guðný Guðbjörnsdóttir. Varamenn voru kosnir: Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Stefán Guðmundsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Hinn 30. maí 1997 kaus Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins Svavar Gestsson formann og Ísólf Gylfa Pálmason varaformann.

2. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeildin hélt tíu fundi á árinu. Á fundunum var m.a. fjallað um breytingar á starfsemi Vestnorræna ráðsins, nýja stofnskrá ráðsins og gerð þingsályktunartillögu um hana, ráðningu starfsmanns, fjármál ráðsins, skipulag ráðstefnu um sjávarútvegsmál á Grænlandi, skipulag æskulýðsmóts á Íslandi sumarið 1998, Brattahlíðarverkefnið og framtíðarverkefni ráðsins. Kristján Skarphéðinsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, var gestur á fundi Íslandsdeildarinnar. Íslandsdeildin átti fulltrúa á ráðstefnu Norðurlandaráðs um menningarmál-

efni í mars og á þingi Norðurlandaráðs í nóvember. Þar var haldinn fundur með forseta Norðurlandaráðs og formannahópi Norðurlandanefndar Norðurlandaráðs.

3. 13. ársfundur Vestnorræna ráðsins 1997.

13. ársfundur ráðsins var haldinn á Suðurey í Færeyjum dagana 10.–14. júní 1997. Hann sóttu af hálfu Íslandsdeildar eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Guðmundur Hallvarðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson. Alls sóttu 18 vestnorrænir þingmenn ársfundinn. Lisbeth Petersen flutti skýrslu formanns, hún gerði jafnframt grein fyrir störfum vinnuhóps um framtíðarmálefni en hann var stefnumótandi í starfinu á árinu. Taldi hún ársfundinn mundi reka smiðshöggið á þær breytingar sem gerðar hafa verið á formi og starfsháttum Vestnorræna ráðsins og að eftir það væri hægt að snúa sér að þeim fjölmörgu verkefnum sem bíða.

Kjartan Hoydal, framkvæmdastjóri NORA, gerði grein fyrir vestnorrænum stofnunum og samtökum. Í almennum umræðum var helst rætt um að auka samskipti og upplýsingaflæði milli þjóðþinga landanna, að nýta sér þær tækniframfarir sem orðið hafa á upplýsingasviðinu, rædd var útgáfa fréttabréfs fyrir Vestnorræna ráðið, rætt um að senda kynningarbækling um starfsemi ráðsins inn á öll heimili í löndunum, gera ráðið sýnilegra í fjölmiðlum, auka samskipti á sviði fiskveiða, t.d. með því að auðvelda togurum landanir í höfnum annarra vestnorrænna landa, auka samskipti á sviði íþrótta og koma af stað umræðu um landhelgismál. Einnig var rætt um ráðstefnuhald, annars vegar ungmennaráðstefnu og hins vegar kvennaráðstefnu og mikilvægi þess að auka samvinnu þjóðanna á sviði umhverfisvænnar ferðamennsku. Samþykkt var á fundinum að halda vestnorræna æskulýðsráðstefnu á Íslandi sumarið 1998, þar er ráðgert að um 150 manns frá löndunum þremur á aldrinum 18–23 ára komi saman.

Alls voru samþykktar fjórar ályktanir um innri málefni ráðsins. Samþykktar voru nýjar vinnureglur til samræmis við nýja stofnskrá ráðsins, samþykkt að ráða starfsmann til fjögurra ára með aðsetur á Íslandi frá og með 1. október, að taka í notkun merki fyrir ráðið og að halda ungmennaráðstefnu á Íslandi 1998.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1998 var samþykkt. Hún hljóðar upp á 780 þús. danskar kr., þar af greiðir Ísland 300 þús. danskar kr., Færeyjar 150 þús. danskar kr. og Grænland 150 þús. danskar kr. og 180 þús. danskar kr. greiðast sem styrkur frá Norðurlandaráði.

4. Ný stofnskrá Vestnorræna ráðsins.

Alþingi Íslendinga, Lögþing Færeyinga og Landsþing Grænlendinga samþykktu nýja stofnskrá fyrir ráðið vorið 1997. Samkvæmt stofnskránni er Vestnorræna ráðið samstarfsaðili löggjafarþinganna á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Markmið ráðsins eru aðallega að starfa saman að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, að gæta auðlinda og menningar N-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda, að starfa innan norrænnar samvinnu og að vera þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila innan Vestur-Norðurlanda og annarra alþjóðlegra sérhagsmunahópa og ríkjasamtaka. Markmiðum ráðsins verður helst náð með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna. Einnig verður markmiðunum náð með samvinnu fagráðherra og landsstjórnarmanna, virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila innan vestnorræns samstarfs, samvinnu við norðurheimsskautsstofnanir og samtök, skipulagningu á ráðstefnum og fundum ásamt upplýsingamiðlun. Sex þingmenn og sex varamenn eru kosnir í ráðið frá hverju landanna. Þingmenn eru kosnir eftir hlutfallsstyrk stjórnmálaflokkanna eftir gildandi reglum í hverju landi. Ráðið telst ályktunarbært þegar meira en helmingur fulltrúa er á fundi, en formaður ráðsins er kosinn til skiptis úr hverri landsdeild til eins árs í senn. Á hverjum aðalfundi ráðsins starfar

þriggja manna forsætisnefnd sem hefur æðsta vald í málefnum ráðsins milli aðalfunda þess. Á fundum ráðsins má ræða sérhvert það málefni sem getur haft þýðingu fyrir samvinnu landanna. Kostnaður við rekstur ráðsins skiptist þannig: Ísland greiðir 50%, Færeyjar greiða 25% og Grænland greiðir 25%. Ráðið ræður sér starfsmann til allt að fjögurra ára í senn en hann skal hafa aðsetur hjá einu af þingum landanna samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar.

5. Ráðstefna Vestnorræna ráðsins á Grænlandi.

Ráðstefna Vestnorræna ráðsins um sjávarútvegsmál var haldin dagana 6.–8. ágúst á Grænlandi. Af hálfu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sóttu ráðstefnuna: Árni Johnsen, Svavar Gestsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gísli S. Einarsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Guðmundur Hallvarðsson, en hana sóttu einnig frá Íslandi Steingrímur J. Sigfússon, formaður sjávarútvegsnefndar, og Árni R. Árnason, varaformaður sjávarútvegsnefndar. Á ráðstefnunni var fjallað um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi. Tæplega fjörutíu manns sóttu ráðstefnuna og komu þeir m.a. úr hópi stjórnmálamanna, fiskifræðinga, forsvarsmanna í sjávarútvegsfyrirtækjum og frá ýmsum hagsmunasamtökum í sjávarútvegi. Á ráðstefnunni kom berlega í ljós að auka þarf rannsóknir á ástandi fiskistofna í Norður-Atlantshafi, en þær eru grundvöllur fiskveiðistjórnunar sem stuðlar að skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna. Einnig var lögð áhersla á að efla þurfi samstarf og samráð við rússneska og kanadíska fiskifræðinga. Að frumkvæði Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins var ákveðið var að fara þess á leit við sjávarútvegsráðherra Íslands að hann stæði fyrir framhaldsráðstefnu á Íslandi vorið 1998.

6. Önnur verkefni.

Að frumkvæði Vestnorræna ráðsins er nú í undirbúningi uppbygging Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð á Grænlandi. Reiknað er með að framkvæmdum verði lokið árið 2000, þegar landafunda í vesturheimi verður minnst. Árni Johnsen er formaður Brattahlíðarnefndar sem hefur veg og vanda að undirbúningnum.

Alþingi, 11. mars 1998.

Svavar Gestsson, form.	Ísólfur Gylfi Pálmason, varaform.	Ólafur G. Einarsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Árni Johnsen.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

959. Skýrsla [567. mál]

um norrænt samstarf frá febrúar 1996 til desember 1997.

1. Inngangur.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík var skýrslan „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ lögð fram og samþykkt. Með skýrslunni var ákveðið að endurnýja bæri samstarfið og aðlaga það nútímanum og einnig að gera það hagkvæmara og markvissara. Nauðsynlegt væri að hleypa nýju lífi í starfshættina og laga þá að nýjum aðstæðum sem sköpuðust í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð um aðild að ESB.

Á undanförnum tveimur árum hefur farið fram mikið starf í Norðurlandaráði í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í skýrslunni. Nú er norrænu samstarfi framtíðarinnar beint að þremur meginsviðum, samvinnu innan Norðurlanda, milli Norðurlanda og Evrópu/ESB/EES og samvinnu Norðurlanda og grannsvæða þeirra.

Nefndaskipan í Norðurlandaráði var breytt á þann hátt að fagnefndirnar voru lagðar niður frá og með áramótum 1995/1996 og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir byggðar á fyrrgreindum meginsviðum, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og grannsvæðanefnd. Forsætisnefnd var stækkuð og auk þess stofnuð eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Flokkasamstarf var aukið og forustuhlutverk Norðurlandaráðs eflt. Ráðið heldur nú eitt árlegt þing í stað tveggja áður þar sem almennar umræður fara fram en reglubundið þing er nú haldið að hausti og formennska og embættistími miðast við almanaksár. Þemaráðstefnur eru haldnar í þeim tilgangi að fjalla sérstaklega um mál sem snerta eitt eða fleiri af þremur meginviðfangsefnum norrænnar samvinnu. Einnig hefur samstarf og samráð við önnur alþjóðaþingmannasamtök, einkum evrópsk, verið eflt og aukið samstarf við fagnefndir norrænu þjóðþinganna. Í byrjun ársins gengu í gildi nýjar starfsreglur Norðurlandaráðs sem miða að því að einfalda þær reglur sem gilda um starfið og gera þær nútímalegri. Finnland hefur haft formennskuna með höndum á starfsárinu en forseti þingsins var Olof Salmén frá Álandseyjum. Berit Brørby Larsen frá Noregi tók við forsetastóli um áramótin 1997–98.

Eftir að þessar viðamiklu breytingar hafa gengið í gildi og smám saman komist í framkvæmd hefur starfsemi Norðurlandaráðs á árinu einkennst í auknum mæli af pólitísku starfi. Fagnefndirnar hafa skipulagt starfsemi sína og raðað málum í forgangsröð. Nefndirnar hafa skipað vinnuhópa til að starfa að ákveðnum málefnum og hafa vinnuhópar einnig verið stofnaðir með aðilum úr tveimur eða fleiri nefndum. Forsætisnefnd hefur í auknum mæli einbeitt sér að undirbúningi norrænu fjárlaganna og fjallað um ýmis pólitísk málefni, einkum öryggis- og varnarmál.

Þau pólitísku málefni sem notið hafa mestrar athygli á starfsárinu auk almennra norrænna málefna eru, Evrópupólitíkin og öryggismál. Stefna norrænu ESB-landanna á ríkjaráðstefnu bandalagsins var til umfjöllunar og öryggismál voru bæði tekin fyrir á þemaráðstefnu og í forsætisnefnd ráðsins. Grannsvæðanefndin jók samskipti sín við grannsvæði Rússlands og Norðurlandanefndin starfaði mikið að menningarmálum en sérstök þemaráðstefna var haldin um þau á árinu.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Í byrjun árs 1997 sátu eftirtaldir þingmenn í Norðurlandaráði: Geir H. Haarde, Guðmundur Árni Stefánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson og Siv Friðleifsdóttir. Varamenn í Norðurlandaráði voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðni Ágústsson, Árni Johnsen, Bryndís Hlöðversdóttir, Árni M. Mathiesen og Ísólfur Gylfi Pálmason. Þann 17. maí kaus Alþingi sömu þingmenn til setu í Norðurlandaráði að undanskildum Guðmundi Árna Stefánssyni. Í hans stað var kosin Rannveig Guðmundsdóttir en Guðmundur Árni er nú varamaður hennar. Sigríður Jóhannesdóttir varð varamaður í stað Bryndísar Hlöðversdóttur.

Breytingar á Helsinkisáttmálunum árið 1996 og samþykktir Norðurlandaráðs sem gengu í gildi í byrjun árs 1997 kveða á um að flokkahóparnir í Norðurlandaráði skuli framvegis tilnefna fulltrúa landanna í trúnaðarstöður. Á þingi ráðsins í Kaupmannahöfn var fulltrúum Íslandsdeildar skipað í eftirfarandi nefndir: Valgerður Sverrisdóttir, Geir H. Haarde og Guðmundur Árni Stefánsson sátu í forsætisnefnd. Rannveig Guðmundsdóttir kom í stað Guðmundar Árna Stefánssonar í forsætisnefnd þegar hún tók sæti í Íslandsdeildinni. Siv Friðleifsdóttir

sat í Evrópunefnd og var hún annar tveggja varaformanna. Sigríður A. Þórðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon sátu í Norðurlandanefnd og Sturla Böðvarsson í grannsvæðanefnd Norðurlandaráðs. Sigríður A. Þórðardóttir átti einnig sæti í eftirlitsnefnd ráðsins.

Íslandsdeild skipti með sér verkum á fundi sínum 30. maí. Valgerður Sverrisdóttir var endurkjörin formaður og Steingrímur J. Sigfússon var kjörinn varaformaður.

Geir H. Haarde var endurkjörinn formaður flokkahóps hægrimanna árið 1997.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt sex fundi á starfsárinu. Helst var fjallað um komandi þing og stærri þemaráðstefnur, en einnig rætt um starfsemi nefnda ráðsins og skipulag almennt.

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og norrænn samstarfsráðherra, bauð Íslandsdeildinni til fundar þar sem skipst var á almennum upplýsingum um norrænt samstarf.

Sumarfundir allra nefnda Norðurlandaráðs voru haldnir á Grand Hótel Reykjavík í lok júní. Íslandsdeildin sá um alla skipulagningu þeirra.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á árinu veittir fjórum íslenskum fréttamönnum. Samanlagt var styrkupphæðin 70 þúsund danskar krónur. Íslandsdeild ákvað að eftirgreindir fréttamenn hlytu styrki: Elín Hirst, Árni Snævarr, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Helgi H. Bjarnason.

Skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs er nú hluti af alþjóðasviði Alþingis. Starfsmenn alþjóðasviðs eru nú fjórir en Elín Flygenring hefur verið ritari og forstöðumaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs frá árinu 1994. Auðunn Atlason alþjóðaritari hefur aðstoðað við ritarastörf auk Kristínar Ólafsdóttur deildarsérfræðings.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1 Forsætisnefnd.

Forsetaskipti fara nú fram um áramót og í byrjun árs 1997 tók Olof Salmén frá Álandseyjum, sem fulltrúi Finnlands, við forsetastóli af dananum Knud Enggaard.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum flokkahópanna sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir Norðurlandanna og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Forsætisnefnd hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing ráðsins og milli þinga, en hún hefur einnig með höndum erlend samskipti og utanríkis- og varnarmál, auk þess að fjalla um hin norrænu fjárlög. Forsætisnefnd fjallar einnig um þær tillögur sem til hennar er beint. Hún hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Skrifstofa ráðsins fluttist frá Stokkhólmi til Kaupmannahafnar á árinu 1996 og er nú staðsett í sömu byggingu og norræna ráðherranefndin.

Á starfsárinu hafa af Íslands hálfu setið í forsætisnefnd alþingismennirnir Valgerður Sverrisdóttir frá flokkahópi miðjumanna, Geir H. Haarde frá flokkahópi hægrimanna og Guðmundur Árni Stefánsson (fram til maí 1997) frá flokkahópi jafnaðarmanna en Rannveig Guðmundsdóttir kom í hans stað.

Forsætisnefnd hélt tíu fundi á árinu. Í tengslum við þing ráðsins hélt forsætisnefnd einnig fund með norrænu forsætisráðherrunum. Aðalumræðuefnið þar var grannsvæðasamstarfið og norræna samstarfið innan ESB. Forsætisnefnd hitti einnig samstarfsráðherrana til að ræða norrænu fjárlögin, þing ráðsins, grannsvæðastefnu ráðherranefndarinnar og ESB-samstarfið.

Norrænu fjárlagatillögurnar fyrir árið 1998 hljóða upp á 695,9 milljónir danskra króna. Þetta er skerðing á fjárlögum um 6,7 milljónir danskra króna í samanburði við árið 1997. Tillaga ráðherranefndarinnar var lögð fram í ráðinu í ágústmánuði og var fjallað um hana í ráðinu eftir að fagnefndirnar höfðu rætt um tillögurnar. Lokaumfjöllun og afgreiðsla var á þingi ráðsins (sjá fylgiskjal). Eftir ráðstefnu ráðsins í ágúst í Helsinki (sjá kafla 5.2) hélt forsætisnefnd

áfram umfjöllun sinni um öryggismál. Tvær þingmannatillögur sem lagðar voru fram á árinu 1996 voru til umfjöllunar, önnur tillagan var frá flokkahópi vinstrisósíalista og hin frá flokkahópi hægrimanna. Forsætisnefnd fjallaði einnig um þingmannatillögu um öryggismál sem lögð var fram af miðjuhópnum. Til að komast að niðurstöðu um þessar tillögur var sérstakur vinnuhópur stofnaður í nefndinni. Í tilmælum nefndarinnar, sem samþykkt voru, var því haldið fram að þróun varnarmála á eftirstríðsárunum hefði breyst mikið innan Norðurlandanna. Hugtakið varnarmál hefði einnig fengið nýja merkingu. Í greinargerð með tilmælunum er fjallað um þróun varnarmála á Norðurlöndunum og á grannsvæðum þeirra auk umhverfissjónarmiða í varnarmálasamstarfinu. Einnig er fjallað um málefni er snerta Norðurlönd og tengjast þróuninni í NATO. Forsætisnefnd ályktaði í þá veru að hvert land fyrir sig hafi rétt til þess, án þrýstings frá öðrum, að ákveða eigin varnarmálastefnu. Þennan rétt verði að virða af öllum ríkjum. Öll ríki beri ábyrgð á sinni stefnu og á því að styrkja stöðu varnarmála í Evrópu. Æskilegast væri að eitt skipulag væri ráðandi um öryggismál í Evrópu án tillits til landamæra. Lögð var áhersla á að Rússland tæki þátt í evrópska og evró-atlantíska samstarfinu með tilliti til öryggis- og varnarmála Norðurlanda í framtíðinni. Forsætisnefnd taldi að aukið norrænt samstarf um varnar- og öryggismál væri nauðsynlegt og æskilegt með tilliti til langrar samvinnu Norðurlandanna.

Forsætisnefnd fjallaði einnig um tvær aðrar þingmannatillögur á árinu (sjá fylgiskjal).

Þingmannanefnd um norðurskautsmálefnin hélt áfram störfum sínum á árinu. Formaður þeirrar nefndar er Geir H. Haarde alþingismaður en Norðurlandaráð á þrjá fulltrúa í nefndinni. Auk þess eiga þar sæti fulltrúar frá Kanada, Rússlandi, Bandaríkjunum og Evrópuþinginu, svo og fulltrúar frumbyggja.

Eftir að heimskautsráðið var stofnað í september 1996 hefur þingmannanefndin átt áheyrnaraðild að störfum ráðsins. Nefndin hefur með ötulu starfi unnið að því að styrkja stöðu ráðsins og auka pólitískan áhuga fyrir heimskautssamstarfi. Á árinu hefur nefndin í samstarfi við Rússland hafið undirbúning að næstu þingmannaráðstefnu sem haldin verður í Salekhard í Rússlandi 23.–24. apríl 1998.

Það er hlutverk forsætisnefndar að sjá um tengsl við aðrar alþjóðastofnanir, svo og svæði og lönd sem liggja að Norðurlöndum. Þingmenn Eystrasaltsríkjanna fengu styrki á árinu til að kynna sér þingræði og starfsemi hins opinbera á Norðurlöndum. Norðurlandaráð var þátttakandi í 6. þingmannaráðstefnu Eystrasaltslandanna sem haldin var í Gdansk. Höfuðmálefni ráðstefnunnar voru framtíð samstarfsins og öryggismál, auk þess hvernig vinna megi gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Í apríl heimsóttu fulltrúar forsætisnefndar þingið í Rússlandi og Evrópuþingið í nóvember. Fulltrúar forsætisnefndar þáðu einnig boð um að vera viðstaddir 40 ára afmæli Benelúx-þingsins.

Forsætisnefnd stofnaði árið 1996 vinnunefnd til að endurskoða upplýsingastefnu ráðsins og ráðherranefndarinnar. Formaður hennar var Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður. Nefndin hélt áfram að endurskipuleggja upplýsingastefnu Norðurlandaráðs á árinu og lagði einkum áherslu á þrjú svið: Nýtt blað sem kom í stað „Nordisk Kontakt“ og heitir „Politik i Norden“, vikulegt fréttabréf í formi símbréfs og heimasíðu á alnetinu sem veitir upplýsingar um norrænt samstarf. Stöðugt samstarf er við ráðherranefnd Norðurlandaráðs um upplýsingastefnuna og hefur samvinnan aukist eftir flutning skrifstofu Norðurlandaráðs í sama húsnæði og skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar hefur aðsetur í.

3.2 Norðurlandanefnd.

Fulltrúar Íslands í Norðurlandanefnd á starfsárinu voru Sigríður A. Þórðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Norðurlandanefnd gerði vinnuáætlun fyrir starfsárið og ákvað að sérstaklega yrði unnið að eftirfarandi málefnum: menningarmálum, menntun og rannsóknum, félagslegum réttindum, jafnrétti, svæðasamstarfi, borgarlegum réttindum og frjálsum flutningi fólks á milli svæða. Málefni Norðurlandanefnda eru fyrst og fremst hin sígildu norrænu samstarfsmálefni. Ákveðið var að einbeita sér einkum að þemaráðstefnunni um norræna menningu gagnvart alþjóðavæðingu, norrænum velferðarmálefnum, útlendingahatri og kynþáttafordómum, flóttamannapólitík, kvikmynda- og fjölmiðlamálefni, símenntun og fullorðinsmenntun, grasrótarsamstarfi, norrænu tungumálasamstarfi, átaki gegn kynferðislegri misnotkun á börnum og tengslum við félagasamtök. Tveir stórir vinnuhópar voru starfandi í nefndinni á árinu, annars vegar vinnuhópur um kvikmyndir og fjölmiðla, en í honum átti Sigríður A. Þórðardóttir sæti, og hins vegar vinnuhópur um velferðarmálefni þar sem Steingrímur J. Sigfússon tók þátt. Vinnuhópur um kvikmyndir og fjölmiðla lagði fram fimm þingmannatillögur eftir að starfi hans lauk en velferðarhópurinn lagði fram skriflega greinargerð í lok starfsins.

Nefndin hélt sjö fundi á árinu. Auk þess hittust vinnuhópar og formenn nefndarinnar alloft. Nefndin átti fund með menningarmálaráðherrum tvisvar á árinu og einnig fund með stjórn norræna menningarmálasjóðsins.

Í tengslum við sumarfundi Norðurlandaráðs í Reykjavík í júní 1997 hélt nefndin áheyrnarfund um tungumálasamstarf með áherslu á vestnorræn tungumál.

3.3 Evrópunefndin.

Fulltrúi Íslands í Evrópunefndinni var Siv Friðleifsdóttir sem var annar tveggja varaformanna nefndarinnar.

Eins og nafnið gefur til kynna er það hlutverk nefndarinnar að sinna samstarfi Norðurlanda og ESB/EES/EFTA. Evrópunefndin hélt áfram umfjöllun sinni um stefnu norrænu ESB-landanna í Evrópumálum. Í febrúar hélt nefndin ráðstefnu sem var eins konar framhald þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um Evrópumál sem haldin var árið 1996 vegna ríkjaráðstefnu ESB. Nefndin hefur á árinu fjallað mikið um störf Evrópunefnda norrænu þjóðþinganna og annarra nefnda sem fjalla um þau mál. Í júní fór nefndin í sérstaka kynnisferð til Brussel þar sem haldnir voru fundir með fulltrúum Evrópuþingsins og fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB.

Nefndin hefur einkum einbeitt sér að neytendamálum á árinu og vinnuhópur um neytendamál var stofnsettur á sumarfundi nefndarinnar.

Nefndin kom saman sex sinnum á árinu. Vinnuhópurinn um neytendamál hélt þrjá fundi á árinu. Um tillögur sem vísað var til nefndarinnar vísast til fylgiskjals.

3.4 Grannsvæðanefndin.

Íslenskur fulltrúi í grannsvæðanefndinni á starfsárinu var Sturla Böðvarsson.

Í vinnuáætlun sinni fyrir starfsárið ákvað grannsvæðanefndin að einbeita sér að samskiptum og samvinnu við Eystrasaltslöndin og heimskautssvæðin en einnig var ákveðið að efla samstarf við grannsvæði Rússlands. Því var ákveðið að sumarfundur nefndarinnar yrði haldinn í Murmansk þar sem nefndin kynnti sér ástand mála, einkum efnahagsmál og stjórnmál á svæðinu. Sérstök áhersla var lögð á að kynna sér ástand umhverfismála.

Nefndin setti á stofn tvo vinnuhópa, annars vegar um málefni barna á grannsvæðum Norðurlanda og hins vegar um umhverfisfjárfestingu hvað varðar orkumál. Þessir vinnuhópar héldu nokkra fundi á árinu.

Nefndin hélt ráðstefnu í maí um umhverfisfjárfestingu í þeim tilgangi að koma á auknu samstarfi milli ólíkra fjárfesta. Fulltrúar nefndarinnar sátu þing Eystrasaltslandaráðsins og tóku þátt í Eystrasaltsráðstefnunni auk ýmissa ráðstefna og málfunda.

Nefndin átti fund með umhverfisráðherrum, orkuráðherrum og félagsmálaráðherrum í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Nefndin hélt sex fundi á árinu. Um störf nefndarinnar að tillögum sem vísað var til hennar vísast til fylgiskjals.

3.5 Eftirlitsnefnd.

Fulltrúi Íslands í eftirlitsnefndinni var Sigríður A. Þórðardóttir.

Í nefndinni situr einn fulltrúi frá hverju landi og aðalverkefni hennar er að fylgjast með og endurskoða starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar auk Norðurlandaráðs. Nefndin ber einnig ábyrgð á stjórnskipulegum málefnum.

Nefndin lét gera sérstaka úttekt undir yfirskriftinni „Norræn forgangsverkefni — athugun á þremur málaflokkum", þ.e. norræna tungumálasamstarfinu, samstarfi varðandi börn og unglinga og „norrænni nytsemd". Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ráðherranefndin þyrfti að standa betur að framkvæmd á tilmælum Norðurlandaráðs og bæta upplýsingastarf sitt.

Nefndin hefur einnig eftirlit með starfsemi norrænna stofnana. Á árinu fór nefndin yfir starfsemi Norræna hússins í Færeyjum og skrifstofu NORA. Eftirlitsnefndin hefur þar að auki fjallað um endurskoðunarskýrslur um ráðherranefndina.

Nefndin hélt sex fundi á árinu. Um nefndartillöguna, sem lögð var fram á árinu, vísast til fylgiskjals.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru nú þrenns konar, bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk sem ritað hefur verið á einu Norðurlandamálanna. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á bókmenntum á tungumálum norrænu þjóðanna. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1997 hlaut danski rithöfundurinn Dorrit Willumsen fyrir skáldsöguna „Bang" sem fjallar um Herman Bang.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Síðan 1990 hafa verðlaunin verið veitt á ári hverju og eru þau veitt annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 1997 hlaut íslenska söngkonan Björk Guðmundsdóttir fyrir persónulega tjáningu og norræna samkennd.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð skyldi veita náttúru- og umhverfisverðlaun á hverju ári. Verðlaunin á að veita aðila sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða til hóps fólks, samtaka, fjölmiðla, fyrirtækja eða stofnana sem hefur í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni tillitsemi á aðdáunarverðan hátt. Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á þingi ráðsins í Kuopio í nóvember 1995. Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1997 hlaut „Institut for produktudvikling" fyrir að vera leiðandi aðili í þróun náttúruvænnar vöru.

Verðlaun Norðurlandaráðs nema 350 þúsund dönskum krónum.

5. Þemaráðstefnur Norðurlandaráðs.

5.1 Menningarmálaráðstefna Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð hélt menningarmálaráðstefnu sína undir heitinu „Norræn menning gagnvart alþjóðavæðingu" 3.–4. mars í Ósló. Tilgangurinn var fyrst og fremst að fjalla um áhrif alþjóðavæðingar á norræna menningu og reyna að sýna fram á hlutverk menningar í hinu norræna samfélagi. Í ráðstefnunni tóku þátt þingmenn, ráðherrar, fræðimenn og fulltrúar grasrótarhreyfinga auk starfsmanna menningarstofnana og listamanna.

Forsætisráðherra Noregs, Thorbjörn Jagland, setti ráðstefnuna og ræddi um mikilvægi þess að Norðurlönd tækju þátt í alþjóðavæðingunni samtímis því sem hin norræna samkennd væri vernduð. Aðrir gestir og frummælendur voru meðal annars framkvæmdastjóri UNESCO, Fredrico Major, og fyrrverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir. Vigdís hélt erindi um mikilvægi þess að vernda norræna menningu og hættuna á því að Norðurlandaþjóðirnar týnist í alþjóðavæðingunni. Hún minnti á hinn sameiginlega bakgrunn þjóðanna og lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að auka tungumálaskilninginn.

Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 400.

5.2 Öryggismálaráðstefna Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð stóð fyrir ráðstefnu um öryggismál á Norðurlöndum og nærsvæðum (Säkerhet i Norden och Nordens närområden) dagana 25. og 26. ágúst, í Helsinki. Ráðstefnan, sem haldin í finnska þinginu, var nýlunda þar eð þetta var í fyrsta skipti sem öryggismál eru rædd markvisst á vegum Norðurlandaráðs. Ráðstefnan þótti vera tákn um það að öryggismál væru komin á dagskrá norrænnar samvinnu.

Nokkrir helstu stjórnmálamenn Norðurlanda tóku þátt í ráðstefnunni og fluttu þar ávörp. Þeirra á meðal voru Paavo Lipponen, forsætisráðherra Finnlands, Tarja Halonen, utanríkisráðherra Finnlands, Hans Hækkerup, varnarmálaráðherra Danmerkur, Björn von Sydow, varnarmálaráðherra Svíþjóðar, Björn Tore Godal, þáverandi utanríkisráðherra Noregs, Alexander Avdeev, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, og Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra. Þá ávörpuðu fulltrúar NATO og VES ráðstefnuna, auk fulltrúa frá Eystrasaltsríkjunum þremur og Póllandi. Þá ávörpuðu fulltrúar flokkahópanna í Norðurlandaráði ráðstefnuna og þingmenn tóku þátt í almennum umræðum.

Lífleg umræða fór fram á ráðstefnunni um áherslur norrænu ríkjanna í öryggismálum, en Svíar og Finnar standa sem kunnugt er utan NATO og hafa fylgt hefðbundinni hlutleysisstefnu. Öryggismál Eystrasaltslandanna voru áberandi í umræðum og voru þingmenn Norðurlandaráðs og ráðherrar norrænu ríkjanna einróma í að styðja sjálfsákvörðunarrétt Eystrasaltsríkjanna í öryggismálum, þar með talið inngöngubeiðni þeirra í NATO. Hins vegar flutti aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands ræðu þar sem hann lýsti þeirri skoðun rússneskra stjórnvalda að NATO væri rangur vettvangur fyrir evrópskt samstarf í öryggismálum, hinn rétti vettvangur væri Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE. Þá voru umhverfismál ofarlega á baugi og greinilegt að hið útvíkkaða öryggismálahugtak, þ.e. sú hugsun að félags- og umhverfismál séu hluti af öryggismálum, var áberandi.

Í umræðunum á ráðstefnunni var Geir H. Haarde talsmaður flokkahóps hægrimanna í Norðurlandaráði. Geir benti í ræðu sinni á að Rússland hefur nú, á grundvelli samstarfssamnings síns, nánari formleg tengsl við NATO en Svíþjóð og Finnland. Hann sagði að NATO-aðild mundi auðvelda Svíþjóð og Finnlandi að eiga hlut að ákvarðanatöku og bera víðtækari ábyrgð á öryggi í norðri. Annað mikilvægt atriði væri að gengju Svíþjóð og Finnland í NATO yrði auðveldara að verja landamæri Eystrasaltsríkjanna. Þetta sagði Geir geta orðið mikilvæg rök þegar hugsanleg aðild Eystrasaltsríkjanna að NATO yrði tekin til afgreiðslu á Bandaríkja-

þingi. Steingrímur J. Sigfússon talaði fyrir hönd flokkahóps vinstrimanna. Í ræðu sinni fagnaði Steingrímur ráðstefnunni, en hugmyndin að henni er upprunalega komin frá flokkahópi vinstrimanna. Hann lagði áherslu á þátt félags- og umhverfismála í öryggismálum og mælti fyrir hugmyndinni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Þá gerði Steingrímur að umtalsefni þær fjárhæðir sem ríki eyða árlega í vígbúnað og varnir og hvatti til að þessum fjárhæðum yrði frekar varið til efnahagsaðstoðar við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Í lok ráðstefnunnar samþykkti forsætisnefnd Norðurlandaráðs ályktun þar sem hvatt er til aukins samstarfs Norðurlanda í öryggismálum. Þá má geta þess að ráðstefnuna bar upp á sama tíma og opinbera heimsókn Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, til Finnlands. Á seinni degi ráðstefnunnar heiðruðu forsetahjónin ráðstefnugesti með nærveru sinni í finnska þinginu og var þeim fagnað með lófataki.

6. 49. þing Norðurlandaráðs.

49. þing Norðurlandaráðs var haldið í Helsinki 10.–13. nóvember 1997. Um tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni sem samþykkt voru á þinginu vísast til fylgiskjals.

Á þinginu voru bæði almennar stjórnmálaumræður og sérstakar umræður um utanríkis- og varnarmál.

Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, flutti inngangsræðu almennu stjórnmálaumræðunnar, en Svíþjóð fer með formennsku í ráðherranefndinni árið 1998. Í erindi sínu greindi Persson frá áætlunum Svía á næsta starfsári. Einkum var lögð áhersla á tvö málefni, þ.e. aukna atvinnu fyrir alla og áætlun um að Norðurlönd og grannsvæði þeirra verði skilgreind sem umhverfisvæn svæði. Ætlunin er að þessi tvö málefni skipi stóran sess í samstarfi ríkisstjórnanna og að unnið verði að þeim í öllum málaflokkum. Í umhverfismálum vill Svíþjóð vinna að því að samhæfa stefnu og skipulagningu Norðurlandanna í orkumálum. Einnig vilja Svíar auka tungumálasamstarf Norðurlandanna, þróa velferðarkerfið og auka samvinnu við grasrótarhreyfingar.

Knut Vollebæk, utanríkisráðherra Noregs, talaði fyrir hönd utanríkisráðherranna og gerði grein fyrir utanríkismálum. Þar hélt hann því fram að samstarfsmálefni í Evrópu væru í aðalhlutverki í norrænu samstarfi utanríkisráðherra. Hann taldi það ánægjulegt að norrænu ESB-löndin fengu brautargengi fyrir hugmyndir sínar á Amsterdam-fundinum um atvinnumál, umhverfismál og opna upplýsingastefnu. Einnig var ákveðið á Amsterdam-fundinum að Schengen-samstarfið skyldi verða framkvæmt innan ESB. Hann talaði um mikilvægi þess að Schengen-samstarfið yrði framkvæmt þannig að norræna vegabréfasamstarfið gæti haldið áfram. Norðurlönd munu í framtíðinni stefna að því að hafa samstarf við Rússland um öryggismál. Norræn sjónarmið ættu einnig að sjást greinilega í samvinnu Sameinuðu þjóðanna en norrænu utanríkisráðherrarnir hafa undirstrikað mikilvægi þess að endurskoða starf Sameinuðu þjóðanna.

Norrænu varnarmálaráðherrarnir lögðu í fyrsta sinn fram skýrslu á þinginu. Hún var flutt af norska varnarmálaráðherranum, Dag Jostein Fjervold. Líta má á skýrsluna sem stórt skref í þá átt að þróa starf Norðurlandaráðs svo að það fjalli um alla mikilvæga þætti samfélagsins. Aðalatriðið í norræna samstarfinu á varnarmálasviðinu er friðargæsla. Í samvinnu varnarmálaráðherranna er einnig fjallað um hermálaþróun í Norður-Evrópu, þróun hervarna á Norðurlöndum auk NATO-samstarfsins. Nú starfa löndin saman í beinum friðargæsluverkefnum í Bosníu og Makedóníu.

Fyrir utan ráðherratillöguna um fjárlögin fyrir 1998 fjallaði þingið einnig um margar ráðherra-, nefnda- og þingmannatillögur (sjá fylgiskjal). Á þinginu var í annað sinn beinn fyrirspurnartími þar sem samstarfsráðherrar Norðurlanda sátu fyrir svörum.

Alþingi, 11. mars 1998.

Valgerður Sverrisdóttir, form.	Steingrímur J. Sigfússon, varaform.	Geir H. Haarde.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Siv Friðleifsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Sturla Böðvarsson.

Fylgiskjal.

Tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni samþykkt á 49. þingi Norðurlandaráðs.
(Helsinki, 10.–13. nóvember 1997.)

Tilmæli:

Nr. 1/1997.
Fjárlög norrænnar samvinnu 1998 (C 1; C2; B 165/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún fylgi eftir umbótaferlinu „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ eins og Norðurlandaráð hefur tilgreint í greinargerðum B 151/b og B 161/p,
— að hún ljúki hið fyrsta vinnu við tillögu um áætlun á sviði rannsókna og sendi hana Norðurlandaráði til umfjöllunar,
— að hún með sparnaði, t.d. á sviði „fjárhags og atvinnulífs“, leitist við að afla u.þ.b. 10 milljóna danskra króna til góða fyrir samstarfsverkefni varðandi grannsvæði Norðurlanda, einkum með áherslu á þau málefni sem snerta lýðræði, menningu, menntun og frjáls félagasamtök, þjóðfélagsleg málefni sem einkum tengjast aðstæðum barna og ungmenna, svo og á samstarf í umhverfismálum,
— að hún í tillögum að fjárlögum fyrir 1999 geri grein fyrir hvernig unnt megi verða að lækka eða færa fjárveitingar til Norræna iðnaðarsjóðsins (NI), Norrænu stofunarinnar um málefni Asíu (NIAS), Norrænu stofnunarinnar um fræðilega eðlisfræði (NORDITA) Norrænu sjóréttarstofnunarinnar (NIS) og Norrænu eldfjallastöðvarinnar (NORDVOLC), úr norrænu fjárlögunum, hugsanlega þannig að annars konar fjármögnun komi í staðinn, svo og að útskýra forsendur og afleiðingar sem slíkt kynni að valda,
— að hún í starfi sínu að tillögum að fjárlögum fyrir árið 1999 — einkum innan þess svigrúms sem skapast — leggi megináherslu á eftirfarandi svið:
  — aukið framlag til Norræna menningarsjóðsins,
  — málefni barna og ungmenna,
  — samstarf á sviði hinna ýmsu menningarhópa og gegn mismunun og misrétti,
  — menningarsamvinnu almennings, lýðmenntun og fullorðinsfræðslu,
  — kvikmyndir og fjölmiðla, svo og aðra tungumálasamvinnu,
  — samfélagið og borgarana á öld upplýsingatækni,

— framlög til grannsvæða Norðurlanda,
— sjálfbæra þróun á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra, þar með talið norðurskautssvæðið,
— matvæli og neytendamál.

Ályktun þingsins um breytingar á fjárlögum fyrir árið 1998 (sbr. tillögu ráðherranefndarinnar 25. júní 1997):

— Fjárlagaliðurinn Önnur samvinna á sviði efnahagsmála (4.6.1) lækki um 422.000 danskar krónur í 1.224.000 danskar krónur, þ.e. sömu fjárhæð eins og fyrir árið 1997. Í fjárlögum fyrir 1998 er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu vegna samstarfs um stefnu í byggingar- og húsnæðismálum.
— Fjárlagaliðurinn Norræna stofnunin á Grænlandi (1.7.4) hækki um 89.000 danskar krónur í 3.939.000 danskar krónur, þ.e. sömu fjárhæð og fyrir 1997.
— Fjárlagaliðurinn Matvæli (5.3) hækki um 1.000.000 danskar krónur í samtals 4.145.000 danskar krónur.
— Fjárlagaliðurinn Neytendur (5.4) hækki um 189.000 danskar krónur í samtals 5.508.000 danskar krónur, þ.e. sömu fjárhæð og fyrir 1997.
— Hækkun fjárveitinga til liðanna Matvæli og neytendamál samkvæmt framansögðu verði fjármögnuð með því að lækka fjárveitingar til Rannsóknaverkefnisins Norðurlönd og Evrópa (2.3.1.3) um 1.189.000 danskar krónur, þ.e. í 6.811.000 danskar krónur fyrir 1998.
— Lagt er til að fjárlagaliðurinn „Upplýsingastarfsemi“ (7.1.5) verði 2.600.000 danskar krónur, þ.e. 2.000.000 dönskum krónum lægri en samkvæmt tillögu ráðherranefndarinnar.
— Lagt er til að þessari fjárhæð, 2.000.000 dönskum krónum, verði varið til sérstaks fjárlagaliðar, „Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda“.
— Í varasjóð ráðherranefndarinnar (7.1.10) verði að auki lagðar 333.000 danskar krónur, þ.e. tillögurnar hljóða upp á samtals 7.333.000 danskar krónur.
— Að ársskýrsla ráðherranefndarinnar fyrir 1996, C1, svo og greinargerð ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf, C2, verði lögð til hliðar.
— Að hvað varðar frágang fjárlaganna skuli enn á ný vísað til fyrri fyrirmæla og ákvarðana með ósk um að sérstakt tillit verði tekið til ályktunar ráðsins á 47. þingi þess varðandi tillögu fjárlaganefndar (C2; B151/b) undir liðum 1 og 3.
— Að öðru leyti að samþykkja það sem forsætisnefndin tilgreinir í þessari greinargerð.

Nr. 2/1997.
Öryggismálastefna (A 1123/p, A 1137/p, A 1148/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær leggi mikli áherslu á öryggismál í norrænu samstarfi,
— að við það sé miðað að hvert ríki hafi rétt til þess án utanaðkomandi þrýstings að ákveða sína eigin stefnu í öryggismálum, og að hið sama gildi að sjálfsögðu einnig um Eistland, Lettland, Litháen og Pólland, að öll ríki verði að virða þennan rétt, svo og að öll ríkin beri einnig ábyrgð á því að tryggja eigið öryggi í því skyni að auka öryggi allra Evrópuríkja; takmarkið er öryggisreglur fyrir öll ríki Evrópu án markalína,
— að þær vinni að sameiginlegu norrænu eftirliti í umhverfismálum, svo og að þær taki virkan þátt í því starfi sem þegar er hafið í því skyni að gera sér grein fyrir hættunni sem vofir yfir umhverfinu á norðurskautssvæðinu,

— að þær gangi úr skugga um hve langt hefur miðað í virku samstarfi gegn kjarnorkumengun í Norðvestur-Rússlandi, svo og að þær starfi með virkum hætti að því að afla alþjóðlegrar þátttöku í því skyni að takast á við vandamál af völdum kjarnorkumengunar í þar, og vinna að því að fá Evrópusambandið til að taka aukinn þátt í þessu starfi á sviði stjórnmála og efnahagsmála,
— að þær taki virkan þátt í pólitísku samráði og aðgerðum á sviði friðargæslu, í þágu friðar og á sviði mannúðarmála innan Ráðstefnu um öryggi og samvinnu Evrópuríkja (RÖSE), samvinnunefndar Evrópu- og Atlantshafsríkja og Samvinnu um frið og vinni saman að því að stuðla að því að öll grannríki Norðurlanda taki virkan þátt í þessum samstarfsstofnunum,
— að þær örvi til víðtækra og almennra umræðna á Norðurlöndum um öryggismál í ljósi þeirra nýju öryggis- og samstarfsstofnana sem nú eru í þróun.

Nr. 3/1997.
NORD-LEX gagnagrunnurinn (A 1142/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún komi á fót í samvinnu við Norðurlandaráð sameiginlegum gagnagrunni samkvæmt því sem fram kemur í þingmannatillögunni A 1142/p.

Nr. 4/1997.
Internet og Evrópumál (A 1151/p).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún stofni til eftir þörfum vettvangs í tengslum við hina norrænu heimasíðu á internetinu um stjórnmál sem á döfinni eru á Norðurlöndum,
— að árleg greinargerð ráðherranefndarinnar um starf hennar innan einstakra geira Evrópumála verði látin fylgja ársskýrslu hennar.

Nr. 5/1997.
Skýrsla um framkvæmd tilmæla (A 1165/k).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:
— að hún bæti uppsetningu, vinnureglur og form skýrslna um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið á grundvelli tilmæla, samþykkta eða annarra sjónarmiða Norðurlandaráðs og stuðli þar með að því að mynda meiri tengsl milli markmiða tilmælanna og aðgerða ráðsins.

Nr. 6/1997.
Reikningsskil í umhverfismálum, orka og umhverfisskattar (A 1164/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:
— að þær stofni til norrænna reikningsskila á sviði umhverfismála varðandi orku sem verði síðan tæki til þess að ná jákvæðum árangri í umhverfismálum með hámarksnýtingu á orkulindum ríkjanna í þeim tilgangi að draga úr losun efna sem skaða umhverfið,
— að þær leggi aukna áherslu á endurnýjanlegar orkulindir og styðji við skipti yfir í sjálfbærar orkulindir, m.a. með því að kanna ráðstafanir til að draga úr niðurgreiðslum og reglum sem ýta undir notkun mengandi orkulinda sem endurnýjast ekki, svo og
— að þær flýti fyrir athugun á möguleikum til þess að stofna til samræmds umhverfisskattakerfis á Norðurlöndum sem hafi það að markmiði að draga úr útblæstri koltvísýrings.

Nr. 7/1997.
Aðgerðir Barnahjálparsjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í þágu barna og mæðra á grannsvæðum Norðurlanda (A 1163/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær stuðli að því að Barnahjálparsjóður Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) leiti nýrra leiða til gera virkara starf sitt í því skyni að auka aðgerðir á grannsvæðum Norðurlanda og styðja ríkin í að byggja upp og stuðla að aðgerðum á eftirtöldum sviðum: félagslegum aðgerðum í þágu barna, heilsugæslu barna og mæðra, upplýsingagjöf varðandi bólusetningu og aðgerðir til að auka brjóstagjöf (BFHI).

Nr. 8/1997.
Börn á grannsvæðum Norðurlanda (A 1163/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún leggi fram yfirlitsskýrslu á þinginu 1998 um það að hve miklu leyti tví- og marghliða aðstoð Norðurlanda í þágu grannsvæðanna stuðli að félagslegri þróun og veki athygli á því með hvaða hætti hún komi börnum (einnig með tilliti til kynferðis) til góða og leggi fram tillögur um hvernig unnt væri að auka og samræma aðgerðir meðal Norðurlanda,
— að hún semji á árinu 1998 þverfaglega áætlun í þágu barna og ungmenna á grannsvæðum þar sem
  — lögð sé áhersla á aðgerðir á sviði félags- og heilbrigðismála,
  — barnamenningu sé beitt sem tæki til að koma í veg fyrir að börn lendi utangarðs í þjóðfélaginu,
  — árangur af reynslu manna á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og í Rússlandi og myndun tengsla á sviði málefna barna milli stjórnvalda, stofnana og frjálsra félagasamtaka skipti höfuðmáli,
  — þeir möguleikar sem norrænu upplýsingaskrifstofurnar veita eru nýttir,
  — reglum um styrki ráðherranefndarinnar handa embættismönnum sé augljóslega beitt í þágu málefna barna,
  — hvatt sé til sameiginlegra aðgerða stjórnvalda, stofnana og frjálsra félagasamtaka í vinabæjum á Norðurlöndum og grannsvæðum.

Tilm. 9/1997.
Samnorræn vottun á skógum (A 1152/när).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún semji meginreglur um forsendur fyrir og möguleika á samnorrænni vottun á skógum þegar orðið getur af stofnun slíks kerfis.

Tilm. 10/1997.
Rannsóknaverkefni í tengslum við hið norræna velferðarkerfi (A 1126/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún stofni til rannsóknaverkefnis 1998–99 í því skyni að móta forsendur fyrir frumkvæði að því að forðast félagslega útskúfun.

Nr. 11/1997.
Nordplus-mini (A 1153/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún í áætlunum sínum um fjárlagaárið 1999 ráðstafi fjármunum til að stofna til sérstaks stuðnings við grunnskólanema (7–16 ára) á fimm ára tímabili 1999–2003, Nordplus-mini,
— að hún kanni möguleika á frekari fjármögnun verkefnisins á árinu 1998 í samráði við samnorræna aðila og aðila í hverju landi,
— að hún kanni skilyrðin fyrir því að veita grannsvæðum aðgang að verkefninu,
— að hún stofni til víðtækrar samvinnu um stofnun og framkvæmd verkefnisins við sveitarfélög, skóla kennara og nemendur, norrænu félögin og frjáls félagasamtök sem málið snertir,
— að hún sjái til þess að börnum og ungmennum gefist næg tækifæri til að taka þátt í stofnun og framkvæmd verkefnisins.

Nr. 12/1997.
Réttindi barna og ungmenna við flutning innan Norðurlanda (A 1160/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún sjái til þess að staðið verði við samninginn um samstarf framhaldsskóla þegar um er að ræða gagnkvæma viðurkenningu á slíkri menntun.

Nr. 13/1997.
Réttindi barna og ungmenna við flutning innan Norðurlanda (A 1160/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina og ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær stofni til samstarfs og samráðs um dagvistarstofnanir og fyrirkomulag barnagæslu í því skyni að koma á fót samnorrænum dagvistarmarkaði.

Nr. 14/1997.
Framkvæmdaáætlun um karlmenn og jafnrétti (B 169/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún samþykki framkvæmdaáætlun um karlmenn og jafnrétti.

Nr. 15/1997.
Viðurkenning á nýjum og/eða óvenjulegum menntabrautum (A 1162/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún geri eins fljótt og unnt er ráðstafanir til að afla óvenjulegum menntabrautum viðurkenningar,
— að hún kanni möguleikana á því að afla nýjum menntabrautum gagnkvæmrar viðurkenningar á Norðurlöndum.

Nr. 16/1997.
Framkvæmdaáætlun um norrænt löggjafarsamstarf á sviði dómsmála 1997–98 (B 168/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún samþykki framkvæmdaáætlun um norrænt löggjafarsamstarf á sviði dómsmála 1997–98.

Nr. 17/1997.
Erfðatækni og klónun (A 1161/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún stofni til löggjafarsamstarfs á sviði erfðatækni og klónunar í því skyni að stuðla að samræmdri löggjöf á þessu sviði.

Nr. 18/1997.
Stefna í málefnum flóttamanna á Norðurlöndum og í Evrópu (A 1134/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær stuðli að mótun mannúðlegrar og heildrænnar stefnu í málefnum flóttamanna á Norðurlöndum og í Evrópu,

— að þær stuðli að stofnun evrópskra reglna sem byggðar eru á sanngjarnri dreifingu ábyrgðar milli EES-ríkjanna til verndar þeim einstaklingum/hópum sem gerst hafa flóttamenn vegna vopnaðra átaka eða mannréttindabrota og falla ekki undir flóttamannasáttmála Sameinuðu þjóðanna; í reglunum skal gera ráð fyrir forvörnum og leggja áherslu á aðstoð á grannsvæðum,

— að þær stuðli að því á alþjóðavettvangi (innan Evrópusambandsins, Evrópuráðsins og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna) að varðandi öll styrjaldarátök náist samstaða um það hvenær flóttamenn, sem af tilviljun setjast að á tilteknum stað, teljist hafa öðlast fasta búsetu,

— að þær stuðli með virkum hætti að frekari samræmingu reglugerða og venja varðandi grið flóttamanna í því skyni að ná fram betri dreifingu ábyrgðar á flóttamönnum á Norðurlöndum.

Nr. 19/1997.
Sáttmáli Evrópuráðsins um staðbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa (A 1150/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórn Svíþjóðar:

— að hún undirriti sáttmála Evrópuráðsins um staðbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa og tryggi meðal annars finnskri tungu stöðu minnihlutatungumáls.

Nr. 20/1997.
Aukin samvinna í sjónvarpsmálum (A 1138/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær veiti fé til að styrkja víðtækari norræna samvinnu á sviði sjónvarps í því skyni að gera þjóðunum kleift að horfa á sjónvarp nágrannaþjóða og auki verulega stuðning við sameiginlega norræna framleiðslu efnis,

— að þær með tengslum sínum við ríkisreknar sjónvarpsstöðvar og norræna dreifingaraðila og sjónvarpsstöðvar styðji við framtak í að finna sameiginlegar norrænar — eða í hverju landi — tæknilegar lausnir sem nýst geta alls staðar á Norðurlöndum.

Nr. 21/1997.
Ríkisreknar sjónvarpsstöðvar (A 1138/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún sjái til þess að yfirlýsingum menningarmálaráðherranna um ríkisreknar stöðvar 13. júní 1997 verði fylgt eftir.

Tilm. 22/1997.
Fjölmiðlaáætlun Evrópusambandsins, MEDIA III (A 1156/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær sjái til þess í yfirstandandi viðræðum um mótun MEDIA III-áætlunarinnar að hún nái einnig til sérþarfa fámennra ríkjaog lítilla málsvæða, svo og að áætlunin nái betur til barna og ungmenna en fyrri áætlun.

Tilm. 23/1997.
Stuðningsaðgerðir við framleiðslu margmiðlunarefnis (A 1156/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún kanni grundvöll þess að Norðurlönd stofni til stuðningsaðgerða við framleiðslu margmiðlunarefnis þar sem miðað sé við menningargeirann; stuðningsaðgerðir geta verið margþættar og kunna að vera fólgnar í ráðgjöf og upplýsingum til ýmissa aðila bæði um hið norræna og alþjóðlega margmiðlunarsvið.

Nr. 24/1997.
Stuðningur við mótun stefnu í listsköpun til dreifingar á geisladiski (A 1157/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær bregðist við þeirri samkeppni á Norðurlöndum sem er ráðandi í útgáfu geisladiska með því að leysa úr læðingi sköpunarþrá og leggi áherslu á innihald slíkra diska með því að auka stuðning við listsköpun, svo og með því að örva ungmenni til listsköpunar.

Nr. 25/1997.
Framleiðsla tölvugeisladiska (A 1157/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún kanni möguleikana á því að norræn almenningsbókasöfn dreifi norrænum tölvugeisladiskum á sömu kjörum og þau dreifa bókum,

— að hún í samráði við menntageirann kanni möguleikana á framleiðslu fræðandi leikja í menntunarskyni,

— að hún hafi áfram frumkvæði að því að framleiða tölvugeisladiska með norrænu efni.

Nr. 26/1997.
Samnorrænt menningarefni á internetinu (A 1158/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún kanni möguleikana á því að koma samnorrænu menningarefni inn á internetið sem byggist á því menningarefni sem er þegar fyrir hendi á menningarneti hvers ríkis, svo og á fenginni reynslu,

— að hún sjái til þess að ráðherranefndin hafi tök á því að koma sér upp virkri heimasíðu.

Nr. 27/1997.
Listrænar og menningarlegar áherslur á internetinu (A 1158/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær leggi aukna áherslu á Norðurlönd og norræna menningu með því að ðauka úrval listræns og menningarlegs efnis á internetinu.

Nr. 28/1997.
Frumkvæði á sviði kvikmynda og fjölmiðla (A 1159/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær efli enn stuðning við framleiðslu kvikmynda á Norðurlöndum í því skyni að auka gæði og eftirspurn eftir slíku efni í nágrannalöndunum,
— að þær leggi aukna áherslu á samframleiðslu norrænna kvikmynda og sjónvarpsmynda,
— að þær stuðli að setningu reglna um dreifingu norræna kvikmynda sem eru ekki framleiddar í hagnaðarskyni þar sem áhersla sé lögð á að bæta skilyrði til sýningar norrænna kvikmynda á stöðum utan höfuðborganna,
— að þær á vettvangi Evrópusambandsins beini athygli að sérstöðu Norðurlanda og móti forsendur sem tryggi að framkvæmdir á vettvangi Evrópu séu einnig aðlagaðar sérþörfum fámennra ríkja og lítilla málsvæða,
— að þær í samstarfi við sjónvarpsstöðvar og kvikmyndaiðnaðinn kanni möguleikana á að stofna til norrænna kvikmyndaverðlauna.

Nr. 29/1997.
Reglur um gagnkvæm kennara- og nemendaskipti milli norrænna kvikmyndastofnana ásamt frumkvæði á vettvangi norrænna kvikmynda (A 1159/nord).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún kanni möguleikana á því að koma á fót gagnkvæmum kennara- og nemendaskiptum milli norrænna kvikmyndastofnana í því skyni að skiptast á reynslu og þekkingu sem er að finna í hinum einstöku ríkjum og í kvikmyndastofnunum hinna einstöku ríkja á þessu sviði,
— að hún í starfi sínu að þeim verkefnum sem menningarmálaráðherrarnir ákváðu þann 13. júní 1997 að unnið skuli að gefi sérstakan gaum að aðgerðum sem
  — tryggja tilvist óháðra norrænna framleiðslufyrirtækja og örva sköpun á sviði kvikmynda,
  — stuðla að auknum gæðum í framleiðslu norrænna kvikmynda og fjölmiðlaefnis,
  — stuðla að öflugu norrænu samstarfi, m.a. í því skyni að skapa góð skilyrði fyrir framleiðslu norrænna kvikmynda og fjölmiðlaefnis,
  — stuðla að því til langframa að ná því markmiði að skapa markað fyrir kvikmyndir sem er stærri en heimamarkaðurinn,
  — tryggja að sérstökum forsendum Norðurlanda hvað varðar lítinn markað, fámennar þjóðir og lítil málsvæði verði gert hátt undir höfði í evrópsku tilliti,
  — stuðla að lausnum á höfundarréttarmálum á sviði fjölmiðlaefnis, svo og að gera ráðstafanir til þess að draga úr vandamálum sem upp kunna að koma varðandi þróun stafrænna myndmiðla.

Nr. 30/1997.
Starf innan einstakra geira Evrópumála (A 1149/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við norrænu ráðherranefndina:

— að hún viðhaldi þeirri venju sem tekin var upp 1997 að senda árlega frá sér áfangaskýrslu um tiltekin málefni á vettvangi Evrópu þannig að tekið sé tillit til framangreindra atriða svo að unnt sé að fjalla um hana á þinginu.

Nr. 31/1997.
Framkvæmdaáætlun um öryggi matvæla (B 167/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær samþykki framkvæmdaáætlun til að fylgja eftir ákvörðunum leiðtogafundarins um öryggi matvæla,
— að þær leggi fyrir Norðurlandaráð þær framkvæmdaáætlanir eða aðrar áætlanir sem samdar verða samkvæmt framkvæmdaáætluninni þar sem tekið sé tillit til athugasemda Norðurlandaráðs.

Nr. 32/1997.
Öryggi matvæla (A 1155/euro).

Norðurlandaráð mælist til þess við ríkisstjórnir Norðurlanda:

— að þær efli norrænt samstarf um að tryggja öryggi á matvælamarkaðnum með því að stuðla að hertum reglum á þessu svið á vettvangi Evrópusambandsins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,
— að þær auki norrænt samstarf með því að semja reglur um áhættumat á matvælum á vísindalegum grundvelli, þannig að unnt sé að nota slíkar reglur í vísindanefndum Evrópusambandsins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem taka ákvarðanir um löggjöf á í matvælageiranum,
— að þær auki fjárframlög til norrænu ráðherranefndarinnar á þessu sviði á komandi árum.

Umsagnir:

Nr. 1/1997.
Skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar 1996 (C 3/k).

Norðurlandaráð beinir þeim athugasemdum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún geri nú þegar ráðstafanir til að bæta úr þeim ágöllum í stjórn norræna ráðherranefndarinnar sem Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt og að Norðurlandaráð fái að staðaldri upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið verður til,
— að hún geri án tafar ráðstafanir til að bæta úr þeim ágöllum á fjárhagslegri stjórnun og fjárveitingum og að gerðar verði strangari og samræmdari kröfur um fjárhagsleg málefni stofnananna.

Nr. 2/1997.
Skýrsla Norræna menningarsjóðsins, þar með talin endurskoðunarskýrsla fyrir 1996 (C 5/k).

Norðurlandaráð beinir þeim athugasemdum til norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hún ásamt stjórn sjóðsins grípi til ráðstafana vegna þeirra ágalla sem endurskoðendur hafa vakið athygli á varðandi fjármálastjórn sjóðsins og fari þannig að tilmælum endurskoðenda um aukið eftirlit með fjárveitingum.

Ákvarðanir um innri málefni:

Nr. 1/1997.
NORD-LEX gagnagrunnur (A 1142/p).

Norðurlandaráð felur forsætisnefndinni:

— að stofna ásamt norrænu ráðherranefndinni sameiginlegan gagnagrunn varðandi það málefni sem fram kemur í þingmannatilllögu A 1142/p.

Nr. 2/1997.
Þingleg tengsl og samstarf innan Norðurlandaráðs (A 1151/p).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til forsætisnefndarinnar:

— að hún fari þess á leit við sendinefndir á fundum ráðsins að þær fylgist vel með framkvæmd ríkisstjórna sinna á tilmælum Norðurlandaráðs,
— að hún haldi áfram að efla þá hefð að bjóða þingmönnum frá hverju ríki og Evrópuþingmönnum til funda ráðsins þegar tilefni gefst til,
— að hún eftir þörfum stofni til umræðuvettvangs í tengslum við hina norrænu heimasíðu á internetinu um norræn pólitísk málefni sem á döfinni eru hverju sinni.

Nr. 3/1997.
Skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Norðurlandaráðs 1996 (C 4/k).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til forsætisnefndarinnar:

— að hún sjái til þess að gripið verði án tafar til aðgerða varðandi þau atriði sem endurskoðendur hafa átalið í starfsemi skrifstofu Norðurlandaráðs.

Nr. 4/1997.
Aðgerðir í þágu barna á grannsvæðum Norðurlanda (A 1163/när).

Norðurlandaráð telur:

— að nefndin um málefni grannsvæða eigi að stuðla með viðeigandi hætti að stofnun Ráðs barnanna sem starfi til aldamóta. Ráðið skal hafa góð tengsl við þing ríkjanna, félagasamtök og önnur svið samfélagsins sem varða börn. Markmiðið er að skapa lítinn vettvang þar sem ræða má mál og svæðisbundnar ráðstafanir varðandi aðstæður barna á Norðurlöndum og á grannsvæðum þeirra,
— að nefndin um málefni grannsvæða skuli kanna möguleikana meðal háttsettra stjórnmálamanna, ásamt þingmönnum frá grannsvæðum og fulltrúum Barnahjálparsjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) á að stofna til fundar Eystrasaltsríkja um málefni barna (Baltic Call for Children) í desember 1998 til þess að gera stjórnmálamönnum, fulltrúum stofnana, fulltrúum stjórnvalda og vísindamönnum frá Norðurlöndum og grannsvæðum kleift að hittast í því skyni að koma lífskjörum barna inn á vettvang stjórnmálanna,
— að taka eigi tillit til málefna varðandi réttindi barna í áætlun um styrki handa stjórnmálamönnum.

Nr. 5/1997.
Heimasíða Norðurlandaráðs (A 1158/nord).

Norðurlandaráð felur forsætisnefndinni:

— að gera ráð fyrir því í starfsemi sinni að hún reki virka heimasíðu.

960. Svar [472. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um stefnumörkun vegna Kyoto-bókunarinnar.

1. *Hvernig hljóðar það „sérstaka ákvæði", kennt við Ísland, sem tekið var inn í skjal L.7 á ráðstefnunni í Kyoto 1.–10. desember 1997 og með hvaða hætti að formi til er fyrirhugað að það tengist samningnum um loftslagsbreytingar?*

Á 3. aðildarríkjaþingi rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem haldið var í Kyoto í Japan dagana 1.–11. desember 1997, var samþykkt sérstök bókun við samninginn, svokölluð Kyoto-bókun. Í d-lið 5. gr. lokasamþykktar þingsins er að finna umrætt ákvæði sem sumir hafa viljað kenna við Ísland. Ákvæðið hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Þing aðila ...

5. Fer þess á leit við formann undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf og formann undirnefndar fyrir framkvæmd samningsins, að teknu tilliti til samþykktrar fjárhagsáætlunar fyrir árin 1998 og 1999 og viðeigandi áætlunar um starfsemi skrifstofunnar (FCCC/CP/1997/INF.1), að þeir leiðbeini skrifstofunni við nauðsynlegan undirbúning vegna 4. þings aðila í eftirfarandi málaflokkum og feli viðeigandi undirnefndum störf eins og við á: ...

(d) Skoða og, eftir því sem við á, ákveða viðeigandi aðferðir til að taka á aðstæðum aðila sem skráðir eru í viðauka B í bókuninni þar sem einstök verkefni mundu hafa umtalsverð hlutfallsleg áhrif á losun á skuldbindingartímabilinu ...“

Þrátt fyrir að með Kyoto-bókuninni hafi verið stigið mikilvægt skref í þá átt að setja lagalega bindandi losunarheimildir fyrir iðnríkin eru enn ýmis atriði sem þarf að útfæra nánar þar sem ekki vannst tími til þess í Kyoto. Í því sambandi má m.a. nefna nánari reglur um viðskipti með losunarheimildir, bindingu koltvíoxíðs í gróðri og vanefndir aðildarríkja. Í Kyoto varð nokkur umræða um sérstöðu ríkja þar sem einstök verkefni geta haft hlutfallslega mjög mikil áhrif á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í viðkomandi ríki. Ýmsar leiðir voru ræddar til að taka á þessum vanda en ekki vannst tími til að leysa málið. Á næsta aðildarríkjaþingi rammasamningsins, sem haldið verður í Buenos Aires í Argentínu í nóvember næstkomandi, verður m.a. rætt frekar um fyrrgreint ákvæði og hvernig það muni tengjast samningnum. Í lokasamþykkt þingsins í Kyoto er tekið fram að leitast skuli við að ná niðurstöðu eigi síðar en á þinginu í Buenos Aires. Í Kyoto var m.a. rætt um að setja sérstakt ákvæði þessa efnis í bókunina eða undantekningarákvæði í tengslum við efndir samningsaðila, sbr. 18. gr. bókunarinnar. Þá var einnig rætt hvort leysa mætti málið með sérstakri viðbótarsamþykkt.

2. *Hvaða ríki studdu framlagningu þessa ákvæðis og frá hvaða ríkjum er einkum að vænta áframhaldandi stuðnings við að það verði hluti af eða tengist Kyoto-bókuninni?*

Umrætt ákvæði var að finna í tillögu formanns allsherjarnefndar þingsins, Raul Estrada frá Argentínu, að lokasamþykkt þess. Tillagan og þar með umrætt ákvæði var samþykkt samhljóða. Ekki er á þessu stigi hægt að fjölyrða um frekari útfærslu þess eða hvaða stuðning slík útfærsla muni hljóta.

3. *Hvaða röksemdir færa íslensk stjórnvöld einkum fram til stuðnings þessu ákvæði sem komi til viðbótar þeirri sérstöðu um losun gróðurhúsalofttegunda sem Ísland fékk viðurkennda í Kyoto?*

Ein áhrifaríkasta leiðin til að draga úr uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu er að nýta hreina og endurnýjanlega orku, sem lágmarkar t.d. losun gróðurhúsalofttegunda frá ýmsum iðnaðarferlum á heimsvísu. Í núverandi mynd kann Kyoto-bókunin að torvelda slíkt, en það er í andstöðu við meginmarkmið rammasamningsins um loftslagsbreytingar. Lítil ríki, sem ráða yfir endurnýjanlegri orku, geta vegna smæðar sinnar staðið frammi fyrir því að einstök verkefni hafi mjög afgerandi áhrif á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í viðkomandi ríki á meðan þau hefðu hlutfallslega lítil sem engin áhrif í stærri ríkum jafnvel þótt þar væri notað kolefnaeldsneyti til orkuframleiðslu. Stærri ríki geta því betur beitt almennum stjórnunaraðgerðum til að taka á slíkum verkefnum þó að þau noti ekki endurnýjanlega orku til verkefnisins. Til fróðleiks má geta þess að losun frá 180.000 tonna álveri Norðuráls hf. á Grundartanga mun auka losun hér á landi um tæp 13% frá því sem var árið 1990.

4. *Hvernig má gera ráð fyrir að unnið verði úr þessu „sérstaka ákvæði" af aðilum samningsins um loftslagsbreytingar og í hvaða áföngum að því er varðar málsmeðferð og hugsanlega afgreiðslu?*

Málið verður undirbúið og unnið af skrifstofu rammasamningsins, væntanlega í góðri samvinnu við formann viðkomandi undirnefndar sem fær málið til umfjöllunar á undirbúningsfundi í Bonn í júní næstkomandi. Íslensk stjórnvöld munu síðar í þessum mánuði senda skrifstofu samningsins hugmyndir sínar um hugsanlega útfærslu ákvæðisins. Þá hafa fulltrúar íslenskra stjórnvalda átt og munu á næstunni eiga tvíhliða fundi með fulltrúum annarra ríkja til að kanna hug þeirra um hvaða leiðir eru fýsilegastar til lausnar þessu máli.

5. *Hvenær er þess að vænta að niðurstaða fáist í mál þetta þannig að hugsanleg viðbót þar að lútandi á grundvelli samningsins og Kyoto-bókunarinnar við hann verði orðin viðurkenndur hluti af samningnum?*

Íslensk stjórnvöld gera sér vonir um að hægt verði að ljúka málinu efnislega á næsta aðildarríkjaþingi rammasamningsins sem haldið verður í Buenos Aires í nóvember næstkomandi.

6. *Hvaða tillögur hefur ráðherra gert eða fyrirhugar að gera til ríkisstjórnar Íslands um það hvernig staðið verði að framgangi og framkvæmd mála í framhaldi af Kyoto-ráðstefnunni?*

Ríkisstjórnin hefur að tillögu umhverfisráðherra samþykkt að skipa sérstakan stýrihóp ráðuneytisstjóra sem hafi yfirumsjón með málinu í heild. Hópurinn hefur það hlutverk að aðstoða ríkisstjórnina við almenna stefnumörkun, hefur umsjón með gerð og framfylgd nýrrar framkvæmdaáætlunar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, skipuleggur samningaviðræður við önnur ríki og fjallar um afleiðingar loftslagsbreytinga hér á landi. Í stýrihópnum sitja fulltrúar umhverfis-, fjármála-, forsætis-, iðnaðar-, landbúnaðar-, samgöngu-, sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytis og er ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis formaður hópsins. Til að styrkja starf stýrihópsins þarf að skipa ýmsar undirnefndir til að sinna sérstökum verkefnum. Nú eru starfandi slíkar nefndir um aðgerðir í sjávarútvegi, samgöngum og til að auka bindingu koltvíoxíðs í gróðri. Þá er fyrirhugað að skipa nefnd til að fjalla um hagræna þætti og nefnd vísindamanna til að fjalla um hugsanlegar afleiðingar loftslagsbreytinga hér á landi, svo og sérstakan ráðgjafarhóp með fulltrúum atvinnulífs og sérfræðingum. Loks mun starfa undir stjórn stýrihópsins sérstök samninganefnd, undir forustu nýs sendiherra auðlindadeildar utanríkisráðuneytis, sem mun undirbúa og annast tvíhliða viðræður og aðrar samningaviðræður í tengslum við 4. aðildarríkjaþing rammasamningsins í nóvember næstkomandi.

7. *Hver er afstaða ráðherra til Kyoto-bókunarinnar og staðfestingar hennar sem hluta af samningnum sem liggur frammi til undirskriftar frá 15. mars 1998 til 15. mars 1999?*

Ráðherra leggur ríka áherslu á að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni, en að hans mati er þó ekki hægt að taka afstöðu til aðildar fyrr en fyrir liggur hver niðurstaða 4. aðildarríkjaþings rammasamningsins í Buenos Aires verður varðandi þau atriði sem fyrr eru nefnd, svo sem reglur um viðskipti með losunarheimildir, bindingu koltvíoxíðs í gróðri og umrætt ákvæði d-liðar 5. gr. í lokasamþykkt 3. aðildarríkjaþingsins í Kyoto.

961. Framhaldsnefndarálit [175. mál]

um frv. til vopnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið milli 2. og 3. umræðu og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneytinu, Jón Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra og Einar K. Haraldsson frá SKOTVÍS.

Nefndin leggur til að frumvarpið, eins og það liggur fyrir eftir 2. umræðu, verði samþykkt með minni háttar breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi er þar um að ræða breytingu á 2. mgr. 3. gr. þar sem lagt er til að bætt verði við reglugerðarheimild dómsmálaráðherra. Í ákvæðinu er kveðið á um tæki og efni sem lögin ná ekki til, en reynslan sýnir að nauðsynlegt getur verið að ráðherra hafi heimild til setningar reglna um þessi atriði. Þá eru lagðar til breytingar á 17. gr. frumvarpsins sem miða að því að skýra orðalag greinarinnar. Loks er lögð til breyting á 35. gr. sem lýtur að því að lögreglustjóri hafi ekki heimild til þess að selja skotvopn við leyfissviptingu, þegar ekki eru fyrir hendi skilyrði eignaupptöku, fyrr en að liðnum sex mánuðum frá leyfissviptingu, en almenna reglan er einn mánuður.

Einnig þykir nefndinni rétt að skýra frekar nokkur ákvæði frumvarpsins. Í fyrsta lagi er áréttað að það er skilningur nefndarinnar að í skilgreiningu á sprengiefni í 4. mgr. 1. gr. felist einnig hvers konar gasefni sem notuð eru sem sprengiefni.

Í öðru lagi er áréttað að með 9. gr. er lagt til að lögfest verði að þeir sem versla með, flytja inn eða framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda skuli halda færslubækur yfir keypt og seld vopn. Með ákvæðinu er ætlunin að koma reglu á þessi mál þannig að auðveldara verði að rekja uppruna skotvopns og skotfæra. Þannig ættu alltaf að liggja fyrir upplýsingar um magn seldra vopna, skotfæra, skotelda og sprengiefna annars vegar og hins vegar magn þessara vörutegunda á lager hverrar verslunar.

Varðandi ákvæði 2. mgr. 14. gr. um undanþágu frá ákvæðum laganna um að skotvopn skuli númerað eintaksnúmeri er rétt að taka fram að um er að ræða undanþáguheimild fyrir bændur og dýralækna vegna fjárbyssna sem lýtur aðeins að eintaksnúmeri framleiðanda en ekki að skráningu vopnanna. Þau skulu skráð eins og önnur skotvopn í skotvopnaskrá.

Þá er rétt að taka fram varðandi breytingu sem nefndin lagði til við 21. gr. fyrir 2. umræðu, og lýtur að umbúðum sem skotvopn skulu vera í við burð þeirra og flutning milli staða, að ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að menn séu með vopn á almannafæri nema í viðeigandi umbúðum.

Loks vill nefndin benda á að ákvæði 22. gr., um að ekki megi afhenda öðrum skotfæri en þeim sem skráður er fyrir skotvopni sem þau eru ætluð fyrir, er ætlað að tryggja öryggi í meðferð skotvopna og er ákvæðið í samræmi við framkvæmd víða á undanförnum árum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.	Kristján Pálsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Hjálmar Jónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

962. Breytingartillögur [175. mál]

við frv. til vopnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Við upphafsmálslið 2. mgr. bætist: en ráðherra getur sett um þau sérstakar reglur.
2. Við 17. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Félag sem hefur iðkun skotfimi að markmiði skal leita leyfis ríkislögreglustjóra.
3. Við 1. málsl. 2. mgr. 35. gr. bætist: en að sex mánuðum liðnum ef um skotvopn er að ræða.

963. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson deildarstjóra frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Seðlabanka Íslands, Verðbréfaþingi Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Verslunarráði Íslands.

Með lögum nr. 22/1996, sem breyttu lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, var samþykkt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að viðskiptaráðherra skyldi skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands. Við þá heildarendurskoðun skyldi hafa það meginmarkmið að afnema einkarétt þingsins á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.

Í frumvarpi því sem hér hefur verið lagt fram er lagt til að afnuminn verði einkaréttur á starfsemi Verðbréfaþings Íslands. Gengið hefur verið út frá því að sett verði í lög almenn ákvæði um starfsemi kauphalla og um starfsemi skipulegra verðbréfamarkaða þar sem fram fara viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöll. Mörg ákvæði frumvarpsins eru nýmæli en önnur byggja að einhverju leyti á ákvæðum laga um Verðbréfaþing Íslands. Í frumvarpinu er Verðbréfaþinginu veittur frestur til þess að laga starfsemi sína að ákvæðum þess

til 1. júlí 1999 án þess þó að því sé veittur áframhaldandi einkaréttur til verðbréfaþingsstarfsemi.

Nefndin ræddi sérstaklega V. kafla frumvarpsins um yfirtökutilboð. Nýlega hefur náðst samstaða á vettvangi Evrópusambandsins um drög að tilskipun um yfirtökutilboð á sviði hlutafélagaréttar, sbr. COM(97)565 final, en í tilskipuninni er einnig að finna ákvæði um minnihlutavernd hluthafa. Ekki liggur ljóst fyrir hvenær drögin verða formlega og endanlega samþykkt en nefndin leggur til að höfð verði hliðsjón af tilskipuninni og gerðar verði breytingar á V. kafla frumvarpsins í því skyni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 1. gr. til samræmis við heiti laganna og skilgreiningu á skipulegum tilboðsmarkaði í 2. gr. Þá eru einnig lagðar til orðalagsbreytingar á 2. gr.
2. Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 4. gr. um skilyrði til starfsleyfis samkvæmt lögunum. Annars vegar er lagt til að taki starfsleyfi einungis til starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar, en ekki kauphallar, sé heimilt að veita slíkt leyfi ef innborgað hlutfé nemur að lágmarki helmingi þeirrar fjárhæðar sem um ræðir þegar sótt er um starfsleyfi fyrir kauphöll. Hins vegar er lögð til sú breyting á 2. tölul. að þegar sótt er um starfsleyfi samkvæmt lögunum þurfi ekki liggja fyrir upplýsingar um væntanlega markaðsaðila heldur sé nægjanlegt að fyrir liggi upplýsingar um þau skilyrði sem gilda um aðild að markaðnum og áætlun um væntanlega markaðsaðila. Breytingin er lögð til þar sem ekki er ljóst eftir hvaða upplýsingum er verið að kalla eða hvort unnt sé að veita slíkar upplýsingar á þessu stigi.
3. Lögð er til sú breyting á 5. gr. að fellt verði brott ákvæði sem segir að stjórnarformaður í hlutafélagi, sem stofnsett er og skráð samkvæmt lögum um hlutafélög og sækir um starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, skuli ávallt vera búsettur hér á landi. Talið er nægjanlegt að um búsetuskilyrði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fari eftir almennum reglum hlutafélagalaga, sbr. 3. og 66. gr. þeirra laga.
4. Lögð til sú breyting á fyrirsögn 6. gr. að í stað orðanna virkur eignarréttur komi virkur eignarhlutur og er það gert til samræmis við hugtakanotkun í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996.
5. Lögð er til sú breyting á upphafsorðum 7. gr. að fellt verði brott það skilyrði að framkvæmdastjóri hlutafélags skuli vera búsettur hér á landi. Þessi breyting er lögð til í samræmi við breytingar á 5. gr.
6. Lagðar eru til breytingar á 10. gr. Annars vegar eru lagðar til orðalagsbreytingar á 2.–4. tölul., sbr. 2. gr. frumvarpsins, og hins vegar lögð til sú breyting á 3. tölul. að fellt verði niður það skilyrði að bankaeftirlit Seðlabankans þurfi að meta gildan samstarfssamning sem aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa gert við kauphöll eða samsvarandi skipulegan verðbréfamarkað. Talið er óeðlilegt að bankaeftirlitið meti gildi samstarfssamninga sem aðildarríki EES hafa gert.
7. Lagðar eru til breytingar á 13. gr. Annars vegar er miðað við að einungis verði heimilt að skjóta ágreiningi um ákvarðanir stjórnar í kauphöll skv. 1. mgr. til ráðherra til endurskoðunar. Hins vegar er lagt til að felld verði brott sú heimild ráðherra að setja í reglugerð ákvæði sem heimila að önnur mál en talin eru upp í greininni geti sætt endurskoðun og hlotið málsmeðferð í samræmi við ákvæði greinarinnar.
8. Lögð er til sú breyting á 3. og 4. tölul. 14. gr. að skýrt komi fram að með kauphallaraðilum hér sé átt við þá erlendu aðila sem hafa heimild til að starfa hér á landi. Þetta er í samræmi við sérákvæði þeirra laga sem gilda um viðkomandi starfsemi.

9. Lagt er að frestur sá sem kveðið er á um í 15. gr., sem líða má frá því að sótt er um aðild að kauphöll og þar til umsækjanda er tilkynnt um niðurstöðu, verði styttur úr sex mánuðum í þrjá. Breytingin er lögð til til samræmis við það að í ýmsum lögum um starfsemi á fjármagnsmarkaði hér á landi hefur slíkur frestur verið ákveðinn þrír mánuðir.
10. Lögð er til sú breyting á 17. gr. að áður en stjórn kauphallar setur reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll skuli hún leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
11. Lagðar eru til tvær breytingar á 18. gr. Annars vegar er lagt til að ef viðskipti í kauphöll eru stöðvuð tímabundið við sérstakar aðstæður skuli tilkynna um slíkt til bankaeftirlits Seðlabankans sem eftirlitsaðila. Hins vegar er lagt til að 4. mgr. verði felld brott, en þar er kveðið á um að ráðherra geti tímabundið stöðvað öll viðskipti í kauphöll þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Hér er um að ræða svokallað „force majeure“ ákvæði sem talið er óþarft.
12. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 19. og 20. gr. er taka til yfirtökutilboða. Í nýjum drögum að tilskipun um slík tilboð á vettvangi Evrópusambandsins er aðildarríkjum falið að skilgreina sjálf þá hlutfallstölu sem þau telja eðlilegt að miða við þegar skilgreina á í landslögum þá aðila sem á hverjum tíma og samkvæmt hefð í einstökum ríkjum eru taldir hafa náð fullkominni stjórn á félagi. Þá eru í tilskipunardrögunum ýmis ákvæði varðandi skyldu til þess að gera tilboð. Einnig er þar að finna ákvæði um réttindi og skyldur stjórnar hlutafélags þegar svo háttar til um félagið að aðili hefur eignast eða er í þann mund að eignast afgerandi stjórnunarhluta í því og hvernig eigi að haga samskiptum við starfsmenn félagsins undir þeim kringumstæðum. Breytingarnar á 19. og 20. gr. taka mið af þeim ákvæðum tilskipunarinnar sem varða yfirtökutilboð og er m.a. lagt til að framangreind hlutfallstala hækki úr 33⅓% í 50%.
13. Lagðar eru til breytingar á 30. gr. sem miða að hækkun á lágmarksfjárhæðum starfsábyrgðartryggingar kauphallar. Kauphöll er skylt samkvæmt ákvæðinu að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns viðskiptamanns sem rakið er til gáleysis í starfsemi kauphallarinnar eða starfsmanna hennar. Nefndin leggur til að vátrygging vegna einstaks tjónsatburðar hækki úr 10 millj. kr. í 32,5 millj. kr. en trygging innan hvers tryggingarárs hækki úr 30 millj. kr. í 65. millj. kr. Helstu áhættuþættir, sem hér gæti reynt á, eru bilun eða villa í viðskiptakerfi eða mistök starfsmanna, að upplýsingum sem skipt geta máli er ekki komið á framfæri og viðskipti kauphallarinnar sjálfrar, svo sem við þjónustuaðila, þar sem mistök leiða til tjóns fyrir mótaðila.
14. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 31., 34. og 36. gr.
15. Loks er lögð til breyting á 41. gr. og felldur brott síðari málsliður 1. mgr. sem segir að endurskoðandi megi ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður eða starfa í þágu hlutafélags að öðru en endurskoðun. Í 9. gr. laga um endurskoðendur, nr. 18/1997, er fjallað um vanhæfisástæður. Þar kemur m.a. fram að endurskoðanda sé óheimilt að endurskoða hjá stofnunum eða fyrirtækjum sem hann er á einhvern hátt tengdur. Ákvæði frumvarpsins er því óþarft.

Alþingi, 5. mars 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

964. Breytingartillögur [285. mál]

við frv. til l. um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „tilboðsmarkaða“ í 1. mgr. komi: skipulegra tilboðsmarkaða.
   b. Í stað orðanna „eða tilboðsmarkaði“ í 2. mgr. komi: og skipulegum tilboðsmarkaði.
2. Við 2. gr. Orðin „nr. 13/1996“ í 1., 4. og 5. orðskýringu falli brott.
3. Við 4. gr.
   a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Taki starfsleyfi einungis til starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar er þó heimilt að veita starfsleyfi ef innborgað hlutafé nemur að lágmarki helmingi þeirrar fjárhæðar.
   b. Í stað orðanna „svo og upplýsingar um væntanlega markaðsaðila“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: svo og upplýsingar um þau skilyrði sem gilda um aðild að markaðnum og áætlun um væntanlega markaðsaðila.
4. Við 5. gr. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
5. Við 6. gr. Fyrirsögn orðist svo: *Virkur eignarhlutur.*
6. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Framkvæmdastjóri hlutafélags, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal auk þess uppfylla hæfisskilyrði laga um hlutafélög, hafa óflekkað mannorð, hafa aldrei verið sviptur forræði á búi sínu og hafa til að bera víðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar.
7. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „markaði með verðbréf“ í 2. tölul. komi: skipulegum verðbréfamarkaði.
   b. Í stað orðanna „markaði með verðbréf“ í 3. tölul. komi: skipulegum verðbréfamarkaði.
   c. Orðin „og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan“ í 3. tölul. falli brott.
   d. Í stað orðsins „mörkuðum“ í 4. tölul. komi: skipulegum verðbréfamörkuðum.
8. Við 13. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
   a. Í stað orðanna „þessari grein“ í 1. málsl. komi: 1. mgr.
   b. 3. málsl. falli brott.
9. Við 14. gr. Við 3. og 4. tölul. bætist: og heimild hafa til að veita þjónustu hér á landi.
10. Við 15. gr. Í stað orðanna „sex mánuðum“ í 3. mgr. komi: þremur mánuðum.
11. Við 17. gr. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en stjórn kauphallar samþykkir fyrir sitt leyti reglur um opinbera skráningu verðbréfa skal hún leita umsagnar um þær hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.
12. Við 18. gr.
   a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tilkynna skal um slíka tímabundna stöðvun til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
   b. 4. mgr. falli brott.
13. Við 19. gr.
   a. Í stað tölunnar „33⅓%“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: 50%.
   b. Í stað orðanna „hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: stjórna félaginu.
   c. Í stað orðsins „félag“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: hlutafélag sem stofnað er og skrásett á Íslandi og.

14. Við 20. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Þegar tilboð um yfirtöku á hlutum er sett fram er skylt að semja og gera opinbert tilboðsyfirlit þar sem fram koma allar upplýsingar um tilboðsgjafa. Þar skal koma fram til hvaða hlutabréfaflokka tilboðið tekur, fjárhagsatriði þess, svo sem upplýsingar um grundvöll fyrir því verði sem boðið er, greiðsluskilmála og hvort greiða eigi með öðrum verðbréfum, lágmark og hámark þess hlutafjár sem tilboðið tekur til. Auk þess skulu koma fram önnur skilyrði sem það er háð, þar með talinn sá frestur sem veittur er til þess að samþykkja tilboðið og áhrif yfirtökunnar á framtíðarstarfsemi félagsins, auk annarra upplýsinga sem telja má að séu nauðsynlegar svo að hluthafar geti fengið nægilega yfirsýn yfir tilboðið. Frestur til að taka tilboði má ekki vera styttri en fjórar vikur og ekki lengri en tíu vikur.
    b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
    Taki tilboð sem skylt er að gera skv. 19. gr. ekki til allra hlutabréfa í félagi eða hluthafar bjóðast til að selja tilboðsgjafa meira af hlutafjáreign sinni en tilboð hans nær til skal gæta jafnræðis pro rata gagnvart hluthöfum.
    c. Í stað orðanna „og hvernig birtingu þess skuli háttað“ í 3. mgr. komi: birtingu þess, hvernig því hafi lokið, með hvaða hætti unnt er að afturkalla tilboðið og hvernig skuli fara með tilboð sem ætlað er að keppa við yfirtökutilboðið.
15. Við 30. gr.
    a. Í stað orðanna „10 milljónum króna“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: 32,5 milljónum króna.
    b. Í stað orðanna „30 milljónum króna“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: 65 milljónum króna.
16. Við 31. gr. Í stað orðanna „skilyrði til skráningar verðbréfa eru vægari en þegar um er að ræða opinbera skráningu í kauphöll“ í 1. mgr. komi: viðskipti fara fram með verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll.
17. Við 34. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Óheimilt er að gefa til kynna að verðbréfamarkaður sé skipulagður vegna viðskipta með eða tilboða í verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, svo sem með því að birta skipulega upplýsingar um viðskiptin með sama hætti og kauphöll og skipulegur tilboðsmarkaður gera eða á nokkurn þann hátt að hætta skapist á ruglingi við slíka starfsemi.
18. Við 36. gr. Í stað orðanna „ekki eðlileg, traust eða heilbrigð“ í 1. mgr. komi: óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust.
19. Við 41. gr. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.

965. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson deildarstjóra frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Verðbréfaþingi Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verslunarráði Íslands.

Frumvarpið er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti til samræmis við orðalag framangreinds frumvarps.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 5. mars 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Pétur H. Blöndal.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

966. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um verslunaratvinnu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson og Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kaupmannasamtökunum og Verslunarráði.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildstæð löggjöf um verslunaratvinnu hér á landi og eru í því skyni felld úr gildi ýmis sérlög um verslun. Frumvarpið felur í sér þá meginbreytingu að ekki verður framar krafist sérstakra verslunarleyfa af þeim sem vilja stunda verslun, svo sem smásölu, heildsölu og umboðssölu. Þeir sem uppfylla skilyrði frumvarpsins og ákvæði gildandi laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, eftir því sem við getur átt, hafa því rétt til að stunda verslunaratvinnu, en í þeim lögum eru ítarleg skilyrði um skráningu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting að 3. mgr. 4. gr. verði felld brott og flutt í V. kafla frumvarpsins og verði þar 4. mgr. 12. gr. eftir frekari breytingar á frumvarpinu. Í V. kafla er sérstaklega fjallað um sölu notaðra ökutækja eins og í 3. mgr. 4. gr. og því þykir ákvæðið réttilega eiga heima í þeim kafla.
2. Lagðar eru til tvær breytingar á 5. gr. sem fjallar m.a. um skyldu þess að á fastri starfsstöð skuli vera nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem hefur skráð verslunarrekstur. Þá segir í greininni að á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum þess sem skráð hefur verslun skuli greina heiti verslunar og í lokamálslið greinarinnar er kveðið á um þetta taki einnig til verslunar með fjarskiptatækni (fjarsölu). Annars vegar er lögð til sú breyting á greininni hvað snertir fjarsölu að framangreind krafa geti einungis átt við ef því verður við komið. Hins vegar er lagt til að 8. gr. verði

umorðuð og gerð að síðari málsgrein 5. gr., en í 8. gr. er kveðið á um skyldu þess sem stundar farandsölu til að afhenda kaupanda nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem skráð hefur verslunarrekstur.

3. Lögð er til sú breyting á 7. gr. að samþykktir sveitarstjórna gildi um réttindi og skyldur þeirra sem stunda farandsölu hvort sem hún er stunduð í atvinnuskyni eða ekki. Ekki þykir rétt að útiloka að slíkar samþykktir sveitastjórna geti tekið til farandsölu sem ekki er stunduð í atvinnuskyni, einkum ef slík farandsala kemur í veg fyrir að unnt sé að halda uppi reglulegri verslun með ákveðnar vörutegundir.
4. Lagt er til að kaflanúmer og kaflaheiti III. kafla um smásöluverslun utan fastrar starfsstöðvar eða farandsölu falli brott og II. og III. kafli verði þannig sameinaðir.
5. Lögð er til orðalagsbreyting á 12. gr. (er verði 11. gr).
6. Lögð er til sú breyting á 13. gr. (er verði 12. gr.) að við bætist ný málsgrein, sbr. 1. lið hér að framan. Eðlilegra þykir að ákvæði um hæfisskilyrði þeirra sem stunda sölu notaðra ökutækja sé í þessari grein. Auk þess er lögð til orðalagsbreyting þannig að kveðið verði skýrt á um að á hverri fastri starfsstöð þar sem sala notaðra ökutækja fer fram skuli framkvæmdastjóri eða yfirmaður starfseminnar fullnægja öllum skilyrðum 1.–6. tölul. 1. mgr. 13. gr. Mikilvægt er talið að aðili, sem sótt hefur námskeið, sbr. ákvæði 6. tölul., og lokið þar prófi, starfi og beri ábyrgð á þeirri starfsemi sem fram fer á hinni föstu starfsstöð. Þegar rekin er starfsemi í formi hlutafélags eða einkahlutafélags á fleiri en einni starfsstöð (útibú) þykir eðlilegt að líta svo á að nægjanlegt sé að framkvæmdastjóri slíks félags hafi fullgilt leyfi og fullnægi kröfum skv. 6. tölul., enda er starfsemin rekin að öllu leyti undir umsjón hans og á ábyrgð félagsins.
7. Lagt er til að lokamálsliður 2. mgr. 14. gr. (er verði 13. gr.) falli brott þar sem sambærilegt ákvæði um hæfisskilyrði framkvæmdastjóra fyrirtækis eða yfirmanns stofnunar er þegar að finna í lokamálsgrein 12. gr. eftir breytingu sem gerð verður á þeirri grein, sbr. 1. lið hér að framan.
8. Lögð er til breyting á 21. gr. (er verði 20. gr.). Ákvæði 3. mgr. er fellt brott en þar er kveðið á um að sveitarstjórn sé heimilt að setja nánari reglur en getið er um í greininni um frjálst uppboðshald á grundvelli laganna. Ekki verður séð að þörf sé á slíku ákvæði þar sem ákvæði greinarinnar eru skýr. Með slíku ákvæði gæti skapast hætta á að þrengt yrði að frjálsum uppboðum sem virðist ganga gegn markmiðum frumvarpsins.
9. Lagt er til að VII. kafli frumvarpsins um samþykktir um lokunartíma sölubúða verði felldur brott. Með því verður afgreiðslutími verslana gefinn frjáls, en athuga ber að sérákvæði gilda um opnunartíma á helgidögum samkvæmt lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997.
10. Loks er lagt til að gildistöku frumvarpsins verði breytt og hún miðist við 1. janúar 1999.

Alþingi, 5. mars 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

967. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til l. um verslunaratvinnu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. 3. mgr. falli brott.
2. Við 5. gr.
   a. Við lokamálslið bætist: að svo miklu leyti sem því verður við komið.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ef kaupandi óskar þess er hverjum þeim sem stundar farandsölu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim skylt að afhenda kaupanda nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem skráð hefur verslunarrekstur.
3. Við 7. gr. Við greinina bætist: hvort sem hún er stunduð í atvinnuskyni eða ekki.
4. Við 8. gr. Greinin falli brott.
5. Kaflanúmer og kaflaheiti III. kafla falli brott.
6. Við 12. gr. (er verði 11. gr.). Í stað orðanna „Lögin taka“ í 2. mgr. komi: Ákvæði þessa kafla taka.
7. Við 13. gr. (er verði 12. gr.). Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Verslun á grundvelli starfsleyfis skv. 1. mgr. skal rekin á fastri starfsstöð. Á fastri starfsstöð skal framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi fullnægja skilyrðum 1.–6. tölul. 1. mgr. 13. gr. Ákvæði 6. tölul. á þó ekki við um útibú hlutafélags eða einkahlutafélags sem hlotið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja.
8. Við 14. gr. (er verði 13. gr.).
   a. Lokamálsliður 2. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „skv. 20. gr.“ í 3. mgr. komi: skv. 19. gr.
9. Við 21. gr. (er verði 20. gr.). 3. mgr. falli brott.
10. VII. kafli falli brott.
11. Við 31. gr. (er verði 26. gr.). 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

968. Tillaga til þingsályktunar [568. mál]

um staðfestingu þriggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Tékklands og lýðveldisins Ungverjalands sem gerðir voru í Brussel 16. desember 1997.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á þremur viðbótarsamningum við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Tékklands og lýðveldisins Ungverjalands sem gerðir voru í Brussel 16. desember 1997. Viðbótarsamningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með tillögu þessari.

Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir helstu efnisatriðum viðbótarsamninganna, sem eru samhljóða, ásamt aðdraganda þeirra og þýðingu.

Helstu efnisatriði.

Samkvæmt 1. gr. viðbótarsamninganna skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins bjóða ríkisstjórnum ríkjanna þriggja að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum þegar viðbótarsamningarnir hafa öðlast gildi. Kveðið er á um að hvert ríki verði aðili að Norður-Atlantshafssamningnum þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkjanna aðildarskjal sitt skv. 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins.

Í 2. gr. viðbótarsamninganna er kveðið á um að þeir öðlist gildi þegar allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkjanna um samþykki sitt á þeim. Ríkisstjórn Bandaríkjanna er sem vörsluaðila viðbótarsamninganna gert að tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök tilkynning um samþykki, svo og hvenær viðbótarsamningarnir öðlast gildi.

Í 3. gr. kemur fram að viðbótarsamningarnir, sem gerðir eru á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skuli varðveittir í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkjanna.

Aðdragandi og þýðing.

Í 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington D.C. 4. apríl 1949, segir m.a. að aðilar geti samþykkt samhljóða að bjóða öðrum ríkjum í Evrópu aðild að samningnum, enda stuðli það að framgangi meginreglna hans og eflingu öryggis á gildissvæði hans. Á grundvelli þessa ákvæðis var Grikklandi og Tyrklandi veitt aðild að samningnum árið 1951, Sambandslýðveldinu Þýskalandi árið 1954 og Spáni árið 1982.

Í kjölfar þeirra miklu breytinga, sem áttu sér stað í evrópskum öryggismálum með upplausn Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsins og sameiningar Þýskalands, hófst hröð aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttum aðstæðum og fjölþættari viðfangsefnum. Bandalagið stofnaði m.a. Norður-Atlantshafssamstarfsráðið (NACC) og Friðarsamstarfið (PfP) sem fljótlega leiddi til víðtæks samstarfs við Evrópuríki utan bandalagsins. Þessi þróun varð til þess að stjórnvöld í tólf ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu lýstu á næstu árum yfir vilja til að fá aðild að bandalaginu.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel árið 1994 var áréttað að bandalagið stæði opið nýjum aðildarríkjum. Í kjölfar þess gerði bandalagið úttekt á forsendum og markmiðum hugsanlegrar fjölgunar aðildarríkja og var hún samþykkt árið 1995. Um svipað leyti hófu fulltrúar bandalagsins viðræður við stjórnvöld í svonefndum umsóknarríkjum til að meta pólitískar og hernaðarlegar aðstæður í einstökum ríkjum á grundvelli framangreindrar úttektar.

Af hálfu Atlantshafsbandalagsins hefur ávallt verið lögð áhersla á að fyrirhuguð stækkun leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu og komi til með að styrkja enn frekar þá lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í ríkjunum þremur. Bandalagið hefur jafnframt ítrekað að stækkunin sé eingöngu einn liður í margþættri viðleitni þess til að stuðla að auknum stöðugleika og öryggi í Evrópu. Í samræmi við það var ákveðið á vormánuðum 1997 að efla Friðarsamstarfið og stofna Evró-Atlantshafssamvinnuráðið (EAPC) sem kom í stað Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins. Stofnsáttmáli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands var undirritaður og þar með lagður grunnur að Samstarfsráði bandalagsins og Rússlands (PJC).

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Madríd 8. og 9. júlí 1997 var ákveðið að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi að hefja aðildarviðræður við bandalagið. Jafnframt var ítrekað að bandalagið yrði áfram opið lýðræðisríkjum í Evrópu sem gætu stuðlað að fram-

kvæmd markmiða Norður-Atlantshafssamningsins óháð landfræðilegri legu. Hvað varðar önnur umsóknarríki var sérstaklega getið þróunar í átt til lýðræðis og réttarríkis í Rúmeníu og Slóveníu og árangurs í eflingu stöðugleika og samvinnu ríkja á Eystrasaltssvæðinu.

Þegar áðurnefnd ákvörðun var tekin í Madríd var jafnframt undirritaður Samstarfssáttmáli Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu og stofnuð Samstarfsnefnd bandalagsins og Úkraínu (NUC). Enn fremur var samþykkt að efla tvíhliða skoðanaskipti við ríki sem lýst hefðu áhuga á aðild að bandalaginu. Stjórnvöld í nokkrum þessara ríkja hafa síðan átt tvíhliða fundi með fastaráði bandalagsins eða fulltrúum alþjóðastarfsliðs höfuðstöðva þess til að ræða hvernig þau geti best undirbúið aðild að bandalaginu.

Aðildarviðræður fulltrúa Póllands, Tékklands og Ungverjalands við fulltrúa Atlantshafsbandalagsins fóru fram á haustmánuðum 1997. Lauk þeim með því að ríkisstjórnir ríkjanna þriggja óskuðu eftir aðild að Norður-Atlantshafssamningnum og hétu að virða þær skuldbindingar sem fylgdu aðild. Utanríkisráðherrar aðildarríkja bandalagsins undirrituðu svo viðbótarsamninga um aðild ríkjanna þriggja í Brussel 16. desember 1997.

Áður en viðbótarsamningarnir voru undirritaðir lét Atlantshafsbandalagið gera kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðrar fjölgunar aðildarríkja þess. Niðurstöður þessara áætlunar benda til þess að sameiginleg útgjöld bandalagsins muni aukast um u.þ.b. 1,5 milljarð Bandaríkjadala á næstu tíu árum og þar af fari um 1,3 milljarður til mannvirkjagerðar í nýju aðildarríkjunum. Ríkin þrjú munu sjálf þurfa að greiða kostnað við aðlögun eigin varna að samræmdu varnarkerfi bandalagsins og ekki er gert ráð fyrir að núverandi aðildarríki þurfi að breyta eigin varnaráætlunum eða auka útgjöld til varnarmála vegna fjölgunar aðildarríkja.

Fylgiskjal I.

VIÐBÓTARSAMNINGUR VIÐ NORÐUR-ATLANTSHAFSSAMNINGINN UM AÐILD LÝÐVELDISINS PÓLLANDS

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Pólland gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Póllands að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Pólland aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast í gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um samþykki sitt á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins frá því hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og frá því hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 16. desember 1997.

PROTOCOL TO THE NORTH ATLANTIC TREATY ON THE ACCESSION OF THE REPUBLIC OF POLAND

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Poland to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organization shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Poland an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Republic of Poland shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 16th day of December 1997.

Fylgiskjal II.

VIÐBÓTARSAMNINGUR VIÐ NORÐUR-ATLANTSHAFSSAMNINGINN UM AÐILD LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949 hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Tékkland gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Tékklands að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Tékkland aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um samþykki sitt á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 16. desember 1997.

PROTOCOL TO THE NORTH ATLANTIC TREATY ON THE ACCESSION OF THE CZECH REPUBLIC

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Czech Republic to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organization shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Czech Republic an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Czech Republic shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 16th day of December 1997.

Fylgiskjal III.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
VIÐ NORÐUR-ATLANTSHAFSSAMNINGINN
UM AÐILD LÝÐVELDISINS UNGVERJALANDS

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Ungverjaland gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins, fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Ungverjalands að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Ungverjaland aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um samþykki sitt á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 16. desember 1997.

PROTOCOL TO THE NORTH ATLANTIC TREATY ON THE ACCESSION OF THE REPUBLIC OF HUNGARY

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Hungary to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organization shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Hungary an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Republic of Hungary shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 16th day of December 1997.

969. Lög [166. mál]

um Örnefnastofnun Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 166.

970. Frumvarp til laga [287. mál]

um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.
Sveitarfélögin Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu og Reykjavík skulu sameinuð.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi og hafa ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

971. Þingsályktun [51. mál]

um takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að móta tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Tillögurnar liggi fyrir á haustþingi 1998.

972. Lög [176. mál]

um dómstóla.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 915 með þessari breytingu:

36. gr. hljóðar svo:
Við gildistöku þessara laga verða svofelldar breytingar á ákvæðum annarra laga:

1. Í 10. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, fellur brott orðið „Hæstaréttarritari“, en í stað þess kemur: Skrifstofustjóri Hæstaréttar.
2. Heiti laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, verður: Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

   Kaflanúmer og kaflafyrirsagnir í sömu lögum falla brott.

   Greinanúmer í sömu lögum breytast þannig að 10.–16. gr. verða 1.–7. gr.

   Í 1. gr. (áður 10. gr.) sömu laga fellur brott tilvísun í 12. gr., en í staðinn kemur: 3. gr.

   Í 2. mgr. 5. gr. (áður 2. mgr. 14. gr.) sömu laga falla brott orðin „skilyrðum 1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur: almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur.

   Í 3. mgr. 6. gr. (áður 3. mgr. 15. gr.) sömu laga falla brott orðin „ákvæði 1. og 3.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.“, en í staðinn kemur: sömu reglur og um sýslumenn að öðru leyti en um starfsreynslu.

   17.–20. gr. sömu laga falla brott.
3. Í 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með áorðnum breytingum, falla brott orðin „hann þá með samþykki forstöðumanns dómstólsins kvatt til tvo aðra héraðsdómara til setu í dómi“, en í stað þeirra kemur: dómstjóri þá ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu.

   Í 1. og 3. mgr. 155. gr. sömu laga falla brott orðin „hæstaréttarritari“ og „hæstaréttarritara“, en í staðinn koma í viðeigandi falli orðin: skrifstofa Hæstaréttar.
4. Í 1. mgr. 2. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með áorðnum breytingum, falla brott orðin „hann kveðji“, en í stað þeirra kemur: kvaddir verði.

   Í 3. mgr. sömu greinar falla brott orðin: „er dómara rétt, að fengnu samþykki forstöðumanns dómstólsins, að kveðja til héraðsdómara til setu í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni eða tvo héraðsdómara“, en í stað þeirra kemur: getur dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu eða tveir héraðsdómarar með einum sérfróðum meðdómsmanni.

   Í 2. mgr. 3. gr. sömu laga fellur brott orðið „hæstaréttarritara“, en í stað þess kemur: starfsmenn Hæstaréttar.

   Upphafsmálsliður 3. mgr. 155. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Synjað skal um útgáfu áfrýjunarstefnu ef hún telst ekki vera í réttu horfi. Í lokamálslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „hæstaréttarritara“.

   Í 1., 2. og 4. mgr. 155. gr., 3. mgr. 156. gr. og 1. mgr. 158. gr. sömu laga falla brott orðin „hæstaréttarritari“ og „hæstaréttarritara“, en í staðinn koma í viðeigandi falli orðin: skrifstofa Hæstaréttar.
5. 3. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, svo sem því ákvæði var breytt með 9. gr. laga nr. 150/1996, verður svohljóðandi: Hæstaréttardómarar, skrifstofustjóri Hæstaréttar og héraðsdómarar.

973. Vopnalög. [175. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 916 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gilda ekki um vopn, tæki og efni skv. 1. og 2. gr. sem eru í eigu Landhelgisgæslu, lögreglu, fangelsa eða erlendra lögreglumanna eða öryggisvarða sem starfa undir stjórn lögreglu. Ráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Ákvæði laganna gilda ekki um eftirgreind tæki og efni, en ráðherra getur sett um þau sérstakar reglur:

a. naglabyssur og skothamra sem ætluð eru til að nota í byggingariðnaði,
b. línubyssur og tilheyrandi skotfæri, merkjabyssur eða önnur slík skotvopn og skotelda sem eingöngu eru notaðir við björgunarstörf,
c. vopn og tæki sem eingöngu eru notuð við aflífun dýra í löggiltum sláturhúsum,
d. önnur tæki og efni sem valda óverulegri hættu samkvæmt ákvörðun ráðherra.

17. gr. hljóðar svo:

Félag sem hefur iðkun skotfimi að markmiði skal leita leyfis ríkislögreglustjóra. Áður en slíkt leyfi er gefið út skal ríkislögreglustjóri afla umsagnar lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slík leyfi.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um skotvopnaleyfi til einstaklinga til iðkunar skotfimi og um leyfi til skotfélaga til eignar á skotvopnum.

35. gr. hljóðar svo:

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað skal sá sem sviptur er leyfinu skila því til lögreglu ásamt þeim vopnum, efnum og tækjum sem hann hefur í vörslum sínum á grundvelli leyfisins.

Þegar ekki eru fyrir hendi skilyrði til eignaupptöku getur lögreglustjóri að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu ákveðið að selja greindan varning en að sex mánuðum liðnum ef um skotvopn er að ræða. Við sölumeðferð skal svo sem kostur er haft samráð við eiganda varningsins. Söluandvirði að frádregnum kostnaði skal renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri vopn, efni eða tæki svo lélegt og verðlaust eða verðlítið að ekki sé rétt að selja það og skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda.

974. Skýrsla [569. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 1997.

1. Inngangur.

Evrópuráðið, elsta evrópska fjölþjóðastofnunin, hefur tekið örum breytingum síðustu ár. Í því pólitíska tómarúmi sem myndaðist eftir lok kalda stríðsins varð Evrópuráðið sú stofnun sem sameinaði Vestur- og Austur-Evrópu, eftir rúmlega hálfrar aldar aðskilnað. Evrópuráðið gegnir nú m.a. því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í hinum nýfrjálsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með efnhagsaðstoð, lagaaðstoð, tækniaðstoð og kosningaeftirliti, svo dæmi séu nefnd. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört: árið 1989 voru þau 22 en eru nú fjörutíu talsins, og fer fjölgandi (Armenía, Aserbaidsjan, Bosnía og Hersegóvína, Georgía og Hvíta-Rússland hafa sótt um aðild). Pólitískt vægi ráðsins hefur þannig aukist verulega undanfarin ár, en íbúar aðildarríkjanna eru um 750 milljónir talsins.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði, og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt alþjóðasáttmála sem eru bindandi fyrir þau ríki sem undirrita þá. Ályktanir Evrópuráðsins og þeir bindandi alþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar sem Evrópuráðið hefur sett um ýmis svið þjóðlífsins, þar sem hæst ber að sjálfsögðu mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á fót lýðræði og réttarríki í landi sínu. En mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar alþjóðastofnanir og fjölþjóðasamtök. Sem dæmi um það má nefna að í Amsterdam-sáttmála Evrópusambandsins er að finna málsgrein þar sem undirritun mannréttindasáttmála Evrópu er gerð að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir inngöngu í ESB. Áhugi á störfum ráðsins fer einnig vaxandi og ber leiðtogafundur Evrópuráðsins í október sl. þess skýr merki. Þar var ráðinu gefin pólitísk vítamínsprauta til að efla starfsemi sína í mannréttinda-, félags-, efnahags-, menningar- og menntamálum, og laga sig að breyttum pólitískum aðstæðum.

Í upphafi yfirstandandi kjörtímabils voru eftirtaldir þingmenn skipaðir í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins til fjögurra ára, sem aðalmenn: Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Ragnar Grímsson varaformaður, Alþýðubandalagi, og Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, sem varamenn: Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Örn Haraldsson, Framsóknarflokki, og Hjálmar Jónsson, Sjálfstæðisflokki. Árið 1996 urðu þær breytingar á skipan Íslandsdeildarinnar að Ólafur Ragnar Grímsson lét af þingsetu og í hans stað var Margrét Frímannsdóttir tilnefnd til setu í Íslandsdeildinni sem varaformaður og aðalmaður. Ritari Íslandsdeildarinnar árið 1997 var Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari, en um mitt ár tók Auðunn Atlason alþjóðaritari við því starfi. Þá má nefna að Sveinn Björnsson sendiherra hefur verið skipaður fastafulltrúi við Evrópuráðið með fast aðsetur í Strassborg í stað Sveins Á. Björnssonar. Hann annast daglegan rekstur skrifstofu utanríkisráðuneytisins hjá Evrópuráðinu, ásamt Ester Helgadóttur ritara. Þeirra starf er mikill styrkur fyrir Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hvað varðar upplýsingaflæði og ýmiss konar aðstoð.

2. Þing Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi Evrópuráðsins enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 527 fulltrúar sem skiptast til helminga í aðal- og varamenn. Öfugt við ráðherraráðið, þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði, fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í þrettán þingnefndum sem hver hefur sitt málefnasvið. Þá starfa á þinginu samtals fimm flokkahópar, óháð þjóðerni. Þingið fundar fjórum sinnum á ári, í lok janúar, apríl, júní og september.

Mikilvægi þingsins felst einkum í því að það:

— á frumkvæði að aðgerðum og gerir beinar tillögur til ráðherraráðs,
— hefur eftirlit með efndum alþjóðlegra skuldbindinga og þrýstir á skjótar aðgerðir,
— er samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna fjörutíu og eflir þannig tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum eru skýrslur starfsnefnda ræddar og um þær ályktað. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherraráðsins sem um fjallar þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft mikilvægt frumkvæði að samningu alþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahags- og félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál, og eina evrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur- og Austur-Evrópu starfa saman

á jafnréttisgrundvelli. Þingfundir þar sem þingmenn starfa saman, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru því mikilvægir, ekki síst fyrir hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Það hefur stundum verið haft í flimtingum að þingmannasamkundur fjölþjóðasamtaka séu fjölmennir og óskilvirkir spjallklúbbar. Þessi staðhæfing á ekki við Evrópuráðsþingið. Vissulega eru þingmenn aðildarríkja mismunandi virkir í störfum þingsins, og einstaka jafnvel óvirkir. Sú staðreynd er hins vegar ekki galli heldur þvert á móti kostur fyrir lítið ríki eins og Ísland. Reynslan hefur sýnt að þær þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar enn skýrara ljósi á mikilvægi — og ekki síður möguleika — Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

3. Þingfundir Evrópuráðsþingsins 1997.

a. Fyrsti hluti þings Evrópuráðsins 1997.

Dagana 27.–31. janúar var fyrsti hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1997 haldinn í Strassborg í Frakklandi. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Margrét Frímannsdóttir varaformaður, Hjálmar Árnason og Ólafur Örn Haraldsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum þingsins og í þingflokkum.

Margvísleg málefni voru á dagskrá þingsins, þar á meðal ríkjaráðstefna ESB, efnahags- og myntbandalag ESB, öryggismál kjarnorkuvera í Mið- og Austur-Evrópu, Kýpurdeilan, ástandið í júgóslavneska sambandsríkinu, framkvæmd Dayton-samkomulagsins um frið í Bosníu og Hersegóvínu, lágmarksaldur til kjörgengis, auk þess sem fjallað var um framkvæmd Rússlands, Úkraínu og Eistlands á skuldbindingum sínum innan Evrópuráðsins.

Ýmsir gestir ávörpuðu þingið og sátu fyrir svörum, þeirra á meðal Jacques Santer, forseti framkvæmdastjórnar ESB, Tiit Vähi, forsætisráðherra Eistlands, Tarja Halonen, utanríkisráðherra Finnlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, og Javier Solana, framkvæmdastjóri NATO, en þetta var í fyrsta sinn sem framkvæmdastjóri NATO ávarpar Evrópuráðsþingið.

Á þinginu lét Lára Margrét Ragnarsdóttir af formennsku í fastanefnd þingsins um almannatengsl en var kjörin fyrsti varaformaður félags- og heilbrigðismálanefndar, sem er ein af stærstu nefndum þingsins.

Í umræðunum um Kýpurdeiluna talaði Lára Margrét Ragnarsdóttir fyrir hönd flokkahóps hægrimanna á þinginu. Lára Margrét lýsti furðu sinni á að samningaviðræður tyrkneska og gríska hlutans hefðu legið niðri árum saman og hvatti báða aðila til að setjast við samningaborðið að nýju með opnum huga. Báðir aðilar bæru að nokkru leyti ábyrgð á núverandi ástandi en ekki þyddi að horfa um of til fortíðar. Þá gat Lára Margrét sérstaklega þeirrar ákvörðunar Rússa að selja gríska hlutanum eldflaugar og sagðist vona að Rússar væru ekki með þessu að reyna að seilast til áhrifa á svæðinu.

Að loknu ávarpi Törju Halonen kom Hjálmar Árnason með fyrirspurn um verkaskiptingu fjölþjóðastofnana og sagði ástæðu til að taka á tvíverknaði stofnana á borð við Evrópuráðið, ÖSE, VES, NATO og Sameinuðu þjóðirnar, en verkefni þeirra skarast oft og tíðum. Hjálmar beindi þeirri spurningu til Halonen hvort hún hygðist í formennskutíð sinni beita sér fyrir endurskoðun þessarar verkaskiptingar. Halonen svaraði því til að erfitt væri að taka upp skýra verkaskiptingu stofnana þar sem aðildarríki væru ekki öll hin sömu. Hins vegar benti hún á samstarf NATO, ESB, ÖSE og Evrópuráðsins í málefnum Bosníu og Hersegóvínu þar sem þessar stofnanir hafa skipt með sér verkum við uppbyggingarstarf. Hjálmar lagði ásamt ís-

lensku sendinefndinni og þingmönnum fleiri þjóða fram drög að áskorun til ráðherranefndar Evrópuráðsins að taka þessi mál til athugunar og var þeim vísað til framkvæmdastjórnar þingsins.

Í umræðunni um framkvæmd Eistlands á skuldbindingum sínum innan Evrópuráðsins lagði Lára Margrét fram skriflega ræðu vegna skorts á ræðutíma. Þar lagði Lára Margrét ásamt fleirum til að eftirlitsnefnd Evrópuráðsins í Eistlandi yrði lögð yrði niður, enda hafi Eistland tekið gífurlegum framförum á skömmum tíma, m.a. staðfest mannréttindasáttmála Evrópu. Tillagan var samþykkt á þinginu.

b. Annar hluti þings Evrópuráðsins 1997.

Dagana 21.–25. apríl sl. var annar hluti Evrópuráðsþingsins árið 1997 haldinn í Strassborg. Þingið sóttu af hálfu Alþingis Margrét Frímannsdóttir, varaformaður Íslandsdeildarinnar, Hjálmar Árnason, Tómas Ingi Olrich og Ólafur Örn Haraldsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Á þinginu voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirfarandi efni: eflingu eftirlits með framkvæmd Evrópusamnings um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, framlag Evrópuráðsþingsins til leiðtogafundar Evrópuráðsins (sem haldinn var í október 1997), átök á Kákasussvæðinu, áhrif nýrrar samskipta- og upplýsingatækni á lýðræði, möguleika almennra borgara til pólitískrar þátttöku í fulltrúalýðræði, stöðu efnahagslegra umbóta í Mið- og Austur-Evrópu, skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins, innflutning á konum sem neyddar eru til vændis í aðildarríkjum Evrópuráðsins, framkvæmd Rúmeníu á skuldbindingum sem tengjast Evrópuráðsaðild, vernd og eflingu mannréttinda pólitískra flóttamanna og þeirra sem sækja um pólitískt hæli í Evrópu, stöðu mála í Albaníu og stefnu Evrópuríkja í flugsamgöngum.

Eftirfarandi aðilar ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum: Constantinos Stephanopoulos, forseti Grikklands, Daniel Tarschys, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Petar Stoyanov, forseti Búlgaríu, og Tarja Halonen, utanríkisráðherra Finnlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins. Til stóð að Niels Helveg Petersen, utanríkisráðherra Danmerkur og formaður ráðherraráðs ÖSE, ávarpaði þingið en hann forfallaðist og þótti það miður því mikil umræða hefur farið fram um að auka þurfi samvinnu Evrópuráðsins og ÖSE og endurskoða verkaskiptingu.

Tómas Ingi Olrich tók þátt í umræðunni um áhrif nýrrar samskipta- og upplýsingatækni á lýðræði fyrir hönd flokkahóps hægrimanna. Í máli sínu gagnrýndi Tómas Ingi neikvæða afstöðu í skýrslunni til þeirra möguleika sem þessi tækni býður upp á og taldi skýrsluhöfund leggja of mikla áherslu á að stýra þróuninni. Þá gagnrýndi hann einnig að í skýrslunni væri nýrri tækni á sviði upplýsingamála ætlað að leysa ýmis vandamál sem lýðræðisskipulagið ætti við að etja, sem hann sagði skýrsluna raunar einnig gera of mikið úr. Tómas Ingi sagði hina nýju tækni þó geta haft veruleg áhrif á ýmsum sviðum, t.d. í verslun og viðskiptum og jafnvel á samskipti kjósenda við umbjóðendur sína. Mikilvægustu verkefnin sagði Tómas Ingi vera aðlögun menntakerfisins að þessari tækni og að tryggja nægt framboð á samskiptaleiðum á borð við ljósleiðara til að flytja upplýsingar á milli staða. Vegna skorts á ræðutíma lagði Hjálmar Árnason fram skriflega ræðu um skýrsluna. Þar gagnrýnir Hjálmar jafnframt þann ótta við nýjungar sem hann segir skýrsluna endurspegla og áherslur á að setja reglur um meðferð umræddrar tækni og bendir á að þróun þessarar tækni fleygi fram með slíkum hraða að hvers kyns nákvæm löggjöf um meðferð hennar sé líkleg til að verða úrelt þegar á reyni. Hjálmar segir hlutverk stjórnvalda í þessu sambandi vera að tryggja aðgang almennings að þessari tækni og jafnvel enn fremur að stuðla að uppeldi ábyrgra einstaklinga í skólakerfinu,

einstaklinga sem hafi til að bera nægilegan lýðræðislegan þroska til að velja sjálfir og hafna í því flæði upplýsinga sem á þeim dynji.

Í umræðunni um leiðir almennra borgara til pólitískrar þátttöku í fulltrúalýðræðisskipulagi talaði Hjálmar Árnason fyrir hönd flokkahóps frjálslyndra. Í skýrslunni er mælt með þjóðaratkvæðagreiðslum til að stuðla að aukinni pólitískri þátttöku almennra borgara. Hjálmar lýsti sig sammála því sem kom fram í skýrslunni og lýsti áhyggjum sínum af minnkandi pólitískri þátttöku almennings, en sagði aðrar leiðir heillavænlegri til árangurs en þjóðaratkvæðagreiðslur. Hjálmar sagði nær að leggja áherslu á þátt skólakerfisins í hlutlægri fræðslu um samfélagsmál. Skólakerfið ætti í auknum mæli að gera nemendum kleift að fræðast og tjá skoðanir sínar á samfélagslegum málefnum, en þannig yrðu þeir hæfari en ella til pólitískrar þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

Þar sem upplýsinga- og samskiptatækni voru til umfjöllunar á Evrópuráðsþinginu að þessu sinni dreifði Íslandsdeildin á þinginu stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið sem nýlega hefur komið út á ensku og vakti skýrslan verulega athygli, einkum á fundi vísinda- og tækninefndar.

Þá var á þinginu kjörinn dómari fyrir hönd Rússlands í mannréttindadómstól Evrópu. Rússar hétu því að fullgilda mannréttindasáttmála Evrópu innan árs við inngöngu sína í Evrópuráðið í febrúar 1996, en hafa enn ekki fullgilt sáttmálann. Í ljósi þess lagði laganefnd Evrópuráðsþingsins til að kjöri rússnesks dómara í dómstólinn yrði frestað. Hins vegar reyndist ekki vera lagaleg heimild fyrir því að neita Rússlandi um dómara í dómstólinn á umræddum forsendum, auk þess sem fordæmi voru fyrir því að ríki fengju dómara við dómstólinn án þess að hafa fullgilt mannréttindasáttmálann.

c. Þriðji hluti þings Evrópuráðsins 1997.

Dagana 23.–27. júní sl. fór fram þriðji hluti þings Evrópuráðsins í Strassborg. Af hálfu Alþingis sóttu þingið þau Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður Íslandsdeildarinnar, Hjálmar Jónsson og Tómas Ingi Olrich, auk Auðuns Atlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Á þinginu voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirfarandi mál: vísinda- og tæknilegar hliðar hinnar nýju upplýsinga- og samskiptatækni, málefni þjóðflokks Arómana, staða flóttamanna í Kákasus, staða flóttamanna í Sovétríkjunum fyrrverandi, heilsufarsleg áhrif kjarnorkuslyssins í Chernobyl, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann, Evrópubankann (European Bank for Reconstruction and Development), baráttu gegn barnaþrælkun, framkvæmd Dayton-samkomulagsins um frið í Bosníu og Hersegóvínu, verklag mannréttindastofnana í Bosníu og Hersegóvínu og orkusamning Evrópu.

Eftirtaldir stjórnmála- og embættismenn ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum: Daniel Tarschys, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Wlodzimierz Cimoszewicz, forsætisráðherra Póllands, Jaques de Larosiére, bankastjóri Evrópubankans, Michel Hansenne, framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), Gret Haller, umboðsmaður mannréttindamála í Bosníu og Hersegóvínu, Robert Frowick, yfirmaður sendinefndar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) í Bosníu og Hersegóvínu og Niels Helveg Petersen, utanríkisráðherra Danmerkur og formaður ráðherraráðs ÖSE, sem forfallaðist á aprílþinginu en bætti úr því nú. Á hinn bóginn féll niður umræða með formanni ráðherraráðs Evrópuráðsins með litlum fyrirvara. Þótti þingmönnum það bagalegt, enda eru ýmis mál tengd leiðtogafundi Evrópuráðsins í október nk. óljós eða óafgreidd.

Í upphafi þingsins lagði Lára Margrét Ragnarsdóttir fram tillögu um að færa umræðu um áhrif Chernobyl-slyssins fram á þriðjudag, en sú umræða átti að fara fram á síðasta degi þingins. Lára Margrét benti á að of margir þingmenn væru farnir til síns heima á föstudögum

og sagði Chernobyl-slysið verðskulda meiri athygli en svo að vera síðasta mál á dagskrá. Tillagan var samþykkt með rúmum tveimur þriðju hlutum atkvæða.

Því næst fór fram umræða um skýrslu svissneska þingmannsins Claude Frey um vísinda- og tæknilegar hliðar hinnar nýju upplýsinga- og samskiptatækni. Tómas Ingi Olrich var talsmaður flokkahóps hægrimanna í umræðunni og fagnaði ágætri skýrslu. Hann lagði áherslu á nauðsyn þess að forgangsraða verkefnum tengdum hinni nýju tækni og sagði fernt mikilvægast: að auðvelda aðgang almennings að upplýsinga- og tölvutækni, að hlúa að menntun og þjálfun, að tryggja samhæfingu tölvukerfa og að auka frumrannsóknir. Hann varaði hins vegar við hugmyndum skýrsluhöfundar um að vilja stýra upplýsingabyltingunni með ríkisvaldi, enda væri kraftur byltingar jafnan falinn í hamsleysi hennar. Tómas Ingi benti á að minni samfélög gætu nýtt sér tæknina til þess að styrkja ímynd sína og sjálfsvitund, eins og raunin væri á Íslandi.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók þátt í umræðum um heilsufarsleg áhrif kjarnorkuslyssins í Chernobyl á öðrum degi þingsins. Hún fagnaði ákvörðun sjö helstu iðnríkjanna að veita umtalsvert fé til þess að loka Chernobyl-verinu. Jafnframt áminnti hún þingheim um að mikilvægt væri að aðstoða fórnarlömb slyssins og rannsaka áhrif þess til hlítar. Hún fagnaði því að nú loksins lægju fyrir óvefengjanlegar upplýsingar um skaðvænleg áhrif geislunar á heilsu manna og rifjaði upp að fyrir fjórum árum dró Alþjóðakjarnorkumálastofnunin í efa vísindalegar upplýsingar þessa efnis sem þá komu fram í skýrslu Láru Margrétar, en nú hefðu þær fengist endanlega staðfestar. Hún hvatti ráðherraráð Evrópuráðsins til þess að auka aðstoð sína við fórnarlömb slyssins og efla rannsóknir því tengdar. Samþykktar voru einróma breytingartillögur Láru Margrétar við ályktunardrög skýrslunnar þess efnis að samhæfa bæri aðgerðir hins alþjóðlega samfélags vegna Chernobyl-slyssins og að Evrópuráðið fylgdist áfram grannt með málinu.

Miðvikudaginn 25. júní fór fram umræða um starfsemi Evrópubankans. Hjálmar Jónsson benti í máli sínu á tengsl efnahagslegra framfara og mannréttinda og sagði hagsæld vera frumforsendu pólitísks stöðugleika og lýðræðis, eins og átökin í Albaníu hefðu sýnt — með öfugum formerkjum. Hjálmar hvatti til aukins samstarf Evrópuráðsins og Evrópubankans. Hann sagði rammalöggjöf í mismunandi málaflokkum vera einkar mikilvæga fyrir fjárfestingar og hagvöxt og nefndi orkusamning Evrópu sem dæmi um samstarfsmöguleika Evrópuráðsins og Evrópubankans. Hann fagnaði þátttöku bankans í verkefnum til að tryggja öryggi kjarnorkuvera í Evrópu og hvatti til aukinnar fjárfestingar í löndum Mið- og Austur-Evrópu í upplýsingatækni, samkeppnishæfni þessara landa til framdráttar.

Í umræðum um framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu lagði Lára Margrét Ragnarsdóttir áherslu á að þarlendum stjórnvöldum bæri að virða alla þætti þess, ella glataði friðarsamkomulagið trúverðugleika sínum. Hún sagði nokkra misbresti á þessu og nefndi takmarkað ferðafrelsi í Bosníu og Hersegóvínu til dæmis. Alkunna er að flóttamenn hafa ekki getað snúið til síns heima og að ákærðir stríðsglæpamenn hafa ekki verið handteknir. Sagði Lára Margrét þá staðreynd grafa undan friðarsamkomulaginu. Í því samhengi hvatti hún til áframhaldandi veru SFOR-liðsins í landinu. Þá gerði hún fjölmiðlafrelsi í Júgóslavíu að umtalsefni og sagði að ef satt væri að króatísk stjórnvöld hefðu misnotað ríkisfjölmiðla í nýafstöðnum forsetakosningum, eins eftirlitsmenn ÖSE staðhæfðu, væri það áhyggjuefni.

Tómas Ingi Olrich kynnti skýrslu sína um orkusamning Evrópu og ályktun á grundvelli hennar á þingfundi föstudaginn 27. júní, en orkusamningurinn gerir hinar pólitísku yfirlýsingar orkusáttmála Evrópu að lagalega bindandi skjali. Hann hvatti ríki Evrópuráðsins til þess að samþykkja samninginn hið fyrsta. Tómas sagði að samningurinn legði mikilvægan grunn að fjárfestingum í orkugeiranum, einkum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, og skapaði þannig

fjölmörg atvinnutækifæri. Hann lagði áherslu á umhverfisþátt samningsins sem hvetur til umhverfisvænnar og skilvirkrar orkuframleiðslu. Tómas gerði stöðu orkumála í Rússlandi að umtalsefni, en landið býr yfir miklum auðlindum en jafnframt skortir mikið á fjárfestingar vegna stjórnmálalegs óstöðuleika og framandi lagaumhverfis. Góður rómur var gerður að skýrslunni og var ályktun hennar samþykkt ásamt einni breytingartillögu.

d. Fjórði hluti þings Evrópuráðsins 1997.

Dagana 22.–26. september sl. fór fram fjórði hluti þings Evrópuráðsins í Strassborg. Af hálfu Alþingis sóttu þingið þau Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður Íslandsdeildarinnar, Margrét Frímannsdóttir varaformaður, Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Jónsson og Tómas Ingi Olrich, auk Auðuns Atlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Á þinginu voru ræddar skýrslur og ályktað um: skuldbindingar Tékklands á vettvangi Evrópuráðsins í lýðræðis- og mannréttindamálum, skuldbindingar Litháen á vettvangi Evrópuráðsins í lýðræðis- og mannréttindamálum, félagslegar afleiðingar refsivistar, bann við „klónun" fólks (viðauki við sáttmála Evrópuráðsins um líftækni og mannréttindi), stefnu Evrópuríkja í geimvísindum, skipulagningu ráðstefnu evrópskra þjóðþinga til eflingar lýðræði og baráttu gegn hryðjuverkum, ástand mála í Albaníu, jarðsprengjur og afleiðingar þeirra, stækkun Evrópuráðsins og áhrif hennar á fjárhag og stjórnsýslu ráðsins, vernd þjóðernisminnihluta, störf OECD, áhrif viðskiptabannsins á Kúbu (Helms-Burtons-laganna) á Evrópu, samstarf evrópskra þjóðþinga, jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og fræðslu um mannréttindi.

Á fyrsta degi þingsins var Terry Davis, þingmaður breska Verkamannaflokksins, kjörinn varaforseti Evrópuráðsþingsins í stað Anthonys Durant. Davis var einn í framboði til embættisins og sjálfkjörinn. Cornelio Sommaruga, forseti alþjóðanefndar Rauða krossins ávarpaði þingið og svaraði spurningum í umræðu um jarðsprengjur og afleiðingar þeirra en Rita Süssmuth, forseti þýska þingsins, sem átti að ávarpa þingið, boðaði forföll á síðustu stundu. Á öðrum degi þingsins var Hans-Christian Krüger, ritari mannréttindanefndar Evrópuráðsins, kjörinn aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópuráðsins í leynilegri kosningu. Hann hlaut 133 af 211 greiddum atkvæðum, en mótframbjóðandi hans, Svisslendingurinn Hans-Peter Fürrer, hlaut 74 atkvæði.

Á fyrsta degi þingsins voru lagðar fram tvær breytingartillögur við dagskrá. Lagt var til að framlag þingsins til leiðtogafundar Evrópuráðsins 10.–11. október yrði bætt á lista umræðuefna, auk umræðu um verndun einkalífs. Báðar breytingartillögurnar voru samþykktar og umræðunum fundinn staður í dagskránni. Síðar á fyrsta degi þingsins var, á grundvelli tveggja skýrslna, rætt ítarlega hvort og þá hvernig hinum nýju aðildarríkjum Evrópuráðsins, Tékklandi og Litháen, hefði tekist að uppfylla skuldbindingar sínar við Evrópuráðið um lýðræði og mannréttindi. Sú umræða er hluti af nýju verklagi Evrópuráðsþingsins að fylgjast nánar með aðildarríkjum sínum í sérstakri eftirlitsnefnd (Monitoring Committee) sem komið var á fót á árinu. Niðurstaða umræðunnar var sú að báðum ríkjum var hrósað fyrir stórstígar framfarir á síðustu árum, en þeim jafnframt bent á hvað betur mætti fara.

Í umræðum á öðrum degi þingsins um bann við einræktun eða „klónun" fólks lagði Lára Margrét Ragnarsdóttir áherslu á að klónun fólks bryti í bága við grundvallarmannréttindi. Hún sagði röksemdir um ótakmarkað frelsi vísindanna vera óviðeigandi í umræðu um klónun, hér væri of mikið í húfi til að slík rök væru gild og vísinda- og stjórnmálamenn gætu ekki og mættu ekki skorast undan sinni siðferðilegu ábyrgð. Lára Margrét sagði hugmyndina fráleita um að „dóttir sé jafnframt tvíburasystir móður" og sagði þessa tækni breyta framtíð mannkyns eins og við ímyndum okkur hana. Tillagan um bann við tilraunum við klónun fólks (sett fram sem viðauki við sáttmálann um líftækni og mannréttindi) var samþykkt með miklum meiri

hluta á þinginu. Jafnframt var skorað á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér fyrir algeru banni við klónun fólks meðal aðildarþjóða sinna.

Tillaga að stofnun sérstakrar jafnréttismálanefndar Evrópuráðsþingsins var töluvert til umræðu alla þingvikuna. Í umræðum um málið í flokkahópi hægrimanna lagði Hjálmar Jónsson áherslu á að jafnréttismál verðskulduðu sérstaka athygli þingsins og þar með sérstaka nefnd, en bætti við að sú athygli mætti ekki vera á kostnað annarra nefnda og annars starfs þingsins. Minntist Hjálmar í því sambandi á nefnd þingsins um almannatengsl, en hugmyndir voru uppi um að leggja hana niður til að geta stofnað jafnréttisnefnd. Mótmælti Hjálmar þeim hugmyndum harðlega og sagði hlutverki almannatengslanefndarinnar fráleitt lokið, enda 50 ára afmæli Evrópuráðsins fram undan.

Ólafur Örn Haraldsson tók til máls á síðasta degi þingsins þegar tillaga um stofnun jafnréttisnefndar var tekin fyrir. Ólafur benti á þá nöturlegu staðreynd að á meðal leiðtoga aðildarríkja Evrópuráðsins fjörutíu væri ekki ein einasta kona. Ólafur sagði jafnrétti kynjanna vera mannréttindamál sem Evrópuráðsþingið yrði að vinna að á sem skilvirkastan hátt til að ná raunverulegum árangri og stofnun sérstakrar fastanefndar um jafnréttismál væri besta leiðin til þess. Kosningum um málið var hins vegar frestað eftir að í ljós kom að ekki var nægilegur fjöldi þingmanna viðstaddur í salnum til að taka bindandi ákvörðun. Málið hefur verið sett á dagskrá á fyrsta degi þingfundar í lok janúar 1998.

Tómas Ingi Olrich fundaði með fulltrúum Orkusamtaka Evrópu vegna skýrslugerðar um evrópska orkustefnu. Hann hitti einnig formann landbúnaðarnefndar vegna skýrslu um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda sem unnið er að á vegum undirnefndar um fiskveiðar, en Tómas Ingi mun gefa álit sitt á þeirri skýrslu fyrir hönd vísinda- og tækninefndar. Á fundi landbúnaðarnefndar var Ólafur Örn Haraldsson kjörinn til setu í fiskveiðinefndinni.

Að þessu sinni var komið að Íslandi að bjóða til móttöku fyrir sendinefndir annarra Norðurlandaríkja, en samnorræn móttaka er árlegur viðburður og skiptast ríkin á hlutverki gestgjafa. Móttakan fór fram í veitingasal Evrópuráðsins, var vel sótt og að henni gerður góður rómur. Íslandsdeildin fundaði einnig með Sveini Björnssyni, sendiherra við Evrópuráðið. Þar gerði Sveinn grein fyrir lokayfirlýsingu og framkvæmdaáætlun leiðtogafundar Evrópuráðsins sem fram fór 10.–11. október. Þá fór Sveinn yfir helstu áherslur í starfi utanríkisráðuneytisins í Evrópuráðinu, en Ísland tekur við varaformennsku í ráðherraráðinu í nóvember 1998 og formennsku í maímánuði árið 1999. Íslandsdeildin var einhuga í því mati sínu að varaformennska og formennska Íslands í ráðherraráðinu kynni að opna sóknarfæri í starfi íslenskra þingmanna á Evrópuráðsþinginu. Fundurinn var afar gagnlegur og ákváðu fundarmenn að gera slíka upplýsingafundi að föstum lið í þingfundadagskrá Íslandsdeildar.

4. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndum breyttist frá fyrra ári að því leyti að Lára Margrét Ragnarsdóttir lét af formennsku í nefnd um almannatengsl þingsins og tók þess í stað við fyrsta varaformannsembætti í heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Þá tók Hjálmar Jónsson sæti í nefndinni um almannatengsl, en lét af setu í félags- og heilbrigðismálanefnd. Þá má nefna að Ólafur Örn Haraldsson tók á árinu sæti í fiskveiðinefnd þingsins sem er undirnefnd Landbúnaðarnefndar. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndastarfi skiptist því þannig:

Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Fastanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Stjórnmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
til vara:	Margrét Frímannsdóttir

Laganefnd:	Margrét Frímannsdóttir
til vara:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Efnahagsnefnd:	Margrét Frímannsdóttir
til vara:	Hjálmar Jónsson
Umhverfis-, skipulags- og sveitar stjórnarmálanefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
til vara:	Hjálmar Árnason
Þingskapanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Fjárlaganefnd:	Hjálmar Jónsson
Landbúnaðarnefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
til vara:	Hjálmar Jónsson
Vísinda- og tækninefnd:	Tómas Ingi Olrich
til vara:	Hjálmar Árnason
Mennta- og menningarmálanefnd:	Hjálmar Árnason
til vara:	Tómas Ingi Olrich
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins:	Tómas Ingi Olrich
Flóttamannanefnd:	Hjálmar Árnason
Nefnd um almannatengsl þingsins:	Hjálmar Jónsson.

b. Þátttaka í nefndafundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg, París eða í einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls tók Íslandsdeildin þátt í fimmtán slíkum fundum á árinu 1997, en það er einungis lítið brot þeirra funda sem Íslandsdeildin þyrfti að sækja til að gott væri. Með stækkun Evrópuráðsins hefur ráðið hlotið aukið vægi í samskiptum ríkja álfunnar og skortur á fjármagni til að sækja nefndafundi gerir þingmönnum erfitt um vik að fylgja einstökum málum eftir og hafa þau áhrif sem æskilegt væri. Jafnvel má segja að þessi þröngi og ósveigjanlegi fjárhagur hamli nú starfi Íslandsdeildarinnar, enda hafa þingmenn hikað við að taka að sér trúnaðarstörf, nátengd íslenskum hagsmunum, þar eð ekki er til fjármagn til að fylgja eftir góðum málum og því hugsanlega betur heima setið en af stað farið. Þessi staða er verðugt íhugunarefni, einkum fyrir smáþjóð sem á mikið undir öflugum alþjóðasamskiptum.

Þrátt fyrir þessar skorður má segja að nefndastarf Íslandsdeildar hafi verið kröftugt. Lára Margrét Ragnarsdóttir sótti fundi í stjórnmála-, allsherjar- og heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Hún skrifaði skýrslu um kosningaeftirlit Evrópuráðsþingsins í sveitarstjórnarkosningunum í Bosníu og Hersegóvínu helgina 13.–14. september, en ráðstefnan fjallaði um afleiðingar og aðgerðir gegn félagslegri einangrun. Þá var Láru Margréti boðið að ávarpa ráðstefnu um réttindi minnihlutahópa í Evrópu sem haldin var í Seimas, þingi Litháens, í byrjun desember en varð að afþakka það boð sakir anna.

Tómas Ingi Olrich kynnti á júníþinginu skýrslu sína á vegum vísinda- og tækninefndar um orkusamning Evrópu (Energy Charter Treaty). Var skýrslan og ályktun á henni byggð samþykkt einróma, eins og áður sagði. Á sama þingi var Tómasi falið, fyrir hönd vísinda- og tækninefndar, að skrifa skýrslu um sameiginlega orkustefnu Evrópu. Sú vinna er þegar hafin og var Tómas meðal fyrirlesara á ráðstefnu European Energy Foundation í Kiel í nóvember. Þá var Tómas á árinu útnefndur til þess að skila áliti fyrir hönd vísinda- og tækninefndar um skýrslu fiskveiðinefndar Evrópuráðsþingsins (undirnefndar landbúnaðarnefndar) um sjálfbæra nýtingu

sjávarauðlinda. Í því skyni var komið á fót vinnuhóp innlendra sérfræðinga sem aðstoða við álitsgerðina. Í vinnuhópnum sitja Arnór Halldórsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, Jóhann Sigurjónsson sendiherra og Ragnar Árnason prófessor. Tómas skilaði munnlegu áliti um skýrsludrög fiskveiðinefndarinnar í fundi hennar í Mónakó 3. október. Var ákveðið að taka tillit til þeirra athugasemda og endurskoða skýrsluna að verulegu leyti. Sú vinna stendur nú yfir og er búist við að skýrslan verði lögð fyrir þingið til samþykktar á þessu ári.

c. Annað starf Íslandsdeildar.

Á fundi stjórnmálanefndar á septemberþinginu var Lára Margrét Ragnarsdóttir útnefnd í kosningaeftirlitshóp Evrópuráðsþingsins við sveitastjórnarkosningarnar í Bosníu og Hersegóvínu sem fram fóru dagana 13.–14. september, eins og áður sagði. Kosningaeftirlitið var skipulegt af Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu en þingmenn á Evrópuráðsþinginu sinntu því af hálfu Evrópuráðsins. Lára Margrét sinnti eftirliti í höfuðborginni Sarajevó og í nágrenni hennar. Kosningarnar gengu í stórum dráttum eðlilega fyrir sig, en í skýrslu Láru Margrétar er þó bent á ýmsa annmarka eins og vatnsskort á kjörstað og önnur hagnýt vandamál sem nauðsynlegt er að bæta úr. Þá benti Lára Margrét á að ótækt væri að ÖSE hefði í raun „eftirlit með sjálfri sér", þ.e. að engin óháð stofnun dæmdi um hve vel ÖSE tækist framkvæmd kosningaeftirlits.

Fyrsti sjónvarpsfundur Evrópuráðsþingsins var haldinn í september í Reykjavík og Strassborg að frumkvæði Tómasar Inga Olrich. Tómas skrifaði forseta Evrópuþingsins bréf í upphafi ársins þar sem hann vakti athygli á dræmri þátttöku í nefndafundum sem fara fram utan þingfunda. Nefndi Tómas tvær ástæður þessa, peninga- og tímaleysi, og lagði til að kannað yrði hvort sjónvarpsfundir gætu bætt að nokkru úr þessu. Vel var tekið í hugmyndina og fór tilraunafundur fram í september. Þátttakendur í þeim fundi voru á Íslandi þeir Tómas og Hjálmar Árnason, en í Strassborg starfsmenn Evrópuráðsþingins. Fundurinn, sem einungis var tilraun en ekki formlegur fundur, gekk vel og sýndi að þátttaka þingmanna í fundum erlendis með þessari nýju samskiptatækni er möguleg. Þessi tilraun var einnig gagnleg að því leyti að upp komu ýmis tæknivandamál og aðrir örðugleikar sem leysa þarf ef vel á að vera. Á septemberþingi Evrópuráðsins var greint frá þessari tilraun, m.a. í vísinda- og tækninefnd og á fundi ritara fyrir þingið. Tilraunin vakti þó nokkra athygli, en eigi er að kynja að hugmyndin um sjónvarpsfundi veki upp blendnar tilfinningar á meðal þingmanna og starfsmanna þingsins. Yfirmaður tæknideildar Evrópuráðsþingsins, W. Sawicki, sendi í nóvember landsdeildum allra aðildarríkja bréf þar sem hann biður um áliti þeirra á því að Evrópuráðsþingið færi sér þessa nýju tækni í nyt.

5. Nýmæli á árinu.

a. Leiðtogafundur í október.

Það bar til tíðinda á árinu 1997 að annar leiðtogafundur Evrópuráðsins var haldinn í Strassborg dagana 10.–11. október, að frumkvæði Leni Fischer, forseta Evrópuráðsþingsins (fyrsti leiðtogafundur Evrópuráðsins var haldinn í Vínarborg árið 1993). Leiðtogar aðildarríkjanna fjörutíu komu saman til fundar í Strassborg, það á meðal Davíð Oddsson forsætisráðherra. Leiðtogafundurinn samdi um og samþykkti framkvæmdaáætlun og stefnuyfirlýsingu fyrir Evrópuráðið á nýrri öld, auk þess sem leiðtogarnir lýstu yfir staðföstum stuðningi sínum við grundvallarmarkmið Evrópuráðsins. Meðal þess helsta sem leiðtogafundurinn samþykkti var að stefna að því að koma á fót embætti umboðsmanns mannréttinda í Evrópu og sameina mannréttindanefnd Evrópu og mannréttindadómstólinn í einn dómstól, svo fátt eitt sé nefnt. Framkvæmdaáætlunin sem var samþykkt skiptist í fjóra hluta og snerist um lýðræði og mann-

réttindi, félagslega samleitni, öryggi borgara og lýðræðisleg gildi og menningarlega fjölbreytni. Evrópuráðsþingið fylgdist grannt með gangi mála á leiðtogafundinum og undirbúningi hans. Fulltrúar á þinginu lögðu einkum til að framkvæmdaáætlunin yrði gerð skarpari og meira bindandi fyrir aðildarríki. Þá gagnrýndi Evrópuráðsþingið hversu svifaseint ráðherraráðið hefur verið á stundum og hvatti til umbóta á því sviði sem og reglulegra funda ráðherraráðsins með Evrópusambandinu. Loks hvatti þingið leiðtogana til að gera félagsmálum jafn hátt undir höfði og mannréttindamálum, enda væru félagsleg réttindi órjúfanlegur hluti mannréttinda. Leiðtogafundurinn þótti takast vel og vakti heimsathygli, m.a. fyrir þær sakir að leiðtogar Rússlands, Frakklands og Þýskalands boðuðu nánara samstarf ríkjanna í alþjóðamálum (Moskva-París-Bonn-öxullinn).

b. Eftirlitsnefnd komið á fót.

Ný nefnd tók til starfa á árinu í Evrópuráðsþinginu, eftirlitsnefndin (Committee on the Honouring of obligations and commitments by member states of the Council of Europe, venjulega nefnd Monitoring Committee). Hún hélt sinn fyrsta fund þann 25. apríl og gegnir því mikilvæga hlutverki að fylgjast með framkvæmd aðildarríkja á skuldbindingum sínum samkvæmt sáttmálum Evrópuráðsins (einkum í mannréttindamálum). Nefndin hefur þegar átt viðræður við tólf ríki og eftirlit með tíu öðrum ríkjum er í bígerð. Áður sinntu þrjár nefndir Evrópuráðsþingsins þessu verkefni: stjórnmálanefnd, laganefnd og nefnd um samskipti við þriðju ríki. Alls 65 fulltrúar sitja í eftirlitsnefndinni, útnefndir af flokkahópum. Íslendingar eiga ekki sæti í nefndinni þar eð þátttaka í henni mundi útiloka annað nefndastarf viðkomandi fulltrúa. Komist nefndin og þingið að þeirri niðurstöðu að ríki standi ekki við skuldbindingar sínar getur það leitt til refsiaðgerða. Þingmenn geta misst þátttökurétt í þingfundum og síðar getur ráðherraráð tekið ákvörðun um útilokun frá starfi eða brottvikningu úr Evrópuráðinu. Búið er að skila skýrslum um Tékkland og Litháen og skýrslur um Rússland, Úkraínu, Króatíu, Slóvakíu og Tyrkland eru í deiglunni. Það þykir ljóður á eftirlitsaðferð nefndarinnar að eftirlitið (skýrslurnar) byggist á gögnum frá aðildarríkjunum sjálfum sem verið er að skoða. Engu síður þykir starf eftirlitsnefndarinnar hafa tekist vel.

6. Starfsárið fram undan.

Krefjandi verkefni eru fram undan á vettvangi Evrópuráðsþingsins. Hlutverk og vægi Evrópuráðsins hefur tekið stórstígum breytingum á undanförnum árum og aukist til muna. Það er því bæði áskorun og tækifæri að Ísland mun taka við formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins í maímánuði árið 1999 og varaformennsku næsta haust. Af því tilefni ritaði formaður Íslandsdeildar forsætis- og utanríkisráðherra bréf í desember 1997 þar sem vakin er athygli á tækifærum formennskutímans. Í bréfinu var aukinheldur hvatt til samstarfs utanríkisráðuneytis og Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins í því skyni að nýta formennskutímann sem best, hagsmunum Íslands til framdráttar. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur lýst sig reiðubúna til að koma að undirbúningi formennskutímans og að hugmyndavinnu í því sambandi, og þegar rætt það mál í eigin röðum. Undirtektir utanríkisráðuneytisins hafa verið einkar jákvæðar.

Segja má að Evrópuráðsþingið sé hugmyndabanki Evrópuráðsins. Reynslan sýnir að afar margar aðgerðir og samþykktir ráðherraráðs Evrópuráðsins eiga upptök sín á þinginu. Þar koma hugmyndir fram, þar er samið um útfærslu þeirra og kosið um tillögur. Öflugt starf innan Evrópuráðsþingsins í því skyni að hafa áhrif á störf og stefnu Evrópuráðsins er því

ómetanlegt með tilliti til þjóðarhagsmuna. Með öflugu starfi innan Evrópuráðsþingsins geta íslensk sjónarmið átt greiðan aðgang að mótun samevrópskrar stefnu og hugsanlegrar framtíðarlöggjafar í viðkomandi málaflokkum. Þau áhrif eru ómetanleg til langs tíma litið.

Alþingi, 10. mars 1998.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Margrét Frímannsdóttir, varaform.	Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Ólafur Örn Haraldsson.	Hjálmar Jónsson.

975. Skýrsla [570. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 1997.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brüssel-sáttmálanum árið 1948. Eftir stofnun NATO árið 1949 lá VES nánast í dvala í rúma fjóra áratugi, þar til sambandinu var falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu ESB, með Maastricht-sáttmálanum árið 1991. Síðan þá hefur VES eflst verulega og gegnir nú stóru hlutverki í öryggismálum Evrópu. Sambandinu er einkum ætlað að sinna tvenns konar verkefnum, að annast samræmingu á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB og jafnframt eru samtökin Evrópustoð NATO, þ.e. vettvangur evrópskra NATO-ríkja. Af þessum sökum er litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmálaarms ESB.

VES-þingið er þingmannasamkunda sambandsins. Sem fyrr var framtíð sambandsins sjálfs ofarlega á baugi í umræðum á þinginu, en fyrir ríkjaráðstefnu ESB sem lauk í júní sl., lá tillaga um innlimun VES í Evrópusambandið. Þeirri tillögu var hafnað á ríkjaráðstefnunni, einkum vegna harðrar andstöðu breskra, írskra og danskra stjórnvalda. Stofnanatengsl samtakanna tveggja voru engu síður styrkt. Staða auka- og áheyrnaraðila VES, staða samstarfsríkja Mið- og Austur-Evrópu með tilliti til fyrirhugaðrar stækkunnar NATO, sem og mögulegt samstarf VES við Rússland, voru auk þess á meðal helstu umræðuefna í VES-þinginu árið 1997.

2. Markmið og skipulag VES-þingsins.

VES-þingið var stofnað árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til þess að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Aðildarríki þingsins eru nú tíu talsins og eru þau jafnframt öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, Ísland, Noregur og Tyrkland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Loks hafa tíu ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES.

Aðild að VES þinginu eiga eftirfarandi ríki:

Aðildarríki: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland.

Aukaaðild: Ísland, Noregur og Tyrkland.

Áheyrnaraðild: Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð.

Samstarfsríki: Búlgaría, Eistland, Lettland, Litáen, Pólland, Rúmenía, Tékkland, Slóvakía, Ungverjaland og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, í júní og desember. Hlutverk þess er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðsins og beinir til þess fyrirspurnum. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Fastanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Varamenn í landsdeildum mega taka aðalsæti í nefndum. Á þinginu starfa auk fastanefnda forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Þá mega varamenn landsdeilda taka aðalsæti í nefndum en geta einungis sótt þingfundina sem áheyrnarfulltrúar. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið mikinn þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir hafa þó ekki full réttindi, ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum og geta ekki tekið þátt í kosningu framkvæmdastjórnar þingsins eða umfjöllun um ársskýrslu VES. Þeir hafa heldur ekki rétt til að tala sitt eigið tungumál á fundunum. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum, gera breytingartillögur og taka þátt í nefndastarfi á annan hátt. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum, þegar þær eru í mótun í nefndum. Aukaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

3. Stofnun Íslandsdeildar VES-þingsins.

Vegna aðildar Íslands að NATO stóð Alþingi lengi til boða að senda áheyrnarfulltrúa á fundi VES-þingsins. Alþingi þekktist boð VES-þingsins árið 1993, en árið áður hafði Ísland fengið aukaaðild að VES sem þó tók ekki formlega gildi fyrr en 6. mars árið 1995. Í umboði forsætisnefndar tilnefndu Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins og síðar Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins áheyrnarfulltrúa á desemberfund VES-þingsins árin 1994 og 1995. Í kjölfar þess að Ísland hlaut formlega aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu í mars 1995 samþykkti forsætisnefnd á fundi í maí 1995 að stofna Íslandsdeild VES-þingsins. Tilnefnd af þingflokkunum til setu í Íslandsdeildinni voru Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Össur Skarphéðinsson, Alþýðuflokki, og Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sem aðalmenn, og Kristján Pálsson og Guðmundur Hallvarðsson, Sjálfstæðisflokki, og Ásta R. Jóhannesdóttir, Þjóðvaka, sem varamenn. Á fyrsta fundi Íslandsdeildarinnar 8. júní 1995 var Lára Margrét Ragnarsdóttir kjörin formaður og Össur Skarphéðinsson varaformaður. Sú breyting varð árið 1997 að Ásta R. Jóhannesdóttir gekk til liðs við Alþýðuflokkinn í lok desember, en þingflokkar Þjóðvaka og Jafnaðarmanna sameinuðust á árinu. Þá tók Auðunn Atlason um mitt ár við starfi Gústafs Adolfs Skúlasonar sem ritari nefndarinnar.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir er sem hér segir:

Forsætis-, stjórnar- og stjórnmálanefnd	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Varamaður	Össur Skarphéðinsson
Varnarmálanefnd	Össur Skarphéðinsson
Varamaður	Kristján Pálsson
Nefnd um almannatengsl	Össur Skarphéðinsson
Tækni- og geimvísinda-, fjármála- og stjórnsýslu- og þingskapanefnd	Siv Friðleifsdóttir

4. Starfsemi á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegra þingfunda, í júní og desember, auk þess sem nefndir þingsins halda fundi nokkrum sinnum á ári utan þingfunda. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í þingfundunum í júní og desember, en hún hefur ekki hlotið fjárveitingu til að sækja nefndafundi utan þingfundanna og setur það starfi hennar afar þröngar skorður. Til dæmis gat Íslandsdeildin sakir fjárskorts ekki sótt fund stjórnmála- og varnarmálanefndar í ágúst þar sem fjallað var um öryggi á norðurslóðum og hlýtur að teljast bagalegt að rödd Íslands heyrðist ekki í þeim umræðum. Á vegum VES-þingsins eru til umræðu mikilvæg hagsmunamál jafnt Íslands sem Evrópu allrar í öryggis- og varnarmálum og því æskilegt að geta fylgst með þróun mála í nefndastarfinu og fylgt málum eftir, á milli þess sem þingið kemur saman á hálfs árs fresti.

a. I. hluti 43. fundar VES-þingsins.

Dagana 2.–5. júní sl. var haldinn I. hluti 43. fundar VES-þingsins í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Össur Skarphéðinsson, varaformaður Íslandsdeildarinnar, Siv Friðleifsdóttir og Kristján Pálsson, auk Elínar Flygenring, forstöðumanns alþjóðasviðs Alþingis.

Eftirfarandi gestir ávörpuðu þingið: José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Martti Ahtisaari, forseti Finnlands, og António Guterres, forsætisráðherra Portúgals. Til stóð að Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, og Emma Bonino, einn af framkvæmdastjórum Evrópusambandsins, mundu ávarpa þingið en þau boðuðu forföll vegna pólitískra átaka heima fyrir.

Á fundinum voru lagðar fram og ræddar skýrslur um eftirfarandi málefni:
Maastricht II: tillögur VES-þingsins um Evópusamvinnu í öryggis- og varnarmálum.
Öryggisvandamál samfara stækkun NATO og annarra evrópskra stofnana til austurs.
Framlag VES til eflingar friðar í Mið-Afríku.
Framkvæmdahlutverk VES.
Barátta gegn útbreiðslu jarðsprengna.
Evrópusamstarf um brynvagna.
Notkun gervitungla við náttúruamfarir.
Breytingar á starfsreglum sem heimila forseta þingsins setu á nefndafundum.
Samvinna þjóðþinga í Mið-Evrópu.
Skýrslur um fjárlög ársins 1997.

Í umræðum um stækkun NATO tók Össur Skarphéðinsson til máls og taldi að þetta ár yrði í minnum haft vegna mikilla breytinga á öryggismálum Evrópu. Stækkun NATO og Evrópusambandsins þyddi ekki einungis stórfellda breytingu á öryggismynstri Evrópu heldur einnig stækkun VES. Nú væri tækifæri til að ræða hvort ekki ætti að gera aukaðila eins og Ísland að fullgildum aðilum sambandsins. Draga mætti þær ályktanir af því hversu mikill áhugi væri á aðild að NATO að þjóðum í Mið- og Austur-Evrópu fyndist öryggi sínu enn ógnað af Rússlandi. Öll rök leiddu til þess að Eystrasaltsríkin þrjú ættu að verða á meðal þeirra fyrstu til að

fá inngöngu í NATO. Mikilvægt væri að efla stöðu þessara ríkja innan VES og veita þeim inngöngu í ESB. Það kæmi þó ekki í stað aðildar að NATO, sagði Össur. Össur talaði einnig í umræðum um jarðsprengjur og studdi tillögur um útrýmingu þeirra. Hann sagði jákvætt að Bretar hefðu skipt um skoðun eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum þar í landi.

Siv Friðleifsdóttir og Kristján Pálsson tóku til máls í umræðum um Maastricht II (ríkjaráðstefnu ESB) og tillögur VES-þingsins um öryggis- og varnarmál í því sambandi. Kristján lagði áherslu á framtíð VES og ræddi hvort innlima ætti stofnunina í ESB. Kristján sagði spurninguna vera hvort samvinna í öryggis- og varnarmálum mundi aukast eða minnka við þann samruna. Fyrir fyrrverandi austantjaldslönd væri VES afar mikilvægt og ætti að hjálpa þeim á leið að vestrænu frjálsræði. Það gæti dregið úr öryggi í Evrópu ef VES yrði hluti af ESB, sagði Kristján. Mikilvægt væri fyrir VES að einfalda skipulag stofnunarinnar því almenningur skildi ekki uppbyggingu hennar til hlítar. VES ætti að veita evrópsku NATO-ríkjunum fulla aðild og veita ætti áheyrnaraðilum og samstarfsríkjum aukaaðild því það mundi auka öryggi í Evrópu. Sjálfstæði VES væri afar mikilvægt í þessu tilliti og ætti stofnunin að hafa frumkvæði að því.

Siv Friðleifsdóttir lagði áherslu á mikilvægi þess að tryggja öryggi í Evrópu og taldi VES nauðsynlegt í því samhengi. Rétta leiðin væri hins vegar ekki að færa VES undir ESB. Hver yrði staða aukaaðila VES ef sameiginleg varnar- og öryggimálastefna væri eingöngu í höndum ESB í framtíðinni? Ellefu ESB-ríki hefðu ákveðið innan ramma NATO að öryggis- og varnarmál álfunnar ættu að þróast innan Atlantshafsbandalagsins. Á Íslandi væri litið jákvætt á samstarf Bandaríkjanna og Evrópu í varnarmálum og talið jákvætt að styrkja VES sem Evrópustoð NATO.

Allnokkur umræða varð um skýrsluna um Maastricht II og voru skiptar skoðanir á því hvort færa ætti VES undir Evrópusambandið. Þau ríki sem einkum lögðust gegn því voru ESB-ríkin Bretland og Írland ásamt aukaaðildarríkjunum að VES, Noregi, Íslandi og Tyrklandi. Í skýrslunni var rætt um þátttöku allra ríkja í VES — án tillits til hvers konar aðild um væri að ræða — að sameiginlegri utanríkisstefnu Evrópu. Þessum áhersluatriðum var hins vegar breytt í meðförum stjórnmálanefndarinnar og einungis talað um að ríki með fulla aðild að VES skuli móta stefnuna ásamt aðildarríkjum ESB. Þannig var skýrslan lögð fyrir þingið og samþykkt.

Auk hefðbundinna þingfunda sótti Íslandsdeildin fundi í málefnanefndum VES-þingsins, Össur Skarphéðinsson í stjórnmálanefnd, Kristján Pálsson í varnarmálanefnd og Siv Friðleifsdóttir í vísinda- og tækninefnd.

b. II. hluti 43. fundar VES-þingsins.

Dagana 1.–4. desember sl. var haldinn II. hluti 43. fundar VES-þingsins í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður Íslandsdeildarinnar, Siv Friðleifsdóttir og Kristján Pálsson, auk Auðuns Atlasonar ritara.

Eftirfarandi gestir ávörpuðu þingið: Klaus Kinkel, utanríkisráðherra Þýskalands og fráfarandi formaður ráðherraráðs Vestur-Evrópusambandsins, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Dimitri Simitris, forsætisráðherra Grikklands, en Grikkland tekur senn við formennsku í ráðherraráði VES og Javier Solana, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins.

Á þinginu voru lagðar fram og ræddar skýrslur um eftirfarandi málefni:
Hlutverk Evrópu í því að hindra átök á Balkanskaga.
Staða VES eftir Amsterdam-sáttmálann.
Hermálanefnd Vestur-Evrópusambandsins.
Staða afvopnunarmála (einkum fækkun kjarnorkuvopna).
Samstarf Evrópu við Bandaríkin um varnir með lang- og skammdrægum kjarnaflaugum.

Samvinna Evrópu í hergagnaiðnaði.
Stjórnmálaástand í Mið-Asíu og Kákasus og áhrif þess á evrópsk öryggismál.
Upplýsingabæklingur um VES.
Leiðtogafundur NATO í Madríd og þróun samskipta VES við ríki Mið- og Austur-Evrópu.
Skýrslur um fjárlög ársins 1997.

Á öðrum degi þingsins var breski þingmaðurinn Terry Davies kjörinn varaforseti VES-þingsins, en hann er jafnframt formaður flokkahóps sósíaldemókrata í þinginu. Þá var kosið í embætti skrifstofustjóra VES-þingsins, en ráðningartími Henry Burgelin, fráfarandi skrifstofustjóra, rennur út í júní 1998. Í framboði voru Colin Cameron, aðstoðarskrifstofustjóri VES-þingsins, Arnold Jacomet, yfirmaður stjórnmáladeildar VES í Brüssel, Roger Loutz, yfirmaður rekstrar- og fjárreiðudeildar VES-þingsins og tveir embættismenn úr stjórnkerfi Frakklands. Frambjóðendur kynntu sig og svöruðu spurningum í nefndum á fyrsta degi þingsins. Var kosið á milli þeirra. Bretinn Colin Cameron sigraði í þeirri kosningu með afgerandi meiri hluta atkvæða og tekur við starfinu um mitt ár 1998.

Miklar umræður spunnust á öðrum degi þingsins um stöðu VES eftir þær breytingar sem gerðar voru á Evrópusambandinu á leiðtogafundi þess í Amsterdam í júní sl., og áhrif þeirra breytinga á VES. Lára Margrét Ragnarsdóttir kvaddi sér hljóðs í þeim umræðum og fagnaði þeirri niðurstöðu í Amsterdam að VES hafi ekki verið innlimað í ESB, en tillaga þess efnis lá fyrir leiðtogafundinum. Lára Margrét sagði hins vegar greinilegt, að Evrópusambandið hefði styrkt umtalsvert stofnanir hinnar sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnu sinnar (CFSP). Ný skrifstofa yrði sett á laggirnar til að sinna þessum málaflokki sérstaklega og líkur væru á að aðgerðir ESB í utanríkis- og öryggismálum verði skilvirkari og skjótari í framtíðinni, með sveigjanlegri ákvarðanatöku (möguleika á jákvæðri hjásetu). Lára Margrét sagði þessar breytingar hafa bein áhrif á Vestur-Evrópusambandið, enda segir í Amsterdam-sáttmálanum að ESB geti fært sér VES í nyt til að framfylgja stefnu sinni í varnarmálum (grein J.7.3). Með styrkingu CFSP væri því líklegra að ESB mundi skipa VES fyrir verkum í auknum mæli, sagði Lára Margrét.

Lára Margrét benti á að VES væri hlekkurinn á milli ESB og NATO og ætti í tvíhliða samskiptum við báðar þessar stofnanir. Með styrkingu ESB raskaðist hins vegar þetta jafnvægi og því væri hætta á að samskipti VES og ESB yrðu einhliða, þ.e. að ESB hefði bæði tögl og hagldir í samskiptum sínum við VES. Yrði þessi raunin, sagði Lára Margrét, spryttu upp tvö vandamál. Annars vegar yrðu þau VES-ríki sem ekki eru í ESB (aukaaðilar, samstarfsríki) útilokuð frá raunverulegum áhrifum í samtökunum og hin samevrópski styrkur VES úr sögunni. Hins vegar mundu þau ESB-ríki sem fylgja hlutleysisstefnu og ekki eru í NATO og einungis áheyrnaraðildar í VES (Svíþjóð, Finnland, Austurríki, Írland) fá forræði yfir VES án þess að vera fullgildir aðilar að samtökunum. Lára Margrét hvatti því til styrkingar á VES í þeim tilgangi að tryggja sjálfstæði samtakanna, tryggja tengsl VES við NATO og koma í veg fyrir útilokun ríkja Mið- og Austur-Evrópu, sem og aukaaðildarríkjanna Íslands, Noregs og Tyrklands, frá ákvörðunum í VES.

Á lokadegi þingsins var til umræðu skýrsla spænska þingmannsins Martinez Casân um áhrif fyrirhugaðrar stækkunar Atlantshafsbandalagsins á samskipti VES við samstarfsríki sín í Mið- og Austur-Evrópu. Í ályktun byggðri á skýrslunni fólst m.a. áskorun til ráðherraráðs VES þess efnis að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi fulla aðild að samtökunum, líkt og NATO. Nokkra athygli vakti á þinginu að Eystrasaltslöndin voru ekki nefnd sérstaklega í ályktuninni sem verðandi aðildarríki, en hins vegar minnst sérstaklega á Búlgaríu, Slóvakíu, Slóveníu og Rúmeníu í því sambandi.

Kristján Pálsson tók þátt í umræðunum um skýrslu Casâns og benti m.a. á að styrkur VES fælist í því að innan samtakanna störfuðu ríki Vestur- og Austur-Evrópu að öryggismálum álfunnar. Þannig gegndi VES mikilvægu hlutverki fyrir stöðugleika í Evrópu, þar sem hinum nýfrjálsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hafi ekki enn verið veitt innganga í NATO eða Evrópusambandið. Kristján gerði viðkvæma stöðu Eystrasaltsríkjanna að umtalsefni og lýsti yfir stuðningi við breytingartillögu þess efnis að styðja bæri Eystrasaltsríkin í viðleitni þeirra við að tengjast evrópskum stofnunum. Þannig yrði komið í veg fyrir að VES-þingið sendi önnur skilaboð en ráðherrafundur NATO í sumar. Hann ítrekaði þá stefnu íslenskra stjórnvalda að þessi ríki þyrftu á stuðningi Vesturlanda að halda til að tryggja öryggi sitt. Að því lúta bæði söguleg og landfræðileg rök, sagði Kristján. Í því tilliti yrðu VES og NATO að vera samstíga. Fjölmargir aðrir ræðumenn studdu málstað Eystrasaltsríkjanna í þeim líflegu umræðum sem á eftir fóru og var áðurnefnd breytingartillaga samþykkt, án mótatkvæða.

Auk hefðbundinna þingfunda sótti Íslandsdeildin fundi í málefnanefndum VES-þingsins, Lára Margrét Ragnarsdóttir í stjórnmálanefnd, Kristján Pálsson í varnarmálanefnd og Siv Friðleifsdóttir í vísinda- og tæknínefnd.

5. VES og Amsterdamsáttmálinn.

Eftir rúmlega tveggja ára undirbúningsvinnu, 129 daga viðræður og tveggja sólarhringa linnulausa samningalotu lauk ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins með undirritun Amsterdamsáttmálans 17. júní. Eitt af helstu átakamálum ráðstefnunnar var hugmyndin um innlimun VES í ESB. Stjórnvöld í Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Belgíu, Lúxemborg og á Spáni lögðu fram sameiginlega tillögu þess efnis á vormánuðum. Tillagan gerði ráð fyrir innlimun VES í ESB í þremur skrefum. Í fyrsta skrefi yrðu starfsreglur ESB og VES samræmdar og sameiginleg varnarstefna skilgreind, í öðru skrefi mundi VES taka við skipunum frá ESB um hernaðaraðgerðir og í þriðja skrefi yrðu stofnanir VES felldar inn í stofnanakerfi Evrópusambandsins. Þessi tillaga var felld í Amsterdam. Ástæðan var einkum hörð andstaða danskra, írskra og breskra stjórnvalda, sem vilja að samstarf í utanríkis- og varnarmálum verði alfarið hefðbundið milliríkjasamstarf og hafna hugmyndum um yfirþjóðlegt eðli slíkrar samvinnu. Þessi ríki höfnuðu tillögunni, en samhljóða ákvarðanir þarf til í ráðherraráði ESB til að gera breytingar á grundvallarlögum sambandsins. Eigi að síður voru teknar ákvarðanir um hina sameiginlegu utanríkis- og varnarmálastefnu ESB (CFSP) í Amsterdam, sem snerta framtíð VES, bæði beint og óbeint. Breytingarnar sem voru gerðar á greinum um CFSP miða allar að styrkingu hinnar sameiginlegu utanríkisstefnu.

Í fyrsta lagi er fastar kveðið að orði um tengsl VES og ESB í Amsterdam-sáttmálanum, m.a. um að ESB geti „notfært sér VES“ til að framfylgja ákvörðunum í varnarmálum (grein J.7.3.). Þá eru hin svonefndu Petersberg-verkefni VES (mannúðaraðgerðir, friðargæsla, aðgerðir til að koma á friði, aðgerðir í brýnum háska) felld undir verkefnasvið CFSP. Það þýðir að ESB mun að öllum líkindum álykta í auknum mæli um mál sem hingað til hafa verið á starfssviði VES, og fela VES að framfylgja þeim ályktunum.

Í öðru lagi var ákveðið í Amsterdam að styrkja verulega stofnanaþátt hinnar sameiginlegu utanríkisstefnu. Komið verður á fót sérstakri skrifstofu CFSP sem mun undirbúa og útfæra sameiginlega stefnu ESB í utanríkis- og varnarmálum (Policy Planning and Early Warning Unit). Líklegt má telja að þessi styrking málefnalegs undirbúnings CFSP muni leiða til skýrari stefnu og samræmdari, en hingað til hefur brunnið við að CFSP sé einungis minnsti samnefnari stefnu aðildarríkjanna fimmtán.

Í þriðja lagi var bætt inn í Amsterdam-sáttmálann nýrri tegund ákvarðanatöku í utanríkismálum, svokallaðri „jákvæðu hjásetu“. Þessi aðferð kveður á um að einstök ríki geti setið hjá

við einstakar ákvarðanir. Þannig standa þau ekki að viðkomandi ákvörðun eða aðgerð, en skuldbinda sig jafnframt til þess að gera ekkert sem hindrar önnur ríki í að hrinda tiltekinni ákvörðun í framkvæmd. Á þennan hátt er mögulegt að koma í veg fyrir að ríki neyðist til að beita neitunarvaldi vilji þau ekki standa að ákvörðun (eins og t.d. hlutlausu ESB-ríkin). Eins er búist við að ákvarðanir verði teknar skjótar í framtíðinni, þar eð ekki er þörf á samhljóða ákvörðunum í öllum málum. Neitunarvald er þó enn fyrir hendi og er ákvörðun þá skotið til leiðtogaráðs ESB til einróma samþykktar.

Þessar breytingar munu ef að líkum lætur styrkja innviði hinnar sameiginlegu utanríkis- og varnarmálastefnu ESB. Að því gefnu að engar slíkar breytingar verði gerðar á stofnunum eða ákvörðunartökuferlum VES má álykta að styrking CFSP kunni að bitna á sjálfstæði VES þar eð áhrif ESB á starfsemi VES muni aukast enn frekar. Sterkari stefnumótun í utanríkis- og varnarmálum ESB þýðir óneitanlega veikara Vestur-Evrópusamband í samskiptum sambandanna tveggja. Þá má geta þess að í stefnuplaggi framkvæmdastjórnar ESB frá því í júlí — Agenda 2000 — er hernaðarleg styrking VES og nánari tengsl þess við ESB skilgreind sem eitt af meginverkefnum Evrópusambandsins á komandi árum.

Á hinn bóginn verður að teljast harla ólíklegt að af formlegri innlimun VES í ESB verði í nánustu framtíð. Slíkt krefst einróma samþykkis í ráðherraráðinu og auk þess mögulegra stjórnarskrárbreytinga í einstökum aðildarríkjum. Aukinheldur bendir fátt bendir til þess að Danmörk og Bretland breyti afstöðu sinni til VES í bráð, þótt óhætt sé að fullyrða að stuðningsmenn hugmyndarinnar um sameiningu VES og ESB hafi síður en svo lagt árar í bát.

VES mun því halda áfram að gegna sjálfstæðu hlutverki í öryggismálum Evrópu. Samtökunum er mikið í mun að treysta stöðu sína sem milliliðs á milli ESB og NATO og aðstoða ríki Mið- og Austur-Evrópu á leið sinni inn í hið evrópska öryggismálakerfi. Mikilvægt er fyrir íslenska hagsmuni að fylgjast grannt með þróun mála á vettvangi VES og taka þátt í mótun evrópskrar öryggisstefnu.

6. Framtíðarstarf VES.

Vestur-Evrópusambandið fagnar 50 ára afmæli sínu 17. mars næstkomandi, en Brüsselsáttmálinn var undirritaður þann dag árið 1948. Mikil gerjun á sér stað í öryggismálum Evrópu og umræða um aukið samstarf NATO og VES er stöðugt í gangi. Með aukinni Evrópusamvinnu má teljast líklegt að VES muni fá aukið hlutverk — í samvinnu við NATO — í vörnum álfunnar, og einkum hvað varðar björgunaraðgerðir og friðargæslu (Petersberg-verkefnin). Aðildin að NATO hefur nær allan lýðveldistímann verið kjarni íslenskra utanríkis- og varnarmála. Á þeim vettvangi hafa íslensk stjórnvöld ávallt lagt sitt af mörkum og fylgst vel með þróun mála. Á sama hátt ber Alþingi skylda til að vera virkt í starfi VES. Þannig er mögulegt að gæta hagsmuna Íslands í varnar- og öryggismálum, bæði austan hafs og vestan.

Alþingi, 12. mars 1998.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Össur Skarphéðinsson, varaform.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristján Pálsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.

976. Skýrsla [571. mál]

Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1997.

1. Inngangur.

Á árinu 1997 var öflug starfsemi innan Norður-Atlantshafsþingsins en um er að ræða tímamótaár í sögu Atlantshafsbandalagsins. Ákveðið var að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi til aðildarviðræðna og jafnframt voru gerðir tímamótasamningar um samstarf bandalagsins við Rússland og Úkraínu. Stækkun bandalagsins til austurs, málefni Bosníu og Hersegóvínu og samskiptin við Rússland og Úkraínu voru helstu málefnin á dagskrá þingsins á árinu. Hvað Íslandsdeildina varðar ber að geta sérstaklega árlegs fundar stjórnarnefndar, sem að þessu sinni var haldinn í Reykjavík og þótti takast mjög vel, en nánar er fjallað um hann síðar.

Atlantshafsbandalagið hefur brugðist við áskorunum sem það hefur staðið frammi fyrir á undanförnum árum af framsýni, en það býr yfir mætti sem aðrar fjölþjóðastofnanir í Evrópu skortir og hefur því mjög mikilvægu hlutverki að gegna í öryggismálum álfunnar. Ef bandalagið hefði verið lagt niður við endalok kalda stríðsins hefði skapast tómarúm í öryggismálum í Evrópu sem leitt hefði til frekari óstöðugleika í álfunni. Þess í stað hefur bandalagið unnið að því að auka sveigjanleika í herstjórnarskipulagi sínu, tekið að sér verkefni utan aðildarríkjanna sjálfra og komið á ýmiss konar samstarfi um öryggismál við Evrópuríki utan bandalagsins. Þar má nefna Evró-Atlantshafssamstarfsráðið og fyrrnefnda samninga við Rússland og Úkraínu, að ógleymdri fyrirhugaðri stækkun bandalagsins til austurs. Sem fyrr segir var þremur ríkjum boðið til aðildarviðræðna, en jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundarins í Madríd tekið fram að dyr bandalagsins stæðu áfram opnar og voru Rúmenía, Slóvenía og Eystrasaltsríkin þrjú sérstaklega nefnd í því sambandi. Loks virðist Evrópa þurfa jafnmikið á samvinnu við Bandaríkin á sviði varnar- og öryggismála að halda nú og við stofnun Atlantshafsbandalagsins fyrir 49 árum.

Norður-Atlantshafsþingið fékkst á árinu 1997 við mikilvægar spurningar sem bandalagið stendur frammi fyrir og mun sú umræða vafalaust halda áfram á árinu 1998. Í samstarfssamningi bandalagsins við Úkraínu og í stofnsáttmála Rússlands og bandalagsins er Norður-Atlantshafsþingið hvatt til að viðhalda góðum tengslum og efla enn samskiptin við þjóðþing viðkomandi ríkja. Þau eru bæði með aukaaðild að þinginu og sendinefndir þingsins hafa heimsótt ríkin reglulega á undanförnum árum. Var þessu sérstaklega fagnað á fundum þingsins enda hefur það átt mikinn þátt í bættum samskiptum við ríki Mið- og Austur-Evrópu að kalda stríðinu loknu. Þá hefur Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins að vanda lagt í málflutningi sínum ríka áherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur ítrekað minnt á að trúverðugleiki Atlantshafsbandalagsins liggur einmitt í samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á því á þessum umbreytingatímum sem hafa valdið óstöðugleika í álfunni og vakið miklar umræður um aukið samstarf og sjálfstæði Evrópu í öryggis- og varnarmálum.

2. Fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Eru tilnefndir í Íslandsdeildina þrír aðalmenn og þrír menn til vara. Í samræmi við starfsreglur Norður-Atlantshafsþingsins og ákvörðun þingflokka voru fulltrúar Alþingis sem hér segir árið 1997:

Aðalmenn: Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, formaður Íslandsdeildarinnar, Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, varaformaður Íslandsdeildarinnar, og Jón Baldvin Hannibalsson, Alþýðuflokki, en Guðmundur Árni Stefánsson, Alþýðuflokki, tók við sæti Jóns Baldvins fyrir ársfund þingsins í október.

Varamenn: Árni R. Árnason og Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, og Gunnlaugur M. Sigmundsson, Framsóknarflokki.

Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar.

Sólveig Pétursdóttir á sæti í stjórnarnefnd þingsins en varamaður hennar í nefndinni er Jón Kristjánsson. Annars er skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir þannig:

Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Jón Kristjánsson.
	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Félagsmálanefnd:	Einar Oddur Kristjánsson.
	Guðmundur Árni Stefánsson.
Efnahagsnefnd:	Árni R. Árnason.
Vísinda- og tækninefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Pétursdóttir var á ársfundi þingsins endurkjörin varaformaður undirnefndar stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja. Jón Kristjánsson á sæti í vinnuhóp varnar- og öryggismálanefndar um öryggismál á norðurslóðum. Árni R. Árnason á sæti í undirnefnd efnahagsnefndar um efnahagssamstarf og samhæfingu austurs og vesturs. Jón Baldvin Hannibalsson átti sæti í vísinda- og tækninefnd sem og sérstakri nefnd forseta Norður-Atlantshafsþingsins um málefni Balkanskaga.

3. Fundir sem Íslandsdeildin tók þátt í á árinu.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo allsherjarfundi árlega, svokallaðan vorfund og ársfund að hausti. Auk þess heldur stjórnarnefnd fund sérstaklega, ýmist í mars eða apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmála-, efnahags- og varnar- og öryggismálanefndirnar halda sameiginlegan fund. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur öryggis- og varnarmálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Loks voru haldnar fjórar Rose-Roth námsstefnur á árinu (sjá fskj. I, b-lið). Á árinu 1997 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum, heimsókn stjórnmálanefndar til Moskvu, fundi stjórnarnefndar, fundi undirnefndar stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja, og vor- og haustfundum þingsins.

Febrúarfundir.

Dagana 16.–17. febrúar voru haldnir svonefndir febrúarfundir Norður-Atlantshafsþingsins í Brussel. Um var að ræða fund með Norður-Atlantshafsráðinu og framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og sameiginlegan fund efnahags-, stjórnmála- og varnar- og öryggismálanefnda Norður-Atlantshafsþingsins. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sat Jón Kristjánsson varaformaður fundina. Helstu umræðuefni sameiginlegs fundar nefndanna þriggja voru fjölþætt

samstarf Evrópu og Norður-Ameríku, stækkun bandalagsins, samskiptin við Rússland og Úkraínu og hlutverk bandalagsins í Bosníu og Hersegóvínu. Fundinn á vörpuðu Sergio Balanzino og Norman Ray, aðstoðarframkvæmdastjórar Atlantshafsbandalagsins, Sir Leon Brittan, varaforseti framkvæmdastjórnar ESB, og Klaus Naumann hershöfðingi, formaður hermálanefndar bandalagsins. Aukaaðilar hafa ekki seturétt á þessum fundum. Mikilvægi þessara funda hefur aukist mjög á undanförnum árum þar sem þeir eru orðnir nánast eina tækifæri fulltrúa aðildarríkja bandalagsins til að ræða saman einir og sér.

Heimsókn stjórnmálanefndar til Moskvu.

Dagana 17.–18. mars heimsótti stjórnmálanefnd Norður-Atlantshafsþingsins Moskvu og átti þar fundi með fulltrúum Dúmunnar (neðri deildar rússneska þingsins), Sambandsráðsins (efri deildar), Alexander Avdeyev, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, og embættismönnum rússneska varnarmálaráðuneytisins. Af hálfu Íslandsdeildarinnar tók Sólveig Pétursdóttir, formaður, þátt í heimsókninni, ásamt með Gústafi Adolf Skúlasyni, ritara Íslandsdeildarinnar.

Meginefni fundanna var fyrirhuguð stækkun bandalagsins til austurs. Í stuttu máli má segja að allir þeir rússnesku stjórnmála- og embættismenn sem nefndin ræddi við hafi lýst eindreginni andstöðu við stækkun bandalagsins til austurs. Verulegur munur var þó á framsetningu og röksemdafærslu Rússanna þar sem sumir höfðu nánast í hótunum en aðrir létu sér nægja að vara við hugsanlegum neikvæðum afleiðingum stækkunar á rússnesk innanríkismál. Þannig hélt Alexander Avdeyev, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, því fram að helsta ógnun við öryggi Evrópu væri fólgin í ákveðinni tegund þjóðernishyggju og að baráttan gegn útbreiðslu hennar ætti að vera efst á dagskrá í öryggismálum. Því flækti það einungis stöðuna ef Atlantshafsbandalagið yrði stækkað til austurs, því það sannfærði rússnesku þjóðina um að bandalagið skilgreindi Rússland enn sem helsta ógnvaldinn við öryggi í Evrópu. Avdeyev viðurkenndi á hinn bóginn að Rússland hefði ekkert tilkall til neitunarvalds um þróun Atlantshafsbandalagsins, en áréttaði þó að Rússland hefði fullan rétt til að reyna að standa vörð um hagsmuni sína. Hann sagði samskipti Rússlands við bandalagið góð sem stendur en að ekki væri hægt að spá fyrir um hvernig þau þróuðust ef bandalagið færðist nær landamærum Rússlands. Einkum voru þó fulltrúir svonefnds „anti-NATO“ hóps rússneska þingsins ákveðnir í málflutningi sínum og vöruðu þeir við afleiðingum þess ef af stækkun bandalagsins til austurs yrði. Þess má geta að rúmur helmingur rússneska þingsins tilheyrir þessum þverpólitíska hóp, en hann hefur þó ekki reynst hafa mikil áhrif á mótun rússneskrar utanríkisstefnu. Norski þingmaðurinn Jan Petersen, formaður sendinefndarinnar, bað fulltrúa hópsins að hafa í huga að Atlantshafsbandalagið væri varnarbandalag sem aldrei hefði gert árás á annað ríki en hefði nú jafnframt tekið að sér friðargæslu, m.a. í samstarfi við Rússland. Þá væri með stækkun bandalagsins til austurs verið að bregðast við óskum sjálfstæðra ríkja um aðild að bandalaginu, en þau hlytu að hafa frelsi til að velja sjálf.

Fundur stjórnarnefndar.

Dagana 4.–6. apríl var fundur stjórnarnefndar haldinn í Reykjavík. Sólveig Pétursdóttir, formaður, og Jón Kristjánsson, varaformaður, sátu fundinn af hálfu Íslandsdeildarinnar, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara. Eitt meginefni fundarins var ráðning nýs framkvæmdastjóra samtakanna í kjölfar afsagnar Peters Corteriers í nóvember 1996. Rætt var um hvaða hæfniskröfur bæri að gera til umsækjenda, hvaða kjör ætti að bjóða og hvernig ætti að standa að auglýsingu og framkvæmd ráðningar. Loks var ákveðið að stefna að því að stjórnarnefnd hitti umsækjendur á vorfundi þingsins í lok maí. Í umræðum um fjármál þingsins greindi Simon Lunn, aðstoðarframkvæmdastjóri þess, frá því að nokkuð hefði verið farið fram úr fjárlögum

árið 1996 vegna starfslokasamnings sem gerður var við fráfarandi framkvæmdastjóra þingsins. Hins vegar væru komnar bráðabirgðaniðurstöður frá utanaðkomandi endurskoðendum þingsins og væru þær að öðru leyti jákvæðar, en öll fjármálastjórnun þess hefur verið í endurskoðun síðastliðið ár. Þýski þingmaðurinn Klaus Francke lagði til að skiladagur á skýrslum málefnanefnda yrði lengdur, þ.e. úr þremur vikum fyrir fund á upprunalegu tungumáli og tveimur fyrir þýðingu á ensku eða frönsku, í sex vikur og þrjár. Tillagan fékk misjafnar móttökur en sæst var á málamiðlunartillögu forseta þingsins, bandaríska öldungadeildarþingmannsins Williams V. Roth Jr., þar sem miðað er við fjórar vikur og þrjár, í stað þriggja og tveggja sem verið hafði.

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, ávarpaði fundinn og fjallaði hann m.a. um mikilvægi aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu fyrir Ísland í gegnum tíðina, varnarsamninginn við Bandaríkin, nálægð Norðurflota Rússlands, áherslu íslenskra stjórnvalda á mikilvægi tengslanna yfir Atlantshafið og virkrar þátttöku Bandaríkjanna í evrópskum öryggismálum, samúð íslenskra stjórnvalda með áhuga Eystrasaltsríkjanna á bandalagsaðild, og loks um fyrirhugaðar æfingar á viðbrögðum við náttúruhamförum sem fram fóru hér á landi í júlí undir merkjum Samstarfs í þágu friðar. Þá svaraði Halldór fyrirspurnum fundarmanna, m.a. um umhverfishættuna af hernaðarmannvirkjum Rússa í Barentshafi, aðgang erlendra fiskiskipa að íslenskum miðum og um þátttöku íslenskra lækna og hjúkrunarfólks í starfi fjölþjóðahersins í Bosníu og Hersegóvínu.

Roth kynnti hugmynd að skýrslu þar sem rannsakað yrði hlutverk bandalagsins á næstu öld, og mundu forseti, varaforsetar og nefndaformenn þingsins hafa umsjón með verkefninu en jafnframt ráða sérstakan starfsmann sér til aðstoðar. Hugmyndin var samþykkt og gert er ráð fyrir að skýrslan verði lögð fyrir ársfund þingsins í Edinborg í nóvember 1998. Þá minnti Simon Lunn á bréf þar sem hver landsdeild fyrir sig er beðin að lýsa hvernig þjóðþing aðildarríkja Atlantshafs-bandalagsins muni standa að stækkun bandalagsins, einkum að staðfestingu slíkrar stækkunar. Norður-Atlantshafsþingið hyggst halda til haga öllum upplýsingum um formlega meðferð slíkra mála á þjóðþingunum, sem og þróun umræðunnar innan þinganna um stækkunina. Loks var fjallað um stöðu Hvíta-Rússlands sem er með aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu. Í ljósi ólýðræðislegrar uppstokkunar á þingi landsins í nóvember 1996 var ákveðið að við svo búið mundi Norður-Atlantshafsþingið ekki viðurkenna sendinefndir þess. Aukaaðild Hvíta-Rússlands er því enn í gildi en sendinefndir þeirra fá ekki aðgang að fundum Norður-Atlantshafsþingsins fyrr en nýtt þing hefur komið saman í kjölfar lýðræðislegra kosninga þar í landi.

Í tengslum við fundinn hittu nefndarmenn einnig að máli Ólaf G. Einarsson, forseta Alþingis, Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, og Davíð Oddsson forsætisráðherra. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra ávarpaði fund nefndarinnar eins og áður segir.

Vorfundur.

Dagana 28. maí – 1. júní var vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins haldinn í Lúxemborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, formaður, Jón Kristjánsson, varaformaður, Jón Baldvin Hannibalsson og Árni Ragnar Árnason, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara deildarinnar.

Á fundinum bar hæst umræður um stækkun Atlantshafsbandalagsins til austurs, samskipti þess við Rússland og Úkraínu, og ástand mála í Bosníu og Hersegóvínu. Nýgerðum stofnsáttmála Atlantshafs-bandalagsins og Rússlands var fagnað, sem og eflingu Friðarsamstarfsins og þróun Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins í Evró-Atlantshafssamvinnuráðið. Í 28. grein stofnsáttmála Rússlands og Atlantshafsbandalagsins hvetja samningsaðilar til aukinna sam-

skipta og samvinnu Norður-Atlantshafsþingsins og rússneska sambandsþingsins. Þótti þetta draga fram mikilvægi Norður-Atlantshafsþingsins og var ákvæðinu fagnað mjög. Á fundi stjórnarnefndar var ákveðið að allar fimm málefnanefndir þingsins tækju upp tvíhliða samskipti við rússneska þingið, en fyrir er Rússland með aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu, málfrelsi og tillögurétt. Hins vegar voru skiptar skoðanir um stækkun bandalagsins til austurs, þar sem Rússar gagnrýndu allar fyrirætlanir um stækkun en aðra greindi á um hvaða ríkjum veita bæri aðild í svonefndri fyrstu lotu stækkunar. Svo virtist sem samstaða ríkti meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands, en jafnframt töluðu margir fyrir aðild Slóveníu. Þá mæltu jafnframt nokkrir með aðild Rúmeníu, en Frakkar sem einkum studdu aðild Rúmeníu að bandalaginu voru hins vegar fámennir á fundinum vegna þingkosninga sem fram fóru í Frakklandi 1. júní. Aðild Eystrasaltsríkjanna bar nokkrum sinnum á góma, einkum í máli Íslendinga, Norðmanna og tveggja Bandaríkjamanna, en ekki virtist vera almennur stuðningur við aðild þeirra að bandalaginu. Þá var á fundi stjórnarnefndar ráðinn nýr framkvæmdastjóri þingsins.

Að venju komu saman málefnanefndir þingsins auk stjórnarnefndar og sat Sólveig Pétursdóttir í stjórnarnefnd og stjórnmálanefnd, Jón Kristjánsson í öryggis- og varnarmálanefnd og félagsmálanefnd, Jón Baldvin Hannibalsson í stjórnmálanefnd og vísinda- og tækninefnd, og Árni Ragnar Árnason í efnahagsnefnd. Á fundum nefndanna voru ræddar skýrslur til afgreiðslu á næsta ársfundi þingsins í Búkarest í október. Þá ávörpuðu ýmsir góðir gestir fundi nefndanna.

Á fundi stjórnmálanefndar voru ræddar fjórar skýrslur sem á einn eða annan hátt snerust um stækkun bandalagsins, auk þess sem rædd var skýrsla um samvinnu ÖSE, Atlantshafsbandalagsins og annarra stofnana sem starfa að evrópskum öryggismálum. Jan Petersen, formaður nefndarinnar, bað nefndarmenn um að halda þinginu upplýstu um þróun mála í þjóðþingunum hvað varðar staðfestingu þeirra á væntanlegri stækkun bandalagsins, en Norður-Atlantshafsþingið hyggst halda til haga upplýsingum um það ferli. Hollendingurinn Marten Van Traa, framsögumaður almennrar skýrslu nefndarinnar um þróun bandalagsins og stækkun þess, kvaðst ekki gera ráð fyrir að Eystrasaltsríkin fengju inngöngu í bandalagið nú í svonefndri fyrstu lotu stækkunar, og sagði það setja ákveðnar skuldbindingar á herðar Evrópusambandinu og jafnvel Vestur-Evrópusambandinu um að hraða aðild þessara ríkja. Bandarískі repúblikaninn Gerald B. Solomon sagðist styðja aðild Rúmeníu og Slóveníu að bandalaginu og greindi frá frumvarpi sem hann hefur ásamt fleirum lagt fyrir fulltrúadeild Bandaríkjaþings, þar sem þingið fer fram á að m.a. Eystrasaltsríkjunum verði send skýr skilaboð um að bandalagið verði áfram opið eftir fyrstu lotu stækkunar. Fullyrti Solomon að það væri ríkjandi skoðun innan Bandaríkjaþings að veita ætti inngöngu öllum Evrópuríkjum sem óskuðu aðildar að bandalaginu og uppfylltu umrædd skilyrði. Hann hélt því fram að annað gæti styrkt svonefnda einangrunarsinna innan þingsins.

Á fundi öryggis- og varnarmálanefndar voru ræddar skýrslur um fjölþjóðaherinn í Bosníu og Hersegóvínu, innri aðlögun bandalagsins að breyttum verkefnum, stækkun bandalagsins, Friðarsamstarfið og um öryggismál í Norðurhöfum. Miklar umræður urðu um áframhaldandi veru bandarísks herliðs í Bosníu og Hersegóvínu, þar sem ýmsir urðu til að lýsa þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að Bandaríkin endurskoðuðu þá afstöðu sína að draga hersveitir sínar út úr Bosníu og Hersegóvínu um mitt ár 1998. Bandarísku þingmennirnir sögðu þeirri ákvörðun ekki verða haggað, en bentu þó á að þeir mundu áfram veita ýmiss konar tæknilega aðstoð við áframhaldandi veru fjölþjóðaherliðs á svæðinu. Þess má geta að í desember 1997 lýsti Clinton Bandaríkjaforseti yfir stefnubreytingu Bandaríkjanna í þessu efni. Bandarískі fulltrúadeildarþingmaðurinn Joel Hefley hvatti Rússa til að beita áhrifum sínum til að „hafa hemil á“

Serbum, en sagði Evrópu verða að taka aukna ábyrgð á málefnum Bosníu og Hersegóvínu, og urðu ýmsir til að taka undir þau orð. Hollenski þingmaðurinn Jan Hoekema hafði framsögu um skýrslu um öryggismál í Norðurhöfum, en þar er fjallað ítarlega um þá ógnun sem stafar af mengun frá kjarnorkuherafla Rússlands. Jón Kristjánsson vakti athygli á því að samkvæmt nýlegum rannsóknum mældist meiri geislavirk mengun á Norðurpólnum frá Sellafield en frá Rússlandi, og sagðist Hoekema mundu taka það til athugunar við endanlegan frágang skýrslunnar.

Á fundi vísinda- og tækninefndar voru ræddar skýrslur um útbreiðslu gereyðingarvopna, jarðsprengjur og svonefnd óbanvæn vopn og upplýsingastríð. Í efnahagsnefnd voru ræddar skýrslur um samkeppni í vopnaframleiðslu og breytta markaði, og um efnahagsmál Ungverjalands. Loks voru í félagsmálanefnd ræddar skýrslur um ástandið á Balkanskaga, stækkun bandalagsins og skipulagða glæpastarfsemi.

Forseti þingsins, bandarískí öldungadeildarþingmaðurinn William V. Roth Jr., hóf fund stjórnarnefndar á að þakka Íslandsdeildinni fyrir síðasta fund nefndarinnar, sem haldinn var í Reykjavík dagana 4.–6. apríl og þótti takast vel í alla staði. Þá greindi Roth frá því að hann mundi ávarpa leiðtogafund bandalagsins í Madríd í júlí, þar sem ákvörðun yrði tekin um hvaða ríkjum yrði boðið til aðildarviðræðna. Í tilefni af því hlutverki sem stofnsáttmáli Rússlands og bandalagsins felur Norður-Atlantshafsþinginu var ákveðið að allar fimm málefnanefndir þingsins skyldu taka upp tvíhliða samskipti við rússneska sambandsþingið, sem fyrr segir. Þá var ákveðið að ganga frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra, en stefnt hafði verið að því að ganga frá henni á ársfundinum í Búkarest í október. Færri hæfir umsækjendur reyndust hins vegar vera um starfið en reiknað hafði verið með og stóð valið á milli aðstoðarframkvæmdastjóra þingsins, Bretans Simons Lunn, og forstöðumanns alþjóðaskrifstofu þýska sambandsþingsins, Michaels Voss. Nokkrar deilur spunnust um málið þar sem Þjóðverjar töldu rétt að nefndin kynnti sér umsækjendurna betur en meiri hluti nefndarinnar, þar á meðal Sólveig Pétursdóttir, lýstu eindregnum vilja sínum til að ganga frá ráðningunni strax og varð það ofan á. Fyrir valinu varð Simon Lunn. Þá var kynnt ný skýrsla um innri fjármálastjórnun á skrifstofu þingsins, sem unnin var af fulltrúum Atlantshafsbandalagsins, þar sem lýst er ánægju með stöðu mála. Sir Geoffrey Johnson Smith, gjaldkeri þingsins, kynnti loks drög að fjárlögum fyrir árið 1998 þar sem framlög aðildarríkjanna eru óbreytt þriðja árið í röð, en þau voru rædd nánar á ársfundi þingsins í Búkarest í október.

Sunnudaginn 1. júní fór fram allsherjarþingfundur. Þar voru staðfestar breytingar á starfsreglum þingsins varðandi skilafrest á skýrslum, sem samþykktar höfðu verið af stjórnarnefnd í Reykjavík 5. apríl. Þá ávörpuðu eftirtaldir aðilar þingið: Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, Alex Bodry, varnarmálaráðherra Lúxemborgar, og George A. Joulwan, yfirhershöfðingi SACEUR (yfirherstjórnar bandalagsins í Evrópu). Þá fór fram umræða um Atlantshafsbandalagið eftir leiðtogafundinn í Madríd. Þar lýsti Roth þeirri persónulegu skoðun sinni að veita ætti a.m.k. Póllandi, Tékklandi, Ungverjalandi og Slóveníu aðild að bandalaginu. Þessi ríki hefðu náð lengst í þróun lýðræðis, mannréttinda og markaðsbúskapar, en hins vegar yrði að senda skýr skilaboð um að stækkun bandalagsins væri ferli sem héldi áfram, og þau skilaboð yrði að senda á trúverðugan hátt, t.d. með reglulegum viðræðum við Eystrasaltsríkin og önnur ríki sem ekki fengju aðild að sinni. Roth lagði jafnframt áherslu á að aðildarríki bandalagsins deildu með sér verkefnum og strax í kjölfarið fjallaði Belginn Yvon Harmegnies um mikilvægi þess að efla Evrópustoð bandalagsins og bæta jafnvægið innan þess. Þjóðverjinn Klaus Francke lagði megináherslu á mikilvægi hinna nánu tengsla yfir Atlantshafið og sagði nauðsynlegt að hlúa að þeim þar sem ekki væri hægt að taka þau fyrir gefin. Norðmaðurinn Gunnar Skaug lagði ríka áherslu á að skýr skilaboð yrðu send um að

bandalagið stæði áfram opið að lokinni fyrstu stækkun og minntist hann sérstaklega á Eystrasaltsríkin í því sambandi. Í kjölfar mótmæla Rússa við stækkun bandalagsins til austurs sagði Pólverjinn Longin Pastusiak að ekki væri um stækkun bandalagsins til austurs að ræða, heldur væru ríki Mið- og Austur-Evrópu að færa sig til vesturs. Rússarnir fögnuðu hins vegar stofnsáttmála Rússlands og Atlantshafsbandalagsins, sem Serguey S. Boskholov sagðist mundu beita sér fyrir að hlyti blessun Dúmunnar.

Árni Ragnar Árnason fjallaði um samúð Íslendinga með málstað Eystrasaltsríkjanna, sem hann sagði því miður ekki virðast njóta almenns stuðnings aðildarríkjanna til inngöngu í bandalagið að sinni. Því lagði hann áherslu á að send yrðu skýr skilaboð um að bandalagið yrði áfram opið, og að mál hvers og eins ríkis er sæktist eftir aðild yrði metið á hlutlægan hátt eitt og sér. Þá tók Árni Ragnar undir orð Klaus Francke um tengslin yfir Atlantshafið og sagði Bosníudeiluna hafa sannað enn og aftur mikilvægi virkrar norður-amerískrar þátttöku í evrópskum öryggismálum.

Ársfundur.

Dagana 9.–13. október var 43. ársfundur Norður-Atlantshafsþingsins haldinn í Búkarest. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, Árni Ragnar Árnason og Gunnlaugur M. Sigmundsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara deildarinnar. Guðmundur Árni Stefánsson tók fyrir ársfundinn sæti Jóns Baldvins Hannibalssonar í deildinni en Gunnlaugur M. Sigmundsson sótti fundinn að þessu sinni í forföllum Jóns Kristjánssonar, varaformanns hennar.

Á fundinum bar hæst umræður um niðurstöður leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Madríd í júlí, þar sem Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi var boðið til viðræðna um aðild að bandalaginu. Ýmsir umsækjendur um aðild urðu fyrir vonbrigðum með þá niðurstöðu, m.a. Rúmenía sem var í hlutverki gestgjafa á haustfundinum. Ýmsir þeirra gesta sem ávörpuðu þingið lögðu áherslu á mikilvægt hlutverk Norður-Atlantshafsþingsins, fulltrúaþings aðildarríkja bandalagsins, gagnvart staðfestingu þjóðþinga núverandi aðildarríkja á væntanlegri stækkun bandalagsins. Af öðrum helstu málefnum fundarins má nefna samskipti bandalagsins við Rússland og Úkraínu, ástand mála í Bosníu og Hersegóvínu og samskiptin yfir Atlantshafið. Hið síðastnefnda var efni umræðu og ályktunar allsherjarfundarins á lokadegi, en þar gerði Sólveig Pétursdóttir grein fyrir áherslu Íslendinga á mikilvægi góðra samskipta yfir Atlantshafið. Þá átti Íslandsdeildin tvíhliða fund með hluta utanríkismálanefndar fulltrúadeildar rúmenska þingsins en fyrirhuguðum fundi með forseta fulltrúadeildarinnar var frestað á síðustu stundu.

Á fundi Íslandsdeildarinnar með fulltrúum utanríkismálanefndar rúmensku fulltrúadeildarinnar gerðu rúmensku þingmennirnir grein fyrir þeim umbótum sem orðið hafa í Rúmeníu á undanförnum árum og lögðu áherslu á ósk Rúmeníu um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Íslensku þingmennirnir útskýrðu fyrir rúmenskum starfsbræðrum sínum að afstaða íslenskra stjórnvalda til stækkunar Atlantshafsbandalagsins væri almennt séð jákvæð. Hins vegar legðu Íslendingar áherslu á að ekki yrði farið of geyst í stækkun heldur yrði bandalagið að fá svigrúm til aðlögunar starfsemi sinnar að auknum fjölda aðildarríkja. Þá væru Íslendingar jafnframt sérstaklega meðmæltir aðild Eystrasaltsríkjanna að bandalaginu. Þingmennirnir hrósuðu loks rúmenskum starfsbræðrum sínum fyrir þær miklu umbætur sem orðið hefðu í landinu á undanförnum árum og hvöttu þá til að sýna þolinmæði í umleitan sinni um aðild að bandalaginu.

Mikil ánægja var á fundi þingsins með það hlutverk sem því hefur verið falið í nýlegum samstarfssamningum bandalagsins við Rússland og Úkraínu, en þar er Norður-Atlantshafsþinginu sem fyrr segir sérstaklega falið að stuðla að nánari samskiptum við þjóðþing Rúss-

lands og Úkraínu. Þá var leiðtogafundur bandalagsins í Madríd í júlí sá fyrsti sinnar tegundar sem forseti Norður-Atlantshafsþingsins ávarpar og voru fundarmenn almennt ánægðir með þá þróun.

Að venju komu málefnanefndir þingsins saman auk stjórnarnefndar og sat Sólveig Pétursdóttir í stjórnarnefnd, Guðmundur Árni Stefánsson í félagsmálanefnd, Árni Ragnar Árnason í stjórnmála- og stjórnarnefnd og Gunnlaugur M. Sigmundsson í öryggis- og varnarmálanefnd. Á fundum nefndanna voru ræddar skýrslur og afgreiddar ályktanir. Þá ávörpuðu ýmsir góðir gestir fundi nefndanna.

Á fundi öryggis- og varnarmálanefndar voru ræddar skýrslur um fjölþjóðaherinn í Bosníu og Hersegóvínu, innri aðlögun bandalagsins að breyttum verkefnum, stækkun bandalagsins, Friðarsamstarfið og um öryggismál í Norðurhöfum. Á vorfundi þingsins í Lúxemborg í lok maí vakti Jón Kristjánsson sem fyrr segir athygli á því að samkvæmt nýlegum rannsóknum mældist meiri geislavirk mengun á Norðurpólnum frá Sellafield en frá Rússlandi. Jón sagði ástæðu til að geta þessa þar sem í skýrslunni væri m.a. fjallað um geislavirka mengun frá borgaralegri iðnaðarframleiðslu í Rússlandi og sagðist Hollendingurinn Jan Hoekema, höfundur skýrslunnar, mundu taka það til athugunar við endanlegan frágang hennar. Reyndin varð hins vegar sú að í stað þess að bæta við umfjöllun um geislavirka mengun frá Sellafield tók skýrsluhöfundur einfaldlega út kaflann um geislavirka mengun frá borgaralegri iðnaðarframleiðslu. Í staðinn var skýrslan einskorðuð við umfjöllun um hernaðarmannvirki og hernaðartól, og þannig sveigt hjá umfjöllun er Bretum væri á móti skapi.

Á fundi stjórnmálanefndar voru ræddar fjórar skýrslur sem á einn eða annan hátt snúast um þróun og stækkun bandalagsins, auk þess sem rædd var skýrsla um samvinnu ÖSE, Atlantshafsbandalagsins og annarra stofnana sem starfa að evrópskum öryggismálum. Í vísinda- og tækninefnd voru ræddar skýrslur um útbreiðslu gereyðingarvopna, jarðsprengjur, svonefnd óbanvæn vopn og upplýsingastríð. Í efnahagsnefnd voru ræddar skýrslur um samkeppni í vopnaframleiðslu og breytta markaði, og um efnahagsmál Ungverjalands. Loks voru í félagsmálanefnd ræddar skýrslur um ástandið á Balkanskaga, stækkun bandalagsins og skipulagða glæpastarfsemi.

Að tillögu forseta þingsins, bandarísku öldungadeildarþingmannsins Williams V. Roth Jr., var samþykkt að frá og með næsta fundi stjórnarnefndar þingsins yrði fulltrúum Póllands, Tékklands og Ungverjalands boðið að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar. Mikil samstaða var um mikilvægi þess að einstakar landsdeildir aðildarríkja bandalagsins veittu þinginu upplýsingar um þróun mála í þjóðþingunum hvað varðar staðfestingu þeirra á væntanlegri stækkun bandalagsins. Norður-Atlantshafsþingið hyggst sem fyrr segir halda til haga upplýsingum um það ferli í sérstöku tímariti og er fyrsta tölublaðið þegar komið út. Nokkrar deilur urðu um mismunandi stöðu sendinefnda frá ríkjum utan bandalagsins á þinginu, þar sem t.d. Rússland er með aukaaðild sem felur í sér málfrelsi og tillögurétt, en þrjú aðildarríki Evrópusambandsins — Austurríki, Finnland og Svíþjóð — eru þar einungis með áheyrnaraðild, sem Írland er ekki einu sinni með. Hollendingurinn Marten Van Traa lagði til að umræddum ríkjum yrði boðin aukaaðild, en Karsten Voigt, fyrrverandi forseti þingsins, greindi frá því að slíkt boð hefði þegar verið sent viðkomandi þjóðþingum en verið afþakkað í öllum fjórum tilfellum. Þess má geta að Van Traa lést í bílslysi 21. október, eða einungis viku eftir lok ársfundarins. Simon Lunn framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsþingsins sendi fjölskyldu hans samúðarkveðjur fyrir hönd þingsins, en Van Traa var m.a. aðalframsögumaður stjórnmálanefndarinnar. Að lokum kynnti Sir Geoffrey Johnson Smith, gjaldkeri þingsins, fjárlög þingsins fyrir árið 1998 þar sem framlög aðildarríkjanna eru óbreytt þriðja árið í röð, og voru fjárlögin samþykkt.

Mánudaginn 13. október fór fram allsherjarþingfundur. Fyrst fluttu þar ávörp William V. Roth Jr., forseti þingsins, Ion Diaconescu, forseti fulltrúadeildar rúmenska þingsins, Petre Roman, forseti öldungadeildar rúmenska þingsins, Victor Ciorbea, forsætisráðherra Rúmeníu, og Javier Solana, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins. Þeir tveir síðastnefndu svöruðu jafnframt spurningum fundarmanna. Að því loknu tók við almenn umræða um framtíð samskiptanna yfir Atlantshafið. Sólveig Pétursdóttir ávarpaði fundinn og lagði áherslu á mikilvægi góðra samskipta yfir Atlantshafið fyrir Ísland, en sjá mætti meginlandsfleka Evrópu og Norður-Ameríku mætast á Þingvöllum, Alþingi hinu forna. Sólveig fjallaði um ógnir á borð við útbreiðslu gereyðingarvopna, skipulagða glæpastarfsemi, umhverfisvá og þjóðernisátök. Hún sagði það sameiginlegt hlutverk ríkja Evrópu og Norður-Ameríku að standa sameiginlega vörð um lýðræðisleg gildi, mannréttindi og markaðsbúskap, og hlúa þannig jafnt sem stuðla að pólitískum og efnahagslegum stöðuleika innan og utan sinna eigin heimshluta. Sólveig sagði umrædd ríki geta lagt margt af mörkum í þessum tilgangi, t.d. með efnahagsaðstoð og niðurfellingu viðskiptahindrana, en að áherslu bæri að leggja á áframhaldandi hlutverk Atlantshafsbandalagsins að kalda stríðinu loknu. Hún minnti á hvernig bandalagið er farið að taka að sér friðargæslu „utan svæðis", á mikilvægi þess sem vettvangs til að stuðla að góðum samskiptum við fyrrverandi fjendur, að ógleymdu sjálfu lykilhlutverki bandalagsins sem væri að tryggja öryggi aðildarríkjanna. Sólveig benti á hvernig áhugi ýmissa ríkja Mið- og Austur-Evrópu á aðild að bandalaginu hefði þegar flýtt fyrir mikilvægum umbótum í þessum ríkjum, og óskaði Rúmeníu sérstaklega til hamingju með skjótan árangur á skömmum tíma. Þá vísaði Sólveig til þeirra ríkja sem sérstaklega var getið í yfirlýsingu leiðtogafundarins í Madríd sem umsækjenda um aðild — Eystrasaltsríkjanna, Rúmeníu og Slóveníu — en varaði við að farið yrði of geyst þar sem starfsemi bandalagsins þyrfti að fá svigrúm til aðlögunar að auknum fjölda aðildarríkja. Loks sagði Sólveig góða vísu aldrei of oft kveðna og minnti á áframhaldandi nauðsyn norður-amerískrar þátttöku í evrópskum öryggis- og varnarmálum.

Að lokinni almennri umræðu um framtíð samskiptanna yfir Atlantshafið voru tekin til umfjöllunar drög að ályktun ásamt breytingartillögum og ályktun fundarins afgreidd. Þar er m.a. lýst yfir áhyggjum af þróun samskipta Bandaríkjanna og Evrópusambandsins á sviði viðskipta, lögð áhersla á nauðsyn áframhaldandi þátttöku Norður-Ameríku í öryggismálum Evrópu, og bent á að einungis með náinni samvinnu geti Norður-Ameríka og Evrópa stuðlað að útbreiðslu stöðugleika og friðar í heiminum. Þá eru aðildarríki Atlantshafsbandalagsins m.a. hvött til að tryggja að efnahagsleg samkeppni leiði ekki til versnandi samskipta og til að auka efnahagslega samvinnu og pólitísk skoðanaskipti sín á milli almennt. Loks eru evrópsk aðildarríki bandalagsins hvött til að taka á sig aukna ábyrgð á eigin öryggis- og varnarmálum, án þess þó að Norður-Ameríka dragi úr þátttöku sinni í öryggismálum Evrópu.

Fundur undirnefndar stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja.

Dagana 29.–30. október fundaði undirnefnd stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja í Brussel. Fundinn sótti Sólveig Pétursdóttir, formaður, af hálfu Íslandsdeildarinnar. Undirnefndin heimsótti höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins.

Fjallað var um stöðu mála í Bosníu og Hersegóvínu, samskipti bandalagsins við Rússland, innri aðlögun bandalagsins að breyttum verkefnum, samvinnu Evrópu og Norður-Ameríku í varnarmálum og almennt um stöðu bandalagsins að loknum leiðtogafundinum í Madríd.

Alþingi, 10. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Jón Kristjánsson, varaform.	Guðmundur Árni Stefánsson.

Fylgiskjal I.

Almennt um Norður-Atlantshafsþingið.

Norður-Atlantshafsþingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Undanfarin ár hefur fjölgað á þinginu og starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í Sovétríkjunum fyrrverandi og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Fimmtán nýjum lýðræðisríkjum úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hefur verið veitt aukaaðild að þinginu sem þýðir að þau geta nú tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og að efnahagslegum og pólitískum vandamálum ásamt menningar- og umhverfismálum sem tengjast ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni veitir þingið nú einnig virkan stuðning við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá nánar í lið b).

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna.

Meginhlutverk þingsins er að upplýsa og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins og nú einnig þingmönnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um mismunandi viðhorf í hinum ýmsu löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum samkvæmt aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Á þinginu endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana.

Þingið kemur saman tvisvar á ári til allsherjarfundar, vorfundar sem stendur í þrjá daga og ársfundar er stendur í fimm daga. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer fram í fimm nefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og félagsmálanefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli kýs hún undirnefnd eða kemur á fót vinnuhóp til að afla um það upplýsinga.

Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um á allsherjarfundi. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið, sem fyrr segir, smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna: Formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra bandalagsins á haustfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn bandalagsins og SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe — æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og loks fundi milli forustumanna í þinginu og fulltrúa Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Samskiptin við Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs er þörf breytinga til aðlögunar að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum.

Norður-Atlantshafsþingið hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékkland og Slóvakía), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú Rússland) fengu aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litáens, Moldavíu, Rúmeníu, Slóveníu og Úkraínu fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum hinna nýju lýðræðisríkja tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins (vor- og haustfundum, nefndafundum o.fl.).

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum að því er varðar Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun, sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum, Charlie Rose, fyrrverandi forseta Norður-Atlantshafsþingsins, og Bill Roth, og naut stuðnings beggja þingflokka Bandaríkjaþings, beinir Norður-Atlantshafsþingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu.

Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt verulega af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölhliða umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og ákvörðun fjárveitinga til varnarmála og herafla. Frá upphafi áætlunarinnar og fram til ársloka 1997 höfðu verið haldnar 34 námsstefnur.

Norður-Atlantshafsþingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttra rannsóknardvala (í þrjá til sex mánuði) á alþjóðaskrifstofunni. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til þess að starfslið þjóðþinga Mið- og Austur-Evrópulanda geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd sem beinist að Evrópu allri við hið hefðbundna hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum.

c. Fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu og embættismenn þess.

Á Norður-Atlantshafsþinginu eiga sæti 188 þingmenn. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Í sendinefndum Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands eru 18 þingmenn í hverri. Kanada, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert land. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi og Portúgal koma sjö frá hverju landi. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort land og frá Íslandi og Lúxemborg koma þrír frá hvoru landi. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu. Aukaaðilar taka þátt í nefndafundum og allsherjarfundum en hafa ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á allsherjarfundi (forseti og fjórir varaforsetar). Sjötti embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann er kjörinn annað hvert ár af stjórnarnefndinni. Norður-Atlantshafsþinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndaformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til þess að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig árlegt framlag til þingsins.

Fylgiskjal II.

<table>
<tr><td colspan="3">NORÐUR-ATLANTSHAFSÞINGIÐ
Kemur saman á allsherjarfundi tvisvar á ári, á vorfund og ársfund</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja

16 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
188 þingmenn

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar

Frá Albaníu, Búlgaríu, Eistlandi, Hvíta-Rússlandi, Lettlandi, Litháen, Moldavíu, Póllandi, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi, Ungverjalandi og Úkraínu

Hafa ekki atkvæðisrétt</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn

Kosin árlega

Forseti, fjórir varaforsetar, gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda
Formenn nefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman þrisvar á ári</td><td></td></tr>
</table>

Nefndarfundir	Allsherjarfundir	Önnur starfsemi
Fimm nefndir: Félagsmálanefnd Varnar- og öryggismálanefnd Efnahagsnefnd Stjórnmálanefnd Vísinda- og tækninefnd Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga	Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og fjárhagsáætlun Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi Hlýða á ávörp gesta Þátttaka auka- og áheyrnaraðila	Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar

Fylgiskjal III.

UNDIRNEFNDIR — VINNUHÓPAR

Stjórnmálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um stækkun NATO og nýju lýðræðisríkin.
Undirnefnd um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja.
Vinnuhópur um sérstök samskipti NATO við Rússland og önnur ríki sem slíkra samskipta óska.

Varnar- og öryggismálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um varnar- og öryggissamstarf Evrópu og Norður-Ameríku.
Undirnefnd um framtíð herafla.
Undirnefnd um öryggismál á norðurslóðum.

Efnahagsnefnd.
(35 fulltrúar.*)

Undirnefnd um efnahagssamstarf og samhæfingu austurs og vesturs.

Félagsmálanefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um samvinnu og öryggi almennra borgara.
Undirnefnd um Miðjarðarhafssvæðið.

Vísinda- og tækninefnd.
(31 fulltrúi.[1])

Undirnefnd um útbreiðslu hernaðartækni.

[1] Fulltrúum fjölgar um einn eða tvo eftir því sem Íslendingar og Lúxemborgarar, með þrjá fulltrúa hvor þjóð, skipa fulltrúum sínum í einhverjar þrjár af þessum fimm nefndum.

977. Skýrsla [572. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1997.

Saga ÖSE-þingsins.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE), eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Einu þeirra, Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, hefur þó ekki staðið til boða að taka þátt í störfum þingsins síðan þátttaka þess í starfi ÖSE var felld niður árið 1992. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Í yfirlýsingu þjóðarleiðtoga RÖSE-ríkjanna í París 21. nóvember 1990 var hvatt til þess að komið yrði á fót reglulegum fundum þingmanna ríkjanna. Á fundi þjóðarleiðtoganna í Madrid í apríl 1991 var svo ákveðið að koma á fót RÖSE-þingi er kæmi saman einu sinni á ári (í júlí). Þar var samþykkt svokölluð Madrid-yfirlýsing sem er grundvallarskjal ÖSE-þingmannasamstarfsins. Að loknum tveimur undirbúningsfundum á árinu 1992 var fyrsti fundur RÖSE-þings haldinn í júlí 1992 í Búdapest. Í ársbyrjun 1995 breytti þingið síðan um nafn og kallast nú ÖSE-þingið.

Starf ÖSE-þingsins 1997.

Framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu hefur á undanförnum árum verið langveigamesta verkefni ÖSE. Í því samkomulagi er ÖSE einkum falið að hafa umsjón með þremur málaflokkum við uppbyggingu Bosníu og Hersegóvínu: kosningum, mannréttindamálum og aðstoð við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Framkvæmd Dayton-samkomulagsins og ástand mála á Balkanskaga almennt hafa því verið fyrirferðarmikil málefni á dagskrá ÖSE-þingsins undanfarin ár. Af öðrum verkefnum bar kosningaeftirlit að venju hæst í starfi ÖSE-þingsins á árinu 1997, en einnig má nefna umfjöllun um stækkun Atlantshafsbandalagsins til austurs og um framkvæmd aðildarríkja ÖSE á skuldbindingum sínum og virðingu þeirra fyrir þeim og samningum sem gerðir hafa verið á vettvangi ÖSE.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir árið 1997:

Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, formaður, Ragnar Arnalds, Alþýðubandalagi, varaformaður, Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, Guðjón Guðmundsson, Sjálfstæðisflokki, og Guðný Guðbjörnsdóttir, Kvennalista. Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Starfsemi á árinu 1997.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Dagana 16.–17. janúar sl. var haldinn stjórnarfundur ÖSE-þingsins í Vín. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal, formaður deildarinnar, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara hennar. Fundurinn einkenndist öðru fremur af umræðum um þau mikilvægu hlutverk sem ÖSE eru ætluð í að koma á friði og stöðugleika í Bosníu og Hersegóvínu annars vegar og hins vegar af umræðum um niðurstöður leiðtogafundar ÖSE-ríkjanna í Lissabon í desember 1996.

Í upphafi fundarins kom upp vandi þar sem tveir fulltrúar gerðu kröfu um að sitja fundinn í nafni Hvíta-Rússlands, annars vegar fulltrúi hvít-rússneska þingsins, sem sæti átti í nefndinni á þinginu í Stokkhólmi í júlí 1996, og hins vegar fulltrúi Lúkashjenkós forseta. Ákveðið var að báðir sætu fundinn í eigin nafni fyrri daginn en sérstök nefnd var skipuð til að úrskurða um málið fyrir upphaf fundarins daginn eftir. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki bæri að taka mark á þjóðaratkvæðagreiðslu um aukin völd forsetans í Hvíta-Rússlandi sem m.a. Evrópuráðið hefði úrskurðað ólöglega og ólýðræðislega. Greint var frá því að þingið í Hvíta-Rússlandi kæmi enn reglulega saman við þröngan kost og því mælti nefndin með því að fulltrúi þess sæti fundinn í nafni Hvíta-Rússlands en að fulltrúa Lúkashjenkós forseta yrði leyft að sitja fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Tillaga nefndarinnar var samþykkt gegn einu atkvæði Rússa, en fulltrúi Rússlands sagði þetta viðkvæmt mál og mælti með því að ákvörðun um málið yrði frestað þar sem ákvörðun á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar gæti aukið enn á spennuna í stjórnmálum Hvíta-Rússlands.

Fimmtudaginn 16. janúar héldu eftirfarandi embættismenn framsöguræður: Max van der Stoel, sérlegur erindreki um málefni minnihlutahópa, Audrey Glover, yfirmaður þeirrar stofnunar ÖSE sem fer með mannréttindi og lýðræði (ODIHR), og Giancarlo Aragona, framkvæmdastjóri ÖSE, auk Niels Helvegs Petersens, utanríkisráðherra Danmerkur og formanns ráðherraráðs ÖSE.

Embætti Max van der Stoels (High Commissioner on National Minorities) er ætlað að bregðast við eins skjótt og hægt er þegar hætta er á að þjóðernisdeilur þróist í átök innan ÖSE-svæðisins. Van der Stoel fjallaði m.a. um stöðu þjóðernislegra minni hluta í Eistlandi og Lettlandi, þar sem rússneskir íbúar hafa margir hverjir ekki hlotið ríkisborgararétt að fengnu sjálfstæði ríkjanna. Sagði van der Stoel hægar hafa gengið í þeim efnum en vonast hefði verið eftir, þótt rússneski minni hlutinn í ríkjunum vildi gjarnan aðlagast samfélaginu, einkum yngra fólkið, eftir því sem hann kæmist næst. Þá greindi hann frá því hvernig embætti hans hefði haft milligöngu um undirritun vináttusamnings Rúmeníu og Ungverjalands sem loks hefur verið undirritaður. Meðal helstu viðfangsefna embættisins nefndi hann einnig stöðu serbneska minni hlutans í Króatíu, einkum í Austur-Slavoníu. Aðspurður um hlutverk embættis síns í málefnum Bosníu og Hersegóvínu sagði van der Stoel það fremur takmarkað, enda ætlað að stunda fyrirbyggjandi aðgerðir.

Giancarlo Aragona, framkvæmdastjóri ÖSE, sagði ÖSE-þingið mikilvægan hlekk í ÖSE-keðjunni þar sem það endurspeglaði stöðu mála innan þjóðþinga aðildarríkja stofnunarinnar og viðhéldi tengslum hennar við almenning í aðildarríkjunum. Hann sagði hlutverk ÖSE í framkvæmd Dayton-samkomulagsins um frið í Bosníu og Hersegóvínu vera mestu áskorun sem ÖSE hefði fengið frá upphafi, en í samkomulaginu er ÖSE einkum falið að hafa umsjón með þremur málaflokkum: kosningum, mannréttindamálum og aðstoð við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Í máli Aragonas kom fram að á árinu 1996 hefðu um 50% af fjárlögum ÖSE verið varið í uppbyggingu friðvænlegs og lýðræðislegs samfélags í Bosníu og Hersegóvínu. Almennt taldi hann að nokkuð vel hefði gengið á heildina litið, en enn væri verið að glíma við reglur um kjörskrár fyrir sveitarstjórnarkosningar sem fram fóru í september 1997 og væri það gífurlega flókið og viðkvæmt verkefni. Þá væri ýmsu enn ábótavant hvað snerti stöðu mannréttindamála, fjölmiðlun og framkvæmd samninga um takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir.

Audrey Glover (Director of the Office for Democratic Institutions and Human Rights) ræddi einkum um hlutverk embættis síns við undirbúning og framkvæmd kosningaeftirlits annars vegar og í málefnum Bosníu og Hersegóvínu hins vegar. Embætti Glovers er ætlað að efla mannréttindi og lýðræði, en í því sambandi hefur hún á hendi samræmingu kosningaeftirlits,

að útvega sérfræðinga á sviði stjórnskipunarréttar og veita fræðslu á því sviði, en árið 1996 stóð ÖSE fyrir kosningaeftirliti í Albaníu, Rússlandi, Rúmeníu, Júgóslavíu og Bosníu og Hersegóvínu. Þá hefur embættið aðstoðað við stofnun fimm svonefndra „ombudsman" embætta í Bosníu og Hersegóvínu, skipulagt námsstefnur um lýðræðisleg vinnubrögð og þjálfað embættismenn, aðstoðað við uppbyggingu frjálsra fjölmiðla, gefið út þýðingar á kosningalögum o.fl.

Niels Helveg Petersen, utanríkisráðherra Danmerkur og formaður ráðherraráðs ÖSE, sagði það eitt af markmiðum sínum í formennsku ráðherraráðsins að efla ÖSE-þingið, sem hann sagði nauðsynlegan hluta ÖSE-keðjunnar. Petersen sagði árið 1996 hafa verið tímamótaár í sögu ÖSE, þar sem stofnunin hefði fengist við krefjandi verkefni í Bosníu og Hersegóvínu og leiðtogar ÖSE-ríkjanna áréttað skuldbindingar sínar á vegum ÖSE á fundinum í Lissabon. Hann viðurkenndi að margir hefðu gert sér meiri vonir um árangur af leiðtogafundinum, t.d. í formi breytinga á ákvarðanatökureglum innan ÖSE, en þó mætti ekki gera lítið úr árangri fundarins. Þá fjallaði Petersen um öryggismódel 21. aldar, ástandið í sambandsríkinu Júgóslavíu, kosningarnar sem í nánd voru í Tsjetsníju o.fl. Breski þingmaðurinn Michael Jopling kvartaði undan litlum viðbrögðum ráðherraráðsins við ályktunum ÖSE-þingsins og því að hvergi væri minnst á ÖSE-þingið í niðurstöðum leiðtogafundarins í Lissabon. Petersen svaraði því til að þingmenn mundu alltaf, alls staðar, kvarta undan skorti á „hinu og þessu" í samtölum við ráðherra og að þannig ætti það að vera, þannig væri eðli stjórnmála. Hvað varðar niðurstöður leiðtogafundarins minnti Petersen á að stofnunin starfaði samkvæmt samstöðureglu og því þyrfti einungis atkvæði eins aðildarríkis til að fella einstakar málsgreinar í niðurstöðum funda, líkt og gerst hefði með umfjöllun um ÖSE-þingið í Lissabon. Sjálfur sagðist Petersen beita sér fyrir eflingu ÖSE-þingsins, m.a. með því að leyfa forseta þingsins að sitja svonefnda „Troiku-fundi", en þar koma saman utanríkisráðherrar fráfarandi, núverandi og verðandi forusturíkja í ráðherraráðinu. Hann benti þó jafnframt á að í niðurstöðum leiðtogafundarins væri heldur ekkert minnst á embætti Max van der Stoels, en fullyrti að enga merkingu væri hægt að lesa út úr því, embætti hans hefði einfaldlega unnið gott starf og ekki væri ástæða til að nefna alla hluti í niðurstöðum leiðtogafundarins.

Föstudaginn 17. janúar ávörpuðu fundinn Dr. Heinz Fischer, forseti austurríska þingsins, og Dr. Franz Vranitzky, kanslari Austurríkis, en þess má geta að Dr. Vranitzky sagði af sér embætti daginn eftir. Fulltrúi Georgíu greindi frá því að hann hefði farið þess á leit að sérstök skýrsla um ástand mála í Abkhasíu yrði unnin fyrir fund ÖSE-þingsins í júlí og ákveðið var að verða við þeirri beiðni.

Framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, Spencer Oliver, greindi frá leiðtogafundi ÖSE í Lissabon, en framkvæmdastjórn þingsins sat fundinn og forseti þess ávarpaði hann. Í máli Olivers kom fram að ýmsar málsgreinar þar sem fjallað var um ÖSE-þingið hefðu verið felldar, oft af einu ríki í krafti samstöðureglunnar. Aðspurður sagði hann að m.a. Tyrkland hefði komið þar við sögu, líklega vegna ályktunar ÖSE-þingsins frá fundinum í Stokkhólmi sumarið áður þar sem hvatt var til að sendir yrðu fulltrúar til að kanna ástand mannréttindamála í Tyrklandi. Þá hafði Albanía einnig fellt ýmsar tilvísanir í ÖSE-þingið, líklega vegna þeirrar ákvörðunar þingsins að kalla heim sendinefnd sína sem fylgjast átti með sveitarstjórnarkosningum þar árið áður, vegna óviðunandi starfsaðstöðu. Loks hefðu ESB-ríkin fellt einhverjar slíkar tilvísanir en Oliver treysti sér ekki til að leggja mat á ástæður þess. Breski þingmaðurinn Bruce George lagði til að á fundi ÖSE-þingsins í Varsjá í júlí yrðu sendiherrar viðkomandi ríkja kallaðir fyrir þingið eða stjórnarnefnd þess og beðnir um að útskýra hvað væri „svo hættulegt við ÖSE-þingið að ekki væri óhætt að svo mikið sem nefna það á nafn í plaggi sem er hvort eð er útþynnt og innihaldsrýrt", og hlaut hugmynd hans góðar undirtektir.

Fulltrúi Hvíta-Rússlands fór þess á leit að ÖSE-þingið gerði úttekt á stjórnmálaástandinu í Hvíta-Rússlandi og fulltrúi Azerbaidjan fór þess á leit að svipuð úttekt yrði gerð á ástandinu í Ngorno-Karabakh. Engar ákvarðanir voru teknar þar að lútandi.

Ruperez, forseti þingsins, fjallaði um að venjulega væri eitthvert eitt tiltekið málefni öðrum fremur á dagskrá þingsins á júlí-fundi þess, og lagði til að í júlí 1997 yrði athyglinni beint að framkvæmd ÖSE-skuldbindinga. Sir Peter Emery, gjaldkeri þingsins, greindi frá því að 38 ríki af 55 hefðu þegar greitt árgjöld sín til þingsins fyrir árið 1997, og að árið áður hefði 51 ríki greitt árgjöldin að fullu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að allar sendinefndir yrðu hvattar til að sjá til þess að í hverri þeirra væri a.m.k. ein kona. Tillagan hlaut misjafnar undirtektir og var einkum harðlega gagnrýnd af Bretum, sem sögðu engan veginn víst að hægt væri að verða við slíkri beiðni, allra síst í fámennari þingum. Hún var felld með þremur mótatkvæðum. Jafnframt lá fyrir tillaga um aukinn fjárhagslegan stuðning við starf flokkahópa innan þingsins. Bandaríkjamenn höfðu þegar mótmælt henni bréflega þar sem starfið hentaði nær eingöngu meiri hluta þingmanna Vestur-Evrópuríkja, og var ákveðið að ræða tillöguna frekar á fundi ÖSE-þingsins í júlí. Þá kynntu Frakkar hugmynd að ráðstefnu um svæðisbundið samstarf sem efnahagsnefnd ÖSE-þingsins mundi standa fyrir í samstarfi við efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Fram kom að bæði Mónakó og Malta væru reiðubúin að vera gestgjafar og að kostnaður ÖSE-þingsins af ráðstefnunni yrði mjög takmarkaður. Tillagan fékk jákvæðar undirtektir en engin ákvörðun var tekin í málinu. Loks lögðu Javier Ruperez, forseti þingsins, o.fl. fram ályktun þar sem ógilding sveitastjórnarkosninganna í sambandsríkinu Júgóslavíu var fordæmd og hlaut hún einróma samþykki fundarins.

b. 5. fundur ÖSE-þingsins.

Sjötti árlegi fundur ÖSE-þingsins var haldinn dagana 5.–8. júlí, að þessu sinni í Varsjá. Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal, formaður, Ragnar Arnalds, varaformaður, Hjálmar Árnason og Guðný Guðbjörnsdóttir, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara deildarinnar. Venjan er að þrír þingmenn sæki slíka fundi fyrir hönd Alþingis en þar sem einungis tveir úr Íslandsdeildinni áttu heimangengt árið 1996 sóttu fjórir fundinn að þessu sinni. Auk fulltrúa aðildarríkjanna sátu fundinn áheyrnarfulltrúar frá Japan, Egyptalandi, Ísrael, Evrópuráðsþinginu, VES-þinginu, Norður-Atlantshafsþinginu, Alþjóðaþingmannasambandinu, Evrópuþinginu, Svartahafsþinginu og þingi Samveldis sjálfstæðra ríkja (CIS). Samhliða þingfundum funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins.

Þema þingsins að þessu sinni var framkvæmd aðildarríkja ÖSE á skuldbindingum sínum og virðing þeirra fyrir þeim og samningum sem gerðir hafa verið á innan ÖSE. Af öðrum málefnum sem helst bar á góma má nefna framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu, stöðu mannréttindamála í Tyrklandi og stækkun Atlantshafsbandalagsins til austurs. Þá urðu miklar umræður um sjálft skipulag ÖSE-þingsins. Ýmsir urðu til að kvarta undan þeim mikla tíma sem á árlegum fundi þingsins fer í afgreiðslu ályktana sem síðan er steypt í eina langa ályktun, að margra mati allt of langa, en að þessu sinni var hún einar tuttugu blaðsíður.

Á fundi stjórnarnefndar gerði Sir Peter Emery, gjaldkeri þingsins, grein fyrir fjármálum þingsins. Rekstur þess var að venju innan fjárlagaramma starfsárið 1996–97 og fjárlagadrögin fyrir starfsárið 1997–98 gerðu ráð fyrir 1,7% hækkun frá árinu áður. Voru þau samþykkt einróma. Þá var rædd skýrsla sendinefndar ÖSE-þingsins sem heimsótti Tyrkland um mánaðamótin apríl–maí, undir formennsku Javiers Ruperez forseta þingsins. Nokkrar deilur urðu um skýrsluna en í henni er tyrkneskum stjórnvöldum mikið hrósað fyrir framfarir í mannréttinda-

málum undanfarin ár, þótt þau séu jafnframt hvött til að gera betur á ýmsum sviðum. Ákveðið var að vísa skýrslunni til 3. nefndar til frekari umræðu. Að frumkvæði danska varaforsetans, Helle Degn, voru lögð fram drög að ályktun um Tyrkland til að leggja fyrir þingið, m.a. með stuðningi Péturs H. Blöndal. Þar voru tyrknesk stjórnvöld hvött til að bæta tafarlaust ástand mannréttindamála heima fyrir og láta m.a. lausa fjóra Kúrda og fyrrverandi þingmenn sem sitja í fangelsi. Ákvarðanir stjórnarnefndar eru teknar með reglunni „samstaða mínus einn", en tyrkneska sendinefndin hafði stuðning fimm Kákasuslýðvelda og kom þannig í veg fyrir að ályktunardrögin yrðu lögð fyrir þingið. Sérstakri skýrslu pólska varaforsetans Wojciech Lamentowicz um ástand mála í Georgíu og Abkhasíu var vísað til 1. nefndar til frekari umræðu, en samþykkt var að leggja sérstaka ályktun um málið fyrir þingið. Þá voru að frumkvæði sænskra þingmanna lögð fram sérstök ályktunardrög þar sem fordæmdar eru skipulagðar nauðganir í tengslum við stríðsátök, m.a. með stuðningi Péturs H. Blöndal, Ragnars Arnalds og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Þar eru aðildarríki ÖSE m.a. hvött til að sjá til þess að þeir er fremji slík afbrot komi fyrir stríðsglæpadómstóla. Drögunum var vísað til 3. nefndar til frekari umræðu. Þá má geta þess að nefndin ítrekaði samþykkt frá fundi sínum í janúar þess efnis að þing Hvíta-Rússlands, sem skipað var af Alexander Lúkashenko forseta árið 1996, fengi ekki að senda fulltrúa á ÖSE-þingið, heldur sætu þingið áfram fulltrúar hins lýðræðislega kjörna þjóðþings sem forsetinn leysti upp. Loks var samþykkt að 8. árlegi fundur ÖSE-þingsins, árið 1999, yrði haldinn í Moskvu, en áður hafði verið ákveðið að 7. fundur þess yrði haldinn dagana 7.–10. júlí 1998 í Kaupmannahöfn. Þann 30. júní, eða viku fyrir fundinn í Varsjá, hafði Pétur H. Blöndal sent forseta þingsins erindi þar sem hann lagði til að stjórnarnefnd ÖSE-þingsins héldi fundi með fjarfundatækni. Þannig gæti nefndin haldið fundi oftar með minni tilkostnaði, jafnt í fjármunum sem tíma talið. Framkvæmdastjórn þingsins vísaði erindinu til sérstakrar nefndar um starfsreglur sem mun kynna niðurstöður sínar á næsta fundi stjórnarnefndar í Vín, dagana 19.–20. febrúar 1998.

Íslandsdeildin tók þátt í starfi málefnanefndanna þriggja sem hér segir:

1. nefnd, um stjórnmál og öryggismál: Pétur H. Blöndal og Ragnar Arnalds.
2. nefnd, um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál: Guðný Guðbjörnsdóttir.
3. nefnd, um lýðræði og mannréttindamál: Hjálmar Árnason.

Lagðar voru fram skýrslur byggðar á fyrrnefndu þema í hverri nefnd en á grundvelli þeirra höfðu verið samin drög að ályktunum. Þessi drög voru rædd í viðkomandi nefnd og afgreidd ásamt breytingatillögum. Öllum var þeim síðan steypt saman í eina heildarályktun — Varsjár-yfirlýsinguna — í fjórum köflum sem lögð var fyrir ÖSE-þingið. Fjórði kaflinn var unninn úr fyrrnefndum ályktunardrögum gegn skipulögðum nauðgunum í tengslum við stríðsátök.

Skýrsla nefndar um stjórnmál og öryggismál, 1. nefndar, fjallar einkum um þann vanda sem fólginn er í samþættingu sjálfsákvörðunarréttar þjóðanna annars vegar og hins vegar fullveldis ríkja og friðhelgi landamæra. Í ályktun nefndarinnar er m.a. lýst áhyggjum yfir lítilli virðingu ýmissa aðildarríkja fyrir skuldbindingum sínum innan ÖSE, og ráðherraráð ÖSE hvatt til að leita leiða til úrbóta. Sérstaklega er fagnað þeirri samvinnu ýmissa fjölþjóðastofnana sem komið hefur verið á fót í Bosníu og Hersegóvínu og hún talin gefa gott fordæmi um hvernig eigi að stöðva átök og stuðla að enduruppbyggingu stríðshrjáðra samfélaga. Loks eru aðildarríkin hvött til að hraða viðræðum um staðfestingu CFE-samningsins um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar. Breytingartillaga Rússa, þar sem lýst var yfir stuðningi við samstöðureglu ÖSE, var felld. Gegn atkvæðum Rússa var samþykkt breytingartillaga Bandaríkjamanna þar sem áréttað er frelsi fullvalda ríkja til að velja sér bandalög. Þá ræddi nefndin fyrrnefnda skýrslu um stöðu mála í Georgíu og Abkhasíu en sérstök ályktun um það mál var lögð fyrir þingið.

Í skýrslu nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál, 2. nefndar, er að mestu fjallað um árangur fyrrverandi aðildarríkja Varsjárbandalagsins í átt að settum markmiðum á sviði efnahagsmála. Meginniðurstöður skýrslunnar eru á þá leið að umrædd ríki hafi ekki hrint í framkvæmd öllum þeim breytingum sem nauðsynlegar séu á leið til markaðshagkerfis, og að þróunaraðstoð við umrædd ríki sé ekki nægilega markviss. Í ályktun nefndarinnar eru umrædd ríki hvött til að halda áfram aðlögun löggjafar um fjárfestingar, tolla, bankastarfsemi o.fl., efla svæðisbundið samstarf og draga úr innbyrðis tollum og öðrum viðskiptahindrunum. Þá eru jafnt fjölþjóðastofnanir sem vestræn ríki hvött til aukinnar samræmingar aðgerða á sviði þróunaraðstoðar. Loks eru aðildarríki Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) hvött til að veita hinum nýfrjálsu ríkjum inngöngu og Evrópusambandið hvatt sérstaklega til að lækka tolla á landbúnaðarafurðum. Á fundi nefndarinnar ræddi Guðný Guðbjörnsdóttir mikilvægi þess að lögð yrði áhersla á jafna aðstöðu borgaranna gagnvart einkavæðingu og þróun markaðshagkerfa án tillits til kyns, kynþáttar eða trúarbragða í umræddum ríkjum, og lagði áherslu á að slík sjónarmið bæri að hafa til hliðsjónar þegar vestrænn þróunaraðstoð er veitt. Þá voru ræddar hugmyndir um efnahagssáttmála ÖSE-ríkjanna, en á fundi framkvæmdastjórnar þingsins var ákveðið að það skjal yrði unnið nánar fyrir fund þingsins að ári.

Skýrsla nefndar um lýðræði og mannréttindamál, 3. nefndar, tók sérstaklega fyrir frelsi fjölmiðla í aðildarríkjum ÖSE, sem talin er nauðsynleg forsenda frjálsra og sanngjarnra kosninga, nauðsynlegt aðhald við stjórnvöld hverju sinni og grundvallarforsenda lýðræðislegrar stjórnskipunar almennt. Í ályktun nefndarinnar eru ríkisstjórnir aðildarríkjanna hvattar til að tryggja greiðan aðgang fjölmiðla (og annarra) að opinberum gögnum, fjölmiðlar hvattir til að tryggja sjálfstæði eigin blaðamanna, og varað við hringamyndunum í fjölmiðlun. Miklar deilur urðu í nefndinni vegna skýrslunnar um Tyrkland, en sem fyrr segir var tillaga um að sérstök ályktun um Tyrkland yrði lögð fyrir þingið felld í stjórnarnefnd. Nefndin setti saman annað skjal af svipuðum toga sem ákveðið var að leggja fyrir þingið.

Við setningu þingfundar fluttu ávörp Javier Ruperez, forseti ÖSE-þingsins, Józef Zych, forseti pólska þingsins, Aleksander Kwasniewski, forseti Póllands, og Niels Helveg Petersen, utanríkisráðherra Danmerkur og formaður ráðherraráðs ÖSE, sem jafnframt svaraði spurningum þingmanna. Hjálmar Árnason spurði Petersen, sem utanríkisráðherra Danmerkur, hvernig hann hygðist bregðast við fréttum af hugmyndum um geymslu úreltra kjarnavopna á Grænlandi og hvort hann, sem formaður ráðherraráðsins, teldi úreldingu kjarnavopna almennt séð vera málaflokk þar sem ÖSE gæti látið til sín taka. Petersen sagðist telja aðrar stofnanir betur til þess fallnar, enda hefði ÖSE aldrei tekið þátt í viðræðum um takmörkun eða eyðingu kjarnorkuvígbúnaðar. Hann neitaði hins vegar að svara fyrri spurningu Hjálmars þar sem ekki væri um að ræða ÖSE-málefni. Ýmsir þingmenn urðu til að láta í ljós óánægju sína með það, enda væri um að ræða mikilvæga spurningu er varðaði umhverfis- og efnahagsmál, og þannig öryggismál í víðum skilningi. Þá ávörpuðu þingið ýmsir helstu embættismenn ÖSE, m.a. Giancarlo Aragona, framkvæmdastjóri ÖSE, og svöruðu þeir spurningum þingmanna. Loks ávarpaði Juan Antonio Samaranch, forseti alþjóðaólympíunefndarinnar þingið. Þá voru blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins veitt í annað sinn, en verðlaunin eru veitt fyrir störf í þágu lýðræðis og mannréttinda og er þeim ætlað að efla grundvallarregluna um frjálsa fjölmiðlun. Verðlaunin hlutu að þessu sinni samtökin Blaðamenn án landamæra, sem hafa höfuðstöðvar í París og einbeita sér að fréttum tengdum mannréttindamálum.

Á lokadegi þingsins var fjallað um fyrrnefnda Varsjáryfirlýsingu og hún samþykkt. Þá var greint frá nýafstöðnum þingkosningum (1. umferð) í Albaníu og kosningaeftirliti ÖSE þar, en framkvæmd þeirra þótti ásættanleg. Ruperez hafði formennsku í sendinefnd ÖSE-þingsins á

vettvangi og greindi hann frá nánu samstarfi sendinefnda ÖSE- og Evrópuráðsþingsins, sem m.a. gáfu út sameiginlega yfirlýsingu um fyrirkomulag kosninganna í Albaníu.

Sem fyrr segir samþykkti stjórnarnefnd að vísa sérstakri ályktun um stöðu mála í Georgíu og Abkhasíu til þingsins, en þar er m.a. hvatt til þess að hið fyrsta verði komið á fjölþjóðlegri friðarráðstefnu undir stjórn Sameinuðu þjóðanna með þátttöku ÖSE og Rússlands. Ályktunin var samþykkt samhljóða. Þá var fyrrnefnd ályktun um Tyrkland frá 3. nefnd lögð fyrir þingið, en þar sem hún var einungis lögð fram á ensku var henni vísað frá. Loks fór á þinginu fram kjör forseta ÖSE-þingsins, gjaldkera og fimm varaforseta af níu. Spánverjinn Javier Ruperez var endurkjörinn forseti þingsins án mótframboðs, sem og Bretinn Sir Peter Emery í stöðu gjaldkera. Frambjóðendur til varaforseta voru níu en eftirfarandi náðu kosningu:

Irena Lipowicz	Póllandi	til þriggja ára
Gennady Seleznev	Rússlandi	til þriggja ára
Willy Wimmer	Þýskalandi	til þriggja ára
Claude Estier	Frakklandi	til tveggja ára
Bill Graham	Kanada	til tveggja ára

Loks héldu konur á meðal þingmanna sérstakan fund þar sem rædd var staða kvenna á vinnumarkaði og ræddar leiðir til að auka framlag kvenna til starfsemi ÖSE-þingsins. Þá átti íslenska sendinefndin fund með fulltrúum tyrknesku sendinefndarinnar um málefni Sophiu Hansen og dætra hennar. Uluc Gürkan, formaður tyrknesku sendinefndarinnar, var vel kunnugur málinu en hann sat sams konar fund með Íslandsdeildinni á fundi ÖSE-þingsins árið 1995. Gürkan sagðist m.a. hafa beitt sér fyrir að kynna málið tyrkneskum fjölmiðlum og sagði nýlegan sjónvarpsþátt afrakstur þess. Hann sagði málstað Sophiu njóta mikils stuðnings í Tyrklandi og sagði meiri hluta tyrknesku þjóðarinnar á máli Sophiu. Hins vegar væri erfitt að líta fram hjá þeim orðum stúlknanna að þær vildu ekki hitta móður sína, hvernig svo sem á þeim framburði stæði. Gürkan fullvissaði Íslandsdeildina um að Halim Al mundi ekki til frambúðar komast upp með að hunsa umgengnisrétt Sophiu.

c. Kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið ákvað frá upphafi að taka virkan þátt í kosningaeftirliti og leggja áherslu á það starf sem mikilvægan lið í að efla lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur ÖSE hvatt þingið til þess að sinna þessu starfi af fullum krafti. Árið 1997 tók ÖSE-þingið þátt í eftirliti með kosningum í Búlgaríu, Króatíu, Serbíu og lýðveldinu Srpska í Bosníu. Íslandsdeildin tók ekki þátt í kosningaeftirliti ÖSE-þingsins á árinu en þingmenn sem taka þátt í slíku kosningaeftirliti gera það á kostnað eigin þjóðþinga.

d. Annað.

ÖSE-þingið hefur átt fulltrúa á ýmsum fundum embættismannanefnda ÖSE. Forseti ÖSE-þingsins hefur á árinu tekið þátt í fundum fyrrverandi, núverandi og verðandi formanna ráðherraráðsins, auk þess að veita forstöðu sendinefnd ÖSE-þingsins sem heimsótti Tyrkland í apríl og skrifaði skýrslu um stöðu mannréttindamála þar. Þá stóð ÖSE-þingið fyrir ráðstefnu um svæðisbundið öryggi og stöðu stjórn-, efnahags-, félags- og mannúðarmála í Mið-Asíu og Kákasushéraði. Ráðstefnan var haldin í Tashkent í Úsbekistan í september. Loks stóðu ÖSE-þingið og þing Mónakó sameiginlega fyrir ráðstefnu um hlutverk svæðisbundins samstarfs í

evrópskum öryggismálum, og fór ráðstefnan fram í Mónakó í október. Íslandsdeildin tók ekki þátt í framangreindum ráðstefnum.

Alþingi, 10. mars 1998.

Pétur H. Blöndal, form.	Ragnar Arnalds, varaform.	Hjálmar Árnason.
Guðjón Guðmundsson.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

Fylgiskjal I.

I. Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins eru því ætluð eftirfarandi hlutverk:

1. að meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu,
2. að ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna,
3. að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum,
4. að stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum,
5. að leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er aðild að því miðuð við þing þeirra ríkja sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 og að ríkin taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Í dag eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglurnar gera ráð fyrir að ÖSE-þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er gert ráð fyrir að á þinginu starfi þrjár fastanefndir er fjalli um mál er falla undir svið þeirra. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok allsherjarfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár, í samráði við formann og varaformann nefndarinnar. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar þrjár eru nefnd um stjórn- og öryggismál (fyrsta nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (önnur nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (þriðja nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetunum níu, gjaldkera, formönnum þriggja málefnanefnda þingsins og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, eða alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Þingsköp ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið og framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir sínar með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skuli teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðureglu“ (consensus rule), en henni er fylgt á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins fylgir svokallaðri „consensus minus one“ reglu sem felur í sér að tvö eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á árlegum fundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem verið er að vinna að á þeim vettvangi. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til þess ráðherra er mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins.

Opinber tungumál þingsins eru sex: enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er þýtt samtímis.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litáen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgisistan, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K. Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
Samtals		**317**

Fylgiskjal III.

Starfsreglur fyrir Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

1. gr.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins (The Icelandic delegation to the OSCE Parliamentary Assembly) er skipuð fimm alþingismönnum. Íslandsdeildin sendir þrjá fulltrúa á ÖSE-þingið hvert ár, sbr. ákvæði Madrid-yfirlýsingarinnar frá apríl 1991 og viðauka við starfsreglur þingsins frá janúar 1993 um fjölda fulltrúa frá einstökum aðildarþingum.

2. gr.

Þingflokkar skulu tilnefna í Íslandsdeildina eftir hverjar alþingiskosningar og gildir tilnefningin út kjörtímabilið nema þingflokkar ákveði annað.

3. gr.

Þingflokkur skal tilnefna í deildina eftir hlutfallsreglu jafnmarga þingmenn og hann á rétt til samkvæmt stærð flokksins nema samkomulag sé um aðra skiptingu fulltrúa. Þingflokki, sem ekki hefur styrkleika til að hljóta fulltrúa í Íslandsdeildina, skal heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum deildarinnar. Áheyrnarfulltrúi skal hafa rétt til þátttöku í starfi ÖSE-þingsins samkvæmt almennum reglum 7. gr.

4. gr.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla Íslandsdeildina saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann deildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Formaður situr í stjórnarnefnd (Standing Committee) ÖSE-þingsins, sbr. 32. gr. starfsreglna þess.

5. gr.

Íslandsdeildin hefur ritara sem er nefndinni til aðstoðar, sbr. 3. mgr. 35. gr. þingskapa Alþingis.

6. gr.

Íslandsdeildin skal árlega leggja fyrir forsætisnefnd Alþingis, innan þess frests sem nefndin ákveður, tillögur um fjárveitingar til starfsemi deildarinnar. Tillagan skal við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða árgjald til aðalskrifstofu þingsins, ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

7. gr.

Í upphafi hvers kjörtímabils skipuleggur Íslandsdeildin þátttöku deildarinnar í starfi ÖSE-þingsins fyrir kjörtímabilið í heild, sbr. 2. mgr.

Formaður deildarinnar skal að jafnaði sækja öll þau þing sem Íslandsdeildin tekur þátt í. Við val á öðrum þátttakendum á þingin skal fylgja hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka ef ekki er samkomulag um annað.

8. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

(Samþykktar á fundi forsætisnefndar 28. apríl 1993.)

978. Skýrsla [573. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1997.

I. Almennt.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 og hafði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Umsvif og starfsemi nefndarinnar jukust þegar samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989 og mikilvægi hennar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994. Fulltrúar úr nefndinni skipa EFTA-hluta hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES. EFTA samanstendur nú af Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefnd EFTA. Þar sem Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan EES varð þingmannanefnd EFTA með gildistöku EES-samningsins að formi til tvískipt, þ.e. annars vegar upphaflega nefndin, nú með fjórum fyrrgreindum aðildarríkjum, og hins vegar nefnd ríkjanna þriggja sem mynda EFTA-hluta EES. Nefndirnar funda hins vegar ávallt saman og sitja því Svisslendingar sem áheyrnarfulltrúar þegar verið er að taka fyrir málefni sem eingöngu varða EES-hluta nefndarinnar. Sviss á einnig áheyrnaraðild að fundum hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES. Til einföldunar verður hér á eftir talað um fundi þingmannanefndar EFTA þegar við á þótt í raun hafi þá báðar nefndirnar, þ.e. eldri EFTA-nefndin og EES-hluti þingmannanefndar EFTA, setið saman á fundi.

Þingmannanefnd EFTA heldur fundi nokkrum sinnum á ári. Á milli funda hittist framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar en hún gerir tillögur að dagskrá og verkefnum nefndarinnar, auk þess sem hún fjallar um aðkallandi mál. Í framkvæmdastjórn sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-landi, en einungis einn fulltrúi frá hverju ríki hefur atkvæðisrétt á fundum. Í Íslandsdeildinni hefur auk formanns einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar. Þingmannanefnd EFTA hefur einnig samstarf við ríki á Miðjarðarhafssvæðinu og í Mið- og Austur-Evrópu og hefur það aukist á undanförnum árum vegna aukinna viðskiptatengsla og samninga EFTA við þessi ríki.

Í samvinnu við Evrópuþingið vann þingmannanefnd EFTA ötullega að því að í samningnum um EES væri gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd (95. gr. samningsins). Hin sameiginlega þingmannanefnd EES samanstendur nú af 24 þingmönnum, tólf frá Evrópuþinginu og öðrum tólf frá EES-aðildarríkjum EFTA. Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Sameiginleg þingmannanefnd EES á að fylgjast með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin fundar tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. Formaður Íslandsdeildarinnar hefur sótt fundi framkvæmdastjórnar sameiginlegu þingmannanefndarinnar. EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni milli ára. Þegar í upphafi hafði hin sameiginlega þingmannanefnd EES frumkvæði að því að semja skýrslur um málefni sem hún vill skoða sérstaklega og eru þær skýrslur svo ræddar á fundum nefndarinnar. Fyrir hverja skýrslugerð eru tilnefndir tveir framsögumenn (rapporteurs), einn úr hópi EFTA-þingmanna og annar úr hópi Evrópuþingmanna, og leggja þeir jafnframt fram drög að ályktunum. Þær eru bornar undir atkvæði sem og einstakar málsgreinar eða breytingatillögur við þær að því gefnu að a.m.k. fjórðungur bæði þingmanna Evrópuþingsins og fulltrúa EFTA-ríkjanna séu viðstaddir. Einstakar málsgreinar eða breytingartillögur eru samþykktar með einföldum meiri hluta en atkvæði tveggja þriðju hluta viðstaddra þarf síðan til að samþykkja ályktunina í heild sinni. Ályktanir sem samþykktar eru á grundvelli þessara

skýrslna eru síðan sendar til ráðherraráðs EES sem tekur þær fyrir á fundum sínum. Með því að taka skipulega fyrir skýrt afmörkuð málefni hefur þingmannanefnd EES þannig möguleika til áhrifa á þróun EES-samningsins.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í Íslandsdeildinni áttu sæti á árinu 1997 Vilhjálmur Egilsson, Sjálfstæðisflokki, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Framsóknarflokki, varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sjálfstæðisflokki, Sighvatur Björgvinsson, Alþýðuflokki, og Hjörleifur Guttormsson, Alþýðubandalagi. Þá átti Kristín Ástgeirsdóttir áheyrn að nefndinni. Guðjón Rúnarsson var ritari Íslandsdeildarinnar fram á mitt ár er Gústaf Adolf Skúlason tók við.

Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru Vilhjálmur Egilsson og Sighvatur Björgvinsson.

III. Starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 1997.

Megináherslan í starfi nefndanna beggja undanfarin ár hefur jafnan verið sú að fylgjast sem best með framkvæmd EES-samningsins. Þannig leita nefndirnar upplýsinga frá ráðherraráði EFTA og EES og embættismönnum stofnana EFTA og Evrópusambandsins (ESB). Nefndirnar fylgdust á árinu grannt með framvindu og niðurstöðum ríkjaráðstefnu ESB, en hið aukna vægi sem niðurstöður hennar fela Evrópuþinginu í lagasetningu innan ESB auka um leið mikilvægi hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES fyrir EES-aðildarríki EFTA, en þar funda þingmenn EFTA-ríkjanna reglulega og fyrst og fremst um EES-samninginn með þingmönnum Evrópuþingsins. Þá fylgdist þingmannanefnd EFTA grannt með framvindu mála í viðræðum um fríverslunarsamninga við þriðju ríki og hélt sérstaka ráðstefnu með samstarfsríkjum EFTA í Bern. Ráðherraráð EFTA lagði ríka áherslu á það á fundum sínum með þingmannanefnd EFTA að nefndin væri virk í slíku samstarfi við þriðju ríki. Þá kom Schengen-vegabréfasamstarfið iðulega til umfjöllunar, sem og áhrif stækkunar ESB á EES, Efnahags- og myntbandalag Evrópu, Alþjóðaviðskiptastofnunin o.fl. Fimm skýrslur voru kynntar á fundum sameiginlegu þingmannanefndarinnar á árinu 1997 og fjölluðu þær um framkvæmd EES-samningsins árið 1996, innri markaðinn í orkumálum, frjálst fjármagnsflæði og fjármagnsmarkaði, samræmda evrópska stefnu í samgöngumálum og upplýsingasamfélagið og EES.

Fulltrúar Íslandsdeildarinnar voru einnig mjög virkir í starfi nefndanna, m.a. átti Íslandsdeildin tvo framsögumenn af fimm sem EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES tilnefndi út af skýrslum ársins. Þá fór Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, með formennsku í sameiginlegu þingmannanefndinni á árinu 1997 og var síðla árs kjörinn formaður þingmannanefndar EFTA (beggja nefndanna) fyrir árið 1998. Mun hann því gegna varaformennsku í hinni sameiginlegu þingmannanefnd EES það ár. Loks ber að geta funda sem Íslandsdeildin átti á árinu með fulltrúum þjóðþinga þeirra ríkja sem næst voru í röðinni að taka við forsæti innan ráðherraráðs ESB, en ESB-ríkin skiptast á um formennsku þar til hálfs árs í senn. Íslandsdeildin hefur undanfarin missiri komið á fót þeirri hefð að funda með viðkomandi þingnefndum þeirra ríkja sem næst taka við formennsku í ráðherraráði ESB, verði því við komið í tengslum við fundi þingmannanefndar EFTA. Á slíkum fundum kynnir Íslandsdeildin málefni EFTA og EES og útskýrir hvernig ýmsar ákvarðanir ESB hafa bein og/eða óbein áhrif á EES, jafnframt því að fá upplýsingar um helstu áhersluatriði viðkomandi ríkja í forsæti ráðherraráðs ESB. Þannig fundaði nefndin með Evrópunefnd þings Lúxemborgar í júní og Evrópulaganefnd neðri deildar breska þingsins í desember, en Lúxemborg tók við forsæti í ráðherraráði ESB í júlí og Bretland í ársbyrjun 1998.

a. 10. fundur framkvæmdastjórnar sameiginlegrar þingmannanefndar EES í Brussel 27. febrúar.

Fundinn sótti fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, auk Guðjóns Rúnarssonar ritara. Vilhjálmur Egilsson stýrði fundinum, en í varaformennsku sat nýr formaður Evrópuþingsdeildarinnar, Sören Wibe frá Svíþjóð. Rætt var um dagskrá fyrirhugaðs fundar þingmannanefndar EES í Ósló 14. apríl og m.a. ákveðið að hafa kynningu á framgangi ríkjaráðstefnu ESB á dagskrá fundarins. Einnig var endanleg ákvörðun tekin um skýrsluefni fundarins sem var skýrsla um ársskýrslu EES árið 1996, skýrsla um orkugeirann og skýrsla um frjálst fjármagnsflæði. Einnig var endanlega gengið frá tilnefningu framsögumanna og var m.a. ákveðið að Hjörleifur Guttormsson yrði framsögumaður um orkugeirann fyrir hönd EFTA-ríkjanna. Á fundinum voru einnig gerðar tillögur um fundarefni þarnæsta fundar nefndarinnar 27. og 28. október og var ákveðið til bráðabirgða að þar yrðu ræddar skýrslur um upplýsingasamfélagið annars vegar og hins vegar um samgöngumál.

b. 9. sameiginlegi fundur framkvæmdastjórna þingmannanefnda EFTA í Brussel 27. febrúar.

Fundinn sótti fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, auk Guðjóns Rúnarssonar ritara. Fundinum stýrði Peter Vollmer frá Sviss. Rætt var um fund nefndarinnar með ráðherraráðinu í desember 1996 sem menn töldu ekki hafa tekist sem skyldi. Sérstaklega hefði verið slæmt hversu marga ráðherra vantaði. Ákveðið var að ítreka spurningar sem vöknuðu í tengslum við Efnahags- og myntbandalag Evrópu á næsta fundi í Genf í júní. Í umfjöllun um formlega dagskrá þess fundar var ákveðið að taka fyrir tvíhliða fríverslunarsamninga EFTA-ríkja við Evrópusambandið annars vegar og þriðju ríki hins vegar og einnig tengslin við Alþjóðaviðskiptastofnunina. Þá var fjallað um dagskrá væntanlegs fundar þingmannanefndar EFTA þann 14. apríl í Ósló. Ákveðið var hafa umfjöllun um Alþjóðaviðskiptastofnunina á dagskrá þess fundar. Á fundinum kom fram að fyrirhugaðri heimsókn til Marokkó hefði verið frestað fram til hausts. Upplýst var að viðræður við Kýpur og Möltu um fríverslunarsamninga hefðu algerlega verið lagðar í salt í bili. Þá var ákveðið að hafa kynningu á útkomu ríkjaráðstefnu ESB á dagskrá fundar nefndarinnar í júní. Loks voru rædd fyrstu drög að dagskrá fyrirhugaðrar ráðstefnu í Bern í október með ríkjum sem EFTA hefur gert eða er að vinna að gerð fríverslunarsamninga við.

c. 8. fundur sameiginlegrar þingmannanefndar EES í Ósló 14. apríl.

Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson, auk Guðjóns Rúnarssonar ritara. Á fundinum var Vilhjálmur Egilsson einróma kjörinn formaður nefndarinnar árið 1997 og Sören Wibe, fulltrúi Evrópuþingsins, varaformaður. N.J. Jonker sendiherra lýsti fyrir hönd EES-ráðsins ánægju með framkvæmd EES-samningsins á árinu 1996 og tók Nikolaus prins af Liechtenstein undir það fyrir hönd EFTA-hluta sameiginlegu EES-nefndarinnar. Jonker fór einnig yfir þróun mála á ríkjaráðstefnu ESB. Catherine Day, forseti sameiginlegu EES-nefndarinnar, lýsti yfir ánægju með að hið nýja kerfi samrunaferlis upprunareglna í Evrópu, sem tók gildi 1. janúar 1997, hefði verið lögtekið í ESB og EFTA-ríkjunum og flestum þeim löndum Mið- og Austur-Evrópu sem gerðir hafa verið fríverslunarsamningar við. Þá gerði Knut Almestad, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA, grein fyrir ársskýrslu stofnunarinnar. Almennt sagði hann aðildarríkin hafa staðið sig vel í að innleiða EES-reglur í löggjöf sína og að tveggja stoða kerfi EES-samningsins gengi vel. Á fundinum voru lagðar fram til umfjöllunar þrjár skýrslur, um framkvæmd EES-samningsins 1996, um innri markaðinn í orkumálum, en

Hjörleifur Guttormsson var aðalframsögumaður þeirrar skýrslu, og um frjálst fjármagnsflæði og fjármagnsmarkaði. Samþykktar voru ályktanir á grundvelli allra skýrslnanna sem verða sendar til EES-ráðsins og sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í ályktuninni um orkuskýrsluna var m.a. lögð áhersla á umhverfisþáttinn, auknu frjálsræði í orkusölumálum fagnað, EES-ríki hvött til að draga verulega úr orkunotkun sinni og minnka þannig losun óæskilegra lofttegunda út í andrúmsloftið, þrýst á að geymsla og endurvinnsla kjarnaúrgangs valdi sem minnstri hættu fyrir umhverfið og lögð áhersla á að kjarnorka verði ekki viðurkennd sem vistfræðilega forsvaranlegur orkugjafi frekar en og olía og gas.

d. 11. fundur framkvæmdastjórnar sameiginlegrar þingmannanefndar EES í Ósló 14. apríl.

Fundinn sat Vilhjálmur Egilsson formaður fyrir hönd Íslandsdeildarinnar, auk Guðjóns Rúnarssonar ritara. Á fundinum var ákveðið að á næsta fundi nefndarinnar í október yrðu lagðar fram skýrslur um upplýsingasamfélagið og stefnumörkun í samgöngumálum. Gunnlaugur M. Sigmundsson var tilnefndur annar framsögumanna fyrrnefndu skýrslunnar. Einnig var ákveðið að þar yrði farið yfir útkomu ríkjaráðstefnunnar og áhrif hennar á Evrópska efnahagssvæðið.

e. 45. fundur þingmannanefndar EFTA og 13. fundur EFTA-hluta þingmannanefndar EES í Ósló 15. apríl.

Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson, auk Guðjóns Rúnarssonar ritara. Á fundinum var rætt um áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) á EFTA-ríkin og þróun mála hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Thorvald Moe og Jan Persson, fulltrúar Noregs í efnahagsnefnd EFTA, gerðu grein fyrir hugsanlegum áhrifum EMU á Noreg. Meginhluti útflutningstekna Noregs, eða um 75%, kemur frá aðildarríkjum ESB. Því væri mikilvægt fyrir hagsmuni Noregs að Evrópumyntin yrði sterk strax í upphafi. Veik Evrópumynt þýddi meiri sveiflur í atvinnulífinu og skerðingu á samkeppnisstöðu. Lögðu þeir áherslu á mikilvægi þess að ESB tækist að auka frjálsræði á vinnumarkaði ef markmið EMU ættu að nást að fullu, en slíkar aðgerðir mundu setja þrýsting í þessum efnum á Noreg og önnur EFTA-ríki um sambærilegar aðgerðir. Atvinnuleysi í EFTA-ríkjunum væri hins vegar mun minna en í aðildarríkjum ESB.

Þá fjallaði Atle Leikvoll frá norska utanríkisráðuneytinu um þróun mála hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Lagði hann áherslu á að svæðisbundnir viðskiptasamningar ættu ekki að standa alþjóðaviðskiptasamningum fyrir þrifum ef rétt væri staðið að málum. EFTA væri dæmi um samtök ríkja sem hefðu náð að tvinna þetta vel saman. Þá kom hann inn á ýmis önnur mál sem tekin hefðu verið fyrir á Singapore-ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Má þar nefna tengsl viðskipta- og umhverfissjónarmiða, en sérstök nefnd hefur starfað innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til að fjalla um slík mál, tengsl viðskipta og grundvallarvinnustaðla, sem var eitt viðkvæmasta málið í Singapore og neituðu þróunarríkin að ræða það mál á þeim vettvangi, aðgerðaáætlun til aðstoðar við þriðju ríki, hugsanlega aðild Kínverja og Rússa að stofnuninni á næstu árum o.fl.

f. 10. sameiginlegi fundur framkvæmdastjórna þingmannanefndar EFTA í Ósló 15. apríl.

Fundinn sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður og Hjörleifur Guttormsson, auk Guðjóns Rúnarssonar ritara. Á fundinum var einkum rætt um undirbúning fundar með ráðherraráði EFTA í júní og erfiðleika samfara því að koma á samskiptum við þingið í Marokkó í tengslum við vinnu að gerð fríverslunarsamnings.

g. 11. sameiginlegi fundur framkvæmdastjórna þingmannanefndar EFTA í Genf 19. júní.
Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður og Sighvatur Björgvinsson, auk Guðjóns Rúnarssonar ritara. Á fundinum var m.a. fjallað um undirbúning fundar þingmannanefndar EFTA með ráðherraráðinu sem fram fór síðar sama dag, greint frá því að gengið hefði verið frá fríverslunarsamningi við Marokkó sem yrði undirritaður síðar sama dag og fjallað um dagskrá næsta fundar þingmannanefndarinnar í október.

h. 16. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA í Genf 19. júní.
Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir, sem sótti fundinn sem áheyrnarfulltrúi, auk Guðjóns Rúnarssonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Fundinn sátu af hálfu ráðherraráðs EFTA Jean-Pascal Delamuraz, utanríkisráðherra Sviss, Andrea Willi, utanríkisráðherra Liechtenstein, Björn Tore Godal, utanríkisráðherra Noregs, og Guðmundur Bjarnason, landbúnaðar- og umhverfisráðherra, fyrir hönd utanríkisráðherra Íslands. Rætt var um niðurstöður nýafstaðinnar ríkjaráðstefnu ESB og áhrif hennar á EES-samninginn, EFTA-ESB tvíhliða málefni, Alþjóðaviðskiptastofnunina, fyrirhugaða ráðstefnu þingmannanefndar EFTA með þriðju ríkjum og Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Ráðherrarnir voru sammála um að minna hefði komið út úr ríkjaráðstefnunni en að var stefnt, en þó hefðu verið gerðar ákveðnar breytingar er skiptu EFTA-ríkin verulegu máli, svo sem tilfærsla á hluta Schengen-samstarfsins undir fyrstu stoð ESB og aukin völd Evrópuþingsins. Andrea Willi tók fram að Hollendingar hefðu í krafti forsætis síns innan ráðherraráðs ESB lagt áherslu á að breytingar á eðli Schengen-vegabréfasamstarfsins hefðu ekki áhrif á aukaaðild Íslands og Noregs að samstarfinu. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að í sambandi við inntöku nýrra aðildarríkja í ESB yrði haft náið samstarf við EFTA-ríkin með tilliti til EES-samningsins og fríverslunarsamninga sem EFTA-ríki hafa gert við tilvonandi meðlimi. Ráðherraráðið mun fylgjast grannt með þróun þessara mála. Guðmundur Bjarnason benti á að ein af mikilvægari niðurstöðum ríkjaráðstefnunnar sé innlimun félagsmálasamningsins frá Maastricht í sáttmála ESB. Björn Tore Godal tók undir þetta og taldi af hinu góða að sambandið væri farið að líta meira til „mjúku málaflokkanna", svo sem atvinnu- og umhverfismála. Í umfjöllun um tvíhliða málefni EFTA og ESB kom fram að ráðherraráðið er mjög ánægt með þá niðurstöðu sem náðist í laxadeilu Norðmanna og ESB, ekki síst með tilliti til fordæmisgildi hennar. Þá gerði Jean-Pascal Delamuraz grein fyrir samningaviðræðum milli Sviss og ESB er tekur á sjö sviðum, en um þetta efni vísast í umfjöllun um fund þingmannanefndar EFTA hér á eftir. Í umfjöllun um Alþjóðaviðskiptastofnunina kom fram að EFTA-ríkin væru mjög virk í því samstarfi og hefðu lagt mikið af mörkum í ýsmum málum. Björn Tore Godal lagði áherslu á mikilvægi þess að nýta stofnunina til að styðja við bakið á þróunarríkjum.

i. 46. fundur þingmannanefndar EFTA og 14. fundur EFTA-hluta þingmannanefndar EES í Genf 19. júní.
Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir sem sótti fundinn sem áheyrnarfulltrúi, auk Guðjóns Rúnarssonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Á fundinum var fjallað um tvíhliða viðræður Svisslendinga við Evrópusambandið sem nú hafa staðið yfir með hléum í rúm þrjú ár. Svissneski samningamaðurinn Anton Egger gerði grein fyrir gangi viðræðnanna og svaraði spurningum fundarmanna. Fyrirliggjandi drög gera ráð fyrir samningum á sviði samgangna, landbúnaðar,

opinberra innkaupa, rannsókna og á fleiri sviðum. Einna helst hefur strandað á þeim ákvæðum er snúa að umferð flutningabifreiða í gegnum Sviss. Gengið er út frá því að samningarnir komi til framkvæmda í þrepum fram til ársins 2005 er aðlögunartíma ljúki. Þannig er t.d. gert ráð fyrir kvóta á fólksflutninga til Sviss á meðan aðlögunartíminn varir. Fjármagnsmarkaðurinn verður ekki hluti af þessum samingum. Ekki er ljóst hvort þetta verður einn samningur í sjö hlutum eða sjö samningar. Líklegt að a.m.k. hluti samninganna fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Upphaflega var stefnt að því að ljúka samningum fyrir mitt ár 1997 en ljóst er að það dregst eitthvað fram á árið 1998 a.m.k. Upplýst var á fundinum að samningarnir mundu ekki sjálfkrafa ná til annarra EFTA-ríkja og því mikilvægt að strax og samkomulag næðist yrði farið í viðræður milli Sviss og annarra EFTA-ríkja til að bæta þar úr. Athyglisvert var að heyra ummæli Peters Vollmer, formanns þingmannanefndar EFTA og svissnesku deildarinnar, um að ef framangreindir samningar tækjust væri búið að ryðja úr vegi helstu tæknilegum hindrunum fyrir aðild Sviss að Evrópusambandinu eða að EES-samningnum. Þá fór Aldo Matteucci, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, yfir samskipti EFTA við þriðju ríki, en þennan sama dag var undirritaður fríverslunarsamningur við Marokkó og samstarfssamningar við Jórdaníu og Líbanon. Í tilefni af undirritun fríverslunarsamnings við Marokkó var prófessor Louis Rey, sérstakur ráðgjafi Marokkóstjórnar í efnahagsmálum, fenginn til að gera grein fyrir efnahags- og stjórnmálalegu ástandi í Marokkó. Kom fram hjá honum að efnahagur Marokkó væri í mikilli sókn og erlendar fjárfestingar hefðu stóraukist á undanförnum árum. Landið er t.d. orðið einn stærsti framleiðandi örtölvukubba í heiminum. Matteucci benti á að fríverslunarsamningar EFTA við þriðju ríki hefðu fram til þessa verið við ríki er búa við vestræna menningu. Ljóst er að vegna ólíkrar menningar og uppruna munu samningar við ríki Afríku og Asíu verða flóknari í sniðum og þróunaraðstoð verða einn af útgangspunktunum í þeim samningum. Vægi samningsins við Marokkó er því mikið sem brautryðjandi frekari slíkra samninga.

j. Fundur Íslandsdeildarinnar með Evrópunefnd þings Lúxemborgar í Lúxemborg 20. júní.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA hefur sem fyrr segir undanfarin missiri komið á fót þeirri hefð að funda með viðkomandi þingnefndum þeirra ríkja sem næst taka við formennsku í ráðherraráði ESB, verði því við komið í tengslum við fundi þingmannanefndar EFTA. Föstudaginn 20. júní átti Íslandsdeildin fund með Evrópunefnd þings Lúxemborgar, en Lúxemborg tók við forsæti ráðherraráðs ESB 1. júlí 1997. Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir, auk Guðjóns Rúnarssonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Formaður Íslandsdeildarinnar kynnti greinargerð sem lögð var fram í nafni meiri hluta deildarinnar þar sem fram kom afstaða íslenskra stjórnmálaflokka til EES-samningsins, ESB og Atlantshafsbandalagsins og gerð grein fyrir tengslum þeirra málefna sem rædd voru á ríkjaráðstefnu ESB við Evrópska efnahagssvæðið og íslenska hagsmuni almennt. Miklar umræður urðu um þær breytingar sem ákveðið hefur verið að gera á Schengen-vegabréfasamstarfinu. Gestgjafarnir töldu ekki eiga að vera vandamál fyrir Ísland og Noreg að taka þátt í því samstarfi áfram. Þá var talsvert rætt um Efnahags- og myntbandalag Evrópu og fyrirhugaða stækkun ESB. Einnig var rætt um atvinnumál, öryggismál, sjávarútvegsstefnu ESB o.fl. Ljóst er að Lúxemborg leggur mikla áherslu á að halda áhrifum sínum innan framkvæmdastjórnar ESB. Þeir voru því ánægðir með að tillögum um fækkun fulltrúa smærri ríkja í framkvæmdastjórninni var slegið á frest fram yfir aldamót. Fundurinn var í heild sinni vel heppnaður og greinilega mikilvægt fyrir Ísland að minna reglulega á sig á þessum vettvangi.

k. 12. fundur framkvæmdastjórnar sameiginlegrar þingmannanefndar EES í Strassborg 16. september.

Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður sat fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara. Í fjarveru Vilhjálms Egilssonar, formanns nefndarinnar, stýrði Sören Wibe, varaformaður nefndarinnar, fundinum. Meginefni fundarins var undirbúningur 9. fundar sameiginlegu þingmannanefndarinnar í Brussel, 27. og 28. október. Staðfest voru nöfn framsögumanna fyrir fundinn í Brussel og dagskrá fundarins rædd. Ákveðið var að fá fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB til að gera grein fyrir niðurstöðum ríkjaráðstefnu ESB á fundinum. Loks voru nefndarmenn hvattir til að íhuga hugsanleg skýrsluefni 10. fundar fyrir 9. fundinn í Brussel þar sem teknar verða ákvarðanir um þau. Í því sambandi nefndi Haakon Blankenborg matvælaeftirlit og Gunnlaugur nefndi viðbrögð við breyttri aldursdreifingu samfélagsins með tilliti til skatttekna og útgjalda til heilbrigðis- og félagsmála. Ákveðið var að stefna að því að unnar yrðu tvær skýrslur fyrir fundinn, auk skýrslu um ársskýrsluna.

l. 12. sameiginlegi fundur framkvæmdastjórna þingmannanefndar EFTA í Strassborg 16. september.

Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður sat fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara. Helsta umræðuefni fundarins var undirbúningur ráðstefnu þingmannanefndar EFTA með samstarfsríkjum í Bern 30.–31. október. M.a. var ákveðið að fulltrúar Sviss, Noregs og Íslands skiptust á að stýra umræðunum og kom það í hlut Vilhjálms Egilssonar að stýra umræðunni í þriðja hluta ráðstefnunnar þar sem fjallað yrði um viðskipti með landbúnaðarvörur. Miklar umræður urðu um hvort fela ætti fulltrúum svonefndra samstarfsríkja að hefja umræður að framsögum loknum og varð það sjónarmið ofan á, a.m.k. hvað varðaði stækkun ESB og verslun með landbúnaðarvörur. Heimsókn fulltrúa þingmannanefndarinnar til Marokkó í tilefni af gerð fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Marokkó var rædd sérstaklega, en ekki hafði tekist að fá tímasetningu á hana frá þinginu í Marokkó. Loks gerði Haakon Blankenborg stuttlega grein fyrir úrslitum þingkosninganna í Noregi sem fram fóru daginn áður. Þá þegar var ljóst að nokkrar breytingar mundu verða á Noregsdeild þingmannanefndarinnar þar sem sumir þeirra er þar sátu gáfu ekki kost á sér til endurkjörs og aðrir náðu ekki kjöri.

m. 47. fundur þingmannanefndar EFTA og 15. fundur EFTA-hluta þingmannanefndar EES í Brussel 27. október.

Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir sem áheyrnarfulltrúi, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Á fundinum var fjallað um skiptingu formennsku á milli aðildarríkjanna. Undanfarin ár hafa yfirleitt verið tveir formenn þingmannanefndar EFTA samtímis, þ.e. hinnar upprunalega þingmannanefndar EFTA annars vegar og EES-hlutans hins vegar. Þetta er hins vegar sami hópurinn nema hvað Sviss er með áheyrnaraðild að þeirri síðarnefndu þar sem Sviss er ekki aðili að EES. Samþykkt var á fundinum að taka upp kerfi þar sem alla jafna verður einn og sami formaður fyrir þingmannanefnd EFTA, þeirri upprunalegu jafnt sem EES-hlutanum. Samkvæmt þessu kerfi fer Liechtenstein hins vegar aldrei með formennsku í hinni upprunalegu þingmannanefnd EFTA, en fer einungis með formennsku í EES-hlutanum þegar Sviss fer með formennsku í upprunalegu nefndinni. Fulltrúar Liechtenstein féllust á þessa tillögu og hún var sem fyrr segir samþykkt. Vilhjálmur Egilsson var kjörinn formaður þingmannanefndar EFTA (beggja hluta) fyrir árið 1998 en ákveðið að formaður norsku lands-

deildarinnar færi með varaformennsku. Þegar fundurinn var haldinn var ekki er búið að tilnefna nýja landsdeild frá Noregi að afloknum þingkosningum þar í landi í september og því var kjöri varaformanns frestað til næsta fundar.

Aldo Matteucci, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, gerði grein fyrir og svaraði spurningum nefndarmanna um nýundirritaðan fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Marokkó. Samningurinn nær einkum til iðnvarnings og sjávarafurða en í honum er gert ráð fyrir verulegum aðlögunartíma, einkum fyrir Marokkó. Samningurinn verður væntanlega lagður fyrir þjóðþing aðildarríkja EFTA til staðfestingar vorið 1998. Þá mætti Frank Belfrage sendiherra, fastafulltrúi Svíþjóðar hjá ESB, á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir og svaraði spurningum nefndarmanna um niðurstöður ríkjaráðstefnu sambandsins. Fram kom m.a. að ekki hefði náðst teljanlegur árangur í aðlögun stofnana ESB að fyrirliggjandi stækkun bandalagsins, en að t.d. félagsmálasamningurinn frá Maastricht hefði verið tekinn í stofnsáttmála sambandsins líkt og grundvallarsjónarmiðið um sjálfbæra þróun og áherslan á atvinnumál. Ýmsir málaflokkar voru fluttir úr milliríkjasamstarfi þriðju stoðar sambandsins (innanríkis- og lögreglumál) yfir í hina yfirþjóðlegu fyrstu stoð (efnahagsmál og málefni innri markaðarins), sem og Schengen-vegabréfasamstarfið. Ákvarðanir ráðherraráðsins í þessum málaflokkum verða þó teknar samkvæmt samstöðureglu en ekki með meiri hluta. Belfrage sagði niðurstöðuna mjög flókna hvað varðaði Schengen-samstarfið, bæði vegna undanþágna Danmerkur og vegna aukaaðildar Íslands og Noregs að samstarfi sem nú hefði verið fellt undir stofnanir ESB. Skera yrði úr um framhaldið í viðræðum við þessi ríki og erfitt væri að spá fyrir um úrslit þeirra. Þá hefði sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna ESB verið efld lítillega og loks hefði Evrópuþinginu verið falið aukið hlutverk í lagasetningu innan sambandsins. Samkvæmt því þarf í ýmsum málaflokkum samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins til þess að ný lög geti tekið gildi. Þetta felur m.a. í sér að einstakar tillögur geta tekið miklum breytingum í meðförum þessara tveggja aðila, en Ísland, Noregur og Liechtenstein munu ekki hafa neina beina leið til áhrifa í því sambandi, líkt og þau geta nú í sérfræðinganefndum framkvæmdastjórnarinnar. Hins vegar eykst til muna mikilvægi góðra samskipta við Evrópuþingið og var það mál manna að hin sameiginlega þingmannanefnd EES hefði öðlast aukið mikilvægi fyrir EFTA-aðildarríki EES fyrir vikið.

n. 13. fundur framkvæmdastjórnar sameiginlegrar þingmannanefndar EES í Brussel 27. október.

Vilhjálmur Egilsson, formaður þingmannanefndar EES, sat ásamt ritara fund framkvæmdastjórnarinnar fyrir hönd Íslandsdeildarinnar og stýrði fundinum. Á fundinum var ákveðið að mæla með frelsi í fólksflutningum annars vegar og áhrifum stækkunar ESB á EES hins vegar sem skýrsluefnum næsta fundar sameiginlegrar þingmannanefndar EES. Næsti fundur nefndarinnar fer fram í Liechtenstein dagana 25.–26. maí 1998, en framkvæmdastjórnin mun væntanlega funda í mars 1998.

o. 9. fundur sameiginlegrar þingmannanefndar EES í Brussel 27.–28. október.

Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen og Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir sem áheyrnarfulltrúar, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Kasel sendiherra ávarpaði fundinn fyrir hönd utanríkisráðherra Lúxemborgar, en Lúxemborg var þá í forsæti ráðherraráðs ESB. Einar Bull, sendiherra Noregs hjá ESB, ávarpaði fundinn sem formaður sameiginlegu EES-nefndarinnar og fyrir hönd utanríkisráðherra Noregs sem þá fór með formennsku í ráðherraráði EES. Í máli hans kom m.a.

fram að frá hendi nýskipaðrar ríkisstjórnar væri ekki að vænta áherslubreytinga Noregs í málefnum EES. Þá ávarpaði Eva Gerner frá skrifstofu framkvæmdastjórnar ESB fundinn fyrir hönd ESB-hluta sameiginlegu EES-nefndarinnar og Knut Almestad, framkvæmdastjóri Eftirlitsstofnunar EFTA, fjallaði um framkvæmd EES-samningsins. Loks fjallaði breski Evrópuþingmaðurinn Richard Corbett um niðurstöður ríkjaráðstefnunnar og Amsterdam-sáttmálann. Hann lagði m.a. áherslu á að ESB yrði að semja við Ísland og Noreg um framkvæmd Schengen-vegabréfasamstarfsins og að standa bæri vörð um réttindi þessara ríkja. Þá fjallaði hann um aukin áhrif Evrópuþingsins á löggjöf ESB og sagði Ísland, Noreg og Liechtenstein verða að bregðast við þessari þróun með aukinni áherslu á að kynna Evrópuþinginu afstöðu sína í einstökum málaflokkum. Árni M. Mathiesen benti á að þessi auknu áhrif Evrópuþingsins gætu reynst EFTA-ríkjum EES hagstæð og minnti á að engin ástæða væri fyrir þessi ríki til að vantreysta Evrópuþinginu umfram ráðherraráðið, sem fremur endurspeglaði þrönga hagsmuni einstakra aðildarríkja ESB, og tók Corbett undir það sjónarmið.

Þá voru teknar til umfjöllunar tvær skýrslur nefndarinnar. Otto Büchel frá Liechtenstein og sænski Evrópuþingmaðurinn Jonas Sjöstedt höfðu framsögu um samræmda evrópska stefnu í samgöngumálum, og Gunnlaugur M. Sigmundsson og hollenska Evrópuþingkonan Johanna L.A. Boogerd-Quaak höfðu framsögu um upplýsingasamfélagið og EES. Skýrslurnar voru ræddar og ályktað um bæði efni. Þá var sænski Evrópuþingmaðurinn Sören Wibe kjörinn formaður þingmannanefndar EES fyrir árið 1998 og Vilhjálmur Egilsson kjörinn varaformaður. Loks var lögð fram tillaga framkvæmdastjórnar nefndarinnar um skýrsluefni næsta fundar. Wibe lét þess einnig getið að áhrif Amsterdamsáttmálans á EES hefðu komið til umræðu sem skýrsluefni, m.a. áhrif sáttmálans til eflingar mikilvægis þingmannanefndar EES. Hjörleifur Guttormsson lagði til að fjallað yrði um niðurstöðu alþjóðlegra samninga viðræðna sem fram fóru í Kyoto í desember 1998 um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif þeirra á EES. Tillaga Hjörleifs var samþykkt og jafnframt var ákveðið að fjalla um áhrif Amsterdamsáttmálans á EES og um frelsi í fólksflutningum. Loks verður að vanda rædd skýrsla um framkvæmd EES-samningsins.

p. 13. sameiginlegi fundur framkvæmdastjórna þingmannanefndar EFTA í Brussel 28. október.

Vilhjálmur Egilsson og Sighvatur Björgvinsson sátu ásamt ritara fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Á fundinum var m.a. fjallað um dagskrá væntanlegs fundar þingmannanefndarinnar með ráðherraráði EFTA í desember og framsögumenn valdir fyrir fund þingmannanefndar EES í Liechtenstein í maí 1998. Þar mun Sighvatur Björgvinsson hafa framsögu fyrir hönd EFTA-ríkjanna um skýrslu um frelsi í fólksflutningum.

q. Ráðstefna þingmannanefndar EFTA með samstarfsríkjum í Bern 30.–31. október.

Ráðstefnuna sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara deildarinnar. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Efnahagslegur samruni og viðskipti í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu“. Hana sátu alls um 85 manns, þar af um 25 þingmenn EFTA-ríkjanna og aðrir 25 frá hinum ýmsu samstarfsríkjum EFTA, en EFTA-ríkin höfðu þá undirritað þrettán fríverslunarsamninga og sjö yfirlýsingar um samstarf við ríki í Mið- og Austur-Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu. Þeir Peter Vollmer, formaður svissnesku landsdeildar þingmannanefndar EFTA, og Jean-Pascal Delamuraz, efnahagsmálaráðherra Sviss, ávörpuðu ráðstefnuna og buðu gesti velkomna. Annars fór ráðstefnan þannig fram að fluttar voru framsögur um einstök

málefni og í kjölfarið fylgdu umræður þingmanna. Framsögumenn og umræðuefni voru: Kjartan Jóhannsson, framkvæmdastjóri EFTA, sem gaf yfirlit yfir efnahagslegan samruna og viðskipti í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu frá sjónarhóli EFTA; Rudolf Ramsauer, sendiherra og fulltrúi svissnesku ríkisstjórnarinnar á sviði viðskiptasamninga, sem fjallaði um samskipti EFTA-ríkja við ríki Mið- og Austur-Evrópu, Eystrasaltsríkin og Miðjarðarhafssvæðið; Øyvind Nordsletten, sendiherra og sérstakur ráðgjafi á skrifstofu forsætisráðherra Noregs, sem fjallaði um ýmsa aðra svæðisbundna samvinnu í Evrópu; Robert Raymond, framkvæmdastjóri Peningastofnunar Evrópu, sem fjallaði um áhrif evró á umheiminn; Cees Wittebrod úr stjórnardeild Van den Broeks, framkvæmdastjóra hjá ESB, sem fjallaði um stækkun ESB í framtíðinni; Xavier Prats Monné úr stjórnardeild Maríns, framkvæmdastjóra hjá ESB, sem fjallaði um rammaáætlun fyrir Evrópu-Miðjarðarhafssvæðið árið 2010; og Þorvaldur Gylfason prófessor sem fjallaði um horfur á auknu viðskiptafrelsi með landbúnaðarvörur. Loks fóru fram pallborðsumræður um hlutverk þingmannasamstarfs í fjölþjóðlegu efnahagssamstarfi.

r. *Fundur Íslandsdeildarinnar með Evrópulaganefnd neðri deildar breska þingsins í London 2. desember.*

Íslandsdeildin hefur sem fyrr segir undanfarin missiri komið á fót þeirri hefð að funda með viðkomandi þingnefndum þeirra ríkja sem næst taka við formennsku í ráðherraráði ESB, verði því við komið í tengslum við fundi þingmannanefndar EFTA. Bretland tók við formennsku í ráherraráði ESB í ársbyrjun 1998 og 2. desember 1997 fundaði Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA með nefndinni. Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Íslandsdeildin lagði fram greinargerð þar sem gerð er grein fyrir áhrifum Amsterdam-sáttmála ESB-ríkja á EES í einstökum málaflokkum, rætt um sjávarútvegsstefnu ESB, Schengen-vegabréfasamstarfið, áhrif stækkunar ESB á EES o.fl. Evrópulaganefnd neðri deildar breska þingsins fer yfir alla lagasetningu ESB og gefur álit sitt og/eða vísar til umræðu í þingsal, heldur uppi eftirliti með störfum framkvæmdarvaldsins á vettvangi ESB, ályktar fyrir fram þegar við á um meðför atkvæða Bretlands í ráðherraráði ESB o.fl.

Formaður Íslandsdeildarinnar kynnti fyrrnefnda greinargerð og lagði m.a. áherslu á hugsanleg áhrif stækkunar ESB til austurs á fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við viðkomandi ríki og hvernig stækkun ESB þyddi um leið stækkun EES. Aðspurður sagði Jimmy Hood, formaður nefndarinnar, málefni stækkunar ESB til austurs, Efnahags- og myntbandalagsins og stöðugleikasáttmálans sem því tengist mundu verða helstu málefnin á dagskrá ESB árið 1998. Þá urðu miklar umræður um afstöðu íslenskra stjórnvalda til aðildar að ESB, sameiginlega fiskveiðistefnu sambandsins, Schengen-vegabréfasamstarfið, aukið vægi Evrópuþingsins með tilkomu Amsterdam-sáttmálans og hugsanleg áhrif Efnahags- og myntbandalagsins á Ísland og Bretland, en Bretland verður utan bandalagsins fyrst um sinn a.m.k. Hood sagðist sjálfur telja að spurningin væri *hvort* en ekki *hvenær* Bretland gerðist aðili að Efnahags- og myntbandalaginu. Það yrði dýrt og hefði alls kyns óstöðugleika í för með sér að verða fyrir utan og spáði Hood því að Bretland gerðist aðili að Efnahags- og myntbandalaginu snemma á næsta kjörtímabili. Aðspurður um svonefnt „kvótahoppsmál" sagði John Vaux, lögfræðilegur ráðgjafi nefndarinnar, þann vanda hafa verið til staðar í um tvo áratugi og að bresk stjórnvöld hefðu gert árangurslausar tilraunir til að leysa hann einhliða með lagasetningu heima fyrir sem Evrópudómstóllinn hefði dæmt ómerka. Á leiðtogafundi ESB í Amsterdam hefði hins vegar náðst óformlegt samkomulag um að bresk stjórnvöld og framkvæmdastjórn

ESB reyndu í sameiningu að finna leið til þess að tryggja að skip sem skráð eru í Bretlandi séu jafnframt í raunverulegum tengslum við breskt efnahagslíf. Almennt heppnaðist fundurinn vel og ekki virtist vanþörf á að minna Breta á tilvist EFTA og EES.

s. 14. sameiginlegi fundur framkvæmdastjórna þingmannanefndar EFTA í Genf 3. desember.

Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður og Sighvatur Björgvinsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Rætt var um ráðstefnuna sem haldin var í lok október í Bern með samstarfsríkjum EFTA og þótti hún hafa tekist vel. Ákveðið var að stefna að því að halda slíka ráðstefnu annað hvert ár í framtíðinni. Þá var ákveðið að í tengslum við fund þingmannanefndar EFTA í Brussel 13. mars 1998 yrði sérstök kynning á helstu málum sem þá verða í farvatninu í sameiginlegri ákvarðanatöku Evrópuþingsins og ráðherraráðins. Knut Almestad, framkvæmdastjóri Eftirlitsstofnunar EFTA, kynnti drög að fjárlögum stofnunarinnar fyrir árið 1998 þar sem gert er ráð fyrir um 26 millj. kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs, einkum vegna tæknimála. Framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar lýsti stuðningi við drögin en lagði áherslu á mikilvægi þess að stofnunin réði ekki eingöngu til sín opinbera starfsmenn aðildarríkjanna heldur jafnframt fólk af almennum vinnumarkaði til þess að útvíkka þekkingarsvið stofnunarinnar og undirstrika um leið sjálfstæði hennar. Loks tók Vilhjálmur Egilsson upp málefni ýmissa aðila í EFTA-aðildarríkjum EES sem telja að framkvæmdastjórn ESB gangi með óréttmætum hætti fram hjá aðilum utan sambandsins þegar kemur að opinberum útboðum á verkefnum tengdum þróunaraðstoð ESB, eða svonefndum PHARE og TACIS verkefnum. Ákveðið var að taka málið upp á fundinum með ráðherraráði EFTA daginn eftir.

t. 48. fundur þingmannanefndar EFTA og 16. fundur EES-hluta hennar í Genf 3. desember.

Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Guttorm Vik, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, kynnti skjal sem unnið hefur verið um helstu málefni sem nú eru í farvatninu innan EES og bíða staðfestingar í aðildarríkjunum. Sighvatur Björgvinsson spurði um fjölda sérfræðinganefnda á vettvangi ESB sem undirbúa löggjöf sem snertir EES, og EFTA hefði aðgang að, og hvort EFTA fylgdist með starfi ESB í samræmingu skattlagningar. Vik sagði sérfræðinganefndirnar vera um 300 og að þeim fjölgaði sífellt. Hjörleifur Guttormsson spurði hvort einhverjir annmarkar væru á aðgengi EFTA-ríkjanna að þessu starfi og sagði Vik það í fæstum tilfellum vera. EFTA tæki á einhvern hátt þátt í starfi flestra nefndanna en hins vegar væri erfitt að manna allt það starf. Varðandi spurningu Sighvats Björgvinssonar um skattamálin sagði Vik EFTA fylgjast með þeim málum eftir því sem við ætti, t.d. varðandi samgöngumál. Hjörleifur Guttormsson spurði einnig um aðgang að innleggi EFTA í störf þessara nefnda og sagði Vik þá ákvörðun hafa verið tekna að opna aðgang að öllum formlegum gögnum í því sambandi. Hins vegar sagðist hann ekki geta lofað skemmtilesningu þar sem um væri að ræða erindi sérfræðinga á milli um sérhæfð málefni.

Ákveðið var að vinna sameiginlega að skjali um helstu ástæður þess þegar hægt gengur að koma EES-löggjöf í gegnum stjórnkerfi EFTA-ríkjanna og verður skjalið rætt á fundi þingmannanefndarinnar í mars 1998. Svissneski þingmaðurinn Peter Bieri greindi frá gangi mála í tvíhliða samningaviðræðum ESB og Sviss um viðskipti, en þær viðræður hafa staðið yfir með hléum í rúm þrjú ár. Í máli Bieris kom fram að frjáls flutningur vinnuafls og umferð flutningabíla í gegnum Sviss væru einu málefnin sem enn hefði ekki náðst samkomulag um í annars mjög víðfeðmum samningaviðræðum sem dragast mundu a.m.k. eitthvað fram á árið 1998. Loks

var norski þingmaðurinn Haakon Blankenborg kjörinn varaformaður þingmannanefndarinnar fyrir árið 1998.

u. 17. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA í Genf 4. desember.

Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Noregur var með formennsku í ráðherraráði EFTA en Knut Vollebæk utanríkisráðherra var staddur í Ottawa vegna undirritunar alþjóðasamnings um bann við notkun og framleiðslu á jarðsprengjum. Í fjarveru Vollebæks stýrði Hilde Frafjord Johnson, ráðherra þróunar- og mannréttindamála, fundinum af hálfu ráðherraráðsins. Á fundinum greindi Johnson frá síðasta fundi EES-ráðsins sem fram fór 25. nóvember, en í niðurstöðum fundarins er framlag sameiginlegrar þingmannanefndar EES í eflingu EES-samstarfsins sérstaklega lofað. Vilhjálmur Egilsson kynnti fyrrnefnt málefni opinberra útboða á vegum ESB og sagði Johnson að ráðherraráðið mundi láta skoða málið og verða í sambandi vegna þess. Amsterdam-sáttmáli ESB-ríkja var ræddur og m.a. aukið vægi Evrópuþingsins. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra sagði ástæðu til að kanna hvort þjóðþingin gætu með einhverju móti komið að starfi þessara u.þ.b. 300 sérfræðinganefnda ESB sem rætt var um hér að framan. Hjörleifur Guttormsson innti ráðherrana eftir fregnum af stöðu Schengen-málsins og sagði Johnson mikilvægt að finna lausn er ekki fórnaði norræna vegabréfasambandinu, en að beðið væri svars frá ESB um viðræður. Halldór tók undir það en bætti við að Ísland gæti ekki samþykkt einhvers konar aðild án þess að koma að ákvarðanatöku, né að vera sett undir lögsögu Evrópudómstólsins. Aðspurður um fríverslunarsamninga í deiglunni sagði Halldór Ásgrímsson slíka samninga við Kýpur og Túnis vera í undirbúningi og greindi jafnframt frá óformlegum þreifingum um slíka samningsgerð EFTA-ríkjanna við Kanada, en þar virtist vera gagnkvæmur áhugi. Halldór sagðist enn fremur hafa fundið fyrir slíkum áhuga innan MERCOSUR svæðisins og sagði þessi mál verða skoðuð á komandi ári. Í því sambandi benti Vilhjálmur Egilsson á mikilvægi þess að samræma ýmsa staðla milli Evrópu og Norður-Ameríku og nefndi ólík farsímakerfi sem dæmi. Ráðherraráðið fundar næst í Reykjavík dagana 3.–4. júní 1998.

Alþingi, 10. mars 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form. | Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaform. | Árni M. Mathiesen.

Hjörleifur Guttormsson. | Sighvatur Björgvinsson.

979. Fyrirspurn [574. mál]

til dómsmálaráðherra um prófun á vímuefnaneyslu nemenda í skólum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Telur ráðherra að lög banni skólayfirvöldum, í samvinnu við foreldra, að taka upp markvissa prófun á vímuefnaneyslu nemenda ef ástæða er talin til?

980. Fyrirspurn [575. mál]

til viðskiptaráðherra um málefni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þeirrar gagnrýni sem forsvarsmenn nokkurra stórfyrirtækja á fákeppnismarkaði og talsmenn Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs hafa látið í ljós á störf Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs?
2. Telur ráðherra að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð hafi í einhverjum tilvikum starfað andstætt ákvæðum og megintilgangi samkeppnislaga?
3. Styður ráðherra viðleitni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til að tryggja virka samkeppni á hérlendum markaði eins og sú viðleitni hefur birst í störfum þessara aðila?
4. Telur ráðherra sérstök tilefni til að breyta einhverjum ákvæðum samkeppnislaga, t.d. ákvæðum 18. gr.?

981. Fyrirspurn [576. mál]

til dómsmálaráðherra um tengsl umferðarslysa og neyslu ávana- og fíkniefna.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hversu oft hafa ökumenn, sem lent hafa í umferðaróhöppum sl. fimm ár, mælst með of hátt áfengismagn í blóði eða fundist í blóði þeirra merki um fíkniefnaneyslu?
2. Hversu mörg eru þessi tilvik sem hlutfall af heildarfjölda umferðaróhappa, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

982. Tillaga til þingsályktunar [577. mál]

um hvalveiðar.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Einar K. Guðfinnsson, Stefán Guðmundsson, Siv Friðleifsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Árni M. Mathiesen, Ólafur Örn Haraldsson, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að hvalveiðar skuli leyfðar frá og með árinu 1998 á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Sjávarútvegsráðherra er falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga.

Greinargerð.

Árið 1983 ákváðu Íslendingar að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Sú ákvörðun var tekin eftir miklar umræður. Yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna sem tjáðu

sig um málið efaðist ekki um réttmæti hvalveiða hér við land. Hins vegar var mat margra að efnahagslegum hagsmunum okkar væri í hættu stefnt ef við héldum áfram hvalveiðum. Andstaða við slíkar veiðar væri mikil í markaðslöndum okkar og því væri ekki á það hættandi að halda veiðunum áfram.

Á þessum árum væntu menn þess líka að banni Alþjóðahvalveiðiráðsins yrði aflétt fyrr en síðar. Margir ætluðu að eingöngu væri um tímabundna ákvörðun að ræða sem standa mundi stutt. Jafnframt banni við hvalveiðum frá strandstöðvum ákvað ráðið að endurmeta ákvörðunina eigi síðar en árið 1990 í ljósi nýrra upplýsinga um ástand hvalastofna sem byggðar væru á vísindalegri ráðgjöf.

Skemmst er frá því að segja að það hefur ekki gengið eftir. Umræður í Alþjóðahvalveiðiráðinu hafa ekki tekið mið af vísindalegum forsendum. Þrátt fyrir að vísindalegar forsendur liggi fyrir um að hefja megi veiðar hefur meiri hluti aðildarþjóðanna þráast við. Á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í Reykjavík vorið 1991 var lögð fram tillaga um nýtt stjórnunarkerfi sem vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins hafði samþykkt nær samhljóða. Tillagan var virt að vettugi.

Brot á sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Þannig hefur það gengið ár eftir ár. Allar tilraunir til þess að fjalla um málið á vísindalegum grunni hafa reynst árangurslausar. Fram hefur komið, m.a. í hinu virta bandaríska fjármálatímariti Forbes 11. nóvember 1991, að leiða megi líkur að því að hvalfriðunarsamtök hafi fjármagnað þátttöku einstakra ríkja í því skyni að hafa bein áhrif á ákvarðanir ráðsins. Dæmi eru um að ríki í Alþjóðahvalveiðiráðinu hafi lýst skilyrðislausri andstöðu við hvalveiðar þótt það sé klárlega brot á sáttmála ráðsins þar sem segir svo í viðauka: „Hvalveiðar í atvinnuskyni skulu leyfðar á hvalastofnum, sem eru í jafnvægi og þær skulu stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar."

Af þessum ástæðum sögðu Íslendingar sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992.

Um þessar mundir er reynt að sætta ólík öfl innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ljóst virðist þó að langt er í land með að samþykkt verði að hefja hvalveiðar á grundvelli vísindalegra ráðlegginga.

Þjóðin vill hvalveiðar.

Hér á landi hefur ætíð verið vilji til þess að hefja hvalveiðar að nýju. Þetta hefur komið fram í fjölmörgum skoðanakönnunum þar sem að jafnaði 80–90% landsmanna hafa lýst yfir stuðningi við að hefja hvalveiðar að nýju. Hagsmunasamtök hafa langflest lýst yfir afdráttarlausum stuðningi við hvalveiðar, sbr. fskj. II. Þess er skemmst að minnast að yfirgnæfandi meiri hluti lýsti þessari skoðun sinni þegar leitað var álits hagsmunasamtaka og fyrirtækja eftir að þingsályktunartillaga Guðjóns Guðmundssonar og Matthíasar Bjarnasonar var lögð fram á Alþingi á 116. löggjafarþingi árið 1992. Meðal hagsmunasamtaka sem þá hvöttu til hvalveiða voru heildarsamtök launafólks og útvegsmanna, auk sjómannasamtaka og fleiri aðila.

Á Alþingi hefur líka komið fram greinilegur vilji þingmanna til þess að hvalveiðar megi hefjast að nýju. Í umræðum sem efnt hefur verið til hafa fjölmargir þeirra hvatt til þess að veiðar hefjist.

Má af þessu ráða að hugmyndin um hvalveiðar nýtur víðtæks stuðnings á meðal þjóðarinnar, innan hagsmunasamtaka og á Alþingi.

Réttur og skylda fullvalda þjóðar.

Ekki er um það deilt hér á landi að líffræðilegar forsendur eru til þess að hefja hvalveiðar hér við land að nýju. Íslendingar hafa verið talsmenn sjálfbærrar nýtingar á auðlindum. Aug-

ljóst er að sú hugmyndafræði er fullkomlega í samræmi við þá fyrirætlan að veiða hvali eins og aðrar nytjategundir í hafinu í kring um landið. Þeir vilja umgangast auðlindir sínar af varúð og ábyrgð og skila þeim í hendur komandi kynslóða í að minnsta kosti eins og góðu ástandi og þegar nýting þeirra hófst. Það er réttur og skylda fullvalda þjóðar að nýta auðlindina á ábyrgan hátt og í anda þeirrar stefnu um sjálfbæra nýtingu sem Íslendingar hafa gerst talsmenn fyrir. Af því leiðir að rétturinn til þess að nýta hvalastofna sem þola veiði er ótvíræður og sjálfsagður. Íhlutunarsemi erlendra ríkja og samtaka sem miðar að því að koma í veg fyrir að sá réttur sé nýttur er því afskipti af innanríkismálum og gengur um leið gegn þeirri hugmyndafræði varðandi auðlindanýtingu sem stjórnvöld hafa verið talsmenn fyrir innan lands og á erlendum vettvangi.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar.

Árum saman hefur Hafrannsóknastofnunin fjallað um stofnstærð nokkurra hvalategunda og veiðiþol. Í ritinu Nytjastofnar sjávar 1996/97 fjallar stofnunin um hrefnu-, langreyðar- og sandreyðarstofninn, sbr. fskj. I. Þar kemur fram að veiði á 200 hrefnum árlega teljist mjög varlega áætlað aflamark. Um langreyðina segir Hafrannsóknastofnunin: „Þar sem engin fastmótuð aflaregla gildir fyrir langreyðarveiðina við Ísland leggur Hafrannsóknastofnunin til í varúðarskyni að ekki verði veiddar fleiri en 100 langreyðar á ári.“ Talið er að um 6.800 sandreyðar séu á íslenska talningasvæðinu en vegna þess að veiðiþol stofnsins hefur ekki verið metið, né aflareglur þróaðar, leggur stofnunin ekki til ákveðið aflamark.

Áhrifin á útflutningsgreinarnar.

Í umræðunni um hvalveiðar hefur oft verið vikið að því að þær gætu haft fjárhagslegt tjón í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf. Er þá sérstaklega bent á útflutningsgreinarnar, einkanlega sjávarútveg og ferðaþjónustu. Ekki hefur þó með viðhlítandi hætti verið sýnt fram á réttmæti slíkra fullyrðinga. Öðru nær.

Þessi mál voru sérstaklega könnuð þegar úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu var undirbúin. Í skýrslu nefndarinnar sem gerði tillögu um úrsögnina er vitnað á eftirfarandi hátt í fulltrúa Ferðamálaráðs sem kom fyrir nefndina: „Fulltrúi Ferðamálaráðs taldi að umtal í kjölfar úrsagnar Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu gæti jafnvel eflt ferðaþjónustu hérlendis. Fjölgun ferðamanna hingað til lands á undanförnum árum benti til þess að umræða fyrri ára um hvalveiðimál hafi síst skaðað Ísland sem ferðamannaland. Vísbendingar væru jafnvel til um hið gagnstæða.“

Segja má að þessi orð komi mjög heim og saman við reynslu Norðmanna. Margir í sjávarútvegi, útflutningsiðnaði og ferðaþjónustu óttuðust mjög áhrif hrefnuveiðanna sem Norðmenn hófu fyrir nokkrum árum. Sá ótti hefur reynst gjörsamlega ástæðulaus. Útflutningur hefur aukist, ferðaþjónustan eflst og aðsókn í hvalaskoðunarferðir Norðmanna vaxið, að sögn fulltrúa norska útflutningsráðsins sem hér var á ferð í fyrra.

Mikilvæg atvinnugrein sem stóð á eigin fótum.

Hinu má heldur ekki gleyma að hvalveiðar voru á sínum tíma afar mikilvægur þáttur í atvinnulífi landsins. Af veiðunum urðu miklar útflutningstekjur sem ætla má að gætu orðið enn meiri nú vegna verðþróunar á mörkuðum fyrir hvalaafurðir. Þessi atvinnugrein var mjög þýðingarmikil fyrir einstök sveitarfélög og héruð. Í því sambandi má nefna starfsemi Hvals hf. í Hvalfirði og Flóka hf. á Brjánslæk. Áður en hvalveiðibannið tók gildi árið 1986 höfðu um 250 manns starf af hvalveiðum og vinnslu á hvalvertíðinni, þ.e. frá því í júní til september ár hvert. Hér var um að ræða áhafnir hvalveiðibátanna, starfsfólk í hvalstöðinni í Hvalfirði og í frysti-

húsi Hvals hf. í Hafnarfirði. Á árunum 1980–85 stunduðu níu bátar hrefnuveiðar frá þó nokkrum stöðum við landið.

Af þessu má sjá að hvalveiðar höfðu mikla efnahagslega þýðingu fyrir íslensku þjóðina alla og fyrir einstök byggðarlög, fyrirtæki og einstaklinga. Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að hætta hvalveiðum hefur valdið fjárhagslegum skaða og eyðilagt blómlega atvinnugrein sem lagði marga milljarða í íslenska þjóðarbúið, en sóttist hvorki eftir opinberum styrkjum né annarri fyrirgreiðslu.

Hvalveiðar strax á þessu ári.

Þegar þessi mál eru skoðuð í samhengi blasir að við að öll rök hníga að því að hefja hvalveiðar innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Að sjálfsögðu er í valdi ríkisstjórnarinnar að heimila veiðarnar. Alþingi ákvað á sínum tíma, illu heilli, að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Með þessari þingsályktunartillögu er verið að gefa Alþingi kost á að taka nýja ákvörðun í ljósi yfirgnæfandi raka með því að hefja hvalveiðar strax á þessu ári.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Úr skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar: Nytjastofnar sjávar 1996/97. Aflahorfur fiskveiðiárið 1997–98. (Fjölrit nr. 56.)

II. Auglýsing frá Sjávarnytjum: *Hefjum hvalveiðar* (birt í Morgunblaðinu 8. maí 1996).

983. Frumvarp til laga [578. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. og 4. mgr. kemur: veiðimálastjóri.
b. Í stað orðsins „veiðimálastjóra“ í 3. mgr. kemur: veiðimálanefndar.
c. Orðin „og veiðimálastjóri“ í 4. mgr. falla brott.

2. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ hvarvetna í 13. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.

3. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 7. og 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: veiðimálastjóra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rétt er veiðimálastjóra að takmarka stangaveiði á friðuðu svæði við ós og setja reglur um veiðitæki og möskvastærð neta við slíka ósa. Þó getur

veiðimálastjóri að fenginni umsögn Fiskistofu leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma ársins.

b. Fyrri málsliður 3. mgr. orðast svo: Til verndunar villtra laxastofna er veiðimálastjóra rétt að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna þar sem ekki verði heimiluð starfsemi á sviði fiskeldis og hafbeitar með laxfiska.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. mgr. kemur: Veiðimálastjóri.
b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Veiðimálastjóra.
d. Orðin „og eftir tillögum veiðimálastjóra“ í 4. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú telst sannað að fiskur hrygni í veiðivatni í september og er veiðimálastjóra þá rétt að fenginni umsögn veiðimálanefndar að ákveða að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rétt er veiðimálastjóra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju að fengnum tillögum hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.
c. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þá er sérstaklega stendur á getur veiðimálastjóri að fenginni umsögn veiðimálanefndar leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og færi.

7. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: Veiðimálastjóra.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ráðherra“ kemur: Veiðimálastjóra.
b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra og“ falla brott.

9. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

10. gr.

2. málsl. 2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Veiðimálastjóri gefur út veiðiskírteini.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðin „með samþykki ráðherra“ í 3. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Veiðimálastjóri.
c. Við greinina bætast átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

5. Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni.

6. Hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangaveiði er óheimill.

7. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum 5. og 6. mgr. að fengnu sérstöku mati á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki veiðivatnsins og aðliggjandi veiðivatna skv. 8. og 12. mgr.

8. Til þess að fá undanþágu frá banni 5. og 6. mgr. þarf veiðifélag eða eigandi veiðivatnsins sem áformar fiskrækt með framandi stofni eða flutning framandi stofns í veiðivatn að sækja um það til veiðimálastjóra. Undanþágu má að hámarki veita til tveggja ára í senn. Með umsókn skal fylgja greinargerð um framkvæmdina, umsögn dýralæknis fisksjúkdóma um fisksjúkdóma og Veiðimálastofnunar um önnur hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, þar með talda erfðamengun. Framkvæmdaraðili ber kostnað af gerð umsagna. Veiðimálastjóri setur almennar reglur um slíkar umsagnir.

9. Innan tveggja vikna frá móttöku birtir veiðimálastjóri með opinberri auglýsingu umsókn framkvæmdaraðila og kallar eftir umsögnum veiðifélaga á viðkomandi vatnasviði um framkvæmdina. Frá og með þeim tíma skal hverjum sem er vera heimill aðgangur hjá veiðimálastjóra að umsögnum skv. 8. mgr. Athugasemdum skal skilað til veiðimálastjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Innan átta vikna frá því að veiðimálastjóri hefur birt umsókn framkvæmdaraðila skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það hvort fallist sé á umsókn eða henni hafnað. Veiðimálastjóra er heimilt að binda undanþágu skilyrðum.

10. Þegar ákvörðun veiðimálastjóra liggur fyrir skal hún kynnt framkvæmdaraðila og þeim sem hlut eiga að máli, þar á meðal öðrum veiðifélögum á viðkomandi vatnasviði. Jafnframt skal birta hana opinberlega.

11. Ráðherra er heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis veiðimálastjóra af málsmeðferð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

12. Úrskurð veiðimálastjóra skv. 9. mgr. má kæra til landbúnaðarráðherra innan fjögurra vikna frá birtingu. Ráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því er beiðni barst honum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   2. Veiðimálastjóra er rétt að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. um friðun í vatni er veiðimálastjóra rétt að leyfa lagnetaveiði til heimilisnota á friðunartímanum.
c. 4. mgr. orðast svo:
   4. Veiðimálastjóri getur sett reglur um friðun vatnasilungs þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

13. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni, svo sem vegna sjúkdóma eða til þess að rækta aðrar fisktegundir en þær er fyrir voru í vatninu, og skal veiðimálastjóra þá heimilt að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins og með samþykki Hollustuverndar ríkisins að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3., 4. og 6. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.
b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr., „og veiðimálastjóri“ í 4. mgr. og „eftir tillögum veiðimálastjóra og“ í 6. mgr. falla brott.

15. gr.

4. málsl. 1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Veiðimálastjóra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.

16. gr.

2. málsl. 37. gr. laganna orðast svo: Þó getur veiðimálastjóri leyft að leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. og 3. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli orðið: veiðimálastjóri.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Veiðimálastjóra er þó rétt að veita viðkomandi veiðifélagi undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálanefnd með því.
c. Orðin „að fengnum tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.

18. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: Veiðimálastjóra.

19. gr.

58. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

20. gr.

2. mgr. 61. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. kemur: veiðimálastjóra.
b. Í stað orðsins „veiðimálastjóra“ í 1. mgr. kemur: veiðimálanefndar.
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Veiðmálastjóri skal leita umsagnar Veiðimálastofnunar um fyrirhugaða hafbeit ef náttúrulegar aðstæður á svæðinu gefa tilefni til hættu á erfðablöndun.
d. Í stað orðsins „ráðherra“ hvarvetna í 3. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli orðið: veiðimálastjóri.
e. Orðin „og veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.
f. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

5. Flutningur seiða í hafbeitarstöð er óheimill fyrr en fullgilt rekstrarleyfi er fengið. Veiðimálastjóri getur þó veitt undanþágu til flutnings á seiðum í hafbeitarstöð hafi stöðin fengið heimild til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga er varða slíkan atvinnurekstur.

22. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 66. gr. skal veiðimálastjóri, með samþykki veiðimálanefndar, setja reglur um töku á laxi er kemur úr sjó í hafbeitarstöð og um merkingar og sýnatöku úr fiskinum.

23. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt að fenginni umsögn veiðimálanefndar að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldis- og hafbeitarstöðva á sama hátt og kveðið er á um í 7. og 8. mgr. 14. gr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 86. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: hann fer með stjórn veiðimála og er ráðherra til aðstoðar um þau mál eins og kveðið er á um í lögum þessum.
b. D-liður orðast svo: hann gefur leyfi til merkinga vatnafiska með skilyrðum sem hann setur.
c. E-liður orðast svo: hann ber ábyrgð á söfnun skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi; hann má fela öðrum aðila söfnun og úrvinnslu gagna.
d. F-liður orðast svo: hann skipar veiðieftirlitsmenn.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

a. Orðin „og veiðimálastjóra“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 2. mgr. kemur: framkvæmdastjóri Veiðimálastofnunar.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. og 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli orðið: veiðimálastjóri.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, f-liður, svohljóðandi: 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda.
b. 2. mgr. orðast svo:

2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fer veiðimálanefnd. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra.

28. gr.

Í stað orðanna „eða 38. gr.“ í f-lið 1. mgr. 98. gr. laganna kemur: 38. eða 62. gr.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 24/1997, um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, var stjórnsýsla veiðimála samkvæmt lögunum skilin frá rannsóknum í veiðimálum. Á grundvelli þessara laga var sérstakur framkvæmdastjóri skipaður fyrir Veiðimálastofnun en áður hafði veiðimálastjóri veitt stofnuninni forstöðu. Með frumvarpi þessu, sem samið er að tilhlutan landbúnaðarráðherra, eru lagðar til mikilvægar og aðkallandi breytingar á núgildandi lögum um lax- og silungsveiði. Þær hafa eftirfarandi markmið:

a. að færa stjórnsýsluverkefni frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra,
b. að treysta lagaákvæði er varða verndun og viðhald náttúrulegra stofna laxfiska,
c. að efla Fiskræktarsjóð.

Breyting á stjórnsýsluframkvæmd.

Í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði er landbúnaðarráðherra ætlað að veita ýmis leyfi og undanþágur, langoftast að fenginni umsögn eða eftir atvikum tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra. Yfirstjórn lax- og silungsveiðimála er í höndum landbúnaðarráðherra og fer hann því með æðsta stjórnsýsluvald samkvæmt lögunum. Óeðlilegt verður að telja að æðsta stigi stjórnsýslu sé að lögum falin svo víðtæk lagaframkvæmd eins og dæmi eru um í lax- og silungsveiðilögum. Má í þessu sambandi nefna undanþágu til að veiða loðnu til beitu (15. gr.), heimild til að stunda veiði göngusilungs utan hefðbundins veiðitíma (18. gr.), útgáfu veiðiskírteina (22. gr.), ákvarðanir er varða friðun vatnasilungs og um veiði í lagnet til heimilisnota (24. gr.), ákvarðanir um veiðitæki (27. og 38. gr.), veitingu rekstrarleyfa til fiskeldis og hafbeitar (62. gr.), ákvörðun um friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldis- og hafbeitarstöðva (71. gr.) og skipan veiðieftirlitsmanna (91. gr.). Slík tilhögun leiðir til þess að ekki er til eðlileg málskotsleið innan stjórnsýslunnar, vilji aðili stjórnsýslumáls ekki sætta sig við málsmeðferð og ákvörðun ráðherra í tilteknu máli.

Vernd og viðhald náttúrulegra laxastofna.

Á undanförnum árum hafa komið upp vandkvæði við framkvæmd reglugerðar nr. 401/1988, um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna. Við setningu reglugerðarinnar á sínum tíma var haft samráð við hagsmunaaðila, en á þeim tíma voru nokkrar líkur á umtalsverðri hafbeit og fiskeldi í kvíum með ströndum landsins. Á þeim tíma var mönnum ljós sú hætta sem náttúrulegum stofnum getur stafað af fiskeldi, fiskrækt og flutningi fiska milli vatnakerfa til sleppingar. Mest hætta er talin geta stafað af útbreiðslu fisksjúkdóma og óæskilegri blöndun erfðaefnis milli stofna sem þróast hafa aðskildir í þúsundir ára. Sátt náðist um þær takmarkanir og skorður sem settar voru í reglugerðinni við starfsemi fiskeldisfyrirtækja og veiðifélaga. Til stóð, og þess var getið sérstaklega í reglugerðinni, að endurskoða hana fyrir 1. júlí 1990. Af þessari endurskoðun hefur ekki orðið. Með þessu frumvarpi er m.a. lögð til endurskoðun á nokkrum ákvæðum laganna sem reglugerðin vísar til og í kjölfar þess, ef að lögum verður, gefi landbúnaðarráðherra út nýja reglugerð. Auk þess verður lögfest ótvíræðari lagaheimild fyrir þau ákvæði reglugerðarinnar sem sátt hefur verið um. Þá eru lögð til ný ákvæði sem hvorki eru í lögum né reglugerð.

Helstu vandkvæði í framkvæmd laganna eru tengd þeirri starfsemi að sleppa fullvaxta fiski (hafbeitarfiski) í ár og vötn til endurveiða, starfsemi hafbeitarstöðva í nálægð við laxveiðiár með náttúrulegum stofnum, að nokkur ákvæði reglugerðar nr. 401/1988 þurfa ótvíræðari lagaheimildir og að önnur eru ekki í takt við það sem nú tíðkast þegar teknar eru ákvarðanir stjórnvalds, samkvæmt stjórnsýslulögum.

Óumdeilanlegt er að flutningur á lifandi fiski til endurveiði eykur hættu á útbreiðslu fisksjúkdóma. Eftir að kýlaveiki fannst í laxi í Elliðaánum og í hafbeitarstöðinni í Kollafirði árið 1995 var árið 1996 hvergi á landinu veitt undanþága fyrir flutningi á hafbeitarfiski milli vatnasvæða til endurveiði. Undanþágur höfðu verið gefnar undangengin ár skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar en þar segir: „Óheimilt er að sleppa fiski í ár eða vötn til endurveiða nema notaður sé stofn af viðkomandi vatnasvæði. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæði þessu, að fengnu samþykki fisksjúkdómanefndar og viðkomandi veiðifélags.“ Ráðherra (fisksjúkdómanefnd) hefur samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði heimildir til þess að banna þess konar flutning sem hér um getur og vísast þar til 79. gr. laganna en þar segir: „Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.“ Ekki fékkst samþykki hjá fisksjúkdómanefnd fyrir undanþágu árið 1996 eins og áður segir en samþykki fékkst árið 1997 með ströngum skilyrðum. Ráðherra gaf undanþágur í kjölfar þess með þeim skilyrðum sem fisksjúkdómanefnd setti.

Ekki er deilt um það hlutverk sem fisksjúkdómanefnd er fengið í þessu ákvæði reglugerðarinnar heldur það að ráðherra er fengið ákvörðunarvald til að veita undanþágu frá banni sem ekki er óyggjandi stoð fyrir í lögum. Vandkvæðin felast í því að telji ráðherra sig ekki geta veitt undanþáguna, þrátt fyrir samþykki fisksjúkdómanefndar og viðkomandi veiðifélags, og byggir hann það á öðrum sjónarmiðum en fram koma í áliti þeirra (t.d. erfðablöndunarhættu eða óæskilegum vistfræðilegum áhrifum), hefur hann ekki til þess nægilega trygga lagaheimild. Einnig hafa komið upp deilur um hvaða viðkomandi veiðifélag það sé sem gefa þarf samþykki sitt auk fisksjúkdómanefndar áður en ráðherra megi veita undanþáguna. Í landbúnaðarráðuneytinu hefur þetta verið túlkað þannig að átt sé við veiðifélagið fyrir ána eða vatnið sem fyrirhugað er að sleppa fiski í en ekki veiðifélag á aðliggjandi svæði eða félög sem kunna að hafa samtengt vatnakerfi.

Í 23. gr. gildandi laga, sem fjallar um fiskrækt í ám og vötnum, segir einungis til um hvernig bera skuli sig að við samþykkt áætlunarinnar en hvergi er þess getið að einungis skuli nota viðkomandi stofn árinnar eða vatnsins eins og segir í reglugerðinni. Það er viðurkennt meðal erfða- og vistfræðinga er stunda rannsóknir á laxfiskum að eitt það mikilvægasta fyrir sjálfbæra nýtingu náttúrulegs stofns sé að varðveita sérkenni sem stofninn hefur og eru niðurstaða aðlögunar í þúsundir ára. Þetta hefur lengi verið ráðlagt af alþjóðastofnunum á borð við Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) og Atlantshafslaxverndunarstofnunina (NASCO) sem fjalla um laxfiska og nýtingu þeirra. (Sjá t.d. Guidelines to minimise the threats to wild salmon stocks from salmon aquaculture, útgefið af NASCO 1991.) Ráðstefna í Bath 18.–23. apríl 1997, sem haldin var á vegum þessara stofnana, NASCO og ICES, um áhrif eldislax á náttúrulega laxastofna, færði mönnum enn frekari upplýsingar um hversu frábrugðnir stofnar eru milli tveggja vatna og ekki síður hversu hinn kynbætti lax sem notaður er í fiskeldinu er orðinn frábrugðinn þeim sem enn þá lifir við náttúrulegar aðstæður.

Í frumvarpi þessu er einnig lagt til að skerpt verði á þeim ákvæðum er varða hafbeit svo að tryggt verði í framtíðinni að við veitingu rekstrarleyfa verði nægilegt tillit tekið til þeirra sjónarmiða er varða erfðamengun.

Af því sem hér að framan greinir má ljóst vera að illframkvæmanlegt er að notast við þau ákvæði sem eru í núgildandi lögum og reglugerðum sem varða verndun og viðhald þeirrar auðlindar sem hér um ræðir. Enn fremur má benda á Ríósáttmálann um viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbæra þróun, en með frumvarpinu, ef að lögum verður, er stuðlað að því að ekki sé stefnt í óþarfa hættu þeim fjölbreytileika sem er enn þá í stofnum íslenskra laxfiska.

Atlantshafslax á mjög undir högg að sækja. Útbreiðsla tegundarinnar og stærð stofna hennar hafa minnkað mjög á þessari öld og einkum síðustu árin eins og gögn Alþjóðahafrannsóknaráðsins sýna og ítrekað hefur verið bent á, t.d. af Alþjóðalaxakvótasjóðnum. Ástæðnanna er bæði að leita í náttúrulegum breytingum á umhverfi en ekki síður vegna aðgerða mannsins. Svo er komið að lax er horfinn af stórum svæðum og honum hefur fækkað mjög á öðrum þar sem bæði búsvæðum laxins og laxastofnum hefur verið spillt. Því er afar brýnt að vel sé á málum haldið hér á landi svo að þessi mikilvæga auðlind spillist ekki eða tapist.

Með frumvarpinu er einnig tekið á veigamiklu atriði er varðar framkvæmd laganna og varðar aðra en þá sem sækja um undanþágu frá banni en telja sig málið varða. Ef litið er á stangaveiði á laxfiskum sem hverja aðra nýtingu á landsins gæðum má segja að ekki hafi gilt sömu sjónarmið um láð og lög. Með skipulags- og byggingarlögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum er þess gætt að þeim sem málið varðar sé gefinn kostur á að koma með athugasemdir um fyrirhugaða landnýtingu. Skipulagsyfirvöld og umhverfisráðherra geta þannig haft úrskurðarvald um fyrirhugaða landnýtingu, sett um hana skilyrði og komið í veg fyrir hana ef hún er ótæk með tilliti til náttúruverndar eða annarra landnýtingarsjónarmiða. Í öllu því ferli er þess gætt að aðilar máls hafi tök á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Á síðastliðnum vetri sóttu þrjú veiðifélög um undanþágu til sleppingar á hafbeitarfiski til endurveiði. Gegn tveimur þessara umsókna komu mjög hörð viðbrögð veiðifélaga sem nýta sama eða aðliggjandi vatnakerfi. Helst var bent á aukna hættu á útbreiðslu fisksjúkdóma, erfðamengun og yfirtöku lax á svæðum þar sem bleikja og urriði eru aðaltegundir. Í þriðja tilvikinu var veitingu undanþágu ekki mótmælt enda ekki sýnilegir hagsmunir á borð við þá sem voru í þeim fyrrnefndu.

Með frumvarpinu er lagt til að með lögum sé báðum aðilum máls tryggð sanngjörn málsmeðferð og að ákvarðanir stjórnvalds séu byggðar á faglegum grunni. Með umsókn til veiðimálastjóra, en henni ber að fylgja álitsgerð dýralæknis fisksjúkdóma og Veiðimálastofnunar, eru stjórnvaldi tryggðar faglegar úttektir óháðra aðila auk greinargerðar þess sem sækir um leyfi til framkvæmda. Þeir sem telja hagsmunum sínum ógnað geta gert athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir. Sætti aðilar máls sig ekki við úrskurð veiðimálastjóra um höfnun umsóknar eða undanþágu frá banni, með eða án skilyrða, úrskurðar landbúnaðarráðherra í málinu sem æðsta stjórnvald.

Fiskræktarsjóður.

Fiskræktarsjóður var á sínum tíma settur á laggirnar með það að markmiði að efla fiskrækt í landinu, m.a. með fiskvegagerð og seiðasleppingum. Síðar var bætt við lögin ákvæði sem heimilar styrki til annarra verkefna sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska. Mikilvægi sjóðsins hefur aukist eftir því sem áhrif manna á náttúru landsins verða meiri. Nú er svo komið að Ísland er eina landið við Norður-Atlantshaf sem ekki hefur orðið fyrir stórfelldu hruni í laxastofnum. Miklu fé er nú varið í öðrum heimkynnum laxins til viðhalds hans og verndunar svo að auðlindin tapist ekki fyrir fullt og allt. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu hruni, sumar þekktar en aðrar ókunnar. Áhyggjur manna af að brátt fari á sömu leið með íslenska stofna eiga að vera hvatning til þess að gera sem mögulegt er til þess að efla allar aðgerðir sem bætt geta lífsskilyrði laxastofna okkar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að efla

Fiskræktarsjóð. Það er unnt að gera með því að að breyta því ákvæði laganna sem kveður á um að aðeins skuli greiða til sjóðsins af raforkusölu til almennings.

Telja verður að auknar tekjur til Fiskræktarsjóðs samrýmist þeim hugmyndum sem Landsvirkjun hefur sett fram í umhverfisstefnu sinni en þar kemur fram að Landsvirkjun mun í framtíðinni þurfa að starfa enn nánar með þeim sem stunda rannsóknir á veiði og gefa leiðbeiningar um veiðimál. Miðað við meiri áherslu á umhverfissjónarmið í ákvarðanatöku við undirbúning og gerð orkumannvirkja en áður er enn frekar en fyrr þörf á öflugum rannsóknum á vistkerfi vatna.

Allar rannsóknir á lífríki vatna sem ríkið styrkir með framlögum á fjárlögum eru grunnur að skynsamlegri nýtingu fallvatna. Fiskræktarsjóður með markmiðum sínum eflir einnig þann grunn þekkingar sem við þurfum á að halda til viðhalds þeim auðlindum sem eru í vötnum landsins. Sérstaða sjóðsins er sú að í hann hafa greitt þeir sem hafa haft tekjur af því lífríki sem er í vötnum landsins og fallorkunni sem í þeim er. Sjálfsagt má færa fyrir því rök að veiðiréttareigendur ættu líka að greiða meira til sjóðsins, starfsemi þeirra í kringum sölu á veiðileyfum og þjónustu við veiðimenn er talin velta um 1,0–1,5 milljarði kr. ár hvert. Á þetta hefur verið bent í landbúnaðarráðuneytinu nú hin síðari ár í kjölfar aukins sparnaðar í ríkisrekstri. Veiðiréttareigendur segja á móti að til rannsókna og leiðbeininga í veiðimálum séu einungis veittar um 30 millj. kr. á fjárlögum og finnst þeim það lítið miðað við þá auðlind sem hér er rætt um. Ekki skal útilokað að komast megi að samkomulagi við veiðiréttareigendur um að þeir greiði meira til sameiginlegs sjóðs til viðhalds auðlindarinnar, en á það hefur ekki reynt enn sem komið er.

Með frumvarpi þessu er lagt til að vatnsaflsstöðvarnar greiði einnig í sjóðinn af óskírum tekjum sínum vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda sem gerðir verða í framtíðinni. Sé tekið mið af greiðslum í Fiskræktarsjóð árið 1997 af óskírum tekjum vegna sölu raforku til almennings árið 1996 voru tekjur sjóðsins 7,7 millj. kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–3. gr.

Lagt er til að ýmis stjórnsýsluverkefni verði færð frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra. Um ástæður þess er vísað til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 4. gr.

Auk þess að hér er lagt til að stjórnsýsluverkefni verði færð frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra er kveðið á um samráð við Fiskistofu við veitingu leyfa til ádráttar á friðuðum ósasvæðum til veiða á loðnu og síld til beitu. Þetta er talið eðlilegt þar sem um er að ræða veiði á þessum tegundum en um stjórn þeirra er farið samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og Fiskistofa tekur þátt í framkvæmd þeirra laga.

Um 5.–10. gr.

Í greinum þessum eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum um lax- og silungsveiði sem hafa það að markmiði að færa afgreiðslu stjórnsýslumála frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra, af ástæðum sem áður eru nefndar.

Um 11. gr.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er fjallað ítarlega um þá breytingu sem hér er lögð til. Í nýjum 5. og 6. mgr. eru bannákvæði en í 7.–12. mgr. er lýst undanþáguferli varðandi leyfi til að nota annan stofn en er á viðkomandi vatnasvæði til fiskræktar og slepping-

ar hafbeitarfisks til endurveiði. Þessi ákvæði byggjast á nýjum viðhorfum sem rutt hafa sér rúms með tilkomu m.a. stjórnsýslulaga og laga um mat á umhverfisáhrifum. Að fá undanþágu hjá veiðimálastjóra getur að hámarki tekið 10 vikur frá því sótt er um hana, en að lágmarki 5–6 vikur sé umsóknin birt strax og veiðimálastjóri kveður upp úrskurð sinn að loknum lögmæltum fresti til athugasemda. Komi til þess að miklar athugasemdir séu gerðar við hina áformuðu fiskrækt eða sleppingu til endurveiði og kært sé til ráðherra, sem noti allan sinn tíma til úrskurðar, getur tekið allt að 22 vikum að fá endanlega niðurstöðu í málið. Ekki er talið rétt að gefa aðilum máls lengri tíma til umfjöllunar og úrskurðar en hér er lagt til þar sem algengt er að um not eða leigu á veiðivatni séu teknar ákvarðanir að hausti fyrir komandi veiðitímabil. Með löngu ferli til að taka ákvarðanir í þessum málum væri því verið að takmarka mjög nýtingarmöguleika þar sem sala veiðileyfa fer venjulega fram að vori.

Um 12.–20. gr.

Greinarnar gera ráð fyrir að ýmis stjórnsýsluverkefni verði færð frá ráðherra til veiðimálastjóra.

Um 21. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að veiðimálastjóri, að fenginni umsögn veiðimálanefndar, veiti leyfi til rekstrar fiskeldis- og hafbeitarstöðva í stað ráðherra og að hann geti heimilað aukningu á fjölda slepptra seiða í hafbeit. Enn fremur er lagt til að við veitingu leyfa til hafbeitar verði metin hætta á erfðablöndun hafbeitarstofns við náttúrulega stofna. Þá er lagt til það nýmæli í nýrri málsgrein, 5. mgr., að veiðimálastjóri geti veitt undanþágu til flutnings á seiðum í hafbeitarstöð hafi stöðin fengið heimild til starfrækslu samkvæmt ákvæðum annarra laga. Er þá átt við lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Um 22.–26. gr.

Greinarnar fjalla um tilfærslu stjórnsýsluverkefna frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra. Í 24. gr. frumvarpsins eru einnig lagðar til breytingar á hlutverki veiðimálastjóra sem leiðir af breyttu hlutverki hans í kjölfar breytinga sem lögfestar voru með lögum nr. 24/1997 og áður er getið og því sem hér er lagt til í þessu frumvarpi um flutning á stjórnsýsluverkefnum frá ráðherra til veiðimálastjóra.

Um 27. gr.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum með frumvarpinu er lagt til að Fiskræktarsjóður fái auknar tekjur í framtíðinni af raforkusölu. Í d-lið 1. mgr. 92. gr. laganna er einvörðungu gert ráð fyrir að sjóðurinn fái hlutdeild í tekjum vatnsaflsstöðva af orkusölu til almennings, en greinin gerir ráð fyrir að vatnsaflsstöðvar greiði í framtíðinni í sjóðinn einnig af óskírum tekjum sínum vegna sölu á raforku til nýrra stórnotenda samkvæmt sérsamningum sem gerðir verða eftir gildistöku laga þessara.

Í 2. mgr. er lögð til breytt skipan stjórnar Fiskræktarsjóðs. Með vísan til þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á verksviði veiðimálamálastjóra, auk þeirra sem hér eru lagðar til, getur ekki lengur talist eðlilegt að veiðimálastjóri eigi sæti í stjórn Fiskræktarsjóðs. Með greininni er því lagt til að hann eigi ekki lengur sæti í stjórn hans.

Um 28.–29. gr.

Greinarnar þarfnast ekki nánari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að formleg afgreiðsla ýmissa stjórnsýsluverkefna verði færð frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra. Jafnframt er þar að finna ákvæði varðandi verndun og viðhald náttúrulegra stofna laxfiska og eflingu Fiskræktarsjóðs.

Eftirfarandi ákvæði frumvarpsins hafa fjárhagsleg áhrif:

a. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis veiðimálastjóra af málsmeðferð samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Gert er ráð fyrir að fullt samræmi verði á milli gjaldtöku og kostnaðar.
b. Samkvæmt 27. gr. frumvarpsins er lagt til að Fiskræktarsjóður fái auknar tekjur af raforkusölu. Í núgildandi lögum fær sjóðurinn hlutdeild í tekjum vatnsaflsstöðva af orkusölu til almennings. Með frumvarpinu er lagt til að vatnsaflsstöðvar greiði einnig í sjóðinn af þeim tekjum sem þær hafa af raforkusölu samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda frá og með gildistöku laganna. Samkvæmt þessu munu tekjur sjóðsins aukast eitthvað en ekki er hægt að leggja mat á þá aukningu þar sem um er að ræða samninga sem ekki hafa verið gerðir.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

984. Tillaga til þingsályktunar [579. mál]

um aðgerðir vegna hitasóttar í hrossum.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að sjá til þess að unnin verði ítarleg rannsókn og úttekt á aðdraganda, ferli og afleiðingum hitasóttar í hrossum sem breiðst hefur út hér á landi á þessu ári. Rannsóknin verði unnin á vegum embættis yfirdýralæknis og stuðst við upplýsingar og gögn frá dýralæknum og hestamönnum. Á grunni hennar verði mótuð áætlun um viðbrögð í samráði við atvinnumenn í hestamennsku og félagasamtök hestamanna.

Greinargerð.

Heilbrigði íslenska hestsins hefur verið viðbrugðið, svo sem flestra annarra dýrategunda hérlendis. Nýtur þar við fjarlægðar frá öðrum löndum og tiltölulega góðra aðstæðna til að verjast sjúkdómum og smiti sem herja víða erlendis. Strangar reglur eru í gildi til að koma í veg fyrir slíka óáran en hún getur valdið gríðarlegum usla í dýrum sem aldrei hafa komist í kast við ýmsa sjúkdóma og þar af leiðandi ekki byggt upp ónæmi eða varnir gagnvart þeim. Þótt misbrestur hafi orðið á framkvæmd reglnanna hafa varnir að mestu dugað til þessa. Því er ekki að undra að hestaeigendur og þeir sem hafa atvinnu af hestamennsku séu slegnir óhug og

áhyggjum vegna hitasóttarinnar sem geisað hefur einkum á suðvesturhorni landsins um nokkurt skeið en komst fyrst í hámæli um miðjan febrúar sl. Um leið og ljóst var að um smitsjúkdóm væri að ræða var gripið til varúðarráðstafana, bann lagt við flutningum milli svæða og til útlanda og hestaeigendum leiðbeint um meðferð. Þrátt fyrir það hefur veikin breiðst út jafnt og þétt, hundruð hrossa hafa sýkst og nokkur drepist og engin trygging er fyrir því að sóttin nái ekki til allra landsvæða áður en yfir lýkur. Miklir hagsmunir eru í húfi og margir hafa nú vaknað til vitundar um hvílíkar afleiðingar andvaraleysi og óvarkárni geta haft. Brýnt er því að draga réttan lærdóm til framtíðar af þessari reynslu og má þar ekkert til spara. Rannsóknir eru að sjálfsögðu hafnar á vegum embættis yfirdýralæknis. Áfallinn kostnaður er þegar orðinn umtalsverður og ljóst að hann verður enn meiri. Nauðsynlegt verður að taka tillit til þess við fjárveitingar til embættisins.

Íslenski hesturinn hefur fylgt íslenskri þjóð frá upphafi byggðar gegnum þykkt og þunnt og verið henni bæði til gagns og gleði. Hann er einstakur og lofaður víða um heim fyrir hæfni og sérstaka kosti. Fyrr á öldum var hann nefndur þarfasti þjónninn og vann þá flest þau verk sem bílar og margs konar vinnuvélar leysa nú í þágu mannsins. Á síðustu áratugum hefur hann í æ ríkari mæli orðið félagi mannsins í tómstundum. Fjölmargir eiga nú hesta sér til ánægju. Hestamenn fara hundruðum saman í lengri og skemmri hestaferðir um byggðir og óbyggðir landsins og slíkar ferðir eru mjög eftirsóttar af útlendingum. Á hverju ári koma hátt á þriðja þúsund erlendir ferðamenn til Íslands eingöngu vegna áhuga á íslenska hestinum, en auk þess kynnast 20–25 þúsund erlendir ferðamenn íslenska hestinum í styttri ferðum. Um 5 þúsund útlendingar sækja landsmót hestamanna sem haldin eru fjórða hvert ár.

Með vaxandi áhuga og fjölbreyttari notkun hefur skapast mikil atvinna við hestamennsku um allt land. Þar má telja hestaræktendur, tamningamenn, knapa, járningamenn, reiðkennara, hestaflutningamenn, hestaleigjendur, leiðsögumenn og skipuleggjendur hestaferða, framleiðendur og seljendur hestavara og svo að sjálfsögðu dýralækna. Erfitt er að slá tölu á þá sem hafa atvinnu af hestamennsku, en kunnugir telja að ársverk tengd henni séu a.m.k. 1 þúsund.

Útflutningur hesta er umtalsverður og íslenskir hestar teljast nú vera um 100 þúsund í 20 löndum, þar af um 45 þúsund í Þýskalandi, enda streyma útlendingar hingað í hestaferðir og á landsmót hestamanna. Veglegar sýningar og mót eru haldin árlega erlendis þar sem íslenskir hestar og íslenskir knapar halda orðstír lands og þjóðar hátt á lofti. Í júlí 1997 kom út skýrsla á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um störf nefndar sem falið var að kanna möguleika á auknum útflutningi framleiðslu sem tengist eða gæti tengst íslenska hestinum. Niðurstöður nefndarinnar eru að umtalsverðir möguleikar séu á því sviði og markmiðið hljóti að vera „að á Íslandi verði „Mekka“ íslenska hestsins og hingað leiti útlendingar upplýsinga, kaupi vörur og þjónustu sem tengist íslenska hestinum, fái ráðgjöf eða annað sem hefur hér sérstöðu; að þjónusta og vörur frá Íslandi sem tengjast íslenska hestinum verði ávallt þær eftirsóttustu í hugum þeirra sem þekkja íslenska hestinn; að íslenskar vörur og þjónusta séu ímynd gæða sem hægt sé að standa við og uppfylla“.

Ljóst er að miklir hagsmunir eru í húfi þegar um íslenska hestinn er að ræða, fjárhagslegs og atvinnulegs eðlis, auk þeirra hagsmuna sem ekki verða í krónum taldir, heldur tilfinningum. Því er mikilvægt að bregðast myndarlega við þeirri vá sem nú steðjar að hestum, hestaeigendum og atvinnumönnum í greininni. Hestaeigendur hafa misst hross, atvinnumenn hafa orðið af viðskiptum og aðeins framtíðin sker úr um varanlegt tjón. Leggja þarf kapp á að upplýsa hvernig veikin hefur borist til landsins og hvernig hún smitast, rannsaka afleiðingar hennar og komast að niðurstöðu um hvaða meðhöndlun reynist best. Svara þarf áleitnum spurningum eins og þeim hvort gerlegt sé eða jafnvel æskilegt að verja íslenska hestinn gegn sýkingu af þessu tagi, en um það eru deildar meiningar. Fara þarf yfir allt ferlið og viðbrögðin og mikil-

vægast alls er að móta áætlun um hvernig taka ber á málum við svipaðar aðstæður í framtíðinni. Við þá vinnu þurfa bæði dýralæknar og jafnt atvinnumenn sem áhugamenn í hestamennsku að leggja sitt af mörkum.

985. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (ábyrgðar- og slysatryggingar).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf W. Stefánsson frá dómsmálaráðuneytinu, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Rúnar Guðmundsson og Helga Þórsson frá Vátryggingaeftirlitinu, Bjarna Þórðarson tryggingastærðfræðing og Gest Jónsson hrl. Þá hafa nefndinni borist erindi um málið frá Bjarna Þórðarsyni, Neytendasamtökunum, Landssambandi íslenskra akstursíþróttafélaga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Vátryggingaeftirlitinu, Sleipni og Umferðarráði.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á umferðarlögunum. Í fyrsta lagi eru það breytingar á vátryggingarfjárhæðum ábyrgðartrygginga ökutækja og slysatrygginga ökumanns, en þær eru taldar nauðsynlegar í kjölfar setningar skaðabótalaga. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þessar breytingar á vátryggingarfjárhæðum eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á vátryggingariðgjöld einar og sér og tóku fulltrúar Vátryggingaeftirlitsins undir þetta álit á fundi nefndarinnar.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á slysatryggingu ökumanns. Lagt er til að ákvæði 92. gr. umferðarlaga verði skýrð nánar og bótasvið tryggingarinnar tengt bótasviði ábyrgðartryggingarinnar með því að taka notkunarhugtak ábyrgðartryggingarinnar upp í reglur slysatryggingarinnar. Einnig er lagt til að slysatryggingin nái ekki til ökumanns sem notar ökutæki í algeru heimildarleysi. Þá er lagt til að kveðið verði á um það í lögum að slysatryggingin nái einnig til vátryggingartaka sem slasast sem farþegi eða af völdum eigin ökutækis.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 13. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Jón Kristjánsson.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

986. Skýrsla [580. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1997.

1. Inngangur.

Þátttaka Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins í starfi sambandsins (Inter-Parliamentary Union) á árinu 1997 var með hefðbundnum hætti og tók deildin þátt í báðum reglulegum þingum sambandsins. Það fyrra var haldið í Seoul í apríl (97. þing) og hið síðara í Kaíró í september (98. þing). Einnig var haldin sérstök ráðstefna um jafnrétti karla og kvenna í stjórnmálum.

Stjórn Íslandsdeildar skipa Geir H. Haarde (Sjálfstæðisflokki), formaður, Magnús Stefánsson (Framsóknarflokki), Einar K. Guðfinnsson (Sjálfstæðisflokki), Bryndís Hlöðversdóttir (Alþýðubandalagi og óháðum) og Jóhanna Sigurðardóttir (Þjóðvaka). Áheyrnarfulltrúar voru Gísli S. Einarsson (Alþýðuflokki) og Kristín Halldórsdóttir (Kvennalista). Ritari deildarinnar er Elín Flygenring, forstöðumaður alþjóðasviðs Alþingis.

2. Ráðstefna um jafnrétti karla og kvenna í stjórnmálum.

Ráðstefna um jafnrétti karla og kvenna í stjórnmálum var haldin á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins í Nýju-Delí dagana 14.–18. febrúar 1997. Á vegum Íslandsdeildarinnar tóku þátt í ráðstefnunni Kristín Halldórsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir. Geir H. Haarde tók þátt í ráðstefnunni sem varaforseti Alþjóðaþingmannasambandsins og fulltrúi í undirbúningsnefnd fyrir hana. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, var einn ræðumanna á ráðstefnunni.

Ráðstefnuna sóttu fulltrúar 79 þjóðþinga ásamt fulltrúum félagasamtaka. Samvinna karla og kvenna í stjórnmálum var eitt aðalþemað. Í því sambandi var m.a. rætt um kosti og galla kynjakvóta varðandi stjórnmálaþátttöku. Annað þema var jafnrétti kynjanna innan stjórnmálasamtaka. Einnig var sérstaklega rædd nauðsyn þess að þjálfa konur fyrir stjórnmálaþátttöku þeirra, vandamál við fjármögnun kosningabaráttu kvenna og mikilvægi fjölmiðla fyrir konur sem taka þátt í stjórnmálum.

Til úrbóta voru nefnd ýmis atriði, m.a. að konur sem þátt taka í stjórnmálum myndi með sér óformleg samstarfstengsl og að löndin sjái um ráðgjöf til kvenna sem vilja hefja stjórnmálaþátttöku eða stofni sérstakar stuðningsnefndir fyrir þær. Mikilvægt væri að þjóðþing auðveldi konum stjórnmálaþátttöku með lagalegum úrræðum og einnig að þau marki sérstaka stefnu í þessum efnum. Styðja þyrfti sérstaklega félagasamtök sem hafa jafnrétti kynjanna á stefnuskránni. Að lokum var undirstrikað mikilvægi þess að Alþjóðaþingmannasambandið fylgi þessum málefnum eftir.

3. Þingið í Seoul.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt 97. þing sitt í Seoul dagana 10.–15. apríl 1997. Þingið sóttu fulltrúar 117 þinga. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, Magnús Stefánsson og Gísli S. Einarsson, auk ritara.

3.1. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu. Þau voru eftirfarandi:

— Samvinna um öryggi og stöðugleika í heiminum auk gagnkvæmrar virðingar fyrir fullveldi ríkja.
— Nauðsynlegar aðgerðir til að breyta framleiðsluferli og neyslumunstri með tilliti til sjálfbærrar þróunar.

— Staða Jerúsalemborgar.

Umræður um þessi mál fóru fram í nefndum þingsins, en auk þess voru almennar stjórnmálaumræður í þingsal þá daga sem ekki voru fundir í nefndum. Geir H. Haarde flutti ræðu í almennu stjórnmálaumræðunum og vék m.a. að vandamálum og sambúð ríkjanna á Kóreuskaga, áætlunum um stækkun Atlantshafsbandalagsins og störfum Alþjóðaþingmannasambandsins. Að öðru leyti skipti sendinefndin með sér setu á nefndafundum. Þingið ályktaði um öll þrjú umræðuefnin, en nokkur átök urðu í nefndinni sem fjallaði um málefni Jerúsalem. Einnig var samþykkt sérstök viðbótarályktun vegna neyðarástandsins í Albaníu og Saír.

3.2. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipað er tveimur þingmönnum frá hverju þingi og fer með æðsta vald í innri málefnum sambandsins, kom þrívegis saman í Seoul. Þar af var haldinn einn aukafundur þar sem m.a. var tekist á um aðildarumsókn þjóðarráðs Palestínumanna og áframhaldandi aðild Hvíta-Rússlands. Öll íslenska sendinefndin sat fundi ráðsins.

Að vanda var lögð fram ítarleg skýrsla þeirrar nefndar Alþjóðaþingmannasambandsins sem hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Í skýrslu nefndarinnar var gerð grein fyrir málum 123 þingmanna í tólf ríkjum þar sem brotin höfðu verið mannréttindi á þingmönnum.

Á fundi ráðsins var m.a. fjallað um væntanlega samstarfssamninga Alþjóðaþingmannasambandsins og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) annars vegar og sambandsins og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) hins vegar. Einnig var rætt um starfsemi fastanefnda sambandsins. Geir H. Haarde stýrði fundi ráðsins sem haldinn var á síðasta degi þingsins.

Ráðið fjallaði um fjölmörg önnur mál er varða innra starf sambandsins, svo sem fjármál þess og skýrslur forseta sambandsins, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og sérnefnda.

3.3. Störf framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipuð er tólf þingmönnum auk forseta sambandsins, fundaði tvo daga fyrir upphaf þingsins auk þess sem hún hélt einn heilsdagsfund samhliða þinginu. Geir H. Haarde sem sæti á í framkvæmdastjórninni var einnig varaformaður hennar á árinu 1997 og staðgengill forseta sambandsins. Kom í hans hlut að stýra nokkrum fundum framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin tók afstöðu til aðildarumsókna frá þingum Kambódíu, Georgíu, Tadsjikistan, Níger og frá þjóðarráði Palestínu. Afstaða var einnig tekin til áframhaldandi aðildar Hvíta-Rússlands og Búrúndí og lagt til að þeim yrði vikið tímabundið úr sambandinu. Jafnframt fjallaði stjórnin um ýmis innri mál Alþjóðaþingmannasambandsins og gekk frá tillögum fyrir fundi ráðs sambandsins.

3.4. Störf pólitískra svæðahópa.

Á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins er mikið um fundi pólitískra svæðahópa (nokkurs konar þingflokka) sem þingfulltrúar skiptast í. Íslandsdeildin á aðild að Tólfplús-hópnum sem skipaður er þingmönnum frá flestum ríkjum í Evrópu auk Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálands. Þá eiga Ísrael, Evrópuþingið og Evrópuráðsþingið aukaaðild að hópnum.

Franz Josef van der Heijden frá Hollandi, formaður hópsins, stýrði störfum hans fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni fyrir þingfundi. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndarstarfi.

4. Þingið í Kaíró.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt 98. þing sitt í Kaíró dagana 11.–16. september. Þingið sóttu fulltrúar 128 ríkja, auk áheyrnarfulltrúa frá fjölmörgum alþjóðasamtökum. Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, Magnús Stefánsson og Einar K. Guðfinnsson, auk ritara.

4.1. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu. Þau voru eftirfarandi:

— Hvernig tryggja beri viðvarandi lýðræði með nánum tenglsum milli þjóðþinga og kjósenda.
— Atvinnuþátttaka í sífellt samþættara alþjóðakerfi.
— Aðgerðir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum.

Umræður um þessi mál fóru fram í nefndum þingsins, en auk þess fóru fram almennar stjórnmálaumræður þá daga sem ekki var fundað í nefndum. Einar K. Guðfinnsson flutti ræðu í almennu stjórnmálaumræðunum og vék m.a. að hvalveiðum og skynsamlegri nýtingu sjávarauðlinda. Ræddi hann um fjölgun hvala við Ísland og markmið Ríó-sáttmálans um sjálfbæra þróun og skynsamlega nýtingu auðlinda. Að öðru leyti skipti sendinefndin með sér setu á nefndarfundum. Þingið ályktaði um öll þrjú umræðuefnin.

4.2. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins kom tvívegis saman í Kaíró. Öll íslenska sendinefndin sat fundi ráðsins.

Ráðið kaus nýjan forseta sambandsins, Miguel A. Martinez frá Spáni, í stað fráfarandi forseta A.F. Sorour frá Egyptalandi. Tveir aðrir þingmenn buðu sig fram, forseti þingsins á Indlandi, P.A. Sangma, og E. Menem, öldungardeildarþingmaður frá Argentínu. Marinez hlaut örugga kosningu í annarri umferð.

Mannréttindanefnd samabandsins gerði grein fyrir málum 129 þingmanna í tólf löndum þar sem brotin höfðu verið mannréttindi á þingmönnum.

Á fundi ráðsins var einnig fjallað um samvinnu þingmannasambandsins og Sameinuðu þjóðanna sem er sívaxandi og samþykkt sérstök grundvallaryfirlýsing um skilgreiningu á lýðræði.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar gerði Geir H. Haarde grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir 1998 og var hún afgreidd í ráðinu.

4.3. Störf framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði fyrir þingið og á meðan á því stóð. Geir H. Haarde á sæti í framkvæmdastjórninni til haustsins 1998, en hann var varaforseti sambandsins frá hausti 1995. Kjörinn var nýr varaforseti samhliða forsetaskiptum og hlaut C.S. Park, þingmaður frá Suður-Kóreu, kosningu. Hann var nýlega valinn utanríkisráðherra landsins. Stjórnin ræddi m.a. áhuga Bandaríkjanna á að breyta stöðu sinni í sambandinu. Þá var og tekin ákvörðun um hvernig standa skuli að ráðningu nýs framkvæmdastjóra þess. Skipt var um tvo framkvæmdastjórnarmenn og voru fulltrúar frá Eistlandi og Rússlandi kjörnir í stað fulltrúa frá Svíþjóð og Slóveníu.

4.4. Störf pólitískra svæðahópa.

Tólfplús-hópurinn, pólitíski svæðahópurinn sem Íslandsdeildin á aðild að, hélt fund fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni fyrir þingfundi. Á þessum samráðsfundum var tek-

in afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndarstarfi. Formaður hópsins, Franz Josef van der Heijden frá Hollandi, lét af formennsku við lok þingsins og í hans stað var kjörinn Dieter Schloten frá Þýskalandi. Ísland gegndi formennsku í þessum hópi á árunum 1992–94.

5. Næstu þing.

Næstu þing sambandsins verða í Windhoek (apríl 1998), Moskvu (haustið 1998), Brussel (vorið 1999) og Berlín (haustið 1999).

Alþingi, 10. mars 1998.

Geir H. Haarde, form. Magnús Stefánsson. Einar K. Guðfinnsson.

Bryndís Hlöðversdóttir. Jóhanna Sigurðardóttir.

987. Frumvarp til laga [581. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. F-liður orðast svo: að vera banki innlánsstofnana og stuðla að traustum og heilbrigðum viðskiptum á fjármagnsmarkaði.
b. Á eftir f-lið kemur nýr liður, g-liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Seðlabankinn tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Seðlabankinn má ákveða að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum en bönkum og sparisjóðum og frá fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Seðlabankinn getur veitt þeim aðilum sem fjallað er um í 6. gr. og eiga innlánsviðskipti við bankann lán með kaupum verðbréfa eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Lánsviðskipti þessi geta verið í innlendri eða erlendri mynt.
b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankanum er heimilt með samþykki ráðherra að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum sem nemi tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé eða innlánsfé þeirra. Þá er bankanum heimilt að ákveða að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum, enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum ekki fram úr því hámarki sem sett er skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Enn fremur er bankanum heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. mgr. að fengnu samþykki ráðherra, þar á meðal til hvaða lánastofnana og verðbréfasjóða hún tekur. Í þeim reglum má ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir eðli lánastofnana og verðbréfasjóða og flokkum innlána og annarra skuldbindinga sem bindingin nær til.

Seðlabankanum er heimilt að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum lánastofnunum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir með skemmri binditíma en 90 daga.

Seðlabankanum er heimilt að setja lánastofnunum reglur um gjaldeyrisjöfnuð. Í slíkum jöfnuði skal auk gengisbundinna eigna og skulda telja skuldbindingar og kröfur sem tengdar eru erlendum gjaldmiðlum utan efnahags, svo sem framvirka samninga og valréttarsamninga.

Seðlabankinn getur beitt lánastofnanir og verðbréfasjóði viðurlögum samkvæmt ákvæðum 41. gr. sé ákvörðunum bankans varðandi bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð ekki hlítt.

5. gr.

2., 3. og 4. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í því skyni að vinna að markmiðum sínum í peningamálum er Seðlabankanum heimilt að kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eða í beinum viðskiptum við lánastofnanir.

b. 2. mgr. orðast svo:

Seðlabankanum er heimilt að gefa út verðbréf í innlendri eða erlendri mynt til að selja lánastofnunum sem geta átt viðskipti við hann. Óheimilt er að framselja slík verðbréf til annarra en lánastofnana sem geta átt innlánsviðskipti við bankann.

7. gr.

Í stað 13.–17. gr. laganna (IV. kafli, **Bankaeftirlit**) kemur nýr kafli, IV. kafli, **Öflun upplýsinga,** með tveimur nýjum greinum, 13.–14. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (13. gr.)

Seðlabankinn getur milliliðalaust aflað upplýsinga frá innlánsstofnunum, öðrum lánastofnunum en bönkum og sparisjóðum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru í viðskiptum við

bankann skv. 6. gr., sbr. 7. gr., auk fyrirtækja í greiðslumiðlun, til þess að auðvelda honum að sinna hlutverki sínu skv. 3. gr.

Á grundvelli ákvæða 1. mgr. getur Seðlabankinn krafist þess að þargreindar stofnanir og félög veiti upplýsingar um efnahag, rekstur og önnur atriði sem bankinn metur nauðsynlegar. Upplýsingarnar skulu veittar á þann hátt sem óskað er.

b. (14. gr.)

Nú er kröfum Seðlabankans um upplýsingar skv. 13. gr. ekki sinnt og getur bankinn þá gripið til viðurlaga gagnvart hlutaðeigandi aðila, sbr. ákvæði 41. gr.

8. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Seðlabankinn ákveðið að skrá gengi krónunnar eins og þar segir þótt bankastofnanir séu almennt lokaðar til viðskipta.

9. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Um heimildir annarra aðila til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri fer eftir ákvæðum laga um gjaldeyrismál á hverjum tíma.

10. gr.

22. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.

11. gr.

2. málsl. 2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum en helmingur árlegra tekna hans skal renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Rannsóknarráð Íslands.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði er lög þessi taka til að því tilskildu að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Seðlabanki Íslands skal veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem bankinn býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, eru háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum þessum og lögum um Fjármálaeftirlitið. Bankastjórn Seðlabankans og stjórn Fjármálaeftirlitsins skulu gera með sér sérstakan samstarfssamning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði b-liðar 1. gr., 7. gr. og b-liðar 12. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði ýmsar breytingar á lögunum sem miða að því að færa þau betur í takt við aðstæður á fjármagnsmarkaði. Gildandi lög um Seðlabanka Íslands eru frá árinu 1986. Síðan þá hefur innlendur fjármagnsmarkaður gerbreyst og um leið starfsumhverfi og starfsaðferðir Seðlabankans. Á undanförnum árum hafa verið sett lög um íslenskan fjármagnsmarkað og um starfsemi flestra stofnana sem á honum starfa aðrar en Seðlabanka Íslands. Við smíði frumvarpsins hefur verið tekið mið af ýmsum skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæði gildandi laga eru sum hver orðin úrelt. Í vissum tilvikum takmarka þau svigrúm bankans til þess að sinna sjálfsögðum skyldum á innlendum fjármagnsmörkuðum. Þá má nefna að á sumum sviðum er nauðsynlegt að breyta ákvæðum gildandi laga þannig að þau styðji notkun á stjórntækjum bankans betur en gildandi lög gera.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Fjármálaeftirlitinu, sem annast skal þá starfsemi sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið hafa nú með höndum. Vísast til þess frumvarps um rökstuðning fyrir þessari breytingu.

Eins og fyrr segir mun bankaeftirlit Seðlabankans leggjast niður verði frumvarp um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að lögum. Af þeim sökum er nauðsynlegt að fella niður þau ákvæði laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1996, með síðari breytingum, sem lúta að starfsemi bankaeftirlitsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að tekið verði út úr lögunum að Seðlabankinn hafi eftirlit með bankastarfsemi. Er það í samræmi við frumvarp um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem flutt er samhliða frumvarpi þessu. Þá er lagt til að breytt verði orðalagi núgildandi laga þannig að það samræmist betur raunverulegu hlutverki Seðlabankans, þar með talin viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

Í b-lið er lagt til að Seðlabankinn fái það hlutverk að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Í gildandi lögum er Seðlabankanum vart ætlað nokkurt hlutverk á sviði greiðslumiðlunar og er það í ósamræmi við það sem víðast gerist. Seðlabankinn hefur nú þegar beitt sér fyrir umfangsmikilli endurskoðun á innlendri greiðslumiðlun. Þessi endurskoðun var hafin í framhaldi af því að í Seðlabankanum var tekin saman viðamikil skýrsla um innlenda greiðslumiðlun þar sem m.a. var bent á ýmsar brotalamir í henni. Þá liggur fyrir að á vettvangi Myntbandalags Evrópu verður komið á laggirnar greiðslumiðlunarkerfi (TARGET) sem líklegt er að Seðlabankinn muni eiga kost á aðild að. Til þess að svo geti orðið þarf að laga fyrirkomulag innlendrar greiðslumiðlunar að þeim reglum sem gilda munu í myntbandalaginu, t.d. varðandi öryggi og meðferð stórra greiðslna. Nauðsynlegt er því að kveða í lögum á um að Seðlabankinn hafi hlutverki að gegna á sviði greiðslumiðlunar.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að heimild til innlánsviðskipta í Seðlabankanum fyrir Lánastofnun sparisjóðanna í 1. mgr. 6. gr. laganna falli brott. Í gildandi lögum eru innlánsviðskipti við Seðlabankann takmörkuð við innlánsstofnanir og Lánastofnun sparisjóðanna auk þess sem Seðlabankanum er heimilt þegar sérstaklega stendur á að eiga innlánsviðskipti við aðrar peningastofnanir að fengnu samþykki ráðherra. Lánastofnun sparisjóðanna hefur nú verið breytt í

Sparisjóðabanka Íslands hf. sem hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki og því er óþarft að taka heimild til innlánsviðskipta fyrir Lánastofnun sparisjóðanna. Auk þess er lagt til að 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. verði breytt til að taka mið af breyttum aðstæðum.

Í b-lið er lagt til að í stað þess að með reglugerð megi ákveða þegar sérstaklega stendur á að Seðlabankinn taki við innlánum frá öðrum peningastofnunum en greinir í 1. mgr. 6. gr. komi ákvæði um að Seðlabankinn megi ákveða að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum en bönkum og sparisjóðum og frá fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Þetta kemur til af því að orðið peningastofnanir er óskilgreint í íslenskri löggjöf og því óljóst hvað það merkir. Jafnframt hafa verið sett lög um aðrar lánastofnanir sem kveða á um sambærilegar starfsheimildir til þeirra og viðskiptabanka og sparisjóða, aðrar en móttöku innlánsfjár frá almenningi. Með hliðsjón af Evrópurétti og þeim starfsaðferðum sem eru að mótast á vettvangi myntsamstarfs ESB-ríkja er eðlilegt að þessi fyrirtæki hafi heimild til innlánsviðskipta við Seðlabankann. Enn fremur hefur verið ákveðið með lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sem verða reikningsstofnanir í væntanlegri verðbréfamiðstöð, hafi uppgjörsreikninga í Seðlabankanum. Af þessum sökum er hér lagt til að Seðlabankinn megi ákveða að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, auk innlánsstofnana, eins og fram kemur í 1. mgr. greinarinnar.

Um 3. gr.

Lagt er til að í stað orðsins peningastofnanir í 1. mgr. 7. gr. laganna, sem hefur enga skýra merkingu í íslenskri löggjöf, komi bein tilvísun til þeirra aðila sem Seðlabankinn á innlánsviðskipti við skv. 6. gr. Ákvæði um heimild Seðlabankans til viðskipta í erlendum gjaldmiðli er flutt yfir í þessa málsgrein og 2. mgr. greinarinnar því óþörf.

Um 4. gr.

Þær breytingar, sem gerðar eru á 8. gr. laganna, eru fjórþættar: Í fyrsta lagi er lagt til að heimild til beitingar bindiskyldu verði ekki bundin við sérstakar aðstæður enda hefur Seðlabankinn þrátt fyrir það orðalag beitt bindiskyldu óslitið frá setningu laganna árið 1986. Ljóst er jafnframt að heimild til beitingar bindiskyldu er í löggjöf um Seðlabanka Evrópu og líklegt að henni verði beitt og því líklegt að bindiskyldu verði almennt beitt í nágrannalöndum. Almennt verður að líta svo á að mikilvægt sé að bindiskylda hér á landi verði sem líkust því sem gerist í nágrannalöndum til að sem jöfnust samkeppnisskilyrði séu á milli innlendra og erlendra lánastofnana. Sérstaklega verður að líta til bindiskyldu í evrópska seðlabankakerfinu. Í öðru lagi er lagt til að í stað ákvæðis um kaupskyldu verðbréfasjóða á öruggum verðbréfum komi heimild til bankans til að leggja bindingu á verðbréfasjóði og er því fyrst og fremst ætlað að ná til skammtímaverðbréfasjóða, svokallaðra peningamarkaðssjóða, sem stunda í raun hliðstæða starfsemi og innlánsstofnanir. Í þriðja lagi er gerð breyting á ákvæðum um laust fé þannig að skilgreining á lausu fé er samræmd því sem er í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Að lokum eru heimildir Seðlabankans til beitingar bindiskyldu og reglna um laust fé og gjaldeyrisjöfnuð almennt útvíkkaðar þannig að þær gildi um lánastofnanir og er það í samræmi við gildandi Evrópurétt og ákvæði laga um aðrar lánastofnanir, sbr. 3. mgr. laga nr. 123/1993, með áorðnum breytingum.

Um 5. gr.

Lagt er til að 2., 3. og 4. mgr. 9. gr. laganna verði felldar brott, enda samrýmast ákvæði þeirra á engan hátt þeim aðstæðum og umhverfi sem skapast hefur á innlendum fjármagnsmarkaði. Eftir afnám hamla á flutningi fjármagns á milli Íslands og annarra landa er opinber

íhlutun í vaxtaákvarðanir stofnana á fjármagnsmarkaði óhugsandi, enda mundi hún hafa afdrifaríkar afleiðingar. Einnig má minna á að öflug samkeppni ríkir á innlendum fjármagnsmarkaði, ekki aðeins á milli lánastofnana sem starfa á líkan máta, heldur einnig á milli tegunda lánastofnana. Síðast en ekki síst ríkir samkeppni við erlendar fjármálastofnanir sem jafnframt veitir innlendum stofnunum aðhald.

Um 6. gr.

Ýmis atriði í 1. mgr. 11. gr. núgildandi laga eru úrelt. Þannig hefur verðbréfaþing eða kauphöll þegar verið sett á stofn og aðild Seðlabankans að rekstri þess ákveðin með sérstökum lögum, þ.e. lögum nr. 11/1993. Nú liggur fyrir Alþingi nýtt frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þar sem ekki er gert ráð fyrir aðild Seðlabankans að stjórn kauphalla, enda lagt til að einkaréttur Verðbréfaþings Íslands til reksturs kauphallar verði afnumin. Ákvæði um að Seðlabankinn hafi heimild til að taka þátt í stofnun og starfrækslu verðbréfaþings eru því óþörf. Jafnframt setur Seðlabankinn Verðbréfaþingi ekki lengur reglur um starfsemi þess, sbr. núgildandi lög, né er það fyrirhugað í framlögðu frumvarpi um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Þessi ákvæði falla því brott úr greininni. Áfram stendur hins vegar heimild til Seðlabankans til að eiga viðskipti með örugg verðbréf á skipulögðum verðbréfamarkaði (kauphöll) og eiga bein viðskipti með slík bréf við lánastofnanir.

Gildandi 2. mgr. 11. gr. laganna heimilar bankanum að gefa út verðbréf í erlendri mynt. Ástæða er til að víkka þá heimild út og kveða ótvírætt á um heimild bankans til útgáfu verðbréfa, hvort sem þau eru í innlendum eða erlendum gjaldmiðli. Ekki er ástæða til þess að slík verðbréf séu seld öðrum en lánastofnunum vegna samkeppnissjónarmiða, sbr. ákvæði 12. gr. laganna. Af þeim sökum er ástæða til að kveða á um takmarkanir á sölu og framsali slíkra verðbréfa til annarra en lánastofnana.

Um 7. gr.

Lagt er til að IV. kafli laganna, sem fjallar um bankaeftirlit Seðlabankans, falli brott. Vísast til frumvarps um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, um rökstuðning fyrir þessari tilhögun. Í stað kaflans kemur nýr kafli sem tryggir Seðlabankanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi hans.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um samráð og upplýsingaflæði milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Á sama hátt er kveðið á um samráð og upplýsingaflæði milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans í frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stofnununum tveimur er ætlað að gera samstarfssamning um þessi samskipti. Tilgangurinn er sá að tryggja að hvor stofnun hafi stuðning af hinni og að koma í veg fyrir tvíverknað við upplýsingaöflun sem íþyngir fyrirtækjum og stofnunum á fjármagnmarkaði. Ekki er þó tryggt að Seðlabankanum nægi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið býr yfir. Því verður að tryggja bankanum rétt til millilíðalausrar upplýsingaöflunar. Ákvæði a-liðar (nýrrar 13. gr.) verður að túlka í samræmi við megintilgang 12. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í 2. mgr. 18. gr. laganna er kveðið á um að bankinn skuli hvern þann dag, sem bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta, skrá gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Hér er um að ræða skráningu á opinberu viðmiðunargengi sem notað er til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.

Eins og ákvæði 2. mgr. 18. gr. ber með sér takmarkast skylda bankans til gengisskráningar við það að bankastofnanir séu almennt opnar til viðskipta. Ákvæði þetta takmarkar svigrúm bankans til að skrá gengi krónunnar standi þannig á að bankastofnanir séu almennt lokaðar til viðskipta, t.d. vegna verkfallsaðgerða sem ná til bankakerfisins. Þó slíkar aðgerðir taki til banka er ekki gefið að aðrar stofnanir og félög á fjármálamarkaði séu andlag slíkra aðgerða. Af þessum sökum er talið nauðsynlegt að Seðlabankinn hafi heimild til að skrá opinbert viðmiðunargengi krónunnar, þótt bankastofnanir séu almennt lokaðar til viðskipta, eins og lagt er til í nýrri 3. mgr. 18. gr.

Um 9. gr.

Í núgildandi 19. gr. eru úrelt ákvæði miðað við gildandi löggjöf um gjaldeyrismál, lög nr. 87/1992. Með tillögunni er efni 19. gr. fært til þess horfs sem nú gildir um heimildir aðila til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlendan gjaldeyri.

Um 10. gr.

Í núgildandi 22. gr. eru úrelt ákvæði miðað við gildandi löggjöf um gjaldeyrismál, lög nr. 87/1992.

Um 11. gr.

Um Vísindasjóð gilda nú ný lög, III. kafli laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Hér er því lagt til að tilvitnun sé færð í rétt horf.

Um 12. gr.

Í a-lið er lagt til að ákvæði um gagnkvæm upplýsingaskipti verði færð til samræmis við það sem gerist og gengur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í b-lið er lagt til að Seðlabanki Íslands skuli veita Fjármálaeftirlitinu allar þær upplýsingar sem bankinn býr yfir og kunna að nýtast eftirlitinu. Þetta ákvæði leiðir af frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem flutt er samhliða þessu frumvarpi.

Um 13. gr.

Meginhluta frumvarpsins er ætlað að taka gildi þegar í stað. Þau ákvæði sem snerta stofnun Fjármálaeftirlitsins verða þó að taka gildi á sama tíma og Fjármálaeftirlitið tekur til starfa eða 1. janúar 1999.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en það fjallar um að sameina skuli bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið í eina stofnun. Með þessu frumvarpi er lagt til að lög um Seðlabanka Íslands verði aðlöguð þeirri breytingu þar af leiðir. Enn fremur eru gerðar nokkrar aðrar breytingar á lögunum í samræmi

við kröfur breyttra tíma svo sem gerð er grein fyrir í athugasemdum með frumvarpinu. Sérstaklega skal bent á að í 6. gr. er afnumin heimild bankans til að veita ríkissjóði lán. Þar með er staðfest það samkomulag sem í gildi hefur verið milli fjármálaráðherra og bankastjórnar Seðlabankans frá 1992.

Ekki verður séð að nein umræddra breytinga hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

988. Svar [192. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um kennara og leiðbeinendur.

Vakin er athygli á að hlutfall grunnskólakennara og leiðbeinenda er ekki unnið úr launabókhaldi eins og gert var meðan ríkissjóður var launagreiðandinn heldur er miðað við stöðuhlutfall kennara eins og það er skráð í skýrslu frá einstökum skólum til Hagstofu Íslands.

1. *Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:*
   a. *í Reykjavík,*
   b. *í öðrum sveitarfélögum á landinu?*

		Með kennsluréttindi		Án kennsluréttinda		Við kennslu, alls	
	Stöðuhlutfall	*Fjöldi*	*Hlutfall*	*Fjöldi*	*Hlutfall*	*Fjöldi*	*Hlutfall*
Reykjavík	<0,5	15	1,3	5	0,4		
	0,5–0,74	299	25,3	22	1,9		
	0,75–0,99	10	0,8	0	0,0		
	1	763	64,5	30	2,5		
	Svara ekki	29	2,5	10	0,8		
	Alls	**1.116**	**94,3**	**67**	**5,7**	**1.183**	**100,0**
Reykjanes-umdæmi	<0,5	22	2,4	7	0,8		
	0,5–0,74	245	27,1	18	2,0		
	0,75–0,99	26	2,9	3	0,3		
	1	517	57,1	34	3,8		
	Svara ekki	20	2,2	13	1,4		
	Alls	**830**	**91,7**	**75**	**8,3**	**905**	**100,0**
Vesturland	<0,5	3	1,2	12	4,7		
	0,5–0,74	46	18,0	20	7,8		
	0,75–0,99	4	1,6	4	1,6		
	1	135	52,9	28	11,0		
	Svara ekki	2	0,8	1	0,4		
	Alls	**190**	**74,5**	**65**	**25,5**	**255**	**100,0**
Vestfirðir	<0,5	7	3,8	19	10,4		
	0,5–0,74	7	3,8	28	15,3		
	0,75–0,99	3	1,6	11	6,0		
	1	67	36,6	35	19,1		
	Svara ekki	2	1,1	4	2,2		
	Alls	**86**	**47,0**	**97**	**53,0**	**183**	**100,0**

		Með kennsluréttindi		Án kennsluréttinda		Við kennslu, alls	
	Stöðuhlutfall	*Fjöldi*	*Hlutfall*	*Fjöldi*	*Hlutfall*	*Fjöldi*	*Hlutfall*
Norðurland vestra	<0,5	11	5,8	15	7,9		
	0,5–0,74	6	3,1	18	9,4		
	0,75–0,99	7	3,7	11	5,8		
	1	83	43,5	37	19,4		
	Svara ekki	1	0,5	2	1,0		
	Alls	**108**	**56,5**	**83**	**43,5**	**191**	**100,0**
Norðurland eystra	<0,5	22	4,9	27	6,0		
	0,5–0,74	57	12,8	28	6,3		
	0,75–0,99	24	5,4	7	1,6		
	1	227	50,8	38	8,5		
	Svara ekki	6	1,3	11	2,5		
	Alls	**336**	**75,2**	**111**	**24,8**	**447**	**100,0**
Austurland	<0,5	9	3,9	13	5,7		
	0,5–0,74	23	10,0	15	6,6		
	0,75–0,99	10	4,4	6	2,6		
	1	110	48,0	33	14,4		
	Svara ekki	3	1,3	7	3,1		
	Alls	**155**	**67,7**	**74**	**32,3**	**229**	**100,0**
Suðurland	<0,5	18	4,9	13	3,5		
	0,5–0,74	52	14,1	13	3,5		
	0,75–0,99	6	1,6	1	0,3		
	1	210	56,9	42	11,4		
	Svara ekki	9	2,4	5	1,4		
	Alls	**295**	**79,9**	**74**	**20,1**	**369**	**100,0**
Landið allt	<0,5	107	2,8	111	3,0		
	0,5–0,74	735	19,5	162	4,3		
	0,75–0,99	90	2,4	43	1,1		
	1	2112	56,1	277	7,4		
	Svara ekki	72	1,9	53	1,4		
	Alls	**3.116**	**82,8**	**646**	**17,2**	**3.762**	**100,0**

Heimild: Hagstofa Íslands.
Skýringar: Meðtaldir eru skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og grunnskólakennarar í öllum grunnskólum á landinu. Sérskólar og einkaskólar eru meðtaldir.

2. *Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:*
   a. *í Reykjavík,*
   b. *í öðrum sveitarfélögum á landinu?*

	Framhalds-skólakenn.		Leiðbein-endur		Fjöldi alls	Framhalds-skólakennarar		Leiðbeinendur		Stöðugildi alls
	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Stöðugildi	%	Stöðugildi	%	
Reykjavík	634	79,9	159	20,1	793	796,38	85,9	130,81	14,1	927,19
Reykjanes	197	74,6	67	25,4	264	258,28	80,2	63,85	19,8	322,13
Vesturland	37	66,1	19	33,9	56	48,40	72,9	18,01	27,1	66,41
Vestfirðir	10	31,3	22	68,8	32	14,79	51,9	13,72	48,1	28,51
Norðurl. vestra	21	63,6	12	36,4	33	29,86	69,0	13,44	31,0	43,30
Norðurl. eystra	129	72,5	49	27,5	178	167,48	80,7	39,93	19,3	207,41
Austurland	44	62,0	27	38,0	71	49,85	68,4	23,07	31,6	72,92
Suðurland	85	73,3	31	26,7	116	112,29	80,9	26,46	19,1	138,75
Landið allt	**1.157**	**75,0**	**386**	**25,0**	**1.543**	**1.477,33**	**81,8**	**329,29**	**18,2**	**1.806,62**

Aðstoðarskólastjórnendur eru meðtaldir.
Heimild: Launabókhald fjármálaráðuneytisins.

3. *Hvernig skiptast leiðbeinendur í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar eftir menntun og kyni, þ.e. hvert er hlutfall kvenna og karla sem hafa:*
   a. lokið háskólaprófi,
   b. háskólamenntun án lokaprófs,
   c. stúdentspróf sem lokapróf,
   d. aðra menntun á framhaldsskólastigi,
   e. grunnskólapróf sem lokapróf,
   f. ekki grunnskólapróf?

Leiðbeinendur við grunnskóla samkvæmt flokkun undanþágunefndar.

Grunnmenntun er greind í eftirfarandi 11 flokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla eða nám til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám af einhverjum toga.
6. Meistaranám, fóstrumenntun, þroskaþjálfanám, iðjuþjálfun, afmörkuð kennsluréttindi í listgrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum
8. Ólokið prófi til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.
10. BA, BS, Fil. kand., MA, Cand. mag., Cand. phil., Cand. psyk. og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum.
11. Prestar.

Menntun leiðbeinenda samkvæmt flokkum hér á undan.

	Alls		Karlar		Konur	
	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
1. flokkur	43	7,2	9	4,7	34	8,3
2. flokkur	62	10,3	11	5,7	51	12,5
3. flokkur	67	11,1	24	12,4	43	10,5
4. flokkur	46	7,7	26	13,5	20	4,9
5. flokkur	49	8,2	13	6,7	36	8,8
6. flokkur	116	19,3	43	22,3	73	17,9
7. flokkur	42	7,0	16	8,3	26	6,4
8. flokkur	65	10,8	8	4,1	57	14,0
9. flokkur	19	3,2	9	4,7	10	2,5
10. flokkur	85	14,1	29	15,0	56	13,7
11. flokkur	7	1,2	5	2,6	2	0,5
Alls	**601**	100,0	**193**	100,0	**408**	100,0

Leiðbeinendur við framhaldsskóla.

	Alls		Karlar		Konur	
	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
a. hafa lokið háskólaprófi	185	47,9	129	50,4	56	43,08
b. háskólamenntun án lokaprófs	54	14,0	25	9,8	29	22,3
c. stúdentspróf sem lokapróf	13	3,4	9	3,5	4	3,1
d. hafa aðra menntun á framhaldsskólastigi	132	34,2	93	36,3	39	30,0
e. grunnskólapróf sem lokapróf	2	0,5			2	1,5
Alls	**386**	100,0	**256**	100,0	**130**	100,0

989. Frumvarp til laga [582. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bono Heite, Louise, atvinnurekandi á Seyðisfirði, f. 28. júlí 1947 í Bandaríkjunum.
2. Eiríksson, Marianne Caroline, húsmóðir í Mosfellsbæ, f. 17. ágúst 1964 í Sviss.
3. Hansen, Rannveig Birna, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 13. ágúst 1972 á Akureyri.
4. Jacobsen, Regin, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 3. ágúst 1971 í Færeyjum.
5. Martin, Margaret Roberta, húsmóðir í Vogum, f. 28. maí 1968 í Bandaríkjunum.
6. Tanja Helena Garðarsdóttir, fiskvinnslukona á Dalvík, f. 7. september 1973 á Akureyri.
7. Yuchangkoon, Chaluai, fiskvinnslukona í Vogum, f. 17. janúar 1950 í Tælandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum samkvæmt reglum Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar sem settar voru af allsherjarnefnd Alþingis 21. febrúar 1995.

Frumvarp þetta er síðara frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á 122. löggjafarþingi.

990. Fyrirspurn [583. mál]

til forsætisráðherra um aldamótavandamálið í tölvukerfum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að taka á þeim vanda sem fyrirsjáanlegur er í tölvukerfum, tæknibúnaði og tölvutengdum viðskiptum og varðar ártalið 2000?
2. Hverjir eru fjárhagslega ábyrgir fyrir truflunum og kostnaði sem hlýst af þessum aldamótavanda, bæði að því er varðar kostnað við endurbætur á búnaði svo og rekstrartruflanir og annað tjón?
3. Hvenær er þess að vænta að fyrir liggi úttekt á rekstraröryggi opinberra kerfa og þáttum sem snúa að almenningi vegna þessa vandamáls?

991. Fyrirspurn [584. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ár hafsins 1998.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig hefur af Íslands hálfu verið hagað undirbúningi að ári hafsins 1998 sem ákveðið var árið 1994 að efna til af Sameinuðu þjóðunum?
2. Hvaða nefndir hafa starfað að tillögugerð um undirbúning árs hafsins af Íslands hálfu, hvenær voru þær skipaðar, hverjir áttu í þeim sæti og hverjar voru tillögur þeirra?
3. Hverjir aðrir, stofnanir og/eða einstaklingar, hafa að tilhlutan ráðuneytisins komið að undirbúningi árs hafsins hérlendis og hvaða tillögur hafa þeir gert?
4. Hvaða meginmarkmið hafa verið sett af hálfu íslenskra stjórnvalda að því er varðar ár hafsins?
5. Hvaða atburðir eru fyrirhugaðir á árinu hérlendis undir merkjum árs hafsins 1998?
6. Hvaða rannsóknir og/eða átaksverkefni hafa verið undirbúin að því er varðar hafið í tilefni þessa alþjóðaárs?
7. Hvaða fræðsluverkefni eru ráðgerð af opinberri hálfu eða annarra í tilefni ársins hérlendis?
8. Hvaða fjárframlög hafa verið ákveðin eða er ráðgert að veita hérlendis af opinberri hálfu vegna árs hafsins?
9. Með hvaða hætti hafa einkaaðilar og/eða áhugasamtök komið að þessu máli?

10. Verður Ísland þátttakandi í heimssýningunni Expo '98 í Lissabon á komandi sumri og ef svo er, hvernig verður þar staðið að málum af hálfu íslenskra aðila?

Skriflegt svar óskast.

992. Fyrirspurn [585. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heilsugæslumál á Eskifirði og Reyðarfirði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig ætlar ráðuneytið að bæta á viðunandi hátt úr því ófremdarástandi sem ríkir í lækna- og heilbrigðismálum Eskifjarðarlæknishéraðs?
2. Mun ráðuneytið verða við ósk bæjarstjórnar Eskifjarðar um að kaupa bústað fyrir heilsugæslulækni á Eskifirði?
3. Hvernig hyggst ráðuneytið leysa húsnæðismál heilsugæslunnar á Reyðarfirði til frambúðar?

993. Fyrirspurn [586. mál]

til samgönguráðherra um köfun niður að Æsu ÍS 87.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver varð heildarkostnaður við köfun niður að Æsu ÍS 87 á síðasta ári, þar með talinn kostnaður vegna varðskips með áhöfn, lögregluyfirvalda, Siglingastofnunar og ID-nefndar?
2. Hvaða íslenskir aðilar buðust til þess að taka verkið að sér, hvert var tilboð þeirra, hvenær var tilboði þeirra svarað og hvers vegna var því hafnað?
3. Hvers vegna var verkið ekki boðið út?

994. Fyrirspurn [587. mál]

til samgönguráðherra um rannsóknarnefnd sjóslysa.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvenær er að vænta niðurstöðu rannsóknarnefndar sjóslysa um orsakir þess að Æsa ÍS 87 fórst?
2. Hvers vegna hefur í tvígang verið skipt um formann nefndarinnar í þeirri rannsókn?

995. Fyrirspurn [588. mál]

til utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra um Schengen-samstarfið.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða samningaviðræðna Íslands við Evrópusambandið og/eða Schengen-ríkin um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu?
2. Hverjir fara með þessar samningaviðræður fyrir Íslands hönd og hvernig er háttað samstarfi við Norðmenn í þessum samningum?
3. Hvaða atriði eru það efnislega sem talið er að breyta þurfi frá samstarfssamningnum við Schengen-ríkin frá 19. desember 1996, einkum vegna tilkomu Amsterdam-sáttmála Evrópusambandsins?
4. Hvernig er gert ráð fyrir að ganga frá þeim atriðum sérstaklega sem snúa að dómstólaþættinum, í tilvikum þar sem Evrópudómstólnum er ætluð lögsaga innan ESB um Schengen-málefni?
5. Hvernig er í einstökum atriðum gert ráð fyrir að framkvæma hérlendis ákvæði 3. gr. Schengen-samningsins að því er varðar umferð um ytri landamæri og í því sambandi nánari reglur um sjóumferð, svo sem umferð lystisnekkja og fiskibáta?
6. Hvað veldur því að samstarfssamningur Íslands og Schengen-ríkjanna frá 19. desember 1996 hefur hvorki verið birtur opinberlega hérlendis né lagður fyrir Alþingi ásamt fylgigögnum í formi viðauka, reglugerða og handbóka sem þegar liggja fyrir í íslenskri þýðingu? Er ríkisstjórnin reiðubúin að veita Alþingi og öðrum aðgang að þessum gögnum nú þegar, áður en samningurinn frá 1996 yrði lagður fram til staðfestingar?
7. Hvernig er ráðgert að bregðast við áhrifum Schengen-aðildar Íslands að því er varðar ólögmætan innflutning fíkniefna hingað til lands, eftir að skoðun persónuskilríkja í flughöfnum og annars staðar á landamærum heyrði sögunni til?
8. Hvenær er ráðgert að þjóðþing norrænu ESB-ríkjanna hvert um sig hafi lokið umfjöllun um:
   a. Schengen-samstarfið,
   b. tillögu um staðfestingu Amsterdam-sáttmálans?
9. Hvenær er fyrirhugað að ráðast í framkvæmdir í flugstöðinni í Keflavík að því er varðar Schengen-umferð og að ljúka þeim framkvæmdum?
10. Hver er áætlaður kostnaður Íslands af Schengen-þátttöku skipt á einstaka þætti, svo sem núverandi áheyrnaraðild, samningaviðræður, stofnframkvæmdir í flughöfninni í Keflavík og annars staðar á landamærum að meðtöldum hönnunarkostnaði, kaup á tölvubúnaði vegna Schengen Information System, aðildargjöld, árlegan rekstrarkostnað í heild nú og síðar ef af þátttöku verður?

Skriflegt svar óskast.

996 Nefndarálit [444. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (tölvubrot).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, Davíð Þór Björgvinsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Friðrik Sigurðsson frá Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja. Þá hefur nefndinni borist umsögn um málið frá ríkissaksóknara.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem miða að því að mæla refsiverða nánar tiltekna háttsemi sem tengist tölvum og notkun þeirra. Meðal helstu nýmæla frumvarpsins eru ákvæði um skemmdarverk á tölvubúnaði, bæði á tölvuvélbúnaði og gagnaberum og á forritum og gögnum. Þá eru í frumvarpinu lýst refsiverð brot sem framin eru með því að nota tölvu og er þar fyrst og fremst um auðgunarbrot að ræða. Einnig eru í frumvarpinu ákvæði um óheimila notkun á tölvum og innbrot í tölvukerfi og loks er í frumvarpinu tekið á eftirgerð tölvubúnaðar, en núgildandi lagaákvæði veita takmarkaða refsivernd gagnvart slíkum brotum.

Tölvubrot ýmiss konar eru nú sífellt meira til umræðu og fagnar nefndin því að lagt hafi verið fram frumvarp þar sem tekið er á slíkum brotum. Jafnframt telur nefndin rétt að benda á að þróun á sviði tölvutækni er ör og því brýnt að fylgjast grannt með umræðu um refsiréttarleg álitaefni á þessu sviði. Hjá viðmælendum nefndarinnar komu fram ábendingar um að sérstaklega þyrfti að huga að brotum þar sem fjarskiptabúnaður er notaður, en mikið tjón getur hlotist af slíkum brotum. Telur nefndin brýnt að hafin verði nú þegar vinna við það að móta ákvæði þar sem tekið verði á þessum málum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Kristján Pálsson.	Jón Kristjánsson.
	Hjálmar Jónsson.	

997. Fyrirspurn [589. mál]

til samgönguráðherra um menntun leigubifreiðastjóra með tilliti til ferðaþjónustu.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

Hefur ráðherra þegar hafið undirbúning að sérstökum námskeiðum fyrir leigubifreiðastjóra þar sem þeir eru þjálfaðir í að veita erlendum ferðamönnum þjónustu eða eru uppi áform um að koma slíkum námskeiðum á? Hvert er hlutverk leiguaksturs í uppbyggingu ferðaþjónustu hérlendis?

998. Fyrirspurn [590. mál]

til samgönguráðherra um stöðugleika og öryggisbúnað skipa.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve mörg skip eru með haffærisskírteini en uppfylla ekki kröfur um stöðugleika samkvæmt skýrslu Siglingastofnunar Íslands frá síðasta ári og hvaða skip eru það?
2. Hve mörg skip eru með haffærisskírteini en hafa fengið athugasemdir vegna öryggisbúnaðar?
3. Hve mörg skip eru með athugasemdir í haffærisskírteini á fresti?

999. Frumvarp til laga [591. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Johnsen.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að úthluta aflaheimildum á Sæbjörgu VE 56 (skipaskrárnúmer 1062) til samræmis við aflaheimildir eldra skips með sama nafni sem strandaði við Stokksnes 17. desember 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 17. desember 1984 strandaði fiskiskipið Sæbjörg VE 56 (skipaskrárnúmer 0989) við Stokksnes. Skipið laskaðist við strandið, en brotnaði þó ekki og vel framkvæmanlegt að bjarga skipinu. Engu síður ákvað tryggingafélag útgerðarinnar (Tryggingamiðstöðin hf.) að greiða frekar út tryggingabætur en að reyna björgun, enda fyrirséð að björgunarlaun og viðgerðarkostnaður yrði hærri en tryggingabætur. Þessi ákvörðun tryggingafélagsins var tekin í janúar 1985. Var þá björgunarsveitarmönnum á Höfn í Hornafirði veitt heimild til þess að fjarlægja úr skipinu það sem nýtilegt var og unnt að flytja á brott. Unnu þeir við það fram eftir árinu. Tryggingabætur voru greiddar út í mars 1985. Skipið sökk aldrei heldur brotnaði það niður á næstu árum í fjörunni. Enn í dag eru síðustu leifar skipsins á strandstað.

Þrátt fyrir að ákvörðun tryggingafélagsins um að greiða út tryggingabæturnar hafi ekki verið tekin fyrr en í janúar 1985 var skipið afskráð úr skipaskrá 31. desember 1984, ekki fyrir atbeina útgerðar eða tryggingafélags heldur alfarið að frumkvæði Siglingamálastofnunar ríkisins (nú Siglingastofnun). Skv. 15. gr. þágildandi laga um skráningu skipa, nr. 53/1970, er ráð fyrir því gert að afmá skuli skip af skipaskrá ef það hefur farist, svo um sé kunnugt (2. tölul.), eða ef skip er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði að við sé gert (3. tölul.). Skilyrði 2. tölul. eiga ekki við enda fórst Sæbjörg ekki. Síðara skilyrðið fyrir afskráningu var ekki heldur fyrir hendi þar sem engin tilkynning lá fyrir við afskráninguna um að skipið væri ónýtt. Fyrir liggur bréf fyrrverandi starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins þar sem hann stað-

festir að afskráning sú sem hann framkvæmdi hafi verið mistök. Engar tilkynningar finnast heldur hjá stofnuninni um að skipið væri ónýtt. Enn hefur ekki verið aflýst veðum af skipinu.

Sæbjörg VE 56 var 312 brúttólestir að stærð, smíðuð árið 1965. Skipið hét áður Jón Garðar GK. Sæbjörg VE 56 var gerð út af Sæbjörgu hf., kt. 550371-0499, sem starfrækt var í Vestmannaeyjum. Félagið var formlega fellt brott úr hlutafélagaskrá í júní 1989, en því hafði verið slitið skömmu áður.

Vegna áðurnefndrar afskráningar úr skipaskrá kom Sæbjörg ekki til álita þegar verið var að úthluta veiðileyfum samkvæmt lögunum nr. 97/1985, enda var við úthlutun samkvæmt þeim lögum höfð hliðsjón af skipaskrá ársins 1985.

Skipið var tekið af skrá áður en ákvörðun lá fyrir um hvort skipinu yrði bjargað eður ei. Hefði þetta ekki verið gert hefði málið án efa þróast öðruvísi. Vegna afskráningarinnar lenti Sæbjörg utan við hópinn sem úthlutað hefur verið aflaheimildum frá því að lög nr. 97/1985 tóku gildi. Mistök voru gerð árið 1986 við úthlutun veiðiheimilda, en rót mistakanna lá hjá Siglingamálastofnun.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur í umsögn sinni um málið talið skorta lagaskilyrði fyrir því að leiðrétta þau mistök við úthlutun aflaheimilda sem urðu vegna ótímabærrar afskráningar skipsins. Er ráðuneytinu með frumvarpi þessu veittur nauðsynlegur lagagrundvöllur til úthlutunar aflaheimilda.

Fylgiskjal.

Sveinn Andri Sveinsson hdl.:

ÁLITSGERÐ
vegna úthlutunar á aflahlutdeild til handa Sæbjörgu VE 56.
(Febrúar 1998.)

Eftirfarandi er álitsgerð þar sem reifuð eru lagarök að baki ákvörðun um að úthluta útgerð Sæbjargar VE 56 aflahlutdeild í samræmi við þá aflahlutdeild sem eldra skip með sama nafni hafði áður.

I. Aðdragandi.

Þann 17. desember 1984 strandaði fiskiskipið Sæbjörg VE 56 (skipaskrárnúmer 0989) við Stokksnes. Skipið laskaðist við strandið, en brotnaði þó ekki og vel framkvæmanlegt að bjarga skipinu. Engu síður ákvað tryggingafélag útgerðarinnar (Tryggingamiðstöðin hf.) að greiða frekar út tryggingabætur en að reyna björgun, enda fyrirséð að björgunarlaun og viðgerðarkostnaður yrði hærri en tryggingabætur sem námu um 21 millj. kr. Þessi ákvörðun tryggingafélagsins var tekin í janúar 1985. Var þá björgunarsveitarmönnum á Höfn í Hornafirði veitt heimild til þess að fjarlægja úr skipinu það sem nýtilegt var og unnt að flytja á brott. Unnu þeir við það fram eftir árinu. Tryggingabætur voru greiddar út í mars 1985. Skipið sökk aldrei heldur brotnaði það niður á næstu árum í fjörunni. Enn í dag munu síðustu leifar skipsins vera á strandstað.

Þrátt fyrir að ákvörðun tryggingafélagsins um að greiða út tryggingabæturnar hafi ekki verið tekin fyrr en í janúar 1985 var skipið afskráð úr skipaskrá 31. desember 1984, ekki fyrir atbeina útgerðar eða tryggingarfélags heldur alfarið að frumkvæði Siglingamálastofnunar rík-

isins (nú Siglingastofnun). Skv. 15. gr. þágildandi laga um skráningu skipa, nr. 53/1970, er ráð fyrir því gert að afmá skuli skip af skipaskrá ef það hefur farist, svo um sé kunnugt (2. tölul.), eða ef skip er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði að við sé gert (3. tölul.). Skilyrði 2. tölul. eiga ekki við enda fórst Sæbjörg ekki (farast merkir að *týnast* eða *glatast* þegar talað er um hluti, en deyja þegar talað er um lifandi verur). Síðara skilyrðið fyrir afskráningu var ekki heldur fyrir hendi þar sem engin tilkynning lá fyrir við afskráninguna um að skipið væri ónýtt.

Fyrir liggur bréf fyrrverandi starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins, Gísla Auðunssonar, þar sem hann staðfestir að afskráning sú sem hann framkvæmdi hafi verið mistök.

Sæbjörg VE 56 var 312 brúttólestir að stærð, smíðuð árið 1965. Skipið hét áður Jón Garðar GK. Veiðiheimildir skipsins voru m.a. einn síldarkvóti og loðnukvóti 1,9%.

Sæbjörg VE 56 var gerð út af Sæbjörgu hf., kt. 550371-0499, sem starfrækt var í Vestmannaeyjum. Í ágúst 1985 var samþykkt að slíta Sæbjörgu hf. og lauk slitum í nóvember 1987 og félagið formlega fellt brott úr hlutafélagaskrá í júní 1989. Eigendur félagsins við slit samkvæmt gögnum skilanefndar voru þau Hilmar Rósmundsson, Theodór Ólafsson og Rósa Snorradóttir. Einnig mun Margrét Sigurbjörnsdóttir, eiginkona Theodórs, hafa verið hluthafi allt til slita.

Sæbjörg VE 56 hafði fengið leyfi til botnfiskveiða fyrir bæði haustvertíð 1984 og vorvertíð 1985 og skipinu hafði verið veitt leyfi til veiða á tilteknu aflahámarki á loðnu fyrir báðar vertíðar. Þegar skipið strandaði átti það eftir að veiða 2.700 tonn af aflahámarki á loðnu. Í janúar 1985 tók útgerð Sæbjargar Gullberg VE 292 á leigu og náðist að veiða 2.500 tonn upp í aflaheimildina, en um miðjan febrúar fékk útgerð Gullbergs skipið til sín aftur.

Eigendur Sæbjargar hf. fóru ekki formlega fram á að fá úthlutað kvóta á annað skip í stað Sæbjargar VE 56.

Aldrei reyndi á það á sínum tíma hvort Sæbjörg VE 56 kæmi til greina við veitingu veiðileyfa samkvæmt lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða, 1986–87. Um veitingu veiðileyfis til handa öðru skipi í stað Sæbjargar gat ekki heldur orðið þar sem ekki var ráðist í kaup á nýju skipi í stað Sæbjargar VE 56.

Það virðist vera vegna áðurnefndrar afskráningar úr skipaskrá að Sæbjörg kom ekki til álita þegar verið var að úthluta veiðileyfum samkvæmt lögunum nr. 97/1985.

II. Réttarstaðan við úthlutun samkvæmt lögum nr. 97/1985.

Fyrsta spurningin sem svara þarf er hvort úthluta hefði átt Sæbjörgu VE 56 veiðiheimildum samkvæmt lögunum nr. 97/1985. Sé svarað neitandi þarf ekki að velta málinu fyrir sér frekar.

Í 3. gr. laganna er svofellt ákvæði:

Við veitingu veiðileyfa skv. 2. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til veiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, enn fremur ný og nýkeypt skip hverfi önnur sambærileg úr rekstri.

Nokkur álitaefni rísa hér af þessu tilefni:

1. Hafði Sæbjörg VE 56 veiðileyfi á árinu 1985?
2. Ef ekki, hefði það átt að hafa veiðileyfi á árinu 1985?
3. Hvenær var Sæbjörg VE 56 varanlega horfin úr rekstri?
4. Var til staðar réttur til endurnýjunar á Sæbjörgu VE 56?
5. Hver er þýðing þeirra mistaka að Sæbjörg var afmáð úr skipaskrá fyrir áramót 1984/1985?

1. Veiðileyfi Sæbjargar árið 1985.

Með veiðileyfi í skilningi laga nr. 97/1985 er átt við sérstakt leyfi sem sjávarútvegsráðherra veitir skipum til veiða á nánar tilgreindum tegundum, sbr. 2. gr. laganna. Sæbjörgu VE

56 var úthlutað leyfi til veiða á vorvertíð 1985. (Almenn veiðileyfi óháð aflahlutdeild voru ekki tekin upp fyrr en með lögunum frá 1990.)

Ekki er ljóst hvort 3. gr. á einungis við um skip hvers veiðileyfi var veitt á árinu 1985 eða skip er hafi haft leyfi til veiða á árinu 1985. Síðari skýringarkosturinn er rökréttari, enda hefði hæglega mátt orða ákvæðið með öðrum og afdráttarlausari hætti ef fyrri skýringin ætti að hafa verið ofan á.

Spurning er hins vegar hvort veiðileyfi skips falli niður við að það er tekið af skipaskrá. Ekki getur að sjá nein lagaákvæði fyrir því að veiðileyfi skips falli niður sjálfkrafa við að það fellur af skipaskrá. Í því samhengi er rétt að minna á að lögin setja aðra viðmiðun en skipaskrá, en það er það skilyrði að skip sé varanlega horfið úr rekstri. Skip þarf ekki að vera varanlega horfið úr rekstri þótt það sé tekið af skipaskrá.

Áðurnefnt veiðileyfi Sæbjargar VE 56 á vorvertíð 1985 var nýtt með því að Gullberg VE 292 var tekið á leigu og látið veiða upp í aflahámark Sæbjargar. Hafi veiðileyfi Sæbjargar fallið niður þann 31. desember 1984 er ljóst að heimild útgerðarinnar til að veiða upp í aflahámark sitt hefði fallið niður samtímis. Það að útgerð skipsins er veitt heimild til þess að nýta annað skip til að veiða upp í aflahámark Sæbjargar sýnir að veiðileyfi skipsins er ekki fallið niður þegar þessi heimild er veitt á árinu 1985. Veiðileyfi Sæbjargar var þannig hagnýtt fyrri hluta árs 1985.

2. Hefði Sæbjörg átt að hafa gilt veiðileyfi á árinu 1985?

Komist menn að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að Sæbjörg VE 56 hafi nýtt veiðileyfi sitt á árinu 1985 hafi skipið ekki haft veiðileyfi á árinu 1985 er ljóst að hefðu mistök Siglingamálastofnunar ekki átt sér stað 31. desember 1984 og skipið þannig verið á skipaskrá í ársbyrjun 1985 hefði skipið haft gilt veiðileyfi á árinu 1985. Hefði það þá þannig komið til greina við úthlutun veiðileyfa samkvæmt lögum nr. 97/1985.

3. Varanlega horfið úr rekstri.

Hvað nákvæmlega átt er við með „horfið varanlega úr rekstri“ í áðurnefndri 3. gr. er ekki fullkomlega ljóst. Með hliðsjón af framkvæmd laganna mætti ætla að við það væri miðað að skip væri sokkið. Nefnd skulu þrjú dæmi þessu til stuðnings, en áðurnefnd skilyrði 3. gr. laga nr. 97/1985 hafa haldist óbreytt í nýrri lögum að því er þetta varðar.

Fyrst skulu nefnd til sögunnar skip í eigu Samherja á Akureyri: Þorsteinn EA 610 og Már EA 310. Togarinn Þorsteinn varð fyrir tjóni vorið 1988 er hann skemmdist af völdum hafíss fyrir Norðurlandi. Skemmdist togarinn svo mikið að ekki þótti fært að gera við hann. Lá hann við bryggju án haffærisskírteinis frá því í maí 1988 þar til í október 1992. Bátnum Má var lagt haustið 1988 og lá hann við bryggju til sama tíma og togarinn Þorsteinn, en í október 1992 voru skipin bæði endanlega úrelt fyrir nýtt skip, Baldvin Þorsteinsson EA 10. Þrátt fyrir að bæði skipin væru dæmd ónýt af tryggingafélögum og ekki gerð út voru veiðiheimildir þeirra engu síður fullnýttar í fimm ár eftir að skipin voru í raun „varanlega horfin úr rekstri“.

Annað dæmi er Sjóli HF 18 sem brann árið 1985. Nýtt skip, Sjóli HF 1, kom í stað þess sem brann síðla árs 1987 og fékk veiðiheimildir þess skips sem brann. Var heimildum úthlutað á hið brunna skip í millitíðinni.

Þriðja dæmið er Eskfirðingur SU 9 sem sökk árið 1988. Ekki voru talin lagaskilyrði til þess að úthluta leyfum á það skip með svipuðum hætti og á þau skip sem áður voru nefnd þar sem það var talið vera varanlega horfið úr rekstri.

Af þessum dæmum má draga þá ályktun að skip sem dæmt hefur verið ónýtt og er þar af leiðandi ekki í neinum rekstri, en liggur við landfestar, er ekki varanlega horfið úr rekstri í

skilningi 3. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 97/1985, svipað og skip sem sokkið er. Skip sem liggur fast á grynningum en er ekki sokkið, en hefur verið dæmt ónýtt af tryggingarfélagi, er samkvæmt þessu ekki varanlega horfið úr rekstri.

Um þýðingu hugtaksins „varanlega horfið úr rekstri" koma nokkrir skýringarkostir til greina:

a) Afskráning úr skipaskrá.
b) Greiðsla tryggingabóta.
c) Útgerð skips hætt og áhöfn sagt upp.
d) Þannig komið fyrir skipi að útilokað er að það komist aftur í rekstur viðkomandi útgerðar.

Síðasti kosturinn virðist sá líklegasti með hliðsjón af þeim dæmum sem rakin voru í greinargerðinni. Skip þarf þannig ekki að vera varanlega horfið úr rekstri þótt það sé afmáð úr skipaskrá, tryggingabætur séu greiddar eða rekstri þess hætt. Þannig var tæknilega unnt að gera við skip Sjólastöðvarinnar og Samherja sem nefnd eru í greinargerðinni þótt tryggingafélög viðkomandi skipa teldu slíkt ekki borga sig. Þannig var tæknilega unnt að draga Sæbjörgu VE 56 upp á land og flytja í slipp strax eftir strandið og næstu mánuði og ár á eftir. Það var hins vegar ekki talið borga sig. Skipið var því ekki varanlega horfið úr rekstri fyrir áramót 1984/1985.

4. Nýtt eða nýkeypt skip.

Að *gefinni* þeirri niðurstöðu að Sæbjörg VE 56 hafi ekki verið varanlega horfin úr rekstri á viðmiðunarmörkunum um áramót 1984/1985 og því enn með gilt veiðileyfi á árinu 1985, er spurningin hvort skipið hefði nokkuð komið til greina við úthlutun á árinu 1986 samkvæmt lögunum nr. 97/1985 þar sem það var við þessa úthlutun snemma árs 1986 horfið varanlega úr rekstri.

Þessu er í fyrsta lagi til að svara þannig að skipið var í skilningi 3. gr. ekki enn varanlega horfið úr rekstri í ársbyrjun 1986. Í annan stað er samkvæmt margumræddri 3. gr. ráð fyrir því gert að við veitingu veiðileyfa komi til greina ný og nýkeypt skip, hverfi sambærilegt skip úr rekstri. Enn fremur er rétt að líta til 13. gr. sömu laga, 1. og 4. mgr.:

> *Sé rekstri skips hætt eða það selt er heimilt við úthlutun næsta árs á eftir að úthluta skipi í eigu sama aðila botnfiskleyfi með sama afla- eða sóknarhámarki sem hið eldra skip hefði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða.*
>
> *Ákvæði 1. mgr. taka einnig til skipa sem horfið hafa varanlega úr rekstri á árinu 1985.*

Að gefinni þeirri forsendu að Sæbjörg VE 56 hafi haft veiðileyfi á árinu 1985 er ljóst að samkvæmt ákvæðunum í 3. og 13. gr. laganna var heimilt að úthluta veiðiheimildum til útgerðar Sæbjargar VE 56 með því skilyrði að nýtt skip væri komið í stað þess skips sem var horfið. Eftir að Sæbjörgin strandaði heyrði útgerð skipsins ekkert frá ráðuneytinu; hvorki að heimilt væri að smíða nýtt skip í stað hins strandaða né hvort um gæti verið að ræða úthlutun veiðiheimilda á nýtt skip í stað þess sem strandaði. Útgerð Sæbjargar var þannig aldrei tilkynnt um skilyrta áframhaldandi úthlutun aflahlutdeildar.

Rökrétt er að álykta að þegar úthlutað var aflaheimildum samkvæmt lögum nr. 97/1985 hafi ráðuneytið einfaldlega horft á skipaskrá eins og hún stóð í ársbyrjun 1985 og Sæbjörg því ekki verið með í hópnum, en þess ekki gætt af hálfu ráðuneytisins að útgerðin hefði fengið úthlutað veiðiheimildum vegna Sæbjargar VE 56 árið 1985.

Allténd er með ólíkindum að ráðuneytið hefði tekið ákvörðun um að úthluta ekki aflahlutdeild til skips sem uppfyllti skilyrði laganna til úthlutunar á aflaheimildum á þeim grunni að skipið væri fallið af skipaskrá og án þess að gera útgerðinni grein fyrir réttarstöðu sinni.

Hefði skipið að mati ráðuneytisins uppfyllt skilyrði laganna að öðru leyti en því að það væri varanlega horfið úr rekstri hlyti ráðuneytið að gera útgerð grein fyrir því að skipið uppfyllti ekki skilyrði úthlutunar en að nýta mætti aflahlutdeild skips sem horfið væri úr rekstri með nýju eða nýkeyptu skipi.

Í eldri og yngri lögum er alltaf getið um ný eða nýkeypt skip sem komi í stað þeirra sem horfin eru varanlega úr rekstri. Vakin er athygli á því að ekki eru sett nein tímamörk í þessu samhengi. Hin nýja Sæbjörg VE 56 (Kap II) er nýkeypt skip sem kemur í stað þess sem varanlega er horfið úr rekstri.

Við framkvæmd laganna frá 1985 og 1988 var útgerðum fiskiskipa sem fórust gefinn kostur á að ráðstafa veiðiheimildum skips í eitt ár frá því að skip fórst. Var þetta gert til þess að gefa þeim aðilum sem misstu skip úr rekstri frest til þess að ákveða hvort þeir keyptu nýtt skip sem þá fengi sömu veiðiheimildir og skipið sem fórst hafði haft eða sameinuðu veiðiheimildir skipsins veiðiheimildum annars skips. Þessi stjórnsýsluframkvæmd var lögfest með 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990. Útgerð Sæbjargarinnar var ekki gefinn kostur á þessu.

5. Mistök Siglingamálastofnunar.

Af fyrirliggjandi gögnum frá Siglingastofnun að ráða voru gerð mistök við afskráningu Sæbjargar VE 56. Skipið er þannig tekið af skrá áður en ávörðun liggur fyrir um það hvort skipinu verði bjargað eður ei. Hefði þetta ekki verið gert hefði málið án efa þróast öðruvísi. Vegna afskráningarinnar lenti Sæbjörg utan við hópinn sem úthlutað hefur verið aflaheimildum. Mistök eru gerð árið 1986 við úthlutun veiðiheimilda en rót mistakanna liggur hjá Siglingamálastofnun.

Kæmi til dómsmáls vegna skaðabótakröfu væri bótakröfu án efa beint að ráðuneyti samgöngumála f.h. Siglingastofnunar auk fjármála- og sjávarútvegsráðuneytis. Eini aðilinn sem getur hins vegar leiðrétt mistökin er sjávarútvegsráðuneytið. Sjávarútvegsráðuneytið ber ekki hlutlæga ábyrgð vegna bótakröfu en krafan um leiðréttingu réttarstöðunnar hefur ekkert með sök eða gáleysi að gera. Sú krafa snýst einfaldlega um það að taka stjórnsýsluákvörðun til leiðréttingar á fyrri ákvörðun.

III. Síðari tíma löggjöf.

Því kann að vera haldið fram að réttindin til aflahlutdeildar sem til staðar kunni að hafa verið samkvæmt lögunum nr. 97/1985 hafi fallið niður þegar ný lög voru sett árin 1988 og 1990. Í fyrsta lagi setji ný lög ný skilyrði fyrir úthlutun, sem séu þau að skip hafi fengið úthlutað samkvæmt lögunum sem áður giltu. Í öðru lagi setji ný lög ný tímamörk varðandi það að skip væri varanlega horfið úr rekstri. Hafi skipið ekki verið horfið varanlega úr rekstri samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1985 væri annað uppi á teningnum eftir gildistöku nýrri laga. Fróðlegt er að skilyrðin til úthlutunar veiðileyfa hafa í raun haldist óbreytt:

Í 4. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, 1988–90, er svofellt ákvæði:

> *Við veitingu veiðileyfa skv. 3. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985.*

Í 3. gr. sem vísað er til segir að enginn megi stunda m.a. loðnu- og síldveiðar nema að fengnum sérstökum leyfum.

Það er þannig ljóst að með lögunum frá 1988 er í engu breytt skilyrðunum fyrir úthlutun veiðileyfa frá því sem var í eldri lögum. Þarf ekki að fjölyrða um það meir. Athyglisvert er hins vegar orðalag í reglugerð sem sett er með heimild í lögum þessum:

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau skip, 6 brl. og stærri sem veiðileyfi fengu samkvæmt 4. og 10. gr. l. nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri.

Reglugerðarákvæðið þrengir lítils háttar heimildina í lögunum að því leyti að það kveður á um að *aðeins* þau skip komi til greina sem veiðileyfi fengu skv. 4. og 10. gr. laganna. Í 5. gr. laga nr. 38/1990 (núgildandi lög) kemur svo aftur sambærilegt ákvæði við það sem getur að finna í áðurnefndri reglugerð:

Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma til greina þau skip ein sem veiðileyfi fengu skv. 4. og 10. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri ...

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita nýju eða nýkeyptu skipi sambærilegu skipi ...

Mikilvægt er að átta sig á því hver sé rökréttur skýringarkostur við ákvæði þetta. Samkvæmt orðanna hljóðan virðist eðlilegt að álykta að aðeins þau skip sem fengið hafa úthlutað veiðileyfi samkvæmt umræddum ákvæðum eldri laganna komi til greina við úthlutun samkvæmt núgildandi lögum. Þetta er að mati undirritaðs ekki rétt lögskýring. Rétt sé að skýra núgildandi lög á þann hátt að til greina við úthlutun komi þau skip sem fengu leyfi til botnfiskveiða árið 1985, sem og skip sem í stað þeirra hafi komið. Kemur þar þrennt til:

Í fyrsta lagi vísar umrætt ákvæði til 4. gr. í lögunum frá 1988 (sem á við Sæbjörgu) sem hefur að geyma sömu skilyrði og í 3. gr. laganna frá 1985 en þar er alltaf miðað við skip sem höfðu veiðileyfi á árinu 1985.

Í öðru lagi styður það þessa lögskýringu að orðalag núgildandi laga er í samræmi við ákvæði reglugerðar sem átti sér stoð í eldri lögum.

Í þriðja lagi gengur ekki upp að skip sem uppfyllt hafa öll skilyrði til þess að fá úthlutun samkvæmt eldri lögum, en ekki fengið, detti út við úthlutun samkvæmt nýrri lögum þar sem þau lög segi að aðeins þau skip sem fengið hafa úthlutun samkvæmt eldri lögum komi til greina. Til skýringar má nefna dæmi. Skipið Ari RE uppfyllir forsendur laganna frá 1985 til úthlutunar á veiðileyfi og fær það. Ráðuneytið telur síðan forsendur fyrir úthlutun brostnar þannig að ekki kemur til úthlutunar samkvæmt lögunum frá 1988. Eftir að lögin frá 1990 taka gildi kemst ráðuneytið sjálft (eða umboðsmaður eða dómstóll) að þeirri niðurstöðu að skipinu hefði borið úthlutun veiðileyfis samkvæmt lögunum frá 1988. Fáum dytti í hug að halda því fram að þar sem hin nýju lög settu það skilyrði fyrir veiðileyfi að skipið hafi fengið úthlutað veiðileyfi samkvæmt lögunum frá 1988 kæmi Ari RE ekki til greina. Það sem réði væntanlega úrslitum við úthlutun væri að Ari RE hefði komið til greina samkvæmt skilyrði laganna frá 1988 þótt ekki hefði komið til úthlutunar samkvæmt þeim lögum.

Í fjórða lagi má segja þessari lögskýringu til stuðnings að hafi maður átt einhver réttindi verði þau ekki tekin af manni nema með skýrum og afdráttarlausum hætti.

Taka má annað dæmi til skýringar. Sú regla var a.m.k. til skamms tíma í gildi að leyfi til aksturs leigubifreiðar féll úr gildi ef það var ekki nýtt í tiltekinn tíma. Segjum svo að tiltekinn aðili hafi haft leyfi en verið sviptur því með ólögmætum hætti. Hann fær rétti sínum framgengt og staðfest að hann hafi leyfi. Það væri frekar langsótt að ætla að fella niður leyfið á grundvelli þess að það hefði ekki verið nýtt.

Útgerð Sæbjargar fékk einfaldlega ekki úthlutað aflaheimildum samkvæmt lögunum frá 1985 og var ekki gefinn kostur á að endurnýja skip sitt þótt réttur hennar stæði til þess. Það væri því frekar langsótt að telja lagaskilyrði samkvæmt nýrri lögum ekki hafa verið fyrir hendi og þess vegna ekki rétt að úthluta veiðiheimildum.

Taka má saman niðurstöðuna varðandi þetta álitaefni í því að með lögunum nr. 97/1985 er afmarkaður sá skipafloti sem til greina kemur við skiptingu heildarafla milli skipa. Sá hópur takmarkast við þau skip sem fengið höfðu úthlutað veiðileyfi á árinu 1985 eða sambærileg skip sem kæmu í stað þeirra. Þessi skipafloti sem skiptir á milli sín heildaraflanum hefur hins vegar breyst. Sum skip hafa varanlega horfið úr rekstri án þess að um endurnýjun hafi verið að ræða, heldur greiddar út úreldingarbætur. Önnur hafa verið leyst af hólmi af eldri skipum. Grundvallarskilyrðið er hins vegar alltaf það sama: að skipið hafi haft veiðileyfi á árinu 1985. Komi í ljós að skip sem sett hafi verið út úr hópnum hafi átt að vera þar inni samkvæmt þessu skilyrði er unnt að setja skipið inn í hópinn. Nýrri lög raska þessu ekki.

IV. Breytingartillaga Karvels.

Þegar lögin um stjórn fiskveiða 1988–91 voru til afgreiðslu á Alþingi lagði Karvel Pálmason fram breytingartillögur við frumvarpið í efri deild, en þar var m.a. gert ráð fyrir sérstöku bráðabirgðaákvæði II er hljóða skyldi svo:

Skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1983–1984, skulu eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki: Brimnes SH-257, Haförn SH-122, Hafrún ÍS-200, Bakkavík ÁR-100, Ragnar Ben ÍS-210, Kári VE-95, Þórunn ÞH-255, Hellisey VE-503, Sæbjörg VE-56 og Sóley SK-8.

Þessi hluti breytingartillögunnar var felldur með tíu atkvæðum gegn sjö.

Þrátt fyrir að breytingartillaga þessi hafi verið felld er ekki unnt að staðhæfa að úthlutun til handa Sæbjörgu VE 56 hefði ekki komið til greina á sínum tíma.

Fyrst er til að taka að staða margra skipa í tillögunni var ekki nema að hluta sambærileg. Ber að skýra breytingartillöguna og afgreiðslu hennar með hliðsjón af því. Aðeins tvö þeirra voru afskráð á haustvertíð 1984: Sóley SK 8, 11 brúttólesta bátur sem var tekinn af skrá 16. október 1984 eftir að hafa farist, og Sæbjörg VE 56. Er það í mesta lagi óheppileg tilviljun að Sæbjörg VE 56 skyldi nefnd í sömu andrá og hin skipin í breytingartillögunni því staða hennar er allt önnur en hinna.

Í öðru lagi skiptir hér einnig máli að kannað sé viðhorf löggjafans að baki afgreiðslu breytingartillögunnar. Hvers vegna var tillagan felld? Mjög erfitt er að vinsa út úr umræðunum í þinginu á sínum tíma eitthvað sem varpað gæti ljósi á vilja löggjafans. Umræður fóru eins og oft vill verða út um víðan völl og virðist þáverandi sjávarútvegsráðherra hafa verið eini aðilinn sem eitthvað tjáði sig um tillöguna. Sagði hann í umræðunum um skipin sem fórust 1983 að kvótakerfið hefði þá ekki verið komið til sögunnar og varðandi þau skip sem farist höfðu 1984 sagði ráðherrann að þegar lögin hefðu verið sett í árslok 1984 fyrir árið 1985 hefði ekki verið reiknað með að þau skip væru með. Við yfirlestur laga nr. 118/1994, um breytingu á lögum nr. 81/1976, er ekki að sjá að þessi sjónarmið hafi verið höfð í huga. Það sem virðist síðan ráða afstöðu ráðherrans er að með því að úthluta þessum skipum aflaheimildum væri verið að skerða aflaheimildir annarra; átta skip hefðu stundað botnfiskveiðar og að heildarafli þeirra hefði numið um 1% af heildarþorskafla og að tvö þeirra hefðu stundað loðnuveiðar þannig að skera þyrfti aflaheimildir annarra loðnuveiðiskipa niður um 4%. „Ég er andvígur því að fjölga í flotanum og stækka hann og sé ekki að það séu aðstæður til að fara nú að fjárfesta í fiskiskipum," sagði ráðherrann við umræðuna.

Í þriðja lagi er um að ræða breytingartillögu á síðari tíma frumvarpsákvæðum sem segja ekkert til um það hvernig eðlilegt hefði verið að túlka eldri lög á sínum tíma.

Í fjórða lagi, og það sem mestu máli skiptir, breytir afgreiðsla þingsins á breytingartillögu Karvels engu um réttarstöðu Sæbjargar. Tillöguflytjandinn gengur út frá því sem vísu að Sæbjörg njóti engra réttinda; skipið sé ekki í hópnum sem skipti á milli sín heildaraflamagninu.

Leggur hann til að skipið ásamt fleirum sé tekið inn í hópinn. Að gefinni þeirri forsendu að skipið uppfyllti skilyrði laganna frá 1985 og hefði með réttu átt að fá úthlutað samkvæmt þeim lögum er útilokað að komast að þeirri niðurstöðu að afgreiðsla breytingartillögunnar felli með pósitívum hætti niður þennan rétt. Ef aðili á einhvern rétt og það kemur fram tillaga í þinginu um að honum verði veittur slíkur réttur og tillagan er felld, leiðir það ekki til þess að hann missi réttinn. Slíkan rétt verður að taka af með pósitívum hætti. Segjum nú að fram kæmi tillaga í þinginu um að Guðbjörg ÍS yrði látin koma til greina við úthlutun aflaheimilda. Að sjálfsögðu yrði skipið ekki svipt aflaheimildum sínum þótt slík tillaga yrði felld. Réttindi verða aldrei tekin af mönnum með gagnályktun.

V. Skerðing á heimildum annarra.

Því kann að vera haldið fram að ekki sé unnt að úthluta Sæbjörgu VE 56 aflaheimildum þar sem það þýði skerðingu á aflahlutdeild annarra. Það gæti þannig varðað ríkissjóð bótaábyrgð að hleypa Sæbjörgu VE 56 inn í hópinn.

Hafi þriðji maður hlotið aukin réttindi umfram það sem hann áður hafði, vegna óréttmætrar skerðingar á réttindum annars, á þriðji maður að sjálfsögðu ekki kröfu á því að halda sínum réttindum óskertum hvað sem raular og tautar.

Útgerð Sæbjargar VE 56 átti þessi réttindi og þótt aflahlutdeild hafi ekki verið úthlutað til hennar og hlutdeild annarra um leið aukin er að sjálfsögðu fráleitt að þeir aðilar sem nutu aukningar á aflahlutdeild vegna þessa skuli halda sinni aflahlutdeild óskertri eða fá einhverjar skaðabætur vegna slíkrar skerðingar. Sést það best af því að þegar dómur gengur um að tiltekin aðili eigi rétt á aflaheimildum ganga aðrir óbættir frá garði með lægri aflahlutdeildir.

Í þessu samhengi er einnig rétt að minna ákvæði 1. gr. núgildandi laga þar sem segir að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildunum. Slík almenn skerðing sem af úthlutun til Sæbjargar hlytist kæmi jafnt niður á öllum og skapaði fráleitt bótaábyrgð á ríkissjóð. Stjórnvaldsákvörðun sem er íþyngjandi fyrir alla er að sjálfsögðu ekki bótaskyld frekar en lokanir á veiðisvæðum, stækkun möskva eða lækkun heildaraflamagns.

Einnig er rétt að benda á að ef ákveðið yrði samhliða úthlutun þessari að auka heildaraflamagn um meira en sem nemur aflaheimildum er ekki um neitt tjón að ræða. Þótt heildaraflaheimildir yrðu ekki auknar er erfitt fyrir slíkan aðila að sanna tjón.

VI. Tómlæti.

Því mætti ef til vill halda fram fyrir dómara að útgerð Sæbjargar VE 56 hafi fyrirgert rétti sínum til aflahlutdeildar með tómlæti þar sem ekki hafi verið gerð gangskör að því að tryggja sér þessi réttindi. Tómlætisverkanir eru hins vegar þeirrar náttúru að það er alfarið á hendi þess sem úthlutar réttindum eða gæðum hvort hann ber fyrir sig tómlæti. Tómlæti er alltaf matsatriði og það er sjávarútvegsráðherra sem metur það hvort tómlætisverkanir séu til staðar. Ráðherra væri e.t.v. heimilt að hafna á grundvelli tómlætisverkana, en honum væri það aldrei skylt. Það væri ekki á lögfræðilegum forsendum sem ráðherrann sæi sig knúinn til þess að bera fyrir sig tómlæti. Ástæðurnar væru pólitískar.

Bótakröfur vegna þessa máls eru væntanlega fyrndar, enda fyrnast skaðabótakröfur almennt á tíu árum.

VII. Ákvörðun ráðuneytisins eða dómstóla.

Getur ráðherra ekki tekið það upp hjá sér að rétta hlut Sæbjargar VE 56 eða heyrir slíkt alfarið undir dómstóla?

Komist ráðherra að þeirri niðurstöðu að mistök hafi átt sér stað þegar Sæbjörgin var ekki höfð með í hópnum hlýtur hann að vilja leiðrétta þau. Ef ráðherra sýnist að spakra manna mati að réttur hafi verið brotinn á útgerð Sæbjargar VE 56 og að félagið eigi í raun réttri rétt til úthlutunar aflahlutdeildar, þá úthlutar hann einfaldlega. Það er aldrei of seint fyrir stjórnvald að bæta úr og leiðrétta eldri stjórnvaldsákvörðun svo lengi sem ekki er um að ræða efnislegan ómöguleika. Ef réttur er brotinn á aðila í stjórnsýslu er það meginregla að viðkomandi aðili á kröfu á því að rétt ákvörðun sé tekin; hann fái efnislega rétta niðurstöðu. Bótaréttur kemur ekki til skjalanna nema um sé að ræða ómöguleika. Engin ákvæði stjórnsýslulaga eða venjuréttur væri brotinn við það að rétta hlut Sæbjargar. Að auki væri ráðherra heimilt að semja um málalok vegna Sæbjargar þannig að ekki verði t.d. um að ræða skaðabótakröfur af hálfu útgerðar Sæbjargar þótt réttur til aflahlutdeildar sé viðurkenndur o.s.frv.

Þau dæmi eru að sjálfsögðu mýmörg að ráðuneyti og önnur stjórnvöld hafi leiðrétt stjórnsýsluákvarðanir sínar. Oftlega hafa slíkar náð langt aftur í tímann. Nýlegt dæmi um þetta er sú ákvörðun samgönguráðuneytis að greiða Cargolux 10 millj. kr. vegna ranglega innheimts bensíngjalds.

Væri það niðurstaða dómstóls að Sæbjörg hefði með réttu átt að fá úthlutað aflahlutdeild gæti dómsorð hæglega kveðið á um að viðurkenndur væri réttur skipsins til aflahlutdeildar. Yrði ráðuneytið þá skikkað til þess að úthluta. Ef ráðuneytið gæti ekki tekið stjórnsýslulega ákvörðun um málið væri ekki heldur hægt að skikka það til þess með dómi. Geti dómur tekið þessa ákvörðun getur ráðuneytið það.

Spurningin er þess vegna einfaldlega þessi: Telur ráðuneytið að réttur Sæbjargar hafi fallið niður fyrir mistök? Sé svo eru engar lagalegar hindranir í veginum fyrir ráðuneytið að leiðrétta þessi mistök.

VIII. Niðurstaða.

Af framangreindu telur undirritaður að sjávarútvegsráðherra sé heimilt að úthluta veiðiheimildum til útgerðar Sæbjargar VE 56, sambærilegum við þær sem skipið hafði áður.

1000. Nefndarálit [443. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum (öndunarsýni).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Ólafsson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, og Jón Bjartmarz og Jónmund Kjartansson frá embætti ríkislögreglustjóra og Einar Guðmundsson frá Sjóvá-Almennum. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Umferðarráði, lögreglustjóranum í Reykjavík, Landssambandi lögreglumanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og ríkissaksóknara.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á ákvæðum umferðarlaga sem eðlilegar eru í kjölfar þeirrar stefnu sem mörkuð var þegar samþykktar voru breytingar á umferðarlögum á 121. löggjafarþingi varðandi sönnun ölvunarástands ökumanns með öndunarsýni. Annars vegar er um að ræða lögfestingu gjaldtökuheimildar vegna töku og rannsóknar öndunarsýna til könnunar á ölvunarástandi ökumanns. Með breytingunni er ætlunin að tryggja jafnræði milli

ökumanna sem reynast aka undir áhrifum áfengis án tillits til þess hvort gerð er rannsókn á vínandamagni í blóði ökumanns eða öndunarsýni. Miðað er við 6.500 kr. sakarkostnað, en það er algengur kostnaður við töku blóðsýnis. Hin breytingin snýr að rannsókn vegna ölvunaraksturs. Lagt er til að lögfest verði viðurlög við vanrækslu ökumanns á því að veita atbeina sinn við rannsókn máls og varði það við sviptingu ökuréttar. Er breytingin í samræmi við lagaákvæði í sambærilegum tilvikum annars staðar á Norðurlöndum.

Í tengslum við umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið var nokkuð rætt um umferðarslys vegna ölvunaraksturs og úrræði til að stemma stigu við akstri undir áhrifum áfengis, m.a. um hvort að lækka eigi leyfilegt áfengismagn í blóði. Kom fram á fundi nefndarinnar að dómsmálaráðherra hefur ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem kanna á þessi mál. Tekur nefndin undir nauðsyn þess að leitað verði leiða til að stemma stigu við ölvunarakstri og að kannað verði hvaða leiðir henta best í því sambandi.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.
	Kristján Pálsson.	

1001. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Skattstofu Suðurlandsumdæmis, Skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra, Skattstofu Norðurlandsumdæmis vestra, Skattstofu Vesturlandsumdæmis, Skattstofu Vestfjarðaumdæmis, Skattstofu Reykjanesumdæmis, Skattstofu Austurlandsumdæmis, ríkisskattstjóra, Skattstofu Reykjavíkur og Samtökum iðnaðarins.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögum um vörugjald. Í fyrsta lagi er lagt til að álagning og eftirlit með vörugjaldsskilum innan lands verði færð frá einstökum skattstjórum til ríkisskattstjóra. Í öðru lagi er lagt til að í lögunum verði skýrt kveðið á um heimild til sölu eða innflutnings á hráefni eða efnivöru án vörugjalds til innlendrar framleiðslu, hvort sem um gjaldskylda eða ógjaldskylda framleiðsluvöru er að ræða og í þriðja lagi að uppgjörstímabil vörugjalds verði samræmd uppgjörstímabilum virðisaukaskatts og gjalddagar verði þeir sömu og gjalddagar virðisaukaskatts vegna sölu á vöru og þjónustu hér á landi.

Nefndin ræddi sérstaklega fyrstnefnda atriðið en í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að bæta skil á vörugjaldi og tryggja samræmda framkvæmd. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki skyldi færa álagningu og eftirlit með vörugjaldsskilum innan lands frá einstökum skattstjórum til ríkisskattstjóra eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hins vegar skuli gera ráð fyrir heimild til fjármálaráðherra til að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu vörugjalds í öðrum skattumdæmum. Þá telur nefndin einnig rétt að breyta gjalddögum uppgjörstímabila frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

1. Lagðar eru til breytingar á 1.–7. gr. til samræmis við framangreint. Einnig eru lagðar til orðalagsbreytingar á 6. gr.
2. Lagt er til að við 9. gr. bætist ákvæði um að tollskrárnúmer 8517.1901 falli brott. Með þessu er lagt til að vörugjald verði fellt niður af rafmyndasímtækjum sem bera nú 25% vörugjald.
3. Loks er lagt til að gildistöku verði breytt og miðað verði við 1. júní 1998. Til samræmis eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi, 18. mars 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Sólveig Pétursdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

1002. Breytingartillögur [347. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin falli brott.
4. Við 4. gr.
   a. A-liður orðist svo: Við greinina bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Skattstjórar annast álagningu vörugjalds vegna innlendrar framleiðslu og innflutnings aðila sem skráðir eru skv. 5. gr. Fjármálaráðherra getur ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu vörugjalds í öðrum skattumdæmum.
   b. Í stað orðsins „Ríkisskattstjóri“ í 1. og 2. málsl. efnismálsgreinar b-liðar komi: Skattstjóri.
5. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „5. dagur“ í síðari málslið efnismálsgreinar a-liðar komi: 28. dagur.
   b. C-liður falli brott.

6. Við 6. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Skattstjóri skal veita framleiðendum vöru, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, heimild til að kaupa af innflytjendum, innlendum framleiðendum og aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr. hráefni eða efnivöru án vörugjalds.
   b. Í stað orðanna „Í umsókn skal“ 3. málsl. 1. efnismgr. komi: Í umsókn til skattstjóra skal.
   c. 4. málsl. 1. efnismgr. falli brott.
   d. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: skattstjóra.
7. Við 7. gr. Greinin falli brott.
8. Við 9. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Eftirfarandi tollskárnúmer fellur brott úr E-lið viðaukans: 8517.1901.
9. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.
10. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Í stað orðanna „febrúar 1998“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: júní 1998.
    b. Í stað orðanna „desember 1997 og janúar 1998“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: apríl og maí 1998.
    c. 3. mgr. falli brott.

1003. Tillaga til þingsályktunar [592. mál]

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni M. Mathiesen, Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason, Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum stjórnmálaflokka, skrifstofu jafnréttismála og Kvenréttindafélags Íslands til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin starfi a.m.k. í fimm ár, taki til starfa hið fyrsta og hafi heimild til að ráða sér verkefnisstjóra, sem starfi á skrifstofu jafnréttismála. Nefndin annist fræðslu, auglýsingaherferðir og útgáfu og hafi allt að 5 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni árið 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur umræða aukist um nauðsyn þess að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Stjórnmálaflokkarnir hafa sýnt aukinn vilja til þess að bæta stöðu kvenna í stjórnmálum, sem sést m.a. í flokkssamþykktum þeirra. Hlutur kvenna í stjórnmálum hefur batnað á síðustu áratugum. Hins vegar er það áhyggjuefni að svo virðist sem nokkurrar stöðnunar gæti í þeirri þróun. Konum fjölgaði lítið í sveitarstjórnum á milli sveitarstjórnarkosninga árin 1990 og 1994, þær voru 22% sveitarstjórnarmanna en urðu 25%. Konur voru 24% alþingismanna árið 1991 en 25% árið 1995. Annars staðar á Norðurlöndunum er þátttaka kvenna í stjórnmálum mun meiri en hér, þar eru konur 30–40% þeirra sem sitja í sveitarstjórnum og á þjóðþingum.

Stjórnmálakonur annars staðar á Norðurlöndunum telja að þverpólitískar aðgerðir sem skipulagðar voru þar upp úr áttunda áratugnum til að benda á mikilvægi þátttöku kvenna í

stjórnmálum hafi haft afgerandi áhrif á hve hlutur kvenna í stjórnmálum lagaðist á þessum árum. Aðgerðirnar hafa notið stuðnings hins opinbera og verið undir stjórn verkefnisstjóra sem ráðnir hafa verið. Í bókinni „Nú er kominn tími til“ eftir Drude Dahlerup, sem gefin var út af Norrænu ráðherranefndinni, má sjá að markmið einnar slíkrar herferðar var:

1. Að fá fleiri konur í sveitar- og bæjarstjórnir og á fylkisþing.
2. Að skapa jákvæð viðhorf til kvenna í stjórnmálastörfum.
3. Að virkja kvennasamtök um allt land í umræðunni um hlut kvenna í sveitarstjórnum í byggðarlaginu.
4. Að vekja áhuga landsmálablaða og dagblaða á því að fjalla um konur í stjórnmálum, bæði heima í héraði og á þingi, og um baráttumál kvenna.
5. Að hafa samband við ríkisfjölmiðla og hvetja þá til að axla ábyrgð sína á opinberri umfjöllun um konur og baráttumál þeirra í þeim tilgangi að styrkja stöðu kvenna í stjórnmálum landsbyggðarinnar.
6. Að veita upplýsingar um stefnuskrár stjórnmálaflokkanna í jafnréttismálum.

Í bókinni koma einnig fram ýmis slagorð sem notuð hafa verið til kynningar á stöðu kvenna í stjórnmálum, svo sem „Fleiri konur í bæjarstjórnir“, „Sveitarstjórn, samábyrgð karla og kvenna“, „Kjósið konur“, „Hleypið konunum að“, „Konur á þing“, „Karlar sem konur, kjósið hana“, „Kjósið konur, betur sjá augu en auga“, „Kjósið jafnréttið — greiddu frambjóðanda þínum atkvæði“, „Aðgerð kvennakjör“, „Við erum helmingurinn“, „Greiddu konu atkvæðið þitt“, „Burt með svörtu blettina“ (þ.e. sveitarfélög þar sem engin kona er í sveitarstjórn en þau eru 32 hér á landi) og „Engin sveitarstjórn án kvenna“. Á síðari árum hafa kosningaaðgerðirnar orðið beinskeyttari og markvissari. Markmiðið er ekki lengur „fleiri konur í stjórnmálin“ heldur jöfn hlutdeild karla og kvenna í öllum opinberlega kjörnum stjórnum, nefndum og ráðum. Hér á Íslandi hefur verið hrundið af stað undir forustu Jafnréttisráðs verkefninu „Sterkari saman“ sem hefur það að markmiði að vekja fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar athygli á mikilvægi þess að auka hlut kvenna. Verkefnið hefur verið þverpólitískt og gengið ágætlega, en umfang þess takmarkast af fjárskorti. Verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt skapast grundvöllur fyrir markvissu upplýsingastarfi um mikilvægi þess að konur starfi í stjórnmálum til jafns við karla.

Þingsályktunartillaga þessi er í sama anda og þingsályktunartillaga, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram, um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. þskj. 649. Þar segir í grein 3.3.: „Skipuð verði nefnd sem falið verði að kanna hvernig megi auka virkni kvenna og þátttöku þeirra í almennu stjórnmálastarfi.“

1004. Breytingartillögur [443. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum (öndunarsýni).

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Lúðvík Bergvinssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

   2. og 3. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

   Vínandamagn í blóði ökumanns má ekki fara upp fyrir 0,0‰ með öryggismörk að 0,2‰. Sé það ofan við öryggismörkin en minna en 0,8‰ eða vínandamagn í lofti, sem

hann andar frá sér, nemur 0,01 milligrammi í lítra lofts, en minna en 0,40 milligrömmum, eða ökumaður er undir áhrifum áfengis þótt vínandamagn í blóði hans eða útöndun sé minna telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,8‰ eða meira eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,40 milligrömmum í lítra lofts eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

2. Við 3. gr. bætist: að undanskildum ákvæðum 1. gr. sem öðlast gildi 1. október 1998.

1005. Frumvarp til laga [593. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, og siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. orðast svo: Lögin gilda þó um öll skip sem flytja farþega í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum án tillits til stærðar.

b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Farþegaflutningar í atvinnuskyni, þar með taldar skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lög þessi gilda um eru háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skal slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða settum samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um skip í farþegaflutningum. Fyrir slík skip skal fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af Siglingastofnun Íslands með hliðsjón af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, svo og farsviði þess og útivist, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi farþega, skipverja og skips. Skipstjóri skal varðveita um borð í skipi skjal er sannar gildi leyfisins. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt þessari málsgrein, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

II. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 145. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Farsala sem sjálfur annast flutninginn er skylt að kaupa vátryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nú annast farsali ekki flutninginn og er þeim sem flutninginn annast þá skylt að kaupa vátryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni sem verða kann og hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Vátryggingarfjárhæðir skulu nægja til greiðslu bóta eftir ákvæðum laga þessara um takmörkun ábyrgðar. Skipstjóri skal varðveita um borð

í skipi skjal er sannar gildi vátryggingarinnar og framvísa því þegar löggæslumaður eða starfsmaður Siglingastofnunar Íslands krefst þess.

III. KAFLI
Gildistaka.
3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi Siglingastofnun Íslands fyrir gildistöku laga þessara áritað á haffærisskírteini skips að heimilt sé að stunda farþegaflutninga með skipinu skal slíkt leyfi, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., halda gildi sínu til þess tíma er gildistími haffærisskírteinisins rennur út. Eftir þann tíma eru farþegaflutningar með skipinu háðir leyfi skv. 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er þeim sem skylt er að kaupa vátryggingu samkvæmt þeirri grein veittur frestur til þess að kaupa trygginguna til 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að auknu öryggi í farþegaflutningum með skipum og bátum á sjó, ám eða vötnum. Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að í lög um eftirlit með skipum verði tekið ákvæði um að farþegaflutningar með skipum verði háðir sérstöku leyfi og hins vegar að í siglingalög verði tekið ákvæði um skyldutryggingu í farþegaflutningum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.
Um 1. gr.

Framboð á ýmiss konar skemmti- og útsýnisferðum með skipum á sjó, ám og vötnum hérlendis hefur aukist ár frá ári. Þótt ákvæði í ýmsum lögum og reglugerðum nái til skipa í farþegaflutningum hefur nokkuð þótt skorta á eftirlit með þessari starfsemi. Því er æskilegt að lögfest verði ákvæði um hvernig haga skuli samræmdu eftirliti með farþegaflutningum með skipum.

Í frumvarpinu er lagt til að gildissviði laganna verði breytt þannig að þau taki til allra skipa sem flytja farþega í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum án tillits til stærðar. Skiptir þar ekki máli hvort skipið er skráð á skipaskrá sem farþegaskip, hversu marga farþega það má flytja og hvar og hvenær það siglir með farþega. Með reglugerð getur ráðherra ákveðið að erlend skip í farþegaflutningum falli undir ákvæðið, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Þá er lagt til að í lög um eftirlit með skipum verði sett ákvæði um að farþegaflutningar með skipum séu háðir leyfi. Af slíku ákvæði leiðir að farþegaflutningar með skipum yrðu óheimilir án slíks leyfis. Tilgangurinn með ákvæðinu er að lögfesta skýran grundvöll fyrir samræmdu eftirliti með smíði og búnaði skipa í farþegaflutningum, aðbúnaði og öryggi farþega, mönnun skipanna, atvinnuréttindum og þjálfun skipverja og öðrum öryggisþáttum í starfseminni. Lagt er til að sækja þurfi um leyfi til farþegaflutninga með skipi og að Siglingastofnun Íslands gefi út slíkt leyfi þegar sýnt hefur verið fram á að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða sem um skipið og starfsemi þessa gilda. Átt er við lög um eftirlit með skipum og reglugerðir sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum, en einnig önnur lög og reglugerðir sem gilda um skip í farþegaflutningum. Sem dæmi um slík lög má nefna siglingalög og atvinnuréttindalög.

Enn fremur er lagt til að Siglingastofnun Íslands ákveði fjölda í áhöfn þeirra skipa sem leyfi þurfa samkvæmt þessari grein, en fyrir íslensk farþegaskip sem flytja farþega milli landa er fjöldi í áhöfn þó ákveðinn af mönnunarnefnd kaupskipa í samræmi við lög um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, með síðari breytingum.

Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um útgáfu og skilyrði leyfisins, og gjaldtöku fyrir leyfið. Í reglugerð verður þannig heimilt að setja m.a. ákvæði um gildistíma leyfisins, takmörkun farsviðs, hámarksfjölda farþega og önnur atriði sem lúta að öryggi farþega, t.d. að keypt hafi verið vátrygging fyrir tjóni farþega, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði siglingalaga um takmörkun ábyrgðar má gera ráð fyrir að skaðabætur samkvæmt lögunum vegna tjóns farþega á skipum geti numið svo háum fjárhæðum að bæturnar fáist ekki í öllum tilvikum greiddar. Í frumvarpinu er því lagt til að skylt sé að kaupa vátryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni sem farsali eða sá sem annast flutninginn ber skaðabótaábyrgð á eftir ákvæðum laganna. Ætla verður að slík skyldutrygging sé til þess fallin að auka öryggi farþega og aðhald með starfsemi skipa í farþegaflutningum. Þess má geta að í norsku siglingalögunum er ákvæði sem veitir heimild til þess að krefjast þess að keypt sé vátrygging gegn tjóni farþega. Þá er að finna í íslenskum lögum um landflutninga og loftflutninga ákvæði um tryggingar gegn tjóni farþega. Eðilegt er að samræmis sé gætt í þessum efnum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vátryggingarskyldan nái til allra skipa sem falla undir lögin og stunda farþegaflutninga, án tillits til þess hvort skip er skráð sem farþegaskip á skipaskrá eða ekki og þess hversu marga farþega skipið má flytja. Gildissvið ákvæðisins afmarkast að öðru leyti af samanburðarskýringu við ákvæði siglingalaga, einkum ákvæði V. og IX. kafla. Varðandi skilgreiningu á hugtökunum farsali og farþegi má þannig vísa til 120. gr. laganna. Í frumvarpinu er lagt til að þegar farsali annast sjálfur flutninginn sé honum skylt að kaupa vátryggingu gegn tjóni sem hann ber ábyrgð á, sbr. 137.–140. gr. laganna. Þegar annar en farsali annast flutninginn, sbr. 145. gr., ber flutningsaðilanum að kaupa vátryggingu gegn því tjóni sem hann ber ábyrgð á eftir ákvæðum laganna og er farsala þá ekki skylt að kaupa vátrygginguna. Þegar ferðaskrifstofa selur ferðir með skipi sem gert er út af öðrum aðila hvílir skyldan til þess að kaupa vátrygginguna þannig á þeim sem annast flutninginn en ekki á ferðaskrifstofunni. Við ákvörðun vátryggingarfjárhæða ber að miða við ákvæði V. og IX. kafla laganna um takmörkun ábyrgðar. Stundi skip farþegaflutninga hluta úr ári er ekki skylt að halda vátryggingunni við þann hluta árs sem sú starfsemi liggur niðri. Skipstjóri ber ábyrgð á því að um borð í skipi í farþegaflutningum sé skjal er sanni að vátrygging hafi verið tekin og að tryggingin sé í gildi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Siglingastofnun Íslands hefur áritað á haffærisskírteini hluta þeirra skipa og báta sem flytja farþega að slíkir flutningar séu heimilir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Því er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða sé kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 1. gr. frumvarpsins skuli farþegaflutningar með þeim skipum vera heimilir fram til þess tíma er haffærisskírteini rennur út. Frá þeim tíma eru farþegaflutningar með þeim hins vegar háðir leyfi skv. 1. gr. frumvarpsins.

Nauðsynlegt er að þeir sem leggja stund á farþegaflutninga með skipum og bátum hérlendis fái nokkurn tíma til þess að kynna sér efni laganna og laga starfsemina að þeim. Þá er tryggingafélögum einnig nauðsyn að fá tíma til undirbúnings vegna tryggingarskyldunnar. Því er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða sé kveðið á um að frestur sé veittur til 1. janúar 1999 til þess að kaupa vátrygginguna. Fram til þess tíma er því ekki skylt að kaupa hana.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, og siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur, annars vegar að farþegaflutningar með skipum verði háðir sérstöku leyfi og hins vegar að í siglingalög verði sett ákvæði um skyldutryggingu í farþegaflutningum.

Fyrra atriðið mun leiða til aukins eftirlits af hálfu Siglingastofnunar Íslands en í frumvarpinu er að finna ákvæði um gjald fyrir útgáfu leyfisins. Gera má ráð fyrir að gjaldtakan nemi um 1 m.kr. á fyrsta heila árinu og um 0,3 m.kr. á ári eftir það. Seinna atriðið mun hafa einhver áhrif á kostnað þeirra aðila sem gera út skip til farþegaflutninga.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

1006. Lög [287. mál]

um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Alþingi 23. mars.)

Samhljóða þskj. 970.

1007. Fyrirspurn [594. mál]

til félagsmálaráðherra um niðurstöður nefndar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hverjar voru helstu niðurstöður nefndar sem skipuð var í október 1996 og tók saman upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum? Hyggst ráðherra gera niðurstöður hennar opinberar og ef svo er, hvenær? Kalla niðurstöður nefndarinnar á aðgerðir af hálfu yfirvalda?

1008. Tillaga til þingsályktunar [595. mál]

um endurskoðun laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich,
Einar Oddur Kristjánsson, Egill Jónsson, Kristín Ástgeirsdóttir,
Gísli S. Einarsson, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Magnús Stefánsson,
Svanfríður Jónasdóttir, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir endurskoðun laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og laga um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna, einkum ákvæða varðandi takmörkun eða stig réttinda, kröfur um nám og námstíma, aðgengi að námi og þörf atvinnulífs fyrir menntun yfirmanna.

Greinargerð.

Lagt er til að lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna verði tekin til endurskoðunar. Henni verði einkum beint að ákvæðum sem varða takmörkun réttinda eða réttindastig, kröfur um nám, námsefni, námstíma, reynslu eða störf undir handleiðslu meistara sem meta megi til náms er gæti átt við um vélstjórnarnám, aðgengi að námi, m.a. endurmenntun og viðbótarmenntun, svo og raunverulega þörf atvinnulífs og fyrirtækja fyrir menntun þessara yfirmanna í áhöfnum skipa og vegna annarra starfa sem þeirrar menntunar krefjast.

Samanburður við önnur lönd.

Með þjóðfélagsbreytingum síðari ára koma allir þættir í starfsumhverfi atvinnuvega og starfsgreina til skoðunar með samanburði og samjöfnuði við kjör keppinauta og starfsfélaga í öðrum löndum. Bættar samgöngur og aukin fjarskipti hafa stórum aukið samkeppni við erlend fyrirtæki og starfsmenn þeirra. Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hefur opnað okkur aðgang að innri markaði Evrópusambandsins (ESB) og meðal grunnþátta hans er frjáls för launafólks og staðfesturéttur. Á grundvelli þess réttar getur erlent fólk nú boðið sig fram til starfa hérlendis í krafti þeirra atvinnuréttinda sem það nýtur í heimalandi sínu.

Ýmsir þættir í starfsumhverfi manna, starfsgreina, atvinnuvega og atvinnulífs í heild hafa þróast öðruvísi hér en í þeim löndum sem við eigum nú svo nána samleið með, etjum kappi við og verðum að standast samjöfnuð við á þeim grunni sem fyrr var fjallað um. Starfsumhverfi er að stórum hluta mótað með ákvæðum laga sem aftur eru grundvöllur reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla. Í því ljósi er brýnt að lagaákvæði um atvinnuréttindi og grundvöll þeirra verði tekin til endurskoðunar, samanburðar og samræmingar við alþjóðastaðla og ríkjandi leikreglur í grannlöndum og samstarfsríkjum okkar.

Svo virðist sem hérlendis sé í einhverjum tilvikum krafist lengri námstíma en erlendis sem skilyrði fyrir sömu réttindum. Þá virðist og sem hér hafi í einhverjum tilvikum verið mótuð séríslensk takmörkun réttinda, eða réttindastig, sem ekki eigi sér stoð í alþjóðlegum stöðlum og ekki er við höfð í samstarfsríkjum okkar. Afleiðingar þessa virðast geta orðið umtalsvert tjón fyrir íslenska starfsmenn í þessum greinum, t.d. við þessar aðstæður:

— Kröfur um lengri námstíma hérlendis en erlendis sem grundvöllur sömu réttinda leiða til þess að erlendir menn, sem nú hafa rétt til að bjóða starfskrafta sína fram hér á landi í krafti jafngildra atvinnuréttinda í heimalandi þeirra, hafa jafngild réttindi og Íslendingar en hafa aflað þeirra á skemmri námstíma og því með minni fórnarkostnaði. Nám erlends

manns var þannig ódýrara en nám Íslendings en veitir sömu réttindi. Afleiðingin fyrir Íslendinginn er sú að lengra nám hans færir honum ekki betur launað starf. Kostnaður hans umfram kostnað hins erlenda við öflun réttinda verður ekki endurgoldinn af tekjum hans umfram tekjur hins. Lengra nám hans er ekki að sama skapi verðmætara.

— Íslendingur sem leitar starfa erlendis og hefur aflað sér séríslenskra réttinda fær ekki notið þeirra. Réttindi hans verða metin samkvæmt alþjóðastaðli, en séríslenska réttindastigið er þar ekki skilgreint. Þótt nám hans sé nærfellt jafnlangt og það sem er grundvöllur næsta stigs fyrir ofan fær hann það nám ekki metið, en nýtur einungis næsta alþjóðlega réttindastigs fyrir neðan hið séríslenska. Námstími hans og fórnarkostnaður umfram það réttindastig fæst hvorki endurgoldinn í réttindum né í starfstekjum og reynist ekki að sama skapi verðmætara.

Námskröfur svari þörfum atvinnulífs og nemenda.

Ávallt þarf að vera á varðbergi um þá kosti náms sem við viljum halda í. Þess vegna er nauðsynlegt að við endurskoðun af þessu tagi sem beinist að sértækum þáttum lagaákvæða um nám og réttindi á grundvelli náms, verði jafnframt tekin til skoðunar þessi almennu grundvallaratriði:

— Aðgengi að námi, þar á meðal til endurmenntunar og viðbótarmenntunar, þ.e. símenntunar. Við sífellt hraðari breytingar og þróun er einna mikilvægast fyrir starfandi menn og konur að geta aukið við menntun sína stig af stigi til að fylgja eftir framförum og tæknivæðingu, jafnframt því að svara eigin þörf fyrir kunnáttu og lærdóm. Þeim möguleikum þarf að halda opnum á öllum stigum náms og menntunar.

— Kunnáttu þarf eftir kostum að meta bæði á grundvelli náms og reynslu, þar með talið af störfum undir handleiðslu meistara.

— Vegna hraðrar tækniþróunar er rík ástæða til að leggja mat á raunverulega þörf atvinnulífs og fyrirtækja fyrir sérhæfða kunnáttu, og á grundvelli þess að meta hvað er raunhæft námsefni til svara þeirri þörf.

— Leggja verður mat á skipulag náms og lengd námstíma.

— Réttmætt er að meta sérstaklega hver þörf er fyrir almenna menntun til undirbúnings sérhæfðum störfum, þ.e. í sérhæfðu námi sem er grundvöllur sérhæfðra og takmarkaðra atvinnuréttinda. Yfirleitt er almenn menntun boðin og almennt nám stundað á öðrum forsendum en sérhæft nám sem ætlað er sem grundvöllur sértækra réttinda. Í því samhengi virðist réttmætt að leggja tiltölulega þröngt mat á þörf hvers námsmanns fyrir almennt námsefni, miðað við það sérhæfða nám sem hann er að hefja.

Strangar kröfur til náms sem er grundvöllur réttinda geta verið tvíbent vopn. Þannig kann að virðast kostur að íslenskir vélstjórar hafi ýmis grundvallaratriði á takteinum umfram aðra. Hitt má einnig ályktа að í námi sem er grundvöllur sértækra og afmarkaðra réttinda sé almenn menntun sem ekki beinlínis tengist þeim réttindum sóun á tíma og fjármunum viðkomandi námsmanna. Í þessu samhengi þarf að huga að nokkrum atriðum og nefna má:

— Strangar námskröfur kunna að fæla fólk frá viðkomandi námi. Nefna má nám þar sem reynsla af sambærilegum störfum sýnist ekki metin sem skyldi en krafist endurtekins náms um svipuð eða sömu viðfangsefni. Þetta getur hugsanlega átt við um starfsreynslu og nám manna í járnsmíðagreinum sem hyggjast snúa sér að vélstjórn.

— Strangar námskröfur geta leitt til lítils framboðs á starfskröftum til viðkomandi starfa. Í þessu sambandi má nefna ítrekaðar ábendingar samtaka útvegsmanna, bæði einstakra félaga og landssambands þeirra, um vandkvæði í mönnun fiskiskipaflota landsmanna, þess efnis að gætt hafi samdráttar í útskrift nema með atvinnuréttindi skipstjórnarmanna

í samræmi við stækkandi skipakost fiskiskipaflotans. Mikil fækkun hafi orðið í útskrift nema með 4. stig atvinnuréttinda vélstjóra frá Vélskóla Íslands. Á sama tíma hafi fjölgað atvinnutækifærum vélstjórnarmanna, ekki síst þeirra sem hafa þessi réttindi. Af þessu leiði að stefnir í alvarlegan skort vélstjóra með þá kunnáttu og þau réttindi sem fiskiskipaflotinn þarfnast.

— Af þessum síðasttöldu ástæðum verðskuldar það gaumgæfilega athugun að framhaldsskólar landsins geti útskrifað nemendur úr sjóvélstjóranámi er veiti réttindi til starfa á fiskiskipaflotanum. Eðlilegt væri að sömu framhaldsskólar geti útskrifað nemendur úr skipstjórnarnámi með sambærileg réttindi til þeirra starfa á fiskiskiptaflotanum.

Fylgiskjal I.

Bréf Kristjáns Guðmundssonar til Sveins Snorrasonar hrl. um atvinnuréttindi vélstjóra.

(Reykjavík, 14. janúar 1997.)

Ástæðan fyrir þessum bréfaskriftum er sú að ég fór upp í Siglingamálastofnun sl. föstudag til að endurnýja atvinnuskírteinið mitt og þá kom í ljós að búið er að lækka réttindin mín úr 1.500 kW í 750 kW. Ástæðan sem mér var gefin var að samkvæmt STCW-reglunum væri ekki hægt að skrifa út skírteini fyrir 1.500 kW.

Ég hafði þegar í stað samband við formann Vélstjórafélagsins, Helga Laxdal, og spurði hvort þetta gæti verið rétt. Hann sagði mér að svo væri, STCW-reglurnar væru svona. Ég væri eini maðurinn sem hefði komið með kvartanir og honum fannst leitt að ég „lenti svona milli skips og bryggju," eins og hann orðaði það, en við þessu væri ekkert að gera.

Eins og þú veist hef ég siglt á erlendum skipum sl. fimm ár sem eru mönnuð með yfirmönnum frá Norður-Evrópu og þessi orð formannsins komu mér verulega á óvart þar sem ég hef komist að því í samtölum við þá að námið hér heima er allt að því helmingi lengra en tíðkast í nálægum löndum og ég hafði í barnaskap mínum búist við hækkun á réttindum en ekki lækkun þegar STCW-skírteinin yrðu gefin út.

Þegar ég var í Vélskólanum tók námið í skólanum fjögur ár og eftir hvert ár, eða hvert stig eins og það var kallað, plús siglingatíma fékk maður ákveðin réttindi. Til að ná ótakmörkuðum réttindum þurfti auk þess smiðjutíma. Ég var ekki í aðstöðu til að ljúka 4. stiginu á þessum tíma og þegar ég komst loks í þá aðstöðu var búið að gjörbreyta öllu kerfinu og til að klára þennan eina vetur sem eftir var þarf ég minnst þrjá vetur. Þróunin á þessum tíma sem liðinn er hefur verið sú að skipin og vélarnar hafa stækkað. Einnig hefur fækkað stöðugildum í vélarrúmi.

Þetta er eðlileg þróun og ekkert við því að segja eða gera. Hins vegar þykir mér óeðlilegt að ekki skuli á sama tíma vera boðið upp á nein tækifæri fyrir okkur sem lendum þarna á milli bekkjakerfis og áfangakerfis í skólanum til að bæta við réttindin. Þess í stað ætli stjórnvöld að lækka réttindin á sama tíma og kominn er sameiginlegur vinnumarkaður með löndum sem gera miklu minni kröfur til STCW-skírteinisins.

Þetta var inngangur að efninu. Mér finnst brotið gróflega á mér og get ekki sætt mig við þessa niðurstöðu. Afkomumöguleikar mínir eru stórlega skertir og ég sé mig knúinn til að snúast til varnar.

1. Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt að uppfylla kröfur STCW við útgáfu atvinnuskírteina og allir geta verið sammála um að það sé mjög gott mál. Við útgáfu skírteinanna gera

stjórnvöld meiri kröfur en STCW-samþykktin gerir ráð fyrir. Ég get ekki séð hvað þar býr að baki. Hitt sé ég að það er verið að veikja stöðu íslenskra vélstjóra á vinnumarkaði sem er sameiginlegur með öðrum þjóðum, og hér heima ef þær aðstæður skapast að erlendir vélstjórar sækist eftir vinnu hér. Í mínu tilfelli eru réttindin skert og ég spyr: Telur þú að það samræmist íslenskum lögum?

2. Þegar ég var í Vélskólanum var kennt eftir bekkjakerfi og algengt var að menn færu til sjós milli bekkja og fengju réttindi sem námið veitti og kæmu aftur seinna í skólann til að bæta við réttindin. Nú hefur skólanum verið gjörbreytt og réttindamál okkar sem lendum þarna á milli kennslukerfa eru ekki í neinum takti við það sem gerist annars staðar í heiminum og ekki virðist vilji hjá skólanum til að gefa okkur tækifæri til að klára á þeim forsendum sem við byrjuðum. Það hefur aldrei verið boðið upp á sérstakan bekk fyrir þá sem lentu á milli kennslukerfa. Ég spyr: Getur skólinn firrt sig allri ábyrgð á þeim nemendum sem lenda þarna á milli eða er hægt að krefjast þess að fá að ljúka náminu á þeim forsendum sem það hófst?

Virðingarfyllst,
Kristján Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Samanburður á námi vélstjóra á Íslandi, í Danmörku og Færeyjum, hvað varðar lengd námstíma.

— Til að afla 449 kW réttinda í Færeyjum þarf eins mánaðar skólagöngu. Hér tekur fjóra mánuði að öðlast 375 kW réttindi.

— Til að öðlast 750 kW réttindi í Danmörku getur sá sem starfað hefur til sjós í sex mánuði gengist undir bóklegt og verklegt próf þar sem viðkomandi sýnir fram á þekkingu sína á helstu hlutum dísilvéla, rafkerfi skipa, brunavörnum o.fl. Til undirbúnings prófinu er sjálfsnám eða u.þ.b. þriggja vikna námskeið í vélskóla. Með viðeigandi starfs- og/eða endurmenntun má auka við þessi réttindi í allt að 1.500 kW. Í Færeyjum tekur þetta nám fimm mánuði. Hér tekur námið tvö skólaár. LÍÚ leggur til að 1. stig frá íslenskum vélskóla veiti 750 kW réttindi og 2. stig 1.500 kW réttindi.

Til fróðleiks má geta þess að í Danmörku fá þeir sem ljúka skipstjórnarnámi þessi 750 kW vélstjóraréttindi og geta því jafnframt skipstjórnarstöðu gengt stöðu vélstjóra þar sem aðalvél er minni en 750 kW.

— Í Danmörku tekur 3 ½ ár að afla 3.000 kW réttinda. Námið skiptist í 1 ½ árs verklega starfsþjálfun, 1 ár í verknámsskóla og 1 vetur í vélskóla. Í Færeyjum tekur þetta nám 4 ár. Hér tekur 3 ár að afla 1.500 kW réttinda og tæp 7 ár að afla réttinda umfram 1.500 kW. LÍÚ leggur til að 3. stig frá íslenskum vélskóla, að viðbættri viðeigandi verkmenntun, veiti allt að 3.000 kW réttindi.

— Til ótakmarkaðra réttinda er námstími hér á landi og í grannlöndum okkar sambærilegur að lengd, þannig:
Danmörk: 1 árs verknám, 1 ½ árs verkleg þjálfun og 3 ára vélskóli. Alls 5 ½ ár.
Ísland: 5 ára vélskóli og tæpra 2 ára verknám (smiðja). Alls tæp 7 ár.

Árlegur skólatími er lengri í Danmörku en hér. Af því leiðir að í kennslustundum talið er námið sambærilegt að lengd. Með betri nýtingu á skólaárinu mætti stytta námið hér á landi um 1 til 1 ½ ár.

Að mati LÍÚ gefur þessi mikli munur á námstíma til sambærilegra atvinnuréttinda fullt tilefni til endurskoðunar á vélstjóranáminu.

Kröfur Dana hvað varðar námstíma og námstilhögun eru í samræmi við ákvæði STCW-samþykktarinnar og væntanlegrar ESB-tilskipunar (sbr. tilskipun 94/58/EC).

1009. Tillaga til þingsályktunar [596. mál]

um endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta fara fram úttekt á reglum um sjúklingatryggingu hér á landi og í kjölfarið verði lagðar fram tillögur sem miði að réttarbótum á þessu sviði. Tillögurnar lúti m.a. að því að skaðabætur og miskabætur verði greiddar þeim sem verða fyrir líkamstjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, dvalarstofnun fyrir sjúklinga eða heilsugæslustöð og að leið sjúklinga til að sækja rétt sinn verði einfölduð og þannig komið í veg fyrir fjölda dómsmála.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur komið skýrt í ljós að ekki eru í nægilega góðu horfi málefni þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir tímabundinni eða varanlegri öroku vegna rannsóknar eða meðferðar á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða dvalarstofnun fyrir sjúklinga. Kvartað hefur verið undan seinagangi í kerfinu, erfiðleikum við að afla gagna, erfiðri sönnunaraðstöðu, lágum bótum og svo mætti lengi telja. Í f-lið 24. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, er kveðið á um slysatryggingu sjúklinga sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks á þessum stofnunum. Ákvæðið hefur ekki verið talið tryggja nægilega réttarstöðu þeirra sem undir það falla.

Flutningsmenn hafa kynnt sér þessi mál í Danmörku og telja að hafa skuli lög og reglur þar til fyrirmyndar við endurskoðunina. Þar eru í gildi sérstök lög um sjúklingatryggingar, nr. 367/1991, með síðari breytingum, en þau tóku gildi 1. júlí 1992. Með þeim lögum er tryggt að sjúklingar eða aðstandendur látins sjúklings eigi rétt á skaðabótum vegna afleiðinga rannsóknar og/eða meðferðar á sjúkrahúsum. Auk þess taka lögin til þeirra sem tekið hafa þátt í tilraunum, sem og blóð-, sæðis- og líffæragjafa sem hafa orðið fyrir líkamstjóni við meðferð á sjúkrahúsi. Gildissvið laganna var enn víkkað árið 1995. Dönsku lögin hafa leitt til aukins réttar fyrir sjúklinga í Danmörku til skaðabóta vegna afleiðinga rannsóknar og meðferðar á sjúkrahúsum því að unnt er að fá greiddar skaðabætur án þess að sannað sé að um mistök læknis hafi verið að ræða. Þó þarf ákveðnum skilyrðum samkvæmt lögunum að sjálfsögðu að vera fullnægt til að bótaréttur verði virkur. Ákvæði laganna hafa einnig í för með sér að mun einfaldara og fljótlegra er að leita réttar síns nú en áður, en margir setja fyrir sig löng og erfið réttarhöld. Í Danmörku eru og til frekari úrræði ef unnt er að rekja líkamstjón til lyfja.

Á 113. löggjafarþingi var lagt fram til kynningar af þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, frumvarp til laga um sjúklingatryggingu, en frumvarpið var samið af Arnljóti Björnssyni, þáverandi prófessor, að beiðni ráðherra. Fyrirmynd frumvarpsins var hið danska lagafrumvarp um sjúklingatryggingu sem síðar varð að lögum þar í

landi, þ.e. þeim lögum sem að framan getur. Þeim hefur síðan verið breytt lítils háttar. Einnig hafa verið gerðar ýmsar breytingar á íslenskum lögum sem varða sjúklinga, svo sem almannatryggingalögum. Þá tóku gildi 1. júlí 1993 skaðabótalög hér á landi, en þau hafa sætt breytingum, og árið 1997 voru samþykkt lög um réttindi sjúklinga. Frumvarp um sjúklingatryggingu hefur hins vegar ekki verið lagt fram að nýju á Alþingi.

Á haustþingi 1997 lagði Margrét Frímannsdóttir fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um mistök við læknisverk. Þar var m.a. spurt um fjölda kæra sem borist hafa frá sjúklingum til landlæknisembættisins vegna meintra mistaka lækna á árunum 1990 til og með 1997, skipt niður eftir sjúkrahúsum, innan og utan höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslustöðvum og einkareknum læknastofum. Þá var spurt um afdrif kæranna og bótafjárhæðir. Í svari heilbrigðisráðherra (þskj. 432, 159. mál) kemur m.a. fram að tölvufærð skrá um ágreiningsmál hafi verið haldin hjá landlæknisembættinu í áratug. Fjöldi mála hefur á þeim tíma aukist frá nokkrum tugum í um það bil 250 mál á ári. Þar eru meðtaldar allar kvartanir og kærur sem berast embættinu en undanskilin þau mál sem afgreidd eru í gegnum síma. Þá kemur fram í svari ráðherra, samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögmanns, að á árunum 1990–97 hafi verið greiddar bætur fyrir læknamistök að fjárhæð 74.393.598 kr. í kjölfar málaferla. Þá kemur einnig fram að fjöldi þeirra sem telur sig hafa orðið fórnarlömb læknamistaka leggur ekki í málarekstur bæði vegna mikils kostnaðar og annars álags sem því fylgir.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja þessar niðurstöður sýna að mjög brýnt sé að tekið verði á þessum málum. Mikil vinna hefur þegar verið innt af hendi, sbr. framangreint frumvarp um sjúklingatryggingu frá 113. þingi sem birt er sem fylgiskjal með tillögu þessari, og er lagt til að það frumvarp verði haft til hliðsjónar við þá vinnu sem tillögugreinin gerir ráð fyrir.

Með tillögunni var fylgiskjal: Frumvarp til laga um sjúklingatryggingu (þskj. 785, 432. mál 113. löggjafarþings 1990–91). Sjá A-deild Alþt. 1990–1991, bls. 4093–4115.

1010. Tillaga til þingsályktunar [597. mál]

um úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að beita sér fyrir að gerð verði vönduð úttekt á líklegum áhrifum Schengen-aðildar á ólöglegan innflutning fíkniefna til landsins, í samvinnu við önnur ráðuneyti og samtök sem berjast gegn fíkniefnum. Alþingi verði gefin skýrsla um málið strax og það kemur saman haustið 1998.

Greinargerð.

Með Schengen-aðild verður mönnum heimilt að fara yfir innri landamæri aðildarríkjanna án þess að þeir sæti nokkru eftirliti. Í samræmi við þetta verður allt vegabréfaeftirlit hérlendis gagnvart ferðamönnum sem koma frá öðru Schengen-landi fellt niður og vita yfirvöld þar af leiðandi ekki hverjir þar eru á ferð. Í Evrópusambandinu heyrir tolleftirlit á landamærum sögunni til. Þar eð Ísland er ekki frekar en Noregur í Evrópusambandinu helst hér heimild til tolleftirlits, það á meðal með farangri farþega, á meðan ekki er um annað samið sérstaklega.

Að þessu leyti hefðu Ísland og Noregur sem aðilar að Schengen sérstöðu. Hversu lengi hún helst og í hvaða formi heimildunum verður beitt er hins vegar óljóst. Líklegt er að um verði að ræða stöðugan þrýsting á Noreg og Ísland að sleppa eftirliti með farangri eins og gerist annars staðar á Schengen-svæðinu eða halda slíku eftirliti í lágmarki.

Hvað sem verður um tolleftirlit af Íslands hálfu í framtíðinni er þegar ljóst að hér verður tolleftirliti ekki haldið uppi með sama hætti og áður, meðal annars leit að fíkniefnum, þegar tollyfirvöld hafa ekki lengur neinn stuðning af vegabréfaeftirliti með farþegum á leið til landsins; er það gagnkvæmt innan Schengen-svæðisins í heild. Þetta er í raun viðurkennt í samningnum sjálfum, en sérstaklega er fjallað um fíkniefni í 6. kafla hans (70.–76. gr.) og kveðið á um fastan vinnuhóp, m.a. með fulltrúum lögreglu og tollyfirvalda, til að rannsaka sameiginleg vandamál í baráttunni gegn fíkniefnabrotum og hugsanlega að gera tillögur um „að bæta praktísk og tæknileg viðhorf vegna samvinnu aðildarríkjanna á þessu sviði."

Til að vega upp á móti afnámi alls innra eftirlits með ferðum fólks innan svæðisins á að herða mjög eftirlit á ytri landamærum þess. Liður í því er stofnun Schengen-upplýsingakerfisins (Schengen Information System — SIS) með gagnaskrám í miðlægri móðurtölvu sem hafa að geyma staðlaðar upplýsingar um einstaklinga og hluti. Markmiðið með rekstri upplýsingakerfisins „er að veita upplýsingar í þeim tilgangi að viðhalda allsherjarreglu og öryggi, þar með talið öryggi ríkisins, og auðvelda framkvæmd samningsins um ferðalög á landsvæðum samningsaðila." Þetta afar umdeilda kerfi á að auðvelda handtöku einstaklinga vegna kröfu um framsal, útlendinga sem óskað er eftir að neitað verði um aðgang að Schengen-svæðinu og um einstaklinga og ökutæki „í þeim tilgangi að hafa þá undir leynilegu eftirliti eða til að taka þá til sérstakrar athugunar." Ekki verður séð að þetta kerfi sé sérstaklega sniðið til eftirlits með ólöglegum flutningi fíkniefna inn á svæðið né að það vegi upp á móti þeim möguleikum á eftirliti með fíkniefnasmygli sem tapast við afnám vegabréfaskoðunar. Auk SIS-kerfisins er í Schengen sérstakt kerfi fyrir gagnkvæmar viðbótarupplýsingar milli lögreglu í aðildarríkjum Schengen um persónur og hluti sem skráð hafa verið í SIS-gagnabankann, skammstafað SIRENE (Supplément d'Information Requis a l'Entrée Nationale).

Innan Schengen-svæðisins hafa þegar risið deilur vegna fíkniefnadreifingar og mismunandi stefnu og eftirlits með sölu og dreifingu fíkniefna í einstökum aðildarríkjum. Þekktust er deila Frakka og Hollendinga, vegna frjálsræðisstefnu hinna síðarnefndu í fíkniefnamálum. Hafa Frakkar í skjóli neyðarréttar ítrekað frestað Schengen-sáttmálanum um að afnema vegabréfaeftirlit á landamærum sínum við Belgíu vegna hættu á smygli fíkniefna frá Hollandi og krafist jafnframt hertrar löggjafar af hálfu Hollendinga. Eftirlit með fíkniefnanotkun og dreifingu fíkniefna er víðar slakt innan svæðisins, meðal annars í Þýskalandi, og víða eru uppi allt viðhorf til fíkniefna og baráttunnar gegn þeim en hérlendis og á annars staðar á Norðurlöndum. Í Schengen-samningnum er hvergi minnst á að vinna beri gegn fíkniefnum til persónulegra nota, og í sex af aðildarríkjum Schengen hafa verið felldar niður refsingar gegn því að hafa undir höndum umtalsvert magn fíkniefna „til eigin nota".

Í Svíþjóð hefur sérstaklega verið gagnrýnt að innan Schengen sé ekki um að ræða þá samþættu stefnu gegn neyslu fíkniefna sem stunduð hafi verið þarlendis fram til þessa, þar á meðal gegn sölu á götum úti (gatumarknaden), heldur sé fyrst og fremst reynt að koma í veg fyrir stórsmygl með lögregluaðgerðum.

Fram hefur komið að smygl á áfengi og fíkniefnum hafi aukist stórlega í Svíþjóð eftir að tolleftirlit var þar lagt af á landamærum. Verð á flestum fíkniefnum á svörtum markaði í Suður-Svíþjóð lækkaði um helming á fyrsta árinu eftir inngöngu í ESB. Álag hefur jafnframt vaxið vegna ólöglegs innflutnings á varningi frá Svíþjóð, að fíkniefnum meðtöldum, yfir til Noregs. Stór hluti af fíkniefnum sem smyglað er eða reynt er að smygla inn í Svíþjóð kemur að

meiri hluta til frá Schengen-löndum. Það á meðal annars við um kannabisefni, amfetamín, „exstasy“ og heróín, hið síðasttalda oft unnið úr ópíum og morfíni á Ítalíu. Varnir á ytri landamærum Schengen-svæðisins koma ekki að gagni að því er varðar fíkniefni sem upptök sín eiga innan svæðisins.

Sumir löggæslumenn í Noregi hafa ítrekað lýst áhyggjum sínum vegna fíkniefnasmygls í kjölfar Schengen-aðildar Noregs, sem er í hliðstæðri stöðu og Ísland gagnvart Evrópusambandinu, en með geysilöng sameiginleg landamæri við Svíþjóð. Formaður samtaka löggæslumanna í lénum Noregs (lensmannsbetjentane), Arne Johannessen, hefur ítrekað lýst áhyggjum sínum af aukningu fíkniefna, sem og því verkefni að eiga að gæta ytri landamæra Evrópusambandsins á hinni löngu Noregsströnd.

Nokkrir íslenskir tollgæslumenn hafa í einkasamtölum lýst þeirri skoðun sinni við flutningsmann þessarar tillögu að Schengen-aðild muni gera eftirlit með ólöglegum innflutningi fíkniefna til landsins mun erfiðara en nú er. Sama sjónarmið kom fram í grein eftir Kristján Pétursson, fyrrverandi deildarstjóra, sem hann ritaði í Morgunblaðið 18. janúar 1997 um þessi efni. Þar varar hann eindregið við hættunni á auknum innflutningi fíkniefna um Keflavíkurflugvöll, verði af aðild Íslands að Schengen. Hann segir það eindregna skoðun þeirra löggæslumanna sem vinni við eftirlit og rannsóknir fíkniefnamála að Schengen-samningurinn geri þeim illmögulegt að viðhalda því eftirliti sem verið hefur, hvað þá að efla það. „Í langflestum tilvikum þegar fíkniefni finnast hjá farþegum við komu til landsins liggur að baki mikil og oft flókin upplýsingaöflun tollgæslu og fíkniefnadeildar lögreglunnar. Svo hægt sé að hafa hendur í hári grunsamlegra komufarþega, innlendra sem erlendra, verður að skoða skilríki þeirra, þar sem oftast er um að ræða ókunna aðila (burðardýr). Eftir að vegabréfaskoðun Schengen-farþega verður lögð af, er ekki lengur fyrir hendi nein aðstaða til slíks eftirlits í flugstöðinni.“

Tillagan sem hér er flutt gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra láti, í samvinnu við önnur ráðuneyti og aðra þá sem láta sig varða baráttuna gegn fíkniefnum, gera sérstaka úttekt á líklegum áhrifum aðildar Íslands að Schengen á ólöglegan innflutning fíkniefna hingað til lands. Meðal ráðuneyta sem að þessu máli vinna auk dómsmálaráðuneytis eru félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Slíka úttekt hefði að sjálfsögðu þurft að gera strax og Schengen-aðild kom á dagskrá hérlendis og til þess hvatti meðal annars undirritaður ítrekað í umræðum á Alþingi. Enn er það ekki um seinan og því er tillaga þessi nú flutt.

1011. Frumvarp til laga [598. mál]

um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

2., 3. og 5. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein sem verður 18. gr. a, svohljóðandi:

Hafi meðferð heilbrigðisstarfsmanns óvæntan skaða í för með sér skal mál rannsakað til að finna á því skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að atvik eigi sér ekki aftur stað. Óvæntur skaði er þegar árangur og afleiðingar meðferðar verða önnur en gert var ráð fyrir í

upphafi. Upplýsa skal sjúkling strax um hinn óvænta skaða sé þess kostur. Jafnframt skal gefa sjúklingi kost á að fylgjast með rannsókn máls.

Yfirlæknir og hjúkrunardeildarstjóri á heilbrigðisstofnun bera ábyrgð á að óvæntur skaði, sbr. 1. mgr., sé tilkynntur án tafar faglegum yfirstjórnendum stofnunarinnar sem tilkynna málið strax forstöðumanni hennar. Forstöðumaður ákveður hverju sinni, í samráði við faglega yfirstjórnendur, hvort málið skuli jafnframt strax tilkynnt embætti landlæknis. Forstöðumaður ber ábyrgð á að sérhver óvæntur skaði verði rannsakaður, afgreiddur og tilkynntur í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Nú verður óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnun sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við meðferð eða forvarnir vegna sjúkdóms og ber yfirlæknir stofnunarinnar þá ábyrgð á að málið sé tilkynnt lögreglu í samræmi við ákvæði laga um dánarvottorð.

Heilbrigðisstofnanir skulu tvisvar á ári senda landlækni skýrslur um alla óvænta skaða af meðferð ásamt niðurstöðu rannsókna mála. Landlæknir skal árlega senda ráðherra samantekt um óvæntan skaða í heilbrigðisþjónustu og afdrif mála.

Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn tilkynna óvæntan skaða til embættis landlæknis. Landlæknir tekur ákvörðun um hvernig staðið verður að rannsókn málsins.

Ráðherra skal setja reglugerð um viðbrögð og rannsókn mála skv. 1. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í 18. gr. læknalaga er fjallað um eftirlit landlæknis með læknum og tilkynningarskyldu lækna og annarra heilbrigðisstétta til landlæknis. Ákvæðinu var breytt með 4. gr. laga nr. 50/1990 og er nú svohljóðandi:

„Læknir er háður eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess að læknir haldi ákvæði laga þessara og önnur ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Landlæknir heimtir skýrslur af lækni viðvíkjandi störfum hans að heilbrigðismálum í samræmi við reglur þar að lútandi sem ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.

Hljótist skaði af læknisverki skal læknir sá sem verkið vann eða yfirlæknir tilkynna það landlækni.

Lækni ber að tilkynna landlækni eins fljótt og við verður komið verði hann var við skottulækningar, sbr. 22. gr. laga þessara.

Ráðherra setur reglur um meðferð landlæknis á málum skv. 2. og 3. mgr.“

Tilkynningarskylda af þessu tagi var nýmæli. Í greinargerð með frumvarpi til læknalaga frá árinu 1988 kemur fram að hér hafi verið um veigamikið nýmæli að ræða sem svipaði til ákvæða í læknalögum nágrannalanda, t.d. „Lex Maria“ í Svíþjóð. Fram kom það mat að ákvæði þessi hefðu aukið til muna öryggi og virkni eftirlits af hálfu hins opinbera og að landlæknir, sem faglegur eftirlitsaðili heilbrigðisstétta, legði mikla áherslu á þetta atriði og að tilkynningarskyldan næði einnig til annarra heilbrigðisstétta en lækna.

Með breytingum sem gerðar voru á ákvæðinu árið 1990 var þess freistað að skilgreina og skýra betur umfang tilkynningarskyldunnar. Verklagsreglur um málsmeðferð landlæknis hafa ekki verið settar.

Viðbrögð við mistökum á heilbrigðisstofnunum hafa verið til skoðunar í nefnd sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 3. mars 1995. Í nefndina voru skipuð Dögg Pálsdóttir hrl., þá skrifstofustjóri, formaður, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, tilnefndur af embætti landlæknis, Jóhannes Pálmason forstjóri, tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, Friðrik Vagn Guðjónsson yfirlæknir, tilnefndur af Landssambandi heilsugæslustöðva, Ludvig Á. Guðmundsson endurhæfingarlæknir, tilnefndur af Læknafélagi Íslands, og Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri, tilnefnd af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Ritari nefndarinnar var Ragnhildur Arnljótsdóttir deildarstjóri.

Í upphafi starfs nefndarinnar var aflað upplýsinga frá embætti landlæknis um meðferð tilkynningarmála, auk þess sem óskað var eftir upplýsingum frá heilbrigðisstofnunum, bæði heilsugæslustöðvum og sjúkrastofnunum, um hvaða hátt þær hefðu á tilkynningum og óhappaskráningu. Þá hefur nefndin aflað upplýsinga frá öðrum Norðurlöndum um fyrirkomulag mála þar.

Fyrirkomulag mála annars staðar á Norðurlöndum.

Elstu reglur um þetta efni eiga rætur að rekja til Svíþjóðar. Þar voru, eins og áður hefur verið vikið að, svokölluð „Lex Maria" ákvæði sett í byrjun fjórða áratugarins. Samkvæmt þeim skal tilkynna sænsku heilbrigðisstofnuninni (Socialstyrelsen) ef sjúklingur verður fyrir alvarlegu tjóni eða fær sjúkdóm í tengslum við vistun eða meðferð eða hætta er á að um slíkt verði að ræða. Í skýringum er tekið fram að tilkynningarskyldan nái til alvarlegs tjóns og sjúkdóma sem liggja utan ramma eðlilegrar áhættu eða þess sem sjá mátti fyrir. Lengst af var tilkynningarskyldan eingöngu lögð á landsþingin, en heilbrigðisþjónustan heyrir undir þau. Frá árinu 1992 hefur hún einnig náð til heilbrigðisstarfsmanna sem veita þjónustu í sjálfstæðu starfi. Í öllum gögnum um tilkynningarreglurnar sænsku er lögð rík áhersla á að tilgangur þeirra sé að tryggja sjúklingum gæðaþjónustu og öryggi í þeirri þjónustu sem þeir fá. Tilkynningar um atvik gefi mönnum færi á að læra af reynslunni og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að sams konar atvik eigi sér aftur stað. Reglurnar fela í sér að innan mánaðar frá því að tilkynningarskyldur atburður gerist skal senda um hann tilkynningu til eftirlitsaðila sænsku heilbrigðisstofnunarinnar á svæðinu. Ef öryggi sjúklinga krefst sérstaklega snöggra viðbragða skal tafarlaust tilkynna um atvikið með bráðabirgðatilkynningu. Tilkynna skal t.d.:

— Þegar rangur sjúklingur er meðhöndlaður og mistök gerð við lyfjagjöf.
— Vanrækslu um rannsókn eða meðferð sem hefði átt að framkvæma.
— Ófullnægjandi upplýsingar til sjúklinga eða vandamanna.
— Ófullnægjandi leiðbeiningar eða upplýsingar til starfsmanna eða umönnunaraðila.
— Ranga notkun lækningatækja eða galla í tækjum sem fram hafa komið við notkun.
— Annmarka á vinnutilhögun, skipulagi þjónustu og samvinnuferli.

Sérstaklega er tekið fram að sjálfsmorð eða slys af völdum byltu skuli því aðeins tilkynna að orsakir megi rekja til galla í eftirliti eða öryggisráðstöfunum eða ef forvarnarsjónarmið mæla með að atburðurinn sé tilkynntur.

Sjúklingur skal fá upplýsingar um hvort ástæða er til að ætla að orsakasamband sé milli tjóns eða sjúkdóms og þeirrar þjónustu eða meðferðar sem hann fékk. Sömuleiðis skal gera sjúklingi viðvart um að atvikið hafi verið tilkynnt auk þess sem skrá skal í sjúkraskrá sjúklings að hann hafi fengið þessar upplýsingar.

Atburður, sem tilkynnt hefur verið um, er rannsakaður af sænsku heilbrigðisstofnuninni. Lögð er áhersla á að tilgangurinn sé fyrst og fremst forvörn, þ.e. að koma í veg fyrir að sams konar atburður endurtaki sig. Ef hugsanlega er þörf á áminningu til heilbrigðisstarfsmanna vegna atburðarins krefst stofnunin upplýsinga um hver eða hverjir beri ábyrgð á því sem

gerðist og sendir málið til ábyrgðarnefndarinnar (hälso- och sjukvårdens ansvarsnämd, HSAN). Í árslok 1994 gengu í gildi ný lög í Svíþjóð sem tryggja enn betur en áður skyldu heilbrigðisstofnunarinnar til að vísa til ábyrgðarnefndarinnar tilkynningarmálum þar sem grunur er um mistök sem kunna að hafa í för með sér áminningu, sviptingu leyfis eða takmarkanir á heimild til lyfjaávísana.

Í Danmörku eru engin lagaákvæði um tilkynningarskyldu lækna eða annarra heilbrigðisstétta vegna mistaka eða óhappa. Í dönsku læknalögunum eru almenn ákvæði um eftirlit með starfsemi lækna og að læknar skuli veita eftirlitsaðilanum (Sundhedsstyrelsen) upplýsingar. Sérstök nefnd fjallar um kvartanir sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu.

Í Noregi eru sömuleiðis engin ákvæði um tilkynningarskyldu. Á hinn bóginn eru í lögum frá 1984 ákvæði um eftirlit með heilbrigðisþjónustu þar sem mælt er fyrir um innra eftirlit með heilbrigðisþjónustu og fylkislæknum gert að hafa eftirlit með því að allir sem annast heilbrigðisþjónustu hafi slíkt innra eftirlit í starfsemi sinni.

Fyrirkomulag mála hér á landi.

Þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli um tilkynningarskyldu til landlæknis vegna mistaka og vanrækslu lækna eða annarra heilbrigðisstétta hefur raunin orðið sú að lagaákvæði þetta er nánast óvirkt. Oftar en ekki berst embætti landlæknis ekki vitneskja um mistök eða vanrækslu fyrr en sjúklingar þeir sem hlut eiga að máli, eða aðstandendur þeirra, snúa sér til embættisins með kvörtun vegna atviksins.

Nefndin ritaði yfirlæknum liðlega fimmtíu heilsugæslustöðva sem eru í Landssambandi heilsugæslustöðva bréf með beiðni um upplýsingar um fjölda tilkynningarmála. Svör voru dræm. Í þeim fáu svörum sem bárust kom fram að mál af þessu tagi væru sjaldgæf í heilsugæslunni. Auk þess var á það bent að læknar teldu oft erfitt að standa að formlegum tilkynningum vegna þessara mála, ekki síst á minni heilsugæslustöðvum. Nefndin sendi einnig öllum sjúkrastofnunum sem eru í Landssambandi sjúkrahúsa bréf og óskaði upplýsinga um óhappaskráningu og hvernig staðið væri að tilkynningum til landlæknis. Allmörg svör bárust. Fram kom að á árinu 1995 var formleg skráning óhappa hjá Landspítala, Borgarspítala, Landakotsspítala, Sjúkrahúsi Suðurlands, hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð og Heilsustofnun NLFÍ. Óhappaskráning náði til allra óhappa, bæði þeirra sem henda sjúklinga og starfsmenn. Fram kom að föll voru algengust óhappa meðal sjúklinga, oft með þeim afleiðingum að þeir beinbrotnuðu. Mistök við lyfjagjöf komu einnig fyrir. Af upplýsingunum sem bárust var erfitt að meta hvort eða hvenær þessi óhöpp sjúklinganna voru tilkynnt til landlæknis. Hjá þeim sjúkrahúsum sem ekki halda skipulega óhappaskrá kom fram að allra óhappa sjúklinga ætti að geta í sjúkraskrá hans.

Þessar upplýsingar frá heilbrigðisstofnunum sýndu skýrt að hjá þeim ríkir talsvert óöryggi gagnvart tilkynningarskyldunni og umfangi hennar. Heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir virðast líta á tilkynningarskylduna sem óþægilega kvöð um að gefa upplýsingar sem kunna að koma sér illa fyrir samverkamann sem lent hafi í ófyrirsjáanlegu óhappi við meðferð. Slíkt geti hent hvern sem er og enginn viti hver lendir næst í slíku óhappi. Þannig virðast læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn veigra sér við að segja frá slíkum málum með þeim afleiðingum að þau eru sjaldan tilkynnt landlækni. Í reynd virðist það vera undir heilbrigðisstarfsmönnunum sjálfum komið hvort málin séu tilkynnt.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem nefndinni bárust og annarrar gagnaöflunar á hennar vegum, m.a. um fyrirkomulag annars staðar á Norðurlöndunum, ákvað nefndin að halda málþing um viðbrögð heilbrigðisstétta við meintum mistökum eða vanrækslu innan heilbrigðisþjónustunnar. Málþingið var haldið 19. janúar 1996. Til þess var boðið öllum héraðslæknum, fulltrúum

frá heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, öldrunarstofnunum, félögum heilbrigðisstétta, Landssambandi sjúkrahúsa, Félagi forstöðumanna sjúkrahúsa og Landssambandi heilsugæslustöðva. Fjallað var um framkvæmd 18. gr. læknalaga og kynnt viðhorf nokkurra heilbrigðisstétta til þessa ákvæðis. Málþingið var vel sótt og í almennum umræðum kom glögglega fram óöryggi bæði heilbrigðisstarfsmanna og forsvarsmanna heilbrigðisstofnana gagnvart tilkynningarskyldu 18. gr. læknalaga og voru þátttakendur almennt sammála um að breyta þyrfti umræddu lagaákvæði.

Í kjölfar málþingsins samdi nefndin meðfylgjandi lagafrumvarp, en nokkurt hlé varð á störfum nefndarinnar frá miðju ári 1996 til síðari hluta árs 1997 vegna vinnu við frumvarp til laga um dánarvottorð sem einnig er lagt fram á þessu þingi.

Í meðfylgjandi lagafrumvarpi er gerð tillaga um breytingu á 18. gr. læknalaga í þá veru að afmarka tilkynningarskylduna en gera um leið strangar kröfur til heilbrigðisstofnana um að rannsaka sjálfar, með aðstoð embættis landlæknis ef þörf krefur, þau tilvik sem upp koma og teljast til óvæntra skaðatilvika. Með því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu er lögð áhersla á að tilgangur rannsóknar á óvæntum skaðatilvikum er í senn forvörn og gæðaeftirlit.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að úr 18. gr. laganna falli brott þau ákvæði sem fjalla um tilkynningarskylduna. Eftir í 18. gr. verða þannig ákvæði um almennt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstéttum og tilkynningarskyldu vegna skottulækninga.

Um 2. gr.

Lagt er til að á eftir 18. gr. læknalaga komi ný grein sem verði 18. gr. a.

Tilkynningarskylda af því tagi sem gildandi 18. gr. læknalaga mælir fyrir um er hluti gæðaeftirlits heilbrigðisþjónustunnar. Með tilkynningarskyldunni er læknum og öðrum heilbrigðisstéttum gert að tilkynna landlækni um óvæntar afleiðingar rannsóknar, meðferðar eða dvalar á heilbrigðisstofnun svo að málið sé skoðað með það fyrir augum að tryggja að sams konar atburður verði ekki aftur. Í tilkynningarskyldunni felst því í senn forvörn og gæðaeftirlit. Ljóst er að tilkynningarskyldan eins og hún er sett fram í 18. gr. læknalaganna þjónar ekki tilgangi sínum. Hún skapar óöryggi meðal heilbrigðisstétta og leiðir til þess að atburðir eru ekki tilkynntir.

Með nýrri 18. gr. a í læknalögum er lýst nýju viðbragðskerfi þegar óvæntan skaða ber að höndum. Annars vegar er í ákvæðinu fjallað um viðbrögð heilbrigðisstofnana við slíkum skaða og hins vegar viðbrögð sjálfstætt starfandi heilbrigðisstétta. Heilbrigðisstofnunum er ætlað að rannsaka slík mál sjálfar, en tilkynna mál strax til landlæknis ef forstöðumaður, í samráði við faglega yfirstjórnendur, metur málsatvik svo að það sé nauðsynlegt. Væntanlega fer eftir tegund máls og þeirri stofnun þar sem hinn óvænta skaða hefur borið að höndum hvort mál verður tafarlaust tilkynnt landlækni. Stofnunum er jafnframt gert að skila landlækni tvisvar á ári skýrslu um óvæntan skaða og viðbrögð við þeim. Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn eiga að tilkynna óvæntan skaða til embættis landlæknis sem tekur ákvörðun um frekari meðferð málsins.

Í 1. mgr. eru almenn fyrirmæli um að ef meðferð heilbrigðisstarfsmanns hefur óvæntan skaða í för með sér skuli mál rannsakað til að finna á því skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að atvik verði ekki aftur. Að jafnaði skal upplýsa sjúkling tafarlaust um að meðferð hafi farið á annan veg en upphaflega var ráðgert og að málið verði rannsakað. Þetta þarf þó að meta hverju sinni. Upplýsingarnar gætu haft skaðleg áhrif á batahorfur sjúklings og er þá

eðlilegt að bíða um sinn. Ástand sjúklings getur einnig verið slíkt að hann geti ekki tekið við upplýsingunum. Í slíkum tilvikum er hins vegar eðlilegt að upplýsa nánasta vandamann sjúklingsins um það sem gerst hefur.

Í 2. mgr. er síðan nánar fjallað um gang mála á heilbrigðisstofnunum ef óvæntur skaði verður vegna meðferðar. Í þeim tilvikum bera yfirlæknir og hjúkrunardeildarstjóri ábyrgð á að atvikið sé tafarlaust tilkynnt faglegum yfirstjórnendum stofnunarinnar, þ.e. yfirlæknis stofnunarinnar eða hjúkrunarforstjóra hennar. Faglegum yfirstjórnendum ber síðan að tilkynna málið strax forstöðumanni. Með forstöðumanni er átt við framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva, þar sem þeir starfa, framkvæmdastjóra sjúkrahúsa, sbr. 29. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum, og forstjóra Ríkisspítala, sbr. 30. gr. sömu laga. Forstöðumaður ákveður hverju sinni, í samráði við faglega yfirstjórnendur, hvort mál skuli jafnframt strax tilkynnt embætti landlæknis. Það mun væntanlega fara eftir stærð stofnunarinnar annars vegar og eðli hins óvænta atburðar hins vegar hvort hann verður strax tilkynntur embættinu eða ekki.

Forstöðumaður heilbrigðisstofnunarinnar ber ábyrgð á því að málið sé rannsakað og afgreitt og jafnframt tilkynnt til landlæknis í samræmi við reglur ákvæðisins.

Verði óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnun sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við læknismeðferð eða forvarnir vegna sjúkdóms ber samkvæmt frumvarpi til laga um dánarvottorð að tilkynna lögreglu um atburðinn. Til samræmis er því gert ráð fyrir að yfirlæknir stofnunarinnar beri ábyrgð á og gangi úr skugga um að slík tilkynning hafi verið send lögreglu í þessum tilvikum.

Eins og áður sagði er það lagt í mat hverrar stofnunar að ákveða hvort hún tilkynni landlækni strax um hvern atburð. Hins vegar er nauðsynlegt fyrir embætti landlæknis að fá vitneskju um þessi tilvik. Því er gert ráð fyrir að heilbrigðisstofnanir skuli tvisvar á ári senda embættinu yfirlit um óvænta skaða, rannsókn þeirra og viðbrögð. Landlæknisembættið metur síðan hvort og í hvaða mæli nauðsynlegt er að koma þeim upplýsingum áfram til annarra stofnana.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn tilkynni landlækni alltaf tafarlaust um óvæntan skaða við þjónustu á stofum þeirra. Landlæknir ákveður síðan um framhald þess máls, þ.e. hverjir skuli rannsaka það.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um viðbrögð og rannsókn mála samkvæmt þessu nýja ákvæði. Drög slíkrar reglugerðar fylgja með frumvarpi þessu sem fylgiskjal til frekari skýringar á nýja viðbragðskerfinu sem hér er lagt til að sett verði á laggirnar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að kynna þurfi ný ákvæði laganna og reglugerðar sem sett verður á grundvelli þeirra rækilega fyrir heilbrigðisstofnunum áður en þau koma til framkvæmda. Því er lagt til að gildistaka lagabreytinganna verði 1. janúar 1999.

Fylgiskjal I.

Drög að reglugerð um viðbrögð við óvæntum skaða vegna meðferðar heilbrigðisstarfsmanna.

Skilgreiningar.

1. gr.

Heilbrigðisstarfsmaður: Einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til slíkra starfa.

Meðferð: Rannsókn, aðgerð eða önnur þjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

Óvæntur skaði: Árangur og afleiðingar meðferðar verða aðrar en gert var ráð fyrir í upphafi.

Viðbrögð við óvæntum skaða vegna meðferðar á heilbrigðisstofnun.

2. gr.

Nú hefur meðferð á heilbrigðisstofnun óvæntan skaða í för með sér og skal yfirlæknir eða hjúkrunardeildarstjóri tilkynna hann faglegum yfirstjórnendum stofnunarinnar, að jafnaði innan 24 klukkustunda frá því að ljóst varð um skaðann. Faglegir yfirstjórnendur skulu án tafar tilkynna forstöðumanni skaðann. Forstöðumaður ákveður í samráði við faglega yfirstjórnendur hvort skaðinn verði strax tilkynntur embætti landlæknis.

Forstöðumaður ber ábyrgð á að mál sé rannsakað í samræmi við ákvæði 18. gr. a í læknalögum og reglur þessar.

Strax og tilkynning um óvæntan skaða berst skal forstöðumaður kanna hvort unnt hafi verið að upplýsa sjúkling um atburðinn. Síðan skal forstöðumaður, í samráði við faglega yfirstjórnendur, fela aðilum innan stofnunarinnar eða utan, hér eftir nefndir rannsakendur, að rannsaka málið. Við val á rannsakendum skal gæta vanhæfisreglna stjórnsýslulaga.

Nú verður óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnun sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks vegna læknismeðferðar eða forvarna vegna sjúkdóms og ber yfirlæknir stofnunarinnar þá ábyrgð á að málið sé tilkynnt lögreglu í samræmi við ákvæði laga um dánarvottorð.

3. gr.

Rannsakendur skulu þegar í stað hefjast handa við rannsókn máls, svo sem með því að ræða við þá heilbrigðisstarfsmenn sem hlut eiga að máli, ræða við sjúkling, fara yfir sjúkraskrár, láta taka nauðsynleg sýni og skoða aðstæður, leita utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar, allt eftir því sem við á. Við rannsókn málsins skulu rannsakendur gæta ákvæða stjórnsýslulaga eftir því sem við á.

Að lokinni nauðsynlegri gagnaöflun skulu rannsakendur taka saman skýrslu um málið þar sem dregnar eru ályktanir af rannsókn málsins, settar fram hugsanlegar skýringar á hinum óvænta skaða, eftir því sem kostur er og gerðar tillögur til að tryggja að sams konar atvik komi ekki fyrir aftur.

Skýrsla rannsakenda skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að hinn óvænta skaða bar að höndum.

4. gr.

Skýrsla rannsakenda, sbr. 3. gr., skal send hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum til upplýsinga og umsagnar strax og hún liggur fyrir. Starfsmönnum skal gefinn hæfilegur frestur til að koma á framfæri andmælum við skýrsluna, að jafnaði þó ekki lengri en hálfur mánuður.

Að fengnum andmælum, ef einhver eru, skulu rannsakendur endurskoða skýrslu sína eftir þörfum og skila henni síðan til forstöðumanns.

5. gr.

Forstöðumaður og faglegir yfirstjórnendur skulu fara yfir skýrslu rannsakenda og tillögur þær sem þar eru settar fram og kynna málið að svo búnu fyrir stjórn stofnunar.

Stjórn stofnunar skal taka skýrslu rannsakenda til meðferðar eigi síðar en fjórum vikum eftir að hún liggur fyrir í endanlegri gerð og taka afstöðu til tillagna sem þar eru fram settar innan fjögurra vikna frá því að þær eru fyrst kynntar í stjórninni.

Upplýsa skal sjúkling um lok rannsóknar eftir því sem kostur er.

6. gr.

Forstöðumaður skal í samráði við faglega yfirstjórnendur senda embætti landlæknis eigi síðar en 1. mars og 1. september ár hvert yfirlit yfir rannsóknir og viðbrögð við óvæntum skaða á undangengnum árshelmingi.

Viðbrögð við óvæntum skaða vegna meðferðar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna.

7. gr.

Nú hefur meðferð sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns óvæntan skaða í för með sér og skal þá viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður tilkynna embætti landlæknis um málið að jafnaði innan 24 klukkustunda frá því að ljóst varð um skaðann.

Um leið og embættinu berst tilkynning um óvæntan skaða skv. 1. mgr. skal ákveðið hverjir rannsaki málið. Við val á rannsakendum skal gæta vanhæfisreglna stjórnsýslulaga.

8. gr.

Um rannsókn óvænts skaða vegna meðferðar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna gilda ákvæði 3. gr., eftir því sem við á.

Skýrsla rannsakenda skv. 7. gr. skal send landlækni innan sömu tímamarka og 3. gr. setur. Landlæknir sendir skýrsluna strax og hún liggur fyrir til hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmanns til upplýsinga og umsagnar. Hlutaðeigandi skal gefinn hæfilegur frestur, að jafnaði ekki lengri en hálfur mánuður, til að koma á framfæri andmælum við skýrsluna.

Að fengnum andmælum, ef einhver eru, skulu rannsakendur endurskoða skýrslu sína eftir þörfum og skila henni síðan til landlæknis sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

Árlegar skýrslur landlæknis um óvænta skaða af meðferð.

9. gr.

Landlæknir skal fyrir 1. maí ár hvert taka saman skýrslu til ráðherra um rannsóknir og niðurstöður mála á nýliðnu ári um óvænta skaða af meðferð, sbr. 18. gr. a í læknalögum.

Jafnframt ákveður landlæknir hvort og í hvaða mæli hann kemur upplýsingum um óvæntan skaða af meðferð ásamt viðbrögðum til annarra heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna með það fyrir augum að tryggja eftir því sem kostur er að atvik eigi sér ekki aftur stað.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 18. gr. a læknalaga, nr. 53/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breytingu á læknalögum,
nr. 53/1988, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru ákvæði læknalaga um tilkynningarskyldu á mistökum eða vanrækslu lækna og annarra heilbrigðisstétta endurskoðuð. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

1012. Fyrirspurn [599. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjanaundirbúning og gæslu íslenskra hagsmuna.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver hefur til þessa verið kostnaður íslenskra aðila í Noral-verkefninu vegna eigin starfsliðs og athugana og vegna aðkeyptra verkefna? Óskað er hliðstæðra upplýsinga um kostnað Hydro Aluminium.
2. Hver er áætlaður frekari kostnaður íslenskra og norskra aðila vegna Noral-verkefnisins fram að þeim tíma að unnt verður að taka afstöðu til byggingar álbræðslu og virkjana sem sjá eiga henni fyrir orku?
3. Hvernig eru í einstökum atriðum tryggðir íslenskir hagsmunir í Noral-verkefninu?
4. Hafa rannsóknir og önnur upplýsingaöflun Landsvirkjunar vegna undirbúnings hlutaðeigandi virkjana til þessa verið metin til fjár inn í samstarfið við Hydro Aluminium? Ef svo er, um hversu háar fjárhæðir er þar að ræða?
5. Hvernig er fyrirhugað að staðið verði að raforkusölusamningi við Hydro Aluminium? Hver verður staða Landsvirkjunar eða annarra innlendra aðila við slíka samningsgerð eftir að áætlanir um virkjanakostnað og annar undirbúningur hefur verið unninn í sameiningu og hinn erlendi aðili hefur með því fengið innsýn í forsendur fyrir væntanlegum orkusölusamningi?
6. Hvernig á að tryggja að Hydro Aluminium hagnýti sér ekki beint eða óbeint þá innsýn sem fyrirtækið fær í orkumál Íslendinga með Noral-verkefninu verði ekki af „samtengdri verkefnafjármögnun álvers og virkjana“?
7. Hvernig er unnt að tryggja að Hydro Aluminium miðli ekki til þriðja aðila þeim upplýsingum sem fyrirtækið kemst yfir með Noral-verkefninu?

Skriflegt svar óskast.

1013. Fyrirspurn [600. mál]

til fjármálaráðherra um starfslokasamninga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Svavari Gestssyni.

1. Hve margir af þeim starfslokasamningum sem nefndir voru í svari forsætisráðherra í þskj. 263 á 118. löggjafarþingi og samningum sem gerðir hafa verið síðan eru í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins?
2. Hafa starfslokasamningar, sem ekki samræmast framangreindum lögum, einhverja lagastoð og þá hverja?
3. Hvaða heimildir hafa einstök ráðuneyti til að gera einstaklingsbundna starfslokasamninga umfram biðlaunarétt í starfsmannalögum?
4. Eru starfslokasamningar gerðir í samráði við fjármálaráðuneytið, hver ber ábyrgð á því að þeir samrýmist lögum og hefur fjármálaráðuneytið gert athugasemdir við starfslokasamninga sem einstök ráðuneyti hafa gert?
5. Telur ráðherra að gætt hafi verið jafnræðissjónarmiða í starfslokasamningum á þessu tímabili?
6. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því með tilliti til jafnræðisreglunnar að þeir sem sannanlega hefur verið mismunað í starfslokakjörum fái leiðréttingu sinna mála?
7. Telur ráðherra að rétt sé að allir starfslokasamningar séu gerðir af fjármálaráðuneytinu og á ábyrgð þess og mun hann beita sér fyrir því að settar verði samræmdar reglur um slíka samninga?

Skriflegt svar óskast.

1014. Fyrirspurn [601. mál]

til forsætisráðherra um norræna vegabréfasambandið.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Er enn í gildi yfirlýsing sem forsætisráðherrar Norðurlanda gáfu á fundi sínum 27. febrúar 1995 þess efnis að ríkisstjórnir Norðurlanda líti á það sem sameiginlega ábyrgð sína („fælles ansvar“) að finna lausn milli Schengen-sáttmálans og norræna vegabréfa- og eftirlitssamstarfsins þannig að grundvallaratriði í norræna vegabréfasambandinu um frjálsa för norrænna ríkisborgara án vegabréfa geti haldist í löndunum öllum innan víðtækari ramma í evrópsku samhengi?
2. Er þess að vænta að ekkert Norðurlandanna gerist aðili að Schengen takist ekki að finna viðunandi lausn á málefnum Noregs og/eða Íslands í samningum við Evrópusambandið þannig að norræna vegabréfasambandið fái staðist til frambúðar?
3. Hver yrði staða norrænna og/eða íslenskra ríkisborgara stæðu löndin utan Schengen í samanburði við Breta sem hafa ákveðið að halda uppi eigin vegabréfaeftirliti?

1015. Fyrirspurn [602. mál]

til viðskiptaráðherra um eignir og skuldir heimila.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hvernig hafa eignir, skuldir og hrein eign heimila þróast á árunum 1980–97?
2. Hvernig skiptust eignir og skuldir heimila árin 1980, 1990, 1995 og 1997?
3. Hvernig hafa skuldir þróast sem hlutfall af ráðstöfunartekjum á árunum 1980–97?
4. Hver er hrein eign íslenskra heimila í alþjóðlegu samhengi?

Skriflegt svar óskast.

1016. Frumvarp til laga [151. mál]

um verslunaratvinnu.

(Eftir 2. umr., 24. mars.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til verslunar í atvinnuskyni hvort sem hún er gerð fyrir eigin reikning eða reikning annars manns eða í eigin nafni eða í nafni annars manns.

Með orðinu verslun er átt við hvers kyns milligöngu um yfirfærslu á beinum eignarrétti að lausafé.

Lög þessi taka þó ekki til sérákvæða annarra laga sem setja sérstök skilyrði varðandi tilteknar vörur eða tilteknar atvinnugreinar.

Verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögum þessum sker firmaskrárritari úr honum innan þrjátíu daga. Þeim úrskurði má áfrýja til viðskiptaráðuneytisins innan þrjátíu daga frá því að kæranda berst tilkynning um úrskurð firmaskrárritara. Úrskurður ráðuneytisins skal liggja fyrir innan þrjátíu daga frá því að kæra er móttekin.

2. gr.

Til að stunda verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi skal uppfylla skilyrði laga þessara og atvinnustarfsemin skal skráð í samræmi við lög um fyrirtækjaskrá, firmu og prókúruumboð.

3. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

föst starfsstöð: húsnæði eða annað rými þar sem rekin er, staðbundið og reglulega, verslun í atvinnuskyni,

hreyfanleg starfsstöð: rými sem er færanlegt og þar sem rekin er reglulega verslun í atvinnuskyni, svo sem bifreiðar og dráttarvagnar,

markaður: verslun í atvinnuskyni sem fram fer utan fastrar starfsstöðvar, hvort heldur sem er innan eða utan húss (sala á torgum),

farandsala: verslun í atvinnuskyni utan fastrar starfsstöðvar, þar með taldar hreyfanlegar starfsstöðvar og markaðir,

sjálfsali: tæki sem notað er til verslunar og afhendingar vöru gegn endurgjaldi.

II. KAFLI
Almenn skilyrði fyrir rétti til að stunda verslun.

4. gr.

Skylt er að skrásetja í firma- eða hlutafélagaskrá eftir því sem við á verslun sem stunduð er skv. 1. gr. þessara laga.

Dánarbú eða gjaldþrotabú hefur rétt til að stunda áfram verslun í samræmi við ákvæði laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

5. gr.

Á hinni föstu starfsstöð skal vera nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem hefur skráð verslunarrekstur. Sjálfsalar skulu einnig merktir með sama hætti. Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum þess sem skráð hefur verslun skal greina heiti verslunar, kennitölu og heimilisfang. Sama á við um verslun með fjarskiptatækni (fjarsölu) að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Ef kaupandi óskar þess er hverjum þeim sem stundar farandsölu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim skylt að afhenda kaupanda nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem skráð hefur verslunarrekstur.

6. gr.

Firmaskrárritari lætur í té staðfestingu á því að verslun hafi verið skráð samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Að því leyti sem ekki eru sett ákvæði um það í lögum þessum skulu samþykktir sveitarstjórna gilda um réttindi og skyldur þeirra sem stunda farandsölu, hvort sem hún er stunduð í atvinnuskyni eða ekki.

III. KAFLI
Um sölu notaðra lausafjármuna.

8. gr.

Þegar notuðum lausafjármunum er veitt móttaka til endursölu eða umboðssölu skulu þeir skráðir og verðmerktir.

9. gr.

Heimilt er ráðherra með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd skráningar og varðveislu skrárinnar.

10. gr.

Sá sem verslun rekur samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu notaðra lausafjármuna. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku notuðum lausafjármunum til endursölu frá ólögráða aðila.

IV. KAFLI
Um sölu notaðra ökutækja.

11. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftirgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi milligönguaðilans.
2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

12. gr.

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt kafla þessum.

Heimilt er bifreiðasala að leggja inn til ráðuneytisins starfsleyfi sitt. Óheimilt er honum að segja upp starfsábyrgðartryggingu sinni fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins á innlögn leyfisins.

Verslun á grundvelli starfsleyfis skv. 1. mgr. skal rekin á fastri starfsstöð. Á fastri starfsstöð skal framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi fullnægja skilyrðum 1.–6. tölul. 1. mgr. 13. gr. Ákvæði 6. tölul. á þó ekki við um útibú hlutafélags eða einkahlutafélags sem hlotið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja.

13. gr.

Leyfi skv. 12. gr. skal veitt til fimm ára í senn og verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Eru búsettir á Íslandi.
2. Hafa náð tuttugu ára aldri.
3. Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og lögum um sölu notaðra ökutækja.
4. Hafa forræði á búi sínu.
5. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, aflað sér bankatryggingar eða lagt fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptamönnum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum sem bifreiðasalar. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.
6. Hafa sótt námskeið og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra ákveður. Kostnað vegna námskeiða og prófa skal greiða með kennslu- og prófgjöldum er viðskiptaráðuneytið ákveður. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skal fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr. Þó eru stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undanþegnir búsetuskilyrðum 1. tölul. Ráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 19. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 6. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

14. gr.

Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

Þá skal fylgja vottorð úr ökutækjaskrá sem sýnir ótvírætt að seljandi sé eigandi þess ökutækis sem selt er eða hafi umboð til sölunnar. Bifreiðasali skal staðfesta að fullnægjandi ástandslýsing, sbr. 1. mgr., fylgi ökutæki og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda þess og hvort veðbönd hvíli á ökutækinu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla fyrir um þær lágmarksupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu þeirra. Þar á meðal er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjónaferill viðkomandi ökutækis.

15. gr.

Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem væru þau verk hans sjálfs. Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Kostnað við slíkt mat skal kaupandi greiða nema um annað verði samið.

Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun, þar á meðal þegar um skipti á bifreiðum er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfseminnar liggi frammi á starfsstöð.

Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim annmarka.

16. gr.

Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

Bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá án tafar.

17. gr.

Hyggist bifreiðasali, fyrirtæki er hann starfar við eða aðrir starfsmenn við sölu notaðs ökutækis selja eigið ökutæki eða kaupa ökutæki sem þessum aðila hefur verið falið að annast sölu á skal viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í kaupsamningi. Sama gildir um maka og náin skyldmenni bifreiðasala eða starfsmanna við söluna.

18. gr.

Þeim einum er rétt að nefna sig bifreiðasala sem fengið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna og skal þá lögreglustjóri tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi starfsleyfi.

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna réttinda og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

V. KAFLI
Frjáls uppboð.

20. gr.

Þeim sem hafa skráð verslunarrekstur samkvæmt lögum þessum er heimilt að selja lausafjármuni á frjálsu uppboði nema aðrar takmarkanir séu gerðar í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Frjáls uppboð utan fastrar starfsstöðvar eru háð leyfi lögreglustjóra í umdæmi því þar sem uppboð skal haldið hverju sinni. Rétt er lögreglustjóra að synja um leyfi ef almannahagsmunir krefjast eða hann telur að skipulagi uppboðsins sé verulega áfátt. Þetta á þó ekki við frjálst uppboð á listmunum sem fram fer í öðru húsnæði en fastri starfsstöð.

21. gr.

Sá sem ber ábyrgð á frjálsu uppboði er í kafla þessum nefndur uppboðsstjóri.

22. gr.

Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

23. gr.

Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir áður en uppboð hefst.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, er leggjast ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skylt að geta og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Uppboð eru opin almenningi og skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið.

Þegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu.

Á málverk, myndir og listmuni sem seldir eru á listmunauppboðum skal leggja 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fall-

inn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins að höfðu samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna. Um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna sölu á listmunauppboði vísast til 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

VI. KAFLI
Viðurlög við brotum.

24. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða varðhaldi. Heimilt er að krefjast þess að verslun verði afmáð úr firmaskrá í samræmi við lög um fyrirtækjaskrá, firmu og prókúruumboð hafi skráð verslun ítrekað brotið gegn ákvæðum laga er um starfsemina gilda.

Nú hefur sá sem ábyrgð ber á verslun verið dæmdur til greiðslu sektar vegna brots í starfi sínu og ber firmað þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki eru ákvæði í refsidómi um ábyrgð firma verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá því að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

Brot á samþykktum sveitarstjórna, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

25. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um hana. Fyrir skráningu á verslun samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs skv. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum, lög nr. 61/1979, um sölu notaðra lausafjármuna, með síðari breytingum, lög nr. 36/1987, um listmunauppboð o.fl., með síðari breytingum, lög nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, með síðari breytingum, lög nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, með síðari breytingum, svo og 1.–5. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar útgefin verslunarleyfi koma til endurnýjunar skal skrá viðkomandi verslunarstarfsemi hjá firma- eða hlutafélagaskrá í samræmi við ákvæði laga þessara. Skráningu á verslunarstarfsemi skal lokið innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

1017. Frumvarp til laga [285. mál]

um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

(Eftir 2. umr., 24. mars.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sem starfa hér á landi.

Starfsemi, sem kveðið er á um í lögum þessum, er einungis heimil kauphöll og skipulegum tilboðsmarkaði sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

skipulegur verðbréfamarkaður: markað með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti,

kauphöll: markað sem telst vera skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa og viðskipti með þau fara fram og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga þessara,

skipulegur tilboðsmarkaður: markað sem telst vera skipulegur verðbréfamarkaður með verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll og hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 31. gr. laga þessara,

verðbréf: verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti,

fyrirtæki í verðbréfaþjónustu: fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti,

opinber skráning: skráningu til opinberra viðskipta og verðskráningar í kauphöll á grundvelli samræmdra skilmála um verðbréf og útgefendur þeirra sem staðfestir hafa verið af stjórnvöldum,

markaðsaðili: þann sem rétt hefur til að setja fram tilboð og eiga viðskipti á hlutaðeigandi markaði.

Starfsleyfi.

3. gr.

Viðskiptaráðherra veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg.

Ákvörðun ráðherra um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd.

Starfsleyfi verða aðeins veitt hlutafélögum er fullnægja skilyrðum laga um útgáfu leyfisins. Óheimilt er að hefja starfsemi fyrr en hlutafé skv. 4. gr. hefur verið að fullu greitt.

4. gr.

Starfsleyfi samkvæmt lögum þessum verður einungis veitt aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Innborgað hlutafé nemi að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Taki starfsleyfi einungis til starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar er þó heimilt að veita starfsleyfi ef innborgað hlutafé nemur að lágmarki helmingi þeirrar fjárhæðar.
2. Fyrir liggi fullnægjandi rekstraráætlun, svo og upplýsingar um fyrirhugað skipulag og reglur um viðskipta- og upplýsingakerfi sem nota skal í starfseminni, svo og upplýsingar um þau skilyrði sem gilda um aðild að markaðnum og áætlun um væntanlega markaðsaðila.
3. Í samþykktum fyrir félag skal í ákvæðum um tilgang félagsins koma fram hvað unnt er að taka þar til viðskipta og skráningar.

Auk skilyrða skv. 1. mgr. er starfsleyfi kauphallar háð því að uppfyllt séu skilyrði laga þessara, þar á meðal 30. gr. um starfsábyrgð kauphallar, og að lagðar hafi verið fram reglur sem fullnægja ákvæðum 17. gr.

Í starfsleyfi kauphallar skal þess getið hvort þar skuli einnig fara fram starfsemi samkvæmt ákvæðum IX. kafla, um skipulegan tilboðsmarkað og starfsemi hans.

Stjórn.

5. gr.

Stjórnarmenn í kauphöll skulu vera fimm hið fæsta. Í stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar skulu vera eigi færri en þrír stjórnarmenn.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Virkur eignarhlutur.

6. gr.

Einstaklingar og lögaðilar skulu tilkynna bankaeftirliti beina eða óbeina hlutdeild í hlutafélagi er starfar eftir lögum þessum sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn félagsins, svo og um hve mikil eign þessi er.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut sem segir í 1. mgr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur félagsins getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir félagið að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

Framkvæmdastjórn og aðrir starfsmenn.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hlutafélags, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal auk þess uppfylla hæfisskilyrði laga um hlutafélög, hafa óflekkað mannorð, hafa aldrei verið sviptur forræði á búi sínu og hafa til að bera víðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar.

Framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum er án leyfis stjórnar óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Hlutafjáreign í fyr-

irtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og telst fyrst og fremst ávöxtun sparifjár.

Um verðbréfaviðskipti stjórnar og starfsmanna hlutafélags, sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, fer eftir þeim reglum sem stjórn félagsins setur og bankaeftirlitið staðfestir.

Um nafntilgreiningu.

8. gr.

Félögum, sem hlotið hafa starfsleyfi til kauphallarstarfsemi, er einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *kauphöll* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Félögum, sem hlotið hafa starfsleyfi til reksturs skipulegs tilboðsmarkaðar samkvæmt lögum þessum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin *skipulegur tilboðsmarkaður* ein sér eða samtengd öðrum orðum.

9. gr.

Hlutafélagi, sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, ber að tilkynna til bankaeftirlitsins ef það verður þess áskynja að lög þessi og önnur lög sem um starfsemina gilda, reglugerð sett samkvæmt þeim eða reglur sem settar hafa verið og gilda fyrir kauphöll eða tilboðsmarkað hafi verið brotin.

II. KAFLI
Kauphöll og hlutverk hennar.

10. gr.

Undir starfsemi kauphallar fellur skipulegur verðbréfamarkaður þar sem opinber skráning verðbréfa á sér stað, einnig sú skipulega starfsemi að viðskipti eiga sér stað milli kauphallaraðila með verðbréf sem eru opinberlega skráð hjá:

1. kauphöll sem stofnuð er og skráð á Íslandi og hlotið hefur starfsleyfi í samræmi við ákvæði þessara laga,
2. kauphöll eða samsvarandi skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu,
3. kauphöll eða samsvarandi skipulegum verðbréfamarkaði sem aðildarríki að Evrópska efnahagssvæðinu hafa gert samstarfssamning við,
4. öðrum sambærilegum skipulegum verðbréfamörkuðum utan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem bankaeftirlitið metur gilda.

Hlutverk.

11. gr.

Hlutverk kauphallar er:

1. að annast opinbera skráningu verðbréfa og að setja reglur um skráningarhæfi þeirra,
2. að stuðla að því að skráning, viðskipti og verðmyndun í kauphöllinni verði á skýran og gagnsæjan hátt og kappkosta að jafnræði sé með aðilum að viðskiptum sem þar fara fram og tryggja að starfrækt sé skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi, sbr. 21.–23. gr.,
3. að setja reglur um starfsemi kauphallarinnar og viðskipti sem þar fara fram, svo og önnur atriði sem stjórn hennar telur nauðsynleg til að tryggja öryggi í viðskiptum,
4. að hafa eftirlit með því að útgefendur skráðra verðbréfa og kauphallaraðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um hana gilda,
5. að setja siðareglur fyrir kauphöllina.

Starfsemi.

12. gr.

Kauphöll er heimilt að stunda aðra starfsemi en lýst er í 10. og 11. gr. enda sé hún í eðlilegum tengslum við kauphallarstarfsemina.

Kauphöll er einnig heimilt að stunda þá hliðarstarfsemi að veita aðilum utan hennar þjónustu sína.

Bankaeftirlitið getur ákveðið að starfsemi samkvæmt þessari grein skuli einungis rekin af öðru félagi.

Málskotsréttur.

13. gr.

Synjun stjórnar kauphallar á umsókn um aðild að kauphöll eða umsókn um skráningu verðbréfa skal rökstudd skriflega. Hið sama gildir um að fella endanlega af skrá einstaka verðbréfaflokka, sbr. 18. gr.

Ágreiningi um ákvarðanir stjórnar í kauphöll skv. 1. mgr. er heimilt að skjóta til ráðherra til endurskoðunar. Um málsmeðferð og kærur fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI
Kauphallaraðilar.

14. gr.

Kauphallaraðilar eru þeir nefndir sem hafa rétt til þess að setja fram og samþykkja tilboð í verðbréf í kauphöll. Kauphallaraðilar geta orðið:

1. Seðlabanki Íslands,
2. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning,
3. lögaðilar sem heimild hafa til aðildar að markaði sem tilgreindur er í 2. og 3. tölul. 10. gr. og heimild hafa til að veita þjónustu hér á landi,
4. lögaðilar sem heimild hafa til aðildar að markaði sem tilgreindur er í 4. tölul. 10. gr. og heimild hafa til að veita þjónustu hér á landi.

Aðildarumsókn og aðildarsamningur.

15. gr.

Stjórn kauphallarinnar setur nánari reglur um aðild að henni.

Skriflegar umsóknir um aðild skulu sendar stjórn kauphallarinnar. Hún athugar hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um aðild skv. 14. gr. og ákvæði reglna sem hún hefur sett um aðild.

Ákvörðun um aðild að kauphöll skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst stjórn kauphallarinnar.

Um leið og umsókn um aðild að kauphöll er samþykkt skal það tilkynnt til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

16. gr.

Áður en kauphallaraðili má hefja viðskipti í kauphöllinni skal hann undirrita skriflegan aðildarsamning við kauphöllina.

Brjóti aðili að kauphöll ítrekað eða með vítaverðum hætti þau skilyrði sem sett eru í aðildarsamningi er kauphöllinni heimilt að fella samninginn einhliða úr gildi eða beita vægari ráðstöfunum, svo sem tímabundinni stöðvun aðildar að kauphöllinni. Grípi kauphöll til ráðstafana samkvæmt þessari málsgrein skal hún án tafar gera bankaeftirlitinu grein fyrir þeim.

IV. KAFLI
Reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

17. gr.

Kauphallaraðilar sækja um opinbera skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi kauphallarinnar fyrir hönd útgefenda nema stjórn hennar samþykki annað. Skráning er háð samþykki stjórnar kauphallar sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til opinberrar skráningar. Áður en stjórn kauphallar samþykkir fyrir sitt leyti reglur um opinbera skráningu verðbréfa skal hún leita umsagnar um þær hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla þær reglur sem leiðir af alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Reglur um opinbera skráningu verðbréfa skulu fela í sér skilyrði fyrir upptöku viðskipta og skráningar, svo sem:

1. að lögð sé fram skráningarlýsing útgefanda,
2. um stærð og dreifingu hvers flokks, svo og önnur atriði sem stjórn telur að geti skipt máli fyrir markaðshæfi verðbréfa,
3. að birtar séu við skráningu og eftirleiðis upplýsingar um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna samkvæmt reglum sem stjórnin setur.

Umsækjanda skal tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

Stjórnin tryggir að nauðsynlegar upplýsingar um opinberlega skráð verðbréf séu aðgengilegar almenningi.

Reglur, sem stjórn kauphallar setur um opinbera skráningu verðbréfa, svo og breytingar á þeim reglum, skulu staðfestar af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Niðurfelling skráningar og tímabundin stöðvun viðskipta.

18. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra af stjórninni eða skilyrða skráningu verðbréfanna. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til.

Útgefandi opinberlega skráðra verðbréfa eða kauphallaraðili fyrir hans hönd getur óskað eftir því skriflega að þau verði felld af skrá kauphallarinnar. Skal stjórn kauphallarinnar verða við því að fenginni skriflegri greinargerð fyrir þeirri ósk. Stjórnin getur ákveðið að bréfin verði ekki tekin af skrá fyrr en allt að eitt ár er liðið frá því að fullbúin greinargerð berst kauphöllinni. Hún getur einnig ákveðið að birta greinargerðina í heild eða hluta.

Heimilt er að stöðva tímabundið viðskipti í kauphöll þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Tilkynna skal um slíka tímabundna stöðvun til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

V. KAFLI
Yfirtökutilboð.

19. gr.

Hafi eignarhlutur beint eða óbeint verið yfirtekinn í félagi sem hefur fengið opinbera skráningu fyrir einum eða fleiri flokkum hlutabréfa í kauphöll skal öllum hluthöfum félagsins gefinn kostur á því að afhenda eignarhlut sinn með sambærilegum kjörum þeim aðila sem:

1. hefur eignast 50% atkvæðisréttar í félaginu eða samsvarandi hluta hlutafjár,
2. hefur öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu,

3. hefur fengið rétt til þess að stjórna félaginu á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið,
4. hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 33⅓% atkvæða í félaginu.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um hlutafélag sem stofnað er og skrásett á Íslandi og sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laga þessara. Hafi eignarhlutur í félagi, sem ákvæði þessarar málsgreinar tekur til, farið niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. eftir gildistöku laganna skulu þó reglur 1. mgr. eiga að öllu leyti við.

Kauphöll hefur eftirlit með því að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt.

Opinbert tilboðsyfirlit.

20. gr.

Þegar tilboð um yfirtöku á hlutum er sett fram er skylt að semja og gera opinbert tilboðsyfirlit þar sem fram koma allar upplýsingar um tilboðsgjafa. Þar skal koma fram til hvaða hlutabréfaflokka tilboðið tekur, fjárhagsatriði þess, svo sem upplýsingar um grundvöll fyrir því verði sem boðið er, greiðsluskilmála og hvort greiða eigi með öðrum verðbréfum, lágmark og hámark þess hlutafjár sem tilboðið tekur til. Auk þess skulu koma fram önnur skilyrði sem það er háð, þar með talinn sá frestur sem veittur er til þess að samþykkja tilboðið og áhrif yfirtökunnar á framtíðarstarfsemi félagsins, auk annarra upplýsinga sem telja má að séu nauðsynlegar svo að hluthafar geti fengið nægilega yfirsýn yfir tilboðið. Frestur til að taka tilboði má ekki vera styttri en fjórar vikur og ekki lengri en tíu vikur.

Taki tilboð sem skylt er að gera skv. 19. gr. ekki til allra hlutabréfa í félagi eða hluthafar bjóðast til að selja tilboðsgjafa meira af hlutafjáreign sinni en tilboð hans nær til skal gæta jafnræðis pro rata gagnvart hluthöfum.

Þegar að öðru leyti er sett fram opinbert yfirtökutilboð sem ekki telst falla undir skyldu til þess að gera tilboð skv. 19. gr. um yfirtöku á hlutabréfum í félagi sem hefur einn eða fleiri flokka hlutabréfa skráða í kauphöll er heimilt að semja tilboðsyfirlit eins og kveðið er á um í 1. mgr.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að setja nánari reglur um skyldu til þess að gera tilboð skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 19. gr., svo og nánari reglur um innihald tilboðsyfirlitsins, birtingu þess, hvernig því hafi lokið, með hvaða hætti unnt er að afturkalla tilboðið og hvernig skuli fara með tilboð sem ætlað er að keppa við yfirtökutilboðið.

VI. KAFLI
Viðskipta- og upplýsingakerfið.

21. gr.

Stjórn kauphallarinnar setur reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi og uppgjör viðskipta sem þar eiga sér stað. Í þeim skal kveðið á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með verðbréf sem þar eru skráð, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfinu eða utan þess.

22. gr.

Kauphallaraðilar gera upp viðskipti sín á milli samkvæmt reglum sem stjórnin setur og bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

Kauphallaraðilar skulu gera stjórn kauphallar grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu bréfa sem þar eru skráð.

23. gr.

Kauphallaraðila er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf sem skráð eru í kauphöll án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfi hennar svo fremi að hann geri bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé. Senda skal upplýsingar um slík viðskipti til kauphallarinnar með þeim hætti sem reglur settar skv. 21. gr. segja til um.

VII. KAFLI
Upplýsingaskylda.

24. gr.

Útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöll, ber að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja verður að geti haft áhrif á verð bréfanna eða skylt er að gera í samræmi við reglur sem stjórn kauphallar setur, sbr. 17. gr. þessara laga.

Birting telst hafa átt sér stað þegar tilkynning er komin til kauphallar sem tekið hefur verðbréfin til opinberrar skráningar og hefur verið miðlað til kauphallaraðila í samræmi við reglur sem stjórn setur. Kauphöll er heimilt að setja nánari reglur um form tilkynninga.

25. gr.

Hlutafélagi, sem fengið hefur hlutabréf sín opinberlega skráð í kauphöll, ber þegar í stað að tilkynna henni um heildareign félagsins á eigin hlutabréfum, þar með talið í dótturfélögum þess, þegar hún nær, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir 5% og 10% af heildarhlutafé í félaginu.

Í tilkynningum til kauphallar, sem getið er um í 1. mgr., skal taka fram raunverulega hlutafjáreign, hvernig hún skiptist á hlutabréfaflokka og hvernig hún var samkvæmt síðustu tilkynningu um hlutafjáreign.

Flöggunarreglur.

26. gr.

Eiganda hlutabréfa í hlutafélagi, sem hefur skráð hlutabréf sín í kauphöll, ber, þegar svo háttar sem segir í 2. mgr., að tilkynna þegar í stað til hennar og félagsins um atkvæðisrétt eða eignarhlut í félaginu.

Skylt er að tilkynna skv. 1. mgr. þegar atkvæðisréttur eða nafnverð hlutafjár nær, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir eftirfarandi mörk: 5%, 10%, 20%, 33⅓%, 50% og 66⅔%.

27. gr.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að kveða nánar á um skyldu útgefenda og eigenda hlutabréfa til að veita kauphöll upplýsingar, svo og hvenær veita megi undanþágur frá upplýsingaskyldunni.

Í reglugerð er einnig heimilt að setja nánari reglur um upplýsingaskyldu þegar útgefandi hefur fengið verðbréf sín skráð í fleiri en einni kauphöll.

Hagtölugerð og veiting upplýsinga.

28. gr.

Stjórn kauphallar er heimilt, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni utanaðkomandi aðila og í samræmi við heimildir annarra laga, að vinna og birta hagtölur og aðrar upplýsingar í þágu markaðarins á grundvelli gagna sem hún hefur yfir að ráða eða aflar með öðrum hætti um viðskipti sem skráð eru í kauphöllinni.

Viðskipti og skýrslugjöf.

29. gr.

Skylt er markaðsaðilum að gera grein fyrir samningum um eignayfirtöku á verðbréfum sem skráð eru eða viðskipti eiga sér stað með í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði eða samsvarandi skipulegum markaði fyrir verðbréf í ríki innan Evrópusambandsins eða í ríki sem Evrópusambandið hefur gert samstarfssamning við enda hafi markaðsaðilar að þeim átt þátt í að viðskiptin fóru fram.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að ákveða að skylda til skýrslugjafar hvíli jafnframt á öðrum og þar að auki má ákveða að í sérstökum tilvikum nái skylda til skýrslugjafar einnig til annarra óskráðra verðbréfa sem keypt eru og seld á tilboðsmarkaði.

Þeir sem skylda til skýrslugjafar hvílir á skulu geyma skjöl sem varða þau viðskipti sem skylt er að gera grein fyrir og skýrsluna í að minnsta kosti fimm ár eftir að skýrslugjöfin fór fram.

Ráðherra setur nánari reglur um skyldu til skýrslugjafar, þar með talið hversu víðtæk hún skuli vera og innihald hennar að öðru leyti og hvert skuli senda hana.

Kauphöll setur nánari reglur um gjaldtöku vegna skýrslugjafar og kostnað af birtingu.

VIII. KAFLI
Starfsábyrgð kauphallar.

30. gr.

Kauphöll er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns viðskiptamanns sem rakið er til gáleysis í starfsemi kauphallarinnar eða starfsmanna hennar.

Vátryggingin skal bæta tjón allt að 32,5 milljónum króna vegna hvers tjónsatburðar og allt að 65 milljónum króna innan hvers tryggingarárs. Fjárhæðir þessar skulu breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá gildistöku laganna. Nánari ákvæði um gildissvið vátryggingar þessarar er heimilt að setja í reglugerð.

IX. KAFLI
Skipulegur tilboðsmarkaður og starfsemi hans.

31. gr.

Undir starfsemi skipulegs tilboðsmarkaðar fellur skipulegur verðbréfamarkaður þar sem viðskipti fara fram með verðbréf sem ekki eru opinberlega skráð í kauphöll.

Verðbréf, sem ekki hafa verið tekin til opinberrar skráningar í kauphöll, er heimilt að beiðni útgefanda að kaupa og selja á skipulegum tilboðsmarkaði enda séu skilyrði laga uppfyllt að öðru leyti og viðskipti með verðbréfin séu í samræmi við tilgang í samþykktum sem um tilboðsmarkaðinn gilda og stjórn hans telur hagsmuni af því að viðskipti eigi sér þar stað með þau.

Í samþykktum fyrir skipulegan tilboðsmarkað skal koma fram hvaða tegundir verðbréfa þar skuli keypt og seld.

Hlutverk og starfsemi.

32. gr.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar ber ábyrgð á því að starfsemi hans fari fram á öruggan og hagkvæman hátt.

Sérhver skipulegur tilboðsmarkaður ber ábyrgð á því að:

1. tryggður sé nauðsynlegur aðgangur að upplýsinga- og viðskiptakerfum fyrir verðbréf sem þar eru keypt og seld,

2. stuðlað sé að því að starfsemi hans fari fram á þann hátt að tryggt sé að viðskiptin á markaðinum eigi sér stað með skýrum og gagnsæjum hætti í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim og tryggt sé jafnræði allra aðila að viðskiptum á markaðinum,
3. haft sé eftirlit með því að útgefendur skráðra verðbréfa og aðilar að tilboðsmarkaðinum starfi eftir lögum og reglum, svo og samþykktum sem um hann gilda.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar skal setja reglur um:

1. skilyrði þess að hefja megi viðskipti með verðbréf á markaðinum, svo og um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og hluthafa,
2. skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta orðið aðili að markaðinum,
3. skýrslugjöf vegna viðskipta í upplýsingaskyni.

Reglur, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skulu liggja frammi á starfsstöð hins skipulega tilboðsmarkaðar.

Áður en markaðsaðili má hefja viðskipti á skipulegum tilboðsmarkaði skal hann undirrita skriflegan aðildarsamning. Brjóti markaðsaðili að skipulegum tilboðsmarkaði ítrekað eða með vítaverðum hætti skilyrði þau sem sett eru fyrir aðild að markaðinum er heimilt að afturkalla aðildina.

Um stöðvun viðskipta.

33. gr.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar er heimilt að ákveða að hætt skuli viðskiptum með verðbréf á markaðinum enda telji hún að áframhaldandi viðskipti með þau séu ekki í þágu útgefenda verðbréfa eða markaðarins.

Hafi bú útgefanda verðbréfs verið tekið til gjaldþrotaskipta er óheimilt að stunda viðskipti með bréfið.

Setji útgefandi verðbréfs fram beiðni um að hætt verði viðskiptum með bréfið ber að taka hana til greina nema stjórn skipulega tilboðsmarkaðarins telji að það sé í andstöðu við hagsmuni fjárfesta, lántakenda eða markaðarins. Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar er heimilt að óska eftir skriflegri greinargerð frá útgefanda. Stjórnin getur ákveðið að bréfin verði ekki tekin af skrá fyrr en að sex mánuðum liðnum frá því að fullbúin greinargerð er afhent. Hún getur einnig ákveðið að birta greinargerðina í heild eða að hluta.

Viðskipti með verðbréf á skipulegum tilboðsmarkaði er skylt að stöðva eigi síðar en við opinbera skráningu þeirra í kauphöll.

Stjórn skipulegs tilboðsmarkaðar setur nánari reglur um hvenær viðskiptum með verðbréf skuli hætt.

X. KAFLI
Viðskipti utan skipulegs verðbréfamarkaðar.

34. gr.

Óheimilt er að gefa til kynna að verðbréfamarkaður sé skipulagður vegna viðskipta með eða tilboða í verðbréf sem ekki eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, svo sem með því að birta skipulega upplýsingar um viðskiptin með sama hætti og kauphöll og skipulegur tilboðsmarkaður gera eða á nokkurn þann hátt að hætta skapist á ruglingi við slíka starfsemi. Þetta á við jafnt þótt slík viðskipti fari fram í viðskiptakerfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar.

Starfræki aðilar verðbréfamarkað þar sem veruleg viðskipti eiga sér stað er bankaeftirliti Seðlabanka Íslands heimilt að setja það sem skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi hans að

hann uppfylli ákvæði þessara laga um kauphöll eða skipulegan tilboðsmarkað, eftir því sem við getur átt.

XI. KAFLI
Eftirlit.

35. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða sé í samræmi við lög þessi, reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, svo og önnur fyrirmæli eða samþykktir sem um starfsemina gilda. Skal bankaeftirlitinu þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi sem fram fer samkvæmt lögum þessum sem það telur nauðsyn á. Telji bankaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa skal það eiga sambærilegan aðgang að upplýsingum og gögnum hjá viðkomandi aðila. Um eftirlitið gilda lög um Seðlabanka Íslands og lög um verðbréfaviðskipti, svo og ákvæði annarra laga, eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Telji bankaeftirlitið að kauphöll eða skipulegur tilboðsmarkaður, sem starfar samkvæmt lögum þessum, hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara, laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða að háttsemi félaga eða stofnana sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust skal það veita hlutaðeigandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

Í tilefni af brotum samkvæmt lögum þessum er bankaeftirlitinu jafnframt heimilt að krefjast úrbóta án tafar, svo og að leggja tímabundið bann við frekari starfsemi ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Hafi kauphöll eða skipulegur tilboðsmarkaður ekki sinnt ítrekuðum tilmælum bankaeftirlitsins um úrbætur samkvæmt þessari grein er því heimilt að gera tillögu um afturköllun starfsleyfis, sbr. 37. gr. þessara laga.

XII. KAFLI
Afturköllun starfsleyfis.

37. gr.

Ráðherra skal afturkalla starfsleyfi kauphallar og skipulegs tilboðsmarkaðar að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands:

1. hafi leyfisveiting byggst á röngum skýrslum eða upplýsingum leyfishafa eða verið aflað með öðrum ólögmætum hætti,
2. brjóti félagið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn samþykktum sem um starfsemina gilda eða lögum þessum, reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,
3. fullnægi stjórnarmenn ekki skilyrðum 5. gr. eða rekstur leyfishafa er óstarfhæfur vegna ákvæða í 2. mgr. 6. gr.,
4. sé það mat bankaeftirlitsins að náin tengsl leyfishafa við einstaklinga og lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum eða að lög og reglur, sem um þá aðila gilda, hindri eðlilegt eftirlit,
5. hafi bú leyfishafa verið tekið til gjaldþrotaskipta eða fyrirtækinu slitið af öðrum ástæðum.

Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi leyfishafa og veitt honum kost á að leysa úr málinu.

38. gr.

Afturköllun starfsleyfis skal tilkynnt stjórn hlutaðeigandi leyfishafa og rökstudd skriflega. Birta skal tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi kauphallar eða skipulegs tilboðsmarkaðar til að starfa hér á landi skal slíta félaginu.

Févíti.

39. gr.

Kauphöll og skipulegum tilboðsmarkaði er heimilt í aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða viðurlög vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemi hennar í formi févítis. Févíti getur numið allt að tíföldu árgjaldi markaðsaðila að viðkomandi markaði ef brot eru alvarleg.

XIII. KAFLI
Um þagnarskyldu og skil ársreikninga.

Þagnarskylda.

40. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn félags sem starfar samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna þess og málefni félagsins, svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til þess að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kauphöll heimilt að hafa samvinnu við erlendar kauphallir eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar að því tilskildu að greindir erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem kauphöll fær framangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

Um skil ársreikninga.

41. gr.

Ársreikningur hlutafélags, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum félagsins og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Endurskoðaður ársreikningur ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabanka Íslands innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

XIV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Verðbréfaþingi Íslands, sem starfar eftir lögum nr. 11/1993, er veittur frestur til 1. júlí 1999 til að laga starfsemi sína að lögum þessum. Ákvæði þeirra laga halda gildi sínu um starfsemi þess að öllu leyti til þess tíma að undanskildu ákvæði um einkarétt þess á að stunda verðbréfaþingsstarfsemi, sbr. 1. gr. laganna. Auk þess skulu ákvæði V., VI. og VII. kafla laga þessara gilda eftir því sem við getur átt um útgefendur verðbréfa sem hafa verið tekin til skráningar á Verðbréfaþingi Íslands. Jafnframt er því heimil starfsemi í samræmi við ákvæði IX. og X. kafla laga þessara.

II.

Ráðherra skal innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara skipa nefnd sem undirbúi stofnun hlutafélags sem hafi það markmið að starfrækja kauphöll og taka við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands, sbr. lög nr. 11/1993, ásamt síðari breytingum. Við stofnun hlutafélags verði leitast við að ná sátt um skiptingu hluta milli núverandi þingaðila, útgefenda skráðra bréfa og fjárfesta.

Ráðherra skal fela óháðum löggiltum endurskoðanda að meta eiginfjárstöðu Verðbréfaþings Íslands miðað við þann dag sem nýtt hlutafélag, sem hlotið hefur starfsleyfi á grundvelli þessara laga, yfirtekur starfsemi þess.

1018. Breytingartillaga [341. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (ábyrgðar- og slysatryggingar).

Frá allsherjarnefnd.

Í stað orðanna „1. janúar“ í fyrri málslið 3. gr. komi: 1. júlí.

1019. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Þórhall Ólafsson frá dómsmálaráðuneyti og Jónas Magnússon og Gylfa Thorlacius hrl. frá Landssambandi lögreglumanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins og ríkissaksóknara.

Frumvarpið felur í sér breytingar á nokkrum ákvæðum lögreglulaga. Helstu breytingar eru þessar. Í fyrsta lagi er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilað, að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra, að kveða á um samstarf lögregluliða um lengri tíma í tilteknum landshluta eða héraði. Þá er lagt til að valnefnd Lögregluskólans verði til ársloka 1998 heimilt að víkja frá

aldursskilyrði lögreglulaga við val nema úr hópi umsækjenda. Einnig er lögð til sú breyting að ríkislögreglustjóri en ekki dómsmálaráðherra skipi lögreglumenn aðra en yfirlögregluþjón og aðstoðaryfirlögregluþjón.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Ábendingar bárust um að fyrirkomulag það sem mælt er fyrir um í fyrri efnismálsgrein 4. gr. frumvarpsins væri andstætt meginreglum stjórnsýsluréttar, þar sem með því væri sama aðila, þ.e. ríkislögreglustjóra, falið vald til að veita lausn frá embætti um stundarsakir vegna meintra brota í starfi og sjá um rannsókn á kærum á hendur lögreglumönnum um brot í starfi. Því leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á 5. og 35. gr. lögreglulaga þess efnis að kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir meint refsivert brot við framkvæmd starfa hans skuli beina til ríkissaksóknara og fari hann með rannsókn málsins. Lagt er til að við meðferð slíkra mála geti ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær og ber lögreglu að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn slíkra mála. Þá eru í 2. tölulið breytingartillagnanna lagðar til breytingar til leiðréttingar á villum sem voru í frumvarpstextanum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1020. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögreglulíða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Orðin „deildin skal rannsaka mál vegna kæra á hendur lögreglumönnum vegna brots í starfi“ í b-lið 2. mgr. 5. gr. falla brott.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í upphafsmálsgrein komi: 3. og 4. mgr.
   b. Í stað tölunnar „2“ í upphafi 1. efnismgr. komi: 3.
   c. Í stað orðanna „3. Dómsmálaráðherra“ í 2. efnismgr. komi: 4. Ríkislögreglustjóri.
   d. Í stað orðsins „setja“ í 2. efnismgr. komi: ráða.

3. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   35. gr. orðast svo:
   Kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til ríkissaksóknara og fer hann með rannsókn málsins.
   Við meðferð slíkra mála getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær.
   Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað er.

1021. Nefndarálit [441. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, Hallgrím Ásgeirsson lögfræðing og Egil Stephensen, Stefán Hirst og Þröst Eyvinds frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Umferðarráði, ríkissaksóknara og Sýslumannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð opinberra mála og er þeim ætlað að gera meðferð minni háttar sakamála markvissari og ná bættum árangri í sektarinnheimtu, en að undanförnu hefur ekki tekist að sinna sektarmálum nægilega vel í nokkrum stærri umdæmum landsins. Því er lagt til að minni háttar sakamáli verði lokið á mun einfaldari hátt en nú er, með ákvörðun dómara um sekt og vararefsingu, og taki dómari þá ákvörðun með áritun á sektarboð lögreglustjóra. Á þetta við ef sakborningi hefur sannanlega borist sektarboð lögreglustjóra en hann ekki sinnt því innan tilskilins frests. Slík áritun hefði þá sama gildi og dómur og því unnt að leita fullnustu sektar með aðför eða beita vararefsingu.

Lagt er til að frumvarpið öðlist þegar gildi og geta þau mál sem þegar eru til meðferðar hjá lögreglustjóra við gildistökuna sætt þeirri meðferð sem lögð er til með frumvarpinu þótt brot hafi verið framið fyrir þau tímamörk eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Telur nefndin slíkt eðlilegt þar sem hér er um málsmeðferðarreglur að ræða og samkvæmt meginreglum réttarfars fer meðferð mála eftir gildandi reglum á hverjum tíma. Þykir í því sambandi rétt að taka fram að þessi málsmeðferð á ekki að leiða til breytinga á þyngd refsinga.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 24. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

1022. Svar [533. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu B. Þorsteinsdóttur um vímuefnameðferð barna og unglinga.

1. *Hversu mörg börn og ungmenni á aldrinum 12–20 ára hafa farið í meðferð vegna vímuefnaneyslu á Vogi, sjúkrahúsi SÁÁ, síðastliðin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir aldri fyrir hvert ár.*

Hér á eftir fara töflur yfir aldursdreifingu þeirra einstaklinga sem leituðu sér meðferðar hjá Sjúkrahúsinu Vogi á árunum 1993–97 og voru yngri en 19 ára. Reyndust það vera 205 stúlkur og 369 piltar.

Fjöldi unglinga á Vogi 1997.

Aldur	*Stúlkur*	*Piltar*	*Alls*	*Innritanir*
13 ára	1	0	1	1
14 ára	2	3	5	6
15 ára	8	10	18	23
16 ára	13	14	27	40
17 ára	7	29	36	47
18 ára	20	35	55	72
19 ára	24	40	64	75
Alls	75	131	206	264

Fjöldi unglinga á Vogi 1996.

Aldur	*Stúlkur*	*Piltar*	*Alls*	*Innritanir*
14 ára	1	3	4	6
15 ára	2	4	6	8
16 ára	4	10	14	19
17 ára	22	26	48	59
18 ára	17	35	52	65
19 ára	23	33	56	64
Alls	69	111	180	221

Fjöldi unglinga á Vogi 1995.

Aldur	*Stúlkur*	*Piltar*	*Alls*	*Innritanir*
15 ára	1	3	4	7
16 ára	9	8	17	26
17 ára	15	12	27	32
18 ára	15	26	41	55
19 ára	11	37	48	65
Alls	51	86	137	185

Fjöldi unglinga á Vogi 1994.

Aldur	*Stúlkur*	*Piltar*	*Alls*	*Innritanir*
15 ára	2	1	3	4
16 ára	10	7	17	24
17 ára	11	22	33	40
18 ára	22	28	50	56
19 ára	15	24	39	48
Alls	60	82	142	172

Fjöldi unglinga á Vogi 1993.

Aldur	*Stúlkur*	*Piltar*	*Alls*	*Innritanir*
15 ára	6	2	8	10
16 ára	2	7	9	13
17 ára	7	9	16	22
18 ára	15	23	38	44
19 ára	13	42	55	63
Alls	43	83	126	152

2. *Hversu hátt hlutfall af heildarsjúklingafjölda er á aldrinum 12–20 ára?*

Þeir sem voru 19 ára og yngri reyndust 8% af heildarfjölda skjólstæðinga Vogs árið 1993, 9% árin 1994 og 1995, 11% árið 1996 og 12% árið 1997.

3. *Er til vitneskja um geðsjúkdóma eða félagsleg vandamál sem gætu verið orsakir vímuefnaneyslu barna og ungmenna?*

Erlendar rannsóknir benda eindregið til þess að geðkvillar, hegðunarvandamál, geðsjúkdómar og ákveðnar félagslegar aðstæður geti hver um sig og samþættar verið orsakir fyrir vímuefnaneyslu barna og unglinga. Helga Hannesdóttir barnageðlæknir hefur nýlokið viðamikilli rannsókn á þessum tengslum hérlendis og virðast niðurstöður hennar benda í sömu átt og erlendis.

4. *Fá börn og ungmenni sem koma til meðferðar vegna vímuefnamisnotkunar læknismeðferð geðlækna, meðferð sálfræðinga eða aðstoð félagsráðgjafa á sjúkrahúsi SÁÁ?*

Af fjórum læknum hjá SÁÁ hefur frá árinu 1989 verið einn sérmenntaður geðlæknir. Sálfræðingur hefur einnig verið þar að störfum við meðferð og greiningu á unglingum síðan árið 1983, en félagsráðgjafar hafa að jafnaði ekki starfað hjá Vogi.

5. *Veitir barna- og unglingageðdeild Landspítala einhverja þjónustu þeim börnum og ungmennum sem þurfa meðferð vegna misnotkunar á vímuefnum?*

Hafa ber hugfast að áfengi er algengasta vímuefnið sem börn og unglingar misnota. Á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur fer ekki fram sérstök meðferð barna og unglinga sem eiga við vímuefnavanda að etja, en læknar þar eru til ráðuneytis komi slíkir sjúklingar á bráðamóttöku sjúkrahússins vegna ofnotkunar, ofskömmtunar á lyfjum eða hvers konar vímuefnanotkunar. Aftur á móti voru alls 60 innlagnir á geðdeild Landspítalans árið 1996, en ekki hefur verið kannað hvort um endurinnlagnir var þar að ræða í sumum tilvika eða ekki. Aldursskipting var sem hér segir:

Aldur	Stúlkur	Piltar
14 ára	2	1
15 ára		1
16 ára	1	7
17 ára	4	3
18 ára	4	4
19 ára	10	10
20 ára	7	8
Alls	27	33

Ekki er búið að taka saman tölur slíkra innlagna fyrir árið 1997.

6. *Veita geðdeildir Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur börnum og ungmennum á aldrinum 12–20 ára sérstaka meðferð vegna misnotkunar á vímuefnum? Ef svo er, hversu mörg sjúkrarúm eru í notkun að staðaldri þar í því skyni?*

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans meðhöndlar og metur börn og unglinga að 18 ára aldri sem eru með alvarlega og/eða viðvarandi geðræna erfiðleika. Þessir erfiðleikar geta birst í hegðun, líðan, frammistöðu í skóla, félagslegri virkni og síðast en ekki síst mismikilli neyslu löglegra og í undantekningartilvikum ólöglegra vímuefna.

7. *Eru til önnur meðferðarúrræði ætluð þessum aldurshópum?*

Barnaverndarstofa hefur síðan Unglingaheimili ríkisins var lagt niður haft á sinni könnu ný úrræði fyrir börn og unglinga, sem eiga í ýmsum vandamálum, þar á meðal vímuefnamisnotkun. Vegna mikillar athygli og alúðar sem þessir skjólstæðingar þurfa, m.a. enduruppeldis, eru athvörfin fámenn og hafa mismunandi hlutverk. Þau eru þessi:

Stuðlar	8 rými	Þar fer fram greiningarvinna og er um skammtímadvöl að ræða (mest fjórir mánuðir).
Geldingalækur	5 rými	Langtímadvöl fyrir börn 6–12 ára.
Varpholt	5 rými	Langtímadvöl fyrir unglinga með ýmis vandamál.
Torfastaðir	5 rými	Langtímadvöl fyrir unglinga með ýmis vandamál.
Ábót	5 rými	Langtímadvöl fyrir unglinga með ýmis vandamál.
Bakkaflöt	5 rými	Langtímadvöl fyrir unglinga með ýmis vandamál.
Alls	33 rými	

8. *Telur heilbrigðisráðherra það heppilega lausn að veita börnum og ungmennum meðferð vegna vímuefnamisnotkunar á stofnunum sem sniðnar eru að þörfum fullorðinna?*

Best fer á því að börn og unglingar fái meðferð á þar til gerðum meðferðarstofnunum vegna þess að þarfir þeirra og þroski eru ekki eins og fullorðinna.

Barnaverndarstofa hefur fjölgað úrræðum á undanförnum árum og eru þau bæði innan heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins. Stofnuð hefur verið sérstök fjölskyldumiðstöð til greiningar og leiðbeiningar fyrir grunnskólanema sem lent hafa í vandræðum vegna vímuefnamisnotkunnar og/eða annarra hluta og fjölskyldur þeirra.

Þá hefur barna- og unglingageðdeild Ríkisspítala verðið efld sérstaklega til verkefna tengdum vímuefnamisnotkun (sbr. 6. lið).

1023. Frumvarp til laga [603. mál]

um kjaramál fiskimanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Efnisákvæði miðlunartillagna þeirra sem ríkissáttasemjari lagði fram til lausnar kjaradeilum á fiskiskipaflotanum þann 16. mars 1998, og birt eru á fylgiskjölum I–IV sem eru hluti af lögum þessum, skulu frá gildistöku laga þessara gilda um kaup og kjör fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og aðildarfélögum Alþýðusambands Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Ísafjarðar, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, með þeim breytingum sem fram koma í 2. gr.

2. gr.

Séu færri menn á skipi en við er miðað í skiptakjaraákvæðum kjarasamninga varðandi viðkomandi veiðigrein og stærð skips skiptist hlutur eða hlutir þeirra sem á vantar á milli þeirra sem á skipinu eru í réttu hlutfalli við skiptahlut þeirra. Þessi málsgrein raskar þó ekki sérákvæðum kjarasamninga varðandi línuveiðar og skelfiskveiðar.

Ferðir til veiða utan efnahagslögsögu Íslands úr stofnum sem ekki eru íslenskir deilistofnar eru sérstakt kauptryggingartímabil og teljast því ekki til sama kauptryggingartímabils og aðrar veiðar skips.

3. gr.

Vinnustöðvanir þeirra aðila sem um ræðir í fylgiskjölum I–IV svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar. Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. febrúar árið 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 3. febrúar sl. hófst verkfall á fiskskipaflotanum en samningar sjómanna og útvegsmanna höfðu verið lausir frá því í árslok 1996 eða í rúmlega 13 mánuði. Er þetta í þriðja sinn á fjórum árum sem kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna hafa leitt til þess að stærsti hluti fiskiskipaflotans stöðvast. Fyrri deilur, sem stóðu í byrjun árs 1994 og vorið 1995, hafa líkt og deilan nú, fyrst og fremst snúist um tengsl viðskipta með aflamark og viðskipta með afla.

Sjómenn telja að í mörgum tilvikum hafi þessi tengsl óeðlileg áhrif á skiptakjör og ákvörðun fiskverðs til hlutaskipta í viðskiptum utan fiskmarkaða.

Í tengslum við kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna í janúar 1994 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að gera tillögur um það hvernig koma mætti í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna. Nefndin lagði til að komið yrði á skipulögðum tilboðsmarkaði fyrir viðskipti með aflamark – kvótaþingi. Markmiðið var að gera viðskipti með aflamark sýnileg til þess að ekki yrði hægt að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Tillaga nefndarinnar náði ekki fram að ganga.

Í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, sem gerðir voru í júní 1995, var m.a. kveðið á um að útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín á milli samning um fiskverð, þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, og að áhöfn geti krafist slíks samnings þegar afli er seldur óskyldum aðila. Að sameiginlegri beiðni samtaka sjómanna og útvegsmanna flutti sjávarútvegsráðherra frumvarp um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og varð það að lögum nr. 84 20. júní 1995. Samkvæmt lögunum er unnt að skjóta málum til úrskurðarnefndarinnar, ef ekki takast samningar milli útgerðar og áhafnar. Skal nefndin í úrskurðum sínum þá taka mið af því fiskverði, sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla miðað við verð í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum.

Allmörgum málum hefur verið skotið til nefndarinnar og hefur þeim ýmist lokið með samkomulagi fulltrúa hagsmunaaðila í nefndinni eða úrskurði fullskipaðrar nefndar en sjávarútvegsráðherra tilnefnir oddamann. Í fyrstu virtust störf nefndarinnar gefa góða raun og náði nefndin að leysa mörg mál, ýmist með eða án atbeina oddamanns. Síðar fór að bera á auknum efasemdum sjómanna um störf nefndarinnar, einkum vegna þess að þeir töldu að sjómenn væru í erfiðri aðstöðu gagnvart útvegsmönnum við að koma kærumálum sínum á framfæri við nefndina. Þá telja sjómenn að brögð séu að því að útgerðarmenn fari ekki eftir úrskurðum nefndarinnar.

Í janúarmánuði síðastliðnum beitti sjávarútvegsráðherra sér fyrir óformlegum viðræðum á milli deiluaðila undir forystu Ásmundar Stefánssonar, framkvæmdastjóra. Þessar viðræður hófust upp úr miðjum janúar en til þeirra var stofnað í nánu samráði við ríkissáttasemjara og deiluaðila. Í viðræðunum var farið ítarlega yfir ýmsar hugmyndir til lausnar deilunni en viðræðurnar urðu ekki til þess að deilan leystist.

Þann 9. febrúar sl. lagði sjávarútvegsráðherra fram frumvarp á Alþingi um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum. Samkvæmt frumvarpinu var m.a. gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipaði þriggja manna nefnd til að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem áhrif hafa á hana. Þá skyldi nefndin gera tillögur er beindust einkum að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna og undirbúa löggjöf í þeim efnum.

Þann 10. febrúar rituðu fulltrúar samninganefnda Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða ríkissáttasemjara bréf þar sem óskað var eftir að verkfalli aðila yrði frestað frá kl. 23:00 þann 11. febrúar til kl. 23:00 þann 15. mars. Segir í bréfinu að óskin um frestun verkfalls sé sett fram á þeirri forsendu að skipuð verði nefnd í samræmi við 1. gr. fyrrnefnds frumvarps er hafi það verkefni að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Nefndin skuli skila tillögum er beinist að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hafi áhrif á skiptakjör sjómanna. Nefndin skili tillögum sínum í síðasta lagi 10. mars 1998. Fulltrúar allra aðila deilunnar undirrituðu yfirlýsingu hjá ríkissáttasemjara þann 11. febrúar þar sem fallist var á þá tillögu sem sett var fram í bréfinu frá 10. febrúar.

Með vísan til framangreinds bréfs sjómanna ákvað sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um þargreind atriði og var hún skipuð 11. febrúar. Þá ritaði sjávarútvegs-

ráðherra forseta Alþingis bréf sama dag þar sem hann óskaði eftir að frumvarp það sem lagt var fram á Alþingi þann 9. febrúar yrði afturkallað.

Nefnd sjávarútvegsráðherra skilaði tillögum sínum 4. mars sl. Tillögur nefndarinnar voru þríþættar. Í fyrsta lagði lagði nefndin til að sett yrði á stofn Verðlagsstofa skiptaverðs. Í öðru lagi lagði nefndin til að komið yrði á fót opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark – Kvótaþingi. Í þriðja lagi að veiðiskylda fiskiskipa yrði aukin frá því sem nú er.

Tillögur nefndarinnar voru kynntar deiluaðilum samdægurs. Í framhaldi af því hófust viðræður milli aðila um nýja kjarasamninga sem m.a. byggði á þeirri forsendu að tillögur nefndarinnar yrðu lögfestar. Því miður skiluðu þær viðræður engum árangri og fór svo að verkfall á fiskiskipaflotanum hófst að nýju 15. mars. Í framhaldi af því lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu 16. mars. Miðlunartillagan byggði á þeirri forsendu að frumvarpsdrög nefndarinnar, sem skipuð var 11. febrúar, yrðu að lögum á yfirstandandi þingi. Tillagan var borin undir atkvæði í félögum sjómanna og útvegsmanna og lauk atkvæðagreiðslunni 18. mars. Niðurstaðan varð sú að sjómenn samþykktu miðlunartillöguna en útvegsmenn felldu.

Eftir að miðlunartillagan hafði verði felld boðaði ríkissáttasemjari deiluaðila að nýju til viðræðna. Þær viðræður skiluðu engum árangri og slitnaði upp úr þeim 23. mars. Í framhaldi af því kallaði sjávarútvegsráðherra fulltrúa í samninganefndum sjómanna og útvegsmanna á sinn fund. Í þeim viðræðum kom fram að mikið bar á milli aðila og engin lausn á deilunni virtist vera í sjónmáli. Því er fyrirsjáanlegt að verði ekkert að gert þá muni yfirstandandi verkfall geta staðið í langan tíma.

Ljóst er að almenn stöðvun veiða og vinnslu um lengri tíma hefði mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið. Þau áhrif yrðu þó mun meiri og alvarlegri fyrir einstaklinga sem starfa við fiskvinnslu og fyrirtæki og bæjarfélög sem byggja á sjávarútvegi. Vinnsla á fiski er að stöðvast en það myndi leiða til þess að fjöldi fiskvinnslufólks missti atvinnuna. Hér er því um mikla almannahagsmuni að tefla og því nauðsynlegt að bregðast við til að koma í veg fyrir þann mikla efnahagsskaða sem stöðvun fiskiskipaflotans um lengri tíma myndi valda.

Með frumvarpi þessu er lagt til að efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara verði lögfest. Gildandi kjarasamningar, með þeim breytingum sem af miðlunartillögunni mun leiða, yrðu framlengdir til 15. febrúar 2000. Jafnframt er lagt til að sett verði í lög tvö efnisákvæði er ekki var að finna í miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Annað atriðið snýr að kauptryggingartímabili fiskimanna sem stunda veiðar á fjarlægum miðum. Hitt atriðið snýr að hlutaskiptum þegar fækkað er í áhöfn. Þá eru samhliða þessu frumvarpi lögð fram frumvörpin þrjú sem samin voru af nefnd þeirri sem sjávarútvegsráðherra skipaði 11. febrúar sl. enda var lögbinding þeirra frumvarpa forsendan fyrir miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Er hér um að ræða frumvarp til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs, Kvótaþing og breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er miðar við að veiðiskylda fiskiskipa verði aukin frá því sem nú er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 16. mars sl. skuli að meginstefnu til gilda um kjör fiskimanna. Efnisákvæði þau sem vísað er til eru birt á fylgiskjölum I–IV með lögunum. Í 1. gr. efnisákvæða miðlunartillagnanna er upphaf gildistímans miðað við samþykkt þeirra en í þessari grein er þess í stað sérákvæði um að miðað skuli við gildistöku laganna. Texti miðlunartillagnanna á fylgiskjölum II–IV miðast við greinaröð tiltekinna kjarasamninga. Er í upphafi hvers fylgiskjals getið um þann samning sem lagður er til grundvallar. Þannig eru tilvísanir í fylgiskjali II miðaðar við kjarasamning FFSÍ en breytingarnar eiga einnig við samsvarandi greinar í kjarasamningi Bylgjunnar. Á fylgi-

skjali III er miðað við kjarasamning Vélstjórafélags Íslands en breytingarnar eiga einnig sér samsvarandi greinar í síðast gildandi kjarasamningi Vélstjórafélags Ísafjarðar. Loks er á fylgiskjali IV miðað við kjarasamning Sjómannasambands Íslands en breytingarnar eiga við samsvarandi greinar kjarasamnings ASV og aðildarfélaga þess. Með miðlunartillögunum eru síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir með tilteknum breytingum. Hér er lagt til að sú skipan kjaramála sem miðlunartillögurnar gerðu ráð fyrir verði lögfest með tveimur frávikum, sbr. 2.gr.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi kjarasamningum getur fækkun í áhöfn fiskiskipa valdið hækkun á heildarlaunakostnaði útgerðar við veiðarnar. Þessu veldur ákvæði í almennum hluta kjarasamninga aðila um að aldrei skuli skipta í fleiri staði en menn eru í veiðiferð. Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er regla þessi afnumin og kveðið á um að fækkun manna um borð leiði ekki til sérstaks kostnaðarauka útgerðar. Fækkun í áhöfn kemur þeim sem eftir eru til góða með þeim hætti að hlutir þeirra sem á vantar skiptast milli þeirra í hlutfalli við skiptahlut.

Í 2. mgr. er kveðið á um að veiðiferðir á fjarlægum miðum, svo sem á Flæmingjagrunni eða í Barentshafi, skuli teljast sérstakt kauptryggingartímabil. Ákvæði þetta tekur eingöngu til uppgjörstímabils launa en hefur ekki áhrif á önnur atriði.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um friðarskyldu milli deiluaðila frá því að frumvarpið fær lagagildi. Vinnustöðvanir deiluaðila sem og verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið gerir ráð fyrir, eru samkvæmt því óheimilar. Gildir í því sambandi einu hvort aðgerðir hafa hafist áður en frumvarpið fær lagagildi eður ei eða hvort þeir sem grípa til aðgerðanna eru aðilar að yfirstandandi kjaradeilu eða ekki. Aðilum er heimilt að semja um aðra skipan kjaramála, en þeim er óheimilt að beita framangreindum úrræðum til að knýja fram þá skipan.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara

til lausnar kjaradeilu
Sjómannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna
vegna aðildarfélaga þess lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við
kjarasamning Sjómannasambands Íslands.)

1. gr.

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

1.03 Um hækkun kaupliða.

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði kr. 3.228.503 pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 122. gr. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

Breyting á grein 1.23.

Sóttdauðabætur hækki úr kr. 1.298.184 í kr. 1.724.663.

6. gr.

Nýtt ákvæði í kafla 5.2. um frystitogara.

Grein 5.29 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6 1/2 klst. af útvistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur, skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð, þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

7. gr.

Breyting á grein 9.23.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

8. gr.

Nýtt ákvæði um endurmenntun.

Skipverjum skal, í samráði við útgerðina, gefinn kostur á að sækja námskeið Slysavarnaskólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

Þann tíma sem skipverji sækir námskeið skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en uppihald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

9. gr.

Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skulu ávallt tveir undirmenn sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

Fylgiskjal II.

Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara

til lausnar kjaradeilu
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna aðildarfélaga þess svo og kjaradeilu
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar, Ísafirði
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Vestfjarða
lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning FFSÍ.)

1. gr.

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

1.08 Um hækkun kaupliða.

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði kr. 3.228.503 pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný gr. sem verður 3. mgr. 1.35. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

Breyting á grein 1.37.

Sóttdauðabætur hækki úr kr. 1.298.184 í kr. 1.724.663.

6. gr.

Grein 1.49 um endurmenntun orðist svo:

Yfirmönnum skal í samráði við útgerðina gefinn kostur á að sækja endurmenntunarnámskeið með það að markmiði að auka hæfni þeirra í starfi sínu hjá útgerðinni, sbr. meðfylgjandi lista yfir viðurkennd námskeið.

Til viðbótar námskeiðum samkvæmt tilgreindum lista geta önnur námskeið staðið yfirmönnum til boða samkvæmt nánara samkomulagi milli útgerðar og yfirmanna.

Þann tíma sem yfirmaður sækir námskeið samkvæmt framangreindu skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en uppihald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

Listi yfir viðurkennd endurmenntunarnámskeið.

1. Siglingatæki. Notkun og greining á einföldum bilunum. Fiskleitar- og mælitæki, ratsjá, GPS, gírókompás og sjálfstýringar.
2. Siglingasamlíkir ARPA (tölvuratsjá) og plott.
3. Stöðugleiki og skipagerð (Flutningar og fiskiskip).
4. Fjarskipti. Nýja öryggisfjarskiptakerfið GMDSS (Global Maritime Distress Safety System).
5. Siglingatæki (ratsjár, Loran, GPS) ferilritar (plotter) dýptarmælar.
6. Sjúkrahjálp fyrir sjómenn. Lyfjakistan (nýjar reglur), viðvera á slysadeild, bráðafrágangur slasaðra og flutningar, kynning á þyrludeild LHG og þyrlusveit lækna.
7. Ýmis námskeið Slysavarnarskólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

7. gr.

Nýtt ákvæði í kafla 5.2. um frystitogara.

Grein 5.26 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6 1/2 klst. af útvistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur, skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð, þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

8. gr.

Breyting á grein 9.19.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

9. gr.

Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skal einn úr hópi skipstjórnarmanna ávallt sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

Fylgiskjal III.

Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara

til lausnar kjaradeilu
Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja, Vélstjórafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Ísafjarðar
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Vestfjarða, Útvegsmannafélags Norðurlands, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja og Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar

lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning Vélstjórafélags Íslands.)

1. gr.

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

1.08 Um hækkun kaupliða.

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b lið 1 tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði kr. 3.228.503 pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.35. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

Breyting á grein 1.37.

Sóttdauðabætur hækki úr kr. 1.298.184 í kr. 1.724.663.

6. gr.

1.49 Endurmenntun.

Greinin orðist svo:

Vélstjórum/vélavörðum skal gefinn kostur á að sækja a.m.k. eitt námskeið annað hvert ár með það að markmiði að auka hæfni þeirra í starfi hjá útgerðinni. Um er að ræða námskeið sem endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum hefur fjallað um og samþykkt.

Þegar vélstjóri/vélavörður sækir námskeið skv. 1. mgr. skal það gert í samráði við útgerðarmann sem greiðir námskeiðsgjald og kauptryggingu fyrir þann tíma sem námskeiðið stendur. Uppihald og ferðakostnað greiðir útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum.

Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum verði skipuð tveimur fulltrúum VSFÍ og tveimur fulltrúum LÍÚ. Starfsmenn samtakanna starfa með nefndinni og undirbúa tillögur til nefndarinnar um fræðslumál og leggja fyrir hana kostnaðaráætlun fyrir einstök námskeið. Starfsmennirnir sjái um daglegan rekstur, framkvæmd námskeiða og annað það sem nefndin felur þeim.

Hlutverk nefndarinnar er að taka ákvörðun um hvaða námskeið skuli boðið upp á, hvar og hvenær þau eru haldin. Þá skal nefndin skilgreina námskeiðskostnað og ákveða námskeiðsgjald. Almennt skal gera ráð fyrir að sérhvert námskeið standi undir sér kostnaðarlega. Nefndin móti reglur um framkvæmd námskeiða og er henni heimilt að leggja álag á námskeiðsgjald sem renni í varasjóð.

Varasjóður endurmenntunarnefndar.

Stofna skal varasjóð sem verði í umsjá nefndarinnar. Stofnfé sjóðsins verði kr. 500.000, sem LÍÚ og VSFÍ leggi til að jöfnu. Í sjóðinn renni hagnaður af námskeiðum og hann greiði tap af samþykktum námskeiðum. Nefndinni er heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til námsgagnagerðar og tækjakaupa. Verði samstarfi slitið og sjóðurinn lagður niður skal ráðstafa eigum hans til tækjakaupa vegna vélstjórnarmenntunar, sé einhugur um það í nefndinni. Ella skiptast eigur hans jafnt á milli LÍÚ og VSFÍ.

Kostnaðaráætlun námskeiða.

Fyrir hvert námskeið verði gerð kostnaðaráætlun sem verði lögð fyrir endurmenntunarnefnd til samþykktar. Í kostnaðaráætlun komi fram sundurliðun á eftirgreindum þáttum:

1. Kostnaður við námsgagnagerð að frádregnum framlögum og styrkjum úr starfsmenntasjóði og frá öðrum aðilum.
2. Kennsla og ferðakostnaður.
3. Húsnæði, kaffi og tækjaleiga.
4. Kynning og auglýsingar.
5. Umsjónarkostnaður.
6. Tillag í varasjóð.

7. gr.

Nýtt ákvæði í kafla 5.2. um frystitogara.

Grein 5.26 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6 1/2 klst. af útvistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur, skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð, þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

8. gr.

Breyting á grein 9.19.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

9. gr.

Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skal einn úr hópi vélstjóra ávallt sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

10. gr.

Nýtt ákvæði: Úrskurðarnefnd.

1. Komið skal á fót úrskurðarnefnd er hefur það hlutverk, að skera úr um, hvort koma skuli til sérstakra greiðslna til handa vélstjórum á fiskiskipum vegna breytts verksviðs þeirra og þátttöku í tæknivæðingu fiskiskipa.

2. Nefndin skal skipuð 3 mönnum og tilnefnir hvor aðili sinn mann en sjávarútvegsráðherra oddamann sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar og getur ráðherra sett nefndinni tímamörk.
3. Nefndin skal gefa báðum aðilum kost á að skila greinargerðum um málið og kynna það fyrir nefndinni. Hún skal einnig kanna sjálfstætt þær forsendur sem aðilar leggja til grundvallar málflutningi sínum svo og hvort og hvernig þær eigi við hinar einstöku tegundir fiskiskipa.
4. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að verksvið vélstjóra hafi breyst og álag í störfum aukist án þess að þeir hafi sérstaklega notið þess í launum, skal hún úrskurða hvort þeim beri sérstakar greiðslur og ef svo er hversu miklar þær skulu vera og frá hvaða tíma þær eiga að koma til greiðslu.
5. Úrskurður nefndarinnar er hluti af kjarasamningi aðila og tekur gildi frá úrskurðardegi.

11. gr.

Í kjarasamning vélstjóra á fiskiskipum komi nýr kafli sem kveði á um heimildir til að semja í fyrirtækjum um aðlögun ákvæða samningsins að þörfum og hagsmunum útgerðar og vélstjóra. Eftirgreind ákvæði mynda því ramma um formbundið samstarf vélstjóra útgerðar og verði sérstakur kafli, næstur á eftir ákvæðum um orlof. Númer annarra greina breytist í samræmi við það:

Fyrirtækjaþáttur kjarasamnings vélstjóra.

1.0 Markmið.

Markmið fyrirtækjaþáttar kjarasamnings er að efla samstarf vélstjóra og stjórnenda útgerðar með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum vélstjóra með aukinni framleiðni.

Markmiðið er að þróa kjarasamninginn þannig að hann nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings. Við það skal ávallt miðað að skilgreindur ávinningur skiptist milli vélstjóra og útgerðar eftir skýrum forsendum.

2.0 Viðræðuheimild.

Að jafnaði taki fyrirtækjaþáttur til allra starfsmanna útgerðarinnar sem kjarasamningurinn tekur til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga á einstökum skipum, sé um það samkomulag.

Viðræður um fyrirtækjaþátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hverra samningnum sé ætlað að ná.

Þegar viðræður hafa verið ákveðnar ber að tilkynna það VSFÍ og samtökum vinnuveitenda, VSÍ eða LÍÚ. Rétt er báðum aðilum, starfsmönnum og forsvarsmönnum útgerðar, að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum og óska eftir ráðgjöf við gerð fyrirtækjaþáttar, en í þeim tilgangi skal stofnuð sérstök ráðgjafanefnd, skipuð fjórum mönnum, tveimur tilnefndum af LÍÚ og tveimur tilnefndum af VSFÍ sem hefur einnig það markmið að flýta gerð fyrirtækjaþáttar einstakra útgerða. Báðir aðilar, starfsmenn og forsvarsmenn útgerðar, geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til ráðuneytis við samningsgerð. Náist ekki samkomulag innan þriggja mánaða frá því viðræður um fyrirtækjaþátt hófust getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

3.0 Fulltrúar vélstjóra – forsvar í viðræðum.

Vélstjórar á hverju skipi geta valið fulltrúa úr sínum hópi eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarsmenn útgerðar skipsins.

Fulltrúum í samninganefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Ennfremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og óheimilt að láta þá gjalda starfa sinna í samninganefnd.

4.0 Upplýsingamiðlun.

Áður en gengið er til gerðar fyrirtækjasamnings skulu stjórnendur upplýsa fulltrúa vélstjóra í samninganefnd um afkomu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu útgerðarinnar.

Á gildistíma fyrirtækjasamnings skulu fulltrúar vélstjóra upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

5.0 Heimil frávik.

Heimilt er með samkomulagi milli vélstjóra og útgerðarinnar að aðlaga ákvæði samningsins þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald vélstjóra.

6.0 Endurgjald vélstjóra.

Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum útgerðar eða önnur frávik frá vinnuskipulagi, sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlutdeild vélstjóra í þeim ávinningi sem útgerðin hefur af breytingum.

Hlutur vélstjóra getur komið fram í verktengdri greiðslu, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfisálagi, prósentuálagi á laun eða fastri krónutölu á tímakaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningnum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur útgerðar felst svo og endurgjald til vélstjóra. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður við uppsögn skv. 7. gr. þessa kafla.

7.0 Gildistaka, gildissvið og gildistími.

Samkomulag um fyrirtækjaþátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi samninganefnd vélstjóra stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meirihluta greiddra atkvæða hlutaðeigandi vélstjóra. Heimilt er samninganefnd vélstjóra að óska eftir því að Vélstjórafélagið gangi úr skugga um að umsamin frávik og endurgjald fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.

Heimilt er að láta fyrirtækjasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá efni hans í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt fyrirtækjasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður, umsamdar breytingar og hlutdeild vélstjóra í ávinningi. Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meirihluta hlutaðeigandi vélstjóra í samskonar atkvæðageiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins. Segi útgerð upp fyrirtækjakþætti samnings skulu launahækkanir honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka, sem leiðir af upptöku samningsákvæða.

7.1 Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör.

Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af fyrirtækjasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi vélstjóra hafi þeir ekki mótmælt formlega gerð samningsins við stjórnendur útgerðar og samninganefnd vélstjóra áður en til atkvæðagreiðslu kom.

Ákvæði fyrirtækjasamnings gilda jafnt um þá vélstjóra sem við störf eru þegar samningur er samþykktur skv. ákvæðum þessa kafla sem og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

8. Meðferð ágreinings.

Komi upp ágreiningur innan fyrirtækis um skilning eða framkvæmd fyrirtækjasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er vélstjórum heimilt að leita aðstoðar Vélstjórafélagsins eða fela því málið til úrlausnar.

Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar skv. lokaml. 7. gr. getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila. 65% kostnaðar greiðist af fyrirtæki og 35% af starfsmönnum.

Fylgiskjal IV.

Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara

til lausnar kjaradeilu

Alþýðusambands Vestfjarða vegna
Sjómannafélags Ísfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur,
Verkalýðsfélags Patreksfjarðar, Verkalýðsfélagsins Skjaldar,
Verkalýðsfélags Hólmavíkur, Verkalýðsfélagsins Súganda,
Verkalýðsfélagsins Varnar, Verkalýðsfélagsins Brynju,
Verkalýðsfélags Tálknafjarðar og Verkalýðsfélags
Kaldrananeshrepps vegna sjómanna
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Vestfjarða

lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við
kjarasamning Sjómannasambands Íslands.)

1. gr.

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

1.03 Um hækkun kaupliða.

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði kr. 3.228.503 pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.22. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

Breyting á grein 1.23.

Sóttdauðabætur hækki úr kr. 1.298.184 í kr. 1.724.663.

6. gr.

Breyting á grein 9.23.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

7. gr.

Nýtt ákvæði í kafla 5.2. um frystitogara.

Grein 5.29 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6 1/2 klst. af útvistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur, skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð, þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

8. gr.

Nýtt ákvæði um endurmenntun.

Skipverjum skal í samráði við útgerðina gefinn kostur á að sækja námskeið Slysavarnaskólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

Þann tíma sem skipverji sækir námskeið skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en uppihald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

9. gr.

Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skulu ávallt tveir undirmenn sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um kjaramál fiskimanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bundinn verði endir á kjaradeilur á fiskiskipaflotanum í samræmi við miðlunartillögur ríkissáttasemjara frá 16. mars 1998. Þær tillögur hafa að geyma ákvæði um dánarbætur, örorkubætur og sóttdauðabætur (3.–5. gr. í fylgiskjölum I–IV) og er litið svo á að þær séu að öllu leyti á kostnað útgerða og komi ekki almannatryggingum við. Í 10. gr. í fylgiskjali III er fjallað um að komið verði á úrskurðarnefnd um sérstakar greiðslur til vélstjóra vegna breytts verksviðs þeirra. Sú nefnd getur komið til með að kosta ríkissjóð um 500 þús. kr. á ári á gildistíma laganna þótt ekki sé beinlínis tekið fram í frumvarpinu að hún skuli starfa á kostnað ríkissjóðs.

Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi annan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1024. Frumvarp til laga [604. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að færa aflamark milli skipa. Ráðherra getur með reglugerð bundið flutning aflamarks af einstökum tegundum því skilyrði að það skip, sem fært er til, hafi aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er.

Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótaþingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótaþingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks skv. 2. mgr. og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofan hefur staðfest flutninginn.

Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en um getur í 2. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Fer um hann samkvæmt lögum um Kvótaþing.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi fiskveiðiárs. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Falli veiðileyfi skips niður samkvæmt þessari málsgrein er óheimilt að veita því leyfi til veiða í atvinnuskyni næstu þrjú fiskveiðiár.

Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum 12. gr. fiskveiðistjórnunarlaga um framsal aflamarks til samræmis við tillögur í frumvarpi til laga um Kvótaþing.

Jafnframt er lagt til að veiðiskylda verði aukin þannig að skip þurfi að veiða 50% af samanlögðu aflamarki sínu á hverju fiskveiðiári en missi ella leyfi til veiða í atvinnuskyni og aflahlutdeild, en samkvæmt gildandi lögum þurfa skip að veiða 50% aflamarks annað hvert fiskveiðiár.

Tilgangur þessarar breytingar er að stuðla að því að aflahlutdeild verði eingöngu á skipum sem stunda reglubundnar fiskveiðar. Mun breytingin stuðla að því að aflahlutdeild verði færð til þeirra skipa sem veiðarnar stunda og því draga úr umfangi óeðlilegra aflamarksflutninga, en tengsl þeirra við fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna hafa verið í brennidepli í kjaradeilum sjómanna og útvegsmanna á undanförnum árum. Mikilvægt er að þessi aukna veiðiskylda dragi ekki úr sveigjanleika fiskveiðistjórnarkerfisins og möguleikum einstakra útgerða til hagræðingar.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er almennt skilyrði fyrir flutningi aflamarks að það skip sem flutt er til hafi aflahlutdeild af þeirri tegund sem flutt er. Fiskistofa hefur heimild til að víkja frá þessu skilyrði og eru frávikin í reynd svo mörg að reglan er aðeins virk varðandi tiltölulega fáar tegundir, t.d. humar og innfjarðarrækju. Er lagt til að hið almenna skilyrði verði í ljósi

þessarar framkvæmdar fellt niður en ráðherra þess í stað heimilt að ákveða með reglugerð að það gildi um tilteknar tegundir.

Lagt er til að meginreglan verði að viðskipti á Kvótaþingi séu forsenda flutnings aflamarks milli skipa. Efnisákvæði þar um eru í frumvarpi til laga um Kvótaþing. Í 2. mgr. er kveðið á um að flutningur aflamarks milli skipa í eigu sömu útgerðar, jöfn skipti á aflamarki og millifærsla af þeim tegundum sem mjög lítið er flutt af geti eftir sem áður farið fram utan Kvótaþings. Öðlast flutningur þessi ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila eiga sér ekki stað viðskipti og því er ekki ástæða til að láta þann flutning fara um Kvótaþing. Hugtakið „sami aðili" ber að skýra þröngt. Það tekur aðeins til sama einstaklings eða sömu lögpersónu. Móður- og dótturfyrirtæki teljast ekki sami aðili. Þá þurfa skip að vera í „eigu" sama aðila. Það táknar að hann verður að hafa beinan eignarrétt bæði að því skipi sem flutt er frá og því sem flutt er til og dugar ekki að hann hafi skip á leigu eða kaupleigu í þessu sambandi.

Ekki sýnist þörf á að skylda aðila til að láta jöfn skipti fara fram á Kvótaþingi til að ná því markmiði að rjúfa tengsl viðskipta með aflamark og viðskipta með afla að því tilskyldu að skiptin séu raunverulega á jafnverðmætum aflaheimildum. Er því kveðið á um að miða skuli verðmætahlutföll við meðaltalsviðskiptaverð í síðastliðinni viku. Hafi ekki átt sér stað viðskipti í þeirri viku yrði að líta til verðs í síðustu viku sem viðskipti áttu sér stað.

Loks sýnist ljóst að viðskipti með aflamark af ákveðnum tegundum eru svo lítil að óraunhæft virðist að gera viðskipti á Kvótaþingi að skyldu. Hér má fyrst og fremst nefna viðskipti með aflaheimildir af einstökum stofnum innfjarðarrækju. Er lagt til að ráðherra geti að fengnum tillögum stjórnar Kvótaþings með reglugerð undanþegið slíkar tegundir viðskiptaskyldu á Kvótaþingi.

Samkvæmt núgildandi lögum er gerður munur á flutningi aflamarks milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð og öðrum flutningi og er krafist umsagnar sveitarstjórnar og sjómannafélags í viðkomandi verstöð í síðarnefnda tilvikinu. Á Kvótaþingi vita kaupendur og seljendur ekki hvor af öðrum og því er ekki hægt að setja skilyrði fyrir flutningi aflamarks eftir því hver kaupandinn er. Því er lagt til að þetta ákvæði verði fellt niður. Það hefur í reynd haft lítil áhrif á viðskipti með aflamark.

Í 5. mgr. 2. gr. er lagt til að leyfi skips til veiða í atvinnuskyni og aflahlutdeild þess falli niður ef það veiðir ekki a.m.k. 50% af samanlögðu aflamarki sínu á hverju fiskveiðiári. Samkvæmt núgildandi ákvæði þarf að veiða a.m.k. 50% aflamarks annað hvert ár. Að öðru leyti eru skilyrði þessarar málsgreinar óbreytt frá gildandi lögum. Þó er lagt til að óheimilt verði að veita skipi sem ekki veiðir 50% af aflamarki sínu eitthvert fiskveiðiár veiðileyfi á næstu þremur fiskveiðiárum þótt skilyrðum sé að öðru leyti fullnægt, m.a. varðandi úreldingu í þess stað. Er þetta gert til að koma í veg fyrir að unnt sé að komast hjá ákvæðinu með því að flytja veiðileyfi af skipi í lok fiskveiðiárs og síðan til baka í upphafi þess næsta.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðum um framsal aflamarks verði breytt til samræmis við tillögur í frumvarpi til laga um Kvótaþing sem flutt er samhliða frumvarpi þessu.

Fiskistofa annast nú skráningu á færslu kvóta milli skipa, og mun frumvarpið, ef það verður samþykkt, breyta reglum þar um. Ekki verður þó séð að sú breyting hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1025. Frumvarp til laga [605. mál]

um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Verðlagsstofa skiptaverðs.

1. gr.

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstöðumann Verðlagsstofu skiptaverðs til fimm ára í senn. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Sjávarútvegsráðherra getur samið við aðrar ríkisstofnanir um að annast rekstur skrifstofu Verðlagsstofu skiptaverðs eftir því sem hagkvæmt þykir.

3. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulegum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðuð yfirlit um fiskverð miðað við einstök landsvæði, tiltekna viðskiptahætti og stærðar- og gæðaflokka. Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum og sjómönnum sem best. Þá skal stofan afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

4. gr.

Til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr. ber Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr upplýsingum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllum upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð. Þá er útgerð skips skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar.

5. gr.

Við athugun einstakra mála getur Verðlagsstofa skiptaverðs krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem Verðlagsstofa setur. Þá getur stofan krafið framangreinda aðila um að afhenda gögn til athugunar innan hæfilegs frests.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum óháð þagnarskyldu þeirra.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur einnig lagt skyldur á þá aðila sem um ræðir í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði er máli skipta við framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal m.a. með úrtakskönnun fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafnar sé lagt til grundvallar raunverulegt söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum á hverjum tíma. Telji Verðlagsstofa misræmi milli gagna um söluverðmæti afla og þess verðs sem uppgjör við áhöfn hefur miðast við og framkomnar skýringar ekki fullnægjandi skal hún tilkynna það álit útgerð og áhöfn viðkomandi skips. Skal álit Verðlagsstofu rökstutt og skulu því fylgja nauðsynleg gögn.

7. gr.

Víki fiskverð við uppgjör á aflahlut áhafnar í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða skal Verðlagsstofa skiptaverðs taka málið til sérstakrar athugunar. Skal stofan afla allra gagna um ráðstöfun afla viðkomandi skips og verðlagningu hans, upplýsinga um samninga útgerðar og áhafnar skips um fiskverð, umsagna útgerðar og áhafnar um málið og annarra gagna er máli skipta.

Telji Verðlagsstofa ekki framkomnar fullnægjandi skýringar skal hún skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna skv. II. kafla laga þessara með kröfu um að úrskurðarnefnd ákveði fiskverð er nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar þess skips er í hlut á. Skulu fylgja kæru öll gögn sem aflað hefur verið um uppgjör á aflahlut áhafnar skips skv. 1. mgr. svo og nauðsynlegar upplýsingar um verðlagningu sambærilegs afla í hliðstæðum viðskiptum.

II. KAFLI
Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

8. gr.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Í nefndinni eiga sæti sjö menn, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn af Sjómannasambandi Íslands, einn af Vélstjórafélagi Íslands, þrír af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og formaður sem sjávarútvegsráðherra skipar að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal annast upplýsingaöflun og skrifstofuhald fyrir úrskurðarnefnd.

9. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur skotið málum til úrskurðarnefndar, sbr. 7. gr.

Takist ekki samningar milli útgerðar og áhafnar fiskiskips um fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut þegar afli skipsins er afhentur eða seldur aðila sem telst skyldur útgerðinni geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu úrskurðarnefndar skv. 8. gr. hver um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, í samræmi við ákvæði kjarasamninga aðila þar að lútandi.

Á sama hátt geta heildarsamtök sjómanna skotið til nefndarinnar ákvörðun fiskverðs í viðskiptum útgerðar við aðila sem ekki telst skyldur útgerðinni ef samningar um slíkt verð hafa ekki tekist innan fimm daga frá því að áhöfn skips óskaði slíkra samninga.

Útgerð og viðskiptaaðili hennar teljast skyld í þessu sambandi ef þau eru í eigu eða rekstri sama aðila eða ef sami aðili á meiri hluta beggja fyrirtækjanna, svo sem meiri hluta stofnfjár eða hlutafjár eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar í þeim báðum eða hefur með öðrum hætti raunveruleg yfirráð þeirra beggja. Sama á við ef annað fyrirtækið hefur raunveruleg yfirráð yfir hinu með eignaraðild, atkvæðisrétti eða með öðrum hætti.

10. gr.

Úrskurðarnefnd skal ákvarða fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna í þeim tilvikum sem til hennar er skotið skv. 9. gr. Gildir ákvörðunin eingöngu um fiskverð gagnvart áhöfn þess skips sem málskotið varðar en ekki gagnvart áhöfnum annarra skipa sömu útgerðar. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í málum sem skotið er til hennar af Verðlagsstofu skiptaverðs gildir um verð í öllum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar, sbr. þó 3. mgr. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr., gildir um verð í öllum slíkum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar.

Ákvörðun nefndarinnar nær til verðs fyrir afla sem landað er eftir að málinu var skotið til hennar ef ákvörðun varðar viðskipti milli skyldra aðila, sbr. 2. mgr. 9. gr., en til verðs fyrir afla sem landað er eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum ef hún varðar kæru frá Verðlagsstofu skiptaverðs, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða viðskipti milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr. Nefndin ákveður sjálf hversu lengi ákvörðun hennar skuli gilda. Þó skal hún aldrei gilda lengur en í þrjá mánuði.

Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð gildir ekki þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmörkuðum.

11. gr.

Úrskurðarnefnd skal við ákvörðun sína taka mið af upplýsingum sem Verðlagsstofa fiskverðs hefur safnað.

Nefndin skal við ákvörðun sína taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla. Skal í því sambandi tekið mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Þá skal nefndin taka tillit til líklegrar þróunar afurðaverðs. Varði ákvörðun nefndarinnar fiskverð í skiptum óskyldra aðila skal og taka tillit til heildarráðstöfunar á afla skips.

12. gr.

Úrskurðarnefnd skal fela Verðlagsstofu skiptaverðs að leita upplýsinga hjá útgerð og áhöfn og þeim aðilum er um ræðir í 4. og 5. gr. um öll þau atriði sem máli kunna að skipta varðandi úrlausn í tilteknu máli.

13. gr.

Þegar eftir að máli er skotið til úrskurðar skulu þeir nefndarmenn, sem tilnefndir eru af heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna, taka málið til umfjöllunar. Nái þeir ekki samkomulagi um ákvörðun fiskverðs innan 14 daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra aðila en innan sjö daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra skal málið tekið fyrir í fullskipaðri nefnd og skal hún kveða upp úrskurð innan sjö daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra en innan fjögurra daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra.

Samkomulagi nefndarinnar um fiskverð skulu fylgja forsendur þess en úrskurður fullskipaðrar nefnar skal vera rökstuddur.

14. gr.

Þegar úrskurður er kveðinn upp ræður afl atkvæða úrslitum í úrskurðarnefnd. Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls og málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Ákvörðun úrskurðarnefndar um fiskverð hvort sem hún byggist á samkomulagi eða úrskurði er bindandi gagnvart útgerð og allri áhöfn skips á gildistíma hennar og er óheimilt að semja um annað fiskverð við einstaklinga í áhöfn. Skal ákvörðun nefndarinnar lögð til grundvallar fyrir dómi, nema svo sé ástatt sem um er rætt í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Hafi skip landað afla hjá aðila er telst skyldur útgerð eftir að máli var skotið til nefndarinnar en áður en úrskurður er upp kveðinn getur nefndin úrskurðað um aflahlut áhafnar vegna þess afla. Er sá úrskurður aðfararhæfur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989.

16. gr.

Stöðvi útgerð rekstur skips eða breyti útgerðarháttum þess í verulegum atriðum á gildistíma úrskurðar skal það tilkynnt áhöfn skriflega með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Er útgerð skylt að greiða áhöfn bætur fyrir skertan aflahlut fyrir þann tíma sem eftir lifir af gildistíma úrskurðar. Skulu þær nema áætluðum aflahlut einstakra skipverja miðað við óbreytta útgerðarhætti að frádregnum greiðslum sem í stað aflahlutar kunna að hafa komið.

Við áætlun aflahluta skv. 1. mgr. skal taka mið af fyrri veiðum skips og afla hliðstæðra skipa sem stunda sambærilegar veiðar á þeim tíma er bæturnar varða.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef óviðráðanlegar ástæður valda því að útgerð stöðvar rekstur skips eða breytir útgerðarháttum þess.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Starfsmönnum Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í störfum sínum.

18. gr.

Kostnaður af Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu heildarsamtök útvegsmanna og sjómanna hver um sig bera kostnað af þeim fulltrúum sem hlutaðeigandi samtök hafa tilnefnt til setu í úrskurðarnefndinni.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 84 20. júní 1995, um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna í júní 1995, er bundu enda á erfiðar kjaradeilur, var m.a. kveðið á um að útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín á milli samninga um fiskverð þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e. í viðskiptum skyldra aðila. Í samningunum eru jafnframt ákvæði um að sé afli seldur milli óskyldra aðila geti áhöfn krafist að gerður verði samningur um uppgjörsverð fyrir þann afla. Í kjarasamningunum eru loks ákvæði um að sett skuli á fót sérstök úrskurðarnefnd sem fjalla skuli um þau tilvik þegar ekki næst samkomulag um fiskverð milli áhafnar og útgerðar.

Að sameiginlegri beiðni samtaka sjómanna og útvegsmanna flutti sjávarútvegsráðherra frumvarp um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna vorið 1995 og var það samþykkt með smávægilegum breytingum sem lög nr. 84 20. júní 1995. Samkvæmt þeim skal úrskurðarnefndin í ákvörðunum sínum taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla miðað við verð í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Nefndinni var komið á fót þegar eftir að lögin öðluðust gildi og hefur hún starfað síðan. Allmörgum málum hefur verið skotið til nefndarinnar og hefur þeim ýmist lokið með samkomulagi fulltrúa hagsmunaaðila í nefndinni eða úrskurði fullskipaðrar nefndar en sjávarútvegsráðherra tilnefnir oddamann.

Nokkuð skiptar skoðanir eru um ágæti þessa fyrirkomulags og hvort úrskurðarnefndin hafi gegnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Telja sjómenn og samtök þeirra að ekki hafi tekist til sem skyldi með störf nefndarinnar og að tilraun síðustu kjarasamninga til að leysa fiskverðsákvarðanir með samningum áhafna einstakra skipa og útgerðar hafi mistekist. Af þessum sökum hafa tilraunir verið gerðar í yfirstandandi kjaradeilu til að leysa fiskverðsákvarðanir með almennari hætti. Ekki er talið fært að leiða í lög almenn ákvæði um opinbera ákvörðun fiskverðs. Athyglin hefur því beinst að því hvort treysta megi grundvöll áhafnabundinna fiskverðssamninga þannig að komist verði hjá því að sjómenn þurfi að þola óeðlileg frávik frá því fiskverði sem venjulegt er vegna þess að fiskvinnsla er í eigu sömu aðila og útgerð eða af öðrum ástæðum.

Óánægja með núverandi úrskurðarnefnd hefur ekki beinst að einstökum úrskurðum hennar þótt það leiði af eðli máls að þeir hljóti jafnan að vera umdeilanlegir. Óánægjan hefur fyrst og fremst beinst að því að fáum málum er skotið til nefndarinnar. Kenna forustumenn sjómanna því um að aðstaða áhafna sé oft örðug og návígið valdi því að skipverjar leggi ekki í að efna til ágreinings við útgerðina. Þá hefur verið á það bent að aðstaða áhafna til að afla upplýsinga um verð á fiski í hliðstæðum tilvikum sé örðug. Á þessu má ráða bót með tiltölulega einföldum hætti. Af öðrum sviðum eru fordæmi um að opinberum aðilum er falið að hafa yfirsýn yfir hvort fylgt sé almennt orðuðum leikreglum á viðkomandi sviði og eiga frumkvæði um að afla gagna og leita úrskurðar um réttmæti aðgerða ef út af er brugðið að mati eftirlitsaðilans. Dæmi um slík vinnubrögð eru ákvæði samkeppnislaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ákvæði um Verðlagsstofu skiptaverðs og að ákvæðum núverandi laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna verði breytt til samræmis við það. Er lagt til að sett verði á laggirnar ný stofnun, Verðlagsstofa skiptaverðs, er starfi í nánum tengslum við úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk stofunnar verði að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Stofunni verði skipaður sérstakur forstöðumaður en honum falið að ráða aðra starfsmenn ef ráðherra ákveður ekki að

semja við aðrar ríkisstofnanir um að annast skrifstofuhald fyrir Verðlagsstofu. Á þessu stigi er erfitt að segja til um umfang starfseminnar. Stofunni verði falið að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna úr þeim upplýsingum. Slíkt hlutverk er nú í höndum úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1995, en nefndin hefur ekki haft bolmagn til að sinna því sem skyldi. Útvegsmönnum verði skylt að senda Verðlagsstofunni alla fiskverðssamninga milli áhafna og útvegsmanna og Fiskistofu verði skylt að láta stofunni í té allar nauðsynlegar upplýsingar. Sama á við um Fiskifélag Íslands og aðra aðila sem vinna í umboði Fiskistofu. Þá verði mjög víðtæk upplýsingaskylda gagnvart Verðlagsstofu vegna athugunar einstakra mála.

Nokkurrar tortryggni hefur gætt hjá forustumönnum samtaka sjómanna varðandi það hvort raunverulegt söluverð afla sé í öllum tilvikum lagt til grundvallar hlutaskiptum á þann hátt sem lög og kjarasamningar kveða á um. Verðlagsstofu verði falið að fylgjast með þessu, m.a. með úrtakskönnunum. Með því er unnt að slá á tortryggni án þess að fórna neinu varðandi leynd viðskiptaupplýsinga. Þagnarskyldu Verðlagsstofu er því einungis aflétt að upp komi misræmi og er henni þá gert að greina útgerð og áhöfn frá málavöxtum.

Kjarninn í störfum Verðlagsstofu skiptaverðs verður umfjöllun stofunnar um skiptaverð í einstökum tilvikum. Víki fiskverð við uppgjör á aflahlut sjómanna í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði, að teknu tilliti til stærðar og gæða, verður Verðlagsstofu rétt og skylt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Ekki er í lögum unnt að orða þessa viðmiðunarreglu um lágmarksverð nákvæmlega en auðvitað mun stofan vinna eftir föstum reglum í framkvæmd og þá m.a. byggja á tölfræðilegum frávikum frá meðalverðum.

Athugun stofunnar á tilteknu tilviki getur ýmist verið að frumkvæði hennar sjálfrar eftir athugun á opinberum verðupplýsingum og samningum eða samkvæmt ábendingum. Verðlagsstofa aflar allra opinberra gagna um fiskverð vikomandi skips og samninga útgerðar þess og áhafnar. Hún snýr sér síðan til útgerðar og krefst allra frekari upplýsinga sem hún metur nauðsynlegar og leitar umsagnar útgerðar og áhafnar um málið. Að þessu búnu tekur Verðlagsstofa ákvörðun um hvort máli verði skotið til úrskurðarnefndarinnar. Telji stofan ástæðu til málskots leggur hún málið fullbúið til ákvörðunar ásamt öllum upplýsingum fyrir úrskurðarnefndina. Telji Verðlagsstofa ekki ástæðu til málskots fær úrskurðarnefndin aldrei vitneskju um frumathugunina.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndina fylgir í meginatriðum ákvæðum núgildandi laga. Málið fer fyrst fyrir fulltrúa heildarsamtaka hagsmunaaðila sem hafa skamman tíma til lausnar á því en náist ekki samkomulag fer málið til fullskipaðrar nefndar. Úrskurðarnefndin mun eftir sem áður geta fjallað um mál sem heildarsamtök hagsmunaaðila skjóta til hennar vegna þess að ekki næst samkomulag um fiskverðssamning milli áhafnar og útgerðar. Í þeim tilvikum mun úrskurðarnefndin fela Verðlagsstofu gagnasöfnun. Er ekki lagt til að aðrar breytingar verði gerðar á meðferð þessara mála fyrir nefndinni.

Úrskurðir nefndarinnar verða aðeins framvirkir líkt og nú er (frá því að máli er skotið til nefndarinnar eða frá því að nefndin kemst að niðurstöðu). Komist nefndin að því að lágmarksverðsreglan hafi verið brotin kveður hún upp úrskurð um að um tiltekinn tíma, allt að þremur mánuðum, skuli fylgt verði sem algengast er í hliðstæðum viðskiptum að teknu tilliti til aðstæðna allra. Útgerð tekur með öðrum orðum þá áhættu að vera úrskurðuð til að fylgja því verði sem algengast er í hliðstæðum viðskiptum ef hún fer niður fyrir lágmarksverð í uppgjöri við áhöfn. Ekki er unnt að leggja þá skyldu á útgerðarmenn að stunda útgerð með óbreyttu sniði á gildistíma úrskurðar. Hins vegar er ljóst að útgerðir geta rýrt gildi úrskurðar með því að leggja skipi eða gjörbreyta um útgerðarhætti. Í þeim tilvikum er lagt til að gera útgerð skylt

að greiða áhöfn bætur fyrir það sem eftir lifir af gildistíma úrskurðar ef stöðvun á rekstri skips eða breyting á útgerðarháttum er ekki til komin vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu. Stofunni er ætlað að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Þetta á hún að gera með því að fylgjast með fiskverði við uppgjör á aflahlut sjómanna. Mun stofan eiga frumkvæði að því að skjóta málum til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna ef fiskverð við uppgjör á aflahlut víkur í verulegum atriðum frá því sem algengast er í hliðstæðum viðskiptum. Jafnframt er stofunni ætlað að fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafnar sé lagt til grundvallar raunverulegt söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum á hverjum tíma. Með þessu er ætlunin að styrkja grundvöll áhafnabundinna fiskverðssamninga. Með því að veita hlutlausum aðila málskotsrétt til úrskurðarnefndar er dregið úr því návígi milli áhafnar og útgerðar sem samtök sjómanna hafa talið valda því að sjómenn hafi ekki til þessa nýtt að fullu samningsbundinn rétt sinn. Þá ætti eftirlit óháðs aðila með því að raunverulegt söluverðmæti sé lagt til grundvallar uppgjöri á aflahlut að uppræta þá tortryggni sem gætt hefur af hálfu samtaka sjómanna varðandi þetta atriði.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að forstöðumaður Verðlagsstofu verði skipaður með sama hætti og aðrir forstöðumenn ríkisstofnana, sbr. lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sjávarútvegsráðherra er veitt heimild til þess að semja við aðrar ríkisstofnanir um að annast rekstur skrifstofu Verðlagsstofu ef það þykir hagkvæmt. Nýting þessarar heimildar hefur að sjálfsögðu engin áhrif á heimildir stofunnar til að krefjast upplýsinga, sbr. 4. og 5. gr. Erfitt er að sjá fyrir hversu umfangsmikil starfsemi Verðlagsstofu verður í upphafi.

Um 3. gr.

Þessi grein er efnislega að mestu samhljóða 2. gr. laga nr. 84/1995, um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Á grundvelli þeirrar greinar hefur úrskurðarnefndin gert samning við Fiskifélag Íslands um útgáfu mánaðarlegs rits um verð einstakra tegunda sjávarafla. Að öðru leyti hefur úrskurðarnefndin ekki haft bolmagn til að sinna þessu hlutverki. Með stofnun Verðlagsstofu skiptaverðs ætti að geta orðið veruleg breyting hér á. Ætti stofan í samvinnu við Fiskifélagið, sbr. 4. gr., að geta byggt upp ítarlegan gagnagrunn um fiskverð eftir tegundum, viðskiptaháttum, landsvæðum, stærð og gæðum. Gögn um afurðaverð og þróun þess mun stofan væntanlega fyrst og fremst sækja til Þjóðhagsstofnunar en á hennar vegum fer nú þegar fram söfnun og úrvinnsla slíkra gagna.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þær upplýsingar sem reglulega skulu berast Verðlagsstofu, sbr. einnig 3. mgr. 5. gr. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 36/1992 annast Fiskistofa m.a. söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála. Skv. 4. gr. sömu laga getur Fiskistofa með heimild ráðherra og að höfðu samráði við Hagstofu Íslands falið öðrum tiltekna þætti við söfnun, úrvinnslu og útgáfu þessara upplýsinga. Þessi heimild hefur verið nýtt og hefur Fiskistofa samið við Fiskifélag Íslands um söfnun og úrvinnslu svonefndra ráðstöfunarskýrslna, en það eru skýrslur fiskkaupenda m.a. um verð og magn keypts afla. Er þetta langvíðtækasti grunnur tölulegra upplýsinga um fiskverð sem safnað er hér á landi. Þessar upplýsingar hljóta

að verða uppistaðan í gagnasafni Verðlagsstofu um fiskverð. Er ljóst að Verðlagsstofa þarf að semja við Fiskifélagið um það í hvaða formi þessar upplýsingar verði afhentar og einnig hlýtur að koma til greina að semja við Fiskifélagið um að það taki að sér tiltekna úrvinnslu og greiningu á talnaefninu.

Samkvæmt síðastgildandi kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna skulu útgerðarmaður og áhöfn gera sín á milli samning um fiskverð þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu og áhöfn getur kallað eftir slíkum samningi ef afli er seldur óskyldum aðila. Í greininni er kveðið á um að útgerð skips sé skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla slíka samninga.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um víðtæka upplýsingaskyldu aðila er tengjast veiðum, flutningum, kaupum eða sölu á afla gagnvart Verðlagsstofu sem og upplýsingaskyldu stjórnvalda og lánastofnana. Hliðstæð ákvæði eru víða í lögum varðandi heimildir stofnana sem falið er eftirlit með tilteknum málaflokkum. Sem dæmi um hliðstætt ákvæði má nefna 39. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, varðandi upplýsingaskyldu til samkeppnisstofnunar.

Fyrsta og 2. mgr. greinarinnar fjalla um heimildir Verðlagsstofu til að krefjast upplýsinga í tilefni af rannsóknum einstakra mála. Á grundvelli þessara málsgreina getur stofan ekki krafið þá aðila er hér um ræðir um almenna upplýsingagjöf sem ekki tengist könnun einstakra mála, sbr. á hinn bóginn ákvæði 3. mgr.

Skv. 3. mgr. getur Verðlagsstofa lagt skyldur á þá aðila sem um ræðir í 1. mgr. að upplýsa reglulega um atriði er máli skipta um framkvæmd laga þessara. Ætla verður að þessari heimild muni beitt í hófi og þá fyrst og fremst til að fá fyllri gögn um fiskverð skv. 3.gr., en unnt er að fá á grundvelli þeirra upplýsinga sem um er rætt í 4. gr. Þannig mætti t.d. hugsa sér að Verðlagsstofa legði þá skyldu á fiskmarkaði að senda reglulega upplýsingar um verð einstakra tegunda eftir stærðarflokkum.

Um 6. gr.

Í lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24/1986, með síðari breytingum, og í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna er kveðið á um skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta. Er það jafnan reiknað með einum eða öðrum hætti af því heildarverðmæti sem útgerð fær fyrir aflann. Í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna hefur komið í ljós að nokkurrar tortryggni gætir af hálfu samtaka sjómanna um að við uppgjör á aflahlut sé í öllum tilvikum miðað við raunverulegt söluverðmæti útgerðar svo sem lög og kjarasamningar kveða á um. Hefur uppgjör á aflahlut áhafna vinnsluskipa verið nefnt í þessu sambandi. Þessu hafa útvegsmenn eindregið mótmælt. Benda þeir réttilega á að upplýsingar um söluverð afla séu viðskiptaupplýsingar sem leynt þurfi að fara og því sé ekki eðlilegt að veita almennan aðgang að þeim. Hér er lagt til að Verðlagsstofu skiptaverðs sé falið að kanna, m.a. með úrtakskönnun, að rétt verðmæti afla sé lagt til grundvallar við uppgjör á aflahlut sjómanna. Starfsmenn Verðlagsstofu eru bundnir þagnarskyldu skv. 17. gr. þannig að engin hætta er á að þetta eftirlit leiði til að trúnaðarupplýsingar berist til óviðkomandi aðila. Með þessu eftirliti ætti að vera tryggð sú vissa áhafna að uppgjör byggist jafnan á réttum forsendum og tortryggni því eytt. Telji Verðlagsstofa að misræmi sé milli gagna um söluverðmæti afla og þess verðs sem lagt er til grundvallar hlutaskipta og að ekki séu fram komnar fullnægjandi skýringar, tilkynnir hún útgerð og áhöfn þá niðurstöðu sína. Skal álitið rökstutt og því skulu fylgja nauðsynleg gögn. Þar með er hlutverki Verðlagsstofu lokið. Er það lagt í hendur útgerðar og áhafnar að ljúka málinu, en staða áhafnar til að sækja rétt sinn hlýtur að teljast sterk með álit Verðlagsstofu stutt nauðsynlegum gögnum í höndum.

Um 7. gr.

Samkvæmt síðastgildandi kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna skulu gerðir samningar um fiskverð milli útgerðar og áhafnar hvers skips ef afli er seldur aðila skyldum útgerðinni. Þá getur áhöfn kallað eftir slíkum samningi ef afli er seldur óskyldum aðila. Ef þessir samningar takast ekki má skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna sem úrskurðar þá um fiskverð. Að beiðni samningsaðila voru leidd í lög ákvæði um úrskurðarnefndina vorið 1995. Eins og rakið er í almennum athugasemdum telja samtök sjómanna að úrskurðarnefndin hafi ekki verið eins virk og skyldi. Kenna sjómenn þetta því að áhafnir séu oft í erfiðri stöðu gagnvart útgerð og eigi erfitt um vik með að beita sér ef í odda skerst. Láti áhafnir því oft yfir sig ganga hluti sem ekki séu eðlilegir og sætti sig við fiskverð í tilvikum sem eðlilegt hefði verið að vísa til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Þetta nefna þeir návígisvandann.

Tilgangur þessarar greinar er að taka á þessu með því að heimila óháðum aðila, Verðlagsstofu skiptaverðs, að skjóta málum að eigin frumkvæði til úrskurðarnefndar ef hún telur fiskverð við uppgjör á aflahlut víkja í verulegum atriðum frá því sem algengast er í sambærilegum tilvikum. Aðdragandi að könnun Verðlagsstofu á einstöku máli getur hvort sem er verið ábending utan frá eða vísbendingar um óeðlileg frávik í fiskverði úr gögnum sem safnað er skv. 3. gr. Aðalatriðið er það að áhöfn eða einstakir skipverjar þurfa á engan hátt að vera bendlaðir við málið. Verðlagsstofa skal skv. 1. mgr. taka mál til sérstakrar athugunar ef fiskverð við uppgjör á aflahlut áhafnar víkur í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða. Hér er sett fram almenn viðmiðunarregla um lágmarksfiskverð við uppgjör á aflahlut sjómanna. Það leiðir af eðli máls að ekki er unnt að orða slíka reglu nákvæmlega í lagatexta. Þetta er viðmiðunarregla sem verður að mótast nánar í framkvæmd en að sjálfsögðu mundi Verðlagsstofa vinna eftir föstum reglum og byggja m.a. á tölfræðilegum frávikum frá meðalverðum. Telji Verðlagsstofa að lokinni könnun ekki fram komnar fullnægjandi skýringar skal hún skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna og gera kröfu um að nefndin ákveði fiskverð er nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar hlutaðeigandi skips. Er í greininni kveðið á um gögn er fylgja skuli málskoti til úrskurðarnefndarinnar. Samkvæmt 11. gr. skal úrskurðarnefndin jafnt í þessum málum sem öðrum taka við ákvörðun sína mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla. Skal hún í því sambandi taka mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Þetta felur í sér að ef Verðlagsstofa skýtur máli til úrskurðarnefndar vegna þess að hún telur fiskverð hafa farið niður fyrir lágmarksviðmiðun skal úrskurðarnefnd í úrskurði sínum miða við verð sem algengast er í hliðstæðum viðskiptum.

Um II. kafla.

Ákvæði II. kafla eru nær samhljóða núgildandi ákvæðum laga nr. 84/1995, um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, ef frá eru skilin atriði er leiða af ákvæðum I. kafla um Verðlagsstofu skiptaverðs og ákvæði 16. gr. um bótaskyldu útgerðar gagnvart áhöfn ef rekstur skips er stöðvaður eða honum breytt í verulegum atriðum á gildistíma úrskurðar.

Um 8. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. gr. laga 84/1995. Í 3. mgr. er þó kveðið á um að Verðlagsstofa skiptaverðs afli upplýsinga fyrir úrskurðarnefnd og annist skrifstofuhald fyrir nefndina.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er ítrekað að Verðlagsstofa skiptaverðs geti skotið málum til úrskurðarnefndar, sbr. 7. gr.

2.–4. mgr. eru samhljóða 3. gr. laga nr. 84/1995.

Um 10. gr.

Grein þessi svarar til 4. gr. laga nr. 84/1995.

Gildissvið úrskurða nefndarinnar varðandi mál er Verðlagsstofa skiptaverðs skýtur til hennar nær til fiskverðs í öllum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar öðrum en viðskiptum á opinberum uppboðsmörkuðum. Ákvörðun úrskurðarnefndar í málum sem Verðlagsstofa hefur skotið til nefndarinnar gildir um verð fyrir afla sem landað er eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum. Er það sama reglan og gildir um úrskurði varðandi viðskipti milli óskyldra aðila.

Um 11. gr.

Grein þessi er samhljóða 5. gr. laga nr. 84/1995. Um úrskurði varðandi mál sem Verðlagsstofa skiptaverðs á frumkvæði að vísast til athugasemda við 7. gr.

Um 12. gr.

Grein þessi er hliðstæð 6. gr. laga nr. 84/1995. Eðlilegt þykir að úrskurðarnefnd feli Verðlagsstofu að afla nauðsynlegra upplýsinga.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laga nr. 84/1995 að öðru leyti en því að lagt er til að sömu málsmeðferðarreglur gildi um mál sem skotið er til nefndarinnar af Verðlagsstofu skiptaverðs og gilda um fiskverð í viðskiptum óskyldra.

Um 14. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. laga nr. 84/1995.

Um 15. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. laga nr. 84/1995.

Um 16. gr.

Grein þessi er nýmæli. Á það hefur verið bent að lítið hald sé fyrir áhöfn í ákvörðun úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna um fiskverð þar sem útgerð geti ákveðið að leggja skipi eða breyta um útgerðarhætti ef hún er ósátt við niðurstöðu nefndarinnar. Telja forustumenn sjómanna sig geta bent á dæmi þess. Það hlýtur að vera háð ákvörðun útgerðar hvort skipi sé haldið til veiða eða hvers konar veiði er stunduð. Er því ófært að skylda útgerð til að halda óbreyttum útgerðarháttum á gildistíma úrskurðar. Engu að síður sýnast full rök til þess að tryggja virkni úrskurðar fyrir áhöfn. Í því sambandi ber sérstaklega að líta til þess að gildistími úrskurða er skammur, að hámarki er hann þrír mánuðir og að meðaltali mun skemmri og að tekið er tillit til aðstæðna, svo sem vertíðarloka, við ákvarðanir úrskurðarnefndar. Þykir því ekki varhugavert að kveða á um bótaskyldu útgerðar ef útgerð skips er stöðvuð eða útgerðarháttum þess breytt í verulegum atriðum á gildistíma úrskurðar enda valdi því ekki óviðráðanlegar ástæður (vis major). Auk þess að kveða á um bótaskyldu útgerðar gefur greinin leiðbeiningar við ákvörðun bótafjárhæðar. Skulu bæturnar miðaðar við áætlaðan aflahlut skip-

verja miðað við óbreytta útgerðarhætti fyrir þann tíma sem eftir lifði af gildistíma úrskurðar þegar rekstur var stöðvaður eða útgerðarháttum breytt. Oft hlýtur að vera erfiðleikum bundið að áætla aflaverðmæti skips og þar með grundvöll aflahlutar skipverja á þessu tímabili. Eru í 2. mgr. settar fram viðmiðunarreglur í þeim efnum. Samkvæmt 1. mgr. i.f. ber að draga frá bótum greiðslur sem í stað aflahlutar hafa komið. Er hér átt við hvers konar launagreiðslur eða ígildi þeirra frá útgerð skips til skipverja er varða viðkomandi tímabil.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna Verðlagsstofu og úrskurðarnefndar. Hliðstætt ákvæði er í 10. gr. laga nr. 84/1995.

Um 18. gr.

Lagt er til að ríkissjóður beri kostnað af rekstri Verðlagsstofu skiptaverðs. Ákvæði varðandi kostnað við úrskurðarnefnd eru samhljóða 11. gr. laga nr. 84/1995.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnuð verði Verðlagsstofa skiptaverðs til að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri aflahlutar. Hér verður um nýja stofnun að ræða sem annaðhvort mun starfa sjálfstætt eða í sambandi við aðra ríkisstofnun, sbr. heimild ráðherra til slíkrar ráðstöfunar í 2. gr.

Telja verður að Verðlagsstofa verði að hafa fjóra starfsmenn að lágmarki, þ.e. forstöðumann, tvo sérfræðinga og ritara. Af reynslu hliðstæðra stofnana er áætlað að launakostnaður nemi 15 m.kr., önnur rekstrargjöld 5 m.kr. og stofnkostnaður 5 m.kr., samtals 25 m.kr. Er þá miðað við að Verðlagsstofa starfi í tengslum við einhverja aðra stofnun á vegum sjávarútvegsins. Verði hún sjálfstæð stofnun án tengsla við aðrar stofnanir verður stofnkostnaður hærri, líklega 10 m.kr. Allur kostnaður fellur á ríkissjóð sbr. 18. gr. Ákvæði um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna koma ekki til með að valda viðbótarkostnaði þar sem þegar er framlag á fjárlögum til þessa verkefnis en þar er 14,4 m.kr. framlag veitt sameiginlega til nokkurra nefnda á vegum sjávarútvegsráðuneytisins.

1026. Frumvarp til laga [606. mál]

um Kvótaþing.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Kvótaþing Íslands hefur það hlutverk að annast tilboðsmarkað fyrir aflamark. Óskyld starfsemi er Kvótaþingi óheimil.

Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en sá sem um getur í 3. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi.

Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótaþingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótaþingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.

2. gr.

Hlutverk Kvótaþings er m.a. eftirfarandi:

1. Að annast skráningu kaup- og sölutilboða á aflamarki og vera vettvangur viðskipta með aflamark, sbr. 1. gr.
2. Að annast greiðslumiðlun milli kaupenda og seljenda aflamarks á Kvótaþingi.
3. Að miðla upplýsingum um viðskipti á Kvótaþingi.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjá menn í stjórn Kvótaþings til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórn Kvótaþings skal setja sér starfsreglur. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

4. gr.

Stjórn Kvótaþings hefur yfirumsjón með starfsemi þingsins. Stjórnin ræður starfsfólk eða semur við óháðan aðila um að annast daglegan rekstur Kvótaþings eða ákveðna þætti starfseminnar.

Stjórnarmenn Kvótaþings og þeir sem annast kvótaviðskipti á vegum þess á grundvelli 1. mgr. þessarar greinar skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna Verðbréfaþings Íslands samkvæmt lögum þar um. Þeir skulu ekki eiga beina eignaraðild að útgerðarfyrirtæki eða sitja í stjórn slíks fyrirtækis. Sama gildir um maka þeirra og skyldmenni í beinan legg. Þá skulu þeir ekki hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

5. gr.

Stjórn Kvótaþings setur reglur um starfsemi þingsins og skulu þær birtar í Lögbirtingarblaðinu.

Fjármál.

6. gr.

Reikningsár Kvótaþings er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári. Stjórn Kvótaþings skal fyrir októberlok ár hvert skila til sjávarútvegsráðherra endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu. Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun reikninga Kvótaþings.

7. gr.

Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu tilboða og greiðslumiðlun skal birt í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Gjaldskráin skal við það miðuð að skráningargjaldið standi undir kostnaði af starfsemi þingsins. Skal gjaldið innt af hendi fyrir fram eða trygging sett áður en þjónusta er veitt.

Hlutverk Fiskistofu.

8. gr.

Tilboðsgjafi sem hyggst fá skráð tilboð sitt um kaup eða sölu á aflamarki skal senda skriflega beiðni þar um til Fiskistofu í því formi sem stjórn Kvótaþings setur.

Þegar um er að ræða sölutilboð gengur Fiskistofa úr skugga um hvort heimilt sé að flytja það aflamark sem boðið er til sölu af viðkomandi skipi. Reynist svo vera skal Fiskistofa senda Kvótaþingi sölutilboð viðkomandi aðila ásamt staðfestingu á því að búið sé að flytja umrætt aflamark af skipinu.

Ef um er að ræða kauptilboð skal Fiskistofa kanna hvort heimilt sé að færa það aflamark sem boðið er í til viðkomandi skips. Reynist svo vera skal Fiskistofa senda Kvótaþingi kauptilboð viðkomandi aðila ásamt staðfestingu um að heimilt sé að flytja það aflamark sem um ræðir til viðkomandi skips.

Eftir að sölutilboðsgjafi hefur sent inn beiðni skv. 1. mgr. er honum óheimilt að nýta það aflamark sem tilboðið nær til þar til það hefur verið dregið til baka og sölutilboðsgjafi móttekið tilkynningu.

9. gr.

Tilkynna skal Fiskistofu, í því formi sem hún ákveður, ósk um að tilboð skuli dregið til baka af Kvótaþingi. Skal þá Fiskistofa þegar tilkynna um slíka ósk til Kvótaþings sem ber án tafar að taka viðkomandi tilboð af tilboðsskrá. Þegar um sölutilboð er að ræða skal Fiskistofa jafnframt færa viðkomandi aflamark aftur á það skip sem um ræðir og tilkynna sölutilboðsgjafa um flutninginn.

Gerð tilboða.

10. gr.

Í tilboði skal greina auk tegundar og magns, sbr. 8. gr., verð og gildistíma tilboðs.

Óski aðili þess að eiga því aðeins viðskipti að þau nái til alls þess magns sem tilgreint er í tilboði hans eða ákveðins hluta þess skal þess getið í tilboði.

11. gr.

Óheimilt er aðilum, einstaklingum eða lögaðilum, að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með aflamark eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með aflamark í tilteknum tegundum eða hafa óeðlileg áhrif á verðmyndun þess.

Skráning tilboða.

12. gr.

Kvótaþing skal skrá þau tilboð sem Fiskistofa hefur sent skv. 8. gr. á tilboðsskrá, enda hafi tilboðsgjafi lagt fram næga tryggingu til staðgreiðslu vegna viðskiptanna samkvæmt reglum þingsins, auk tryggingar skv. 7. gr.

Kvótaþing skal halda fjármunum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá eignum sínum. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi með tryggilegum hætti.

Kvótaþing skal hafna með skriflegum og rökstuddum hætti skráningu tilboða ef þau brjóta í bága við ákvæði þessara laga, reglugerða settra samkvæmt þeim eða reglna sem stjórn Kvótaþings setur.

Meðferð tilboða.

13. gr.

Eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum virkum degi skulu viðskipti á Kvótaþingi fara fram varðandi kaup- og sölutilboð einstakra tegunda sem eru hæf hvað verð snertir til að mætast. Viðskiptin skulu fara fram á reiknuðu viðskiptaverði í samræmi við reglur sem stjórn Kvótaþings setur.

Frágangur viðskipta.

14. gr.

Þegar viðskipti hafa átt sér stað skal Kvótaþing annast greiðslumiðlun og annan frágang viðskiptanna. Þá skal Kvótaþing tilkynna Fiskistofu án tafar um viðskiptin í því formi sem Fiskistofa ákveður. Fiskistofa skal þá tafarlaust annast flutning aflamarks af þeim tegundum sem um ræðir til viðkomandi skips.

Meðferð upplýsinga.

15. gr.

Kvótaþing skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um viðskipti, þar á meðal um viðskiptaverð, heildarmagn og -verðmæti, allt eftir tegundum. Þá skal birta aðrar upplýsingar sem Kvótaþing telur að geti stuðlað að virkri verðmyndum.

16. gr.

Að því marki sem lög þessi kveða ekki á um skyldu Kvótaþings til upplýsingagjafar eru stjórnarmenn Kvótaþings og þeir sem annast kvótaviðskipti á vegum þess á grundvelli 1. mgr. 4. gr. bundnir þagnarskyldu um einstök viðskipti sem þar fara fram og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Aðilum skv. 1. málsl. svo og hverjum þeim öðrum sem hlotið hafa vitneskju um framangreindar trúnaðarupplýsingar, er óheimilt að nýta þær á nokkurn hátt sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.

Eftirlit.

17. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi Kvótaþings sé í samræmi við lög þessi, reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og reglur sem stjórn Kvótaþings setur.

Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem afhent hafa verið Kvótaþingi og sem stafa frá því sem að þess mati eru nauðsynleg vegna eftirlitsins. Að öðru leyti gilda um eftirlitið ákvæði laga um Seðlabanka Íslands eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi Kvótaþings brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Sé um að ræða meint brot kaupenda eða seljenda skal bankaeftirlitið vekja athygli Fiskistofu á því.

Hafi bankaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara eða annarra laga skal því heimilt að krefja aðila, einstaklinga eða lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

Viðurlög og ýmis ákvæði.

18. gr.

Komi í ljós að aðili, einstaklingur eða lögaðili, hafi selt á Kvótaþingi aflamark, sem ekki var heimilt að ráðstafa, skal útgerðaraðili þess skips sem aflamark var flutt af greiða gjald sem nemur tvöföldu andvirði selds aflamarks. Að öðru leyti fer um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

20. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark – Kvótaþingi. Byggist frumvarpið í öllum meginatriðum á tillögum nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði árið 1994. Í skýrslu nefndarinnar frá 1994 var lagt til að allur flutningur á aflamarki færi fram um opinn tilboðsmarkað. Þó lagði nefndin til tvenns konar undantekningar frá þessari reglu. Annar vegar lagði hún til að áfram yrði heimilt að flytja aflamark á milli skipa í eigu sömu útgerðar enda fara engin viðskipti fram með slíkum flutningi aflamarks. Hins vegar lagði nefndin til að áfram yrði heimilt að skipta á jafnverðmætum aflaheimildum enda yrði við mat á því byggt á verði aflamarks einstakra tegunda á Kvótaþinginu. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi hvað þessi atriði varðar.

Í skýrslu nefndarinnar 1994 voru rakin þau tilvik sem sjómenn nefndu að hefðu áhrif á skiptakjörin en þau voru sem hér segir:

— Að fyrirtæki sem stunduðu fiskvinnslu og hefðu jafnframt yfir aflaheimildum að ráða framseldu aflamark til kvótalítilla skipa gegn löndun á aflanum. Töldu sjómenn að í sum-

um tilvikum væri andvirði aflaheimildanna dregið frá andvirði aflans áður en til skipta kæmi.

— Að fiskvinnslufyrirtæki eða fyrirtæki tengd fiskmörkuðum semdu við útgerðir um að framselja tiltekið aflamark til skipa í þeirra eigu með því skilyrði að skip útgerðarfyrirtækisins lönduðu helmingi meira aflamagni til fiskvinnslunnar á verði undir markaðsverði sem næmi vermæti aflaheimildanna.
— Að sjómenn legðu í sérstaka sjóði til að taka þátt í kaupum útgerðarfyrirtækja á aflamarki.
— Að við sölu afla væri andvirði keyptra aflaheimilda dregið frá aflaverðmæti áður en kæmi til skipta.

Miðað við umræður, sem fram hafa farið í tengslum við kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna, hefur ekki orðið breyting á afstöðu sjómanna í þessum efnum. Þvert á móti telja þeir að það hafi færst í vöxt að sjómenn séu með einum eða öðrum hætti látnir taka þátt í því að fjármagna kaup útgerðarfyrirtækja á aflamarki. Eru tvö fyrri tilvikin sem nefnd eru í skýrslu nefndarinnar frá 1994 oftast nefnd í þessu sambandi, þ.e. framsal aflaheimilda frá fiskvinnslufyrirtæki til útgerðar gegn löndun á afla á verði þar sem tekið hefur verið tillit til andvirði aflaheimildanna. Starfsemi Kvótaþings myndi gera viðskipti með aflamark sýnilegri en nú er. Verður því að telja að starfsemi Kvótaþings geti komið í veg fyrir að hægt verði að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla með þeim hætti sem að framan var lýst.

Starfsemi Kvótaþings myndi hins vegar ekki leysa tvö síðasttöldu tilvikin, þ.e. að sjómenn leggi í sjóð til kaupa á aflaheimildum eða að andvirði aflamarks sé dregið frá áður en kemur til skipta. Í báðum þessum tilvikum ættu hins vegar þær fjárhæðir, sem um ræðir, að vera sýnilegar öllum þeim er málið varðar.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipi þrjá menn í stjórn Kvótaþings en stjórnin beri alla ábyrgð á starfsemi þingsins. Stjórnin geti t.d. tekið ákvörðun um að fela öðrum rekstur einstakra þátta í starfsemi Kvótaþings eða reksturinn í heild. Í því sambandi kæmi vel til álita að fela Verðbréfaþingi Íslands að annast starfsemi Kvótaþings enda er um mjög hliðstæða starfsemi að ræða.

Lagt er til að stjórn Kvótaþings verði falið að setja reglur um ýmsa þætti í starfsemi þingsins, m.a. um skráningu kaup- og sölutilboða, útreikning viðskiptaverðs, greiðslumiðlun, miðlun upplýsinga og trúnaðarskyldu. Slíkar reglur þurfa að tryggja að viðskipti fari fram á öruggan hátt og á sem skemmstum tíma. Slíkt er t.d. mikilvægt fyrir þá, sem eru að ljúka veiðum af aflamarki tiltekinnar tegundar og þurfa af þeim sökum að leita eftir viðskiptum á þinginu. Jafnframt þurfa reglurnar að tryggja að aðilar fái nauðsynlegar upplýsingar um markaðinn til að þeir geti lagt mat á hagkvæmni kaupa og sölu aflamarks á tilteknum tíma.

Gert er ráð fyrir að Fiskistofa verði eini milliliður tilboðsgjafa og Kvótaþings. Aflamark er opinber réttindi og því er nauðsynlegt að Fiskistofa, sem annast alla skráningu varðandi aflaheimildir einstakra skipa, gangi úr skugga um að tilboðsgjafar fullnægi skilyrðum laga um kaup eða sölu á aflamarki. Um leið og sölutilboð berst Fiskistofu verður það aflamark, sem um ræðir, flutt á biðreikning. Þegar Fiskistofa hefur gengið úr skugga um að skilyrðum fyrir tilboði sé fullnægt sendir stofan það áfram til Kvótaþings til skráningar í tilboðsskrá. Þegar viðskipti hafa farið fram, sendir þingið Fiskistofu upplýsingar um viðskiptin en þá mun stofan án tafar annast flutning aflamarks milli skipa.

Þegar tilboð hefur borist Kvótaþingi frá Fiskistofu, yrði það hlutverk þingsins að ganga úr skugga um að það fullnægi settum skilyrðum og að trygging sé nægileg fyrir kauptilboði og greiðslu þóknunar. Þar sem hér er um staðgreiðsluviðskipti að ræða þarf Kvótaþing að koma upp greiðslumiðlunarkerfi milli kaupenda og seljenda eða að semja um slíkt kerfi við aðra.

Samkvæmt frumvarpinu munu viðskipti fara fram á Kvótaþingi a.m.k. einu sinni á hverjum virkum degi. Viðskiptin fara þannig fram að fyrst eru fundin þau kaup- og sölutilboð fyrir hverja tegund, sem eru hæf til að mætast hvað verð snertir. Viðskiptin fyrir þessi tilboð fara því næst fram á reiknuðu viðskiptaverði, sem yrði eitt og hið sama fyrir öll viðskipti. Gert er ráð fyrir að stjórn þingsins setji nánari reglur um pörun tilboða en slíkar reglur eru þekktar víða um heim í hliðstæðum viðskiptum.

Viðskipti með aflamark fara nú fram eftir ýmsum leiðum og myndast gangverð á aflamarki á hverjum tíma þótt opinberar upplýsingar um verð hafi ekki verið birtar. Það er því vert að spyrja hver áhrif af Kvótaþingi og viðskiptaskyldunni verða á verð og umfang viðskiptanna.

Samkvæmt greinargerð sem Þjóðhagsstofnun hefur unnið um starfsemi Kvótaþings er líklegt að um tvenns konar áhrif yrði að ræða. Annars vegar verður ekki eins auðvelt og áður að draga kostnað við öflun aflamarks frá aflaverðmæti fyrir útreikning á hlut áhafnar fiskiskips með óbeinum hætti því viðskiptin verða sýnileg og gerast með peningalegum greiðslum. Hins vegar breytist kostnaður vegna viðskiptanna. Hér er átt við kostnað í víðum skilningi, þ.e.a.s. ekki einvörðungu umboðslaun og þess háttar heldur einnig öflun upplýsinga og áhættu í viðskiptum. Hvað fyrrnefndu áhrifin varðar er líklegt að laun sjómanna hjá þeim útgerðum sem hafa stundað tonn á móti tonni viðskipti muni að jafnaði hækka með Kvótaþingi. Það verður því ekki eins fýsilegt og áður fyrir útgerðir að kaupa kvóta, eftirspurn eftir aflamarki minnkar og kvótaverð lækkar. Þetta verða a.m.k. áhrifin til skemmri tíma. Áhrifin til lengri tíma eru óvissari og ráðast t.a.m. af samningum sjómanna og útvegsmanna. Svo vikið sé að síðari áhrifunum verður að telja líklegt að viðskiptakostnaður lækki með því að koma á einu skipulögðu þingi sem er óháð og nýtur trausts markaðsaðila. Þá segir í greinargerð Þjóðhagsstofnunar að reynslan sýni að stofnun formlegra markaða eins og Kvótaþings leiði oftast til aukinna viðskipta. Áhrifin á sjálft kvótaverðið eru hins vegar óviss, því þau koma bæði fram í auknu framboði og eftirspurn. Líklegt er að nokkrar verðsveiflur verði á Kvótaþingi, a.m.k. ef marka má aðra svipaða markaði.

Viðskipti með tonn á móti tonni hafa hvatt vinnslufyrirtæki til að framselja aflamark sitt til útgerða sem ráða yfir litlum aflaheimildum. Afnám þessara möguleika mun væntanlega leiða til þess að vinnslan nýti sínar aflaheimildir sjálf. Ekki er víst að staða kvótalítilla útgerða muni versna svo mjög þar sem verð á aflamarki mun lækka í kjölfarið og það verður minni fyrirhöfn og viðskiptakostnaður við að afla veiðiheimilda en áður. Kvótaþing getur því skapað hvata til aukinnar sérhæfingar og hagkvæmni að því leyti.

Ljóst er að ef frumvarp um stofnun Kvótaþings verður að lögum verða talsverðar breytingar á starfsumhverfi þeirra sem stunda útgerð frá því sem nú er. Viðskipti með aflamark hafa yfirleitt gengið nokkuð greiðlega fyrir sig enda er slíkt nauðsynlegt, sérstaklega í þeim tilvikum þegar lítið er eftir af aflamarki. Verði frumvarp um Kvótaþing að lögum þarf því að tryggja að framkvæmd við rekstur þingsins verði sem allra greiðust þannig að tryggt sé að flutningur aflamarks muni áfram ganga greiðlega fyrir sig. Útgerðarfyrirtæki þyrftu að sjálfsögðu að laga sig að þessu breytta fyrirkomulagi og e.t.v. að skipuleggja flutning aflamarks með meiri fyrirvara en nú er.

Starfsemi Kvótaþings, eins og hér er lýst, mun hafa áhrif á sjávarútveginn í heild og tekjuskiptinguna á milli sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu. Áhrifin fyrir einstakar áhafnir eða einstök fyrirtæki geta orðið misjöfn og leiða til ólíkra viðbragða. Meginatriðið er að margt bendir til þess að hagkvæmni í sjávarútvegi í heild geti aukist, ef vel tekst til með Kvótaþingið, og það getur stuðlað að bættum samskiptum útgerða og sjómanna til framtíðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er sett á fót Kvótaþing sem skal annast öll viðskipti með aflamark milli skipa. Eins og rakið er í almennum athugasemdum krefjast miklir almannahagsmunir þess. Er flutningur aflamarks milli skipa óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Frá þessari meginreglu eru gerðar þrjár undantekningar:

Í fyrsta lagi er flutningur aflamarks milli skipa í eigu sama aðila heimill án milligöngu Kvótaþings. Í þessum tilvikum eiga sér engin viðskipti stað. Hugtakið „sami aðili" ber að skýra þröngt. Það tekur aðeins til sama einstaklings eða sömu lögpersónu. Móður- og dótturfyrirtæki teljast því ekki sami aðili. Ekki nægir að skip sé í leigu eða í kaupleigu sama aðila til að falla undir undanþáguna heldur þarf aðilinn að eiga bæði það skip sem flutt er frá og flutt er til.

Í öðru lagi geta jöfn skipti á aflamarki átt sér stað utan Kvótaþings, enda séu skiptin á jafnverðmætum aflaheimildum miðað við meðalviðskiptaverð viðkomandi tegunda í síðastliðinni viku. Ef tryggt er að um raunverulega jafnverðmætar aflaheimildir sé að ræða verður ekki séð að viðskipti með þær utan Kvótaþings geti haft bein áhrif á fiskverð til hlutaskipta. Sýnist því ekki þörf á að skyldubinda slík viðskipti á Kvótaþingi.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að hafa heimild til að undanþiggja viðskiptaskyldur á Kvótaþingi aflamark af tegundum sem svo lítil viðskipti eru með að engar forsendur eru til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings. Ef þessi heimild yrði notuð mundi hún fyrst og fremst geta náð til einstakra tegunda innfjarðarækju.

Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. er Kvótaþingi óheimilt að stunda óskylda starfsemi og er með því dregið úr hættu á hagsmunaárekstrum, sem óhjákvæmilega rýrði trúverðugleika Kvótaþings.

Um 2. gr.

Í þessari grein er rakið hvert meginhlutverk Kvótaþingsins er. Samkvæmt greininni ber Kvótaþingi að annast skráningu kaup- og sölutilboða á aflamarki og vera vettvangur slíkra viðskipta. Þá ber Kvótaþingi að annast greiðslumiðlun og miðlun upplýsinga um viðskipti á Kvótaþingi. Í orðalaginu að „annast" felst að Kvótaþing ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með starfsemi þingsins hvort sem það sér um daglegan rekstur sjálft eða felur hann óháðum þriðja aðila að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Gert er ráð fyrir að skráning kaup- og sölutilboða fari fram samkvæmt reglum er stjórn Kvótaþings setur, sbr. 5. gr. Sama á við um greiðslu- og upplýsingamiðlun.

Megineinkenni Kvótaþingsins er að kaupandi og seljandi vita ekki hvor af öðrum. Því er mjög mikilvægt að tryggt sé að kaupandi standi við greiðsluloforð sitt. Öruggast er að viðskiptum á Kvótaþingi ljúki ekki fyrr en fyrir liggur að greiðsla hefur verið innt af hendi. Er því kveðið á um að Kvótaþing skuli annast greiðslumiðlun. Reglur sem stjórn Kvótaþings setur um greiðslumiðlun verða að tryggja að kaupandi standi við greiðsluloforð sitt áður en Kvótaþing tilkynnir um lok viðskipta til Fiskistofu, sbr. 14. gr.

Þriðja tölul. greinarinnar ber að túlka með hliðsjón af 15. gr. frumvarpsins þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur um upplýsingamiðlun af hálfu Kvótaþingsins. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að aðilar á markaði geti, út frá upplýsingum, tekið ákvarðanir um viðskipti með aflamark, þ.e. hvort hagkvæmt sé að selja eða kaupa aflamark tiltekinna tegunda á ákveðnum tíma.

Um 3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjá menn í stjórn Kvótaþings. Mikilvægt er að í stjórn Kvótaþings sitji menn sem hafa góða þekkingu á þeirri starfsemi sem það ber ábyrgð á. Eðlilegt er að í stjórn þingsins sitji einstaklingar sem hafa sérfræðiþekkingu á sviði viðskipta með aflamark og viðskipta á tilboðsmarkaði.

Stjórn Kvótaþings skal setja sér reglur, þar á meðal um hversu oft hún heldur fundi og hvernig ákvarðanir skulu teknar.

Um 4. gr.

Samkvæmt greininni er það stjórn Kvótaþings sem ber ábyrgð á allri starfsemi þess. Er það svo hvort sem að allur rekstur þingsins eða einstakir þættir hans eru í höndum aðila sem stjórn Kvótaþings getur samið við samkvæmt þessari grein. Það getur verið skynsamlegt og hagkvæmt að fagaðili sem hefur reynslu á sviði verðbréfaviðskipta annist daglegan rekstur þingsins. Sú krafa er gerð að um óháðan aðila sé að ræða. Hann má samkvæmt því ekki eiga með beinum hætti í útgerðarfyrirtæki, eiga fulltrúa í stjórn slíks fyrirtækis eða hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni hans í efa.

Í 2. mgr. er kveðið á um almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna Kvótaþings og einstaklinga sem annast kvótaviðskipti fyrir hönd þess. Ákvæðið nær til þeirra einstaklinga sem geta fengið upplýsingar um viðskipti og viðskiptaaðila. Í lögum um Verðbréfaþing kemur fram að stjórnarmenn skuli vera búsettir á Íslandi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Með hliðsjón af hlutverki Kvótaþings og tilgangi frumvarpsins er einnig nauðsynlegt að tryggja að þeir aðilar sem annast viðskipti með aflamark hafi ekki slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa. Ekki þarf að sýna fram á að hagsmunir aðila hafi raunverulega áhrif á ákvarðanir einstaklings heldur nægir að almennt megi telja að slík hætta sé fyrir hendi. Bein eignaraðild að útgerðarfyrirtæki eða seta í stjórn slíks fyrirtækis nægir til að svo sé. Sama á við ef maki eða skyldmenni í beinan legg eiga beina eignaraðild eða sitja í stjórn útgerðarfyrirtækis.

Um 5. gr.

Reglur um starfsemi þingsins lúta m.a. að skráningu kaup- og sölutilboða, útreikning viðskiptaverðs, greiðslumiðlun, miðlun upplýsinga og trúnaðarskyldu. Þær verða m.a. að tryggja að viðskipti fari fram á sem skemmstum tíma, ekki sé unnt að fá vitneskju um tilboðsgjafa, óeðlileg tilboð hafi ekki áhrif á viðskiptaverð, tilboðsgjafar standi við tilboð sín, Fiskistofa fái nauðsynlegar upplýsingar og aðilar á markaði fái upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hagkvæmni kaupa og sölu aflamarks á tilteknum tíma. Reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga skulu vera skýrar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Kvótaþing er opinber stofnun og verður stofnkostnaður greiddur af ríkissjóði. Erfitt er að áætla þann kostnað nákvæmlega en ekki er ólíklegt að hann verði á bilinu 5–10 milljónir. Rekstur Kvótaþings skal borinn uppi af þjónustugjaldi sem skal nægja til greiðslu kostnaðar af starfsemi þingsins. Kvótaþingi er heimilt að leggja á fast gjald vegna skráningar og

greiðslumiðlunar en getur enn fremur ákveðið að taka skuli mið af umfangi þjónustu við hvern aðila.

Um 8. gr.

Hlutverk Fiskistofu er tvíþætt. Hún er annars vegar milliliður tilboðsgjafa og Kvótaþings og hins vegar sá aðili sem gengur úr skugga um að tilboðsgjafi fullnægi skilyrðum laga til kaupa og sölu aflamarks. Bein samskipti tilboðsgjafa og Kvótaþings eru óæskileg vegna áhrifa sem tilboðsgjafi gæti haft á viðskipti á þinginu. Ástæða þess að Fiskistofa varð fyrir valinu er m.a. sú að hún er óhjákvæmilegur milliliður í viðskiptunum. Aflamark eru opinber réttindi sem eru skráð hjá Fiskistofu. Fiskistofa hefur því upplýsingar um aflaheimildir skips og þar með hvort aðili megi eiga viðskipti með aflamark. Þá er mikilvægt að aflamark sé flutt á bið-reikning frá þeim tíma er tilboðið er skráð á Kvótaþingi og þar til viðskipti eiga sér stað. Væri það ekki gert gæti seljandi aflamarks veitt upp í þær heimildir sem tilboð hans nær til og skráð hefur verið á Kvótaþingi. Í 3. mgr. eru sölutilboðsgjafa bannaðar slíkar veiðar.

Um 9. gr.

Tilboðsgjafi getur dregið tilboð sitt til baka. Slík heimild er m.a. nauðsynleg þar sem aðstæður á markaði geta breyst svo mjög frá því að tilboð var sett fram að forsendur tilboðs séu brostnar. Sölutilboðsgjafi getur hafið nýtingu á aflamarki frá þeim tíma er honum hefur borist tilkynning frá Fiskistofu um að aflamark hans hafi verið flutt aftur á það skip sem um ræðir.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er tilgreint hvaða upplýsingar er skylt að gefa í tilboði. Ekki er unnt að láta viðskipti fara fram á reiknuðu viðskiptaverði án vitneskju um tilboðsgjafa nema fram komi upplýsingar um tegund, magn, verð og gildistíma tilboðs. Komi þessar upplýsingar ekki fram hafnar Kvótaþing skráningu tilboðs á þinginu.

Samkvæmt 2. mgr. getur tilboðsgjafi bundið tilboð sitt tilteknum skilyrðum. Hann getur sett það skilyrði að viðskipti fari því aðeins fram að viðskiptin nái til alls þess magns sem tilboðið nær til eða hluta þess. Sé ekki um slíkt skilyrði að ræða fara viðskipti fram á öllu eða hluta þess magns sem tilgreint er í tilboði enda sé tilboð aðila hæft til að mæta öðru tilboði hvað verð snertir.

Um 11. gr.

Mikilvægt er að viðskiptaverð myndist með eðlilegum hætti, þ.e. af framboði og eftirspurn aðila sem hafa aðgengilegar opinberar upplýsingar um viðskiptaverð og umfang viðskipta á þinginu. Ef bersýnilega er um óeðlilegt tilboð að ræða, svo sem ef verð er mun hærra eða lægra en gengur og gerist, má hafna skráningu tilboðsins skv. 3. mgr. 12. gr. Það er ekki aðeins tilboðsgjafi sem getur gerst sekur um brot samkvæmt þessari grein heldur einnig þeir aðilar sem taka þátt í slíku tilboði eða stuðla að því. Varðar slíkt brot viðurlögum skv. 19. gr. Stjórn Kvótaþings skal hafa eftirlit með að viðskipti sem þessi eigi sér ekki stað.

Um 12. gr.

Eins og greint var í athugasemdum með 2. gr. skal Kvótaþing annast skráningu kaup- og sölutilboða. Þegar Fiskistofa hefur gengið úr skugga um að fullnægjandi heimildir séu fyrir flutningi aflamarks til eða frá viðkomandi skipi tilkynnir hún Kvótaþingi um tilboðið. Kvótaþing athugar þá hvort tilboðið fullnægir settum skilyrðum, til að mynda um efni, að ekki sé um brot gegn 11. gr. að ræða og að trygging sé nægileg fyrir kauptilboði og greiðslu þóknunar,

sbr. 7. gr. Kvótaþing skal setja nánari reglur um hvað skuli teljast nægar tryggingar. Eðlilegt er að miða við að kaupandi leggi fram bankatryggingu. Gildistími bankatryggingar ætti að miðast við hversu lengi viðkomandi ætlar að eiga viðskipti í gegnum Kvótaþingið.

Samkvæmt 3. mgr. ber Kvótaþingi að hafna skráningu tilboða sem ekki fullnægja skilyrðum frumvarpsins, reglugerða eða reglna sem stjórn Kvótaþings setur. Komi t.d. í ljós við athugun að trygging sé ekki nægileg eða efni tilboðs uppfylli ekki kröfu 10. gr. hafnar Kvótaþing skráningu og tilkynnir viðkomandi aðila það án tafar. Jafnframt verður Kvótaþing að tilkynna Fiskistofu um sölutilboð sem hafnað er þar eð Fiskistofa skal þá flytja viðkomandi aflamark til baka af biðreikningi og á það skip sem það var flutt af.

Um 13. gr.

Nauðsynlegt er að tryggja skjót viðskipti og verður því að gera kröfu um að þau fari fram að minnsta kosti einu sinni hvern virkan dag. Með orðunum „virkur dagur“ er átt við mánudaga til föstudaga. Eðlilegt er að miða opnunartíma Kvótaþings á þessum dögum við opnunartíma banka. Viðskipti fara fram varðandi öll þau tilboð sem eru hæf til að mætast hvað verð snertir. Tilboðsgjafi getur því verið öruggur um að selja ekki á verði sem er lægra en tilgreint verð eða kaupa á verði sem er hærra en í tilboði greinir. Hafi tilboð verið skilyrt hvað magn snertir skv. 2. mgr. 10. gr. kann þó að vera að viðskipti fari ekki fram vegna einstakra tilboða enda þótt þau séu hæf til að mæta öðru tilboði hvað verð snertir. Öll viðskipti á verðbréfaþingi varðandi hverja tegund fara fram á sama verði, þ.e. reiknuðu viðskiptaverði. Stjórn Kvótaþings skal setja reglur um hvernig viðskiptaverð skuli reiknað.

Um 14. gr.

Eins og greinir í athugasemdum með 2. gr. er nauðsynlegt að fela Kvótaþingi að annast greiðslumiðlun. Greiðslumiðlun felst í frágangi á uppgjöri greiðslna milli kaupanda og seljanda. Þar sem viðskipti eru nafnlaus er nauðsynlegt að þriðji aðili, þ.e. Kvótaþing, annist og ábyrgist að seljandi fái greiðslu. Kvótaþing getur skv. 1. mgr. 4. gr. falið óháðum aðila, svo sem bankastofnun, að annast greiðslumiðlun.

Þegar fyrir liggur að kaupandi hefur innt af hendi greiðslu vegna viðskipta sinna ber Kvótaþingi án tafar að senda Fiskistofu upplýsingar um að viðskiptin hafi farið fram. Þegar Fiskistofa hefur fengið upplýsingarnar ber henni þegar í stað að flytja aflamarkið til viðkomandi skips. Það er afar mikilvægt að viðskipti gangi greiðlega fyrir sig og er því lögð sú skylda á Kvótaþing og Fiskistofu að ganga frá þeim án tafar.

Um 15. gr.

Eins og greint er frá í almennum athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins eru í þessari grein lágmarksskilyrði um upplýsingamiðlun Kvótaþings. Stjórn Kvótaþings skal setja nánari reglur um upplýsingamiðlun. Upplýsingamiðlun verður að tryggja aðilum á markaði nægar upplýsingar til að meta hagkvæmni viðskipta vegna aflamarks á hverjum tíma.

Um 16. gr.

Mjög mikilvægt er að seljandi og kaupandi viti ekki hver af öðrum og að viðskiptaverð Kvótaþings myndist aðeins af framboði og eftirspurn á þeim forsendum sem birtar eru opinberlega af Kvótaþingi. Vegna þessa er afar mikilvægt að Kvótaþing sé trúverðug stofnun. Til að svo sé verður að leggja trúnaðarskyldu á stjórnarmenn Kvótaþings og þá aðila sem annast kvótaviðskipti. Það verður að meta út frá hlutverki Kvótaþings hvaða upplýsingar skal fara með sem trúnaðarmál en eðlilegt er matið sé strangt.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt er að opinber aðili hafi eftirlit með að Kvótaþing fari að lögum, reglugerðum og reglum er stjórn þess setur. Í ljósi þess að starfsemi Kvótaþingsins er að mörgu leyti hliðstæð starfsemi Verðbréfaþings Íslands, þ.e. yfirumsjón tilboðsmarkaðar, þykir eðlilegt að fela bankaeftirliti Seðlabankans hlutverk eftirlitsaðila. Í greininni er lagt til að bankaeftirlitið hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum frá Kvótaþingi vegna eftirlitsins. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um Seðlabanka Íslands um eftirlitið eftir því sem við á.

Í 3. mgr. segir að brjóti starfsemi Kvótaþings gegn ákvæðum laganna, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða reglum sem stjórn Kvótaþings setur eða sé starfsemin að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust geti bankaeftirlitið krafist úrbóta innan hæfilegs frests. Sé brotið alvarlegt er unnt að krefjast úrbóta án tafar. Bankaeftirliti ber að tilkynna Fiskistofu um meint brot kaupanda eða seljanda vegna viðskipta með aflamark sem falla undir eftirlitshlutverk Fiskistofu.

Samkvæmt 4. mgr. hefur bankaeftirlitið heimildir til að krefjast gagna frá öðrum aðilum en Kvótaþingi vegna rannsókna á einstökum brotum.

Um 18. gr.

Komi í ljós að aðili, einstaklingur eða lögaðili, hefur selt á Kvótaþingi aflamark sem ekki var heimilt að ráðstafa ber útgerðaraðila þess skips sem aflamark var flutt af að greiða gjald sem nemur tvöföldu andvirði selds aflamarks. Um álagningu, innheimtu og ráðstöfun fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Er ákvæðinu ætlað að vinna gegn óheimilli sölu aflamarks á þinginu. Það er afar mikilvægt ekki síst þar sem slík sala hefur áhrif á viðskiptaverð þingsins.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr

Lagt er til að verði frumvarpið að lögum öðlist lögin gildi þegar í stað. Þar sem stofnun Kvótaþings krefst undirbúnings er lagt til að þau komi ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fiskveiðiárs 1. september 1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Kvótaþing.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði opinn tilboðsmarkaður fyrir öll viðskipti með aflakvóta. Í 7. gr. er gert ráð fyrir að Kvótaþing taki þóknun fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Er þá miðað við að tekjur standi undir kostnaði við þingið.

Að nokkru fer kostnaður af starfsemi Kvótaþings eftir því hvar það verður vistað, en heimild er fyrir því í 4. gr. að semja við óháðan aðila um rekstur þess. Verði þingið sjálfstæð stofnun, má gera ráð fyrir að til þess þurfi eigi færri en þrjá starfsmenn með 11 m.kr. launakostnaði, auk þess sem gera verður ráð fyrir 4 m.kr. öðrum rekstrarkostnaði og 5–10 m.kr. stofnkostnaði. Í 3. gr. er gert ráð fyrir þriggja manna stjórn Kvótaþings. Stjórnarkostnaður er áætlaður um 600 þús. kr. og er þá tekið mið af hliðstæðum stjórnum og nefndum á vegum hins opinbera.

Heildarrekstrarkostnaður ríkissjóðs af samþykkt frumvarpsins er því áætlaður nær 16 m.kr. Gert er ráð fyrir að ríkistekjur komi þar á móti, þar sem í 7. gr. er gert ráð fyrir þóknun til þingsins skv. gjaldskrá. Því kemur ekki til framlags af almennum tekjum ríkissjóðs. Hins vegar má ætla að ríkissjóður verði að leggja fram 5–10 m.kr. stofnkostnað í upphafi, sbr. athugasemdir með frumvarpi þessu.

1027. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um rétt til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneyti. Umsagnir bárust nefndinni frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Landhelgisgæslunni, Fiskistofu, Landssambandi smábátaeigenda og Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um heimildir erlendra veiði- og vinnsluskipa til athafna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og í höfnum landsins. Frumvarpið er flutt með fenginni reynslu af lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að kveða skýrar á um framangreindar heimildir, meðal annars með hliðsjón af þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið hjá alþjóðlegum stofnunum sem fjalla um stjórn fiskveiða. Nauðsynlegt þykir að kveða skýrt á um heimildir íslenskra stjórnvalda til setningar reglna um veiðar þeirra erlendu skipa sem fá veiðiheimildir innan fiskveiðilandhelginnar auk þess sem rétt þykir að setja fyllri reglur um framkvæmd milliríkjasamninga og leyfisveitinga samkvæmt þeim. Þá eru felld inn í frumvarpið nokkur ákvæði laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sem betur þykja eiga þar heima þar sem þau lúta að réttindum erlendra skipa til þjónustu hér við land. Meginreglurnar eru eftir sem áður þær að óheimilt er að veita erlendum skipum veiðiheimildir í íslenskri lögsögu nema að undangengnum milliríkjasamningum þar um og að erlendum veiðiskipum er veittur frjáls aðgangur að íslenskum höfnum til að landa hér afla og leita þjónustu nema í þeim tilvikum þegar stundaðar eru veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan lögsögu og utan ef ekki hefur verið samið um nýtingu þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að hert verði ákvæði um tilkynningarskyldu erlendra skipa í íslenskri lögsögu, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Skip þurfi þannig einnig að gefa upp, á tólf tíma fresti, staðsetningu sína, stefnu og hraða meðan á siglingu þeirra um landhelgina stendur. Mun þetta auðvelda Landhelgisgæslunni að hafa eftirlit með dvöl þessara skipa í íslenskri landhelgi.

2. Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 7. gr. sem heimili Landhelgisgæslu eða Fiskistofu að kalla skip til hafnar ef eftirlit skv. 1. mgr. 7. gr. getur einhverra hluta vegna ekki farið fram úti á sjó. Tekið skal fram að beita verður þessari heimild með aðgát og með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins.
3. Þá leggur nefndin til að nafni frumvarpsins verði breytt þannig að skýrt komi fram í heiti laganna, verði frumvarpið að lögum, til hverra lögin ná. Frumvarpið tekur fyrst og fremst til erlendra skipa og því er þessi breyting eðlileg.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 24. mars 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Svanfríður Jónasdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Hjálmar Árnason.

1028. Breytingartillögur [340. mál]

við frv. til l. um rétt til veiða og vinnslu afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Í stað 1. málsl. 4. gr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Erlend veiðiskip og vinnsluskip skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands með sex klukkustunda fyrirvara um komu sína í og siglingu út úr fiskveiðilandhelgi Íslands og gefa upp staðsetningu. Meðan á siglingu þeirra í landhelginni stendur skulu þau á tólf klukkustunda fresti gefa upp staðsetningu, stefnu og hraða.
2. Við 7. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit skv. 1. mgr. geti ekki farið fram á sjó skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1029. Frumvarp til laga [607. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Johnsen, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Jónsson, Egill Jónsson, Tómas Ingi Olrich, Sigríður Anna Þórðardóttir, Guðjón Guðmundsson, Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristján Pálsson, Magnús Stefánsson.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Skipulagðar útihátíðir. Útihátíð merkir í lögum þessum skipulagða skemmtun sem haldin er utandyra á afmörkuðu svæði, stendur eigi skemur en einn sólarhring og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um virðisaukaskatt að skipulagðar útihátíðir verði undanþegnar virðisaukaskatti.

Nokkrar skipulagðar útihátíðir eru haldnar hér ár hvert, í flestum tilvikum um verslunarmannahelgina í byrjun ágúst. Hefð er komin fyrir slíku samkomuhaldi víðs vegar og nægir í því sambandi að nefna þjóðhátíðina í Vestmannaeyjum og bindindismótið í Galtalæk sem áratugahefð er fyrir. Á skipulögðum útihátíðum er yfirleitt fjölbreytt dagskrá í tali og tónum í þrjá til fjóra daga.

Tilgangur þessa frumvarps er einkum tvíþættur. Í fyrsta lagi að tryggja jafnræði milli aðila en borið hefur á því á undanförnum árum að sumar útihátíðir hafa ekki þurft að greiða virðisaukaskatt en hann hefur verið innheimtur af þátttökugjaldi hjá öðrum. Í öðru lagi má nefna að þeir aðilar, sem greitt hafa virðisaukaskatt af útihátíðum, eru í mörgum tilvikum félagasamtök, t.d. Stórstúka Íslands eða íþróttafélög, sem halda slíkar útihátíðir í fjáröflunarskyni. Mundi sú breyting, sem hér er lögð til, verða til þess að styrkja stöðu slíkra félagasamtaka verulega en tekjutap ríkissjóðs yrði óverulegt.

Útihátíðir hafa verið haldnar í öllum kjördæmum landsins um langt árabil en þeim hefur oft fylgt mikill kostnaður vegna óvissu um veður og aðsókn. Í flestum tilvikum hafa mótsaðilar, sem nær undantekningarlaust hafa verið íþróttafélög eða önnur félög sem standa fyrir unglingastarfi, gefist upp við að halda útihátíðir reglulega. Miðað við aukinn áhuga á umhverfismálum og hlut fjölskyldunnar í þeim efnum er æskilegt að skapa hvetjandi aðstæður til útihátíða en virðisaukaskattur er síður en svo til þess. Til að mynda hefur verið lagður virðisaukaskattur á guðsþjónustur, íþróttir barna, kirkjukóra og margt fleira sem löggjafinn hefur aldrei ætlað að innheimta skatt af. Útihátíðir síðustu áratuga hafa verið haldnar á Húsafelli á Vesturlandi, Hólmavík á Vestfjörðum, Vindheimamelum á Norðurlandi vestra, í Vaglaskógi og á Melgerðismelum á Norðurlandi eystra, á Eiðum og í Atlavík á Austurlandi og á Kirkjubæjarklaustri, í Þjórsárdal og Vestmannaeyjum á Suðurlandi.

Reyndin hefur verið sú að stærstu sveitarfélög landsins hafa getað boðið upp á útihátíðir sem sveitarfélögin greiða að fullu og enginn aðgangseyrir er að en sveitarfélög og aðilar íþrótta- og æskulýðsstarfs úti á landsbyggðinni hafa ekki haft bolmagn til slíks. Afnám virðisaukaskatts af skipulögðum útihátíðum mundi auka jafnræði í þessum efnum til mikilla muna

og vera hvatning fyrir aukið félagsstarf úti á landsbyggðinni þar sem byggð á nú víða undir högg að sækja.

1030. Fyrirspurn [608. mál]

til dómsmálaráðherra um skipan héraðsdómara, sýslumanna og forstöðumanna stofnana á vegum dómsmálaráðuneytis.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Hversu margir
   a. héraðsdómarar,
   b. sýslumenn eða
   c. forstöðumenn stofnana á vegum dómsmálaráðuneytis
   hafa verið skipaðir í embætti frá árinu 1991 eða í tíð núverandi ráðherra?
2. Hversu margar konur voru meðal umsækjenda? — Óskað er eftir sundurliðun eftir embættum.
3. Hversu margir þeirra sem skipaðir hafa verið eru konur? — Óskað er eftir sundurliðun eftir embættum.
4. Hversu margar voru taldar hæfar af dómnefnd eða stöðunefnd? — Óskað er eftir sundurliðun eftir embættum.
5. Hversu margar eru stöður
   a. héraðsdómara og
   b. hæstaréttardómara
   og hversu margar konur gegna þeim? — Óskað er eftir sundurliðun eftir embættisheiti.
6. Hvert er kynjahlutfall þeirra sem útskrifast hafa úr lagadeild Háskóla Íslands frá 1991 til dagsins í dag? — Óskað er eftir sundurliðun fyrir hvert ár.

Skriflegt svar óskast.

1031. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Kristínu Haraldsdóttur og Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneyti, Baldur Guðlaugsson, hæstaréttarlögmann, Gunnar Helga Hálfdánarson frá Landsbréfum hf., Sigurð Einarsson frá Kaupþingi hf., Sigurð Halldórsson og Sigurð Pétur Snorrason frá Verðbréfaþingi Íslands, Árna Múla Jónasson, Ara Arason og Guðna Karlsson frá Fiskistofu.

Umsagnir bárust nefndinni frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum um þjóðareign, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Sjómannasambandinu, Verðbréfaþingi Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem koma eiga í veg fyrir að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila geti farið umfram tiltekið hámark. Sjávarútvegsnefnd getur að hluta til tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu en telur þó að ónefnd séu helstu rökin fyrir frumvarpinu, rök sem lúta að því að þar sem afkoma íslensks þjóðfélags byggist að stærstum hluta á sjávarútvegi geti þjóðin ekki tekið þá áhættu að fjöregg hennar komist undir yfirráð eins eða tveggja fyrirtækja. Ef þau fyrirtæki lenda síðan í rekstrarerfiðleikum hefði það ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenskt þjóðarbú. Þessi áhættudreifingarrök eru veigameiri að mati nefndarinnar en þær röksemdir sem taldar eru upp í greinargerð um fákeppni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að felldar verði brott nokkrar tilvísanir í tiltekin ákvæði eða málsgreinar laganna. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að óþarfi er að tilgreina þessar tilvísanir, auk þess sem slíkt kynni að þrengja efni ákvæðanna án þess þó að tilgangurinn sé sá.
2. Lögð er til breyting á 3. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins þannig að aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu telst einungis til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu þeirra sé leigusamningur eða kaupleigusamningur gerður til sex mánaða eða lengri tíma. Tilgangur breytingartillögunnar er að freista þess að sporna við málamyndagerningum eigenda fiskiskipa sem miða að því að víkjast undan ákvæðum laganna.
3. Nefndin leggur til að hámarksaflahlutdeild einstakra lögaðila skv. 5. mgr. 1. gr. verði hækkuð úr 10% í 12%. Hér er um að ræða félög í eigu margra aðila, í sumum tilvikum almenningshlutafélög, og því eðlilegt að rýmka heimildina.
4. Þá er lögð til sú breyting að 6. og 7. mgr. 1. gr. frumvarpsins falli brott en að þær greinar verði teknar nánast orðrétt upp í nýja grein frumvarpsins sem bæti nýrri grein við lögin, 11. gr. b. Þetta er gert til þess að kljúfa 1. gr. frumvarpsins sem tekur yfir rúmar tvær blaðsíður. Slíkt ætti að vera til einföldunar og auðvelda lestur laganna. Eina breytingin er á orðalagi málsgreinanna er að lagt er til að aðilar fái sex mánaða frest til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeild niður fyrir tilgreind mörk fari þeir upp fyrir mörkin.
5. Lögð er til orðalagsbreyting á ákvæði til bráðabirgða í samræmi við f-lið 1. tölul. og 2. tölul. breytingartillagnanna, sbr. 4. lið hér að framan.
6. Þá er lagt til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem leggi þær skyldur á sjávarútvegsráðherra að hann leggi fyrir Alþingi skýrslu að liðnum fimm árum frá gildistöku laganna um áhrif þeirra á íslenskan sjávarútveg.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 24. mars 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Svanfríður Jónasdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Hjálmar Árnason.

1032. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin „6. mgr.“ í 1. málsl. 1. efnismgr. falli brott.
   b. Orðin „skv. 1. mgr. 10. gr. laga þessara“ í lokamálslið 1. efnismgr. falli brott.
   c. Orðin „skv. 1. mgr. 10. gr. laga þessara, sbr. 1. mgr. 5. gr. l. nr. 151/1996“ í 2. efnismgr. falli brott.
   d. Við 3. efnismgr. bætist: til sex mánaða eða lengur.
   e. Í stað hlutfallstölunnar „10“ í 5. efnismgr. komi: 12.
   f. 6. og 7. efnismgr. falli brott.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. b og orðast svo:
   Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 11. gr. a, að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 11. gr. a. hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.
   Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframaflahlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframaflahlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „samræmi 6. mgr. 1. gr.“, „samræmi við 7. mgr. 1. gr“ og „gildir 7. mgr. 1. gr.“ komi: samræmi við 1. mgr. 2. gr.; samræmi við 2. mgr. 2. gr.; og: gildir 2. mgr. 2. gr.
4. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Sjávarútvegsráðherra skal að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg.

1033. Frumvarp til laga [347. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við greinina bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Skattstjórar annast álagningu vörugjalds vegna innlendrar framleiðslu og innflutnings aðila sem skráðir eru skv. 5. gr. Fjármálaráðherra getur ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu vörugjalds í öðrum skattumdæmum.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Skattstjóri og framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollyfirvalda um tollflokkun vöru er bindandi fyrir framleiðanda og skattyfirvöld.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.
b. Á eftir orðunum „skv. 5. gr.“ í 2. málsl. 3. mgr., 2. málsl. 4. mgr. og 2. málsl. 5. mgr. kemur: eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.
c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Skattstjóri skal veita framleiðendum vöru, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, heimild til að kaupa af innflytjendum, innlendum framleiðendum og aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr. hráefni eða efnivöru án vörugjalds. Slík heimild veitir framleiðanda jafnframt heimild til endurgreiðslu á vörugjaldi af hráefni og efnivöru sem hann hefur sjálfur flutt til landsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. Í umsókn til skattstjóra skal m.a. tilgreina um hvers kyns framleiðslu er að ræða og til hvaða hráefna eða efnivöru óskað er að heimildin nái.

Innflytjandi getur á gjalddaga hvers uppgjörstímabils fengið endurgreitt vörugjald af vörum sem hann hefur flutt til landsins en hafa á uppgjörstímabili annaðhvort verið seldar án vörugjalds til framleiðanda eða verið nýttar í framleiðslu innflytjanda sjálfs samkvæmt heimild í 1. mgr. Innflytjandi skal tilgreina í sérstakri skýrslu til skattstjóra um slíka sölu eða nýtingu, þar með talið til hvaða aðila vara er seld, magn vöru og tegund, svo og fjárhæð vörugjalds. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi vörugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.

Heimild samkvæmt þessari grein nær einungis til hráefnis eða efnivöru sem verður hluti af hinni endanlegu framleiðsluvöru. Heimildin nær hvorki til kaupa eða innflutnings á efnivörum til byggingar eða viðhalds á fasteignum né til nýsmíði eða viðgerða á ökutækjum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „tollalaga“ kemur: um innfluttar vörur.
b. Á eftir orðinu „virðisaukaskatt“ kemur: um innlendar framleiðsluvörur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. Eftirfarandi tollskrárnúmer fellur brott úr A-lið viðaukans: 2106.9024.
b. Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr B-lið viðaukans: 2202.1002 og 2202.9002.
c. Eftirfarandi tollskrárnúmer fellur brott úr E-lið viðaukans: 8517.1901.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem hafa verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga þessara skal fyrsta uppgjörstímabil vörugjalds samkvæmt lögum þessum vera einn mánuður, júní 1998. Um uppgjörstímabil og gjalddaga vörugjalds vegna innflutnings og sölu á vörugjaldsskyldum vörum í apríl og maí 1998 fer eftir ákvæðum laga nr. 97/1987 eins og þau eru fyrir gildistöku laga þessara.

1034. Svar [537. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um sparnað í ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er árlegur sparnaður menntamálaráðuneytisins, m.a. í launakostnaði, í kjölfar nýrra laga um grunnskóla frá 1995 sem kváðu á um að allur rekstur grunnskóla væri á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga?

Nefnd skipuð fulltrúum ríkis og sveitarfélaga til þess að meta kostnað vegna tilfærslu á þeim rekstri grunnskólans sem enn var á höndum ríkisins skilaði niðurstöðu 13. febrúar 1996.

Nefndarmenn voru sammála um mat á kostnaði vegna þeirra verkefna sem færðust frá ríki til sveitarfélaga og tillögur um flutning tekjustofna frá ríki til að mæta þeim kostnaði.

Þau verkefni, sem fluttust frá ríki til sveitarfélaga, voru öll kennslulaun á grunnskólastigi sem var meginhluti kostnaðartilfærslunnar, auk þess rekstur fræðsluskrifstofa og sérskóla á grunnskólastigi.

Áætlaður var kostnaður áranna 1996–2000. Til grundvallar áætlun á kostnaði vegna tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga var fjárveiting ársins 1996. Tekið var tillit til kostnaðaráhrifa kjarasamninga 1995 og ákvæða laga og reglugerða um fjölgun vikustunda, fjölgun kennsludaga o.fl. Þá var einnig tekið tillit til áhrifa lífeyrisskuldbindinga, hækkunar tryggingagjalds frá 1. janúar 1997 og meints vanmats á rekstrarkostnaði ársins 1996.

Í fjárlögum 1996 var talið að grunnskólakostnaður vegna verkefna sem flyttust til sveitarfélaga næmi 6.227 m.kr. Sá kostnaður skiptist þannig að 6.086 m.kr. voru vegna launa og 141 m.kr. vegna rekstrar.

Til sveitarfélaga vegna rekstrar grunnskóla frá 1. ágúst 1996 var talið réttmætt að millifæra 2.724 m.kr. auk þess sem samið var um aðra þætti vegna rekstrar og stofnkostnaðar sveitarfélaga.

Að teknu tilliti til þessara þátta var það samdóma álit aðila að kostnaðartilfærsla frá ríki, á verðlagi ársins 1996, væri sem hér segir:

1997	6.631,3 m.kr.
1998	6.762,8 m.kr.
1999	6.876,2 m.kr.
2000	6.936,4 m.kr.

1035. Svar [531. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um Umsýslustofnun varnarmála.

1. *Telur utanríkisráðherra hlutverk Umsýslustofnunar varnarmála, sbr. reglugerð nr. 227/1995, sérstaklega hvað varðar yfirtöku og kaup á umfram- og afgangsvörum frá hernum á Keflavíkurflugvelli og milligöngu um kaup á bifreiðum og tækjum og búnaði sem starfsmenn hans hafa flutt til landsins án aðflutningsgjalda, vera í samræmi við nútímaviðskiptahætti og ákvæði samkeppnislaga?*
2. *Hvar í „varnarsamningi“ milli Íslands og Bandaríkjanna er lagastoð fyrir samkomulagi frá 17. maí 1962, um meðferð umfram- og afgangsvöru, og hvar í samningnum er heimild til þess að selja utan vallar vörur sem fluttar eru inn af hernum eða bandarískum hermönnum án aðflutningsgjalda?*

Í 8. gr. viðbætis við varnarsamninginn sem hefur lagagildi, sbr. lög nr. 110/1951, er kveðið á um tollameðferð vegna varnarliðsins og liðsmanna þess og er samningsákvæði þetta sambærilegt því sem gildir almennt milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Kveðið er á um að gjaldfrjáls varningur skuli eigi látinn af hendi á Íslandi, hvorki með sölu, að gjöf né í skiptum, og er tilgangur ákvæðisins að koma í veg fyrir að viðskipti með slíkar vörur raski hagkerfinu og samkeppni á innanlandsmarkaði.

Þótt almenna reglan sé bann við hvers konar viðskiptum með þessar vörur er í b-lið 7. mgr. 8. gr. viðbætisins kveðið á um að þegar sérstaklega standi á megi veita heimild til ráðstöfunar slíkrar vöru innan lands með þeim skilyrðum sem tollyfirvöld setja, t.d. um greiðslu á tolli og gjöldum, og um að gætt sé fyrirmæla um eftirlit með verslun og gjaldeyri. Strax í upphafi þróuðust mál á þann veg að undanþágureglu þessari var beitt þannig að hún varð meginreglan og árið 1962 var gert sérstakt milliríkjasamkomulag um framkvæmd þess. Með því var sett á laggirnar sérstök nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins sem skyldi sjá um alla ráðstöfun tollfrjálsar vöru samkvæmt varnarsamningnum sem vilji væri til að ráðstafa innan lands og skyldi nefndin við sölumeðferðina tryggja greiðslu á tollum og öðrum afléttum gjöldum.

Með reglugerð nr. 227/1995 var nafni Sölunefndarinnar, sem einnig gekk undir nafninu Sala varnarliðseigna, breytt í Umsýslustofnun varnarmála jafnhliða því sem stofnuninni voru

falin aukin verkefni, m.a. á sviði forvalsmála vegna verktöku fyrir varnarliðið. Utanríkisráðuneytið telur tvímælalaust heppilegt, svo lengi sem ráðstöfun þessarar vöru á sér stað innan lands, að það sé verkefni ríkisstofnunar sem heyri undir ráðuneytið. Eðli málsins samkvæmt á sú stofnun bein og milliliðalaus samskipti við varnarliðið frá degi til dags. Með þessu fyrirkomulagi er tryggður almennur aðgangur að þeim varningi sem til sölu er og allar bifreiðar og tæki eru boðin upp að undangenginni auglýsingu á opinberum vettvangi.

3. *Telur ráðherra tímabært að endurskoða samkomulagið frá 1962?*

Utanríkisráðuneytið telur að með samkomulaginu frá 1962 hafi verið lagður grunnur að farsælli leið til uppfylla á þessu sviði gagnkvæmar samningsskuldbindingar íslenskra og bandarískra yfirvalda samkvæmt varnarsamningnum. Þessar samningskuldbindingar hafa jafnframt lagagildi, sbr. 1. lið, og telur ráðuneytið í því ljósi að verulega brýnar þarfir þyrftu að liggja til grundvallar endurskoðun á þessu fyrirkomulagi sem hefur almennt reynst báðum þjóðunum er að því standa vel.

4. *Hvað líður athugun þeirri, sem utanríkisráðherra ræddi um á Alþingi 8. maí 1996, á hagkvæmni flutnings aðalútsölu Umsýslustofnunar varnarmála frá Reykjavík til Suðurnesja?*
5. *Mun Ríkisendurskoðun verða falið að annast hagkvæmniathugunina, sbr. ummæli ráðherra á Alþingi 8. maí 1996 um að forstjóri Umsýslustofnunarinnar hefði í bréfi til ráðherra og í viðræðum við ríkisendurskoðanda lagt til að slík athugun færi fram?*

Utanríkisráðuneytið hefur að undanförnu undirbúið breytingar á reglugerð um Umsýslustofnun varnarmála. Ákvörðun um mögulegan flutning stofnunarinnar hefur verið frestað uns þeirri endurskoðun er lokið.

6. *Telur ráðherra rétt að óska eftir því við Ríkisendurskoðun að gerð verði stjórnsýsluendurskoðun á Umsýslustofnun varnarmála?*

Ekkert sérstakt hefur komið fram er gefur tilefni til slíkrar endurskoðunar nú.

1036. Tillaga til þingsályktunar [609. mál]

um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að leita samstarfs við Bændasamtök Íslands, Landssamtök sláturleyfishafa, Íslenskar sjávarafurðir hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf. og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda um gerð þriggja ára markaðs- og söluátaks á íslensku dilkakjöti erlendis.

Greinargerð.

Við Íslendingar eigum því láni að fagna að samtök okkar í sjávarútvegi hafa komið sér upp sölufyrirtækjum sem hafa náð miklum og góðum árangri á erlendum vettvangi. Þar hefur á undanförnum áratugum safnast saman mikil þekking sem hiklaust á að nýta í öðrum útflutningsviðskiptum, sérstaklega á sviði matvælaiðnaðar. Flutningsmenn tillögunnar telja einsýnt

að besta leiðin til að markaðssetja íslenskt dilkakjöt fyrir kröfuharða erlenda neytendur sé að nota þau kerfi í sölu- og markaðsmálum sem útflutningsfyrirtækin í sjávarútvegi hafa byggt upp.

Sú sölustarfsemi sem unnið hefur verið að erlendis fram til þessa sýnir að gæði íslenska kjötsins eru fyllilega sambærileg við þær afurðir sem á þessum mörkuðum bjóðast. Jafnframt því að ná ásættanlegu skilaverði til framleiðenda þarf að koma til skila á markaðnum mikilvægum upplýsingum um ferskleika kjötsins og heilbrigðisvottun, sem og að skurður og önnur meðferð kjötsins standist kröfur neytenda. Náist þetta fram er miklum áfanga náð til öflugrar markaðssóknar.

Til að atvinnugrein geti orðið grundvöllur farsællrar búsetu þarf hún að búa þeim sem við hana starfa viðunandi lífsviðurværi. Framtíð þeirra sem að landbúnaði starfa byggist öðru fremur á því starfsumhverfi sem greininni er gert búa við. Sauðfjárbúin hér á landi eru flest svo lítil og markaður smár að þau skapa þeim sem við þau starfa hvorki ásættanlegar tekjur né atvinnu.

Á árunum 1986–96 fækkaði lögbýlum með sauðfé um 1.530 og þar af var á 930 lögbýlum eingöngu búið með sauðfé. Á síðastliðnum 20 árum hefur sauðfjárframleiðslan dregist saman um 45%, úr 850 þús. fjár í um 470 þús. Á árunum 1983–96 töpuðust í innanlandssölu um 307 tonn að meðaltali á hverju ári, og á síðustu sjö árum hefur dilkakjötsframleiðslan dregist saman um 1.300 tonn. Á árunum 1991–96 hækkuðu ráðstöfunartekjur einstaklinga á landinu öllu um 5,5% en á sama tímabili *lækkuðu* launagreiðslur sauðfjárbúa um hvorki meira né minna en 35%.

Ef svo heldur fram sem horfir er veruleg vá fyrir dyrum þar sem markaðshlutdeild dilkakjöts innan lands gagnvart öðrum kjöttegundum minnkar stöðugt, m.a. vegna breyttra neysluhátta. Því er ljóst að sóknarfærin í þessari grein byggjast á því að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. Á síðustu árum hafa nokkur fyrirtæki reynt fyrir sér í sölumálum erlendis fyrir unnar kjötvörur. Þannig voru á árunum 1991–96 flutt út um 200–400 tonn á ári. Nokkur þekking hefur því fengist á ákveðnum þáttum útflutnings þótt útflutt magn sé vissulega mjög lítið.

Þegar markaðsstaðan erlendis er metin er nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir verðmyndunarþættinum, að hann sé öllum augljós og skýr. Forsenda þess sem hér er stefnt að er að skilaverð til framleiðanda verði þannig að afkoma bænda og umhverfi verði ásættanlegt. Sú skoðun flutningsmanna skal því ítrekuð að við núverandi aðstæður er öflugt sölu- og markaðsstarf erlendis, sem skilar framleiðendum ásættanlegu skilaverði, forsenda aukinnar framleiðslu sauðfjárafurða.

1037. Fyrirspurn [610. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tilkostnað við tannréttingar.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir ráðstöfunum til að draga úr tilkostnaði við tannréttingar en þess eru dæmi að láglaunafólk þurfi að greiða sem nemur hálfs árs tekjum fyrir tannréttingar hjá börnum sínum?

1038. Fyrirspurn [611. mál]

til utanríkisráðherra um sendiráð Íslands í Brussel.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig er háttað skipulagi sendiráðs Íslands í Brussel?
2. Hvaða starfsmenn vinna í sendiráðinu á vegum utanríkisráðuneytisins og/eða annarra ráðuneyta og opinberra stofnana? — Óskað er eftir að tilgreint verði á hvers vegum viðkomandi starfsmaður starfar og hvaða ráðuneyti eða stofnun greiðir laun hans og annan kostnað.
3. Hver var heildarstarfsmannafjöldi sendiráðsins og heildarkostnaður við rekstur þess árið 1997?
4. Hver er stefna utanríkisráðuneytis/ríkisstjórnar um frekari þróun sendiráðsins í Brussel?

Skriflegt svar óskast.

1039. Fyrirspurn [612. mál]

til fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hversu margir einstaklingar sættu áætlun við álagningu opinberra gjalda fyrir árið 1996?
2. Hversu margir þeirra hafa sætt áætlun áður og í hve mörg ár?
3. Er merkjanlegur munur milli kynja og aldurshópa?
4. Hversu margir þeirra sem sætt hafa áætlun eru gjaldþrota?
5. Hversu margir þeirra eru gjaldþrota að kröfu hins opinbera, þ.e. vegna vanskila á opinberum gjöldum og hve margir eru gjaldþrota vegna vanskila á áætluðum opinberum gjöldum?
6. Hvernig er meðferð áætlana hér á landi í samanburði við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

1040. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um lögmenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Sigurmar Albertsson, Jakob Möller og Martein Másson frá Lögmannafélagi Íslands, Hjördísi Halldórsdóttur og Tómas Möller frá Orator, félagi laganema, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Ástráð Haraldsson frá Alþýðusambandi Íslands,

Jóhannes Gunnarsson og Sigríði Arnardóttur frá Neytendasamtökunum, Gunnar Ármannsson og Júlíus Smára frá Stéttarfélagi lögfræðinga í ríkisþjónustu, Atla Frey Guðmundsson og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti og lögmennina Bjarna Þór Óskarsson og Þorstein Einarsson. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Lögmannafélagi Íslands, Samkeppnisstofnun, Orator, félagi laganema, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarfélagi lögfræðinga í ríkisþjónustu, Neytendasamtökunum, Bjarna Þór Óskarssyni hdl. o.fl. og Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Auk þess var stuðst við umsagnir sem bárust á 121. löggjafarþingi við meðferð málsins.

Í frumvarpinu er lagt til að skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands verði aflögð, en allsherjarnefnd leggur til breytingar á þeim ákvæðum frumvarpsins eins og nánar er gerð grein fyrir síðar. Þá er í frumvarpinu lagt til að lögin heiti lög um lögmenn en ekki lög um málflytjendur eins og núgildandi lög. Önnur nýmæli frumvarpsins lúta m.a. að því að lagt er til að reglum um öflun réttinda til flutnings mála fyrir héraðsdómi verði breytt þannig að í stað prófmálaflutnings fyrir dómi komi sérstök prófraun. Þá er lagt til að gerðar verði auknar kröfur um starfsreynslu áður en unnt er að sækja um rétt til málflutningsstarfa fyrir Hæstarétti. Einnig er lagt til að einkaréttur lögmanna taki til alls landsins, en ekki þykja lengur rök fyrir að binda hann við stærstu kaupstaði landsins. Einnig er lagt til í frumvarpinu að reglur um sviptingu lögmannsréttinda verði gerðar markvissari en nú er.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um ákvæði 7. gr. um öflun héraðsdómslögmannsréttinda, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstakri prófraun í stað flutnings prófmála. Komu fram í máli viðmælenda og umsögnum sem nefndinni bárust nokkrar áhyggjur af þessu fyrirkomulagi og að það mundi leiða til erfiðleika við öflun þessara réttinda. Ákvæði frumvarpsins eru nokkuð opin hvað þetta varðar og telur nefndin ekki eðlilegt að nákvæmar reglur varðandi framkvæmd prófraunar verði festar í lög, en leggur áherslu á að ítarlegar reglur um námskeiðið verði settar í reglugerð. Allsherjarnefnd leggur áherslu á að þess verði gætt að slíkt námskeið verði ekki óþarflega yfirgripsmikið. Þannig tekur nefndin undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Orators, félags laganema, að miðað verði við að námskeiðið standi ekki yfir lengur en eina önn á skólaári og yrði fyrirkomulag þannig að unnt verði að sækja slíkt námskeið meðfram vinnu. Þá telur nefndin mikilvægt að á námskeiðinu verði ekki kenndar greinar sem lögfræðingar hafa þegar tekið próf í í lagadeild Háskóla Íslands. Slíkt námskeið á einungis að snúa að þeim atriðum sem reynir á í starfi lögmanna og er ekki sérstaklega farið yfir í laganáminu, svo sem siðareglum lögmanna, samningu og flutningi málflutningsræðu fyrir dómstólum og reglum sem gilda um samskipti lögmanna og skjólstæðinga þeirra. Einnig er mikilvægt að kostnaði við námskeiðið verði haldið í lágmarki og að umsækjendum verði ekki gert að greiða gjald sem er hærra en kostnaður við námskeiðið og prófraunina. Þá hafa nefndinni borist ábendingar um að erfitt gæti orðið fyrir lögfræðinga er búa fjarri höfuðborgarsvæðinu að sækja slíkt námskeið og leggur nefndin áherslu á að reynt verði að koma til móts við þarfir landsbyggðarinnar að þessu leyti. Einnig hvetur allsherjarnefnd til þess að reynt verði að halda slíkt námskeið á hverju ári, en í frumvarpinu er kveðið á um að það skuli haldið eigi sjaldnar en annað hvert ár. Þannig telur nefndin að heppilegt væri að sett yrði í reglugerð ákvæði um að námskeið verði haldið á hverju ári ef að minnsta kosti 10 manns óska eftir því. Loks telur nefndin eðlilegt að dómsmálaráðherra leiti umsagnar Orators, félags laganema, áður en reglugerð um tilhögun námskeiðs og prófraunar verður sett.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Í tillögum nefndarinnar eru lagðar til víðtækar breytingar á frumvarpinu hvað varðar aðild að Lögmannafélaginu og ákvæðum er leiða af þeim breytingum, svo sem um eftirlit með störfum lögmanna og beitingu agaviðurlaga gagnvart þeim og ýmsum málsmeðferðarreglum. Þannig er lagt til að heiti II. kafla frumvarpsins verði „Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmanna“ og eru grundvallarbreytingar gerðar á kaflanum. Þannig er lagt til að í 3. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að lögmenn skuli hafa með sér félag, Lögmannafélag Íslands, sem þeim er skylt að vera félagsmenn í. Félaginu er aðeins ætlað að hafa með höndum starfsemi sem mælt er fyrir um í lögum, en félaginu er þó heimilt að starfrækja sérstakar félagsdeildir sem lögmönnum er frjálst að ákveða hvort þeir eigi aðild að. Gert er ráð fyrir að fjárhagur slíkra félagsdeilda sé aðgreindur frá fjárhag félagsins. Þá gera breytingartillögurnar ráð fyrir að í tengslum við lögmannafélagið starfi úrskurðarnefnd lögmanna sem leysi úr málum eftir ákvæðum lögmannalaga. Í nefndinni eiga sæti fimm menn, hver þeirra skipaður til fimm ára í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Skulu tveir nefndarmanna kosnir af Lögmannafélagi Íslands, einn tilnefndur af Dómarafélagi Íslands, einn af dómsmálaráðherra og einn af Hæstarétti og skal hann vera úr röðum lögmanna og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Gert er ráð fyrir að nefndin kjósi sér sjálf formann til eins árs í senn. Lögmannafélagið ber kostnað af þeim verkefnum sem því er falið í lögunum og af störfum úrskurðarnefndarinnar og getur félagið lagt árgjald á félagsmenn til að standa straum af þessum kostnaði. Þessi breytingartillaga nefndarinnar er í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 259/1997 er kveðinn var upp 19. febrúar 1998, en þar segir að skylduaðild að Lögmannafélaginu, sem er viðurkennd, heimili ekki stjórn félagsins að krefja félagsmenn um önnur gjöld en þau sem þarf til að sinna hinu lögboðna hlutverki þess.
2. Á 4. gr. eru lagðar til breytingar sem leiðir af breytingum á 3. gr. frumvarpsins, en í ákvæðinu er kveðið á um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Þá er kveðið á um það í 2. mgr. að ákvarðanir úrskurðarnefndarinnar sæti hvorki stjórnsýslukæru né málskoti innan Lögmannafélags Íslands.
3. Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um verkefni Lögmannafélags Íslands og eru lagðar til breytingar á ákvæðinu til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á 3. og 4. gr. frumvarpsins.
4. Á 7. gr. eru lagðar til þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á ákvæðum um skipan prófnefndar þess efnis að fulltrúi sá sem ráðherra skipar í nefndina skuli ekki vera starfandi lögmaður. Á tillagan að tryggja það að þeir sem sitji í prófnefnd hafi sem fjölbreyttasta starfsreynslu. Í öðru lagi er um að ræða leiðréttingu og í þriðja lagi er lagt til að prófnefnd geri tillögu til dómsmálaráðherra um gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun í stað þess að samkvæmt frumvarpinu skal dómsmálaráðherra ákveða gjaldið án samráðs.
5. Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um öflun réttinda til að vera hæstaréttarlögmaður og hefur það verið gagnrýnt nokkuð að lagt sé til að viðhalda flutningi prófmála fyrir Hæstarétti. Þó gerir frumvarpið ráð fyrir að prófmálum verði fækkað úr þremur í tvö. Hefur nefndin rætt nokkuð um fyrirkomulag á öflun hæstaréttarlögmannsréttinda og er niðurstaðan sú að erfitt yrði um vik að hafa prófraunina með öðrum hætti en verið hefur. Þó leggur nefndin til breytingar á ákvæðinu. Lúta þær að því að umsókn um að þreyta prófraun skuli beint til sérstakrar prófnefndar sem í sitji þrír menn sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Lagt er til að tveir nefndarmenn verði tilnefndir af Hæstarétti en einn af Lögmannafélagi Íslands. Nefndinni er ætlað að setja almennar reglur um framkvæmd

prófraunarinnar, en gert er ráð fyrir að dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meti hvort umsækjandi hafi staðist prófraunina. Telur nefndin að með breytingartillögunni sé komið nokkuð til móts við framkomna gagnrýni og ætti hún að stuðla að því að auðveldara verði fyrir lögmenn að afla sér málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti.

6. Lagðar eru til nokkrar orðalagsbreytingar á 11. og 12. gr. Einnig er lagt til að við 2. mgr. 12. gr. bætist nýr töluliður þar sem heimiluð er sérstök undantekning frá meginreglunni um að lögmanni sé skylt að hafa skrifstofu opna almenningi. Lýtur undanþágan að lögmönnum sem gegna föstu starfi hjá félagasamtökum og er það skilyrði fyrir undanþágunni að þeir veiti engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu. Einnig er lagt til að það verði skilyrði fyrir því að slík undanþága verði veitt að umrædd þjónusta falli innan starfssviðs samtakanna. Gert er ráð fyrir að þeir sem sækja um undanþágu láti fylgja umsókn yfirlýsingu um að þeir muni ekki hagnýta sér réttindi sín í ríkara mæli en þar greinir. Breyting þessi er í samræmi við ákvæði danskra laga um lögmenn, en héraðsdómslögmönnum hérlendis hefur hingað til verið heimilt að veita slíka þjónustu. Bárust nefndinni ábendingar um það að nauðsynlegt væri fyrir félagasamtök sem búa yfir sérþekkingu á ákveðnum sviðum að slík undanþága yrði veitt og tekur nefndin undir þau sjónarmið.
7. Á 13. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar er leiðir af breytingum á II. kafla frumvarpsins, en í ákvæðinu er fjallað um eftirlit Lögmannafélagsins með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum. Gert er ráð fyrir að lögmanni verði skylt að veita Lögmannafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda sem félagið tilnefnir allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að meta hvort hann uppfyllir skilyrði laganna. Einnig er lagt til að mælt verði fyrir um það í ákvæðinu að ef í ljós komi að lögmaður fullnægi ekki umræddum skilyrðum beri Lögmannafélaginu að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld úr gildi. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til tillögunnar innan tveggja mánaða.
8. Á 14.,16. og 26. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar er leiðir af öðrum breytingum sem lagðar eru til á frumvarpinu.
9. Á 15. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar þannig að í stað þess að mælt verði fyrir um að lögmannsréttindi skuli felld úr gildi þegar lögmaður tekur við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda er lagt til að notað verði orðalagið „felld niður“. Er það orðalag í samræmi við 16. gr. frumvarpsins. Með orðalagsbreytingunni er nefndin að leggja áherslu á að ekki er verið að svipta menn réttindum sem þeir hafa unnið sér inn, heldur falla þau tímabundið niður á meðan viðkomandi gegnir starfi sem er ósamrýmanlegt handhöfn réttindanna og getur viðkomandi sótt um að þau verði veitt honum á ný án endurgjalds eða prófraunar. Þannig væri viðkomandi rétt að taka fram að hann hefði öðlast lögmannsréttindi en þau fallið niður meðan þannig stæði á. Með frumvarpinu er því í raun ekki um að ræða teljandi breytingu frá gildandi fyrirkomulagi.
10. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 19. gr. frumvarpsins. Snúa þær að eignarhaldi á lögmannsstofum. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði á um það að lögmanni beri sjálfum að starfa á skrifstofu sinni, en honum er jafnframt heimilt að reka útibú frá skrifstofunni og skal hann þá fela öðrum lögmanni í sinni þjónustu að veita útibúinu forstöðu. Í öðru lagi er lagt til að lögmaður geti leitað undanþágu frá skyldu til að hafa opna skrifstofu til Lögmannafélags Íslands ef hann telur sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars að hafa opna skrifstofu. Lagt er til að ákvæði 2. mgr. um að lögmönnum sé heimilt að stofna félag

um rekstur sinn haldist óbreytt. Þá er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að öðrum en lögmönnum sé óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmanns eða eiga hlut í því. Þó er gert ráð fyrir að við andlát lögmanns geti Lögmannafélag Íslands veitt dánarbúi hans eða erfingjum tímabundna heimild til að eiga og reka slíkt félag. Gert er ráð fyrir að veita megi þrotabúi lögmanns sams konar heimild ef bú lögmanns er tekið til gjaldþrotaskipta. Loks leggur nefndin til að ráðherra geti í einstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðinu og heimilað, að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, að aðrir en lögmenn og þeir sem nefndir eru í nýrri 4. mgr. geti átt eða rekið félag um skrifstofu lögmanns ef sérstakar ástæður mæla með því. Sams konar undanþáguheimild er að finna í 7. mgr. 6. gr. laga um endurskoðendur, nr. 18/1997.

11. Á 24. gr. eru lagðar til breytingar í kjölfar ábendinga sem nefndinni bárust. Lýtur tillaga nefndarinnar að því að í stað þess að Lögmannafélagið geti gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu verði dómsmálaráðherra heimilt að gefa út slíkar leiðbeiningar að fenginni umsögn Lögmannafélagsins. Þannig er tryggt að leiðbeiningarnar séu gefnar út af óháðum aðila og telur nefndin það samræmast samkeppnissjónarmiðum betur. Nokkrar umræður urðu í nefndinni um þetta ákvæði í ljósi þess að frumvarp til innheimtulaga hefur nú verið lagt fram á Alþingi. Telur nefndin ljóst að ef það frumvarp verður að lögum sé nauðsynlegt að fella ákvæði 3. mgr. 24. gr. brott úr lögmannalögum, þar sem það verður þá orðið óþarft.
12. Á 27. og 28. gr. eru lagðar til breytingar til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til á frumvarpinu. Lúta þær að kvörtunum á hendur lögmönnum fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi einstakra lögmanna eða veitt þeim viðvörun eða áminningu. Þegar slíku máli er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði nefndarinnar eða sátt sem gerð var fyrir henni eða leita breytingar á niðurstöðu sem fengist hefur fyrir nefndinni.

    Þá leggur nefndin til breytingu á 27. gr. varðandi það hver hefur aðild til að leggja kvörtun fyrir úrskurðarnefndina. Í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir að umbjóðandi lögmanns hafi kvörtunarrétt, en eðlilegt þykir að víkka heimildina út, þannig að um greiða kæruleið verði að ræða. Því er lagt til að ef einhver telur að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum geti hann lagt kvörtun fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Er þetta í samræmi við gildandi rétt.
13. Lagt er til að 30. gr. falli brott, en í henni er kveðið á um málagjald sem innheimta átti við þingfestingu hvers einkamáls. Leiðir breytingu þessa af breytingum sem lagðar eru til á II. kafla frumvarpsins.
14. Þá er lagt til að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. janúar 1999 til að nægur tími gefist til undirbúnings og aðlögunar að ákvæðum þess.
15. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á lagaskilareglum sem fram koma í 32. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að þeir sem þegar hafa byrjað að þreyta prófraun til að afla sér réttinda sem héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmenn en ekki lokið henni eigi kost á að ljúka öflun réttindanna samkvæmt eldri reglum til 1. júlí 2000. Telur nefndin nauðsynlegt að lengja frestinn nokkuð frá því sem lagt er til í frumvarpinu þar sem erfitt getur reynst að afla sér prófmála eða það dregist að ljúka prófrauninni af öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á öðrum frestum ákvæðisins til samræmis við breytingu sem lögð er til á gildistökuákvæði frumvarpsins. Þá eru lagðar til breytingar á lagaskilareglum varðandi þá sem við gildistöku laga þessara fullnægja

skilyrðum 14. gr. eldri laga til að öðlast leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi án þess að þreyta prófraun, sbr. 3. mgr., en hafa ekki náð 30 ára aldri. Lagt er til að þeim megi veita málflutningsréttindi þegar í stað enda sé sótt um þau fyrir 1. apríl 1999. Einnig er lagt til að kveðið verði á um rétt þeirra sem þegar hafa starfað hluta þess þriggja ára tímabils sem krafist er í núgildandi lögum til að unnt sé að sækja héraðsdómslögmannsréttindi án þess að þreyta prófraun. Þar er um að ræða þá sem hafa setið á Alþingi, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélaga. Einnig gildir ákvæðið um þá sem gegnt hafa fleiri en einu af framantöldum störfum og gildir þá samanlagður starfstími. Í tillögum allsherjarnefndar er gert ráð fyrir að veita megi þeim sem stundað hafa slík störf í 6 mánuði að lágmarki héraðsdómslögmannsréttindi þegar skilyrði eldri laga um starfsreynslu er fullnægt, enda sé sótt um þau innan þriggja mánaða frá því tímamarki og aldrei síðar en 1. apríl 2002.

16. Þá er lagt til að 33. gr. frumvarpsins falli brott og leiðir þá breytingu af breytingum sem lagðar eru til á II. kafla frumvarpsins.
17. Loks er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um hvernig staðið skuli að skipun úrskurðarnefndar lögmanna í fyrsta skipti. Gert er ráð fyrir að einn aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Lagt er til að skipunartími hvers verði ákveðinn af tilviljun þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast til setu í nefndinni.

Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 24. mars 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.

1041. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til l. um lögmenn.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lögmenn skulu hafa með sér félag sem nefnist Lögmannafélag Íslands. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmenn.

Lögmannafélag Íslands setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Í tengslum við Lögmannafélag Íslands skal starfa úrskurðarnefnd lögmanna sem leysir úr málum eftir ákvæðum þessara laga. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hver nefndarmaður eiga þar sæti í fimm ár í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Tveir nefndarmenn skulu kosnir af Lögmannafélagi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þess, einn skal tilnefndur af Dómarafélagi Íslands, einn af dómsmálaráðherra og einn af Hæstarétti Íslands, en hann skal vera úr röðum lögmanna sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Nefndin kýs sér sjálf formann til eins árs í senn.

Lögmannafélag Íslands ber kostnað af þeim störfum sem því og úrskurðarnefnd lögmanna eru falin með lögum. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.

Lögmannafélagi Íslands er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem lögmönnum er frjálst að ákveða hvort þeir eiga aðild að. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna fer eftir stjórnsýslulögum nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Nefndin setur sér innan þess ramma nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

Ákvarðanir úrskurðarnefndar lögmanna sæta hvorki stjórnsýslukæru né málskoti innan Lögmannafélags Íslands.

3. Við 5. gr.
   a. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
   b. Orðin „leitast við að“ í 3. mgr. falli brott.
4. Fyrirsögn II. kafla orðist svo: **Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmanna.**
5. Við 6. gr. Í stað orðsins „Lögmannaráðs“ í 2. mgr. komi: Lögmannafélags Íslands.
6. Við 7. gr.
   a. Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: og skal hann ekki vera starfandi lögmaður.
   b. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „Dómsmálaráðherra ákveður“ í fyrri málslið 4. mgr. komi: Að fenginni tillögu prófnefndar ákveður dómsmálaráðherra.
7. Við 9. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:

      Sá sem þreyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal beina til sérstakrar prófnefndar umsókn um það ásamt staðfestingu dómsmálaráðherra á að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Í prófnefndinni sitja þrír menn sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skulu tveir nefndarmenn tilnefndir af Hæstarétti, en einn af Lögmannafélagi Íslands. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann til eins árs í senn. Hún skal setja almennar reglur um framkvæmd prófraunar. Dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi standist prófraun.
   b. Í stað orðsins „dómi“ í síðari málslið 3. mgr. komi: Hæstarétti.
8. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið 1. mgr. komi: Lögmannafélags Íslands.
   b. Í stað orðsins „hann“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: það.
   c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: Lögmannafélagi Íslands.

9. Við 12. gr.
   a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. komi: Lögmannafélags Íslands.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður er orðist svo:
      3. gegnir föstu starfi hjá félagasamtökum enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og skal þjónustan falla innan starfssviðs samtakanna.
   c. Í stað orðanna „1. tölul. 2. mgr.“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: 1. eða 3. tölul. 2. mgr.
   d. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsl. 3. mgr. komi: Lögmannafélagi Íslands.
10. Við 13. gr.
   a. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: Lögmannafélag Íslands.
   b. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Lögmanni er skylt að veita Lögmannafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda, sem félagið tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr.
   c. 3. mgr. orðist svo:
      Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld úr gildi. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.
11. Við 14. gr.
   a. Í stað orðsins „Lögmannaráði“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: úrskurðarnefnd lögmanna.
   b. Í stað orðsins „Lögmannaráð“ í síðari málslið 1. mgr. komi: nefndin.
   c. Orðið „Lögmannaráðs“ í 2. mgr. falli brott.
12. Við 15. gr. Í stað orðanna „felld úr gildi“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: felld niður.
13. Við 16. gr. Í stað orðsins „Lögmannaráðs“ í síðari málslið 2. mgr. komi: Lögmannafélags Íslands.
14. Við 19. gr.
   a. Á undan 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Lögmanni ber sjálfum að starfa á skrifstofu sinni. Reki hann útibú frá skrifstofunni má hann þó fela öðrum lögmanni í þjónustu sinni að veita því forstöðu.
   b. 1. mgr. orðist svo:
      Telji lögmaður sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars síns að hafa opna skrifstofu má hann leita undanþágu Lögmannafélags Íslands frá skyldu til þess.
   c. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Öðrum en lögmönnum er óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmanns eða eiga hlut í því. Við andlát lögmanns getur þó Lögmannafélag Íslands veitt dánarbúi hans eða erfingjum tímabundna heimild til að eiga og reka slíkt félag. Sams konar heimild má veita þrotabúi ef bú lögmanns er tekið til gjaldþrotaskipta.
      Ráðherra getur heimilað, að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, að aðrir en þeir sem nefndir eru í 4. mgr. geti átt eða rekið félag um skrifstofu lögmanns svo fremi að sérstakar ástæður mæli með því.
15. Við 24. gr. Í stað orðanna „Lögmannafélag Íslands getur“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands.
16. Við 26. gr.
   a. Í stað orðanna „Lögmannaráð til úrskurðar“ í 1. mgr. komi: úrskurðarnefnd lögmanna.
   b. Í stað orðsins „Lögmannaráð“ í 2. mgr. komi: úrskurðarnefndina.
   c. Í stað orðsins „Lögmannaráð“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: úrskurðarnefndina.

d. Í stað orðsins „það“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: hún.
e. Í stað orðsins „ráðið“ í síðari málslið 3. mgr. komi: nefndin.

17. Við 27. gr.
a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr. og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanninum.
b. Í stað orðsins „Lögmannaráð“ í síðari málslið 1. mgr. komi: Nefndin.
c. Í stað orðanna „umbjóðandi átti kost“ í síðari málslið 1. mgr. komi: að kostur var.
d. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Í máli skv. 1. mgr. getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum viðvörun eða áminningu.
e. Í stað orðsins „ráðið“ í síðari málslið 2. mgr. komi: nefndin.

18. Við 28. gr.
a. Í stað orðsins „Lögmannaráð“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: úrskurðarnefnd lögmanna.
b. Í stað orðsins „Lögmannaráði“ í síðari málslið 1. mgr. komi: nefndinni.
c. Í stað orðsins „Lögmannaráði“ í 2. mgr. komi: Úrskurðarnefndinni.
d. Í stað orðsins „ráðinu“ í 2. mgr. komi: henni.
e. 3. mgr. orðist svo:
Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði hennar eða sátt sem er gerð fyrir henni eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.
f. Í stað orðsins „Lögmannaráðs“ í 4. mgr. komi: nefndarinnar.
g. Í stað orðsins „því“ í 4. mgr. komi: henni.

19. Við 30. gr. Greinin falli brott.
20. Við 31. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1998“ komi: 1. janúar 1999.
21. Við 32. gr.
a. Í stað orðanna „1. júlí 1999“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: 1. júlí 2000.
b. Í stað orðanna „1. júlí 1998“ í 3. mgr. komi: 1. janúar 1999.
c. Í stað orðanna „1. október 1998“ í 4. mgr. komi: 1. apríl 1999.
d. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
Þeim sem við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 14. gr. laga um málflytjendur til að öðlast leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi án þess að þreyta prófraun, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, öðrum en skilyrði um 30 ára aldur, má veita slík málflutningsréttindi þegar í stað, enda sé sótt um þau fyrir 1. apríl 1999.
Nú er svo ástatt um einhvern sem greinir í 5. mgr., og hann fullnægir heldur ekki kröfu um starfsreynslu en hefur þó í 6 mánuði að lágmarki verið alþingismaður, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélaga, og má þá veita honum slík réttindi þegar skilyrði eldri laga um starfsreynslu er fullnægt, enda sé sótt um þau innan þriggja mánaða frá því tímamarki og aldrei síðar en 1. apríl 2002.

22. Við 33. gr. Greinin falli brott.
23. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
Þegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmanna skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

1042. Frumvarp til laga [613. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

163. gr. laganna orðast svo:

Í þessum kafla hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

a. *Björgun:* sérhver athöfn sem hefur það að markmiði að hjálpa skipi eða öðru lausafé sem farist hefur eða er statt í hættu á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er.
b. *Skip:* sérhvert skip eða far eða önnur smíð sem er fær til siglinga.
c. *Lausafé:* sérhver hlutur sem ekki er varanlega við ströndina skeyttur.
d. *Umhverfistjón:* umtalsvert tjón á heilsu manna, eða lífi eða auðlindum í ám eða vötnum, við ströndina og nálægum svæðum eða í íslensku efnahagslögsögunni, af völdum mengunar, elds, sprengingar eða annarra sambærilegra alvarlegra atvika.

2. gr.

164. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum þessa kafla skal beitt um björgunarmál sem höfðað er fyrir íslenskum dómstóli eða gerðardómi.

Ákvæði þessa kafla gilda jafnt þótt það skip sem bjargaði sé eign sama manns og hitt er bjargað var. Þá gilda ákvæðin einnig um björgun sem framkvæmd er af skipi í eigu ríkisins.

Þótt björgunaraðgerðir fari fram undir stjórn eða séu framkvæmdar af stjórnvöldum í skjóli valdheimilda þeirra fer um rétt þeirra sem tekið hafa þátt í slíkum björgunaraðgerðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um skip eða lausafé sem falla undir III. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

3. gr.

165. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum þessa kafla skal þá aðeins beita að ekki sé um annað samið. Óheimilt er að semja um takmörkun á skyldu til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

Skipstjóri hefur umboð til að gera samning fyrir hönd eiganda skips. Eigandi skips, útgerðarmaður og skipstjóri hafa hver um sig umboð til að gera samning um björgun fyrir hönd eigenda þess lausafjár sem er eða hefur verið um borð í skipinu.

Björgunarsamningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef hann er gerður meðan hættan stóð yfir eða undir áhrifum hennar og það yrði talið ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Samningi um upphæð björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a má víkja til hliðar eða breyta ef krafan er ekki í eðlilegu samræmi við umfang vinnu að björgun.

4. gr.

166. gr. laganna orðast svo:

Skylt er sjófarendum að leitast við að bjarga mönnum úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska.

Björgunarmaður er skyldur til þess gagnvart eiganda og útgerðarmanni skips og eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga að:

a. sýna aðgát við framkvæmd björgunar og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
b. leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess og
c. samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna þegar útgerðarmaður, skipstjóri eða eigandi annars lausafjár sem í hættu er krefst þess og krafan telst sanngjörn; björgunarlaun skulu þó ekki lækka ef krafan er ósanngjörn.

Eigandi skips, útgerðarmaður eða skipstjóri, ásamt eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga, ber gagnvart björgunarmanni skylda til að:

a. veita honum liðsinni við björgunina,
b. sýna aðgát meðan björgunaraðgerðir standa yfir og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni og
c. taka við hinu bjargaða eftir að því hefur verið komið á öruggan stað og björgunarmaður leggur fram sanngjarna kröfu þess efnis.

5. gr.

167. gr. laganna orðast svo:

Björgunarmaður á rétt til björgunarlauna beri björgunaraðgerðir árangur. Að frátöldum vaxta- og málskostnaði má ekki ákvarða björgunarlaun hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað var.

Björgun mannslífa veitir ekki rétt til björgunarlauna. Sá sem bjargar mannslífi við framkvæmd björgunar á þó rétt á sanngjarnri hlutdeild í björgunarlaunum eða í sérstakri þóknun samkvæmt 170. gr. a.

Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að krefjast sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a.

6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

Björgunarlaun skal ákvarða með það í huga að hvetja til björgunar. Við ákvörðunina skal þessa gætt:

a. verðmætis þess sem bjargað var,
b. verklagni þeirrar og atorku sem björgunarmenn beittu við björgun skips, annars lausafjár og mannslífa,
c. verklagni og atorku björgunarmanna til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
d. að hve miklu leyti björgunin tókst,
e. eðlis og umfangs hættunnar,
f. hve langan tíma björgunaraðgerðir tóku ásamt útgjöldum og tjóni því sem björgunarmenn urðu fyrir,
g. hve skjótt hjálpin var veitt,
h. áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni og annarrar hættu sem björgunarmönnum eða eigum þeirra var stofnað í,
i. að björgunarskip eða annar búnaður var notaður eða var til reiðu við framkvæmd björgunarinnar,
j. umfangs björgunarviðbúnaðar, afkastagetu og verðmætis búnaðar björgunarmanna.

Nú var skip það sem bjargað var eigi statt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli og skal þá atriða b–j-liða 1. mgr. einkum gætt við ákvörðun björgunarlauna.

7. gr.

169. gr. laganna orðast svo:

Eigandi skips og eigendur annars lausafjár sem bjargað var eru ábyrgir fyrir greiðslu björgunarlauna í hlutfalli við verðmæti hinna björguðu eigna þeirra.

8. gr.

170. gr. laganna orðast svo:

Við skiptingu björgunarlauna milli tveggja eða fleiri björgunarmanna skal viðmiða 1. mgr. 168. gr. gætt.

9. gr.

Við lögin bætast sjö nýjar greinar, 170. gr. a–g, og orðast svo:

a. (170. gr. a.)

Ef björgunarmaður hefur unnið að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni getur hann krafið eiganda skips og útgerðarmann um sérstaka þóknun sem er jafnhá kostnaði hans við björgunarvinnuna. Aðeins er hægt að krefjast sérstakrar þóknunar í þeim mæli sem hún er hærri en björgunarlaun ákvörðuð skv. 1. mgr. 168. gr.

Hafi björgunarmaður komið í veg fyrir eða dregið úr umhverfistjóni er heimilt að hækka hina sérstöku þóknun um allt að 30% af kostnaði björgunarmanns. Sé það talið sanngjarnt, þegar horft er til þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr., má hækkunin nema allt að 100%.

Með kostnaði björgunarmanns er átt við bein og hæfileg útgjöld björgunarmanns vegna björgunaraðgerða auk sanngjarns endurgjalds fyrir notkun búnaðar og mannafla. Við ákvörðun þess endurgjalds ber að líta til atriða sem nefnd eru í g-, i- og j-liðum 1. mgr. 168. gr.

Ef björgunarmaður hefur vegna gáleysis vanrækt að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni má lækka eða fella niður hina sérstöku þóknun.

b. (170. gr. b.)

Nú hefur einhver samkvæmt samningi tekist á hendur verk áður en hætta skapast og á hann þá aðeins rétt á björgunarlaunum eða sérstakri þóknun að því leyti sem talið verður að veitt aðstoð hafi verið umfram skyldu samkvæmt samningnum.

Nú tekur einhver þátt í vinnu að björgun gegn beru og réttmætu banni eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra og á hann þá engan rétt til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Sama á við um bann eiganda annars lausafjár sem er í hættu en hefur hvorki verið né er um borð í skipi.

Lækka má eða fella niður björgunarlaun eða sérstaka þóknun ef mistök björgunarmanns eða vanræksla hefur gert björgunina nauðsynlega eða erfiðari en ella, eða björgunarmaður hefur gerst sekur um svik eða aðra óheiðarlega háttsemi.

c. (170. gr. c.)

Nú hefur skip sem er skrásett á Íslandi bjargað einhverju á ferð og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum sem á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar sem af björgunarstarfinu leiddi. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun samkvæmt 3. mgr.

Því sem þá er eftir af björgunarlaununum skal skipt þannig að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að réttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja sem hæst björgunarlaun fær. Leiðsögumaður um borð í skipi því sem bjargar fær skiptahlut í hluta skipshafnarinnar þótt hann sé ekki ráðinn hjá útgerðinni. Skal skiptahlutur hans vera jafn hæsta stýrimannshlut. Á skipum þar sem tekjur skipstjóra og skipshafnar miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut skulu allir skipverjar, að skipstjóra meðtöldum, eiga jafna hlutdeild í björgunarlaunum.

Nú hefur einhver björgunarmanna skarað fram úr við björgunarstörfin, t.d. náð þar sérstaklega ríkum árangri eða stofnað sér í hættu umfram aðra, og má þá veita honum sérstaka aukaþóknun af þeim sökum. Útgerðarmaður getur greitt þessa þóknun ótilkvaddur en að öðrum kosti þarf rökstudd beiðni að hafa borist honum áður en mánuður er liðinn frá því að björgun lauk. Hafi skipverji, án nægra ástæðna, látið hjá líða að hlýðnast réttmætum fyrirmælum yfirmanns síns um að taka þátt í björgunarstörfum verður hann að hlíta því að hlutdeild hans í björgunarlaunum kunni að vera lækkuð eða jafnvel felld niður ef nægar ástæður eru og hækkar þá að sama skapi heildarskiptahlutur annarra skipverja, að skipstjóra frátöldum.

Jafnskjótt og björgunarlaun hafa verið ákvörðuð með samningi eða endanlegum dómi skal útgerðarmaður senda hverjum þeim sem á hlutdeild í þeim björgunarlaunum tilkynningu um upphæð þeirra ásamt áætlun um skiptingu þeirra. Mótmæli gegn skiptaáætlun útgerðarmanns skulu hafa borist honum áður en einn mánuður er liðinn frá því að framangreind tilkynning var send.

Samningsákvæði, sem mæla fyrir um að skipstjóri eða skipshöfn skuli hafa minni hlut í björgunarlaunum en 2. mgr. mælir fyrir um, skulu vera ógild nema viðkomandi hafi verið ráðinn á skip til björgunarstarfa eða á skip sem sérstaklega var búið til björgunar eða samningurinn hafi verið gerður við ráðninguna og þá vegna tiltekinnar björgunaraðgerðar.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda einnig um skiptingu sérstakrar þóknunar skv. 2. mgr. 170. gr. a.

Nú er skip sem bjargar ekki skráð á Íslandi og gildir þá löggjöf þess lands þar sem skipið er skráð.

Ef það er ekki skip sem bjargar þá skal um skiptingu björgunarlauna fara eftir þeirri löggjöf sem gildir um réttarsambandið milli björgunarmanns og starfsmanna hans.

d. (170. gr. d.)

Krefjist björgunarmaður þess skal sá sem ábyrgð ber á greiðslu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu að meðtöldum vöxtum og kostnaði björgunarmanns. Þegar trygging hefur verið sett getur björgunarmaður ekki gengið að sjóveði sínu vegna björgunarlauna.

Eigandi og útgerðarmaður skips þess sem bjargað var skulu gera sitt ítrasta til að eigandi farms leggi fram fullnægjandi tryggingu vegna ábyrgðar gagnvart björgunarmanni, áður en honum er afhentur farmurinn.

Þar til sett hefur verið trygging skv. 1. mgr. er óheimilt án samþykkis björgunarmanns að flytja skip eða lausafé sem bjargað var frá þeim stað þar sem því var komið fyrir eftir björgunina.

e. (170. gr. e.)

Dómstóll sá eða gerðardómur sem dæma skal um kröfu björgunarmanna getur ákveðið að greiða skuli fyrir fram hluta björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Setja má það sem skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu að björgunarmaður setji tryggingu.

f. (170. gr. f.)

Dómsmál um ákvörðun eða skiptingu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar má höfða fyrir dómstóli í því umdæmi þar sem björgunin fór fram eða þar sem hið bjargaða var flutt að landi. Mál um skiptingu skv. 170. gr. c má höfða fyrir dómstóli í heimahöfn þess skips sem bjargaði eða þar sem mál um ákvörðun björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar eða um skiptingu skv. 170. gr. er höfðað.

Þegar björgun er lokið getur útgerð þess skips sem bjargaði krafist kyrrsetningar allra hinna björguðu verðmæta. Um kyrrsetninguna gilda reglur laga nr. 31/1990. Frestur til málshöfðunar skv. 1. mgr. 36. gr. skal vera átta vikur frá lokum gerðar. Til gerðarinnar nægir að boða skipstjóra fyrir hönd allra gerðarþola.

Ef mál ef höfðað til að fá leyst úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna skal stefna öllum þeim aðilum sem kröfu eiga til hlutdeildar. Stefndu geta gert sjálfstæðar kröfur án þess að höfða gagnsök. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 91/1991. Sé ekki öllum aðilum stefnt skal málinu vísað frá dómi.

g. (170. gr. g.)

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um herskip eða önnur skip sem ekki eru rekin í viðskiptalegum tilgangi, eru í eigu erlends ríkis og njóta á björgunarstundu friðhelgi samkvæmt reglum þjóðaréttar, nema hlutaðeigandi ríki ákveði annað.

Ákvæði þessa kafla veita ekki heimild til kyrrsetningar eða annarrar tímabundinnar réttaraðgerðar ef farmur er í eigu ríkisins og er ekki fluttur í viðskiptalegum tilgangi. Þetta gildir ekki ef kyrrsetning eða önnur tímabundin réttaraðgerð er í samræmi við reglur þjóðaréttar.

Ákvæði þessa kafla veita ekki heimild til kyrrsetningar eða annarrar tímabundinnar réttaraðgerðar ef farmur er ætlaður til mannúðarmála og það ríki sem gefið hefur farminn fellst á að greiða björgunarlaun eða sérstaka þóknun vegna farmsins.

10. gr.

1. tölul. 175. gr. laganna orðast svo: kröfu um björgunarlaun, kröfu um sérstaka þóknun skv. 170. gr. a, framlags til sameiginlegs sjótjóns eða endurgjalds samkvæmt samningi vegna úrræða sem greind eru í 4., 5. eða 6. tölul. 1. mgr. 174. gr.

11. gr.

1. tölul. 215. gr. laganna orðast svo: Krafa um björgunarlaun og sérstaka þóknun: innan tveggja ára frá því að björgunarstarfi lauk.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

13. gr.

14. gr. laga um bátaábyrgðarfélög, nr. 18 23. apríl 1976, fellur brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Hinn 11. apríl 1997 skipaði samgönguráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði VIII. kafla siglingalaga, 34/1985. Í nefndinni voru Guðmundur Sigurðsson lögfræðingur, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur, Guðný Björnsdóttir

lögfræðingur, Benedikt Bogason lögfræðingur og Jón Finnbjörnsson lögfræðingur. Starfsmaður nefndarinnar var Gústav Magnús Siemsen skipstjóri.

Nefndin samdi drög að breytingum á björgunarreglum gildandi siglingalaga. Hinn 10. júlí 1997 voru drögin send eftirtöldum aðilum til umsagnar: Siglingastofnun Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Landhelgisgæslu Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, viðskiptaráðuneytinu, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, umhverfisráðuneytinu, Samtökum kaupskipaútgerða og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Nefndinni bárust umsagnir frá öllum þessum aðilum að undanskildu Landssambandi smábátaeigenda.

Við starf nefndarinnar var fyrst og fremst stuðst við nýlegar norrænar lagabreytingar og alþjóðasamning um björgun frá 1989 (The international convention on salvage, 1989). Ástæða er til að benda á eftirfarandi heimildir í þessu sambandi: Noregur: NOU 1994:23, Ot. prp nr. 34 (1995–96), Danmörk: Folketingstidende tillæg A 1994–95, bls. 1474–1561. Þá skal tekið fram að þótt eftirfarandi tillögur nefndarinnar feli í sér nokkrar breytingar á gildandi reglum siglingalaga er ekki um verulegar efnislegar breytingar að ræða.

Nefndin stóð frammi fyrir því að greinum þeim sem fjalla um björgun fjölgar frá því sem er í gildandi siglingalögum, nr. 34/1985. Niðurstaða nefndarinnar var að láta kaflann um björgun byrja á 163. gr. og enda á 170. gr. eins og er í gildandi lögum. Til þess að þetta mætti takast koma inn sjö nýjar greinar, 170. gr. a–g. Þetta er gert til að raska ekki greinaskipan siglingalaganna. Nefndin taldi eðlilegra að slíkt biði heildarendurskoðunar á siglingalögunum.

2. Gildandi íslenskar reglur um björgun.

Með siglingalögum, nr. 34/1985, voru gerðar nokkrar breytingar á reglum eldri siglingalaga um björgun. Við þá lagasetningu var að verulegu leyti stuðst við norrænu siglingalögin. Þar áður höfðu ákvæði siglingalaga um björgun staðið nær óbreytt frá því árið 1914, þegar siglingalögunum frá 1913 var breytt m.a. til samræmis við alþjóðasamning um aðstoð og björgun sem gerður var í Brussel 23. september 1910. Íslenska ríkið hefur þó aldrei gerst aðili að samningi þessum.

Helstu breytingar sem gerðar voru á björgunarreglunum með lögum nr. 34/1985 voru:

1. Hugtakið björgun var víkkað þannig að ekki var lengur skilyrði að skip væri statt í „neyð“, heldur nægði að það væri statt í „hættu“.
2. Í 2. mgr. 165. gr. siglingalaga er svo fyrir mælt að sé skip það sem bjargað var eigi statt í yfirvofandi hættu en hafi eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli skuli við ákvörðun björgunarlauna einkum gætt tiltekinna atriða sem þar eru talin og lúta m.a. að tíma þeim og fyrirhöfn sem til björgunarinnar var varið og fjártjóni bjargenda en eigi verðmætis þess sem bjargað var þótt eigi sé sá þáttur útilokaður. Þetta ákvæði á sér ekki hliðstæðu í norrænum siglingalögum.
3. Með 169. gr. siglingalaganna var gerð veruleg breyting á reglum um skiptingu björgunarlauna. Breytingarnar voru þær helstar að heildarskiptahlutur áhafnar í björgunarlaunum hækkaði á kostnað útgerðarhlutans og hlutur skipshafnar var jafnframt hækkaður í hlutfalli við skipstjórahlutinn.
4. Þá var tekin upp í 163. gr. laganna almenn vísiregla sem mælti fyrir um að sjófarendum væri skylt að leitast við að bjarga mönnum, skipum eða fjármunum sem á skipi eru úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska. Slíka reglu var ekki að finna í norrænu siglingalögunum.

Samkvæmt gildandi siglingalögum geta björgunarlaun orðið mun hærri en sem nemur venjulegri greiðslu fyrir vinnuframlag. Þetta á sérstaklega við þegar verðmæti þess sem er bjargað er mikið og björgunarstörfin hafa verið erfið og/eða falið í sér hættu, sbr. 165. gr. Björgunarlaun geta hins vegar í engu tilviki orðið hærri en sem nemur verðmæti þess sem bjargað er, sbr. 166. gr. Ef björgun tekst ekki er meginreglan sú að björgunarmenn eiga ekki rétt á greiðslu. Þetta byggist á hinni svokölluðu „no-cure, no-pay"-reglu. Björgunarlaun eru tryggð með sjóveði, sbr. 4. tölul. 197. gr.

Samkvæmt gildandi siglingalögum eiga björgunarreglurnar fyrst og fremst við um björgun á skipi eða á farmi um borð í skipinu eða sem verið hefur um borð, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 164. gr. Björgun mannslífa veitir sem slík ekki rétt til björgunarlauna en getur þó haft áhrif við ákvörðun björgunarlauna ef skilyrði björgunar að öðru leyti eru uppfyllt, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 164. gr.

Hafi björgunarmaður sjálfur átt sök á hættu þeirri sem var tilefni björgunar eða hafi hann orðið sekur um þjófnað, hylmingu eða aðra sviksamlega meðferð á fjármunum þeim sem bjargað var, má lækka eða fella niður að fullu björgunarlaun til hans, sbr. 2. mgr. 165. gr. Þá segir einnig í lögunum að sá sem tekist hefur á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita aðstoð á annan líkan hátt og skipið kemst í hættu, eigi þá aðeins rétt á björgunarlaunum að því leyti sem talið verði að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því sem honum bar skylda til samkvæmt því er honum bar að inna að hendi, sbr. 4. mgr. 164. gr.

Björgunarreglur siglingalaga eru frávíkjanlegar. Erlendis hafa verið í notkun stöðluð samningsform fyrir björgunarsamninga. Það staðlaða samningsform sem oftast er notað er „Lloyd´s Open Form" (Lloyd´s standard form of salvage agreement). Þetta samningsform var síðast endurskoðað á árinu 1995. Í Skandinavíu er einnig notað „Skandinavisk bergningskontrakt 1994" sem að verulegu leyti byggist á Lloyd´s Open Form. Á Íslandi hafa staðlaðir björgunarsamningar hins vegar lítið verið í notkun.

3. Björgunarsamningurinn frá 1989.

3.1. Inngangur.

IMO (International Maritime Organization) björgunarsamningurinn var samþykktur á alþjóðlegri ráðstefnu í London 28. apríl 1989. Hér á eftir verður þessi samningur ýmist nefndur samningurinn, björgunarsamningurinn, samningurinn frá 1989 eða björgunarsamningurinn frá 1989. Í 1. mgr. 29. gr. björgunarsamningsins kemur fram að hann gangi í gildi einu ári eftir að 15 ríki hafa samþykkt hann. Samningurinn gekk í gildi 14. júlí 1996. Markmiðið með hinum nýja samningi var að setja reglur um björgun sem leyst gætu af hólmi alþjóðasamninginn um aðstoð og björgun sem gerður var í Brussel 23. september 1910.

Segja má að meginástæðan fyrir gerð samningsins frá 1989 hafi verið það tilvik er olíuskipið Amoco Cadiz fórst við Frakklandsstrendur í mars 1978. Slys þetta leiddi til mestu olíumengunar sem orðið hafði og þá komu í ljós ýmsir annmarkar á þágildandi björgunarreglum. Nánar tiltekið varð slysið með þeim hætti að olíuskipið Amoco Cadiz var á leið til Rotterdam með um það bil 220 þúsund tonn af hráolíu þegar stýrisvél skipsins bilaði kl. 9.45 16. mars 1978. Stýrið læstist með stefnu hart á bakborða og skipið rak í hvassviðri að landi. Þegar klukkan var 21.04 þann sama dag strandaði skipið og áhöfnin varð að yfirgefa það 4½ klst. síðar. Skipsskrokkurinn gaf sig síðan með þeim afleiðingum að hann brotnaði í tvennt. Þrátt fyrir ötular tilraunir sem gerðar voru til að draga úr mengunartjóni rann öll olían í sjóinn. Umfangsmiklar og dýrar ráðstafanir sem voru gerðar til að reyna að hreinsa upp olíuna komu ekki að neinu gagni og slysið olli gríðarlegu mengunartjóni.

Þegar aðdragandi að slysinu er skoðaður frá sjónarhóli björgunarréttar sést að 10 klukkustundir og 19 mínútur liðu frá því að skipið bilaði og þar til það strandaði. Það hefði því átt að vera nægur tími til að hefja björgunaraðgerðir og koma í veg fyrir þetta hörmulega slys. Þýski björgunarbáturinn Pacific var í næsta nágrenni þegar bilunin varð. Sá bátur var búinn 10 þúsund hestafla vél. Haft var samband við hann kl. 11.30 og var hann kominn að Amoco Cadiz kl. 12.20. Amoco Cadiz hafði þá rekið 4½ mílu nær landi og var 3 mílur frá strandstaðnum. Það liðu hins vegar 3½ klst. þar til raunveruleg tilraun var gerð til að draga Amoco Cadiz. Björgunarmennirnir vildu fyrst ganga frá björgunarsamningi. Vildu þeir notast við Lloyd´s Open Form og það tók skipstjóra Amico Cadiz þennan tíma að fá samþykki útgerðarmanns skipsins til að gera slíkan samning. Þá gekk ekki vel að draga skipið þegar það verk var loksins hafið. Dráttartaugin slitnaði nær strax og það tók nærri 3 klst. að festa aðra dráttartaug. Önnur dráttartilraunin misheppnaðist einnig. Pacific var ekki nógu öflugur til að ráða við að draga hið risavaxna olíuskip í þungum sjó. Annar þýskur dráttarbátur, Simon, sem búinn var 16 þúsund hestafla vél, var ekki langt undan og kom á strandstaðinn aðeins 90 mínútum eftir að skipið strandaði.

Í september 1978 sendi laganefnd IMO frá sér skýrslu um óhappið. Þar var m.a. spurt hvort ekki væri ástæða til að endurskoða björgunarsamninginn frá 1910. Að undirlagi IMO var á vegum CMI (Comité Maritime International) útbúin drög að nýjum björgunarsamningi. Drögin voru samþykkt á ráðstefnu hjá CMI í Montreal árið 1981. Þessi samningsdrög voru lögð til grundvallar við gerð samningsins 1989.

3.2. Samanburður á gildandi íslenskum reglum um björgun og reglum björgunarsamningsins frá 1989.

Björgunarsamningurinn frá 1989 er bæði hvað varðar form og umfang líkur björgunarsamningnum frá 1910 og þar með reglum VIII. kafla gildandi siglingalaga. Þá er efnislegt innihald þessara tveggja samninga um margt líkt þótt samningurinn frá 1989 innihaldi einnig reglur sem fela í sér verulegar breytingar og skal þeirra helstu getið hér.

Í björgunarsamningnum frá 1989 er að finna lagaskilareglu. Í gildandi siglingalögum er ekki að finna reglur sem kveða á um í hvaða björgunartilvikum lögin koma til framkvæmda. Hvort íslenskur dómstóll leggur björgunarreglur siglingalaga til grundvallar eða ekki fer því eftir ólögfestum íslenskum lagaskilareglum. Í 2. gr. björgunarsamningsins frá 1989 er því hins vegar slegið föstu að dómstólar eða gerðardómar í ríki sem fullgilt hefur samninginn eigi að leggja reglur hans til grundvallar í öllum björgunarmálum, án tillits til þess hvar í veröldinni tilvikið hefur komið upp og án tillits til þjóðernis hins bjargaða skips eða þess skips sem bjargaði.

Í öðru lagi er gildissvið björgunarsamningsins frá 1989 nokkru víðara en samkvæmt gildandi reglum. Þetta snertir m.a. spurninguna um hvað geti verið andlag björgunar. Gildandi björgunarreglur eiga fyrst og fremst við um björgun á skipi, vörum um borð í skipinu eða einhverju sem tilheyrt hefur viðkomandi skipi eða vörum, en það leiðir af a-lið 1. gr. samningsins frá 1989 að hann gildir einnig um „annað lausafé“ sem ekki er í neinum tengslum við skip.

Ólíkt því sem gildir samkvæmt björgunarsamningnum frá 1910 gildir björgunarsamningurinn frá 1989 um björgun á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er, sbr. a-lið 1. gr. Þar sem „annað lausafé“ getur verið andlag björgunar gildir samningurinn t.d. um það tilvik að þyrla bjargar bíl sem er um það bil að sökkva í stöðuvatn. Gagnstætt samningnum frá 1910 gildir samningurinn frá 1989 því um tilvik sem ekki tengjast skiparekstri eða siglingum á sjó. Það skal þó tekið fram að þetta rúma gildissvið samningsins ber að skoða í ljósi heimildarinnar til að setja fyrirvara skv. 30. gr. samningsins.

Samningarnir frá 1910 og 1989 byggja báðir á meginreglunni um samningsfrelsi. Í samningnum frá 1989 er þetta sagt berum orðum í 6. gr. Ólíkt samningnum frá 1910 inniheldur samningurinn frá 1989 reglu þar sem skipstjóra er veitt umboð til að gera björgunarsamning fyrir hönd eiganda skips. Skv. 1. mgr. 13. gr. íslensku siglingalaganna, nr. 34/1985, hefur skipstjóri umboð til að gera björgunarsamning fyrir hönd útgerðarmanns. Þessu til viðbótar er í samningnum frá 1989 að finna reglur sem takmarka samningsfrelsið. Aðilar geta þannig undir engum kringumstæðum samið svo um að þeim beri ekki skylda til að reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

Í 8. gr. samningsins frá 1989 er kveðið á um skyldur þeirra aðila sem að björgunaraðgerðum koma. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi rétti. Björgunarmaður er skyldur til þess að sýna aðgát við framkvæmd björgunar og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni, leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess og eftir atvikum samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna. Þá hvíla einnig ákveðnar skyldur á eiganda skips, m.a. á hann að veita björgunarmönnum liðsinni á meðan á björgun stendur.

Í 9. gr. björgunarsamningsins frá 1989 er að finna ákvæði þar sem vikið er að rétti strandríkja samkvæmt þjóðarétti til að gera ráðstafanir til að vernda vissa hagsmuni. Þannig segir í 9. gr: „Ekkert í þessum samningi hefur áhrif á rétt hlutaðeigandi strandríkis til að gera ráðstafanir í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar til að vernda strandlengju sína, eða skylda hagsmuni, frá mengun eða yfirvofandi hættu á mengun í kjölfar sjóslyss, eða aðgerða sem tengjast því, sem gera má ráð fyrir að hafi í för með sér verulegt tjón, og er þá með talinn réttur strandríkja til að leiðbeina við björgunaraðgerðir.“ Í greininni er undirstrikað að réttur strandríkis til íhlutunar takmarkast af almennum reglum þjóðaréttar. Því má spyrja hve langt heimildin til að grípa inn í nær. Spurningin er mikilvæg því vissulega getur sú staða komið upp að íslensk stjórnvöld verði að gera ráðstafanir á hættustund til að bjarga almannahagsmunum eða hagsmunum ákveðins hóps manna. Líklega er þó ekki til neitt algilt svar við þessari spurningu, en almennt má segja að hvað varðar skip sem sigla undir íslenskum fána setja reglur þjóðaréttar heimild íslenskra stjórnvalda til að grípa inn í ekki takmörk. Hvað varðar erlend skip eiga þau rétt til óhindraðrar siglingar innan íslenskrar lögsögu. Hins vegar er ljóst að innan íslensku efnahagslögsögunnar hafa stjórnvöld vissa lögsögu yfir erlendum skipum. Ástæða er til að ætla að lögsaga þessi verði umfangsmeiri eftir því sem skip eru nær ströndum og höfnum Íslands. Hér liggur sú grundvallarregla að baki að strandríki hljóti að vera heimilt að gæta hagsmuna sinna þegar erlent skip kemur upp undir strendur landsins eða í höfn þar. Á úthafinu er meginreglan hins vegar sú að aðeins ríkið þar sem skipið er skráð getur gripið inn í. Önnur ríki eiga ekki þann rétt. Þetta frjálsræði má þó takmarka í alþjóðlegum samningum. Það hefur t.d. verið gert með hinum svokallaða „íhlutunarsamningi“ (Convention relating to intervention on the high seas in cases of oil pollution casualities) frá 29. nóvember 1969. Samningur þessi öðlaðist lagagildi á Íslandi með lögum nr. 14/1979. Einnig má nefna 221. gr. hafréttarsamningsins. Það liggur í hlutarinns eðli að í það minnsta sambærileg íhlutunarheimild er fyrir hendi í íslenskri efnahagslögsögu. Þannig er það í samræmi við það sem sagt var hér að framan að því nær ströndum viðkomandi ríkis sem mengunarhætta kemur upp því meiri líkur eru á að réttur til að grípa inn í sé fyrir hendi.

Þá verður hér nefndur dómur Hæstaréttar Íslands frá 1966, bls. 477, „Marie José Rosette“. Þar voru málavextir þeir að erlent skip strandaði fyrir utan hafnargarð í Vestmannaeyjum. Brotnaði skipið smám saman í spón og stórskemmdi hafnargarðinn. Í dómi Hæstaréttar segir að Hafnarsjóði Vestmannaeyja hafi verið rétt að verjast spjöllum af völdum skipsins með öllum tiltækum ráðum og það jafnvel með eyðileggingu þess svo fremi sem eigandi skipsins hefði ekki sett tryggingu ef hann hefði verið um það krafinn. Að baki þessari niðurstöðu

Hæstaréttar liggja neyðarréttarsjónarmið. Þau sömu sjónarmið geta vissulega komið upp í sambandi við björgun skips eða að öðru leyti í sambandi við rétt stjórnvalda til ráðstafana til að vernda almannahagsmuni eða hagsmuni ákveðins hóps manna.

Mikilvægasta breytingin miðað við gildandi rétt er að samningurinn frá 1989 felur í sér undantekningu frá „no-cure, no-pay"-reglunni. Þannig á björgunarmaður í vissum tilvikum rétt á greiðslu þó björgun hafi mistekist, sbr. 14. gr. samningsins. Björgunarmaður, sem unnið hefur að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni, á rétt á að fá sérstaka þóknun sem samsvarar kostnaði hans við björgunarvinnuna þó svo að honum hafi ekki tekist að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Ef björgunarmanni tekst að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni er heimilt að hækka hina sérstöku þóknun allt að 100%.

Þá er því slegið föstu í b-lið 1. mgr. 13. gr. samningsins frá 1989 að verklagni og atorka björgunarmanna til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni sé eitt þeirra atriða sem gæta skuli við ákvörðun björgunarlauna. Hvorki í samningnum frá 1910 eða í gildandi lögum kemur það ótvírætt fram að taka skuli tillit til þessa atriðis við ákvörðun björgunarlauna. Hins vegar er ástæða til að ætla að í framkvæmd sé litið til þess við ákvörðun björgunarlauna ef björgunarmenn, jafnframt því að bjarga verðmætum, koma í veg fyrir bótaábyrgð útgerðarmanns. Þá er að finna í 13. gr. samningsins frá 1989 viðmið fyrir ákvörðun björgunarlauna sem að hluta til eru ný og munu sérstaklega geta haft áhrif á ákvörðun björgunarlauna til þeirra sem eru björgunarmenn að atvinnu. Sjá í þessu sambandi i- og j-liði 1. mgr. 13. gr.

Samningurinn frá 1989 inniheldur einnig nokkur ný ákvæði sem er ætlað að styrkja stöðu björgunarmanns. Þannig er eiganda skips gert skylt að setja tryggingu fyrir greiðslu síns hluta í björgunarlaunum, sbr. 21. gr. Þá skal hann einnig gera sitt ítrasta til að eigandi farms leggi fram tryggingu vegna ábyrgðar gagnvart björgunarmanni áður en honum er afhentur farmurinn.

Þá er óheimilt án samþykkis björgunarmanns að flytja skip eða lausafé sem bjargað var frá þeim stað þar sem því var komið fyrir eftir björgun fyrr en sett hefur verið trygging fyrir greiðslu björgunarlauna. Samningurinn frá 1989 inniheldur einnig ákvæði sem ætlað er að draga úr vanda varðandi kostnað við björgun. Þannig er að finna í 22. gr. reglu um rétt björgunarmanns til að krefjast fyrirframgreiðslu á hluta björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar.

3.3. Á Ísland að fullgilda björgunarsamninginn frá 1989?

Þrátt fyrir að björgunarreglur íslensku siglingalaganna taki mið af björgunarsamningnum frá 1910 hefur Ísland hvorki undirritað hann né fullgilt. Engu breytti þó að í greinargerð með núgildandi siglingalögum sé sú skoðun látin í ljós að ástæða sé til að fullgilda samninginn.

Björgunarnefnd sú sem hér skilar áliti er á þeirri skoðun að í þetta sinn eigi að stíga skrefið til fulls. Þannig taka tillögur nefndarinnar um nýjar björgunarreglur mið af því að fullnægja samningnum frá 1989. Nefndin telur hins vegar ekki eðlilegt að láta þar við sitja og mælir með að samningurinn verði fullgiltur. Á þann hátt mundi Ísland leggja sitt af mörkum í þeirri viðleitni að skapa alþjóðlega réttareiningu um björgunarreglur. Eins og fram kom í kafla 3.1 gekk björgunarsamningurinn frá 1989 í gildi 14. júlí 1996. Það kemur hins vegar fram í 2. mgr. 29. gr. samningsins að gagnvart ríki sem samþykkir að vera bundið af samningnum eftir að hann hefur gengið í gildi tekur fullgildingin ekki gildi fyrr en einu ári eftir að samþykkið er gefið.

Eins og áður hefur komið fram inniheldur samningurinn frá 1989 nokkur ný ákvæði sem ekki er að finna í samningnum frá 1910. Sem dæmi má nefna 8. gr. sem í stórum dráttum ákvarðar skyldur þeirra manna sem að björgun koma. Það eru þó nýju ákvæðin sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni sem hvað sterkast mæla með því að Ísland full-

gildi samninginn frá 1989. Þessi ákvæði geta stuðlað að því að menn séu fúsari til að takast á við erfiða og tvísýna björgun en ella. Þannig er ástæða til að ætla að þessi ákvæði séu mikilvægt skref í átt til aukinnar umhverfisverndar. Þá styrkja ákvæði samningsins frá 1989 stöðu björgunarmanns frá því sem er samkvæmt gildandi rétti. Þannig koma ákvæðin um tryggingu og möguleikann á að fá greitt fyrir fram hluta björgunarlauna björgunarmanni til góða.

3.4. Heimild til að setja fyrirvara skv. 30. gr. björgunarsamningsins frá 1989.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. björgunarsamningsins getur hvert einstakt aðildarríki áskilið sér rétt til að beita ekki ákvæðum samningsins í fjórum nánar tilgreindum tilvikum (a–d-liðir).

Í a-lið 1. mgr. 30. gr. er opnað fyrir þann möguleika að beita ekki ákvæðum samningsins þegar björgunaraðgerð fer fram á innri vatnaleiðum og þau skip sem um ræðir eru ekki fallin til siglinga á sjó. Nefndin telur ekki ástæðu til að nýta þessa heimild; þannig gilda björgunarreglurnar eftir atvikum á Þingvallavatni.

Samkvæmt b-lið getur samningsríki ákveðið að beita ekki ákvæðum samningsins þegar björgunaraðgerð fer fram á innri vatnaleiðum og engin skip koma þar nærri. Hér er átt við þær aðstæður að hvorki það sem bjargað er né það sem bjargar er skip eins og það er skilgreint í 163. gr. siglingalaga eins og hennir er breytt með 1. gr. frumvarpsins. Um er að ræða björgun á hlutum sem hafa lítið með siglingar að gera. Það kann að vera vafasamt hvort björgunarreglurnar eigi að gilda í slíkum tilvikum eða hvort aðrar reglur séu betur til þess fallnar að ákvarða hugsanlega greiðslu. Þó er rétt að hafa það í huga að ef settur er fyrirvari skv. b-lið felur það í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að björgunarreglunar eigi að gilda á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er. Þannig er eðlilegast að setja ekki fyrirvara hér heldur láta túlkun reglunnar þróast í réttarframkvæmd. Um þessa reglu er nánar fjallað í athugasemdum við 1. gr. þar sem hugtakið „lausafé“ er skilgreint.

Í c-lið er aðildarríki veitt heimild til að setja fyrirvara þegar allir þeir sem hagsmuni hafa að gæta varðandi björgun eru ríkisborgarar í hlutaðeigandi ríki. Þar sem reglurnar í samningnum frá 1989 eru í eðli sínu vel ásættanlegar er vart ástæða til að nýta sér heimild c-liðar.

Þá segir í d-lið að setja megi fyrirvara þegar viðkomandi björgunarandlag telst vera þjóðminjar. Um þetta er þegar að finna ákvæði í III. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989. Þar kemur fram sú meginregla að hinum almenna borgara er bannað að hrófla við slíkum fornminjum. Eðlilegt er að kveðið sé á um það áfram í þjóðminjalögum hvernig haga skuli björgun og meðferð slíkra minja. Björgunarreglur siglingalaga eiga því ekki að gilda á þessu sviði. Því er ástæða til að nýta sér réttinn til að setja fyrirvara skv. d-lið 1. mgr. 30. gr. björgunarsamningsins. Þetta er gert í tillögum nefndarinnar um 4. mgr. 164. gr.

3.5. Stjórnsýsluleg og fjárhagsleg áhrif tillagnanna.

Ekki er ástæða til að ætla að fullgilding samningsins frá 1989 og þær breytingar sem hún hefur í för með sér á björgunarreglum íslensku siglingalaganna muni hafa stjórnsýslulegar eða fjárhagslegar afleiðingar fyrir íslensk stjórnvöld. Hins vegar er ekki ólíklegt að reglur þær sem nefndin leggur til að verði lögfestar geti haft vissan kostnaðarauka í för með sér fyrir skipaeigendur, útgerðarmenn, eigendur farms og vátryggjendur. Þannig felst í ákvæðinu um hina sérstöku þóknun í 170. gr. a undantekning frá meginreglunni um „no-cure, no-pay“ sem getur valdið því að skipaeigendur, útgerðarmenn og vátryggjendur þeirra beri fjárhagslega ábyrgð gagnvart björgunarmanni þó svo að björgun takist ekki. Hins vegar geta þessar reglur valdið því að það takist að koma í veg fyrir olíumengun eða annað umhverfistjón og þannig stuðlað að því að t.d. skipaeigendur eða útgerðarmenn verði ekki bótaábyrgir vegna þess konar tjóns.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í 163. gr. laganna komi skilgreiningar á fjórum meginhugtökum í björgunarkaflanum, þ.e. björgun, skip, lausafé og umhverfistjón. Ákvæðið sem svarar til 1. gr. björgunarsamningsins frá 1989 á sér ekki hliðstæðu í gildandi siglingalögum.

Hvað varðar hugtakið „björgun" er í samningnum notað hugtakið „björgunaraðgerð". Þannig er það gert alveg ljóst að um björgunaraðgerð geti verið að ræða í skilningi samningsins þótt björgun heppnist ekki. Þrátt fyrir þetta er valið í tillögu nefndarinnar að nota hugtakið „björgun" þegar um er að ræða björgun í hinum hefðbundna skilningi þess orðs. Á einstaka stöðum eru hins vegar orðin „björgunaraðgerð" eða „björgunarvinna" notuð (sjá 164. gr., 166. gr., 170. gr. a og 170. gr. b) til þess að undirstrika að í þessum tilvikum er það ekkert skilyrði að björgunin heppnist.

Meginreglan er sú að hugtakið „björgun" ber að túlka eins og gert er í gildandi rétti. Til þess að um björgun geti verið að ræða er gerð krafa um athöfn af hálfu björgunarmanns sem hefur það að markmiði að hjálpa skipi eða öðru lausafé sem farist hefur eða er statt í hættu. Hugtakið „sem farist hefur" er ekki að finna í björgunarsamningnum frá 1989. Þrátt fyrir það er ekki gerð tillaga til breytinga á gildandi íslenskum rétti hvað þetta varðar. Ekki er ástæða til að ætla að sú niðurstaða sé í andstöðu við samninginn frá 1989.

Gagnstætt gildandi rétti gilda björgunarreglur samningsins frá 1989 ekki bara um skip eða fjármuni sem á því eru. Þannig gilda nýju björgunarreglunar einnig um lausafé sem ekki er í neinum tengslum við skip.

Ekki er með frumvarpinu ætlunin að breyta frá gildandi rétti hvað varðar túlkun á því hvenær skip eða annað lausafé telst hafa farist eða verið í hættu. Með hugtakinu „hættu" er átt við að hætta á raunverulegu tjóni á skipi eða lausafé sé fyrir hendi. Þannig væri t.d. um hættuástand að ræða ef leki kæmi að skipi þannig að það mundi sökkva ef ekki bærist hjálp. Þó svo að skip væri að sökkva á stað þar sem hægt væri að ná því upp aftur væri skilyrðinu um hættu fullnægt. Með björgun mætti koma í veg fyrir það tjón sem því yrði samfara að skipið sykki og kostnað við að ná því upp aftur. Ef aðstæður eru þannig að aðeins er hætta á tímatöf er ekki um hættu í skilningi björgunarreglna siglingalaga að ræða. Þótt t.d. skip festist í ís og hætta sé á töfum vegna þess er ekki um hættuástand að ræða nema því samfara sé hætta á að skipið verði fyrir skemmdum. Þá verður hættuástandið eins og það horfir við björgunarmanni að vera meira en almennt má gera ráð fyrir á sjó. Hvað varðar þau tilvik að skip hefur farist er hér gerð sú krafa að skipið hafi þegar orðið fyrir verulegu tjóni. Skipið hefur t.d. strandað eða er sokkið eftir árekstur. Vissulega getur slíkt skip einnig verið í hættu, t.d. er hætta á því að skip sem hefur strandað losni af strandstað og sökkvi. Í skilningi siglingalaga hefur „farist" því aðeins sjálfstæða merkingu að viðkomandi skip sé ekki einnig í hættu. Þannig getur verið háttað þegar skip hefur sokkið og liggur á botni þar sem ekki er hætta á frekari skemmdum.

Sem dæmi um íslenska dóma þar sem skip var talið í hættu þó svo að hættan hafi ekki verið yfirvofandi má nefna Hrd. 1995:426, Hrd. 1996:3277 og Hrd. frá 6. nóvember 1997, mál nr. 39/1997.

Skip sem hvorki er í hættu né hefur farist getur aldrei orðið andlag björgunar í skilningi siglingalaganna. Hér má nefna bát sem er á reki án þess að vera í yfirvofandi hættu. Sá sem finnur bátinn á ekki rétt á björgunarlaunum samkvæmt siglingalögum.

Þá er hugtakið björgun ekki bundið við athafnir á sjó heldur getur björgun einnig átt sér stað á t.d. ám og vötnum. Þá er ekki skilyrði að björgun eigi sér stað frá skipi. Þannig getur björgun átt sér stað frá landi eða úr þyrlu.

Í ákvæðinu er hugtakið „skip“ skilgreint sem sérhvert skip eða far eða önnur smíð sem er fær til siglinga. Þó svo að gert sé ráð fyrir að lögin gildi einnig um önnur fljótandi för en skip í hinum venjubundna skilningi þess orðs er ekki þar með sagt að þetta feli í sér verulega breytingu frá gildandi rétti. Þannig hefur hugtakið skip í björgunarreglum annarra norrænna siglingalaga verið túlkað rúmt, sjá t.d. ND 1918:566 og ND 1931:41 (flotkranar), ND 1924:26 og ND 1939:10 (flotkvíar), Rt. 1980:135 (borpallur) og UfR 1928:872 (sjóflugvél). Með orðalaginu „önnur smíð sem er fær til siglinga“ er fyrst og fremst átt við olíuborpalla.

Hugtakið „lausafé“ er skilgreint í ákvæðinu. Því er slegið föstu að hvaða lausafé sem er geti verið andlag björgunar svo fremi sem það sé ekki varanlega við ströndina skeytt. Í 1. gr. björgunarsamningsins frá 1989 kemur einnig fram að undir hugtakið lausafé falli farmgjald í hættu. Ekki þótti ástæða að taka þetta fram í sjálfri greininni þar sem farmgjaldið er hluti af verðmæti farms. Verður að telja að þessi regla sé almennt viðurkennd.

Þó svo að hugtakið lausafé virðist víkka gildissviðið frá því sem er í björgunarsamningnum frá 1910 er ástæða til að ætla að eftir sem áður verði það fyrst og fremst farmur sem er eða hefur verið um borð í skipi sem verður andlag björgunar. Þó svo að farmur skipsins verði eftir sem áður meginandlag björgunar á lausafé getur þó annað lausafé um borð í skipi verið andlag björgunar, svo sem búnaður skips, eldsneyti, vistir o.fl.

Hvað varðar hluti sem ekki eru um borð í skipi kemur fram í skilgreiningunni að þeir mega ekki vera varanlega skeyttir við ströndina. Hugtakið strönd getur átt við um sjávarströnd og ár- og vatnsbakka. Sem dæmi má taka að flotbryggja sem slitnar upp yrði ekki andlag björgunar. Þá er einnig sett sem skilyrði að viðkomandi lausafé hafi farist eða sé í hættu og að björgunin eigi sér stað á haf- eða vatnasvæði.

Það kann að vera ástæða til að spyrja hvort björgunarreglurnar eigi við um aðstæður sem ekki hafa nein tengsl við siglingar. Þannig má færa fyrir því rök að eðlilegra væri í sumum tilvikum að beita fremur reglum um óbeðinn erindisrekstur en björgunarreglum siglingalaga. Sem dæmi má nefna þegar bíll sem lent hefur í höfn eða í vatn er hífður upp eða gámi sem fokið hefur í sjóinn er bjargað. Þó svo að samkvæmt skilgreiningu eigi björgunarreglurnar við í slíkum tilvikum er eðlilegt að við ákvörðun björgunarlauna verði litið til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki reglunum um óbeðinn erindisrekstur. Þannig er ekki ástæða til að upphæð björgunarlauna verði ákveðin hærri samkvæmt reglum siglingalaga í slíku tilviki en vera mundi samkvæmt reglum um óbeðinn erindisrekstur. Í því sambandi er rétt að benda á að reglur siglingalaga um ákvörðun björgunarlauna eru svo sveigjanlegar að björgunarlaun geta numið allt frá 0 til 100% af verði þess bjargaða.

Skilgreining á hugtakinu „umhverfistjón“ hefur þýðingu fyrir nokkrar greinar í kaflanum um björgun, sbr. 2. málsl. 1. mgr 165. gr., a-lið 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 166 gr., c-lið 1. mgr. 168. gr. og 170. gr. a. Rétt er að hafa í huga að í þeim lagagreinum þar sem hugtakið hefur þýðingu er það matið á því hvort hætta er á umhverfistjóni á þeim tíma sem björgun á sér stað sem er lykilatriðið, þ.e. hættan á umhverfistjóni en ekki tjónið sjálft. Hvað varðar ákvörðun björgunarlauna er hins vegar verklagni og atorka björgunarmanna við að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni ákvörðunaratriði.

Tvö skilyrði verða að vera uppfyllt til þess að um umhverfistjón sé að ræða í skilningi björgunarreglnanna. Í fyrsta lagi þarf tjónið að vera af ákveðinni tegund og í öðru lagi verður það að vera afleiðing af ákveðnum alvarlegum atvikum. Í skilgreiningunni er gert ráð fyrir tveimur tjónstegundum, þ.e. tjóni á heilsu manna eða tjóni á „lífi“ eða „auðlindum“ í ám eða vötnum við ströndina og nálægum svæðum eða í íslensku efnahagslögsögunni. Það kann að vera nokkuð óljóst hvað átt sé við með orðunum „lífi“ eða „auðlindum“. Í samningnum er notað hugtakið „sjávarlíf“. Því er ljóst að allt líf í sjónum fellur hér undir. Það er hins vegar á

hreinu að fuglalíf og annað dýralíf fellur undir hugtakið. Því er í 163. gr. valið að nota orðið „líf“ í stað orðsins „sjávarlíf“. Með orðinu „auðlindir“ er m.a. átt við útivistarsvæði. Tjón á munum eins og hafnarmannvirkum og byggingum falla utan skilgreiningarinnar. Það skilyrði er sett að um umtalsvert tjón sé að ræða. Því gilda björgunarreglurnar ekki um heilsutjón einstaklinga eða um tjón á lóð eða landareign einstaklings. Þetta þýðir þó ekki að tjón geti ekki talist umtalsvert þótt það snerti aðeins lítið landsvæði eða afmarkað dýralíf eða aðrar auðlindir. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að túlka verður kröfuna um umtalsvert tjón í samræmi við mikilvægi þess að komið sé í veg fyrir tjón á umhverfinu.

Ekki er skilgreint nákvæmlega hvað átt er við með hugtakinu „nálægum svæðum“ í samningnum. Ástæða er til að ætla að hvert ríki hafi nokkuð frjálsar hendur með tilliti til þess að ákvarða nánar umfang þessa svæðis. Þó verður að telja hæpið að þetta svæði geti náð til úthafsins. Hins vegar verður að telja að Ísland geti ákveðið að hugtakið „nálægum svæðum“ nái yfir alla efnahagslögsöguna. Með því móti yrði tryggt að litið yrði til mikilvægis fiskimiða þegar meta á hvort skilyrði fyrir hættu á umhverfistjóni eru uppfyllt.

Hvað varðar þau atvik sem verða að vera orsök tjóns er mengun það raunhæfasta. Sem dæmi má nefna olíumengun frá olíuflutningaskipi, hættu á eiturárifum í vatni eða sjó af völdum geislavirks úrgangs/efna, eða af völdum annarra hættulegra efna. Skilgreiningin tekur líka til hættu vegna mengunar af völdum olíuleka úr eldsneytisgeymum skipa. Ekki verður séð að hugtakið umhverfistjón eigi við um sjónmengun, t.d. hættu á því að skipsstrand verði til þess að flakið liggi í fjörunni um ókomna framtíð.

Um 2. gr.

Lagt er til að þetta ákvæði, sem verður 164. gr., og 163. gr. skilgreini gildissvið VIII. kafla laganna um björgun. Skv. 1. mgr. verða ákvæði þessa kafla lögð til grundvallar í björgunarmáli sem höfðað er fyrir íslenskum dómstóli eða gerðardómi. Ákvæðið er hliðstætt 2. gr. björgunarsamningsins. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi rétti. Ákvæðið leiðir til þess að íslensku björgunarreglunum verður beitt í öllum björgunarmálum sem höfðuð eru fyrir íslenskum dómstólum eða gerðardómum, án tillits til þess hvar í heiminum björgunin átti sér stað eða hvert er þjóðerni skips sem er bjargað eða skips sem bjargaði. Lög þess ríkis þar sem dómstóllinn er gilda (lex fori) og skiptir ekki máli þótt almennar ólögfestar íslenskar lagaskilareglur bendi til annars. Þessi regla er ófrávíkjanleg og geta aðilar ekki samið um að önnur lög en íslensk gildi. Undantekningu frá þessari lagaskilareglu er þó að finna í 7. mgr. 170. gr. c.

Í 1. málsl. 2. mgr. 164. gr. kemur fram að björgunarreglurnar gilda þótt það skip sem bjargaði sé eign sama manns og hitt sem bjargað var. Ákvæðið er sambærilegt 3. mgr. 12. gr. björgunarsamningsins. Þá gildir ákvæðið einnig þótt hvorki það sem bjargar eða er bjargað sé skip.

Samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. gilda björgunarreglurnar um skip í ríkiseign. Þetta á við hvort sem skip í eigu ríkisins bjargar eða er bjargað. Þessi meginregla er í samræmi við gildandi rétt. Skv. 3. mgr. 5. gr. björgunarsamningsins er hverju ríki í sjálfsvald sett hvort björgunarreglurnar verði látnar gilda um skip í eigu ríkisins. Í gegnum tíðina hefur þetta verið nokkuð umdeilt. Hvað varðar réttarstöðuna á Norðurlöndum má geta þess að Hæstiréttur Noregs kvað upp þann dóm árið 1919 (ND 1919:241, Kjæk-málið) að ekki gæti verið um að ræða rétt til björgunarlauna í því tilviki er skip frá norska flotanum bjargaði flutningapramma sem hafði strandað. Rétturinn klofnaði í afstöðu sinni. Minni hlutinn, þrír dómarar af sjö, taldi að greiða ætti björgunarlaun. Síðar öðlaðist skoðun minni hluta Hæstaréttar aukið fylgi og í dómi frá 1958 komst svo Hæstiréttur Noregs að gagnstæðri niðurstöðu (fjórir dómarar af fimm). Í

málinu frá 1958 (ND 1958:247, Astoria-málið) féllst Hæstiréttur á að flotinn ætti rétt á björgunarlaunum vegna þátttöku sinnar í björgun dansks skips. Sá dómari sem skilaði séráliti taldi að dómurinn frá 1919 gæfi til kynna hvað væri gildandi réttur og því yrði ekki breytt nema með lagasetningu. Síðan dómurinn frá 1958 féll hefur almenna reglan á Norðurlöndum verið sú að björgunarreglur siglingalaga ættu við um skip í eigu ríkisins. Hér er lagt til að þessi meginregla verði áfram í gildi.

Ekki er hægt að gagnálykta frá ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 164. gr. Ákvæðið gildir því um björgun sem framkvæmd er af opinberum aðilum þótt það sé ekki gert frá skipi, sjá í því sambandi umfjöllun um björgunarhugtakið í 163. gr. hér að framan. Þó svo að meginreglan sé sú að opinberir aðilar geti átt rétt til björgunarlauna, þ.e. ekki bara Landhelgisgæslan og áhöfn skipa gæslunnar, er eftir atvikum ástæða til að líta á sérstöðu einstakra opinberra aðila í þessu sambandi. Þannig getur vart verið um að ræða björgun í skilningi siglingalaga þegar þátttaka stjórnvalda rúmast innan almenns starfssviðs þess. Sem dæmi má nefna að þó svo að slökkviliðið slökkvi eld um borð í skipi mundi almenna reglan vera sú að það gæfi ekki rétt til björgunarlauna. Þetta er þó háð aðstæðum því að ef t.d. slökkviliðsmenn framkvæma verk á hættustundu sem ekki rúmast innan hefðbundins starfs þeirra er ekki hægt að útiloka að það gefi rétt til björgunarlauna. Þá er í sjálfu sér ekki heldur hægt að útloka að jafnvel verk sem fellur innan almenns starfssviðs viðkomandi geti gefið rétt til björgunarlauna. Sem dæmi má nefna að opinber aðili leggur meiri atorku í verkið en eðlilegt er að krefjast af hálfu hans. Ef um er að ræða aðra björgunarmenn auk hins opinbera aðila fer um skiptingu björgunarlauna eftir 170. gr.

Ákvæði sambærilegt 3. mgr. er ekki að finna í gildandi íslenskum siglingalögum. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mgr. 5. gr björgunarsamningsins. Hér er því slegið föstu að þó svo að björgunarmaður hafi unnið undir stjórn stjórnvalda geti hann samt sem áður byggt rétt sinn til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar á björgunarreglum siglingalaga. Sú spurning getur komið upp hvaða áhrif það hafi á rétt björgunarmanna til björgunarlauna þegar opinber stjórnvöld hafa einnig lagt sitt af mörkum til björgunarinnar, án þess að viðkomandi stjórnvöld eigi rétt til björgunarlauna. Í slíku tilviki verður meginreglan sú að sá hluti verksins sem unninn var á vegum hins opinbera stjórnvalds dregst frá rétti björgunarmanns til björgunarlauna. Þá getur einnig sú spurning komið upp hvort björgunarmaður sem unnið hefur að björgun undir stjórn opinbers stjórnvalds geti krafið viðkomandi stjórnvald um bætur þar sem afskipti stjórnvalda af björguninni urðu til þess að lækka björgunarlaun hans. Hér er meginreglan klárlega sú að stjórnvöld verða ekki skaðabótaskyld þegar athöfn er eðlilegur liður í meðferð opinbers stjónsýsluvalds. Í því sambandi er rétt að minna á að í 1. mgr. 5. gr. björgunarsamningsins kemur fram að stjórnvöldum í hverju landi er heimilt að láta réttindi og skyldur samkvæmt björgunarreglunum víkja fyrir gildandi opinberum stjórnsýslureglum ef þær samrýmast ekki.

Ákvæði 4. mgr. byggist á heimild í 30. gr. björgunarsamningsins. Vísað er til þess sem segir um þetta efni í kafla 3.4 hér að framan.

Um 3. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 165. gr. er lagt til að víkja megi frá ákvæðum þessa kafla með samningi. Þannig er hægt að semja um frávik frá mikilvægum reglum eins og 1. mgr. 167. gr. („no-cure, no-pay"-reglan), 168. gr. (viðmið sem gæta skal við ákvörðun björgunarlauna) og 170. gr. a (sérstök þóknun). Þannig gætu aðilar t.d. samið um fast dag- eða tímagjald fyrir björgun eða að sérstök þóknun skuli vera hærri en segir í 170. gr. a. Reglan í 1. málsl. 1. mgr. 165. gr., sem felur ekki í sér breytingu frá ólögfestri reglu í gildandi rétti, er samhljóða 3. mgr. 6. gr. í

björgunarsamningnum. Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna undantekningu frá þeirri meginreglu að björgunarreglurnar séu frávíkjanlegar. Þar segir að óheimilt sé að semja um takmörkun á skyldu til að að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Þessi regla er samhljóða 3. mgr. 6. gr. í björgunarsamningnum. Þá liggur það einnig í hlutarins eðli að ekki er hægt að semja sig undan skyldu skv. 1. mgr. 166. gr.

Í 2. mgr. 165. gr. er gerð grein fyrir því hver hafi umboð til gera samning um björgun. Reglan samsvarar 2. mgr. 6. gr. björgunarsamningsins. Í 1. málsl. 2. mgr. kemur fram að skipstjóri hefur umboð til að gera björgunarsamning fyrir hönd eiganda skips. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í björgunarkafla gildandi siglingalaga. Hins vegar er í 1. mgr. 13. gr. þeirra laga ákvæði um að skipstjórinn hafi stöðuumboð til að gera samninga fyrir hönd útgerðarmanns varðandi meðferð skips. Þetta stöðuumboð veitir einnig heimild til að semja um björgun skips. Skv. 2. málsl. 2. mgr. hafa eigandi skips, útgerðarmaður og skipstjóri umboð til að gera samning um björgun fyrir hönd eigenda þess lausafjár sem er eða hefur verið um borð í skipinu. Í björgunarsamningnum frá 1989 er notað orðið „owner“, en eðlilegt er að í íslensku siglingalögunum komi berlega fram að ákvæðið gildir bæði um eiganda skips og útgerðarmann. Þetta ákvæði á sér ekki beina hliðstæðu í gildandi siglingalögum.

Í 3. mgr. 165. gr. kemur fram hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að björgunarsamningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta. Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. björgunarsamningsins. Í 1. málsl. 3. mgr. kemur fram að björgunarsamningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef hann er gerður á meðan hættan stóð yfir eða undir áhrifum hennar og það yrði talið ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Orðalagið tekur m.a. mið af orðalagi 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936. Það má því ætla að ákvæðið hafi litla sjálfstæða þýðingu við hliðina á 36. gr. samningalaga. Þessi lækkunarregla getur komið til skoðunar í samskiptum björgunarmanns og viðsemjanda hans. Þá er ástæða til að ætla að reglan geti einnig tekið til samskipta tveggja eða fleiri björgunarmanna. Í 2. málsl. 3. mgr. er að finna sérstaka lækkunarreglu varðandi upphæð björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Slíkum samningi má víkja til hliðar eða breyta ef krafan er ekki í eðlilegu samræmi við umfang vinnu að björgun.

Í 4. mgr. 167. gr. gildandi siglingalaga er að finna ákvæði þess efnis að mál til ógildingar björgunarsamnings eða til breytingar á honum skuli höfða innan þriggja mánaða frá því að samningurinn var gerður. Slíkt ákvæði er óþarft við hliðina á ákvæðum samningalaganna. Þá gilda einnig almennar tómlætisreglur í þessu sambandi.

Um 4. gr.

Lagt er til að í 166. gr. laganna verði kveðið á um skyldur þeirra aðila sem koma að björgunaraðgerðum. Ákvæðið, sem á sér ekki hliðstæðu í gildandi siglingalögum, byggist á 8. gr. björgunarsamningsins. Það skal tekið fram að þær skyldur sem kveðið er á um í ákvæðinu eru af einkaréttarlegum toga og brot á þeim hefur aðeins þýðingu fyrir réttarsambandið milli þeirra aðila sem að björgun koma, t.d. við mat á því hvort einhver þeirra hefur sýnt af sér bótaskylt gáleysi eða við mat á upphæð björgunarlauna.

Í 1. mgr. er að finna almenna reglu um skyldu sjófarenda til að bjarga mönnum úr hættu. Ákvæðið er að hluta til sambærilegt 163. gr. gildandi siglingalaga. Í 10. gr. björgunarsamningsins er að finna ákvæði sama efnis.

Ákvæðið í a-lið 2. mgr. á við hvort sem björgunin heppnast eða ekki. Þá leiðir einnig af þessum lið að björgunarreglurnar gilda aðeins um tilraunir til að koma í veg fyrir umhverfistjón í tenglum við björgunaraðgerðir. Með b- og c-liðum 2. mgr. er ætlunin að hvetja til auk-

innar samvinnu milli björgunarmanna. Við mat á framlagi einstakra björgunarmanna er þó oft ástæða til að líta til þess að sumir þeirra stóðu lengur í björgunarstörfunum en aðrir.

Ákvæði 3. mgr. kveður á um skyldur eiganda skips, útgerðarmanns, skipstjóra eða eigenda annars lausafjár. Í a-lið er ákvæði um skyldu til að liðsinna björgunarmanni og í b-lið ákvæði um aðgát á meðan björgunaraðgerðir standa yfir og skyldu til að reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Í c-lið er gerð grein fyrir skyldu til að taka við því sem bjargað var eftir að því hefur verið komið á öruggan stað þegar björgunarmaður leggur fram sanngjarna kröfu þess efnis. Hvað varðar reglur í a- og b-liðum 3. mgr. má að verulegu leyti rekja tilkomu þeirra til gagnrýni sem kom í kjölfar Amoco Cadiz-slyssins í mars árið 1978. Um það slys er rætt í kafla 3.1 hér að framan.

Um 5. gr.

Lagt er til að með ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 167. gr. verði sú meginregla lögfest að björgunarmaður á aðeins rétt á björgunarlaunum ef björgunin ber árangur. Með kröfunni um að björgunaraðgerðir beri árangur er átt við að það sem bjargast verður að hafa fjárhagslegt verðmæti. Þó svo að íslensku siglingalögin frá 1985 hafi ekki að geyma sambærilegt ákvæði og 1. málsl. 1. mgr. er ekki um efnislega breytingu á gildandi rétti að ræða. Skv. 2. málsl. 1. mgr. geta björgunarlaun aldrei orðið hærri en sem nemur verðmæti hins bjargaða. Ákvæði 1. mgr. 166. gr. í siglingalögunum frá 1985 og 2. málsl. 1. mgr. 167. gr. í tillögu nefndarinnar eru efnislega samhljóða. Bæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. byggjast á „no-cure, no-pay"-reglunni.

Í 2. mgr. segir að þótt björgun mannslífa veiti ekki ein og sér rétt til björgunarlauna geti sá sem bjargar mannslífi við framkvæmd björgunar átt rétt á hlutdeild í björgunarlaunum eða í sérstakri þóknun. Ákvæðið, sem er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga ef frá er talinn rétturinn til sérstakrar þóknunar, er samhljóða 16. gr. björgunarsamningsins.

Með 3. mgr. er ætlunin að minna á mikilvæga undantekningu frá „no-cure, no-pay"-reglunni þegar skip eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni, sbr. 170. gr. a. Í því tilviki á sá sem reynir að bjarga rétt á sérstakri þóknun þó svo að björgunin takist bara að hluta eða misheppnist alveg.

Um 6. gr.

Lagt er til að í 1. mgr. 168. gr. laganna komi ákvæði hliðstætt 1. mgr. 13. gr. björgunarsamningsins frá 1989, en þar verði kveðið á um hvaða atriða skuli gætt við ákvörðun björgunarlauna. Ákvæðið er að hluta til efnislega sambærilegt við 165. gr. gildandi siglingalaga en með því er þó tekið tillit til viðleitni til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Í 1. málsl. 1. mgr. er að finna vísireglu þess eðlis að björgunarlaun skuli ákveða með það í huga að hvetja til björgunar. Ljóst er að heppnist björgun er komið í veg fyrir að verðmæti fari forgörðum. Því er eðlilegt að björgunarlaun séu það há að þau hvetji menn til að leggja sig alla fram við að reyna að bjarga.

Í 1. mgr. er að finna upptalningu á viðmiðum sem geta haft þýðingu við ákvörðun björgunarlauna. Þessi upprðun felur ekki í sér neina forgangsröðun. Vægi hinna einstöku viðmiða fyrir ákvörðun björgunarlauna verða því dómstólar að ákveða í hverju máli. Þá er hvorki tekin afstaða til þess í björgunarsamningnum frá 1989 né í tillögum nefndarinnar hvort upptalning 1. mgr. sé tæmandi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. skal við ákvörðun björgunarlauna líta til verðmætis þess sem bjargað var. Ákvæðið er efnislega það sama og 2. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga. Með verðmæti þess sem bjargað var er átt við raunverulegt verðmæti þegar björgun er lokið.

Raunverulegt verðmæti bjargaðs skips er þannig markaðsverð skipsins að frádregnum viðgerðarkostnaði. Sem dæmi um norrænan dóm þar sem á þetta reyndi má nefna ND 1982: 204. Raunverulegt verðmæti þess sem bjargað er við lok björgunar getur t.d. verið annað en bókfært verðmæti eða vátryggingaverðmæti.

Í b-lið 1. mgr. ber eins og í b-lið 1. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga að líta til verklagni og atorku björgunarmanna við björgunina.

Ákvæði c-liðar 1. mgr. á sér ekki hliðstæðu í gildandi siglingalögum. Hins vegar hefur í norrænum dómum verið horft til þess við ákvörðun björgunarlauna hvort hætta á umhverfistjóni var fyrir hendi þó svo að slíkt ákvæði væri ekki að finna í norrænu siglingalögunum. Sem dæmi má nefna ND 1964:312, ND 1970:323 og ND 1976:391.

Í d-lið 1. mgr. er að finna sams konar ákvæði og í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga. Hér er gert ráð fyrir hlutlægu mati á árangri björgunarinnar. Meta þarf annars vegar verðmæti þess sem bjargað var og hins vegar hvaða verðmæti voru í hættu.

Eðli hættunnar í e-lið 1. mgr. getur t.d. verið hætta á sprengingu eða á strandi og með umfangi hættunnar er t.d. átt við hversu miklar líkur eru á því að sprenging eigi sér stað eða að skip strandi. Ákvæðið kemur í staðinn fyrir c- og d-liði 1. tölul. 1. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga. Telja verður að því meiri hætta sem er samfara björgun því meira vegur verðmæti hins bjargaða skv. a-lið 1. mgr. við ákvörðun á björgunarlaunum.

Með útgjöldum í f-lið 1. mgr. er m.a. átt við kostnað björgunarmanns við að koma því sem bjargað er á tryggan stað. Sjá sambærilegt ákvæði í 2. mgr. 166. gr. gildandi siglingalaga.

Samkvæmt g-lið 1. mgr. á að horfa til þess við ákvörðun björgunarlauna hve skjótt hjálpin var veitt. Orðið „skjótt" hefur hér bæði huglæga og hlutlæga merkingu. Þannig nær það bæði til þess að hafist sé handa um björgun eins fljótt og aðstæður gefa tilefni til og þess að björgunaraðgerðir séu hafnar og framkvæmdar hratt. Þetta viðmið er ekki nefnt í gildandi siglingalögum.

Í h-lið 1. mgr. segir að við ákvörðun björgunarlauna skuli horfa til þeirrar áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni og annarrar hættu sem björgunarmönnum eða eignum þeirra var stofnað í. Þótt hér sé fyrst og fremst verið að fjalla um áhættu björgunarmanns að verða skaðabótaskyldur gagnvart þriðja manni getur það einnig skipt máli fyrir ákvörðun björgunarlauna, hversu mikla hættu björgunarmaður leggur sjálfan sig og skip sitt í eða hve mikil hætta er á að björgunaraðgerðir verði árangurslausar og björgunarmaður sitji uppi með verulegan kostnað og enga þóknun.

I- og j-liðir í 1. mgr. eiga við þegar björgun er framkvæmd af atvinnumönnum. Þannig er gert ráð fyrir að sé björgunarmaðurinn sérfræðingur í björgunarmálum eigi hann að fá hærri björgunarlaun. Það sem hér liggur að baki er að slíkir aðilar eigi að fá hærri greiðslur þar sem þeir hafi yfir að ráða sérhæfðum og dýrum búnaði til björgunarstarfa sem kostnaðarsamt er að liggja með.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 165. gr. í gildandi siglingalögum þó svo að orðalagið sé ekki nema að hluta til það sama. Lögð er áhersla á þetta. Þar sem með 2. mgr. 168. gr. er stefnt að sama markmiði og með 2. mgr. 165. gr. í gildandi siglingalögum verður hér fyrst vísað til athugasemda í greinargerð um þá lagagrein. Þar segir:

„Mikilvægt nýmæli felst í 2. mgr., svo sem hún er orðuð í frumvarpinu. Þykir rétt að kveða sérstaklega á um það í lögum, hvernig ákveða skuli björgunarlaun í þeim tilvikum, þegar skip kemst ekki til hafnar fyrir eigin vélarafli, en er þó ekki statt í yfirvofandi hættu. Þau tilvik sem 2. mgr. er einkum ætlað að ná yfir, eru t.d. þegar skip er með bilaða vél eða hefur fengið veiðarfæri í skrúfuna og kemst þar af leiðandi ekki til hafnar af eigin rammleik, og er ekki í yfirvofandi hættu, þ.e. veður og aðstæður eru þannig að engin hætta er á að skipið reki á land

eða hlekkist á innan þess tíma, sem auðvelt er að fá hjálp. Forsenda þessa er að bjargendur hafi ekki þurft að leggja sig í teljandi hættu við björgunina. Nefndin telur að í tilvikum eins og að framan greinir hafi um of verið einblínt á verðmæti þess, sem bjargað var, en miklu minna tillit tekið til annarra þátta, sem taldir eru í 1. tölulið 1. mgr. 200. gr. Hafa fjárhæðir björgunarlauna verið mjög mismunandi, þótt um sambærileg verk hafi verið að ræða, t.d. þegar skorið hefur verið úr skrúfu skips, og annað skipið hefur verið nýlegt og verðmæti þess mikið, en hitt eldra og verðminna.

Ákvæði málsgreinarinnar miðar að því, að við ákvörðun björgunarlauna í þeim tilvikum, sem málsgreininni er ætlað að taka til, skuli einkum miðað við að bæta þann tilkostnað og tekjutap, sem bjargendur hafa haft vegna björgunarinnar, jafnframt því sem hliðsjón sé höfð af þeim tíma og þeirri fyrirhöfn, sem til björgunarinnar var varið. Ákvæðið eins og það er orðað, útilokar þó ekki að beitt verði öðrum ákvæðum 1. mgr. en talin eru í 2. mgr. ef þannig stendur á.

Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða."

Í eftirtöldum íslenskum hæstaréttardómum reyndi á ákvæði 2. mgr. 165. gr.: Hrd. 1995: 426, Hrd. 1996:3277 og Hrd. frá 6. nóvember 1997, mál nr. 39/1997.

Þó svo að björgunarsamningurinn frá 1989 innihaldi ekki sambærilegt ákvæði og 2. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga verður ekki talið að samningurinn útiloki að sambærilegt ákvæði geti eftir sem áður verið í íslenskum siglingalögum. Í fyrsta lagi er upphæð björgunarlauna háð mati hverju sinni og getur verið 0–100% af verðmæti þess sem bjargað er. Það er því ekkert sem bannar að lögfest verði ákvæði sambærilegt 2. mgr. 165. gr. siglingalaga þar sem kveðið er nánar á um hvernig ákvarða skuli björgunarlaun í þeim tilvikum þar sem skip er í hættu en hættan telst þó ekki vera yfirvofandi. Ekki er tekin afstaða til þess í 13. gr. björgunarsamningsins frá 1989 hvort upptalning þeirra viðmiða sem geta haft þýðingu fyrir ákvörðun björgunarlauna sé tæmandi. Þessu til viðbótar má benda á að þau viðmið sem gæta skal við ákvörðun björgunarlauna skv. 2. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga er að finna í 13. gr. björgunarsamningsins. Með vísan til þess sem segir um rökin fyrir tilkomu 2. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga hér að framan er því lagt til að sambærilegt ákvæði verði í 2. mgr. 168. gr. Fjárhæð björgunarlauna skal því aðallega miðast við tíma þann og fyrirhöfn sem til björgunar var varið svo og útlagðan kostnað. Þá skal tekið fram að leggi björgunarmenn sig í teljandi hættu við björgunina á að beita ákvæðum 1. mgr. 168. gr. um björgunina. Þetta byggist þó að sjálfsögðu á að sú hætta sem björgunarmenn lögðu sig í hafi verið nauðsynleg til að björgunin mætti takast. Rétt er að geta þess að þar sem segir í athugasemdum um 2. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga að ákvæðið útiloki ekki að öðrum ákvæðum 1. mgr. en talin eru upp í 2. mgr. verði beitt, á eftir atvikum einnig við um tillögu nefndarinnar. Þannig útilokar ákvæði 2. mgr. 168. gr. ekki að í undantekningartilvikum geti komið til greina að beita a-lið 1. mgr. 168. gr., þ.e. að líta til verðmætis þess sem bjargað er við ákvörðun á björgunarlaunum skv. 2. mgr. 168. gr. Sem dæmi má nefna Hrd. 1996:3277 en þar virðist Hæstiréttur hafa tekið tillit til verðmætis hins bjargaða við ákvörðun björgunarlauna skv. 2. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga.

Þrátt fyrir að frumvarpið miði að því að víkka gildissvið björgunarreglnanna frá því sem er í gildandi siglingalögum er ekki ástæða til að láta sérreglu 2. mgr. 168. gr. gilda í öðrum tilvikum en þeim þar sem björgunarandlagið er skip í skilningi 2. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga.

Um 7. gr.

Lagt er til að í 169. gr. laganna komi ákvæði þar sem því er slegið föstu að eigandi skips og eigendur annars lausafjár sem bjargað er séu ábyrgir fyrir greiðslu björgunarlauna í

hlutfalli við verðmæti eigna þeirra sem bjargað var. Meta skal þetta sérstaklega fyrir alla eigendur björgunarandlags. Björgunarlaun geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur verðmæti björgunarandlags, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 167. gr. Ákvæði þetta er að nokkru leyti sama efnis og 6. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga. Ekki er um að ræða óskipta (solidariska) ábyrgð eiganda skips og eigenda annars lausafjár á greiðslu björgunarlauna. Skv. 2. mgr. 13. gr. björgunarsamningsins frá 1989 er hverju samningsríki í sjálfsvald sett hvort valin er óskipt ábyrgð eða ekki.

Samkvæmt ákvæðinu er það eigandi skips sem er ábyrgur fyrir greiðslu björgunarlauna vegna björgunar á skipi. Áður var nokkuð á reiki hvort eigandi skips eða útgerðarmaður bæri ábyrgð á greiðslu björgunarlauna. Þrátt fyrir að úr þessu sé skorið í ákvæðinu getur skipstjóri á grundvelli 13. gr. í gildandi siglingalögum komið því til leiðar að útgerðarmaður en ekki eigandi skips verði ábyrgur fyrir greiðslu björgunarlauna. Þá má víkja frá þessari meginreglu um ábyrgð eiganda skips með samningi skv. 1. málsl. 1. mgr. 165. gr. í tillögum nefndarinnar.

Í 6. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga kemur fram að eigandi farms ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum sem björgun tekur til en ekki með öðrum eignum. Hér er lögð til breyting á þessari reglu. Líta verður á ákvæði 6. mgr. 164. gr. sem leifar frá þeim tíma þegar persónuleg ábyrgð var lítið þekkt í sjóréttinum. Þau sjónarmið eiga ekki eins vel við í dag. Afleiðing þessarar reglu í 6. mgr. 164. gr. er m.a. sú að björgunarmaður ber áhættu af því að farmurinn skemmist eftir að björgun er lokið. Telja verður að sú niðurstaða samrýmist illa þeirri reglu að hvetja skuli til björgunar. Eigandi skips og eigendur annars lausafjár bera því persónulega ábyrgð á greiðslu björgunarlauna. Þó að þetta komi ekki beint fram í texta ákvæðisins leiðir það af almennum reglum að ábyrgð er persónuleg ef annað er ekki tekið sérstaklega fram.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 197. gr. og 1. tölul. 204. gr. siglingalaganna eru kröfur um björgunarlaun tryggðar með sjóveðrétti í skipi eða farmi.

Um 8. gr.

Lagt er til að í 170. gr. laganna komi ákvæði sem gefi leiðbeiningar um hvernig með skuli farið þegar skipta á björgunarlaunum milli tveggja eða fleiri björgunarmanna. Ef björgunarmenn eru ekki sammála um skiptingu björgunarlauna sín á milli skal úr álitaefninu skorið með hliðsjón af þeim viðmiðum sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 168. gr. gildandi siglingalaga. Fjallað er um þetta álitaefni í 1. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989.

Um 9. gr.

Um a-lið (170. gr. a).

Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði, 170. gr. a, en þar verði kveðið á um sérstaka þóknun vegna „umhverfisbjörgunar“. Ákvæðið, sem felur í sér undantekningu frá „no-cure, no-pay“-reglunni, byggist á 14. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Markmiðið með ákvæðinu er að hvetja björgunarmenn til að bjarga skipi sem eitt sér eða ásamt farmi felur í sér hættu á umhverfistjóni. Óbeint felur ákvæðið einnig í sér möguleika á þóknun til þess sem kemur í veg fyrir eða dregur úr skaðabótaábyrgð eiganda skips.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. er réttur björgunarmanns til sérstakrar þóknunar háður því að unnið sé að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni. Það er ekki sett sem skilyrði að björgunaraðgerðir hafi leitt til árangurs, þ.e. björgunarmaður getur átt rétt á þóknun þótt engu sé bjargað. Hins vegar koma reglurnar um sérstaka þóknun aðeins til skoðunar að björgunarmaðurinn hafi reynt að bjarga skipi eða farmi. Ef skip er sokk-

ið á því sá sem reynir að hreinsa upp olíu sem lekið hefur í sjóinn frá skipinu ekki rétt á sérstakri þóknun samkvæmt ákvæðinu. Meginreglan er sú að þóknun skal samsvara kostnaði við björgunaraðgerðir.

Samkvæmt ákvæðinu getur björgunarmaður krafið bæði eiganda skips og útgerðarmann um sérstaka þóknun. Hann getur því valið hvorn þeirra hann krefur eða jafnvel krafið þá báða. Eigandi skips og útgerðarmaður bera því óskipta ábyrgð á greiðslu hinnar sérstöku þóknunar. Hér er valin lausn sem er frábrugðin því sem gildir um greiðslu björgunarlauna þar sem eigandi skips ber ábyrgðina. Í 14. gr. björgunarsamningsins frá 1989 er notað hugtakið „owner" um þann sem krefja má um sérstaka þóknun. Í enskum sjórétti getur hugtakið „owner" bæði átt við um skráðan eiganda skips og útgerðarmann. Að baki þeirri ákvörðun nefndarinnar um að velja ólíkar lausnir hvað varðar ábyrgð á greiðslu sérstakrar þóknunar og ábyrgð á greiðslu björgunarlauna liggja m.a. vátryggingalegar ástæður. Þannig tekur húftrygging skipa oftast til björgunarkostnaðar. Oftast er það eigandi skips sem sér um að húftryggja skipið. Það er því eðlilegra að eigandi skips sé ábyrgur fyrir greiðslu björgunarlauna. Hvað varðar sérstaka greiðslu er slík greiðsla oft tengd spurningunni um hver það er sem hefur hagsmuni af því að losna undan skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni fyrir umhverfistjón. Algengt er að slíkur kostnaður sé greiddur af P&I-vátryggingu (Protection and Indemnity). Það er nokkuð breytilegt hvort það er eigandi skips eða útgerðarmaður sem sér um að taka P&I-tryggingu. Því er eðlilegt að björgunarmaður hafi visst svigrúm við val á því hvern hann krefur um sérstaka þóknun. Þá er einnig rétt að hafa í huga að þegar um er að ræða kröfu til björgunarlauna er réttarstaða björgunarmanns tryggð m.a. með reglunum um sjóveðrétt, kyrrsetningu og haldsrétt. Þær reglur hafa hins vegar ekkert gildi varðandi sérstaka þóknun þar sem ekki hefur tekist að bjarga neinum verðmætum.

Í 2. málsl. 1. mgr. kemur fram að fái björgunarmaður greidd björgunarlaun skv. 168. gr. á hann ekki rétt á sérstakri þóknun skv. 170. gr. a. Ef hins vegar björgunarlaunin eru lægri en kostnaður við björgunaraðgerðir á björgunarmaður rétt á sérstakri þóknun sem nemur mismuninum.

Samkvæmt 2. mgr. má hækka hina sérstöku þóknun um 30–100% þegar björgunarmaður hefur komið í veg fyrir eða dregið úr umhverfistjóni. Í samræmi við orðalag 14. gr. björgunarsamningsins er einungis tekið fram í ákvæðinu að þegar meta skuli hvort sanngjarnt sé að hækka hina sérstöku þóknun umfram 30% af kostnaði björgunarmanns skuli litið til þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr. Dómstólar verða að meta það í hvert sinn hvort aðstæður séu með þeim hætti að hækka eigi hina sérstöku þóknun umfram 30% af kostnaði björgunarmanns.

Í 3. mgr. er að finna skilgreiningu á kostnaði björgunarmanns. Meginreglan er sú að útgjöld sem tengjast tilraun til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni eru bætt. Þessu til viðbótar skal bæta kostnað vegna tilraunar við að bjarga skipi og farmi. Það er hins vegar sett sem skilyrði að það hafi verið sanngjarnt að björgunarmaður hafi lagt út í viðkomandi kostnað. Þá á björgunarmaður rétt á sanngjörnu endurgjaldi fyrir búnað og mannafla sem notaður var. Björgunarmaður getur því ekki krafist endurgjalds vegna kostnaðar sem stafar af því að til verksins var notaður óeðlilega dýr búnaður eða óþarflega mikill mannafli.

Samkvæmt 4. mgr. má lækka eða fella niður hina sérstöku þóknun ef björgunarmaður hefur af gáleysi vanrækt að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Telja verður að það komi aðeins til álita að lækka eða fella niður sérstaka þóknun þegar björgunarmaður hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Um b-lið (170. gr. b).

Lagt er til að í 170. gr. b verði að finna sérstakar undantekningar frá almennu björgunarreglunum.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga og 17. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Ákvæðið leiðir til þess að t.d. leiðsögumaður um borð í skipi eða dráttarbátur sem tekið hefur að sér leiðsögu skips eða að draga það áður en hættuástand skapast eiga ekki rétt á björgunarlaunum nema aðstoð þeirra hafi verið umfram skyldu samkvæmt samningnum. Sama gildir um áhöfn skipsins. Sem dæmi um slíka undantekningu má nefna að skyndilega kemur upp eldur í skipi og framganga leiðsögumanns eða áhafnar dráttarbáts veldur því að björgun heppnast. Sem dæmi um íslenskan dóm sem snertir álitaefnið hvort áhöfn skips hafi veitt aðstoð umfram skyldu sína samkvæmt ráðningarsamningi má nefna Hrd. 1987:17.

Samkvæmt 2. mgr. á sá sem tekur þátt í vinnu að björgun gegn beru og réttmætu banni eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra engan rétt til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Ákvæðið er að mestu leyti sambærilegt 2. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga og sams konar ákvæði er í 19. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Það skal tekið fram að hvort bann gegn björgun er réttmætt verður að meta bæði út frá því hvort skipið er í hættu og hversu mikil hætta er á umhverfistjóni. Mat á því hvenær neitun er réttmæt getur því verið breytilegt eftir aðstæðum hverju sinni.

Í framhaldi af þessu skal hér getið sænsks hæstaréttardóms frá 13. janúar 1983 (sjá ND 1983:1). Þar voru málavextir þeir að rússneska skipið Tsesis strandaði í sænska skerjagarðinum 26. október 1977. Við það kom leki að skipinu og 600 tonn af olíu láku í sjóinn. Þar sem þeir sem með stjórn skipsins fóru neituðu björgun ákváðu sænsk stjórnvöld að gerð yrði tilraun til að bjarga skipinu og þannig reynt að koma í veg fyrir frekari mengun af völdum olíunnar. Hæstiréttur taldi að stjórnvöldum hafi verið þetta heimilt því að ekki hafi verið fyrir hendi réttur til að neita björgun á grundvelli 2. mgr. 224. gr. sænsku siglingalaganna (2. mgr. 164. gr. íslensku siglingalaganna, nr. 34/1985). Stjórnvöld eða björgunarmenn geta því gripið inn í og hafist handa við að bjarga skipi þrátt fyrir neitun þeirra sem með stjórn viðkomandi skips fara ef ekki er uppfyllt skilyrði 2. mgr. 164. gr. gildandi siglingalaga um að bann sé réttmætt.

Þegar rætt er um rétt stjórnvalda til að grípa inn í þegar skip er statt í hættu en t.d. skipstjóri fellst ekki á björgun er rétt að hafa það í huga sem fram kemur í 2. málsl. 1. mgr. 165. gr. og b-lið 3. mgr. 166. gr. í frumvarpinu um að eigandi skips, útgerðarmaður eða skipstjóri ásamt eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga séu skyldir til að reyna að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfistjón. Þessi ákvæði eru ófrávíkjanleg. Því má ætla að líkurnar á að til íhlutunar af hálfu stjórnvalda komi vegna neitunar t.d. eiganda skips á að þiggja hjálp séu minni en áður. Þó getur það vissulega komið til. Hvað varðar skilgreiningu á hugtakinu umhverfistjón þá er gerð grein fyrir henni í 163. gr. Þar er gengið út frá því sem nokkurs konar viðmiði að þegar meta á hvort umhverfistjón er verulegt eða ekki beri að líta til þjóðfélagslegs mikilvægis þess að reynt sé að koma í veg fyrir slys sem geti haft umhverfistjón í för með sér. Þegar horft svo er til þess að í 2. málsl. 1. mgr. 165. gr. og b-lið 3. mgr. 166. gr. er staðan sú að umhverfistjón er yfirvofandi, þ.e. verið er að meta hættu á tjóni en ekki afleiðingar tjóns sem þegar hefur orðið, má ljóst vera að mönnum ber að taka mögulega hættu á umhverfistjóni alvarlega. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga þegar meta á hvenær stjórnvöldum er heimilt að grípa inn í og hefjast handa um björgun.

Telja verður að samkvæmt gildandi siglingalögum og ákvæðum frumvarpsins um nýjar björgunarreglur sé þessi réttur til íhlutunar í höndum samgönguráðuneytisins. Þess skal getið að nú er að störfum nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög nr. 42/1926, um skipströnd og vogrek.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. sem byggir á 19. gr. björgunarsamningsins frá 1989 á sér ekki hliðstæðu í gildandi siglingalögum. Í fyrsta lagi veitir ákvæðið eiganda lausafjár sem er í hættu en sem hvorki er eða hefur verið um borð í skipi sama rétt til að leggja bann við björgun og gildir skv. 1. málsl. 2. mgr. Þetta leiðir til þess að eigandi farms sem fallið hefur fyrir borð á ekki slíkan rétt. Í því tilviki eru það bara þeir sem nefndir eru í 1. málsl. 2. mgr. sem lagt geta bann við björgun. Þessu veldur að gagnálykta ber frá orðum 2. málsl. 2. mgr.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 165. gr. gildandi siglingalaga og 18. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Ákvæðið kveður á um tilvik þar sem lækka má eða fella niður björgunarlaun eða sérstaka þóknun vegna mistaka eða vanrækslu björgunarmanns. Ákvæði 3. mgr. á hins vegar ekki við um þau tilvik þar sem björgunarmaður getur orðið skaðabótaskyldur, t.d. gagnvart eiganda skips, á grundvelli 2. mgr. 166. gr.

Um c-lið (170. gr. c).

Lagt er til að í 170. gr. c komi ákvæði sem er að mestu leyti samhljóða 169. gr. gildandi siglingalaga, þó með þeirri undantekningu að 6.–8. mgr. fela í sér nýmæli. Þá gilda ákvæði 1.–6. mgr. aðeins um skiptingu björgunarlauna þegar það skip sem bjargar er skrásett á Íslandi. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Í 7. mgr. segir að þegar skipið sem bjargar er ekki skrásett á Íslandi fer um skiptingu björgunarlauna eftir löggjöf þess lands þar sem skipið er skráð.

Í greinargerð með gildandi siglingalögum var um 169. gr. vísað til athugasemda með frumvarpi til breytinga á björgunarreglum siglingalaga sem skilað var til ráðherra vorið 1982. Síðan segir í greinargerðinni: „Lagt er til að gerð verði gagnger breyting á efni 203. gr. siglingalaganna, sem fjallar um skiptingu björgunarlauna. Er þar að verulegu leyti fylgt fyrirmynd úr rétti annarra Norðurlandaþjóða, enda þótt eigi verði þess getið við hvern lið sérstaklega, en tekið skal fram, að ekki er um algert samræmi að ræða í samsvarandi ákvæðum Norðurlandaþjóðanna.“

Um 1. mgr. Um þetta ákvæði segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Ákvæði þetta samsvarar að nokkru upphafi 2. mgr. 203. gr. gildandi laga. Gert er þó ráð fyrir því, að af óskiptum björgunarlaunum greiðist einnig aukinn kostnaður við rekstur skipsins, svo sem útgjöld vegna eldsneytis og launa áhafnar, sem af björgunarstarfinu leiddu. Er ákvæðið í meginatriðum í samræmi við ákvæði í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Það á sér og nokkra hliðstæðu í 12. gr. laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands (12. gr. laga nr. 25/1967 var breytt með 1. gr. laga nr. 76/1986). Þá er einnig lagt til, að þóknun, sem ákveðin yrði skv. 4. mgr. (samsvarar 3. mgr. eftir þessu frumvarpi) greiðist af óskiptu, og er það í samræmi við löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.“

Um 2. mgr. Um þetta ákvæði segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Hér er um að ræða nýjar reglur um „innbyrðis“ skiptingu björgunarlauna, sem koma að öllu leyti í stað samsvarandi reglna í núgildandi 2. mgr. 203. gr. Núverandi ákvæði eru allfornfáleg (sbr. t.d. það sem segir um „gufuskip“ og „seglskip“) og ljóst er einnig, að skipting til helminga milli skipstjóra annars vegar, og allrar áhafnarinnar hins vegar, er ekki lengur í neinu samræmi við launahlutföll milli þessara aðila, þótt svo kunni að hafa verið fyrir mörgum áratugum. Er nú leitast við að færa efni þessa ákvæðis í nútímahorf, enda þótt ætíð geti verið skiptar skoðanir um sanngjarnt skiptahlutfall milli þeirra, sem rétt eiga til björgunarlauna. Er nú horfið að því ráði, að heildarskiptahlutur áhafnar (að skipstjóra meðtöldum) í björgunarlaunum er hækkaður, á kostnað útgerðarhlutans, og hlutur skipshafnar jafnframt hækkaður verulega í hlutfalli við skipstjórahlutinn. Samkvæmt núgildandi reglu er hlutur útgerðarinnar 66⅔%, en eftir frumvarpinu 60%, hlutur skipstjóra er nú 16⅔%, en verður 13⅓%, og hlutur skipshafnar, sem er nú 16⅔%, hækkar í 26⅔%. Þótt hlutur skipstjóra sé nokkuð lækkaður frá

því sem nú er, mun hann samt sem áður, enn sem fyrr, bera miklu meira úr býtum en nokkur annar áhafnarmaður, sem þóknum fær eftir þessu ákvæði, og verður í því efni að minnast þess, að enn hlýtur það að vera mjög undir skipstjóra komið, hvort lagt er til björgunarstarfa eða ekki eða hvernig björgun tekst til að öðru leyti. Þó gerir tæknin það kleift, að skipstjóri getur nú fremur en áður, ráðgast við útgerðarmann sinn um margvísleg atriði, sem björgunina snerta, og léttir það nokkurri ábyrgð af honum.

Með orðalaginu „hin eiginlega skipshöfn“ í ákvæði þessu er einungis átt við þá skipverja, sem skipstjóri eða útgerðarmaður hafa ráðið á skip til þeirra skipsstarfa, sem nauðsynleg eru til reksturs skipsins. Ákvæðið tekur hins vegar ekki til manna, sem ráðnir eru á skip til annarra starfa, svo sem t.d. þjónustufólk, sem eingöngu þjónar farþegum á farþegaskipi, eða hljómlistarmenn, sem skemmta eiga farþegum. Menn, sem einungis verða taldir til „óeiginlegrar skipshafnar“ í þessari merkingu, geta hins vegar átt sjálfstæðan rétt til björgunalauna, ef þeir hafa veitt að björguninni.

Nýmæli er það einnig, að leiðsögumaður skuli eiga hlutdeild í skiptahlut skipshafnarinnar, svo sem nánar er mælt fyrir í frumvarpinu.

Lokaákvæði 3. mgr. [samsvarar 2. mgr. eftir þessu frumvarpi] á sér ekki beina fyrirmynd í löggjöf annarra þjóða, en er sniðið að íslenskum aðstæðum og eru þar einkum hafðir í huga sjómenn á smærri bátum, þar sem tekjur miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut.“

Um 3. mgr. Um ákvæðið segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Ákvæðið er nýmæli, en á sér nokkra hliðstæðu í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands (12. gr. laga nr. 25/1967 var breytt með 1. gr. laga nr. 76/1986). Það þarfnast ekki skýringar.“

Um 4. mgr. Um ákvæðið segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Hér er um nýmæli að ræða sem ekki þarfnast skýringar.“

Um 5. mgr. Um ákvæðið segir í fyrrnefndum athugasemdum:

„Með ákvæði þessu, sem er nýmæli, er leitast við að tryggja réttarstöðu sjómanna í sambandi við hlutdeild þeirra í björgunarlaunum, sem skip þeirra hafa unnið til.“

Ákvæði 6. mgr. segir til um hvaða reglur gilda um skiptingu sérstakrar þóknunar skv. 2. mgr. 170. gr. a. Heppilegt er að reglur 1.–5. mgr. 170. gr. c gildi um skiptingu sérstakrar þóknunar umfram þá þóknun sem ætlað er að standa undir kostnaði björgunarmanns skv. 1. mgr. 170. gr. a. Þrátt fyrir að orðalag 1.–5. mgr. 170. gr. c miðist fremur við björgun en tilraun til björgunar sem gefur rétt til sérstakrar þóknunar er ekki ástæða til að breyta orðalagi 1.–5. mgr. Sérstök þóknun sem greidd er á grundvelli 1. mgr. 170. gr. a rennur að fullu til útgerðarmanns skips þess sem notað var við björgunarvinnuna. Þá getur sú staða komið upp að þrátt fyrir að björgunarmaður hafi fengið kostnað sinn greiddan skv. 1. mgr. 170. gr. a hafi hann orðið fyrir tjóni sem ekki telst kostnaður í skilningi þess ákvæðis en fellur þó undir 1. mgr. 170. gr. c. Í því tilviki mundi sérstök þóknun skv. 2. mgr. 170. gr. a fyrst bæta það tjón. Það sem þá yrði eftir mundi skiptast milli útgerðarmanns skips og áhafnar skv. 2. mgr. 170. gr. c.

Ákvæði 7. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989 en þar kemur fram að um skiptingu björgunarlauna milli útgerðarmanns og áhafnar skuli fara samkvæmt lögum í fánaríki þess skips sem bjargar.

Í 8. mgr. er kveðið á um að þegar það er ekki skip sem bjargar skuli um skiptingu björgunarlauna fara eftir þeirri löggjöf sem gildir um réttarsambandið milli björgunarmanns og starfsmanna hans. Þetta ákvæði á sér fyrirmynd í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. björgunarsamningsins frá 1989.

Um d-lið (170. gr. d).

Lagt er til að í 170. gr. d komi ákvæði um skyldu þess sem ber ábyrgð á greiðslu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar að setja tryggingu.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu til að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar auk vaxta og málskostnaðar. Þessi skylda hvílir beint á öllum þeim sem ábyrgð bera á greiðslu björgunarlauna. Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 21. gr. björgunarsamningsins frá 1989. Þá kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. að þegar trygging hefur verið sett getur björgunarmaður ekki gengið að sjóveði sínu skv. 4. tölul. 1. mgr. 197. gr. siglingalaganna. Ákvæðið sem er nýtt er samhljóða 2. mgr. 20. gr. björgunarsamningsins. Ákvæðið gildir ekki um sérstaka þóknun þar sem slíkar kröfur eru ekki tryggðar með sjóveðrétti í skipi.

Í 2. mgr. er lögð tiltekin skylda á eiganda og útgerðarmann að vinna að því að aðrir sem ábyrgð bera, þ.e. einkum farmeigendur, leggi fram þessa tryggingu. Í framkvæmd er það tryggingafélag skipsins sem ábyrgist greiðslu björgunarlauna. Sama á við um farminn. Ákvæðið sem er nýmæli er samhljóða 2. mgr. 21. gr. björgunarsamningsins. Venjulegar farmtryggingar greiða hlutdeild farmsins í björgunarlaunum, hvort sem þeim er jafnað niður í sameiginlegu sjótjóni eða ekki. Hafi farmeigandi ekki vátryggt farminn verður hann sjálfur að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu síns hluta björgunarlauna.

Mesta þýðingu hefur ákvæðið í 3. mgr. Samkvæmt því er sjálfkrafa farbann á skipi og öðrum verðmætum sem bjargað hefur verið þar til fullnægjandi trygging hefur verið lögð fram. Ákvæði þetta sem byggist á 3. mgr. 21. gr. björgunarsamningsins er efnislega samhljóða 170. gr. gildandi siglingalaga.

Um e-lið (170. gr. e).

Í 170. gr. e er að finna ákvæði um fyrirframgreiðslu hluta björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Ákvæði þetta er í samræmi við 22. gr. samningsins. Því er fyrst og fremst ætlað að styrkja stöðu þeirra björgunarmanna sem kallaðir eru atvinnumenn, þ.e. þeirra sem gera út skip sem sérbúin eru til að aðstoða önnur skip. Sennilega hefur ákvæðið ekki mikla þýðingu hér á landi eins og aðstæður eru nú.

Um f-lið (170. gr. f).

Lagt er til að í 170. gr. f verði lögfest lítils háttar frávik frá almennum reglum um meðferð einkamála samkvæmt lögum nr. 91/1991 og um kyrrsetningu samkvæmt lögum nr. 31/1990.

Í 1. mgr. er nauðsynleg viðbót við varnarþingsreglur einkamálalaga þar sem heimilað er að höfða mál þar sem björgun var gerð eða verðmætin flutt að landi.

Samkvæmt 3. mgr. 170. gr. d í frumvarpinu er óheimilt að flytja hin björguðu verðmæti á brott þar til sett hefur verið nægileg trygging fyrir greiðslu björgunarlauna. Kyrrsetningargerð samkvæmt lögum nr. 31/1990 hefur nokkuð önnur réttaráhrif og getur björgunarmaður í sumum tilvikum talið nauðsynlegt að leita eftir kyrrsetningu, en með kyrrsetningu og vörslusviptingu skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 31/1990 ætti staða hans að vera tryggð nægilega. Í 2. mgr. 170. gr. f er mælt fyrir um lítils háttar frávik frá almennum reglum laga nr. 31/1990, en án þeirra væri kyrrsetning oft útilokuð vegna vandkvæða á að koma henni fram.

Í 3. mgr. kemur fram að þegar leyst er úr ágreiningi um skiptingu björgunarlauna skuli allir sem rétt eiga til hlutdeildar eiga aðild að málinu. Þá er einnig gert lítils háttar frávik frá reglum um gagnkröfur sem leiðir af sérstakri aðstöðu sem skapast í málum af þessum toga.

Um g-lið (170. gr. g).

Í 170. gr. g er að finna ákvæði um skip eða farm í ríkiseign og farm sem ætlaður er til mannúðarmála. Hér er tekið af skarið um að ákvæði þessa kafla laganna heimili ekki kyrrsetningu skipa sem njóta friðhelgi samkvæmt reglum þjóðaréttar. Þá verður ekki höfðað mál til heimtu björgunarlauna vegna slíkra skipa fyrir íslenskum dómstólum og þau ekki kyrrsett hér. Er það háð rétti viðkomandi ríkis hvort björgunarlauna verði krafist og verður að höfða mál til heimtu þeirra í viðkomandi ríki. Íslensk lög mæla ekki fyrir um sérreglur um skip íslenska ríkisins að þessu leyti.

Gildissvið ákvæðisins er víkkað nokkuð í 3. mgr. og er hún í samræmi við 26. gr. samningsins. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að koma í veg fyrir að farmur sem ætlaður er til mannúðarmála komi of seint á áfangastað.

Um 10. gr.

Lögð er til breyting á 1. tölul. 175. gr. laganna. Ákvæði þessu þarf að breyta í samræmi við breytta hugtakanotkun í VIII. kafla laganna. Það felur ekki í sér aðra breytingu en þá að sérstök þóknun skv. 170. gr. a er undanþegin takmörkun ábyrgðar á sama hátt og björgunarlaun.

Um 11. gr.

Lögð er til breyting á 1. tölul. 215. gr. laganna. Hér er mælt svo fyrir að fyrningarfrestur skuli vera sá sami fyrir kröfu um sérstaka þóknun og kröfu um björgunarlaun. Breytingin er í samræmi við 1. mgr. 23. gr. björgunarsamningsins frá 1989.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1999. Samkvæmt því taka hinar nýju björgunarreglur aðeins til atvika sem verða eftir gildistöku laganna.

Um 13. gr.

Lögð er til breyting á lögum nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög. Hér er lögð til talsverð breyting á gildissviði björgunarreglnanna. Mjög lengi hefur verið í gildi regla sem nú er lögfest í 14. gr. laga um bátaábyrgðarfélög. Hún felur það í sér að öll skip sem tryggð eru hjá bátaábyrgðarfélagi og öll skip sem ríkissjóður á eða gerir út eru skyldug til að bjarga hvert öðru úr sjávarháska og fyrir það verk verða ekki greidd björgunarlaun heldur tiltekin þóknun sem skýrð er í lögunum. Er hún alla jafna verulega lægri en björgunarlaun.

Lög um bátaábyrgðarfélög gilda um öll fiskiskip með fullu þilfari sem eru 100,49 brúttórúmlestir eða minni. Þar til lög nr. 116/1993 tóku gildi var landinu skipt í afmörkuð félagssvæði og voru skipaeigendur skyldugir að kaupa vátryggingu hjá því bátaábyrgðarfélagi sem starfaði á viðkomandi svæði. Þessi skylda hefur nú verið þrengd þannig að skylt er að kaupa vátryggingu, en frjálst er að kaupa hana hjá hvaða vátryggingafélagi sem selur slíkar vátryggingar og hefur starfsleyfi.

Með þessari breytingu má segja að rök sem stóðu til þess að viðhalda sérreglu um þessi skip séu ekki haldbær lengur og að leggja verði áherslu á að sama regla gildi um öll skip.

Fylgiskjal I.

Alþjóðlegi björgunarsamningurinn 1989.

RÍKIN SEM EIGA AÐILD AÐ ÞESSUM SAMNINGI,

SEM GERA SÉR LJÓST að æskilegt er að fastsetja með samningi samræmdar alþjóðareglur um björgunaraðgerðir,

SEM VEITA ÞVÍ ATHYGLI að veruleg þróun, einkum aukinn áhugi á umhverfisvernd, gerir það að verkum að nauðsynlegt er að endurskoða alþjóðareglur í samningnum um samræmingu tiltekinna réttarreglna er varða aðstoð og björgun á sjó (Convention for the Unification of

Certain Rules of Law relating to Assistance and Salvage at Sea) sem gerður var í Brussel, 23. september 1910,

SEM ERU MEÐVITUÐ um mikilvægi skilvirkra björgunaraðgerða í tæka tíð að því er varðar öryggi skipa og annarra eigna í hættu og verndun umhverfisins,

SEM ERU SANNFÆRÐ UM að nauðsynlegt er að tryggja að fyrir hendi sé nægileg hvatning fyrir þá sem sinna björgun skipa og annarra eigna í hættu,

HAFA SAMÞYKKT eftirfarandi:

I. kafli. – Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. Björgunaraðgerðir: sérhver framkvæmd eða aðgerð til aðstoðar skipi eða til bjargar öðrum eignum í hættu á siglingaleiðum eða legi hvar sem er.
b. Skip: sérhvert skip eða far eða hvers konar smíð önnur sem er fær til siglinga.
c. Eignir: sérhver eign sem er hvorki varanlega né vísvitandi fest við strandlengju og inniheldur farm í hættu.
d. Umhverfistjón: umtalsvert tjón á líkamlegri heilsu manna eða tjón á sjávarlífi eða auðlindum við strendur eða á innlendum vatnaleiðum eða aðliggjandi svæðum, af völdum mengunar, spillingar, elds, sprengingar eða annarra meiri háttar atburða af svipuðum toga.
e. Greiðsla: hvers konar laun, endurgjald eða þóknun sem ber að greiða samkvæmt þessum samningi.
f. Stofnun: Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
g. Framkvæmdastjóri: framkvæmdastjóri stofnunarinnar.

2. gr.

Beiting samningsins.

Ákvæði samningsins gilda í dómsmálum eða gerðardómsmálum sem eru til úrlausnar í samningsríki og varða málefni sem fjallað er um í þessum samningi.

3. gr.

Pallar og búnaður til borunar.

Þessi samningur tekur ekki til fastra eða fljótandi palla eða færanlegs búnaðar til borunar á hafi úti ef pallarnir eða búnaðurinn er notaður til að kanna, nýta eða framleiða jarðefni af hafsbotni.

4. gr.

Skip í ríkiseign.

1. Með fyrirvara um 5. gr. gildir þessi samningur ekki um herskip eða önnur skip í ríkiseign sem ríkið gerir út í öðru skyni en ábataskyni og ber við björgunaraðgerð réttur til friðhelgi á grundvelli fullveldis samkvæmt þeim meginreglum þjóðaréttar sem eru almennt viðurkenndar, nema hlutaðeigandi ríki ákveði annað.

2. Ákveði samningsríki að láta samninginn taka til herskipa sinna eða annarra skipa, sem lýst er í 1. mgr., ber að tilkynna framkvæmdastjóranum um það og tilgreina með hvaða skilmálum og skilyrðum það er gert.

5. gr.

Björgunaraðgerðir undir stjórn opinberra yfirvalda.

1. Þessi samningur hefur ekki áhrif á ákvæði innlendra laga eða alþjóðasamninga um björgunaraðgerðir af hálfu eða undir stjórn opinberra yfirvalda.

2. Þó ber björgunarmönnum, sem sjá um slíkar björgunaraðgerðir, sá réttur og þau úrræði er varða björgunaraðgerðir sem kveðið er á um í þessum samningi.

3. Lög ríkisins þar sem opinbert yfirvald, sem ber að sinna björgunaraðgerðum, er staðsett skera úr um að hve miklu leyti það getur gert tilkall til þess réttar og þeirra úrræða sem kveðið er á um í þessum samningi.

6. gr.

Björgunarsamningar.

1. Þessi samningur tekur til hvers konar björgunaraðgerða, nema kveðið sé beint eða óbeint á um annað í samningi.

2. Skipstjóri skal hafa umboð til að semja um björgunaraðgerðir fyrir hönd eiganda skipsins. Skipstjóri eða eigandi skipsins skal hafa umboð til að gera slíka samninga fyrir hönd eigenda eigna um borð í skipinu.

3. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á beitingu 7. gr. eða skuldbindingar um að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni.

7. gr.

Ógilding og breyting á samningum.

Heimilt er að ógilda eða breyta samningi eða skilmálum í honum ef:

a. samningurinn var gerður á meðan hættan vofði yfir eða undir áhrifum hennar og skilmálar hans eru ósanngjarnir; eða
b. greiðsla samkvæmt samningnum er annaðhvort of há eða lág fyrir þá þjónustu sem var raunverulega innt af hendi.

II. kafli. – Framkvæmd björgunaraðgerða.

8. gr.

Skyldur björgunarmanna og eiganda og skipstjóra.

1. Björgunarmanni ber, gagnvart eiganda skips eða annarra eigna í hættu, skylda til:

a. að sinna björgunaraðgerðum með nægilegri aðgát;
b. að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni með því að sýna nægilega aðgát við þau skyldustörf sem eru tilgreind í a-lið;
c. að leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess; og
d. að samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna þegar eigandi eða skipstjóri skips eða eigandi annarra eigna í hættu leggja fram sanngjarna beiðni þar um, þó að því tilskildu að björgunarlaun hans lækki ekki ef í ljós kemur að beiðnin var ekki á rökum reist.

2. Eiganda eða skipstjóra skips eða eiganda annarra eigna í hættu ber, gagnvart björgunarmanni, skylda til:

a. að hafa við hann fulla samvinnu á meðan á björgunaraðgerðum stendur;

b. að sýna nægilega aðgát á meðan á samvinnunni stendur til að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni; og
c. að taka við skipi eða öðrum eignum þegar þeim hefur verið komið í örugga höfn og björgunarmaður leggur fram sanngjarna beiðni þess efnis.

9. gr.
Réttur strandríkja.

Ekkert í þessum samningi hefur áhrif á rétt hlutaðeigandi strandríkis til að gera ráðstafanir í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar til að vernda strandlengju sína, eða skylda hagsmuni, frá mengun eða yfirvofandi hættu á mengun í kjölfar sjóslyss, eða aðgerða sem tengjast því, sem gera má ráð fyrir að hafi í för með sér verulegt tjón, og er þá með talinn réttur strandríkja til að leiðbeina við björgunaraðgerðir.

10. gr.
Skylda til að veita aðstoð.

1. Sérhverjum skipstjóra ber, sé honum það fært án þess að leggja eigið skip og menn um borð í því í hættu, að aðstoða sérhvern þann sem er í lífsháska á sjó.

2. Samningsríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeirri skyldu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., sé sinnt.

3. Eigandi skips getur ekki talist skaðabótaskyldur þótt skipstjóri bregðist þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr.

11. gr.
Samvinna.

Samningsríki skal, þegar það setur reglur eða tekur ákvörðun um málefni er varða björgunaraðgerðir, svo sem aðgang skipa í háska að höfnum, eða aðstöðu fyrir björgunarmenn, hafa hliðsjón af því að þörf er samvinnu milli björgunarmanna, annarra sem eiga hagsmuna að gæta og opinberra yfirvalda til að tryggja árangursríkar og vel heppnaðar aðgerðir til björgunar mannslífa eða eigna í hættu, svo og til að koma í veg fyrir umhverfistjón almennt.

III. kafli. – Réttur björgunarmanna.

12. gr.
Skilyrði fyrir björgunarlaunum.

1. Árangursríkar björgunaraðgerðir veita rétt til björgunarlauna.

2. Ekki er unnt að krefjast greiðslu samkvæmt þessum samningi ef björgunaraðgerð hefur ekki borið árangur, nema kveðið sé á um annað.

3. Ákvæði þessa kafla gilda þrátt fyrir að skip sem var bjargað og björgunarskip séu í eigu sama aðila.

13. gr.
Viðmiðanir þegar ákvarða skal björgunarlaun.

1. Ákveða ber björgunarlaun með það í huga að hvetja til björgunaraðgerða og skal hafa hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunum án tillits til þess í hvaða röð þær eru settar fram:
a. verðmæti skips og annarra eigna sem er bjargað;
b. hæfni og viðleitni björgunarmanna til að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni;
c. árangri björgunarmanna;

d. eðli og umfangi hættunnar;
e. hæfni og viðleitni björgunarmanna til bjargar skipi, öðrum eignum og mannslífum;
f. tímanum sem verkið krafðist og kostnaði og tapi björgunarmanna;
g. skaðabótaáhættu björgunarmanna og annarrar hættu sem þeir leggja sig eða búnað sinn í;
h. hversu skjótt þjónustan er veitt;
i. hvort björgunarskip eða -búnaður er tiltækur og notaður;
j. ástandi búnaðar björgunarmanns með tilliti til aðgengis, skilvirkni og verðmætis.

2. Öllum þeim sem eiga hagsmuna að gæta í skipinu og öðrum eignum sem er bjargað ber að greiða björgunarlaun, sem eru ákveðin skv. 1. mgr., í hlutfalli við þau verðmæti sem var bjargað. Þó getur samningsríki kveðið á um það í landslögum sínum að einum hagsmunaaðila beri að greiða björgunarlaunin og eigi hann þá endurkröfurétt á hina hagsmunaaðilana um greiðslu á hlut hvers þeirra um sig. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir rétt til málsvarnar.

3. Björgunarlaun, að frátöldum vöxtum og endurkræfum málskostnaði sem vera má að þurfi greiða, skulu ekki vera hærri en sem nemur verðmæti skipsins eða öðrum eignum sem var bjargað.

14. gr.

Sérstök þóknun.

1. Hafi björgunarmaður unnið björgunarstörf vegna skips eða farms sem umhverfi stafaði ógn af og ekki fengið björgunarlaun skv. 13. gr. sem eru að minnsta kosti jafnhá þeirri þóknun sem er reiknuð út í samræmi við þessa grein, ber honum réttur til sérstakrar þóknunar frá eiganda skipsins er skal vera jafnhá útgjöldum hans eins og þau eru skilgreind hér.

2. Hafi björgunarmaður, með björgunaraðgerðum við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr., komið í veg fyrir eða dregið svo sem kostur er úr umhverfistjóni er heimilt að hækka þá sérstöku þóknun sem eiganda skipsins ber að greiða honum skv. 1. mgr. um allt að 30% af þeim kostnaði sem björgunarmaður hefur lagt í. Engu að síður getur dómstóll hækkað þessa sérstöku þóknun enn frekar, en þó skal heildarhækkunin aldrei vera meiri en 100% af þeim kostnaði sem björgunarmaðurinn leggur í, telji hann slíkt sanngjarnt og réttmætt og með hliðsjón af viðeigandi viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. er með kostnaði björgunarmanns átt við bein og hæfileg útgjöld björgunarmanns við björgunaraðgerð og sanngjarnt endurgjald fyrir viðeigandi búnað og starfsmenn, sem voru notaðir í raun og á sanngjarnan hátt við björgunaraðgerðina, með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í h-, i- og j-liðum 1. mgr. 13. gr.

4. Einungis ber að greiða heildarþóknunina samkvæmt þessari grein ef og að því marki sem slík þóknun er hærri en þau björgunarlaun sem björgunarmaður getur gert kröfu um skv. 13. gr.

5. Hafi björgunarmaður sýnt vanrækslu og þannig mistekist að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni er heimilt að svipta hann öllum sérstökum þóknunum eða hluta þeirra sem ber að greiða samkvæmt þessari grein.

6. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á endurkröfurétt af hálfu eiganda skipsins.

15. gr.

Skipting milli björgunarmanna.

1. Ákveða skal skiptingu björgunarlauna skv. 13. gr. milli björgunarmanna á grundvelli þeirra viðmiðana sem fram koma í þeirri grein.

2. Ákveða skal skiptingu milli eiganda, skipstjóra og annarra í þjónustu hvers björgunarskips samkvæmt lögum í fánaríki skipsins. Hafi björgun ekki borist frá skipi skal ákveða skiptinguna samkvæmt lögum sem gilda um samninginn sem er gerður milli björgunarmanns og aðila í þjónustu hans.

16. gr.

Björgun mannslífa.

1. Engin björgunarlaun ber að greiða fyrir björgun mannslífa en ekkert í þessari grein hefur áhrif á ákvæði landslaga um þetta efni.

2. Sá er bjargar mannslífi og hefur tekið þátt í að veita þjónustu við slys er leiddi til björgunarinnar á rétt á sanngjörnum hluta af þeirri greiðslu sem björgunarmaður fær fyrir björgun skipsins eða annarra eigna eða fyrir að koma í veg fyrir eða draga svo sem kostur er úr umhverfistjóni.

17. gr.

Þjónusta sem er veitt samkvæmt gildandi samningum.

Ekki ber að inna af hendi greiðslu samkvæmt ákvæðum þessa samnings nema sú þjónusta sem er veitt teljist með réttu umfram það sem telst við hæfi samkvæmt samningi sem gerður var áður en hættan steðjaði að.

18. gr.

Afleiðingar af misferli eða vanrækslu björgunarmanns.

Heimilt er að svipta björgunarmann greiðslu samkvæmt þessum samningi, að fullu eða að hluta, að því marki sem mistök hans eða vanræksla gerðu það að verkum að björgunaraðgerðir reyndust nauðsynlegar eða erfiðari en ella, eða hafi björgunarmaður gerst sekur um svik eða annað óheiðarlegt athæfi.

19. gr.

Bann við björgunaraðgerðum.

Þjónusta sem er veitt þrátt fyrir skýrt og réttmætt bann eiganda skips eða skipstjóra á því eða eiganda annarra eigna í hættu, sem er ekki og hefur ekki verið um borð í skipinu, veitir ekki rétt til greiðslna samkvæmt þessum samningi.

IV. kafli. – Kröfur og málshöfðun.

20. gr.

Sjóveð.

1. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á sjóveð björgunarmanns samkvæmt alþjóðasamningi eða landslögum.

2. Björgunarmanni er óheimilt að ganga að sjóveði sínu ef boðin hefur verið fullnægjandi trygging fyrir kröfu hans eða hún útveguð á tilhlýðilegan hátt.

21. gr.

Skylda að leggja fram tryggingu.

1. Þeim sem er ábyrgur fyrir greiðslu samkvæmt þessum samningi ber, að beiðni björgunarmanns, að leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir kröfunni, að meðtöldum vöxtum og kostnaði björgunarmanns.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. ber eiganda skips, sem hefur verið bjargað, að gera sitt ýtrasta til að tryggja að eigendur farmsins leggi fram fullnægjandi tryggingu fyrir kröfum á hendur þeim, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, áður en farmurinn er afhentur.

3. Óheimilt er, án samþykkis björgunarmanns, að skip, sem hefur verið bjargað, láti úr fyrstu viðkomuhöfn eða aðrar eignir séu fjarlægðar af fyrsta viðkomustað eftir að björgunaraðgerðum lýkur fyrr en fullnægjandi trygging hefur verið lögð fram fyrir kröfu björgunarmanns vegna hlutaðeigandi skips eða eigna.

22. gr.

Bráðabirgðagreiðsla.

1. Dómstóli þeim sem hefur lögsögu í kröfumáli björgunarmanns er heimilt að ákvarða með bráðabirgðaúrskurði að björgunarmaður skuli fá sanngjarna og réttmæta bráðabirgðagreiðslu, með skilmálum, einnig skilmálum er varða tryggingar þar sem við á, sem telja má sanngjarna og réttmæta með hliðsjón af málsatvikum.

2. Sé bráðabirgðagreiðsla innt af hendi samkvæmt þessari grein ber að lækka trygginguna, sem kveðið er á um í 21. gr., til samræmis.

23. gr.

Málshöfðunarfrestur.

1. Réttur til málshöfðunar vegna greiðslna samkvæmt þessum samningi fyrnist ef mál hefur ekki verið höfðað fyrir dómstólum eða lagt í gerðardóm innan tveggja ára. Fresturinn hefst daginn sem björgunaraðgerðum er hætt.

2. Kröfuþola er heimilt að lengja málshöfðunarfrestinn hvenær sem er á meðan hann varir með því að lýsa því yfir við kröfuhafa. Þennan frest má lengja enn frekar með sama hætti.

3. Heimilt er að krefja þann sem ber ábyrgð um bætur jafnvel eftir að málshöfðunarfresturinn, sem kveðið er á um í málsgreinunum hér að framan, er útrunninn ef krafan er lögð fram innan frests sem er veittur samkvæmt lögum ríkisins þar sem málið er til meðferðar.

24. gr.

Vextir.

Réttur björgunarmanns til að fá vexti á greiðslu sem ber að inna af hendi samkvæmt þessum samningi er ákvarðaður samkvæmt lögum ríkisins þar sem dómstóllinn sem hefur málið til meðferðar er staðsettur.

25. gr.

Farmar í ríkiseign.

Óheimilt er án samþykkis viðkomandi ríkis að beita ákvæðum þessa samnings sem forsendu fyrir því að gera farm í eigu þess, sem er ekki verslunarvara, upptækan, leggja löghald á hann eða kyrrsetja með hvers konar lagaúrræðum ef hann nýtur friðhelgi fullvalda ríkis, þegar björgunaraðgerðir fara fram, samkvæmt almennt viðurkenndum meginreglum þjóðaréttar eða að hefja málsókn (in rem) gegn slíkum farmi.

26. gr.

Farmar til mannúðarmála.

Óheimilt er að beita ákvæðum þessa samnings sem forsendu fyrir því að gera farm sem gefinn er af ríki til mannúðarmála upptækan, leggja löghald á hann eða kyrrsetja hafi það samþykkt að greiða fyrir björgunarþjónustu sem er veitt vegna slíks farms til mannúðarmála.

27. gr.

Birting úrskurðar gerðardóms.

Samningsríkjum ber að stuðla að því, eftir því sem unnt er og með samþykki málsaðila, að úrskurðir gerðardóms í björgunarmálum séu birtir.

V. kafli. – Lokaákvæði.

28. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samningur þessi liggur frammi til undirritunar í höfuðstöðvum stofnunarinnar frá 1. júlí 1989 til 30. júní 1990 og eftir þann tíma geta ríki gerst aðilar að honum.

2. Ríki lýsir yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundið af þessum samningi með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ásamt síðari fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
c. aðild.

3. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi þegar skjali þar um hefur verið komið í vörslu framkvæmdastjórans.

29. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi einu ári eftir þann dag er 15 ríki hafa skuldbundið sig til að vera bundin af honum.

2. Samþykki ríkis um að vera bundið af þessum samningi eftir að skilmálum um gildistöku hans hefur verið fullnægt öðlast gildi einu ári eftir þann dag sem slík yfirlýsing er gefin.

30. gr.

Fyrirvarar.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að áskilja sér rétt til að beita ekki ákvæðum þessa samnings:

a. ef björgunaraðgerð fer fram á innlendri vatnaleið og þau skip sem málið varðar sigla eftir slíkum leiðum;
b. ef björgunaraðgerðir fara fram á innlendri vatnaleið án þess að skip komi þar nærri;
c. ef allir þeir sem eiga hagsmuna að gæta eru ríkisborgarar hlutaðeigandi ríkis;
d. ef viðkomandi eign er menningarverðmæti í sjó sem hefur forsögulegt, fornleifafræðilegt eða sögulegt gildi og liggur á hafsbotni.

2. Fyrirvarar sem eru settir við undirritun eru háðir staðfestingu við fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

3. Ríki sem hefur sett fyrirvara við þennan samning getur hvenær sem er afturkallað hann með því að senda framkvæmdastjóranum tilkynningu. Afturköllunin öðlast gildi á viðtökudegi tilkynningarinnar. Ef í tilkynningunni kemur fram að afturköllun fyrirvara skuli öðlast gildi tiltekinn dag eftir daginn sem framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku skal afturköllunin öðlast gildi síðari daginn.

31. gr.

Uppsögn.

1. Samningsríki getur sagt þessum samningi upp hvenær sem er einu ári eftir að hann öðlast gildi gagnvart því.

2. Uppsögnin á sér stað þegar skjali þar um hefur verið komið í vörslu framkvæmdastjórans.

3. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir að framkvæmdastjórinn veitir viðtöku skjali þar um eða síðar ef það er tilgreint í skjalinu.

32. gr.

Endurskoðun og breytingar.

1. Stofnunin getur boðað til ráðstefnu í því skyni að endurskoða eða breyta þessum samningi.

2. Framkvæmdastjóranum ber að boða samningsríkin til ráðstefnu í því skyni að endurskoða eða breyta samningnum leggi átta samningsríki, eða fjórðungur samningsríkjanna, og gildir sú talan sem er hærri, fram beiðni um það.

3. Sé samþykki um að vera skuldbundin af þessum samningi gefið eftir þann dag sem breyting við hann öðlast gildi skal líta svo á að það eigi við samninginn með áorðnum breytingum.

33. gr.

Vörsluaðili.

1. Samningi þessum skal komið í vörslu framkvæmdastjórans.

2. Framkvæmdastjórinn skal:

a. senda ríkjunum sem hafa undirritað þennan samning eða gerst aðilar að honum og öllum þeim sem eiga aðild að stofnuninni tilkynningu um:
   i. hverja nýja undirritun eða í hvert sinn sem fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjölum er komið í hans vörslu ásamt upplýsingum um hvaða dag það var gert;
   ii. hvaða dag samningur þessi öðlast gildi;
   iii. hvenær skjali um uppsögn samningsins hafi verið komið í vörslu ásamt upplýsingum um hvaða dag því var veitt viðtaka og hvenær uppsögnin öðlast gildi;
   iv. breytingar sem eru samþykktar í samræmi við 32. gr.;
   v. viðtöku fyrirvara, yfirlýsinga eða tilkynninga samkvæmt þessum samningi;
b. senda staðfest rétt afrit af samningi þessum til allra ríkja sem hafa undirritað hann eða gerst aðilar að honum.

3. Jafnskjótt og þessi samningur öðlast gildi ber vörsluaðila að senda staðfest rétt afrit til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

34. gr.

Tungumál.

Samningur þessi er gerður í einu frumeintaki á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað þennan samning.

GJÖRT Í LUNDÚNUM tuttugasta og áttunda dag aprílmánaðar nítján hundruð áttatíu og níu.

Fylgiskjal II.

The international convention on salvage, 1989

THE STATES PARTIES TO THE PRESENT CONVENTION

RECOGNIZING the desirability of determining by agreement uniform international rules regarding salvage operations,

NOTING that substantial developments, in particular the increased concern for the protection of the environment, have demonstrated the need to review the international rules presently contained in the Convention for the Unification of Certain Rules of Law relating to Assistance and Salvage at Sea, done at Brussels, 23 September 1910,

CONSCIOUS of the major contribution which efficient and timely salvage operations can make to the safety of vessels and other property in danger and to the protection of the environment,

CONVINCED of the need to ensure that adequate incentives are available to persons who undertake salvage operations in respect of vessels and other property in danger,

HAVE AGREED as follows:

Chapter I – General provisions

Article 1

Definitions

For the purpose of this Convention:

(a) Salvage operation means any act or activity undertaken to assist a vessel or any other property in danger in navigable waters or in any other waters whatsoever.
(b) Vessel means any ship or craft, or any structure capable of navigation.
(c) Property means any property not permanently and intentionally attached to the shoreline and includes freight at risk.
(d) Damage to the environment means substantial physical damage to human health or to marine life or resources in coastal or inland waters or areas adjacent thereto, caused by pollution, contamination, fire, explosion or similar major incidents.
(e) Payment means any reward, remuneration or compensation due under this Convention.
(f) Organization means the International Maritime Organization.
(g) Secretary-General means the Secretary-General of the Organization.

Article 2

Application of the Convention

This Convention shall apply whenever judicial or arbitral proceedings relating to matters dealt with in this Convention are brought in a State Party.

Article 3

Platforms and drilling units

This Convention shall not apply to fixed or floating platforms or to mobile offshore drilling units when such platforms or units are on location engaged in the exploration, exploitation or production of sea-bed mineral resources.

Article 4

State-owned vessels

1. Without prejudice to article 5, this Convention shall not apply to warships or other non-commercial vessels owned or operated by a State and entitled, at the time of salvage operations, to sovereign immunity under generally recognized principles of international law unless that State decides otherwise.

2. Where a State Party decides to apply the Convention to its warships or other vessels described in paragraph 1, it shall notify the Secretary-General thereof specifying the terms and conditions of such application.

Article 5

Salvage operations controlled by public authorities

1. This Convention shall not affect any provisions of national law or any international convention relating to salvage operations by or under the control of public authorities.

2. Nevertheless, salvors carrying out such salvage operations shall be entitled to avail themselves of the rights and remedies provided for in this Convention in respect of salvage operations.

3. The extent to which a public authority under a duty to perform salvage operations may avail itself of the rights and remedies provided for in this Convention shall be determined by the law of the State where such authority is situated.

Article 6

Salvage contracts

1. This Convention shall apply to any salvage operations save to the extent that a contract otherwise provides expressly or by implication.

2. The master shall have the authority to conclude contracts for salvage operations on behalf of the owner of the vessel. The master or the owner of the vessel shall have the authority to conclude such contracts on behalf of the owner of the property on board the vessel.

3. Nothing in this article shall affect the application of article 7 nor duties to prevent or minimize damage to the environment.

Article 7

Annulment and modification of contracts

A contract or any terms thereof may be annulled or modified if:

(a) the contract has been entered into under undue influence or the influence of danger and its terms are inequitable; or

(b) the payment under the contract is in an excessive degree too large or too small for the services actually rendered.

Chapter II – Performance of salvage operations

Article 8

Duties of the salvor and of the owner and master

1. The salvor shall owe a duty to the owner of the vessel or other property in danger:

(a) to carry out the salvage operations with due care;

(b) in performing the duty specified in subparagraph (a), to exercise due care to prevent or minimize damage to the environment;

(c) whenever circumstances reasonably require, to seek assistance from other salvors; and

(d) to accept the intervention of other salvors when reasonably requested to do so by the owner or master of the vessel or other property in danger; provided however that the amount of his reward shall not be prejudiced should it be found that such a request was unreasonable.

2. The owner and master of the vessel or the owner of other property in danger shall owe a duty to the salvor:

(a) to co-operate fully with him during the course of the salvage operations;

(b) in so doing, to exercise due care to prevent or minimize damage to the environment; and

(c) when the vessel or other property has been brought to a place of safety, to accept redelivery when reasonably requested by the salvor to do so.

Article 9

Rights of coastal States

Nothing in this Convention shall affect the right of the coastal State concerned to take measures in accordance with generally recognized principles of international law to protect its coastline or related interests from pollution or the threat of pollution following upon a maritime casualty or acts relating to such a casualty which may reasonably be expected to result in major harmful consequences, including the right of a coastal State to give directions in relation to salvage operations.

Article 10

Duty to render assistance

1. Every master is bound, so far as he can do so without serious danger to his vessel and persons thereon, to render assistance to any person in danger of being lost at sea.

2. The States Parties shall adopt the measures necessary to enforce the duty set out in paragraph 1.

3. The owner of the vessel shall incur no liability for a breach of the duty of the master under paragraph 1.

Article 11

Co-operation

A State Party shall, whenever regulating or deciding upon matters relating to salvage operations such as admittance to ports of vessels in distress or the provision of facilities to salvors, take into account the need for co-operation between salvors, other interested parties and public authorities in order to ensure the efficient and successful performance of salvage operations for the purpose of saving life or property in danger as well as preventing damage to the environment in general.

Chapter III – Rights of salvors

Article 12

Conditions for reward

1. Salvage operations which have had a useful result give right to a reward.

2. Except as otherwise provided, no payment is due under this Convention if the salvage operations have had no useful result.

3. This chapter shall apply, notwithstanding that the salved vessel and the vessel undertaking the salvage operations belong to the same owner.

Article 13

Criteria for fixing the reward

1. The reward shall be fixed with a view to encouraging salvage operations, taking into account the following criteria without regard to the order in which they are presented below:

(a) the salved value of the vessel and other property;
(b) the skill and efforts of the salvors in preventing or minimizing damage to the environment;
(c) the measure of success obtained by the salvor;
(d) the nature and degree of the danger;
(e) the skill and efforts of the salvors in salving the vessel, other property and life;
(f) the time used and expenses and losses incurred by the salvors;
(g) the risk of liability and other risks run by the salvors or their equipment;
(h) the promptness of the services rendered;
(i) the availability and use of vessels or other equipment intended for salvage operations;
(j) the state of readiness and efficiency of the salvor's equipment and the value thereof.

2. Payment of a reward fixed according to paragraph 1 shall be made by all of the vessel and other property interests in proportion to their respective salved values. However, a State Party may in its national law provide that the payment of a reward has to be made by one of these interests, subject to a right of recourse of this interest against the other interests for their respective shares. Nothing in this article shall prevent any right of defence.

3. The rewards, exclusive of any interest and recoverable legal costs that may be payable thereon, shall not exceed the salved value of the vessel and other property.

Article 14

Special compensation

1. If the salvor has carried out salvage operations in respect of a vessel which by itself or its cargo threatened damage to the environment and has failed to earn a reward under article 13 at least equivalent to the special compensation assessable in accordance with this article, he shall be entitled to special compensation from the owner of that vessel equivalent to his expenses as herein defined.

2. If, in the circumstances set out in paragraph 1, the salvor by his salvage operations has prevented or minimized damage to the environment, the special compensation payable by the owner to the salvor under paragraph 1 may be increased up to a maximum of 30% of the expenses incurred by the salvor. However, the tribunal, if it deems it fair and just to do so and bearing in mind the relevant criteria set out in article 13, paragraph 1, may increase such special compensation further, but in no event shall the total increase be more than 100% of the expenses incurred by the salvor.

3. Salvor's expenses for the purpose of paragraphs 1 and 2 means the out-of-pocket expenses reasonably incurred by the salvor in the salvage operation and a fair rate for equip-

ment and personnel actually and reasonably used in the salvage operation, taking into consideration the criteria set out in article 13, paragraph 1 (h), (i) and (j).

4. The total special compensation under this article shall be paid only if and to the extent that such compensation is greater than any reward recoverable by the salvor under article 13.

5. If the salvor has been negligent and has thereby failed to prevent or minimize damage to the environment, he may be deprived of the whole or part of any special compensation due under this article.

6. Nothing in this article shall affect any right of recourse on the part of the owner of the vessel.

Article 15

Apportionment between salvors

1. The apportionment of a reward under article 13 between salvors shall be made on the basis of the criteria contained in that article.

2. The apportionment between the owner, master and other persons in the service of each salving vessel shall be determined by the law of the flag of that vessel. If the salvage has not been carried out from a vessel, the apportionment shall be determined by the law governing the contract between the salvor and his servants.

Article 16

Salvage of persons

1. No remuneration is due from persons whose lives are saved, but nothing in this article shall affect the provisions of national law on this subject.

2. A salvor of human life, who has taken part in the services rendered on the occasion of the accident giving rise to salvage, is entitled to a fair share of the payment awarded to the salvor for salving the vessel or other property or preventing or minimizing damage to the environment.

Article 17

Services rendered under existing contracts

No payment is due under the provisions of this Convention unless the services rendered exceed what can be reasonably considered as due performance of a contract entered into before the danger arose.

Article 18

The effect of salvor's misconduct

A salvor may be deprived of the whole or part of the payment due under this Convention to the extent that the salvage operations have become necessary or more difficult because of fault or neglect on his part or if the salvor has been guilty of fraud or other dishonest conduct.

Article 19

Prohibition of salvage operations

Services rendered notwithstanding the express and reasonable prohibition of the owner or master of the vessel or the owner of any other property in danger which is not and has not been on board the vessel shall not give rise to payment under this Convention.

Chapter IV – Claims and actions

Article 20

Maritime lien

1. Nothing in this Convention shall affect the salvor's maritime lien under any international convention or national law.

2. The salvor may not enforce his maritime lien when satisfactory security for his claim, including interest and costs, has been duly tendered or provided.

Article 21

Duty to provide security

1. Upon the request of the salvor a person liable for a payment due under this Convention shall provide satisfactory security for the claim, including interest and costs of the salvor.

2. Without prejudice to paragraph 1, the owner of the salved vessel shall use his best endeavours to ensure that the owners of the cargo provide satisfactory security for the claims against them including interest and costs before the cargo is released.

3. The salved vessel and other property shall not, without the consent of the salvor, be removed from the port or place at which they first arrive after the completion of the salvage operations until satisfactory security has been put up for the salvor's claim against the relevant vessel or property.

Article 22

Interim payment

1. The tribunal having jurisdiction over the claim of the salvor may, by interim decision, order that the salvor shall be paid on account such amount as seems fair and just, and on such terms including terms as to security where appropriate, as may be fair and just according to the circumstances of the case.

2. In the event of an interim payment under this article the security provided under article 21 shall be reduced accordingly.

Article 23

Limitation of actions

1. Any action relating to payment under this Convention shall be time-barred if judicial or arbitral proceedings have not been instituted within a period of two years. The limitation period commences on the day on which the salvage operations are terminated.

2. The person against whom a claim is made may at any time during the running of the limitation period extend that period by a declaration to the claimant. This period may in the like manner be further extended.

3. An action for indemnity by a person liable may be instituted even after the expiration of the limitation period provided for in the preceding paragraphs, if brought within the time allowed by the law of the State where proceedings are instituted.

Article 24

Interest

The right of the salvor to interest on any payment due under this Convention shall be determined according to the law of the State in which the tribunal seized of the case is situated.

Article 25

State-owned cargoes

Unless the State owner consents, no provision of this Convention shall be used as a basis for the seizure, arrest or detention by any legal process of, nor for any proceedings in rem against, non-commercial cargoes owned by a State and entitled, at the time of the salvage operations, to sovereign immunity under generally recognized principles of international law.

Article 26

Humanitarian cargoes

No provision of this Convention shall be used as a basis for the seizure, arrest or detention of humanitarian cargoes donated by a State, if such State has agreed to pay for salvage services rendered in respect of such humanitarian cargoes.

Article 27

Publication of arbitral awards

States Parties shall encourage, as far as possible and with the consent of the parties, the publication of arbitral awards made in salvage cases.

Chapter V - Final clauses

Article 28

Signature, ratification, acceptance approval and accession

1. This Convention shall be open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 July 1989 to 30 June 1990 and shall thereafter remain open for accession.

2. States may express their consent to be bound by this Convention by:

(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

(b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or

(c) accession.

3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

Article 29

Entry into force

1. This Convention shall enter into force one year after the date on which 15 States have expressed their consent to be bound by it.

2. For a State which expresses its consent to be bound by this Convention after the conditions for entry into force thereof have been met, such consent shall take effect one year after the date of expression of such consent.

Article 30

Reservations

1. Any State may, at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession, reserve the right not to apply the provisions of this Convention:

(a) when the salvage operation takes place in inland waters and all vessels involved are of inland navigation;

(b) when the salvage operations take place in inland waters and no vessel is involved;

(c) when all interested parties are nationals of that State;

(d) when the property involved is maritime cultural property of prehistoric, archaeological or historic interest and is situated on the sea-bed.

2. Reservations made at the time of signature are subject to confirmation upon ratification, acceptance or approval.

3. Any State which has made a reservation to this Convention may withdraw it at any time by means of a notification addressed to the Secretary-General. Such withdrawal shall take effect on the date the notification is received. If the notification states that the withdrawal of a reservation is to take effect on a date specified therein, and such date is later than the date the notification is received by the Secretary-General, the withdrawal shall take effect on such later date.

Article 31

Denunciation

1. This Convention may be denounced by any State Party at any time after the expiry of one year from the date on which this Convention enters into force for that State.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument of denunciation with the Secretary-General.

3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary-General.

Article 32

Revision and amendment

1. A conference for the purpose of revising or amending this Convention may be convened by the Organization.

2. The Secretary-General shall convene a conference of the States Parties to this Convention for revising or amending the Convention, at the request of eight States Parties, or one fourth of the States Parties, whichever is the higher figure.

3. Any consent to be bound by this Convention expressed after the date of entry into force of an amendment to this Convention shall be deemed to apply to the Convention as amended.

Article 33

Depositary

1. This convention shall be deposited with the Secretary-General.

2. The Secretary-General shall:

(a) inform all States which have signed this Convention or acceded thereto, and all Members of the Organization, of:
  (i) each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession together with the date thereof;
  (ii) the date of the entry into force of this Convention;
  (iii) the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date on which it is received and the date on which the denunciation takes effect;
  (iv) any amendment adopted in conformity with article 32;
  (v) the receipt of any reservation, declaration or notification made under this Convention;

(b) transmit certified true copies of this Convention to all States which have signed this Convention or acceded thereto.

3. As soon as this Convention enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 34
Languages

This Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed this Convention.

DONE AT LONDON this twenty-eighth day of April one thousand nine hundred and eighty-nine.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Ísland fullgildi björgunarsamning IMO (International Maritime Organization) frá 1989. Verði frumvarpið að lögum mun það leiða til umtalsverðra breytinga á þeim björgunarreglum sem gilda um íslensk skip. Breytingarnar munu hugsanlega hafa áhrif á kostnaði skipaeigenda, útgerðarmanna, eigenda farms og vátryggjenda. Hins vegar verður ekki séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

1043. Svar [539. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um tekjur og gjöld vatnsveitna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru tekjur vatnsveitna samtals í hverjum kaupstað landsins árin 1996 og 1997 samkvæmt ársreikningum og hverjar voru þær samtals hjá öllum kaupstöðum?*
2. *Hver voru útgjöld vatnsveitna samtals (samanlögð rekstrargjöld og fjárfestingar) í hverjum kaupstað árin 1996 og 1997 samkvæmt ársreikningum og hver voru útgjöldin samtals í öllum kaupstöðum?*
3. *Hver er mismunur tekna skv. 1. lið og útgjalda skv. 2. lið og hversu hátt hlutfall af tekjum ársins 1997 er mismunurinn, hvort tveggja reiknað fyrir hverja vatnsveitu fyrir sig?*
4. *Hverjar voru arðgreiðslur hverrar vatnsveitu árin 1996 og 1997, sundurliðað eftir árum og samtals?*

Meðfylgjandi er yfirlit með upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tekjur og gjöld vatnsveitna kaupstaða og bæja 1996, sbr. einstaka liði fyrirspurnarinnar. Ekki er unnt að þessu sinni að veita sams konar upplýsingar fyrir árið 1997 þar sem ársreikningar sveitarfélaga fyrir það ár liggja ekki fyrir.

Rekstur vatnsveitna kaupstaða og bæja 1996 (í þús. kr. á verðlagi 1996).

Kaupstaður/bær	Vatnsgjald	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Rekstrargjöld	Fjárfestingar	Útgjöld samtals	Mismunur Tekjur–gjöld	Mismunur, sem hlutfall af tekjum	Arð-greiðslur	Mism. að teknu tilliti til arðs, tekjur–gjöld	Mism. að teknu tilliti til arðs, hlutfall af tekjum
* Reykjavíkurborg	577.247	131.315	708.562	649.070	119.860	768.930	-60.368	-8,5%	60.051	-120.419	-17,0%
Kópavogsbær	134.581		134.581	41.578	30.938	72.516	62.065	46,1%		62.065	46,1%
Seltjarnarneskaupstaður	23.478	250	23.728	20.583	162	20.745	2.983	12,6%		2.983	12,6%
Garðabær	42.513		42.513	17.555	389	17.944	24.569	57,8%		24.569	57,8%
Hafnarfjarðarkaupstaður	10.998		10.998	31.198	4.643	35.841	-24.843	-225,9%		-24.843	-225,9%
* Mosfellsbær	27.910		27.910	18.294	2.303	20.597	7.313	26,2%	4.029	3.284	11,8%
Reykjanesbær	39.241	3.913	43.154	35.268	12.237	47.505	-4.351	-10,1%		-4.351	-10,1%
Grindavíkurkaupstaður	13.395		13.395	7.539	-294	7.245	6.150	45,9%		6.150	45,9%
Sandgerðisbær	3.112		3.112	3.800	1.904	5.704	-2.592	-83,3%		-2.592	-83,3%
** Akraneskaupstaður	11.919	22.522	34.441	18.156	943	19.099	15.342	44,5%		15.342	44,5%
Borgarbyggð	11.403		11.403	9.735	1.131	10.866	537	4,7%		537	4,7%
Stykkishólmsbær	7.689	4.491	12.180	6.830	1.137	7.967	4.213	34,6%		4.213	34,6%
Snæfellsbær	9.633		9.633	7.784	5.236	13.020	-3.387	-35,2%		-3.387	-35,2%
Bolungarvíkurkaupstaður	9.004		9.004	5.506	661	6.167	2.837	31,5%		2.837	31,5%
Ísafjarðarbær	38.629		38.629	11.486	34.325	45.811	-7.182	-18,6%		-7.182	-18,6%
Vesturbyggð	7.873		7.873	1.877	1.568	3.445	4.428	56,2%		4.428	56,2%
Siglufjarðarkaupstaður	16.807		16.807	15.022	10.727	25.749	-8.942	-53,2%		-8.942	-53,2%
* Sauðárkrókskaupstaður	14.440	3.128	17.568	14.044	5.368	19.412	-1.844	-10,5%	5.000	-6.844	-39,0%
Blönduósbær	11.048	196	11.244	3.163	1.552	4.715	6.529	58,1%		6.529	58,1%
** Akureyrarkaupstaður	114.605		114.605	116.351	15.013	131.364	-16.759	-14,6%		-16.759	-14,6%
** Húsavíkurkaupstaður	24.781		24.781	8.376	6.465	14.841	9.940	40,1%	20.833	-10.893	-44,0%
* Ólafsfjarðarkaupstaður	9.131		9.131	3.081	1.138	4.219	4.912	53,8%	2.259	2.653	29,1%
* Dalvíkurkaupstaður	17.218	513	17.731	9.871	0	9.871	7.860	44,3%	5.985	1.875	10,6%
* Seyðisfjarðarkaupstaður	9.548	427	9.975	8.064	0	8.064	1.911	19,2%		1.911	19,2%
Neskaupstaður	15.019		15.019	7.622	964	8.586	6.433	42,8%		6.433	42,8%
Eskifjarðarkaupstaður	13.777	3.849	17.626	4.931	3.498	8.429	9.197	52,2%		9.197	52,2%
Egilsstaðabær	6.999		6.999	3.210	536	3.746	3.253	46,5%		3.253	46,5%
Hornafjarðarbær	19.782		19.782	5.380	3.397	8.777	11.005	55,6%		11.005	55,6%
* Vestmannaeyjabær	37.501		37.501	24.888	1.992	26.880	10.621	28,3%		10.621	28,3%
Selfosskaupstaður	27.424		27.424	8.616	3.821	12.437	14.987	54,6%		14.987	54,6%
Hveragerðisbær	11.190		11.190	4.270	72	4.342	6.848	61,2%		6.848	61,2%
Samtals	**1.317.895**	**170.604**	**1.488.499**	**1.123.148**	**271.686**	**1.394.834**	**93.665**	**6,3%**	**98.157**	**-4.492**	**-0,3%**

* Vatnsveita með sjálfstæðan fjárhag. ** Vatnsveita rekin sameiginlega með öðrum veitum. Hlutur vatnsveitu í föstum kostnaði er í hlutfalli við beinan rekstrarþátt hennar.

1044. Svar [501. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um endurgreiðslu þungaskatts.

1. *Á hvaða forsendum fá sérleyfishafar 70% endurgreidd af þeim þungaskatti sem þeir greiða vegna aksturs á sérleiðum?*

Samkvæmt B-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 309/1996, um ákvörðun þungaskatts og skyldur ökumanna, skal endurgreiða 70% þungaskatts sem greiddur hefur verið af akstri ökutækja í eigu sérleyfishafa á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til. Aðeins þeir sem fengið hafa útgefið sérleyfi samgönguráðuneytisins fá endurgeiðslu 70% þungaskatts.

2. *Ráða sérleyfishafarnir sjálfir hve mikið þeir aka á endurgreiðsluskyldum leiðum eða leggur ráðuneytið mat á „þörf" fyrir samgöngur og tíðni þeirra á tilteknum svæðum? Óskar ráðuneytið upplýsinga um rekstur, umfang eða áætlanir sérleyfishafa áður en endurgreiðsla fer fram?*

Félag sérleyfishafa gefur út fyrir hvert ár leiðabók þar sem er að finna upplýsingar um allar áætlunarferðir þeirra, þ.e. hversu margar ferðir þeir fara í viku hverri og hversu margar ferðir á dag ef því er að skipta. Uppbygging leiðabókar fellur undir verksvið samgönguráðuneytisins, sem og mat á þörf fyrir umræddar samgöngur.

Fyrirkomulag endurgreiðslunnar breyttist með lögum nr. 68/1996, sem tóku gildi 5. júní 1996, en framkvæmdin breyttist frá og með 10. febrúar 1997, þar sem sérleyfishöfum var gefinn aðlögunarfrestur. Fjármálaráðuneytið afgreiddi endurgeiðslur samkvæmt eldra fyrirkomulagi fram að þeim tíma að undanskildu einu gjaldtímabili, sem var í höndum ríkisskattstjóra.

Fyrirkomulag endurgreiðslunnar er þannig að sérleyfishafa ber að skrá á sérstök skráningarblöð hverja einustu ferð sem ekin er á sérleið, sundurliðað á ökutæki og á hverja sérleið fyrir sig. Að gjaldtímabili loknu sækir sérleyfishafi um endurgreiðslu til ríkisskattstjóra á sérstöku umsóknareyðublaði þar sem fram kemur heildarakstur á gjaldtímabilinu og akstur á sérleiðum. Skráningarblöðin skulu jafnframt fylgja umsóknareyðublaðinu til afstemmingar.

Áður en endurgreiðslan fer fram er borinn saman akstur samkvæmt álestrarskrá ökumæla, sem er heildarakstur á tímabilinu, og skráður akstur á umsóknareyðublaði. Umsóknareyðublaðið er jafnframt stemmt af við skráningarblöðin. Þar sem áætlun sérleyfisbifreiða er fyrir fram ákveðin í leiðabók er í flestum tilvikum ekki vafi á því hversu margar ferðir hver sérleyfishafi ekur á dag. Til að ganga úr skugga um að ekki sé óskað eftir endurgreiðslu vegna annars aksturs en þess sem er á sérleiðum ber ríkisskattstjóri eftir atvikum saman skráningarblöðin við útgefna leiðabók sérleyfishafa. Komi fram misræmi er óskað eftir skýringum og/eða endurgreiðslu er hafnað. Sérleyfishafar eins og t.d. milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar njóta ekki endurgreiðsla.

3. *Hverjar eru heildargreiðslurnar og hve mikið hefur komið í hlut hvers sérleyfishafa undanfarin fimm ár?*

Ríkisbókhald varðveitir upplýsingar um endurgreiðslur fyrir gjaldtímabilin fyrir 1997, en þá tók ríkisskattstjóri við endurgreiðslum til sérleyfishafa samkvæmt lögum nr. 68/1996. Endurgreiðslur frá og með gjaldtímabili 1998 eru í vinnslu og fjárhæðin hér að neðan er alls ekki endanleg. Mismunur á endurgreiðslum milli ára skýrist aðallega af því að gjaldár þungaskatts miðast ekki við almanaksárið og því verður oft tilfærsla á milli ára. Þá skýrist mismunurinn að einhverju leyti af breytingum á sérleiðum. Ætla má að upplýsingar um hve mikið hefur

komið í hlut hvers sérleyfishafa falli undir 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, svo og 5. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Af þeim sökum telur ráðuneytið rétt að láta upplýsingarnar ekki í té á nafngreinda aðila heldur í þessu formi.

Endurgreiðsla þungaskatts til sérleyfishafa (upphæðir í kr.).

	1993	1994	1995	1996	1997	1998
1.	167.268	185.266	188.314	322.640	1.926.101	
2.	654.197	650.509	1.004.901	518.188	1.112.444	
3.	3.784.704	3.926.321	4.078.156	1.738.271	3.943.753	
4.	583.090	719.308	991.119	880.292	665.050	
5.			1.630.665	1.012.374	1.002.210	212.001
6.	736.170	776.709	758.340	499.068	593.820	
7.	2.819.526	2.953.849	3.168.560	1.901.608	2.865.633	
8.	498.530	399.133	550.337	381.822	188.318	
9.	28.488	30.076	31.448	21.818	20.169	
10.	1.182.859	4.805.329	4.404.061	5.340.848	4.278.614	
11.	3.699.421	3.477.874	3.564.502	2.643.130	2.559.283	
12.	5.431.163	5.761.036	6.325.197	3.704.071	5.876.177	1.762.715
13.		215.197	143.355	232.954	74.969	
14.	2.986.094	2.746.221	2.883.645	2.356.903	1.562.761	
15.	5.123.292	5.564.840	5.906.755	3.960.397	4.756.873	
16.			1.348.315	414.584	1.040.430	
17.					330.057	
18.	439.491	282.022	455.418	198.727	476.247	83.399
19.						984.575
20..	1.291.161	1.468.754	1.498.941			
21..	163.461	130.841	163.038	98.183		
22.	999.985	1.101.337	1.147.117	603.768	905.007	195.318
Alls	**30.588.900**	**35.194.622**	**40.242.184**	**26.829.646**	**34.177.916**	**3.238.008**

1045. Tillaga til þingsályktunar [614. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 9. og 15. janúar 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 9. og 15. janúar 1998. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.500 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 1998.

Samkvæmt samningi þessum er færeyskum nótaskipum heimilt að veiða allt að 15 þúsund lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu janúar til apríl 1998. Aðilar munu semja fyrir 1. júlí 1998 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá júlí 1998 til apríl 1999. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum. Sem kunnugt er hefur loðnusamningnum milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs verið sagt upp frá 30. apríl 1998 að telja.

Samkvæmt samningi landanna frá 1997 höfðu færeysk nótaskip heimild til veiða á allt að 30 þúsund lestum af loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu janúar til apríl 1997. Tækist þeim ekki að veiða þetta magn var þeim heimilt að veiða það sem á vantaði á tímabilinu júlí til desember 1997.

Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl 1998 um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 1998.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl, sem er 300 lestum meira en árið 1997, og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 15. janúar 1998 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Hr. lögmaður
Edmund Joensen
Föroya Landsstýri
Torshavn

Reykjavík, 9. janúar 1998

Herra lögmaður

Ég leyfi mér að vísa til samtala á milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

1. gr.

Færeyskum nótaskipum er heimilt að veiða allt að 15 þúsund lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu janúar til apríl 1998.

Aðilar munu semja fyrir 1. júlí 1998 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá júlí 1998 til apríl 1999. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl 1998 um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1998. Að höfðu samráði við landsstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1998. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landsstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1998 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 15. januar 1998

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið, Ísland

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara í dag, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 1998.
Sum skilst er semja gjørd um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 1998.

1. gr.

Føroyskum nótaskipum er loyvt at veiða upp til 15 túsund tons av lodnu í íslendskum búskaparøki í tíðarskeiðinum frá januar til apríl 1998.
Partarnir fara fyri 1. juli 1998 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá juli 1998 til apríl 1999. Samráðingarstøðið er, at veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treytað av at fyritreytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.
Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl 1998 umborð, og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í íslendskum búskaparøki í 1998. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í føroyskum sjógvi í 1998. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 1998 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðurhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp."

Um tygum staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at leggja aftrat, at hetta fær gildi fyribils, tá bræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett, og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt."

Eg loyvi mær at staðfesta at tað ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing
Edmund Joensen
løgmaður

1046. Tillaga til þingsályktunar [615. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998 sem gerðir voru í Ósló 28. október 1997:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1998, ásamt bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr stofninum.
2. Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998.
3. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1998.
4. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998 sem gerðir voru í Ósló 28. október 1997: 1. Sameiginlegri bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1998, ásamt bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr stofninum; 2. Samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998; 3. Samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1998; og 4. Samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1998. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I.a. með þingsályktunartillögu þessari og bókunin um sérstakar verndunarráðstafanir sem fylgiskjal I.b. Samningurinn við Færeyjar er prentaður sem fylgiskjal II, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal III og samkomulagið við Rússland sem fylgiskjal IV.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma. Önnur langtímamarkmið koma fram í bókuninni. Samkvæmt lið 6.2. í bókuninni skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis var komið á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni. Kveðið var á um skiptingu heildarafla samningsaðila fyrir árið 1996. Hins vegar náðist ekki samkomulag við Evrópubandalagið um takmarkanir á veiðum þess á árinu 1996 og ákvarðaði það sér einhliða 150 þúsund lesta kvóta.

Brýnt var talið að ná samkomulagi allra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Eftir tvær samningalotur tókust í Ósló hinn 14. desember 1996 samningar strandríkjanna fjögurra og Evrópubandalagsins um veiðar á árinu 1997. Samkvæmt samningunum var heildarafli aðilanna á árinu 1997 1.498 þúsund lestir en samkvæmt sérstakri bókun var Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 12 þúsund lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kom. Aflinn skiptist þannig að í hlut Íslands og Færeyja komu 315 þúsund lestir (þar af fékk Ísland 233 þúsund lestir), í hlut Evrópubandalagsins 125 þúsund lestir, í hlut Noregs 854 þúsund lestir og í hlut Rússlands 192 þúsund lestir.

Samkomulag náðist milli sömu aðila vegna veiða á árinu 1998 eftir viðræður í Ósló hinn 28. október 1997.

Niðurstaða viðræðnanna er í megindráttum sú sama og í samningunum fyrir árið 1997, að undanskildu lægra heildaraflamarki, og kemur fram í sameiginlegri bókun, sbr. fylgiskjal I.a.

Samkvæmt bókuninni verður heildarafli aðilanna á árinu 1998 1.300 þúsund lestir í stað 1.498 þúsund lesta árið 1997 og er skipting afla hlutfallslega sú sama og það ár. Samkvæmt sérstakri bókun er Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 10.400 lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kemur, sbr. fylgiskjal I.b. Aflinn skiptist þannig að í hlut Íslands og Færeyja koma 273 þúsund lestir, í hlut Evrópubandalagsins 109 þúsund lestir, í hlut Noregs 741 þúsund lestir og í hlut Rússlands 177 þúsund lestir.

Eins og fyrr er í sameiginlegu bókuninni gert ráð fyrir að aðilar komi sér í sérstökum tvíhliða samningum saman um frekara fyrirkomulag veiða, meðal annars um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja er framangreindum kvóta þeirra skipt þannig að í hlut Íslands koma 202 þúsund lestir en 71 þúsund lestir í hlut Færeyja. Samningurinn kveður á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða í lögsögu hins með sama hætti og var á árunum 1996 og 1997, sbr. fylgiskjal II.

Enn fremur var gengið frá tvíhliða samningi milli Íslands og Noregs. Samkvæmt honum fá íslensk skip ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og mega veiða 9 þúsund lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögu við meginland Noregs. Samkvæmt samningnum fá norsk skip heimild til að veiða allt að 144 þúsund lestir í íslenskri lögsögu á árinu 1998, sbr. fylgiskjal III. Jafnframt var gerður samningur milli Íslands og Rússlands þar sem rússneskum skipum er veitt heimild til að veiða allt að 5.600 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal IV.

Bókuninni og öðrum samningum skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 1998. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Með því samkomulagi sem í fyrrgreindum samningum felst hefur áframhaldandi heildarstjórnun á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum verið tryggð.

Fylgiskjal I.a.

SAMEIGINLEG BÓKUN um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1998.

1. Sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu Ole Tougaard, sendinefnd Færeyja undir forystu Kaj P. Mortensen, sendinefnd Íslands undir forystu Jóhanns Sigurjónssonar, sendinefnd Noregs undir forystu Dag Erling Stai og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Vladimir V. Sokolov hittust í Ósló 28. október 1997 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998.

2. Formenn sendinefndanna komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum

AGREED RECORD of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in the Northeast Atlantic for 1998.

1. A Delegation of the European Community headed by Mr. Ole Tougaard, a Delegation of the Faroe Islands headed by Mr. Kaj P. Mortensen, a Delegation of Iceland headed by Mr. Jóhann Sigurjónsson, a Delegation of Norway headed by Mr. Dag Erling Stai and a Delegation of the Russian Federation headed by Mr. Vladimir V. Sokolov met in Oslo 28 October 1997 to consult on the management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock for 1998.

2. The Heads of Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangements for the regulation of the Norwegian Spring Spawning Her-

á árinu 1998, sem greinir í viðauka við bókun þessa, verði komið á.

3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 1998 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í Ósló 28. október 1997 í fimm frumeintökum á ensku. Aðilar skulu koma sér saman um opinbera texta bókunar þessarar á ensku, færeysku, íslensku, norsku og rússnesku.

Ole Tougaard
Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins

Kaj P. Mortensen
Fyrir sendinefnd Færeyja

Jóhann Sigurjónsson
Fyrir sendinefnd Íslands

Dag Erling Stai
Fyrir sendinefnd Noregs

Vladimir V. Sokolov
Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins

VIÐAUKI

1. Aðilar voru sammála um að leggja til grundvallar að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum sé 1.302.000 lestir á árinu 1998.

2. Samkvæmt framantöldu voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum við 1.300.000 lestir á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	109.000	lestir*
Færeyjar og Ísland	273.000	lestir*
Noregur	741.000	lestir
Rússneska sambandsríkið	177.000	lestir

3. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða í fiskveiðilögsögu hvers annars og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

4. Aðilar komu sér saman um að setja á fót vinnunefnd sem kanna á viðeigandi nýtingarstefnur til meðal- og langtímaveiðistjórnunar.

Með tilliti til upplýsinga sem fram munu koma í skýrslu vinnunefndar ICES um uppsjávarstofna og kolmunna í apríl/maí 1998 og skýrslu ACFM í maí

Done at Oslo on 28 October 1997 in five originals in English. The Parties shall agree on official texts of this Agreed Record in English, Faroese, Icelandic, Norwegian and Russian.

Ole Tougaard
For the Community Delegation

Kaj P. Mortensen
For the Delegation of the Faroe Islands

Jóhann Sigurjónsson
For the Delegation of Iceland

Dag Erling Stai
For the Delegation of Norway

Vladimir V. Sokolov
For the Delegation of the Russian Federation

ANNEX

1. The Parties agreed to take as a basis a TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock, hereinafter referred to as herring, of 1,302,000 tonnes in 1998.

2. In keeping with the above, the Parties agreed to restrict their fishing on the herring stock in 1998 to a maximum limit of 1,300,000 tonnes on the basis of the following quotas:

The European Community	109,000	tonnes*
The Faroe Islands and Iceland	273,000	tonnes*
Norway	741,000	tonnes
The Russian Federation	177,000	tonnes

3. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

4. The Parties agreed to set up a working group to study appropriate harvest strategies for medium and long term management of the stock.

Based on information from the April/May 1998 report of the ICES Northern Pelagic and Blue Whiting Fisheries Working Group and the ACFM May 1998

1998 ber vinnunefndinni að meta viðeigandi nýtingarstefnur í þeim aðaltilgangi að viðhalda stöðugum afla og koma í veg fyrir að stofninn fari niður fyrir hættumörk.

Skýrsla vinnunefndarinnar skal liggja fyrir eigi síðar en 1. október 1998 og skal taka mið af henni við framkvæmd meðal- og langtímanýtingarstefnu í viðræðum um stjórn veiða úr stofninum.

report, the working group shall evaluate appropriate harvest strategies including the main objectives of establishing stable catch levels and the aim to prevent the stock reaching critical levels.

The report of the working group shall be submitted before 1 October 1998, and shall be taken into account for the purpose of applying medium and long term strategies in the consultations on the management of the stock.

* Færeyjar og Evrópubandalagið munu í tvíhliða samningi skiptast á 4.000 lestum.

*Within the bilateral arrangements, the Faroe Islands and the European Community will exchange 4,000 tonnes.

Fylgiskjal I.b.

BÓKUN
um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998.

Með vísan til liðar 2.1. í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi og sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1998 sem undirrituð var í dag.

Rússneska sambandsríkið skal láta 10.400 lestir af kvóta sínum á árinu 1998 í efnahagslögsögu sinni í Barentshafi óveiddar í verndunarskyni.

Gjört í Ósló 28. október 1997 í fjórum frumeintökum á ensku.

Kaj P. Mortensen
Fyrir sendinefnd Færeyja

Jóhann Sigurjónsson
Fyrir sendinefnd Íslands

Dag Erling Stai
Fyrir sendinefnd Noregs

Vladimir V. Sokolov
Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins

UNDERSTANDING
on Special Conservation Measures with Respect to Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in 1998.

With reference to Article 2.1. of the Protocol on the Conservation, Rational Utilisation and Management of Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) in the Northeast Atlantic and with reference to the Agreed Record of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in the Northeast Atlantic for 1998 signed today.

The Russian Federation shall reserve for conservation purposes 10,400 tons of its quota for 1998 in its Exclusive Economic Zone in the Barents Sea.

Done at Oslo on 28 October 1997 in four originals in English.

Kaj P. Mortensen
For the Delegation of the Faroe Islands

Jóhann Sigurjónsson
For the Delegation of Iceland

Dag Erling Stai
For the Delegation of Norway

Vladimir V. Sokolov
For the Delegation of the Russian Federation

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998.

Ísland og Færeyjar
vísa til niðurstöðu samningaviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998 milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands í Ósló 28. október 1997,
hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Aflahlutdeild Íslands í norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998 skal vera 202.000 lestir og aflahlutdeild Færeyja 71.000 lestir.

2. gr.
Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.
Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

3. gr.
Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Veiðiskip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.
Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.
Skip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.

4. gr.
Til að tryggja skipulegar veiðar getur landsstjórn Færeyja takmarkað fjölda íslenskra skipa sem stunda samtímis veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja við 25 skip og íslensk stjórnvöld takmarkað fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Íslands við 8 skip.

Semja
millum Ísland og Føroyar
um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 1998.

Ísland og Føroyar,
vísa til niðurstøðu í samráðingunum, sum hava verið um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini millum Europeiska Felagsskapin, Føroyar, Ísland, Noreg og Russland í Oslo 28. oktober 1997,
hava gjørt semju um fylgjandi:

1. gr.
Íslendska veiðinøgdin av várgýtandi norðurhavssild í 1998 skal verða 202.000 tons og føroyska veidinøgdin 71.000 tons.

2. gr.
Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða várgýtandi norðurhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.
Føroyar loyva íslendskum fiskiførum at veiða várgýtandi norðurhavssild á føroyskum fiskiøki undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

3. gr.
Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða norðurhavssild á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týdningi.
Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøki, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd áðrenn komu á økið og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða gifin upp.

4. gr.
Til tess að tryggja skipaða veiðu kunnu føroyskir myndugleikar avmarka talið av íslendskum skipum sum veiða í senn í føroyskum sjógvi til 25 skip og íslendskir myndugleikar avmarka talið av føroyskum skipum sum veiða í senn á íslendska búskaparøkinum til 8 skip.

5. gr.

Samningur þessi hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni.

Gjört í Ósló 28. október 1997 í tveimur eintökum, öðru á íslensku og hinu á færeysku.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:	Fyrir hönd færeysku sendinefndarinnar:
Jóhann Sigurjónsson	Kaj P. Mortensen

5. gr.

Henda avtala hevur ekki fordømisgildi fyri semjur partanna millum í framtíðini.

Gjørd í Oslo 28. oktober 1997 í tveimum eintøkum, onnur á íslendskum og hin á føroyskum.

Vegna íslendsku sendinevndina:	Vegna føroysku sendinevndina:
Jóhann Sigurjónsson	Kaj P. Mortensen

Fylgiskjal III.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1998.

Í samræmi við 3. tölul. viðauka við sameiginlega bókun frá 28. október 1997 um niðurstöðu fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 1998 heimilt að veiða allt að 202 þúsund lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 9 þúsund lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt að 144 þúsund lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 1998.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í Ósló 28. október 1997

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:	Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Dag Erling Stai	Jóhann Sigurjónsson

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on access to the Icelandic Economic Zone and the Norwegian Economic Zone and the Fishery Zone around Jan Mayen in 1998.

In accordance with paragraph 3 of the Annex to the Agreed Record dated 28 October 1997 of conclusions of fisheries consultations between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in the Northeast Atlantic for 1998, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 1998 to fish 202,000 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62° N of which a maximum of 9,000 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 1998 to fish 144,000 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at Oslo, 28 October 1997

For the Norwegian Delegation:	For the Icelandic Delegation:
Dag Erling Stai	Jóhann Sigurjónsson

Fylgiskjal IV.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1998.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1998, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Færeyjum, Noregi, Rússneska sambandsríkinu og Evrópubandalaginu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 1998 allt að 5.600 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:

A. 64°00'N–09°00'V
B. 67°00'N–09°00'V
C. 69°25'N–13°00'V

2. Rússnesk yfirvöld skulu tilkynna íslenska sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um hvaða fiskiskip hyggjast stunda fiskveiðar innan efnahagslögsögu Íslands og hvaða gerð veiðarfæra verði notuð. Þeim er ekki heimilað að hefja fiskveiðar fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur veitt samþykki sitt fyrir veiðum þeirra.

3. Eftirfarandi reglur gilda um tilkynningar til Landhelgisgæslu Íslands um veru rússneskra skipa innan efnahagslögsögu Íslands og veiðar þeirra þar:

A. Öll fiskiskip skulu tilkynna, með mest 12 klukkustunda fyrirvara en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, um komu sína inn í efnahagslögsögu Íslands og láta í té upplýsingar um aflann um borð.

B. Öll fiskiskip skulu tilkynna daglega, milli klukkan tíu fyrir hádegi og tólf á hádegi á meðan þau eru innan efnahagslögsögu Íslands, um staðsetningu sína og láta í té upplýsingar um aflann undangengnar 24 klukkustundir.

C. Þegar skip siglir út úr efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna það og láta í té upplýsingar um allan afla um borð.

4. Fara skal að með sérstakri gát ef skip eru þétt saman að veiðum á fiskveiðisvæði. Sýna ber hringnótaskipum sérstaka tillitssemi.

Ósló, 28. október 1997

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:	Fyrir hönd sendinefndar Rússneska sambandsríkisins:
Jóhann Sigurjónsson	Vladimir V. Sokolov

ARRANGEMENT
between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Economic Zone in 1998.

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the Faroe Islands, Norway, the Russian Federation and the European Community on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in the Northeast Atlantic for 1998, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels be granted access in 1998 to take up to 5,600 tonnes of herring within the Icelandic Economic Zone outside a line drawn between the following points:

A. 64°00'N–09°00'W
B. 67°00'N–09°00'W
C. 69°25'N–13°00'W

2. Russian authorities shall notify the Icelandic Ministry of Fisheries in advance as to which fishing vessels intend to engage in fisheries within the Icelandic Economic Zone and the type of fishing gear to be used. They are not authorised to commence fishing until the Ministry of Fisheries has agreed to their fishing.

3. Regarding notification to the Icelandic Coast Guard on the presence and fishing of Russian vessels within the Icelandic Economic Zone, the following rules shall apply:

A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify of its arrival into the Icelandic Economic Zone and provide information on the catch onboard.

B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic Economic Zone, of the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.

C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic Economic Zone and information shall be provided on the total catch onboard.

4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

Oslo, October 28 1997

For the Delegation Iceland:	For the Delegation of the Russian Federation:
Jóhann Sigurjónsson	Vladimir V. Sokolov

1047. Tillaga til þingsályktunar [616. mál]

um staðfestingu samninga um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirfarandi samning og viðbótarbókun um lögsögumál sem gerð voru í Helsinki 11. nóvember 1997:

1. Samning milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Grænlands hins vegar um afmörkun landgrunnsins og fiskveiðilögsögu á svæðinu milli Íslands og Grænlands.
2. Viðbótarbókun við samkomulag frá 28. maí 1980 milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál og samkomulag sem leitt er af því frá 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirfarandi samningi og viðbótarbókun um lögsögumál sem gerð voru í Helsinki 11. nóvember 1997:

1. Samningi milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Grænlands hins vegar um afmörkun landgrunnsins og fiskveiðilögsögu á svæðinu milli Íslands og Grænlands.
2. Viðbótarbókun við samkomulag frá 28. maí 1980 milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál og samkomulag sem leitt er af því frá 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari og viðbótarbókunin sem fylgiskjal II. Kort er sýnir efnahagslögsögu Íslands, að teknu tilliti til ákvæða framangreindra samninga, er prentað sem fylgiskjal III.

1. Samningur milli Íslands og Danmerkur/Grænlands um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Grænlands.

Á samningafundi íslenskra, danskra og grænlenskra embættismanna í Kaupmannahöfn 28. júní 1997 náðist samkomulag um afmörkun umdeilda hafsvæðisins norður af Kolbeinsey. Ágreiningur hafði verið uppi allt frá því Íslendingar færðu lögsögu sína út í 200 sjómílur árið 1975. Þá ákváðu Íslendingar að nota Grímsey og Kolbeinsey sem viðmiðunarpunkta við ákvörðun miðlínu milli Íslands og Grænlands, en Danmörk gerði sama ár fyrirvara fyrir hönd Grænlands við þessa ákvörðun og ítrekaði þann fyrirvara árin 1979 og 1988. Ágreiningurinn hafði legið niðri um árabil, en kom upp á ný sumarið 1996 þegar dönsk skip hófu loðnuveiðar á umdeilda svæðinu norður af Kolbeinsey. Í kjölfarið fóru fram óformlegar viðræður aðila og síðar formlegar samningaviðræður á grundvelli 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, er gerir ráð fyrir að afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa skuli eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki. Áhersla var lögð á það af hálfu aðila að ná samkomulagi til að forðast hugsanlega árekstra á umdeilda svæðinu. Með samkomulagi aðila er bundinn endi á ágreining þeirra í eitt skipti fyrir öll.

Í samkomulaginu frá 28. júní 1997, sem tekur bæði til afmörkunar efnahagslögsögu og landgrunns, felst viðurkenning á fullum áhrifum Grímseyjar við afmörkunina og kemur því allt

áhrifasvæði eyjarinnar, um 1.500 km², í hlut Íslands. Auk þess fær Ísland í sinn hlut 30% af áhrifasvæði Kolbeinseyjar eða um 3.000 km² af um 10.000 km² svæði, þar með talið lítið svæði úr óumdeildri grænlenskri lögsögu vestur af umdeilda svæðinu. Niðurstaðan byggðist á heildarmati á öllum þáttum sem höfðu áhrif á afmörkunina, svo sem grunnlínum, viðmiðunarpunktum, því að hve miklu leyti löndin eru háð fiskveiðum, lengd viðkomandi stranda og nauðsyn stöðugleika og varanleika. Óskin um að varðveita og efla hið góða samband milli grannþjóðanna Íslendinga annars vegar og Dana og Grænlendinga hins vegar stuðlaði ekki síst að lausn málsins.

Hinn 11. nóvember 1997 undirrituðu utanríkisráðherrar Íslands og Danmerkur og formaður landstjórnar Grænlands í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki samning um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Grænlands. Samningurinn færir samkomulagið um afmörkun umdeilda hafsvæðisins norður af Kolbeinsey í formlegan búning. Hann hefur þó víðara gildissvið þar sem hann nær til allrar miðlínunnar milli Íslands og Grænlands sem var yfirfarin og endurskoðuð af sérfræðingum landanna í ljósi nýrra upplýsinga um staðsetningu grunnlínupunkta og viðmiðunarpunkta. Markalínan er ákvörðuð sem beinar línur milli punkta sem taldir eru upp í 1. gr. samningsins og merktir eru inn á uppdrátt sem fylgir samningnum. Gert er ráð fyrir að línan verði tekin til tæknilegrar endurskoðunar fyrir 1. janúar 1999.

Forsenda þess að unnt væri að tilgreina austasta punkt markalínunnar milli lögsögu Íslands og Grænlands (punkt A í 1. gr. samningsins) var að samkomulag tækist milli Íslands, Danmerkur/Grænlands og Noregs um afmörkun hafsvæðisins þar sem lögsaga Íslands, Grænlands og Jan Mayen skerst. Samkomulag náðist í október 1997 og er gerð grein fyrir því í 2. kafla hér á eftir.

Samningaviðræður hafa jafnframt farið fram um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja en samkomulag ekki enn tekist. Aðstæður varðandi hafsvæðin tvö eru á margan hátt ólíkar og í 3. gr. áðurnefnds samnings felst að afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Grænlands hefur ekki fordæmisgildi að því er varðar afmörkun fyrrnefnda hafsvæðisins.

2. Samkomulag milli Íslands, Danmerkur/Grænlands og Noregs um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen.

Í kjölfar samkomulagsins um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Grænlands sumarið 1997 hófust samningaviðræður íslenskra, danskra, grænlenskra og norskra embættismanna um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen. Á samningafundi í Reykjavík 7. október 1997 náðist samkomulag um afmörkun þessa svæðis.

Um er að ræða tiltölulega lítið þríhyrnt hafsvæði, um 1.934 km², þar sem lögsaga Íslands, Grænlands og Jan Mayen skerst. Svæði þetta afmarkast af eftirfarandi markalínum:

1. Miðlínunni milli Íslands og Grænlands samkvæmt löggjöf landanna.
2. Markalínunni milli Íslands og Jan Mayen sem miðast við 200 mílna lögsögu frá meginlandi Íslands og Kolbeinsey í áttina að Jan Mayen samkvæmt samkomulagi frá 28. maí 1980 milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál og samkomulagi sem leitt er af því frá 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.
3. Markalínunni milli Grænlands og Jan Mayen sem er beint framhald línunnar samkvæmt Jan Mayen-dóminum til suðurs.

Réttarstaðan á þríhyrnda svæðinu hefur verið afar flókin þar sem hver aðili hefur átt þar fullan rétt og lögsögu gagnvart öðrum hinna aðilanna tveggja, en engan rétt og lögsögu gagnvart hinum aðilanum. Eðli máls samkvæmt er ekki um neinn einn réttan afmörkunarpunkt lögsögu landanna þriggja að ræða og því nauðsynlegt að leysa málið með samkomulagi aðila.

Í samkomulaginu er kveðið á um sameiginlegan afmörkunarpunkt sem liggur til grundvallar skiptingu hafsvæðisins í þrjá hluta. Svæðið skiptist þannig að 35% koma í hlut Íslands, 35% í hlut Danmerkur/Grænlands og 30% í hlut Noregs. Með samkomulaginu, sem tekur bæði til afmörkunar efnahagslögsögu og landgrunns, er eytt ríkjandi réttaróvissu á umræddu hafsvæði. Það var jafnframt forsenda þess að unnt væri að tilgreina austasta punkt markalínunnar milli lögsögu Íslands og Grænlands í tvíhliða samningi Íslands og Danmerkur/Grænlands, sbr. 1. kafla hér að framan.

Samhliða undirritun samningsins milli Íslands og Danmerkur/Grænlands í Helsinki 11. nóvember 1997 voru á grundvelli framangreinds samkomulags undirritaðar viðbótarbókanir við gildandi samninga um lögsögumál milli Íslands og Noregs annars vegar og milli Danmerkur/Grænlands og Noregs hins vegar. Hinir gildandi samningar milli Íslands og Noregs eru samkomulag um fiskveiði- og landgrunnsmál frá 28. maí 1980 og samkomulag sem leitt er af því um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen frá 22. október 1981. Samkvæmt þessum samningum hefur Ísland 200 mílna efnahagslögsögu og landgrunn í áttina að Jan Mayen miðað við meginland Íslands og Kolbeinsey. Viðbótarbókunin við þessa samninga lýtur einvörðungu að afmörkun áðurnefnds þríhyrnds hafsvæðis og hefur að öðru leyti engin áhrif á gildi samninganna.

Af framansögðu er ljóst að samningurinn milli Íslands og Danmerkur/Grænlands og viðbótarbókanir Íslands og Noregs annars vegar og Danmerkur/Grænlands og Noregs hins vegar eru tengd og háð hvert öðru, enda öðlast ekkert þeirra fullt gildi fyrr en þau hafa öll verið staðfest af hálfu aðila.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, eru bæði samningurinn milli Íslands og Danmerkur/Grænlands og viðbótarbókun Íslands og Noregs háð samþykki Alþingis.

Fylgiskjal I.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Grænlands hins vegar um afmörkun landgrunnsins og fiskveiðilögsögu á svæðinu milli Íslands og Grænlands.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands annars vegar og ríkisstjórn konungsríkisins Danmerkur og landstjórn Grænlands hins vegar,

sem óska þess að viðhalda og styrkja hið góða nágrannasamband milli Íslands og Danmerkur/Grænlands,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Markalínan milli hluta aðilanna af landgrunninu og fiskveiðilögsögu á svæðinu milli Íslands og Grænlands er byggð á miðlínu milli viðkomandi strandlína Íslands og Grænlands ásamt niðurstöðu samningaviðræðna frá 28. júní 1997 og er ákvörðuð sem beinar línur milli eftirfarandi punkta í neðangreindri röð:

A:	69°35'.0 N	13°16'.0 V
B:	69°21'.4 N	13°33'.6 V
C:	69°05'.1 N	15°21'.3 V
D:	69°03'.0 N	15°45'.1 V
E:	68°45'.8 N	17°20'.2 V
F:	68°24'.5 N	20°00'.0 V
G:	68°08'.2 N	21°45'.0 V
H:	67°49'.5 N	23°21'.6 V
I:	67°37'.8 N	24°26'.5 V
J:	67°22'.9 N	25°36'.0 V
K:	67°03'.9 N	26°33'.4 V
L:	66°57'.3 N	26°59'.7 V
M:	66°38'.4 N	27°45'.9 V
N:	66°12'.7 N	28°58'.7 V
O:	65°13'.0 N	29°51'.4 V
P:	63°55'.4 N	30°34'.9 V
Q:	63°18'.8 N	30°51'.8 V

Allar beinar línur eru landfræðilegar línur.

Samningslínan er ákvörðuð í landfræðilegri breidd og lengd með tilliti til World Geodetic System 1984 (WGS84). Línan skal tekin til tæknilegrar endurskoðunar fyrir 1. janúar 1999.

Overenskomst mellem Republikken Islands regering på den ene side og Kongeriget Danmarks regering sammen med Grønlands landsstyre på den anden side om afgrænsning af kontinentalsoklen og fiskerizonerne i området mellem Island og Grønland

Republikken Islands regering på den ene side og Kongeriget Danmarks regering sammen med Grønlands landsstyre på den anden side er

ud fra ønsket om at fastholde og styrke det gode naboforhold mellem Island og Danmark/Grønland

blevet enige om følgende:

Artikel 1

Grænselinien mellem parternes dele af kontinentalsoklen og fiskerizonerne i området mellem Island og Grønland er baseret på midtlinien mellem de relevante islandske og grønlandske kyststrækninger samt på det opnåede forhandlingsresultat af 28. juni 1997 og er fastsat som rette linier mellem følgende punkter i den rækkefølge, som er angivet nedenfor:

A:	69°35'.0 N	13°16'.0 W
B:	69°21'.4 N	13°33'.6 W
C:	69°05'.1 N	15°21'.3 W
D:	69°03'.0 N	15°45'.1 W
E:	68°45'.8 N	17°20'.2 W
F:	68°24'.5 N	20°00'.0 W
G:	68°08'.2 N	21°45'.0 W
H:	67°49'.5 N	23°21'.6 W
I:	67°37'.8 N	24°26'.5 W
J:	67°22'.9 N	25°36'.0 W
K:	67°03'.9 N	26°33'.4 W
L:	66°57'.3 N	26°59'.7 W
M:	66°38'.4 N	27°45'.9 W
N:	66°12'.7 N	28°58'.7 W
O:	65°13'.0 N	29°51'.4 W
P:	63°55'.4 N	30°34'.9 W
Q:	63°18'.8 N	30°51'.8 W

Alle rette linier er geodætiske linier.

Den aftalte linie er defineret i geografisk bredde og længde i henhold til World Geodetic System 1984 (WGS84). Linien vil være genstand for en teknisk revision inden 1. januar 1999.

Markalínan og framangreindir punktar eru til útskýringar merktir inn á uppdrátt sem er fylgiskjal með samningi þessum.

Markapunkturinn A er ákvarðaður í samvinnu við konungsríkið Noreg og skal staðfestur í tvíhliða samningum við ríkisstjórn konungsríkisins Noregs.

2. gr.

Finnist náttúruauðlind í eða á landgrunni annars aðilans og hinn aðilinn er þeirrar skoðunar að auðlindin teygi sig inn á landgrunn hans getur síðarnefndi aðilinn með framlagningu þeirra gagna sem þessi skoðun byggist á, t.d. landfræðilegra og landeðlisfræðilegra gagna, komið henni á framfæri við fyrrnefnda aðilann.

Þegar slíkri skoðun er komið á framfæri skulu aðilarnir hefja viðræður um umfang auðlindarinnar og nýtingarmöguleika og gera grein fyrir þekkingu sinni þar að lútandi. Ef í ljós kemur í þessum viðræðum að auðlindin nái yfir landgrunn beggja aðila, ásamt því að unnt sé að nýta auðlindina að öllu eða einhverju leyti á umráðasvæði annars aðilans frá umráðasvæði hins aðilans, eða að nýting auðlindarinnar á umráðasvæði annars aðilans hafi áhrif á nýtingarmöguleika auðlindarinnar á umráðasvæði hins aðilans, skal að ósk annars aðilans gera samning um nýtingu auðlindarinnar.

3. gr.

Samningur þessi hefur ekki áhrif á önnur afmörkunarmál milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Danmerkur.

4. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið. Ákvæðið um landfræðileg hnit markapunktsins A öðlast þó fyrst gildi þegar ríkisstjórn konungsríkisins Noregs hefur tilkynnt aðilum skriflega að ákvörðun þessa punkts hafi verið staðfest.

Gert í Helsinki hinn 11. nóvember 1997 í tveimur eintökum á íslensku og dönsku og skulu textarnir vera jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur
Niels Helveg Petersen

Fyrir hönd landstjórnar Grænlands
Jonathan Motzfeldt

Grænselinien og ovennævnte punkter er til illustration indtegnet på den kortskitse, som er vedlagt denne overenskomst.

Grænsepunktet A er fastlagt i samarbejde med Kongeriget Norge og skal bekræftes i bilaterale aftaler med Kongeriget Norges regering.

Artikel 2

Dersom der konstateres en naturforekomst i eller på den ene parts kontinentalsokkel, og den anden part er af den opfattelse, at forekomsten strækker sig ind på dennes kontinentalsokkel, kan den sidstnævnte part gennem fremlæggelse af det materiale, hvorpå opfattelsen støttes, f.eks. geologiske og geofysiske data, gøre dette gældende over for den førstnævnte part.

Dersom en sådan opfattelse gøres gældende, skal parterne indlede drøftelser om forekomstens udstrækning og muligheden for udnyttelse med fremlæggelse af hver af parternes viden herom. Dersom det ved disse drøftelser konstateres, at forekomsten strækker sig over begge parters kontinentalsokkel, samt at forekomsten på den ene parts område helt eller delvist vil kunne udnyttes fra den anden parts område, eller at udnyttelsen af forekomsten på den ene parts område vil påvirke mulighederne for udnyttelsen af forekomsten på den anden parts område, skal der på begæring af en af parterne træffes aftale om udnyttelsen af forekomsten.

Artikel 3

Denne overenskomst er uden præjudice for andre afgrænsningsspørgsmål mellem Republikken Island og Kongeriget Danmark.

Artikel 4

Denne overenskomst træder i kraft, når parterne skriftligt har meddelt hinanden, at de hertil nødvendige procedurer er afsluttet, idet dog bestemmelsen om koordinaterne for grænsepunktet A først træder i kraft, når Kongeriget Norges regering skriftligt har meddelt parterne, at fastlæggelsen af dette punkt er bekræftet.

Udfærdiget i Helsingfors den 11. november 1997 i to eksemplarer på islandsk og dansk, således at de to tekster har samme gyldighed.

For Republikken Islands regering
Halldór Ásgrímsson

For Kongeriget Danmarks regering
Niels Helveg Petersen

For Grønlands landsstyre
Jonathan Motzfeldt


39° W
33° W
27° W
KALAALLIT NUNAAT
GRØNLAND
KONG CHRISTIAN IX LAND
Prinsen af Wales Bjerge
Watkins Bjerge
Blosseville Kyst
Gunnbjørn Fjeld 3693
Kap Ravn
Kangerlussuaq
Kangikajik
Kap Edvard Holm
Kronprins Frederik Bjerge
Nuugaalik
Dødemandspynten
Nuuaalik
Mont Forel
Kialiip Imaa
Tasiilap Karra
Kap Gustav Holm
Kangertittivatsiaq
Sermiligaaq
Tiniteqilaaq
Leif Ø
Ikkatteq
Kuummiit
Isortoq
Kulusuk
TASIILAQ
AMMASSALIK
Dannebrog Ø
Pikiullit
Ikeq
Umiiviip Kimmut Kangera
Kap Poul Løvenørn
Umiivik
1000
J
K
L
M
N
O
P
Q
Kort & Matrikelstyrelsen
Udarbejdet 1997 på grundlag af G/5 mill., udgave 2.0.1.


° W
15° W
9° W
Delimitation
Iceland - Greenland / Denmark
October 1997
ILLOQQORTOORMIUT
SCORESBYSUND
Uunarteq
Kap Tobin
Kangikajik
Kap Brewster
A
B
C
D
E
F
G
H
68°
66°
64°
62°
1000
200
Rifstangi
Fontur
Horn
Skagatá
AKUREYRI
SEYDISFJÖRDUR
Barðsneshorn
NESKAUP-
STADUR
ÍSLAND
Stokksnes
Ingólfshöfði
Faxaflói
AKRANES
REYKJAVÍK
KEFLAVÍK
VESTMANNAEYJAR
1 : 4 000 000
100 50 0 100 200 300 400 500 km
Geodætisk Datum: WGS 84. Projektion: UTM zone 24.

Fylgiskjal II.

Viðbótarbókun við samkomulag frá 28. maí 1980 milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál og samkomulag sem leitt er af því frá 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn konungsríkisins Noregs, hér eftir nefndar aðilar,

sem vísa til samkomulags frá 28. maí 1980 milli aðila um fiskveiði- og landgrunnsmál og samkomulags sem leitt er af því frá 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen,

sem vísa enn fremur til viðræðna milli lýðveldisins Íslands, konungsríkisins Noregs og konungsríkisins Danmerkur um endanlega afmörkun hafsvæðisins milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands er leiddu til samkomulags um ákvörðun punkts nr. 1, sbr. 1. gr. að neðan, þar sem markalínur ríkjanna þriggja mætast,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Markalínan milli hluta aðila af landgrunninu og milli fiskveiðilögsögu á svæðinu skal m.a. vera bein landfræðileg lína milli neðangreindra punkta:

Punkts nr. 1: 69° 35' 00" N 13° 16' 00" V
Punkts nr. 2: 69° 34' 42" N 12° 09' 24" V

Ofangreindir punktar eru ákvarðaðir í landfræðilegri breidd og lengd með tilliti til World Geodetic System 1984 (WGS84).

Markalínan milli ofangreindra punkta er til útskýringar merkt inn á uppdrátt sem er fylgiskjal með þessari viðbótarbókun.

2. gr.

Viðbótarbókun þessi öðlast gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið og ríkisstjórn konungsríkisins Danmerkur hefur tilkynnt báðum aðilum skriflega að ákvörðun punkts nr. 1, sbr. 1. gr., hafi verið staðfest.

Tilleggsprotokoll til overenskomst av 28. mai 1980 mellom Island og Norge vedrørende fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål og den herav utledete overenskomst av 22. oktober 1981 om kontinentalsokkelen i området mellom Island og Jan Mayen

Regjeringen i Republikken Island og regjeringen i Kongeriket Norge, heretter kalt Partene,

som viser til overenskomst av 28. mai 1980 mellom Partene vedrørende fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål og den herav utledete overenskomst av 22. oktober 1981 om kontinentalsokkelen i området mellom Island og Jan Mayen,

som videre viser til konsultasjoner mellom Republikken Island, Kongeriket Norge og Kongeriket Danmark vedrørende den endelige avgrensning i havområdet mellom Island, Jan Mayen og Grønland, og som førte til enighet om fastleggelsen av det i artikkel 1 nedenfor beskrevne punkt nr. 1 der de tre statenes grenselinjer møtes,

er blitt enige om følgende:

Artikkel 1

Grenselinjen mellom Partenes deler av kontinentalsokkelen og mellom fiskerisonene i området skal omfatte en rett geodetisk linje mellom de nedenfor beskrevne punkter:

Punkt nr. 1: 69° 35' 00" N13° 16' 00"W
Punkt nr. 2: 69° 34' 42" N12° 09' 24"W

De ovenfor nevnte punkter er definert i geografisk bredde og lengde i henhold til World Geodetic System 1984 (WGS84).

Grenselinjen mellom ovennevnte punkter er til illustrasjon inntegnet på den kartskisse som er vedlagt denne tilleggsprotokoll.

Artikkel 2

Denne tilleggsprotokoll trer i kraft når Partene skriftlig har meddelt hverandre at de hertil nødvendige prosedyrer er avsluttet, og regjeringen i Kongeriket Danmark skriftlig har meddelt begge Parter at fastleggelsen av det i artikkel 1 beskrevne punkt nr. 1

Gildistökudagurinn er sá dagur þegar skilyrði þessi eru uppfyllt.

Gert í Helsinki hinn 11. nóvember 1997 í tveimur eintökum á íslensku og norsku og skulu textarnir vera jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar konungsríkisins Noregs
Knut Vollebæk

er bekreftet. Ikrafttredelsesdatoen er den dag disse betingelsene er oppfylt.

Utferdiget i Helsingfors den 11. november 1997 i to eksemplarer på islandsk og norsk, slik at de to tekster har samme gyldighet.

For Republikken Islands regjering
Halldór Ásgrímsson

For Kongeriket Norges regjering
Knut Vollebæk



Fylgiskjal III.




JAN MAYEN
EGGVIN-GRUNNEN
MARÓ-BANKEN
SARS-BANKEN
JAN MAYEN-BANKEN
SAIEN
SORDRUPET
DEVOLDDJUPET
ÍSLANDS-JAN MAYENHRYGGUR
KOLBEINSEYJARHRYGGUR
D S H A F
N O R E G
H A F
RIFS-BANKI
PISTILFJARÐAR-GRUNN
SLÉTTU-GRUNN
LANGANES-GRUNN
VOPNAFJARÐAR-GRUNN
HÉRAÐSDJÚP
GLETTINGANES-GRUNN
SEYÐISFJARÐARDJÚP
HORNFLÁKI
NORÐFJARÐAR-DJÚP
GERPIS-GRUNN
REYÐARFJARÐARDJÚP
RAUÐA-TORGIÐ
SKRÚÐSGRUNN
HVALBAKUR
HVALBAKS-GRUNN
ROSEN-GARTEN
PAPA-GRUNN
STOKKS-NÉS-GRUNN
MÝRA-GRUNN
ÖRÆFA-GRUNN
SÍÐU-GRUNN
KÖTLU-GRUNN
KÖTLU-IRYGGIR
ÍSLANDS-FÆREYJAHRYGGUR
FUGLEFJORD-ÓJE
MYLINGS-GRYNNA
FUGLÓ
FUGLÓ-BANK
NOLSÓ-BANK
FÆREYJAR
SANDÓ-BANK
SYÐERÓ-BANK
FÆRÓBANK
BILL BAILYS BANK
OUTER BAILY
LOUSY BANK
ROSEMARY BANK
Shetlandseyjar
TANNERS HILL
OTTER BANK
FOULA BANK
TURBOT BANK
PAPA BANK
Orkneyjar
STORMY BANK
SKOTLAND
METRAR
KILÓMETRAR 600

1048. Tillaga til þingsályktunar [617. mál]

um staðfestingu samnings milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Nuuk 6. febrúar 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Nuuk 6. febrúar 1998. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samkvæmt samningnum er grænlenskum nótaskipum heimilt að veiða í efnahagslögsögu Íslands allt að 8.000 lestir af loðnu af loðnukvóta Íslands á loðnuvertíð þeirri sem lýkur 30. apríl 1998. Heimild þessi er óháð þeim svæðatakmörkunum sem um getur í 8. gr. samnings milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen frá 29. júní 1994 (hér eftir nefndur loðnusamningurinn) og er grænlenskum nótaskipum því einnig heimilt að veiða umrætt magn sunnan 64°30'N í íslensku efnahagslögsögunni. Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta aflann um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa aflanum til bræðslu.

Á móti verður íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnu úr þeim kvóta, sem kemur í hlut Grænlands, á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1998. Þá verður íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af heildarkvóta Íslands í tilraunaskyni í fiskveiðilögsögu Grænlands sunnan 64°30'N, en samkvæmt loðnusamningnum eru loðnuveiðar íslenskra skipa óheimilar á því svæði.

Ákvæði um veiðar grænlenskra skipa í íslenskri lögsögu samkvæmt þessum samningi eru samhljóða ákvæðum í samningi aðila frá 20. febrúar 1997. Hins vegar er gert ráð fyrir að aðilar eigi viðræður um aðrar veiðiheimildir í lögsögu Grænlands til handa íslenskum skipum náist ekki samningur milli þeirra um loðnuveiðar frá 1. maí 1998. Loðnusamningnum hefur verið sagt upp frá 30. apríl 1998 að telja.

Um veiðar samkvæmt samningnum og stjórn þeirra gilda að öðru leyti ákvæði loðnusamningsins og reglur sem settar eru samkvæmt honum.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða við undirskrift hans og mun öðlast gildi endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal.

Samningur milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

a. Bréf samningamanns Íslands til samningamanns Grænlands.

Reykjavík, 6. febrúar 1998

Hr. Direktør Peder Munk Pedersen
Direktoratet for Fiskeri, Fangst og Landbrug
Nuuk
Grønland

Ég leyfi mér að vísa til samtala á milli íslenskra og grænlenskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og grænlenskrar lögsögu á árinu 1998.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur milli Grænlands og Íslands
um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

1. gr.

Grænlenskum nótaskipum, þ.e. nótaskipum sem skráð eru á Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild, er heimilt, á loðnuvertíðinni er lýkur 30. apríl 1998, að veiða allt að 8.000 lestir af loðnu af loðnukvóta Íslands innan íslenskrar efnahagslögsögu. Heimild þessi er óháð þeim svæðatakmörkunum sem um getur í 8. gr. samnings milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen frá 29. júní 1994 (hér eftir nefndur loðnusamningurinn).

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta aflann um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa aflanum til bræðslu.

2. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnukvóta þeim sem Grænland fær í sinn hlut á loðnuvertíð þeirri sem hefst sumarið 1998. Takist ekki samningar milli aðila þessa samnings um stjórn loðnuveiða á vertíðinni 1998/1999 skulu aðilar eiga viðræður um aðrar veiðiheimildir í lögsögu Grænlands til handa íslenskum skipum.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. loðnusamningsins um svæðatakmarkanir er íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnukvóta Íslands í tilraunaskyni innan grænlenskrar fiskveiðilögsögu sunnan 64°30'N á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1998.

Samkvæmt beiðni af hálfu Grænlands skal heimila líffræðingi að vera um borð við tilraunaveiðarnar.

4. gr.

Að öðru leyti gilda um veiðarnar og stjórn þeirra ákvæði loðnusamningsins og reglur sem settar eru samkvæmt honum.

5. gr.

Samningur þessi skal taka gildi til bráðabirgða við undirskrift hans og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Jóhann Sigurjónsson
sendiherra

b. Svarbréf samningamanns Grænlands.

Hr. Ambassadør Jóhann Sigurjónsson
Utanríkisráðuneytið,
Ísland

Nuuk, 6. februar 1998

Jeg tillader mig at henvise til samtaler mellem islandske og grønlandske myndigheder om fiskeri indenfor islandsk og grønlandsk fiskerigrænse i 1998.

Jeg vil med dette brev bekræfte, at man er kommet frem til følgende overenskomst:

"Aftale mellem Grønland og Island
om fiskeri indenfor grønlandsk og islandsk zone.

Artikel 1

Grønlandske notskibe, d.v.s. notskibe som er registreret i Grønland og opfylder den grønlandske fiskerilovs krav om ejerskab, kan i loddesæsonen, der slutter den 30. april 1998, fiske op til 8.000 tons lodde af Islands loddekvota inden for den islandske økonomiske zone. Denne tilladelse er uafhængig af de områdebegrænsninger, der er omtalt i Artikel 8 i aftalen mellem Grønland/Danmark, Island og Norge om loddebestanden i farvandene mellem Grønland, Island og Jan Mayen af den 29. juni 1994 (herefter benævnt loddeaftalen).

Fangsten kan landes til forarbejdning i Island. Fangsten må ikke forarbejdes eller nedfryses ombord og uden for Island må fangsten kun landes som industrifisk.

Artikel 2

Islandske skibe kan fiske op til 8.000 tons af den loddekvota som Grønland får tildelt i loddesæsonen, der starter den 1. juli 1998. I det tilfælde, hvor det ikke lykkes parterne at nå til enighed om en regulering af loddefiskeriet i loddesæsonen 1998/99, skal Grønland og Island drøfte alternative muligheder for islandske fartøjers fiskeri i grønlandsk farvand.

Artikel 3

Uanset Artikel 9 i loddeaftalen om områdebegrænsninger kan islandske skibe fiske op til 8.000 tons af Islands loddekvota på forsøgsbasis indenfor Grønlands fiskerizone syd for 64°30'N i den loddesæson, der starter den 1. juli 1998.

På anmodning fra Grønlands side skal der gives adgang til en biolog ombord ved forsøgsfiskeriet.

Artikel 4

Iøvrigt gælder om fiskeriet og kontrollen af dette loddeaftalens bestemmelser og regler, der fastsættes i henhold til den.

Artikel 5

Denne aftale træder midlertidigt i kraft ved underskrift, og endeligt, når meddelelse foreligger om at begge landes konstitutionelle betingelser er endeligt opfyldt."

Med dette brev ønsker jeg at bekræfte, at ovenstående er i overenstemmelse med min opfattelse og at jeg er enig med Dem i, at denne aftale træder midlertidig i kraft dags dato, og at den endelige ikrafttrædelse finder sted når meddelelse foreligger om, at begge landes konstitutionelle betingelser er endelig opfyldt.

Med venlig hilsen

Peder Munk Pedersen
Direktør

1049. Tillaga til þingsályktunar [618. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og konungsríkisins Marokkós sem undirritaður var í Genf 19. júní 1997.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og konungsríkisins Marokkós, sem undirritaður var í Genf 19. júní 1997. Megintexti samningsins er prentaður á íslensku sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, viðauki I er prentaður sem fylgiskjal II og viðauki II sem fylgiskjal III.

Á þessum áratug hafa EFTA-ríkin lokið gerð fríverslunarsamninga við 13 ríki. Ferli þetta hófst við lok kalda stríðsins 1989 með gerð fríverslunarsamninga við ríki Mið- og Austur Evrópu og síðar við Tyrkland og Ísrael. Á síðustu árum hafa EFTA-ríkin einbeitt sér m.a. að gerð fríverslunarsamninga við ríki Norður-Afríku og Miðausturlanda. Fríverslunarsamningurinn við Marokkó er fyrsti samningurinn sem lokið er í þeirri lotu. Nú standa yfir viðræður um gerð fríverslunarsamninga við Túnis og við PLO, þ.e. Þjóðarráð Palestínu (Palestinian National Authority) sem fer með stjórnvald á Vesturbakkanum og Gaza-svæðinu. Samningaviðræður við Kýpur hefjast innan skamms og væntanlega einnig fljótlega við Líbanon og

Jórdaníu. Þá er unnið að gerð samstarfsyfirlýsingar við samstarfsráð Persaflóaríkja (Gulf Co-operartion Council), en að því standa Barein, Kúveit, Óman, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Sádi-Arabía og Katar.

EFTA-ríkin gera fríverslunarsamninga við ríki utan Evrópu á grundvelli ákvörðunar sem tekin var á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna í Bergen í júní 1995. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun ráðherrafundarins var að tryggja að fyrirtæki í EFTA-ríkjum yrðu ekki verr sett en fyrirtæki í ríkjum Evrópusambandsins í viðskiptum sínum við fyrirtæki í viðkomandi landi.

Viðræður við Marokkó hófust í kjölfar undirritunar samstarfsyfirlýsingar við Marokkó á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna sem haldinn var í Zermatt í Sviss í desember 1995. Tilgangurinn með gerð fríverslunarsamningsins við Marokkó er að tryggja jafnvægi milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsríkjanna í viðskiptum við Marokkó. Evrópusambandið og Marokkó hafa lokið gerð samnings um fríverslun sín á milli. EFTA-ríkin vilja taka þátt í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að stuðla að stjórnmálalegum stöðugleika og atvinnuþróun í löndunum við sunnanvert Miðjarðarhaf í því skyni að skapa eitt allsherjar fríverslunarsvæði milli Evrópusambandsríkjanna og EFTA-ríkjanna annars vegar og Miðjarðarhafslandanna hins vegar eigi síðar en árið 2010. Gerð fríverslunarsamningsins milli EFTA-ríkjanna og Marokkós er skref í þessa átt.

Fríverslunarsamningurinn við Marokkó er hliðstæður öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert. Meginfyrirmyndir þessa samnings eru fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við Eystrasaltsríkin sem undirritaðir voru á árinu 1995 og Alþingi samþykkti í desember sama ár. Samningurinn, eins og aðrir fríverslunarsamningar, fjallar m.a. um meðferð tolla og samsvarandi gjalda, upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd, ríkiseinokun, tæknilegar reglugerðir, greiðslur og yfirfærslur, opinber innkaup, verndhugverka, samkeppni fyrirtækja, ríkisaðstoð, undirboð og erfiðleika vegna greiðslujafnaðar svo það helsta sé nefnt. Skv. 41. gr. samningsins öðlast hann gildi þegar öll EFTA-ríkin hafa fullgilt hann og afhent fullgildingarskjölin vörsluaðila samningsins sem er ríkisstjórn Noregs.

Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkjanna og Marokkós með iðnaðarvörur sem taldar eru upp í 25.–97. kafla tollskrárinnar. Samningurinn felur í sér að frá og með gildistöku hans fella EFTA-ríkin og Marokkó niður alla innflutningstolla og gjöld á iðnaðarvörum sem upprunnar eru í aðildarríkjum samningsins. Undantekning er gerð frá þessu varðandi vörur sem upprunnar eru í EFTA-ríkjunum og taldar eru upp í töflum A, B, C, D og E í viðauka III við samninginn. Tollar og gjöld á þessar iðnaðarvörur falla hins vegar niður í áföngum á allt að tólf árum eftir gildistöku samningsins.

Í viðauka II við fríverslunarsamninginn skuldbinda EFTA-ríkin og Marokkó sig til að fella niður alla tolla og samsvarandi gjöld á sjávarafurðir frá og með gildistöku samningsins. Þó hefur Marokkó aðlögunartíma í 4–9 ár til að fella niður tolla á fisktegundum sem taldar eru upp í töflum 2–8 í viðaukanum. Við gildistöku samningsins veitir Marokkó tollfrjálsan innflutningskvóta á fiskimjöli og tollar á ferskvatnsfiski lækka í 2,5% af grunntolli að undanskildum silungi en tollar á honum lækka í 30% af grunntolli eigi síðar en 1. janúar árið 2000.

Telja verður að verulegur árangur hafi náðst um fríverslun með fisk og fiskafurðir í samningnum við Marokkó, en þetta er í fyrsta sinn sem Marokkó veitir seljendum sjávarafurða tollfrjálsan aðgang að markaði sínum.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir lýsa samningsríkin sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir, sbr. 1. mgr. 12. gr. samningsins. Í 2. mgr. 12. gr. samningsins segir: „Til þess að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Marokkó til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.“ Bókun um landbúnaðarmál milli lýð-

veldisins Íslands og konungsríkisins Marokkós er prentuð á íslensku sem fylgiskjal IV með þingsályktunartillögu þessari, en þessi bókun fjallar fyrst og fremst um innflutning á ávöxtum. Skv. 8. gr. bókunarinnar öðlast hún gildi á sama degi og samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Marokkós.

Viðskipti Íslands og Marokkós hafa ekki verið mikil að vöxtum. Á meðfylgjandi töflu má sjá þróun þessara viðskipta á árunum 1994–1997.

	Útflutningur í millj. kr.			
Vörutegund.	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Fiskvinnsluvélar	0	0	2,0	
Aðrar iðnaðarvörur	23,6	0	0,2	63,7
Annað	0	0	0,6	
Samtals	23,6	0	2,8	63,7

	Innflutningur í millj. kr.			
Vörutegund	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Grænmeti og ávextir	11,2	7,8	14,7	6,9
Korkur og trjáviður	0	0,2	1,5	0,9
Fatnaður	8,6	19,6	23,8	20,7
Samtals	19,8	27,6	40,0	28,5

Í fylgiskjölum með tillögunni var samningurinn prentaður á íslensku og ensku ásamt viðaukum og bókun um landbúnaðarmál. Hann birtist í C-deild Stjórnartíðinda.

1050. Frumvarp til laga [619. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á orðskilgreiningum 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sbr. viðauka II við lög þessi“ í skilgreiningu orðsins *Tollabinding* kemur: sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherrayfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem undirrituð var í Singapore 13. desember 1996, sbr. viðauka IIC við lög þessi.
b. Orðin „Póst- og símamálastofnunarinnar eða annað sambærilegt gagnaflutningsnet“ í skilgreiningu orðsins *Gagnaflutningsnet* falla brott.

2. gr.

Í stað orðanna „IIA og IIB“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: IIA, IIB og IIC.

3. gr.

Í stað orðsins „sölugengi“ í 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: viðmiðunargengi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ábyrgð umboðsaðila eða rekstraraðila frísvæðis eða tollvörugeymslu fellur þó niður hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda vöru hjá tollstjóra, nema umboðs- eða rekstraraðili hafi ekki haft heimild frá innflytjanda eða viðtakanda til skuldfærslunnar eða ef umboðs- eða rekstraraðili vissi eða mátti vita að upplýsingar sem veittar voru í tengslum við tollafgreiðslu væru rangar eða ófullnægjandi.
b. Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 16. gr.
c. Orðin „enda ábyrgist umboðsaðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda“ í 3. málsl. 3. mgr. falla brott.
d. 6. mgr. orðast svo:
Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðsluna. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau ef þess er óskað.
e. 7. mgr. orðast svo:
Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er bókhaldsskyldur skal hann varðveita skrifleg gögn er varða innflutning og tollafgreiðslu í samræmi við ákvæði bókhaldslaga, nr. 145/1994, og fyrirmæli sett samkvæmt þeim lögum. Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er ekki bókhaldsskyldur skulu tollstjóra afhent öll skrifleg gögn er snerta tollmeðferð vöru.
f. Í stað orðsins „póststofnunar“ í 9. mgr. kemur: póstþjónustuaðila.

5. gr.

1. málsl. 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra skipar yfirtollverði, aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr.

6. gr.

2. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Ríkistollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.

7. gr.

4. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skipar yfirtollverði, aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Tollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr.

8. gr.

Við 38. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Um kærur til ríkistollanefndar og störf hennar fer eftir ákvæðum 101. og 102. gr.

9. gr.

39. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Skipun tollvarða og ráðning tollstarfsmanna.

Tollstjórar og ríkistollstjóri skipa tollverði til fimm ára í senn og ráða aðra tollstarfsmenn ótímabundið og skipta með þeim störfum. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá tollskóla. Tollverðir og aðrir tollstarfsmenn starfa í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

Tollstjórum og ríkistollstjóra er heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Jafnframt er tollstjóra og ríkistollstjóra heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu skv. 1. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann.

10. gr.

Orðin „sem ákveður um framhald málsins“ í 3. málsl. 1. mgr. 50. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Í stað orðsins „Póststjórnin“ í 68. gr. laganna kemur: Póstþjónustuaðili.

12. gr.

1. málsl. 4. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.

13. gr.

Orðin „eða innan 60 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum skv. 99. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 100. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr.“ í 1. mgr. kemur: úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Ríkistollstjóri getur kært úrskurð tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurð tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.
c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og heimildum tollflokkun, tollverð eða álagning sé byggð.
d. 11. mgr. fellur brott.

15. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnun“ og „hún“ í 1. mgr. 107. gr. kemur: Póstþjónustuaðili, og: hann.

16. gr.

1. og 2. mgr. 111. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda eða viðtakanda vöru.

Nú kemur annar en innflytjandi eða viðtakandi vöru fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda *in solidum* ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð umboðsmanns fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda, sbr. þó 4. málsl. 1. mgr. 14. gr.

17. gr.

Í stað orðanna „afhent farmflytjanda eða öðrum vörsluaðila til útflutnings“ í 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: flutt úr landi.

18. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 122. gr. laganna:

a. 5. málsl. 2. mgr. fellur brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
   Sé útflytjandi framleiðsluvara annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

19. gr.

Við viðauka II með lögunum bætist nýr kafli, Viðauki IIC, Tollabindingar, er orðast svo:

Viðauki IIC

Listi sem tilgreinir tollabindingar samkvæmt ráðherrayfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem gerð var í Singapore 13. desember 1996.

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur %
3818	3818.0000	**Kemísk frumefni efnabætt til nota í rafeindatækni, sem diskar, þynnur eða í áþekku formi; kemísk sambönd efnabætt til nota í rafeindatækni**	0
6815		**Vörur úr steini eða öðrum jarðefnum (þar með taldar kolefnistrefjar, vörur úr kolefnistrefjum og vörur úr mó), ót.a.:** – Aðrar vörur: –– Annars: ––– Aðrar:	
úr	6815.9909	———— Kvarts hvarfarör og höldur, hannað til innsetningar í samruna- og oxunarofna til framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
7017		**Glervörur fyrir rannsóknarstofur og til hjúkrunar og lækninga, einnig með rúmmálsmerkingum eða rúmtaksréttingum:**	
	7017.1000	– Úr glæddu kvartsi eða öðrum glæddum kísil	0
7020		**Aðrar vörur úr gleri:** – Annars:	
úr	7020.0009	–– Kvarts hvarfarör og höldur, hannað til innsetningar í samruna- og oxunarofna til framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
8208		**Hnífar og skurðarblöð í vélar eða vélræn tæki:** – Annað:	
úr	8208.9000	–– Í vélar til að saga einkristals hálfleiðarasúlur í sneiðar eða hálfleiðaraþynnur í flögur	0
úr	8208.9000	–– Í vélar til að strika eða marka í hálfleiðaraþynnur	0
8419		**Vélbúnaður, vélakostur eða búnaður fyrir rannsóknarstofur, einnig rafmagnshitaður, til vinnslu á efnum með aðferðum sem fela í sér hitabreytingu, svo sem með hitun, suðu, stiknun, eimingu, hreinsun, dauðhreinsun, gerilsneyðingu, eimvætingu, þurrkun, uppgufun, gufugerð, þéttingu eða kælingu, þó ekki vélbúnaður eða vélakostur til heimilisnota; hrað- eða geymavatnshitarar, ekki fyrir rafmagn:** – Annar vélbúnaður, vélakostur og tæki: –– Annars: ––– Annað:	
úr	8419.8909	———— Tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8419.8909	———— Tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu ..	0
úr	8419.8909	———— Tæki til snögghitunar hálfleiðaraþynna	0
		– Hlutar:	
úr	8419.9000	–– Til tækja til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8419.9000	–– Til tækja til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu ..	0
úr	8419.9000	–– Til tækja til snögghitunar hálfleiðaraþynna	0

	Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
8421			**Miðflóttaaflsvindur, þar með taldir miðflóttaaflsþurrkarar; vél- og tækjabúnaður til síunar eða hreinsunar á vökva og lofttegundum:**	
			– Hlutar:	
			–– Til miðflóttaaflsvindna, þar með talið miðflóttaaflsþurrkara:	
úr	8421.9100		––– Hlutar í miðflóttaaflsþurrkara til nota við aðvinnslu hálfleiðaraþynna	0
úr	8421.9100		––– Hlutar í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur	0
			–– Aðrir:	
úr	8421.9900		––– Í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur	0
8424			**Vélræn tæki (einnig fyrir handafl) til sprautunar, dreifingar eða úðunar á vökvum eða dufti; slökkvitæki, einnig hlaðin; úðabyssur og áþekk tæki; gufu- eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar:**	
			– Gufu- eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar :	
úr	8424.3000		–– Til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
			– Önnur tæki:	
			–– Annars:	
úr	8424.8900		––– "Deflash" vélar til að hreinsa og fjarlægja óhreinindi af málmleiðslum í hálfleiðarapökkum fyrir rafhúðunarmeðferð	0
úr	8424.8900		––– Úðunartæki til ætingar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8424.8900		––– Vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur	0
			– Hlutar:	
úr	8424.9000		–– Hlutar í vélar og tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8424.9000		–– Hlutar í úðunartæki til ætingar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8424.9000		–– Hlutar í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur	0
8428			**Annar vélbúnaður til lyftingar, meðhöndlunar, hleðslu eða losunar (t.d. lyftur, rennistigar, færibönd, togbrautir):**	
			– Aðrar sívinnslulyftur og -færibönd, fyrir vörur eða efni:	
			–– Annars:	
úr	8428.3900		––– Sjálfvirkur búnaður til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl.	0
			– Annar vélbúnaður:	
			–– Annar:	
úr	8428.9009		––– Sjálfvirkur búnaður til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl.	0
8431			**Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til vélbúnaðar í nr. 8425-8430:**	
			– Til vélbúnaðar í nr. 8428:	
			–– Aðrir:	
úr	8431.3900		––– Hlutar í sjálfvirkan búnað til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl.	0
úr	8431.3900		––– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		– Til vélbúnaðar í nr. 8426, 8429 eða 8430:	
		–– Aðrir:	
úr	8431.4900	––– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8456		**Vélar til smíða úr hvers konar efni með efnistöku, með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageisla, hátíðni-, rafhleðslu-, rafkemískri-, rafeindageisla-, jóngeisla- eða plasmabogaaðferð:**	
		– Sem vinna með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum:	
		–– Vélar til að bora eða skera málma og önnur hörð efni með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum:	
úr	8456.1001	––– Við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
		–– Aðrar:	
úr	8456.1009	––– Við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
		– Aðrar:	
	8456.9100	–– Til þurrætingar mynsturs á hálfleiðaraefni	0
		–– Annars:	
		––– Smíðavélar sem vinna með rafgreiningaraðferð:	
úr	8456.9901	––––– Tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
		––– Aðrar:	
úr	8456.9909	––––– Skerpustilltir jóngeislafræsarar til framleiðslu eða viðgerðar á möskum eða þráðum á mynstri á hálfleiðarabúnaði	0
úr	8456.9909	––––– Tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8456.9909	––––– Leysigeisla skurðtæki til að skera tengiraufar í hálfleiðaraefni	0
8466		**Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega má nota við vélar í nr. 8456-8465, þar með taldar efnis- eða *verkfærafestingar, sjálfopnandi* skurðarhausar, deilihausar og annar sérhæfður aukabúnaður fyrir smíðavélar; verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri:**	
		– Annað:	
		–– Til véla í nr. 8456-8461:	
úr	8466.9300	––– Hlutar í skerpustillta jóngeislafræsara til framleiðslu eða viðgerðar á möskum eða þráðum á mynstri á hálfleiðarabúnaði	0
úr	8466.9300	––– Hlutar í tæki sem vinna með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8466.9300	––– Hlutar í tæki til þurrætingar mynsturs á hálfleiðaraefni	0
úr	8466.9300	––– Hlutar í tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
8469		**Ritvélar, þó ekki prentarar í nr. 8471; ritvinnsluvélar:**	
		– Sjálfvirkar ritvélar og ritvinnsluvélar:	
	8469.1100	–– Ritvinnsluvélar	0
8470		**Reiknivélar og vélar í vasastærð til skráningar, endurskila og sýningar gagna, með reikniverki; bókhaldsvélar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og áþekkar vélar, með reikniútbúnaði; stimpilpeningakassar:**	0
8471		**Sjáfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar fyrir segulletur eða ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ót.a.:**	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
8472		**Aðrar skrifstofuvélar (t.d. fjölritarar eða stensilvélar, áritunarvélar, sjálfvirkir peningaseðlaskammtarar, myntflokkunar-, mynttalningar- eða myntpökkunarvélar, blýantsyddarar, götunar- eða heftivélar):**	
		– Annars:	
úr	8472.9000	–– Sjálfvirkar talningsvélar	0
8473		**Hlutar og fylgihlutir (þó ekki hlífar, handtöskur og þess háttar), sem eingöngu eða aðallega má nota til véla í nr. 8469-8472:**	0
8479		**Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
	8479.5000	– Vélmenni til iðnaðar, ót.a.	0
		– Aðrar vélar og vélræn tæki:	
		–– Annars:	
		––– Annað:	
úr	8479.8909	–––– Tæki til að vekja eða draga í einkristals hálfleiðara súlur (boules)	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til útfellinga kristalla í hálfleiðaraþynnur	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
úr	8479.8909	–––– Búnaðar til samsetningar á hálfleiðurum í hylki	0
úr	8479.8909	–––– Vélar til að beygja, brjóta saman og rétta hálfleiðaraþynnur	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8479.8909	–––– Sjálfvirkar vélar til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum, kössum og öðrum efnum til hálfleiðarabúnaðar	0
úr	8479.8909	–––– Mótafestibúnaður fyrir votætingu, sjálfvirka límbindingu og vírbindingu vegna samsetningar á hálfleiðurum	0
úr	8479.8909	–––– Mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til rannsókna á hálfleiðaraþynnum	0
		– Hlutar:	
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til að vekja eða draga í einkristals hálfleiðara súlur (boules)	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til útfellinga kristalla í hálfleiðaraþynnur	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
úr	8479.9000	–– Hlutar til búnaðar til samsetningar á hálfleiðurum í hylki	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í vélar til að beygja, brjóta saman og rétta hálfleiðaraþynnur	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í sjálfvirkar vélar til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum, kössum og öðrum efnum til hálfleiðarabúnaðar	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í mótafestibúnað fyrir votætingu, sjálfvirka límbindingu og vírbindingu vegna samsetningar á hálfleiðurum	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
úr	8479.9000	–– Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til rannsókna á hálfleiðaraþynnum	0
8504		**Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:**	
	8504.4000	– Stöðustraumbreytar	0
úr	8504.4000	–– Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hluta til þeirra og fjarskiptatækja.....	0
	8504.5000	– Önnur spankefli	0
úr	8504.5000	–– Til aflgjafa fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hluta til þeirra og fjarskiptatækja	0
		– Hlutar:	
úr	8504.9000	–– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8517		**Raftækjabúnaður fyrir talsíma eða ritsíma, á línu, þar með talið línusímtæki með þráðlausu handtóli og fjarskiptatækjabúnaður við burðarbylgjusímakerfi á línu eða við stafræn línukerfi; myndsímar:**	0
8518		**Hljóðnemar og standar fyrir þá; hátalarar, einnig í hátalaraboxi; heyrnartól, eyrnatól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett; rafmagnsheyrnartíðnimagnarar; *rafmagnshljóðmagnarasett:***	
		– Hljóðnemar og standar fyrir þá:	
úr	8518.1000	–– Hljóðnemar með tíðni á sviðinu 300 Hz til 3,4 KHz, að þvermáli ekki meira en 10 mm og hæð ekki meira en 3 mm, til nota við fjarskipti	0
		– Hátalarar, einnig í hátalaraboxi:	
		–– Einfaldir hátalarar, í boxi:	
		––– Aðrir:	
úr	8518.2109	———— Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort).....	0
		–– Margfaldir hátalarar, uppsettir í einu boxi:	
		––– Aðrir:	
úr	8518.2209	———— Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort).....	0
		–– Aðrir:	
úr	8518.2900	––– Hátalarar, ekki uppsettir í boxi, með tíðni á sviðinu 300 Hz til 3,4 KHz, að þvermáli ekki meira en 50 mm, til nota við fjarskipti	0
úr	8518.2900	––– Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)	0
		– Heyrnartól, eyrnartól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett:	
úr	8518.3000	–– Handtól fyrir línusímtæki	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		– Hlutar:	
úr	8518.9000	–– Til margmiðlunarviðbæta fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)....	0
úr	8518.9000	–– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8520		**Segulbandsupptökutæki og önnur hljóðupptökutæki, einnig með búnaði til endurskila á hljóði:**	
	8520.2000	– Símsvarar	0
8521		**Myndupptökutæki eða myndflutningstæki (video), einnig með innbyggðum myndmóttakara (video tuner):**	
		– Önnur:	
		–– Annað:	
		––– Annars:	
úr	8521.9029	––– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8522		**Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega eru nothæfir til tækjabúnaðar í nr. 8519-8521:**	
		– Annað:	
úr	8522.9000	–– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8523		**Fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla:**	
		– Segulbönd:	
		–– Ekki yfir 4 mm að breidd:	
	8523.1101	––– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		––– Myndbönd:	
úr	8523.1102	––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		––– Önnur:	
úr	8523.1109	––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		–– Meira en 4 mm til og með 6,5 mm að breidd:	
	8523.1201	––– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		––– Myndbönd:	
úr	8523.1202	––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		––– Önnur:	
úr	8523.1209	––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		–– Meira en 6,5 mm að breidd:	
	8523.1301	––– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		––– Myndbönd:	
úr	8523.1302	––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		––– Önnur:	
úr	8523.1309	––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		– Seguldiskar:	
	8523.2001	–– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		–– Aðrir:	
úr	8523.2009	––– Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli	0
		– Aðrir:	
úr	8523.9000	–– Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
8524		**Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37. kafla:**	
		– Diskar fyrir leysileskerfi:	
		–– Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd:	
	8524.3101	––– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		––– Aðrir:	
úr	8524.3109	–––– Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli	0
		–– Aðrir:	
		––– Með íslensku efni:	
		–––– Með tónlist:	
úr	8524.3911	––––– Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		–––– Með leikjum:	
úr	8524.3912	––––– Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		–––– Með kennsluefni:	
úr	8524.3913	––––– Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		–––– Aðrir:	
úr	8524.3919	––––– Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		––– Með erlendu efni:	
		–––– Með tónlist:	
úr	8524.3921	––––– Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		–––– Með leikjum:	
úr	8524.3922	––––– Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		–––– Með kennsluefni:	
úr	8524.3923	––––– Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		---- Aðrir:	
úr	8524.3929	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		– Segulbönd til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd:	
	8524.4001	-- Fyrir vélar í nr. 8471	0
		-- Aðrir:	
úr	8524.4009	--- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
		– Annað:	
		-- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd:	
	8524.9101	--- Fyrir vélar í nr. 8471	0
		--- Aðrir:	
úr	8524.9109	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
		-- Annars:	
		--- Með íslensku efni:	
		---- Með tónlist:	
úr	8524.9911	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með leikjum:	
úr	8524.9912	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með kennsluefni:	
úr	8524.9913	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Aðrir:	
úr	8524.9919	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		--- Með erlendu efni:	
		---- Með tónlist:	
úr	8524.9921	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með leikjum:	
úr	8524.9922	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
	----	Með kennsluefni:	
úr	8524.9923	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
	----	Aðrir:	
úr	8524.9929	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu *tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun* eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
8525		**Senditæki fyrir firðtal, loftskeytasendingar, útvarpssendingar eða sjónvarp, einnig með móttökubúnaði eða hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði; sjónvarpsmyndavélar; myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar:**	
		– Senditæki:	
	8525.1001	-- Til neyðarsendinga, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins	0
		-- Önnur:	
úr	8525.1009	--- Senditæki önnur en fyrir útvarps- eða sjónvarpssendingar	0
		– Senditæki búin móttökubúnaði:	
	8525.2001	-- Til neyðarsendinga og móttöku, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins	0
	8525.2009	-- Önnur	0
		– Myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar:	
úr	8525.4000	-- Stafrænar myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir ..	0
8527		**Móttökutæki fyrir firðtal, loftskeytasendingar eða útvarpssendingar, einnig sambyggð, í sama hylki, með hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði eða klukku:**	
		– Útvarpsviðtæki sem geta gengið án ytri orkugjafa, þar með talin tæki sem einnig geta tekið á móti firðtali og loftskeytasendingum:	
		-- Önnur:	
úr	8527.1900	--- Boðtæki	0
		– Önnur tæki:	
		-- Sérhönnuð viðtæki fyrir neyðarmerki frá skipum og flugvélum:	
úr	8527.9001	--- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar	0
		-- Fyrir firðtal eða loftskeytasendingar:	
úr	8527.9002	--- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar	0
		-- Annað:	
úr	8527.9009	--- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar	0
8528		**Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða -flutningsbúnaði; myndskjáir (video monitors) og myndvörpur (video projectors):**	
		– Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða -flutningsbúnaði:	

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		-- Fyrir lit:	
		--- Fyrir sjónvarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins:	
úr	8528.1201	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		--- Sjónvarpsviðtæki, með sambyggðum myndbands-upptökubúnaði:	
úr	8528.1202	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		--- Önnur:	
úr	8528.1209	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		-- Fyrir svart og hvítt eða einlit:	
		--- Fyrir sjónarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins:	
úr	8528.1301	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		--- Sjónvarpsviðtæki, með sambyggðum myndbands-upptökubúnaði:	
úr	8528.1302	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		--- Önnur:	
úr	8528.1309	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		- Myndskjáir:	
		-- Fyrir lit:	
	8528.2101	--- Skjáir (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar	0
		-- Fyrir svart og hvítt eða einlit:	
	8528.2201	--- Skjáir (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar	0
		- Myndvörpur:	
		-- Fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegar eru við gagnavinnsluvélar:	
	8528.3001	--- Til nota með sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og sem geta sýnt stafrænar upplýsingar frá miðstöðinni	0
8529		**Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8525-8528:**	
		- Loftnet og loftnetsdiskar hvers konar; hlutar nothæfir til þeirra:	
	8529.1001	-- Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1201 og 8528.1301	0
		-- Annars:	
úr	8529.1009	--- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
		- Aðrir:	
	8529.9001	-- Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1201, 8528.1301, 8528.2101, 8528.2201 og 8528.3001	0
		-- Annars:	
úr	8529.9009	--- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8531		**Rafmagnshljóðtæki eða rafmagnsljósmerkjatæki (t.d. bjöllur, sírenur, merkjatöflur, innbrota- eða bruna-viðvörunarkerfi), þó ekki vörur í nr. 8512 eða 8530:**	
	8531.2000	- Merkjatöflur búnar vökvakristalsbúnaði (LCD) eða ljósdíóðum (LED)	0
		- Hlutar:	
úr	8531.9000	-- Til tækja í nr. 8531.2000	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
8536		**Raftækjabúnaður til að tengja, rjúfa eða vernda rafrásir, eða til tengingar við eða í rafrásum (t.d. rofar, rafliðar, vör, yfirspennuafrásir, klær, tenglar, lampafalir, greinikassar), fyrir 1000 volta spennu eða minni:**	
		– Aðrir rofar:	
úr	8536.5000	–– Rafeinda riðstraumsrofar samsettir úr optískum inn- og úttaksrásum (Insulated thyristor AC switches)	0
úr	8536.5000	–– Rafeindarofar, þ.m.t. hitavarðir rafeindarofar, samsettir úr smára og rökrás (chip-on-chip technology)	0
úr	8536.5000	–– Rafvélrænir smellurofar fyrir straum til og með 11 amperum	0
		– Lampafalir, klær og tenglar:	
		–– Annað:	
úr	8536.6900	–– Klær og tenglar fyrir samása kapla og prentrásir	0
		– Annar búnaður:	
úr	8536.9000	–– Til tækja til að mæla og prófa hálfleiðaraþynnubúnað	0
8538		**Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8535, 8536 eða 8537:**	
		– Aðrir:	
úr	8538.9000	–– Til tækja til að mæla eða greina hálfleiðaraþynnur eða -búnað	0
úr	8538.9000	–– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8540		**Varmaskauts-, kaldskauts- eða ljósskautsrafeinda-lokar og -lampar (t.d. lofttæmdir eða gufu- eða gas-fylltir lokar og lampar, kvikasilfursafriðilslokar og -lampar, sjárör, sjónvarpsmyndavélalampar):**	
		– Sjárör fyrir sjónvarpsmynd, þar með talið sjárör fyrir myndbandsskjái:	
		–– Fyrir lit:	
úr	8540.1100	––– Í útstöðvar fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar	0
		–– Fyrir svart og hvítt eða einlit:	
úr	8540.1200	––– Í útstöðvar fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar	0
		– Sjónvarpsmyndavélalampar; myndbreytar og myndskerpar; aðrir myndlampar:	
úr	8540.2000	–– Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar	0
	8540.4000	– Gagna-/grafasjárör, fyrir lit, með fosfórpunktaskjábili minna en 0,4 mm	0
	8540.5000	– Gagna-/grafasjárör, fyrir svart og hvítt eða einlit	0
		– Önnur sjárör:	
úr	8540.6000	–– Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar	0
8543		**Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
		– Rafeindahraðlar (particle accelerators):	
	8543.1100	–– Jónvísar (ion implanters) til íblöndunar í hálfleiðara-efni	0
		– Vélar og tækjabúnaður til rafhúðunar, rafsundrunar eða rafdráttar:	
úr	8543.3000	–– Tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
		– Aðrar vélar og tækjabúnaður:	
	8543.8100	–– Nándarkort og -spjöld (proximity cards and tags)	0
		–– Annað:	
		––– Heimilistæki:	
úr	8543.8901	––––– Rafmagnstæki með þýðingar- eða orðabókarvirkni	0
		––– Annars :	
úr	8543.8909	––––– Rafmagnstæki með þýðingar- eða orðabókarvirkni	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		– Hlutar:	
		-- Aðrir:	
úr	8543.9009	--- Hlutar í jónvísa (ion implanters) til íblöndunar í hálfleiðaraefni	0
úr	8543.9009	--- Hlutar til tækja til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
úr	8543.9009	--- Hlutar í tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8543.9009	--- Hlutar í tæki til að skyndihita þynnur	0
úr	8543.9009	--- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
8544		**Einangraður (þar með talinn gljábrenndur eða skauthúðaður) vír, kaplar (þar með taldir samása kaplar) og aðrir einangraðir rafleiðarar, einnig með tengihlutum; ljósleiðarar úr sérslíðruðum trefjum, einnig búnir rafleiðurun eða með tengihlutum:**	
		– Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir 80 V spennu eða minni:	
		-- Með tengihlutum:	
		--- Annars:	
úr	8544.4109	---- Til nota með samskiptabúnaði	0
		-- Annars:	
		--- Annars:	
úr	8544.4909	---- Til nota með samskiptabúnaði	0
		– Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir meira en 80 V spennu til og með 1000 V:	
		-- Með tengihlutum:	
		--- Annars:	
úr	8544.5109	---- Til nota með samskiptabúnaði	0
	8544.7000	– Ljósleiðarar	0
9006		**Ljósmyndavélar (þó ekki fyrir kvikmyndir); leiftur-tæki til ljósmyndunar og leifturlampar, þó ekki úr-hleðslulampar í nr. 8539:**	
	9006.1000	– Myndavélar til að búa til prentplötur eða prentvalsa	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
		-- Aðrir:	
úr	9006.9900	--- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
9009		**Ljósritunarvélar með innbyggðu optísku kerfi eða fyrir snertiaðferð og varmaafritunarvélar:**	
		– Rafstöðuljósritunarvélar:	
	9009.1100	-- Sem gera eftirmynd frumritsins beint (beinn ferill)	0
		– Aðrar ljósritunarvélar:	
	9009.2100	-- Með innbyggðu optísku kerfi	0
	9009.9000	– Hlutar og fylgihlutir	0
9010		**Tæki og búnaður til nota í ljósmyndavinnustofur (einnig kvikmyndavinnustofur) (einnig tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni), ót.a. í þessum kafla; negatívusjár; sýningartjöld:**	
		– Tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni:	
	9010.4100	-- Tæki til beinritunar á þynnur	0
	9010.4200	-- Endurtökuraðarar (step and repeat aligners)	0
	9010.4900	-- Önnur	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9010.9000	–– Til tækja í nr. 9010.4100 til 9010.4900	0
9011		**Sambyggðar optískar smásjár, einnig til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar:**	
		– Þrívíddarsmásjár:	
úr	9011.1000	–– Með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
		– Aðrar smásjár til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar:	
úr	9011.2000	–– Smásjár til örmyndatöku með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9011.9000	–– Til þrívíddarsmásjáa með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
úr	9011.9000	–– Til smásjáa til örmyndatöku með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
9012		**Smásjár, þó ekki optískar smásjár; ljósbylgjutæki:**	
		– Smásjár, þó ekki optískar smásjár, og ljósbylgjutæki:	
úr	9012.1000	–– Rafeindageislasmásjár með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hállfleiðaraþynnum eða þráðum	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9012.9000	–– Til rafeindageislasmásjáa með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
9013		**Vökvakristalsbúnaður annar en sá sem nánar er gerð grein fyrir í öðrum vöruliðum; leysitæki, þó ekki leysidíóður; önnur optísk tæki og áhöld, ót.a. í þessum kafla:**	
	9013.2000	– Leysitæki, þó ekki leysidíóður	0
	9013.8000	– Annar búnaður, tæki og áhöld	0
	9013.9000	– Hlutar og fylgihlutir	0
9017		**Áhöld til teiknunar, afmörkunar eða útreiknings (t.d. teiknivélar, uppdráttaafritarar (pantographs), gráðubogar, teikniáhaldasamstæður, reiknistokkar, reiknískífur); handáhöld til lengdarmælinga (t.d. málstokkar og málbönd, örkvarðar, rennimál), ót.a. í þessum kafla:**	
		– Teikniborð og teiknivélar, einnig sjálfvirkt:	
úr	9017.1000	–– "Plotterar"	0
		– Önnur áhöld til teiknunar, afmörkunar eða útreiknings:	
úr	9017.2000	–– Mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9017.9000	–– Til mynsturgerðartækja til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
9026		**Áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða prófa flæði, hæð, þrýsting eða aðrar breytur í vökvum eða gasi (t.d. rennslismælar, vökvahæðarmælar, þrýstimælar, varmanotkunarmælar), þó ekki áhöld og tækjabúnaður í nr. 9014, 9015, 9028 eða 9032:**	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
9030		**Sveiflusjár, litrófsgreiningartæki og önnur áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða prófa rafmagnsstærðir, þó ekki mælar í nr. 9028; áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða greina alfa-, beta-, gamma-, röntgen-, geim- eða aðra jónandi geislun:**	
	9030.4000	– Önnur áhöld og tækjabúnaður, sérstaklega hannað fyrir fjarskipti (t.d. milliheyrslumælar, mögnunarmælar, bjögunarmælar, sófómælar)	0
		– Önnur áhöld og tækjabúnaður:	
	9030.8200	–– Til að mæla eða greina hálfleiðaraþynnur eða -búnað	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9030.9000	–– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar í nr. 9030.8200	0
9031		**Áhöld, tækjabúnaður og vélar til mælinga eða prófana, ót.a. í þessum kafla; sniðmyndavörpur:**	
		– Önnur optísk áhöld og tækjabúnaður:	
	9031.4100	–– Til skoðunar á hálfleiðaraþynnum eða -búnaði eða til skoðunar á myndmöskum eða þráðum til framleiðslu á hálfleiðarabúnaði	0
		–– Annars:	
úr	9031.4900	––– Til mælinga á yfirborðsagnamengun hálfleiðaraþynna	0
		– Hlutar og fylgihlutar:	
úr	9031.9000	–– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar í nr. 9031.4100	0
úr	9031.9000	–– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar til mælinga á yfirborðsagnamengun hálfleiðaraþynna....	0

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestur verði sem viðauki við tollalög listi sem tilgreinir tilteknar vörur á sviði upplýsingatækni sem tollur falli niður af og óheimilt verði að leggja tolla á. Þar er um að ræða vörur sem tollar skyldu falla niður af samkvæmt ráðherrayfirlýsingu sem gerð var í Singapore 13. desember 1996, um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni. Auk þess eru lagðar til breytingar á ákvæðum tollalaga er kveða á um solidariska ábyrgð flutningsmiðlana og farmflytjenda á greiðslu aðflutningsgjalda ásamt innflytjendum, breytingar á ákvæðum tollalaga um geymsluskyldu gagna, auk annarra smávægilegra breytinga á ákvæðum tollalaga.

I. Niðurfelling tolla og tollabindingar á vörur á sviði upplýsingatækni.

Helsta breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er að lögfestur verði viðauki við tollalög þar sem tilgreindar verði ýmsar vörur á sviði upplýsingatækni sem ekki verði heimilt að leggja tolla á. Jafnframt falli niður tollar af þeim vörum sem falla undir viðaukann og bera tolla nú.

Á ráðherraráðstefnu í Singapore í desembermánuði 1996 gerðust 28 ríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar aðilar að ráðherrayfirlýsingu um niðurfellingu tolla í þrepum fyrir árið 2000 af ýmsum vörum á sviði upplýsingatækni. Auk Íslands gerðust meðal annars ríki Evrópusambandsins, Bandaríkin, Kanada, Japan, Ástralía, Noregur, Sviss, Indónesía, Kórea, Hong Kong og Tyrkland aðilar að yfirlýsingunni. Síðar hafa fleiri ríki gerst aðilar að yfirlýsingunni þar á meðal Indland, Ísrael, Rúmenía, Tékkland og Slóvakía. Alls eru nú 43 ríki aðilar að yfirlýsingunni, sem stunda um 93% heimsviðskipta með vörur á sviði upplýsingatækni. Í yfirlýsingunni er því lýst yfir að aðildarríki hennar skuli þróa viðskiptahætti sína þannig að það auki möguleika fyrir markaðsaðgang vara á sviði upplýsingatækni. Jafnframt skuli aðildarríkin afnema tolla, svo og önnur gjöld í samræmi við ákvæði GATT 1994, af vörum sem tilgreindar eru í viðaukum við yfirlýsinguna. Niðurfelling og binding tolla af þessum vörum átti samkvæmt yfirlýsingunni að gerast í tilteknum áföngum og skyldi vera að fullu lokið 1. janúar 2000, en þó er hvatt til örari niðurfellingar.

Í framhaldi af gerð yfirlýsingarinnar fóru fram samningaviðræður á milli aðila hennar um nánari útfærslu hennar. Hvert ríki fyrir sig lagði síðan fram skuldbindingaskrá yfir þær vörur sem féllu undir ákvæði yfirlýsingarinnar og tollar skyldu afnumdir af. Á listanum sem var lagður fram af Íslands hálfu eru vörur sem tilgreindar eru í lista sem lagt er til að verði hluti af viðauka II við tollalög og beri heitið viðauki IIC. Þar er að mestu leyti um að ræða vörur sem engir tollar eru á í dag.

Vörur sem tollar falla niður af og óheimilt verður að leggja á tolla samkvæmt yfirlýsingunni eru meðal annars tæki og búnaður fyrir sjálfvirka gagnameðferð, þar á meðal óáteknir miðlar (segulbönd, myndbönd og diskar), hálfleiðarar og samrásir, hugbúnaður, rafmyndasímtæki, hljóðnemar og hátalarar, símsvarar, svo og fjarskiptabúnaður.

Ráðherrayfirlýsingin frá Singapore er pólitísk viljayfirlýsing og sem slík ekki bindandi að þjóðarrétti fyrir aðila hennar. Hún verður fyrst skuldbindandi við afhendingu sérstakrar skuldbindingaskrár til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar yfir þær vörur sem tollar verða felldir brott af og óheimilt verður að leggja tolla á. Íslensk stjórnvöld hafa eins og áður segir þegar afhent stofnuninni slíka skrá, þó með fyrirvara um samþykki Alþingis á breytingunum. Þar er um að ræða vörur sem tilgreindar eru í viðauka við frumvarp þetta og gert er ráð fyrir að verði viðauki IIC við tollalög. Verði frumvarpið að lögum verður íslenska ríkið þar með skuld-

bundið til niðurfellingar tolla af þeim vörum sem þar eru tilgreindar og jafnframt verður óheimilt að leggja á þær tolla og önnur gjöld í skilningi GATT-samningsins á ný.

Fæstar þeirra vara sem falla undir ákvæði ráðherrayfirlýsingarinnar bera tolla nú og hefur Ísland reyndar þegar skuldbundið sig til að leggja ekki tolla á margar þeirra. Þó eru tilteknar vörur sem falla undir yfirlýsinguna sem bera tolla nú og tollar munu því falla niður af. Þar ber helst að nefna rafmyndasímtæki, hljóðnema og hátalara, símsvara og óátekna miðla, þ.e. segulbönd, myndbönd og diska.

Í yfirlýsingunni er gert ráð fyrir að afnám tolla eigi sér stað í fjórum jöfnum skrefum fram til ársins 2000, en þó er hvatt til örara afnáms tolla. Í frumvarpi þessu er lagt til að tollar verði felldir niður frá og með þeim tíma er ákvæði frumvarpsins öðlast lagagildi og þannig komið til móts við viljayfirlýsingu um örara afnám tolla. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að skammur tími er þar til tollar eiga að hafa fallið niður að fullu og að lækkun tollabindinga á þegar að hafa komið til framkvæmda að hluta. Þá bera fæstar þær vörur sem falla undir ákvæði yfirlýsingarinnar nokkra tolla í dag.

Erfitt er að áætla hvert árlegt tekjutap ríkissjóðs verði við niðurfellingu tolla þar sem niðurfellingin nær í mörgum tilvikum eingöngu til hluta af þeim vörum sem falla undir einstök tollskrárnúmer og kallar því á nýja uppskiptingu tollskrárnúmera. Í heild má þó ætla að tekjutapið verði vart meira en 25 millj. kr. á ári. Á móti kemur að afnám tolla af þessum vörum auðveldar útflutning á ýmsum vörum á sviði upplýsingatækni sem framleiddar eru hérlendis.

II. Solidarisk ábyrgð umboðsaðila eða rekstraraðila frísvæðis eða tollvörugeymslu.

Í tollalögum er kveðið á um að þegar annar aðili en innflytjandi kemur fram fyrir hans hönd við tollafgreiðslu vöru beri sá aðili ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda ásamt innflytjanda. Þannig er meginreglan skv. 1. mgr. 111. gr. laganna sú að ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvíli á þeim sem kemur fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar á vöru, en kveðið á um það í 2. mgr. sömu greinar að sé innflytjandi eða viðtakandi vöru annar aðili en sá sem kemur fram gagnvart tollyfirvöldum ábyrgist þeir *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda. Í 3. málsl. 1. mgr. 14. gr., svo og 3. málsl. 3. mgr. 14. gr. er jafnframt tekið fram að rekstraraðilar frísvæðis og tollvörugeymslna og umboðsaðilar sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu (þ.e. tollafgreiðslu sem á sér stað með skjalasendingum milli tölva) ábyrgist ásamt innflytjendum eða viðtakendum vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda. Þessi solidariska ábyrgð umboðsaðila og rekstraraðila tollvörugeymslna og frísvæða nær þó ekki til þess tilviks er þessir aðilar hafa sent tölvuskeyti eða aðflutningsskýrslu sem byggist á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum frá innflytjanda eða viðtakanda vöru, nema viðkomandi hafi vitað eða mátt vita að upplýsingarnar væru rangar eða ófullnægjandi.

Á síðasta ári var gerð sú breyting á tölvukerfi tollyfirvalda að aðilum sem heimild hafa til þess að koma fram fyrir hönd innflytjenda við tollafgreiðslu, t.d. flutningsmiðlunum, hraðflutningsfyrirtækjum og rekstraraðilum tollvörugeymslna og frísvæða, var gert kleift að skuldfæra aðflutningsgjöld beint á þá innflytjendur sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum í tolli. Fram að þeim tíma höfðu aðflutningsgjöld að jafnaði verið skuldfærð á umboðsaðilann sjálfan. Auk þess voru möguleikar innflytjenda til að fá aðflutningsgjöld skuldfærð (tollkrít) rýmkaðir. Þessar breytingar stuðla að einfaldari tollafgreiðsluháttum og eru jafnframt nauðsynleg skref í átt að því markmiði að tekin verði upp alsjálfvirk SMT-tollafgreiðsla vegna alls inn- og útflutnings í atvinnuskyni fyrir árið 2000, eins og gert er ráð fyrir í tollalögum.

Telja verður að sú ríka ábyrgð sem lögð er á þá aðila sem koma fram fyrir hönd innflytjenda gagnvart tollyfirvöldum sé of víðtæk, meðal annars í ljósi umræddra breytinga á tölvukerfi og tollafgreiðsluháttum. Verður ekki séð að rök séu til þess að aðila, sem annast í at-

vinnuskyni tollmeðferð vara fyrir innflytjendur, verði gert að greiða aðflutningsgjöld innflytjenda sem öðlast hafa greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í þeim tilvikum er innflytjandi greiðir ekki áfallin gjöld á gjalddaga. Af þeim sökum er lagt til að ábyrgð umboðsaðila falli brott við skuldfærslu aðflutningsgjalda á innflytjanda. Þó er gert ráð fyrir að ábyrgð umboðsmanns falli ekki brott í þeim tilvikum er umboðs- eða rekstraraðili hefur ekki haft heimild frá innflytjanda til skuldfærslunnar eða ef umboðs- eða rekstraraðili vissi eða mátti vita að upplýsingar sem veittar voru við tollafgreiðslu væru rangar eða ófullnægjandi.

III. Aðrar breytingar.

a. *Skipun tollvarða:* Lagt er til að ríkistollstjóri og tollstjórar, í stað fjármálaráðherra, skipi tollverði við embætti sín. Þó er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra skipi áfram yfirtollverði, aðaldeildarstjóra og deildarstjóra. Í 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er kveðið á um að tollverðir teljist embættismenn. Þeir skulu því skv. 1. mgr. 23. gr. laganna skipaðir í embætti til fimm ára í senn. Ekki er kveðið á um það í lögunum að þeir skuli skipaðir af fjármálaráðherra, eins og tíðkast hefur, heldur kveða lögin á um að *stjórnvald* skipi í embætti. Það fyrirkomulag að ráðherra skipi tollstjóra þykir óþarflega þungt í vöfum og er því breyting þessi lögð til.
b. *Endurákvörðun aðflutningsgjalda:* Lagt er til að málsmeðferðarákvæði laganna verði gerð skýrari þannig að ótvírætt verði að endurákvörðun tollyfirvalda, þ.e. ríkistollstjóra og tollstjóra, verði kæranleg beint til ríkistollanefndar án þess að fyrst verði að kæra hana til viðkomandi tollyfirvalds.
c. *Geymsluskylda gagna:* Lagt er til að dregið verði úr skyldu þeirra aðila sem annast tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda til að varðveita gögn. Þannig takmarkist geymsluskylda þessara aðila við tölvutæk gögn varðandi SMT-tollafgreiðslur. Önnur gögn verði hins vegar varðveitt hjá innflytjendum eða viðtakendum sem eru bókhaldsskyldir, í samræmi við ákvæði bókhaldslaga, en hjá tollyfirvöldum ef innflytjandi eða viðtakandi er ekki bókhaldsskyldur.
d. *Annað:* Lagðar eru til smávægilegar breytingar á orðalagi einstakra ákvæða tollalaga til samræmis við breytingar sem orðið hafa á póststarfsemi hér á landi á undanförnum árum. Þá eru lagðar til smávægilegar orðalagsbreytingar á einstökum ákvæðum sem miða að því að auðvelda framkvæmd laganna, gera ákvæði þeirra skýrari og leiðrétta ónákvæmt orðalag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lögð til orðalagsbreyting til samræmis við það að nýr viðauki bætist við lögin, en um þá breytingu vísast til almennra athugasemda við fruvmarpið. B-liður þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að tilvísun verði breytt til samræmis við það að nýr viðauki bætist við lögin.

Um 3. gr.

Ákvæði 13. gr. gildir almennt um ákvörðun tollafgreiðslugengis sem nota skal við umreikning tollverðs vöru í íslenskar krónur en það er miðað við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands. Við síðustu breytingu á lagagreininni, sbr. 5. gr. laga nr. 69/

1996, hefur láðst að breyta orðalagi síðasta málsliðar greinarinnar. Því er lagt til að orðinu „sölugengi“ verði nú breytt til samræmis þannig að vísað sé til nefnds viðmiðunargengis Seðlabanka Íslands.

Um 4. gr.

Í a- og c-liðum greinarinnar eru lagðar til breytingar á ákvæðum 14. gr. er varða solidariska ábyrgð umboðsmanna og flutningsmiðlana á greiðslu aðflutningsgjalda. Þeirri breytingu er lýst ítarlega í almennum athugsemdum við frumvarpið og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í b-lið er leiðrétt röng tilvísun greinarinnar í lagaákvæði.

Í d- og e-liðum er lagt til að dregið verði úr kröfum sem gerðar eru um varðveislu á gögnum til þeirra sem koma fram gagnvart innflytjanda vegna tollafgreiðslu. Þessum aðilum er samkvæmt gildandi lögum gert að varðveita í bókhaldi sínu öll gögn sem snerta tollmeðferð vara og sendinga, hvort sem þau eru skrifleg eður ei. Lagt er til að skylda þessara aðila til varðveislu gagna takmarkist við tölvutæk gögn er varða SMT-tollafgreiðslu. Hins vegar verði innflytjanda eða viðtakanda sem er bókhaldsskyldur gert að varðveita öll skrifleg gögn sem varða innflutning og tollafgreiðslu. Sé innflytjandi eða viðtakandi vöru ekki bókhaldsskyldur er gert ráð fyrir því að tollstjóra verði afhent öll skrifleg gögn sem snerta tollmeðferð vöru.

Orðalagsbreyting sem lögð er til í f-lið þarfnast ekki skýringa.

Um 5., 7. og 9. gr.

Í þessum greinum eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna sem varða skipun tollvarða og ráðningu annarra tollstarfsmanna.

Helsta breytingin sem lögð er til í þessum ákvæðum frumvarpsins er sú að að ríkistollstjóri og tollstjórar, í stað fjármálaráðherra, skipi tollverði við embætti sín. Þó er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra skipi áfram yfirtollverði, aðaldeildarstjóra og deildarstjóra. Í 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er kveðið á um að tollverðir teljist embættismenn. Þeir skulu því, skv. 1. mgr. 23. gr. laganna, skipaðir í embætti til fimm ára í senn. Ekki er kveðið á um það í lögunum að þeir skuli skipaðir af fjármálaráðherra, eins og tíðkast hefur, heldur kveða lögin á um að *stjórnvald* skipi í embætti. Það fyrirkomulag að ráðherra skipi tollverði þykir óþarflega þungt í vöfum og er því breyting þessi lögð til. Þessi tilhögun er í samræmi við það vinnuréttarsamband sem er á milli tollstjóra og þeirra tollvarða sem starfa í umboði hans. Tilfærslur milli starfa innan embættisins verða einnig mun auðveldari, auk þess sem breytingin er í samræmi við þá stefnu ríkisins sem mótuð var með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að færa ákvörðunarvald um kjör starfsmanna í auknum mæli til stjórnenda einstakra stofnana.

Eins og áður segir eru tollverðir lögum samkvæmt embættismenn og skulu samkvæmt því skipaðir til fimm ára í senn. Hins vegar er ekki ljóst af gildandi lögum hvernig haga skuli ráðningarmálum þegar tollverðir eru til reynslu fyrstu mánuðina í starfi, við forföll eða áður en starfsmaður lýkur tollskólanum. Atriði sem þessi valda vandkvæðum í framkvæmd. Æskilegt er að hægt verði að setja mann í starf tollvarðar tímabundið í tilteknum tilvikum áður en hann fær fulla skipun til fimm ára. Af þessum sökum er lagt til að tollstjórum og ríkistollstjóra verði heimilt að setja menn tímabundið til starfa sem tollverði meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa þá að fullu á meðan þeir stunda nám við tollskólann, svo og vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða.

Um 6. gr.

Í greininni er lögð til breyting á málsmeðferðarreglum við endurákvörðun ríkistollstjóra á aðflutningsgjöldum. Um er að ræða sams konar breytingu og lögð er til í frumvarpinu

varðandi málsmeðferð við endurákvörðun hjá tollstjórum og vísast til athugasemda við 12. og 13. gr. frumvarpsins um þá breytingu.

Um 8. gr.

Lagt er til að núgildandi 39. gr. laganna verði málsgrein í 38. gr. laganna í stað þess að vera sjálfstæð lagagrein.

Um 10. gr.

Lögð er til smávægileg orðalagsbreyting á ákvæði 1. mgr. 50. gr. laganna til þess að færa lagaákvæðið til samræmis við ríkjandi framkvæmd, þ.e. að tollstjórar geti sjálfir tekið ákvörðun um framhald máls, m.a. um það hvort ákært verði í máli.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. og 13. gr.

Lagt er til að felld verði út úr 100. gr. heimild til að kæra endurákvörðun tollstjóra aftur til tollstjóra. Misræmis gætir í 99. gr. annars vegar og 100. gr. hins vegar. Í 99. gr. er gert ráð fyrir að í endurákvörðun tollstjóra sé þess getið að heimilt sé að kæra úrskurðinn til ríkistollanefndar. Aftur á móti er í 100. gr. kveðið á um kærufrest á endurákvörðun tollstjóra aftur til tollstjóra. Til þess að taka af allan vafa í þessum efnum er lagt til að endurákvörðun tollstjóra verði kæranleg beint til ríkistollanefndar en ákvörðun tollstjóra aftur til tollstjóra og svo til ríkistollanefndar. Með þessu fyrirkomulagi eru málsmeðferðarreglur tollalaga aðlagaðar málsmeðferðarreglum skattalaga, en á árinu 1996 var málsmeðferð á skattstjórastigi stytt um eitt kærustig við endurákvörðun skatta. Þeirri breytingu var ætlað að miða að aukinni skilvirkni á skattstjórastigi án þess þó að skerða réttaröryggi skattaðila. Í athugasemdum með þeim breytingum kom skýrt fram að engar breytingar yrðu á rannsóknar- eða rökstuðningsskyldu stjórnavalda né andmælarétti. Reglur þessar kæmu ýmist fram í skattalögunum sjálfum eða stjórnsýslulögum. Sömu sjónarmið eiga að sjálfsögðu við um tollalög þó breytingunum sé ætlað að leiða til tíma- og vinnusparnaðar bæði hjá innflytjendum og tollyfirvöldum. Því hefur verið haldið fram að í framkvæmd séu mál nokkuð þung í vöfum eftir endurákvörðun og að við kæruúrskurði verði sjaldnast miklar breytingar þar sem allar málsástæður, lagarök og gögn hafi að jafnaði komið fram þegar endurákvörðun hefur verið boðuð. Sú formlega breyting sem lagt er til að verði á ákvæðinu er að tollstjóra verði gert að kveða upp úrskurð um endurákvörðunina sem síðan sé kæranlegur til ríkistollanefndar.

Um 14. gr.

Í a- og b-liðum er lagt til að skýrt verði kveðið á um að úrskurður tollstjóra um endurákvörðun verði kæranlegur til ríkistollanefndar í samræmi við það sem áður hefur komið fram um þá breytingu sem lagt er til að verði á öðrum málsmeðferðarákvæðum laganna.

Í c- og d-liðum er lögð til breyting á orðalagi 5. mgr. ákvæðisins og brottfall 11. mgr. þess. Skýringin er sú að þessar málsgreinar eru nánast samhljóða og virðist sem láðst hafi að fella brott 11. mgr. við breytingu þá er gerð var á lagagreininni með 27. gr. laga nr. 69/1996.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á ákvæðum 1. og 2. mgr. 111. gr. laganna þar sem kveðið er á um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.

Í núgildandi 1. mgr. 111. gr. kemur fram að ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvíli á þeim sem kemur fram gagnvart tollyfirvöldum. Í 2. mgr. er síðan tekið fram að sé innflytjandi eða viðtakandi annar aðili en sá sem kemur fram gagnvart tollyfirvöldum ábyrgist þeir *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda.

Lagt er til að þess í stað verði kveðið á um þá meginreglu að innflytjandi, eða eftir atvikum viðtakandi vöru, beri ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Komi annar en innflytjandi eða viðtakandi vöru fram gagnvart tollyfirvöldum við tollmeðferð beri sá aðili þó ásamt innflytjanda *in solidum* ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð þessa aðila falli hins vegar brott þegar aðflutningsgjöld hafa verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda sem nýtur greiðslufrests í tolli (tollkrít). Þó mundi solidarisk ábyrgð ekki falla brott í þeim tilvikum er umboðs- eða rekstraraðili hefur ekki haft heimild frá innflytjanda eða viðtakanda til að óska eftir skuldfærslu gjalda á innflytjanda eða viðtakanda eða ef umboðs- eða rekstraraðili vissi eða mátti vita að upplýsingar sem veittar voru við tollafgreiðslu væru rangar eða ófullnægjandi.

Um 17. gr.

Lögð er til breyting á ákvæði 1. mgr. 121. gr. laganna á þann veg að nægilegt verði fyrir útflytjendur að veita tollstjórum upplýsingar um útflutninginn áður en varan er flutt úr landi í stað þess að skylda sé lögð á þá að veita þessar upplýsingar áður en vara er afhent til útflutnings.

Um 18. gr.

Lagt er til að orðalagi og uppsetningu 122. gr. laganna verði breytt lítillega til þess að tvímælalaust verði að greinin eigi almennt við um upprunayfirlýsingu framleiðenda vara sem notið geta fríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Eins og ákvæðið hljóðar nú vísar það eingöngu til almennra upprunareglna sem um ræðir í 1. mgr. 122. gr. og á rætur að rekja til ákvæða í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í þeim samningi er gert ráð fyrir að settar verði almennar upprunareglur vegna vöruviðskipta sem samningurinn tekur til og er nú af hálfu Alþjóðlegu tollastofnunarinnar (WCO, áður Tollasamvinnustofnunin) unnið að gerð slíkra reglna.

Um 19. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lögin nýjum viðauka sem verði hluti af viðauka II við gildandi lög og fái heitið Viðauki IIC. Í honum eru tilgreind tollskrárnúmer vegna vara sem tollar falla niður af og óheimilt verður að leggja tolla á samkvæmt ráðherrayfirlýsingunni í Singapore 1996. Þó eru ekki tilgreind tollskrárnúmer sem falla undir ákvæði ráðherrayfirlýsingarinnar sem Ísland hefur þegar skuldbundið sig til að leggja ekki tolla á samkvæmt Marakess-bókuninni við hinn almenna samning um tolla og viðskipti 1994 (viðauki IIB við tollalög). Að öðru leyti vísast til skýringa í almennum athugasemdum.

20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum tollalaga nr. 55/1987. Meginbreytingin felst í því að lagt er til að lögfestur verði viðauki við lögin er tilgreini ýmsar vörur á sviði upplýsingatækni sem tollar falli niður af og óheimilt verði að leggja tolla á. Þá eru lögð til breyting á reglum um solidariska ábyrgð umboðsaðila og rekstraraðila frísvæðis eða tollvörugeymslna, um skipun tollvarða og um endurákvörðun aðflutningsgjalda, auk annarra smávægilegra breytinga.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar þessar hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1051. Frumvarp til laga [620. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, með síðari breytingum.

1.gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skylt er að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu verk sem áætlað er að nemi a.m.k. því verðmæti án virðisaukaskatts sem getið er um í 1. og 2. tölul. þessarar málsgreinar.

1. 5.150.548 evrópskra mynteininga (ECU), enda er ekki um að ræða verk sam falla undir 2. tölul.
2. 5.000.000 ECU þegar um verk er að ræða sem falla undir viðauka við lög þessi og þau eru boðin út af aðila sem fellur undir 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. Sama gildir þegar þessir aðilar bjóða út verk sem tengjast byggingarframkvæmdum fyrir sjúkrahús, mannvirkjum til íþrótta- og tómstundaiðkunar, byggingarframkvæmdum við skóla og háskóla og byggingarframvæmdum fyrir stjórnsýslu.

b. 2. mgr. orðast svo

Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem auglýst hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA og í gildi var þann dag sem auglýsing skv. 24. gr. var send til birtingar.

c. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Fjárhæð viðmiðunarmarka í ECU skv. 1. tölul. 1. mgr. breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á gengi ECU gagnvart SDR, í fyrsta skipti 1. janúar 2000.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Nái áætlað heildarverðmæti verksins þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 22. gr. er skylt að bjóða út einstaka verkáfanga á Evrópska efnahagssvæðinu.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ekki þarf þó að bjóða út einstaka áfanga sem að verðmæti nema allt að 1 milljón ECU án virðisaukaskatts, enda nái verðmæti þessara áfanga ekki 20% af áætluðu heildarverðmæti verksins.

3.gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Aðili skv. 1. gr. skal tilkynna með auglýsingu þá ákvörðun sína að gera sérleyfissamning um verkframkvæmdir þegar slíkir samningar ná þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. Sama skylda hvílir á sérleyfishafa samkvæmt slíkum samningum þótt hann falli hvorki undir ákvæði 1. gr. né 2. eða 3. málsl. 1. mgr. 21. gr.
b. Á eftir orðunum „1. mgr." í 2. mgr. kemur: og 2. mgr.

4. gr.

Í stað 25.–31. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

Um meðferð ágreiningsmála, bótaskyldu, valds við Eftirlitsstofnunar EFTA, heimildir fjármálaráðherra í tilefni af tilkynningum Eftirlitsstofnunar EFTA og skýrslugerð fer skv. 13.–16. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup.

5. gr.

35. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

6. gr.

Við lögin bætist viðauki sem orðast svo:

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær tegundir verka sem vísað er til í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga þessara. Viðaukinn er byggður á XI. viðauka, flokki 50, hópi 502, við tilskipun ráðsins nr. 93/37/EBE frá 14. júní 1993.

Tegundir verka:

Almenn mannvirkjagerð.

Jarðvegsvinna.

Smíði brúa, ganga og stokka; borun.

Vatnsvirkjun (ár, skurðir, hafnir, stíflur, flóðgáttir og -garðar).

Vegagerð (þar með talin sérhæfð lagning flugvalla og flugbrauta).

Sérhæfð byggingarvinna við vatnsmannvirki (þ.e. við áveitur, framræslu, vatnsveitu, hreinsun og losun fráveituvatns o.s.frv.).

Sérhæfð starfsemi á öðrum sviðum mannvirkjagerðar.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

7. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun (Ríkiskaup) sem starfar samkvæmt ákvæðum 1. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „Innkaupastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 5. gr. laganna og orðsins „Innkaupastofnunin“ í 1. málsl. 6. gr. og í 1. málsl. 7. gr. laganna kemur: Ríkiskaup.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „vörum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og þjónustu.
b. Á eftir orðinu „innkaupum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: á vörum.
c. Í stað upphæðarinnar „200.000“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 206.020.
d. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: 133.914 ECU vegna innkaupa á vegum Ríkiskaupa eða annarra stofnana í eigu ríkisins sem fengið hafa heimild skv. 3. gr. til að bjóða út enda sé ekki um að ræða stofnanir eða fyrirtæki sem falla undir 3. og 4. tölul. eða kaup á þjónustu sem fellur undir viðauka I við lög þessi.
e. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: 600.000 ECU ef innkaupin eru gerð af fyrirtækjum eða stofnunum sem reka fjarskiptakerfi eða veita almenna fjarskiptaþjónustu.
f. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Fjárhæð viðmiðunarmarka í ECU skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á gengi ECU gagnvart SDR, í fyrsta skipti 1. janúar 2000.
g. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:
   Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem auglýst hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA og í gildi er þann dag sem auglýsing skv. 12. gr. er send til birtingar.

10. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (13. gr.)

Nú hefur verið óskað eftir lögbanni vegna ákvarðana sem kaupandi, sem lög þessi taka til, hefur tekið í tengslum við undirbúning innkaupa, framkvæmd útboðs eða undirbúning samnings um innkaup sem gerðarbeiðandi telur að feli í sér brot á ákvæðum laga þessara, laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og skal þá ákvæði 1. tölul. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., ekki koma í veg fyrir að lögbanni verði beitt.

b. (14. gr.)

Kaupandi er bótaskyldur samkvæmt almennum reglum vegna þess tjóns sem brot á ákvæðum laga þessara, laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eða reglugerða settra samkvæmt þeim hefur í för með sér fyrir seljanda. Nú eru líkur á því að samið hefði verið við seljanda hefðu ákvæði þau sem tilgreind eru í 1. málsl. ekki verið brotin og skal hann þá eiga rétt á bótum vegna missis þess ávinnings sem hann varð af vegna þess að ekki var við hann samið.

c. (15. gr.)

Telji Eftirlitsstofnun EFTA að við undirbúning innkaupa, framkvæmd útboðs eða undirbúning samnings kunni að hafa verið brotið gegn ákvæðum EES-samningsins á sviði opinberra innkaupa getur hún hafið rannsókn á meintu broti.

Eftir að kaupanda hefur borist tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA eða fjármálaráðuneyti um að stofnunin telji að um brot hafi verið að ræða skal kaupandi innan viku frá því að fyrri tilkynningin berst senda fjármálaráðuneyti:

1. staðfestingu á að bætt hafi verið úr brotinu eða
2. rökstudda greinargerð um ástæður fyrir því að úrbót hafi ekki verið gerð.

Staðfestingu skv. 1. tölul. 2. mgr. og greinargerð skv. 2. tölul. 2. mgr. skulu fylgja nauðsynleg gögn.

d. (16. gr.)

Kaupanda er skylt að senda fjármálaráðuneytinu skýrslu um þá samninga sem hann hefur gert á því formi sem ráðuneytið ákveður eigi síðar en 1. september ár hvert.

Kaupandi skal halda skýrslur um einstök útboð sem senda skal Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt beiðni stofnunarinnar.

Kaupandi skal eigi síðar en 1. febrúar ár hvert senda fjármálaráðuneytinu yfirlit yfir þá úrskurði og dóma sem kveðnir hafa verið upp vegna brota hans á ákvæði laga þessara og varða innkaup sem skylt er að bjóða út á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um hvaða upplýsingar skulu koma fram í skýrslum skv. 1.–3. mgr.

11. gr.

13. og 14. gr. laganna falla brott og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

12. gr.

15. gr. laganna, er verður 17. gr., orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi bjóðenda, val á tilboðum og starfsemi Ríkiskaupa.

13. gr.

17. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

14. gr.

Viðauki I við lögin orðast svo:

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær tegundir þjónustu sem vísað er til í 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Viðaukinn er byggður á viðauka IB og flokkum 5 og 8 í viðauka IA við tilskipun ráðsins nr. 92/50/EBE frá 18. júní 1992.

Tegund þjónustu	*CPC-flokkunarnúmer*
Hótel- og veitingaþjónusta	64
Járnbrautarflutningar	711
Flutningar á sjó- eða vatnaleiðum	72
Auka- eða viðbótarflutningaþjónusta	74
Lögfræðiþjónusta	861
Ráðningarþjónusta	872
Öryggis- og eftirlitsþjónusta, að undanskildum flutningum með brynvörðum bifreiðum	873 (þó ekki 87304)
Kennsla og starfsmenntunarþjónusta	92
Heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta	93

Tómstunda-, menningar- og íþróttaþjónusta	96
Viðhalds- og viðgerðarþjónusta	6612, 6122, 633, 886
Þjónusta við rannsóknir og þróun	85
Þjónusta vegna dagskrárútsendinga	7524
Samtengingarþjónusta	7525
Samþætt fjarskiptaþjónusta	7526

III. KAFLI
Gildistaka.
15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hafa sífellt verið gerðar strangari kröfur til opinberra aðila um hvernig staðið skuli að innkaupum vöru, þjónustu og framkvæmda. Er það í samræmi við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Einnig hefur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gert strangari kröfur um hvernig að þessum málum skuli staðið.

Þrátt fyrir þetta má segja að fyrirkomulag innkaupa ríkisins hafi verið gott miðað við önnur lönd. Hér á landi fór snemma að tíðkast notkun útboða við innkaup og formfastar reglur voru settar um tilhögun þeirra. Má að nokkru leyti þakka það því að auk þess að leita fyrirmynda í Evrópu var á sínum tíma einnig fylgst með skipan þessara mála í Bandaríkjunum.

Þau lög, sem nú eru í gildi og varða innkaup ríkisins, eru annars vegar lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og hins vegar lög nr. 52/1987, um opinber innkaup. Breytingar voru gerðar á þessum lögum með lögum nr. 55/1993 vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en í þeim samningi eru gerðar miklar kröfur um hvernig haga skuli innkaupum opinberra aðila.

Í maí 1993 samþykkti þáverandi ríkisstjórn útboðsstefnu ríkisins og var hún þáttur í því umbótastarfi sem stjórnvöld hafa unnið að til að koma á nýskipan í rekstri ríkisins. Gerðar voru kröfur um aukin útboð á vegum ríkisins og að skýrar reglur giltu um útboð þannig að jafnræðis væri gætt milli þeirra sem bjóða ríkinu viðskipti. Jafnframt var það markmið útboðsstefnunnar að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins og efla samkeppni í einkageiranum. Nokkur reynsla er nú komin af þeim tilmælum sem fólust í stefnunni. Útboð hafa aukist verulega og gætir ánægju með það hjá seljendum vöru, þjónustu og framkvæmda.

Á svipuðum tíma og útboðsstefnan var samþykkt gaf stjórn opinberra innkaupa út reglur um innkaup ríkisins. Þeim var ætlað að skýra samskipti og skapa traust milli kaupenda og seljenda. Jafnframt gaf stjórnin út handbók um innkaup innan Evrópska efnahagssvæðisins og var henni ætlað að vera opinberum aðilum leiðsögn í þeirri skyldu sem aðild að EES hafði í för með sér varðandi opinber innkaup. Nýlega voru reglur um innkaup ríkisins og ýmis atriði útboðsstefnunnar fest í sessi með því að sameina ákvæði þeirra reglugerð um opinber innkaup í reglugerð um innkaup ríkisins, nr. 302/1996.

Frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup og skipan opinberra framkvæmda var lagt fram sl. vor en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarp þetta er byggt á því frumvarpi. Helsta breytingin er að horfið er frá þeirri hugmynd að skipa sérstaka kærunefnd útboðsmála. Er gert ráð fyrir að farið verði með brot á lögunum samkvæmt almennum reglum þannig að verktakar, birgjar og þjónustuaðilar geti leitað til dómstóla og eftir atvikum sýslumanns sé brotið á rétti þeirra. Gert er ráð fyrir að ákvæði um sérstakt úrskurðarvald fjármálaráðherra sem gerir ráð fyrir að leitað sé til hans áður en mál eru borin undir dómstóla verði felld brott. Eftirlitsstofnun

EFTA hefur gert athugasemdir við þessa skipan mála og bent á að fjármálaráðuneyti og önnur ráðuneyti eiga oft hagsmuna að gæta í innkaupamálum. Ekki er hins vegar skylt að láta sérstaka úrskurðaraðila fjalla um kærumál vegna brota á reglum EES-samningins um opinber innkaup. Í Noregi og Bretlandi er t.d. fjallað um þessi mál í almenna dómskerfinu. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á þeim ákvæðum laganna sem fjalla um viðmiðunarfjárhæðir en þær breytingar eiga rót að rekja til breytinga sem gerðar voru á tilskipunum um opinber innkaup síðasta haust. Tilskipun þessi var sett til að laga löggjöf Evrópusambandsins að reglum GATT-samningsins um opinber innkaup. Einnig er til skoðunar að Ísland gerist aðili að þeim kafla GATT-samningsins sem fjallar um opinber innkaup en slíkt mundi kalla á frekari lagasetningu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að viðmiðunarmörkin verði mismunandi eftir því hvers eðlis verkið er og hver býður það út. Flestir samningar munu falla undir 1. tölul. Núgildandi mörk eru 5 milljónir ECU og því munu viðmiðunarmörkin hækka lítillega næstu tvö árin a.m.k. Í b-lið er lagt til að skýrt verði kveðið á um við hvaða gengi skuli miða útreikning viðmiðunarfjárhæða þegar þær eru umreiknaðar í íslenskar krónur. Loks er lagt til í c-lið að mörkin í ECU breytist eins og innan Evrópusambandsins, þ.e. að þau taki mið að gengi ECU gagnvart SDR.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem kveða skýrar en nú á um hvenær skylt er að bjóða út einstaka verkáfanga. Núgildandi lagaákvæði eru óskýr og ekki í nægjanlegu samræmi við þau ákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um opinber innkaup sem þau eru byggð á.

Um 3. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á reglum um auglýsingar. Samkvæmt tilskipuninni um verksamninga nr. 93/37/EBE er skylt að auglýsa ákvörðun opinbers aðila sem tilskipunin tekur til um að gera sérleyfissamning um verkframkvæmd jafnvel þótt samningurinn sé þess eðlis að ákvæði tilskipunarinnar gildi að öðru leyti ekki um samninginn. Jafnframt er sérleyfishafa samkvæmt samningi um verkframkvæmd skylt að auglýsa þá ákvörðun sína að semja um hluta verksins við þriðja aðila jafnvel þótt honun sé almennt ekki skylt að bjóða út á Evrópska efnahagsvæðinu vegna þess að hann er hvorki opinber aðili, sbr. 1. gr. laganna, né einkaaðili sem fellur undir 2. eða 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. Undir þá grein falla annars vegar aðilar sem sinna orkuveitu, vatnsveitu, fjarskiptum eða flutningum með almenningsvögnum á grundvelli einhvers konar sérleyfis en hins vegar aðilar sem bjóða út verk sem opinberir aðilar greiða a.m.k. helming kostnaðarins. Í núgildandi lögum kemur þessi skylda ekki skýrt fram og er því lagt til að hún verði lögfest. Gera má ráð fyrir að frekar fá tilvik falli þarna undir þar sem framangreind 21. gr. mundi oft eiga við um þessa aðila.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að ákvæði laga um opinber innkaup skuli gilda um atriði eins og meðferð ágreiningsmála, valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA og úrræði vegna athugasemda stofnunarinnar. Því er lagt til að þessi ákvæði séu felld brott úr lögunum um skipan opinberra framkvæmda. Eðlilegt er að þessi ákvæði séu í einum lögum og þykir heppilegra að þau séu í lögunum um opinber innkaup.

Um 5. gr.

Í núgildandi lögum eru tvær reglugerðarheimildir, þ.e. í 35. og 36. gr. Er lagt til að önnur þeirra falli brott enda óþörf.

Um 6. gr.

Hér eru tilgreind þau verk sem gert er ráð fyrir að falli undir 2. tölul. 22. gr. laganna.

Um 7. og 8. gr.

Árið 1993 var í daglegu tali farið að kalla Innkaupastofnun ríkisins Ríkiskaup. Það heiti hefur fest í sessi sem nafn stofnunarinnar. Lagt er til að ákvæðum laganna sem vísa beint í heiti stofnunarinnar verði breytt í samræmi við það.

Um 9. gr.

Í 10. gr. laganna er kveðið á um hvenær skylt er að bjóða út á Evrópska efnahagsvæðinu en það er eingöngu skylt þegar innkaupin fara upp fyrir ákveðin viðmiðunarmörk.

Í þessari grein eru lagðar til nokkrar breytingar á þessum viðmiðunarmörkum. Í fyrsta lagi er skýrt kveðið á um að kaup á þjónustu eigi að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu en lægstu viðmiðunarmörkin vegna slíkra innkaupa eru 133.914 ECU án virðisaukaskatts og mun það verða hin almenna regla við þjónustukaup ríkisins. Þá er lagt er til að tekin verði upp tilvísun í nýjan viðauka við þjónustukaup en að tilvísun í viðauka vegna vörukaupa falli niður enda hefur sá viðauki ekki lengur raunhæfa þýðingu. Þá er lagt til að viðmiðunarmörkin breytist framvegis með hliðsjón af breytingum á gengi ECU gagnvart SDR á tveggja ára fresti og breytist þannig með sama hætti og innan Evrópusambandsins.

Í c-lið er lagt til að sérstök tilvísun til Pósts og síma falli brott og ákvæðið verði þannig almennt orðað og loks er lagt til að skýrt verði kveðið á um við hvaða gengi skuli miða útreikning viðmiðunarfjárhæða þegar það er umreiknað í íslenskar krónur.

Um 10. gr.

Um a-lið (13. gr.).

Samkvæmt tilskipun nr. 89/665/EBE sem fjallar um meðferð kærumála vegna brota á reglum EES-samningsins um opinber innkaup ber aðildarríkjunum að sjá til þess að ráðstafanir þær sem gerðar eru og varða meðferð kæru veiti heimild til þess að stöðva um stundarsakir útboð og gerð samnings eða framkvæmd ákvarðana sem kaupendur hafa tekið. Gert er ráð fyrir að hér á landi gildi almenn réttarfarsúrræði, aðilar sem telja rétt á sér brotinn geti leitað til sýslumanns og óskað eftir lögbanni og að um gerðina fari eftir lögum kyrrsetningu og lögbann. Hins vegar er í 1. tölul. 3. mgr. 24. gr. þeirra laga ákvæði þess efnis að lögbann verði ekki lagt við athöfn ef skaðabætur eru taldar tryggja hagsmuni gerðarbeiðanda nægjanlega. Slík takmörkun er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og er því lagt til að réttur til bóta komi ekki í veg fyrir að lagt verði á lögbann á athafnir sem tengjast innkaupum sem falla undir lögin. Gerðarbeiðandi yrði síðan að höfða staðfestingarmál með venjulegum hætti. Í slíku máli gæti hann t.d. krafist þess að ólögmæt ákvæði í útboðsauglýsingu eða útboðsgögnum sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim eða meginregla EES-samningsins væru felld brott.

Um b-lið (14. gr.).

Hér er fjallað um bótaskyldu og bótafjárhæðir. Um bótaskylduna fer samkvæmt almennum reglum og verða því skilyrði um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu að vera fyrir hendi til þess að um bótaskyldu geti verið að ræða. Bótafjárhæðin er ekki takmörkuð. Seljandi gæti

því átt rétt á bótum vegna tapaðs ávinnings enda væru líkur fyrir því að samið hefði verið við hann hefðu reglur ekki verið brotnar. Viðkomandi seljandi yrði að sanna orsakasambandið milli brotsins og þess að ekki var samið við hann og einnig verður hann að sýna fram á líklegt væri að samið hefði verið við hann ef reglurnar hefðu ekki verið brotnar.

Í núgildandi lögum eru bætur takmarkaðar við kostnað bjóðanda við að taka þátt í útboði. Það hefur ekki verið talið nægjanlegt þar sem kostnaður bjóðenda við að taka þátt í útboði er ekki verulegur. Raunverulegt tjón getur verið meira, m.a. vegna tapaðra viðskipta sem leiðir af því að fá ekki umrædd viðskipti.

Um c-lið (15. gr.).

Í þessari grein er kveðið á um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði opinberra innkaupa og úrræði ráðuneytisins vegna athugasemda stofnunarinnar. Sams konar ákvæði er í gildandi lögum en það er byggt á bókun 2 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Eftirlitsstofnunin getur bæði hafið rannsókn að eigin frumkvæði og samkvæmt kæru en dæmi um hvort tveggja eru til hér á landi.

Um d-lið (16. gr.).

Í þessari grein er fjallað um skýrslugjöf en nú er ákvæði um þetta atriði í 30. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, sbr. 14. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup. Lagt er til að skyldan verði víðtækari og taki til allra samninga sem lögin taka til en ekki eingöngu til þeirra samninga sem eru yfir viðmiðunarmörkum EES-reglnanna. Jafnframt er lagt til að kaupendur sendi fjármálaráðuneytinu yfirlit yfir þá úrskurði og dóma sem kveðnir hafa verið upp í tengslum við innkaup sem eru yfir viðmiðunarmörkunum. Samkvæmt tilskipuninni um meðferð kærumála er skylt að senda skýrslu til ESA um meðferð kærumála á undangengnu ári eigi síðar en 1. mars. ár hvert. Þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir að brot á lögunum sæti fyrst kæru til fjármálaráðherra er nauðsynlegt að fá upplýsingar um þessi mál frá kaupendum.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að 13. gr. gildandi laga sem fjallar um meðferð kærumála verði felld úr gildi en í stað þess er gert ráð fyrir að almenn ákvæði gildi um meðferð þessara mála, sbr. almennar athugasemdir. Jafnframt er lagt til að 14. gr. laganna sem vísar um ýmis atriði, svo sem meðferð kærumála og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA, í lög um skipan opinberra framkvæmda verði felld brott. Eðlilegra þykir að ákvæði um þessi atriði verði í lögum um opinber innkaup, sbr. athugasemdir við 4. gr.

Um 12. og 13. gr.

Í núgildandi lögum eru tvær reglugerðarheimildir, þ.e. í 15. og 16. gr. Er lagt til að önnur þeirra falli brott enda óþörf. Þar sem gert er ráð fyrir að núverandi viðauki við lögin falli brott, sbr. 14. gr., er lagt til að heimildir ráðherra til breytinga á viðaukanum falli niður.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að núverandi viðauki sem fjallar um tiltekin vörukaup falli brott þar sem hann er óþarfur en í stað hans komi nýr viðauki sem fjallar um kaup á tilteknum tegundum þjónustu. Ekki verður skylt að bjóða út þá þjónustu sem fellur undir þennan viðauka fyrr en hún nær þeim mörkum sem tilgreind eru í 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna, þ.e. 206.020 ECU, jafnvel þótt hún sé á vegum Ríkiskaupa eða annarra stofnana ríkisins og ætti því að öðru óbreyttu að falla undir 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. og þar með gilda lægri viðmiðunarmörk. Viðaukinn tekur til þerrar þjónustu sem tilgreind er í viðaukanum þegar hún fellur undir þau CPC-flokkunarnúmer sem fram koma í seinni dálkinum í viðaukanum.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum atriðum í fyrirkomulagi opinberra innkaupa og framkvæmda, svo sem á viðmiðunarfjárhæðum vegna verka sem bjóða þarf út á Evrópska efnahagssvæðinu og á málsmeðferð vegna brota á lögunum. Frumvarpið var áður flutt á vorþingi árið 1997 en hlaut ekki afgreiðslu þá. Helsta breytingin frá því frumvarpi er að ekki er gert ráð fyrir að kærumálum verði vísað til sérstakrar kærunefndar útboðsmála heldur verði dæmt um þau hjá almennum dómstólum.

Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins muni leiða til aukinna útgjalda ríkissjóðs.

1052. Tillaga til þingsályktunar [622. mál]

um fullgildingu stofnsamnings Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar sem lagður var fram til undirritunar í Seúl 11. október 1985.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á stofnsamningi Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar (Multilateral Investment Guarantee Agency — MIGA) sem lagður var fram til undirritunar í Seúl 11. október 1985. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningurinn öðlaðist gildi með aðild tilskilins fjölda ríkja 12. apríl 1988 og stofnunin tók til starfa árið 1989. Í lok fjárhagsársins 1997 voru aðildarríki stofnunarinnar 141 og auk þeirra voru 19 ríki að undirbúa aðild. Meðal aðildarríkja eru Bandaríkin, Kanada, Japan og öll ríki Vestur-Evrópu, þar á meðal Norðurlöndin, að Íslandi frátöldu. Stofnunin er ein af fimm stofnunum Alþjóðabankans og sú eina sem Ísland er ekki aðili að. Hinar stofnanirnar eru Alþjóðabankinn til endurbyggingar og nýbyggingar (IBRD), Alþjóðaframfarastofnunin (IDA), Alþjóðalánastofnunin (IFC) og Alþjóðastofnunin um lausn fjárfestingardeilna (ICSID). Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin hefur aðsetur í Washington. Aðild að stofnuninni er heimil öllum aðildarríkjum Alþjóðabankans.

Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin er til komin vegna víðtæks stuðnings við þá hugmynd að beinar erlendar fjárfestingar einkaaðila séu mikilvægur þáttur í að auka hagsæld þróunarlandanna. Einnig liggur fyrir að aðstæður til fjárfestinga í mörgum þessara landa eru að ýmsu leyti erfiðar og að áhætta sem ekki er viðskiptalegs eðlis hefur verið alvarleg hindrun í vegi fjárfestinga af þessu tagi. Stofnuninni er ætlað að draga úr áhrifum þessarar hindrunar og að stuðla með þeim hætti að vexti beinna erlendra fjárfestinga í þróunarlöndunum.

Umfang starfsemi stofnunarinnar frá því að hún hóf að veita ábyrgðir árið 1990 hefur verið verulegt og árangur verið uppörvandi. Í lok fjárhagsársins 1997 hafði stofnunin veitt 293 ábyrgðir, tekist á hendur ábyrgðarskuldbindingar sem námu 3,4 milljörðum Bandaríkjadala og stuðlað að fjárfestingum í þróunarlöndunum sem námu 20 milljörðum Bandaríkjadala og sköpuðu 38.820 störf. Enn hefur engin ábyrgð fallið á stofnunina.

Stofnunin hefur eigið hlutafé og veitir ábyrgðir í eigin nafni. Hlutafé hennar er einn milljarður SDR sem skiptist í 100.000 jafnstóra hluti. Lágmarkshlutafjáreign einstakra ríkja er 50 hlutir og ber Íslandi að skrá sig fyrir 90 hlutum við aðild að stofnuninni, að verðmæti u.þ.b. 70 milljónir kr. (900.000 SDR). 10% hlutafjárins skal greiða með reiðufé, önnur 10% með vaxtalausu skuldabréfi og stofnunin getur síðan kallað eftir þeim 80% sem eftir standa til að fullnægja skuldbindingum sínum. Ekki er gert ráð fyrir að til þess komi að skuldabréfið verði innleyst eða kallað eftir ógreiddum skuldbindingum aðildarríkjanna, enda er stofnuninni ætlað að starfa á grundvelli traustra, viðskiptalegra sjónarmiða. Raunverulegur kostnaður Íslands við aðild yrði því um 7 milljónir kr. sem endurheimtust ákvæði Ísland síðar að hætta aðild að stofnuninni og selja hlut sinn. Á fjárlögum fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir þessum kostnaði.

Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin veitir einkum ferns konar ábyrgðir vegna áhættu sem ekki er viðskiptalegs eðlis:

1. Vegna hindrana gegn gjaldeyrisyfirfærslum sem varna því að hægt sé að fá gjaldmiðli gistilands skipt í annan gjaldmiðil.
2. Vegna eignaupptöku eða annarra sambærilegra aðgerða.
3. Vegna tiltekinna samningsbrota ríkisstjórnar gistilands.
4. Vegna ófriðar og óeirða.

Þessu til viðbótar getur aukinn meiri hluti stjórnar stofnunarinnar ákveðið að veita ábyrgð gagnvart annarri áhættu komi fram ósk um slíkt frá fjárfesti og gistilandi sameiginlega.

Stofnunin ábyrgist allt að 90% þess tjóns sem fjárfestir kann að verða fyrir, þó aldrei meira en 50 milljónir Bandaríkjadala vegna einstaks verkefnis. Ábyrgðarþegi greiðir iðgjald í hlutfalli við þá fjárhæð sem ábyrgð er veitt fyrir og er iðgjaldið breytilegt eftir þeim greinum sem fjárfest er í.

Stofnunin ábyrgist eingöngu nýjar fjárfestingar, þ.e. fjárfestingar sem eiga sér stað eftir að umsókn um ábyrgð er skráð hjá stofnuninni. Endurfjármögnun sem fyrir fram er sótt um ábyrgð fyrir getur talist ný fjárfesting í þessum skilningi. Ábyrgð er einkum veitt vegna eignarhluta í eigin fé, meðal- og langtímalána sem eigendur eigin fjár veita eða ábyrgjast og annarra beinna fjárfestinga eftir því sem stjórnin kann að ákveða. Gjaldgengir fjárfestar eru ríkisborgarar eða fyrirtæki í aðildarríki og gjaldgeng er fjárfesting sem á sér stað í þróunarlandi sem einnig er aðili að stofnuninni. Í þessu sambandi skal vanþróuðustu löndunum veittur forgangur. Stofnunin getur einnig endurtryggt aðra aðila sem veita sambærilega ábyrgðarþjónustu og hún, en upphaflegur ábyrgðarþegi skal engu síður uppfylla sömu skilyrði og ef ábyrgðin væri veitt beint af stofnuninni.

Auk þeirra ábyrgða sem að framan greinir getur stofnunin ábyrgst aðrar fjárfestingar eða veitt frekari endurtryggingar ef eitt eða fleiri aðildarríki fallast á að styðja sérstaklega umræddar fjárfestingar. Í þessum tilgangi er til staðar sérstakur stuðningssjóður sem þau ríki ein greiða í sem styðja einhverjar framkvæmdir með þessum hætti og er hann algerlega skilinn frá öðrum sjóðum stofnunarinnar. Geta síðarnefndu sjóðirnir aldrei staðið til ábyrgðar á skuldbindingum þess fyrrnefnda. Nokkuð aðrar reglur gilda um hvaða fjárfestingar eru gjaldgengar vegna ábyrgðar úr stuðningssjóðnum, t.d. má veita úr honum ábyrgðir vegna fjárfestinga í þróuðum ríkjum.

Enn fremur stundar Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin rannsóknir, dreifir upplýsingum um fjárfestingartækifæri í þróunarlöndunum og hvetur til beinnar erlendrar fjárfestingar með öðrum hætti. Stofnunin aðstoðar þróunarlönd við að markaðssetja fjárfestingartækifæri og auk þess getur stofnunin að beiðni aðildarríkis veitt tæknilega aðstoð í því skyni að bæta fjárfestingaraðstæður þar. Slík þjónusta er veitt gegn viðeigandi gjaldi eða endurgjaldslaust þegar við á.

Ljóst er að aðild að Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnuninni mundi þjóna beint markmiðum Íslands um aukna þátttöku í þróunaraðstoð með hóflegum tilkostnaði. Ekki er síður mikilvægur sá hagur sem íslenskir fjárfestar kæmu til með að hafa af aðildinni.

Fjárfestingar íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í þróunarlöndum sem eru aðilar að Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnuninni eða hyggja á aðild hafa stóraukist á undanförnum árum og vænta má frekari landvinninga íslenskra fjárfesta. Aðgangur að ábyrgðum stofnunarinnar gæti orðið þessum fjárfestum kærkomin leið til að fyrirbyggja fjárhagsleg skakkaföll af völdum atvika sem þeir fá ekki við ráðið.

Íslenskir bankar hafa verið tregir til að lána fyrirtækjum fé til fjárfestinga í viðsjárverðu fjárfestingarumhverfi þróunarlandanna. Búast má við að aðgangur að innlendu lánsfé yrði til mikilla muna greiðari nytu fjárfestingarnar ábyrgðar af því tagi sem stofnunin veitir og að íslenskum fyrirtækjum opnuðust þannig ný sóknarfæri utan landsteinanna. Slíkar ábyrgðir

mundu með samsvarandi hætti greiða fyrir aðgangi íslenskra aðila að fjármagni frá alþjóðlegum bankastofnunum.

Fylgiskjal.

STOFNSAMNINGUR FJÖLÞJÓÐLEGU FJÁRFESTINGARÁBYRGÐASTOFNUNARINNAR

CONVENTION ESTABLISHING THE MULTILATERAL INVESTMENT GUARANTEE AGENCY

INNGANGSORÐ

PREAMBLE

Samningsríkin

The Contracting States

hafa í huga þörfina á að auka alþjóðlega samvinnu á sviði hagþróunar og að hvetja til þess að erlendar fjárfestingar almennt og einkum erlendar fjárfestingar einkaaðila stuðli að slíkri þróun;

considering the need to strengthen international co-operation for economic development and to foster the contribution to such development of foreign investment in general and private foreign investment in particular;

viðurkenna að ef létt væri áhyggjum af áhættum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis mundi það auðvelda streymi erlendra fjárfestinga til þróunarlanda og hvetja til þess;

recognizing that the flow of foreign investment to developing countries would be facilitated and further encouraged by alleviating concerns related to non-commercial risks;

æskja þess að auka streymi fjármagns og tækni sem stuðlar að framleiðslu til þróunarlanda við skilyrði sem samsvara þróunarþörf þeirra, stefnu og markmiðum, á grundvelli sanngjarnra og stöðugra staðla um meðferð erlendra fjárfestinga;

desiring to enhance the flow to developing countries of capital and technology for productive purposes under conditions consistent with their development needs, policies and objectives, on the basis of fair and stable standards for the treatment of foreign investment;

eru sannfærð um að Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin geti gegnt mikilvægu hlutverki í því að hvetja til erlendra fjárfestinga og komi þannig til móts við fjárfestingarábyrgðaáætlanir einstakra landa og svæða og vátryggingafélög í einkaeign sem tryggja gegn áhættu sem ekki er viðskiptalegs eðlis;

convinced that the Multilateral Investment Guarantee Agency can play an important role in the encouragement of foreign investment complementing national and regional investment guarantee programs and private insurers of non-commercial risk; and

gera sér ljóst að rétt er að slík stofnun uppfylli skuldbindingar sínar að sem mestu leyti án þess að ganga á innkallanlegt hlutafé sitt og að besta leiðin að því markmiði er að halda áfram að bæta aðstæður til fjárfestinga;

realizing that such Agency should, to the extent possible, meet its obligations without resort to its callable capital and that such an objective would be served by continued improvement in investment conditions,

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

have Agreed as follows:

I. KAFLI

Stofnsetning, staða, tilgangur og skilgreiningar.

1. gr.

Stofnsetning og staða stofnunarinnar.

a) Hér með er Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin (sem nefnist hér á eftir „stofnunin“) sett á stofn.

b) Stofnunin skal vera fullgild lögpersóna og nánar tiltekið njóta rétthæfis til að:

(i) gera samninga;
(ii) eignast lausafjármuni og fasteignir og ráðstafa þeim; og
(iii) hefja málsókn.

2. gr.

Markmið og tilgangur.

Markmið stofnunarinnar er að hvetja til streymis fjárfestinga sem leiða til framleiðslu meðal aðildarlanda, einkum til þróunaraðildarlanda, og vera þannig viðbót við starfsemi Alþjóðabankans til endurbyggingar og nýbyggingar (sem nefnist hér á eftir „bankinn“), Alþjóðalánastofnunarinnar og annarra alþjóðlegra þróunarbanka.

Til að vinna að markmiði sínu skal stofnunin:

a) gefa út ábyrgðir, þar á meðal samábyrgðir og endurtryggingar, gagnvart áhættum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis að því er varðar fjárfestingar í aðildarlöndum sem koma frá öðrum aðildarlöndum;
b) sinna viðeigandi viðbótarstarfsemi til að stuðla að streymi fjárfestinga til og milli þróunaraðildarlanda; og
c) fara með önnur tilfallandi umboð sem kunna að reynast nauðsynleg eða æskileg til að stuðla að því að hún nái markmiði sínu.

Stofnunin skal leggja ákvæði þessarar greinar til grundvallar öllum ákvörðunum sínum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum samningi merkir:

a) „aðildarland“ ríki sem þessi samningur hefur öðlast gildi gagnvart í samræmi við 61. gr.,

b) „gistiland“ eða „gististjórn“ aðildarland, ríkisstjórn þess eða opinbert yfirvald aðildarlands sem hýsir á yfirráðasvæði sínu, eins og það er skilgreint í 66. gr., fjárfestingu sem stofnunin hefur veitt, eða íhugar að veita, ábyrgð eða endurtryggingu vegna,

CHAPTER I

Establishment, Status, Purposes and Definitions

ARTICLE 1

Establishment and Status of the Agency

(a) There is hereby established the Multilateral Investment Guarantee Agency (hereinafter called the Agency).

(b) The Agency shall possess full juridical personality and, in particular, the capacity to:

(i) contract;
(ii) acquire and dispose of movable and immovable property; and
(iii) institute legal proceedings.

ARTICLE 2

Objective and Purposes

The objective of the Agency shall be to encourage the flow of investments for productive purposes among member countries, and in particular to developing member countries, thus supplementing the activities of the International Bank for Reconstruction and Development (hereinafter referred to as the Bank), the International Finance Corporation and other international development finance institutions.

To serve its objective, the Agency shall:

(a) issue guarantees, including coinsurance and reinsurance, against non-commercial risks in respect of investments in a member country which flow from other member countries;

(b) carry out appropriate complementary activities to promote the flow of investments to and among developing member countries; and
(c) exercise such other incidental powers as shall be necessary or desirable in the furtherance of its objective.

The Agency shall be guided in all its decisions by the provisions of this Article.

ARTICLE 3

Definitions

For the purposes of this Convention:

(a) "Member" means a State with respect to which this Convention has entered into force in accordance with Article 61.
(b) "Host country" or "host government" means a member, its government, or any public authority of a member in whose territories, as defined in Article 66, an investment which has been guaranteed or reinsured, or is considered for guarantee or reinsurance, by the Agency is to be located.

c) „þróunaraðildarland" aðildarland sem er tilgreint sem slíkt í skrá A eins og stjórnarnefndin sem um getur í 30. gr. (sem nefnist hér á eftir „nefndin") kann að hafa breytt henni á hverjum tíma,

d) „sérstakur meiri hluti" jáatkvæði ekki minna en tveggja þriðju hluta heildaratkvæðamagnsins sem nemur ekki minna en 55 hundraðshlutum skráðra hluta í hlutafé stofnunarinnar,

e) „frjáls gjaldmiðill"
(i) hvern þann gjaldmiðil sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tilnefnir sem slíkan á hverjum tíma og
(ii) hvern þann gjaldmiðil annan sem er fáanlegur án takmarkana og vel nothæfur og sem stjórnin sem getið er um í 30. gr. kann að tilnefna að því er varðar þennan samning að höfðu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og með samþykki útgáfulands gjaldmiðilsins.

II. KAFLI
Aðild og hlutafé.
4. gr.
Aðild.

a) Aðild að stofnuninni skal vera opin öllum aðildarlöndum bankans auk Sviss.

b) Stofnaðilar skulu teljast þau ríki sem nefnd eru í skrá A og gerast aðilar að þessum samningi eigi síðar en 30. október 1987.

5. gr.
Hlutafé.

a) Leyfilegt hlutafé stofnunarinnar skal vera einn milljarður sérstakra dráttarréttinda (1.000.000.000 SDR). Hlutaféð skal skiptast í 100.000 hluti sem hafi nafnverðið 10.000 SDR hver og geta aðildarlönd skrifað sig fyrir þeim. Greiða skal allar skuldbindingar aðildarlandanna að því er varðar hlutafé á grundvelli meðalverðs SDR í Bandaríkjadölum á tímabilinu 1. janúar 1981 til 30. júní 1985 sem er 1,082 Bandaríkjadalir á hvert SDR.

b) Auka skal hlutaféð við inntöku nýrra aðildarlanda að því marki sem bæta þarf við leyfilega hluti til að ná þeim fjölda hluta sem nýja aðildarlandið skal skrifa sig fyrir skv. 6. gr.

c) Nefndinni er heimilt að auka hlutafé stofnunarinnar hvenær sem er, að fengnu samþykki sérstaks meiri hluta.

(c) A "developing member country" means a member which is listed as such in Schedule A hereto as this Schedule may be amended from time to time by the Council of Governors referred to in Article 30 (hereinafter called the Council).

(d) A "special majority" means an affirmative vote of not less than two-thirds of the total voting power representing not less than 55 percent of the subscribed shares of the capital stock of the Agency.

(e) A "freely usable currency" means
(i) any currency designated as such by the International Monetary Fund from time to time and
(ii) any other freely available and effectively usable currency which the Board of Directors referred to in Article 30 (hereinafter called the Board) may designate for the purposes of this Convention after consultation with the International Monetary Fund and with the approval of the country of such currency.

CHAPTER II
Membership and Capital
ARTICLE 4
Membership

(a) Membership in the Agency shall be open to all members of the Bank and to Switzerland.

(b) Original members shall be the States which are listed in Schedule A hereto and become parties to this Convention on or before October 30, 1987.

ARTICLE 5
Capital

(a) The authorized capital stock of the Agency shall be one billion Special Drawing Rights (SDR 1,000,000,000). The capital stock shall be divided into 100,000 shares having a par value of SDR 10,000 each, which shall be available for subscription by members. All payment obligations of members with respect to capital stock shall be settled on the basis of the average value of the SDR in terms of United States dollars for the period January 1, 1981 to June 30, 1985, such value being 1.082 United States dollars per SDR.

(b) The capital stock shall increase on the admission of a new member to the extent that the then authorized shares are insufficient to provide the shares to be subscribed by such member pursuant to Article 6.

(c) The Council, by special majority, may at any time increase the capital stock of the Agency.

6. gr.

Hlutabréfaloforð.

Hver stofnaðili skal skrifa sig fyrir þeim fjölda hluta sem stendur við nafn aðildarlandsins í skrá A, á nafnverði. Önnur aðildarlönd skulu skrifa sig fyrir þeim fjölda hluta sem nefndin ákvarðar, gegn þeim skilmálum og skilyrðum sem hún ákveður, en þó má útgáfuverðið ekki vera undir nafnverði. Ekkert aðildarland má skrifa sig fyrir færri en fimmtíu hlutum. Nefndinni er heimilt að setja reglur um það hvernig aðildarlönd geta skrifað sig fyrir viðbótarhlutum í hinu leyfilega hlutafé.

7. gr.

Skipting og innköllun skráðs hlutafjár.

Hvert aðildarland skal greiða upphaflegt hlutabréfaloforð á eftirfarandi hátt:

(i) Innan níutíu daga frá gildistöku þessa samnings að því er varðar hlutaðeigandi aðildarland skal það greiða tíu hundraðshluta af verði hvers hlutar í reiðufé eins og mælt er fyrir um í a-lið 8. gr. og aðra tíu hundraðshluta í formi óframseljanlegra, vaxtalausra skuldaviðurkenninga eða sambærilegra skuldbindinga sem innleysa má í kjölfar ákvörðunar stjórnarinnar til að uppfylla skuldbindingar stofnunarinnar.

(ii) Stofnuninni er heimilt að innkalla afganginn eftir þörfum til að uppfylla skuldbindingar sínar.

8. gr.

Greiðsla hlutabréfaloforða.

a) Greiða skal hlutabréfaloforð í frjálsum gjaldmiðlum nema hvað þróunaraðildarlöndum er heimilt að greiða í eigin gjaldmiðlum allt að 25 hundraðshlutum þess hluta hlutabréfaloforðsins sem greiddur er í reiðufé skv. i-lið 7. gr.

b) Innköllun á hluta ógreiddra hlutabréfaloforða skal ná í sama hlutfalli til allra hlutabréfa.

c) Nægi sú upphæð sem stofnunin fær við innköllun ekki til að uppfylla skuldbindingarnar sem gerðu innköllunina nauðsynlega er stofnuninni heimilt að innkalla stærri hluta ógreiddra hlutabréfaloforða þar til hún hefur náð inn þeirri upphæð sem þarf til að uppfylla skuldbindingarnar.

d) Ábyrgð á hlutabréfum skal takmörkuð við ógreiddan hluta útgáfuverðs.

9. gr.

Mat á gjaldmiðlum.

Þegar nauðsynlegt reynist að meta hlutfallslegt verðmæti einstakra gjaldmiðla að því er varðar þennan samning skal stofnunin ákvarða það verðmæti á

ARTICLE 6

Subscription of Shares

Each original member of the Agency shall subscribe at par to the number of shares of capital stock set forth opposite its name in Schedule A hereto. Each other member shall subscribe to such number of shares of capital stock on such terms and conditions as may be determined by the Council, but in no event at an issue price of less than par. No member shall subscribe to less than fifty shares. The Council may prescribe rules by which members may subscribe to additional shares of the authorized capital stock.

ARTICLE 7

Division and Calls of Subscribed Capital

The initial subscription of each member shall be paid as follows:

(i) Within ninety days from the date on which this Convention enters into force with respect to such member, ten percent of the price of each share shall be paid in cash as stipulated in Section (a) of Article 8 and an additional ten percent in the form of non-negotiable, non-interest-bearing promissory notes or similar obligations to be encashed pursuant to a decision of the Board in order to meet the Agency's obligations.

(ii) The remainder shall be subject to call by the Agency when required to meet its obligations.

ARTICLE 8

Payment of Subscription of Shares

(a) Payments of subscriptions shall be made in freely usable currencies except that payments by developing member countries may be made in their own currencies up to 25 percent of the paid-in cash portion of their subscriptions payable under Article 7 (i).

(b) Calls on any portion of unpaid subscriptions shall be uniform on all shares.

(c) If the amount received by the Agency on a call shall be insufficient to meet the obligations which have necessitated the call, the Agency may make further successive calls on unpaid subscriptions until the aggregate amount received by it shall be sufficient to meet such obligations.

(d) Liability on shares shall be limited to the unpaid portion of the issue price.

ARTICLE 9

Valuation of Currencies

Whenever it shall be necessary for the purposes of this Convention to determine the value of one currency in terms of another, such value shall be as reas-

sanngjarnan hátt, að höfðu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

10. gr.
Endurgreiðsla.

a) Stofnunin skal eins fljótt og framkvæmanlegt er endurgreiða aðildarlöndunum þær upphæðir sem þau hafa greitt við innköllun skráðs hlutafjár, ef og að því marki sem:

(i) innköllunin hefur verið til að greiða kröfu sem leiðir af ábyrgðar- eða endurtryggingar samningi og stofnunin hefur síðar endurheimt greiðslu sína að fullu eða að hluta í frjálsum gjaldmiðli; eða

(ii) innköllunin hefur verið vegna vanskila einhvers aðildarlandanna og það aðildarland hefur síðar greitt vanskilin að hluta eða að fullu; eða

(iii) nefndin ákveður með sérstökum meiri hluta að fjárhagsstaða stofnunarinnar leyfi að fyrrnefndar upphæðir eða hlutar þeirra séu endurgreiddar af tekjum stofnunarinnar.

b) Endurgreiðsla til aðildarlands samkvæmt þessari grein skal vera í frjálsum gjaldmiðli í sama hlutfalli og greiðslur viðkomandi aðildarlands voru af heildarupphæðinni sem greidd var við innkallanir fyrir endurgreiðsluna.

c) Jafngildi þeirra upphæða sem aðildarlandi eru endurgreiddar samkvæmt þessari grein skulu verða hluti innkallanlegra hlutafjárskuldbindinga þess aðildarlands skv. ii-lið 7. gr.

III. KAFLI
Starfsemi.

11. gr.
Áhættur sem tryggt er gagnvart.

a) Með fyrirvara um ákvæði b- og c-liðar hér að aftan er stofnuninni heimilt að ábyrgjast fjárfestingar sem til greina koma gagnvart tjóni vegna einnar eða fleiri eftirfarandi tegunda af áhættum:

(i) *Gjaldeyrisyfirfærsla*
að gististjórnin setji hömlur á að gjaldmiðli gistilandsins sé skipt utan landsteinanna í frjálsan gjaldmiðil eða annan gjaldmiðil sem handhafi ábyrgðarinnar samþykkir, þar með talið að gististjórnin sinni ekki innan hæfilegs tíma umsókn handhafa um slíka yfirfærslu;

(ii) *Eignaupptaka og sambærilegar aðgerðir*
lagasetningu eða stjórnvaldsaðgerðum eða aðgerðaleysi af hálfu gististjórnarinnar sem sviptir handhafa ábyrgðar eignarráðum sínum eða

onably determined by the Agency, after consultation with the International Monetary Fund.

ARTICLE 10
Refunds

(a) The Agency shall, as soon as practicable, return to members amounts paid on calls on subscribed capital if and to the extent that:

(i) the call shall have been made to pay a claim resulting from a guarantee or reinsurance contract and thereafter the Agency shall have recovered its payment, in whole or in part, in a freely usable currency; or

(ii) the call shall have been made because of a default in payment by a member and thereafter such member shall have made good such default in whole or in part; or

(iii) the Council, by special majority, determines that the financial position of the Agency permits all or part of such amounts to be returned out of the Agency's revenues.

(b) Any refund effected under this Article to a member shall be made in freely usable currency in the proportion of the payments made by that member to the total amount paid pursuant to calls made prior to such refund.

(c) The equivalent of amounts refunded under this Article to a member shall become part of the callable capital obligations of the member under Article 7 (ii).

CHAPTER III
Operations

ARTICLE 11
Covered Risks

(a) Subject to the provisions of Sections (b) and (c) below, the Agency may guarantee eligible investments against a loss resulting from one or more of the following types of risk:

(i) *Currency Transfer*
any introduction attributable to the host government of restrictions on the transfer outside the host country of its currency into a freely usable currency or another currency acceptable to the holder of the guarantee, including a failure of the host government to act within a reasonable period of time on an application by such holder for such transfer;

(ii) *Expropriation and Similar Measures*
any legislative action or administrative action or omission attributable to the host government which has the effect of depriving the holder of a

stjórn á fjárfestingu sinni, eða umtalsverðum hagsmunum vegna hennar, nema um sé að ræða almennar aðgerðir án mismununar sem ríkisstjórnir beita venjulega til að hafa stjórn á atvinnustarfsemi á yfirráðasvæði sínu;

(iii) *Samningsbrot*
að gististjórnin neiti að efna samning við handhafa ábyrgðar eða brjóti gegn honum, ef (a) handhafi ábyrgðar getur ekki skotið málinu til dómstóls eða gerðardóms til að fá úr því skorið hvort um afneitun eða samningsbrot sé að ræða, eða (b) ákvörðun dómstóls eða gerðardóms berst ekki innan hæfilegs tíma sem mæla skal fyrir um í ábyrgðarsamningum samkvæmt reglum stofnunarinnar, eða (c) ekki er unnt að framfylgja slíkri ákvörðun; og

(iv) *Ófriður og óeirðir*
hernaðaraðgerðum eða óeirðum á hverju því svæði gistilandsins sem þessi samningur gildir um skv. 66. gr.

b) Sæki fjárfestirinn og gistilandið um það sameiginlega er stjórninni heimilt að samþykkja, með sérstökum meiri hluta, að ábyrgðin nái samkvæmt þessari grein til tilgreindra áhættna sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, annarra en þeirra sem um getur í a-lið hér að framan, þó ekki til hættunnar á gengislækkun eða -rýrnun.

c) Ábyrgðin skal ekki ná til tjóns af völdum eftirfarandi:

(i) aðgerðar eða aðgerðaleysis gististjórnarinnar sem handhafi ábyrgðarinnar hefur samþykkt eða borið ábyrgð á; og

(ii) aðgerðar eða aðgerðaleysis gististjórnarinnar eða annars atburðar sem verður áður en ábyrgðarsamningurinn er gerður.

12. gr.
Gjaldgengar fjárfestingar.

a) Meðal þeirra fjárfestinga sem eru gjaldgengar skulu vera eignarhlutir í eigin fé, að meðtöldum meðaltíma- og langtímalánum sem eigendur eigin fjár í viðkomandi fyrirtæki veita eða ábyrgjast, og aðrar gerðir beinna fjárfestinga sem stjórnin kann að ákveða.

b) Stjórninni er heimilt að samþykkja með sérstökum meiri hluta að færa út mörk gjaldgengra fjárfestinga þannig að aðrar gerðir meðaltíma- eða langtímafjárfestinga falli þar undir, nema hvað önnur lán en þau sem um getur í a-lið hér að framan geta því aðeins verið gjaldgeng að þau tengist tiltekinni fjárfestingu sem stofnunin ábyrgist eða til stendur að hún ábyrgist.

guarantee of his ownership or control of, or a substantial benefit from, his investment, with the exception of non-discriminatory measures of general application which governments normally take for the purpose of regulating economic activity in their territories;

(iii) *Breach of Contract*
any repudiation or breach by the host government of a contract with the holder of a guarantee, when (a) the holder of a guarantee does not have recourse to a judicial or arbitral forum to determine the claim of repudiation or breach, or (b) a decision by such forum is not rendered within such reasonable period of time as shall be prescribed in the contracts of guarantee pursuant to the Agency's regulations, or (c) such a decision cannot be enforced; and

(iv) *War and Civil Disturbance*
any military action or civil disturbance in any territory of the host country to which this Convention shall be applicable as provided in Article 66.

(b) Upon the joint application of the investor and the host country, the Board, by special majority, may approve the extension of coverage under this Article to specific non-commercial risks other than those referred to in Section (a) above, but in no case to the risk of devaluation or depreciation of currency.

(c) Losses resulting from the following shall not be covered:

(i) any host government action or omission to which the holder of the guarantee has agreed or for which he has been responsible; and

(ii) any host government action or omission or any other event occurring before the conclusion of the contract of guarantee.

ARTICLE 12
Eligible Investments

(a) Eligible investments shall include equity interests, including medium- or long-term loans made or guaranteed by holders of equity in the enterprise concerned, and such forms of direct investment as may be determined by the Board.

(b) The Board, by special majority, may extend eligibility to any other medium- or long-term form of investment, except that loans other than those mentioned in Section (a) above may be eligible only if they are related to a specific investment covered or to be covered by the Agency.

c) Takmarka skal ábyrgðir við fjárfestingar sem koma til framkvæmda eftir að umsókn um ábyrgð er skráð hjá stofnuninni. Meðal slíkra fjárfestinga mega vera:

(i) gjaldeyrisviðskipti sem miða að því að færa fjárfestingu sem fyrir er til nútímahorfs, útvíkka hana eða þróa; og

(ii) notkun hagnaðar af fjárfestingum sem fyrir eru sem einnig mætti flytja út úr gistilandinu.

d) Áður en stofnunin ábyrgist fjárfestingu skal hún ganga úr skugga um að:

(i) fjárfestingin sé viðskiptalega traust og að hún stuðli að þróun gistilandsins;

(ii) fjárfestingin sé í samræmi við lög og reglugerðir gistilandsins;

(iii) fjárfestingin sé í samræmi við yfirlýst þróunarmarkmið og forgangsröðun gistilandsins; og

(iv) aðstæður til fjárfestinga í gistilandinu séu viðunandi, þar með talið að fjárfestingin geti notið sanngjarnrar meðferðar án mismununar og réttarverndar.

13. gr.

Gjaldgengir fjárfestar.

a) Allir einstaklingar og lögpersónur eru gjaldgeng til að hljóta ábyrgð frá stofnuninni að því tilskildu að:

(i) viðkomandi einstaklingur sé ríkisborgari annars aðildarlands en gistilandsins;

(ii) viðkomandi lögpersóna sé skráð og hafi meginaðsetur í aðildarlandi eða meiri hluti hlutafjár þess sé í eigu aðildarlands eða -landa eða ríkisborgara þeirra, að því tilskildu að í engu framangreindra tilvika má hlutaðeigandi aðildarland vera gistilandið; og

(iii) viðkomandi lögpersóna starfi á viðskiptagrundvelli, hvort sem hún er í einkaeign eða ekki.

b) Hafi fjárfestirinn fleiri en eitt ríkisfang skal, að því er varðar a-lið hér að framan, ríkisfang í aðildarlandi vera ráðandi gagnvart ríkisfangi í landi sem ekki er aðildarland og ríkisfang í gistilandi vera ráðandi gagnvart ríkisfangi í öðru aðildarlandi.

c) Ef fjárfestir og gistiland sækja sameiginlega um það er stjórninni heimilt að samþykkja með sérstökum meiri hluta að einstaklingur sem hefur ríkisfang í gistilandinu eða lögpersóna sem er skráð í gistilandinu eða sem ríkisborgarar gistilandsins eiga meiri hluta í sé gjaldgeng, að því tilskildu að þeir fjármunir sem fjárfest er með komi frá öðru landi.

(c) Guarantees shall be restricted to investments the implementation of which begins subsequent to the registration of the application for the guarantee by the Agency. Such investments may include:

(i) any transfer of foreign exchange made to modernize, expand, or develop an existing investment; and

(ii) the use of earnings from existing investments which could otherwise be transferred outside the host country.

(d) In guaranteeing an investment, the Agency shall satisfy itself as to:

(i) the economic soundness of the investment and its contribution to the development of the host country;

(ii) compliance of the investment with the host country's laws and regulations;

(iii) consistency of the investment with the declared development objectives and priorities of the host country; and

(iv) the investment conditions in the host country, including the availability of fair and equitable treatment and legal protection for the investment.

ARTICLE 13

Eligible Investors

(a) Any natural person and any juridical person may be eligible to receive the Agency's guarantee provided that:

(i) such natural person is a national of a member other than the host country;

(ii) such juridical person is incorporated and has its principal place of business in a member or the majority of its capital is owned by a member or members or nationals thereof, provided that such member is not the host country in any of the above cases; and

(iii) such juridical person, whether or not it is privately owned, operates on a commercial basis.

(b) In case the investor has more than one nationality, for the purposes of Section (a) above the nationality of a member shall prevail over the nationality of a non-member, and the nationality of the host country shall prevail over the nationality of any other member.

(c) Upon the joint application of the investor and the host country, the Board, by special majority, may extend eligibility to a natural person who is a national of the host country or a juridical person which is incorporated in the host country or the majority of whose capital is owned by its nationals, provided that the assets invested are transferred from outside the host country.

14. gr.
Gjaldgeng gistilönd.

Því aðeins skal ábyrgjast fjárfestingar samkvæmt þessum kafla að þær eigi að eiga sér stað í þróunaraðildarlandi.

15. gr.
Samþykki gistilandsins.

Stofnunin skal ekki gera ábyrgðarsamning fyrr en gististjórnin hefur samþykkt útgáfu ábyrgðar stofnunarinnar gagnvart þeim áhættum sem tilgreint er að hún nái til.

16. gr.
Skilmálar og skilyrði.

Stofnunin skal ákveða skilmála og skilyrði hvers ábyrgðarsamnings samkvæmt reglum sem stjórnin gefur út, að því tilskildu að stofnunin ábyrgist ekki algert tap fjárfestingarinnar. Forsetinn skal samþykkja ábyrgðarsamninga með tilsögn stjórnarinnar.

17. gr.
Greiðsla krafna.

Forsetinn ákveður með tilsögn stjórnarinnar hvort greiða skal kröfur sem handhafi ábyrgðar gerir, í samræmi við ábyrgðarsamninginn og stefnumið sem stjórnin kann að setja sér. Í ábyrgðarsamningum skal þess krafist að handhafar ábyrgðar leiti þeirra stjórnvaldsúrræða sem við eiga við viðkomandi aðstæður áður en stofnunin greiðir kröfu, að því tilskildu að þeir hafi greiðan aðgang að slíkum úrræðum samkvæmt lögum gistilandsins. Í slíkum samningum má kveða á um að tiltekinn hæfilegur tími skuli líða frá þeim atburðum sem leiða til kröfu og þess að krafan er greidd.

18. gr.
Kröfuhafaskipti.

a) Þegar stofnunin greiðir eða ákveður að greiða handhafa ábyrgðar bætur skal hún eignast hver þau réttindi eða kröfur tengdar fjárfestingunni sem ábyrgðin náði til sem handhafi ábyrgðarinnar kann að hafa átt gagnvart gistilandinu og öðrum. Í ábyrgðarsamningnum skal kveðið á um skilmála og skilyrði fyrir slíkum kröfuhafaskiptum.

b) Öll aðildarlönd skulu viðurkenna þau réttindi sem stofnunin hefur skv. a-lið hér að framan.

c) Upphæðir í gjaldmiðli gistilandsins sem stofnunin hefur fengið sem kröfuþegi skv. a-lið hér að framan skulu fá eins hagstæða meðferð af hálfu gistilandsins, hvað varðar notkun og skipti, og sömu fjármunir hefðu átt rétt á í höndum handhafa ábyrgðarinnar. Hvernig

ARTICLE 14
Eligible Host Countries

Investments shall be guaranteed under this Chapter only if they are to be made in the territory of a developing member country.

ARTICLE 15
Host Country Approval

The Agency shall not conclude any contract of guarantee before the host government has approved the issuance of the guarantee by the Agency against the risks designated for cover.

ARTICLE 16
Terms and Conditions

The terms and conditions of each contract of guarantee shall be determined by the Agency subject to such rules and regulations as the Board shall issue, provided that the Agency shall not cover the total loss of the guaranteed investment. Contracts of guarantee shall be approved by the President under the direction of the Board.

ARTICLE 17
Payment of Claims

The President under the direction of the Board shall decide on the payment of claims to a holder of a guarantee in accordance with the contract of guarantee and such policies as the Board may adopt. Contracts of guarantee shall require holders of guarantees to seek, before a payment is made by the Agency, such administrative remedies as may be appropriate under the circumstances, provided that they are readily available to them under the laws of the host country. Such contracts may require the lapse of certain reasonable periods between the occurrence of events giving rise to claims and payments of claims.

ARTICLE 18
Subrogation

(a) Upon paying or agreeing to pay compensation to a holder of a guarantee, the Agency shall be subrogated to such rights or claims related to the guaranteed investment as the holder of a guarantee may have had against the host country and other obligors. The contract of guarantee shall provide the terms and conditions of such subrogation.

(b) The rights of the Agency pursuant to Section (a) above shall be recognized by all members.

(c) Amounts in the currency of the host country acquired by the Agency as subrogee pursuant to Section (a) above shall be accorded, with respect to use and conversion, treatment by the host country as favorable as the treatment to which such funds would be entitled in

sem atvikast vill er stofnuninni heimilt að nota slíkar upphæðir til að greiða stjórnunarkostnað og annan kostnað. Stofnunin skal einnig leitast við að komast að samkomulagi við gistilönd um önnur not slíkra gjaldmiðla að því marki sem þeir eru ekki frjálsir.

19. gr.

Tengsl við stofnanir einstakra landa og svæða.

Stofnunin skal eiga samstarf við stofnanir einstakra aðildarlanda og svæðastofnanir sem aðildarlönd eiga meiri hluta hlutafjár í og sem vinna að sambærilegri starfsemi og stofnunin sjálf og leitast við að koma til móts við aðgerðir þeirra með það fyrir augum að gera skilvirkni stofnananna sem mesta, svo og framlag þeirra til aukins streymis erlendra fjárfestinga. Í þessu augnamiði er stofnuninni heimilt að gera samninga við slíkar stofnanir um einstök atriði slíks samstarfs, einkum fyrirkomulag endurtrygginga og samábyrgða.

20. gr.

Endurtrygging stofnana einstakra landa og svæða.

a) Stofnuninni er heimilt að gefa út endurtryggingar fyrir tiltekna fjárfestingu gegn tapi sem leiðir af einni eða fleiri áhættum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis og aðildarland, stofnun á vegum aðildarlands eða svæðisbundin fjárfestingarábyrgðastofnun sem aðildarlönd eiga meiri hluta hlutafjár í ber áhættu af. Stjórnin skal öðru hverju, með sérstökum meiri hluta, mæla fyrir um hámarksupphæð ábyrgðaskuldbindinga sem stofnuninni er heimilt að taka á sig vegna endurtryggingarsamninga. Að því er varðar einstakar fjárfestingar sem gengið hefur verið frá meira en tólf mánuðum áður en stofnuninni berst umsókn um endurtryggingu skal hámarksupphæðin í upphafi vera tíu hundraðshlutar af heildarábyrgðarskuldbindingum stofnunarinnar samkvæmt þessum kafla. Skilyrðin fyrir gjaldgengi, sem tilgreind eru í 11.–14. gr., skulu gilda um endurtryggingaraðgerðir, nema hvað ekki er skylt að endurtryggða fjárfestingin komi til framkvæmda eftir að sótt er um endurtryggingu.

b) Gagnkvæm réttindi og skuldbindingar stofnunarinnar og endurtryggðs aðildarlands eða stofnunar skulu koma fram í endurtryggingarsamningum háð þeim reglum sem stjórnin gefur út. Stjórnin þarf að samþykkja alla endurtryggingarsamninga sem ná til fjárfestinga sem gerðar hafa verið áður en stofnuninni barst umsókn um endurtryggingu, með það fyrir augum að draga eins og unnt er úr áhættu, tryggja að stofnuninni séu greidd iðgjöld sem eru í samræmi við áhættuna sem hún tekur og tryggja að endurtryggða stofnunin sé tilhlýðilega skuldbundin til að stuðla að nýjum fjárfestingum í þróunaraðildarlöndum.

the hands of the holder of the guarantee. In any case, such amounts may be used by the Agency for the payment of its administrative expenditures and other costs. The Agency shall also seek to enter into arrangements with host countries on other uses of such currencies to the extent that they are not freely usable.

ARTICLE 19

Relationship to National and Regional Entities

The Agency shall cooperate with, and seek to complement the operations of, national entities of members and regional entities the majority of whose capital is owned by members, which carry out activities similar to those of the Agency, with a view to maximizing both the efficiency of their respective services and their contribution to increased flows of foreign investment. To this end, the Agency may enter into arrangements with such entities on the details of such cooperation, including in particular the modalities of reinsurance and coinsurance.

ARTICLE 20

Reinsurance of National and Regional Entities

(a) The Agency may issue reinsurance in respect of a specific investment against a loss resulting from one or more of the non-commercial risks underwritten by a member or agency thereof or by a regional investment guarantee agency the majority of whose capital is owned by members. The Board, by special majority, shall from time to time prescribe maximum amounts of contingent liability which may be assumed by the Agency with respect to reinsurance contracts. In respect of specific investments which have been completed more than twelve months prior to receipt of the application for reinsurance by the Agency, the maximum amount shall initially be set at ten percent of the aggregate contingent liability of the Agency under this Chapter. The conditions of eligibility specified in Articles 11 to 14 shall apply to reinsurance operations, except that the reinsured investments need not be implemented subsequent to the application for reinsurance.

(b) The mutual rights and obligations of the Agency and a reinsured member or agency shall be stated in contracts of reinsurance subject to such rules and regulations as the Board shall issue. The Board shall approve each contract for reinsurance covering an investment which has been made prior to receipt of the application for reinsurance by the Agency, with a view to minimizing risks, assuring that the Agency receives premiums commensurate with its risk, and assuring that the reinsured entity is appropriately committed toward promoting new investment in developing member countries.

c) Stofnunin skal eftir því sem unnt er tryggja að hún eða hin endurtryggða stofnun hafi rétt á kröfuhafaskiptum og gerðardómi sem samsvarar þeim rétti sem stofnunin hefði, væri hún fyrsti ábyrgðaraðili. Í skilmálum og skilyrðum fyrir endurtryggingu skal þess krafist að leitað sé stjórnsýsluúrræða í samræmi við 17. gr. áður en stofnunin greiðir kröfu. Kröfuhafaskipti skulu aðeins vera virk að því er varðar hlutaðeigandi gistiland eftir að stofnunin hefur samþykkt endurtrygginguna. Stofnunin skal hafa ákvæði í endurtryggingarsamningum um að endurtryggði aðilinn skuli ganga með tilhlýðilegri kostgæfni eftir réttindum og kröfum sem tengjast endurtryggðu fjárfestingunni.

21. gr.

Samstarf við vátryggjendur í einkaeign og endurtryggjendur.

a) Stofnuninni er heimilt að gera samninga við vátryggjendur í einkaeign í aðildarlöndum til að bæta eigin starfsemi og hvetja slíka vátryggjendur til að tryggja gegn áhættum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis í þróunaraðildarlöndum gegn sambærilegum skilyrðum og þeim sem stofnunin setur. Í slíkum samningum má kveða á um að stofnunin veiti endurtryggingu með þeim skilyrðum og aðferðum sem tilgreind eru í 20. gr.

b) Stofnuninni er heimilt að endurtryggja ábyrgðir sem hún gefur út að hluta eða í heild hjá viðeigandi endurtryggingarstofnunum.

c) Stofnunin mun einkum leitast við að ábyrgjast fjárfestingar sem ekki er unnt að tryggja á sambærilegan hátt gegn viðráðanlegum skilmálum hjá vátryggjendum og endurtryggjendum í einkaeign.

22. gr.

Takmörk ábyrgðar.

a) Nema nefndin ákveði annað með sérstökum meiri hluta skal heildarupphæð ábyrgðarskuldbindinga sem stofnuninni er heimilt að taka á sig samkvæmt þessum kafla ekki vera hærri en 150 hundraðshlutar af óskertu skráðu hlutafé stofnunarinnar og varasjóðum auk þess hluta endurtryggingarábyrgðar hennar sem stjórnin ákveður. Stjórnin skal öðru hverju endurskoða heildaráhættumynd vátryggingarstofns stofnunarinnar í ljósi reynslu hennar af kröfum, fjölbreytni áhættu, endurtryggingum og öðrum þáttum sem máli skipta til að komast að því hvort rétt sé að mæla með því við nefndina að hún breyti heildarupphæð ábyrgðarskuldbindinga. Heildarupphæðin sem nefndin ákveður skal ekki undir neinum kringumstæðum vera hærri en fimmföld upphæð óskerts skráðs hlutafjár stofnunarinnar, varasjóða hennar og þess hluta endurtryggingarábyrgðar hennar sem telst viðeigandi.

(c) The Agency shall, to the extent possible, assure that it or the reinsured entity shall have the rights of subrogation and arbitration equivalent to those the Agency would have if it were the primary guarantor. The terms and conditions of reinsurance shall require that administrative remedies are sought in accordance with Article 17 before a payment is made by the Agency. Subrogation shall be effective with respect to the host country concerned only after its approval of the reinsurance by the Agency. The Agency shall include in the contracts of reinsurance provisions requiring the reinsured to pursue with due diligence the rights or claims related to the reinsured investment.

ARTICLE 21

Cooperation with Private Insurers and with Reinsurers

(a) The Agency may enter into arrangements with private insurers in member countries to enhance its own operations and encourage such insurers to provide coverage of non-commercial risks in developing member countries on conditions similar to those applied by the Agency. Such arrangements may include the provision of reinsurance by the Agency under the conditions and procedures specified in Article 20.

(b) The Agency may reinsure with any appropriate reinsurance entity, in whole or in part, any guarantee or guarantees issued by it.

(c) The Agency will in particular seek to guarantee investments for which comparable coverage on reasonable terms is not available from private insurers and reinsurers.

ARTICLE 22

Limits of Guarantee

(a) Unless determined otherwise by the Council by special majority, the aggregate amount of contingent liabilities which may be assumed by the Agency under this Chapter shall not exceed one hundred and 50 percent of the amount of the Agency's unimpaired subscribed capital and its reserves plus such portion of its reinsurance cover as the Board may determine. The Board shall from time to time review the risk profile of the Agency's portfolio in the light of its experience with claims, degree of risk diversification, reinsurance cover and other relevant factors with a view to ascertaining whether changes in the maximum aggregate amount of contingent liabilities should be recommended to the Council. The maximum amount determined by the Council shall not under any circumstances exceed five times the amount of the Agency's unimpaired subscribed capital, its reserves and such portion of its reinsurance cover as may be deemed appropriate.

b) Með fyrirvara um almennu takmörkin sem ábyrgðum eru sett í a-lið hér að framan er stjórninni heimilt að ákveða:

(i) hámarksheildarupphæðir ábyrgðarskuldbindinga sem stofnuninni er heimilt að taka á sig samkvæmt þessum kafla fyrir allar ábyrgðir sem veittar eru fjárfestum frá hverju einstöku aðildarlandi. Við ákvörðun slíkra hámarksupphæða skal stjórnin taka tilhlýðilegt tillit til hlutar viðkomandi aðildarlands í stofnuninni og til þarfarinnar á því að hafa frjálslegri takmarkanir á fjárfestingum sem koma frá þróunaraðildarlöndum; og

(ii) hámarksheildarupphæðir ábyrgðarskuldbindinga sem stofnuninni er heimilt að taka á sig með tilliti til þátta sem lúta að fjölbreytni áhættu, svo sem einstakra verkefna, einstakra gistilanda og tegunda fjárfestinga eða áhættu.

23. gr.

Stuðlað að fjárfestingum.

a) Stofnunin skal vinna að rannsóknum, takast á hendur starfsemi til að stuðla að streymi fjárfestinga og dreifa upplýsingum um fjárfestingartækifæri í þróunaraðildarlöndum með það fyrir augum að bæta umhverfi fyrir erlent fjárfestingastreymi til slíkra landa. Æski eitthvert aðildarlandanna þess er stofnuninni heimilt að veita tæknilega ráðgjöf og aðstoð til að bæta aðstæður til fjárfestinga á yfirráðasvæðum þess aðildarlands. Við þessa starfsemi skal stofnunin:

(i) taka mið af þeim fjárfestingarsamningum aðildarlandanna sem máli skipta;

(ii) leitast við að fjarlægja hindranir, jafnt í þróuðum aðildarlöndum sem í þróunaraðildarlöndum, á streymi fjárfestinga til þróunaraðildarlanda; og

(iii) samhæfa sig við aðrar stofnanir sem fást við að stuðla að erlendum fjárfestingum, einkum Alþjóðalánastofnunina.

b) Stofnunin skal enn fremur:

(i) hvetja til vinsamlegra lausna í deilumálum milli fjárfesta og gistilanda;

(ii) kappkosta að gera samninga við þróunaraðildarlönd, einkum hugsanleg gistilönd, sem tryggi stofnuninni meðferð, hvað varðar fjárfestingar sem hún ábyrgist, sem er að minnsta kosti jafn hagstæð og sú meðferð sem viðkomandi aðildarland hefur fallist á að veita þeirri fjárfestingarábyrgðastofnun eða ríki sem fær hagstæðasta meðferð í samningi sem tengist fjárfestingu, og þarf sérstakur meiri hluti stjórnarinnar að samþykkja slíka samninga; og

(iii) stuðla að og greiða fyrir samningum milli aðildarlanda sinna um eflingu og verndun fjárfestinga.

(b) Without prejudice to the general limit of guarantee referred to in Section (a) above, the Board may prescribe:

(i) maximum aggregate amounts of contingent liability which may be assumed by the Agency under this Chapter for all guarantees issued to investors of each individual member. In determining such maximum amounts, the Board shall give due consideration to the share of the respective member in the capital of the Agency and the need to apply more liberal limitations in respect of investments originating in developing member countries; and

(ii) maximum aggregate amounts of contingent liability which may be assumed by the Agency with respect to such risk diversification factors as individual projects, individual host countries and types of investment or risk.

ARTICLE 23

Investment Promotion

(a) The Agency shall carry out research, undertake activities to promote investment flows and disseminate information on investment opportunities in developing member countries, with a view to improving the environment for foreign investment flows to such countries. The Agency may, upon the request of a member, provide technical advice and assistance to improve the investment conditions in the territories of that member. In performing these activities, the Agency shall:

(i) be guided by relevant investment agreements among member countries;

(ii) seek to remove impediments, in both developed and developing member countries, to the flow of investment to developing member countries; and

(iii) coordinate with other agencies concerned with the promotion of foreign investment, and in particular the International Finance Corporation.

(b) The Agency also shall:

(i) encourage the amicable settlement of disputes between investors and host countries;

(ii) endeavor to conclude agreements with developing member countries, and in particular with prospective host countries, which will assure that the Agency, with respect to investment guaranteed by it, has treatment at least as favorable as that agreed by the member concerned for the most favored investment guarantee agency or State in an agreement relating to investment, such agreements to be approved by special majority of the Board; and

(iii) promote and facilitate the conclusion of agreements, among its members, on the promotion and protection of investments.

c) Stofnuninni ber í eflingarviðleitni sinni að beina athygli sinni sérstaklega að mikilvægi þess að auka streymi fjárfestinga milli þróunaraðildarlanda.

24. gr.

Ábyrgðir vegna studdra fjárfestinga.

Auk þeirrar ábyrgðastarfsemi sem stofnunin fæst við samkvæmt þessum kafla er henni heimilt að ábyrgjast fjárfestingar með stuðningssamningi af því tagi sem kveðið er á um í I. viðauka við þennan samning.

IV. KAFLI

Ákvæði um fjárhag.

25. gr.

Fjárhagsstjórnun.

Stofnunin skal sinna störfum sínum í samræmi við heilbrigða viðskiptahætti og varfærnislegar aðferðir við fjárhagsstjórnun í þeim tilgangi að viðhalda undir öllum kringumstæðum getu sinni til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

26. gr.

Iðgjöld og þóknanir.

Stofnunin skal reglulega ákveða og endurskoða iðgjöld, þóknanir og, ef við á, önnur gjöld vegna hverrar tegundar áhættu.

27. gr.

Úthlutun hagnaðar.

a) Með fyrirvara um ákvæði a-liðar (iii) 10. gr. skal stofnunin úthluta hagnaði til varasjóða þar til varasjóðirnir ná stærð sem nemur fimmföldu skráðu hlutafé stofnunarinnar.

b) Þegar varasjóðir stofnunarinnar hafa náð því marki sem mælt er fyrir um í a-lið hér að framan skal nefndin ákveða hvort og að hvaða marki skal úthluta hagnaði stofnunarinnar til varasjóða, skipta honum milli aðildarlanda stofnunarinnar eða verja honum á annan hátt. Skipting hagnaðar milli aðildarlanda stofnunarinnar skal fara fram í réttu hlutfalli við hlut hvers aðildarlands í hlutafé stofnunarinnar í samræmi við ákvörðun sérstaks meiri hluta nefndarinnar.

28. gr.

Fjárhagsáætlun.

Forsetinn skal útbúa árlega fjárhagsáætlun yfir tekjur og útgjöld stofnunarinnar og skal stjórnin samþykkja hana.

29. gr.

Reikningar.

Stofnunin skal birta ársskýrslu sem í skulu vera ársreikningar hennar og stuðningssjóðsins sem um

(c) The Agency shall give particular attention in its promotional efforts to the importance of increasing the flow of investments among developing member countries.

ARTICLE 24

Guarantees of Sponsored Investments

In addition to the guarantee operations undertaken by the Agency under this Chapter, the Agency may guarantee investments under the sponsorship arrangements provided for in Annex I to this Convention.

CHAPTER IV

Financial Provisions

ARTICLE 25

Financial Management

The Agency shall carry out its activities in accordance with sound business and prudent financial management practices with a view to maintaining under all circumstances its ability to meet its financial obligations.

ARTICLE 26

Premiums and Fees

The Agency shall establish and periodically review the rates of premiums, fees and other charges, if any, applicable to each type of risk.

ARTICLE 27

Allocation of Net Income

(a) Without prejudice to the provisions of Section (a) (iii) of Article 10, the Agency shall allocate net income to reserves until such reserves reach five times the subscribed capital of the Agency.

(b) After the reserves of the Agency have reached the level prescribed in Section (a) above, the Council shall decide whether, and to what extent, the Agency's net income shall be allocated to reserves, be distributed to the Agency's members or be used otherwise. Any distribution of net income to the Agency's members shall be made in proportion to the share of each member in the capital of the Agency in accordance with a decision of the Council acting by special majority.

ARTICLE 28

Budget

The President shall prepare an annual budget of revenues and expenditures of the Agency for approval by the Board.

ARTICLE 29

Accounts

The Agency shall publish an Annual Report which shall include statements of its accounts and of the ac-

getur í I. viðauka við þennan samning, endurskoðaðir af óháðum endurskoðendum. Stofnunin skal með hæfilegu millibili dreifa til aðildarlanda sinna yfirlitsskýrslu um fjárhagsstöðu sína og rekstrarskýrslu sem sýnir afrakstur starfsemi hennar.

counts of the Sponsorship Trust Fund referred to in Annex I to this Convention, as audited by independent auditors. The Agency shall circulate to members at appropriate intervals a summary statement of its financial position and a profit and loss statement showing the results of its operations.

V. KAFLI
Skipulag og stjórnun.

30. gr.
Skipulag stofnunarinnar.

Stofnunin skal eiga sér stjórnarnefnd, stjórn, forseta og starfslið til að vinna þau skyldustörf sem stofnunin kann að ákveða.

CHAPTER V
Organization and Management

ARTICLE 30
Structure of the Agency

The Agency shall have a Council of Governors, a Board of Directors, a President and staff to perform such duties as the Agency may determine.

31. gr.
Nefndin.

a) Nefndinni skulu falin öll völd stofnunarinnar, nema þau völd sem samkvæmt þessum samningi eru sérstaklega færð öðrum stjórnunaraðilum stofnunarinnar. Nefndinni er heimilt að fela stjórninni að fara með völd sín, nema valdið til að:

(i) veita nýjum löndum aðild og ákvarða skilyrðin fyrir aðild þeirra;
(ii) gera aðildarland brottrækt;
(iii) ákveða aukningu eða minnkun hlutafjár;
(iv) ákveða hámark á heildarupphæð ábyrgðarskuldbindinga skv. a-lið 22. gr.;
(v) skilgreina aðildarland sem þróunaraðildarland skv. c-lið 3. gr.;
(vi) flokka ný aðildarlönd í fyrsta eða annan flokk að því er atkvæðisrétt varðar skv. a-lið 39. gr. eða endurflokka aðildarlönd sem fyrir eru í sama tilgangi;
(vii) ákveða þóknun stjórnarmanna og varamanna þeirra;
(viii) hætta starfsemi og taka stofnunina til skipta;
(ix) skipta eignum milli aðildarlanda við skiptameðferð; og
(x) breyta þessum samningi, viðaukunum við hann og skrám hans.

b) Hvert aðildarland skal tilnefna einn nefndarmann og einn varamann í nefndina og er hverju landi í sjálfsvald sett hvernig það stendur að tilnefningunni. Varamenn greiða ekki atkvæði nema aðalmenn þeirra séu fjarverandi. Nefndin velur formann úr hópi nefndarmanna.

c) Nefndin skal halda árlega fundi og aðra fundi sem nefndin ákveður eða stjórnin boðar til. Stjórnin skal boða til fundar í nefndinni ef fimm aðildarlönd eða aðildarlönd sem ráða 25 prósentum heildaratkvæðamagns óska eftir því.

ARTICLE 31
The Council

(a) All the powers of the Agency shall be vested in the Council, except such powers as are, by the terms of this Convention, specifically conferred upon another organ of the Agency. The Council may delegate to the Board the exercise of any of its powers, except the power to:

(i) admit new members and determine the conditions of their admission;
(ii) suspend a member;
(iii) decide on any increase or decrease in the capital;
(iv) increase the limit of the aggregate amount of contingent liabilities pursuant to Section (a) of Article 22;
(v) designate a member as a developing member country pursuant to Section (c) of Article 3;
(vi) classify a new member as belonging to Category One or Category Two for voting purposes pursuant to Section (a) of Article 39 or reclassify an existing member for the same purposes;
(vii) determine the compensation of Directors and their Alternates;
(viii) cease operations and liquidate the Agency;
(ix) distribute assets to members upon liquidation; and
(x) amend this Convention, its Annexes and Schedules.

(b) The Council shall be composed of one Governor and one Alternate appointed by each member in such manner as it may determine. No Alternate may vote except in the absence of his principal. The Council shall select one of the Governors as Chairman.

(c) The Council shall hold an annual meeting and such other meetings as may be determined by the Council or called by the Board. The Board shall call a meeting of the Council whenever requested by five members or by members having 25 percent of the total voting power.

32. gr.
Stjórnin.

a) Stjórnin skal bera ábyrgð á almennri starfsemi stofnunarinnar og grípa til hverra þeirra aðgerða sem þessi samningur krefst eða heimilar til að standa undir þeirri ábyrgð.

b) Í stjórninni skulu vera ekki færri en tólf stjórnarmenn. Nefndinni er heimilt að breyta fjölda stjórnarmanna til samræmis við breytingar á aðild. Hverjum stjórnarmanni er heimilt að tilnefna varamann sinn sem hefur fullt umboð til að sinna störfum stjórnarmannsins, sé hann fjarverandi eða óstarfhæfur. Aðalbankastjóri bankans skal vera stjórnarformaður í krafti embættis síns, en ekki hafa atkvæðisrétt nema oddaatkvæði ef atkvæði falla jafnt.

c) Nefndin skal ákveða skipunartíma stjórnarmanna. Nefndin skal mynda fyrstu stjórnina á stofnfundi sínum.

d) Stjórnin skal koma saman þegar formaður hennar boðar til fundar að eigin frumkvæði eða að beiðni þriggja stjórnarmanna.

e) Þar til nefndin kann að ákveða að stofnunin skuli hafa fasta stjórn sem sitji samfellt skulu stjórnarmenn og varamenn þeirra aðeins fá þóknun fyrir kostnað við setu á fundum stjórnarinnar og iðkun annarra opinberra starfa á vegum stofnunarinnar. Þegar sett verður á stofn stjórn sem situr samfellt skal nefndin ákveða þóknun stjórnarmanna og varamanna þeirra.

ARTICLE 32
The Board

(a) The Board shall be responsible for the general operations of the Agency and shall take, in the fulfillment of this responsibility, any action required or permitted under this Convention.

(b) The Board shall consist of not less than twelve Directors. The number of Directors may be adjusted by the Council to take into account changes in membership. Each Director may appoint an Alternate with full power to act for him in case of the Director's absence or inability to act. The President of the Bank shall be ex officio Chairman of the Board, but shall have no vote except a deciding vote in case of an equal division.

(c) The Council shall determine the term of office of the Directors. The first Board shall be constituted by the Council at its inaugural meeting.

(d) The Board shall meet at the call of its Chairman acting on his own initiative or upon request of three Directors.

(e) Until such time as the Council may decide that the Agency shall have a resident Board which functions in continuous session, the Directors and Alternates shall receive compensation only for the cost of attendance at the meetings of the Board and the discharge of other official functions on behalf of the Agency. Upon the establishment of a Board in continuous session, the Directors and Alternates shall receive such remuneration as may be determined by the Council.

33. gr.
Forseti og starfslið.

a) Forsetinn skal sinna venjulegum störfum stofnunarinnar undir almennu eftirliti stjórnarinnar. Hann skal bera ábyrgð á skipulagningu, ráðningu og uppsögnum starfsfólks.

b) Stjórnin skal skipa forseta samkvæmt tilnefningu stjórnarformanns. Nefndin ákveður laun forseta og skilmála ráðningarsamnings hans.

c) Forsetinn og starfsliðið bera eingöngu skyldur gagnvart stofnuninni og engum öðrum við iðkun starfa sinna. Öll aðildarlönd stofnunarinnar skulu virða alþjóðlegt eðli þessara skyldna og ekki reyna að hafa áhrif á forsetann eða starfsliðið við skyldustörf þeirra.

d) Þegar forsetinn ræður starfslið skal hann taka tilhlýðilegt tillit til mikilvægis þess að ráða starfsfólk á eins breiðum landfræðilegum grunni og mögulegt er, en þó hafa í fyrirrúmi sérstakt mikilvægi þess að tryggja að skilvirkni og tæknileg hæfni uppfylli ströngustu kröfur.

ARTICLE 33
President and Staff

(a) The President shall, under the general control of the Board, conduct the ordinary business of the Agency. He shall be responsible for the organization, appointment and dismissal of the staff.

(b) The President shall be appointed by the Board on the nomination of its Chairman. The Council shall determine the salary and terms of the contract of service of the President.

(c) In the discharge of their offices, the President and the staff owe their duty entirely to the Agency and to no other authority. Each member of the Agency shall respect the international character of this duty and shall refrain from all attempts to influence the President or the staff in the discharge of their duties.

(d) In appointing the staff, the President shall, subject to the paramount importance of securing the highest standards of efficiency and of technical competence, pay due regard to the importance of recruiting personnel on as wide a geographical basis as possible.

e) Forsetinn og starfsliðið skulu ætíð hafa í heiðri trúnaðarskyldu vegna upplýsinga sem þau komast yfir við störf sín í þágu stofnunarinnar.

34. gr.
Bann við stjórnmálastarfsemi.

Stofnuninni, forseta hennar og starfsliði er óheimilt að hafa afskipti af stjórnmálum aðildarlanda. Með fyrirvara um rétt stofnunarinnar til að taka tillit til aðstæðna í umhverfi fjárfestingar skulu þessir aðilar ekki láta stjórnmálalegt eðli hlutaðeigandi aðildarlands eða -landa hafa áhrif á ákvarðanir sínar. Meta skal atriði sem máli skipta fyrir ákvarðanir þeirra á óhlutdrægan hátt til að ná fram markmiðunum sem gerð er grein fyrir í 2. gr.

35. gr.
Tengsl við alþjóðastofnanir.

Stofnunin skal, innan marka þessa samnings, eiga samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og aðrar milliríkjastofnanir sem hafa sérhæfðar skyldur á skyldum sviðum, einkum bankann og Alþjóðalánastofnunina.

36. gr.
Staðsetning aðalskrifstofu.

a) Aðalskrifstofa stofnunarinnar skal vera í Washington, D.C., nema nefndin ákveði með sérstökum meiri hluta að finna henni annan stað.

b) Stofnuninni er heimilt að setja á stofn aðrar skrifstofur eftir því sem þess gerist þörf vegna starfsemi hennar.

37. gr.
Vörsluaðilar eigna.

Sérhver aðili skal tilgreina seðlabanka sinn sem vörsluaðila þar sem stofnunin getur geymt fé í gjaldmiðli aðilans eða aðrar eignir stofnunarinnar, en hafi aðilinn engan seðlabanka skal hann tilgreina í þessu skyni hverja þá stofnun aðra sem stofnunin samþykkir.

38. gr.
Samskiptaleið.

a) Hvert aðildarland skal tilnefna viðeigandi yfirvald sem stofnunin getur átt samskipti við vegna mála sem upp koma í tengslum við þennan samning. Stofnunin skal geta treyst því að yfirlýsingar þess yfirvalds séu yfirlýsingar aðildarlandsins. Æski aðildarland þess skal stofnunin ráðfæra sig við það aðildarland um málefni sem fjallað er um í 19.–21. gr. og tengjast stofnunum eða vátryggjendum í því aðildarlandi.

b) Hvenær sem krafist er samþykkis aðildarlands

(e) The President and staff shall maintain at all times the confidentiality of information obtained in carrying out the Agency's operations.

ARTICLE 34
Political Activity Prohibited

The Agency, its President and staff shall not interfere in the political affairs of any member. Without prejudice to the right of the Agency to take into account all the circumstances surrounding an investment, they shall not be influenced in their decisions by the political character of the member or members concerned. Considerations relevant to their decisions shall be weighed impartially in order to achieve the purposes stated in Article 2.

ARTICLE 35
Relations with International Organizations

The Agency shall, within the terms of this Convention, cooperate with the United Nations and with other intergovernmental organizations having specialized responsibilities in related fields, including in particular the Bank and the International Finance Corporation.

ARTICLE 36
Location of Principal Office

(a) The principal office of the Agency shall be loated in Washington, D.C., unless the Council, by special majority, decides to establish it in another location.

(b) The Agency may establish other offices as may be necessary for its work.

ARTICLE 37
Depositories for Assets

Each member shall designate its central bank as a depository in which the Agency may keep holdings of such member's currency or other assets of the Agency or, if it has no central bank, it shall designate for such purpose such other institution as may be acceptable to the Agency.

ARTICLE 38
Channel of Communication

(a) Each member shall designate an appropriate authority with which the Agency may communicate in connection with any matter arising under this Convention. The Agency may rely on statements of such authority as being statements of the member. The Agency, upon the request of a member, shall consult with that member with respect to matters dealt with in Articles 19 to 21 and related to entities or insurers of that member.

(b) Whenever the approval of any member is required

áður en stofnunin getur gripið til tiltekinnar aðgerðar skal samþykki talið veitt nema aðildarlandið hreyfi andmælum innan hæfilegra tímamarka sem stofnuninni er heimilt að setja þegar hún tilkynnir aðildarlandinu um fyrirhugaða aðgerð.

VI. KAFLI
Atkvæðagreiðsla, breytingar hlutafjárloforða og fyrirsvar.
39. gr.
Atkvæðagreiðsla og breytingar hlutafjárloforða.

a) Til þess að fyrirkomulag atkvæðagreiðslu endurspegli að ríkin í báðum flokkunum í skrá A í þessum samningi hafa jafna hagsmuni af stofnuninni, og einnig mikilvægi fjárhagslegrar hlutdeildar hvers aðildarlands, skal hvert aðildarland hafa 177 aðildaratkvæði auk eins hlutafjáratkvæðis fyrir hvern hlut sem það á í hlutafé stofnunarinnar.

b) Ef heildarfjöldi aðildaratkvæða og hlutafjáratkvæða aðildarlanda, sem tilheyra öðrum hvorum flokknum í skrá A í þessum samningi, er minni en 40 hundraðshlutar heildaratkvæðamagns einhvern tíma á fyrstu þremur árunum eftir gildistöku þessa samnings skulu aðildarlönd í þeim flokki fá viðbótaratkvæði í því magni sem þarf til að samanlagt atkvæðamagn flokksins nái fyrrnefndu hlutfalli af heildaratkvæðamagni. Dreifa skal slíkum viðbótaratkvæðum meðal aðildarlandanna í þeim flokki í því hlutfalli sem hlutafjáratkvæði hvers lands eru af heildarfjölda hlutafjáratkvæða í þeim flokki. Fjölda slíkra viðbótaratkvæða skal breyta sjálfkrafa til að tryggja að hlutfallinu sé viðhaldið og þau skal afnema við lok fyrrnefnds þriggja ára tímabils.

c) Á þriðja árinu eftir gildistöku þessa samnings ber nefndinni að endurskoða úthlutun hluta og hafa við það eftirfarandi meginreglur að leiðarljósi:

(i) atkvæðafjöldi aðildarlandanna skal endurspegla raunveruleg hlutafjárloforð þeirra í hlutafé stofnunarinnar og aðildaratkvæði eins og mælt er fyrir um í a-lið þessarar greinar;
(ii) hlutabréfum sem úthlutað hefur verið til landa sem ekki hafa undirritað samninginn skal heimilt að úthluta aftur til þeirra aðildarlanda og á þann hátt að það leiði til jafns atkvæðamagns fyrrnefndra flokka; og
(iii) nefndin skal gera ráðstafanir til að auðvelda aðildarlöndum að skrifa sig fyrir því hlutafé sem þeim er úthlutað.

d) Á þriggja ára tímabilinu sem kveðið er á um í b-lið þessarar greinar skulu allar ákvarðanir nefndarinnar og stjórnarinnar teknar með sérstökum meiri

before any act may be done by the Agency, approval shall be deemed to have been given unless the member presents an objection within such reasonable period as the Agency may fix in notifying the member of the proposed act.

CHAPTER VI
Voting, Adjustments of Subscriptions and Representation
ARTICLE 39
Voting and Adjustments of Subscriptions

(a) In order to provide for voting arrangements that reflect the equal interest in the Agency of the two Categories of States listed in Schedule A of this Convention, as well as the importance of each member's financial participation, each member shall have 177 membership votes plus one subscription vote for each share of stock held by that member.

(b) If at any time within three years after the entry into force of this Convention the aggregate sum of membership and subscription votes of members which belong to either of the two Categories of States listed in Schedule A of this Convention is less than 40 percent of the total voting power, members from such a Category shall have such number of supplementary votes as shall be necessary for the aggregate voting power of the Category to equal such a percentage of the total voting power. Such supplementary votes shall be distributed among the members of such Category in the proportion that the subscription votes of each bears to the aggregate of subscription votes of the Category. Such supplementary votes shall be subject to automatic adjustment to ensure that such percentage is maintained and shall be cancelled at the end of the above-mentioned three-year period.

(c) During the third year following the entry into force of this Convention, the Council shall review the allocation of shares and shall be guided in its decision by the following principles:

(i) the votes of members shall reflect actual subscriptions to the Agency's capital and the membership votes as set out in Section (a) of this Article;
(ii) shares allocated to countries which shall not have signed the Convention shall be made available for reallocation to such members and in such manner as to make possible voting parity between the above-mentioned Categories; and
(iii) the Council will take measures that will facilitate members' ability to subscribe to shares allocated to them.

(d) Within the three-year period provided for in Section (b) of this Article, all decisions of the Council and Board shall be taken by special majority, except that

hluta, nema hvað ákvarðanir sem samkvæmt þessum samningi skulu teknar með stærri meiri hluta skulu eftir sem áður teknar með þeim stærri meiri hluta.

e) Ef hlutafé stofnunarinnar er aukið skv. c-lið 5. gr. skal heimila hverju því aðildarlandi sem þess óskar að skrifa sig fyrir hluta af aukningunni sem samsvarar því hlutfalli sem hlutaféð sem það land var áður skrifað fyrir var af heildarhlutafé stofnunarinnar, en engu aðildarlandi skal skylt að skrifa sig fyrir neinum hluta hins nýja hlutafjár.

f) Nefndin skal gefa út reglur um ný hlutafjárloforð skv. e-lið þessarar greinar. Í slíkum reglum skal mælt fyrir um hæfileg tímamörk fyrir aðildarlöndin til að skila beiðni um hlutafjárloforð.

40. gr.

Atkvæðagreiðsla í nefndinni.

a) Hver nefndarmaður skal hafa rétt til að ráðstafa atkvæðum þess aðildarlands sem hann er fulltrúi fyrir. Ráðið skal taka ákvarðanir með meiri hluta greiddra atkvæða, nema annað sé tekið fram í þessum samningi.

b) Ákvörðunarbær meiri hluti á fundum nefndarinnar skal teljast meiri hluti nefndarmanna sem ræður ekki minna en tveimur þriðju hlutum heildaratkvæðamagns.

c) Nefndinni er heimilt að setja reglur um málsmeðferð sem gerir stjórninni kleift að fara fram á ákvörðun nefndarinnar um tiltekið málefni án þess að boða fund í nefndinni, ef stjórnin telur hagsmunum stofnunarinnar best borgið með slíkri aðgerð.

41. gr.

Kjör stjórnarmanna.

a) Stjórnarmenn skulu kjörnir í samræmi við skrá B.

b) Stjórnarmenn skulu sitja í embætti þar til eftirmenn þeirra hafa verið kjörnir. Ef sæti stjórnarmanns verður laust meira en níutíu dögum fyrir lok kjörtímabils hans skulu nefndarmennirnir sem kusu hann kjósa annan stjórnarmann sem situr það sem eftir er kjörtímabilsins. Til að ná kjöri þarf meiri hluta greiddra atkvæða. Meðan sætið er laust skal varamaður fyrrverandi stjórnarmanns fara með vald hans, nema valdið til að skipa varamann.

42. gr.

Atkvæðagreiðsla í stjórninni.

a) Hver stjórnarmaður hefur rétt til að ráðstafa atkvæðafjölda þeirra aðildarlanda sem greiddu honum atkvæði við kjör hans. Öll atkvæði sem stjórnarmaður hefur til ráðstöfunar skal greiða sem eina einingu. Ákvarðanir stjórnarinnar skulu teknar með meiri hluta greiddra atkvæða, nema annað sé tekið fram í þessum samningi.

decisions requiring a higher majority under this Convention shall be taken by such higher majority.

(e) In case the capital stock of the Agency is increased pursuant to Section (c) of Article 5, each member which so requests shall be authorized to subscribe a proportion of the increase equivalent to the proportion which its stock theretofore subscribed bears to the total capital stock of the Agency, but no member shall be obligated to subscribe any part of the increased capital.

(f) The Council shall issue regulations regarding the making of additional subscriptions under Section (e) of this Article. Such regulations shall prescribe reasonable time limits for the submission by members of requests to make such subscriptions.

ARTICLE 40

Voting in the Council

(a) Each Governor shall be entitled to cast the votes of the member he represents. Except as otherwise specified in this Convention, decisions of the Council shall be taken by a majority of the votes cast.

(b) A quorum for any meeting of the Council shall be constituted by a majority of the Governors exercising not less than two-thirds of the total voting power.

(c) The Council may by regulation establish a procedure whereby the Board, when it deems such action to be in the best interests of the Agency, may request a decision of the Council on a specific question without calling a meeting of the Council.

ARTICLE 41

Election of Directors

(a) Directors shall be elected in accordance with Schedule B.

(b) Directors shall continue in office until their successors are elected. If the office of a Director becomes vacant more than ninety days before the end of his term, another Director shall be elected for the remainder of the term by the Governors who elected the former Director. A majority of the votes cast shall be required for election. While the office remains vacant, the Alternate of the former Director shall exercise his powers, except that of appointing an Alternate.

ARTICLE 42

Voting in the Board

(a) Each Director shall be entitled to cast the number of votes of the members whose votes counted towards his election. All the votes which a Director is entitled to cast shall be cast as a unit. Except as otherwise specified in this Convention, decisions of the Board shall be taken by a majority of the votes cast.

b) Ákvörðunarbær meiri hluti á fundum stjórnarinnar skal teljast meiri hluti stjórnarmanna sem ræður ekki minna en helmingi heildaratkvæðamagns.

c) Stjórninni er heimilt að setja reglur um málsmeðferð sem gerir stjórnarformanni kleift að fara fram á ákvörðun stjórnarinnar um tiltekið málefni án þess að boða fund í stjórninni, ef hann telur hagsmunum stofnunarinnar best borgið með slíkri aðgerð.

VII. KAFLI
Sérréttindi og friðhelgi.

43. gr.
Tilgangur kaflans.

Til að gera stofnuninni kleift að sinna hlutverki sínu skulu henni veitt sérréttindi og friðhelgi samkvæmt þessum kafla á yfirráðasvæðum allra aðildarlanda.

44. gr.
Málarekstur.

Aðeins má reka mál gegn stofnuninni, önnur en þau sem 57. og 58. gr. ná til, fyrir lögbærum dómstóli á yfirráðasvæðum aðildarlanda þar sem stofnunin hefur skrifstofu eða hefur skipað umboðsmann til að veita viðtöku stefnu eða tilkynningu um málshöfðun. Ekki er heimilt að reka mál gegn stofnuninni: (i) af hálfu aðildarlands eða einstaklings sem rekur málið í umboði aðildarlands eða hefur eignast kröfu aðildarlands eða (ii) vegna mála sem lúta að starfsmannahaldi. Eignir stofnunarinnar, hvar sem þær eru staðsettar og hver sem hefur þær undir höndum, skulu njóta friðhelgi gagnvart öllum gerðum töku, kyrrsetningar og aðfarar áður en lokadómur eða -úrskurður er fallinn stofnuninni í óhag.

45. gr.
Eignir.

a) Eignir stofnunarinnar, hvar sem þær eru staðsettar og hver sem hefur þær undir höndum, skulu njóta friðhelgi gagnvart leit, löghaldi, eignaupptöku, eignarnámi og öllum öðrum gerðum töku með ákvörðun framkvæmdarvalds eða lagasetningu.

b) Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt þessum samningi skulu allar eignir hennar óháðar hvers kyns takmörkunum, reglum, stýringu og greiðslustöðvun; að því tilskildu að eignir sem stofnunin öðlast með viðtöku eða við kröfuhafaskipti frá handhafa ábyrgðar, endurtryggðum aðila eða fjárfesti sem vátryggður er hjá endurtryggðum aðila skulu vera óháðar gildandi gjaldeyristakmörkunum, reglum og stýringu sem í gildi eru á yfirráðasvæðum hlutaðeigandi aðildarlands að því

(b) A quorum for a meeting of the Board shall be constituted by a majority of the Directors exercising not less than one-half of the total voting power.

(c) The Board may by regulation establish a procedure whereby its Chairman, when he deems such action to be in the best interests of the Agency, may request a decision of the Board on a specific question without calling a meeting of the Board.

CHAPTER VII
Privileges and Immunities

ARTICLE 43
Purposes of Chapter

To enable the Agency to fulfill its functions, the immunities and privileges set forth in this Chapter shall be accorded to the Agency in the territories of each member.

ARTICLE 44
Legal Process

Actions other than those within the scope of Articles 57 and 58 may be brought against the Agency only in a court of competent jurisdiction in the territories of a member in which the Agency has an office or has appointed an agent for the purpose of accepting service or notice of process. No such action against the Agency shall be brought (i) by members or persons acting for or deriving claims from members or (ii) in respect of personnel matters. The property and assets of the Agency shall, wherever located and by whomsoever held, be immune from all forms of seizure, attachment or execution before the delivery of the final judgment or award against the Agency.

ARTICLE 45
Assets

(a) The property and assets of the Agency, wherever located and by whomsoever held, shall be immune from search, requisition, confiscation, expropriation or any other form of seizure by executive or legislative action.

(b) To the extent necessary to carry out its operations under this Convention, all property and assets of the Agency shall be free from restrictions, regulations, controls and moratoria of any nature; provided that property and assets acquired by the Agency as successor to or subrogee of a holder of a guarantee, a reinsured entity or an investor insured by a reinsured entity shall be free from applicable foreign exchange restrictions, regulations and controls in force in the territories of the member concerned to the extent that the holder, entity or

marki sem handhafinn, aðilinn eða fjárfestirinn sem stofnunin tók við af naut slíkrar meðferðar.

c) Að því er varðar þennan kafla nær hugtakið „eignir" einnig til eigna stuðningssjóðsins sem um getur í I. viðauka við þennan samning og annarra eigna sem stofnunin hefur til ráðstöfunar til að vinna að markmiði sínu.

46. gr.

Skjalasöfn og samskipti.

a) Skjalasöfn stofnunarinnar skulu vera friðhelg, hvar sem þau kunna að vera.

b) Aðildarlöndin skulu veita opinberum samskiptum stofnunarinnar sömu meðferð og þau veita opinberum samskiptum bankans.

47. gr.

Skattar.

a) Stofnunin, eignir hennar og tekjur og sú starfsemi hennar og þau viðskipti sem þessi samningur heimilar skulu vera undanþegin öllum sköttum og tollum. Stofnunin skal einnig njóta friðhelgi gagnvart ábyrgð vegna innheimtu eða greiðslu skatta eða tolla.

b) Ekki skal leggja skatta á eða í tengslum við greiðslur vegna kostnaðar sem stofnunin greiðir nefndarmönnum og varamönnum þeirra eða laun, greiðslur vegna kostnaðar eða önnur hlunnindi sem stofnunin greiðir stjórnarformanni, stjórnarmönnum, varamönnum þeirra, forseta eða starfsliði stofnunarinnar, nema um sé að ræða ríkisborgara viðkomandi lands.

c) Ekki skal leggja skatta af neinu tagi á neina fjárfestingu sem stofnunin ábyrgist eða endurtryggir (að meðtöldum tekjum af slíkum fjárfestingum) eða vátryggingarskírteini sem stofnunin endurtryggir (að meðtöldum iðgjöldum og öðrum tekjum af slíkum skírteinum) hver sem hefur það undir höndum: (i) ef í sköttunum felst mismunun slíkri fjárfestingu eða vátryggingarskírteini í óhag af þeirri ástæðu einni að stofnunin ábyrgist eða endurtryggir það; eða (ii) ef eini lögsögugrundvöllur skattlagningarinnar er staðsetning einhverrar skrifstofu eða starfsstöðvar stofnunarinnar.

48. gr.

Embættismenn stofnunarinnar.

Allir nefndarmenn, stjórnarmenn og varamenn stofnunarinnar, forseti hennar og starfslið:

(i) skulu njóta friðhelgi gagnvart málarekstri vegna athafna sem þeir framkvæma við skyldustörf sín;

(ii) skulu, séu þeir ekki ríkisborgarar viðkomandi lands, njóta sömu friðhelgi gagnvart innflutningstakmörkunum, kröfum um skráningu útlendinga og herskyldu eða þegnskyldu og sömu aðstöðu að því er varðar gjaldeyristakmarkanir

investor to whom the Agency was subrogated was entitled to such treatment.

(c) For purposes of this Chapter, the term "assets" shall include the assets of the Sponsorship Trust Fund referred to in Annex I to this Convention and other assets administered by the Agency in furtherance of its objective.

ARTICLE 46

Archives and Communications

(a) The archives of the Agency shall be inviolable, wherever they may be.

(b) The official communications of the Agency shall be accorded by each member the same treatment that is accorded to the official communications of the Bank.

ARTICLE 47

Taxes

(a) The Agency, its assets, property and income, and its operations and transactions authorized by this Convention, shall be immune from all taxes and customs duties. The Agency shall also be immune from liability for the collection or payment of any tax or duty.

(b) Except in the case of local nationals, no tax shall be levied on or in respect of expense allowances paid by the Agency to Governors and their Alternates or on or in respect of salaries, expense allowances or other emoluments paid by the Agency to the Chairman of the Board, Directors, their Alternates, the President or staff of the Agency.

(c) No taxation of any kind shall be levied on any investment guaranteed or reinsured by the Agency (including any earnings therefrom) or any insurance policies reinsured by the Agency (including any premiums and other revenues therefrom) by whomsoever held: (i) which discriminates against such investment or insurance policy solely because it is guaranteed or reinsured by the Agency; or (ii) if the sole jurisdictional basis for such taxation is the location of any office or place of business maintained by the Agency.

ARTICLE 48

Officials of the Agency

All Governors, Directors, Alternates, the President and staff of the Agency:

(i) shall be immune from legal process with respect to acts performed by them in their official capacity;

(ii) not being local nationals, shall be accorded the same immunities from immigration restrictions, alien registration requirements and national service obligations, and the same facilities as regards exchange restrictions as are accorded by the mem-

og viðkomandi aðildarlönd veita álíka háttsettum fulltrúum, embættismönnum og starfsmönnum annarra aðildarlanda; og

(iii) skulu njóta sömu meðferðar hvað snertir ferðaþjónustu og viðkomandi aðildarlönd veita álíka háttsettum fulltrúum, embættismönnum og starfsmönnum annarra aðildarlanda.

49. gr.

Beiting þessa kafla.

Hvert aðildarland skal grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru á eigin yfirráðasvæðum til að meginreglurnar sem settar eru fram í þessum kafla gildi innan ramma laga þess lands og tilkynna stofnuninni um aðgerðirnar í einstökum atriðum.

50. gr.

Fráfall.

Friðhelgi sú, undanþágur og sérréttindi sem kveðið er á um í þessum kafla eru veitt í þágu stofnunarinnar og heimilt er að falla frá þeim, að því marki og með þeim skilyrðum sem stofnunin kann að ákveða, í tilvikum þar sem slíkt fráfall kæmi ekki niður á hagsmunum stofnunarinnar. Stofnunin skal falla frá friðhelgi starfsmanna sinna í tilvikum þar sem hún álítur að friðhelgin mundi hindra að réttlætið næði fram að ganga og að falla megi frá henni án þess að það komi niður á hagsmunum stofnunarinnar.

VIII. KAFLI

Uppsögn, tímabundin svipting aðildar og lok starfsemi.

51. gr.

Uppsögn.

Hverju aðildarlandi er heimilt hvenær sem er, að liðnum þremur árum frá gildistöku þessa samnings að því er snertir það aðildarland, að segja upp aðild að stofnuninni með skriflegri tilkynningu til aðalskrifstofu stofnunarinnar. Stofnunin skal gera bankanum viðvart sem vörsluaðila þessa samnings um að hún hafi tekið við slíkri tilkynningu. Uppsagnir skulu öðlast gildi níutíu dögum eftir að stofnuninni berst slík tilkynning í hendur. Aðildarlandinu er heimilt að afturkalla slíka tilkynningu meðan hún hefur enn ekki öðlast gildi.

52. gr.

Tímabundin svipting aðildar.

a) Uppfylli aðildarland ekki einhverja skuldbindinga sinna samkvæmt þessum samningi er nefndinni heimilt að svipta það aðild tímabundið, með atkvæðum meiri hluta þeirra aðildarlanda sem ráða meiri hluta heildaratkvæðamagns.

bers concerned to the representatives, officials and employees of comparable rank of other members; and

(iii) shall be granted the same treatment in respect of travelling facilities as is accorded by the members concerned to representatives, officials and employees of comparable rank of other members.

ARTICLE 49

Application of this Chapter

Each member shall take such action as is necessary in its own territories for the purpose of making effective in terms of its own law the principles set forth in this Chapter and shall inform the Agency of the detailed action which it has taken.

ARTICLE 50

Waiver

The immunities, exemptions and privileges provided in this Chapter are granted in the interests of the Agency and may be waived, to such extent and upon such conditions as the Agency may determine, in cases where such a waiver would not prejudice its interests. The Agency shall waive the immunity of any of its staff in cases where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice and can be waived without prejudice to the interests of the Agency.

CHAPTER VIII

Withdrawal, Suspension of Membership and Cessation of Operations

ARTICLE 51

Withdrawal

Any member may, after the expiration of three years following the date upon which this Convention has entered into force with respect to such member, withdraw from the Agency at any time by giving notice in writing to the Agency at its principal office. The Agency shall notify the Bank, as depository of this Convention, of the receipt of such notice. Any withdrawal shall become effective ninety days following the date of the receipt of such notice by the Agency. A member may revoke such notice as long as it has not become effective.

ARTICLE 52

Suspension of Membership

(a) If a member fails to fulfill any of its obligations under this Convention, the Council may, by a majority of its members exercising a majority of the total voting power, suspend its membership.

b) Aðildarlönd hafa engin réttindi samkvæmt þessum samningi meðan þau eru svipt aðild, nema rétt til uppsagnar og önnur réttindi sem kveðið er á um í þessum kafla og IX. kafla, en skulu áfram bera allar sínar skyldur.

c) Að því er varðar ákvörðun um hvort til greina komi að gefin sé út ábyrgð eða endurtrygging skv. III. kafla þessa samnings eða I. viðauka við hann skal ekki meðhöndla aðildarland sem hefur verið svipt aðild tímabundið sem aðildarland stofnunarinnar.

d) Aðildarlandið sem er svipt aðild tímabundið glatar aðild sinni sjálfkrafa ári eftir að hin tímabundna svipting öðlast gildi nema nefndin ákveði að framlengja gildistíma sviptingarinnar eða að endurnýja aðild landsins.

(b) While under suspension a member shall have no rights under this Convention, except for the right of withdrawal and other rights provided in this Chapter and Chapter IX, but shall remain subject to all its obligations.

(c) For purposes of determining eligibility for a guarantee or reinsurance to be issued under Chapter III or Annex I to this Convention, a suspended member shall not be treated as a member of the Agency.

(d) The suspended member shall automatically cease to be a member one year from the date of its suspension unless the Council decides to extend the period of suspension or to restore the member to good standing.

53. gr.

Réttindi og skyldur ríkja sem hætta aðild.

a) Þegar ríki hættir að vera aðildarland skal það áfram bera ábyrgð á öllum skuldbindingum sínum, að meðtöldum veðsetningum og ábyrgðaskuldbindingum, samkvæmt þessum samningi sem í gildi voru áður en aðild lauk.

b) Með fyrirvara um a-lið hér að framan skal stofnunin semja við slík ríki um uppgjör krafna þessara aðila og skuldbindinga hvors gagnvart öðrum. Allir slíkir samningar skulu háðir samþykki stjórnarinnar.

ARTICLE 53

Rights and Duties of States Ceasing to be Members

(a) When a State ceases to be a member, it shall remain liable for all its obligations, including its contingent obligations, under this Convention which shall have been in effect before the cessation of its membership.

(b) Without prejudice to Section (a) above, the Agency shall enter into an arrangement with such State for the settlement of their respective claims and obligations. Any such arrangement shall be approved by the Board.

54. gr.

Hlé á starfsemi.

a) Stjórninni er heimilt, hvenær sem hún telur það réttlætanlegt, að hætta útgáfu nýrra ábyrgða í tiltekinn tíma.

b) Í neyðartilvikum er stjórninni heimilt að leggja alla starfsemi stofnunarinnar niður á tímabili sem ekki er lengra en sá tími sem neyðarástandið ríkir, að því tilskildu að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hagsmuni stofnunarinnar og þriðju aðila.

c) Ákvörðunin um að leggja starfsemina niður tímabundið hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarlandanna samkvæmt þessum samningi eða skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart handhöfum ábyrgða eða endurtryggingarskírteina eða gagnvart þriðju aðilum.

ARTICLE 54

Suspension of Operations

(a) The Board may, whenever it deems it justified, suspend the issuance of new guarantees for a specified period.

(b) In an emergency, the Board may suspend all activities of the Agency for a period not exceeding the duration of such emergency, provided that necessary arrangements shall be made for the protection of the interests of the Agency and of third parties.

(c) The decision to suspend operations shall have no effect on the obligations of the members under this Convention or on the obligations of the Agency towards holders of a guarantee or reinsurance policy or towards third parties.

55. gr.

Félagsslit.

a) Nefndinni er heimilt að ákveða með sérstökum meiri hluta að leggja starfsemina niður og að slíta félaginu. Skal þá stofnunin þegar í stað hætta allri starfsemi, nema þeirri sem nauðsynleg er til að selja, vernda og varðveita megi eignir og uppfylla skuldbindingar með skipulegum hætti. Þar til lokauppgjör

ARTICLE 55

Liquidation

(a) The Council, by special majority, may decide to cease operations and to liquidate the Agency. Thereupon the Agency shall forthwith cease all activities, except those incident to the orderly realization, conservation and preservation of assets and settlement of obligations. Until final settlement and distribution of assets, the Agency

og skipting eigna hefur farið fram skal stofnunin áfram vera til og öll réttindi og skuldbindingar aðildarlandanna samkvæmt þessum samningi vera óskert.

b) Ekki er heimilt að skipta eignum milli aðildarlanda fyrr en gerðar hafa verið upp allar bótaábyrgðir gagnvart handhöfum ábyrgða og öðrum kröfuhöfum, eða séð til þess að það verði gert, og nefndin hefur ákveðið að ganga til slíkra skipta.

c) Með fyrirvara um framangreint ber stofnuninni að skipta eftirstandandi eignum sínum milli aðildarlandanna í réttu hlutfalli við hlut hvers aðildarlands í hlutafé stofnunarinnar. Stofnunin skal einnig skipta eftirstandandi eignum stuðningssjóðsins sem um getur í I. viðauka við þennan samning, ef einhverjar eru, milli stuðningsaðila í því hlutfalli sem fjárfestingar þær sem hver stuðningsaðili studdi eru af heildarmagni studdra fjárfestinga. Ekkert aðildarland á tilkall til hlutar síns í eignum stofnunarinnar eða stuðningssjóðsins nema það hafi gert upp allar kröfur sem stofnunin kann að hafa átt inni hjá því. Skipting eigna skal fara fram á þeim tíma sem nefndin ákveður og á þann hátt sem hún telur sanngjarnan og réttlátan.

IX. KAFLI

Lausn deilumála.

56. gr.

Túlkun og beiting samningsins.

a) Spurningar um túlkun eða beitingu ákvæða þessa samnings sem upp koma milli einhvers aðildarlanda stofnunarinnar og stofnunarinnar sjálfrar eða milli aðildarlanda stofnunarinnar skal leggja fyrir stjórnina til ákvörðunar. Aðildarríkjum sem slík spurning varðar sérstaklega og ekki eiga ríkisborgara sem fulltrúa í stjórninni er heimilt að senda fulltrúa sinn á hvern þann fund stjórnarinnar þar sem spurningin er rædd.

b) Í tilvikum þar sem stjórnin hefur tekið ákvörðun skv. a-lið hér að framan getur hvert aðildarlandanna krafist þess að spurningunni verði vísað til nefndarinnar og er niðurstaða hennar endanleg. Þar til fengin er niðurstaða nefndarinnar er stofnuninni heimilt að starfa á grundvelli ákvörðunar stjórnarinnar eftir því sem nauðsynlegt þykir.

57. gr.

Deilumál milli stofnunarinnar og aðildarlanda.

a) Með fyrirvara um ákvæði 56. gr. og b-liðar þessarar greinar skal leysa öll deilumál milli stofnunarinnar og aðildarlands eða einhverrar stofnunar þess og milli stofnunarinnar og fyrrverandi aðildarlands (eða einhverrar stofnunar þess) í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þennan samning.

shall remain in existence and all rights and obligations of members under this Convention shall continue unimpaired.

(b) No distribution of assets shall be made to members until all liabilities to holders of guarantees and other creditors shall have been discharged or provided for and until the Council shall have decided to make such distribution.

(c) Subject to the foregoing, the Agency shall distribute its remaining assets to members in proportion to each member's share in the subscribed capital. The Agency shall also distribute any remaining assets of the Sponsorship Trust Fund referred to in Annex I to this Convention to sponsoring members in the proportion which the investments sponsored by each bears to the total of sponsored investments. No member shall be entitled to its share in the assets of the Agency or the Sponsorship Trust Fund unless that member has settled all outstanding claims by the Agency against it. Every distribution of assets shall be made at such times as the Council shall determine and in such manner as it shall deem fair and equitable.

CHAPTER IX

Settlement of Disputes

ARTICLE 56

Interpretation and Application of the Convention

(a) Any question of interpretation or application of the provisions of this Convention arising between any member of the Agency and the Agency or among members of the Agency shall be submitted to the Board for its decision. Any member which is particularly affected by the question and which is not otherwise represented by a national in the Board may send a representative to attend any meeting of the Board at which such question is considered.

(b) In any case where the Board has given a decision under Section (a) above, any member may require that the question be referred to the Council, whose decision shall be final. Pending the result of the referral to the Council, the Agency may, so far as it deems necessary, act on the basis of the decision of the Board.

ARTICLE 57

Disputes between the Agency and Members

(a) Without prejudice to the provisions of Article 56 and of Section (b) of this Article, any dispute between the Agency and a member or an agency thereof and any dispute between the Agency and a country (or agency thereof) which has ceased to be a member, shall be settled in accordance with the procedure set out in Annex II to this Convention.

b) Leysa skal deilumál sem varða kröfur sem stofnunin hefur tekið við af fjárfesti við kröfuhafaskipti annaðhvort í samræmi við (i) málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þennan samning, eða (ii) samning sem gerður er milli stofnunarinnar og hlutaðeigandi aðildarlands um aðra leið eða leiðir til lausnar slíkra deilumála. Í síðarnefnda tilvikinu skal II. viðauki við þennan samning vera grundvöllur slíks samnings sem í hverju tilviki þarf samþykki sérstaks meiri hluta stjórnarinnar áður en stofnuninni er heimilt að hefja starfsemi á yfirráðasvæðum hlutaðeigandi aðildarlands.

58. gr.

Deilumál sem handhafar ábyrgða eða endurtrygginga eiga hlut að.

Deilumál sem upp koma vegna ábyrgðar- eða endurtryggingarsamnings milli aðila þess samnings skal leggja fyrir gerðardóm til lokaákvörðunar í samræmi við þær reglur sem kveðið er á um eða vísað er til í ábyrgðar- eða endurtryggingarsamningnum.

X. KAFLI

Breytingar.

59. gr.

Breytingar af hálfu nefndarinnar.

a) Samningi þessum og viðaukunum við hann má breyta með atkvæðum þriggja fimmtu hluta nefndarmanna sem ráða fjórum fimmtu hlutum heildaratkvæðamagns, með þeim fyrirvara að:

(i) allar breytingar á réttinum til uppsagnar á aðild að stofnuninni sem kveðið er á um í 51. gr. eða á takmörkun ábyrgðar sem kveðið er á um í d-lið 8. gr. eru háðar jáatkvæði allra nefndarmanna; og

(ii) allar breytingar á fyrirkomulaginu við skiptingu taps sem kveðið er á um í 1. og 3. gr. I. viðauka við þennan samning sem leiða til aukningar á ábyrgð einhvers aðildarlandanna eru háðar jáatkvæði nefndarmanna allra slíkra aðildarlanda.

b) Skrám A og B við þennan samning er heimilt að breyta með sérstökum meiri hluta nefndarinnar.

c) Ef breyting hefur áhrif á eitthvert ákvæði I. viðauka við þennan samning skal telja til heildarfjölda atkvæða þau viðbótaratkvæði sem stuðningsaðilum og gistilöndum studdra fjárfestinga er úthlutað skv. 7. gr. viðaukans.

60. gr.

Málsmeðferð.

Breytingartillögur við þennan samning, hvort sem þær koma frá aðildarlandi, nefndarmanni eða stjórnarmanni, skal senda stjórnarformanninum sem leggur tillöguna fyrir stjórnina. Ef stjórnin mælir með breytingartil-

(b) Disputes concerning claims of the Agency acting as subrogee of an investor shall be settled in accordance with either (i) the procedure set out in Annex II to this Convention, or (ii) an agreement to be entered into between the Agency and the member concerned on an alternative method or methods for the settlement of such disputes. In the latter case, Annex II to this Convention shall serve as a basis for such an agreement which shall, in each case, be approved by the Board by special majority prior to the undertaking by the Agency of operations in the territories of the member concerned.

ARTICLE 58

Disputes Involving Holders of a Guarantee or Reinsurance

Any dispute arising under a contract of guarantee or reinsurance between the parties thereto shall be submitted to arbitration for final determination in accordance with such rules as shall be provided for or referred to in the contract of guarantee or reinsurance.

CHAPTER X

Amendments

ARTICLE 59

Amendment by Council

(a) This Convention and its Annexes may be amended by vote of three-fifths of the Governors exercising four-fifths of the total voting power, provided that:

(i) any amendment modifying the right to withdraw from the Agency provided in Article 51 or the limitation on liability provided in Section (d) of Article 8 shall require the affirmative vote of all Governors; and

(ii) any amendment modifying the loss-sharing arrangement provided in Articles 1 and 3 of Annex I to this Convention which will result in an increase in any member's liability thereunder shall require the affirmative vote of the Governor of each such member.

(b) Schedules A and B to this Convention may be amended by the Council by special majority.

(c) If an amendment affects any provision of Annex I to this Convention, total votes shall include the additional votes allotted under Article 7 of such Annex to sponsoring members and countries hosting sponsored investments.

ARTICLE 60

Procedure

Any proposal to amend this Convention, whether emanating from a member or a Governor or a Director, shall be communicated to the Chairman of the Board who shall bring the proposal before the Board. If the proposed

lögunni er hún lögð fyrir nefndina til samþykktar í samræmi við ákvæði 59. gr. Þegar nefndin hefur samþykkt breytingu á tilhlýðilegan hátt skal stofnunin staðfesta það með formlegri orðsendingu sem beint er til allra aðildarlandanna. Breytingar skulu öðlast gildi að því er öll aðildarlönd varðar níutíu dögum eftir að formlega orðsendingin er dagsett, nema nefndin tiltaki aðra dagsetningu.

XI. KAFLI
Lokaákvæði.

61. gr.
Gildistaka.

a) Samningur þessi skal vera opinn til undirritunar af hálfu allra aðildarlanda bankans auk Sviss og er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki undirskriftarríkjanna í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð þeirra.

b) Samningur þessi skal öðlast gildi þann dag þegar eigi færri en fimm skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt hafa verið afhent til vörslu af hálfu undirskriftarríkjanna í fyrsta flokki og eigi færri en fimmtán slík skjöl hafa verið afhent til vörslu af hálfu undirskriftarríkjanna í öðrum flokki; að því tilskildu að heildarupphæð hlutafjárloforða fyrrnefndra ríkja jafngildi ekki minna en þriðjungi leyfðs hlutafjár stofnunarinnar skv. 5. gr.

c) Að því er varðar hvert það ríki sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi skal samningurinn öðlast gildi á afhendingardegi skjalsins.

d) Ef samningur þessi hefur ekki öðlast gildi innan tveggja ára eftir að hann er opnaður til undirritunar skal aðalbankastjóri bankans boða til ráðstefnu þeirra landa sem hagsmuna eiga að gæta til að taka ákvörðun um framtíðaraðgerðir.

62. gr.
Stofnfundur.

Þegar samningur þessi öðlast gildi skal aðalbankastjóri bankans boða til stofnfundar nefndarinnar. Fundurinn skal haldinn á aðalskrifstofu stofnunarinnar innan sextíu daga frá gildistökudegi þessa samnings eða eins fljótt og auðið er eftir það.

63. gr.
Vörsluaðili.

Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt þessa samnings og breytinga á honum skulu afhent bankanum til vörslu og skal hann vera vörsluaðili samningsins. Vörsluaðilinn skal senda staðfest afrit af þessum samningi til aðildarlanda bankans auk Sviss.

amendment is recommended by the Board, it shall be submitted to the Council for approval in accordance with Article 59. When an amendment has been duly approved by the Council, the Agency shall so certify by formal communication addressed to all members. Amendments shall enter into force for all members ninety days after the date of the formal communication unless the Council shall specify a different date.

CHAPTER XI
Final Provisions

ARTICLE 61
Entry into Force

(a) This Convention shall be open for signature on behalf of all members of the Bank and Switzerland and shall be subject to ratification, acceptance or approval by the signatory States in accordance with their constitutional procedures.

(b) This Convention shall enter into force on the day when not less than five instruments of ratification, acceptance or approval shall have been deposited on behalf of signatory States in Category One, and not less than fifteen such instruments shall have been deposited on behalf of signatory States in Category Two; provided that total subscriptions of these States amount to not less than one-third of the authorized capital of the Agency as prescribed in Article 5.

(c) For each State which deposits its instrument of ratification, acceptance or approval after this Convention shall have entered into force, this Convention shall enter into force on the date of such deposit.

(d) If this Convention shall not have entered into force within two years after its opening for signature, the President of the Bank shall convene a conference of interested countries to determine the future course of action.

ARTICLE 62
Inaugural Meeting

Upon entry into force of this Convention, the President of the Bank shall call the inaugural meeting of the Council. This meeting shall be held at the principal office of the Agency within sixty days from the date on which this Convention has entered into force or as soon as practicable thereafter.

ARTICLE 63
Depository

Instruments of ratification, acceptance or approval of this Convention and amendments thereto shall be deposited with the Bank which shall act as the depository of this Convention. The depository shall transmit certified copies of this Convention to States members of the Bank and to Switzerland.

64. gr.
Skráning.

Vörsluaðilinn skal skrá þennan samning hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og reglurnar sem allsherjarþingið hefur samþykkt í samræmi við þá grein.

65. gr.
Tilkynning.

Vörsluaðilinn skal tilkynna öllum undirskriftarríkjum og, eftir að samningurinn öðlast gildi, stofnuninni um eftirfarandi:

a) undirskriftir þessa samnings;
b) afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt í samræmi við 63. gr.;
c) dagsetninguna þegar þessi samningur öðlast gildi í samræmi við 61. gr.;
d) útilokanir frá beitingu á tilteknum svæðum skv. 66. gr.; og
e) uppsögn aðildarlands á aðild að stofnuninni skv. 51. gr.

66. gr.
Beiting á tilteknum svæðum.

Samningur þessi skal gilda á öllum svæðum sem eru undir lögsögu aðildarlands, að meðtöldum svæðum sem það fer með utanríkismál fyrir, nema á þeim svæðum sem aðildarlandið kann að útiloka með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila þessa samnings annaðhvort þegar fullgilding, staðfesting eða samþykkt fer fram eða síðar.

67. gr.
Reglubundin endurskoðun.

a) Nefndin skal reglulega endurskoða ítarlega starfsemi stofnunarinnar og þann árangur sem náðst hefur í því augnamiði að innleiða hverjar þær breytingar sem þörf er á til að auka getu stofnunarinnar til að þjóna markmiðum sínum.

b) Fyrsta endurskoðunin af þessu tagi skal fara fram fimm árum eftir gildistöku þessa samnings. Nefndin skal ákveða tíma fyrir endurskoðanir eftir það.

Gjört í Seúl í einu eintaki sem skal vera í vörslu skjalasafns Alþjóðabankans til endurbyggingar og nýbyggingar sem hefur með undirskrift sinni hér að neðan gefið til kynna samþykki sitt til að gegna því hlutverki sem honum er falið samkvæmt þessum samningi.

ARTICLE 64
Registration

The depository shall register this Convention with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations and the Regulations thereunder adopted by the General Assembly.

ARTICLE 65
Notification

The depository shall notify all signatory States and, upon the entry into force of this Convention, the Agency of the following:

(a) signatures of this Convention;
(b) deposits of instruments of ratification, acceptance and approval in accordance with Article 63;
(c) the date on which this Convention enters into force in accordance with Article 61;
(d) exclusions from territorial application pursuant to Article 66; and
(e) withdrawal of a member from the Agency pursuant to Article 51.

ARTICLE 66
Territorial Application

This Convention shall apply to all territories under the jurisdiction of a member including the territories for whose international relations a member is responsible, except those which are excluded by such member by written notice to the depository of this Convention either at the time of ratification, acceptance or approval or subsequently.

ARTICLE 67
Periodic Reviews

(a) The Council shall periodically undertake comprehensive reviews of the activities of the Agency as well as the results achieved with a view to introducing any changes required to enhance the Agency's ability to serve its objectives.

(b) The first such review shall take place five years after the entry into force of this Convention. The dates of subsequent reviews shall be determined by the Council.

DONE at Seoul, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the International Bank for Reconstruction and Development, which has indicated by its signature below its agreement to fulfill the functions with which it is charged under this Convention.

I. VIÐAUKI
Ábyrgðir vegna studdra fjárfestinga skv. 24. gr.

1. gr.
Stuðningur.

a) Öllum aðildarlöndum er frjálst að styðja fjárfestingu til ábyrgðar sem fjárfestir með hvaða ríkisfang sem er eða fjárfestar með hvaða ríkisfang sem er eða ólíkt ríkisfang ætla að gera.

b) Með fyrirvara um ákvæði b- og c-liðar 3. gr. þessa viðauka skal hver stuðningsaðili deila tapi vegna ábyrgðar á studdum fjárfestingum með hinum stuðningsaðilunum, þegar og að því marki sem ekki er unnt að greiða tapið úr stuðningssjóðnum sem um getr í 2. gr. þessa viðauka, í því hlutfalli sem upphæð hámarksábyrgðarskuldbindingarinnar samkvæmt fjárfestingarábyrgðunum sem sá aðili styður er af heildarupphæð hámarksábyrgðarskuldbindinga samkvæmt ábyrgðum fjárfestinganna sem öll aðildarlöndin styðja.

c) Þegar stofnunin tekur ákvarðanir um útgáfu ábyrgða samkvæmt ákvæðum þessa viðauka skal hún taka tilhlýðilegt tillit til þess hversu líklegt er að stuðningsaðilinn verði í aðstöðu til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessum viðauka og skal veita forgang þeim fjárfestingum sem hlutaðeigandi gistilönd veita meðstuðning.

d) Stofnunin skal reglulega hafa samráð við stuðningsaðila að því er varðar starfsemi hennar samkvæmt þessum viðauka.

2. gr.
Stuðningssjóðurinn.

a) Iðgjöld og aðrar tekjur vegna ábyrgða á studdum fjárfestingum, að meðtöldum hagnaði af fjárfestingu slíkra iðgjalda og tekna, skal geyma á sérstökum reikningi sem kallast stuðningssjóðurinn.

b) Greiða skal úr stuðningssjóðnum allan stjórnsýslukostnað og kröfur vegna ábyrgða sem gefnar eru út samkvæmt þessum viðauka.

c) Meðferð og umsýsla eigna stuðningssjóðsins skal vera fyrir hönd stuðningsaðila sameiginlega og skal þeim haldið aðgreindum frá eignum stofnunarinnar.

3. gr.
Greiðslukröfur á hendur stuðningsaðilum.

a) Að því marki sem greiðslur falla á stofnunina vegna taps sem stuðningsaðilar eru ábyrgir fyrir og ekki er unnt að greiða þær af eignum stuðningssjóðsins skal stofnunin beina til hvers stuðningsaðila um

ANNEX I
Guarantees of Sponsored Investments Under Article 24

ARTICLE 1
Sponsorship

(a) Any member may sponsor for guarantee an investment to be made by an investor of any nationality or by investors of any or several nationalities.

(b) Subject to the provisions of Sections (b) and (c) of Article 3 of this Annex, each sponsoring member shall share with the other sponsoring members in losses under guarantees of sponsored investments, when and to the extent that such losses cannot be covered out of the Sponsorship Trust Fund referred to in Article 2 of this Annex, in the proportion which the amount of maximum contingent liability under the guarantees of investments sponsored by it bears to the total amount of maximum contingent liability under the guarantees of investments sponsored by all members.

(c) In its decisions on the issuance of guarantees under this Annex, the Agency shall pay due regard to the prospects that the sponsoring member will be in a position to meet its obligations under this Annex and shall give priority to investments which are co-sponsored by the host countries concerned.

(d) The Agency shall periodically consult with sponsoring members with respect to its operations under this Annex.

ARTICLE 2
Sponsorship Trust Fund

(a) Premiums and other revenues attributable to guarantees of sponsored investments, including returns on the investment of such premiums and revenues, shall be held in a separate account which shall be called the Sponsorship Trust Fund.

(b) All administrative expenses and payments on claims attributable to guarantees issued under this Annex shall be paid out of the Sponsorship Trust Fund.

(c) The assets of the Sponsorship Trust Fund shall be held and administered for the joint account of sponsoring members and shall be kept separate and apart from the assets of the Agency.

ARTICLE 3
Calls on Sponsoring Members

(a) To the extent that any amount is payable by the Agency on account of a loss under a sponsored guarantee and such amount cannot be paid out of assets of the Sponsorship Trust Fund, the Agency shall call on each

sig kröfu um að greiða sjóðnum sinn hluta af þeirri fjárhæð sem ákveðin er í samræmi við b-lið 1. gr. þessa viðauka.

b) Aðila skal ekki skylt að inna af hendi nokkrar greiðslur eftir kröfu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ef það hefur í för með sér að heildargreiðslur hans verði meiri en sem nemur heildarfjárhæð ábyrgða vegna fjárfestinga sem hann styður.

c) Þegar ábyrgð vegna fjárfestingar sem aðildarland styður rennur út skal ábyrgð þess aðildarlands minnka sem nemur upphæð þeirrar ábyrgðar; ábyrgð aðildarlandsins skal einnig minnka í réttu hlutfalli þegar stofnunin greiðir kröfur tengdar studdum fjárfestingum og skal að öðru leyti vera áfram í gildi þar til allar ábyrgðir vegna studdra fjárfestinga sem eru útistandandi þegar slík greiðsla fer fram eru útrunnar.

d) Ef einhver stuðningsaðilinn ber ekki ábyrgð á upphæð greiðslukröfu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar vegna takmörkunarinnar sem felst í b- og c-lið hér að framan, eða ef einhver stuðningsaðilinn vanefnir greiðslu slíkrar kröfu, skulu hinir stuðningsaðilarnir bera ábyrgð á greiðslu upphæðarinnar í réttu hlutfalli. Ábyrgð aðildarlandanna samkvæmt þessum lið skal vera háð takmörkuninni í b- og c-lið hér að framan.

e) Greiðslur stuðningsaðila vegna krafna samkvæmt þessari grein skulu inntar af hendi skjótt og í frjálsum gjaldmiðlum.

4. gr.

Mat á gjaldmiðlum og endurgreiðslum.

Ákvæði þessa samnings um mat á gjaldmiðlum og endurgreiðslum með tilliti til hlutafjárloforða gilda að breyttu breytanda um fjármuni sem aðildarlöndin greiða vegna studdra fjárfestinga.

5. gr.

Endurtrygging.

a) Stofnuninni er heimilt, með þeim skilyrðum sem fram koma í 1. gr. þessa viðauka, að veita endurtryggingu aðildarlandi, stofnun þess, svæðisstofnun eins og hún er skilgreind í a-lið 20. gr. þessa samnings eða vátryggjanda í einkaeign í aðildarlandi. Ákvæði þessa viðauka um ábyrgðir og 20. og 21. gr. þessa samnings skulu gilda að breyttu breytanda um endurtryggingar sem veittar eru samkvæmt þessum lið.

b) Stofnuninni er heimilt að afla sér endurtrygginga vegna fjárfestinga sem hún ábyrgist samkvæmt þessum viðauka og skal hún greiða kostnað við slíkar endurtryggingar úr stuðningssjóðnum. Stjórnin getur ákveðið hvort og að hvaða marki heimilt er að minnka skuldbindingar stuðningsaðilanna um hlutdeild í tapi sponsoring member to pay into such Fund its share of such amount as shall be determined in accordance with Section (b) of Article 1 of this Annex.

(b) No member shall be liable to pay any amount on a call pursuant to the provisions of this Article if as a result total payments made by that member will exceed the total amount of guarantees covering investments sponsored by it.

(c) Upon the expiry of any guarantee covering an investment sponsored by a member, the liability of that member shall be decreased by an amount equivalent to the amount of such guarantee; such liability shall also be decreased on a pro rata basis upon payment by the Agency of any claim related to a sponsored investment and shall otherwise continue in effect until the expiry of all guarantees of sponsored investments outstanding at the time of such payment.

(d) If any sponsoring member shall not be liable for an amount of a call pursuant to the provisions of this Article because of the limitation contained in Sections (b) and (c) above, or if any sponsoring member shall default in payment of an amount due in response to any such call, the liability for payment of such amount shall be shared pro rata by the other sponsoring members. Liability of members pursuant to this Section shall be subject to the limitation set forth in Sections (b) and (c) above.

(e) Any payment by a sponsoring member pursuant to a call in accordance with this Article shall be made promptly and in freely usable currency.

ARTICLE 4

Valuation of Currencies and Refunds

The provisions on valuation of currencies and refunds contained in this Convention with respect to capital subscriptions shall be applied mutatis mutandis to funds paid by members on account of sponsored investments.

ARTICLE 5

Reinsurance

(a) The Agency may, under the conditions set forth in Article 1 of this Annex, provide reinsurance to a member, an agency thereof, a regional agency as defined in Section (a) of Article 20 of this Convention or a private insurer in a member country. The provisions of this Annex concerning guarantees and of Articles 20 and 21 of this Convention shall be applied mutatis mutandis to reinsurance provided under this Section.

(b) The Agency may obtain reinsurance for investments guaranteed by it under this Annex and shall meet the cost of such reinsurance out of the Sponsorship Trust Fund. The Board may decide whether and to what extent the loss-sharing obligation of sponsoring members referred to in Section (b) of Article 1 of this Annex may

sem um getur í b-lið 1. gr. þessa viðauka vegna endurtrygginga sem aflað hefur verið.

6. gr.
Meginreglur um rekstur.

Með fyrirvara um ákvæði þessa viðauka skulu ákvæðin um veitingu ábyrgða skv. III. kafla þessa samnings og fjármálastjórnun skv. IV. kafla þessa samnings gilda að breyttu breytanda um ábyrgðir vegna studdra fjárfestinga nema hvað (i) slíkar fjárfestingar skulu teljast hæfar til stuðnings ef gjaldgengur fjárfestir eða fjárfestar skv. a-lið 1. gr. þessa viðauka gera þær á yfirráðasvæði aðildarlands, einkum þróunaraðildarlands, og (ii) stofnuninni skal ekki skylt að ábyrgjast með eigin eignum kröfur vegna ábyrgða eða endurtrygginga sem veittar eru samkvæmt þessum viðauka og skal kveðið á um það í hverjum þeim ábyrgðar- eða endurtryggingarsamningi sem gerður er samkvæmt þessum viðauka.

7. gr.
Atkvæðagreiðsla.

Við atkvæðagreiðslu vegna ákvarðana sem tengjast studdum fjárfestingum skal hver stuðningsaðili hafa eitt aukaatkvæði fyrir hvert jafngildi 10.000 sérstakra dráttarréttinda (SDR) sem stofnunin ábyrgist eða endurtryggir á grundvelli stuðnings hans og hvert aðildarland sem er gistiland studdrar fjárfestingar skal hafa eitt aukaatkvæði fyrir hvert jafngildi 10.000 sérstakra dráttarréttinda sem stofnunin ábyrgist eða endurtryggir vegna studdra fjárfestinga sem gerðar eru á landi þess. Slík aukaatkvæði skulu aðeins greidd vegna ákvarðana sem tengjast studdum fjárfestingum og annars skal ekki tekið tillit til þeirra þegar atkvæðamagn aðildarlandanna er reiknað.

II. VIÐAUKI
Lausn deilumála milli aðildarlands og stofnunarinnar skv. 57. gr.

1. gr.
Beiting viðaukans.

Öll deilumál sem falla undir gildissvið 57. gr. þessa samnings skulu leyst í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í þessum viðauka, nema í þeim tilvikum þar sem stofnunin hefur gert samning við aðildarland skv. b-lið (ii) 57. gr.

2. gr.
Samningaviðræður.

Aðilar að deilumáli innan gildissviðs þessa viðauka skulu reyna að leysa deilumálið með samningaviðræðum áður en þeir óska eftir sættargerð eða leita til

be reduced on account of the reinsurance cover obtained.

ARTICLE 6
Operational Principles

Without prejudice to the provisions of this Annex, the provisions with respect to guarantee operations under Chapter III of this Convention and to financial management under Chapter IV of this Convention shall be applied mutatis mutandis to guarantees of sponsored investments except that (i) such investments shall qualify for sponsorship if made in the territories of any member, and in particular of any developing member, by an investor or investors eligible under Section (a) of Article 1 of this Annex, and (ii) the Agency shall not be liable with respect to its own assets for any guarantee or reinsurance issued under this Annex and each contract of guarantee or reinsurance concluded pursuant to this Annex shall expressly so provide.

ARTICLE 7
Voting

For decisions relating to sponsored investments, each sponsoring member shall have one additional vote for each 10,000 Special Drawing Rights equivalent of the amount guaranteed or reinsured on the basis of its sponsorship, and each member hosting a sponsored investment shall have one additional vote for each 10,000 Special Drawing Rights equivalent of the amount guaranteed or reinsured with respect to any sponsored investment hosted by it. Such additional votes shall be cast only for decisions related to sponsored investments and shall otherwise be disregarded in determining the voting power of members.

ANNEX II
Settlement of Disputes Between a Member and the Agency Under Article 57

ARTICLE 1
Application of the Annex

All disputes within the scope of Article 57 of this Convention shall be settled in accordance with the procedure set out in this Annex, except in the cases where the Agency has entered into an agreement with a member pursuant to Section (b) (ii) of Article 57.

ARTICLE 2
Negotiation

The parties to a dispute within the scope of this Annex shall attempt to settle such dispute by negotiation before seeking conciliation or arbitration. Negotiations shall be

gerðardóms. Samningaleiðin skal teljast fullreynd ef aðilar hafa ekki náð samkomulagi innan eitt hundrað og tuttugu daga frá því að beiðni um samningaviðræður var lögð fram.

3. gr.

Sættargerð.

a) Ef deilumálið leysist ekki í samningaviðræðum er hvorum aðilanum um sig heimilt að vísa því til gerðardóms samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessa viðauka, nema aðilarnir hafi komið sér saman um að reyna fyrst sættargerðarmeðferðina sem kveðið er á um í þessari grein.

b) Í samningnum um að vísa málinu til sættargerðar skal tilgreina deilumálið, kröfur aðilanna í tengslum við það og nafn sáttasemjarans sem deiluaðilar hafa komið sér saman um, ef það liggur fyrir. Liggi ekki fyrir samkomulag um sáttasemjara geta aðilarnir sameiginlega farið fram á það annaðhvort við aðalframkvæmdastjóra Alþjóðastofnunarinnar til lausnar fjárfestingardeilumálum (International Centre for Settlement of Investment Disputes, sem nefnist hér á eftir „ICSID") eða forseta Alþjóðadómstólsins að hann skipi sáttasemjara. Sættargerðarmeðferðinni lýkur ef sáttasemjari hefur ekki verið skipaður innan níutíu daga frá því að ákveðið var að vísa málinu til sættargerðar.

c) Nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka eða deiluaðilar hafi samið um annað skal sáttasemjarinn ákveða þær málsmeðferðarreglur sem gilda skulu við sættargerðina og skal hann hafa að leiðarljósi þær sættargerðarreglur sem samþykktar voru samkvæmt samningnum um lausn fjárfestingardeilumála milli ríkja og ríkisborgara annarra ríkja.

d) Aðilarnir skulu vinna með sáttasemjaranum í góðri trú og einkum veita honum allar þær upplýsingar og gögn sem kunna að koma honum að gagni við störf sín; þeir skulu taka öll tilmæli hans til alvarlegrar athugunar.

e) Nema deiluaðilar komi sér saman um annað skal sáttasemjarinn innan eitt hundrað og áttatíu daga frá skipunardegi sínum leggja fyrir aðilana skýrslu um niðurstöður umleitana sinna, þar sem fram koma málefnin sem aðilana greinir á um og tillögur hans um lausn þeirra.

f) Hvor aðili skal innan sextíu daga frá því að hann veitir skýrslunni viðtöku greina hinum aðilanum skriflega frá áliti sínu á henni.

g) Hvorugur aðili deilumáls skal eiga rétt á að vísa því til gerðardóms, nema:

(i) sáttasemjari hafi ekki skilað skýrslu sinni innan þess tíma sem ákveðinn er í e-lið hér að framan; eða

deemed to have been exhausted if the parties fail to reach a settlement within a period of one hundred and twenty days from the date of the request to enter into negotiation.

ARTICLE 3

Conciliation

(a) If the dispute is not resolved through negotiation, either party may submit the dispute to arbitration in accordance with the provisions of Article 4 of this Annex, unless the parties, by mutual consent, have decided to resort first to the conciliation procedure provided for in this Article.

(b) The agreement for recourse to conciliation shall specify the matter in dispute, the claims of the parties in respect thereof and, if available, the name of the conciliator agreed upon by the parties. In the absence of agreement on the conciliator, the parties may jointly request either the Secretary-General of the International Centre for Settlement of Investment Disputes (hereinafter called ICSID) or the President of the International Court of Justice to appoint a conciliator. The conciliation procedure shall terminate if the conciliator has not been appointed within ninety days after the agreement for recourse to conciliation.

(c) Unless otherwise provided in this Annex or agreed upon by the parties, the conciliator shall determine the rules governing the conciliation procedure and shall be guided in this regard by the conciliation rules adopted pursuant to the Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and Nationals of Other States.

(d) The parties shall cooperate in good faith with the conciliator and shall, in particular, provide him with all information and documentation which would assist him in the discharge of his functions; they shall give their most serious consideration to his recommendations.

(e) Unless otherwise agreed upon by the parties, the conciliator shall, within a period not exceeding one hundred and eighty days from the date of his appointment, submit to the parties a report recording the results of his efforts and setting out the issues controversial between the parties and his proposals for their settlement.

(f) Each party shall, within sixty days from the date of the receipt of the report, express in writing its views on the report to the other party.

(g) Neither party to a conciliation proceeding shall be entitled to have recourse to arbitration unless:

(i) the conciliator shall have failed to submit his report within the period established in Section (e) above; or

(ii) deiluaðilarnir hafi ekki samþykkt allar tillögurnar sem fram koma í skýrslunni innan sextíu daga frá viðtöku hennar; eða
(iii) deiluaðilarnir hafi eftir skoðanaskipti um skýrsluna ekki komið sér saman um lausn allra deiluefna innan sextíu daga frá því að þeir veita skýrslu sáttasemjara viðtöku; eða
(iv) annar hvor aðilinn hafi ekki látið í ljós álit sitt á skýrslunni eins og mælt er fyrir um í f-lið hér að framan.

h) Nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað skal ákvarða þóknun sáttasemjara á grundvelli þeirra taxta sem gilda um sættargerð á vegum ICSID. Deiluaðilarnir skulu skipta jafnt með sér greiðslu þessarar þóknunar og annars kostnaðar við sættargerðina. Hvor aðili um sig skal bera eigin kostnað.

4. gr.
Gerðardómur.

a) Gerðardómsmál skal höfðað með tilkynningu aðilans sem leitar eftir gerðardómi (sóknaraðila) til hins deiluaðilans eða -aðilanna (varnaraðila). Í tilkynningunni skal tiltaka eðli deilumálsins, þær bætur sem farið er fram á og nafn gerðardómarans sem sóknaraðili tilnefnir. Varnaraðilinn skal tilkynna sóknaraðila nafn gerðardómarans sem hann tilnefnir innan þrjátíu daga frá því að hann veitir tilkynningunni viðtöku. Deiluaðilarnir tveir skulu innan þrjátíu daga frá tilnefningu annars gerðardómarans velja þriðja gerðardómarann og skal hann vera forseti gerðardómsins.

b) Ef gerðardómurinn hefur ekki verið stofnsettur innan sextíu daga frá dagsetningu tilkynningarinnar skal aðalframkvæmdastjóri ICSID samkvæmt sameiginlegri beiðni deiluaðilanna tilnefna gerðardómarann sem enn hefur ekki verið tilnefndur eða forsetann sem enn hefur ekki verið valinn. Ef engin slík sameiginleg beiðni liggur fyrir eða ef aðalframkvæmdastjórinn gengur ekki frá tilnefningunni innan þrjátíu daga frá því að beiðni berst er hvorum aðilanna sem er heimilt að fara fram á að forseti Alþjóðadómstólsins sjái um tilnefninguna.

c) Engum aðila skal heimilt að skipta um gerðardómarann sem hann tilnefnir eftir að skýrslugjöf í deilumálinu er hafin. Ef gerðardómari (þar með talinn forseti gerðardómsins) segir af sér, deyr eða verður óhæfur til starfa skal tilnefna eftirmann hans á sama hátt og forverinn var tilnefndur og skal eftirmaðurinn hafa sama vald og sömu skyldur og gerðardómarinn sem hann leysir af hólmi.

d) Gerðardómurinn skal koma saman í fyrsta skipti á þeim stað og tíma sem forseti hans ákveður. Eftir

(ii) the parties shall have failed to accept all of the proposals contained in the report within sixty days after its receipt; or
(iii) the parties, after an exchange of views on the report, shall have failed to agree on a settlement of all controversial issues within sixty days after receipt of the conciliator's report; or
(iv) a party shall have failed to express its views on the report as prescribed in Section (f) above.

(h) Unless the parties agree otherwise, the fees of the conciliator shall be determined on the basis of the rates applicable to ICSID conciliation. These fees and the other costs of the conciliation proceedings shall be borne equally by the parties. Each party shall defray its own expenses.

ARTICLE 4
Arbitration

(a) Arbitration proceedings shall be instituted by means of a notice by the party seeking arbitration (the claimant) addressed to the other party or parties to the dispute (the respondent). The notice shall specify the nature of the dispute, the relief sought and the name of the arbitrator appointed by the claimant. The respondent shall, within thirty days after the date of receipt of the notice, notify the claimant of the name of the arbitrator appointed by it. The two parties shall, within a period of thirty days from the date of appointment of the second arbitrator, select a third arbitrator, who shall act as President of the Arbitral Tribunal (the Tribunal).

(b) If the Tribunal shall not have been constituted within sixty days from the date of the notice, the arbitrator not yet appointed or the President not yet selected shall be appointed, at the joint request of the parties, by the Secretary-General of ICSID. If there is no such joint request, or if the Secretary-General shall fail to make the appointment within thirty days of the request, either party may request the President of the International Court of Justice to make the appointment.

(c) No party shall have the right to change the arbitrator appointed by it once the hearing of the dispute has commenced. In case any arbitrator (including the President of the Tribunal) shall resign, die, or become incapacitated, a successor shall be appointed in the manner followed in the appointment of his predecessor and such successor shall have the same powers and duties of the arbitrator he succeeds.

(d) The Tribunal shall convene first at such time and place as shall be determined by the President. Thereafter,

það skal gerðardómurinn ákveða fundarstaði sína og fundartíma.

e) Nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka eða deiluaðilar semji um annað skal gerðardómurinn ákveða málsmeðferðarreglur sínar og hafa að leiðarljósi gerðardómsreglurnar sem samþykktar voru samkvæmt samningnum um lausn fjárfestingardeilumála milli ríkja og ríkisborgara annarra ríkja.

f) Gerðardómurinn skal sjálfur skera úr um valdbærni sína, að því undanskildu að ef andmælum er hreyft fyrir gerðardóminum þess efnis að deilumálið falli undir lögsögu stjórnarinnar eða nefndarinnar skv. 56. gr. eða innan lögsögu dómstóls eða gerðardóms sem tilnefndur er í samningi skv. 1. gr. þessa viðauka og ef gerðardómurinn telur andmælin réttmæt skal gerðardómurinn vísa andmælunum til stjórnarinnar eða nefndarinnar eða tilnefnda dómstólsins eða gerðardómsins, eftir því sem við á, og gert skal hlé á gerðardómsmálinu þar til ákvörðun hefur verið tekin í málinu sem skal vera bindandi fyrir gerðardóminn.

g) Í öllum deilumálum, sem falla undir gildissvið þessa viðauka, skal gerðardómurinn beita ákvæðum þessa samnings, viðeigandi samninga milli deiluaðila, ef einhverjir eru, samþykkta og reglugerða stofnunarinnar, gildandi reglna þjóðaréttar og laga í hlutaðeigandi aðildarlandi auk viðeigandi ákvæða fjárfestingarsamningsins, ef einhver eru. Með fyrirvara um ákvæði þessa samnings er gerðardóminum heimilt að skera úr um deilumál samkvæmt því sem er rétt og sanngjarnt ef stofnunin og hlutaðeigandi aðildarland eru sammála um það. Gerðardóminum er ekki heimilt að neita að kveða upp úrskurð á þeim forsendum að lögin séu ófullnægjandi eða óskýr.

h) Gerðardómurinn skal sjá til þess að allir aðilar njóti réttlátrar málsmeðferðar. Allar ákvarðanir gerðardómsins skulu teknar með meiri hluta atkvæða og skulu þær rökstuddar. Úrskurður gerðardómsins skal vera skriflegur og undirritaður af minnst tveimur gerðardómaranna og skal hver aðili fá sent afrit af honum. Úrskurðurinn skal vera endanlegur og bindandi fyrir aðilana og ekki er unnt að áfrýja honum, ógilda hann eða endurskoða.

i) Komi upp deilumál milli aðilanna um merkingu eða gildissvið úrskurðar er hvorum aðilanum sem er heimilt, innan sextíu daga frá því að úrskurðurinn var felldur, að fara fram á túlkun úrskurðarins með skriflegri umsókn til forseta gerðardómsins sem felldi úrskurðinn. Ef mögulegt er skal forsetinn leggja umsóknina fyrir gerðardóminn sem felldi úrskurðinn og boða hann til fundar innan sextíu daga frá að því honum barst umsóknin. Ef þetta reynist ekki mögulegt skal koma á fót öðrum gerðardómi í samræmi við

the Tribunal shall determine the place and dates of its meetings.

(e) Unless otherwise provided in this Annex or agreed upon by the parties, the Tribunal shall determine its procedure and shall be guided in this regard by the arbitration rules adopted pursuant to the Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and Nationals of Other States.

(f) The Tribunal shall be the judge of its own competence except that, if an objection is raised before the Tribunal to the effect that the dispute falls within the jurisdiction of the Board or the Council under Article 56 or within the jurisdiction of a judicial or arbitral body designated in an agreement under Article 1 of this Annex and the Tribunal is satisfied that the objection is genuine, the objection shall be referred by the Tribunal to the Board or the Council or the designated body, as the case may be, and the arbitration proceedings shall be stayed until a decision has been reached on the matter, which shall be binding upon the Tribunal.

(g) The Tribunal shall, in any dispute within the scope of this Annex, apply the provisions of this Convention, any relevant agreement between the parties to the dispute, the Agency's by-laws and regulations, the applicable rules of international law, the domestic law of the member concerned as well as the applicable provisions of the investment contract, if any. Without prejudice to the provisions of this Convention, the Tribunal may decide a dispute ex aequo et bono if the Agency and the member concerned so agree. The Tribunal may not bring a finding of non liquet on the ground of silence or obscurity of the law.

(h) The Tribunal shall afford a fair hearing to all the parties. All decisions of the Tribunal shall be taken by a majority vote and shall state the reasons on which they are based. The award of the Tribunal shall be in writing, and shall be signed by at least two arbitrators and a copy thereof shall be transmitted to each party. The award shall be final and binding upon the parties and shall not be subject to appeal, annulment or revision.

(i) If any dispute shall arise between the parties as to the meaning or scope of an award, either party may, within sixty days after the award was rendered, request interpretation of the award by an application in writing to the President of the Tribunal which rendered the award. The President shall, if possible, submit the request to the Tribunal which rendered the award and shall convene such Tribunal within sixty days after receipt of the application. If this shall not be possible, a new Tribunal shall be constituted in accordance with the

ákvæði a–d-liðar hér að framan. Gerðardóminum er heimilt að fresta framkvæmd úrskurðarins á meðan beðið er ákvörðunar hans um þá túlkun sem farið var fram á.

j) Hvert aðildarland skal viðurkenna að úrskurður sem felldur er samkvæmt þessari grein sé bindandi og aðfararhæfur á yfirráðasvæðum þess eins og hann væri endanlegur dómur dómstóls í því aðildarlandi. Við aðför samkvæmt úrskurðinum skal farið að þeim lögum sem gilda um aðför í ríkinu sem ræður þeim svæðum þar sem farið er fram á aðförina og ekki skal vikið frá gildandi lögum um friðhelgi gagnvart aðför.

k) Nema aðilarnir komi sér saman um annað skal ákveða þóknun gerðardómaranna á grundvelli taxtanna sem gilda um gerðardóm á vegum ICSID. Hver aðili skal bera eigin kostnað sem tengist gerðardómsmálinu. Aðilarnir skulu skipta jafnt með sér greiðslu kostnaðar við gerðardóminn nema gerðardómurinn ákveði annað. Gerðardómurinn sker úr um allar spurningar sem tengjast skiptingu kostnaðar við gerðardóminn eða aðferðir við greiðslu þess kostnaðar.

5. gr.

Birting stefnu.

Birting tilkynningar eða stefnu í tengslum við málarekstur samkvæmt þessum viðauka skal vera skrifleg. Stofnunin skal framkvæma hana gagnvart því yfirvaldi sem hlutaðeigandi aðildarland hefur tilnefnt skv. 38. gr. þessa samnings og hlutaðeigandi aðildarland skal framkvæma hana á aðalskrifstofu stofnunarinnar.

provisions of Sections (a) to (d) above. The Tribunal may stay enforcement of the award pending its decision on the requested interpretation.

(j) Each member shall recognize an award rendered pursuant to this Article as binding and enforceable within its territories as if it were a final judgment of a court in that member. Execution of the award shall be governed by the laws concerning the execution of judgments in force in the State in whose territories such execution is sought and shall not derogate from the law in force relating to immunity from execution.

(k) Unless the parties shall agree otherwise, the fees and remuneration payable to the arbitrators shall be determined on the basis of the rates applicable to ICSID arbitration. Each party shall defray its own costs associated with the arbitration proceedings. The costs of the Tribunal shall be borne by the parties in equal proportion unless the Tribunal decides otherwise. Any question concerning the division of the costs of the Tribunal or the procedure for payment of such costs shall be decided by the Tribunal.

ARTICLE 5

Service of Process

Service of any notice or process in connection with any proceeding under this Annex shall be made in writing. It shall be made by the Agency upon the authority designated by the member concerned pursuant to Article 38 of this Convention and by that member at the principal office of the Agency.

SKRÁ A
Aðild og hlutafjárloforð.

1. FLOKKUR

Land	Fjöldi hluta	Hlutafjárloforð (í milljónum SDR)
Austurríki	775	7,75
Ástralía	1.713	17,13
Bandaríkin	20.519	205,19
Belgía	2.030	20,30
Breska konungsríkið	4.860	48,60
Danmörk	718	7,18
Finnland	600	6,00
Frakkland	4.860	48,60
Holland	2.169	21,69
Írland	369	3,69
Ísland	90	0,90
Ítalía	2.820	28,20
Japan	5.095	50,95
Kanada	2.965	29,65
Lúxemborg	116	1,16
Noregur	699	6,99
Nýja-Sjáland	513	5,13
Suður-Afríka	943	9,43
Sviss	1.500	15,00
Svíþjóð	1.049	10,49
Þýskaland, Sambands-lýðveldið	5.071	50,71
Samtals	**59.473**	**594,73**

2. FLOKKUR[a]

Land	Fjöldi hluta	Hlutafjárloforð (í milljónum SDR)
Afganistan	118	1,18
Alsír	649	6,49
Antígúa og Barbúda	50	0,50
Argentína	1.254	12,54
Bahamaeyjar	100	1,00
Bangladess	340	3,40
Barbadoseyjar	68	0,68
Barein	77	0,77
Belís	50	0,50
Benín	61	0,61
Botsvana	50	0,50
Bólivía	125	1,25
Brasilía	1.479	14,79
Burma	178	1,78
Búrkína Fasó	61	0,61
Búrúndí	74	0,74
Bútan	50	0,50
Chile	485	4,85

SCHEDULE A
Membership and Subscriptions

CATEGORY ONE

Country	Number of Shares	Subscription (millions of SDR)
Australia	1,713	17.13
Austria	775	7.75
Belgium	2,030	20.30
Canada	2,965	29.65
Denmark	718	7.18
Finland	600	6.00
France	4,860	48.60
Germany, Federal Republic of	5,071	50.71
Iceland	90	0.90
Ireland	369	3.69
Italy	2,820	28.20
Japan	5,095	50.95
Luxembourg	116	1.16
Netherlands	2,169	21.69
New Zealand	513	5.13
Norway	699	6.99
South Africa	943	9.43
Sweden	1,049	10.49
Switzerland	1,500	15.00
United Kingdom	4,860	48.60
United States	20,519	205.19
Total	**59,473**	**594.73**

CATEGORY TWO[a]

Country	Number of Shares	Subscription (millions of SDR)
Afghanistan	118	1.18
Algeria	649	6.49
Antigua and Barbuda	50	0.50
Argentina	1,254	12.54
Bahamas	100	1.00
Bahrain	77	0.77
Bangladesh	340	3.40
Barbados	68	0.68
Belize	50	0.50
Benin	61	0.61
Bhutan	50	0.50
Bolivia	125	1.25
Botswana	50	0.50
Brazil	1,479	14.79
Burkina Faso	61	0.61
Burma	178	1.78
Burundi	74	0.74
Cameroon	107	1.07

Djíbútí	50	0,50	Cape Verde	50	0.50
Dóminíka	50	0,50	Central African Republic	60	0.60
Dóminíska lýðveldið	147	1,47	Chad	60	0.60
Egyptaland, Arabalýðveld-			Chile	485	4.85
ið	459	4,59	China	3,138	31.38
Ekvador	182	1,82	Colombia	437	4.37
El Salvador	122	1,22	Comoros	50	0.50
Eþíópía	70	0,70	Congo, People's Republic of		
Filippseyjar	484	4,84	the	65	0.65
Fídjíeyjar	71	0,71	Costa Rica	117	1.17
Fílabeinsströndin	176	1,76	Cyprus	104	1.04
Gabon	96	0,96	Djibouti	50	0.50
Gambía	50	0,50	Dominica	50	0.50
Gana	245	2,45	Dominican Republic	147	1.47
Gínea	91	0,91	Ecuador	182	1.82
Gínea-Bissá	50	0,50	Egypt, Arab Republic of	459	4.59
Grenada	50	0,50	El Salvador	122	1.22
Grikkland	280	2,80	Equatorial Guinea	50	0.50
Grænhöfðaeyjar	50	0,50	Ethiopia	70	0.70
Gvatemala	140	1,40	Fiji	71	0.71
Gvæjana	84	0,84	Gabon	96	0.96
Haítí	75	0,75	Gambia, The	50	0.50
Hondúras	101	1,01	Ghana	245	2.45
Indland	3.048	30,48	Greece	280	2.80
Indónesía	1.049	10,49	Grenada	50	0.50
Írak	350	3,50	Guatemala	140	1.40
Íran, Íslamska lýðveldið	1.659	16,59	Guinea	91	0.91
Ísrael	474	4,74	Guinea-Bissau	50	0.50
Jamaíka	181	1,81	Guyana	84	0.84
Jemen, Alþýðulýðveldið	115	1,15	Haiti	75	0.75
Jemen, Arabalýðveldið	67	0,67	Honduras	101	1.01
Jórdanía	97	0,97	Hungary	564	5.64
Júgóslavía	635	6,35	India	3,048	30.48
Kamerún	107	1,07	Indonesia	1,049	10.49
Kampútsea	93	0,93	Iran, Islamic Republic of	1,659	16.59
Katar	137	1,37	Iraq	350	3.50
Kenía	172	1,72	Israel	474	4.74
Kína	3.138	31,38	Ivory Coast	176	1.76
Kongó, Alþýðulýðveldið	65	0,65	Jamaica	181	1.81
Kostaríka	117	1,17	Jordan	97	0.97
Kólumbía	437	4,37	Kampuchea, Democratic	93	0.93
Kómoreyjar	50	0,50	Kenya	172	1.72
Kórea, Lýðveldið	449	4,49	Korea, Republic of	449	4.49
Kúveit	930	9,30	Kuwait	930	9.30
Kýpur	104	1,04	Lao People's Dem. Republic	60	0.60
Laos, Alþýðulýðveldið	60	0,60	Lebanon	142	1.42
Lesótó	50	0,50	Lesotho	50	0.50
Líbanon	142	1,42	Liberia	84	0.84
Líbería	84	0,84	Libyan Arab Jamahiriya	549	5.49
Líbýa, Arabíska alþýðuríkið	549	5,49	Madagascar	100	1.00
Madagaskar	100	1,00	Malawi	77	0.77
Malasía	579	5,79	Malaysia	579	5.79
Malaví	77	0,77	Maldives	50	0.50

Maldíveyjar	50	0,50	Mali	81	0.81
Malí	81	0,81	Malta	75	0.75
Malta	75	0,75	Mauritania	63	0.63
Marokkó	348	3,48	Mauritius	87	0.87
Máritanía	63	0,63	Mexico	1,192	11.92
Máritíus	87	0,87	Morocco	348	3.48
Mexíkó	1.192	11,92	Mozambique	97	0.97
Mið-Afríkulýðveldið	60	0,60	Nepal	69	0.69
Miðbaugs-Gínea	50	0,50	Nicaragua	102	1.02
Mósambík	97	0,97	Niger	62	0.62
Nepal	69	0,69	Nigeria	844	8.44
Níger	62	0,62	Oman	94	0.94
Nígería	844	8,44	Pakistan	660	6.60
Níkaragúa	102	1,02	Panama	131	1.31
Óman	94	0,94	Papua New Guinea	96	0.96
Pakistan	660	6,60	Paraguay	80	0.80
Panama	131	1,31	Peru	373	3.73
Papúa Nýja-Gínea	96	0,96	Philippines	484	4.84
Paragvæ	80	0,80	Portugal	382	3.82
Perú	373	3,73	Qatar	137	1.37
Portúgal	382	3,82	Romania	555	5.55
Rúanda	75	0,75	Rwanda	75	0.75
Rúmenía	555	5,55	St. Christopher and Nevis	50	0.50
Saír	338	3,38	St. Lucia	50	0.50
Salómonseyjar	50	0,50	St. Vincent	50	0.50
Sambía	318	3,18	São Tome and Principe	50	0.50
Sameinuðu arabísku furstadæmin	372	3,72	Saudi Arabia	3,137	31.37
			Senegal	145	1.45
Sankti Kristófer og Nevis	50	0,50	Seychelles	50	0.50
Sankti Lúsía	50	0,50	Sierra Leone	75	0.75
Sankti Vinsent	50	0,50	Singapore	154	1.54
Saó Tóme og Prinsípe	50	0,50	Solomon Islands	50	0.50
Sádi-Arabía	3.137	31,37	Somalia	78	0.78
Senegal	145	1,45	Spain	1,285	12.85
Seychelleseyjar	50	0,50	Sri Lanka	271	2.71
Simbabve	236	2,36	Sudan	206	2.06
Singapúr	154	1,54	Suriname	82	0.82
Síerra Leóne	75	0,75	Syrian Arab Republic	168	1.68
Sómalía	78	0,78	Swaziland	58	0.58
Spánn	1.285	12,85	Tanzania	141	1.41
Srí Lanka	271	2,71	Thailand	421	4.21
Súdan	206	2,06	Togo	77	0.77
Súrínam	82	0,82	Trinidad and Tobago	203	2.03
Svasíland	58	0,58	Tunisia	156	1.56
Sýrlenska arabalýðveldið	168	1,68	Turkey	462	4.62
Taíland	421	4,21	United Arab Emirates	372	3.72
Tansanía	141	1,41	Uganda	132	1.32
Tógó	77	0,77	Uruguay	202	2.02
Trínidad og Tóbagó	203	2,03	Vanuatu	50	0.50
Tsjad	60	0,60	Venezuela	1,427	14.27
Túnis	156	1,56	Viet Nam	220	2.20
Tyrkland	462	4,62	Western Samoa	50	0.50
Ungverjaland	564	5,64	Yemen Arab Republic	67	0.67

Úganda	132	1,32
Úrúgvæ	202	2,02
Vanúatú	50	0,50
Venesúela	1.427	14,27
Vestur-Samóa	50	0,50
Víetnam	220	2,20
Samtals	**40.527**	**405,27**
Samtals:		
1. og 2. flokkur	**100.000**	**1.000,00**

[a] Lönd sem talin eru upp í öðrum flokki teljast þróunarlönd að því er varðar þennan samning.

Yemen, People's Dem. Republic of	115	1.15
Yugoslavia	635	6.35
Zaire	338	3.38
Zambia	318	3.18
Zimbabwe	236	2.36
Total	**40,527**	**405.27**
Total:		
Categories One and Two	**100,000**	**1,000.00**

[a] Countries listed under Category Two are developing countries for the purpose of this Convention.

SKRÁ B
Kjör stjórnarmanna.

1. Nefndarmenn skulu tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn og er hverjum nefndarmanni aðeins heimilt að tilnefna einn einstakling.

2. Kjósa skal stjórnarmenn með atkvæðagreiðslu meðal nefndarmanna.

3. Við atkvæðagreiðsluna skal hver nefndarmaður greiða einum frambjóðanda öll þau atkvæði sem það aðildarland sem hann er fulltrúi fyrir á rétt á skv. a-lið 40. gr.

4. Kjósa skal fjórðung stjórnarmanna hvern fyrir sig og kýs hver nefndarmanna þeirra aðildarlanda sem eiga flesta hluti einn þeirra. Gangi talan fjórir ekki upp í heildarfjölda frambjóðenda skal sá fjöldi stjórnarmanna sem svo er kjörinn vera fjórðungur af næstu lægri tölu sem talan fjórir gengur upp í.

5. Enn ókjörnir stjórnarmenn skulu kjörnir af hinum nefndarmönnunum í samræmi við ákvæði 6.–11. mgr. þessarar skrár.

6. Ef fjöldi tilnefndra frambjóðenda er jafn fjölda fyrrnefndra ókjörinna stjórnarmanna sem kjósa á skulu allir frambjóðendurnir teljast ná kjöri í fyrstu atkvæðagreiðslu, nema hvað frambjóðandi eða frambjóðendur sem hljóta færri atkvæði en sem nemur því lágmarkshlutfalli sem nefndin hefur ákveðið fyrir atkvæðagreiðsluna skulu ekki teljast hafa náð kjöri ef einhver frambjóðenda hefur hlotið fleiri atkvæði en sem nemur því hámarkshlutfalli sem nefndin hefur ákveðið.

7. Ef fjöldi tilnefndra frambjóðenda er meiri en fjöldi fyrrnefndra ókjörinna stjórnarmanna sem kjósa á skulu þeir frambjóðendur sem hljóta flest atkvæði teljast ná kjöri nema þeir frambjóðendur sem hljóta færri atkvæði en sem nemur því lágmarkshlutfalli sem nefndin hefur ákveðið.

8. Takist ekki að skipa sæti enn ókjörinna stjórnarmanna í fyrstu atkvæðagreiðslu skal efna til annarrar

SCHEDULE B
Election of Directors

1. Candidates for the office of Director shall be nominated by the Governors, provided that a Governor may nominate only one person.

2. The election of Directors shall be by ballot of the Governors.

3. In balloting for the Directors, every Governor shall cast for one candidate all the votes which the member represented by him is entitled to cast under Section (a) of Article 40.

4. One-fourth of the number of Directors shall be elected separately, one by each of the Governors of members having the largest number of shares. If the total number of Directors is not divisible by four, the number of Directors so elected shall be one-fourth of the next lower number that is divisible by four.

5. The remaining Directors shall be elected by the other Governors in accordance with the provisions of paragraphs 6 to 11 of this Schedule.

6. If the number of candidates nominated equals the number of such remaining Directors to be elected, all the candidates shall be elected in the first ballot; except that a candidate or candidates having received less than the minimum percentage of total votes determined by the Council for such election shall not be elected if any candidate shall have received more than the maximum percentage of total votes determined by the Council.

7. If the number of candidates nominated exceeds the number of such remaining Directors to be elected, the candidates receiving the largest number of votes shall be elected with the exception of any candidate who has received less than the minimum percentage of the total votes determined by the Council.

8. If all of such remaining Directors are not elected in the first ballot, a second ballot shall be held. The can-

atkvæðagreiðslu. Þeir frambjóðendur sem ekki náðu kjöri í fyrstu atkvæðagreiðslu teljast vera áfram í framboði.

9. Í annarri atkvæðagreiðslu skulu eingöngu greiða atkvæði (i) þeir nefndarmenn sem í fyrstu atkvæðagreiðslu greiddu atkvæði frambjóðanda sem ekki náði kjöri og (ii) þeir nefndarmenn sem í fyrstu atkvæðagreiðslu greiddu atkvæði frambjóðanda sem þegar hafði hlotið það hámarkshlutfall atkvæða sem nefndin hafði ákveðið, áður en tekið var tillit til atkvæða fyrrnefndra nefndarmanna.

10. Þegar ákvarða skal hvort frambjóðandi hefur hlotið meira en hámarkshlutfall atkvæða skal fyrst telja atkvæði þess nefndarmanns sem ræður mestum fjölda atkvæða, næst atkvæði þess nefndarmanns sem ræður næstmestum fjölda og svo koll af kolli þar til fyrrnefndu hlutfalli er náð.

11. Ef einhver sæti í stjórninni eru enn auð eftir aðra atkvæðagreiðslu skal efna til fleiri atkvæðagreiðslna samkvæmt sömu reglum þar til öll auð sæti hafa verið fyllt, með þeim fyrirvara að þegar aðeins einn stjórnarmaður er enn ókjörinn er heimilt að kjósa hann með einföldum meiri hluta þeirra atkvæða sem eftir eru og telst hann þá kjörinn með öllum þeim atkvæðum.

didate or candidates not elected in the first ballot shall again be eligible for election.

9. In the second ballot, voting shall be limited to (i) those Governors having voted in the first ballot for a candidate not elected and (ii) those Governors having voted in the first ballot for an elected candidate who had already received the maximum percentage of total votes determined by the Council before taking their votes into account.

10. In determining when an elected candidate has received more than the maximum percentage of the votes, the votes of the Governor casting the largest number of votes for such candidate shall be counted first, then the votes of the Governor casting the next largest number, and so on until such percentage is reached.

11. If not all the remaining Directors have been elected after the second ballot, further ballots shall be held on the same principles until all the remaining Directors are elected, provided that when only one Director remains to be elected, this Director may be elected by a simple majority of the remaining votes and shall be deemed to have been elected by all such votes.

1053. Fyrirspurn [623. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aðgang að Grensáslaug.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir ráðstöfunum til að fatlaðir lífeyrisþegar, sem ekki geta nýtt sér almenna sundstaði vegna fötlunar sinnar, njóti sömu kjara til aðgangs að sundlaug Grensásdeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur?

1054. Fyrirspurn [624. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um störf nefndar um skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var til að kanna:

a. reynsluna af sameiginlegri forsjá,
b. úrræði gildandi laga um umgengni foreldra og barna og hvaða fræðsla standi foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál,
c. hvernig auka megi þá fræðslu ef þess verður talin þörf?

1055. Nefndarálit [603. mál]

um frv. til l. um kjaramál fiskimanna.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá utanríkisráðuneyti Jóhann Sigurjónsson, frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson og frá forsætisráðuneyti Ólaf Davíðsson. Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson komu frá Sjómannasambandi Íslands og Benedikt Valsson, Guðjón Ármann Einarsson og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna kom Kristján Ragnarsson og Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Frá Verkamannasambandi Íslands komu Kristján Bragason, Snær Karlsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður fiskvinnsludeildar Verkamannasambands Íslands, og Elínbjörg Magnúsdóttir, varaformaður fiskvinnsludeildar. Einar Svansson, Ágúst Elíasson og Arnar Sigmundsson komu frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Óskar Þór Karlsson, Sæmundur Hinriksson, Kristján Guðmundsson, Sturla Erlendsson og Jón Steinn Elíasson komu frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Arthúr Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda. Að lokum kom á fundinn Þórir Einarsson ríkissáttasemjari.

Nefndinni bárust umsagnir frá Fiskifélagi Íslands og félagsmálanefnd Alþingis.

Frumvarpi þessu er ætlað að lögfesta efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 16. mars sl. þannig að þau gildi að meginstefnu til um kjör fiskimanna fram til 15. febrúar árið 2000. Á þessu tímabili eru vinnustöðvanir deiluaðila sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið gerir ráð fyrir óheimilar. Hins vegar er deiluaðilum heimilt að semja um aðra skipan kjaramála á tímabilinu. Rétt er að taka fram að skv. 1. gr. frumvarpsins er fylgiskjölum I–IV ætlað að hafa lagagildi. Í uppsetningu frumvarpsins eru þau hins vegar sett sem fylgiskjöl með greinargerð frumvarpsins en ekki sem fylgiskjöl með lagatextanum sjálfum. Verður þetta atriði leiðrétt við endanlegan frágang laganna þar sem skýrlega kemur fram í lagatextanum að þessi fylgiskjöl eiga að fylgja lögunum og hafa lagagildi. Síðasta fylgiskjalið fylgir hins vegar greinargerð frumvarpsins.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að veiðiferðir á fjarlægari miðum skuli teljast sérstakt kauptryggingartímabil og er ekki lögð til breyting á því ákvæði. Hins vegar er lagt til að sú breyting verði gerð á 1. mgr. greinarinnar að reglan um að fækkun í áhöfn leiði ekki til sérstaks kostnaðarauka útgerðar nái eingöngu til áhafna skipa sem stunda rækjuveiðar og landa daglega eða ísa afla um borð. Er þessi breyting í samræmi við ummæli sjávarútvegsráðherra við atkvæðagreiðslu um hvort afbrigði yrðu veitt fyrir því að málið mætti koma til 1. umr. Ráðherrann tók fram að við nánari athugun hefði komið í ljós að kjaraáhrif 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins væru nokkuð víðtækari en að hafði verið stefnt og beindi þeim tilmælum til sjávarútvegsnefndar að efnisákvæðinu yrði breytt þannig að það tæki einungis til rækjuveiða. Lagt er til að þetta ákvæði frumvarpsins öðlist lagagildi 1. júní 1998.

Þá er lögð til sú breyting á viðurlagaákvæði frumvarpsins að það nái einungis til brota gegn 3. gr. þess. Ekki er ástæða til að láta viðurlagaákvæðið ná til annarra efnisgreina enda eru brot gegn þeim brot gegn kjarasamningum.

Sjávarútvegsnefnd óskaði eftir áliti félagsmálanefndar á frumvarpinu og er það birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Eins og rakið er ítarlega í greinargerð með frumvarpinu hefur kjaradeila sjómanna og útvegsmanna staðið frá því í árslok 1996. Þrátt fyrir margvíslegar tilraunir stjórnvalda til þess

að stuðla að lausn deilunnar og milligöngu ríkissáttasemjara hafa samningar ekki tekist og engin lausn á deilunni virðist vera í sjónmáli. Verði ekkert að gert mun yfirstandandi verkfall sjómanna geta staðið í langan tíma en það hefði mjög alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög, sem og þjóðarbúið í heild. Meiri hlutinn telur að við svo búið megi ekki standa og þótt lagasetning til lausnar vinnudeilum sé almennt óheppileg kann hún engu að síður að vera nauðsynleg vegna þeirra miklu almannahagsmuna sem í húfi eru. Því leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. mars 1998.

Árni R. Árnason, varaform., frsm. | Vilhjálmur Egilsson. | Hjálmar Árnason.

Einar Oddur Kristjánsson. | Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal.

Álit félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þórarin V. Þórarinsson frá VSÍ, Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Helga Laxdal og Friðrik A. Hermannsson frá Vélstjórafélagi Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar (Siv Friðleifsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Pétur H. Blöndal, Kristján Pálsson og Arnbjörg Sveinsdóttir) telur að almennt sé óæskilegt að stjórnvöld grípi inn í kjaraviðræður. Frumvarp þetta er fram komið vegna þess mats stjórnvalda að deila aðila hafi verið komin í óleysanlegan hnút er leitt gæti af sér langvarandi verkfall sem skaða mundi þjóðarhag.

Eftir viðræður við aðila deilunnar er meiri hlutinn sammála þessu mati ríkisstjórnarinnar og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Minni hluti félagsmálanefndar (Kristín Ástgeirsdóttir, Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir) mótmælir því að enn einu sinni séu sett lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Minni hlutinn bendir á að báðir málsaðilar hafa mótmælt harðlega að lögum sé beitt til lausnar deilu þeirra og vilja fá að leysa sín deilumál með samningum. Með þessu frumvarpi eru sjómenn sviptir verkfallsrétti og lög sett á útgerðarmenn algjörlega í blóra við vilja þeirra. Fram kom á fundi nefndarinnar að svo mikið lá á að binda enda á deiluna að ekki var kannað hvort þessi lagasetning stenst þá alþjóðasáttmála og samþykktir, m.a. samþykktir ILO, sem Íslendingar eru aðilar að. Fram kom að lögfræðingar Sjómannasambands Íslands telja að hún standist ekki þessar samþykktir og LÍÚ er að kanna lagalega stöðu málsins. Rétt er að minna á að ILO hefur gert athugasemdir við það hvernig íslensk stjórnvöld hafa beitt valdi sínu til að stöðva vinnudeilur á undanförnum árum. Nefndin hafði ekki tíma til að kalla sérfræðinga í vinnurétti á sinn fund til að kanna nánar hvort þessi lagasetning stenst, en hún orkar vægast sagt tvímælis. Það er álit minni hlutans að ekki hafi verið fullreynt hvort takast mætti að ná samningum og að samningsaðilum beri að vinna úr sínum málum án afskipta ríkisvaldsins.

Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á því að nokkurt misræmi kom fram í túlkun þeirra aðila sem nefndin kallaði á sinn fund á gildi laganna sem kjarasamnings. Verður 2. gr. laganna hluti af gildandi kjarasamningi eftir 15. febrúar árið 2000 eða fellur hún úr gildi? Er það þá aðeins miðlunartillaga sáttasemjara sem halda mun gildi sínu sem kjarasamningur, sbr. almennar reglur um launagreiðslur, þótt kjarasamningur sé fallinn úr gildi? Athuga þarf hvort rétt væri að bæta við 5. gr. ákvæði um að lögin gildi til 15. febrúar árið 2000 *eða þar til nýir samningar hafa verið gerðir* þannig að enginn vafi sé á því að 2. gr., sem er jú eitt af lykilatriðum þessa máls, haldi gildi sínu?

F.h. félagsmálanefndar

Kristín Ástgeirsdóttir formaður.

1056. Breytingartillögur [603. mál]

við frv. til. l. um kjaramál fiskimanna.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, EOK, HjÁ, VS, VE).

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Séu færri menn á skipi sem stundar rækjuveiðar og landar daglega eða ísar afla um borð en við er miðað í skiptakjaraákvæðum kjarasamninga varðandi þær veiðar skiptist hlutur eða hlutir þeirra sem á vantar á milli þeirra sem á skipinu eru í réttu hlutfalli við skiptahlut þeirra.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Með brot gegn 3. gr. laga þessara skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. febrúar árið 2000. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. júní 1998.

1057. Nefndarálit [604. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá utanríkisráðuneyti Jóhann Sigurjónsson, frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson og frá forsætisráðuneyti Ólaf Davíðsson. Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson komu frá Sjómannasambandi Íslands og Benedikt Valsson, Guðjón Ármann Einarsson og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna kom Kristján Ragnarsson, Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Arthur Bogason kom frá Landssambandi smábátaeigenda. Frá Verkamannasambandi Íslands komu Kristján

Bragason, Snær Karlsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður fiskvinnsludeildar Verkamannasambands Íslands, og Elínbjörg Magnúsdóttir, varaformaður fiskvinnsludeildar. Einar Svansson, Ágúst Elíasson og Arnar Sigmundsson komu frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Óskar Þór Karlsson, Sæmundur Hinriksson, Kristján Guðmundsson, Sturla Erlendsson og Jón Steinn Elíasson komu frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands. Þá kom á fundinn Þórir Einarsson ríkissáttasemjari.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í breytingunum felst:

1. Lagt er til, sbr. 1. tölul. breytingartillagnanna, að breytt verði ákvæðum um veiðiskyldu þannig að hún verði óbreytt frá því sem er í gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Á móti er hins vegar lagt til að sett verði inn ákvæði í lögin sem takmarki framsalsheimild eiganda fiskiskips við það að einungis sé heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Er það mat meiri hlutans að þannig megi ná fram sömu markmiðum og stefnt var að með þeirri tillögu um veiðiskyldu sem er í frumvarpinu. Meiri hlutinn telur að þessi aðferð geri þeim sem við skerðingarnar þurfa að búa auðveldara fyrir.
2. Þá er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem geri sjávarútvegsráðherra skylt að leggja fyrir Alþingi skýrslu fyrir árslok 1999 þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega hvað varðar stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Lagt er til að sambærilegu bráðabirgðaákvæði verði einnig bætt við frumvörpin um Kvótaþing og Verðlagsstofu skiptaverðs.
3. Að síðustu er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem tryggi aðilum heimild til að flytja aflamark milli skipa innan sömu útgerðar ef um kaupleigu eða leigu er að ræða þrátt fyrir sérstök eignarréttarákvæði þeirrar tegundar samninga án þess að þurfa að fara í gegnum Kvótaþingið. Sams konar breyting er lögð til á frumvarpi til laga um Kvótaþing. Sá fyrirvari er þó á slíku að leigusamningur hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna. Meiri hlutinn taldi að ákvæði frumvarpsins væru of þröng gagnvart fjármögnunarformi eins og kaupleigu og ekki væri ástæða til að mismuna aðilum á grundvelli þess hvaða fjármögnunarleið þeir hafa kosið í rekstri sínum. Hins vegar munu leigu- og kaupleigusamningar gerðir eftir gildistöku laganna ekki falla undir þetta ákvæði. Vilhjálmur Egilsson og Einar Oddur Kristjánsson telja eðlilegt að ákvæði um leigu og kaupleigu gildi einnig um samninga sem gerðir eru eftir gildistöku laganna og gera fyrirvara þar um.

Alþingi, 27. mars 1998.

Árni R. Árnason, varaform., frsm.	Vilhjálmur Egilsson, með fyrirvara.	Hjálmar Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara.

1058. Breytingartillögur [604. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, EOK, HjÁ, VS, VE, GHall).

1. Við 1. gr.
   a. 5. efnismgr. orðist svo:
      Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi fiskveiðiárs. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætastuðla sem ráðherra ákveður í upphafi fiskveiðiárs.
2. Við bætist tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   a. (I.)
      Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar verði birtar.
   b. (II.)
      Ákvæði 1. tölul. 2. efnismgr. 1. gr. laga þessara gilda einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.

1059. Nefndarálit [605. mál]

um frv. til l. um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá utanríkisráðuneyti Jóhann Sigurjónsson, frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson og frá forsætisráðuneyti Ólaf Davíðsson. Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson komu frá Sjómannasambandi Íslands og Benedikt Valsson, Guðjón Ármann Einarsson og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna kom Kristján Ragnarsson,

Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Arthur Bogason kom frá Landssambandi smábátaeigenda. Frá Verkamannasambandi Íslands komu Kristján Bragason, Snær Karlsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður fiskvinnsludeildar Verkamannasambands Íslands, og Elínbjörg Magnúsdóttir, varaformaður fiskvinnsludeildar. Einar Svansson, Ágúst Elíasson og Arnar Sigmundsson komu frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Óskar Þór Karlsson, Sæmundur Hinriksson, Kristján Guðmundsson, Sturla Erlendsson og Jón Steinn Elíasson komu frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands. Þá kom á fundinn Þórir Einarsson ríkissáttasemjari.

Nefndinni barst umsögn frá Fiskifélagi Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar vekur athygli á því að til tals hefur komið innan nefndarinnar að Verðlagsstofa skiptaverðs verði staðsett á landsbyggðinni og tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í breytingunum felst:

1. Lagt er til að við 2. gr. bætist nýr málsliður sem heimili sjávarútvegsráðherra að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna skv. 3.gr. Í greinargerð með frumvarpinu sjálfu var vikið að þeim verkefnum sem Fiskifélagi Íslands hafi verið falin í tengslum við störf úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Af þeim athugasemdum má skilja að ráðgert sé að Fiskifélagið skuli eiga kost á slíkum verksamningi eftirleiðis á grundvelli ákvæða þessa frumvarps. Tekur meiri hlutinn eindregið undir það.
2. Lögð er til sú breyting á 3. málsl. 3. gr. að upplýsingar um fiskverð verði birtar þannig að þær gagnist einnig fiskkaupendum auk útvegsmanna og sjómanna.
3. Við 5. gr. er lagt til að bætist ný málsgrein sem árétti að meðalhófsreglan skuli gilda við upplýsingaöflun starfsmanna Verðlagsstofu skiptaverðs og að kröfur um upplýsingar séu í samræmi við tilefni hverju sinni. Þá er bætt við ákvæði um að upplýsingarnar megi einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum eða í almennum tilgangi skv. 3. gr. Nefndin taldi nauðsynlegt að kveðið væri skýrt á um þetta þannig að traust skapaðist milli Verðlagsstofu skiptaverðs og þeirra aðila sem hún mun þurfa að sinna eftirliti með.
4. Lagt er til að á eftir 2. mgr. 8. gr. komi ný málsgrein sem kveði á um það með skýrum hætti hvernig skuli fara með ef hagsmunaaðilar einhverra hluta vegna tilnefna ekki aðila samkvæmt greininni.
5. Á 2. mgr. 10. gr. eru lagðar til breytingar sem lúta að því að ákvörðun úrskurðarnefndar nái til verðs fyrir afla sem landað er í síðasta lagi að liðnum sjö dögum frá því að máli óskyldra aðila var skotið til nefndarinnar, í stað þess að hún gildi frá því að hún er tilkynnt aðilum. Það sama er lagt til að gildi um ákvarðanir nefndarinnar um kærur frá Verðlagsstofu skiptaverðs.
6. Á 17. gr. eru lagðar til breytingar sem leggja ríkari þagnarskyldu á starfsmenn Verðlagsstofu skiptaverðs en frumvarpið gerir ráð fyrir. Í ljósi þess að starfsmenn Verðlagsstofunnar munu fjalla um ýmsar viðkvæmar upplýsingar sem snerta hag og afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi almennt séð er nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði um þagnarskyldu í frumvarpinu.
7. Að síðustu er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem leggur þá skyldu á sjávarútvegsráðherra að leggja fyrir Alþingi skýrslu fyrir árslok 1999 þar sem gerð sé grein fyrir áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega hvað varðar stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Lagt

er til að sambærilegu bráðabirgðaákvæði verði einnig bætt við frumvarp um Kvótaþing og frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Alþingi, 27. mars 1998.

Árni R. Árnason, varaform., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Hjálmar Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.		Valgerður Sverrisdóttir.

1060. Breytingartillögur [605. mál]

við frv. til l. um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, HjÁ, VS, VE, GHall).

1. Við 2. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er ráðherra og heimilt að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna skv. 3. gr.
2. Við 3. gr. 3. málsl. orðist svo: Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best.
3. Við 5. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Við upplýsingaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum eða almennum tilgangi skv. 3. gr.
4. Við 8. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nýti samtök ekki tilnefningarrétt sinn skv. 2. mgr. skal sjávarútvegsráðherra skipa þá nefndarmenn og varamenn þeirra sem á vantar til að nefndin verði fullskipuð.
5. Við 10. gr. Á eftir orðunum „eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum“ í 2. mgr. komi: en þó aldrei síðar en sjö dögum eftir að málinu var skotið til hennar.
6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsmenn Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt er varðar hagi tiltekinna einstaklinga eða fyrirtækja og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að upplýsingar skuli veittar eða að skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda gildir þó ekki gagnvart fiskverði sem úrskurðað er skv. II. kafla eða almennum upplýsingum skv. 3. gr.
7. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunar verði birtar.

1061. Nefndarálit [606. mál]

um frv. til l. um Kvótaþing.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá utanríkisráðuneyti Jóhann Sigurjónsson, frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson og frá forsætisráðuneyti Ólaf Davíðsson. Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson komu frá Sjómannasambandi Íslands og Benedikt Valsson, Guðjón Ármann Einarsson og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna kom Kristján Ragnarsson, Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Arthur Bogason kom frá Landssambandi smábátaeigenda. Frá Verkamannasambandi Íslands komu Kristján Bragason, Snær Karlsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður fiskvinnsludeildar Verkamannasambands Íslands, og Elínbjörg Magnúsdóttir, varaformaður fiskvinnsludeildar. Einar Svansson, Ágúst Elíasson og Arnar Sigmundsson komu frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Óskar Þór Karlsson, Sæmundur Hinriksson, Kristján Guðmundsson, Sturla Erlendsson og Jón Steinn Elíasson komu frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands. Að lokum kom á fundinn Þórir Einarsson ríkissáttasemjari.

Nefndinni bárust umsagnir frá Vinnslustöðinni hf., Lýsingu hf. og SP-fjármögnun.

Fyrsti minni hluti vill taka fram að viðmælendur nefndarinnar létu í ljósi þungar áhyggjur yfir þeim alvarlegu afleiðingum sem ákvæði frumvarpsins valda með takmörkunum sínum á möguleika útgerða til að flytja aflamark milli skipa og hagræða þannig veiðiheimildum sínum. Hjálmar Árnason telur að veita ætti frekari undanþágur frá skyldu til að byggja færslu aflamarks milli skipa á viðskiptum á Kvótaþingi. Gerir hann fyrirvara um þetta atriði.

Í nefndinni kom fram sú skoðun að lagfæra þurfi þau ákvæði frumvarpsins sem varða framkvæmd viðskipta á Kvótaþinginu þannig að þau verði þjálli og jafnframt verði gætt fyllsta öryggis. Í því efni telur 1. minni hluti nauðsynlegt að á næstu mánuðum við undirbúning að framkvæmd laganna verði ákvæði þeirra grandskoðuð með tilliti til þessa.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í breytingunum felst:

1. Lagt er til að viðurlagaákvæði 18. gr. verði breytt verulega. Ekki verður um að ræða þær refsingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir heldur verði seljanda gefinn kostur á að afhenda hið selda. Jafnframt er opnað fyrir heimild til að útiloka slíkan seljanda frá frekari viðskiptum á Kvótaþinginu nema að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Til slíkra útilokana yrði þó vart gripið nema brotið væri framið af ásetningi eða ef um ítrekuð brot væri að ræða þó ekki væri hægt að sýna fram á ásetning.
2. Þá er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem leggur þá skyldu á sjávarútvegsráðherra að leggja fyrir Alþingi skýrslu fyrir árslok 1999 þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega hvað varðar stöðu og möguleika einstaklingsútgerðar. Lagt er til að sambærilegu bráðabirgðaákvæði verði einnig bætt við frumvarp um Verðlagsstofu skiptaverðs og frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

3. Að síðustu er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem tryggi aðilum heimild til að flytja aflamark milli skipa innan sömu útgerðar ef um kaupleigu eða leigu er að ræða þrátt fyrir að ekki sé um að ræða sama eignaraðilann án þess að þurfa að fara í gegnum Kvótaþingið. Sams konar breyting er lögð til á frumvarpinu um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Sá fyrirvari er þó á slíku að leigusamningur hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna. 1. minni hluti telur að ákvæði frumvarpsins séu of þröng gagnvart fjármögnunarformi eins og kaupleigu og ekki væri ástæða til að mismuna aðilum á grundvelli þess hvaða fjármögnunarleið þeir hafa kosið í rekstri sínum. Hins vegar munu leigu- og kaupleigusamningar gerðir eftir gildistöku laganna ekki falla undir þetta undanþáguákvæði.

Alþingi, 27. mars 1998.

Árni R. Árnason, varaform., frsm. | Guðmundur Hallvarðsson. | Hjálmar Árnason, með fyrirvara.

Valgerður Sverrisdóttir.

1062. Breytingartillögur [606. mál]

við frv. til l. um Kvótaþing.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, HjÁ, VS, GHall).

1. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Komi í ljós að aðili, einstaklingur eða lögaðili, hafi selt á Kvótaþingi aflamark sem ekki var heimilt að ráðstafa skal útgerð þess skips sem aflamark var flutt af bæta það tjón sem slík sala hefur valdið. Enn fremur er heimilt að útiloka slíkan aðila frá frekari viðskiptum á Kvótaþingi nema hann flytji fyrir fram aflamark frá skipi sínu og setji viðbótartryggingar sem nægilegar eru að mati Kvótaþings.
2. Við bætist tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   a. (I.)
      Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunar verði birtar.
   b. (II.)
      Ákvæði 1. tölul. 3. mgr. 1. gr. laganna gildir einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.

1063. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um loftferðir.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra frá samgönguráðuneyti, Þóri Oddsson vararíkislögreglustjóra og Jón Bjartmarz yfirlögregluþjón frá ríkislögreglustjóra, Hafþór Jónsson frá Almannavörnum ríkisins, Jón Gunnarsson og Kristján Örn Guðmundsson frá Landsbjörg, Þór Magnússon og Björn Hermannsson frá Slysavarnafélagi Íslands, Skúla Jón Sigurðarson og Þorstein Þorsteinsson frá rannsóknarnefnd flugslysa, Reyni Ólafsson, Þorstein Guðmundsson og Leif Árnason frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Sigrúnu Jónsdóttur og Önnu Dóru Guðmundsdóttur frá Flugfreyjufélagi Íslands, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra, Hilmar Baldursson, formann flugráðs, Þorkel Guðnason frá Félagi íslenskra einkaflugmanna og Kristján Þorbergsson héraðsdómslögmann.

Umsagnir bárust nefndinni frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Flugfreyjufélagi Íslands, Flugleiðum hf., Flugmálastjórn Íslands, flugráði, Landsbjörg, rannsóknarnefnd flugslysa, ríkislögreglustjóra, Almannavörnum ríkisins, Félagi íslenskra einkaflugmanna og Slysavarnafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði hér á landi ný loftferðalög sem leysi af hólmi gildandi lög um loftferðir, nr. 34/1964, lög um loftferðir, nr. 32/1929, og lög nr. 119/1950, um stjórn flugmála. Íslensku loftferðalögin hafa þjónað hlutverki sínu með ágætum á gildistíma sínum. Þau hafa hins vegar ekki fylgt þeim miklu breytingum sem hafa orðið í flugmálum undanfarna þrjá áratugi. Tækniþróun flugsins er hröð og alþjóðlegt lagaumhverfi tekur miklum breytingum. Starfsemi af því tagi sem lög um loftferðir ná til er að umtalsverðu leyti alþjóðleg. Því er brýnt að laga íslenska löggjöf að þessu leyti að nýjum veruleika.

Breytingar þær sem felast í frumvarpinu eru margs konar. Rétt er að geta í stuttu máli nokkurra en vísa að öðru leyti til greinargerðar frumvarpsins. Fyrst skal nefna breytingu sem lögð er til á skaðabóta- og tryggingarákvæðum í tengslum við loftferðir, sbr. X. og XI. kafla frumvarpsins. Bótamark hefur verið stórhækkað, auk þess sem ábyrgð flytjanda hefur verið aukin, allt til samræmis við þróun undanfarinna ára. Fullyrða má að þessar breytingar feli í sér mikla réttarbót fyrir farþega. Í breytingunum felst að ákvæði íslenskra laga verða aðlöguð þeim réttarreglum sem gilda eiga á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við skyldur okkar á þeim vettvangi. Þá hafa skilgreiningar í frumvarpinu verið gerðar skýrari og markvissari en í gildandi lögum, meðal annars um lofthæfi, flugverja og flugliða, auk þess sem orðanotkun hefur verið samræmd nútímaorðafari. Breytingar eru lagðar til á refsiákvæðum loftferðalaga. Að lokum má geta þess að gert er ráð fyrir að eytt verði þeirri réttaróvissu sem ríkt hefur um stöðu flugráðs.

Samgöngunefnd hefur fjallað ítarlega um málið, farið yfir umsagnir og hlýtt á athugasemdir gesta. Meiri hluti nefndarinnar telur að sú umfjöllun hafi verið greinargóð og leitt í ljós að ekki sé þörf á viðamiklum breytingum á frumvarpinu. Þó eru nokkur atriði sem meiri hlutinn telur nauðsynlegt að færð verði til betri vegar eins og rakið verður hér á eftir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 6. gr. verði orðalaginu „sjálfstæð stofnun“ breytt í „sérstök stofnun“. Nefndinni bárust athugasemdir frá Páli Hreinssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hann rekur muninn á sjálfstæðum stofnunum og sérstökum stofnunum. Stjórn-

valdsákvörðunum sjálfstæðra stofnana verður ekki skotið til ráðherra til endurskoðunar. Svo sem fram kemur í greinargerð á að beina stjórnsýslukæru sem varðar ákvarðanir Flugmálastjórnar til ráðherra en beint boðvald yfir stofnuninni um afgreiðslu einstakra mála hefur ráðherra ekki. Sem æðsta stjórnvald á þessu sviði setur ráðherra hins vegar réttarreglur á sviði flugsamgangna á grundvelli lagaheimilda.

2. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varðandi stöðu flugráðs, sbr. 8. gr., eru í samræmi við stefnu síðari ára um að fækka stjórnum opinberra stofnana. Beint stjórnsýslusamband verður milli Flugmálastjórnar Íslands og samgönguráðherra. Frumvarpið gerir ráð fyrir að flugráð sé einungis ráðgefandi. Meiri hlutinn telur að hlutverk flugráðs sé of þröngt skilgreint í frumvarpinu og leggur til útvíkkun á hlutverki þess. Lagt er til að auk ráðgefandi stöðu verði flugráði fengin lögbundin umsagnaraðild um nánar tilgreind málefni. Er þetta gert til þess að treysta stöðu flugráðs og auka vægi þess. Tekið skal fram að orðin „við stjórn flugmála“ í breytingartillögu meiri hlutans hnykkja enn frekar á þessu lögbundna umsagnarhlutverki flugráðs. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að flugráð fari með stjórnsýsluvald þannig að ráðið úrskurði í kærumálum eða ákvarði um rétt manna eða skyldur. Þessi breyting meiri hlutans felur ekki í sér breytingu á hlutverki Flugmálastjórnar Íslands eins og það er skilgreint í 6. gr. frumvarpsins. Þá leggur meiri hlutinn til að gerð verði breyting á því hvernig skipað verði í flugráð. Lagt er til að Alþingi kjósi þrjá af fimm flugráðsmönnum en ráðherra skipi tvo sem fylgi embættistíma hvers ráðherra í stað þess að ráðherra skipi alla eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Telur meiri hlutinn að þetta auki sjálfstæði flugráðs. Auk þessa var talin ástæða til að bæta við 1. mgr. 8. gr. ákvæði um að varamenn taki sæti í forföllum aðalmanna. Þarna er lögfest sú meginregla að varamenn mæti einungis til funda þegar aðalmenn eru forfallaðir en eftir sem áður er gert ráð fyrir að varamenn fái fundargerðir og gögn funda í sínar hendur. Telja verður að þetta geti verið til þess fallið að auka skilvirkni ráðsins.
3. Lagt er til að felld verði út vísan til númers og ártals laga í 9. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn álítur að laganúmer eigi einungis að tilgreina í lagatexta í undantekningartilvikum. Iðulega kemur það fyrir að sett eru ný lög um sama efni án þess að breytt sé tilvísunum í eldri lögum til laganna. Slíkt gæti leitt til réttaróvissu og til að taka af allan vafa er breyting þessi lögð til. Einnig er lagt til að ákvæði 3. málsl. 4. mgr. falli brott, en þar er kveðið á um að skjöl er varða skráningu réttinda í loftförum séu undanþegin stimpilgjaldi. Þykir eðlilegt að ákvæði laga um stimpilgjald gildi um þessi skjöl eins og önnur.
4. Á 20. gr. er lögð til breyting til að leggja áherslu á það hlutverk sem stjórnunarkerfi flugrekandans og viðurkenndar viðhaldsstöðvar gegna í viðhaldi flugvéla. Í sambandi við þetta skal bent á að viðhald flugvéla er oft og tíðum í höndum þriðja aðila, sérstakra viðhaldsstöðva. Hvað varðar ákvæði d-liðar 20. gr. þykir rétt að taka fram að gengið er út frá því að stjórnvaldskröfur um mengunarvarnir séu í samræmi við þær alþjóðasamþykktir sem Ísland er aðili að.
5. Lögð er til breyting á 21. gr. sem felur það eitt í sér að hnykkja á því að Flugmálastjórn er heimilt að láta framkvæma úttektir og skoðanir eftir því sem þörf krefur til að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni.
6. Breytingartillaga við a-lið 1. mgr. 24. gr. felur í sér að kveðið er á um með ítarlegri hætti hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að viðhalda gildi lofthæfisskírteinis. Textinn endurspeglar það verklag sem nú tíðkast þar sem skoðun er aðeins hluti af viðhaldsferlinu. Gera verður kröfu til að rétt sé staðið að viðhaldinu í heild sinni.
7. Lagt er til að við 26. gr. bætist ný málsgrein sem heimili Flugmálastjórn að veita undanþágur frá ákvæðum IV. kafla um lofthæfi þegar nauðsynlegt þykir að prófa kosti loftfars

eða ef um aðrar sérstakar aðstæður er að ræða. Upp geta komið þau tilvik að loftfar hafi ekki fengið viðurkennt lofthæfi og einhverjar prófanir þurfi að gera áður en ákvörðun verður tekin um að veita því lofthæfi. Slíkt verður í sumum tilfellum ekki gert án prufuflugs.

8. Í breytingartillögu við 30. gr. leggur meiri hlutinn til að kveðið verði skýrt á um að það er umráðandi loftfars hverju sinni sem er ábyrgur fyrir því að ákvæði um áhöfn séu haldin.
9. Lagt er til að orðið „flugumferðarstjóri“ í 1. mgr. 37. gr. falli brott þar sem kveðið er á um þessi sömu atriði gagnvart flugumferðarstjórum í 74. gr. Ekki er hér um að ræða efnislega breytingu heldur samræmingu á texta frumvarpsins.
10. Breytingartillaga við 1. mgr. 41. gr. lýtur að því að flugstjóri geti ekki ábyrgst annað lofthæfi en ferðbundið lofthæfi. Flugstjóri hefur það ekki á valdi sínu að sjá um lofthæfi almennt heldur getur hann einungis yfirfarið þau atriði er lúta að ferðbundnu lofthæfi. Lofthæfi loftfars er skilgreint sem tæknilegt lofthæfi, ferðbundið lofthæfi og formlegt lofthæfi. Tæknilegt lofthæfi felur í sér að loftfar sé hannað samkvæmt viðeigandi stöðlum og framleitt af viðurkenndum verksmiðjum og að viðhald þess og reglubundið eftirlit sé í samræmi við reglur flugmálayfirvalda um grannskoðun, viðgerð, breytingar og ísetningu. Formlegt lofthæfi tekur til þess að uppfyllt séu skilyrði loftferðalaga um þann tiltekna flutning sem fyrirhugaður er, t.d. að loftfar og flutningur þess hafi viðeigandi vátryggingar í gildi og að viðeigandi skírteini loftfars og áhafnar séu gild. Ferðbundið lofthæfi felur hins vegar í sér að væntanlegt flug sé réttilega og vandlega undirbúið þannig að því megi ljúka farsællega.
11. Breytingartillaga við 44. gr. skýrir sig sjálf. Vart verður um sekan mann að ræða fyrr en dómur er genginn.
12. Lagt er til að í ákvæðum 47. gr. verði skylda lögð á aðra flugverja sambærileg við skyldu flugstjóra samkvæmt ákvæðinu. Það skal þó tekið fram að skylda annarra flugverja er varaskylda og verður einungis virk ef flugstjóri getur einhverra hluta vegna ekki sinnt skyldu sinni, t.d. ef slys ber að höndum.
13. Lögð er til breyting á skipan öryggisnefndar skv. 2. mgr. 52. gr. Breytingartillagan miðar að því að tryggja að einungis annar fulltrúi flugverja skuli vera flugliði en hinn fulltrúinn verður úr hópi annarra flugverja.
14. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 57. gr.
15. Lagt er til að við 70. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar sem snúa að flugvernd. Tilgangur breytinganna er fyrst og fremst sá að skjóta lagastoð undir heimild til leitar á mönnum og í farangri í flugstöðvum en einnig að árétta skyldur Íslands á sviði flugverndar.
16. Þær breytingar sem lagðar eru til á 1. mgr. 71. gr. eru tvíþættar. Annars vegar er tiltekið að gjöld þau sem heimta megi skuli vera til að standa undir kostnaði við rekstur flugvalla og flugleiðsögutækja. Hér er um að ræða þjónustugjöld fyrir veitta þjónustu. Hins vegar er bætt inn ákvæði um að heimilt sé að taka gjöld fyrir aðstöðu sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtur á flugvöllum. Hér er t.d. um að ræða aðstöðu flugfélaga, verslana, olíufélaga, flugafgreiðsluaðila og bílaleiga.
17. Lögð er til orðalagsbreyting á 2. mgr. 75. gr. Samgönguráðherra hefur áfram heimild til að fela öðrum en ríkisstofnunum flugumferðarþjónustuna.
18. Orðalagsbreyting er lögð til á 78. gr.
19. Þær breytingar sem lagðar eru til á 82. gr. eru ekki efnisbreytingar. Orðalagið „í samræmi við gildandi reglugerðir“ felur í sér þau atriði sem lagt er til að felld verði brott þannig að í raun er einungis verið að gera greinina skýrari. Þær reglugerðir sem hér um ræðir eru m.a. reglugerðir sem stafa af tilskipunum og reglugerðum Evrópska efnahagssvæðisins.

20. Þær breytingar sem lagðar eru til á 83. gr. eru í samræmi við gildandi rétt. Flugrekstrarleyfi eru nú veitt um ótiltekinn tíma, sbr. tilskipanir sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Á hinn bóginn er mikilvægt að þau falli úr gildi um leið og einhverjar af forsendum leyfisveitingarinnar eru ekki lengur fyrir hendi.
21. Í breytingartillögum við 125. gr. er annars vegar leiðrétt innsláttarvilla sem varð til við undirbúning frumvarpsins, þ.e. vísað er til 93. gr. í stað 91. gr. Hins vegar er hnykkt á því að undanþáguheimildin verði meðal annars notuð til að bregðast við þeim breytingum sem eru fram undan í fluginu í tengslum við rafræna farseðla og önnur pappírslaus viðskipti. Á þessu stigi verða ekki sett í lög nákvæm ákvæði um pappírslaus viðskipti á sviði flugmála þar sem ekki er fyrirséð hvaða stefnu þau mál taka og hver skilyrði verða sett fyrir slíkum viðskiptum, en á hinn bóginn er opnuð leið til að bregðast við á því sviði með reglugerð.
22. Lagt er til að skyldan til vátryggingar loftfars skv. 1. mgr. 131. gr. verði lögð á umráðanda loftfars hverju sinni. Meiri hlutinn telur eðlilegast að flugrekandinn, umráðandinn, skuli sjá um að taka og halda við vátryggingu. Í þessu sambandi má nefna að einungis fá skráðra loftfara í flutningaflugi á Íslandi eru í eigu íslenskra aðila og framkvæmdin gæti orðið erfið ef skyldan hvíldi á eigandanum. Í raun er það flugrekandinn sem sér um tryggingamál loftfara. Þá er lagt til að við 131. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 5. mgr., sem skyldi eigendur kennslu- og einkaflugvéla til að taka og viðhalda slysatryggingu fyrir þá sem ferðast með slíkum vélum. Hér á landi hafa orðið hörmuleg flugslys í einkaflugi þar sem einungis flugmaðurinn hefur verið tryggður og fjölskyldur þeirra sem hafa slasast eða farist hafa litlar sem engar bætur fengið. Meiri hlutinn telur rétt að brugðist sé við því með því að koma á skyldubundinni slysatryggingu á þessu sviði samhliða því að bótaréttur farþega í flutningaflugi er stóraukinn.
23. Meiri hlutinn leggur til breytingar á stjórn leitarstarfs skv. 2. mgr. 132. gr. þegar flugslys hefur orðið. Talið er eðlilegast að Flugmálastjórn stjórni leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst því að enginn aðili er betur til þess búinn að staðsetja flugvélina og stjórna leit á því stigi. Þegar leitarstaður er fundinn taki lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn í samræmi við 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Rannsóknarnefnd flugslysa er ekki ætlað það hlutverk samkvæmt lögum að stjórna björgun á slysstað heldur einungis að fara með vettvangsrannsókn til þess að freista þess að leiða í ljós orsakir slyssins. Vettvangsstjórn lögreglustjóra felur í sér að hann fari með yfirstjórn björgunaraðgerða og leitar ef þess þarf með. Vettvangsrannsókn tekur einungis til rannsóknar á orsökum slyssins en ekki til lögregluarannsóknar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Gengið er út frá þeirri meginreglu að slík rannsókn sé í höndum lögreglu í samræmi við 66. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.
24. Við 136. gr. er lagt til að bætist ný málsgrein sem veiti Flugmálastjórn heimild til þess að leggja á dagsektir sinni handhafar leyfa og skírteina samkvæmt lögunum ekki lagaskyldum sínum. Telja verður nauðsynlegt að Flugmálastjórn hafi lágmarksþvingunarúrræði til að geta brýst á að t.d. ýmsum öryggisatriðum sé fullnægt. Jafnframt er lagt til að þeir aðilar, sem slík þvingun beinist gegn, geti borið ákvörðun um dagsektir undir dómstóla þegar í stað.
25. Lögð er til orðalagsbreyting á 139. gr. sem miðar að því að treysta frekar gjaldtökuheimild í þágu flugöryggis og flugsamgangna. Um er að ræða þjónustugjöld sem nauðsynlegt er að byggist á traustum lagagrunni.
26. Sú breyting, sem lögð er til á 140. gr., stafar af því að meiri hlutinn telur það vera óþarft að skylda alla handhafa skírteina til að vera áskrifendur að upplýsingabréfi Flugmálastjórnar um flugmál og flugmálahandbók.

27. Á 1. mgr. 143. gr. er lögð til sú breyting að bráðabirgðasviptingu starfsréttinda megi alltaf bera undir dómstóla þegar í stað. Frumvarpið gerir ráð fyrir að einungis sé heimilt að bera sviptingu réttinda sem standi lengur en fjórar vikur undir dómstóla en slíkt telur meiri hlutinn stríða gegn réttaröryggi viðkomandi og vera í andstöðu við meginsjónarmið um réttarvernd þegnanna í réttarríki.
28. Breytingar þær, sem lagðar eru til á ákvæði til bráðabirgða I, eru í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á ákvæði 8. gr. um flugráð.
29. Þá er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða III verði kveðið á um að vátryggingar, sem lögboðnar eru skv. XI. kafla frumvarpsins, skuli komnar í gildi innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna. Er með því einnig horft til þess að gildistakan frestist ekki fram á næsta vetur.

Alþingi, 27. mars 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Egill Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.

1064. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, EgJ, StG, ÁJ, KPál).

1. Við 6. gr. Í stað orðsins „sjálfstæð“ í 1. mgr. komi: sérstök.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Flugráð er skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Varamenn taka sæti í forföllum aðalmanna.

Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í ráðið og jafnmarga til vara. Samgönguráðherra skipar tvo og jafnmarga til vara með sérþekkingu á flugmálum. Fulltrúar skipaðir af samgönguráðherra skulu vera formaður og varaformaður flugráðs.

Skipunartími flugráðs skal vera fjögur ár, en skipunartími ráðherraskipaðra fulltrúa skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Flugráð skal vera samgönguráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál.

Verkefni flugráðs við stjórn flugmála eru eftirfarandi:

a. Stefnumótun í flugmálum, innan lands og í millilandaflugi.
b. Framkvæmdaverkefni og gerð flugmálaáætlunar lögum samkvæmt.
c. Fjárlagatillögur og rekstraráætlanir.
d. Gjaldskrártillögur.
e. Reglugerðir um flugmál.
f. Málefni sem samgönguráðherra eða Alþingi sendir flugráði til umfjöllunar.
g. Mál sem flugmálastjóri eða einstakir flugráðsmenn óska að fjallað verði um.

Flugmálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Nánar skal kveðið á um hlutverk flugráðs með reglugerð.

3. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „lög nr. 21/1966“ í 4. mgr. komi: sérstök lög.
   b. 3. málsl. 4. mgr. falli brott.
4. Við 20. gr. Á eftir orðunum „flugmálayfirvalda um“ í c-lið 2. mgr. komi: stjórnun á viðhaldi þess og notkun viðurkenndra viðhaldsstöðva.
5. Við 21. gr. Við 1. mgr. bætist: og framkvæmir úttektir og skoðanir eftir því sem þörf krefur.
6. Við 24. gr. A-liður 1. mgr. orðist svo: þegar ekki er fylgt skyldubundinni viðhaldsstjórnun eða skyldubundið viðhald hefur ekki verið framkvæmt á loftfari.
7. Við 26. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Flugmálastjórn skal heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum þessa kafla og reglum settum samkvæmt þeim þegar nauðsynlegt þykir að prófa kosti loftfars eða aðrar sérstakar ástæður eru til.
8. Við 30. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Umráðandi loftfars er ábyrgur fyrir því að ákvæði um áhöfn séu haldin.
9. Við 37. gr. Orðið „flugumferðarstjóri“ í 1. mgr. falli brott.
10. Við 41. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Flugstjóri sér um að loftfar hafi ferðbundið lofthæfi og sé tilhlýðilega búið, skipað áhöfn og fermt, og að flug sé að öðru leyti undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi reglum.
11. Við 44. gr. Í stað orðsins „seki“ í 2. mgr. komi: grunaði.
12. Við 47. gr. Á eftir orðunum „ber flugstjóra“ í 1. mgr. komi: eða öðrum flugverjum.
13. Við 52. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Í öryggisnefnd skulu eiga sæti tveir fulltrúar flugverja, þar af annar fulltrúi flugliða og tveir fulltrúar flugrekanda.
14. Við 57. gr. Í stað orðanna „afnota fyrir almenning“ í 1. mgr. komi: almennra nota.
15. Við 70. gr. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
    Flugmálastjórn skal sjá um að framfylgt verði þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins á sviði flugverndar.
    Til að auka flugöryggi er Flugmálastjórn eða þeim sem hún felur framkvæmd þessa heimilt að leita á mönnum og í farangri áður en gengið er um borð í loftfar. Synja skal þeim mönnum um brottför sem neita að undirgangast leit. Leit skal framkvæmd með svo mikilli tillitssemi sem unnt er og hún má aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er. Sá sem sætir leit getur krafist þess að ákveðið vitni sé tilkvatt.
16. Við 71. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Heimta má gjöld til að standa undir kostnaði við rekstur flugvalla eða flugleiðsögutækja í þágu loftferða, sem eru til almennra nota, eftir reglum sem samgönguráðherra setur. Þá er heimilt að heimta gjöld fyrir þá aðstöðu sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtur á flugvöllum. Taka má gjöld fjárnámi.
17. Við 75. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Samgönguráðherra setur reglur um flugumferðarþjónustuna og framkvæmd hennar.
18. Við 78. gr. Í stað orðanna „hergögn merkja“ í 1. mgr. komi: teljast hergögn.
19. Við 82. gr.
    a. B-liður falli brott.

b. D-liður (verði C-liður) orðist svo: að umsækjandi hafi hlotið flugrekandaskírteini frá Flugmálastjórn í samræmi við gildandi reglugerðir.
c. E-liður falli brott.

20. Við 83. gr.
a. Orðin „um tiltekinn tíma“ falli brott.
b. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Flugrekstrarleyfið fellur úr gildi ef einhverju framangreindra skilyrða er ekki lengur fullnægt.

21. Við 125. gr.
a. Í stað orðanna „93. gr.“ komi: 91. gr.
b. Við greinina bætist: þar sem meðal annars yrði tekið tillit til möguleika á rafrænni skráningu.

22. Við 128. gr. Orðið „fé“ í 1. mgr. falli brott.

23. Við 131. gr.
a. Í stað orðsins „Eigandi“ í 1. mgr. komi: Umráðandi.
b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Eigendum kennslu- og einkaflugvéla skal skylt að taka og viðhalda slysatryggingu fyrir þá sem ferðast með slíkum vélum. Skulu vátryggingarfjárhæðir vegna dauða og 100% varanlegrar örorku að lágmarki miðast við jafnvirði 100.000 SDR í íslenskum krónum.

24. Við 132. gr. 2. mgr. orðist svo:
Flugmálastjórn stjórnar leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst, en þá tekur lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn. Rannsóknarnefnd flugslysa fer með yfirstjórn vettvangsrannsóknar og skal lögreglustjóri aðstoða hana í hvívetna.

25. Við 136. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Vanræki handhafar leyfa eða skírteina útgefinna samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skyldur þær sem leiðir af lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim getur Flugmálastjórn, að viðlagðri dagsekt eða vikusekt, boðið að skylda sú sem um ræðir skuli af hendi innt. Bera má lögmæti slíkrar ákvörðunar undir dómstóla, enda sé það gert innan 15 daga frá birtingu hennar. Heimta má dagsektir eða vikusektir með fjárnámi samkvæmt ákvæðum aðfararlaga.

26. Við 139. gr. Greinin orðist svo:
Samgönguráðherra kveður á um gjöld sem inna ber af hendi fyrir starfsemi sem Flugmálastjórn annast samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim með setningu sérstakrar gjaldskrár.
Samgönguráðherra er heimilt að ákveða að við gjaldtöku sé mætt þeim kostnaði sem rekstur þessarar starfsemi hefur í för með sér.
Gjöld samkvæmt þessari grein má heimta með fjárnámi.

27. Við 140. gr. Í stað orðanna „flugkennsluleyfa og handhafar skírteina“ komi: og flugkennsluleyfa.

28. Við 143. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Bera má ákvörðun Flugmálastjórnar undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal Flugmálastjórn leiðbeina hlutaðeigandi um þann rétt.

29. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:
Við gildistöku laga þessara fellur skipun núverandi flugráðs úr gildi og skal nýtt flugráð skipað samkvæmt ákvæðum laga þessara.

30. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:
Vátryggingar þær, sem lögboðnar eru í XI. kafla laga þessara, skulu komnar í gildi innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

1065. Nefndarálit [603. mál]

um frv. til l. um kjaramál fiskimanna.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti sjávarútvegsnefndar mótmælir því harðlega að enn einu sinni skuli sett lög á kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Þetta er gert þrátt fyrir að báðir aðilar hafi mótmælt því að löggjafinn grípi inn í deiluna og þess í stað viljað reyna til þrautar að ná að semja um og leysa deilur sínar sjálfir.

Með þessari lagasetningu er ekki verið að lögfesta kjarasamning sjómanna. Þess í stað er verið að lögfesta kjör þeirra til 15. febrúar árið 2000. Jafnframt því sem kjör þeirra eru lögfest eru báðir aðilar deilunnar, sjómenn og útvegsmenn, sviptir rétti sínum til að beita þeim vopnum sem fyrir löngu hafa verið viðurkennd sem hluti af mannréttindum því að sjómenn geta ekki beitt verkfallsvopni sínu til að ná fram bættum kjörum og auk þess eru útvegsmenn sviptir þeim rétti sínum að beita verkbanni.

Það sem vekur sérstaka eftirtekt er að frumvarp um lög á verkfall sjómanna kemur fram einungis tíu dögum eftir að það hófst og fram hefur komið við umfjöllun félagsmálanefndar Alþingis að svo mikið hafi legið á lagasetningunni að ekki hafi unnist tóm til þess að kanna hvort lagasetning af þessu tagi fái samrýmst ýmsum alþjóðasáttmálum og samþykktum sem Ísland er aðili að, eins og samþykktum ILO. Lögfræðingur sjómannasamtakanna hélt því fram á fundi félagsmálanefndar að lagasetningin fengi ekki staðist umræddar samþykktir en Landssambandi íslenskra útvegsmanna hefur ekki enn gefist tóm til að kanna málið sem ber því vott hvílíkur hraði hefur verið á meðferð málsins í þinginu. Slík vinnubrögð átelur minni hlutinn harðlega og telur vera fyrir neðan virðingu Alþingis að þar séu stunduð vinnubrögð af þessum toga.

Með vísan til þess að minni hlutinn telur að ekki sé fullreynt að samningum verði náð og þeirra grundvallarviðhorfa hans að ekki eigi að grípa til lagasetningar á kjaradeilur og svipta sjómenn verkfallsrétti eina ferðina enn mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn frumvarpi til laga um kjaramál fiskimanna.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 27. mars 1998.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. | Kristinn H. Gunnarsson. | Svanfríður Jónasdóttir.

1066. Tillaga til þingsályktunar [621. mál]

um fullgildingu samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum sem undirritaður var í París 17. desember 1997.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum sem undirritaður var í París 17. desember 1997. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Á undanförnum missirum hefur á vettvangi Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) verið unnið að gerð sérstaks samnings til að berjast gegn og fyrirbyggja mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Frumkvæðið að gerð þessa samnings átti Bandaríkjastjórn. Viðræðum um gerð samningsins lauk með samþykkt hans 21. nóvember 1997 og var samningurinn eins og áður segir undirritaður í París 17. desember sama ár. Öll aðildarríki OECD, að Ástralíu undanskilinni, undirrituðu samninginn og enn fremur eftirtalin ríki sem ekki eiga aðild að stofnuninni: Argentína, Brasilía, Búlgaría, Chile og Slóvakía. Samhliða undirritun samningsins var undirrituð sérstök yfirlýsing þar sem undirritunaraðilar skuldbinda sig til að gera ráðstafanir til að samningurinn öðlist gildi fyrir árslok 1998.

Þar til samningurinn öðlast gildi liggur hann frammi til undirritunar fyrir aðildarríki OECD og þau ríki sem eru ekki aðilar að stofnuninni en hefur verið boðið að gerast fullgildir þátttakendur í vinnuhópi hennar um mútugreiðslur í alþjóðlegum viðskiptum. Samningurinn er háður fullgildingu undirritunaraðila. Eftir að samningurinn öðlast gildi er öllum þeim ríkjum heimilt að gerast aðilar að honum sem ekki eru undirritunaraðilar en eru aðilar að OECD eða fullgildir þátttakendur í áðurnefndum vinnuhópi.

Megintilgangur samningsins er að skuldbinda aðila hans til að setja í löggjöf sína ákvæði sem gera það refsivert að bjóða erlendum opinberum starfsmönnum mútur í þeim tilgangi að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum, sbr. 1. gr. samningsins.

Fullgilding Íslands á samningi þessum mundi kalla á eftirfarandi breytingar á lögum hér á landi:

Samkvæmt 109. gr. almennra hegningarlaga skal hver sá sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, er hann með því bryti gegn starfsskyldu sinni, sæta fangelsi allt að 3 árum, eða séu málsbætur fyrir hendi, varðhaldi eða sektum. Þetta ákvæði tekur ekki til slíkrar háttsemi gagnvart erlendum opinberum starfsmönnum og því þyrfti að útvíkka ákvæðið þannig að það næði til þeirra.

Í 2. og 3. gr. samningsins er gert ráð fyrir að viðurlög verði m.a. við mútugreiðslum lögaðila til erlendra opinberra starfsmanna. Í íslenskum lögum er ekki að finna almenn ákvæði sem leggja refsiábyrgð á lögaðila og því yrði að lögfesta sérstaka heimild þar að lútandi.

Í 4. gr. samningsins er að finna ákvæði um refsilögsögu vegna þeirra brota sem hann tekur til. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. skal hver samningsaðili, sem hefur lögsögu til að sækja ríkisborgara sína til saka vegna brota sem framin eru erlendis, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja lögsögu sína vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns samkvæmt sömu meginreglum. Í 3. mgr. 10. gr. samningsins er síðan kveðið á um að samningsaðili skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja annaðhvort að hann geti framselt eigin ríkisborgara eða að hann geti ákært eigin ríkisborgara fyrir mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum verða íslenskir ríkisborgarar ekki framseldir og því væri nauðsynlegt að gera þær breytingar á lögum sem tryggðu að þeir yrðu sóttir til saka hér á landi fyrir mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna.

Við mat á því hvernig ákvæði almennra hegningarlaga um refsilögsögu yrði best löguð að samningnum verður að hafa hliðsjón af því að almennt má ætla að umrædd brot séu framin erlendis. Einnig er rétt að hafa í huga 4. mgr. 4. gr. samningsins, en þar segir að hverjum samningsaðila beri að taka til athugunar hvort núverandi grundvöllur lögsögu hans skili árangri í baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna. Sé ekki svo skuli ráðist í viðeigandi úrbætur. Með hliðsjón af þessu væri heppilegast að nýjum tölulið yrði bætt við 6. gr. almennra hegningarlaga, þess efnis að refsað verði samkvæmt íslenskum lögum fyrir brot af þessu tagi, þótt það sé framið utan íslenskrar lögsögu og án tillits til þess hver er valdur að því.

Dómsmálaráðuneytið hefur hafið undirbúning að framangreindum lagabreytingum.

Fylgiskjal.

Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum.

Inngangsorð.

Samningsaðilarnir

hafa í huga að mútugreiðslur eru algengar í alþjóðlegum viðskiptum, meðal annars á vettvangi verslunar og fjárfestinga, en það vekur upp mikilvæg álitamál á sviði siðferðis og stjórnmála, grefur undan góðri stjórnsýslu og efnahagsþróun og raskar samkeppnisskilyrðum á alþjóðavettvangi,

hafa í huga að öllum löndum ber að axla sameiginlega þá ábyrgð að vinna gegn mútugreiðslum í alþjóðlegum viðskiptum,

hafa hliðsjón af endurskoðuðum tilmælum um baráttu gegn mútugreiðslum í alþjóðlegum viðskiptum sem samþykkt voru af ráði Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) 23. maí 1997, C(97)123/FINAL, en þar var meðal annars leitað eftir skilvirkum ráðstöfunum til þess að forðast, koma í veg fyrir og vinna gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, einkum að slíkar mútugreiðslur séu sem fyrst gerðar refsiverðar á skilvirkan og samræmdan hátt og á grundvelli sameiginlegra umsaminna þátta sem fram koma í téðum tilmælum, svo og í samræmi við lögsögureglur og aðrar meginreglur laga í hverju landi,

fagna þeirri þróun sem átt hefur sér stað annars staðar að undanförnu og stuðlar enn frekar að alþjóðlegum skilningi og samstarfi í baráttunni gegn mútugreiðsl-

Convention on Combating Bribery of Foreign Public Officials in International Business Transactions

Preamble

The Parties,

Considering that bribery is a widespread phenomenon in international business transactions, including trade and investment, which raises serious moral and political concerns, undermines good governance and economic development, and distorts international competitive conditions;

Considering that all countries share a responsibility to combat bribery in international business transactions;

Having regard to the Revised Recommendation on Combating Bribery in International Business Transactions, adopted by the Council of the Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD) on 23 May 1997, C(97)123/FINAL, which, inter alia, called for effective measures to deter, prevent and combat the bribery of foreign public officials in connection with international business transactions, in particular the prompt criminalisation of such bribery in an effective and co-ordinated manner and in conformity with the agreed common elements set out in that Recommendation and with the jurisdictional and other basic legal principles of each country;

Welcoming other recent developments which further advance international understanding and co-operation in combating bribery of public officials, including

um til opinberra starfsmanna, en þar á meðal eru aðgerðir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Samtaka Ameríkuríkja, Evrópuráðsins og Evrópusambandsins,

fagna framtaki fyrirtækja, samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga og annarra félagasamtaka í baráttunni gegn mútugreiðslum,

viðurkenna að stjórnvöld hafa hlutverki að gegna við að koma í veg fyrir að óskað sé mútugreiðslna frá einstaklingum og fyrirtækjum í alþjóðlegum viðskiptum,

viðurkenna að eigi árangur að nást á þessu sviði nægir ekki að brugðist sé við innanlands heldur þarf einnig að koma til alþjóðlegt samstarf, vöktun og eftirfylgni,

viðurkenna að einn helsti tilgangur og markmið samningsins er að ná fram jafngildum ráðstöfunum hjá samningsaðilum, en það krefst þess að samningurinn verði fullgiltur án nokkurra fyrirvara sem vinna gegn þessu markmiði,

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna sem lögbrot.

1. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera það að refsiverðri háttsemi í löggjöf sinni, hver sem í hlut á, að bjóða erlendum opinberum starfsmanni, gefa honum loforð um eða færa honum, vísvitandi, beint eða í gegnum milliliði, óhæfilegar ívilnanir, hvort sem er fjármuni eða annað, sem ætlaðar eru honum sjálfum eða þriðja aðila, til þess að fá hann til að vinna eða láta ógert að vinna einhver þau verk sem tengjast opinberum skyldum hans í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum.

2. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera það að refsiverðri háttsemi að eiga hlutdeild í mútugreiðslum til erlends opinbers starfsmanns, þar á meðal með því að hvetja til þeirra, veita aðstoð við þær eða veita leyfi til þeirra. Tilraunir og samsæri um mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns skulu vera refsiverð háttsemi að því leyti sem tilraunir og samsæri um mútugreiðslur til opinbers starfsmanns samningsaðilans sjálfs eru refsiverð háttsemi.

3. Lögbrotin, sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. hér að framan, eru hér á eftir nefnd „mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns".

actions of the United Nations, the World Bank, the International Monetary Fund, the World Trade Organisation, the Organisation of American States, the Council of Europe and the European Union;

Welcoming the efforts of companies, business organisations and trade unions as well as other non-governmental organisations to combat bribery;

Recognising the role of governments in the prevention of solicitation of bribes from individuals and enterprises in international business transactions;

Recognising that achieving progress in this field requires not only efforts on a national level but also multilateral co-operation, monitoring and follow-up;

Recognising that achieving equivalence among the measures to be taken by the Parties is an essential object and purpose of the Convention, which requires that the Convention be ratified without derogations affecting this equivalence;

Have agreed as follows:

Article 1

The Offence of Bribery of Foreign Public Officials

1. Each Party shall take such measures as may be necessary to establish that it is a criminal offence under its law for any person intentionally to offer, promise or give any undue pecuniary or other advantage, whether directly or through intermediaries, to a foreign public official, for that official or for a third party, in order that the official act or refrain from acting in relation to the performance of official duties, in order to obtain or retain business or other improper advantage in the conduct of international business.

2. Each Party shall take any measures necessary to establish that complicity in, including incitement, aiding and abetting, or authorisation of an act of bribery of a foreign public official shall be a criminal offence. Attempt and conspiracy to bribe a foreign public official shall be criminal offences to the same extent as attempt and conspiracy to bribe a public official of that Party.

3. The offences set out in paragraphs 1 and 2 above are hereinafter referred to as "bribery of a foreign public official".

4. Í þessum samningi

a. merkir „erlendur opinber starfsmaður“ hvern þann sem gegnir starfi hjá löggjafarvaldi, í stjórnsýslu eða við réttarvörslu í erlendu ríki, hvort sem hann er skipaður til starfans eða kjörinn, hvern þann sem gegnir opinberum störfum á vegum erlends ríkis, þar á meðal fyrir hönd opinberrar stofnunar eða fyrirtækis, og hvern þann embættismann eða starfsmann sem starfar á vegum opinberrar alþjóðastofnunar;

b. nær „erlent ríki“ yfir öll stig og deildir stjórnsýslunnar, frá ríkisstjórn til sveitarstjórna;

c. felur „að vinna eða láta ógert að vinna einhver þau verk sem tengjast opinberum skyldum“ í sér hvers kyns beitingu opinbers starfsmanns á stöðu sinni, hvort sem það er á valdsviði hans eða ekki.

2. gr.
Ábyrgð lögaðila.

Hver samningsaðili skal, í samræmi við meginreglur eigin laga, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að lögaðilar verði ábyrgir vegna mútugreiðslu til erlends opinbers starfsmanns.

3. gr.
Viðurlög.

1. Við mútugreiðslum til erlends opinbers starfsmanns skulu vera virk, hæfileg og letjandi refsiviðurlög. Refsiramminn skal vera sambærilegur við þann sem gildir um mútugreiðslur til opinberra starfsmanna samningsaðilans sjálfs og fela meðal annars í sér, þegar um einstaklinga er að ræða, frjálsræðissviptingu um nægilega langan tíma til að skilvirk gagnkvæm réttaraðstoð og framsal geti átt sér stað.

2. Nú háttar svo til í réttarkerfi einhvers samningsaðila að refsiábyrgð nær ekki til lögaðila og skal samningsaðilinn þá sjá til þess að við mútugreiðslum lögaðila til erlendra opinberra starfsmanna liggi virk, hæfileg og letjandi viðurlög, þar á meðal sektir.

3. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að leggja megi hald á og gera upptækar mútur til erlends opinbers starfsmanns og hagnað af þeim, ellegar eignir sem samsvara að verðmæti slíkum hagnaði, eða að beita megi fjársektum sem hafa sambærileg áhrif.

4. Hver samningsaðili skal taka til athugunar hvort beita beri viðbótarviðurlögum einkamálaréttar eða stjórnsýsluréttar gagnvart þeim sem beittur er viðurlögum fyrir mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns.

4. For the purpose of this Convention:

a. "foreign public official" means any person holding a legislative, administrative or judicial office of a foreign country, whether appointed or elected; any person exercising a public function for a foreign country, including for a public agency or public enterprise; and any official or agent of a public international organisation;

b. "foreign country" includes all levels and subdivisions of government, from national to local;

c. "act or refrain from acting in relation to the performance of official duties" includes any use of the public official's position, whether or not within the official's authorised competence.

Article 2
Responsibility of Legal Persons

Each Party shall take such measures as may be necessary, in accordance with its legal principles, to establish the liability of legal persons for the bribery of a foreign public official.

Article 3
Sanctions

1. The bribery of a foreign public official shall be punishable by effective, proportionate and dissuasive criminal penalties. The range of penalties shall be comparable to that applicable to the bribery of the Party's own public officials and shall, in the case of natural persons, include deprivation of liberty sufficient to enable effective mutual legal assistance and extradition.

2. In the event that, under the legal system of a Party, criminal responsibility is not applicable to legal persons, that Party shall ensure that legal persons shall be subject to effective, proportionate and dissuasive non-criminal sanctions, including monetary sanctions, for bribery of foreign public officials.

3. Each Party shall take such measures as may be necessary to provide that the bribe and the proceeds of the bribery of a foreign public official, or property the value of which corresponds to that of such proceeds, are subject to seizure and confiscation or that monetary sanctions of comparable effect are applicable.

4. Each Party shall consider the imposition of additional civil or administrative sanctions upon a person subject to sanctions for the bribery of a foreign public official.

4. gr.
Lögsaga.

1. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja lögsögu sína vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns þegar brotið á sér stað að öllu leyti eða að hluta til á forráðasvæði samningsaðilans.

2. Hver sá samningsaðili, sem hefur lögsögu til að sækja ríkisborgara sína til saka vegna brota sem framin eru erlendis, skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja lögsögu sína vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns samkvæmt sömu meginreglum.

3. Nú hafa fleiri en einn samningsaðili lögsögu yfir meintu broti sem þessi samningur nær til og skulu þeir þá hafa samráð sín í milli, samkvæmt ósk eins þeirra, til að ákveða hver fari með saksókn.

4. Hver samningsaðili skal taka til athugunar hvort núverandi grundvöllur lögsögu hans skilar árangri í baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna og skal, sé ekki svo, ráðast í viðeigandi úrbætur.

5. gr.
Fullnusta.

Um rannsókn og ákæru vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns skal fara eftir þeim reglum og meginreglum sem eiga við hjá hverjum samningsaðila. Þar mega ekki hafa áhrif ástæður sem varða efnahagslega hagsmuni landsins, hugsanleg áhrif á tengsl við annað ríki eða deili viðkomandi einstaklings eða lögaðila.

6. gr.
Fyrningarfrestur.

Ákvæði um fyrningu brots, sem felur í sér mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns, skulu vera nægilega rúm til að tími gefist til rannsóknar og ákæru vegna brotsins.

7. gr.
Peningaþvætti.

Hver sá samningsaðili, sem hefur gert mútugreiðslur til eigin opinberra starfsmanna að yfirlýstu lögbroti í eigin löggjöf um peningaþvætti, skal fara eins að með mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna án tillits til þess hvar brotið á sér stað.

8. gr.
Bókhald.

1. Til þess að baráttan gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna skili árangri skal hver

Article 4
Jurisdiction

1. Each Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the bribery of a foreign public official when the offence is committed in whole or in part in its territory.

2. Each Party which has jurisdiction to prosecute its nationals for offences committed abroad shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction to do so in respect of the bribery of a foreign public official, according to the same principles.

3. When more than one Party has jurisdiction over an alleged offence described in this Convention, the Parties involved shall, at the request of one of them, consult with a view to determining the most appropriate jurisdiction for prosecution.

4. Each Party shall review whether its current basis for jurisdiction is effective in the fight against the bribery of foreign public officials and, if it is not, shall take remedial steps.

Article 5
Enforcement

Investigation and prosecution of the bribery of a foreign public official shall be subject to the applicable rules and principles of each Party. They shall not be influenced by considerations of national economic interest, the potential effect upon relations with another State or the identity of the natural or legal persons involved.

Article 6
Statute of Limitations

Any statute of limitations applicable to the offence of bribery of a foreign public official shall allow an adequate period of time for the investigation and prosecution of this offence.

Article 7
Money Laundering

Each Party which has made bribery of its own public official a predicate offence for the purpose of the application of its money laundering legislation shall do so on the same terms for the bribery of a foreign public official, without regard to the place where the bribery occurred.

Article 8
Accounting

1. In order to combat bribery of foreign public officials effectively, each Party shall take such measures

samningsaðili grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru, innan ramma eigin laga og reglugerða um bókhald og bókhaldsskráningu, reikningsskilaupplýsingar og staðla um bókhald og endurskoðun, til að leggja bann við að fyrirtæki, sem falla undir þessi lög og reglugerðir, haldi óskráð bókhald, stundi viðskipti sem ekki eru skráð eða eru tilgreind með ófullnægjandi hætti, skrái útgjöld sem ekki eru greidd, skrái lánaskuldbindingar undir fölsku yfirskini og notist við fölsuð skjöl, með það fyrir augum að greiða erlendum opinberum starfsmönnum mútur eða hylma yfir slíkar greiðslur.

2. Hver samningsaðili skal setja virk, hæfileg og letjandi viðurlög í einkamála-, stjórnsýslu- eða refsirétt vegna slíkrar vanrækslu eða fölsunar í bókhaldi, skrám, bókhaldsreikningum og reikningsskilum téðra fyrirtækja.

9. gr.
Gagnkvæm réttaraðstoð.

1. Hver samningsaðili skal, eftir því sem lög hans og viðeigandi alþjóðasamningar frekast leyfa, veita öðrum samningsaðilum skjóta og skilvirka réttaraðstoð við rannsókn og málsmeðferð í sakamálum sem samningsaðili hefur með höndum vegna brota sem falla undir þennan samning og við dómsmál, önnur en sakamál, sem falla undir þennan samning og samningsaðili rekur gegn lögaðilum. Samningsaðilinn, sem leitað er til, skal án tafar senda samningsaðilanum, sem leggur beiðnina fram, upplýsingar um hvert það atriði eða hver þau skjöl sem nauðsynlegt er að leggja fram til viðbótar til að styðja beiðni um aðstoð og, sé þess óskað, upplýsingar um hvernig farið hafi verið með beiðnina um aðstoð.

2. Nú gerir samningsaðili að skilyrði fyrir gagnkvæmri réttaraðstoð að brotið sé refsivert í báðum löndunum og skal það þá teljast eiga við ef brotið, sem er tilefni beiðninnar, fellur undir þennan samning.

3. Samningsaðili má ekki neita að veita gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum, sem falla undir þennan samning, á grundvelli bankaleyndar.

10. gr.
Framsal.

1. Mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns skulu teljast til þeirra brota sem leitt geta til framsals samkvæmt lögum samningsaðila og framsalssamningum sem þeir gera með sér.

2. Nú fær samningsaðili, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að framsalssamningur sé fyrir hendi, framsalsbeiðni frá öðrum samningsaðila sem hann hefur ekki gert framsalssamning við og má hann þá

as may be necessary, within the framework of its laws and regulations regarding the maintenance of books and records, financial statement disclosures, and accounting and auditing standards, to prohibit the establishment of off-the-books accounts, the making of off-the-books or inadequately identified transactions, the recording of non-existent expenditures, the entry of liabilities with incorrect identification of their object, as well as the use of false documents, by companies subject to those laws and regulations, for the purpose of bribing foreign public officials or of hiding such bribery.

2. Each Party shall provide effective, proportionate and dissuasive civil, administrative or criminal penalties for such omissions and falsifications in respect of the books, records, accounts and financial statements of such companies.

Article 9
Mutual Legal Assistance

1. Each Party shall, to the fullest extent possible under its laws and relevant treaties and arrangements, provide prompt and effective legal assistance to another Party for the purpose of criminal investigations and proceedings brought by a Party concerning offences within the scope of this Convention and for non-criminal proceedings within the scope of this Convention brought by a Party against a legal person. The requested Party shall inform the requesting Party, without delay, of any additional information or documents needed to support the request for assistance and, where requested, of the status and outcome of the request for assistance.

2. Where a Party makes mutual legal assistance conditional upon the existence of dual criminality, dual criminality shall be deemed to exist if the offence for which the assistance is sought is within the scope of this Convention.

3. A Party shall not decline to render mutual legal assistance for criminal matters within the scope of this Convention on the ground of bank secrecy.

Article 10
Extradition

1. Bribery of a foreign public official shall be deemed to be included as an extraditable offence under the laws of the Parties and the extradition treaties between them.

2. If a Party which makes extradition conditional on the existence of an extradition treaty receives a request for extradition from another Party with which it has no extradition treaty, it may consider this Conven-

líta á þennan samning sem lagalegan grundvöll framsals að því er varðar mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns.

3. Hver samningsaðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja annaðhvort að hann geti framselt eigin ríkisborgara eða að hann geti ákært eigin ríkisborgara fyrir mútugreiðslur til erlends opinbers starfsmanns. Nú synjar samningsaðili beiðni um framsal manns vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns af þeirri ástæðu einni að um er að ræða hans eigin ríkisborgara og skal hann þá vísa málinu til eigin lögbærra yfirvalda til ákæru.

4. Framsal vegna mútugreiðslna til erlends opinbers starfsmanns lýtur þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum og gildandi samningum hvers samningsaðila um sig. Nú gerir samningsaðili að skilyrði fyrir framsali að brotið sé refsivert í báðum löndunum og skal það þá teljast eiga við ef brotið, sem er tilefni framsalsbeiðninnar, fellur undir ákvæði 1. gr. þessa samnings.

11. gr.
Lögbær yfirvöld.

Að því er varðar 3. mgr. 4. gr. um samráð, 9. gr. um gagnkvæma réttaraðstoð og 10. gr. um framsal skal hver samningsaðili senda framkvæmdastjóra OECD tilkynningu um yfirvald eða yfirvöld sem annast sendingu og móttöku beiðna og taka að sér samskipti vegna þessara mála af hálfu samningsaðilans, með fyrirvara um aðra tilhögun milli samningsaðilanna.

12. gr.
Vöktun og eftirfylgni.

Samningsaðilarnir skulu starfa saman að gerð áætlunar um kerfisbundna eftirfylgni til að stuðla að og fylgja því eftir að þessum samningi sé beitt til fulls. Geri samningsaðilarnir ekki með sér samkomulag um annað skal þetta gert á vettvangi vinnuhóps OECD um mútugreiðslur í alþjóðlegum viðskiptum og í samræmi við umboð þess hóps, eða á vettvangi hvers þess hóps sem kann að taka við af honum og í samræmi við umboð hans, og skulu samningsaðilarnir bera kostnað af áætluninni í samræmi við reglur sem gilda um þennan hóp.

13. gr.
Undirritun og aðild.

1. Þar til þessi samningur öðlast gildi skal hann liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki OECD, auk þeirra ríkja sem eru ekki aðilar að stofnuninni en hefur verið boðið að gerast fullgildir þátttakendur í vinnuhópi hennar um mútugreiðslur í alþjóðlegum viðskiptum.

tion to be the legal basis for extradition in respect of the offence of bribery of a foreign public official.

3. Each Party shall take any measures necessary to assure either that it can extradite its nationals or that it can prosecute its nationals for the offence of bribery of a foreign public official. A Party which declines a request to extradite a person for bribery of a foreign public official solely on the ground that the person is its national shall submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution.

4. Extradition for bribery of a foreign public official is subject to the conditions set out in the domestic law and applicable treaties and arrangements of each Party. Where a Party makes extradition conditional upon the existence of dual criminality, that condition shall be deemed to be fulfilled if the offence for which extradition is sought is within the scope of Article 1 of this Convention.

Article 11
Responsible Authorities

For the purposes of Article 4, paragraph 3, on consultation, Article 9, on mutual legal assistance and Article 10, on extradition, each Party shall notify to the Secretary-General of the OECD an authority or authorities responsible for making and receiving requests, which shall serve as channel of communication for these matters for that Party, without prejudice to other arrangements between Parties.

Article 12
Monitoring and Follow-up

The Parties shall co-operate in carrying out a programme of systematic follow-up to monitor and promote the full implementation of this Convention. Unless otherwise decided by consensus of the Parties, this shall be done in the framework of the OECD Working Group on Bribery in International Business Transactions and according to its terms of reference, or within the framework and terms of reference of any successor to its functions, and Parties shall bear the costs of the programme in accordance with the rules applicable to that body.

Article 13
Signature and Accession

1. Until its entry into force, this Convention shall be open for signature by OECD members and by non-members which have been invited to become full participants in its Working Group on Bribery in International Business Transactions.

2. Eftir að þessi samningur hefur öðlast gildi skal öllum þeim ríkjum heimilt að gerast aðilar að honum sem eru ekki undirritunaraðilar en eru aðilar að OECD eða fullgildir þátttakendur í vinnuhópnum um mútugreiðslur í alþjóðlegum viðskiptum eða hverjum þeim hópi sem kann að taka við af honum. Að því er varðar hvert það ríki, sem er ekki undirritunaraðili, skal samningurinn öðlast gildi á sextugasta degi eftir að aðildarskjal þess er afhent til vörslu.

14. gr.
Fullgilding og vörsluaðili.

1. Þessi samningur er háður staðfestingu, samþykki eða fullgildingu af hálfu undirritunaraðila í samræmi við lög þeirra hvers um sig.

2. Skjöl um staðfestingu, samþykki, fullgildingu eða aðild skulu afhent framkvæmdastjóra OECD til vörslu og skal hann vera vörsluaðili þessa samnings.

15. gr.
Gildistaka.

1. Þessi samningur öðlast gildi á sextugasta degi eftir að fimm lönd af þeim tíu, sem eiga stærstan hlut í útflutningi (sjá viðauka) og flytja út samtals að minnsta kosti sextíu hundraðshluta samanlagðs heildarútflutnings þessara tíu landa, hafa afhent skjöl sín um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu til vörslu. Að því er varðar hvern undirritunaraðila, sem afhendir skjal sitt til vörslu eftir slíka gildistöku samningsins, skal samningurinn öðlast gildi á sextugasta degi eftir að hann afhendir skjalið.

2. Hafi samningurinn ekki öðlast gildi 31. desember 1998 samkvæmt 1. mgr. getur hver sá undirritunaraðili, sem hefur afhent skjal sitt um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu, lýst því yfir skriflega við vörsluaðilann að hann sé reiðubúinn að samþykkja að samningurinn öðlist gildi samkvæmt þessari 2. mgr. Samningurinn öðlast gildi að því er varðar þann undirritunaraðila á sextugasta degi eftir að slík yfirlýsing hefur verið afhent til vörslu af að minnsta kosti tveimur undirritunaraðilum. Að því er varðar undirritunaraðila, sem afhendir yfirlýsingu sína til vörslu eftir slíka gildistöku samningsins, öðlast samningurinn gildi á sextugasta degi eftir að yfirlýsingin er afhent til vörslu.

16. gr.
Breytingar.

Sérhver samningsaðili getur lagt til breytingar á þessum samningi. Breytingartillöguna skal senda vörsluaðila en hann skal dreifa henni til hinna samningsaðilanna að minnsta kosti sextíu dögum áður en

2. Subsequent to its entry into force, this Convention shall be open to accession by any non-signatory which is a member of the OECD or has become a full participant in the Working Group on Bribery in International Business Transactions or any successor to its functions. For each such non-signatory, the Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date of deposit of its instrument of accession.

Article 14
Ratification and Depositary

1. This Convention is subject to acceptance, approval or ratification by the Signatories, in accordance with their respective laws.

2. Instruments of acceptance, approval, ratification or accession shall be deposited with the Secretary-General of the OECD, who shall serve as Depositary of this Convention.

Article 15
Entry into Force

1. This Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date upon which five of the ten countries which have the ten largest export shares (see annex), and which represent by themselves at least sixty per cent of the combined total exports of those ten countries, have deposited their instruments of acceptance, approval, or ratification. For each signatory depositing its instrument after such entry into force, the Convention shall enter into force on the sixtieth day after deposit of its instrument.

2. If, after 31 December 1998, the Convention has not entered into force under paragraph 1 above, any signatory which has deposited its instrument of acceptance, approval or ratification may declare in writing to the Depositary its readiness to accept entry into force of this Convention under this paragraph 2. The Convention shall enter into force for such a signatory on the sixtieth day following the date upon which such declarations have been deposited by at least two signatories. For each signatory depositing its declaration after such entry into force, the Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date of deposit.

Article 16
Amendment

Any Party may propose the amendment of this Convention. A proposed amendment shall be submitted to the Depositary which shall communicate it to the other Parties at least sixty days before convening a meeting

hann boðar samningsaðila til fundar til að fjalla um tillöguna. Sérhver breyting, sem samningsaðilarnir ná samstöðu um eða samþykkt er með hverjum þeim hætti öðrum sem þeir koma sér saman um, skal öðlast gildi sextíu dögum eftir að allir samningsaðilarnir hafa afhent skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, eða í samræmi við önnur skilyrði sem samningsaðilarnir kunna að tilgreina þegar breytingin er samþykkt.

of the Parties to consider the proposed amendment. An amendment adopted by consensus of the Parties, or by such other means as the Parties may determine by consensus, shall enter into force sixty days after the deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval by all of the Parties, or in such other circumstances as may be specified by the Parties at the time of adoption of the amendment.

17. gr.
Uppsögn.

Samningsaðili getur sagt þessum samningi upp með skriflegri tilkynningu sem er afhent vörsluaðila. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir að tilkynningin berst. Eftir uppsögn skal samstarf haldast milli samningsaðilanna og samningsaðilans, sem sagt hefur samningnum upp, vegna allra beiðna um aðstoð eða framsal sem lagðar eru fram áður en uppsögnin öðlast gildi.

Article 17
Withdrawal

A Party may withdraw from this Convention by submitting written notification to the Depositary. Such withdrawal shall be effective one year after the date of the receipt of the notification. After withdrawal, co-operation shall continue between the Parties and the Party which has withdrawn on all requests for assistance or extradition made before the effective date of withdrawal which remain pending.

Viðauki.
Tölur yfir útflutning frá OECD-ríkjum.

Útflutningur frá OECD-ríkjum			
	1990–1996 milljónir USD	1990–1996 % af OECD í heild	1990–1996 % af 10 stærstu
Bandaríkin	287 118	15,9	19,7
Þýskaland	254 746	14,1	17,5
Japan	212 665	11,8	14,6
Frakkland	138 471	7,7	9,5
Breska konungsríkið	121 258	6,7	8,3
Ítalía	112 449	6,2	7,7
Kanada	91 215	5,1	6,3
Kórea (1)	81 364	4,5	5,6
Holland	81 264	4,5	5,6
Belgía-Lúxemborg	78 598	4,4	5,4
10 stærstu samtals	**1 459 148**	**81,0**	**100**
Spánn	42 469	2,4	
Sviss	40 395	2,2	
Svíþjóð	36 710	2,0	
Mexíkó (1)	34 233	1,9	
Ástralía	27 194	1,5	
Danmörk	24 145	1,3	
Austurríki*	22 432	1,2	
Noregur	21 666	1,2	
Írland	19 217	1,1	
Finnland	17 296	1,0	
Pólland (1)**	12 652	0,7	

Annex
STATISTICS ON OECD EXPORTS

Statistics on OECD Exports			
	1990–1996 US$ million	1990–1996 % of total OECD	1990–1996 % of total 10
United States	287 118	15.9	19.7
Germany	254 746	14.1	17.5
Japan	212 665	11.8	14.6
France	138 471	7.7	9.5
United Kingdom	121 258	6.7	8.3
Italy	112 449	6.2	7.7
Canada	91 215	5.1	6.3
Korea (1)	81 364	4.5	5.6
Netherlands	81 264	4.5	5.6
Belgium-Luxembourg	78 598	4.4	5.4
Total 10	**1 459 148**	**81.0**	**100**
Spain	42 469	2.4	
Switzerland	40 395	2.2	
Sweden	36 710	2.0	
Mexico (1)	34 233	1.9	
Australia	27 194	1.5	
Denmark	24 145	1.3	
Austria*	22 432	1.2	
Norway	21 666	1.2	
Ireland	19 217	1.1	
Finland	17 296	1.0	
Poland (1)**	12 652	0.7	

Portúgal	10 801	0,6	
Tyrkland*	8 027	0,4	
Ungverjaland**	6 795	0,4	
Nýja-Sjáland	6 663	0,4	
Lýðveldið Tékkland***	6 263	0,3	
Grikkland*	4 606	0,3	
Ísland	949	0,1	
OECD samtals	**1 801 661**	**100**	

Athugasemdir: * 1990–1995; ** 1991–1996; *** 1993–1996.
Heimild: OECD, (1) Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Belgía-Lúxemborg: Hagskýrslur fyrir Belgíu og Lúxemborg eru ekki til nema fyrir bæði löndin í sameiningu. Að því er varðar 1. mgr. 15. gr. samningsins skal litið svo á, ef annaðhvort Belgía eða Lúxemborg afhendir skjal sitt um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu, eða ef bæði Belgía og Lúxemborg afhenda skjöl sín um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu, að eitt þeirra tíu ríkja sem eiga stærstan hlut í útflutningi hafi afhent skjal sitt og samanlagður útflutningur beggja ríkjanna skal talinn með upp í þá 60 hundraðshluta samanlagðs heildarútflutnings þessara tíu ríkja sem krafist er til að samningurinn geti öðlast gildi samkvæmt þessu ákvæði.

Portugal	10 801	0.6	
Turkey*	8 027	0.4	
Hungary**	6 795	0.4	
New Zealand	6 663	0.4	
Czech Republic***	6 263	0.3	
Greece*	4 606	0.3	
Iceland	949	0.1	
Total OECD	**1 801 661**	**100**	

Notes: * 1990–1995; ** 1991–1996; *** 1993–1996
Source: OECD, (1) IMF

Concerning Belgium-Luxembourg: Trade statistics for Belgium and Luxembourg are available only on a combined basis for the two countries. For purposes of Article 15, paragraph 1 of the Convention, if either Belgium or Luxembourg deposits its instrument of acceptance, approval or ratification, or if both Belgium and Luxembourg deposit their instruments of acceptance, approval or ratification, it shall be considered that one of the countries which have the ten largest exports shares has deposited its instrument and the joint exports of both countries will be counted towards the 60 percent of combined total exports of those ten countries, which is required for entry into force under this provision.

1067. Nefndarálit [604. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti sjávarútvegsnefndar átelur harðlega að ríkisstjórnin skuli, í krafti meiri hluta síns á Alþingi, lögbinda kjör sjómanna næstu tvö árin.

Þegar sjómenn greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara var forsenda samþykkis þeirra að frumvarpaþrenna embættismannanefndar ríkisstjórnarinnar yrði lögfest efnislega óbreytt, enda hafði sjávarútvegsráðherra heitið þeim að það yrði gert.

Stjórnarandstaðan hefur lagt áherslu á að sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnin standi við loforð sín gagnvart sjómönnum.

Breytingartillaga meiri hluta sjávarútvegsnefndar, sem gerir ráð fyrir minni veiðiskyldu og þar með minna atvinnuöryggi sjómanna en frumvarpið gerir ráð fyrir, er veruleg efnisbreyting frá þeirri tillögu sem sjómenn voru að taka afstöðu til þegar þeir greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara. Með því að hverfa frá veiðiskyldu yfir í framsalstakmarkanir er verið að leggja minni áherslu á veiði aflaheimildanna en meiri á ráðstöfun þeirra óháð hagsmunum áhafnar. Hér er því um grundvallarbreytingu að ræða. Það er því ljóst að með samþykkt þessarar breytingar er sjávarútvegsráðherra að ganga á bak orða sinn gagnvart sjómönnum.

Með vísan til þessa mun minni hluti sjávarútvegsnefndar sitja hjá við afgreiðslu málsins. Guðný Guðbjörnsdóttir hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 27. mars 1998.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Lúðvík Bergvinsson. Kristinn H. Gunnarsson.

1068. Nefndarálit [605. mál]

um frv. til l. um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Fyrsti minni hluti sjávarútvegsnefndar átelur harðlega að ríkisstjórnin skuli, í krafti meiri hluta síns á Alþingi, lögbinda kjör sjómanna næstu tvö árin.

Þegar sjómenn greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara var forsenda samþykkis þeirra að frumvarpaþrenna embættismannanefndar ríkisstjórnarinnar yrði lögfest efnislega óbreytt, enda hafði sjávarútvegsráðherra heitið þeim að það yrði gert.

Stjórnarandstaðan hefur lagt áherslu á að sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnin standi við loforð sín gagnvart sjómönnum. Með vísan til þeirra efnisbreytinga sem felast í breytingartillögum meiri hluta sjávarútvegsnefndar er á hinn bóginn ljóst að ríkisstjórnin ætlar að svíkja gefin loforð.

Það var ríkisstjórnin sem valdi leið frumvarpanna þriggja. Sú staða sem upp er komin og afleiðingar afskipta ríkisstjórnarinnar af málefnum sjómanna er algerlega á hennar ábyrgð.

Með vísan til þessa mun 1. minni hluti sjávarútvegsnefndar því sitja hjá við afgreiðslu þessara mála í heild sinni.

Alþingi, 27. mars 1998.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Lúðvík Bergvinsson.

1069. Nefndarálit [606. mál]

um frv. til l. um Kvótaþing.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Annar minni hluti sjávarútvegsnefndar átelur harðlega að ríkisstjórnin skuli, í krafti meiri hluta síns á Alþingi, lögbinda kjör sjómanna næstu tvö árin.

Þegar sjómenn greiddu atkvæði um miðlunartillögu sáttasemjara var forsenda samþykkis þeirra að frumvarpaþrenna embættismannanefndar ríkisstjórnarinnar yrði lögfest efnislega óbreytt, enda hafði sjávarútvegsráðherra heitið þeim að það yrði gert.

Stjórnarandstaðan hefur lagt áherslu á að sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnin standi við loforð sín gagnvart sjómönnum. Með vísan til þeirra efnisbreytinga sem felast í breytingartillögum meiri hluta sjávarútvegsnefndar er á hinn bóginn ljóst að ríkisstjórnin ætlar að svíkja gefin loforð.

Það var ríkisstjórnin sem valdi leið frumvarpanna þriggja. Sú staða sem upp er komin og afleiðingar afskipta ríkisstjórnarinnar af málefnum sjómanna er algerlega á hennar ábyrgð.

Með vísan til þessa mun 2. minni hluti sjávarútvegsnefndar því sitja hjá við afgreiðslu þessara mála í heild sinni.

Alþingi, 27. mars 1998.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Lúðvík Bergvinsson.

1070. Nefndarálit [605. mál]

um frv. til l. um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta styrkir gildandi ákvæði um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með því að setja á laggirnar nýja stofnun, Verðlagsstofu skiptaverðs, er starfi í nánum tengslum við úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk stofunnar verði að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna.

Það er sjónarmið 2. minni hluta að frumvarpið sé til verulegra bóta, svo og framkomnar breytingartillögur við það. Verðlagsstofa mun hafa víðtækar heimildir til þess að afla gagna um fiskverð og krefjast nauðsynlegra upplýsinga.

Er með því mjög bætt staða sjómanna frá því sem nú er til þess að rétta hlut sinn og tryggja að hann verði í samræmi við eðlilegt skiptaverð hverju sinni.

Alþingi, 27. mars 1998.

Kristinn H. Gunnarsson.

1071. Nefndarálit [606. mál]

um frv. til l. um Kvótaþing.

Frá 3. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark og er liður í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir að viðskipti útvegsmanna með aflamark geti bitnað á aflahlut sjómanna.

Frumvarpið gerir viðskipti með aflamark sýnilegri en nú er og kemur í veg fyrir að blandað verði saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Að þessu leyti er um að ræða verulegan kost út frá hagsmunum sjómanna.

Hinu er ekki að leyna að frumvarpið mun hafa talsverðar breytingar á starfsumhverfi í sjávarútvegi og eftir yfirferð sjávarútvegsnefndar á málinu stendur upp úr að mikil óvissa er um mat á þróuninni.

Hjá mörgum umsagnaraðilum kom fram það mat að störfum sjómanna mundi fækka verulega og samrunaþróunin í átt til fárra og stórra útgerða yrði mjög hröð. Einkum var óttast um stöðu bátaútgerðar og smærri sjávarútvegsbyggða í þessu sambandi. Óhjákvæmilegt er að lengri tími gefist til þess að meta áhrifin af lögfestingu Kvótaþingsins og kannað til hvaða breytinga væri hægt að grípa til þess að draga úr óæskilegum áhrifum af lögfestingu frumvarpsins. Þá sýnist enn fremur nauðsynlegt að gefa einhvern aðlögunartíma að nýju fyrirkomulagi ef rétt þykir að lokinni frekari athugun að taka það upp.

Við lagabreytingu í starfsumhverfi í sjávarútvegi ber að gæta þess að fjölbreytt útgerðarmunstur geti dafnað og að staða sjávarplássa styrkist fremur en hið gagnstæða. Það væri mikið glapræði að hrapa að niðurstöðu sem geti leitt til hins gagnstæða.

Þriðji minni hluti telur því ekki fært að styðja frumvarpið að svo komnu máli.

Alþingi, 27. mars 1998.

Kristinn H. Gunnarsson.

1072. Frumvarp til laga [625. mál]

um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað tölunnar „25“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 40.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 68/1997 er gert ráð fyrir að lánstími lána frá Lánasjóði landbúnaðarins geti lengst verið 25 ár þegar í hlut eiga lán til nýrra bygginga, jarðakaupa, ræktunar og þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast.

Með bréfi, dags. 20. janúar 1998, óskaði stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins eftir að landbúnaðarráðherra beitti sér fyrir því að lögum nr. 68/1997, sem sjóðurinn starfar eftir, yrði breytt í þá veru sem hér er lagt til með þeim rökum að miklu skipti að greiðslubyrði yrði viðráðanleg og þar hefði lánstími veruleg áhrif. Byggingar væru vandaðri en áður var og einnig skipti máli að lán til jarðakaupa yrðu til langs tíma í samræmi við t.d. húsbréf.

Í áliti sjómannanefndar frá 4. nóvember 1997 um framleiðslu og vinnslu á mjólk kemur fram í 9. tölul. að nær engin nýfjárfesting í fjósum hafi átt sér stað og verulegur hluti þeirra fjósa

sem nú er framleitt í þarfnist endurnýjunar. Sama á væntanlega við um fleiri búgreinar sem lenging á lánstíma mundi bæta úr að einhverju leyti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

Frumvarpið felur í sér að stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins verður heimilt að lengja lánstíma á einstökum lánaflokkum um allt að 15 ár, úr 25 árum í 40 ár. Í greinargerð með frumvarpinu er nefnt að hér gæti verið að um að ræða lán til nýrra bygginga, jarðakaupa, ræktunar og þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast.

Verði frumvarpið að lögum verður það á valdi stjórnar sjóðsins hvernig þessi heimild yrði nýtt en stjórnin er bundin þeirri lagaskyldu að rýra ekki eigið fé sjóðsins. Lán til jarðakaupa námu 380 m.kr. á árinu 1997. Sé gert ráð fyrir að veitt verði 450 m.kr. til jarðakaupa ár hvert yrði innstreymi næstu 25 árin um 1,7 milljörðum kr. lægri með 40 ára lánstíma á þeim lánum borið saman við 25 ára lánstíma eða 7 milljarðar kr. í stað 8,7 milljarða kr. Verði lánstími á framkvæmdalánum lengdur yrði enn minna innstreymi, en líklegt er að ef sú verður niðurstaðan verði einungis um að ræða lán til vandaðra bygginga með langan líftíma.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það að lögum, leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóðs. Ekki stendur til af hálfu stjórnarinnar að breyta vöxtum lána og mun sjóðurinn því innan nokkurra ára þarfnast aukinna lánsfjárheimilda að öðru óbreyttu.

1073. Fyrirspurn [626. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun laga um háskóla.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Er unnið að endurskoðun sérlaga um einstaka skóla á háskólastigi í framhaldi af samþykkt rammalaga um háskóla?
2. Hverjir vinna að endurskoðuninni í hverjum skóla fyrir sig?
3. Hvaða fulltrúar viðkomandi skóla koma að endurskoðuninni í hverju tilfelli?
4. Hvernig eru þeir tilnefndir og skipaðir eða ráðnir sem vinna að endurskoðuninni?
5. Hvenær er gert ráð fyrir að endurskoðuninni ljúki?
6. Er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á starfsháttum einstakra skóla í þeirri endurskoðun sem unnið er að?

Skriflegt svar óskast.

1074. Fyrirspurn [627. mál]

til menntamálaráðherra um gjaldtöku af nemendum í skólum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Í hvaða sérskólum eða skólum á háskólastigi eru nýttar heimildir til gjaldtöku af nemendum?
2. Hvers eðlis er gjaldtakan og um hve háar fjárhæðir er að ræða fyrir einstaka þætti, í einstökum skólum og í heild?
3. Hvernig er staðið að gjaldtöku þegar um er að ræða endurtekningu prófa vegna veikindaforfalla nemenda og um hve háar upphæðir getur verið að ræða?
4. Á hvaða lagaákvæðum byggist gjaldtakan í hverjum skóla fyrir sig?
5. Hvernig nýta einstakir skólar sér heimildir til gjaldtöku?

Skriflegt svar óskast.

1075. Frumvarp til laga [603. mál]

um kjaramál fiskimanna.

(Eftir 2. umr., 27. mars.)

1. gr.

Efnisákvæði miðlunartillagna þeirra sem ríkissáttasemjari lagði fram til lausnar kjaradeilum á fiskiskipaflotanum þann 16. mars 1998 og birt eru í fylgiskjölum I–IV sem eru hluti af lögum þessum skulu frá gildistöku laga þessara gilda um kaup og kjör fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og aðildarfélögum Alþýðusambands Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Ísafjarðar, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, með þeim breytingum sem fram koma í 2. gr.

2. gr.

Séu færri menn á skipi sem stundar rækjuveiðar og landar daglega eða ísar afla um borð en við er miðað í skiptakjaraákvæðum kjarasamninga varðandi þær veiðar skiptist hlutur eða hlutir þeirra sem á vantar á milli þeirra sem á skipinu eru í réttu hlutfalli við skiptahlut þeirra.

Ferðir til veiða utan efnahagslögsögu Íslands úr stofnum sem ekki eru íslenskir deilistofnar eru sérstakt kauptryggingartímabil og teljast því ekki til sama kauptryggingartímabils og aðrar veiðar skips.

3. gr.

Vinnustöðvanir þeirra aðila sem um ræðir í fylgiskjölum I–IV, svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru

óheimilar. Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

4. gr.

Með brot gegn 3. gr. laga þessara skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. febrúar árið 2000. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. júní 1998.

Fylgiskjal I.

Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara

til lausnar kjaradeilu
Sjómannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna aðildarfélaga þess lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning Sjómannasambands Íslands.)

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

1.03 Um hækkun kaupliða.

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði 3.228.503 kr. pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

Breyting á grein 1.23.

Sóttdauðabætur hækki úr 1.298.184 kr. í 1.724.663 kr.

6. gr.

Nýtt ákvæði í kafla 5.2 um frystitogara.

Grein 5.29 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6½ klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

7. gr.

Breyting á grein 9.23.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

8. gr.

Nýtt ákvæði um endurmenntun.

Skipverjum skal, í samráði við útgerðina, gefinn kostur á að sækja námskeið Slysavarnaskólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

Þann tíma sem skipverji sækir námskeið skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en uppihald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

9. gr.

Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skulu ávallt tveir undirmenn sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

Fylgiskjal II.

Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara

til lausnar kjaradeilu
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna aðildarfélaga þess svo og kjaradeilu
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar, Ísafirði,
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Vestfjarða
lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning FFSÍ.)

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

1.08 Um hækkun kaupliða.

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði 3.228.503 kr. pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

Breyting á grein 1.37.

Sóttdauðabætur hækki úr 1.298.184 kr. í 1.724.663 kr.

6. gr.

Grein 1.49 um endurmenntun orðist svo:

Yfirmönnum skal í samráði við útgerðina gefinn kostur á að sækja endurmenntunarnámskeið með það að markmiði að auka hæfni þeirra í starfi sínu hjá útgerðinni, sbr. meðfylgjandi lista yfir viðurkennd námskeið.

Til viðbótar námskeiðum samkvæmt tilgreindum lista geta önnur námskeið staðið yfirmönnum til boða samkvæmt nánara samkomulagi milli útgerðar og yfirmanna.

Þann tíma sem yfirmaður sækir námskeið samkvæmt framangreindu skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en uppihald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

Listi yfir viðurkennd endurmenntunarnámskeið.

1. Siglingatæki. Notkun og greining á einföldum bilunum. Fiskleitar- og mælitæki, ratsjá, GPS, gírókompás og sjálfstýringar.
2. Siglingasamlíkir ARPA (tölvuratsjá) og plott.
3. Stöðugleiki og skipagerð (Flutningar og fiskiskip).
4. Fjarskipti. Nýja öryggisfjarskiptakerfið GMDSS (Global Maritime Distress Safety System).
5. Siglingatæki (ratsjár, Loran, GPS), ferilritar (plotter), dýptarmælar.
6. Sjúkrahjálp fyrir sjómenn. Lyfjakistan (nýjar reglur), viðvera á slysadeild, bráðafrágangur slasaðra og flutningar, kynning á þyrludeild LHG og þyrlusveit lækna.
7. Ýmis námskeið Slysavarnaskólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

7. gr.

Nýtt ákvæði í kafla 5.2 um frystitogara.

Grein 5.26 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6½ klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

8. gr.

Breyting á grein 9.19.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

9. gr.

Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir upp sjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skal einn úr hópi skipstjórnarmanna ávallt sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

Fylgiskjal III.

Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara

til lausnar kjaradeilu

Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja, Vélstjórafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Ísafjarðar

og

Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Vestfjarða, Útvegsmannafélags Norðurlands, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja og Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar

lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning Vélstjórafélags Íslands.)

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

1.08 Um hækkun kaupliða.

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði 3.228.503 kr. pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

Breyting á grein 1.37.

Sóttdauðabætur hækki úr 1.298.184 kr. í 1.724.663 kr.

6. gr.

1.49 Endurmenntun.

Greinin orðist svo:

Vélstjórum/vélavörðum skal gefinn kostur á að sækja a.m.k. eitt námskeið annað hvert ár með það að markmiði að auka hæfni þeirra í starfi hjá útgerðinni. Um er að ræða námskeið sem endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum hefur fjallað um og samþykkt.

Þegar vélstjóri/vélavörður sækir námskeið skv. 1. mgr. skal það gert í samráði við útgerðarmann sem greiðir námskeiðsgjald og kauptryggingu fyrir þann tíma sem námskeiðið stendur. Uppihald og ferðakostnað greiðir útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum.

Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum verði skipuð tveimur fulltrúum VSFÍ og tveimur fulltrúum LÍÚ. Starfsmenn samtakanna starfa með nefndinni og undirbúa tillögur til nefndarinnar um fræðslumál og leggja fyrir hana kostnaðaráætlun fyrir einstök námskeið. Starfsmennirnir sjái um daglegan rekstur, framkvæmd námskeiða og annað það sem nefndin felur þeim.

Hlutverk nefndarinnar er að taka ákvörðun um hvaða námskeið skuli boðið upp á, hvar og hvenær þau eru haldin. Þá skal nefndin skilgreina námskeiðskostnað og ákveða námskeiðsgjald. Almennt skal gera ráð fyrir að sérhvert námskeið standi undir sér kostnaðarlega. Nefndin móti reglur um framkvæmd námskeiða og er henni heimilt að leggja álag á námskeiðsgjald sem renni í varasjóð.

Varasjóður endurmenntunarnefndar.

Stofna skal varasjóð sem verði í umsjá nefndarinnar. Stofnfé sjóðsins verði 500.000 kr., sem LÍÚ og VSFÍ leggi til að jöfnu. Í sjóðinn renni hagnaður af námskeiðum og hann greiði tap af samþykktum námskeiðum. Nefndinni er heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til námsgagnagerðar og tækjakaupa. Verði samstarfi slitið og sjóðurinn lagður niður skal ráðstafa eigum hans til tækjakaupa vegna vélstjórnarmenntunar sé einhugur um það í nefndinni. Ella skiptast eigur hans jafnt á milli LÍÚ og VSFÍ.

Kostnaðaráætlun námskeiða.

Fyrir hvert námskeið verði gerð kostnaðaráætlun sem verði lögð fyrir endurmenntunarnefnd til samþykktar. Í kostnaðaráætlun komi fram sundurliðun á eftirgreindum þáttum:

1. Kostnaður við námsgagnagerð að frádregnum framlögum og styrkjum úr starfsmenntasjóði og frá öðrum aðilum.
2. Kennsla og ferðakostnaður.
3. Húsnæði, kaffi og tækjaleiga.
4. Kynning og auglýsingar.
5. Umsjónarkostnaður.
6. Tillag í varasjóð.

7. gr.

Nýtt ákvæði í kafla 5.2 um frystitogara.

Grein 5.26 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6½ klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

8. gr.

Breyting á grein 9.19.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

9. gr.

Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skal einn úr hópi vélstjóra ávallt sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

10. gr.

Nýtt ákvæði: Úrskurðarnefnd.

1. Komið skal á fót úrskurðarnefnd er hefur það hlutverk að skera úr um hvort koma skuli til sérstakra greiðslna til handa vélstjórum á fiskiskipum vegna breytts verksviðs þeirra og þátttöku í tæknivæðingu fiskiskipa.
2. Nefndin skal skipuð 3 mönnum og tilnefnir hvor aðili sinn mann en sjávarútvegsráðherra oddamann sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar og getur ráðherra sett nefndinni tímamörk.
3. Nefndin skal gefa báðum aðilum kost á að skila greinargerðum um málið og kynna það fyrir nefndinni. Hún skal einnig kanna sjálfstætt þær forsendur sem aðilar leggja til grundvallar málflutningi sínum, svo og hvort og hvernig þær eigi við hinar einstöku tegundir fiskiskipa.
4. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að verksvið vélstjóra hafi breyst og álag í störfum aukist án þess að þeir hafi sérstaklega notið þess í launum skal hún úrskurða hvort þeim beri sérstakar greiðslur og ef svo er hversu miklar þær skulu vera og frá hvaða tíma þær eiga að koma til greiðslu.
5. Úrskurður nefndarinnar er hluti af kjarasamningi aðila og tekur gildi frá úrskurðardegi.

11. gr.

Í kjarasamning vélstjóra á fiskiskipum komi nýr kafli sem kveði á um heimildir til að semja í fyrirtækjum um aðlögun ákvæða samningsins að þörfum og hagsmunum útgerðar og vélstjóra.

Eftirgreind ákvæði mynda því ramma um formbundið samstarf vélstjóra og útgerðar og verði sérstakur kafli, næstur á eftir ákvæðum um orlof. Númer annarra greina breytist í samræmi við það.

Fyrirtækjaþáttur kjarasamnings vélstjóra.

1.0 Markmið.

Markmið fyrirtækjaþáttar kjarasamnings er að efla samstarf vélstjóra og stjórnenda útgerðar með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum vélstjóra með aukinni framleiðni.

Markmiðið er að þróa kjarasamninginn þannig að hann nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings. Við það skal ávallt miðað að skilgreindur ávinningur skiptist milli vélstjóra og útgerðar eftir skýrum forsendum.

2.0 Viðræðuheimild.

Að jafnaði taki fyrirtækjaþáttur til allra starfsmanna útgerðarinnar sem kjarasamningurinn tekur til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga á einstökum skipum, sé um það samkomulag.

Viðræður um fyrirtækjaþátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hverra samningnum sé ætlað að ná.

Þegar viðræður hafa verið ákveðnar ber að tilkynna það VSFÍ og samtökum vinnuveitenda, VSÍ eða LÍÚ. Rétt er báðum aðilum, starfsmönnum og forsvarsmönnum útgerðar, að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum og óska eftir ráðgjöf við gerð fyrirtækjaþáttar, en í þeim tilgangi skal stofnuð sérstök ráðgjafanefnd, skipuð fjórum mönnum, tveimur tilnefndum af LÍÚ og tveimur tilnefndum af VSFÍ, sem hefur einnig það markmið að flýta gerð fyrirtækjaþáttar einstakra útgerða. Báðir aðilar, starfsmenn og forsvarsmenn útgerðar, geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til ráðuneytis við samningsgerð. Náist ekki samkomulag innan þriggja mánaða frá því að viðræður um fyrirtækjaþátt hófust getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

3.0 Fulltrúar vélstjóra – forsvar í viðræðum.

Vélstjórar á hverju skipi geta valið fulltrúa úr sínum hópi eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarsmenn útgerðar skipsins.

Fulltrúum í samninganefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Enn fremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og er óheimilt að láta þá gjalda starfa sinna í samninganefnd.

4.0 Upplýsingamiðlun.

Áður en gengið er til gerðar fyrirtækjasamnings skulu stjórnendur upplýsa fulltrúa vélstjóra í samninganefnd um afkomu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu útgerðarinnar.

Á gildistíma fyrirtækjasamnings skulu fulltrúar vélstjóra upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

5.0 Heimil frávik.

Heimilt er með samkomulagi milli vélstjóra og útgerðarinnar að aðlaga ákvæði samningsins þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald vélstjóra.

6.0 Endurgjald vélstjóra.

Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum útgerðar eða önnur frávik frá vinnuskipulagi, sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlutdeild vélstjóra í þeim ávinningi sem útgerðin hefur af breytingum.

Hlutur vélstjóra getur komið fram í verktengdri greiðslu, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfisálagi, prósentuálagi á laun eða fastri krónutölu á tímakaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningnum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur útgerðar felst, svo og endurgjald til vélstjóra. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður við uppsögn skv. 7. gr. þessa kafla.

7.0 Gildistaka, gildissvið og gildistími.

Samkomulag um fyrirtækjaþátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi samninganefnd vélstjóra stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meiri hluta greiddra atkvæða hlutaðeigandi vélstjóra. Heimilt er samninganefnd vélstjóra að óska eftir því að Vélstjórafélagið gangi úr skugga um að umsamin frávik og endurgjald fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.

Heimilt er að láta fyrirtækjasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá efni hans í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt fyrirtækjasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður, umsamdar breytingar og hlutdeild vélstjóra í ávinningi. Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meiri hluta hlutaðeigandi vélstjóra í sams konar atkvæðageiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins. Segi útgerð upp fyrirtækjaþætti samnings skulu launahækkanir honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka sem leiðir af upptöku samningsákvæða.

7.1 Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör.

Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af fyrirtækjasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi vélstjóra hafi þeir ekki mótmælt formlega gerð samningsins við stjórnendur útgerðar og samninganefnd vélstjóra áður en til atkvæðagreiðslu kom.

Ákvæði fyrirtækjasamnings gilda jafnt um þá vélstjóra sem við störf eru þegar samningur er samþykktur samkvæmt ákvæðum þessa kafla, sem og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

8. Meðferð ágreinings.

Komi upp ágreiningur innan fyrirtækis um skilning eða framkvæmd fyrirtækjasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er vélstjórum heimilt að leita aðstoðar Vélstjórafélagsins eða fela því málið til úrlausnar.

Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar skv. lokaml. 7. gr. getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila. 65% kostnaðar greiðist af fyrirtæki og 35% af starfsmönnum.

Fylgiskjal IV.

Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara

til lausnar kjaradeilu

Alþýðusambands Vestfjarða vegna
Sjómannafélags Ísfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur,
Verkalýðsfélags Patreksfjarðar, Verkalýðsfélagsins Skjaldar,
Verkalýðsfélags Hólmavíkur, Verkalýðsfélagsins Súganda,
Verkalýðsfélagsins Varnar, Verkalýðsfélagsins Brynju,
Verkalýðsfélags Tálknafjarðar og Verkalýðsfélags
Kaldrananeshrepps vegna sjómanna
og
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Vestfjarða

lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning
Sjómannasambands Íslands.)

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

1.03 Um hækkun kaupliða.

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði 3.228.503 kr. pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

Breyting á grein 1.23.

Sóttdauðabætur hækki úr 1.298.184 kr. í 1.724.663 kr.

6. gr.

Breyting á grein 9.23.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

7. gr.

Nýtt ákvæði í kafla 5.2 um frystitogara.

Grein 5.29 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6½ klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

8. gr.

Nýtt ákvæði um endurmenntun.

Skipverjum skal í samráði við útgerðina gefinn kostur á að sækja námskeið Slysavarnaskólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

Þann tíma sem skipverji sækir námskeið skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en uppihald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

9. gr.

Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skulu ávallt tveir undirmenn sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

1076. Frumvarp til laga [604. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 27. mars.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að færa aflamark milli skipa. Ráðherra getur með reglugerð bundið flutning aflamarks af einstökum tegundum því skilyrði að það skip, sem fært er til, hafi aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er.

Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótaþingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótaþingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks skv. 2. mgr. og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofan hefur staðfest flutninginn.

Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en um getur í 2. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Fer um hann samkvæmt lögum um Kvótaþing.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi fiskveiðiárs. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætastuðla sem ráðherra ákveður í upphafi fiskveiðiárs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar.

Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar verði birtar.

II.

Ákvæði 1. tölul. 2. efnismgr. 1. gr. laga þessara gilda einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.

1077. Frumvarp til laga [605. mál]

um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

(Eftir 2. umr., 27. mars.)

I. KAFLI

Verðlagsstofa skiptaverðs.

1. gr.

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstöðumann Verðlagsstofu skiptaverðs til fimm ára í senn. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Sjávarútvegsráðherra getur samið við aðrar ríkisstofnanir um að annast rekstur skrifstofu Verðlagsstofu skiptaverðs eftir því sem hagkvæmt þykir. Þá er ráðherra og heimilt að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna skv. 3. gr.

3. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulegum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðuð yfirlit um fiskverð miðað við einstök landsvæði, tiltekna viðskiptahætti og stærðar- og gæðaflokka. Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best. Þá skal stofan afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

4. gr.

Til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr. ber Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr upplýsingum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllum upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð. Þá er útgerð skips skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar.

5. gr.

Við athugun einstakra mála getur Verðlagsstofa skiptaverðs krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem Verðlagsstofa setur. Þá getur stofan krafið framangreinda aðila um að afhenda gögn til athugunar innan hæfilegs frests.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur einnig lagt skyldur á þá aðila sem um ræðir í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði er máli skipta við framkvæmd laga þessara.

Við upplýsingaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum eða almennum tilgangi skv. 3. gr.

6. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal m.a. með úrtakskönnun fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafnar sé lagt til grundvallar raunverulegt söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum á hverjum tíma. Telji Verðlagsstofa misræmi milli gagna um söluverðmæti afla og þess verðs sem uppgjör við áhöfn hefur miðast við og framkomnar skýringar ekki fullnægjandi skal hún tilkynna það álit útgerð og áhöfn viðkomandi skips. Skal álit Verðlagsstofu rökstutt og skulu því fylgja nauðsynleg gögn.

7. gr.

Víki fiskverð við uppgjör á aflahlut áhafnar í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða skal Verðlagsstofa skiptaverðs taka málið til sérstakrar athugunar. Skal stofan afla allra gagna um ráðstöfun afla viðkomandi skips og verðlagningu hans, upplýsinga um samninga útgerðar og áhafnar skips um fiskverð, umsagna útgerðar og áhafnar um málið og annarra gagna er máli skipta.

Telji Verðlagsstofa ekki fram komnar fullnægjandi skýringar skal hún skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna skv. II. kafla laga þessara með kröfu um að úrskurðarnefnd ákveði fiskverð er nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar þess skips er í hlut á. Skulu fylgja kæru öll gögn sem aflað hefur verið um uppgjör á aflahlut áhafnar skips skv. 1. mgr., svo og nauðsynlegar upplýsingar um verðlagningu sambærilegs afla í hliðstæðum viðskiptum.

II. KAFLI
Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

8. gr.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Í nefndinni eiga sæti sjö menn, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn af Sjómannasambandi Íslands, einn af Vélstjórafélagi Íslands, þrír af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og formaður sem sjávarútvegsráðherra skipar að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Nýti samtök ekki tilnefningarrétt sinn skv. 2. mgr. skal sjávarútvegsráðherra skipa þá nefndarmenn og varamenn þeirra sem á vantar til að nefndin verði fullskipuð.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal annast upplýsingaöflun og skrifstofuhald fyrir úrskurðarnefnd.

9. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur skotið málum til úrskurðarnefndar, sbr. 7. gr.

Takist ekki samningar milli útgerðar og áhafnar fiskiskips um fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut þegar afli skipsins er afhentur eða seldur aðila sem telst skyldur útgerðinni geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu úrskurðarnefndar skv. 8. gr. hver um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, í samræmi við ákvæði kjarasamninga aðila þar að lútandi.

Á sama hátt geta heildarsamtök sjómanna skotið til nefndarinnar ákvörðun fiskverðs í viðskiptum útgerðar við aðila sem ekki telst skyldur útgerðinni ef samningar um slíkt verð hafa ekki tekist innan fimm daga frá því að áhöfn skips óskaði slíkra samninga.

Útgerð og viðskiptaaðili hennar teljast skyld í þessu sambandi ef þau eru í eigu eða rekstri sama aðila eða ef sami aðili á meiri hluta beggja fyrirtækjanna, svo sem meiri hluta stofnfjár eða hlutafjár, eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar í þeim báðum eða hefur með öðrum hætti raunveruleg yfirráð þeirra beggja. Sama á við ef annað fyrirtækið hefur raunveruleg yfirráð yfir hinu með eignaraðild, atkvæðisrétti eða með öðrum hætti.

10. gr.

Úrskurðarnefnd skal ákvarða fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna í þeim tilvikum sem til hennar er skotið skv. 9. gr. Gildir ákvörðunin eingöngu um fiskverð gagnvart áhöfn þess skips sem málskotið varðar en ekki gagnvart áhöfnum annarra skipa sömu útgerðar. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í málum sem skotið er til hennar af Verðlagsstofu skiptaverðs gildir um verð í öllum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar, sbr. þó 3. mgr. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr., gildir um verð í öllum slíkum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar.

Ákvörðun nefndarinnar nær til verðs fyrir afla sem landað er eftir að málinu var skotið til hennar ef ákvörðun varðar viðskipti milli skyldra aðila, sbr. 2. mgr. 9. gr., en til verðs fyrir afla sem landað er eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum, en þó aldrei síðar en sjö dögum eftir að málinu var skotið til hennar, ef hún varðar kæru frá Verðlagsstofu skiptaverðs, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða viðskipti milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr. Nefndin ákveður sjálf hversu lengi ákvörðun hennar skuli gilda. Þó skal hún aldrei gilda lengur en í þrjá mánuði.

Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð gildir ekki þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmörkuðum.

11. gr.

Úrskurðarnefnd skal við ákvörðun sína taka mið af upplýsingum sem Verðlagsstofa fiskverðs hefur safnað.

Nefndin skal við ákvörðun sína taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla. Skal í því sambandi tekið mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Þá skal nefndin taka tillit til líklegrar þróunar afurðaverðs. Varði ákvörðun nefndarinnar fiskverð í skiptum óskyldra aðila skal og taka tillit til heildarráðstöfunar á afla skips.

12. gr.

Úrskurðarnefnd skal fela Verðlagsstofu skiptaverðs að leita upplýsinga hjá útgerð og áhöfn og þeim aðilum er um ræðir í 4. og 5. gr. um öll þau atriði sem máli kunna að skipta varðandi úrlausn í tilteknu máli.

13. gr.

Þegar eftir að máli er skotið til úrskurðar skulu þeir nefndarmenn, sem tilnefndir eru af heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna, taka málið til umfjöllunar. Nái þeir ekki samkomulagi um ákvörðun fiskverðs innan 14 daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra aðila en innan sjö daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra skal málið tekið fyrir í fullskipaðri nefnd og skal hún kveða upp úrskurð innan sjö daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra en innan fjögurra daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra.

Samkomulagi nefndarinnar um fiskverð skulu fylgja forsendur þess en úrskurður fullskipaðrar nefndar skal vera rökstuddur.

14. gr.

Þegar úrskurður er kveðinn upp ræður afl atkvæða úrslitum í úrskurðarnefnd. Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls og málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Ákvörðun úrskurðarnefndar um fiskverð, hvort sem hún byggist á samkomulagi eða úrskurði, er bindandi gagnvart útgerð og allri áhöfn skips á gildistíma hennar og er óheimilt að semja um annað fiskverð við einstaklinga í áhöfn. Skal ákvörðun nefndarinnar lögð til grundvallar fyrir dómi, nema svo sé ástatt sem um er rætt í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Hafi skip landað afla hjá aðila er telst skyldur útgerð eftir að máli var skotið til nefndarinnar en áður en úrskurður er upp kveðinn getur nefndin úrskurðað um aflahlut áhafnar vegna þess afla. Er sá úrskurður aðfararhæfur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989.

16. gr.

Stöðvi útgerð rekstur skips eða breyti útgerðarháttum þess í verulegum atriðum á gildistíma úrskurðar skal það tilkynnt áhöfn skriflega með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Er útgerð skylt að greiða áhöfn bætur fyrir skertan aflahlut fyrir þann tíma sem eftir lifir af gildistíma úrskurðar. Skulu þær nema áætluðum aflahlut einstakra skipverja miðað við óbreytta útgerðarhætti að frádregnum greiðslum sem í stað aflahlutar kunna að hafa komið.

Við áætlun aflahluta skv. 1. mgr. skal taka mið af fyrri veiðum skips og afla hliðstæðra skipa sem stunda sambærilegar veiðar á þeim tíma er bæturnar varða.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef óviðráðanlegar ástæður valda því að útgerð stöðvar rekstur skips eða breytir útgerðarháttum þess.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Starfsmenn Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt er varðar hagi tiltekinna einstaklinga eða fyrirtækja og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að upplýsingar skuli veittar eða að skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda gildir þó ekki gagnvart fiskverði sem úrskurðað er skv. II. kafla eða almennum upplýsingum skv. 3. gr.

18. gr.

Kostnaður af Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu heildarsamtök útvegsmanna og sjómanna hver um sig bera kostnað af þeim fulltrúum sem hlutaðeigandi samtök hafa tilnefnt til setu í úrskurðarnefndinni.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 84 20. júní 1995, um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunar verði birtar.

1078. Frumvarp til laga [606. mál]

um Kvótaþing.

(Eftir 2. umr., 27. mars.)

Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Kvótaþing Íslands hefur það hlutverk að annast tilboðsmarkað fyrir aflamark. Óskyld starfsemi er Kvótaþingi óheimil.

Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en sá sem um getur í 3. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi.

Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótaþingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótaþingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.

2. gr.

Hlutverk Kvótaþings er m.a. eftirfarandi:

1. Að annast skráningu kaup- og sölutilboða á aflamarki og vera vettvangur viðskipta með aflamark, sbr. 1. gr.
2. Að annast greiðslumiðlun milli kaupenda og seljenda aflamarks á Kvótaþingi.
3. Að miðla upplýsingum um viðskipti á Kvótaþingi.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjá menn í stjórn Kvótaþings til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórn Kvótaþings skal setja sér starfsreglur. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

4. gr.

Stjórn Kvótaþings hefur yfirumsjón með starfsemi þingsins. Stjórnin ræður starfsfólk eða semur við óháðan aðila um að annast daglegan rekstur Kvótaþings eða ákveðna þætti starfseminnar.

Stjórnarmenn Kvótaþings og þeir sem annast kvótaviðskipti á vegum þess á grundvelli 1. mgr. þessarar greinar skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna Verðbréfaþings Íslands samkvæmt lögum þar um. Þeir skulu ekki eiga beina eignaraðild að útgerðarfyrirtæki eða sitja í stjórn slíks fyrirtækis. Sama gildir um maka þeirra og skyldmenni í beinan legg. Þá skulu þeir ekki hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

5. gr.

Stjórn Kvótaþings setur reglur um starfsemi þingsins og skulu þær birtar í Lögbirtingablaðinu.

Fjármál.

6. gr.

Reikningsár Kvótaþings er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári. Stjórn Kvótaþings skal fyrir októberlok ár hvert skila til sjávarútvegsráðherra endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu. Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun reikninga Kvótaþings.

7. gr.

Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu tilboða og greiðslumiðlun skal birt í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Gjaldskráin skal við það miðuð að skráningargjaldið standi undir kostnaði af starfsemi þingsins. Skal gjaldið innt af hendi fyrir fram eða trygging sett áður en þjónusta er veitt.

Hlutverk Fiskistofu.

8. gr.

Tilboðsgjafi sem hyggst fá skráð tilboð sitt um kaup eða sölu á aflamarki skal senda skriflega beiðni þar um til Fiskistofu í því formi sem stjórn Kvótaþings setur.

Þegar um er að ræða sölutilboð gengur Fiskistofa úr skugga um hvort heimilt sé að flytja það aflamark sem boðið er til sölu af viðkomandi skipi. Reynist svo vera skal Fiskistofa senda Kvótaþingi sölutilboð viðkomandi aðila ásamt staðfestingu á því að búið sé að flytja umrætt aflamark af skipinu.

Ef um er að ræða kauptilboð skal Fiskistofa kanna hvort heimilt sé að færa það aflamark sem boðið er í til viðkomandi skips. Reynist svo vera skal Fiskistofa senda Kvótaþingi kauptilboð viðkomandi aðila ásamt staðfestingu um að heimilt sé að flytja það aflamark sem um ræðir til viðkomandi skips.

Eftir að sölutilboðsgjafi hefur sent inn beiðni skv. 1. mgr. er honum óheimilt að nýta það aflamark sem tilboðið nær til þar til það hefur verið dregið til baka og sölutilboðsgjafi móttekið tilkynningu.

9. gr.

Tilkynna skal Fiskistofu, í því formi sem hún ákveður, ósk um að tilboð skuli dregið til baka af Kvótaþingi. Skal þá Fiskistofa þegar tilkynna um slíka ósk til Kvótaþings sem ber án tafar að taka viðkomandi tilboð af tilboðsskrá. Þegar um sölutilboð er að ræða skal Fiskistofa jafnframt færa viðkomandi aflamark aftur á það skip sem um ræðir og tilkynna sölutilboðsgjafa um flutninginn.

Gerð tilboða.

10. gr.

Í tilboði skal greina, auk tegundar og magns, sbr. 8. gr., verð og gildistíma tilboðs.

Óski aðili þess að eiga því aðeins viðskipti að þau nái til alls þess magns sem tilgreint er í tilboði hans eða ákveðins hluta þess skal þess getið í tilboði.

11. gr.

Óheimilt er aðilum, einstaklingum eða lögaðilum, að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með aflamark eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með aflamark í tilteknum tegundum eða hafa óeðlileg áhrif á verðmyndun þess.

Skráning tilboða.

12. gr.

Kvótaþing skal skrá þau tilboð sem Fiskistofa hefur sent skv. 8. gr. á tilboðsskrá, enda hafi tilboðsgjafi lagt fram nægа tryggingu til staðgreiðslu vegna viðskiptanna samkvæmt reglum þingsins, auk tryggingar skv. 7. gr.

Kvótaþing skal halda fjármunum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá eignum sínum. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi með tryggilegum hætti.

Kvótaþing skal hafna með skriflegum og rökstuddum hætti skráningu tilboða ef þau brjóta í bága við ákvæði þessara laga, reglugerða settra samkvæmt þeim eða reglna sem stjórn Kvótaþings setur.

Meðferð tilboða.

13. gr.

Eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum virkum degi skulu viðskipti á Kvótaþingi fara fram varðandi kaup- og sölutilboð einstakra tegunda sem eru hæf hvað verð snertir til að mætast. Viðskiptin skulu fara fram á reiknuðu viðskiptaverði í samræmi við reglur sem stjórn Kvótaþings setur.

Frágangur viðskipta.

14. gr.

Þegar viðskipti hafa átt sér stað skal Kvótaþing annast greiðslumiðlun og annan frágang viðskiptanna. Þá skal Kvótaþing tilkynna Fiskistofu án tafar um viðskiptin í því formi sem Fiskistofa ákveður. Fiskistofa skal þá tafarlaust annast flutning aflamarks af þeim tegundum sem um ræðir til viðkomandi skips.

Meðferð upplýsinga.

15. gr.

Kvótaþing skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um viðskipti, þar á meðal um viðskiptaverð, heildarmagn og -verðmæti, allt eftir tegundum. Þá skal birta aðrar upplýsingar sem Kvótaþing telur að geti stuðlað að virkri verðmyndun.

16. gr.

Að því marki sem lög þessi kveða ekki á um skyldu Kvótaþings til upplýsingagjafar eru stjórnarmenn Kvótaþings og þeir sem annast kvótaviðskipti á vegum þess á grundvelli 1. mgr. 4. gr. bundnir þagnarskyldu um einstök viðskipti sem þar fara fram og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Aðilum skv. 1. málsl., svo og hverjum þeim öðrum sem hlotið hafa vitneskju um framangreindar trúnaðarupplýsingar, er óheimilt að nýta þær á nokkurn hátt sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.

Eftirlit.

17. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi Kvótaþings sé í samræmi við lög þessi, reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og reglur sem stjórn Kvótaþings setur.

Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem afhent hafa verið Kvótaþingi og sem stafa frá því sem að þess mati eru nauðsynleg vegna eftirlitsins. Að öðru leyti gilda um eftirlitið ákvæði laga um Seðlabanka Íslands eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi Kvótaþings brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Sé um að ræða meint brot kaupenda eða seljenda skal bankaeftirlitið vekja athygli Fiskistofu á því.

Hafi bankaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara eða annarra laga skal því heimilt að krefja aðila, einstaklinga eða lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

Viðurlög og ýmis ákvæði.

18. gr.

Komi í ljós að aðili, einstaklingur eða lögaðili, hafi selt á Kvótaþingi aflamark sem ekki var heimilt að ráðstafa skal útgerð þess skips sem aflamark var flutt af bæta það tjón sem slík sala hefur valdið. Enn fremur er heimilt að útiloka slíkan aðila frá frekari viðskiptum á Kvótaþingi nema hann flytji fyrir fram aflamark frá skipi sínu og setji viðbótartryggingar sem nægilegar eru að mati Kvótaþings.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

20. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunar verði birtar.

II.

Ákvæði 1. tölul. 3. mgr. 1. gr. laganna gildir einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.

1079. Lög [603. mál]

um kjaramál fiskimanna.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 1075.

1080. Lög [604. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 1076.

1081. Lög [605. mál]

um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 1077.

1082. Lög [606. mál]

um Kvótaþing.

(Afgreidd frá Alþingi 27. mars.)

Samhljóða þskj. 1078.

1083. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um loftferðir.

Frá minni hluta samgöngunefndar (GÁS, RA, ÁRJ).

Minni hluti samgöngunefndar getur ekki stutt þetta frumvarp til laga um loftferðir og skulu hér tilgreindar nokkrar ástæður þess.

Í fyrsta lagi er ljóst að í upphaflegu frumvarpi samgönguráðherra var í raun gert ráð fyrir að flugráð yrði lagt niður. Að vísu var við það miðað að það yrði áfram til að nafninu til en völd þess og áhrif yrðu að engu gerð. Var lagt til að samgönguráðherra skipaði það en ráðið hefði í raun engin áhrif á starfsemi Flugmálastjórnar heldur yrði eingöngu samgönguráðherra til ráðuneytis.

Eftir ítarlega umfjöllun í samgöngunefnd er orðið ljóst að ekki er vilji til þess innan nefndarinnar að skilja þannig við þennan þátt frumvarpsins, þ.e. 8. gr. þess, og því hefur meiri hluti nefndarinnar lagt fram tillögu til breytinga sem breytir eðli greinarinnar. Samkvæmt þeirri breytingartillögu meiri hlutans verða nokkur verkefni flugráðs skilgreind í sjálfum lögunum og eins við það miðað að Alþingi kjósi þrjá af fimm ráðsmönnum, en samgönguráðherra skipi formann og varaformann. Þetta er til bóta miðað við upphaflegt frumvarp, þótt enn þá vanti nokkuð upp á að greinin sé fullnægjandi. Það er álit minni hlutans að flugráð skuli kosið af Alþingi og einnig sé nauðsynlegt að gerð sé grein fyrir eftirlitshlutverki þess. Auk þess sé eðlilegt að ráðið komi að ráðningu flugmálastjóra, hafi a.m.k. umsagnarrétt.

Í ljósi reynslunnar telur minni hlutinn mikilvægt að skýrgreina og styrkja stöðu flugráðs frá því sem verið hefur, fremur en veikja hana gagnvart framkvæmdarvaldinu og Flugmálastjórn Íslands. Enn fremur skal á það bent að tæpast eru fordæmi fyrir því að ráðherra skipi formann og varaformann einstakra stjórna eða nefnda en Alþingi aðra. Farið er fram á að bent verði á fordæmi slíks.

Það er einnig sérkennilegt í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir auknu sjálfstæði Flugmálastjórnar gagnvart samgönguráðherra að ráð sé fyrir því gert í 6. gr. frumvarpsins að ráðherra skipi ekki eingöngu flugmálastjóra til fimm ára heldur og framkvæmdastjóra einstakra sviða stofnunarinnar. Það er nokkuð úr stíl miðað við stefnumörkun og verklag núverandi ríkisstjórnar um aukið vald forstöðumanna einstakra undirstofnana ráðuneyta.

Megingagnrýnisefni minni hlutans lýtur hins vegar að 6. gr. frumvarpsins. Þar er að finna mjög víðfeðmar heimildir til handa Flugmálastjórn með samþykki ráðherra til stofnunar og aðildar að hlutafélögum og fyrirtækjum með öðru rekstrarformi með það að markmiði m.a. að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar, sem og að eiga aðild að fyrirtækjum sem annast framkvæmd og rekstur einstakra þjónustuþátta á starfssviði stofnunarinnar.

Hér er með öðrum orðum veitt opin heimild til að einkavæða að litlu eða miklu leyti þá starfsemi sem Flugmálastjórn Íslands hefur með höndum. Það er vissulega pólitísk stefnumörkun sem er í anda núverandi ríkisstjórnar og þarf ekki að koma á óvart. Hins vegar er rétt á benda á í þessu samhengi að rekstur flugvalla, gerð þeirra sem og viðhald og endurbætur hafa verið fjármagnaðar með opinberu fé. Ekki hefur þess sérstaklega orðið vart að einkaaðilar hafi óskað eftir því að taka á sig fjárskuldbindingar á þessum vettvangi. Minni hlutinn vill út af fyrir sig ekki útiloka að hagkvæmt kunni að vera að taka upp samstarf við einkaaðila á sviði flugrekstrar um einstök verkefni á þeim vettvangi þótt tæpast verði séð að virkri samkeppni verði komið á milli einstakra flugvalla hér á landi. Samkvæmt orðskýringu á ákvæði 7. gr. frumvarpsins er ekki girt fyrir að Flugmálastjórn eignist hlut í flugrekstraraðila eða stofni með

flugrekstraraðila fyrirtæki í því skyni að vinna að þeim markmiðum sem nefnd eru í ákvæðinu. Minni hlutinn telur að slíkt samstarf við flugrekstraraðila sem á undir eftirlitsvald Flugmálastjórnar geti skarast við eftirlitshlutverk stofnunarinnar, vakið tortryggni keppinauta og haft í för með sér vissa hættu á samkeppnishömlum, enda hafi umsögn Samkeppnisstofnunar staðfest þetta álit minni hlutans.

Litið hefur verið á það sem pólitíska stefnumörkun að tryggja öruggar samgöngur vítt og breitt um landið með það að markmiði að treysta byggð í landinu. Það er alkunna að breyting frá opinberum rekstri yfir í einkarekstur byggist á þeirri grundvallarhugmynd að virkri samkeppni verði komið á. Fáir eru talsmenn þess að færa einkaaðilum einokunarstöðu í hendur. Það er því nauðsynlegt að samgönguráðherra og meiri hlutinn geri gleggri grein fyrir hugmyndum sínum um þetta áður en frá málinu er gengið og greinin fest í lög eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í þessu samhengi verður að benda á að Flugmálastjórn Íslands hefur framkvæmdarvald á hendi, sem og eftirlitshlutverk með öryggi flugvalla og loftfara. Það þýðir með öðrum orðum að Flugmálastjórn hefur sumpart eftirlit með sjálfri sér. Að sönnu hefur fyrirkomulag þessara mála verið þannig hingað til, en í ljósi þess að veita á Flugmálastjórn heimildir til að ganga til samstarfs við aðra hagsmunaðila um framkvæmdir og rekstur er það tvíeggjað að skilja ekki skýrt á milli framkvæmdarvalds stofnunarinnar og eftirlitshlutverks hennar.

Má í þessu sambandi benda á nýlega löggjöf um fjarskipti og breytingar á rekstrarformi Pósts og síma, en þar var talið óhjákvæmilegt að skipa málum þannig að eftirlitshlutverkið yrði fært til sérstakrar stofnunar, Fjarskiptastofnunar, sem hafi með leyfisveitingar að gera svo og eftirlit og úrskurðarvald. Ekki er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi sem er óviðunandi. Mat sérfræðinga er að verði gengið frá lagasetningu um loftferðir á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir verði þess ekki langt að bíða að taka þurfi málið upp og færa lögin í það horf sem að framan er lýst.

Með vísan til þess sem að framan greinir og fleiri atriða sem fram munu koma við 2. umræðu málsins mun minni hlutinn ekki styðja frumvarpið heldur sitja hjá við atkvæðagreiðslu um einstakar greinar þess og frumvarpið í heild.

Alþingi, 30. mars 1998.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm. Ásta R. Jóhannesdóttir. Ragnar Arnalds.

1084. Frumvarp til laga [628. mál]

um breytingu á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í þeim reglum skal kveðið skýrt á um að þeim sem ekki hafa leyfi til grásleppuveiða sé óheimilt að koma með grásleppu veidda í net eða önnur veiðarfæri að landi sem meðafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á liðnum árum hefur því ekki verið gefinn gaumur að grásleppu hefur verið landað sem meðafla án afskipta. Magnið sem boðið hefur verið á fiskmörkuðum skiptir tonnum á hverjum degi. Mikil breyting hefur orðið á stærð möskva þorskaneta, riðill hefur stækkað úr 7½ tommu í 9–10 tommur sem hefur þær afleiðingar að mun meira af grásleppu veiðist í þessi net en áður. Grásleppa er sennilega eini fiskurinn sem þolir að vera dreginn af miklu dýpi og unnt er að sleppa ósköddum, jafnvel eftir að hafa legið á dekki í allt að hálfa klukkustund. Hrognkelsi úr netum eru oftast ósköddum eftir allt að fjórar nætur hvort sem um er að ræða grunnsævi eða dýpi þannig að unnt er að sleppa þessum fiskum lifandi í sjó aftur við ólíklegustu aðstæður. Í mörgum tilvikum er grásleppan einnig vel lifandi og unnt að sleppa henni í sjó aftur úr trolli og dragnót. Miðað við ástandið í markaðsmálum grásleppuhrogna er ástæða til að herða eftirlit og setja ótvíræðar reglur um grásleppu sem meðafla án veiðiheimildar. Sérstakt veiðileyfi þarf að kaupa til grásleppuveiða.

1085. Tillaga til þingsályktunar [629. mál]

um átak til endurvinnslu og endurnýtingar á pappír.

Flm.: Árni R. Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir átaksverkefni um endurvinnslu og endurnýtingu pappírs sem fellur til hér á landi.

Greinargerð.

Lagt er til að umhverfisráðherra verði falið að undirbúa og hrinda í framkvæmd átaksverkefni sem hafi það að markmiði að hafin verði endurvinnsla pappírs sem til fellur hér á landi til nýtingar innanlands.

Að undanförnu hefur farið fram mikil almenn umræða um umhverfismál og stöðu þeirra hér á landi. Einkum hefur athyglinni verið beint að útstreymi gróðurhúsalofttegunda enda skammt liðið frá lokum loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kyoto. Flutningsmönnum sýnist hins vegar full ástæða til að athyglinni verði einnig beint að öðrum þáttum þessa víðfeðma málaflokks.

Í opinberum gögnum hefur komið fram að hérlendis falli árlega til pappír sem nemi um 30 þús. tonnum. Af upplýsingum OECD um pappírsnotkun okkar Íslendinga og nokkurra grannþjóða okkar á síðustu árum má draga þá ályktun að hún kunni að fara vaxandi hér á landi. Sérstaka athygli vekur að litlum hluta notaðs pappírs er safnað til endurnýtingar hérlendis, eða einungis um 30% þess sem til fellur. Hlutfallið er miklu hærra hjá flestum grannþjóðum okkar og er t.d. yfir 40% í Finnlandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Eina leiðin til að pappír verði safnað og verð fáist fyrir hann sem hráefni til endurvinnslu er og hefur verið að senda hann utan. Verðið sem þannig fæst er nú of lágt til að söfnun og flutningur borgi sig. Þá er einnig umhugsunarvert að sá litli hluti pappírs sem safnað er hér á landi fer alls ekki allur til endurvinnslu og endurnýtingar. Mikill hluti hans er ýmist urðaður eða brenndur án þess að orkan frá brennslunni sé nýtt.

Af framansögðu draga flutningsmenn þá ályktun að auka megi söfnun pappírs sem til fellur hér á landi og þó einkum að tryggja megi að stærri hluti hans verði endurunninn og endurnýttur. Flutningsmenn telja ástæðu til að athugað verði hvort endurvinnsla pappírs hér á landi geti orðið arðbær. Því leggja flutningsmenn til að:

— Greitt verði fyrir athugunum á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum söfnunarkerfis og endurvinnsluverksmiðju.
— Hvatt verði til söfnunar og skila. Opinberar stofnanir hafi forgöngu um að flokka og safna pappír til endurvinnslu. Þessu má koma á með fyrirmælum stjórnvalda. Leggja flutningsmenn til að athugað verði hvort til þess þurfi lagaboð eða hvort einfaldari fyrirmæli dugi til. Slík fyrirmæli voru í gildi í Danmörku um nokkurt árabil.
— Athugað verði hvort rétt væri að banna urðun og brennslu endurvinnanlegs pappírs eða endurnýtanlegra efna almennt.

1086. Frumvarp til fjáraukalaga [630. mál]

fyrir árið 1997, sbr. lög nr. 120/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1997 verða eftirtaldar breytingar á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1997, sbr. lög nr. 120/1997:

	m.kr.
Tekjur	
Tekjuskattar	167,0
Tryggingagjöld, launaskattar	-9,0
Eignarskattar	144,0
Skattar á vörur og þjónustu	-169,0
Aðrar tekjur	75,0
Tekjur samtals	**208,0**
Gjöld	
Æðsta stjórn ríkisins	-32,6
Forsætisráðuneyti	-85,3
Menntamálaráðuneyti	-190,5
Utanríkisráðuneyti	-277,0
Landbúnaðarráðuneyti	17,8
Sjávarútvegsráðuneyti	-123,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11,3
Félagsmálaráðuneyti	-388,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-332,2
Fjármálaráðuneyti	-1.088,8
Samgönguráðuneyti	-320,4
Iðnaðarráðuneyti	-51,6
Viðskiptaráðuneyti	12,3
Hagstofa Íslands	3,5
Umhverfisráðuneyti	-29,7
Gjöld samtals	**-2.875,4**
Tekjur umfram gjöld	**3.083,4**
Lánahreyfingar	
Veitt lán, nettó	38,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**-3.045,4**
Afborganir af teknum lánum	247,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**-3.292,4**
Lántökur	-2.417,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**875,4**

2. gr.

Leitað er eftir heimild til greiðslu gjalda til viðbótar ákvæðum 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1997, sbr. 2. gr. laga nr. 120/1997, og er sundurliðun á viðfangsefni eftirfarandi:

00 Æðsta stjórn ríkisins			
101-101	Yfirstjórn	3,5	
101-150	Fálkaorðan	0,3	
201-102	Aðalskrifstofa	0,8	
201-104	Rekstrarskrifstofa	5,3	
201-621	Fasteignir	4,0	
211-115	Efling íslenskrar tungu	5,7	
401-101	Hæstiréttur	4,4	
520-101	Opinberar heimsóknir	4,1	
610-101	Umboðsmaður Alþingis	0,2	
620-601	Tæki og búnaður	2,0	
999-111	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	0,7	
	Samtals		31,0
01 Forsætisráðuneyti			
101-101	Yfirstjórn	0,2	
101-120	Stjórnarráðshús	0,1	
190-190	Ýmis verkefni	3,5	
190-191	Heimssýning í Lissabon	4,0	
190-195	Safnahús við Hverfisgötu	0,8	
241-601	Tæki og búnaður	2,6	
902-101	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	10,8	
	Samtals		22,0
02 Menntamálaráðuneyti			
101-101	Yfirstjórn	3,9	
201-105	Aðrar stofnanir og verkefni	85,3	
202-101	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	2,4	
203-102	Rekstur fasteigna	1,2	
203-103	Rannsóknastofur	5,5	
203-103	Rannsóknastofur	0,3	
204-111	Íslenskukennsla erlendis	0,2	
210-102	Rannsóknastarfsemi	6,8	
211-101	Tækniskóli Íslands	29,9	
221-101	Yfirstjórn	4,5	
221-104	Stoðþjónusta	2,5	
221-105	Kennsla	5,7	
221-110	Íslenska menntanetið	0,7	
221-120	Endurmenntun	1,3	
223-101	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	11,1	
236-660	Vísindasjóður	0,4	
237-660	Tæknisjóður	0,6	

301-101	Kennsla í dagskóla	1,3
302-101	Kennsla í dagskóla	9,6
302-102	Annað en kennsla	10,1
303-101	Kennsla í dagskóla	13,7
304-101	Kennsla í dagskóla	27,0
304-109	Önnur kennsla	2,0
305-101	Kennsla í dagskóla	3,7
305-102	Annað en kennsla	5,3
306-101	Kennsla í dagskóla	0,7
306-102	Annað en kennsla	3,1
306-102	Annað en kennsla	0,4
307-101	Kennsla í dagskóla	4,5
307-102	Annað en kennsla	4,0
308-101	Kennsla í dagskóla	8,9
308-102	Annað en kennsla	25,7
309-101	Kennsla í dagskóla	0,4
309-102	Annað en kennsla	3,5
317-101	Sameignir skólanna á Laugarvatni	1,5
318-150	Leigutekjur	32,3
318-590	Viðhald	26,7
318-640	Tæki og búnaður	10,8
318-650	Tölvubúnaður	1,0
319-113	Forfallakennsla	2,8
319-115	Prófkostnaður	27,9
319-116	Nýjungar í skólastarfi	2,1
319-118	Námsefnisgerð	0,4
319-119	Kennslueftirlit	0,4
319-130	Endurmenntun	3,4
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	2,3
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	0,6
350-101	Kennsla í dagskóla	18,1
350-109	Önnur kennsla	16,8
351-101	Kennsla í dagskóla	5,1
351-102	Annað en kennsla	0,3
351-601	Tæki og búnaður	0,5
352-101	Kennsla í dagskóla	23,3
352-109	Önnur kennsla	2,2
353-101	Kennsla í dagskóla	0,4
354-101	Kennsla í dagskóla	3,7
354-101	Kennsla í dagskóla	0,4
354-102	Annað en kennsla	6,5
354-103	Reykholt, kennsla	0,7
355-101	Kennsla í dagskóla	0,5
356-101	Kennsla í dagskóla	0,4
356-102	Annað en kennsla	0,4
357-101	Kennsla í dagskóla	5,1

357-101	Kennsla í dagskóla	0,4
358-101	Kennsla í dagskóla	0,4
358-101	Kennsla í dagskóla	0,4
358-102	Annað en kennsla	0,3
359-101	Kennsla í dagskóla	18,5
359-101	Kennsla í dagskóla	0,7
359-109	Önnur kennsla	12,0
360-101	Kennsla í dagskóla	11,5
361-102	Annað en kennsla	6,9
362-102	Annað en kennsla	2,7
363-101	Kennsla í dagskóla	2,9
363-101	Kennsla í dagskóla	0,2
363-102	Annað en kennsla	1,6
365-101	Kennsla	16,9
365-102	Annað en kennsla	1,7
430-101	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	5,7
430-103	Völundur, námsgagnagerð	1,4
441-101	Kennsla	4,5
506-101	Kennsla í dagskóla	4,7
506-601	Tæki og búnaður	0,1
507-101	Kennsla í dagskóla	12,7
507-110	Endurmenntunarnámskeið	0,6
514-102	Annað en kennsla	14,2
514-109	Önnur kennsla	8,0
514-601	Tæki og búnaður	30,1
516-101	Kennsla í dagskóla	0,1
523-102	Annað en kennsla	1,8
523-109	Önnur kennsla	9,5
524-102	Annað en kennsla	1,5
531-101	Kennsla í dagskóla	2,4
531-102	Annað en kennsla	1,9
541-101	Kennsla	1,3
551-101	Kennsla	4,7
561-102	Annað en kennsla	6,2
562-101	Kennsla í dagskóla	1,9
562-102	Annað en kennsla	0,9
564-101	Kennsla	11,4
571-101	Sjómannaskólahúsið	1,8
610-110	Héraðsskólinn Núpi	0,1
610-120	Héraðsskólinn Reykjanesi	0,2
720-170	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	0,7
720-180	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	0,5
720-182	Þróunarstarf í grunnskólum	0,3
720-190	Grunnskólar, óskipt	11,5
725-101	Námsgagnastofnun	1,2
750-501	Viðhald	4,2

750-601	Tæki og búnaður	1,1	
804-101	Kvikmyndaskoðun	0,4	
872-101	Lánasjóður íslenskra námsmanna	0,1	
884-101	Jöfnun á námskostnaði	19,9	
903-101	Þjóðskjalasafn Íslands	10,6	
903-101	Þjóðskjalasafn Íslands	0,4	
905-101	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	7,1	
905-101	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	1,1	
906-101	Listasafn Einars Jónssonar	0,9	
907-101	Listasafn Íslands	13,9	
907-101	Listasafn Íslands	0,4	
981-101	Kvikmyndasjóður	45,2	
981-102	Kvikmyndasafn Íslands	2,0	
982-127	Tónlist fyrir alla	0,7	
982-128	Barnamenningarsjóður	0,1	
983-110	Fræðistörf	11,4	
983-121	Tónlistarsaga Íslands	0,3	
983-123	Hið íslenska bókmenntafélag	0,2	
984-190	Norræn samvinna	0,8	
999-190	Ýmis framlög	5,2	
	Samtals		827,8

03 Utanríkisráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	6,8	
101-101	Yfirstjórn	1,6	
101-102	Varnarmálaskrifstofa	1,5	
201-101	Yfirstjórn	0,7	
201-120	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	7,5	
201-610	Bifreiðar	1,7	
304-101	Sendiráð Íslands í Moskvu	0,8	
306-101	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	5,8	
308-101	Sendiráð Íslands í Washington	2,9	
309-101	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	4,9	
317-101	Sendiráð Íslands í Helsinki	0,2	
320-690	Tæki og búnaður	12,0	
401-110	Sameinuðu þjóðirnar, UN	4,0	
401-113	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,3	
401-115	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	0,1	
401-139	Evrópuráðið	0,5	
401-149	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	1,6	
401-163	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	6,6	
401-170	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	3,3	

401-173	Þróunarsjóður EFTA	15,6	
401-175	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	0,3	
511-110	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	0,9	
	Samtals		79,6

04 Landbúnaðarráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	3,1	
190-112	Mat á búvörum	6,9	
190-115	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	1,1	
190-151	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	0,2	
190-190	Ýmis verkefni	4,7	
211-101	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1,9	
221-101	Veiðimálastofnun	11,2	
233-101	Yfirdýralæknir	15,0	
233-125	Sauðfjárveikivarnir	18,2	
261-101	Bændaskólinn á Hvanneyri	1,5	
261-601	Tæki og búnaður	7,4	
261-620	Fasteignir og lóðir	8,0	
271-501	Viðhaldsfé	12,9	
283-625	Tilraunagróðurhús	12,2	
293-101	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,4	
311-101	Landgræðsla ríkisins	3,7	
311-190	Fyrirhleðslur	10,5	
311-601	Tæki og búnaður	10,3	
321-101	Skógrækt ríkisins	9,2	
321-101	Skógrækt ríkisins	11,4	
321-110	Rannsóknastöðin Mógilsá	4,9	
321-190	Sérstök verkefni	6,5	
331-110	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	3,1	
805-101	Beinar greiðslur til bænda	7,8	
805-130	Uppkaup á fullvirðisrétti	46,7	
	Samtals		218,8

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	1,9	
190-121	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	3,0	
190-142	Verktakasamningur um upplýsingaöflun	0,8	
190-190	Ýmislegt	2,5	
202-531	Viðhald skipa	15,6	
203-101	Almenn starfsemi	11,7	
204-101	Fiskistofa	0,1	
204-601	Tæki og búnaður	5,1	
901-130	Keldnaholt	0,8	
901-530	Keldnaholt, viðhald	0,3	
	Samtals		41,8

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	20,4
190-121	Próf málflytjenda	2,5
190-122	Próf skjalaþýðenda	0,7
190-123	Próf fasteignasala	0,1
190-132	Tölvunefnd	0,6
190-133	Mannanafnanefnd	0,3
190-144	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	0,1
190-146	Landskjörstjórn	0,7
201-101	Yfirstjórn	3,2
211-102	Héraðsdómur Reykjavíkur	2,7
213-102	Héraðsdómur Vestfjarða	0,3
215-102	Héraðsdómur Norðurlands eystra	1,4
216-102	Héraðsdómur Austurlands	0,4
217-102	Héraðsdómur Suðurlands	0,8
232-110	Opinber réttaraðstoð	22,2
290-111	Meðdómsmenn	2,8
291-601	Húsnæði Hæstaréttar	0,2
301-105	Ríkissaksóknari	0,3
302-102	Rannsóknarlögregla ríkisins	22,3
303-101	Ríkislögreglustjóri	5,5
305-101	Lögregluskóli ríkisins	0,3
311-101	Lögreglustjórinn í Reykjavík	45,8
325-110	Neyðarsímsvörun	0,7
331-110	Ökunám	7,1
341-110	Matsnefnd vínveitingahúsa	1,1
341-120	Fíkniefnamál	0,2
341-125	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	0,3
390-110	Ýmis löggæslukostnaður	1,5
390-110	Ýmis löggæslukostnaður	0,1
390-610	Bifreiðir	10,1
411-101	Yfirstjórn	0,4
412-101	Yfirstjórn	11,5
412-120	Löggæsla	14,7
413-101	Yfirstjórn	4,6
413-120	Löggæsla	0,5
414-101	Yfirstjórn	3,3
415-101	Yfirstjórn	0,2
416-101	Yfirstjórn	2,8
416-120	Löggæsla	3,9
417-101	Yfirstjórn	0,2
417-120	Löggæsla	0,9
418-101	Yfirstjórn	3,0
418-140	Tollgæsla	1,5
419-120	Löggæsla	0,9
420-101	Yfirstjórn	0,4

421-101	Yfirstjórn	1,6	
421-120	Löggæsla	1,7	
422-101	Yfirstjórn	0,1	
423-101	Yfirstjórn	0,2	
423-120	Löggæsla	1,1	
424-101	Yfirstjórn	14,3	
424-140	Tollgæsla	1,2	
425-101	Yfirstjórn	1,1	
426-101	Yfirstjórn	3,1	
426-120	Löggæsla	1,5	
427-101	Yfirstjórn	0,8	
427-120	Löggæsla	0,4	
429-101	Yfirstjórn	0,3	
430-101	Yfirstjórn	0,4	
430-120	Löggæsla	1,0	
431-101	Yfirstjórn	0,9	
431-120	Löggæsla	1,7	
432-140	Tollgæsla	0,2	
433-101	Yfirstjórn	5,2	
433-120	Löggæsla	2,8	
433-140	Tollgæsla	1,4	
434-101	Yfirstjórn	7,3	
434-120	Löggæsla	2,3	
434-140	Tollgæsla	0,5	
436-140	Tollgæsla	1,2	
437-120	Löggæsla	3,4	
490-110	Ýmis sameiginlegur kostnaður	10,3	
490-160	Gagnalínukostnaður	2,4	
491-660	Upplýsingakerfi sýslumanna	23,9	
701-101	Yfirstjórn	16,8	
701-111	Vígslubiskup Skálholti	0,3	
701-121	Prestar og prófastar	10,3	
	Samtals		323,2

07 Félagsmálaráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	0,3	
101-199	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	1,3	
272-601	Byggingarsjóður verkamanna	4,5	
302-101	Ríkissáttasemjari	0,3	
311-101	Jafnréttisráð	2,7	
321-110	Námssjóður	0,6	
321-601	Tæki og búnaður	4,1	
0,4-101	Barnaverndarstofa	0,5	
0,4-120	Heimili fyrir börn og unglinga	15,9	
0,4-620	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar	4,5	
401-101	Barnaverndarráð	1,0	

700-109	Rekstrarhagræðing	1,0
700-120	Vistun geðfatlaðra	1,7
700-150	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	2,5
700-180	Starfsþjálfun	0,4
701-101	Svæðisskrifstofa	12,9
701-120	Sambýli	6,2
701-126	Sambýli Stigahlíð 71	1,1
701-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	3,6
701-160	Dagvistun	3,9
701-177	Vistheimili fyrir börn	3,6
702-101	Svæðisskrifstofa	14,2
702-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,8
702-140	Leikfangasafn Keflavík	0,1
702-160	Skammtímavistun	8,6
702-164	Hæfingarstöðvar	2,9
703-120	Sambýli Akranesi	0,2
703-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,7
703-161	Skammtímavistun	0,6
704-101	Svæðisskrifstofa	9,4
704-134	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	0,2
705-120	Sambýli	2,1
705-160	Skammtímavistun	0,5
705-161	Dagvistun	6,3
706-101	Svæðisskrifstofa	0,5
706-120	Sambýli	0,5
706-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
706-186	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,9
707-120	Sambýli Egilsstöðum	2,0
707-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	2,0
707-130	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	0,4
707-150	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	0,1
707-186	Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fatlaða	3,4
708-120	Sambýli Selfossi	2,4
708-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,7
708-130	Verndaður vinnustaður Selfossi	3,8
708-170	Lambhagi	1,0
708-186	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	29,1
710-170	Heimili einhverfra	4,5

711-120	Sambýli	4,6	
711-160	Dagvistun Lækjarási	2,1	
711-161	Dagvistun Bjarkarási	3,2	
711-162	Dagvistun Lyngási	5,8	
711-163	Skammtímavistun Víðihlíð 9	0,2	
711-164	Skammtímavistun Hólabergi	0,3	
750-101	Yfirstjórn	4,7	
981-110	Félagsdómur	0,8	
981-181	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	0,5	
999-150	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	0,2	
999-153	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	1,2	
	Samtals		195,3

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101-601	Tæki og búnaður	0,7	
201-101	Tryggingastofnun ríkisins	6,2	
206-110	Sjúkratryggingar	63,9	
208-110	Slysatryggingar	30,0	
301-101	Yfirstjórn	14,8	
301-110	Læknaráð	0,1	
311-101	Héraðslæknir í Reykjavík	0,3	
324-101	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	0,6	
324-101	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	10,0	
327-101	Geislavarnir ríkisins	0,5	
330-101	Manneldisráð	0,3	
340-690	Styrkir til ýmissa framkvæmda	1,8	
365-101	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	6,3	
370-650	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	23,6	
371-101	Ríkisspítalar	124,4	
371-560	Stjórnarnefnd, viðhald	106,0	
371-670	Nýframkvæmdir á Landspítalalóð	31,9	
381-690	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	55,7	
385-601	Stofnkostnaður og endurbætur	61,0	
393-111	Lyfjaverðsnefnd	0,3	
399-153	Tóbaksvarnir	3,5	
399-163	Áfallahjálp	1,5	
399-165	Heilsuefling	2,9	
402-601	Tæki og búnaður	0,1	
404-501	Viðhald	0,1	
422-501	Viðhald	0,1	
431-101	Endurhæfingardeild	7,0	
500-110	Heilsugæslustöðvar, almennt	11,6	
500-110	Heilsugæslustöðvar, almennt	28,4	

500-115	Leigutekjur starfsmannaíbúða	8,9	
500-501	Viðhald, óskipt	1,7	
500-690	Tölvuvæðing	5,2	
510-101	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	31,7	
511-110	Heilsugæslustöðin Árbæ	6,4	
511-120	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	8,7	
512-110	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	13,9	
512-120	Heilsugæslustöðin Mjódd	5,9	
512-601	Tæki og búnaður	0,8	
513-110	Heilsugæslustöðin Fossvogi	5,3	
513-601	Tæki og búnaður	0,9	
514-120	Heilsugæslustöðin Miðbæ	4,4	
522-101	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	2,0	
524-101	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,1	
541-501	Viðhald	0,1	
552-101	Heilsugæslustöðin Dalvík	3,9	
553-101	Heilsugæslustöðin Akureyri	1,4	
555-101	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	0,2	
555-501	Viðhald	0,1	
556-101	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	0,1	
561-101	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	0,5	
566-101	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	1,1	
571-101	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,3	
572-101	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,7	
575-101	Heilsugæslustöðin Hellu	3,9	
578-101	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,1	
579-101	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,3	
582-101	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	10,1	
583-101	Heilsugæslustöðin Garðabæ	2,1	
584-101	Heilsugæslustöðin Kópavogi	3,8	
621-110	Áfengisvarnaráð	2,5	
621-190	Forvarnasjóður	0,4	
	Samtals		721,1

09 Fjármálaráðuneyti

101-601	Tæki og búnaður	6,3	
105-101	Ríkislögmaður	0,4	
201-101	Yfirstjórn	9,8	
201-110	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	13,6	
201-120	Skatteftirlit	0,1	
202-101	Skattstofan í Reykjavík	3,6	
212-101	Ýmis sameiginleg útgjöld	0,2	
212-120	Olíugjald	5,9	
215-601	Tæki og búnaður	4,3	
250-110	Ýmis innheimtukostnaður	10,7	
251-101	Gjaldheimtan í Reykjavík	8,8	

261-101	Ríkistollstjóri	6,8	
262-601	Tæki og búnaður	1,5	
402-101	Fasteignamat ríkisins	0,1	
402-105	Yfirfasteignamatsnefnd	0,4	
481-601	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	25,4	
981-692	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga	3,0	
989-190	Launa- og verðlagsmál	33,4	
995-103	Skattvinnslukerfi	27,4	
995-105	Innheimtuskilakerfi	1,7	
995-602	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	12,6	
999-113	Kjarasamningar	11,7	
999-114	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	1,7	
999-115	Kjararannsóknir	0,4	
999-117	Ýmis sameiginlegur kostnaður	2,0	
999-119	Ýmsar endurgreiðslur	0,3	
999-145	Ýmsar nefndir	5,8	
999-160	Dómkröfur	13,6	
999-165	Kjaradómur og kjaranefnd	3,1	
999-171	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri	4,5	
	Samtals		219,1

10 Samgönguráðuneyti

190-112	Vetrarsamgöngur og völuflutningar	0,2	
190-120	Rannsóknanefnd sjóslysa	0,8	
190-126	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	0,1	
190-127	Slysavarnafélag Íslands	2,8	
190-133	Flugeftirlitsnefnd	0,1	
190-140	Stefnumótun í ferðamálum	0,2	
190-163	Ferðaskrifstofan GCI á Íslandi	0,1	
481-101	Rannsóknanefnd flugslysa	2,5	
512-101	Póst- og fjarskiptastofnun	22,7	
651-101	Ferðamálaráð	0,3	
651-181	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	0,1	
	Samtals		29,9

11 Iðnaðarráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	0,3	
101-601	Tæki og búnaður	1,0	
201-101	Iðntæknistofnun Íslands	5,2	
203-601	Tæki og búnaður	0,9	
299-130	Alþjóðlegt samstarf	5,0	
299-130	Alþjóðlegt samstarf	1,1	
299-148	Átak til atvinnusköpunar	0,2	
299-150	Nýsköpun og markaðsmál	2,6	
299-160	Verkefnaútflutningur	1,1	
299-160	Verkefnaútflutningur	2,3	

301-101	Yfirstjórn	5,7	
399-115	Niðurgreiðsla á rafhitun	9,5	
399-121	Orkunefnd	1,5	
	Samtals		36,4

12 Viðskiptaráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	2,4	
190-110	Neytendasamtökin	1,7	
190-130	Endurskipulagning fjármagnsmarkaðar	0,2	
190-140	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	0,9	
190-140	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	0,2	
190-146	Prófnefndir	1,4	
190-190	Ýmis viðskipta- og bankamál	3,9	
302-101	Löggildingarstofa	7,4	
401-101	Vátryggingaeftirlitið	0,1	
903-101	Skráning hlutafélaga	1,1	
	Samtals		19,3

13 Hagstofa Íslands

101-101	Yfirstjórn	5,2	
101-601	Tæki og búnaður	14,8	
	Samtals		20,0

14 Umhverfisráðuneyti

101-101	Yfirstjórn	0,7	
101-101	Yfirstjórn	2,0	
101-601	Tæki og búnaður	2,7	
190-122	Stefnumörkun í umhverfismálum	0,7	
190-123	Ýmis umhverfisverkefni	22,9	
190-129	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	1,6	
190-159	Náttúruverndarráð	3,4	
205-101	Yfirstjórn	10,7	
205-601	Tæki og búnaður	3,7	
221-601	Tæki og búnaður	0,4	
301-101	Skipulagsstjóri ríkisins	7,9	
401-101	Yfirstjórn	0,9	
401-102	Setur í Reykjavík	23,6	
401-103	Setur á Akureyri	2,8	
401-601	Tæki og búnaður	4,8	
403-111	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	3,3	
410-101	Almenn starfsemi	5,1	
	Samtals		97,2

Samtals umframgjöld allra ráðuneyta	2.882,5

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur ríkissjóðs fyrir árið 1997, annars vegar um óhafnar fjárveitingar og hins vegar um greiðslur úr ríkissjóði umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum ársins 1997 og lögum nr. 120/1997, fyrri fjáraukalögum fyrir árið 1997. Frumvarpið var flutt áður á vorþingi, en fékk ekki afgreiðslu þá, og er nú endurflutt óbreytt.

Í greinargerð með frumvarpi til fyrri fjáraukalaga ársins 1997 er fjallað um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála á árinu 1997 og rakin helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum. Þar koma einnig fram ítarlegar skýringar á nýjum fjárveitingum sem óskað var eftir til viðbótar við heimildir fjárlaga. Þá verður lögð fyrir Alþingi *Skýrsla um ríkisfjármál árið 1997,* þar sem afkoma ríkissjóðs eftir greiðsluuppgjör er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum. Er vísað til þess rits um nánari upplýsingar.

Á síðasta ári var sú breyting gerð á uppsetningu lagagreina þessa frumvarps miðað við fyrri ár að eingöngu var sótt um heimildir fyrir greiðslum umfram fjárveitingar í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins. Niðurfelling óhafinna fjárveitinga var því ekki tilgreind sérstaklega í lagagreinum frumvarpsins. Þessi breytta framsetning er byggð á því sjónarmiði að þar sem fjárveitingar fjárlaga gilda einungis til eins árs í senn þarf ekki að ákvarða niðurfellingu óhafinna fjárveitinga í árslok með frumvarpi til fjáraukalaga. Eftir sem áður kemur fram í greinargerð frumvarpsins og fylgiskjölum hvernig fyrirhugað er að hækka eða lækka fjárveitingar gildandi fjárlaga í fyrri fjáraukalögum ársins með hliðsjón af óhöfnum fjárveitingum og umframgjöldum í lok liðins árs. Sami háttur er hafður á uppsetningu frumvarpsins í ár. Í fyrri fjáraukalögum ársins 1997 var framsetning lagagreina færð í nýjan búning til samræmis við breytingar á fjárlögum ársins 1998 vegna nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Þeirri framsetningu er einnig fylgt í þessu frumvarpi.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárveitingar ársins 1997 í samanburði við niðurstöður:

Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1997 m.kr.	Fjáraukalög 120/1997 m.kr.	Heimildir alls 1997 m.kr.	Greiðslur 1997 m.kr.	Mismunur heimilda og greiðslna m.kr.
Tekjur	126.224	5.557	131.781	131.990	209
Gjöld	126.100	7.530	133.630	130.753	-2.877
Rekstrarafkoma	**124**	**-1.973**	**-1.849**	**1.237**	**3.086**
Rekstrarafkoma án áhr. innköllunar	-	*1.827*	*1.951*	*5.037*	*6.886*
Veitt lán, nettó	2.470	-3.745	-1.275	-530	745
Hluta- og stofnfjárframlög	-400	250	-150	-83	67
Viðskiptareikningar	-400	-	-400	-1.249	-849
Hrein lánsfjárþörf	**-1.794**	**5.468**	**3.674**	**625**	**-3.049**
Lántökur, nettó	**-1.740**	**4.311**	**2.571**	**401**	**-2.170**
Innlend lántaka - afborganir	78	4.335	4.413	6.859	2.446
Erlend lántaka - afborganir	-1.818	-24	-1.842	-6.458	-4.616
Greiðsluafkoma	**54**	**-1.157**	**-1.103**	**-224**	**879**

Við setningu fjárlaga fyrir árið 1997 var gert ráð fyrir að tekjur og gjöld stæðu í járnum í lok ársins. Samkvæmt greiðsluuppgjöri var ríkissjóður hins vegar rekinn með 5 milljarða króna afgangi á árinu. Afgangurinn svarar til um 3,8% af ríkistekjum og um 1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins 1997. Er það í fyrsta sinn um langt árabil sem rekstur ríkissjóðs skilar tekjuafgangi. Eru þá undanskildar vaxtagreiðslur að fjárhæð 3,8 milljarðar króna, sem færðar voru til bókar á greiðslugrunni í kjölfar sérstakrar innköllunar á mörgum eldri flokkum spariskírteina. Við þá endurfjármögnun falla vaxtagreiðslur ríkissjóðs til fyrr en ella. Að þessari sérstöku aðgerð meðtalinni var tekjuafgangurinn 1,2 milljarðar króna á greiðslugrunni.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1997 urðu um 132 milljarðar króna eða um 200 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fjármálaráðuneytisins sem fram kom í fyrri fjáraukalögum ársins 1997. Hlutfall ríkistekna af landsframleiðslu ársins 1997 er áætlað 25% og er það ívið lægra en árið áður. Hækkun tekna frá því sem reiknað var með við setningu fjárlaga nam um 5,8 milljörðum króna og veldur það mestu um afkomubata ríkissjóðs. Þar gætir áhrifa af hagstæðri efnhagsframvindu á árinu. Hagvöxtur er áætlaður um 5% og aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann er metin á 6%.

Heildarútgjöld ríkissjóðs urðu 127 milljarðar króna, að frátöldum framangreindum áhrifum af sérstakri innlausn spariskírteina, eða um 0,8 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hlutfall útgjaldanna af landsframleiðslu er áætlað 24,1% og lækkar verulega frá árinu áður, eða um 1,7%. Útgjöldin reyndust vera um 2,9 milljörðum króna lægri en heimildir fjárlaga og fjáraukalaga. Skýrist það annars vegar af því að fjárþörf vegna nokkurra liða reyndist vera minni en búist var við, en þar má t.d. nefna um 600 m.kr. vegna vaxtagjalda, 210 m.kr. vegna ríkisábyrgða, 150 m.kr. vegna bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og 120 m.kr. vegna Ábyrgðasjóðs launa. Hins vegar eru ýmsir liðir þar sem greiðslur frestast og falla ekki til fyrr en á árinu 1998, en þar má t.d. nefna um 400 m.kr. vegna byggingaframkvæmda hjá menntamálaráðuneytinu og 200 m.kr. óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa.

Óhafnar fjárveitingar og umframgjöld. Óhafnar fjárveitingar ráðuneyta námu alls 5.758 m.kr. í árslok 1997 en greiðslur umfram veittar heimildir 2.883 m.kr. Sótt er um heimildir fyrir umframgreiðslunum í þessu frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1997, eins og fram kemur í niðurstöðusamtölu 2. gr. Mismunur afgangsheimilda og umframgreiðslna nemur 2.875 m.kr., eins og fram kemur í samtölu gjalda í 1. gr.

Í fylgiskjali 1 eru sýndar fyrirhugaðar breytingar á fjárveitingum í fjárlögum ársins 1998 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 1997, eða svonefndar yfirfærslur milli ára. Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir að þessar ráðstafanir komi til ákvörðunar í fyrri fjáraukalögum ársins 1998.

Í fylgiskjali 2 eru sýnd umframgjöld og afgangsheimildir sem falla niður í lok ársins 1997 og ekki er fyrirhugað að draga frá eða bæta við fjárveitingar ársins 1998. Gert er ráð fyrir að óhafnar fjárveitingar sem falla niður verði alls 1.631 m.kr. og að umframgjöld ársins 1997 sem ekki koma til lækkunar á fjárheimildum 1998 nemi 331,5 m.kr.

Fjárhæðir í fylgiskjölum eru sundurgreindar eftir hagrænni skiptingu í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Einnig eru gefnar stuttar skýringar á málum þar sem ástæða þykir til.

Í töflunni hér að neðan eru sýndar þær breytingar á gildandi fjárveitingum ráðuneyta sem fyrirhugað er að leggja til með frumvarpi að fyrri fjáraukalögum ársins 1998 með hliðsjón af stöðu fjárheimilda í árslok 1997. Gert er ráð fyrir að heimildir til rekstrar verði auknar um 1.717 m.kr. á árinu 1998 vegna afgangsheimilda liðins árs en að rekstrarfjárveitingar skerðist á móti um 1.739 m.kr. vegna umframgjalda. Afgangur á tilfærsluframlögum sem gert er ráð fyrir að komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög nemur 730 m.kr. Þá nema óhafnar fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar 868 m.kr. Þannig er fyrirhugað að hrein aukning nýrra heimilda umfram skerðingu nemi 1.576 m.kr. á árinu 1998 vegna þessara ráðstafana.

Breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

Greiðslugrunnur	Umframgj. 1997 m.kr.	Óhafið 1997 m.kr.	Rekstur flutt umframgj. m.kr.	Rekstur fluttur afgangur m.kr.	Tilfærslur flutt staða m.kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða m.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	31,0	63,6	10,8	17,5	-	34,4
01 Forsætisráðuneyti	22,0	107,3	15,2	40,6	9,1	27,6
02 Menntamálaráðuneyti	827,8	1.018,3	682,8	307,6	161,4	403,1
03 Utanríkisráðuneyti	79,6	356,6	31,1	72,4	138,7	91,4
04 Landbúnaðarráðuneyti	218,8	201,0	93,5	34,0	37,6	-23,6
05 Sjávarútvegsráðuneyti	41,8	165,2	16,9	91,5	16,3	16,7
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	323,2	311,9	220,2	204,6	-0,9	18,0
07 Félagsmálaráðuneyti	195,3	584,1	158,2	290,4	119,0	23,1
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	721,1	1.053,3	294,0	341,8	43,5	53,5
09 Fjármálaráðuneyti	219,1	1.307,9	72,2	135,1	94,5	162,9
10 Samgönguráðuneyti	29,9	350,3	26,6	57,2	67,9	34,9
11 Iðnaðarráðuneyti	36,4	88,0	18,8	70,3	10,7	-1,9
12 Viðskiptaráðuneyti	19,3	7,0	14,7	2,1	1,4	-
13 Hagstofa Íslands	20,0	16,5	5,2	11,4	5,1	-14,8
14 Umhverfisráðuneyti	97,2	126,9	78,6	40,3	25,7	42,3
Samtals	**2.882,5**	**5.757,9**	**1.738,8**	**1.716,8**	**730,0**	**867,6**

Nánari skýringar um einstök ráðuneyti, sbr. fylgiskjöl 1 og 2

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur æðstu stjórnar ríkisins voru 32,6 m.kr. lægri en fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 31 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 63,6 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld Hæstaréttar, 4,4 m.kr., komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998 þar sem launagjöld urðu meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hið sama gildi um gjöld vegna opinberra heimsókna sem fóru 4,1 m.kr. fram úr fjárlögum. Fyrirhugað er að fjárveitingar í fjárlögum 1998 skerðist sem nemur öðrum umframgjöldum að fjárhæð 22,5 m.kr. með fyrri fjáraukalögum ársins 1998. Þar er helst að nefna 5,7 m.kr. hjá Lýðveldissjóði á viðfangsefni til eflingar íslenskrar tungu, 5,3 m.kr. á rekstrarskrifstofu Alþingis og 4 m.kr. á fasteignalið, 3,5 m.kr. rekstrargjöld á embætti forseta Íslands og 2,0 m.kr. stofnkostnaður hjá Ríkisendurskoðun.

Miðað er við að allar óhafnar fjárveitingar ársins 1997 bætist við fjárveitingar gildandi fjárlaga. Þar vega þyngst 28,9 m.kr. til mannvirkjagerðar á Bessastöðum en fjárveitingar til þess verkefnis flytjast að venju milli ára eftir því sem framkvæmdum miðar áfram. Þá er 9,0 m.kr. afgangur á viðfangsefninu Alþingiskostnaður og 3,9 m.kr. á þingmálaskrifstofu Alþingis. Þá er ráðgert að 7 m.kr. framlag til byggingar minningarkapellu að Ljósavatni færist til viðbótar fjárveitingum á árinu 1998. Hér er um þriggja ára verkefni að ræða þar sem veita á 7 m.kr. á ári til byggingar kapellunnar og er fyrirhugað að hún verði tilbúin árið 2000 á 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi. Þá er óhafin 5,7 m.kr. fjárveiting hjá Lýðveldissjóði á viðfangsefni til vistfræðirannsókna á lífríki sjávar.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 85,3 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 22 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 107,3 m.kr.

Ráðgert er að fjárveitingar fjárlaga 1998 verði í öllum tilfellum lækkaðar sem nemur umframgjöldum liðins árs. Aðallega er um að ræða 10,8 m.kr. vegna reksturs þjóðgarðsins á Þingvöllum, 3,5 m.kr. vegna ýmissa verkefna ráðuneytisins og 2,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar við embætti umboðsmanns barna.

Samtals er áætlað að fella niður 23,2 m.kr. í óhöfnum fjárveitingum, þar á meðal 21,7 m.kr. afgang á fjárheimild til embættis Húsameistara ríkisins. Hér er um að ræða útistandandi kröfur sem enn eru að innheimtast, en stofnuninni hefur verið lokað. Þá fellur einnig niður 1,5 m.kr. tilfærsluframlag til norrænu ráðherranefndarinnar þar sem hlutur Íslands í kostnaði við starfsemi nefndarinnar varð minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Sótt verður um framlög sem samsvara öðrum óhöfnum heimildum, samtals að fjárhæð 84,1 m.kr., í fjáraukalögum ársins 1998. Þar vegur þyngst 16 m.kr. framlag til að kosta þátttöku Íslands í heimssýningunni í Lissabon, sem haldin verður á árinu

1998. Veitt var 20 m.kr. til undirbúnings að þessu verkefni í fjáraukalögum 1997. Þá er gert ráð fyrir að 15,2 m.kr. til endurgerðar Stjórnarráðshúss færist til ársins 1998, en uppgjöri vegna framkvæmda við húsið lýkur á því ári. Þá eru óhafnar 9,7 m.kr. af fjárveitingu til fasteigna og framkvæmda í þjóðgarðinum á Þingvöllum og 6 m.kr. styrkur til Hins íslenska bókmenntafélags til ritunar Sögu Íslands, en það er verkefni til nokkurra ára. Loks er gert ráð fyrir að 6,4 m.kr. afgangur á rekstri Norðurlandaskrifstofu verði nýttur til að mæta auknum útgjöldum vegna formennsku Íslands í norrænu samstarfi næstu tvö árin.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur voru 190,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir 827,8 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar voru 1.018,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 17,4 m.kr. falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Hér er um að ræða kostnað sem leiðir af flutningi verkefna til sveitarfélaga, aðallega vegna biðlauna fyrrum starfsmanna grunnskólans. Umframgjöld sem ráðgert er að komi til lækkunar á fjárveitingum annarra liða á árinu 1998 nema 810,4 m.kr. Þar af eru 682,8 m.kr. vegna rekstrarhalla stofnana. Hæsta fjárhæðin er 85,3 m.kr. hjá Háskóla Íslands og skýrist aðallega af óinnheimtum tekjum vegna verkefna sem skólinn vinnur að. Umframgjöld vegna reksturs Kvikmyndasjóðs eru 45,2 m.kr. en á móti kemur ónotuð heimild á tilfærslulið. Uppsöfnuð umframgjöld Tækniskóla Íslands á síðustu tveimur árum eru 29,9 m.kr. og skýrast af breytingum á námsframboði. Umframgjöld Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála eru 11,1 m.kr. vegna verkefna sem nú er lokið, m.a. samræmdra prófa. Umframgjöld framhaldsskóla vegna reksturs eru í heildina 441,3 m.kr. Á móti koma 236,7 m.kr. óhafnar fjárveitingar, að stórum hluta hjá sömu skólum og eru með umframgjöld, enda er algengt að skólarnir bóki kostnað ekki á sömu viðfangsefni og fjárveiting er færð á. Skýringar á umframgjöldum eru aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi áttu sumir skólanna töluverðar bankainnistæður í árslok sem ekki höfðu verið bókfærðar. Í öðru lagi höfðu skólar sem tóku í notkun nýtt húsnæði meiri kostnað af því en gert hafði verið ráð fyrir. Í þriðja lagi hafa fjárveitingar og kostnaður ekki í öllum tilvikum fylgt frávikum frá nemendaáætlun sem notuð er við gerð fjárlaga, eins og gert er ráð fyrir. Mestu munar um umframgjöld Menntaskólans í Kópavogi, 34 m.kr., Verkmenntaskólans á Akureyri, 29 m.kr., Fjölbrautaskólans í Breiðholti, 24 m.kr., Menntaskólans á Akureyri, um 20 m.kr., Flensborgarskóla um 16 m.kr., Menntaskólans á Laugarvatni, 14 m.kr., Borgarholtsskóla um 14 m.kr. og Stýrimannaskólans í Reykjavík, 7 m.kr.

Fyrirhugað er að af óhöfnum fjárveitingum falli 18,6 m.kr. niður og bætist ekki við fjárveitingar gildandi fjárlaga. Þar er hæsta fjárhæðin 16,5 m.kr. afgangur af fjárveitingu til að endurgreiða sveitarfélögum útlagðan kostnað vegna kostnaðar við dagvistun fatlaðra leikskólabarna. Verkefnið færðist til sveitarfélaga 1. janúar 1998 og er samkomulag við sveitarfélögin um að uppgjöri á kostnaði fyrri ára sé lokið. Þá er 1,5 m.kr. afgangur vegna launa stórmeistara í skák þar sem tveir stórmeistarar fóru af starfslaunum á árinu 1997. Miðað er við að aðrar afgangsheimildir verði veittar að nýju með fjáraukalögum ársins 1998, samtals 999,7 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 307,6 m.kr. vegna rekstrarheimilda. Þar ber hæst 40,2 m.kr. vegna ýmissa fræðsluverkefna í grunn-

og framhaldsskólum sem er ólokið, m.a. samningu nýrrar aðalnámskrár, og 24,4 m.kr. afgang af sérstakri fjárveitingu til að greiða fyrir rekstrarhagræðingu á árinu 1997. Þá eru 218,8 m.kr. vegna tilfærsluheimilda. Þar ber hæst 71,9 m.kr. afgang á Listasjóðum, 21,8 m.kr. hjá Kvikmyndasjóði og 13,5 m.kr vegna aðildargjalda ESB. Greiðslur vegna þessara verkefna verða inntar af hendi á árinu 1998. Óhafin heimild vegna viðhalds- og stofnkostnaðar er samtals 473,3 m.kr. Mestu munar um 245,5 m.kr. vegna tafa á framkvæmdum framhaldsskóla m.a. hjá Menntaskólanum í Reykjavík og Borgarholtsskóla. Þá skýrast 157,9 m.kr. af töf á framkvæmdum við menningarbyggingar, einkum við Þjóðminjasafnið.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 277 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 79,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 356,6 m.kr.

Útgjöld umfram fjárheimildir sem áformað er að falli niður nema alls 6,1 m.kr. en þar er um að ræða samningsbundin þátttökuframlög til nokkurra alþjóðastofnana sem urðu hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Fyrirhugað er að önnur umframgjöld ársins 1997, samtals að fjárhæð 73,5 m.kr., komi til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Þar af eru 31,1 m.kr. í rekstri. Er þar helst að telja 8,3 m.kr. á yfirstjórn og varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins. Umframkostnaður við rekstur ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli nam 7,5 m.kr. Nokkur sendiráð voru einnig með rekstrargjöld yfir fjárheimildum, samtals 14,6 m.kr. Þá voru útgjöld til tækja og búnaðar sendiráða 12 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Tilfærslur voru 28,7 m.kr. hærri en áætlað var. Mest munar þar um 15,6 m.kr. vegna framlaga í Þróunarsjóð EFTA en uppgjöri sjóðsins lýkur á árinu 1998.

Af óhöfnum fjárveitingum er fyrirhugað að fella niður samtals 11,7 m.kr. Eru það tilfærsluframlög vegna erlends samstarfs sem ekki hafa reynst eins fjárfrek og ætlað var við gerð fjárlaga. Óhafnar fjárveitingar sem áformað er að komi til hækkunar á fjárveitingum gildandi fjárlaga nema alls 344,9 m.kr. Þar af eru 72,4 m.kr. á rekstri, 167,4 m.kr. á tilfærslum og 105,1 m.kr. til viðhalds og stofnkostnaðar. Meðal óhafinna rekstrarfjárveitinga eru 15,7 m.kr. til sendiráðs Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu, en þar fellur kostnaður til síðar en ætlað var. Þá eru 12,4 m.kr. eftir til að kosta rekstur Lóranstöðvarinnar við Gufuskála, en sá kostnaður fellur til snemma á árinu 1998. Önnur rekstrarframlög sem áformað er að færa yfir áramót eru minni háttar. Meðal óhafinna tilfærsluframlaga eru hæstu fjárhæðirnar 36,2 m.kr. fjárheimild til aðstoðar við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu og 26,5 m.kr. til aðstoðar á svæðum Palestínumanna í Ísrael. Aðstoðin er í báðum tilvikum veitt til nokkurra ára samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar. Sama gildir um 31,7 m.kr. afgang á framlagi til friðargæslu á Balkanskaga, en þar eru færð útgjöld vegna hjálparstarfa íslenskra lækna, hjúkrunarfólks og lögreglumanna í Bosníu. Þá er gert ráð fyrir að 32,6 m.kr. afgangi á framlagi til Eftirlitsstofnunar EFTA og til EFTA-dómstólsins verði varið til að mæta umframútgjöldum vegna uppgjörs á Þróunarsjóði EFTA á árinu 1998. Einnig er áformað að 14,4 m.kr. fjárheimild til að greiða þátttökugjöld Íslands í NATO verði í stað þess notuð til að efla

fastanefnd Íslands hjá NATO í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt. Meðal fjárveitinga til stofnkostnaðar sem áformað er að færa til ársins 1998 eru 74,4 m.kr. til aðseturs sendiráðsins í London og 19,4 m.kr. til endurbyggingar sendiherrabústaðarins í Washington. Stefnt er að því að framkvæmdunum ljúki á árinu 1998.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 17,8 m.kr. hærri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 218,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 201 m.kr.

Gert ráð fyrir að 8 m.kr. umframgjöld á árinu 1997 komi ekki til lækkunar á fjárveitingum ársins 1998. Skýrist það að mestu af 7,8 m.kr vegna beinna greiðslna til sauðfjárbænda. Miðað er við að önnur umframgjöld ráðuneytisins, samtals að fjárhæð 210,8 m.kr., skerði fjárveitingar í gildandi fjárlögum. Halli varð á ýmsum rekstrarliðum ráðuneytisins sem alls nemur 93,5 m.kr. Hæstu fjárhæðirnar eru 32,8 m.kr. hjá Yfirdýralækni, 11,2 m.kr. hjá Veiðimálastofnun og 9,2 m.kr. halli hjá Skógrækt ríkisins. Halli á þessum liðum stafar af uppsöfnuðum rekstrarvanda undanfarinna ára. Umframgjöld í tilfærslum nema 66,5 m.kr. og stafa að stærstum hluta af 46,7 m.kr. útgjöldum vegna uppkaupa á fullvirðisrétti á grundvelli búvörusamnings. Loks voru umframgreiðslur vegna viðhalds- og stofnkostnaðar 50,8 m.kr. Þar af voru 15,4 m.kr. vegna Bændaskólans á Hvanneyri, 10,8 vegna Garðyrkjuskóla ríkisins og loks 9,3 m.kr. vegna Bændaskólans á Hólum. Í öllum þessum tilfellum er um að ræða umframgjöld sem verða greidd af framkvæmdafé á árinu 1998.

Fyrirhugað er að óhafnar fjárveitingar í árslok 1997 sem nema 35,7 m.kr. falli niður. Þar munar mest um 22,2 m.kr. afgang á samningsbundnum beinum greiðslum til bænda vegna mjólkurframleiðslu og 12 m.kr. af greiðslum vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar. Alls er ráðgert að 165,3 m.kr. af afgangsheimildum bætist við fjárveitingar í fjárlögum ársins 1998. Óhafnar fjárveitingar í rekstri nema 34 m.kr. og skiptast á nokkra liði. Óhafin tilfærsluframlög nema 104,1 m.kr. og er hið hæsta 43,7 m.kr. vaxta- og geymslukostnaður vegna búvörusamnings en 19,4 m.kr. eru vegna afsetningar birgða.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 123,4 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um 41,8 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar námu 165,2 m.kr.

Fyrirhugað er að öll umframgjöld færist til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Stærsti liðurinn meðal umframgjalda eru 15,6 m.kr. til viðhalds skipa Hafrannsóknastofnunarinnar. Þá nema umframgjöld í rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 11,7 m.kr.

Áformað er að 15,8 m.kr. í óhöfnum útgjöldum falli niður. Þar eru helst 8,4 m.kr. framlög til að greiða kostnað við úrskurðarnefndir, auk 6,4 m.kr. framlags til nokkurra stofnana í alþjóðahafrannsóknum (ICES, NAFO, NEAFC), en þátttökugjöld Íslands reyndust minni en áætlað var. Loks fellur 1 m.kr. framlag til Verðlagsráðs sjávarútvegsins niður en starfsemi þess var lítil sem engin á árinu. Áformað er að færa samtals

149,4 m.kr. í óhöfnum fjárveitingum til næsta árs. Óhafnar fjárveitingar til reksturs sem áformað er að bætist við fjárveitingar gildandi fjárlaga nema alls 91,5 m.kr. Þar af eru 29,4 m.kr. í rekstri Fiskistofu þar sem útgjöld falla til síðar en tekjur svo og 17,8 m.kr. til reksturs landamærastöðva en útgjöld þess verkefnis hafa frestast til ársins 1998. Á rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar er 13,8 m.kr. afgangur. Þá er 7,1 m.kr. til sjóvinnukennslu óhafin en áformað er að nota þá fjárhæð snemma á þessu ári. Af 20,2 m.kr. í óhöfnum tilfærslum sem ráðgert er að bætist við fjárveitingar ársins 1998 eru 15 m.kr. til starfsmenntunar, markaðsöflunar, kynninga og tilrauna, en útgjöld af þessum lið eru aðallega til starfsmenntunar. Þá er óhafin 9,5 m.kr. fjárheimild til undirbúnings að byggingu aðseturs fyrir matvæla- og sjávarútvegsrannsóknir sem upphaflega var veitt með fjáraukalögum ársins 1993. Sú heimild hefur verið færð milli ára síðan þá en áformað er að hefja framkvæmdir á árinu 1998.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 11,3 m.kr. hærri en fjárveitingar. Leitað er eftir 323,2 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar voru 311,9 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 67,7 m.kr. falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Þar skal fyrst telja 22,3 m.kr. umframgjöld Rannsóknarlögreglu ríkisins en stofnunin var lögð niður á síðasta ári. Í öðru lagi hefur opinber réttaraðstoð reynst 22,2 m.kr. kostnaðarmeiri en fjárveitingar í fjárlögum gerðu ráð fyrir. Hér er um lögbundin útgjöld að ræða og kostnaðurinn sem fellur til er vegna gjafsókna. Í þriðja lagi eru umframútgjöld aðalskrifstofu 20,4 m.kr. en aðalskrifstofan hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að stríða undanfarin ár. Að lokum er fyrirhugað að fella niður 2,8 m.kr. vegna meðdómsmanna en heimilt er samkvæmt lögum að kalla þá til við málsmeðferð fyrir dómstólum. Eðli máls samkvæmt getur sá kostnaður verið mjög mismunandi milli ára. Umframgjöld sem ráðgert er að komi til lækkunar á fjárveitingum í fjárlögum 1998 nema 255,5 m.kr. og eru að mestu vegna rekstrarhalla stofnana. Hæsta fjárhæðin er 45,8 m.kr. hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík en launaliður stofnunarinnar hefur verið verulega umfram fjárlög. Rekstrarhalli sýslumannsembættisins á Akranesi nemur 26,2 m.kr. í lok síðasta árs en rekstur embættisins hefur um árabil verið umfram fjárlög og eykst hallinn um 7 m.kr. frá árslokum 1996. Nokkur önnur sýslumannsembætti eru einnig með verulegan rekstrarhalla, s.s. Keflavík 10,1 m.kr., Akureyri 9,7 m.kr. og Selfoss 9,4 m.kr. Útgjöld biskupsstofu eru 16,8 m.kr. umfram heimildir en umfang rekstrarins hefur verið meira en fjárveiting í fjárlögum gerir ráð fyrir. Einnig er 10,3 m.kr. halli á greiðslum til launa- og embættiskostnaðar presta og prófasta en í lok árs 1996 var afgangur tæplega 8 m.kr. Ýmis sameiginlegur kostnaður sýslumannsembætta er 10,3 m.kr. umfram heimildir, m.a. vegna aukinnar útgáfu vegabréfa og ökuskírteina. Útgjöld nokkurra viðhalds- og stofnkostnaðarliða eru meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum og má þar helst nefna 23,9 m.kr. vegna upplýsingakerfa sýslumanna og 10,1 m.kr. vegna bifreiðakaupa til sýslumannsembætta.

Fyrirhugað er að af óhöfnum fjárveitingum falli 54,9 m.kr. niður og bætist ekki við fjárveitingar gildandi fjárlaga. Þar er hæsta fjárhæðin 18,6 m.kr. afgangur af rekstri Stjórnartíðinda en bæði reyndust tekjur hærri og gjöld lægri en áætlað auk þess sem nokkur afgangur var frá fyrri árum. Greiðslur nokkurra bundinna útgjaldaliða urðu lægri

en gert var ráð fyrir í fjárlögum en þar er helst að nefna bætur brotaþola, 11,5 m.kr, réttaraðstoð til einstaklinga við að leita nauðasamninga, 9,2 m.kr. og kostnaður samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, 6,8 m.kr. Að lokum er áformað að 6,4 m.kr. umframrekstrarútgjöld Schengen-samstarfsins falli niður en kostnaður vegna aðildargjalda og þýðingar á gögnum var ofmetinn í fjárlögum 1997. Miðað er við að aðrar afgangsheimildir að fjárhæð 257 m.kr. verði veittar að nýju með fjáraukalögum ársins 1998. Af þeirri fjárhæð eru 204,6 m.kr. vegna rekstrarheimilda. Þar ber hæst 32 m.kr. á lið örorkumatsnefndar þar sem tekjur til nefndarinnar skila sér áður en til útgjalda kemur. Rekstrarafgangur Landhelgisgæslu Íslands er 31 m.kr. og skýrist af framlagi úr landhelgissjóði á síðasta ári. Þá var rekstrarhagræðingarheimild að fjárhæð 28 m.kr. ekki nýtt á síðasta ári. Rekstur sýslumannsins í Hafnarfirði er samtals 15,2 m.kr. innan heimilda og rekstur Héraðsdóms Reykjaness er 10,9 m.kr. innan heimilda. Þá var 11,7 m.kr. afgangur vegna undirbúningsvinnu við gerð tölvulesanlegra vegabréfa en verkefnið fór hægar af stað en ráð var fyrir gert, 9,3 m.kr. á lið lagasafns þar sem tekjur og gjöld skila sér ekki á sama tíma og 9,1 m.kr. af kostnaði við löggæslunám, m.a. vegna afgangs frá árinu 1996 og lækkunar dagpeningagreiðslna til nema lögregluskólans. Afgangur er á nokkrum stofnkostnaðarliðum og eru þeir helstir 15 m.kr. á tækja- og búnaðarkaupalið Landhelgisgæslunnar, 15 m.kr. vegna húsnæðis sýslumannsins á Selfossi þar sem framkvæmdir hófust ekki fyrr en í lok síðasta árs og 10 m.kr. til tölvukerfis í tengslum við Schengen-samstarfið en verkið er ekki enn hafið.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 388,8 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 195,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 584,1 m.kr.

Lagt er til að nær öll umframgjöld ráðuneytisins, eða 194,8 m.kr., komi til lækkunar á fjárveitingum í fjárlögum 1998. Umframgjöldin stafa einkum af halla á ýmsum rekstrarliðum, en þar eru hæstu fjárhæðirnar 14,2 m.kr. hjá Sæðisskrifstofu á Reykjanesi, 12,9 m.kr. hjá Sæðisskrifstofu í Reykjavík, 9,4 m.kr. hjá Sæðisskrifstofu á Vesturlandi og 5,8 m.kr. hjá dagvistun að Lyngási. Á öllum þessum liðum stafa umframgjöld af uppsöfnuðum rekstrarvanda undanfarinna ára. Stofnkostnaður umfram heimildir nam 13,1 og skiptist á nokkra liði.

Gert er ráð fyrir að óhafnar fjárveitingar í árslok 1997 að fjárhæð 115 m.kr. falli niður. Þar er um að ræða afgang hjá Ábyrgðarsjóði launa vegna gjaldþrota sem stafar af meiri innheimtu tekna úr þrotabúum en ráð var fyrir gert. Ráðgert er að 469,1 m.kr. af óhöfnum fjárveitingum verði veittar að nýju á árinu 1998. Í rekstri nema óhafnar fjárveitingar 290,4 m.kr. og er sú hæsta þeirra 84,5 m.kr. hjá Brunamálastofnun ríkisins. Þar er um að ræða markaða tekjustofna sem skila meiri tekjum en sem nemur rekstrarumfangi stofnunarinnar. Á liðnum Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli er 34 m.kr. óhafin fjárveiting sem stafar af því að útskriftir hafa farið hægar af stað en áætlað var. Aðrar fjárhæðir eru lægri og skiptast á marga liði. Óhafin tilfærsluframlög nema 142,5 m.kr. og eru hæstar 28,3 m.kr. vegna liðarins Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit og 14,8 m.kr. vegna liðarins Atvinnumál kvenna. Afgangur er á báðum þessum liðum vegna þess að umsóknir um styrki reyndust lægri en áætlað var. Þá er 27,6 m.kr. afgangur á

heimild til greiðslu á meðlögum vegna erlendra manna sem mun renna til greiðslu skuldar við Tryggingastofnun ríkisins sem sér um greiðslur meðlaganna. Óhafnar fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðar nema 36,2 m.kr. og þar af eru 34,1 m.kr. vegna Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 332,2 m.kr. lægri en fjárheimildir. Sótt er um 721,1 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar voru 1.053,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 93,9 m.kr. af umframgjöldum falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Þar af eru 63,9 m.kr. útgjöld sjúkratrygginga og 30 m.kr. útgjöld slysatrygginga. Fyrirhugað er að umframgjöld annarra fjárlagaliða, samtals 627,2 m.kr., dragist frá framlögum í gildandi fjárlögum. Þar af eru 293,7 m.kr. á rekstrarliðum, 181,7 á stofnkostnaði, 108,1 m.kr. í viðhaldi og 43,4 m.kr. á tilfærsluliðum. Af umframgjöldum í rekstri eru 124,4 m.kr. hjá ríkisspítölum, 31,7 m.kr. hjá Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík, 14,8 m.kr. hjá Landlæknisembættinu, 13,9 m.kr. hjá heilsugæslustöðinni í Efra-Breiðholti, Reykjavík, 11,6 m.kr. af liðnum heilsugæslustöðvar, almennt, og 10,1 m.kr. hjá heilsugæslustöðinni í Hafnarfirði. Aðrir liðir eru minni en 10 m.kr. Af tilfærsluliðum er áformað að 28,4 m.kr. færist til frádráttar fjárveitingum á liðnum heilsugæslustöðvar, almennt og 10 m.kr. hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Af viðhaldsliðum er ráðgert að 106 m.kr. færist til frádráttar fjárveitingu ríkisspítala á yfirstandandi ári, en aðrir liðir eru minni. Af stofnkostnaðarliðum er helst að nefna 61 m.kr. hjá Framkvæmdasjóði aldraðra, 55,7 m.kr. á liðnum Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, 31,9 m.kr. á liðnum ríkisspítalar, nýframkvæmdir á Landspítalalóð og 23,6 m.kr. á liðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

Gert er ráð fyrir að 281,3 m.kr. af óhöfnum fjárveitingum falli niður. Þar af er 151 m.kr. óhafin fjárveiting af liðnum bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og 80 m.kr. fjárveiting lífeyrisrtrygginga. Af rekstrarliðum er miðað við að 50 m.kr. hjá Eftirlaunasjóði aldraðra komi ekki til viðbótar fjárveitingu yfirstandandi árs. Aðrir rekstraliðir eru minni. Miðað er við að aðrar afgangsheimildir í rekstri að fjárhæð 772 m.kr. verði veittar að nýju með fjáraukalögum ársins 1998. Þar af eru 341,8 m.kr. í rekstri, 86,9 m.kr. í tilfærsluliðum og 343,3 m.kr. í viðhaldi og stofnkostnaði. Af rekstrarliðum vega þyngst 200 m.kr. á liðnum Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa og ætlað er til að bæta rekstrarstöðu sjúkrahúsa á landsbyggðinni, 57,8 m.kr. eru til Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna uppgjörs í samræmi við samkomulag um rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík og loks 30,1 m.kr. á liðnum sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Aðrir liðir eru minni. Af tilfærsluliðum sem fyrirhugað er að bætist við fjárheimildir yfirstandandi árs eru 39 m.kr. til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem eru ætlaðar til reksturs daggjaldastofnana, og 13,6 m.kr. óráðstafað framlag úr Forvarnasjóði. Aðrir liðir eru minni. Áformað er að 269,3 m.kr. óhafinn stofnkostnaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna færist til viðbótar fjárveitingu yfirstandandi árs, 17,2 m.kr. til tækjakaupa á liðnum Sjúkrahús og læknisbústaðir og 16,8 m.kr. til tækjakaupa og búnaðar á liðnum Heilsugæslustöðvar, almennt. Óhafnar viðhaldsheimildir sem lagt er til að komi til viðbótar fjárveitingu yfirstandandi árs eru samtals 12,4 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 1.088,8 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimildir vegna umframgjalda að fjárhæð 219,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 1.307,9 m.kr.

Fyrirhugað er að 118,7 m.kr. af umframgjöldum ráðuneytisins falli niður og verði ekki dregnar frá fjárveitingum gildandi fjárlaga. Þar vega þyngst 33,4 m.kr. sem greiddar voru í launabætur til stofnana umfram það sem reiknað var með við endurmat á áhrifum kjarasamninga vegna fyrri fjáraukalaga ársins 1997. Þá eru 25,4 m.kr. útgjöld vegna heimildarákvæða fjárlaga, en nýting þeirra ákvæða er jafnan háð talsverðri óvissu, 19,5 m.kr. vegna kostnaðar við fullnustuaðgerðir innheimtumanna, sem jafnframt færast sem aukatekjur ríkissjóðs, og vegna Gjaldheimtunnar í Reykjavík, sem lokað var á árinu. Einnig er gert ráð fyrir að fella niður 40,4 m.kr. greiðslur umfram framlög sem færast á lið fyrir ýmis verkefni ráðuneytisins. Þar er einkum um að ræða 11,7 m.kr. viðbótarútgjöld vegna kjarasamninga, en samið var við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna á árinu um nýtt launakerfi, og 13,6 m.kr. vegna dómkrafna sem féllu á ríkissjóð umfram það sem reiknað var með við setningu fjárlaga. Umframgjöld sem ráðgert er að komi til lækkunar á fjárveitingum ársins 1998 nema alls 100,4 m.kr. Þar af eru 27,4 m.kr. vegna reksturs skattvinnslukerfa, 23,4 m.kr. eru vegna rekstrarhalla hjá embætti ríkisskattstjóra en aðrar fjárhæðir eru lægri og skiptast á nokkra liði.

Áformað er að 887,2 m.kr. af afgangsheimildum ráðuneytisins falli niður og verði ekki veittar að nýju með fjáraukalögum ársins 1998. Að stærstum hluta er þar um að ræða 591,8 m.kr. afgang á heimild til greiðslu vaxtagjalda ríkissjóðs. Skýrist það bæði af því að dregið hefur verulega úr skammtímafjármögnun ríkissjóðs innan lands og því að erlendir vextir hafa lækkað vegna hagstæðari lánskjara sem ríkissjóði buðust á árinu miðað við fyrri ár. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fella niður 211,3 m.kr. óhafna fjárveitingu til Ríkisábyrgðasjóðs þar sem minni þörf var fyrir framlög í sjóðinn en miðað var við í fjárlögum. Af öðrum afgangsheimildum sem fyrirhugað er að fella niður má nefna 32,8 m.kr. vegna örari fækkunar sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda en reiknað var með og 30 m.kr. vegna verðbóta á stofnkostnaðarverkefni á vegum ríkisins sem ekki reyndist vera þörf fyrir. Óhafin framlög sem gert er ráð fyrir að bætist við heimildir gildandi fjárlaga nema alls 420,7 m.kr. Þar af stafa 135 m.kr. af óhöfnum rekstrarframlögum og eru hæstu fjárhæðirnar 22,9 m.kr. afgangur í rekstri fjármálatölvukerfa ríkisins og 20,1 m.kr. sérstakt framlag til rekstrarhagræðingar hjá ráðuneytinu. Þá varð 20,8 m.kr. afgangur í rekstri skattstofa og Yfirskattanefndar. Afgangur á tilfærsluframlögum nemur 95 m.kr., en þar af eru 35 m.kr. endurgreiðslur til sveitarfélaga sem frestast til ársins 1998, 18,1 m.kr. ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar sem eftir er að úthluta og 15 m.kr. aðstoð vegna snjóflóðsins á Súðavík, en uppgjöri ýmissa mála þar er ólokið. Óhafnar stofnkostnaðarheimildir ráðuneytisins nema 190,6 m.kr. Þar munar mest um afgang á tveimur liðum, 99,4 m.kr. til smíði tölvukerfa og 52,8 m.kr. til ýmissa fasteigna ríkissjóðs, en í báðum tilvikum hefur framkvæmdum seinkað miðað við upphaflegar áætlanir.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 320,4 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 29,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 350,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir því að öll umframgjöld ráðuneytisins komi til lækkunar á fjárveitingum gildandi fjárlaga. Hér munar mest um 22,7 m.kr. hjá Póst- og fjarskiptastofnun og 2,5 m.kr. hjá Rannsóknanefnd flugslysa. Þá var framlag til Slysavarnafélags Íslands 2,8 m.kr. umfram heimildir ársins 1997.

Fyrirhugað er að óhafnar fjárveitingar í árslok 1997 að fjárhæð 188,2 m.kr. falli niður. Þyngst vegur að á liðnum ferjur og flóabátar hjá Vegagerðinni fellur niður 175 m.kr. afgangur, en þeir fjármunir eiga að ganga til greiðslu lána vegna ferjunnar Herjólfs. Þá eru 12,1 m.kr. vegna afborgunar á láni vegna flugvélar Flugmálastjórnar. Ráðgert er að 162,1 m.kr. af óhöfnum fjárveitingum verði veitt að nýju með fjáraukalögum ársins 1998. Í rekstri er um að ræða 17 m.kr. vegna GPS-staðsetningarkerfis, 10,2 m.kr. vegna Fjarskiptaeftirlits ríkisins, sem stafar af því að tekjustofnar skila meiri tekjum en sem nemur rekstrarumfangi stofnunarinnar, og 8 m.kr. vegna tækniþróunarverkefnis í Namibíu, sem mun hefjast síðar á árinu 1998. Óhafin tilfærsluframlög nema 67,8 m.kr., og þar vega þyngst 37,4 m.kr. til Sjálfvirks tilkynningakerfis skipa. Framlagið er uppsafnað en dregist hefur að rekstur kerfisins hæfist. Önnur tilfærsluframlög skiptast á nokkra liði.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 51,6 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir viðbótarheimildum vegna umframgjalda að fjárhæð 36,4 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 88 m.kr.

Af umframgjöldum er áformað að 9,5 m.kr. komi ekki til skerðingar á fjárveitingum gildandi fjárlaga. Er þar um að ræða niðurgreiðslur á rafhitun sem háðar eru orkunotkun og veðurfari og reyndust hærri en ætlað var í fjárlögum. Samtals er fyrirhugað að 26,9 m.kr. í gjöldum umfram heimildir komi til skerðingar á gildandi fjárlögum. Þar vegur þyngst 5,7 m.kr. á rekstri yfirstjórnar Orkustofnunar, 5,2 m.kr. á Iðntæknistofnun Íslands og 5 m.kr. á liðnum alþjóðlegt samstarf undir ýmsum verkefnum ráðuneytisins.

Af óhöfnum rekstrargjöldum er fyrirhugað að 0,8 m kr. af heimild til að greiða kostnað vegna samnings við ÍSAL falli niður. Áformað er að aðrar afgangsheimildir, sem samtals nema 87,2 m.kr., færist til hækkunar á framlögum í fjárlögum ársins 1998. Er þar helst að nefna 25,9 m.kr. hjá Einkaleyfastofu, en markaðar tekjur stofunnar hafa verið meiri en rekstrarumsvifin. Þá er 15,8 m.kr. afgangur sem verja á til nýsköpunar og markaðsmála og 15,1 m.kr. til orkurannsókna undir Orkustofnun. Loks eru 8,4 m.kr. til aðstoðar við litlar hitaveitur óráðstafað svo og 5,1 m.kr. til Staðlaráðs.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 12,3 m.kr. hærri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 19,3 m.kr. en óhafnar fjárheimildir námu 7 m.kr.

Af 19,3 m.kr. umframgjöldum er fyrirhugað að 1,1 m.kr. komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Eru það útgjöld vegna tafa sem urðu á því að hlutafélagaskrá færðist til Hagstofu á árinu 1997. Alls er áformað að 18,2 m.kr. af öðrum umframgjöldum komi til lækkunar á fjárveitingum ársins 1998. Þar eru helst 7,4 m.kr. á rekstri Löggildingarstofu, en þau gjöld stafa að hluta af því að Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður og hluti af hlutverki þess færður til Löggildingarstofu. Þá er áformað að 3,9 m.kr. rekstrargjöld á liðnum ýmis viðskipta- og bankamál og 2,4 m.kr. á rekstri yfirstjórnar komi einnig til lækkunar á árinu 1998.

Óhafnar fjárheimildir sem ráðgert er að komi til viðbótar fjárveitingum á árinu 1998 nema alls 7 m.kr. og skiptast á nokkra smærri liði.

13 Hagstofa Íslands

Greiðslur Hagstofu Íslands voru 3,5 m.kr. hærri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 20 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 16,5 m.kr.

Ráðgert er að öll umframgjöld og óhafnar fjárveitingar færist til ársins 1998. Stofnkostnaður er 14,8 m.kr. umfram heimildir, aðallega vegna endurnýjunar á hugbúnaði þjóðskrár og fyrirtækjaskrár. Rekstrargjöld eru alls 6,2 m.kr. undir heimildum og tilfærslur 5,1 m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 29,7 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um 97,2 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar voru 126,9 m.kr.

Fyrirhugað er að með fjáraukalögum ársins 1998 verði fjárveitingar ráðuneytisins í gildandi fjárlögum skertar sem nemur öllum umframgjöldum. Þar er hæsta fjárhæðin 30,7 m.kr. á fjárlagalið Náttúrufræðistofnunar Íslands. Af þeirri fjárhæð eru 27,3 m.kr. vegna rekstrar og stafar m.a. af barnsburðarleyfum og veikindum auk þess að tekjur skiluðu sér ekki fyrir áramót. Frávik á viðfangsefninu ýmis umhverfisverkefni á fjárlagalið 190 Ýmis verkefni er 21,9 m.kr. Skýringar eru margþættar en aðallega er um vanda frá árinu 1996 að ræða. Greiðslustaða hjá yfirstjórn Náttúruverndar ríkisins var neikvæð um sem nemur 10,7 m.kr. í lok síðasta árs. Af þeirri fjárhæð eru 3,9 m.kr. vegna niðurlagningar Náttúruverndarráðs ríkisins í lok árs 1996 en hluti kostnaðar féll til í upphafi árs 1997. Að öðru leyti skýrast umframgjöld af meira rekstrarumfangi en heimildir fjárlaga gera ráð fyrir. Þá námu umframgjöld aðalskrifstofu 5,4 m.kr.

Gert er ráð fyrir að í fjáraukalögum ársins 1998 verði veittar að nýju allar óhafnar fjárveitingar ársins 1997. Þar vegur þyngst 49 m.kr. afgangur á framlagi til fráveituframkvæmda hjá sveitarfélögum en framkvæmdir sveitarfélaga hafa ekki reynst eins miklar

og ráð var fyrir gert í fjárlögum 1997. Óhafin fjárveiting Spilliefnasjóðs er 17 m.kr. en hluti greiðslna vegna eyðingar spilliefna á síðasta ári falla til í upphafi þessa árs. Á fjárlagalið 190 Ýmis umhverfisverkefni er 10,1 m.kr. afgangur á viðfangsefni umhverfisvöktunar. Fjárveitingin var ekki fullnýtt þar sem greiðslur vegna verkefna á síðasta ári verða ekki greiddar fyrr en á þessu ári. Nokkrir aðrir liðir á sama fjárlagalið eru með óhafnar fjárveitingar, t.d. alþjóðastofnanir með 6 m.kr. sem koma til greiðslu í upphafi þessa árs. Að lokum má nefna fjárlagalið náttúrustofa en afgangur er 9,1 m.kr. og stafar af því að starfræksla náttúrustofanna á Neskaupstað og í Stykkishólmi hefur farið hægar af stað en ráð var fyrir gert.

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs árið 1997 voru tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða um 342 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 120/1997. Þá voru skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 49 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 120/1997 svo og greiðsluuppgjöri 1997.

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1997

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1997 m.kr.	Lög nr. 120 1997 m.kr.	Greiðslur 1997 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6.365	111	6.134	-342
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	3.184	-	3.233	49

Fimm fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti. ÁTVR skilaði um 122 m.kr. meiri hagnaði en ætlað var og skýrir það megin frávikið. Á móti vega meðal annars 50 m.kr. lægri skil Fríhafnarinnar.

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1997

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1997 m.kr.	Lög nr. 120 1997 m.kr.	Greiðslur 1997 m.kr.	Mismunur m.kr.
22 201 Happdrætti Háskóla Íslands	78	-	70	-8
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	640	-	590	-50
23 121 Umsýslustofnun varnarmála	24	-	18	-6
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.305	-	2.427	122
31 321 Rafmagnsveitur ríkisins	137	-	128	-9
Samtals	**3.184**	-	**3.233**	**49**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 120/1997 og endanlegs greiðsluuppgjörs, hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta, urðu eins og sýnt er í töflunni á næstu síðu.

Eins og fram kemur í yfirlitinu urðu frávik mest vegna þess að ekki reyndist þörf á greiðslum vegna ríkisábyrgða hjá Lánasýslu ríkisins, að fjárhæð 211 m.kr. Þá urðu greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa um 115 m.kr. innan áætlunar. Önnur frávik eru mun minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1997

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1997 þús. kr.	Lög nr. 120 1997 þús. kr.	Greiðslur 1997 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Menntamálaráðuneyti				
22 236 Vísindasjóður	25.000	-302	25.059	-361
22 237 Tæknisjóður	200.000	-220	200.420	-640
22 238 Bygginga- og tækjasjóður	78.000	-	78.000	-
22 239 Rannsóknarnámssjóður	20.000	8.000	16.582	11.418
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.600.000	-1.506	1.598.583	-89
22 973 Þjóðleikhúsið	318.000	-287	317.690	23
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	123.000	-30	128.200	-5.230
Samtals	**2.364.000**	**5.655**	**2.364.534**	**5.121**
Utanríkisráðuneyti				
23 114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	120.000	-	120.866	-866
Samtals	**120.000**	-	**120.866**	**-866**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 831 Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	30.500	100.000	130.500	0
Samtals	**30.500**	**100.000**	**130.500**	**0**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	17.500	-	17.500	-
Samtals	**17.500**	-	**17.500**	-
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti				
26 731 Kristnisjóður	27.300	87	27.387	0
Samtals	**27.300**	**87**	**27.387**	**0**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	300.000	-113	304.391	-4.504
27 972 Bjargráðasjóður	15.000	-	15.000	-
27 982 Ábyrgðarsjóður launa	180.000	-	65.000	115.000
27 984 Atvinnuleysistryggingasjóður	2.860.000	-	2.860.000	0
Samtals	**3.355.000**	**-113**	**3.244.391**	**110.496**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 378 Læknishéraðasjóður	2.500	1.429	1.807	2.122
Samtals	**2.500**	**1.429**	**1.807**	**2.122**
Fjármálaráðuneyti				
29 402 Fasteignamat ríkisins	43.500	-	43.500	0
29 971 Lánasýsla ríkisins, vegna ríkisábyrgðasjóðs	220.000	-	8.744	211.256
29 931 Arnarhvoll	15.000	4.171	18.776	395
Samtals	**278.500**	**4.171**	**71.020**	**211.651**
Samgönguráðuneyti				
30 333 Hafnabótasjóður	18.000	-	18.000	-
Samtals	**18.000**	-	**18.000**	-
Iðnaðarráðuneyti				
31 321 Rafmagnsveitur ríkisins	110.000	-	110.000	-
31 371 Orkusjóður	28.000	-	28.000	0
Samtals	**138.000**	-	**138.000**	0
Tilfærslur til B-hluta alls	**6.351.300**	**111.229**	**6.134.005**	**328.524**

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**						
101-1.01	Yfirstjórn		-3.500				-3.500
101-1.50	Fálkaorðan		-300				-300
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald				500		500
201-1.01	Alþingiskostnaður		9.000				9.000
201-1.02	Aðalskrifstofa		-800				-800
201-1.03	Þingmálaskrifstofa		3.900				3.900
201-1.04	Rekstrarskrifstofa		-5.300				-5.300
201-6.01	Tæki og búnaður					4.000	4.000
201-6.21	Fasteignir					-4.000	-4.000
211-1.10	Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar			5.700			5.700
211-1.15	Efling íslenskrar tungu			-5.700			-5.700
510-6.01	Mannvirkjagerð	Endurbætur á Bessastöðum halda áfram á árinu 1998.				28.900	28.900
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis		-200				-200
620-1.01	Ríkisendurskoðun		4.600				4.600
620-6.01	Tæki og búnaður					-2.000	-2.000
999-1.11	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku		-700				-700
999-6.21	Minningarkapella á Ljósavatni	Framkvæmdir við kapelluna hefjast á árinu 1998.				7.000	7.000
		Samtals æðsta stjórn ríkisins	**6.700**		**500**	**33.900**	**41.100**
01	**Forsætisráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		400				400
101-1.01	Yfirstjórn			-200			-200
101-1.20	Stjórnarráðshús		-100				-100
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	Styrkur sem kemur til greiðslu á árinu 1998.		6.000			6.000
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni		3.500				3.500
190-1.90	Ýmis verkefni		-3.500				-3.500
190-1.90	Ýmis verkefni			6.900			6.900
190-1.91	Heimssýning í Lissabon	Útgjöld vegna heimssýningar falla til á árinu 1998.	20.000				20.000
190-1.91	Heimssýning í Lissabon			-4.000			-4.000
190-1.95	Safnahús við Hverfisgötu		-800				-800
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis		3.100				3.100
201-1.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu		3.500				3.500

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
201-5.20	Stjórnarráðshús	Útgjöldum við framkvæmdir lýkur á árinu 1998.			15.200		15.200
201-5.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu				4.300		4.300
201-5.22	Ráðherrabústaður Þingvöllum				900		900
201-5.23	Aðrar fasteignir				100		100
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	Afgangur verður nýttur til að mæta auknum útgjöldum vegna formennsku í norrænu samstarfi.	6.400				6.400
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis			400			400
241-1.01	Umboðsmaður barna		2.700				2.700
241-6.01	Tæki og búnaður					-2.600	-2.600
251-1.01	Safnahús		1.000				1.000
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Uppsafnaður rekstrarhalli. Verður jafnað til móts við framlög til fasteigna og framkvæmda.	-10.800				-10.800
902-5.01	Fasteignir	Afgangur verður látinn ganga upp í rekstrarhalla.			2.000		2.000
902-6.01	Nýframkvæmdir	Afgangur verður látinn ganga upp í rekstrarhalla.				7.700	7.700
		Samtals forsætisráðuneyti	**25.400**	**9.100**	**22.500**	**5.100**	**62.100**
02	**Menntamálaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-3.900				-3.900
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra			5.800			5.800
201-1.05	Aðrar stofnanir og verkefni	Sértekjur vegna þjónustuverkefna koma inn á árinu 1998.	-85.300				-85.300
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum		-2.400				-2.400
202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma		2.100				2.100
203-1.01	Yfirstjórn		900				900
203-1.01	Yfirstjórn			400			400
203-1.02	Rekstur fasteigna		-1.200				-1.200
203-1.03	Rannsóknastofur	Sértekjur vegna þjónustuverkefna innheimtast á árinu 1998.	-5.500				-5.500
203-1.03	Rannsóknastofur			-300			-300
204-1.11	Íslenskukennsla erlendis		-200				-200
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi		200				200
205-1.20	Bókaútgáfa		1.100				1.100
206-1.01	Orðabók Háskólans		1.100				1.100
207-1.01	Íslensk málstöð		100				100
210-1.01	Háskólinn á Akureyri		6.800				6.800
210-1.02	Rannsóknastarfsemi			-6.800			-6.800
211-1.01	Tækniskóli Íslands	Uppsafnaður vandi frá árinu 1996 vegna námsframboðs umfram forsendur fjárlaga.	-29.900				-29.900
221-1.01	Yfirstjórn		-4.500				-4.500

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
221-1.02	Rannsóknastarfsemi			2.600			2.600
221-1.03	Rekstur fasteigna		3.600				3.600
221-1.04	Stoðþjónusta		-2.500				-2.500
221-1.05	Kennsla		-5.700				-5.700
221-1.05	Kennsla			1.300			1.300
221-1.10	Íslenska menntanetið		-700				-700
221-1.20	Endurmenntun		-1.300				-1.300
221-1.30	Æfingakennsla			3.200			3.200
223-1.01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	Uppsafnaður vandi vegna verkefna, einkum vegna samræmdra prófa, sem er lokið.	-11.100				-11.100
236-6.60	Vísindasjóður					-400	-400
237-6.60	Tæknisjóður					-600	-600
269-5.21	Viðhald	Frestun framkvæmda m.a. við lyftu hjá Kennaraháskóla Íslands.			11.200		11.200
269-6.21	Stofnkostnaður	Uppgjöri á verkefnum er ólokið.				6.600	6.600
299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	Styrkir, rannsóknarleyfi og verkefni í vinnslu sem ekki verða greidd fyrr en árið 1998.		9.300			9.300
301-1.01	Kennsla í dagskóla		-1.300				-1.300
301-1.02	Annað en kennsla		2.400				2.400
302-1.01	Kennsla í dagskóla	Uppsafnaður rekstrarvandi.	-9.600				-9.600
302-1.02	Annað en kennsla	Að mestu kostnaður við flutninga í nýtt húsnæði á árinu 1997.	-10.100				-10.100
303-1.01	Kennsla í dagskóla	*Að hluta vegna sértekna sem voru innheimtar en ekki skilað.*	-13.700				-13.700
304-1.01	Kennsla í dagskóla		-27.000				-27.000
304-1.02	Annað en kennsla		24.900				24.900
304-1.09	Önnur kennsla		-2.000				-2.000
305-1.01	Kennsla í dagskóla		-3.700				-3.700
305-1.02	Annað en kennsla		-5.300				-5.300
306-1.01	Kennsla í dagskóla		-700				-700
306-1.02	Annað en kennsla		-3.100				-3.100
306-1.02	Annað en kennsla			-400			-400
306-1.09	Önnur kennsla		5.200				5.200
307-1.01	Kennsla í dagskóla		-4.500				-4.500
307-1.02	Annað en kennsla		-4.000				-4.000
307-1.09	Önnur kennsla		1.800				1.800
308-1.01	Kennsla í dagskóla	Að hluta vegna þess að fjárveitingar hafa ekki fylgt nemendafjölgun.	-8.900				-8.900
308-1.02	Annað en kennsla	Að hluta vegna kostnaðar við nýtt skólahúsnæði með fullkominni verknámsaðstöðu.	-25.700				-25.700

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
308-1.09	Önnur kennsla		900				900
309-1.01	Kennsla í dagskóla		-400				-400
309-1.02	Annað en kennsla		-3.500				-3.500
317-1.01	Sameignir skólanna á Laugarvatni		-1.500				-1.500
318-1.50	Leigutekjur	Leigutekjur frá rekstraraðilum sumarhótela verða gerðar upp á árinu 1998.	-32.300				-32.300
318-5.80	Viðhald herma				1.700		1.700
318-5.90	Viðhald	*Framkvæmdum flýtt m.a. hjá Þroskaþjálfaskóla, lönskóla í Reykjavík og Laugaskóla.*			-26.700		-26.700
318-6.40	Tæki og búnaður					-10.800	-10.800
318-6.50	Tölvubúnaður					-1.000	-1.000
318-6.90	Byggingarframkvæmdir	Framkvæmdir töfðust m.a. við Menntaskólann í Reykjavík, Borgarholtsskóla og Ármúlaskóla.				245.500	245.500
319-1.11	Sameiginleg þjónusta		100				100
319-1.12	Orlof kennara		1.600				1.600
319-1.13	Forfallakennsla		-2.800				-2.800
319-1.14	Sérkennsla		100				100
319-1.15	Prófkostnaður	Uppsafnaður kostnaður við sveinspróf.	-27.900				-27.900
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi		-2.100				-2.100
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi			5.200			5.200
319-1.17	Námsskrárgerð	Unnið er að samningu aðalnámsskrár grunn- og framhaldsskóla.	19.000				19.000
319-1.18	Námsefnisgerð		-400				-400
319-1.19	Kennslueftirlit		1.100				1.100
319-1.19	Kennslueftirlit			-400			-400
319-1.21	Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna	Kostnaður verktaka er óuppgerður.		8.700			8.700
319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna		3.400				3.400
319-1.23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	Ólympíuleikarnir verða haldnir hér á landi árið 1998.	7.800				7.800
319-1.25	Nám flugvirkja í Sviþjóð	Uppgjöri á námsvistargjöldum er ólokið vegna ágreinings um kostnað.	6.000				6.000
319-1.26	Þróunarsjóður framhaldsskóla	Úthlutað verður úr sjóðnum árið 1998.		17.900			17.900
319-1.30	Endurmenntun		8.900				8.900
319-1.30	Endurmenntun			-3.400			-3.400
319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt		-2.300				-2.300
319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt			-600			-600
350-1.01	Kennsla í dagskóla	Sértekjur sem innheimtust 1997 verður skilað 1998.	-18.100				-18.100
350-1.02	Annað en kennsla		10.500				10.500
350-1.09	Önnur kennsla	*Sértekjur sem innheimtust árið 1997 verður skilað 1998.*	-16.800				-16.800

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
351-1.01	Kennsla í dagskóla		-5.100				-5.100
351-1.02	Annað en kennsla		-300				-300
351-6.01	Tæki og búnaður					-500	-500
352-1.01	Kennsla í dagskóla	Uppsafnaður halli og óbættur kostnaður vegna nemendafjölgunar haustið 1997.	-23.300				-23.300
352-1.02	Annað en kennsla		900				900
352-1.03	Fiskvinnsla, kennsla		3.500				3.500
352-1.04	Fiskvinnsla, annað en kennsla		4.500				4.500
352-1.09	Önnur kennsla		-2.200				-2.200
353-1.01	Kennsla í dagskóla		1.500				1.500
353-1.01	Kennsla í dagskóla			-400			-400
353-1.02	Annað en kennsla		4.000				4.000
353-1.09	Önnur kennsla		900				900
354-1.01	Kennsla í dagskóla		-3.700				-3.700
354-1.01	Kennsla í dagskóla			-400			-400
354-1.02	Annað en kennsla		-6.500				-6.500
354-1.03	Reykholt, kennsla		-700				-700
354-1.04	Reykholt, annað en kennsla		3.300				3.300
354-1.09	Önnur kennsla		2.100				2.100
355-1.01	Kennsla í dagskóla		-500				-500
355-1.02	Annað en kennsla		500				500
355-1.09	Önnur kennsla		3.200				3.200
356-1.01	Kennsla í dagskóla		400				400
356-1.01	Kennsla í dagskóla			-400			-400
356-1.02	Annað en kennsla		-400				-400
357-1.01	Kennsla í dagskóla		-5.100				-5.100
357-1.01	Kennsla í dagskóla			-400			-400
357-1.02	Annað en kennsla		4.600				4.600
357-1.09	Önnur kennsla		2.100				2.100
358-1.01	Kennsla í dagskóla		-400				-400
358-1.01	Kennsla í dagskóla			-400			-400
358-1.02	Annað en kennsla		-300				-300
359-1.01	Kennsla í dagskóla	Uppgjör á sértekjum 1997 fer fram á árinu 1998.	-18.500				-18.500
359-1.01	Kennsla í dagskóla			-700			-700

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
359-1.02	Annað en kennsla		2.200				2.200
359-1.09	Önnur kennsla	Uppgjör á sértekjum 1997 fer fram á árinu 1998.	-12.000				-12.000
360-1.01	Kennsla í dagskóla	Að hluta vegna flutnings í nýtt skólahúsnæði á árinu 1997.	-11.500				-11.500
360-1.02	Annað en kennsla		1.500				1.500
361-1.01	Kennsla í dagskóla		3.800				3.800
361-1.02	Annað en kennsla		-6.900				-6.900
362-1.01	Kennsla í dagskóla		1.100				1.100
362-1.02	Annað en kennsla		-2.700				-2.700
363-1.01	Kennsla í dagskóla		-2.900				-2.900
363-1.01	Kennsla í dagskóla			-200			-200
363-1.02	Annað en kennsla		-1.600				-1.600
365-1.01	Kennsla	Að hluta óbættur kostnaður vegna nemendafjölgunar.	-16.900				-16.900
365-1.02	Annað en kennsla		-1.700				-1.700
365-1.09	Önnur kennsla		4.400				4.400
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Uppsafnaður vandi vegna meiri táknmálstúlkaþjónustu en fjárlög gera ráð fyrir.	-5.700				-5.700
430-1.02	Nám táknmálstúlka			1.700			1.700
430-1.03	Völundur, námsgagnagerð		500				500
430-1.03	Völundur, námsgagnagerð			-1.400			-1.400
440-1.90	Fullorðinsfræðsla			800			800
441-1.01	Kennsla		-4.500				-4.500
441-1.02	Annað en kennsla		4.500				4.500
506-1.01	Kennsla í dagskóla		-4.700				-4.700
506-1.02	Annað en kennsla		5.000				5.000
506-6.01	Tæki og búnaður					-100	-100
507-1.01	Kennsla í dagskóla	Nemendafjölgun umfram forsendur fjárlaga.	-12.700				-12.700
507-1.02	Annað en kennsla		5.700				5.700
507-1.10	Endurmenntunarnámskeið		-600				-600
514-1.01	Kennsla í dagskóla	Kennslukostnaður minni en fjárlög gera ráð fyrir og eignakaup færð á stofnkostnað.	56.100				56.100
514-1.02	Annað en kennsla		-14.200				-14.200
514-1.09	Önnur kennsla		-8.000				-8.000
514-6.01	Tæki og búnaður	Að hluta eignakaup umfram forsendur fjárlaga sem fjármögnuð eru af framlagi til kennslu.				-30.100	-30.100
516-1.01	Kennsla í dagskóla		-100				-100
516-1.02	Annað en kennsla		1.000				1.000

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
523-1.01	Kennsla í dagskóla		7.800				7.800
523-1.02	Annað en kennsla		-1.800				-1.800
523-1.09	Önnur kennsla		-9.500				-9.500
524-1.01	Kennsla í dagskóla		2.500				2.500
524-1.02	Annað en kennsla		-1.500				-1.500
531-1.01	Kennsla í dagskóla		-2.400				-2.400
531-1.02	Annað en kennsla		-1.900				-1.900
541-1.01	Kennsla		-1.300				-1.300
541-1.02	Annað en kennsla		1.000				1.000
551-1.01	Kennsla		-4.700				-4.700
551-1.02	Annað en kennsla		2.500				2.500
561-1.01	Kennsla í dagskóla		2.300				2.300
561-1.02	Annað en kennsla		-6.200				-6.200
562-1.01	Kennsla í dagskóla		-1.900				-1.900
562-1.02	Annað en kennsla		-900				-900
564-1.01	Kennsla		-11.400				-11.400
564-1.02	Annað en kennsla		6.800				6.800
571-1.01	Sjómannaskólahúsið		-1.800				-1.800
606-1.01	Kennsla		900				900
606-1.02	Annað en kennsla		2.400				2.400
610-1.10	Héraðsskólinn Núpi		-100				-100
610-1.20	Héraðsskólinn Reykjanesi		-200				-200
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	Ýmis verkefni hafa tafist.	21.200				21.200
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni			200			200
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla			1.700			1.700
720-1.70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi			-700			-700
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum		-300				-300
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum			1.800			1.800
720-6.90	Tölvuvæðing í grunnskólum					3.400	3.400
725-1.01	Námsgagnastofnun		-1.200				-1.200
804-1.01	Kvikmyndaskoðun		-400				-400
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	Úthlutun stykja var hraðað vegna hækkunar framlags í fjárlögum 1998.		-19.900			-19.900
884-1.10	Skólaakstur	Uppgjör á aksturskostnaði fer fram árið 1998.		5.000			5.000

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	Unnið verður að rannsóknarverkefnum á árinu 1998.	5.200				5.200
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands			2.400			2.400
902-1.10	Byggða- og minjasöfn			1.000			1.000
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	Uppsafnaður rekstrarvandi frá árinu 1996, óinnheimtar sértekjur og biðlaun.	-10.600				-10.600
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands			-400			-400
903-1.11	Héraðsskjalasöfn			2.000			2.000
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	Uppsafnaður kostnaður vegna þjónustu umfram forsendur fjárlaga.	-7.100				-7.100
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn			-1.100			-1.100
905-6.05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	Bókakaup ársins 1997 verða greidd 1998.				11.300	11.300
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar		-900				-900
907-1.01	Listasafn Íslands	Safnið innheimti ekki sértekjur í samræmi við forsendur fjárlaga.	-13.900				-13.900
907-1.01	Listasafn Íslands			-400			-400
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar		1.100				1.100
907-6.01	Listaverkakaup					7.600	7.600
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands		1.600				1.600
919-1.90	Söfn			1.000			1.000
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	24.400				24.400
969-5.21	Viðhald				13.400		13.400
969-6.21	Stofnkostnaður	Framkvæmdir hafa tafist m.a. við Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Listaháskóla.				157.500	157.500
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn		1.000				1.000
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993			1.300			1.300
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	Styrkir verða greiddir út 1998 og síðar.		71.900			71.900
979-6.10	Húsafriðunarsjóður	Framlag í sjóðinn vegna ársins 1997 verður greitt 1998.				15.100	15.100
981-1.01	Kvikmyndasjóður	Rekstrarútgjöld umfram heimild í fjárlögum.	-45.200				-45.200
981-1.01	Kvikmyndasjóður			21.800			21.800
981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands		-2.000				-2.000
982-1.15	Þýðingarsjóður	Styrkir verða greiddir á árinu 1998.		8.400			8.400
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa			3.300			3.300
982-1.25	Starfsemi hljómsveita			400			400
982-1.27	Tónlist fyrir alla			-700			-700
982-1.28	Barnamenningarsjóður			-100			-100
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþin			1.000			1.000
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila			1.800			1.800

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
982-1.90	Listir			4.300			4.300
983-1.10	Fræðistörf	Að mestu nokkurra ára vandi vegna fransk-íslenskrar orðabókar, er minnkar smám saman.		-11.400			-11.400
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	Styrkjum verður úthlutað á árinu 1998.		5.200			5.200
983-1.20	Iðnsaga Íslands			2.400			2.400
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands			-300			-300
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag			-200			-200
984-1.90	Norræn samvinna			-800			-800
985-1.90	Alþjóðleg samskipti			1.400			1.400
985-1.91	Aðildargjöld ESB	Uppgjör aðildargjalda ársins 1997 fer fram 1998.		13.500			13.500
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins			100			100
988-1.90	Æskulýðsmál			600			600
989-1.15	Skólaíþróttir			800			800
989-1.16	Íþróttafélög			700			700
989-1.90	Ýmis íþróttamál			2.300			2.300
999-1.11	Forvarnastarf í skólum			2.200			2.200
999-1.43	Skriðuklaustur			1.200			1.200
999-1.44	Snorrastofa			2.200			2.200
999-1.90	Ýmis framlög	Ýmsir styrkir.		-5.200			-5.200
		Samtals menntamálaráðuneyti	**-375.200**	**161.400**	**-400**	**403.500**	**189.300**
03	**Utanríkisráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn	Halli verði jafnaður með afgangi á viðskiptaþjónustu.	-6.800				-6.800
101-1.01	Yfirstjórn			-1.600			-1.600
101-1.02	Varnarmálaskrifstofa		-1.500				-1.500
101-1.53	Þýðingamiðstöð		1.100				1.100
101-1.55	Viðskiptaþjónusta	Afgangur verði látinn ganga upp í halla á yfirstjórn.	9.500				9.500
101-6.01	Tæki og búnaður					3.000	3.000
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	Greiðslur frestast til ársins 1998.		2.500			2.500
190-1.31	Gufuskálar	Uppgjör útgjalda vegna lóransstöðvarinnar að Gufuskálum gerist snemma árs 1998.	12.400				12.400
190-1.90	Ýmis verkefni			3.000			3.000
201-1.01	Yfirstjórn		-700				-700
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli		5.800				5.800
201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	Halli verður jafnaður á móti öðrum viðfangsefnum embættisins á árinu 1998.	-7.500				-7.500
201-1.30	Fíkniefnaeftirlit		500				500

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
201-5.20	Fasteignir				1.000		1.000
201-6.10	Bifreiðar					-1.700	-1.700
301-1.01	Sendiráð Íslands í Bonn		3.300				3.300
302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn		5.600				5.600
303-1.01	Sendiráð Íslands í London		2.000				2.000
304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu		-800				-800
305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló		900				900
306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópurá	Halli verði jafnaður með tilfærslu fjár frá öðrum sendiráðum 1998.	-5.800				-5.800
307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi		1.900				1.900
308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington		-2.900				-2.900
309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og að	Halli verði jafnaður með tilfærslu fjár frá öðrum sendiráðum 1998.	-4.900				-4.900
310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandin	Útgjöld hafa frestast og falla til á árinu 1998.	15.700				15.700
311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalag		3.700				3.700
312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA		1.900				1.900
314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking		4.300				4.300
317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki		-200				-200
318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu		3.800				3.800
320-5.90	Viðhald				1.500		1.500
320-6.21	Sendiráð Íslands í Berlín					5.800	5.800
320-6.22	Sendiráð Íslands í Washington	Greiðslur vegna endurbyggingar sendiherrabústaðar falla til síðar en ætlað var.				19.400	19.400
320-6.23	Sendiráð Íslands í London	Greiðslu vegna endumýjunar sendiráðsaðseturs lýkur 1998.				74.400	74.400
320-6.90	Tæki og búnaður	Umframgreiðsla gengur til móts við fjárveitingu ársins 1998.				-12.000	-12.000
390-1.01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands			1.100			1.100
391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP			200			200
391-1.14	Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael	Áformað er að aðstoðinni ljúki 1998.		26.500			26.500
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna			3.500			3.500
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herz	Áformað er að útgjöld þessa verkefnis falli áfram til á árunum 1998-99.		36.200			36.200
391-1.30	Ýmis framlög til þróunarmála			1.400			1.400
401-1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO	Fjármunir notist 1998 til að styrkja fastanefnd Íslands hjá NATO og Vestur-Evrópusambandinu.		14.400			14.400
401-1.45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðæ			500			500
401-1.46	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur			300			300
401-1.49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL			-1.600			-1.600
401-1.52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa			200			200

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
401-1.53	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Haíti			4.600			4.600
401-1.54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA			300			300
401-1.56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pynti			400			400
401-1.57	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Tadsjikistan			200			200
401-1.58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkansk	Vegna hjálparstarfa íslenskra lækna, hjúkrunarfólks og lögreglumanna í Bosníu.		31.700			31.700
401-1.59	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Rúanda, UNAM			3.700			3.700
401-1.60	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Guatemala			400			400
401-1.62	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, OI			600			600
401-1.63	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAV			-6.600			-6.600
401-1.64	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOS			1.000			1.000
401-1.66	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ON			1.000			1.000
401-1.69	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Sahara,			1.100			1.100
401-1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA			-3.300			-3.300
401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	Afgangur verði nýttur til uppgjörs á þróunarsjóði EFTA.		12.400			12.400
401-1.72	EFTA-dómstóllinn	Afgangur verði nýttur til uppgjörs á þróunarsjóði EFTA.		20.200			20.200
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	*Útgjöld reyndust meiri en áætlað var. Uppgjöri vegna sjóðsins lýkur á árinu 1998.*		-15.600			-15.600
		Samtals utanríkisráðuneyti	**41.300**	**138.700**	**2.500**	**88.900**	**271.400**
04	**Landbúnaðarráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-3.100				-3.100
101-1.01	Yfirstjórn			3.600			3.600
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings		*3.600*				*3.600*
190-1.12	Mat á búvörum	Tekjur hafa reynst minni en áætlað var.	-6.900				-6.900
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða		-1.100				-1.100
190-1.16	Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993		1.400				1.400
190-1.90	Ýmis verkefni		4.100				4.100
190-1.90	*Ýmis verkefni*			-4.700			-4.700
211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins		-1.900				-1.900
221-1.01	Veiðimálastofnun	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-11.200				-11.200
233-1.01	Yfirdýralæknir	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-15.000				-15.000
233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-18.200				-18.200
233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir		400				400
233-5.90	Dýralæknisbústaðir				3.000		3.000
233-6.21	Krufningastofa á Keldum					800	800

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins		2.100				2.100
261-1.01	Bændaskólinn á Hvanneyri		-1.500				-1.500
261-1.01	Bændaskólinn á Hvanneyri			300			300
261-5.01	Viðhaldsfé				1.100		1.100
261-6.01	Tæki og búnaður	Umframgjöld sem greidd verða af framkvæmdafé á árinu 1998.				-7.400	-7.400
261-6.20	Fasteignir og lóðir	Umframgjöld sem greidd verða af framkvæmdafé á árinu 1998.				-8.000	-8.000
271-1.01	Bændaskólinn á Hólum		1.800				1.800
271-5.01	Viðhaldsfé	Umframgjöld sem greidd verða af framkvæmdafé á árinu 1998.			-12.900		-12.900
271-6.20	Fasteignir og lóðir					3.600	3.600
283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins		6.900				6.900
283-5.01	Viðhald				3.900		3.900
283-6.01	Tæki og búnaður					1.400	1.400
283-6.25	Tilraunagróðurhús	Umframgjöld sem greidd verða af framkvæmdafé á árinu 1998.				-12.200	-12.200
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins		-400				-400
311-1.01	Landgræðsla ríkisins		8.000				8.000
311-1.01	Landgræðsla ríkisins			-3.700			-3.700
311-1.90	Fyrirhleðslur	Framlag í fjárlögum fært undir tilfrærslur en bókað undir rekstri.	-10.500				-10.500
311-1.90	Fyrirhleðslur	Framlag í fjárlögum fært undir tilfrærslur en bókað undir rekstri.		14.800			14.800
311-5.01	Viðhaldsfé				2.300		2.300
311-6.01	Tæki og búnaður					-10.300	-10.300
311-6.20	Fasteignir					1.000	1.000
321-1.01	Skógrækt ríkisins	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-9.200				-9.200
321-1.01	Skógrækt ríkisins	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.		-11.400			-11.400
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá		-4.900				-4.900
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá			4.900			4.900
321-1.90	Sérstök verkefni		-6.500				-6.500
321-1.90	Sérstök verkefni			6.500			6.500
321-5.01	Viðhaldsfé				10.100		10.100
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði		-3.100				-3.100
341-1.10	Átak í landgræðslu og skógrækt		5.700				5.700
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull og gærum			200			200
805-1.10	Vaxta- og geymslukostnaður	Samningsbundin útgjöld sem greidd verða á árinu 1998.		43.700			43.700
805-1.30	Uppkaup á fullvirðisrétti	Uppkaup reyndust umfram áætlun og verða greidd af samningsbundinni fjárveitingu 1998.		-46.700			-46.700

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
805-1.32	Afsetning birgða	Samningsbundin útgjöld sem greidd verða á árinu 1998.		19.400			19.400
805-1.33	Hagræðing og vöruþróun			4.700			4.700
805-1.34	Umhverfisverkefni			6.000			6.000
		Samtals landbúnaðarráðuneyti	**-59.500**	**37.600**	**7.500**	**-31.100**	**-45.500**
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-1.900				-1.900
101-1.11	Fiskveiðisamningar		1.800				1.800
190-1.20	Eldi sjávardýra			700			700
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	Útgjöld falla til síðar en ætlað var. Kemur til útborgunar 1998.	10.100				10.100
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla			-3.000			-3.000
190-1.31	Stjórn fiskveiða		1.600				1.600
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir			15.000			15.000
190-1.42	Verktakasamningur um upplýsingaöflun			-800			-800
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits		3.700				3.700
190-1.90	Ýmislegt		-2.500				-2.500
190-1.90	Ýmislegt			2.500			2.500
190-6.01	Undirbúningur sjávarútvegsgarðs	Fjárheimild frá fyrri árum. Fjármunir verða notaðir til að kosta undirbúningsvinnu á árinu 1998.				9.500	9.500
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra			2.000			2.000
202-1.01	Almenn starfsemi		13.800				13.800
202-5.31	Viðhald skipa				-15.600		-15.600
202-6.31	Tæki og búnaður í skip					14.500	14.500
202-6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa					1.700	1.700
203-1.01	Almenn starfsemi	Uppsafnaður rekstrarvandi. Verður skoðaður í tengslum við afgang á tækjum og búnaði.	-11.700				-11.700
203-6.01	Tæki og búnaður	Ráðstöfun afgangs verði skoðaður í tengslum við uppsafnaðan rekstrarhalla.				12.000	12.000
204-1.01	Fiskistofa	Útgjöld falla til síðar en gert var ráð fyrir.	29.400				29.400
204-1.01	Fiskistofa			-100			-100
204-1.10	Landamærastöðvar	Útgjöld falla til á árinu 1998.	17.800				17.800
204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	Útgjöld færast milli ára.	7.400				7.400
204-6.01	Tæki og búnaður					-5.100	-5.100
901-1.01	Yfirstjórn		1.900				1.900
901-1.30	Keldnaholt		-800				-800
901-5.30	Keldnaholt, viðhald				-300		-300
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	4.000				4.000

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
		Samtals sjávarútvegsráðuneyti	**74.600**	**16.300**	**-15.900**	**32.600**	**107.600**
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**						
103-1.10	Útgáfa lagasafns	Tekjur og gjöld skila sér ekki á sama tíma.	9.300				9.300
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga		200				200
190-1.21	Próf málflytjenda		-2.500				-2.500
190-1.22	Próf skjalaþýðenda		-700				-700
190-1.23	Próf fasteignasala		-100				-100
190-1.31	Matsnefnd eignarnámsbóta		700				700
190-1.32	Tölvunefnd		-600				-600
190-1.33	Mannanafnanefnd		-300				-300
190-1.34	Örorkumatsnefnd	Tekjur til nefndarinnar skila sér áður en til útgjalda kemur.	32.000				32.000
190-1.41	Útgáfa norræns dómasafns		800				800
190-1.42	Norræn samvinna á sviði sakfræði		400				400
190-1.43	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL			200			200
190-1.44	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB			-100			-100
190-1.46	Landskjörstjórn		-700				-700
201-1.01	Yfirstjórn		-3.200				-3.200
201-1.02	Útgáfa hæstaréttardóma		2.100				2.100
211-1.02	Héraðsdómur Reykjavíkur		-2.700				-2.700
212-1.02	Héraðsdómur Vesturlands		1.100				1.100
213-1.02	Héraðsdómur Vestfjarða		-300				-300
214-1.02	Héraðsdómur Norðurlands vestra		3.300				3.300
215-1.02	Héraðsdómur Norðurlands eystra		-1.400				-1.400
216-1.02	Héraðsdómur Austurlands		-400				-400
217-1.02	Héraðsdómur Suðurlands		-800				-800
218-1.02	Héraðsdómur Reykjaness	Rekstrarumfang minna en heimilt er samkvæmt fjárlögum vegna aðhalds í rekstri.	10.900				10.900
290-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður		100				100
290-1.14	Óviss útgjöld		100				100
291-5.01	Viðhald húseigna				2.300		2.300
291-6.01	Húsnæði Hæstaréttar					-200	-200
291-6.60	Upplýsingakerfi dómstóla					200	200
301-1.05	Ríkissaksóknari		-300				-300
303-1.01	Ríkislögreglustjóri		-5.500				-5.500

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins		-300				-300
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	Rekstrarumfang er verulega umfram heimildir fjárlaga.	-45.800				-45.800
311-6.01	Tæki og búnaður					1.300	1.300
311-6.80	Bifreiðir					1.700	1.700
321-1.01	Almannavarnir ríkisins		3.900				3.900
325-1.10	Neyðarsímsvörun			-700			-700
331-1.01	Yfirstjórn		3.400				3.400
331-1.10	Ökunám	Tekjur eru í samræmi við áætlun fjárlaga en gjöld eru nokkuð hærri.	-7.100				-7.100
331-1.11	Ökuhermar fyrir grunnskólabörn		3.000				3.000
341-1.10	Matsnefnd vínveitingahúsa		-1.100				-1.100
341-1.20	Fíkniefnamál		900				900
341-1.20	Fíkniefnamál			-200			-200
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála		-300				-300
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður		-1.500				-1.500
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður			-100			-100
390-1.12	Tölvulesanleg vegabréf	Verkefnið fór hægar af stað en ráð var fyrir gert.	11.700				11.700
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips		1.100				1.100
390-6.01	Tæki og búnaður					400	400
390-6.10	Bifreiðir	Uppsafnaður vandi undanfarinna ára.				-10.100	-10.100
391-5.01	Viðhald húseigna				1.000		1.000
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	Stofnunin fékk greiðslu úr landhelgissjóði á síðasta ári.	31.000				31.000
395-6.01	Tæki og búnaður	Uppsafnaður afgangur.				15.000	15.000
397-6.01	Tæki og búnaður	Vinna við tölvukerfi vegna Schengen samstarfsins er ekki hafin.				10.000	10.000
411-1.01	Yfirstjórn		-400				-400
412-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-11.500				-11.500
412-1.20	Löggæsla	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-14.700				-14.700
413-1.01	Yfirstjórn		-4.600				-4.600
413-1.20	Löggæsla		-500				-500
414-1.01	Yfirstjórn		-3.300				-3.300
414-1.20	Löggæsla		500				500
415-1.01	Yfirstjórn		-200				-200
415-1.20	Löggæsla		100				100
416-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-2.800				-2.800

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
416-1.20	Löggæsla	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-3.900				-3.900
417-1.01	Yfirstjórn		-200				-200
417-1.20	Löggæsla		-900				-900
418-1.01	Yfirstjórn		-3.000				-3.000
418-1.20	Löggæsla		6.800				6.800
418-1.40	Tollgæsla		-1.500				-1.500
419-1.01	Yfirstjórn		800				800
419-1.20	Löggæsla		-900				-900
420-1.01	Yfirstjórn		-400				-400
420-1.20	Löggæsla		2.900				2.900
421-1.01	Yfirstjórn		-1.600				-1.600
421-1.20	Löggæsla		-1.700				-1.700
421-1.40	Tollgæsla		100				100
422-1.01	Yfirstjórn		-100				-100
422-1.20	Löggæsla		300				300
423-1.01	Yfirstjórn		-200				-200
423-1.20	Löggæsla		-1.100				-1.100
424-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-14.300				-14.300
424-1.20	Löggæsla		5.800				5.800
424-1.40	Tollgæsla		-1.200				-1.200
425-1.01	Yfirstjórn		-1.100				-1.100
425-1.20	Löggæsla		4.900				4.900
426-1.01	Yfirstjórn		-3.100				-3.100
426-1.20	Löggæsla		-1.500				-1.500
426-1.40	Tollgæsla		400				400
427-1.01	Yfirstjórn		-800				-800
427-1.20	Löggæsla		-400				-400
428-1.20	Löggæsla		2.900				2.900
429-1.01	Yfirstjórn		-300				-300
429-1.20	Löggæsla		700				700
430-1.01	Yfirstjórn		-400				-400
430-1.20	Löggæsla		-1.000				-1.000
431-1.01	Yfirstjórn		-900				-900

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
431-1.20	Löggæsla		-1.700				-1.700
432-1.01	Yfirstjórn		2.000				2.000
432-1.20	Löggæsla		3.700				3.700
432-1.40	Tollgæsla		-200				-200
433-1.01	Yfirstjórn		-5.200				-5.200
433-1.20	Löggæsla		-2.800				-2.800
433-1.40	Tollgæsla		-1.400				-1.400
434-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-7.300				-7.300
434-1.20	Löggæsla	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-2.300				-2.300
434-1.40	Tollgæsla		-500				-500
436-1.01	Yfirstjórn	Ekki hafa allar stöður embættisins verið nýttar.	9.500				9.500
436-1.20	Löggæsla	Ekki hafa allar stöður embættisins verið nýttar.	6.900				6.900
436-1.40	Tollgæsla		-1.200				-1.200
437-1.01	Yfirstjórn		400				400
437-1.20	Löggæsla		-3.400				-3.400
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Aukin útgáfa vegabréfa og ökuskírteina miðað við forsendur fjárlaga.	-10.300				-10.300
490-1.20	Kostnaður við löggæslunám	Afgangur frá 1996 og lækkun dagpeningagreiðslna til nema Lögregluskólans.	9.100				9.100
490-1.21	Óviss útgjöld		700				700
490-1.60	Gagnalínukostnaður		-2.400				-2.400
491-5.01	Viðhald húseigna				1.000		1.000
491-6.14	Húsnæði sýslumannsins í Stykkishólmi					900	900
491-6.26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði					300	300
491-6.33	Húsnæði sýslumannsins á Selfossi	Verkið hófst ekki fyrr en undir lok árs 1997.				15.000	15.000
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna	Uppsafnaður vandi undanfarinna ára.				-23.900	-23.900
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins		2.000				2.000
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga				500		500
501-6.01	Tæki og búnaður					2.200	2.200
591-6.10	Stofnframkvæmdir					400	400
701-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-16.800				-16.800
701-1.11	Vígslubiskup Skálholti		-300				-300
701-1.13	Vígslubiskup Hólum		100				100
701-1.21	Prestar og prófastar	Launa- og embættiskostnaðargreiðslur eru umfram áætlun fjárlaga.	-10.300				-10.300
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	28.000				28.000

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
		Samtals dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**-15.600**	**-900**	**4.800**	**13.200**	**1.500**
07	**Félagsmálaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		5.400				5.400
101-1.01	Yfirstjórn			-300			-300
101-1.90	Reynslusveitarfélög	Kostnaður við verkefnið kemur hægar inn en áætlað var.	13.500				13.500
101-1.99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál		-1.300				-1.300
101-1.99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál			1.900			1.900
272-6.01	Byggingarsjóður verkamanna					-4.500	-4.500
302-1.01	Ríkissáttasemjari		-300				-300
311-1.01	Jafnréttisráð		-2.700				-2.700
311-1.10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál		2.200				2.200
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	Uppsafnaðar tekjur. Tekjustofnar skila meiru en nemur rekstrarufangi stofnunar.	84.500				84.500
321-1.10	Námssjóður		-600				-600
321-1.10	Námssjóður			1.200			1.200
321-6.01	Tæki og búnaður					-4.100	-4.100
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	Uppsafnaðar tekjur. Tekjustofnar skila meiru en nemur rekstrarufangi stofnunar.	12.300				12.300
331-6.01	Tæki og búnaður					1.000	1.000
400-1.01	Barnaverndarstofa		-500				-500
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	Starfsemi Sambýlis að Sólheimum 17 var hætt og samningur gerður við Varpholt í Eyjafirði.	25.200				25.200
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	Starfsemi Sambýlis að Sólheimum 17 var hætt og samningur gerður við Varpholt í Eyjafirði.		-15.900			-15.900
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins		5.500				5.500
400-6.20	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar					-4.500	-4.500
401-1.01	Barnaverndarráð		-1.000				-1.000
700-1.03	Samráðsnefnd um ferlimál		300				300
700-1.09	Rekstrarhagræðing		-1.000				-1.000
700-1.20	Vistun geðfatlaðra		-1.700				-1.700
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.		-2.500				-2.500
700-1.80	Starfsþjálfun			-400			-400
700-1.90	Ýmis verkefni	Samningum við tölvumiðstöð fatlaðra og starfsþjálfun fatlaðra var ekki lokið fyrir áramót.		12.800			12.800
700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	Útskriftir á árinu 1997 reyndust minni en áætlað var.	34.100				34.100
701-1.01	Sæðisskrifstofa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-12.900				-12.900
701-1.01	Sæðisskrifstofa			8.500			8.500
701-1.10	Sæðisráð		300				300

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
701-1.20	Sambýli	*Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.*	-6.200				-6.200
701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71		-1.100				-1.100
701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		-3.600				-3.600
701-1.60	Dagvistun	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-3.900				-3.900
701-1.77	Vistheimili fyrir börn	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-3.600				-3.600
702-1.01	Svæðisskrifstofa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-14.200				-14.200
702-1.01	Svæðisskrifstofa			900			900
702-1.10	Svæðisráð		500				500
702-1.20	Sambýli		7.900				7.900
702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		1.400				1.400
702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni			-800			-800
702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi		2.200				2.200
702-1.40	Leikfangasafn Keflavík		-100				-100
702-1.60	Skammtímavistun	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-8.600				-8.600
702-1.61	Dagvistun Keflavík		300				300
702-1.64	Hæfingarstöðvar	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.900				-2.900
702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi		4.300				4.300
702-1.73	Vistheimili fyrir börn		6.200				6.200
703-1.01	Svæðisskrifstofa		2.900				2.900
703-1.20	Sambýli Akranesi		-200				-200
703-1.21	Sambýli Borgarnesi		300				300
703-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		-700				-700
703-1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi		600				600
703-1.61	Skammtímavistun		-600				-600
704-1.01	Svæðisskrifstofa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-9.400				-9.400
704-1.10	Svæðisráð		500				500
704-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		3.600				3.600
704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu		4.400				4.400
704-1.32	Þjónusta í Strandasýslu		400				400
704-1.33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu		100				100
704-1.34	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu		-200				-200
705-1.01	Svæðisskrifstofa		2.100				2.100
705-1.20	Sambýli	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.100				-2.100

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
705-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		800				800
705-1.40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra		2.200				2.200
705-1.60	Skammtímavistun		-500				-500
705-1.61	Dagvistun	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-6.300				-6.300
705-6.20	Sambýli					1.100	1.100
706-1.01	Svæðisskrifstofa		-500				-500
706-1.01	Svæðisskrifstofa			500			500
706-1.10	Svæðisráð		100				100
706-1.20	Sambýli		-500				-500
706-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		-200				-200
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaí		2.100				2.100
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaí			-900			-900
707-1.01	Svæðisskrifstofa		2.000				2.000
707-1.01	Svæðisskrifstofa			3.500			3.500
707-1.10	Svæðisráð		300				300
707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.000				-2.000
707-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.000				-2.000
707-1.30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum		-400				-400
707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi		1.200				1.200
707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi			-100			-100
707-1.60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði		2.200				2.200
707-1.86	Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fa	Samnigur gerður eftir samþykkt fjárlaga. Heimildir eru á öðrum fjárlagaliðum.		-3.400			-3.400
708-1.01	Svæðisskrifstofa		500				500
708-1.01	Svæðisskrifstofa			1.900			1.900
708-1.10	Svæðisráð		300				300
708-1.20	Sambýli Selfossi	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.400				-2.400
708-1.26	Sambýli Vestmannaeyjum		8.800				8.800
708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni		4.100				4.100
708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni			-1.700			-1.700
708-1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-3.800				-3.800
708-1.31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum		4.300				4.300
708-1.40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum		1.900				1.900
708-1.50	Vistheimili fyrir börn		500				500

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
708-1.70	Lambhagi		-1.000				-1.000
708-1.72	Skaftholt		1.800				1.800
708-1.73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum		7.400				7.400
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við	Samningur gerðu eftir samþykkt fjárlaga. Heimildir eru á öðrum fjárlagaliðum.	-29.100				-29.100
710-1.70	Heimili einhverfra	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-4.500				-4.500
711-1.20	Sambýli	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-4.600				-4.600
711-1.30	Vinnustofan Ás		3.800				3.800
711-1.60	Dagvistun Lækjarási	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-2.100				-2.100
711-1.61	Dagvistun Bjarkarási	Rekstrarumfang umfram heimildir í fjárlögum.	-3.200				-3.200
711-1.62	Dagvistun Lyngási	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-5.800				-5.800
711-1.63	Skammtímavistun Víðihlíð 9		-200				-200
711-1.64	Skammtímavistun Hólabergi		-300				-300
720-1.70	Vistheimilið Skálatúni		1.000				1.000
750-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-4.700				-4.700
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra					34.100	34.100
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til hagræðingar hjá ráðuneytinu.	11.900				11.900
980-1.01	Yfirstjórn		8.500				8.500
981-1.10	Félagsdómur		-800				-800
981-1.30	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	Umsóknir um styrki reyndust minni en áætlað var.		28.300			28.300
981-1.32	Starfsmenntun í atvinnulífinu			2.000			2.000
981-1.70	Atvinnumál kvenna	Umsóknir um styrki reyndust minni en áætlað var.		14.800			14.800
981-1.90	Ýmislegt			12.000			12.000
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um féiags			11.200			11.200
999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	Uppgjör við Tryggingastofnun vegna barnameðlaga erlendra manna frestast til ársins 1998.		27.600			27.600
999-1.30	Sjómannastofur			2.300			2.300
999-1.31	Félagasamtök, styrkir			4.500			4.500
999-1.32	Starfsmenntun í atvinnulífinu			5.100			5.100
999-1.50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu s		-200				-200
999-1.53	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og		-1.200				-1.200
999-1.60	Verkefni á sviði húsnæðismála		3.700				3.700
999-1.90	Ýmis framlög			3.500			3.500
		Samtals félagsmálaráðuneyti	**132.200**	**119.000**		**23.100**	**274.300**

08 Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
101-1.01	Yfirstjórn		1.300				1.300
101-1.01	Yfirstjórn			100			100
101-6.01	Tæki og búnaður					-700	-700
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins		-6.200				-6.200
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins			100			100
301-1.01	Yfirstjórn	Uppsöfnuð umframgjöld án heimildar, frá árinu 1996 var flutt yfir 10,1 m.kr. rekstrarskuld.	-14.800				-14.800
301-1.10	Læknaráð		-100				-100
301-1.20	Sjúkraflutningaráð		500				500
301-1.30	Slysavarnaráð		1.300				1.300
301-1.40	Siðaráð		800				800
311-1.01	Héraðslæknir í Reykjavík		-300				-300
324-1.01	Heymar- og talmeinastöð Íslands		-600				-600
324-1.01	Heymar- og talmeinastöð Íslands	Kaup á heymartækjum færist yfir a næsta ár.		-10.000			-10.000
326-1.01	Sjónstöð Íslands		900				900
327-1.01	Geislavarnir ríkisins		-500				-500
327-6.01	Tæki og búnaður					400	400
330-1.01	Manneldisráð		-300				-300
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri			900			900
340-1.80	Gigtarráð			2.400			2.400
340-1.90	Ýmis starfsemi			8.000			8.000
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda					-1.800	-1.800
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri		6.500				6.500
360-1.01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	Millifært af liðnum 08-950 Rekstrarhagræðing.	6.000				6.000
365-1.01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi		-6.300				-6.300
370-1.01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	Óhafin fjárveiting, á móti er stofnkostnaður í minus.	30.100				30.100
370-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	Umframútgjöld vegna endurskipulagingar, á móti er óhafin fjarrveiting í rekstri.				-23.600	-23.600
371-1.01	Ríkisspítalar	Umframútgjöid í rekstri skýrast af því að veruleg inneign er á liðnum stjórnarnefnd, stofnkostnaði	-124.400				-124.400
371-5.60	Stjórnarnefnd, viðhald	Umframútgjöld vegna viðhalds, a móti er verulegur afgangur a liðnum stjórnanefnd, stofnkostnað			-106.000		-106.000
371-6.60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður					296.300	296.300
371-6.70	Nýframkvæmdir á Landspítalalóð					-31.900	-31.900
375-1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	Inneign skýrist af uppgjöri af liðnum 08-370 í árslok í samræmi við samkomulag um rekstur sjúkr	57.800				57.800
378-1.01	Læknishéraðasjóður			2.000			2.000
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Framlag til að leiðretta stöðu sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Nefnd a vegum HT mun úthluta fénu.	200.000				200.000

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
381-5.50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt				5.700		5.700
381-6.60	Tækjakaup, óskipt					17.400	17.400
381-6.90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisb	Skýrist að mestu af umframútgjöldum vegna samkomulags um heilsugæslustöð í Garðabæ.				-55.700	-55.700
385-1.01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni	Framlag á að færast a móti útgjöldum sjúkratrygginga.		39.000			39.000
385-6.01	Stofnkostnaður og endurbætur	Í samræmi við samkomulag um sjúkrahúsin í Reykjavík var framlagi vegna öldrunarsjúkrahúss fl				-61.000	-61.000
393-1.11	Lyfjaverðsnefnd		-300				-300
393-1.41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár		1.200				1.200
393-1.51	Evrópska lyfjaskráin		100				100
393-1.71	Samheitaverðskrá lyfja		1.000				1.000
395-1.01	Lyfjaeftirlit ríkisins	Uppsafnaðar tekjur umfram gjöld frá árinu 1996 voru 4,6 m.kr. Leiðretta þarf gjaldskrá.	7.000				7.000
396-1.01	Lyfjanefnd	Uppsafnaðar tekjur umfram gjöld voru 7,1 m.kr. frá árinu 1996. Leiðrétta þarf gjaldskrá .	11.100				11.100
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975		400				400
399-1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarni		6.200				6.200
399-1.50	Tannverndarsjóður			300			300
399-1.53	Tóbaksvarnir			-3.500			-3.500
399-1.59	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili			2.000			2.000
399-1.63	Áfallahjálp			-1.500			-1.500
399-1.65	Heilsuefling		-2.900				-2.900
399-1.65	Heilsuefling			1.300			1.300
399-1.71	Norræni heilsugæsluskólinn			1.400			1.400
399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO			3.200			3.200
399-1.90	Ýmis framlög			6.800			6.800
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi		100				100
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi			1.300			1.300
401-1.01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	Millifærð heimild af liðnum 08-950 Rekstrarhagræðing.	5.000				5.000
402-1.01	Sjúkrahús Hvammstanga		100				100
402-6.01	Tæki og búnaður					-100	-100
404-5.01	Viðhald				-100		-100
422-1.01	Hlaðgerðarkot		100				100
422-5.01	Viðhald				-100		-100
431-1.01	Endurhæfingardeild		-7.000				-7.000
431-1.10	Heilsuhælisdeild		2.000				2.000
490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna		700				700

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Umframútgjöld, m.a. vegna veikinda, barnsburðarleyfa o.fl. sameiginlegs kostnaðar.	-11.600				-11.600
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Skýrist að hluta af samningum um sjúkraflutninga.		-28.400			-28.400
500-1.15	Leigutekjur starfsmannaíbúða		-8.900				-8.900
500-5.01	Viðhald, óskipt				-1.700		-1.700
500-5.80	Viðhald starfsmannaíbúða				5.800		5.800
500-6.01	Tæki og búnaður					16.800	16.800
500-6.90	Tölvuvæðing					-5.200	-5.200
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	Umframútgjöld, m.a. vegna heimahjúkrunar. Styrkja þarf fjármálastjórn.	-31.700				-31.700
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík			3.800			3.800
510-5.01	Viðhald				300		300
511-1.10	Heilsugæslustöðin Árbæ		-6.400				-6.400
511-1.20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi		-8.700				-8.700
512-1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti		-13.900				-13.900
512-1.20	Heilsugæslustöðin Mjódd		-5.900				-5.900
512-5.01	Viðhald				600		600
512-6.01	Tæki og búnaður					-800	-800
513-1.10	Heilsugæslustöðin Fossvogi		-5.300				-5.300
513-6.01	Tæki og búnaður					-900	-900
514-1.10	Heilsugæslustöðin Hlíðum		1.500				1.500
514-1.20	Heilsugæslustöðin Miðbæ		-4.400				-4.400
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi		-2.000				-2.000
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík		-100				-100
541-1.01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga		100				100
541-5.01	Viðhald				-100		-100
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík		-3.900				-3.900
553-1.01	Heilsugæslustöðin Akureyri		-1.400				-1.400
555-1.01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri		-200				-200
555-5.01	Viðhald				-100		-100
556-1.01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn		-100				-100
561-1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði		-500				-500
566-1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði		-1.100				-1.100
571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri		-300				-300
572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal		-700				-700

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
575-1.01	Heilsugæslustöðin Hellu		-3.900				-3.900
578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði		-100				-100
579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn		-300				-300
582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	Umframútgjöld skýrast af auknu umfangi og miklum afleysingum vegna veikinda.	-10.100				-10.100
583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ		-2.100				-2.100
584-1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi		-3.800				-3.800
621-1.10	Áfengisvarnaráð		-2.500				-2.500
621-1.10	Áfengisvarnaráð			700			700
621-1.90	Forvarnasjóður		-400				-400
621-1.90	Forvarnasjóður			13.600			13.600
		Samtals heilbrigðis- og trygg.málaráðun.	**47.800**	**43.500**	**-95.700**	**149.200**	**144.800**
09	**Fjármálaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		6.400				6.400
101-6.01	Tæki og búnaður	Einkum vegna endurnýjunar á tölvubúnaði og uppbyggingar á málaskrá.				-6.300	-6.300
103-1.01	Ríkisbókhald		5.200				5.200
103-6.01	Tæki og búnaður					1.600	1.600
104-1.01	Ríkisfjárhirsla		2.400				2.400
104-6.01	Tæki og búnaður					2.000	2.000
105-1.01	Ríkislögmaður		-400				-400
105-6.01	Tæki og búnaður					1.500	1.500
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra			9.600			9.600
201-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-9.800				-9.800
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-13.600				-13.600
201-1.20	Skatteftirlit		-100				-100
201-6.01	Tæki og búnaður	Kaup á búnaði hafa frestast frá því sem ætlað var.				21.000	21.000
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík		-3.600				-3.600
202-6.01	Tæki og búnaður					6.100	6.100
203-1.01	Skattstofa Vesturlands		100				100
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra		100				100
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra		6.100				6.100
207-1.01	Skattstofa Austurlands		2.900				2.900
208-1.01	Skattstofa Suðurlands		1.700				1.700
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja		500				500

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
211-1.01	Skattstofa Reykjaness		2.400				2.400
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld		8.700				8.700
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld			-200			-200
212-1.02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur		100				100
212-1.10	Skatteftirlit		700				700
212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fikniefnasmygli			200			200
212-1.20	Olíugjald	Að mestu frá árinu 1996. Gildistaka laga hefur frestast en framlag er veitt að nýju árið 1998.	-5.900				-5.900
212-1.30	Þungaskattur		900				900
212-1.40	Fjármagnstekjuskattur		3.200				3.200
212-6.01	Tæki og búnaður					2.300	2.300
214-1.01	Yfirskattanefnd		7.000				7.000
214-6.01	Tæki og búnaður					400	400
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins		4.300				4.300
215-6.01	Tæki og búnaður					-4.300	-4.300
261-1.01	Ríkistollstjóri		-6.800				-6.800
261-6.01	Tæki og búnaður					3.500	3.500
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík		6.200				6.200
262-6.01	Tæki og búnaður					-1.500	-1.500
402-1.01	Fasteignamat ríkisins		-100				-100
402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd		-400				-400
901-1.01	Framkvæmdasýslan		1.200				1.200
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur á sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	20.100				20.100
981-6.05	Stjórnarráðsbyggingar					7.100	7.100
981-6.40	Tollhúsið við Tryggvagötu	Útgjöld vegna framkvæmda við tollhúsið hafa frestast frá því sem gert var ráð fyrir.				18.200	18.200
981-6.80	Listaskóli	Framkvæmda við húsnæði listaskóla hafa frestast.				21.200	21.200
981-6.90	Aðrar húseignir					6.300	6.300
981-6.92	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga					-3.000	-3.000
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarin			18.100			18.100
995-1.01	Launagreiðslukerfi		10.600				10.600
995-1.02	Tekjubókhaldskerfi		1.000				1.000
995-1.03	Skattvinnslukerfi	Á móti greiðslum sem bókaðar hafa verið á rekstur standa afgangsheimildir til stofnkostnaðar.	-27.400				-27.400
995-1.04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins		100				100
995-1.05	Innheimtuskilakerfi		-1.700				-1.700

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
995-1.06	Forsendukerfi innheimtugagna		11.200				11.200
995-6.01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	Uppbygging á nýju kerfi hefur seinkað nokkuð frá því sem fyrirhugað var.				25.400	25.400
995-6.02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	Uppbygging á nýju kerfi hefur orðið nokkru hraðari en reiknað var með.				-12.600	-12.600
995-6.03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi					13.500	13.500
995-6.04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	Uppbygging á nýju kerfi hefur seinkað nokkuð frá því sem fyrirhugað var.				29.300	29.300
995-6.08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	Verkefni að mestu lokið en fyrirhugað að afgangi verði varið til forritunar á framtali einstaklinga.				20.000	20.000
995-6.09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	Uppbygging á nýju kerfi hefur seinkað nokkuð frá því sem fyrirhugað var.				11.200	11.200
999-1.09	Rekstrarhagræðing		2.400				2.400
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið		11.500				11.500
999-1.15	Kjararannsóknir		-400				-400
999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður		-2.000				-2.000
999-1.19	Ýmsar endurgreiðslur			-300			-300
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga	Greiðslur hafa frestast frá því sem reiknað var með í fjárlögum.		35.000			35.000
999-1.21	Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreikning	Uppgjör á útgjöldum viðkomandi aðila að verkefninu lýkur ekki fyrr en á árinu 1998.	10.300				10.300
999-1.70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	Uppgjöri ýmissa útgjalda verður ekki að fullu lokið fyrr en á árinu 1998.		15.000			15.000
999-1.90	Óviss útgjöld		7.800				7.800
999-1.90	Óviss útgjöld			17.100			17.100
		Samtals fjármálaráðuneyti	**62.900**	**94.500**		**162.900**	**320.300**
10	**Samgönguráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		6.900				6.900
101-1.01	Yfirstjórn			1.600			1.600
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar			-200			-200
190-1.13	Siglingamálastofnun Namibíu	Uppgjör verkefnisins fer fram á árinu 1998.	1.100				1.100
190-1.14	Tækniþróunarverkefni á sviði flugmála í Namibíu	Upphaf verkefnisins frestast.	8.000				8.000
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa		-800				-800
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna		600				600
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna			5.000			5.000
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna			5.600			5.600
190-1.25	GPS-staðsetningarkerfi	Upphaf verkefnisins frestast.	17.000				17.000
190-1.27	Slysavarnafélag Íslands			-2.800			-2.800
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	Verkefnið hefst á árinu 1998 og felst að stórum hluta í stofnkostnaði.		37.400			37.400
190-1.29	Snæfellsbær, almannavarna- og björgunarskóli á G			5.000			5.000
190-1.33	Flugeftirlitsnefnd		-100				-100

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.34	Flugskóli Íslands			3.000			3.000
190-1.40	Stefnumótun í ferðamálum		-200				-200
190-1.42	Ferðamál og markaðsstarf			7.700			7.700
190-1.43	Heilsárshótel á landsbyggðinni			4.500			4.500
190-1.63	Ferðaskrifstofan GCI á Íslandi	Hér er um tryggingarfé að ræða en ágreiningur er um hvaða kröfur ber að greiða.	1.000				1.000
190-1.63	Ferðaskrifstofan GCI á Íslandi	Hér er um tryggingarfé að ræða en ágreiningur er um hvaða kröfur ber að greiða.		-100			-100
190-1.90	Ýmislegt		4.500				4.500
190-1.90	Ýmislegt			1.300			1.300
190-1.91	Athugun á öryggi fiskiskipa		900				900
335-6.70	*Hafnamannvirki*					34.900	34.900
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-2.500				-2.500
511-1.01	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	Stofnun lokað á árinu og Póst- og fjarskiptastofnun tók við starfseminni.	10.200				10.200
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnun	Póst- og fjarskiptastofnun tók við verkefnum Fjarskiptaeftirlits á árinu.	-22.700				-22.700
651-1.01	Ferðamálaráð		-300				-300
651-1.81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994			-100			-100
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til hagræðingar hjá ráðuneytinu.	7.000				7.000
		Samtals samgönguráðuneyti	**30.600**	**67.900**		**34.900**	**133.400**
11	**Iðnaðarráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-300				-300
101-6.01	Tæki og búnaður					-1.000	-1.000
102-1.01	Einkaleyfastofan	Tekjur og gjöld skila sér ekki á sama ári.	25.900				25.900
201-1.01	*Iðntæknistofnun Íslands*		-5.200				-5.200
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins		600				600
203-6.01	Tæki og búnaður					-900	-900
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir		2.400				2.400
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir			1.500			1.500
240-1.41	Vegalagning vegna álvers á Grundartanga		4.000				4.000
299-1.19	Staðlaráð			5.100			5.100
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf		-5.000				-5.000
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf			-1.100			-1.100
299-1.31	Starf hjá framkvæmdastjórn ESB	Ekki á fjárlögum. Leitað verði eftir aukafjárveitingu 1998.	2.900				2.900
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar			-200			-200
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	Útgjöld falla til á árinu 1998.	15.800				15.800

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál			-2.600			-2.600
299-1.60	Verkefnaútflutningur	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.	-1.100				-1.100
299-1.60	Verkefnaútflutningur	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.		-2.300			-2.300
299-1.70	Til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni			1.900			1.900
301-1.01	Yfirstjórn		-5.700				-5.700
301-1.02	Orkumálasvið		400				400
301-1.03	Orkurannsóknir	Tekjur og gjöld falla ekki til a sama tíma.	15.100				15.100
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur		200				200
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur			8.400			8.400
399-1.21	Orkunefnd		-1.500				-1.500
950-1.90	Rekstrarhagræðing	Afgangur af sérstöku framlagi á árinu 1997 til að greiða fyrir hagræðingu hjá ráðuneytinu.	3.000				3.000
		Samtals iðnaðarráðuneyti	**51.500**	**10.700**		**-1.900**	**60.300**
12	**Viðskiptaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-2.400				-2.400
190-1.10	Neytendasamtökin			-1.700			-1.700
190-1.11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir			1.000			1.000
190-1.30	Endurskipulagning fjármagnsmarkaðar	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.		-200			-200
190-1.40	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.	-900				-900
190-1.40	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	Ekki á fjárlögum. Verður jafnað með millifærslu 1998.		-200			-200
190-1.46	Prófnefndir			-1.400			-1.400
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál		-3.900				-3.900
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál			3.900			3.900
302-1.01	Löggildingarstofa	Halli yfirfærður til ársins 1998.	-7.400				-7.400
401-1.01	Vátryggingaeftirlitið		-100				-100
902-1.01	Samkeppnisstofnun		1.100				1.100
950-1.90	Rekstrarhagræðing		1.000				1.000
		Samtals viðskiptaráðuneyti	**-12.600**	**1.400**			**-11.200**
13	**Hagstofa Íslands**						
101-1.01	Yfirstjórn		-5.200				-5.200
101-1.01	Yfirstjórn			5.100			5.100
101-1.02	Sérstakar kannanir		4.400				4.400
101-1.50	Þjóðskráin		6.000				6.000

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
101-6.01	Tæki og búnaður	Halli verði jafnaður mót afgangi á rekstri.				-14.800	-14.800
950-1.90	Rekstrarhagræðing		1.000				1.000
		Samtals hagstofa Íslands	**6.200**	**5.100**		**-14.800**	**-3.500**
14	**Umhverfisráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn		-700				-700
101-1.01	Yfirstjórn	Aukinn ferðakostnaður.		-2.000			-2.000
101-6.01	Tæki og búnaður	Endurnýjun tölvubúnaðar vegna nýs tölvukerfis, Lotus Notes.				-2.700	-2.700
190-1.22	Stefnumörkun í umhverfismálum		-700				-700
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára auk annarra smærri liða.	-22.900				-22.900
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni			1.000			1.000
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum			-1.600			-1.600
190-1.35	Umhverfisvöktun	Greiðslur vegna verkefna 1997 falla ekki til fyrr en 1998.	10.100				10.100
190-1.39	Mengunarslys		300				300
190-1.39	Mengunarslys			3.000			3.000
190-1.40	Alþjóðastofnanir	Greiðslur vegna alþjóðlegra samninga falla ekki til fyrr en á árinu 1998.		6.000			6.000
190-1.53	Undirbúningur náttúrustofa			100			100
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum			3.000			3.000
190-1.55	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar		2.000				2.000
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar		2.200				2.200
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur		600				600
190-1.59	Náttúruverndarráð	Náttúruverndarþing og greiðslur fyrir verkefni á vegum Friðlýsingarsjóðs.		-3.400			-3.400
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn		1.200				1.200
205-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-10.700				-10.700
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði		1.100				1.100
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði				3.500		3.500
205-6.01	Tæki og búnaður	Sala bifreiðar á móti kaupum á annarri fór fram eftir áramót.				-3.700	-3.700
210-1.01	Veiðistjóri		2.000				2.000
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins		1.600				1.600
221-6.01	Tæki og búnaður					-400	-400
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga hafa verið minni en ráð var fyrir gert.				49.000	49.000
285-1.10	Eyðing spilliefna	Greiðslur vegna verkefna 1997 falla ekki til fyrr en 1998.		17.000			17.000
301-1.01	Skipulagsstjóri ríkisins	Vinna við lagafrumvarp auk barnsburðarleyfa og starfsmannaskipta.	-7.900				-7.900
301-1.01	Skipulagsstjóri ríkisins			2.600			2.600

Fyrirhugaðar breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	Tekjur hafa reynst hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.	7.800				7.800
301-1.12	Skipulag miðhálendis		1.900				1.900
401-1.01	Yfirstjórn		-900				-900
401-1.02	Setur í Reykjavík	Uppsafnaður rekstrarvandi auk annarra liða, s.s. lægri tekjur en áætlað.	-23.600				-23.600
401-1.03	Setur á Akureyri		-2.800				-2.800
401-5.21	Fasteignir				1.400		1.400
401-6.01	Tæki og búnaður	Bifreið embættisins skemmdist mikið í árekstri.				-4.800	-4.800
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	Starfrækslan fór hægar af stað en ráð var fyrir gert.	7.000				7.000
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum		-3.300				-3.300
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi		2.100				2.100
410-1.01	Almenn starfsemi	Tekjur reyndust lægri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.	-5.100				-5.100
950-1.90	Rekstrarhagræðing		400				400
		Samtals umhverfisráðuneyti	**-38.300**	**25.700**	**4.900**	**37.400**	**29.700**
		Samtals öll ráðuneyti	**-22.000**	**730.000**	**-69.300**	**936.900**	**1.575.600**

Niðurfellingar óhafinna fjárveitinga og umframgjalda í árslok 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**						
401-1.01	Hæstiréttur	Laun Hæstaréttardómara reyndust meiri en áætlað var.	-4.400				-4.400
520-1.01	Opinberar heimsóknir	Kostnaður við opinberar heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja fór fram úr áætlun.	-4.100				-4.100
		Samtals æðsta stjórn ríkisins	**-8.500**				**-8.500**
01	**Forsætisráðuneyti**						
231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	Framlag varð minna en gert var ráð fyrir sökum hagstæðrar gengisþróunar.		1.500			1.500
901-1.01	Húsameistari ríkisins	Innheimst hafa eldri kröfur embættisins, en það hefur verið lagt niður í árslok 1996.	21.700				21.700
		Samtals forsætisráðuneyti	**21.700**	**1.500**			**23.200**
02	**Menntamálaráðuneyti**						
720-1.80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.	600				600
720-1.80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.		-500			-500
720-1.90	Grunnskólar, óskipt	Kostnaður vegna yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga, einkum biðlaun.	-11.500				-11.500
750-1.40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.	7.100				7.100
750-1.40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.		9.400			9.400
750-5.01	Viðhald	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfélaga.			-4.200		-4.200
750-6.01	Tæki og búnaður	Verkefnið hefur verið flutt til sveitarfelaga.				-1.100	-1.100
872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna			-100			-100
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	Launuðum stórmeisturum fækkaði á árinu 1997.		1.500			1.500
		Samtals menntamálaráðuneyti	**-3.800**	**10.300**	**-4.200**	**-1.100**	**1.200**
03	**Utanríkisráðuneyti**						
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EE			2.800			2.800
391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóða			500			500
391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF			600			600
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN			-4.000			-4.000
401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNE			-300			-300
401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA			-100			-100
401-1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO			900			900
401-1.35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið			4.300			4.300
401-1.39	Evrópuráðið			-500			-500
401-1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD			2.600			2.600
401-1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE			-300			-300

Niðurfellingar óhafinna fjárveitinga og umframgjalda í árslok 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
511-1.10	Flugstöð Leifs Eiríkssonar			-900			-900
		Samtals utanríkisráðuneyti		**5.600**			**5.600**
04	**Landbúnaðarráðuneyti**						
190-1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO		-200				-200
801-1.01	Beinar greiðslur til bænda	Beinar greiðslur til bænda reyndust minni en áætlað var.		22.200			22.200
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda			1.500			1.500
805-1.01	Beinar greiðslur til bænda			-7.800			-7.800
851-1.90	Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumeng	Greiðslur urðu minni en áætlað var.		12.000			12.000
		Samtals landbúnaðarráðuneyti	**-200**	**27.900**			**27.700**
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**						
190-1.43	Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna		3.300				3.300
190-1.49	Úrskurðarnefndir		5.100				5.100
190-1.52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	Framlög til þessara stofnana urðu minni en ætlað var.		6.400			6.400
221-1.01	Verðlagsráð sjávarútvegsins		1.000				1.000
		Samtals sjávarútvegsráðuneyti	**9.400**	**6.400**			**15.800**
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**						
101-1.01	Yfirstjórn	Uppsafnaður rekstrarvandi undanfarinna ára.	-20.400				-20.400
102-1.01	Stjórnartíðindi	Tekjur voru hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.	18.600				18.600
231-1.10	Málskostnaður í opinberum málum		1.400				1.400
232-1.10	Opinber réttaraðstoð	Kostnaður vegna gjafsókna.	-22.200				-22.200
232-1.15	Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasam			9.200			9.200
235-1.10	Bætur brotaþola	Greiddar bætur reyndust lægri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.		11.500			11.500
290-1.11	Meðdómsmenn		-2.800				-2.800
290-1.12	Setu- og varadómarar		1.000				1.000
302-1.02	Rannsóknarlögregla ríkisins	Stofnunin var lögð niður á síðasta ári og um er að ræða uppgjör á kostnaði.	-22.300				-22.300
397-1.01	Schengen samstarf	Þýðingar- og aðildargjaldakostnaður var ofmetinn í fjárlögum.		6.400			6.400
490-1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur í	Lögbundin útgjöld.	6.800				6.800
		Samtals dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**-39.900**	**27.100**			**-12.800**
07	**Félagsmálaráðuneyti**						
981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO			-500			-500
982-1.01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	Á móti greiðslu launa vegna gjaldþrota fyrirtækja komu meiri innheimtur úr þrotabúum en ætlað v		115.000			115.000

Niðurfellingar óhafinna fjárveitinga og umframgjalda í árslok 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
		Samtals félagsmálaráðuneyti		**114.500**			**114.500**
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**						
203-1.10	Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	Ofáætlaðar tilfærslur, fellt niður.		151.000			151.000
204-1.10	Lífeyristryggingar	Ofáætlaðar tilfærslur, fellt niður.		80.000			80.000
206-1.10	Sjúkratryggingar	Vanáætluð tilfærsluútgjöld felld niður.		-63.900			-63.900
208-1.10	Slysatryggingar	Vanáætluð tilfærsluútgjöld felld niður.		-30.000			-30.000
214-1.10	Eftirlaunasjóður aldraðra	Greiðslur eftirlauna urðu minni en áætlun gerði ráð fyrir, fellt niður. Uppsöfnuð sjóðseig á að læk	50.000				50.000
399-1.72	Bláalónsnefnd	Verkefni lokið og er ekki lengur í fjárlögum.	300				300
		Samtals heilbrigðis- og trygg.málaráðun.	**50.300**	**137.100**			**187.400**
09	***Fjármálaráðuneyti***						
250-1.10	Ýmis innheimtukostnaður	Lögboðin útgjöld innheimtumanna við fullnustuaðgerðir.	-10.700				-10.700
250-1.20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	Lögboðin útgjöld innheimtumanna við fullnustuaðgerðir.	5.200				5.200
251-1.01	Gjaldheimtan í Reykjavík	Lokun sameiginlegrar gjaldheimtu með Rvík.borg og tilfærsla verkefna til tollstjórans í Reykjavík	-8.800				-8.800
381-1.01	Uppbætur á lífeyri	Löbundnar greiðslur uppbóta á lífeyrisiðgjöld vegna ríkisstarfsmanna.		200			200
481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	*Áætlun fjárlaga um nýtingu heimildarákvæða er jafnan háð talsverðri óvissu.*				-25.400	-25.400
801-1.10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	Útskipti eldri flokka spariskírteina fyrir markflokka urðu minni er reiknað var með.	591.800				591.800
971-6.01	Ríkisábyrgðir	Minni þörf var fyrir framlög í Ríkisábyrgðasjóð en miðað var við í fjárlögum.				211.300	211.300
971-6.10	Tjónabætur					10.200	10.200
989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Launabætur til stofnana vegna kjarasamninga og úrskurða urðu nokkru meiri en áætlað var fyrir.	-33.400				-33.400
989-6.01	Stofnkostnaður	Ekki reyndist vera þörf fyrir verðbætur á stofnkostnaðarverkefni á árinu.				30.000	30.000
999-1.13	Kjarasamningar	Vegna samninga við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna og breytinga á launakerfi þeirra.	-11.700				-11.700
999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	Samningsbundnar greiðslur umfram áætlun fjárlaga.	-1.700				-1.700
999-1.31	Lífeyrissjóður bænda	Sjóðfélögum hefur fækkað örar en gert var ráð fyrir *í forsendum fjárlaga.*		32.800			32.800
999-1.45	Ýmsar nefndir		-5.800				-5.800
999-1.50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)			200			200
999-1.60	Dómkröfur	Dómkröfur sem falla á ríkissjóð hafa farið vaxandi.	-13.600				-13.600
999-1.65	Kjaradómur og kjaranefnd	Vegna fjölgunar starfshópa og mikilla launabreytinga árið 1997 sem nefndin þurfti að úrskurða u	-3.100				-3.100
999-1.71	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri			-4.500			-4.500
999-1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	Fjárþörf reyndist vera nokkru minni en ætlað var vegna minni útflutnings.		3.800			3.800
999-6.20	Ríkisbifreiðar, framlag	Frá og með 1998 verða ekki lengur veitt sérstök framlög til bifreiðakaupa frá fjármálaráðuneyti.				1.700	1.700
		Samtals fjármálaráðuneyti	**508.200**	**32.500**		**227.800**	**768.500**
10	**Samgönguráðuneyti**						

Niðurfellingar óhafinna fjárveitinga og umframgjalda í árslok 1997

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.26	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO			-100			-100
211-6.55	Ferjur og flóabátar	Til að mæta greiðslum ríkissjóðs á afborgunum á lánum vegna ferjunnar Herjólfs.				175.000	175.000
471-1.01	Flugmálastjórn	Rennur til afborgunar á láni vegna endurnýjunar á flugvél stofnunarinnar.	12.100				12.100
		Samtals samgönguráðuneyti	**12.100**	**-100**		**175.000**	**187.000**
11	**Iðnaðarráðuneyti**						
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL		800				800
399-1.15	Niðurgreiðsla á rafhitun	Kostnaður við niðurgreiðslu fór fram úr áætlun.		-9.500			-9.500
		Samtals iðnaðarráðuneyti	**800**	**-9.500**			**-8.700**
12	**Viðskiptaráðuneyti**						
903-1.01	Skráning hlutafélaga	Kostnaður varð meiri en áætlað var áður en verkefnið fluttist til Hagstofu.	-1.100				-1.100
		Samtals viðskiptaráðuneyti	**-1.100**				**-1.100**
		Samtals öll ráðuneyti	**549.000**	**353.300**	**-4.200**	**401.700**	**1.299.800**

1087. Tillaga til þingsályktunar [631. mál]

um skattlagningu framlaga úr kjaradeilusjóðum.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvernig breyta eigi skattalögum til að framlög úr kjaradeilusjóðum verkalýðsfélaga verði ekki tvísköttuð eins og nú. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar verkalýðshreyfingar og stjórnvalda og skili hún áliti fyrir 1. október 1998.

Greinargerð.

Á undanförnum missirum hefur nokkuð borið á því að einstaklingar sem fengið hafa framlög úr kjaradeilusjóðum hafa leitað réttar síns fyrir dómstólum vegna meintrar tvísköttunar þeirra. Ljóst er að framlög launþega í kjaradeilusjóði eru hluti af félagsgjöldum viðkomandi og eru meðhöndluð sem laun og skattlögð samkvæmt því. Þegar launþegi fær framlag úr kjaradeilusjóði sem hann hefur áður greitt í af launum sínum er það framlag skattlagt eins og launatekjur og er það því tvískattað.

Flutningsmenn telja þetta mikið óréttlæti og leggja til að kannað verði hvernig ráða megi bót á þessu. Virðast einkum tvær leiðir koma til greina, annars vegar að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt á þann veg að framlög úr kjaradeilusjóðum séu sérstaklega undanþegin skatti eða hins vegar að undanþiggja sjálf framlögin í kjaradeilusjóðina skatti. Það væri sams konar aðferð og viðhöfð er við greiðslur í lífeyrissjóði en þær eru nú undanþegnar skatti. Var sú breyting gerð til þess að koma í veg fyrir tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Virðist eðlilegt að líta á framlög úr kjaradeilusjóðum á sama hátt.

1088. Fyrirspurn [632. mál]

til iðnaðarráðherra um verðjöfnun á raforku.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hverju nemur að mati iðnaðarráðuneytisins verðjöfnun á raforku í heild, bæði bein og óbein?
2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja verðjöfnun í breyttu skipulagi raforkumála?

Skriflegt svar óskast.

1089. Fyrirspurn [633. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hversu mikið fé hefur árlega runnið í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis, skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, en þar er kveðið á um að greiða skuli sérstakt gjald fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla sem renni í sjóðinn?
2. Hvaða reglur gilda um úthlutanir úr sjóðnum, hver setti þær reglur og hafa þær verið birtar?
3. Hversu mikið hefur verið úthlutað árlega úr sjóðnum, til hvaða verkefna og hversu mikið til einstakra verkefna?
4. Hver tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum?
5. Hver er árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins og hvernig skiptist hann?
6. Hvernig er háttað endurskoðun sjóðsins?
7. Hversu mikið fé var í sjóðnum um síðustu áramót og hversu mikið fé er í honum nú?
8. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á starfsemi sjóðsins?

Skriflegt svar óskast.

1090. Frumvarp til laga [634. mál]

um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds, Sighvatur Björgvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Svavar Gestsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Starfsmenn hlutafélags, sem hefur að meðaltali haft 35 starfsmenn eða fleiri síðustu þrjú ár, hafa rétt til að kjósa ákveðinn fjölda stjórnarmanna sem svarar til helmings þess fjölda stjórnarmanna sem valdir eru á annan hátt. Svo fremi sem fjöldi stjórnarmanna, sem er heimilt að kjósa af hálfu starfsmanna skv. 1. málsl., er ekki heil tala skal hækkað upp í næstu heila tölu.

Kosning fulltrúa starfsmanna í stjórn félags skv. 1 mgr. fer fram á almennum fundi starfsmanna félagsins sem skal haldinn a.m.k. einni viku fyrir aðalfund félagsins, sbr. 84. gr. Allir starfsmenn hlutafélagsins, sem eru fastráðnir á fundardegi, eru kjörgengir og eiga rétt til setu á þessum almenna fundi starfsmanna. Við kosningu stjórnarmanna og varamanna á

slíkum fundi ræður afl atkvæða og hefur hver fastráðinn starfsmaður eitt atkvæði eða hlut úr atkvæði, sé um hlutastarf að ræða.

Um stjórnarmann sem kosinn er skv. 1. og 2. mgr. gilda ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Kosnir starfsmenn skulu þegar taka sæti í stjórn viðkomandi félags en það skal í síðasta lagi á næsta aðalfundi eftir gildistöku laganna aðlaga samþykktir sínar lögunum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um atvinnulýðræði en með því er átt við leiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja. Frumvarp um svipað efni var flutt á síðasta þingi. Nú eru efnistök önnur en meginstefnan er óbreytt, þ.e. að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja með því að þeir fái fulltrúa í stjórn.

Um atvinnulýðræði.

Oft er rætt um tvær meginleiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja. Annars vegar er gert ráð fyrir að starfsmenn komi að málum sem snerta vinnutilhögun, svo sem vinnutíma, aðbúnað, kaup og kjör. Hins vegar sú leið að auka áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja. Hvorugt er útbreitt hérlendis og eru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þessa þætti í skipulagi atvinnulífsins.

Í mjög langan tíma hefur samband fjármagns og vinnu verið einn af meginþáttum í fræðilegri umfjöllun innan hagfræði og þjóðfélagsvísinda. Áður fyrr var meginreglan varðandi fyrirtækjarekstur sú að eigendur fjármagnsins, þ.e. eigendur viðkomandi fyrirtækis, höfðu allt ákvörðunarvald og alla ábyrgð í fyrirtækinu en launafólk var því samningsbundið. Þetta skipulag í atvinnulífinu hefur breyst mikið á undanförnum áratugum.

Í nútímafyrirtækjum eru þrír ráðandi hópar, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn. Æðstu stjórnendur, þ.e. framkvæmdastjórar, eru oft meðal eigenda en það er síður en svo algilt. Eigendur og æðstu stjórnendur starfa hins vegar náið saman og koma oftast fram sem ein heild gagnvart starfsmönnum við samninga um kaup og kjör. Þótt eigendur fyrirtækja fari með hið formlega vald hafa áhrif og völd æðstu stjórnenda aukist verulega um hinn vestræna heim undanfarna áratugi.

Hægt er að skipta atvinnulýðræði í nokkur stig þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfi eða afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið er að ráðandi hópar fyrirtækisins, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taka sameiginlega ákvarðanir um stjórnun þess.

Rökin fyrir auknum áhrifum starfsmanna eru m.a. þau að með auknu samstarfi og upplýsingastreymi er hægt að ná fram hagkvæmum áhrifum á rekstur fyrirtækis og stöðu starfsmanna. Aukið atvinnulýðræði bætir starfsanda í fyrirtæki, veitir stjórnendum aðhald, bætir kjör og eykur lýðræðislega stjórnunarhætti. Atvinnulýðræði vinnur gegn óeðlilegri valdasamþjöppun og er hluti af fyrirtækjamenningu sem er félagsleg umgjörð um starfsemi fyrirtækis. Það er sífellt mikilvægari þáttur í nútímastjórnun.

Fleiri rök fyrir aðild starfsfólks að stjórnun fyrirtækja eru m.a. að tekið er tillit til hagsmuna starfsmanna með því að veittur er betri aðgangur að reynslu og upplýsingum starfsmanna, að ráðstöfunarfrelsi stjórna sé takmarkað þegar um er að ræða aðgerðir sem eru mjög óvinsælar meðal starfsmanna og að tekið er meira tillit til þjóðfélagslegra afleiðinga af stefnu

fyrirtækisins, svo sem hvað varðar staðsetningu, líðan starfsmanna á vinnustað, tryggingu atvinnu og mengun.

Fyrirtæki hafa í auknum mæli fært sig frá miðstýringu yfir til dreifstýringar þar sem einstakir starfsmenn taka sífellt meiri þátt í ákvörðunum sem tengjast vinnu þeirra. Þannig er talið að gott samband milli stjórnenda og starfsmanna sé í þágu beggja og hafi í för með sér bættan hag fyrirtækis, svo og betri starfsanda, ánægðari starfsmenn og betri launakjör. Atvinnulýðræði er þannig góð aðferð til að styrkja fyrirtæki, bæta framleiðni og hækka laun, auk þess sem þessi leið eykur eftirlit sem er nauðsynlegt í heimi vaxandi samkeppni.

Atvinnulýðræði í Evrópu.

Atvinnulýðræði hefur verið útfært víða erlendis. Hlutabréfaeign starfsmanna hefur t.d. verið komið á sums staðar með skipulögðum hætti. Það þekkist að launþegasjóðir séu starfandi innan fyrirtækja og í þá sjóði renni hluti af hagnaði fyrirtækisins. Slíkt fyrirkomulag er t.d. í Svíþjóð og í Þýskalandi en er óþekkt hérlendis.

Í löggjöf Evrópusambandsins eru ákvæði um atvinnulýðræði og er vikið að því í kafla um félagaréttarákvæði EES-samningsins. Búast má við að slík ákvæði verði tekin upp í íslenskan rétt vegna þess að tillögur eru til skoðunar um þetta efni hjá Evrópusambandinu. Þessar tillögur ná bæði yfir hlutafélög og samvinnufélög og fjalla m.a. um atvinnulýðræði. Löggjöf í Evrópu hefur hins vegar ekki enn verið samræmd á þessu sviði. Þessir þættir voru kynntir hér á landi, m.a. í frumvörpum til laga um hlutafélög og einkahlutafélög sem voru lögð fram á Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94 og aftur á 118. löggjafarþingi 1994. Þá var lýst stöðu mála í Evrópu og greint frá því að innan Evrópusambandsins er einkum til umræðu þrenns konar útfærsla á atvinnulýðræði:

1. Að starfsmenn eigi frá þriðjungi til helmings fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Þessi regla er kölluð þýska reglan vegna þess að ákvæði um þetta efni hafa verið mjög lengi í þýskri löggjöf en fyrstu ákvæði um atvinnulýðræði voru tekin þar upp fyrir mörgum áratugum.
2. Sérstakt starfsmannaráð og að hvert félag hafi reglur um slíkt starfsmannaráð í samþykktum sínum. Fulltrúar starfsmanna koma að útfærslu þessara hugmynda.
3. Samkomulag milli stjórnar fyrirtækis, stjórnar eða æðstu stjórnenda og starfsmanna eða fulltrúa þeirra, um samstarf.

Þessi umræða innan Evrópusambandsins er í samræmi við hina fræðilegu uppbyggingu á atvinnulýðræði sem fyrr var greint frá þar sem fyrsta stig atvinnulýðræðis er óformleg upplýsingagjöf, næsta stig samráð og þriðja stig sameiginleg ákvarðanataka.

Hafa ber í huga að samkvæmt EES-samningnum gæti komið til þess að Íslendingar yrðu að lögfesta ákvæði um atvinnulýðræði án þess að hafa mikið um útfærslu þess að segja. Sú staðreynd felur í sér sterk rök um að við innleiðum atvinnulýðræði á okkar forsendum þannig að reynsla fáist af slíku kerfi hérlendis.

Stjórnarfyrirkomulag í íslenskum hlutafélögum er hins vegar ekki eins og tíðkast annars staðar í Evrópu. Þar er oft gert ráð fyrir framkvæmdastjórn auk hefðbundinnar stjórnar. Þótt hægt væri að útfæra slíkt hérlendis samkvæmt íslenskri hlutafélagalöggjöf hefur það almennt ekki verið gert.

Atvinnulýðræði hérlendis.

Þótt hagsmunir starfsmanna og vinnuveitenda geti oft farið saman innan fyrirtækis takast þessir aðilar einnig á, einkum um kaup og kjör. Þróunin hérlendis virðist sú að fyrirtækjasamningar verði gerðir í ríkari mæli en áður. Líklegt er að slíkir samningar þróist innan fyrirtækja með samvinnu og ráðgjöf frá heildarsamtökum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga.

Síðustu kjarasamningar mörkuðu spor í þessa átt. Slíkt fyrirkomulag þekkist mjög víða erlendis og hefur verið lengi í föstum skorðum í nágrannalöndunum. Verkalýðsfélög og vinnuveitendur standa að hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og koma í mörgum tilfellum fram sameiginlega gagnvart ríkisstjórn.

Samstarf launafólks og vinnuveitenda hefur verið mjög mikið innan lífeyrissjóðanna en þeim er stjórnað í sameiningu af samtökum launafólks og vinnuveitenda. Sá þáttur er mikilvægur í ljósi þessa frumvarps vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru hluthafar í fjölmörgum fyrirtækjum. Á næstu árum má búast við að hlutdeild lífeyrissjóða í atvinnulífinu aukist verulega en fjárfestingar lífeyrissjóða hérlendis í hlutabréfum eru enn þá hlutfallslega langt á eftir því sem algengast er í nágrannalöndunum. Nú eru yfir 300 milljarðar kr. bundnir í eignum lífeyrissjóðanna. Það er fyrirsjáanlegt að innan nokkurra ára munu lífeyrissjóðir verða mjög stórir eignaraðilar í fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum en gert er ráð fyrir að eignir lífeyrissjóðanna muni aukast í yfir 700 milljarða kr. á næstu áratugum.

Ekki fer fram mikil umræða hérlendis um með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir eigi að koma að stjórnun í einstökum fyrirtækjum. Venjan hefur verið sú að þeir hafa ekki skipt sér af stjórnun fyrirtækja og í mörgum tilfellum ekki sóst eftir stjórnarsæti þótt þeir gætu það. Þetta er hins vegar ekki einhlít regla. Lífeyrissjóðirnir hafa litið á fjárfestingar í hlutabréfum sem afmarkaðan þátt í dreifingu á fjármagni sínu en meginskylda þeirra er að tryggja góða ávöxtun á því fjármagni sem bundið er í sjóðunum til þess að geta staðið undir lífeyrisskuldbindingum.

Hér á landi hefur hlutabréfamarkaður rutt sér til rúms og eignaraðild dreifst í fjölmörgum fyrirtækjum. Það ýtir enn frekar undir þátttöku starfsmanna í ákvörðunum innan einstakra fyrirtækja eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Í núgildandi lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er heimild um að veita megi stjórnvöldum eða öðrum rétt til að nefna einn eða fleiri stjórnendur. Þannig gætu hlutafélög, miðað við núverandi löggjöf, ákveðið að starfsmenn tilnefndu aðila í stjórn. Hins vegar er ekki vitað til þess að svo sé gert í nokkru íslensku hlutafélagi. Meginefni þessa frumvarps er hins vegar að kveða ótvírætt á um rétt starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórn hlutafélags af tiltekinni stærð. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að atvinnulýðræði er tiltölulega vanþróað hér á landi og erum við áratugum á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja.

Hjá Alþýðusambandi Íslands er verið að undirbúa mikið átak í menntun trúnaðarmanna til að starfa á jafnréttisgrundvelli sem fulltrúar starfsmanna gagnvart eigendum og æðstu stjórnendum. Aukin menntun trúnaðarmanna, m.a. með auknu námskeiðshaldi, er mjög mikilvæg og slík áhersla sýnir að innan verkalýðshreyfingarinnar er í vaxandi mæli verið að bregðast við nýjum aðstæðum. Starfsemi trúnaðarmanna er einn samstarfsvettvangur í atvinnulýðræði og ekki er að efa að sá vettvangur á eftir að þróast mun hraðar á næstu árum, einkum í kjölfar síðustu kjarasamninga. Þannig stefnir starf stéttarfélaga meira inn á vinnustaðina, bæði hvað varðar kjarasamninga, starf trúnaðarmanna og, ef frumvarp þetta verður að lögum, með formlegri aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja. Þannig er þetta frumvarp mikilvægur þáttur í stefnu sem unnið er að á öðrum vígstöðvum.

Fjölmargar stjórnunaraðferðir ganga beinlínis út frá þátttöku starfsmanna og má þar nefna gæðastjórnun sem er útbreitt stjórnunarform hérlendis og erlendis. Í gæðastjórnun er hagur viðskiptavinarins í fyrirrúmi. Þessi stjórnunaraðferð hefur reynst vel við að útrýma sóun í rekstri og bæta framleiðslu og hefur leitt til vöru- og þjónustuvöndunar. Þannig hafa fjölmörg fyrirtæki skipulagt gæðaátak í fyrirtækjum sínum, sett á stofn gæðalið og unnið í minni hópum með starfsmönnum á tilteknum starfssvæðum til að bæta rekstur fyrirtækisins. Þetta

hefur einnig endurspeglast í bættum launakjörum viðkomandi starfsmanna. Þessi aðferðafræði mælir með því að náið samstarf sé haft við starfsmenn um ýmsa stjórnunarþætti í fyrirtækjum.

Ekki hefur verið fjallað mikið um atvinnulýðræði hérlendis en vert er að vekja athygli á greinargerð sem Hilmar Gunnlaugsson, stud. jur., vann fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið haustið 1995.

Meginþættir frumvarpsins.

Meginatriði frumvarpsins eru sótt í danska löggjöf en íslensk hlutafélagalöggjöf tekur mjög mið af þeirri dönsku. Útfærsla frumvarpsins, að starfsmenn kjósi stjórnarmenn, er hluti af hugmyndafræðinni um atvinnulýðræði. Það að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja er hins vegar leið sem búast má við að skili mestum árangri á tiltölulega skömmum tíma. Eins og að framan greinir voru ákvæði sett í þýsk lög upp úr 1950 um að starfsmenn kæmu að stjórnun fyrirtækja. Í Noregi var starfsmönnum ríkisfyrirtækja veittur réttur til þess að velja sér fulltrúa í stjórn þegar árið 1947.

Ákvæðin í dönsku hlutafélagalöggjöfinni um kosningu starfsmanna í stjórn félaga eru frá árinu 1973 og hafa reynst vel. Í frumvarpinu er lagt til, eins og er í danskri löggjöf, að í félögum þar sem 35 manns eða fleiri hafi starfað síðustu þrjú ár kjósi starfsmenn fulltrúa í stjórn sem svarar til helmings þeirra stjórnarmanna sem eru kosnir af öðrum, þ.e. af eigendum á aðalfundi. Hækkað er upp ef ekki stendur á heilli tölu. Lágmarksfjöldi stjórnarmanna samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum er þrír. Fulltrúar starfsmanna í stjórn verða þannig a.m.k. tveir talsins. Ef fimm eða sex menn eru í stjórn nú kæmu þrír fulltrúar frá starfsmönnum skv. 1. gr. frumvarpsins og stjórnin yrði þá skipuð átta eða níu mönnum.

Í 71. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, er kveðið á um að á stjórnarfundum ráði einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn. Framkvæmd ákvæða frumvarpsins er þannig vandalaus.

Frumvarpið felur í sér að ný fyrirtæki, jafnvel þótt þau séu með fleiri en 35 starfsmenn, þurfa ekki að taka starfsmenn inn í stjórn fyrr en að loknum þremur árum. Félög, sem hafa orðið til við samruna, ættu hins vegar að hlíta því að reiknaður sé sá tími með sem forverar þeirra uppfylltu skilyrðin.

Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn sem sækja umboð sitt til starfsmanna fyrirtækis hafi sama rétt á stjórnarfundum og aðrir stjórnarmenn. Hlutverk þeirra er m.a. að taka þátt í stjórnun fyrirtækisins, koma fram með skoðanir starfsmanna, m.a. í tillöguformi, og ræða stefnu og stjórnun fyrirtækisins út frá öðru sjónarhorni en aðrir stjórnarmenn. Um þessa stjórnarmenn gilda öll ákvæði laga um stjórnarmenn, þar með talið um hæfi og trúnað um málefni sem rædd eru á stjórnarfundum.

Lagt er til að haldinn sé almennur starfsmannafundur a.m.k. viku fyrir aðalfund félagsins þar sem fulltrúar starfsmanna eru kosnir í stjórn félagsins. Allir fastráðnir starfsmenn eiga seturétt á þeim fundi og eru kjörgengir í stjórnina. Sérhver fastráðinn starfsmaður fer með eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst að opna fyrir atvinnulýðræði í íslenskum fyrirtækjum og nýta hina vel heppnuðu dönsku löggjöf í því skyni. Norðurlöndin hafa náð langt á þessu sviði, svo og Þýskaland og reyndar mörg lönd innan Evrópusambandsins. Náið samstarf fyrirtækis og starfsmanna þekkist einnig annars staðar. Samband Japana við fyrirtæki sín er mjög mikið og þar er algengt að starfsmenn vinni allan starfstíma sinn hjá sama fyrirtæki. Annars staðar er meira um breytingar á starfsvettvangi að ræða, t.d. í Bandaríkjunum.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er gert ráð fyrir að fulltrúi í stjórn félagsins komi úr hópi starfsmanna. Í Svíþjóð er gert ráð fyrir að fulltrúar starfsmanna komi frá stéttarfélögunum en séu ekki nauðsynlega starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Í þessu frumvarpi er fylgt stefnu dönsku laganna um að fulltrúar starfsmanna í stjórn séu starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Þetta getur vitaskuld verið matsatriði en flutningsmenn telja rétt að stjórnarmaðurinn sé starfsmaður fyrirtækisins þótt vitaskuld eigi hann aðild að stéttarfélagi eins og aðrir starfsmenn. Hugmyndin á bak við frumvarpið miðar að því meðal annars að efla tengsl starfsmanna fyrirtækisins við stjórn, eigendur og æðstu stjórnendur þess. Búast má við að með áframhaldandi útfærslu á vinnustaðasamningum í samvinnu við stéttarfélögin verði tengsl starfsmanna og stéttarfélaga og heildarsamtaka þeirra enn nánari en verið hefur og telja flutningsmenn að þetta frumvarp stuðli að því.

Þetta form atvinnulýðræðis þekkist víða og sums staðar eru einnig starfandi sérstök ráð sem gæta hagsmuna starfsmanna á vinnustað. Annars staðar er þátttaka starfsmanna í stjórnum fyrirtækja tryggð með víðtækari hætti en þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Mjög mikilvægt er að samstarf æðstu stjórnenda, starfsmanna og eigenda eigi sér stað innan einstakra fyrirtækja til að tryggja samkeppnisstöðu þeirra og gefa starfsmönnum raunhæfan möguleika á þátttöku í stjórnun fyrirtækja. Þetta getur bæði haft áhrif á starfsumhverfi þeirra og launakjör í framtíðinni.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi og að kosnir starfsmenn skuli þegar taka sæti í stjórn fyrirtækja. Síðan skuli fyrirtæki laga samþykktir sínar að lögunum í síðasta lagi á næsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra. Með þessari útfærslu er félögum veittur ákveðinn frestur til breytinga á samþykktum sínum og þurfa þau ekki að kalla saman hluthafafund sérstaklega í því skyni. Breytingarnar á samþykktum félaga eru hins vegar einfaldar.

Fyrirtæki sem falla undir frumvarpið.

Ef miðað er við fyrirtæki með 35 starfsmenn eða fleiri er ljóst að einungis stærri fyrirtæki hérlendis falla undir þetta nýja ákvæði. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun fyrir árið 1995 var fjöldi fyrirtækja sem höfðu fleiri en 40 starfsmenn eftirfarandi:

	Fjöldi fyrirtækja	*Þar af fyrirtæki með fleiri en 40 starfsmenn*	%
Landbúnaður	4.406	1	(0%)
Fiskveiðar	1.714	36	(2%)
Fiskiðnaður	392	41	(10%)
Annar matvælaiðnaður	251	17	(7%)
Annar iðnaður	1.189	34	(3%)
Ál- og kísiljárnframleiðsla	2	2	(100%)
Málmsmíði og viðgerðir	763	4	(1%)
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	25	3	(12%)
Byggingastarfsemi	4.128	13	(0%)
Verslun	3.139	50	(2%)
Veitinga- og hótelrekstur	649	13	(2%)
Samgöngur	2.190	14	(1%)

	Fjöldi fyrirtækja	*Þar af fyrirtæki með fleiri en 40 starfsmenn*	%
Peningastofnanir og tryggingar	252	15	(6%)
Fasteignarekstur og þjónusta við atvinnurekstur	4.479	5	(0%)
Heilbrigðisþjónusta einkaaðila	1.324	0	(0%)
Menningarmál	1.309	5	(0%)
Persónuleg þjónusta	2.084	6	(0%)
Starfsemi hins opinbera	949	63	(7%)
Önnur starfsemi	4.196	16	(0%)
Samtals	33.441	338	(1%)

Af samtals 33.441 fyrirtæki eru 18.288 með einn starfsmann eða færri eða 55%. Af þessum rúmlega 33 þús. fyrirtækjum eru um 31 þús. sem hafa að meðaltali færri en fimm starfsmenn eða um 95%. Að meðaltali höfðu 338 fyrirtæki fleiri en 40 starfsmenn. Fyrirtæki sem voru með á milli 30 og 40 starfsmenn voru 105 talsins. Þannig voru á árinu 1995 samtals um 390 fyrirtæki og stofnanir með 35 starfsmenn sem mundu falla undir ákvæði frumvarpsins ef gert er ráð fyrir að sambærileg ákvæði gildi um ólík rekstrarform.

Meðal þeirra fyrirtækja sem falla undir ákvæði frumvarpsins eru langflest fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands en góðar tölulegar upplýsingar eru til um þau fyrirtæki. Það eru flest stærstu og öflugustu fyrirtæki landsins. Þau þurfa að sinna tilteknum skyldum gagnvart samfélaginu hvað varðar upplýsingagjöf og lúta eftirliti, m.a. af hálfu stjórnar Verðbréfaþings. Þessi fyrirtæki starfa fyrir opnum tjöldum og eru mörg ráðandi á sínu sviði. Ákvarðanir í þessum fyrirtækjum hafa mjög mikil áhrif á starfsmenn og aðra í atvinnulífinu.

Á Verðbréfaþingi Íslands eru nú liðlega 45 fyrirtæki sem mundu falla undir ákvæði frumvarpsins. Heildarumsvif þeirra á árinu 1997 voru um 150 milljarðar kr. og starfsmannafjöldi yfir 10.000 manns. Markaðsvirði þessara félaga er nú um 145 milljarðar kr. Það er þannig ljóst, ef einungis eru skoðuð þau fyrirtæki á Verðbréfaþingi sem falla undir frumvarpið, að um mörg stór og öflug fyrirtæki er að ræða þar sem aukin þátttaka starfsmanna við stjórnun væri mjög til bóta að mati flutningsmanna. Í frumvarpinu er farin sú leið að miða einungis við breytingar á hlutafélagalöggjöf. Vitaskuld er hægt að útfæra stefnu frumvarpsins gagnvart einkahlutafélögum og samvinnufélögum og mikilvægt er að halda áfram á þessari braut.

Lokaorð.

Brýnt er að Íslendingar marki sér sjálfstæða stefnu á þessu sviði. Búast má við að innan Evrópusambandsins verði þetta form eitt af mörgum sem verða lögfest með tíð og tíma og þar með hérlendis. Þá er skynsamlegra að Íslendingar hafi þegar sett lög um slíkt kerfi í atvinnulífinu og unnið með það um nokkurn tíma og þannig öðlast reynslu á nýju og mikilvægu sviði. Með frumvarpinu er stigið markvisst skref í átt að atvinnulýðræði þar sem með því yrði lögfest aðild starfsmanna að stjórnum fyrirtækja og byggt á danskri löggjöf sem hefur reynst vel á þessu sviði.

Frumvarpið tekur á einum þætti í atvinnulýðræði, þ.e. þátttöku starfsmanna í stjórnun fyrirtækja sem hafa ákveðinn fjölda starfsmanna. Með samþykkt þessa frumvarps væri eðlilegt að útfæra sambærilega aðild starfsmanna að stjórnun stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis-

ins sem ekki eru í hlutafélagsformi. Flutningsmenn eru þess fullvissir að samþykkt þessa frumvarps muni styrkja íslenskt atvinnulíf, leiða til bættra kjara launafólks, jafnframt því að bæta möguleika á aukinni framleiðni fyrirtækja og þar með bæta samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðamarkaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýrri grein verði bætt við núverandi hlutafélagalög þannig að starfsmenn hlutafélags sem hefur náð tiltekinni stærð, þ.e. haft 35 starfsmenn eða fleiri síðastliðin þrjú ár, geti kosið starfsmenn til setu í stjórn félagsins. Starfsmenn kjósi helming af þeim fjölda stjórnarmanna sem er almennt kosinn á aðalfundi af eigendum. Ef sex manns eru í stjórn félags koma þrír fulltrúar frá starfsmönnum og stjórnin verður samtals skipuð níu manns. Ef sjö manns eru í stjórn er helmingur 3,5 en hækkað er upp í fjóra sem er þá fjöldi fulltrúa starfsmanna í stjórn. Samtals væru þá 11 manns í þeirri stjórn.

Halda skal starfsmannafund þar sem allir fastráðnir starfsmenn eiga seturétt, hafa atkvæðisrétt og eru kjörgengir. Hver fastráðinn starfsmaður hefur eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða. Kjósa skal úr þeirra hópi til setu í stjórn fyrirtækisins og ná þeir kjöri sem fá flest atkvæði. Einnig er gert ráð fyrir að kjósa varamenn.

Stjórnarmenn kosnir af starfsmönnum hafa öll sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1091. Frumvarp til laga [635. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna og er til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, ríkislögreglustjóri, forstjóri Landssímans, vegamálastjóri og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarlæknir, borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri, tveir menn

sem borgarstjórn velur og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Í öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartæknifræðingi, héraðs- eða heilsugæslulækni, lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra, tveimur mönnum sem bæjarstjórn velur og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita.

Í sýslum skal almannavarnanefnd skipuð lögreglustjóra, svo og byggingarfulltrúa, héraðs- eða heilsugæslulækni og slökkviliðsstjóra, sem sýslumaður tilnefnir, þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í þremur fjölmennustu hreppum sýslunnar og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka: Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Skipa má fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu í samræmi við samstarf um almannavarnir skv. 2. mgr. 7. gr.

Í Reykjavík ræður borgarstjóri framkvæmdastjóra almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru fleiri en 5.000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hlutverk almannavarna er samkvæmt lögum að sjá um ráðstafanir sem koma í veg fyrir að almenningur verði fyrir tjóni af völdum hamfara eða annarrar vár.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu frá núgildandi lögum um almannavarnir að fjölgað er í almannavarnaráði um þrjá fulltrúa, þ.e. frá Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Jafnframt er fjölgað í einstökum almannavarnanefndum um þrjá fulltrúa, þ.e. frá Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita.

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulag og stýrir starfsemi almannavarna og er ásamt ráðherra æðsta yfirstjórn almannavarna hérlendis. Almannavarnaráð stýrir framkvæmdum á ýmsum sviðum, þar á meðal eru:

1. Fjarskipti milli umdæma.
2. Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.
3. Mælingar á geislavirkni.
4. Viðvörun og viðvörunarkerfi.
5. Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.
6. Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.
7. Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins.
8. Söfnun birgða og varsla þeirra.
9. Skipulagning og yfirstjórn flutnings fólks af hættusvæðum.
10. Yfirstjórn aðstoðar milli umdæma og aðstoðar ríkisstofnana.
11. Umsjón með almannavörnum í héraði.

Almannavarnaráð skal einnig stuðla að athugunum á hættu, m.a. af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum, flóðum, snjóflóðum og skriðuföllum.

Auk almannavarnaráðs eru starfandi í hverju lögsagnarumdæmi almannavarnanefndir. Í almannavarnanefndum eru nú helstu embættismenn viðkomandi sveitarfélags auk tveggja til þriggja annarra einstaklinga.

Hlutverk almannavarnanefnda er samkvæmt lögum að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur af náttúruhamförum eða annarri vá. Almannavarnanefndum er þannig falin skipulagning og framkvæmd ýmissa ráðstafana innan umdæma þeirra samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur, þar á meðal eru:

1. Skipulagning og samræming hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun og búnaður.
2. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum.
3. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja.
4. Stjórnstöðvar.
5. Fjarskiptakerfi.
6. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.
7. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
8. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

Það er ljóst að mikilvægt er að vel takist til um skipulagningu starfs almannavarna. Mjög oft hefur reynt á almannavarnaráð og almannavarnanefndir hérlendis. Mikilvægir samstarfsaðilar almannavarnaráðs og almannavarnanefnda þegar háska ber að höndum eru Slysavarnafélagið, Rauði krossinn og hjálparsveitirnar. Þessi þrenn samtök vinna að björgun mannslífa og verðmæta í náttúruhamförum og búa yfir mjög yfirgripsmikilli þekkingu á sviði almannavarna og forvarnastarfs. Nú er kveðið á um það í reglugerð fyrir almannavarnaráð að þessi samtök eigi sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa á fundum almannavarnaráðs. Að mati flutningsmanns er slíkt fyrirkomulag alls ekki nægjanlegt heldur er brýnt að þessir aðilar fái fulla aðild að almannavarnaráði og almannavarnanefndum. Fulltrúar þeirra geta gert mikið gagn með formlegri aðild að þessu stjórnkerfi auk þess sem slík skipun svarar betur til nútímans en fyrra fyrirkomulag.

Slysavarnafélag Íslands, Rauði kross Íslands og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita starfa um allt land þannig að vandalaust er að standa að tilnefningum í almannavarnanefndir eins og hér er lagt til. Einnig er algengt að þeir aðilar sem sveitarstjórnir kjósa sérstaklega í almannavarnanefnd komi úr röðum einhverra þessara samtaka. Samtökin hafa nána samvinnu sín á milli og árangursríkt samstarf þeirra hefur bjargað fjölmörgum mannslífum.

Samræming aðgerða er mjög mikilvæg. Slysavarnafélag Íslands, Rauði kross Íslands og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita vinna einstaklega mikilvægt starf á sviði almannavarna og því er þessi skipulagsbreyting nauðsynleg eins og samtökin hafa oft ályktað um á þingum sínum.

Þess ber að geta að í frumvarpinu er lagt til að forstjóri Landssímans komi í stað póst- og símamálastjóra, en það embætti er ekki lengur til. Af samsetningu almannavarnaráðs er ljóst hvernig löggjafinn hugsar sér yfirstjórn almannavarna, þ.e. með þátttöku æðstu embættismanna á sviðum sem snerta almannavarnir. Það sama á við Slysavarnafélag Íslands, Rauða kross Íslands og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita. Þessi samtök, félagsmenn þeirra og starfslið, eru óaðskiljanlegur þáttur í starfi almannavarna. Ekki eru lagðar til aðrar efnisbreytingar á lögum um almannavarnir en að kveða á um aðild fulltrúa þessara samtaka í stjórnkerfi almannavarna.

Breytingin, sem hér er lögð til, mun efla og styrkja almannavarnir, er í takt við breyttar aðstæður og tryggir enn betur vönduð vinnubrögð við almannavarnir.

1092. Frumvarp til laga [636. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

Flm.: Svavar Gestsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 56. gr. koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (57. gr.)

Öll börn eiga rétt á skólagöngu samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. gr. Sveitarstjórn er skylt að tryggja barni skólavist sem næst dvalarheimili þess og að tryggja því flutning til og frá skóla þegar um lengri veg er að fara. Nú koma upp deilur milli sveitarfélaga um það í hvaða skóla barn skuli ganga og hvaða sveitarfélag skuli bera kostnað af skólavist barnsins og skal þá úrskurðarnefnd kveða upp úrskurð um málið, sbr. 58. gr.

b. (58. gr.)

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd sem fjallar um deilumál milli sveitarfélaga sem upp kunna að koma vegna framkvæmda á lögum þessum. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár í senn. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en sá þriðji skipaður án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslusviði.

c. (59. gr.)

Þegar um er að ræða skólagöngu barna sem hafa verið vistuð fjarri lögheimilum sínum á vegum barnaverndarnefnda eða hliðstæðra aðila skal menntamálaráðuneytið greiða kostnað af dvöl barnsins þar til úrskurðarnefnd skv. 58. gr. hefur fellt úrskurð sinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur komið í ljós að mikið vantar á að ákvæði grunnskólalaga varðandi rétt barna til skólavistar séu nægilega skýr þegar barn er vistað fjarri lögheimili sínu á fósturheimili. Þetta frumvarp hefur þann tilgang að skipuð verði úrskurðarnefnd sem geti fellt úrskurði í slíkum málum, en þar til nefndin hefur fellt sinn úrskurð greiði menntamálaráðuneytið kostnað af skólagöngu barnsins til viðkomandi sveitarfélags. Með lögfestingu þessa frumvarps væri komið í veg fyrir það að börn yrðu langtímum saman leiksoppar kerfisins eins og dæmi eru um og meðal annars hefur verið greint frá í fjölmiðlum að undanförnu. Fumvarpið gerir ráð fyrir að þrjár nýjar greinar bætist við grunnskólalögin og að þar verði kveðið á um skýlausan rétt barnsins, um úrskurðarferlið og loks um að menntamálaráðuneytið borgi kostnaðinn uns úrskurður er felldur.

1093. Fyrirspurn [637. mál]

til dómsmálaráðherra um umferðarstjórn lögreglunnar.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Eru áform um það hjá ráðuneytinu eða lögreglunni í Reykjavík að leggja niður umferðardeild lögreglunnar?
2. Kemur til greina að mati ráðherra að auka sjálfstæði deildarinnar innan lögreglunnar, m.a. í þeim tilgangi að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunar til ársins 2001?
3. Telur ráðherra að reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna tryggi nægilega vel öryggi þeirra við umferðarstjórn?

1094. Fyrirspurn [638. mál]

til dómsmálaráðherra um embættisveitingar.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hvaða einstaklingar hafa verið ráðnir eða skipaðir í embætti af ráðherra í embættistíð hans?
2. Hvenær voru þeir ráðnir eða skipaðir og hverjir aðrir sóttu um viðkomandi embætti?

Skriflegt svar óskast.

1095. Frumvarp til laga [639. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.
b. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga“ í 5. málsl. 5. mgr. kemur: sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár.
b. Í stað orðsins „Veiðiferð“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: Sóknardegi.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

3. gr.

Í stað orðanna „1. apríl 1998“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum kemur: 1. október 1998.

IV. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Því frumvarpi sem hér er lagt fram er fyrst og fremst ætlað að sníða ákveðna agnúa af lagaákvæðum um veiðar smábáta, þ.e. krókaveiðar, og bregðast þannig við gagnrýni sem fram hefur komið. Það hróflar á engan hátt við þeim grundvelli sem undanfarin missiri hefur mótað breytingar á starfsumhverfi smábáta með krókaleyfi og byggist á samkomulagi milli sjávarútvegsráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda (LS). Þær tillögur að breytingum á þessum ákvæðum sem felast í frumvarpinu hafa verið ræddar við LS og er full sátt við það um þær. Sama gildir um sjávarútvegsráðuneytið sem hefur mjög hvatt til þess að þær nái fram að ganga. Tillögur frumvarpsins skýra sig að nokkru leyti sjálfar, en þó verða færð nokkur rök fyrir hverri þeirra.

Tillögu um breytingar á 5. gr. laga um stjórn fiskveiða er ætlað að skilja greinilega á milli báta í þorskaflahámarkskerfinu og báta sem stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, að því er endurnýjun varðar. Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem starfa í því kerfi miðast við sameiginlegan hámarksþorskafla bátanna í kerfinu og meðalþorskafla á dag fiskveiðiárið á undan. Hefur afkastageta í sóknardagakerfunum verið langt umfram þau mörk að eitthvert jafnvægi geti myndast varðandi fjölda sóknardaga. Því hefur verið haldið áfram með kostnaðarsamar úreldingaraðgerðir á vegum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, sem hefur boðið styrk sem nemur áttatíu af hundraði húftryggingarverðmætis bátanna, gegn afsali leyfis til veiða í atvinnuskyni og afsali endurnýjunarréttar. Varðar miklu að afkastageta í sóknardagakerfunum aukist ekki enn frekar.

Allt aðrar aðstæður hafa skapast í þorskaflahámarkskerfinu sem svipar mjög til aflahlutdeildarkerfisins varðandi þorskveiðarnar. Þar er heimilt að framselja einstaklingsbundnar þorskveiðiheimildir, sem byggja á aflareynslu, á milli báta. Með lögum nr. 144/1997 var fellt niður það skilyrði að bátur sem þorskaflahámark væri flutt frá yrði að afsala sér leyfi til veiða í atvinnuskyni og endurnýjunarrétti. Við slíkar breytingar verður því nú til nokkur fjöldi af bátum sem eigendur hyggjast ekki nota til veiða og vilja nýta til stækkunar eða endurnýjunar annarra báta. Það er því í raun nýtt vandamál sem menn sáu ekki fyllilega fyrir. Fráleitt er að afgangsafkastagetu úr þorskaflahámarkskerfinu verði veitt inn í sóknardagakerfið við þær aðstæður sem þar eru nú. Því er gerð sú tillaga að kveða skýrt á um það að veiðileyfi verði ekki flutt frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

Fyrri tillagan um breytingu á 6. gr. laganna snertir í raun sama vandamál og tillögu um breytingar á 5. gr. er stefnt gegn. Með lögum nr. 144/1997 var heimilað að sóknardagabátur gæti hvenær sem er flust án veiðiheimilda yfir í þorskaflahámarkskerfið. Markmiðið með þeirri breytingu var að stuðla að minnkandi afkastagetu í sóknardagakerfunum, en endurnýjun báta í þorskaflahámarkskerfinu þar sem veiðiheimildir eru að meðaltali allverulegar. Hliðarverkun af þessari heimild virðist hins vegar vera að *menn hafa áhuga á að nýr bátur hefji veiðar á sóknardögum þótt ætlunin sé að hann verði til frambúðar með þorskaflahámarki*. Gefst þá kostur á að nýta takmarkaðan fjölda sóknardaga einu sinni þótt það valdi þá einnig meiri fækkun þeirra daga á næsta fiskveiðiári. Mikill áhugi er á að koma í veg fyrir að svo óeðlilegur framgangsmáti og að framan greinir eigi sér stað. Er talið nægja í því sambandi að gera kröfu um að bátur hafi stundað veiðar á sóknardögum í tvö ár ef heimilt á að vera að flytja hann í þorskaflahámarkskerfið.

Seinni tillagan um breytingu á 6. gr. er leiðrétting á mistökum. Upphaflega miðaðist sóknardagur við almanaksdag. Síðar var því breytt þar sem menn töldu sig þurfa að eiga rétt á allt að 24 klukkustundum frá því að þeir héldu til veiða sem væri á mismunandi tímum. Var það þá orðað þannig að sóknardagur væri 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Síðar kom upp ágreiningur við einstakar útgerðir sem héldu því fram að sóknardegi lyki ekki er veiðiferð lyki og afla væri landað, heldur mætti fara margar veiðiferðir á einum sóknardegi innan 24 klukkustunda. Full samstaða var um það við LS að ákvæðinu hefði aldrei verið ætlað að vera þess efnis sem þessar útgerðir héldu fram. Því var kveðið nánar á um þetta í lögum nr. 144/1997 þar sem kveðið er á um að sóknardagur sé allt að 24 klukkustundir og síðan að veiðiferð teljist lokið þegar afla er landað. Þetta orðalag er að sönnu skýrara en hið fyrra, en mistök ollu því að í síðari málsliðnum segir ekki að „sóknardegi“ teljist lokið þegar afla er landað. Þykir tryggara að leggja til að þetta verði leiðrétt.

Loks er gerð tillaga um að heimild Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til úreldingar á sóknardagabátum verði framlengd frá 1. apríl nk. til 1. október nk. Ástæðan er sú að þrátt fyrir að sóknardögum krókabáta í sóknarkerfunum tveimur muni fyrirsjáanlega fækka verulega á næsta fiskveiðiári hefur enginn bátur nýtt sér núgildandi tilboð á þessu ári. Niðurstaða af endurvali sóknardagabáta fyrir 1. febrúar sl. er sú að rúmlega eitt hundrað bátar kusu að flytja sig frá sóknardagakerfunum og yfir í þorskaflahámark. Ein afleiðing þess er að meðalþorskveiðiheimild á bát í sóknardagakerfunum hefur lækkað úr um 13 lestum og niður í um 8 lestir. Miðað við það er næsta víst að sóknardagar í þeim kerfum verða umtalsvert færri á næsta fiskveiðiári en nú. Þykir ófært annað við þær aðstæður en að tilboð um úreldingarstyrk standi lengur til boða en áður var ráðgert.

1096. Frumvarp til laga [640. mál]

um húsnæðissparnaðarreikninga.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson.

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlendar innlánsstofnanir og verðbréfafyrirtæki.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 48.000 kr. en hámarksfjárhæð 480.000 kr. Spariféð leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 12.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 120.000 kr.

Samið skal fyrir fram til a.m.k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reikningseiganda með þeim takmörkunum sem greinir í 3. mgr. Þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í endurbætur eða viðhald á eigin íbúðarhúsnæði, þó skal heildarkostnaður nema að lágmarki 5% af fasteignamati. Úttektarfjárhæð má eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar eða viðhaldið.

Ráðstafi reikningseigandi innstæðu til annarra nota en til öflunar íbúðarhúsnæðis skal skattafslátturinn endurgreiddur framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, frá því ári sem innstæðan skapaði rétt til skattafsláttar að viðbættum vöxtum sem skulu vera jafnháir hæstu vöxtum bundinna sparireikninga á hverjum tíma til greiðsludags.

4. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru sérstakir reikningar við innlendar innlánsstofnanir og verðbréfafyrirtæki sem bera skulu nafn og kennitölu eiganda. Bankar eða sparisjóðir skulu ókeypis og ótilkvaddir afhenda skattstjóra upplýsingar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður um innstæður hvers manns á slíkum reikningi, um innlegg á og úttekt af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði er máli skipta.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Í samningi um húsnæðissparnaðarreikning skal tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi banka eða sparisjóði, hvert hlutfall það lán sé af innstæðunni og með hvaða kjörum slík lán standi til boða.

Óski innlánsstofnun eða verðbréfafyrirtæki eftir að stofna innlánaflokk húsnæðissparnaðarreikninga í samræmi við ákvæði laga þessara skal hann fyrir fram leita staðfestingar fjármálaráðherra á að fyrirhugað reikningsform fullnægi skilyrðum laganna.

5. gr.

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok ársfjórðungs er það skyldi lagt inn samkvæmt samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafsláttar.

Hafi ekki verið gerð skil á öllu umsömdu innleggi fyrir lok almanaksárs skapar innlegg ársins engan rétt til skattafsláttar og skal skattstjóri þá gera reikningseiganda að endurgreiða þann skattafslátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn á næstu tveimur árum þar á undan að viðbættu 25% álagi. Sama gildir brjóti reikningseigandi að öðru leyti í verulegum atriðum þau skilyrði sem um reikningana gilda.

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir að samið var um stofnun húsnæðissparnaðarreiknings skulu ákvæði 2. mgr. þó ekki gilda ef ætla má að þessi atvik hafi gert honum ókleift að standa við samning um reglubundinn sparnað.

Brot á samningi um reglubundinn sparnað breytir engu um binditíma reiknings skv. 3. gr.

6. gr.

Reikningseigandi getur ekki framselt, veðsett né á annan hátt ráðstafað innstæðu sinni á húsnæðissparnaðarreikningi. Innstæðan er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Verði reikningseigandi gjaldþrota fellur binding innstæðu niður. Við andlát innstæðueiganda rennur innstæðan til dánarbúsins án bindingar. Komi til skilnaðar má skipta inneign á reikningum milli hjónanna en slík skipting hefur engin áhrif á binditíma reikninganna.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Á því hafa verið gerðar minni háttar breytingar, m.a. með tilliti til atriða sem fram komu í umsögnum um frumvarpið, og er gerð grein fyrir þeim í athugasemdum með einstökum greinum. Felld er brott 7. gr. frumvarpsins en þar voru ákvæði um tengingu við byggingarvísitölu. Að öðru leyti er greinargerð með frumvarpinu óbreytt frá síðasta þingi.

Með lögum nr. 49/1985 var komið á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum sem sköpuðu rétt til skattafsláttar. Byggðist það reikningsform á samningsbundnum innlánum sem tengd voru rétti til húsnæðislána og áttu að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði. Með lögum nr. 111/1992 var ákveðið að skattafsláttur framangreindra laga um húsnæðissparnaðarreikninga yrði skertur í áföngum og lögin afnumin 1. janúar 1997.

Ekki verður séð að þær breytingar hafi orðið hér á landi sem leiði til þess að rétt sé að leggja niður þessa aðferð til sparnaðar. Fremur er ástæða til þess að ýta undir sparnað í þjóðfélaginu nú þegar kaupmáttur almennings eykst og þjóðfélagið siglir upp úr öldudal síðustu átta ára. Ýmsar opinberar stofnanir hafa lýst yfir áhyggjum af vaxandi verðbólgu. Við því má m.a. sporna með auknum sparnaði.

Ljóst er að það skiptir sköpum um möguleika fólks á að eignast eigið húsnæði hve mikinn hlut kaupanna er hægt að fjármagna með eigin fé. Talið er að á almennum markaði verði fólk að eiga minnst 15% af kaupverði íbúðar skuldlaus við fyrstu kaup. Þetta er talsvert hærri eigin-

fjárkrafa en víða gerist. Með nokkurri einföldun má segja að erlendis dugi að eiga 10% kaupverðs og taka eitt lán fyrir 90% af íbúðarverði og er þá miðað við óverðtryggð fasteignaveðlán sem minnka hratt vegna endurgreiðslna og verðbólgu. Hér standa fólki aðeins til boða lán fyrir 70% íbúðarverðs og er um verðtryggð jafngreiðslulán að ræða sem greiðast afar hægt upp. Þar sem algengt er að hérlendis sé eigið fé við fyrstu kaup um 15% er það sem á vantar fjármagnað með skammtímalánum. Segja má að í því sé fólgin sérstaða íslenska húsnæðislánakerfisins.

Greiðslubyrði skammtímalána ræður mjög miklu um kaupgetu ungs fólks. Sem dæmi má nefna að af greiðslubyrði fjölskyldu, sem á 15% af kaupverði íbúðar, eru a.m.k. 40% vegna skammtímalána en 60% vegna húsbréfalána. Er þá miðað við að lánstími skammtímalána sé sjö ár. Ef hann er skemmri vega skammtímalánin enn þyngra. Í töflunni hér á eftir má sjá hversu þungt skammtímalánin vega í greiðslubyrði miðað við mismunandi eign við kaup:

Skuldlaus eign sem % af kaupverði	*10*	*15*	*20*	*25*
Greiðslubyrði húsbréfaláns í %	52	60	69	81
Greiðslubyrði skammtímaláns í %	48	40	31	19

Af þessu má ráða að skammtímalánin og skuldlaus eign ráða mjög miklu um kaupgetu og á það af skiljanlegum ástæðum einkum við um ungt fólk. Eftirfarandi tafla sýnir aðra hlið á þessu máli en þar kemur fram hversu há mánaðarlaun fjölskylda þarf að hafa til að geta keypt þriggja herbergja íbúð miðað við misjafnlega mikið eigið fé. Til dæmis má sjá að fjölskylda sem á 20% af kaupverði kemst af með 70 þús. kr. lægri mánaðarlaun en sú sem á aðeins 10% skuldlaus.

Skuldlaus eign sem % af kaupverði	*Mánaðarlaun (í þús. kr.)*
10	285
15	250
20	218

Málinu má einnig stilla upp á þann hátt að sýna hversu dýra íbúð fjölskylda með 250 þús. kr. mánaðarlaun gæti keypt miðað við misjafnlega hátt hlutfall skuldlausrar eignar.

Skuldlaus eign, % af kaupverði	*Kaupgeta (millj. kr.)*	*Samanburður í %*
10	5,8	89
15	6,5	100
20	7,5	115
25	8,9	137

Þessi dæmi sýna að húsbréfakerfið er afar viðkvæmt fyrir eignastöðu kaupenda. Áhrif sparnaðar á kaupgetuna eru því afgerandi. Miðað við að flestir eigi milli 15–20% af kaupverði má segja að fyrir hverjar 100 þús. kr. sem kaupandi nær að spara aukist kaupgetan um 300 þús. kr. Með því að spara 10 þús. kr. á mánuði í þrjú ár getur fjölskylda með öðrum orðum aukið kaupgetuna um allt að 1,2 millj. kr. eða um eitt til tvö herbergi.

Ef jafnhliða húsnæðissparnaði kæmi hagstæð lánafyrirgreiðsla þeirrar stofnunar sem sparnaðinn ávaxtar má enn auka áhrifin.

Miðað við núverandi kerfi þarf fjölskylda að hafa 175 þús. kr. í mánaðartekjur til að geta keypt allra ódýrasta húsnæði á höfuðborgarsvæðinu svo að dæmi sé tekið (4,5 millj. kr.). Þá er miðað við að skuldlaus eign sé 15% af kaupverði. Með sparnaði má færa þessi mörk neðar sem nemur 5 þús. kr. mánaðarlaunum fyrir hver 45 þús. kr. sem lögð eru í sparnað.

Fjölmargar fjölskyldur hafa nægilega háar tekjur til að ráða við húsnæðiskaup ef miðað er við það sem tíðkast í húsnæðislánakerfum annarra þjóða. Hér er þó kaupgeta þeirra metin mjög til lækkunar í húsbréfakerfinu, m.a. vegna áhrifa skammtímalána og takmarkaðrar eiginfjárstöðu. Óeðlilegt er að fólk með 150 þús. kr. í fjölskyldutekjur á mánuði geti ekki keypt sér íbúð. Samningsbundinn húsnæðissparnaður getur gert þessu fólki mögulegt að kaupa húsnæði með því einu að leggja fyrir 5 þús. kr. á mánuði í þrjú ár.

Fólki með tekjur á bilinu 175–300 þús. kr. á mánuði og mikla rýmisþörf er gert mjög erfitt fyrir að kaupa nægilega stórt húsnæði í húsbréfakerfinu. Það verður því oft að kaupa of litlar íbúðir. Afleiðingin er mikil eftirspurn eftir smáum íbúðum en offramboð á stórum, burtséð frá raunverulegri húsnæðisþörf. Af þessum sökum hefur ekki verið innbyrðis samræmi í húsnæðisverði. Stórar eignir eru ódýrar af því að fáir eru til að kaupa þær af kerfisástæðum en litlar eignir dýrar af því að margir eru um hituna. Samningsbundinn húsnæðissparnaður mun auðvelda ungu fólki með góðar tekjur að kaupa húsnæði í samræmi við fjölskylduþarfir.

Þegar á heildina er litið má því fullyrða að með markvissum, samningsbundnum sparnaði sé hægt að draga úr ýmsum neikvæðum áhrifum húsnæðiskerfisins sem hér hefur verið komið upp.

Sérstök ástæða er til þess að heimila að húsnæðissparnaðarreikningar verði nýttir til að fjármagna viðhald íbúðarhúsnæðis. Mikil áhersla hefur verið lögð á að nýbyggingar. Er það skiljanlegt þegar tekið er tillit til þess hve húsakostur var lélegur og Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðum í þeim efnum. Nú er hins vegar svo komið að á tiltölulega skömmum tíma hefur mikið verið byggt. Kallar það á breyttar áherslur í húsnæðismálum. Nauðsynlegt er að mæta húsnæðisþörf með viðhaldi og endurnýjun eldra húsnæðis ekki síður en með nýbyggingum. Er því full ástæða til að leita leiða til að ýta undir viðhald íbúðarhúsa, bæði með skattalegum ívilnunum og samningsbundnum sparnaði.

Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m^3 af íbúðar- og atvinnuhúsnæði að núvirði um 1.200 milljarðar kr. en til viðbótar eru um 13 milljónir m^3 í ýmiss konar útihúsum. Þjóðarauður okkar er að mestu bundinn í þessum eignum.

Meðalaldur þessa húsnæðis er um 25 ár og það því að mestu byggt á eftirstríðsárunum. Á síðasta áratug hefur viðhaldsþörf fasteigna landsmanna farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir holskeflu á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta húsnæðisins hefur enn sem komið er verið haldið við sem skyldi, hjá einkaaðilum sem opinberum aðilum. Veldur þar nokkru oftrú á steinsteypu sem ekki hefur reynst viðhaldsfrítt efni eins og almennt var talið, a.m.k. eins og hún hefur verið notuð í húsbyggingar.

Annars staðar á Norðurlöndum er almennt miðað við að árlegur viðhaldskostnaður sé um 1–5% af nýbyggingarkostnaði en fari hækkandi með aldri húsnæðisins. Lægri mörkin eru fyrir íbúðarhúsnæði í einkaeign en hærri mörkin fyrir sumar opinberar byggingar. Þessi hlutföll miða við reglubundið viðhald. Þar sem það hefur almennt verið vanrækt hér á landi og aldur húsnæðis er lágur kemur gífurlegur uppsafnaður vandi til með að mæta húseigendum á næstu árum. Sé viðhald vanrækt eykst skemmd sem fall af tíma þannig að á endanum verður þörf á mun víðtækari viðgerðum en var í upphafi. Óverulegar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhaldskostnaði húsa hér á landi en flest bendir til að hann sé sambærilegur því sem að framan greinir. Reynsla Reykjavíkurborgar af viðhaldskostnaði húsnæðis í eigu borgarinnar styður það mat. Húsnæði hér á landi er almennt vandað en jafnframt undir miklu álagi af veðri.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem gerð var árið 1992, um viðhorf húseigenda til viðhalds fasteigna kemur fram að 77% húseigenda segjast sjálfir meta viðhaldsþörf húseigna sinna og 53% segjast annast viðhald sjálfir. Um 52% húseigenda telja viðhaldsþörf húsa vera innan við 50 þús. kr. á ári. 24% telja hana vera á bilinu 50–150 þús. kr. á ári og 6%

telja hana meiri. Þessar tölur benda til að a.m.k. helmingur húseigenda vanmeti viðhaldsþörf fasteigna sinna.

Ef áætlaður viðhaldskostnaður er um 2% af stofnverði að jafnaði ætti árlegur kostnaður af viðhaldi húsnæðis landsmanna að vera a.m.k. 24 milljarðar kr. Hlutfall vinnuliðar er áætlað um 75% í viðgerðum og ætti hann að nema um 18 milljörðum kr. árlega. Viðhaldsmarkaðurinn er áætlaður um 5–7 milljarðar kr.

Ef gert er við húseign fyrir um 1 millj. kr. fyrir utan virðisaukaskatt nemur vinnuliður um 750 þús. kr. með launakostnaði. Launakostnaður er um 300 þús. kr. af þeirri upphæð og hlutur ríkisins af þeim lið um 16% í formi tryggingagjalds sem er tæplega 50 þús. kr. Ætla má að tekjur ríkissjóðs af vinnulið séu í heild um 160 þús. kr. miðað við að brúttótekjuskattur launþega sé ríflega 35%, að viðbættum 50 þús. kr., eða samtals um 210 þús. kr. Tekjur ríkissjóðs af efnislið verksins eru þá ótaldar. Tekjurnar eru því lauslega áætlaðar a.m.k. um 250 þús. kr. af 1 millj. kr. viðgerðarverkefni, eða um 25%.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðuneytisins um umfang skattsvika frá september 1993 kemur fram að áætluð nótulaus viðskipti séu langmest í byggingariðnaði. Heildarumfang skattsvika er áætlað um 6% af vergri þjóðarframleiðslu eða sem nemur 6,5 milljörðum kr. Hlutfall af nótulausum viðskiptum byggingariðnaðarins er reiknað sem 16% af rekstrartekjum. Um 21% aðila í byggingariðnaði sögðust taka á móti óframtöldum tekjum og um 16% einstaklinga sögðust hafa greitt fyrir slík viðskipti. Hins vegar sögðust 71% aðspurðra mundu þiggja skattlausar tekjur ef þeim stæðu þær til boða. Ætla má að megnið af þessum nótulausu viðskiptum byggingariðnaðarins eigi sér uppruna á viðhaldssviði greinarinnar hjá einstaklingum og húsfélögum en síður hjá fyrirtækjum og stofnunum og vegna nýframkvæmda. Ætla má að þetta hlutfall sé því töluvert hærra í viðhaldsverkefnum.

Mikilvægt er að grípa til aðgerða sem hvetja húseigendur til að eiga aðeins lögleg viðskipti. Með því að hvetja húseigendur til sparnaðar og með skattafslætti má hugsanlega ná þessu markmiði.

Ávinningurinn er ekki síst fólginn í eftirfarandi:

— Úttektarheimild hvetur til að viðhaldsverkefnum verði skilað með fullgildum reikningum.
— Tekjur ríkissjóðs aukast vegna minni svartar vinnu.
— Úttektarheimild hvetur húseigendur til að auka viðhald húsnæðis og er þannig atvinnuskapandi aðgerð sem þýðir minni greiðslur í atvinnuleysisbætur.
— Þjóðarauður landsmanna, sem bundinn er í fasteignum, verður betur varðveittur.

Í viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar kemur fram að iðnaðarmenn eru helst fengnir í stærri utanhússviðgerðir, svo sem steypuviðgerðir og viðgerðir á gluggum og þaki. Viðhaldsverk taka eðlilega að öllu jöfnu mun styttri tíma og eru minni umfangs en nýframkvæmdir. Við meiri háttar viðgerðir er þeim jafnframt dreift á nokkur ár til að jafna greiðslubyrði eigendanna. Ætla má af könnuninni að stór hluti viðhaldsverka sé af stærðargráðunni 150–250 þús. kr. hvað varðar árleg fjárútlát einstakra húseigenda. Þetta bendir til að stærðargráða viðhaldsverkefna á vegum einstaklinga sé innan þeirra marka að fátt hvetji til að gefa þau upp til skatts. Líklegt er að töluverður hluti þeirra sé unninn nótulaust og að það hafi aukist í atvinnuleysi síðustu ára. Töluverð ásókn er í vinnu við viðgerðir á hverju vori af verktökum með litla sem enga þekkingu á viðgerðum. Verktakafyrirtæki eru jafnvel gerð upp í lok árs eftir að hafa að mestu unnið nótulaust og því enga ábyrgð tekið á verkum. Ætla má að eftir töluverðu sé að slægjast fyrir skattyfirvöld með því að hvetja húseigendur til að skipta aðeins við viðurkennda verktaka og krefjast fullgilds reiknings fyrir viðhald eigna sinna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins vísast til athugasemda í frumvarpi er varð að lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, og þykir óþarfi að endurtaka þær. Hér á eftir er eingöngu gerð grein fyrir þeim breytingum á gildandi lögum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 49/1985 og er á ný horfið til þess að skattafsláttur nemi fjórðungi árlegs innleggs.

Um 2. gr.

Greinin er eins og í lögum nr. 49/1985 með þeim breytingum að fjárhæðir hafa verið uppfærðar og ákvæði sem vísa til breytinga samkvæmt byggingarvísitölu hafa verið felld brott.

Þá er heimilt er að stofna húsnæðissparnaðarreikninga við innlendar innlánsstofnanir og verðbréfafyrirtæki, í stað þess að einskorða slíka heimild við viðskiptabanka og sparisjóði. Sams konar breyting kemur fram í 1. og 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Nokkrar breytingar eru gerðar á 3. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið svo á að taki reikningseigandi út fé af húsnæðissparnaðarreikningi til annarrar ráðstöfunar en kaupa á íbúðarhúsnæði eða til endurbóta eða viðhalds á eigin íbúð, skuli hann endurgreiða framreiknaðan skattafslátt að viðbættum vöxtum.

Þá er bætt inn ákvæði um lágmark heildarkostnaðar af endurbótum eða viðhaldi á eigin húsnæði, sem reikningseiganda er heimilt að greiða með úttekt af húsnæðissparnaðarreikningi. Miðað er við 5% af fasteignamati húsnæðisins.

Þá er fellt inn í 3. gr. ákvæði um hvernig með skuli fara verði ekki af fyrirhuguðum kaupum. Var það ákvæði áður í 5. gr. frumvarpsins.

Um 4.–6. gr.

Gr. 4.–6. eru óbreyttar frá lögum nr. 49/1985 nema að því leyti að nú skal miða við að einstakir reikningar beri nafn og kennitölu eigenda í stað nafnnúmers.

Orðalagi 4. gr. er breytt til samræmis við breytingu á 2. gr. þar sem heimild til að stofna húsnæðissparnaðarreikninga er víkkuð út og látin ná til innlendra innlánsstofnana og verðbréfafyrirtækja.

Ákvæði úr 5. gr. um hvernig skuli með fara ef ekki verður af fyrirhuguðum kaupum hafa verið felld inn í 3. gr., sbr. athugasemd um 3. gr. 3. mgr.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 49/1985.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringar.

1097. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. a og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarks-aflahlutdeild
Þorskur	10%
Ýsa	10%
Ufsi	20%
Karfi	20%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að ofan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sem ákveðið er af sjávarútvegsráðuneytinu, og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sem ákveðið er af sjávarútvegsráðuneytinu, og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1., 2. og 5. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra lögaðila, eða tengdra aðila, nema allt að 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda skv. 2. mgr., eigi enginn aðili, einstaklingur eða lögaðili eða tengdir aðilar, meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Engar hömlur mega vera á viðskiptum með eignarhluta í viðkomandi lögaðilum. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessari málsgrein telst einnig eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg. Ef um tengda aðila er að ræða þurfa báðir eða allir að fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar. Það á þó ekki við um eignarhlut móðurfyrirtækis í dótturfyrirtæki. Samvinnufélög teljast fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar ef félagsaðilar þeirra eru 100 eða fleiri.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. b og orðast svo:

Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 11. gr. a, að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 11. gr. a hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframaflahlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframaflahlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sé aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1., 2. eða 5. mgr. 1. gr. skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 2. gr. Fiskistofa skal í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilkynna aðila hver umframaflahlutdeild hans er og gildir 2. mgr. 2. gr. um frest aðila til að ráðstafa umframaflahlutdeildinni og áhrif þess að umframaflahlutdeildinni er ekki ráðstafað innan tilskilins frests.

II.

Sjávarútvegsráðherra skal að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg.

1098. Frumvarp til laga [340. mál]

um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

Fiskveiðar og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er skilgreind í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

1. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
2. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   b. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilandhelgi Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
   c. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja þá aðra verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

Til fiskveiða og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslensk skip og gildir það einnig um vinnslu sjávarafla skv. 2. málsl. 2. mgr. Íslensk skip eru þau skip sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu íslenskra skipa.

2. gr.

Erlendum veiðiskipum og vinnsluskipum er óheimilt að hafast við í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er þeim heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda hafi þau tilkynnt um veru sína skv. 4. gr. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum með milliríkjasamningum.

3. gr.

Erlendum skipum er heimilt að landa eigin afla, umskipa afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skips.

Erlendum skipum, sem stunda veiðar eða vinnslu á afla úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og sem íslensk stjórnvöld hafa ekki gert milliríkjasamning um nýtingu á, er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. óheimilt að koma til íslenskra hafna. Sama gildir um erlend skip sem stunda veiðar eða vinnslu á afla sem brjóta í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að. Óheimilt er einnig að veita skipum, sem um ræðir í þessari málsgrein, þjónustu í fiskveiðilandhelgi Íslands eða frá íslenskum höfnum og skipum, er flytja afla þeirra eða veita þeim þjónustu utan fiskveiðilandhelgi Íslands, er enn fremur óheimilt að koma til íslenskra hafna.

Ráðherra getur ákveðið að ákvæði 2. mgr. gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi, enda sé Ísland aðili að honum. Þá getur ráðherra ákveðið að ákvæði 2. mgr. taki til erlendra skipa sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði 2.–3. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda og heimilt er þeim að leita vars við strendur landsins, enda verði Landhelgisgæslu Íslands tilkynnt um það.

4. gr.

Erlend veiðiskip og vinnsluskip skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands með sex klukkustunda fyrirvara um komu sína í og siglingu út úr fiskveiðilandhelgi Íslands og gefa upp staðsetningu. Meðan á siglingu þeirra í landhelginni stendur skulu þau á tólf klukkustunda fresti gefa upp staðsetningu, stefnu og hraða. Auk þess skulu þau erlendu skip sem hyggjast leita hafnar hér á landi tilkynna Landhelgisgæslunni um magn afla og tegundir um borð í skipinu, hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til viðkomandi hafnar. Landhelgisgæslan skal tilkynna Fiskistofu megi ætla að veiðar skipsins falli undir 2.–3. mgr. 3. gr.

5. gr.

Um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni skulu, ef ekki er um annað samið í milliríkjasamningum, gilda ákvæði laga og reglugerða sem gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelginni varðandi veiðarfæri, friðunarsvæði og veiðitíma, sbr. 8.–14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nýtingu nytjastofna og eftirlit með fiskveiðum, þar með talda færslu afladagbóka, sbr. 2., 9. og 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og 15. og 17. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þá skulu gilda ákvæði laga og reglugerða sem gilda um vigtun sjávarafla í íslenskum höfnum landi

erlend veiðiskip afla sínum hér á landi. Að öðru leyti skulu gilda um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni sambærilegar reglur og gilda um veiðar íslenskra skipa, eftir því sem við á, sbr. þó 9. gr.

6. gr.

Fiskistofa gefur út tímabundin leyfi til erlendra skipa í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegsráðuneytisins þar að lútandi. Stjórnvöld í því ríki sem veitt hafa verið réttindi með milliríkjasamningi skulu sækja til Fiskistofu um leyfi til að stunda veiðar á grundvelli samningsins. Erlendum skipum er óheimilt að hefja veiðar innan fiskveiðilandhelginnar nema að fengnu leyfi Fiskistofu.

7. gr.

Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í erlend veiðiskip sem stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð í veiðiskipinu og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit skv. 1. mgr. geti ekki farið fram á sjó skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

8. gr.

Fiskistofa getur svipt erlent skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa gegn lögum þessum, öðrum lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerðum settum með stoð í lögum eða ákvæðum milliríkjasamninga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að setja frekari reglur um framkvæmd laga þessara og um framkvæmd einstakra milliríkjasamninga í samræmi við reglur um sambærilegar veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilandhelginnar ef ekki hefur verið um annað samið í milliríkjasamningum. Þá er ráðherra heimilt, telji hann slíks þörf, að setja frekari reglur um veiðarfæri, veiðisvæði og veiðitíma og reglur sem lúta að eftirliti með veiðum erlendra skipa, svo sem um vigtun afla, færslu afladagbóka, tilkynningar til stjórnvalda, fjareftirlit og skyldu til að sigla inn í og út úr fiskveiðilandhelgi Íslands á tilteknum athugunarstöðvum.

10. gr.

Ákvæði 11.–15. gr. eiga við sé brotið gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum settum með stoð í þeim.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða gilda ekki sektarhámörk þau sem sett eru í 12. gr. Auk þess skal heimilt í þeim tilvikum að gera allan afla skipsins og öll veiðarfæri um borð í skipinu upptæk. Í stað þess að gera afla

og veiðarfæri upptæk samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans og veiðarfæranna samkvæmt mati dómkvaddra manna.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

13. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Ákvarða má sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmann lögaðila, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun til eða hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

14. gr.

Hafi afli fengist á ólögmætan hátt skulu brot auk refsingar samkvæmt framansögðu varða upptöku afla. Komi í ljós við athugun á afla um borð í erlendu veiðiskipi að aflamagn um borð í skipinu er ekki í samræmi við skráðan afla í afladagbókum eða tilkynningar til stjórnvalda er heimilt að gera það aflamagn sem umfram er hinn skráða eða uppgefna afla upptækt. Á sama hátt skal gera þann afla upptækan sem umfram er þær heimildir sem erlendum skipum eru veittar af íslenskum stjórnvöldum. Í stað þess að gera afla upptækan samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum eða í samræmi við ákvæði annarra laga sem vísað er til í lögum þessum.

15. gr.

Heimilt er að kyrrsetja skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 13 30. mars 1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, og 10. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

1099. Frumvarp til laga [201. mál]

um loftferðir.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda á íslensku yfirráðasvæði og um borð í íslenskum loftförum hvar sem þau eru stödd, nema samningar við önnur ríki eða lög þess ríkis er loftfarið fer um leiði til annars.

Samgönguráðherra ákveður að hve miklu leyti reglur settar samkvæmt heimild í lögum þessum gildi utan íslensks yfirráðasvæðis.

2. gr.

Loftfar samkvæmt lögum þessum telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um tæki sem ætluð eru til að hreyfast um loftið en eru eigi loftför.

Ráðherra getur undanþegið ákvæðum laga þessara eða sett sérreglur um loftför sem ekki hafa stjórnanda innan borðs, eru ekki knúin hreyfli eða eru annars sérstakrar tegundar.

3. gr.

Loftfari er aðeins heimil ferð um íslenskt yfirráðasvæði að uppfylltu einhverju af eftirfarandi skilyrðum:

a. Það hafi íslenskt þjóðerni.
b. Það hafi þjóðerni ríkis sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenskt yfirráðasvæði.
c. Það hafi sérstaka heimild samgönguráðherra til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði. Slík leyfi má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru þau afturkallanleg án fyrirvara.

4. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis eða allsherjarreglu, getur samgönguráðherra takmarkað eða bannað loftferðir almennt eða um hluta af íslensku yfirráðasvæði.

Flugmálastjórn er heimilt að banna flug yfir hljóðhraða innan íslensks yfirráðasvæðis.

II. KAFLI
Stjórn flugmála.

5. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn flugmála.

6. gr.

Flugmálastjórn Íslands er sérstök stofnun undir stjórn flugmálastjóra, sem fer með framkvæmdarvald samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og stjórnvaldsreglum sem settar eru á sviði loftferða.

Samgönguráðherra skipar flugmálastjóra til fimm ára í senn. Ráðherra ræður framkvæmdastjóra einstakra sviða stofnunarinnar að fenginni umsögn flugmálastjóra. Flugmálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Nánar skal kveðið á um hlutverk Flugmálastjórnar Íslands með reglugerð.

7. gr.

Flugmálastjórn skal heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna og eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir með það að markmiði að vinna að rannsókn og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöður þess starfs.

Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar.

Þá skal Flugmálastjórn heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíku félagi eða fyrirtæki gagngert komið á fót í þessu skyni.

8. gr.

Flugráð er skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Varamenn taka sæti í forföllum aðalmanna.

Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í ráðið og jafnmarga til vara. Samgönguráðherra skipar tvo og jafnmarga til vara með sérþekkingu á flugmálum. Fulltrúar skipaðir af samgönguráðherra skulu vera formaður og varaformaður flugráðs.

Skipunartími flugráðs skal vera fjögur ár, en skipunartími ráðherraskipaðra fulltrúa skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Flugráð skal vera samgönguráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál.

Verkefni flugráðs við stjórn flugmála eru eftirfarandi:

a. Stefnumótun í flugmálum, innan lands og í millilandaflugi.
b. Framkvæmdaverkefni og gerð flugmálaáætlunar lögum samkvæmt.
c. Fjárlagatillögur og rekstraráætlanir.
d. Gjaldskrártillögur.
e. Reglugerðir um flugmál.
f. Málefni sem samgönguráðherra eða Alþingi sendir flugráði til umfjöllunar.
g. Mál sem flugmálastjóri eða einstakir flugráðsmenn óska að fjallað verði um.

Flugmálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Nánar skal kveðið á um hlutverk flugráðs með reglugerð.

III. KAFLI
Skrá um íslensk loftför.

9. gr.

Flugmálastjórn skal halda skrá um íslensk loftför, loftfaraskrá.

Hafi loftfar verið skráð samkvæmt ákvæðum laga þessara hlýtur það íslenskt þjóðerni og Flugmálastjórn gefur út númerað þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa loftfarinu. Loftfarið hefur íslenskt þjóðerni meðan skírteinið heldur gildi sínu.

Þegar loftfar er skráð skal merkja það íslensku þjóðernismerki og skrásetningarmerki og gefa því skrásetningarnúmer. Þjóðernis- og skráningarmerki skal loftfarið bera meðan skrásetning þess er í gildi. Skrásetningarnúmeri má ekki breyta.

Um skrásetningu réttinda í loftförum gilda sérstök lög. Sýslumaðurinn í Reykjavík annast framkvæmd þeirrar réttindaskrár.

Flugmálastjórn skal tilkynna skrásetjara réttinda í loftförum svo fljótt sem verða má allar breytingar er verða á loftfaraskrá.

10. gr.

Heimilt skal að skrásetja hér á landi loftfar sem er í eigu íslenskra ríkisborgara er eiga lögheimili hérlendis eða íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi. Réttur til skrásetningar loftfars er þó háður því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Þó er heimilt að skrá á Íslandi loftfar sem íslenskum flugrekanda er heimilt að nota í rekstri sínum ef það er í eigu einstaklinga eða lögaðila með ríkisfang og heimilisfesti í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Flugmálastjórn getur heimilað skráningu loftfars hér á landi þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr., enda sé loftfarið í umráðum íslensks aðila og sérstakar ástæður mæli með slíku leyfi.

11. gr.

Loftfar, sem skrásett er erlendis, verður eigi skráð hér á landi fyrr en það hefur verið strikað af erlendri skrá.

Ef á loftfari hvíla skráð réttindi sem meta skal gild hér á landi samkvæmt samningi við erlent ríki verður loftfarið eigi tekið á íslenska skrá, nema rétthöfum hafi verið gerð full skil, þeir samþykki flutninginn eða réttindin séu niður fallin við nauðungarsölu.

12. gr.

Loftfar skal eigi skrásetja, nema það hafi tegundarskírteini sem Flugmálastjórn hefur gefið út eða metið gilt eða annars konar vottorð sem Flugmálastjórn metur fullnægjandi.

Heimilt er ráðherra að setja sérreglur um loftför án tegundarskírteina, svo sem heimasmíðuð loftför, og um skráningu slíkra loftfara með reglugerð.

13. gr.

Skrásetja skal loftfar samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess. Umsókn skal geyma skýrslur sem nauðsynlegar eru til skrásetningar og henni skulu fylgja skilríki fyrir því að umsækjandi sé eigandi loftfarsins, hvenær og af hverjum það er smíðað og svo að skilyrðum 10.–12. gr. sé fullnægt. Ef eignarréttur umsækjanda er bundinn skilyrðum eða takmörkunum sem geta leitt til þess að eignarrétturinn flytjist til annars aðila skal geta þess í umsókn.

14. gr.

Ef skilyrði eru til skrásetningar að dómi Flugmálastjórnar skrásetur hún loftfar og lætur því í té skrásetningarmerki og númer.

Á skrá skal setja:

a. þjóðernismerki, skrásetningarmerki og skrásetningarnúmer loftfars,
b. nauðsynlega skýrslu um annað það er einkennir loftfar, svo sem tegund og gerð loftfars, verksmiðjunúmer á skrokk og hreyflum og smíðaár,
c. skýrslu um eiganda, nafn hans, heimili og eignartöku hans á loftfari og, sé því að skipta, skilyrði og hömlur sem greindar eru í 13. gr.,
d. hver er umráðandi ef hann er annar en eigandi,

e. dag og ár skrásetningar,
f. aðrar skýrslur eftir ákvörðun Flugmálastjórnar.

15. gr.

Ef eigendaskipti verða á loftfari eftir skrásetningu, að nokkru eða öllu, eigandi þess breytir þjóðerni sínu eða gerð er breyting á loftfarinu sem máli skiptir um kennsl á því skal eigandi tafarlaust tilkynna Flugmálastjórn breytinguna og leggja fram nauðsynlegar skýrslur og skilríki. Á sama hátt skal fara með þegar eigandi fullnægir eigi lengur skilyrðum 10. gr.

Verði eigendaskipti að loftfari að nokkru eða öllu leyti með samningi hvílir tilkynningarskylda einnig á afsalsgjafa. Fari eigendaskipti á loftfari fram fyrir nauðungarsölu, gjaldþrot eða opinber skipti hvílir slík skylda á þeim sem gefur út afsal og kaupanda.

Flugmálastjórn skal skrá breytingu og gæta ákvæða 13. og 14. gr. eftir því sem þörf er á.

16. gr.

Loftfar skal strika af skrá þegar:
a. skráður eigandi krefst þess,
b. skilyrðum 10. gr. er eigi lengur fullnægt, enda veiti Flugmálastjórn eigi leyfi til að skráning loftfarsins haldist,
c. loftfar er rifið eða það hefur eyðilagst,
d. loftfar er horfið; loftfar telst horfið þegar liðnir eru þrír mánuðir frá því að síðasta flug hófst og eigi er vitað að það sé enn óskaddað.

Hafi eitthvert þeirra tilvika fyrir borið sem nefnd eru í b–d-liðum þessarar greinar skal eigandi loftfars tafarlaust tilkynna það skráningaryfirvöldum, enda hafi það eigi þegar verið gert skv. 15. gr.

Hafi loftfar eigi haft gilt lofthæfisskírteini í þrjú ár má strika það af skrá, enda afli eigandi eigi slíks skírteinis áður en liðinn er frestur sem skrásetningaryfirvöld setja honum.

Ef skráð eru réttindi í loftfari skal ekki fella það niður af loftfaraskrá, nema rétthafi samþykki það.

17. gr.

Ef skráð loftfar er selt gegn afborgun og eignarréttarfyrirvara eða samningur gerður um kaup- eða fjármögnunarleigu skal tilkynna samninginn tafarlaust til Flugmálastjórnar. Tilkynningarskylda hvílir bæði á eiganda og umráðanda.

Flugmálastjórn skal skrá málavexti og fá afrit viðkomandi samninga.

Ef loftfar, sem skráð er hér á landi, er látið í forræði leigutaka, eða annars sem notar það á eigin kostnað, er leigutaka eða þeim sem notar það skylt að afla samþykkis Flugmálastjórnar áður en notkun hefst.

18. gr.

Ef loftfar er fellt niður af skrá skal eigandi þess, eða fyrri eigandi sé það komið í eigu erlends aðila, tafarlaust senda Flugmálastjórn þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Ef færð er í skrána einhver breyting á þeim atriðum sem getur í skírteininu skal eigandinn án tafar senda Flugmálastjórn skírteinið og skráir hún breytingarnar á skírteinið eða gefur út nýtt skírteini í stað hins.

19. gr.

Í íslensku loftfari, sem er í flugferðum samkvæmt lögum þessum, skal vera:

a. staðfesting á þjóðernisskráningu,
b. gilt lofthæfisskírteini,
c. gilt leyfisbréf fyrir hvern flugliða sem skylt er að beri skírteini við starf sitt,
d. loftferðadagbók,
e. talstöðvarskírteini,
f. farþegalisti, ef loftfarið flytur farþega í flugi milli landa, og skulu þar greind nöfn þeirra, flugvöllur þar sem þeir eru teknir og flugvöllur sá er þeir ætla til; farþegalisti skal jafnframt liggja frammi í brottfararflughöfn, og gildir það einnig um innanlandsflug,
g. farmskírteini og sundurliðuð skýrsla um farm, ef það flytur farm í flugi milli landa.

Í erlendu loftfari á íslensku yfirráðasvæði skulu vera samsvarandi skilríki frá viðkomandi erlendu ríki eða ríkjum sem rétt hafa til flugferða um íslenskt yfirráðasvæði.

Sá sem hagsmuna hefur að gæta að lögum hefur rétt til að kynna sér efni dagbóka og annarra loftfarsskjala.

Ef ekki er öðruvísi mælt í sérstökum lögum setur Flugmálastjórn reglur um dagbækur og önnur loftfarsskjöl, vist þeirra í loftfari og, ef þurfa þykir, gerð þeirra, ritun og geymslu.

IV. KAFLI
Lofthæfi.

20. gr.

Loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal vera lofthæft.

Loftfar er einungis lofthæft ef það fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a. það er hannað samkvæmt viðeigandi stöðlum og hefur skírteini er vottar slíkt,
b. það er framleitt af viðurkenndum framleiðanda; heimilt er þó að sérreglur gildi um heimasmíðuð loftför, sbr. 12. gr.,
c. viðhald þess og reglubundið eftirlit er í samræmi við reglur og fyrirmæli flugmálayfirvalda um stjórnun á viðhaldi þess og notkun viðurkenndra viðhaldsstöðva, grannskoðun, viðgerðir, breytingar og ísetningu búnaðar,
d. það uppfyllir stjórnvaldskröfur um mengunarvarnir, m.a. vegna hávaða og útblásturs,
e. loftfarið, áhöfn þess og farþegar eru vátryggð á fullnægjandi hátt svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

21. gr.

Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að loftför, sem notuð eru til loftferða eftir lögum þessum, séu lofthæf og framkvæmir úttektir og skoðanir eftir því sem þörf krefur.

Flugmálastjórn er heimilt að láta íslenskan eða erlendan aðila eða erlent stjórnvald, sem hún velur og til þess er hæft, framkvæma skoðun og eftirlit.

22. gr.

Ef sannreynt er með skoðun eða á annan hátt að loftfar sé lofthæft gefur Flugmálastjórn út lofthæfisskírteini handa loftfarinu. Gefa má út skírteini til tiltekins tíma og má takmarka það við loftferðir tiltekinnar tegundar eða á tilteknu svæði.

Flugmálastjórn getur kveðið svo á að taka skuli upp í skírteinið eða sérstakt skjal, sem fylgir skírteininu, leiðbeiningar um notkun loftfarsins, enda teljist það þá lofthæft þegar leiðbeiningunum er fylgt.

23. gr.

Íslenskt loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal til sönnunar um lofthæfi sitt hafa lofthæfisskírteini um borð sem er gefið út eða staðfest af Flugmálastjórn.

Erlent loftfar í loftferðum um íslenskt yfirráðasvæði skal annaðhvort hafa slíkt skírteini eða lofthæfisskírteini sem gefið hefur verið út eða staðfest í erlendu ríki sem samið hefur verið við um viðurkenningu þess háttar skírteinis hér á landi.

24. gr.

Lofthæfisskírteini verður ógilt:

a. þegar ekki er fylgt skyldubundinni viðhaldsstjórnun eða skyldubundið viðhald hefur ekki verið framkvæmt á loftfari,
b. þegar gerð hefur verið óheimil breyting á loftfari eða búnaði þess,
c. þegar loftfar eða búnaður þess hefur orðið fyrir spjöllum sem einsýnt er að máli skipta um lofthæfi þess,
d. lögskyldar vátryggingar falla úr gildi.

Verði skírteini ógilt getur Flugmálastjórn krafist afhendingar þess. Ógildingin helst uns bætt hefur verið úr ágöllum þeim sem um er að ræða.

25. gr.

Ákvæði 22. og 24. gr. um íslenskt lofthæfisskírteini skulu með tilsvarandi hætti eiga við um staðfestingu Flugmálastjórnar á erlendu lofthæfisskírteini og um endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

26. gr.

Umráðanda loftfars samkvæmt loftfaraskrá, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum, ber skylda til að sjá svo um að loftfar í notkun sé lofthæft og ber hann ábyrgð á að því fylgi gilt lofthæfisskírteini.

Ef eitthvað ber við sem máli skiptir um lofthæfi skal skráður umráðandi í loftfaraskrá eða flugstjóri loftfars tilkynna Flugmálastjórn það svo fljótt sem verða má og veita henni alla vitneskju sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu.

Flugmálastjórn skal heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum þessa kafla og reglum settum samkvæmt þeim þegar nauðsynlegt þykir að prófa kosti loftfars eða aðrar sérstakar ástæður eru til.

27. gr.

Flugmálastjórn, svo og aðila þeim eða yfirvaldi er getur í 2. mgr. 21. gr. og Flugmálastjórn hefur samþykkt, er heimill aðgangur að hverju því loftfari sem notað er til loftferða eftir lögum þessum. Nefndum aðilum er heimilt að framkvæma hverja þá rannsókn á loftfarinu og búnaði þess sem þeir telja nauðsynlega við skoðun og eftirlit. Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að krefja umráðanda samkvæmt loftfaraskrá, flugstjóra og áhöfn loftfars þeirrar aðstoðar sem þörf er á. Þeim er þannig heimilt að krefjast þess að loftfarið sé haft tiltækt til skoðunar, það affermt og prófflug og önnur próf framkvæmd. Heimild þessi tekur jafnframt til erlendra loftfara sem eiga viðdvöl á Íslandi.

Rannsókn samkvæmt þessari grein skal framkvæma með þeirri nærgætni sem kostur er.

28. gr.

Flugmálastjórn getur ákveðið að smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og nánar tiltekin störf við viðhald, viðgerðir og breytingar á loftförum, búnaði, tækjum og varahlutum þeirra skuli einungis falin viðurkenndum viðhaldsaðilum eða framleiðendum.

V. KAFLI
Flugverjar.

29. gr.

Hvert það loftfar sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum skal skipað áhöfn í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda. Í áhöfn eru starfsmenn sem gegna starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur, enda telst starf þeirra nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Skráður umráðandi samkvæmt loftfaraskrá og flugstjóri loftfars ábyrgjast að það sé réttilega skipað áhöfn.

30. gr.

Umráðandi loftfars er ábyrgur fyrir því að ákvæði um áhöfn séu haldin. Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að ákvæði um áhöfn séu haldin. Henni er heimilt að láta íslenskan eða erlendan aðila eða erlent yfirvald, sem til þess er hæft samkvæmt íslenskum lögum, framkvæma eftirlitið.

31. gr.

Samgönguráðherra ákveður með reglugerð hvaða skilyrðum flugliðar er í loftfari starfa skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun. Hann ákveður jafnframt með reglugerð hvaða flugverjar skuli bera skírteini því til staðfestu að þeir fullnægi skilyrðunum og nefnast þeir flugliðar.

32. gr.

Flugmálastjórn gefur út skírteini flugliða, enda sanni sá er í hlut á að hann fullnægi skilyrðum til að rækja starfann.

Skírteini má binda við loftferðir loftfara tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði.

Skírteini skal gefa út í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur, enda fullnægi handhafi þess lögmæltum skilyrðum til starfans. Um staðfestingu erlendra skírteina skal fara samkvæmt sömu reglugerð.

Heimilt er Flugmálastjórn að synja þeim manni skírteinis sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun sem veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið, enda hafi brot varðað varðhaldi eða fangelsi.

33. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að synja um viðurkenningu á skírteini sem annað ríki hefur veitt íslenskum ríkisborgara, að því er tekur til loftferða yfir íslensku yfirráðasvæði, ef ekki leiðir annað af milliríkjasamningum.

34. gr.

Hafi maður skírteini, sem Flugmálastjórn hefur gefið út eða metið gilt, skal hann svo fljótt sem verða má tilkynna henni atriði sem máli skipta er meta skal hvort hann fullnægir áfram

skilyrðum til starfans. Honum er skylt hvenær sem er að gangast undir þá rannsókn og þau próf sem Flugmálastjórn telur nauðsynleg.

Verði læknir þess vís að flugliði er haldinn slíkri heilsubilun að hætta stafi af starfa hans í loftfari ber lækninum að vara hann við og tilkynna Flugmálastjórn vitneskju sína.

Flugmálastjórn getur hvenær sem er fellt skírteini úr gildi ef hún telur að skírteinishafi fullnægi ekki lengur skilyrðum til þess starfs sem skírteinið varðar. Að jafnaði skal skírteinið þá fyrst fellt úr gildi um stundarsakir eða þar til útkljáð er hvort það skuli endanlega fellt úr gildi.

35. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að leyfa að loftfar sé notað til loftferða í æfingarskyni eða annars séu sérstakar ástæður til þótt það sé eigi skipað áhöfn samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

36. gr.

Flugverji skal hlýða skipunum yfirmanna sinna í starfa sínum, vera umhyggjusamur um loftfar, menn og varning sem í því eru og rækja starfsskyldur sínar af samviskusemi.

37. gr.

Enginn flugverji eða annar starfsmaður má hafa með hendi starfa í loftfari, vera við stjórn loftfars, stjórna loftferðum eða veita öryggisþjónustu vegna loftferða sé hann vegna neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarrar líkrar orsakar óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt.

Nú er vínandamagn í blóði yfir 0,2‰ eða áfengi í líkama sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóði og telst hlutaðeigandi þá undir áhrifum áfengis og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 1. mgr. Það leysir ekki undan sök þótt maður haldi vínandamagn í blóði sínu minna.

Enginn þeirra sem hér um ræðir má neyta áfengis síðustu átta klukkustundirnar áður en störf eru hafin né heldur meðan verið er að starfi. Varðar það að jafnaði skírteinismissi, ekki skemur en í þrjá mánuði en fyrir fullt og allt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað. Þá mega þeir ekki neyta áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja næstu sex klukkustundir eftir að vinnu lauk, enda hafi þeir ástæðu til að ætla að atferli þeirra við starfann sæti rannsókn. Lögreglumönnum er heimilt þegar rökstudd ástæða er til að flytja aðila til læknis til rannsóknar, þar á meðal til blóð- og þvagrannsóknar, og er honum skylt að hlýta nauðsynlegri meðferð læknis.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma með það að markmiði að tryggja fyllsta flugöryggi.

38. gr.

Ef flugverji veikist eða slasast fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfs hans ber vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans.

39. gr.

Samgönguráðherra kveður á um að hve miklu leyti ákvæði þessa kafla skuli taka til erlends loftfars á íslensku yfirráðasvæði.

40. gr.

Flugstjóri skal vera í hverju því íslensku loftfari sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum.

Flugstjóri hefur æðsta vald í loftfari.

41. gr.

Flugstjóri sér um að loftfar hafi ferðbundið lofthæfi og sé tilhlýðilega búið, skipað áhöfn og fermt, og að flug sé að öðru leyti undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi reglum.

Flugstjóri skal tilkynna Flugmálastjórn um atriði sem máli skipta um lofthæfi og láta henni í té skýrslur sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu. Honum er skylt samkvæmt reglum er Flugmálastjórn setur að gefa Flugmálastjórn skýrslur um atriði sem máli skipta þegar meta skal starfshæfni flugverja.

42. gr.

Flugstjóri hefur undir sinni forsjá loftfar, áhöfn, farþega og farm.

Honum er heimilt, þegar hann telur nauðsyn til, að setja flugverja um stundarsakir til annarrar þjónustu en þeirrar sem þeir eru ráðnir til.

Farþegum er skylt að fara eftir þeim fyrirmælum sem flugstjóri setur um góða hegðun og reglu í loftfari.

Flugstjóra er heimilt, þegar nauðsyn ber til, að synja viðtöku í loftfar eða vísa úr því flugverjum, farþegum eða varningi og farangri.

43. gr.

Flugstjóra er heimilt að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig, enda sé það nauðsynlegt til að halda uppi góðri hegðun og reglu í loftfari.

Ef loftfar er í hættu statt eða annars konar neyðarástand er fyrir hendi er flugstjóra heimilt að beita hverri þeirri aðferð sem nauðsynleg er til að koma á reglu og hlýðni. Hverjum flugverja er skylt, án þess að á hann sé skorað, að veita flugstjóra aðstoð.

Ef manni, sem neitar að hlýða, er veittur áverki getur hann einungis komið fram ábyrgð af þeim sökum að harðari aðferðum hafi verið beitt en ástæða var til.

44. gr.

Ef stórfellt lögbrot er framið í loftfari ber flugstjóra að gera þær ráðstafanir sem hann getur og nauðsynlegar eru til að afla réttrar vitneskju um málið og sem eigi má að meinalausu fresta.

Flugstjóri skal, svo sem kostur er, sjá um að hinn grunaði komist eigi undan og er flugstjóra heimilt, ef nauðsyn ber til, að setja hann í gæslu uns hann verður afhentur lögreglu á Íslandi eða yfirvöldum er í hlut eiga erlendis.

Flugstjóra er heimilt að taka í sína umsjá hluti sem ætla má að séu sönnunargögn uns þeir verða afhentir lögreglu eða yfirvöldum.

45. gr.

Flugstjóri ber ábyrgð á að lögmæltar dagbækur og önnur flugskjöl séu í loftfari og að skráð sé í bækur þessar og skjöl svo sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli segja til um.

46. gr.

Lendi loftfar í háska skal flugstjóri gera allt sem honum er unnt til bjargar loftfari, mönnum og varningi sem í því eru. Ef nauðsyn ber til að yfirgefa loftfarið skal hann eftir megni sjá um að flugskjölum sé komið á óhultan stað.

47. gr.

Verði flugslys sem af hlýst mannslát, stórfelld meiðsl á mönnum eða stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess ber flugstjóra eða öðrum flugverjum tafarlaust að sjá um að rannsóknarnefnd flugslysa sé tilkynnt um slysið og gefa síðan skýrslu um það svo fljótt er verða má. Sama gildir ef alvarleg hætta á slíku slysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur gerst sem til þess bendir að meiri háttar löstur sé á loftfari, flugvelli eða flugleiðsögubúnaði eða rekstri þeirra.

Ef flugstjóra er eigi unnt að gefa hina lögmæltu tilkynningu eða skýrslu hvílir skylda til þess á skráðum umráðanda loftfars í loftfaraskrá.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um þessa tilkynningarskyldu, að ákveða að skylda þessi taki til fleiri flugverja en flugstjóra eða að tilkynna skuli fleirum en rannsóknarnefnd flugslysa.

VI. KAFLI
Vinnuumhverfi áhafna loftfara.

48. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um alla starfsemi sem áhöfn loftfars vinnur fyrir flugrekanda.

Flugrekandi er sá sem fengið hefur leyfi til loftferðastarfsemi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Með ákvæðum þessa kafla er leitast við að:

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi,
b. tryggja að flugrekendur og áhafnir geti í sameiningu leyst öryggis- og heilbrigðisvandamál um borð í loftförum.

49. gr.

Flugrekandi skal stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi um borð í loftförum og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi þar fullnægi settum kröfum.

50. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa einn til fjórir flugverjar, skulu úrbætur á vinnuumhverfi gerðar í nánu samstarfi flugrekanda og áhafna.

51. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skulu starfsmenn tilnefna einn öryggistrúnaðarmann fyrir hverja tegund loftfara eða annað afmarkað vinnusvæði til að vera fulltrúi þeirra í málum sem varða vinnuumhverfi um borð í loftförum.

Atvinnurekandi ber kostnað af starfi öryggistrúnaðarmanns og bætir honum tekjutap sem af því kann að hljótast.

Öryggistrúnaðarmenn njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

52. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd.

Í öryggisnefnd skulu eiga sæti tveir fulltrúar flugverja, þar af annar fulltrúi flugliða, og tveir fulltrúar flugrekanda.

Öryggisnefndin skipuleggur aðgerðir varðandi bætt vinnuumhverfi um borð í loftförum og annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

53. gr.

Þegar starfsmenn Flugmálastjórnar koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki skulu þeir hafa samband við hlutaðeigandi öryggistrúnaðarmann og fulltrúa í öryggisnefnd. Þeim aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja mál fyrir Flugmálastjórn.

54. gr.

Flugmálastjórn setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum um borð í loftförum. Þar má nefna reglur um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi er lýtur að auknu öryggi og bættu vinnuumhverfi.

55. gr.

Flugmálastjórn skipar vinnuverndarráð.

Verkefni ráðsins skal vera:

a. að vera ráðgefandi fyrir flugmálastjóra í málum varðandi vinnuumhverfi um borð í loftförum,
b. að gera tillögur og veita umsagnir um nýjar reglur eða breytingu á eldri reglum um vinnuumhverfi um borð í loftförum,
c. að fjalla um einstök mál sem ráðherra eða flugmálastjóri leggur fyrir það og eiga frumkvæði að málum sem hafa áhrif á vinnuumhverfi áhafna.

Flugmálastjórn skal sjá um að þegar nauðsyn krefur standi ráðinu til boða sérfræðileg aðstoð.

Vinnuverndarráðið er skipað fjórum fulltrúum frá áhöfnum og fjórum fulltrúum frá flugrekendum. Flugmálastjórn skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Flugmálastjóri eða fulltrúi hans situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

Flugmálastjórn setur nánari reglur um starfsemi ráðsins.

VII. KAFLI
Flugvellir og flugleiðsaga.

56. gr.

Flugvellir skulu fullnægja þeim kröfum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa.

57. gr.

Vilji annar aðili en íslenska ríkið útbúa og starfrækja flugvöll til almennra nota þarf leyfi samgönguráðherra. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Leyfið skal vera tímabundið og bundið þeim skilyrðum sem samgönguráðherra telur nauðsynleg.

Leyfið má taka aftur ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga eða reglna sem slíkan rekstur varða.

58. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að framkvæma eignarnám á hvers kyns fasteignaréttindum vegna gerðar og reksturs flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar. Um framkvæmd eignarnámsins fer samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

59. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem ætlaðir eru til almennrar notkunar.

Skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um það svæði utan sjálfs flugvallarins þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glöggt á um mörk þess svæðis sem skipulagið tekur yfir.

60. gr.

Innan skipulagssvæðis skal greina hinar mismunandi takmarkanir á mannvirkjahæð sem nauðsynlegar eru til öruggrar lendingar og öruggs flugtaks.

Skipulagsreglur skulu kveða á um tiltekna geira fyrir aðflug og brottflug.

Setja má reglur um tímabundið skipulag.

Uppkast að fyrirhuguðum skipulagsreglum skal liggja frammi mönnum til sýnis á hentugum stað og skal auglýsa framlagningu í Lögbirtingablaði og skora á fasteignaeigendur og aðra sem í hlut eiga að gera athugasemdir við það áður en liðinn er frestur sem eigi má vera styttri en fjórar vikur.

Flugmálastjórn skal taka til ítarlegrar athugunar þær athugasemdir sem fram kunna að koma og gefa þeim sem í hlut eiga færi á því að kynna sér breytingar áður en gengið er frá skipulagi til fullnaðar. Fullnaðarskipulag skal birta með sama hætti og uppkastið.

Þinglýsa skal kvöð sem lögð er á fasteignir vegna flugvalla, enda skipti kvöð máli.

61. gr.

Eigi má víkja frá hæðartakmörkun eða öðrum takmörkunum um forræði eigna, sem í skipulagsreglum segir, án samþykkis Flugmálastjórnar. Fyrir slíku samþykki má setja skilyrði, svo sem um breytingar eða merkingar þeirra bygginga sem máli skipta.

Ef takmörkun er eigi hlítt án þess að fyrir liggi samþykki skal Flugmálastjórn setja þeim er í hlut á frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir ef eigi eru haldin skilyrði fyrir samþykki eftir 1. mgr.

Ef frestur líður án þess að úr sé bætt er Flugmálastjórn heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina lögreglu og á kostnað þess sem í hlut á.

62. gr.

Ef loftferðatálmi er fyrir hendi sem fer í bága við skipulagið þegar skipulagsreglur taka gildi skal fjarlægja hann, enda samþykki Flugmálastjórn eigi að hann haldist.

63. gr.

Ef lögð er kvöð á eign manns eða forræðisskerðing vegna flugvallar á eigandi hennar eða réttindahafi kröfu til skaðabóta úr hendi eiganda flugvallar, enda hafi kvöð eða forræðisskerðing í för með sér að eignin verði eigi hagnýtt til fulls miðað við stærð hennar, legu og allar aðstæður eða eigandi hennar verður fyrir fjárhagstjóni sem hann á að fá bætt eftir meginreglum laga.

Bóta má einnig krefjast úr hendi eiganda flugvallar þegar aðili verður fyrir skaða vegna framkvæmda er getur í 62. gr.

Ríkið ábyrgist að skaðabætur séu af hendi inntar.

64. gr.

Skaðabætur skal ákveða eftir reglum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Krefjandi skaðabóta getur beiðst mats innan þess frests sem ákveðinn er í skipulagsreglum. Frestur má eigi vera styttri en tvö ár frá birtingu skipulagsreglna. Samgönguráðherra er heimilt að veita framlengingu um sex mánaða tímabil frá lokum frests.

65. gr.

Flugmálastjórn skal sjá um að hinni fyrirskipuðu forræðisskerðingu á eignum og mannvirkjum sé hlítt. Ef brugðið er út af þessu ber að tilkynna það Flugmálastjórn tafarlaust.

66. gr.

Við breytingu á skipulagsreglum skal beita sömu aðferð og við setningu nýrra. Veita má tilslökun á forræðisskerðingu án þess að uppkast liggi áður frammi til sýnis.

67. gr.

Skipulagsreglur skulu halda gildi sínu uns samgönguráðherra fellir þær úr gildi eða gildistími þeirra er útrunninn.

Ef skipulagsreglur eru felldar úr gildi taka ákvæði 3. og 4. mgr. 60. gr. til þess með tilsvarandi hætti.

68. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að krefjast þess að tálmar utan svæðis sem skipulag tekur yfir, er vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð, séu fjarlægðir eða merktir. Beitt skal eignarnámi ef þörf krefur. Kostnaður, þar með taldar skaðabætur handa eiganda eða notanda, greiðist úr ríkissjóði.

69. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að kveða svo á að eigi skuli setja upp eða nota og, sé því að skipta, að brott skuli nema eða færa í annað horf merki, ljós eða hljóðvirki, tæki er senda frá sér útvarpsbylgjur eða annan tækjabúnað sem telja má flugumferð stafa hættu af.

Um skaðabætur fer eftir almennum reglum laga.

70. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að takmarka aðgang að flugvöllum og flugvallarsvæðum, umferð um þau og dvöl loftfara á þeim, svo og að banna umgengni eða dvöl á slíkum svæðum ef hún telur það nauðsynlegt vegna öryggis.

Flugmálastjórn skal sjá um að framfylgt verði þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins á sviði flugverndar.

Til að auka flugöryggi er Flugmálastjórn eða þeim sem hún felur framkvæmd þessa heimilt að leita á mönnum og í farangri áður en gengið er um borð í loftfar. Synja skal þeim mönnum um brottför sem neita að undirgangast leit. Leit skal framkvæmd með svo mikilli tillitssemi sem unnt er og hún má aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er. Sá sem sætir leit getur krafist þess að ákveðið vitni sé tilkvatt.

71. gr.

Heimta má gjöld til að standa undir kostnaði við rekstur flugvalla eða flugleiðsögutækja í þágu loftferða, sem eru til almennra nota, eftir reglum sem samgönguráðherra setur. Þá er

heimilt að heimta gjöld fyrir þá aðstöðu sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtur á flugvöllum. Taka má gjöld fjárnámi.

Enn fremur er heimilt að heimta gjöld til greiðslu á kostnaði við rekstur flugumferðarstjórnar í þágu loftferða eftir reglum sem settar eru af samgönguráðherra. Gjöld þessi eru kræf vegna loftferða yfir íslensk yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, þegar um það hefur verið samið milli Íslands og viðkomandi ríkis. Taka má gjöld þessi með fjárnámi.

Heimilt er samgönguráðherra að semja við stjórnvöld annarra ríkja um að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum.

Gjaldskyldan hvílir á skráðum umráðendum í loftfaraskrá að íslenskum loftförum og á eigendum erlendra loftfara vegna ferða um svæðið þar sem þjónusta er veitt eða flugvellir eru. Taka má gjöldin fjárnámi.

72. gr.

Flugvelli og önnur mannvirki í þágu loftferða sem eru til almennra nota mega erlend loftför einnig nota með sömu skilyrðum og íslensk loftför í sams konar milliríkjaferðum, enda sé fyrir hendi samningur um þetta við það erlenda ríki sem í hlut á. Við komu til eða brottför frá landinu er þó skylt að nota tollhafnir.

73. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða á um hvaða skilyrðum þeir þurfa að fullnægja sem starfa við flugumferðarstjórn, á flugvelli eða við flugleiðsögubúnað eða hafa á hendi annað það starf utan loftfars sem mikilsvert er fyrir öryggi loftferða. Ráðherra getur jafnframt sett reglur um starfsskírteini fyrir slíkum starfa.

74. gr.

Ákvæði 34. og 37. gr. taka með viðeigandi hætti til flugumferðarstjóra og einnig þeirra sem hafa eftirlit með loftförum og loftferðum eða hafa á hendi tæknistörf við loftfar eða önnur mikilsverð störf fyrir öryggi loftferða eftir því sem samgönguráðherra kveður um í reglugerð.

VIII. KAFLI
Umferð í lofti og stjórn hennar.

75. gr.

Flugumferðarþjónustu skal veita loftförum til að tryggja flugöryggi.

Samgönguráðherra setur reglur um flugumferðarþjónustuna og framkvæmd hennar.

76. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða á um að loftferðir á tilteknum leiðum eða yfir tilteknum svæðum skuli háðar sérstöku skipulagi.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um flugleiðir loftfara inn á íslenskt yfirráðasvæði og yfir því og hverja flugvelli megi nota í millilandaflugi.

Samgönguráðherra setur reglur um verndarráðstafanir sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum.

77. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að skipa loftfari að lenda, enda miði sú aðgerð að því að halda uppi allsherjarreglu og öryggi. Lenda skal þá svo skjótt sem kostur er. Ef skipun er ekki annars efnis skal loftfar lenda á næsta flugvelli hér á landi sem er til almennra flugnota og lenda má á.

Ef loftfar flýgur inn á svæði þar sem loftferðir eru bannaðar skal loftfarið tafarlaust fljúga út fyrir svæðið og tilkynna þetta þeim handhafa stjórnvalds sem í hlut á.

Fari stjórnandi loftfars eigi eftir fyrirmælum þessarar greinar er handhafa stjórnvaldsins heimilt með viðeigandi ráðum að hindra áframhaldandi flug loftfarsins.

78. gr.

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra. Samgönguráðherra setur í samráði við dómsmálaráðherra fyrirmæli um hvað telst hergögn. Samgönguráðherra er heimilt í samráði við dómsmálaráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

Samgönguráðherra er heimilt að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi.

79. gr.

Flugmálastjórn, lögreglu og tollyfirvöldum er heimilt að rannsaka loftfar og sannreyna þau skjöl sem loftfar og flugverjar skulu hafa meðferðis.

IX. KAFLI
Flugrekstrarleyfi.

80. gr.

Leyfi Flugmálastjórnar þarf til loftferða í atvinnuskyni yfir íslensku yfirráðasvæði.

81. gr.

Flugrekstrarleyfi skal veita sé fullnægt skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

82. gr.

Skilyrði flugrekstrarleyfis eru:

a. að umsækjandi uppfylli skilyrði 10. gr. laga þessara um skrásetningu á loftfari,
b. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem samgönguráðherra setur um fjármögnun flugrekstrarins,
c. að umsækjandi hafi hlotið flugrekandaskírteini frá Flugmálastjórn í samræmi við gildandi reglugerðir.

83. gr.

Veita skal leyfi og binda þau skilyrðum sem nauðsynleg þykja að því marki sem það samrýmist öðrum lögum eða milliríkjasamningum auk skilyrða skv. 82. gr. Flugrekstrarleyfið fellur úr gildi ef einhverju framangreindra skilyrða er ekki lengur fullnægt.

84. gr.

Brjóti leyfishafi í mikilvægum atriðum lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði leyfis eða hann reynist ófær um að reka starfsemina skal svipta hann leyfi.

85. gr.

Flugmálastjórn getur ákveðið að erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, skuli lúta lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er varða íslensk loftför.

Sé skilyrðum 1. mgr. fullnægt telst loftfarið íslenskt í skilningi 2. tölul. 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

X. KAFLI
Loftflutningar.

Gildissvið.

86. gr.

Ákvæði þessa kafla taka yfir flutninga í loftfari á farþegum, farangri eða varningi, enda sé flutningur inntur af hendi í atvinnuskyni sem liður í flugrekstri hlutaðeigandi flytjanda.

Nú framkvæmir flugrekandi flutninga, og gilda þá ákvæði þessa kafla, enda þótt flutningur sé ókeypis.

87. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda eigi um póstflutninga.

Ákvæðin um flutningaskjöl í 88.–94. gr. taka eigi til flutninga sem inntir eru af hendi við óvenjulegar aðstæður og falla utan venjulegrar loftferðastarfsemi.

Flutningaskjöl.

88. gr.

Þegar farþegar eru fluttir skal flytjandi afhenda farseðil þar sem greina skal:

a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum sem með samsvarandi hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á mannskaða og glötun eða tjóni á farangri, með þeim takmörkunum þó sem greinir í lögum þessum.

Nú eru eigi færðar sönnur á annað, og telst farseðill sönnun um gerð flutningssamnings og flutningskjör.

Ef farseðill er eigi gefinn út eða efni hans er eigi það er mælt var eða hann hefur glatast er flutningssamningur engu að síður gildur.

Þegar farþegi er með samþykki flytjanda í loftfari, án þess að farmiði sé afhentur, eða farmiði geymir eigi þá tilvísun sem í c-lið greinir getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

89. gr.

Þegar innrituðum farangri er veitt viðtaka til flutnings skal gefa út farangursmiða. Ef farangursmiði er eigi festur við eða felldur inn í farseðil farþega sem fullnægir kröfum 1. mgr. 88. gr. skal á farangursmiða greina:

a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum sem með sama hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á farangri.

Ef eigi eru færðar sönnur á annað telst farangursmiði sönnun um innritun og viðtöku farangurs til flutnings og um flutningskjör.

Nú er farangursmiði eigi gefinn út eða efni hans er eigi það sem mælt var eða hann hefur glatast, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

Ef flytjandi hefur tekið við farangri án þess að afhenda farangursmiða eða farangursmiði geymir eigi þá tilvísun sem í c-lið 1. mgr. greinir og hann er eigi heldur festur við eða felldur inn í farmiða sem geymir tilvísun þá sem greinir í c-lið 1. mgr. 88. gr. getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

90. gr.

Þegar varningur er fluttur getur flytjandi krafist þess að sendandi gefi út og afhendi honum skjal sem nefnist flugfarmbréf. Sendandi getur og krafist þess að flytjandi taki við skjali þessu.

Nú er flugfarmbréf eigi gefið út eða það geymir eigi efni það er mælt var eða það hefur glatast, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

91. gr.

Sendandi skal gefa flugfarmbréf út í þremur eintökum og afhenda þau flytjanda ásamt varningi. Á fyrsta eintakið skal rita „Handa flytjanda“ og skal sendandi undirrita það. Á annað eintakið skal rita „Handa viðtakanda“ og skulu bæði sendandi og flytjandi undirrita það. Skal það fylgja varningnum. Þriðja eintakið skal flytjandi undirrita og skila sendanda því er varningnum hefur verið veitt viðtaka.

Flytjandi skal undirrita flugfarmbréf áður en varningur er færður í loftfar. Undirritun má rita með stimpli. Einnig er heimilt að undirritun sendanda sé prentuð eða letruð með stimpli.

Nú hefur flytjandi gefið út flugfarmbréf eftir beiðni sendanda, og skal talið að hann hafi gert það fyrir hönd sendanda, nema annað sannist.

92. gr.

Þegar fleiri en einn hlutur varnings eru fluttir skal sendandi gefa út sérstök flugfarmbréf, enda krefjist flytjandi þess.

93. gr.

Í flugfarmbréfi skal greina:

a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum sem með sama hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi.

94. gr.

Ef varningur er með samþykki flytjanda færður í loftfar án þess að flugfarmbréf sé gefið út eða flugfarmbréf geymir eigi tilvísun þá sem greinir í c-lið 93. gr. getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

95. gr.

Sendandi er ábyrgur fyrir tjóni sem flytjandi eða einhver sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart bíður vegna þess að frásögn sendanda í flugfarmbréfi um varning geymir eigi þau atriði sem mælt var eða er annars röng eða ófullkomin.

96. gr.

Flugfarmbréf er gild sönnun fyrir gerð flutningssamnings, viðtöku varnings og flutningsskilmálum, enda séu eigi leiddar sönnur að öðru.

Frásögn flugfarmbréfs um þyngd varnings, umtak, umbúðir og hlutatölu telst rétt, enda séu eigi sönnur leiddar að öðru. Aðrar skýrslur í flugfarmbréfi um magn varnings eða rúmtak eða ástand gilda hins vegar eigi sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda kannað réttmæti þeirra og staðfest það með áritun á flugfarmbréfið eða skýrslurnar varða sýnilegt ástand vöru.

Réttur til að ráðstafa varningi og afhending hans.

97. gr.

Nú fullnægir sendandi skuldbindingum sínum samkvæmt flutningssamningi, og er honum, flytjanda eða öðrum sendendum heimilt að ráðstafa varningi þann veg að hann endurheimtir hann á brottfarar- eða ákvörðunarflugvelli, stöðvar flutning hans þá er lent er á leiðinni, lætur afhenda hann á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim sem tilgreindur er í flugfarmbréfi sem viðtakandi eða krefst þess að hann sé fluttur aftur til brottfararflugvallar. Sendandi skal þó greiða kostnað af þessum ráðstöfunum. Nú er eigi unnt að framkvæma fyrirmæli sendanda, og skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Fari flytjandi eftir fyrirmælum sendanda án þess að lagt sé fram eintak það af farmbréfi sem sendanda var skilað er flytjandi ábyrgur fyrir tjóni sem réttur handhafi flugfarmbréfs bíður við það, en framkröfur á flytjandi þó á hendur sendanda.

Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda hefst skv. 98. gr. Nú neitar viðtakandi að taka við flugfarmbréfi eða varningi eða fundi hans verður eigi náð, og öðlast þá sendandi á ný ráðstöfunarrétt á varningnum.

98. gr.

Flytjandi skal, þegar er varningur er kominn á leiðarenda, tilkynna það viðtakanda, enda sé eigi öðruvísi um samið.

Þegar varningurinn er kominn á ákvörðunarstað getur viðtakandi, sé eigi tilvikum 97. gr. til að dreifa, krafist þess að flytjandi láti af hendi við hann flugfarmbréfið og varninginn gegn greiðslu þess sem ógoldið er og gegn efndum á flutningsskilmálum þeim sem í flugfarmbréfi greinir.

99. gr.

Viðurkenni flytjandi að varningur hafi glatast eða hann er eigi kominn á leiðarenda í síðasta lagi sjö dögum á eftir áætlun er viðkomanda rétt að neyta þess réttar er flutningssamningurinn veitir honum gegn flytjanda.

100. gr.

Samningur, sem geymir frávik frá ákvæðum 97.–99. gr., er ógildur, nema hann sé tilfærður í flugfarmbréfi.

101. gr.

Sendanda er skylt að gefa þær skýrslur og láta fylgja flugfarmbréfi þau skjöl sem nauðsynleg eru til fullnægju toll- og lögregluákvæðum áður en varningur verður afhentur viðtakanda. Sendandi ber ábyrgð gagnvart flytjanda á því tjóni sem hljótast kann af því að þessar skýrslur eða skjöl vantar eða þau eru ófullkomin eða eigi í samræmi við settar reglur, nema flytjandi eða starfsmenn hans hafi gerst sekir um yfirsjón eða vanrækslu.

Flytjanda er eigi skylt að rannsaka hvort þessar skýrslur og skjöl eru rétt eða fullnægjandi.

Ábyrgð flytjanda.

102. gr.

Nú lætur farþegi lífið eða hlýtur líkamsmeiðsl eða heilsutjón af völdum slyss sem verður í loftfari eða þá er farið er upp í loftfar eða úr því, og ber flytjandi ábyrgð á því.

103. gr.

Spillist eða týnist innritaður farangur eða varningur af völdum atburðar sem gerist á þeim tíma er farangurinn eða varningurinn er í vörslum flytjanda, hvort heldur það er á flugvelli, í loftfari eða á hverjum stað öðrum þá er lent er utan flugvallar, ber flytjandi ábyrgð á því.

Nú tekur flutningssamningur einnig til flutninga á láði eða legi utan flugvallar við fermingu, afhendingu eða endurfermingu, og skal hvers konar tjón, sem verður á farangri eða varningi, teljast hafa orðið á þeim tíma er getur í 1. mgr. uns annað sannast.

104. gr.

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni sem verður af völdum dráttar við loftflutning farþega, innritaðs farangurs eða varnings.

105. gr.

Flytjandi skal laus úr ábyrgð ef hann leiðir sönnur að því að hann sjálfur og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að afstýra tjóni eða það hafi eigi verið á þeirra valdi.

Málsvörn samkvæmt ákvæðum 1. mgr. er flugrekanda þó því aðeins heimilt að bera fyrir sig að höfuðstóll bótaskyldrar tjónsfjárhæðar þeirra tjóna sem um getur í 102. gr. fari fram úr jafnvirði 100.000 SDR í íslenskum krónum, nema ákvæði 106. gr. eigi við. Slík málsvörn er þó því aðeins heimil hvað varðar þann hluta sem fram úr þessum fjárhæðarmörkum fer að ákvæði 106. gr. eigi við.

106. gr.

Nú sannar flytjandi að sá sem fyrir tjóninu varð hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur að því, og má færa skaðabætur niður eða fella þær niður.

107. gr.

Þegar farþegar eru fluttir skulu bótafjárhæðir í tjónstilvikum sem valda örorku eða dauða ákvarðaðar samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Flugrekandi skal þó án tafar og ekki síðar en 15 dögum eftir að ljóst er hver hinn slasaði eða látni er inna af hendi fyrirframgreiðslu til að mæta bráðum fjárhagsþörfum og skal greiðslan taka mið af aðstæðum. Greiðsla þessi skal ekki vera lægri en sem nemur jafnvirði 15.000 SDR í íslenskum krónum vegna hvers farþega sé um dauðaslys að ræða. Það að inna fyrirframgreiðslu þessa af hendi jafngildir þó ekki viðurkenningu á ábyrgð og kemur til frádráttar við endanlegt uppgjör bóta vegna slyssins. Hún er þó ekki afturkræf, nema í þeim til-

vikum sem greinir í 106. gr., þ.e. að flugrekandi sannar að farþegi hafi verið valdur eða samvaldur að slysinu eða að sá sem greiðsluna fékk hafi ekki átt lögvarið tilkall til hennar.

Nú er innritaður farangur eða varningur fluttur, og skal hámarksábyrgð flytjanda vera jafnvirði 17 SDR í íslenskum krónum á kg. Nú hefur farþegi eða sendandi, þá er farangur eða varningur er afhentur flytjanda, tilgreint sérstaklega þá hagsmuni sem tengdir eru við afhendingu farangurs eða varnings á ákvörðunarstað og greitt það aukafarmgjald sem kveðið kann að vera á um, og gildir þá hin tiltekna fjárhæð sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir farþega eða sendanda hafi verið minni. Nú er um að tefla glötun, spjöll eða seinkun á hluta hins innritaða farangurs eða varnings eða einhvers sem í farangri eða varningi kann að felast, og skal einungis leggja heildarþunga þess varnings sem þannig stendur á um til grundvallar við ákvörðun á hámarksábyrgð flytjanda. Ef glötun, spjöll eða seinkun lækkar verðmæti annarra hluta varnings sem sami farangursmiði eða sama flugfarmbréf tekur til skal einnig taka með heildarþunga þessara varningshluta við ákvörðun á hámarksábyrgð.

Hámarksábyrgð flytjanda á varningi, sem farþegar halda í vörslum sínum, skal vera jafnvirði 332 SDR í íslenskum krónum til hvers farþega.

Heimilt er dómara að dæma sækjanda málskostnað án tillits til hámarksábyrgðar samkvæmt grein þessari. Þetta gildir þó eigi ef flytjandi hefur áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er atburður sá gerðist er tjónið hlaust af eða áður en mál er höfðað boðið sækjanda skriflega skaðabætur sem eigi eru lægri en dæmd fjárhæð að undanskildum málskostnaði.

Með SDR er vísað til sérstakra dráttarréttinda eins og þau er skilgreind af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og gengisskráningar Seðlabanka Íslands á þeim. Umreikningur í íslenskar krónur skal miðast við skráð gengi á þeim degi sem bótaskylt tjón varð.

108. gr.

Ógildur er áskilnaður sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða kveður á um lægri hámarksábyrgð en í 105. og 107. gr. segir.

Farseðill skal greina skilmála skv. 105. og 107. gr. á einfaldan og skýran hátt.

Þegar varningur er fluttur er flytjanda leyfilegt að gera ábyrgðartakmarkanir varðandi tjón eða spjöll sem leiðir af eðli varnings eða eðlislægum galla á honum.

109. gr.

Ef sannast að flytjandi eða starfsmenn hans hafa við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu, annaðhvort af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi samfara vitneskju um að tjón mundi sennilega hljótast af, skal eigi beita ákvæðum 107. gr. um hámarksábyrgð.

110. gr.

Nú eru starfsmenn flytjanda sóttir til fébóta fyrir skaða sem þeir hafa við framkvæmd starfa síns valdið af minna gáleysi en því sem í 109. gr. getur, og má heildarfjárhæð þeirra skaðabóta sem þeim og flytjanda er gert að greiða eigi fara fram úr hámarksábyrgð flytjanda.

111. gr.

Þegar tekið er við innrituðum farangri eða varningi án fyrirvara af hálfu viðtakanda skal telja að farangurinn eða varningurinn hafi verið afhentur í góðu lagi og í samræmi við flutningsskírteini, enda sannist eigi annað.

Hafi farangur eða varningur orðið fyrir spjöllum eða eitthvað af honum glatast skal tilkynna það flytjanda jafnskjótt og tjónsins verður vart og í síðasta lagi áður en liðnir eru sjö dagar frá viðtöku að því er varðar farangur en fjórtán dagar að því er til annars varnings tekur. Tilkynningu um seinkun skal gefa áður en liðinn er tuttugu og einn dagur frá þeim degi að telja er farangur eða varningur var boðinn viðtakanda til umráða.

Tilkynningu skal skrá á flutningsskírteini eða senda bréflega áður en frestur er liðinn.

112. gr.

Nú er tjón eigi tilkynnt áður en liðnir eru frestir þeir sem í 111. gr. getur, og fellur þá niður sérhver krafa á hendur flytjanda, nema hann hafi farið sviksamlega að ráði sínu.

113. gr.

Skaðabótamál skal höfða annaðhvort fyrir dómi á þeim stað þar sem flytjandi býr eða hefur aðalskrifstofu sína eða útibú það sem gerði flutningssamninginn eða á ákvörðunarstaðnum.

Nú tekur Varsjársáttmálinn yfir flutninginn, og verður skaðabótamál einungis höfðað fyrir íslenskum dómstól eða dómstól í ríki sem gerst hefur aðili að nefndum sáttmála.

114. gr.

Réttur til skaðabóta eftir ákvæðum þessa kafla fellur niður ef mál er eigi höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða frá þeim degi er loftfar skyldi koma þangað eða frá því er flutningur stöðvaðist.

115. gr.

Eigi fleiri en einn flytjandi, hver á eftir öðrum, að annast flutning sem ber samkvæmt flutningssamningi eða flutningssamningum að telja einn og sama flutning er hver þeirra, þá er hann tekur við farþegum, innrituðum farangri eða varningi, ábyrgur fyrir þeim hluta flutningsstarfans sem hann á að inna af hendi.

Nú er um að tefla flutning á innrituðum farangri eða varningi, og getur sendandi einnig beint kröfum sínum gegn fyrsta flytjanda og sá sem á rétt til afhendingar gegn síðasta flytjanda þótt tjón eða seinkun hafi orðið meðan varningurinn var í vörslu annars flytjanda.

Ef fleiri flytjendur eru ábyrgir samkvæmt þessu bera þeir óskipta ábyrgð.

Flutningur sem framkvæmdur er af öðrum en þeim er gert hefur flutningssamning.

116. gr.

Þegar flutningur er framkvæmdur að hluta eða að öllu leyti af öðrum en þeim sem hefur gert flutningssamninginn gilda ákvæði 117.–121. gr., nema það sannist að flutningurinn hafi ekki verið samþykktur af þeim sem gerði flutningssamninginn.

Ákvæði 118. gr., 120. gr. og 121. gr. eiga einungis við um þann hluta loftflutningsins sem ekki er framkvæmdur af þeim sem hefur gert flutningssamninginn.

117. gr.

Bæði sá sem gert hefur flutningssamninginn og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn skulu teljast flytjendur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Gagnvart þeim er gert hefur flutningssamninginn skal svo gilda allan loftflutninginn en gagnvart þeim sem framkvæmir flutninginn á þetta við þann hluta loftflutningsins er hann annast.

118. gr.

Við mat á bótaskyldu flytjanda skal aðgerð eða aðgerðaleysi annars flutningsaðilans, starfsmanna hans eða umboðsmanna, þegar þeir eru að störfum fyrir hann, jafngilda því að hinn flutningsaðilinn hafi sjálfur átt í hlut. Þetta raskar ekki því sem segir um bótaskyldu í 105. og 107. gr.

Þó að sá sem gerði flutningssamning hafi tekið á sig skyldur umfram það er segir í þessum kafla eða farþegi eða sendandi hafi lýst hærri kröfu skv. 105. og 107. gr. er flytjandi sem framkvæmir flutninginn ekki bundinn af því, nema hann hafi samþykkt það.

119. gr.

Kvörtun eða fyrirmæli samkvæmt þessum kafla sem beint er gagnvart einum flytjanda hefur einnig gildi gagnvart hinum. Fyrirmæli skv. 97. gr. fá hins vegar ekki gildi, nema þeim sé beint gagnvart þeim er gerði flutningssamninginn.

120. gr.

Sá sem gert hefur flutningssamninginn og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn og starfsmenn hans eða umboðsmenn þegar þeir eru að störfum fyrir hann bera ekki meiri ábyrgð en nemur hæstu bótum sem hver flytjandi á að inna af hendi. Hver bótaskyldur svarar aðeins til bóta að því hámarki sem fyrir hann gildir.

121. gr.

Hvort sem bótamál er sótt á hendur öllum flytjendum eða einum má sækja það fyrir dómstól þar sem heimilt er að höfða mál gegn þeim er gerði flutningssamninginn skv. 113. gr. eða á heimilisvarnarþingi þess sem framkvæmdi flutninginn.

Flutningur með fleiri en eins konar flutningstækjum.

122. gr.

Nú fer flutningur að nokkru fram með loftfari og að nokkru með öðru flutningstæki og taka ákvæði laga þessara einungis til loftflutningsins.

Taka má upp í loftflutningsskjalið skilmálana fyrir hinum greinum flutningsins.

Önnur ákvæði.

123. gr.

Ógildir skulu vera fyrirvarar í flutningssamningi og samningar gerðir áður en tjón verður þar sem aðilar víkja frá ákvæðunum um þau lög sem fara skal eftir eða ákvæðum um varnarþing.

124. gr.

Nú er loftflutningaskjal gert utan Íslands eða það varðar loftflutninga milli ríkja, og er viðvörun skv. c-lið 1. mgr. 88. gr., c-lið 1. mgr. 89. gr. og c-lið 93. gr. nægilega framkvæmd ef skjalið ber það greinilega með sér að flutningurinn geti hlítt Varsjársáttmálanum og að hann takmarki að jafnaði ábyrgð flytjanda í þeim tilvikum sem viðkomandi ákvæði tekur til.

Nú er um að tefla loftflutning milli ríkja sem Varsjársáttmálinn tekur eigi yfir, og getur flytjandi borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar skv. 107. gr., jafnvel þótt flutningsskjalið geymi eigi viðvörun þá sem í 1. mgr. getur.

125. gr.

Samgönguáðherra er heimilt að gera undantekningu frá ákvæðum 1. mgr. 88. gr., 1. mgr. 89. gr. og 91. gr. um farseðla, farangursmiða og flugfarmbréf með reglugerð þar sem meðal annars yrði tekið tillit til möguleika á rafrænni skráningu.

126. gr.

Þá er rætt er um Varsjársáttmálann í lögum þessum er átt við sáttmála þann um alþjóðaloftflutninga sem gerður var í Varsjá 12. október 1929 með þeim breytingum sem á honum urðu samkvæmt sáttmálaauka, undirrituðum í Haag 28. september 1955.

Ákvæðum kafla þessa skal eigi beita um milliríkjaloftflutninga sem framkvæmdir eru samkvæmt áskilnaði, gerðum með heimild í viðbótarbókun við 2. gr. Varsjársáttmálans frá 12. október 1929 eða XXVI. gr. Haag-sáttmálaaukans frá 28. september 1955.

Ákvæði laga þessara hrófla eigi við Varsjársáttmálanum frá 12. október 1929 að svo miklu leyti sem hann heldur gildi sínu í milliríkjaskiptum Íslands og annarra ríkja sem eigi hafa fullgilt sáttmálaaukann sem gerður var í Haag 28. september 1955.

Guadalajara-sáttmálinn merkir í lögum þessum sáttmála þann um alþjóðaloftflutninga framkvæmda af öðrum flytjanda en þeim er undirritar flutningssamning sem gerður var í Guadalajara 18. september 1961.

127. gr.

Gerðardómssamningar, gerðir áður en tjón verður, eru einungis gildir að því er varðar flutning á munum, enda sé gerðardómur háður á einhverjum þeim stað sem er löglegt varnarþing eftir 113. gr. og málið útkljáð samkvæmt ákvæðum Varsjársáttmálans og Guadalajarasáttmálans að því leyti sem ákvæði þeirra taka til þess.

Greinargóðar upplýsingar um skilmála skv. 105. gr. og 107. gr. laga þessara skulu vera farþegum til reiðu á söluskrifstofum flugrekanda, hjá ferðaskrifstofum og umboðsaðilum hans og við innritunarborð til brottfarar.

Flugrekendur, sem starfa á grundvelli flugrekstrarleyfa, útgefinna í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, en flytja farþega til og frá Íslandi, án þess að samningsskilmálar byggist á ákvæðum sem samsvara 105. og 107. gr. laga þessara, skulu skilmerkilega vekja athygli farþeganna á því. Skal það gert þegar farseðlar eru keyptir hjá ferðaskrifstofum og umboðsaðilum og við innritun til brottfarar.

Skylt er að tilgreina ferðaskilmála skriflega í farseðli. Það að tilgreina í farseðli að flugrekandi beri fyrir sig heimildir til að takmarka ábyrgð sína telst ekki fullnægjandi tilgreining skilmálans.

XI. KAFLI
Skaðabætur og vátryggingar.

128. gr.

Nú hlýst af notkun loftfars skaði á mönnum eða hlutum sem eru utan loftfarsins, og er eigandi þess eða, eftir því sem við á, aðili sá sem ber kostnað af rekstri þess skyldur að bæta skaðann.

Skaðabótaskyldan fellur niður ef sannað er að sá sem fyrir skaða verður hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

129. gr.

Nú er um að tefla tjón sem verða á mönnum eða hlutum innan marka viðurkennds flugvallar, og skal eigi beita ákvæðum 1. mgr. 128. gr.

Verði tjón á loftfari eða farmi við árekstur loftfara skal beita ákvæðum siglingalaga um árekstur skipa.

Nú verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara tjón sem hver þeirra er bera kostnaðinn af rekstri loftfaranna á að greiða samkvæmt ákvæði 1. mgr. 128. gr., og eru þeir allir samábyrgir. Dómstólar skera úr með hliðsjón af aðstæðum hversu mikinn hluta goldinna skaðabóta hver þeirra megi framkrefja úr hendi þess eða þeirra sem samábyrgir eru.

130. gr.

Ákvæði 128. og 129. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta sem leiðir af almennum reglum.

131. gr.

Umráðandi loftfars, sem nota skal til loftferða samkvæmt lögum þessum, skal taka og halda við vátryggingu er örugg telst, til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess. Vátrygging þessi skal meðal annars tryggja greiðslu kostnaðar við hreinsun á slysstað og brottnám flaks. Leita skal viðurkenningar Flugmálastjórnar á vátryggingafélagi og vátryggingarskilmálum.

Nú fellur vátrygging úr gildi, og ber vátryggingafélag gagnvart þriðja aðilja ábyrgð á tjóni samkvæmt hljóðan vátryggingarskírteinis í tvo mánuði frá því er það tilkynnti Flugmálastjórn að vátryggingin væri niður fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af skrá eða flugleyfi skv. c-lið 3. gr. afturkallað.

Flugrekendur skulu taka vátryggingu gegn tjóni á mönnum eða hlutum í loftfari eða við för eða flutning þeirra í loftfar eða úr því og svo gegn tjóni á innrituðum farangri og varningi meðan flytjandi ber ábyrgð á honum skv. X. kafla.

Vátryggingarfjárhæðir skulu tryggja bætur samkvæmt ákvæðum 105. og 107. gr. laga þessara, en jafnframt skal vátryggt gegn þeirri áhættu sem fjárhæðamörk íslenskra skaðabótalaga geta leitt til varðandi lífs- og líkamstjón.

Eigendum kennslu- og einkaflugvéla skal skylt að taka og viðhalda slysatryggingu fyrir þá sem ferðast með slíkum vélum. Skulu vátryggingarfjárhæðir vegna dauða og 100% varanlegrar örorku að lágmarki miðast við jafnvirði 100.000 SDR í íslenskum krónum.

Samgönguráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um vátryggingarskyldu þá sem hér er mælt fyrir um, þar á meðal um vátryggingarfjárhæðir og afleiðingar þess að vátryggingu eða tryggingu er eigi haldið í gildi.

XII. KAFLI
Aðstoð og björgun.

132. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um leit og björgun er viðhafa skal þegar loftfars er saknað eða því hefur hlekkst á eða það hefur farist, þar á meðal um aðstoð þá sem einstaklingum og fyrirtækjum er skylt að veita við leit og björgunarstörf og um þóknun fyrir slíka aðstoð.

Flugmálastjórn stjórnar leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst, en þá tekur lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn. Rannsóknarnefnd flugslysa fer með yfirstjórn vettvangsrannsóknar og skal lögreglustjóri aðstoða hana í hvívetna.

Kostnað, sem ríkissjóður hefur af leit að loftfari sem er saknað, skal Flugmálastjórn heimilt að leggja að nokkru eða öllu leyti á skráðan umráðanda loftfarsins í loftfaraskrá eða eiganda ef hann er erlendur, enda hnígi rök til þess og það brjóti eigi í bága við milliríkjasamn-

inga. Sama gildir um kostnað af björgunarstarfi að því leyti sem ekki greiðist með björgunarlaunum.

Heimilt er að skylda skráðan eiganda loftfars til að hlutast til um brottflutning flaks og hreinsun á slysstað.

133. gr.

Ef maður bjargar eða stuðlar að björgun á loftfari, sem hlekkst hefur á eða er statt í háska, farangri eða vöru sem í því er eða nokkru því sem telst til slíks loftfars, farangurs eða vöru á hann, hvort heldur bjargað er í lofti, á láði eða legi, rétt til björgunarlauna samkvæmt gildandi reglum um björgun skipa og varnings sem til þeirra telst. Ef maður bjargar eða stuðlar að björgun á mannslífum úr þeim háska sem varð tilefni til björgunar á hann kröfu til hlutdeildar í björgunarlaununum.

Hafi maður stofnað til óvenjulegra útgjalda sem nauðsynleg voru til varðveislu á loftfari eða varningi úr því á hann rétt til að honum sé endurgreitt, enda hafi hann eigi breytt gegn beinu og réttmætu banni flugstjóra þess sem í hlut á.

Krafa um björgunarlaun eða endurgjald fyrir óvenjuleg útgjöld má eigi fara fram úr verðmæti því sem bjargað var, svo sem loftfari, ásamt flutningsgjaldi fyrir farangur, varning og farþega.

134. gr.

Eigandi bjargaðs varnings ábyrgist einungis björgunarlaun með verðmæti þess sem bjargað var. Krafa um björgunarlaun er tryggð með veði í loftfari, farangri og varningi og gengur það fyrir öllum öðrum veðböndum. Veðkrafa sem stafar af síðari atburði gengur fyrir veðkröfu sem stafar af fyrri atburði.

Ef farangur eða varningur er látinn af hendi fellur veðrétturinn niður. Veðréttur í loftfari fellur niður eftir þrjá mánuði ef hann er eigi þinglesinn og fjárhæð hans samþykkt eða mál höfðað til staðfestu veðrétti. Mál má höfða þar sem björgunarstarfi lauk eða þar sem loftfar og varningur er.

XIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

135. gr.

Ef ástæða er til að ætla að loftfar, sem á að hefja á loft, sé ekki lofthæft eða ekki tilhlýðilega skipað áhöfn eða það muni verða notað andstætt ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim er Flugmálastjórn heimilt að leggja bann við för loftfarsins og, beri nauðsyn til, að aftra því að það sé hafið upp af flugvelli uns úr er bætt. Flugmálastjórn getur kallað eftir aðstoð lögregluyfirvalda til að halda uppi slíku banni og ber að veita hana.

136. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á eða annarrar starfsemi flugrekandans.

Vanræki handhafar leyfa eða skírteina útgefinna samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skyldur þær sem leiðir af lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim getur Flugmálastjórn, að viðlagðri dagsekt eða vikusekt, boðið að skylda sú sem um ræðir skuli af hendi innt. Bera má lögmæti slíkrar ákvörðunar undir dómstóla, enda sé það gert innan 15 daga frá birtingu hennar. Heimta má dagsektir eða vikusektir með fjárnámi samkvæmt ákvæðum aðfararlaga.

137. gr.

Til aukins öryggis við loftferðir er samgönguráðherra heimilt að setja reglur um meðferð, geymslu og afhendingu eldsneytis og annars sem til búnaðar loftfara þarf og um eftirlit með því að reglurnar séu haldnar.

138. gr.

Skráður umráðandi loftfars í loftfaraskrá, flugrekstraraðili, þar með talinn erlendur aðili, og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðamannvirkis eru skyldir til að láta í té þær upplýsingar sem Flugmálastjórn krefst. Sömu skyldu hefur fyrirsvarsmaður viðurkenndrar starfsemi skv. 28. gr. eða annarrar starfsemi sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Flugmálastjórn er óheimilt að skýra þriðja aðila frá vitneskju sem hún hefur fengið með framangreindum hætti eða skv. 27. gr., nema að því leyti sem það er nauðsynlegt í samstarfi við önnur yfirvöld, þar með talin erlend.

139. gr.

Samgönguráðherra kveður á um gjöld sem inna ber af hendi fyrir starfsemi sem Flugmálastjórn annast samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim með setningu sérstakrar gjaldskrár.

Samgönguráðherra er heimilt að ákveða að við gjaldtöku sé mætt þeim kostnaði sem rekstur þessarar starfsemi hefur í för með sér.

Gjöld samkvæmt þessari grein má heimta með fjárnámi.

140. gr.

Flugmálastjórn skal gefa út upplýsingabréf um flugmál og flugmálahandbók. Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa, útgefinna af Flugmálastjórn, vera áskrifendur að útgáfum þessum. Í flugmálahandbók skulu birtar þær ákvarðanir Flugmálastjórnar sem teknar eru á grundvelli laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og hafa almennt gildi en birtast ekki í Stjórnartíðindum. Skulu þær vera á íslensku eða ensku eftir því sem við á.

141. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fimm árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

142. gr.

Svipta skal skírteinishafa rétti til starfa þess sem skírteinið veitir ef hann hefur gerst sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem skírteinishafa varhugavert að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

143. gr.

Nú telur Flugmálastjórn skilyrði til sviptingar starfsréttinda vera fyrir hendi og skal hún þá svipta hlutaðeigandi starfsskírteini til bráðbirgða svo skjótt sem unnt er. Bera má ákvörðun Flugmálastjórnar undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og

skal Flugmálastjórn leiðbeina hlutaðeigandi um þann rétt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

144. gr.

Áfrýjun dóms þar sem kveðið er á um sviptingu réttar frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar er sérstaklega stendur á.

145. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir til framkvæmda og skýringar á lögum þessum.

146. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 34 frá 21. maí 1964, um loftferðir, lög nr. 32 frá 14. júní 1929, um loftferðir, og lög nr. 119 frá 28. desember 1950, um stjórn flugmála.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara fellur skipun núverandi flugráðs úr gildi og skal nýtt flugráð skipað samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II.

Reglugerðir og auglýsingar, sem gefnar hafa verið út samkvæmt heimildum í lögum nr. 34/1964 og í gildi eru við gildistöku laga þessara, skulu halda gildi sínu þar til þær verða sérstaklega felldar úr gildi með reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum sem leysa þær eldri af hólmi.

III.

Vátryggingar þær, sem lögboðnar eru í XI. kafla laga þessara, skulu komnar í gildi innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

IV.

Að því marki sem frávik eru frá ákvæðum laga nr. 41/1949, sbr. lög nr. 46/1956, í ákvæðum X. kafla laga þessara, skulu ákvæði kaflans ganga framar.

1100. Breytingartillaga [201. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá samgönguráðherra.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjárveitingar samkvæmt þessari grein skulu vera samkvæmt heimild í fjárlögum og flugmálaáætlun.

1101. Frumvarp til laga [442. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.).

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

1. gr.

Orðin „deildin skal rannsaka mál vegna kæra á hendur lögreglumönnum vegna brots í starfi“ í b-lið 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

2. gr.

A-liður 4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Ríkislögreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Dómsmálaráðherra getur samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra kveðið á um skipulagt samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveðinna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögregluliða á tilteknu svæði til að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu. Þá getur ráðherra samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna staðhátta.

3. gr.

Í stað orðanna „Skipshafnir varðskipa“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: Áhafnir varðskipa og gæsluflugvéla.

4. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

3. Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar lögregluvalds bera á sér sérstök skilríki. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun lögregluskilríkja með reglugerð.

5. gr.

3. og 4. mgr. 28. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 83 27. maí 1997, orðast svo:

3. Dómsmálaráðherra skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn. Hver sá sem skipaður

er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

4. Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjóra að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins er tiltækur í stöðuna.

6. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til ríkissaksóknara og fer hann með rannsókn málsins.

Við meðferð slíkra mála getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær.

Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað er.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 45. gr., svohljóðandi:

Undanþága frá aldursskilyrði.

Valnefnd Lögregluskóla ríkisins er heimilt, til ársloka 1998, að undanþiggja umsækjendur, sem voru lausráðnir eða ráðnir tímabundið til lögreglustarfa í tíð eldri laga, aldursskilyrði a-liðar 2. mgr. 38. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1102. Svar [538. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um sameiningu sveitarfélaga.

1. *Hver voru markmið ráðherra með sérstöku átaki í sameiningu sveitarfélaga sem leiddi til þess að sveitarfélögum fækkaði um 24 árið 1994? Hafa þau markmið náðst?*

Markmið ráðherra með sérstöku átaki í sameiningu sveitarfélaga á þessum tíma koma fyrst og fremst fram í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, sem lagt var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi. Frumvarp þetta varð síðan að lögum nr. 75/1993.

Með framlagningu frumvarpsins var orðið við tillögum svokallaðrar sveitarfélaganefndar og ályktun fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga í febrúar 1993. Sveitarfélaganefndin var skipuð af félagsmálaráðherra í febrúar 1992 og í henni áttu sæti fulltrúar tilnefndir af þingflokkum á Alþingi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun og félagsmálaráðuneyti.

Í lok almennra athugasemda við framangreint frumvarp segir svo: „Meginmarkmið frumvarpsins er að láta á það reyna í sem flestum sveitarfélögum hver afstaða almennings er til sameiningar sveitarfélaga.“

Að mati félagsmálaráðherra hefur það markmið náðst þar sem greidd voru atkvæði um sameiningu sveitarfélaga í 185 af 196 sveitarfélögum á árunum 1993 og 1994.

Ekki voru sett fram af félagsmálaráðherra á þeim tíma ákveðnari markmið um fækkun sveitarfélaga.

2. *Hver er stefna ráðherra nú varðandi hlutverk og skipulag sveitarstjórnarstigsins?*

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er lögð áhersla á að efla byggð í landinu og að stuðlað verði að eflingu þjónustukjarna, m.a. með verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga.

Til meðferðar er á Alþingi stjórnarfrumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga. Í því er ekki að finna tillögur um grundvallarbreytingar á hlutverki og skipulagi sveitarstjórnarstigsins, en leitast er við að auka svigrúm sveitarfélaganna til að skipuleggja eigin stjórnsýslu.

Að öðru leyti er stefna félagsmálaráðherra nú að leggja áherslu á að það sé í höndum sveitarfélaganna og íbúa þeirra að taka ákvarðanir um sameiningu sveitarfélaga.

3. *Hver hefur verið þróun:*
   a. *íbúafjölda,*
   b. *fjárhags,*
   c. *stjórnunarkostnaðar,*
   d. *atvinnustigs,*
   e. *þjónustustigs,*

   í þeim 12 sveitarfélögum sem urðu til við sameiningu sveitarfélaga árið 1994? Hvernig telur ráðherra að þessir þættir muni þróast næstu fimm ár? — Óskað er eftir upplýsingum um síðustu þrjú árin fyrir sameiningu, stöðu þegar sameining gekk í gildi og síðan um breytingar árlega þaðan í frá.

Í fylgiskjali I, sem unnið var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, koma fram upplýsingar um íbúaþróun í umræddum sveitarfélögum árin 1991–97. Miðað er við mannfjöldatölur frá Hagstofu Íslands 1. desember árin 1991–96 og bráðabirgðatölur frá 1. desember 1997. Einnig koma fram upplýsingar úr ársreikningum umræddra sveitarfélaga. Tekin voru fyrir annars vegar þrjú ár fyrir sameiningu (1991–93) þar sem íbúafjöldi, stjórnunarkostnaður og fjármagnsyfirlit þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust eru lögð saman og hins vegar íbúafjöldi, stjórnunarkostnaður og fjármagnsyfirlit hins sameinaða sveitarfélags næstu ár á eftir (1994–96).

Í fylgiskjali II, sem einnig var unnið af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, koma fram upplýsingar um þróun atvinnustigs. Upplýsingarnar eru byggðar á tölum frá Vinnumálastofnun og koma þar fram atvinnuleysistölur frá ákveðnum svæðum á landinu. Frekari sundurliðun er ekki fyrir hendi um þróun atvinnustigs samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar.

Hvað varðar e-lið, um þjónustustig, skal tekið fram að ekki hefur verið lagt sérstakt og samræmt mat á þjónustustig í sveitarfélögum í tengslum við sameiningu þeirra. Á þessum árum hefur orðið þróun í löggjöf tiltekinna málaflokka, svo sem varðandi félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarmál og grunnskólamál. Víða hefur einnig verið komið á fót samstarfi milli sveitarfélaga í þeim málaflokkum, t.d. með sameiningu barnaverndarnefnda.

Fylgiskjal I.

Reykjanesbær (Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	10.182	10.181	10.280	10.347	10.340	10.352	10.395
Yfirstjórn sveitarfélaga	80.672	85.594	86.467	96.815	77.253	77.380	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	1.007.630	1.043.557	984.931	1.017.261	1.055.196	1.233.194	
Rekstur málaflokka nettó	700.435	673.025	879.864	951.176	862.149	1.029.956	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**307.195**	**370.532**	**105.067**	**66.085**	**193.047**	**203.238**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	35.495	32.292	22.472	10.947	7.575	7.019	
Vextir af skammtímaskuldum	6.886	11.601	12.778	14.360	-13.913	11.411	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	335.804	391.222	114.761	62.672	186.709	198.846	
Greiðslubyrði lána nettó	164.196	186.520	166.749	155.697	-229.794	239.187	
Til ráðstöfunar	**171.608**	**204.703**	**-51.988**	**-93.025**	**-43.085**	**-40.341**	
Fjárfestingar samtals	214.080	286.157	401.783	322.736	225.704	131.040	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**-42.472**	**-81.454**	**-453.771**	**-415.761**	**-268.789**	**-171.381**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	363.149	429.927	386.960	371.210	394.376	390.779	
Langtímakröfur	23.582	49.205	52.419	47.691	51.073	66.212	
Peningalegar eignir samtals	386.731	479.132	439.379	418.901	445.449	456.991	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	282.294	278.043	301.364	394.277	408.651	317.447	
Langtímaskuldir	470.845	506.545	804.004	992.886	1.160.663	1.305.700	
Skuldir samtals	753.138	784.588	1.105.368	1.387.163	1.569.314	1.623.147	
Peningaleg staða	**-366.407**	**-305.456**	**-665.989**	**-968.262**	**-1.123.865**	**-1.166.156**	

Borgarbyggð (Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Hraunhreppur, Borgarnesbær).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	2.197	2.189	2.196	2.138	2.124	2.097	2.083
Yfirstjórn sveitarfélaga	24.752	25.171	23.291	23.027	26.296	25.255	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	204.484	220.181	211.596	216.675	224.316	257.238	
Rekstur málaflokka nettó	120.005	126.165	182.549	182.343	198.601	216.462	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**84.479**	**94.016**	**29.047**	**34.332**	**25.715**	**40.776**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	6.657	4.446	6.051	2.544	2.638	6.292	
Vextir af skammtímaskuldum	673	2.134	2.836	2.608	-1.853	2.230	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	90.463	96.328	32.262	34.268	26.500	44.838	
Greiðslubyrði lána nettó	18.273	18.225	28.998	30.907	-43.335	16.223	
Til ráðstöfunar	**72.198**	**78.104**	**3.264**	**3.361**	**-16.835**	**28.615**	
Fjárfestingar samtals	67.671	55.708	44.284	63.871	88.455	110.879	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**2.249**	**22.396**	**-41.020**	**-60.510**	**-105.290**	**-82.264**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	101.637	132.733	138.903	128.151	211.168	117.923	
Langtímakröfur	9.781	4.190	6.943	8.217	27.785	37.520	
Peningalegar eignir samtals	111.418	136.923	145.846	136.368	238.953	155.443	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	43.837	58.882	55.780	68.432	148.992	83.851	
Langtímaskuldir	52.294	59.807	112.549	148.130	130.521	164.898	
Skuldir samtals	96.130	118.690	168.329	216.562	279.513	248.749	
Peningaleg staða	**15.287**	**18.234**	**-22.483**	**-80.194**	**-40.560**	**-93.306**	

Eyja- og Miklaholtshreppur (Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	169	156	146	148	145	137	122
Yfirstjórn sveitarfélaga	1.462	1.759	1.668	2.164	1.231	1.685	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	10.377	11.228	9.872	10.499	11.590	14.218	
Rekstur málaflokka nettó	7.140	12.209	10.565	9.483	8.955	15.304	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**3.237**	**-982**	**-693**	**1.016**	**2.635**	**-1.086**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	1.715	784	1.076	585	773	714	
Vextir af skammtímaskuldum	0	0	0	2	-4	2	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	4.952	-198	383	1.599	3.404	-374	
Greiðslubyrði lána nettó	322	0	0	0	0	0	
Til ráðstöfunar	**4.630**	**-199**	**383**	**1.599**	**3.404**	**-374**	
Fjárfestingar samtals	0	-437	0	0	300	76	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**4.630**	**238**	**383**	**1.599**	**3.104**	**-450**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	16.500	16.694	17.038	18.772	21.890	24.006	
Langtímakröfur	0	0	0	0	0	0	
Peningalegar eignir samtals	16.500	16.694	17.038	18.772	21.890	24.006	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	44	0	-36	99	111	2.676	
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0	0	
Skuldir samtals	44	0	-36	99	111	2.676	
Peningaleg staða	**16.456**	**16.694**	**17.074**	**18.673**	**21.779**	**21.330**	

Snæfellsbær (Ólafsvíkurkaupstaður, Staðarsveit, Neshreppur, Breiðuvíkurhreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	1.966	1.881	1.897	1.848	1.823	1.768	1.732
Yfirstjórn sveitarfélaga	34.512	33.742	34.087	36.783	32.015	31.610	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	206.791	194.205	207.416	247.951	206.758	244.924	
Rekstur málaflokka nettó	136.076	142.774	154.911	172.446	183.638	213.912	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**70.714**	**51.431**	**52.505**	**75.505**	**23.120**	**31.012**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	14.112	10.600	10.923	11.206	6.095	6.957	
Vextir af skammtímaskuldum	2.803	2.263	4.901	7.178	-2.581	2.033	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	82.023	59.768	58.527	79.533	26.634	35.936	
Greiðslubyrði lána nettó	69.288	59.196	60.376	80.340	-131.779	49.413	
Til ráðstöfunar	**12.735**	**572**	**-1.849**	**-807**	**-105.145**	**-13.477**	
Fjárfestingar samtals	28.796	18.595	19.173	20.796	27.928	18.329	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**879**	**-18.023**	**-21.022**	**-21.603**	**-133.073**	**-31.806**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	143.395	143.220	158.105	186.188	181.302	222.191	
Langtímakröfur	2.148	2.243	9.577	42.145	43.646	22.600	
Peningalegar eignir samtals	145.543	145.463	167.682	228.333	224.948	244.791	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	108.145	123.784	115.352	103.522	103.872	115.067	
Langtímaskuldir	273.261	233.172	221.761	267.558	295.879	311.793	
Skuldir samtals	381.406	356.956	337.113	371.080	399.751	426.860	
Peningaleg staða	**-235.863**	**-211.494**	**-169.431**	**-142.747**	**-174.803**	**-182.069**	

Dalabyggð (Suðurdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Skarðshreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	728	758	770	734	706	684	698
Yfirstjórn sveitarfélaga	12.338	10.297	11.281	12.327	11.435	11.817	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	61.893	69.909	64.119	70.956	75.514	88.633	
Rekstur málaflokka nettó	35.288	39.072	45.539	48.471	47.031	64.090	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**26.604**	**30.837**	**18.580**	**22.485**	**28.483**	**24.543**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	1.838	940	499	583	614	1.114	
Vextir af skammtímaskuldum	197	114	19	219	-43	25	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	28.245	31.663	19.060	22.849	29.054	25.632	
Greiðslubyrði lána nettó	11.898	16.345	5.775	11.777	-16.072	23.589	
Til ráðstöfunar	**16.341**	**15.319**	**13.285**	**11.072**	**12.982**	**2.043**	
Fjárfestingar samtals	13.247	14.705	27.144	39.677	15.179	24.693	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**3.100**	**613**	**-13.859**	**-28.605**	**-2.197**	**-22.650**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	30.532	33.226	25.081	32.073	23.730	26.943	
Langtímakröfur	7.049	7.142	3.000	3.378	5.368	6.546	
Peningalegar eignir samtals	37.581	40.368	28.081	35.451	29.098	33.489	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	17.503	13.150	12.079	29.865	17.737	22.107	
Langtímaskuldir	44.561	38.535	39.831	50.940	46.832	45.094	
Skuldir samtals	62.063	51.685	51.910	80.805	64.569	67.201	
Peningaleg staða	**-24.482**	**-11.317**	**-23.829**	**-45.354**	**-35.471**	**-33.712**	

Vesturbyggð (Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Bíldudalshreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	1.514	1.498	1.463	1.390	1.340	1.297	1.248
Yfirstjórn sveitarfélaga	24.372	25.469	20.842	30.823	34.845	31.323	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	152.871	152.338	149.871	138.207	208.370	177.578	
Rekstur málaflokka nettó	105.347	135.727	133.468	138.099	147.020	157.761	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**47.524**	**16.611**	**16.403**	**108**	**61.350**	**19.817**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	7.101	5.794	6.681	4.434	5.012	6.850	
Vextir af skammtímaskuldum	5.520	2.390	6.373	9.224	-11.555	11.915	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	49.105	20.015	16.711	-4.682	54.807	14.752	
Greiðslubyrði lána nettó	50.319	49.007	53.570	47.363	-33.105	45.065	
Til ráðstöfunar	**-1.214**	**-28.993**	**-36.859**	**-52.045**	**21.702**	**-30.313**	
Fjárfestingar samtals	33.550	7.437	869	7.896	-1.265	16.793	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**-35.764**	**-36.430**	**-37.728**	**-59.941**	**22.967**	**-47.106**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	85.772	97.992	105.530	72.255	211.010	181.721	
Langtímakröfur	35.273	68.741	86.364	42.905	34.368	24.803	
Peningalegar eignir samtals	121.046	166.734	191.894	115.160	245.378	206.524	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	73.260	111.490	174.097	238.098	189.126	132.484	
Langtímaskuldir	171.227	198.999	179.177	162.501	291.276	342.908	
Skuldir samtals	246.287	310.490	353.274	400.599	480.402	475.392	
Peningaleg staða	**-123.441**	**-143.756**	**-161.380**	**-285.439**	**-235.024**	**-268.868**	

Súðavíkurhreppur (Súðavíkurhreppur, Reykjafjarðarhreppur, Ögurhreppur)

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	299	309	302	304	283	300	277
Yfirstjórn sveitarfélaga	5.058	5.245	5.150	6.336	6.782	10.708	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	35.527	36.885	36.268	32.408	30.900	41.601	
Rekstur málaflokka nettó	15.182	27.819	26.814	27.755	21.682	37.807	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**20.345**	**9.067**	**9.454**	**4.653**	**9.218**	**3.794**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	1.617	1.361	1.761	315	1.310	1.292	
Vextir af skammtímaskuldum	259	364	82	1.525	-119	173	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	21.703	10.064	11.133	3.443	10.409	4.913	
Greiðslubyrði lána nettó	7.154	5.266	2.464	2.894	-21.530	12.856	
Til ráðstöfunar	**14.549**	**4.798**	**8.669**	**549**	**-11.121**	**-7.943**	
Fjárfestingar samtals	1.873	750	34.610	27.717	-35.408	48.918	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**12.676**	**4.047**	**-25.941**	**-27.168**	**24.287**	**-56.861**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	33.329	40.350	35.290	31.684	104.437	46.798	
Langtímakröfur	0	718	31	0	0	0	
Peningalegar eignir samtals	33.329	41.068	35.321	31.684	104.437	46.798	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	9.199	9.052	25.501	34.743	38.888	33.133	
Langtímaskuldir	14.724	17.098	21.087	33.999	46.060	60.749	
Skuldir samtals	23.923	26.150	46.588	68.742	84.948	93.882	
Peningaleg staða	**9.406**	**14.918**	**-11.267**	**-37.058**	**19.489**	**-47.084**	

Ísafjarðarkaupstaður (Ísafjarðarkaupstaður, Snæfjallahreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996***	**1997***
Íbúafjöldi	3.522	3.510	3.536	3.531	3.386		
Yfirstjórn sveitarfélaga	37.611	37.872	37.349	41.708	37.601		
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	403.063	412.564	404.786	408.944	420.603		
Rekstur málaflokka nettó	256.963	268.868	309.570	285.800	305.376		
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**146.100**	**143.695**	**95.216**	**123.144**	**115.227**		
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	15.842	13.414	9.791	11.557	10.887		
Vextir af skammtímaskuldum	3.256	2.320	1.631	685	-321		
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	158.686	154.790	103.376	134.016	125.793		
Greiðslubyrði lána nettó	117.736	113.879	132.649	88.578	-105.327		
Til ráðstöfunar	**40.950**	**40.910**	**-29.273**	**45.438**	**20.466**		
Fjárfestingar samtals	35.374	47.564	97.981	66.648	89.415		
Óráðstafaðar tekjur ársins	**5.576**	**-6.654**	**-127.254**	**-21.210**	**-68.949**		
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	151.089	161.395	208.758	234.759	169.896		
Langtímakröfur	10.231	13.592	19.137	20.375	19.419		
Peningalegar eignir samtals	161.320	174.987	227.895	255.134	189.315		
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	143.191	133.673	201.335	207.298	152.840		
Langtímaskuldir	324.129	288.385	262.221	236.983	237.787		
Skuldir samtals	467.320	422.058	463.556	444.281	390.627		
Peningaleg staða	**-306.000**	**-247.072**	**-235.661**	**-189.147**	**-201.312**		

* Nú Ísafjarðarbær eftir sameiningu sex sveitarfélaga 1. júní 1996.

Hólmavíkurhreppur (Hólmavíkurhreppur, Nauteyrarhreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	536	540	532	526	531	511	499
Yfirstjórn sveitarfélaga	6.896	7.229	7.647	8.012	9.417	10.508	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	51.028	53.289	52.478	51.645	56.051	65.746	
Rekstur málaflokka nettó	29.732	34.158	39.725	39.540	39.865	57.306	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**21.297**	**19.131**	**12.753**	**12.105**	**16.186**	**8.440**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	2.440	2.392	2.046	369	426	410	
Vextir af skammtímaskuldum	2.079	1.463	2.920	1.225	-482	1.271	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	21.658	20.061	11.879	11.249	16.130	7.579	
Greiðslubyrði lána nettó	6.657	8.251	8.143	9.920	-11.936	7.827	
Til ráðstöfunar	**15.001**	**11.810**	**3.736**	**1.329**	**4.194**	**-248**	
Fjárfestingar samtals	8.173	20.635	11.033	9.932	2.023	8.822	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**6.828**	**-8.825**	**-7.297**	**-8.603**	**2.171**	**-9.070**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	33.239	39.802	35.032	32.447	36.359	39.546	
Langtímakröfur	276	128	1.102	716	680	643	
Peningalegar eignir samtals	33.515	39.930	36.134	33.163	37.039	40.189	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	16.144	24.566	24.321	24.305	22.470	25.408	
Langtímaskuldir	36.614	40.687	39.516	43.445	38.541	42.995	
Skuldir samtals	52.759	65.253	63.837	67.750	61.011	68.403	
Peningaleg staða	**-19.244**	**-25.322**	**-27.703**	**-34.587**	**-23.972**	**-28.214**	

Þórshafnarhreppur (Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	465	488	481	500	483	472	485
Yfirstjórn sveitarfélaga	8.569	7.832	8.041	8.880	9.651	11.660	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	52.613	54.674	54.687	53.853	56.808	68.191	
Rekstur málaflokka nettó	33.965	38.208	37.373	44.936	45.963	57.474	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**18.648**	**16.466**	**17.314**	**8.917**	**10.845**	**10.717**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	1.805	638	1.363	455	340	606	
Vextir af skammtímaskuldum	1.416	1.483	670	1.130	-1.903	3.001	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	19.036	15.621	18.007	8.242	9.282	8.322	
Greiðslubyrði lána nettó	15.187	10.392	13.393	18.260	-17.809	20.622	
Til ráðstöfunar	**3.849**	**5.228**	**4.614**	**-10.018**	**-8.527**	**-12.300**	
Fjárfestingar samtals	4.430	7.011	20.955	43.215	26.390	-554.672	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**-581**	**-1.783**	**-16.341**	**-53.233**	**-34.917**	**542.372**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	32.417	36.694	26.970	26.339	34.325	142.677	
Langtímakröfur	2.050	1.256	6.891	5.842	9.141	466.146	
Peningalegar eignir samtals	34.467	37.950	33.861	32.181	43.466	608.823	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	32.760	32.782	35.507	65.377	47.155	55.093	
Langtímaskuldir	31.685	30.937	37.728	54.968	102.329	101.588	
Skuldir samtals	64.444	63.719	73.235	120.345	149.484	156.681	
Peningaleg staða	**-29.977**	**-25.769**	**-39.374**	**-88.164**	**-106.018**	**452.142**	

Neskaupstaður (Neskaupstaður, Norðfjarðarhreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	1.765	1.725	1.706	1.649	1.651	1.606	1.642
Yfirstjórn sveitarfélaga	18.498	21.239	19.978	20.781	19.851	21.638	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	179.170	185.322	181.834	191.916	195.435	224.247	
Rekstur málaflokka nettó	115.890	132.452	147.368	151.237	155.330	176.331	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**63.280**	**52.870**	**34.466**	**40.679**	**40.105**	**47.916**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	5.003	4.761	4.525	3.021	2.325	2.472	
Vextir af skammtímaskuldum	1.470	1.788	2.342	1.731	-1.585	3.519	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	66.813	55.843	36.649	41.969	40.845	46.869	
Greiðslubyrði lána nettó	50.954	33.851	22.989	29.115	-25.373	29.659	
Til ráðstöfunar	**15.855**	**21.991**	**13.681**	**12.854**	**15.472**	**17.210**	
Fjárfestingar samtals	27.824	11.549	39.490	48.679	67.495	25.047	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**-11.969**	**10.442**	**-25.809**	**-35.825**	**-52.023**	**-7.837**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	96.309	125.157	95.394	100.956	113.873	114.532	
Langtímakröfur	857	2.107	32.164	31.258	138.794	458.741	
Peningalegar eignir samtals	97.166	127.264	127.560	132.214	252.667	573.273	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	48.382	52.814	53.523	69.889	103.750	108.753	
Langtímaskuldir	90.798	81.028	94.879	96.869	111.414	97.269	
Skuldir samtals	139.180	133.842	148.402	166.758	215.164	206.022	
Peningaleg staða	**-42.013**	**-6.578**	**-20.842**	**-34.544**	**37.503**	**367.251**	

Hornafjarðarbær (Höfn, Nesjahreppur, Mýrahreppur).

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Íbúafjöldi	2.127	2.150	2.179	2.165	2.178	2.173	2.187
Yfirstjórn sveitarfélaga	19.297	22.259	26.656	22.564	20.620	28.079	
Fjármagnsyfirlit							
Skatttekjur	223.676	245.677	257.328	234.323	250.571	288.856	
Rekstur málaflokka nettó	135.720	142.442	166.885	164.866	151.153	256.466	
Skatttekjur að frádr. rekstri málafl.	**87.956**	**103.235**	**94.443**	**69.457**	**99.418**	**32.390**	
Vextir af skatttekjum og veltufjárm.	7.154	6.723	6.644	4.333	3.529	2.996	
Vextir af skammtímaskuldum	931	974	3.447	2.772	-2.325	1.003	
Skatttekjur að frádregnum rekstri málafl. og vöxtum af hreinu veltufé	94.178	108.984	93.640	71.018	100.622	34.383	
Greiðslubyrði lána nettó	7.937	29.538	35.715	49.638	-37.684	23.723	
Til ráðstöfunar	**86.241**	**79.446**	**57.925**	**21.380**	**62.938**	**10.660**	
Fjárfestingar samtals	88.082	211.193	97.950	79.630	29.873	57.416	
Óráðstafaðar tekjur ársins	**-1.840**	**-131.747**	**-40.025**	**-58.250**	**33.065**	**-46.756**	
Efnahagsreikningur							
Peningalegar eignir:							
Veltufjármunir	127.582	105.968	114.438	62.277	94.557	71.298	
Langtímakröfur	8.293	5.018	6.963	5.432	9.072	13.156	
Peningalegar eignir samtals	135.876	110.986	121.401	67.709	103.629	84.454	
Skuldir:							
Skammtímaskuldir	39.021	49.109	72.028	76.098	52.817	81.682	
Langtímaskuldir	51.662	172.037	155.024	129.604	121.458	106.552	
Skuldir samtals	90.683	221.146	227.052	205.702	174.275	188.234	
Peningaleg staða	**45.193**	**-110.160**	**-105.651**	**-137.993**	**-70.646**	**-103.780**	

Fylgiskjal II.

Meðaltal af fjölda atvinnulausra í lok mánaðar eftir skráningarstöðum 1991–97.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Reykjavíkurborg	638	1.553	1.553	2.816	3.191	3.212	2.961
Seltjarnarneskaupstaður	15	45	45	71	59	48	51
Kópavogsbær	118	248	248	370	395	344	296
Garðabær	21	63	63	114	126	114	98
Hafnarfjarðarkaupstaður	62	223	223	419	444	357	286
Mosfellsbær	11	51	51	73	77	66	60
Bessastaðahreppur	2	7	7	21	24	25	22
Önnur sveitarfélög	0	0	0	4	5	8	9
Höfuðborgarsvæðið	**867**	**2.191**	**2.191**	**3.887**	**4.321**	**4.174**	**3.783**
Grindavíkurkaupstaður	49	85	85	38	39	29	29
Keflavíkurkaupstaður	78	214	214	200	275	216	200
Njarðvíkurkaupstaður	34	76	76	38	0	0	0
Sandgerðisbær	17	33	33	31	30	12	13
Gerðahreppur	13	26	26	23	26	13	6
Vatnsleysustrandarhreppur	0	25	25	41	36	38	26
Önnur sveitarfélög	0	0	0	3	0	0	0
Suðurnes	**191**	**459**	**459**	**374**	**407**	**309**	**273**
Akraneskaupstaður	86	144	144	196	162	152	108
Borgarnesbær o.fl.	22	42	42	47	39	38	26
Ólafsvíkurkaupstaður	25	10	10	18	17	25	23
Stykkishólmsbær o.fl.	10	17	17	16	18	18	10
Neshreppur	1	6	6	9	4	8	7
Eyrarsveit	14	10	10	15	4	5	7
Önnur sveitarfélög	0	0	0	52	47	47	35
Vesturland	**159**	**229**	**229**	**353**	**291**	**292**	**216**
Bolungarvíkurkaupstaður	1	1	1	29	10	5	6
Ísafjarðarkaupstaður	6	16	16	15	17	11	49
Patrekshreppur	0	14	14	13	6	12	7
Bíldudalshreppur	2	10	10	27	16	4	6
Þingeyrarhreppur o.fl.	4	6	6	17	20	23	0
Flateyrarhreppur o.fl.	0	0	0	0	0	0	0
Suðureyrarhreppur	12	5	5	9	14	3	0
Súðavíkurhreppur	0	0	0	1	0	1	1
Kaldrananeshreppur	0	0	0	9	4	2	3
Hólmavíkurhreppur o.fl.	2	2	2	11	8	9	9
Önnur sveitarfélög	0	0	0	24	14	9	9
Vestfirðir	**26**	**56**	**56**	**156**	**108**	**79**	**89**

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Sauðárkrókskaupstaður o.fl.	38	52	52	66	82	60	95
Siglufjarðarkaupstaður	56	52	52	28	41	24	44
Hvammstangahreppur o.fl.	10	19	19	11	10	6	5
Blönduósbær o.fl.	25	36	36	44	34	21	24
Höfðahreppur o.fl.	13	12	12	34	38	29	19
Hofshreppur	7	10	10	11	17	18	34
Lýtingsstaðahreppur	10	14	14	15	16	15	13
Seyluhreppur	9	9	9	11	9	11	10
Akrahreppur	2	3	3	3	4	4	5
Önnur sveitarfélög	0	0	0	37	36	25	20
Norðurland vestra	**170**	**206**	**206**	**258**	**288**	**214**	**267**
Ólafsfjarðarkaupstaður	20	27	27	43	21	7	17
Dalvíkurkaupstaður o.fl.	29	26	26	25	28	9	8
Akureyrarkaupstaður	199	291	291	485	484	363	384
Húsavíkurkaupstaður o.fl.	83	101	101	119	110	68	66
Hríseyjarhreppur	4	6	6	7	3	3	4
Árskógshreppur	5	6	6	12	11	8	3
Öxarfjarðarhreppur o.fl.	5	5	5	2	3	2	1
Raufarhafnarhreppur	11	13	13	13	5	5	9
Þórshafnarhreppur o.fl.	8	15	15	9	3	4	1
Grýtubakkahreppur	7	6	6	18	9	10	8
Eyjafjarðarsveit	0	0	0	28	26	15	14
Önnur sveitarfélög	0	0	0	36	38	35	36
Norðurland eystra	**371**	**496**	**496**	**796**	**740**	**527**	**550**
Seyðisfjarðarkaupstaður	42	42	42	39	50	37	31
Neskaupstaður	10	13	13	12	14	3	3
Eskifjarðarkaupstaður	20	23	23	22	16	5	6
Höfn í Hornafirði o.fl.	3	9	9	38	29	4	4
Skeggjastaðahreppur	5	6	6	5	5	1	0
Vopnafjarðarhreppur	31	34	34	21	30	36	31
Borgarfjarðarhreppur	17	28	28	24	19	15	13
Egilsstaðabær/Hérað	28	47	47	80	93	71	51
Reyðarfjarðarhreppur	15	14	14	22	21	21	13
Búðahreppur	27	34	34	37	25	29	12
Stöðvarhreppur	7	9	9	5	12	9	6
Breiðdalshreppur	13	14	14	8	9	11	10
Djúpavogshreppur	3	8	8	10	9	8	6
Önnur sveitarfélög	0	0	0	0	0	1	1
Austurland	**219**	**282**	**282**	**324**	**332**	**249**	**188**

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Selfosskaupstaður o.fl.	53	84	84	131	172	142	151
Hveragerðisbær	19	36	36	48	52	37	19
Ölfushreppur	34	55	55	28	44	33	26
Mýrdalshreppur	4	11	11	11	11	8	6
Hvolhreppur	12	13	13	6	5	6	6
Rangárvallahreppur	19	17	17	29	21	11	12
Djúpárhreppur	2	3	3	7	8	7	9
Stokkseyrarhreppur o.fl.	18	23	23	24	36	40	30
Eyrarbakkahreppur	13	34	34	27	31	20	19
Skaftárhreppur	8	9	9	14	9	7	5
Fljótshlíðarhreppur	7	11	11	9	10	6	6
Vestmannaeyjabær	36	67	67	55	82	41	42
Önnur sveitarfélög	0	0	0	88	86	62	57
Suðurland	**223**	**362**	**362**	**477**	**564**	**418**	**388**
Allt landið	**2.226**	**4.280**	**4.280**	**6.625**	**7.050**	**6.260**	**5754**

1103. Svar [584. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um ár hafsins 1998.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur af Íslands hálfu verið hagað undirbúningi að ári hafsins 1998 sem ákveðið var árið 1994 að efna til af Sameinuðu þjóðunum?*
2. *Hvaða nefndir hafa starfað að tillögugerð um undirbúning árs hafsins af Íslands hálfu, hvenær voru þær skipaðar, hverjir áttu í þeim sæti og hverjar voru tillögur þeirra?*
3. *Hverjir aðrir, stofnanir og/eða einstaklingar, hafa að tilhlutan ráðuneytisins komið að undirbúningi árs hafsins hérlendis og hvaða tillögur hafa þeir gert?*
4. *Hvaða meginmarkmið hafa verið sett af hálfu íslenskra stjórnvalda að því er varðar ár hafsins?*
5. *Hvaða atburðir eru fyrirhugaðir á árinu hérlendis undir merkjum árs hafsins 1998?*
6. *Hvaða rannsóknir og/eða átaksverkefni hafa verið undirbúin að því er varðar hafið í tilefni þessa alþjóðaárs?*
7. *Hvaða fræðsluverkefni eru ráðgerð af opinberri hálfu eða annarra í tilefni ársins hérlendis?*
8. *Hvaða fjárframlög hafa verið ákveðin eða er ráðgert að veita hérlendis af opinberri hálfu vegna árs hafsins?*
9. *Með hvaða hætti hafa einkaaðilar og/eða áhugasamtök komið að þessu máli?*
10. *Verður Ísland þátttakandi í heimssýningunni Expo '98 í Lissabon á komandi sumri og ef svo er, hvernig verður þar staðið að málum af hálfu íslenskra aðila?*

Í lok síðasta árs skipaði sjávarútvegsráðherra starfshóp til að koma með tillögur um viðburði í tilefni af ári hafsins 1998 sem ákveðið var að efna til af Sameinuðu þjóðunum. Í starfshópnum eiga sæti Kristján Skarphéðinsson, tilnefndur af sjávarútvegsráðherra, og er

hann formaður, Hugi Ólafsson, tilnefndur af umhverfisráðherra, Björn Björnsson, tilnefndur af menntamálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, tilnefndur af samgönguráðherra, Bjarni Grímsson, tilnefndur af sjómannasamtökunum, Kristján Þórarinsson, tilnefndur af atvinnurekendum í sjávarútvegi, og Guðrún Eyjólfsdóttir, tilnefnd af sjávarútvegsráðherra. Fyrstu tillögur starfshópsins voru samþykktar í ríkisstjórn 10. febrúar sl. og voru þær kynntar í fréttatilkynningu sem sjávarútvegsráðuneytið gaf út þann dag. Samþykkti ríkisstjórnin að verja 4,8 millj. kr. til þeirra verkefna sem starfshópurinn lagði til. Varðandi einstaka viðburði vísast til umræddrar fréttatilkynningar.

Starfshópurinn skipti verkefni sínu í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi að fá sem flesta Íslendinga til að huga að mikilvægi hafsins í víðum skilningi. Í öðru lagi að koma sjónarmiðum Íslands varðandi verndun hafsins á framfæri á alþjóðavettvangi. Í þriðja lagi að huga að því hvernig Íslendingar geti haft áhrif á þá neikvæðu umræðu sem víða fer fram um málefni hafsins. Á ríkisstjórnarfundi 24. mars sl. var samþykkt sérstök yfirlýsing í tilefni af ári hafsins sem unnin var á vegum starfshópsins. Yfirlýsingin var samin á íslensku og ensku og verður ensku útgáfunni komið á framfæri, m.a. á sérstakri heimasíðu UNESCO. Jafnframt er vonast til að yfirlýsingin verði höfð til hliðsjónar þegar fulltrúar íslenskra stjórnvalda ræða nýtingu lifandi auðlinda hafsins og umhverfismál hafsins á erlendri grundu.

Starfshópurinn hefur haft samstarf við ýmsa aðila. Í því sambandi má nefna Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands, varðandi almenningsfyrirlestra, Háskólann á Akureyri, um ráðstefnuhald, og Námsgagnastofnun, um gerð kennsluleiðbeininga fyrir grunnskóla. Þá hefur starfshópurinn haft samstarf við Félag íslenskra teiknara um samkeppni um veggspjald undir yfirskriftinni *Hafið — líf á okkar ábyrgð*. Úrslit samkeppninnar verða kynnt á sérstakri ráðstefnu sjávarútvegsráðherra Íslands, Grænlands og Færeyja sem haldin verður 15. apríl nk., en ráðstefnan verður haldin undir merkjum árs hafsins 1998. Ráðstefnan verður um ábyrgar fiskveiðar og er hún skipulögð í samvinnu við Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Ráðgert er að starfshópurinn starfi til ársloka. Samkvæmt tillögum hópsins hefur ríkisstjórnin ákveðið að helga 12. september nk. ári hafsins. Mun starfshópurinn beina þeim tilmælum til fyrirtækja og stofnana sem tengjast hafinu að hafa opið hús þann dag til að gefa almenningi kost á að kynnast starfseminni.

Hinn 19. mars sl. hélt sjávarútvegsráðherra ræðu á ráðstefnu sem Evrópuráðið stóð fyrir í París. Ráðstefnan var haldin í tilefni af ári hafsins. Ræðu ráðherra er að finna að heimasíðu sjávarútvegsráðuneytisins á vefnum.

Í tilefni af ári hafsins hefur Hafrannsóknastofnunin kynnt viðamikla áætlun um rannsóknir í suðurdjúpum. Rannsóknir þessar munu beinast að því að athuga útbreiðslu vannýttra tegunda eins og laxsíldar, búra, smokkfisks og túnfisks. Þá verða gerðar ýmsar umhverfisrannsóknir til að byggja upp sérfræðiþekkingu á lífsskilyrðum á þessum hafsvæðum.

Á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin að taka þátt í heimssýningunni (EXPO 1998) sem haldin verður í Lissabon næsta sumar. Meginástæðan fyrir þessari ákvörðun var sú að sýningin verður að þessu sinni helguð hafinu. Með þátttöku í sýningunni gefst því gott tækifæri til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri varðandi verndun og skynsamlega nýtingu hafsins og lifandi auðlinda. Kostnaður við sýninguna er verulegur eða 75 millj. kr. Af þeirri fjárhæð leggur ríkissjóður fram 60 millj. kr. en einkaaðilar 15 millj. kr. Útflutningsráði var með sérstökum samningi falið að annast undirbúning og skipulag að þátttöku Íslands.

Fylgiskjal.

Fréttatilkynning frá sjávarútvegsráðuneytinu:

Ár hafsins.

(10. febrúar 1998.)

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur starfshóps sjávarútvegsráðherra um hvað skuli gert hér á landi í tilefni af ákvörðun Sameinuðu þjóðanna um að árið 1998 verði ár hafsins. Tillögurnar miða að því að fá sem flesta til að horfa til hafs og velta fyrir sér mikilvægi hafsins í umhverfi okkar og sem forðabúrs. Mikilvægt þykir að vekja áhuga barna og ungmenna, en einnig er reynt að draga athygli almennings að hafinu.

- Lagt er til að 12. september verði sérstaklega helgaður hafinu og er þeim tilmælum beint til fyrirtækja, stofnana og safna sem tengjast hafinu að hafa opið hús fyrir almenning í tilefni dagsins.
- Námsgagnastofnun var fyrir áramót veittur styrkur til að vinna að gerð kennsluleiðbeininga fyrir grunnskóla um námsefni sem tengist hafinu og lífríki þess. Kennarar ættu að fá þær í hendur í apríl og er hvatt til að skólar skipuleggi þemavikur eða þemadaga um hafið í vor eða haust.
- Sjávarútvegsstofnun Háskólans hefur verið falið að skipuleggja röð almenningsfyrirlestra um málefni hafsins. Sá fyrsti verður laugardaginn 21. febrúar nk. þar sem Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, flytur erindið Skyggnst í djúpin. Fimm fyrirlestrar verða í vor og ef vel tekst til verður þráðurinn tekinn upp aftur í haust.
- Efnt verður til samkeppni um veggspjald í samvinnu við Félag íslenskra teiknara. Verðlaunaspjaldið verður jafnframt gefið út sem póstkort og því dreift endurgjaldslaust. Veggspjaldið verður notað við kynningu viðburða á ári hafsins og dreift í alla skóla.
- Sjávarútvegsráðuneyti og umhverfisráðuneyti ætla að láta útbúa kynningarefni fyrir almenning um nýtingu lifandi auðlinda hafsins og aðgerðir til að draga úr mengun þess.
- Sjávarútvegsráðuneytið og sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri efna til ráðstefnu síðari hluta vetrar eða í vor um virkjun mannauðs. Þar verður reynt að varpa ljósi á það hvaða menntunar verði krafist í sjávarútveginum á nýrri öld.
- Sjávarútvegsráðherrar Íslands, Grænlands og Færeyja halda um miðjan apríl ráðstefnu á Íslandi um ábyrga fiskveiðistjórnun. Ráðstefnan er haldin að frumkvæði Íslandsdeildar Vestnorrænu þingmannanefndarinnar. Stefnt er að því að í tengslum við ráðstefnuna verði haldin sýning á hugmyndum sem bárust í samkeppni um veggspjald og verðlaun fyrir besta veggspjaldið veitt þar.

Starfshópurinn vinnur að frekari tillögum. Er þar einkum hugað að tveimur þáttum, með hvaða hætti Íslendingar geta haft áhrif á þá neikvæðu umræðu sem víða fer fram um málefni hafsins og sjávarútveginn sem atvinnugrein. Hópurinn telur í því sambandi mikilvægt að tillögu sjávarútvegsráðherra um upplýsingaveitu sjávarútvegsins verði sem fyrst komið í framkvæmd. Þá verður hugað að öðrum verkefnum sem kæmu til framkvæmda síðari hluta ársins og verður þess gætt að viðburðir verði ekki bundnir við Reykjavíkursvæðið.

1104. Frumvarp til laga [641. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr

Í stað 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera þrír mánuður frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra.

Kæra skal vera skrifleg. Kærunni skal fylgja frumrit eða endurrit úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra sem kæran tekur til. Í kærunni skal koma fram hvaða atriði í úrskurðinum sæta kæru og rökstuðningur fyrir kröfum. Gögn, sem ætluð eru til stuðnings kærunni, skulu fylgja í frumriti eða endurriti.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal yfirskattanefnd beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal yfirskattanefnd vísa kærunni frá.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Yfirskattanefnd er jafnan heimilt að beina því til skattaðila eða ríkisskattstjóra að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja þeim ákveðinn frest í því skyni.

3. gr.

3. og 4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fengnum gögnum sem um ræðir í 6. gr. og andmælum kæranda eftir því sem ástæða er til.

Séu gögn skv. 3. mgr. 6. gr. ekki lögð fyrir yfirskattanefnd innan frests sem þar greinir, er yfirskattanefnd heimilt að kveða upp úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna, enda telji hún málið nægilega upplýst.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 3. mgr. 6. gr. Ef gögn þessi berast ekki fyrir lok frests sem þar greinir skal sex mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.

Nú fellur úrskurður yfirskattanefndar skattaðila í hag, að hluta eða öllu leyti og getur yfirskattanefnd þá úrskurðað greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði, að hluta eða öllu leyti, enda hafi hann haft uppi slíka kröfu við meðferð málsins, um sé að ræða verulegan kostnað sem eðlilegt var að hann stofnaði til vegna meðferðar málsins og ósanngjarnt væri að hann bæri þann kostnað sjálfur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Komi fram í kæru til yfirskattanefndar sem ríkisskattstjóri hefur til umsagnar skv. 6. gr. upplýsingar eða gögn sem ekki hafa legið fyrir skattstjóra við hina kærðu skattákvörðun en ríkisskattstjóri telur að eigi að leiða til verulega breyttrar niðurstöðu í málinu er ríkisskattstjóra heimilt að gefa skattaðila kost á því að honum verði gerður skattur að nýju, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, með þeim áhrifum að kæran til yfirskattanefndar teljist afturkölluð. Í tilkynningu um þetta til skattaðila skal tilgreina þær breytingar sem af endurákvörðun mundi leiða. Veita skal skattaðila 15 daga frest til að fara fram á endurákvörðun á þessum grundvelli og er hún ekki heimil án samþykkis hans. Fari skattaðili fram á endurákvörðun skal ríkisskattstjóri tilkynna það yfirskattanefnd þegar í stað. Heimilt er ríkisskattstjóra að leggja fyrir skattstjóra að framkvæma endurákvörðun samkvæmt þessari grein.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Endurákvörðun vegna kæru.*

6. gr.

Við 15. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frestur fjármálaráðherra til málshöfðunar í tilefni af úrskurði yfirskattanefndar er sex mánuðir.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að mæla með því við fjármálaráðherra að höfðað verði mál í því skyni að fá úrskurði yfirskattanefndar hnekkt og getur hann þá jafnframt farið þess á leit við yfirskattanefnd að úrskurðurinn verði ekki látinn hafa fordæmisgildi að svo stöddu. Yfirskattanefnd er heimilt að fallast á slíkt erindi ef sýnt þykir að skattframkvæmd gæti raskast bagalega ef niðurstöðu úrskurðar yrði breytt með dómi. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan frests skv. 2. mgr. eða ef dómari fellst ekki á flýtimeðferð málsins eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála.

Sé mál höfðað vegna úrskurðar yfirskattanefndar er nefndinni heimilt að fresta afgreiðslu annarra sambærilegra mála sem til meðferðar eru fyrir henni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um yfirskattanefnd sem ætlað er að miða að skilvirkari málsmeðferð fyrir nefndinni og tryggja að unnt verði að standa við lögákveðna málsmeðferðarfresti. Samhliða frumvarpi þessu verður lagt fram frumvarp til laga um bindandi álit í skattamálum. Frumvarpið er samið í fjármálaráðuneytinu. Unnið hefur verið að gerð þess í samráði við nefnd sem skipuð var af fjármálaráðherra og í eiga sæti fulltrúi Lögmannafélags Íslands og fulltrúi Félags löggiltra endurskoðenda ásamt ríkisskattstjóra og fulltrúum ráðuneytisins. Hefur nefndin fjallað ítarlega um efni frumvarpsins á nokkrum fundum sínum og komið með tillögur og ábendingar. Hlutverk þessarar nefndar er jafnframt að skoða hugmyndir um umboðsmann skattgreiðenda og almenn atriði um skipulag skattkerfisins, sjónarmið um greiðslu vaxta vegna gjaldfallinna skattkrafna og viðurlagaákvæði skattalaga. Er gert ráð fyrir að lagðar verði fram breytingar á lögum á yfirstandandi þingi eða haustþingi sem snerta þessi atriði og nefndin telur nauðsynlegar.

Meginhlutverk yfirskattanefndar er að fjalla um stjórnsýslukærur vegna skatta og gjalda sem skattstjórar og ríkisskattstjóri leggja á og úrskurða um. Fer nefndin með æðsta úrskurðarvald í þessum málum í stað ráðherra. Samkvæmt gildandi lögum er gangur mála fyrir yfirskattanefnd í stuttu máli sá að móttekin kæra er send ríkisskattstjóra til gagnaöflunar og framlagningar kröfugerðar í málinu fyrir hönd gjaldkrefjenda. Að lögum er ríkisskattstjóra ætlaður einn og hálfur mánuður til að afla gagna frá skattstjóra og leggja fram kröfugerð sína. Frestur yfirskattanefndar til að úrskurða í málinu er almennt þrír mánuðir frá því kröfugerð ríkisskattstjóra og málsgögn berast nefndinni. Þessi frestur reiknast frá lokum áðurnefnds frests ríkisskattstjóra og tekur því að líða þótt ríkisskattstjóri leggi gögnin ekki fram á réttum tíma.

Fjöldi móttekinna og afgreiddra mála hjá yfirskattanefnd á tímabilinu 1. júlí 1992 til 31. desember 1997 hefur verið sem hér segir:

Tímabil	*Móttekin mál*	*Úrskurðir*	*Önnur afgr.**	*Óafgr. í lok tímabils*
1.7.92–31.12.93	3.453**	1.975	68	1.410
Árið 1994	1.299	1.383	33	1.293
Árið 1995	1.011	1.136	15	1.153
Árið 1996	987	1.122	16	1.002
Árið 1997	1.020	1.085	15	922
Samtals	7.770	6.710	147	

Aths:

* Í flokkinn „önnur afgreiðsla" falla einkum mál sem kærandi afturkallar eða þegar fleiri en eitt mál (kæra) sama aðila er tekið til afgreiðslu með einum úrskurði.

** Þar með talin 1.154 mál sem yfirskattanefnd tók við frá ríkisskattanefnd 1. júlí 1992.

Á þeim fimm og hálfu ári, sem yfirlitið tekur til, hafa uppkveðnir úrskurðir því verið 1.220 á ári að jafnaði. Undanfarin ár hafa uppkveðnir úrskurðir verið um 1.100 á ári. Á síðustu 5,5 árum fyrir gildistöku laga um yfirskattanefnd voru úrskurðir að meðaltali 982 á ári og urðu flestir árið 1991 eða 1.151. Samkvæmt þessu hefur það markmið náðst að nokkru leyti, sem að var stefnt með lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, að auka skilvirkni í úrskurðastörfunum. Óloknum málum í lok árs hefur jafnframt fækkað verulega eða úr 1.410 málum í 922 mál í lok síðasta árs. Að sama skapi hefur náðst að stytta málsmeðferðartíma. Þó er enn langt í land með að nefndinni hafi tekist að standa við lagafyrirmæli um afgreiðslufrest. Kemur þar bæði til að ríkisskattstjóri hefur í mörgum tilvikum ekki staðið skil á málsgögnum og umsögnum fyrir hönd gjaldkrefjenda innan þess frests sem honum er veittur og að málsmeðferð fyrir nefndinni sjálfri hefur tekið lengri tíma en þá þrjá mánuði sem til þess eru ætlaðir. Raunar eru mörg dæmi þess að sá tími sé liðinn þegar málsgögn berast nefndinni.

Mikilsvert er að ágreiningsmál á sviði skattamála séu leyst á skilvirkan og einfaldan hátt. Þrátt fyrir þann árangur, sem að framan er rakinn, er ekki viðunandi að meðferð þessara mála sé ekki í samræmi við þær reglur sem kveðið er á um í lögum. Að þessu hefur ítrekað verið fundið, m.a. í álitum umboðsmanns Alþingis.

Helstu vandamál og ástæður fyrir seinvirkri málsmeðferð, sem varða störf yfirskattanefndar og lagafrumvarpi þessu er ætlað að ráða bót á, eftir því sem unnt er með breytingum á málsmeðferðarreglum, eru eftirfarandi:

1. Fjöldi kærumála sem berast nefndinni er mjög mikill þótt þeim hafi nokkuð fækkað á síðustu þremur árum frá því sem mest var. Ætla má að unnt sé að fækka málum, sem yfirskattanefnd fjallar um, með eftirfarandi breytingum samkvæmt frumvarpi þessu og frumvörpum sem samhliða eru lögð fram:

   Heimild til endurákvörðunar vegna kæru. Sum þeirra mála, sem skotið er til yfirskattanefndar, má telja veigalítil og þess eðlis að engin ástæða sé til að um þau sé fjallað af æðri úrskurðaraðila. Er hér einkum litið til kærumála sem rísa af því að gjaldendur hafa ekki lagt nauðsynleg gögn fyrir skattstjóra til að skattmeðferð verði með þeim hætti sem þeir krefjast, en leggja slík gögn fyrst fram með kæru til yfirskattanefndar. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir heimild til þess að ríkisskattstjóri geti að kæruefninu athuguðu og að fengnu samþykki kæranda endurákvarðað honum skatt að nýju ef talið er að nægilegar skýringar og gögn hafi komið fram í kærunni til yfirskattanefndar til að krafa eigi að ná fram að ganga. Er yfirskattanefnd þannig leyst undan því að fjalla um öll hin einföldustu afgreiðslumál, auk þess sem slík mál munu þá fá mun skjótvirkari lausn en ella.

   Bindandi álit í skattamálum. Með frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu er lagt til að tekið verði upp kerfi bindandi álita í skattamálum. Þess er að vænta að slíkt fyrirkomulag geti leitt til nokkurrar fækkunar mála fyrir yfirskattanefnd.

2. Verulegra árstíðabundinna sveiflna gætir í því hvenær kærur berast til yfirskattanefndar. Um helmingur allra mála á hverju ári berast nefndinni á þriggja mánaða tímabili frá 15. október til 15. janúar. Reynslan hefur leitt í ljós að ekki er hægt að ætlast til þess að leyst verði úr öllum málum, sem berast á þessu tímabili, innan lögákveðinna tímamarka, nema með mjög auknum mannafla í störfum hjá nefndinni sem þá yrði verkefnalítill utan annatímans. Slík lausn er ekki talin viðunandi.

3. Kærur eru í sumum tilvikum ekki þannig úr garði gerðar að þær séu tækar til efnismeðferðar, m.a. af þeim sökum að ekki verður ráðið af kærunni hvert kæruefnið er og hvaða kröfur eru gerðar í málinu. Þrátt fyrir það reiknast frestur nefndarinnar til afgreiðslu málsins frá komudegi kæru. Er hér m.a. um að ræða mál sem skotið er til nefndarinnar eingöngu í því skyni að rjúfa kærufrest, en áskilnaður gerður um framlagningu kröfugerðar síðar (bráðabirgðakærur). Ráða má af þessu að kærufrestur til nefndarinnar sé of skammur, m.a. að teknu tilliti til annatíma fagmanna á sviði reikningsskila og framtalsgerðar sem einnig aðstoða við rekstur kærumála.

   Vegna þessara atriða er eftirfarandi lagt til með frumvarpinu:

   Lenging kærufrests. Kærufrestur til yfirskattanefndar verði lengdur úr 30 dögum í þrjá mánuði. Með þessu móti er í fyrsta lagi þess að vænta að kærur til nefndarinnar dreifist á nokkuð lengra tímabil en nú og álag verði jafnara. Í öðru lagi má með slíkri breytingu reikna með því að mál komi í ríkari mæli fullburða til nefndarinnar og að kerfi „bráðabirgðakæra“ verði óþarft. Í þriðja lagi er breytingin til samræmis við hina almennu reglu stjórnsýslulaga um kærufrest, sbr. 27. gr. þeirra laga.

   Lenging úrskurðarfrests yfirskattanefndar. Frestur yfirskattanefndar til að kveða upp úrskurð verði lengdur í sex mánuði, en það er sami frestur og í gildi var vegna ríkisskattanefndar fyrir gildistöku laga um yfirskattanefnd. Að viðbættri þeirri breytingu sem vænta má að leiði af lengingu kærufrests og gerð er grein fyrir að framan, svo og með öðrum aðgerðum sem ráðist verður í samhliða þessu, m.a. fjölgun starfsfólks hjá nefndinni, má

telja víst að unnt verði að virða frest þennan í öllum tilvikum nema mjög sérstakar ástæður liggi að baki.

Til viðbótar þeim atriðum, sem rakin hafa verið að framan, er í frumvarpinu að finna nýmæli sem lýtur að réttaráhrifum úrskurða yfirskattanefndar. Gert er ráð fyrir að í undantekningartilvikum verði heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að málskot til dómstóla fresti ekki réttaráhrifum úrskurða nefndarinnar. Þá er lögfestur ákveðinn frestur fjármálaráðherra til að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Þessi breyting er lögð til í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis (SUA 1994:276). Þá er lagt til að fellt verði úr lögum sérstakt ákvæði um rökstuðning úrskurða yfirskattanefndar, enda nýtur nú almenns ákvæðis í stjórnsýslulögum um rökstuðning slíkra úrskurðaraðila.

Að lokum er gert ráð fyrir að tekin verði upp greiðsla málskostnaðar. Um skýringar vísast til athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir lengingu á kærufresti til yfirskattanefndar úr 30 dögum í þrjá mánuði. Jafnframt er gert ráð fyrir að upphaf kærufrests allra þeirra aðila, sem skotið geta skattákvörðun til yfirskattanefndar, miðist við sama tímamark, þ.e. póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra, en samkvæmt gildandi lögum byrjar kærufrestur ríkisskattstjóra að líða er honum berst úrskurður skattstjóra. Samkvæmt tillögugreininni er um að ræða sama kærufrest og almennt gildir samkvæmt stjórnsýslulögum og má um ýmsar skýringar varðandi kærufrest vísa til þeirra laga og skýringa við þau.

Þótt ástæða sé til þess að ágreiningsmálum um skatta og gjöld sé ráðið til lykta svo fljótt sem verða má hefur reynslan leitt í ljós að kærufrestur til yfirskattanefndar er of skammur í mörgum tilvikum, svo sem rakið er í almennum athugasemdum. Með lengingu kærufrests er bæði dregið úr líkum á því að skattaðilar glati kæruheimild til nefndarinnar vegna fjarveru, misskilnings á kærufresti eða af öðrum ástæðum og þeim gefið aukið ráðrúm til þess að færa kæruna í endanlegan búning af sinni hálfu.

Með 2. mgr. eru sett ítarlegri skilyrði en nú eru í lögum um form og efni kæru. Nauðsynlegt er að skýrt liggi fyrir hvaða úrskurður skattstjóra sætir kæru. Er því ætlast til að úrskurðurinn eða ljósrit hans fylgi kærunni. Þá er kveðið á um það að í kæru skuli koma fram hvaða atriði í úrskurðinum sæta kæru og hvaða rök eru færð fram þeim til stuðnings. Er hér litið til þeirra tilvika þegar úrskurður skattstjóra varðar fleiri en eitt atriði í skattskilum og skattaðili unir sumum breytinganna en öðrum ekki. Má ætlast til að skýrt komi fram í kæru til yfirskattanefndar hver kæruefnin eru. Þetta ákvæði ber ekki að skilja þannig að með því sé krafist ítarlegri greinargerðar af hálfu skattaðila um kröfur og rökstuðning fyrir þeim en talið hefur verið fullnægjandi í framkvæmd fram að þessu. Ef skattaðili hefur t.d. engu við að bæta frá því sem fram var komið af hans hálfu á skattstjórastigi er nægilegt að vísað sé til þess. Ákvæðið miðar hins vegar að því að kæran sé a.m.k. á þessu stigi endanleg af hálfu kæranda þannig að raunveruleg úrskurðarmeðferð, þar með talin gerð umsagnar af hálfu ríkisskattstjóra, geti hafist þegar eftir að kæra er komin fram. Er ákvæðinu þannig fyrst og fremst stefnt gegn svonefndum „bráðabirgðakærum" sem ætlað er það hlutverk eitt að rjúfa kærufrest. Rétt er að taka fram að það leiðir af því að um er að ræða kærumeðferð á stjórnsýslustigi að aðilar, bæði kærendur og fulltrúar gjaldkrefjenda, geta á öllum stigum málsmeðferðarinnar komið að nýjum kröfum, málsástæðum og sönnunargögnum varðandi ágreiningsefni málsins. Kæruefnið sjálft verður hins vegar ekki látið taka til annarra atriða í skattskilum en þeirra sem um er fjallað í viðkomandi úrskurði skattstjóra.

Ef kæran fullnægir ekki framangreindum skilyrðum, þannig að yfirskattanefnd telji hana ekki tæka til meðferðar eða kæran ber með sér að vera ófullgerð af hendi kæranda, skal nefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði hann ekki við því skal vísa kærunni frá án þess að hafist sé handa um gagnaöflun frá ríkisskattstjóra eða umsagnar hans leitað.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar er ákvæði sem er samhljóða núgildandi 4. mgr. 7. gr. laganna.

Samkvæmt b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að yfirskattanefnd sé jafnan heimilt að beina því til skattaðila eða ríkisskattstjóra að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst. Setja má þessum aðilum ákveðinn frest í þessu skyni. Með þessu fellur niður heimild yfirskattanefndar, sem nú er að finna í lokamálslið 4. mgr. 7. gr. gildandi laga, til að afla sjálf frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar. Þykir eðlilegra að slík gagnaöflun sé í höndum aðila máls, en það leiðir af rannsóknar- og leiðbeiningarskyldu stjórnsýsluréttarins að nefndinni ber að tilkynna aðila hvaða gögn skorti og leiðbeina honum um það hverjar afleiðingar það hafi ef þau berast ekki.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er að finna efnislega sömu reglu og er nú í 3. mgr. 7. gr. núgildandi laga að því viðbættu að tekið er fram að gefa skuli kæranda kost á að tjá sig um efni umsagnar ríkisskattstjóra ef ástæða er til. Telja verður almenna reglu, sbr. m.a. 13. gr. stjórnsýslulaga, að kærandi á að eiga kost á að tjá sig um greinargerð ríkisskattstjóra. Frá þessu má þó víkja ef yfirskattanefnd telur að ekkert það komi fram í greinargerðinni sem ekki hefur áður komið fram í úrskurði skattstjóra. Er það hliðstæð regla og kemur fram í niðurlagsákvæði 13. gr. stjórnsýslulaga.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hefur verið misbrestur á því að ríkisskattstjóri leggi frumgögn skattstjóra fyrir yfirskattanefnd innan þess frests sem kveðið er á um í lögum. Til að forða því að mál dragist af þessum ástæðum, er lögð til sú breyting að yfirskattanefnd geti tekið mál til úrskurðar þrátt fyrir að umsögn ríkisskattstjóra og gögn frá skattstjóra hafi ekki verið lögð fram. Ástæða er til að taka fram að ekki er gert ráð fyrir að yfirskattanefnd taki mál til úrskurðar án frekari fyrirvara þegar þessi gögn skortir, enda leiðir það af rannsóknarreglu stjórnsýsluréttarins, sem yfirskattanefnd ber að fylgja í störfum sínum, að nefndinni er skylt að sjá til þess að málsatvik séu nægilega upplýst áður en úrskurður er lagður á mál. Því er nefndinni rétt að ganga á eftir því við ríkisskattstjóra að hann sinni skyldu sinni að þessu leyti og grípi að öðru leyti til þeirra ráðstafana sem eðlilegar geta talist til þess að nauðsynlegra gagna verði aflað í málinu áður en úrskurður er kveðinn upp á grundvelli þessarar heimildar.

Um 4. gr.

Frestur yfirskattanefndar til að úrskurða um kærur er nú þrír mánuðir nema mál sæti sérstökum málflutningi skv. 2. mgr. 7. gr. laganna, en þá er frestur nefndarinnar sex mánuðir. Lagt er til að fresturinn verði sex mánuðir í öllum málum. Um ástæður fyrir þessari breytingu vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum. Samkvæmt tillögugreininni reiknast frestur nefndarinnar frá þeim tíma þegar frumgögn ásamt umsögn ríkisskattstjóra berast henni eða áttu að hafa borist. Er það hliðstæð regla og nú gildir.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að yfirskattanefnd geti úrskurðað skattaðila málskostnað að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Meginskilyrðið er að úrskurðurinn hafi fallið skattaðila í hag,

að hluta eða öllu leyti, og krafa hafi verið gerð um greiðslu kostnaðar. Annað skilyrði er að skattaðili hafi orðið fyrir verulegum kostnaði sem eðlilegt var að hann stofnaði til og það sé ósanngjarnt að hann beri kostnaðinn sjálfur.

Gert er ráð fyrir að skattaðilar hafi ekki verulegan kostnað af rekstri mála fyrir skattyfirvöldum, nema þeir hafi þurft að leita aðstoðar lögmanna eða endurskoðenda við rekstur málsins. Þá má gera ráð fyrir að kostnaður sem má rekja til þess að skattaðili hefur ekki á fyrri stigum málsmeðferðarinnar upplýst mál sitt nægilega, enda þótt honum hafi verið það kleift, fáist ekki úrskurðaður málskostnaður hjá nefndinni. Gera verður kröfu til þess að málskostnaðarkrafa verði ítarlega rökstudd. Auk þess verður að vera sanngjarnt hlutfall á milli kostnaðar við málareksturinn og þeirra hagsmuna sem í húfi eru.

Ástæða fyrir efnislega rangri ákvörðun skattyfirvalda á fyrri stigum málsins kann að vera tilkomin vegna atriða sem snerta skattaðila sjálfan, svo sem að skattaðili hafi ekki gert nægilega grein fyrir staðreyndum málsins. Þegar ákvörðun skattyfirvalda er breytt hjá yfirskattanefnd í slíkum tilvikum til hagsbóta fyrir skattaðila er ekki ósanngjarnt að líta svo á að skattaðili beri sjálfur málskostnað sem hlýst af meðferð málsins. Þá er einnig gert ráð fyrir að málskostnaður verði fyrst og fremst greiddur í þeim tilvikum þegar skattyfirvöld hafa gert mistök við skattákvörðun, en ekki þegar breyting yfirskattanefndar byggist á upplýsingum og gögnum sem ekki lágu fyrir við úrskurð skattstjóra.

Um 5. gr.

Í 13. gr. gildandi laga um yfirskattanefnd er kveðið á um rökstuðning úrskurða nefndarinnar. Eftir gildistöku laganna hafa verið sett stjórnsýslulög, nr. 37/1993, og er þar m.a. að finna fyrirmæli um rökstuðning í úrskurðum í kærumálum. Verður að telja að ákvæði stjórnsýslulaga séu fullnægjandi um þetta. Eru ekki efni til að ætla að gera beri ríkari kröfur til rökstuðnings í úrskurðum yfirskattanefndar en almennt í úrlausnum hliðstæðra úrskurðaraðila. Því er lagt til að núgildandi 13. gr. falli niður.

Lagt er til að í nýrri 13. gr. verði lögfest sérstök heimild fyrir ríkisskattstjóra til að gera skattaðila skatt að nýju á grundvelli 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 komi fram ný gögn eða upplýsingar sem ekki lágu fyrir við hina kærðu skattákvörðun. Er með þessu stefnt að því að ýmis smærri mál geti hlotið fljótvirkari afgreiðslu en ella.

Í 24. gr. stjórnsýslulaga er að finna almenna heimild fyrir stjórnvöld til að taka mál til meðferðar á ný. Endurupptaka er þó ekki heimil hafi mál verið kært til æðra stjórnvalds. Af þessum sökum er sú sérregla nauðsynleg sem hér er lögð til.

Skilyrði endurákvörðunar er að kærandi samþykki hana, enda felst í þessu að kæran til yfirskattanefndar telst afturkölluð. Það leiðir þó ekki til neins réttindamissis fyrir skattaðila, enda er sú skattákvörðun, sem leiðir af endurákvörðun ríkisskattstjóra, kæranleg til yfirskattanefndar eftir almennum reglum.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. er það nýmæli lagt til að yfirskattanefnd verði heimilt að fresta réttaráhrifum sem af úrskurði nefndarinnar leiðir ef fjármálaráðherra ákveður að bera lögmæti hans undir dómstóla. Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum er þetta lagt til í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis (SUA 1994:276) og er það í öllum höfuðatriðum í samræmi við sjónarmið sem fram koma í álitinu. Úrræðið snýr að þeim tilvikum þegar niðurstaða yfirskattanefndar hefur fallið skattaðila í vil en fjármálaráðherra telur úrskurð nefndarinnar óviðunandi og andstæðan lögum. Fram kemur í nefndu áliti umboðsmanns Alþingis að í slíkum tilvikum geti skattframkvæmd raskast bagalega og sérstaklega þegar tiltekinni skatt-

framkvæmd hefur verið hnekkt með úrskurði. Skilyrði frestunar eru að 1) mál hafi verið höfðað innan sex mánaða frests, sbr. 1. mgr., 2) að dómari hafi fallist á flýtimeðferð málsins eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála og 3) að ríkisskattstjóri mæli með frestuninni. Með slíkri ákvörðun yrði öllum réttaráhrifum ákvörðunar frestað, þar með talið áhrifum ákörðunar sem fordæmis.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um yfirskattanefnd, sem snúa einkum að kærufresti, úrskurðarfresti, upplýsingagjöf málsaðila og ýmsum formskilyrðum. Ekki er talið að breytingar á þeim ákvæðum hafi umtalsverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að yfirskattanefnd verði heimilt að ákveða að skattaðila verði greiddur málskostnaður úr ríkissjóði að uppfylltum tilteknum skilyrðum, en slík heimild er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum. Talið er þetta gæti átt við um fjórðung þeirra 1.000 mála sem nefndin úrskurðar um árlega. Gert er ráð fyrir að nefndin setji viðmiðunarreglur um málskostnaðinn og að þar verði litið til útlagðs kostnaðar af aðkeyptri þjónustu fremur en til vinnu skattaðilans sjálfs við upplýsingagjöf og málsundirbúning. Að því gefnu er áætlað að útgjaldaauki ríkissjóðs vegna þessa geti legið á bilinu 12,5–25 m.kr. miðað við að úrskurðaður málskostnaður verði metinn að meðaltali á 50–100 þús. kr.

1105. Frumvarp til laga [642. mál]

um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, gilda ekki um úthlutun veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum.

2. gr.

Á árunum 1998, 1999 og 2000 skulu eftirfarandi reglur gilda um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum:

a. Allar veiðar eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita þeim skipum leyfi til síldveiði sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands.

b. Skipta skal a.m.k. 90% af þeim árlegu heildarveiðiheimildum sem í hlut Íslands koma milli þeirra skipa sem veiðar stunduðu úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995, 1996 og 1997 eða komið hafa í þeirra stað, þannig að 60% sé skipt milli þeirra miðað við burðargetu þeirra en 40% skal skipt jafnt. Allt að 10% af árlegum heildarveiðiheimildum skal skipt milli annarra skipa á grundvelli reglna sem ráðherra setur, þó þannig að aldrei komi meira magn í hlut hvers skips en sem nemur 25% af meðaltalsaflahámarki skv. 1. málsl. þessa stafliðar.
c. Innan hvers árs er heimilt að framselja ákveðinn hluta árlegs aflahámarks hvers skips miðað við aflareynslu þess við veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á þremur síðustu vertíðum og leyfilegan heildarafla hvers árs. Skal það magn, sem heimilt er að framselja, nema 50% af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla síðustu þriggja síldarvertíða.
d. Sjávarútvegsráðherra skal setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Getur ráðherra m.a. ákveðið að sérstakar reglur skuli gilda um úthlutun á takmörkuðu aflamagni sem íslenskum skipum er heimilt að veiða innan lögsögu annarra. Þá getur ráðherra ákveðið að endurúthluta skuli afla eftir tiltekinn tíma sýnist það nauðsynlegt til að fullnýta leyfðan heildarafla íslenskra skipa.
e. Að öðru leyti gilda á þessu tímabili ákvæði laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um fiskveiðar utan lögsögu Íslands gilda lög nr. 151/1996. Samkvæmt 4. gr. þeirra skal sjávarútvegsráðherra binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands. Skulu leyfin bundin skilyrðum sem nauðsynleg eru. Á síðustu vertíð voru veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum leyfisbundnar á grundvelli þessarar heimildar. Öll skip, sem leyfi höfðu til veiða í atvinnuskyni, áttu kost á leyfi til síldveiðanna. Að öðru leyti miðaði stjórn síldveiðanna fyrst og fremst að því að tryggja að heildarafli íslenskra skipa færi ekki yfir leyfilegt heildarmagn. Kom því hvorki til úthlutunar aflahlutdeildar né aflamarks til einstakra skipa. Flestir eru sammála um að sú leið sem farin var til stjórnar veiðanna á síðustu síldarvertíð er mjög óhagkvæm, m.a. fyrir þær sakir að hún stuðlar að aukinni sókn vanbúinna skipa til veiðanna. Er því ekki fýsilegt að stjórna veiðum áfram á sama hátt. Í því sambandi er einnig rétt að benda á að komið hafa fram skoðanir um að draga megi í efa að þessi aðferð hafi fullnægjandi lagastoð.

Norsk-íslenski síldarstofninn veiðist bæði innan og utan íslenskrar lögsögu og er því svonefndur deilistofn. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 151/1996 er gert ráð fyrir mismunandi leiðum til stjórnar veiða úr deilistofnum eftir því hvort samfelld veiðireynsla er úr þeim stofnum eða ekki. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt þessari grein hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni þrisvar á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem til ráðstöfunar er af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 151/1996 segir að sé ákvörðun tekin um að takmarka heildarafla úr ákveðinni tegund sem samfelld veiðireynsla hefur fengist í skuli aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil á undangengnum sex veiðitímabilum. Sé hins vegar ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr ákveðnum stofni er ráðherra heimilt við ákvörðun skiptingar aflahlutdeildar milli skipa að taka mið af fleiri þáttum en aflareynslu eins og fyrri veiðum skips, stærð þess, gerð eða búnaði og öðrum atriðum sem máli skipta, sbr. 6. mgr. 5. gr. Afli úr norsk-íslenska síldarstofninum hefur á þremur síðustu vertíðum verið áþekkur þeim afla sem til ráðstöfunar er á komandi vertíð.

Á grundvelli núgildandi laga er því heimilt að skipta leyfilegum aflaheimildum Íslands úr stofninum milli einstakra skipa með úthlutun varanlegrar aflahlutdeildar til þeirra, enda byggist sú aflahlutdeild alfarið á veiðireynslu þeirra. Heimilt væri skv. 4. mgr. 5. gr. að binda úthlutun því skilyrði að skip afsöluðu sér á móti veiðiheimildum innan lögsögunnar er næmi allt að 15% af þeim aflaheimildum sem þau fengju í síld.

Norsk-íslenski síldarstofninn hefur um margt sérstöðu sem leiðir til þess að ekki er tímabært að ákveða nú skipulag veiða úr honum til frambúðar. Fyrir hrun stofnsins í lok sjöunda áratugarins var þetta stærsti fiskstofn í Norður-Atlantshafi. Héldu hinir eldri árgangar hans sig að mestu innan þess svæðis sem nú er íslensk lögsaga að sumarlagi og höfðu vetursetu fyrir austan land. Veiðar úr þessum stofni voru mikilvæg uppistaða í atvinnulífi víða um norðan- og austanvert landið og hrun stofnins var eitt mesta efnahagsáfall sem Ísland hefur orðið fyrir á síðustu áratugum. Síðustu árin hefur stofninn rétt nokkuð við og hefur hinn kynþroska hluti hans aftur farið að leita vestur á bóginn út frá ströndum Noregs. Langt er þó frá því að stofninn hafi tekið upp sitt fyrra göngumynstur og hafa veiðar íslenskra skipa úr honum á síðustu þremur vertíðum að langmestu leyti farið fram utan íslenskrar lögsögu. Veiðarnar hafa farið fram á fáum vikum í maí og júní og hefur síldin á þeim tíma verið erfið til manneldisvinnslu, m.a. vegna átu. Afli íslenskra skipa hefur því að mestu farið í bræðslu. Við þessar aðstæður hefur loðnuflotinn hentað mjög vel til veiðanna, en í honum eru öflug skip sem vel henta til að sækja langt og veiða mikið magn á skömmum tíma.

Taki síldin aftur upp sitt fyrra göngumynstur mun mjög margt breytast varðandi veiðar og nýtingu síldarinnar. Veiðitímabilið verður væntanlega mun lengra, frá júní og fram á vetur. Veiðisvæðin verða að mestu nærri landi og líklegt er að öll veiði íslenskra skipa verði innan íslenskrar lögsögu. Nýting síldarinnar mun í auknum mæli verða til manneldis.

Kröfur Íslands til hlutdeildar í veiðiheimildum úr norsk-íslenska síldarstofninum hafa m.a. byggst á því að miklar líkur séu á að hann taki aftur upp sitt fyrra göngumynstur. Hvenær það verður er hins vegar óvíst. Verður í ljósi þessa að telja óeðlilegt að ákveða til framtíðar skipulag veiða úr þessum stofni og láta veiðireynslu sem myndast hefur við aðstæður sem væntanlega eru gjörólíkar þeim sem ríkja munu í framtíðinni ráða aflahlutdeild einstakra skipa. Er því lagt til að sett verði lög er kveði á um að tímabundið skuli gilda sérstakar reglur um stjórn þessara veiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein segir að ákvæði 5. gr. laga nr. 151/1996 um veiðar utan lögsögu Íslands gildi ekki varðandi úthlutun veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum. Vísast í því efni til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Í þessari grein er í meginatriðum kveðið á um hvernig skuli standa að stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1998, 1999 og 2000.

Í a-lið er kveðið á um að veiðarnar séu leyfisbundnar en að öll skip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eigi kost á slíku leyfi.

Í b-lið er kveðið á um hvernig standa skuli að skiptingu veiðiheimildanna milli einstakra skipa og er gert ráð fyrir að allt að 90% heildarveiðiheimildanna komi í hlut þeirra skipa sem veiðar stunduðu úr þessum stofni á árunum 1995, 1996 og 1997. Eftirstöðvunum verði skipt milli þeirra skipa sem ekki hafa stundað veiðar, þó þannig að hvert skip fái aldrei meira en sem nemur 25% af meðaltalsaflahámarki þeirra skipa sem veiðar hafa stundað. Með þessu móti er opnaður möguleiki til að veita nýjum skipum leyfi til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Í c-lið eru settar ákveðnar takmarkanir á heimild til framsals árlegra veiðiheimilda og er miðað við að óheimilt sé að framselja frá hverju skipi meira magn en nemur 50% af sama hlutfalli þess úr árlegum heildarafla og sem nam hlutfalli þess úr heildarafla þriggja síðustu vertíða. Með þessu móti er komið til móts við þau sjónarmið að heimild til flutnings veiðiheimilda stuðli að hagkvæmni í rekstri og fullri nýtingu hlutdeildar Íslands í heildaraflanum. Hins vegar er jafnframt til þess litið að veiðiheimildunum er skipt milli skipa án tillits til aflareynslu. Þykir óeðlilegt að útgerðir, sem ekki hafi sannað veiðihæfni skipa sinna, geti framselt veiðiheimildir þær sem úthlutað er á grundvelli þessara laga.

Í d-lið er ráðherra veitt heimild til að setja frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar með talið hvernig standa skuli að endurúthlutun veiðiheimilda til að tryggja fulla nýtingu þeirra.

Í e-lið er áréttað að önnur ákvæði en 5. gr. laga nr. 151/1996 gildi eftir því sem við á.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um hvernig skipta eigi veiðiheimildum úr norsk-íslenska síldarstofninum milli einstakra skipa.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarps þessa hafi sérstakan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1106. Nefndarálit [582. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Vinna nefndarinnar við frumvarpið var með hefðbundnu sniði. Formaður, varaformaður og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir sem bárust til að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar, sbr. þskj. 723 frá 118. löggjafarþingi. Nefndin tók málið síðan fyrir á fundi sínum og mælir hún með **samþykkt** frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, en lagt er til að 71 verði veittur ríkisborgararéttur.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 1998.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Árni R. Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Kristján Pálsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.		Bryndís Hlöðversdóttir.

1107. Breytingartillögur [582. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aflak, Jehad, verkamaður í Reykjavík, f. 14. febrúar 1977 í Sýrlandi.
2. Ajayi, Julius Funmisho, sjómaður í Kópavogi, f. 24. júlí 1968 í Nígeríu. Fær réttinn 19. ágúst 1998.
3. Anna Sóley Thoroddsen, fiskverkakona á Höfn, f. 11. ágúst 1967 í Reykjavík. Fær réttinn 20. ágúst 1998.
4. Antonio, Zenaida Zanoria, verkakona í Kópavogi, f. 10. janúar 1953 á Filippseyjum. Fær réttinn 18. ágúst 1998.
5. Apiwongngam, Pakpum, barn í Reykjavík, f. 24. júní 1985 í Tælandi. Fær réttinn 5. júlí 1998.
6. Aref, Bassem Ben Salem, verkamaður í Hafnarfirði, f. 7. júní 1969 í Túnis. Fær réttinn 24. ágúst 1998.
7. Bauer, Christine, skrifstofumaður í Keflavík, f. 27. maí 1964 í Keflavík.
8. Belányi, Zoltán, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 25. mars 1968 í Ungverjalandi. Fær réttinn 19. ágúst 1998.
9. Bezzeghoud, Khadija, fiskverkakona í Reykjavík, f. 29. september 1970 í Marokkó. Fær réttinn 28. maí 1998.
10. Bonifacius, Raj Kumar, tennisþjálfari í Reykjavík, f. 8. nóvember 1969 í Bandaríkjunum.

11. Bono Heite, Olive Louise, atvinnurekandi á Seyðisfirði, f. 28. júlí 1947 í Bandaríkjunum.
12. Daníel Ekaphan Valberg, barn í Reykjavík, f. 21. október 1996 í Reykjavík.
13. Deluxsana, Petcharee, starfsstúlka í Reykjavík, f. 2. maí 1964 í Tælandi.
14. Dokljanov, Željko, vélamaður í Reykjavík, f. 22. september 1969 í Júgóslavíu. Fær réttinn 21. júlí 1998.
15. Drzymkowski, Mariusz, verkamaður í Vogum, f. 1. október 1973 í Póllandi.
16. Eiríksson, Marianne Caroline, húsmóðir í Mosfellsbæ, f. 17. ágúst 1964 í Sviss.
17. Elín Pálsdóttir, barn í Úganda, f. 1. desember 1995 í Úganda.
18. Ereno, Gina Ayson, fiskvinnslukona í Keflavík, f. 3. maí 1967 á Filippseyjum.
19. Eysteinn Martins Sveinbjörnsson, barn í Reykjavík, f. 20. október 1996 í Reykjavík.
20. Gasmi, Abdelaziz Ben Salah, verkamaður í Reykjavík, f. 9. maí 1964 í Túnis. Fær réttinn 28. maí 1998.
21. Grant, Judith Ann, starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. ágúst 1976 í Kanada.
22. Guðmundsson, Katarzyna, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. janúar 1958 í Póllandi. Fær réttinn 23. ágúst 1998.
23. Gulázsiová, Viera, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. júní 1970 í Tékkóslóvakíu. Fær réttinn 16. september 1998.
24. Hadoudi, Nabil, verkamaður í Reykjavík, f. 8. júlí 1970 í Marokkó. Fær réttinn 21. júní 1998.
25. Hani, Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 2. janúar 1960 í Marokkó. Fær réttinn 28. september 1998.
26. Hansen, Rannveig Birna, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 13. ágúst 1972 á Akureyri.
27. Hoti, Nusret, verkamaður í Reykjavík, f. 25. mars 1962 í Júgóslavíu.
28. Jacobsen, Regin, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 3. ágúst 1971 í Færeyjum.
29. Joó, Beata Kinga, tónlistarkennari á Ísafirði, f. 25. janúar 1963 í Ungverjalandi.
30. Kantorska, Małgorzata, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 14. ágúst 1968 í Póllandi. Fær réttinn 31. júlí 1998.
31. Kantorski, Jacek Zbigniew, læknir í Reykjavík, f. 15. nóvember 1959 í Póllandi. Fær réttinn 31. júlí 1998.
32. Ketel, Róbert Veigar, sjómaður í Hafnarfirði, f. 20. apríl 1980 í Reykjavík.
33. Khan, Hasim Ægir, nemi í Reykjavík, f. 31. mars 1980 í Indlandi.
34. Koca, Ömer, fiskverkamaður á Suðureyri, f. 1. júní 1974 í Tyrklandi. Fær réttinn 19. apríl 1998.
35. Kristín Joanna Jónsdóttir, fiskverkakona í Hrísey, f. 5. apríl 1972 í Póllandi.
36. Lach, Krystyna, verkakona í Reykjavík, f. 28. september 1959 í Póllandi. Fær réttinn 21. apríl 1998.
37. Lowery, Dorothy Joe, húsmóðir á Ísafirði, f. 2. mars 1978 í Bandaríkjunum.
38. Ly, Binh Chanh, verkamaður í Reykjavík, f. 25. október 1968 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
39. Ly, Liên Kha, saumakona í Reykjavík, f. 2. júní 1960 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
40. Ly, Sang Hoa, verkamaður í Reykjavík, f. 5. mars 1930 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
41. Maňásek, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. september 1966 í Tékkóslóvakíu. Fær réttinn 16. september 1998
42. Martin, Margaret Roberta, húsmóðir í Vogum, f. 28. maí 1968 í Bandaríkjunum.
43. Mateev, Nikolai Ivanov, vélaverkfræðingur í Reykjavík, f. 3. febrúar 1960 í Búlgaríu.
44. Mateeva, Amelia Borisova, kennari í Reykjavík, f. 7. júní 1961 í Búlgaríu. Fær réttinn 29. júlí 1998.

45. Mladenović, Ivan, verkamaður í Hafnarfirði, f. 7. mars 1974 í Júgóslavíu. Fær réttinn 2. september 1998.
46. Ninir, Noureddine, fiskverkamaður í Reykjavík, f. 15. september 1973 í Marokkó. Fær réttinn 24. september 1998.
47. Oyod, Mark Angelo, fiskverkamaður í Keflavík, f. 12. júlí 1976 á Filippseyjum.
48. Oyod, Rudolph Francis, fiskverkamaður í Keflavík, f. 13. apríl 1975 á Filippseyjum.
49. Pradablert, Samaporn, bréfberi í Reykjavík, f. 28. mars 1961 í Tælandi.
50. Ramos Jácome de Játiva, Inés Maria del Rosario, verkakona í Reykjavík, f. 30. maí 1960 í Ekvador. Fær réttinn 8. ágúst 1998.
51. Reisenhus, Valborg, verkakona á Akureyri, f. 29. desember 1967 á Akureyri.
52. Sigríður Eyþórsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 22. júlí 1981 í Reykjavík.
53. Sjarif, Deslijati, húsmóðir í Keflavík, f. 19. desember 1958 í Indónesíu. Fær réttinn 15. júlí 1998.
54. Slobodeniouk, Natalia Vladimirovna, starfsmaður á dagheimili í Reykjavík, f. 20. mars 1974 í Rússlandi.
55. de Sousa, Ana Lidia Miranda Oliveira, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1966 í Brasilíu.
56. Sverrisson, Patricia Elizabeth Velasco Coello, markaðsráðgjafi í Reykjavík, f. 30. september 1967 í Ekvador.
57. Sörensen, Vera Mikhailovna, ritari í Garðabæ, f. 25. júlí 1954 í Sovétríkjunum.
58. Tanja Helena Garðarsdóttir, fiskverkakona á Dalvík, f. 7. september 1973 á Akureyri.
59. Tennci, Maiza, verkamaður í Reykjavík, f. 25. júní 1967 í Alsír.
60. Toquero, Leticia Eborda, fiskverkakona á Seltjarnarnesi, f. 21. september 1956 á Filippseyjum.
61. Torres, Jeraldine Tolo, fiskverkakona í Kópavogi, f. 5. maí 1969 á Filippseyjum.
62. Townley, Mark, kerfisstjóri í Kópavogi, f. 3. október 1969 í Bretlandi.
63. Tórshamar, Eydís Unnur, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. desember 1973 í Færeyjum.
64. Tran, Thanh, húsmóðir í Reykjavík, f. 7. desember 1934 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
65. Udomsri, Nongyuao, herbergisþerna í Reykjavík, f. 11. júlí 1964 í Tælandi. Fær réttinn 11. september 1998.
66. Vejdenpak, Kambiz, verkamaður í Reykjavík, f. 21. mars 1964 í Íran. Fær réttinn 30. september 1998.
67. Vu, Thuy Thu Thi, nemi í Reykjavík, f. 19. nóvember 1984 í Víetnam.
68. Wieczerzak, Teresa Eva, starfsstúlka í Reykjavík, f. 15. desember 1968 í Póllandi. Fær réttinn 24. maí 1998.
69. Yuchangkoon, Chaluai, fiskverkakona í Vogum, f. 17. janúar 1950 í Tælandi.
70. Zimmermannová, Lenka, leikskólakennari í Kópavogi, f. 19. október 1965 í Tékkóslóvakíu.
71. Özcan, Zeynep, verkakona á Húsavík, f. 1. janúar 1968 í Tyrklandi.

1108. Lög [151. mál]

um verslunaratvinnu.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 1016.

1109. Lög [341. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987 (ábyrgðar- og slysatryggingar).

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 430 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 48 22. maí 1997.

1110. Lög [443. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum (öndunarsýni).

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 770.

1111. Lög [444. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (tölvubrot).

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 771.

1112. Lög [209. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 1097.

1113. Lög [340. mál]

um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 1098.

1114. Lög [441. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 768.

1115. Lög [442. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 83 27. maí 1997 (samstarf lögreglulíða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 1101.

1116. Tillaga til þingsályktunar [643. mál]

um skiptingu Landssíma Íslands hf. í tvö hlutafélög.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Ágúst Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipta Landssíma Íslands hf. upp í tvö aðskilin hlutafélög. Öðru skal falinn sá þáttur í starfsemi Landssíma Íslands hf. sem snýr að rekstri grunnnets dreifikerfisins. Hitt skal taka við þeim hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur.

Greinargerð.

Samgönguráðherra hefur lýst yfir vilja til selja Landssíma Íslands hf. innan skamms. Undirbúningur sölunnar er þegar hafinn. Flutningsmenn telja hins vegar nauðsynlegt, ekki síst með hliðsjón af þróun hugbúnaðariðnaðarins á Íslandi, að fyrirtækinu sé hið fyrsta skipt upp í einingar sem yrðu algerlega ótengdar. Kaup Landssímans á tveimur internetfyrirtækjum, Skímu – Miðheimum hf. og Margmiðlun hf., sýna ljóslega nauðsyn þess að samkeppnisrekstur fyrirtækisins sé algerlega aðskilinn frá rekstri almenna fjarskiptanetsins.

Sala hluta í fyrirtækinu mundi þó torvelda skiptingu á því í annars vegar hlutafélag sem sinnir eingöngu rekstri og uppbyggingu dreifikerfis og hins vegar hlutafélag er starfar að sölu á þjónustu inn á kerfið í samkeppni við önnur fyrirtæki. Skipting Landssímans verður því að fara fram áður en fyrirtækið er selt. Enn fremur er álit flutningsmanna að samgönguráðherra sé ekki heimilt að hefja sölu hluta fyrr en Alþingi hefur tekið afstöðu til tillögunnar.

Gildandi lög um fjarskipti mæla fyrir um fjarskipti og þjónustu sem þeim tengist. Í þeim er ekki að finna kvaðir um að rekstur dreifinetsins verði greindur frá rekstri starfseminnar sem

miðar að sölu á þjónustu inn á dreifinetið. Handhafi dreifikerfisins, Landssími Íslands hf., heldur því í krafti lögverndar yfirburðastöðu gagnvart fjölda smárra og meðalstórra einkafyrirtækja sem selja þjónustu sína inn á kerfið í samkeppni við eiganda dreifikerfisins.

Þetta er í hæsta máta óeðlileg staða, sem þar að auki letur eðlilega þróun innan hugbúnaðargeirans. Reglugerðir mæla að vísu fyrir um aðgang óskyldra aðila að dreifinetinu um leigulínur. Í þeim er sömuleiðis reynt að draga úr hinum óeðlilegu yfirburðum Landssímans með því að mæla fyrir um bókhaldslegan aðskilnað milli samkeppnisrekstrar annars vegar og rekstrar dreifikerfisins hins vegar. Þetta er tilraun framkvæmdarvaldsins til að tryggja samkeppni þrátt fyrir einokun Landssímans á dreifinetinu. Að mati flutningsmanna er hún allsendis ófullnægjandi og tryggir fráleitt jafna samkeppnisstöðu þeirra fjölmörgu smáfyrirtækja á sviði hugbúnaðargerðar sem keppa við risann, Landssímann, um sölu á skyldri þjónustu inn á dreifikerfið sem hann rekur og stýrir að öllu leyti.

Þess vegna er hér lagt til að fyrirtækinu verði skipt upp í tvær einingar, þar sem önnur tekur við rekstri almenna fjarskiptanetsins, en samkeppnisrekstur, þar með talin hvers kyns símaþjónusta, verði á sviði annarrar einingar.

Einungis þannig er hægt að skapa raunverulegt jafnræði á markaði þar sem keppt er um sölu á þjónustu inn á dreifinetið. Reynslan sýnir að heilbrigður samkeppnismarkaður er líklegastur til að ala af sér vaxandi fjölda smárra og meðalstórra fyrirtækja. Tilvist þeirra og þróun er háð því að þau geti þróað, markaðssett og selt þjónustu inn á sterkt dreifikerfi, sem er í höndum félags sem ekki ógnar þeim með samkeppni. Þetta er lykilatriði í að viðhalda þeim vexti sem verið hefur í hugbúnaðariðnaðnum undanfarin ár.

Flutningsmenn telja farsælt að einkavæða einungis þann hluta af núverandi starfsemi Landssímans sem fellur undir samkeppnisrekstur en hin einingin, grunnkerfi fjarskiptanetsins, verði áfram í höndum hins opinbera, líkt og til dæmis samgöngunetið. Verðlagningu á notkun netsins ber að ákvarða með tilliti til viðhalds og áframhaldandi uppbyggingar á dreifikerfinu.

Hugbúnaðariðnaðurinn er sólrisugrein framtíðarinnar. Hann hefur þróast með undraverðum hraða á síðasta áratug. Áframhaldandi þróun hans er ein af forsendum þess að Íslendingum takist að skapa hér fjölbreyttan vinnumarkað, þar sem ungt hámenntað fólk á kost á hálaunuðum störfum sem hæfir menntun þess. Þannig verður Ísland samkeppnisfært við umheiminn um æsku framtíðarinnar.

1117. Frumvarp til laga [644. mál]

um gæludýrahald.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að lögfesta reglur um gæludýrahald í þéttbýli, kveða á um réttarstöðu eigenda þeirra og annarra og veita sveitarfélögum skýrar heimildir til að setja nánari reglur í samþykktir um gæludýrahald.

2. gr.

Með gæludýrum samkvæmt lögum þessum er átt við hunda og ketti og önnur þau dýr sem einstaklingar halda sér til afþreyingar og hleypt er út undir bert loft um lengri eða skemmri tíma. Einnig teljast til gæludýra samkvæmt lögunum dýr af öðrum tegundum, telji heilbrigðis-

yfirvöld að þau geti valdið heilsutjóni eða viðlíka ama og af þeim orsökum sé rökstudd ástæða til afskipta af þeim í almannaþágu. Lögin taka ekki til búfjárhalds í þéttbýli, sbr. lög nr. 46/1991.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, sem staðfest skal af umhverfisráðuneyti, að takmarka eða banna að haldnar séu tilteknar tegundir gæludýra í sveitarfélagi eða setja um það nánari skilyrði.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að halda skrá yfir gæludýr í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í samþykkt og skal eiganda gæludýrs eða forráðamanni eiganda sem er undir 18 ára aldri skylt að gera grein fyrir gæludýrum sem hlutaðeigandi heldur, ef þess er krafist.

4. gr.

Eigendur gæludýra skulu gæta þess að þau gangi ekki á annarra manna lendum og sjá til þess að dýrin valdi öðrum hvorki óþægindum né tjóni. Eiganda gæludýrs er skylt að bæta það tjón er dýrið veldur. Ef tjónþoli hefur á einhvern hátt stuðlað að því að tjón varð er heimilt að lækka bætur eða láta þær niður falla. Dýrin skulu auðkennd eða merkt eiganda sínum í samræmi við nánari ákvæði í samþykkt sveitarfélags.

5. gr.

Heimilt er að handsama gæludýr sem ganga laus utan lóðarmarka eiganda í þéttbýli.

Eigendur dýranna skulu greiða kostnað við töku þeirra og geymslu og skal sveitarstjórn heimilt að halda þeim uns lögð hefur verið fram trygging fyrir greiðslu kostnaðar.

Hafi dýrsins ekki verið vitjað innan einnar viku skal því ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, það selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og samþykktum sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum og með mál á grundvelli þeirra skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykktir um hunda- og kattahald sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga halda gildi sínu brjóti þær ekki í bága við lögin.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 120. löggjafarþingi og bárust þá um það fjölmargar umsagnir, m.a. frá Hveragerðisbæ, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Egilsstaðabæ, heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis, heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, bæjarstjóranum á Selfossi, Kattavinafélagi Íslands, Blönduóssbæ, Dalvíkurbæ og Húsavíkurkaupstað. Kom það fram í umsögnum flestra að brýn þörf væri fyrir lagasetningu um gæludýrahald og var framlagningu frumvarpsins fagnað af mörgum. Einnig var bent á atriði sem betur mættu fara og hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda, en þær lutu einkum að 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Nýlega voru samþykkt á Alþingi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og er í 4. gr. þeirra að finna heimild fyrir umhverfisráðherra til að setja reglugerð um gæludýr. Með þeim lögum voru einnig felld úr gildi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Með þessum nýju lögum um hollustuhætti var þannig ekki tekið með beinum hætti á gæludýrahaldi, en flutningsmaður telur mjög nauðsynlegt að skýrar reglur á þessu sviði séu í lögum og er frumvarp þetta því endurflutt.

Á 117. löggjafarþingi voru samþykkt eftir langan aðdraganda ný heildarlög um dýravernd, lög nr. 15/1994. Lögin fjalla um ábyrgð manna gagnvart öllum dýrum, en þó einkum þeim sem eru í vörslu eða umsjón manna, og taka bæði til dýraeigenda og hins almenna borgara. Segja má að frumvarpið sem hér er flutt sé eðlileg viðbót við löggjöf á þessu sviði. Með því er dreginn almennur lagarammi um gæludýrahald sem sveitarstjórnum er ætlað að fylla út í með samþykktum. Kveðið er á um ábyrgð þeirra sem kjósa að halda gæludýr í þéttbýli, merkingar gæludýra og hversu farið skuli með gæludýr sé settum reglum ekki fylgt.

Gildissvið frumvarpsins er takmarkað við gæludýr en það hugtak hefur ekki verið skilgreint í lögum og í raun er erfitt að afmarka það með glöggum hætti. Enda þótt hér sé ekki lagt til að lögfest verði ítarleg skilgreining á hugtakinu er frumvarpinu fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra dýra sem menn halda í híbýlum sínum en höfð eru þó að einhverju leyti utan dyra. Eðli málsins samkvæmt tekur frumvarpið því í raun einkum til hunda og katta en takmarkast þó ekki við þær tegundir. Ákvæðin geta því t.d. tekið til kanína, sem nokkuð er um í þéttbýli hér á landi, og jafnvel refa, sem dæmi eru um að einstaklingar haldi sér til dægradvalar. Frumvarpinu er hins vegar ekki ætlað að taka til gæludýra sem að staðaldri eru haldin í búrum innan húss nema sérstakar ástæður bjóði. Þar geta komið til heilsufarsástæður, smitsjúkdómar sem bregðast þarf við, ofnæmi og fleira af þeim toga. Þá tekur frumvarpið ekki til hrossahalds í þéttbýli, en um það gilda ákvæði laga nr. 46/1991, um búfjárhald, og samþykktir sem gerðar hafa verið á grundvelli þeirra. Að auki hefur hestahald í þéttbýli sérstöðu að því leyti að slíkum tómstundabúskap eru afmörkuð svæði og þá oft utan þéttbýliskjarna sveitarfélaga.

Fyrir því er löng hefð að fólk í þéttbýli haldi dýr sér til afþreyingar og yndisauka. Hunda hafa sumir hjá sér í öryggisskyni. Í sveitum gegndu hundar, og sumpart einnig kettir, til skamms tíma mikilvægu hlutverki og við búferlaflutninga á mölina fluttu menn þessi dýr oft með sér. Fyrir börn hafa ýmis gæludýr mikið aðdráttarafl og umgengni við þau getur haft jákvætt uppeldislegt gildi.

Um leið og þetta er viðurkennt verður ekki fram hjá því litið að ýmsir ókostir fylgja dýrahaldi í þéttbýli og getur það valdið óþægindum og jafnvel haft hættu í för með sér. Árið 1994 voru skráð á Borgarspítalanum alls 375 slys af völdum dýra, þar á meðal bitsár.

Ekki liggja fyrir heildartölur um gæludýrahald hér á landi, enda er einungis hundahald háð opinberri skráningu. Nefna má til upplýsingar að í Reykjavík voru um það bil 1.135 hundar skráðir á árinu 1995, en á Akureyri voru skráðir hundar um 200 talsins. Ekki er vitað um fjölda annarra gæludýra en ljóst er að kattahald er nokkuð almennt.

Fá ákvæði er að finna í lögum á þessu sviði. Sveitarfélög hafa á undanförnum áratugum sett sér samþykktir um hundahald og nú á síðari árum einnig um kattahald. Í samþykktunum eru hunda- og kattahaldi settar verulegar skorður og sveitarstjórnum veitt heimild til að takmarka það og setja fyrir því ýmis almenn skilyrði. Í löndunum í kringum okkur hefur vaknað nokkur umræða á undanförnum árum um reglusetningu um gæludýrahald, þar sem sífellt koma upp fleiri vandamál því tengd. Þannig hafa verið sett sérstök lög um hunda í Danmörku, en ekki hafa þar enn verið sett lög um ketti, og í Svíþjóð hafa verið sett í lög ákvæði um eftirlit með hundum og köttum. Þá hafa verið umræður um það innan ESB að setja þurfi sérstakar reglur um gæludýrahald, m.a. um merkingar hunda og katta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði almenn heimild fyrir sveitarfélög til íhlutunar um gæludýrahald í þéttbýli. Ekki var talið rétt að festa efni takmarkana í lög nema að litlu leyti heldur er hér lagt til að sveitarfélögum verði í sjálfsvald sett að móta skilyrðin nánar. Þó er rétt að benda á það grundvallaratriði að slíkar takmarkanir verða að vera almennar og grundvallaðar á jafnræðissjónarmiðum.

Undanfarin ár hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á sjúkdómum sem rekja má til katta- og hundahalds. Má þar nefna rannsókn frá árinu 1996 um katta- og hundasníkjudýr í sandkössum (sjá fylgiskjal), rannsókn frá árinu 1993 um sníkjudýr í og á köttum í Reykjavík og nágrenni og rannsókn frá árinu 1992 um óværu í köttum. Rétt er að taka fram vegna fylgiskjals að þegar rætt er um orma í köttum er um að ræða spóluorma. Dýralæknar telja nauðsynlegt að hreinsa bæði hunda og ketti vegna spóluorma a.m.k. árlega og oftar þegar dýrin eru ung.

Þar sem rætt er um „toxoplasma“ í fylgiskjali er um að ræða tegundina Toxoplasma gondii, sem á íslensku hefur verið kölluð bogfrymill. Það er einfrumungur sem lifir í frumum manna og dýra og hafa ormalyf ekki áhrif á veru hans þar. Helga Finnsdóttir, fagdýralæknir í sjúkdómum hunda og katta, hefur rannsakað bogfrymil í köttum og birtist nýlega eftir hana fróðleg ritgerð um það efni (Helga Finnsdóttir: Tíðni mótefna gegn bogfrymlasótt í blóði katta á Íslandi. Dýralæknarit Dýralæknafélags Íslands, mars 1998, bls. 16–21).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu koma fram markmið laganna. Um þau er vísað til greinargerðar með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er sveitarstjórnum veitt heimild til að takmarka eða banna gæludýrahald með samþykktum. Skulu takmarkanir miðast við einstakar tegundir gæludýra samkvæmt nánari reglum. Sveitarstjórnum er með ákvæðinu veitt svigrúm til að móta reglurnar nánar en kveðið er á um í frumvarpinu eftir því sem aðstæður bjóða á hverjum stað. Hugtakið gæludýr í skilningi frumvarpsins er skilgreint í 2. gr., en að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðuneyti staðfesti samþykktirnar í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Um 3. gr.

Æskilegt getur verið að sveitarstjórnir hafi yfirsýn yfir gæludýraeign í sveitarfélagi og samkvæmt ákvæðinu er þeim heimilt að halda skrá yfir gæludýr samkvæmt nánari ákvæðum í samþykkt. Slík skráning er sérstaklega mikilvæg þar sem leyfi er gert að skilyrði og krafist gjalds af dýraeigendum en getur einnig verið mikilvæg til almennrar upplýsingaöflunar. Samkvæmt ákvæðinu er eiganda eða forráðamanni ólögráða eiganda skylt að gera grein fyrir gæludýrum sem hann heldur.

Um 4. gr.

Hér er lögð sú ábyrgð á eigendur gæludýra að þeir sjái til þess að dýrin valdi öðrum hvorki óþægindum né tjóni. Með ákvæðinu er lagt til að eigendur gæludýra beri hlutlæga bótaábyrgð á því tjóni sem dýrin kunna að valda, en jafnframt er gert ráð fyrir því að bætur til tjónþola lækki eða falli alveg niður ef hann hefur átt þátt í því að tjón varð. Er tillaga þessi í samræmi við það sem nú gildir um ábyrgð hundaeigenda að dönskum rétti.

Þá er lagt til að sveitarfélög geti krafist þess að tilteknar tegundir gæludýra verði merktar eigendum sínum en hér sem fyrr er sveitarstjórnum veitt svigrúm til að móta reglurnar að öðru leyti.

Um 5. gr.

Talið er nauðsynlegt að í lögum sé kveðið á um heimild til að handsama gæludýr sem ganga laus utan húss í þéttbýli og um nánari tilhögun þegar til slíkra aðgerða kemur. Eðlilegt er að eigendur dýranna beri ábyrgð á þeim kostnaði sem sveitarfélög hafa af því að taka þau. Frestur

í 3. mgr. er í samræmi við 10. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, og þykir hæfilegur. Þegar unnt er skal eiganda gert kunnugt um töku dýrsins, en í umsögnum frá heilbrigðisfulltrúum og fleirum um frumvarpið kom fram að slíkt reyndist oft ógerningur í framkvæmd og því er ákvæðið nú eins og í lögum um dýravernd.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: „Töluvert er um óhreinsaða ketti í Reykjavík. Kattarspóluormur í 9% allra sandkassa.“ (Mbl. 9. febrúar 1996.) Sjá einnig þskj. 753 (424. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 3583–3588.

1118. Frumvarp til laga [645. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Síðari málsliður 2. gr. laganna orðast svo: Réttur til styrks fellur niður ef nemandi nýtir rétt sinn til töku námsláns.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998.

Greinargerð.

Lög um framhaldsskóla taka til alls skólastarfs á því skólastigi sem tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs. Þessir skólar eru: fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar og menntaskólar, svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi.

Réttur nemenda til námsstuðnings í formi styrkja eða námslána er hins vegar mjög misjafn á þessu skólastigi. Þannig eiga nemendur sem stunda svokallað sérnám rétt á námsláni en geta ekki fengið svokallaðan dreifbýlisstyrk. Þeir nemendur sem stunda bóknám á framhaldsskólastigi eiga hins vegar ekki rétt á námslánum en geta eftir atvikum fengið dreifbýlisstyrk. Þannig getur það gerst að nemendur hvor á sinni braut í sama skóla eigi gjörólíkan rétt þótt aðstæður séu að öðru leyti hinar sömu.

Vegna eðlis sérnámsins, m.a. þess að fólk er gjarna eldra þegar það hefur slíkt nám, er eðlilegt að nemendur í slíku námi eigi rétt á námsláni. Það er jafnframt ljóst að hluti nemenda vildi gjarnan eiga kost á dreifbýlisstyrk á framhaldsskólaárunum og geta þannig átt óskertan rétt til námsláns síðar. Því þykir fara betur á því að snúa þessum réttindum við, þ.e. að allir sérnámsnemar sem að öðru leyti uppfylla skilyrði eigi rétt til dreifbýlisstyrk, nema þeir sem kjósa að taka námslán.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að það ákvæði falli brott sem kveður á um að framhaldsskólanemendur eigi einungis kost á námsláni en ekki námsstyrk ef þeir stunda sérnám á fram-

haldsskólastigi samkvæmt skilgreiningu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þess í stað verði það val þessara nemenda hvort þeir taka námslán eða þiggja námsstyrk.

Lagt er til að lögin taki gildi með nýju skólaári, 1998–99.

1119. Tillaga til þingsályktunar [646. mál]

um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að bæta réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð þannig að uppfylli það ákveðin skilyrði njóti það sömu réttarstöðu og hjón. Nefndin hafi það jafnframt að leiðarljósi að styrkja hina hefðbundnu kjarnafjölskyldu félagslega, efnahagslega og réttarfarslega.

Greinargerð.

Samfélagið er sífellt að breytast og eitt af hlutverkum laga er að endurspegla sem best samfélagsskipan og marka leikreglur þess. Hjónaband er það sambýlisform sem hefur verið viðurkennt í aldanna rás. Undanfarið hefur það sambýlisform að skrá sig í sambúð orðið algengara og í mörgum tilfellum giftast sambýlisaðilar ekki.

Réttarstaða einstaklinga í skráðri sambúð hefur breyst og í raun verið að festast í sessi með viðurkenningu á ýmsum sviðum. Almannatryggingakerfið skilgreinir einstaklinga í sambúð sem hafa átt lögheimili á sama stað í eitt ár svipað og um gifta einstaklinga væri að ræða. Hjá skattyfirvöldum á sambýlisfólk sama rétt og hjón eftir eins árs sambúð eða ef það á barn saman.

Ekki er sérstaklega tekið á réttindum hjóna í sérstökum lögum heldur er kveðið á um þau í ýmsum lagabálkum.

Alvarlegasti munurinn á milli fólks í skráðri sambúð og giftra birtist í erfðalögum, þ.e. um gagnkvæman erfðarétt. Fólk skráð í sambúð á samkvæmt þeim lögum ekki rétt til arfs ef annað þeirra fellur frá. Dæmi eru um að einstaklingar hafi eftir langa sambúð staðið uppi með mjög takmarkaðan erfðarétt við fráfall sambúðaraðila. Einnig þarf að endurskoða tryggingaskilmála sem geta mismunað fólki eftir sambúðarformi. Dæmi um slíkt kom fram í fjölmiðlum þegar ungur maður á einu varðskipa okkar lést og sambýliskona hans stóð uppi ásamt tveimur börnum með takmarkaðan rétt gagnvart hans tryggingum.

1120. Tillaga til þingsályktunar [647. mál]

um að draga úr losun mengandi lofttegunda.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson.

Alþingi ályktar að draga beri úr losun mengandi lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum með því að vinna og nýta metangas frá öllum stærri sorphaugum og urðunarstöðum landsins. Enn fremur ályktar Alþingi að mótuð verði framtíðarstefna um sorpurðun sem tryggi fyllstu endurvinnslu og nýtingu verðmæta sem felast í úrgangi. Umhverfisráðherra beiti sér fyrir gerð framkvæmdaáætlunar og lagafrumvarps sem stuðli að framangreindum markmiðum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 121. löggjafarþingi. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

„Hvert tonn af metangasi (CH_4) veldur tuttugu til tuttugu og fimm sinnum meiri gróðurhúsaáhrifum í lofthjúpi jarðar en hvert tonn af koltvísýringi (CO_2). Metangas fylgir allri rotnun og því streymir metangas stöðugt upp frá gömlum og nýjum sorphaugum hér á landi. Áætlað er að um verulegt magn sé að ræða á ári hverju. Metangasi er hægt að eyða og gera skaðlaust með því að brenna það við útstreymi, nýta það við stóriðju eða sem eldsneyti á bíla sem sérstaklega eru búnir til slíks. ...

Frá urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi streyma nú um 750 tonn af metangasi á ári. Ef ekki væri að gert ylli það svipuðum gróðurhúsaáhrifum og allur koltvísýringur sem kemur frá álverinu í Straumsvík á 70 dögum. Útstreymi metangass frá Álfsnesi mun aukast um 90 tonn á ári til ársins 2008 og verður þá orðið um 1.600 tonn á ári. Til samanburðar má nefna að það jafngildir um ⅔ af árlegu koltvísýringsútstreymi frá væntanlegu álveri á Grundartanga. Í Álfsnesi hefur Sorpa hins vegar unnið frumkvöðulsstarf og safnar metangasi saman og brennir því. Nú er brenndur um ¼ af gasinu og um næstu áramót verður öllu metangasi frá Álfsnesi brennt.

Metangasið í Álfsnesi kemur frá um 460 þúsund tonnum af úrgangi sem þar eru urðuð, en á gömlu sorphaugunum í Gufunesi eru um 2,5 milljónir tonna af úrgangi grafnar og augljóslega streymir þar út mikið metangas. Þessu metangasi þarf að safna og vinna og draga þar með úr neikvæðum gróðurhúsaáhrifum. Aðrir stórir sorphaugar liggja nú grafnir í nágrenni Akureyrar, við Selfoss og víðar og framtíðarurðunarstaður er t.d. við Kirkjuferjuhjáleigu fyrir Suðurland. Í raun eru þarna mengunarvaldar sem um leið eru ónýtt orkuforðabúr sem þarf að nýta.

Söfnun og vinnsla metangass auðveldar Íslendingum að auka varnir gegn mengun andrúmsloftsins auk þess sem gott skipulag sorpurðunar undirbýr framkvæmd þeirra gerða (tilskipana) sem fylgja EES-samningnum um frágang urðunar og söfnun metangass.

Mikið átak er fram undan hjá Íslendingum í að nýta betur sorp og annan úrgang sem til fellur. Engin heildarlöggjöf er til um sorphirðu (hreinsun og förgun) og má m.a. benda á að engin lög skylda almenning til þess að flokka úrgang en þó er slíkt þegar hafið að nokkru leyti með flokkun drykkjarvöruumbúða, dagblaða og mjólkurferna, auk grófara efnis, svo sem garðaúrgangs, timburs, járns og fleira. Má benda á að einstök sveitarfélög geta sett sér samþykktir um sorphirðu þar sem hægt er að kveða á um meðferð og flokkun úrgangs og hafa þó nokkur sveitarfélög nýtt sér þá heimild. Þannig gera engin lög skylt að dagblaðapappír og umbúðaefni sem skolar úr strönduðu flutningaskipi sé flutt til endurnýtingar heldur er þeim fargað á nærtækasta og ódýrasta stað.

Tímabært er að hraða vinnu að þessum verkefnum, þ.e. vinnslu metangass, og áherslu á sjálfbæra þróun í sorpurðun og endurnýtingu verðmæta. Alþingi beinir því til umhverfisráðherra að hann móti framkvæmdaáætlun og undirbúi lagasetningu um þessi mikilvægu viðfangsefni.“

1121. Tillaga til þingsályktunar [648. mál]

um loftpúða í bifreiðum.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að veittur verði afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru sérstökum loftpúðum í öryggisskyni.

Greinargerð.

Loftpúðar í bifreiðar voru fundnir upp í Bandaríkjunum fyrir meira en 50 árum. Hugmyndin var síðan endurvakin á síðasta áratug er Bandaríkjamenn hófu að leita nýrra leiða til að draga úr afleiðingum alvarlegra umferðarslysa. Evrópskir bílaframleiðendur fóru á sama tíma að huga að því hvernig hægt væri að stemma stigu við fjölgun hálsáverka sem leiddi af almennari notkun öryggisbelta og hófu í framhaldi af því að þróa loftpúðakerfið.

Í stuttu máli virka loftpúðarnir þannig að bak við fremri stuðara eða á öðrum hentugum stað eru skynjarar sem bregðast við árekstri. Yfirleitt er miðað við árekstur sem verður á meiri hraða en 20–30 km á klst. Púðinn, sem komið er fyrir í stýri bílsins, er blásinn upp með gasi og fyllist hann á u.þ.b. 0,02 sek. eða í tæka tíð til að taka við högginu sem verður þegar höfuð ökumannsins skellur á stýri bílsins. Til þess að forða því að höfuð ökumannsins kastist til baka þegar það lendir á púðanum byrjar gasið að leka úr honum strax eftir að hann hefur fyllst. Tilraunir hafa sýnt að púðarnir bregðast nánast aldrei, þeir fyllast nær undantekningarlaust af gasi ef árekstur er nægilega harður.

Víða um lönd hafa nú þegar verið settar reglur um að allir nýir bílar skuli búnir loftpúðum, svo sem í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Hollandi. Í áætlun sem fjöldi alþjóðlegra bílaframleiðenda tók þátt í að gera er talið að árið 2000 verði komnir loftpúðar í alla bíla í Bandaríkjunum, í 60% bíla í Japan og í 70% bíla í Evrópu.

Rannsóknir sýna að notkun loftpúða dregur verulega úr fjölda alvarlegra áverka af völdum umferðarslysa. Þannig hefur reynslan af notkun loftpúða í Bandaríkjunum leitt í ljós að dauðaslysum fækkar um 20%. Gildir það bæði um þá sem nota öryggisbelti og enn frekar þá sem ekki spenna beltin. Rannsókn á tíðni meðaláverka og alvarlegra áverka í umferðinni í Bandaríkjunum árið 1991 sýndi að slíkir áverkar voru 25–29% færri meðal ökumanna í bifreiðum af árgerð 1990 sem búnar voru loftpúðum en meðal ökumanna í bifreiðum af sömu árgerð sem einungis voru búnar bílbeltum. Innlagnir á sjúkrahús voru 24% færri meðal ökumanna í bifreiðum sem búnar voru loftpúðum. Þannig eru loftpúðar þýðingarmikill öryggisbúnaður til viðbótar við öryggisbelti.

Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að hafa loftpúða í öllum bifreiðum í framtíðinni. Eins og lögum er nú háttað hækkar öryggisbúnaður eins og loftpúðar bílverð verulega. Afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru loftpúðum ætti að vera sjálfsagt mál. Með slíkum afslætti aukast líkur á örari útbreiðslu loftpúða í bifreiðum. Þó að tekjur ríkissjóðs skerðist sem nemur afslættinum af vörugjaldinu skila þeir peningar sér margfaldlega í minni kostnaði af völdum umferðarslysa.

1122. Tillaga til þingsályktunar [649. mál]

um bókaútgáfu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson,
Stefán Guðmundsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar og efla bókaútgáfu á Íslandi. Markmiðið með aðgerðunum verði að efla íslenska tungu og glæða menntun og menningu þjóðarinnar jafnframt því að örva ritun bóka og bæta lestrarhæfni og aðstöðu til náms. Enn fremur verði haft að markmiði að auka atvinnustarfsemi

tengda prentun, útgáfu og sölu bóka. Skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til eflingar bókinni. Í starfshópnum verði m.a. fulltrúar menntastofnana, námsmanna, kennara, aðila prentiðnaðarins, bókaútgefenda, neytenda og launþega. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir árslok 1998.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 120. og 121. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

Ótvíræðar vísbendingar vitna um að óheillavænleg áhrif sæki að íslenskri tungu og að hún muni eiga í harðnandi samkeppni. Þá getur lítið málsamfélag þjóðarinnar lent í hættu innan skamms tíma. Staða bókarinnar kann að ráða úrslitum um þessa þróun en á síðustu árum hefur bóklestur dregist saman, lestrarkunnáttu hefur hrakað, skilningur ungs fólks á rituðu máli hefur rýrnað, ritun bóka hefur dalað, bókaútgáfa hefur verið á undanhaldi, útgefnum titlum hefur fækkað, bóksala hefur minnkað og bókakostnaður námsmanna hefur vaxið. Áhrif þessa hafa einnig verið alvarleg fyrir prentun, bókaútgáfu og annað atvinnulíf sem bókum tengist.

Íslensk tunga er sá stofn sem ber uppi íslenska menningu. Án rótfastrar og lifandi tungu eru Íslendingar sviptir þeim sérkennum og þeirri samkennd sem æ fleiri þjóðir gera sér grein fyrir að er nauðsynleg um leið og þær vilja auka samstarf hver við aðra. Íslendingar vilja flestir taka þátt í slíku samstarfi og njóta þeirra jákvæðu áhrifa sem menning annarra þjóða getur haft á þjóðlíf okkar. Við þurfum að geta tekið fullan þátt í alþjóðasamskiptum en jafnframt haldið einkennum okkar og gróskumikilli menningu.

Stórar og öflugar þjóðir svo sem Frakkar, Bretar, Norðmenn og fleiri leggja ofuráherslu á sérkenni og fegurð þjóðtungu sinnar og telja nauðsynlegt að verja málsamfélög sín með stuðningi við bókina.

Bókin flytur þá næringu sem tungunni og menningunni er nauðsynleg. Skammsýni og andvaraleysi getur leitt til óheillaþróunar sem ekki verður við snúið, jafnvel þó að miklum fjármunum yrði til kostað. Aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar eru því aðkallandi.

1123. Tillaga til þingsályktunar [650. mál]

um bætta þjónustu hins opinbera.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að bæta afgreiðslu og þjónustu opinberra stofnana við almenning og atvinnulífið.

Greinargerð.

Almenningur og atvinnufyrirtæki bera háan kostnað og hafa mikla fyrirhöfn af samskiptum sínum við stjórnsýslu og opinberar stofnanir. Samskipti þessi tengjast fjölþættum verkefnum sem hinu opinbera hafa verið falin en þau eru m.a. leyfisveitingar, eftirlit, eignaumsýsla og stjórn framkvæmda. Að stórum hluta eru ítök hins opinbera eðlileg eða óhjákvæmileg en að hluta til leifar eldri stjórnarhátta og að sumu leyti líka þær aðferðir sem hið opinbera notar í þjónustu og afgreiðslu erinda. Þetta á ekki aðeins við um samskipti við almenning og atvinnulífið heldur einnig um seinvirk samskipti milli opinberra aðila innbyrðis. Sennilega er margt sem veldur, m.a. fjárskortur, en á hitt ber að líta að mikill fjárhagslegur ávinningur felst í endurbótum og aukinni skilvirkni í opinberri þjónustu.

Kröfur um aukna skilvirkni, bætta þjónustu og skjóta afgreiðslu mála hafa orðið háværari á síðustu árum. Samkeppni hefur harðnað, alþjóðaviðskipti aukist og tölvu- og fjarskiptatækni tekið byltingarkenndum breytingum. Viðmiðanir um hvað teljist góð þjónusta hafa gerbreyst. Almenningur og atvinnulífið hafa brugðist við þessum aðstæðum með bættri gæðastjórnun, aukinni tækniþekkingu og meiri framleiðni. Á þessu sviði verða Íslendingar að standast fremstu þjóðum snúning.

Víða hafa orðið endurbætur í opinberri þjónustu. Margt bendir þó til þess að stjórnsýslan og opinberar stofnanir hafi setið eftir í þessari þróun og að almenningur og atvinnurekstur fái þar hvorki jafngóða þjónustu né jafnskjóta afgreiðslu erinda og tíðkast á öðrum sviðum viðskiptalífsins. Meðal ábendinga er að ákvarðanataka sé seinvirk, fundir um aðkallandi mál skili ekki niðurstöðu, bréfum sé svarað seint eða aldrei, erfitt sé að vita hvar mál séu stödd, ábyrgð sé óljós, lipra þjónustu skorti og seint sé brugðist við kvörtunum. Einkafyrirtæki, sem þannig sinnti viðskiptavinum sínum, yrði fljótlega undir í samkeppninni en hið opinbera nýtur verndar að þessu leyti. Hið opinbera virðist því ekki hafa tekið að fullu þátt í þeim framförum sem orðið hafa og getur á þann hátt hamlað auknum afköstum í samfélaginu.

Þetta er þeim mun alvarlegra þegar á það er litið að afskipti hins opinbera af viðskiptum og daglegu lífi eru mikil. Opinberir aðilar fara með eignarhald og aðstöðu, sjá um leyfisveitingar og eftirlit í ótal þáttum samfélagsins. Á sama tíma hafa almenningur og íslensk fyrirtæki lítið fjármagn og hraði viðskiptalífsins þolir litlar tafir. Seinvirk afgreiðsla erinda getur stórskaðað viðkvæm fyrirtæki. Betri og skilvirkari þjónusta stjórnsýslunnar og opinberra stofnana mun skila íslensku samfélagi miklum ávinningi á sviði viðskipta og almenningsþjónustu.

1124. Frumvarp til laga [651. mál]

um breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Magnús Stefánsson,
Guðjón Guðmundsson, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Tímabilið 1. september – 31. desember“ í upphafi 4. tölul. F-liðar 8. mgr. 5. gr. laganna kemur: Tímabilið 1. júní – 31. desember.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Sjávarútvegsnefnd breytti frumvarpi sjávarútvegsráðherra nokkuð og var meðal annars bætt við nýju veiðihólfi í Breiðafirði fyrir báta í 3. flokki, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna, en að meginstefnu til falla í þann flokk fiskiskip sem eru styttri en 29 metrar og með lægri aflvísa en 1.600. Var það mjög mikilvæg breyting á frumvarpinu. Hins vegar var veiðitímabilið takmarkað við tímabilið 1. september – 31. desember ár hvert. Þannig er öll sumarveiði útilokuð á svæðinu, en eins og gefur að skilja er mjög mikilvægt að geta nýtt þann árstíma til veiða. Ekki er skýrt í nefndaráliti sjávarútvegsnefndar á þskj. 1169 hvers vegna þessi tímamörk eru valin en vera kann að hér sé um misskilning að ræða sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Þess má geta að bæði

Útvegsmannafélag Snæfellsness og Landssamband íslenskra útvegsmanna hafa ályktað um að nauðsyn beri til að veiðitímabilið í hólfi F.4 á Breiðafirði hefjist 1. júní ár hvert í stað 1. september. Til leiðréttingar er í frumvarpinu gerð tillaga um að það verði frá 1. júní – 31. desember ár hvert fyrir skip í 3. flokki þannig að útgerðir minni fiskiskipa geti nýtt sér sumarið til veiða.

1125. Frumvarp til laga [652. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Í stað „Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins“ í 4. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Lyfjamálastofnun Íslands.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lyfjamálastofnun Íslands (LMSÍ, e. Icelandic Medicine Agency; IMA) er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ráðherra skipar forstjóra Lyfjamálastofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri stjórnar daglegum rekstri og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar. Hvorki forstjóri né aðrir starfsmenn stofnunarinnar mega eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja og lækningatækja.

Tryggja skal Lyfjamálastofnun Íslands hæfilegt starfslið og aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum stofnunarinnar.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Lyfjamálastofnunar Íslands er sem hér segir:

1. Mat á lyfjum, lækningatækjum og öðrum vörum sem undir þessi lög heyra í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Útgáfa, breyting og afturköllun markaðsleyfa lyfja (marketing authorization) í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Afgreiðsla umsókna um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli lyf sem ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi.
4. Útgáfa leyfa til tilrauna með lyf (klínískar rannsóknir og rannsóknir á aðgengi lyfja) og lækningatæki.
5. Skráning aukaverkana og upplýsingagjöf um lyf og lækningatæki.
6. Faglegt eftirlit með innflutningi lyfja, lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar, lækningatækja eða annarrar vöru sem undir stofnunina heyrir.
7. Faglegt eftirlit með starfsemi lyfjabúða, lyfjaheildverslana og lyfjagerða og eftirlit með handhöfum markaðsleyfa lyfja og umboðsmönnum þeirra og annarra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf, lækningatæki og skyldar vörur.

8. Eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur.
9. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, hér með talin samvinna við erlendar lyfjamálastofnanir.

Í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins skulu framleiðendur sérlyfja eða umboðsmenn þeirra veita Lyfjamálastofnun Íslands jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða markaðsleyfi lyfja og lækningatækja sem eru til meðhöndlunar hjá stofnuninni.

Kostnaður af starfsemi Lyfjamálastofnunar Íslands við mat á lyfjum, lækningatækjum og öðrum vörum er undir lögin heyra, svo og öðrum stjórnsýsluverkefnum því samfara, þar með talin laun fastanefnda Lyfjamálastofnunar Íslands, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum lyfja, lækningatækja og náttúruvara, svo og öðrum leyfisgjöldum, svo sem markaðsleyfum og leyfum fyrir klínískar prófanir.

Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra þá sem Lyfjamálastofnun Íslands hefur eftirlit með. Í reglugerð skal nánar kveðið á um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjamálastofnunar Íslands. Verja skal tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið og miða við að gjaldið standi undir kostnaði við rekstur þess.

Ráðherra getur með reglugerð falið Lyfjamálastofnun Íslands eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum, lækningatækjum og skyldum vörum ef sérstakar ástæður mæla með því og slíkt tengist hlutverki hennar samkvæmt lögum þessum.

Gjöld er Lyfjamálastofnun Íslands innheimtir eru aðfararhæf.

Ákvarðanir Lyfjamálastofnunar Íslands má kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Lyfjanefnd ríkisins er fastanefnd til ráðgjafar Lyfjamálastofnun Íslands um lyf.

Nefndin, sem starfar hjá Lyfjamálastofnun Íslands, skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Þegar fjallað er um dýralyf skulu taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt í samráði við forstjóra Lyfjamálastofnunar Íslands að skipa sérstakar fastanefndir sem eru Lyfjamálastofnun Íslands til ráðgjafar, svo sem við mat á lækningatækjum og náttúruvörum.

Forstjóri Lyfjamálastofnunar Íslands getur kallað til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera stofnuninni til ráðgjafar þegar þurfa þykir.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Í lögum þessum merkir:

1. *Sérlyf:* Öll lyf, tilbúin, eða sem næst tilbúin, sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir, undir sérstöku heiti og í sérstökum umbúðum framleiðanda (markaðsleyfishafa).
2. *Lyf:* Hvers konar efni eða efnasamsetningar sem ætlaðar eru til lækningar, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Enn fremur teljast hvers konar efni eða efnasamsetningar lyf ef þau mega koma í eða á líkama manna eða

dýra og eru notuð til að greina sjúkdóma, laga eða breyta líffærastarfsemi manna eða dýra eða færa hana í rétt horf.

3. *Efni:* Hvers konar efni, óháð uppruna, úr:
   — mönnum, t.d. blóð og efni unnin úr blóði
   — dýrum, t.d. örverur, dýr, líffærahlutar, seyti, eiturefni, seyði, efni unnin úr blóði o.fl.
   — jurtum, t.d. örverur, plöntur, plöntuhlutar, seyti, seyði, o.fl.
   — öðrum efnum, t.d. frumefni, efni úr náttúrunni og efni sem mynduð eru með efnabreytingum eða samtengingu.
4. *Forskriftarlyf lækna (magistralformula):* Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð samkvæmt forskrift læknis á lyfseðli fyrir einstaka sjúklinga.
5. *Stöðluð forskriftarlyf (officinalformula):* Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð samkvæmt forskrift í lyfjaskrá og afgreidd eru beint til viðskiptavinar lyfjabúðarinnar.

Leiki vafi á um hvort einstök efni eða efnasambönd teljist lyf sker Lyfjamálastofnun Íslands úr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari skilgreiningu á lyfjum og lyfjahugtakinu, svo og nánari ákvæði um hjúkrunar- og lækningatæki (medical devices), prófefni og hjálpartæki til mælinga á efnum í líkama manna og dýra í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

Ráðherra setur reglugerð um undanþágur frá lyfjahugtakinu og skal þar kveðið á um hvenær efni, sem eru upprunnin úr náttúrunni, teljist ekki náttúrulyf heldur almenn vara (náttúruvara). Í reglugerð skal einnig kveðið á um í hvaða dagskömmtum vítamín og/eða steinefni, sem ætluð eru mönnum eða dýrum, teljist ekki lyf.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Fullgerð lyf (lyf, tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að flytja til landsins, selja eða afhenda að fengnu markaðsleyfi Lyfjamálastofnunar Íslands.

Lyfjamálastofnun Íslands getur veitt undanþágu frá 1. mgr. vegna lyfja er ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi, í einstaka tilvikum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

Ráðherra skal setja reglugerð um veitingu markaðsleyfa fyrir sérlyf, náttúrulyf, hómópatalyf og vítamín og steinefni.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skráningu lyfs“ í 1. mgr. kemur: veitingu markaðsleyfis lyfs.
b. 2. mgr. fellur brott.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Klínísk lyfjatilraun er kerfisbundin prófun á lyfi í mönnum í þeim tilgangi að finna eða staðfesta áhrif þess og/eða finna aukaverkanir lyfsins og/eða rannsaka frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfsins með það markmið að kanna öryggi og virkni þess.

Ráðherra skal setja reglugerð með nánari ákvæðum um skilgreiningu klínískra lyfjatilrauna, veitingu leyfa til þeirra og eftirlit með þeim og framkvæmd þeirra í samræmi við reglur um góða starfshætti í klínískum tilraunum (GCP; Good Clinical Practice), Helsinki-sáttmálann, siðareglur og lög um réttindi sjúklinga.

9. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Lyfjamálastofnun Íslands hefur umsjón með útgáfu sérlyfjaskrár, er greinir sérlyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði lyfja, sbr. 40. gr.

10. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Markaðsleyfi lyfja. Mat á lyfjum. Klínískar tilraunir.**

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „lyf, sem skráð eru hér á landi“ í 1. mgr. kemur: lyf, sem markaðsleyfi hafa hér á landi.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Í auglýsingu er heimilt að aðeins komi fram nafn lyfsins ef markmiðið með auglýsingunni er einungis að vekja athygli á nafninu. Ákvæðið gildir aðeins um auglýsingar lausasölulyfja.

12. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Handhöfum markaðsleyfa, eða umboðsmönnum þeirra, er heimilt að miðla til sjúklinga með bæklingum upplýsingum almenns eðlis um sjúkdóma og notkun tiltekinna lyfja. Allar upplýsingar í slíkum bæklingum skulu vera í samræmi við viðurkennda samantekt á eiginleikum lyfs (SPC; Summary of Product Characteristics) og skal Lyfjamálastofnun Íslands sent eintak þeirra.

13. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Lyfjamálastofnun Íslands gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Stofnunin getur bannað og/eða látið afturkalla tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Stofnunin getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar á sambærilegan hátt. Lyfjamálastofnun Íslands vísar umfjöllun um lyfjaauglýsingar til Samkeppnisstofnunar í þeim tilvikum er ætla má að lyfjaauglýsing fari í bága við ákvæði samkeppnislaga. Auglýsendur skulu halda skrá yfir allar auglýsingar þar sem fram kemur hvar og hvenær þær voru birtar. Skrána skal geyma í tvö ár og skal hún vera aðgengileg Lyfjamálastofnun Íslands.

14. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Skráning aukaverkana og tilkynningarskylda skal vera í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og vera í höndum Lyfjamálastofnunar Íslands í samvinnu við landlækni.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 3. tölul. 2. mgr. fellur brott.

b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal lyfsöluleyfishafi áður en starfsemi hefst hafa öðlast verslunarleyfi eða hafa gert samning við aðila með verslunarleyfi.
c. Í stað „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 3. og 5. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar Íslands.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Lyfjafræðingi má einungis veita eitt lyfsöluleyfi í senn, en leyfishafi getur sótt um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í byggðarlagi þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð.
b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlit ríkisins“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: Lyfjamálastofnun Íslands
c. Í stað orðanna „5. mgr. 30. gr.“ í 2. mgr. kemur: 7. mgr. 30. gr.

17. gr.

Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. og 4. tölul. 22. gr. laganna kemur: Lyfjamálastofnunar Íslands.

18. gr.

Við 2. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lyfsölum er jafnframt skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins upplýsingar á tölvutæku formi um afgreiðslu lyfja að fengnu samþykki tölvunefndar, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Lyfjaeftirliti ríkisins“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Lyfjamálastofnun Íslands.
b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar Íslands.

20. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Til að fá lyfjaheildsöluleyfi verður lyfjaheildsala að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og er ekki handhafi lyfsöluleyfis eða annar sá sem að mati Lyfjamálastofnunar Íslands uppfyllir eigi minni menntunarkröfur. Hann skal bera faglega ábyrgð á lyfjaheildsölunni.
2. Að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði að dómi Lyfjamálastofnunar Íslands að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brýtur á einn eða annan máta ákvæði þessara eða annarra laga má svipta hann leyfinu.

Skylt er lyfjaheildsölu að eiga nægar birgðir af tilteknum nauðsynlegum lyfjum (Essential Drug List) að mati heilbrigðisyfirvalda sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi og lyfjaheildsalan annast dreifingu á.

Starfandi læknar, tannlæknar og lyfjafræðingar sem vinna í lyfjabúðum, svo og dýralæknar, mega hvorki vera umboðsmenn lyfjaframleiðenda né starfa fyrir þá sem lyfjakynnar.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkningar eða breyta útliti þeirra nema þeir hafi einnig leyfi til framleiðslu lyfja. Breytingar, sem gerðar eru á umbúðum lyfs, verða að vera í samræmi við skilyrði markaðsleyfis þess. Lyfjamálastofnun Íslands getur veitt heimild til annarra breytinga á umbúðum lyfs ef sérstakar ástæður mæla með því.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna af slíkum lyfjakaupum fellur undir reksturskostnað.

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við yfirdýralækni, setja reglugerð þar sem kveðið er á um leyfi til dýralyfjasölu, hvaða lyf dýralæknar mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum hverra afurðir eru ætlaðar til manneldis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

Lyfjaheildsölum er skylt að tölvuskrá söluupplýsingar á formi sem samþykkt er af Lyfjamálastofnun Íslands og jafnframt veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: að því veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og er ekki handhafi lyfsöluleyfis eða annar sá sem uppfyllir eigi minni menntunarkröfur; hann skal bera faglega ábyrgð á framleiðslunni.
b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar Íslands.
c. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. kemur: Lyfjamálastofnun Íslands.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða sjúkrahússapótek.
b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar Íslands.

23. gr.

Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 38. gr. laganna kemur: Lyfjamálastofnunar Íslands.

24. gr.

Við 4. mgr. 40. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lyfsölum, dýralæknum, lyfjaheildsölum og innlendum lyfjaframleiðendum (lyfjagerðum og lyfjabúðum) er skylt að afhenda lyfjaverðsnefnd allar þær skýrslur og gögn sem varða verðlagningu lyfja og veita aðrar upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn.

25. gr.

Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 42. gr. laganna kemur: Lyfjamálastofnunar Íslands.

26. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þær reglugerðir, er settar hafa verið á grundvelli laga nr. 93/1994, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglugerðir hafa öðlast gildi, enda stangist efni þeirra ekki á við breytingar þessar. Í þeim reglugerðum, þar sem Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd ríkisins koma fyrir, er nú átt við Lyfjamálastofnun Íslands.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Áformað er að sameina starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins í einni stofnun, Lyfjamálastofnun Íslands. Hinni nýju stofnun eru auk þess ætluð ný verkefni við umsjón með skráningu og eftirlit með verkunum og aukaverkunum lyfja (Pharmacovigilance) og lækningatækjum (Medical Devices) en þetta eru hvort tveggja þættir sem nú þegar eru farnir að verða fyrirferðarmiklir og okkur ber að sinna í samræmi við EES-samninginn. Lyfjamálastofnun Íslands verður undirstofnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Starfsemi lyfjanefndar ríkisins og Lyfjaeftirlits ríkisins á lögum samkvæmt að standa undir sér með sértekjum. Gert er ráð fyrir að það sama muni einnig gilda um Lyfjamálastofnun Íslands.

Frá setningu lyfjalaga, nr. 93/1994, hafa komið fram ábendingar um atriði sem kveða þarf á um í lyfjalögum, m.a. vegna gildistöku tilskipana Evrópska efnahagssvæðisins. Um er að ræða tilskipun 65/65/EBE, með síðari breytingum, tilskipanir 83/570/EBE, 87/21/EBE, 89/341/EBE og 93/39/EBE og tilskipanir 75/319/EBE, 92/73/EBE, 92/28/EBE, 92/25/EBE. Þar er aðallega um að ræða breytingar á skilgreiningu lyfjahugtaksins og flokkun lyfja, brottfellingu heimildar til að skrá lyf tímabundið og breytingu á ákvæðum um lyfjaauglýsingar og lyfjaheildsölur. Þá er ekki lengur talað um skráningu lyfs, skráð eða óskráð lyf, heldur veitingu markaðsleyfis lyfs og lyf með eða án markaðsleyfis og eru þær breytingar gerðar í frumvarpinu þar sem við á. Hugtakið „skráningargjald“ vegna m.a. veitinga markaðsleyfa helst þó óbreytt. Jafnframt þykir, að fenginni reynslu af framkvæmd laganna, nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar. Frumvarpið byggir að hluta til á tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins. Meginbreytingarnar eru eftirfarandi:

— Kveðið er á um skipan fastanefnda við hlið lyfjanefndar ríkisins.
— Breytt er ákvæðum um skilgreiningu og flokkun lyfja.
— Felld er brott heimild til að skrá lyf tímabundið.
— Nánar er kveðið á um klíníska tilraunir.
— Heimilað er að í auglýsingu á lyfjum komi aðeins fram nafn lyfs og að miðla megi með bæklingum upplýsingum til sjúklinga um notkun tiltekinna lyfja,
— Skilyrði um verslunarleyfi vegna lyfsölu er miðað við upphaf rekstrar í stað umsóknar.
— Kveðið er á um skyldu lyfsala til að afhenda Tryggingastofnun ríkisins upplýsingar um afgreiðslu lyfja.
— Breytt er ákvæðum um lyfjaheildsölur og m.a. kveðið á um birgðaskyldu þeirra og að starfandi læknar, tannlæknar, dýralæknar og lyfjafræðingar sem starfa í lyfjabúðum megi hvorki vera umboðsmenn lyfjaframleiðenda né starfa fyrir þá sem lyfjakynnar.
— Sjúkrahússapótekum er bætt við þá aðila sem heilbrigðisstofnunum er heimilt að semja við um lyfjafræðilega þjónustu.
— Kveðið er á um skyldu lyfsala, dýralækna, lyfjaheildsala og framleiðenda til að afhenda lyfjaverðsnefnd gögn sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Lyfjamálastofnun Íslands mun taka við starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins. Í dag starfa þessar tvær stofnanir undir sama þaki og er þetta því gert til hagræðis, auk þess sem þessi þróun hefur orðið í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Með þessu má samnýta í stofnun þá krafta og sérþekkingu sem þessar tvær stofnanir búa yfir. Þá eru í greininni ákvæði um stjórnskipulag stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Verkefni Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins færast til hinnar nýju stofnunar. Auk þess bætast við ný verkefni vegna lækningatækja (Medical Devices).

Lögfest er heimild Lyfjamálastofnunar Íslands til að afturkalla markaðsleyfi. Um afturköllun markaðsleyfa sérlyfja er nú fjallað í reglugerð nr. 465/1995 um skráningu og útgáfu markaðsleyfa sérlyfja í samræmi við tilskipun 65/65/EBE, með síðari breytingum.

Þá er kveðið á um aðfararhæfi gjalda er Lyfjamálastofnun Íslands innheimtir, en slíka heimild hefur skort í lögin.

Um 4. gr.

Ákvæðið kveður á um skipan fastanefnda við Lyfjamálastofnun Íslands, sem vera skulu stofnuninni til ráðgjafar við matsgerðir vegna lyfja, lækningatækja og náttúruvara. Vegna mikillar fjölgunar verkefna auk sífellt meiri sérhæfingar á sviði læknisfræði þykir brýnt að opnað verði fyrir þann möguleika að sérfræðinganefndir geti sinnt sérhæfðari verkefnum stofnunarinnar. Þá hafa verið gerðar auknar kröfur um málshraða við matsgerðir lyfja, lækningatækja og skyldra vara á hinu Evrópska efnahagssvæði, svo sem við útgáfu markaðsleyfa.

Um 5. gr.

Skilgreiningu á lyfjahugtakinu er breytt í samræmi við tilskipun 65/65/EBE, með síðari breytingum, og löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Fellt er brott ákvæði sem talið er óþarft um að sæfingarlyf og staðdeyfilyf teljist til lyfja. Þá er bætt inn ákvæði um úrþskurðarvald Lyfjamálastofnunar Íslands um hvort efni eða efnasamband teljist lyf. Gert er ráð fyrir heimild til setningar reglugerðar um ýmis prófefni og hjálpartæki til mælinga á efnum í líkama manna og dýra.

Ákvæði um flokkun lyfja í 7. gr. núgildandi laga er breytt til samræmis við tilskipun 65/65/EBE, með síðari breytingum, og löggjöf annars staðar á Norðurlöndum og eru breytingarnar felldar inn í 5. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í ákvæði 2. mgr. er kveðið skýrar á um heimild Lyfjamálastofnunar Íslands til að veita undanþágu frá 1. mgr. vegna lyfja sem ekki hafa fengið markaðsleyfi á Íslandi. Nauðsynlegt er að opinber eftirlitsaðili geti heimilað notkun lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi svo að flytja megi þau til landsins í sérstökum tilfellum til notkunar fyrir sjúklinga er á því þurfa að halda.

Um 7. gr.

Heimild til að skrá lyf og veita markaðsleyfi tímabundið er felld brott til samræmis við tilskipun 65/65/EBE, með síðari breytingum.

Um 8. gr.

9. gr. laganna er felld brott þar sem hún er óþörf. Þau atriði, sem talin eru upp í 1. mgr., eiga fremur heima í reglugerð um skráningu lyfja og er skipað í evrópskar reglur um það efni. Þá er ekki rétt að Lyfjamálastofnun Íslands kanni markaðsleyfi á fimm ára fresti heldur gildi markaðsleyfi í fimm ár.

Í stað 9. gr. kemur ný grein, um klínískar lyfjatilraunir, en í núgildandi lyfjalögum er hvergi að finna skilgreiningu á klínískri lyfjatilraun, heldur einungis kveðið á um að Lyfjamálastofnun Íslands veiti leyfi til slíkra tilrauna. Nauðsynlegt er talið að kveða skýrt á um þetta atriði í lögum og að ráðherra setji reglugerð með nánari ákvæðum í samræmi við reglur um góða klíníska starfshætti (GCP; Good Clinical Practice) við framkvæmd lyfjatilrauna, Helsinki-sáttmálann, siðareglur og lög um réttindi sjúklinga.

Um 9. gr.

Umsjón með útgáfu sérlyfjaskrár er færð frá ráðuneytinu til Lyfjamálastofnunar Íslands, enda verða flestar upplýsingar í skrána til hjá stofnuninni. Í ákvæðinu felst að stofnunin getur falið öðrum útgáfu skrárinnar undir sinni umsjón.

Um 10. gr.

Heiti IV. kafla er breytt, en flokkun lyfja samkvæmt frumvarpinu flyst í II. kafla undir 5. gr. Að auki hefur ákvæði um klínískar tilraunir verið bætt í kaflann. Að öðru leyti skýrir kaflafyrirsögnin sig sjálf.

Um 11. gr.

Hér er gerð breyting í samræmi við tilskipun 92/28/EBE um lyfjaauglýsingar. Heimilað er að auglýsa aðeins nafn ef markmiðið með auglýsingunni er einungis að vekja athygli á nafninu. Ákvæði þetta tekur einungis til lausasölulyfja.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um að handhöfum markaðsleyfa eða umboðsmönnum þeirra er heimilt að afhenda sjúklingum fræðslubæklinga um sjúkdóma og notkun tiltekinna lyfja. Mikilvægt er að lyfjafyrirtæki geti þannig komið á framfæri við sjúklinga leiðbeiningum um lyfjagjöf og helstu vandamál. Slíkir bæklingar mundu ekki teljast lyfjaauglýsingar enda einungis afhentir þeim sem fá lyfin afhent en ekki beint að ótilteknum fjölda manna. Gert er ráð fyrir að læknir sem ávísar lyfinu geti afhent sjúklingi sínum bækling og að bæklingurinn geti fylgt lyfi þegar það er afgreitt í lyfjabúð.

Um 13. gr.

Lyfjamálastofnun Íslands tekur við eftirlitshlutverki Lyfjaeftirlits ríkisins með lyfjaauglýsingum. Í ákvæðinu er kveðið á um heimild stofnunarinnar til að krefjast afturköllunar á tilteknum auglýsingum sem gefa rangar og ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Þá er kveðið skýrar á um það að Lyfjamálastofnun Íslands vísi málum til Samkeppnisstofnunar í tilvikum er ætla má að brotin séu ákvæði samkeppnislaga.

Um 14. gr.

Lyfjamálastofnun Íslands tekur við auknu og breyttu hlutverki lyfjanefndar ríkisins, þar á meðal umsjón með skráningu og eftirliti með verkunum og aukaverkunum lyfja (Pharmacovigilance) í samráði við landlækni. Sá þáttur, sem hér um ræðir og nefndur hefur verið á íslensku „lyfjagát", er mikilvægur þáttur í samskiptum stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins sem með þessi mál fara. Með fyrirhugaðri aðild Íslands að Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) mun Lyfjamálastofnun Íslands verða betur í stakk búin að sinna þessu hlutverki.

Um 15. gr.

Gerð er sú breyting á 20. gr. laganna, um veitingu lyfsöluleyfis, að nú nægir að skilyrðinu um verslunarleyfi sé fullnægt á því tímamarki er rekstur hefst, en núgildandi lyfjalög gera hins vegar ráð fyrir að verslunarleyfi liggi fyrir þegar sótt er um lyfsöluleyfi áður en fyrir liggur hvort viðkomandi lyfjafræðingi verði veitt það lyfsöluleyfi sem sótt er um.

Um 16. gr.

Gerðar eru nokkrar breytingar á 21. gr. laganna.

Rétt þykir að árétta að hver lyfjafræðingur getur einungis öðlast eitt lyfsöluleyfi. Lagt er til að rekstur lyfjaútibúa miðist við *byggðarlög* þar sem ekki eru starfræktar lyfjabúðir í stað sveitarfélaga þar sem orðalagið þykir heppilegra með tilliti til afskekktari byggðarlaga.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Kveðið er á um að Tryggingastofnun ríkisins verði tryggð gögn á tölvutæku formi frá lyfsölum. Slík gögn mundu nýtast stofnuninni og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu við hvers kyns ákvarðanatöku og stefnumótun á sviði lyfjadreifingar. Nauðsynlegt er að Tryggingastofnun ríkisins hafi slíkan aðgang við mat á endurgreiðslum til sjúklinga vegna hækkandi lyfjakostnaðar, útgáfu lyfjakorta og endurgreiðslu til lyfjabúða. Nauðsynlegt er talið að kveða skýrt á um í lögum að slík gagnaöflun hafi hlotið samþykki tölvunefndar, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á 30. gr. laganna sem fjallar um lyfjaheildsölur.

Gerð er breyting á hæfisskilyrðum forstöðumanna lyfjaheildsala í samræmi við tilskipun 92/25/EBE og skilgreiningu á „Qualified Person" í tilskipun 75/319 þannig að þeir geti auk lyfjafræðinga verið aðrir þeir sem að mati Lyfjamálastofnunar Íslands uppfylla eigi minni menntunarkröfur. Þá er tekið af skarið um faglega ábyrgð þessa aðila á lyfjaheildsölunni.

Ákvæði eldri lyfjalaga um birgðaskyldu lyfjaheildsala er ekki að finna í núgildandi lyfjalögum en slíkt ákvæði er talið nauðsynlegt og byggist á heimild í tilskipun 92/25/EBE. Birgðaskyldan skal miðast við nauðsynleg lyf að mati heilbrigðisyfirvalda, svokallaðan „Essential Drug List". Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur mælst til þess að öll lönd hafi slíkan lista sem unninn er úr þeim lyfjum er markaðsleyfi hafa í hverju landi.

Kveðið er á um að ráðherra skuli í samráði við yfirdýralækni setja reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um leyfi til dýralyfjasölu. Atriðið er nýtt í lögunum, en nauðsynlegt er talið að dýralæknar þurfi sérstök leyfi vegna sölu dýralyfja, m.a. til að gæta fyllsta jafnræðis milli þeirra er selja lyf, en sífellt auknar kröfur eru gerðar til seljenda lyfja og annarra er dreifa eða afhenda lyf.

Þá er kveðið á um að starfandi læknar, tannlæknar og lyfjafræðingar sem starfa í lyfjabúðum auk dýralækna megi hvorki vera umboðsmenn lyfjaframleiðenda né starfa fyrir þá sem lyfjakynnar.

Um 21. gr.

Breytingar eru gerðar til samræmis við þær kröfur sem eru gerðar til lyfjaheildsala í 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. núgildandi laga þess efnis að sá er veitir lyfjaframleiðslufyrirtæki forstöðu sé ekki jafnframt lyfsöluleyfishafi. Vegna samkeppnissjónarmiða þykir nauðsynlegt að lögfesta slíkt ákvæði. Þá er kveðið sérstaklega á um ábyrgð forstöðumanns sem ekki er minni en ábyrgð þess er veitir lyfjaheildsölu faglega forstöðu, sbr. 30. gr. núgildandi laga.

Um 22. gr.

Rétt þykir að árétta að heilbrigðisstofnunum er einnig heimilt að semja við sjúkrahússapótek um lyfjafræðilega þjónustu. Sjúkrahússapótekum er því bætt við þá aðila sem heilbrigðisstofnunum er heimilt að semja við um lyfjafræðilega þjónustu.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um að lyfjaverðsnefnd hafi aðgang að þeim gögnum sem hún telur sig þurfa til verðákvörðunar.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum þykir nauðsynlegt að aðlaga reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laga nr. 93/1994 hinum breyttu lögum. Má þar nefna ný verkefni og auknar kröfur er kveða þarf á um í reglugerð. Þá þarf að laga reglugerðir að samruna Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins þar sem hin nýja stofnun, Lyfjamálastofnun Íslands, mun taka við verkefnum þeirra.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagt til að Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd ríkisins verði sameinuð í eina stofnun, Lyfjamálastofnun Íslands. Henni er einnig ætlað að sinna nýjum verkefnum, þar á meðal að hafa eftirlit með hjúkrunar- og lækningatækjum og að fylgjast með aukaverkunum lyfja. Þá er gert ráð fyrir að með Lyfjamálastofnun starfi fastanefndir og gerðar eru nauðsynlegar breytingar í samræmi við tilskipanir Evrópska efnahagssvæðisins. Gert er ráð fyrir að helstu kostnaðaráhrif frumvarpsins felist í ráðningu forstjóra fyrir stofnunina og að tvö stöðugildi sérfræðinga þurfi til að sinna annars vegar eftirliti með hjúkrunar- og lækningatækjum og hins vegar aukaverkunum lyfja. Þá má gera ráð fyrir auknum kostnaði við fastanefndir á vegum Lyfjamálastofnunar, en á móti má gera ráð fyrir að einhvert hagræði felist í að sameina stofnanirnar. Í fjárlögum fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir að kostnaður við Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd sé tæplega 70 m.kr.

Beinan kostnað við frumvarpið vegna framangreindra atriða og stærra húsnæðis má áætla 16–17 m.kr. á ári og verður sá kostnaður borinn uppi af skáningar-, leyfis- og árgjöldum skv. 3. gr. frumvarpsins. Sé reiknað með að gjöldin standi undir öllum kostnaði, þar með töldum lífeyrisskuldbindingum og húsnæðis- og fjárbindingakostnaði, nemur kostnaður ríkissjóðs því sem svarar til áhrifa skráningargjalda á verð lyfja og tækja sem ríkissjóður kaupir eða tekur þátt í að niðurgreiða.

1126. Frumvarp til laga [653. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

1. mgr. B-liðar 69. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 30/1995, orðast svo:

Maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa, byggingar eða til að viðhalda eignarhaldi á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. B-liðar 69. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo: Vaxtagjöld, sem mynda rétt til vaxtabóta, eru vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega til öflunar eða til að viðhalda eignarhaldi á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

3. gr.

Við 5. mgr. B-liðar 69. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 122/1993, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til vaxtabóta getur einnig stofnast vegna lána sem tekin eru til að viðhalda eignarhaldi á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að rýmkaður verði sá réttur sem lántakendur hafa til vaxtabóta. Verði við það miðað að réttur til vaxtabóta myndist einnig vegna lána sem tekin eru til að viðhalda eignarhaldi á eigin íbúðarhúsnæði. Fram til þessa hafa úrskurðir yfirskattanefndar verið í þá veru að réttur til vaxtabóta hefur verið býsna þröngt skilgreindur. Með þessu frumvarpi eru hins vegar tekin af öll tvímæli um að skuldbindingar sem fólk tekst á hendur til að tryggja áframhaldandi eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota myndi rétt til vaxtabóta, þar á meðal þegar fólk þarf að forða eignum sínum frá nauðungarsölu meðal annars vegna skuldbindinga sem það hefur tekist á hendur, hugsanlega gagnvart þriðja aðila. Nú er ekki óalgengt að fólk verði að grípa til lántöku vegna þess að ábyrgðarskuldbinding sem það hefur tekist á hendur fyrir börn sín eða ættmenni, meðal annars við húsnæðisöflun, hafi fallið á viðkomandi. Slík ný lán eru þá gjarnan veðbundin í eigin íbúðum. Í þeim tilfellum hefur réttur til vaxtabóta ekki verið viðurkenndur og hann fallið niður.

Ljóst er að eftir sem áður verður réttur til vaxtabóta bundinn því að viðkomandi geti sýnt fram á að lánið hafi verið tekið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði og nú einnig til að viðhalda eignarhaldi á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þannig að ekki er ástæða til að ætla að tilhneiging til misnotkunar á rétti til vaxtabóta aukist frá því sem verið hefur.

Ýmis markatilfelli hafa komið upp varðandi rétt til vaxtabóta og munu sennilega koma upp áfram. Með samþykki þessa frumvarps er gert ráð fyrir hér eftir sem hingað til að sönnunarbyrðin sé á hendi skattgreiðanda og hann þurfi að gera glögga grein fyrir því að viðkomandi fjárskuldbindingar séu til öflunar eða til að viðhalda eignarhaldi á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

1127. Frumvarp til laga [654. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir sem atvinnulausir í þrjá daga samfellt. Ákvæði þetta gildir ekki um starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki hefur rétt til að gera kauptryggingarsamning samkvæmt kjarasamningi VMSÍ og VSÍ/VMS.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttugu og

fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnufær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf, sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans, er úthlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 7. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

Leiði ákvæði 2. mgr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 3. gr.

Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili. Að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrr en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til hærra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara ekki við.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað „2.433 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.752 kr.
b. 4. mgr. orðast svo:

Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti hennar.

b. 7. mgr. orðast svo:
Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta í samráði við sjóðstjórn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, tóku gildi 1. júlí 1997. Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á þeim lögum sem ætlað er að vera til ívilnunar fyrir atvinnulausa.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til félagsmálaráðherra.

Helstu breytingar á gildandi lögum sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að jafnaður verði réttur fiskvinnslufólks sem ekki á rétt á að gera kauptryggingarsamning skv. 16. kafla kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS og þeirra sem eiga þann rétt.
2. Kveðið er á um rétt manna til geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Ákvæðið felur í sér umtalsvert svigrúm fyrir þá sem misst hafa vinnu sína til að leita að nýrri vinnu án milligöngu vinnumiðlunar og án þess að sjálfstæð leit þeirra leiði til skerðingar bótaréttar. Samkvæmt gildandi lögum leiðir það til skerðingar bótaréttar skrái hinn atvinnulausi sig ekki strax hjá vinnumiðlun þegar starfslok verða. Þetta fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni bæði af hálfu þeirra sem atvinnulausir eru og þeirra sem starfa við atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun.
3. Lagt er til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Gildandi lög kveða á um að réttur til atvinnuleysisbóta geymist aðeins á meðan á töku fæðingarorlofs stendur eða í sex mánuði að meginreglu.
4. Mælt er fyrir um rýmkun á rétti fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar geymir fangi áunninn rétt meðan hann er í afplánun en þó að hámarki í 24 mánuði. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fangar geymi áunninn rétt sinn til atvinnuleysisbóta svo lengi sem afplánun varir.
5. Einnig er í frumvarpinu að finna ákvæði um rétt manna sem gegna hlutastarfi til hlutabóta. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um tilvist þessa réttar og hefur það leitt af sér réttaróvissu. Er lagt til að réttur þessi verði takmarkaður með tvennum hætti; annars vegar að réttur þessi geti verið til staðar í allt að tvö ár á bótatímabili og hins vegar að réttur til hlutabóta falli niður fari tekjur af hlutastarfi yfir ákveðin viðmiðunarmörk. Þá er einnig gert ráð fyrir í frumvarpinu að þeir sem stunda hlutastörf geti geymt áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði hafi starfshlutfall þeirra verið hærra áður en þeir réðu sig í viðkomandi starf. Er þetta ákvæði til rýmkunar á réttarstöðu fólks sem gegnir hlutastörfum þar sem gildandi lög hafa verið túlkuð á þann veg að þessir einstaklingar verði að skrá sig sem umsækjendur um atvinnuleysisbætur á móti hlutastarfinu en sæta skerðingu áunnins bótaréttar ella.
6. Að lokum er skýrt kveðið á um hvaða greiðslur úr Tryggingastofnun eða lífeyrisjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum. Vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 5. tölul. 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að nýjum málslið verði bætt við greinina vegna starfsfólks í fiskvinnslu sem ekki á rétt til að gera kauptryggingarsamning skv. 16. kafla kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS.

Í 16.3 gr. kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS segir að eftir fjögurra mánaða starf í sama fyrirtæki fari um réttindi og skyldur starfsmanns samkvæmt kauptryggingarákvæðum samningsins, enda hafni hann ekki gerð kauptryggingarsamnings. Skv. 1. gr. laga nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, skal vinnuveitandi greiða starfsfólki, sem nýtur réttar til kauptryggingar samkvæmt almennum kjarasamningum, föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamnings um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu. Fyrirtækið á síðan rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum nr. 51/1995 og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Fiskvinnslufólk sem á ekki rétt til að gera kauptryggingarsamning skv. 16. kafla kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS, þar sem starfstími þess nær ekki fjórum mánuðum, verður að uppfylla það skilyrði 5. tölul. 2. gr. gildandi laga, að hafa verið atvinnulaust í þrjá daga samfellt í upphafi bótatímabils til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Ef hráefnisskortur í fiskiðjuveri leiðir ekki til vinnslustöðvunar og atvinnuleysis viðkomandi einstaklinga í þrjá daga samfellt ná þeir aldrei að uppfylla þetta lágmarksskilyrði. Með ákvæðinu er réttur þessara tveggja hópa samræmdur.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta felur í sér verulegar breytingar á ákvæðum gildandi laga að því er snertir reglur um geymdan bótarétt. Í fyrsta lagi felur ákvæðið í sér að maður getur geymt áunninn rétt sinn til atvinnuleysisbóta í allt að 24 mánuði. Gildandi lög kveða á um að maður geti aðeins geymt áunninn rétt sinn ef tilteknar lögbundnar ástæður valda því að hann getur ekki mætt til skráningar hjá svæðisvinnumiðlun. Ef ekki er um að ræða þessar ástæður skerðist áunninn bótaréttur þann tíma sem viðkomandi mætir ekki til skráningar hjá svæðisvinnumiðlun og staðfestir rétt sinn samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Ákvæði gildandi laga hefur ýtt undir að einstaklingar sem farið hafa úr fullu starfi í hlutastarf skrái sig vikulega hjá svæðisvinnumiðlun og sæki um atvinnuleysisbætur á móti hlutastarfinu til þess eins að viðhalda bótarétti sínum. Ákvæði þetta felur hins vegar í sér að áunninn bótaréttur geymist í allt að 24 mánuði sem þýðir að á þessu tímabili getur maður, uppfylli hann önnur skilyrði bótaréttar samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, sótt um atvinnuleysisbætur með því að leggja fram umsókn hjá svæðisvinnumiðlun. Réttur manna er því rýmkaður til muna með ákvæðinu. Þá felur ákvæðið í sér að menn munu hafa frjálsar hendur með að leita atvinnu án milligöngu svæðisvinnumiðlunar í allt að 24 mánuði án þess að áunninn réttur þeirra til bóta skerðist.

Í öðru lagi er kveðið á um að að liðnum 24 mánuðum falli þessi áunni réttur niður. Það þýðir að réttur þessi helst óbreyttur í 24 mánuði en fellur síðan alfarið niður.

Í þriðja lagi er kveðið á um að ákvæði þessu verði einnig beitt í þeim tilvikum þegar einstaklingur hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Gildandi lög kveða á um að áunninn réttur til atvinnuleysisbóta geymist meðan á töku fæðingarorlofs stendur. Skv. 2. gr. laga um fæðingarorlof, nr. 57/1987, eins og þeim var breytt með lögum nr. 51/1997, eiga foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, rétt á fæðingarorlofi í allt að sex mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. þó

ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Samkvæmt þessu geymist áunninn réttur meðan fæðingarorlof varir. Ákvæði þetta hefur leitt til þess að konur hafa mætt til skráningar hjá svæðisvinnumiðlun strax að loknu þessu tímabili þó að hugur þeirra hafi í mörgum tilvikum ekki staðið til þess að fara út á vinnumarkaðinn. Tilgangurinn með skráningu hjá svæðisvinnumiðlun hefur því fyrst og fremst verið sá að koma í veg fyrir skerðingu á rétti þeirra til atvinnuleysisbóta. Gildandi lög taka ekki nægilegt tillit til þessara atvika og er því mælt með að áunninn bótaréttur geymist í allt að 24 mánuði. Það þýðir að áunninn bótaréttur geymist meðan á töku fæðingarorlofs stendur og í allt að 18 mánuði því til viðbótar.

Í fjórða lagi er lagt til að sá sem tekur að stunda hlutastarf haldi áunnum rétti til atvinnuleysisbóta. Hafi maður verið í hlutastarfi á síðustu 12 mánuðum áður en hann varð atvinnulaus er réttur hans til atvinnuleysisbóta reiknaður út samkvæmt gildandi lögum miðað við starfshlutfall hans á því tímabili. Ákvæðið felur hins vegar í sér að umsækjandi um atvinnuleysisbætur getur byggt umsókn sína á rétti sem hann ávann sér fyrir allt að 24 mánuðum hafi hann á þeim tíma verið í hærra starfshlutfalli en hann var í áður en hann sótti um bætur. Nýmæli þetta felur því í sér ákveðna réttarbót fyrir þá sem gegna hlutastörfum þegar þeir verða atvinnulausir.

Í fimmta lagi er kveðið á um að réttur samkvæmt ákvæðinu eigi ekki við um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis og flytja með sér rétt til atvinnuleysisbóta á grundvelli reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkjanna. Skv. 69. gr. þessarar reglugerðar getur atvinnulaus maður sem nýtur atvinnuleysisbóta hér á landi flutt þann rétt með sér að uppfylltum ákveðnum skilyrðum til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæðið eigi við um þá einstaklinga sem nýta sér rétt samkvæmt framansögðu. Þeir geta því ekki dvalið erlendis í framhaldi af atvinnuleit sinni og viðhaldið óskertum bótarétti.

Um 3. gr.

Ákvæðið kveður á um geymslu áunnins bótaréttar og er hliðstætt 4. gr. gildandi laga. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar.

Lagt er til að í stað orðanna „vegna veikinda“ í 1. mgr. gildandi laga komi orðin „af völdum sjúkdóms eða slyss“ og verði þannig kveðið skýrt á um að ekki sé gerður greinarmunur eftir því hvort maður verður óvinnufær vegna vinnuslyss eða annarra atvika. Þá hefur ákvæðið að geyma það nýmæli að áunninn réttur til atvinnuleysisbóta geymist þann tíma sem viðkomandi einstaklingur sætir frelsissviptingu samkvæmt dómi en gildandi lög kveða á um að réttur þessi verði aðeins geymdur að hámarki í 24 mánuði. Felst í þessu ákvæði réttarbót fyrir fanga.

Um 4. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að lögfest verði heimild úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta til að ákvarða umsækjanda rétt til bóta þó að hann gegni á sama tíma hlutastarfi. Skal réttur hans til bóta nema mismun áunnins bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir. Ekki er kveðið á um hvert hlutfall bótaréttar geti lægst verið í slíkum tilfellum. Eina takmörkunin á rétti umsækjanda til hlutabóta felst því í 2. mgr. og tekjutengingarákvæði 4. mgr. 7. gr.

Í 2. mgr. felst að tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum geta að hámarki orðið samtala fullra atvinnuleysisbóta samkvæmt bótarétti viðkomandi að viðbættu frítekjumarki, 78.974 kr. Fari tekjur viðkomandi af hlutastarfi að viðbættum fullum og óskertum bótarétti hans fram úr þessum mörkum eru bætur hans skertar sem því nemur, sbr. 4. mgr. 7. gr. Er að öðru leyti

vísað til athugasemda með 5. gr. frumvarpsins og þeirra dæma sem sýnd eru í töflu. Á það er bent að leiði 2. mgr. til skerðingar eða niðurfellingar á rétti til greiðslu atvinnuleysisbóta geymir viðkomandi einstaklingur engu að síður áunninn rétt sinn, sbr. 3. gr. laganna.

Í 4. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að heimilt sé að greiða hlutabætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili sem er fimm ár, sbr. 9. gr. gildandi laga. Samkvæmt því ákvæði getur nýtt bótatímabil hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda eigi maður að baki samtals a.m.k. sex mánaða launaða vinnu eftir að því lauk. Ákvæði frumvarpsins um hlutabætur er í samræmi við ákvæði þetta en setur þann fyrirvara á áframhaldandi rétt til hlutabóta að viðkomandi hafi unnið í samtals 12 mánuði í vinnu sem gefur rétt til hærra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem hann átti áður.

Ákvæði 5. mgr. felur í sér að sá sem hefur þegið hlutabætur á móti hlutastarfi geti valið þann kost að segja upp hlutastarfi sínu og njóta atvinnuleysisbóta í samræmi við áunninn rétt sinn. Í því tilviki þarf hann ekki að sæta því að felldur sé niður bótaréttur í 40 bótadaga, sbr. 4. tölul. 5. gr. gildandi laga en því ákvæði er beitt þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna.

Um 5. gr.

Í a-lið greinarinnar er fjárhæð dagpeninga atvinnuleysistrygginga færð til samræmis við þá fjárhæð sem í gildi hefur verið frá 1. janúar 1998.

Ákvæði b-liðar greinarinnar er hliðstætt 4. mgr. 7. gr. gildandi laga. Þó felur það í sér það nýmæli að skerðing atvinnuleysisbóta vegna elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skuli því aðeins eiga sér stað að þessar tekjur séu umfram frítekjumark tekjutryggingar Tryggingastofnunar ríkisins vegna einstaklings með almennar tekjur. Tekjur umfram þessi mörk skerða því atvinnuleysisbætur bótaþega úr Atvinnuleysistryggingasjóði krónu á móti krónu á mánaðargrundvelli. Þá felur ákvæðið í sér að eins skuli fara með elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum. Ekki er gerður greinarmunur á séreignarsjóðum og sameignarsjóðum í þessu sambandi. Samkvæmt gildandi lögum skerðast atvinnuleysisbætur að fullu vegna þessara greiðslna, þó að teknu tilliti til bótahlutfalls bótaþega.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar er grunnlífeyrir núna 15.123 kr. sem þýðir að þær greiðslur munu ekki leiða til skerðingar á atvinnuleysisbótum. Ákvæði frumvarpsins gerir þannig ráð fyrir að bótaþegi þurfi aðeins að sæta skerðingu á atvinnuleysisbótum ef hann hefur aðrar tekjur til viðbótar þeim sem ákvæðið tilgreinir.

Þá er með því að tilgreina sérstaklega í ákvæðinu þær tegundir greiðslna sem koma til skerðingar atvinnuleysisbótum komið í veg fyrir að greiðsla makalífeyris eða aðrar greiðslur sem umsækjandi um atvinnuleysisbætur nýtur frá framangreindum aðilum geti komið til frádráttar.

Um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að kveða á um skerðingu vegna tekna bótaþega er vísað til 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, sbr. og reglugerð nr. 485/1995, um tekjutryggingu. Samkvæmt reglum þessum eru ólíkar reglur viðhafðar hjá Tryggingastofnun eftir því hvort um almennar tekjur er að ræða eða lífeyrissjóðstekjur. Enn fremur hefur það þýðingu hvort um einstakling er að ræða eða hjón. Til einföldunar er í ákvæðinu gert ráð fyrir að frádráttur vegna tekna sem bótaþegi nýtur verði byggður á reglum Tryggingastofnunar ríkisins um frádrátt vegna almennra tekna einstaklings. Frítekjumark tekjutengingar þessa hóps er nú 19.339 kr.

Frá 1. janúar 1998 eru hámarksbætur atvinnuleysistrygginga á dag 2.752 kr. Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga á mánuði eru því að meðaltali 59.635 kr. (21,67 x 2.752 = 59.635).

Í 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. laganna er kveðið á um skerðingu vegna tekna af hlutastarfi. Eins og fram kemur í 1. mgr. 6. gr. a samkvæmt frumvarpinu er heimilt að ákvarða manni sem gegnir hlutastarfi rétt til atvinnuleysisbóta. Er sá réttur reiknaður sem mismunur bótahlutfalls og þess starfshlutfalls sem hann er í. Hafi umsækjandi verið í 100% vinnu en starfshlutfall hans síðan lækkað í 50% á hann rétt á 50% atvinnuleysisbótum á móti hlutastarfinu. Þegar fyrir liggur hvert bótahlutfall umsækjanda er eftir að starfshlutfall hefur verið dregið frá er skoðað hvaða tekjur viðkomandi hefur í hlutastarfinu. Að fengnum upplýsingum um tekjur fæst niðurstaða skv. 2. mgr. 6. gr. a, sbr. 4. mgr. 7. gr., um það hvort hann skuli sæta skerðingu og þá hve mikil skerðingin skuli vera á mánaðargrundvelli.

Í eftirfarandi töflu er því lýst nánar hvernig tekjur í hlutastarfi geta leitt til skerðingar á atvinnuleysisbótum. Nánar tiltekið er útreikningur miðaður við að fullar atvinnuleysisbætur séu 59.635 kr. Við tekjutengingu dragast tekjur fyrir hlutastarfið frá samtölu fullra atvinnuleysisbóta að viðbættu frítekjumarki samkvæmt framansögðu. Mismunurinn er greiddur sem atvinnuleysisbætur, þó að hámarki 29.817 kr., ef miðað er við að viðkomandi sé með 50% bótarétt þegar starfshlutfall hans hefur verið dregið frá. Það þýðir að tekjur af hlutastarfi að viðbættum atvinnuleysisbótum geta að hámarki orðið samtala fullra atvinnuleysisbóta (59.635 kr.) að viðbættu frítekjumarki (19.339 kr.) = 78.974 kr.

	Dæmi A	Dæmi B	Dæmi C	Dæmi D
Atvinnuleysisbætur 100%	59.635	59.635	59.635	59.635
Frítekjumark	19.339	19.339	19.339	19.339
	78.974	78.974	78.974	78.974
Tekjur fyrir 50% starf	-35.000	- 50.000	- 60.000	- 70.000
Mismunur	43.974	28.974	18.974	8.974
Greiddar bætur 50%	29.817	28.974	18.974	8.974
Tekjur fyrir 50% starf	35.000	50.000	60.000	70.000
Atvinnuleysisbætur 50%	29.817	29.817	29.817	29.817
	64.817	79.817	89.817	99.817
100% bætur + frítekjumark	78.974	78.974	78.974	78.974
Skerðing bóta	-	843	10.843	20.843
Niðurstaða:	35.000	50.000	60.000	70.000
	29.817	28.974	18.974	8.974
	64.817	78.974	78.974	78.974

Um 6. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta starfi í umboði stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og undir eftirliti hennar.

Í gildandi lögum er ekki kveðið á um stöðu úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta gagnvart stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og er nauðsynlegt að bæta úr því. Samkvæmt ákvæðinu verður skýrt að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur vald til að samræma störf og vinnubrögð úthlutunarnefnda og til að hafa eftirlit með störfum þeirra.

Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta skuli hafa samráð við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að því er snertir fyrirkomulag á afgreiðslu bóta.

Er hér m.a. haft í huga að Atvinnuleysistryggingasjóður verður, vegna eftirlits og samprófunar á gögnum er varða ákvarðanir úthlutunarnefnda um útgreiðslu atvinnuleysisbóta, að geta skipulagt störf sín þannig að afgreiðsla þessara mála um land allt gangi fljótt og vel fyrir sig. Þá er einnig horft til þess að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af störfum úthlutunarnefnda og því eðlilegt að fullt samráð sé á milli þessara aðila.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar tillagna stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til félagsmálaráðherra. Breytingarnar eru umfangsmiklar og varða aukinn rétt einstaklinga til geymslu áunnins bótaréttar, rétt til hlutabóta ef menn stunda hlutastörf og breyttar reglur um hvernig elli- og örorkulífeyrir og aðrar sambærilegar greiðslur skerða rétt til atvinnuleysisbóta. Breytingarnar eru almennt til ívilnunar fyrir atvinnulausa.

Þau atriði sem hafa áhrif á kostnað við atvinnuleysistryggingar eru eftirfarandi:

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki á rétt til að gera kauptryggingarsamning skv. 16. kafla kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS eigi sama rétt og annað starfsfólk í fiskvinnslu til greiðslu atvinnuleysisbóta þegar stöðva verður vinnslu vegna hráefnisskorts. Talið er að allt að 15% starfsmanna í fiskvinnslu séu án kauptryggingarsamninga og má því ætla að árlegur kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þessa ákvæðis geti numið allt að 9 m.kr. miðað við 50% bótarétt, en áætlað er að kostnaður vegna kauptryggingarsamninga verði 120 m.kr. á árinu 1998.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að menn hafi rétt til geymslu áunnins bótaréttar í allt að 24 mánuði eftir að viðkomandi verður atvinnulaus. Í gildandi lögum byrjar bótaréttur að skerðast á fyrsta degi. Þessi breyting mun draga úr hvata til þess að skrá sig strax atvinnulausa. Sé tekið mið af því að 30 einstaklingar fresti því í eitt ár að skrá sig atvinnulausa mundi það spara um 22 m.kr. Í 2. gr. frumvarpsins er einnig lagt til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Meginreglan nú er sú að rétturinn geymist í sex mánuði, eða á meðan á töku fæðingarorlofs stendur. Sömu almenn rök eiga við um þetta atriði og hið fyrra. Sé tekið mið af því að 15 einstaklingar fresti því að skrá sig atvinnulausa mundi það spara um 11 m.kr. á ári. Samtals mundu þannig sparast 33 m.kr.

Í 3. gr. er lagt til að réttur fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu verði rýmkaður en í núgildandi lögum á fangi rétt á að geyma áunninn bótarétt í 24 mánuði að hámarki. Lagt er til að fangar geti geymt rétt sinn til atvinnuleysisbóta svo lengi sem afplánun varir. Sé gert ráð fyrir því að allt að 15 einstaklingar muni að jafnaði geta nýtt sér þessa breytingu mun það þýða 11 m.kr. aukinn kostnað fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð.

Í 4. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um rétt manna sem gegna hlutastarfi til að fá atvinnuleysisbætur sem nema mismun bótaréttar og þess starfshlutfalls sem viðkomandi gegnir.

Lagt er til að þessi réttur verði takmarkaður með tvennum hætti. Annars vegar þannig að hann geti verið til staðar í allt að 24 mánuði á bótatímabili. Hins vegar að réttur til hlutabóta skerðist fari tekjur af hlutastarfi yfir ákveðin viðmiðunarmörk. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun má gera ráð fyrir því að kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs við þessa breytingu muni dragast saman um allt að 32 m.kr. Er þar miðað við að skerðingin nemi um 3.000 kr. á mánuði hjá hverjum þeirra 900 einstaklinga sem nú njóta hlutabóta.

Loks er í 5. gr. frumvarpsins kveðið skýrar á um hvernig greiðslur frá Tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum og þannig dregið úr skerðingum. Á árinu 1997 námu skerðingar vegna þessara bóta um 34 m.kr. Viðmiðunin breytist þannig frá núgildandi lögum að sett er inn ákvæði um frítekjumark þannig að meginhluti þessa frádráttar mun falla niður eða um 29 m.kr. Eftir stendur þá um 5 m.kr. skerðing. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs munu þannig aukast um 29 m.kr.

Mat á heildaráhrifum frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs er ekki einhlítt og fer eftir því hversu margir nýta sér hin nýju ákvæði. Þó má ætla að kostnaður ríkissjóðs breytist óverulega, verði frumvarpið að lögum, jafnvel lækki lítils háttar.

1128. Frumvarp til laga [655. mál]

um breytingu á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttugu og fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnufær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans er út-

hlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 11. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

Leiði ákvæði 4. mgr. 11. gr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 6. gr.

Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili, en að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrr en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til hærra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 8. gr. laga þessara ekki við.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað „2.433 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.752 kr.
b. 4. mgr. orðast svo:

Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti hennar.

b. 6. mgr. orðast svo:

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta í samráði við sjóðstjórn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, tóku gildi 1. júlí 1997. Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á þeim lögum sem ætlað er að vera til ívilnunar fyrir atvinnulausa.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tillögum stjórnar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til félagsmálaráðherra.

Helstu breytingar á gildandi lögum sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Kveðið er á um rétt manna til geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Ákvæðið felur í sér umtalsvert svigrúm fyrir þá sem misst hafa vinnu sína til að leita að nýrri vinnu án milligöngu vinnumiðlunar og án þess að sjálfstæð leit þeirra leiði til skerðingar bótaréttar. Samkvæmt gildandi lögum leiðir það til skerðingar bótaréttar skrái hinn atvinnulausi sig ekki strax hjá vinnumiðlun þegar starfslok verða. Þetta fyrirkomulag hefur sætt mikilli gagnrýni bæði af hálfu þeirra sem atvinnulausir eru og þeirra sem starfa við atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun.

2. Lagt er til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Gildandi lög kveða á um að réttur til atvinnuleysisbóta geymist aðeins á meðan á töku fæðingarorlofs stendur eða í sex mánuði að meginreglu.
3. Mælt er fyrir um rýmkun á rétti fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Samkvæmt gildandi lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga geymir fangi áunninn rétt meðan hann er í afplánun en þó að hámarki í 24 mánuði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að fangar geymi áunninn rétt sinn til atvinnuleysisbóta svo lengi sem afplánun varir.
4. Einnig er í frumvarpinu að finna ákvæði um rétt manna sem gegna hlutastarfi sem launamaður til hlutabóta. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um tilvist þessa réttar og hefur það leitt af sér réttaróvissu. Er lagt til að réttur þessi verði takmarkaður með tvennum hætti; annars vegar að réttur þessi geti verið til staðar í allt að tvö ár á bótatímabili og hins vegar að réttur til hlutabóta falli niður fari tekjur af hlutastarfi yfir ákveðin viðmiðunarmörk. Þá er einnig gert ráð fyrir í frumvarpinu að þeir sem stunda hlutastörf geti geymt áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði hafi starfshlutfall þeirra verið hærra áður en þeir réðu sig í viðkomandi starf. Er þetta ákvæði til rýmkunar á réttarstöðu fólks sem gegnir hlutastörfum þar sem gildandi lög hafa verið túlkuð á þann veg að þessir einstaklingar verði að skrá sig sem umsækjendur um atvinnuleysisbætur á móti hlutastarfinu en sæta skerðingu áunnins bótaréttar ella.
5. Að lokum er skýrt kveðið á um hvaða greiðslur úr Tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum. Vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta felur í sér verulegar breytingar á ákvæðum gildandi laga að því er snertir reglur um geymdan bótarétt. Í fyrsta lagi felur ákvæðið í sér að maður getur geymt áunninn rétt sinn til atvinnuleysisbóta í allt að 24 mánuði. Gildandi lög kveða á um að maður geti aðeins geymt áunninn rétt sinn ef tilteknar lögbundnar ástæður valda því að hann getur ekki mætt til skráningar hjá svæðisvinnumiðlun. Ef ekki er um að ræða þessar ástæður skerðist áunninn bótaréttur þann tíma sem viðkomandi mætir ekki til skráningar hjá svæðisvinnumiðlun og staðfestir rétt sinn samkvæmt lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Ákvæði gildandi laga hefur ýtt undir að einstaklingar sem farið hafa úr fullu starfi í hlutastarf skrái sig vikulega hjá svæðisvinnumiðlun og sæki um atvinnuleysisbætur á móti hlutastarfinu til þess eins að viðhalda bótarétti sínum. Ákvæði þetta felur hins vegar í sér að áunninn bótaréttur geymist í allt að 24 mánuði sem þýðir að á þessu tímabili getur maður, uppfylli hann önnur skilyrði bótaréttar samkvæmt lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, sótt um atvinnuleysisbætur með því að leggja fram umsókn hjá svæðisvinnumiðlun. Réttur manna er því rýmkaður til muna með ákvæðinu. Þá felur ákvæðið í sér að menn munu hafa frjálsar hendur með að leita atvinnu án milligöngu svæðisvinnumiðlunar í allt að 24 mánuði án þess að áunninn réttur þeirra til bóta skerðist.

Í öðru lagi er kveðið á um að að liðnum 24 mánuðum falli þessi áunni réttur niður. Það þýðir að réttur þessi helst óbreyttur í 24 mánuði en fellur síðan alfarið niður.

Í þriðja lagi er kveðið á um að ákvæði þessu verði einnig beitt í þeim tilvikum þegar einstaklingur hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Gildandi lög kveða á um að áunninn réttur til atvinnuleysisbóta geymist meðan á töku fæðingarorlofs stendur. Skv. 2. gr. laga um fæðingarorlof, nr. 57/1987, eins og þeim var breytt með lögum nr. 51/1997, eiga

foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, rétt á fæðingarorlofi í allt að sex mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. þó ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Samkvæmt þessu geymist áunninn réttur meðan fæðingarorlof varir. Ákvæði þetta hefur leitt til þess að konur hafa mætt til skráningar hjá svæðisvinnumiðlun strax að loknu þessu tímabili þó að hugur þeirra hafi í mörgum tilvikum ekki staðið til þess að fara út á vinnumarkaðinn. Tilgangurinn með skráningu hjá svæðisvinnumiðlun hefur því fyrst og fremst verið sá að koma í veg fyrir skerðingu á rétti þeirra til atvinnuleysisbóta. Gildandi lög taka ekki nægilegt tillit til þessara atvika og er því mælt með að áunninn bótaréttur geymist í allt að 24 mánuði. Það þýðir að áunninn bótaréttur geymist meðan á töku fæðingarorlofs stendur og í allt að 18 mánuði því til viðbótar.

Í fjórða lagi er lagt til að sá sem tekur að stunda hlutastarf sem launþegi haldi áunnum rétti til atvinnuleysisbóta. Hafi maður verið í hlutastarfi á síðustu 12 mánuðum áður en hann varð atvinnulaus er réttur hans til atvinnuleysisbóta reiknaður út samkvæmt gildandi lögum miðað við starfshlutfall hans á því tímabili. Ákvæðið felur hins vegar í sér að umsækjandi um atvinnuleysisbætur getur byggt umsókn sína á rétti sem hann á vann sér fyrir allt að 24 mánuðum hafi hann á þeim tíma verið í hærra starfshlutfalli en hann var í áður en hann sótti um bætur.

Í fimmta lagi er kveðið á um að réttur samkvæmt ákvæðinu eigi ekki við um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis og flytja með sér rétt til atvinnuleysisbóta á grundvelli reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkjanna. Skv. 69. gr. þessarar reglugerðar getur atvinnulaus maður sem nýtur atvinnuleysisbóta hér á landi flutt þann rétt með sér að uppfylltum ákveðnum skilyrðum til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæðið eigi við um þá einstaklinga sem nýta sér rétt samkvæmt framansögðu. Þeir geta því ekki dvalið erlendis í framhaldi af atvinnuleit sinni og viðhaldið óskertum bótarétti.

Um 2. gr.

Ákvæðið kveður á um geymslu áunnins bótaréttar og er hliðstætt 7. gr. gildandi laga. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar.

Lagt er til að í stað orðanna „vegna veikinda“ í 1. mgr. gildandi laga komi orðin „af völdum sjúkdóms eða slyss“ og verði þannig kveðið skýrt á um að ekki sé gerður greinarmunur eftir því hvort maður verður óvinnufær vegna vinnuslyss eða annarra atvika. Þá hefur ákvæðið að geyma það nýmæli að áunninn réttur til atvinnuleysisbóta geymist þann tíma sem viðkomandi einstaklingur sætir frelsissviptingu samkvæmt dómi en gildandi lög kveða á um að réttur þessi verði aðeins geymdur að hámarki í 24 mánuði. Fellst í þessu ákvæði réttarbót fyrir fanga.

Um 3. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að lögfest verði heimild úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta til að ákvarða umsækjanda rétt til bóta þó að hann gegni á sama tíma hlutastarfi. Skal réttur hans til bóta nema mismun áunnins bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir. Ekki er kveðið á um hvert hlutfall bótaréttar geti lægst verið í slíkum tilfellum. Eina takmörkunin á rétti umsækjanda til hlutabóta felst því í 2. mgr. og tekjutengingarákvæði 4. mgr. 11. gr.

Í 2. mgr. felst að tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum geta að hámarki orðið samtala fullra atvinnuleysisbóta samkvæmt bótarétti viðkomandi að viðbættu frítekjumarki, 78.974 kr. Fari tekjur viðkomandi af hlutastarfi að viðbættum fullum og óskertum bótarétti hans fram úr þessum mörkum eru bætur hans skertar sem því nemur, sbr. 4. mgr. 11. gr. Er að öðru leyti vísað til athugasemda með 4. gr. frumvarpsins og þeirra dæma sem sýnd eru í töflu. Á það er bent að leiði 2. mgr. til skerðingar eða niðurfellingar á rétti til greiðslu atvinnuleysisbóta geymir viðkomandi einstaklingur engu að síður áunninn rétt sinn, sbr. 6. gr. laganna.

Í 4. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að heimilt sé að greiða hlutabætur á móti hlutastarfi í allt að 24 mánuði á hverju bótatímabili sem er fimm ár, sbr. 10. gr. gildandi laga. Samkvæmt því ákvæði getur nýtt bótatímabil hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda eigi maður að baki samtals a.m.k. sex mánaða launaða vinnu eftir að því lauk. Ákvæði frumvarpsins um hlutabætur er í samræmi við ákvæði þetta en setur þann fyrirvara á áframhaldandi rétt til hlutabóta að viðkomandi hafi unnið í samtals tólf mánuði í vinnu sem gefur rétt til hærra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem hann átti áður.

Ákvæði 5. mgr. felur í sér að sá sem hefur þegið hlutabætur á móti hlutastarfi geti valið þann kost að segja upp hlutastarfi sínu og njóta atvinnuleysisbóta í samræmi við áunninn rétt sinn. Í því tilviki þarf hann ekki að sæta því að feldur sé niður bótaréttur í 40 bótadaga, sbr. 4. tölul. 8. gr. gildandi laga en því ákvæði er beitt þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna.

Tekið er fram að ákvæði þessarar greinar eiga aðeins við þegar bótaþegi samkvæmt lögunum fær hlutastarf sem launamaður og fer fram á greiðslu hlutabóta á móti því starfi. Sjóðfélagi á því ekki rétt á greiðslu hlutabóta af þeirri ástæðu einni að tekjur af sjálfstæðri starfsemi hans hafa dregist saman.

Um 4. gr.

Í a-lið greinarinnar er fjárhæð dagpeninga atvinnuleysistrygginga færð til samræmis við þá fjárhæð sem í gildi hefur verið frá 1. janúar 1998.

Ákvæði b-liðar greinarinnar er hliðstætt 4. mgr. 11. gr. gildandi laga. Þó felur það í sér það nýmæli að skerðing atvinnuleysisbóta vegna elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skuli því aðeins eiga sér stað að þessar tekjur séu umfram frítekjumark tekjutryggingar Tryggingastofnunar ríkisins vegna einstaklings með almennar tekjur. Tekjur umfram þessi mörk skerða því atvinnuleysisbætur bótaþega úr Tryggingasjóði krónu á móti krónu á mánaðargrundvelli. Þá felur ákvæðið í sér að eins skuli fara með elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum. Ekki er gerður greinarmunur á séreignarsjóðum og sameignarsjóðum í þessu sambandi. Samkvæmt gildandi lögum skerðast atvinnuleysisbætur að fullu vegna þessara greiðslna, þó að teknu tilliti til bótahlutfalls bótaþega.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar er grunnlífeyrir núna 15.123 kr. sem þýðir að þær greiðslur munu ekki leiða til skerðingar á atvinnuleysisbótum. Ákvæði frumvarpsins gerir þannig ráð fyrir að bótaþegi þurfi aðeins að sæta skerðingu á atvinnuleysisbótum ef hann hefur aðrar tekjur til viðbótar þeim sem ákvæðið tilgreinir.

Þá er með því að tilgreina sérstaklega í ákvæðinu þær tegundir greiðslna sem koma til skerðingar atvinnuleysisbótum komið í veg fyrir að greiðsla makalífeyris eða aðrar greiðslur sem umsækjandi um atvinnuleysisbætur nýtur frá framangreindum aðilum geti komið til frádráttar.

Um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að kveða á um skerðingu vegna tekna bótaþega er vísað til 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, sbr. og reglugerð nr. 485/1995, um tekjutryggingu. Samkvæmt reglum þessum eru ólíkar reglur viðhafðar

hjá Tryggingastofnun eftir því hvort um almennar tekjur er að ræða eða lífeyrissjóðstekjur. Enn fremur hefur það þýðingu hvort um einstakling er að ræða eða hjón. Til einföldunar er í ákvæðinu gert ráð fyrir að frádráttur vegna tekna sem bótaþegi nýtur verði byggður á reglum Tryggingastofnunar ríkisins um frádrátt vegna almennra tekna einstaklings. Frítekjumark tekjutengingar þessa hóps er nú 19.339 kr.

Frá 1. janúar 1998 eru hámarksbætur atvinnuleysistrygginga á dag 2.752 kr. Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga á mánuði eru því að meðaltali 59.635 kr. (21,67 x 2.752 = 59.635).

Í 2. málsl. 4. mgr. 7. gr. laganna er kveðið á um skerðingu vegna tekna af hlutastarfi. Eins og fram kemur í 1. mgr. 6. gr. a samkvæmt frumvarpinu er heimilt að ákvarða manni sem gegnir hlutastarfi rétt til atvinnuleysisbóta. Er sá réttur reiknaður sem mismunur bótahlutfalls og þess starfshlutfalls sem hann er í. Hafi umsækjandi verið í 100% vinnu en starfshlutfall hans síðan lækkað í 50% á hann rétt á 50% atvinnuleysisbótum á móti hlutastarfinu. Þegar fyrir liggur hvert bótahlutfall umsækjanda er eftir að starfshlutfall hefur verið dregið frá er skoðað hvaða tekjur viðkomandi hefur í hlutastarfinu. Að fengnum upplýsingum um tekjur fæst niðurstaða skv. 2. mgr. 6. gr. a, sbr. 4. mgr. 7. gr., um það hvort hann skuli sæta skerðingu og þá hve mikil skerðingin skuli vera á mánaðargrundvelli.

Í eftirfarandi töflu er því lýst nánar hvernig tekjur í hlutastarfi geta leitt til skerðingar á atvinnuleysisbótum. Nánar tiltekið er útreikningur miðaður við að fullar atvinnuleysisbætur séu 59.635 kr. Við tekjutengingu dragast tekjur fyrir hlutastarfið frá samtölu fullra atvinnuleysisbóta að viðbættu frítekjumarki samkvæmt framansögðu. Mismunurinn er greiddur sem atvinnuleysisbætur, þó að hámarki 29.817 kr., ef miðað er við að viðkomandi sé með 50% bótarétt þegar starfshlutfall hans hefur verið dregið frá. Það þýðir að tekjur af hlutastarfi að viðbættum atvinnuleysisbótum geta að hámarki orðið samtala fullra atvinnuleysisbóta (59.635 kr.) að viðbættu frítekjumarki (19.339 kr.) = 78.974 kr.

	Dæmi A	Dæmi B	Dæmi C	Dæmi D
Atvinnuleysisbætur 100%	59.635	59.635	59.635	59.635
Frítekjumark	19.339	19.339	19.339	19.339
	78.974	78.974	78.974	78.974
Tekjur fyrir 50% starf	-35.000	- 50.000	- 60.000	- 70.000
Mismunur	43.974	28.974	18.974	8.974
Greiddar bætur 50%	29.817	28.974	18.974	8.974
Tekjur fyrir 50% starf	35.000	50.000	60.000	70.000
Atvinnuleysisbætur 50%	29.817	29.817	29.817	29.817
	64.817	79.817	89.817	99.817
100% bætur + frítekjumark	78.974	78.974	78.974	78.974
Skerðing bóta	-	843	10.843	20.843
Niðurstaða:	35.000	50.000	60.000	70.000
	29.817	28.974	18.974	8.974
	64.817	78.974	78.974	78.974

Um 5. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta starfi í umboði stjórnar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og undir eftirliti hennar.

Í gildandi lögum er ekki kveðið á um stöðu úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta gagnvart stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og er nauðsynlegt að bæta úr því. Samkvæmt ákvæðinu verður skýrt að stjórn Tryggingasjóðs hefur vald til að hafa eftirlit með störfum hennar.

Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta skuli hafa samráð við stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga að því er snertir fyrirkomulag á afgreiðslu bóta. Er hér m.a. haft í huga að Tryggingasjóður verður, vegna eftirlits og samprófunar á gögnum er varða ákvarðanir úthlutunarnefndar um útgreiðslu atvinnuleysisbóta, að geta skipulagt störf sín þannig að afgreiðsla þessara mála um land allt gangi fljótt og vel fyrir sig. Þá er einnig horft til þess að stjórn Tryggingasjóðs ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af störfum úthlutunarnefndar og því eðlilegt að fullt samráð sé á milli þessara aðila.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar tillagna stjórnar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til félagsmálaráðherra. Breytingarnar eru umfangsmiklar og varða aukinn rétt einstaklinga til geymslu áunnins bótaréttar, rétt til hlutabóta ef menn stunda hlutastörf og breyttar reglur um hvernig elli- og örorkulífeyrir og aðrar sambærilegar greiðslur skerða rétt til atvinnuleysisbóta. Breytingarnar eru almennt til ívilnunar fyrir atvinnulausa. Kostnaðarmat þetta er að breyttu breytanda af sama stofni og kostnaðarmat um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar. Umfang Tryggingasjóðs einyrkja er um 1% af umfangi Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Þau atriði sem hafa áhrif á kostnað Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga eru eftirfarandi:

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að menn hafi rétt til geymslu áunnins bótaréttar í allt að 24 mánuði eftir að viðkomandi verður atvinnulaus. Í gildandi lögum byrjar bótaréttur að skerðast á fyrsta degi. Í 2. gr. frumvarpsins er einnig lagt til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Meginreglan nú er sú að rétturinn geymist í sex mánuði eða á meðan á töku fæðingarorlofs stendur. Báðar þessar breytingar munu draga úr hvata til þess að skrá sig strax atvinnulausan og þar með draga úr kostnaði Tryggingasjóðs.

Í 2. gr. er lagt til að réttur fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu verði rýmkaður en í núgildandi lögum á fangi rétt á að geyma áunninn bótarétt í 24 mánuði að hámarki. Lagt er til að

fangar geti geymt rétt sinn til atvinnuleysisbóta svo lengi sem afplánun varir. Ekki verður séð að þetta atriði hafi áhrif á útgjöld Tryggingasjóðs.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um rétt manna sem gegna hlutastarfi til að fá atvinnuleysisbætur sem nema mismun bótaréttar og þess starfshlutfalls sem viðkomandi gegnir. Lagt er til að þessi réttur verði takmarkaður með tvennum hætti. Annars vegar þannig að hann geti verið til staðar í allt að 24 mánuði á bótatímabili. Hins vegar að réttur til hlutabóta skerðist fari tekjur af hlutastarfi yfir ákveðin viðmiðunarmörk. Þetta atriði mun draga úr kostnaði Tryggingasjóðs.

Loks er í 4. gr. frumvarpsins kveðið skýrar á um hvernig greiðslur frá Tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum og þannig sé dregið úr skerðingum. Minni skerðingar munu auka kostnað.

Það er mat fjármálaráðuneytis að kostnaður ríkissjóðs breytist óverulega, verði frumvarpið að lögum, jafnvel lækki lítils háttar.

1129. Frumvarp til laga [656. mál]

um réttarfarsdómstól.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Setja skal á stofn dómstól er nefnist réttarfarsdómstóll. Hann fjallar um kröfur um endurupptöku opinberra mála.

2. gr.

Skipan dómstólsins.

Í dómnum eiga sæti þrír menn. Ráðherra skipar dómara við dómstólinn til fimm ára í senn. Einn þeirra skal vera hæstaréttardómari, og er hann jafnframt forseti dómsins, en hinir tveir héraðsdómarar. Aðeins má skipa sama dómara til setu í dómnum tvisvar í röð.

Útnefna skal varamenn fyrir dómarana með sama hætti og skal hver dómari hafa varamann sem tekur sæti hans í forföllum.

3. gr.

Endurupptaka dæmdra mála.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli og verður málið þá ekki tekið upp á ný nema til þess séu þau skilyrði sem hér segir:

1. Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, skal taka mál upp á ný:
   a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk,
   b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hefur verið aflað, fölsuð skjöl látin koma fram, vitni eða aðrir hafi gefið vísvitandi rangar skýrslur og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.
2. Ef einhver sá sem að lögum á að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. tölul. segir ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

3. Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir mun minna brot en hann var borinn, upp á ný:
   a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var borinn eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans,
   b. ef ætla má að falsgögn eða refsiverð hegðun dómara, ákæranda, rannsóknara eða annarra í því skyni að fá fram ákveðin málalok hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.
4. Ríkissaksóknara er rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. tölul. segir.

4. gr.

Dómstóllinn tekur ákvörðun um endurupptöku máls og skal beiðni um hana send réttinum. Dómfelldur maður, sem vill beiðast endurupptöku, stílar beiðnina til dómstólsins, en sendir hana ríkissaksóknara.

Nú er beiðandi sviptur frelsi og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni eftir ósk hans og koma henni á framfæri. Skylt er þá eftir ósk beiðanda að fá honum skipaðan réttargæslumann.

Greina skal í beiðni þau atriði sem vefengd eru í dómi og þær ástæður sem til vefengingar eru taldar liggja. Skjöl, sem kunna að vera til styrktar beiðni, skulu fylgja henni eftir því sem unnt er.

Ríkissaksóknari sendir beiðnina til dómstólsins ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn dómara ef um héraðsdóm er að tefla.

Dómstóllinn getur mælt fyrir um öflun nauðsynlegra gagna varðandi endurupptökubeiðni samkvæmt reglum 2. mgr. 156. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Nú leiðir rannsókn í ljós að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra hana í samræmi við það.

5. gr.

Réttarfarsdómstóllinn tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku eða ekki. Um meðferð máls og flutning fyrir dómstólnum fer eftir ákvæðum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála.

Ef orðið er við beiðni um endurupptöku máls sem dæmt var lokadómi í héraði gerir ríkissaksóknari ráðstafanir til áfrýjunar málsins.

Nú telur dómstóllinn rök ekki hníga til breytingar á dómi og vísar hann þá endurupptökubeiðni frá sér, en að öðrum kosti er málinu vísað til Hæstaréttar sem kveður upp efnisdóm í málinu.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu ríkissaksóknara og fer þá um málskostnað eftir 165. og 166. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema dómfelldi hafi komið endurupptöku til leiðar með gögnum sem hann vissi vera ósönn. Skal hann þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Beiðni eða ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms nema réttarfarsdómstóllinn mæli svo fyrir um.

Heimilt er að taka mál upp aftur mál þótt dómfelldi hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

6. gr.

Dómar réttarfarsdómstólsins eru endanlegir og verður ekki áfrýjað.

7. gr.

Um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála, sem ekki er kveðið á um í lögum þessum, skal hafa hliðsjón af lögum um meðferð opinberra mála svo sem við getur átt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi XXII. kafli laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Við gildistöku laganna verður eftirfarandi breyting á lögum um dómstóla:

Á eftir orðinu „Félagsdómur" í 3. gr. laganna kemur: Réttarfarsdómstóll.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að settur verði á stofn sérstakur dómstóll, réttarfarsdómstóll, sem hefur það hlutverk að fjalla um kröfur um endurupptöku opinberra mála. Þar með yrði Hæstiréttur losaður við þetta verkefni sem er í rauninni stjórnsýsluverkefni. Frumvarpið er lagt fram til kynningar með von um að nefnd afli umsagna um málið svo unnt verði að flytja það að teknu tilliti til athugasemda í haust. Málið er flutt að gefnu tilefni frá í fyrrasumar er Hæstiréttur hafnaði beiðni Sævars Ciesielskis um endurupptöku máls hans. Með þessu frumvarpi er ekki verið að gagnrýna niðurstöðu Hæstaréttar; tilgangur þessa frumvarps er að hreyfa nauðsyn þess að Hæstiréttur þurfi ekki að fella úrskurði í eigin málum eins og nú háttar til. Fyrirmynd að slíkum dómstól er fengin úr dönsku réttarfarslögunum, en samkvæmt þeim starfar sérstakur kvörtunardómstóll (d. Den Særlige Klageret).

Fram að þessu hafa ekki verið ákvæði í íslenskum lögum um slíkan dómstól, en í lögum um meðferð opinberra mála er að finna reglur um endurupptöku dæmdra mála, nánar tiltekið í XXII. kafla laganna. Þar kemur fram meginreglan um að opinbert mál verður almennt ekki endurupptekið eftir að óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur í því hefur gengið. Þó er slík endurupptaka möguleg í undantekningartilvikum og þá er það Hæstiréttur sem tekur ákvörðun un endurupptöku máls, kveður upp efnisdóm í málinu eða vísar því frá.

Fyrirmynd að ákvæðum þessa frumvarps eru að mestu sótt til danskra laga, en einnig er stuðst mjög við núgildandi ákvæði laga um meðferð opinberra mála um endurupptöku mála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að settur verði á stofn sérstakur réttarfarsdómstóll. Gert er ráð fyrir að dómstóllinn hafi lögsögu um allt land.

Hlutverk dómstólsins er tíundað í ákvæðinu og er um að ræða dómstól sem fjallar um kröfur vegna endurupptöku sakamála.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipun dómstólsins. Gert er ráð fyrir að í honum eigi sæti þrír menn sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Einn þeirra skal koma úr röðum hæstaréttardómara og vera forseti dómsins, en hinir tveir skulu vera starfandi héraðsdómarar. Þá er sett fram sú regla að aðeins megi skipa sama manninn til setu í dómnum tvisvar í röð þannig að hver dómari getur í mesta lagi átt sæti þar í tíu ár. Gert er ráð fyrir að varamaður sé útnefndur fyrir hvern dómara og taki sæti í forföllum hans.

Um 3. gr.

Í 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins er fjallað um endurupptöku dæmdra mála. Eru ákvæðin tekin nær óbreytt úr XXII. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og vísast að mestu til skýringa við þau lög. Þannig er fjallað um skilyrði fyrir endurupptöku mála í þessu ákvæði, en samsvarandi reglur eru nú í 183., 184. og 185. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna reglur um hvernig skal farið með beiðni um endurupptöku. Sambærilegar reglur er nú að finna í 186. og 187. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hér er ein grundvallarbreyting þó lögð til, hún er sú að sérstakur réttarfarsdómstóll fjalli um og taki ákvörðun um endurupptöku máls í stað Hæstaréttar áður.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um meðferð máls fyrir dómstól vegna kröfu um endurupptöku dæmds máls. Sambærileg ákvæði er nú að finna í 188.–192. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að dómstóllinn taki ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku máls eða ekki. Ef orðið er við beiðni um endurupptöku, og um er að ræða héraðsdóm sem ekki var áfrýjað, ber ríkissaksóknara að gera viðeigandi ráðstafanir til áfrýjunar málsins. Ef hins vegar er um hæstaréttardóm að ræða vísar réttarfarsdómstóll málinu til Hæstaréttar sem ber að kveða upp efnisdóm í málinu.

Önnur ákvæði eru óbreytt frá því sem nú segir í lögum um meðferð opinberra mála.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er sett fram sú grundvallarregla að dómar réttarfarsdómstólsins eru endanlegir og verður ekki áfrýjað.

Um 7. gr.

Þar sem frumvarp þetta inniheldur ekki tæmandi reglur um málsmeðferð er í ákvæðinu vísað til málsmeðferðarreglna í lögum um meðferð opinberra mála þar sem þær eiga við.

Um 8. gr.

Um leið og frumvarp þetta verður að lögum er lagt til að XXII. kafli laga um meðferð opinberra mála falli úr gildi, en sambærileg ákvæði er að finna í frumvarpi þessu. Þá er lagt til að réttarfarsdómstólnum verði bætt inn í upptalningu sérdómstóla í 3. gr. nýsamþykktra laga um dómstóla.

1130. Frumvarp til laga [657. mál]

um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Við 5. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er tryggingaráði heimilt við sérstakar aðstæður að greiða því foreldri sem forræði hefur þótt viðvarandi framfærslu verði ekki við komið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en unnt að beita heimild skv. 1. gr. frá 1. janúar 1997.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tryggingaráði verði veitt heimild til greiðslu barnalífeyris við sérstakar aðstæður. Mál Sophiu Hansen og dætra hennar skýrir hér málsaðstæður að fullu þar sem dætrum hennar var rænt en hún er með fullt forræði samkvæmt íslenskum úrskurði. Sophia hefur þannig ekki haft tök á að koma við beinni framfærslu þeim til handa þótt einlægur vilji hennar standi til þess. Allur hennar tími og fjármunir hafa farið í það að fá börnin aftur og eiga þess þannig kost að ala önn fyrir þeim.

Tryggingastofnun hefur hins vegar úrskurðað að ekki sé heimilt að greiða bæturnar. Má ætla að vísað sé í því sambandi til ákvæðis 5. mgr. 14. gr. laga um almannatryggingar. Með frumvarpi þessu er lagt til að framangreind heimild verði veitt þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 14. gr. laganna og jafnframt gert ráð fyrir að gildistími ákvæðisins miðist við ársbyrjun 1997.

Þó að hér sé vísað til máls Sophiu Hansen og dætra hennar er því miður ekki loku fyrir það skotið að fleiri sambærileg mál fyrirfinnist í fortíð, nútíð og framtíð. Með frumvarpi þessu er því gert mögulegt að gæta fyllsta réttlætis við slíkar aðstæður, a.m.k. hvað barnalífeyri varðar.

1131. Frumvarp til laga [658. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri er vísindaleg mennta- og rannsóknastofnun. Hann veitir nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu, sem einkum tengjast sjávarútvegi, rekstri, menntun og heilbrigði. Háskólanum er heimilt að veita framhaldsmenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI

Kennarar og nemendur.

2. gr.

Kennarar við Háskólann á Akureyri eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa einir kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfskyldur kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Umsóknum um prófessorsstarf, dósents- og lektorsstörf skulu fylgja upplýsingar um háskólamenntun, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir umsækjenda.

Rektor skal skipa þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina og er annar þeirra formaður. Annar fulltrúa háskólaráðs skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Að ábendingu viðkomandi deildar skal rektor hverju sinni tilnefna sérfræðing til ráðgjafar fyrir dómnefnd um mat á fræðistörfum umsækjenda.

Dómnefnd skal gefa rökstutt álit um hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjenda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita starf prófessors, dósents eða lektors nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að ákvæði 3. mgr. gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við háskólann.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstarfi í dósentsstarf og dósent úr dósentsstarfi í prófessorsstarf, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig verði kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar deildir þar sem kveðið er á nánar um inntökuskilyrði í viðkomandi deild. Þeir einir teljast nemendur við Háskólann á Akureyri sem skrásettir hafa verið til náms samkvæmt reglum þessum.

Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds, sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningargjald skal taka mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem háskólinn lætur nemendum í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi háskólans. Skrásetningargjald skal ekki vera hærra en sem nemur 25 þús. kr.

Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem skrá sig til náms eftir að auglýstu skrásetningartímabili lýkur.

III. KAFLI

Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor, sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við skólann og tveir til vara, kosnir á almennum fundi þeirra til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara, kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags háskólans.
4. Einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra og einn til vara til tveggja ára í senn.

Varaforseta kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa kennara.

6. gr.

Rektor boðar til fundar í háskólaráði eftir þörfum. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarhæfur, ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa sækja fundhið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr. Varafulltrúar skulu sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalfulltrúa.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildarskipan háskólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar innan skólans. Háskólaráð setur reglur um yfirstjórn deilda og um val á deildarforsetum. Störf deildarforseta skulu auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur deildum starfsreglur og reglur um hvert skuli vera verksvið, vald og ábyrgð hverrar stjórnunareiningar innan hverrar deildar.

Stofnanir og einstakir starfsmenn háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

9. gr.

Fyrir hverja deild háskólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá, sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrár, en deildarráð ber ábyrgð á gerð þeirra.

IV. KAFLI
Rannsóknir, bókasafn o.fl.

10. gr.

Háskólanum er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra. Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu rannsóknastofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita nemendum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar, um skipan stjórnar og gjaldtöku fyrir þjónustu sem rannsóknastofnunin veitir.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknasjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá.

11. gr.

Við háskólann er rannsókna- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita nemendum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna. Háskólaráð skal setja nánari reglur um starfsemi bókasafnsins.

12. gr.

Háskólanum er heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki, sem tengjast starfsviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annara

starfsmanna. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa við skólann.

V. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

15. gr.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, nr. 136/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi forstöðumenn deilda skulu gegna starfi deildarforseta þar til gildandi ráðningarsamningar þeirra renna út.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með frumvarpi þessu er verið að samræma lög um Háskólann á Akureyri lögum um háskóla, nr. 136/1997, en þau lög kveða á um að sérlög, sem nú eru í gildi um einstakar háskólastofnanir, verði endurskoðuð og efni þeirra aðlagað nýju lögunum. Háskólinn á Akureyri var formlega stofnaður með lögum nr. 18/1988 og hafa þau lög verið endurskoðuð, sbr. núgildandi lög nr. 51/1992. Frumvarp þetta hefur verið unnið í náinni samvinnu við yfirstjórn háskólans, bæði rektor og háskólanefnd. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af nýsettum lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

Lög nr. 136/1997, um háskóla, setja háskólastofnunum almennan ramma varðandi stjórnsýslu stofnunarinnar og fjárveitingar af hálfu ríkisins auk þess sem sett eru meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til þess að geta talist háskóli.

Ákvæði frumvarpsins um stjórnsýslu Háskólans á Akureyri eru í samræmi við lög um háskóla og hafa verið aðlöguð þeim auknu völdum og ábyrgð sem fylgir í kjölfar aukins sjálfstæðis stofnunarinnar. Lagt er til að háskólaráð komi í stað háskólanefndar samkvæmt gildandi lögum og að um skipun þess fari samkvæmt lögum um háskóla. Tillögur frumvarpsins fela það í sér að fulltrúar í ráðinu verða fimm í stað níu áður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sú tilhögun verði óbreytt að störf deildarforseta séu auglýst laus til umsóknar í samræmi við þá skipan sem verið hefur hjá Háskólanum á Akureyri.

Lög nr. 136/1997, um háskóla, kveða m.a. á um fjárveitingar af hálfu ríkisins til háskólastofnana. Skulu þær ákveðnar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla. Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við viðkomandi háskólastofnun um þjónustu og verkefni og greiðslur ríkisins fyrir þau í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Slíkur samningur tryggir að námsframboð viðkomandi stofnunar sé í samræmi við vilja stjórnvalda og ákvarðanir þar að lútandi séu teknar á grundvelli heildaryfirlits um þörf fyrir háskólamenntun í landinu. Gera lög um háskóla ráð fyrir að skilgreindar verði almennar hlutlæg-

ar grundvallarreglur sem fjárveitingar til háskóla skulu taka mið af, sbr. 20. gr. laganna. Gerð sérstakra reiknireglna vegna fjárveitinga til háskóla er nú á lokastigi og munu þar mótaðar meginreglur um fjárveitingar ríkisins til háskólastofnana.

II.

Í frumvarpinu er eftirfarandi m.a. lagt til grundvallar:

1. Lög þessi ásamt háskólalögunum mynda ramma um starfsemi stofnunarinnar. Yfirstjórn skólans verður fengið sjálfdæmi innan þeirra marka sem lög þessi og háskólalögin setja, verði frumvarpið að lögum. Skólinn ákvarðar sjálfur deildaskiptingu og aðrar stjórnunareiningar. Rektor ræður alla kennara, þar með talda prófessora. Í tengslum við aukið sjálfstæði um innri málefni kemur ákvæði um að í háskólaráði sitji fulltrúar sem ekki starfa innan stofnunarinnar og er það í samræmi við lög um háskóla.
2. Ekki er í frumvarpinu nákvæmlega skilgreint hvaða nám skuli vera í boði innan háskólans þó að tilgreind séu tiltekin menntunarsvið sem Háskólanum á Akureyri ber að leggja sérstaka áherslu á. Tekið er fram að skólanum sé heimilt að annast framhaldsmenntun á þeim sviðum sem hann starfar. Lengd náms verður ákveðin í námskrá háskólans.
3. Ekki er tilgreint í frumvarpinu hvernig deildarskipan skólans skuli vera og er það hlutverk háskólaráðs að ákveða það.
4. Í lögum nr. 136/1997, um háskóla, er skýrt afmarkað hverjir fara með formleg völd og ábyrgð í háskólum og því þarf ekki að tilgreina þá í frumvarpi þessu.
5. Í frumvarpinu er lagt til að háskólaráð komi í stað háskólanefndar og að í háskólaráði sitji fimm fulltrúar.
6. Í lögum nr. 136/1997, um háskóla, er nákvæmlega tilgreint hvernig fjárveitingar til háskóla skulu ákvarðaðar og því er ekki fjallað um það í frumvarpinu.
7. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Háskólinn á Akureyri hafi heimild til þess að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki, sem tengjast starfsviði skólans, um kennslu, rannsóknir, ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Háskólinn hefur haft heimild til þess að gera slíka samninga við stofnanir og hefur það gefist vel. Með frumvarpinu er lagt til að heimild þessi verði rýmkuð þannig að háskólanum verði einnig heimilt að semja við fyrirtæki og enn fremur til þess að gera samstarfsamninga um ráðningu kennara. Er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á þessu sviði.
8. Í frumvarpinu er lagt til að haldið verði í það fyrirkomulag núgildandi laga um Háskólann á Akureyri að stöður deildarforseta verði auglýstar lausar til umsóknar. Jafnframt er lagt til að það verði undir háskólaráði komið hvernig yfirstjórn deilda verði háttað. Hvort æðsta ákvörðunarvald verði í höndum deildarráðs eða deildarfunda og hver verði verkaskipting deildarforseta og yfirstjórnar deildarinnar. Þannig er skólanum auðveldað að móta sjálfur starfsemi sína.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er hlutverk eða markmið háskólans almennt orðað, svo sem gert er í lögum um Háskóla Íslands og núgildandi lögum um Háskólann á Akureyri. Felld er brott vísun til tiltekinnar deildarskipunar samkvæmt núgildandi lögum, enda gert ráð fyrir því að háskólaráð ákveði hana. Í greininni er tekið fram að skólinn sinni einkum menntun á tilteknum sviðum svo sem verið hefur, þó að hér sé ekki um tæmandi talningu að ræða. Umfang starfsemi skólans ræðst af fjárveitingum og þeim samningum sem gerðir eru við menntamálaráðuneytið um þær. Hér

er sérstaklega tekið fram að Háskólinn á Akureyri er rannsóknaskóli og að skólanum sé heimilt að annast framhaldsmenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem kennd eru við skólann.

Um 2. gr.

Hér er starfsheitum kennara skólans lýst. Gert er ráð fyrir að háskólaráð setji almennar reglur um hvernig starfsskyldur kennara skiptast á einstaka þætti (kennslu, rannsóknir, þjónustu og stjórnun) og geti einnig hlutast til um aðra skiptingu vegna einstakra kennara. Í reglum þessum skal einnig kveðið á um veitingu rannsóknarleyfa, sem eftir atvikum geta einnig náð til annarra starfsmanna. Starfsskylda háskólakennara er nú um það bil þessi: kennsla 50%, rannsóknir 40% og stjórnun 10%.

Um 3. gr.

Hér er lagt til í samræmi við ákvæði laga um háskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að forstöðumaður stofnunarinnar, rektor, annist sjálfur ráðningu allra kennara. Þetta samræmist auknu sjálfstæði háskólastofnana og þar með aukinni ábyrgð. Hér er einnig lagt til að rektor skipi eina dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda um prófessorsstörf, lektors- og dósentsstörf. Vísað er til hæfniskrafna til kennara samkvæmt lögum um háskóla. Í því sambandi þarf dómnefndin að meta ýmis atriði, m.a. að taka mið af hæfni kennara með hliðsjón af nýsköpun þekkingar í atvinnulífinu í ljósi sérstöðu Háskólans á Akureyri. Dómnefndin á að meta allar umsóknir um nýráðningar í störf kennara við háskólann, sem og umsóknir um framgang í starfi, en í hverju tilviki á nefndin að njóta leiðsagnar ráðgjafa sem rektor tilnefnir eftir ábendingu frá viðkomandi deild. Þannig er tryggt að dómnefndarkerfið sé skilvirkt og einfalt, en jafnframt að í hverju tilviki sé hægt að meta hæfni umsækjenda út frá reynslu og þekkingu þeirra sem starfa á viðkomandi fræðasviði. Gert er ráð fyrir að kennarar skólans geti flust úr lektorsstarfi dósentsstarf og úr dósentsstarfi í prófessorsstarf eftir ákveðnum reglum er háskólaráð setur. Það ákvæði verður þó að skýra með hliðsjón af því að engan má skipa í umræddar stöður án hæfnisdóms meiri hluta dómnefndar. Jafnframt er hér lagt til að háskólaráð setji reglur um nýráðningar og framgang, sem og reglur um ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa. Í þeim reglum verði kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

Um 4. gr

Samkvæmt lögum um háskóla geta háskólar ákveðið sérstök inntökuskilyrði til viðbótar þeim almennu, sem eru stúdentspróf eða sambærileg menntun. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari reglur um inntökuskilyrði eftir tillögum einstakra deilda. Þannig geta inntökuskilyrði verið mismunandi eftir deildum. Hér er þó gert ráð fyrir að háskólaráð hafi síðasta orðið. Samkvæmt lögum um háskóla á háskólaráð að samþykkja fjárhagsáætlun allra deilda skólans og skólans í heild og síðan að semja við menntamálaráðherra um fjárveitingar til skólans á grundvelli langtímaáætlunar, sbr. ákvæði 19. og 20. gr. laga um háskóla. Þannig hefur menntamálaráðherra tök á því að hafa áhrif á menntastefnu skólans.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um skipan háskólaráðs. Lagt er til að fimm menn verði í háskólaráði og er því nokkuð fækkað í yfirstjórn skólans frá því sem nú er. Samkvæmt frumvarpinu er rektor sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess, en um skipan ráðsins að öðru leyti er byggt á ákvæðum laga um háskóla. Tveir verði kjörnir fulltrúar ótímabundið ráðinna kennara. Nem-

endur kjósi einn fulltrúa og er gert ráð fyrir því að nemendafélag skólans setji sér sérstakar reglur um kjör þeirra. Lagt er til að menntamálaráðherra skipi einn fulltrúa í ráðið. Rökin fyrir því að utanaðkomandi aðilar eigi sæti í æðstu stjórn skólans eru af þrennum toga: það styrkir stjórnsýslu stofnunarinnar, eflir tengsl hennar við samfélagið og veitir henni aukið aðhald.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Verksvið og ábyrgð rektors er skýrt afmarkað í lögum um háskóla. Einnig er þar að finna skýrar reglur um skipan rektors. Menntamálaráðherra skipar rektor eftir tilnefningu háskólaráðs. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Lagt til að háskólaráð taki ákvörðun um deildarskipan skólans og aðrar stjórnunareiningar. Er þetta breyting frá ákvæðum núgildandi laga þar sem deildarskipan er lögbundin. Þessi tillaga er í samræmi við lög um háskóla sem m.a. er ætlað að tryggja aukið sjálfstæði háskólanna. Tilhögunin felur ekki í sér að stofnunin hafi sjálfdæmi um að ákvarða hvaða menntun er í boði eða hvaða sviðum stofnunin veitir menntun, heldur tengist ákvörðun þar að lútandi samningi við stjórnvöld um fjármögnun stofnunarinnar í samræmi við ákvæði V. kafla laga nr. 136/1997, um háskóla.

Í greininni er kveðið á um að háskólaráð setji reglur um yfirstjórn deilda og hvernig deildarforseti er valinn. Hliðstætt gildir um aðrar stjórnunareiningar sem háskólaráð telur nauðsynlegt að afmarka sérstaklega. Þeir starfsmenn eða stofnanir sem ekki lúta sérstakri stjórn heyra beint undir rektor. Þetta ákvæði breytir engu um að rektor ræður alla starfsmenn skólans.

Um 9. gr.

Þessi grein kveður á um skyldur skólans til að gefa út náms- og kennsluskrá fyrir það nám sem í boði er. Háskólaráði ber að staðfesta námskrár í samræmi við opinbera stefnumörkun skólans um það nám sem í boði er samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 1. gr. Námskrár gefa því aðilum utan skólans færi á að koma á framfæri tillögum um skipan námsins eða gera athugasemdir við einstaka þætti þess. Einnig má líta á þær sem hluta af upplýsingaskyldu stofnunarinnar til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings. Kennsluskrár eru nánari útfærsla á ákvæðum námskrár um tilhögun náms. Háskólaráði ber einnig að staðfesta kennsluskrá.

Um 10. gr.

Sambærilega lagagrein er að finna í núgildandi lögum um Háskólann á Akureyri. Greininni er m.a. ætlað að árétta mikilvægi rannsókna sem órjúfanlegs hluta af starfsemi háskólans, sbr. 1. gr. frumvarpsins um hlutverk háskólans.

Um 11. gr.

Sambærileg ákvæði er að finna í núgildandi lögum um Háskólann á Akureyri. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Með þessari grein er heimild Háskólans á Akureyri til þess að gera samstarfssamninga við stofnanir rýmkuð. Lagt er til að heimildin nái til fyrirtækja og taki til ráðningar kennara og annarra starfsmanna.

Um 13.–16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi forstöðumenn deilda gegna sömu störfum og deildarforsetar samkvæmt frumvarpi þessu. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að ekki verði hreyft við ráðningu þeirra sem nú gegna forstöðumannsstörfum. Því verði störf deildarforseta ekki auglýst fyrr en ráðningartími þeirra rennur út.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

Frumvarpið felur í sér breytingar á gildandi lögum til samræmis við nýsamþykkt lög um háskóla sem kveða á um að sérlög um einstakar háskólastofnanir verði endurskoðuð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á verkaskiptingu og samskiptum milli menntamálaráðuneytisins og skólans. Svigrúm hans til að stjórna eigin málum er aukið og ábyrgð hans á þeim er gerð skýrari.

Að því er séð verður hefur frumvarpið óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs verði það að lögum.

1132. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [659. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

Efna skal til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og lög um kosningar til Alþingis. Um skipan þingsins og störf fer samkvæmt sérstökum lögum. Þingið skal koma saman eigi síðar en 1. júlí 1999 og miða við að ljúka störfum sínum innan tveggja ára.

Þegar þingið hefur afgreitt frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga skal bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins. Nái tillagan samþykki skal hún staðfest af forseta lýðveldisins og er hún þá gild stjórnarskipunarlög. Næstu kosningar til Alþingis eftir gildistöku stjórnarskipunarlaganna skulu fara eftir ákvæðum þeirra og kosningalaga þeirra sem stjórnlagaþingið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 118. löggjafarþingi en er nú endurflutt til kynningar nokkuð breytt. Upphaflega var miðað við að stjórnlagaþing starfaði eftir síðustu alþingiskosningar, árið 1995. Nú er miðað við að stjórnlagaþing komi saman eftir reglulegar alþingiskosningar vorið 1999. Vegna ákvæða 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er ekki stefnt að afgreiðslu málsins á þessu þingi heldur er eðlilegt að afgreiða það í lok næsta þings, 123. löggjafarþings, þ.e. síðasta þings fyrir kosningar. Með þessu móti gefst betri tími til íhugunar á efni þess en ef það væri eingöngu lagt fram næsta haust. Ákvæði stjórnarskipunarlagafrumvarps þessa verður að gera fyllri með almennum lagaákvæðum um stjórnlagaþing. Slíkt frumvarp er ekki rétt að leggja fram fyrr en stjórnarlagafrumvarpið er lagt fram í seinna sinn til endanlegrar samþykktar, sbr. ákvæði 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Því er hér birt í fylgiskjali frumvarp til laga um stjórnlagaþing þar sem mælt er fyrir um reglur um skipan og starfshætti þingsins.

I. Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur staðið í rúma fimm áratugi. Í reynd hafa fimm nefndir unnið að endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því að ákveðið var að slíta sambandinu við Danmörku og stofna lýðveldi 1944. Sú fyrsta var kjörin af Alþingi árið 1942 og vann að nauðsynlegustu breytingum vegna lýðveldisstofnunarinnar 1944. Árið 1945 skipaði Alþingi svo 12 manna endurskoðunarnefnd til ráðuneytis eldri nefndinni. Alþingi ákvað enn árið 1947 að skipa nýja nefnd sjö manna. Þá höfðu hinar nefndirnar ekki lokið störfum og féll umboð þeirra til starfans niður. Nefndin frá 1947 starfaði í nokkur ár en ekki tókst henni að ljúka störfum. Næst var kjörin stjórnarskrárnefnd árið 1972 og lauk hún ekki störfum frekar en hinar fyrri. Fimmta stjórnarskrárnefndin var skipuð 1978 og starfaði til ársins 1995. Skilaði hún skýrslu til þingflokkanna í janúar 1983 sem hafði að geyma tillögur að nýrri stjórnarskrá. Þar var tekið á öllum þáttum stjórnarskrárinnar nema kjördæmaskipuninni. Nefndin taldi sig þó eiga eftir að fjalla betur um ýmsa þætti, svo sem eignarréttarákvæði og mannréttindi sem ágreiningur var um innan nefndarinnar. Nefndin lauk störfum 1995 án þess að skila endanlegum tillögum.

Með stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, var gerð veruleg breyting á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Var undirbúningsvinna unnin að frumkvæði þingflokkanna og í þinginu var málinu vísað til sérstakrar stjórnarskrárnefndar.

Nú starfar á vegum forsætisráðherra svonefnd kosningalaganefnd sem hefur það verkefni að endurskoða m.a. kosningalagaákvæði stjórnarskrárinnar.

II. Stjórnlagaþing.

Af þessu má sjá að áratugum saman hefur heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar vafist fyrir mönnum og hvílir ábyrgðin þar ekki síst á þingflokkunum. Tilraunir til að jafna atkvæðisrétt milli kjósenda og tryggja að hver þingflokkur fái þingsæti í samræmi við heildaratkvæðatölu sína hafa gengið misjafnlega. Síðustu tilraunir í þessa veru voru gerðar fyrir síðustu alþingiskosningar sem fram fóru árið 1995. Þá náðist eingöngu samstaða um að leggja af hinn svonefnda flakkara sem hafði í þeim tveimur kosningum sem ákvæðið um hann gilti lent í fámennustu kjördæmum landsins. Mat flutningsmanna er að stjórnarskrárgjafinn, þ.e. alþingismenn, hafi of mikilla hagsmuna að gæta við ákvörðun um skiptingu landsins í kjördæmi og jöfnun atkvæðaréttar og sé því vart hæfur til þess að setja landinu sanngjörn og réttlát kosn-

ingalög. Hagsmunir einstakra þingmanna og flokka hafa því meira ráðið ferðinni en að hagsmunir þjóðarheildarinnar séu í fyrirrúmi. Reynslan sýnir að líka að alltof hægt hefur gengið að jafna kosningarréttinn og að gera kjördæmaskipanina og kosningalögin réttlát og er það ekki síst vegna fyrrgreindra hagsmunaárekstra. Því er lagt til að efnt verði til stjórnlagaþings að loknum almennum kosningum til Alþingis vorið 1999 sem hafi það verkefni að vinna að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Um skipan stjórnlagaþings og starfshætti þarf að setja sérstök lög. Gerðar eru tillögur um slíkt í sérstöku frumvarpi, sbr. fylgiskjal með máli þessu. Þar er m.a. lagt til að þingið verði skipað þjóðkjörnum fulltrúum, sem verði kjörgengir samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, öðrum en alþingismönnum. Með slíku þingi væri komið í veg fyrir að alþingismenn fjölluðu um mál sem vörðuðu þá sjálfa, t.d. ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningaskipan og ráðherraábyrgð. Í raun framselur stjórnarskrárgjafinn þá vald sitt til stjórnlagaþings og þjóðarinnar.

Hlutverk slíks stjórnlagaþings yrði að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni. Brýnustu og stærstu verkefni stjórnlagaþings eru þó endurskoðun á kjördæmaskipaninni og kosningareglum og að setja almenn lög um kosningar til Alþingis.

Einnig væri rétt að fela stjórnlagaþingi að skoða sérstaklega æskilegar breytingar á stjórnkerfinu, svo sem skýrari skil milli framkvæmdar- og löggjafarvalds. Er þá átt við atriði eins og hvort ráðherrar eigi jafnframt að vera þingmenn og hvort afnema skuli aukafjárveitingar.

Þá er rétt að þingið athugi hvort rétt sé að breyta og setja skýrari ákvæði um þingrofsréttinn, hvort tekin verði upp sú skipan sem er í gildi í Noregi þar sem þingrofsheimild er ekki fyrir hendi. Enn fremur er rétt að huga að ákvæðum stjórnarskrárinnar um setningu bráðabirgðalaga í ljósi þess að nú situr Alþingi allt árið.

Stjórnlagaþinginu yrði síðan sérstaklega falið að athuga hvort ekki væri rétt að setja heimild í stjórnarskrána til þjóðaratkvæðagreiðslna þannig að réttur fólksins yrði aukinn í stærri málum.

Að sjálfsögðu mundi stjórnlagaþingið, auk fyrrtaldra atriða, taka stjórnarskrána til endurskoðunar í heild.

III. Bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla.

Loks er lagt til að tillögur stjórnlagaþings verði bornar undir þjóðaratkvæði. Niðurstaða af þeirri atkvæðagreiðslu yrði bindandi. Nái tillaga stjórnlagaþingsins fram að ganga verður hún lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar og tekur þá ný stjórnarskrá gildi. Þessi háttur var hafður á er stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, var lögtekin.

Flutningsmenn telja eðlilegt að stjórnlagaþing setji ákvæði í hina nýju stjórnarskrá um að eftir að hún hefur verið staðfest af forseta lýðveldisins verði við næstu kosningar til Alþingis kosið samkvæmt þeirri kosningaskipan sem hin nýja stjórnarskrá kveður á um. Þar sem gert er ráð fyrir að stjórnlagaþingið ljúki störfum um mitt ár 2001 en næstu reglulegu alþingiskosningar eftir árið 1999 eiga ekki að fara fram fyrr en árið 2003 mundi gefast nægur tími til undirbúnings hinni nýju kosningaskipan. Ljóst er að í nýrri stjórnarskrá verður að kveða á um lagaskil yngri og eldri stjórnskipunarréttar.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um stjórnlagaþing.

1. gr.

Efna skal til stjórnlagaþings eigi síðar en 1. júlí 1999. Miða skal við að það ljúki störfum innan tveggja ára.

2. gr.

Stjórnlagaþing skal endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944. Sérstaklega skulu teknir til athugunar eftirtaldir þættir:

1. Ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningar og kjördæmaskipan, þingrof, setningu bráðabirgðalaga og ráðherraábyrgð.
2. Skil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.
3. Þjóðaratkvæðagreiðslur.

Stjórnlagaþing skal enn fremur endurskoða lög um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Stjórnlagaþing skal skipað 41 kjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir persónukosningum og fjöldi þeirra skiptast á milli núverandi kjördæma á þennan hátt:

1. Reykjavíkurkjördæmi, 14 fulltrúar.
2. Reykjaneskjördæmi, 7 fulltrúar.
3. Vesturlandskjördæmi, 3 fulltrúar.
4. Vestfjarðakjördæmi, 3 fulltrúar.
5. Norðurlandskjördæmi vestra, 3 fulltrúar.
6. Norðurlandskjördæmi eystra, 4 fulltrúar.
7. Austurlandskjördæmi, 3 fulltrúar.
8. Suðurlandskjördæmi, 4 fulltrúar.

Framboði skal fylgja undirskrift meðmælenda. Ræðst fjöldi þeirra af margfeldi af fulltrúatölu kjördæmisins og talnanna 30 að lágmarki og 40 að hámarki.

Kjörgengir til þingsins eru þeir sem eru kjörgengir til Alþingis. Alþingismenn skulu þó ekki sitja stjórnlagaþing.

Raða skal frambjóðendum í stafrófsröð á kjörseðil. Kjósandi skal merkja við jafnmarga frambjóðendur og kjósa skal í kjördæminu.

Um kosningar til stjórnlagaþings fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

4. gr.

Stjórnlagaþing kýs forseta sem stýrir fundum þess.

Stjórnlagaþing starfar í einni málstofu og gilda þingsköp Alþingis sem fundasköp þingsins eftir því sem við á.

Forseti þingsins leggur fram tillögu um nefndarskipan og aðra vinnutilhögun þess. Hann ákveður fundastað stjórnlagaþingsins og ræður starfsmenn þess.

5. gr.

Forseti stjórnlagaþings skal hlutast til um að lagt verði fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga og frumvarp til laga um kosningar til Alþingis. Skulu þrjár umræður fara fram um frumvörpin.

Hljóti frumvörpin samþykki þingsins skal bera þau undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

6. gr.

Fulltrúar stjórnlagaþings njóta sömu kjara og alþingismenn frá setningu þings til þingloka.

Kostnaður af stjórnlagaþingi greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, og vísast í greinargerð með því máli um almennar athugasemdir. Þar er mælt fyrir um heimild til stjórnlagaþings sem taki stjórnarskrána til endurskoðunar og ljúki störfum innan tveggja ára. Í þessu frumvarpi er kveðið nánar á um reglur um skipan og starfshætti þingsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að efnt skuli til stjórnlagaþings eigi síðar en 1. júní 1999. Miðað er við að stjórnlagaþingið starfi ekki lengur en í tvö ár.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um hlutverk stjórnlagaþings en það er að endurskoða stjórnarskrána. Er þá átt við að stjórnarskráin verði endurskoðuð í heild sinni, núverandi ákvæði hennar verði athuguð og jafnframt hugað að nýjum ákvæðum.

Í greininni eru talin upp atriði sem stjórnlagaþing skal skoða sérstaklega og vísast um þau atriði í greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem lagt er fram samhliða máli þessu.

Sérstaklega er lagt til að stjórnlagaþingið endurskoði lög um kosningar til Alþingis. Gert er ráð fyrir að við næstu alþingiskosningar eftir að stjórnlagaþingi lýkur, en þær verða eigi síðar en 2003, verði kosið eftir því kosningafyrirkomulagi sem stjórnlagaþingið hefur samþykkt, svo framarlega sem það verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Um 3. gr.

Lagt er til að stjórnlagaþing verði skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa. Lagt er til að þeir verði kosnir persónukosningum. Með persónukosningu er átt við að þeir sem gefa kost á sér til setu á þinginu geri slíkt sem einstaklingar en séu ekki bornir fram sem fulltrúar tiltekinna samtaka. Slíkt fyrirkomulag gefur kjósendum tækifæri til að velja menn á þingið án tillits til hvaða flokki eða samtökum þeir tilheyra. Þannig getur kjósandi valið fulltrúa með mismunandi pólitískar skoðanir.

Þá þykir eðlilegt að gera kröfu um að frambjóðendur hafi tilskilinn fjölda meðmælenda, enda mikilvægt að til þingsins veljist einstaklingar er njóti góðs trausts samborgara sinna. Slík krafa er einnig í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis en þar er kveðið á um tiltekinn fjölda meðmælenda með hverjum framboðslista.

Gert er ráð fyrir að fulltrúar á stjórnlagaþingið verði kjörnir í núverandi kjördæmum landsins. Við skiptingu fulltrúa á kjördæmin hefur verið tekið mið af fjölda íbúa í kjördæmum og þannig reynt að jafna vægi atkvæða mun meira en nú er. Þó er gert ráð fyrir að hvert kjördæmi kjósi eigi færri en þrjá fulltrúa á þingið.

Kjörgengir verði þeir sem eru kjörgengir til Alþingis, aðrir en alþingismenn. Ekki er talið heppilegt að alþingismenn sitji stjórnlagaþingið þar sem mörg veigamikil atriði, sem þingið þarf að taka ákvörðun um, varða alþingismenn beint.

Hvað framkvæmd kosninganna varðar er lagt til að frambjóðendum verði raðað eftir stafrófsröð á kjörseðil og kjósandi merki við jafnmarga fulltrúa og kjósa skal í kjördæminu, t.d.

merki kjósandi í Reykjaneskjördæmi við sjö fulltrúa. Með hliðsjón af almennum reglum um kosningar og orðalagi 1. mgr. greinarinnar þykir óþarfi að kveða á um í frumvarpinu að þeir frambjóðendur hljóti kosningu sem hljóti flest atkvæði, svo og að þeir verði varafulltrúar sem næstir koma að atkvæðafjölda.

Um kosningarnar að öðru leyti fari eftir lögum um kosningar til Alþingis og má þar nefna ákvæði um kosningarrétt, fresti og frekari framkvæmd kosninga.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnlagaþing starfi í einni málstofu og að þingsköp Alþingis gildi sem fundasköp eftir því sem við á. Þá er mælt fyrir um að forseti þingsins skuli leggja fram tillögu um nefndarskipan og aðra vinnutilhögun þess. Slík tillaga yrði lögð fram í byrjun þingsins þannig að hægt sé að skipa nefndir er fjalla um einstaka þætti stjórnarskrármálsins, en vinna þeirra yrði lögð til grundvallar því frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem þingið mundi síðan fjalla um. Mætti hugsa sér að nefndirnar tækju til starfa þegar eftir setningu þingsins og á meðan yrði gert hlé á þingstörfum. Eftir að nefndirnar hafa komið sér saman um tillögur verði þær lagðar fyrir forseta þingsins sem leggur þær fram, sbr. næstu grein.

Gert er ráð fyrir að forseti stjórnlagaþingsins ráði hvar á Íslandi þingið kemur saman til funda og einnig að hann ráði starfsfólk þess.

Um 5. gr.

Lagt er til að frumkvæði að framlagningu frumvarps til stjórnarskipunarlaga verði hjá forseta þingsins. Skal frumvarpið rætt þrisvar sinnum. Verði það samþykkt skal bera það undir þjóðaratkvæði og sé frumvarpið einnig samþykkt þá skal það borið undir forseta lýðveldisins til staðfestingar en ákvæði um það er í stjórnarskrárfrumvarpinu. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar fari eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Ljóst er að ákvæði stjórnarskrárfrumvarpsins verða að kveða á um lagaskil milli yngri og eldri stjórnskipunarréttar. Þannig er t.d. eðlilegt að kveða á um gildistöku nýrra kosningalaga í stjórnarskrárfrumvarpinu.

Um 6. gr.

Ekki þykir óeðlilegt að laun fulltrúa stjórnlagaþings miðist við þingfararkaup alþingismanna þar sem gert er ráð fyrir að seta á stjórnlagaþingi sé fullt starf.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1133. Frumvarp til laga [660. mál]

um breytingu á lögum nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ákveði stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara eigi annað nær jöfnun á flutningskostnaði til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, milliþykkum olíum og blöndum til brennslu, svartolíu

(brennsluolíu), flugvélabensíni og þotueldsneyti til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla.

Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögunum nær til flutnings sjóleiðis á þeim olíutegundum til brennslu, sem sjóðstjórn ákveður hverju sinni, frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og öðrum olíuvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bifreiðabensíni, gasolíu (dísilolíu) og milliþykkum olíum og blöndum til brennslu með tankbifreið til allra útsölustaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við þessum olíutegundum frá tankskipi úr olíuleiðslu.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Innan flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara skal mynda sérstaka reikninga fyrir eftirfarandi flokka (eða undirflokka) nema stjórn sjóðsins ákveði annað: 1) bifreiðabensín, 2) gasolíu, 3) milliþykkar olíur og blöndur til brennslu, 4) svartolíu (brennsluolíu), 5) flugvélabensín og 6) þotueldsneyti. Færa skal tekjur af flutningsjöfnunargjaldi hvers flokks á sérstakan reikning og sömuleiðis útgjöld vegna jöfnunar flutningskostnaðar. Stefnt skal að því að ná jafnvægi milli álagðra flutningsjöfnunargjalda og útgjalda vegna flutningsjöfnunar hvers flokks árlega.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við 19. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, skal samkeppnisráð, ef það telur að ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæli stríði gegn markmiði samkeppnislaga og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum, vekja athygli ráðherra á því áliti.

Með hliðsjón af áliti samkeppnisráðs nr. 11/1995 frá 22. nóvember 1995 varðandi ákvæði laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, er frumvarp þetta um breytingu á þeim lögum lagt fram. Jafnframt er gerð minni háttar breyting á upptalningu olíutegunda í landflutningum, sbr. athugasemd við síðari efnismálsgrein 1. gr.

Samkeppnisráð lítur svo á að jöfnun á flutningskostnaði olíuvara geti samrýmst meginreglum samkeppnislaga enda sé í því sambandi gætt jafnræðis á milli einstakra fyrirtækja og neytendahópa. Í 1. gr. samkeppnislaga segir að markmið laganna sé „að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins". Þessu markmiði verði meðal annars „náð með því að ... auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum", sbr. c-lið sömu greinar. Með vísan til þessa telur samkeppnisráð að eina leiðin, sem samrýmist fyllilega markmiði samkeppnislaga og tryggi um leið jafnræði milli einstakra fyrirtækja og neytendahópa, sé sú að jafna flutningskostnað á hverri tegund olíuvara fyrir sig, óháð flutningskostnaði á öðrum tegundum.

Með því sé komið í veg fyrir að kostnaður við að flytja eina tegund olíu á landi hækki flutningsjöfnunargjald af annarri olíutegund sem aðeins er flutt á sjó en fellur nú undir sama flokk skv. 4. gr. laganna um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Á sama hátt álítur ráðið það andstætt samkeppnisreglum ef tiltölulega hár kostnaður við að flytja eina tegund af olíu, sem ætluð er neytendum víðs vegar um land, hefur í för með sér hækkun á flutningsjöfnunargjaldi á annarri tegund sem neytendur á fáum stöðum á landinu hafa einir not fyrir.

Í 10. gr. laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara er tekið fram að verðlagning olíuvara skuli fara eftir samkeppnislögum „að undanteknum fyrirmælum um jöfnun flutningskostnaðar

samkvæmt lögum þessum". Líta verði svo á að beita beri ákvæðum laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara til samræmis við meginreglur samkeppnislaga eftir því sem kostur er.

Samkeppnisráð telur það orka mjög tvímælis, að óbreyttum lögum, að heimilt sé að mynda undirflokka í hverjum þeirra fjögurra flokka, sem taldir eru upp í 4. gr. laganna, í því skyni að tryggja frjálsa samkeppni. Lokaorð í áliti samkeppnisráðs eru:

„Með vísan til þess, sem að framan segir, lítur Samkeppnisráð svo á að ríkisstuðningur í formi verðjöfnunar á olíuvörum geti samrýmst meginreglum samkeppnislaga, nr. 8/1993, enda leiði hún ekki til mismununar í garð einstakra fyrirtækja eða neytendahópa. Það er álit ráðsins að sú flokkaskipting, sem ákveðin er í 4. gr. laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, geti leitt til slíkrar mismununar og þar með í vissum tilvikum torveldað frjálsa samkeppni, svo sem lýst er hér að framan. Í samræmi við það og með vísan til 19. gr. samkeppnislaga telur Samkeppnisráð skylt að vekja athygli ráðherra á þessu atriði."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrri efnismálsgrein er orðið við ábendingu samkeppnisráðs varðandi fjölgun á þeim flokkum olíu sem flutningsjöfnun nær til og flokkaskipan færð nær raunveruleikanum. Samtímis er tryggt að stjórn sjóðsins geti endurskoðað flokkunina síðar gerist þess þörf, t.d. með tilkomu nýrra olíutegunda á markaði hér á landi. Í síðari efnismálsgrein er orðalagi breytt og það gert markvissara.

Í síðari efnismálsgrein er orðalagi breytt og það gert markvissara. Jafnframt er milliþykkum olíum og blöndum til brennslu bætt við í upptalningu olíutegunda í landflutningum en í því sambandi má hafa í huga að vafi getur stundum leikið á því hvort olíu skuli flokka í gasolíu (dísilolíu) eða milliþykkar olíur og blöndur til brennslu.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru taldir upp þeir flokkar olíu sem eru í notkun hér á landi og jafnframt gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins geti ákveðið nýja flokkun eða undirflokkun olíu ef þörf er á.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að fara að áliti samkeppnisráðs og færa ákveðnar tegundir olíu í landflutningum undir jöfnun flutningskostnaðar, svokallaðar milliþykkar olíur og blöndur til brennslu.

Flutningsjöfnunarsjóður olíu var fyrst tekinn inn á A-hluta fjárlaga í ár. Þar er talið að hann hafi 541 m.kr. í ríkistekjur og jafnhá útgjöld á móti. Að mati Samkeppnisstofnunar, sem sér um rekstur sjóðsins, má ætla að samþykkt frumvarpsins bæti um 20 m.kr. við ríkistekjur og útgjöld sjóðsins.

1134. Frumvarp til laga [661. mál]

um gagnagrunna á heilbrigðissviði.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um gagnagrunna á heilbrigðissviði. Lögin taka ekki til lífsýna.

Gerð og starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði er einungis heimil aðila sem uppfyllir skilyrði laga þessara og hefur fengið starfsleyfi samkvæmt þeim.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Gagnagrunnur á heilbrigðissviði:* Safn sjálfstæðra verka, gagna eða annars efnis er hefur að geyma heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar þeim tengdar sem komið er fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og hægt er að komast í með rafrænum aðferðum eða á annan hátt. Sjúkraskrár sem færðar eru lögum samkvæmt, aðrar skrár sem einstakar heilbrigðis- og rannsóknarstofnanir halda um þá einstaklinga sem þær veita heilbrigðisþjónustu og skrár sem stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og tryggingamála halda um notendur heilbrigðisþjónustu og rekstur heilbrigðiskerfisins teljast ekki gagnagrunnur á heilbrigðissviði í skilningi laga þessara.
2. *Kerfisbundin skráning upplýsinga:* Söfnun og skráning ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.
3. *Heilsufarsupplýsingar:* Upplýsingar er varða heilsuhagi einstaklinga, aðrar upplýsingar er varða heilsuhagi og erfðafræðilegar upplýsingar.
4. *Persónuupplýsingar:* Upplýsingar er varða einkamálefni, þar með talda heilsuhagi, fjárhagsmálefni eða önnur málefni persónugreinds eða persónugreinanlegs einstaklings sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Einstaklingur skal eigi teljast persónugreinanlegur ef verja þyrfti verulegum tíma og mannafla til að persónugreining hans gæti átt sér stað. Sama gildir ef persónugreining getur einungis átt sér stað með notkun greiningarlykils sem sá aðili er hefur upplýsingar undir höndum hefur ekki aðgang að. Þegar einstaklingur er ekki persónugreinanlegur skal litið svo á að upplýsingar sem hann varða séu ekki persónuupplýsingar í skilningi laga þessara.
5. *Erfðafræðilegar upplýsingar:* Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings eða varða erfðamynstur slíkra eiginleika innan hóps skyldra einstaklinga, enn fremur allar upplýsingar sem varða flutning erfðaupplýsinga (erfðavísa) er lúta að eiginleikum sem ákvarða sjúkdóma og heilsu einstaklings og hóps skyldra einstaklinga án tillits til þess hvort unnt er að greina þessa eiginleika eða ekki.

3. gr.

Heilbrigðisráðherra skal beita sér fyrir gerð og starfrækslu samhæfðra gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að semja um gerð og starfrækslu gagnagrunna við aðila sem uppfylla skilyrði laga þessara fyrir veitingu starfsleyfis. Heilbrigðisráðherra veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru sem hér segir:

1. Að starfsleyfishafi sé íslenskur lögaðili.
2. Að gagnagrunnurinn verði alfarið staðsettur hér á landi.
3. Að fyrir liggi tækni-, öryggis- og skipulagslýsing sem að mati tölvunefndar tryggir á fullnægjandi hátt:
   — öryggi við söfnun og meðferð heilsufarsupplýsinga og annarra upplýsinga sem þar eru skráðar,
   — að heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar sem safnað er til skráningar í gagnagrunni á heilbrigðissviði séu fyrir skráningu í gagnagrunninum aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum,
   — að við samtengingu og úrvinnslu í gagnagrunninum á heilsufarsupplýsingum og öðrum upplýsingum sem þar eru skráðar verði ekki unnt að tengja þær persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi.
4. Að kerfisbundin skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga sé framkvæmd eða henni stjórnað af fólki með sérmenntun á sviði heilbrigðisþjónustu.
5. Að starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði verði haldið aðskilinni frá annarri starfsemi starfsleyfishafa.

Heimilt er að tímabinda starfsleyfi og að binda það skilyrðum í samræmi við ákvæði laga þessara.

Heilbrigðisráðherra getur ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu starfsleyfis til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.

II. KAFLI
Heimild til skráningar.

4. gr.

Aðila, sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, skal heimil söfnun heilsufarsupplýsinga til skráningar í gagnagrunni á heilbrigðissviði, enda sé við söfnun og skráningu þeirra fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg. Slíkar upplýsingar skulu fyrir skráningu í gagnagrunninum aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum, sbr. 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. Tölvunefnd skal hafa eftirlit með því að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Um aðgang starfsleyfishafa að áður skráðum upplýsingum fer skv. 5. gr.

Um kerfisbundna skráningu upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði fer að öðru leyti samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

III. KAFLI
Aðgangur að áður skráðum upplýsingum.

5. gr.

Heimilt er að veita starfsleyfishafa samkvæmt lögum þessum leyfi til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrám og öðrum heilsufarsupplýsingum sem skráðar hafa verið hjá þar til bærum aðilum til flutnings í gagnagrunna á heilbrigðissviði. Við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skal fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Slíkar upplýsingar skulu aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum, sbr. 3. tölul. 3. mgr. 3. gr., fyrir flutning í gagnagrunn.

Heilbrigðisráðherra veitir leyfi til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrám og öðrum heilsufarsupplýsingum. Aðgangur skal þó jafnframt háður samþykki viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða heilbrigðisstarfsmanns sem þær hefur skráð á eigin starfsstofu.

Heilbrigðisráðherra getur ákveðið að tiltekinn starfsleyfishafi samkvæmt lögum þessum hafi í tiltekinn tíma, sem ekki má þó vera lengri en 12 ár, einn starfsleyfishafa leyfi til aðgangs að tilteknum heilsufarsupplýsingum frá nánar tilgreindum aðilum til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Slíkt skal þó í engu takmarka aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, vegna vísindarannsókna, né aðgang að upplýsingum til skýrslugerðar um heilbrigðismál og útgáfu heilbrigðisskýrslna lögum samkvæmt eða annarra lögákveðinna verkefna stjórnvalda.

Við aðgang starfsleyfishafa að áður skráðum persónuupplýsingum, til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði, skal að öðru leyti fara samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

6. gr.

Í umsókn um starfsleyfi skv. 5. gr. skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis. Umsókn skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um starfssvið og verkáætlun umsækjanda og önnur atriði samkvæmt nánari ákvörðun heilbrigðisráðherra.

Leyfi skv. 5. gr. skal vera tímabundið. Heimilt er að binda það skilyrðum um verktilhögun og verkframvindu.

Heilbrigðisráðherra getur ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfis skv. 5. gr. til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Enn fremur getur ráðherra bundið leyfi skv. 3. mgr. 5. gr. skilyrðum um aðstoð leyfishafa við endurbætur á meðferð og vinnslu heilsufarsupplýsinga hjá viðkomandi aðila og um óheftan aðgang íslenskra heilbrigðisyfirvalda að gagnagrunni leyfishafa til hagnýtingar innan heilbrigðiskerfisins á leyfistíma og eftir að leyfistíma lýkur.

Leyfi sem veitt eru skv. 5. gr. eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi heilbrigðisráðherra.

Verði starfsleyfishafi ófær um að starfrækja gagnagrunn í samræmi við ákvæði laga þessara eða skilyrði sem sett eru samkvæmt þeim skal heilbrigðisráðherra ákveða hvernig fara skuli um starfrækslu gagnagrunnsins.

IV. KAFLI
Heimil úrvinnsla, hagnýting og meðferð skráðra upplýsinga.

7. gr.

Starfsleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum og öðrum upplýsingum sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum.

Upplýsingar, sem skráðar eru eða aflað er með úrvinnslu í gagnagrunni á heilbrigðissviði, má nýta til að finna ný lyf, til að þróa nýjar eða bættar aðferðir við forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, til að leita hagkvæmustu leiða í rekstri heilbrigðiskerfa, í þágu skýrslugerðar á heilbrigðissviði eða í öðrum sambærilegum tilgangi á heilbrigðissviði.

Starfsleyfishafa skal óheimilt að hagnýta persónuupplýsingar sem hann safnar eða fær aðgang að samkvæmt lögum þessum með öðrum hætti en kveðið er á um í lögum þessum.

8. gr.

Starfsleyfishafi samkvæmt lögum þessum getur heimilað öðrum aðilum að tengjast gagnagrunni á heilbrigðissviði með beinlínutengingu vegna verkefna slíkra aðila sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 7. gr.

Ráðherra getur sett frekari skilyrði fyrir heimild til beinlínutengingar í reglugerð.

9. gr.

Gagnagrunn á heilbrigðissviði má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis.

10. gr.

Starfsmenn í þjónustu starfsleyfishafa samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI
Eftirlit með lögum þessum.

11. gr.

Heilbrigðisráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Heilbrigðisráðherra getur falið tölvunefnd og vísindasiðanefnd að annast eftirlit með framkvæmd laganna eða einstakra þátta þeirra.

Í starfsleyfi og öðrum leyfum samkvæmt lögum þessum skal nánar kveðið á um tilhögun eftirlits og greiðslu kostnaðar af því.

Heilbrigðisráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða skilyrðum leyfis er ekki fullnægt. Nú brýtur starfsleyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlítir ekki skilyrðum þeim sem sett eru í starfsleyfi eða í leyfi skv. 5. gr. og skal ráðherra þá veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfi skv. 5. gr. og eftir atvikum starfsleyfi.

VI. KAFLI
Refsingar og önnur viðurlög.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varðar fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir starfsleyfi, leyfi skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. eða leyfi skv. 3. mgr. 5. gr. samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni sem sett hefur verið samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans brotið ákvæði laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsleyfis, enda sé brot framið til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

13. gr.

Starfsleyfishafa má, auk refsingar skv. 12. gr., svipta starfsleyfi með dómi ef um ásetning eða stórfellt gáleysi er að ræða. Að öðru leyti eiga hér við ákvæði 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

14. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun upplýsingatækni hefur opnað margvíslega nýja möguleika á sviði heilbrigðisþjónustu, en víða um heim glíma stjórnvöld og stofnanir á heilbrigðissviði við að mæta kröfum og þörfum um aukin gæði og bætta þjónustu heilbrigðiskerfisins án þess að fjárveitingar til heilbrigðismála aukist að sama skapi. Ýmsir telja að viðamiklir gagnagrunnar á heilbrigðissviði kunni að auðvelda lausnir á þeim vanda sem blasir við heilbrigðiskerfum vestrænna þjóða. Gagnagrunnar á heilbrigðissviði geyma þær upplýsingar sem til eru í heilbrigðiskerfi þjóðar eða þjóðarbrots og gera kleift að rannsaka samspil ýmissa þátta kerfisins og vinna að líkanasmíð. Líkönin má síðan nota sem tæki við hag- og gæðastýringu heilbrigðiskerfa. Stjórnendur ýmissa stofnana og fyrirtækja á heilbrigðissviði beggja vegna Atlantshafs kanna nú möguleika á að setja saman eða fá aðgang að slíkum gagnagrunnum.

Af ýmsum ástæðum er auðveldara að setja saman vandaðan gagnagrunn á heilbrigðissviði hér á landi en meðal misleitra þjóða þar sem meiri hreyfing er á fólki og heilsufars- og ættfræðiupplýsingar eru takmarkaðri. Ljóst er þó að kostnaður við gerð slíks gagnagrunns er mikill og veruleg óvissa tengd arðsemi þeirrar fjárfestingar.

Þótt tölvunefnd geti samkvæmt gildandi lögum veitt heimild til starfrækslu gagnagrunna standa lög um réttindi sjúklinga í vegi fyrir því að unnt sé að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám til skráningar í gagnagrunni, nema vegna einstakra vísindarannsókna. Ekki er heldur unnt samkvæmt gildandi lögum að veita tímabundin sérleyfi til aðgangs að áður skráðum heilsufarsupplýsingum. Til greina hefði komið að leggja til breytingar á gildandi lögum sem fælu í sér heimildir handhafa leyfisveitingarvalds samkvæmt núgildandi lögum til að leyfa gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði. Niðurstaðan var hins vegar sú að hér væri um að ræða svo viðamikið mál að eðlilegra væri að um gagnagrunna á heilbrigðissviði yrðu sett sérstök lög og heilbrigðisráðherra falið að beita sér fyrir gerð og starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði. Þá er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra geti samið við stofnanir eða einkaaðila um gerð og starfrækslu gagnagrunna og gefið út starfsleyfi til viðkomandi aðila. Jafnframt er tölvunefnd falið mikilvægt hlutverk til að tryggja öryggi persónuupplýsinga við söfnun og meðferð heilsufarsupplýsinga.

Þá er lagt til að heilbrigðisráðherra geti veitt starfsleyfishafa leyfi til aðgangs að áður skráðum heilsufarsupplýsingum að fengnu samþykki viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns. Starfsleyfishafi gæti þannig sett saman gagnagrunn sem t.d. hefði að geyma allar aðgengilegar upplýsingar síðustu tveggja til þriggja áratuga úr íslensku heilbrigðiskerfi í ónafngreindu formi og síðan safnað viðbótarupplýsingum úr heilbrigðiskerfinu um leið og þær yrðu til. Starfsleyfishafi myndi væntanlega ekki einvörð-

ungu safna í gagnagrunninn upplýsingum um sjúkdóma og heilsu heldur einnig um árangur af meðferð, aukaverkanir af meðferð og kostnað af meðferð. Má ætla að slíkur gagnagrunnur gæti orðið íslenskum heilbrigðisyfirvöldum að verulegu gagni við stjórnun og stefnumótun í heilbrigðismálum og nýst öðrum heilbrigðiskerfum til líkanasmíðar. Jafnframt standa vonir til að nýta megi þær upplýsingar sem verða til við úrvinnslu í gagnagrunni á heilbrigðissviði til að finna ný lyf og til að þróa nýjar eða bættar aðferðir við forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma. Kynnu þá erlendir aðilar á sviði heilbrigðisþjónustu, svo sem lyfjafyrirtæki og sjúkrastofnanir, að leita eftir samningum um vinnslu heilsufarsupplýsinga eða um áskrift að gagnagrunni. Dæmi um það hvernig gagnagrunnur gæti nýst eru kannanir á því hvernig nota megi upplýsingar um erfðir til þess að sníða aðgerðir í heilsuvernd og fyrirbyggjandi læknisfræði að þörfum einstaklinga.

Ekki er gert ráð fyrir að lög þessi taki til lífsýna, enda er nú unnið að samningu frumvarps til laga um söfnun, vörslu og meðferð lífsýna úr mönnum. Drög að frumvarpinu liggja þegar fyrir. Gert er ráð fyrir að fullbúið frumvarp verði lagt fram strax í upphafi næsta þings.

Þar sem hér er um að ræða afar viðkvæmar persónuupplýsingar er eðlilegt að spurningar vakni um hvernig hugmyndir frumvarpsins um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði þar sem unnið er með heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar þeim tengdar fái samrýmst gildandi lagareglum og ríkjandi viðhorfum um vernd persónuupplýsinga. Upplýsingar heilbrigðisstofnana sem gert er ráð fyrir að starfsleyfishafar samkvæmt lögunum geti fengið aðgang að eru persónutengdar. Hins vegar er grundvallaratriði samkvæmt frumvarpinu og skilyrði starfsleyfis og leyfis til aðgangs að áður skráðum upplýsingum að áður en upplýsingar eru fluttar í gagnagrunn séu þær aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum. Við samtengingu og úrvinnslu í gagnagrunninum á heilsufarsupplýsingum og öðrum upplýsingum sem þar eru skráðar verði þannig ekki unnt að tengja þær persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi svo sem þau hugtök eru skilgreind. Þegar upplýsingar eru fluttar í gagnagrunn eru þær því ekki lengur persónuupplýsingar. Er kveðið á um að við söfnun og skráningu heilsufarsupplýsinga og við meðferð skráa og annarra gagna og upplýsinga sem aðgangur er veittur að verði fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg. Hefur tölvunefnd þegar talsverða reynslu af því að þróa reglur um vinnuferli við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem tryggja eiga persónuleynd og má ætla að haft verði mið af þeim. Kynni tölvunefnd t.d. að setja það skilyrði að upplýsingar úr sjúkraskrám og aðrar heilsufarsupplýsingar verði dulkóðaðar sem svo er nefnt áður en þær eru skráðar í gagnagrunni.

Samkvæmt frumvarpinu getur heilbrigðisráðherra veitt starfsleyfi til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði. Svo sem áður var minnst á er mikill kostnaður því samfara að gera slíkan gagnagrunn, auk þess sem veruleg óvissa ríkir um það hvort hugmyndir um hagnýtingarmöguleika innan lands og utan muni ganga eftir. Á undanförnum árum hefur talsvert verið unnið að gerð hugbúnaðar fyrir heilbrigðiskerfið. Á síðasta ári var samþykkt stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, rit 11997). Þar er gert ráð fyrir að byggð verði upp samhæfð upplýsingakerfi fyrir stofnanir heilbrigðisþjónustunnar. Ljóst er að það mundi kosta gífurlegt fé að hrinda því í framkvæmd og þeir fjármunir yrðu þá ekki til ráðstöfunar til annarra þátta heilbrigðisþjónustunnar. Því er lagt til að gert verði mögulegt að virkja framtak og fjármagn einkaaðila á þessu sviði. Fyrirtækið Íslensk erfðagreining ehf. hefur lýst áhuga á að takast á við gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði og telur slíkt viðfangsefni rökrétt framhald þeirra verkefna sem fyrirtækið fæst nú við. Áætlar fyrirtækið að ef til kæmi gæti fjöldi hámenntaðs fólks fengið störf við gerð og starfrækslu slíks gagnagrunns. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra geti bundið tímabundið sérleyfi til aðgangs að heilsufarsupplýsingum frá tilgreindum aðilum skilyrðum

um aðstoð leyfishafa við endurbætur á meðferð og vinnslu heilsufarsupplýsinga hjá viðkomandi aðilum og um aðgang íslenskra heilbrigðisyfirvalda að gagnagrunni leyfishafa til hagnýtingar innan heilbrigðiskerfisins. Ljóst er að áður en upplýsingar yrðu fluttar frá heilbrigðisstofnun í gagnagrunn þyrfti að fara fram mikil úrvinnsla úr eldri sjúkraskrám. Gert er ráð fyrir að sú vinna yrði unnin af starfsmönnum viðkomandi stofnunar, en kostuð af leyfishafa. Flutningur upplýsinga í gagnagrunn verður háður samþykki heilbrigðisstofnunar og hún gæti því sett skilyrði um að vinnsla upplýsinga yrði með þeim hætti að hún nýttist stofnuninni sem best. Þannig mundi leyfishafi kosta verulegar endurbætur á skráningu upplýsinga stofnunarinnar og hún fengi mun betra kerfi og betri upplýsingar sem nýtast mundu við meðferð sjúklinga, skýrslugerð og áætlanagerð. Jafnframt hefðu vísindamenn aðgang að betri upplýsingum frá heilbrigðisstofnunum. Ef vel tækist til við gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði mundi slíkur gagnagrunnur því í senn verða lyftistöng fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu og samfélagið í heild.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla

Í kaflanum er kveðið á um gildissvið laganna, skilgreiningar á nokkrum hugtökum og um veitingu starfsleyfa samkvæmt lögunum.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna. Lögin gilda um gagnagrunna á heilbrigðissviði, sbr. nánari skilgreiningu í 2. gr. Ekki er þó gert ráð fyrir að þau taki til lífsýna. Lagt er til að gerð og starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði verði einungis heimil aðila sem uppfyllir skilyrði laganna og fengið hefur starfsleyfi samkvæmt þeim.

Um 2. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á meginhugtökum laganna.

Hugtakið gagnagrunnur á heilbrigðissviði tekur í lögunum til safns sjálfstæðra verka, gagna eða annars efnis sem hefur að geyma heilsufarsupplýsingar og aðrar upplýsingar þeim tengdar sem komið er fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og hægt er að komast í með rafrænum aðferðum eða á annan hátt. Með öðrum upplýsingum tengdum heilsufarsupplýsingum er t.d. átt við upplýsingar um kostnað í heilbrigðisþjónustu. Lögunum er ætlað að skapa lagaramma um gagnagrunna sem nú starfa og nýja starfsemi á sviði upplýsingavinnslu í heilbrigðismálum. Lögin eiga hins vegar hvorki að hafa áhrif á hefðbundna gagnavinnslu í heilbrigðiskerfinu né söfnun og vinnslu upplýsinga vegna einstakra vísindarannsókna. Því er tekið fram að sjúkraskrár sem færðar eru lögum samkvæmt, aðrar skár sem einstakar heilbrigðis- og rannsóknarstofnanir halda um þá einstaklinga sem þær veita heilbrigðisþjónustu og skrár sem stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og tryggingamála halda um notendur heilbrigðisþjónustu og rekstur heilbrigðiskerfisins teljist ekki gagnagrunnur á heilbrigðissviði í skilningi laganna. Þeir aðilar sem þessar skrár færa þurfa því ekki starfsleyfi samkvæmt þessum lögum til að geta haldið því áfram.

Skilgreining á kerfisbundinni skráningu upplýsinga er efnislega samhljóða skilgreiningu laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Skilgreining í lögunum á heilsufarsupplýsingum er í samræmi við skilgreiningu samþykktar Evrópuráðsins nr. R(97)5 frá 13. febrúar 1997 um verndun heilsufarsupplýsinga (Recommendation No R(97)5 of the Committee of Ministers to Member States on the Protection of Medical Data).

Skilgreining á hugtakinu persónuupplýsingar er byggð á skilgreiningu laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, en hún jafnframt löguð að skilgreiningu á persónuupplýsingum í fyrrnefndri samþykkt Evrópuráðsins þar sem segir að einstaklingur skuli ekki teljast persónugreinanlegur ef verja þyrfti verulegum tíma og mannafla til að persónugreining hans gæti átt sér stað. Skuli í þeim tilvikum litið svo á að upplýsingar séu ekki persónuupplýsingar. Einnig er lagt til að við skilgreiningu Evrópuráðsins bætist að einstaklingur skuli eigi teljast persónugreinanlegur ef persónugreining getur einungis átt sér stað með notkun greiningarlykils sem sá aðili sem upplýsingar hefur undir höndum hefur ekki aðgang að. Er hér byggt á vinnuferli sem tölvunefnd, sem starfar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, hefur nýlega mótað reglur um á sviði vísindarannsókna á heilbrigðissviði, en í skilmálum tölvunefndar er kveðið á um að rannsóknargögn skuli kóðuð með dulmálslykli áður en þau eru afhent rannsóknaraðila og varðveiti sérstakir tilsjónarmenn tölvunefndar síðan dulmálslykilinn. Þar sem það skilyrði er sett í 4. og 5. gr. að upplýsingar skuli fyrir skráningu í gagnagrunni aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi þýðir þetta að þær upplýsingar sem unnið verður með í gagnagrunni á heilbrigðissviði verða ekki persónuupplýsingar. Skilyrði laganna um að upplýsingar skuli aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi felur í sér að persónuauðkenni skuli afmáð, svo sem með dulkóðun upplýsinganna, þannig að einstaklingur sá sem þær varða sé ekki persónugreinanlegur.

Við skilgreiningu á hugtakinu erfðafræðilegar upplýsingar, sem jafnframt falla undir skilgreiningu hugtaksins heilsufarsupplýsingar, er byggt á skilgreiningu á hugtakinu í áðurnefndri samþykkt Evrópuráðsins.

Um 3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur mótað stefnu í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins, sbr. heilbrigðisráðuneytið, rit 1 1997. Þar er gert ráð fyrir að byggð verði upp samhæfð upplýsingakerfi fyrir stofnanir heilbrigðisþjónustunnar. Í samræmi við það er í frumvarpinu kveðið á um að heilbrigðisráðherra skuli beita sér fyrir gerð og starfrækslu samhæfðra gagnagrunna á heilbrigðissviði. Þá er kveðið á um að heilbrigðisráðherra sé heimilt að semja um gerð og starfrækslu gagnagrunns eða gagnagrunna við aðila sem uppfylla skilyrði laganna fyrir veitingu starfsleyfis. Skv. 1. gr. frumvarpsins verður óheimilt að starfrækja gagnagrunna í skilningi laganna án starfsleyfis. Þeir aðilar sem nú starfrækja slíka gagnagrunna þurfa því að sækja um starfsleyfi. Í 3. mgr. er lýst er þeim skilyrðum sem veitingu starfsleyfis eru sett.

Lagt er til að heilbrigðisráðherra annist veitingu starfsleyfis og annarra leyfa samkvæmt lögunum. Þykir eðlilegt að leyfisveitingarvald á þessu sviði verði hjá ráðherra, en möguleikar starfsleyfishafa til að safna og skrá upplýsingar verða þó eftir sem áður háðir því að hann fylgi þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg.

Sett eru ýmis skilyrði fyrir því að aðili geti fengið starfsleyfi.

Um íslenskan lögaðila þarf að vera að ræða. Með því er átt við að viðkomandi sé félag eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi, þ.e. er skráður hér á landi eða telur heimili sitt vera hér á landi samkvæmt samþykktum sínum, án tillits til þess hvernig rekstrarformi eða eignarhaldi aðilans er háttað.

Gagnagrunnurinn verður að vera alfarið staðsettur hér á landi. Í því felst að ekki væri heimilt að veita starfsleyfi íslenskum lögaðila sem hygðist flytja þær upplýsingar sem hann safnaði eða fengi aðgang að til skráningar í gagnagrunni í gagnagrunn sem gerður yrði og

starfræktur erlendis. Er þetta skilyrði sett vegna þess hversu viðkvæmar þessar upplýsingar eru, auk þess sem fullnægjandi eftirliti yrði þá ekki við komið.

Liggja þarf fyrir tækni-, öryggis- og skipulagslýsing sem tryggir á fullnægjandi hátt, að mati tölvunefndar, vernd persónuupplýsinga. Miðar þetta skilyrði bæði að því að tryggja öryggi við söfnun og meðferð heilsufarsupplýsinga og annarra upplýsinga áður en þær eru skráðar í gagnagrunni og að ekki verði við samtengingu og vinnslu í gagnagrunni úr heilsufarsupplýsingum og öðrum upplýsingum sem þar hafa verið skráðar unnt að tengja þær persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi.

Til að tryggja sem best að kunnáttusamlega sé staðið að kerfisbundinni skráningu og úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og að fyllsta trúnaðar sé gætt er það skilyrði sett að þessi vinna sé framkvæmd eða henni stjórnað af fólki með sérmenntun á sviði heilbrigðisþjónustu. Er þetta í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar samþykktar Evrópuráðsins. Fer það síðan eftir eðli einstakra þátta úrvinnslunnar hvers konar sérmenntunar er þörf í hverju tilviki.

Loks er það skilyrði sett að starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði verði haldið aðskilinni frá annarri starfsemi starfsleyfishafa. Ekki er hins vegar gerð krafa til að starfsleyfishafi hafi enga aðra starfsemi með höndum, enda beinlínis gert ráð fyrir að starfsleyfi kunni að verða veitt starfandi hátæknifyrirtækjum á sviði erfða- og sjúkdómsgreininga.

Lagt er til að heimilt verði að tímabinda starfsleyfi og að binda það skilyrðum í samræmi við ákvæði laganna.

Þar sem gera má ráð fyrir að heilbrigðisráðuneytið þurfi að leggja í talsverða vinnu við athuganir á því hvort skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis séu fyrir hendi og við undirbúning leyfis er kveðið á um að heilbrigðisráðherra geti ákveðið gjald er greiða skuli fyrir veitingu starfsleyfis til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu þess. Ekki er því gert ráð fyrir að hér sé um að ræða tekjuöflun fyrir ríkissjóð, heldur endurgreiðslu kostnaðar.

Um II. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um heimild starfsleyfishafa til frumsöfnunar heilsufarsupplýsinga, en í III. kafla er á hinn bóginn kveðið á um aðgang sem veita má starfsleyfishafa að áður skráðum upplýsingum.

Um 4. gr.

Hér er mælt fyrir um heimild allra þeirra sem fá starfsleyfi samkvæmt lögunum til að safna heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að skrá þær í gagnagrunni á heilbrigðissviði. Er þá átt við söfnun upplýsinga frá þeim einstaklingum sem upplýsingarnar varða. Gæti starfsleyfishafi hvort heldur er sjálfur annast söfnun heilsufarsupplýsinga eða átt um það samstarf við aðra sem annast samskipti við þá einstaklinga sem upplýsingarnar varða. Ekki felst hins vegar í heimild starfsleyfishafa samkvæmt þessari grein heimild starfsleyfishafa til aðgangs að áður skráðum upplýsingum úr sjúkraskrám eða öðrum áður skráðum heilsufarsupplýsingum þar sem slíkur aðgangur er háður leyfi skv. 5. gr. Við söfnun og skráningu heilsufarsupplýsinga á grundvelli heimildar í 4. gr. ber að fylgja þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg til að tryggja þá vernd sem kveðið er á um í lögunum. Upplýsingar sem aflað er samkvæmt þessari grein skulu aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum áður en skráning þeirra í gagnagrunn á heilbrigðissviði fer fram.

Í 2. mgr. er kveðið á um að um kerfisbundna skráningu upplýsinga í gagnagrunn fari að öðru leyti samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Um III. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um leyfi sem veita má starfsleyfishafa til aðgangs að áður skráðum heilsufarsupplýsingum, en ljóst er að möguleikar starfsleyfishafa til að mynda viðamikinn gagnagrunn eru mun takmarkaðri en ella ef hann verður alfarið að setja gagnagrunninn saman á grundvelli upplýsinga sem hann safnar samkvæmt hinni almennu heimild í 4. gr.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það með almennum hætti að heimilt sé að veita starfsleyfishafa leyfi til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrám og öðrum áður skráðum heilsufarsupplýsingum í því skyni að skrá þær í gagnagrunni, en starfsleyfið sem slíkt veitir starfsleyfishafa ekki sjálfkrafa slíka heimild. Tekið er fram að við meðferð skráa og annarra gagna og upplýsinga skuli fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Þá er það skilyrði sett að upplýsingar þær sem um ræðir séu fyrir flutning í gagnagrunn aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum.

Í 2. mgr. er því nánar lýst hvernig standa skal að leyfisveitingum skv. 5. gr. Er gengið út frá sömu meginreglu og byggt er á í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, að því er sjúkraskrár varðar og miðað við að út af fyrir sig eigi enginn heilsufarsupplýsingar, enda má segja að tilurð þeirra byggist á framlagi margra aðila, bæði viðkomandi einstaklings sem upplýsingarnar varða, lækna og annarra heilbrigðisstétta sem að málum hafa komið og ríkisins sem fulltrúa skattborgara sem fjármagna heilbrigðisþjónustuna. Þar sem heilsufarsupplýsingar verða ekki taldar háðar einkaeignarrétti verður að telja eðlilegt að handhafar ríkisvaldsins, sem til þess eru bærir, geti sett reglur um aðgang að þessum upplýsingum og nýtingu þeirra. Lagt er til að leyfisveitingarvaldið verði í höndum heilbrigðisráðherra. Aðgangur sé þó jafnframt háður samþykki viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns sem skráð hefur þær á eigin starfsstofu. Ljóst er að áður en leyfi er veitt verður að kanna hvernig starfsleyfishafi hyggst haga verktilhögun. Þá verður að liggja fyrir staðfesting tölvunefndar um að þau skilyrði sem hún metur nauðsynleg séu uppfyllt, sbr. 1. mgr. Leyfi miðast við aðgang að upplýsingum hjá tilteknum aðilum sem geta eftir atvikum verið fleiri eða færri.

Þótt æskilegt kynni að þykja að unnt væri að veita öllum starfsleyfishöfum sem þess óska leyfi til aðgangs að áður skráðum upplýsingum sem tiltekinn aðili varðveitir er slíkt fyrirkomulag ýmsum annmörkum háð. Annars vegar gengi ekki upp að margir aðilar væru samtímis en óháð hver öðrum að vinna úr gögnum sama aðila. Hins vegar er síðan á það að líta að fastlega má gera ráð fyrir að sá aðili sem fyrstur fær aðgang að heilsufarsupplýsingum sem skráðar eru hjá tilteknum aðila búi upplýsingarnar á ýmsan hátt í form sem betur hentar til flutnings í gagnagrunn. Annar aðili, sem í kjölfarið fengi leyfi til aðgangs að sömu heilsufarsupplýsingum, gæti þá að öllum líkindum hagnýtt sér vinnu hins fyrra og unnið verkið á mun skemmri tíma og með minni tilkostnaði en hinn fyrri. Bendir ýmislegt til að það geti verið til þess fallið að draga úr áhuga á að leggja fram áhættufjármagn til gerðar gagnagrunns ef fyrir lægi að aðrir aðilar gætu síðan fengið aðgang að þeirri grunnvinnu sem búið er að leggja í og greiða fyrir. Af þessum sökum er lagt til í 3. mgr. að heilbrigðisráðherra geti ákveðið að einn starfsleyfishafi hafi í allt að 12 ár, einn starfsleyfishafa, leyfi til aðgangs að tilteknum heilsufarsupplýsingum frá nánar tilgreindum aðilum til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Gert er ráð fyrir að þrátt fyrir veitingu leyfis skv. 3. mgr. væri áfram unnt að veita aðilum sem nú starfrækja gagnagrunna vegna tiltekinna sjúkdóma aðgang að upplýsingum. Þar er m.a. hafður í huga gagnagrunnur Hjartaverndar og gagnagrunnur Krabbameinsfélagsins vega krabbameinsskráningar. Ráðherra getur bundið leyfi skv. 3. mgr. skilyrðum um aðstoð leyfis-

hafa við endurbætur á meðferð og vinnslu heilsufarsupplýsinga hjá viðkomandi aðila og um aðgang íslenskra heilbrigðisyfirvalda að gagnagrunni leyfishafa til hagnýtingar innan heilbrigðiskerfisins á leyfistíma og eftir að leyfistíma lýkur, sbr. 3. mgr. 6. gr. Sérleyfi til handa einum starfsleyfishafa takmarkar þó á engan hátt aðgang stjórnvalda að heilsufarsupplýsingum vegna lögákveðinna verkefna né takmarkar það heimild samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga til að veita öðrum aðgang að heilsufarsupplýsingum vegna vísindarannsókna.

Í 4. mgr. er tekið fram að um aðgang starfsleyfishafa að áður skráðum persónuupplýsingum til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði skuli að öðru leyti fara samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Hér eru hafðar í huga upplýsingar tengdar heilsufarsupplýsingum, svo sem ættfræðiupplýsingar eða upplýsingar um kostnað í heilbrigðisþjónustu. Vegna samtengingarheimildar 1. mgr. 7. gr. væri aðgangur að ættfræðiupplýsingum til flutnings í gagnagrunn háður leyfi tölvunefndar. Fyrir skráningu í gagnagrunn bæri að aftengja þær upplýsingar sem hér um ræðir persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum. Ekki yrði því heimilt að tengja slíkar upplýsingar heilsufarsupplýsingum í gagnagrunni, nema persónuleynd væri nægilega tryggð að mati tölvunefndar.

Um 6. gr.

Hér er að finna nánari ákvæði um leyfi skv. 5. gr. Í umsókn þarf að koma skýrt fram hver sé tilgangur með öflun leyfis, auk þess sem ítarlegar upplýsingar skulu fylgja um verkáætlun og annað sem heilbrigðisráðherra telur nauðsynlegt að komi fram. Hvort sem um er að ræða almennt leyfi eða sérleyfi skv. 5. gr. skal leyfi vera tímabundið. Heimilt er að binda það skilyrðum um verktilhögun, en það miðar að því að tryggja sem snurðulausasta framkvæmd, og um verkframvindu, en í því felst að leitast er við að tryggja að leyfishafi taki sér ekki lengri tíma en eðlilegt getur talist til þeirrar vinnu sem fram fer hjá þeim aðila er hann fær aðgang að heilsufarsupplýsingum hjá.

Lagt er til að heilbrigðisráðherra geti ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfis skv. 5. gr. til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis. Styðst þetta ákvæði við sömu sjónarmið og áður var lýst varðandi heimild til gjaldtöku vegna undirbúnings og útgáfu starfsleyfis. Þá er tekið fram að ráðherra geti bundið leyfi skv. 3. mgr. 5. gr. skilyrðum um aðstoð leyfishafa við endurbætur á meðferð og vinnslu heilsufarsupplýsinga hjá viðkomandi aðila og um óheftan aðgang íslenskra heilbrigðisyfirvalda að gagnagrunni leyfishafa til hagnýtingar innan heilbrigðiskerfisins. Sá aðgangur gæti t.d. verið með beinlínutengingu við gagnagrunninn. Þykir eðlilegt að lögin geymi heimild til að binda sérleyfi slíkum skilyrðum þannig að unnt verði að áskilja að fyrir slíkan rétt til aðgangs að áður skráðum heilsufarsupplýsingum komi framlag frá leyfishafa, annars vegar til þess aðila sem bjó yfir upplýsingunum og hins vegar til heilbrigðisyfirvalda.

Í 4. mgr. er tekið fram að leyfi sem veitt eru skv. 5. gr. séu ekki framseljanleg og að óheimilt sé að setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi heilbrigðisráðherra.

Í lokamálsgrein greinarinnar er tekið fram að verði starfsleyfishafi ófær um að starfrækja gagnagrunn í samræmi við ákvæði laganna eða skilyrða sem sett hafa verið skv. þeim, t.d. vegna þess að starfsleyfishafi verði gjaldþrota eða hætti rekstri, þá skuli heilbrigðisráðherra ákveða hvernig fara skuli um starfrækslu gagnagrunnsins.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um heimila úrvinnslu, hagnýtingu og meðferð skráðra upplýsinga, auk þess sem kaflinn geymir ákvæði um heimila tengingu við gagnagrunn á heilbrigðissviði, bann við flutningi gagnagrunns úr landi og um þagnarskyldu.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild starfsleyfishafa til vinnslu þeirra upplýsinga sem skráðar eru í gagnagrunn á heilbrigðissviði, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu að ekki sé unnt að tengja upplýsingarnar persónugreinanlegum einstaklingum. Um vísindarannsóknir þar sem unnið er með einhverjar upplýsingar eða gögn frá persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum fer samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga og reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvernig heimilt sé að nýta þær upplýsingar sem skráðar eru eða aflað er með úrvinnslu í gagnagrunni. Má nýta þær til að finna ný lyf, til að þróa nýjar eða bættar aðferðir við forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, til að leita hagkvæmustu leiða í rekstri heilbrigðiskerfa, í þágu skýrslugerðar á heilbrigðissviði eða í öðrum sambærilegum tilgangi á heilbrigðissviði.

Í 3. mgr. er tekið fram að starfsleyfishafa skuli óheimilt að hagnýta persónuupplýsingar sem hann safnar eða fær aðgang að samkvæmt lögunum með öðrum hætti en kveðið er á um í lögunum og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Í þessu sambandi ber að hafa hugfast að þær upplýsingar sem starfsleyfishafi safnar eða fær aðgang að skv. 4. og 5. gr. laganna eru að meginstofni til persónuupplýsingar þótt gert sé ráð fyrir að þær séu síðan aftengdar persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingum áður en þær eru skráðar í gagnagrunni og séu því ekki á formi persónuupplýsinga eftir það. Með ákvæðum 3. mgr. er undirstrikað að starfsleyfishafa er einungis heimilt að hagnýta persónuupplýsingar sem hann safnar eða fær aðgang að á þann veg sem kveðið er á um í lögunum, þ.e. til skráningar í gagnagrunn, nema hann hafi eða fái heimild til annarrar hagnýtingar samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Til slíks ætti vart að geta komið nema starfsleyfishafi stundi jafnframt aðra starfsemi sem þá ber að halda aðskildri frá starfrækslu gagnagrunnsins, sbr. 5. tölul. 3. mgr. 3. gr.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild starfsleyfishafa til að leyfa öðrum aðilum að tengjast gagnagrunni á heilbrigðissviði með beinlínutengingu. Talið er líklegt að ef á annað borð tekst að markaðssetja íslenskan gagnagrunn á heilbrigðissviði muni slíkt einkum verða í því formi að erlendir aðilar á sviði heilbrigðisþjónustu, eins og lyfjafyrirtæki og sjúkrastofnanir, fái aðgang að gagnagrunninum og geti nýtt þær upplýsingar sem hann hefur að geyma til skilningsauka á því hvernig gæði og kostnaður verða til í heilbrigðiskerfum og til þess að búa til líkön til að prófa og vinna með í eigin heilbrigðiskerfi. Tekið er fram í greininni að beinlínutenging sé heimil vegna verkefna viðkomandi aðila sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 7. gr. Sú spurning kann að vakna hvaða tök séu á því að fylgjast með því hvort viðkomandi aðili heldur sig innan heimilla marka. Í því sambandi ber að hafa í huga að starfsleyfishafi gerir væntanlega samninga við aðila um tiltekin afnot þeirra af gagnagrunninum og hefur því hagsmuni af því að fylgjast með því að ekki sé farið út fyrir þau mörk. Þess utan er tæpast um það að ræða að unnt sé að nýta hinar nafnlausu heilsufarsupplýsingar á annan hátt en lýst er í 2. mgr. 7. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja í reglugerð frekari skilyrði fyrir heimild til beinlínutengingar. Hér er haft í huga að unnt sé að setja í reglugerð skilyrði til að tryggja að ekki sé hægt að flytja starfsemina að verulegu leyti úr landi með því að veita víðtækar heimildir til beinlínutengingar.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að gagnagrunn á heilbrigðissviði megi ekki láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis. Vísast í þessu sambandi til athugasemda við 2. tölul. 3. mgr. 3. gr.

Um 10. gr.

Ákvæði greinarinnar er sambærilegt við ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Um 11. gr.

Lagt er til að heilbrigðisráðherra hafi eftirlit með framkvæmd laganna en sé þó heimilt að höfðu samráði við dómsmálaráðherra að fela tölvunefnd og vísindasiðanefnd að annast eftirlit með framkvæmd laganna eða einstakra þátta þeirra. Í starfsleyfi og öðrum leyfum samkvæmt lögunum skal nánar kveðið á um tilhögun eftirlits og greiðslu kostnaðar af því.

Þá kveður greinin á um heimild heilbrigðisráðherra til að afturkalla leyfi ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða skilyrðum leyfis er ekki fullnægt. Áður en leyfi skv. 5. gr. eða eftir atvikum starfsleyfi er afturkallað skal ráðherra þó veita starfsleyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

Um 12.–14. gr.

Ákvæði greinanna eru efnislega samhljóða sams konar ákvæðum í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og þarfnast því ekki sérstakra athugasemda.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um gagnagrunna á heilbrigðissviði.

Með frumvarpinu er sett löggjöf um meðferð og hagnýtingu gagnagrunna er geyma heilbrigðisupplýsingar. Ekki verður séð að frumvarpið hafi annan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð en þann sem felst í hlutverki þeirra stjórnvalda er málið varðar og felst í eftirliti og útgáfu leyfa samkvæmt frumvarpinu. Í frumvarpinu er heimild til innheimtu á eftirlits- og leyfisgjöldum. Frumvarpið á því ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram tekjur af hugsanlegum leyfis- og eftirlitsgjöldum. Athygli er vakin á því að tiltekin verðmæti gætu falist í veitingu einkaleyfis til tiltekins tíma, enda er í frumvarpinu gert ráð fyrir að leyfi geti verið bundið skilyrðum um aðstoð leyfishafa við endurbætur á meðferð og vinnslu heilbrigðisupplýsinga og aðgang íslenskra heilbrigðisyfirvalda að gagnagrunninum til hagnýtingar innan heilbrigðiskerfisins.

1135. Fyrirspurn [662. mál]

til heilbrigðisráðherra um innheimtu komugjalda heilsugæslustöðva.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Er fyrir því heimild af hálfu ráðherra að setja vangreidd komugjöld heilsugæslustöðva í innheimtu hjá lögfræðingum?

1136. Nefndarálit [509. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31 27. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Auði Eyvinds frá samgönguráðuneyti og Þorgeir Pálsson flugmálastjóra. Umsagnir bárust nefndinni frá Flugmálastjórn Íslands, flugráði og Flugleiðum hf.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði úr lögum heimild til innheimtu eldsneytisgjalds af flugvélabensíni og þotueldsneyti og er breytingunum ætlað að jafna samkeppnisskilyrði í flugi. Umsagnir þær sem bárust nefndinni voru jákvæðar í garð þessara breytinga.

Samgöngunefnd leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.
Egill Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Árni Johnsen.

1137. Nefndarálit [519. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Ólöfu Nordal frá samgönguráðuneyti, Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins, Unni Sverris-

dóttur frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Sigfús Bjarnason og Kristin Ólafsson frá Bifreiðastjórafélaginu Frama, Sigurð Sigurjónsson, Guðmund Pétursson, Guðjón Andrésson og Bjarna Pálmason frá bifreiðastjórafélögunum Andvara og Átaki og Eyrúnu Ingadóttur og Hafstein Númason frá Trausta, félagi sendibifreiðastjóra.

Umsagnir bárust nefndinni frá Bifreiðastjórafélaginu Andvara, Bifreiðastjórafélaginu Frama, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Afli, félagi sendibílstjóra og Eimskipum.

Nefndin vill vekja athygli á því að ekki sé stefnt að heildarendurskoðun laga um leigubifreiðar með frumvarpinu heldur einungis afmarkaðra þátta. Annars vegar er lagt til að afmörkuð verði nánar skilyrði til að mega aka fólksbifreið í leiguakstri og hins vegar að leiddar verði í lög reglur um starfsleyfi fyrir leiguakstur vöru- og sendibifreiða. Við nánari skoðun málsins í nefndinni taldi hún rétt að fella brott ákvæði 2. og 3. gr. frumvarpsins um leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða þar sem mörg atriði í því sambandi eru enn óljós og þarfnast frekari skoðunar. Auk þess vill nefndin taka fram að vegna breyttra aðstæðna í umferðinni og krafna um aukið öryggi telur hún nauðsynlegt að fram fari frekari endurskoðun á lögunum, svo sem varðandi útgáfu starfsleyfa og verkefni umsjónarnefndar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að orðin „óflekkað mannorð“ í b-lið 1. gr. frumvarpsins falli brott og að greinin verði umorðuð þannig að hún falli að upptalningu 3. gr. laganna. Ekki felst í þessu efnisbreyting. Þetta er gert þar sem ríkari kröfur eru gerðar til mannorðs þeirra sem aka fólksbifreiðum í leiguakstri en að það sé óflekkað í skilningi kosningalaga. Skilyrði til þess að fá heimild til leiguaksturs fólksbifreiða eru á hinn bóginn rakin í greininni. Auk þess vill nefndin benda á að í 2. tölul. 2. efnismgr. 2. gr. er vísað til hugtaksins „óflekkað mannorð“ í þeirri merkingu sem lögð er í það samkvæmt kosningalögum. Meiri kröfur eru gerðar til aksturs fólksbifreiða í leiguakstri en aksturs vöru- og sendibifreiða. Breytingunni er ætlað að koma í veg fyrir misskilning og hugtakabrengl. Varhugavert er að hafa tvær merkingar á sama hugtakinu í einum lögum.
2. Þá er lagt til að í stað orðsins „skírlífisbrot“ í b-lið 1. gr. komi „kynferðisbrot“. Þetta er í samræmi við breytta hugtakanotkun í almennum hegningarlögum, sbr. lög nr. 40/1992.
3. Lagt er til að 2. og 3. gr. falli brott, sbr. fyrrgreindar athugasemdir.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Egill Jónsson.	Árni Johnsen.	Ragnar Arnalds.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristján Pálsson.	Stefán Guðmundsson.

1138. Breytingartillögur [519. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „hafa óflekkað mannorð; enginn telst hæfur til að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum sem dæmdur hefur verið til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða varðhalds“ komi: hafa ekki verið dæmdir til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða varðhalds.
   b. Í stað orðsins „skírlífisbrot“ komi: kynferðisbrot.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin falli brott.

1139. Nefndarálit [207. mál]

um till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1998–2001.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Pálsson flugmálastjóra og Hauk Hauksson frá Flugmálastjórn Íslands, Þórð Ægi Óskarsson frá utanríkisráðuneyti og Pétur Guðmundsson, flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli.

Frá því að tillaga til þingsályktunar um flugmálaáætlun árin 1998–2001 var lögð fram hefur samgönguráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna áætlunarinnar sem leiðir til þess að gera þarf breytingar á tillögunni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eldsneytisgjald verði ekki lengur innheimt og er það gert til að jafna samkeppnisskilyrði í flugi. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að breytingarnar munu hafa í för með sér að áætlaðar tekjur samkvæmt flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001 lækka um 45 millj. kr. á árinu 1998, 65 millj. kr. árið 1999, 67 millj. kr. árið 2000 og 69 millj. kr. árið 2001, eða samtals 246 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir að fjárveitingar til flugvalla lækki um þá fjárhæð þar sem framlag til rekstrar flugvalla og til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar munu lækka um 28 millj. kr. á árinu 1998 og 35 millj. kr. árlega á árunum 1999–2001. Framlag til framkvæmda á flugvöllum samkvæmt flugmálaáætlun lækkar því um 17 millj. kr. á árinu 1998, 30 millj. kr. árið 1999, 32 millj. kr. árið 2000 og 33 millj. kr. árið 2001. Jafnframt segir í athugasemdunum að samhliða lögfestingu frumvarpsins verði lendingargjöld í innanlandsflugi hækkuð sem nemur tapi vegna niðurfellingar á eldsneytisgjaldi í innanlandsflugi og að yfirstjórn Keflavíkurflugvallar hafi lýst því yfir að sértekjur flugvallarins muni hækka um 18 millj. kr. ár hvert til ársins 2001 og komi á móti lækkun á framlagi til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar samkvæmt flugmálaáætluninni.

Í bréfi samgönguráðherra til samgöngunefndar Alþingis, dags. 26. mars 1998, kemur fram að flugvallagjald verði hækkað um 2,5% frá og með 1. janúar nk. Mun þessi hækkun skila um 15 millj. kr. til tekjustofna flugmálaáætlunar. Jafnframt leggur ráðherra til að framlag af flugmálaáætlun til rekstrar Flugmálastjórnar Íslands lækki um 13 millj. kr. á yfirstandandi ári, 17 millj. kr. árið 1999, 19 millj. kr. árið 2000 og 21 millj. kr. árið 2001 en þetta eru þær upphæðir

sem gert er ráð fyrir að vanti svo endar nái saman og ekki þurfi að skerða framkvæmdaliði flugmálaáætlunar á gildistíma hennar umfram það sem gert er ráð fyrir í tillögunni.

Gert er ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til reksturs Flugmálastjórnar Íslands verði hækkað sem nemur lækkuðu framlagi af flugmálaáætlun til rekstrarins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á einstökum liðum áætlunarinnar sem eru afleiðing breytingar á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Ekki þarf að rekja einstakar breytingar á fjárhæðum heldur vísast til breytingartillagnanna þar um.
2. Lagt er til að gerð verði sú breyting á flokkun flugvalla að Patreksfjarðarflugvöllur verði settur í flokk 3.2 Áætlunarflugvellir II í stað 3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Þegar tillagan var lögð fram hafði áætlunarflugi til Patreksfjarðar verið hætt en hefur nú hafist að nýju og verður því að telja eðlilegt að þessi breyting verði gerð.

Alþingi, 1. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.
Egill Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Árni Johnsen.

1140. Breytingartillögur [207. mál]

við till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1998–2001.

Frá samgöngunefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1998	1999	2000	2001
1.1 Flugmálaáætlun				
Tekjur				
1. Flugvallagjald	540	598	615	633
2. Eldsneytisgjald	20	0	0	0
3. Frá fyrra ári	22	0	0	0
	582	598	615	633

	1998	1999	2000	2001
Gjöld				
Til rekstrar	167	113	66	64
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42	55	64	74
Reykjavík	29	105	206	224
Aðrir flugvellir og fleira	344	325	279	271
	582	598	615	633
1.2 Flugmálastjórn				
Tekjur				
Ríkistekjur	123	128	128	128
Sértekjur	191	191	191	191
Frá flugmálaáætlun	167	113	66	64
Framlag á fjárlögum	475	524	571	573
	956	956	956	956
Gjöld				
Rekstur flugvalla	344	344	344	344
Annar rekstur	559	559	559	559
Hlutdeild Flugmálastjórnar v/Alþjóðaflugþjónustu	29	29	29	29
Hlutdeild Pósts og síma v/Alþjóðaflugþjónustu	18	18	18	18
Hlutdeild Veðurstofu v/Alþjóðaflugþjónustu	6	6	6	6
	956	956	956	956
1.3 Alþjóðaflugþjónustan				
Tekjur				
Yfirflugsgjöld Flugmálastjórnar	384	384	384	384
Gjöld				
Rekstur Flugmálastjórnar	413	413	413	413
Hlutdeild Flugmálastjórnar	-29	-29	-29	-29
	384	384	384	384

2. Við III.
   a. Liður 3.2 orðist svo:
   Áætlunarflugvellir II.
   Bíldudalur, Siglufjörður, Patreksfjörður, Vopnafjörður og Grímsey.
   b. A-liður 3.4 orðist svo: **Þjónustuflugvellir:** Bakki, Blönduós, Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík, Norðfjörður, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.

1141. Tillaga til þingsályktunar [663. mál]

um skattfrádrátt meðlagsgreiðenda.

Flm.: Guðni Ágústsson, Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem kanni hvort rétt sé að setja reglur sem heimili að meðlagsgreiðslur foreldra gangi til lækkunar á tekjuskattsstofni þeirra. Í þessu sambandi verði meðal annars skoðaðar þær reglur sem gilda á Norðurlöndunum og

hvort rétt sé að binda heimildina við þá foreldra sem hafa stofnað til hjúskapar eða hafið sambúð að nýju.

Nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir 1. september 1998.

Greinargerð.

Tillagan miðar að því að kannað verði hvort rétt sé að setja í lög heimild til handa meðlagsskyldum foreldrum til að draga meðlagsgreiðslur frá tekjuskattsstofni og lækka þar með tekjuskattsgreiðslur þeirra. Hér eru fyrst og fremst hafðir í huga þeir foreldrar sem hafa gengið í hjónaband eða hafið sambúð að nýju. Þegar þannig háttar til hafa viðkomandi framfærsluskyldu gagnvart nýju fjölskyldunni sem þeim gengur oft og tíðum illa að fullnægja vegna greiðslubyrði sinnar af meðlagsgreiðslum. Í sumum tilfellum verður afleiðingin að greiðslubyrðin verður einstaklingunum ofviða og þeir lenda í stöðu sem þeir ná ekki að vinna sig út úr, t.d. gjaldþroti. Slíkt leiðir síðan til þess að viðkomandi foreldrar sjá sér ekki annan kost en að hefja svarta atvinnustarfsemi svo að hin nýja fjölskylda hafi til hnífs og skeiðar. Með því að heimila slíkan skattfrádrátt í ákveðnum afmörkuðum tilvikum væri hægt að koma í veg fyrir margan fjölskylduharmleikinn.

Í Noregi og Danmörku er foreldrum heimilt að draga frá tekjuskattsstofni greitt meðlag að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Eðlilegt er því að skoða hvort ekki sé rétt að hafa sama hátt á hér á landi.

1142. Fyrirspurn [664. mál]

til utanríkisráðherra um aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum frá síðustu árum.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvað á Ísland aðild að mörgum alþjóðlegum og fjölþjóðlegum stofnunum og samtökum? Hve margar stofnanir og samtök hafa bæst við eftir að utanríkisráðherra svaraði fyrirspurn um sama efni á 118. löggjafarþingi (í febrúar 1995), hverjar eru þær stofnanir eða samtök og hvenær varð Ísland aðili að þeim?
2. Hvað á Ísland aðild að mörgum fjölþjóðlegum samningum og tvíhliða samningum? Hve margir slíkir samningar hafa bæst við síðan á 118. löggjafarþingi, hverjir eru þeir og hvenær varð Ísland aðili að hverjum samningi fyrir sig?
3. Hve margir slíkir samningar hafa verið staðfestir, hve margir undirritaðir og hve margir undirritaðir en ekki staðfestir síðan á 118. löggjafarþingi?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á 118. löggjafarþingi bar fyrirspyrjandi fram sams konar fyrirspurn um alla alþjóðasamninga og alþjóðastofnanir sem Ísland hafði staðfest eða undirritað aðild að. Þessi fyrirspurn er flutt sem framhald þeirrar fyrri þannig að Alþingi hafi glöggt yfirlit yfir þessi mál í heild.

1143. Fyrirspurn [665. mál]

til landbúnaðarráðherra um beingreiðslur.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

1. Hvað eru margar jarðir með rétt til beingreiðslna?
2. Hvað eru margar jarðir með beingreiðslurétt undir 100 ærgildum, með 100–200 ærgildi, 200–300 ærgildi o.s.frv.?
3. Hvað hefur verið fluttur beingreiðsluréttur af mörgum jörðum í landinu?
4. Hvað var framleitt mikið af kindakjöti á árinu 1997 á þeim bújörðum sem beingreiðsluréttur hefur verið fluttur af?
5. Hvað var framleitt mikið af kindakjöti á árinu 1997 á þeim bújörðum sem beingreiðsluréttur hefur verið fluttur af og hafa jafnframt fengið styrk til búháttabreytinga?
6. Hvert er meðaltal beingreiðslna til sauðfjárbænda?
7. Hvað eru beingreiðslur háar að meðaltali til þeirra tíu sauðfjárbænda sem fá hæstar beingreiðslur, næstu tíu og þar næstu tíu?
8. Hvert er meðaltal beingreiðslna til kúabænda?
9. Hvað eru beingreiðslur háar að meðaltali til þeirra tíu kúabænda sem fá hæstar beingreiðslur, næstu tíu og þar næstu tíu?

Skriflegt svar óskast.

1144. Fyrirspurn [666. mál]

til iðnaðarráðherra um iðnaðaruppbyggingu á Vestfjörðum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvaða athuganir hafa farið fram á vegum ráðuneytisins á möguleikum til iðnaðaruppbyggingar á Vestfjörðum? Hver var niðurstaða þeirra og hvaða upplýsingar liggja fyrir um möguleika á orkufrekum iðnaði eða annarri stóriðju í fjórðungnum?

1145. Fyrirspurn [667. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning kjöts og dýra.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða mála er tengjast 17. grein EES-samningsins að því er varðar bann við innflutningi á kjöti og lifandi dýrum?
2. Hver er stefna íslenskra stjórnvalda að því er varðar þróun tímabundinna ákvæða EES-samningsins á þessu sviði? Hafa farið fram viðræður við Evrópusambandið þar að lútandi?
3. Hvaða aðgerðir og rannsóknir fara fram til að treysta áhættumat og varnir hérlendis gegn sjúkdómum er hlotist gætu af innflutningi á hráu kjöti og lifandi dýrum?

4. Hver er staða þessara mála samkvæmt samningsskuldbindingum Íslands sem aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO?
5. Hverjar eru megináherslur íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi og í samningum um þróun alþjóðlegra sáttmála og skuldbindinga að því er varðar heilbrigðisþætti er tengjast innflutningi kjöts og lifandi dýra?

Skriflegt svar óskast.

1146. Fyrirspurn [668. mál]

til dómsmálaráðherra um sýslur.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er stjórnskipuleg staða sýslna samkvæmt gildandi lögum?
2. Í hvaða lögum er nú að finna ákvæði sem byggjast á sýsluskipan?
3. Eru umdæmi sýslumanna á einhvern hátt formlega tengd sýslum? Í hvaða tilvikum eru mörk þeirra umdæma nú önnur en sýslumörk voru fyrir setningu sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986?
4. Hvaða stöðu og þýðingu hafa landfræðileg mörk sýslna? Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða þau mörk eða setja nýjar reglur að því er varðar sýsluskipan í landinu?

Skriflegt svar óskast.

1147. Svar [576. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um tengsl umferðarslysa og neyslu ávana- og fíkniefna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft hafa ökumenn, sem lent hafa í umferðaróhöppum sl. fimm ár, mælst með of hátt áfengismagn í blóði eða fundist í blóði þeirra merki um fíkniefnaneyslu?*
2. *Hversu mörg eru þessi tilvik sem hlutfall af heildarfjölda umferðaróhappa, sundurliðað eftir árum?*

Dómsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum hjá Umferðarráði vegna fyrirspurnarinnar. Meðfylgjandi eru upplýsingar sem Umferðarráð skráir samkvæmt skýrslum frá lögreglu.

1. Kynjaskipting ökumanna í slysum með meiðslum og banaslysum þar sem orsök slyssins var ölvunarakstur 1993–97.

Ár	Karlar	Konur	Samtals
1993	42	10	52
1994	47	13	60
1995	41	15	56
1996	48	9	57
1997	32	15	47
Alls	**210**	**62**	**272**

Meðaltal árin 1993–97 er 54. Að meðaltali veldur því einn ölvaður ökumaður umferðarslysi í hverri viku.

2. Hlutfall ölvunaraksturs í banaslysum og slysum með meiðslum 1993–97.

Ár	Fjöldi slysa þar sem ölvun er orsök	Fjöldi slysa alls	%
1993	52	1.003	5,2
1994	60	1.016	5,9
1995	56	1.076	5,2
1996	57	1.085	5,3
1997	47	1.031	4,6

3. Aldursskipting ölvaðra ökumanna í umferðarslysum árin 1993–97.

	1993		1994		1995		1996		1997	
Aldur	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**
16 ára og yngri	0	0,0	1	1,7	3	5,3	2	3,5	0	0,0
17–20 ára	24	46,2	15	25,0	14	25,0	13	22,8	16	34,0
21–24 ára	3	5,8	9	15,0	6	10,7	12	21,1	4	8,5
25–30 ára	8	15,4	8	13,3	7	12,5	9	15,8	8	17,0
31–35 ára	5	9,6	7	11,7	3	5,3	5	8,8	6	12,8
36–40 ára	3	5,8	6	10,0	10	17,9	3	5,3	1	2,1
41–45 ára	0	0,0	5	8,3	2	3,6	4	7,0	5	10,6
46–50 ára	2	3,8	3	5,0	4	7,2	3	5,2	2	4,3
51–55 ára	3	5,8	1	1,7	1	1,8	2	3,5	2	4,3
56–60 ára	1	1,9	2	3,3	1	1,8	0	0,0	1	2,1
61–64 ára	1	1,9	0	0,0	2	3,6	2	3,5	0	0,0
65 ára og eldri	2	3,8	3	5,0	3	5,3	2	3,5	2	4,3
Alls	**52**	**100**	**60**	**100**	**56**	**100**	**57**	**100**	**47**	**100**

4. Fjöldi slasaðra í umferðarslysum þar sem ölvunarakstur var orsök slyss og hlutfall af heildarfjölda slasaðra 1993–97.

	1993		1994		1995		1996		1997	
	Fjöldi	**%**	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**	**Fjöldi**	**%**
Látnir	2	11,8	1	8,3	6	25,0	1	10,0	1	6,7
Mikil meiðsl	35	14,2	23	9,5	17	7,1	18	7,9	9	4,5
Lítil meiðsl	50	4,2	66	5,4	64	4,6	68	5,1	58	4,5
Alls	**87**	**16,7**	**90**	**6,1**	**87**	**5,3**	**87**	**5,6**	**68**	**4,5**

5. Hlutfall ölvunarslysa af heildarfjölda umferðarslysa á Íslandi, í Danmörku, í Noregi og í Svíþjóð árin 1990–97.

Ár	Ísland	Danmörk	Svíþjóð	Noregur
1990	8,6%	17%	5,2%	6,8%
1991	5,9%	17%	4,9%	9,4%
1992	5,0%	17%	4,5%	8,1%
1993	5,2%	16%	4,4%	8,5%
1994	5,9%	16%	3,7%	7,1%
1995	5,2%	15%	3,3%	
1996	5,3%	15%	3,2%	
1997	4,6%			

Hafa ber fyrirvara á samanburði milli landa af því að skráningin er mismunandi eftir löndum.

6. Kynjaskipting ökumanna í slysum með meiðslum þar sem orsök slyssins var lyfjanotkun.

Ár	Karlar	Konur	Samtals
1994	2	1	3
1995	2	0	2
1996	0	1	1
1997	2	0	2
Alls	**6**	**2**	**8**

7. Aldursskipting ökumanna í umferðarslysum sem grunaðir eru um lyfjanotkun.

Aldur	1994	1995	1996	1997
16 ára og yngri	0	0	0	0
17–20 ára	0	0	0	0
21–24 ára	0	1	1	1
25–40 ára	2	0	0	0
41–64 ára	1	1	0	1
65 ára og eldri	0	0	0	0
Alls	**3**	**2**	**1**	**2**

8. Slasaðir í umferðarslysum þar sem lyfjanotkun ökumanns var orsök slyss.

	1994	1995	1996	1997
Látnir	0	0	0	0
Mikil meiðsl	0	0	0	4
Lítil meiðsl	3	4	2	1
Alls	**3**	**4**	**2**	**5**

1148. Svar [540. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um kostnað við grunnskóla.

1. *Hver er áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaga og samtaka þeirra, annar en launakostnaður kennara, sem hefur leitt af breytingum sem urðu samkvæmt nýjum lögum um grunnskóla frá 1995, þar sem kveðið var á um að allur rekstur grunnskóla væri á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga?*

Í tengslum við setningu laga um grunnskóla, nr. 66/1995, og flutning alls reksturs grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga, sem átti sér stað 1. ágúst 1996, starfaði svokölluð kostnaðarnefnd. Nefndin fór yfir hverja grein grunnskólalaganna og lagði mat á áhrif þeirra á útgjöld sveitarfélaga.

Samkvæmt mati nefndarinnar fólu lögin í grófum dráttum í sér eftirfarandi kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin:

1. Flutning á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga tengdum grunnskóla sem skiptist í eftirfarandi kostnaðarþætti:
   a. Laun fyrir kennslu.
   b. Kostnað vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem veitt hafði verið á fræðsluskrifstofum.
   c. Annað er tengdist grunnskólakennslu.

2. Aukningu á rekstrarútgjöldum við verkefni sem sveitarfélögin höfðu borið ábyrgð á.
3. Aukinn stofnkostnað vegna ákvæða um að allir grunnskólar skuli vera einsetnir að átta árum liðnum frá gildistöku laganna.

Í fylgiskjali er yfirlit yfir mat kostnaðarnefndar á áhrifum framangreindra breytinga fyrir sveitarfélögin, sem og tillögur um tekjustofna til að mæta kostnaðinum, annars vegar hækkun útsvarsprósentu sveitarfélaga vegna aukins rekstrarkostnaðar og hins vegar beint og tímabundið framlag ríkisins vegna lagaáforma um einsetningu grunnskóla. Eins og gefur að líta í yfirlitinu er kostnaðinum skipt niður í annars vegar rekstrarkostnað (A–C-liðir) og hins vegar stofnkostnað (D-liður).

Í eftirfarandi töflu eru dregnar saman niðurstöður úr fylgiskjalinu varðandi mat kostnaðarnefndar á rekstrarkostnaðinum:

Í millj. kr.	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
Launakostnaður við kennslu og tengdur kostnaður, sbr. A- og B-lið í fylgiskjali	6.302,9	6.573,3	6.641,8	6.710,2	6.778,7	6.860,7	6.908,6
Annar rekstrarkostnaður, sbr. C-lið	**167,6**	**368,6**	**530,1**	**439,9**	**382,0**	**579,4**	**620,1**
Samtals A, B og C	6.470,5	6.941,9	7.171,9	7.150,1	7.160,7	7.440,1	7.528,7
Áætlaðar tekjur sveitarfélaga af útsvari		7.011,9	7.141,8	7.141,8	7.141,8	Endurmat	Endurmat
Mismunur tekna og útgjalda		70,0	-30,1	-8,3	-18,9	Endurmat	Endurmat

Annar kostnaður en launakostnaður kennara, sem spurt er um í fyrirspurninni, kemur fram í C-lið. Talið var að þessi kostnaður næmi á árunum 1997–2002 milli 368,6 millj. kr. og 620,1 millj. kr. Þessum útgjaldaauka, sem og öðrum rekstrarkostnaði vegna yfirfærslunnar, var mætt með útsvarshækkun sveitarfélaga sem samkvæmt mati nefndarinnar felur í sér árlegan tekjuauka fyrir sveitarfélögin sem nemur rúmum 7 milljörðum kr. Þannig var hámarksútsvarsprósenta hækkuð úr 9,20% í 11,99% á árinu 1997, en í 12,04% frá 1. janúar 1998.

Því var mat aðila að með þessu móti væri sveitarfélögum tryggt nægjanlegt fjármagn til að standa undir rekstrarkostnaði, þar með töldum kostnaði sem kemur fram í C-lið í töflu, sem fluttist til sveitarfélaganna 1. ágúst 1996. Einnig voru aðilar sammála um að fyrir 1. ágúst árið 2000 bæri að endurskoða þessa áætlun hvað varðar útgjöld og tekjur sveitarfélaganna í ljósi fenginnar reynslu.

Í tengslum við tekjutilfærsluna var gert samkomulag um að ákveðinn hluti af útsvarshækkun sveitarfélaga rynni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem veitir sveitarfélögunum það fé aftur, annars vegar í formi almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla og hins vegar sem sérstök framlög til einstakra þátta í rekstri skólanna, svo sem sérkennslu fatlaðra nemenda og íslenskukennslu nýbúa (sbr. reglugerð nr. 653/1996). Þannig var tekið tillit til þess að grunnskólar eru mishagkvæmar rekstrareiningar, m.a. með tilliti til stærðar þeirra og að tekjumöguleikar sveitarfélaga af útsvari eru mismiklir.

Það var mat kostnaðarnefndar að viðbótarkostnaður á sveitarfélög með fleiri en 2.000 íbúa vegna lagaákvæða um einsetningu grunnskóla væri eftirfarandi:

Í millj. kr.	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
	1.120	1.120	1.120	1.120	1.120	1.000	1.000

Til að mæta hluta af þessum kostnaði var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að ríkissjóður styrkti framkvæmdir við grunnskólabyggingar til að tryggja framgang átaksins og rennur fé til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð (20% af normkostnaði framkvæmdar, sbr. reglugerð nr. 493/1996). Hér er um að ræða 265 millj. kr. á ári í fimm ár eða samtals 1.325 millj. kr. Til viðbótar þessu fé rennur til þessarar framkvæmdar árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 1997–2002, samtals 135 millj. kr. á ári eða í heildina 810 millj. kr. Samtals er því um að ræða 2.135 millj. kr. framlag á tímabilinu til uppbyggingar grunnskóla í sveitarfélögum með fleiri en 2.000 íbúa, sjá fylgiskjal.

Einnig má geta í þess að sveitarfélög með færri en 2.000 íbúa hafa fengið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til grunnskólabygginga á grundvelli 9. gr. reglugerðar nr. 105/1996.

2. *Telur ráðherra að sveitarfélögin hafi fengið tekjustofna til þess að mæta þeim kostnaði?*

Ekki hefur verið gerð nein úttekt á þeim áætlunum sem kostnaðarnefndin lagði til grundvallar, enda er ekki gert ráð fyrir því að slík úttekt fari fram fyrr en árið 2000. Mat ráðherra er þó að ekkert sérstakt bendi til þess að áætlun kostnaðarnefndar hafi í grundvallaratriðum verið röng hvað kostnaðinn varðar, hvort heldur um er að ræða annan rekstrarkostnað en launakostnað kennara eða rekstrarkostnað í heild sinni. Þó er vert að vekja máls á því að kjarasamningar sveitarfélaganna við kennara á síðastliðnu hausti, sem kváðu á um launahækkanir sem voru verulega umfram það sem samið var um á almennum markaði, munu að einhverju leyti raska útgjaldaáætlun kostnaðarnefndar. Af þeim sökum má ætla að rekstrarkostnaður sveitarfélaga, sem er tilkominn vegna yfirfærslu grunnskólans, aukist meira en ráð var fyrir gert. Á móti má hins vegar benda á tvö atriði: Í fyrsta lagi reyndist útsvarsstofninn, sem kostnaðarnefnd lagði til grundvallar við tillögugerð um hækkun útsvarsprósentunnar, töluvert hærri en áætlað var. Það þýðir að sú hækkun útsvarsprósentunnar, sem samkomulag náðist um, skilar sveitarfélögum meiri tekjum en kostnaðarnefnd gerði ráð fyrir í áætlunum sínum. Í öðru lagi hafa mörg sveitarfélög svigrúm til að draga úr kostnaði við skólahald með hagræðingu, t.d. með því að sameina yfirstjórnir skóla eða láta nálæga skóla vinna að öllu eða einhverju leyti saman. Mörg sveitarfélög hafa þegar hagrætt á þennan hátt og allmörg sveitarfélög eru um þessar mundir að velta slíkum breytingum fyrir sér.

Það er mat ráðherra að yfirfærslan hafi í heildina tekist vel, ekki síst í ljósi þess hversu umfangsmikil þessi breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var. Þó hafa komið upp dæmi um að svo hafi ekki verið í einstökum sveitarfélögum. Í slíkum tilfellum er sveitarfélögum heimilt að sækja um svokölluð önnur framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 653/1997. Þar er kveðið á um að Jöfnunarsjóður skuli taka frá fjármagn til „ófyrirséðra tilvika við kennslu í grunnskólum“. Enn fremur segir að til að sveitarfélag geti fengið framlag samkvæmt þessu ákvæði verði það að hafa orðið fyrir kostnaði sem sé verulega íþyngjandi.

Á þessum grundvelli sóttu 33 sveitarfélög um slík viðbótarframlög til reksturs grunnskóla fyrstu fimm mánuðina eftir yfirfærsluna, þ.e. fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. desember 1996. Eftir ítarlega skoðun í ráðuneytinu á umsóknunum þótti ástæða til að veita 17 sveitarfélögum slík viðbótarframlög, eða samtals tæpar 5 millj. kr. Telja má að þar sé um lága upphæð að ræða miðað við þá verkefna- og tekjutilfærslu sem yfirfærsla grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga var. Ástæður fyrir því að öðrum umsóknum var hafnað voru eftirfarandi:

— Sýnt þótti að viðkomandi sveitarfélög hefðu fengið meiri fjármuni úr að spila en kostnaður vegna yfirfærslunnar var á umræddu tímabili.

— Neikvæð útkoma einstakra sveitarfélaga var ekki talin vera vegna þess að vantað hafi upp á fjármagn sem fluttist með verkefninu, heldur fremur vegna ákvarðana viðkomandi sveitarfélaga um að aukna þjónustu frá því sem hafði verið þegar málaflokkurinn var í höndum ríkisins. Með öðrum orðum, viðkomandi sveitarfélög hafa tekið ákvarðanir um að leggja meiri fjármuni í grunnskóla sína en ríkið gerði fyrir flutninginn.

Í upphafi þessa árs var sveitarfélögum kynnt sú heimild sem veitt er í 9. gr. umræddrar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og á síðustu dögum hafa sjóðnum borist umsóknir um „önnur framlög" til reksturs grunnskólans á árinu 1997, sem er fyrsta heila árið þar sem rekstur grunnskólans er alfarið í höndum sveitarfélaganna. Afgreiðslu þeirra umsókna er ekki lokið en á grundvelli gagna sem þegar hafa borist er ekki hægt að segja að um veruleg frávik sé að ræða.

Í heildina er því mat ráðherra að yfirfærsla grunnskólans hafi tekist vel og að sveitarfélög hafi fengið nægjanlega tekjustofna til að standa undir verkefninu en að í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sé hægt að taka á þeim frávikum sem upp kunna að koma og falla undir 9. gr. reglugerðar nr. 653/1997.

Fylgiskjal.

Kostnaðarauki sveitarfélaga við framkvæmd grunnskólalaga, nr. 66/1995, með tilliti til samnings milli ríkis og sveitarfélaga.

TAFLA A	1.996	1.997	1.998	1.999	2.000	2.001	2.002
Rekstrarkostnaður							
Rekstrarkostnaður A:							
Grunnkostnaður (sjá kafla 1)	6.227,0	6.392,0	6.523,0	6.636,0	6.696,0	6.696,0	6.696,0
Kostnaður vegna lífeyrisskuldbindinga (sjá kafla 2)	0,0	160,0	160,0	160,0	160,0	160,0	160,0
Áhrif nýrra reglugerða (sjá kafla 3)	0,0	53,0	53,0	53,0	53,0	53,0	53,0
Vanmat rekstrarkostnaðar (sjá kafla 4)	38,0	38,0	38,0	38,0	38,0	38,0	38,0
Lækkun kostnaðar vegna kennslu- og prófdaga úr 172 í 170 — 26. gr.		-63,0	-63,0	-63,0	-63,0	-63,0	-63,0
Breyting vegna frestunar á fjölgun vikustunda		-30,1	-92,9	-137,7	-129,5	-47,7	0,0
Samtals A	**6.265,0**	**6.549,9**	**6.618,1**	**6.686,3**	**6.754,5**	**6.836,3**	**6.884,0**
Metin prósentustigshækkun útsvars	2,46%	2,52%	2,55%	2,57%	2,60%	2,63%	2,65%
Rekstrarkostnaður B:							
Hækkun tryggingagjalds (sjá kafla 4)	22,9	23,4	23,7	23,9	24,2	24,4	24,6
Aukakostnaður sveitarfélaga við yfirtöku (sjá kafla 4)	15,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals B	**37,9**	**23,4**	**23,7**	**23,9**	**24,2**	**24,4**	**24,6**
Samtals A+B	**6.302,9**	**6.573,3**	**6.641,8**	**6.710,2**	**6.778,7**	**6.860,7**	**6.908,6**
Uppsöfnuð prósentustigshækkun útsvars	2,48%	2,53%	2,56%	2,58%	2,61%	2,64%	2,66%

TAFLA A	1.996	1.997	1.998	1.999	2.000	2.001	2.002
Rekstrarkostnaður C:							
Allir skólar starfi í 9 mánuði á ári (sjá kafla 5)	2,5	5,0	7,5	10,0	12,5	12,5	12,5
Aukinn rekstur vegna málsverða í skólum (sjá kafla 5)	34,3	68,6	102,9	137,2	171,5	171,5	171,5
Aukinn rekstur vegna einsetningar (sjá kafla 5)	41,4	82,9	124,3	165,7	207,1	248,6	290,0
Aukinn rekstur vegna fjölgunar kennslustunda (sjá kafla 5)	20,6	28,4	41,2	53,8	66,3	82,2	91,5
Lengd viðvera, viðbótar kennsla (sjá kafla 5 (hækkun um 10 millj. kr. á ári))	-20,0	-30,0	-40,0	-50,0	-60,0	-70,0	-80,0
Aukinn rekstur v. fjölgunar kennsludaga (sjá kafla 5)	87,4	87,4	87,4	87,4	87,4	87,4	87,4
Stjórnunarkostnaður (sjá kafla 5 (lækkun um 10 millj. kr. á ári))	1,4	12,9	24,3	35,8	47,2	47,2	47,2
Óvissujöfnun	0,0	113,4	182,5	0,0	-150,0	0,0	0,0
Samtals C	**167,6**	**368,6**	**530,1**	**439,9**	**382,0**	**579,4**	**620,1**
Rekstrarkostnaður alls Samtals A+B+C	**6.470,5**	**6.941,9**	**7.171,9**	**7.150,1**	**7.160,7**	**7.440,1**	**7.528,7**
Uppsöfnuð prósentustigshækkun útsvars	2,54%	2,67%	2,76%	2,75%	2,76%	2,86%	2,90%
Stofnkostnaður							
Stofnkostnaður D:							
Nýjar kennslustofur (sjá kafla 5)	857,1	857,1	857,1	857,1	857,1	857,1	857,1
Mötuneytisaðstaða (sjá kafla 5)	120,0	120,0	120,0	120,0	120,0	0,0	0,0
Aðstaða vegna kennara og nemenda (sjá kafla 5)	142,9	142,9	142,9	142,9	142,9	142,9	142,9
Stofnkostnaður alls Samtals D	**1.120,0**	**1.120,0**	**1.120,0**	**1.120,0**	**1.120,0**	**1.000,0**	**1.000,0**
Þátttaka ríkis í stofnkostnaði við uppbyggingu grunnskóla		-265,0	-265,0	-265,0	-265,0	-265,0	0,0
Þátttaka Lánasjóðs sveitarfélaga í stofnkostnaði		-135,0	-135,0	-135,0	-135,0	-135,0	-135,0
Samtals D-liður, nettóstofnkostnaður sveitarfélaga		**720,0**	**720,0**	**720,0**	**720,0**	**600,0**	**865,0**

Ath.

Útsvarsstofn er áætlaður 254,6 milljarðar kr. árið 1996

Útsvarsstofn er áætlaður 259,7 milljarðar kr. árin 1997–2002

Allar fjárhæðir í töflu eru í millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1996

	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Fjölgun vikustunda samkvæmt grunnskólalögum milli almanaksára	5,5	10	8,5	3,5	0	0
Fjölgun vikustunda miðað við niðurstöður samninga (336 vikustundum verði náð haustið 2001)	3	5	5	5	6	3,5

TAFLA B		1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
	Samtals A	**6.265,0**	**6.549,0**	**6.618,1**	**6.686,3**	**6.754,5**	**6.836,3**	**6.884,0**
Metin útsvarshækkun		2,46%	2,52%	2,55%	2,57%	2,60%	2,63%	2,65%
	Samtals B	37,9	23,4	23,7	23,9	24,2	24,4	24,6
	Samtals A+B	**6.302,9**	**6.573,3**	**6.641,8**	**6.710,2**	**6.778,7**	**6.860,7**	**6.908,6**
Uppsöfnuð útsvarshækkun		2,48%	2,53%	2,56%	2,58%	2,61%	2,64%	2,66%
	Samtals C	167,6	368,6	530,1	439,9	382	579,4	620,1
	Samtals A+B+C	**6.470,5**	**6.941,9**	**7.171,9**	**7.150,1**	**7.160,7**	**7.440,1**	**7.528,7**
Uppsöfnuð útsvarshækkun		2,54%	2,67%	2,76%	2,75%	2,76%	2,86%	2,90%

Áhrif útsvarshækkunar

Samkomulag um útsvarsprósentu							**Mismunur tekna samtals og kostnaður A+B+C árin 1997–2000**
	1997	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	
Tekjur m.v. álagningarstofn	**7.011,9**	**7.141,8**	**7.141,8**	**7.141,8**	Endurmat	Endurmat	
Útsvarshækkun	2,70%	2,75%	2,75%	2,75%			
Mismunur tekna og kostnaðar (A+B+C)	70,0	-30,1	-8,3	-18,9	Endurmat	Endurmat	**12,6**

Útreikningur á skiptingu útsvarshækkunar milli sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í millj. kr.	**2,70% útsvarshækkun**	**Áætluð bein útsvarshækkun til sveitarfélaga 1997**	**Hluti útsvars í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga**
Reykjavíkurborg	2.835	2.060	775
Önnur sveitarfélög	4.177	3.034	1.143
	7.012	5.094	1.918

Útreikningur á jöfnunarþörf.

Í millj. kr.	**Áætluð skipting kostnaðar 1997**	**Áætluð bein útsvarshækkun til sveitarfélaga 1997**	**Mismunur jöfnunarþörf 1997**
Reykjavíkurborg	2.060	2.060	0
Önnur sveitarfélög	4.601	3.034	1.567
Samtals utan sérskóla	6.661	5.094	1.567
Sérskólar	351	0	351
Samtals með sérskólum	7.012	5.094	1.918

1149. Framhaldsnefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á milli 2. og 3. umræðu og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn frá Lögmönnum Höfðabakka.

Nefndin leggur til að frumvarpið, eins og það liggur fyrir eftir 2. umræðu, verði samþykkt með minni háttar breytingum. Annars vegar er um að ræða orðalagsbreytingar á 1. mgr. 19., 20. og 39. gr. en hins vegar orðalagsbreytingu á fyrri málslið 2. mgr. 19. gr. sem fjallar um yfirtökutilboð. Þar er lagt til að í stað þess að kveða á um að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um hlutafélag sem stofnað er og skrásett á Íslandi og sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laganna skuli ákvæðið orðað svo að það eigi ekki við um eignarhlut í félagi sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laganna þrátt fyrir að atvik sem nefnd eru í 1.–4. tölul. 1. mgr. eigi við um þann eignarhlut. Samkvæmt gildandi lögum hefur einungis verið skylt að bjóða hluthöfum innlausn hluta sinna þegar einn aðili hefur eignast $^{9}/_{10}$ hluta hlutafjár eða atkvæðisréttar. Ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög munu halda gildi sínu varðandi þá aðila sem framangreind undanþága kann að eiga við, svo og um félög sem ekki hafa verið opinberlega skráð í kauphöll svo sem verið hefur.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sighvatur Björgvinsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1150. Breytingartillögur [285. mál]

við frv. til l. um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 19. gr.
   a. Í stað orðanna „einum eða fleiri flokkum“ í inngangsmálslið 1. mgr. komi: einn eða fleiri flokka.
   b. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Ákvæði 1. mgr. á ekki við um eignarhlut í félagi sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laga þessara þrátt fyrir að atvik sem nefnd eru í 1.–4. tölul. 1. mgr. eigi við um þann eignarhlut.
2. Við 20. gr. Á eftir orðunum „öðrum verðbréfum“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: svo og.
3. Við 39. gr. Í stað orðsins „hennar“ í fyrri málslið komi: þeirra.

1151. Viðbótarsvar [316. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um laxveiðiferðir stjórnenda ríkisviðskiptabankanna og Seðlabanka.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurninni í þskj. 899 var byggt á upplýsingum sem ráðuneytinu bárust frá hlutaðeigandi bönkum. Í ljós hefur komið að upplýsingar þær, sem viðskiptaráðherra fékk frá Landsbanka Íslands og hann byggði svar sitt á, voru ekki réttar. Bankaráð Landsbankans sendi ráðherra bréf, dags. 2. apríl sl., þar sem greint er frá þessu og leiðréttingum komið á framfæri. Viðskiptaráðherra gerði forseta Alþingis grein fyrir þessu með bréfi dagsettu sama dag, og var honum jafnframt sent afrit af fyrrgreindu bréfi bankaráðs Landsbankans.

Viðskiptaráðherra hefur í framhaldi af þessu óskað eftir nánari skýringum á því að fyrri upplýsingar sem bankinn veitti voru rangar.

Tilvitnað bréf bankaráðs með staðfestum leiðréttum upplýsingum er svofellt:

„Með bréfi dags. 10. mars sl. óskaði Sverrir Hermannsson, bankastjóri, eftir því við Ríkisendurskoðun að stofnunin tæki saman upplýsingar um kaup Landsbanka Íslands á veiðileyfum af leigutaka Hrútafjarðarár og um tengsl hans við leigutakann. Þess var óskað að stofnunin skilaði skýrslu um málið til bankaráðs Landsbankans ef stofnunin teldi efni til þess. Hinn 16. mars tilkynnti Ríkisendurskoðun bankaráðinu að hún hefði orðið við ofangreindri málaleitan.

Við athugun Ríkisendurskoðunar á kaupum Landsbanka Íslands á laxveiðileyfum á árabilinu 1993 til 1997 hefur komið í ljós að upplýsingar bankans til yðar um þessi efni í bréfi frá 3. mars 1998 voru ekki fullnægjandi. Samkvæmt þeim var kostnaður Landsbankans af laxveiðiferðum talinn hafa numið 18.309.000 króna. Upplýsingar sem nú liggja fyrir bera á hinn bóginn með sér að kostnaður þessi nam 41.667.000 króna, samanber meðfylgjandi yfirlit. Meginskýring á hækkuninni er í fyrsta lagi sú að nú er meðtalinn laxveiðikostnaður dótturfélaga bankans. Í öðru lagi er þátttaka bankans í kostnaði við laxveiðiferðir með dótturfélögum og/eða hlutdeildarfélögum og öðrum bönkum talinn með og í þriðja lagi var annar kostnaður í tengslum við veiðiferðirnar ekki að fullu tilgreindur í fyrra svari bankans.

Hér fara á eftir heildstæðar upplýsingar um kostnað Landsbanka Íslands og dótturfélaga vegna laxveiðiferða 1993–1997:

Kostnaður Landsbanka Íslands og dótturfélaga vegna laxveiðiferða 1993–1997.
(Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í kr.)

	Veiðileyfi	*Annar kostn.*	*Samtals*
Árið 1993			
Landsbanki Íslands	5.194.100	2.743.741	7.937.841
Landsbréf hf.		941.890	941.890
Reginn hf.	1.323.200	56.685	1.379.885
Samtals	**6.517.300**	**3.742.316**	**10.259.616**
Árið 1994			
Landsbanki Íslands	3.248.000	2.154.906	5.402.906
Landsbréf hf.	848.000	457.242	1.305.242
Hömlur hf.	441.450		441.450
Reginn hf.	405.550		405.550
Rekstrarfélagið hf.	424.050		424.050
Samtals	**5.367.050**	**2.612.148**	**7.979.198**

	Veiðileyfi	*Annar kostn.*	*Samtals*
Árið 1995			
Landsbanki Íslands	4.766.984	2.660.958	7.427.942
Landsbréf hf.	848.000	467.829	1.315.829
Hömlur hf.	468.000	184.900	652.900
Samtals	**6.082.984**	**3.313.687**	**9.396.671**
Árið 1996			
Landsbanki Íslands	3.941.030	1.022.708	4.963.738
Landsbréf hf.	848.000	498.241	1.346.241
Hömlur hf.	480.000	299.890	779.890
Samtals	**5.269.030**	**1.820.839**	**7.089.869**
Árið 1997			
Landsbanki Íslands	3.244.660	1.981.048	5.225.708
Landsbréf hf.	848.000	506.338	1.354.338
Hömlur hf.	360.000	1.173	361.173
Samtals	**4.452.660**	**2.488.559**	**6.941.219**

Miðað við núverandi upplýsingar hafa eftirtaldar veiðiferðir verið farnar á vegum bankans og dótturfélaga í eftirtaldar ár:

Árið 1993: Vatnsdalsá, Selá, Hrútafjarðará, Þverá, Víðidalsá, Laxá í Aðaldal og Laxá í Dölum.

Árið 1994: Hrútafjarðará, Selá, Víðidalsá og Laxá í Aðaldal.

Árið 1995: Víðidalsá, Selá, Hrútafjarðará, Laxá í Aðaldal, Stóru-Laxá, Þverá og Laxá í Dölum.

Árið 1996: Hrútafjarðará, Straumfjarðará, Selá, Víðidalsá, Laxá í Aðaldal og Grímsá.

Árið 1997: Víðidalsá, Selá, Laxá í Aðaldal, Hrútafjarðará og Straumfjarðará.

Veiðileyfin voru keypt af eftirtöldum félögum á tímabilinu: Sporður hf., Lón sf., Bálkur ehf., Laxárfélagið, Strengur sf., Snasi ehf., Veiðifélag Grímsár og Tunguár og Straumfjörður sf.

Um tilefni ferðanna er vísað til fyrrgreinds bréfs Landsbanka Íslands hf.

Þegar formanni og varaformanni bankaráðs var greint frá niðurstöðum þessum mánudaginn 30. mars sl. og bankaráðinu greint frá því í beinu framhaldi þá óskaði það samstundis eftir því við Ríkisendurskoðun að hún athugaði einnig alla risnu Landsbanka Íslands 1994 til 1997 svo og ferðakostnað innan lands og erlendis og aksturs- og bifreiðakostnað. Tilgangur með þessari viðbótarathugun er m.a. sá að staðreyna að þær upplýsingar sem gefnar hafa verið af hálfu bankans til viðskiptaráðuneytis um þessa þætti í rekstri hans hafi verið fullnægjandi. Þessi athugun stendur nú yfir.“

1152. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Gunnarsson frá menntamálaráðuneyti, Kristján Árnason frá Íslenskri málnefnd, Þór Magnússon þjóðminjavörð og Þórhall Vilmundarson frá Örnefnastofnun.

Mál þetta var fyrst flutt á 121. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Umsagnir bárust þá frá Íslenskri málnefnd, Ingólfi Ásgeiri Jóhannessyni, lektor við Háskólann á Akureyri, Bændasamtökum Íslands, Örnefnastofnun, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra. Málið er nú endurflutt að teknu tilliti til þeirra umsagna sem menntamálanefnd aflaði.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á lögunum að örnefnanefnd fari með ákvörðunarvald um nafngiftir á býlum og nýjum þéttbýliskjörnum. Samkvæmt gildandi lögum hefur menntamálaráðherra farið með ákvörðunarvaldið en örnefnanefnd verið ráðgefandi í því efni. Lagt er til í frumvarpinu að úrskurðir nefndarinnar verði endanlegir á stjórnsýslusviði þannig að þeim verði ekki skotið til æðra stjórnvalds, þ.e. ráðuneytis, til endurskoðunar. Nefndin sjálf á hins vegar að heyra stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneyti sem hefur almennt eftirlit með starfi hennar. Samráð var haft við umhverfisráðuneyti og fulltrúa Landmælinga Íslands varðandi þann þátt frumvarpsins er snýr að úrskurðarvaldi um hvaða örnefni verða sett á opinber landabréf.

Menntamálanefnd komst að þeirri niðurstöðu að gera þurfi ýmsar breytingar bæði á fyrirliggjandi frumvarpi sem og á lögunum sjálfum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við 1. efnismgr. 1. gr. bætist að Íslensk málnefnd skuli hafa áheyrnarfulltrúa í örnefnanefnd með tillögurétti og málfrelsi. Skv. 1. og 2. gr. laga um Íslenska málnefnd, nr. 2/1990, er nefndin málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð í samvinnu við Háskóla Íslands. Meginhlutverk nefndarinnar er að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti auk þess að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Samkvæmt lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, er samráð við Íslenska málnefnd tryggt með því að málnefndin tilnefnir fulltrúa í mannanafnanefnd. Nefndin telur eðlilegt að svipuð tengsl séu milli örnefnanefndar og málnefndar og því leggur hún til framangreinda breytingu.
2. Lögð er til mikilvæg orðalagsbreyting á upphafsmálslið 2. efnismgr. 1. gr. sem fjallar um starfssvið örnefnanefndar. Þannig á nefndin ekki að fara með ákvörðunarvald um býlanöfn í landinu heldur ber henni að fjalla um nafngiftir býla eftir nánari ákvæðum laganna og getur, ef ástæða er til, gert athugasemdir við nafn býlis. Er í tengslum við þetta atriði lögð til sú grundvallarbreyting að úrskurðum nefndarinnar verði áfram hægt að skjóta til ráðherra með stjórnsýslukæru samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga í stað þess að nefndin fari með endanlegt úrskurðarvald á þessu sviði. Örnefnanefnd hefur því ekki endanlegt ákvörðunarvald um bæjanöfn.
3. Lögð er til sú breyting á 3. gr. að tilkynna skuli örnefnanefnd um nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna og þorpa í stað þess að leyfi örnefnanefndar þurfi til að taka upp nafn á nýbýli. Það er mat nefndarinnar að varðveislusjónarmið sem uppi hafa verið, t.d. um breytingar á nafni býlis, eigi ekki við hér. Eðlilegt þykir að hver og einn geti valið nýbýli nafn að vild en að það skuli tilkynnt örnefnanefnd og að hún bregðist aðeins við ef hún telji nafnið ónothæft.
4. Lagt er til að við frumvarpið bætist grein sem umorði 5. gr. laganna í samræmi við breytingu á 4. gr. þeirra. Þannig er í 1. mgr. vikið að þeim sérreglum sem gilda vilji eigandi breyta nafni býlis skv. 3. gr. laganna. Í 2. mgr. er vikið frekar að tilkynningarskyldu eiganda vegna nafns á nýbýli skv. 4. gr. laganna. Í 3. mgr. er síðan að finna sameiginlegar reglur sem gilda jafnt um nafnbreytingu á býli sem og nafn á nýbýli skv. 3. og 4. gr. laganna.

5. Lögð er til sú breyting á 4. gr. frumvarpsins að úrskurðir skv. 6. gr. laganna verði kæranlegir. Er það í samræmi við þau viðhorf í stjórnsýslurétti að stjórnsýsluúrskurðum eigi almennt að vera unnt að skjóta til æðra stjórnvalds og til samræmis við þá breytingu sem lögð er til á 1. gr. frumvarpsins.
6. Lögð er til breyting á 5. gr. frumvarpsins í samræmi við breytingu á 4. og 5. gr. laganna. Þannig er í 1. mgr. vikið að hlutverki örnefnanefndar eftir að henni hefur borist beiðni um breytingu á nafni býlis skv. 3. gr. laganna og beiðni um nafnfesti á þorpum skv. 7. gr. laganna. Í 2. mgr. er lýst framkvæmdinni heimili örnefnanefnd breytingu á nafni býlis skv. 3. gr. laganna eða nafnfesti á þorpi skv. 7. gr. laganna. Í 3. mgr. er vikið að framkvæmdinni þegar örnefnanefnd berst tilkynning um nafn á nýbýli skv. 4. gr. laganna. Í 4. mgr. er síðan að finna þinglýsingarreglur vegna nafnbreytinga.
7. Lagt er til að við bætist ný grein sem felli brott 2. málsl. 9. gr. laganna þar sem ákvæðið á þegar að hafa þjónað tilgangi sínum.

Alþingi, 2. apríl 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.

1153. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Íslensk málnefnd skal hafa áheyrnarfulltrúa í nefndinni með tillögurétti og málfrelsi.
   b. 2. efnismgr. orðist svo:
      Örnefnanefnd skal fjalla um nafngiftir býla skv. 5., 7. og 8. gr. laganna. Jafnframt úrskurðar örnefnanefnd um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands, eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Málsaðild eiga Landmælingar Íslands, aðrir kortagerðarmenn, Örnefnastofnun Íslands, landeigendur, sveitarstjórnir og hlutaðeigandi ráðuneyti, en um málsaðild fer að öðru leyti að hætti stjórnsýslulaga. Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar. Úrskurðum nefndarinnar er hægt að skjóta til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   4. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal örnefnanefnd um nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna og þorpa.

3. Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:

5. gr. laganna orðast svo:

Vilji eigandi breyta nafni býlis síns skv. 3. gr. skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum þess að farið er fram á að eldra nafn býlisins verði lagt niður og þeim ástæðum er ráðið hafa vali umsækjanda á nýju nafni. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem að býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama héraði eða því um líkt.

Í tilkynningu eiganda til örnefnanefndar um nafn á nýbýli skv. 4. gr. skal hann skýra frá þeim ástæðum er ráðið hafa vali á hinu nýja nafni.

Sé hið nýja nafn býlis dregið af staðháttum skal þeim lýst í umsókn, sbr. 3. gr., eða tilkynningu, sbr. 4. gr. Þá skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt málsaðila á býlinu. Við upptöku nýnefna skal gæta þess að fylgt sé þeim venjum sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama héraði né nafna sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í héraðinu að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.

4. Við 4. gr. Orðið „endanlegs“ í efnismálsgrein falli brott.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

8. gr. laganna orðast svo:

Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt eftir að henni hefur borist beiðni um breytingu á nafni býlis skv. 3. gr., beiðni um nafnfesti á þorpum skv. 7. gr. eða önnur erindi til ákvörðunar leggja rökstuddan úrskurð á málið.

Heimili örnefnanefnd breytingu á nafni býlis skv. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., eða nafnfesti á þorpi skv. 7. gr. skal hún senda nafnið hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

Telji örnefnanefnd ekkert athugavert við nafn sem tilkynnt hefur verið til hennar skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr., skal hún senda það hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar. Telji hún nafnið ónothæft skal hún tilkynna það málsaðila svo fljótt sem mögulegt er og óska eftir nýrri tillögu um nafn á býli. Hafi málsaðili ekki innan sex mánaða valið nýtt nafn sem nefndin fellst á og tilkynnt það örnefnanefnd úrskurðar nefndin um það hvert nafn býlið skuli fá. Úrskurðinn sendir örnefnanefnd málsaðila og hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar.

Þinglýsingarstjórar skulu ætíð skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingum ef þeir eru kunnir. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðinda skrá um nöfn þau sem tekin hafa verið upp á árinu. Svo skal og birta skrá yfir nöfn á eldri býlum sem ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.

6. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

2. málsl. 9. gr. laganna fellur brott.

1154. Fyrirspurn [669. mál]

til forsætisráðherra um aðgerðir vegna starfsþjálfunar.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að fylgja eftir þingsályktun, sem samþykkt var á 120. löggjafarþingi, þess efnis að mótuð yrði stefna um starfsþjálfun sem hvetur fyrirtæki til að taka nemendur í verkþjálfun?

1155. Fyrirspurn [670. mál]

til menntamálaráðherra um flutning nemenda grunnskóla milli bekkja eða skóla.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hversu margir nemendur hafa verið fluttir milli bekkja og/eða skóla á grunnskólastigi síðustu fimm árin vegna eineltis? Hversu margir þeirra voru taldir þolendur eineltis og hversu margir gerendur?

Skriflegt svar óskast.

1156. Fyrirspurn [671. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ólögmæta vinnureglu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins við úreldingu fiskvinnsluhúsa.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve mörg fiskvinnsluhús hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins keypt til úreldingar á því tímabili sem honum hefur verið heimilt að kaupa slík hús?
2. Hve mörgum umsóknum hefur verið vísað frá á þeirri forsendu að umsækjendur gátu ekki teflt fram nýjum kaupanda að eignunum, en það var sú vinnuregla sjóðsins sem nú hefur verið dæmd ólögmæt?
3. Hvaða áhrif telur ráðherra að nýfallinn dómur í máli Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum hafi gagnvart þeim aðilum sem var hafnað á forsendum þeirrar vinnureglu sem nú hefur verið dæmd ólögmæt?
4. Hver er réttarstaða þeirra fyrirtækja sem aldrei sóttu um úreldingu þar sem þau töldu sig ekki geta uppfyllt þá vinnureglu sjóðsins sem nú hefur verið dæmd ólögmæt?

1157. Nefndarálit [459. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, landlæknisembættinu, Læknafélagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Umsagnir voru almennt mjög jákvæðar í garð frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér heimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins til að endurgreiða þeim sjúklingum sem leituðu til sérfræðinga sem sagt höfðu sig af samningi við stofnunina sl. haust. Skilyrði fyrir endurgreiðslu er að sjúklingur framvísi fullnægjandi reikningi og að viðkomandi sérfræðingur hafi endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins. Með fullnægjandi reikningi er átt við númeraðan reikning þar sem fram koma upplýsingar um hvaða verk var unnið og hvenær, nafn læknis og sjúklings. Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu þannig að einnig fái endurgreiðslu sjúklingar sem leitað hafa til sérfræðinga sem hafa hætt rekstri sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar og hafa því ekki endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 2. efnismálsl. 1. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi sérfræðingur ekki endurnýjað samning sinn af þeim sökum að hann hafi hætt rekstri sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur skal þó heimilt að endurgreiða sjúklingum hans samkvæmt framansögðu.

Alþingi, 6. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Guðni Ágústsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1158. Skýrsla [672. mál]

dómsmálaráðherra um aðgerðir á vegum stjórnvalda í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum á árinu 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

FORMÁLI

Dómsmálaráðherra kynnti nýlega í ríkisstjórn tvær skýrslur um aðgerðir í fíkniefnavörnum á árinu 1997 í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði sem samþykkt var 3. desember 1996.

Fyrri skýrslan er frá nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum sem skipuð var í lok janúar 1996. Nefndinni var falið að fylgjast með framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum. Skýrslan greinir frá aðgerðum ráðuneyta á árinu 1997.

Síðari skýrslan, sem fylgir þeirri fyrri sem sérstakt fylgiskjal, er frá verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja. Þar er gerð grein fyrir starfi verkefnisstjórnarinnar á árinu 1997 auk þess sem þar er að finna drög að framkvæmdaáætlun ársins 1998.

Báðar skýrslurnar bera með sér að ötullega hefur verið unnið á vegum stjórnvalda á árinu 1997 í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum. Sú vinna hefur verið í samræmi við áðurnefnda stefnumörkun ríkisstjórnarinnar frá því í árslok 1996. Mörgu af því sem ákveðið var að vinna að hefur þegar verið hrint í framkvæmt. Annað hefur gengið hægar.

Í skýrslu nefndar ráðuneyta er sérstakur kafli um áfengis-, tóbaks- og eiturlyfjaneyslu ungmenna (14–15 ára) vorið 1997 og er þar byggt á rannsókn Þórólfs Þórlindssonar prófessors og samstarfsmanna hans, Ung '97. Þar koma fram áskyggilegar upplýsingar um stöðu mála sem sýna betur en nokkuð annað nauðsyn þess að stjórnvöld vinni með markvissum og beinskeyttum hætti á þessu sviði.

Í framhaldi af umfjöllun ríkisstjórnarinnar um skýrslurnar samþykki hún eftirfarandi aðgerðir, sem frekari útfærslu á stefnumörkun hennar frá desember 1996.

1. Að áfengis- og vímuvarnaráð taki til starfa 1. janúar 1999 enda verði frumvarp til laga um ráðið samþykkt nú á vorþingi.
2. Að fela ráðuneytum sem vinna að verkefnum á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna að tengja þau með áberandi hætti við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og eftir því sem kostur er áætluninni Ísland án eiturlyfja.
3. Að skipaður verði vinnuhópur sem í eiga sæti yfirmenn tollamála og lögreglumála og fulltrúi utanríkisráðherra. Ráðherrar dómsmála, fjármála og utanríkismála skipi hópnum formann. Verkefni vinnuhópsins verði að skoða til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að loka fyrir ólöglegan innflutning fíkniefna. Hópurinn skili tillögum til ráðherranna á árinu 1998.
4. Að 2 m.kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar á árinu 1998 verði varið til rannsókna á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna samkvæmt nánari ákvörðun nefndar ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum.

Vegna áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja:

1. Að óskað verði eftir því að árlegt framlag ríkisins úr Forvarnasjóði til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja hækki í 4,5 m.kr. enda hækki framlag Reykjavíkurborgar samsvarandi.
2. Að Samband íslenskra sveitarfélaga gerist aðili að áætluninni Ísland án eiturlyfja og tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn áætlunarinnar.

3. Að verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja hafi reglulega samráð við þá aðila sem starfa að vímuvörnum.
4. Að öll verkefni sem Forvarnasjóður styrkir verði tengd áætluninni Ísland án eiturlyfja eftir því sem kostur er og að stjórn sjóðsins hafi samráð við verkefnisstjórn áætlunarinnar við árlega úthlutun.

Jafnframt fól ríkisstjórnin dómsmálaráðherra að leggja skýrslurnar fyrir Alþingi til kynningar.

Samantekt og tillögur.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefur nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum fylgst með framkvæmd stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar á þessu sviði á árinu 1997. Í skýrslu þessari er greint frá aðgerðum ráðuneyta á árinu 1997 í kjölfar samþykktar sérstakrar verkefnaáætlunar ríkisstjórnarinnar á sviði áfengis-, tóbaks- og fíknivarna frá 3. desember 1996. Skýrslunni fylgir sem sérstakt fylgiskjal skýrsla verkefnisstjórnar áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja. Í skýrslu verkefnisstjórnarinnar eru rakin verkefni á hennar vegum á árinu 1997. Í skýrslunni er einnig að finna drög að framkvæmdaáætlun ársins 1998, en samkvæmt samstarfssamningi áætlunarinnar skal verkefnisstjórnin leggja slík drög fyrir þá aðila sem að áætluninni standa.

Báðar skýrslurnar sýna að á árinu 1997 hefur ötullega verið unnið á vegum stjórnvalda í samræmi við þá stefnumörkun sem ríkisstjórnin samþykkti 3. desember 1996.

Nefnd ráðuneyta leggur til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir að:

- Áfram verði unnið í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum málum frá desember 1996.
- Stefnt verði að því að frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð verði samþykkt sem lög vorið 1998 og að áfengis- og vímuvarnaráð taki til starfa eigi síðar en 1. janúar 1999.
- Ráðuneyti sem vinna að verkefnum á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna geri þau verkefni sýnilegri og tengi þau með áberandi hætti við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og eftir því sem kostur er áætluninni Ísland án eiturlyfja.

Jafnframt vekur nefnd ráðuneyta athygli ríkisstjórnarinnar á tillögum þeim sem verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja leggur til að ríkisstjórnin samþykki.

1. Inngangur.

Hinn 3. desember 1996 samþykkti ríkisstjórnin margvíslegar aðgerðir í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Helstu þættir í aðgerðum ríkisstjórnarinnar eru:

1. Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.
2. Stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs.
3. Auknir fjármunir til forvarna.
4. Efling löggæslu og tollgæslu með auknum fjárveitingum.
5. Fjárveiting til stuðnings við ungmenni í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna og áfengis.
6. Samstarf ríkisins, Reykjavíkurborgar og Samtaka Evrópuborga gegn eiturlyfjum (ECAD – European Cities Against Drugs) um áætlunina Ísland án eiturlyfja 2002.
7. Fullgilding Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 og samningi frá 8. nóvember 1990 sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum, sem skipuð var í lok janúar 1996, er markvisst starf á þessu sviði hófst af hálfu ríkisstjórnarinnar, var falið að fylgjast með framkvæmd stefnunnar uns sérstakt áfengis- og vímuvarnaráð hefur verið stofnað. Samkvæmt frumvarpi til laga um áfengis- og vímuvarnaráð er því ætlað að verða slíkur eftirlitsaðili. Frumvarpið var lagt fram á 121. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið hefur verið lagt fram að nýju, nánast óbreytt.

Nefnd ráðuneyta hefur því á árinu 1997 fylgst með framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum og annarra þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin tilkynnti um í lok árs 1996.

Nefndinni þykir við hæfi að gefa ríkisstjórninni skýrslu um framgang stefnunnar og annarra aðgerða sem gripið var til á árinu 1997. Í nefndinni hafa starfað þennan tíma Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, tilnefnd af dómsmálaráðherra, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri, tilnefnd af félagsmálaráðherra, Bergþór Magnússon deildarsérfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðherra, Þórir Haraldsson aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, tilnefndur af honum og Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri og Erna Árnadóttir deildarsérfræðingur til vara, tilnefndar af menntamálaráðherra.

2. Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar felst að hún hefur ákveðið að beita sér markvisst fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla, í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra, taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna og draga stórlega úr áfengis- og tóbaksnotkun þeirra. Áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki fram til ársins 2000 eru:

- Að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.
- Að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki.
- Að auka öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota.
- Að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki.
- Að efla meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem orðið hafa fíkninni að bráð.

Stefnan gerir ráð fyrir að ráðuneyti og undirstofnanir útbúi framkvæmdaáætlanir til að útfæra nánar stefnuna með hliðsjón af verkefnum hvers ráðuneytis.

2.1 Framkvæmdaáætlanir ráðuneyta.

Samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar skulu ráðuneyti útbúa framkvæmdaáætlanir til að útfæra stefnuna nánar með hliðsjón af verkefnum hvers ráðuneytis. Verður nú nánar vikið að efnisatriðum framkvæmdaáætlana þeirra ráðuneyta sem slíka áætlun hafa samið, en það eru öll ráðuneytin sem fulltrúa eiga í nefnd ráðuneytanna og sem þessi málaflokkar heyra undir.

2.1.1 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Eins og áður hefur komið fram skipaði dómsmálaráðherra sérstaka verkefnisstjórn í janúar 1996 til að vinna að ávana- og fíkniefnavörnum sem falla undir dómsmálaráðuneytið. Verkefnisstjórnin lauk störfum snemma sumars 1996 og setti fram tillögur í átta liðum. Ráðuneytið hefur litið svo á að í tillögum þessum fælist framkvæmdaáætlun þess á sviði fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarna. Tvær fyrstu tillögur hópsins lutu að samræmdri stefnu ríkisstjórnar í áfengis- og vímuefnavörnum og stofnun afbrota- og vímuvarnaráðs. Fyrri tillögunni var

hrundið í framkvæmd með samþykkt ríkisstjórnarinnar hinn 3. desember 1996 og hinni síðari með samningu frumvarps til laga um áfengis- og vímuvarnaráð, sem lagt var fyrir Alþingi vorið 1997 og hefur nú verið lagt fram að nýju. Í þeirri vinnu tókst þó ekki að taka afbrotaþáttinn með inn í starfsemi ráðsins. Aðrar tillögur verkefnisstjórnarinnar sem ráðuneytið hefur unnið að að hrinda í framkvæmd á árinu 1997 eru:

1. Foreldrar og forvarnir í ávana- og fíkniefnamálum. Hlutur foreldra í forvarnastarfi á þessu sviði hefur verið sérstakur áhersluþáttur í starfsemi áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja, eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Þá hefur lögreglan beitt sér markvisst að því að virkja foreldra og vinna með þeim að áfengis- og fíkniefnavörnum.

2. Breytingar á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Verkefnisstjórnin lagði til nokkrar breytingar á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum:

- Í fyrsta lagi var lagt til að ýmsar breytingar yrðu gerðar á almennum hegningarlögum, m.a. á ákvæðum þeirra laga um upptöku ávinnings. Þessar breytingar hafa flestar náð fram að ganga, sbr. lög nr. 10/1997.
- Í öðru lagi var lagt til að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár þannig að sjálfræðisaldur og fjárræðisaldur færi saman. Með samþykkt lögræðislaga nr. 71/1997 sem gengu í gildi 1. janúar 1998 var sjálfræðisaldur hækkaður í 18 ár.
- Í þriðja lagi var lagt til að dómsmálaráðherra beindi þeim tilmælum til nefndar sem endurskoðar ákvæði áfengislaga nr. 82/1969 með síðari breytingum að skerpt yrðu ýmis refsiákvæði þeirra laga. Þessi nefnd hefur nú lokið störfum. Lagt hefur verið fyrir Alþingi nýtt frumvarp til áfengislaga sem ætlað er að leysa þau eldri af hólmi og hefur dómsmálaráðherra þegar mælt fyrir því. Í frumvarpinu eru refsiákvæði gerð skýrari og eftirlit með því að lögunum verði framfylgt aukið.
- Í fjórða lagi að dómsmálaráðherra beindi þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að nokkrar breytingar yrðu gerðar á lögum um ávana- og fíkniefni, m.a. um að anabólískir sterar falli undir lögin og að í lögin kæmu ítarlegri ákvæði um upptöku ólögmæts ávinnings. Dómsmálaráðuneytið hefur beint slíkum tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.
- Í fimmta lagi að dómsmálaráðherra láti í samvinnu við embætti ríkissaksóknara hefja undirbúning að samningu skýrra verklagsreglna um óheftbundnar rannsóknaraðgerðir í ávana- og fíkniefnamálum. Dómsmálaráðherra hefur skipað sérstaka nefnd sem falið var að kanna sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu.

3. Staðfesting fíkniefnasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1988. Lagt var til að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir því að hraðað yrði undirbúningi að staðfestingu fíkniefnasamnings Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1988. Það hefur nú verið gert sbr. þingsályktun frá 16. maí 1997. Í sömu þingsályktun var samþykkt að fullgilda samning Evrópuráðsins frá 1990 um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum. Með lögum nr. 10/1997 um breytingu á almennum hegningarlögum o.fl. voru gerðar nauðsynlegar breytingar á hegningarlögum og sex öðrum lögum svo unnt yrði að fullgilda framangreinda samninga.

4. Efling ávana- og fíkniefnastarfsemi löggæslunnar. Lagt var til að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir ýmsum breytingum á starfsemi þeirrar deildar sem annast rannsókn í ávana- og fíkniefnamálum við embætti lögreglustjórans í Reykjavík til að efla þá starfsemi. Þá var einnig lagt til að lögreglumönnum við deildina yrði fjölgað í samræmi við aukin verkefni, nýjar áherslur í starfi deildarinnar, skiptivinnu og þjálfun. Loks var lagt til að tækjakostur deildarinnar yrði bættur þannig að hann stæðist ávallt nútímakröfur, að úreldingartími tækja yrði skilgreindur og tækjabúnaður endurnýjaður í samræmi við slíkar reglur. Í tengslum við stefnumótun ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum var fjárveiting til fíkni-

efnamála hjá lögreglunni aukin um 35 m.kr. Þessari fjárveitingu var ráðstafað sem hér segir á árinu 1997:

- Til tækjakaupa í þágu ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík 10 m.kr. Lögreglustjóri lagði fram áætlun um tækjakaup snemma árs 1997. Í byrjun þessa árs óskaði dómsmálaráðuneytið upplýsinga um það hvernig fjármunum til tækjakaupa hefði verið varið. Samkvæmt upplýsingum lögreglustjóra hafði 5,7 m.kr. verið varið til tækjakaupa, svo sem fjarskipta- og símtækja, myndavéla, segulbanda og sjónauka en stærsti liðurinn tengdist kaupum á tölvubúnaði og ljósritunarvélum. Dómsmálaráðuneytið telur því að þær 4,3 m.kr. sem enn er óráðstafað af þessari fjárveitingu síðasta árs leggist við 7 m.kr. framlag til tækjakaupa á þessu ári. Forgangsverkefni á þessu ári verða kaup á fullkomnari fjarskipta- og hlustunarbúnaði fyrir fíkniefnadeildina. Dómsmálaráðuneytið hefur óskað eftir yfirliti um nýtingu þessa framlags á þessu ári.
- Til fjölgunar stöðugilda 18 m.kr. Stöðugildum sérstakra fíkniefnalögreglumanna var fjölgað um sjö, þannig að þrjú komu í hlut fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík og fjögur til embætta utan Reykjavíkur, eitt hjá sýslumanninum á Ísafirði, eitt hjá sýslumanninum á Sauðárkróki, eitt hjá sýslumanninum á Akureyri og eitt hjá sýslumanninum á Eskifirði.
- Til bættrar starfsaðstöðu fíkniefnadeildar 5 m.kr. Starfsaðstaða fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík var ófullkomin og hana þurfti að bæta. Af sérstakri fjárveitingu til fíkniefnamála var 5 m.kr. varið til bættrar starfsaðstöðu fíkniefnadeildar, m.a. við að koma upp yfirheyrsluherbergjum.
- Til fíkniefnastofu 2 m.kr. en við gildistöku lögreglulaga var sérstök fíkniefnastofa sett á laggirnar við embætti ríkislögreglustjóra. Stofan hefur það hlutverk að safna upplýsingum um fíkniefnamál og vera miðlægur upplýsingaaðili um þessi efni, bæði gagnvart stjórnvöldum og í alþjóðasamskiptum. Af sérstakri fjárveitingu var 2 m.kr. varið til að leggja grunn að tölvu- og hugbúnaðargerð fyrir fíkniefnastofu.

5. Samvinna löggæslu og tollyfirvalda. Lagt var til að samskipti ávana- og fíkniefnadeildar hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, rannsóknardeildar ríkistollstjóra, tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og skattrannsóknastjóra yrði gerð formlegri og skipaður sérstakur samstarfshópur. Auk þess var lögð til skiptivinna milli lögreglu og tollgæslu. Þessari samvinnu hefur nú verið hrundið af stað fyrir atbeina dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

6. Meðferðar- og afplánunarúrræði fyrir brotamenn sem eru háðir neyslu ávana- og fíkniefna. Lagt var til að samstarf Fangelsismálastofnunar ríkisins, meðferðarstofnana og geðdeilda yrði eflt og aukið þannig að brotamenn sem háðir eru neyslu ávana- og fíkniefna, m.a. áfengis, eigi kost á að ljúka síðustu vikum afplánunar í meðferð. Einnig var lagt til að samstarf Fangelsismálastofnunar ríkisins og félagsmálastofnana yrði eflt m.a. til að tryggja að eftir meðferð ættu þessir einstaklingar kost á stuðningi. Loks var lagt til að Fangelsismálastofnun ríkisins yrði gert kleift að standa svo að málum að fullnustu dóma vegna ávana- og fíkniefnabrota verði ætíð hraðað svo sem kostur væri. Unnið er að þessum málum hjá Fangelsismálastofnun.

2.1.2 Félagsmálaráðuneyti.

Mótun fjölskyldustefnu — forvarnir gegn fíkniefnaneyslu. Félagsmálaráðherra lagði fram á Alþingi vorið 1997 þingsályktunartillögu um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og var ályktað að ríkisstjórnin móti slíka stefnu. Meginforsendur hennar eru að fjölskyldan sé hornsteinn íslensks samfélags og ríkisstjórnum og sveitarfélögum beri á hverjum tíma að marka sér opinbera stefnu í málum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda. Fíkniefna-

neysla og misnotkun áfengis er fjölskylduvandi og er lagt til í tillögunni að fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa.

Fjölskyldan og þá einkum foreldrarnir eru best til þess fallnir að veita börnum öryggi og tækifæri til þroska og ljóst er að þeir eru almennt á móti áfengis- og fíkniefnaneyslu barna sinna. Ýmsar almennar aðgerðir stjórnvalda geta létt undir með foreldrum við umönnun og uppeldi barna sinna. Sem dæmi má nefna viðurkenningu og skilning atvinnurekenda á mikilvægi uppeldishlutverks foreldra og gildi samstarfs foreldra og skóla.

Félagsmálaráðuneytið hefur sent öllum ráðuneytum og sveitarstjórnum þingsályktunina og hvatt þau til að hafa hana til hliðsjónar við framkvæmdir og stefnumótun.

Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa hefur yfirumsjón og eftirlit með stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir fyrir börn og ungmenni sem vistuð eru á grundvelli barnaverndarlaga. Unglingar sem eiga við vímuefnavanda að stríða, eða eru í sérstökum áhættuhópi, geta verið vistaðir á öllum heimilum Barnaverndarstofu. Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar, annast greiningarmeðferð og neyðarvistun í bráðatilvikum og eru þar samtals 12 rými. Til viðbótar eru fjögur heimili með 22–24 rýmum auk Geldingalækjar með 6 rýmum, en það er heimili fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára.

Ný lögræðislög voru samþykkt á vorið 1997og hækkuðu þau sjálfræðisaldur í 18 ár frá 1. janúar 1998. Ein rökin fyrir hækkun sjálfræðisaldursins voru að gera foreldrum og samfélaginu í heild kleift að taka á stjórnlausri neyslu áfengis og vímuefna 16 til 18 ára ungmenna. Í kjölfarið má búast við aukinni þörf á sérhæfðum úrræðum í vímuefnameðferð fyrir ungmenni allt að 18 ára aldri. Nýlegar breytingar á meðferðarkerfi ríkisins gerðu ráð fyrir að sjálfráða einstaklingar, 16 ára og eldri, leituðu þjónustu sjúkrastofnana fyrir fullorðna. Nú hafa aldursmörkin verið hækkuð í 18 ár og því verður að efla sérhæfða meðferð fyrir þennan hóp. Þessi hópur nýtur nú þjónustu meðferðarstofnana fyrir fullorðna hjá SÁÁ og Landspítala.

Meðferðarheimilið Varpholt í Eyjafirði var opnað á sl. sumri. Þar er boðið upp á sérhæfða meðferð fyrir unga vímuefnaneytendur. Meðferðin er byggð á 12 spora kerfinu og er þar rými fyrir sex börn.

Þá hefur verið ákveðið að stofna nýtt sérhæft meðferðarheimili í Skagafirði fyrir börn með „mótþróa“, með öðrum orðum börn sem eiga við mikla hegðunarerfiðleika að etja. Þar verður m.a. tekist á við fíkniefnaneyslu ungmenna. Byggt verður sérhannað húsnæði fyrir starfsemina á vegum héraðsnefndar Skagafjarðar og er fyrirhugað að starfsemi hefjist haustið 1998.

Stofnun Barnahúss, snemma árs 1998. Undirbúningur að stofnun Barnahúss er í fullum gangi og stefnt að opnun snemma á árinu 1998. Þar verður starfrækt miðstöð fyrir rannsóknir á kynferðisafbrotum og öðru ofbeldi gegn börnum og sérhæfð meðferð og áfallahjálp veitt börnum og fjölskyldum þeirra. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára, sem byggir á samstarfi fjölmargra aðila undir stjórn Barnaverndarstofu. Stefnt er að því að samhæfa, eins og unnt er, hlutverk barnaverndaryfirvalda annars vegar og hins vegar hlutverk lögreglu, saksóknara, lækna og fleiri við rannsókn mála.

Börn og ungmenni sem verða fyrir ofbeldi eru í áhættuhópi gagnvart neyslu fíkniefna. Hlutfallslega stór hópur stúlkna sem orðið hefur fíkniefnaneyslu að bráð hefur verið beittur kynferðislegu ofbeldi. Börnin sem vistast á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu eiga við fjölþættan vanda að etja og er neysla áfengis og annarra vímuefna oft birtingarform félagslegra og tilfinningalegra vandamála. Markviss og samhæfð viðbrögð allra, sem að máli koma þegar grunur leikur á um slíkt ofbeldi, getur dregið verulega úr líkum á því að fórnarlambið ánetjist fíkniefnum síðar á lífsleiðinni.

Sérstök úttekt á þjónustu meðferðarstofnana. Félagsmálaráðuneytið hefur falið Barnaverndarstofu að annast úttekt á þjónustu SÁÁ og Landspítala við 16 til 17 ára ungmenni. Nauðsyn er á upplýsingum um þjónustu stofnananna við þennan aldurshóp, ekki síst í ljósi breyttra aðstæðna vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Fyrir liggur að þörf verður á auknu meðferðarrými vegna hækkunar sjálfræðisaldurs, og er því nauðsynlegt að kanna vel með hvaða hætti meðferðarstofnanirnar hafa tekið á fíkniefnavanda ungmenna á aldrinum 16–17 ára. M.a. verði könnuð dvalarlengd og brottfall í meðferð, endurinnlagnir og árangur meðferðar.

Henta meðferðarúrræðin jafnt konum sem körlum? Konur jafnt sem karlar ánetjast fíkniefnum. Hins vegar hafa meðferðarstofnanir fyrir fullorðna til skamms tíma verið meira sóttar af körlum en konum og hefur því verið haldið fram að meðferðin, sem boðið er upp á, taki meira mið af þörfum karla en kvenna. Á undanförnum árum hafa meðferðarstofnanir gefið þörfum kvenna sífellt meiri gaum og sérstök prógröm hafa verið útbúin fyrir þær. Haldbærar upplýsingar liggja ekki fyrir um þetta álitamál. Af því tilefni hefur félagsmálaráðuneytið falið Skrifstofu jafnréttismála að kanna hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur, sem eru kostuð af opinberu fé, henti jafnt konum sem körlum.

Stuðningsmeðferð fyrir börn áfengissjúkra flutt til „Vímulausrar æsku". Barnaverndarstofa kom á fót stuðningsmeðferð í tilraunaskyni fyrir 6 til 11 ára gömul börn áfengissjúkra foreldra. Um var að ræða alls sex námskeið sem haldin voru á tímabilinu 1996 til 1997. Foreldrum var samhliða boðið upp á hópstarf. Barnaverndarstofa afhenti samtökunum „Vímulaus æska" námskeiðið að gjöf á árinu 1997 og verður starfseminni haldið áfram á þeirra vegum með styrk úr Forvarnasjóði.

Skyldur sveitarfélaganna varðandi áfengis- og vímuefnavarnir. Félagsmálaráðuneytið hefur með reglubundnum hætti kynnt sveitarfélögunum sérstaklega áætlunina Ísland án eiturlyfja og hvatt þau til virkrar þátttöku í verkefninu. Enn fremur hefur ráðuneytið kynnt þeim helstu atriði í stefnu ríkistjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis og tóbaksvörnum og minnt þau á skyldur sínar skv. XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2.1.3 Fjármálaráðuneytið.

2.1.3.1 Verkefnaáætlun fjármálaráðuneytisins.

Almennt. Einn liður í þeirri stefnu sem ríkisstjórnin mótaði á árinu 1996 í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, var að efla tollgæslu til að draga úr fíkniefnasmygli. Ákveðið var að ráðstafa 25 m.kr. í því skyni. Fjármálaráðuneytið útbjó í samráði við ríkistollstjóra áætlun um endurskipulagningu fíkniefnaeftirlits, þar sem ákveðið var til hvaða verkefna fjárveitingunni skyldi ráðstafað.

Meginatriðin í auknu fíkniefnaeftirliti voru þau að ákveðið var að stofnuð yrði sérstök deild innan ríkistollstjóraembættisins sem ætlað var að fara með yfirstjórn aðgerða gegn fíkniefnasmygli á landinu öllu. Gert var ráð fyrir að tollstjóraembættin yrðu tölvuvædd eftir því sem unnt væri þannig að þeir möguleikar sem tölvutæknin býður upp á yrðu fullnýttir. Gert var ráð fyrir að haldið yrði uppi öflugu úrtakseftirliti sem fælist í beinni leit um borð í skipum, gámum og í farangri ferðamanna og farmanna. Til að slíkt eftirlit yrði sem árangursríkast yrði nýttur sá aðgangur sem tollyfirvöld hafa að farmskrám skipafélaga og að öðrum upplýsingum og kerfisbundið reynt að meta áhættuna á fíkniefnasmygli.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu atriðum verkefnaáætlunar vegna fíkniefnaeftirlits, svo og hvernig til hafi tekist með framkvæmd hennar. Jafnframt verður gerð grein fyrir ráðstöfun fjárveitinga til einstakra embætta og verkefna samkvæmt áætluninni.

Embætti ríkistollstjóra. Helstu verkefni sem fíkniefnadeild ríkistollstjóra voru ætluð samkvæmt áætluninni voru sem hér segir:

- Skipulagning og eftirlit með fíkniefnaeftirliti á landinu öllu í samráði við viðkomandi tollstjóra.
- Skipulagning og eftir atvikum framkvæmd átaksverkefna í samráði við viðkomandi tollstjóra.
- Yfirstjórn hundamála og fíkniefnaeftirlit með hundum, annars staðar en á Keflavíkurflugvelli.
- Sjá til þess að einstök tollstjóraembætti væru búin fullnægjandi tækjabúnaði.
- Skipulagning fræðslu fyrir tollstarfsmenn.
- Gera tillögur um ráðstöfun fjárveitinga vegna fíkniefnaeftirlits og sjá til þess að fjármunum yrði ráðstafað eins og til var ætlast.

Gert var ráð fyrir að sett yrði upp upplýsingakerfi vegna fíkniefnaeftirlits hjá embættinu þar sem safnað yrði saman nauðsynlegum upplýsingum, bæði fyrir embættið og fyrir einstök tollstjóraembætti. Þá yrði bætt við starfsmanni hjá embættinu vegna átaksverkefnisins. Loks yrði keyptur nýr hundur til embættisins, til viðbótar þeim hundi sem fyrir er.

Ákveðið var að af fjárveitingu til fíkniefnamála skyldu 8,4 m.kr. renna til embættisins. Þar af næmi launakostnaður vegna nýs starfsmanns 3 m.kr., kaup á hundi 900 þús. kr., fjárfestinga- og rekstrarkostnaður, þ.m.t. kostnaður vegna kaupa á bifreið fyrir hund og vegna ferða með hann um landið, samtals 3,5 m.kr. og loks kostnaður vegna námskeiðahalds og þjálfunar tolleftirlitsmanna 1 m.kr.

Tollstjórinn í Reykjavík. Í áætluninni kom fram að mikil þörf er talin á að endurskipuleggja og auka fíkniefnaeftirlit hjá tollstjóranum í Reykjavík. Gert var ráð fyrir að þegar yrði myndaður vinnuhópur skipaður fulltrúum fíkniefnadeildar ríkistollstjóra annars vegar og tollgæsludeildar tollstjóraembættisins hins vegar, til að endurskipuleggja fíkniefnaeftirlit í Reykjavík. Átti sú vinna að miða að því að koma á öflugu úrtakseftirliti með notkun fíkniefnahunda, um borð í skipum, í vörugeymslum, í póstsendingum og á Reykjavíkurflugvelli. Tækjabúnaður yrði jafnframt aukinn verulega til að komið yrði við markvissri áhættugreiningu vegna eftirlitsins.

Á tollpóststofunni í Ármúla yrði vinnufyrirkomulagi breytt þannig að tollgæslumenn yrðu alltaf á staðnum þegar flokkun pósts fer fram.

Gert var ráð fyrir að af sérstakri fjárveitingu yrði 6,1 m.kr. ráðstafað til embættisins, þar af 2,6 m.kr. vegna aukins launakostnaðar, 3,0 m.kr. til fjárfestinga og 500 þús. kr. vegna rekstrarkostnaðar.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Á Keflavíkurflugvelli var gert ráð fyrir að tveir nýir menn yrðu ráðnir til starfa í fíkniefnadeild tollsins þar, einn til almennra starfa og einn hundaeftirlitsmaður. Þá yrði keypt ný bifreið vegna hundaeftirlits.

Ákveðið var að 7,4 m.kr. rynnu til embættisins vegna aukins fíkniefnaeftirlits, þar af 5,2 m.kr. vegna launakostnaðar, 1,7 m.kr. vegna fjárfestingarkostnaðar og 500 þús. kr. vegna rekstrarkostnaðar.

Önnur tollstjóraembætti. Kveðið var á um að fíkniefnaeftirlit með hundum skyldi aukið á landinu öllu. Þá yrði haldið uppi reglubundnu farmskráreftirliti í tengslum við skipakomur til landsins og metið hvenær ástæða væri til sérstakra aðgerða. Gert var ráð fyrir að við komu Norrænu til landsins yrði fíkniefnahundur ætíð til staðar, auk þess sem viðbótar tollvörður yrði með til aðstoðar. Þá yrðu fíkniefnahundar nýttir af fremsta megni við aðrar skipa- og flugvélakomur. Ráðinn skyldi nýr starfsmaður hjá sýslumanninum í Hafnarfirði vegna fíkniefnaátaksins.

Ákveðið var að 3,1 m.kr. rynnu til þessara verkefna, þar af 2,6 m.kr. til sýslumannsins í Hafnarfirði vegna nýs starfsmanns sem ráðinn var til fíkniefnaeftirlits og 500 þús. kr. vegna fjárfestinga.

Annað. Önnur atriði sem kveðið var á um í verkefnaáætlun í fíkniefnamálum voru sem hér segir:

- Námskeið: Námskeið yrðu haldin fyrir alla tolleftirlitsmenn vegna fíkniefnaeftirlits.
- Samstarf við lögreglu: Leitað yrði eftir auknu samstarfi við lögregluyfirvöld, einkum um samnýtingu leitarhunda og óskað eftir samstarfssamningi við lögregluyfirvöld um hvernig staðið skyldi að samstarfi við rannsóknir og upplýsingaskipti á milli tolls og lögreglu.
- Samstarf við flutningsfyrirtæki og miðlara: Leitað yrði til helstu flutningafyrirtækja og miðlara um samstarf við tollyfirvöld. Þar skyldi unnið að bættu tolleftirliti og einföldun á tollafgreiðsluháttum og reglur settar um samskipti tollvarða og flutningsfyrirtækja.
- Samvinna við áætlunina Ísland án eiturlyfja: Höfð skyldi samvinna við verkefnisstjórn áætlunar ríkis, Reykjavíkurborgar og ECAD um Ísland án eiturlyfja.

2.1.3.2 Framkvæmd verkefnaáætlunar.

Almennt. Ýmis af þeim verkefnum sem kveðið var á um í áætluninni hafa nú þegar komið til framkvæmda. Áhersla tollyfirvalda á fíkniefnaeftirlit hefur jafnframt aukist verulega frá því sem var á þeim tíma er ríkisstjórnin mótaði stefnu sína í fíkniefnamálum. Hins vegar er ljóst að nokkuð skortir á að öll verkefni áætlunarinnar hafi komist til framkvæmda. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að um er að ræða verulegar breytingar á áherslum í starfsemi viðkomandi embætta sem óhjákvæmilegt er að nokkurn tíma taki að komast í framkvæmd. Einnig ber að líta til þess að stefna ríkisstjórnarinnar var mótuð í lok ársins 1996 og var verkefnaáætlun tilbúin í lok marsmánaðar 1997.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins verður lögð rík áhersla á að hrinda á næstu tveimur mánuðum í framkvæmd þeim verkefnum áætlunarinnar sem ólokið er og ljúka jafnframt gerð áætlunar fyrir árið 1998. Hér á eftir verður gerð grein fyrir framkvæmd einstakra verkefna.

Embætti ríkistollstjóra. Fíkniefnadeild ríkistollstjóra tók til starfa á síðasta ári eins og að var stefnt. Var starfsmanni embættisins falið að annast stjórn deildarinnar og vinnur hann eingöngu að fíkniefnamálum. Deildin vinnur nú að þeim þáttum verkefnaáætlunarinnar sem lúta að skipulagningu fíkniefnaeftirlits á landinu öllu, setningu framkvæmdareglna, skipulagningu fræðslu o.fl. Um skipulagningu fíkniefnaeftirlits í Reykjavík er fjallað hér á eftir.

Keyptur var nýr fíkniefnahundur til embættisins. Umsjónarmaður hans, ásamt umsjónarmanni eldri hunds embættisins, voru sendir á námskeið hjá danska tollinum og enn fremur kom yfirhundaþjálfari Dana hingað til lands og hélt hér vikunámskeið fyrir hundaumsjónarmenn ríkistollstjóraembættisins og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Nýi hundurinn þykir hafa gefið mjög góða raun, en allnokkurn tíma hefur tekið að fullþjálfa hann sem er mjög eðlilegur þáttur varðandi þjálfun þeirra hunda sem notaðir eru í verkefni sem þessi. Hundar embættisins voru fyrst og fremst nýttir í Reykjavík, en jafnframt við fíkniefnaeftirlit úti á landi.

Embættið hefur átt góð samskipti við tollstjóra úti um land og hvatt þá til samstarfs, t.d. með því að beðið sé um aðstoð embættisins í einstaka málum. Þá hefur verið einstaklega gott samstarf við sýslumanninn á Seyðisfirði vegna tolleftirlits við komu ferjunnar Norrænu. Embættið aðstoðaði við allar komur ferjunnar á síðasta sumri með því að senda hund og tvo tollverði í hverja afgreiðslu.

Ríkistollstjóri hefur að undanförnu átt í viðræðum við ríkislögreglustjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins um aukna samvinnu milli lögreglu, tolls og skattyfirvalda. Þar er meðal annars fjallað um aukna samvinnu í fíkniefnamálum og hefur sérstakur starfshópur verið settur á laggirnar til að fjalla um þennan málaflokk. Að þessu starfi koma einnig lögreglustjóraembættið í Reykjavík, tollgæslan á Keflavíkurflugvelli og áætlað er að fulltrúa frá tollstjóranum í Reykjavík verði boðið að taka þátt í starfi hópsins.

Embættið hefur átt góð samskipti við lögregluyfirvöld vegna fíkniefnamála. Vegna skipulagsbreytinga hjá lögreglunni, sérstaklega stofnun embættis ríkislögreglustjóra, er samvinna milli þessara tveggja embætta á frumstigi. Hins vegar hefur skapast mjög gott og aukið samstarf við ávana- og fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík og hafa allmörg mál verið unnin í samvinnu embættanna.

Sem fyrr hefur ríkistollstjóri samstarf við erlend tollyfirvöld. Íslensk yfirvöld eru að verulega miklu leyti þiggjendur í erlendu samstarfi og má greina frá því að upplýsingar sem borist hafa erlendis frá hafa í nokkrum tilvikum á árinu leitt til þess að fíkniefni fundust. Embættið sér um að koma upplýsingum erlendra tollyfirvalda á framfæri við viðkomandi tollstjóra eða eftir atvikum lögregluna.

Tollstjórinn í Reykjavík. Eins og fram hefur komið var talin mjög mikil þörf á að endurskipuleggja og auka fíkniefnaeftirlit hjá tollstjóranum í Reykjavík. Gert var ráð fyrir að þegar yrði myndaður vinnuhópur skipaður fulltrúum fíkniefnadeildar ríkistollstjóra annars vegar og tollgæsludeildar tollstjóraembættisins hins vegar, til að endurskipuleggja fíkniefnaeftirlit í Reykjavík. Þó að formlegur vinnuhópur hafi ekki verið skipaður hafa viðræður milli embættanna átt sér stað og samvinna um verkefnaáætlun og mun þeirri vinnu haldið áfram. Fíkniefnaeftirlit hefur verið aukið talsvert frá því sem það hefur verið í Reykjavík, en það má rekja til eflingar á fíkniefnaeftirliti ríkistollstjóra, meðal annars vegna fjölgunar fíkniefnaleitarhunda.

Stefnt er að því að auka mjög áherslu á fíkniefnaeftirlit í starfsemi tollstjóra. Fjármálaráðherra mun ásamt embættum tollstjóra og ríkistollstjóra taka þennan þátt til sérstakrar skoðunar á næstu vikum.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Þau verkefni sem kveðið var á um vegna herts fíkniefnaeftirlits á Keflavíkurflugvelli komu til framkvæmda á árinu. Þannig voru ráðnir tveir nýir starfsmenn til fíkniefnaeftirlits og leiddi það til þess að fíkniefnahundar embættisins nýttust mun betur en áður.

Önnur tollstjóraembætti. Fíkniefnaeftirlit með hundum var eflt á landsvísu eftir því sem unnt reyndist. Þannig var alltaf sendur hundur til Seyðisfjarðar í tengslum við komu Norrænu þangað.

Annað. Framkvæmd annarra verkþátta er í eftirfarandi stöðu:

- Námskeið: Fíkniefnadeild ríkistollstjóra undirbýr námskeiðahald í fíkniefnamálum.
- Samstarf við lögreglu: Eins og fram hefur komið vinna ríkistollstjóri og ríkislögreglustjóri ásamt skattrannsóknastjóra ríkisins að tillögum um aukið samstarf, m.a. í fíkniefnamálum. Sérstakar tillögur í þeim efnum liggja þó ekki fyrir.
- Samstarf við flutningsfyrirtæki og miðlara: Af hálfu ríkistollstjóra hefur verið unnið að undirbúningi samninga við flutningafyrirtæki og miðlara um samstarf á sviði tollamála, þar sem m.a. verður lögð sérstök áhersla á gagnkvæma aðstoð í fíkniefnamálum. Fyrirmynd slíkra samninga hefur verið unnin á vegum Alþjóðatollastofnunarinnar. Ríkistollstjóri mun á næstunni kynna slík samningsdrög fyrir ofangreindum aðilum.
- Samvinna við áætlunina Ísland án eiturlyfja: Haldnir hafa verið fundir milli fulltrúar frá verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja og fulltrúum frá embætti ríkistollstjóra annars vegar og tollstjórans í Reykjavík hins vegar.

2.1.4 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Heilsuverndarstöð á landsvísu. Unnið hefur verið að mótun tillagna um að koma á laggirnar forvarnamiðstöð eða heilsuverndarstöð á landsvísu. Á árinu 1997 var unnið að því að móta hugmyndir um markmið, skipulag og verkefni þessarar starfsemi. Með starfseminni er

verið að sameina starfsemi sem nú er á mörgum stöðum. Markmið með stöð af þessu tagi er að styðja og efla forvarnastarfsemi heilsugæslunnar í landinu.

Áfengis- og vímuefnaráð. Fyrsta skrefið í uppbyggingu heilsuverndarstöðvar á landsvísu er stofnun sérstaks áfengis- og vímuefnaráðs, en stofnun slíks ráðs er jafnframt liður í stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki, sbr. hér að framan. Lagafrumvarp um stofnun slíks ráðs var lagt fyrir Alþingi snemma árs 1997 en náði ekki fram að ganga. Nýtt frumvarp hefur verið lagt fram nú á vorþingi 1998.

Markmiðið með starfsemi ráðsins er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðinu er ætlað að stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuefnavörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Efld heilsugæsla. Á vegum heilbrigðisráðuneytisins, í samvinnu við tóbaksvarnanefnd, hefur verið komið á fót skipulegum leiðbeinendanámskeiðum fyrir starfsmenn heilsugæslu, sjúkrahúsa og meðferðarstofnana á sviði ávana- og fíkniefna, sem og frjálsra félagasamtaka. Á þessum námskeiðum er þátttakendum gefinn kostur á að kynnast undirstöðuatriðum tóbaksvarna og meðferðar vegna reykinga. Þessi námskeið, sem haldin hafa verið víða um land, hafa einkum verið vel sótt af starfsmönnum heilsugæslunnar.

Á árinu 1997 voru haldin tvö leiðbeinendanámskeið, annað í Hveragerði fyrir Suðurland og Suðvesturland og hitt á Egilsstöðum fyrir Austurland. Hugmyndin er síðan að halda framvegis a.m.k. eitt námskeið árlega. Megintilgangurinn er að gera heilbrigðisþjónustuna, og þá sérstaklega heilsugæsluna, betur í stakk búna til að sinna tóbaksvörnum og hjálpa fólki til að hætta að reykja.

Enn fremur eru uppi áform um að gera heilsugæsluna færari til að fást við geðræn vandamál og áfengis- og vímuefnavanda þeirra sjúklinga sem til hennar leita. Kannanir sýna t.d. að stór hluti þeirra sem samskipti hefur við heilsugæsluna á landsbyggðinni sækir til hennar með geðræn vandamál sín fremur en til sérfræðinga á því sviði. Sömuleiðis er þörf á að styrkja meðhöndlun áfengis- og vímuefnavandamála innan heilsugæslunnar.

Forvarnasjóður. Stjórn Forvarnasjóðs er skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til fjögurra ára í senn og eiga sæti í henni fulltrúar ráðherra dómsmála, fjármála, menntamála og heilbrigðis- og tryggingamála og er sá síðastnefndi jafnframt formaður.

Á árinu 1997 nutu forgangs til styrkja úr sjóðnum aðgerðir gegn unglingadrykkju og gegn ofurölvun.

Nánar er fjallað um sjóðinn í kafla 3.2.1 hér á eftir.

Bætt meðferðarúrræði. Markmið heilbrigðisyfirvalda og þeirra fjölmörgu aðila sem vinna að geðverndarmálum og áfengis- og vímuefnamálum er að veita ráðgjöf, tryggja þeim einstaklingum meðferð sem á henni þurfa að halda og draga úr heilsufarsvandamálum með skipulegum forvörnum.

Samanborið við aðrar þjóðir standa Íslendingar nokkuð vel að vígi hvað varðar fjölda meðferðarplássa að öðru leyti en því að töluvert skortir á úrræði fyrir börn og unglinga. Hins vegar virðist ekki með öllu ljóst hvort þær aðferðir sem beitt er á sviði forvarna og meðferðar séu alltaf þær heppilegustu. Sérstaklega eru yfirvöld og margir sérfróðir aðilar hugsandi yfir því hvort meðhöndla beri börn og unglinga á sömu stofnunum og fullorðna. Er því víða unnið að endurskoðun og umbótum á þessum sviðum.

Nefna má þrjú dæmi:

- Landspítalinn hefur með stofnun fíkni- og fjölkvilladeildar tekið upp fjölgreiningu á sjúklingum með áfengis-, vímuefna- eða geðræn vandamál. Reynt er að nálgast vandamál

þeirra á heildrænan hátt og skipuleggja þá meðferð sem best á við hverju sinni. Sérstaklega er metið hvort innlögn eða göngudeildarúrræði eigi við í hverju tilviki fyrir sig.
- Verið er að endurskoða starfsemi endurhæfingarheimila fyrir þá sem líða af langvinnum geðsjúkdómum.
- Á árinu 1997 voru fengnir erlendir sérfræðingar til þess að gera úttekt á helstu meðferðarúrræðum fyrir áfengissjúklinga hér á landi. Á það jafnt við um starfsemi Landspítala, SÁÁ og annarra meðferðaraðila á þessu sviði. Athugunin var tvíþætt. Hún var í senn liður í könnun á árangri þeirra aðferða sem beitt er hér á landi og samanburður við þær aðferðir sem beitt hefur verið annars staðar með góðum árangri.

Tóbaksvarnanefnd. Hlutverk tóbaksvarnanefndar er að draga úr tóbaksneyslu og vinna gegn heilsutjóni af völdum tóbaks. Starfsemin felur í sér að veita opinberum aðilum ráðgjöf og hafa áhrif á viðhorf og venjur fólks, auk þess að aðstoða og hverja skóla, félagasamtök og vinnustaði til þess að móta skýra stefnu í tóbaksvörnum og framfylgja henni. Tóbaksvarnanefnd stendur að gerð og dreifingu á fræðslu og kynningarefni um tóbaksvarnir. Enn fremur lætur nefndin reglulega gera athuganir á tóbaksnotkun, neysluvenjum og viðhorfum til tóbaksneyslu.

Í byrjun árs 1997 lagði tóbaksvarnanefnd fram framkvæmdaáætlun sem var þríþætt og náði til grunnskólans, framhaldsskólans og landsins í heild. Nánar verður vikið að þessari áætlun í kafla 3.2.2.

Heilsuefling. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og embætti landlæknis hafa um nokkurra ára skeið unnið saman að verkefni sem nefnt hefur verið Heilsuefling. Markmið verkefnisins eru að:
- Vekja almenning til ábyrgðar og umhugsunar um ábyrga lífshætti.
- Bæta þekkingu almennings á áhættuþáttum langvinnra sjúkdóma og slysa.
- Auka vilja og möguleika almennings til að lifa heilsusamlegu lífi.
- Samhæfa starfskrafta og viðfangsefni eins og kostur er.

Eitt af meginverkefnum Heilsueflingar er samstarf við fjögur sveitarfélög, svokallaða heilsubæi, sem eru Hafnarfjörður, Húsavík, Hornafjörður og Hveragerði. Samstarfið hófst á árinu 1994 og hefur það verið markmið samstarfsins að reyna þar aðferðir sem gætu orðið öðrum sveitarfélögum hvatning til frekara starfs á sviði heilsueflingar.

Verkefni heilsubæjanna eru aðallega heilsuefling í skólum, á vinnustöðum, í félagsmiðstöðvum og hjá fjölskyldum. Verkefnin eru framkvæmd í náinni samvinnu við skóla, heilsugæslustöðvar, íþróttafélög og stéttarfélög. Þá hefur jafnframt verið leitast við að hafa sem besta samvinnu við fjölmiðla.

Önnur verkefni Heilsueflingar á næstu misserum sem snerta framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum eru:
- Heilsuefling í skólum. Heilsuskólar á öllum stigum skólakerfisins.
- Samstarf við tóbaksvarnanefnd.
- Heilsuefling á vinnustöðum.
- Íþróttir og forvarnir. Græni lyfseðillinn. Samstarf við ÍSÍ um átak á sviði heilsueflingar og forvarna tímabilið 1997–1999.
- Lyfseðill um þjálfun. Samstarf við heilsugæslustöðvar, Tryggingastofnun ríkisins og líkamsræktarstöðvar.
- Heilsuábendingar á mjólkurumbúðum.

Samvinna embættis landlæknis, héraðslækna og félagsmálastjóra. Landlæknisembættið hefur á síðustu árum beint starfsemi sinni meira inn á svið heilsuverndar og skipulegra aðgerða til þess að draga úr margs konar heilbrigðisvandamálum. Áróður fyrir heilsusam-

legum lifnaðarháttum, slysavarnir, vímuefnavarnir, geðheilbrigðismál, heilbrigðisfræðsla og skólaheilsugæsla eru fastir liðir í starfsemi embættisins.

Í samvinnu við félagsmálastjóra og héraðslækna voru áform á vegum embættisins um að kanna heilsufar þeirra hópa sem njóta atvinnuleysisbóta, félagslegrar þjónustu og stuðnings félagsmálastofnana. Í þeim hópi eru margir sem eiga við áfengis- og vímuefnavandamál að stríða. Niðurstöðum slíkra rannsókna er ætlað að liggja til grundvallar aðgerðum til að bæta aðstöðu og heilsufar þessara einstaklinga.

Þá hefur það vakið athygli umræðds samstarfshóp að á undanförnum árum hefur samsetning skjólstæðinga félagsmálastofnana tekið ákveðnum breytingum, sérstaklega í Reykjavík. Höfuðborgin ber æ sterkari einkenni stórborga Evrópu, a.m.k. í félagslegu og heilsufarslegu tilliti. Skjólstæðingarnir eru ekki bara aldraðir, fólk sem ekki er á vinnufærum aldri og stórar fjölskyldur, heldur í vaxandi mæli ungt fólk á vinnufærum aldri og einstæðingar.

2.1.5 Menntamálaráðuneyti.

Forvarnastarf í skólum. Menntamálaráðuneytið hafði til ráðstöfunar 5 m.kr. til þess að skipuleggja og stuðla að forvarnastarfi í skólum. Gerði ráðuneytið verksamning við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum um framkvæmd áætlunar ráðuneytisins í forvarnastarfi þess og er Árni Einarsson verkefnastjóri. Samningurinn hefur verið endurnýjaður fyrir árið 1998.

Teymi. Menntamálaráðuneytið kom á fót teymi sérfræðinga sem ætlað var að koma með tillögur um tilhögun forvarnastarfs í skólum með sérstöku tilliti til úrræða vegna áhættu sem varðar sjálfsvíg og fíkniefnaneyslu. Í teyminu er fólk sem hefur reynslu og þekkingu af málefninu, skólastjóri, kennari, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og barna- og unglingageðlæknir. Teymið hefur farið yfir framkvæmd forvarna, eins og hún er nú, rætt um úrbætur og breyttar áherslur. Lögð hefur verið áhersla á að treysta raunhæfa möguleika skólans í forvörnum, hlutverk skólans og samstarf við foreldra og aðra sem að málefninu koma. Höfð verður hliðsjón af tillögum teymisins við námskrárgerð fyrir grunn- og framhaldsskóla sem nú stendur yfir á vegum menntamálaráðuneytisins.

Rannsóknir. Forsenda árangursríks forvarnastarfs er að tekið sé mið af niðurstöðum rannsókna á orsökum fíkniefnaneyslu og annarra áhættuþátta. Í samræmi við það hefur menntamálaráðuneytið stuðlað að rannsóknum á áhættuþáttum sem tengjast fíkniefnaneyslu og mati á árangri forvarnastarfs. Mun ráðuneytið áfram stuðla að rannsóknum á þessu sviði og hafa niðurstöður þeirra til hliðsjónar við tilhögun forvarnastarfs í skólum.

Námskeið. Áhættuhegðun barna og ungmenna. Fræðslufyrirlestrar fyrir kennarafundi. Í skýrslu nefndar árið 1996 um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og tillögum til úrbóta, sem unnin var samkvæmt þingsályktun á vegum menntamálaráðuneytisins, er gerð grein fyrir flóknu samspili ýmissa þátta, sem hafa afgerandi áhrif á skólagöngu nemenda og framtíð þeirra, svo sem sjálfsvígshegðun og fíkniefnaneyslu. Í skýrslunni er lögð áhersla á að greina áhættuhegðun barna og unglinga í skólum og veita þeim aðstoð sem í vanda eru staddir.

Í samræmi við það leggur menntamálaráðuneytið áherslu á að greining og viðbrögð við áhættuhegðun innan skóla verði efld og beinn stuðningur sérfræðinga við starfsfólk skóla aukinn.

Menntamálaráðuneytið stendur því fyrir röð námskeiða um áhættuhegðun barna og ungmenna og viðbrögð við slíkri hegðun í samvinnu við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í því skyni að auka þekkingu starfsfólks skóla.

Eru námskeiðin haldin í janúar og febrúar 1998 og standa starfsfólki framhaldsskóla um allt land til boða. Þá bjóðast framhaldsskólum fræðslufyrirlestrar fyrir kennarafundi, bæði

á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, á meðan á skólastarfi stendur. Námskeiðin eru ætluð þeim sem fíkniefnamál og annar vandi brennur mest á innan skólanna svo sem námsráðgjöfum, skólahjúkrunarfræðingum, skólastjórnendum, umsjónarkennurum og fleirum. Enn fremur eru þau ætluð fulltrúum frá nemendafélögum og jafningjafræðslu. Á námskeiðunum verður m.a. fjallað um áhættuhegðun, sjálfsvíg ungs fólks, fíkniefnaneyslu og kynferðislegt ofbeldi. Þá býðst skólunum aðstoð við stefnumörkun í fíkniefnavörnum skólanna og áætlanir þar að lútandi.

Á vegum Vímuvarnaskólans eru einnig haldin námskeið fyrir kennara og aðra starfsmenn grunnskóla í öllum sveitarfélögum á landinu. Menntamálaráðuneytið styrkti áframhaldandi starfsemi Vímuvarnaskólans og á fulltrúi menntamálaráðuneytisins nú sæti í stjórn skólans.

Í ágúst 1997 var haldið tveggja daga námskeið og sóttu námskeiðið um 80 manns, kennarar, skólastjórar, hjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar. Á námskeiðinu var fjallað um áhættuþætti varðandi áfengisneyslu og aðra vímuefnaneyslu ungs fólks, sjálfsvíg, greiningu þessara þátta og viðbrögð við þeim. Ýmsir íslenskir sérfræðingar héldu fyrirlestra en sérstakur gestafyrirlesari var frá Harvardháskóla í Boston í Bandaríkjunum. Hann stýrir verkefni í Boston um forvarnir í skólum í tengslum við áhættuhegðun barna og unglinga. Fyrirhugað er að halda tveggja daga námskeið um forvarnastarf á Norðurlandi sumarið 1998 með svipuðu sniði.

Ráðgjöf. Símaviðtalstímar. Nauðsynlegt er að starfsfólk skóla sé í stakk búið til að koma auga á og liðsinna nemendum sem eiga í erfiðleikum. Innan framhaldsskólans þurfa að vera fyrir hendi úrræði fyrir þá nemendur sem á stuðningi þurfa að halda vegna ýmissa vandamála. Slík úrræði þurfa að tengjast úrlausnum heilbrigðis- og félagsmálakerfisins. Starfsmenn skóla, t.d. námsráðgjafar, eru oft í góðum tengslum við nemendur og því í góðri aðstöðu til að vinna fyrirbyggjandi starf og bregðast við áhættuhegðun. Mikilvægur þáttur í því starfi er að beina unglingum til viðeigandi meðferðaraðila. Til þess að stuðla að því að svo megi verða í ríkari mæli gefur menntamálaráðuneytið starfsfólki framhaldsskóla kost á því að leita sérfræðilegrar aðstoðar vegna nemenda sem eru í vanda staddir. Komið hefur verið á sérstökum símaviðtalstímum á Fræðslumiðstöð í fíknivörnum þar sem námsráðgjöfum eða viðkomandi starfsfólki gefst kostur á að leita ráðgjafar og handleiðslu vegna vandamála tiltekinna nemenda og fá sérfræðing í heimsókn í skólana eftir nánari ákvörðun. Menntamálaráðuneytið hefur sent framhaldsskólum bækling með nánari upplýsingum um þann stuðning sem framhaldsskólum býðst í þessum efnum.

Jafningjafræðslan. Menntamálaráðuneytið hefur stutt Jafningjafræðslu framhaldsskólanna. Á árinu 1997 lagði Jafningjafræðslan aðaláherslu á fræðslu og innra starf skólanna. Farið var í alla framhaldsskóla landsins og fyrstu tveir árgangarnir fræddir um skaðsemi eiturlyfja. Áhersla hefur verið lögð á félagslíf „Jafningjanna“ í skólunum sjálfum en hjá þeim eru allar skemmtanir vímulausar og hefur því verið tekið vel. Í mars 1997 var dagurinn „Námsmenn gegn fíkniefnum“ haldinn hátíðlegur en þá stóðu námsmannahreyfingarnar saman að skemmtun undir heitinu lífsgleði.

Tvö undanfarin sumur hafa 30 manns frá Jafningjafræðslunni verið í vinnu hjá Reykjavíkurborg við að fræða nemendur Vinnuskólans, sem eru á grunnskólaaldri, og hefur það verkefni gengið vel. Jafningjafræðslan hefur enn fremur staðið fyrir gerð sjónvarpsþátta, útvarpsþátta, bæklinga og blaða.

3. Aðrir þættir í aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

3.1 Stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs.

Eins og áður hefur verið vikið að lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir 121. löggjafarþing frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð. Tilgangurinn með stofnun

ráðsins er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir sérstaklega meðal barna og ungmenna og sporna gegn afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Markmiðið með starfsemi hins nýja áfengis- og vímuvarnaráðs er að stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra aðila sem starfa að áfengis- og vímuvörnum. Þá mun ráðið fylgjast með að framfylgt verði stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Frumvarpið náði ekki fram að ganga en hefur verið lagt fram á Alþingi að nýju svo til óbreytt.

3.2 Auknir fjármunir til forvarna.

3.2.1 Forvarnasjóður og úthlutun úr honum 1997.

Forvarnasjóður var stofnaður 1995. Í hann rennur ákveðinn hluti áfengisgjalds. Með stofnun sjóðsins jukust fjárveitingar til forvarna á sviði áfengis- og fíkniefnamála um 20 m.kr. á árinu 1996, en sjóðurinn hafði samtals 50 m.kr. til ráðstöfunar á því ári. Á árinu 1997 hafði sjóðurinn 55 m.kr. til ráðstöfunar. Forgangsverkefni sjóðsins á árinu voru tvíþætt. Annars vegar að koma í veg fyrir neyslu barna og ungmenna á áfengi og öðrum vímuefnum og vinna gegn þeim vandamálum sem af neyslunni hljótast og hins vegar að vinna gegn ofurölvun og vandamálum henni tengdri. Umsækjendur þurfa að leggja fram ítarlega útfærslu á verkefninu, áfangaskýrslu, skýrslu um framkvæmd verkefnis og mat á árangri þess þegar því er lokið. Á árinu var úthlutað 23 styrkjum, samtals að fjárhæð 25 m.kr. Samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar fengu áfangaheimili og ýmsir aðilar sem starfa að áfengis- og vímuefnavörnum samtals 14 m.kr. í rekstrarstyrki. Þá er rekstur Áfengisvarnaráðs greiddur úr Forvarnasjóði, samtals 9,1 m.kr. á árinu 1997. Sjóðstjórn hafði því til ráðstöfunar samtals kr. 31,9 m.kr. Tafla 1 sýnir úthlutun úr Forvarnasjóði á árinu 1997.

Tafla 1.
Úthlutun úr Forvarnasjóði árið 1997.

Verkefni	Fjárhæð í m.kr.
I. ÚTHLUTAÐ AF STJÓRN FORVARNASJÓÐS	**25,08**
Áætlunin Ísland án eiturlyfja	3,0
Félagsmálaráðuneyti: Leitarstarf og aðstoð við grunnskólanemendur í Reykjavík	3,5
Heilbrigðisráðuneyti: Leitarstarf og aðstoð við grunnskólanema í Reykjavík	1,5
Jafningjafræðsla framhaldsskólanema	2,0
Verkefni á vegum SÁÁ:	
Sveitarfélagaverkefni: víðtækar forvarnir í sveitarfélögum	1,5
Samstarf SÁÁ og heilbrigðisstarfsfólks	0,9
Verkefni á vegum FRÆ:	
Viðhorf til ölvunar með því að hafa áhrif á neysluvenjur (samstarfsverkefni)	1,0
Samstarf og þróun í fíknivörnum, samstarf hins opinbera og einkaaðila	0,8
Verkefni á vegum FRÆ, SÁÁ og Rauða kross Íslands:	
Vímuvarnaskólinn á landsbyggðinni	1,0
Verkefni á vegum Vímulausrar æsku:	
Ráðgjöf fyrir foreldra barna í vímuefnavanda	1,0
Námskeið fyrir foreldra og börn alkóhólista	0,9

Verkefni á vegum Vímulausrar æsku og Barnaheilla:	
Foreldrasíminn, samstarf og þróun	1,0
Heimili og skóli, fyrirmyndarforeldrar, vekja umhugsun á ábyrgð foreldra	1,0
Vernd. Aðstoða fanga við að verða vímulausir. Samstarfsverkefni	0,8
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar. Samstarf um markvisst forvarnastarf	0,7
Sumarheimili templara. Bindindismót í Galtalækjarskógi	0,5
Áfengis- og vímuvarnanefnd Akureyrar, „voff"verkefni í grunnskólum	0,44
Stórstúka Íslands. Bindindismót á Norðurlandi um verslunarmannahelgi	0,4
KFUM. Vímuefnalaus fjölskylduhátíð í Vatnaskógi um verslunarmannahelgi	0,4
Magnús Scheving. Forvarnaverkefni, í samstarfi við aðra	0,5
Félag unglækna. Fræðsla fyrir framhaldsskólanema	0,2
Útideild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Drengjaverkefni	0,14
Ingvar Á. Þórisson o.fl. Heimildarmynd	0,1
Landskönnun á notkun tóbaks, áfengis og annarra vímugjafa meðal 15–20 ára	1,0
Söfnun á niðurstöðum úr rannsóknum og könnunum sl. 15 ár til samanburðar og greiningar á stöðu mála	0,8
II. ÚTHLUTAÐ AF FJÁRLAGANEFND	**14,0**
Rekstrarstyrkir til áfangaheimila og annarra sem vinna að vímuvörnum:	
Áfangaheimilið Dyngjan	1,0
Líknarfélagið Skjöldur	1,0
Íslenskir ungtemplarar	2,0
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ)	2,0
Krossgötur	4,0
Líknarfélagið Þrepið	1,0
Áfangi, líknarfélag	1,0
Stórstúka Íslands	2,0
III. REKSTUR ÁFENGISVARNARÁÐS	**9,1**

3.2.2 Fjármunir til tóbaksvarna.

Vegna breytinga á tóbaksvarnalögum á árinu 1996 hækkuðu fjárveitingar til tóbaksvarna í 31 m.kr. á árinu 1997 eða um liðlega 22 m.kr. frá árinu 1996. Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli tóbaksneyslu, áfengisneyslu og fíkniefnaneyslu.

Tóbaksvarnanefnd setti fram framkvæmdaáætlun í byrjun árs 1997. Helstu áhersluatriði þeirrar stefnumörkunar voru:

Grunnskólaáætlun.

- Skólar verði virkari í tóbaksvörnum og taki ábyrgð á framkvæmd þeirra.
- Unnið verði að því að draga úr reykingum þeirra 12–16 ára nemenda sem reykja daglega þannig að hlutfall þeirra verði lægra en 6% á næstu 15 mánuðum.
- Framhaldskólaáætlun.
- Virkja nemendur og félög þeirra til tóbaksvarna.
- Draga verulega úr tóbaksreykingum nemenda.
- Landsáætlun.
- Gera fólk meðvitað um rétt sinn til reyklauss umhverfis og hvetja það til þess að standa á þeim rétti.

- Þrengja að tóbaksreykingum og fjölga stöðum og svæðum þar sem reykingar eru bannaðar.
- Gera heilbrigðisstéttir að virkari þátttakendum.
- Hjálpa fólki til þess að hætta að reykja.
- Börnum sé tryggt reyklaust umhverfi.
- Draga úr daglegum reykingum 18 ára og eldri með samræmdum aðgerðum á næstu 24 mánuðum.

3.3 Efling löggæslu og tollgæslu með auknum fjárveitingum.

Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að framan um framkvæmdaáætlanir dóms- og kirkjumálaráðuneytis annars vegar og fjármálaráðuneytis hins vegar var löggæsla og tollgæsla efld á árinu 1997 með auknum fjárveitingum, enda var það meðal áhersluatriða í stefnu ríkisstjórnarinnar að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki og bætt öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota. Áður hefur verið vikið að því hvernig þeim 35 m.kr. var varið sem runnu til að efla starfsemi fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og þeim 25 m.kr. sem runnu til að efla tollgæslu.

3.4 Stuðningur við ungmenni í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.

Ríkisstjórnin ákvað að verja 5 m.kr. til þess að koma á fót teymum sérfræðinga til að skipuleggja forvarnastarf í skólum. Upplýsingar um ráðstöfun þess fjár koma fram í kaflanum um framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins.

3.5 Samstarf ríkisins, Reykjavíkurborgar og Samtaka Evrópuborga gegn eiturlyfjum.

Einn liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar var að ganga til samstarfs við Reykjavíkurborg og Samtök Evrópuborga gegn eiturlyfjum (ECAD – European Cities Against Drugs) um áætlunina Ísland án eiturlyfja.

Samtökin Evrópuborgir gegn eiturlyfjum voru stofnuð í apríl 1994. Stofnun samtakanna var m.a. svar við áformum ýmissa borga í Evrópu um að lögleiða tiltekin eiturlyf. Reykjavíkurborg var ein af 21 stofnborg samtakanna ásamt m.a. Lundúnum, París, Berlín, Stokkhólmi og Moskvu. Aðildarborgir samtakanna eru nú orðnar tæplega 200 talsins. Allar höfuðborgir Norðurlanda að Kaupmannahöfn undanskilinni eru þátttakendur í samtökunum. Megintilgangurinn með starfi samtakanna er að hvetja borgir til aðgerða og baráttu gegn ólöglegum fíkniefnum í stað þess að gefast upp í baráttunni gegn þeim og lögleiða þessi efni. Skrifstofa samtakanna er í Stokkhólmi. Áætlunin Ísland án eiturlyfja er liður í stærri áætlun samtakanna um Evrópu án eiturlyfja árið 2012. Samtökin vonast til að árangur af verkefnum sem hrundið verður af stað hér á landi verði slíkur að þau geti orðið fyrirmyndir fyrir aðrar borgir í baráttunni gegn eiturlyfjum.

Hinn 6. febrúar 1997 undirrituðu Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri f.h. Reykjavíkurborgar og Åke Setréus framkvæmdastjóri samtakanna Evrópuborgir gegn eiturlyfjum f.h. samtakanna, samstarfssamning um þessa áætlun.

Með samstarfssamningnum hafa ríkisstjórnin, Reykjavíkurborg og Samtökin Evrópuborgir gegn eiturlyfjum ákveðið að taka höndum saman og vinna að áætluninni Ísland án eiturlyfja. Meginmarkmið samstarfsins er að sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum, efla forvarnir, og skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hafa þetta markmið að leiðarljósi. Samtök Evrópuborga telja að Ísland eigi mikla möguleika á því að stemma stigu við innflutningi og dreifingu eiturlyfja vegna landfræðilegrar legu landsins.

Áætluninni hefur verið skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti fimm fulltrúar: Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, tilnefnd af dómsmálaráðherra, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri, tilnefnd af félagsmálaráðherra, Hrafn Pálsson deildarstjóri, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Kristín A. Árnadóttir aðstoðarkona borgarstjóra, tilnefnd af borgarstjóra og Åke Setréus framkvæmdastjóri hjá samtökum Evrópuborga. Snjólaug Stefánsdóttir uppeldisfræðingur og námsráðgjafi hefur verið ráðin verkefnisstjóri. Verkefnisstjórnin hafði 4 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 1997, þ.e. 3 m.kr. úr Forvarnasjóði og 1 m.kr. frá Reykjavíkurborg. Auk þess styrkti Eimskipafélag Íslands hf. áætlunina með 1,5 m.kr. á árinu 1997 og hefur félagið lofað sömu fjárhæð á árinu 1998 og 1999.

Verkefnisstjórnin skilaði í apríl 1997 drögum að verkefnaáætlun ársins 1997 ásamt drögum að fimm ára áætlun. Þar var lögð meginhersla á aðgerðir til að virkja þjóðfélagið í heild í baráttunni gegn eiturlyfjum og fá sem flesta til samstarfs um þessa áætlun.

Verkefnisstjórnin hefur tekið saman skýrslu um starf sitt á árinu 1997 og er hún sérstakt fylgiskjal með þessari skýrslu. Þar er einnig að finna tillögur verkefnisstjórnarinnar um verkefnaáætlun ársins 1998 ásamt margvíslegum tillögum til ríkisstjórnarinnar um frekari aðgerðir í fíkniefnavörnum. Nefnd ráðuneyta fylgist með framgangi mála hjá verkefnisstjórninni og tveir fulltrúar úr nefndinni sitja jafnframt í verkefnisstjórninni.

3.6 Fullgilding Íslands á tveimur alþjóðasamningum á sviði refsiréttar.

Vorið 1997 var samþykkt frumvarp dómsmálaráðherra um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. vegna fíkniefnasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1988 og samnings frá 8. nóvember 1990 sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum, sbr. lög nr. 10/1997. Lögin breyta almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni, tollalögum, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og lyfjalögum. Þessar lagabreytingar voru nauðsynlegar svo að Ísland geti fullgilt fyrrnefnda samninga auk þess sem tekið var mið af tillögum verkefnisstjórnar dómsmálaráðherra sem lauk störfum um mitt ár 1996 um lagabreytingar.

4. Staðan í neyslu ungmenna vorið 1997.

Um nokkurra ára skeið hefur með reglulegu millibili verið gerð umfangsmikil neyslukönnun í 8.–10. bekkjum grunnskóla til að kanna neyslu unglinga og ýmis tengsl neyslu og fjölskylduþátta. Slík könnun var síðast gerð vorið 1997. Fyrir tilstilli styrks frá forvarnasjóði, áætluninni Ísland án eiturlyfja og tóbaksvarnanefnd er nú að ljúka úrvinnslu þessarar könnunar og munu þær birtast í bók í byrjun mars 1998. Niðurstöðurnar draga upp nokkuð dökka mynd af stöðunni í neyslu 14 og 15 ára unglinga (í 9. og 10. bekk grunnskóla). Verður nú vikið að helstu niðurstöðum varðandi neyslu á áfengi, tóbaki, hassi og amfetamíni eftir landsvæðum.



Mynd 1.
Hlutfall nemenda 14 og 15 ára (í 9. og 10. bekk) sem hefur drukkið áfengi a.m.k. einu sinni sl. 30 daga fyrir könnun.

Myndin sýnir hlutfall 14 og 15 ára unglinga sem höfðu drukkið áfengi a.m.k. einu sinni síðustu 30 dagana fyrir könnun og eru upplýsingarnar greindar eftir landshlutum. Af piltunum höfðu á bilinu 35,2% upp í 44,6% neytt áfengis á þessu tímabili samanborið við 36,9–48,8% stúlknanna. Athygli vekur að á fimm af átta landsvæðum er hlutfall stúlkna sem hafa drukkið áfengi a.m.k. einu sinni á tímabilinu sem spurt var um hærra en hlutfall piltanna.



Mynd 2.
Hlutfall nemenda 14 og 15 ára (í 9. og 10. bekk) sem hefur orðið drukkinn einu sinni eða oftar sl. 30 daga fyrir könnun.

Mynd 2 sýnir hlutfall 14 og 15 ára unglinga sem hafa orðið drukknir einu sinni eða oftar síðustu 30 dagana fyrir könnun. Upplýsingarnar eru aftur sýndar eftir landshlutum. Enn vekur athygli hversu stór hópur þessara unglinga hefur orðið drukkinn, eða á bilinu 22,6–34,3% piltanna og 24,2–40,4% stúlknanna. Aftur vekur athygli að í sex af átta landshlutum hafa stúlkurnar vinninginn og munar allmiklu í sumum tilvikum. Má þar benda á að 40,4% stúlkna á Suðurnesjum á þessum aldri höfðu orðið drukknar einu sinni eða oftar samanborið við 28,9% piltanna.



Mynd 3.
Hlutfall nemenda 14. og 15 ára (í 9. og 10. bekk) sem hefur reykt eina sígarettu á dag eða meira sl. 30 daga fyrir könnun.

Mynd 3 sýnir reykingar meðal unglinga 14 og 15 ára og er þá miðað við daglegar reykingar. Rannsóknin staðfestir grunsemdir um vaxandi reykingar meðal þessa aldurshóps. Á bilinu 9,6–17,9% pilta á þessum aldri reykja eina sígarettu á dag eða meira. Meðal stúlkna eru reykingarnar enn meiri því á bilinu 9,7–25,8% þeirra stunda reykingar með þessum hætti. Enn hafa stúlkurnar vinninginn og er hlutfall þeirra sem reykja í samanburði við strákanna hærra í sex af átta landshlutum.



Mynd 4.
Hlutfall nemenda 14 og 15 ára (í 9. og 10. bekk) sem hefur notað hass a.m.k. einu sinni um ævina.

Mynd 4 sýnir hlutfall 14 og 15 ára sem höfðu notað hass a.m.k. einu sinni um ævina. Athygli vekur hátt hlutfall pilta í Reykjavík, liðlega 17%. Hér snýst dæmið við frá því áður því í flestum landshlutum er hlutfall pilta sem hefur prófað hass hærra en hlutfall stúlknanna.



Mynd 5.
Hlutfall nemenda 14 og 15 ára (í 9. og 10. bekk) sem hefur notað amfetamín a.m.k. einu sinni um ævina.

Mynd 5 sýnir loks hlutfall pilta og stúlkna eftir landshlutum á aldrinum 14 og 15 ára sem hafa notað amfetamín a.m.k. einu sinni um ævina. Á bilinu 1,9–5,6% piltanna og 0,8–5,1% stúlknanna hafa prófað þetta eiturlyf. Hér er aftur sama myndin og í hassinu, hlutfall piltanna sem hefur prófað eitrið er í langflestum landshlutum hærra en hlutfall stúlknanna.

Þessar niðurstöður sýna talsverða neyslu, ekki síst í áfengi og tóbaki. Auk þess er hlutfall ungmenna 14 og 15 ára sem hefur prófað hass annars vegar og amfetamín hins vegar allt of hátt.

Mikilvægt er að gera samanburðarkönnun vorið 1998 til að sjá hver þróunin hefur orðið síðustu 12 mánuði í þessum efnum.

5. Umræða.

Hér að framan hafa verið rakin verkefni á vegum hinna ýmsu ráðuneyta á árinu 1997 í kjölfar samþykktar sérstakrar verkefnaáætlunar á sviði áfengis-, tóbaks- og fíknivarna.

Af skýrslunni má ráða að á vegum ráðuneyta hefur ötullega verið unnið í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar frá því í desember 1996. Nauðsynlegt er að frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð verði sem fyrst að lögum, eins og ráðgert var við samþykkt stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar. Stofnun og starfsemi ráðsins er mikilvægur hlekkur í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Því er brýnt að áformum um þetta ráð verði hrundið af stað hið fyrsta svo starfsemi þess geti hafist eigi síðar en 1. janúar 1999. Ráðinu er ætlað umfangsmikið hlutverk, m.a. um að tryggja að reglulegar neyslukannanir verði gerðar. Upplýsingar þær sem raktar voru í 4. kafla um nýjustu neyslutölur meðal 14 og 15 ára unglinga sýna uggvænlega þróun sem nauðsynlegt er að fylgjast grannt með. Verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja hefur ákveðið að framkvæma nýja neyslukönnun í mars 1998 til að sjá hvert þróunin stefnir. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar öflugu og markvissu forvarnastarfi á þessu sviði.

6. Tillögur.

Nefnd ráðuneyta leggur eftirfarandi til við ríkisstjórnina í ljósi reynslunnar af framkvæmd stefnu hennar í áfengis-, tóbaks- og vímuvörnum á árinu 1997:

1. Áfram verði unnið í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum málum frá desember 1996.
2. Stefnt verði að því að frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð verði samþykkt sem lög fyrir vorið 1998 og að áfengis- og vímuvarnaráð taki til starfa eigi síðar en 1. janúar 1999.
3. Ráðuneyti sem vinna að verkefnum á sviði áfengis-, tóbaks- og vímuvarna geri þau verkefni sýnilegri og tengi þau með áberandi hætti við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og eftir því sem kostur er áætluninni Ísland án eiturlyfja.

Jafnframt vekur nefnd ráðuneyta athygli ríkisstjórnarinnar á tillögum þeim sem verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja leggur til að ríkisstjórnin samþykki.

Fylgiskjal.

Skýrsla verkefnisstjórnar áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja um störf hennar árið 1997.

1. SAMANTEKT OG TILLÖGUR

Á árinu 1997 hefur verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja í starfi sínu lagt áherslu á málefni foreldra og fjölskyldunnar. Verður því starfi haldið áfram á árinu 1998. Undirstrikað hefur verið mikilvægi þess að draga úr áfengisneyslu barna og ungmenna og að foreldrar séu lykilaðilar í því sambandi. Kannanir sýna að því yngri sem einstaklingurinn er við upphaf áfengisneyslu því líklegra er að hann muni neyta annarra fíkniefna. Verkefnisstjórnin hefur hvatt til verkefna sem efla og styrkja foreldra í baráttunni gegn vímuefnaneyslu barna og unglinga. Í því sambandi má nefna Könnun á viðhorfum til ýmissa mála er varða unglinga, hvatningarátakið Foreldrar eru bestir í forvörnum, útgáfu sérblaðs um vímuvarnamál, Fjölskyldumiðstöðina, ráðstefnuna FRÁ FORELDRUM TIL FORELDRA o.fl.

Á árinu 1998 verður sérstök áhersla lögð á að hvetja sveitarfélög til aðgerða í vímuvarnamálum. Skipulagðar verða ráðstefnur í öllum landshlutum þar sem áætlunin Ísland án eiturlyfja, vímuvarnir í sveitarfélögum, tölulegar upplýsingar, starf foreldrafélaga og annað forvarnastarf verður til umfjöllunar. Í undirbúningi er formlegt samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um þessi mál og fleiri. Verkefni sem hafa að markmiði að vinna með ungu fólki gegn eiturlyfjaneyslu verða einnig í forgrunni og ber þar hæst verkefnið 20,02 hugmyndir um eiturlyf í samvinnu við Hitt húsið, Jafningjafræðsluna o.fl.

Mikilvægt er að vinna áfram að samræmdum aðgerðum stjórnvalda og auknu samstarfi og bættu skipulagi í vímuvarnamálum. Til að skapa áætluninni Ísland án eiturlyfja betri skilyrði til árangurs leggur verkefnisstjórnin til eftirfarandi:

1. Leitað verði eftir formlegu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og þeim boðið að tilnefna fulltrúa í verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.
2. Menntamálaráðuneytið tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn.
3. Fulltrúi úr verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja eigi sæti í stjórn forvarnasjóðs.
4. Öll verkefni sem forvarnasjóður styrkir tengist áætluninni Ísland án eiturlyfja.
5. Formaður verkefnisstjórnar eigi sæti í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíknivarnir.
6. Skipað verði sérstakt fulltrúaráð sem verði vettvangur samráðs allra þeirra sem að vímuvörnum starfa og verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja til ráðgjafar. Ráðið fundi á tveggja mánaða fresti. Í því eigi sæti m.a. fulltrúi þjóðkirkjunnar, Áfengisvarnaráðs, fíkniefnalögreglunnar, tollgæslunnar, foreldrasamtaka, SÁÁ, íþróttahreyfingarinnar, Jafningjafræðslunnar, tóbaksvarnanefndar, Vímulausrar æsku, bindindishreyfingarinnar, FRÆ, rannsóknaraðila, fjölmiðla, vinnumarkaðarins, forvarnadeildar lögreglunnar o.fl.
7. Skipuð verði samstarfsnefnd toll- og löggæslu sem vinnur að nauðsynlegum aðgerðum til að hefta, enn frekar en nú er gert, innflutning ólöglegra fíkniefna til landsins.
8. Framlag ríkisins til áætlunarinnar verði 4,5 milljónir kr. (er 3 milljónir kr.) og framlag Reykjavíkurborgar verði 1,5 milljón kr. (er 1 milljón kr.).

Ársskýrsla verkefnisstjórnar hefur verið unnin af Snjólaugu Stefánsdóttir verkefnisstjóra í nánu samráði við verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.

2. INNGANGUR

Ríkisstjórnin, Reykjavíkurborg og evrópsku samtökin European Cities Against Drugs – ECAD undirrituðu samstarfssamning þann 6. febrúar 1997 um áætlunina Ísland án eiturlyfja. Áætlunin er liður í stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum. Samningurinn gildir til ársins 2002 og felur m.a. í sér að leitað verði nýrra og markvissari leiða til að koma í veg fyrir innflutning, dreifingu, sölu og neyslu ólöglegra vímuefna. Meginmarkmið áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja er að sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum, efla forvarnir og skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hafa þetta takmark að leiðarljósi.

Í verkefnisstjórn áætlunarinnar eiga sæti fimm fulltrúar. Þeir voru í árslok 1997: Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, tilnefnd af dómsmálaráðherra, Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri, tilnefnd af félagsmálaráðherra,[1] Hrafn Pálsson deildarstjóri, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Kristín A. Árnadóttir aðstoðarkona borgarstjóra, tilnefnd af borgarstjóra og Åke Setréus framkvæmdastjóri hjá ECAD. Verkefnisstjóri er Snjólaug Stefánsdóttir uppeldisfræðingur og námsráðgjafi og hefur hún verið í hálfu starfi á vegum áætlunarinnar frá því að samstarfssamningurinn var undirritaður.

Samkvæmt samstarfssamningnum mun verkefnisstjórnin leggja fram tillögur um skammtíma- og langtímaaðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar til þess að tilgangur áætlunarinnar náist. Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu tillögurnar lagðar fyrir dómsmálaráðherra, borgarstjórann í Reykjavík og ECAD. Hlutverk ECAD í áætluninni er m.a. að leggja til sérfræðiþjónustu með það að markmiði að aðgerðir og verkefni sem ráðist verður í þjóni tilgangi áætlunarinnar. Árlegt ráðstöfunarfé verkefnisstjórnar er 4 m.kr. Hlutur ríkisstjórnarinnar er 3 m.kr. og hlutur Reykjavíkurborgar er 1 m.kr.

Verkefnisstjórnin hélt 23 fundi á árinu 1997. Þar af sátu fulltrúar ECAD 5 fundi. Auk þess var haldinn fjöldi samráðsfunda með aðilum sem starfa að vímuefnamálum. Vert er að nefna í því sambandi þrjátíu manna fund sem haldinn var 27. febrúar 1997 þar sem leiðandi aðilar í vímuvörnum komu saman og ræddu árangursríkar leiðir í vímuefnavörnum. Fundur með fulltrúum unglinga í grunnskólum Reykjavíkur var haldinn 17. mars 1997 og var mjög gagnlegur. Þar kom m.a. fram sú skoðun unglinganna að foreldrar og stjórnvöld þyrftu að hafa skýrari og afdráttarlausari stefnu í uppeldis- og vímuvarnamálum og fylgja henni eftir.

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri kynntu áætlunina og fjölluðu um vímuvarnamál í ræðu og riti bæði innan lands og erlendis. Gefin voru út þrjú tölublöð af bæklingnum Fréttapunktar verkefnisstjórnar. Fréttapunktunum hefur verið dreift víða og þeir m.a. sendir öllum sveitarfélögum, heilsugæslustöðvum, alþingismönnum, samstarfsaðilum, ráðuneytum og stofnunum, félagasamtökum, skólum o.fl. Tilgangurinn með útgáfunni er að kynna áætlunina og einstök verkefni sem unnið er að hverju sinni.

Eitt af viðfangsefnum áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja hefur verið að stuðla að samstarfi og samráði aðila sem starfa að vímuvarnamálum. Fundarhöld og umræða um forvarnamál og stefnuna til framtíðar hefur verið liður í því starfi. Á grundvelli þeirrar umræðu voru m.a. drög að 5 ára framkvæmdaáætlun verkefnisstjórnar byggð. Drögin komu út í apríl 1997 og voru endurútgefin í júní sama ár með smávægilegum breytingum. Áætlunin er á ensku á heimasíðu samstarfsaðilans ECAD, http://www.ecad.net.

Framkvæmdaáætlunin skiptist í sjö kafla:

---

[1] Árni Gunnarsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra var fulltrúi hans í verkefnastjórninni í fyrstu.

I. Virkja þjóðfélagið í heild í baráttunni gegn vímuefnum.
II. Forvarnir og fræðsla.
III. Virkja frjáls félagasamtök.
IV. Samstarf við foreldrasamtök.
V. Ungt fólk í áhættu.
VI. Samstarfshópar á landsvísu og í sveitarfélögum gegn eiturlyfjum.
VII. Toll- og löggæsla.

Í þessari ársskýrslu verkefnisstjórnarinnar er kaflaskiptingu framkvæmdaáætlunarinnar fylgt. Með henni fylgir einnig stutt yfirlit yfir þau verkefni sem tengjast áætluninni Ísland án eiturlyfja á árinu 1997 (sjá fylgiskjal 1).

Áætlunin Ísland án eiturlyfja er liður í víðtækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í vímuefnavörnum, sem kynntar voru í desember 1996. Helstu þættir þeirra aðgerða eru:

1. Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.
2. Stofnun sérstaks áfengis- og vímuvarnaráðs.
3. Auknir fjármunir til forvarna.
4. Efling löggæslu og tollgæslu
5. Stuðningur við ungmenni í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna og áfengis.
6. Samstarf ríkisins, Reykjavíkurborgar og ECAD um verkefnið Ísland án eiturlyfja árið.
7. Fullgilding Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 og samningi frá 8. nóvember 1990 sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings á afbrotum.

Í febrúar/mars 1998 verður gefin út bók á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála sem Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir ritstýra. Ísland án eiturlyfja, tóbaksvarnanefnd, Forvarnasjóður og EIMSKIP styrkja útgáfu bókarinnar. Bókin geymir nýjustu upplýsingar um vímuefnaneyslu nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskólans. Úrvinnslan byggist á rannsókn sömu aðila sem fór fram í öllum grunnskólum landsins í mars 1997. Niðurstöður könnunarinnar sýna mikla aukningu á neyslu vímuefna meðal nemenda. 13% nemenda í 10. bekk grunnskólans segjast hafa prófað hass sem er aukning um tæp 6% frá árinu 1992. Ef skoðuð er staða pilta með tilliti til hassreykinga í Reykjavík og nágrenni segjast 17,5 % pilta í 9. og 10. bekk hafa prófað hass. Neysla annarra eiturlyfja svo sem amfetamíns og e-taflna hefur einnig aukist innan grunnskólans. Þessar staðreyndir kalla á róttækar aðgerðir.

Ísland hefur alla burði til að ná miklum árangri í baráttunni gegn eiturlyfjum. Ísland er einsleitt þjóðfélag með almenna samstöðu gegn allri neyslu ólöglegra fíkniefna. Við búum við aðstæður sem ættu að skipa okkur í röð þeirra landa sem fremst eru í þessari baráttu. Mikil þekking er á meðferð og forvörnum í landinu, aðkomuleiðir eru fáar vegna legu landsins og ætti leit að eiturlyfjum að vera brýnasta verkefni tollgæslu um land allt. Fámennið, yfirsýnin og þekking á neytendum, sölumönnum o.fl. skapar hér kjöraðstæður til varnar þessum vágesti.

Verkefnisstjórnin telur að á þessu fyrsta starfsári áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja hafi margt unnist og ýmsum mikilvægum verkefnum verið ýtt úr vör, sem eigi eftir að hafa víðtæk áhrif til framtíðar. Forvarnir á þessu sviði hafa á liðnum tveimur til þremur árum orðið viðfangsefni æ fleiri, bæði stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja og er það vel. Skiptir skýr stefna opinbera aðila í málinu þar miklu og virkar sem hvatning til aðgerða. Styrkur áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja felst einmitt í þeirri afdráttarlausu stefnu sem markmið áætlunarinnar felur í sér og því að ríkisstjórnin og Reykjavíkurborg hafa sameinast um aðgerðir með þessum hætti.

Eitt af meginmarkmiðum áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja er að stuðla að bættu skipulagi forvarnastarfs í landinu og auknum samráðum og samstarfi aðila sem starfa að málinu. Það er einkum þrennt sem verkefnisstjórnin vill undirstrika alveg sérstaklega í því sambandi og telur vera grundvallaratriði til að árangur náist. Í fyrsta lagi mikilvægi þess að stjórnvöld, bæði ríkisstjórn og sveitarfélög, framfylgi af meiri festu yfirlýstri stefnu í vímuvarnamálum og stuðli enn frekar en nú er að bættu skipulagi málaflokksins, í öðru lagi að þeir sem starfa að vímuvarnamálum auki samstarf og samráð og í þriðja lagi að lög- og tollgæsla verði efld og tryggt sé að sérstakt framlag til þeirra skili sér örugglega til verkefna á sviði fíkniefnamála.

Til að stuðla að betri yfirsýn, samræmdum aðgerðum stjórnvalda, auknu samstarfi og bættu skipulagi í vímuvarnamálum er lagt til eftirfarandi:

- Menntamálaráðuneytið tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn áætlunarinnar.
- Leitað verði eftir formlegu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og þeim boðið að tilnefna fulltrúa í verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja
- Fulltrúi úr verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja eigi sæti í stjórn forvarnasjóðs.
- Öll verkefni sem forvarnasjóður styrkir verði kynnt sem framlag til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.
- Formaður verkefnisstjórnarinnar eigi sæti í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíknivarnir.
- Skipað verði sérstakt fulltrúaráð sem verði vettvangur samráðs og verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja til ráðgjafar um úrlausn verkefna. Ráðið fundi á tveggja mánaða fresti. Í því eigi sæti m.a. fulltrúar kirkjunnar, áfengisvarnaráðs, fíkniefnalögreglunnar, tollgæslunnar, foreldrasamtaka, SÁÁ, íþróttahreyfingarinnar, Jafningjafræðslunnar, tóbaksvarnanefndar, Vímulausrar æsku, bindindishreyfingarinnar, FRÆ, rannsóknaraðila, fjölmiðla, vinnumarkaðarins o.fl.
- Framlag ríkisins til áætlunarinnar verði 4,5 milljónir kr. (er 3 milljónir kr.) og framlag Reykjavíkurborgar verði 1,5 milljón kr. (er 1 milljón kr.).
- Skipuð verði samstarfsnefnd toll- og löggæslu sem vinnur að nauðsynlegum aðgerðum til að hefta, enn frekar en nú er, innflutning ólöglegra fíkniefna til landsins.

Markmið áætlunarinnar hefur verið gagnrýnt, bent hefur verið á að ekki sé raunhæft að ætla að Ísland geti orðið land án eiturlyfja árið 2002. Um sé að ræða blekkingu, fjármagn sé skorið við nögl og markmiðið sé ótrúverðugt. Í þessu sambandi vill verkefnisstjórnin benda á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi skýra stefnu og markmið í vímuvörnum og að stjórnvöld geti vart sett sér annað markmið en það að stefna að landi án eiturlyfja. Baráttunni við útbreiðslu eiturlyfja lýkur ekki í fyrirsjáanlegri framtíð, en til að árangur náist þarf stefnan að vera skýr og aðilar að vinna saman. Áætlunin Ísland án eiturlyfja er tilraun stjórnvalda til að vinna með markvissum hætti að ákveðnu takmarki og meta árangur þess starfs.

Það er sannfæring okkar sem að þessari áætlun störfum að nauðsynlegt sé að stjórnvöld varði leiðina í vímuvarnamálum og séu það afl sem leiði aðila saman í þá sterku heild sem þessari baráttu er nauðsynleg. Baráttan gegn innflutningi, dreifingu, sölu og neyslu eiturlyfja er barátta við skipulagða glæpastarfsemi þar sem peningar ráða ferðinni og börn og ungmenni eru fórnarlömbin. Markmiðið Ísland án eiturlyfja getur verið umdeilanlegt en meðan menn þrátta um ártöl flæða eiturlyfin inn í landið og börn á grunnskólaaldri ganga um með eiturlyf í vasanum. Nú sem aldrei er þörf á samstöðu og framkvæmdum. Víða um heim eru aðilar sem vinna gegn útbreiðslu eiturlyfja að setja sér skýr og afdráttarlaus markmið af svipuðum toga og gert hefur verið hér. Evrópa án eiturlyfja 2010 er verkefni á vegum ECAD og 21. öldin án

eiturlyfja er heiti á verkefni á vegum UNESCO. Þar sem verkefnið Ísland án eiturlyfja hefur verið kynnt á erlendum vettvangi hefur það vakið jákvæða athygli og áhuga.

Verkefnisstjórnin hefur kappkostað að efla samstarf lykilaðila í vímuvarnamálum enda það mat verkefnisstjórnarinnar að tími samkeppni á þessu sviði sé liðinn og tími samstarfs og samstöðu runninn upp. Grundvöll árangurs er að finna í samstöðu þjóðarinnar og þeirri trú að okkur takist að ná tökum á þessu alvarlega vandamáli.

3. VIRKJA ÞJÓÐFÉLAGIÐ Í HEILD Í BARÁTTUNNI GEGN VÍMUEFNUM

Fyrsti kafli framkvæmdaáætlunarinnar ber yfirskriftina Virkja þjóðfélagið í heild í baráttunni gegn vímuefnum. Í kaflanum er áhersla lögð á fimm viðfangsefni:

1. Stuðla að breyttum viðhorfum til unglingadrykkju og draga úr áfengisneyslu barna og unglinga.
2. Stuðningur frjálsra félaga við áætlunina Ísland án eiturlyfja.
3. Stuðningur fjölmiðla og listamanna við áætlunina Ísland án eiturlyfja.
4. Stuðningur fyrirtækja, stofnana og samtaka við aðgerðir gegn eiturlyfjum.
5. Gera áætlunina Ísland án eiturlyfja sýnilega.

Verður nú vikið nánar að þessum viðfangsefnum.

3.1 Stuðla að breyttum viðhorfum til unglingadrykkju og draga úr áfengisneyslu barna og unglinga.

Niðurstöður rannsókna benda til að því yngri sem börn og unglingar eru við upphaf áfengisneyslu þeim mun meiri hætta er á að þau leiðist út í neyslu ólöglegra vímuefna. Þá bendir ýmislegt til þess að meðal almennings hér á landi ríki talsvert umburðarlyndi og jafnvel skeytingarleysi gagnvart áfengisneyslu barna og unglinga.

Lögð var áhersla á að skipuleggja verkefni gegn áfengisdrykkju barna og unglinga og sveitarfélög, frjáls félagasamtök, fyrirtæki og fleiri hvattir til frumkvæðis á því sviði. Eftirtalin verkefni á þessu sviði hófust á árinu 1997 undir merkjum áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.

3.1.1 Vímulaus grunnskóli í Reykjavík.

Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ) annast verkefnisstjórn. Hófst 1997.

Hinn 18. mars 1997 undirrituðu borgarstjórinn í Reykjavík, félagsmálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og formaður Reykjavíkurdeildar RKÍ samstarfssamning um forvarnaverkefni í grunnskólum Reykjavíkurborgar gegn vímuefnaneyslu nemenda og um starfrækslu Fjölskyldumiðstöðvar. Kostnaður við verkefnið er greiddur af félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti með styrk úr forvarnasjóði auk þess sem Reykjavíkurdeild RKÍ styrkti verkefnið með 5 m.kr. framlagi. Verkefnið hófst í mars 1997 og því lýkur á vormánuðum 1998. Verður ákvörðun um frekari starfsemi tekin að loknu árangursmati.

Meginmarkmið verkefnisins er að:

- Stuðla að því að allir grunnskólanemar í Reykjavík verði vímuefnalausir.
- Draga úr skeytingarleysi almennings gagnvart unglingadrykkju.
- Stuðla að markvissum viðbrögðum gegn allri vímuefnaneyslu unglinga.
- Efla aðgengilega þjónustu fyrir fjölskyldur unglinga í vímuefnavanda.
- Stuðla að bættu og markvissara samstarfi aðila í hjálparkerfinu.

Sérstök verkefnisstjórn stýrir verkefninu. Í henni sitja: Sigurveig Sigurðardóttir formaður Reykjavíkurdeildar RKÍ, formaður, tilnefnd af Reykjavíkurdeild RKÍ, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri, tilnefnd af félagsmálaráðuneyti, Óttar Guðmundsson geðlæknir, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Lára Björnsdóttir félagsmálastjóri, tilnefnd af Reykjavíkurborg og Ólöf Helga Þór tilnefnd af Reykjavíkurdeild RKÍ. Verkefnisstjóri var ráðinn Árni Einarsson, framkvæmdastjóri FRÆ.

Framkvæmd verkefnisins má í meginatriðum skipta í tvennt, annars vegar framkvæmd forvarnastarfs í grunnskólum Reykjavíkur og hins vegar starfrækslu Fjölskyldumiðstöðvar.

Forvarnastarf innan grunnskólans byggir á tveimur meginstoðum, annars vegar starfsemi nemendaverndarráða sbr. lög nr. 66/1995 og hins vegar starfsemi barnaverndarnefnda sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Undirstaða verkefnisins felst í skipulögðu samstarfi nemendaverndarráða annars vegar og barnaverndarnefndar hins vegar, sem miðar að því að hafa uppi á nemendum, sem stofna velferð sinni í hættu með neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Fjölskyldumiðstöðin veitir foreldrum og börnum ráðgjöf. Mál nemenda og fjölskyldna sem vísað er til Fjölskyldumiðstöðvarinnar, eða sem þangað leita af eigin frumkvæði, eru tekin til umfjöllunar í greiningar- og ráðgjafarteymi stöðvarinnar. Í teyminu starfa sérfræðingar frá barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Stuðlum, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Teigi, fíkniefnaskor Landspítalans.

Fjölskyldumiðstöðin býður foreldrum ráðgjöf síðdegis og á kvöldin. Starfið er tvíþætt: fyrir börn/unglinga annars vegar og foreldra/forráðamenn hins vegar. Barna- og unglingastarfið fer fram í hópum. Foreldrastarfið er í formi viðtala og hópastarfs sem miðar að því að gera foreldrana hæfari til að takast á við uppeldishlutverk sitt með tilliti til vímuefnaneyslu.

Á tímabilinu september til desember 1997 var tekið á málum 29 ungmenna á aldrinum 13–18 ára. Í þriðjungi tilvika var aðstoð Fjölskyldumiðstöðvarinnar fyrsta tilraun til þess að taka á málum viðkomandi barns. Algengast var að grunnskólar vísuðu foreldrum á Fjölskyldumiðstöðina. Í öðrum tilvikum höfðu foreldrar fengið upplýsingar úr fjölmiðlum, hjá Félagsmálastofnun eða vinum og kunningjum.

3.1.2 Könnun á viðhorfum foreldra.

Samstarfsverkefni verkefnisstjórnar, vímuvarnanefndar Reykjavíkur og tóbaksvarnanefndar. Könnunina framkvæmdu Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og ÍM Gallup í júní 1997.

Í tengslum við hvatningarátak á vegum vímuvarnanefndar Reykjavíkur og fleiri aðila var ákveðið að kanna viðhorf foreldra til ýmissa þátta er lúta að fíkniefnaneyslu unglinga. Að könnuninni stóðu auk verkefnisstjórnarinnar vímuvarnanefnd Reykjavíkur og tóbaksvarnanefnd. ÍM Gallup og Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála (RUM) var falið að annast framkvæmd hennar.

Könnunin var framkvæmd dagana 6.–10. júní 1997. Hringt var í 800 manna úrtak einstaklinga á aldrinum 23–54. Alls svöruðu um 579 eða 72,3% úrtaksins, 483 aðspurðra áttu börn. Niðurstöður voru mjög áhugaverðar og verða nokkrar þeirra tíundaðar hér.

Í könnuninni var m.a. spurt: Á hvaða aldri finnst þér að unglingar mættu byrja að drekka áfengi.



Eins og taflan sýnir töldu 4% aðspurðra að börn mættu byrja að drekka yngri en 16 ára. Þessi viðhorf eru umhugsunarverð í ljósi þess að samkvæmt grunnskólakönnun RUM frá því í mars sl. hafa rúmlega 80% nemenda í 10. bekk drukkið áfengi og um 60% þeirra orðið drukknir samkvæmt annarri könnun RUM frá 1995. Í könnuninni voru foreldrar sem áttu börn í 10. bekk spurð um drykkju barna sinna og kom í ljós að 43% foreldra töldu barn sitt hafa drukkið áfengi, en kannanir sýna að í raun hafa um helmingi fleiri drukkið áfengi.

Spurt var einnig: Setjum sem svo að þú ættir ungling á aldrinum 13–15 ára sem drykki áfengi án þinnar vitundar. Mundir þú vilja að einhver ótengdur þér sem vissi af áfengisneyslunni segði þér frá henni? Í ljós kom að 88% sögðust hiklaust vilja vera látin vita af áfengisneyslu barna sinna. Þessi niðurstaða hefur m.a. ýtt undir umræðu um nánara samstarf og upplýsingamiðlun foreldra á þessu sviði t.d. á foreldrafundum. Í könnuninni kemur einnig fram að 90% foreldra hafa aldrei keypt vín fyrir börn sín á unglingsaldri.

Í könnuninni var kannaður hugur fólks til ferða unglinga á útihátíðir. Spurt var: Finnst þér að það ætti að takmarka aðgang unglinga á útihátíðir við 16 ár, ef þeir eru ekki í fylgd með fullorðnum. Í ljós kom að um 90% töldu svo vera. Þá hafa um 59% foreldra í könnuninni nokkrar, fremur miklar eða mjög miklar áhyggjur af því að barn þeirra muni neyta fíkniefna annarra en áfengis á unglingsaldri. Um 80% svarenda töldu fíkniefnaneyslu unglinga undir 16 ára vera fremur mikið eða mjög mikið vandamál.

Í könnuninni kom fram að 54% töldu mjög alvarlegt að 80% unglinga í 10. bekk höfðu drukkið áfengi einu sinni eða oftar og 31% að það væri fremur alvarlegt. Af þeim sem töldu það mjög alvarlegt voru 63,2% konur en 43% karlar. Þegar spurt var um viðhorf til reykinga töldu 71% það mjög alvarlegt að 21% unglinga reyki daglega og töldu fleiri konur það alvarlegt mál eða 77,6% aðspurðra, en 61,5% karla. Af þessu má ráða að almenningur lítur daglegar reykingar unglinga alvarlegri augum en það að 15 ára unglingar hafa drukkið áfengi einu sinni eða oftar. Þá virðast konur líta þessi mál alvarlegri augum en karlar. Spurt var: „Myndir þú segja að fíkniefnaneysla unglinga yngri en 16 ára, önnur en áfengisneysla, sé vandamál?“ Um 44% aðspurðra töldu það mjög mikið vandamál og 31% það fremur mikið vandamál.

Fyrirhugað er að endurtaka könnunina á árinu 1998 til að athuga hvort og þá hvernig verkefni og aðgerðir sem hafa að markmiði að efla foreldra í vímuvörnum og afstöðu til unglingadrykkju hafi breytt viðhorfum almennings til þessara mála.

3.1.3 Foreldrar hafa forræðið.

Hvatningarherferð til foreldra og samfélagsins um mikilvægi foreldra í baráttunni gegn vímuefnum. Vímuvarnanefnd Reykjavíkur í samvinnu við Akureyrarbæ, Starfsmannafélög ríkisins og Reykjavíkurborgar o.fl. Sumarið 1997.

Vímuvarnanefnd Reykjavíkurborgar hafði frumkvæði að hvatningarátaki í fjölmiðlum gegn vímuefnaneyslu unglinga. Akureyrarbær, Starfsmannafélag ríkisins, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar o.fl. tóku virkan þátt í þessu átaki. Átakið varð sérstaklega áberandi fyrir verslunarmannahelgina sumarið 1997 og voru foreldrar þá hvattir til að banna unglingum undir 16 ára að fara ein og eftirlitslaus á útihátíðir.

Tilgangur átaksins var m.a. að hvetja foreldra til að segja afdráttarlaust NEI við áfengisdrykkju barna og unglinga, vara við kaupum á áfengi fyrir unglinga og við ferðum unglinga á eigin vegum á útihátíðir o.fl. Framkvæmdin fólst í auglýsingum og umræðu í fjölmiðlum. Niðurstöður úr áðurnefndri könnun voru notaðar til að upplýsa foreldra um hug og viðhorf annarra foreldra til þessara mála. Þannig var m.a. auglýst að 96% aðspurðra eru andvíg áfengisneyslu grunnskólanema, að flestir foreldrar eru andvígir ferðum barna undir 16 ára á útihátíðir o.fl. Voru slagorðin NEI ER JÁKVÆTT ÞEGAR VÍMUEFNI ERU ANNARS VEGAR og FORELDRAR ERU BESTIR Í FORVÖRNUM, mest áberandi í átakinu.

Lokahnykkur átaksins var útgáfa sérblaðs sem fylgdi Morgunblaðinu þann 13. september 1997. Fjölmargir aðilar styrktu útgáfu blaðsins. Í því var fjallað um Fjölskyldumiðstöðina og forvarnaverkefni í grunnskólum, ráðstefnuna frá Foreldrum til foreldra sem nánar verður skýrt frá hér á eftir o.fl.

3.1.4 20,02 hugmyndir um eiturlyf.

Stuðningur við ungt fólk til virkrar baráttu gegn vímuefnum og breyttra viðhorfa til unglingadrykkju. Samstarf við nemendaráð grunn- og framhaldsskólanna, Jafningjafræðslu og önnur samtök ungs fólks. Undirbúningur hófst 1997.

Verkefnisstjórnin hefur haldið fundi með samtökum ungs fólks, m.a. stjórn Jafningjafræðslunnar, fulltrúum nemenda í nemendaráðum grunnskólans og þátttakendum á atvinnuátaksverkefnum í Hinu húsinu.

Í samstarfi við Hitt húsið er í undirbúningi verkefni sem miðar að því að virkja ólíka hópa ungs fólks í samfélaginu til umræðu og aðgerða gegn eiturlyfjanotkun. Eru fyrstu tillögur tilbúnar. Verkefnið hefur verið kynnt undir nafninu 20,02 hugmyndir um eiturlyf og er gert ráð fyrir að hugmyndirnar verði túlkaðar með stuttmyndakeppni, myndlist, íþróttum, skáldskap, tónlist, fatahönnun, dans o.fl. Málþing ungs fólk um eiturlyf verður einn þáttur þessa verkefnis. Jafningjafræðslan er ráðgefandi við verkefnið.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja mun ábyrgjast fjármögnun verkefnisins.

3.2 Stuðningur frjálsra félagasamtaka við Ísland án eiturlyfja.

Mjög mikilvægt er að efla virka þátttöku félagasamtaka í baráttunni gegn eiturlyfjum. Í undirbúningi er m.a. í samstarfi við Æskulýðsfulltrúa ríkisins starf á þessu sviði. Einnig er stefnt að samstarfi við Íþróttsamband Íslands. Eftirtalin verkefni undir þessum lið hafa verið kynnt sem framlag til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja á árinu 1997.

3.2.1 Körfuboltadómarafélagið.

Áletrunin Ísland án eiturlyfja á baki dómarabúninga.

Í september 1997 var undirritaður samningur við Körfuboltadómarafélag Íslands um að áletrunin Ísland án eiturlyfja sé á baki búninga þeirra næstu tvö ár.

3.2.2 Íþróttabandalag Reykjavíkur.

Samstarf um vímuvarnafræðsla fyrir foreldra.

Vímuvarnanefnd Reykjavíkurborgar hefur átt samstarf við Íþróttabandalag Reykjavíkur um vímuvarnafræðslu fyrir foreldra. Tengist starfið fræðslu fyrir þjálfara sem forvarnadeild SÁÁ hefur haft umsjón með af hálfu bandalagsins.

3.3 Stuðningur fjölmiðla og listamanna við Ísland án eiturlyfja.

Framsetning fjölmiðla og túlkun listamanna á viðhorfum til eiturlyfja er grundvallaratriði í þessari baráttu. Listamenn hafa mikil áhrif, sérstaklega á ungt fólk, og því er stuðningur þeirra afar mikilvægur. Áhrif fjölmiðla eru óumdeilanleg og er í undirbúningi málþing þar sem fulltrúum ungs fólk úr grunn- og framhaldsskólum og fulltrúum fjölmiðla verður boðið til umræðu um málefni ungs fólk og umfjöllun fjölmiðla á viðfangsefnum þeirra. Í undirbúningi er einnig skipulagning greinarskrifa um forvarnamál undir merkjum áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja í dagblöðum. Unnið er að gerð heimasíðu fyrir verkefnið auk fleiri verkefna á þessu sviði.

Meðal þeirra verkefna sem kynnt voru á árinu 1997 eru:

3.3.1 Vígorðasamkeppni.

Samvinna RÚV – Rásar 2 og verkefnisstjórnar. Sumarið 1997.

Í samstarfi verkefnisstjórnar og Rásar 2 var skipulögð vígorðasamkeppni á Rás 2 á liðnu sumri. Bárust fjölmörg vígorð í keppnina og var valið besta vígorði dagsins, alla virka daga. Verðlaunin voru bolir með merki áætlunarinnar og Rásar 2. Í lokin var valið besta vígorðið og varð Dóp er dauðans matur fyrir valinu. Höfundur þess er Örn Bjarnason, sem fékk í verðlaun tvo áskriftarmiða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

3.3.2 Samstarf við listamenn.

Samvinna Hins hússins og verkefnisstjórnar. Fyrri hluti árs 1998.

Verkefnið 20,02 hugmyndir um eiturlyf, sem vikið var að hér að framan, er meðal annars liður í að skerpa stuðning listamanna við baráttuna gegn eiturlyfjum.

3.4 Stuðningur fyrirtækja, stofnana og samtaka við aðgerðir gegn eiturlyfjum

Mikilvægt er að hvetja alla til að láta sig vímuvarnamál varða. Í þeim tilgangi er í undirbúningi kynningar- og fræðslustarf um vímuvarnir fyrir fyrirtæki og stofnanir. Í tengslum við það starf verður leitað eftir fjárstuðningi til að fjármagna ný verkefni á þessu sviði. Viðræður eru í gangi við fræðsludeild kirkjunnar og þjóðmálanefnd um virka þátttöku og samstarf í baráttunni gegn vímuefnum. Verkefni sem kynnt voru sérstaklega undir merkjum áætlunarinnar á árinu 1997 voru:

3.4.1 Eimskipafélag Íslands.

Fjárstuðningur 1997–1999.

Sumarið 1997 ákvað Eimskipafélag Íslands að leggja áætluninni Ísland án eiturlyfja lið með öflugum fjárstuðningi, kr. 1,5 milljónum á ári í þrjú ár. Ráðstefnan Frá foreldrum til foreldra, sem vikið verður að hér á eftir, naut góðs af styrknum á árinu 1997.

3.4.2 Starfsmannafélög.

Samstarf og fjárstuðningur við hvatningarátak. Hófst 1997.

Starfsmannafélag ríkisins og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar studdu hvatningarátak til stuðnings foreldrum gegn vímuefnaneyslu sem Reykjavíkurborg og Akureyrarbær o.fl. stóðu að undir merkjum áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.

3.5 Áætlunin Ísland án eiturlyfja gerð sýnilegri.

Blaðamannafundir, auglýsingar, fjölmargir fundir, fyrirlestrar, greinaskrif, kynning á verkefnum, notkun á merki áætlunarinnar o.fl. hafa verið liður í að gera áætlunina sýnilega. Fréttapunktar verkefnisstjórnar sem hafa verið sendir mjög víða eru liður í þessu starfi. Geta má þess að áætlunin hefur verið kynnt á tveimur ráðstefnum erlendis, auk þess sem borgarstjóri Reykjavíkur kynnti hana ásamt öðrum verkefnum Reykjavíkurborgar á borgarstjórnarfundi ECAD í París í júní 1997. Áætlunin Ísland án eiturlyfja hefur vakið sérstaka og jákvæða athygli fyrir skýra stefnumótun og afdráttarlaus markmið. Voru áætluninni gerð skil í fjölmiðlum í Danmörku. Hefur Fimm ára áætlun verkefnisstjórnar verið gefin út á ensku og dreift á ráðstefnum og fundum.

4. FORVARNIR OG FRÆÐSLA

Í öðrum kafla framkvæmdaáætlunarinnar er fjallað um forvarnir og fræðslu. Í þeim kafla er meginviðfangsefnið að leggja áherslu á vandaða fræðslu um fíkniefnamál fyrir börn og unglinga og vinna að markvissri fræðslu fyrir foreldra barna á grunnskólaaldri, fyrir kennara, leiðbeinendur, þjálfara og aðra sem starfa með börnum og unglingum.

Þau verkefni sem unnið hefur verið að á árinu 1997 eru eftirtalin:

4.1.1 Vímuvarnaskólinn.

Vímuvarnaskólinn fyrir alla grunnskóla landsins. Framkvæmd annast: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ), Rauði kross Íslands (RKÍ) og Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) með stuðningi frá menntamálaráðuneyti – Hófst 1997.

Á vormánuðum 1996 hafði Reykjavíkurborg frumkvæði að uppbyggingu og skipulagi Vímuvarnaskóla. Vímuvarnaskólinn er fræðslukerfi fyrir starfsfólk grunnskólans og fór sem slíkur í alla grunnskóla borgarinnar. Fjölmargir aðilar komu að undirbúningi og framkvæmd þessa verkefnis sem þótti takast vel. Haustið 1996 afhenti Reykjavíkurborg Sambandi íslenskra sveitarfélaga efni Vímuvarnaskólans til ráðstöfunar með hvatningu og von um að það nýttist öðrum sveitarfélögum.

Rauði kross Íslands, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum og SÁÁ hafa í samvinnu við menntamálaráðuneytið tekið að sér að annast framkvæmd Vímuvarnaskólans. Er kennsla og undirbúningur þegar hafinn í nokkrum sveitarfélögum.

4.1.2 Grafarvogur í góðum málum.

Grafarvogur í góðum málum. Samræmd fræðsla fyrir fullorðna. Tilraunaverkefni í Grafarvogi. Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, frjálsra félaga, Þjóðkirkjunnar, foreldrasamtaka, o.fl. Umsjón annast forvarnadeild SÁÁ. Hófst 1997

Á vormánuðum 1997 hófst undirbúningur að samstarfsverkefni þvert á stofnanir, samtök og félög sem starfa að barna- og unglingamálum í Grafarvogi. Verkefnið felur í sér víðtæk samráð um forvarnastarf með áherslu á vímuvarnir. Vímuvarnanefndin réð forvarnadeild SÁÁ til að leiðbeina og skipuleggja verkefnið. Þegar Miðgarður, fjölskyldumiðstöð Grafar-

vogs, tók til starfa í september sl. tók tómstunda- og menningarfulltrúi Miðgarðs að sér verkefnisstjórn. Verkefnið er kynnt undir heitinu Grafarvogur í góðum málum.

Fjölmargir taka þátt í verkefninu og er sameiginlegt markmið það að Grafarvogsbúar taki höndum saman um að efla heilbrigði barna og unglinga.

Lögð verður áhersla á eftirfarandi undirmarkmið:

- Fyrirmyndarskólastarf í Grafarvogi.
- Efla jákvæðar tómstundir.
- Vinna gegn allri neyslu tóbaks, áfengis og vímuefna hjá börnum á grunnskólaaldri.
- Lykilaðilar í uppeldi barna og unglinga skilgreina hlutverk sitt og leiðir í forvörnum.

Unnin hefur verið framkvæmdaáætlun þar sem einstökum verkefnum og verkaskiptingu er lýst. Þann 26. nóvember 1997 var haldinn borgarafundur í Grafarvogi þar sem verkefnið var kynnt og mættu um 150 manns á fundinn. Árangursmat verður gert á verkefninu og mun könnun á vegum félagsmiðstöðvanna liggja þar til grundvallar.

4.1.3 Vinnuskóli Reykjavíkur.

Fræðsla um vímuvarnir fyrir nemendur og starfsmenn Vinnuskóla Reykjavíkur. Framkvæmd á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur. Fræðsluna annast Jafningjafræðslan og forvarnadeild SÁÁ. Hófst sumarið 1997.

Líkt og grunnskólinn er vettvangur fræðslu í vímuefnavörnum yfir vetrartíma þá er mikilvægt að vinnuskólinn sé slíkur vettvangur yfir sumartímann. Margt bendir til þess að sumrin milli 8. og 9. bekkjar og aftur á milli 9. og 10. séu áhættutími með tilliti til vímuefnaneyslu, sérstaklega útihátíðir.

Stjórn Vinnuskóla Reykjavíkurborgar réð Jafningjafræðslu framhaldsskólanna til að annast fræðslu fyrir nemendur skólans í vímuvörnum. Þótti sú fræðsla um margt gefast vel, sérstaklega fyrir unglinga sem voru að fara í 10. bekk.

Menntun leiðbeinenda í vinnuskólanum er afar mikilvæg með tilliti til vímuefnamála. Það framtak stjórnar vinnuskólans að fá sérstaka fræðslu fyrir leiðbeinendur er lofsverð og brýnt að fleiri sveitarfélög geri slíkt hið sama. Forvarnadeild SÁÁ annaðist fræðsluna.

4.1.4 Forvarnastarf í skólum.

Skipulagning forvarnastarfs í skólum, einkum starf gagnvart áhættuhópum. Stefnumörkun. Tillögur um úrræði vegna áhættu sem varðar sjálfsvíg og fíkniefnaneyslu. Framkvæmd annast menntamálaráðuneytið í samvinnu við FRÆ. Hófst í ársbyrjun 1997.

Menntamálaráðuneytið hafði frumkvæði að verkefni sem hefur að markmiði að efla forvarnir í skólum. Hefur FRÆ annast umsjón með verkefninu. Verkefninu hefur verið skipaður starfshópur og er honum einkum ætlað að vinna að endurskoðun forvarnastarfs í skólum, aðalnámsskrá fyrir grunnskóla, stefnumörkun framhaldsskóla í vímuvörnum, sérstökum úrræðum vegna áhættu er varðar sjálfsvíg og fíkniefnaneyslu á báðum skólastigum og tillögum um námsefni í grunn- og framhaldsskólum með sérstöku tilliti til áhættu er varðar sjálfsvíg og fíkniefnaneyslu.

4.1.5 Stuðningsstarf í grunnskólum.

Stuðningsstarf – Jafningjafræðsla í grunnskólum. Undirbúningur hófst 1997. Samstarf við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, ÍTR, Jafningjafræðslu framhaldsskólanna o.fl.

Verið er að undirbúa í tilraunaskyni stuðningsstarf innan grunnskólans. Megintilgangur starfsins er að draga úr neyslu fíkniefna, skrópi, einelti, ofbeldi og afbrotum meðal unglinga. Undirbúningur er hafinn og áætlað að starfið hefjist haustið 1998.

4.1.6 Samstarf við tóbaksvarnanefnd.

Samráð og samstarf við tóbaksvarnanefnd um aðgerðir. Undirbúningur hófst 1997.

Verkefnisstjórnin hefur átt gott samstarf við tóbaksvarnanefnd. Í því sambandi er vert að nefna samstarf um gerð könnunar á viðhorfum foreldra til unglingamála, samstarf um gerð samnings við Körfuboltadómarafélagið um slagorð á búninga dómara og við undirbúning að útgáfu á niðurstöðum fíkniefnaþáttar könnunar Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála Ung '97. Hefur verkefnisstjórn áhuga á víðtækara samstarfi á árinu 1998.

4.1.7 Heilsuefling.

Geta heilsugæslustöðvarnar orðið virkara afl í vímuefnavörnum? Undirbúningur hófst 1997.

Undirbúningur að samstarfi við stjórn HEILSUEFLINGAR – verkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hófst á árinu 1997. Fyrirhugað er að skoða þátt heilsugæslustöðva í vímuefnavörnum. Verður skipaður starfshópur í upphafi ársins 1998.

5. VIRKJA FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK

Frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í mótun æskunnar og brýnt að félög og samtök hafi skýra stefnu í vímuvarnamálum. Í fimm ára áætlun verkefnisstjórnar er lögð áhersla á að styðja starfsemi frjálsra félagasamtaka og hvetja til stefnumótunar og aðgerða í vímuvarnamálum.

Ekki var gert ráð fyrir að þessum þætti væri sinnt sérstaklega á árinu 1997 nema með því að hvetja íþróttahreyfinguna til að auka fræðslu um forvarnir fyrir þjálfara og leiðbeinendur. Hefur vímuvarnanefnd Reykjavíkurborgar verið aðili að samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur um fræðslu fyrir þjálfara og foreldra. Þá hefur eins og áður er getið verið gert samkomulag við Körfuboltadómarafélagið um kynningu á áætluninni. Í framkvæmdaáætluninni er gert ráð fyrir öflugara starfi á þessu sviði á árinu 1998.

6. SAMSTARF VIÐ FORELDRASAMTÖK

Fjórði kafli fimm ára áætlunar verkefnisstjórnar fjallar um samstarf við foreldrasamtök. Verkefnisstjórnin álítur samstarf við foreldrasamtök brýnt verkefni sem vinna þurfi stöðugt að. Foreldrar gegna lykilhlutverki í vímuefnavörnum og því mjög mikilvægt að styðja þá til dáða í þessari baráttu. Verkefnisstjórn hefur átt mjög gott samstarf við Landssamtökin Heimili og skóla og foreldrasamtökin Vímulausa æsku. Megináhersla í þessu starfi er:

6.1 Stuðningur og samráð við foreldra um vímuvarnastarf.

Fjölmörg verkefni eru í undirbúningi eða í framkvæmd að frumkvæði foreldra í vímuefnavörnum og má merkja vakningu í þessu sambandi víða um land. Verkefnisstjórn er með í undirbúningi ýmis verkefni sem byggjast á samstarfi við foreldra og samtök þeirra. Í því sambandi er vert að nefna fyrirhugaðar ráðstefnur úti um land þar sem vímuvarnastarf á vegum foreldrasamtaka, tölur um vímuefnaneyslu barna og unglinga, starf sveitarfélaga o.fl. verður til umfjöllunar. Eftirtöldum verkefnum hefur verið hleypt af stokkum undir merkjum áætlunarinnar á árinu:

6.1.1 Frá foreldrum til foreldra.

Ráðstefnur um hlutverk og stöðu foreldra með innlendum og erlendum fyrirlesurum. Samvinna við Landssamtökin Heimili og skóli og Vímulaus æska. Undirbúningshópur hóf störf vorið 1997. Fyrsta ráðstefnan var haustið 1997.

Ráðstefnan Frá foreldrum til foreldra var haldin að frumkvæði verkefnisstjórnar í samstarfi við Landssamtökin Heimili og skóli og Foreldrasamtökin Vímulaus æska, með sérstökum stuðningi Eimskips.

Dagskrá ráðstefnunnar var mjög fjölbreytt og sóttu hana um 230 manns. Sue Rusche framkvæmdastjóri „National Families in Action" í Bandaríkjunum var sérstakur gestur ráðstefnunnar og talaði hún m.a. um mikilvægi þess að foreldrar skipulegðu sig vel og að ekkert mætti gefa eftir í þessu brýna verkefni sem baráttan við eiturlyfin er. Ávörp fluttu borgarstjórinn í Reykjavík, félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra. Auk þess töluðu fulltrúar stofnana, samtaka og fyrirtækja. Dr. Þórólfur Þórlindsson prófessor flutti mjög eftirtektarvert erindi um vímuefnaneyslu unglinga og samskipti þeirra við foreldra, Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar og Hjördís Ásberg, starfsmannastjóri Eimskips fjölluðu um fjölskyldustefnu í framkvæmd og Jónína Bjartmarz formaður Heimilis og skóla fjallaði um hlutverk foreldrasamtaka í forvörnum. Eftir hádegi störfuðu átta mjög áhugaverðar málstofur sem fulltrúar foreldrasamtaka önnuðust að mestu. Var það mat viðstaddra að ráðstefnan hefði tekist mjög vel og gæti markað tímamót varðandi virka þátttöku foreldra í vímuvarnastarfi.

Sue stjórnaði einni af málstofum ráðstefnunnar og kviknaði þar áhugi á að stofna aðgerðahóp foreldra sem léti sig m.a. varða duldar auglýsingar á eiturlyfjum. Er undirbúningsvinna í því sambandi komin vel á veg.

6.1.2 Fyrirmyndarforeldrar.

Verkefni Landssamtakanna Heimilis og skóla og framlag þess til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja. Hófst haustið 1997.

Landssamtökin Heimili og skóli hafa kynnt forvarnaverkefni sem beinist aðallega að foreldrum barna í 7.–8. bekk grunnskóla. Markmiðið er að fá foreldra til að taka ákveðnari afstöðu gegn áfengisneyslu unglinga og efla samstöðu þeirra innbyrðis. Verkefnið ber heitið „Fyrirmyndarforeldrar" og er eins konar jafningjafræðsla meðal foreldra. Með titlinum er minnt á að foreldrar eru fyrirmyndir, bæði í því sem þeir segja og gera. Verkefnið er styrkt af Forvarnasjóði og er framlag Heimilis og skóla til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.

Boðskapur til foreldra snýr fyrst og fremst að ábyrgð þeirra og hlutverki sem uppalenda. Lögð er áhersla á atriði eins og:

- Verum ábyrgar fyrirmyndir.
- Setjum reglur, útskýrum þær vel og fylgjum þeim.
- Veitum stuðning gegn hópþrýstingi.
- Ræðum um áfengi og vímuefni við börnin okkar.
- Kaupum aldrei áfengi handa börnum og unglingum.
- Kynnumst vinum barna okkar og höfum samráð við foreldra þeirra.
- Styðjum heilbrigða tómstundaiðkun unglinga.

Stefnt er að því að kynna „Fyrirmyndarforeldrana" á fundum í öllum eða flestum grunnskólum landsins veturinn 1998–1999.

7. UNGT FÓLK Í ÁHÆTTU

Í öllu vímuvarnastarfi er grundvallaratriði að finna þau börn og þá unglinga sem tilheyra áhættuhópum. Nauðsynlegt er að beina viðeigandi stuðningi og þjónustu að þessum hópi, þannig að unnt sé að grípa til ráðstafana áður en skaðinn er skeður. Aukið leitarstarf og þekking á einkennum áhættuhegðunar er grundvallaratriði í þessu sambandi.

Eitt af viðfangsefnum verkefnisstjórnar er að hvetja til og stuðla að bættri aðstoð við ungt fólk í áhættuhópi. Meðal viðfangsefna sem eru brýn í því sambandi er að auka þekkingu þeirra sem starfa að barna- og unglingamálum á einkennum áhættuhegðunar. Í undirbúningi er tilraunaverkefni í nokkrum grunnskólum á landinu sem tekur mið af þessum þáttum. Rætt hefur verið við forsvarsaðila í Hinu húsinu, menningarmiðstöð ungs fólks um aukna ráðgjöf fyrir ungt fólk með tilliti til vímuefnamála. Á árinu hafa einnig verið fundir með forsvarsaðilum fangelsismálastofnunar um aukinn stuðning við ungt fólk í afbrotum, verður starfi í því sambandi fram haldið á árinu 1998. Fundir hafa verið með forsvarsaðilum fangahjálparinnar Verndar um stuðning og aðstoð við fyrrverandi fanga o.fl. Meðal verkefna sem komist hafa til framkvæmda á árinu 1997 og verið kynnt sem framlag til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja eru.

7.1.1 Fjölskyldumiðstöðin.

Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurdeildar RKÍ. Starfsemin hófst í apríl 1997.

Fjölskyldumiðstöðin er stuðnings- og ráðgjafarþjónusta ætluð fjölskyldum sem eiga í vanda vegna vímuefnaneyslu barna sinna. Um er að ræða tilraunaverkefni sem verður metið vorið 1998 og ákvörðun um fyrirkomulag þjónustu af þessu tagi tekin í framhaldi af því. Skólar, félagsmiðstöðvar og aðrir sem starfa með börnum og unglingum geta vísað foreldrum á þjónustuna þegar barn er talið vera í áhættu með tilliti til neyslu vímuefna. Sjá nánari upplýsingar um starfsemi Fjölskyldumiðstöðvarinnar í kafla 3.1.1 um Vímulausan grunnskóla.

7.1.2 Sérfræðiráðgjöf við framhaldsskóla

Verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins. Umsjón með undirbúningi hefur FRÆ. Hófst 1997.

Starfshópur vinnur að undirbúningi og fyrirkomulagi sérfræðiráðgjafar við framhaldsskólana.

8. SAMSTARFSHÓPAR Á LANDSVÍSU OG Í SVEITARFÉLÖGUM GEGN EITURLYFJUM

Víða um land er unnið öflugt starf í vímuvörnum. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur látið vímuvarnamál til sín taka með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi með gerð áætlunar í 10 punktum þar sem sveitarfélög eru m.a. hvött til aðgerða í vímuvarnamálum og stefnumótunar í málaflokknum, í öðru lagi með umfjöllun um vímuvarnamál í blaði sambandsins og í þriðja lagi með málþingi í maí 1997 þar sem fjallað var um framvindu mála á þessu sviði í sveitarfélögum á landinu.

Í framkvæmdaáætlun verkefnisstjórnar er lögð áhersla á að stuðlað að virku vímuvarnastarfi í sveitarfélögum um allt land.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja hefur sent öllum stærri sveitarfélögum á landinu bréf þar sem óskað er eftir hugmyndum um verkefni sem gætu stuðlað að virkri þátttöku alls almennings í baráttunni við fíkniefni og einnig verkefnum sem taka mið af þjónustu við unglinga 16–18 ára. Ætlunin er að funda með áhugasömum sveitarfélögum á vormánuðum 1998 um þessi mál og undirbúa stofnun samstarfshóps sveitarfélaga gegn eiturlyfjum.

Verkefnisstjóri hefur verið í sambandi við mörg sveitarfélög á árinu. Um hefur verið að ræða hugsanleg samstarfsverkefni, en einnig ráðgjöf í vímuvörnum sem hefur fyrst og fremst falist í að vísa á sérfróða aðila um tiltekin efni. Sveitarfélagaverkefni SÁÁ er mikilsverður liður í að efla starf sveitarfélaga í vímuefnavörnum og stuðla að nýrri og bættri skipan þeirra

mála í sveitarfélögunum. Hefur verkefnisstjórnin m.a. bent forsvarsaðilum sveitarfélaga á þessa starfsemi. Eins og áður hefur komið fram í þessari skýrslu er eitt slíkt verkefni í samstarfi við SÁÁ í Grafarvogi (sjá kafla 4.1.2) kynnt sem framlag til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.

Verkefnisstjóri heimsótti Stykkishólm ásamt framkvæmdastjóra Heimilis og skóla og átti fund með fulltrúum bæjarfélagsins um forvarnamál. Í kjölfarið hefur verið unnið að bættu skipulagi vímuvarna og gerð vímuvarnaáætlunar. Verkefnisstjóri og fulltrúi fíkniefnalögreglunnar í Reykjavík heimsóttu Stöðvarfjörð og Djúpavog. Haldnir voru fundir með bæjarbúum þar sem kynntar voru tölulegar upplýsingar, tæki og tól til neyslu o.fl. Í kjölfarið var skipaður starfshópur um forvarnamál á Stöðvarfirði. Á Djúpavogi var í framhaldi af fundinum könnuð neysla vímuefna meðal nemenda í efri bekkjum grunnskólans. Niðurstaðan varð mjög ánægjuleg en nánast enginn nemandi grunnskólans neytti áfengis eða annarra vímuefna. Ákvað sveitarstjórnin að fagna þessum niðurstöðum og bauð nemendum til veislu. Hefur þessi framkvæmd vakið verðskuldaða athygli og ánægju bæði meðal bæjarbúa og annarra.

Verkefnisstjóri hefur átt mjög gott samstarf við fulltrúa Akureyrarbæjar bæði í tengslum við hvatningarátakið (sjá kafla 3.1.3) og fleiri verkefni sem í undirbúningi eru. Samvinna hefur verið við Seltjarnarnesbæ og Gerðahrepp um hugsanlegt samstarf á árinu 1998.

Verkefnisstjórnin fyrirhugar að halda ráðstefnur um forvarnamál í öllum eða flestum landshlutum á næsta ári og verður fyrsta ráðstefnan haldin á Húsavík í byrjun árs 1998. Ráðstefnurnar verða haldnar í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir.

9. TOLL- OG LÖGGÆSLA

Efld starfsemi toll- og löggæslu er ein af undirstöðum þess að árangur náist í baráttunni við dreifingu og sölu eiturlyfja. Aðgengi barna og unglinga að hassi og amfetamíni hefur aukist á liðnum árum og telur verkefnisstjórn það forgangsverkefni að stuðla að virku og öflugu samstarfi toll- og löggæslu til að draga megi úr framboði eiturlyfja í landinu. Fundir hafa verið haldnir með fulltrúum ríkistollstjóra og tollstjóranum í Reykjavík þar sem þessi mál hafa verið rædd. Fundir hafa einnig verið haldnir með lögreglu og fulltrúum dómsmálaráðuneytis. Sérstakt átak hefur verið gert innan tollsins, m.a. hefur verið ráðinn deildarstjóri í fíkniefnamálum, keyptur hefur verið nýr hundur til fíkniefnaleitar og fleira.

Skipulag fíkniefnamála hefur tekið breytingum með breyttum lögum um skipan löggæslumála. Rannsókn fíkniefnamála hefur flust til umdæma sýslumanna og er mikilvægt að tryggð sé virk löggæsla í fíkniefnamálum um allt land.

Verkefnisstjórn áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja telur að leita verði allra leiða til að hefta innflutning ólöglegra vímuefna og leggur því til að skipaður verði starfshópur toll- og löggæslu sem sé falið það verkefni að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum aðgerðum í þessu sambandi.

10. DRÖG AÐ FRAMKVÆMDAÁÆTLUN ÁRSINS 1998

Í þessum kafla verður farið yfir helstu verkefni sem verkefnisstjórnin áætlar að hrinda í framkvæmd á árinu 1998. Umfang verkefnanna ræðst af fjármögnun og samstarfsaðilum.

10.1 Sveitarfélög hvött til framkvæmda.

Verkefnisstjórnin sendi stærri sveitarfélögum bréf í lok síðasta árs og óskaði eftir hugmyndum um framkvæmd verkefna á sviði vímuvarna. Unnið verður í því að hvetja sveitarfélög til framkvæmda með eftirfarandi hætti:

- Stofnað til samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Fá sambandið í lið með áætluninni við að hvetja sveitarfélög til að gera vímuvarnaáætlanir. Sveitarfélög gegn

vímuefnum — hlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga í slíku verkefni. Fundur í febrúar nk. með áhugasömum sveitarfélögum til undirbúnings.
- Oddamönnum á framboðslistum til sveitarfélaga ritað bréf þar sem athygli er vakin á vímuvörnum, hlutverki sveitarfélaga á þessu sviði ásamt hvatningu um að gera vímuvarnir að kosningamáli.
- Safna upplýsingum um verkefni á vegum sveitarfélaganna á þessu sviði, bæði til að geta bent á þau og eins hvetja til nýrra sem tengjast áætluninni.
- Málþing í sveitarfélögum, sbr. hér á eftir.
- Ráðgjöf og upplýsingar til sveitarstjórna. Kortleggja sérhæfða þjónustu á sviði vímuvarna sem sveitarfélögin o.fl. geta nýtt sér. Þar yrði gerð grein fyrir kostnaði við slíka þjónustu. Benda áhugasömum sveitarstjórnum og öðrum á hvert hægt sé að leita um stuðning, sbr. kortlagningu.

Kostnaður greiðist af árlegri fjárveitingu til verkefnisins, nema annað sé tekið fram.

10.2 Ráðstefnur í öllum landshlutum.

Á árinu 1998 verði að frumkvæði verkefnisstjórnar áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja haldnar ráðstefnur í völdum sveitarfélögum í öllum kjördæmum landsins. Ráðstefnurnar verði haldnar í samvinnu við Heimili og skóla, Samtök sveitarfélaga og fleiri áhugasama. Á dagskrá verði m.a:
- Kynning á áætluninni Ísland án eiturlyfja.
- Kynning á niðurstöðum úr rannsókn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála Ung '97 um vímuefnaneyslu unglinga á hverju svæði og samspili samveru foreldra og unglinga annars vegar og neyslu hins vegar.
- Kynning á völdu vímuvarnastarfi á viðkomandi svæði.
- Kynning á starfi foreldrafélaga og hlutverki þeirra í vímuvörnum.
- Kynning á sveitarfélagaverkefnum SÁÁ og hvað SÁÁ getur boðið áhugasömum sveitarfélögum.

Stefnt er að því að halda fyrstu ráðstefnuna á Húsavík í febrúar nk. Kostnaður verði eftir því sem unnt er greiddur af styrktarfé.

10.3 Rannsóknir.

Undirstaða áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja byggist á að hægt sé að meta árangur af aðgerðum og verkefnum. Lögð er áhersla á:
- Útgáfu bókar með niðurstöðum könnunarinnar Ung '97 á vímuefnaneyslu unglinga á landinu. Gert er ráð fyrir að bókin komi út í janúar 1998 og að hún verði meðal þeirra gagna sem liggja munu frammi á kynningarfundum í kjördæmum.
- Árlegar kannanir á vímuefnaneyslu unglinga, í fyrsta sinn í mars 1998.
- Könnun á neyslu ungs fólk á aldrinum 16–20 ára. Slík könnun verði gerð á árinu 1998.
- Könnun á neyslu eiturlyfja meðal almennings. Slík könnun verði gerð 1998.

Aflað verði styrktaraðila og stuðnings úr forvarnasjóði til allra þessara þátta. Athugað verði hvort unnt sé að nýta sjálfboðaliða til ákveðinna verkþátta undir verkstjórn rannsóknaraðila.

10.4 Ungt fólk gegn vímuefnum.

Í samvinnu við Hitt húsið verður ráðist í verkefni sem ætlað er að virkja ólíka hópa ungs fólks í samfélaginu til umræðu og aðgerða gegn eiturlyfjanotkun. Verkefnið gengur undir heitinu 20,02 hugmyndir um eiturlyf og gera fyrstu tillögur ráð fyrir að verkefnið eða hug-

myndirnar verði túlkaðar með stuttmyndakeppni, myndlist, íþróttum, skáldskap, tónlist, fatahönnun, dansi o.fl. Málþing ungs fólk um eiturlyf verður einn þáttur þessa verkefnis. Jafningjafræðslan er ráðgefandi við verkefnið. Öll framkvæmd er í höndum ungs fólks.

Kostnaður verður greiddur af styrk EIMSKIPS til áætlunarinnar en jafnframt mun Hitt húsið afla styrktaraðila við verkefnið auk þess sem forsvarsmenn þar munu leitast við að virkja sem flest ungt fólk til þátttöku.

Áætlaður kostnaður við verkefnið er 1,2 millj. kr.

10.5 Kynning á skaðsemi vímuefna.

Kröftugt kynningarátak á skaðsemi vímuefna er fyrirhugað á árinu. Kynningarátaki verður unnið í samvinnu við unglingablaðið SMELLUR. Átakið beinist í fyrstu að ungu fólki og verður lögð áhersla á að fræðslan verði fagleg og upplýsandi um skaðsemi eiturlyfja. Kynningarátakið byggir á auglýsingum í blöðum sem unglingar lesa, fjölmiðlakynningu og e.t.v. með útgáfu bæklings. Í þessu sambandi er áætlað að fá inni í unglingaþáttum í sjónvarpi og þáttum eins og Ísland í dag og Dagsljósi.

Afla þarf styrktaraðila við áætlunina og mun umfangið ráðast af því hversu mikils stuðnings verður unnt að afla.

10.6 Fræðsla fyrir félög og vinnustaði.

Í undirbúningi er fræðsla og kynning fyrir félög, samtök og vinnustaði. Fræðslan mun felast í kynningu á áætluninni Ísland án eiturlyfja og á tölulegum upplýsingum um neyslu vímuefna meðal ungs fólk á Íslandi og mikilvægis foreldra í forvörnum gegn vímuefnum.

Skipulagning og fjármögnun þessa verkefnis er í höndum Gunnars M. Hanssonar í samvinnu við verkefnisstjórn áætlunarinnar. Kynning verður í höndum forsvarsmanna rannsóknarinnar Ungt '97 og skipuleggjanda.

Afla þarf styrktaraðila til að fjármagna kynninguna og er gert ráð fyrir að þeir vinnustaðir sem fái kynninguna láti af hendi rakna fjárhæð sem standi a.m.k. undir kynningu á viðkomandi stað. Jafnframt er fyrirhugað að útbúa bækling um vímuefnaneyslu, foreldrahlutverkið og forvarnir til dreifingar á þessum fundum.

10.7 Aðgerðahópurinn REIÐIR FORELDRAR.

Hópur foreldra sem hefur áhyggjur af stöðu fíkniefnamála hefur hist og hefur áhuga á að láta til sín taka á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að hópurinn muni hefja störf af krafti nú í upphafi ársins.

Hópurinn hyggst beita sér gegn sölu tóbaks og áfengis til barna og ungmenna, gegn óbeinum og beinum auglýsingum á áfengi, tóbaki og eiturlyfjum. Starf hópsins verður framlag til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja. Gert er ráð fyrir að í hópnum verði sjálfboðaliðar þó ráða þurfi verkefnisstjóra tímabundið og afla styrktaraðila.

10.8 Aðgerðahópurinn AFAR/ÖMMUR gegn fíkniefnum.

Í upphafi ársins verður kannað hvort grundvöllur sé fyrir aðgerðarhópi ellilífeyrisþega undir heitinu afar og/eða ömmur gegn áfengi/tóbaki/eiturlyfjum. Leitað verður til samtaka aldraðra til að ræða hugmyndina. Hópurinn myndi starfa með svipuðu sniði og Reiðir foreldrar en þó með hliðsjón af mismunandi hlutverki foreldra annars vegar og afa og ömmu hins vegar. Um sjálfboðaliðastarf yrði að ræða.

10.9 Heimasíða áætlunarinnar.

Í tengslum við áætlunina og þau verkefni sem leggja á áherslu á fyrri hluta ársins 1998 er mikilvægt að koma upp heimasíðu og hafa á henni tengingu við þá aðila sem starfa á þessu sviði. Ráða þarf umsjónarmann með heimasíðunni.

Aflað verði styrktaraðila til að fjármagna þessa framkvæmd.

10.10 Heilsubær.

Í samvinnu við HEILSUEFLINGU – verkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er í undirbúningi verkefnið Heilsubær þar sem vímuvarnir verða í forgrunni heilsueflingar í bæjarfélaginu. Hefur Seltjarnarnesbær sýnt málinu áhuga og verður heilsugæslustöðin virkur þátttakandi í verkefninu líkt og í öðrum Heilsubæjum. Rætt hefur verið við forvarnadeild SÁÁ um að annast fræðsluþátt verkefnisins. Verkefnisstjóri er Sigrún Magnúsdóttir. Verkefnið er framlag Seltjarnarnesbæjar til áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja.

Sótt verður um styrk frá Heilsueflingu og Ísland án eiturlyfja styrkir árangursmat á verkefninu.

10.11 Stuðningsstarf í grunnskólum.

Í undirbúningi hjá vímuvarnanefnd Reykjavíkur er verkefni sem felur í sér skipulagt stuðningsstarf í grunnskólum. Megintilgangur verkefnisins er að draga úr neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna, skrópi, ofbeldi og afbrotum.

Framkvæmdin felst fyrst og fremst í ráðningu „skólavina“ sem er fólk á aldrinum 20–25 ára. Þeir aðstoða nemendur sem standa höllum fæti bæði innan og utan skólans. Auk þessa verður skipulagt stuðningskerfi meðal nemenda n.k. jafningjastuðningur.

Fyrirhugað er að verkefnið hefjist nk. haust og verður það tilraunaverkefni í tveimur skólum í Reykjavík. Skólum á landsbyggðinni verður boðin þátttaka. Fyrirhugað er að óska eftir aðstoð og þátttöku Jafningjafræðslunnar við framkvæmd verkefnisins.

10.12 Kynningarátak um útivistarreglur.

Fyrirhugað er kynningarátak um útivistarreglur í samstarfi við forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Tilgangur átaksins er að hvetja foreldra til að halda reglur um útivistartíma og koma í veg fyrir að börn og unglinga séu á ferli eftirlitslaus á kvöldin. Ofbeldi, afbrot og vímuefnaneysla á sér yfirleitt stað eftir að leyfilegum útivistatíma barna og unglinga lýkur.

Framkvæmdin felst í auglýsingum og umræðu í fjölmiðlum. Leitað verður til sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja um þátttöku í átakinu.

VERKEFNI UNDIR MERKI ÁÆTLUNARINNAR *ÍSLAND ÁN EITURLYFJA* Á ÁRINU 1997

VIRKJA ÞJÓÐFÉLAGIÐ Í HEILD Í BARÁTTUNNI GEGN VÍMUEFNUM

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Vímulaus grunnskóli	Reykjavíkurborg, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og Reykjavíkurdeild RKÍ	Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ)	Vor 1997 - haust 1998
Könnun á viðhorfum foreldra	*Ísland án eiturlyfja* Vímuvarnanefnd Reykjavíkur og Tóbaksvarnanefnd	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og ÍM Gallup	Sumar 1997
Hvatningarátak - Foreldrar hafa forræðið	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur Akureyrarbær, Starfsmannafélög ríkisins og Reykjavíkurborgar	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur	Sumar 1997
Sérblað um vímuvarnamál með Morgunblaðinu 13.09.97	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur *Ísland án eiturlyfja* og fjölmargir styrktaraðila	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur	Sumar 1997
20,02 hugmyndir um eiturlyf	Ísland án eiturlyfja, Hitt húsið og Jafningjafræðslan	Hitt húsið	Vetur 1997 - 1998
Merkið *Ísland án eiturlyfja 2002* á baki dómarabúninga	Körfuboltadómarafélagið og Ísland án eiturlyfja	Körfuboltadómarar	Haust 1997 - haust 1999
Fræðsla fyrir þjálfar og foreldra	Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) SÁÁ og Vímuvarnanefnd Reykjavíkur	ÍBR og SÁÁ	1997 og 1998

Vígorðasamkeppni	RÚV-Rás 2 og Ísland án eiturlyfja	RÚV- Rás 2	Sumar 1997
Fjárstuðningur til verkefna	Eimskip og Ísland án eiturlyfja	Eimskip	3 ár - 1997- 2000
Fjárstuðningur vegna auglýsinga á strætisvagna	Starfsmannafélög Reykjavíkur og ríkisins	Starfsmannafélög Reykjavíkur og ríkisins og Vímuvarnanefnd	Sumar 1997
Fréttapunktar verkefnisstjórnar	Ísland án eiturlyfja	Ísland án eiturlyfja 2002	1997-2002

FORVARNIR OG FRÆÐSLA

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Vímuvarnaskólinn	Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ), Rauði kross Íslands (RKÍ) og SÁÁ með stuðningi Menntamálaráðuneytisins	FRÆ, SÁÁ og RKÍ	Hófst haustið 1997
Grafarvogur í góðum málum.	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur Miðgarður, SÁÁ og fjölmargir aðilar sem vinna að forvarna-málum í Grafarvogi	Miðgarður fjölskyldu þjónustu Grafarvogs og forvarnadeild SÁÁ	Hófst vorið 1997
Fræðsla um vímuvarnir fyrir nemendur og starfsmenn Vinnuskóla Reykjavíkur	Vinnuskóli Reykjavíkur Jafningjafræðslan og forvarnadeild SÁÁ	Stjórn Vinnuskóla Reykjavíkur	Hófst sumarið 1997
Forvarnastarf í skólum, stefnumörkun o.fl.	Menntamálaráðuneytið - starfshópur á þess vegum	FRÆ	Undirbúningur hófst vorið 1997
Stuðningsstarf - Jafningjafræðsla í grunnskólum	Vímuvarnanefnd Reykjavíkur	Fræðslumiðstöð	Undirbúningur hófst haustið 1997
Samstarf við tóbaksvarnanefnd - ýmis verkefni og aðgerðir	*Ísland án eiturlyfja* og Tóbaksvarnanefnd	Samvinna	Hófst 1997
Heilsuefling - Heilsubæir	Heilsuefling, verkefni heilbrigðis-ráðuneytis og *Ísland án eiturlyfja*	Í undirbúningi	Undirbúningur hófst í nóv. 1997

SAMSTARF VIÐ FORELDRASAMTÖK

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Ráðstefnan - Frá foreldrum til foreldra.	*Ísland án eiturlyfja* Heimili og skóli og Vímulaus æska. Eimskip styrkti verkefnið.	*Ísland án eiturlyfja 2002* í samvinnu við Heimili og skóla.	Haustið 1997
Fyrirmyndarforeldrar.	Landssamtökin Heimili og skóli	Landssamtökin Heimili og skóli	Hófst haustið 1997

UNGT FÓLK Í ÁHÆTTU

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Fjölskyldumiðstöðin	Reykjavíkurborg, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og RKÍ	FRÆ	Hófst vorið 1997
Sérfræðiráðgjöf við framhaldsskóla	Menntamálaráðuneytið	Starfshópur undir leiðisögn FRÆ	Hófst vorið 1997

Fskj. 2.

YFIRLIT YFIR ÁÆTLUÐ VERKEFNI UNDIR MERKI ÁÆTLUNARINNAR *ÍSLAND ÁN EITURLYFJA* Á ÁRINU 1998

VIRKJA ÞJÓÐFÉLAGIÐ Í HEILD Í BARÁTTUNNI GEGN VÍMUEFNUM

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Sveitarfélög gegn vímuefnum Sveitarfélög hvött til framkvæmda	*Ísland án eiturlyfja* Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl.	*Ísland án eiturlyfja 2002* og samstarfsaðilar.	Hefst 1998
Við getum betur Ráðstefnur í öllum landshlutum um forvarnamál	*Ísland án eiturlyfja* sveitarfélög, Landssamtökin Heimili og skóli og SÁÁ.	Starfshópur samstarfsaðila	Hefst í febrúar 1998
20,02 hugmyndir um eiturlyf Ungt fólk gegn vímuefnum	*Ísland án eiturlyfja* og Hitt húsið	Hitt húsið	Janúar - maí 1998
Meðferð fyrir ungt fólk. Málþing um nýjar leiðir í forvörnum og meðferð	*Ísland án eiturlyfja* Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, Barnaverndarstofa o.fl.	Samstarfsaðilar skipta með sér verkum.	Málþing í mars 1998
Reiðir foreldrar Aðgerðarhópur foreldra gegn útbreiðslu vímuefna	*Ísland án eiturlyfja* Heimili og skóli, Vímulaus æska o.fl.	Vímulaus æska og samstarfsaðilar undir handleiðslu bandarísku samtakanna ***Families in aktion.***	Stofnað í febrúar 1998
Ömmur og afar gegn fíkniefnum	Í undirbúningi	Starfshópur	Undirbúningur hefst vorið '98
Hreint og klárt - Ísland án eiturlyfja 2002	*Ísland án eiturlyfja* og aðilar í ferðaþjónustu	Starfshópur	Haust 1998

FORVARNIR, FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Ung 97 Útgáfa bókar með niðurstöðum könnunarinnar Ung '97 um fíkniefnaneyslu unglinga	RUM, *Ísland án eiturlyfja* Tóbaksvarnanefnd með stuðningi Eimskips og forvarnasjóðs.	RUM	Útgefin í janúar/febrúar 1998
Kannanir á neyslu vímuefna ungs fólk 16-20 ára og á neyslu eiturlyfja meðal almennings.	Í undirbúningi		1998
Gerum betur. Fræðslu- og kynningarfundir fyrir klúbba, félög og fyrirtæki	*Ísland án eiturlyfja* klúbbar, félög og fyrirtæki.	*Ísland án eiturlyfja*	Hefst í febrúar '98
Skaðsemi eiturlyfja. Kynningar- og fræðsluátak í fjölmiðlum	*Ísland án eiturlyfja* unglingablaðið Smellur o.fl.	*Ísland án eiturlyfja*	Hefst vorið 1997
Pössum börnin okkar - átak til kynningar á útivistatímum barna og unglinga	Ísland án eiturlyfja Samstarfsnefnd um afbrota- og fíkniefnamál og forvarnardeild lögreglunnar í Reykjavík.	Starfshópur	Hefst vorið 1998
Http:www// 2002.is Heimasíða með fræðslu og upplýsingum.	*Ísland án eiturlyfja* Skima ofl.	Ritstjóri og *Ísland án eiturlyfja*	Febrúar/mars 1998
Átak gegn sölu tóbaks og áfengis til barna og unglinga	*Ísland án eiturlyfja* Tóbaks-varnanefnd, ÁTVR, Vímulaus æska, Reiðir foreldrar o.fl.	Starfshópur	Vorið 1998

UNGT FÓLK Í ÁHÆTTU

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Skólavinir stuðningsstarf í grunnskólum. Tilraunaverkefni til stuðnings nemendum	Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, ÍTR, Samstarfsnefnd um afbrota- og fíkniefnamál, o.fl.	Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og ÍTR	Haust 1998- vor 2000.

SAMSTARFSHÓPAR Á LANDSVÍSU OG Í SVEITARFÉLÖGUM GEGN EITURLYFJUM

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Heilsubær -vímuvarnir	Seltjarnarnes í samstarfi við Heilsueflingu, *Ísland án eiturlyfja* SÁÁ o.fl.	Seltjarnarnes	Hefst vorið 1998
Sveitarfélög gegn eiturlyfjum	Ísland án eiturlyfja Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl.	Starfhópur	Undirbúningur hefst í mars 1998

Toll- og löggæsla

VERKEFNI:	SAMSTARFSAÐILAR:	UMSJÓN:	TÍMI:
Samstarfsnefnd toll- og löggæslu	Toll- og löggæsla.	Starfshópur	Mars 1998

1159. Nefndarálit [555. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða og Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um gjaldmiðil Íslands að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu.

Við skoðun nefndarinnar og með hliðsjón af umsögnum um málið kom í ljós að algengast er við námundun talna að hækka tölu upp ef næsti tölustafur á eftir er fimm eða hærri en lækka hana ella. Auk þess telur nefndin rétt að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. janúar 1999 í stað þess að lögin taki gildi þegar í stað þar sem í bankakerfinu er enn gert ráð fyrir aurum og því er aðlögunartími talinn nauðsynlegur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „fimmtíu aurum eða lægri fjárhæð sleppt, en fimmtíu og einn eyrir“ í 2. málsl. efnisgreinarinnar komi: lægri fjárhæð en fimmtíu aurum sleppt, en fimmtíu aurar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sighvatur Björgvinsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1160. Nefndarálit [556. mál]

um frv. til l. um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða og Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpi þessu er fjallað um gildi samninga í ekum og þeim Evrópumyntum sem verða hluti EMU, Efnahags- og myntbandalags Evrópu, þegar ný mynt í Evrópu, evran, tekur gildi í ársbyrjun 1999. Með frumvarpinu er stefnt að því að taka af allan vafa um að upptaka evrunnar muni ekki leiða til ógildingar samninga í ekum eða einstökum myntum aðildarríkja EMU.

Nefndin ræddi sérstaklega um þörf á slíkri lagasetningu og leggur áherslu á að ákvæði frumvarpsins eigi fyrst og fremst að vera til tryggingar ef ágreiningur rís um gildi slíkra samninga og að ekki sé rétt að gagnálykta á þann veg að án slíkra laga væru allir framangreindir samningar ógildir. Upptaka evrunnar verður að teljast einstakur viðburður og ríkir hagsmunir tengdir því að álitamál um gildi samninga í ekum og myntum aðildarríkja EMU séu leyst. Rétt er að benda á þann eðlismun sem er á eku og evru að eka er samsett úr gjaldmiðlum ellefu ríkja en evran verður sjálfstæður gjaldmiðill og því gæti það leitt til deilna um samninga sem gerðir hafa verið í ekum eða með gengisviðmiðun við eku. Hugsanlegur samruni gjaldmiðla í framtíðinni mun því ekki nauðsynlega leiða til lagasetningar til að tryggja áframhaldandi gildi samninga, nema slíkt verði talið tryggara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. 2. mgr. falli brott.
2. Við bætist ný grein, með fyrirsögninni *Gildistaka*, sem orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sighvatur Björgvinsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1161. Frumvarp til laga [582. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 6. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aflak, Jehad, verkamaður í Reykjavík, f. 14. febrúar 1977 í Sýrlandi.
2. Ajayi, Julius Funmisho, sjómaður í Kópavogi, f. 24. júlí 1968 í Nígeríu. Fær réttinn 19. ágúst 1998.
3. Anna Sóley Thoroddsen, fiskverkakona á Höfn, f. 11. ágúst 1967 í Reykjavík. Fær réttinn 20. ágúst 1998.
4. Antonio, Zenaida Zanoria, verkakona í Kópavogi, f. 10. janúar 1953 á Filippseyjum. Fær réttinn 18. ágúst 1998.
5. Apiwongngam, Pakpum, barn í Reykjavík, f. 24. júní 1985 í Tælandi. Fær réttinn 5. júlí 1998.
6. Aref, Bassem Ben Salem, verkamaður í Hafnarfirði, f. 7. júní 1969 í Túnis. Fær réttinn 24. ágúst 1998.
7. Bauer, Christine, skrifstofumaður í Keflavík, f. 27. maí 1964 í Keflavík.
8. Belányi, Zoltán, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 25. mars 1968 í Ungverjalandi. Fær réttinn 19. ágúst 1998.
9. Bezzeghoud, Khadija, fiskverkakona í Reykjavík, f. 29. september 1970 í Marokkó. Fær réttinn 28. maí 1998.
10. Bonifacius, Raj Kumar, tennisþjálfari í Reykjavík, f. 8. nóvember 1969 í Bandaríkjunum.
11. Bono Heite, Olive Louise, atvinnurekandi á Seyðisfirði, f. 28. júlí 1947 í Bandaríkjunum.
12. Daníel Ekaphan Valberg, barn í Reykjavík, f. 21. október 1996 í Reykjavík.
13. Deluxsana, Petcharee, starfsstúlka í Reykjavík, f. 2. maí 1964 í Tælandi.
14. Dokljanov, Željko, vélamaður í Reykjavík, f. 22. september 1969 í Júgóslavíu. Fær réttinn 21. júlí 1998.
15. Drzymkowski, Mariusz, verkamaður í Vogum, f. 1. október 1973 í Póllandi.
16. Eiríksson, Marianne Caroline, húsmóðir í Mosfellsbæ, f. 17. ágúst 1964 í Sviss.
17. Elín Pálsdóttir, barn í Úganda, f. 1. desember 1995 í Úganda.
18. Ereno, Gina Ayson, fiskvinnslukona í Keflavík, f. 3. maí 1967 á Filippseyjum.
19. Eysteinn Martins Sveinbjörnsson, barn í Reykjavík, f. 20. október 1996 í Reykjavík.
20. Gasmi, Abdelaziz Ben Salah, verkamaður í Reykjavík, f. 9. maí 1964 í Túnis. Fær réttinn 28. maí 1998.
21. Grant, Judith Ann, starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. ágúst 1976 í Kanada.
22. Guðmundsson, Katarzyna, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. janúar 1958 í Póllandi. Fær réttinn 23. ágúst 1998.
23. Gulázsiová, Viera, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. júní 1970 í Tékkóslóvakíu. Fær réttinn 16. september 1998.
24. Hadoudi, Nabil, verkamaður í Reykjavík, f. 8. júlí 1970 í Marokkó. Fær réttinn 21. júní 1998.
25. Hani, Ahmed, verkamaður í Reykjavík, f. 2. janúar 1960 í Marokkó. Fær réttinn 28. september 1998.
26. Hansen, Rannveig Birna, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 13. ágúst 1972 á Akureyri.

27. Hoti, Nusret, verkamaður í Reykjavík, f. 25. mars 1962 í Júgóslavíu.
28. Jacobsen, Regin, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 3. ágúst 1971 í Færeyjum.
29. Joó, Beata Kinga, tónlistarkennari á Ísafirði, f. 25. janúar 1963 í Ungverjalandi.
30. Kantorska, Małgorzata, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 14. ágúst 1968 í Póllandi. Fær réttinn 31. júlí 1998.
31. Kantorski, Jacek Zbigniew, læknir í Reykjavík, f. 15. nóvember 1959 í Póllandi. Fær réttinn 31. júlí 1998.
32. Ketel, Róbert Veigar, sjómaður í Hafnarfirði, f. 20. apríl 1980 í Reykjavík.
33. Khan, Hasim Ægir, nemi í Reykjavík, f. 31. mars 1980 í Indlandi.
34. Koca, Ömer, fiskverkamaður á Suðureyri, f. 1. júní 1974 í Tyrklandi. Fær réttinn 19. apríl 1998.
35. Kristín Joanna Jónsdóttir, fiskverkakona í Hrísey, f. 5. apríl 1972 í Póllandi.
36. Lach, Krystyna, verkakona í Reykjavík, f. 28. september 1959 í Póllandi. Fær réttinn 21. apríl 1998.
37. Lowery, Dorothy Joe, húsmóðir á Ísafirði, f. 2. mars 1978 í Bandaríkjunum.
38. Ly, Binh Chanh, verkamaður í Reykjavík, f. 25. október 1968 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
39. Ly, Liên Kha, saumakona í Reykjavík, f. 2. júní 1960 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
40. Ly, Sang Hoa, verkamaður í Reykjavík, f. 5. mars 1930 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
41. Maňásek, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. september 1966 í Tékkóslóvakíu. Fær réttinn 16. september 1998.
42. Martin, Margaret Roberta, húsmóðir í Vogum, f. 28. maí 1968 í Bandaríkjunum.
43. Mateev, Nikolai Ivanov, vélaverkfræðingur í Reykjavík, f. 3. febrúar 1960 í Búlgaríu.
44. Mateeva, Amelia Borisova, kennari í Reykjavík, f. 7. júní 1961 í Búlgaríu. Fær réttinn 29. júlí 1998.
45. Mladenović, Ivan, verkamaður í Hafnarfirði, f. 7. mars 1974 í Júgóslavíu. Fær réttinn 2. september 1998.
46. Ninir, Noureddine, fiskverkamaður í Reykjavík, f. 15. september 1973 í Marokkó. Fær réttinn 24. september 1998.
47. Oyod, Mark Angelo, fiskverkamaður í Keflavík, f. 12. júlí 1976 á Filippseyjum.
48. Oyod, Rudolph Francis, fiskverkamaður í Keflavík, f. 13. apríl 1975 á Filippseyjum.
49. Pradablert, Samaporn, bréfberi í Reykjavík, f. 28. mars 1961 í Tælandi.
50. Ramos Jácome de Játiva, Inés Maria del Rosario, verkakona í Reykjavík, f. 30. maí 1960 í Ekvador. Fær réttinn 8. ágúst 1998.
51. Reisenhus, Valborg, verkakona á Akureyri, f. 29. desember 1967 á Akureyri.
52. Sigríður Eyþórsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 22. júlí 1981 í Reykjavík.
53. Sjarif, Deslijati, húsmóðir í Keflavík, f. 19. desember 1958 í Indónesíu. Fær réttinn 15. júlí 1998.
54. Slobodeniouk, Natalia Vladimirovna, starfsmaður á dagheimili í Reykjavík, f. 20. mars 1974 í Rússlandi.
55. de Sousa, Ana Lidia Miranda Oliveira, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1966 í Brasilíu.
56. Sverrisson, Patricia Elizabeth Velasco Coello, markaðsráðgjafi í Reykjavík, f. 30. september 1967 í Ekvador.
57. Sörensen, Vera Mikhailovna, ritari í Garðabæ, f. 25. júlí 1954 í Sovétríkjunum.

58. Tanja Helena Garðarsdóttir, fiskverkakona á Dalvík, f. 7. september 1973 á Akureyri.
59. Tennci, Maiza, verkamaður í Reykjavík, f. 25. júní 1967 í Alsír.
60. Toquero, Leticia Eborda, fiskverkakona á Seltjarnarnesi, f. 21. september 1956 á Filippseyjum.
61. Torres, Jeraldine Tolo, fiskverkakona í Kópavogi, f. 5. maí 1969 á Filippseyjum.
62. Townley, Mark, kerfisstjóri í Kópavogi, f. 3. október 1969 í Bretlandi.
63. Tórshamar, Eydís Unnur, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. desember 1973 í Færeyjum.
64. Tran, Thanh, húsmóðir í Reykjavík, f. 7. desember 1934 í Víetnam. Fær réttinn 25. júlí 1998.
65. Udomsri, Nongyuao, herbergisþerna í Reykjavík, f. 11. júlí 1964 í Tælandi. Fær réttinn 11. september 1998.
66. Vejdenpak, Kambiz, verkamaður í Reykjavík, f. 21. mars 1964 í Íran. Fær réttinn 30. september 1998.
67. Vu, Thuy Thu Thi, nemi í Reykjavík, f. 19. nóvember 1984 í Víetnam.
68. Wieczerzak, Teresa Eva, starfsstúlka í Reykjavík, f. 15. desember 1968 í Póllandi. Fær réttinn 24. maí 1998.
69. Yuchangkoon, Chaluai, fiskverkakona í Vogum, f. 17. janúar 1950 í Tælandi.
70. Zimmermannová, Lenka, leikskólakennari í Kópavogi, f. 19. október 1965 í Tékkóslóvakíu.
71. Özcan, Zeynep, verkakona á Húsavík, f. 1. janúar 1968 í Tyrklandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1162. Lög [285. mál]

um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 1017 með þessum breytingum:

19. gr. hljóðar svo:

Hafi eignarhlutur beint eða óbeint verið yfirtekinn í félagi sem hefur fengið opinbera skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa í kauphöll skal öllum hluthöfum félagsins gefinn kostur á því að afhenda eignarhlut sinn með sambærilegum kjörum þeim aðila sem:

1. hefur eignast 50% atkvæðisréttar í félaginu eða samsvarandi hluta hlutafjár,
2. hefur öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu,
3. hefur fengið rétt til þess að stjórna félaginu á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið,
4. hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 33⅓% atkvæða í félaginu.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um eignarhlut í félagi sem þegar hefur verið opinberlega skráð í kauphöll við gildistöku laga þessara þrátt fyrir að atvik sem nefnd eru í 1.–4. tölul. 1. mgr. eigi við um þann eignarhlut. Hafi eignarhlutur í félagi, sem ákvæði þessarar málsgreinar

tekur til, farið niður fyrir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. eftir gildistöku laganna skulu þó reglur 1. mgr. eiga að öllu leyti við.

Kauphöll hefur eftirlit með því að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt.

20. gr. hljóðar svo:

Þegar tilboð um yfirtöku á hlutum er sett fram er skylt að semja og gera opinbert tilboðsyfirlit þar sem fram koma allar upplýsingar um tilboðsgjafa. Þar skal koma fram til hvaða hlutabréfaflokka tilboðið tekur, fjárhagsatriði þess, svo sem upplýsingar um grundvöll fyrir því verði sem boðið er, greiðsluskilmála og hvort greiða eigi með öðrum verðbréfum, svo og lágmark og hámark þess hlutafjár sem tilboðið tekur til. Auk þess skulu koma fram önnur skilyrði sem það er háð, þar með talinn sá frestur sem veittur er til þess að samþykkja tilboðið og áhrif yfirtökunnar á framtíðarstarfsemi félagsins, auk annarra upplýsinga sem telja má að séu nauðsynlegar svo að hluthafar geti fengið nægilega yfirsýn yfir tilboðið. Frestur til að taka tilboði má ekki vera styttri en fjórar vikur og ekki lengri en tíu vikur.

Taki tilboð sem skylt er að gera skv. 19. gr. ekki til allra hlutabréfa í félagi eða hluthafar bjóðast til að selja tilboðsgjafa meira af hlutafjáreign sinni en tilboð hans nær til skal gæta jafnræðis pro rata gagnvart hluthöfum.

Þegar að öðru leyti er sett fram opinbert yfirtökutilboð sem ekki telst falla undir skyldu til þess að gera tilboð skv. 19. gr. um yfirtöku á hlutabréfum í félagi sem hefur einn eða fleiri flokka hlutabréfa skráða í kauphöll er heimilt að semja tilboðsyfirlit eins og kveðið er á um í 1. mgr.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að setja nánari reglur um skyldu til þess að gera tilboð skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 19. gr., svo og nánari reglur um innihald tilboðsyfirlitsins, birtingu þess, hvernig því hafi lokið, með hvaða hætti unnt er að afturkalla tilboðið og hvernig skuli fara með tilboð sem ætlað er að keppa við yfirtökutilboðið.

39. gr. hljóðar svo:

Kauphöll og skipulegum tilboðsmarkaði er heimilt í aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða viðurlög vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemi þeirra í formi févítis. Févíti getur numið allt að tíföldu árgjaldi markaðsaðila að viðkomandi markaði ef brot eru alvarleg.

1163. Lög [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 357.

1164. Fyrirspurn [673. mál]

til fjármálaráðherra um nauðsynlegt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvert er nauðsynlegt iðgjald til að ná jafnvægi milli eignaliða og skuldbindinga (vegna iðgjaldsins) í:
   a. B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum,
   b. A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. heildarlaunum,
   c. lífeyrisdeild alþingismanna af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. þingfararkaupi,
   d. lífeyrisdeild ráðherra af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. ráðherralaunum,
   e. Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum?
2. Hvað mætti varanlega hækka laun sjóðfélaga í framangreindum sjóðum, hverjum fyrir sig, ef sjóðfélagar nytu almennra lífeyriskjara, þ.e. 10% iðgjalds, og launagreiðendur hvorki töpuðu né græddu á breytingunni?

Skriflegt svar óskast.

1165. Fyrirspurn [674. mál]

til fjármálaráðherra um aukna skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna aukins hluts dagvinnulauna í heildarlaunum opinberra starfsmanna.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvað er gert ráð fyrir að ákvæði kjarasamninga opinberra starfsmanna um aukinn hlut dagvinnulauna í heildarlaunum opinberra starfsmanna muni auka skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga mikið? Hvað hækkar nauðsynlegt iðgjald vegna þessa?
2. Er gætt jafnræðis á milli starfsmanna ríkisins sem greiða í A- og B-deild við framkvæmd þessa ákvæðis þannig að laun starfsmanna í B-deild lækki miðað við laun starfsmanna í A-deild þar sem lífeyriseign þeirra fyrrnefndu vex við breytinguna en þeirra síðarnefndu ekki?
3. Verður gætt jafnræðis við ákvörðun viðbótarlauna skv. 2. mgr. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þannig að þeir starfsmenn sem greiða til B-deildar fái lægri viðbótarlaun en þeir sem greiða til A-deildar vegna aukinnar lífeyriseignar þeirra fyrrnefndu?

Skriflegt svar óskast.

1166. Fyrirspurn [675. mál]

til forsætisráðherra um erlendar skuldir þjóðarinnar.

Frá Pétri H. Blöndal.

Hvað líður gerð áætlunar um hvernig náð verði niður erlendum skuldum þjóðarinnar fyrir árið 2015, sbr. ályktun Alþingis frá 13. maí 1997 (431. mál 121. löggjafarþings)?

Skriflegt svar óskast.

1167. Fyrirspurn [676. mál]

til fjármálaráðherra um skuldbindingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu háar eru væntanlegar árlegar greiðslur (í b-lið lífeyrisgreiðslur og kostnaður að frádregnum iðgjöldum) Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna:
   a. réttinda sem sjóðfélagar hafa þegar öðlast (áunnin réttindi),
   b. réttinda sem sjóðfélagar hafa og munu öðlast með greiðslu iðgjalda, þ.e. framreiknuð réttindi?

   Svar óskast sundurliðað eftir árum, 1998–2075. Enn fremur komi fram hvað sjóðirnir geti greitt með eignum sínum, væntanlegum iðgjöldum, sbr. b-lið, og vöxtum umfram hækkun launa og hvað muni falla á launagreiðendur. Reiknað verði með þeim sjóðfélögum sem áttu réttindi hjá sjóðunum í árslok 1997.
   Hversu stórt hlutfall af tekjusköttum hvers árs eru þessi útgjöld að óbreyttum tekjuskattslögum?
2. Hver er heildarskuldbinding þessara lífeyrissjóða og hversu langt dugir eign þeirra til greiðslu hennar?
3. Hvernig skiptist heildarskuldbinding að frádreginni eign sjóðanna á
   a. ríkissjóð, sundurliðað eftir A- og B-hluta,
   b. sveitarfélög,
   c. aðra?
4. Hversu margir sjóðfélagar eiga „eign“ allt að 1 millj. kr., hversu margir eiga þar yfir, allt að 2 millj. kr., hversu margir eiga þar yfir, allt að 3 millj. kr. o.s.frv. ef gengið er út frá því að „eign“ hvers sjóðfélaga sé fundin með því að skipta heildarskuldbindingu sjóðanna á sjóðfélaga þeirra samkvæmt áunnum réttindum hvers og eins?
5. Hversu margir sjóðfélagar kusu að greiða til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í stað B-deildar, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997, eða í stað Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 2/1997? Hvað kostar þetta val ríkissjóð og aðra launagreiðendur þegar greitt er í A-deild hærra iðgjald og af öllum launum í stað daglauna einvörðungu þó að á móti komi lægri skuldbindingar í B-deild?

6. Hver hefur verið árleg meðalávöxtun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins umfram meðalhækkun dagvinnulauna opinberra starfsmanna árin 1978–97? Hvaða ávöxtun er lögð til grundvallar útreikningnum?
7. Hvernig er iðgjald til A-deildar háð raunávöxtun miðað við framreikning eigna sjóðsins samkvæmt vísitölu neysluverðs (t.d. 4,5%, 3,5%, 2,5%, 1,5%)?

Skriflegt svar óskast.

1168. Fyrirspurn [677. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af handverksmunum úr íslenskum náttúruefnum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hyggst ríkisstjórnin fella alveg niður virðisaukaskatt af handverksmunum sem unnir eru úr efnum úr íslenskri náttúru, svo sem ull, tré, horni, beini, leðri og roði, til að hvetja til framleiðslu list- og handverksmuna?
2. Áformar ríkisstjórnin sérstakan stuðning við handverksfólk í dreifbýli?

1169. Svar [503. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

1. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið hér á landi til að uppfylla skuldbindingar samningsins um líffræðilega fjölbreytni?*

Ísland gerðist aðili að samningnum um líffræðilega fjölbreytni 11. september 1994 og tók samningurinn gildi hér á landi 10. desember sama ár. Markmið samningsins eru þrjú, þ.e. að tryggja líffræðilega fjölbreytni, að tryggja sjálfbæra nýtingu líffræðilegra auðlinda og að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda, sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

Þegar hefur verið hafist handa við að koma fyrstu tveimur markmiðum samningsins í framkvæmd. Fyrst ber að nefna undirbúning og vinnu ráðuneytisins að framkvæmdaáætlun til aldamóta um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og staðfestingu ríkisstjórnarinnar á þeirri áætlun og útgáfu hennar á síðastliðnu ári. Þrátt fyrir að framkvæmdaáætlunin snúi fyrst og fremst almennt að sjálfbærri þróun en ekki að sjálfbærri nýtingu líffræðilegra auðlinda snerta margir þættir áætlunarinnar nýtingu líffræðilegra auðlinda landsins, sérstaklega hvað varðar landbúnað og sjávarútveg.

Við gildistöku samningsins hér á landi var umsjón hans og framkvæmd falin Náttúrufræðistofnun Íslands. Frá upphafi hefur stofnunin sinnt aðildarríkjafundum samningsins og tekið virkan þátt í starfi vísindanefndar hans. Stofnunin hefur undanfarin þrjú ár unnið að endurskipulagningu og forgangsröðun þeirra verkefna sem henni eru falin með lögum í þeim tilgangi að afla betri og ítarlegri gagna um íslenska náttúru og líffræðilega fjölbreytni hér á landi. Upplýsingar um náttúruna og líffræðilega fjölbreytni er forsenda þess að mögulegt sé að skipuleggja og gera áætlanir um varðveislu og verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um það hvernig staðið skuli að framkvæmd samningsins hafa verið til umfjöllunar og athugunar í ráðuneytinu og nýverið skipaði ráðuneytið, í samræmi við tillögur stofnunarinnar, samráðsnefnd um samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem hefur m.a. það hlutverk að fylgjast með þróun samningsins og gera tillögur um framfylgd hans hér á landi. Í nefndinni eiga sæti, auk fulltrúa ráðuneytisins, fulltrúar frá ráðuneytum sjávarútvegs-, landbúnaðar-, og utanríkismála.

2. *Hvaða aðgerðir hafa enn ekki komið til framkvæmda en eru fyrirhugaðar til að fullnægja ákvæðum samningsins?*

Hlutverk samráðsnefndarinnar sem áður er nefnd er að fara yfir ákvæði samningsins og gera tillögur til ráðuneytisins um það hvaða atriðum samningsins þurfi að hrinda í framkvæmd á næstu mánuðum og til hvaða aðgerða nefndin telur nauðsynlegt að grípa til þess að fullnægja þeim ákvæðum.

Að mati ráðuneytisins er nauðsynlegt í upphafi að fá mat á stöðu líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi í samræmi við ákvæði 7. gr. samningsins og móta á grundvelli þess tillögur um markmið og leiðir. Setja þarf upp framkvæmdaáætlun í samræmi við þá niðurstöðu með tillögum um það hverjir eigi að vera ábyrgir fyrir hverjum þætti áætlunarinnar (sbr. 6. gr. samningsins). Jafnframt þarf að vera ljóst hvernig vöktun og mati á árangri verður háttað.

3. *Hvernig hefur af Íslands hálfu verið unnið að framkvæmd á áætlun ráðstefnu umhverfisráðherra Evrópuríkja í Sofíu 1995 um umhverfi Evrópu (Environment of Europe)?*

Þátttaka Íslands í þessu starfi hefur verið í gegnum fastanefnd Bernarsamningsins og þátttöku í starfi samningsins sem snertir þessi mál, svo sem framkvæmdalið áætlunarinnar nr. 11 um tegundir í hættu og svokallað Emerald Network verkefni. Að öðru leyti hefur Ísland ekki tekið þátt í áætlun Evrópuríkja um náttúru Evrópu.

4. *Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd greinar samningsins nr. 7. c. um að „greina ferli og þá flokka starfsemi sem hafa, eða eru líklegir til að hafa, veruleg skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra noktun líffræðilegrar fjölbreytni og vakta áhrif þeirra með sýnatöku og annarri tækni“?*

Enn þá hefur ekki verið unnið að framkvæmd þessarar greinar samningsins hér á landi. Upplýsingaöflun Náttúrufræðistofnunar um náttúru Íslands og upplýsingar sem liggja fyrir hjá stofnunum annarra ráðuneyta á þessu sviði koma til með að verða grunnur að tillögum samráðsnefndar um líffræðilega fjölbreytni um framkvæmd þessarar greinar samningsins.

5. *Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd greinar 8. h. um verndun upprunalegs umhverfis þess efnis að „koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum og tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim og uppræta þær“?*

Á vegum landbúnaðarráðuneytisins hefur undanfarna mánuði verið starfandi plöntunefnd, sem skipuð er fulltrúum frá stofnunum á sviði landbúnaðar- og umhverfismála, til þess að gera tillögur að reglugerð um innflutning og ræktun framandi plöntutegunda. Nefndin hefur unnið að mótun tillagna um innflutning framandi plantna og flokkun þeirra með tilliti til notkunar hér á landi. Nefndin hefur ekki lokið störfum en tillögur hennar munu verða til umfjöllunar í landbúnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti og þá verður metið hvernig tekið verður á framkvæmd þessa ákvæðis. Auk þess er nauðsynlegt að samráðsnefndin um samninginn fari yfir tillögurnar með tilliti til hans.

Í tengslum við þetta starf hefur Náttúrufræðistofnun Íslands skilað tillögum til ráðuneytisins um reglur varðandi innflutning og takmörkun útbreiðslu innfluttra framandi plantna. Tillögurnar eru nú til skoðunar í ráðuneytinu og má vænta þess að reglugerð um innflutning og notkun framandi plantna verði sett á þessu ári.

1170. Svar [462. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um mælingar á geislavirkni í lífríki Íslands.

6. *Hvernig fylgdust íslensk stjórnvöld með þróun geislavirkni í lífríki Íslands í kjölfar Tsjernóbíl-slyssins?*

Þegar Tsjernóbíl-slysið varð í lok apríl 1986 var ekki fyrir hendi aðstaða á Íslandi til að mæla geislavirk efni eins og gert var í flestöllum öðrum löndum. Hins vegar var strax hafist handa við að safna sýnum úr lífríki Íslands og var einkum lögð áhersla á þá þætti sem tengjast framleiðslu matvæla (mjólk, kjöt, fiskur). Enn fremur var safnað sýnum af gróðri og jarðvegi. Þessi sýni voru mæld með tilliti til Cs-137 hjá rannsóknastofnuninni Risø í Danmörku. Næstu þrjú árin var svo fylgst áfram með geislavirkni í þurrmjólk frá þeim tveimur mjólkurbúum þar sem slík framleiðsla fór fram.

Sumarið 1989 var sett upp rannsóknastofa hjá Geislavörnum ríkisins með stuðningi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA, og tóku þá Geislavarnir við þessum reglubundnu mælingum. Við þetta var hægt að fjölga mælingum verulega og taka upp kerfisbundnar vöktunarmælingar frá stöðum víða um land. Nýmjólk frá öllum helstu mjólkurbúum landsins var mæld og lambakjöti safnað frá sláturhúsum. Þessum vöktunarmælingum hefur verið haldið áfram síðan. Geislavarnir byrjuðu árið 1990 að taka þátt í norrænum rannsóknarverkefnum á sviði geislavistfræði og hafa verið virkir þátttakendur síðan. Rannsóknir þessar hafa miðað að því að öðlast betri skilning á hegðun geislavirkra efna í íslenskum vistkerfum. Til viðbótar hafa Geislavarnir mælt ýmis sýni sem hafa boðist úr íslensku lífríki án þess að um skipulega vöktun eða rannsóknir hafi verið um að ræða (t.d. kjöt af æðarfugli og ísbirni).

7. *Hverjar voru helstu niðurstöðurnar?*

Helstu niðurstöður mælinga eru þær að slysið í Tsjernóbíl hafi haft hverfandi lítil áhrif hér á landi og að ekki varð vart umtalsverðra breytinga á styrk þeirra geislavirku efna hér á landi eins og mældust annars staðar, svo sem í Svíþjóð og á Bretlandseyjum.

8. *Hvernig er fylgst með geislavirkum úrgangi frá Sellafield í hafinu umhverfis Ísland?*

Erlendar rannsóknastofnanir (t.d. rannsóknastofnunin Risø í Danmörku sem Geislavarnir hafa átt náið samstarf við) hafa mælt geislavirkni í hafinu umhverfis Ísland. Um árið 1990 dró úr þessum mælingum og hófust þá mælingar Geislavarna ríkisins undir yfirumsjón nefndar umhverfisráðuneytisins um vöktun á mengandi efnum í sjó og lífríki sjávar. Sýnum af sjó hefur verið safnað í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina. Um 20–30 sýni hafa verið tekin árlega umhverfis landið og að auki hafa verið tekin sýni úr Austur-Grænlandsstraumnum, einkum til að fylgjast með mengun frá endurvinnslustöðvum í Evrópu. Fylgst er með geislavirkni í 5–10 fisktegundum og er sýnum safnað í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Geislavirkni í þangi hefur verið mæld samfellt frá árinu 1986, því að þang safnar vel

ýmsum geislavirkum efnum. Auk þessara vöktunarmælinga hafa ýmis önnur sýni úr lífríki sjávar verið mæld, svo sem af sel og hval.

9. Hvernig hefur styrkur geislavirkra efna á því svæði þróast frá upphafi mælinganna?

Almennt má segja að styrkur geislavirkra efna hér við land sé lágur og því meiri óvissa í mælingum. Breytileiki í mæligildum getur verið mikill á vissum svæðum, en ástæðuna má rekja til mismunandi sjógerða. Ekki hefur verið staðfest breyting á mæligildum í yfirborðssjó á tímabilinu 1990–97, en vissar vísbendingar eru um að gildi hafi lækkað í svokölluðum millisjó undir Pólsjó fyrir norðvestan land, en það er einmitt þar sem reikna má með að fyrst verði vart breytinga á losun í Írlandshaf.

Töluverður breytileiki er í niðurstöðum mælinga á geislavirkni í hafinu hér við land. Mun meira mælist af Cs-137 í sjó fyrir norðan land en sunnan og er munurinn marktækur. Við suðurströndina mælist styrkur Cs-137 um 3 bequrel (Bq) á rúmmetra en þar er um að ræða hlýjan Atlantssjó sem berst með grein úr Norður-Atlantshafsstraumnum. Þar er nær eingöngu verið að mæla leifar geislavirkni sem dreifðist um háloftin eftir tilraunasprengingar og er að finna í öllum yfirborðssjó heimshafanna.

Styrkurinn í Pólsjó fyrir norðvestan land, í Austur-Grænlandsstraumnum er hins vegar um 6–7 Bq á rúmmetra og er talið að þar sé kominn sjór sem ættaður sé að hluta til úr Norðursjó. Sú viðbótargeislavirni sem þarna mælist á rætur að rekja til endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield (um 30% af heildarmagni Cs-137 í Austur-Grænlandsstraumnum), Tjsernobíl-slyssins (áætlað um 15%) og restin frá Novaya Zemlya og ám í Síberíu.

Í Svalsjó fyrir norðaustan land, í Austur-Íslandsstraumnum er styrkur Cs-137 um 4–6 Bq á rúmmetra. Þessi sjór er mjög blandaður, meðal annars úr Atlantssjó og Pólsjó. Lægri styrkur nær landi á svæðunum fyrir norðan og norðaustan land skýrist m.a. af því að hluti Atlantssjávarins teygir sig austur með Norðurlandi og sú blöndun leiðir til þynningar.

Til samanburðar er rétt að geta þess að styrkur Cs-137 í Írlandshafinu mælist 10–250 Bq á rúmmetra og í Norðursjó mælast 10–20 Bq á rúmmetra. Til þess að greina betur þróunina og breytingar í styrk geislavirkra efna hér við land þarf að kanna áhrif ýmissa umhverfisþátta á breytileikann og að því hafa rannsóknir Geislavarna ríkisins miðað undanfarið.

10. Eru fyrirhugaðar mælingar á öðrum geislavirkum samsætum en þeim sem nú er fylgst með?

Fyrirhugað er að mæla teknetín, Tc-99, í lífríki sjávar og er undirbúningur nú þegar hafinn hjá Geislavörnum ríkisins.

1171. Skýrsla [678. mál]

um ríkisfjármál árið 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1 Helstu niðurstöður skýrslunnar.

Í skýrslunni eru kynntar niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1997. Raktir eru helstu þættir efnahagsþróunar á árinu. Jafnframt er fjallað um einstök atriði á tekju-, gjalda- og lánahlið ríkissjóðs. Einnig er fjallað um umsvif annarra opinberra aðila á lánamarkaði. Loks er ítarlegur töfluviðauki með margvíslegum upplýsingum um ríkisfjármál og helstu þjóðhagsstærðir.

- **Afgangur á ríkissjóði í fyrsta sinn síðan 1984.** Niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1997 eru athyglisverðar fyrir þá sök að þær sýna að ríkissjóður hefur verið rekinn með afgangi, í fyrsta sinn síðan árið 1984. Afgangurinn nam rúmlega 1.200 milljónum króna, samanborið við rúmlega 100 milljóna króna afgang í fjárlögum. Reyndar er afkomubatinn enn meiri, eða nálægt 5 milljörðum, þegar tekið er tillit til 3,5 milljarða króna greiðslu vaxtagjalda vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina, en ekki var áætlað fyrir því í fjárlögum. Góð rekstrarafkoma endurspeglast í lítilli lánsfjárþörf ríkissjóðs, en hún nam um 600 milljónum króna (nettó) og þarf einnig að fara aftur til ársins 1984 til að finna minni lánsfjárþörf.
- **Á undanförnum árum hefur afkoma ríkissjóðs batnað verulega.** Árið 1991 var ríkissjóður rekinn með halla sem nemur 15 milljörðum króna á núgildandi verðlagi, en árið 1997 varð hins vegar afgangur á rekstri ríkissjóðs (miðað við greiðslugrunn bæði árin).
- **Ríkisfjármál treysta efnahagslífið.** Batnandi afkoma ríkissjóðs á drjúgan þátt í því að íslenskt efnahagslíf hefur styrkst verulega að undanförnu. Vextir hafa farið lækkandi, atvinnuleysi minnkað, verðlag verið stöðugt og hagvöxtur mikill. Hagvöxtur nam 5% á árinu 1997 og hefur numið að meðaltali 3¾% undanfarin fjögur ár.
- **Kaupmáttur heimilanna hefur aukist.** Gerð nýrra kjarasamninga, lækkun tekjuskatts og lág verðbólga hafa lagst á eitt til að auka kaupmátt heimilanna, en hann hefur nú aukist ár frá ári frá árinu 1993, eða sem nemur 13½% og spáð er 5½% aukningu til viðbótar á árinu 1998. Samanlagt nemur kaupmáttaraukningin því tæplega 20% frá árinu 1993.
- **Aukinn kaupmáttur skilar meiri tekjum í ríkissjóð.** Heildartekjur ríkissjóðs námu 132 milljörðum króna, eða 5,8 milljörðum meira en áætlað var í fjárlögum. Þessi tekjuauki stafar fyrst og fremst af meiri umsvifum í efnahagslífinu en ráð var fyrir gert, meðal annars vegna aukins kaupmáttar heimilanna í kjölfar nýrra kjarasamninga, lækkunar tekjuskatts og minna atvinnuleysis. Nær helming tekjuaukans má rekja til meiri launa- og tekjubreytinga en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Auk þess jukust tekjur af vörugjöldum verulega, aðallega vegna mikils innflutnings bíla.
- **Hlutfall ríkisútgjalda með lægsta móti.** Heildarútgjöld ríkissjóðs námu 130,8 milljörðum króna, eða 4,7 milljörðum meira en í fjárlögum. Þar af stafa 3,5 milljarðar af auknum vaxtaútgjöldum vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina. Það sem eftir stendur má einkum rekja til aukinna útgjalda til heilbrigðis- og menntamála. Hlutfall útgjalda af landsframleiðslu var með lægsta móti árinu og hefur þá verið tekið tillit til áhrifa flutnings grunnskólans til sveitarfélaga.

Afkoma ríkissjóðs 1994–1997.

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	1994	1995	1996	Fjárlög1 997	Útkoma 1997	Frávik frá fjárlögum
Tekjur	109.602	114.413	127.735	126.224	131.990	5.766
Gjöld	116.986	123.344	139.730	126.100	130.753	4.653
Rekstrarafkoma	**-7.384**	**-8.931**	**-11.994**	**124**	**1.236**	**1.112**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-1,7	-2,0	-2,5	0,0	0,2	0,2
Rekstrarafkoma án innlausnar	**-7.384**	**-8.931**	**-1.981**	**124**	**4.724**	**4.600**
Hlutfall án vaxtagjalda v/innlausnar	-1,7	-2,0	-0,4	0,0	0,9	0,9
Lánveitingar, nettó	-7.387	-9.659	-713	1.670	-1.862	-3.532
Hrein lánsfjárþörf	**14.771** [1]	**18.590** [1]	**12.707** [1]	**-1.794**	**627**	**2.420**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	3,4	4,1	2,6	-0,3	0,1	0,4
Lántökur nettó	**14.729**	**17.806**	**12.755**	**-1.740**	**402**	**2.142**
Innlend lántaka-afborganir	3.568	2.192	5.485	-	6.859	-
Erlend lántaka-afborganir	11.161	15.614	7.270	-	-6.457	-
Greiðsluafkoma	-42	-784	48	54	-225	-279
[1] Þ.a. endurlán til Húsnæðisstofnunar	6.550	8.000	2.300	2.640	2.600	-40

- **Erlendar skuldir ríkissjóðs lækka.** Betri rekstrarafkoma ríkissjóðs og minnkandi lánsfjárþörf sköpuðu svigrúm til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Þannig lækkuðu erlendar skuldir ríkissjóðs um 4 milljarða króna árið 1997. Enn fremur hefur verðbréfaútgáfa ríkissjóðs verið endurskipulögð með það fyrir augum að stuðla að lækkun vaxta. Loks má nefna að lánskjör íslenska ríkisins erlendis hafa batnað verulega að undanförnu í kjölfar þess að bandarísku matsfyrirtækin, Moody's og Standard & Poor's, hækkuðu lánshæfismat þess.
- **Lánsfjárþörf opinberra aðila minnkar.** Bætt afkoma ríkissjóðs á mikinn þátt í því að lánsfjárþörf hins opinbera, þ.e. að viðbættum lántökum opinberra fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins, minnkaði verulega á árinu 1997. Árið 1996 nam lánsfjárþörfin 23,5 milljörðum króna, en einungis 17,6 milljörðum króna á árinu 1997, eða sem nemur 3,3% af landsframleiðslu. Umskiptin í fjármálastjórn ríkisins undanfarin ár koma enn gleggra í ljós þegar horft er til þess að árið 1991 nam lánsfjárþörf hins opinbera 40,2 milljörðum króna, eða sem svarar til 10,7% af landsframleiðslu.
- **Samanburður við fjárlög 1998.** Árið 1997 er afkoma ríkissjóðs í síðasta sinn gerð upp samkvæmt eldri uppgjörsreglum (á svokölluðum greiðslugrunni). Frá og með fjárlagaárinu 1998 er afkoman metin á rekstrargrunni, auk þess sem sýndar eru sjóðshreyfingar innan ársins. Þessar breytingar torvelda samanburð milli gömlu og nýju uppgjörsaðferðanna. Áætlanir benda hins vegar til að afkoma ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum ársins 1998 muni sýna tæplega 3 milljarða króna afgang, miðað við eldri uppgjörsaðferðir (greiðslugrunn). Samkvæmt því mun afkoma ríkissjóðs halda áfram að batna árið 1998.

2 Framvinda efnahagsmála.

Framvinda efnahagsmála árið 1997 einkenndist helst af miklum vexti í fjárfestingu og einkaneyslu. Þótt fjárfesting í atvinnulífinu væri almennt mikil, risu stóriðjuframkvæmdir hæst. Stækkun álversins í Straumsvík lauk á árinu og byggingarframkvæmdir hófust við álver á Grundartanga. Kaupmáttur heimilanna jókst einnig talsvert á árinu, bæði vegna nýrra kjarasamninga og lækkunar tekjuskatts einstaklinga. Kaupmáttaraukningin kom ekki síst fram í vexti einkaneyslu, bæði almennri neyslu og kaupum á varanlegum neysluvörum eins og bifreiðum og heimilistækjum.

Hagvöxtur á mann



Síðustu tíu árin hafa orðið umskipti í íslensku efnahagslífi. Í kjölfar erfiðleikaáranna 1988–1992 þegar fjárfesting og neysla drógust saman, gjaldþrot voru tíð og atvinnuleysi fór vaxandi, hófst tímabil uppbyggingar. Undanfarin 3–4 ár hefur ríkt mikil gróska í íslensku atvinnulífi. Fjárfesting hefur aukist, meðal annars vegna ýmissa aðgerða stjórnvalda sem hafa treyst stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Jafnframt hefur verið ráðist í umfangsmiklar stóriðjuframkvæmdir undanfarin misseri. Þannig hefur verið lagður grunnur að verulegri fjölgun starfa. Í kjölfarið hefur dregið úr atvinnuleysi og kaupmáttur heimilanna aukist talsvert. Verðbólga hefur einnig haldist lág. Helstu hættumerkin eru þau að viðskiptahalli hefur aukist, ekki einungis vegna stóriðjuframkvæmda og fjárfestingar í atvinnulífinu, heldur einnig vegna vaxandi neyslu heimilanna. Mikilvægt er að hamla gegn þessari þróun með því að auka sparnað, ekki síst í rekstri opinberra aðila.

2.1 Efnahagsþróun í nágrannaríkjunum.

Efnahagur OECD-ríkjanna einkennist af áframhaldandi uppsveiflu eftir erfiðleika á fyrri hluta áratugarins. Á árinu 1996 nam hagvöxtur að meðaltali 2½% og búist er við að hagvöxtur í OECD-ríkjunum hafi numið að meðaltali 3% á árinu 1997, en það er mesti vöxtur sem hefur mælst á þessum áratug. Búist er við að örlítið dragi úr hagvexti á árinu 1998, í 2,9%. Hagvöxtur hefur aftur á móti verið hægari í ríkjum Evrópusambandsins þar sem atvinnuleysi er enn mikið, en búist er við að hagvöxtur hafi numið 2,6% á árinu 1997 og stefni í 2,8% á árinu 1998.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum.

	Afkoma hins opinbera[1]		Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1997	1998	1997	1998	1997	1998	1997	1998
Ísland	**-0,1**	**0,1**	**1,8**	**2,7**	**3,9**	**3,6**	**5,0**	**4,6**
Danmörk	0,5	1,6	2,3	2,6	7,9	7,3	3,4	2,8
Finnland	-1,3	-0,2	1,5	2,2	14,6	13,4	4,6	3,9
Noregur	7,3	8,0	2,6	2,8	3,9	3,6	4,0	4,7
Svíþjóð	-1,5	0,2	2,1	2,2	8,1	7,3	1,8	2,6
Norðurlönd, alls	**0,9**	**1,8**	**2,1**	**2,6**	**7,8**	**7,0**	**3,7**	**3,5**
Bretland	-2,3	-1,1	2,0	2,3	6,9	6,5	3,4	2,2
Frakkland	-3,1	-3,0	1,3	1,4	12,4	12,0	2,3	2,9
Ítalía	-3,0	-3,0	2,2	2,4	12,3	12,2	1,3	2,1
Þýskaland	-3,0	-2,6	2,0	1,9	11,4	11,4	2,4	3,0
Evrópusambandið	**-2,7**	**-2,3**	**2,0**	**2,1**	**11,3**	**10,9**	**2,6**	**2,8**
Bandaríkin	0,0	0,1	2,1	2,0	5,0	4,7	3,8	2,7
Japan	-2,8	-2,6	1,7	1,0	3,4	3,4	0,5	1,7
Kanada	0,4	1,0	1,5	1,4	9,2	8,8	3,6	3,5
OECD-ríkin	**-1,4**	**-1,1**	**2,0**	**1,9**	**7,3**	**7,0**	**3,0**	**2,9**

[1] Afkoma ríkis og sveitarfélaga reiknuð sem hlutfall af landsframleiðslu.

Heimild: OECD Economic Outlook, desember 1997, Þjóðhagsstofnun.

Á miðju ári 1997 hófust sviptingar á fjármálamörkuðum Austur-Asíu sem héldu áfram út árið. Þótt áhrif þessa hafi borist til fjármálamarkaða Evrópu og Bandaríkjanna, hafði það ekki mikil áhrif á hagvöxt í OECD-ríkjunum á árinu 1997. Óvissa ríkir hins vegar um áhrif fjármálakreppunnar á efnahag OECD-ríkjanna á árinu 1998 og má jafnvel búast við að núverandi spá taki breytingum þegar líða tekur á árið.

2.2 Efnahagsþróun hér á landi.

Hagvöxtur. Eftir langvarandi stöðnun tók efnahagsástandið að batna á árinu 1993 og hefur hagvöxtur síðan aukist hröðum skrefum. Búist er við áframhaldandi hagvexti, þótt heldur hægi á honum á næstu árum. Á árinu 1997 er talið að hagvöxtur hafi numið 5%, sem er heldur minni hagvöxtur en á árinu 1996 þegar hann nam 5½%, en er engu að síður einn mesti hagvöxtur sem mældist meðal aðildarríkja OECD.

Þjóðhagsyfirlit.

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1997	1998	1996	1997	1998
Einkaneysla	320.314	346.956	6,4	6,0	5,5
Samneysla	106.540	116.175	1,0	1,5	3,0
Fjárfesting	97.694	113.101	26,5	9,9	11,6
Birgðabreytingar	-840	0	-0,7	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld	523.708	576.232	7,5	5,8	6,1
Útflutningur vöru og þjónustu	190.223	198.373	9,6	5,6	3,1
Innflutningur vöru og þjónustu	186.732	202.647	16,6	8,0	7,2
Landsframleiðsla	**527.199**	**571.958**	**5,5**	**5,0**	**4,6**
Viðskiptajöfnuður	-8.125	-16.853	-1,8	-1,5	-2,9

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Reiknað er með að heldur dragi úr vexti á árinu 1998 og að hagvöxtur nemi 4½%. Á árunum 1996 og 1997 var hagvöxtur aðallega til kominn vegna aukinna þjóðarútgjalda. Á næstu árum má búast við að fjárfesting nái hámarki og að heldur dragi úr neysluaukningu. Á móti kemur aukinn útflutningur vegna meiri framleiðslu stóriðju og annars iðnaðar.

Breytingar frá fjárlögum. Talsverðar breytingar urðu í efnahagslífinu á árinu 1997 frá því fjárlög voru samþykkt í lok árs 1996. Þá var gert ráð fyrir 2½% hagvexti, en nú er gert ráð fyrir að hann hafi verið tvöfalt hærri, eða 5%. Aukninguna má meðal annars rekja til meiri fjárfestingar en búist var við, aðallega vegna stóriðjuframkvæmda. Þannig var gert ráð fyrir 5½% vexti í fjárfestingu í fjárlögum, en nú er gert ráð fyrir að fjárfesting hafi vaxið um nær 10% á árinu 1997. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að einkaneysla ykist um 3½% á árinu 1997, en nú er talið að einkaneysla hafi vaxið um 6%. Þessi aukning einkaneyslu endurspeglast einnig í meiri innflutningi en búist var við, en við samþykkt fjárlaga var búist við 5½% aukningu innflutnings, en þess í stað nam aukningin 8% á árinu.

Breytingar helstu þjóðhagsstærða.

	Fjárlög 1997 %	Útkoma 1997 %	Frávik
Einkaneysla	3,5	6,0	2,5
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,5	5,9	2,4
Almennur vöruinnflutningur án olíu	4,4	4,8	0,4
Útflutningur vöru og þjónustu	2,8	5,6	2,8
Landsframleiðsla	**2,5**	**5,0**	**2,5**
Þjóðartekjur	2,5	5,9	3,4
Ráðstöfunartekjur á mann	3,5	7,9	4,4
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,5	6,0	4,5
Vísitala neysluverðs	2,0	1,8	-0,2
Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla	4,0	3,9	-0,1

Þessa þróun má að stórum hluta rekja til mun meiri aukningar kaupmáttar ráðstöfunartekna á árinu 1997 en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þannig var gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna ykist um 1,5% á árinu 1997, en talið er að aukningin hafi numið 6%. Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi voru kauphækkanir, samkvæmt þeim kjarasamningum sem gerðir voru á árinu, meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þá var tekjuskattshlutfallið lækkað vorið 1997 og frekari lækkanir á árunum 1998 og 1999 voru ákveðnar. Að lokum var verðbólga heldur minni en gert var ráð fyrir.

Samneysla. Gert er ráð fyrir að samneysluútgjöld ríkis og sveitarfélaga hafi aukist um 1½% á árinu 1997 og vaxi um 3% á árinu 1998. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa nýgerðra kjarasamninga við opinbera starfsmenn sem í stórum dráttum eru í samræmi við samninga á almenna markaðnum, en launakostnaður er stærsti hluti samneyslu hins opinbera.

Fjárfesting. Á árunum 1991–1995 dróst fjárfesting saman um nálægt fjórðung á sama tíma og landsframleiðsla jókst um 2%. Á árinu 1996 snerist þessi þróun við þegar fjárfesting jókst um ríflega 25% og hélt sú þróun áfram á árinu 1997, en gert er ráð fyrir að fjárfesting hafi vaxið um 10% á því ári. Á árinu 1998 er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti í fjárfestingu

eða um 11½%. Á þessum þremur árum hefur fjárfesting því aukist stórum skrefum og verður meiri en hún var við upphaf samdráttartímabilsins árið 1991. Sem hlutfall af landsframleiðslu nemur fjárfesting nú nálægt 20%, en það er nálægt meðaltali fyrir ríki OECD.

Þennan vöxt í fjárfestingu má að miklu leyti rekja til mikilla stóriðjuframkvæmda að undanförnu, stækkunar álvers í Straumsvík, byggingu álvers á Grundartanga og virkjunarframkvæmda. Þá hafa fyrirtæki almennt fjárfest meira á allra síðustu árum sem ekki síst má rekja til bættrar fjárhagsstöðu þeirra og lægri vaxta.

Einkaneysla. Á árunum 1996 og 1997 jókst einkaneysla um nálægt 11% að raungildi og virðist ekki vera lát á. Á árinu 1997, jukust ráðstöfunartekjur um 8% í kjölfar nýrra kjarasamninga og lækkunar tekjuskatts. Búist er við að einkaneysla hafi aukist um 6% á árinu 1997 og haldi áfram að vaxa á árinu 1998, eða um 5½% og hefur þá aukist um 24% á fjórum árum á meðan landsframleiðsla hefur aukist um 17%.

Þjóðarútgjöld á mann



Velta neysluvörugreina jókst um 6½% að raungildi á árinu 1997. Velta í veitingarekstri jókst um 11½%, á meðan velta í persónulegri þjónustu jókst um 9%. Velta í smásöluverslun jókst minna, eða um 3½%. Einnig jókst innflutningur fólksbifreiða verulega á árinu 1997, eða um 30%.

Launaþróun. Á vordögum 1997 voru undirritaðir samningar við þorra launafólks. Gildistími þessara samninga er lengri en hingað til hefur þekkst, en flestir þeirra eru í gildi fram á árið 2000. Við undirritun samninga hækkuðu laun almennt um 4,7%, 4% hækkun varð í byrjun árs 1998 og 3,5% í ársbyrjun 1999. Þeir samningar sem gilda langt inn á árið 2000 fela einnig í sér 3% hækkun í byrjun þess árs. Þrátt fyrir að þessar launahækkanir séu töluvert háar á alþjóðamælikvarða vegur aukinn stöðugleiki á móti og minni óvissa vegna langs samningstíma.

Gerð samninga við opinbera starfsmenn lauk einnig á árinu. Samningarnir kveða flestir á um nýtt launakerfi þar sem vægi sjálfvirkra hækkana, eins og vegna aldurs, er minnkað. Á móti er svigrúm aukið fyrir forstöðumenn ríkisstofnana til að umbuna starfsmönnum eftir frammistöðu í starfi, ábyrgð og/eða breyttu vinnufyrirkomulagi.

Almennar launahækkanir vegna nýgerðra kjarasamninga voru metnar á 6% á árinu 1997. Þannig hækkaði launavísitalan um 5½% frá fyrra ári. Kaupmáttur launa jókst því um 3½% á þessu ári, en meðal annars vegna lækkunar tekjuskatts snemma árs jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna enn meira, eða um 6%. Búist er við áframhaldandi aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna á árinu 1998, eða um 5½%, bæði vegna hækkunar taxta, aukinnar atvinnu og lækkunar tekjuskatts.

Verðlagsþróun. Verðlag hefur haldist stöðugt þrátt fyrir launahækkanir og aukinn hagvöxt. Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,8% milli áranna 1996 og 1997, sem er minni hækkun en milli áranna 1995 og 1996 þegar vísitalan hækkaði um 2,3%. Þannig hafa áhrif kjarasamninga ekki komið fram í verðlagi, sem ef til vill má rekja til þess að innflutningsverð hefur haldist nánast óbreytt á árinu. Búist er við að verðlag hækki um 2,7% á milli áranna 1997 og 1998.

Verðbólga



Vinnumarkaður. Störfum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Á árinu 1997 fjölgaði störfum um 1,7% og búist er við 1,2% fjölgun starfa á næsta ári. Skráð atvinnuleysi hefur að sama skapi farið lækkandi undanfarin misseri. Á árinu 1996 fór atvinnuleysi niður í 4,3% og á árinu 1997 mældist atvinnuleysi 3,9%. Á árinu 1998 er búist við að atvinnuleysi minnki enn frekar og fari niður í 3,6%.

Atvinnuleysi



Framleiðsla og velta atvinnugreina. Þrátt fyrir aukinn þorskafla minnkaði aflaverðmæti á föstu verði um 2% á árinu 1997 þar sem samdráttur í afla annarra tegunda vegur þyngra. Á árinu 1998 er búist við að heildaraflaverðmæti verði 0,7% lægra en á árinu 1997 þrátt fyrir að búist sé við að aflaverðmæti botnfiskafla aukist um 5,9% á föstu verði, þar sem reiknað er með að aflaverðmæti annarra tegunda dragist saman um 9%, aðallega vegna minni loðnuveiða.

Framleiðsla áls jókst töluvert á árinu 1997 vegna stækkunar álversins í Straumsvík og er aukningin frá árinu 1996 nálægt 16%. Á árinu 1998 er aukningin metin á tæplega 49%.

Talið er að framleiðsla útflutningsgreina hafi aukist um 1½% á árinu 1997 en reiknað er með töluvert meiri aukningu á árinu 1998, eða tæplega 7½%. Heildarvelta atvinnugreina jókst um 6½% að raungildi á árinu 1997. Aukning mælist í flestum greinum, utan útflutningsverslunar, þar sem gætir samdráttar frá fyrra ári. Aukningin er mest í byggingastarfsemi og bifreiðaverslun.

Afkoma atvinnuveganna var góð á árinu 1997 eins og nokkur undanfarin ár. Þó má gera ráð fyrir að hagnaður þeirra fari minnkandi vegna mikilla launahækkana í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Þetta á sérstaklega við um greinar þar sem laun eru almennt lág, þar sem lægstu laun hækkuðu hlutfallslega meira en laun að meðaltali. Einnig hefur hækkun raungengis krónunnar haft áhrif, sérstaklega í útflutningsgreinum.

Útflutningur. Á árinu 1997 jókst útflutningur vöru og þjónustu um ríflega 5½%, samanborið við 9½% aukningu á árinu 1996. Vöruútflutningur jókst um tæplega 2%. Töluverður samdráttur varð í útflutningi landbúnaðarafurða á árinu eða ríflega 15%. Á móti vegur mikil aukning í útflutningi afurða stóriðju, eða nálægt 20%. Sérstaklega munar þar um stækkun álversins í Straumsvík. Útflutningur sjávarafurða stóð nánast í stað. Útflutningur ýmissa iðnaðarvara jókst til muna á árinu og má þar nefna útflutning á búnaði til fiskveiða og á lækningatækjum. Á árinu 1998 er búist við að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 3,1% sem er að mestu leyti vegna aukins útflutnings á áli.

Innflutningur. Á árinu 1997 jókst innflutningur vöru og þjónustu um 8% sem er töluvert minni vöxtur í innflutningi en mældist á árinu 1996 þegar hann nam 16½%. Vöruinnflutningur á árinu 1997 jókst um 4½%, ekki síst vegna aukins innflutnings til stóriðju. Fleiri ástæður liggja þó að baki.

Mest bar á innflutningi fólksbifreiða á árinu 1997, en verðmæti innflutnings þeirra jókst um 30% milli ára. Þá jókst innflutningur flutningatækja til atvinnurekstrar annarra en skipa og flugvéla um nálægt 35% á árinu 1997. Innflutningur fjárfestingarvara jókst um nálægt 20% á meðan innflutningur varanlegra neysluvara, eins og heimilistækja ýmiss konar, jókst um 10%.

Viðskiptajöfnuður. Talsverður halli er nú á viðskiptum við útlönd. Afgangur var á árunum 1993–1995, en á árinu 1996 snerist afgangurinn í halla. Á árinu 1997 nam hallinn 1½% af landsframleiðslu, sem er heldur minni halli en á árinu 1996 þegar hann nam 1,8% af landsframleiðslu. Halli á viðskiptajöfnuði er að stórum hluta til kominn vegna stóraukins innflutnings fjárfestingarvara til uppbyggingar stóriðju, sem búast má við að skili þjóðarbúinu hagnaði þegar fram í sækir. Þessi fjárfesting skýrir þó ekki allan hallann því innflutningur neysluvara hefur einnig aukist.

Viðskiptajöfnuður



Á árinu 1997 nam halli á viðskiptum við útlönd 8 milljörðum króna sem er heldur minni halli en á fyrra ári. Afgangur var á vöruskiptajöfnuði nam 250 milljónum króna sem er minni afgangur en á fyrra ári þegar hann nam 1200 milljónum króna. Afgangur var á jöfnuði þjónustuviðskipta sem nam ríflega 3 milljörðum króna samanborið við rúmlega 1 milljarðs króna afgang á árinu 1996. Þá eykur það viðskiptahallann að vaxtajöfnuður er sem fyrr afar óhagstæður, um 10–12 milljarða króna.

Fjármagnsmarkaður. Þróun í peninga- og lánamálum á árinu 1997 var í samræmi við aukin umsvif í efnahagslífinu. Óvissa ríkti í vaxtamálum sem olli vaxtahækkun á fyrri hluta árs þar til lokið var gerð kjarasamninga á vordögum, en þeir stuðluðu að lækkun verðbólguvæntinga. Kjarasamningarnir styrktu einnig trú á stöðugleika gengis íslensku krónunnar sem stuðlaði að innstreymi á gjaldeyrismarkaðnum sem stóð fram á mitt ár. Þá snerist þróunin við og útstreymi fór að gera vart við sig og vextir tóku að hækka.

Vextir innan lands hafa haldist háir að undanförnu samanborið við önnur lönd og hefur það ýtt undir lántökur fyrirtækja erlendis. Vaxtamunurinn minnkaði þó jafnt og þétt á árinu, sem skýrðist af hækkun vaxta erlendis, eða þar til innlendir vextir hækkuðu í nóvember. Þannig minnkaði vaxtamunur á ríkisbréfum og samsvarandi erlendum bréfum úr 4½% í byrjun árs í tæplega 3% í lok júlí en fór í 3½% undir lok ársins. Þá fóru langtímavextir lækkandi á árinu þótt enn séu þeir hærri en samsvarandi vextir í nágrannaríkjunum.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins. Erlendar skuldir þjóðarbúsins voru í hámarki árið 1993 og námu þá tæplega 54½% af landsframleiðslu. Síðan hafa þær farið lækkandi og námu rúmlega 47½% í árslok 1996. Erlendar skuldir hafa lækkað enn frekar á árinu 1997 og námu tæplega 45% af landsframleiðslu og búist er við að þær fari niður í 44½% á árinu 1998.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins



Greiðslubyrði afborgana af erlendum lánum hefur einnig lækkað á undanförnum árum, úr rúmlega 34% af útflutningstekjum árið 1994 í tæplega 20% á árinu 1997 og búist er við að hún fari í 18% af útflutningstekjum á árinu 1998.

Afkoma hins opinbera. Á árinu 1997 er talið að halli á rekstri hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) hafi lækkað úr 1,6% af landsframleiðslu í 0,1%, reiknað á rekstrargrunni og er því sem næst í jafnvægi, sem er besta afkoma síðan árið 1984. Á árinu 1998 er búist við að hið opinbera verði rekið með dálitlum afgangi, eða sem nemur 0,1% af landsframleiðslu.

Gert er ráð fyrir að halli á rekstri sveitarfélaga hafi numið um 1 milljarði króna á árinu 1997. Afkoma sveitarfélaga hefur verið mun betri síðustu ár en árin á undan, en halli á rekstri þeirra nam nær 7 milljörðum króna á árinu 1994. Með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga eykst hlutur þeirra í rekstri hins opinbera og nemur nú um fjórðungi.

Árangur af auknu aðhaldi og minni hallarekstri hins opinbera sést best á þróun skulda hins opinbera, en þær námu rúmlega 52% af landsframleiðslu á árinu 1997 sem er lækkun frá árinu 1995 þegar skuldir hins opinbera, þ.e. bæði ríkis og sveitarfélaga, náðu hámarki og námu rúmlega 59% af landsframleiðslu. Búist er við að skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu fari niður í rúmlega 48% á árinu 1998.

Skuldir hins opinbera



3 Tekjur ríkissjóðs.

Í þessum kafla er fyrst gerð grein fyrir þróun tekna ríkissjóðs árið 1997. Síðan er sérstaklega fjallað um lækkun tekjuskatts einstaklinga sem lögfest var á Alþingi síðastliðið vor og breytingar á skattlagningu fjármagnstekna sem ákveðnar voru á árinu.

3.1 Útkoman 1997.

Samkvæmt niðurstöðutölum fyrir árið 1997 voru innheimtar tekjur ríkissjóðs tæplega 132 milljarðar króna samanborið við 127,7 milljarða króna árið 1996. Það ber að hafa það í huga að með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga lækkuðu skatttekjur ríkissjóðs um 6 milljarða króna. Að teknu tilliti til þess hækkuðu tekjur ríkissjóðs um 10 milljarða króna milli ára eða sem nemur 8%. Í fjárlögum ársins 1997 var gert ráð fyrir að tekjurnar yrðu 126,2 milljarðar króna þannig að aukningin frá fjárlögum er tæplega 5,8 milljarðar króna.

Skipting ríkissjóðstekna.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1996–97 m.kr.
Tekjuskattar	**25.564**	**21.325**	**22.900**	**1.575**	**-2.664**
Einstaklingar	21.371	16.775	18.148	1.373	-3.223
Fyrirtæki	4.193	4.550	4.752	202	559
Tryggingagjöld	**13.569**	**14.185**	**14.786**	**601**	**1.217**
Eignarskattar	**3.799**	**3.755**	**4.143**	**388**	**344**
Skattar á vörur og þjónustu	**76.583**	**78.634**	**81.064**	**2.430**	**4.481**
Virðisaukaskattur	45.692	48.550	49.720	1.170	4.028
Innflutnings- og vörugjöld	10.505	9.474	10.402	928	-103
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	7.266	7.100	6.944	-156	-322
Bifreiðagjöld	9.224	9.415	9.875	460	651
Aðrir skattar	3.896	4.095	4.123	28	227
Aðrar tekjur	**8.220**	**8.325**	**9.097**	**772**	**877**
Vaxtatekjur	5.122	5.175	4.838	-377	-284
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	3.098	3.150	4.259	1.109	1.161
Heildartekjur ríkissjóðs	**127.735**	**126.224**	**131.990**	**5.766**	**4.255**
Þar af skatttekjur	**119.515**	**117.899**	**122.893**	**4.994**	**3.378**

Meginskýringin á auknum tekjum á árinu 1997 felst í meiri umsvifum í efnahagslífinu en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Aukinn kaupmáttur heimilanna í kjölfar kjarasamninga og lækkunar á tekjusköttum einstaklinga leiddi til aukinnar eftirspurnar, meðal annars eftir bifreiðum og ýmsum varanlegum neysluvörum. Á tekjuhlið fjárlaga komu þessi áhrif því fram í auknum tekju-, launa- og veltusköttum.

Hér á eftir verður nánar fjallað um einstaka tekjuliði, helstu frávik frá áætlun fjárlaga og samanburð við árið 1996.

Tekjuskattur einstaklinga. Á árinu 1997 skilaði tekjuskattur einstaklinga rúmlega 18 milljörðum króna til ríkissjóðs, eða um 1,4 milljörðum krónum meira en reiknað hafði verið með í áætlun fjárlaga. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1997 var gert ráð fyrir að atvinnutekjur myndu hækka um 3½% frá fyrra ári en upplýsingar úr staðgreiðslukerfinu benda til að hækkunin á árinu 1997 hafi verið helmingi meiri sem skýrist fyrst og fremst af meiri launahækkunum en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Jafnframt voru greiðslur barna- og vaxtabóta lægri en reiknað var með sem einnig má rekja til meiri tekjubreytinga og áhrifa tekjutengingar þessara bóta. Á móti vegur að innheimta á eftirstöðvum fyrri ára er töluvert lægri en í fjárlagaáætluninni, aðallega vegna mikilla endurgreiðslna út af hlutabréfaafslætti. Lækkun tekjuskattshlutfallsins um 1,1 prósentustig þann 1. maí 1997 hafði hins vegar óveruleg áhrif þar sem þegar var gert ráð fyrir henni í forsendum fjárlaga. Samanborið við árið 1996 lækkaði innheimtur tekjuskattur einstaklinga um 3,2 milljarða króna og stafar sú lækkun af flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Í meðfylgjandi töflu er birt nánari skipting á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars fyrir árin 1996 og 1997.

Tekjuskattar.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Staðgreiðsla, brúttó	**51.078**	**54.000**	**56.671**	**2.671**
Útsvar sveitarfélaga	-21.379	-29.000	-29.650	-650
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.486	-1.600	-1.610	-10
Barnabætur, barnabótaauki	-4.866	-4.840	-4.649	191
Vaxtabætur	-3.486	-3.735	-3.644	91
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**19.861**	**14.825**	**17.118**	**2.293**
Fyrirframgreiðsla hátekjuskatts	332	375	418	43
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	1.178	1.575	612	-963
Tekjuskattur einstaklinga alls	**21.371**	**16.775**	**18.148**	**1.373**
Tekjuskattur fyrirtækja	**4.193**	**4.550**	**4.752**	**202**
Samtals	**25.564**	**21.325**	**22.900**	**1.575**

Tekjuskattur fyrirtækja. Batnandi afkoma þjóðarbúsins og betri afkoma fyrirtækja hafði í för með sér að álagður tekjuskattur fyrirtækja hækkaði umtalsvert milli áranna 1996 og 1997. Innheimtur tekjuskattur jókst um 560 m.kr. á árinu 1997 sem er rúmlega 200 m.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum.

Tryggingagjöld. Meiri tekjubreytingar en gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga leiddu til aukinnar innheimtu á tryggingagjöldum. Þau skiluðu um 14,3 milljörðum króna í ríkissjóð á árinu 1997 sem er um 600 m.kr. umfram áætlun fjárlaga og um 1,2 milljarða aukning frá fyrra ári. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var um 500 m.kr. sem er í samræmi við áætlun.

Eignarskattar. Í heild skiluðu eignarskattar ríkissjóði ríflega 4,1 milljarði króna árið 1997 sem er um 400 m.kr. aukning frá fyrra ári. Álagning eignarskatta á einstaklinga hækkaði lítillega á árinu 1997 sem skilaði sér í aukinni innheimtu. Í heild skiluðu eignarskattar einstaklinga um 2,1 milljarði króna á árinu 1997. Innheimtir eignarskattar fyrirtækja voru rúmlega 2 milljarðar króna árið 1997 sem er rúmlega 300 m.kr. aukning frá áætlun fjárlaga og innheimtu á árinu 1996. Hækkunin milli ára er um 18% og skýrist bæði af hærri álagningu en gert hafði verið ráð fyrir og betri innheimtuárangri sem endurspeglar batnandi afkomu fyrirtækja.

Eignarskattar.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Eignarskattur	1.469	1.475	1.487	12
Sérstakur eignarskattur	143	150	146	-4
Erfðafjárskattur	460	420	479	59
Einstaklingar alls	**2.072**	**2.045**	**2.112**	**67**
Eignarskattur	1.436	1.425	1.687	262
Sérstakur eignarskattur	291	285	344	59
Fyrirtæki alls	**1.727**	**1.710**	**2.031**	**321**
Samtals	**3.799**	**3.755**	**4.143**	**388**

Virðisaukaskattur. Innheimtur virðisaukaskattur, að frádregnum endurgreiðslum, nam um 49,7 milljörðum króna árið 1997. Aukningin frá árinu 1996 er rúmlega 4 milljarðar króna, eða tæp 9% sem er heldur meira en veltu- og verðlagsbreytingar á árinu. Það skýrist að hluta til af lægri endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna bygginga íbúðarhúsnæðis. Endurgreiðsluhlutfallið var lækkað úr 100% í 60% á árinu 1996 til að fjármagna tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar vörugjalda.

Tekjur af virðisaukaskatti.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Virðisaukaskattur af innflutningi	31.291	33.050	33.771	721
Virðisaukaskattur af innlendri starfsemi	16.815	17.350	17.728	378
Virðisaukaskattur alls	**48.106**	**50.400**	**51.499**	**1.099**
- Endurgreitt vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði	-1.141	-700	-640	60
- Endurgreitt til opinberra aðila	-1.273	-1.150	-1.139	11
Virðisaukaskattur - endurgreiðslur	**45.692**	**48.550**	**49.720**	**1.170**

Tekjur af virðisaukaskatti voru tæplega 1,2 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga 1997, aðallega vegna aukinna umsvifa í efnahagslífinu. Tveir þriðju hlutar af aukningunni eru vegna innflutnings en um þriðjungurinn vegna innlendrar starfsemi.

Innflutnings- og vörugjöld. Þrátt fyrir að vöruinnflutningur hafi aukist talsvert milli áranna 1996 og 1997 voru tekjur ríkissjóðs af innflutnings- og vörugjöldum svipaðar bæði árin. Það skýrist aðallega af samdrætti í tekjum af almennum vörugjöldum í kjölfar niður-

fellingar og lækkunar gjalda af nokkrum vöruflokkum. Tekjur af vörugjöldum voru hins vegar tæplega 1 milljarði króna umfram áætlun fjárlaga, fyrst og fremst vegna aukinna tekna af innflutningi bifreiða.

Tollar og innflutningsgjöld. Þessi tekjuliður skilaði ríkissjóði tæplega 1,9 milljörðum króna árið 1997 sem er svipuð upphæð og búist var við í áætlun fjárlaga.

Vörugjald af bifreiðum. Tekjur ríkissjóðs vegna vörugjalda af bifreiðum voru um 3,9 milljarðar króna. Það er rúmlega ½ milljarðs króna aukning frá árinu 1996 og tæplega 1 milljarði umfram áætlun fjárlaga. Fluttar voru inn rúmlega 13.000 bifreiðar árið 1997 sem er tæplega 25% aukning frá árinu 1996 og um 3.700 bifreiðum meira en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Leita þarf aftur til ársins 1988 til að finna dæmi um meiri innflutning bifreiða.

Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tollar, innflutningsgjöld	1.813	1.914	1.873	-41
Vörugjald af bifreiðum	3.326	2.900	3.883	983
Vörugjald af bensíni	1.934	1.915	1.945	30
Almenn vörugjöld	3.023	2.590	2.525	-65
Álgjald	409	155	176	21
Samtals	**10.505**	**9.474**	**10.402**	**928**

Vörugjald af bensíni. Vörugjald af bensíni nam um 1.950 m.kr. árið 1997 sem er svipuð upphæð og árið á undan og í samræmi við áætlun fjárlaga.

Almenn vörugjöld. Innheimta almennra vörugjalda af innflutningi og innlendri framleiðslu nam um 2½ milljarði króna árið 1997 sem er um ½ milljarði lægri upphæð en árið 1996. Þessi lækkun stafar af breytingum sem gerðar voru á vörugjaldskerfinu á árinu 1996 og í ársbyrjun 1997. Breytingarnar leiddu til fækkunar gjaldflokka og lækkunar eða niðurfellingar vörugjalda af ákveðnum vöruflokkum. Einnig var greiðslufrestur gjaldsins samræmdur milli innfluttra vara og innlendrar framleiðslu.

Innflutningur bifreiða



Álgjald. Tekjur ríkissjóðs af álgjaldi lækkuðu milli áranna 1996 og 1997 og skýrist það af minni hagnaði af rekstri Álversins í Straumsvík en árið á undan.

Tekjur af sölu áfengis og tóbaks. Sala á áfengi og tóbaki skilaði ríkissjóði tæplega 7 milljörðum króna. Það er um 150 m.kr. lægri upphæð en var áætluð í fjárlögum og um 300

m.kr. lægri en árið 1996. Lækkunin milli ára stafar af því að á árinu 1996 skilaði ÁTVR um 430 m.kr. vegna hagnaðar ársins 1995. Sé leiðrétt fyrir þessu jukust tekjur af sölu áfengis og tóbaks um rúmlega 100 m.kr. á árinu 1997.

Tekjur af sölu áfengis og tóbaks.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Skil ÁTVR á hagnaði	2.673	2.305	2.427	122
Vörugjald af áfengi	4.593	4.795	4.517	-278
Samtals	**7.266**	**7.100**	**6.944**	**-156**

Skil á hagnaði ÁTVR jukust um 122 m.kr. umfram áætlun fjárlaga og um 180 m.kr. frá fyrra ári. Þetta stafar af auknum tekjum af tóbaksgjaldi í kjölfar 19% hækkunar á gjaldinu síðastliðið haust. Vörugjald af áfengi nam um 4½ milljarði króna sem er um 280 m.kr. lækkun frá áætlun fjárlaga og um 80 m.kr. lækkun frá fyrra ári. Lækkunina má m.a. rekja til minni magn- og verðaukningar en reiknað hafði verið með og jafnframt hafði aukinn innflutningur á bjór á kostnað sterkra drykkja, í för með sér lækkun á innheimtu áfengisgjaldi.

Bifreiðagjöld. Í heild skilaði þessi skattstofn tæplega 10 milljörðum króna á árinu 1997. Það er tæplega ½ milljarðs króna aukning frá áætlun fjárlaga og 650 m.kr. umfram tekjur ársins 1996. Mestu munar um auknar tekjur af þungaskatti.

Tekjur af bifreiðagjöldum.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.674	4.780	4.751	-29
Þungaskattur, km-gjald	1.879	1.900	2.126	226
Þungaskattur, árgjald	793	815	959	144
Markaðar tekjur til vegagerðar	**7.346**	**7.495**	**7.836**	**341**
Bifreiðagjald	1.878	1.920	2.039	119
Samtals	**9.224**	**9.415**	**9.875**	**460**

Innheimta á sérstöku vörugjaldi á bensíni varð nokkurn veginn í samræmi við áætlun fjárlaga. Aftur á móti jukust tekjur af þungaskatti um 370 m.kr. umfram áætlun. Þar kemur bæði til bætt innheimta og aukin umsvif í efnahagslífinu. Tekjur af bifreiðagjaldi jukust um 120 m.kr. umfram áætlun fjárlaga, aðallega vegna stækkandi bílaflota landsmanna.

Aðrir skattar. Þessir tekjustofnar námu samtals rúmlega 4,1 milljarði króna árið 1997, sem er svipað og búist var við og rúmlega 200 m.kr. umfram innheimtuna árið 1996. Tekjur af þinglýsingum og stimpilgjöldum jukust hins vegar um 157 m.kr. umfram áætlun fjárlaga og um 300 m.kr. frá fyrra ári sem endurspeglar auknar lántökur. Aukatekjur ríkissjóðs voru heldur meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum en ríkisábyrgðagjaldið var undir áætlun sem gæti verið merki um batnandi þjóðarhag. Innheimta á skemmtanaskatti var langt undir áætlun vegna erfiðleika við innheimtu.

Aðrir skattar.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.453	2.595	2.752	157
Aukatekjur	873	860	889	29
Ríkisábyrgðargjald	182	220	168	-52
Aðrir skattar	388	420	313	-107
Samtals	**3.896**	**4.095**	**4.122**	**27**

Aðrar tekjur. Þessi tekjuliður nær til þeirra tekna ríkissjóðs sem ekki teljast skatttekjur. Á árinu 1997 námu þessar tekjur um 9,1 milljarði króna sem er um 800 m.kr. umfram áætlun og innheimtu fyrra árs. Mest munar um meiri arðgreiðslur en gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

Aðrar tekjur.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Vaxtatekjur	5.122	5.175	4.838	-337
Arðgreiðslur	2.505	2.425	3.159	734
Sala eigna	246	350	619	269
Aðrar tekjur	347	375	481	106
Samtals	**8.220**	**8.325**	**9.097**	**772**

Vaxtatekjur voru rúmlega 4,8 milljarðar króna árið 1997 sem er um 300 m.kr. undir áætlun og stafar frávikið af meiri uppgreiðslum á endurlánum ríkissjóðs er gert var ráð fyrir. Arðgreiðslur jukust um rúmlega 700 m.kr. sem skýrist af 800 m.kr. arðgreiðslu frá Íslenskum aðalverktökum í tengslum við breytingu á rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélag. Arðgreiðslur annarra aðila voru heldur undir áætlun fjárlaga. Sala eigna skilaði rúmlega 600 m.kr. sem er mun meira en gert var ráð fyrir. Meginskýringin er sala á íslenska sendiherrabústaðnum í París.

3.2 Breytingar á skattkerfinu 1997.

Tekjuskattar og barnabætur. Um vorið 1997 samþykkti Alþingi lög um breytingar á tekjuskatti og barnabótum. Með breytingunum var stigið mikilvægt skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og barnabóta sem hafa sætt vaxandi gagnrýni á undanförnum árum. Hér á eftir er gerð grein fyrir meginþáttum þessara laga.

Lækkun tekjuskatts. Tekjuskattur lækkar um 4% fram til ársins 1999. Lækkunin er í þremur áföngum:

a) Frá 1. janúar 1997 lækkaði tekjuskattur um 1,1% og kom sú lækkun til framkvæmda í staðgreiðslu frá og með 1. maí 1997. Skattalækkun fyrir mánuðina janúar til apríl kemur til endurgreiðslu við álagningu árið 1998.
b) 1. janúar 1998 lækkaði tekjuskattshlutfallið um 1,9% til viðbótar.
c) 1. janúar 1999 lækkar tekjuskattshlutfallið um 1% til viðbótar. Miðað við óbreytt útsvarshlutfall frá því sem nú er verður samanlagt skatthlutfall útsvars og tekjuskatts þá komið í 38%, en það var 42% er lögin voru sett.

Hækkun skattleysismarka. Skattleysismörk voru óbreytt á árinu 1997. Síðan hækkuðu skattleysismörk um 2,5% árið 1998 og hækka um 2,5% árið 1999 og enn um 2,5% árið 2000. Þessi hækkun er í samræmi við þær forsendur sem aðilar vinnumarkaðarins gáfu sér um verðlagsþróun í kjölfar kjarasamninganna.

Hækkun annarra fjárhæðamarka. Gert er ráð fyrir að aðrar viðmiðanir í tekjuskattskerfinu taki sömu hlutfallslegu hækkunum og skattleysismörk næstu þrjú ár. Þetta tekur meðal annars til barnabóta, vaxtabóta o.fl.

Sérstakur tekjuskattur hækkar. Sérstakur tekjuskattur hækkaði úr 5% í 7% frá 1. janúar 1998. Jafnframt hækkaði tekjuviðmiðunin úr 234.000 í 260.000 krónur hjá einstaklingi og úr 468.000 í 520.000 krónur hjá hjónum. Þessi hækkun jafngildir því að hæsta skattþrep lækkar úr 47% í 45%.

Barnabætur. Almennu barnabæturnar og tekjutengdi barnabótaaukinn voru sameinuð í eitt, tekjutengt barnabótakerfi. Markmiðið með þessu var að skapa svigrúm til þess að lækka tekjuskerðingarhlutföll barnabótaaukans, úr 15% í 11% með þremur börnum eða fleiri, 11% í 9% með tveimur börnum og úr 6% í 5% með einu barni.

Áhrif breytinganna. Heildaráhrif þessara tillagna eru metin til 5,2 milljarða króna lækkunar á tekjum ríkissjóðs þegar skattalækkunin er að fullu komin til framkvæmda. Á móti þessu vega nokkur atriði svo sem sú ákvörðun Alþingis við afgreiðslu síðustu fjárlaga að halda bótafjárhæðum óbreyttum árið 1997. Einnig skilar niðurfelling hlutafjárafsláttar nokkrum tekjuauka. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af fjármagnsskatti gangi til að mæta þessum skattalækkunum. Loks hefur verið rætt við fulltrúa sveitarfélaga um að taka þátt í kostnaði vegna þessara aðgerða, en engar ákvarðanir liggja enn fyrir. Lækkun tekjuskatts um 4% jafngildir um 2% hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna. Skattalækkunin er hlutfallslega mest hjá fólki með lágar tekjur, en minni eftir því sem tekjurnar eru hærri. Ráðstöfunartekjurnar aukast hins vegar hlutfallslega meira hjá fólki með meðaltekjur, enda greiðir lágtekjufólk tiltölulega litla skatta, bæði í krónum talið og í hlutfalli við tekjur.

Heildaráhrif tekjuskattslækkunar og breyttra barnabóta. Breytingin á barnabótakerfinu felur í sér tilflutning bóta frá fólki með tekjur umfram meðaltal til fólks með tekjur um eða undir meðallagi. Samanlögð áhrif þessara breytinga eru almennt þau að ráðstöfunartekjur fólks með tekjur um eða fyrir neðan meðallag hækka hlutfallslega meira en hjá öðrum tekjuhópum.

Fjármagnstekjuskattur. Á árinu 1996 samþykkti Alþingi lög um samræmda skattlagningu fjármagnstekna á árinu 1997. Í lögunum felst tvennt. Annars vegar er tekinn upp skattur á vaxtatekjur, en þær hafa verið skattfrjálsar. Hins vegar er skattlagning fjármagnstekna samræmd, þ.e. arður, söluhagnaður og leigutekjur verða skattlagðar með sama hætti og vextir.

Meginefni laganna. Í stórum dráttum eru meginatriði laganna um fjármagnstekjuskatt eftirfarandi:

- 10% skattur er lagður á allar fjármagnstekjur einstaklinga, þ.e. vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað, tekjur af hlutdeildarskírteinum, arð, leigutekjur og söluhagnað.
- Skatturinn er innheimtur í staðgreiðslu af greiðanda fjármagnstekna og er skilað í ríkissjóð einu sinni á ári, í fyrsta sinn hinn 15. janúar 1998.
- Persónuafsláttur einstaklinga nýtist til greiðslu fjármagnstekjuskatts, en að öðru leyti er hann án frítekjumarks.
- Skatturinn er reiknaður af öllum fjármagnstekjum án frádráttar vaxtagjalda eða annars kostnaðar.

- Hámarksfjárhæð sú sem fyrirtækjum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum vegna greiðslu á arði er lækkuð úr 10% af nafnverði hlutafjár í 7%. Á móti kemur að ónýtt frádráttarheimild verður yfirfæranleg milli ára.

Á árinu 1997 var eingöngu greiddur fjármagnstekjuskattur vegna söluhagnaðar hlutabréfa, samtals 62 m.kr., en sérákvæði þess efnis komu fyrr til framkvæmda.

4 Gjöld ríkissjóðs.

Heildaryfirlit 1997. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1997 námu alls 130,8 milljörðum króna. Að frádregnum 3,6 milljarða króna vaxtagjöldum vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina námu gjöldin 127,1 milljarði króna, en sambærileg fjárhæð árið áður nam 123,3 milljörðum króna. Eru þá dregnir frá vextir vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina og auk þess er leiðrétt fyrir tilflutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Gjöldin, þannig reiknuð, eru 24,4% af landsframleiðslu og lækkar það hlutfall um 1,1% frá árinu 1996. Samanborið við fjárlög ársins fóru gjöldin 4,7 milljarða króna fram úr áætlun.

Útgjöld ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Fjár-heimildir m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting '96 - '97 %
Rekstrargjöld	52.256	48.130	49.384	49.439	1.309	-5,4
Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur o.fl.	49.678	50.967	52.451	51.398	431	3,5
Vextir	23.832	13.550	16.570	15.978	2.428	-33,0
Viðhald	3.936	3.902	3.926	4.126	224	4,8
Stofnkostnaður	10.028	9.551	11.299	9.812	261	-2,2
Samtals	**139.730**	**126.100**	**133.630**	**130.753**	**4.653**	**-6,4**
Vextir vegna sérstakrar innlausnar	10.013	-	3.520	3.613	-	-
Grunnskólar	**6.458**	**19**	**19**	**78**	**59**	**-98,8**

Í töflunni koma fram heildargjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1997, samanburður við útgjöld 1996, fjárlög 1997 og fjárheimildir 1997. Hafa ber í huga, að allar fjárlagatölur eru birtar með þeim millifærslum fjárheimilda milli tegunda og viðfangsefna sem gerðar eru innan ársins. Fjárheimildir ársins samanstanda af fjárlögum og fjáraukalögum og eru þar meðtaldar heimildir og umframgjöld vegna fyrra árs. Frekari sundurliðun fjárheimilda er að finna í hefti Ríkisbókhalds um greiðsluuppgjör ríkissjóðs 1997 sem gefið er út samhliða þessari skýrslu.

Í þessum kafla er fjallað um ríkisútgjöldin, samkvæmt svokallaðri hagrænni flokkun ríkisútgjalda, innan hvers ráðuneytis fyrir sig. Með því er átt við skiptingu í almenn rekstrarútgjöld stofnana ríkisins, tryggingagreiðslur og aðrar framlagsgreiðslur, vaxtagreiðslur, viðhald og stofnkostnað.

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 126,1 milljarður króna, en að teknu tilliti til sérstakrar innlausnar spariskírteina 1996 og tilflutnings grunnskólans var hækkun um 2,8 milljarða króna frá útkomu ársins 1996. Þar af var hækkun rekstrargjalda áætluð 1,4 milljarðar og tilfærslna 2,2 milljarðar, en á móti var gert ráð fyrir lækkun vaxtagjalda um 0,3 milljarða og stofnkostnaðar um 0,5 milljarða króna.

Eins og áður sagði urðu heildarútgjöld 4,7 milljarðar króna umfram fjárlög. Rekstrarútgjöldin fóru 1,3 milljarða umfram fjárlög, þar af um 450 m.kr. vegna aukinna framlaga til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla þeirra og um 230 m.kr. vegna rekstrarhalla framhaldsskóla.

Helstu frávik gjalda frá fjárlögum 1997.

	Í m.kr.
Vaxtagjöld vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina	3.600
Lækkun annarra vaxtagjalda (fyrir utan innlausn spariskírteina)	-1.150
Umframgjöld sjúkratrygginga	520
Rekstrargjöld sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	420
Stofnkostnaður sendiráða	310
Rekstrargjöld framhaldsskóla	230
Lífeyristryggingar og bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	220
Hækkun framlaga til Vegagerðar	150
Ýmis umframgjöld	353
Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**4.653**

Rekstrartilfærslur urðu rúmum 0,4 milljörðum króna umfram fjárlög. Munar þar langmest um viðbótargreiðslur til sjúkratrygginga, eða 520 m.kr. Er það frávik skýrt nánar í umfjöllun um heilbrigðisráðuneytið hér á eftir. Umframgreiðslur að öðru leyti eru mestar vegna lífeyristrygginga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, eða 220 m.kr. Á móti vegur að greiðslur nokkurra tilfærsluliða voru innan marka fjárlaga. Þar má nefna útgjöld vegna sauðfjárframleiðslu, 120 m.kr. og til Ábyrgðasjóðs launa, 120 m.kr.

Vaxtagreiðslur urðu 2,4 milljörðum króna umfram fjárlög. Eins og komið hefur fram urðu vaxtagjöld vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina 3,6 milljarðar króna. Önnur vaxtagjöld voru þannig um 1,1 milljarði innan marka og koma fram bæði á innlendum og erlendum lánum. Viðhald og stofnkostnaður nam samtals 13,9 milljörðum króna og er það 0,5 milljörðum umfram fjárlög, en 1,5 milljörðum innan fjárheimilda. Frávik frá fjárlögum skýrast einkum af kaupum og endurbótum á húsnæði sendiráða, auk þess sem framlög til Vegagerðarinnar hækkuðu um 150 m.kr. Framlög til Jarðeigna ríkisins hækkuðu um 100 m.kr. vegna lögbundinna kaupa á húsnæði á ríkisjörðum.

Skipting útgjalda eftir ráðuneytum.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	1.509	1.432	1.464	33	-45
Forsætisráðuneyti	788	604	648	44	-139
Menntamálaráðuneyti	19.702	15.181	15.481	300	-4.221
Utanríkisráðuneyti	1.992	2.097	2.497	400	505
Landbúnaðarráðuneyti	7.304	7.019	7.099	81	-204
Sjávarútvegsráðuneyti	1.267	1.245	1.187	-59	-80
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6.344	6.548	6.638	90	294
Félagsmálaráðuneyti	9.338	9.362	9.343	-19	5
Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti	51.738	52.851	54.533	1.682	2.795
Fjármálaráðuneyti	4.578	4.849	4.157	-693	-422
Samgönguráðuneyti	8.806	8.745	8.884	139	78
Iðnaðarráðuneyti	1.174	1.165	1.259	94	85
Viðskiptaráðuneyti	207	264	322	58	115
Hagstofan	162	155	167	12	5
Umhverfisráðuneyti	991	1.032	1.097	65	107
Vextir	23.832	13.550	15.978	2.428	-7.854
Samtals	**139.730**	**126.100**	**130.754**	**4.654**	**-8.976**
þ.a. vextir, innköllun spariskírteina	10.013	-	3.613	3.613	-6.400

Í tengslum við gerð frumvarps til fjáraukalaga í september s.l. var útkoman endurmetin og þá talið að útgjöldin gætu orðið um 132,2 milljarðar króna, eða 6,1 milljarði hærri en fjárlög. Endanleg útkoma varð 1,4 milljörðum lægri og kemur frávikið að mestu fram í vaxtagjöldum, sem reyndust 1,1 milljarði lægri en þá var áætlað. Í fjáraukalögum voru samþykktar gjaldaheimildir að fjárhæð 7,5 milljarðar króna. Þar af voru 3 milljarðar til að mæta auknum vaxtagjöldum. Þá var rúmur 1 milljarður króna vegna yfirfærslu heimilda og gjalda frá árinu 1996. Afgangurinn, 3,5 milljarðar, voru nýjar heimildir á árinu. Í árslok 1997 námu ónýttar heimildir 4,2 milljörðum króna, en á móti standa umframgjöld að fjárhæð 1,3 milljarðar. Í síðara frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1997 verður gerð grein fyrir áætluðum flutningi heimilda og gjalda til ársins 1998.

Hér á eftir er fjallað nánar um útgjöld einstakra ráðuneyta árið 1997 í samanburði við fjárlög og útgjöld ársins 1996.

Æðsta stjórn ríkisins. Rekstrargjöldin reyndust 1.191 m.kr. eða 45 m.kr. umfram fjárlög. Greiðslur til Alþingis urðu 15 m.kr. umfram fjárlög og opinberar heimsóknir 13 m.kr., en aðrar umframgreiðslur eru lægri. Hækkun frá fyrra ári er 96 m.kr., þar af 50 m.kr. hjá Alþingi og 10 m.kr. hjá Umboðsmanni Alþingis.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Embætti forseta Íslands	62,5	60,1	61,5	1,4	-1,0
Alþingi	705,9	740,3	755,7	15,4	49,8
Ríkisendurskoðun og Umb. Alþingis	192,7	206,3	211,3	5,0	18,6
Ríkisstjórn	64,6	73,8	73,8	0,0	9,2
Annar rekstur	69,5	66,1	88,9	22,8	19,4
Rekstrargjöld samtals	**1.095,2**	**1.146,6**	**1.191,2**	**44,6**	**96,0**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	152,1	143,8	146,3	2,5	-5,8
Stofnkostnaður og viðhald	261,8	141,1	126,5	-14,6	-135,3
Heildarútgjöld	**1.509,1**	**1.431,5**	**1.464,0**	**32,5**	**-45,1**

Tilfærslur urðu því sem næst þær sömu og ætlað var í fjárlögum, en stærsta einstaka tilfærslan er vegna Lýðveldissjóðs, sem ráðstafaði 100 m.kr. á árinu.

Stofnkostnaður og viðhald nam 15 m.kr. lægri upphæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum og er skýringa að leita í 29 m.kr. afgangi á framkvæmdum við Bessastaði. Á móti vega umframgjöld vegna viðhaldsframkvæmda Alþingis. Þau reyndust 17 m.kr. umfram áætlun fjárlaga, en lækka milli ára um 70 m.kr. þar sem lokið er endurbyggingu Kirkjustrætis 8b og 10. Heildarlækkun milli ára nemur 135 m.kr. og að öðru leyti skýrist hún af kaupum og breytingum á skrifstofuhúsnæði fyrir embætti forseta Íslands árið 1996. Framkvæmdir á vegum Bessastaðanefndar lækka um 10 m.kr. milli ára.

Forsætisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 228 m.kr., eða 15 m.kr. innan marka fjárlaga. Skýrist frávikið alfarið af breytingum á embætti húsameistara ríkisins, en þetta síðasta starfsár embættisins voru útgjöld aðallega biðlaun. Átak var gert í innheimtu útistandandi reikninga og var greiðslustaðan jákvæð um 22 m.kr. um áramótin. Lokauppgjöri stofnunarinnar er ólokið, m.a. að gera upp skuld á viðskiptareikningi við ríkissjóð. Rekstrargjöld annarra stofnana eru að mestu í samræmi við fjárlög, nema hvað umframgreiðslur Þjóðgarðsins á Þingvöllum námu 10 m.kr. Lækkun frá fyrra ári skýrist einnig af greiðslum til embættis

húsameistara, eða 45 m.kr., en umfang annarra verkefna eykst milli ára. Þar má nefna að rekstur fasteigna ráðuneytisins, sem er nýr fjárlagaliður, er 12 m.kr. og útgjöld aðalskrifstofu aukast um 10 m.kr.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	110,0	104,1	113,2	9,1	3,2
Annar rekstur	129,6	137,9	114,3	-23,6	-15,3
Rekstrargjöld samtals	**239,6**	**242,0**	**227,5**	**-14,5**	**-12,1**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	101,8	137,6	133,5	-4,1	31,7
Stofnkostnaður og viðhald	446,1	224,8	287,3	62,5	-158,8
Heildarútgjöld	**787,5**	**604,4**	**648,3**	**43,9**	**-139,2**

Rekstrartilfærslur voru 4 m.kr. innan ramma fjárlaga. Styrkveitingar sem millifærðar voru af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar til forsætisráðuneytisins voru ekki að fullu greiddar út á árinu. Hækkun milli ára, 32 m.kr., skýrist af hærri styrkveitingum, m.a. vegna Heimssýningarinnar í Lissabon.

Greiðslur til viðhalds og stofnkostnaðar urðu 63 m.kr. umfram fjárlög og skýrast alfarið af endurbótum á Stjórnarráðshúsinu sem nú er lokið. Útgjöld til stofnkostnaðar lækka um 159 m.kr. milli ára, þrátt fyrir þessar umframgreiðslur. Skýringin liggur í lægri greiðslum til Byggðastofnunar, en árið 1996 voru eftirstöðvar svonefndrar Vestfjarðaaðstoðar greiddar út, auk þess sem stofnunin fékk viðbótarfé til stuðnings við atvinnuuppbyggingu á svæðum þar sem samdráttur í sauðfjárframleiðslu er hvað mestur, í samræmi við viðauka með búvörusamningi.

Menntamálaráðuneyti. Rekstrargjöld ráðuneytisins námu 8.925 m.kr. og urðu 376 m.kr. umfram fjárlög, eða 4,4%. Rekstrargjöld háskólastofnana fóru 89 m.kr. umfram fjárlög og skýrist helmingurinn af rekstri Háskóla Íslands. Tækniskólinn fór 14 m.kr. umfram fjárlög og Rannsóknarstofnun uppeldismála 10 m.kr., eða 21%. Útgjöld framhaldsskóla eru 234 m.kr. umfram fjárlög sem er 5% frávik. Greiðslustaða nokkurra skóla er mjög slæm, m.a. vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára. Þar má nefna Menntaskólann í Kópavogi, Verkmenntaskólann á Akureyri, Fjölbrautaskólann í Breiðholti og fleiri. Menntaskólinn við Hamrahlíð er nær eini skólinn þar sem greiðsluafkoman batnar á árinu. Nú er verið að skoða fjárhagsstöðu skólanna, m.a. með tilliti til kjarasamninga frá síðasta ári og kostnaðaráhrif samninga sem ráðuneytið gerir við framhaldsskólana. Ljóst er að ráðuneytið þarf að grípa til róttækra aðhaldsaðgerða vegna framhaldsskólanna.

Með lögum um grunnskóla nr. 66/1995 var verkaskipting ríkis og sveitarfélaga breytt þannig að sveitarfélögin tóku við nær öllum rekstri grunnskólans. Nokkur verkefni eru áfram hjá ráðuneytinu, m.a. Námsgagnastofnun, námskrárgerð og eftirlit með framkvæmd grunnskólalaga. Umframgjöld nema 65 m.kr. og skýrast að mestu af biðlaunum og öðrum kostnaði tengdum yfirfærslunni, sem reyndist meiri en ætlað var.

Umframgjöld safna og listastofnana, eru að fjárhæð 23 m.kr. og falla að mestu til hjá Landsbókasafni – Háskólabókasafni sem nýtir stofnkostnaðarfjárveitingu til reksturs.

Á heildina litið lækka rekstrarútgjöld um 5.592 m.kr. milli ára, en tilflutningur grunnskólans til sveitarfélaganna skýrir 6.334 m.kr. af þeirri fjárhæð, þannig að aðrir málaflokkar ráðuneytisins hækka um 742 m.kr., eða um 9%. Það er hlutfallslega meiri aukning

en hjá flestum öðrum ráðuneytum, en samkvæmt kjarasamningum við kennara koma launahækkanir fram fyrr á samningstímanum heldur en almennt var samið um.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	268,0	268,3	275,5	7,2	7,5
Háskólar og rannsóknir	2.540,5	2.788,7	2.877,5	88,8	337,0
Framhaldsskólar og héraðsskólar	4.479,1	4.660,5	4.894,0	233,5	414,9
Grunnskólar og leikskólar	6.661,0	262,4	327,5	65,1	-6.333,5
Söfn, listastofnanir o.fl.	489,5	487,0	510,1	23,1	20,6
Rekstrarhagræðing	-	24,4	-	-24,4	0,0
Annar rekstur	78,7	57,3	40,4	-16,9	-38,3
Rekstrargjöld samtals	**14.516,8**	**8.548,6**	**8.925,0**	**376,4**	**-5.591,8**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.178,7	4.721,7	4.656,0	-65,7	1.477,3
þ.a. uppgjör við sveitarfélög	-	1.229,0	1.229,0	0,0	1.229,0
þ.a. Lánasjóður ísl. námsmanna	1.452,0	1.600,0	1.598,6	-1,4	146,6
þ.a. Þjóðleikhúsið	295,1	318,0	317,7	-0,3	22,6
þ.a. listasjóðir, listir, framlög	324,9	372,3	391,2	18,9	66,3
Viðhald og stofnkostnaður	2.006,5	1.910,4	1.900,3	-10,1	-106,2
Heildarútgjöld	**19.702,0**	**15.180,7**	**15.481,3**	**300,6**	**-4.220,7**

Í heild eru rekstrartilfærslur 66 m.kr. innan fjárlaga. Þar vegur þyngst að greiðslur aðildargjalda til ESB vegna rannsóknarverkefna reyndust lægri en áætlað var, eða 56 m.kr. Flestir aðrir tilfærsluliðir eru í samræmi við fjárlög, nema hvað framlög til lista eru 19 m.kr. hærri en fjárlög sem fjármagnað er með fjárheimildum fyrri ára. Til Lánasjóðs íslenskra námsmanna fara 1.600 m.kr. og er það hækkun um 147 m.kr. frá fyrra ári. Hækkunin skýrist af nýjum lögum um sjóðinn, auk fjölgunar lántakenda. Til Þjóðleikhússins fara 318 m.kr. og 390 m.kr. til styrkja listamanna. Hækkun tilfærslna milli ára skýrist að stærstum hluta af nýjum fjárlagalið, *Uppgjör við sveitarfélög*, sem er vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna.

Viðhald og stofnkostnaður er 10 m.kr. innan fjárlaga. Frávikið er óverulegt og dreifist á nokkra liði.

Stofnkostnaður lækkar um 106 m.kr. frá árinu áður. Frávik koma fram í báðar áttir. Greiðslur til framhaldsskóla lækka um 250 m.kr. þar sem byggingu Borgarholtsskóla lauk að mestu árið áður. Á móti vegur að stofnkostnaður menningarbygginga hækkar um 133 m.kr., en þar vega þyngst endurbætur á Þjóðskjalasafninu og Listasafni Einars Jónssonar.

Utanríkisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 1.303 m.kr., eða 36 m.kr. umfram fjárlög. Umframgjöldin hjá aðalskrifstofu nema 41 m.kr. og er það svipað frávik eins og undanfarin tvö ár, en ráðuneytið fékk fjárveitingu á fjáraukalögum til að mæta ýmsum viðbótarkostnaði. Embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli reyndist 8 m.kr. innan fjárlaga og er það mun betra en á fyrra ári. Rekstur sendiráða var í samræmi við fjárlög.

Eins og fram kemur í töflunni þá hækka rekstrargjöldin milli ára, einkum hjá yfirstjórn og sendiráðum. Umfang aðalskrifstofu jókst m.a. vegna viðskiptaþjónustu sem ætlað er að aðstoða fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum. Á árinu var stofnuð sendiráðsskrifstofa í Helsinki og opnuð skrifstofa Fastanefndar hjá Evrópuráðinu í Strassborg sem skýrir hluta útgjaldahækkunar sendiráða.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	414,9	411,4	457,6	46,2	42,7
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	183,2	194,9	187,2	-7,7	4,0
Sendiráð og fastanefndir	609,5	660,0	657,8	-2,2	48,3
Rekstrargjöld samtals	**1.207,6**	**1.266,3**	**1.302,6**	**36,3**	**95,0**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	662,5	749,5	811,1	61,6	148,6
Stofnkostnaður og viðhald	121,7	81,0	383,3	302,3	261,6
Heildarútgjöld	**1.991,8**	**2.096,8**	**2.497,0**	**400,2**	**505,2**

Rekstrartilfærslurnar eru framlög til þróunarmála, greiðslur aðildargjalda til ýmissa alþjóðastofnana og samningsbundin framlög til verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Kostnaður reyndist 62 m.kr. umfram fjárlög, en árin þar á undan söfnuðust upp inneignir sem voru að hluta nýttar árið 1997 og skýrir það greiðslur umfram fjárlög og hækkun milli ára.

Stofnkostnaður varð 303 m.kr. hærri en áætlað var í fjárlögum og 262 m.kr. hærri en árið áður. Keypt var húsnæði fyrir sendiráðið í London fyrir 216 m.kr., þá var sendiherrabústaður í Washington endurbyggður fyrir 75 m.kr. Á móti var dregið úr framkvæmdum við sendiráð í Berlín.

Landbúnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld ráðuneytisins urðu 1.000 m.kr., eða 47 m.kr. umfram fjárlög. Umframgreiðslur eru langmestar hjá embætti yfirdýralæknis, eða 32 m.kr. og grípa þarf til sparnaðaraðgerða á þessu ári til þess að vinna á greiðsluhallanum. Þá er rekstur Veiðimálastofnunar 9 m.kr. umfram fjárlög, en útgjöld annarra stofnana eru að mestu í samræmi við fjárlögin. Hækkun frá fyrra ári er mest vegna 27 m.kr. viðbótarframlags til landgræðslu og skógræktar, auk þess sem ýmis verkefni ráðuneytisins hækka um 15 m.kr. og útgjöld Yfirdýralæknis um 33 m.kr. Kostnaður stofnunarinnar vegna viðhalds á girðingum og heilbrigðiseftirlits með sláturhúsum hækka samtals um 22 m.kr.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	112,4	131,7	132,8	1,1	20,4
Landbúnaðarstofnanir	443,8	446,7	485,1	38,4	41,3
Skógrækt og landgræðsla	304,7	349,3	357,2	7,9	52,5
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	25,0	25,0	25,0	0,0	0,0
Rekstrargjöld samtals	**885,9**	**952,7**	**1.000,1**	**47,4**	**114,2**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	6.188,7	5.903,8	5.820,0	-83,8	-368,7
þ.a. greiðslur v/ mjólkurframleiðslu	2.673,4	2.743,0	2.784,8	41,8	111,4
þ.a. greiðslur v/ sauðfjárframleiðslu	2.954,8	2.497,0	2.373,7	-123,3	-581,1
Stofnkostnaður og viðhald	229,2	162,3	279,2	116,9	50,0
Heildarútgjöld	**7.303,8**	**7.018,8**	**7.099,3**	**80,5**	**-204,5**

Af rekstrartilfærslum ráðuneytisins vega þyngst greiðslur til bænda vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu. Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu urðu 2.785 m.kr. og voru 41 m.kr. umfram fjárlög sem skýrist af verðlagsbreytingum á árinu. Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu voru 123 m.kr. innan fjárlaga. Þar er um tilfærslu milli ára að ræða, þar sem átak til

lækkunar birgða árið 1996 leiddi til umframgjalda þá, sem kemur fram í lægri greiðslum ársins 1997. Stórlækkun sauðfjárgreiðslna milli ára skýrist af sömu ástæðum, auk þess sem uppkaup voru 322 m.kr. lægri árið áður.

Stofnkostnaður og viðhald var 117 m.kr. umfram fjárlög og skýrast 100 m.kr. af viðbótarframlagi til Jarðeigna ríkisins. Jarðeignirnar eru skuldbundnar samkvæmt lögum til þess að kaupa eignir ábúenda á ríkisjörðum ef þeir bregða búi. Að öllu jöfnu eru kaupin fjármögnuð með jarðasölu, en vegna samkomulags um eignakaup á jörðunum Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu, var þörf á viðbótarfjármagni. Þá fengu Bændaskólarnir heimild til að nýta hluta af stofnkostnaðarfjárveitingu yfirstandandi árs.

Hækkun frá fyrra ári nemur 50 m.kr. Framkvæmdir við Bændaskólann á Hólum dragast saman en á móti vegur áðurnefnt framlag til Jarðeigna ríkisins.

Sjávarútvegsráðuneyti. Rekstrargjöld voru 959 m.kr., eða 53 m.kr. innan fjárlaga. Frávikið kemur nær alfarið fram hjá Fiskistofu, eða sem nemur 52 m.kr. Þar af skýrast 18 m.kr. af frestun verkefnis um landamærastöðvar, þ.e. skoðun á innfluttu sjávarfangi. Að öðru leyti skýrist inneignin af innheimtu sértekna umfram áætlanir, en bæði leyfis- og tilkynningargjöld voru hækkuð í byrjun fiskveiðiárs í september s.l. Eins og undanfarin ár voru útgjöld annarra stofnana að mestu í samræmi við fjárlög.

Lækkun frá fyrra ári kemur nær alfarið fram hjá Fiskistofu, eða 78 m.kr., en innheimta sértekna hækkar um 41 m.kr. eins og áður var nefnt, auk þess sem útgjöld lækka þar sem veiðieftirlit á Flæmingjagrunni dregst saman milli ára.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Greiðslur 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	122,7	119,1	114,5	-4,6	-8,2
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	917,9	893,0	844,6	-48,4	-73,3
Rekstrargjöld samtals	**1.040,6**	**1.012,1**	**959,1**	**-53,0**	**-81,5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	123,9	119,6	108,8	-10,8	-15,1
Stofnkostnaður og viðhald	102,2	110,7	118,8	8,1	16,6
Heildarútgjöld	**1.266,7**	**1.242,4**	**1.186,7**	**-55,7**	**-80,0**

Tilfærslur reyndust 11 m.kr. innan fjárlaga, sem skýrist af lægri greiðslum til alþjóðastofnana og annarra verkefna ráðuneytisins. Lækkun frá fyrra ári skýrist einkum af lægri greiðslum til Fiskifélagsins, en biðlaunagreiðslum ríkisins vegna fækkunar starfsfólks er nú lokið.

Stofnkostnaður og viðhald varð 8 m.kr. umfram fjárlög og hækkar um 15 m.kr. frá fyrra ári. Frávikin skýrast af sveiflum í viðhaldskostnaði skipastóls Hafrannsóknastofnunar og aukinni tölvuvæðingu hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Rekstrargjöld ráðuneytisins urðu 6.144 m.kr. eða 131 m.kr. umfram fjárlög. Útgjöld yfirstjórnar eru í samræmi við fjárlög, en frávik eru í báðar áttir. Umframgjöld aðalskrifstofu nema 20 m.kr. en á móti vegur inneign örorkumatsnefndar um sömu fjárhæð og Stjórnartíðinda að fjárhæð 10 m.kr. Greiðslur til dómsmálastofnana urðu 38 m.kr. umfram fjárlög, eða 7,5%, og skýrast að mestu af 22 m.kr. rekstrarhalla vegna opinberrar réttaraðstoðar. Greiðslur til löggæslustofnana urðu 56 m.kr. umfram fjárlög og af þeirri fjárhæð eru 40 m.kr. hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík. Þá eru greiðslur til Um-

ferðarráðs 13 m.kr. umfram fjárlög þar sem inneignir fyrri ára voru nýttar að fullu. Útgjöld sýslumannsembætta nema 2.256 m.kr. og er málaflokkurinn í heild 141 m.kr. umfram fjárlög, en það er um 100 m.kr. lakari staða en árið áður. Umframgreiðslur eru mestar hjá embættunum á Akranesi og Selfossi, um 8 m.kr. hjá hvoru, en dreifast annars nokkuð jafnt á embættin. Rekstrarútgjöld vegna fangelsismála eru í samræmi við fjárlög, eins og undanfarin ár. Þá er málaflokkurinn kirkjumál 24 m.kr. umfram fjárlög og vegur þar þyngst 17 m.kr. halli á launalið presta og 7 m.kr. umframgreiðslur yfirstjórnar.

Miðað við fyrra ár hækka útgjöld yfirstjórnar um 17 m.kr. þrátt fyrir að útgjöld vegna kosninga falla niður. Hækkunin er vegna Schengen-samstarfsins. Útgjöld til dómsmála, löggæslu og sýslumanna hækka um 6½ til 7% milli ára einkum vegna áhrifa kjarasamninga. Á móti vegur 12 m.kr. lækkun til fangelsismála, þar sem fangelsinu í Síðumúla var lokað. Útgjöld til kirkjumála hækka um 10%, bæði vegna úrskurðar kjaranefndar um laun presta og eins vegna útgjaldahækkunar hjá sendiráðsprestum.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	131,4	148,2	147,9	-0,3	16,5
Dómsmál	509,0	507,7	545,3	37,6	36,3
Löggæslustofnanir og öryggismál	2.114,3	2.199,3	2.255,6	56,3	141,3
Sýslumenn	2.158,9	2.256,7	2.301,6	44,9	142,7
Fangelsismál	386,7	378,5	374,8	-3,7	-11,9
Kirkjumál	469,3	495,2	519,2	24,0	49,9
Rekstrarhagræðing	-	28,0	-	-28,0	0,0
Rekstrargjöld samtals	**5.769,6**	**6.013,6**	**6.144,4**	**130,8**	**374,8**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	95,7	177,6	157,6	-20,0	61,9
Viðhald og stofnkostnaður	478,3	357,0	335,9	-21,1	-142,4
Heildarútgjöld	**6.343,6**	**6.548,2**	**6.637,9**	**89,7**	**294,3**

Tilfærslur urðu 158 m.kr. eða 20 m.kr. innan fjárlaga. Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasaminga og bætur til þolenda afbrota voru samtals 11 m.kr. innan fjárlaga, en greiðslur samkvæmt samningi við Neyðarlínuna hf. vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar reyndust 8 m.kr. hærri en fjárlög. Þá frestuðust greiðslur vegna Schengen um 7 m.kr. Hækkun frá fyrra ári skiptist milli bóta til brotaþola, 17 m.kr. og greiðslur vegna neyðarsímsvörunar 30 m.kr. en á árinu 1997 greiddi ríkissjóður rekstrarkostnað að fullu í stað helmingshlutar á móti sveitarfélögunum 1966.

Viðhald og stofnkostnaður varð 336 m.kr., eða 21 m.kr. innan fjárlaga. Tækjakaupum vegna Schengen-verkefnisins var frestað og skýrir það 10 m.kr. Þá var stofnkostnaður sýslumanna 10 m.kr. innan fjárlaga. Lækkun frá fyrra ári nemur 142 m.kr. þar sem að nú er lokið byggingu Hæstaréttarhúss, en þær greiðslur námu 42 m.kr. á móti 220 m.kr. árið áður.

Félagsmálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 2.181 m.kr., eða 50 m.kr. umfram fjárlög. Gjöld aðalskrifstofunnar eru lítillega innan ramma fjárlaga og stjórnsýslustofnanir eru 16 m.kr. innan fjárlaga, sem skýrist alfarið af 35 m.kr. inneign Brunamálastofnunar. Tekjur stofnunarinnar, sem samkvæmt lögum eru 0,045‰ af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga, hafa reynst verulega hærri en útgjöld stofnunarinnar á undanförnum árum. Á móti vegur að ríkissáttasemjari er 11 m.kr. umfram fjárlög, en á árinu var gengið frá kjarasamningum við nær öll verkalýðsfélög bæði opinberra starfsmanna og á almennum vinnumarkaði. Málefni

barna og ungmenna eru einnig innan ramma fjárlaga, en málefni fatlaðra eru 33 m.kr. umfram. Það jafngildir þó innan við 2% af veltu. Mest vega 26 m.kr. umframgjöld hjá málefnum fatlaðra í Reykjavík. Á miðju árinu komu til framkvæmda ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Þar var m.a. gert ráð fyrir því að vinnumiðlanir flyttust yfir til Vinnumálastofnunar og leiðir sú breyting til 72 m.kr. umframgjalda þar sem ekki var gert ráð fyrir yfirtökunni í fjárlögum. Fjárhæðir ársins 1996 eru leiðréttar í töflunni, til samræmis við framsetningu gjalda í fjárlögum 1997. Í samanburði við fyrra ár hækka rekstrargjöld málefna fatlaðra um 104 m.kr. og vinnumála um 70 m.kr. sbr. skýringuna hér að ofan, en á móti vegur 29 m.kr. lækkun hjá málefnum barna og ungmenna. Þar er þó eingöngu um að ræða tilfærslu milli rekstrargjalda og rekstrartilfærslna. Endurspeglar það einkavæðingu á rekstri heimila fyrir unglinga sem fjölgar á meðan að ríkisreknum heimilum fækkar.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	107,6	109,7	103,8	-5,9	-3,8
Stjórnsýslustofnanir	144,1	163,5	147,5	-16,0	3,4
Málefni barna og ungmenna	147,5	145,3	118,3	-27,0	-29,2
Málefni fatlaðra	1.598,9	1.669,0	1.702,4	33,4	103,5
Vinnumál	23,3	21,2	93,3	72,1	70,0
Annað	17,1	22,5	15,9	-6,6	-1,2
Rekstrargjöld samtals	**2.038,5**	**2.131,2**	**2.181,2**	**50,0**	**142,7**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.474,1	6.550,5	6.423,0	-127,5	-51,1
þ.a. Atvinnuleysistryggingasjóður	3.065,6	2.918,0	2.860,0	-58,0	-205,6
þ.a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.221,4	2.390,0	2.475,7	85,7	254,3
Stofnkostnaður og viðhald	825,5	738,5	738,9	0,4	-86,6
Heildarútgjöld	**9.338,1**	**9.420,2**	**9.343,1**	**-77,1**	**5,0**

Í heild reyndust tilfærslur 128 m.kr. innan fjárlaga. Greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs námu 2.860 m.kr. og er það 58 m.kr. innan ramma fjárlaga. Atvinnuleysisbætur hækkuðu um 4% þann 1. mars og um 2,5% þann 1. ágúst, en á móti vegur að atvinnuleysi reyndist 3,9% eða ívið lægra en áætlað var í fjárlögum og skýrir jákvæða greiðslustöðu sjóðsins. Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðast við 1,4% af skatttekjum ríkisins. Í framhaldi af endurskoðun á innheimtu ríkistekna sl. haust, var ákveðið að greiða sjóðnum 2.476 m.kr. eða 84 m.kr. umfram fjárlög. Greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa urðu 65 m.kr., eða 115 m.kr. innan fjárlaga og hafa útgreiðslur ekki verið lægri í sögu sjóðsins. Markaðar tekjur sjóðsins miðast nú við 0,08% af tryggingagjaldsstofni og tekjur umfram greiðsluskyldu eru færðar sjóðnum til inneignar hjá ríkisbókhaldi. Greiðslur vegna ýmissa félagsmála, svo sem meðlaga samkvæmt lögum nr. 40/1991 reyndust 28 m.kr. innan áætlunar fjárlaga. Greiðslur vegna annarra tilfærslna voru að mestu í samræmi við fjárlög.

Rekstrartilfærslur lækka um 51 m.kr. frá fyrra ári, þrátt fyrir 254 m.kr. hærri framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Á móti vegur að greiðslur atvinnuleysisbóta lækka um 206 m.kr. þar sem atvinnuleysi lækkar úr 4,3% niður í 3,9% á s.l. ári og hefur ekki verið lægra síðan árið 1992. Þá lækka greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa um 82 m.kr. og hafa aldrei verið lægri.

Stofnkostnaður var 739 m.kr. og er það í samræmi við fjárlög. Ekki er heldur um að ræða frávik á einstökum liðum. Stofnkostnaður lækkar um 87 m.kr. frá fyrra ári. Þar vegur þyngst 100 m.kr. lækkun hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra, en uppbyggingu sambýla á Norðurlandi eystra lauk árið 1996, auk þess sem dró úr framkvæmdum í Reykjavík og Reykjanesi. Þá

lækkuðu greiðslur til Byggingarsjóðs verkamanna um 170 m.kr., þar sem eftirspurn eftir félagslegu húsnæði hefur farið minnkandi. Á móti vegur að ríkið styrkir framkvæmdir sveitarfélaganna við grunnskólabyggingar til og með ársins 2001 og leiðir það til 265 m.kr. stofnkostnaðarauka hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 22.289 m.kr., eða 453 m.kr. umfram fjárlög. Yfirstjórn er í samræmi við fjárlög. Tryggingamál eru 22 m.kr. innan ramma, þar sem greiðslur til Eftirlaunasjóðs aldraðra eru taldar til rekstrargjalda og eru 50 m.kr. innan fjárlaga. Á móti vega 28 m.kr. umframgjöld Tryggingastofnunar. Stjórnsýslustofnanir eru 9 m.kr. umfram fjárlög, nær alfarið hjá Heyrnar- og talmeinastöð ríkisins. Sjúkrastofnanir eru umfangsmesti málefnaflokkur ríkisins og rekstrargreiðslur ársins nema 19.347 m.kr. og umframgjöldin eru 299 m.kr., eða 1,6%. Það er þó betri árangur heldur en í fyrra, þegar umframgjöldin námu 3,9%. Rekstrarhalli þeirra kemur þó ekki fram í bókhaldi ríkissjóðs þar sem sjúkrahúsin eru á föstum mánaðarlegum framlögum, óháð því hver rekstrarkostnaður þeirra er hverju sinni. Heilbrigðisráðuneytið áætlar að uppsafnaður fjárhagsvandi sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila nemi allt að 1½ milljarði króna í árslok 1997. Á árinu var áframhald á starfi vinnuhópa er fjölluðu um rekstrarvanda sjúkrahúsa og í september gengu fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík frá samkomulagi um aðgerðir. Þær fólust m.a. í tilflutningi verkefna milli spítalanna, áframhaldandi hagræðingu í rekstri skurðstofa og aðgreiningu rannsóknastofa frá öðrum rekstri spítalanna. Þá var unnið að útfærslu sparnaðarkröfu hjá sjúkrahúsum á landsbyggðinni, en mörg sjúkrahús eiga í greiðsluerfiðleikum. Umframgjöld heilsugæslustöðva nema 124 m.kr., eða 7,4% og er það verulega lakari afkoma en árið áður, en þá námu þau 44 m.kr. eða 2,9%.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	140,5	162,5	164,7	2,2	24,2
Tryggingamál	820,2	763,8	741,4	-22,4	-78,8
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	177,4	153,1	162,5	9,4	-14,9
Sjúkrastofnanir	18.499,4	19.048,3	19.346,9	298,6	847,5
Heilsugæsla	1.621,8	1.674,5	1.798,5	124,0	176,7
Annað	70,0	69,4	63,9	-5,5	-6,1
Rekstrarhagræðing	-	-36,8	-	36,8	0,0
Rekstrargjöld samtals	**21.329,3**	**21.834,8**	**22.277,9**	**443,1**	**948,6**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	29.444,9	30.242,4	30.980,7	738,3	1.535,8
þ.a. lífeyristr. og lög um fél. aðstoð	17.565,0	18.443,0	18.660,0	217,0	1.095,0
þ.a. sjúkratryggingar	10.324,8	10.338,0	10.860,0	522,0	535,2
Viðhald og stofnkostnaður	963,6	1.135,8	1.274,3	138,5	310,7
Heildarútgjöld	**51.737,8**	**53.213,0**	**54.532,9**	**1.319,9**	**2.795,1**

Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári, að fjárhæð 949 m.kr., skýrist af sömu málefnaflokkum, þ.e. sjúkrahúsin 848 m.kr. og heilsugæslan 177 m.kr. Þar af hækka útgjöld ríkisspítala um 300 m.kr., Sjúkrahúss Reykjavíkur um 200 m.kr., Sjúkrahússins á Neskaupstað um 40 m.kr. og 36 m.kr. hjá St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, en allar þessar stofnanir fengu aukafjárveitingar sem nýttar voru árið 1997. Þá hóf nýtt hjúkrunarheimili starfsemi, Skógarbær í Reykjavík, og námu greiðslur til þess 70 m.kr. Hækkun útgjalda til heilsugæslustöðva kemur einkum fram í Reykjavík þar sem greiðslur hækkuðu um 96 m.kr., eða 19% milli ára. Meginskýringin felst í framlögum til heimahjúkrunar, en sú starfsemi var áður fjármögnuð af Framkvæmdasjóði aldraðra.

Tilfærslur námu 30.980 m.kr. sem er 738 m.kr. umfram fjárlög. Eins og undanfarin ár er stærsta frávikið hjá sjúkratryggingum, eða 522 m.kr. Greiðslur ríkissjóðs til sjúkratrygginga nema 10.860 m.kr. og þar af eru 3.655 m.kr. vegna lyfja, 2.906 m.kr. vegna daggjalda sjúkrastofnana og 1.759 m.kr. vegna lækniskostnaðar, en aðrir liðir vega minna. Umframgreiðslur eru rúmar 200 m.kr. vegna daggjalda sjúkrastofnana. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 97% nýtingu rúma, en hún hefur reynst nær 100%. Þá skýrast 90 m.kr. með lækkun sértekna frá fjárlögum, en sértekjurnar fólust einkum í afslætti af lyfjum sem er ekki lengur fyrir hendi. Umframgreiðslur annarra liða sjúkratrygginga eru mun lægri, t.d. eru lyfjaútgjöld nánast í samræmi við fjárlög.

Greiðslur til lífeyristrygginga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 18.660 m.kr. Bætur hækkuðu 1. janúar um 2%, 1. mars um 4% og aftur 1. ágúst um 2,5% til samræmis við hækkanir í kjarasamningum á almennum markaði. Þar með varð hækkunin umfram verðlagsforsendur fjárlaga. Þá var niðurfellingu afnotagjalda Ríkisútvarpsins og hækkun á fastagjaldi af síma mætt með hækkun á heimilisuppbót, sem skýrir 217 m.kr. umframgjöld lífeyristrygginga. Ekki var gripið til sérstakra aðgerða til að lækka útgjöld lífeyristrygginga á árinu, en tenging bóta við fjármagnstekjur sem tók gildi í september 1996 hafði áhrif til útgjaldalækkunar árið 1997 frá því sem ella hefði orðið. Að bótahækkunum, samkvæmt kjarasamningum, frátöldum eru bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 60 m.kr. innan ramma fjárlaga og skýrist það einkum af lægri útgreiðslum en ætlað var vegna breytinga á viðmiðunarfjárhæð frekari uppbóta á lífeyri. Rekstrartilfærslur til Framkvæmdasjóðs aldraðra námu 219 m.kr. eða 21 m.kr. innan fjárlaga, en sjóðurinn greiðir til Tryggingastofnunar vegna reksturs daggjaldastofnana. Þá urðu greiðslur ráðuneytisins vegna sjúkraflutninga um 30 m.kr. hærri en ætlað var.

Hækkun frá fyrra ári er langmest hjá lífeyristryggingum, eða 1.050 m.kr. af 1.536 m.kr. heildarhækkun tilfærslna. Kemur þar ýmislegt til, innbyggð hækkun vegna fjölgunar bótaþega, auk hækkunar bótafjárhæða í janúar, mars og september um samtals 8,7% á árinu 1997. Þá voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr jaðaráhrifum í bótakerfinu og er kostnaður við þær áætlaður um 450 m.kr. á ári. Sjúkratryggingar hækka um 535 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til breytinga á greiðslum til sjúkrahúsa fyrir röntgen og ýmsar rannsóknir. Daggjöld hækka um 236 m.kr. og þjálfunarkostnaður um 85 m.kr., en aðrir liðir minna, lyfjakostnaður stendur í stað milli ára og rannsóknakostnaður lækkar um 63 m.kr. Slysatryggingar hækka um 50 m.kr. en rekstrartilfærsla hjá Framkvæmdasjóði aldraðra lækkar um 190 m.kr. Aðrir liðir hreyfast óverulega.

Viðhald og stofnkostnaður varð 1.274 m.kr., eða 139 m.kr. umfram fjárlög. Frávikið skýrist að mestu af viðbótargreiðslum á liðnum *Sjúkrahús og læknisbústaðir*, eða 97 m.kr., en ákveðið var að nýta að fullu heimildir fyrri ára, auk þess að nýta fjárveitingar ársins 1998. Þá er stofnkostnaður Framkvæmdasjóðs aldraðra 61 m.kr. umfram fjárlög og skýrist af greiðslum til Sjúkrahúss Reykjavíkur í samræmi við samkomulag ráðuneyta og Reykjavíkurborgar. Þær umframgreiðslur koma til frádráttar ráðstöfunarfé sjóðsins á þessu ári. Önnur frávik eru minni. Greiðslur hækka um 311 m.kr. milli ára og er það í samræmi við forsendur fjárlaga þar sem framlög til stofnkostnaðar voru lækkuð verulega í fjárlögum 1996, en hækkuð 1997. Meðal nýrra verkefna má nefna, kaup á nýju húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Garðabæ fyrir 93 m.kr. og hækkun til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 140 m.kr. Auk þess hækkar viðhald og stofnkostnaður hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík.

Fjármálaráðuneyti. Rekstrargjöld, án vaxtagjalda, námu 2.820 m.kr. og er það í samræmi við heimildir fjárlaga. Frávik eru þó í báðar áttir. Rekstur yfirstjórnar var 13 m.kr.

innan áætlunar og kemur alfarið fram hjá Ríkisbókhaldi. Stofnunin fékk auknar fjárveitingar vegna kostnaðar er tengist nýrri framsetningu ríkisreiknings. Skatta- og tollamál eru 55 m.kr umfram fjárlög. Þar vegur Ríkisskattstjóri þyngst, eða 22 m.kr., en embættið hefur nýtt hluta af stofnkostnaðarfjárveitingu til reksturs. Þá eru ýmis innheimtukostnaður og Gjaldheimtan í Reykjavík samtals 14 m.kr. umfram fjárlög. Gjaldheimtan hefur nú verið lögð niður og tók Tollstjórinn í Reykjavík við verkefnum hennar. Annar rekstur ráðuneytisins er 79 m.kr. umfram fjárlög og þar af eru 66 m.kr. vegna rekstrar á stórum upplýsingakerfum, svo sem skattkerfi, tekjubókhaldskerfi og launakerfi. Í fjárlögunum voru áætlaðar 640 m.kr. á liðinn *launa- og verðlagsmál*, til að mæta auknum samtímagreiðslum stofnana til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ekki kom til notkunar á heimildinni þar sem að fáir ríkisstarfsmenn fluttust yfir í A-deild fyrr en undir lok ársins. Hins vegar voru millifærðar af þessum lið 518 m.kr. til ríkisstofnana, vegna áhrifa kjarasamninga. Hækkun rekstrargjalda milli ára er mest hjá stofnunum á sviði skattamála, m.a. vegna upptöku fjármagnstekjuskatts og hækkuðu útgjöld Ríkisskattstjóra mest, eða um 53 m.kr., sem er 16% hækkun.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	468,5	486,5	473,6	-12,9	5,1
Skatta og tollamál	1.593,0	1.661,7	1.716,8	55,1	123,8
Verðlagsmál og rekstrarhagræðing	-	121,6	-	-121,6	0,0
Annar rekstur	620,8	550,5	629,5	79,0	8,7
Rekstrargjöld samtals	**2.682,3**	**2.820,3**	**2.819,9**	**-0,4**	**137,6**
Vextir af innlendum skammtímalánum	1.232,7	1.100,0	1.075,7	-24,3	-157,0
Vextir af spariskírteinum	13.177,0	2.950,0	6.552,0	3.602,0	-6.625,0
Vextir af öðrum innlendum lánum	898,3	340,0	314,5	-25,5	-583,8
Vextir af erlendum lánum	8.524,0	9.160,0	8.036,0	-1.124,0	-488,0
Vaxtagjöld samtals	**23.832,0**	**13.550,0**	**15.978,2**	**2.428,2**	**-7.853,8**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.540,0	1.116,2	1.001,1	-115,1	-538,9
þ.a. uppbætur á lífeyri	1.001,5	725,0	674,8	-50,2	-326,7
Stofnkostnaður og viðhald	356,0	492,8	335,6	-157,2	-20,4
Heildarútgjöld	**28.410,3**	**17.979,3**	**20.134,8**	**2.155,5**	**-8.275,5**

1) Áætlaður lántökukostnaður er færður með vöxtum spariskírteina.

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs námu 15.978 m.kr. eða 2.428 m.kr. umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð skýrast 3.613 m.kr. vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina sem gerð var til að fækka útistandandi flokkum spariskírteina. Á móti því vegur að önnur vaxtagjöld eru 1.185 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum. Skýrist það af minni fjárþörf vegna bættrar afkomu ríkissjóðs og af hagstæðari lánskjörum en ætlað var. Lækkunin kemur einkum fram á vöxtum erlendra lána, eða um 1.124 m.kr.

Að frátöldum áhrifum af innköllun árin 1996 og 1997, þá lækka vaxtagjöldin um 1.454 m.kr. frá fyrra ári. Innlendar vaxtagreiðslur lækka um 761 m.kr. sem skýrist af minni skammtíma fjármögnun og lægri vaxtagreiðslum af öðrum innlendum lánum. Þá lækka erlendir vextir um 488 m.kr. sem endurspeglar hagstæðari lánskjör ríkissjóðs miðað við fyrri ár.

Tilfærslur reyndust vera 1.001 m.kr. eða 115 m.kr. innan fjárlaga. Mestu munar um uppbætur á lífeyri sem greiddar eru til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, eða 50 m.kr. Þá námu greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda 106 m.kr. og er það 33 m.kr. innan fjárlaga. Aðrar

tilfærslur voru að mestu í samræmi við fjárlög. Tilfærslur lækka um 539 m.kr. frá fyrra ári og á það sér tvær meginskýringar. Annars vegar lækka greiðslur uppbóta á lífeyri um 327 m.kr. þar sem sveitarfélögin fullnusta skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda kennara. Þær greiðslur koma til frádráttar á greiðslum ríkisins til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar féll niður kostnaður ríkisins vegna snjóðflóðanna í Súðavík og á Flateyri, en hann nam 232 m.kr. árið áður.

Stofnkostnaður nam 336 m.kr. og var 157 m.kr. innan heimilda fjárlaga. Greiðsluafgangur skýrist að mestu af því að ekki reyndist þörf fyrir framlög til Ríkisábyrgðasjóðs að fjárhæð 211 m.kr. Framlagið er aðeins greitt út ef ekki tekst að innheimta lán sjóðsins. Þá var frestað hluta af vinnu við hugbúnaðargerð og er sá liður 15 m.kr. innan marka. Á móti vegur að útgjöld vegna heimildaákvæða urðu 96 m.kr. umfram. Skýringa er að leita í fjölgun ákvæða með heimild til þess að ráðstafa söluandvirði fasteigna til nýrra verkefna á gjaldahlið fjárlaga. Lækkun milli ára nemur 20 m.kr., eða 5,7% og skýrist af minni fasteignakaupum.

Samgönguráðuneyti. Rekstrargjöld voru 639 m.kr. eða 57 m.kr. umfram fjárlög sem skiptast á flestar stofnanir ráðuneytisins. Veitt var fé til viðbótarverkefna á sviðum vegagerðar, siglingamála og fjarskiptamála sem skýra umframgjöldin. Hjá Siglingastofnun má nefna rannsókn á stöðugleika skipa, viðbótarhúsaleigu og rannsókn á flaki Æsu ÍS 87. Hjá Vegagerðinni kemur til upplýsingakerfi um þjóðvegi landsins. Þá námu útgjöld Póst- og fjarskiptastofnunar 23 m.kr. en gert er ráð fyrir að stofnunin fjármagni starfsemi sína alfarið með sértekjum. Í samanburði við fyrra ár dragast gjöldin saman um 95 m.kr. og skýrist það af auknum tekjum flugmálaáætlunar, eða 183 m.kr. Þrátt fyrir framsetningu fjárlaga þar sem þessar tekjur eru taldar til rekstrartekna, þá fer stór hluti þeirra til framkvæmda við flugvelli. Að þessu frátöldu nemur hækkun 88 m.kr. og kemur fram hjá öllum málaflokkum ráðuneytisins, utan ferðamálum.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	142,2	128,5	139,0	10,5	-3,2
Vegamál	271,2	273,2	283,2	10,0	12,0
Siglingamál	81,2	91,1	121,3	30,2	40,1
Flugmál	205,7	44,9	36,8	-8,1	-168,9
Ferðamál	39,4	42,5	42,8	0,3	3,4
Annar rekstur	-5,3	2,3	15,9	13,6	21,2
Rekstrargjöld samtals	**734,4**	**582,5**	**639,0**	**56,5**	**-95,4**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	217,7	273,6	258,1	-15,5	40,4
Stofnkostnaður og viðhald	7.854,1	7.889,8	7.986,8	97,0	132,7
þ.a. Vegagerðin	6.773,5	6.803,0	6.949,0	146,0	175,5
Heildarútgjöld	**8.806,2**	**8.745,9**	**8.883,9**	**138,0**	**77,7**

Rekstrartilfærslur eru 258 m.kr. sem er 16 m.kr. innan ramma fjárlaga. Mestu munar um að 9 m.kr. framlag til verkefnis um sjálfvirka tilkynningaskyldu skipa hefur nær ekkert verið nýtt, frekar en árið áður. Þá er 5 m.kr. framlag til björgunarskóla á Gufuskálum ekki nýtt á árinu. Tilfærslur hækka um 40 m.kr. milli ára og skýrast 46 m.kr. af aukningu á verkefnum ráðuneytisins í ferðamálum. Þar er um að ræða greiðslur til Flugleiða vegna kynningarmála, til Ferðamálaráðs vegna sérverkefna, styrkir til hótela á landsbyggðinni, o.fl.

Stofnkostnaður og viðhald nam 6.949 m.kr., eða 97 m.kr. umfram fjárlög. Veigamesti hluti heildarkostnaðar og umframgreiðslna kemur fram hjá Vegagerðinni. Skýringa er að leita til 305 m.kr. viðbótarheimildar til Vegagerðarinnar m.a. vegna hækkunar á mörkuðum tekjustofnum stofnunarinnar. Á móti vegur að Vegagerðin nýtir ekki 175 m.kr. framlag, heldur er það fé notað til þess að greiða niður smíðalán vegna ferjunnar Herjólfs.

Stofnkostnaður hækkar um 133 m.kr. milli ára, þar af um 175 m.kr. hjá Vegagerðinni. Auk þess hækka framkvæmdir við flugvelli um 179 m.kr. sem fjármagnaðar eru með auknum tekjum af flugvallar- og eldsneytisgjaldi. Hækkun stofnkostnaðar málaflokksins milli ára er þó lægri, eða 92 m.kr. þar sem Flugmálastjórn endurnýjaði flugvél sína árið 1996. Þá lækka greiðslur til hafnaframkvæmda um 105 m.kr.

Iðnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld voru 413 m.kr., eða 22 m.kr. umfram fjárlög. Umframgjöldin skýrast nær eingöngu af liðnum *Iðnaðarrannsóknir,* þar sem veitt var 34 m.kr. framlag til þess að byggja veg að verksmiðjulóð við álbræðslu á Grundartanga, í samræmi við samning um álbræðsluna. Á móti vegur að gjöld Einkaleyfastofunnar eru 15 m.kr. innan ramma. Önnur frávik eru minni. Gjöldin lækka um 50 m.kr. milli ára og skýrast af því að Rafmagnseftirlit ríkisins er lagt niður og starfsemi þess flyst til Löggildingarstofu sem vistuð er hjá viðskiptaráðuneyti. Þessi tilfærsla skýrir 56 m.kr. lækkun. Þá lækka einnig framlög til Iðntæknistofnunar og Orkustofnunar, en á móti vegur áðurnefnt framlag til vegalagningar á Grundartanga.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	49,5	57,2	45,9	-11,3	-3,6
Iðnaðarmál	172,2	160,3	190,2	29,9	18,0
Orkumál	240,8	172,7	176,5	3,8	-64,3
Rekstrargjöld samtals	**462,5**	**390,2**	**412,6**	**22,4**	**-49,9**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	663,4	717,5	785,3	67,8	121,9
Stofnkostnaður og viðhald	47,8	57,3	60,7	3,4	12,9
Heildarútgjöld	**1.173,7**	**1.165,0**	**1.258,6**	**93,6**	**84,9**

Rekstrartilfærslur urðu 785 m.kr. eða 68 m.kr. umfram fjárlög. Þar vegur þyngst að niðurgreiðsla á rafhitun fór 59 m.kr. fram úr fjárlögum. Þá urðu framlög til iðnaðarmála 9 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Tilfærslur hækka um 122 m.kr. milli ára, eða 18%. Þarf af eru 78 m.kr. styrkveitingar til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar á svæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju. Þá hækka niðurgreiðslur rafhitunar um 90 m.kr. milli ára. Reglum um niðurgreiðslur hefur ekki verið breytt, en gjaldskrár rafveitna hafa hækkað á árinu.

Stofnkostnaður er 61 m.kr. og nánast í samræmi við fjárlög. Öll frávik eru óveruleg. Hækkun er 13 m.kr. milli ára, einkum vegna meiri eignakaupa stofnana.

Viðskiptaráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 290 m.kr. og er það 55 m.kr. umfram fjárlög. Skýrist frávikið af sameiningu Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins. Umfang nýrrar stofnunar umfram fjárlög nemur 51 m.kr. Önnur frávik eru óveruleg. Hækkun frá fyrra ári er 115 m.kr. og áðurnefnd sameining stofnana hækkar gjöld ráðuneytisins um 105 m.kr. á móti 56 m.kr. lækkun hjá iðnaðarráðuneyti. Gjöld annarra stofnana hækka lítillega, nema hjá Hlutafélagaskrá, en hún var lögð niður á seinni hluta ársins og Hagstofan yfirtók starfsemina.

Rekstrartilfærslur nema 27 m.kr., 3 m.kr. umfram fjárlög. Fastanefndir ráðuneytisins reyndust heldur fjárfrekari en gert var ráð fyrir. Stofnkostnaður ráðuneytisins er óverulegur.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	76,2	82,7	83,7	1,0	7,5
Viðskiptamál	98,8	151,4	205,8	54,4	107,0
Rekstrargjöld samtals	**175,0**	**234,1**	**289,5**	**55,4**	**114,5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	27,6	23,8	27,0	3,2	-0,6
Stofnkostnaður og viðhald	4,0	5,5	5,5	0,0	1,5
Heildarútgjöld	**206,6**	**263,4**	**322,0**	**58,6**	**115,4**

Hagstofa Íslands. Rekstrargjöld voru 147 m.kr. og 5 m.kr. umfram fjárlög. Lækkun frá fyrra ári er 5 m.kr., en fjárveitingar lækkuðu vegna 4 m.kr. tímabundins verkefnis til að ljúka við neyslukönnun árið 1996. Á móti þessum umframgjöldum standa óinnheimtar tekjur, þannig að á rekstrargrunni er afkoma Hagstofunnar vel viðunandi.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Aðalskrifstofa	151,7	142,5	147,2	4,7	-4,5
Rekstrargjöld samtals	**151,7**	**142,5**	**147,2**	**4,7**	**-4,5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2,5	3,8	3,8	0,0	1,3
Stofnkostnaður og viðhald	7,8	8,5	15,5	7,0	7,7
Heildarútgjöld	**162,0**	**154,8**	**166,5**	**11,7**	**4,5**

Tilfærslur eru óverulegar. Stofnkostnaður er 7 m.kr. umfram fjárlög og skýrist það af útgjöldum til tölvuvæðingar.

Umhverfisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 866 m.kr. sem er 57 m.kr. umfram fjárlög, eða 7%. Yfirstjórn er í samræmi við fjárlög, en frávik á ýmsum verkefnum ráðuneytisins eru þó í báðar áttir. Umframgjöld á liðnum *ýmis umhverfisverkefni* nema 8 m.kr. en á móti vegur samsvarandi inneign hjá verkefni um umhverfisvöktun. Umhverfisvernd er 6 m.kr. umfram fjárlög og kemur frávikið alfarið fram hjá Náttúruvernd ríkisins og er 13% af rekstrarheimild stofnunarinnar. Grípa verður til aðgerða til þess að stofnunin geti staðið við fjárlög þessa árs. Skipulagsmál eru 9 m.kr. umfram og frávik eru í báðar áttir. Eins og undanfarin ár er rekstur Skipulagsstjóra ríkisins innan marka fjárlaga, en á móti vegur að Spilliefnanefnd kostar um 14 m.kr. í rekstrargjöld á fyrsta starfsári sínu, en ekki var gert ráð fyrir tilvist stofnunarinnar í fjárlögum. Rannsóknir eru 43 m.kr. umfram fjárlög, eða 11%, og skiptast þannig að 22 m.kr. eru vegna Veðurstofunnar og 21 m.kr. vegna Náttúrufræði-stofnunar. Hlutfallslega vega þó umframgjöld Náttúrufræðistofnunar þyngra, eða 24%. Útistandandi kröfur stofnunarinnar eru þó verulegar, þannig að rekstrarhalli á greiðslugrunni er áætlaður um 12 m.kr.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útgjöld 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	143,9	157,9	157,6	-0,3	13,7
Umhverfisvernd	176,7	184,6	190,7	6,1	14,0
Skipulagsmál	109,8	93,0	101,5	8,5	-8,3
Rannsóknir	332,2	373,7	416,6	42,9	84,4
Rekstrargjöld samtals	**762,6**	**809,2**	**866,4**	**57,2**	**103,8**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	89,8	85,4	102,8	17,4	13,0
Stofnkostnaður og viðhald	138,0	137,5	128,0	-9,5	-10,0
Heildarútgjöld	**990,4**	**1.032,1**	**1.097,2**	**65,1**	**106,8**

Rekstrargjöldin hækka um 104 m.kr. frá fyrra ári, mest hjá rannsóknastofnunum eða 84 m.kr. Þar af eru 35 m.kr. hjá Náttúrufræðistofnun og 50 m.kr. hjá Veðurstofunni.

Tilfærslur eru 17 m.kr. umfram fjárlög og skýrist það af tilkomu Spilliefnanefndar, en tilfærsluframlag til eyðingar á spilliefnum nemur 22 m.kr. á árinu. Hækkun frá fyrra ári, að fjárhæð 13 m.kr. skýrist einnig af greiðslum til Spilliefnanefndar, en á móti vega heldur lægri greiðslur Veiðistjóra vegna framlags til refaveiða og endurgreiðslur Skipulagsstjóra til sveitarfélaga vegna skipulagsgjalds.

Stofnkostnaður er 10 m.kr. innan ramma fjárlaga, þar sem styrkir til sveitarfélaga vegna fráveitumála námu 76 m.kr. meðan að áætlun fjárlaga var 100 m.kr. Á móti vegur viðhald hjá aðalskrifstofu og eignakaup Náttúrufræðistofnunar. Lækkun frá fyrra ári skýrist nær alfarið af því að verulega dró úr endurbótum á húsnæði Veðurstofu Íslands miðað við árið áður.

Ársverk. Áætlað er að launagjöld ríkisstofnana í A-hluta hafi numið 39,5 milljörðum króna á árinu 1997, samanborið við 41,4 milljarða króna árið 1996. Þrátt fyrir hækkanir samkvæmt kjarasamningum, þá lækka heildarlaunagreiðslur ríkisins, en það skýrist af tilflutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Sú tilfærsla skýrir um 3,7 milljarða króna, þannig að teknu tilliti til þess hækka launin um 1½ milljarð króna milli ára. Á síðastliðnum árum hefur fjármálaráðuneytið lagt mat á vinnumagn einstakra stofnana með því að umreikna tegundir launagreiðslna sem greidd eru gegnum launakerfi ríkisins í svokölluð ársverk. Öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í starfstengslum við sjúkrahús (nema ríkisspítalar) greiða laun í gegnum önnur kerfi og koma því ekki fram. Þá eru hjúkrunarheimili utan launakerfisins.

Heildarfjöldi ársverka á síðasta ári var rúmlega 16.200 og jafngildir það fjölgun um tæplega 1% frá árinu 1996. Hjá flestum ráðuneytum er vinnumagn mjög svipað árin 1996 og 1997 en helstu frávikin eru eftirfarandi: Ársverkum forsætisráðuneytis fækkar um 15 vegna niðurlagningar embættis húsameistara. Í menntamálaráðuneyti fjölgaði ársverkum um rúm 150, að mestu af fjölgun ársverka í framhaldsskólum m.a. vegna nýs Borgarholtsskóla. Ársverkum fjölgar einnig á háskólastigi sem að hluta má rekja til Íslenska menntanetsins. Í sjávarútvegsráðuneyti fækkar ársverkum um tæplega 30, aðallega vegna minni eftirlitsstarfa á Flæmska hattinum. Ársverkum dómsmálaráðuneytis fjölgar um rúm 20 og dreifist fjölgunin á sýslumannsembætti landsins. Að lokum fjölgar ársverkum í umhverfisráðuneyti um 20 og er skýringa að leita hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofu Íslands en hjá þeim stofnunum eykst vinnumagn sem kostað er af innlendum og erlendum rannsóknasjóðum.

5 Lánahreyfingar ríkissjóðs.

5.1 Markaðsaðgerðir ríkisins.

Í byrjun árs í kynnti fjármálaráðherra áætlun um endurskipulagningu á innlendri skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs. Markmið hennar var að fækka flokkum ríkisverðbréfa og stækka þá sem eftir verða. Flokkar spariskírteina og ríkisbréfa sem þannig hafa verið byggðir upp eru nefndir markflokkar (Benchmark bonds), en vegna stærðarinnar verður vaxtamyndun þeirra virk og skírteinin auðseljanlegri á eftirmarkaði við bestu fáanleg kjör. Jafnframt verður markaðurinn á Íslandi skilvirkari og samkeppnishæfari við erlenda valkosti. Stefnt var því að fækka virkum flokkum spariskírteina úr 46 í 10. Verkefninu var skipt í nokkra áfanga. Í þeim fyrsta var sagt upp flokkum sem voru með gagnkvæmu uppsagnarákvæði og var eigendum þessara skírteina boðið að taka þátt í sérstöku útboði til að endurfjárfesta í markflokkum í staðinn. Þessu næst var eigendum tiltekinna flokka sem ekki var talið að væru nægilega stórir boðið að skipta sínum skírteinum fyrir ný bréf í markflokkum og þar með tryggja sér betri bréf. Loks var ákveðið að bjóða þeim sem áttu ríkisbréf og spariskírteini með gjalddaga í apríl 1998 að skipta út þeim bréfum fyrir ný markflokkabréf í útboði í október. Um leið og fjármálaráðherra hafði kynnt fyrirhugaðar aðgerðir tilkynntu tveir af viðskiptabönkunum að þeir tækju að sér viðskiptavakt fyrir alla markflokka ríkissjóðs. Áhrif þessarar breytingar komu fram í stóraukinni veltu spariskírteina á eftirmarkaði á síðasta ári. Í lok árs voru um 85% af öllum ríkisverðbréfum í markflokkum.

Ákveðið var í upphafi ársins að bæta upplýsingagjöf til fjármagnsmarkaðarins um fjárþörf ríkissjóðs innan ársins og þá um leið fyrirætlanir fjármálaráðuneytisins um fjáröflun. Í því skyni er ársþriðjungslega gefinn út fjórblöðungur sem sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs á komandi ársþriðjungi, ásamt samanburði við fyrra ár. Ástæðan fyrir því að árinu er skipt í þriðjunga liggur í tekjusveiflum ríkissjóðs þar sem hver sveifla nær yfir 2 mánuði í senn. Jafnframt eru haldnir fundir með markaðsaðilum tvisvar á ári, þar sem þeim eru kynntar fyrirætlanir ríkissjóðs um lántökur á innanlandsmarkaði.

Gott jafnvægi var á milli framboðs og eftirspurnar á innlendum lánsfjármarkaði á árinu sem kom m.a. fram í því að ríkissjóði gekk greiðlega að endurfjármagna eldri gjalddaga ríkisverðbréfa og almennt gekk sala ríkisverðbréfa vel. Góð afkoma ríkissjóðs ásamt vel heppnaðri innlendri lánsfjáröflun gerði ríkissjóði kleift að lækka erlendar skuldir um 6,5 milljarða króna.

Heildarsala verðbréfafyrirtækja og ríkissjóðs í skuldabréfaútboðum.

Markaðsverð í milljónum króna	Spari-skírteini	Ríkis-bréf	Hús-bréf	Húsn-br.	Sveitar-félög	Lána-stofnanir	Atvinnu-fyrirtæki	Alls
Samtals 1997	18.536	2.656	15.353	3.016	1.463	10.548	3.403	54.975
Samtals 1996	20.155	5.264	13.183	5.379	1.524	12.381	2.045	59.931
Samtals 1995	9.268	2.205	11.097	-	3.661	8.891	2.681	37.803
Samtals 1994	9.469	3.446	14.070	2.379	5.908	5.320	2.908	43.500
Samtals 1993	8.200	2.105	10.796	4.408	..	..	..	..

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Framboð á skuldabréfum í útboðum innan lands dróst saman um tæpa 5 milljarða króna frá árinu 1996. Lækkunin kemur að stærstum hluta fram í 4,3 milljarða króna minni útgáfu ríkisverðbréfa og um 2,3 milljarða króna minni útgáfu Húsnæðisstofnunar á húsnæðis-

bréfum. Þá drógu lánastofnanir úr útgáfum sínum á lengri lánum um 1,8 milljarða króna. Á móti kemur að húsbréfaútgáfan er um 2,2 milljörðum króna hærri og útgáfur atvinnufyrirtækja eru um 1,4 milljörðum króna hærri. Lánsfjárútgáfur sveitarfélaga eru nánast óbreyttar milli ára.

Alls nam verðbréfasala hjá öðrum en ríki og húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar um 15,4 milljörðum króna sem er um 0,4 milljörðum minna en á árinu 1996. Af þessum verðbréfum voru 8 milljarðar króna seldir í lokuðum útboðum, en 7,4 milljarðar í almennum útboðum. Þetta er mun hagstæðara hlutfall en verið hefur undanfarin ár og virðast útgefendur nú frekar en áður sjá sér hag í því að selja bréf sín í opnum útboðum en það gerir verðmyndun og umsvif á markaði gegnsærri. Þessa þróun má að mestu rekja til þess að útgáfa bankabréfa var því sem næst öll í opnum útboðum öfugt við það sem áður var. Aðrar lánastofnanir virðast hins vegar enn sjá sér hag í því að selja áfram í lokuðum útboðum. Öll verðbréfaútgáfa ríkissjóðs, húsnæðisbréfa og húsbréfa er seld samkvæmt skilmálum almenns útboðs. Loks má geta þess að fyrirtæki seldu nýtt hlutafé fyrir einungis um 0,8 milljarð króna og er það lækkun um 7,8 milljarða króna frá fyrra ári. Líklega má rekja minni útgáfu að hluta til þess að verð hlutabréfa lækkaði almennt á árinu.

Erlend verðbréfakaup innlendra aðila námu um 14,4 milljörðum króna nettó á árinu 1997, sem er hækkun frá 1996 en þá námu þau 2,1 milljarði króna. Stór hluti aukningarinnar kemur fram í kaupum á hlutdeildarskírteinum í erlendum verðbréfasjóðum eða 10,7 milljarðar króna í stað 4,2 milljarða árið á undan. Þá voru keypt hlutabréf fyrir 2,1 milljarð nettó sem er aukning um 1,8 milljarða króna frá fyrra ári.

5.2 Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1997.

Í fjárlögum 1997 var heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla með lántöku til að mæta útstreymi á lánahreyfingum, greiddum afborgunum á teknum lánum og að frádregnum tekjuafgangi, áætluð um 12,4 milljarðar króna. Samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkisbókhalds reyndist lánsfjárþörfin vera 18,9 milljarðar króna, eða 6,5 milljörðum króna hærri en áætlað var. Þessi viðbótarfjárþörf skýrist að stærstum hluta af hærri afborgunum ríkisverðbréfa vegna þeirrar ákvörðunar sem tekin var í byrjun árs að endurskipuleggja verðbréfaútgáfu ríkissjóðs með því að leysa inn litla flokka spariskírteina.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Rekstrarafkoma	**-11.994**	**124**	**1.236**	**1.112**
Veitt lán, nettó	41	2.470	-530	-3.000
Eignfærð framlög	-208	-400	-83	317
Viðskiptareikningur	-546	-400	-1.249	-849
Hrein lánsfjárþörf	**-12.707**	**1.794**	**-626**	**-2.420**
Afborganir af teknum lánum	-28.740	-14.240	-18.582	-4.342
Verg lánsfjárþörf	**-41.447**	**-12.446**	**-19.208**	**-6.762**
Tekin ný lán	41.495	12.500	18.983	6.483
Greiðsluafkoma	**41**	**54**	**-225**	**-279**

Alls námu afborganir umfram áætlun um 4,3 milljörðum króna. Ríkissjóður fjármagnaði einnig að fullu Byggingarsjóð ríkisins og nam lánveiting til hans 2,6 milljörðum króna. Í báðum þessum tilfellum er því ekki um að ræða nýja fjárþörf heldur annars vegar skuldbreytingu hjá ríkissjóði og hins vegar tilfærslu milli ríkissjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Á móti kemur að tekjuafgangur ríkissjóðs er um 1,1 milljarði króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir að meðtöldum vaxtagjöldum af innköllunarflokkum spariskírteina en þau nema um 3,7 milljörðum króna. Hrein lánsfjárþörf nam einungis 626 m.kr. og lækkar því verulega frá fyrra ári en þá nam hún 12,1 milljarði króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1997 samanborið við fjárlög 1997 og útkomu ársins 1996.

Hér á eftir eru einstakir þættir lánsfjárþarfar A-hluta ríkissjóðs skýrðir nánar. Fyrst er yfirlit um innheimtar afborganir og helstu lánveitingar. Þá er gerð grein fyrir ýmsum eignfærðum framlögum og færslum á viðskiptareikningum. Að lokum er fjallað um greiddar afborganir ríkissjóðs af eldri lánum.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1997 voru veitt ný lán fyrir 8,9 milljarða króna eða 0,5 milljarða króna hærri fjárhæð en nam innheimtum afborgunum. Samkvæmt fjárlögum var hins vegar gert ráð fyrir að innheimtar afborganir yrðu 2,5 milljörðum krónum hærri. Frávik frá fjárlögum stafar nær alfarið af lánveitingum til Húsnæðisstofnunar að fjárhæð 2,6 milljarðar króna. Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir sundurliðun á innheimtum afborgunum og veittum lánum.

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 8.460 m.kr. í fjárlögum en urðu 111 m.kr. lægri eða 8.349 m.kr. Afborganir hjá Byggingarsjóðum ríkisins urðu 118 m.kr. minni en ráð var fyrir gert og afborganir ýmissa smærri aðila 191 m.kr. lægri. Á móti kemur að Lánasjóður íslenskra námsmanna greiddi fyrir gjalddaga 150 m.kr. aukaafborgun og að afborganir af lánum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar voru 67 m.kr. hærri en áætlað var. Skýringin á mismun milli ára hjá öðrum opinberum aðilum, sbr. töflu hér á eftir, liggur í uppgjöri eldri lána vegna raðsmíðaskipa að fjárhæð 1,4 milljarðar króna.

Veitt lán. Lánveitingum ríkissjóðs má skipta í fernt. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán sem eru veitt skv. 4. og 5. gr. lánsfjárlaga, en í 5. gr. laga um Lánasýslu ríkisins er ríkissjóði heimilt að endurlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í stað þess að veita ríkisábyrgð. Í þriðja lagi eru lánveitingar skv. 7. gr. lánsfjárlaga. Loks eru lán veitt samkvæmt ákvæðum 6. gr. fjárlaga eða annarra sérlaga. Einungis lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga sem skýrir að mestu það frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Í fjárlögum voru lánveitingar ríkissjóðs áætlaðar alls 5.990 m.kr. en urðu í reynd 8.879 m.kr. Lánveitingar samkvæmt 1. gr. fjárlaga urðu alls 5.508 m.kr. eða 482 m.kr. lægri en heimildir í fjárlögum gerðu ráð fyrir. Þannig urðu lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 100 m.kr. lægri og Þróunarsjóður sjávarútvegsins nýtti ekki 130 m.kr. lánsheimild. Þá tók bæjarsjóður Vestmannaeyja ekki 33 m.kr. lán hjá ríkissjóði eins og hann hafði heimild til. Loks var 500 m.kr. heimild til lántöku til iðnaðarsvæðisins á Grundartanga ekki nýtt, en þess í stað var veitt 250 m.kr. skammtímalán af viðskiptareikningi. Á móti þessu vegur að Alþjóðaflugþjónustan nýtti sér 100 m.kr. heimild frá árinu 1996 ásamt heimild lánsfjárlaga 1997 og tók því samtals lán fyrir um 200 m.kr. vegna fjárfestinga. Þá var lokið skuldbreytingum eldri lána til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í samræmi við fjárhagslegra endurskipulagningu á rekstri stöðvarinnar og námu lánveitingar umfram greiðslur eldri lána 188 m.kr.

Lánveitingar ríkissjóðs skv. 4. og 5. gr. lánsfjárlaga urðu 3.062 m.kr. Það skýrist að stærstum hluta af 2.640 m.kr. lánveitingu til Húsnæðisstofnunar, en ákveðið var að hafa sama hátt á við lánsfjáröflun hennar og síðustu ár þegar ríkissjóður hefur fjármagnað fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins en stofnunin annast sjálf fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna með útboðum húsnæðisbréfa. Til Spalar ehf. voru veittar samtals 222 m.kr. vegna framkvæmda við vegagerð að Hvalfjarðargöngum, en um er að ræða nýtingu á eftirstöðvum heimildar frá árinu 1996.

Innheimtar afborganir og veitt lán ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innheimtar afborganir af veittum lánum	**8.275**	**8.460**	**8.349**	**-111**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.928	2.578	2.754	176
Byggingarsjóðir	1.319	2.029	1.911	-118
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	-	1.541	1.608	67
Aðrir opinberir sjóðir og fyrirtæki	1.634	1.130	1.122	-8
Sveitarfélög	352	320	283	-37
Aðrir aðilar	2.042	862	671	-191
Veitt ný lán	**8.234**	**5.990**	**8.879**	**-2.889**
Samkvæmt 1. gr. fjárlaga	**4.630**	**5.990**	**5.508**	**482**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.930	3.800	3.700	100
Alþjóðaflugþjónustan	-	100	200	-100
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	700	130	7	130
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	-	1.420	1.608	-188
Bæjarveita Vestmannaeyja	-	33	-	33
Iðnaðarsvæði Grundartanga	-	500	-	500
Aðrir aðilar		**7**		**7**
Samkvæmt 4. og 5. gr. lánsfjárlaga	**2.642**	**-**	**3.062**	**-3.062**
Húsnæðisstofnun ríkisins	2.300	-	2.640	-2.640
Byggðastofnun	-	-	200	-200
Spölur ehf	342	-	222	-222
Samkvæmt 7. gr. lánsfjárlaga	**320**	**-**	**176**	**-176**
Landsvirkjun	283	-	176	-176
Vinnslustöðin hf.	37	-	-	
Ýmsar heimildir	**642**	**-**	**133**	**133**
Skýrr hf.	116	-	-	-
Ofanflóðasjóður	301	-	-	-
Reykjavíkurhöfn	-	-	29	-29
Fasteignaviðskipti og eignasala	101	-	50	-50
Aðrir aðilar	124	-	54	54
Veitt lán, nettó	**41**	**2.470**	**530**	**-3.000**

Lánveitingar skv. 7. gr. lánsfjárlaga urðu 176 m.kr. Þar er um að ræða lánveitingu til Landsvirkjunar að fjárhæð 176 m.kr. sem er vegna uppgjörs á vöxtum sem hafa fallið á víkjandi lán hjá Endurlánum.

Lánveitingar skv. 6. gr. fjárlaga og öðrum heimildum urðu 133 m.kr. Þar af nema lán vegna fasteignaviðskipta um 79 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó. Útborganir umfram innborganir af viðskiptareikningum voru áætlaðar 500 m.kr. í fjárlögum. Niðurstaða ársins er að útgreiðslur á viðskiptareikningum urðu nokkuð hærri eða 1.249 m.kr. Í samanburði við árið 1996 vegur þyngst veiting skuldaviðurkenninga vegna ýmissa aðflutningsgjalda að fjárhæð 842 m.kr. Þá voru greiddar

250 m.kr. til iðnaðarsvæðisins á Grundartanga í formi bráðabirgðaláns, sbr. umfjöllun hér að framan.

Eignfærð framlög. Í fjárlögum voru eignfærð framlög áætluð 400 m.kr. en þau urðu í reynd 83 m.kr. að frádregnu sölu á hlutafé. Framlög til alþjóðastofnana námu 166 m.kr. og er það 38 m.kr. lægra en áætlað var í fjárlögum. Til innlendra framlaga voru áætlaðar 196 m.kr. Í reynd urðu framlögin óveruleg en hins vegar voru seld hlutabréf í tveimur fyrirtækjum í eigu ríkisins, þ.e. Bifreiðaskoðun Íslands hf. og Skýrr hf., samtals að fjárhæð 85 m.kr.

Hlutafjárframlög og stofnframlög.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Hlutafjárframlög og innlend stofnfjárframlög	**84**	**196**	**-83**	**279**
Bifreiðaskoðun Íslands hf.	-	-	-34	34
Skýrr hf.	-	-	-51	51
Jarðboranir hf.	-68	-	-	-
Þörungaverksmiðjan	-28	-	-	-
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	180	-	-	-
Annað		196	2	194
Alþjóðafjármálastofnanir	**125**	**204**	**166**	**38**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington	-	19	20	-1
Alþjóðabankinn, IBRD og IDA, Washington	90	85	82	3
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO	6	6	6	-
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	-	53	27	26
Evrópubankinn, EBRD, Lundúnum	-	8	-	8
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin	7	5	5	-
Norræni fjárfestingabankinn, NIB	24	28	28	-
Annað	-2	-	-2	2
Eignfærð framlög alls	**209**	**400**	**83**	**317**

Greiddar afborganir. Afborganir ríkissjóðs voru áætlaðar 14.240 m.kr. í fjárlögum en urðu 4.342 m.kr. hærri. Mismunurinn skýrist af innköllun á nokkrum flokkum spariskírteina ríkissjóðs og námu afborganir þeirra um 3,7 milljörðum króna. Þá var eigendum flokka spariskírteina og ríkisbréfa, sem koma til innlausnar 1998, gefinn kostur á að innleysa fyrir gjalddaga í skiptum fyrir ný bréf. Alls námu afborganir vegna skiptiinnlausna 0,7 milljörðum króna og koma einkum fram í ríkisbréfum.

Greiddar afborganir ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr.	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innlausn spariskírteina	14.465	5.400	9.060	-3.660
Ríkisbréf	3.447	-	594	-594
Önnur innlend lán	1.628	1.152	1.165	-13
Erlend lán	9.200	7.688	7.763	-75
Afborganir alls	**28.740**	**14.240**	**18.582**	**-4.342**

5.3 Lántökur ríkissjóðs.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs nam 19 milljörðum króna á árinu eða svipuð fjárhæð og afborganir eldri lána. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs var því sem næst engin. Alls var aflað á innlendum markaði lána að fjárhæð 17,7 milljarðar króna. Sala ríkisverðbréfa til langs tíma nam alls 21,2 milljörðum króna en á móti voru innleystir ríkisvíxlar að fjárhæð 3,5 milljarðar króna umfram sölu. Á sama tíma voru afborganir innlendra lána um 6,9 milljörðum króna lægri en innlendar lántökur. Þetta aukna svigrúm sem skapaðist á innlenda lánamarkaðnum var notað til að greiða niður erlendar skuldir um 6,5 milljarða króna. Þannig voru einungis tekin lán erlendis fyrir 1,3 milljarða króna á meðan erlendar afborganir voru 7,8 milljarðar króna.

Lántökur ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	1996 m.kr	Fjárlög 1997 m.kr.	Útkoma 1997 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innlend lán	**25.025**	**-**	**17.677**	**-**
Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs	20.155	-	18.536	-
Sala ríkisbréfa með gjalddaga 1998	1.484	-	-	-
Sala ríkisbréfa með gjalddaga 2000	3.780	-	2.656	-
Sala 3ja mán. ríkisvíxla, nettó.	-1.295	-	-2.442	-
Sala 6 mán. ríkisvíxla, nettó	-537	-	645	-
Sala 12 mán. ríkisvíxla, nettó	1.248	-	-1.720	-
Önnur innlend lántaka	195	-	2	-
Erlend lán	**16.470**	**-**	**1.305**	**-**
Löng erlend lán	19.003	-	6.646	-
Erlend veltilán	-2.533	-	-5.341	-
				-
Tekin lán, alls	**41.495**	**12.500**	**18.982**	**6.482**

Spariskírteini ríkissjóðs. Á árinu 1997 voru seld ný spariskírteini fyrir um 18,5 milljarða króna. Eins og undanfarin ár fór sala fram með þrennum hætti. Sala í útboðum nam samtals 10,5 milljörðum króna. Þá var nýjum spariskírteinum skipt fyrir eldri fyrir um 6,8 milljarða króna á sérstökum skiptikjörum. Loks voru seld spariskírteini í áskrift fyrir 1 milljarð króna. Samtals komu til innlausnar um 15,4 milljarðar króna. Þar af var höfuðstóll bréfanna 9,1 milljarður króna en vextir 6,3 milljarðar króna. Nettósala spariskírteina umfram innlausn eldri skírteina nam því 3,1 milljarði króna.

Ávöxtun spariskírteina í útboðum 1997



Sala spariskírteina skiptist þannig að seld voru 5 ára verðtryggð spariskírteini fyrir 7,7 milljarða króna, 8 ára bréf fyrir 10,5 milljarða króna og árgreiðsluskírteini fyrir 0,2 milljarða króna.

Ávöxtunarkrafa 8 ára bréfa var í fyrsta útboði ársins 5,69% en fór hækkandi í næstu tveimur útboðum og var í mars 5,78% sem var hæsta ávöxtun á árinu. Þegar leið á árið fór ávöxtun lækkandi og var lægst 5,27 % í september, en í lok ársins hafði hún hækkað í 5,37%. Ávöxtunarkrafa 5 ára skírteina var í byrjun árs um 5,73% og hélst nánast óbreytt fram í lok maí, en fór svo lækkandi. Í útboði í nóvember, sem var síðasta útboð þar sem tilboðum var tekið, var hún 5,34%. Á árinu var aðeins þrisvar tekið tilboðum í útboðum árgreiðsluskírteina. Í janúar, þar sem ávöxtun var 5,77%, í maí, þar sem tekið var tilboðum við kröfuna 6,0% og í nóvember, þar sem ávöxtunarkrafan var 5,48%.

Ríkisbréf. Á árinu var einungis boðinn til sölu einn flokkur ríkisbréfa sem gefinn var út 1995 og var upphaflega til fimm ára en er nú til þriggja ára. Heildarsala ríkisbréfa á árinu nam um 2,7 milljörðum króna og var öll sú sala í almennum útboðum. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa var í upphafi árs 9,35%, en fór hægt lækkandi fram í júní og var þá 9,01%. Hún lækkaði verulega í næsta útboði eða nálægt 0,5%. Krafan hélt áfram að lækka það sem eftir var ársins og var í árslok komin rétt undir átta prósent eða 7,98%.

Ávöxtun ríkisbréfa í útboðum 1997



Verðmyndun á þessum óverðtryggðu bréfum er mjög háð væntingum um breytingar í efnahagsumhverfi. Vextir ríkisbréfa tóku ekki að lækka fyrr en um vorið, m.a. vegna óvissu um verðlagsáhrif kjarasamninga sem gerðir voru á fyrri hluta ársins. Enginn gjalddagi var á árinu, en afborganir af eldri ríkisbréfum námu samt sem áður 0,6 milljörðum króna, sem má rekja til innlausnar bréfa fyrir gjalddaga í skiptum fyrir ný bréf. Nettó fjármögnun ríkisbréfa er því 2,1 milljarður króna.

Ríkisvíxlar. Á árinu gekk sala ríkisvíxla vel og var öll skammtímafjárþörf ríkissjóðs að fullu leyst með sölu þeirra í reglubundnum útboðum. Sú breyting sem gerð var á söludögum ríkisvíxla 1996, að tengja lánstíma og söludaga við fjárþörf ríkissjóðs hefur ótvírætt sannað gildi sitt við greiðslustýringu ríkissjóðs.

Heildarsala ríkisvíxla á árinu nam 64,2 milljörðum króna en útistandandi víxlar

Ávöxtun ríkisvíxla í útboðum 1997



í árslok voru 12,3 milljarðar króna en það er lækkun um 3,5 milljarða á árinu. Þar af lækkuðu þriggja mánaða víxlar um 2,4 milljarða og 12 mánaða um 1,7 milljarða en 6 mánaða víxlar hækkuðu um 0,6 milljarða króna. Á fyrri hluta ársins og fram til hausts var mikil eftirspurn eftir ríkisvíxlum sem má líklega rekja til 2,5–3,0% vaxtamunar á ríkisvíxlum og erlendum skammtímalánum svo og hagstæðrar gengisþróunar fram á mitt ár. Hins vegar má að hluta rekja þetta til þess að Seðlabanki Íslands hélt skammtímavöxtum háum til að hamla á móti þenslu. Á seinni hluta ársins dró fjármálaráðuneytið úr framboði vegna góðrar sjóðsstöðu. Um svipað leyti dró úr eftirspurn á markaðnum og var svo komið í síðustu útboðum að þátttaka var það dræm að ekki tókst að fjármagna á móti innlausn sem leiddi til þess að fjárhæð útistandandi ríkisvíxla lækkaði.

Meðalávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla í útboðum var 7,11% í ársbyrjun og hélst nánast óbreytt þar til í júní að hún lækkaði í 6,96%. Ávöxtunarkrafan fór síðan hægt sígandi í næstu útboðum og var lægst í ágúst 6,79%. Frá þeim tíma tók ávöxtunarkrafan að stíga hægt upp á við og var í árslok 7,21%. Skýring hækkunar ávöxtunarkröfu í lok árs má rekja til slæmrar lausafjárstöðu lánastofnana og aukinnar eftirspurnar þeirra eftir lánsfé. Sala þriggja mánaða ríkisvíxla var á árinu 58,2 milljarðar króna eða 91% af heildarsölu ríkisvíxla.

Í fyrsta útboði ársins á 6 mánaða víxlum var ávöxtunarkrafan 7,32%. Hún steig hægt upp fram til maí, lækkað síðan um mitt ár og var lægst 6,88% í september, en hækkaði svo aftur og var í lok árs 7,40%. Samtals seldust 6 mánaða ríkisvíxlar fyrir 4,7 milljarða króna sem er um 7% af heildarsölu ríkisvíxla. Salan var sveiflukennd innan ársins en var minnst um mitt ár.

Í fyrsta útboði á 12 mánaða víxlum var meðalávöxtunarkrafan 7,85% sem hélst óbreytt í næstu tveim útboðum í febrúar. Víxlar til 12 mánaða seldust síðan ekki fyrr en í júní á kröfunni 7,60% og aftur í lok ársins en þá var meðalávöxtunin 7,55%. Heildarsala 12 mánaða víxla nam 1,3 milljörðum króna sem er 2% af heildarsölu ríkisvíxla. Á undanförnum árum hefur dregið úr sölu 6 og 12 mánaða víxla en sala þeirra gegnir mikilvægu hlutverki við að mynda vaxtalínu á óverðtryggðum skuldbindingum á íslenskum fjármagnsmarkaði.

Erlend lán. Á árinu 1997 voru tekin tvö erlend langtímalán, samtals að fjárhæð 6,6 milljarðar króna, en á móti vegur að útistandandi erlendir víxlar á Evrópumarkaði lækkuðu um 5,3 milljarða króna og að greiddar afborganir langra lána námu 7,8 milljörðum króna. Lækkun erlendra lána nam því um 6,4 milljörðum króna. Heildarfjárhæð erlendra lána ríkissjóðs voru um 127 milljarðar og nemur þessi lækkun því um 5% af heildarlánum ríkissjóðs erlendis.

Ríkissjóður gaf út skuldabréf á Evrópumarkaði í lok febrúar 1997. Skuldabréfaútboðið var að fjárhæð 150 milljónir þýskra marka, en það samsvarar um 6,3 milljörðum króna. Skuldabréfin bera breytilega vexti og miðast við millibankavexti í Lundúnum í þýskum mörkum að frádregnum 12,5 punktum. Útgáfugengi var 99,847 og nam þóknun umsjónarfyrirtækja 0,1% af lánsfjárhæð. Skuldabréfin greiðast upp í einu lagi í lok lánstímans, að þremur árum liðnum, í mars árið 2000. Heildarkostnaður við útgáfuna reiknast um 4 punktum undir millibankavöxtum í þýskum mörkum.

Verðbréfafyrirtækin Credit Suisse First Boston og Salomon Brothers höfðu forystu um útgáfuna, en auk þeirra tók þátt fjöldi annarra verðbréfafyrirtækja. Þessi skuldabréfaútgáfa er sú fyrsta sem ríkissjóður stendur fyrir á erlendum markaði með kjörum þar sem viðmiðun er lægri en millibankavextir.

Í september var samið við Norræna fjárfestingarbankann um lánsheimild fyrir ríkissjóð, sem tengist verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins. Lánsheimildin nemur 2.240 m.kr. og gildir hún allt að 15 árum. Á þessu tímabili getur ríkissjóður dregið á heimildina og greitt upp eftir þörfum. Lánsheimildin var notuð í fyrsta sinn þegar dregið var á lánið 4,5 milljónir Bandaríkjadala, sem svarar til 320 m.kr. Þessi ádráttur endurgreiðist í einu lagi 13 mánuðum síðar, í janúar 1999. Af þessu fé greiðir ríkissjóður millibankavexti í Lundúnum, í Bandaríkjadölum, að frádregnum 5 punktum.

Á árinu voru uppsagnarákvæði nýtt til að segja upp tveimur lánum. Greitt var upp lán frá Meiji Life frá árinu 1992 að fjárhæð 3 milljarðar japanskra jena. Enn fremur var greitt upp lán frá útflutningslánasjóði Kanada að fjárhæð 1,4 milljónir Bandaríkjadala. Samtals námu þessar uppgreiðslur um 1,9 milljörðum króna.

Víxlaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði hefur á síðustu misserum reynst ríkissjóði hagkvæm við fjárstýringu. Hámarksfjárhæð útgáfunnar er um 500 milljónir Bandaríkjadalir, en jafnframt er leyfilegt að gefa út víxla í fleiri myntum. Fjöldi mynta eykur sveigjanleika útgáfunnar og gefur kost á nýtingu framvirkra samninga. Góð reynsla er komin á útgáfuna, en hún er að stofni til frá árinu 1985 og er gildandi samningur frá árinu 1995. Víxlar eru gefnir út á vöxtum sem eru að jafnaði um 10 punktum undir millibankavöxtum í Lundúnum í Bandaríkjadölum. Velta útgáfunnar var á árinu 1997 um 1,25 milljarðar Bandaríkjadala, en það samsvarar 90 milljörðum króna. Fjárhæð útgáfunnar var í upphafi árs 267 milljónir Bandaríkjadala, en í lok árs um 193 milljónir Bandaríkjadala. Útistandandi fjárhæð lækkaði á árinu um 74 milljónir Bandaríkjadala, en það samsvarar lækkun að fjárhæð 5,3 m.kr. eins og áður er sagt.

6 Lánsfjármál ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða.

Í þessum kafla verður fjallað um lánsfjármál ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða með víðtækari hætti en í kaflanum hér á undan. Gerð er grein fyrir lántökum, afborgunum og lánsfjárþörf sem og helstu frávikum frá upphaflegri lánsfjáráætlun, þ.e. fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir árið 1997.

Skilgreining á lánsfjárþörf ríkisins er ekki einhlít. Þannig er í alþjóðlegum samanburði almennt miðað við mun þrengri skilgreiningu en hér er gert. Ýmis fyrirtæki og sjóðir sem hér flokkast sem ríkisfyrirtæki eru í alþjóðlegum samanburði flokkuð sem einkafyrirtæki. Hins vegar eru fjármálastofnanir og fyrirtæki í ríkari mæli í eigu ríkisins hér á landi en t.d. í öðrum aðildarríkjum OECD.

Til að draga fram samanburðarhæfar stærðir og auðvelda yfirsýn, er lánum, afborgunum og lánsfjárþörf skipt milli ríkisins annars vegar og ríkisfyrirtækja og sjóða hins vegar. Undir hina síðartöldu fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeigu í aðildarríkjum OECD, svo sem Landsvirkjun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna. Undir ríkið falla A-hluti ríkissjóðs og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátalinni. Það skal tekið fram að sveitarfélög eru hér undanskilin þannig að umfjöllunin gefur ekki tæmandi mynd af lántökum opinberra aðila í heild.

Lánsfjárþörf 1997

Í milljörðum króna	Lánsfjáráætlun 1997			Útkoma 1997		
	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**-**	**-**	**52,5**	**40,8**	**13,4**	**54,1**
Ríki	-	-	20,0	23,3	1,3	24,6
Ríkissjóður A-hluti	-	-	12,5	17,7	1,3	19,0
Byggingarsjóðir	-	-	7,6	5,6	-	5,6
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	-	-	32,4	17,5	12,1	29,6
Ríkisfyrirtæki	-	-	9,0	1,0	2,9	3,9
Húsbréf	-	-	14,0	14,3	0,0	14,3
Fjárfestingarlánasjóðir	-	-	9,4	2,1	9,2	11,3
Afborganir	**21,4**	**14,6**	**36,0**	**22,4**	**14,1**	**36,5**
Ríki	12,4	7,6	20,0	13,8	7,8	21,5
Ríkissjóður A-hluti	6,6	7,6	14,2	10,8	7,8	18,6
Byggingarsjóðir	5,8	-	5,8	2,9	-	2,9
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	9,0	7,0	16,0	8,6	6,4	15,0
Ríkisfyrirtæki	-	2,3	2,3	0,3	1,7	2,0
Húsbréf	5,7	-	5,7	5,8	-	5,8
Fjárfestingarlánasjóðir	3,3	4,7	8,0	2,6	4,7	7,2
Hrein lánsfjárþörf	**-**	**-**	**16,5**	**18,4**	**(0,8)**	**17,6**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-	-	3,1	3,5	(0,2)	3,3

Heildaryfirlit. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1997 voru heildarlántökur ríkisins, fyrirtækja þess og sjóða áætlaðar 52,5 milljarðar króna. Þessari fjárhæð var ekki skipt fyrirfram á milli innlendra og erlendra lána. Vegna aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa er greinarmunur hér á milli afar óljós. Til dæmis geta erlendir aðilar keypt ríkisverðbréf sem gefin eru út hér á landi og innlendir aðilar geta keypt ríkisverðbréf sem gefin eru út erlendis. Hreinar lántökur, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, voru áætlaðar 16,4 milljarður króna.

Nú liggja fyrir bráðabirgðatölur um lántökur þessara aðila árið 1997. Samkvæmt þeim námu heildarlántökur 54,1 milljarði króna, eða 1,6 milljörðum króna yfir áætlun. Af þessari fjárhæð var 40,8 milljarða króna aflað á innlendum markaði og 13,4 milljarða króna erlendis. Heildarafborganir eldri lána námu 36,5 milljörðum króna. Hrein lánsfjáröflun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, nam því 17,6 milljörðum króna, eða 1,1 milljarði króna yfir áætlun. Þessi fjárhæð svarar til 3,3% af landsframleiðslu, samanborið við 3,1% á árinu 1996. Frávikið frá áætlun má að stærstum hluta rekja til aukinnar lánsfjárþarfar ríkissjóðs vegna endurskipulagningar á verðbréfaútgáfu ríkissjóðs sem hafði það að markmið að bæta vaxtamyndun á eftirmarkaði.

Lántökur 1997.

Milljónir króna	Sala ríkis-verðbréfa	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
Ríki	**17.677**	**5.584**	**23.261**	**1.305**	**24.566**
Ríkissjóður A-hluti	17.677	-	17.677	1.305	18.982
Byggingarsjóðir ríkisins	-	5.584	5.584	-	5.584
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	**14.346**	**3.149**	**17.495**	**8.464**	**25.959**
Húsbréfadeild Húsnæðisst. ríkisins	14.346	-	14.346	-	14.346
Landsvirkjun	-	1.000	1.000	2.900	3.900
Byggðastofnun	-	525	525	525	525
Ferðamálasjóður	-	74	74	-	74
Fiskveiðasjóður	-	-	-	4.260	4.260
Iðnlánasjóður	-	450	450	1.304	1.754
Lánasjóður landbúnaðarins	-	1.100	1.100	-	1.100
Heildarlántökur	**32.023**	**8.733**	**40.756**	**9.769**	**50.525**

Ríki. Heildarlántökur ríkisins voru áætlaðar 20 milljarðar króna, en urðu 24,6 milljarðar króna. Hrein lántaka nam um 3,1 milljarði króna, en var ekki ráðgerð í lánsfjáráætlun. Lántökur A-hluta ríkissjóðs urðu 4,6 milljörðum króna hærri en áætlað var. Veigamestu skýringarnar á hærri lántökum eru tvær. Í fyrsta lagi var tekin ákvörðun um að endurskipuleggja verðbréfaútgáfu ríkissjóðs með það að markmiði að bæta vaxtamyndun á eftirmarkaði eins og nánar er gerð grein fyrir hér að framan. Við þessa aðgerð var innkallað og skipt út bréfum fyrir samtals um 3,7 milljarða króna. Í öðru lagi hafði ríkissjóður milligöngu um 2,6 milljarða króna lántöku Byggingarsjóðs ríkisins. Á móti reyndist tekjuafgangur ríkissjóðs um 1,1 milljarði króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum að teknu tilliti til innköllunar spariskírteinaflokkanna. Nýjar lánveitingar ríkissjóðs urðu 0,5 milljörðum króna hærri en ráð var fyrir gert í fjárlögum og innheimtar afborganir eru því sem næst í samræmi við áætlun fjárlaga.

Sala húsnæðisbréfa til fjármögnunar á Byggingarsjóði verkamanna gekk vel á árinu og tókst að mæta 5,6 milljarða króna fjárþörf sjóðsins.

Ríkisfyrirtæki og sjóðir. Heildarlántökur ríkisfyrirtækja og sjóða voru áætlaðar 32,4 milljarðar króna, en þær urðu 29,6 milljarðar króna. Hrein lántaka þessara aðila nam 14,6 milljörðum króna, samanborið við 16,4 milljarða króna í lánsfjáráætlun. Frávikið skýrist fyrst og fremst af því að Landsvirkjun tók 5,1 milljarði kr. minna að láni en til stóð. Þá varð húsbréfaútgáfan 0,3 milljörðum króna meiri en til stóð og var til þess nýttur afgangur af heimild frá fyrra ári. Útgáfa húsbréfa var umfram áætlun á árinu 1997. Eftirspurn eftir húsbréfum jókst verulega og reyndist fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta 14,1% hærri en á árinu 1996. Umsóknir um skuldabréfaskipti jukust hins vegar um 11,2%. Skýringar á minni afborgunum lánasjóðanna felast einkum í gengisbreytingum. Loks greiddi Landsvirkjun 0,3 milljörðum króna minna í afborganir en gert hafði verið ráð fyrir.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna á umliðnum árum. Fram að þeim tíma höfðu sjóðirnir, ásamt bankakerfinu, tekið lán á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum og endurlánað þau til fyrirtækja. Á síðustu árum hefur það hins vegar færst í vöxt að fyrirtæki gefi út eigin verðbréf á innlendum lánamarkaði. Þannig er talið að fyrirtæki hafi gefið út skuldabréf fyrir um 1,8 milljarða króna

á árinu 1997 sem er um 400 m.kr. lækkun frá árinu áður. Lántökur fjárfestingarlánasjóðanna fara 1,9 milljarða króna fram úr áætlun og þeir greiða 0,8 milljörðum króna minna í afborganir en áætlað. Hrein lánsfjárþörf sjóðanna verður því 2,7 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun.

Sveitarfélög. Eins og fyrr segir nær lánsfjáráætlun ekki til lánastarfsemi sveitarfélaga. Á árunum 1993 og 1994 jókst hallarekstur sveitarfélaganna og þar með lánsfjárþörf þeirra. Þeirri þróun var hrundið milli áranna 1994 og 1995. Á síðasta ári dró lítillega úr lánsfjárþörf sveitarfélaga. Þannig er talið að sveitarfélög hafi gefið út skuldabréf fyrir um 1,3 milljarða króna í lokuðum útboðum á vegum verðbréfafyrirtækja á árinu 1997 samanborið við um 1,5 milljarða króna á árinu 1996. Lánsfjárþörf hefur verið mætt með lántökum í bankakerfinu annars vegar og útgáfu skuldabréfa hins vegar. Af þessu má ráða að umsvif sveitarfélaga á lánamarkaði fara minnkandi og um leið áhrif þeirra á fjármagnsmarkað og vexti.

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [1]	1997 [2]
Tekjur	28 861	38 113	48 957	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	103 220	109 602	114 413	127 735	131 990
Gjöld	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	112 863	116 986	123 344	139 730	130 753
Rekstrarafkoma	**-2 281**	**-1 998**	**-2 731**	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-9 643**	**-7 384**	**-8 931**	**-11 994**	**1 236**
Veitt lán, nettó	...	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 621	-9 477	-9 150	41	- 530
Hlutafé og stofnfjárframlög	...	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 410	- 158	- 75	- 208	- 83
Viðskiptareikningar, nettó	...	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	- 24	2 248	- 434	- 546	-1 249
Hrein lánsfjárþörf	...	**2 729**	**5 521**	**8 183**	**7 499**	**7 170**	**14 648**	**7 175**	**10 698**	**14 771**	**18 590**	**12 707**	**627**
Lántökur, nettó	...	**5 642**	**3 847**	**4 724**	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**14 729**	**17 806**	**12 755**	**401**
Innlend lántaka	...	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	8 090	3 568	2 192	5 485	6 859
Ný lán	...	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	12 831	9 845	13 237	25 025	17 677
Afborganir	...	1 731	1 757	3 356	4 549	2 923	5 603	3 821	4 741	6 277	11 045	19 540	10 819
Erlend lántaka	...	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	4 044	11 161	15 614	7 270	-6 457
Ný lán	...	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	5 203	20 474	18 839	16 470	1 305
Afborganir	...	1 248	1 036	1 032	1 482	1 226	1 265	4 328	1 159	9 313	3 225	9 200	7 763
Seðlabanki Íslands, nettó	...	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031	- 755	- 776	-	-	-	-	-
Greiðsluafkoma	...	**725**	**- 720**	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 436**	**- 42**	**- 784**	**48**	**- 225**
Hlutfall af VLF, %													
Tekjur	23,9	23,7	23,4	25,1	26,0	25,4	25,2	26,0	25,1	25,2	25,3	26,3	25,0
Gjöld	25,8	24,9	24,7	27,9	27,9	26,6	28,4	27,8	27,4	26,9	27,3	28,8	24,8
Rekstrarafkoma	-1,9	-1,2	-1,3	-2,8	-1,9	-1,2	-3,2	-1,8	-2,3	-1,7	-2,0	-2,5	0,2
Hrein lánsfjárþörf	...	1,7	2,6	3,2	2,4	2,0	3,7	1,8	2,6	3,4	4,1	2,6	0,1
Greiðsluafkoma	...	0,5	-0,3	-1,6	-0,7	0,2	-1,5	0,6	0,3	0,0	-0,2	0,0	0,0

[1] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10 milljarða króna árið 1996 og 3½ milljarð króna árið 1997.

[2] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur og gjöld ríkissjóðs um 6 milljarða króna árið 1997.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997 [1]
Tekjuskattar	**2 412**	**4 264**	**4 379**	**7 980**	**10 610**	**14 738**	**15 550**	**16 462**	**16 103**	**19 163**	**20 992**	**25 564**	**22 900**
Einstaklingar	1 846	3 123	3 323	6 158	8 087	12 060	12 903	13 207	12 835	15 872	16 750	21 371	18 148
Fyrirtæki	566	1 141	1 056	1 822	2 523	2 678	2 647	3 255	3 268	3 291	4 242	4 193	4 752
Tryggingagjöld og launaskattar	**2 243**	**3 010**	**4 051**	**4 904**	**5 842**	**7 649**	**9 510**	**9 976**	**10 374**	**10 945**	**11 453**	**13 569**	**14 786**
Eignarskattar	**644**	**887**	**1 216**	**1 327**	**2 389**	**2 630**	**3 332**	**3 478**	**3 796**	**3 561**	**3 627**	**3 799**	**4 143**
Skattar á vörur og þjónustu	**20 775**	**26 815**	**36 377**	**46 413**	**55 401**	**61 121**	**65 111**	**65 854**	**65 889**	**68 000**	**69 929**	**76 583**	**81 064**
Virðisaukaskattur/söluskattur	10 725	14 444	19 972	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 497	40 899	42 358	45 692	49 720
Innflutnings- og vörugjöld	5 090	5 786	7 810	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	7 696	7 994	8 832	10 505	10 402
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	1 923	2 431	3 204	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 150	6 600	6 148	7 266	6 944
Bifreiðagjöld [2]	1 348	2 144	2 739	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 512	8 231	8 607	9 224	9 875
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	1 689	2 010	2 652	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	4 035	4 276	3 984	3 896	4 123
Aðrar tekjur	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**7 058**	**7 933**	**8 412**	**8 220**	**9 097**
Vaxtatekjur	2 530	2 549	2 438	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 420	4 720	5 139	5 122	4 838
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	257	588	496	610	1 267	2 219	2 503	3 474	2 638	3 213	3 273	3 098	4 259
Heildartekjur ríkissjóðs	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**103 220**	**109 602**	**114 413**	**127 735**	**131 990**
Þar af skatttekjur	26 074	34 976	46 023	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	96 162	101 669	106 001	119 515	122 893
Hlutfall af VLF, %													
Heildartekjur ríkissjóðs	**23,9**	**23,7**	**23,4**	**25,1**	**26,0**	**25,4**	**25,2**	**26,0**	**25,1**	**25,2**	**25,3**	**26,3**	**25,0**
Aðrar tekjur	8,9	9,0	1,4	1,5	1,9	1,7	1,6	1,9	1,7	1,8	1,9	1,7	1,7
Skatttekjur	**19,2**	**19,3**	**22,0**	**23,6**	**24,1**	**23,7**	**23,6**	**24,1**	**23,4**	**23,4**	**23,5**	**24,6**	**23,3**
Tekjuskattur	2,0	2,6	2,1	3,1	3,4	4,0	3,9	4,1	3,9	4,4	4,6	5,3	4,3
Tryggingagjöld og launaskattar	17,2	16,6	1,9	1,9	1,9	2,1	2,4	2,5	2,5	2,5	2,5	2,8	2,8
Eignaskattar	0,5	0,6	0,6	0,5	0,8	0,7	0,8	0,9	0,9	0,8	0,8	0,8	0,8
Skattar á vörur og þjónustu	17,2	16,6	17,4	18,1	18,0	16,8	16,4	16,6	16,0	15,6	15,5	15,8	15,4

[1] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 6 milljarða króna árið 1997.

[2] Sérstakt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Innheimtar tekjur ríkissjóðs á föstu verði

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997 [2]
Tekjuskattar	**7 864**	**11 078**	**9 520**	**14 122**	**15 673**	**18 640**	**18 261**	**18 660**	**17 808**	**20 776**	**22 140**	**26 459**	**22 900**
Einstaklingar	6 019	8 114	7 225	10 898	11 946	15 253	15 152	14 970	14 194	17 208	17 666	22 119	18 148
Fyrirtæki	1 845	2 964	2 296	3 224	3 727	3 387	3 108	3 690	3 614	3 568	4 474	4 340	4 752
Tryggingagjöld og launaskattar	**7 313**	**7 820**	**8 807**	**8 679**	**8 630**	**9 674**	**11 168**	**11 308**	**11 472**	**11 867**	**12 079**	**14 044**	**14 786**
Eignarskattar	**2 100**	**2 304**	**2 644**	**2 348**	**3 529**	**3 326**	**3 913**	**3 942**	**4 198**	**3 861**	**3 825**	**3 932**	**4 143**
Skattar á vörur og þjónustu	**67 738**	**69 667**	**79 088**	**82 138**	**81 840**	**77 303**	**76 462**	**74 647**	**72 865**	**73 725**	**73 752**	**79 263**	**81 064**
Virðisaukaskattur/söluskattur	34 970	37 526	43 421	52 259	50 449	46 905	45 745	45 278	44 784	44 343	44 674	47 291	49 720
Innflutnings- og vörugjöld	16 596	15 032	16 980	9 145	10 968	10 566	11 109	9 289	8 510	8 667	9 315	10 873	10 402
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	6 270	6 316	6 966	7 566	7 933	7 487	7 618	7 294	6 801	7 156	6 484	7 520	6 944
Bifreiðagjöld [3]	4 395	5 570	5 955	6 674	6 993	6 919	7 520	7 965	8 307	8 924	9 078	9 547	9 875
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	5 507	5 222	5 766	6 495	5 497	5 426	4 468	4 821	4 462	4 636	4 202	4 032	4 123
Aðrar tekjur	**9 087**	**8 150**	**6 379**	**6 870**	**8 651**	**7 987**	**7 574**	**8 702**	**7 805**	**8 601**	**8 872**	**8 508**	**9 097**
Vaxtatekjur	8 249	6 622	5 300	5 791	6 779	5 180	4 635	4 764	4 888	5 117	5 420	5 301	4 838
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	838	1 528	1 078	1 080	1 872	2 806	2 939	3 938	2 917	3 484	3 452	3 206	4 259
Heildartekjur ríkissjóðs	**84 690**	**88 895**	**106 438**	**114 158**	**118 324**	**116 931**	**117 378**	**117 260**	**114 149**	**118 830**	**120 667**	**132 206**	**131 990**
Þar af skatttekjur	85 016	90 870	100 059	107 288	109 673	108 944	109 803	108 558	106 344	110 229	111 796	123 698	122 893
Hlutfall af heildartekjum, %													
Tekjuskattur	8,4	11,2	8,9	12,4	13,2	15,9	15,6	15,9	15,6	17,5	18,3	20,0	17,3
Tryggingagjöld og launaskattar	7,8	7,9	8,3	7,6	7,3	8,3	9,5	9,6	10,1	10,0	10,0	10,6	11,2
Eignaskattar	2,2	2,3	2,5	2,1	3,0	2,8	3,3	3,4	3,7	3,2	3,2	3,0	3,1
Skattar á vörur og þjónustu	72,0	70,4	74,3	72,0	69,2	66,1	65,1	63,7	63,8	62,0	61,1	60,0	61,4
Aðrar tekjur	9,7	8,2	6,0	6,0	7,3	6,8	6,5	7,4	6,8	7,2	7,4	6,4	6,9

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

2) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 6 milljarða króna árið 1997.

3) Sérstakt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 4 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [1]	1997 [2]
Rekstrargjöld	**13 373**	**22 146**	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 354**	**45 370**	**48 051**	**52 256**	**49 387**
Laun	10 710	15 390	19 490	22 410	29 556	33 764	34 690	35 977	37 350	39 610	41 430	39 500
Önnur rekstrarútgjöld	3 913	8 637	10 969	13 292	12 911	13 254	14 166	14 979	14 655	15 271	18 026	17 664
Sértekjur	-1 250	-1 881	-3 174	-3 584	-5 140	-4 600	-6 474	-6 602	-6 635	-6 830	-7 200	-7 777
Tilfærslur	**17 405**	**18 303**	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 092**	**45 066**	**47 739**	**49 678**	**51 411**
Almannatryggingar	9 909	11 476	14 928	18 911	23 851	26 692	27 528	27 927	29 825	31 525	32 276	32 820
Greiðslur til landbúnaðar	2 087	2 522	5 120	7 067	8 072	9 049	9 415	6 518	5 703	5 818	6 064	5 821
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 072	927	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 497	1 444	1 452	1 599
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 207	1 366	1 497	1 496	1 922	2 057	2 221	2 476
Aðrar tilfærslur	4 337	3 378	5 895	6 230	4 306	5 570	5 807	5 452	6 119	6 895	7 665	8 695
Vextir	**3 916**	**4 289**	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**9 732**	**10 704**	**12 440**	**23 832**	**15 978**
Viðhald	**946**	**1 200**	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 362**	**3 341**	**3 981**	**3 936**	**4 126**
Stofnkostnaður	**4 471**	**5 750**	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**12 323**	**12 505**	**11 133**	**10 028**	**9 851**
Vegagerð	-	-	-	2 125	2 599	3 215	3 334	4 504	4 522	4 380	3 843	3 683
Flugvellir og hafnir	-	-	-	808	942	1 228	1 317	1 469	1 336	1 139	971	1 038
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 150	534	900	1 075	925	918	534	474	304
Annar stofnkostnaður	-	-	-	5 519	5 251	7 455	5 369	5 425	5 729	5 080	4 740	4 826
Gjöld samtals	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**116 986**	**123 344**	**139 730**	**130 753**
Hlutfall af VLF, %												
Rekstrargjöld	8,3	10,6	10,6	10,4	10,3	10,7	10,7	10,8	10,4	10,6	10,8	9,4
Tilfærslur	10,8	8,8	10,7	11,0	10,9	11,4	11,6	10,5	10,4	10,6	10,2	9,8
Vextir	2,4	2,1	2,7	2,8	2,3	2,5	2,1	2,4	2,5	2,8	4,9	3,0
Viðhald	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,8	0,8	0,9	0,8	0,8
Stofnkostnaður	2,8	2,8	3,3	3,1	2,6	3,2	2,8	3,0	2,9	2,5	2,1	1,9
Gjöld samtals	**24,9**	**24,7**	**27,9**	**27,9**	**26,6**	**28,4**	**27,8**	**27,4**	**26,9**	**27,3**	**28,8**	**24,8**

[1] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10 milljarða króna árið 1996 og 3½ milljarð króna árið 1997.

[2] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld ríkissjóðs um 6 milljarða króna árið 1997.

Tafla 5 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs á föstu verði

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [2]	1997 [3]
Rekstrargjöld	**34 744**	**48 148**	**48 287**	**47 446**	**47 210**	**49 813**	**48 041**	**49 050**	**49 190**	**50 678**	**54 085**	**49 387**
Laun	27 825	33 460	34 492	33 105	37 381	39 650	39 322	39 786	40 495	41 775	42 880	39 500
Önnur rekstrarútgjöld	10 166	18 778	19 412	19 635	16 329	15 565	16 058	16 565	15 889	16 106	18 657	17 664
Sértekjur	-3 248	-4 090	-5 617	-5 294	-6 501	-5 402	-7 338	-7 301	-7 194	-7 203	-7 452	-7 777
Tilfærslur	**45 219**	**39 793**	**48 756**	**50 235**	**50 097**	**52 973**	**52 418**	**47 655**	**48 860**	**50 349**	**51 417**	**51 411**
Almannatryggingar	25 744	24 950	26 419	27 936	30 166	31 345	31 204	30 884	32 336	33 248	33 406	32 820
Greiðslur til landbúnaðar	5 422	5 483	9 061	10 440	10 209	10 627	10 672	7 208	6 183	6 136	6 276	5 821
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 785	2 015	2 844	2 656	2 750	2 856	2 263	1 879	1 623	1 523	1 503	1 599
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 527	1 604	1 697	1 654	2 084	2 169	2 299	2 476
Aðrar tilfærslur	11 268	7 344	10 433	9 203	5 446	6 541	6 582	6 029	6 634	7 272	7 933	8 695
Vextir	**10 174**	**9 325**	**12 147**	**12 627**	**10 465**	**11 597**	**9 460**	**10 762**	**11 605**	**13 120**	**24 666**	**15 978**
Viðhald	**2 458**	**2 609**	**2 610**	**2 632**	**2 987**	**2 686**	**2 880**	**3 718**	**3 622**	**4 199**	**4 074**	**4 126**
Stofnkostnaður	**11 616**	**12 501**	**14 882**	**14 184**	**11 795**	**15 029**	**12 576**	**13 628**	**13 558**	**11 742**	**10 379**	**9 851**
Vegagerð	-	-	-	3 139	3 287	3 775	3 779	4 981	4 903	4 619	3 978	3 683
Flugvellir og hafnir	-	-	-	1 194	1 191	1 442	1 493	1 625	1 448	1 201	1 005	1 038
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 699	675	1 057	1 219	1 023	995	563	491	304
Annar stofnkostnaður	-	-	-	8 153	6 641	8 755	6 086	5 999	6 212	5 358	4 906	4 826
Gjöld samtals	**104 211**	**112 376**	**126 683**	**127 125**	**122 554**	**132 097**	**125 376**	**124 813**	**126 836**	**130 087**	**144 621**	**130 753**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %												
Rekstrargjöld	33,3	42,8	38,1	37,3	38,5	37,7	38,3	39,3	38,8	39,0	37,4	37,8
Tilfærslur	43,4	35,4	38,5	39,5	40,9	40,1	41,8	38,2	38,5	38,7	35,6	39,3
Vextir	9,8	8,3	9,6	9,9	8,5	8,8	7,5	8,6	9,1	10,1	17,1	12,2
Viðhald	2,4	2,3	2,1	2,1	2,4	2,0	2,3	3,0	2,9	3,2	2,8	3,2
Stofnkostnaður	11,1	11,1	11,7	11,2	9,6	11,4	10,0	10,9	10,7	9,0	7,2	7,5

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10 milljarða króna árið 1996 og 3½ milljarð króna árið 1997.

[3] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld ríkissjóðs um 6 milljarða króna árið 1997.

Tafla 6 **Rekstrarútgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Æðsta stjórn ríkisins	611	709	835	905	917	941	988	1 034	1 095	1 191
Forsætisráðuneyti	91	106	141	136	136	143	176	203	240	227
Menntamálaráðuneyti [1]	7 872	9 792	10 280	11 679	11 592	11 611	12 106	12 499	14 517	8 925 [5]
Utanríkisráðuneyti	587	665	883	958	965	959	1 039	1 141	1 207	1 303
Landbúnaðarráðuneyti [2]	522	508	742	798	657	905	931	883	886	1 000
Sjávarútvegsráðuneyti	495	519	689	792	732	915	717	876	1 041	959
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 261	3 628	4 186	4 665	4 685	5 067	5 092	5 276	5 769	6 144
Félagsmálaráðuneyti [3]	838	984	1 126	1 463	1 499	1 779	1 891	2 023	2 133	2 181
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	10 269	12 070	14 567	16 573	17 018	17 690	18 091	19 496	20 399	22 278
Fjármálaráðuneyti	1 433	1 750	2 110	2 486	2 265	2 428	2 414	2 540	2 682	2 820
Samgönguráðuneyti [4]	792	888	1 035	749	672	667	695	660	734	639
Iðnaðarráðuneyti	328	307	488	558	484	492	462	487	463	413
Viðskiptaráðuneyti	103	105	121	138	149	154	159	165	175	290
Hagstofa Íslands	83	87	97	120	133	125	139	140	152	151
Umhverfisráðuneyti	-	-	29	398	478	478	469	628	763	866
Samtals	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 354**	**45 370**	**48 051**	**52 256**	**49 387**

[1] Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[2] Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[3] Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[4] Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[5] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld menntamálaráðuneytis um 6 milljarða króna árið 1997.

Tafla 7 **Rekstrarútgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum á föstu verði**

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Æðsta stjórn ríkisins	1 081	1 047	1 056	1 063	1 039	1 041	1 071	1 091	1 133	1 191
Forsætisráðuneyti	161	157	178	160	154	158	191	214	248	227
Menntamálaráðuneyti	13 931	14 465	13 001	13 715 [2]	13 140	12 840	13 126	13 182	15 025	8 925 [6]
Utanríkisráðuneyti	1 039	982	1 117	1 125	1 094	1 061	1 126	1 203	1 249	1 303
Landbúnaðarráðuneyti	924	750	939	937 [3]	745	1 001	1 009	931	917	1 000
Sjávarútvegsráðuneyti	876	767	871	930	830	1 012	777	924	1 077	959
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5 771	5 359	5 294	5 478	5 311	5 603	5 521	5 565	5 971	6 144
Félagsmálaráðuneyti	1 483	1 454	1 423	1 718 [4]	1 699	1 967	2 050	2 133	2 208	2 181
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	18 174	17 830	18 424	19 463	19 290	19 563	19 615	20 562	21 113	22 278
Fjármálaráðuneyti	2 536	2 585	2 669	2 919	2 567	2 685	2 617	2 679	2 776	2 820
Samgönguráðuneyti	1 402	1 312	1 308	880 [5]	762	738	754	696	760	639
Iðnaðarráðuneyti	580	454	617	655	549	544	501	513	479	413
Viðskiptaráðuneyti	182	155	153	162	169	170	172	174	181	290
Hagstofa Íslands	147	129	123	141	151	138	151	147	157	151
Umhverfisráðuneyti	-	-	36	467	542	529	508	662	790	866
Samtals	**48 288**	**47 446**	**47 209**	**49 814**	**48 041**	**49 050**	**49 190**	**50 677**	**54 085**	**49 387**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[3] Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[4] Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[5] Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[6] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld menntamálaráðuneytis um 6 milljarða króna árið 1997.

Tafla 8 **Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Æðsta stjórn ríkisins	11	18	24	27	34	32	52	132	152	146
Forsætisráðuneyti	7	2	3	7	15	28	191	93	102	134
Menntamálaráðuneyti	2 404	2 024	3 235	3 651	3 283	3 027	3 002	3 051	3 179	4 656
Þar af Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 497	1 444	1 452	1 599
Utanríkisráðuneyti	201	325	407	561	456	587	627	664	663	811
Landbúnaðarráðuneyti	2 012	3 013	2 422	4 101	4 697	6 585	5 915	5 859	6 189	5 820
Sjávarútvegsráðuneyti [1]	1 022	1 521	101	130	133	54	96	103	124	109
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	26	29	28	34	36	33	33	46	96	158
Félagsmálaráðuneyti	381	659	1 845	2 376	2 061	2 358	5 495	6 266	6 259	6 423
Þar af framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 207	1 366	1 497	1 496	1 922	2 057	2 221	2 476
Þar af atvinnuleysistryggingar	-	-	-	-	-	-	2 821	3 290	3 066	2 860
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	15 628	19 122	24 188	26 893	28 038	28 512	27 763	29 472	30 375	30 981
Þar af lífeyristryggingar	9 036	10 760	12 640	14 406	15 110	15 545	16 356	17 180	17 565	18 660
Þar af sjúkratryggingar	5 851	7 626	9 756	10 496	10 170	9 520	10 114	10 613	11 255	10 860
Þar af atvinnuleysistryggingar	350	207	1 031	1 266	1 761	2 165	-	-	-	-
Fjármálaráðuneyti	1 322	1 416	893	1 219	1 438	1 228	1 101	1 126	1 540	1 001
Þar af uppbætur á lífeyri	1 075	1 104	672	1 084	1 188	958	791	777	1 002	675
Samgönguráðuneyti	386	444	556	563	490	109	130	149	218	258
Iðnaðarráðuneyti	637	943	558	388	428	449	568	678	663	785
Viðskiptaráðuneyti	3 513	4 489	5 350	5 070	5 041	7	10	25	28	27
Þar af niðurgreiðslur á vöruverði	3 513	4 487	5 344	5 064	5 030	-	-	-	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-	4	5	3	-
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	87	94	84	79	70	90	103
Samtals	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 092**	**45 066**	**47 739**	**49 678**	**51 411**

[1] Endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs féll niður árið 1990.

Tafla 9 Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum á föstu verði

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Æðsta stjórn ríkisins	19	27	30	32	39	36	56	139	157	146
Forsætisráðuneyti	12	4	4	9	17	31	207	98	105	134
Menntamálaráðuneyti	4 254	2 990	4 091	4 288	3 721	3 347	3 255	3 217	3 290	4 656
Þar af Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 844	2 657	2 749	2 856	2 263	1 879	1 623	1 523	1 503	1 599
Utanríkisráðuneyti	356	480	515	659	516	649	680	700	686	811
Landbúnaðarráðuneyti	3 561	4 451	3 064	4 816	5 324	7 282	6 413	6 179	6 405	5 820
Sjávarútvegsráðuneyti [2]	1 809	2 247	127	153	151	60	104	108	128	109
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	46	43	35	40	41	37	35	49	99	158
Félagsmálaráðuneyti	674	973	2 333	2 790	2 336	2 607	5 957	6 609	6 478	6 423
Þar af framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 527	1 604	1 697	1 654	2 084	2 169	2 299	2 476
Þar af atvinnuleysistryggingar	-	-	-	-	-	-	3 058	3 470	3 173	2 860
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	27 658	28 248	30 592	31 582	31 782	31 531	30 101	31 083	31 438	30 981
Þar af lífeyristryggingar	15 991	15 895	15 987	16 918	17 128	17 191	17 733	18 119	18 180	18 660
Þar af sjúkratryggingar	10 354	11 265	12 339	12 326	11 528	10 528	10 966	11 193	11 649	10 860
Þar af atvinnuleysistryggingar	619	306	1 304	1 487	1 996	2 394	-	-	-	-
Fjármálaráðuneyti	2 340	2 092	1 129	1 432	1 630	1 358	1 194	1 188	1 594	1 001
Þar af uppbætur á lífeyri	1 902	1 631	850	1 273	1 347	1 059	858	819	1 037	675
Samgönguráðuneyti	683	656	703	662	555	121	141	157	225	258
Iðnaðarráðuneyti	1 127	1 393	706	456	485	496	616	715	687	785
Viðskiptaráðuneyti	6 217	6 632	6 767	5 954	5 714	7	11	26	29	27
Þar af niðurgreiðslur á vöruverði	6 217	6 628	6 759	5 946	5 702	-	-	-	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-	4	6	3	-
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	102	107	93	85	74	93	103
Samtals	**48 757**	**50 235**	**50 097**	**52 974**	**52 418**	**47 655**	**48 860**	**50 349**	**51 417**	**51 411**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs féll niður árið 1990.

Tafla 10 **Samanburður á fjárheimildum og greiðslum fyrir árið 1997**

Milljónir króna	Fjárheimildir				Útkoma				Greiðslu-staða
	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	
Æðsta stjórn ríkisins	1 190	146	160	1 497	1 191	146	127	1 464	33
Forsætisráðuneyti	273	144	316	733	227	134	288	648	85
Menntamálaráðuneyti	8 553	4 820	2 299	15 671	8 925	4 656	1 900	15 481	190
Utanríkisráðuneyti	1 341	959	474	2 774	1 303	811	383	2 497	277
Landbúnaðarráðuneyti	953	5 884	245	7 082	1 000	5 820	279	7 099	- 17
Sjávarútvegsráðuneyti	1 033	142	135	1 310	959	109	119	1 187	123
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 089	184	354	6 627	6 144	158	336	6 638	- 11
Félagsmálaráðuneyti	2 314	6 657	761	9 732	2 181	6 423	739	9 343	389
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	22 365	31 162	1 339	54 866	22 278	30 981	1 274	54 533	333
Fjármálaráðuneyti	2 896	1 035	723	4 654	2 820	1 001	336	4 157	497
Samgönguráðuneyti	658	366	8 181	9 205	639	258	7 987	8 884	321
Iðnaðarráðuneyti	460	792	58	1 310	413	785	60	1 259	52
Viðskiptaráðuneyti	276	28	5	310	290	27	5	322	- 12
Hagstofa Íslands	157	5	1	163	151	4	12	167	- 4
Umhverfisráðuneyti	827	129	171	1 127	866	103	128	1 097	29
Vextir	16 570	-	-	16 570	15 978	-	-	15 978	592
Samtals	**65 955**	**52 451**	**15 224**	**133 630**	**65 365**	**51 415**	**13 973**	**130 753**	**2 876**

Tafla 11 **Samanburður á fjárlögum og greiðslum fyrir árið 1997**

Milljónir króna	Fjárlög				Útkoma				Frávik frá fjárlögum
	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	
Æðsta stjórn ríkisins	1 147	144	141	1 432	1 191	146	127	1 464	- 33
Forsætisráðuneyti	242	138	225	604	227	134	288	648	- 44
Menntamálaráðuneyti	8 549	4 722	1 911	15 181	8 925	4 656	1 900	15 481	- 300
Utanríkisráðuneyti	1 266	750	81	2 097	1 303	811	383	2 497	- 400
Landbúnaðarráðuneyti	953	5 904	162	7 019	1 000	5 820	279	7 099	- 81
Sjávarútvegsráðuneyti	1 015	120	111	1 245	959	109	119	1 187	59
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 014	178	357	6 548	6 144	158	336	6 638	- 90
Félagsmálaráðuneyti	2 131	6 551	739	9 420	2 181	6 423	739	9 343	77
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	21 835	30 242	1 136	53 213	22 278	30 981	1 274	54 533	-1 320
Fjármálaráðuneyti	2 820	1 116	493	4 429	2 820	1 001	336	4 157	273
Samgönguráðuneyti	582	274	7 890	8 745	639	258	7 987	8 884	- 139
Iðnaðarráðuneyti	390	718	57	1 165	413	785	60	1 259	- 94
Viðskiptaráðuneyti	235	24	5	264	290	27	5	322	- 58
Hagstofa Íslands	143	4	9	155	151	4	12	167	- 12
Umhverfisráðuneyti	809	85	138	1 032	866	103	128	1 097	- 65
Vextir	13 550	-	-	13 550	15 978	-	-	15 978	-2 428
Samtals	**61 680**	**50 967**	**13 453**	**126 100**	**65 365**	**51 415**	**13 973**	**130 753**	**-4 653**

Tafla 12 **Verðlags- og launaþróun**

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Vísitölur (1980 = 100)													
Neysluverðsvísitala	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	1 996	2 077	2 109	2 145	2 194	2 233	2 294
Byggingarvísitala	832	979	1 153	1 420	1 673	1 800	1 843	1 884	1 933	1 995	2 092	2 184	2 270
Meðalgengi	659	684	781	982	1 104	1 103	1 109	1 201	1 263	1 262	1 261	1 241	1 241
Verðvísitala samneyslu	789	1 003	1 243	1 440	1 601	1 734	1 798	1 856	1 887	1 960	2 070	2 165	2 293
Verðvísitala einkaneyslu	878	1 018	1 278	1 575	1 842	1 969	2 061	2 156	2 190	2 232	2 283	2 322	2 385
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	853	1 019	1 252	1 500	1 752	1 885	1 954	2 003	2 043	2 100	2 138	2 213	2 295
Ráðstöfunartekjur á mann	979	1 426	1 739	1 942	2 127	2 329	2 361	2 312	2 363	2 469	2 612	2 819	3 053
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	112	138	134	124	118	121	118	111	112	115	119	126	133
Breyting milli ára, %													
Neysluverðsvísitala	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,6	4,1	1,5	1,7	2,3	1,8	2,7
Byggingarvísitala	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	4,9	4,4	3,9
Meðalgengi	15,0	3,7	14,2	25,7	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,2	-0,1	-0,1	-1,6	0,0
Verðvísitala samneyslu	27,0	27,1	23,9	15,9	11,2	8,3	3,7	3,2	1,7	3,9	5,6	4,6	5,9
Verðvísitala einkaneyslu	20,1	15,9	25,6	23,3	17,0	6,9	4,7	4,6	1,6	1,9	2,3	1,7	2,7
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	25,5	19,5	22,8	19,8	16,8	7,6	3,7	2,5	2,0	2,8	1,8	3,5	3,7
Ráðstöfunartekjur á mann	31,6	45,6	22,0	11,7	9,5	9,5	1,4	-2,1	2,2	4,5	5,8	7,9	8,3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,1	-6,0	0,7	2,8	3,4	6,0	5,5

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 13 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Á verðlagi hvers árs													
Einkaneysla	99 196	133 557	161 068	190 254	223 176	248 366	248 339	248 182	256 949	272 708	296 840	320 314	346 956
Samneysla	28 776	38 981	50 537	60 341	69 989	78 157	80 375	84 818	89 424	94 080	100 358	106 540	116 175
Fjárfesting	30 911	42 639	50 498	58 698	70 103	76 153	69 589	64 177	65 876	65 951	86 752	97 694	113 101
Neysla og fjárfesting alls	158 883	215 177	262 103	309 293	363 268	402 676	398 303	397 177	412 249	432 739	483 950	524 548	576 232
Birgðabreytingar	-3 748	-3 783	-3 080	-8 143	-4 247	- 891	- 486	1 016	- 26	2 285	-1 202	- 840	-
Þjóðarútgjöld alls	**155 136**	**211 394**	**259 023**	**301 150**	**359 021**	**401 785**	**397 817**	**398 193**	**412 223**	**435 024**	**482 748**	**523 708**	**576 232**
Útflutningur vöru og þjónustu	61 961	71 681	81 721	106 282	124 936	125 671	121 597	135 694	157 436	161 250	176 147	190 223	198 373
Innflutningur vöru og þjónustu	55 880	73 965	84 100	99 240	119 556	130 491	121 782	122 466	134 631	144 725	173 727	186 732	202 647
Verg landsframleiðsla	**161 217**	**209 110**	**256 644**	**308 192**	**364 401**	**396 965**	**397 632**	**411 421**	**435 028**	**451 549**	**485 168**	**527 199**	**571 958**
Verg þjóðarframleiðsla	**155 914**	**204 311**	**250 138**	**297 028**	**351 552**	**386 341**	**388 721**	**401 600**	**421 618**	**439 047**	**474 320**	**515 420**	**559 761**
Á föstu verðlagi ársins 1998													
Einkaneysla	269 473	313 019	301 105	288 570	289 253	301 180	287 740	274 925	279 853	291 866	310 263	328 962	346 956
Samneysla	83 570	88 977	93 181	95 985	100 166	103 321	102 440	104 826	108 642	110 093	111 168	112 826	116 175
Fjárfesting	84 165	99 945	99 504	91 672	94 484	96 383	85 592	75 808	74 989	72 859	92 211	101 309	113 101
Neysla og fjárfesting alls	437 207	501 941	493 789	476 227	483 903	500 884	475 772	455 559	463 484	474 818	513 642	543 097	576 232
Birgðabreytingar	-9 653	-7 551	-1 960	-5 917	-6 982	646	-1 393	45	-1 380	2 376	- 517	- 12	-
Þjóðarútgjöld alls	**427 554**	**494 390**	**491 830**	**470 310**	**476 921**	**501 530**	**474 378**	**455 604**	**462 105**	**477 195**	**513 125**	**543 085**	**576 232**
Útflutningur vöru og þjónustu	151 643	156 722	150 984	155 422	156 246	147 021	144 142	154 413	169 733	166 112	182 005	192 315	198 373
Innflutningur vöru og þjónustu	146 599	180 626	172 409	154 721	156 199	165 039	151 965	138 890	144 650	150 065	175 060	188 973	202 647
Verg landsframleiðsla	**432 598**	**470 486**	**470 405**	**471 011**	**476 968**	**483 511**	**466 555**	**471 128**	**487 188**	**493 242**	**520 069**	**546 428**	**571 958**
Verg þjóðarframleiðsla	**426 214**	**463 452**	**460 484**	**459 673**	**465 710**	**473 709**	**456 920**	**461 413**	**475 748**	**482 269**	**510 433**	**535 521**	**559 761**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 **Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða**

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Vísitölur (1980 = 100)													
Einkaneysla	122	141	136	130	131	136	130	124	127	132	140	149	157
Samneysla	137	146	153	157	164	169	168	172	178	181	182	185	191
Fjármunamyndun	96	115	115	106	109	111	98	87	86	84	106	117	130
Þjóðarútgjöld alls	**116**	**134**	**133**	**127**	**129**	**136**	**129**	**123**	**125**	**129**	**139**	**147**	**156**
Útflutningur vöru og þjónustu	126	130	125	129	129	121	119	127	140	137	150	159	164
Innflutningur vöru og þjónustu	116	143	136	122	123	130	120	110	114	119	138	149	160
Verg landsframleiðsla	**119**	**129**	**129**	**130**	**131**	**133**	**128**	**129**	**134**	**135**	**143**	**150**	**157**
Verg þjóðarframleiðsla	**117**	**127**	**126**	**126**	**128**	**130**	**125**	**126**	**130**	**132**	**140**	**147**	**154**
Vergar þjóðartekjur	**117**	**129**	**128**	**126**	**127**	**131**	**126**	**124**	**128**	**130**	**136**	**144**	**151**
Breyting milli ára, %													
Einkaneysla	6,9	16,2	-3,8	-4,2	0,5	4,1	-4,5	-4,5	1,9	4,2	6,4	6,0	5,5
Samneysla	7,3	6,5	4,7	3,0	4,4	3,1	-0,8	2,3	3,7	1,3	1,0	1,5	3,0
Fjármunamyndun	-1,9	19,1	0,0	-7,9	3,0	2,0	-11,3	-11,4	-1,1	-2,8	26,5	9,9	11,6
Þjóðarútgjöld alls	**4,4**	**15,8**	**-0,5**	**-4,4**	**1,5**	**5,1**	**-5,3**	**-4,1**	**1,5**	**3,1**	**7,5**	**5,8**	**6,1**
Útflutningur vöru og þjónustu	5,9	3,3	-3,6	2,9	0,0	-5,9	-1,9	7,1	10,0	-2,1	9,6	5,6	3,1
Innflutningur vöru og þjónustu	0,9	23,3	-4,6	-10,3	1,0	5,7	-8,0	-8,6	4,2	3,8	16,6	8,0	7,2
Verg landsframleiðsla	**6,2**	**8,6**	**0,0**	**0,3**	**1,2**	**1,1**	**-3,4**	**1,0**	**3,7**	**1,0**	**5,5**	**5,0**	**4,6**
Verg þjóðarframleiðsla	**6,4**	**8,8**	**-0,6**	**-0,1**	**1,2**	**1,6**	**-3,3**	**0,8**	**3,1**	**1,4**	**6,2**	**5,0**	**4,5**
Vergar þjóðartekjur	**8,9**	**10,7**	**-0,9**	**-1,6**	**0,6**	**3,2**	**-4,2**	**-0,9**	**2,7**	**1,9**	**4,5**	**5,9**	**4,7**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 **Greiðslujöfnuður við útlönd**

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Vöruskiptajöfnuður	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**- 76**	**12 268**	**19 662**	**13 356**	**1 201**	**254**	**-8 077**
Útfluttar vörur	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**94 658**	**112 655**	**116 607**	**125 690**	**131 213**	**135 751**
Sjávarafurðir	34 627	40 322	43 819	56 812	69 898	73 236	69 881	74 571	84 838	86 694	92 056	93 648	95 521
Ál og kísiljárn	5 459	6 553	9 045	13 317	12 017	9 841	9 710	10 619	13 523	15 746	16 468	19 066	24 788
Annað	4 882	6 178	8 803	9 943	10 537	8 483	8 242	9 468	14 294	14 167	17 166	18 499	15 442
Innfluttar vörur	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**82 390**	**92 993**	**103 251**	**124 489**	**130 959**	**143 828**
Sérstakur vöruinnflutningur	4 338	5 944	8 307	10 828	14 047	13 107	12 237	7 086	9 441	10 219	12 609	15 392	16 693
Almennur innflutningur	36 650	49 076	53 689	61 775	73 605	81 532	75 672	75 304	83 552	93 032	111 880	115 567	127 135
Olía	3 693	3 724	3 658	5 990	8 343	7 406	7 088	7 357	7 237	6 949	9 260	9 896	10 232
Annað	32 957	45 352	50 031	55 785	65 262	74 126	68 584	67 947	76 315	86 083	102 620	105 671	116 903
Þjónustujöfnuður	**2 101**	**- 317**	**-2 050**	**- 427**	**- 149**	**-2 283**	**- 619**	**211**	**2 185**	**3 169**	**1 219**	**3 237**	**3 804**
Þjónustutekjur	16 993	18 628	20 054	26 210	31 794	33 383	33 415	40 314	43 824	44 643	50 457	59 010	62 623
Þjónustugjöld	14 892	18 945	22 104	26 637	31 943	35 666	34 034	40 103	41 639	41 474	49 238	55 773	58 819
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-5 302**	**-4 799**	**-6 506**	**-11 164**	**-12 401**	**-12 686**	**-11 305**	**-12 142**	**-13 462**	**-12 808**	**-11 312**	**-11 616**	**-12 580**
Viðskiptajöfnuður	**779**	**-7 083**	**-8 885**	**-4 122**	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**337**	**8 385**	**3 717**	**-8 892**	**-8 125**	**-16 853**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,1	-4,5	-3,0	0,1	1,9	0,8	-1,8	-1,5	-2,9

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 16 Fjárfesting

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs					Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]						
	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Fjárfesting alls	**65 877**	**65 950**	**86 752**	**97 694**	**113 101**	**-11,3**	**-11,4**	**-1,1**	**-2,8**	**26,5**	**9,9**	**11,6**
Atvinnuvegirnir	**30 580**	**33 576**	**52 927**	**60 614**	**73 944**	**-17,1**	**-24,8**	**0,5**	**7,3**	**53,0**	**12,9**	**17,8**
Landbúnaður	1 806	1 607	2 542	2 550	2 770	-12,8	7,3	-8,8	-16,0	63,0	-4,2	5,6
Fiskveiðar [2]	3 471	1 546	5 174	2 000	3 200	98,8	-67,1	50,8	-55,3	216,8	-61,0	55,3
Vinnsla sjávarafurða	2 429	3 166	4 659	3 800	3 600	-4,1	12,2	38,1	27,7	43,5	-19,9	-8,2
Ál- og kísiljárn framleiðsla	377	498	6 284	9 214	9 300	-66,5	102,5	-48,0	29,1	1124,8	44,6	-1,8
Annar iðnaður	4 969	5 616	7 573	8 400	7 800	-13,9	-12,3	-1,8	10,2	31,6	9,6	-9,8
Rafvirkjanir og rafveitur	1 609	1 833	3 359	8 850	13 600	-59,7	-15,5	-23,4	10,8	73,6	155,4	48,8
Hitaveitur	973	1 115	1 272	1 300	1 700	27,9	-8,2	5,8	11,1	10,6	-0,6	25,5
Vatnsveitur	462	548	506	600	700	-25,6	0,7	-20,1	14,8	-10,4	15,4	12,0
Byggingarstarfssemi o.fl.	1 274	1 749	2 624	2 800	3 000	-39,3	-12,1	-22,5	35,9	45,6	6,7	5,0
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði o.fl	3 548	3 850	4 698	5 800	7 174	-0,8	-13,6	-10,8	5,1	18,3	20,1	18,7
Samgöngur	2 825	4 642	5 465	6 000	10 900	-37,4	-49,4	-29,6	55,9	16,0	5,6	74,4
Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	2 909	2 659	2 718	3 300	3 700	23,5	3,7	35,9	-10,4	-0,9	19,8	8,9
Tölvu- og skrifstofubúnaður	3 928	4 747	6 053	6 000	6 500	-4,7	-1,8	26,1	19,7	23,8	-0,9	1,3
Íbúðarhúsnæði	**18 667**	**17 338**	**18 935**	**20 780**	**22 317**	**-3,3**	**-5,8**	**0,0**	**-9,9**	**4,0**	**5,1**	**3,4**
Fjárfesting hins opinbera	**16 630**	**15 036**	**14 890**	**16 300**	**16 840**	**-3,6**	**14,4**	**-4,7**	**-12,4**	**-3,7**	**5,8**	**-0,7**
Vegir og brýr	3 982	3 546	3 268	3 900	3 900	-0,4	64,3	-12,5	-13,7	-10,0	14,2	-3,6
Götur og holræsi	3 548	2 690	2 887	3 300	3 440	-8,2	1,8	5,2	-26,6	4,8	9,3	0,4
Byggingar hins opinbera	9 100	8 800	8 735	9 100	9 500	-2,7	3,8	-4,5	-6,3	-3,7	1,4	0,2

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 17 Opinberar framkvæmdir

Milljónir króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Spá 1998
Verðlag hvers árs													
Vegir og brýr	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 602	2 641	4 442	3 982	3 546	3 268	3 900	3 900
Götur og holræsi	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3 373	3 156	3 290	3 548	2 690	2 887	3 300	3 440
Skólar og íþróttamannvirki	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2 950	3 220	4 085	4 200	3 900	4 100	4 500	4 800
Sjúkrahús	798	754	1 234	1 336	1 490	1 920	1 680	1 559	1 540	1 450	1 250	1 200	1 250
Félagsheimili og kirkjur	292	149	189	217	280	280	720	668	460	715	685	600	600
Aðrar byggingar hins opinbera	463	966	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	2 988	2 900	2 735	2 700	2 800	2 850
Samtals	**4 365**	**5 884**	**8 510**	**10 292**	**12 825**	**14 775**	**14 567**	**17 032**	**16 630**	**15 036**	**14 890**	**16 300**	**16 840**
Verðlag 1998													
Vegir og brýr	2 479	2 230	2 717	2 550	2 895	3 051	2 989	4 908	4 313	3 738	3 380	3 900	3 760
Götur og holræsi	2 466	3 162	3 442	3 278	3 242	3 955	3 571	3 635	3 843	2 836	2 986	3 300	3 317
Skólar og íþróttamannvirki	2 354	3 327	3 603	4 019	3 438	3 459	3 644	4 513	4 549	4 111	4 241	4 500	4 628
Sjúkrahús	2 071	1 638	2 182	1 972	1 883	2 251	1 901	1 723	1 668	1 529	1 293	1 200	1 205
Félagsheimili og kirkjur	758	324	334	320	354	328	815	738	498	754	709	600	578
Aðrar byggingar hins opinbera	1 202	2 098	2 767	3 051	4 399	4 280	3 565	3 301	3 141	2 883	2 793	2 800	2 748
Samtals	**11 329**	**12 779**	**15 044**	**15 190**	**16 211**	**17 324**	**16 484**	**18 819**	**18 012**	**15 851**	**15 402**	**16 300**	**16 236**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 18 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Fjárlög 1998
Tekin lán	**44 287**	**52 026**	**71 773**	**101 662**	**119 344**	**137 530**	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**239 246**	**236 545**	**237 026**
Seðlabanki Íslands	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	6	-	-	-	-	-
Spariskírteini	8 541	11 775	20 159	26 197	37 602	46 175	51 793	60 796	69 008	74 140	73 889	-	-
Ríkisbréf	-	-	-	-	76	1 257	2 487	6 012	5 563	5 768	8 366	-	-
Ríkisvíxlar	-	931	725	5 892	8 066	8 244	12 545	13 742	14 630	16 406	15 811	-	-
Aðrir innlendir aðilar	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	13 144	12 005	12 709	11 090	9 010	8 962	-	-
Erlend lán	29 304	29 955	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	113 633	127 261	132 218	-	-
Lánveitingar	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**77 266**	**71 048**	**73 508**	**79 582**
Veitt lán	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 902	41 654	46 875	55 469	64 134	63 689	-	-
Lán tengd innlendu verðlagi	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 071	22 644	26 405	36 965	45 176	50 339	-	-
Gengisbundin lán	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 831	19 010	20 470	18 504	18 958	13 350	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	6 728	11 450	17 602	14 789	18 784	25 189	26 046	18 093	13 597	13 132	7 359	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**14 574**	**16 394**	**24 204**	**52 440**	**66 538**	**74 439**	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**155 319**	**168 198**	**163 037**	**157 444**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	67,1	68,5	66,3	48,4	44,2	45,9	40,8	33,2	32,3	33,2	29,7	31,1	33,6
Hlutfall af VLF, % [2]													
Tekin lán	**27,3**	**24,1**	**27,1**	**31,8**	**32,4**	**34,1**	**41,6**	**47,2**	**49,1**	**51,3**	**49,1**	**44,7**	**41,2**
Þar af erlend lán	18,3	14,5	15,7	19,0	16,4	17,1	21,9	24,9	26,1	28,2	27,3	-	-
Veitt lán	**14,0**	**11,0**	**11,2**	**10,7**	**9,2**	**9,4**	**10,4**	**11,3**	**12,7**	**14,1**	**13,0**	**12,2**	**12,2**
Þar af gengisbundin lán	6,9	5,2	5,5	5,9	4,3	4,0	4,8	5,0	4,3	4,2	2,8	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	4,0	5,0	6,4	4,4	5,0	6,2	6,5	4,3	3,1	2,9	1,5	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**9,3**	**8,0**	**9,5**	**16,7**	**18,1**	**18,6**	**24,7**	**31,6**	**33,1**	**34,1**	**34,5**	**30,6**	**27,4**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 19 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Áætlun 1997	Áætlun 1998
Verðlag og gengi hvers árs													
Heildarskuldir hins opinbera	**50 772**	**61 275**	**80 845**	**114 734**	**134 542**	**154 183**	**185 639**	**220 084**	**245 071**	**267 540**	**274 421**	**273 609**	**276 475**
Innlendar skuldir	21 425	31 267	40 568	55 985	74 562	85 612	95 466	113 296	126 467	135 810	138 062	141 405	-
Erlendar skuldir	29 347	30 008	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	106 788	118 604	131 730	136 359	132 204	-
Kröfur hins opinbera	**34 780**	**41 727**	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**76 905**	**79 577**	**88 313**	**82 925**	**85 407**	**91 974**
Veitt lán	25 600	27 518	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	54 091	61 559	70 760	71 249	72 299	-
Skatta- og viðskiptakröfur	9 180	14 209	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	22 814	18 018	17 553	11 676	13 108	-
Hreinar skuldir hins opinbera	**15 993**	**19 548**	**25 371**	**55 087**	**70 515**	**79 252**	**106 512**	**143 180**	**165 494**	**179 227**	**191 496**	**188 202**	**184 501**
Ríkissjóður	16 074	18 894	24 204	52 440	66 538	74 439	98 417	130 602	144 858	155 319	168 198	163 037	157 444
Bæjar- og sveitarfélög	926	1 845	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	14 552	22 185	25 130	24 190	25 968	27 780
Almannatryggingar	-1 007	-1 191	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-1 974	-1 549	-1 222	- 892	- 803	- 723
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]													
Heildarskuldir hins opinbera	136 891	147 490	162 314	182 957	185 469	199 859	235 401	250 802	265 960	283 883	284 761	280 468	276 475
Hreinar skuldir hins opinbera	42 713	47 164	50 963	87 670	98 178	103 917	135 483	163 310	179 592	190 155	198 702	192 907	184 501
Hlutfall af VLF, %													
Heildar skuldir hins opinbera	**31,5**	**29,3**	**31,5**	**37,2**	**37,0**	**38,9**	**46,7**	**53,5**	**56,4**	**59,2**	**56,6**	**51,9**	**48,3**
Innlendar skuldir	13,3	15,0	15,8	18,2	20,5	21,6	24,0	27,5	29,1	30,1	28,5	26,8	-
Erlendar skuldir	18,2	14,4	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	26,0	27,3	29,2	28,1	25,1	-
Kröfur hins opinbera	**21,6**	**20,0**	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,7**	**18,3**	**19,6**	**17,1**	**16,2**	**16,1**
Hreinar skuldir hins opinbera	**9,9**	**9,4**	**9,9**	**17,9**	**19,4**	**20,0**	**26,8**	**34,8**	**38,1**	**39,7**	**39,5**	**35,7**	**32,3**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við lánskjaravísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 20 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Bráðab. 1997	Spá 1998
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs													
Erlend langtímalán	**75 082**	**83 806**	**105 470**	**151 065**	**168 648**	**183 455**	**194 897**	**235 565**	**239 159**	**234 537**	**245 057**	**255 755**	-
Erlend skammtímastaða, nettó	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-16 910	-21 456	-24 449	-15 327	-4 988	-7 729	-16 928	-8 320	-
Gjaldeyrisstaða	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	14 739	13 938	31 226	27 980	-
Nettóstaða við útlönd	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 067**	**190 327**	**223 538**	**229 408**	**228 328**	**230 759**	**236 095**	**253 095**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1998 [1]													
Erlend langtímalán	212 593	225 289	241 032	259 889	256 027	265 191	274 615	276 555	258 940	246 863	252 137	261 637	-
Nettóstaða við útlönd	202 060	226 225	243 041	244 901	245 456	260 294	268 175	262 435	248 382	240 328	237 426	241 525	253 095
Hlutfall af VLF, %													
Erlend langtímalán	**46,6**	**40,1**	**41,1**	**49,0**	**46,3**	**46,2**	**49,0**	**57,2**	**55,0**	**51,9**	**50,5**	**48,5**	-
Nettóstaða	**44,3**	**40,3**	**41,4**	**46,2**	**44,4**	**45,4**	**47,8**	**54,3**	**52,8**	**50,6**	**47,6**	**44,8**	**44,3**
Greiðslubyrði erlendra lána													
Afborganir af erlendum langtímalánum	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	14 880	19 113	23 769	39 818	32 410	26 510	23 803	23 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	6 152	6 158	7 594	12 295	13 530	13 938	13 464	15 063	15 583	14 699	14 337	13 713	14 000
Samtals	12 089	11 935	14 193	21 399	24 890	28 818	32 577	38 832	55 401	47 109	40 847	37 516	37 000
Vaxtagreiðslur, nettó	6 226	6 213	8 173	12 951	14 457	12 755	11 225	12 294	15 906	15 397	14 784	15 516	15 000
Hlutfall af útflutningstekjum, %													
Afborganir af erlendum langtímalánum	9,3	7,8	7,8	8,3	8,8	11,4	15,0	16,8	24,4	19,4	14,4	12,0	10,9
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	9,7	8,3	9,0	11,2	10,4	10,7	10,6	10,6	9,6	8,8	7,8	6,9	6,6
Samtals	19,0	16,1	16,8	19,4	19,2	22,1	25,6	27,4	34,0	28,2	22,2	18,9	17,5
Vaxtagreiðslur, nettó	9,8	8,4	9,7	11,8	11,1	9,8	8,8	8,7	9,8	9,2	8,1	7,8	7,1
Afborganir og nettóvaxtagreiðslur alls	19,1	16,2	17,4	20,0	19,9	21,2	23,8	25,5	34,2	28,6	22,5	19,8	18,0

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 21 Byggingarsjóður ríkisins [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Bráðab. 1997
Innstreymi	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 641**	**9 616**	**8 009**	**8 263**	**8 609**
Innlend lántaka (lífeyrissjóðir og ríki)	2 360	3 180	4 862	6 809	7 867	8 523	5 282	2 353	2 375	4 084	2 668	2 300	2 640
Afborganir, vextir og verðbætur	799	1 238	1 681	2 495	3 334	4 413	5 289	6 075	5 904	5 743	5 670	5 729	5 782
Skyldusparnaður, nettó	- 17	22	85	15	- 164	- 161	- 163	- 420	-1 850	- 875	- 633	- 445	- 309
Byggingarsj. verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	175	-	81	19	96	116	126	82	-	-
Húsbréfadeild, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	129	51	58	55	125	-	80	199
Húsbréfadeild, bráðabirgðalán	-	-	-	-	-	-	-	-	1 542	-	-	346	92
Tekjur	40	51	48	203	85	83	227	132	197	213	222	222	205
Sjóðsminnkun	-	-	59	-	496	459	93	-	302	200	-	31	-
Útstreymi	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 641**	**9 616**	**8 009**	**8 263**	**8 609**
Rekstrarkostnaður o.fl.	96	118	178	245	278	294	257	82	108	101	91	88	77
Afborganir, vextir og verðbætur	676	944	1 490	2 416	3 272	4 102	5 863	6 564	7 495	7 061	6 868	7 245	7 419
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	73	153	334	123	122	97	84	258	381	484	372	207	310
Bráðabirgðalán til Byggingarsj. verkam.	-	-	-	-	81	19	96	116	126	-	-	92	-
Bráðabirgðalán til húsbréfadeildar	-	-	-	-	-	51	58	55	125	150	-	-	-
Endurgr. bráðabirgðalán til húsbréfad.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1 542	-	-	-
Annað	59	-	-	141	354	108	161	218	194	238	293	247	363
Sjóðsaukning	248	432	-	914	-	-	-	185	-	-	1	-	142
Veitt lán samkv. 11. grein, samtals	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511	8 856	4 279	816	212	40	384	384	298
Til nýbygginga og eldri íbúða	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000	7 192	3 637	224	138	-	-	-	-
Greiðsluerfiðleikalán	235	540	155	310	284	207	19	-	-	-	-	-	-
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	55	525	892	60	206	-	-	-	-	-
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	89	223	354	421	510	333	417	313	38	-	-	-	-
Aðrir lánaflokkar	156	138	115	152	192	232	146	73	36	-	-	-	-

[1] Fjármagnshreyfingar við Byggingarsjóð verkamanna vegna lífeyrissjóða eru ekki teknir með í yfirlitinu.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 22 **Byggingarsjóður verkamanna**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Bráðab. 1997
Innstreymi	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 876**	**7 846**	**7 854**	**8 267**	**7 549**
Innlend lántaka (lífeyrissjóðir og ríki)	333	580	490	1 440	2 375	2 973	4 252	5 035	5 430	4 821	5 332	5 256	4 913
Afborganir, vextir og verðbætur	98	118	141	244	530	610	716	385	468	1 065	1 221	1 951	1 512
Framlag ríkissjóðs	282	300	300	600	600	490	900	1 075	925	918	534	474	300
Sveitarfélög	44	68	71	102	150	172	175	214	167	1	110	100	111
Kaupendur eldri íbúða	22	38	47	35	48	49	83	64	62	49	51	31	43
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	136	85	46	61	89	415	185	271	247	242	138	92	62
Lán frá Byggingarsjóði ríkisins	73	153	334	123	122	97	84	258	381	484	372	207	310
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán	-	-	-	-	81	19	96	116	126	143	-	92	250
Annað	1	1	-	2	5	10	48	44	70	69	63	64	48
Sjóðsminnkun	-	-	147	-	-	116	-	173	-	54	33	-	-
Útstreymi	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 876**	**7 831**	**7 854**	**8 267**	**7 549**
Rekstrarkostnaður o.fl.	16	30	36	60	82	109	170	253	129	116	117	139	133
Afborganir, vextir og verðbætur	88	182	316	498	794	986	1 523	1 979	2 966	3 534	4 047	4 429	4 725
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	-	-	-	175	-	81	19	96	116	126	-	-	92
Annað	-	2	6	-	-	-	-	-	-	-	45	123	117
Sjóðsaukning	113	35	-	5	208	-	84	-	68	-	-	27	24
Veitt lán, samtals	772	1 094	1 218	1 869	2 916	3 775	4 743	5 307	4 597	4 055	3 645	3 549	2 458
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	538	722	837	1 468	2 246	2 612	2 393	2 737	2 485	-	-	-	-
Kaupleiguíbúðir	-	-	-	6	121	483	1 488	1 938	1 561	-	-	-	-
Endursöluíbúðir	234	372	381	395	549	680	862	632	551	-	-	-	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 23 **Útgáfa húsbréfa**

Milljónir króna á verðlagi hvers mánaðar	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	**Samtals**
1994													
Nýbyggingar	233	421	384	279	366	345	407	355	351	215	626	513	**4 495**
Eldri íbúðir	234	852	1 024	679	881	990	956	881	747	290	1 278	1 203	**10 015**
Viðbyggingar og endurbætur	15	43	29	18	19	32	31	17	41	29	42	28	**344**
Samtals	**482**	**1 316**	**1 437**	**976**	**1 266**	**1 367**	**1 394**	**1 253**	**1 139**	**534**	**1 946**	**1 744**	**14 854**
1995													
Nýbyggingar	379	446	274	197	313	390	352	292	277	291	532	471	**4 214**
Eldri íbúðir	358	588	603	525	591	739	772	774	785	701	767	699	**7 902**
Viðbyggingar og endurbætur	14	21	17	7	29	21	16	17	25	22	25	33	**247**
Samtals	**751**	**1 055**	**894**	**729**	**933**	**1 150**	**1 140**	**1 083**	**1 087**	**1 014**	**1 324**	**1 203**	**12 363**
1996													
Nýbyggingar	288	357	390	273	418	318	490	345	301	356	378	509	**4 423**
Eldri íbúðir	523	516	746	760	932	838	920	892	877	897	873	723	**9 497**
Viðbyggingar og endurbætur	11	27	24	11	12	21	22	15	31	42	31	24	**271**
Samtals	**822**	**900**	**1 160**	**1 044**	**1 362**	**1 177**	**1 432**	**1 252**	**1 209**	**1 295**	**1 282**	**1 256**	**14 191**
1997													
Nýbyggingar	359	273	358	392	353	370	630	401	412	493	514	659	**5 214**
Eldri íbúðir	459	520	643	729	851	959	965	924	1 086	1 157	1 003	952	**10 248**
Viðbyggingar og endurbætur	26	11	16	18	17	37	32	20	28	44	38	43	**330**
Samtals	**844**	**804**	**1 017**	**1 139**	**1 221**	**1 366**	**1 627**	**1 345**	**1 526**	**1 694**	**1 555**	**1 654**	**15 792**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Afkoma ríkissjóðs



Tekjur og gjöld ríkissjóðs



Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



1172. Fyrirspurn [679. mál]

til viðskiptaráðherra um útlánatöp hjá Landsbanka og Búnaðarbanka.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikil voru árleg útlánatöp Landsbanka og Búnaðarbanka á sl. fimm árum?
2. Hvernig sundurliðast árleg útlánatöp sl. fimm ár milli einstaklinga og lögaðila hjá Landsbanka og Búnaðarbanka?
3. Hve há voru hæstu útlánatöp hjá þeim tíu fyrirtækjum og tíu einstaklingum sem mest var afskrifað hjá, sundurliðað eftir árum, á þessu tímabili, innbyrðis milli einstaklinga og fyrirtækja og hvors banka um sig, hvaða ábyrgðir voru fyrir þessum lánveitingum og í hvaða atvinnugreinum voru fyrirtækin sem afskrifað var hjá?

Skriflegt svar óskast.

1173. Fyrirspurn [680. mál]

til iðnaðarráðherra um rekstrarkostnað Landsvirkjunar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver eru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Landsvirkjunar, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda og milli kynja, föstum launum, öðrum greiðslum eins og stjórnargreiðslum og hvers konar þóknunum og hlunnindum, þar með töldum bifreiðahlunnindum og risnu?
2. Hver hefur verið ferðakostnaður erlendis árlega sl. fimm ár, hve margar ferðir voru farnar hvert árið um sig, hvernig sundurliðast kostnaðurinn milli flugfargjalda, gistikostnaðar og dagpeningagreiðslna? Sérstaklega er óskað sundurliðunar á fjölda ferða stjórnenda og árlegum kostnaði við þær og maka þeirra sé um það að ræða.
3. Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi, risnu- og ferðakostnað stjórnenda?
4. Hver var árlegur risnukostnaður sl. fimm ár sundurliðað eftir
   a. fastri risnu greiddri einstökum stjórnendum,
   b. risnu greiddri samkvæmt reikningi?
   Óskað er sundurliðunar á helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna risnunnar.
5. Hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Landsvirkjunar? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður vegna þeirra sl. átta ár milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda vegna ferðanna? Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?
6. Hverjir taka ákvarðanir um ferðir stjórnenda til útlanda og laxveiðar sé um þær að ræða?

Skriflegt svar óskast.

1174. Fyrirspurn [681. mál]

til heilbrigðisráðherra um tannlæknaþjónustu.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að skipuð verði hlutlaus úrskurðarnefnd um tannlæknaþjónustu?

1175. Svar [588. mál]

utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um Schengen-samstarfið.

1. *Hver er staða samningaviðræðna Íslands við Evrópusambandið og/eða Schengen-ríkin um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu?*

Í kjölfar ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins í Amsterdam sumarið 1997 var settur á fót vinnuhópur ráðherraráðs ESB þar sem fulltrúar ESB-ríkjanna hafa rætt samkomulag um áframhaldandi þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Formlegar samningaviðræður hafa ekki hafist við Ísland og Noreg. Þrátt fyrir það hafa Ísland og Noregur átt þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar samningsumboði ESB. Bretar, sem nú gegna formennsku í ESB, hafa lagt fram sínar hugmyndir varðandi aðild Íslands og Noregs að Schengen-samstarfinu. Á þessu stigi er ekkert hægt að fullyrða um niðurstöðu en ljóst er að breska formennskan hefur í undirbúningi sínum tekið tillit til sjónarmiða Íslands og Noregs um fulla þátttöku í umræðum og jafnframt að samstarfið byggist á heföbundnum þjóðréttarsamningi án yfirþjóðlegra einkenna. Í ljósi framvindu mála að undanförnu eru vonir bundnar við að viðunandi lausn verði fundin.

2. *Hverjir fara með þessar samningaviðræður fyrir Íslands hönd og hvernig er háttað samstarfi við Norðmenn í þessum samningum?*

Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Brussel, er aðalsamningamaður Íslands og nýtur hann aðstoðar embættismanna í utanríkisráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu. Í samningaviðræðunum hafa Íslendingar átt mjög gott samstarf við Noreg, enda falla samningsmarkmið ríkjanna í öllum meginatriðum saman. Ríkin hafa komið sameiginlegum samningsmarkmiðum á framfæri við Evrópusambandið, auk þess sem aðalsamningamenn ríkjanna hafa farið sameiginlega til yfirvalda í höfuðborgum sumra Schengen-ríkjanna til að kynna og reyna að tryggja fylgi við málstað Íslands og Noregs. Enn fremur hefur verið gott samstarf og samráð við fulltrúa annarra Norðurlanda um framvindu samningaviðræðnanna.

3. *Hvaða atriði eru það efnislega sem talið er að breyta þurfi frá samstarfssamningnum við Schengen-ríkin frá 19. desember 1996, einkum vegna tilkomu Amsterdam-sáttmála Evrópusambandsins?*

Með Amsterdam-sáttmálanum var staðfest að haldið skyldi áfram samstarfi við Ísland og Noreg á grundvelli samstarfssamningsins og að gengið yrði frá nýjum samningi um þau efni milli Schengen-ríkjanna annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar. Slíkur samningur er nauðsynlegur til að takast megi að viðhalda norræna vegabréfasambandinu og koma í veg fyrir að eftirlit á ytri landamærum verði tekið upp á milli Íslands og Noregs og norrænu ríkjanna sem eru í ESB. Afstaða Íslands og Noregs er sú að aðildarríkjum ESB beri að stuðla að lausn þessa máls á grundvelli ákvæða Amsterdam-sáttmálans um að Schengen-samstarfið skuli byggjast á samstarfssamningnum frá því í desember 1996.

4. *Hvernig er gert ráð fyrir að ganga frá þeim atriðum sérstaklega sem snúa að dómstólaþættinum, í tilvikum þar sem Evrópudómstólnum er ætluð lögsaga innan ESB um Schengen-málefni?*

Það hefur verið afdráttarlaus afstaða Íslands og Noregs að ríkin munu ekki lúta lögsögu EB-dómstólsins og á því hefur verið fullur skilningur af hálfu ESB. Rétt er að minna á að Danmörk er undanþegin lögsögu EB-dómstólsins hvað málefni Schengen varðar.

5. *Hvernig er í einstökum atriðum gert ráð fyrir að framkvæma hérlendis ákvæði 3. gr. Schengen-samningsins að því er varðar umferð um ytri landamæri og í því sambandi nánari reglur um sjóumferð, svo sem umferð lystisnekkja og fiskibáta?*

Meginregla Schengen-samningsins er að afnumið skuli persónueftirlit á innri landamærum aðildarríkjanna. Aftur á móti er tekið upp samræmt eftirlit á ytri landamærum svæðisins auk annarra stuðningsaðgerða af ýmsu tagi. Þetta á bæði við um eftirlit með flugförum og skipum.

Eftirlit á ytri landamærum hvað Ísland varðar mun byggjast á þeim samræmdu leiðbeiningum sem samþykktar hafa verið innan Schengen-samstarfsins. Mun það verða hlutverk lögreglu og eftir atvikum tollgæslu að hafa eftirlit með þessari umferð. Í raun mun eftirlitið beinast að sömu þáttum og það gerir í dag sem í eðli sínu eru hefðbundin atriði, svo sem hvort viðkomandi einstaklingur sé með gild ferðaskilríki eða vegabréfsáritun ef við á, hvort hann sé á skrá yfir einstaklinga sem synja beri um landvist eða skapi hættu fyrir öryggi ríkisins eða almannahagsmuni.

Hvað varðar nánari reglur um skipaumferð yfir ytri landamæri þá er með svipuðu móti og í dag gert ráð fyrir að slík umferð fari um þær hafnir sem sérstaklega hafa fengið heimild til að taka á móti henni. Eftirlit með farþegum og áhöfnum skipa mun beinast að þeim sömu þáttum og að framan getur.

6. *Hvað veldur því að samstarfssamningur Íslands og Schengen-ríkjanna frá 19. desember 1996 hefur hvorki verið birtur opinberlega hérlendis né lagður fyrir Alþingi ásamt fylgigögnum í formi viðauka, reglugerða og handbóka sem þegar liggja fyrir í íslenskri þýðingu? Er ríkisstjórnin reiðubúin að veita Alþingi og öðrum aðgang að þessum gögnum nú þegar, áður en samningurinn frá 1996 yrði lagður fram til staðfestingar?*

Á stjórnvöldum hvílir ekki lagaskylda að birta milliríkjasamninga opinberlega áður en þeir hafa verið fullgiltir, enda hefur það ekki tíðkast. Schengen-samstarfssamningurinn, ásamt fylgigögnum í formi viðauka, handbóka og ákvarðana framkvæmdanefndar Schengen, var sendur til allsherjarnefndar Alþingis og utanríkismálanefndar Alþingis í lok janúar 1998 og stefnt er að því að leggja þingsályktunartillögu um fullgildingu samstarfssamningsins fram til kynningar á Alþingi í næstu viku.

7. *Hvernig er ráðgert að bregðast við áhrifum Schengen-aðildar að því er varðar ólögmætan innflutning fíkniefna hingað til lands, eftir að skoðun persónuskilríkja í flughöfnum og annars staðar á landamærum heyrði sögunni til?*

Samkvæmt samstarfssamningi Íslands og Noregs við Schengen-ríkin frá 19. desember 1996 falla reglur um vöruflutninga ekki undir gildissvið samningsins. Í þessu felst að aðild Íslands að Schengen kemur ekki til með að hafa áhrif á framkvæmd tolleftirlits á landamærum Íslands.

Það er og mat ríkisstjórnarinnar að aðild að Schengen-samstarfinu komi til með að styrkja lögreglu- og tollyfirvöld í baráttunni gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi, þar með töldum innflutningi fíkniefna, þar sem aðildin mun leiða til nánari samvinnu milli íslenskra lögregluyfirvalda og lögreglu í aðildarríkjum Schengen, auk þess sem upplýsingastreymi milli þeirra verður með einfaldari og greiðari hætti en nú er.

Þá er það mat ríkisstjórnarinnar að þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið að undanförnu á lögreglu hér á landi styrki íslensk yfirvöld enn frekar í baráttunni gegn umræddri brotastarfsemi.

8. *Hvenær er ráðgert að þjóðþing norrænu ESB-ríkjanna hvert um sig hafi lokið umfjöllun um:*
   a. *Schengen-samstarfið,*
   b. *tillögu um staðfestingu Amsterdam-sáttmálans?*

a. Meðferð aðildarsamninga vegna Schengen er lokið í Danmörku. Meðferð samstarfssamnings Íslands og Noregs er lokið í Danmörku og Noregi. Í Finnlandi er áætlað að umfjöllun um Schengen-aðildarsamning og samstarfssamninginn ljúki vorið 1998. Í Svíþjóð er áætlað að fjalla um aðildarsamning að Schengen og samstarfssamninginn í apríl 1998.

b. Í Svíþjóð er áætlað að fjalla um Amsterdam-sáttmálann í maí eða júní 1998. Áætlað er að umfjöllun um Amsterdam-sáttmálann ljúki í Finnlandi vorið 1998. Í Danmörku fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla um Amsterdam-sáttmálann hinn 28. maí nk.

9. *Hvenær er fyrirhugað að ráðast í framkvæmdir í flugstöðinni í Keflavík að því er varðar Schengen-umferð og að ljúka þeim framkvæmdum?*

Mikil aukning hefur orðið á flugumferð um Keflavíkurflugvöll undanfarin ár og bendir allt til að sú þróun haldi áfram. Í ljósi þessa og þeirrar staðreyndar að flugstöðin annar vart lengur farþegafjölda ákvað ríkisstjórnin 5. desember 1997 að ráðast í stækkun flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga stækkunarinnar sumarið 1998 og ljúka honum í ársbyrjun árið 2000.

10. *Hver er áætlaður kostnaður Íslands af Schengen-þátttöku skipt á einstaka þætti, svo sem núverandi áheyrnaraðild, samningaviðræður, stofnframkvæmdir í flughöfninni í Keflavík og annars staðar á landamærum að meðtöldum hönnunarkostnaði, kaup á tölvubúnaði vegna Schengen Information System, aðildargjöld, árlegan rekstrarkostnað í heild nú og síðar ef af þátttöku verður?*

Miðað við fyrirliggjandi kostnaðaráætlanir nemur áætlaður byggingarkostnaður við fyrsta áfanga stækkunar flugstöðvarinnar í Keflavík um 1.100 millj. kr. Sérstök kostnaðaráætlun vegna Schengen-aðildar liggur ekki fyrir, en ljóst er að meginhluti kostnaðarins við stækkunina fellur til án tillits til þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Áætlaður rekstrarkostnaður skrifstofu Schengen í ár er 550.000 kr. og hefur sá kostnaður lækkað umtalsvert frá síðasta ári. Áætluð útgjöld 1998 vegna miðlæga upplýsingakerfisins (C.SIS) eru 2.380.000 kr.

Fundarsetu vegna áheyrnaraðildar og samningaviðræðna sinna starfsmenn sendiráðs Íslands í Brussel að mestu leyti, en þó sækja fulltrúar frá dómsmálaráðuneytinu einnig fundi af Íslands hálfu. Ferðakostnaður ráðuneytisins af þeim sökum var 3,3 millj. kr. á árinu 1997.

Varðandi íslenska hluta upplýsingakerfis (N.SIS) þá er undirbúningur þess á byrjunarstigi. Uppsetning á slíku kerfi hefst með þarfagreiningu en hún verður síðan grundvöllur að þeim kröfum sem íslensk yfirvöld gera til kerfisins. Þessi vinna stendur nú yfir í náinni samvinnu milli Norðurlandanna og er ekki unnt að svo stöddu að gefa marktækar kostnaðartölur í þessu sambandi. Hins vegar má geta þess að upplýsingakerfið fellur að mörgu leyti vel að því tölvuumhverfi sem byggt hefur verið upp innan þeirra stofnana dómsmálaráðuneytisins sem koma munu að framkvæmd Schengen-samstarfsins. Því er ástæða til að ætla að sú uppbygging komi til með að nýtast fyrir upplýsingakerfið, en það mun draga úr kostnaði við rekstur þess. Einnig eru bundnar vonir við að náið samstarf Norðurlandanna við undirbúning þátttöku í samstarfinu muni leiða til hagkvæmari lausna en ella.

Varðandi kostnað að öðru leyti vegna framkvæmdar samningsins gildir það sama og um upplýsingakerfið. Á þessari stundu stendur yfir þarfagreining á vegum dómsmálaráðuneytisins sem miðar að því að skilað verði innan tíðar greinargerð um flesta þá þætti sem huga þarf að vegna framkvæmdar samningsins. Að því loknu mun ráðuneytið vinna fjárfestingar- og kostnaðaráætlanir vegna þátttöku Íslands í samstarfinu.

1176. Tillaga til þingsályktunar [682. mál]

um fullgildingu samstarfssamnings milli Schengen-ríkjanna og Íslands og Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samstarfssamning milli konungsríkisins Belgíu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, lýðveldisins Frakklands, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánar, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Grikklands, lýðveldisins Austurríkis, konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar, sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum, og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum sem undirritaður var í Lúxemborg 19. desember 1996.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Hinn 14. júní 1985 var undirritað í bænum Schengen í Lúxemborg samkomulag milli Belgíu, Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands um að fella smám saman niður eftirlit á sameiginlegum landamærum þessarra ríkja. Hinn 19. júní 1990 var síðan undirritaður á sama stað samningur milli sömu ríkja um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 1985, Schengen-samningurinn.

Schengen-samningurinn komst til framkvæmda milli framangreindra ríkja auk Spánar og Portúgals, 26. mars 1995, en þá höfðu auk þeirra Austurríki, Grikkland og Ítalía gerst aðilar að honum.

Meginatriði Schengen-samningsins er um frjálsa för fólks um innri landamæri aðildarríkjanna og afnám persónueftirlits við innri landamæri. Önnur meginatriði samningsins fjalla um samræmt persónueftirlit á ytri landamærum samningssvæðisins, samræmdar reglur um vegabréfsáritanir, reglur um vissa þætti í málsmeðferð varðandi beiðni um hæli, sameiginlegan upplýsingabanka um óæskilega útlendinga, eftirlýsta einstaklinga, eftirlýst ökutæki o.fl. Þá eru í samningnum ákvæði um lögreglusamvinnu, þar á meðal í fíkniefnamálum, og um gagnkvæma réttaraðstoð.

Schengen-samstarfið er hefðbundið milliríkjasamstarf þar sem ákvarðanir eru teknar samhljóða. Þessar ákvarðanir hafa ekki bindandi réttaráhrif fyrir borgara í aðildarríkjum en binda einungis aðildarríki að þjóðarétti. Í því felst að sérstakar ráðstafanir þarf að gera í hverju ríki til að hrinda þessum ákvörðunum í framkvæmd í samræmi við landslög þess ríkis.

Framkvæmdanefndin fer með æðsta vald innan Schengen-samstarfsins, en þar eiga ráðherrar hvers lands sæti og kemur hún að jafnaði saman fjórum sinnum á ári. Framkvæmdanefndin hefur skipað ýmsar nefndir með fulltrúum hvers ríkis og er miðhópurinn mikilvægastur þeirra. Hann er skipaður háttsettum embættismönnum frá aðildarríkjum. Miðhópurinn undirbýr fundi framkvæmdanefndarinnar og þær ákvarðanir sem taka skal og ber að öðru leyti ábyrgð á því starfi sem fram fer í hinum nefndunum.

Schengen-samstarfið byggist á sömu grundvallarsjónarmiðum og norræna vegabréfasambandið. Með gerð samstarfssamnings við Schengen-ríkin er:

- áframhaldandi ferða- og vegabréfafrelsi milli norrænna ríkja tryggt,
- þátttaka í stærsta ferðafrelsissvæði í Evrópu tryggð,
- aukinni lögreglusamvinnu skapaðir betri möguleikar til baráttu gegn alþjólegri afbrotastarfsemi.

Í ársbyrjun 1995 fékk Schengen-samningurinn aukið gildi fyrir Norðurlönd af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi höfðu Schengen-ríkin þá ákveðið að hefja framkvæmd hans frá og með 26. mars 1995 sem fæli í sér afnám persónueftirlits á innri landamærum þeirra og að tekið yrði upp hert samræmt persónueftirlit á ytri landamærum, þ.m.t. milli Þýskalands og Danmerkur. Í öðru lagi hafði Danmörk sótt um áheyrnaraðild að samstarfinu með það fyrir augum að gerast aðili síðar. Aðild Dana að samstarfinu hefði leitt til þess að ytri landamæri Schengen-svæðisins hefðu legið í gegnum Norðurlönd og þannig hefði norræna vegabréfasambandið liðið undir lok.

Það var mat stjórnvalda að íbúar Norðurlanda myndu hvorki skilja né sætta sig við að 40 ára frelsi til ferða án vegabréfs milli norænna ríkja þyrfti að ljúka með þessum hætti. Þessu til viðbótar hafa Norðurlönd haft með sér verulegt samstarf á sviði lögreglu- og tollamála, svo og á sviði réttaraðstoðar o.fl.

Í ljósi alls þessa lýstu forsætisráðherrar Norðurlanda því yfir á fundi sínum í Reykjavík 27. febrúar 1995 að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að Norðurlönd hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Samstarfssamningur Íslands og Noregs við Schengen-ríkin var síðan undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996 samhliða aðildarsamningum Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar. Samstarfssamningurinn er fylgiskjal við þingsályktunartillögu þessa.

Á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins (ESB), sem lauk í júní 1997 í Amsterdam, var ákveðið að fella Schengen-samstarfið undir ESB. Í Amsterdam-samningnum er ákvæði um að aðild Íslands og Noregs að Schengen-samstarfinu skuli byggjast á samstarfssamningnum frá desember 1996. Unnið er að því af hálfu ESB og Íslands og Noregs að gera samkomulag um fyrirkomulag þátttöku Íslands og Noregs í samstarfinu í ljósi þessarar þróunar.

2. Samstarfssamningurinn.

2.1 Almennt.

Í samstarfssamningnum frá 19. desember 1996 er Íslandi og Noregi tryggð full aðild að öllu ákvarðanaferli Schengen með sama hætti og aðildarríkjunum, að undanskildum atkvæðagreiðslum. Ísland og Noregur verða ekki bundin af ákvörðun framkvæmdanefndarinnar nema ríkin samþykki það sérstaklega. Mjög ólíklegt er að sú staða komi upp að ríkin tvö geti ekki samþykkt ákvörðun þar sem það liggur í eðli þess fyrirkomulags sem viðhaft er við ákvörðunartöku að ríki leitast við að finna lausnir sem breið samstaða er um. Komi sú staða hins vegar upp hafa Ísland og Noregur heimild til þess að hafna ákvörðun, en það jafngildir uppsögn af hálfu þess ríkis sem það gerir.

2.2 Einstakar greinar.

Í 1. gr. er kveðið á um umfang samningsins. Þar er skilgreint hvaða samningar, ákvarðanir og aðrar gerðir gildi milli samningsaðila, en það eru allar gildandi reglur Schengen-samstarfsins við undirskrift samningsins.

Í 2. gr. er kveðið á um fulla þátttöku Íslands og Noregs í öllum nefndum Schengen-samstarfsins, þ.m.t. framkvæmdanefndinni, miðhópnum og eftirlitsnefnd upplýsingakerfis Schengen. Þar hafa þau málfrelsi og tillögurétt en greiða ekki atkvæði. Jafnframt kemur fram að aðildarríkin skuli skiptast á skoðunum við Ísland og Noreg um málefni sem rædd eru á vettvangi ESB og tengjast samningnum.

Í 3. gr. er kveðið á um með hvaða hætti Ísland og Noregur samþykkja þær ákvarðanir sem teknar eru innan Schengen-samstarfsins og þær ákvarðanir sem teknar eru innan ESB og varða Schengen-samstarfið. Í greininni kemur fram að ríkin tvö ákveði hvort í sínu lagi hvort þau samþykki slíkar ákvarðanir. Jafnframt er kveðið á um að Schengen-ríkin skuli sérstaklega meta stöðu Íslands og Noregs ef í ljós kemur að þau geta ekki samþykkt ákvörðun.

Í 4. gr. er kveðið á um að ákvæði samningsins séu ekki til hindrunar samvinnu innan ramma norræna vegabréfasambandsins, að svo miklu leyti sem hún gengur ekki gegn eða hindrar framkvæmd samningsins.

Í 5. gr. er kveðið á um stöðu Svalbarða.

Í 6. gr. er kveðið á um að ákvæði Schengen-samningsins, sem fjalla um vörur, falli utan samstarfssamningsins. Á þessu sviði gilda reglur ESB. Ísland og Noregur eru ekki í tollasamstarfi við ESB. Það þýðir að aðild að samstarfssamningnum hefur ekki áhrif á eftirlit með vöruflutningum til Íslands og Noregs og eftirlit með farangri ferðafólks.

Í 7. gr. er fjallað um tilnefningu lögregluyfirvalda af hálfu Íslands og Noregs vegna þátttöku í samstarfinu.

Í 8. og 9. gr. er fjallað um fullgildingu, vörsluaðila og gildistöku samningsins.

Ákvæði 10. gr. fjallar um uppsögn samningsins. Komi alvarlegur ágreiningur upp milli samningsaðila hefur hver aðili rétt til þess að segja samningnum upp. Enn fremur er litið svo á að uppsögn liggi fyrir af hálfu Íslands eða Noregs ef annað eða bæði ríkin geta ekki staðfest ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar. Slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum frá því að framkvæmdanefndin tilkynnir vörsluaðila um það. Ef bæði Ísland og Noregur segja samningnum upp eða honum er sagt upp af Schengen-ríkjunum fellur samningurinn úr gildi.

3. Efnisþættir Schengen-samstarfsins.

3.1 Almennt.

Eins og að framan greinir er megintilgangur Schengen-samstarfsins afnám persónueftirlits á innri landamærum aðildarríkjanna. Til mótvægis við áhrif afnáms þessa eftirlits taka ríkin upp og efla samstarf á ýmsum sviðum svo sem nánar greinir hér á eftir.

3.2 Landamæraeftirlit.

3.2.1 Innri landamæri.

Einstaklingum er heimilt að fara yfir innri landamæri aðildarríkjanna hvar sem er og án þess að þeir sæti nokkru persónueftirliti. Þrátt fyrir afnám landamæraeftirlits er heimilt, að höfðu samráði við önnur aðildarríki, að koma á tímabundinni landamæravörslu á innri landamærum vegna allsherjarreglu og þjóðarröryggis. Afnám landamæraeftirlits takmarkar ekki heimildir aðildarríkjanna til að halda uppi löggæslu innan landamæranna lögum samkvæmt.

3.2.2 Ytri landamæri.

Umferð um ytri landamæri skal einungis fara um landamærastöðvar. Við komu til Schengen-svæðisins skal hafa persónueftirlit með farþegum og eftirlit með handfarangri þeirra. Farþegar, sem fara frá Schengen-svæðinu eru háðir persónueftirliti. Þessi ákvæði gilda ekki um innritaðan farangur sem annaðhvort er háður eftirliti á upphaflegum brottfararstað eða áfangastað.

Heimilt er að veita útlendingi leyfi til komu inn á Schengen-svæðið og til dvalar þar í allt að þrjá mánuði ef hann hefur viðurkennd ferðaskilríki. Hann skal hafa gilda áritun þegar þess er krafist, geta lagt fram sannanir fyrir tilgangi og skilyrðum dvalar og nægilegt fé sér til framfærslu meðan á dvöl stendur og til heimferðar eða ferðar til þriðja ríkis þar sem honum er tryggð koma og getur á lögmætan hátt framfleytt sér. Þá skal hann hvorki hafa verið lýstur óæskilegur á Schengen-svæðinu né ekki megi ætla að hann muni spilla allsherjarreglu eða aðildarríkis eða alþjóðlegum tengslum þess.

Neita skal útlendingi, sem ekki fullnægir öllum skilyrðum til aðgangs að svæðinu, um komu inn á svæðið nema nauðsynlegt sé að víkja frá þeirri reglu af mannúðarástæðum, m.a. samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum.

Persónueftirlit á ytri landamærum aðildarríkjanna skal framkvæmt af þar til bærum yfirvöldum samkvæmt samræmdum reglum á svæðinu og að lögum viðkomandi ríkis að teknu tilliti til sameiginlegra hagsmuna aðildarríkjanna. Samræmdu reglurnar um persónueftirlit fjalla ekki einungis um að staðreyna ferðaskilríki og önnur skilyrði fyrir komu inn á svæðið, dvöl þar, vinnu og brottför af svæðinu.

3.3 Vegabréfsáritanir fyrir stutta dvöl.

Aðildarríkin skulu framfylgja sameiginlegum reglum varðandi vegabréfsáritanir. Ríkin skuldbinda sig til að framfylgja samræmdum reglum um útgáfu á áritunum sem óheimilt er að víkja frá nema með samþykki annarra aðildarríkja þegar sérstakar aðstæður krefjast. Sameiginleg vegabréfsáritun gildir á öllu Schengen-svæðinu og getur hún gilt fyrir dvöl sem stendur allt að þremur mánuðum.

3.4 Vegabréfsáritanir til lengri dvalar.

Hvert ríki gefur út vegabréfsáritun til lengri dvalar en þriggja mánaða í samræmi við eigin lög.

3.5 Skilyrði fyrir komu og dvöl útlendings.

Útlendingi, sem ber að hafa vegabréfsáritun, getur ferðast frjálst innan svæðisins meðan áritunin er í gildi.

Útlendingur, sem er undanþeginn skyldu til vegabréfsáritunar, getur ferðast frjálst innan svæðisins í allt að þrjá mánuði.

Útlendingur með gilt dvalarleyfi í einu Schengen-ríki, sem hefur gilt ferðaskilríki, getur ferðast frjálst um svæðið í allt að þrjá mánuði.

Útlendingur, sem ekki fullnægir lengur skilyrðum fyrir leyfi til skemmri dvalar, skal að meginreglu þegar yfirgefa Schengen-svæðið. Hafi útlendingur gilt dvalarleyfi í einu aðildarríki skal hann þegar fara til þess ríkis.

3.6 Ábyrgð á meðferð beiðna um hæli.

Schengen-samstarfið felur ekki í sér sameiginlega stefnu varðandi veitingu hælis eða afstöðu til flóttamanna. Hvert aðildarríki veitir hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum í samræmi við eigin lög og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í Schengen-samstarfinu gilda ákvæði Dyflinnar-samnings ESB um hvaða ríki hefur skyldu til að fjalla um beiðni um hæli. Áður en samstarfssamningurinn öðlast gildi er nauðsynlegt að gera samhliðasamning við Ísland og Noreg.

3.7 Lögregla og öryggi.

3.7.1 Lögreglusamvinna.

Lögreglusamvinna, þ.m.t. samvinna um baráttu gegn fíkniefnum, er mikilvægur þáttur í Schengen-samstarfinu. Gengið er út frá því að víðtæk og skilvirk lögreglusamvinna vegi upp á móti afnámi persónueftirlits á innri landamærum. Lögreglusamstarfið hefur einnig fengið aukið vægi í ljósi þróunar í alþjóðlegri brotastarfsemi og fjölgunar ólöglegra innflytjenda. Schengen-samstarfið er nú mjög virkur þáttur í lögreglusamstarfi í Evrópu og frekari þróun þess.

Lögreglusamstarfið byggist á almennum markmiðum um gagnkvæman stuðning við að fyrirbyggja og upplýsa afbrot. Þessi samvinna hefur hins vegar ekki áhrif á þá meginreglu að valdmörk og allar heimildir lögreglu, svo sem til handtöku o.fl., ráðist eingöngu af reglum viðkomandi ríkis. Schengen-samstarfið felur ekki í sér yfirþjóðlegt lögregluyfirvald. Ákveðið fyrirkomulag samstarfs yfir landamæri fær þjóðréttarlegan grunn í samningnum og samhliða er gert ráð fyrir tvíhliða samningum varðandi einstök svæði. Lögreglusamstarfið miðar að því að miðla betur upplýsingum og sérstök áhersla er lögð á samstarf á sviði fíkniefnavarna.

Lögreglusamstarfið á vettvangi Schengen-samstarfsins þýðir að íslensk lögregluyfirvöld verða virkari þátttakendur í lögreglusamvinnu í Evrópu.

3.7.2 Gagnkvæm aðstoð í sakamálum.

Eitt af markmiðum Schengen-samningsins er að einfalda samvinnu á sviði réttaraðstoðar milli aðildarríkjanna. Aðalþáttur þess er gagnkvæm aðstoð í sakamálum, framsal og flutningur á fullnustu refsiákvarðana. Schengen-samningurinn kemur til viðbótar og frekari fyllingar þeim samningum um réttaraðstoð sem Ísland er þegar aðili að á vettvangi Evrópuráðsins. Á tímum aukinnar alþjóðlegrar afbrotastarfsemi er mikilvægt að komið sé í veg fyrir að landamæri ríkja séu notuð til að hindra að lögreglu- og dómsmálayfirvöld geti gripið til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að upplýsa afbrot.

3.8 Fíkniefni.

Aðildarríki Schengen-samningsins skuldbinda sig til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana í baráttunni gegn viðskiptum með fíkniefni. Markmiðið er að heyja eins virka baráttu gegn þessum afbrotum og unnt er og í því skyni er mikilvægt að hafa eins náið samstarf á milli lögregluyfirvalda aðildarríkja og hægt er.

Þótt persónueftirlit á innri landamærum aðildarríkja sé fellt niður verður áfram heimilt að halda uppi eftirliti með farangri farþega. Einnig ber að hafa í huga að samstarfssamningurinn nær ekki til vöruflutninga og því hefur samningurinn ekki áhrif á tollskoðun hér á landi. Íslensk yfirvöld ákveða því eftir sem áður hvaða aðferðum skuli beita í baráttunni gegn fíkniefnum.

3.9 Upplýsingakerfi Schengen.

3.9.1 Stofnun upplýsingakerfisins.

Einn mikilvægasti stuðningsþátturinn til þess að vega upp á móti afnámi persónueftirlits á innri landamærum er upplýsingakerfi Schengen (SIS). Upplýsingakerfið er tvíþætt, annars vegar staðbundið upplýsingakerfi (N.SIS) í hverju aðildarríki og hins vegar miðlægt upplýsingakerfi (C.SIS). Kerfið veitir aðgang að stöðluðum upplýsingum um einstaklinga og hluti vegna landamæraeftirlits og rannsókna lögreglu og tollyfirvalda.

Hver samningsaðili setur á stofn og rekur á eigin ábyrgð kerfið í sínu landi.

3.9.2 Rekstur og notkun upplýsingakerfisins.

Markmiðið með rekstri upplýsingakerfisins er að veita upplýsingar í þeim tilgangi að viðhalda allsherjarreglu og öryggi, þar með talið öryggi ríkisins, og auðvelda framkvæmd samningsins um ferðalög á landsvæðum samningsaðila.

Í kerfinu eru upplýsingar um einstaklinga og hluti. Um einstaklinga má skrá upplýsingar um nafn, sérstök óbreytanleg líkamleg einkenni, fyrsta bókstaf í öðru eiginnafni, fæðingardag og fæðingarstað, kyn, ríkisfang, hvort viðkomandi er vopnaður, hvort hann er talinn ofbeldissinnaður, ástæðu fyrir skráningu og til hvaða ráðstafana óskað er eftir að gripið verði. Telji samningsaðili að skýrsla sem fylgir með beiðni um aðgerðir sé í andstöðu við lög þess ríkis, alþjóðlegar skuldbindingar eða mikilvæga hagsmuni ríkisins getur það skráð athugasemd í sinn hluta kerfisins um að beiðnin verði ekki framkvæmd á landsvæði hans.

Kerfið geymir upplýsingar um eftirlýsta einstaklinga, um einstaklinga sem lýstir hafa verið óæskilegir til komu inn á svæðið ásamt eftirlýstum hlutum, svo sem bílum, lausafé, ferðaskilríkjum o.fl.

Aðgang að upplýsingum úr kerfinu skulu þeir einir hafa sem ábyrgð bera á landamæraeftirliti og önnur lögreglu- og tollyfirvöld sem ábyrgð bera á rannsóknum innan lands eða samræmingu á þeim. Sama gildir um yfirvöld sem ábyrgð bera á útgáfu á vegabréfsáritunum, miðlæg yfirvöld sem ábyrgð bera á rannsóknum á beiðnum um vegabréfsáritun, yfirvöld sem ábyrgð bera á útgáfu dvalarleyfa og yfirvöld sem framkvæma útlendingalöggjöfina að svo miklu leyti sem þeim er það nauðsynlegt vegna starfa sinna við framkvæmd á ákvæðum samningsins. Notendur mega einungis sækja upplýsingar sem þeim eru nauðsynlegar vegna starfa sinna.

3.9.3 Vernd og öryggi persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu.

Samningsaðilar mega einungis nota upplýsingar í upplýsingakerfi Schengen í þeim tilgangi sem þar er tilgreindur. Aðili má ekki afrita upplýsingar frá öðrum til nota í öðrum gagnasöfnum innan lands. Í samningnum eru ákvæði um innra eftirlit með kerfinu í hverju einstöku ríki, að skráningar í kerfið og framkvæmd beiðna í kerfinu fari að landslögum hvers aðildarríkis og að viðkomandi ríki beri ábyrgð á upplýsingum sem það setur í kerfið.

Sérhver samningsaðili tilnefnir miðstjórnaryfirvald sem ber ábyrgð á skráningu í kerfið í viðkomandi landi. Réttur einstaklinga til að fá aðgang að upplýsingum um hann sjálfan í upplýsingakerfinu fer eftir lögum þess ríkis þar sem slíkra upplýsinga er krafist. Ekki má

veita upplýsingar um skráningu einstaklings í öðru aðildarríki án þess að áður hafi verið fengin umsögn þess ríkis um málið. Sérhver einstaklingur hefur rétt til að fá afmáðar upplýsingar um hann sjálfan séu þær efnislega eða lagalega rangar. Sérhver skráður aðili getur á landsvæði hvers samningsaðila skilað inn kæru til þar til bærra dómstóla eða stjórnvalda og gert kröfu um leiðréttingu eða að skráðar upplýsingar verði afmáðar, um aðgang að þeim eða skaðabætur. Persónuupplýsingar, sem skráðar eru í kerfið þegar lýst er eftir manni, skulu aðeins varðveittar þann tíma sem nauðsynlegur er til að þjóna tilgangi sínum.

Hver samningsaðili tilnefnir eftirlitsaðila sem samkvæmt lögum viðkomandi ríkis skal hafa sjálfstætt eftirlit með gagnasafni viðkomandi ríkis (N.SIS) í upplýsingakerfinu. Enn fremur er í samningnum kveðið á um sameiginlegan eftirlitsaðila sem skal hafa eftirlit með miðlægum hluta gagnasafnsins (C.SIS).

3.10 Vernd persónuupplýsinga.

Með tilliti til vélrænnar meðferðar persónuupplýsinga, sem veittar eru úr gagnasöfnum einstakra aðildarríkja samkvæmt samningnum, skal hver samningsaðili í síðasta lagi við aðild að samningnum hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að eigin lög hans veiti persónuupplýsingum a.m.k. þá vernd er greinir í Evrópusamningnum um vernd persónuupplýsinga. Sá sem fær upplýsingar má aðeins nota þær í þeim tilgangi sem þær voru veittar. Önnur notkun upplýsinganna er háð fyrir fram gefnu leyfi þess ríkis sem veitti þær og slík notkun skal vera í samræmi við lög þess ríkis sem fékk upplýsingarnar. Einungis má veita slíkt leyfi að það sé ekki í andstöðu við lög ríkisins sem veitti upplýsingarnar. Upplýsingarnar má einungis nota af þeim dómsmálayfirvöldum og aðilum sem hafa skyldum eða hlutverki að gegna vegna þess markmiðs sem að framan greinir. Móttakandi skal tryggja vernd þeirra með sama hætti og sambærilegra upplýsinga samkvæmt hans eigin lögum.

Með tilliti til verndar persónuupplýsinga, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum samningsins um lögreglusamvinnu, skuldbinda aðildarríkin sig til að vernd þeirra persónuupplýsinga skuli vera í samræmi við ályktun Evrópuráðsins um notkun lögreglu á persónuupplýsingum.

4. Samstarfssamningurinn og stjórnarskrá Íslands.

4.1 Almennt.

Í kjölfar niðurstöðu ríkjaráðstefnu ESB sumarið 1997 fól utanríkisráðherra lagaprófessorunum Davíð Þór Björgvinssyni, Stefáni Má Stefánssyni og Viðari Má Matthíassyni að taka saman álitsgerð um hvort væntanlegt samkomulag við Evrópusambandið um Schengen-samstarfið kynni að brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána. Í áliti sínu komast lagaprófessorarnir m.a. að þeirri niðurstöðu að samstarfssamningurinn brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Þessi niðurstaða þeirra er reist á þeim forsendum að væntanlegt samkomulag við ESB byggist á óbreyttu fyrirkomulagi í samræmi við samstarfssamninginn. Verður niðurstaðan reifuð í köflum 4.2–4.4 hér að neðan.

4.2 Ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Sú grein í stjórnarskránni sem helst gæti staðið í vegi fyrir aðild Íslands að samstarfssamningnum er 2. gr., en hún er svohljóðandi:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Samstarfssamningurinn er þjóðréttarsamningur. Honum fylgja ýmsar gerðir auk þess sem gert er ráð fyrir því að settar verði gerðir í framtíðinni innan þess ramma sem samstarfs-

samningurinn tekur til. Hvorki samstarfssamningurinn sjálfur né þær gerðir sem honum fylgja eða munu fylgja verða íslensk lög nema Alþingi setji slík lög og forseti staðfesti þau. Telja má víst að af samstarfssamningnum muni leiða þjóðréttarlegar skuldbindingar til að setja íslenska löggjöf á sviðum sem hann tekur til eða til að breyta íslenskum lögum til samræmis við reglur samningsins. Sú málsmeðferð er í samræmi við íslenskan stjórnskipunarrétt. Stjórnarskráin stendur því þó í vegi að með þjóðréttarsamningum sé ríkisvald með óheimilum hætti lagt í hendur annarra en taldir eru upp í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Það á einkum við ef um er að ræða ákvæði sem leggja skyldur á einstaklinga eða lögaðila. Skyldur sem aðeins varða íslenska ríkið að þjóðarétti fela almennt ekki í sér stjórnarskrárbrot, enda sæta brot á þeim eingöngu þjóðréttarlegum viðurlögum.

4.3 Framsal löggjafarvalds og valds til þess að gera þjóðréttarsamninga.

Ákvæði 1. mgr. 3. gr. samstarfssamningsins sýnir svo ekki verður um villst að ekki er gert ráð fyrir því að Ísland sé bundið af neinni framtíðargerð nema það ákveði það sérstaklega að vera bundið við hana samkvæmt stjórnskipunarlögum sínum. Af þessu leiðir að hvorki er um að ræða framsal á valdi til að gera þjóðréttarsamninga né framsal á löggjafarvaldi.

4.4 Framsal framkvæmdavalds og dómsvalds.

Framsal á framkvæmdarvaldi og dómsvaldi í samstarfsamningnum er þess eðlis að það brýtur ekki í bága við íslenska stjórnarskrá. Eftirtalin atriði ráða einkum þessari niðurstöðu:

1. Það er viðurkennd regla í íslenskum rétti að við sérstakar aðstæður megi beita erlendum réttarreglum hér á landi.
2. Þess eru dæmi að ákvarðanir erlendra stjórnvalda hafi gildi hér á landi og séu aðfararhæfar.
3. Vald það sem alþjóðastofnunum er ætlað með samningnum er vel afmarkað og á þröngu sviði.
4. Vald það sem framselt er telst ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.
5. Ákvarðanir sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar og miðstjórnar eru aðeins bindandi fyrir aðildarríkin [sic].
6. Ekki er gert ráð fyrir neinum alþjóðlegum dómstóli sem sker úr deilumálum þannig að bindandi sé fyrir íslenska ríkisborgara.

5. Kostnaður.

Hvert aðildarríki Schengen-samstarfsins greiðir sjálft þann kostnað sem leiðir af þátttöku í samstarfinu innan lands, þar með talinn stofnkostnað við nauðsynlega breytingu á flugstöðvum vegna kröfu um aðskilnað farþega. Sameiginlegum kostnaði er skipt á milli aðildarríkjanna. Á fundi framkvæmdanefndar Schengen í október 1997 var tekin afstaða til þess kostnaðar sem fellur á íslensk stjórnvöld vegna sameiginlegs reksturs Schengen-samstarfsins að undanskildum þeim kostnaði sem til fellur af rekstri sameiginlegs tölvukerfis lögreglusamstarfsins. Áætlað er að sá kostnaður verði tæpar 3 milljónir króna á ári.

Annar rekstrarkostnaður, sem hlýst af aðild Íslands af Schengen-samstarfinu, liggur fyrst og fremst í auknum mannafla við útlendingaeftirlit, þ.m.t. vegabréfaskoðun á Keflavíkurflugvelli og hjá embætti ríkislögreglustjóra. Reikna þarf jafnframt með kostnaði við rekstur tölvukerfa tengt upplýsingakerfi Schengen og vegna þátttöku í fundum um Schengen-samstarfið.

Stofnkostnaður við aðild að Schengen-samstarfinu liggur fyrst og fremst í kostnaði við stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar vegna kröfu um aðskilnað farþega. Jafnframt þarf að leggja í kostnað við fjárfestingu í tölvukerfum og þjálfun starfsmanna.

6. Lagabreytingar.

Þátttaka í Schengen-samstarfinu kallar á ýmsar breytingar á íslenskum lögum. Þessar eru helstar:

1. Lög nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum. Þörf er á heildarendurskoðun laganna og reglugerðum settum með stoð í þeim.
2. Lög nr. 13/1984, um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Breyta þarf nokkrum ákvæðum laganna.
3. Lög nr. 56/1993, um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma. Gera þarf lítils háttar breytingar á lögunum.
4. Setja þarf lög eða reglugerðir um lögregluskrár og eftirlit með þeim.

Verið er að kanna hvort þörf sé á frekari lagabreytingum en hér hefur verið rakið.

Fylgiskjal.

Samstarfssamningur konungsríkisins Belgíu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, lýðveldisins Frakklands, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánar, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Grikklands, lýðveldisins Austurríkis, konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands, konungsríkisins Svíþjóðar, sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum, og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum.

Konungsríkið Belgía, Sambandslýðveldið Þýskaland, lýðveldið Frakkland, stórhertogadæmið Lúxemborg, konungsríkið Holland, lýðveldið Ítalía, konungsríkið Spánn, lýðveldið Portúgal, lýðveldið Grikkland, lýðveldið Austurríki, konungsríkið Danmörk, lýðveldið Finnland, konungsríkið Svíþjóð, lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur, hér á eftir nefnd „samningsaðilar“:

Sem byggja á samkomulagi milli ríkisstjórna aðildarríkja Efnahagssambands Belgíu, Hollands og Lúxemborgar (BENELUX), Sambandslýðveldisins Þýskalands og lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum sem undirritað var í Schengen 14. júní 1985, hér á eftir nefnt „Schengen-samkomulagið“ og á samningnum um framkvæmd þess samkomulags sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990, hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn“, eins og þeim hefur verið breytt með bókunum og aðildarsamningum lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánar, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Grikklands og lýðveldisins Austurríkis, og konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar, undirrituðum 27. nóvember 1990, 25. júní 1991, 6. nóvember 1992, 28. apríl 1995 og 19. desember 1996;

Sem vísa til bókunar frá 22. maí 1954 um undanþágu fyrir ríkisborgara Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá þeirri kvöð að hafa vegabréf eða dvalarleyfi er þeir dvelja í öðru norrænu ríki en heimalandinu og til samnings er undirritaður var í Kaupmannahöfn 12. júlí 1957 af Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, hér á eftir nefndur „Norræna vegabréfasambandið“;

Sem vísa til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) frá 2. maí 1992 og hafa í huga að aðilar að þeim samningi hafa meðal annars ákveðið að beita sér fyrir því að menn geti ferðast eins hindrunarlaust og unnt er á öllu Evrópska efnahagssvæðinu;

Sem hafa í huga yfirlýsingu ríkisstjórna aðildarríkja Evrópubandalagsins og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), sem samþykkt var á fundinum í Oporto 2. maí 1992 og fylgdi samningnum um EES, þar sem aðildarríki Evrópubandalagsins og aðildarríki EFTA lýsa því sem stefnumiði að hafa með sér samvinnu um að auðvelda eftirlit á landamærum sínum hver með annars borgurum og aðstandendum þeirra, í þeim tilgangi að stuðla að frjálsri för manna, í samræmi við framkvæmdareglur sem mælt verður fyrir um á viðeigandi vettvangi;

Sem hafa í huga að í Schengen-samkomulaginu, Schengen-samningnum og Norræna vegabréfasambandinu er kveðið á um að persónueftirlit á sameiginlegum landamærum milli samningsaðila verði afnumið;

Sem hafa í huga að konungsríkið Danmörk, lýðveldið Finnland og konungsríkið Svíþjóð, sem eru aðilar að Evrópusambandinu, hafa undirritað bókanir um aðild að Schengen-samkomulaginu og samninga um aðild að Schengen-samningnum nítjánda dag desembermánaðar árið nítján hundruð níutíu og sex í Lúxemborg;

Sem hafa í huga að til þess að gerast aðili að Schengen-samningnum þarf ríki að vera aðili að Evrópubandalögunum; þar eð lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur eru ekki aðilar að Evrópubandalögunum geta þau ekki gerst aðilar að Schengen-samningnum;

Sem æskja þess að leggja sitt af mörkum til að persónueftirlit á sameiginlegum landamærum samningsaðila verði afnumið og telja að þetta samstarf feli í sér nauðsynlegar hliðarráðstafanir; og að til þess að ná þessu markmiði sé rétt að gera samning um samstarf milli aðila;

Sem hafa í huga að samningur þessi tekur ekki til vöru; að fjallað er um vörur í EES-samningnum; að ráðstafana vegna skipulags á eftirliti með handfarangri beri að leita utan þessa samnings;

Sem hafa í huga að þegar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur taka upp tiltekin ákvæði Evrópubandalagsins eða ákvarðanir, sem samþykktar hafa verið innan vébanda Evrópusambandsins og koma í stað ákvæða í Schengen-samningnum, kann að vera nauðsynlegt að semja um sérstakt fyrirkomulag milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs annars vegar og Evrópubandalagsins eða aðildarríkja Evrópusambandsins hins vegar; að rétt sé, eftir atvikum, að gera ráð fyrir bráðabirgðaráðstöfunum;

Hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Schengen-samkomulagið, Schengen-samningurinn, þar á meðal lokagerð, bókanir og sameiginlegar yfirlýsingar sem fylgja Schengen-samningnum, ákvarðanir teknar eða yfirlýsingar gefnar af ráðherranefndinni eða í hennar nafni í samræmi við ákvæði Schengen-samningsins, svo og samningar gerðir í tengslum við Schengen-samninginn, gilda milli allra samningsaðila nema kveðið sé á um annað í honum. Skrá yfir öll ákvæði sem eru í gildi á undirritunardegi þessa samnings er í viðaukanum við þennan samning.

2. gr.

1. Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur taka þátt í öllum fundahöldum ráðherranefndarinnar, sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar, miðstjórnar og allra annarra vinnuhópa sem settir hafa verið á stofn til að undirbúa ákvarðanir eða til annarra starfa.

2. Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur geta lýst skoðunum sínum, gert athugasemdir og lagt fram tillögur en taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

3. Ríkin sem eiga aðild að Schengen-samningnum skulu skiptast á skoðunum við lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg um þau málefni sem rædd eru á vettvangi Evrópusambandsins og tengjast þessum samningi.

3. gr.

1. Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur ákveða hvort í sínu lagi hvort þau samþykkja:

a. ákvarðanir teknar eða yfirlýsingar gefnar af ráðherranefndinni eða í hennar nafni;
b. ákvæði í gerðum Evrópubandalagsins sem ráðherranefndin hefur staðfest að felli úr gildi ákvæði í Schengen-samningnum skv. 134. gr. hans;
c. ákvæði sem aðildarríki Evrópusambandsins hafa samþykkt og ráðherranefndin hefur staðfest að felli úr gildi ákvæði Schengen-samningsins í samræmi við 1. mgr. 142. gr. hans;
d. breytingar á Schengen-samningnum í skilningi 141. gr. eða 2. mgr. 142. gr. hans;
e. samninga sem kunna að verða gerðir milli allra ríkjanna sem eiga aðild að Schengen-samningnum og þriðju ríkja;

er öðlast gildi við undirritun þessa samnings.

Niðurstöður þess sem getið er í b- og c-lið 1. mgr. hér að framan teljast til ákvarðana ráðherranefndar í skilningi 2. mgr. 132. gr. Schengen-samningsins. Ráðherranefndin ákveður hver þeirra atriða sem getið er í b- og c-lið hér að framan ættu að verða tilefni sérstaks fyrirkomulags milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs annars vegar og Evrópubandalagsins eða aðildarríkja Evrópusambandsins hins vegar. Náist ekki það markmið að slíkt fyrirkomulag öðlist gildi um leið og framangreind ákvæði taka við af ákvæðum Schengen-samningsins skal ráðherranefndin, innan marka valdsviðs síns, samþykkja bráðabirgðaákvæði ef þörf krefur.

2. Þegar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur samþykkja ákvæði sem um er getið er í 1. mgr. skapast gagnkvæm réttindi og skyldur milli samningsaðila. Ráðherranefndin tekur formlega mið af þessu samþykki og skráir það í fundargerð sína.

3. Ef gert er ráð fyrir því að í dagskrá fundar ráðherranefndar að samþykkt verði ákvörðun sem getið er í 1. mgr., en sem samráð í vinnuhópum og síðan í miðstjórn gefur ástæðu til að ætla að lýðveldið Ísland og/eða konungsríkið Noregur geti ekki fallist á, hafa þessi tvö ríki tækifæri til að skýra afstöðu sína í ráðherranefndinni. Ráðherranefndin tekur ekki ákvörðun í málinu fyrr en hún hefur gaumgæft afstöðu lýðveldisins Íslands og/eða konungsríkisins Noregs.

4. gr.

Ákvæði þessa samnings skulu ekki vera til fyrirstöðu samvinnu innan ramma Norræna vegabréfasambandsins, að svo miklu leyti sem hún gengur ekki gegn eða hindrar framkvæmd þessa samnings.

5. gr.

Þessi samningur tekur ekki til Svalbarða (Spitzbergen).

6. gr.

Ákvæði 4. mgr. 2. gr. og V. þáttar Schengen-samningsins falla ekki undir gildissvið þessa samnings.

7. gr.

1. Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur skulu við undirritun þessa samnings tilkynna um:
- þá fulltrúa sem um getur í 4. mgr. 40. gr. Schengen-samningsins;
- þau yfirvöld sem um getur í 5. mgr. 40. gr. Schengen-samningsins;
- það ráðuneyti sem um getur í 2. mgr. 65. gr. Schengen-samningsins.

2. Konungsríkið Noregur skal á sama tíma tilkynna um:
- þá fulltrúa sem um getur í 7. mgr. 41. gr. Schengen-samningsins;
- svo og um þá sem falla undir skilyrði sem sett eru í viðkomandi tvíhliða samningum, í skilningi 10. mgr. 41. gr. Schengen-samningsins, að því er varðar umboð þeirra á sviði ólögmætra viðskipta með fíkniefni og geðvirk efni, skotvopn og sprengiefni og á sviði ólögmætra flutninga á eitruðum og skaðlegum úrgangi.

3. Tilkynningar skv. 1. og 2. mgr. skulu sendar ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar, vörsluaðila þessa samnings, og skal hún upplýsa aðra samningsaðila um þær. Sama gildir um breytingar sem gerðar eru á tilnefningu fulltrúa, yfirvalda eða ráðuneyta sem um er getið í 1. og 2. mgr.

8. gr.

Samningur þessi verður lagður fram til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar til vörslu og tilkynnir hún öllum samningsaðilum um afhendinguna.

9. gr.

1. Gildistaka þessa samnings er háð:

a. því að allir samningsaðilar hafi afhent til vörslu skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hans;
b. gildistöku aðildar konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Schengen-samningnum;
c. gildistöku sérstakra samninga við Evrópubandalagið sem eru nauðsynlegir samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar til þess að lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur geti tekið upp þau ákvæði bandalagsins er koma í stað ákvæða í Schengen-samningnum, í samræmi við 134. gr. hans, á undirritunardegi þessa samnings;
d. gildistöku sérstakra samninga við aðildarríki Evrópusambandsins sem eru nauðsynlegir samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar til þess að lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur geti tekið upp þau ákvæði Evrópusambandsins er koma í stað ákvæða í Schengen-samningnum, í samræmi við 1. mgr. 142. gr. hans, á undirritunardegi þessa samnings;
e. gildistöku sérstakra samninga við þriðju ríki sem eru nauðsynlegir samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar til þess að lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur geti tekið upp ákvæði samninga milli ríkjanna sem eiga aðild að Schengen-samningnum og þriðju ríkja sem eru í gildi á undirritunardegi þessa samnings.

2. Ráðherranefnd skal fullvissa sig um að skilyrði fyrir gildistöku séu uppfyllt og tilkynna það vörsluaðila, ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar. Þessi samningur öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent, að því tilskyldu að þau skilyrði sem kveðið er á um í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. hafi verið uppfyllt. Ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar skal tilkynna öllum samningsaðilum um gildistökudag samningsins.

3. Samningur þessi kemur til framkvæmda milli þeirra ríkja þar sem Schengen-samningurinn er kominn til framkvæmda og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs þegar nauðsynleg skilyrði fyrir því að framkvæma Schengen-samninginn hafa verið uppfyllt í öllum þessum ríkjum og eftirliti með ytri landamærum hefur verið komið þar á.

10. gr.

1. Komi upp alvarlegur ágreiningur milli lýðveldisins Íslands og/eða konungsríkisins Noregs annars vegar og annarra samningsaðila hins vegar er ríkjunum sem eiga aðild að Schengen-samningnum heimilt að segja samningnum upp sameiginlega og lýðveldinu Íslandi og/eða konungsríkinu Noregi hvoru um sig.

2. Samþykki lýðveldið Ísland og/eða konungsríkið Noregur ekki ákvörðun sem um getur í 1. mgr. 3. gr. jafngildir það uppsögn og skal formennskuríki ráðherranefndar tilkynna ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar þá ákvörðun innan 30 daga og upplýsir hún aðra samningsaðila um hana. Lýðveldið Ísland og/eða konungsríkið Noregur hætta að eiga aðild að þessum samningi sex mánuðum eftir slíka tilkynningu.

3. Samningur þessi fellur úr gildi þegar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur eða ríkin sem eiga aðild að Schengen-samningnum hætta að eiga aðild að honum.

4. Þeir samningsaðilar sem eftir verða og samningsaðilinn sem segir samningnum upp skulu semja um afleiðingar uppsagnarinnar. Náist ekki samkomulag gerir ráðherranefndin nauðsynlegar ráðstafanir, innan marka valdsviðs síns.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lúxemborg, nítjánda dag desembermánaðar árið nítján hundruð níutíu og sex, í einu frumriti á dönsku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir tólf jafngildir og verða afhentir til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem skal láta öllum samningsaðilum í té staðfest afrit.

1177. Nefndarálit [552. mál]

um frv. til l. um bindandi álit í skattamálum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, Ragnheiði Snorradóttur og Indriða Þorláksson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Vinnumálasambandinu, Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, réttarfarsnefnd, ríkisskattstjóra og Kaupmannasamtökunum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp það nýmæli að heimila skattyfirvöldum að gefa fyrir fram bindandi álit í skattamálum. Gert er ráð fyrir að skattaðilar geti óskað eftir því við ríkisskattstjóra að hann gefi bindandi álit um skattaleg áhrif fyrirhugaðra ráðstafana skattaðila og þannig fengið úr því skorið fyrir fram hvernig álagning skattstjóra muni verða.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til tvær breytingar á 2. gr. sem m.a. fjallar um formskilyrði sem beiðni um bindandi álit þarf að uppfylla. Annars vegar er lagt til að í stað þess að taka fram að beiðnin skuli vera vel afmörkuð varðandi þau álitaefni sem um er spurt skuli hún vera ítarlega afmörkuð varðandi þau atvik og álitaefni sem um er spurt. Með þessu er lögð áhersla á að í beiðni þurfi að lýsa af ýtrustu nákvæmni þeirri ráðstöfun sem beiðnin lýtur að og þeim atvikum sem að henni snúa. Talið er nauðsynlegt að bindandi álit verði ekki víðtækara en brýnir hagsmunir álitsbeiðanda krefjast. Hins vegar er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 3. mgr. greinarinnar þar sem segir að beiðni um bindandi álit teljist sjálfkrafa fallin úr gildi ef þær ráðstafanir, sem beiðnin lýtur að, eru gerðar eftir að beiðni er send ríkisskattstjóra og áður en álit liggur fyrir. Þar verði kveðið á um að það sama gildi ef álitsbeiðandi lætur verða af ráðstöfun sinni áður en úrskurður yfirskattanefndar liggur fyrir og eftir atvikum niðurstaða dómstóla. Rétt þykir að gera slíka breytingu þar sem óeðlilegt þykir að sérstakt mál um bindandi álit verði látið ganga til dóms ef hægt er að taka til umfjöllunar þá ráðstöfun sem það snýr að.
2. Þá er lögð til sú breyting á 3. gr. að kveðið verði nánar á um fresti sem ríkisskattstjóri hefur til þess að láta uppi bindandi álit. Lagt er til að við það verði miðað að geti ríkisskattstjóri ekki látið álit uppi innan fjögurra vikna frá því að beiðni barst skuli hann tilkynna álitsbeiðanda skriflega um frestun og skýra ástæður hennar. Ríkisskattstjóra sé jafnframt ekki heimilt að fresta gerð bindandi álits lengur en í þrjá mánuði frá því að beiðni berst.
3. Lagt er til að frestur álitsbeiðanda og fjármálaráðherra skv. 2. mgr. 5. gr. til þess að bera úrskurð yfirskattanefndar skv. 1. mgr. greinarinnar undir dómstóla verði styttur úr þremur mánuðum í einn þar sem þriggja mánaða frestur verður að teljast óþarflega langur.
4. Lagt er til að í stað þess að kveða á um í 6. gr. að álit ríkisskattstjóra sé ekki bindandi fyrir skattyfirvöld að því marki sem forsendur sem álitið byggist á hafi breyst verði miðað við málsatvik sem álitið byggist á. Með þessu er reglan þrengd.
5. Loks er lögð til breyting á 7. gr. um gjöld fyrir bindandi álit og við það miðað að greiða þurfi sérstakt grunngjald að fjárhæð 10.000. kr. í hvert sinn sem beiðni er lögð inn. Þá sé heimilt að innheimta viðbótargjald er taki mið af umfangi máls, en slíkt gjald geti þó aldrei numið hærri fjárhæð er 40.000. kr.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sighvatur Björgvinsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1178. Breytingartillögur [552. mál]

við frv. til l. um bindandi álit í skattamálum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Beiðnin skal vera ítarlega afmörkuð varðandi þau atvik og álitaefni sem um er spurt og henni skulu fylgja upplýsingar og gögn sem þýðingu hafa og álitsbeiðandi hefur yfir að ráða.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir láti álitsbeiðandi verða af ráðstöfun sinni áður en úrskurður yfirskattanefndar liggur fyrir og eftir atvikum niðurstaða dómstóla.
2. Við 3. gr. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef ekki er unnt að láta uppi álit innan fjögurra vikna frá því að beiðni barst skal ríkisskattstjóri tilkynna álitsbeiðanda skriflega um frestun og skýra ástæður hennar. Ríkisskattstjóra er ekki heimilt að fresta gerð bindandi álits lengur en í þrjá mánuði frá því að beiðni berst.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „þriggja mánaða“ í 2. mgr. komi: eins mánaðar.
4. Við 6. gr. Í stað orðsins „forsendur“ í 2. málsl. komi: málsatvik.
5. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Til að mæta þeim kostnaði sem ríkisskattstjóri hefur af gerð bindandi álita skal greiða gjald er miðast við þá vinnu sem hann hefur af gerð álits í hverju tilviki. Þegar beiðni um álit er lögð fram skal greiða grunngjald að fjárhæð 10.000 kr. Viðbótargjald sem miðast við umfang máls skal greiða áður en ríkisskattstjóri lætur álitið uppi. Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur, en gjaldið má ekki nema hærri fjárhæð en 40.000 kr.

1179. Svar [385. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um flutning þróunarsviðs Byggðastofnunar til Sauðárkróks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða hagkvæmnisrök liggja að baki þeirri ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar að flytja þróunarsvið hennar til Sauðárkróks?*
2. *Hver verður hinn faglegi ávinningur af flutningnum, sérstaklega ef núverandi starfsmenn flytjast ekki með?*
3. *Var þessi ákvörðun tekin í samráði við eftirfarandi ábyrgðarmenn og stjórnendur stofnunarinnar: forsætisráðherra, forstjóra stofnunarinnar og forstöðumann þróunarsviðsins?*
4. *Hefur starfsfólki þróunarsviðs verið greint frá þessari ákvörðun á formlegan hátt og hugur þess til flutnings á Sauðárkrók verið kannaður?*
5. *Er þörf á reglugerðarbreytingu vegna flutningsins, og ef svo er, mun þá ráðherra gera þær breytingar sem krafist er þannig að ekki verði tafir á flutningi þróunarsviðs?*

6. *Er ákvörðunin um flutning þróunarsviðs tímabær ef áætluð heildarendurskoðun á lögum og starfsemi Byggðastofnunar samkvæmt verkefnalista ríkisstjórnarinnar stendur fyrir dyrum?*
7. *Hver er áætlaður kostnaður við flutninginn að því gefnu að enginn af núverandi starfsmönnum sviðsins flytjist og réttur þeirra til biðlauna í eitt ár verði fullnýttur?*
8. *Getur starfsfólk fleiri ríkisstofnana átt von á því að störf þeirra verði flutt nær fyrirvaralaust í annan landshluta á næstunni?*
9. *Hver er reynsla nágrannaþjóðanna af stofnanaflutningi? Er ástæða til þess að ætla að reynslan hérlendis verði önnur en t.d. reynsla Svía?*
10. *Var stofnun útibúa Byggðastofnunar á Sauðárkróki, Egilsstöðum, Ísafirði og Akureyri, þ.e. nær vettvangi á landsbyggðinni, mistök, og verða útibúin lögð niður í framhaldi af flutningi þróunarsviðs til Sauðárkróks?*

Forsætisráðuneytið ritaði Byggðastofnun bréf þann 20. janúar 1998 og óskaði eftir upplýsingum og svörum við þeim atriðum fyrirspurnarinnar er lúta beint að stofnuninni. Jafnframt var um leið upplýst að ráðuneytið mundi annast svör við 5., 6. og 8. tölul. Eftirfarandi svör eru byggð á svari Byggðastofnunar til forsætisráðuneytisins dags. 6. apríl sl. eftir því sem nánar er tilgreint:

1. Í svari Byggðastofnunar til forsætisráðuneytisins dags. 6. apríl 1998 er upplýst að ákvörðun um flutning þróunarsviðs stofnunarinnar til Sauðárkróks hafi ekki byggst á hagkvæmnissjónarmiðum heldur hafi hér verið um stefnumótandi ákvörðun að ræða.
2. Í svari Byggðastofnunar segir að ekki sé að vænta sérstaks faglegs ávinnings af flutningnum. Hins vegar telji stjórnin eðlilegt að verkefni þróunarsviðsins séu unnin úti á landi af fólki sem býr við og skilur betur aðstæður landsbyggðarinnar.
3. Í svari Byggðastofnunar segir að ákvörðunin hafi verið tekin af stjórn stofnunarinnar.
4. Í svari Byggðastofnunar segir að starfsfólki hafi verið greint frá ákvörðun um flutning þróunarsviðsins 4. nóvember 1997 en formlegt bréf hafi verið sent um miðjan febrúar 1998.
5. Forsætisráðuneytið hefur með bréfi dags. 10. mars sl. tilkynnt Byggðastofnun að ráðuneytið muni gera breytingar á reglugerð um Byggðastofnun sem heimili staðsetningu þróunarsviðs stofnunarinnar utan höfuðborgarsvæðisins áður en til flutnings kemur. Er nú unnið að undirbúningi nauðsynlegra breytinga á reglugerð um Byggðastofnun.
6. Heildarendurskoðun á lögum og starfsemi Byggðastofnunar stendur ekki fyrir dyrum í bráð.
7. Í svari Byggðastofnunar segir orðrétt um þennan tölulið: „Ekki liggur fyrir hver biðlaunaréttur starfsmanna er. Launakostnaður á ársgrundvelli hjá deildinni hefur verið milli 16–17 millj. kr.“
8. Forsætisráðuneytinu er ekki kunnugt um að uppi séu áform um flutning stofnana út á landsbyggðina önnur en þau sem þegar hafa verið kynnt.
9. Í svari Byggðastofnunar til forsætisráðuneytisins dags. 6. apríl 1998 er vísað til stefnumótandi áætlunar í byggðamálum 1994–97, sem Alþingi samþykkti í formi þingsályktunar 6. maí 1994. Þar er fjallað um að auka eigi opinbera þjónustu á landsbyggðinni og draga hana saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Um kosti og galla flutnings stofnana er fjallað í skýrslu Byggðastofnunar, *Breyttar áherslur í byggðamálum*, sem gefin var út með þingsályktuninni 1994, og vísar Byggðastofnun til þeirrar umfjöllunar í svari sínu.

10. Í svari Byggðastofnunar segir að stofnun skrifstofa á landsbyggðinni hafi ekki verið mistök. Nú hafi atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni verið efld og til þeirra sé varið 65 millj. kr. rekstrarstyrkjum á ári. Byggðastofnun geti ekki með núverandi fjárveitingum haldið öllum skrifstofunum opnum og því hafi þegar verið ákveðið að loka skrifstofum stofnunarinnar á Ísafirði og Egilsstöðum. Skrifstofa stofnunarinnar á Sauðárkróki verði einnig lögð niður í núverandi mynd.

1180. Frumvarp til laga [555. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aurum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu. Seðlabankinn ákveður alla nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

1181. Frumvarp til laga [556. mál]

um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar.

(Eftir 2. umr., 15. apríl.)

Skilgreiningar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Evra: Gjaldmiðil þeirra ríkja Evrópusambandsins (ESB) sem taka upp sameiginlegan gjaldmiðil í samræmi við sáttmála ESB, sem undirritaður var 7. febrúar 1992.

EMU: Efnahags- og myntbandalag Evrópu.

Eka: Evrópureikningseiningu (European Currency Unit, ECU) sem myndar myntkörfu sem um er fjallað í reglum ESB nr. 3320/94 og í gildi er þegar evran verður tekin upp sem gjaldmiðill þátttökuríkja í EMU.

Eka sem vísað er til í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi og skilgreind er á sama hátt og segir í 1. mgr. skal metin sem ein eka á móti einni evru. Sé vísað til eku í samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi án þess að eka sé skilgreind á þann hátt sem greinir í 1. mgr., skal líta svo á að um eku í skilningi 1. mgr. sé að ræða, nema sýnt sé fram á að annað hafi vakað fyrir aðilum að slíkum samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi.

Áframhaldandi gildi samninga.

2. gr.

Sé greiðsluskylda samkvæmt samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi í gjaldmiðli sem ekki verður lengur til sem sjálfstæður gjaldmiðill við tilkomu evrunnar skal evra koma í stað þess gjaldmiðils samkvæmt því hlutfalli sem ákveðið er í reglum ESB að gilda skuli.

Sé greiðsluskylda samkvæmt samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi í eku mun ein evra koma í stað einnar eku samkvæmt reglum ESB.

Skuldbindingar þær sem lýst er í 1. og 2. mgr. er heimilt að efna í þeim gjaldmiðli eða gjaldmiðlum sem upphaflega hefur verið samið um í samningum, skuldaskjölum eða öðrum löggerningum sem þar eru greindir, svo fremi að þeir gjaldmiðlar séu þá lögmætir, eða evru en ekki í öðrum gjaldmiðlum.

3. gr.

Aðili að samningi, skuldaskjali eða öðrum löggerningi getur ekki borið fyrir sig að hann þurfi ekki að efna skuldbindingar sem í þeim felast og að hann hafi einhliða rétt til að breyta, segja upp eða gjaldfella slíka samninga, skuldaskjöl eða aðra löggerninga, vegna eftirgreindra atriða:

a. Tilkomu evrunnar.
b. Að boðin sé fram evra til að efna skuldbindingar sem getið er í 1. og 2. mgr. 2. gr.
c. Að verðmæti skuldbindinga sé ákveðið í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr.
d. Að útreikningi eða ákvörðun efnis eða greiðslumáta samnings, skuldaskjals eða annars löggernings vegna vaxta eða annarra atriða hafi verið breytt eða skipt út vegna tilkomu evrunnar og að evran komi þar í stað sem efnislega jafngildur gjaldmiðill.

Gildissvið.

4. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um alla samninga, skuldaskjöl (þar með talin hlutabréf, arðmiða, vaxtamiða og þess háttar) og aðra löggerninga hverju nafni sem nefnast, sem fela í sér greiðsluskyldu, hvort sem þeir eru gerðir í atvinnuskyni eða ekki.

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1182. Framhaldsnefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um loftferðir.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið milli 2. og 3. umræðu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið, eins og það liggur fyrir eftir 2. umræðu, verði samþykkt með minni háttar breytingum. Lagt er til að orðið varðhald verði fellt brott úr 32. og 141. gr. frumvarpsins og er það í samræmi við frumvarp dómsmálaráðherra sem liggur fyrir þinginu um afnám varðhaldsrefsingar og stefnt er að afgreiðslu á nú í vor.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 32. gr. Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. falli brott.
2. Við 141. gr. Orðið „varðhaldi“ falli brott.

Alþingi, 15. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Egill Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.

1183. Fyrirspurn [683. mál]

til félagsmálaráðherra um meðlagsgreiðslur.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Í hversu mörgum tilvikum hefur Innheimtustofnun sveitarfélaga krafist gjaldþrotaúrskurðar út af vangoldnum meðlagsgreiðslum á tímabilinu 1. janúar 1990 – 31. desember 1997?
2. Hversu margir einstaklingar greiða meðlag hér á landi? Hvernig er kynjaskiptingin meðal greiðenda?
3. Hjá hverjum innheimtir Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlagsgreiðslur í tilvikum þar sem einstaklingur hefur undirritað faðernisyfirlýsingu vegna barns sem getið var meðan móðir þess var enn gift öðrum manni og mál til vefengingar á faðerni skv. 52. gr. barnalaga hefur ekki verið höfðað? Breytir það hvort sá sem var giftur móðurinni er útlendingur eða fluttur af landi brott einhverju um það að hverjum innheimtuaðgerðum stofnunarinnar er beint? Er hugsanlegt að þau tilvik geti komið upp að einstaklingur sé skyldur til að greiða meðlag en eigi ekki rétt til umgengni við barn sökum þess að hann er ekki faðir þess samkvæmt lögum?

Skriflegt svar óskast.

1184. Fyrirspurn [684. mál]

til landbúnaðarráðherra um jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Er fyrirhugað að samræma reglugerðir landbúnaðarráðuneytisins um jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé þannig að allir framleiðendur dilkakjöts sem fer á innanlandsmarkað sitji við sama borð?

1185. Skýrsla [685. mál]

félagsmálaráðherra um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem haldið var á árinu 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. INNGANGUR

Árið 1994 á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu var þess minnst að liðin voru 75 ár frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Á þessum tímamótum var litið um öxl og metinn árangurinn af starfi stofnunarinnar. Ljóst er að hann er umtalsverður. Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt fjölda alþjóðasamþykkta sem óumdeilanlega hafa verið fyrirmynd laga og reglna sem snerta rétt þegnanna til félagslegs öryggis, t.d. til öruggrar afkomu, vinnuumhverfis sem er skaðlaust heilsu þeirra o.s.frv. Þær hafa einnig orðið stjórnvöldum hvatning til markvissrar stefnumótunar í vinnumálum sem hefur að markmiði að fjölga störfum og draga úr atvinnuleysi.

Á afmælinu var einnig horft til framtíðar. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Michel Hansenne, lagði fyrir þingið skýrslu þar sem hann gerði grein fyrir hugmyndum sínum um það efni. Í henni er reynt að meta afleiðingarnar af svonefndum GATT-viðræðum um víðtækar tollalækkanir. Bent er á að á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafi umræður um þetta efni snúist um að vara við að nota ríkjandi efnahagskreppu sem ástæðu til að skerða félagslegt réttlæti í heiminum. Að hinu leytinu er vakin athygli á því að samtenging efnahagslífsins í heiminum hafi valdið nýjum vandamálum á sviði félagsmála. Ójöfnuður innan ríkja og á milli ríkja hafi aukist vegna mismunandi getu þjóða til að laga sig að og standast aukna samkeppni í heimsviðskiptum. Veruleg hætta væri á því að mörg þeirra þróunarlanda sem standa tæpast verði undir í þessari samkeppni. Á sama tíma og nánari samvinna á sér stað á sviði heimsverslunar og viðskipta hafi veikleikar alþjóðasamþykkta um félagsleg réttindi komið í ljós.

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til 85. Alþjóðavinnumálaþingsins var í raun framhald umræðna á 75. afmælisþinginu árið 1994 um framtíðarhlutverk ILO. Í skýrslunni að þessu sinni rekur forstjórinn þróun umræðna um þessi mál. Hann bendir á að 81. Alþjóðavinnumálaþingið hafi endað á gagnkvæmum ásökunum um félagsleg undirboð og verndarstefnu í tollamálum. Umræðan hafi hins vegar orðið málefnalegri og enginn haldi því lengur fram að þróunarríkin eigi ekki að njóta þess forskots sem felst í lágum launum og félagslegri vernd sem er minni en í iðnríkjunum. Í skýrslunni kemur fram að eigi að túlka þessa afstöðu í framkvæmanlegri stefnu kalli það á viðurkenningu á vissum grundvallarréttindum launafólks: félagafrelsi og samningafrelsi, banni við nauðungarvinnu, þar með talinni nauðungarvinnu barna, jafnrétti og banni við mismunun og lágmarksaldri við vinnu. Þessi grundvallarréttindi þurfi að öðlast viðurkenningu og þau beri að virða hvar sem er í heiminum. Þetta sé sérstaklega mikilvægt með tilliti til alþjóðaviðingar efnahagsmála þar sem þau séu tæki launafólks til að krefjast réttmæts hluta af þeim arði sem skapast með auknu frjálsræði í heimsviðskiptum.

Almennar umræður um skýrslu forstjórans til 85. Alþjóðavinnumálaþingsins snerust að verulegu leyti um framangreindar skoðanir. Fjölmargir ræðumenn lýstu yfir samþykki sínu við því að samin yrðu drög að yfirlýsingu sem lögð yrði fyrir 86. Alþjóðavinnumálaþingið. Með henni verði áréttaðar skuldbindingar sem leiðir af aðild að stofnuninni. Enn fremur felist í henni yfirlýsing um virðingu fyrir nokkrum framangreindum grundvallarréttindum launa-

fólks. Unnið hefur verið að samningu slíkrar yfirlýsingar sem að öllum líkindum verður eitt af höfuðmálum næsta Alþjóðavinnumálaþings.

Störf 85. Alþjóðavinnumálaþingsins fóru fram með svipuðum hætti og undanfarin ár. Breytt skipulag, stytting ræðutíma og notkun tölvubúnaðar við atkvæðagreiðslur á allsherjarþinginu hafa greitt fyrir þingstörfunum. Unnt hefur verið að draga þinghaldið saman og halda það á færri dögum með tilheyrandi sparnaði fyrir stofnunina og aðildarríkin.

Ekki er á neinn hallað þótt fullyrt sé að ein af mikilvægustu nefndum Alþjóðavinnumálaþingsins sé nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Sífellt fleiri mál, sem snerta skuldbindingar aðildarríkja ILO, eru tekin til umfjöllunar í nefndinni. Í henni fara fram lífleg skoðanaskipti á milli fulltrúa þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu, þ.e. fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Ef dæma á eftir umræðum í nefndinni er ljóst að á því er verulegur misbrestur að aðildarríkin virði skuldbindingar sem felast í stofnskrá og alþjóðasamþykktum ILO.

Meðal dagskrármála þingsins var umræða um endurskoðun samþykktar nr. 96 frá árinu 1949, um vinnumiðlun á vegum einkaaðila. Um var að ræða framhald á umræðu sem átti sér stað á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1994 um skipulag vinnumiðlunar. Á því þingi var það samhljóða niðurstaða að samþykktin frá árinu 1949 væri ekki lengur í hátt við breytta tíma og brýnt að breyta henni. Bent var á að nauðsynlegt væri að afnema bannið við miðlun einkaaðila á vinnu. Samtímis þyrfti að semja reglur sem vernduðu launafólk gegn hugsanlegri misneytingu og tryggja réttindi þess gagnvart vinnumiðlun einkaaðila. Loks var mælt með því að það yrði á valdi sérhverrar ríkisstjórnar að ákveða hvort vinnumiðlun yrði eingöngu á vegum opinberra aðila eða ekki og hvaða reglur giltu um miðlun vinnu á vegum einkaaðila. Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um þetta efni.

Málefni smárra og meðalstórra fyrirtækja hafa verið til umfjöllunar í ýmsum alþjóðastofnunum. Áhugi er á að efla viðgang þessara fyrirtækja, einkum í ríkjum sem búa við mikið atvinnuleysi. Bent hefur verið á að þau séu mannaflafrek og noti staðbundnar auðlindir. Af þessu leiði að með eflingu þeirra megi skapa ný störf tiltölulega fljótt. Enn fremur sé kostur þeirra sá að þau lagi sig fljótt að breyttum aðstæðum, þau séu framsækin og komi með nýstárlegar lausnir á gömlum og nýjum viðfangsefnum. Á vinnumálaþinginu var gerð sérstök samþykkt um eflingu smárra og meðalstórra fyrirtækja.

Verktaka einstaklinga eða launaverktaka og réttarstaða þeirra sem stunda slíka starfsemi á vinnumarkaði hefur verið töluvert til umfjöllunar, einkum í vestrænum iðnríkjum. Stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ákvað að tímabært væri að taka þetta málefni til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðavinnumálaþingsins og var það gert á 85. þinginu. Mörg aðildarríki hafa verið vantrúuð á réttmæti þess að settar yrðu alþjóðareglur um þetta efni. Ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa verið í þeim hópi. Bent hefur verið á að af þeim kynni að leiða nýjan hóp á vinnumarkaði sem að hluta til væri í hlutverki atvinnurekanda en hefði að öðru leyti stöðu launamanns.

Á undanförnum árum hefur vinnuhópur á vegum stjórnarnefndar ILO farið yfir fjölda eldri alþjóðasamþykkta stofnunarinnar. Hann komst að þeirri niðurstöðu að margar samþykktanna eigi ekki lengur við og þær beri að nema úr gildi. Af þessari ástæðu samþykkti stjórnarnefndin að leggja til við Alþjóðavinnumálaþingið að bætt yrði nýrri málsgrein við 9. gr. stofnskrárinnar. Samkvæmt henni getur stjórnarnefnd ILO lagt til við Alþjóðavinnumálaþingið að felldar séu úr gildi alþjóðasamþykktir sem eru úreltar eða koma ekki lengur að gagni við að ná markmiðum stofnunarinnar. 85. Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti með miklum meiri hluta tillöguna um framangreinda breytingu á stofnskránni. Það samþykkti einnig breytingar á þingsköpum sem kveða á um meðferð tillagna um þetta efni á vinnumálaþinginu.

Af hagkvæmnisástæðum er nokkur grein gerð fyrir starfi félagsmálaráðuneytisins við framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu í viðauka við skýrsluna. Þar er greint frá athugasemdum sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á skuldbindandi ákvæðum sáttmálans á árunum 1992–94.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 85. Alþjóðavinnumálaþingið og birt alþjóðasamþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur sem þingið afgreiddi. Ekki er lagt til á þessu stigi að Ísland fullgildi samþykktina.

2. 85. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1997

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Árlegt þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), Alþjóðavinnumálaþingið, hið 85. í röðinni, var formlega sett þriðjudaginn 3. júní 1997. Samtals tóku þátt í þinginu u.þ.b. 2.025 fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Alls sendu 158 af 174 aðildarríkjum ILO sendinefndir til þingsins. Ráðherrar fóru fyrir sendinefndum 117 aðildarríkja.

Ráðherra vinnu-, félags- og fjölskyldumála í Slóvakíu, Olga Keltosova, var að þessu sinni kosin forseti Alþjóðavinnumálaþingsins.

Kosnir voru varaforsetar úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu: Ali Khalil, ríkisstjórnarfulltrúi frá Sýrlandi, L. Sasso-Mazzufferi, fulltrúi atvinnurekenda á Ítalíu, og F. Ramirez-Leon, fulltrúi launafólks í Venesúela.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson deildarstjóri. Frá utanríkisráðuneyti: Benedikt Jónsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf. Varamenn þeirra voru: Haukur Ólafsson sendiráðunautur og Guðmundur B. Helgason sendiráðsritari. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúar launafólks: Ástráður Haraldsson, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Hervar Gunnarsson, varaforseti ASÍ.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Framkvæmd fjárhags- og framkvæmdaáætlunar.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Endurskoðun samþykktar nr. 96, um vinnumiðlun á vegum einkaaðila.
5. Aðgerðir til að fjölga störfum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
6. Verktakavinna launafólks (fyrri umræða).
7. Tillaga um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
8. Kjörbréf.

Fyrirkomulagið, sem tekið var upp á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1992, var óbreytt þetta þing. Í því felst að fulltrúar þeirra þriggja hópa, sem aðild eiga að þinginu, komu saman til óformlegra funda daginn fyrir formlega setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, nefndar um verktakavinnu einstaklinga, nefndar sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt um vinnumiðlun á vegum einkaaðila, nefnd um atvinnusköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og fjárhagsnefnd.

Sérstakir heiðursgestir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, og Alþjóðavinnumálaþingsins voru Hussein, konungur Jórdaníu, og James Wolfensohn, forseti Alþjóðabankans.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Umræðuefni á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins var að þessu sinni Alþjóðavinnumálastofnunin; reglur á sviði félags- og vinnumála og alþjóðavæðing efnahagslífsins. Til grundvallar almennum umræðum var árleg skýrsla forstjóra til þingsins um þetta efni. Í raun var um að ræða framhald á umræðum sem hófust árið 1994 um afleiðingar af fyrirsjáanlegri niðurstöðu í svonefndum GATT-viðræðum um víðtækar tollalækkanir. Á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar snerist hún öðrum þræði um að vara við að nota ríkjandi efnahagskreppu sem ástæðu til að skerða félagslegt réttlæti í heiminum. Að hinu leytinu var vakin athygli á því að samtenging efnahagslífsins í heiminum hafi valdið nýjum vandamálum á sviði félagsmála. Ójöfnuður innan ríkja og á milli ríkja hafi aukist vegna mismunandi getu þjóða til að laga sig að og standast aukna samkeppni í heimsviðskiptum. Veruleg hætta væri á því að mörg þeirra þróunarlanda sem standa tæpast verði undir í þessari samkeppni. Á sama tíma og nánari samvinna á sér stað á sviði heimsverslunar og viðskipta hafi veikleikar alþjóðasamþykkta um félagsleg réttindi komið í ljós. Kjarasamningar sem hafa verið gerðir innan landamæra eins ríkis megni ekki að tryggja sanngjarna niðurstöðu vegna þess að fjölþjóðleg fyrirtæki geta flutt starfsemi frá einu landi til annars og hafa á stundum afgerandi markaðshlutdeild. Tækifæri einstakra ríkja til að hafa efnahagsleg áhrif hafi á undanförnum árum verið verulega takmörkuð með greiðari fjármagnsflutningum á milli landa og afnámi hafta á erlenda fjárfestingu. Niðurstaða 81. Alþjóðavinnumálaþingsins var sú að fela forstjóra og stjórnarnefnd að fjalla frekar um þetta málefni.

Í skýrslunni að þessu sinni rekur forstjórinn þróun umræða um þessi mál. Hann bendir á að á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu hafi hún endað á gagnkvæmum ásökunum um félagsleg undirboð og verndarstefnu í tollamálum. Umræðan hafi hins vegar orðið málefnalegri og enginn haldi því lengur fram að þróunarríkin eigi ekki að njóta þess forskots sem felst í lágum launum og takmarkaðri félagslegri stöðu miðað við iðnríkin. Í skýrslunni kemur fram að eigi að túlka þessa afstöðu í framkvæmanlegri stefnu kalli það á viðurkenningu á vissum grundvallarréttindum launafólks: félagafrelsi og samningafrelsi (alþjóðasamþykktir nr. 87 og nr. 98), banni við nauðungarvinnu, þar með talinni nauðungarvinnu barna (samþykktir nr. 29 og 105), jafnrétti og banni við mismunun (samþykktir nr. 100 og nr. 111) og lágmarksaldri við vinnu (samþykkt nr. 138). Þessi grundvallarréttindi þurfi að öðlast viðurkenningu og þau beri að virða hvar sem er í heiminum. Þetta sé sérstaklega mikilvægt með tilliti til alþjóðavæðingar efnahagsmála þar sem þau séu tæki launafólks til að krefjast réttmæts hluta af þeim arði sem skapast með auknu frjálsræði í heimsviðskiptum.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar vekur á því athygli í skýrslunni að þátttakendur í oddvitafundi um þróun félagsmála, sem haldinn var í Kaupmannahöfn í mars 1995, hafi samþykkt nauðsyn þess að stuðla að viðurkenningu grundvallarsamþykkta ILO. Alþjóðavinnumálastofnunin hafi frá þeim tíma staðið fyrir ýmsum velheppnuðum aðgerðum til að fjölga fullgildingum á þessum samþykktum. Þar við bætist opinber viðurkenning ráðherrafundar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Singapúr sem hafi lýst yfir mikilvægi þessara grundvallarréttinda og að Alþjóðavinnumálastofnunin sé réttur aðili til að fjalla um málefni sem þeim tengjast.

Í svarræðu sinni minnti Michel Hansenne á að með skýrslu sinni til 81. Alþjóðavinnumálaþingsins 1994 hafi verið lagður grunnur að umræðum um skipulagsbreytingar og undir-

búning fyrir viðfangsefni á nýrri öld. Hann kvað 314 ræðumenn, þar af 117 ráðherra, hafa tjáð sig um efni skýrslunnar. Umræðan hafi þannig haldið áfram og sýnilegur árangur hafi orðið á þessu 85. Alþjóðavinnumálaþingi. Hansenne sagði þann hluta skýrslu sinnar sem fjallar um grundvallarréttindi hafa valdið mestum umræðum og vitnaði til ummæla um að það sé ekki sjálfgefið að framförum í efnahagsmálum fylgi félagslegar umbætur. Margir ræðumenn hafi verið þessarar skoðunar. Það sýni víðtækan stuðning við aðgerðir sem hafi að markmiði styrkja grundvallarréttindi, ekki eingöngu vegna þess að þau snerti réttindi launafólks heldur vegna þess að þau skapa forsendur til þess að berjast fyrir öðrum réttindum sem taka mið af tækifærum og aðstæðum hverrar þjóðar um sig.

Fulltrúi félagsmálaráðherra Íslands hélt ræðu undir þessum dagskrárlið þingsins. Í henni var tekið undir meginniðurstöðurnar í skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Jafnframt var vitnað til skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta til 85. Alþjóðavinnumálaþingsins. Í skýrslu sinni vara sérfræðingarnir við því að vera sviptir tækifæri til að fylgjast með framkvæmd mikilvægra alþjóðasamþykkta með vísan til nauðsynjar á aukinni framleiðni og samkeppnisgetu. Þetta geti stofnað í hættu heilbrigðu vinnuumhverfi og jafnvægi á vinnumarkaði. Einnig geti afleiðingin orðið sú að sjálfsvirðing launafólks bíði hnekki og valfrelsi þess verði takmarkað. Niðurstaðan geti orðið almennt verri aðstæður fyrir launafólk. Fulltrúi Íslands taldi ástæðu til að hafa í huga þessi varnaðarorð sérfræðinganna við lestur skýrslu forstjórans. Hann benti á að heildarniðurstaða skýrslunnar væri sú að breytingar í atvinnu- og efnahagslífi heimsins geri það nauðsynlegt að taka starfshætti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til endurmats með það að markmiði að laga þá að breyttum tímum. Hins vegar bæri að leggja á það áherslu að markmið ILO, eins og það er skilgreint í stofnskrá samtakanna og Fíladelfíuyfirlýsingunni, væri í fullu gildi. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands kvað ástæðu til þess að lýsa yfir sérstökum stuðningi við það viðhorf að af stofnskrá og aðild að ILO leiði skuldbindingar um að virða ákveðin grundvallarréttindi launafólks, ekki eingöngu á landsvísu heldur hvar sem er í heiminum. Þessi réttindi væru tryggð í nokkrum grundvallarsamþykktum ILO. Samstaða ríkir um hvaða samþykktir hér er að ræða. ILO bæri því að leggja áherslu á að fjölga fullgildingum á þessum tilteknu samþykktum, enda þótt áfram væri unnið að samningu samþykkta sem tækju mið af breyttum eða nýjum aðstæðum.

Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands gerði að umtalsefni tillögu sem sett er fram í skýrslu forstjórans um að Alþjóðavinnumálaþingið samþykki sérstaka yfirlýsingu sem feli í sér að aðildarríkin endurnýja skuldbindingar sínar sem leiðir af aðild að stofnuninni. Hann kvað hér um að ræða athyglisverða tillögu sem ástæða væri til að styðja. Slík yfirlýsing þjónar þeim tilgangi að gera ljóst hver séu grundvallarréttindi launafólks, endurtaka stuðning við þau, draga athygli samfélags þjóðanna að hlutverki ILO í að skilgreina þessi réttindi og leggja traustan grunn að athugun á leiðum til að tryggja framkvæmd þeirra hvar sem er í heiminum.

Fulltrúi íslenskra atvinnurekenda tók þátt í almennum umræðum um skýrslu forstjórans. Í ræðu hennar var einkum gert að umtalsefni starf vinnuhópsins sem fjallar um endurskoðun alþjóðasamþykkta. Vakin var athygli á að aðildarríkin fullgildi hlutfallslega fáar samþykktir. Það sé ekki endilega nauðsynlegt að sérhvert Alþjóðavinnumálaþing afgreiði nýja alþjóðasamþykkt. Efni alþjóðasamþykkta eigi að mæta raunverulegum þörfum og þær eigi að vera þannig að aðildarríkin geti fullgilt þær, þ.e. ekki of ítarlegar eða sértækar. Val á viðfangsefnum sem fjallað sé um í alþjóðasamþykktum þurfi að vera markvissara. Lýst var yfir stuðningi við tillögu forstjórans um afgreiðslu tillagna í stað alþjóðasamþykkta. Tillögur geti orðið fyrirmynd löggjafar og stjórnsýslureglna. Tillögur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstof-

unnar geri ráð fyrir eftirlitskerfi hliðstæðu því sem gildir um eftirlit með framkvæmd samþykkta.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd eiga einungis sæti þrír fulltrúar. Hún er þar með fámennasta nefnd þingsins. Á 85. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu eftirtaldir sæti í nefndinni: Matti Salmenperä, ríkisstjórnarfulltrúi frá Finnlandi, formaður, Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og C. Grey, fulltrúi launafólks í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Í skýrslu til allsherjarþingsins vakti nefndin á því athygli að í sendinefndum sjö aðildarríkja væru einungis fulltrúar ríkisstjórna (Afganistan, Bosníu og Hersegóvínu, Kongó, Miðbaugs-Gíneu, Georgíu, Kirgistan og Rúanda). Í þremur sendinefndum voru fulltrúar launafólks en ekki atvinnurekenda (Tsjad, Sao Tomé og Principe). Í tveimur voru fulltrúar atvinnurekenda en ekki launafólks (Lesótó og Malí). Hún lagði áherslu á að aðildarríkin virtu 3. gr. stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og sendu fullskipaðar sendinefndir til þingsins, þ.e. með fulltrúum ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks.

Kjörbréfanefndin vakti einnig athygli á ójafnvægi á milli fjölda ráðgjafa hópanna og einnig á milli fjölda ráðgjafa atvinnurekenda og launafólks. Af þessu tilefni hvatti nefndin ríkisstjórnir til að taka tillit til ákvæða í 1. og 2. mgr. 3. gr. stofnskrárinnar við skipun sendinefnda.

Nefndin varð sammála um að telja öll fram komin kjörbréf gild. Þegar nefndin er sammála er niðurstaða hennar afgreidd án umræðu af allsherjarþinginu.

2.4. FJÁRMÁL

Fjallað er um fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í sérstakri þingnefnd, fjárhagsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna. Friðsælla hefur verið í nefndinni síðustu árin og tekist víðtæk samstaða um afgreiðslu starfs- og fjárhagsáætlunar. Bandaríkjamenn hafa einkum haldið uppi gagnrýni. Þetta þarf ekki að koma á óvart þar sem árgjald Bandaríkjanna er fjórðungur af heildarárgjöldum aðildarríkjanna. Þeim er það mikið hagsmunamál að útgjöldum sé stillt í hóf. Hagstætt gengi Bandaríkjadals gagnvart svissneska frankanum hefur vafalaust átt sinn þátt í því að niðurstaða fékkst sem allir gátu sætt sig við. Samanburður á milli ára skýrir þetta. Fjárhagsáætlunin fyrir árin 1996–97 var 579,5 milljónir Bandaríkjadala en tillagan fyrir árin 1998–99 hljóðaði upp á 481 milljón Bandaríkjadala. Mælt í svissneskum frönkum var um að ræða örlitla hækkun á fjárhagsáætluninni á milli ára (úr 672 milljónum svissneskra franka 1996–97 í 702 milljónir svissneskra franka 1998–99).

Þess skal getið að hlutdeild Íslands í árgjöldunum er 0,03%. Árgjald Íslands á árinu 1998 verður samkvæmt því 101.573 svissneskir frankar.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 85. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 237 fulltrúar með atkvæðisrétti; 117 fulltrúar ríkisstjórna, 32 fulltrúar atvinnurekenda og 88 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu 161 áheyrnarfulltrúi fundi nefndarinnar. Samtals áttu 44 alþjóðasamtök áheyrnarfulltrúa í henni. Þannig sátu oft á tíðum vel á fimmta hundrað fulltrúar nefndafundi.

Formaður var kosinn Callorda Salvo, fulltrúi ríkisstjórnar Úrúgvæ. Varaformenn voru kosnir þeir sömu og undanfarin vinnumálaþing: Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Willy Peirens, fulltrúi launafólks í Belgíu. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson, Ástráður Haraldsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Umræður í nefndinni byggjast á skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Skýrsla sérfræðinganna til vinnumálaþingsins hefur vaxið mjög að umfangi síðustu árin. Í skýrslunni gerir sérfræðinganefndin almennt grein fyrir framvindu mála varðandi framkvæmd samþykkta og tillagna sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um framkvæmd einstakra aðildarríkja á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Einnig er að finna upplýsingar um hvernig aðildarríkin uppfylla aðrar skuldbindingar, t.d. þá að kynna fyrir löggjafarsamkomu samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins og hvort alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf hafa borist skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta eins og áskilið er í stofnskrá ILO.

Störf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta hefst á umræðum um almennan hluta skýrslu sérfræðinganna. Yfirleitt eru fulltrúar ríkisstjórna í meiri hluta ræðumanna sem taka þátt í þessum hluta nefndarstarfsins. Margir gera að umtalsefni skoðanaskipti sem hafa átt sér stað um hlutverk annars vegar þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og hins vegar sérfræðinganefndar ILO. Einnig var fjallað um fjölda fullgildinga, skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og nokkur önnur atriði sem fram koma í almenna hluta skýrslunnar. Í þessum hluta nefndarstarfsins er skipst á skoðunum um sérstaka úttekt sérfræðinganefndarinnar á einhverri tiltekinni alþjóðasamþykkt. Að þessu sinni var það samþykkt nr. 150 og tillaga nr. 158 um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag. Að afloknum umræðum um þessi atriði hófst athugun á framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Fulltrúi ríkisstjórnar Finnlands í nefndinni hafði að þessu sinni orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda í almennum umræðum. Hann hóf ræðu sína á því að þakka sérfræðinganefndinni fyrir vel unna skýrslu. Hann minnti á að við umræður í stjórnarnefndinni um fjárhags- og starfsáætlun hafi hópur ríkisstjórnarfulltrúa lagt áherslu á það forgangsverkefni að fjölga fullgildingum á þeim samþykktum ILO sem fjalla um grundvallarmannréttindi. Enn fremur að eldri samþykktir verði endurskoðaðar með það að markmiði að einfalda þær og færa til nútímalegs horfs. Fulltrúinn lýsti stuðningi ríkisstjórna Norðurlandanna við þessi markmið. Hann taldi einnig mikilvægt að orðalag á nýjum samþykktum yrði sveigjanlegt þannig að ríki sem væru komin mislangt á þróunarbrautinni gætu fullgilt þær. Í ræðunni voru forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar færðar þakkir fyrir aðgerðir til að fjölga fullgildingum. Einnig var fjallað um framkvæmd samþykktar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og eftirlitskerfið með framkvæmd samþykkta. Á það var lögð áhersla að oddvitafundurinn í Kaupmannahöfn árið 1995, um þróun félagsmála, og ráðherrafundur Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar í Singapúr hafi áréttað að Alþjóðavinnumálastofnunin væri réttur aðili til að semja reglur um grundvallarréttindi í atvinnulífinu og gegndi því hlutverki að fylgjast með því að þær væru virtar.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Stærsti hluti starfa þingnefndar, sem fjallar um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum, fer í að ræða athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða í samþykktum sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Athugasemdirnar eru í árlegri skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur þingnefndin eftir skrá yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Þessi skrá hefur lengst með hverju ári. Á 85. þinginu voru tæplega 60 mál á

skránni. Athugasemdirnar eru af ýmsu tagi. Vel er fylgst með því að nýjar alþjóðasamþykktir séu kynntar löggjafarsamkomum aðildarríkjanna innan tilskilins frests sem er eitt ár og í undantekningartilvikum 18 mánuðir. Aðildarríkin eru krafin skýringa á því ef um óhóflegan drátt er að ræða á samningu skýrslna um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta. Sérstök áhersla er lögð á skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi, en þær eru taldar meðal grundvallarsamþykkta ILO.

Þótt flestar athugasemdirnar í skýrslu sérfræðinganna séu neikvæðar er þess getið sem vel er gert. Í skýrslunni er ætíð birt skrá yfir ríki sem hafa sýnt í verki að þau hafa tekið tillit til ábendinga sérfræðinganna. Að þessu sinni voru á skránni 28 aðildarríki, auk tveggja sjálfsstjórnarsvæða.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Á þinginu 1997 hlutu Íran, Marokkó og Svasíland þennan vafasama heiður. Þennan hóp fylltu einnig eftirtalin ríki vegna viðvarandi alvarlegra brota:

Myanmar (Burma).

Þingnefndin hefur árum saman rætt framkvæmd Myanmar á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins kom fram að ríkisstjórnin hafi ekki gripið til neinna aðgerða til að tryggja að ákvæði samþykktarinnar væru virt. Þvert á móti eru réttindi stéttarfélaga í landinu fótum troðin. Fulltrúi ríkisstjórnar Noregs undirbjó ræðu í nafni ríkisstjórna Norðurlandanna um málið. Ræðan var kynnt á samráðsfundi vestrænna ríkja. Á honum óskuðu fulltrúar eftirtalinna ríkja eftir því að ræðan yrði einnig flutt í þeirra nafni: Austurríkis, Belgíu, Bretlands, Hollands, Sviss og Þýskalands. Í ræðunni var látin í ljós von um að ríkisstjórn Myanmar samþykkti að taka á móti sendinefnd frá Alþjóðavinnumálastofnuninni og sem fyrst yrði dagsett slík heimsókn. Enn fremur að ríkisstjórnin tryggði sendinefndinni nauðsynlegan aðgang að einstaklingum og félögum þannig að hún gæti gengið úr skugga um raunverulega framkvæmd samþykktarinnar.

Nígería.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta fjallaði enn einu sinni um framkvæmd Nígeríu á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Af skýrslu sérfræðinganefndar ILO er ljóst að staða mannréttindamála í landinu er mjög alvarleg. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands tók þátt í umræðunum og talaði í nafni ríkisstjórna Norðurlandanna og Sviss. Í ræðunni var vakin athygli á þeim mun sem er á lögum og framkvæmd í Nígeríu og ákvæðum samþykktarinnar. Ríkisstjórn Nígeríu var eindregið hvött til þess að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að aðstæður í landinu verði í samræmi við kröfur samþykktar nr. 87, um félagafrelsi.

Súdan.

Eitt þeirra mála sem eru fastur liður á dagskrá þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta er framkvæmd Súdan á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Fulltrúi bresku ríkisstjórnarinnar hélt ræðu um málið í nafni tíu ríkisstjórna, þar á meðal ríkisstjórnar Ís-

lands. Í máli breska fulltrúans komu fram miklar áhyggjur yfir umfangsmiklu þrælahaldi í landinu. Skorað var á ríkisstjórn Súdan að vinda að því bráðan bug að uppræta þetta.

Til viðbótar framangreindum málum voru athugasemdir sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd 21 ríkis teknar til efnislegrar umræðu í þingnefndinni. Ástæða er til að gera grein fyrir umræðum um tvö þessara mála:

Indónesía.

Fjallað var um framkvæmd Indónesíu á samþykkt nr. 98, um samningafrelsi. Fulltrúi Íslands flutti ræðu um málið í nafni ríkisstjórna Norðurlandanna, Bretlands og Hollands. Í henni var vitnað til skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Í skýrslunni kemur fram að sérfræðinganefndin hefur áhyggjur af auknum fjölda kærumála þar sem stjórnvöld Indónesíu eru sökuð um mjög gróf brot á grundvallarreglum á vinnumarkaði, einkum þeim sem lúta að réttindum stéttarfélaga til að annast hagsmunagæslu fyrir hönd félagsmanna. Í ræðunni er tekið undir þessar áhyggjur sérfræðinganefndarinnar og skorað á ríkisstjórn Indónesíu að færa aðstæður til betra horfs. Enn fremur er vakin athygli á máli verkalýðsleiðtogans Muchtar Pakpahan og því beint til ríkisstjórnarinnar að hún virði borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hans og ekki síst stöðu hans sem verkalýðsleiðtoga.

Niðurstaða nefndarinnar var að lýsa yfir þungum áhyggjum yfir aðstæðum í landinu og var ríkisstjórnin hvött til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að breyta löggjöf á þessu sviði.

Tyrkland.

Framkvæmd ríkisstjórnar Tyrklands á samþykkt nr. 87 var tekin til umræðu. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar er bent á mörg dæmi þess að ákvæði samþykktarinnar hafi ekki verið virt. Þetta gildi ekki síst um löggjöf um starfsemi stéttarfélaga, gerð kjarasamninga, verkföll, verkbönn o.fl.

Í því skyni að beita tyrknesk stjórnvöld þrýstingi var flutt ræða í nafni Norðurlandanna í þessu máli. Þar var ákvæði 52. gr. tyrknesku stjórnarskrárinnar gert að umtalsefni. Samkvæmt því eru felld úr gildi ákvæði sem bönnuðu afskipti stéttarfélaga af stjórnmálum. Í ræðunni var á það bent að enn eru í gildi fjöldamörg lagaákvæði sem banna eða takmarka ýmiss konar afskipti af stjórnmálum. Því var beint til tyrknesku ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum þannig að ákvæði samþykktar nr. 87 yrðu að fullu virt.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Ekki er fjallað um framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykktum ILO í skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til 85. Alþjóðavinnumálaþingsins. Hins vegar kemur fram í skýrslunni að ríkisstjórninni hafi verið sendar bréflega ábendingar og athugasemdir við framkvæmd samþykkta. Efnislega eru þessar athugasemdir eftirfarandi:

Alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Sérfræðinganefnd ILO kveðst veita athygli niðurstöðum rannsóknar sem unnin var innan ramma framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála á árunum 1993–94. Rannsóknin staðfestir niðurstöður annarra hliðstæðra rannsókna um að enn sé um að ræða umtalsverðan launamun kynjanna. Ekki virðist skipta máli hvort um sé að ræða hrein dagvinnulaun (konur eru með 78% af hreinum dagvinnulaunum karla) eða dagvinnulaun og

aukagreiðslur (konur eru með 70% af launum karla) eða jafnaðarkaup (konur eru með 68% af launum karla). Niðurstöður sýna að menntun leiðir til launahækkunar bæði hjá konum og körlum en hún leiðir til meiri launahækkunar hjá körlum. Launamunur kynjanna hverfur því ekki þegar tillit er tekið til menntunar fólks. Á þessa þróun er bent í skýrslu Íslands til fjórðu kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (Beijing 1995) þar sem fram kemur að tímakaup greitt konum sem hlutfall af tímakaupi greiddu körlum hafi lækkað úr 88,1% árið 1980 í 83,1% árið 1993. Í mars 1994 hafi kona í þjónustu hins opinbera fengið 75% af grunnlaunum karla en einungis 65% af heildarlaunagreiðslum karlanna. Í skýrslunni eru nefndar ýmsar skýringar á þessari þróun: hlutfall kvenna í hlutastörfum, konur eru í verr launuðum störfum eða gegna lægri stöðum, enn er litið á karla sem fyrirvinnu fjölskyldunnar.

Sérfræðinganefndin getur þess að í skýrslu Íslands komi fram að viðbrögð félagsmálaráðherra við þessum tölulegu upplýsingum hafi verið skipun nefndar sem hafi fjallað um starfsmat sem leið til að minnka kynbundinn launamun. Nefndin hafi lokið störfum í ársbyrjun 1996 og mælt með tilraunaverkefni á þessu sviði þar sem notað verði kerfi til röðunar í launaflokka í nokkrum fyrirtækjum og stofnunum á almennum og opinberum vinnumarkaði. Markmiðið væri að huga sérstaklega að svonefndum hefðbundunum karla- og kvennastörfum. Nefndin lýsir ánægju með verkefni af þessu tagi og vekur á því athygli að í 3. gr. sáttmálans er m.a. lagt til að beitt sé starfsmati sem leið til að draga úr kynbundnum launamun. Nefndin kveðst bíða með áhuga eftir niðurstöðunum af þessu verkefni.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar kemur fram að hún hafi veitt athygli upplýsingum um að niðurstöður rannsókna á kynbundnum launamun hafi valdið umræðum í íslensku samfélagi fyrir síðustu kosningar til Alþingis. Skýrsla Íslands til 4. ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna séu þessu til vitnis, svo og jafnréttisþing Jafnréttisráðs. Nefndin óskar eftir upplýsingum um þingið sem haldið var árið 1996 og hafði laun sem eitt af aðalviðfangsefnunum.

Alþjóðasamþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Sérfræðinganefnd ILO kveðst gefa af áhuga gaum að upplýsingum sem veittar eru í fyrstu og annarri skýrslu ríkisstjórnarinnar, einkum að því er varðar samþykkt laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Fram kemur að hún taki einnig eftir upplýsingum í skýrslunni um að hlutfallslega fáir fatlaðir einstaklingar séu ráðnir til starfa á almennum vinnumarkaði og hátt hlutfall þeirra sé að störfum á vernduðum vinnustöðum. Hún kveðst verða ríkisstjórninni þakklát fyrir upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að skapa fötluðum atvinnutækifæri á almennum vinnumarkaði í samræmi við 3. gr. samþykktarinnar. Nefndin óskar einnig eftir nánari upplýsingum um framkvæmd samþykktarinnar, til dæmis hagtölum, útdráttum úr skýrslum (sbr. skýrslu nefndar um atvinnumál fatlaðra sem starfaði á vegum félagsmálaráðuneytisins og vísað er til í skýrslu ríkisstjórnarinnar), rannsóknum og úttektum á málum sem samþykktin tekur til (til dæmis að því er varðar sérstök svið eða starfsgreinar eða hópa fatlaðra) eins og krafist er í V. hluta skýrsluformsins. Nefndin óskar eftir að fá niðurstöðu dóms Hæstaréttar sem vísað er til í fyrstu skýrslu (IV. hluta skýrsluformsins).

2.6. ENDURSKOÐUN SAMÞYKKTAR NR. 96, UM EINKAREKNAR VINNUMIÐLUNARSKRIFSTOFUR

Meðal dagskrármála þingsins var umræða um endurskoðun samþykktar nr. 96 frá árinu 1949, um vinnumiðlun á vegum einkaaðila. Um var að ræða framhald á umræðu sem átti sér stað á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1994 um skipulag vinnumiðlunar. Á því þingi var það

samhljóða niðurstaða að samþykktin frá árinu 1949 væri ekki lengur í hátt við breytta tíma og brýnt að breyta henni. Bent var á að nauðsynlegt væri að afnema bannið við miðlun einkaaðila á vinnu. Samtímis þyrfti að semja reglur sem vernduðu launafólk gegn hugsanlegri misneytingu og tryggja réttindi þess gagnvart vinnumiðlun einkaaðila. Loks var mælt með því að það yrði á valdi sérhverrar ríkisstjórnar að ákveða hvort vinnumiðlun yrði eingöngu á vegum opinberra aðila eða ekki og hvaða reglur giltu um miðlun vinnu á vegum einkaaðila.

Um þetta málefni var fjallað í sérstakri þingnefnd sem í áttu sæti 175 þingfulltrúar, þar af voru 75 fulltrúar ríkisstjórna, 53 fulltrúar atvinnurekenda og 37 fulltrúar launafólks.

Nefndin kaus á fyrsta fundi sínum Mauric Ramond, ríkisstjórnarfulltrúa frá Frakklandi, formann. Varaformaður var kosin Patricia O'Donovan frá Írlandi.

Umræður í nefndinni byggðust fyrst og fremst á eftirfarandi skýrslum sem höfðu verið teknar saman af alþjóðavinnumálaskrifstofunni: *Reports IV (1) og IV (2) Revision of the Fee-Charging Employment Agencies Convention (Revised), 1949 (No. 96).* Í skýrslu IV (1) eru helstu vandamál brotin til mergjar og gerð grein fyrir niðurstöðum Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1994. Einnig er í skýrslunni spurningaskrá sem aðildarríkjunum er ætlað að svara. Í seinni skýrslunni er að finna svör aðildarríkjanna við spurningaskránni, drög að nýrri samþykkt og tillögu. Venjulega er fjallað um endurskoðun á alþjóðasamþykktum á tveimur þingum. Í þessu máli var því á annan veg farið og umræðu lokið á einu vinnumálaþingi.

Starfsmaður alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kynnti framangreindar skýrslur. Í máli hans kom fram að við samningu draga að nýrri alþjóðasamþykkt voru höfð í huga eftirtalin markmið:

— að mæta nýjum kröfum sem skapast á virkum vinnumarkaði og skilgreina hlutverk hvers aðila um sig,
— að móta almennar reglur fyrir hvorn aðila fyrir sig, þ.e. opinberu vinnumiðlunina og einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, og skilgreina samskiptin þeirra á milli og þjónustu sem þeim beri að veita,
— að semja almennar reglur til að vernda fólk gegn illri meðferð eða sviksamlegum starfsháttum, einkum erlent farandverkafólk,
— að setja einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum almennar starfsreglur þannig að þjónusta þeirra verði árangursrík, og
— að tryggt verði að hlutaðeigandi stjórnvöld hafi frjálsar hendur að ákveða hvernig framangreindum markmiðum verði náð.

Talsmaður launafólks í nefndinni vísaði til niðurstaðna Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1994 og sagði það ekki hafa verið forgangsverkefni umbjóðenda sinna að endurskoða alþjóðasamþykkt nr. 96. Af þeirra hálfu hafi það verið forsenda fyrir slíkri endurskoðun að nýjar reglur fælu í sér jafnræði á milli nauðsynjar þess að vinnumiðlunarskrifstofum á vegum einkaaðila yrðu settar starfsreglur og fólk í atvinnuleit nyti verndar gegn misneytingu af hálfu þeirra fyrrnefndu. Hún sagði það skoðun sína að þetta væri ekki nægilega vel tryggt í fyrirliggjandi drögum. Að auki væru drögin efnisrýr vegna óska um að sem flest aðildarríki gætu fullgilt samþykktina.

Af hálfu talsmanns atvinnurekenda var lögð áhersla á að vinnumiðlunarskrifstofur á vegum einkaaðila gegndu mikilvægu hlutverki. Þess vegna væri nauðsynlegt af þremur ástæðum að endurskoða samþykkt nr. 96 frá árinu 1949. Í fyrsta lagi væri leigumiðlunum ætlað stærra hlutverk en þær hefðu samkvæmt gildandi samþykkt, í öðru lagi muni ný samþykkt taka mið af hagsmunum þeirra sem leita atvinnu með því að tryggja að vinnumiðlanir fylgi ákveðnum

reglum í störfum sínum og í þriðja lagi muni ný samþykkt gefa hlutaðeigandi stjórnvöldum nægilegt svigrúm til að framkvæma framangreind markmið. Hann sagði það álit sitt að vinnumiðlunarskrifstofur á vegum einkaaðila væri fyrirbrigði sem hefði hlutverki að gegna í nútímasamfélagi. Við þeirri staðreynd yrði að bregðast á viðeigandi hátt, þ.e með endurskoðun samþykktarinnar.

Í umræðum í nefndinni var fyrst tekist á um orðalag í drögum að samþykktinni sem takmarkaði gildissviðið við fyrirtæki sem hafa vinnumiðlun, útleigu á starfskrafti og aðra þjónustu tengda atvinnuleit sem meginviðfangsefni. Talsmenn launafólks óttuðust að orðalagið ylli því að reglur samþykktarinnar næði ekki yfir umtalsverðan fjölda fyrirtækja sem starfar á þessu sviði. Það kynni að gera samþykktina marklausa og réttarvernd launafólks yrði haldlítil. Talsmenn atvinnurekenda tóku undir þessa gagnrýni fulltrúa launafólks en byggðu hana á öðrum forsendum. Þeir héldu því fram að samþykktin yrði að taka til allra fyrirtækja á þessu sviði, að öðrum kosti væri hætta á að þau nytu ekki jafnræðis þar sem sumum en öðrum ekki yrði gert að fylgja ákveðnum reglum.

Ástæða er til að vekja athygli á umræðum sem urðu um a- og b-lið 4. tölul. 2. gr. samþykktarinnar. Samkvæmt upphaflegri tillögu var gert ráð fyrir að aðildarríki væri heimilt að undanskilja tiltekna hópa starfsmanna eða starfsgreinar frá gildissviði 1. gr. Af hálfu fulltrúa alþjóðavinnumálaskrifstofunnar var þetta rökstutt með því að aukinn sveigjanleiki gerði fleiri aðildarríkjum kleift að fullgilda samþykktina. Hins vegar væri á sá ágalli að orðalagið gæfi kost á ólíkum túlkunum. Þannig mætti komast að þeirri niðurstöðu að aðildarríkjunum væri heimilt að banna vinnumiðlunarskrifstofum nánar skilgreinda starfsemi með tilliti til ákveðinna hópa launafólks. Af annarri túlkun gæti leitt að aðildarríkin teldu heimilt að takmarka gildissvið samþykktarinnar þannig að reglur hennar næðu ekki til starfsemi tengdrar ákveðnum hópi launafólks eða tilteknum starfsgreinum. Fulltrúar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar lögðu á það áherslu að samkvæmt áliti þeirra heimilaði orðalagið ekki að undanþiggja vinnumiðlun og útleigu starfsmanna frá gildissviðinu. Niðurstaðan sem samstaða tókst um felur í sér að aðildarríkjunum er heimilt, eftir að hafa haft samráð við helstu samtök á vinnumarkaði, að láta ákvæði samþykktarinnar ná til, sem og undanskilja frá gildissviðinu, hópa starfsmanna og starfsgreina. Samtímis var bætt inn nýju ákvæði í 3. mgr. 2. gr. þar sem tekið er fram að tilgangur samþykktarinnar sé að heimila rekstur einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa og stuðla að vernd starfsmanna sem notfæra sér þjónustu þeirra innan þess ramma sem hún setur. Af þessu leiðir að starfsemi sem víkur frá ákvæðum samþykktarinnar er ólögleg.

Þriðja grein samþykktarinnar er mjög almennt orðuð. Samkvæmt henni skal lagaleg staða einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa ákveðin í samræmi við lög og venjur hvers ríkis að höfðu samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins. Í þessu sambandi má benda á að löggjöf sem einungis heimilar opinbera vinnumiðlun er ekki í samræmi við samþykktina. Í 21. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, er fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda.

Í sjöttu greininni er fjallað um meðhöndlun persónulegra upplýsinga um skráða atvinnuleitendur hjá einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum. Með þessar upplýsingar skal fara sem trúnaðarmál og skulu þær takmarkast við starfshæfni og starfsreynslu hlutaðeigandi og aðrar viðeigandi upplýsingar.

Í tillögu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar var sú skylda lögð á aðildarríkin að skipan eða stjórnsýsla tryggði að kærur vegna starfsemi einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa fengju afgreiðslu. Í þingnefndinni komu fram hugmyndir um breytingar. Samstaða tókst um að bæta

við ákvæði um að aðildarríki skuli hafa í lögum eða reglugerðum ákvæði með refsiákvæðum sem m.a. banni starfsemi einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa sem gerast sekar um sviksamlega starfshætti eða illa meðferð á farandverkafólki, sbr. 8. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um skyldu aðildarríkis að móta, stofna til og endurskoða reglulega aðstæður í því skyni að stuðla að samstarfi opinberrar vinnumiðlunarþjónustu og einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa. Hliðstætt ákvæði er að finna í 2. tölul. 2. gr. samþykktar nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi. Ísland fullgilti samþykktina 17. febrúar 1958.

Samþykkt nr. 181, um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur, er birt sem fylgiskjal I.

Með samþykktinni afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið tillögu. Í henni er að finna ítarleg ákvæði sem fyrst og fremst eru leiðbeinandi um vernd atvinnuleitenda að því er varðar ráðningarkjör, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað og önnur vinnuskilyrði. Enn fremur er nánar kveðið á um skipulag samstarfs á milli opinberrar vinnumiðlunar og einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa. Það skal tekið fram að aðildarríkin eru ekki skuldbundin af tillögunni.

Tillaga nr. 188 er birt sem fylgiskjal II.

2.7. ATVINNUSKÖPUN Í SMÁUM OG MEÐALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM

Eðli málsins samkvæmt lætur Alþjóðavinnumálastofnunin sig miklu skipta atvinnuleysi og atvinnusköpun. Á 85. Alþjóðavinnumálaþinginu var það atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum sem var á dagskrá. Um þetta málefni var fjallað í þingnefnd sem í áttu sæti 219 fulltrúar, 84 ríkisstjórnarfulltrúar, 69 atvinnurekendafulltrúar og 68 fulltrúar launafólks.

Nefndin kaus Danuta Mozdenka-Mrozek, fulltrúa ríkisstjórnar Póllands, formann nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir A. Jeetun, fulltrúi atvinnurekenda á Máritíus, og C. A. Appiah Agyei, fulltrúi launafólks í Gana. Ritari nefndarinnar var valinn J. Ott, fulltrúi ríkisstjórnar Hollands.

Viðfangsefni nefndarinnar fólst í að fara yfir skýrslu sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman og ber heitið: *General conditions to stimulate job creation in small and medium-sized enterprises*. Nefndinni var einkum falið að fjalla um niðurstöður skýrslnanna sem hafa að geyma tillögur sem samdar voru á grundvelli upplýsinga sem aflað hafði verið frá aðildarríkjunum. Samtök atvinnurekenda og launafólks höfðu tekið þátt í samningu tillagnanna. Markmiðið var að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi leiðbeiningarreglur, væntanlega tillögu, fyrir aðildarríkin um leiðir til að styrkja stöðu smárra og meðalstórra fyrirtækja og þar með skapa fleiri störf. Gert er ráð fyrir lokaafgreiðslu á 86. Alþjóðavinnumálaþinginu. Nefndin hélt samtals 16 fundi á þingtímanum. Á fyrstu fundunum fór fram almenn umræða um þýðingu smárra og meðalstórra fyrirtækja að því er varðar atvinnusköpun. Því næst var fjallað um tillögur í skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og gerðar á þeim breytingar í samræmi við afstöðu þingnefndarinnar.

Í almennu umræðunum kom m.a. fram að alþjóðavinnumálaskrifstofan hefur á síðustu árum lagt áherslu á áætlun sem skapar aðstæður sem stuðla að vexti og viðgangi smárra og meðalstórra fyrirtækja. Til dæmis hefur stofnunin staðið fyrir fræðslu á þessu sviði undir yfirskriftinni: *Stofnun fyrirtækja* og: *Bættu reksturinn!*

Talsmaður fulltrúa launafólks gerði einkum að umtalsefni vinnuskilyrði starfsmanna í þessum flokki fyrirtækja. Reglur um það efni yrðu að vera hluti af heildarstefnu um eflingu smárra og meðalstórra fyrirtækja.

Í máli fulltrúi atvinnurekenda kom fram að vaxandi áhugi væri fyrir þessari stærð fyrirtækja, einkum í ríkjum sem búa við mikið atvinnuleysi. Hann sagði að smá og meðalstór

fyrirtæki væri að finna í öllum greinum atvinnulífsins, þau væru mannaflafrek og notuðu staðbundnar auðlindir. Af þessu leiði að með eflingu þeirra megi skapa ný störf tiltölulega fljótt. Enn fremur sé kostur þeirra sá að þau lagi sig fljótt að breyttum aðstæðum, séu framsækin og komi með nýstárlegar lausnir á aðsteðjandi vandamálum. Hann lagði áherslu á að þessum fyrirtækjum yrði ekki íþyngt með ýmsum aðgerðum sem hindruðu vöxt þeirra. Í þessu sambandi kvað fulltrúi atvinnurekanda það mikilvægt að almennt viðhorf til reksturs fyrirtækja óháð stærð þeirra væri vinsamlegt. Það væri forsenda þess að störfum yrði fjölgað, ekki síst í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Meðal fulltrúa ríkisstjórna ríkti einhugur um mikilvægi smárra og meðalstórra fyrirtækja, að því er varðar fjölgun starfa. Fjölmargir ræðumenn lýstu þessu með dæmum frá heimahögum. Margir lögðu áherslu á gildi stöðugleika í efnahagsmálum fyrir rekstur allra fyrirtækja, jafnt smárra sem stórra.

Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að næsta Alþjóðavinnumálaþing afgreiddi tillögu um aðgerðir til að efla smá og meðalstór fyrirtæki. Í niðurstöðunum er að finna ábendingar um helstu þætti tillögunnar en þeir verða til frekari umræðu á næsta þingi.

2.8. VERKTAKA EINSTAKLINGA — LAUNAVERKTAKA

Eitt vandasamasta verkefni 85. Alþjóðavinnumálaþingsins var umfjöllun um drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um verktöku einstaklinga eða launaverktöku (contract labour). Um málefnið var fjallað í þingnefnd. Formaður hennar var kosin L. Mishra, ríkisstjórnarfulltrúi frá Indlandi, varaformenn B. Noakes, fulltrúi atvinnurekenda í Ástralíu, og J. C. Parrot, fulltrúi launafólks í Kanada.

Á síðustu árum hefur töluvert verið um þetta málefni fjallað, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Nefna má bókun sem gerð var við kjarasamning Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands 1. febrúar 1990. Í henni segir m.a. að það hafi færst í vöxt að samskipti launamanna og atvinnurekenda hafi verið færð í búning verktakastarfsemi þar sem launamaður hafi verið talinn undirverktaki vinnuveitenda. Af þessu hafi risið mörg deilumál vegna óljósra reglna um réttarstöðu aðila, ábyrgð þeirra í milli og gagnvart þriðja aðila, auk þess sem grunsemdir hafi vaknað um undirboð. Í bókuninni er bent á að þessi skipan dragi úr gildi félagslegra réttinda samkvæmt kjarasamningum og lögum, henni fylgi vanhöld á greiðslu á gjöldum og sköttum og hún veiki samkeppnisstöðu raunverulegra atvinnurekenda. Segja má að bókun ASÍ og VSÍ lýsi í hnotskurn viðfangsefni þingnefndar Alþjóðavinnumálaþingsins sem fjallaði um verktöku einstaklinga.

Í þingnefndinni lágu frammi skýrslur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um stöðu málefnisins í aðildarríkjunum. Í þeim var gerð grein fyrir svörum við spurningaskrá sem Alþjóðavinnumálastofnunin hafði sent aðildarríkjunum og drög að samþykkt og tillögu um verktöku einstaklinga.

Þess má geta að ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa verið vantrúaðar á réttmæti þess að settar yrðu alþjóðareglur um verktöku einstaklinga. Af þeim leiddi nýjan hóp á vinnumarkaði sem að hluta til væri í hlutverki atvinnurekanda en að öðru leyti hefði stöðu launamanns. Ráðast yrði í breytingar á fjölmörgum lögum og reglum til að mæta þörfum þessa nýja hóps fyrir vernd á vinnumarkaði, m.a. breytingar á vinnuverndarlögum og lögum um atvinnu- og slysabætur. Skynsamlegra væri að stefna að alþjóðareglum sem skilgreindu annars vegar atvinnurekanda og einyrkja og hins vegar hverjir væru launamenn. Drög Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gætu valdið auknum útgjöldum hins opinbera vegna ýmiss konar tryggingarbóta og kölluðu á breytingar á lögum um eignarskatt og tekjuskatt.

Þótt ríkisstjórnir Norðurlanda hefðu ákveðinn fyrirvara um ágæti þess að settar yrðu alþjóðareglur um verktöku einstaklinga lýsti meiri hluti annarra ríkisstjórna sem á annað borð tjáði sig stuðningi við það að Alþjóðavinnumálastofnunin beitti sér í þessu máli. Fjölmargir bentu þó á að leysa yrði ýmis vandamál sem einkum lúta að orðskýringum og skilgreiningum.

Almennar umræður í þingnefndinni hófust á kynningu á tillögum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Lögð var áhersla á að draga fram ýmis lögfræðileg álitaefni og vekja athygli á ýmsum erfiðleikum í framkvæmd á reglum um verktöku einstaklinga, einkum gagnkvæmum samskiptum atvinnurekanda og einstaklings, en einnig þeirri stöðu sem upp getur komið sé um undirverktöku að ræða. Fulltrúi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar taldi að höfuðviðfangsefni nefndarinnar væri að ræða samningsbundna stöðu einstaklingsverktaka og ákveða að hve miklu leyti réttarreglur vinnumarkaðarins skuli gilda um þennan hóp.

Varaformaður nefndarinnar og talsmaður atvinnurekenda lýsti því yfir við almennu umræðurnar að umbjóðendur hans væru andvígir því að Alþjóðavinnumálastofnunin setti reglur um þetta efni. Með hliðsjón af tiltækum skýrslum og upplýsingum væri vandséð að árangurinn gæti orðið ásættanlegur. Atvinnurekendur mundu ekki setja sig á móti því að einstaklingar sem litið væri á sem atvinnurekendur á grundvelli hlutlægra reglna nytu virkrar verndar. Að mati atvinnurekenda væri ljóst að fyrirliggjandi drög alþjóðavinnumálaskrifstofunnar mundu ekki leiða til þeirrar niðurstöðu.

Talsmaður fulltrúa launafólks setti fram nokkuð önnur sjónarmið. Hann lagði áherslu á nauðsyn þess að settar yrðu reglur á þessu sviði. Hann vísaði til skýrslna ILO en í þeim væri lýst vandamálum sem koma upp þegar störf eru endurskipulögð með verktöku einstaklinga í huga. Bein verktaka einstaklinga eða undirverktaka þeirra væri vaxandi vandamál sem nauðsynlegt væri að bregðast við.

Talsmenn ríkisstjórna, þar á meðal fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda, vöktu á því athygli að tillögur alþjóðavinnumálaskrifstofunnar virtust leiða til þess að fram kæmu nýir aðilar á vinnumarkaðinn sem ekki hefði stöðu atvinnurekenda en yrðu launamenn með skert félagsleg réttindi. Fulltrúi ILO mótmælti þessari túlkun og kvað tillögurnar ekki miða að myndun slíks „þriðja hóps".

Eftir þessi skoðanaskipti virtist ríkja um það samstaða í nefndinni að ekki væri æskilegt að nýr hópur einyrkja skapaðist á vinnumarkaðinum sem hefði óljósa réttarstöðu sem skapaðist af blöndu af reglum sem fram að þessu giltu annaðhvort um atvinnurekendur eða launamenn.

Í samræmi við sjónarmið alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, fulltrúa launafólks og nokkurra fulltrúa ríkisstjórna var ákveðið að þingnefndin mundi í störfum sínum stefna að afgreiðslu alþjóðasamþykktar og tillögu um verktöku einstaklinga. Fulltrúar atvinnurekenda voru þessu mjög andvígir og bentu máli sínu til stuðnings á fjölmörg vandamál að því er varðar orðskýringar sem gerðu framkvæmd slíkrar samþykktar erfiða ef ekki útilokaða. Þeir töldu að það væri ekki enn tímabært að setja alþjóðasamþykkt um þetta málefni. Atvinnurekendur bentu einnig á að gildi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fælist ekki í fjölda alþjóðasamþykkta heldur í því hversu almennrar viðurkenningar þær nytu. Í því sambandi skiptu mestu fullgildingar aðildarríkjanna og hvernig þau stæðu að framkvæmd samþykktanna.

Eftir þessa niðurstöðu tók nefndin til umfjöllunar drög að væntanlegri alþjóðasamþykkt. Stærsti hluti af tíma nefndarstarfsins fór í að ræða orðið „verktakavinna". Mörgum ræðumanna fannst snúið að fjalla um réttindi hóps sem var lítið sem ekkert skilgreindur. Talsmaður aðildarríkja Evrópusambandsins kom fram með tillögu sem virtist opna leið úr vandanum og var samþykkt. Samkvæmt henni skal sambandið á milli einstaklingsverktaka og þess sem nýtur þjónustu hans byggjast á því að annar aðilinn er greinilega háður hinum á hlið-

stæðan hátt og um væri að ræða hefðbundin tengsl á milli atvinnurekanda og launamanns. Einstaklingsverktakinn getur haft samning beint við verkkaupa eða verið samningsbundinn þriðja aðila. Í þeim tilvikum sem um er að ræða beinan samning við verkkaupa er einstaklingsverktakinn persónulega ábyrgur fyrir að inna af hendi umsamda þjónustu. Það var einkum hlutur þriðja aðilans sem skapaði umræður í nefndinni og er ljóst að sá þáttur mun valda umtalsverðum erfiðleikum í mörgum aðildarríkjum. Ekki bætti heldur úr skák að upp komu vandamál tengd mismunandi orðnotkun í enskumælandi löndum og ríkjum þar sem töluð eru tungumál sem eiga rætur að rekja til latínu.

Fyrirliggjandi drög að alþjóðasamþykkt snúast fyrst og fremst um að einstaklingsverktaki skuli njóta verndar á grundvelli reglna um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Enn fremur ber að tryggja að í gildi séu réttarreglur sem geri einstaklingsverktaka kleift að fá greiðslu fyrir vinnu sína, að hann njóti almannatrygginga og slysatrygginga.

Ljóst er að mjög mörg álitamál bíða úrlausnar og er við því að búast að seinni umræða um viðfangsefnið sem er á dagskrá 86. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1998 verði lífleg.

2.9. BREYTING Á STOFNSKRÁ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Á Alþjóðavinnumálaþinginu var kosin nefnd til að fjalla um tillögur stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um breytingar á stofnskrá ILO. Nefndinni var einnig falið að fjalla um nauðsynlegar breytingar á þingsköpum vinnumálaþingsins sem leiðir af breytingum á stofnskránni.

Formaður nefndarinnar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Namibíu, Bro-Matthew Shinguadja. Varaformenn voru valdir Daniel Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Khursid Ahmed, fulltrúi launafólks í Pakistan.

Rökin fyrir breytingum á stofnskránni felast í ósveigjanlegum reglum sem gera það nær ókleift að nema úr gildi úreltar alþjóðasamþykktir. Á undanförnum árum hefur vinnuhópur á vegum stjórnarnefndar ILO farið yfir fjölda eldri alþjóðasamþykkta stofnunarinnar. Hann komst að þeirri niðurstöðu að margar samþykktanna eigi ekki lengur við og þær beri að nema úr gildi. Af þessari ástæðu samþykkti stjórnarnefndin að leggja til við Alþjóðavinnumálaþingið að bætt yrði nýrri málsgrein við 9. gr. stofnskrárinnar. Samkvæmt henni getur stjórnarnefnd ILO lagt til við Alþjóðavinnumálaþingið að felldar séu úr gildi alþjóðasamþykktir sem eru úreltar eða koma ekki lengur að gagni við að ná markmiðum stofnunarinnar. Tillaga um þetta efni þarf að njóta stuðnings ⅔ hluta greiddra atkvæða þingfulltrúa til að ná fram að ganga. 85. Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti með miklum meiri hluta tillöguna um framangreinda breytingu á stofnskránni. Það samþykkti einnig breytingar á þingsköpum sem kveða á um meðferð tillagna um þetta efni á vinnumálaþinginu.

Þess skal getið að samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði (ASÍ og VSÍ) um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina fjallaði um þetta málefni á fundi sínum 12. nóvember sl. Nefndin samþykkti að mæla með því við félagsmálaráðherra að breytingin á stofnskrá ILO verði sem fyrst fullgilt af hálfu Íslands.

Í framhaldi af samþykkt samráðsnefndarinnar lagði félagsmálaráðherra til við utanríkisráðuneytið 26. nóvember 1997 að breytingin verði fullgilt af hálfu Íslands og að það ráðuneyti annist þá framkvæmd með lögformlegum hætti.

Gerð um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er birt sem fylgiskjal III.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI
Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Alþjóðavinnumálaþingið er meðal umfangsmeiri alþjóðaþinga sem haldin eru. Í þessari skýrslu kemur fram að þingstörfum er fram haldið samtímis á allsherjarþingi og í fjölmörgum þingnefndum. Ljóst er að það er borin von fyrir litla sendinefnd eins og þá íslensku að fylgjast með öllu sem fram fer. Þess vegna skiptir samstarf við aðra miklu máli. Þar vega þyngst vikulegir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlandanna. Á þeim fer fram kynning á stöðu málefna í einstökum nefndum og lagt er á ráðin um sameiginlegt ræðuhald Norðurlandanna á allsherjarþinginu og í nefndum.

Annað atriði, sem er til þess fallið er létta sendinefndinni þingstörfin, er samráðsfundir fulltrúa vestrænna iðnríkja (IMC). Þessir fundir eru haldnir daglega og á þeim er farið yfir þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Með þátttöku í þessum fundum má fá gott yfirlit yfir það sem er að gerast á þessu fjölmenna alþjóðaþingi. Fundirnir eru einnig góður vettvangur til að kynna tillögur sem fulltrúar einstakra ríkja ráðgera að flytja í þingnefndum. Á þeim er einnig fjallað um mál sem eru til umfjöllunar í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, einkum ef þau snerta ríki sem eiga aðild að hópnum. Loks eru oft og tíðum tekin til umfjöllunar drög að ræðum sem fulltrúar einstakra ríkja hyggjast flytja, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir hönd fleiri ríkja eða hópsins í heild.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 181, um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 85. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1997 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

tekur tillit til endurskoðaðrar Samþykktar um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka laun fyrir störf sín, frá 1949, og

gerir sér grein fyrir mikilvægi sveigjanleika á vinnumörkuðum, og

minnist þess að Alþjóðavinnumálaþingið var þeirrar skoðunar í 81. þingsetu sinni, 1994, að þingið skyldi gera breytingar á endurskoðaðri Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka laun fyrir störf sín, frá 1949, og

tekur tillit til þess að einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur starfa við allt aðrar aðstæður en þær sem voru ríkjandi þegar framangreind Samþykkt var gerð, og

viðurkennir það hlutverk sem einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur kunna að hafa með höndum á virkum vinnumarkaði, og

minnist þess að nauðsynlegt er að vernda starfsmenn fyrir misneytingu, og

viðurkennir þörfina fyrir að tryggja rétt til félagafrelsis og stuðla að gerð almennra kjarasamninga og þjóðfélagslegri umræðu sem nauðsynlegra þátta í virku samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins, og

tekur tillit til ákvæða Samþykktar um vinnumiðlunarþjónustu frá 1948, og

minnist ákvæða Samþykktar um nauðungarvinnu frá 1930, Samþykktar um félagafrelsi og verndun þess frá 1948, Samþykktar um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega frá 1949, Samþykktar um mismunun (við ráðningu og störf) frá 1958, Samþykktar um stefnu í atvinnumálum frá 1964, Samþykktar um lágmarksaldur við vinnu frá 1973, Samþykktar um atvinnuuppbyggingu og vernd gegn atvinnuleysi

frá 1988, og ákvæða endurskoðaðrar Samþykktar um farandverkafólk um ráðningu og vinnumiðlun frá 1949 og viðbótarákvæða Samþykktar um farandverkamenn frá 1975, og

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um endurskoðun endurskoðaðrar Samþykktar um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka laun fyrir störf sín, frá 1949, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 19. júní 1997, svohljóðandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur frá 1997:

1. gr.

1. Í samþykkt þessari merkir hugtakið „einkarekin vinnumiðlunarskrifstofa“ sérhvern einstakling eða lögpersónu sem er óháð opinberum stjórnvöldum og veitir einn eða fleiri þætti eftirgreindrar þjónustu á vinnumarkaði:

a. þjónustu varðandi samanburð tilboða og umsókna um atvinnu án þess að eiga aðild að þeim atvinnutengslum sem af því kunna að leiða;

b. þjónustu sem er fólgin í því að ráða starfsmenn til vinnu í því skyni að þeir séu til reiðu fyrir þriðja aðila, sem kann að vera einstaklingur eða lögpersóna (hér eftir nefnt „fyrirtæki sem þjónustu nýtur“) sem felur þeim störf og hefur eftirlit með framkvæmd slíkra starfa;

c. aðra þjónustu í tengslum við atvinnuleit samkvæmt fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds í samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins, svo sem upplýsingagjöf sem er ekki fólgin í því að samhæfa tiltekin tilboð og umsóknir um vinnu.

2. Í samþykkt þessari merkir hugtakið „starfsmenn“ einnig þá sem eru að leita sér að vinnu.

3. Í samþykkt þessari merkir hugtakið „meðhöndlun persónulegra upplýsinga um starfsmenn“ öflun, varðveislu, dreifingu og hvers konar aðra notkun upplýsinga um tiltekinn starfsmann.

2. gr.

1. Samþykkt þessi á við um allar einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur.

2. Samþykkt þessi á við um alla flokka starfsmanna og allar atvinnugreinar. Hún á ekki við um ráðningu skipverja og vinnumiðlun þeim til handa.

3. Einn tilgangur samþykktar þessarar er að heimila rekstur einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa og stuðla að vernd starfsmanna sem notfæra sér þjónustu þeirra innan ramma ákvæða hennar.

4. Að höfðu samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins er aðildarríki heimilt:

a. að banna við sérstakar aðstæður einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum að starfa í þágu tiltekinna hópa starfsmanna eða innan tiltekinna starfsgreina varðandi veitingu eins eða fleiri þátta þeirrar þjónustu sem tilgreind er í 1. mgr. 1. gr.;

b. að undanþiggja við sérstakar aðstæður starfsmenn í tilteknum starfsgreinum eða hluta tiltekinna starfsgreina gildissviði samþykktar þessarar eða tilteknum ákvæðum hennar, svo fremi hlutaðeigandi starfsmönnum sé tryggð viðunandi vernd með öðrum hætti.

5. Aðildarríki, sem staðfestir samþykkt þessa, skal tilgreina í skýrslum sínum samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hvers konar bann eða undanþágur sem það nýtir sér samkvæmt 4. mgr. og tilgreina ástæður fyrir því.

3. gr.

1. Lagaleg staða einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa skal ákveðin í samræmi við lög og venjur hvers ríkis að höfðu samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins.

2. Aðildarríki skal ákveða þær aðstæður sem ríkja um rekstur einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa samkvæmt kerfi um heimildir eða löggildingu, nema um slíkt gildi aðrar reglur eða slíkt sé ákveðið í viðeigandi lögum og samkvæmt venju.

4. gr.

Gera skal ráðstafanir til að tryggja að þeim starfsmönnum sem vinnumiðlunarskrifstofur, sem veita þá þjónustu sem tilgreind er í 1. gr., ráða til starfa sé ekki meinað um rétt til félagafrelsis og rétt til að gera almenna kjarasamninga.

5. gr.

1. Í því skyni a stuðla að jöfnum tækifærum og meðferð varðandi aðgang að vinnu og tilteknum starfsgreinum ber aðildarríki að tryggja að einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur mismuni ekki starfsmönnum á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarskoðana, stjórnmálaskoðana, þjóðernis, þjóðfélagsstéttar eða með öðrum hætti sem lög hvers aðildarríkis eða venjur ná til, svo sem vegna aldurs eða fötlunar.

2. 1. mgr. þessarar greinar má ekki framkvæma með þeim hætti að það komi í veg fyrir að einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum sé kleift að veita sérhæfða þjónustu eða móta sérhannaðar áætlanir í því skyni að aðstoða þá sem helst standa höllum fæti í atvinnuleit.

6. gr.

Meðhöndlun persónulegra upplýsinga um starfsmenn á vegum einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa skal:

a. vera með þeim hætti að vernda slíkar upplýsingar og fara með þær sem trúnaðarmál samkvæmt lögum og venjum hvers ríkis;

b. takmörkuð við starfshæfni og starfsreynslu starfsmanna og aðrar viðeigandi upplýsingar.

7. gr.

1. Einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum er ekki heimilt að krefja starfsmenn um þóknun eða kostnað að öllu eða nokkru leyti, hvorki beint né óbeint.

2. Að höfðu samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins er hlutaðeigandi stjórnvaldi heimilt, í þágu viðkomandi starfsmanna, að veita undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. hér að framan varðandi tiltekna flokka starfsmanna, svo og hvað varðar tiltekna þjónustu sem einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur veita.

3. Aðildarríki, sem hefur heimilað undanþágur samkvæmt 2. mgr. hér að framan, skal í skýrslum sínum samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, gefa upplýsingar um slíkar undanþágur og tilgreina ástæður fyrir þeim.

8. gr.

1. Að höfðu samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins skal aðildarríki gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir, bæði innan lögsagnarumdæmis síns og, þar sem það á við, í samvinnu við önnur aðildarríki, til að veita farandverkafólki viðeigandi vernd og koma í veg fyrir misneytingu þess farandverkafólks sem einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur hafa ráðið til starfa eða útvegað störf innan lögsagnarumdæmis þess. Þetta skal m.a. gert með lögum eða reglugerðum með refsiákvæðum, m.a. banni á starfsemi einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa sem gerast sekar um sviksamlega starfshætti og illa meðferð á farandverkafólki.

2. Nú eru starfsmenn ráðnir í einu ríki til starfa í öðru ríki og skulu viðkomandi ríki þá íhuga gerð tvíhliða samninga til að koma í veg fyrir illa meðferð og sviksamlega starfshætti við ráðningu, vinnumiðlun og störf.

9. gr.

Aðildarríki ber að gera ráðstafanir til að tryggja að einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur hvorki noti né útvegi börn til starfa.

10. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal tryggja að fyrir hendi séu viðeigandi aðstæður og aðferðir með þátttöku helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins, eftir því sem við verður komið, til að kanna kvartanir, meinta misneytingu og sviksamlegar starfsaðferðir af hálfu einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa.

11. gr.

Aðildarríki er skylt, samkvæmt landslögum og venjum, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi vernd starfsmanna sem einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur ráða til vinnu, svo sem lýst er í b-lið 1. mgr. 1. gr. hér að framan, hvað varðar:

a. félagafrelsi;
b. gerð almennra kjarasamninga;
c. lágmarkslaun;
d. vinnutíma og aðrar vinnuaðstæður;
e. lögbundnar almannatryggingabætur;
f. aðgang að þjálfun;
g. öryggi og heilbrigði við störf;
h. bætur vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóma;
i. bætur vegna gjaldþrots og vernd krafna starfsmanna;
j. mæðravernd og fæðingarstyrk, svo og foreldravernd og foreldrastyrk.

12. gr.

Aðildarríki ber að ákveða og úthluta, samkvæmt landslögum og venjum, hinum ýmsu hlutverkum einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa, sem veita þá þjónustu sem tilgreind er í b-lið 1. mgr. 1. gr., og fyrirtækja sem þjónustu njóta varðandi:

a. gerð almennra kjarasamninga;
b. lágmarkslaun;
c. vinnutíma og aðrar vinnuaðstæður;
d. lögbundnar almannatryggingabætur;
e. aðgang að þjálfun;
f. öryggi og heilbrigði við störf;
g. bætur vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóma;
h. bætur vegna gjaldþrots og vernd krafna starfsmanna;
i. mæðravernd og fæðingarstyrk, svo og foreldravernd og foreldrastyrk.

13. gr.

1. Aðildarríki er skylt, samkvæmt landslögum og venjum og að höfðu samráði við helstu samtök aðila vinnumarkaðarins, að móta, stofna til og endurskoða reglulega aðstæður í því skyni að stuðla að samstarfi opinberrar vinnumiðlunarþjónustu og einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa.

2. Þær aðstæður sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu byggjast á þeirri meginreglu að hið opinbera hafi endanlegt úrskurðarvald varðandi:

a. mótun vinnumarkaðsstefnu;

b. nýtingu og ráðstöfun opinbers fjár sem ætlað er til framkvæmdar slíkrar stefnu.

3. Einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum er skylt, með þeim fresti sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, að veita slíku stjórnvaldi þær upplýsingar sem það óskar eftir, að teknu tilliti til þess að slíkar upplýsingar kunna að vera trúnaðarmál:

a. til þess að gera hlutaðeigandi stjórnvaldi kleift að fylgjast með uppbyggingu og starfsemi einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa í samræmi við aðstæður og venjur í hverju landi;

b. í því skyni að taka saman staðtölur.

4. Hlutaðeigandi stjórnvaldi er skylt að taka saman slíkar upplýsingar og birtar þær opinberlega með reglulegu millibili.

14. gr.

1. Ákvæðum samþykktar þessarar skal hrundið í framkvæmd með lögum eða reglugerðum eða með öðrum hætti samkvæmt venjum í hverju landi, svo sem með dómsúrskurði, úrskurði gerðardóms eða almennum kjarasamningum.

2. Eftirlit og framkvæmd ákvæða, sem sett eru í því skyni að tryggja framkvæmd samþykktar þessarar, skal vera í höndum Vinnueftirlitsins eða annars hlutaðeigandi stjórnvalds.

3. Ef ákvæði samþykktar þessarar eru brotin skulu vera fyrir hendi viðeigandi úrræði, þar með talin refsiákvæði, og skal þeim beitt með virkum hætti.

15. gr.

Samþykkt þessi hefur ekki áhrif á hagstæðari ákvæði samkvæmt öðrum alþjóðlegum vinnumálasamþykktum varðandi starfsmenn sem einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur hafa ráðið til starfa eða miðlað vinnu.

16. gr.

Samþykkt þessi kemur í stað (endurskoðaðrar) Samþykktar um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka laun fyrir störf sín, frá 1949, og Samþykktar um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka laun fyrir störf sín, frá 1933.

17. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

18. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Samþykktin gengur í gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki 12 mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

19. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumála-

skrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en getur síðan sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

20. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

21. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

22. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Alþjóðavinnumálaþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

23. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir samþykkt þessari að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 19. gr. hér fyrir framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað varðar form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

24. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 188, um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 85. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1997 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um endurskoðun endurskoðaðrar Samþykktar um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka laun fyrir störf sín, frá 1949, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem kemur til viðbótar Samþykkt um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur frá 1997,

samþykkir þingið í dag, 19. júní 1997, svohljóðandi tillögu sem nefna má Tillögu um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur frá 1997:

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Ákvæði þessarar tillögu koma til viðbótar ákvæðum Samþykktar um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur frá 1997 (hér eftir nefnd „samþykktin“) og skyldi beitt ásamt þeim.

2. (1) Fulltrúar þriggja hlutaðeigandi aðila eða samtök aðila vinnumarkaðarins ættu að taka þátt í mótun og framkvæmd ákvæða til að stuðla að virkri beitingu samþykktarinnar.

(2) Þar sem það á við skyldu tæknilegir staðlar, viðmiðunarreglur, siðareglur, innra eftirlitskerfi eða önnur úrræði sem samrýmast venjum í hverju ríki koma til viðbótar landslögum og reglugerðum um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur.

3. Aðildarríkin skyldu, eftir því sem kann að vera viðeigandi og framkvæmanlegt, skiptast á upplýsingum og reynslu um framlög einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa til framdráttar vinnumarkaðnum og tilkynna slíkt alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

II. VERND STARFSMANNA

4. Aðildarríkin skyldu gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og hindra ósiðlega starfshætti af hálfu einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa. Slíkar ráðstafanir kunna að vera fólgnar í lögum eða reglugerðum sem innihalda refsiákvæði, m.a. þar sem lagt er bann við því að einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur viðhafi ósiðlega starfshætti.

5. Starfsmenn, sem einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur ráða til starfa samkvæmt skilgreiningu í b-lið 1. mgr. 1 gr. samþykktarinnar skyldu, þar sem það á við, fá í hendur skriflegan samning þar sem tilgreind eru kjör þeirra og ráðningarskilmálar. Lágmarksskilyrði ætti að vera að slíkir starfsmenn fái vitneskju um ráðningarskilmála sína áður en þeir hefja störf.

6. Einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur skyldu ekki útvega atvinnurekanda starfsmenn í stað starfsmanna sem eru í verkfalli.

7. Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi berjast gegn ósanngjörnum starfsháttum við auglýsingar og villandi auglýsingum, þar með töldum auglýsingum um störf sem eru ekki fyrir hendi.

8. Einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur skyldu:

a. ekki vísvitandi ráða til starfa eða útvega starfsmönnum störf sem hafa í för með sér óviðunandi hættu eða þar sem þeir kunna að verða fyrir illri meðferð eða hvers konar mismunun;

b. kynna farandverkamönnum, á þeirra eigin tungumáli ef því verður við komið eða á tungumáli sem þeir kunna, eðli starfs þess sem í boði er, svo og hver kjörin og ráðningarskilmálarnir eru.

9. Einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum skyldi bannað, eða komið í veg fyrir slíkt með öðrum hætti, að semja og birta auglýsingar um laus störf eða atvinnutilboð með þeim hætti sem beint eða óbeint leiðir til mismununar á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, aldurs, trúarskoðana, stjórnmálaskoðana, þjóðernis, þjóðfélagsstéttar, ættkvíslar, fötlunar, hjúskaparstöðu, fjölskyldustöðu, kynhneigðar eða aðildar að stéttarfélagi.

10. Einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur skyldu hvattar til að stuðla að jafnrétti til starfa með því að beita jákvæðri mismunun.

11. Einkareknum vinnumiðlunarskrifstofum skyldi bannað að hafa í skrám sínum eða listum persónulegar upplýsingar sem ekki er þörf fyrir við mat á færni umsækjenda til þeirra starfa sem koma eða kunna að koma til greina fyrir þá.

12. (1) Einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur skyldu aðeins varðveita persónulegar upplýsingar um starfsmann á meðan slíkt er réttlætanlegt í þeim tilgangi sem þeirra var aflað eða á meðan starfsmaður óskar eftir að vera á lista yfir þá sem koma hugsanlega til greina til starfa.

(2) Ráðstafanir skyldu gerðar til að tryggja að sérhver starfsmaður hafi aðgang að öllum persónulegum upplýsingum um sig eins og þær eru skráðar í sjálfvirkum kerfum eða rafeindakerfum eða handunnum skrám. Í slíkum ráðstöfunum skyldi vera fólginn réttur sérhvers starfsmanns til að fá í hendur og skoða eintak af slíkum upplýsingum og réttur til að krefjast þess að röngum eða ófullkomnum upplýsingum verði eytt eða þær leiðréttar.

(3) Einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur skyldu ekki krefjast, viðhalda eða nota upplýsingar um heilsu starfsmanns eða nota slíkar upplýsingar til að ákvarða færni starfsmanns til starfa nema slíks sé beinlínis krafist vegna tiltekins starfs og hlutaðeigandi starfsmaður hafi heimilað það sérstaklega.

13. Einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur og hlutaðeigandi stjórnvald skyldu gera ráðstafanir til að stuðla að eðlilegum, sanngjörnum og virkum aðferðum til að velja á milli starfsmanna.

14. Einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur skyldu hafa á að skipa starfsfólki sem hefur öðlast menntun og þjálfun við hæfi.

15. Með hliðsjón af þeim réttindum og skyldum sem fyrir er mælt í landslögum varðandi uppsögn starfssamninga skyldu einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur sem veita þá þjónustu sem tilgreind er í b-lið 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar:

a. ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki sem þjónustu nýtur ráði til starfa starfsmann þeirrar vinnumiðlunarskrifstofu sem hefur með mál þess að gera;

b. ekki takmarka möguleika starfsmanns til að flytjast á milli starfa;

c. ekki beita starfsmann refsingum fyrir að þiggja starf hjá öðru fyrirtæki.

III. TENGSL MILLI OPINBERRA VINNUMIÐLUNARSKRIFSTOFA OG EINKAREKINNA VINNUMIÐLUNARSKRIFSTOFA

16. Hvatt skyldi til samvinnu milli opinberra vinnumiðlunarskrifstofa og einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa varðandi framkvæmd opinberrar stefnu um skipulagningu vinnumarkaðarins; í þessu skyni er heimilt að stofna nefndir sem í sitja fulltrúar opinberra vinnumiðlunarskrifstofa, fulltrúar einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins.

17. Ráðstafanir til að stuðla að samvinnu opinberra vinnumiðlunarskrifstofa og einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa gætu m.a. verið fólgnar í því:

a. að skiptast á upplýsingum og nota sams konar orðfæri í því skyni að auka skilning á starfsháttum vinnumarkaðarins;

b. að skiptast á upplýsingum um laus störf;

d. að standa fyrir sameiginlegum verkefnum, t.d. á sviði þjálfunar;

e. að koma á samningum milli opinberra vinnumiðlunarskrifstofa og einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa um framkvæmd tiltekinna verkefna, t.d. um aðlögun þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengi;

f. að þjálfa starfsmenn;

g. að hafa reglulegt samráð í því skyni að bæta starfshætti.

Fylgiskjal III.

GERÐ UM BREYTINGU Á STOFNSKRÁ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar kom saman til 85. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1997 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og

þar eð þingið hefur samþykkt breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem er hluti af 7. máli á dagskrá þessa þings,

samþykkir þingið í dag, 19. júní 1997, eftirfarandi gerð um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem nefna má gerð um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

1. gr.

Frá þeim degi þegar þessi gerð um breytingu tekur gildi skal breyta 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með því að bæta eftirfarandi nýrri málsgrein á eftir 8. mgr.:

„9. Samkvæmt tillögu stjórnarnefndarinnar getur þingið með ⅔ hlutum greiddra atkvæða þingfulltrúa ógilt sérhverja þá alþjóðasamþykkt sem sem samþykkt hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ef í ljós kemur að samþykktin hefur engan tilgang lengur eða kemur ekki lengur að gagni við að ná markmiðum stofnunarinnar.“

2. gr.

Forseti þingsins og framkvæmdastjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skulu staðfesta gerðina um breytinguna. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar en hitt skal sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skráningar skv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdastjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sendir staðfest afrit af gerðinni til allra aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

3. gr.

1. Formlegar fullgildingar eða viðurkenningar á þessari gerð um breytingu skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hann tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar um móttöku þeirra.

2. Þessi gerð um breytingu tekur gildi samkvæmt ákvæðum 36. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

3. Þegar þessi gerð tekur gildi skal forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynna það öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Ofangreint er réttur texti gerðar þeirrar sem 85. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samþykkti í 85. þinghaldi sínu sem fram fór í Genf og lauk 19. júní 1997.

Fylgiskjal IV.

Ræða fulltrúa ríkisstjórnar Íslands á 85. Alþjóðavinnumálaþinginu.

(Flutt 12. júní 1997 af Gylfa Kristinssyni, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu.)

Frú þingforseti.

Ég vil hefja mál mitt á því að óskað yður til hamingju þann heiður sem felst í því að hljóta kosningu sem forseti 85. Alþjóðavinnumálaþingsins. Ég vil taka undir orð fyrri ræðumanna og sem hafa látið í ljós fullvissu um að þér munið leysa þetta ábyrgðarfulla starf vel af hendi og þar með stuðla að því að árangur þingsins verði sem allra mestur.

Frú, þingforseti, ráðherrar og þingfulltrúar.

Ræðu þessa flyt ég í nafni félagsmálaráðherra Íslands, hr. Páls Péturssonar, sem að þessu sinni sá sér ekki fært að taka þátt í Alþjóðavinnumálaþinginu. Ég flyt yður frú þingforseti, forstjóra ILO, Michel Hansenne, og þingheimi kveðjur ráðherrans.

Skýrsla forstjóra til 81. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1994 bar yfirskriftina: Til varnar gildum, hvatt til breytinga. Félagslegt réttlæti í hagkerfi án landamæra: Viðfangsefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í skýrslunni til þingsins varar forstjórinn við þeirri þróun að nota yfirstandandi efnahagskreppu sem ástæðu til að skerða félagslegt réttlæti í heiminum. Hann leggur áherslu á að alþjóðavæðing efnahagsmála hafi skapað nýjan vanda á sviði félagsmála. Ójöfnuður innan ríkja og á milli ríkja hefur aukist vegna mismunandi getu þjóða til að laga sig að og standast aukna samkeppni í heimsviðskiptum.

Niðurstaða 81. Alþjóðavinnumálaþingsins var sú að fela forstjóra og stjórnarnefnd að fjalla frekar um þetta málefni.

Líta má svo á að skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til Alþjóðavinnumálaþingsins að þessu sinni sé að einhverju leyti niðurstaðan af þeim umræðum sem hafa farið fram á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um viðbrögð við víðtækum viðskiptasamningum síðari ára sem fela í sér afnám tolla og annarra viðskiptahindrana. Í skýrslunni er að finna fjölmargar athyglisverðar tillögur og ábendingar sem taka mið af aðvörunarorðum sem koma fram í skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagana til Alþjóðavinnumálaþingsins.

Í skýrslu sinni til 85. Alþjóðavinnumálaþingsins varar sérfræðinganefndin við því að verði hún svipt tækifæri til eftirlits með framkvæmd mikilvægra alþjóðasamþykkta í nafni aukinnar framleiðni og áherslu á samkeppni mundi slíkt stofna í hættu heilsusamlegu vinnu-

umhverfi, stöðugleika á vinnumarkaði og sjálfsvirðing og frelsi launamanna yrði stórlega skert. Lakari staða launamanna gæti orðið niðurstaðan. Full ástæða er taka undir þessi varnaðarorð sérfræðinganefndarinnar.

Það er nauðsynlegt að hafa í huga umræður á 81. Alþjóðavinnumálaþinginu og varnaðarorða sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna þegar skýrsla forstjórans til 85. Alþjóðavinnumálaþingsins er lesin. Heildarniðurstaða skýrslunnar er sú að breytingar í atvinnu- og efnahagslífi heimsins gera það nauðsynlegt að taka starfshætti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til endurmats með það að markmiði að laga þá að breyttum tímum. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að markmið ILO eins og það er skilgreint í stofnskránni og Fíladelfíuyfirlýsingunni er í fullu gildi.

Það er hins vegar rétt að tryggja verður betur framkvæmd samþykkta um grundvallarmannréttindi launafólks hvar sem er í heiminum. Spurningin er hvernig það verður gert. Ljóst er af yfirlýsingum fundar Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í mars 1995 og nýlegum fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að full samstaða er um það að hér er um að ræða viðfangsefni sem er á starfssviði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í þessu sambandi er rétt að geta um mikilvægt framlag OECD í rannsókn á tengslum viðskipta og alþjóðlegra reglna á sviði félags- og vinnumála.

Ástæða er til þess að lýsa yfir sérstökum stuðningi við það viðhorf að af stofnskrá og aðild að ILO leiði skuldbindingar til að virða ákveðin grundvallarréttindi launafólks ekki eingöngu á landsvísu heldur hvar sem er í heiminum. Þessi réttindi eru tryggð í nokkrum grundvallarsamþykktum ILO. Fagna ber aðgerðum forstjórans á þessu sviði. Í þessu sambandi er rétt að upplýsa að Ísland hefur fullgilt allar umræddar samþykktir utan eina, nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu. En mér er það sérstök ánægja að geta greint frá því að í maí sl. afgreiddi Alþingi Íslendinga frumvarp til laga um vinnuvernd barna og unglinga. Þar með var brautin rudd fyrir það að Íslendingar geti einnig fullgilt þessa samþykkt.

Í skýrslu forstjórans er sett fram tillaga um að Alþjóðavinnumálaþingið samþykki sérstaka yfirlýsingu sem felur í sér að aðildarríkin árétti skuldbindingar sínar sem leiðir af aðild að stofnuninni. Hér er um að ræða athyglisverða tillögu sem ástæða er til að styðja. Ég vil taka undir orð þeirra sem hafa látið í ljósi von um að slík yfirlýsing verði samþykkt á næsta Alþjóðavinnumálaþingi.

Ég þakka yður, frú forseti.

Fylgiskjal V.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu árið 1997.

Samstarf milli ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins skapa Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Þessi skipan á samstarfi ríkisvaldsins og aðildarsamtaka vinnumarkaðarins hefur verið tekin upp í aðildarríkjum ILO og löguð að aðstæðum í hverju landi fyrir sig. Stofnunin hefur með ýmsu móti stuðlað að slíku þríhliða samstarfi á landsvísu. Árið 1976 afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna

á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda samþykktar nr. 144 var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1997 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Ástráður Haraldsson, lögræðingur ASÍ, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ, og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar á árinu 1997 voru svipuð og næstu ár á undan, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1997 samtals 16 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1997 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

Nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku.
Nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn.
Nr. 98, um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
Nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.
Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.
Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.
Nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

b. Yfirferð yfir ófullgiltar alþjóðasamþykktir.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykktar nr. 144, c-lið, skulu stjórnvöld beita sér fyrir samráði um reglubundna athugun á ófullgiltum samþykktum til að kanna hvað gera megi til að stuðla að framkvæmd þeirra eða fullgildingu. Í samræmi við þetta ákvæði fór ILO-nefndin á árinu yfir eftirtaldar samþykktir:

Nr. 175, um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf.
Nr. 174, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys.
Nr. 173, um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda.
Nr. 172, um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum.
Nr. 171, um næturvinnu.
Nr. 170, um öryggi við notkun efna við vinnu.

Þessar samþykktir eru enn til umfjöllunar í nefndinni.

c. Skýrsla um 83. og 84. Alþjóðavinnumálaþingið 1996.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt þannig að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1997 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 83. og 84. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldin voru 1996. Þetta ár var þar af leiðandi viðburðaríkt í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Reglulegt þing var haldið dagana 4.–20. júní og var það hið 83. í röðinni. Aukaþing, 84. Alþjóðavinnumálaþingið, sem helgað var málefnum skipverja, var haldið dagana 8.–22. október 1996.

83. þingið afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt og tillögu um aðstæður þeirra sem stunda það sem hlotið hefur nafnið heimastörf. Það tekur m.a. til þess þegar launamaður vinnur tiltekin verkefni fyrir atvinnurekanda á heimili sínu. Markmiðið er að gera stöðu heimastarfsmanna sem líkasta stöðu annarra starfsmanna.

Aukaþingið, sem haldið var í október 1996, var mjög afkastamikið og afgreiddi eftirtaldar samþykktir, tillögur og bókun:

1. Samþykkt nr.178, um vinnueftirlit um borð í skipum.
2. Samþykkt nr. 179, um skiprúmssamninga skipverja.
3. Samþykkt nr. 180, um vinnutíma og mönnun skipa.
4. Bókun við samþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum.
5. Tillaga nr. 185, um vinnueftirlit um borð í skipum.
6. Tillaga nr. 186, um skiprúmssamninga skipverja.
7. Tillaga nr. 187, um vinnutíma og mönnun skipa.

d. Undirbúningur fyrir þátttöku í 85. Alþjóðavinnumálaþinginu 1997.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1996 um dagskrármál 81. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um vinnumiðlun á vegum einkaaðila. Enn fremur var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum um helstu dagskrármál vinnumálaþingsins, t.d. verktöku einstaklinga.

e. Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Með sama hætti og árið áður voru það einkum þrjú atriði sem voru á dagskrá nefndarinnar og snerta félagsmálasáttmálann.

Skýrsla um framkvæmd á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Haustið 1997 fjallaði nefndin um drög að skýrslu Íslands um framkvæmd á eftirtöldum ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1994–96:

1. gr., um vinnumál.
5. gr., um félagafrelsi.
6. gr., um samningafrelsi.
12. gr., um rétt til félagslegs öryggis.
13. gr., um rétt til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar.
16. gr., um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegar og efnahagslegrar verndar.

Skýrslan var send Evrópuráðinu í lok nóvember 1997.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Á fundum ILO-nefndarinnar er farið yfir athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins gerir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslum sérfræðinganefndarinnar sem bera heitið: *European Social Charter, Committee of Independent Experts of the European Social Charter, Conclusions.* Ekki verður fjölyrt um athuga sérfræðinganna en í þess stað vísað í viðauka við þessa skýrslu.

Endurskoðun félagsmálasáttmálans.

Á árinu 1994 var lokið því verki sem hafið var árið 1990 þegar fundur evrópskra félagsmálaráðherra samþykkti tillögu frú Lalumiere, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um endurskoðun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar var hafin endurskoðun sáttmálans af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins.

Nefndin afgreiddi árið 1991 drög að bókun við félagsmálasáttmálann þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. Í henni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans.

Endurskoðun sáttmálans lauk í október 1994 með afgreiðslu endurskoðunarnefndarinnar á nýjum félagsmálasáttmála. Í nýja sáttmálanum er að finna fjölda nýmæla sem m.a. fjalla um rétt launafólks til upplýsinga og að haft sé samráð við það, vernd launa við gjaldþrot atvinnurekanda, aðgerðir til að koma í veg fyrir kynferðislegt áreiti á vinnustað eða í tengslum við vinnu, réttindi starfsmanna með fjölskylduábyrgð, rétt til húsnæðis og um aðgerðir til að koma í veg fyrir fátækt og útskúfun úr þjóðfélaginu. Ráðherraráð samþykkti á fundi sínum í apríl 1996 að opna þessa nýju gerð til undirritunar.

Árið 1995 var annað skjalið sem endurskoðunarnefndin sem hóf störf árið 1991 afgreiddi opnað til undirritunar. Hér er um að ræða bókun sem felur í sér að aðildarríki sáttmálans heimilar tilteknum samtökum að kæra til Evrópuráðsins framkvæmd á ákvæðum hans. Samkvæmt bókuninni er alþjóða- og landssamtökum samtaka aðila vinnumarkaðarins heimilað að senda Evrópuráðinu kæru um framkvæmd sáttmálans, enn fremur tilteknum viðurkenndum alþjóðasamtökum frjálsra félagasamtaka og í vissum tilvikum tilteknum landssamtökum frjálsra félagasamtaka (2.gr.). Kærur byggðar á þessari bókun munu fá sérstaka og skjóta afgreiðslu hjá Evrópuráðinu.

Fullgilding Íslands á framangreindum skjölum hefur verið til umfjöllunar hjá ILO-nefndinni. Þeirri umfjöllun er ekki lokið. Einnig hefur nefndin farið yfir íslenska þýðingu á endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmálans og framangreindum bókunum.

Viðauki.

Athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við skýrslu Íslands um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1992–94.

Í þessum viðauka er komið á framfæri athugasemdum sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1992 til 1994. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslum sérfræðinganefndarinnar *European Social Charter, Committee of Independent Experts of the European Social Charter, Conclusions XIII-3 og XIII-4 Strasbourg 1997.* Það skal tekið fram að athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru ekki tilfærðar orðrétt heldur er um að ræða efnislega samantekt nema annað sé tekið fram. Tilvitnuð ákvæði sáttmálans eru einnig stytt. Það

skal einnig tekið fram að á því tímabili sem hér um ræðir hafa verið gerðar breytingar á reglum um skýrslugjöf um framkvæmd félagsmálasáttmálans. Af því leiðir að athugasemdum sem birtar eru í skýrslum sérfræðinganefndarinnar nr. XIII-1 og nr. XIII-2 er sleppt í þeim tilvikum sem þær eru endurteknar í skýrslum XIII-3 og XIII-4. Þeim er einnig sleppt séu þær úreltar vegna breytinga á lögum eða framkvæmd. Eigi þær enn við eru þær birtar með tilvísun til skýrslunúmers.

Framsetningin er í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum er að finna almennar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar sem sérstaklega snerta Ísland og athugasemdir við framkvæmd einstakra greina. Í seinni hlutanum er samantekt þar sem gerð er grein fyrir því hvaða ákvæði Ísland telst að mati sérfræðinganefndarinnar framfylgja í samræmi við ákvæði sáttmálans og í hvaða tilvikum nauðsynlegt er að endurskoða framkvæmdina.

Almennar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar.

Atvinna og starfsþjálfun.

Fram kemur í skýrslunni að nokkur aðildarríki sáttmálans hafi mótað umgjörð um starf- og endurmenntun í nánum tengslum við atvinnulífið með það að markmiði að auka framleiðni með betri hæfni starfsmanna til að takast á við ný verkefni innan fyrirtækja. Ísland og Írland eru sérstaklega nefnd í þessu sambandi (Conclusions XIII-3).

Réttur barnsins.

Sérfræðingarnir geta þess að með lögum frá árinu 1992 hafi reglur um ættleiðingu verið skýrðar með því að veita öllum aðilum betri réttarvernd (Conclusions XIII-2).

Vinnumál – samskipti aðila vinnumarkaðarins.

Í niðurstöðum nefndarinnar frá árinu 1994 gerir sérfræðinganefndin að umtalsefni 5. gr. sáttmálans um félagafrelsi, þ.e. rétt manna til að stofna og vera í félögum. Hún minnir á það álit sitt að ákvæði greinarinnar verndi einnig rétt til að standa utan félaga og kveðst hafa verið þeirrar skoðunar að fyrirkomulag sem byggi á forgangsrétti til vinnu takmarki samtakarétt og rétt til að ganga í félög. Sérfræðinganefndin lýsir yfir ánægju sinni með ákvörðun Mannréttindadómstólsins í máli Sigurðar Sigurjónssonar gegn íslenska ríkinu [mál nr. 24/1992/369/443] þar sem dómstóllinn á grundvelli 11. gr. mannréttindasáttmálans verndar rétt manna til að standa utan félaga. Dómstóllinn tekur fram að málið snerti rétt leigubifreiðastjóra til að standa utan félags, aðstæður sem nefndin hafi árum saman gagnrýnt (Conclusions XIII-1).

Athugasemdir sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd einstakra greina sáttmálans.

1. gr.

Réttur til vinnu.

1. mgr., um að allir menn skuli eiga þess kost að vinna fyrir sér í starfi sem þeir hafa sjálfir valið.

* Fram kemur í skýrslu sérfræðinganefndarinnar að hagvöxtur hafi lítillega aukist á því tímabili sem skýrslan tekur til. Atvinnuleysi hafi hins vegar minnkað úr 1,7% 1990 í 1,5% 1991. Hún kveðst veita því athygli að atvinnuleysi meðal kvenna hafi minnkað úr 2,3% í 1,7% á þessu tímabili (Conclusions XIII-1).

* Í niðurstöðum nefndarinnar XIII-3 vekur nefndin á því athygli að samkvæmt skýrslu Íslands og öðrum heimildum hafi atvinnuleysi á milli áranna 1992 og 1993 aukist úr 3% í 4,3%.

Hún óskar eftir upplýsingum um árangur af aðgerðum til að fjölga störfum fyrir konur á svæðum þar sem atvinnuleysi meðal þeirra hafi verið mikið í framhaldi af því að 60 milljónum króna hafi verið varið til ráðstafana í þessu skyni.

Sérfræðingarnir kveðjast enn fremur gefa því gaum að samtals verði 500 milljónir króna veittar sveitarfélögum sem setji fram tillögur um atvinnusköpun, einkum til vegamála til að viðhalda atvinnu á því sviði.

Nefndin kveðst einnig gefa gaum spám um aukið atvinnuleysi á árinu 1994, einkum vegna samdráttar í fiskvinnslu, og óskar eftir áframhaldandi upplýsingum um framvinduna í þessari atvinnugrein.

Sérfræðinganefndin óskar eftir að næsta skýrsla hafi að geyma athugasemdir ríkisstjórnarinnar við fullyrðingu Bandalags háskólamanna um að ofmenntun og hækkun vaxta hafi haft neikvæð áhrif á atvinnustig.

2. mgr., um að réttur verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér sé verndaður á raunhæfan hátt.

* Nefndin gerir að umtalsefni upplýsingar í skýrslu Íslands um þingsályktun Alþingis í maí 1993 um fjögurra ára framkvæmdaáætlun sem hafi að markmiði að koma á jafnrétti karla og kvenna. Þingsályktunin byggist á 17. gr. laga nr. 28/1991, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Við yfirferð yfir áætlunina kveðst nefndin veita sérstaka athygli eftirfarandi atriðum:

— við auglýsingu starfa skuli hvetja konur til að senda umsóknir,
— við ráðningu í starf skuli veita þeim umsækjanda forgang sem sé af því kyni sem er í minni hluta á hlutaðeigandi vinnustað, enda sé jafnræði að því er varðar menntun og reynslu,
— við starfsmenntun og leiðbeiningar um starfsframa skuli lögð áhersla á tækifæri beggja kynjanna til að bæta starfshæfni sína,
— eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar sé að auka hlut kvenna í opinberum nefndum (30%),
— grípa skuli til aðgerða í því skyni að auðvelda starfsmönnum með fjölskylduábyrgð þátttöku í atvinnulífinu,
— komið skuli í veg fyrir misrétti byggt á kynferði að því er varðar kaupauka,
— hæfni umsækjanda skuli ekki eingöngu metin með hliðsjón af starfsreynslu heldur skuli tekið tillit til hæfni sem fengin er á öðrum sviðum, t.d. með uppeldi barna, umönnun og heimilisstjórn.

Nefndin óskar eftir upplýsingum um framkvæmd áætlunarinnar og um þann árangur sem kann að nást.

* Sérfræðingarnir vísa til fyrri óska um upplýsingar um aðgerðir til að afnema misrétti í atvinnulífinu sem byggist á kynferði, félagslegum uppruna, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, trú eða kynþætti, svo og upplýsingar um aðgerðir til að stuðla að jöfnum tækifærum í sambandi við atvinnuleit eða starf. Þess er farið á leit við stjórnvöld að þau upplýsi í næstu skýrslu um aðgerðir á þessu sviði. Sérfræðingarnir staðfesta fyrri niðurstöðu um að aðstæður séu í samræmi við ákvæði mgr. (Conclusions XIII-1.)

3. mgr., um ókeypis vinnumiðlun fyrir allt verkafólk.

* Sérfræðinganefndin kveðst sakna þess að í skýrslu Íslands sé ekki að finna hagtölur um starfsemi vinnumiðlana á vegum opinberra og einkaaðila sem hún hafði óskað eftir. Nefndin kvaðst ekki vera í aðstöðu til að meta þjónustu ókeypis vinnumiðlunar og frestaði því ákvörðun um framkvæmd Íslands á mgr. (Conclusions XIII-1.)

4. mgr., um tækifæri til að njóta viðeigandi starfsfræðslu, þjálfunar og endurhæfingar.

* Nefndin kveðst veita athygli í skýrslu Íslands og í viðauka við hana upplýsingum um setningu laga um starfsmenntun í atvinnulífinu 15. maí 1992. Með lögunum er hvatt til starfsþjálfunar með það að markmiði að stuðla að aukinni framleiðni, bæta gæði framleiðslu og þjónustu, greiða fyrir tækifærum starfsmanna til að auka hæfni og takast á við ný verkefni. Sama gildi um launafólk sem tímabundið er utan vinnumarkaðar.

Sérfræðingarnir gefa því gaum að skipað hafi verið starfsmenntaráð sem styrki starfsmenntunarnámskeið og sé ráðgefandi fyrir stjórnvöld að því er varðar stefnumörkun á þessu sviði. Nefndin lætur í ljós ósk um upplýsingar um árangur af lagasetningunni og kveðst vilja fá almennt yfirlit yfir alla starfsmenntun á Íslandi.

Nefndin vísar til spurningar um jafnrétti fatlaðra einstaklinga frá öðrum aðildarríkum sáttmálans og óskar eftir upplýsingum um það efni í næstu skýrslu.

Sérfræðingarnir staðfesta fyrra mat um fullnægjandi framkvæmd á þessu ákvæði sáttmálans (Conclusions XIII-1).

2. gr.

Réttur til sanngjarnra vinnuskilyrða.

1. mgr., um skyldu samningsaðila til að sjá til þess að daglegur og vikulegur vinnustundafjöldi sé hæfilegur og stefna markvisst að styttingu vinnuvikunnar.

* Sérfræðinganefndin vísar til fyrri niðurstöðu sinnar og kveðst gefa því gaum í íslensku skýrslunni að kjararannsóknarnefnd sé í samvinnu við Háskóla Íslands að taka saman hagtölur um vinnutíma og beiti til þess aðferðum sem mælt sé með af alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf. Gert sé ráð fyrir niðurstöður liggi fyrir að tveimur árum liðnum. Þess vegna vonist hún til þess að í næstu skýrslu Íslands verði að finna hagtölur um raunverulegan vinnutíma, þar með talda yfirvinnu í hverri starfsgrein, auk upplýsinga um vinnutíma sjómanna. Hún kveðst þó taka eftir í upplýsingum í samantekt alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um vinnumarkaðsmál árið 1994 að meðalvinnutími á Íslandi hafi verið 46 stundir árið 1993.

* Sérfræðingarnir óska á ný eftir upplýsingum um viðbrögð við tillögum nefndar sem skipuð var árið 1987 um aðgerðir til að stytta vinnutíma.

* Nefndin ákvað að fresta ákvörðun um mat á framkvæmd á ákvæði mgr. meðan beðið væri frekari upplýsinga um vinnutíma á Íslandi (Conclusions XIII-1).

3. mgr., um að veitt sé a.m.k. tveggja vikna árlegt orlof með kaupi.

5. mgr., um vikulegan hvíldartíma.

3. gr.

Réttur til öryggis við störf og heilsusamlegra vinnuskilyrða.

1. mgr., um útgáfu öryggis- og heilbrigðisreglugerða.

2. mgr., um eftirlit með framkvæmd öryggis- og heilbrigðisreglugerða.

3. mgr., um samráð við aðila vinnumarkaðarins um ráðstafanir sem ætlað er að bæta öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

4. gr.

Réttur til sanngjarns kaups.

1. mgr., um rétt verkafólks til kaups sem veiti því og fjölskyldum þess sómasamleg lífskjör.

2. mgr., um rétt verkafólks til hærra kaups fyrir yfirvinnu.

3. mgr., um viðurkenningu á rétti karla og kvenna til sama kaups fyrir jafnverðmæt störf.

* Í niðurstöðum sínum segjast sérfræðingarnir gefa gaum svari við spurningu í fyrri skýrslulotu þar sem fram komi að sönnunarbyrði í jafnréttismálum hafi verið snúið í málum sem séu kærð til kærunefndar jafnréttismála og snerti meint misrétti byggt á kynferði. Samkvæmt skýrslunni séu engin mörk á bótum, dæmdum starfsmanni sem hefur orðið fyrir ólögmætri uppsögn. Mat á því sé hjá dómstólum. Við þessar aðstæður sé nefndin ekki í stöðu til að leggja á það dóm hvort aðstæður séu í samræmi við fordæmisrétt hennar sem gerir ráð fyrir að sé endurráðning útilokuð verði bætur að verka letjandi á atvinnurekanda og starfsmaður fái miska bættan. Hún óskar eftir því að í næstu skýrslu verði dæmi um niðurstöður dómsmála eða aðrar hliðstæðar upplýsingar sem geti varpað ljósi á stöðuna að þessu leyti. Nefndin ákvað að fresta því að taka afstöðu meðan beðið sé eftir nánari upplýsingum frá Íslandi (Conclusions XIII-1).

4. mgr., um rétt verkafólks til hæfilegs uppsagnarfrests.

5. mgr., um heimild til takmarkaðs launafrádráttar.

5. gr.

Réttur til að stofna félög.

* Sérfræðinganefndin kveðst gefa gaum skýrslu Íslands. Enda þótt hún telji hana veita frekari upplýsingar um þann grunn sem vinnulöggjöfin hvíli á hafi ekki orðið nein breyting á aðstæðum sem nefndin hafi áður gagnrýnt fyrir að vera ekki í samræmi við gildandi fordæmisrétt. Hún kveðst veita því sérstaka athygli að bæði ríkisstjórnin og Alþýðusamband Íslands hafni því að 5. grein sáttmálans taki jafnt til réttar til að vera í félögum og réttar til að standa utan félaga. Hins vegar styðji Vinnuveitendasamband Íslands skoðun nefndarinnar.

Að því er varðar atvinnuleysisbætur kveðst nefndin veita því athygli að nefnd hafi verið skipuð til að endurskoða rétt til atvinnuleysisbóta. Sérfræðinganefndin lætur í ljósi ósk um að fá upplýsingar um endurskoðunina og álítur enn að ákvæði sem útiloka launamenn utan stéttarfélaga frá atvinnuleysisbótum, sem fjármagnaðar eru af opinberu fé og launaskatti, ekki vera í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttmálans.

Hún kveðst einnig veita athygli svari við almennri spurningu um alþjóðlega skipaskrá. Samkvæmt skýrslunni sé slík skrá ekki til á Íslandi (Conclusions XIII-1).

6. gr.

Réttur til að semja sameiginlega.

1. mgr., um að stuðlað sé að sameiginlegum viðræðum milli verkafólks og atvinnurekenda,

2. mgr., um að stuðlað sé að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga til að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum.

* Sérfræðinganefndin kveður það vekja athygli sína að í skýrslu Íslands komi fram að í framhaldi af samráði og samningaviðræðum hafi ríkisstjórnin og ýmis samtök á vinnumarkaði gert samning í því skyni að draga úr launahækkunum á tímum aukinnar verðbólgu og vaxandi atvinnuleysis.

Fram kemur að nefndin hafi tekið eftir því að þessir þjóðarsáttarsamningar eigi að gilda til september 1991 með það höfuðmarkmið að stuðla að efnahagslegri viðreisn með hógværum kauphækkunum og með ákvæði um sérstaka launanefnd.

Hún kveðst veita því athygli að í ágúst 1990, í framhaldi af því að Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hafi hafnað ákvæðum þjóðarsáttarsamninganna, hafi ríkisstjórnin sett bráðabirgðalög þar sem frestað var launahækkun sem koma átti til framkvæmdar á grundvelli kjarasamnings á milli ríkisstjórnarinnar og BHMR í því augnamiði að forðast

víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags og á þann hátt vernda efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Hún kveðst einnig taka eftir niðurstöðu sérfræðinganefndar ILO í kæru BHMR þar sem mótmælt er stjórnskipulegu gildi laganna. Nefndin kveðst sérstaklega gefa því gaum að eftirlitsaðilar ILO hafa viðurkennt að ef ríkisstjórn telur rétt, vegna brýnna ástæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar, geti reynst nauðsynlegt að leggja hömlur á samningaviðræður um kaup og kjör sem vari um takmarkaðan tíma og slíkum aðgerðum fylgi fullnægjandi varnaðarráðstafanir í því skyni að vernda lífskjör launafólks.

Nefndin kveðst einnig gefa því gaum í heimildum frá ILO að í desember 1992, þ.e. utan skýrslutímabilsins, hafi Hæstiréttur Íslands komist að þeirri niðurstöðu að enda þótt bráðabirgðalögin hafi ekki brotið ákvæði stjórnarskrárinnar hafi þau að vissu marki verið ósamrýmanleg jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og að þessu leyti ætti BHMR rétt á bótum. Nefndin (ILO) óskar eftir því að í næstu skýrslu verði upplýsingar um framvindu og þróun samningaviðræðna um gerð kjarasamnings við þessi nefndu samtök.

Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins minnir á fordæmisrétt sem síðast er vísað til í skýrslu XXII-1 að teknu tilliti til tímabils samráðs sem lauk með almennu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins sem hafði að markmiði að hemja kauphækkanir á ákveðnu tímabili til að stuðla að efnahagsþróun. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin hefði haldið áfram að fara að ákvæðum þessa ákvæðis sáttmálans. Hins vegar óskar hún eftir staðfestingu þess að bráðabirgðalögin falli úr gildi í samræmi við ákvæði samkomulagsins.

Loks kveðst nefndin veita athygli svari Íslands við almennri spurningu til aðildarríkjanna varðandi framkvæmd 5. gr. sáttmálans um alþjóðlega skipaskrá. Samkvæmt svarinu er slík skrá eða skráning ekki tíðkuð á Íslandi (Conclusions XIII-1).

* Í skýrslu XIII-3 vísar sérfræðinganefndin til skýrslu Íslands þar sem svarað er spurningum um framvindu kjarasamninga Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins. Nefndin segir að þar komi fram að öll aðildarfélög BHMR hafi undirritað kjarasamning fyrir tímabilið 1. maí 1992 til 28. febrúar 1993 sem síðan hafi verið endurnýjaður með gildistíma til 31. desember 1994. Nefndin kveðst einnig veita athygli undirritun kjarasamninga við önnur stéttarfélög 21. maí 1993 sem einnig var framlengdur til 31. desember 1994.

Nefndin óskar eftir upplýsingum í næstu skýrslu um framvindu kjarasamninga. Hún óskar eftir staðfestingu á því að bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum séu ekki lengur í gildi.

Hún gerir einnig að umtalsefni 2. gr. laga nr. 15/1993 þar sem kveðið er á um að Hæstiréttur Íslands skuli tilnefna gerðardóm hafi ekki tekist samningar um kaup og kjör um borð í ms. Herjólfi fyrir 1. júní 1993. Nefndin óskar eftir ítarlegum upplýsingum um þetta málefni þannig að hún geti lagt mat á aðstæður. Sérfræðingarnir geta þess að í skýrslunni komi fram upplýsingar um að Alþýðusamband Íslands hafi kært lagasetninguna til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þeir óska eftir upplýsingum um framvindu kærumálsins.

Meðan beðið er nánari upplýsinga kveðst nefndin staðfesta fyrri jákvæðu niðurstöðuna um framkvæmd mgr.

3. mgr., um skipulag sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna.

* Sérfræðinganefndin gefur gaum að því í skýrslu Íslands að í kjarasamningum bæði á almennum vinnumarkaði og á milli ríkisins og starfsmanna þess sé að finna ákvæði um úrskurðarnefndir gerðardóma. Að auki séu lögbundin ákvæði um sáttastörf og gerðardóma til að setja niður deilur á milli aðila vinnumarkaðarins sem upp kunna að koma í tengslum við kjarasamninga. Nefndin kveðst veita því athygli að samtök aðila vinnumarkaðarins geti sett niður ágreining með eigin gerðardómum en að sú leið sé sjaldan farin. Nefndin staðfestir

fyrri ákvörðun um jákvæða niðurstöðu varðandi framkvæmd greinarinnar (Conclusions XIII-1).

4. mgr., um rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða.

* Nefndin kveðst gefa gaum upplýsingum í skýrslu Íslands um skrá yfir störf sem gegna þurfi til að veita lágmarksþjónustu í því skyni að tryggja öryggi fasteigna og fólks. Af þessu leiði að þeir sem gegni þessum störfum hafi ekki rétt til að fara í verkfall. Nefndin lætur í ljós von um að hliðstæðar skrár verði sendar Evrópuráðinu í framtíðinni. Sérfræðingarnir óska eftir upplýsingum um það hvernig haft sé samráð við hlutaðeigandi samtök launafólks um ákvörðun á því á hvaða störfum þetta bitni og við mat á fjölda einstaklinga sem sé talinn nauðsynlegur til að viðhalda lágmarksþjónustu.

Nefndin gerir verkfallsrétt opinberra starfsmanna að umtalsefni og bendir á að ákvæði laga nr. 94/1986 takmarki enn verkfallsrétt opinberra starfsmanna við þau tilvik að verkfall sé gert í þeim tilgangi að ná kjarasamningi. Hún minnir á fordæmisrétt og kveður slíkar takmarkanir óásættanlegar.

Sérfræðinganefndin kveðst einnig harma að í skýrslu sinni staðfesti ríkisstjórnin að rétturinn til að boða verkfall sé eingöngu á valdi stéttarfélaga. Hún minnir á að samkvæmt þessu ákvæði sáttmálans verði launamönnum að vera heimilt að leggja niður vinnu jafnvel án aðildar stéttarfélags. Hún telur því að einnig að þessu leyti séu aðstæður á Íslandi ekki í samræmi við ákvæði 4. mgr. 6. gr. sáttmálans (Conclusions XIII-1).

11. gr.

Réttur til heilsuverndar.

1. mgr., um aðgerðir til að útrýma heilsuspillandi aðstæðum.

* Sérfræðinganefndin kveðst hafa veitt athygli upplýsingum í íslensku skýrslunni um aðstöðu til heilsugæslu sem sé að finna um land allt og væntir þess að í næstu skýrslu komi fram staðfesting á því að allir íbúar, þar með taldir þeir sem búi afskekkt, geti notið þjónustu í samræmi við þarfir.

Nefndin getur þess að í framhaldi af Hvítbók ríkisstjórnarinnar hafi verið gripið til margvíslegra aðgerða til að vernda náttúruna. Sérfræðingarnir óska eftir upplýsingum um árangur á þessu sviði. Hún endurtekur óskir sínar um nánari upplýsingar um frumvarp til breytinga á lögum um varnir gegn tóbaksreykingum.

Nefndin vekur athygli á því að samkvæmt nýjum reglum líði lengri tími á milli skýrslna um framkvæmd greinarinnar. Hún leggur því ríka áherslu á ítarleg svör við spurningum sínum í næstu skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd mgr. Niðurstaða hennar er að framkvæmd Íslands sé í samræmi við ákvæðið.

2. mgr., um ráðgjafar- og fræðsluaðstöðu til að stuðla að bættu heilsufari og efla ábyrgðartilfinningu einstaklinga í heilbrigðismálum.

* Nefndin vekur á því athygli að engar upplýsingar séu veittar um þetta ákvæði en vísað til upplýsinga sem veittar eru í 1. mgr. greinarinnar. Þar komi fram að heilsugæslustöðvar séu ábyrgar fyrir heilsugæslu í skólum, sérstaklega að því er varðar eftirlit með heyrn og sjón. Sérfræðingarnir segjast taka eftir að skólar veiti ráðgjöf að því er varðar mataræði, tannvernd, kynlíf, reykingar og ávana- og fíkniefni.

Nefndin vekur athygli á því að samkvæmt nýjum reglum líði lengri tími á milli skýrslna um framkvæmd greinarinnar. Hún leggur því ríka áherslu á að fá ítarleg svör við spurningum sínum í næstu skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd mgr. Niðurstaða hennar er að framkvæmd Íslands sé í samræmi við ákvæðið.

3. mgr., um varnir gegn farsóttum, landlægum sjúkdómum og öðrum sjúkdómum.

* Sérfræðinganefndin segist veita athygli upplýsingum sem fram koma í skýrslu Íslands um aðgerðir til að hindra útbreiðslu AIDS. Hún kvartar undan því að ekki sé að finna upplýsingar í skýrslunni um nýjar aðgerðir til að koma í veg fyrir kynsjúkdóma eins og óskað hafi verið eftir. Nefndin kveðst vonast til þess að í næstu skýrslu Íslands verði að finna upplýsingar um bólusetningar, hvers konar bóluefni sé notað og um markhóp aðgerðanna, hvort þær séu skylda og hvort greiða þurfi fyrir þessa þjónustu. Nefndin endurnýjar það álit sitt að framkvæmd Íslands sé í samræmi við ákvæði málsgreinarinnar.

12. gr.

Réttur til félagslegs öryggis.

1. mgr., um að almannatryggingum sé komið á eða þeim viðhaldið.

2. mgr., um eflingu almannatrygginga þannig að þær jafnist á við það sem krafist er til fullgildingar alþjóðavinnumálasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.

3. mgr., um markvissa eflingu almannatrygginga.

* Sérfræðinganefndin kveðst veita athygli upplýsingum í skýrslu Íslands og upplýsingum í öðrum heimildum um framkvæmd mgr. Hún kveðst veita sérstaka athygli upplýsingum um að framlög til tryggingamála hafi hækkað úr 10,7% af þjóðarframleiðslu ársins 1972 í 18,2% árið 1992. Ríkissjóður hafi staðið undir 54% kostnaðar, sveitarfélög 8%, atvinnurekendur 32% og launafólk 8%.

Nefndin kveðst einnig veita athygli upplýsingum um að einyrkjar geti nú fengið atvinnuleysisbætur í allt að 180 daga á hverju 12 mánaða tímabili.

Niðurstaða sérfræðinganna er sú að Ísland framfylgi ákvæði mgr. á fullnægjandi hátt.

4. mgr., um gerð gagnkvæmra eða fjölþjóðlegra samninga um tryggingabætur og aðgerðir til að koma í veg fyrir missi þeirra.

Sérfræðinganefndin kveðst taka eftir því í íslensku skýrslunni að engir tryggingasamningar séu í gildi eða séu fyrirhugaðar við Möltu. Hún setur fram þá spurningu hvort ástæðan sé sú að engir fólksflutningar eigi sér stað á milli Íslands og Möltu. Sérfræðingarnir óska eftir staðfestingu á því að starfi maltneskir launamenn á Íslandi muni þeir njóta þeirrar verndar sem felist í ákvæði mgr. Nefndin frestaði ákvörðun um það hvort framkvæmd Íslands sé fullnægjandi þar til frekari upplýsingar berist.

13. gr.

Réttur til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar.

1. mgr., um að sérhverjum manni sem hefur ónóg fjárráð og getur ekki aflað þeirra af eigin rammleik verði veitt næg aðstoð.

* Orðrétt segir svo í skýrslu sérfræðinganefndarinnar: „Nefndin kynnti sér upplýsingar sem fram koma í skýrslu Íslands.

1. Félagsleg aðstoð.

Hún kynnti sér ítarlegar upplýsingar um framkvæmd félagslegrar aðstoðar sem veitt er á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Hún veitir sérstaka athygli fjölgun styrkþega úr 3.666 árið 1989 í 3.841 árið 1992.

Í raun leggur félagsþjónustan mat á raunverulegar þarfir einstaklings eða fjölskyldu og veitir grunnfjárhagsaðstoð sem nemur mun á tekjum og lágmarksframfærslukostnaði sem er ákveðinn af sérhverju sveitarfélagi samkvæmt leiðbeiningarreglum félagsmálaráðuneytisins.

Hægt sé að bæta öðrum bótum við grunnfjárhagsaðstoð, þar með talin skyndiaðstoð vegna skemmda á húsnæði, útfararkostnaður o.fl. Sveitarfélögin eru skyldug til að veita margvís-

lega aðra félagslega aðstoð, t.d. heimilishjálp, dagvistarheimili fyrir börn og niðurgreitt húsnæði. Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir þetta sé enginn raunverulegur réttur til viðbótarbóta við grunnfjárhagsaðstoðina sem eru veittar af sveitarfélögunum á grundvelli mats á hverju einstöku tilviki.

Nefndin veitir athygli að í skýrslu Íslands um framkvæmd 4. mgr. 13. gr. kemur fram að ríkisborgarar annarra aðildarríkja sáttmálans, sem löglega dveljast á Íslandi, hafi rétt til jafns við Íslendinga til félagslegrar aðstoðar, án tillits til dvalartíma. Nefndin veitir því enn fremur athygli að nefnd hafi verið skipuð í nóvember 1994 til að taka þessi málefni til umfjöllunar. Hún kveðst þar af leiðandi óska eftir upplýsingum um starf [íslensku] nefndarinnar en minnir jafnframt á að kröfur um sérstakan dvalartíma geti brotið í bága við ákvæði 1. mgr. 13. gr.

Nefndin veitir enn fremur athygli að á tilteknum svæðum eru móttakendur félagslegrar aðstoðar skuldbundnir til að leggja fram sannanir á því að þeir séu virkir leitendur atvinnu og hægt sé að synja um fjárhagsaðstoð neiti hlutaðeigandi að taka atvinnutilboði. Nefndin óskar eftir upplýsingum um fjölda fólks, jafnvel áætlaðan fjölda, sem hafi á ári hverju verið synjað um félagslega aðstoð á þessum grundvelli, einnig um þann fjölda tilvika um neitun atvinnutilboða og fjölda atvinnutilboða.

Nefndin veitir athygli upplýsingum í skýrslunni um að hægt sé að áfrýja ákvörðunum félagsþjónustu sveitarfélaga til áfrýjunarnefndar félagsþjónustu sem skipuð hafi verið á grundvelli laganna frá árinu 1991. Hún minnir á að samkvæmt fordæmisrétti nefndarinnar þurfi réttur til áfrýjunar til óháðs aðila að fylgja rétti til félagslegrar aðstoðar. Í því skyni að leggja mat á það hvort áfrýjunarnefnd félagsþjónustu geti talist slíkur óháður aðili óskar nefndin eftir upplýsingum um það hvernig fulltrúar í nefndinni séu tilnefndir, upplýsingum um skipunartíma og einnig upplýsingum um reglur nefndarinnar þannig að hægt sé að leggja á það mat hvort hún uppfylli skilyrði um nauðsynlegt sjálfstæði.

Hún óskar einnig eftir upplýsingum um það hvort nefndin geti breytt ákvörðunum um að synja um félagslega aðstoð. Ef í ljós kemur að áfrýjunarnefndin uppfyllir ekki skilyrði um sjálfstæði óskar nefndin eftir upplýsingum um það hvort hægt sé að skjóta ákvörðunum hennar til dómstóla.

2. *Læknishjálp.*

Nefndin tekur eftir að læknismeðferð er að stærstum hluta ókeypis og upphæð veitt innan ramma ákvæða um félagslega aðstoð nægir einnig fyrir þeim hluta sem einstaklingum er gert að greiða vegna læknisaðstoðar.

Í fyrri niðurstöðum af athugun nefndarinnar á framkvæmd 4. mgr. 13. gr. hefur nefndin veitt athygli að útlendingar, sem eru búsettir á Íslandi, hafi rétt til læknisaðstoðar. Hún óskaði þar af leiðandi eftir skilgreiningu á orðinu „búsettur" [domiciled]. Skýrsla Íslands vísar í þessu sambandi til upplýsinga sem eru veittar um framkvæmd 1. mgr. 12. gr. þar sem kemur fram að allir útlendingar búsettir á Íslandi í sex mánuði njóti sjúkratrygginga sem tryggi þeim læknismeðferð þeim að kostnaðarlausu. Þessar upplýsingar gerðu nefndinni ekki kleift að meta raunverulega stöðu ríkisborgara aðildarríkja sáttmálans sem löglega búa og starfa á Íslandi að því er varðar læknisaðstoð. Hún óskar þar af leiðandi eftir nánari upplýsingum sem varpa ljósi á þetta atriði.

Nefndin ákvað að fresta því að leggja mat á framkvæmd Íslands á þessu ákvæði þar til nánari upplýsingar hafi borist.

2. mgr., um tryggingu þess að fólk sem nýtur félagslegrar aðstoðar eða læknishjálpar bíði ekki fyrir þá ástæðu hnekki í sambandi við stjórnmálaleg eða félagsleg réttindi sín.

3. mgr., um opinbera þjónustu, ráðleggingar eða félagslega aðstoð til að koma í veg fyrir skort.

4. mgr., um að ákvæðum í 1., 2. og 3. mgr. greinarinnar sé beitt jafnt gagnvart eigin þegnum og þegnum annarra samningsaðila sem löglega dvelja í löndum þeirra í samræmi við skuldbindingar þeirra í Evrópusamþykktinni um félagslega aðstoð og læknishjálp sem undirrituð var í París hinn 11. desember 1953.

* Í skýrslunni kemur fram að sérfræðinganefndin kveðst veita því athygli í íslensku skýrslunni að útlendingar, sem löglega dveljast á Íslandi, eigi rétt á félagslegri aðstoð. Þrátt fyrir þessar upplýsingar hafi nefndin ekki geta lagt mat á hvers konar félagslegri aðstoð ríkisborgarar annarra aðildarríkja eigi kost á, sem löglega dveljast á íslensku svæði án þess að eiga þar búsetu. Með hliðsjón af skorti á þessum upplýsingum óskar nefndin eftir því að í næstu skýrslu Íslands verði upplýsingar um læknisaðstoð sem ríkisborgarar annarra samningsaðila geti gert kröfu til að því tilskildu að þeir dvelji þar á löglegan hátt án þess að eiga þar búsetu. Sérfræðinganefndin kveðst veita því athygli að nýr norrænn samningur, sem hafi að geyma ákvæði um félagslega aðstoð, hafi verið saminn árið 1994. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu Íslands verði veittar skýringar á gildissviði þessa skjals með tilliti til 4. mgr. 13. gr. sáttmálans.

Loks óskar nefndin eftir upplýsingum um það hvort ríkisborgarar annarra aðildarríkja sáttmálans, sem löglega hafi dvalist á Íslandi án þess að hafa þar búsetu, hafi verið fluttir þaðan vegna þess að þeir hafi haft þörf fyrir félagslega aðstoð, og ef slíku sé til að dreifa, hvort og hvernig skilyrði sem sé að finna í 6. til 10. gr. samningsins frá árinu 1953 hafi verið virt í framkvæmd.

14. gr.

Réttur til að njóta góðs af félagslegri velferðarþjónustu.

1. mgr., um eflingu félagslegrar þjónustu sem stuðlar að velferð og þroska einstaklinga og hópa í samfélaginu og aðlögun þeirra að félagslegu umhverfi.

2. mgr., um aðgerðir sem hvetja einstaklinga og sjálfboðaliða til að koma á fót félagslegri þjónustu og efla hana.

* Sérfræðinganefndin kvartar undan því að í skýrslu Íslands hafi ekki verið að finna upplýsingar um framkvæmd þessarar greinar. Nefndin krefst þess að í næstu skýrslu verði veittar upplýsingar um framkvæmd greinarinnar, einkum að því er varðar þjónustu við aldraða, fjölda miðstöðva, stofnana o.s.frv. Hún óskar eftir því að ríkisstjórnin endurnýi upplýsingar um alla aðila bæði einkaaðila og opinbera sem veita félagslega þjónustu. Nefndin frestaði því að leggja mat á framkvæmd Íslands á ákvæði greinarinnar þar til nánari upplýsingar hafa borist.

16. gr.

Réttur fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.

Greinin fjallar um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.

* Sérfræðinganefndin kveðst veita athygli upplýsingum í skýrslu Íslands í framhaldi af spurningum sem hún hafi sett fram í fyrri skýrslum sínum. Meðal þess sem hún veitir eftirtekt er að auk fjölskyldubóta, sem greiddar eru með börnum yngri en 16 ára, er hægt að veita eftirtaldar bætur:

— barnabótaauka vegna allra barna yngri en 18 ára ef annað hvort foreldra er látið eða er á örorkubótum;

— bætur til einstæðra feðra eða mæðra vegna framfærslu barns yngra en 18 ára;
— styrk vegna menntunar ungmennis á aldrinum 18 til 20 ára ef annað eða bæði foreldra eru látin eða fá örorkustyrk.

Í þessu sambandi óskar nefndin eftir upplýsingum um það í næstu skýrslu Íslands hvort nauðsynlegt sé að uppfylla einhver búsetuskilyrði til að geta notið framangreindra bóta, barnabætur þar með taldar.

Sérfræðingarnir segjast taka eftir upplýsingum um að heilsugæslustöðvar veiti ráðleggingar varðandi fjölskyldumálefni. Um landið séu starfandi 80 slíkar stöðvar.

Sérfræðinganefndin gerir að umtalsefni skýringar íslenskra stjórnvalda á takmörkuðu framboði á rýmum á dagvistarheimilum fyrir börn og vísar til þess að minna en 30% barna yngri en 10 ára eigi kost á rými. Hún segir að íslensk stjórnvöld bendi á hlutfallslega lágan skólaskyldualdur (sex ára), skipan fjölskyldumála og sterk fjölskyldubönd, en auk þess sé vakin á því athygli að úti á landi sé í flestum tilvikum stutt á milli vinnustaðar og heimilis.

Sérfræðingarnir segjast hafa fengið upplýsingar um að starfsemi skóladagheimila í Reykjavík hafi reynst það vel að henni verði haldið áfram.

Vakin er á því athygli að skýrsla Íslands hafi haft að geyma upplýsingar um aðgerðir til að auðvelda fólki að eignast eða komast í húsnæði. Þessar aðgerðir hafi m.a. falist í eftirfarandi:

— skattafslætti og húsnæðisbótum til fólks sem byggir eða á annan hátt er að koma yfir sig eigin húsnæði;
— greiðslumati vegna lána til að kaupa félagslegt húsnæði;
— aðstoð í húsnæðismálum, sem veitt er af sveitarfélögum, í því skyni að hafa til reiðu húsnæði, annaðhvort leiguhúsnæði eða eigin húsnæði, fyrir fjölskyldur eða einstaklinga sem eiga í erfiðleikum við að finna húsnæði; þar til viðbótar hafi sveitarfélögunum verið gert kleift frá janúar 1995 að veita sérstakan húsnæðisstuðning í reiðufé.

Nefndin óskar eftir upplýsingum um það hvort og með hvaða skilyrðum ríkisborgarar annarra samningsaðila geti notið framangreinds stuðnings.

Sérfræðingarnir samþykktu að fresta ákvörðun um það hvort framkvæmd Íslands sé í samræmi við ákvæði sáttmálans þar til framangreindar upplýsingar hafa borist og ný og tæmandi svör við spurningu D í leiðbeiningum um skýrslugerð um framkvæmd sáttmálans. Í spurningu D er óskað eftir upplýsingum um löggjöf sem sérstaklega verndi fjölskylduna, einkum að því er varðar samskipti innan hennar, eða miði að öðrum lausnum hjúskapardeilna en skilnaða.

18. gr.

Réttur til að stunda arðbært starf í landi annars samningsaðila.

1. mgr., um að beita frjálslega gildandi reglum um veitingu atvinnuleyfa.

2. mgr., um einföldun gildandi formsatriða varðandi veitingu atvinnuleyfa og niðurfellingu gjalda sem erlendu verkafólki og atvinnurekendum er gert að greiða.

* Nefndin veitir því athygli í skýrslu Íslands að ný lög nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, hafi tekið gildi 1. janúar 1995 og leyst af hólmi eldri löggjöf frá árinu 1982.

Hún kveðst taka eftir að 13. og 14. gr. laganna hafi að geyma skrá yfir útlendinga sem séu undanþegnir skyldu til að hafa atvinnuleyfi á Íslandi (ríkisborgarar aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, útlendingar sem hafi verið íslenskir ríkisborgarar við fæðingu en glatað ríkisborgararétti hérlendis og tilteknir hópar útlendinga sem vinni á Íslandi skemur en í fjórar vikur á hverju 12 mánaða tímabili).

Þessu til viðbótar sé kveðið á um tvenns konar atvinnuleyfi í 7. gr., þ.e. tímabundið atvinnuleyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til tiltekinna starfa og óbundið atvinnu-

leyfi veitt útlendingi. Í þessu sambandi vísar nefndin til niðurstöðu sinnar undir 3. mgr. 18. gr.

Nefndin tekur eftir því að hvað varðar atvinnuleyfi námsmanna hafi staða þeirra orðið lakari með nýju lögunum þar sem þeim sé nú gert að hafa atvinnuleyfi hyggist þeir leita að vinnu á námstíma eða með námi, eða í námsleyfum. Hún óskar eftir upplýsingum um fjölda námsmanna sem hafi sótt um slík leyfi og fjölda veittra leyfa og hvort um hafi verið að ræða fækkun námsmanna sem hafi leitað eftir vinnu með námi eða í námsleyfum. Nefndin kveðst einnig veita því athygli að samkvæmt nýju lögunum hafi stéttarfélög rétt til að „gefa umsögn“ um umsóknir um atvinnuleyfi. Nefndin óskar eftir því að fá upplýsingar um það hvort neikvæð umsögn stéttarfélags hindri frjálslega framkvæmd gildandi reglna.

Sérfræðingarnir veita því athygli að útlendingaeftirlitið er nú ábyrgt fyrir útgáfu sérstakra skírteina sem þjóna því hlutverki að sanna rétt til dvalar og atvinnu á Íslandi. Nefndin óskar upplýsinga um það hvort 500 kr. gjaldið sem sett sé upp fyrir skírteinin af útlendingaeftirlitinu vegna útgáfu skírteinis sé til viðbótar við önnur gjöld, t.d. fyrir að fá atvinnu- og dvalarleyfi, eða hvort það hafi komið í stað fyrri gjalda.

Loks er óskað upplýsinga um það með hvaða hætti nýju lögin hafi falið í sér einföldun á formsreglum að því er varðar vinnu ríkisborgara annarra aðildarríkja sáttmálans, þ.e. annarra en þeirra sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Nefndin frestaði því að taka afstöðu til framkvæmdar Íslands á framkvæmd ákvæðisins þar til frekari upplýsingar hafa borist. Sama gildir um framkvæmd Íslands á 3. mgr. 18. gr.

3. mgr., um að slakað verði á gildandi reglum sem gilda um ráðningu erlends verkafólks.

Sérfræðinganefndin gerir að umtalsefni ákvæði 7. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, sem gerir ráð fyrir tvenns konar atvinnuleyfum (!). Samkvæmt ákvæði greinarinnar er hægt að veita atvinnurekanda atvinnuleyfi (tímabundið atvinnuleyfi) til að ráða útlending til tiltekinna starfa (fyrst til eins árs en hægt að framlengja það eftir það um allt að tvö ár í hvert sinn). Einnig sé hægt að veita útlendingnum „óbundið atvinnuleyfi“. Í seinna tilvikinu er útlendingurinn óbundinn atvinnurekandanum og getur tekið vinnu hjá hvaða atvinnurekanda sem vera skal að því tilskildu að hann uppfylli kröfur um menntun og þjálfun (8. gr.). Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu Íslands verði veittar upplýsingar um það hvað sé átt við með „tilteknu verkefni“ og hver sé réttarstaða útlendings með tímabundið atvinnuleyfi.

Sérfræðingarnir fjalla um ákvæði 9. gr. þar sem kveðið er á um það að útlendingur búsettur á Íslandi geti sótt um „leyfi til að starfa sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki“ að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.e. að hann sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Nefndin óskar þess að verða upplýst um það hvort veiting atvinnuleyfis leiði af sér rétt til að starfa sjálfstætt, enda þótt útlendingurinn hafi ekki lögheimili á Íslandi.

Loks er óskað upplýsinga um það með hvaða hætti nýju lögin hafi falið í sér einföldun á formsreglum að því er varðar vinnu ríkisborgara annarra aðildarríkja sáttmálans, þ.e. annarra en þeirra sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Nefndin frestaði því að taka afstöðu til framkvæmdar Íslands á framkvæmd ákvæðisins með sama hætti og að því er varðar framkvæmd 2. mgr. 18. gr. þar til frekari upplýsingar hafa borist.

Tekið skal fram að Ísland hefur ekki undirgengist skuldbindingar samkvæmt eftirtöldum greinum:

2. gr.

2. mgr., um veitingu almennra frídaga með kaupi.

4. mgr., um að verkafólki sem vinnur hættuleg eða óheilnæm störf séu veittir aukafrídagar eða vinnutími þess styttur.

7. gr.

Greinin fjallar um rétt barna og ungmenna til verndar.

8. gr.

Greinin fjallar um rétt vinnandi kvenna til verndar.

9. gr.

Greinin fjallar um rétt til leiðbeininga um stöðuval.

10. gr.

Greinin fjalla um rétt til starfsþjálfunar.

19. gr.

Greinin fjallar um rétt farandverkafólks og fjölskyldna þess til verndar og aðstoðar.

Niðurstaðan í skýrslu sérfræðinganefndarinnar XIII-1 (1990–91) var eftirfarandi:

Framkvæmd í samræmi við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu:

2.* og 3.* mgr. 1. gr.; 3. og 5. mgr. 2. gr.; 1.*, 2.* og 3.* mgr. 3. gr.; 2., 4. og 5. mgr. 4. gr.; 1., 2. og 3.* mgr. 6. gr.

Í skýrslu XIII-1 taldi nefndin sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að geta dæmt um framkvæmd eftirtalinna greina: 1.* mgr. 2. gr.; 1.* og 3.* mgr. 4. gr.; 1. og 4.* mgr. 13. gr. og 16.* gr.

Í skýrslu XIII-1 taldi nefndin Ísland ekki standa við skuldbindingar sínar í sambandi við framkvæmd eftirtalinna ákvæða: 5.* gr.; 4.* mgr. 6. gr. og 2. og 3.* mgr. 18. gr.

*) Óskað er ítarlegri upplýsinga um framkvæmd hlutaðeigandi mgr. eða gr.

Niðurstaðan í skýrslu sérfræðinganefndarinnar XIII-2 (1991–92) var eftirfarandi:

Framkvæmd í samræmi við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu:

1., 2., 3. og 4. mgr. 12. gr.; 2. og 3. mgr. 13. gr.; 16. gr.; 17. gr. og 1. og 4. mgr. 18. gr.

Í skýrslu XIII-2 taldi nefndin sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að geta dæmt um framkvæmd eftirtalinna greina: 1. og 4. mgr. 13. gr. og 2. og 3. mgr. 18. gr.

Niðurstaðan í skýrslu sérfræðinganefndarinnar XIII-3 (1991–93) var eftirfarandi:

Framkvæmd í samræmi við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu:

2. og 4. mgr. 1. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 6. gr.; 1. og 2. mgr. 15. gr.

Í skýrslu XIII-3 taldi nefndin sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að geta dæmt um framkvæmd eftirtalinna greina: 3. mgr. 1. gr.; 1. mgr. 2. gr.; 3. mgr. 4. gr.

Í skýrslu XIII-3 taldi nefndin Ísland ekki standa við skuldbindingar sínar í sambandi við framkvæmd eftirtalinna ákvæða: 5. gr.; 4. mgr. 6. gr.

Niðurstaðan í skýrslu sérfræðinganefndarinnar XIII-4 (1992–94) er eftirfarandi:
Framkvæmd í samræmi við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu:
1., 2. og 3. mgr. 11. gr.; 1. 2. og 3. mgr. 12. gr.; 2. og 3. mgr. 13. gr.
Í skýrslu XIII-4 taldi nefndin sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að geta dæmt um framkvæmd eftirtalinna greina: 4. mgr. 12. gr.; 1. og 4. mgr. 13. gr.; 1. og 4. mgr. 14. gr.; 16. gr. og 2. og 3. mgr. 18. gr.

1186. Frumvarp til laga [686. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til fimm ára í senn að fengnu áliti fagráðs stofnunarinnar. Hann skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstöðumenn setra eru ráðnir af forstjóra til fimm ára í senn.
Forstjóri hefur á hendi stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hann gerir starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og staðfestir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárreiðum þeirra og ráðstöfun fjár. Fjármál einstakra setra eru að öðru leyti á ábyrgð forstöðumanna þeirra.
Ráðherra skipar fagráð Náttúrufræðistofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Fastráðnir starfsmenn hvers seturs stofnunarinnar tilnefna einn mann í ráðið og forstöðumenn náttúrustofa með ríkisaðild í kjördæmum einn sameiginlega. Ráðherra skipar formann fagráðs án tilnefningar. Varamenn skal skipa með sama hætti.
Forstjóri boðar árlega í samráði við fagráð til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna.
Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra, forstöðumanna og fagráðs, svo og um aðsetur forstjóra á hverjum tíma.

2. gr.

Í stað orðsins „stjórnar“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: forstjóra.

3. gr.

4. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:
Náttúrugripi, þar með taldar örverur sem uppruna eiga á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra, má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stað stjórnar stofnunarinnar er í frumvarpinu lagt til að komi fagráð, sem vera skal forstjóra til ráðgjafar um fagleg málefni og stuðla að sem bestu samræmi í starfsemi setra og náttúrustofa. Skal það skipað með sama hætti og stjórn var skipuð áður. Hlutverk þess verði í raun það sama og stjórnar áður að því undanskildu að það ber ekki ábyrgð á rekstri og fjárhag stofnunarinnar. Lagt er til að forstjóri stofnunarinnar beri alla ábyrgð á fjárreiðum hennar og rekstri í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting þessi á 3. gr. laganna er m.a. lögð til vegna athugasemda sem fram koma í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar um Náttúrufræðistofnun Íslands vegna ársins 1995 sem út kom í janúar 1997. Þar segir m.a. í kafla um stjórnskipulag Náttúrufræðistofnunar:

„Í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur kemur fram að ráðherra skipar stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Stjórnin hefur samkvæmt lögunum á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og skal hafa með henni fjárhagslegt og faglegt eftirlit. Þannig segir í lögunum: „[Stjórnin] fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og fer yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárhag þeirra og ráðstöfun fjár.“ Forstjóri starfar í umboði stjórnar sem framkvæmdastjóri hennar og stofnunarinnar í heild. Samkvæmt lögum og reglugerð um stofnunina eru völd stjórnar mjög afgerandi en valdaframsal til forstjóra er mjög takmarkað. Þannig er dregið úr valdi og ábyrgð hans á ýmsum grundvallarþáttum rekstrar og stjórnunar, má þar nefna mannaráðningar, faglega yfirstjórn og fjármálastjórn. Ljóst er að svo veik staða forstjóra getur haft í för með sér ýmis stjórnunarvandamál auk þess sem ábyrgð á árangri rekstrarins verður óljós. Samstarf hefur gengið vel innan stofnunarinnar þannig að ekki hefur reynt á þessa annmarka.

Meiri hluti núverandi stjórnar, eða tveir af þremur stjórnarmönnum, er tilnefndur af undirmönnum forstjóra, en stjórnin er skipuð fulltrúum fastra starfsmanna setranna tveggja, auk formanns sem ráðherra skipar án tilnefningar. Þá skipa forstöðumenn náttúrustofa með ríkisaðild einn fulltrúa sameiginlega samkvæmt lögunum.

Ljóst er að staða og skipan stjórnar Náttúrufræðistofnunar getur leitt til margs kyns vandamála og telur Ríkisendurskoðun að taka þurfi þessa þætti til endurskoðunar.“

Önnur breyting á 3. gr. laganna sem lögð er til er að nú skipi forstjóri forstöðumenn setra stofnunarinnar í stað ráðherra og er þessi breyting í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skv. 6. mgr. 3. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, skipar umhverfisráðherra forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra hennar til fimm ára í senn. Í nýjum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sem öðluðust gildi 1. júlí 1996, er gerður greinarmunur á starfsmönnum eftir því hvort þeir gegna „störfum“ sem lögin ná til eða „embættum“, en í síðara tilvikinu er einungis átt við starf sem maður er skipaður til að gegna, sbr. 22. gr. þeirra laga. Þar eru taldir upp þeir starfsmenn ríkisins sem teljast embættismenn og kemur fram að í þeim hópi eru forstöðumenn ríkisstofnana, sbr. 13. tölul. 1. mgr. Jafnframt segir í síðari málsgrein 22. gr. að fjármálaráðherra skeri úr því hvaða starfsmenn falli undir 13. tölul. 1. mgr. og skuli fyrir 1. febrúar ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn.

Þar sem forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands er eini embættismaður stofnunarinnar í skilningi áðurnefndra laga er lagt til að forstjóri verði einn skipaður af ráðherra og forstöðumenn setra og annað starfsfólk verði ráðið af forstjóra.

Í samningi um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland hefur staðfest er viðurkennt að þau verðmæti sem finna megi í lífríki einstakra landa tilheyri upprunalandinu og utanaðkomandi aðilum sé óheimilt að hagnýta sér slík verðmæti án samþykkis og eftirlits viðkomandi lands. Með breytingu á 4. mgr. 15. gr. laganna er stefnt að því að tryggja markmið samningsins að þessu leyti, en ekki hafa verið sett lög á Íslandi sem hafa beinlínis þann tilgang.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands verði lögð niður en í stað hennar verði skipað fagráð. Skipan og hlutverk fagráðsins er svipað og stjórnarinnar samkvæmt núgildandi lögum að því undanskildu að það ber ekki ábyrgð á rekstri og fjárhag stofnunarinnar. Á síðasta ári nam kostnaður vegna stjórnarinnar um 0,5 m.kr. Ætla má að kostnaður við rekstur ráðsins verði ívið minni en að öðru leyti er ekki talið að framangreind breyting hafi í för með sér áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1187. Lög [555. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 1180.

1188. Lög [556. mál]

um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 1181.

1189. Svar [626. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um endurskoðun laga um háskóla.

1. *Er unnið að endurskoðun sérlaga um einstaka skóla á háskólastigi í framhaldi af samþykkt rammalaga um háskóla?*

Já. Lög nr. 136/1997, um háskóla, bjóða að þeir háskólar sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skuli innan tveggja ára frá 1. janúar 1998 að telja laga starfsemi sína að þeim lögum. Jafnframt er lögboðið að fyrir 1. janúar 2000 skuli lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra háskóla sem nú starfa. Af hálfu menntamálaráðuneytisins er lögð áhersla á að staðið verði við þessa lagaskyldu og er því endurskoðun sérlaga um háskólastofnanir þegar hafin.

Þegar hafa verið samþykkt ný lög um Kennaraháskóla Íslands með hliðsjón af háskólalögunum þar sem fjórar stofnanir voru sameinaðar í einn háskóla. Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um Háskólann á Akureyri er einnig byggist á háskólalögunum. Endurskoðun á lögum um Tækniskóla Íslands er hafin. Á undanförnum missirum hefur Háskóli Íslands haft forgöngu um endurskoðun laga um HÍ án þess að tillögur frá stofnuninni liggi fyrir í þeim efnum. Endurskoðun löggjafar um búnaðarnám á háskólastigi hefur vegna búnaðarfræðslulaga verið til sérstakrar skoðunar í landbúnaðarráðuneytinu í samráði við menntamálaráðuneytið.

2. *Hverjir vinna að endurskoðuninni í hverjum skóla fyrir sig?*

Drög að tillögu að frumvarpi til laga um Háskólann á Akureyri voru unnin í menntamálaráðuneytinu og síðan send til umsagnar hjá háskólanefnd Háskólans á Akureyri. Auk þess var haft samráð við rektor Háskólans á Akureyri við endurskoðunina. Háskólanefndin boðaði fulltrúa ráðuneytisins á viðræðufund um drögin og leiddi það til endurskoðunar á þeim, sem og formleg umsögn nefndarinnar. Við endanlega gerð frumvarps þess sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi var höfð hliðsjón af athugasemdum háskólanefndarinnar og rektors Háskólans á Akureyri.

Á vegum menntamálaráðuneytisins er nú unnið að endurskoðun laga um Tækniskóla Íslands og gerð tillögu að frumvarpi til laga um Tækniháskóla Íslands. Viðræður hafa farið fram við rektor Tækniskóla Íslands og deildarstjóra skólans vegna endurskoðunarinnar. Þegar fullbúin drög að endurskoðuðum lögum liggja fyrir verða þau send rektor, stjórnendum skólans og skólanefnd Tækniskólans til formlegrar umsagnar. Ráðgert er að leggja fram frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands næsta haust.

Endurskoðun laga um Háskóla Íslands hefur, eins og áður segir, verið í höndum Háskóla Íslands. Menntamálaráðuneytið féllst á beiðni Háskóla Íslands um að tilnefnda þrjá fulltrúa til setu í lagaendurskoðunarnefnd Háskóla Íslands haustið 1996. Háskólaráð hefur nú ákveðið að breyta tilhögun á endurskoðunarvinnunni og samþykkti á fundi sínum 26. mars sl. að leysa nefndina frá störfum og fela rektor Háskóla Íslands að hafa forræði fyrir endurskoðunarstarfinu.

3. *Hvaða fulltrúar viðkomandi skóla koma að endurskoðuninni í hverju tilfelli?*

Sjá svar við 2. spurningu.

4. *Hvernig eru þeir tilnefndir og skipaðir eða ráðnir sem vinna að endurskoðuninni?*

Um ráðningu þeirra sem koma að endurskoðun sérlaga innan hverrar stofnunar vísast til almennra reglna um ráðningarkjör starfsmanna ríkisins. Þeir sem vinna að endurskoðun sérlaga og gerð tillagna á vegum menntamálaráðherra eru embættismenn ráðuneytisins sem skipaðir eru eða ráðnir í störf. Þá nýtur ráðuneytið aðstoðar Gunnars Jóhanns Birgissonar hæstaréttarlögmanns við endurskoðunina og er hann ráðinn til þess verks með sérstöku samkomulagi, en hann vann einnig að því að semja lög um háskóla og sat í nefnd þeirri sem samdi stjórnsýslulög og upplýsingalög á sínum tíma.

5. *Hvenær er gert ráð fyrir að endurskoðuninni ljúki?*
Af hálfu menntamálaráðuneytisins er lögð áhersla á að endurskoðun sérlaga um háskóla sem nú starfa verði lokið eigi síðar en í ágúst á þessu ári.

6. *Er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á starfsháttum einstakra skóla í þeirri endurskoðun sem unnið er að?*
Endurskoðun laganna tekur mið af lögum um háskóla, nr. 136/1997.

1190. Tillaga til þingsályktunar [687. mál]

um nýtt starfsheiti fyrir ráðherra.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta undirbúa breytingar á stjórnarskrá og lögum til að taka megi upp nýtt starfsheiti ráðherra sem bæði kynin geta borið. Nauðsynleg lagafrumvörp verði lögð fram á næsta þingi.

Greinargerð.

Sú þróun hefur átt sér stað í hefðbundnum kvennastéttum þegar karlar hafa haslað sér þar völl að starfsheitum hefur verið breytt til þess að bæði kynin gætu borið þau. Þannig urðu hjúkrunarkonur að hjúkrunarfræðingum, fóstrur urðu leikskólakennarar og Fóstruskóla Íslands var breytt í Fósturskóla Íslands, m.a. af tillitssemi við karla því að ekki þótti boðlegt fyrir karlmenn að vera kvenkenndir. Um eðlilega og sjálfsagða leiðréttingu var að ræða. Ef orðin ráðherra og sendiherra væru t.d. „ráðfrú“ og „sendifrú“ hefði eflaust einnig þótt sjálfsagt að breyta starfsheitinu um leið og fyrsti karlmaðurinn tók að sér slíkt embætti. Það er því í fyllsta samræmi við þessa þróun að breyta einnig starfsheitum í hefðbundnum karlastéttum, þannig að konur geti borið þau. Ráðherraembætti eiga ekki að vera eyrnamerkt körlum.

Orðið ráðherra ber þess merki að æðsta stjórn landsins er í höndum karla, enda var það svo að frá stofnun lýðveldisins og fram til ársins 1970 gegndi engin kona embættinu. Á lýðveldistímanum hafa 98 karlar gegnt ráðherraembætti en aðeins 5 konur, og um þessar mundir er 99. karlinn að taka við embætti. Það særir ekki málkennd manna þótt konur séu forsetar, kennarar eða forstjórar en öðru máli gegnir um orðið „herra“. Það stríðir ekki einungis gegn málvitund okkar að kona sé herra, heldur er það merkingarlega útilokað að kona sé herra á sama hátt og karl getur ekki verið frú. Orðið herra merkir tvennt samkvæmt orðabók Menningarsjóðs, annars vegar titil karlmanns og hins vegar húsbónda eða yfirmann og ljóst er að síðarnefnda merkingin er frá þeim tíma þegar aðeins karlar gegndu slíkum stöðum. Það er því mikið réttlætismál að þessum starfsheitum verði breytt. Sömu rök eiga við um stöðuheitin sendiherra og skipherra sem væntanlega eru einnig formlega opin fyrir konur.

Í nágrannalöndum okkar eru mun kynhlutlausari orð notuð yfir þá sem sæti eiga í ríkisstjórn, samanber „secretary“ í Bandaríkjunum og Englandi og „minister“ á Norðurlöndum, Þýskalandi og Frakklandi. Þrátt fyrir það hafa ráðakonur gert athugasemdir við slíka titla og er þess skemmst að minnast að franskir kvenráðherrar notuðu starfstitla sína í kvenkyni.

Þær kalla sig „madame la ministre“ í stað hins hefðbundna „le ministre“. Því var mótmælt af frönsku akademíunni og bent á að slíkt væri málfræðivilla. Eðlileg lausn hefði getað verið sú að skipta um heiti á embættinu eða að öðrum kosti að heimila þá notkun sem konunum fannst sér samboðin. Því er ekki haldið fram að um mannréttindabrot sé að ræða, en það er óvirðing að karlkenna konu á sama hátt og það er óvirðing að kvenkenna karl.

Í stjórnarskránni er talað um ráðherra í 13.–19. gr. og í 54.–56. gr. Þar sem um brýnt mál er að ræða þarf að athuga hvort hægt sé að breyta starfsheitinu strax á næsta þingi með nauðsynlegum lagabreytingum þó að breytingarnar á stjórnarskránni taki gildi síðar.

Í tillögu þessari er ekki stungið upp á nýju orði í stað ráðherra. Aðalatriðið er að nota orð sem hentar báðum kynjum. Á Íslandi finnast ótal dæmi um snilldarlega nýsmíði orða. Leita ætti eftir tillögum t.d. hjá íslenskri málnefnd og heimspekideild Háskóla Íslands. Vel kæmi einnig til greina að fram færi vel auglýst samkeppni um verðugt orð yfir þessi mikilvægu embætti þjóðarinnar sem konur hljóta að gegna í æ ríkari mæli á komandi árum.

1191. Fyrirspurn [688. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tóbaksvarnir.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur.

1. Hver er reynslan af þeirri hækkun sem varð á framlagi til tóbaksvarna á árinu 1996 þegar lögfest var að 0,7% af brúttósölu tóbaks í stað 0,2% áður skyldi varið til tóbaksvarna?
2. Hvernig hefur þessum fjármunum verið varið?
3. Hvernig hyggst tóbaksvarnanefnd bregðast við endurteknum niðurstöðum kannana sem sýna að reykingar hafa aukist hjá ungu fólki?

1192. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sesselju Árnadóttur og Húnboga Þorsteinsson frá félagsmálaráðuneyti, Þórð Skúlason, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Halldór Hróarr Sigurðsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda og Láru Sverrisdóttur frá Ríkisendurskoðun, Gunnar Guttormsson frá Einkaleyfastofunni, Snæbjörn Jónasson frá samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, Trausta Valsson prófessor, Þorkel Helgason orkumálastjóra, Örn Marinósson, Helga Bjarnason og Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun, Pál Sigurðsson prófessor, Jón Helgason frá Landvernd, Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Jóhann Guðmundsson, oddvita Svínavatnshrepps, Sigríði Lillý Baldursdóttur frá byggðarmerkjanefnd og Ómar Ragnarsson fréttamann.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Akureyrarbæ, Egilsstaðabæ, Eyþingi, Ísafjarðarbæ, Torfalækjarhreppi, Hvammstangahreppi, Djúpavogshreppi, Skeggjastaðahreppi, Skipulagi ríkisins, Mjóafjarðarhreppi, Hríseyjarhreppi, Reykjanesbæ, Lýtingsstaðahreppi, Þingvallahreppi, Hveragerðisbæ, Holta- og Landsveit, Tálknafjarðarhreppi, Djúpárhreppi, Akraneskaupstað, Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Súðavíkurhreppi, Félagi leiðsögumanna, Borgarbyggð, Þorkelshólshreppi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Selfossbæ, Einkaleyfastofunni, Stöðvarhreppi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Eyjafjarðarsveit, Garðabæ, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Snæfellsbæ, Sandgerðisbæ, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Ríkisendurskoðun, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Páli Sigurðssyni prófessor og Orkustofnun. Nefndinni barst jafnframt samantekt úr formlegum athugasemdum sem gerðar hafa verið við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins frá Trausta Valssyni prófessor.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, með síðari breytingum. Mikil reynsla hefur fengist af framkvæmd sveitarstjórnarlaga og þótti tími til kominn að taka þau til heildarendurskoðunar til að sníða af annmarka og bæta við ákvæðum sem hefur vantað. Athugasemdir vegna þessa hafa fyrst og fremst komið frá sveitarfélögum og félagsmálaráðuneytinu. Miðað við núgildandi sveitarstjórnarlög er breytt nokkuð skipulagi og uppröðun einstakra ákvæða en einnig er um efnislegar breytingar að ræða. Fyrst má nefna að lagt er til að landið allt skiptist í sveitarfélög en ekki einvörðungu byggðin og afréttir. Þá er felldur brott III. kafli laganna um kosningu til sveitarstjórna, en Alþingi samþykkti nýverið samnefnd lög um það efni. Í kaflanum um fjármál sveitarfélaga eru gerðar breytingar á skyldum sveitarfélaga varðandi upplýsingagjöf um fjármál sín og félagsmálaráðuneytinu gert auðveldara um vik að bregðast við alvarlegum fjárhagsvanda sveitarfélags. Þannig er gert ráð fyrir þriggja manna eftirlitsnefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Að lokum má jafnframt nefna að rýmkuð eru ákvæði laganna varðandi nafngiftir sveitarfélaga og felldur brott allur greinarmunur á sveitarfélögum eftir fjölda íbúa.

Nefndin leggur til breytingu á ákvæði til bráðabirgða til samræmis við stjórnarfrumvarp til laga um þjóðlendur sem nú liggur fyrir þinginu. Í ákvæðinu er að finna leiðbeiningar um hvernig skipa skuli þeim hlutum landsins innan staðarmarka sveitarfélaga sem ekki hefur nú þegar verið skipað þar, þar með talið jöklum. Lagt er til að svokölluð óbyggðanefnd, sbr. frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, leysi úr ágreiningi um stjórnsýslumörk og önnur mörk á miðhálendinu. Þá er lagt til að á meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga geti félagsmálaráðherra staðfest samkomulag sem sveitarfélögin hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.

Miklar umræður urðu í nefndinni um 1. gr. frumvarpsins auk ákvæðis til bráðabirgða. Meiri hluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að heildstætt skipulag væri eðlilegt á miðhálendinu og mikilvægt að afréttir og þjóðlendur á því svæði verði svæðisskipulögð sem ein heild. Meiri hlutinn vekur í þessu sambandi athygli á 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, en þar kemur fram í 1. mgr. að svæðisskipulag skuli gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili. Í athugasemdum við 12. gr. skipulags- og byggingarlaga kemur fram að stefna sveitarstjórna skuli samræmd. Með vaxandi byggð, nýjum og fullkomnum samgönguæðum og nýjum viðhorfum á sviði atvinnumála hafi skapast þörf fyrir gerð svæðisskipulags sem nær yfir heilt hérað eða nokkur sveitarfélög í senn. Þá kemur fram að ákvæði um samfellt skipulag nærliggjandi sveitarfélaga hafi verið

í 3. og 12. gr. eldri skipulagslaga og hafi í auknum mæli verið unnið eftir þeim ákvæðum á undanförnum árum. Í 6. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga kemur jafnframt fram að á svæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Slíkt svæðisskipulag getur náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélaga. Að mati meiri hlutans getur ráðherra þannig ákveðið að fulltrúar t.d. allra landshlutasamtaka sveitarfélaga, þar með talið höfuðborgarsvæðisins, geti átt aðild að þeirri nefnd og þar með að svæðisskipulagi miðhálendisins.

Samkvæmt eldri skipulags- og byggingalögum er nú starfandi samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins sem hefur lagt fram tillögur að svæðisskipulagi þess og er nú að vinna úr athugasemdum og umsögnum sem bárust. Nefndin var skipuð fulltrúum þeirra 13 héraðsnefnda sem hlut eiga að máli og umhverfisráðherra skipaði formann.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 4. gr. þannig að sveitarstjórn geti ekki ákveðið nafn sveitarfélags nema að fenginni umsögn örnefnanefndar, sbr. lög um bæjanöfn, nr. 35/1953. Nú liggur fyrir þinginu frumvarp til laga um breytingu á þeim lögum og hefur menntamálanefnd þingsins afgreitt breytingartillögur við frumvarpið þar sem fram kemur að örnefnanefnd skuli fjalla um nafngiftir tiltekinna býla, jafnframt skuli hún úrskurða um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands og að lokum skeri hún úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Nefndinni er heimilt að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar. Með tilliti til þessa hlutverks örnefnanefndar þykir meiri hluta nefndarinnar eðlilegt að örnefnanefnd verði höfð með í ráðum hvað varðar framangreint.
2. Lögð er til breyting á 5. gr. um byggðarmerki. Lagt er til það nýmæli að skráning byggðarmerkja fari fram hjá Einkaleyfastofunni og að slík skráning sé forsenda fyrir því að sveitarfélag hafi einkarétt á notkun byggðarmerkis. Hér er stuðst við danskar reglur um skráningu byggðarmerkja sem þykja hafa gefist vel. Eðlilegt þykir að fela Einkaleyfastofunni þetta hlutverk því þar er fyrir hendi þekking á skráningu vörumerkja. Við könnun á skráningarhæfi byggðarmerkja þarf að ganga úr skugga um að hinir myndrænu þættir byggðarmerkja brjóti ekki á rétti annarra, hvort heldur um ræðir auðkenni sem njóta verndar samkvæmt vörumerkjalögum eða höfundalögum, svo dæmi sé tekið. Enn fremur þurfa byggðarmerki að uppfylla kröfur skjaldarmerkjafræðinnar („heraldiske prinsipper“) en í þeim efnum má taka mið af gildandi reglum annars staðar á Norðurlöndum. Lagt er til að iðnaðarráðherra setji reglur um fyrrgreind skilyrði ásamt öðrum skilyrðum er varða umsóknir og skráningu byggðarmerkja þar sem Einkaleyfastofan heyrir undir það ráðuneyti.
3. Lögð er til breyting á 7. gr. er fjallar um almennar skyldur sveitarfélaga. Fjölmörg sveitarfélög reka fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafa fyrirtækin greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hefur leyft. Þessi háttur hefur t.d. verið hafður hjá fyrirtækjum borgarsjóðs í a.m.k. 60 ár og hafa gjaldskrár fyrirtækjanna, sem staðfestar hafa verið af viðkomandi ráðuneyti, tekið mið af þessu. Ótvíræða heimild til þessa hefur hins vegar hingað til vantað í löggjöf. Í framhaldi af þessu mun þurfa að gera breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, til þess að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð.

4. Lagðar eru til breytingar á 13. gr. sem fjallar um fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar. Í fyrsta lagi er lagt til að tekið verði skýrt fram hvenær nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum, sbr. sambærilegt ákvæði í lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998. Í öðru lagi er tekið á því að sú staða getur komið upp að aldursforseti eigi stuttan feril sem fulltrúi í sveitarstjórn eða jafnvel að hann sé að sitja sinn fyrsta fund. Eðlilegra þykir því að sá sem lengsta reynslu hefur sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn stjórni upphafi fyrsta fundar á nýju kjörtímabili.
5. Lögð er til breyting á 3. mgr. 19. gr. sem fjallar um hæfi sveitarstjórnarmanna. Bætt er við að um sé að ræða tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn. Þannig er tekið skýrt fram að það eigi einungis við það tiltekna mál sem er til umræðu.
6. Lögð er til breyting á 42. gr. er fjallar um kjörgengi starfsmanna. Bætt er við til samræmingar við önnur ákvæði frumvarpsins að þeir séu ekki heldur kjörgengir í nefndir og ráð er fjalla um viðkomandi málaflokka.
7. Lögð er til breyting á 61. gr. er fjallar um fjárhagsáætlun þar sem lagt er til að skil á henni verði óbreytt frá gildandi lögum.
8. Lögð er til breyting á 65. gr. er fjallar um miklar fjárfestingar. Þannig er lagt til að skylt verði að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlun ef áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í fjárfestingunni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs.
9. Lögð er til breyting á 74. gr. um eftirlitsnefndir þannig að ákvarðanir hennar verði ekki endanlegar á stjórnsýslusviðinu heldur verði hægt að kæra þær til ráðherra.
10. Lögð er til breyting á 94. gr. þannig að hægt sé að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma en að slík sameining hafi ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á að hér sé átt við sameiningu nærliggjandi og nálægra sveitarfélaga.

Pétur H. Blöndal og Siv Friðleifsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara og vilja að fram komi að þau telja rangt að skipta skipulags- og byggingarmálum miðhálendisins upp milli 42 sveitarfélaga sem í mörgum tilvikum ganga þvert á landslagsheildir, svo sem jökla, hraunbreiður, sanda og gróðurbelti. Réttara væri að miðhálendið, svæði innan línu dreginnar milli heimalanda og afrétta, væri ávallt skipulagt sem ein heild og að fulltrúar allra landsmanna taki þátt í ákvörðun um það skipulag.

Kristín Ástgeirsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara sem m.a. lýtur að því að gera þurfi breytingu á skipulags- og byggingarlögum samhliða afgreiðslu þessa frumvarps eigi skipulag hálendis Íslands að vera með ásættanlegum hætti. Þær breytingar verði að fela í sér á afdráttarlausan hátt að miðhálendið verði skipulagt sem heild og að fleiri komi að þeirri vinnu og ákvarðanatöku en aðliggjandi sveitarfélög. Er þar átt við fulltrúa tilnefnda af ríkinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd þjóðarinnar allrar.

Alþingi, 18. apríl 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., með fyrirvara.	Magnús Stefánsson, frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Kristján Pálsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Siv Friðleifsdóttir, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.		Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1193. Breytingartillögur [288. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (MS, KPál, ArnbS, EKG, SF, PHB, KÁ, ÖJ).

1. Í stað 1. málsl. 4. gr. komi fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til breytingar á nafni þess, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga, skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem kjósa skal um. Nefndin skal skila áliti sínu innan þriggja vikna. Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og málvenju.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag.
   Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofunni sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.
   Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.
   Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá.
3. Við 7. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.
   Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.
5. Við 19. gr. Á eftir orðinu „undirbúa“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: tiltekið.
6. Við 42. gr. Á eftir orðunum „kjörgengir í“ komi: nefndir, ráð og.
7. Við 61. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Fyrir lok janúarmánaðar skal sveitarstjórn gera fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár.
   b. 3. málsl. 2. mgr. verði ný 3. mgr.
8. Við 65. gr.
   a. Fyrri málsliður orðist svo: Hyggist sveitarstjórn ráðast í fjárfestingu og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í henni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Miklar fjárfestingar.*
9. Við 74. gr.
   a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar og ákvæði 3. mgr. 61. gr.

b. 5. mgr. falli brott.

10. Við 87. gr. Greinin orðist svo:
Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu.

11. Við 94. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma, en slík sameining hefur ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

12. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal þeim hlutum landsins, þar með talið jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga á grundvelli 1. eða 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, skipað innan staðarmarka sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:
Eignarlandi skal skipað innan staðarmarka sama sveitarfélags og sú jörð sem það hefur áður tilheyrt nema fyrir liggi sérstakar heimildir um annað.
Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker úr um málið óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Óbyggðanefnd skal einnig skera úr ágreiningi sem rís vegna 2. mgr.
Þegar óbyggðanefnd úrskurðar að landsvæði skuli teljast þjóðlenda skal nefndin kveða á um hvernig þeim hluta þess sem ekki telst afréttur skuli skipað innan staðarmarka sveitarfélaga. Skal miðað við að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið á jöklum, en þó þannig að fylgt sé náttúrulegum mörkum eða mörkum sem byggjast á sérstökum heimildum um mörkin, þar sem nefndin telur það betur eiga við. Óbyggðanefnd getur í þessu tilviki breytt mörkum frá því sem kann að hafa verið samið um milli sveitarfélaga, þar með talið samkvæmt heimild í 5. mgr. ákvæðis þessa og 2. mgr. 3. gr. laga þessara, eða þau ákveðin með öðrum hætti.
Meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði, sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, getur félagsmálaráðherra staðfest samkomulag sem sveitarfélög hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.
Félagsmálaráðuneytið skal birta auglýsingu um ákvörðun á staðarmörkum sveitarfélaga samkvæmt ákvæði þessu í Stjórnartíðindum.

1194. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Orra Hauksson og Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti. Þá komu til fundar Kristín Guðmundsdóttir frá Granda hf., og Ingimar Sigurðsson frá Nýju bílahöllinni.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Kvikmyndaskoðun, Ferðamálaráði, yfirdýralækni, Siglingastofnun Íslands, Lyfjaeftirliti ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Flugmálastjórn, Samtökum iðnaðarins, Löggildingarstofu, Vinnueftirliti ríkisins, Vátryggingaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Iðntæknistofnun og Sýslumannafélagi Íslands.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að skapa fastan grundvöll fyrir samhæfingu opinberrar eftirlitsstarfsemi og tryggja vönduð vinnubrögð við undirbúning og setningu eftirlitsreglna, sem og við endurskoðun þeirra. Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera eru sett ákveðin markmið og lagt til að metið verði á markvissan hátt eftir hlutlægum mælikvarða hvort reglur þar að lútandi nái þessum markmiðum. Slík eftirlitsstarfsemi á bæði við um setningu þeirra reglna sem efni frumvarpsins tekur til og framkvæmd þeirra. Forsætisráðuneyti er falið að gegna ákveðnu samhæfingarhlutverki í þessu skyni og skal fylgjast með því að farið sé að ákvæðum laganna. Ráðuneytið skal hafa yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi og annast heildarmat á áhrifum hennar, tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni og móta aðferðir við mat á eftirlitsstarfsemi.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um heiti frumvarpsins. Meiri hlutinn telur eðlilegt og til skýringar að í stað þess að tala um eftirlitsstarfsemi hins opinbera verði fyrirsögn frumvarpsins breytt í frumvarp til laga um eftirlitsstarfsemi í skjóli opinbers valds. Með því móti skírskotar heiti frumvarpsins með skýrari hætti jafnt til þeirrar eftirlitsstarfsemi sem stjórnvöld annast sjálf og til þess þegar einkaaðilum hefur með lögum eða heimild í lögum verið falið að hafa slíkt stjórnsýsluhlutverk með höndum. Þá var einnig rætt um þau skilyrði sem leggja ber til grundvallar við mat á því hvort eftirlitsreglur teljist ná þeim markmiðum sem frumvarpið stefnir að og felast í því að hið opinbera skuli því aðeins standa fyrir eftirlitsstarfsemi að kostnaður sé eins takmarkaður og unnt er, að ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn, að sama árangri verði ekki náð með öðrum aðferðum, að eftirlitsstarfsemi leiði ekki til mismununar og takmarki ekki athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist þess. Meiri hlutinn leggur áherslu á að túlka beri þau orð 2. gr. að ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn á þann veg að ávinningur sé talinn það mikill að hann réttlæti kostnaðinn. Víða hefur hins vegar verið tilhneiging til að meta ávinning nýrra reglna of mikinn. Greining á kostnaði og ábata hefur því veitt of mörgum nýjum reglusetningum gæðastimpil og ekki skilað því aðhaldi sem ákvæði frumvarpsins stefna að.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 1., 4., 5. og 6. gr., meðal annars með hliðsjón af tillögu um breytingu á fyrirsögn frumvarpsins sem lagt er til að verði frumvarp til laga um eftirlitsstarfsemi í skjóli opinbers valds.
2. Lagðar eru til tvær breytingar á 3. mgr. 3. gr. Annars vegar er lögð til orðalagsbreyting og hins vegar er lagt til að forsætisráðherra skuli setja nánari reglur um mat á eftirlitsreglum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja við undirbúning að setningu laga og reglna í stað þess að einungis sé kveðið á um þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja í lögum og reglugerðum. Með þessu er lögð áhersla á að eftirlitið eigi ekki að koma eftir á.
3. Loks er lagt til að við bætist ný grein, er verði 8. gr., þar sem kveðið verði á um að forsætisráðherra skuli að jafnaði á þriggja ára fresti gefa Alþingi skýrslu um áhrif laganna, störf ráðgjafarnefndar skv. 6. gr. og önnur tengd atriði. Þá er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein sem segi að forsætisráðherra skuli fyrir lok yfirstandandi kjörtímabils Alþingis skila slíkri skýrslu.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Pétur H. Blöndal.

Einar Oddur Kristjánsson. Gunnlaugur M. Sigmundsson.

1195. Breytingartillögur [346. mál]

við frv. til l. um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, EOK, PHB, GMS).

1. Við 1. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi ná til reglna um eftirlit í skjóli opinbers valds með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja, þar með taldra reglna sem er ætlað að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, neytendavernd, samkeppni, eðlilegum viðskiptaháttum og getu fyrirtækja og fjármálastofnana til að standa við skuldbindingar sínar.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „með reglugerð“ í fyrri málslið 3. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „í lögum og reglugerðum“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: við undirbúning að setningu laga og reglna.
   c. Í stað orðanna „Reglugerðin getur“ komi: Reglurnar geta.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „Reglugerðir um eftirlitsstarfsemi“ í upphafi 1. mgr. komi: Eftirlitsreglur.
   b. Í stað orðsins „reglugerða“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: eftirlitsreglna.
   c. Í stað orðsins „reglugerða“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: eftirlitsreglna.
   d. Í stað orðanna „annast framkvæmd á“ í niðurlagi fyrri málsliðar 2. mgr. komi: setur.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „Framkvæmd“ í upphafi greinarinnar komi: Eftirlit með framkvæmd.
   b. 1. tölul. orðist svo: Hafa yfirsýn yfir eftirlitsreglur og annast heildarmat á áhrifum þeirra og eftirlits í skjóli opinbers valds.
   c. Í stað orðanna „hins opinbera“ í 2. tölul. komi: í skjóli opinbers valds.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna „hins opinbera“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: í skjóli opinbers valds.
6. Á eftir 7. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Forsætisráðherra skal að jafnaði á þriggja ára fresti gefa Alþingi skýrslu um áhrif laga þessara, störf ráðgjafarnefndarinnar og önnur tengd atriði.
7. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Forsætisráðherra skal fyrir lok yfirstandandi kjörtímabils Alþingis skila skýrslu eins og kveðið er á um í 8. gr.
8. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um eftirlitsstarfsemi í skjóli opinbers valds.

1196. Frumvarp til laga [689. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Aðgangur að vegamannvirkjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að skatthlutfall vegna gjaldtöku fyrir aðgang að vegamannvirkjum verði 14%, en samkvæmt gildandi lögum er skatthlutfallið 24,5%. Verði frumvarp þetta að lögum mun ákvæðið taka til sölu á aðgangi að vegamannvirkjum án tillits til hverrar tegundar vegamannvirkið er að því tilskildu að seldur sé aðgangur að því. Frumvarp þetta er í samræmi við þingsályktunartillögu sem samþykkt var árið 1994, á 117. löggjafarþingi, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Með lögum nr. 45/1990, um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, var kveðið á um heimild til gjaldtöku af umferð um vegamannvirki sem reist yrði í því skyni að koma á vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Í áðurnefndri þingsályktunartillögu var staðfestur samningur við hlutafélagið Spöl hf. um einkarétt til að annast undirbúning, fjármögnun, framkvæmdir og rekstur vegamannvirkis á viðskiptagrundvelli með gjaldtöku af umferð í tiltekinn tíma. Í áðurnefndum samningi er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af umferðartekjum vegna reksturs Hvalfjarðarganganna verði ekki hærri en 14%.

Frumvarp þetta miðar að því að breyta 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, til samræmis við þær skyldur sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur gagnvart Speli hf. Þar sem farið er að líða að því að lokið verði við þetta mannvirki er nauðsynlegt að Alþingi taki ákvörðun um þá breytingu á lögum um virðisaukaskatt að skatthlutfallið verði 14%.

1197. Svar [627. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um gjaldtöku af nemendum í skólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Í hvaða sérskólum eða skólum á háskólastigi eru nýttar heimildir til gjaldtöku af nemendum?*
2. *Hvers eðlis er gjaldtakan og um hve háar fjárhæðir er að ræða fyrir einstaka þætti, í einstökum skólum og í heild?*
3. *Hvernig er staðið að gjaldtöku þegar um er að ræða endurtekningu prófa vegna veikindaforfalla nemenda og um hve háar upphæðir getur verið að ræða?*
4. *Á hvaða lagaákvæðum byggist gjaldtakan í hverjum skóla fyrir sig?*
5. *Hvernig nýta einstakir skólar sér heimildir til gjaldtöku?*

Ráðuneytið leitaði upplýsinga frá sérskólum og skólum á háskólastigi og er svarið byggt á upplýsingum sem bárust frá þeim.

1	*2*	*3*	*4*	*5*
Háskóli Íslands	Skrásetningargjald, 24.000 kr., er innheimt af hverjum stúdent, sbr. 1. og 6. mgr. 21. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1996. Háskólaráði er heimilt að verja allt að 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta og 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi á milli Háskólans og stúdentaráðs. Þetta hefur verið gert. Árið 1997 námu skrásetningargjöld í heild 133,3 millj. kr. (miðað við 5.560 stúdenta), þar af var hlutur Háskólans 102,7 millj. kr., Félagsstofnunar 17,3 millj. kr. og stúdentaráðs 13,3 millj. kr. Háskólinn innheimti árið 1997 um 2 millj. kr. vegna útprentunar nemenda á geislaprenturum umfram kvóta (hver nemandi hefur kvóta sem nemur 100 síðum og greiðir síðan 495 kr. fyrir næstu 50 síður þar fram yfir), auk þess seldi Háskólinn kennsluskrár (til aðila utan HÍ á 1.000 kr. stk.) og vottorð fyrir samtals 2,2 millj. kr. (ýmis aukaeintök af vottorðum umfram þau eintök sem nemendur fá afhend (send) reglubundið, 100 kr. fyrir hvert vottorð). Litið er á þetta tvennt (viðbótarútprentun og aukavottorð/kennsluskrár) sem þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem Háskólanum er skylt að veita.	Á ekki við í HÍ	Sjá lið 2.	Sjá lið 2.
Háskólinn á Akureyri	Skrásetningargjald er 24.000 kr. en 13% af gjaldinu renna til Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og 10% til Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri. Háskólinn á Akureyri hefur gert samninga við báða framangreinda aðila og hefur háskólanefnd staðfest samningana. Ákvæði þetta er að finna í 1. gr. laga nr. 30/1996.	Engin gjaldtaka.	Samkvæmt lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.	Heimild til gjaldtöku var nýtt.
Kennaraháskóli Íslands	Skrásetningargjald er 18.200 kr. Auk þess er innheimt efnisgjald í verklegum námskeiðum en gjaldið mismunandi og eftir efnisnotkun. Skrásetningar- og efnisgjöld voru samtals 14.026.000 kr. árið 1997. Nemendafélagsgjald KHÍ er 5.800 kr.	Engin gjaldtaka.	Skv. 11. gr. laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, og 23. gr. reglugerðar nr. 496/1990, um Kennaraháskóla Íslands.	Heimild til gjaldtöku var nýtt.
	Fósturskóli Íslands Skrásetningargjald af nemendum í staðbundnu námi er 9.000 kr., þar af 1.000 kr. efnisgjald. Af nemendum í fjarnámi var innheimt skrásetningargjald að upphæð 6.750 kr. Skrásetningar- og efnisgjöld voru samtals 2.609.000 kr. árið 1997.	Engin gjaldtaka.		Heimild til gjaldtöku var nýtt.
	Þroskaþjálfaskóli Íslands Skrásetningar- og efnisgjald er 10.000 kr. og var samtals 880.000 kr. árið 1997.	Engin gjaldtaka.		Heimild til gjaldtöku var nýtt.
	Íþróttakennaraskóli Íslands Skrásetningargjald er 6.000 kr., efnisgjald 8.000 kr. Skrásetningar- og efnisgjöld voru samtals 204.000 kr. árið 1997.	Engin gjaldtaka.		Heimild til gjaldtöku var nýtt.

1	*2*	*3*	*4*	*5*
Tækniskóli Íslands	Innritunargjald: 10.000 kr. á önn. Endurtaka prófa vegna falls: 5.000 kr. hver áfangi. Fyrir endurútgáfu prófskírteinis: 2.000 kr. hvert sinn. Útgáfa vottorða: 200 kr. hvert vottorð. Aukaútprentun og staðfesting námsferilsskrár: 200 kr. hvert sinn. Þýðing námsferilsskrár, staðlað form: 500 kr. hvert sinn. Sértök þýðing námsferilsskrár: 200 kr. hvert sinn.	Engin gjaldtaka.	Gjaldtaka byggist á 1. gr. laga nr. 66/1972, með áorðnum breytingum, sbr. lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1993.	Heimild til gjaldtöku var nýtt.
Myndlistar- og handíðaskóli Íslands	Skráningar- og innritunargjald er 12.000 kr. Grunngjald efnissjóðs, 3.500 kr., er innheimt haust og vor. Efniskaupagjald er 4.500–15.000 á önn, mismunandi eftir greinum og önnum. Nemendafélagsgjald MHÍ er 2.000 kr. Til BÍSN og Byggingarfélags BÍSN eru greiddar 2.650 kr.	Engin gjaldtaka.	Starfsreglur fyrir Myndlistar- og handíðaskóla Íslands, nr. 130/1991.	
Leiklistarskóli Íslands	Engin eiginleg skólagjöld en nemendum gert að greiða 8.000 kr. á ári, aðallega til að standa undir ljósritunarkostnaði við handritagerð og öðru því tengdu.			
Verzlunarskóli Íslands	Skólagjöld á framhaldsskólastigi: Til ríkissjóðs 6.000 kr. Til nemendafélags 4.000 kr. Til húsbyggingasjóðs 39.000 kr. Skólagjöld á háskólastigi vegna Tölvuháskóla VÍ: 47.000 kr. á önn.	Engin gjaldtaka.	Gjaldtaka hvílir á hefð sem nær aftur til ársins 1905 og er í samræmi við núgildandi lög.	Skólagjöldum er ætlað að standa undir kostnaði húsnæðis, tækjabúnaðar og sérstakrar þjónustu við nemendur.
Samvinnuháskólinn	Afnotagjald safns og tækja: Rekstrarfræða- og frumgreinadeildir 65.756 kr. á hvoru missiri, í rekstrarfræðadeild II 72.319 kr.	Engin gjaldtaka.	Samvinnuháskólinn fellur undir almenn háskólalög.	
Bændaskólinn á Hólum	Ósundurliðað gjald er 40.000 kr. á nemanda fyrir allt námið.	Engin gjaldtaka.	Skólinn starfar samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu. Samkvæmt þeim ákveða skólanefnd og skólastjóri upphæð gjalda sem nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga.	Gjaldinu er ætlað að mæta innritunar- og staðfestingargjaldi en að meginhluta er það til að mæta beinum efniskostnaði, m.a. vegna verklegu kennslunnar, heimsóknum í fyrirtæki o.fl.
Garðyrkjuskóli ríkisins	Innritunargjald er 6.000 kr. á hverri námsönn.	Engin gjaldtaka.	Skv. 12. gr. reglugerðar fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 712/1996.	Innritunargjald, efnisgjöld og pappírsgjöld.

1198. Svar [611. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sendiráð Íslands í Brussel.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig er háttað skipulagi sendiráðs Íslands í Brussel?*
2. *Hvaða starfsmenn vinna í sendiráðinu á vegum utanríkisráðuneytisins og/eða annarra ráðuneyta og opinberra stofnana? — Óskað er eftir að tilgreint verði á hvers vegum viðkomandi starfsmaður starfar og hvaða ráðuneyti eða stofnun greiðir laun hans og annan kostnað.*
3. *Hver var heildarstarfsmannafjöldi sendiráðsins og heildarkostnaður við rekstur þess árið 1997?*
4. *Hver er stefna utanríkisráðuneytis/ríkisstjórnar um frekari þróun sendiráðsins í Brussel?*

Starfsemi sendiráðs Íslands í Brussel er skipulögð á sama hátt og annarra sendiráða. Almenn verkstjórn og skipulagning starfs er í höndum sendiherra en honum til aðstoðar eru embættismenn og ritarar. EES-samningurinn felur í sér verulega fundasókn og erindisrekstur á fagsviði einstakra ráðuneyta og hefur því verið valin sú leið að senda til starfa í sendiráðinu í Brussel fulltrúa fagráðuneyta. Sú er reyndar raunin hjá sendiráðum flestra annarra ríkja í Brussel sem eiga umtalsverð samskipti við Evrópusambandið.

Eftirtaldir starfsmenn vinna í sendiráðinu. Fyrir aftan nafn hvers starfsmanns er tilgreint það ráðuneyti sem greiðir honum laun og annan kostnað, ef kostnaður skiptist á fleiri en eitt ráðuneyti eru bæði tilgreind.

Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra, utanríkisráðuneytið,
Grétar Már Sigurðsson sendifulltrúi, utanríkisráðuneytið,
Jóhann R. Benediktsson sendiráðunautur, utanríkisráðuneytið,
Finnbogi Rútur Arnarson sendiráðunautur, utanríkisráðuneytið,
Jóna Gróa Valdimarsdóttir sendiráðsfulltrúi, utanríkisráðuneytið,
Helga Þórarinsdóttir skjalavörður, utanríkisráðuneytið,
Isabelle Parent ritari, utanríkisráðuneytið,
Barbara de Bakker ritari, utanríkisráðuneytið,
Francis Aquino, bifreiðastjóri og aðstoðarmaður, utanríkisráðuneytið,
Arndís Steinþórsdóttir, sjávarútvegsráðuneyti,
Eiríkur Baldursson, menntamálaráðuneyti,
Hans Guðmundsson, menntamálaráðuneyti,
Högni S. Kristjánsson, dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
Jóhann Guðmundsson, landbúnaðarráðuneyti/samgönguráðuneyti,
Maríanna Jónasdóttir, fjármálaráðuneyti,
Vilborg Hauksdóttir, félagsmálaráðuneyti/heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,
Þórir Ibsen, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti/umhverfisráðuneyti.

Eins og sjá má er heildarstarfsmannafjöldi 17 manns. Heildarkostnaður utanríkisráðuneytisins við rekstur sendiráðs Íslands í Brussel árið 1997 var 83,5 millj. kr. Þar er með talinn skrifstofukostnaður vegna starfsmanna annarra ráðuneyta, t.d. skrifstofuhúsnæði, sími, pappír og ritföng, bókhald, símsvörun og skjalavarsla. Laun og annar kostnaður vegna starfsmanna annarra ráðuneyta sem ekki er greiddur af utanríkisráðuneytinu er ekki talinn með.

Mat ráðuneytisins er að byggð hafi verið upp viðunandi starfsaðstaða í Brussel til að sinna hagsmunum Íslands. Öll ráðuneyti eiga þar nú fulltrúa að forsætisráðuneyti frátöldu. Ekki er að svo stöddu gert ráð fyrir fleiri útsendum fulltrúum en í athugun er að bæta við staðarráðnum ritara í hálfu starfi.

1199. Viðbótarsvar [501. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um endurgreiðslu þungaskatts.

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur á þskj. 861 um endurgreiðslu þungaskatts er ranglega sagt að sérleyfishafar sem aka á milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar fái ekki endurgreiddan þungaskatt vegna sérleyfisaksturs. Í svari við 2. lið fyrirspurnarinnar er rakið að akstur sérleysishafa er sannreyndur áður en endurgreiðsla fer fram með því að ríkisskattstjóri ber saman skráningarblöð og útgefna leiðarbók til að ganga úr skugga um að ekki sé endurgreitt vegna annars aksturs en þess sem er á sérleiðum. Að lokinni þessari umfjöllun var ætlunin að taka fram að akstur flugrútunnar á milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar væri ekki í leiðarbókinni, en nyti engu síður endurgreiðslu. Í svarinu misfórst þetta og segir þar að þetta sérleyfi njóti ekki endurgreiðslna.

1200. Nefndarálit [446. mál]

um frv. til l. um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Gunnarsson og Þórunni J. Hafstein frá menntamálaráðuneyti, Odd Víðisson frá Arkitektafélagi Íslands, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bryndísi Jónsdóttur og Knút Bruun frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Textílfélaginu, Bandalagi íslenskra listamanna, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Arkitektafélagi Íslands, auk minnisblaðs frá fjármálaráðuneytinu með skýringum við kostnaðarumsögn ráðuneytisins.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja framkvæmd þeirrar meginreglu að listskreyting sé þáttur í hverri byggingu sem reist er á vegum ríkisins með því að lögbinda að 1% af heildarkostnaði við bygginguna skuli varið í þessu skyni og verður það á ábyrgð þeirra sem forræði hafa um hverja byggingarframkvæmd að lagaskyldu í þessu efni sé framfylgt, en leita skal faglegrar ráðgjafar um listskreytinguna.

Hlutverk Listskreytingasjóðs ríkisins að því er fjárframlög til listskreytinga varðar verður samkvæmt frumvarpinu bundið við opinberar byggingar sem þegar eru fullbyggðar við lögfestingu þessa frumvarps, umhverfi þeirra og önnur útisvæði sem ríkið hefur forræði á. Þá á stjórn sjóðsins að vera til ráðgjafar um listskreytingu í þeim mannvirkjum sem frumvarpið tekur til.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákveðnir fjármunir renni milliliðalaust til listskreytingar í hverri nýrri byggingu sem ríkið stendur að en jafnframt leitast við að tryggja faglegan grundvöll ákvarðana um það viðfangsefni eins og aðra þætti byggingarframkvæmdanna.

Nefndin taldi rétt að einnig yrði hægt að úthluta fé úr Listskreytingasjóði til bygginga, umhverfis þeirra og útisvæða sem eru á forræði sveitarfélaga en það verði þó háð mótframlagi viðkomandi sveitarfélags.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi:

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:

Veita skal árlega eftir ákvörðun Alþingis fé í Listskreytingasjóð til listskreytinga opinberra bygginga sem þegar eru fullbyggðar við gildistöku þessara laga, umhverfis þeirra og annarra útisvæða á forræði ríkisins og sveitarfélaga. Sé bygging, umhverfi hennar eða útisvæði á forræði sveitarfélags skal koma framlag frá viðkomandi sveitarfélagi á móti úthlutun úr Listskreytingasjóði.

Alþingi, 18. apríl 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Árni Johnsen.
Svanfríður Jónasdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1201. Nefndarálit [618. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins, og Þórð Ingva Guðmundsson frá viðskiptaskrifstofu ráðuneytsins.

EFTA-ríkin hafa á undanförnum árum leitast við að gera samstarfs- og fríverslunarsamninga við þau ríki sem Evrópusambandið hefur gert hliðstæða samninga við, með það að markmiði að fyrirtæki í EFTA-ríkjunum hafi ekki verri aðstöðu til viðskipta í viðkomandi landi en fyrirtæki í ríkjum Evrópusambandsins. Með gerð fríverslunarsamninga við ríki við sunnanvert Miðjarðarhaf og í Mið-Austurlöndum vilja EFTA-ríkin taka þátt í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að stuðla að stjórnmálalegum stöðugleika og atvinnuþróun í þessum heimshluta. Er að því stefnt að Evrópa og Suður- Miðjarðarhafslöndin verði eitt fríverslunarsvæði eigi síðar en árið 2010. Samningur EFTA-ríkjanna og Marokkós er fyrsti samningurinn sem lokið er í þessari samningalotu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 15. apríl 1998.

Geir H. Haarde, form.	Kristín Ástgeirsdóttir, frsm.	Siv Friðleifsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	**Össur** Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	**Margrét** Frímannsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1202. Nefndarálit [622. mál]

um till. til þál. um fullgildingu stofnsamnings Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins.

Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin (Multilateral Investment Guarantee Agency–MIGA) er ein af fimm stofnunum Alþjóðabankans og sú eina sem Ísland á ekki aðild að. Með tilliti til þess að aðild að stofnuninni þjónar beint hagsmunum Íslands um aukna þátttöku í þróunaraðstoð og að íslenskir fjárfestar í þróunarlöndunum gætu haft hag af aðildinni leggur nefndin til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 15. apríl 1998.

Geir H. Haarde, form.	Össur Skarphéðinsson, frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Margrét Frímannsdóttir.	Árni R. Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Siv Friðleifsdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1203. Nefndarálit [616. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins.

Með þessum samningum við grannþjóðir Íslendinga er eytt réttaróvissu um afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands annars vegar og hins vegar á tiltölulega litlu hafsvæði þar sem lögsaga Íslands, Grænlands og Jan Mayen skarast.

Utanríkismálanefnd telur mikilvægt að þessir samningar hafi náðst og leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 15. apríl 1998.

Geir H. Haarde, form.	Siv Friðleifsdóttir, frsm.	Össur Skarphéðinsson.
Árni R. Árnason.	Margrét Frímannsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.

1204. Frumvarp til laga [690. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ágúst Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: þó þannig að við hvorn hlutafélagsbanka starfi ekki fleiri en einn bankastjóri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., sem voru afgreidd á síðasta þingi, er kveðið á um ráðningu bankastjóra. Þótt ákvæðið geti átt við um einn eða fleiri bankastjóra er ljóst að vilji ríkisstjórnarinnar stóð til að hafa fleiri en einn bankastjóra, enda felldi meiri hlutinn breytingartillögu stjórnarandstöðunnar um að hafa aðeins einn bankastjóra við Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Nú hefur viðskiptaráðherra og bankaráð Landsbankans ákveðið að ráða einn bankastjóra að bankanum í stað þriggja áður.

Flutningsmenn telja eðlilegt að lögin séu löguð að þessu og leggja því til í frumvarpinu að kveðið verði skýrt á um það að við bankana starfi aðeins einn bankastjóri. Stjórnarandstæðingar fagna því að stefna þeirra hafi náð fram að ganga, þ.e. að einungis einn bankastjóri starfi við Landsbanka Íslands hf. Eðlilegt er að sama gildi um Búnaðarbanka Íslands hf. og nær því frumvarpið til beggja bankanna.

Þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna munu einnig hafa forgöngu um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þannig að einungis einn bankastjóri muni starfa við hann.

1205. Nefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Arnljótsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ágúst Þór Sigurðsson, Hildi Sverrisdóttur og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Steinunni Lárusdóttur og Bolla Héðinsson frá tryggingaráði.

Umsagnir bárust nefndinni frá aðgerðahópi aldraðra, Félagi aldraðra á Akureyri, Félagi aldraðra á Dalvík og nágrenni, Félagi aldraðra í Hornafirði, Félagi eldri borgara í Borgarfjarðardölum, Félagi eldri borgara á Djúpavogi, Félagi eldri borgara á Eskifirði, Félagi eldri borgara á Norðfirði, Félagi eldri borgara á Akranesi og nágrenni, Félagi eldri borgara á Álftanesi, Félagi eldri borgara í Borgarnesi, Félagi eldri borgara á Eyrarbakka, Félagi eldri borgara

á Fljótsdalshéraði, Félagi eldri borgara í Vestur-Húnavatnssýslu, Landssambandi eldri borgara, Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, Tryggingastofnun ríkisins, Öldrunarfræðafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands. Umsagnir voru almennt mjög jákvæðar.

Með frumvarpinu er lagt til að sveigjanleiki lögheimilisskilyrðis laga um almannatryggingar verði aukinn þannig að Íslendingar sem vinna erlendis eða dvelja þar um skemmri tíma og námsmenn erlendis eigi að fullnægðum tilteknum skilyrðum möguleika á að vera tryggðir hér á landi samkvæmt lögunum. Þá er lögð til breyting á ákvæðum laganna um sex mánaða lögheimilisskilyrði og undanþágur þar frá.

Nefndin vill taka fram varðandi b-lið 3. gr. frumvarpsins að farið verði með undanþáguheimildir af varúð og að fyrst og fremst verði veittar undanþágur í alvarlegum bráðatilfellum, þegar um lífshættulega sjúkdóma og slys er að ræða sem geta leitt til dauða eða varanlegs heilsutjóns án meðferðar, eða ef bíða þarf meðferðar í óhæfilegan tíma. Í vissum tilvikum tæki undanþága einnig til meðferðar alvarlegra langvinnra sjúkdóma eins og alvarlegra smitsjúkdóma, krabbameins og sambærilegra sjúkdóma. Tekið skal fram að ekki er um tæmandi talningu að ræða heldur viðmið sem horfa skal til við setningu reglugerðar um undanþágur samkvæmt ákvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að felld verði brott tilvísun til 24. gr. laganna í b-lið 1. gr., þ.e. í 9. gr. b, en þar er fjallað um einstaklinga sem starfa á erlendri grundu fyrir fyrirtæki með aðsetur á Íslandi ef greitt er tryggingagjald af launum þeirra hér á landi. Það er mat nefndarinnar að tryggingavernd þessara einstaklinga sé ekki fullnægjandi nema slysatryggingar séu þar einnig með.
2. Samhliða framangreindri breytingu er lagt til felldur verði brott síðari málsliður 2. mgr. 24. gr. laganna þar sem það ákvæði er óþarft ef breyting á b-lið 1. gr. frumvarpsins nær fram að ganga, sbr. breytingar á 2. gr. frumvarpsins. Með því eru felld brott þau ákvæði sem voru í upphaflegri 2. gr. frumvarpsins en ákvæði samhljóða þeim voru lögfest með lögum nr. 148/1997 sem samþykkt voru á haustþingi 1997.
3. Lagt er til að felld verði út vísan til númers og ártals laga í b-lið 1. gr., þ.e. í 9. gr. b, og vísað til heitis þeirra í staðinn. Nefndin álítur að laganúmer eigi einungis að tilgreina í lagatexta í undantekningartilvikum. Iðulega kemur það fyrir að sett eru ný lög um sama efni án þess að breytt sé tilvísunum í eldri lögum til laganna. Slíkt gæti leitt til réttaróvissu og til að taka af allan vafa er breyting þessi lögð til.
4. Þá er lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. júlí 1999 þannig að meiri tími gefist til undirbúnings og kynningar á þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu. Er þetta gert að ábendingu Tryggingastofnunar ríkisins.

Alþingi, 17. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Guðni Ágústsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Margrét Frímannsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1206. Breytingartillögur [348. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin „sbr. þó 24. gr.“ í b-lið falli brott.
   b. Í stað orðanna „lög nr. 113/1990“ í b-lið komi: lög um tryggingagjald.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Síðari málsliður 2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Ákvæði b-liðar 3. gr. öðlast þó þegar gildi.

1207. Fyrirspurn [691. mál]

til umhverfisráðherra um mælingar á mengun frá stóriðju og sorpbrennslu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Eru viðhafðar mælingar á útstreymi á díoxínum og furönum frá stóriðju og sorpbrennslu hér á landi?
2. Hvernig hefur mælingum verið háttað í íslenskum stóriðju- og sorpbrennslufyrirtækjum frá upphafi, sundurliðað eftir fyrirtækjum?
3. Hverjum ber að framkvæma slíkar mælingar?
4. Ef mælingar á útstreymi eru viðhafðar, hversu oft fara slíkar mælingar fram:
   a. í mánuði,
   b. á ári?
   Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.
5. Hver er kostnaður við eina mælingu?
6. Eru niðurstöður mælinga innan leyfilegra marka m.a. miðað við alþjóðlega staðla? — Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.
7. Benda niðurstöður mælinganna til aukningar á mengun frá stóriðju og sorpbrennslu? — Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.
8. Er hægt að setja skilyrði um slíkar mælingar inn í starfsleyfi nýrra stóriðja eða sorpbrennslufyrirtækja? Ef svo er hefur það verið gert? Ef það hefur ekki verið gert, mun það verða gert í framtíðinni?

Skriflegt svar óskast.

1208. Fyrirspurn [692. mál]

til samgönguráðherra um ríkisstyrktar hafnaframkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun 1997–2000.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða reglum er fylgt varðandi styrkveitingar til hafnaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, en ekki er gert ráð fyrir ríkisstyrktum framkvæmdum í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ samkvæmt hafnaáætlun 1997–2000?
2. Hver setur þær reglur?
3. Verður þeim reglum breytt við endurskoðun hafnaáætlunar í haust?
4. Eru lagalegar forsendur fyrir framlagi til hafnamannvirkja í Garðabæ og Kópavogi?
5. Hver er munurinn á lendingarstað og höfn?
6. Hverjir skipa hafnaráð?

Skriflegt svar óskast.

1209. Tillaga til þingsályktunar [693. mál]

um undirritun Kyoto-bókunarinnar.

Flm.: Ágúst Einarsson, Össur Skarphéðinsson,
Svanfríður Jónasdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirrita nú þegar fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina, bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Greinargerð.

Bókunin, sem kennd er við Kyoto í Japan, var gerð í lok síðasta árs og markar tímamót í sögunni. Þar var ákveðin alþjóðleg stefna um að þjóðir heims skuldbindi sig til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið. Það voru um 160 ríki sem tóku þátt í samningsgerðinni og Ísland fékk hvað rúmastar heimildir allra þjóða. Þótt það hafi vitaskuld í för með sér stefnubreytingu hérlendis að mæta þessum kvöðum eigum við að taka þátt í því með öðrum þjóðum að stuðla að fullgildingu samningsins.

Með Kyoto-bókuninni skuldbinda iðnríkin sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þannig að hún verði 5,2% minni á tímabilinu 2008–2012 en hún var árið 1990. Árið 1990 er viðmiðunarár í samningnum. Skuldbindingarnar eru mismunandi milli einstakra ríka eða frá 8% minni losun upp í að heimila 10% meiri losun. Íslandi er heimil 10% meiri losun eða mest allra ríkja.

Samningurinn öðast gildi þegar a.m.k. 55 ríki hafa staðfest hann. Í þeim hópi verða að vera iðnríki sem eiga að minnsta kosti sök á 55% útblásturs í öllum iðnríkjunum. Nú þegar hafa nokkur ríki undirritað samninginn, m.a. Sviss og Argentína. Evrópusambandsríkin og Norð-

menn munu undirrita samninginn í lok apríl. Íslensk stjórnvöld hafa sagst vilja bíða eftir framhaldsráðstefnu í Buenos Aires í nóvember áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Það er þó ljóst að Íslendingar hafa þegar fengið viðurkennda sérstöðu sína og nú gildir að vinna út frá markmiðum ráðstefnunnar. Við eigum ekki að láta okkar eftir liggja.

Hérlendis hefur því verið haldið fram að öllum stóriðjuáformum sé teflt í hættu ef við gerumst aðilar að samningnum. Það er rangt. Við getum dregið úr útblæstri fiskiskipa og samgöngutækja með markvissum aðgerðum og dregið úr áhrifum mengunar með aukinni gróðurrækt og skógrækt. Með því að verja um einum milljarði kr. til skógræktar á ári getum við hrint öllum raunhæfum stóriðjuáformum okkar í framkvæmd. Einstökum ríkjum er heimilt að starfa saman við að uppfylla skuldbindingarnar og taka þátt í viðskiptum með heimildir til losunar. Heimildir til losunar verða til sölu á heimsmarkaði. Kostnaður við kaup á frekari heimildum til að mæta stjóriðjuáformum okkar mun líklega nema um 1,5 milljörðum kr. á ári. Vitaskuld munum við þó grípa til sparnaðaraðgerða auk þess sem tækniframfarir leysa hluta af þessu vandamáli. Einnig er líklegt að ýmis áform um orkufrekan og útblástursmengandi iðnað verði endurmetin. Þannig er ljóst að við ráðum mjög vel við að uppfylla skilyrði Kyotobókunarinnar ef við mörkum okkur skynsamlega stefnu. Þess vegna er stefnuyfirlýsing af hálfu Alþingis nauðsynleg og skynsamlegt er að undirrita samninginn svo að hægt verði að hefja undirbúning að staðfestingu bókunarinnar, enda fylgjum við nágrannalöndunum með því.

Íslendingar munu vitaskuld taka virkan þátt í frekara starfi á vegum Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfismála. Allt aðrar aðstæður eru í heiminum nú en fyrir fimm til tíu árum. Við eigum að svara kalli tímans og stuðla að umhverfisvernd með öðrum þjóðum. Það mun síður en svo hafa slæm áhrif á lífskjör framtíðarinnar. Þvert á móti munu þau batna því að fáar þjóðir, ef nokkrar, eiga meira undir því að það takist að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið.

1210. Nefndarálit [542. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Íslenskum sjóefnum og Ríkarði Pálssyni, auk þess sem stuðst var við umsagnir sem bárust um málið á 121. löggjafarþingi frá Ferðamálaráði, Samtökum iðnaðarins og biskupsstofu.

Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar á lögum um þjóðfána Íslendinga. Helstu breytingar frumvarpsins felast í því að gert er ráð fyrir að heimilað verði að nota fánann í vörumerki, á söluvarning og umbúðir og í auglýsingum á vörum eða þjónustu með sérstöku leyfi forsætisráðuneytisins, en þess skal gætt að viðkomandi starfsemi sé slík að gæðum að fánanum verði ekki gerð óvirðing. Nánari reglur um hvaða kröfur verði gerðar í því skyni verða settar með reglugerð. Leggur nefndin áherslu á að þær verði skýrar og samráð verði haft við Einkaleyfastofu um hvaða viðmiðanir verða nýttar í því sambandi. Áfram verður hins vegar óheimilt að nota fánann í firmamerki. Aðrar breytingar sem frumvarpið felur í sér lúta m.a. að því að lagt er til að ákvæði um fána hafnsögumanns verði felld niður. Þá er lagt til að merki forseta Íslands sé talið upp með öðrum merkjum sem lögin heimila að notuð séu í þjóðfán-

anum. Einnig er lagt til að ákvæði samkeppnislaga sem bannar að selja vörur af erlendum uppruna ef á umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum verði fært í lög um þjóðfánann þar sem það þykir eiga betur heima.

Í nefndinni komu fram þau sjónarmið að æskilegt væri að almenningur notaði fánann meira en raun ber vitni. Leggur nefndin áherslu á að forsætisráðuneytið beiti sér á ný fyrir útgáfu handbókar um meðferð og notkun fánans og geri reglur þar um aðgengilegar almenningi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði 3. mgr. 12. gr. laganna þess efnis að einstökum stjórnmálaflokkum sé óheimilt að nota þjóðfána í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar. Þykir takmörkun í lögum af þessu tagi sem aðeins nær til stjórnmálaflokka óeðlileg. Í lögskýringargögnum er ekki að finna skýringar á því að hvaða markmiði var stefnt með bannákvæðinu, en hafi ákvæðinu verið stefnt gegn því að einhver stjórnmálaflokkur reyndi að helga sér þjóðfánann umfram aðra flokka eða gerði hann að auðkenni sínu í auglýsingum virðist því markmiði þegar vera náð með banni 2. mgr. 12. gr. þar sem kveðið er á um að félögum sé óheimilt að nota þjóðfánann sem sitt einka- eða auðkennismerki.
2. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við lögin nýju ákvæði þar sem kveðið er á um að skjaldarmerki Íslands sé auðkenni stjórnvalda ríkisins og að notkun þess sé þeim einum heimil. Lagt er til að ákvæði þessu verði bætt við lögin í stað þess að setja sérstök lög um skjaldarmerki Íslands þar sem slíkt er mun einfaldara og viðaminna í framkvæmd. Af þessari breytingu leiðir að gera verður til samræmingar breytingu á 2. mgr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, sbr. breytingartillögu nefndarinnar við 11. gr. frumvarpsins. Þá er í tengslum við þessa breytingu lagt til að heiti laganna verði lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.
3. Einnig er lögð til orðalagsbreyting á reglugerðarheimild í 13. gr. laganna.
4. Þá er lögð til breyting á 14. gr. laganna þess efnis að orðið varðhald verði fellt brott úr greininni til samræmis við frumvarp dómsmálaráðherra sem liggur fyrir þinginu um afnám varðhaldsrefsingar.
5. Loks er lagt til að gerð verði breyting á ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997, en þar eru tæmandi talin skilyrði þess að vörumerki verði afmáð úr vörumerkjaskrá. Leggur nefndin til að ákvæði þess efnis að ef skrásett hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem notaður er þjóðfáni án heimildar forsætisráðuneytis skuli það afmáð úr vörumerkjaskrá að kröfu forsætisráðuneytis.

Hjálmar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Jón Kristjánsson.
Kristján Pálsson.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

1211. Breytingartillögur [542. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:
   Tjúgufánann má aðeins nota á skipum sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir. Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæslu, tollgæslu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o.s.frv.) má það nota tjúgufánann af þeirri gerð sem við á skv. 2. og 3. gr.
2. Við 9. gr. Við bætist nýr stafliður, a-liður, er orðist svo: 3. mgr. fellur brott.
3. Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:
   Skjaldarmerki Íslands er auðkenni stjórnvalda ríkisins. Notkun ríkisskjaldarmerkisins er þeim einum heimil.
4. Við 10. gr. er verði 11. gr. Efnismálsgrein orðist svo:
   Forsætisráðuneytið setur með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.
5. Á eftir 10. gr., er verði 11. gr., komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (12. gr.)
      Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.
   b. (13. gr.)
      Heiti laganna verður: **Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.**
6. Við 11. gr. er verði 14. gr. 2. málsl. falli brott en við bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
   Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993:
   a. Í stað orðanna „í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið“ í 2. mgr. kemur: íslenska ríkisskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi.
   b. 3. mgr. fellur brott.
   Við gildistöku laga þessara bætist nýr töluliður við 1. mgr. 32. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997, er orðast svo: samkvæmt kröfu forsætisráðuneytis, ef skrásett hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar þess.

1212. Breytingartillaga [57. mál]

við frv. til l. um lögmenn.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

3. mgr. 24. gr. orðist svo:

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

1213. Nefndarálit [447. mál]

um frv. til íþróttalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Reyni G. Karlsson frá menntamálaráðuneyti, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefán Konráðsson og Sigríði Jónsdóttur frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og Sæmund Runólfsson og Björn B. Björnsson frá Ungmennafélagi Íslands. Þá komu á fund nefndarinnar Ásgerður Halldórsdóttir og Janus Guðlaugsson vegna skýrslu nefndar um eflingu íþróttastarfs og Hanna Katrín Friðriksson og Unnur Stefánsdóttir vegna skýrslu nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna.

Mál þetta var fyrst flutt á 121. löggjafarþingi og þá bárust nefndinni umsagnir frá Ungmennafélagi Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi–Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Íþróttasambandi Íslands. Málið er nú endurflutt með fáeinum breytingum.

Núgildandi íþróttalög eru að stofni til frá árinu 1956 með síðari breytingum en löggjöfin 1956 var reist á grunni hinna fyrstu almennu íþróttalaga sem sett voru árið 1940. Tilgangur þessa frumvarps er að laga almenna löggjöf um íþróttir að þeim breytingum sem orðið hafa í þjóðfélaginu á um 40 árum.

Hlutverk íþrótta í þjóðlífinu verður sífellt meira og fjöldi þeirra sem leggja stund á íþróttir í einhverri mynd hefur stóraukist. Íþróttahreyfingin hefur eflst að skipulagi og styrk og aðstaða til íþróttaiðkunar batnað mikið víða um land.

Við samningu frumvarpsins var lagt til grundvallar að íþróttaiðkun utan skólakerfisins fer fram innan vébanda eða á vegum frjálsra félaga að því leyti sem ekki er um einstaklingsbundin viðfangsefni að ræða. Gengið var út frá því að tilgangur lagasetningar um íþróttamál væri fyrst og fremst að mynda formlega umgjörð um atbeina hins opinbera til eflingar íþróttastarfi án íhlutunar um hvernig íþróttahreyfingin hagar störfum sínum. Íþróttakennsla í skólum fellur eðlilega undir skólalöggjöf eins og önnur skólastarfsemi.

Löggjöf samkvæmt þessu frumvarpi yrði nokkru umfangsminni og einfaldari í sniðum en gildandi íþróttalög.

Í tengslum við umfjöllun um frumvarpið fjallaði nefndin um skýrslu nefndar um eflingu íþróttastarfs frá desember 1997 og skýrslu nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna frá október 1997. Helstu niðurstöður í skýrslu nefndar um eflingu íþróttastarfs eru þær að mikilvægt sé að stuðla enn frekar að samstarfi ríkis og annarra opinberra aðila við íþróttahreyfinguna svo hægt verði að efla íþróttastarfið í landinu og lögð er áhersla á forvarnagildi íþrótta fyrir holla lífshætti og heilsurækt almennings. Í skýrslu nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna er að finna tillögur til úrbóta varðandi jafnrétti kynja til þátttöku í íþróttum. Þær tillögur miða að því að ríki og sveitarfélög gefi ákveðin skilaboð til íþróttahreyfingarinnar en þar er víða pottur brotinn í jafnréttismálum. Þannig er lagt til að allur stuðningur, fjármagn og aðstaða sem ríki og sveitarfélög veita til íþrótta skiptist hlutfallslega jafnt á milli karla og kvenna. Þá verði komið á fót jafnréttisnefnd innan íþróttahreyfingarinnar sem leggi fyrir íþróttaþing áætlun um hvernig verði best staðið að því að ná jafnrétti innan hreyfingarinnar. Rannsóknir er tengjast íþróttum verði efldar með það fyrir augum að auka vísindalega þekkingu á íþróttum kvenna. Að lokum er lagt til að menntun sem tengist íþróttum nái til fleiri þátta en verið hefur, t.d. til stjórnunar og reksturs íþróttafélaga, fjármálastjórnunar, forvarna o.s.frv.

Menntamálanefnd tekur undir þau meginmarkmið og tillögur sem koma fram í báðum skýrslunum. Nefndin leggur þunga áherslu á að unnið verði markvisst að jöfnuði milli kynja til hvers konar þátttöku í íþróttum hjá öllum sem vinna að þeim málum, íþróttafélögum, sveitarfélögum og ríkinu. Nefndin telur afar áríðandi að sveitarfélögin fjalli um þessi mál og bregðist við til úrbóta. Þá telur nefndin mjög mikilvægt að í öllu starfi innan íþróttahreyfingarinnar verði lögð áhersla á samþættingu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 20. apríl 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Árni Johnsen.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.

1214. Nefndarálit [367. mál]

um frv. til l. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Allan Vagn Magnússon héraðsdómara, Tryggva Gunnarsson hrl., Karl Axels-

son hrl., Magnús Sigurðsson, Davíð Þór Björgvinsson, dósent við Háskóla Ísland, Stefán Thors, skipulagsstjóra ríkisins, Trausta Valsson frá Háskóla Íslands, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jónas Egilsson frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Jón Gunnarsson og Guðjón Guðmundsson frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Jóhann Guðmundsson, oddvita Svínavatnshrepps. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá félagsmálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Neytendasamtökunum, Náttúruvernd ríkisins, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Arkitektafélagi Íslands, Landssambandi stangaveiðifélaga, Ferðaklúbbnum 4x4, Veðurstofu Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Alþýðusambandi Íslands, Ferðafélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, héraðsnefnd Austur-Húnvetninga, héraðsnefnd Eyjafjarðar, Ferðamálaráði, Akureyrarbæ, iðnaðarráðuneyti, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Bændasamtökum Íslands, Landsvirkjun, héraðsnefnd Rangárvallasýslu, héraðsnefnd Árnesinga, Skotveiðifélagi Íslands, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, héraðsnefnd Þingeyjarsýslu, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Landssambandi veiðifélaga, héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, Reykjavíkurborg, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Jónasi Egilssyni og Eyþingi.

Í frumvarpinu er lagt til að settar verði í lög reglur um eignarhald á þeim landsvæðum sem talin eru til afrétta og almenninga. Lagt er til að eignarhaldi á landi verði skipt í tvo flokka, annars vegar eignarlönd, sem eru háð einkaeignarrétti, og hins vegar þjóðlendur, sem eru landsvæði utan eignarlanda, þar sem einstaklingar eða lögaðilar geta átt takmörkuð eignarréttindi. Lagt er til að því verði lýst með lögum að íslenska ríkið sé eigandi lands og landsréttinda í þjóðlendum sem eru ekki þegar háð einkaeignarrétti og að settar verði sérstakar reglur um stjórn og meðferð þjóðlendna. Í frumvarpinu er lagt til að forsætisráðherra fari með stjórnsýslu og forræði málefna þjóðlendna sem ekki eru með lögum lögð til annarra ráðuneyta. Þá er sveitarstjórnum ætlað að fara með skammtímaráðstöfun afnota innan þjóðlendna. Loks er stjórnvöldum með frumvarpinu falið að hafa frumkvæði að því að skera með skipulögðum hætti úr um hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna og mörk afrétta innan þjóðlendna og úrskurða um önnur eignarréttindi innan þjóðlendna. Lagt er til að sérstakri stjórnsýslunefnd, óbyggðanefnd, verði falið að sinna þessu verkefni og miðað er við að því verði lokið árið 2007.

Í nefndinni var nokkuð rætt um það hvort lengja ætti málshöfðunarfrest skv. 19. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í frumvarpinu er óbyggðanefnd ætlað að ljúka verki sínu á nokkuð skömmum tíma. Langur málshöfðunarfrestur gæti leitt til þess að fulllangan tíma tæki að fá úrlausn dómstóla um álitaefni sem kunna að hafa almenna þýðingu og að einstök mál yrðu ekki afgreidd í nefndinni á meðan. Með tilliti til þessa og þar sem að hér er um að ræða frest vegna frekari aðgerða á grundvelli úrlausnar, sem aðila á í flestum tilvikum að hafa verið kunnugt um vegna krafna og athugasemda sem þeir hafa komið á framfæri við meðferð málsins fyrir nefndinni, gerir allsherjarnefnd ekki tillögu um að málshöfðunarfrestur verði lengdur frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 4. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðinu skal starfa á vegum forsætisráðherra samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna skipuð fulltrúum fimm ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með hliðsjón af hagsmunum ferðamannaþjónustu af notkun svæða sem líklegt er að talin verði til þjóðlendna er lagt til að fulltrúi samgönguráðherra eigi jafnframt sæti í nefndinni.

2. Þá eru lagðar til breytingar á 10. gr., en skv. 1. mgr. ákvæðisins ber óbyggðanefnd að birta tilkynningu um að hún hafi ákveðið að taka tiltekið svæði lands til meðferðar í Lögbirtingablaði til að þeim sem telja sig eiga réttindi á viðkomandi svæði gefist kostur á að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni. Nefndin telur æskilegt að tryggja enn betur að slík tilkynning fari ekki fram hjá þeim sem hún á erindi til og leggur til að slíkar ákvarðanir verði einnig auglýstar í dagblöðum, svo sem tíðkast um kynningu skipulagstillagna. Til að taka af allan vafa þykir þó rétt að réttaráhrif tengd birtingu slíkra tilkynninga verði einungis bundin við birtingu Lögbirtingablaðs. Einnig vill nefndin benda á að samkvæmt frumvarpinu getur óbyggðanefnd eftir atvikum verið skylt að eiga frumkvæði að því að leita eftir viðhorfi þeirra sem henni er kunnugt um að kunni að telja til réttinda á viðkomandi svæði en hafa ekki gefið sig fram við nefndina, sbr. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins og 13. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

   Þegar auglýsing skv. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins hefur verið birt í Lögbirtingablaði hafa þeir sem telja til réttinda á viðkomandi svæði þrjá mánuði til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd og leggja fram gögn og aðrar heimildir þeim til stuðnings. Í ljósi þess að óbyggðanefnd er ætlað að ljúka störfum sínum á tiltölulega skömmum tíma og þess að hér er um að ræða frest í upphafi málsmeðferðar hennar þykir ekki ástæða til að leggja til að hann verði lengri en lagt er til í frumvarpinu. Nefndin telur þó rétt að hnykkja á því að fresturinn byrji ekki að líða fyrr en á útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem tilkynning nefndarinnar birtist í.
3. Einnig er lögð til breyting á 12. gr. frumvarpsins, en samkvæmt ákvæðinu skal óbyggðanefnd færa yfirlit um heimildir og lýstar kröfur á svæði, sem hún hefur tekið til meðferðar, inn á uppdrátt og skal slíkur uppdráttur liggja frammi á sýsluskrifstofu í því eða þeim umdæmum sem svæðið er á í að minnsta kosti einn mánuð. Samkvæmt frumvarpinu skulu athugasemdir við yfirlitið hafa borist innan 15 daga. Þykir nefndinni rétt að lengja þennan frest um aðra 15 daga þannig að fresturinn vari í 30 daga eftir að kynningu lýkur. Þar sem að kynning skal hafa varað í a.m.k. 30 daga er í heild um að ræða 60 daga frest frá því að kynning hefst.
4. Loks eru lagðar til breytingar á 17. gr. frumvarpsins, en þar er fjallað um málskostnað í málum sem rekin eru fyrir óbyggðanefnd. Telja verður líklegt að málarekstur fyrir nefndinni geti orðið kostnaðarsamur fyrir aðila, m.a. vegna gagnaöflunar, gerðar uppdrátta og kaupa á sérfræðilegri aðstoð. Í starfi nefndarinnar verður ráðið til lykta álitaefnum sem hafa mikla almenna þýðingu og varða mikilsverða hagsmuni einstaklinga og lögaðila. Enda þótt almennt sé ekki gert ráð fyrir að menn hafi gjafsókn þegar mál eru til meðferðar fyrir stjórnsýslunefndum verður að líta til þess að frumkvæði að því að mál verði tekin til meðferðar kemur frá ríkisvaldinu og að því starfi er markaður ákveðinn tími. Jafnframt er til þess að líta að mál af þessu tagi hefur þurft að reka fyrir almennum dómstólum samkvæmt núgildandi rétti, en úrlausn þeirra flyst til stjórnvalda verði frumvarp þetta að lögum. Almennar reglur um gjafsókn samkvæmt lögum um meðferð einkamála hafa því náð til slíkra mála fram að þessu, en sá möguleiki félli niður að óbreyttu. Því þykir nefndinni gild rök vera fyrir því að heimila gjafsókn á þessu sviði þó að um undantekningu sé að ræða frá almennum reglum. Í ljósi þess að hér er um að ræða gjafsókn fyrir stjórnvöldum á afmörkuðu og jafnframt tímabundnu sviði innan stjórnsýslunnar þykir rétt að leggja til að óbyggðanefnd, en ekki gjafsóknarnefnd, meti sjálf hvort skilyrði gjafsóknar séu fyrir hendi og geri tillögu þar að lútandi til þess ráðherra sem fer með mál er varða stjórnarfar, þ.e. forsætisráðherra.

Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 21. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Kristján Pálsson.

Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.

1215. Breytingartillögur [367. mál]

við frv. til l. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Á eftir orðinu „landbúnaðarráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: samgönguráðherra.
2. Við 10. gr.
   a. Á eftir orðunum „innan þriggja mánaða“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í.
   b. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Óbyggðanefnd getur samþykkt að veita aðila sem þess óskar viðbótarfrest.
   c. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Jafnframt skal útdráttur úr efni tilkynningar skv. 1. mgr. birtur með auglýsingu í dagblaði.
3. Við 12. gr. Í stað tölunnar „15“ í lokamálslið greinarinnar komi: 30.
4. Við 17. gr. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
   Forsætisráðherra er heimilt að veita aðila að máli fyrir óbyggðanefnd gjafsókn í samræmi við reglur XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en þó að teknu tilliti til þess að mál fyrir óbyggðanefnd kemur í stað málshöfðunar eða málsvarnar fyrir héraðsdómi eða æðra dómi. Umsögn óbyggðanefndar um gjafsókn skal koma í stað umsagnar gjafsóknarnefndar. Þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 er heimilt að veita aðila sem fer með fyrirsvar skv. 2. mgr. 11. gr. laganna, lögaðilum og einkaaðilum gjafsókn, enda hafi úrlausn máls
   a. verulega almenna þýðingu eða
   b. varði verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hefur fyrirsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag umsækjanda.

   Hafi aðila verið veitt gjafsókn skal hann gera kröfu um að óbyggðanefnd úrskurði gagnaðila til greiðslu málskostnaðar skv. 1. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 128. gr. laga nr. 91/1991. Óbyggðanefnd skal í úrskurði sínum í máli þar sem aðili hefur gjafsókn ákveða

honum eða umboðsmanni hans þóknun fyrir flutning máls nema slík þóknun hafi verið undanskilin gjafsókn.

1216. Fyrirspurn [694. mál]

til viðskiptaráðherra um málefni Landsbanka Íslands og fjármögnunarfyrirtækisins Lindar hf.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvenær, hvernig og af hvaða tilefni eignaðist Landsbanki Íslands fjármögnunarfyrirtækið Lind hf.?
2. Hver var staða fyrirtækisins þegar Landsbankinn eignaðist það og hvert var kaupverð þess?
3. Hverjir voru stjórnendur Lindar hf. eftir að Landsbankinn eignaðist fyrirtækið,
   a. framkvæmdastjóri,
   b. stjórnarformaður,
   c. aðrir stjórnarmenn?
4. Hvenær og af hvaða tilefni var starfsemi fyrirtækisins hætt og hve miklu hefur Landsbankinn tapað eða mun tapa vegna Lindar hf.?
5. Hver er ástæða hins mikla taps af starfsemi Lindar hf.? Hverjir tóku ákvarðanir sem leiddu til þess, vegna hvaða viðskipta og hvaða fyrirtæki eða atvinnugreinar áttu í hlut?
6. Hve mikið hefur Landsbankinn lagt fyrir á afskriftareikning vegna Lindar hf. og hve mikið hefur hann þegar afskrifað?
7. Gerði bankaeftirlit Seðlabanka Íslands athugasemdir við rekstur Lindar hf. og ef svo er, hvenær og til hvaða ráðstafana var gripið?
8. Hvað gerði bankaráð og bankastjórn Landsbanka Íslands til þess að koma í veg fyrir hið mikla tap Lindar hf.?
9. Hvað var gert af hálfu bankaráðs Landsbankans til að leita skýringa á tapi Lindar hf.?
10. Hefur einhver verið látinn sæta ábyrgð vegna þessa taps?

Skriflegt svar óskast.

1217. Tillaga til þingsályktunar [695. mál]

um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1998–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010.

Helstu aðgerðir sem gripið verði til eru eftirfarandi:

I. Nýsköpun í atvinnulífinu.

1. Unnið verði markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Þróunarstofur verði efldar og þannig treystur grundvöllur til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni. Hlutverk þeirra verði meðal annars að auka samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni og aðstoða fyrirtæki við öflun verkefna og styrkja innan lands sem utan. Tryggt verði að aðstoðin skili sér til starfandi fyrirtækja jafnt sem nýrrar atvinnustarfsemi. Til að treysta þessi markmið verði leitað samstarfs við háskóla og rannsóknastofnanir.

   Unnið verði að samvinnu einstakra stofnana, félaga og þróunarstofa sem vinna að byggða- og atvinnuþróunarmálum. Í því sambandi verði þær stofnanir sem helst tengjast nýsköpun í atvinnulífinu tengdar starfsemi þróunarstofa með beinum samstarfssamningi með það að markmiði að bæta þekkingu og ráðgjöf vegna nýsköpunar.
2. Lánastarfsemi Byggðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli. Þannig verði byggður upp traustur byggðasjóður er hafi sérstaklega að markmiði að efla nýsköpun og auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni. Reikningslegur aðskilnaður verði á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi.
3. Til þess að tryggja nauðsynlegt eigið fé í nýsköpunarverkefnum verði komið á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni með aðild Byggðastofnunar. Stefnt verði að því að til þeirra verkefna verði sérstaklega varið allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs á áætlunartímabilinu samkvæmt nánari reglum sem forsætisráðherra setur í reglugerð um Byggðastofnun. Þátttaka Byggðastofnunar geti þó mest numið 40% af hlutafé viðkomandi félags.

   Byggðastofnun leitist við að taka þátt í uppbyggingu eignarhaldsfélaga þegar á árinu 1998. Getur ríkið lagt fram eignarhlut í félögum sem það á nú aðild að til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni. Leitað verði eftir samstarfi við framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs um fjármögnun einstakra verkefna.
4. Sköpuð verði skilyrði til þess að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast. Í þeim sveitum sem byggja nær eingöngu á sauðfjárrækt og samgöngur hindra atvinnusókn í önnur byggðarlög verði hugað að aðgerðum sem gætu meðal annars falist í breyttum áherslum í ráðstöfun beingreiðslna með tilliti til byggðasjónarmiða.
5. Forsendur traustra byggða og þar með vaxtarsvæða eru öruggar samgöngur, öflug sveitarfélög, samstarf byggðarlaga um þjónustu og góð skilyrði til atvinnusóknar. Þessi grundvöllur verði treystur með því að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum. Samvinna fyrirtækja við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir verði efld, erlend tengsl fyrirtækja á landsbyggðinni aukin og störf sköpuð með fjarvinnslu.

Gripið verði til aðgerða til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og hugað að leiðum til að lækka kostnað því samfara. Til að treysta búsetu og þróun vaxtarsvæða verði stuðlað að bættum og öruggari almenningssamgöngum.

6. Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta.
7. Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar. Lögð verði áhersla á að staðsetja ný stóriðjuverkefni sem víðast á landinu og þeim valinn staður með tilliti til orkuþarfa þannig að bæði sé um að ræða orkufreka stóriðju í nálægð við meginorkuöflunarsvæði hennar og önnur iðjuver sem ekki eru eins orkufrek utan þeirra svæða. Umhverfissjónarmiða verði gætt í hvívetna.

   Staðarvalsrannsóknir verði auknar og markvisst unnið að skipulagsmálum og umhverfisathugunum á þeim stöðum sem helst þykja koma til greina fyrir meðalstór og stærri atvinnufyrirtæki. Til að treysta framgang þessara áforma og til að stuðla að þátttöku erlendra fjárfesta í þeim verði nauðsynlegt fé veitt til undirbúningsstarfa.
8. Fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta, meðal annars með tilliti til auðlindanýtingar, iðnaðar- og verslunar, fiskveiða og -vinnslu, samgangna og þjónustustarfsemi. Opinberar aðgerðir miðist við að nýta styrkleika hvers svæðis til atvinnusköpunar. Nýjar lausnir í upplýsingatækni verði nýttar til að skapa störf í hátæknigreinum án tillits til búsetu.

II. Menntun, þekking, menning.

9. Menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífinu og tölvunám. Jafnframt verði bætt skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar. Námsráðgjöf verði aukin. Komið verði á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun og stuðlað að því að allir eigi tækifæri á að afla sér nýrrar þekkingar, meðal annars í samræmi við breytingar í atvinnuháttum. Möguleikar fjarkennslu verði að fullu nýttir.

   Menntun á háskólastigi verði tekin upp þar sem kostur er, meðal annars með samningum milli framhalds- og háskóla. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafi á boðstólum fjölþættar námsgreinar sem taki mið af þörfum atvinnulífsins, þar með talið í ferðaþjónustu. Enn fremur verði rannsóknir efldar er stuðli að nauðsynlegri fjölgun háskóla- og sérskólamenntaðs fólks í fyrirtækjum, meðal annars með stofnun atvinnudeildar við Háskólann á Akureyri. Tekin verði upp kennsla á háskólastigi í byggðamálum með stofnun sérstakrar námsbrautar eða sem hluti af kennslu við námsbraut sem fyrir er. Á Austurlandi og Vestfjörðum verði nám á háskólastigi í boði svo fljótt sem verða má.
10. Auknu fé verði varið til hvers konar menningarstarfsemi. Menningararfur verði varðveittur innan héraðs eftir því sem tök eru á og verði sýnilegur innlendum og erlendum ferðamönnum. Bókasöfnum á landsbyggðinni verði gert kleift að notfæra sér upplýsingatækni með því að efla tækjakost. Sérstakt átak verði gert til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni.
11. Ríkisfjölmiðlar efli starfsemi á landsbyggðinni, meðal annars með aukinni dagskrárgerð og útsendingum frá starfsstöðvum Ríkisútvarpsins þar. Aðstaða til miðlunar og útsend-

inga fjölmiðla verði jöfnuð og hin sama um land allt, meðal annars með breytingum á gjaldskrá Landssíma Íslands hf.

III. Jöfnun lífskjara – bætt samkeppnisstaða.

12. Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs. Heimilt verði að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar í fimm ár til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla þannig að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar. Áhersla verði lögð á að upplýsa þá sem nota mikla orku til að hita hús sín um leiðir til að draga úr orkunotkun, meðal annars með fræðslu og ráðgjöf.
13. Gert verði átak í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði) svo að þær verði í samræmi við nútímaþarfir.
14. Þar sem félagslegt íbúðarhúsnæði er meira en þörf er á vegna fólksfækkunar, og það veldur erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaga, verði heimilt að selja þetta húsnæði í áföngum á almennum markaði. Ríkissjóður og sveitarfélög beri sameiginlega þann kostnað sem af þessu kann að hljótast.
15. Í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga verði að því stefnt að auka hlut sveitarfélaga í opinberum rekstri. Miðað verði við að hlutur sveitarfélaga verði eigi minni en ríkis.
16. Lagt verði mat á kostnað samfélagsins vegna þeirrar búsetuþróunar sem orðið hefur frá árinu 1986. Byggðastofnun meti reglulega áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróunina í landinu.

IV. Bætt umgengni við landið.

17. Gert verði átak til að stöðva hraðfara landeyðingu þar sem náttúruöfl hindra ekki framkvæmdir.
18. Sveitarfélög verði aðstoðuð við gerð framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum.
19. Með hliðsjón af aukinni ferðamennsku og kröfum um óspillt umhverfi verði gert átak til umhverfisbóta.
20. Rannsökuð verði langtímaáhrif stofnvega á miðhálendinu með tilliti til umhverfis, hagkvæmni, ferðaþjónustu, atvinnumála og búsetu.
21. Lögð verði áhersla á að hraða gerð stafrænna korta fyrir landið og byggja upp landfræðileg upplýsingakerfi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 19. ágúst 1997 ritaði forsætisráðherra Byggðastofnun bréf (fylgiskjal I) þar sem farið er fram á að gerð verði áætlun um byggðamál með vísan til 8. gr. laga um Byggðastofnun. Í bréfinu er lagt til að starfsmenn Byggðastofnunar vinni skýrslu um byggðamál (fylgiskjal XV) sem stjórn stofnunarinnar leggi síðan til grundvallar við gerð tillagna sinna. Þessari tilhögun verka hefur verið fylgt. Stjórn Byggðastofnunar hóf árið 1995 að kanna ýmsa þætti í þróun byggðamála. Sér til fulltingis leitaði stjórnin til ýmissa utanaðkomandi aðila með sérstök verkefni þessu tengd. Við mótun tillagna um stefnu í byggðamálum hefur stjórn Byggðastofnunar að sjálfsögðu haft afrakstur þessarar vinnu til hliðsjónar. Einnig ber að geta þess að áherslubreytingar hafa orðið á starfsemi Byggðastofnunar upp á síðkastið sem taka mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Þetta hefur einnig haft áhrif á mótun tillagnanna.

Af þessu má sjá að mikil vinna og rannsóknir liggja að baki þessari þingsályktunartillögu. Hluti þess starfs birtist í fylgiskjölum með henni, en einnig er vert að geta rits Stefáns Ólafssonar prófessors, Búseta á Íslandi, skýrslu Byggðastofnunar og Hagþjónustu landbúnaðarins

umáhrif afkomu sauðfjárbúskapar á búsetu og skýrslu Hrafns Sigurðssonar viðskiptafræðings um stöðu kaupstaða á landsbyggðinni með tilliti til búsetu. Þá er í undirbúningi heildarsamantekt þeirra gagna sem Háskólinn á Akureyri hefur unnið fyrir stjórn Byggðastofnunar.

Opinber stefna í byggðamálum.

Opinber afstaða til stöðu byggðar í landinu verður meðal annars rakin til laga um Byggðastofnun, nr. 64/1985, og reglugerðar um Byggðastofnun, nr. 51/1992. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins og í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning. Er það meðal annars í því skyni að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði. Enn fremur er í 8. gr. laganna kveðið á um að byggðaáætlun skuli gerð á fjögurra ára fresti og að hún skuli endurskoðuð annað hvert ár. Af þessu er ljóst að pólitísk markmið og afstaða í byggðamálum eru skýr. Efni og markmið þingsályktunartillögunnar byggist á og er í fullu samræmi við þessi markmið.

Hvers vegna dreifða byggð?

Þéttbýlismyndun og byggðaröskun eru megineinkenni 20. aldar um víða veröld. Nálægar þjóðir hafa brugðist við þeim vanda með markvissum aðgerðum, meðal annars með ríflegum fjárstuðningi. Árangur þessa er að búferlaflutningar eru víða mun minni en hér á landi og sums staðar hafa þeir verið stöðvaðir. Þetta kemur meðal annars fram í úttekt Háskólans á Akureyri um mikilvægi byggðar í dreifbýli (fylgiskjal III).

Þess vegna þótti eðlilegt að fá nokkurn samanburð á búsetuþróun í nálægum löndum miðað við það sem hér hefur gerst. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar kemur fram í skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors um markmið og leiðir í byggðaþróunaraðgerðum nágrannaþjóðanna (fylgiskjal IV). Sérstaklega er eftirtektarvert að fólksflutningar frá norðlægum héruðum Skandinavíu eru mun minni en hér hefur verið á síðustu áratugum. Í þessari skýrslu er einnig gerð grein fyrir viðhorfum og aðgerðum stjórnvalda nágrannaríkjanna til að viðhalda dreifðri búsetu og árangri þeirra. Gagnlegt er fyrir Íslendinga að kynna sér þau viðhorf sem ríkja um byggðamál í nágrannalöndunum.

Að tilhlutan Háskólans á Akureyri hefur verið tekið saman yfirlit um þróun atvinnutækifæra á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni (fylgiskjal V). Niðurstaða þeirrar greinargerðar er meðal annars sú að verulega vanti upp á að landsbyggðin standi jafnfætis höfuðborgarsvæðinu með tilliti til fjölbreytni í atvinnulífi. Árin 1990–95 fækkaði störfum á íslenskum vinnumarkaði um 2.208 þrátt fyrir að á sama tíma hafi störfum í þjónustu fjölgað um 3.003. Fækkunin var mest í iðnaði. Athygli vekur að enn er spáð mikilli fækkun starfa í sumum greinum atvinnulífsins, sérstaklega í sjávarútvegi, og að jafnvel á næstu árum geti störfum við veiðar og vinnslu fækkað um 4–5 þúsund.

Að óbreyttu ástandi eru allar líkur á að fjölgun starfa í náinni framtíð verði að mestu á höfuðborgarsvæðinu. Á þessu ber að vekja sérstaka athygli því að einhæft atvinnulíf er ein höfuðorsök fólksflótta af landsbyggðinni. Augljóst er, eins og fram kemur í greinargerð Háskólans á Akureyri, að mjög brýnt er að efla og auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni. Þar er lögð sérstök áhersla á að efla fjölhæfni atvinnulífs á landsbyggðinni, meðal annars með þróun vaxtarsvæða, með því að koma á fót svæðisbundnum nýsköpunarstöðvum, fjölga störfum fyrir vel menntað fólk á vegum hins opinbera og finna nýjum stóriðjuverkefnum stað utan atvinnusvæða höfuðborgarinnar.

Ný vinnubrögð í byggðamálum – skýr markmið.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er bent á eftirfarandi staðreyndir:

1. Brottflutningur fólks af landsbyggðinni hefur aukist og er mun meiri hér á landi en á sambærilegum landsvæðum erlendis.
2. Meira fé hefur verið varið til stuðnings við dreifðar byggðir á sambærilegum landsvæðum erlendis en hér á landi. Það á sinn þátt í að stöðva eða draga úr byggðaflóttanum.
3. Störfum í hefðbundnum greinum á landsbyggðinni hefur fækkað. Spáð er áframhaldandi þróun í þá átt. Ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun frá 1994, sem kveður meðal annars á um fjölgun starfa í þjónustustörfum á landsbyggðinni, hefur ekki skilað árangri nema síður sé.
4. Sumar byggðir standa höllum fæti vegna aðstæðna sem skapa íbúum þeirra erfiðari kjör en eru annars staðar.
5. Mikil uppbygging í stóriðju fer nú fram á atvinnusvæði höfuðborgarinnar sem laðar til sín nýtt vinnuafl.
6. Minna er um tækifæri á landsbyggðinni að því er varðar menntun, listir, afþreyingu og fjölmiðlun.

Það kann að þykja bjartsýni að við þessar aðstæður sé fólksfjölgun á landsbyggðinni meginmarkmið tillögunnar, en á það ber að líta að mikilvægir þættir sem eru forsenda traustrar búsetu eru í betra horfi en verið hefur. Hér ber sérstaklega að leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Afstaða fólks til búsetu á landsbyggðinni er á margan hátt jákvæð. Mun fleiri fýsir að flytja út á land en þaðan til höfuðborgarsvæðisins.
2. Öll almenn þjónusta er í betra horfi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.
3. Ýmsar aðgerðir hafa haft jákvæð áhrif á útgjöld heimilanna.
4. Efnahagsástand er um þessar mundir betra en verið hefur um langa tíð. Það gerir aðstæður einkar jákvæðar fyrir nýtingu auðlinda landsins og er atvinnulífi á landsbyggðinni því sérstaklega mikilvægt.
5. Með starfsemi þróunarstofa er fenginn grundvöllur að nútímaatvinnusókn á landsbyggðinni.
6. Fyrir liggur greining þeirra þátta er mestu valda um neikvæða afstöðu til búsetu á landsbyggðinni sem auðveldar að færa þá til betri vegar.
7. Tillaga sú sem hér liggur fyrir, verði hún samþykkt og framkvæmd í því horfi sem efni hennar stendur til, felur í sér ný og markviss vinnubrögð í byggðamálum.

Á þessum sjö áhersluþáttum byggjast markmið þessarar tillögu um eflingu byggðar og fjölgun fólks á landsbyggðinni.

Umræða um þróun byggðar.

Brátt eru liðin 40 ár frá því að umræðan um byggðakjarna hófst. Má rekja upphaf hennar til ályktunar Alþingis frá árinu 1963 þar sem Framkvæmdabanka Íslands var falið að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði. Átti hún fyrst og fremst að miðast við að stöðva brottflutning fólks úr landshlutanum. Í skýrslu sem unnin var af þessu tilefni og birtist árið 1965 kemur fram að höfundar hennar töldu að efla ætti byggðakjarna á Vestfjörðum sem gætu boðið upp á tiltölulega fjölbreytta þjónustu og myndað grundvöll að fjölbreyttara atvinnulífi. Upp frá þessu var umræða um byggðakjarna ein aðaláherslan í byggðamálum í 30 ár. Hversu vænlegur sá kostur kann að hafa verið þá lauk umræðunni án þess að hún skilaði árangri.

Umræðan um vaxtarsvæði hófst fyrir tæplega tíu árum og á þeim tíma hafa ríkisstjórnir tekið hugmyndina upp í sáttmála sína. Hin fræðilega skilgreining er sú að hér sé um að ræða landsvæði sveita og þéttbýlis sem með greiðum samgöngum verði samfellt þjónustu- og at-

vinnusvæði. Það sem hefur unnið gegn þessu byggðahugtaki er að í hinni almennu umræðu hefur hugtakið um vaxtarsvæði blandast hinni gömlu umræðu um byggðakjarna, þ.e. að byggðirnar þjöppuðust saman og mynduðu þannig kjarna.

Skilgreining á vaxtarsvæði byggist að stofni til á bættum og greiðari samgöngum og betri þjónustu við umferðina. Í tillögunni eru settar fram nýjar áherslur, þ.e. að gripið verði til aðgerða til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og stuðlað að bættum almenningssamgöngum.

Jaðarbyggð.

Heitið jaðarbyggðir hefur á síðustu árum verið að festast í sessi og virðist helst tengjast þeim byggðum þar sem fólksfækkun er hvað mest. Í bréfi forsætisráðherra (fylgiskjal I, 6. tölul.) er áhersla lög á umfjöllun um vanda jaðarsvæða. Á grundvelli þeirra mikilvægu upplýsinga sem fram koma í ritinu Búseta á Íslandi hefur Stefán Ólafsson prófessor gert frekari rannsóknir á samspili þeirra þátta sem helst hafa áhrif á viðhorf fólks til búsetunnar í landinu. Þar fæst sú athyglisverða niðurstaða að þeir þættir sem helst valda neikvæðri umræðu um búsetuna eru ríkjandi í þeim byggðum sem mest eiga í vök að verjast (fylgiskjal IV). Af þessari ástæðu er lagt til í tillögunni að dregið verði úr eða komið í veg fyrir þann mikla mun sem að þessu leyti er á kjörum fólks í slíkum byggðum og annarra þegna þjóðfélagsins. Sérstaklega á þetta við um húshitunarkostnað og samgöngur eins og kemur fram í töflu 2 í fylgiskjali IV.

Með sama hætti kemur skýrlega fram í rannsóknum Stefáns Ólafssonar prófessors hversu einhæfni atvinnulífs í jaðarbyggðum er áberandi og veldur miklu um neikvæð viðhorf til slíkra byggða. Fyrir liggur skýrsla Hagþjónustu landbúnaðarins um afkomu sauðfjárbænda en þar er meðal annars greint frá hrikalegum samdrætti í kjörum þeirra er þá búgrein stunda.

Þótt þær byggðir sem þannig er hægt að skilgreina sem jaðarbyggðir hafi ekki verið kortlagðar eru nú fyrir hendi góðar upplýsingar um þær. Af þeirri ástæðu er hægt að bregðast við með sóknaraðgerðum eins og tillagan gerir raunar ráð fyrir. Sérstaklega er lögð áhersla á eftirfarandi:

1. Aukna fjölbreytni í atvinnulífi.
2. Lækkun raforku til húshitunar.
3. Bættar samgöngur.

Fjölgun íbúa á landsbyggðinni.

Eitt af markmiðum þeirrar byggðaáætlunar sem hér er gerð tillaga um er að íbúum á landsbyggðinni fjölgi um 10% til ársins 2010. Þess var farið á leit við Hagstofu Íslands að stofnunin veitti eftirfarandi upplýsingar:

1. Um breytingar á íbúafjölda eftir kjördæmum sl. fimm ár, að höfðatölu og hlutfallslega, fyrir öll kjördæmi.
2. Um íbúafjölda í landsbyggðarkjördæmum og öðrum kjördæmum árið 2010 miðað við 10% fjölgun íbúa þeirra til þess tíma.
3. Um íbúafjölda í landsbyggðarkjördæmum árið 2010 miðað við meðalfjölgun í landinu sl. fimm ár.

Svör Hagstofunnar er að finna í fylgiskjali II. Athyglisvert er að það markmið tillögunnar að fjölga íbúum á landsbyggðinni helst í hendur við meðalfjölgun Íslendinga miðað við árin 1992–97. Árleg fólksfjölgun er um 0,75% að meðaltali sem hefur í för með sér um 10% fjölgun á því þrettán ára tímabili sem um ræðir, frá 1998–2010. Markmið um fjölgun á landsbyggðinni er í fullu samræmi við það meginmarkmið tillögunnar að bæta þau búsetuskilyrði á landsbyggðinni sem eru aðalorsakir byggðaröskunar á undanförnum árum til þess að koma

í veg fyrir frekari fólksflótta. Þá styður það sérstaklega markmiðið um fólksfjölgun á landsbyggðinni að samanburður á fjölda þeirra sem búa á landsbyggðinni og óska þess að flytja til höfuðborgarsvæðisins og fjölda þeirra sem óska þess að flytjast af höfuðborgarsvæðinu sýnir að í reynd vilja fleiri einstaklingar búa á landsbyggðinni. Þróun búsetunnar hefur hins vegar verið á hinn veginn, fleiri hafa flutt frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis. Þetta kemur fram í niðurstöðum Stefáns Ólafssonar prófessors um búsetuóskir íbúa einstakra landshluta, sbr. töflu 1 í fylgiskjali IV.

Þáttur menntunar í byggðaþróun.

Mikil breyting hefur orðið á námi og skólahaldi á síðari árum. Sérstaklega á þetta þó við um menntun á framhaldsskóla- og háskólastigi. Þessi þróun hefur helst orðið í þéttbýlli byggðum landsins. Þetta hefur eflt þær byggðir sem þessa hafa notið, bæði að því er varðar mannafla og fé.

Eitt gleggsta dæmið um þetta er stofnun Háskólans á Akureyri sem ótvírætt hefur stuðlað að miklum framförum á Eyjafjarðarsvæðinu, bæði hvað varðar menningu og atvinnulíf. Kannanir sýna enn fremur þá mikilvægu niðurstöðu frá byggðasjónarmiði að nemendur þessa skóla taka sér gjarnan búsetu í nábýli við skólann sem nýtur þá þekkingar þeirra og menntunar. Þannig eru 67% útskrifaðra nemenda búsettir á Norðurlandi.

Ef ekki verður brugðist við og aðstöðumunur til menntunar jafnaður í byggðum landsins munu ákveðnir landshlutar verða í vaxandi mæli ákjósanlegri vettvangur fyrir æsku landsins með þeim augljósu áhrifum sem því fylgja.

Upplýsinga- eða þekkingarsamfélag framtíðar byggist á vísinda- og tækniuppgötvunum og örri tækniþróun. Þekkingin er að verulegu leyti fólgin í vel menntuðum einstaklingum en eins og nú horfir er slíkt fólk að litlu leyti búsett á landsbyggðinni. Ef ekkert verður að gert er líklegt að þar verði nær eingöngu stunduð fábreytt framleiðsla. Það hlýtur því að vera meginmarkmið að auka almenna menntun til þess að búa ungt fólk betur en nú er gert undir fjölbreytt störf í þjóðfélagi sem byggist í sífellt ríkari mæli á notkun tölva, upplýsingalinda og gagnagrunna af ýmsu tagi.

Mikil áhersla er lögð á að hratt verði brugðist við í þessum efnum, sérstaklega á Vestfjörðum og Austurlandi þar sem aðstæður eru hvað lakastar. Þá ber enn fremur að fylgjast náið með þeirri þróun sem ryður sér til rúms erlendis og felst í því að framhaldsskólar taka að sér afmörkuð verkefni fyrir háskóla. Slík verkefni styrkja framhaldsskólana og auðvelda nemendum þeirra síðar þátttöku í háskólanámi.

Um tilhögun skólahalds og námsskipan á þessum grundvelli er nánar fjallað í fylgiskjali IX.

Byggðaforræði.

Í vinnu við undirbúning tillögunnar komu oftsinnis fram áherslur um stóraukna þróunarstarfsemi á landsbyggðinni og forræði þeirra verkefna heima í héraði. Hér er einkum átt við þá samninga sem Byggðastofnun hefur gert við atvinnuþróunarfélög og samtök sveitarfélaga. Á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan þessi starfsemi hófst í núverandi mynd hefur fengist afar jákvæð reynsla af þessu starfi eins og fram kemur í umsögn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands (fylgiskjal X).

Fullyrða má að þróunarstarfsemi á landsbyggðinni muni stóreflast á næstu árum fái hún til þess stuðning frá ríki og sveitarfélögum.

Hlutverk þróunarstofanna er margþætt: að veita fyrirtækjum ráðgjöf um stjórnun, rekstur og tækniþróun, aðstoða fyrirtæki við verkefna- og styrkjaöflun innan lands og utan, standa að

kynningu og námskeiðahaldi fyrir einstaklinga og stjórnendur í samvinnu við framhalds- og háskóla og samtök atvinnulífisins, efla starfsmenntun í samvinnu við ríki, sveitarfélög og samtök vinnumarkaðarins, byggja upp samvinnu og tengslanet fyrirtækja o.fl. Því er mikilvægt að þróunarstofurnar komi á tengslaneti til að samræma starf sitt og gera það markvissara.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands á hvað lengstan feril í þessu starfi sem mikinn lærdóm má draga af (fylgiskjal X). Með þessum áherslum er í raun leitast við að treysta atvinnusókn á landsbyggðinni í sessi á grundvelli þekkingar á ýmsum sviðum atvinnulífs og markaðssóknar. Í raun er með þessum áherslum lagður góður grunnur að markvissri uppbyggingu í atvinnumálum dreifbýlisins sem opnar nýjar leiðir til aukinnar fjölbreytni. Sú fábreytni sem einkennir störf á landsbyggðinni á mikinn þátt í neikvæðri þróun byggðanna. Hér má því með réttu segja að byggðaforræðið sé flutt heim í hérað.

Þáttur menningar í viðhorfum til búsetu.

Í riti Stefáns Ólafssonar, Búseta á Íslandi, kemur fram að fólk kvartar mjög yfir því hversu menningarstarfsemi á landsbyggðinni er fábrotin. Hið sama kemur fram í álitsgerð Háskólans á Akureyri (fylgiskjal VII). Þess vegna er í tillögunni lagt til að úr því verði bætt og fjárveiting aukin til menningarstarfsemi úti á landi. Ef bornir eru saman fjárlagaliðir til ýmissa menningarmála á árunum 1996 og 1998 kemur í ljós að þegar hafa verið stigin skref í rétta átt því að framlag til menningarmála á landsbyggðinni hefur aukist að undanförnu.

Gildi fjölmiðla og þá ekki síst ríkisfjölmiðla í menningarlífi þjóðarinnar er alþekkt. Í þeim efnum er hlutur landsbyggðarinnar mjög rýr, bæði hvað varðar störf og aðgengi. Ef til vill er neikvæð túlkun fjölmiðla á efni af landsbyggðinni mest gagnrýnisverð. Telja má að þessi málflutningur hafi haft neikvæð áhrif á búsetuna í landinu. Með nútímatækni í flutningsmáta á fjölmiðlaefni er hér hægur vandi úr að bæta eins og gerast mundi með beinni útsendingu sjónvarps úr öllum landshlutum. Þá er einnig afar mikilvægt að sú fjölbreytni í flutningi margs konar efnis í fjölmiðlum sem nýtur vaxandi vinsælda geti borist um landið allt. Þess vegna er það í raun sjálfgefið að sambærileg kjör við flutning efnis gildi um allt land þannig að þeir sem slíka starfsemi hafi með höndum séu jafnsettir.

Helstu orsakir byggðaröskunar.

Það nýmæli sem hvað mesta athygli vekur í ritinu Búseta á Íslandi er greining á mati íbúa í einstökum landshlutum á búsetuskilyrðum sínum í samtímanum (fylgiskjal IV). Meginniðurstöður Stefáns Ólafssonar eru þessar: Óskir fólks um aðgang að nútímalegum lífsháttum er einn mikilvægasti drifkraftur þéttbýlismyndunar og búferlaflutninga. Beint og sterkt samband er milli ánægju íbúa einstakra landshluta með búsetuskilyrði og fólksfjöldaþróunar. Þar sem meiri ánægja er með almenn búsetuskilyrði þar stendur búsetan fastari fótum og færri flytja brott. Fólk tekur ákvarðanir um búferlaflutninga með því að meta kosti og galla búsetuskilyrðanna í heild. Misjafnt er milli landshluta hvaða þættir vega þyngst, en atvinnumál (fjölbreytni atvinnutækifæra), menntun og almenn lífsgæði eru þeir þættir sem flestir tilgreina sem mikilvæga í sambandi við búferlaflutninga.

Efst á blaði í þessum efnum er húshitunarkostnaður, sbr. töflu 2 í fylgiskjali IV. Til þess að fá sem gleggstar upplýsingar um hann var leitað eftir áliti frá verkfræðistofunni Fjarhitun þar sem sérstaklega var spurst fyrir um hvernig verð á einstökum hitagjöfum hefur þróast hin síðari ár. Þar kom meðal annars fram að kostnaður við rafhitun er nær óbreyttur á tíu ára tímabili (fylgiskjal VIII). Í ljósi upplýsinga um hvað rafhitun íbúðarhúsnæðis er óhagstæð var Orkustofnun fengin til að kortleggja þau svæði landsins þar sem húshitunarkostnaður er hár. Hefur sá kostnaður að sjálfsögðu áhrif á kjör íbúa þessara landshluta. Í skýrslu Orkustofnunar

kemur meðal annars greinilega fram að mikils misræmis gætir landfræðilega í þessum efnum og að hlutur Vestfjarða og Austurlands er lakastur hvað þetta varðar. Þannig verður þessi breytilegi húshitunarkostnaður áhrifavaldur um styrk einstakra byggðarlaga.

Efling landsbyggðarinnar á grundvelli hugmynda um vaxtarsvæði var nefnd hér að framan. Grundvallarforsenda fyrir sterkum atvinnu- og þjónustusvæðum (vaxtarsvæðum) er fyrst og fremst góðar samgöngur en tillagan miðar að því að á þeim verði síðan byggð þjónusta samfélagsins, meðal annars traustum almenningssamgöngum, og að dregið verði úr kostnaði því samfara að sækja vinnu sína lengra að. Hér gegna húsnæðismálin líka miklu hlutverki. Í skýrslu Rekstrar og ráðgjafar (fylgiskjal XIV) er að finna mikilvægar upplýsingar um þau.

Breyttir tímar – nýjar áherslur.

Samningar við atvinnuþróunarfélög og sveitarstjórnarmenn í héraði hafa að undanförnu verið áhrifaríkustu aðgerðir til eflingar þróunarstarfs í atvinnumálum (fylgiskjal X). Þessa starfsemi ber að efla og það er meðal annars af þessu tilefni sem þróunarsvið Byggðastofnunar verður flutt á Sauðárkrók. Við þau tímamót er eðlilegt að komið verði á greiðum samskiptum milli þróunarstofanna og Byggðastofnunar þar sem hlutverk stofnunarinnar væri að veita leiðsögn og annast samræmingu starfa auk þess sem hún fylgdist með fjársýslu og árangri af starfi stofanna. Til þess að treysta þessi áform var leitað eftir áliti Landssíma Íslands hf. um þann fjarskiptabúnað sem heppilegastur væri til þessara nota og áætlaðan kostnað við rekstur slíks búnaðar (fylgiskjal XII). Ef vel tekst til má segja að þróunarstofurnar og þróunarsvið Byggðastofnunar verði í raun sama fyrirtækið að því er varðar skipulag starfa.

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–97, sem afgreidd var frá Alþingi 6. maí 1994, var sú fyrsta sinnar gerðar. Þar er að finna mikilvægar ábendingar um skipan byggðamála en minna er um efnislegar áherslur, enda er tillagan barn síns tíma. Út af þessu er þó brugðið þar sem fjallað er um valddreifingu frá ríki til sveitarfélaga en þar segir:

„Stefna skal að valddreifingu með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Forsenda fyrir því er sameining eða samningsbundið samstarf sveitarfélaga. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

1. Tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst.
2. Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.“

Þessi hluti þingsályktunarinnar hlýtur eðli málsins samkvæmt að koma til skoðunar nú þegar byggðaáætlun er lögð fram í annað sinn. Ráðgjafarstofan Rekstur og ráðgjöf var því fengin til að kanna hver þróun þessara mála hafi verið frá því að ályktun Alþingis var samþykkt árið 1994 (fylgiskjal XIV). Árið 1996 lét Byggðastofnun gera nokkra úttekt á því hver dreifing væri á útgjöldum ríkissjóðs í einstökum kjördæmum. Þrátt fyrir að sú athugun næði ekki til nema ⅔ hluta ríkisútgjalda vakti hún ýmsar spurningar. Var leitað eftir því við Rekstur og ráðgjöf að fyrirtækið gerði úttekt á hvernig stöðugildi dreifðust um landið og hvernig útgjöld ríkisins og stofnana þess skiptust á einstök kjördæmi. Með öðrum orðum er leitast við að meta umfang þessara mikilvægu efnahagsþátta í starfsemi ríkisvaldsins, opinber störf og skiptingu ríkisútgjalda, með tilliti til búsetunnar í landinu. Margt eftirtektarvert kemur fram í skýrslunni. Opinber störf utan Reykjavíkur nema einungis 36,7% opinberra starfa í landinu. Sé um einhverja breytingu að ræða frá árinu 1994, þegar Alþingi samþykkti í byggðaáætlun að opinberum störfum skyldi fjölgað á landsbyggðinni, hefur þróunin fremur gengið í gagnstæða átt. Þá vekur það ekki síður eftirtekt, eins og skýrslan ber með sér, að aðeins tæpur helmingur

ríkisútgjalda fellur í hlut þessara sömu kjördæma. Þá er nokkuð augljóst að hlutur þeirra kjördæma sem búa við mestan byggðavanda er einkar rýr. Að því verður að hyggja sérstaklega þegar aðgerðir til að styrkja byggðirnar eru metnar. Skýrsla Reksturs og ráðgjafar er birt sem fylgiskjal XIV með tillögu þessari og vísast til hennar til nánari skýringar.

Byggðasjóður verði starfræktur.

Lánasýsla hefur verið meginþáttur í starfsemi Byggðastofnunar, sérstaklega lánastarfsemi sem tengist oft aðgerðum í atvinnulífinu á erfiðleikatímum. Sem kunnugt er hafa aðstæður í þessum efnum breyst á síðari tímum, bæði hvað varðar atvinnulífið og skipan lánastarfsemi. Þess vegna hafa komið fram efasemdir um að óbreytt lánastarfsemi Byggðastofnunar þjóni sama tilgangi og verið hefur. Á hitt ber að líta að hagur stofnunarinnar hefur batnað að undanförnu. Nýleg reynsla sýnir að þar sem fyrir hendi er virkt afl í héraði að því er varðar endurskipulagningu og nýsköpun í atvinnurekstri hefur aðkoma Byggðastofnunar verið þeim málum til mikils stuðnings. Því er óráðlegt að hverfa frá lánastarfsemi Byggðastofnunar til landsbyggðarinnar í þessum efnum að svo stöddu.

Á síðasta ári var bókhald stofnunarinnar aðgreint eftir einstökum útgjaldaliðum. Samkvæmt því liggur fyrir að fjármunatekjur hafa á árinu 1997 numið 233 millj. kr. Sé litið til síðustu ára má ætla að fjármunatekjur hafi árlega verið u.þ.b. 200 millj. kr. en það er svipuð upphæð og nemur samanlögðum rekstrarkostnaði og framlagi á afskriftareikning útlána. Af þessu má sjá að byggðasjóður, eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir, getur við eðlilegar aðstæður staðið á eigin fótum. Miðað við reynslu Byggðastofnunar þykir lánastarfsemi mikilvægur þáttur til stuðnings við uppbyggingu á landsbyggðinni sem fram til þessa hefur oft og tíðum búið við þrönga kosti hjá öðrum lánastofnunum.

Í þessari tillögu er lögð áhersla á að lánasýsla Byggðastofnunar verði gerð að nýsköpunar- og hagræðingarsjóði landsbyggðarinnar, með öðrum orðum sjálfstæðum byggðasjóði. Leggja verður áherslu á sjálfstæðan rekstur og bókhald sjóðsins til að unnt verði að fylgjast náið með afkomu sjóðsins í samræmi við markmið hans. Þetta fyrirkomulag mundi skapa aðhald og hvetja til sparnaðar í rekstri sjóðsins. Vel kæmi til greina að leita til aðila með skylda starfsemi til að taka að sér rekstur sjóðsins, leiði það til aukinnar hagkvæmni.

Eignarhaldsfélög.

Byggðastofnun hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í stofnun nýrra fyrirtækja og endurskipulagningu fyrirtækja með hlutafjáraðild, þótt í smáu hafi verið. Nú liggur fyrir að í nokkrum tilvikum eru þessi hlutabréf orðin seljanleg og hefur það leitt til sölu hluta þeirra. Andvirði þessara bréfa hefur þá gjarnan verið fært til annarra verkefna. Svipað má segja um starfsemi öflugra atvinnu- eða eignarhaldsfélaga, t.d. á Suðurlandi (fylgiskjal X) og Reykjanesi, sem skilað hefur ótvíræðum árangri í endurskipulagningu og nýsköpun í þeim landshlutum. Leitast hefur verið við að tengja þessa starfsemi saman svo að uppbyggingarstarfið verði markvissara.

Með þeirri samræmingu og aukna starfi sem leitt hefur af starfsemi þróunarstofnana, sem eflst hafa verulega upp á síðkastið, gætir vaxandi áhuga á að stofna til eignarhaldsfélaga til að takast á við uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni, en atvinnulífið þar er ekki svo burðarmikið að það eitt sér geti byggt upp eignarhaldsfélög svo hratt að það skili skjótum árangri í atvinnuuppbyggingu.

Með tilliti til þessara mikilvægu markmiða er nauðsynlegt að fara yfir fjárveitingar til Byggðastofnunar. Samkvæmt fjárlögum ársins 1998 nema heildarfjárveitingar til stofnunar-

innar 202 millj. kr. Séu útgjöld ársins 1997 lögð til grundvallar við skiptingu rekstrarútgjalda þessa árs yrði niðurstaðan þessi:

	Millj. kr.
Þróunarstofur í kjördæmum	65
Þróunarsvið Byggðastofnunar	35
Skrifstofur Byggðastofnunar á landsbyggðinni	37
Yfirstjórn Byggðastofnunar, 50% hlutdeild	15
Niðurfærsla vegna hlutabréfakaupa	15
Óviss útgjöld og styrkir	35
Samtals	**202**

Eins og sjá má er ráðstöfunarfé stofnunarinnar umfram fasta liði í besta falli 35 millj. kr. Sé litið til þeirra markmiða tillögunnar að fólksstraumurinn af landsbyggðinni skuli nú stöðvaður með því að treysta atvinnulífið með aukinni fjölbreytni og nýsköpun vega þær 35 millj. kr. sem segja má að nú séu tiltækar til þeirra verkefna harla lítið.

Í ársbyrjun 1998 tóku nýjar peningastofnanir, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, til starfa og sérstakt könnunarefni er hvort þessar stofnanir gætu leyst úr þeim verkefnum að treysta atvinnulífið á landsbyggðinni. Að mati Byggðastofnunar geta nýju peningastofnanirnar ekki komið til móts við þarfir þeirra fyrirtækja sem mest áhrif hafa á búsetu á landsbyggðinni í þeim mæli sem þörf er á ef markmið tillögunnar eiga að nást. Hins vegar skera tíminn og reynslan ein úr um hver þáttur Fjárfestingarbankans og Nýsköpunarsjóðsins verður í þróun atvinnulífs á landsbyggðinni.

Til frekari rökstuðnings við það sem að framan er greint er vert að benda á mikilvægt atriði. Svo sem kunnugt er fer nú fram mikil uppbygging í stóriðju og orkuverum. Full rök eru fyrir að landsbyggðinni sé veittur stuðningur til atvinnuuppbyggingar í ljósi þess hvar á landinu þær framkvæmdir eru staðsettar. Enn fremur er vert að minna á að samkvæmt skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Reksturs og ráðgjafar (fylgiskjal XIV) er hlutur landsbyggðarinnar hvað varðar skiptingu opinberra útgjalda fremur rýr. Á grundvelli þessara staðreynda og markmiða tillögunnar er í henni stefnt að því að allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs verði varið til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni á áætlunartímabilinu. Hér er því stefnt að töluverðri aukningu á fjárveitingum til Byggðastofnunar. Í fyrri byggðaáætlun var miðað við að fjárveiting til starfsemi Byggðastofnunar næmi 315 millj. kr. á verðlagi þessa árs.

Eins og fyrr er getið er einhæft atvinnulíf á landsbyggðinni ein aðalorsök búferlaflutninga þaðan og öllu öðru fremur þarf að auka fjölbreytileika þess eigi árangur að nást í að stöðva þá þróun. Þar til grundvallar liggja þrjú meginmarkmið:

1. Öflugt þróunarstarf á landsbyggðinni.
2. Sjálfstæður byggðasjóður.
3. Uppbygging eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni.

Bætt umgengni við landið.

Í tillögunni koma fram áherslur í umhverfismálum. Auknar kröfur eru gerðar til bættrar umgengi um landið um leið og umferð og ferðamennska eykst. Þessi mál varða byggðir landsins og eru hluti byggðastefnu. Leggja ber áherslu á að þau svæði landsins sem eiga í vök að verjast í gróðurfarslegu tilliti verði grædd upp á næstu árum í samræmi við áherslur Landgræðslu ríkisins. Gerð er tillaga um að sveitarfélög njóti aðstoðar við að gera framkvæmdaáætlanir í umhverfismálum. Jafnframt er lögð áhersla á að hraðað verði gerð stafrænna korta

fyrir landið og að langtímaáhrif stofnvega á miðhálendinu verði rannsökuð með tilliti til umhverfis, hagkvæmni, ferðaþjónustu, atvinnumála og búsetu.

Fylgiskjal I.

Bréf Davíðs Oddssonar forsætisráðherra til Byggðastofnunar.

(19. ágúst 1997.)

Samkvæmt lögum um Byggðastofnun, nr. 64/1985, með síðari breytingum, gerir Byggðastofnun tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn og leggur forsætisráðherra hana fram á Alþingi. Í samræmi við nefnd lög lagði forsætisráðherra fram á árinu 1993 tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum fyrir árin 1994–97 og samþykkti Alþingi sérstaka þingsályktun sem stjórn stofnunarinnar samdi á grundvelli þeirrar tillögu.

Æskilegt er að Byggðastofnun hefji sem fyrst gerð stefnumótandi áætlunar í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 og er bréf þetta ritað af því tilefni og til að kynna stjórn stofnunarinnar helstu áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í því sambandi, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðar um Byggðastofnun frá 5. febrúar 1992, með síðari breytingum. Er mikilvægt að unnt verði að leggja nýja tilllögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum fram á Alþingi og afgreiða hana þaðan á 122. löggjafarþingi.

Sú tillaga sem stjórn stofnunarinnar gerði fyrir tímabilið 1993–1997 er fyrsta tillaga að stefnumótandi áætlun í byggðamálum sem gerð er. Því er rétt að stjórn Byggðastofnunar meti þá reynslu sem nú er fengin, íhugi hvað betur megi fara og miði tillögusmíð sína við það. Forsætisráðuneytið, fyrir sitt leyti, leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á framsetningu áætlunarinnar.

Er lagt til að tillaga að stefnumótandi áætlun í byggðamálum 1998–2002 verði sett fram í tveimur hlutum. Í fyrsta lagi verði gerð eiginleg stefnumótandi áætlun í byggðamálum sem stjórn stofnunarinnar fjalli um og hafi vanda að. Þessi stefnumótandi áætlun verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu ásamt greinargerð og athugasemdum um einstaka tölueða málsliði. Í öðru lagi verði gerð fræðileg greinargerð sem hafi að geyma forsendur þingsályktunartillögunnar og yrði hún lögð fram sem fylgiskjal með tillögunni. Í þessari fræðilegu greinargerð verði nánar fjallað um stöðu og horfur í byggðamálum, sbr. ákvæði laga og reglugerðar um stofnunina. Telur ráðuneytið að með þessu ávinnist það að hin eiginlega tillaga sem Alþingi tekur til meðferðar verður styttri en ella, auk þess sem skilið er á milli fræðilegrar umfjöllunar, sem verði á hendi forstjóra og starfsmanna stofnunarinnar annars vegar og pólitískrar stefnumótunar ríkisstjórnar og stjórnar Byggðastofnunar hins vegar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að samheldni megi ríkja með þjóðinni og milli dreifbýlis og þéttbýlis. Að því vill ríkisstjórnin stuðla með almennri stefnu sinni í efnahags- og atvinnumálum, með því að grundvöllur atvinnustarfsemi í landinu sé traustur og ógni ekki búsetuöryggi á landsbyggðinni. Ríkisstjórnin telur að framhald eigi að vera á þeirri viðleitni sem uppi hefur verið og miðar að því að auka fjölbreytni atvinnulífs og atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að Byggðastofnun í samvinnu við m.a. atvinnuráðgjafa eigi að stuðla að sókn og uppbyggingu atvinnulífsins um land allt.

Ríkisstjórnin vill efla byggð í landinu með traustum og góðum samgöngum þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar nýtist með hagkvæmum hætti, svo sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt vill ríksstjórnin tryggja góða opinbera þjónustu

um allt land sem sé landsmönnum öllum aðgengileg. Er lögð áhersla á að opinber þjónusta sé byggð upp þar sem hagkvæmt er að veita hana og þar sem flestir geta fært sér hana í nyt. Með staðsetningu opinberrar þjónustu ber að stuðla að eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni þar sem bestar forsendur eru til að koma til móts við kröfur um fjölbreytta þjónustu og fjölbreytt framboð atvinnutækifæra. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sem ríkisstjórnin vill áfram vinna að, miðar að sama marki.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að í stefnumótandi áætlun í byggðamálum verði fjallað um eftirtalin atriði:

1. Fjallað verði um hvernig Byggðastofnun hyggst halda áfram stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni og sett fram skýr markmið í því sambandi.
2. Gerð verði tillaga um hvernig ríkisvaldið geti stuðlað að eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni og hvaða markmið séu raunhæf og æskileg í því sambandi.
3. Fjallað verði um hvernig stofnunin hyggst halda áfram að vinna að gerð svæðisbundinna byggðaáætlana. Er lögð á það áhersla að þau svæði sem um er fjallað hverju sinni nái ákveðinni lágmarksstærð og miðist við svæði sem mynda eða geta myndað samfelld atvinnu- og þjónustusvæði. Er jafnframt rétt að vilji sveitarstjórna til samstarfs þeirra í milli ráði um afmörkun þessara svæða.
4. Fjallað verði um með hvaða hætti Byggðastofnun geti haft milligöngu um að veita sveitarstjórnum upplýsingar um áform ríkisvaldsins varðandi uppbyggingu og skipulagningu opinberrar þjónustu í einstökum málaflokkum er nýtist þeim við þeirra eigin áætlanagerð.
5. Fjallað verði um framhald á verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga og helstu möguleika og markmið í því sambandi.
6. Fjallað verði um hvaða ráðstafanir ríkisvaldið geti gert til að bregðast við búsetuvanda á svokölluðum jaðarsvæðum.
7. Fjallað verði um byggðastuðning stjórnvalda, hvort þar sé aukinnar samræmingar þörf og hvernig best sé að nýta það fé sem varið er til að styðja búsetu og atvinnulíf á landsbyggðinni.

Forsætisráðherra mun leggja tillögu að nýrri stefnumótnadi áætlun í byggðamálum fyrir Alþingi þá er stjórn stofnunarinnar hefur lokið við gerð hennar. Óskar forsætisráðuneytið eftir því að haft verði samráð við ráðuneytið á lokastigum þeirrar vinnu.

Fylgiskjal II.

Bréf Hallgríms Snorrasonar hagstofustjóra til Egils Jónssonar.

(20. janúar 1998.)

Með símbréfi 8. janúar sl. óskuðuð þér eftir að Hagstofa Íslands léti í té skrifleg svör við spurningum yðar um íbúafjölda í landsbyggðarkjördæmum (öll kjördæmi nema Reykjavík og Reykjanes) sem hér segir:

1. Beðið er um upplýsingar um breytingar á íbúafjölda eftir kjördæmum síðastliðin fimm ár, að höfðatölu og hlutfallslega, fyrir landsbyggðarkjördæmi og önnur kjördæmi.
2. Óskað er eftir útreikningi á íbúafjölda í landsbyggðarkjördæmum og öðrum kjördæmum árið 2010 miðað við 10% fjölgun íbúa þeirra til þess tíma.

3. Spurt er hver verði íbúafjöldi í landsbyggðarkjördæmum árið 2010 miðað við meðalfjölgun í landinu síðastliðin fimm ár.

Tölur þær sem hér um ræðir koma fram í meðfylgjandi töflu.

Fyrstu 6 dálkar töflunnar sýna íbúafjölda 1. desember hvert áranna 1992–97, á öllu landinu, höfuðborgarsvæði, í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum og í öðrum kjördæmum svo og í hverju kjördæmi landsins. Breytingar íbúafjöldans eru sýndar í 7. og 8. dálki.

Árin 1993–97 fjölgaði íbúum í landinu alls um 9.862 eða 3,8%. Þar af fjölgaði fólki í Reykjavík og á Reykjanesi um 12.762, 7,6%, en í öðrum kjördæmum fækkaði íbúum um 2.900, 3,1%. Þetta árabil fækkaði í öllum þessum kjördæmum, minnst á Norðurlandi eystra og Suðurlandi, 0,3% og 0,8%, mest á Vestfjörðum, 10,8%.

Í 9. dálki töflunnar koma fram tölur sem sýna 10% fleira fólk í hverju kjördæmi en 1. desember 1997. Meginforsenda fyrirspurnarinnar er sú að fólki í „landsbyggðarkjördæmum“ fjölgi um 10% til ársins 2010. Fólksfjölgunin undanfarin fimm ár, 3,8% í heild, svarar til 0,75% árlegrar fjölgunar að meðaltali. Slíkur meðalvöxtur hefði í för með sér um 10% fjölgun á 13 ára tímabili. Því má líta á tölur 9. dálks töflunnar þannig að þær sýni álíka fólksfjölgun og undangengin fimm ár, en gert sé ráð fyrir að þeirrar fjölgunar gæti jafnt í öllum kjördæmum.

10. dálkur töflunnar á að gefa svör við 3. spurningu, þ.e. hver íbúafjöldinn yrði að 13 árum liðnum miðað við árlega meðalfjölgun íbúa undangengin 5 ár. Þar sem hér er um nær sama meðaltal að ræða og felst í forsendunni um 10% fjölgun til ársins 2010, eru tölurnar í 10. dálki nær hinar sömu og í 9. dálki og sýna hið sama; jafna dreifingu fólksfjölgunar næstu 13 árin á kjördæmin.

Til samanburðar sýnir svo 11. og síðasti dálkur töflunnar fjölda í einstökum kjördæmum að 13 árum liðnum miðað við álíka breytingar í hverju kjördæmi og orðið hafa sl. fimm ár. Hér er með öðrum orðum reiknað með að áfram fjölgi í Reykjavík og á Reykjanesi en fækki í öðrum kjördæmum og um sömu hlutföll og á undanförnum fimm árum. Í stað 10% fjölgunar í öllum kjördæmum eins og fyrirspurnin gerir ráð fyrir sýnir þetta dæmi nær 12% fjölgun í heild; þar af 21% fjölgun í Reykjavík og á Reykjanesi og 7% fækkun alls í öðrum kjördæmum.

Tafla.

Mannfjöldi 1. desember 1993–1. desember 1997 eftir kyni, aldri og kjördæmum. (Bráðabirgðatölur.)

									„Framreikningur" til 2010 Meðaltal 1992–97		
	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Fjölgun 1992–97	Fjölgun, % 1992–97	10% fjölgun frá 1. des. 1997	Meðaltals-aukning á landsvísu	Meðaltals-aukning á kjördæmi
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
Allt landið	262.202	264.922	266.786	267.809	269.735	272.064	9.862	3,8	299.270	299.476	303.768
Höfuðborgarsvæði	151.807	154.268	156.542	158.597	161.276	164.375	12.568	8,3	180.813	180.937	202.139
Reykjavík og Reykjanes	167.298	169.819	170.054	174.231	176.933	180.060	12.762	7,6	198.066	198.202	218.483
Önnur kjördæmi en Reykjavík og Reykjanes	94.904	95.103	96.732	93.578	92.802	92.004	-2.900	-3,1	101.204	101.274	85.285
Reykjavík	100.865	101.855	103.036	104.276	105.487	106.617	5.752	5,7	117.279	117.359	123.154
Reykjanes	66.433	67.964	67.018	69.955	71.446	73.443	7.010	10,6	80.787	80.843	95.329
Vesturland	14.462	14.503	14.278	14.154	13.995	13.934	-528	-3,7	15.327	15.338	12.650
Vestfirðir	9.681	9.606	9.448	9.018	8.856	8.634	-1.047	-10,8	9.497	9.504	6.412
Norðurland vestra	10.353	10.442	10.294	10.208	9.989	9.804	-549	-5,3	10.784	10.792	8.509
Norðurland eystra	26.678	26.751	26.783	26.664	26.652	26.588	-90	-0,3	29.247	29.267	26.355
Austurland	13.060	13.023	12.909	12.780	12.684	12.548	-512	-3,9	13.803	13.812	11.309
Suðurland	20.670	20.778	20.876	20.754	20.626	20.496	-174	-0,8	22.546	22.561	20.050

Fylgiskjal III.

Háskólinn á Akureyri:

Mikilvægi byggðar í dreifbýli.

Þéttbýlismyndun og byggðaröskun eru megineinkenni 20. aldar um víða veröld. Þau eru helstu kennileiti nútímavæðingar, þ.e. iðnbyltingar sem einkennst hefur af hnignun landbúnaðar til sveita og stórfelldum vexti iðnaðar og þjónustu í borgum og bæjum. Í því sambandi má geta þess að áætlað er að 26 milljónir manna hafi brugðið búi í Vestur-Evrópu á árunum 1950–80.[1] Þar að baki liggur undraverður árangur í aukinni framleiðni með vaxandi vélvæðingu og margháttuðum umbótum í ræktun jurta og dýra. Það er raunar forsenda fyrir vexti borga þar sem þær lifa af utanaðkomandi fæðuöflun. Samgöngubætur eru einnig mikilvægar í þessu sambandi vegna knýjandi þarfa bæja fyrir aðföng og til að koma afurðum á markað utan borgarmarka.[2]

Um miðja 19. öld bjó aðeins 5% mannkyns í þéttbýli og Lundúnir voru eina borgin í heiminum þar sem fleiri en ein milljón manna bjuggu. Nú eru slíkar borgir a.m.k. 140 talsins.[3] Engin teikn eru á lofti um að flutningar fólks úr sveitum til bæja og borga stöðvist í náinni framtíð. Um þessar mundir búa um 1,7 milljarðar fólks – 38% mannkyns – í þéttbýli en árið 2025 er áætlað að því fjölgi í 4 milljarða eða um 20 af hundraði. Við upphaf næstu aldar er þannig talið að fleira fólk búi í þéttbýli en dreifbýli í fyrsta sinn í sögu mannkynsins.[4]

Fólksflutningar af þessum toga hafa í sér fólgna marga möguleika, en þeir ala einnig af sér ýmsa váboða, svo sem offjölgun, fátækt og umhverfiseyðingu. Ójöfnuður, kynþáttaátök, afbrot og eiturlyfjaneysla eru einnig fylgifiskar borgarlífsins og það dregur úr félagslegum stöðugleika sem sérhverju þjóðfélagi er nauðsynlegur. Undirrót þess eru hin ópersónulegu tengsl og einangrun fólks í stærri bæjum. Viðskiptatengsl verða einnig ráðandi í mannlegum samskiptum í stað kunningja- og ættartengsla. Það er ástæða þess að ábyrgð gagnvart öðru fólki dvínar og margs konar firringareinkenna tekur að gæta. Á hinn bóginn bjóða borgirnar upp á margs konar þægindi og munað sem ekki stendur til boða í strjálbýlinu. Þar má nefna mun fjölbreyttara atvinnulíf sem veitir tækifæri til sérhæfingar, frelsi til athafna án náins eftirlits nágranna, boðið er upp á leiklistarstarfsemi, kvikmyndahús, sinfóníuhljómsveitir og aðra menningarstarfsemi og andlegt frelsi til tjáskipta.[5]

Þá má nefna að bæir og borgir lifa af dreifbýlinu en ekki öfugt. Nánast öll fæðuöflun fer fram í dreifbýli og tengslin við náttúruna eru mikilvægust þar. Það á jafnt við um landbúnað sem sjávarútveg hér á landi. Jafnframt er þjóðhagslega hagkvæmt að halda jafnvægi í byggðamálum til þess að nýta þau verðmæti sem eru til staðar, svo sem hús, byggingar og staðbundna þekkingu. Of ör fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu felur bæði í sér kostnað og áhættu. Kostnaður vegna ferða fólks til og frá vinnu er nú þegar ærinn á höfuðborgarsvæðinu og erfitt er með byggingarland í flestum sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur. Mikil áhætta er í því fólgin að 60–70% þjóðarinnar búi í nágrenni höfuðborgarinnar þar sem náttúruöflin eru virk hér á

---

[1] Hoggart o.fl., 1995.
[2] Robertson, 1977.
[3] Sama heimild, 493.
[4] Seageldin, 1996.
[5] Robertson, 1977, 504.

landi. Nægir að nefna að mjög öflugur jarðskjálfti eða eldgos á Hengilssvæðinu getur stefnt búsetu á höfuðborgarsvæðinu í hættu. Örir búferlaflutningar og eyðing byggðarlaga hjóta því ávallt að vera stjórnvöldum ærið áhyggjuefni.

Byggðastefna.

Afar þýðingarmikið er að gera sér grein fyrir því að forsendur Íslendinga eru góðar varðandi byggðaþróun, þegar tekið er mið af því að þjóðin býr við ríkidæmi í samanburði við margar fátækari þjóðir. Þannig eru tekjur um eins milljarðs manna lægri en einn Bandaríkjadalur á dag, álíka fjöldi fólks hefur ekki aðgang að hreinu vatni og 1,3 milljarðar fólks, einkum í þróunarlöndum, býr við innanhússmengun vegna eldunar í opnum eldstæðum þannig að það andar að sér reyk sem samsvarar reykingum tveggja sígarettupakka á dag.[1] Þessir þættir gleymast iðulega þegar rætt eru lífsskilyrði hér á landi.

Jafnframt ber að hafa í huga að þjóðin er sjálfstæð og getur ráðið byggðamálum sínum án utanaðkomandi afskipta. Það er kostur sem ekki má gleymast.

Ísland hefur mörg sérkenni í byggðaþróunarlegu tilliti. Það er mjög strjálbýlt í samanburði við önnur Norðurlönd, en hér búa einungis þrír íbúar á ferkílómetra. Hins vegar segir það ekki nema hálfa söguna þar sem flestir Íslendingar búa á tiltölulega afmörkuðu svæði. Fyrir vikið er hlutfall þeirra sem búa í þéttbýli um 91,5% þjóðarinnar og er það hæsta hlutfallið á Norðurlöndum (sjá töflu 1.1). Árið 1995 höfðu einungis tíu þéttbýlisstaðir fleiri en 2.000 íbúa og af því má ráða að íslenskir bæir eru afar smáir í samanburði við erlendar stórborgir. Ofan á það bætist sú sérstaða að um 58 af hundraði þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu og er það mun hærra en annars staðar á Norðurlöndum. Þá hefur mannfjölgun verið örari hér á liðnum áratugum en annars staðar í Evrópu.[2]

Tafla 1.1. *Skipting mannfjöldans í dreifbýli/þéttbýli og höfuðborgarsvæði á Norðurlöndum 1994–95. Hlutfallstölur.*[3]

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Höfuðborg	25,9	17,2	58,4	17,8	17,6
Þéttbýli	84,9*	79,7•	91,5♣	73,9♠	83,1•
Dreifbýli	15,1*	20,3•	8,5♣	26,2♠	16,9•

Skýringar: • 1990, * 1992, ♣ 1994, ♠ 1995.

Þrátt fyrir að byggðaröskun sé einna mest á Íslandi meðal norrænna þjóða verja Íslendingar minnstu fé til byggðaþróunar eins og sést á töflu 1.2. Þess má einnig geta að framlag Íslendinga er að mestu lánsfé, en styrkir annars staðar á Norðurlöndum. Auk þess hafa Danir, Finnar og Svíar aðgang að margvíslegum byggðasjóðum Evrópusambandsins.

---

[1] Seageldin, 1996.

[2] Ólafsdóttir og Persson, 1995; Landshagir 1996, 33; Gísli Ágúst Gunnarsson, 1993.

[3] Yearbook of Nordic Statistics 1996, Nord 1996:1, 50–52.

Tafla 1.2. *Fé varið til byggðaþróunar á Norðurlöndum 1996. Milljónir ísl. kr.*[1]

Land	Samtals	Á íbúa/km²	Íbúar km²
Finnland	14.458	964	15
Ísland	1.530	510	3
Noregur	15.882	1.221	13
Svíþjóð	24.721	1.236	20

Heimild: NordREFO, 1997:2.

Að lokum er þess að geta að áherslur í byggðaþróun hafa breyst hin síðari ár. Erlendis, einkum í Evrópu, hefur gætt eftirtalinna tilhneiginga:[2]

- Gætt hefur breytinga þannig að stefnumörkun og starf hefur færst frá opinberum aðilum í höfuðborgum til byggðarlaga.
- Horfið hefur verið frá beinum stuðningsaðgerðum (nauðarlausnum – veita fé, reisa verksmiðjur o.fl.), sem viðhalda óbreyttu ástandi, til þróunarverkefna sem miða að því að efla byggðarlögin til framtíðar.
- Ábyrgð og framkvæmd hefur færst frá opinberum stofnunum til frjálsra félagasamtaka, einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila í heimabyggð.

Af þessu má ráða að byggðastefna og þróun í framtíðinni verði með þeim hætti að byggðarlögin taki meiri þátt í stefnumörkun og framkvæmd og hlutur opinberra aðila minnki vegna fjárhagsörðugleika og einnig vegna þess að það þarf að réttlæta hlutverk sitt með öðrum hætti en áður.

Byggðastofnun hefur þegar samið sig að þessum breytingum og stuðlað að valddreifingu með því að koma upp atvinnuþróunarfélögum og útibúum út um landið.

Fylgiskjal IV.

Stefán Ólafsson:

Um aðgerðir í byggðaþróunarmálum.
Hvað getur hið opinbera gert til að hafa áhrif á búsetuþróun?
(Unnið fyrir stjórn Byggðastofnunar að beiðni
Egils Jónssonar stjórnarformanns, janúar 1998.)

I. Inngangur.

Í þessari greinargerð verða dregnar nokkrar ályktanir um leiðir sem virðast líklegar til að hafa áhrif á búferlaflutninga frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis. Ályktanirnar eru byggðar á rannsókn höfundar á orsökum búferlaflutninga á Íslandi á síðastliðnum árum og reynslu nágrannalandanna á Norðurlöndum og Bretlandseyjum af byggðaþróunaraðgerðum.[3]

---

[1] Kaupgengi 2. desember 1997.

[2] Lena Ramfelt, 1995.

[3] Sjá bókina *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, sem gefin var út af Byggðastofnun í nóvember 1997.

Fyrst verður fjallað um markmið byggðaþróunaraðgerða með hliðsjón af markmiðum byggðastefnu sem sett hafa verið í nágrannalöndunum, þá verður gerð nokkur grein fyrir helstu leiðum sem farnar hafa verið í byggðaþróunaraðgerðum á Bretlandseyjum og Norðurlöndum, en síðan verður spurt hvaða aðgerðir séu líklegar til að hafa áhrif á búferlaflutninga hér innan lands. Sérstaklega verður fjallað um viðhorf heimamanna til búsetuskilyrða á jaðarsvæðum landsins, þ.e. þeim svæðum sem hafa tapað flestu fólki á síðastliðnum sex til tíu árum. Niðurstöður rannsóknarinnar um orsakir búferlaflutninga frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis verða lagðar til grundvallar mati á því hvaða aðgerðir séu líklegar til að styrkja búsetu á jaðarsvæðunum og landsbyggðinni almennt.

II. Um markmið og leiðir í byggðaþróunaraðgerðum nágrannaþjóðanna.

Í nágrannalöndunum er löng hefð fyrir víðtækri byggðastefnu, einkum á Bretlandseyjum og á Norðurlöndum, en á vegum Evrópusambandsins er einnig rekin umtalsverð byggðastefna. Byggðastefna er þó víða umdeild, líkt og á við um aðra þætti opinberrar stefnumótunar á sviði atvinnu- og félagsmála. Hins vegar hefur framkvæmd byggðastefnu víðast tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum og áratugum.

Helstu markmið sem menn hafa sett sér með byggðastefnu eru í senn **þjóðfélagsleg** og **efnahagsleg**.

Dæmi um **þjóðfélagsleg markmið** eru aðgerðir til að draga úr svæðisbundnum mun lífskjara- og búsetuskilyrða, svo sem tekjumun, mun á atvinnuleysi, tækifærum og þjónustu. Slík markmið tengjast oft réttlætis- eða sanngirnissjónarmiðum stjórnmálanna, svo sem því viðhorfi að sanngjarnt sé að öll svæði landsins njóti ávaxta af hagvexti og að allir þegnar skuli eftir megni njóta sambærilegra tækifæra.

Annað dæmi um þjóðfélagsleg markmið byggðastefnu er það að halda landsvæðum í byggð og milda áhrif örra þjóðfélagsbreytinga.

Evrópusambandið leggur mikla áherslu á fyrri tegundina, það er jöfnun búsetuskilyrða, en hjá norrænu frændþjóðunum hefur lengi verið lögð rík áhersla á það markmið að halda jaðarbyggðum (oftast hinum nyrstu svæðum) í byggð, ásamt með fyrra markmiðinu að jafna eftir kostum búsetuskilyrði almennings í flestum eða öllum landshlutum.[1] Þessi mikla áhersla norrænu þjóðanna á viðhald búsetu á jaðarsvæðum á sér auðvitað rætur í þeirri sérstöðu sem óvenjulegir landkostir hinna nyrstu svæða skapa og sem lengi hafa tengst miklu strjálbýli á þeim slóðum.

Dæmi um **efnahagsleg markmið** byggðastefnu eru meðal annars þau að nýta betur náttúruauðlindir og landgæði, nýta betur fyrirliggjandi fjárfestingu, nýta betur vinnuafl, bæta virkni markaðsafla, bæta samkeppnishæfni jaðarsvæða og aftra ofþenslu á miðsvæðum (stærstu þéttbýlissvæðunum).[2] Bæði á Bretlandseyjum og í Evrópusambandinu er lögð mikil áhersla á efnahagslegt mikilvægi byggðaþróunaraðgerða. Þar er til dæmis umtalsverður mun-

---

[1] Umfjöllunin um byggðastefnu Evrópusambandsins er hér byggð á bók Harvey Armstrong og Jim Taylor (1993), *Regional Economics and Policy* (London: Harvester Wheatsheaf), og um byggðastefnu á Norðurlöndum er byggt á Jan Mönnesland (1994 og 1997), *Regional Policy in the Nordic Countries* (Stockholm: NordREFO). Einnig er höfð hliðsjón af Leif Gram (1988), *Att välja regionalpolitik: Strukturförändring, kris og nyorientering i nordisk samhällsplanering* (Kaupmannahöfn: NordREFO og Verslunarháskólinn í Kaupmannahöfn) og loks er byggt á skýrslu OECD og NordREFO frá 1989, *The Long-Term Future of Regional Policy – A Nordic View* (Kaupmannahöfn, NordREFO).

[2] Sbr. Armstrong og Taylor (1993), bls. 193–196.

ur á viðvarandi atvinnuleysi milli landsvæða tekinn sem dæmi um ástæðu til þess að reyna að nýta betur vinnuafl og fyrirliggjandi fjárfestingu í framleiðslutækjum, samgöngumannvirkjum og annarri grunngerð samfélagsins, auk nýtingar á fjárfestingu einkaaðila í íbúðarhúsnæði. Bætt samkeppnishæfni jaðarsvæða, eða svæða sem hafa staðið að baki öðrum svæðum í hagvexti, atvinnuþróun og lífskjörum, hefur verið talin geta stuðlað að betri virkni markaðsafla. Slík styrking er auk þess líkleg til að stuðla að auknu frumkvæði og framtaki heimamanna til nýsköpunar og sjálfbærrar framþróunar.

Þegar hugað er að leiðum í byggðaþróunaraðgerðum má almennt greina að tvær meginstefnur: **byggðastefnu í anda markaðshyggju** og **byggðastefnu í anda ríkisforsjár**.

II.1. Byggðastefna í anda markaðshyggju.

Byggðastefna í anda markaðshyggju hefur sótt á í nágrannalöndunum á síðustu árum.[1] Slík stefna er byggð á almennum hugmyndum um aukið vægi markaðsbúskapar og minnkun ríkisforsjár, með auknu hlutverki einkaaðila og áherslum á virkjun grasrótarinnar í þjóðfélaginu til sjálfsbjargar. Einkavæðing opinberrar starfsemi, grisjun opinberra reglugerða á sviði atvinnulífs og viðskipta og örvun nýsköpunar og framtakssemi í atvinnulífi eru meginforsendur. Frá þessum sjónarhóli er sérstakur byggðavandi rakinn til óhagkvæmni og hamlandi skilyrða fyrir markaðsbúskap á viðkomandi svæðum. Einnig er vandinn rakinn til veikrar viðskiptamenningar meðal heimamanna (*entrepreneurial culture*) og of letjandi fyrirkomulags ríkisforsjár.[2]

Í anda markaðssjónarhornsins er þá lögð áhersla á byggðaþróunaraðgerðir með leiðum aukins sveigjanleika á svæðisbundnum vinnumörkuðum (bæði með tilliti til hamlandi reglugerða og kjarasamninga) og gjarnan er beitt skattalegum hvatningum (skattaívilnunum) til að stuðla að aukinni framtakssemi, hagkvæmni og samkeppnishæfni. Lögð er áhersla á að halda beinum útgjöldum hins opinbera í lágmarki. Hvað snertir áherslur á almennar eða sértækar byggðaþróunaraðgerðir þá er í anda markaðshyggjusjónarmiðsins lögð mikil áhersla á að leggja af almennar og sjálfvirkar styrkja- eða hvatningarleiðir og fjölga í staðinn sértækum aðgerðum, sem fela í sér fýsileikamat tilefna og stuðningsaðgerða í einstökum tilvikum. Aukin áhersla á stofnun og rekstur atvinnuþróunarfélaga úti í héraði og ráðgjafarstarfsemi hvers konar, oft í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila, hefur einnig tengst þessu sjónarhorni markaðshyggju. Það hefur verið vænleg leið til að breyta hlutverki ríkisvaldsins á þessu sviði frá beinum afskiptum til óbeinna afskipta.

Dæmi um breytingu byggðastefnu frá ríkjandi og hefðbundnum leiðum beinnar ríkisforsjár til leiða í anda markaðshyggju eru breytingar sem gerðar voru á byggðastefnu í Bretlandi í stjórnartíð Margrétar Thatcher á níunda áratugnum. Samhliða lækkun útgjalda til framkvæmdar byggðastefnu voru áherslur í framkvæmd skerptar og takmarkaðar við þrengri svæði og skýrari markmið. (Þrátt fyrir þessa lækkun ríkisútgjalda til byggðaþróunaraðgerða nutu Bretar þó á þessum árum aukinna framlaga til málaflokksins frá byggðaþróunarsjóðum Evrópusambandsins, þannig að raunlækkun fjárveitinga til byggðaþróunaraðgerða varð lítil

---

[1] Hér er fjallað nokkuð ítarlega um þessa tegund byggðastefnu, vegna þess að hún tengist mörgum nýmælum sem fram hafa komið á sviðinu á síðastliðnum árum.

[2] Þessi lýsing er byggð á grein R. Martin (1989), „The New Economics and Politics of Regional Restructuring: The British Experience", í L. Albrechts o.fl. (Ritstj.), *Regional Policy at the Crossroads: European Perspectives* (London: Jessica Kingsley).

eftir 1983).[1] Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar var eftir sem áður að minnka mun atvinnutækifæra milli svæða. Ríkisstjórnin lýsti yfir áformum sínum, strax árið 1983, um að „viðhalda virkri byggðastefnu til að milda breytingar á svæðum sem hafa verið háð hnignandi atvinnuvegum og stuðla að nýsköpun fyrirtækja á þeim svæðum".[2]

Árið 1988 voru svo gerðar víðtækar breytingar á breskri byggðastefnu sem meðal annars fólu í sér eftirfarandi þætti:

1. **Aflagning sjálfvirkra almennra styrkja og aukning sértækra aðgerða.** Lagður var niður sjóður er veitti sjálfkrafa svæðisbundna þróunarstyrki (Regional Development Grants) til fyrirtækja er fjárfestu á afmörkuðum byggðaþróunarsvæðum. Fjármagnið var flutt til annarra þátta byggðastarfseminnar, einkum til sértækra aðgerða í byggðaþróunarmálum (Regional Selective Assistance). Þessi síðarnefndi flokkur byggðastyrkja fól í sér stuðning til fjárfestingar á afmörkuðum byggðaþróunarsvæðum. Veiting þeirra styrkja var þó ekki sjálfvirk, heldur háð því að sýnt væri með fýsileikaathugunum að þeim yrði varið til þess að skapa ný störf eða til að vernda störf á svæðunum. Miðað var við að styrkja verkefni sem ella hefðu ekki komist á legg.
2. **Nýir styrkir til lítilla fyrirtækja.** Teknir voru upp svokallaðir svæðatengdir fyrirtækjastyrkir (Regional Enterprise Grants), sem fyrirtæki með færri en 25 starfsmenn áttu rétt á. Veittir voru fjárfestingarstyrkir allt að 15% af kostnaði fastafjármuna, þó ekki hærri en 15.000 sterlingspund, og nýsköpunarstyrkir (Regional Innovation Grants), sem gátu numið allt að 50% af kostnaði við nýsköpunarverkefni í atvinnulífi, þó ekki hærri en 25.000 sterlingspund í einstökum tilvikum.
3. **Aðgengi að ráðgjöf.** Öllum fyrirtækjum í landinu sem höfðu innan við 500 starfsmenn og störfuðu á sviði iðnaðar og þjónustu var veittur aðgangur að ráðgjöf. Kostnaður við slíka ráðgjöf var greiddur með styrkjum, allt að 67% kostnaðar til fyrirtækja á byggðaþróunarsvæðum en allt að 50% kostnaðar til fyrirtækja á öðrum svæðum. Um var að ræða ráðgjöf um markaðssetningu, hönnun, gæðaþróun, framleiðslukerfi, viðskiptaáætlanir, fjármálaráðgjöf og upplýsingabúskap. Fyrirtæki gátu átt kost á mest tveimur styrkjum af þessum toga.

Samhliða þessum breytingum á níunda áratugnum jókst hlutverk svæðastjórna og aðila heima í héraði í framkvæmd byggðastefnu, þó svo að stjórnvöld skilgreindu ramma heimilaðra aðgerða og veittu fjármagn eða aðrar ívilnanir, svo sem skattfríðindi.

Á þessum sama tíma jókst mjög hlutverk byggðaþróunaraðgerða Evrópusambandsins, en það fólst einkum í verkefnabundnum fjárveitingum. Um var að ræða fjárveitingar frá félagsmálasjóði Evrópusambandsins (European Social Fund), einkum til að greiða fyrir endurmenntun og búferlaflutningum einstaklinga á svæðum þar sem er mikið atvinnuleysi; lán á hagstæðum kjörum frá Evrópska Fjárfestingarbankanum (European Investment Bank) til fjárfestingar í atvinnulífi og grunngerð svæða sem eiga í byggðavanda; sérstaka styrki úr landbúnaðarsjóði Evrópusambandsins (Guidance Section of the EC Agricultural Fund); sérstaka styrki til kol- og stáliðnaðargreina (ECSC) vegna endurnýjunar og nýsköpunar; og loks var um að ræða framlög úr hinum eiginlega byggðaþróunarsjóði Evrópusambandsins (European Regional Development Fund-ERDF).

Síðastnefndi sjóðurinn (ERDF) veitir styrki til viðbótar við styrki breska ríkisvaldsins (líkt og í öðrum aðildarríkjum) og greiðir niður vaxtakostnað sem tengist fjárfestingum í iðnaði og

---

[1] Armstrong og Taylor, bls. 211.

[2] Sbr. Álitsgerð stjórnvalda frá 1983 (White paper), *Regional Industrial Policy* (HMSO, 1983a), bls. 1.

þjónustu, og almennt á vegum lítilla fyrirtækja. Til greina koma einnig fjárfestingar í samgöngumannvirkjum, iðngörðum (industrial parks, industrial estates) og boðskiptum (telecommunications). Á síðustu árum hafa fjárveitingar úr byggðaþróunarsjóði Evrópusambandsins (ERDF) til Bretlands aukist umtalsvert.

Dæmi um svæðisbundnar stofnanir sem hafa náð miklum árangri í byggðaþróunaraðgerðum á Bretlandseyjum á síðastliðnum árum eru Highlands and Islands Development Board (síðar Scottish Enterprise) og Welsh Development Agency. Þessir aðilar hafa mikið fjárhagslegt bolmagn til að koma inn í verkefni á sviði byggðaþróunaraðgerða með ýmsum hætti, til dæmis hafði skoska stofnunin rúma 18 milljarða í fjárhagsáætlun fyrir árið 1990–91.[1] Þetta eru opinberar stofnanir sem búa þó ekki við pólitíska stjórn. Fjárhagur þeirra byggir á upphaflegum og að hluta áframhaldandi framlögum ríkisins en hlutur sjálfsaflafjár hefur aukist í starfsemi þeirra. Tekjur koma t.d. af arðgefandi eignum í hlutabréfum, landi, fastafjármunum og útistandandi lánum.

Lítil svæðisbundin atvinnuþróunarfélög eru einnig mjög algeng á Bretlandseyjum og sjá oft um framkvæmd byggðaþróunarverkefna í samvinnu við hina stærri aðila. Helsta gagnrýnin á starfsemi slíkra félaga hefur verið sú að á skorti í samhæfingu aðgerða og að hætta sé á sóun vegna þess að margir aðilar séu að fást við það sama. Stærri aðilarnir sem fara með byggðaþróunarmálefni á vegum stjórnvalda eru því áfram mikilvægir fyrir stefnumótunar- og samhæfingarhlutverkið, auk þess að vera sterkir bakhjarlar þegar kemur til fjármögnunar.

Þá er lögð síaukin áhersla á viðvarandi árangursmat á framkvæmd byggðaþróunaraðgerða.

Margir telja nú á dögum að markaðshyggja sé ekki samrýmanleg framkvæmd byggðastefnu á vegum stjórnvalda, en reynslan frá Bretlandseyjum og Evrópusambandinu sýnir bæði að til er byggðastefna í anda markaðshyggju og að stjórnvöld sem beita sér fyrir auknum áherslum á markaðsbúskap í efnahagslífi sínu sjá einnig ríka ástæðu til að halda áfram þróttmiklu byggðaþróunarstarfi, þó með breyttum áherslum sé.

II.2. Byggðastefna í anda beinna ríkisafskipta.

Hin hefðbundna byggðastefna sem þróaðist á Norðurlöndum og Bretlandseyjum á eftirstríðsárunum er grundvölluð á beinum ríkisafskiptum og ríkisforsjá. Um er að ræða hagstjórnarspeki í anda Keynesismans, þar sem ríkisvaldinu er ætlað stórt hlutverk við að tryggja þróttmikla starfsemi atvinnulífs, meðal annars með beinum inngripum í rekstur og fjárfestingu í atvinnulífi, og með breyttri virkni markaðsaflanna, t.d. með inngripum í verðmyndunarkerfi markaðarins. Frá þessum sjónarhóli er byggðavandi gjarnan skilgreindur sem afleiðing of lítillar fjárfestingar á tilteknum vandamálasvæðum, hnignunar fyrirliggjandi atvinnugreina (oft frumvinnslugreina og gamalla iðnaðargreina), fjármagnsflótta til ríkari svæða þar sem ávöxtunartækifæri virðast betri, og loks er vandinn oft rakinn til ófullnægjandi aðgerða ríkisvaldsins til að styðja byggðarlög sem eru í vanda af náttúrulegum eða öðrum ástæðum.[2]

Þær leiðir sem hefðbundnar eru í byggðaþróun og tengjast þessu sjónarhorni eru beinar stuðningsaðgerðir ríkisvaldsins (sérstakir styrkir og fríðindi til fyrirtækja á viðkomandi svæðum) og opinberar framkvæmdir (samgöngumannvirki, þjónustuuppbygging, uppbygging opinberra fyrirtækja). Meiri metnaður ríkisstjórna í byggðamálum endurspeglaðist á liðnum áratugum oft í auknum fjárveitingum til atvinnufyrirtækja og opinberra framkvæmda á byggðaþróunarsvæðunum. Saman fór gjarnan stórt hlutverk ríkisvaldsins og áhersla í fyrstu á

---

[1] Armstrong og Taylor, bls. 207–213.

[2] Sbr. grein R. Martins (1989).

stuðning og hvatningu til fyrirtækja, en á seinni árum hefur opinber stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur á byggðaþróunarsvæðum aukist, t.d. í gegnum almannatryggingakerfi velferðarríkisins, virka vinnumarkaðsstefnu sem stuðlar að endurmenntun og styrkir fólk til að flytja búferlum frá svæðum sem eru í vanda til annarra svæða á landsbyggðinni sem bjóða betri tækifæri fyrir íbúa (t.d. í Svíþjóð), og loks með svæðisbundnum niðurgreiðslum á kostnaði við búsetu á ystu jaðarsvæðum, oft með framlögum til sveitarstjórna sem koma fjármagninu á endanlegan áfangastað.

II.3. Þættir byggðaþróunaraðgerða í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Á Norðurlöndum, að Danmörku undanskilinni (en þar eru byggðavandamál af öðrum toga en í hinum norðlægari löndum), er almennt um víðtækar og mjög fjölþættar byggðaþróunaraðgerðir að ræða. Saman fara aðgerðir sem beinast að fyrirtækjum og grunngerðarframkvæmdum og aðgerðir sem beinast að einstaklingum. Alls staðar eru byggðaþróunarsvæði afmörkuð, frá svæðum sem eru í mestum vanda og njóta mestrar fyrirgreiðslu til svæða sem betur standa og njóta hlutfallslega minni stuðnings. Algengt er að notast við tveggja til fimm stiga skiptingu svæða. Þannig er einnig að málum staðið í löndum Evrópusambandsins og á Bretlandseyjum. Á Íslandi er allt svæðið utan höfuðborgarsvæðisins jafnsett sem viðfangsefni byggðaþróunaraðgerða.

Í Finnlandi hefur beinn stuðningur við byggðaþróun einkennst af fjárfestingarstyrkjum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu til fyrirtækja (mest til fyrirtækja á svæði 1, minna til svæða 2 og 3) en að auki er um að ræða tímabundna styrki á svæði þar sem atvinnulíf á í tímabundnum erfiðleikum (restrukturering).[1] Þá eru veittir styrkir til stofnunar nýrra fyrirtækja, þróunarstyrkir til að bæta rekstur og stjórnun fyrirtækja, þróa nýja vöru og framleiðsluaðferðir, markaðssetningu og í rannsóknir og þróun. Kera, sjálfstæður byggðaþróunarsjóður, veitir lán og ábyrgðir til fjárfestingar og rekstrar og einnig til nýsköpunar. Þá er flutningskostnaður niðurgreiddur, sérstakir hvatar og ívilnanir eru veitt smáum fyrirtækjum og hið sama á við um landbúnaðarsvæði sem eru í hnignun. Á þróunarsvæðum eru launatengd gjöld lægri og afskriftaheimildir rýmri. Þá er nokkur áhersla á sértækar verkefnabundnar aðgerðir, einkum eftir að áhrifa byggðaþróunarsjóða Evrópusambandsins fór að gæta í Finnlandi, en Evrópusambandið skipuleggur umtalsverðan hluta stuðningsaðgerða sinna innan ramma sértækra verkefnaáætlana.

Í Svíþjóð hefur NUTEK (National Board for Industrial and Technical Development) mikla ábyrgð á sviði beinna opinberra byggðaþróunaraðgerða. Veittir eru styrkir til fjárfestinga sem eru breytilegir eftir stuðningssvæðum/byggðavandasvæðum og rífleg staðsetningarlán, allt að 70% af fjárfestingarkostnaði á mestu stuðningssvæðunum. Sveitarstjórnir veita einnig lán til fyrirtækja sem að hluta eru fjármögnuð með framlögum frá ríkinu og ríkið veitir einnig sérstök lán til svæðisbundinna atvinnuþróunarfélaga. Þá er boðið upp á þróunarstyrki til umbóta og framþróunar í rekstri fyrirtækja. Smærri fyrirtæki njóta einnig sérstakra hvata til að auka atvinnutækifæri og bæta þjónustu á jaðarsvæðum.

Í Svíþjóð hefur lengi tíðkast að bjóða upp á beinar niðurgreiðslur launakostnaðar og flutningskostnaðar, en erfiðara er að halda uppi slíkum aðgerðum eftir að áhrif Evrópusambandsins á stefnumótun hafa aukist (t.d. vegna samkeppnislaga). Einnig hefur verið boðið upp á skattahvata til fyrirtækja á byggðaþróunarsvæðum, t.d. með lægri álagningu launatengdra gjalda í einstökum atvinnugreinum og rýmri afskriftum.

---

[1] Hér er einkum byggt á riti Jan Mönnesland (1994).

Um miðjan níunda áratuginn voru bein framlög ríkisins til byggðaþróunaraðgerða sveitarstjórna stærsti liður beinna útgjalda til þessa málaflokks byggðastefnunnar, þá komu skattaívilnanir, staðsetningarstyrkir, flutningskostnaðarstyrkir, niðurgreiðslur vinnuaflskostnaðar og loks þróun grunngerðar.[1] Þá eru heimildir til að taka upp sérstakar aðgerðir vegna sérstakra aðkallandi vandamála á jaðarsvæðum og eru þau þá útfærð sem tímabundin verkefni eða átaksverkefni.

Í Noregi er það byggðaþróunarsjóðurinn (DU) sem síðan 1960 hefur haft stærst hlutverk í framkvæmd beinna byggðaþróunaraðgerða, en frá 1993 var hann sameinaður atvinnu- og byggðasjóði ríkisins (SND) og var framkvæmdin þá einnig færð í auknum mæli til heimamanna (svæðisstjórna). Helstu form stuðningsaðgerða í Noregi hafa verið fjárfestingar- og þróunarstyrkir, sem hafa tekið nærri helming af fjárframlögum til beinna byggðaþróunaraðgerða. Slíkir styrkir mega fara til fyrirtækja í öllum atvinnugreinum nema í landbúnaði, skógarhöggi og sjávarútvegi, en þær greinar hafa í staðinn sín eigin stoðkerfi að byggja á. Upphæðir styrkjanna eru breytilegar eftir þróunarsvæðum. Þá hafa hinar opinberu byggðaþróunarstofnanir víðtækar heimildir til lánveitinga og ábyrgða fyrir fyrirtæki á helstu stuðningssvæðum. Þessi stuðningur er veittur til að bæta fyrir það að bankar tregast oft við að veita lán til atvinnustarfsemi á jaðarsvæðum vegna þess að ábyrgðir þykja stundum ótraustari þar og arðsemi framkvæmda minni.

Þróunarstyrkir/nýsköpunarstyrkir eru veittir til menntunar, nýrra fyrirtækja, markaðssetningar, vöruþróunar, sérstakra aðgerða til að ráða konur til starfa og fleiri aðgerða sem stuðla að endurnýjun og umbótum í fyrirtækjarekstri. Atvinnu- og byggðaþróunarsjóðurinn veitir einnig lán og styrki til fyrirtækja um land allt til að efla sérstaklega nýsköpun í tækniþróun og til að greiða fyrir sérstaklega áhættusömum tilraunaverkefnum í atvinnulífinu.

Sveitarstjórnir fá framlög frá ríkinu í atvinnuþróunarsjóði sem nota má til að hlúa að fyrirtækjum eða til opinberra grunngerðarframkvæmda. Þá eru sérstakir styrkir til nýsköpunar í sveitum. Sérstakar heimildir eru einnig veittar til að bæta hæfnisstig svæða með uppbyggingu á þekkingarlegri grunngerð (knowledge infrastructure), svo sem með eflingu rannsóknar- og þróunarfyrirtækja. Þá er loks að nefna skattaívilnanir (lægri álagningu launatengdra gjalda) og jöfnunaraðgerðir í gegnum almannatryggingakerfi (sem beinast að lágtekjufólki og atvinnulausum og jafna meðaltekjur milli svæða með mismunandi atvinnuleysisstig) og í gegnum fjárframlög til sveitarstjórna, sem oft taka tillit til byggðavanda.

Á heildina litið má því segja að byggðaþróunaraðgerðir í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, sem og á Bretlandseyjum og í Evrópusambandinu almennt, séu í senn umfangsmiklar og fjölbreyttar og beinast ýmist að sveitarstjórnum, fyrirtækjum eða einstaklingum með beinum eða óbeinum hætti. Sérstaða þessara norrænu þjóða í byggðaþróunaraðgerðum, umfram Evrópusambandsþjóðirnar, er einkum sú mikla áhersla sem þar er lögð á stuðningsaðgerðir við ystu jaðarbyggðirnar sem öðru fremur miða að því að vernda búsetumynstur á harðbýlum svæðum og krefjast oft beinna jöfnunaraðgerða af félagslegum toga. Byggðaþróunaraðgerðir sem hafa efnahagsleg markmið eru þó einnig víðtækar meðal norrænu þjóðanna og á Bretlandseyjum, þ.e. aðgerðir sem eru taldar stuðla að auknum hagvexti, bættri samkeppnihæfni, aukinni nýtingu og hagræðingu. Reynsla grannþjóðanna getur því nýst Íslendingum með margvíslegum hætti til áframhaldandi þróunar byggðastefnu.

---

[1] Mönnesland (1994), bls. 47.

III. Tilefni til byggðaþróunaraðgerða á Íslandi.

Byggðastefna á Íslandi hefur verið framkvæmd með ýmsum hætti á eftirstríðsárunum, en lengst af hefur það einkennt hana að hlutverk ríkisins hefur verið mikið, enda þjóðin fámenn, strjálbýli utan höfuðborgarsvæðisins mikið og geta til aðgerða úti í héraði því frekar lítil. Byggðastofnun hefur á liðnum árum veitt lán og annan fjárhagslegan stuðning til byggðaþróunaraðgerða, fjárfest í svæðisbundnum atvinnuþróunarfélögum og stutt einstök verkefni á landsbyggðinni. Lán til fjárfestingar fara venjulega ekki upp fyrir 20% af kostnaði (fjárfestingarlán sambærilegra stofnana í nágrannalöndunum geta numið allt að 50 til 70% kostnaðar). Í reynd hefur Byggðastofnun talsverðan sveigjanleika til að beita byggðaþróunaraðgerðum, en fjárhagslegt bolmagn stofnunarinnar virðist vera lítið samanborið við svipaðar stofnanir í nágrannalöndunum. Hið opinbera hefur þó lagt byggðaþróunarmálum lið með aðgerðum á vegum annarra stofnana á liðnum árum (svo sem á vegum fjárfestingarsjóða atvinnulífsins, með opinberum fjárfestingum í grunngerð og þjónustu, niðurgreiðslum landbúnaðarafurða o.fl.).

Byggðastefna hvers tíma endurspeglar auðvitað vilja og áform stjórnvalda, auk þess sem hún hlýtur að taka mið af ástandi byggðaþróunarmála. Í því sambandi má nú spyrja hver séu hin sérstöku tilefni til opinberra byggðaþróunaraðgerða hér á landi.

Í fyrsta lagi má benda á það sem fram kom í ritinu Búseta á Íslandi (1997), að búferlaflutningar frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins hafa aukist mjög mikið á síðustu árum. Landsbyggðin á Íslandi hefur í reynd tapað hlutfallslega stærri hluta íbúa sinna á síðastliðnum árum en nyrstu svæði Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Vestfirðir, Norðurland vestra, Austfirðir og Vesturland hafa tapað óvenjustórum hluta íbúa sinna hvort sem borið er saman við þróunina á Norðurlöndum eða Bretlandseyjum. Umfang byggðaröskunar er því orðið óvenjumikið hér á landi.

Á móti má spyrja hvort búferlaflutningar endurspegli ekki einfaldlega óskir íbúa landsbyggðarinnar og því sé ekkert athugavert við þróunina, þó svo að umfangið hafi aukist. Slíkar raddir heyrast oft. Hins vegar sýnir rannsóknin á orsökum búferlaflutninga að mikill meiri hluti íbúa landsbyggðarinnar vill umfram allt búa áfram á svipuðum eða sambærilegum slóðum. Eins og sjá má í töflu 1 eru það aðeins frá 15 til 21% íbúa landsbyggðarinnar sem segja að þeir vilji helst búa á höfuðborgarsvæðinu. Á móti kemur að tæp 13% íbúa á höfuðborgarsvæðinu segjast helst vilja búa á fámennari stað en höfuðborgarsvæðið er.

Tafla 1. Búsetuóskir íbúa einstakra landshluta. Spurt var: Samanborið við núverandi byggðarlag þitt, vildirðu helst búa á höfuðborgarsvæðinu, stærra (fjölmennara) byggðarlagi en núverandi byggðarlag er, svipuðu, eða minna byggðarlagi?

	Vilja helst búa á (%):				
	Höfuðborgar-svæði	Fjölmennara svæði	Svipuðu svæði	Fámennara svæði	Alls
Búa nú á:					
Höfuðborgarsvæði	43	5	39	13	100
Suðurnesjum	17	11	62	11	100
Vesturlandi	21	14	60	5	100
Vestfjörðum	15	28	52	5	100
Norðurlandi vestra	19	21	55	6	100
Norðurlandi eystra	16	15	56	13	100
Austurlandi	15	27	56	3	100
Suðurlandi	17	12	64	6	100

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997.

Ef við gefum okkur að 20% íbúa landsbyggðarinnar allrar vilji helst búa á höfuðborgarsvæðinu (í reynd er hlutfallið lægra eins og taflan sýnir) og að 13% íbúa höfuðborgarsvæðisins vilji helst búa á fámennari stað en höfuðborgarsvæðið er, þá eru það í reynd fleiri einstaklingar sem helst vilja búa á landsbyggðinni.[1] Þróun búsetunnar hefur hins vegar verið á hinn veginn, að fleiri hafa flutt frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis.

Það er því ekki í samræmi við óskir íbúa landsins að fólksfjöldaþróun landsbyggðar er svo óhagstæð sem verið hefur, samanborið við íbúaþróun höfuðborgarsvæðisins. Það virðist því sem að margir flytji frá landsbyggðinni gegn vilja sínum, enda hafa íbúar landsbyggðarsvæðanna yfir fleiru að kvarta í búsetuskilyrðunum sínum, eins og skýrlega kemur fram í ritinu Búseta á Íslandi. Misvægið í búsetuþróun landshlutanna er því að umtalsverðum hluta tilkomið vegna óánægju með búsetuskilyrði sums staðar á landsbyggðinni, jafnvel þó að flestir vilji áfram búa á sama eða svipuðum stað. Ef búsetuþróunin í landinu væri í samræmi við óskir landsmanna allra, þá væri meira jafnvægi á íbúaþróun á landsbyggð og höfuðborgarsvæði en verið hefur á síðastliðnum árum.

Mikilvægi þessarar niðurstöðu, ásamt upplýsingunum um vaxandi umfang búsetubreytinganna sem áður voru nefndar, er að tilefni til byggðaþróunaraðgerða er nú mun meira en verið hefur á síðustu áratugum. Ef mið er tekið af umfangi búseturöskunar hér og í nágrannalöndunum má segja að þörfin fyrir viðnámsaðgerðir sé nú umtalsvert meiri hér á landi en á Bretlandseyjum eða í Skandinavíu og Finnlandi.

En hverjar eru orsakir búferlaflutninganna frá landsbyggðinni og hvaða aðgerðir eru líklegar til að hafa áhrif á þá?

IV. Hvers vegna flytur fólk búferlum frá landsbyggðinni?

Rannsóknin á orsökum búferlaflutninga á Íslandi, sem sagt er frá í bókinni Búseta á Íslandi, leiðir í ljós að mjög náið samband er milli mats íbúa einstakra landshluta á búsetuskilyrðum byggðarlagsins og fólksfjöldaþróunar. Þar sem íbúar hafa yfir fleiru að kvarta í búsetu-

[1] 20% íbúa landsbyggðarinnar eru nálægt 19.000 manns, en 13% íbúa höfuðborgarsvæðisins eru um 23.000 manns.

skilyrðunum hefur fólksfjöldaþróunin orðið óhagstæðust vegna mikils brottflutnings. Þar sem ánægja með 24 þætti búsetuskilyrða er mest hefur þróunin orðið hagstæðust og mest fjölgað.

Búsetan er almennt veikust í smæstu sjávarútvegsbyggðarlögunum, einkum í þorpum með innan við 1000 íbúa. Náið samband er milli þróunar atvinnutækifæra í fiskvinnslu á landsbyggðinni og brottflutnings til höfuðborgarsvæðisins á síðastliðnum 35 árum. Flutningur vinnslu út á sjó í frystitogara og það óöryggi sem frjálst framsal veiðikvóta skapar í minni sjávarútvegsþorpum virðist eiga ríkan þátt í aukinni búseturöskun á síðustu árum. Hins vegar eru íbúar sumra stærri þéttbýlisstaðanna á landsbyggðinni ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

IV.1. Viðhorf íbúa á hættusvæðunum.

Til að draga skýrt fram niðurstöður rannsóknarinnar er gagnlegt að skoða meðfylgjandi yfirlit um óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrðanna í mestu jaðarbyggðunum, eða þeim svæðum sem Byggðastofnun hefur skilgreint sem sérstök hættusvæði á landsbyggðinni, vegna þess að þau hafa tapað meira en 10% af íbúum sínum á síðustu 10 árum.[1] Þessi greining sýnir á skýran hátt hvaða einstakir þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest svíður undan á þeim svæðum sem flestu fólki tapa. Um er að ræða eftirfarandi svæði:

Hættusvæðin á landsbyggðinni:

Vesturland:	Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla
Vestfirðir:	Allt kjördæmið
Norðurland vestra:	Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla
Norðurland eystra:	Siglufjörður, Fljóta- og Hofshreppur
Austurland:	Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Suður-Múlasýsla
Suðurland:	Vestur-Skaftafellssýsla

Tafla 2 sýnir hvaða þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest óánægja er með á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Heildarmynstur niðurstaðna er í samræmi við niðurstöðurnar fyrir landið allt, þó að mikilvægi einstakra þátta sé misjafnt. Hér kemur skýrlega fram að flestir íbúar hættusvæðanna, þ.e. þeirra svæða sem langflestu fólki hafa tapað á síðastliðnum árum, eru óánægðir með húshitunarkostnað, næstmest er óánægjan með verðlag og verslunaraðstæður, þá kemur lagning og viðhald vega, tekjuöflunarmöguleikar, atvinnutækifæri, húsnæðiskostnaður almennt, framboð hentugs húsnæðis á svæðinu, atvinnuöryggi og framhaldsskólamál. Á hinum enda listans eru þau atriði sem litla óánægju vekja, og þar eru áberandi margir þættir opinberrar þjónustu, veðurfar og umhverfisskilyrði.

---

[1] „Byggðir sem höllum fæti standa" (Byggðastofnun, október 1997).

Tafla 2. Viðhorf íbúa til búsetuskilyrða á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Það sem flestir eru óánægðir með.

	% íbúa sem segjast óánægðir með viðkomandi þátt
Húshitunarkostnaður	78
Verðlag og verslunaraðstæður	69
Lagning og viðhald vega	58
Tekjuöflunarmöguleikar	52
Atvinnutækifæri	49
Húsnæðiskostnaður almennt	49
Framboð hentugs húsnæðis	45
Atvinnuöryggi	43
Framhaldsskólamál	43
Aðstaða til afþreyingar	38
Vöruúrval	37
Skemmtanalíf	37
Menningarlíf	35
Hætta vegna náttúruhamfara	34
Þjónustuúrval	32
Ruðningur vega á vetrum	29
Aðstaða til íþróttaiðkunar	28
Flugsamgöngur	27
Dagvistunarmál	24
Heilbrigðisþjónusta	22
Veðurfar í byggðarlaginu	21
Grunnskólamál	20
Þjónusta við aldraða	14
Hætta af völdum umferðar og ofbeldis	8

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997

Húshitunarkostnaðurinn er beint kjaraatriði fyrir almenning, en eins og fram kemur í annarri greinargerð,[1] þá greiða íbúar þeirra svæða sem ekki njóta jarðhitaveitna allt að tvöfaldan húshitunarkostnað á við það sem tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Meðalhúshitunarkostnaður á „köldu svæðunum" er nú nærri heilum mánaðarlaunum verkamanns á einu ári.

Annað mesta umkvörtunarefnið, verðlag og verslunaraðstæður, tengist auðvitað aðgengi að verslunarþjónustu sem erfitt er að veita svo fullnægjandi teljist nema í stærri þéttbýliskjörnum. Síðan koma atriði tengd atvinnumálum og svo fleiri atriði tengd húsnæðisaðstæðum. Loks eru margir sem kvarta undan aðgengi að framhaldsskólanámi, sem eðlilega er takmarkað á umræddum svæðum.

[1] Stefán Ólafsson, „Tengsl viðhorfa til húshitunarkostnaðar og aðgangs að hitaveitu" (greinargerð fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998).

Tafla 3. Hvað hefur versnað á hættusvæðunum? % sem segja viðkomandi málaflokk hafa farið versnandi á sl. fimm árum og % sem eru óánægðir með ástand málaflokksins eins og nú er.

	% sem segja viðkomandi þátt hafa versnað	% óánægðir með viðkomandi þátt búsetuskilyrða
Atvinnumál	45	40
Húsnæðismál	37	50
Umhverfisaðstæður	25	17
Verslun og þjónusta	10	32
Menning/afþreyingaraðstaða	10	24
Samgöngur	6	27
Opinber þjónusta	7	12

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997.

Í ljósi þess að brottflutningur frá landsbyggðinni allri, og hættusvæðunum sérstaklega, hefur aukist á síðustu árum er rétt að spyrja hvaða atriði það eru í búsetuskilyrðunum sem hafa breyst til hins verra á sama tíma. Tafla 3 sýnir meðaltalstölur íbúa hættusvæðanna sem annars vegar segja að samanteknir þættir sjö málaflokka hafi versnað í byggðarlaginu á sl. fimm árum, og hins vegar sýnir hún hlutfall íbúa svæðanna sem eru óánægðir með viðkomandi málaflokk.

Atvinnumál og húsnæðismál eru þeir þættir sem íbúar þessara svæða eru í senn óánægðastir með og segja jafnframt í miklum mæli að hafi farið versnandi undanfarið. Óánægjan nær jafnframt til verslunar/þjónustu, samgönguaðstæðna og aðstöðu til menningar- og afþreyingariðju.[1]

Þegar allt er samantekið er sérstaklega athyglisvert að á hættusvæðum Byggðastofnunar fer í miklum mæli saman óánægja með marga mikilvæga þætti búsetuskilyrðanna, svo sem atvinnumál, húsnæðismál, verslun og þjónustu og samgöngumál. Þetta er sérstaklega afgerandi fyrir byggðirnar á Vestfjörðum og norðanverðum Austfjörðum, en gildir almennt á öllu hættusvæðinu þar sem fólksfækkun hefur verið mest.

En óánægja með einstaka þætti segir ekki alla söguna því að einstakir óánægjuþættir geta haft mismikil áhrif á hvort fólk flytur brott eða ekki. Þess vegna er rétt að líta hér að lokum á gögn um það hvaða þáttur hafi ráðið mestu um að fólk flutti brott frá landsbyggðinni á árunum 1992–96, og til samanburðar hvaða þáttur er meginástæða brottflutningsóska hjá þeim sem segjast ætla að flytja brott af landsbyggðinni almennt, og af hættusvæðunum sértaklega, á næstu tveimur árum. Þetta er sýnt í töflu 4.

[1] Menntun er hér hluti af flokknum opinber þjónusta og kemur ekki sérstaklega fram sem þáttur er menn eru óánægðir með í jaðarbyggðunum. Ástæðan fyrir því er sú að óánægjan með menntunaraðstæður tengist einkum framhaldsskólamálum (eins og fram kemur í töflu 2), en ánægja ríkir almennt á landsbyggðinni með grunnskólamál og aðra þætti opinberrar þjónustu.

Tafla 4. Hvað ræður mestu um brottflutning? Svör við opinni spurningu um helstu ástæðu brottflutnings.

	Þeir sem fluttu 1992–96	Þeir sem ætla að flytja af **landsbyggð**	Þeir sem ætla að flytja af **hættusvæði**
Atvinnuaðstæður	30	44	39
Menntunaraðstæður	16	30	32
Almenn lífsgæði	12	12	17
Húsnæðisaðstæður	17	7	0
Fjölskylda og vinir	14	5	7
Persónulegar ástæður	11	3	5
Alls	100%	100%	100%

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997.

Taflan sýnir að hjá flestum vega aðstæður í atvinnumálum byggðarlagsins, menntunaraðstæður og almenn lífsgæði þyngst af einstökum óánægjuþáttum. Á landsbyggðinni almennt og hættusvæðunum sérstaklega vega þessir þættir mun þyngra en á höfuðborgarsvæðinu. Þó svo að óánægja með húshitunarkostnað, samgöngur og verslunaraðstæður sé til dæmis mjög útbreidd á jaðarsvæðunum, þá eru þetta sjaldan þeir þættir sem vega þyngst eða gera útslagið í ákvörðunum um brottflutning frá landsbyggðarsvæðunum. Húsnæðismál hafa t.d. meira vægi sem orsök brottflutnings frá höfuðborgarsvæðinu. En allir óánægjuþættir eru þó mikilvægir því þeir leggjast á vogarskálarnar og koma inn í heildarmat íbúa á búsetuskilyrðum sínum, en það skýrir brottflutning frá einstökum svæðum að mjög stórum hluta, eins og fram kom í rannsóknarritinu Búseta á Íslandi.

Atvinnumál, menntunarmál og almenn lífsgæði eru því lykilþættir sem byggðaþróunaraðgerðir þurfa að beinast að ef stjórnvöld vilja hafa áhrif á búsetuþróunina til annars vegar en verið hefur á undanförnum árum.

V. Valkostir í byggðaþróunarmálum á Íslandi.

Þeir sem bera ábyrgð á byggðaþróunaraðgerðum hins opinbera þurfa að skilgreina þau markmið sem stefnt skal að. Valkostir um almenn markmið gætu til dæmis verið eftirfarandi:

1. Afskiptaleysisstefna í byggðaþróunarmálum. Þetta markmið má hugsa sér sem afleiðingu af því sjónarmiði að stjórnvöldum beri að einbeita sér að almennum aðgerðum sem skapa skilyrði til hagvaxtar í landinu, óháð því hvar í landinu vöxturinn verður. Beinum byggðaþróunaraðgerðum er þá haldið í lágmarki og framvindan á landsvísu látin ráða þróun búsetunnar í landinu. Líklegasta afleiðing slíkrar stefnu er sú að jaðarsvæðin verði undir í framþróuninni, líkt og verið hefur á undanförnum árum. Áfram fækkaði íbúum í sveitum með frekari samdrætti í landbúnaði og búseta í minnstu sjávarútvegsþorpum drægist verulega saman, bæði vegna flutnings fiskvinnslu út á sjó og vegna þess óöryggis sem framsal veiðiheimilda skapar landvinnslufólki, auk framkominnar óánægju með aðra þætti búsetuskilyrða á slíkum stöðum. Fólksfjölgun á landsbyggðinni sem verið hefur ófullnægjandi á heildina litið, jafnvel á hinum sterkari búsetusvæðum eins og Norðurlandi eystra og Suðurlandi, mun áfram vera lítil í besta falli.

Afleiðing frekari fólksflótta frá landsbyggðarhéruðunum, t.d. frá hættusvæðunum, yrði sú að mikill kostnaður legðist á samfélagið í formi vannýttra fjármuna í atvinnutækjum, grunngerðarmannvirkjum (samgöngumannvirkjum, orkumannvirkjum, þjónustumannvirkjum o.fl.) og í mannvirkjum einstaklinga (íbúðarhúsnæði). Hrun búsetu á einstökum svæðum mundi leiða til mikils kostnaðar fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem gætu þurft að skilja eftir af-

rakstur ævistarfsins sem verðlausa eign á hnignunarsvæði og jafnvel þurft að bera áfram skuldir af slíkum eignum eftir brottflutning.

II. Viðhald meginmynstra í núverandi búsetu í landinu og almenn styrking landsbyggðarinnar. Þetta er sú almenna stefna sem ríkt hefur hér á landi á liðnum áratugum, þótt áherslan á hana hafi ekki verið sérstaklega mikil eftir 1980. Ef hliðsjón er höfð af markmiðum og leiðum sem farnar hafa verið í nágrannalöndunum virðist ljóst að kröftug framkvæmd slíkrar stefnu krefst byggðaþróunaraðgerða sem beinast með meiri þunga að þeim svæðum sem verst standa til að bæta upp þá skertu samkeppnisstöðu sem slík svæði búa oft við af náttúrunnar hendi (fjarlægð frá þéttbýlisstöðum, strjálbýli sem takmarkar grundvöll verslunar og þjónustu, meiri framleiðslukostnaður, meiri flutningskostnaður, lakari búsetuskilyrði fyrir íbúa).

Þótt ýmsar leiðir komi til greina við framkvæmd slíkrar stefnu virðist ljóst, að ekki verður undan því vikist að byggðaþróunaraðgerðir sem stefna að slíku markmiði þurfi að fela í sér einhvers konar styrktaraðgerðir, beinar eða óbeinar, sem leiða til *jöfnunar búsetuskilyrða* og *jafnari samkeppnisstöðu atvinnulífs* á öllum helstu svæðum landsins. Hlúa þyrfti sérstaklega að viðkvæmustu búsetusvæðunum, efla nýsköpun í atvinnulífi þar og bæta búsetuskilyrði almennings með sértækum aðgerðum. Í nágrannalöndunum er svæðum víðast skipt eftir áherslum sem lagðar eru í slíkum jafnandi byggðaþróunaraðgerðum. Rétt er að hafa í huga að slík styrking svæða sem höllum fæti standa er ekki í neinum venjulegum skilningi ómagaframfæri, því mikil væg verðmætasköpun fer fram á slíkum svæðum, til dæmis í sjávarútvegsbyggðunum, auk þess sem búseta á slíkum svæðum hefur menningarlegt gildi og skapar tækifæri t.d. fyrir framþróun ferðaþjónustu.

III. Efling vænlegustu svæða landsbyggðarinnar, t.d. með uppbyggingu sterkra þéttbýlisstaða. Þetta er markmið sem mætti hugsa sér út frá því sjónarmiði að þjóðarhag sé best þjónað með virkjun vænlegustu byggðakosta (t.d. stærri þéttbýlisstaða eða svæða sem liggja vel við höfuðborgarsvæðinu og Akureyrarsvæðinu eða Suðurland og Vesturland, svo dæmi séu tekin) og afskiptaleysi gagnvart mestu jaðarbyggðunum, sem væntanlega teldust þá of dýrir og óarðbærir kostir fyrir sértækar byggðaþróunaraðgerðir. Slík stefna gæti falið í sér að íbúar mestu jaðarbyggðanna væru látnir sjálfir bera þær byrðar sem líkleg hnignun búsetu þar hefði í för með sér, nema stjórnvöld kysu að framkvæma byggðaþróunarstefnuna þannig að íbúar jaðarsvæða væru styrktir til að flytja til sérstakra vaxtarsvæða á landsbyggðinni eða til annarra staða almennt á landsbyggðinni (sbr. aðgerðir sem kallast „relocation grants“ eða „mobility and retraining grants“), en slíkt hefur verið gert bæði í Skandinavíu og á Bretlandseyjum, sem og innan Evrópusambandsins.

Framkvæmd slíkrar stefnu mundi ein og sér leiða til aukins ójafnaðar í búsetuskilyrðum og samkeppnisstöðu meðal landsbyggðarsvæða, eðli málsins samkvæmt, því sterkari byggðarlög væru efld umfram önnur byggðarlög. Hins vegar má ekki horfa fram hjá því, að sterkir þéttbýliskjarnar á landsbyggðinni eru einnig til þess fallnir að veita viðnám í víðari skilningi með því að bæta búsetuskilyrði strjálbýlli svæða sem eru innan seilingar við þá.

IV. Blönduð leið, þar sem stefnt er samhliða að viðhaldi meginmynstra núverandi byggðar og sérstakri eflingu vænlegri staða og héraða, til dæmis með aukinni uppbyggingu þéttbýliskjarna í öllum landshlutum. Með því að stefna að þessu markmiði er slakað svolítið á jafnaðarmarkmiði byggðaþróunaraðgerðanna, eins og fram kom í lið II., og farið bil beggja í víðtækum aðgerðum sem í senn þjóna viðhaldsmarkmiðum og sóknarmarkmiðum. Slík stefna gæti verið til þess fallin að aftra beinu hruni búsetu á viðkvæmustu svæðum og jafnframt nýtt sterkustu kosti landsbyggðarinnar til hins ýtrasta. Mismunur búsetuskilyrða og samkeppnisstöðu yrði þó áfram fyrir hendi, en vöxtur þéttbýliskjarna á lykilstöðum landsbyggðarinnar gæti í senn styrkt búsetu í grenndarhéruðum og virkjað arðvænlega framþróunarkosti.

Ýmsir valkostir eru fyrir hendi varðandi framkvæmd og útfærslu byggðaþróunarstefnu, hvaða markmið sem kunna að verða sett fyrir slíka stefnu. Markmiðin sem sett eru og sú ákveðni sem þeim fylgir hljóta að ráða leiðunum að miklu leyti.

Eins og fram kom í yfirlitinu um byggðaþróunaraðgerðir í nágrannalöndunum geta aðgerðir beinst að fyrirtækjum, sveitarstjórnum, svæðisbundnum félögum eða stofnunum eða að búsetuskilyrðum (lífskjörum) almennings á einstökum svæðum. Rannsóknin á orsökum búferlaflutninga sem greint er frá í ritinu Búseta á Íslandi bendir til þess að **atvinnumál** (nýsköpun, viðhald starfa, aukin fjölbreytni), **menntamál** (bætt aðgengi að framhaldsskólamenntun, virkjun þekkingar, rannsókna og ráðgjafar í atvinnulífi landsbyggðarinnar), **lífsgæðamál** almennings á jaðarbyggðum (jöfnun húshitunarkostnaðar, jöfnun menntunarkostnaðar vegna barna í framhaldsskóla, jöfnun flutningskostnaðar og húsnæðiskostnaðar) og **samgöngumál** skipti öll miklu fyrir mögulegan árangur af byggðaþróunaraðgerðum. Mikilvægi einstakra ofangreindra þátta er í þeirri röð sem þeir eru nefndir.[1]

Fylgiskjal V.

Rannsóknastofnun
Háskólans á Akureyri:

Þróun atvinnutækifæra á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.
(Greinargerð unnin fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998.)

Helstu niðurstöður.

- Hnignun sjávarútvegs hefur haft verulega þýðingu fyrir brottflutning fólks úr byggðarlögum sem mjög eru háð sjávarútvegi. Hið sama á að nokkru við um landbúnaðarbyggðir. Svæði þar sem verslun og þjónusta er mikil hafa dregið til sín fólk á undanförnum árum.
- Verulega vantar upp á að landsbyggðin standi jafnfætis höfuðborgarsvæðinu með tilliti til fjölbreytts atvinnulífs. Árið 1996 bjó 63,1% stjórnenda og embættismanna á höfuðborgarsvæðinu, 77,6% sérfræðinga og 76% þjónustu- og verslunarstarfsfólks. Á sama tíma bjuggu einungis 14,5% bænda og sjómanna í Reykjavík og nágrenni.
- Ársverkum á íslenskum vinnumarkaði fækkaði um 2208 á tímabilinu 1990–95. Ársverkum í landbúnaði fækkaði um 1.742, í sjávarútvegi um 576, í iðnaði um 3.342 og í samgöngum fækkaði ársverkum um 209. Ársverkum í þjónustu fjölgaði um 3.003 á sama tíma.

[1] Á þessu stigi virðist ekki rétt að gera hér beinar tillögur um skipan og framkvæmd byggðaþróunaraðgerða hins opinbera í smáatriðum (tegundir styrkja, lána, skattaívilnana, afskrifta, nýsköpunaraðgerða í atvinnulífi, aðlögun kvótakerfis vegna fiskvinnslustarfa, tegundir hvatninga til stofnunar nýrra fyrirtækja og tækniyfirfærslu, fyrirkomulag upplýsingabúskapar og menntunar, mótun lífskjara o.fl.). Fyrst þyrftu markmiðin að vera ljós og val beinna leiða krefst auk þess meiri rannsókna en hér hefur verið kostur á að gera. Annar valkostur er auðvitað sá, að láta framkvæmdaraðila byggðaþróunaraðgerða hins opinbera velja einstakar leiðir og þróa þær áfram með hliðsjón af reynslu og kerfisbundnu árangursmati, eftir að stjórnvöld hafa skilgreint skýrlega markmið þeirrar byggðastefnu sem þau vilja framkvæma.

- Áætlað er að störfum fyrir vel menntað fólk, svo sem sérfræðinga og tæknimenntað fólk, auk stjórnenda og framkvæmdastjóra, muni fjölga mjög á næstu árum. Störfum fyrir fólk með litla menntun mun hins vegar fækka eða fjöldi þeirra standa í stað samkvæmt áætlunum sérfræðinga.
- Spáð er að ársverkum í landbúnaði fækki um 300–600 á næstu fimm árum og ársverkum í sjávarútvegi (veiðum og vinnslu) um 4.200 á sama tíma.
- Ársverkum í iðnaði mun líklega fjölga um 2.000 og margvíslegum þjónustustörfum um 2.500. Loks er því spáð að góðar horfur í efnahagsmálum muni fjölga ársverkum um 1.000–1.500 til ársins 2002.
- Þau ársverk sem hverfa í frumvinnslugreinum eru einkum á landsbyggðinni, en fjölgunin mun líklega eiga sér stað að mestu á höfuðborgarsvæðinu í þjónustugreinum, stóriðju og byggingariðnaði.
- Til að efla fjölhæfni atvinnulífs á landsbyggðinni verður að efla grunngerð vaxtarsvæða, koma á fót svæðisbundnum nýsköpunarstöðvum, fjölga ársverkum fyrir vel menntað fólk á vegum hins opinbera og finna nýjum stóriðjuverkefnum stað utan atvinnusvæðis höfuðborgarinnar.

Inngangur.

Skýrsla sú sem hér liggur fyrir er unnin að frumkvæði stjórnar Byggðastofnunar. Samningar tókust milli hennar og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri um úttekt á byggðamálum og tillögum til úrbóta í septembermánuði 1997.

Markmið skýrslunnar er að draga saman upplýsingar um þróun atvinnutækifæra á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni hin síðari ár og áætla um framtíðarþróun í íslensku atvinnulífi.

Dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, lektor við Háskólann á Akureyri, tók saman upplýsingar um vinnumarkað og atvinnutækifæri hér á landi og erlendis en Jón Þórðarson, forstöðumaður sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri, ritaði um þróun mála í sjávarútvegi.

Skýrslan skiptist í fimm meginkafla. Hún hefst á yfirliti yfir þróun efnahagslífs og atvinnutækifæra almennt og hér á landi. Því næst er fjallað um tengsl einstakra atvinnugreina við búferlaflutninga og áhuga verður kafli um framtíðarþróun atvinnugreina fylgir þar á eftir. Niðurstöður eru dregnar saman í samnefndum kafla og loks eru nefndar tillögur til að fjölga valkostum í atvinnumálum á landinu.

Þróun efnahagslífs og atvinnutækifæra.

Vestrænt efnahagslíf hefur einkennst af því að þýðing landbúnaðar hefur minnkað sem starfsvettvangur fólks við upphaf iðnbyltingar og með vexti iðnaðarframleiðsluhátta. Síðan tekur við langvinnt skeið þar sem iðnaður er meginþáttur atvinnu- og efnahagslífs og loks hefst tímabil upplýsinga- eða þjónustusamfélags.

Íslenskt atvinnulíf hefur þróast með líkum hætti og gerst hefur meðal annarra vestrænna þjóða (sjá mynd 1.1). Helsta undantekningin er sú að þróunin hérlendis átti sér stað síðar en meðal þeirra þjóða sem lengst hafa náð í þróun atvinnulífs. Annað sérkenni íslensks atvinnulífs er að iðnbylting hófst í sjávarútvegi og er hann helsta atvinnugrein þjóðarinnar í tekjulegu tilliti. Fyrir vikið er atvinnulífið mun einhæfara en gerist meðal þróaðri iðnríkja.



Mynd 1.1. Hlutfallsleg skipting vinnuafls á atvinnugreinar 1920–90.[1]

Af myndinni má ljóslega ráða að fólki fækkaði stórlega í íslenskum landbúnaði eftir 1920. Á sama tíma varð stórfelld aukning í iðnaði og byggingastarfsemi. Hins vegar tók að fækka í þeim greinum eftir 1988 og enn eru iðnstörfin færri en á þeim tíma. Óvíst er hvort um tímabundinn samdrátt er að ræða, en reynsla þjóða í Evrópu og Bandaríkjunum bendir eindregið til þess að iðnstörfum muni fækka vegna mikillar hagræðingar í iðnaði. Það sem vekur einna mesta athygli er vöxtur þjónustugreinanna hér á landi eftir 1970. Einkum á það við um verslun og viðskipti og opinbera starfsemi sem skýrist að mestu af stórfelldri uppbyggingu mennta- og heilbrigðiskerfis. Þannig fjölgaði störfum í opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðisgeira og annarri samfélagslegri þjónustu um 12.624 á tímabilinu 1970–90. Verslunar-, veitinga- og hótelstörfum fjölgaði um 7.091 á sama tímabili.[2] Af þessum gögnum má ráða að íslenskt upplýsingasamfélag tekur á sig sífellt skýrari mynd eftir 1970 og þjónustustörfin taka forustuhlutverkið á níunda tug aldarinnar. Hafa ber þó í huga að frumvinnslugreinar og iðnaður eru eftir sem áður undirstaða atvinnulífs í tekjulegu tilliti. Magn framleiddra iðnvara og sjávarfang hefur verið í sögulegu hámarki hin síðari ár.

Utan höfuðborgarsvæðisins er atvinnulífið víða einhæft þar sem meginuppistaðan eru frumvinnslugreinar (landbúnaður og sjávarútvegur) og lítið er um iðnað og þjónustu. Helsta undantekningin frá þessu mynstri er Eyjafjarðarsvæðið þar sem landbúnaður er tiltölulega lítill en hlutur iðnaðar, verslunar og þjónustu því meiri. Á höfuðborgarsvæðinu eru hins vegar hlutfallslega flest störf í úrvinnslu og þjónustu og þar fer rannsókna- og þróunarstarf að mestu fram. Uppbygging stóriðju hefur einnig farið fram á því svæði hin síðari ár.

---

[1] Hagstofa Íslands, 1997: Hagskinna 1997.
[2] Hagstofa Íslands, 1996: Vinnuafl, 1963–90.



Mynd 1.2. Hlutfallsleg skipting vinnuafls á atvinnugreinar á höfuðborgarsvæði og landsbyggðinni árið 1994.[1]

Mynd 1.2 sýnir að hlutur landsbyggðarinnar er rýr í samanburði við höfuðborgarsvæðið þegar litið er til starfa í verslun, samgöngum, peningastofnunum og þjónustu. Alvara málsins verður þá fyrst ljós þegar þess er gætt að þessar atvinnugreinar hafa vaxið hvað örast á liðnum árum og margir telja að þær muni halda áfram að vaxa í framtíðinni, einkum þegar til þess er litið að þetta eru meginstörf upplýsingasamfélagins.

Mismunur höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar verður mun áþreifanlegri þegar litið er til skiptingar starfandi fólks eftir starfsstétt árið 1996 (mynd 1.3). Myndin tekur af allan vafa um það að mun fleiri starfsmenn sem fást við stjórnun, þekkingu og þjónustu eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Störf iðnaðarmanna og ófaglærðs fólks eru hlutfallslega flest úti á landi. Fátt er við því að segja að einhver munur sé á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar þar sem meiri hluti þjóðarinnar býr í nágrenni Reykjavíkur. Árið 1994 voru 59,7% landsmanna á aldrinum 16–74 ára skrásett á höfuðborgarsvæðinu. Það sem hins vegar er athugavert við núverandi ástand er hversu mikill og kerfisbundinn munurinn er. Þannig var 63,1% stjórnenda- og embættismanna búsett á höfuðborgarsvæðinu árið 1996, 77,6% sérfræðinga, 64,6% sérmenntaðs starfsfólks, 69,6% skrifstofustarfsfólks og 76% þjónustu- og verslunarstarfsfólks. Hins vegar bjuggu aðeins 14,5% bænda og sjómanna í Reykjavík og nágrenni, tæplega helmingur iðnaðarmanna og um helmingur vélgæslumanna og ósérhæfðra starfsmanna.

[1] Byggðastofnun, Þróunarsvið.



Mynd 1.3. Starfandi fólk eftir starfsstétt og búsetu árið 1996.[1]

Af þessu má ráða að atvinnulíf utan höfuðborgarsvæðisins er víða einhæft og þar er hlutfall sérfræðinga, sérmenntaðs starfsfólks og annarra þekkingarstétta mjög lágt í samanburði við Reykjavík og nágrenni.

Tengsl einstakra atvinnugreina og búferlaflutninga.

Í rannsókn Stefáns Ólafssonar prófessors, *Búseta á Íslandi – Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, eru m.a. könnuð áhrif atvinnulífs í einstökum landshlutum á búferlaflutninga.[2] Á heildina litið er atvinnugerð landshlutanna mjög margbreytileg og því hugsanlegt að atvinnuþróunin hafi haft umtalsverð áhrif á misjafna þróun búsetu í landinu. Stefán kannar þessa þætti með því að skoða tengsl milli fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins og fjölda starfa í einstökum atvinnugreinum. Einnig athugar hann fylgni fólksfjöldaþróunar 1990–96 á einstökum svæðum og atvinnusamsetningar þeirra við upphaf tímabilsins (1990). Það gerir hann til þess að skoða hvort tiltekin atvinnusamsetning hafi haft áhrif á búsetuþróun á síðustu árum.

Eins og fyrr segir er fækkun landbúnaðarstarfa eitt af megineinkennum atvinnuþróunarinnar á þessari öld. Þau gögn sem Stefán Ólafsson styðst við (fylgnireikningar á milli þróunar starfa í landbúnaði 1963–94 og heildarbúferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins 1961–96 annars vegar og fylgnireikning milli fólksfjöldabreytinga 1990–96 og umfangs starfa í landbúnaði 1990) styðja þá tilgátu að fækkun starfa í landbúnaði geti að nokkru leyti hafa tengst fólksflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar er ólíklegt að þróunin í landbúnaði „skýri sérstaklega hina miklu aukningu á því streymi eftir 1980, og enn síður

[1] Hagstofa Íslands, 1997: Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í apríl 1997.
[2] Stefán Ólafsson, 1997: Búseta á Íslandi, 152–164.

skýrir hún stöðvun streymisins á milli 1970 og 1980".[1] Á tímabilinu 1981–96 fluttu að jafnaði 1.200 fleiri af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en þaðan út á land. Samtals eru það 17.800 manns en á sama tíma fækkaði um nálægt 2.500 manns í landbúnaði. Niðurstaða Stefáns er því sú að þeir sem bregði búi séu aðeins lítill hluti af þeim mikla fjölda sem flutt hefur til höfuðborgarsvæðisins. Hann áætlar að það geti numið um fimmtungi ef makar bænda eru taldir með. Hins vegar gerir hann ekki ráð fyrir margföldunaráhrifum landbúnaðar, þar sem hvert starf í landbúnaði hefur þýðingu fyrir atvinnulífið á svæðinu.

Sjávarútvegurinn virðist hafa mikil áhrif á búsetuþróunina að mati Stefáns Ólafssonar. Þannig sýna niðurstöður hans að þau svæði sem hafa byggt hvað mest á sjávarútvegi, svo sem Vestfirðir og Austurland og í minni mæli Vesturland, hafa jafnframt mátt þola mesta fólksfækkun. Fylgnin er mjög mikil, r= -0,89, sem þýðir að þar sem hlutfall mannafla var hátt í sjávarútvegi árið 1990 varð fólksfækkunin á tímabilinu 1990–96 að jafnaði meiri. Sjávarútvegsbyggðirnar hafa með öðrum orðum tapað hlutfallslega flestu fólki vegna brottflutnings á tímabilinu. Helstu frávikin frá þessari reglu eru Norðurland vestra og Suðurnes. Á Suðurnesjum hefur orðið fólksfjölgun þrátt fyrir hátt hlutfall mannafla í sjávarútvegi en á Norðurlandi vestra hefur orðið umtalsverð fólksfækkun þrátt fyrir að hlutdeild sjávarútvegs sé ekki mikil.

Stefán sækir skýringar á búferlaflutningi frá sjávarútvegsbyggðum til fækkunar fiskvinnslustarfa eftir 1980 auk annarra breytinga, svo sem flutnings vinnslunnar út á sjó í frystitogara og hagræðingar og samdráttar starfa í landvinnslunni. Slíkra breytinga gætir einkum hin síðari ári. Þannig telur hann líklegt að hin mikla fjölgun fiskvinnslustarfa á áttunda áratugnum (hátt í 5.000 störf) hafi átt ríkan þátt í þeim stöðugleika í byggðamálum sem ríkti frá 1972–80. Á árunum 1980–88 dregur úr fjölgun starfa í sjávarútvegi og helst það í hendur við aukinn búferlaflutning til höfuðborgarsvæðisins. Að lokum fækkar störfum við fiskvinnslu umtalsvert eftir 1988 en þeirra breytinga tekur ekki að gæta fyrr en 1993 þegar atvinnuástandið á höfuðborgarsvæðinu tók að batna eftir nokkurra ára hnignun.

Það sem einkennir þróunina í iðnaði er veruleg aukning iðnstarfa á árunum 1969–87 en þá tók þeim að fækka vegna efnahagssamdráttar og hagræðingar og stóð það skeið til 1993 þegar iðnstörfum tók að fjölga á ný. Stefán telur að framvindan í iðnaði geti ekki skýrt aukna búferlaflutninga af landsbyggðinni. Hann telur þó að samdrátturinn í iðnaði eftir 1987 gæti hafa bætt í brottflutninginn á allra síðustu árum. Það er þó athyglisvert að fólksfjölgunin var mest þar sem iðnfyrirtæki voru stórir vinnuveitendur. Þau svæði sem þannig háttar til um eru höfuðborgarsvæðið, Norðurland eystra og Suðurnes.

Störfum í opinberri þjónustu fjölgaði jafnt og þétt á árunum 1960–94. Því er ekkert sem bendir til þess að mati Stefáns að rekja megi aukna fólkflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins til samdráttar í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Þvert á móti virðist það á hinn veginn, þ.e. að vöxtur opinberra starfa hafi verið öflugri þar en á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Þróun geirans er því líklegri til að hafa mildandi áhrif á búferlaþróunina, ef um einhver áhrif er að ræða.

Verslunar- og þjónustugreinar eru þær greinar atvinnulífsins sem hafa vaxið örast eftir 1960 líkt og hjá öðrum vestrænum þjóðum. Þær greinar hafa ávallt verið fjölmennastar á höfuðborgarsvæðinu. Störfum í verslun og þjónustu fjölgaði um meira en helming frá 1963 til 1995, úr um 22.200 í um 46.300. Þetta eru einmitt þær starfsgreinar sem margir þeirra sem flust hafa af landsbyggðinni hafa fengið starf við.

---

[1] Sama heimild, 155.

Niðurstöður Stefáns Ólafssonar benda til þess að mjög sterk fylgni sé á milli fjölda starfsfólks í verslun og þjónustu og fjölgun íbúa á viðkomandi svæði. Fylgnin er r= 0,91. Fólksfjölgunin er þó minni á Suðurnesjum en ætla mætti af umfangi greinanna, en á Suðurlandi og Norðurlandi eystra varð fólksfjölgunin meiri en hlutfallslegt vægi verslunar og þjónustu á þessum svæðum.

Niðurstaðan er því skýr: Almennt hafa sjávarútvegsbyggðir tapað hlutfallslega flestu fólki en hið sama á að nokkru við um þau svæði sem eru mjög háð landbúnaði. Á svæðum þar sem verslun og þjónusta blómstrar hefur orðið umtalsverð fólksfjölgun. Þessi þróun er eins og Stefán bendir á í samræmi við kenningar þjóðfélagsfræðinnar um nútímavæðingu. Þær fela meðal annars í sér þá tilgátu að fólk flytji frá svæðum sem einkennast af frumvinnslugreinum með fábrotin atvinnutækifæri til byggðarlaga þar sem fjölbreytni atvinnutækifæra og lífshátta er meiri. Þetta gerist jafnvel þótt fólk hverfi frá svæðum með þokkalegar tekjur og næga atvinnu.

Framtíðarþróun atvinnugreina.

Hér verður leitast við að áætla þróun einstakra atvinnugreina á næstu árum. Einkum verður litið til atvinnutækifæra og vaxtarmöguleika greinanna þar sem reynslan sýnir að fjölgun starfa, einkum í verslun og þjónustu, hefur mikil áhrif á búsetuþróun.

Eins og áður er getið hefur atvinnulífið tekið ýmsum breytingum á liðnum áratugum þannig að í mörgum löndum hefur störfum sem krefjast langrar skólagöngu og þjálfunar fjölgað örar en almennum störfum. Það sést glögglega á töflu 1.1 sem sýnir fjölgun starfa eftir starfsstéttum í nokkrum iðnríkjum á níunda áratugnum. Þróunin er ólík frá einu landi til annars. Meginþróunin er sú að störfum í landbúnaði hefur fækkað, störfum fyrir verka- og iðnaðarmenn hefur fækkað eða aukist lítillega en mest hefur aukningin verið meðal vel menntaðs fólks, svo sem sérfræðinga og tæknimanna og stjórnenda og framkvæmdastjóra. Einnig hefur störfum í verslun og þjónustu fjölgað mikið. Hafa ber í huga að víða hefur heildaraukning starfa verið fremur lítil á fyrrgreindu tímabili vegna efnahagsörðugleika, yfirleitt á bilinu 0,8–1,2%. Bandaríkin skera sig þar úr með 2,3% fjölgun starfa á níunda áratugnum.

Tafla 1.1. Fjölgun starfa skipt eftir starfsstéttum á árunum 1980–90 í nokkrum iðnríkjum. Hlutfallstölur.[1]

	Bandaríkin°	Belgía°	Danmörk*	Japan	Kanada+	Spánn
Sérfræðingar og tæknimenn	3,1	3,0	2,6	4,7	2,6	5,7
Stjórnendur og framkvæmdastjórar	4,7	0,5	3,6	0,8	6,9	2,8
Skrifstofufólk	1,9	0,8	1,9	2,3	0,8	3,2
Verslunarfólk	2,6	0,1	3,1	1,7	0,8	1,7
Þjónustustarfsfólk	1,9	0,5	-1,0	0,7	1,3	2,3
Landbúnaðarstörf	-1,2	0,3	-1,4	-2,4	-1,2	-3,5
Verka- og iðnaðarmenn	1,4	-0,2	0,3	0,6	0,1	0,7
Samtals	2,3	0,8	1,2	1,2	0,8	1,2

Skýringar: °1983–90, *1984–90, +1981–90.

[1] Employment Outlook, júlí 1994, 83.

Athyglisvert er að vissar starfsstéttir, svo sem sérfræðingar og tæknimenn, eru orðnar hlutfallslega mjög fjölmennar í löndum eins og Ástralíu, Bandaríkjunum, Belgíu, Danmörku og Þýskalandi. Í öllum tilvikum er hlutdeild slíkra stétta liðlega 15% af heildarmannafla og nokkur fjölgun varð á níunda áratugnum. Verslunarstarfsfólk er víða mjög fjölmennt með um og yfir 15% hlutdeild í öllum löndum nema á Spáni. Verslunar- og þjónustustarfsfólk er að sama skapi með hátt hlutfall af heildarmannafla, en mjög er mismunandi hversu stór hluti stjórnendur og framkvæmdastjórar eru af heildarmannafla. Hæst er hlutfall þeirra í Ástralíu og Bandaríkjunum, eða um 12%.



Mynd 1.4. Starfsfólk í þjónustustörfum sem hlutfall af heildarmannafla í nokkrum löndum 1991. Hlutfallstölur.[1]

Sérfræðingar í vinnumarkaðs- og efnahagsmálum áætla að þekkingarstéttum fjölgi enn á næstu árum þannig að hlutfallslega mesta fjölgunin verði meðal sérfræðinga og tæknimenntaðs fólks og stjórnenda (sjá töflu 1.2). Á sama hátt er spáð óhagstæðri þróun fyrir bændur og almennt verkafólk með litla menntun að baki. Þar gætir hins vegar mismunandi áætlana eftir löndum og almennt virðist sem reiknað sé með meiri fjölgun starfa fyrir almennt verkafólk þar sem mikið er um straum innflytjenda og hefð er fyrir láglaunastörfum í þjónustu og miklum launamun, svo sem í Bandaríkjunum og Ástralíu. Sérstakar aðstæður í hverju landi hafa einnig í för með sér sértæka þróun einstakra starfsstétta. Þá er athyglisvert að sjá hversu örri fjölgun starfa er spáð í Ástralíu, Bandaríkjunum og Kanada, einkum og sér í lagi þegar þróun mála á níunda áratugnum er höfð í huga.

Hvaða þýðingu hafa slíkar spár fyrir íslenskar aðstæður? Reynslan kennir okkur að íslenskt efnahagslíf fylgir sama þróunarmynstri og þróuð iðnríki þrátt fyrir ýmis sérkenni, svo sem mikilvægi sjávarútvegs, lítinn heimamarkað, litla sérhæfingu o.fl. Þar er átt við umskipti úr landbúnaðarsamfélagi í iðnaðarsamfélag og loks þróun til upplýsinga- eða þjónustusamfélags. Ein ástæða þess er að Íslendingar flytja inn tækninýjungar og skipulagstækni frá öðrum þjóðum. Þróunin hér á landi gerist hins vegar áratug eða áratugum síðar en meðal fjölmennari þjóða. Einnig virðist sem Ísland feti í svipaða slóð og Evrópuþjóðir og Japan í atvinnulegu tilliti, en fylgi síður þróunarmynstri Bandaríkjanna og Kanada. Ef rétt reynist má ætla að á

[1] Employment Outlook, júlí 1994, 83.

næstu árum muni eiga sér stað hliðstæð þróun á vinnumarkaði og meðal Evrópuþjóða og í Japan á níunda áratugnum. Því megi búast við hægfara heildarfjölgun starfa, fækkun í frumvinnslugreinum og að nokkru í iðnaði en mikilli fjölgun í flestum greinum verslunar og þjónustu.

Tafla 1.2. Spá um fjölgun starfa eftir starfsstéttum í nokkrum iðnríkjum á tímabilinu 1990–2000. Hlutfallstölur.[1]

Starfsgrein	Ástralía*	Bandaríkin°	Bretland	Japan	Kanada
Sérfræðingar og tæknimenn	27,7	36,4	18,7	42,0	20,3
Stjórnendur og framkvæmdastjórar	21,2	25,9	12,6	7,9	22,2
Skrifstofufólk	15,2	13,7	0,0	11,7	10,8
Iðnaðarmenn	21,3	13,3	-6,4	0,9	-1
Almennt verkafólk	9,2	22,4	-4,6		9,4
Verslunarfólk	24,4	20,6	3,2	4,4	6
Landbúnaðarstörf	-11	3,4	-18,9	-30,6	2,1
Samtals	17,9	21,8	0,1	5,9	11,2

Skýringar: *1991–2001, °1992–2005.

Áður en lengra verður haldið er nauðsynlegt að skoða atvinnuþróunina hin síðari ár hér á landi. Á tímabilinu 1989–95 ríkti samdráttur í íslensku efnahagslífi og tiltölulega mikið atvinnuleysi. Þannig fækkaði ársverkum á vinnumarkaði um 2.208 frá 1990 og mjög athyglisvert er að athuga innbyrðis breytingar í atvinnulífi (sjá töflu 1.3). Af töflunni má ráða að ársverkum fækkaði verulega í landbúnaði, iðnaði og byggingarstarfsemi og einungis varð mikil fjölgun í þjónustustörfum og nokkur aukning í verslun (árið 1995) og bankastarfsemi (árið 1995). Atvinnulífið hérlendis fylgir þannig svipaðri þróun og gætti í Belgíu, Danmörku og Japan á níunda áratugnum. Rétt er að geta þess að tölur þær sem birtar eru í töflu 1.3 byggja á úrtaki úr launamiðaskýrslum og eru þannig að nokkru áætlaðar. Varast ber að líta á þær sem endanlega niðurstöðu um fjölda ársverka, en þær gefa hins vegar góða vísbendingu um breytingar á vinnumarkaði milli ára.

Tafla 1.3. Fjöldi ársverka skipt á starfsgreinar á Íslandi 1990–95.[2]

Starfsgrein	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Breyting 1990–95
Landbúnaður	7339	6711	6517	5859	5624	5597	-1742
Fiskveiðar	6752	6847	6355	6913	6556	6396	-356
Fiskvinnsla	7559	7461	6669	6832	7183	7339	-220
Iðnaður	16837	16776	16034	15093	14907	15385	-1452
Byggingar	11673	10759	10743	10570	10364	9783	-1890
Verslun	18009	18066	18093	17760	17917	18351	342
Samgöngur	8637	8401	8445	8105	8184	8428	-209
Bankar o.fl.	10288	10496	10654	10674	10533	10603	315
Þjónusta	38237	39272	39115	39857	40881	41240	3003
Samtals	**125331**	**124788**	**122624**	**121663**	**122152**	**123123**	**-2208**

[1] Employment Outlook, júlí 1994, 87.
[2] Byggðastofnun, þróunarsvið.

1.1 Landbúnaður.

Sauðfjárræktin hefur staðið mjög höllum fæti á liðnum árum hér á landi. Ástæður þess eru minnkandi neysla kindakjöts á innanlandsmarkaði samfara vaxandi hlutdeild svína- og nautakjöts, samdráttur í útflutningi og lækkandi verð til bænda með búvörusamningum 1991 og 1995. Þá hefur stuðningur hins opinbera við landbúnað minnkað. Framleiðslustyrkir og fjármagnstilfærslur til landbúnaðar í heild voru 12,1 milljarður árið 1988 og lækkuðu í 6,5 milljarða árið 1995 á verðlagi ársins 1996.[1]

Niðurstöður Hagþjónustu landbúnaðarins sýna að sauðfjárframleiðsla dróst saman um 1.178 tonn á tímabilinu 1991–96 en það er 12,7% samdráttur. Sala á innanlandsmarkaði minnkaði auk þess um tæp 4.000 tonn frá 1983–96. Tekjusamdráttur framleiðenda var 29,3%. Þannig fengu bændur 1,5 milljarði minna í sinn hlut árið 1996 en árið 1991. Því til viðbótar nam raunlækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda 11,2% á sama tímabili. Bein afleiðing af þessum breytingum er að hagnaður fyrir laun eigenda á búunum féll um 46,4% á föstu verðlagi á sama tíma.[2]

Meðalbúið hefur jafnframt minnkað úr 332 ærgildum árið 1991 í 289 ærgildi árið 1996. Við slíkar kringumstæður hefur rekstur sauðfjárbúanna orðið sífellt óhagstæðari að mati Hagþjónustu landbúnaðarins. Þannig rýrnaði höfuðstóll búanna um 30,5% á fyrrnefndu tímabili og eigið fé þeirra hefur rýrnað um 300.000 kr. árlega á tímabilinu. Skuldabyrði búanna jókst jafnframt úr 69% í 93% sem hlutfall af veltu á árunum 1991–96. Af því má ráða að sauðfjárbændur hafa þurft að draga úr einkaneyslu, ganga á eignir og safna skuldum til þess að halda búum sínum í rekstri. Afkoma sauðfjárbænda versnaði enn árið 1996 en nokkuð dró úr samdrættinum frá fyrra ári og áætlanir benda til þess að afkoman hafi batnað árið 1997. Þrátt fyrir það telur Hagþjónusta landbúnaðarins að afkoma í greininni sé óviðunandi og því sé brýn þörf fyrir úrbætur. Bent er á að starfandi bændur eigi ekki greiða útleið og eðlileg kynslóðaskipti séu erfið vegna lélegrar afkomu um árabil.[3]

Árið 1994 var áætlað að 4.800 ársverk væru í íslenskum landbúnaði, þar af 1.900 ársverk í sauðfjárrækt. Hlutdeild landbúnaðar í heildarársverkum var því 3,9% og hafði lækkað úr 5,6% árið 1985 sem eru um 2.000 ársverk.[4] Fækkun ársverka í landbúnaði kom m.a. fram í fækkun lögbýla með sauðfé. Þannig fækkaði slíkum býlum úr 3.976 árið 1986 í 2.444 árið 1996 og býlum með sauðfé eingöngu fækkaði úr 2.643 í 1.712 á sama tíma. Þrátt fyrir fækkun sauðfjárbúa hafa býlin minnkað eins og áður segir. Þróunarsvið Byggðastofnunar áætlar að samdráttur í sauðfjárrækt hafi margföldunaráhrif í viðkomandi byggðarlagi til aukningar eða fækkunar starfa í framleiðslu og þjónustu. Einkum á það við um slátrun og úrvinnslu kjötafurða. Margföldunaráhrifin eru reiknuð 0,5 þannig að fyrir hvert starf sem vinnst eða tapast í sauðfjárrækt vinnst eða tapast að auki hálft starf fyrir íbúa innan svæðisins við framleiðslu og þjónustu. Þannig telur þróunarsviðið að um 320 ársverka fækkun í landbúnaði á árunum 1991–94 hafi haft í för með sér um 160 ársverka fækkun í afleiddum- og eiginnotagreinum. Þróunarsviðið reiknar loks með um 50 ársverka fækkun (2%) næstu fimm árin á svæðum sem eru mjög háð sauðfjárrækt, en þau eru Dalabyggð, Austur-Barðastrandarsýsla, Strandir, Húnavatnssýslur, einkum Vestur-Húnavatnssýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Hérað og Fljótsdalur í Múlasýslu og stór svæði í Skaftafellssýslum. Niðurstaðan er því sú, að því gefnu að

---

[1] Byggðastofnun, 1997: Staða sauðfjárræktar og áhrif á byggðaþróun, 5.
[2] Hagþjónusta landbúnaðarins, 1997: Þróun sauðfjárræktar á Íslandi.
[3] Sama heimild.
[4] Byggðastofnun, 1997: Staða sauðfjárræktar og áhrif á byggðaþróun, 5.

markaðir fyrir kindakjöt vaxi ekki umtalsvert á næstu árum, að búast má við að 75 ársverk í sauðfjárræktarhéruðum hverfi árlega á næstu fimm árum. Alls gera það 375 ársverk á svæðum sem flest hver einkennast af mjög einhæfu atvinnulífi og lágu hlutfalli verslunar og þjónustu.

Þegar litið er til landbúnaðarins í heild þá fækkaði ársverkum í greininni um 1.742 á tímabilinu 1990–95 (-24%). Í öðrum greinum landbúnaðar en sauðfjárrækt hefur einnig gætt hagræðingar og fækkunar bænda. Líklega mun sú þróun halda áfram og hér er spáð 5–10% fækkun ársverka í landbúnaði á næstu fimm árum. Alls gera það um 300–600 ársverk í landbúnaði einum.

Leiðir til úrbóta í sauðfjárrækt eru þær helstar að nýta betur möguleika á erlendum mörkuðum, stækka búin, hagræða í vinnslu innan lands auka vöruþróun og fullvinnslu sauðfjárafurða. Þá hafa ýmsar greinar í landbúnaði, svo sem loðdýrarækt og fiskeldi í smáum stíl, náð sér á strik á liðnum árum.

1.2 Sjávarútvegur.

Nú ríkir ákveðinn stöðugleiki í sjávarútvegi á Íslandi sem ekki hefur áður verið til staðar. Þetta er tilkomið vegna kvótakerfisins og stöðugleika á aflamagni úr einstökum fiskstofnum.

Ef litið er á tölur frá Hafrannsóknastofnuninni um ástand fiskstofna má áætla þróun aflamagns úr einstökum stofnum á næstu árum. Heildarafli þorsks mun væntanlega vaxa úr núverandi 180 þús. tonnum í 220–240 þús. tonn um aldamót og ná jafnstöðuafla u.þ.b. 350 þús. tonn eftir tíu ár. Þetta er talið raunhæft miðað við að sú aflaregla sem nú er í gildi fyrir þorsk haldist.

Ýsuafli hefur sveiflast nokkuð á undanförnum árum og oft ekki náð tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafla. Ýsa veiðist að stórum hluta með þorski og erfiðleikar í þorskveiðum hafa því haft áhrif á nýtingu ýsustofnsins. Með vaxandi þorskveiði er líklegt að betur gangi að ná ýsunni. Ýsuaflinn á liðnu fiskveiðiári er minni en á síðustu árum eða um 42 þús. tonn á Íslandsmiðum. Áætlað er að ýsuafli vaxi á næstu árum og að jafnstöðuafli upp úr aldamótum geti verið tæp 60 þús. tonn.

Óvissa er um afkomu ufsans en til skamms tíma var ufsaaflinn 70–80 þús. tonn á ári. Hin síðari ár hefur afli verið minni, eða tæp 40 þús. tonn 1996 og um 37 þús. tonn 1997. Hér er reiknað með að ufsaafli verði hægt vaxandi á næstu árum og nái 60–70 þús. tonna jafnstöðuafla eftir átta til tíu ár.

Karfaafli innan lögsögu jókst hratt úr tæpum 40 þús. tonnum 1978 í 120 þús. tonn árið 1983. Eftir það hefur heldur dregið úr aflanum og kvóti núverandi fiskveiðiárs er 65 þús. tonn. Hér er reiknað með að jafnstöðuafli karfa sé 65 þús. tonn. Úthafskarfinn er nú kvótabundinn og ekki líkur á að þar verði stórar breytingar á. Árið 1997 náðist ekki að veiða upp í kvótann.

Grálúða er talin sameiginlegur stofn við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar. Talsverð óvissa er um afkomu grálúðustofnsins og ekki samkomulag um nýtingu hans. Afli Íslendinga úr þessum stofni fór hæst í tæp 60 þús. tonn 1989. Á núverandi fiskveiðiári er kvótinn aðeins 10 þús. tonn. Líklegt er að þessum kvóta verði haldið í einhver ár en jafnstöðuafli Íslendinga úr þessum stofni ætti að geta verið 25 þús. tonn eftir tíu ár.

Afli annarra botnsfisktegunda, svo sem steinbíts og skarkola, eru u.þ.b. 12 þús. tonn á ári, af öðrum tegundum veiðist minna.

Rækja hefur verið afar mikilvæg á undanförnum árum og ársaflinn 65–75 þús. tonn. Með vaxandi þorsk- og grálúðustofnum er líklegt að rækjuaflinn minnki um allt að helming.

Ef langtímaafli verður á þeim nótum sem hér hefur verið rakið er mjög líklegt að fiskiskipum sem stunda botnfisks- og rækjuveiðar við Ísland komi til með að fækka. Afleiðingar kvótakerfisins eru þær að hagræðing verður í rekstri og aflinn veiðist með færri skipum. Sókn í

aflaheimildir utan lögsögu seinkaði þessari þróun hjá togaraflotanum en væntanlega kemur veruleg hagræðing í ljós þegar tölur fyrir árið 1997 liggja fyrir. Þessi þróun sést best á því að skoða heildarfjölda úthaldsdaga hjá einstökum útgerðarflokkum (sjá mynd 1.5).



Mynd 1.5. Fjöldi úthaldsdaga eftir flokkum fiskiskipa.[1]

Mynd 1.6 sýnir að afli á úthaldsdag hefur farið vaxandi vegna hagræðingar í flotanum og að nokkru vegna aukins þorsk- og rækjuafla.

Áhugavert er að skoða afla á manndag (manndagur er einn maður á sjó í einn dag) á sama tíma en hann hefur aukist á síðustu árum bæði á togurum og smábátum (sjá mynd 1.7). Afli á manndag á ísfiskskipum og vinnsluskipum er mjög ámóta og hefur vaxið jafnt síðustu tvö árin. Ekkert bendir til þess að neinum toppi sé náð í hagræðingu í fiskiskipaflotanum ef umhverfið helst óbreytt. Því er líklegt að fram undan sé veruleg fækkun í flotanum og ekki ólíklegt að hún verði minnst 30% bæði í skipum og mannskap á næstu fimm til tíu árum.

[1] Fiskifélag Íslands 1997.



Mynd 1.6. Afli á úthaldsdag eftir flokkum fiskiskipa.[1]



Mynd 1.7. Afli á manndag eftir flokkum fiskiskipa.[2]

Á árunum 1991–96 hefur afli ísfisktogara dregist saman á sama tíma og afli vinnsluskipa hefur aukist. Einnig hefur afli vinnsluskipa á rækju aukist og hefur það áhrif á landvinnsluna sem hefur dregist saman á sama tíma (sjá mynd 1.8).

[1] Fiskifélag Íslands 1997.
[2] Sama heimild.



Mynd 1.8. Landfrysting, breytingar hjá 30 stærstu fyrirtækjum[1] í botnfiski, uppsjávarfiski og rækju 1998–96.[2]

Magn til vinnslu hjá þrjátíu stærstu fyrirtækjunum í botnfiskvinnslu hefur minnkað um þriðjung á tímabilinu 1988–96 eða úr 186 þús. tonnum í 122 þús. tonn. Á sama tíma hefur frysting uppsjávarfiska aukist og rækjuvinnsla jókst úr 18 þús. tonnum 1988 í 51 þús. tonn 1994 en er 41 þús. tonn 1996.

Líklegt er að veruleg fækkun verði á störfum í fiskvinnslu á næstu árum. Ástæður þess eru í fyrsta lagi að samdráttur botnfisksvinnslu í landi er ekki að fullu kominn fram. Í öðru lagi er líklegt að verulegur samdráttur verði í rækjuvinnslu vegna minnkandi afla og í þriðja lagi er vinnsla uppsjávarfiska, svo sem síldar og loðnu, mjög tæknivædd og útheimtir ekki mikið vinnuafl. Einnig má nefna hér að launakostnaður hefur farið lækkandi bæði í rækjuvinnslu og frystingu botnfisks vegna tæknivæðingar.

Því hefur verið haldið fram að framhaldsvinnsla fiskafurða sé mjög atvinnuskapandi. Þó að aukning verði á framhaldsvinnslu sjávarafurða, svo sem með hjúpun í rasp og frekari pökkun í neytendapakkningar, er ekki líklegt að störfum fjölgi. Slík úrvinnsla er fyrst og fremst vélræn og krefst ekki mikils vinnuafls. Launahlutfall slíkrar framleiðslu er væntanlega á bilinu 1–5% samanborið við 7–20% í hefðbundinni fiskvinnslu. Erfitt er að áætla fækkun starfa í fiskvinnslu en ekki er ólíklegt að hún verði minnst 30% á næstu fimm árum.

---

[1] Fjöldi fyrirtækja í frystingu á rækju hefur ekki náð 30 öll árin.
[2] Fiskifélag Íslands 1997.

1.3 Iðnaður.

Starfsgreinar í iðnaði eru nokkuð ólíkar að eðli og munu líklega þróast á mismunandi vegu á næstu árum. Þannig má skipta iðnaðarframleiðslunni hér á landi í almennan iðnað, byggingariðnað og stóriðju.

Mikil tæknivæðing og hagræðing hefur átt sér stað í almennum iðnaði og svo mun vera áfram hérlendis. Iðnfyrirtækin hafa fjárfest í afkastamiklum vélum, flæðilínum og stjórnbúnaði. Ein afleiðing þess er aukin framleiðni vinnuafls sem jókst um 28% á árunum 1974–91.[1] Framleiðni mun líklega aukast enn á næstu árum vegna vaxandi samkeppni bæði innan lands og frá útlöndum. Einnig hafa margar greinar almenns iðnaðar helst úr lestinni vegna vaxandi alþjóðlegrar samkeppni sem hófst með því að undanþágur EFTA-samningsins gengu úr gildi á áttunda áratugnum. Aðrir fríverslunarsamningar hafa einnig mikla þýðingu fyrir almennan iðnað. Gengisþróun er enn fremur þýðingarmikil fyrir iðnfyrirtæki. Jafnframt hefur gætt efnahagssamdráttar í greininni á liðnum árum. Fyrir vikið hefur starfsfólki fækkað. Til marks um það má nefna að virkum félögum innan vébanda Landssambands iðnverkafólks fækkaði um 1.290 (31%) á árunum 1985–96.[2] Ársverkum í iðnaði fækkaði um 1.452 á tímabilinu 1990–95 eða um tæp 9% (stóriðja meðtalin). Fækkunin er enn meiri þegar litið er til ársins 1987 er fjöldi iðnstarfa náði hámarki, 19.040 ársverk. Frá þeim tíma hefur ársverkum í iðnaði fækkað um 3.655 (19,2%). Líklega mun sú þróun halda áfram í almennum iðnaði. Hér er reiknað með 5% fækkun ársverka á næstu fimm árum sem eru 770 ársverk.

Í byggingariðnaði horfir öðruvísi við. Greinin er enn mjög mannaflafrek þar sem erfitt er að vélvæða störf húsasmiða, rafvirkja, múrara og annarra stétta nema að litlu leyti. Auk þess eru iðnmenntaðir menn stór hluti af heildarmannfjölda í greininni. Ýmsar framleiðniaukandi nýjungar hafa verið teknar í notkun á liðnum árum, svo sem öflugri vélar og verkfæri, nýtt lagnaefni og breyttar vinnuaðferðir. Það dregur hins vegar úr hagræðingu að stór hluti Íslendinga kýs að byggja sér sérhönnuð hús og stöðlun er lítil í greininni þrátt fyrir að hún hafi aukist á liðnum árum.

Byggingariðnaðurinn er mjög háður efnahagssveiflum eins og ljóslega má sjá af þróun síðari ára þar sem ársverkum í greininni fækkaði um 1.890 frá 1990. Byggingariðnaðurinn er eðli málsins samkvæmt einnig háður mannfjöldaþróun þar sem fleira fólk kallar á fleiri húsbyggingar. Greinin er enn fremur mjög háð opinberri fyrirgreiðslu, einkanlega lengd húsnæðislána og vaxtastigi. Hér á landi hefur húsnæðismarkaður haldist tiltölulega stöðugur þar sem ekki hefur verið dregið úr opinberum stuðningi við húsnæðiskerfið.

Þróunarhorfur í byggingariðnaði er góðar næstu árin. Líkur eru á umtalsverðum hagvexti og enn er spáð mannfjölgun hér á landi, um 1% árlega. Verði ekki stórfelldar breytingar á húsnæðislánakerfinu má ætla að starfsfólki í byggingariðnaði fjölgi um 10% eða 1.000 manns á næstu fimm árum. Fjölgun starfa í byggingariðnaði er að verulegu leyti tengd stórframkvæmdum svo sem virkjanaframkvæmdum, byggingu álvera o.fl.

Stóriðja fylgir í stórum dráttum sömu hagræðingarþróun og almennur iðnaður þannig að þar gætir tilhneigingar til fækkunar fastra starfa eða framleiðsluaukningar án teljandi fjölgunar starfsfólks. Hvað spár um atvinnuþróun varðar er óvíst hversu mörgum nýjum stóriðjuverum verður komið á fót hérlendis á næstu árum. Áætlanir gera ráð fyrir að um 260 varanleg störf skapist í stóriðju á tímabilinu 1996–2000 þegar mið er tekið af þeim samningum sem samþykktir hafa verið, þ.e. vegna stækkunar Ísals og Íslenska járnblendifélagsins og bygging-

---

[1] Ingjaldur Hannibalsson, 1995: Framleiðni og framleiðniþróun, 39.

[2] Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1997: Upplýsingasamfélag, sveigjanleiki og atvinnulíf.

ar Norðuráls á Grundartanga. Tímabundnum ársverkum vegna framkvæmda við iðjuver og orkuframkvæmdir mun líklega fjölga um 2.350 fram til ársins 2000. Stóriðjuframkvæmdir munu auka hagvöxt um 1,9% á fyrrgreindu tímabili að mati Þjóðhagsstofnunar.[1]

Niðurstaðan er því sú að iðnstörfum hefur fækkað mjög á liðnum árum. Ársverkum í almennum iðnaði mun líklega fækka um 800 á næstu fimm árum, en ársverkum í byggingariðnaði og við stóriðju fjölgar sennilega um 3.000. Meiri hluti aukningarinnar er tímabundinn og tengist stóriðjuframkvæmdum.

1.4 Verslun, viðskipti og þjónusta.

Ársverkum í verslun og þjónustu hefur fjölgað mjög á liðnum árum hér á landi og erlendis. Hér verður fjallað um horfur í nokkrum þjónustugreinum.

Fjöldi ársverka í verslun og viðskiptum hefur nánast staðið í stað frá árinu 1988 en nær stöðug fjölgun hafði verið í greininni fram að þeim tíma. Stöðnunin stafar einkum af breytingum í versluninni, þ.e. fjölgun stórmarkaða og samdrætti í smásöluverslun, en efnahagssamdráttur á einnig hlut að máli. Hann kemur ávallt illa niður á verslun. Horfur í verslun eru góðar á næstu árum. Vænta má aukinna viðskipta með stöðugum hagvexti sem spáð er á næstunni. Einnig er áætlað að þjóðinni fjölgi um 1% á næstu árum. Þá koma nýir verslunarhættir, svo sem viðskipti á netinu, til með að efla verslun og viðskipti. Hins vegar eru blikur á lofti í verslun á landsbyggðinni sem víða á í vök að verjast. Að þessu gefnu er gert ráð fyrir að ársverkum í verslun fjölgi um 3–6% á næstu fimm árum. Það eru um 550–1.100 ársverk.

Ársverkum í banka- og tryggingarstarfsemi hefur fjölgað lítillega frá 1990 skv. töflu 1.3. Báðar þessar greinar hafa hins vegar gengið í gegnum hagræðingu og sameiningu fyrirtækja. Í bönkum hefur gætt mikillar hagræðingar vegna nútímatölvutækni og viðskiptahátta, svo sem hraðbanka, greiðslukorta, heimabanka o.fl., þar sem viðskiptavinurinn sinnir mun fleiri þáttum en áður. Enn fremur verða aðrar tækninýjungar teknar í notkun fljótlega, eins og optískir lesarar sem afnema innslátt að mestu. Þá hafa bankar verið sameinaðir og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun þar sem einkavæðing ríkisbanka er fyrirhuguð. Félagsmönnum Sambands íslenskra bankamanna fækkaði af þessum sökum um 308, eða um 8,7%, á árunum 1991–96. Norrænu bankastarfsfólki fækkaði um 11,5 af hundraði á sama tíma. Á fyrrnefndu tímabili fækkaði norrænum bönkum og sparisjóðum úr 1.512 í 844 (41% fækkun) en bankaútibúum fækkaði nokkru minna.[2] Með hliðsjón af þessari þróun er þess að vænta að ársverkum fækki enn frekar á næstu árum. Hliðstæð þróun mun eiga sér stað hjá tryggingafélögum. Áætlað er að ársverkum í bönkum og skyldum greinum fækki um 10% á næstu árum, eða alls um 350.

Á liðnum áratugum hefur orðið mikil fjölgun í íslensku mennta- og heilbrigðiskerfi en nokkuð hefur dregið úr fjölguninni eftir 1990. Frá þeim tíma hefur ársverkum í menntakerfinu fjölgað um liðlega 0,5% árlega.[3] Miklar líkur eru á því að sú fjölgun haldi áfram þar sem sífellt fleiri einstaklingar stunda bæði framhalds- og háskólanám og rannsóknar- og þróunarstarf færist sífellt í vöxt. Nú er skortur á grunn- og framhaldsskólakennurum með réttindi víða um land og vænta má fjölgunar í röðum sérfræðinga og tæknimenntaðs fólks. Betri afkoma í ríkisfjármálum og efnahagsuppgangur eykur væntanlega hag menntakerfisins auk þess sem fyrirtækin verja líklega meira fé til menntunar- og rannsóknarmála á næstu árum.

---

[1] Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju, 6. okt. 1997.
[2] NBUs statistikrapport 1996.
[3] Hagstofa Íslands, 1996: Vinnuafl 1963–90; Byggðastofnun, þróunarsvið.

Svipuð þróun mun líklega eiga sér stað í heilbrigðiskerfinu sem hefur vaxið mjög á undanförnum áratugum en fjöldi ársverka hefur staðið í stað eða minnkað lítillega eftir 1990.[1] Um þessar mundir er skortur á læknum í ákveðnum greinum og hjúkrunarfólki og þörf fyrir heilsugæsluþjónustu kann að aukast á næstunni þar sem þjóðin mun eldast á næstu áratugum. Því er líklegt að fjölga þurfi í heilbrigðiskerfinu. Vandinn er hins vegar að fjármagna heilbrigðiskerfið. Spáð er 5% fjölgun ársverka í mennta- og heilbrigðiskerfinu á næstu fimm árum, eða um 800 ársverkum alls.

Enn sem komið er er þjónusta við atvinnulíf ekki fjölmenn atvinnugrein en þar voru skráð um 5.000 ársverk árið 1994. Bókhaldsþjónusta, endurskoðun, auglýsingar, ráðgjöf, tölvuþjónusta og markaðsrannsóknir teljast til þjónustu við atvinnulíf auk annarrar starfsemi. Líklega mun fjölga í þessum greinum á næstu árum með öflugra efnahagslífi og breyttum áherslum, svo sem vegna vaxandi þarfar fyrir ráðgjöf, auglýsingar og markaðsrannsóknir. Spáð er 5% fjölgun — 250 ársverk — á næstu árum.

Hugbúnaðargerð hefur vaxið ört hér á landi á liðnum árum. Sífellt aukin notkun tölva í atvinnu- og einkalífi og gríðarlegur vöxtur internetsins mun líklega kalla á áframhaldandi vöxt í hugbúnaðargerð. Spáð er að ársverkum í þeirri grein fjölgi um 100–300 á næstu fimm árum.

Menningarstarfsemi af ýmsu tagi, svo sem leikhús, kvikmyndahús, söfn o.fl., hefur vaxið mjög á liðnum áratugum. Hún er hluti af nútímalífi einstaklinga og verður sífellt rúmfrekari þáttur í lífi þéttbýlisbúa. Menningarstarfsemin er nokkuð háð efnahagssveiflum og frítíma. Hliðstæðrar þróunar gætir í tómstundastarfsemi, í skemmtanaiðnaði og íþróttum. Hér ræðir um starfsgreinar sem hafa mikla vaxtarmöguleika með styttri vinnutíma og auknum kaupmætti. Spáð er 5% fjölgun — 200–300 ársverkum — á næstu fimm árum.

Ýmsar atvinnugreinar: Áðurnefnd athugun á mannaflaþörf atvinnugreina er hvergi nærri tæmandi og tekur einungis til hluta atvinnulífsins. Hagsveiflur og aðrir þættir, svo sem tækniváeðing og sameining fyrirtækja og stofnana, hafa víðtæk áhrif á fjölgun eða fækkun starfa. Í ljósi þess að góðar horfur eru í íslensku atvinnulífi — spáð er hagvexti, verðbólga er takmörkuð og kaupmáttur fer vaxandi — eru líkur á því að störfum fjölgi í efnahagslífinu sem heild. Þar ræðir um bein hagvaxtaráhrif. Spáð er að slík áhrif geti fjölgað ársverkum um 1.000–1.500 á næstu fimm árum.

1.5 Ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem hefur vaxið afar hratt síðustu ár og áratugi. Árið 1985 komu 97.443 erlendir ferðamenn til landsins, en árið 1995 voru erlendir ferðamenn 189.796. Gistinóttum á þessu tímabili fjölgaði úr 449.007 árið í 844.070 árið 1995 og árið 1996 voru gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu orðnar um 11% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar. Þrátt fyrir þessi síauknu umsvif í ferðaþjónustu hefur fjöldi ársverka í greininni staðið nokkurn veginn í stað síðustu tíu árin en þau eru í kringum 2.000. Allar líkur eru á því að vöxtur ferðaþjónustu muni verða með svipuðu móti næstu ár sem þýðir um 7% árlega fjölgun erlendra ferðamanna.

Eitt af alvarlegustu vandamálum ferðaþjónustunnar hvað varðar afkomu fyrirtækja og atvinnutækifæri í greininni er afar mikil árssveifla. Árssveiflan er mun meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og meðalnýting gistirýmis er afar lág en gistirými hefur vaxið hraðar en eftirspurn síðustu ár þrátt fyrir lélega nýtingu. Þótt unnið hafi verið að því að draga úr árstíðasveiflu innan greinarinnar hefur lítið eða ekkert unnist í því efni en hlutfall þeirra sem

---

[1] Sömu heimildir.

koma utan háannatíma af heildarfjölda erlendra ferðamanna hefur verið nokkurn veginn stöðugt. Árstíðasveifla ræðst fyrst og fremst af hefðbundnum sumarleyfistíma á helstu markaðssvæðum og því eru litlar líkur til þess að dragi úr henni í bráð.



Mynd 1.9. Gistinætur eftir mánuðum árið 1995 á landinu öllu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. (Hótel, gistiheimili og heimagisting).



Mynd 1.10. Áætluð nýting hjá gistiþjónustufyrirtækjum utan SVG á Norður- og Austurlandi eftir mánuðum árið 1995. Óvissa miðað við 95% öryggismörk.

Mikil árstíðasveifla í ferðaþjónustu, sérstaklega á landsbyggðinni, hefur eftirfarandi afleiðingar í för með sér:

- Litla nýtingu fjárfestinga og þar með lélega afkomu.
- Mjög hátt hlutfall tímabundinna ráðninga (sumarstarfsfólks) í greininni.
- Hratt gegnumstreymi starfsfólks í greininni og lítinn vilja til að mennta sig í henni og/eða gera hana að ævistarfi sínu.
- Óskipulega og ómarkvissa uppbyggingu.
- Hátt hlutfall mjög lítilla fyrirtækja.

Óbeinar afleiðingar eru lágt menntunarstig og óskipulögð vinnubrögð.

Vísbendingar eru um að það ástand sem hér er lýst geri það að verkum að uppbygging ferðaþjónustu verði fyrst og fremst til þess að styrkja byggð þar sem byggð er traust fyrir, en verði ekki til þess að snúa við byggðaþróun þar sem byggð stendur höllum fæti.

Niðurstöður.

Hér hefur verið sýnt fram á að verulega vantar upp á að landsbyggðin standi jafnfætis höfuðborgarsvæðinu í fjölbreytilegu atvinnulífi. Jafnframt kom fram að hnignun sjávarútvegs hefur haft verulega þýðingu fyrir brottflutning fólks úr byggðarlögum sem mjög eru háð sjávarútvegi. Svæði þar sem verslun og þjónusta er mikil hafa dregið til sín fólk á undanförnum árum. Áætlað er að störfum fyrir vel menntað fólk, svo sem sérfræðinga og tæknimenntað fólk auk stjórnenda og framkvæmdastjóra, muni fjölga mjög á næstu árum á sama tíma og störfum í frumvinnslu muni fækka. Þannig er því spáð að ársverkum í landbúnaði fækki um 300–600 á næstu fimm árum og ársverkum í sjávarútvegi (veiðum og vinnslu) um 4.200 á sama tíma. Ársverkum í iðnaði mun líklega fjölga um 2.000 og margvíslegum þjónustustörfum um 2.500. Loks er því spáð að góðar horfur í efnahagsmálum muni fjölga ársverkum um 1.000–1.500 til ársins 2002. Þess ber að geta að þau ársverk sem hverfa í frumvinnslugreinum eru einkum á landsbyggðinni en fjölgunin mun líklega eiga sér stað að mestu á höfuðborgarsvæðinu í þjónustugreinum, stóriðju og byggingariðnaði. Það er því ljóst að brýnna aðgerða er þörf til að jafna atvinnutækifæri landsmanna.

Skilyrði til atvinnuuppbyggingar í íslensku atvinnulífi verða að teljast góð þar sem nokkrar atvinnugreinar geti ráðið umtalsvert fleira starfsfólk í náinni framtíð. Til að draga úr búseturöskun á Íslandi þarf hins vegar að tryggja að störfum í verslun og þjónustu fjölgi á landsbyggðinni og sömuleiðis störfum fyrir vel menntað fólk á vegum hins opinbera. Tillögur þar að lútandi fylgja hér að aftan.

Tillögur til úrbóta.

Einhæft atvinnulíf er einn þeirra lykilþátta er orsaka flutninga fólks til höfuðborgarsvæðisins. Allt útlit er fyrir að ársverkum í frumvinnslugreinum fækki um 5.000 á næstu fimm árum, einkum á landsbyggðinni. Því er mjög brýnt að efla og auka fjölbreytileika atvinnulífsins utan höfuðborgarsvæðisins með ýmsum ráðum.

Efla *grunngerð vaxtarsvæða*:

- Örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum.
- Beina opinberum fjárfestingum til slíkra staða, svo sem með því að stofna/flytja opinberar stofnanir.
- Stórefla mennta- og endurmenntunarkerfi á landsbyggðinni.
- Efla rannsóknasamvinnu innlendra og erlendra háskólastofnana og fyrirtækja.
- Tryggja fjármagn (lán, hlutafé, styrki) til nýrra rekstrarverkefna.
- Skapa störf með fjarvinnslu er tengjast upplýsingatækninni.
- Auka erlend tengsl fyrirtækja á landsbyggðinni.
- Efla rekstrar- og stjórnunarráðgjöf og nýsköpun með stofnun nýsköpunarstöðva.

Koma á fót *svæðisbundnum nýsköpunarstöðvum* til að örva hagvöxt og nýsköpun, og fjölga atvinnutækifærum. Markmiðið er að efla það starf sem fyrir er á svæðinu og gera það markvissara:

- Stofna nýsköpunarstöðvar í hverjum fjórðungi í nánum tengslum við háskóla, Iðntæknistofnun, rannsóknastofnanir atvinnuveganna, lánastofnanir o.fl. Slíkar stöðvar væru sjálfstæðar stofnanir en framfylgdu markmiðum Alþingis í atvinnu- og byggðamálum. Starfslið slíkra nýsköpunarstöðva verði 5–7 í hverjum fjórðungi og nokkur sérhæfing verði meðal starfsmanna á eftirtöldum sviðum: stjórnun, rekstrarráðgjöf og tækni- og nýsköpunarráðgjöf.
- Áhersla lögð á að veita nýjum og starfandi fyrirtækjum ráðgjöf um stjórnun, rekstur og tækniþróun.
- Aðstoða fyrirtæki við verkefna- og styrkjaöflun innanlands, hjá Evrópusambandinu og víðar.
- Standa fyrir kynningu, fræðslu og námskeiðahaldi fyrir einstaklinga og stjórnendur í samstarfi við framhalds- og háskóla og samtök atvinnulífsins. Mikilvægt er að slíkt starf fari fram í viðkomandi byggðarlagi.
- Efla starfsmenntun á svæðinu í samvinnu við ríki, sveitarfélög og aðila vinnumarkaðar.
- Aðstoða fyrirtæki við markaðsrannsóknir, m.a. með því að kynna markaðs- og rannsóknafyrirtæki.
- Byggja upp samvinnu og tengslanet fyrirtækja á svæðinu.
- Reka kynningar- og upplýsingaþjónustu til þess að laða að innlenda og erlenda fjárfesta.

Koma á *tengslaneti nýsköpunarstöðva* er vinni að samræmingu og stefnumörkun:
- Sameiginleg stefnumörkun.
- Sameiginlegt upplýsingakerfi.
- Sameiginleg þjálfun starfsfólks.
- Sameiginlegt verkefni atvinnurekenda, ríkisvalds, bæjarfélaga og félagasamtaka.
- Sameina núverandi starfsemi Byggðastofnunar úti á landi, iðnþróunarfélög og atvinnuþróunarfélög. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins standi einnig að slíkum stöðvum.

Efla þarf *samkeppnishæfni fyrirtækja* á landsbyggðinni með því að:
- Auka hæfni stjórnenda og starfsmanna með fræðslu og menntun.
- Auka gæði framleiðslunnar með ráðgjafarverkefnum.
- Auka þekkingu stjórnenda á alþjóðaviðskiptum.

Fjölga þarf ársverkum á vegum opinberra stofnana á landsbyggðinni næstu fimm árin. Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan atvinnusvæðis höfuðborgarinnar.

1.6 Ferðaþjónusta.

Til að ferðaþjónusta eigi sér framtíð sem blómlegur atvinnuvegur verða að eiga sér stað straumhvörf í öllu sem snýr að faglegum vinnubrögðum. Ferðaþjónusta á allt sitt undir sífelldri nýsköpun og vöruþróun, stöðugum og miklum gæðum þjónustu og markvissu markaðsstarfi. Þetta eru allt atriði sem grundvallast annars vegar á menntun starfsfólks og hins vegar á víðtækri þekkingu á greininni en í báðum þessu atriðum er pottur brotinn, ekki hvað síst á landsbyggðinni.

Vænlegasta leiðin til að stuðla að framgangi ferðaþjónustu er að auka framboð á menntun fyrir starfsfólk í greininni og gera menntunina aðgengilegri en nú er. Jafnframt er mikilvægt að ýta undir skipulega rannsóknastarfsemi á sviði ferðaþjónustu og efla ráðgjöf til núverandi

og verðandi ferðaþjónustuaðila. Á flestum þessara atriða er tekið í stefnumótun og framkvæmdaáætlun samgönguráðuneytis.[1]

Byggðastofnun gæti komið beint að þessu á ýmsan hátt, til dæmis með því að styrkja rannsóknir, veita starfandi fólki í ferðaþjónustu styrki til náms, efla svæðisbundna ráðgjöf og styrkja nýsköpunarverkefni.

Heimildir.

Byggðastofnun, 1997: *Staða sauðfjárræktar og áhrif á byggðaþróun. Reykjavík*, september 1997.
Byggðastofnun, Þróunarsvið 1997: Upplýsingar um ársverk eftir kjördæmum. Reykjavík.
Employment Outlook, OECD, París, júlí 1994.
Fiskifélag Íslands 1997: Upplýsingar um afla.
Hagstofa Íslands, 1996: *Vinnuafl 1963–90.* Reykjavík, janúar 1996.
Hagstofa Íslands, 1997: *Hagskinna 1997.* Reykjavík.
Hagstofa Íslands, 1997: *Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í apríl 1997.*
Hagþjónusta landbúnaðarins, 1997: *Þróun sauðfjárræktar á Íslandi.* September 1997.
Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1997: Upplýsingasamfélag, sveigjanleiki og atvinnulíf. Breytingar á íslenskum vinnumarkaði. *Ný félagsrit 1997* (tímarit Félagsvísindadeildar HÍ – í prentun).
Ingjaldur Hannibalsson, 1995: *Framleiðni og framleiðniþróun.* Ritröð Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands og Framtíðarsýnar ehf. Framtíðarsýn, Reykjavík, 1995.
NBUs statistikrapport 1996. Stokkhólmi, desember 1996.
Samgönguráðuneytið, 1996: *Stefnumótun í ferðaþjónustu,* Reykjavík, maí 1996.
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, 1997: *Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju,* 6. okt. 1997.
Stefán Ólafsson, 1997: *Búseta á Íslandi – Rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Byggðastofnun,* Reykjavík, 1997.

Fylgiskjal VI.

Samningur milli Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og Byggðastofnunar um atvinnuþróun á starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

(22. mars 1996.)

Atvinnuþróunarjóður Suðurlands og Byggðastofnun gera með sér svofelldan samning um atvinnuþróun á starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga:

1. gr.

Samningsaðilar standa fyrir sérstöku þriggja ára verkefni sem felur í sér samræmt og skipulagt atvinnuþróunarstarf á starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og hefur verkefnið eftirtalin meginmarkmið:

— Að stuðla að samhæfingu og eflingu þróunar- og ráðgjafarstarfs á starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
— Að skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu aðila sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast þróun atvinnulífs.

---

[1] Samgönguráðuneytið, 1996: Stefnumótun í ferðaþjónustu, Reykjavík, maí 1996.

— Að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu sem fela í sér hagnýtt gildi og eru hvetjandi til athafna.

Verkefnið tekur að sér að annast ráðgjöf á sviði almennrar atvinnuþróunar- og ferðamála á starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga með ráðningu þriggja ráðgjafa samkvæmt nánari almennum reglum.

2. gr.

Verkefnið er fjármagnað með eftirtöldum hætti:

a. Með framlagi frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands.
b. Með hlut Suðurlands af reglulegum framlögum Byggðastofnunar til atvinnuráðgjafar samkvæmt ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar.
c. Með hlut Suðurlands af reglulegum framlögum frá Byggðastofnun til ferðamálafulltrúa í hverju kjördæmi samkvæmt ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar.
d. Með sérstöku framlagi Byggðastofnunar samkvæmt samingi þessum vegna ráðgjafa á sviði markaðsmála.

3. gr.

Framlag Byggðastofnunar samkvæmt samningi þessum, sbr. 2. gr. liði b, c og d, skal vera 8,7 millj. kr. fyrir árið 1996. Endurskoða skal árlega fjárhagslegar forsendur verkefnisins, m.a. með tilliti til framlaga úr ríkissjóði til Byggðastofnunar og verðlags í landinu.

4. gr.

Starf Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands að atvinnumálum skal kynnt með ferðum og fundum um allt starfssvæði sjóðsins. Sjóðurinn skal veita þjónustu til þeirra er leita eftir henni og aðstæður leyfa hverju sinni. Um ráðgjöfina fer eftir reglum sjóðsins hverju sinni. Aðilar eru sammála um að meðan samningur þessi er í gildi sé fullnægt skyldum Byggðastofnunar að því er varðar styrkveitingar vegna almennra atvinnuþróunarverkefna.

5. gr.

Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands stjórnar verkefni þessu. Byggðastofnun skipar einn fulltrúa sem hefur rétt til setu á stjórnarfundum Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands þegar fjallað er um skipulag og framkvæmd verkefnisins. Fulltrúi Byggðastofnunar skal fyrir hönd stofnunarinnar fylgjast með framgangi þess og gera athugasemdir ef hann telur að atriðum samnings þessa sé ekki fylgt eftir.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera stefnumarkandi áætlun fyrir verkefnið og móta gæðastefnu þess. Árangur af verkefninu skal metinn með reglubundnum hætti. Stjórn sjóðsins gerir árlega grein fyrir framgangi verkefnisins og leggur jafnframt fram ársskýrslu þar sem tilgreind eru helstu viðfangsefni, árangur af verkefninu og framtíðarhorfur.

7. gr.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess á samningstímanum að útvíkka verkefnið og leita eftir þátttöku að verkefninu til þeirra sveitarfélaga í kjördæminu sem eru ekki, eða kunna ekki að verða, aðilar að Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

8. gr.

Samningur þessi gildir fyrir árin 1996 til og með 1998, sbr. 3. gr.

Fylgiskjal VII.

Rannsóknastofnun
Háskólans á Akureyri:

Íþróttir, fjölmiðlar og menning.
Staða landsbyggðarfólks gagnvart höfuðborgarbúum.
(Skýrsla unnin fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998.)

Helstu niðurstöður.

- Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar á neysluvenjum fólks eru höfuðborgarbúar nær undantekningarlaust duglegri en aðrir landsmenn í menningar- og afþreyingarneyslu og dreifbýlisbúar sækja frekar menningarviðburði en fólk í minnstu bæjarfélögunum. Höfuðborgarbúar sækja kaffi- og kvikmyndahús mun oftar en aðrir landsmenn. Hið sama á við um skyndibita- og veitingastaði, en Akureyringar og íbúar Reykjanesbæjar fylgja þar fast á eftir.
- Höfuðborgarbúar fara oftar á söfn en aðrir landsmenn en munurinn er ekki mikill. Notkun bókasafna er nokkuð jöfn meðal þeirra sem þangað sækja einu sinni í mánuði eða oftar en mun fleiri einstaklingar í dreifbýli og smærri bæjarfélögum fara aldrei á bókasöfn.
- Íbúar Reykjavíkur og nágrennis fara mun oftar í leikhús en aðrir landsmenn.
- Stuðningur ríkisins við menningu- og listir er margvíslegur en mestu fé er varið til lista- og safnamála. Því næst koma trúmál en æskulýðs-, íþrótta- og útvistarmál eru að mestu á hendi sveitarfélaga.
- Reykjavík hefur yfirburðastöðu á sviði kvikmyndasýninga. Fjöldi kvikmyndasala er nánast sá sami í Reykjavík og á landsbyggðinni en aðsóknin er gerólík. Aðsókn að kvikmyndahúsum á landsbyggðinni er aðeins um 10% af því sem hún er á höfuðborgarsvæðinu.
- Flest íþróttamannvirki eru í Reykjaneskjördæmi en Reykjavík er eina kjördæmið sem hefur á að skipa öllum gerðum íþróttamannvirkja.
- Íþróttaiðkun virðist vera almennari hjá fólki sem býr í þéttbýli með yfir 10.000 íbúa en í Reykjavík. Flestar íþróttagreinar eru stundaðar í þéttbýli með fleiri en 1.000 íbúa. Sund er þjóðaríþrótt Íslendinga og það er mikið stundað um land allt.
- Aðgangur landsmanna að fjölmiðlaefni virðist yfirleitt góður. Hins vegar er mikill aðstöðumunur varðandi framleiðslu fjölmiðlaefnis. Af útsendingartíma Rásar 1 er efni af landsbyggðinni innan við 5% af heildarútsendingartíma. Aðstöðu til vinnslu sjónvarpsefnis vantar víða á landsbyggðinni og fjölga þarf fastráðnum fréttariturum úti á landi.

Inngangur.

Samningar tókust milli Byggðastofnunar og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri um úttekt á byggðamálum á Íslandi og tillögum til úrbóta í septembermánuði 1997. Hér birtist einn hluti þeirrar úttektar í skýrsluformi.

Markmið skýrslunnar er að draga saman upplýsingar um stöðu íþrótta-, fjölmiðla- og menningarmála á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni hin síðari ár. Arna Ýrr Sigurðardóttir, sérfræðingur við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, aflaði upplýsinga og ritaði skýrsluna.

Skýrslan skiptist í fjóra kafla. Hún hefst á umfjöllun um menningarmál í víðum skilningi og því næst er fjallað um íþrótta- og æskulýðsmál. Að því búnu er rætt um fjölmiðla með tilliti til landsbyggðarfólks. Að lokum er getið um tillögur til úrbóta.

Menningarmál.

Í rannsókn Stefáns Ólafssonar, Búseta á Íslandi, kemur glögglega fram að aðgangur fólks að menningu og afþreyingu í einhverri mynd hefur áhrif á það hvar fólk velur sér búsetu.[1] Einnig kemur það fram að fólk á landsbyggðinni er almennt óánægðara með aðstöðu til menningar- og tómstundaiðkunar heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Sú óánægja vex eftir því sem byggðarlögin minnka, með þeirri undantekningu þó að fólk sem býr í sveitum er ánægðara en fólk á minnstu þéttbýlisstöðunum. Það er því ástæða til að kanna aðeins nánar hvernig menningar- og tómstundamálum er háttað á landsbyggðinni.

1.1 Menningarneysla Íslendinga.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun á neysluvenjum fólks árið 1996 fyrir Samband íslenskra auglýsingastofa og fjölmiðla. Þetta var póstkönnun og úrtakið var 1.500 manns. Svarhlutfall var 60% og gott samræmi var á milli svarendahópsins og þjóðarinnar hvað varðar aldur og búsetu. Í könnuninni var fólki skipt í fimm flokka eftir búsetu: Íbúar á höfuðborgarsvæði (Reykjavík ásamt Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Garðabæ og Mosfellsbæ), íbúar í bæjum með meira en 10.000 íbúum (Akureyri og Reykjanesbær), þá koma íbúar í bæjum með 1.000–10.000 íbúa annars vegar og bæjum með 200–1.000 íbúa hins vegar. Loks eru íbúar í strjálbýli eða þéttbýli með færri en 200 íbúa.



Mynd 1.1 Hlutfall þeirra sem fara á kaffihús, skyndibitastað og borða á veitingahúsi.

[1] Stefán Ólafsson, 1997: Búseta á Íslandi.

Af mynd 1.1 má ráða að liðlega 50% höfuðborgarbúa sækja kaffihús nokkrum sinnum á ári eða oftar og tæplega 30% þeirra fara einu sinni í mánuði eða oftar. Innan við 40% íbúa Reykjanesbæjar og Akureyrar sækja kaffihús árlega eða oftar, en íbúar fámennari byggðarlaga fara mun sjaldnar að jafnaði. Íbúar í dreifbýli eru þó sýnu duglegri að sækja kaffihús en íbúar á minnstu þéttbýlisstöðunum (200–1.000).

Nokkru minni munur er á skyndibita- og kaffihúsaneyslu fólks eftir búsetu. Rúmlega helmingur íbúa fjölmennustu þéttbýlisstaðanna (með fleiri en 10.000 íbúa) fer nokkrum sinnum á ári eða oftar á veitinga- og skyndibitastað, á sama tíma og tæplega einn af hverjum fjórum íbúa fámennari byggðarlaga gera slíkt. Athyglisvert er að sá hópur sem fer einu sinni í mánuði eða oftar er stærri í dreifbýli en á minnstu þéttbýlisstöðunum.



Mynd 1.2 Hlutfall þeirra sem fara í bíó, á skemmtistað eða á bar.

Mynd 1.2 sýnir að höfuðborgarbúar fara langoftast í bíó, rúmlega 80% þeirra fara einhvern tíma, þar af 60% nokkrum sinnum á ári eða oftar og rúm 30% fara einu sinni í mánuði eða oftar. Sókn fólks í kvikmyndahúsin minnkar síðan eftir því sem fámenni byggðarlagsins eykst. Hér er ástæða til að benda á að munurinn á aðsókn í bíó eftir búsetu er miklu minni en samanburður á aðsóknartölum í kvikmyndahús á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni gefur til kynna. Það helgast trúlega af því að landsbyggðarfólk sækir kvikmyndahúsin í Reykjavík þegar það á erindi til höfuðborgarinnar.

Athyglisvert er að fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins sækir skemmtistaði oftar heldur en fólk á höfuðborgarsvæðinu og í dreifbýli. Á höfuðborgarsvæðinu er skýringin sennilega sú að valkostirnir í skemmtanamenningunni eru orðnir fleiri, fólk sækir frekar bari og kaffihús en hefðbundna skemmtistaði.

Íbúar á Akureyri og í Reykjanesbæ eru duglegri við að sækja barina heldur en íbúar á höfuðborgarsvæðinu, munurinn er þó ekki mikill. Fámennari þéttbýlisstaðir eru síðan með minni aðsókn og hún er minnst í dreifbýlinu.



Mynd 1.3 Hlutfall þeirra sem leigja myndbandsspólu, fara á safn eða bókasafn.

Að leigja myndbandsspólu er snar þáttur borgarlífsins eins og sjá má af mynd 1.3. Um fjórir af hverjum tíu íbúum á stærstu þéttbýlisstöðunum leigja myndbandsspólu einu sinni í mánuði eða oftar en um 20% dreifbýlisbúa gera slíkt.

Þegar litið er til heimsókna á söfn kemur í ljós að höfuðborgarbúar og þeir sem búa í þéttbýli með á milli 1.000 og 10.000 manns eru duglegastir í safnanotkun, athyglisvert er þó að sá hópur sem fer nokkrum sinnum á ári eða oftar á safn er svipaður að stærð í öllum flokkum. Enn fremur er ljóst að heimsóknir á söfn eru almennt fátíðar hjá Íslendingum óháð búsetu.

Íbúar stærri þéttbýlisstaða notfæra sér þjónustu bókasafna mun oftar heldur en á minni stöðum og í dreifbýli. Sá hópur sem mest notar bókasöfnin (nokkrum sinnum á ári eða oftar) er þó svipaður í öllum flokkum nema á minnstu þéttbýlisstöðunum.

Ekki er teljandi búsetumunur á þeim sem sækja myndlistarsýningar (sjá mynd 1.4). Íbúar í minnstu bæjunum standa þó öðrum hópum töluvert að baki. Flestir þeirra sem fara einu sinni í mánuði eða oftar á myndlistarsýningar eru annars vegar búsettir á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar í dreifbýli.

Íbúar í smærri byggðarlögunum fara sjaldnar á klassíska tónleika en aðrir landsmenn og um 65% þeirra hafa aldrei sótt slíka tónleika. Hins vegar fara um 5% íbúa í dreifbýli einu sinni í mánuði eða oftar á tónleika og er það álíka hátt hlutfall og meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 1.4 Hlutfall þeirra sem fara á myndlistarsýningar, klassíska tónleika og í leikhús.

Höfuðborgarbúar eru tíðustu gestirnir í leikhúsum. Átta af hverjum tíu fara einhvern tíma í leikhús og um 30% þeirra nokkrum sinnum á ári eða oftar. Íbúar stærri þéttbýlisstaða fylgja fast á eftir. Þeir státa þó ekki af neinum hópi sem fer einu sinni í mánuði eða oftar. Það gera smærri þéttbýlisstaðirnir aftur á móti, þótt sá hópur sé minni en á höfuðborgarsvæðinu og enn og aftur kemur það í ljós að fólk í dreifbýli er duglegra en fólk í minnstu bæjunum að sækja menningarviðburði.

Samantekt: Það sem vekur athygli þegar þessar upplýsingar eru skoðaðar er að munurinn á menningarneyslu fólks eftir búsetu er nokkur. Höfuðborgarbúar eru nær undantekningarlaust duglegri en aðrir landsmenn í menningar- og afþreyingarneyslu og dreifbýlisbúar eru oft og tíðum duglegri en fólk í minnstu bæjarfélögunum. Þetta er í fullu samræmi við könnun Stefáns Ólafssonar sem sýndi að fólk í minnstu bæjarfélögunum er yfirleitt óánægðara með aðstæður sínar heldur en fólk í dreifbýli.

Óhætt er að fullyrða að stór hluti af menningarneyslu landsmanna fer fram á höfuðborgarsvæðinu. Bættar samgöngur valda því að ferðir fólks þangað eru tíðari og fólk notar gjarnan tækifærið til að fara á kaffihús, í bíó, á söfn og sýningar þegar þangað er komið.

1.2 Menningarstarfsemi ríkisins.

Menningarstarfsemi er ekki nema að litlum hluta á hendi ríkisvaldsins. Hlutverk þess er fyrst og fremst að stuðla að varðveislu menningararfsins, búa í haginn fyrir þá aðila sem standa fyrir menningariðkun og reka menningarstofnanir „allra landsmanna".[1] Þar ber að sjálfsögðu hæst Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafnið. Rekstur þjóðkirkju er einnig á ábyrgð ríkisins og flokkast undir menningarmál.

[1] Tölfræðihandbók um menntun og menningu, 1996.



Mynd 1.5 Útgjöld ríkissjóðs til menningarmála 1990–94.[1]

Eins og fram kemur á mynd 1.5 fer mestur hluti af fjárveitingum ríkissjóðs til safnamála og lista í fyrsta lagi og trúmála í öðru lagi. Fjölmiðlastarfsemi og æskulýðs- og íþróttamál eru langt á eftir en hið síðarnefnda er aðallega á könnu sveitarfélaganna.[2] Ríkið og sveitarfélögin hafa yfirleitt samvinnu um allt sem lýtur að menningarmálum og veita sveitarfélögin árlega um 7 milljarða kr. til menningarmála.[3]

Ríkið heldur einnig úti sjóðum sem styðja ýmsa menningarstarfsemi. Menningarsjóður félagsheimila er mjög þýðingarmikill í því sambandi. Þá er rekin öflug menningarstarfsemi í tengslum við starfþjóðkirkjunnar víða um land. Kirkjurnar eru nýttar sem tónleikahús og jafnvel leikhús ef svo ber undir. Safnaðarheimili eru víða nýtt undir ýmiss konar menningar- og félagsstarfsemi og ekki má gleyma starfsemi kirkjukóranna sem eru burðarás í félagslífinu í mörgum tilvikum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfsemi helstu menningarstofnana og hvernig hún tengist landsbyggðinni.

1.2.1 Sinfóníuhljómsveitin.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur þær skyldur samkvæmt lögum að hljómsveitin skal fara í tónleikaferðir um landið á ári hverju og er henni ætlaður 10% hluti af skemmtanaskatti til slíkra ferða, um 8 millj. kr. á ári.[4] Á undanförnum árum hefur hljómsveitin haldið að meðaltali níu tónleika úti á landsbyggðinni.[5] Oft hefur verið lögð áhersla á það að fá hljóðfæraleikara eða söngvara úr byggðarlaginu til að koma fram með hljómsveitinni.

---

[1] Sama heimild.
[2] Sama heimild.
[3] Sama heimild.
[4] Runólfur Birgir Leifsson, 1992: Greinargerð um starfsemi Sinfónuhljómsveitar Íslands ...
[5] Yfirlit yfir tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar á landsbyggðinni á árunum 1992–97.

1.2.2 Þjóðleikhúsið.

Á árunum 1992–96 stóð Þjóðleikhúsið fyrir 70 sýningum utan Reykjavíkur sem eru 14 sýningar á ári að meðaltali. Fjöldi sýninga á ári er þó mjög misjafn, allt frá 5 og upp í 38.[1]

Samkvæmt lögum er Þjóðleikhúsinu lögð sú skylda á herðar að fara í leikferðir út á land en ólíkt Sinfóníuhljómsveitinni er því ekki tryggður neinn fjárhagsgrundvöllur fyrir slíkum ferðum. Einnig er leikhúsinu ætlað að starfa með áhugaleikfélögum um land allt. Þess má geta að ríkið styrkir þessi áhugaleikfélög sem eru um 90 talsins[2] og eru framlög þess úr ýmsum sjóðum jafnhá og framlög ríkisins til atvinnuleikhúsa. Sveitarfélögin koma svo með framlög á móti til áhugaleikfélaganna.[3]

1.2.3 Söfn.

Höfuðstöðvar *Þjóðminjasafns Íslands* og safnhús eru staðsett í Reykjavík. Þeir þættir í starfsemi þess sem helst snerta landsbyggðina eru húsavernd, rannsóknir og skráning fornleifa og þjóðháttasöfnun.[4] Samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn, nr. 88/1989, var einnig komið á minjavörðum í hverjum fjórðungi til að vera samræmingaraðili og tengiliður við Þjóðminjasafnið.

Veigamikill hluti af starfsemi Þjóðminjasafnsins á landsbyggðinni er húsavernd og viðhald fornminja og friðaðra staða. Önnur starfsemi á landsbyggðinni einkennist af því að safna upplýsingum og munum og hafa þá síðan til sýnis í Þjóðminjasafninu í Reykjavík. Þess má geta að oft hefur verið togstreita um það á milli byggðasafna og Þjóðminjasafnsins hvort merkir munir eða fornminjar eigi að fá að vera til sýnis í sinni „heimabyggð" eða hvort flytja eigi hlutina suður og hafa þá til sýnis á Þjóðminjasafninu.[5]

Söfn geta gegnt veigamiklu hlutverki í byggðastefnu. Þau geta stuðlað að því að varðveita þann menningararf sem viðkomandi hérað á og efla þannig tengsl íbúa við uppruna sinn. Þannig hafa þau sálræn áhrif á íbúa á staðnum. Þau eru einnig mjög mikilvæg fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á staðnum og má þar t.d. nefna Vesturfarasetrið á Hofsósi og Síldarsafnið á Siglufirði.

Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu eru í undirbúningi breytingar á safnalögum sem hafa það að markmiði að efla landsbyggðarsöfn.

Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Þeim er sett stofnskrá og ríkisstyrkur er háður því að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt slíka stofnskrá. Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung. Starfsemi byggðasafna er í nánum tengslum við minjavörð á hverju svæði fyrir sig.[6]

Í lögum um *Listasafn Íslands*, nr. 58/1988, segir að safnið skuli vera „meginsafn íslenskrar myndlistar í landinu og miðstöð rannsókna, heimildasöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist". Safnið hefur sent listaverk á sýningar út á land en aldrei borið allan kostnað af því.[7]

---

[1] Verkefni Þjóðleikhússins utan Reykjavíkur árin 1992–96.

[2] Verkefnalisti aðildarfélaga Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 1996–97.

[3] Tölfræðihandbók um menntun og menningu; upplýsingar frá Bandalagi íslenskra leikfélaga.

[4] Þjóðminjasafn Íslands og landsbyggðin (1992).

[5] Er þá skemmst að minnast deilunnar um „Kumlbúann" fyrir austan.

[6] Lög nr. 88/1989, 6. og 7. gr.

[7] Bera Nordal, 1992: Erindi flutt á ráðstefnu að Flúðum 16. október 1992.

Einnig hefur það á að skipa safnkennara sem hefur haldið fræðslunámskeið úti á landi, með stopulum hætti þó.

1.2.4 Menningarsjóður félagsheimila.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um félagsheimili, nr. 107/1970, með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum og öðrum þeim stöðum sem henta menningarstarfi.[1] Í stjórn sjóðsins eiga sæti fulltrúar frá Bandalagi íslenskra leikfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Menntamálaráðherra skipar stjórnina.

Tekjur sjóðsins eru 10% af skemmtanaskatti og styrkir úr honum fara aðallega til að greiða ferða- og flutningskostnað við menningar- og listviðburði innan lands. Árið 1995 voru veittar rúmlega 6 millj. kr. úr sjóðnum.

1.2.5 M-hátíðir.

Á árunum 1989–92 stóð menntamálaráðuneytið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Bandalag íslenskra listamanna fyrir M-hátíðum víða um land.[2] M-hátíðirnar voru skipulagðar í náinni samvinnu við heimamenn og áhersla lögð á að list og menning þeirra fengi að njóta sín auk þess sem boðið var upp á ýmislegt sem alla jafna er aðeins í boði á höfuðborgarsvæðinu, svo sem sinfóníutónleika o.fl. Þessar hátíðir þóttu heppnast mjög vel og það er mat Erlends Kristjánssonar hjá menntamálaráðuneytinu að þær hafi verið varanleg lyftistöng fyrir menningarlíf á landsbyggðinni. Þrátt fyrir góðan ásetning hefur ekki orðið framhald á þessum M-hátíðum.

1.3 Kvikmyndahús.

Eins og sést á töflu 1.1 er gríðarlegur munur á aðsókn í kvikmyndahús á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Fjöldi sala er næstum sá sami, en aðsókn að kvikmyndasýningum á landsbyggðinni er einungis rúmlega tíundi hlutinn af því sem hún er á höfuðborgarsvæðinu. Á þessu eru nokkrar skýringar. Aðstaða og tækjabúnaður eru alls ekki sambærileg, oft berst aðeins eitt eintak af hverri mynd til landsins og þá líður langur tími þar til hún berst út á land sem þýðir að landsbyggðarfólk er búið að sjá myndina í Reykjavík, jafnvel er hún komin út á myndbandsspólu. Reyndar eru nú farin að berast fleiri eintök af hverri mynd til landsins, alla vega í sumum tilfellum, en kvikmyndahúsin í Reykjavík eru líka farin að sýna sömu myndina í fleiri en einum sal og jafnvel fleiri kvikmyndahúsum samtímis. Eftir sem áður er kvikmyndahúsamenningin líflegust í Reykjavík.

Tafla 1.1 Kvikmyndahús og salir í Reykjavík og á landsbyggðinni.[3]

	Kvikmyndahús	Salir	Heildarfjöldi gesta
Reykjavík	7	26	1.295.085
Landsbyggðin	24	25	149.521

[1] Tölfræðihandbók um menntun og menningu, 1996.
[2] Sjá ítarlega umfjöllun í skýrslunni Menning um landið (1992).
[3] Hagstofa Íslands, 1997: Landshagir.

Íþrótta- og æskulýðsmál.

Íþrótta- og æskulýðsmál eru aðallega málefni sveitarfélaganna eins og fyrr hefur komið fram. Þó er ákveðnum hluta fjárlaga varið til að styrkja Íþróttasamband Íslands og ýmis sérsambönd. Einnig er starfræktur íþróttasjóður sem er aðallega ætlað að styrkja byggingu íþróttamannvirkja á vegum íþróttafélaga. Íþróttahúsin gegna ákveðnu hlutverki sem menningar- og félagsmiðstöðvar, ekki ólíkt kirkjunum.

Íþróttamiðstöð Íslands er rekin á Laugarvatni og á Akureyri hefur verið samþykkt að byggja skuli upp Vetraríþróttamiðstöð Íslands með samvinnu ríkisins, Akureyrarbæjar, Íþróttasambands Íslands og Íþróttabandalags Akureyrar. Lítið hefur þó gerst í uppbyggingarmálum, yfirbyggingu skautasvells hefur m.a. verið frestað.



Mynd 1.6 Íþróttamannvirki eftir kjördæmum.[1]

Hér er það þrennt sem vekur athygli: Flest íþróttamannvirki eru í Reykjaneskjördæmi, Reykjavík er eina kjördæmið sem hefur á að skipa öllum tegundum íþróttamannvirkja, og að lokum er fjöldi knattspyrnuvalla á Norðurlandi athyglisverður. En lítum nú á íþrótta- og tómstundaiðkun fólks.

[1] Tölfræðihandbók um menntun og menningu, 1996.

Tafla 1.2 Hlutfall þeirra sem stunda íþróttir/tómstundir, greint eftir búsetu.

	Höfuðborgar-svæðið	Þéttbýli yfir 10.000	Þéttbýli 1.000 –10.000	Þéttbýli 200–1.000	Dreifbýli
Badminton	12,4	13,9	11,5	7,7	7,0
Billjard/snóker	15,5	13,9	10,2	3,8	3,5
Blak	8,5	10,9	7,0	3,8	3,5
Bláa lónið	13,8	20,8	15,3	11,5	8,8
Borðtennis	9,3	12,9	9,6	3,8	8,8
Bridds	13,4	13,9	14,0	21,2	28,1
Dans	19,4	18,8	17,2	7,7	10,5
Fimleikar	7,2	8,9	7,0	3,8	3,5
Fjallgöngur/lengri gönguferðir	25,8	28,7	25,5	32,7	17,5
Fótbolti	18,1	21,8	17,8	5,8	8,8
Frjálsar íþróttir	7,4	8,9	5,7	1,9	1,8
Golf	15,7	19,8	12,7	3,8	7,0
Handbolti	8,7	12,9	6,4	5,8	3,5
Hestamennska	8,2	16,8	9,6	9,6	3,5
Hjólreiðar	33,6	38,6	29,9	30,8	19,3
Jóga	7,2	11,9	5,7	1,9	5,3
Júdó	4,7	5,9	4,5	1,9	1,8
Karate	5,8	6,9	3,8	1,9	1,8
Keila	13,2	20,8	13,4	1,9	8,8
Körfubolti	12,8	16,8	11,5	5,8	7,0
Lax-/silungsveiði	23,5	25,7	20,4	28,8	8,8
Lyftingar	10,5	11,9	7,6	5,8	8,8
Skautar	12,0	12,9	8,9	5,8	5,3
Skák	14,8	12,9	10,8	7,7	3,5
Skíði	22,9	33,7	24,8	23,1	12,3
Skokk/hlaup	28,2	23,8	16,6	13,5	8,8
Skvass	8,5	9,9	6,4	3,8	1,8
Sund	59,2	51,5	47,1	51,9	35,1
Tennis	7,6	9,9	7,0	5,8	3,5
Tækjaþjálfun	14,0	20,8	14,6	19,2	19,3
Þolfimi	20,0	20,8	16,6	13,5	8,8

Í þessari töflu kemur ýmislegt athyglivert fram. Í fyrsta lagi virðist íþróttaiðkun almennari hjá fólki sem býr í þéttbýli með meira en 10.000 íbúa, heldur en hjá höfuðborgarbúum. Þá er ekki verulegur munur eftir búsetu á iðkun fólks á þeim íþróttum sem stundaðar eru af fámennum hópi, t.d. júdó og fimleikum. Þær íþróttir/tómstundaiðkun sem virðast vinsælastar úti á landi eru síðan bridds, tækjaþjálfun og lax/silungsveiði (þó er síðasti flokkurinn ekki vinsæll í dreifbýli). Að lokum er sundið mjög vinsælt meðal landsmanna allra, þó síst þeirra sem búa í dreifbýli.

Fjölmiðlar.

Ljósvakamiðlar og dagblöð eru öflugustu boðskiptatæki nútímans. Þeir móta skoðanir fólks og vald þeirra birtist í fréttamati og því hvernig fræðslu- og skemmtiefni er komið á framfæri við almenning.

Þegar fjallað er um stöðu landsbyggðarinnar gagnvart fjölmiðlum verður að gera greinarmun á framleiðslu og dreifingu. Segja má að flestir landsmenn búi við nokkuð góðan aðgang

að fjölmiðlum, sérstaklega ríkisfjölmiðlum. En þegar kemur að framleiðslu fjölmiðlaefnis eru aðstæðurnar aðrar. Höfuðstöðvar allra helstu fjölmiðla landsins eru á höfuðborgarsvæðinu og fréttaflutningur og dagskrárgerð litast mjög af því. Landsbyggðarbúar hafa það oft á tilfinningunni að þeir hafi sömu stöðu gagnvart fjölmiðlunum og þriðji heimurinn, þ.e. fátt er talið fréttnæmt nema neikvæðir atburðir, til dæmis rekstrarvandi fyrirtækja, fólksflótti, stórslys og hamfarir. Erfiðlega gengur að fá fjölmiðlamenn út á land til að fjalla um ýmsa atburði og oft eru hlutirnir teknir úr samhengi og rangtúlkaðir. Þá vill það brenna við þegar dagskrárgerðarmenn taka sig til og gera þætti sem fjalla um mannlífið á landsbyggðinni, þá eru grafnir upp skrýtnustu og sérvitrustu einstaklingarnir í byggðarlaginu! Allt þetta gerir það að verkum að umfjöllun um landsbyggðina er oft og tíðum neikvæð og fordómafull.

Á Íslandi stendur ríkið að fjölmiðlarekstri. Er það m.a. gert til þess að allir landsmenn njóti aðgangs að fjölmiðlum óháð búsetu og er öryggisþátturinn mikilvægur í þessu sambandi. Við Ríkisútvarpið eru starfræktar tvær útvarpsstöðvar, svæðisútvarp á þremur stöðum, Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum, og sjónvarpsstöð. Eins og sést á töflu 1 er útsendingartími svæðisútvarpanna mjög stuttur og einnig er mjög litlum tíma varið í að útvarpa frá þessum stöðum í almennri dagskrá (samanlagt innan við 5% af heildarútsendingartíma Rásar 1).

Tafla 1.3 Útsendingartími útvarpsstöðva.[1]

	1992	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**
Rás 1 (klst.)	6357	6640	6647	6642	6663
Útvarpað frá Akureyri (klst.)	125	107	122	101	180
%	1,96	1,61	1,83	1,52	2,7
Útvarpað frá Egilsstöðum (klst.)	40	44	39	30	38
%	0,62	0,66	0,58	0,45	0,57
Útvarpað frá Ísafirði (klst.)	34	57	38	32	38
%	0,53	0,85	0,57	0,48	0,57
Svæðisútvarp Norðurlands (klst.)	173	184	212	213	182
Svæðisútvarp Austurlands (klst.)	60	60	65	72	71
Svæðisútvarp Vestfjarða (klst.)	63	64	70	65	74

Tafla 1.4 Útsendingartími sjónvarpsstöðva 1992–94 (klst.).[2]

	1992	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**
Ríkisútvarpið, sjónvarp	2.653	2.748	2.991	3.082	3.223
Stöðvar á landsvísu	4.140	4.411	4.287	4.426	5.134
Svæðisbundnar stöðvar	2.000	8.760	8.760	9.487	15.484

Þegar litið er til sjónvarsstöðva er hinn gríðarlegi vöxtur svæðisbundinna sjónvarpsstöðva augljós og er útsendingartími Ríkisútvarpsins nú ekki nema einn fimmti af útsendingartíma svæðisbundnu stöðvanna, sem allar eru á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 1.4).[3]

Það sem er alvarlegast í samskiptum fjölmiðla og landsbyggðarinnar er að ríkisrekni fjölmiðillinn stendur sig frekar illa í umfjöllun af landsbyggðinni með tilliti til þess að hann á að þjóna landsmönnum öllum. Það hefur tekist ágætlega að því leyti að meginþorri landsmanna nær útsendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps. Þegar kemur að framleiðslu útvarps- og sjónvarpsefnis er reyndin aftur á móti önnur. Það er t.d. umhugsunarefni að báðar rásir útvarpsins

---

[1] Hagstofa Íslands, 1997: Landshagir.

[2] Sama heimild.

[3] Hin nýja sjónvarpsstöð, Aksjón, á Akureyri er ekki inni í þessum tölum.

eru með höfuðstöðvar í Reykjavík og sjónvarpið hefur aðeins á að skipa einum fastráðnum fréttaritara úti á landi, á Akureyri, á meðan Stöð 2 hefur tvo fréttaritara, einn á Akureyri og einn á Egilsstöðum. Þá hefur Bylgjan líka útvarpað markvisst frá ýmsum stöðum á landsbyggðinni, sérstaklega á sumrin.

Morgunblaðið hefur u.þ.b. 120 fréttaritara úti um allt land og umboðsskrifstofu á Akureyri og eru sérstakar síður í blaðinu helgaðar fréttaflutningi af landsbyggðinni. Dagur, hinn nýi, hefur ritstjórnarskrifstofur bæði á Akureyri og í Reykjavík og leggur mikla áherslu á landsbyggðarmál. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróun mála hjá þeim fjölmiðli.

Tillögur til úrbóta.

1.4 Menningarmiðstöðvar.

Komið verði á fót menningarmiðstöðvum á Austurlandi og Vestfjörðum til margvíslegrar menningarstarfsemi á svæðinu. Húsnæði þarf að vera til staðar fyrir sýningahald af fjölbreyttu tagi. Áhersla er lögð á að nýta það húsnæði sem fyrir er, t.d. félagsheimili, safnahús o.þ.h. en efla þarf tækjabúnað (t.d. til kvikmyndasýninga) og samræma starfsemi.

1.5 Söfn.

Söfnin skulu gegna mikilvægu hlutverki í starfsemi menningarmiðstöðvar hvers landshluta.

Stuðla þarf að því að menningararfur viðkomandi héraðs haldist innan þess að mestu leyti.

Gera þarf bókasöfnum á landsbyggðinni kleift að notfæra sér upplýsingatæknina með því að efla tækjakost þeirra.

1.6 Leiklistarstarfsemi.

Auka skal aðgang áhugaleikfélaga að Þjóðleikhúsinu, t.d. veita þeim forgang að Litla sviðinu ákveðinn hluta sýningartímans.

Stofna skal sjóð sem fjármagnar leikferðir atvinnuleikfélaga um landið.

1.7 M-Hátíðir.

Menntamálaráðuneytið í samvinnu við sveitarfélögin skal endurvekja M-hátíðir og skulu þær njóta svipaðra fjárveitinga frá ráðuneytinu og Listahátíð í Reykjavík.

1.8 Menningarsjóður félagsheimila.

Efla skal Menningarsjóð félagsheimila og auðvelda styrkumsóknir úr honum.

1.9 Fjölmiðlar.

Það þarf að gefa landsbyggðarfólki tækifæri á að tjá sig á eigin forsendum og koma á framfæri fjölmiðlaefni. Því þarf að:

- Flytja Rás 2 út á land.
- Stórauka hlutfall sjónvarps- og útvarpsútsendinga af landsbyggðinni. Markmiðið skal vera að árið 2002 sé útsendingartími af landsbyggðinni 10% af útsendingartíma Rásar 1.
- Ríkissjónvarpið skal að jafnaði senda út þætti framleidda á landsbyggðinni af landsbyggðarfólki.
- Ríkissjónvarpið skal setja upp sjónvarpsver á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði og bæta við stöðugildum þáttagerðafólks og fréttaritara.
- Jafna skal aðstöðu fjölmiðlafyrirtækja til útsendinga hvar sem er á landinu.

Heimildir.

Bera Nordal, 1992: Erindi flutt á ráðstefnu að Flúðum 16. október 1992. Birt í *Menning um landið.*

Hagstofa Íslands: *Landshagir 1997.* Hagskýrslur Íslands III, 47. Reykjavík, 1997.

Menning um landið. Ráðstefna um menningarmál á landsbyggðinni haldin að Flúðum, Hrunamannahreppi, 16.–17. október 1997. Menntamálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Bandalag íslenskra listamanna.

Menntamálaráðuneytið: *Tölfræðihandbók um menntun og menningu.* Reykjavík, 1996.

Neyslukönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík 1996.

Runólfur Birgir Leifsson, 1992: Greinargerð um starfsemi Sinfóníuhjómsveitar Íslands á landsbyggðinni á undanförnum 4 árum. Birt í *Menning um landið.*

Stefán Ólafsson: *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.* Byggðastofnun, Reykjavík, nóvember 1997.

Verkefni Þjóðleikhússins utan Reykjavíkur árin 1992–96. (Óprentað handrit)

Yfirlit yfir tónleika Sinfóníuhjómsveitarinnar á landsbyggðinni á árunum 1992–97. (Óprentað handrit).

Þjóðminjasafn Íslands og landsbyggðin. Greinargerð tekin saman í október 1992 að ósk menntamálaráðuneytis. Birt í *Menning um landið.*

Fylgiskjal VIII.

Rannsóknastofnun
Háskólans á Akureyri:

Húshitunar- og rafmagnskostnaður á Íslandi.
(Greinargerð unnin fyrir stjórn Byggðastofnunar í janúar 1998.)

1 Búsetukjör.

1.1 Húshitunarkostnaður.

Kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis á Íslandi er um 5,5 milljarðar kr., en um 34% þjóðarinnar búa við meðaldýra eða dýra kyndingu. Reikna má með að kostnaður við kyndingu sé tvöfalt meiri hjá dýrum veitum en ódýrum og að meðaldýrar veitur liggi um 25–30% ofan við ódýrar veitur. Ódýrar hitaveitur eru fyrst og fremst á höfðuborgarsvæðinu en einnig á átta þéttbýlisstöðum í Árnessýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu[1] og Suður-Þingeyjarsýslu. Á Vestfjörðum og á Suð-Austurlandi kemur öll orka til húshitunar frá dýrum veitum.

Orka til húshitunar á Íslandi kemur frá þremur tegundum veitna auk olíukyndingar; jarðhitaveitum, rafkyntum hitaveitum og rafveitum.



Mynd 1.1-1 Skipting Íslendinga eftir tegund húshitunar.



Mynd 1.1-2 Skipting Íslendinga eftir húshitunarkostnaði.

Þróun húshitunarkostnaðar er eftirfarandi (sjá einnig mynd 1.1-3):

- Kostnaður hjá ódýrum hitaveitum hefur haldist nokkuð stöðugur í það minnsta síðustu 10 árin.
- Kostnaður hjá meðaldýrum hitaveitum fer lækkandi og stefnir í að verða svipaður og hjá ódýrum veitum áður en langt um líður.
- Kostnaðurinn hjá dýrum veitum fer lækkandi og er að raungildi svipaður og hann var hjá meðaldýru veitunum fyrir 15 árum.
- Kostnaður vegna rafmagns til húshitunar hefur nokkurn veginn fylgt kostnaði hjá dýrum hitaveitum. Þetta væri þó verra nema vegna þess að rafmagn er niðurgreitt til húshitunar.

---

[1] Hitaveita Akureyrar er þó í flokki dýrra hitaveitna, en hún er til muna stærsta veitan í Eyjafjarðarsýslu.

Hátt útsöluverð orku hjá dýrum hitaveitum stafar aðallega af mikilli skuldabyrði veitnanna, en hún er tilkomin vegna mikils stofnkostnaðar. Óvíst er að það takist að greiða skuldir þessara veitna nægjanlega mikið niður, þannig að þær verði ekki fjarri ódýrum hitaveitum, vegna þess að þær þurfa flestar að ráðast í kostnaðarsama endurnýjun á næstu 10 til 20 árum.



Mynd 1.1-3 Þróun hitunarkostnaðar notenda frá 1982 (450 m^3 íbúð, verðlag í september. 1997)[1].

1.2 Rafmagnskostnaður.[2]

Stærsti einstaki raforkuframleiðandi landsins er Landsvirkjun, en aðrir aðilar sem framleiða rafmagn eru í töflu 1.2-1.

[1] Fjarhitun hf., 1997.
[2] Meginheimildir eru óbirt gögn Orkustofnunar.

Tafla 1.2-1 Raforkuframleiðendur á Íslandi árið 1996.

Framleiðandi raforku	**Orkuframleiðsla 1996 (GWh)**
Landsvirkjun	4760,6
RARIK	151
Orkubú Vestfjarða	71[1]
Hitaveita Suðurnesja (HS)	117,2
Andakílsárvirkjun	31,9
Rafmagnsveita Reykjavíkur (RR)	3,3
Rafveita Reyðarfjarðar	1
Bæjarveitur Vestmannaeyja	0,3
Selfossveitur bs.	0,1
Rafveita Hafnarfjarðar	0,03
Rafveita Akraness	0,1
Rafveita Akureyrar	-
Orkuveita Húsavíkur	0,007
Rafveita Sauðárkróks	0,001
Einstaklingar	-
Samtals	5136

Smásala rafmagns fer fram í gegnum fimmtán veitur, en smásöluverð er nokkuð breytilegt eftir dreifingaraðilum.

Tafla 1.2-2 Orkuveitusvæði almenningsrafveitna árið 1996 ásamt íbúafjölda á svæði hvers og eins og orku seldri í smásölu.

Raforkufyrirtæki	**Íbúafjöldi**	**Hlutfall í %**
Alls	**266.783**	**100**
Rafveitur	**266.212**	**99,8**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	137.138	51,4
Rafveita Hafnarfjarðar	19.209	7,2
Hitaveita Suðurnesja	15.656	5,9
Akranessveita	5.156	1,9
Borgarnesveita	1.744	0,7
Orkubú Vestfjarða	9.453	3,5
Rafveita Sauðárkróks	2.726	1
Rafveita Akureyrar	14.913	5,6
Orkuveita Húsavíkur	2.513	0,9
Rafveita Reyðarfjarðar	691	0,3
Bæjarveitur Vestmannaeyja	4.888	1,8
Selfossveitur bs.	5.116	1,9
Veitustofnanir Hveragerðis	1.276	0,5
Rafmagnsveitur ríkisins	45.733	17,1
Landsvirkjun[2]	**27**	**0**
Andakílsárvirkjun[3]	**144**	**0,1**
Einkastöðvar	**400**	**0,1**

[1] Raforkuframleiðslu með olíu vantar í þessa tölu.
[2] Nágrenni stöðva.
[3] Nágrenni stöðva.

Árlegur kostnaður vegna almennra heimilisnota (kynding telst ekki til almennra heimilisnota) er lítið eitt breytilegur milli svæða (sjá mynd 1.2-1), en dýrasta veita er rúmlega 20% dýrari en sú ódýrasta. Þetta þýðir miðað við 4.000 kWh notkun rúmlega 7.000 kr. mun á ári. Til að gefa einhverja hugmynd um rafmagnskostnað hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum er á mynd 1.2-2 sýnt orkugjald fyrir orku til stórra véla. Af þessari mynd sést að munur milli svæða er óverulegur nema orkunotkunin sé að miklu leyti árstíðabundin.



Mynd 1.2-1 Árlegur kostnaður vegna almennrar heimilisnotkunar miðað við 4.000 kWh notkun 1994 (vsk. innifalinn).



Mynd 1.2-2 Orkugjald til stórra véla eftir veitusvæðum. Vsk. er ekki innifalinn.

2 Tillögur til úrbóta.

2.1 Húshitunarkostnaður.

Húshitunarkostnaður er mjög mismunandi milli svæða. Það sem skekkir myndina mest eru dýrar hitaveitur. Nærtækasta leiðin til að draga úr verði húshitunar hjá dýrum hitaveitum er að lækka afborganabyrði lána hjá þessum veitum. Slíkt er mögulegt með skuldbreytingu, niðurgreiðslu lána eða sameiningu hitaveitna og annarra fyrirtækja með betri skuldastöðu, svo sem rafveitna. Sveitarfélög geta jafnframt lagt hitaveitum til fé þar sem þær eru í flestum tilvikum í eigu þeirra og þá má nefna að hagkvæmt getur reynst að fylgjast vel með þróun erlendra gjaldmiðla þar sem stór hluti þeirra lána sem tekin voru til hitaveituframkvæmda eru erlend.

Kostnaður við niðurgreidda rafmagnshitun er álíka hár og hjá dýrum hitaveitum. Verð rafhitunar hefur haldist nær óbreytt síðastliðin 10 ár. Um 15% landsmanna (40.800 manns) búa við rafmagnshitun eða rafkyntar veitur. Þetta hlutfall á líklega eftir að lækka eitthvað á næstu árum, bæði vegna fjölgunar hitaveitna á köldum svæðum og sem afleiðing byggðaþróunar. Eins og fram hefur komið er raforkuverð til húshitunar niðurgreitt, en betra form á þessum niðurgreiðslum væri að þær kæmu í formi styrkja beint til notenda. Slíkt mundi ýta undir aðgerðir til orkusparnaðar og hagnýtingar nútímatækni við orkuöflun til eigin heimilisnota.

2.2 Rafmagnskostnaður.

Eins og sést af stöðuyfirliti í kafla 1.2 er rafmagnskostnaður til almennra nota og reksturs stórra véla mjög svipaður milli svæða og stuðlar því ekki svo nokkru nemi að mismun á búsetuskilyrðum eða rekstrarskilyrðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Stór þáttur í þessari einsleitni er ráðandi staða Landsvirkjunar í raforkuöflun og -sölu, en eina leiðin til að stuðla að hagstæðara raforkuverði er að efla samkeppni í raforkuöfluninni. Þróun í þessa átt er þegar hafin í kjölfarið á inngöngu Íslands í EES, en tryggja þarf og fylgja þarf eftir að um raunverulegar umbætur verði að ræða.

Fylgiskjal IX.

Rannsóknastofnun
Háskólans á Akureyri:

Menntamál á landsbyggð.

(Greinargerð unnin fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998.)

Helstu niðurstöður.

- Menntamál hafa gríðarmikla þýðingu fyrir þróun byggðar á landinu. Um þrjátíu af hundraði þeirra landsbyggðarmanna sem hyggja á flutning ætla að gera það af menntunartengdum ástæðum af einu eða öðru tagi.
- Almenn ánægja virðist vera með þróun leikskólamála um land allt þó síst á Suðurnesjum og Vestfjörðum.
- Sameining sveitarfélaga er þegar farin að hafa áhrif í þá átt að auka aðgengi barna í dreifbýli að leikskólum, en hlutfall 3–5 ára leikskólabarna hefur hækkað úr 51,6% í 83,1% á árunum 1981–95.

- Með flutningi alls reksturs grunnskóla til sveitarfélaga og vegna sameiningar þeirra munu þau leita leiða til aukinnar hagræðingar í rekstri skóla. Frá 1994–97 hefur grunnskólum á landsbyggðinni fækkað um tíu.
- Mikill munur er á námsárangri og skólasókn eftir landshlutum. Um 4,4% íbúa Reykjavíkur lagði stund á sérskóla- og háskólanám haustið 1996 meðan hlutfall í landsbyggðarumdæmum var aðeins 1,2–2%.
- Stærstur hluti leiðbeinenda er í skólum á landsbyggðinni og í sumum grunnskólum er kennsla mönnuð að meiri hluta með fólki án tilskilinna réttinda. Skólaárið 1996–97 var hlutfall leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkur 2% en á Vestfjörðum 39%. Í framhaldsskólunum í Reykjavík er hlutfallið 11% en 57% á Vestfjörðum. Á næstu fjórum árum fjölgar kennslutímum í grunnskólum og eykur það enn á þennan vanda.
- Allmikil óánægja virðist með framhaldsskólamál víða um land, einkum í byggðarlögum með 200–1.000 íbúa.
- Starfsnám á framhaldsskólastigi á undir högg að sækja gagnvart bóknámi og þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda í framhaldsskólanámi á undanförnum árum hefur fjöldi þeirra sem sækja starfsnám ekki aukist.
- Um 40% einstaklinga á vinnumarkaði í Reykjavík hafa annað hvort bóklegt framhaldsnám eða háskólapróf meðan samsvarandi hlutfall í öðrum umdæmum landsins er 17–23%. Á Norðurlandi eystra er hlutfallið 33% og Reykjanesi 35%.
- Háskólamenntun fer næstum öll fram í Reykjavík, aðeins 7% háskólastúdenta eru við nám annars staðar, bróðurparturinn á Akureyri.
- 84% brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Akureyri búa og starfa á landsbyggðinni.
- Efling framhaldsskóla og háskóla á landsbyggðinni er ein skilvirkasta aðgerð sem stjórnvöld geta gripið til gegn búsetuflutningum.
- Vænleg leið til að efla framhalds- og háskólamenntun á landsbyggðinni virðist geta verið að tengja þessi tvö skólastig með samningum milli framhaldsskóla og háskóla um að hinir síðarnefndu taki ábyrgð á ákveðnum námskeiðum sem kennd eru í hinum fyrrnefndu. Vilji nemandi síðan hefja nám í háskóla getur hann fengið þessi námskeið metin að fullu inn í háskólanám sitt.
- Með fjarskiptum og upplýsingatækni hafa skapast nýir möguleikar til að veita menntun úti um hinar dreifðu byggðir.
- Örar breytingar í atvinnulífi samfara nýrri tækni og nýjum kröfum gera tilkall til að starfsfólk hafi tækifæri til endurmenntunar.

1. Inngangur.

Greinargerð þessi er unnin að frumkvæði stjórnar Byggðastofnunar. Markmið hennar er að draga saman upplýsingar um stöðu og þróun menntamála á landsbyggðinni undanfarin ár og mikilvægi þeirra fyrir nýsköpun atvinnulífs og eflingu búsetu vítt um land.

Að greinargerðinni unnu Bragi Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Ritstjórn annaðist dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, lektor við Háskólann á Akureyri.

Í greinargerðinni er sjónum einkum beint að skólastigunum fjórum, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Í henni er einnig fjallað um stefnu stjórnvalda, námsframboð, starfslið skóla, námsárangur, sókn nemenda í framhaldsnám, mikilvægi framhalds- og háskólamenntunar og annað það sem mestu máli skiptir til að öðlast heildarsýn yfir viðfangsefnið. Niðurstöður eru dregnar fram í samantekt og á grundvelli þeirra upplýsinga eru settar fram tillögur um nauðsynleg skref á næstu árum.

2. Skóla- og menntamál.

Í markaðsvæðingu nútímasamfélags er lykilorðið samkeppnishæfni. Hvar sem á samfélagið er litið ríkir margháttaður samanburður milli einstaklinga, stétta, fyrirtækja, byggðarlaga o.s.frv. Eigi landsbyggðin að blómgast verður búseta þar að vera samkeppnishæf gagnvart höfuðborgarsvæðinu og einstök vaxtarsvæði gagnvart hvert öðru. Fyrsta skrefið til skilnings á því er að menn átti sig á því að atvinnan ein og sér dugar ekki lengur til að draga fólk til búsetu á landsbyggðinni. Víða háttar svo til að atvinna er næg en einhæf og gerir litlar kröfur til þeirrar auðlindar sem í fólkinu býr. Þeir sem vilja rækta kláp sinn sækja því á önnur mið og leita á vit mannauðsins á höfuðborgarsvæðinu.

Í öllum helstu iðnríkjum heims er kveðinn sá boðskapur að í framtíðinni verði æ meira byggt á menntuðu og hæfu vinnuafli, sem og á nýsköpun er sprettur úr rannsóknum og þróunarstarfi. Til að fullnægja skilyrðum samkeppnishæfninnar þarf atvinnurekstur því jákvætt félagslegt umhverfi, þróttmikið menntakerfi sem styður atvinnulífið og ríkisafskipti sem beinast að nýsköpunarhvatningu frekar en vernd framleiðsluhátta fortíðarinnar.[1] Eigi að ná árangri að þessu leyti er mikilvægt að menn átti sig á því að ræktun þeirrar auðlindar sem í fólkinu sjálfu býr (mannauður) er ekki síður forsenda aukinnar fjölbreytni atvinnulífs og vaxtar landsbyggðar en ríkulegar náttúruauðlindir á heimaslóð. Vöxtur byggðar byggist á því að þjóðin nýti sér þau tækifæri sem fyrir hendi eru, með starfi sínu og hyggjuviti. Ef marka má tíðarandann erlendis er menntun ótvírætt lykillinn að farsæld í framtíðinni, bæði fyrir þjóðirnar í heild, einstök byggðarlög og einstaklingana sjálfa. Auðlindirnar eru í fólkinu sjálfu sem gefa þarf tækifæri til að efla sig og þroska og sækja á hærri mið menntunar. Það er sá félagslegi jarðvegur sem reisa verður byggðastefnu á.

2.1 Stefna stjórnvalda.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er meðal annars sagt að auka skuli veg menntunar og rannsókna, enda sé slíkt forsenda nýsköpunar í atvinnulífinu. Enn fremur að standa skuli vörð um íslenska tungu og þjóðmenningu og stuðla eftir megni að öflugu lista- og menningarlífi sem sé aðgengilegt öllum landsmönnum.

Í stefnuræðu sinni við upphaf 120. löggjafarþings haustið 1995, sagði Davíð Oddsson forsætisráðherra að góð menntun væri besta tryggingin fyrir samkeppnishæfni landsmanna og því að Íslendingar geti skarað fram úr á alþjóðamarkaði. Því hljóti menn að setja sér það markmið að námskröfur hér séu á borð við það sem best gerist annars staðar.

Þessum yfirlýsingum var síðan fylgt rækilega eftir í stefnumótun menntamálaráðuneytisins og tillögum þess um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996–99 sem komu út snemma árs 1996.[2]

Í lögum um leikskóla, nr. 78/1994, kemur fram að menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem lögin ná til. Ráðuneytinu ber að móta uppeldisstefnu skólanna, gangast fyrir tilrauna- og þróunarstarfi og veita til þess fé, standa fyrir mati á uppeldisstarfi skólanna og vera stjórnendum þeirra til ráðuneytis um starfsemina. Í reglugerð kveður menntamálaráðuneytið ítarlegar á um húsnæði, búnað og útileiksvæði, starfslið og barnafjölda, hlutverk leikskólanefnda og fleira sem lýtur að starfseminni.[3]

---

[1] Stefán Ólafsson 1993. Forsendur framfara í íslensku atvinnulífi.

[2] Menning og menntun – forsenda framtíðar 1996; Í krafti upplýsinga. Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996–99. 1996.

[3] Reglugerð um starfsemi leikskóla, 6. apríl 1995.

Menntamálaráðuneytið fer einnig með yfirstjórn þeirra mála sem grunnskólalögin ná til og hefur eftirlit með að eftir sé farið, auk þess að annast söfnun og dreifingu upplýsinga um skólahald og skólastarf á grunnskólastigi. Þá fer það með yfirstjórn allra þeirra mála, sem lög um framhaldsskóla segja til um og setur reglugerðir til nánari útfærslu á allmörgum greinum laganna. Vald ráðherra er mun meira yfir þessu skólastigi en þeim tveimur sem fyrr eru nefnd.

Um hvern einstakan háskóla gilda sérstök lög en á 122. löggjafarþingi haustið 1997 voru samþykkt ný lög um háskólastigið allt. Þar er gert ráð fyrir að sjálfstæði háskóla verði eflt og ábyrgð þeirra aukin; ríkisreknir háskólar verði sjálfstæðar ríkisstofnanir og yfirstjórnir þeirra taki allar ákvarðanir um kennslu, námskeið, námsmat og rannsóknir — hafi skólarnir á annað borð rannsóknarhlutverk. Hlutverk ráðuneytisins verður einkum að fylgjast með að skólarnir fylgi eigin áætlunum og kröfum um nám og kennslu. Í öllum nefndum lagabálkum er að finna stefnumarkandi ákvæði um starfsemi hvers skólastigs fyrir sig.

2.2 Námsframboð.

2.2.1 Leikskólar.

Leikskólar eru ætlaðir börnum undir skólaskyldualdri og nú eru starfandi hátt á þriðja hundrað leikskólar um allt land. Sérhverjum leikskóla ber að skipuleggja starfsemi sína og gera áætlanir sem byggja á markmiðum laga og uppeldisstefnu menntamálaráðuneytisins.

Leikskólinn er ætlaður öllum börnum og þurfi þau sérstakrar þjónustu við, t.d. vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika, ber að veita hana innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.

Leikskólum hefur fjölgað ört á liðnum áratugum og árið 1995 var hlutfall 3–5 ára leikskólabarna komið í 83,1% af þeim aldurshópi. Sjá nánar töflu 2.2-1.

Tafla 2.2-1 Upplýsingar um leikskóla og leikskólabörn 1981–95.[1]

	1981	**1988**	**1995**
Fjöldi leikskóla	135	182	241
Fjöldi leikskólabarna	7.430	10.041	14.504
Hlutfall 3–5 ára leikskólabarna af sínum aldursflokki	51,6%	69,4%	83,1%
Fjöldi stöðugilda á leikskólum	848	1.315	2.202
Hlutfall leikskólakennara af starfsfólki á deildum	40,6%	33,7%	36,5%

Uppbygging leikskóla skiptir miklu máli fyrir hvert byggðarlag og innan tíðar má gera ráð fyrir að nærfellt öll börn í þéttbýli og stór hópur dreifbýlisbarna muni njóta leikskóladvalar. Í landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997 kom fram almenn ánægja með þróun og ástand leikskólamála um land allt, þó síst á Suðurnesjum og á Vestfjörðum, þar með taldir þéttbýlisstaðirnir Keflavík/Njarðvík og Ísafjörður.[2]

Auk uppeldisstarfs eru leikskólarnir atvinnuskapandi, bæði fyrir faglærða starfsmenn sem ófaglærða, en jafnframt losa skólarnir um vinnukraft (heimavinnandi foreldra) sem getur sótt inn á önnur svið atvinnulífsins. Nú eru hafin tilraunaverkefni með samstarf leikskóla og grunnskóla í þá veru að tengja þessi skólastig sterkum böndum og mynda með því samfellu í

[1] Landshagir 1991; Landshagir 1997.
[2] Stefán Ólafsson 1997. Búseta á Íslandi, s. 59, 78, 103, 114.

uppeldi og námi barna sem vænta má að leiði til skilvirkara skólastarfs og betri árangurs.[1] Samhliða einsetningu grunnskólans hafa leikskólakennarar komið allvíða inn sem forstöðumenn eða starfsmenn skólavistunar og þar er að skapast grundvöllur fyrir nánara samstarfi kennarastéttanna en hingað til.

Í samanburði við önnur lönd er leikskólasókn fjögurra ára barna á Íslandi, óháð daglegum vistunartíma, allmiklu minni en í t.d. Frakklandi, Belgíu og Hollandi, svipuð og í Danmörku og Þýskalandi, talsvert meiri en á Írlandi og miklu meiri en í Svíþjóð, Portúgal og Finnlandi.[2]

2.2.2 Grunnskólar.

Töluvert umrót hefur verið í málefnum grunnskólans frá því ný lög voru sett um skólastigið 1995. Flutningur alls reksturs grunnskóla til sveitarfélaga hefur leitt til ýmiss konar endurskoðunar á starfrækslu skólanna. Skipting landsins í fræðsluumdæmi hefur verið aflögð og embætti fræðslustjóra hafa verið lögð niður. Þess í stað hafa sveitarfélögin byggt upp þjónustu við skólana með einum eða öðrum hætti. Ljóst má vera að margt er enn óunnið við að aðlaga grunnskólann nýju rekstrarumhverfi.

Ein afleiðing þessara breytinga er að fámennum grunnskólum á landsbyggðinni fækkar. Skólaárið 1995–96 voru starfræktir samtals 208 grunnskólar í landinu og skiptust þeir á umdæmi eins og tafla 2.2-2 sýnir. Sérskólum ríkisins og sérdeildum er sleppt, en sjö einkaskólar eru taldir með, þar af sex í Reykjavík og einn á Norðurlandi eystra.[3]

Tafla 2.2-2 Fjöldi nemenda í grunnskólum 1995–96.

Umdæmi	Fjöldi skóla	Fjöldi nemenda í 10. bekk	Fjöldi nemenda alls	Meðalfj. nem. í skóla
Vesturland	15	288	2.524	168
Vestfirðir	20	158	1.596	80
Norðurland vestra	19	193	1.755	92
Norðurland eystra	31	504	4.340	140
Austurland	28	219	2.209	79
Suðurland	30	397	3.635	121
Suðurnes	7	291	2.786	398
Höfuðborgarsvæði	58	2.374	23.413	404
Landið allt	208	4.424	42.258	203

Samtals voru dreifbýlisskólar 74 á þessu ári. Þar af voru 24 með samtals 273 nemendur í 10. bekk, eða 11 að meðaltali í hverjum þeirra en nemendafjöldi í 10. bekk í landinu öllu var 21 á hvern skóla að meðaltali. Á milli skólaáranna 1994–95 og 1996–97 hefur grunnskólum fækkað á landsbyggðinni um tíu. Með aukinni sameiningu sveitarfélaga má vænta þess að þessi þróun haldi áfram, fámennir skólar verði lagðir niður eða sameinaðir öðrum. Í þéttbýli

---

[1] Sjá Brúum bilið. Rit um tengsl leikskóla og grunnskóla. 1997. Reykjavík, menntamálaráðuneytið. Enn fremur má benda á skýrslu samstarfsnefndar Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands um kennaramenntun (júlí 1997) þar sem m.a. er lagt til að réttindi leik- og grunnskólakennara skarist í framtíðinni.

[2] Tölfræðihandbók um menntun og menningu. 1996. Reykjavík, menntamálaráðuneytið, s. 43–44 (Upplýsingarnar eru byggðar á Key Data on Education in the European Union 1995).

[3] Fjöldi nemenda í grunnskólum 1995–1996. 1995. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.

er nokkuð algengt að verkaskipting sé með skólum, ákveðnir skólar sinna neðra og miðstigi grunnskólanámsins (1.–7. bekk) en síðan taka aðrir við.

Grunnskólar eru lífæðar hvers byggðarlags en víða á landsbyggðinni háttar svo til að aka þarf nemendum um langan veg í skóla. Það eru staðbundin úrlausnarefni um hversu langa leið sé gerlegt að láta börn sækja skóla, og hvort og hvenær þau hafa aldur til að dvelja á heimavist, verði heimanakstri ekki við komið.

Í fyrrnefndri landshlutakönnun búsetuskilyrða var naumast marktækur munur á milli landshluta um grunnskólaþjónustuna í landinu þótt verulegur munur kæmi hins vegar fram á milli einstakra þéttbýlisstaða.[1] Skýringar þar um eru ekki fyrirliggjandi.

2.2.3 Framhaldsskólar.

Framhaldsskólalögin frá 1996 kveða á um fjóra flokka námsbrauta: starfsnámsbrautir með nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám; bóknámsbrautir til undirbúnings háskólanámi; listnámsbrautir til undirbúnings frekara námi í listgreinum í sérskólum eða skólum á háskólastigi; almenn námsbraut til undirbúnings náms á hinum brautunum og getur hún jafnframt verið hluti af því námi.

Framhaldsskólar í landinu voru 38 haustið 1997 en þeim til viðbótar hafa verið starfræktar 1–2 ára framhaldsdeildir á örfáum stöðum á landinu. Hér eru ekki taldir þeir sérskólar sem formlega teljast enn til framhaldsskólastigsins en eru að færast yfir á háskólastig. Algengast er að nám til lokaprófs á framhaldsskólastigi sé skipulagt sem fjögurra ára nám, t.d. nám til stúdentsprófs og flest iðnnám. Grunnáfangar í almennu bóknámi eru víðast samræmdir til að auðvelda nemendum að skipta um námsbraut.

Fjölbreyttustu námstilboðin eru í Reykjavík og þar eru öflugustu sérskólarnir, svo sem Stýrimannaskólinn og Vélskóli Íslands auk þess sem Iðnskólinn í Reykjavík býður upp á ótal námsleiðir sem hvergi annars staðar finnast í landinu. Í heild má segja að þokkalega fjölbreytt framhaldsnám bjóðist aðeins á Akranesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Neskaupstað, Selfossi, í Vestmannaeyjum og Keflavík auk höfuðborgarsvæðisins. Það er því um langan veg að fara fyrir marga nemendur ef þeir vilja nýta sér þau námstilboð sem framhaldsskólinn hefur að bjóða.

Í títtnefndri könnun um búsetuskilyrði kom fram allmikil óánægja með framhaldsskólamál víða um land, mest á Vestfjörðum (38%), Austurlandi (36%), Vesturlandi og Norðurlandi vestra (30% á hvorum stað). Minnst var óánægjan á Suðurlandi og Norðurlandi eystra.[2] Athyglisvert er að íbúar byggðarlaga með 200–1.000 íbúa eru óánægðastir allra með skipan framhaldsskólans en aðeins 38% þeirra lýstu ánægju sinni með ástandið eins og það er.[3] Þessi hópur er reyndar í heild sá óánægðasti sem spurður var en af 24 atriðum var framhaldsskólinn í þriðja neðsta sæti, aðeins húsnæðiskostnaður og verðlag og verslunaraðstaða röðuðust neðar.

2.2.4 Háskólar.

Háskólamenntun býðst fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu og þar ber Háskóla Íslands hæst með 5199 nemendur skólaárið 1995–96 af 6.601 háskólanema á landinu öllu. Þetta sést betur í töflu 2.2-4.[4]

---

[1] Stefán Ólafsson 1997:60, 78, 103, 114.
[2] Stefán Ólafsson 1997:79.
[3] Stefán Ólafsson 1997:103.
[4] Tölfræðihandbók um menntun og menningu, 26.

Tafla 2.2-4 Nemendur á háskólastigi skólaárið 1995–96.

Nám til háskólagráðu	Samtals	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	6.141		93%
Háskóli Íslands		5.199	79%
Kennaraháskóli Íslands		613	9%
Tækniskóli Íslands		329	5%
Vesturland	78		1%
Bændaskólinn á Hvanneyri		9	
Samvinnuháskólinn á Bifröst		69	1%
Norðurland eystra	382		6%
Háskólinn á Akureyri		382	6%
Samtals	6.601	6.601	100%

Aðrir nemendur á háskólastigi þetta skólaár voru 747 í sjö skólum. Þar af voru 685 (92%) í Reykjavík en 62 (8%) í Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni. Þessar tölur skýra sig að öllu leyti sjálfar. Langflestar leiðir til æðra náms í landinu liggja um höfuðborgarsvæðið, fáeinar sérhæfðar brautir er að finna á Laugarvatni, í Borgarfirði og á Akureyri, annars staðar á landinu er ekkert framboð á háskólamenntun.

2.3 Starfslið skóla.

Skólaárið 1996–97 voru 296 stöðugildi leiðbeinenda í grunnskólum og 253 í framhaldsskólum á landinu öllu. Hlutfall þeirra var 10% í grunnskólum en rúm 16% í framhaldsskólum.[1] Stærstur hluti leiðbeinenda er í skólum á landsbyggðinni og í sumum grunnskólum var kennsla mönnuð að meiri hluta með fólki án tilskilinna réttinda.

Tafla 2.3-1 Hlutfall leiðbeinenda í grunn- og framhaldsskólum skólaárið 1996–97.

	Í grunnskólum	Í framhaldsskólum
Vesturland	22%	19%
Vestfirðir	39%	57%
Norðurland vestra	30%	31%
Norðurland eystra	20%	19%
Austurland	19%	28%
Suðurland	10%	18%
Reykjanes	5%	19%
Reykjavík	2%	11%
Landið allt	10%	16%

Á næstu fjórum árum mun stöðugildum fjölga í grunnskólum vegna lengri skóladags nemenda. Í einnar hliðstæðu grunnskóla fjölgar vikulegum kennslustundum um 22 samkvæmt lögum nr. 77/1996. Þetta mun auka enn á vanda grunnskólanna við að ráða kennara til starfa nema átak verði gert í kennaramenntun og launamálum kennara.

Til að tryggja lögbundið skólahald hafa sveitarfélög, einkum í hinum dreifðu byggðum, þurft að yfirborga kennara með ýmiss konar fríðindum, svo sem ódýru húsnæði, flutnings-

---

[1] Upplýsingar frá menntamálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands í desember 1997. Tölurnar um grunnskólann eru of lágar því að upplýsingar vantar frá 42 skólum, einkum á landsbyggðinni, með um 10% nemenda. Þar sem hlutfall leiðbeinenda á landsbyggðinni er hærra en á höfuðborgarsvæðinu má ætla að í þeim skólum sé enn hærra hlutfall leiðbeinenda en fram kemur í töflunni.

styrkjum, greiðslu ljóss og hita og yfirborgunum. Þá má einnig ætla að skólar með hátt hlutfall leiðbeinenda þurfi verulega að treysta á stoðþjónustu skóla, sem ekki hefur öðlast sama sess og þjónusta fræðsluskrifstofa í eldri lögum og veikir þar af leiðandi undirstöður dreifbýlisskólans.

Í markaðssamfélagi dregur þessi staðreynd úr samkeppnisstöðu sveitarfélaga gagnvart höfuðborgarsvæði þar sem menntunarstig kennara er hærra, auðveldara er að koma við stoðþjónustu skóla og minna þarf til skólakostnaðar að leggja. Þar er því hægt að beina fjármagni inn á önnur þjónustusvið sem mikilvæg þykja í nútímasamfélagi, hækka gæðamörk skóla og auka fjölbreytni í þjónustu við nemendur og foreldra.

2.4 Námsárangur.

Samræmd próf hafa verið haldin allt frá því að landspróf miðskóla var tekið upp 1946.[1] Þegar núverandi grunnskólakerfi var tekið upp árið 1974 var þessum prófum fækkað og hafa þau lengst af verið í fjórum greinum við lok grunnskólans. Nú er einnig tekið að prófa nemendur í 4. og 7. bekk með svipuðum hætti í stærðfræði og íslensku. Allt frá upphafi hefur komið fram munur á námsárangri eftir skólagerðum og búsetu á samræmdum grunnskólaprófum, þar sem höfuðborgarsvæðið hefur haft nokkurt forskot á landsbyggðina. Engin einhlít skýring er á þessum mun en bent hefur verið á kennaraskort, atgervisflótta af landsbyggðinni o.fl. Vandinn er margslunginn og ekki er að efa að mismunandi samfélagsgerðir hafa veruleg áhrif á nám og kennslu nemenda. Rannsóknir sýna m.a. fram á það að samsvörun er á milli menntunar foreldra og skólagöngu barna.[2] Því má leiða rök að því að einhæfni atvinnulífs hafi áhrif á námsörvun nemenda.

Þótt samræmd próf séu enginn algildur mælikvarði á gæði skóla er ljóst að árangur skóla á landsbyggðinni er henni ekki til framdráttar við búsetuval fólks. Séu niðurstöður samræmdra prófa skoðaðar kemur í ljós að árangur nemenda af landsbyggð í samanburði við höfuðborgarsvæðið versnar eftir því sem líður á skólagöngu. Munur á námsárangri eftir búsetu er frekar lítill í 4. bekk, en þó er árangurinn ívið betri á höfuðborgarsvæðinu. Í sjöunda bekk er munurinn orðinn greinilegri og veitir ákveðnar vísbendingar um þann mikla mun sem mælist á samræmdum prófum í lok grunnskólans.[3] Breytingar eru alltaf einhverjar á milli ára en í töflu 2.4-1 eru niðurstöður prófanna vorið 1997. Einkunnirnar eru normaldreifðar á kvarðanum 1–9.

Tafla 2.4-1 Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk vorið 1997.

	Stærðfræði	**Íslenska**	**Danska**	**Enska**
Vesturland	48	47	44	45
Vestfirðir	44	43	43	44
Norðurland vestra	52	50	47	47
Norðurland eystra	47	46	45	46
Austurland	48	47	50	47
Suðurland	48	48	47	47
Suðurnes	43	42	46	46
Nágrenni Reykjavíkur	53	53	52	52
Reykjavík	53	53	52	52
Landið allt	50	50	50	50

[1] Lög um skólakerfi og fræðsluskyldu, nr. 22/1946.
[2] Sigurjón Björnsson 1980.
[3] Upplýsingar frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála í nóvember 1997.

Þótt ýmislegt kunni að þykja forvitnilegt í þessari töflu skiptir hér mestu máli sá munur sem fram kemur milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar í öllum greinunum fjórum. Af niðurstöðum þetta árið vekur frammistaða unglinga á Norðurlandi vestra í íslensku og stærðfræði athygli. Hér verður engin skýringartilgáta reifuð, aðeins bent á að þessar niðurstöður eru frávik frá útkomu liðinna ára þegar frammistaða unglinga af Norðurlandi vestra hefur verið til muna slakari en landsmeðaltalið.

2.5 Skólasókn.

Þegar skólaskyldu lýkur tekur framhaldsskólinn við. Um langt skeið hefur sókn nemenda í framhaldsskóla farið vaxandi og haustið 1996 hófu 89% sextán ára unglinga nám í slíkum skólum. Margir heltast fljótt úr lestinni og þá fer jafnframt að koma í ljós allmikill munur eftir landsvæðum, sjá töflu 2.5-1.

Flestir ljúka framhaldsskólanámi á fjórum árum og síðan tekur háskóla- eða sérskólanám við. Tölurnar benda til að nemendur af landsbyggðinni hætti fyrr í námi en jafnaldrar þeirra af höfuðborgarsvæðinu, einkum úr Reykjavík. Hafa ber þó í huga að allmargir flytja lögheimili sitt við upphaf náms, ekki síst eftir að tekið var að greiða húsaleigubætur, en engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um hve stór sá hópur er.

Tafla 2.5-1 Hlutfallsleg skólasókn 15–29 ára eftir landsvæðum haustið 1996.[1]

Umdæmi	**16 ára**	**20 ára**	**24 ára**	**28 ára**
Vesturland	89%	40%	16%	7%
Vestfirðir	85%	38%	16%	3%
Norðurland vestra	86%	43%	18%	3%
Norðurland eystra	86%	38%	23%	9%
Austurland	90%	44%	20%	7%
Suðurland	86%	46%	23%	7%
Reykjanes	90%	43%	25%	7%
Reykjavík	90%	46%	38%	13%
Landið allt	89%	43%	30%	10%

Athyglisvert er að skoða í hvers konar nám fólk sækir að loknum framhaldsskóla, en þar kemur fram nokkur munur eftir búsetu, sjá töflu 2.5-2.[2] Sleppt er 59 nemendum sem höfðu lögheimili erlendis.

[1] Landshagir 1997:286–7. Miðað er við lögheimili nemenda.
[2] Landshagir 1997:284–5. Miðað er við lögheimili nemenda.

Tafla 2.5-2 Hlutfallsleg skólasókn að loknum framhaldsskóla eftir búsetu og flokkun náms haustið 1996.

	Fjöldi nemenda	Tungumál, mannvísindi	Listir	Uppeld.fr., kennaranám	Samfélagsvísindi, lögfræði	Viðskipta- og hagfræði	Náttúrufr., stærðfræði	Tæknigreinar verkfræði	Landbúnaður, matv.-fræði	Lækningar, heilbr.-greinar
Vesturland	228	11%	0%	28%	8%	18%	9%	8%	7%	11%
Vestfirðir	108	12%	1%	43%	6%	5%	8%	7%	5%	14%
Norðurl. v.	147	16%	3%	28%	11%	9%	8%	6%	4%	16%
Norðurl. e.	495	10%	4%	25%	7%	5%	5%	13%	7%	24%
Austurland	181	11%	1%	31%	12%	6%	8%	12%	2%	18%
Suðurland	318	13%	1%	33%	10%	9%	10%	10%	2%	11%
Reykjanes	1.738	16%	2%	18%	15%	11%	10%	11%	1%	16%
Reykjavík	4.600	21%	3%	14%	17%	11%	10%	7%	1%	16%
Landið allt	7.815	18%	3%	18%	15%	10%	10%	9%	2%	16%

Varasamt er að alhæfa of mikið út frá þessum tölum, því nemendahópurinn af landsbyggðinni er of lítill í mörgum greinum og hugsanlegt að einhverjar ófyrirséðar ástæður séu fyrir námsvali á einn veginn umfram annan þetta tiltekna námsár. Þó má draga af þessu nokkrar ályktanir þótt athyglisvert sé hve munurinn á námsvali er lítill í flestum greinum.

Stærstur hópur nemenda af landsbyggðinni sækir í uppeldis- og kennslustörf, enda víðast augljósari þörf fyrir fólk með slíka menntun úti um land en á höfuðborgarsvæðinu. Á móti kemur að samfélagsfræði og lögfræði njóta mun meiri vinsælda á suðvesturhorninu en annars staðar. Sókn í heilbrigðisgreinar af Norðurlandi eystra skýrist að einhverju leyti af heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri en að öðru leyti er erfitt að sjá bein áhrif þess skóla í tölunum. Þá höfða landbúnaður og matvælagreinar mun betur til landsbyggðarfólks en íbúanna við sunnanverðan Faxaflóa.

Hlutfall nemenda í sérskóla- og háskólanámi af íbúafjölda viðkomandi umdæma haustið 1996 er annað atriði sem vert er að líta á. Einnig eru teknar með upplýsingar um hlutfall brautskráðra stúdenta skólaárið 1995–96:[1]

Tafla 2.5-3 Hlutfall brautskráðra stúdenta 1995–96 og hlutfall nemenda í sérskóla- og háskólanámi haustið 1996 eftir lögheimili.

Umdæmi	Íbúafjöldi 1. des. 1996	Hlutfall brautskráðra stúdenta	Hlutfall nemenda í sérskóla- og háskólanámi
Vesturland	14.007	1,2%	1,6%
Vestfirðir	8.865	0,5%	1,2%
Norðurland vestra	9.995	0,7%	1,5%
Norðurland eystra	26.659	0,7%	1,9%
Austurland	12.680	0,7%	1,4%
Suðurland	20.625	0,7%	1,5%
Reykjanes	71.438	0,8%	2,4%
Reykjavík	105.458	0,8%	4,4%
Landið allt	269.727	0,8%	2,9%

[1] Landshagir 1997:288.

Um hlutfall brautskráðra stúdenta er ekki margt að segja. Suðurland hefur ótvírætt forskot en munur milli annarra landshluta er fremur lítill. Athygli vekur þó raunar hversu Vestfjarðatölurnar eru lágar og vísar það væntanlega til að bóknám sé fremur aftarlega í forgangsröð ungmenna þar.

Síðasta dálkinn má draga saman í tvennt. Annars vegar eru 6.338 nemendur á sérskóla- og háskólastigi með lögheimili á Suðvesturlandi sem eru 3,6% af heildarmannfjölda svæðisins. Hinn hópinn fylla 1.477 nemendur með lögheimili annars staðar á landinu, en það eru 1,6% íbúanna. Munurinn verður varla skýrður til fulls með flutningi lögheimila á milli landshluta (ath. þó húsaleigubætur) heldur er sókn í lengra nám að einhverju leyti misjöfn eftir búsetu.

Þetta fellur vel saman við nýjar upplýsingar um menntun starfsstétta eftir landsvæðum þar sem m.a. kemur fram að 40% einstaklinga á vinnumarkaði í Reykjavík hafa annaðhvort bóklegt framhaldsnám eða háskólapróf meðan samsvarandi hlutfall á Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi er 17–23%.[1] Sjá nánar á mynd 2.5-4.



Mynd 2.5-4 Menntun eftir landsvæðum 1996.[2]

Þegar litið er til útlanda um samanburð á skólasókn er margt að varast því skólakerfi eru ólík og misjafnt hvernig nám er flokkað. Samkvæmt útgefnum tölum menntamálaráðuneytisins er þó hægt að sjá að starfsnám á framhaldsskólastigi (iðnbrautir, tæknibrautir, búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir og heilsubrautir) á undir högg að sækja gagnvart almennu bóknámi. Á Íslandi var hlutfall nemenda á þessum brautum 28% árið 1992, 51% í Finnlandi, 55% í Danmörku, Frakklandi og Bretlandi, 71% í Svíþjóð og 79% í Þýskalandi. Þótt bætt sé

[1] Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 1997:12.
[2] Félagsvísindastofnun, maí 1997:12.

við þeim 11% nemenda sem voru á viðskipta- og hagfræðibrautum vorið 1992 og þeir taldir til nemenda í starfsnámi er munurinn samt enn mikill miðað við nágrannalöndin.[1]

Mikil fjölgun nemenda í langskólanámi undanfarin ár hefur ekki dugað til að koma Íslendingum jafnfætis nágrannaþjóðunum með skólasókn á háskólastigi en enn er erfitt um beinan samanburð vegna þess að misjafnt er eftir löndum hvenær skil framhaldsskóla og háskóla verða.[2]

2.6 Hagsmunir sveitarfélaga af skólum.

Skólar gegna margháttuðum hlutverkum. Uppeldis- og menntunarhlutverk eru þar þyngst á metunum en önnur koma í kjölfarið og þeim hefur trúlega verið veitt of lítil athygli hingað til. Jón Torfi Jónasson prófessor hefur gert hlutverk og stöðu skólans með tilliti til menningar, samfélags, atvinnulífs og tækniþróunar að umtalsefni í riti um skólastarf.[3] Um þessa þætti skal ekki fjölyrt hér enda alkunnugt að góð menntastofnun skiptir höfuðmáli fyrir þróun á öllum sviðum.

Hitt er ekki síður mikilvægt í því samhengi sem hér er til umræðu að framhaldsskólar, sérskólar og háskólar draga til sín mikið fé sem einkum kemur því sveitarfélagi til góða sem hýsir viðkomandi stofnun. Þar má nefna stofnkostnað og daglegan rekstur, launagreiðslur frá ríki sem skila sér bæði sem skatttekjur og eyðslufé starfsmanna inn í sveitarfélagið, aðkomunemendur þurfa einnig að hýsa sig, fæða og klæða auk alls annars eyðslueyris. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á því hver fjárhagslegur ávinningur er að því að hafa skóla í tilteknu byggðarlagi, en nefna má tilbúið dæmi sem þó byggist á ákveðnum forsendum um hverjar stærðirnar geta verið.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir því að framhaldsskólarnir tveir á Akureyri fái 458 millj. kr. úr ríkissjóði til starfsemi sinnar auk 50 millj. kr. sem varið verður til stofnkostnaðar framhaldsskóla við Eyjafjörð. Í reynd rennur það fé til Akureyrarskólanna samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtals eru þetta 508 millj. kr.

Menntaskólann á Akureyri sækja að jafnaði um 600 nemendur, þar af er um helmingurinn með lögheimili á Akureyri. Við skólann er heimavist fyrir um 150 nemendur, þónokkrir nemendur úr nágrannasveitarfélögum fara á milli heimilis og skóla daglega, afgangurinn leigir húsnæði í bænum eða býr hjá ættingjum. Þeir 150 sem búa á heimavist greiða fyrir leigu á tveggja manna herbergi og fullt fæði 204 þús. kr. veturinn 1997–98 og 12 þús. kr. að auki í innritunar- og skólafélagsgjöld.[4] Sé varlega reiknað með 15 þús. kr. að meðaltali á mánuði í bóka- og ritfangakaup, ferðakostnað og eyðslufé af öllu mögulegu tagi bætast 135 þús. kr. við. Samtals gera þetta 351 þús. kr. á hvern nemanda yfir veturinn, peningar sem hann aflar utan Akureyrar en eyðir þeim þar sem hann sækir skóla. Sé talan margfölduð með 150 koma út ríflega 52 millj. kr. sem heimavistarnemendurnir einir flytja með sér á milli byggðarlaga. Þessu til viðbótar koma þeir sem leigja úti í bæ og fæða sig sjálfir með ýmsum hætti. Sé gert ráð fyrir að 100 nemendur í MA og 300 nemendur í VMA (af 400 sem eiga lögheimili utan Akureyrar)[5] fari þessa leið veturinn 1997–98 og greiði að jafnaði 15 þús. kr. á mánuði í húsaleigu

---

[1] Tölfræðihandbók um menntun og menningu, 48.

[2] Tölfræðihandbók um menntun og menningu, 53.

[3] Jón Torfi Jónasson 1990. *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár 1985–2010.* Reykjavík, án útgefanda, s. 16–34.

[4] Upplýsingar frá Menntaskólanum á Akureyri í nóvember 1997.

[5] Upplýsingar frá Verkmenntaskólanum á Akureyri í nóvember 1997.

í níu mánuði, gerir það 54 millj. kr. þetta skólaár. Varlega áætlað mun fæði þessara nemenda kosta a.m.k. jafnháa upphæð og annað eyðslufé er naumast minna en þeirra sem búa á heimavist. Séu þessar tölur teknar saman verður niðurstaðan eftirfarandi:

150 nemendur á heimavist MA	52.600.000 kr.
100 nemendur MA í leiguhúsnæði í bænum	40.500.000 kr.
300 nemendur í VMA í leiguhúsnæði í bænum	121.500.000 kr.
Samtals	214.600.000 kr.

Þetta er há upphæð en samt næstum örugglega 15–25% of lág, bæði vegna þess hve viðmiðanirnar eru hafðar lágar og eins vegna hins að fjöldi utanbæjarnemenda sem leigir á Akureyri er vanreiknaður. Til viðbótar koma síðan framlög ríkisins sem fyrr eru nefnd en ástæðulaust er að reikna svokallaðan dreifbýlisstyrk til nemenda sérstaklega því hann kemur inn í eyðslu nemenda. Meðalfjárhæðin sem hver framhaldsskólanemandi flytur með sér árlega á milli sveitarfélaga er þannig að lágmarki um 400 þús. kr. og lítil ástæða er að ætla annað en þessi tala geti átt við um land allt.[1] Ótaldir eru síðan háskólastúdentar og sérskólanemar.

Þessu öllu til viðbótar eru síðan margfeldisáhrif hvers skóla sem vinnustaðar. Sérmenntað fólk fær vinnu og flytur þess vegna til viðkomandi staðar ásamt fjölskyldu sinni, allmargt ófaglært starfsfólk fær vinnu við ræstingar o.fl. störf, margvísleg þjónusta lifir og dafnar vegna skólanna, svo sem bókaverslanir, veitingastaðir, skemmtistaðir, verslanir o.s.frv.

2.7 Hvers konar menntun vantar?

Gera má ráð fyrir því að á næstu árum verði fullnægt eftirspurn eftir leikskólarými fyrir öll 2–5 ára börn og að verulegu leyti fyrir eins árs börn líka. Hægast mun ganga að koma upp leikskólum í sveitum landsins en með sameiningu sveitarfélaga munu öll börn öðlast þennan rétt, óháð búsetu.

Einsetning grunnskólans krefst umtalsverðra byggingarframkvæmda á mörgum stöðum, en reikna má með að húsnæðisþörf þessa skólastigs verði fullnægt innan tiltölulega fárra ára. Lengri tíma mun taka að koma upp góðum búnaði til kennslu í öllum greinum, t.d. raungreinum, tölvu- og upplýsingafræðum, handmenntum og listgreinum ýmiss konar. Niðurstöður alþjóðlegrar samanburðarkönnunar (TIMSS) á námi í raungreinum gefa þó tilefni til að átak sé gert í að efla nám í þeim greinum í íslenskum skólum.[2]

Í rannsókn Stefáns Ólafssonar kemur fram að atvinnumál og menntakostir skipta mestu máli um það hvers vegna fólk hefur flutt búferlum á síðustu árum eða hyggst gera það á næstu tveimur. Þrjátíu prósent þeirra landsbyggðarmanna sem hyggja á flutning ætla að gera það af menntunartengdum ástæðum af einu eða öðru tagi. Stefán segir: „Þegar á allt er litið þá eru það atvinnumál og menntun, ásamt með almennu mati á lífsgæðum, sem virðast skipta mestu máli sem ástæður búferlaflutnings.“[3] Af þessu má ljóst vera að eitt af brýnustu viðfangsefnum stjórnvalda er að auka fé til menntamála, ekki síst á framhaldsskóla- og háskólastigi, enda verja Íslendingar nú mun minna fé til menntamála en tíðast gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.[4] Stærstur hluti þessarar aukningar þarf að koma fram á lands-

---

[1] Samkvæmt upplýsingum frá Framhaldsskólanum á Húsavík í nóvember 1997 eru þessar tölur nær örugglega of lágar.

[2] Einar Guðmundsson o.fl. 1996. Third International Mathematics and Science Study. Fyrstu niðurstöður. 7. og 8. bekkur. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

[3] Stefán Ólafsson 1997:141.

[4] Sjá skýrslu OECD, Economic surveys 1996–1997 Iceland. 1997:67.

byggðinni. Fyrir almenning og atvinnulífið skiptir framhaldsskólastigið miklu máli. Þar er treyst færni í undirstöðugreinum og nemendur auka við starfshæfni sína, hvort sem er með beinni verkmenntun eða annarri skólun í viðfangsefnum sem atvinnulífinu tengjast.[1]

Frá byggðasjónarmiði gegnir háskólamenntun mikilvægu hlutverki í búsetuþróun. Aðalhlutverk hefðbundinnar háskólamenntunar hefur verið að brautskrá háskólafólk, að verulegum hluta opinbera embættismenn, sem starfa og stjórna í höfuðborg landsins. Það hefur þannig margsinnis sýnt sig að nemendur hyllast til að leita eftir atvinnu á eða í nágrenni við þann stað sem þeir sóttu menntun sína til. Í nýlegri könnun sem náði til 295 kandídata; hjúkrunarfræðinga, kennara, rekstrarfræðinga og sjávarútvegsfræðinga, sem brautskráðst hafa frá Háskólanum á Akureyri kom í ljós að 197 (66,8%) búa og starfa á Norðurlandi, 51 (17,3%) annars staðar á landsbyggðinni og 47 (15,9%) á Reykjavíkursvæðinu (sjá mynd 2.6-1).



Mynd 2.6-1 Búseta brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Akureyri.

Ekki er ástæða til annars en að ætla að sömu eða svipaðrar tilhneigingar gæti um búsetuval brautskráðra kandídata frá skólum í Reykjavík, svo sem Háskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands. Árið 1990, ári áður en fyrstu hjúkrunarfræðingarnir voru brautskráðir frá Háskólanum á Akureyri, voru t.d. 530 félagar í Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga og þar af voru aðeins 29 búsettir á landsbyggðinni. Því er ljóst að starfræksla heilbrigðisdeildar við Háskólann á Akureyri hefur haft jákvæð áhrif á fjölgun háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga úti um land.

Svo annað dæmi sé tekið um þetta jákvæða mótvægi sem Háskólinn á Akureyri skapar við hina einhliða búseturöskun í landinu má nefna að helmingur nemenda í sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri kemur frá suðvesturhorni landsins en 80% brautskráðra sjávarútvegsfræðinga hasla sér völl í sjávarútvegsfyrirtækjum á landsbyggðinni. Hlutfall brautskráðra úr öðrum deildum háskólans sem setjast að utan höfuðborgarsvæðisins er svipað.

[1] Stefán Ólafsson 1993:204.

Jón Torfi Jónasson bendir á að almennt skólastarf hérlendis hafi líklega aldrei verið í nánum tengslum við höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar.[1] Fáar kannanir hafa verið gerðar á því hvers konar námsframboð af hálfu skólanna atvinnulífið skortir helst, hvort heldur er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Undirbúningsnefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um nám á háskólastigi á Austurlandi (HÁSKA-nefndin) fékk þó Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri til að kanna stöðu háskólamenntunar í atvinnulífi á Austurlandi og lágu niðurstöður fyrir haustið 1997.[2] Meðal annars var spurt hvort þörf væri fyrir aukna þekkingu meðal almennra starfsmanna fyrirtækja í kjördæminu og svöruðu 78% stjórnenda því játandi. Í frekari svörum kom fram að tölvuþekkingu skorti fyrst og fremst, en í næstu sætum komu framleiðslu- og þjónustuþekking, þekking á gæðamálum og tungumálaþekking. Helstu leiðina til að auka þekkinguna meðal starfsmanna sinna sögðu stjórnendurnir einkum vera sérhæfð námskeið en síðan endurmenntun. Loks kom fram að mikill skortur er á sérfræðiþekkingu í stjórnun/gæðastjórnun, vöruþróun, sölu- og markaðsmálum og tæknimálum á Austurlandi.

Þessar og aðrar niðurstöður um menntun starfsmanna austfirskra fyrirtækja falla vel að kjarakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, en þar kom fram að menntunarstig er lágt á Austurlandi og hlutfall ófaglærðra hátt.[3] Samkvæmt könnuninni gildir það sama um aðra landshluta, nema Norðurland eystra, Reykjanes og Reykjavík, og má því ætla að svipaðar niðurstöður fengjust þar um þörf aukinnar þekkingar í atvinnulífi landshlutanna.

Vænleg leið til að efla framhaldsskóla- og háskólamenntun á landsbyggðinni getur verið að tengja þessi tvö skólastig mun sterkari böndum en nú tíðkast. Í Bandaríkjunum hafa verið gerðir margir samningar milli háskóla og framhaldsskóla um að hinir fyrrnefndu taki ábyrgð á ákveðnum námskeiðum sem kennd eru í hinum síðarnefndu. Vilji nemandi síðan hefja nám í háskóla getur hann fengið þessi námskeið metin að fullu inn í háskólanám sitt. Þessi leið er trúlega ákjósanlegur kostur á Íslandi þar sem prýðilega menntaða kennara er víða að finna í framhaldsskólum og nemendur gætu ýmist undirbúið sig betur undir ákveðin störf undir handleiðslu þeirra og/eða stytt þann tíma sem ella færi í formlegt og kostnaðarsamt háskólanám fjarri heimabyggð. Á vissan hátt má líta á Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands sem tilraun á þessu sviði þótt hér sé lagt til að lengra yrði gengið. Mikilvægt er að rýma fyrir nýjum viðhorfum til háskólamenntunar og viðurkenna þjálfunargildi hennar í starfsnámi ungmenna, án þess að nokkurri rýrð sé kastað á hefðbundin akademísk fræði.

Annað meginviðfangsefni er að tengja skóla og atvinnulíf sterkari böndum en nú tíðkast. Það hefur löngum gengið illa að fá aðila vinnumarkaðarins til að tilgreina hvaða menntun þeir vilji nákvæmlega sjá, en nú eru komnar fram vísbendingar um að tölvu- og tungumálakunnáttu sé illilega ábótavant og sama gildi um þekkingu á framleiðslu og þjónustu. Enginn vafi leikur á að upplýsingar af þessu tagi er unnt að nýta og það eigi að gera bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi. Um leið er rétt að leita leiða til að tengja atvinnulífið skólunum, þar á meðal með beinni rekstrar- og stjórnunaraðild. Hugbúnaðargerð og önnur tölvuvinnsla, rekstrarfræði af ýmsu tagi, þjónustugreinar og ferðamál eru augljós viðfangsefni sem takast má á við innan þess ramma sem hér hefur verið nefndur, en vitaskuld þurfa og eiga ákvarðanir um slíkt að koma frá þeim aðilum sem næst vettvangi standa á hverjum stað.

Niðurstöður könnunar Háskólanefndar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi gefa e.t.v. fyrirheit um að grundvöllur sé að skapast til að byggja brýr milli skólastarfs og atvinnulífs.

---

[1] Jón Torfi Jónasson 1990:24–25.
[2] Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri 1997.
[3] Félagsvísindastofnun, maí 1997.

Jón Torfi Jónasson álítur að þrátt fyrir ákveðna vantrú á skólastarfi virðist viðhorfin örlítið vera að breytast og skilningur að aukast á gildi starfsmenntunar í skipulagi skólastarfs. Hann bendir á að allt of stórir hópar nemenda séu beint eða óbeint hornrekur og mundu betur njóta sín í skólakerfinu í nánari tengslum við atvinnulífið.[1]

Til lengri tíma litið hlýtur það að vera meginviðfangsefni að auka almenna menntun sem sameinar kosti tveggja heima, fræða og starfsnáms, og búa með því ungt fólk betur en nú er gert undir fjölbreytt störf í þjóðfélagi sem byggist í sífellt ríkari mæli á notkun tölva, upplýsingalinda og gagnagrunna af ýmsu tagi.[2] Til þess þarf grunnmenntunin að vera mjög góð en einnig þarf að líta til sérhæfðara náms af ýmsu tagi, einkum á vettvangi framhaldsskóla og háskóla. Háskólamenntun og upplýsingatækni er hægt að nýta í þágu atvinnulífsins á landsbyggðinni.

Bent hefur verið á að skapa þurfi sterkan valkost við fræðilega slagsíðu háskólamenntunar hérlendis og mynda þannig jákvætt mótvægi við þá miklu fjárfestingu sem nú á sér stað á höfuðborgarsvæðinu og valdið hefur afdrifaríkri hröðun búferlaflutninga. Í febrúar 1997 undirrituðu Háskólinn á Akureyri og Tækniskóli Íslands viljayfirlýsingu um að auka samvinnu á sviði kennslu og annarrar starfsemi sem hagkvæmt þætti að eiga samstarf um. Markmið samstarfsins er að efla háskólamenntun í þágu atvinnulífs í landinu og tekur samstarfið til allra fagsviða háskólanna beggja. Allt frá upphafi hafa þessir skólar lagt mikla áherslu á að námsframboð þeirra taki mið af þörfum atvinnulífsins og landsbyggðar. Báðir eru skólarnir smáir og hafa þurft að heyja harða baráttu fyrir tilverurétti sínum. Innan Hákólans á Akureyri hefur því verið hreyft að til greina kæmi að stíga skrefið til fulls og sameina skólana. Þannig gæti skapast nýr öflugur atvinnulífstengdur háskóli sem jafnframt hefði skírskotun til fjölbreyttra þarfa landsbyggðar, enda hefði hann höfuðaðsetur á Akureyri. Til að styrkja tengslin við atvinnulífið væri mikilvægt að æðsta stjórn hins nýja háskóla væri a.m.k. að hálfu leyti skipuð fulltrúum úr atvinnulífinu. Koma yrði á fót fjórum til sex fagsviðum innan hins nýja skóla og á hverju fagsviði hefði rannsóknarprófessor leiðandi hlutverk varðandi kennslu, rannsóknir og þjónustu. Rannsóknir í þágu atvinnulífsins yrðu efldar með því að stofnuð yrði atvinnudeild við skólann. Meginstarfsemi atvinnudeildarinnar yrðu rannsóknir, þróun og ráðgjöf sem mundi efla tækni- og þekkingarstig í atvinnulífi um allt land. Til að styrkja tengsl skólans enn frekar við atvinnulíf landsbyggðar yrði skólanum gert kleift að starfrækja setur menntunar, rannsókna og þróunar á Austurlandi og Vestfjörðum sem sveitarfélög og opinberar stofnanir hafa sýnt áhuga á að stofnsetja.

Á undanförnum árum hafa ný tækifæri til menntunar skapast hér á landi með hagnýtingu tölvusamskipta. Nokkur reynsla hefur fengist af slíku námi hjá Kennaraháskóla Íslands, sem boðið hefur upp á almennt kennaranám í fjarnámi ásamt ýmiss konar endurmenntun fyrir kennara, og Verkmenntaskólanum á Akureyri sem boðið hefur einstaklingum upp á fjölbreytta námsáfanga framhaldsskólans í fjarnámi. Svo mikil aðsókn hefur verið að þessu námstilboði skólanna að ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn. Fjarkennsla getur eflt framhaldsskóla- og háskólamenntun í landinu og gert hana fjölbreyttari og auðveldar hún íbúum dreifðari byggða að sækja nám. Hún er ekki aðeins möguleg milli háskólanna hér á landi heldur má einnig hugsa sér að háskólarnir tengist mennta- eða þróunarsetrum í einstökum landshlutum

---

[1] Sjá könnun Jóns Torfa Jónassonar á námsferli í framhaldsskóla. 1992. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Jón Torfi Jónasson. 1992. Þróun framhaldsskólans: Frá starfsmenntun til almenns bóknáms. Uppeldi og menntun 1992:182–188.

[2] Þessi skoðun kemur víða fram í áður tilvitnuðum ritum menntamálaráðuneytisins frá 1996.

með þessum búnaði. Samhliða því að menntastofnanir innan lands tengist í fjarkennslunet munu þær einnig tengjast erlendum menntastofnunum til eflingar menntunar og rannsókna hér á landi. Upplýsingatækni nútímans er þeim undrum gædd að fjarlægðir í tíma og rúmi verða afstæðar og ekki sú hindrun sem áður var. Miklu skiptir hvernig hinni nýju tækni er beitt og því ástæða til að stuðla að hvers konar þróunarverkefnum í fjarkennslu og gerð kennsluefnis.

2.8 Endur- og símenntun.

Með endur- og símenntun vísast til þess þegar fólk stundar nám og bætir við sig kunnáttu vegna nýrra viðfangsefna eða starfshátta. Að öllu jöfnu er endurmenntun ætluð fullorðnu fólki samhliða eða sem hluti af starfi. Hér ber þó að hafa þann vara á að margt fullorðið fólk stundar nám í háskólum, framhaldsskólum, öldungadeildum og víðar, sem ekki telst til endurmenntunar, heldur miklu fremur grunnmenntunar.

Þótt sífellt meiri kröfur séu gerðar til skóla að skila sem hæfustum einstaklingum út í atvinnulífið mennta þeir ekki fólk í eitt skipti fyrir öll. Örar breytingar í atvinnulífi samfara nýrri tækni og nýjum kröfum gera tilkall til að starfsfólk hafi tækifæri til að afla sér nýrrar kunnáttu. Fjölmargir ólíkir aðilar standa að ýmiss konar námstilboðum í formi stuttra námskeiða og fjarnáms, þótt sá háttur hafi enn sem komið er ekki náð verulegri fótfestu. Endurmenntunin á sér ekki vísan stað innan skólakerfisins né atvinnulífsins. Víða hafa þó framhaldsskólar staðið að sérstökum námskeiðstilboðum vegna endurmenntunar og fellur það vel að áfangakerfi þessara skóla. Þá hafa háskólar og sérskólar litið á það sem mikilvægan þátt í starfsemi sinni að starfrækja endurmenntunarstofnanir.

Kostnaður vegna endurmenntunar hefur verið greiddur af einstaklingunum sjálfum, stéttarfélögum eða atvinnurekendum. Jón Torfi Jónasson getur sér þess til að á komandi árum muni kostnaður vegna endurmenntunar lenda í meira mæli á atvinnurekendum þó að hún verði ekki á þeirra hendi. Líklegt sé að hún fari í tvo aðgreinda farvegi, annars vegar til skólakerfisins og hins vegar til einstakra fyrirtækja eða starfsgreina.[1] Með ákveðnari tengingu við skólakerfið gætu endurmenntunarnámskeið örvað fólk til að afla sér framhaldsmenntunar til starfa og stuðlað þannig að aukinni þekkingu atvinnulífi til hagsbóta.

Ákvarðanir um námstilboð um starfstengd endurmenntunarnámskeið eru teknar með ýmsum hætti. Um getur verið að ræða óskir einstakra fyrirtækja í tengslum við nýsköpun eða þróun, óskir stéttarfélaga eða tilboð þeirra sem endurmenntunina veita. Hátt hlutfall einstaklinga á vinnumarkaði er án framhaldsmenntunar af nokkru tagi, hæst á landsbyggðinni eins og fram hefur komið. Til að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf landsbyggðar er mikilvægt að við framhaldsskólana verði hvers kyns fullorðins- og starfsfræðsla stórefld og leitað leiða til að auðvelda fólki að sækja námskeið sem standa til boða. Með stofnun þróunarsetra á Vestfjörðum og Austurlandi skapast vettvangur fyrir endurmenntunarstofnanir atvinnulífs í landshlutunum undir forustu háskóla og framhaldsskóla. Skynsamlegt er að vinna áætlanir þar um í nánu samstarfi við atvinnulífið.

3. Samantekt.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur sett sér það markmið að menntun og námskröfur á Íslandi séu eins og best gerist annars staðar. Á síðustu fjórum árum hafa verið sett ný lög um öll skólastigin fjögur og unnið er að gerð aðalnámsskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla. Almenn ánægja virðist vera með þróun leikskólamála um land allt en þó síst á Suðurnesjum og Vest-

---

[1] Jón Torfi Jónasson 1990:80.

fjörðum. Sameining sveitarfélaga er þegar farin að hafa áhrif í þá átt að auka aðgengi barna í dreifbýli að leikskólum og á næstu árum munu sveitarfélög, bæði vegna sameiningar þeirra og kostnaðar við grunnskólahald, leita leiða til aukinnar hagræðingar í rekstri annarra skóla á þeirra vegum. Afar sennilegt er að það leiði til fækkunar grunnskóla á landsbyggðinni í næstu framtíð.

Mikill munur er á námsárangri og skólasókn eftir landshlutum. Skortur er á menntuðum kennurum á öllum skólastigum, einkum á landsbyggðinni, og hafa sveitarfélög umtalsverðan kostnað umfram höfuðborgarsvæði af að manna skólana. Líklegt er að vandinn aukist enn við fjölgun vikulegra kennslustunda næstu fjögur ár nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir. Þessi staðreynd dregur úr samkeppnisstöðu sveitarfélaga gagnvart höfuðborgarsvæði þar sem menntunarstig kennara er hærra, auðveldara er að koma við stoðþjónustu skóla og minna þarf til skólakostnaðar að leggja. Þar er því hægt að beina fjármagni inn á önnur þjónustusvið sem mikilvæg þykja í nútímasamfélagi, hækka gæðamörk skóla og auka fjölbreytni í þjónustu við nemendur og foreldra.

Fjölbreytt framhaldsskólamenntun býðst einkum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, níu aðrir þéttbýlisstaðir bjóða hver fyrir sig upp á heildstæðan framhaldsskóla með mismunandi námsbrautum. Allmikil óánægja virðist með framhaldsskólamál víða um land, einkum í byggðarlögum með 200–1.000 íbúa. Háskólamenntun fer næstum öll fram í Reykjavík, aðeins 7% háskólastúdenta eru við nám annars staðar, bróðurparturinn á Akureyri.

Miklir fjármunir flytjast milli sveitarfélaga með nemendum og augljóst er að myndarlegur framhalds- eða háskóli dregur til sín mikið fé auk annarra áhrifa sem hann hefur á nánasta umhverfi sitt. Efling slíkra stofnana er því ein skilvirkasta aðgerð sem stjórnvöld geta gripið til gegn fólksstreymi af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Greinilegur munur kemur fram eftir búsetu hvers konar framhaldsnám fólk sækir. Hlutfall virkra á vinnumarkaði sem einungis hafa grunnskólapróf er umtalsverð hærra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Starfsnám á framhaldsskólastigi á undir högg að sækja gagnvart bóknámi og þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda í framhaldsskólanámi á undanförnum árum hefur fjöldi þeirra sem sækja starfsnám ekki aukist.

Vænleg leið til að efla framhalds- og háskólamenntun á landsbyggðinni virðist geta verið að tengja þessi tvö skólastig mun sterkari böndum með samningum milli framhaldsskóla og háskóla um að hinir síðarnefndu taki ábyrgð á ákveðnum námskeiðum sem kennd eru í hinum fyrrnefndu. Vilji nemandi síðan hefja nám í háskóla getur hann fengið þessi námskeið metin að fullu inn í háskólanám sitt. Með fjarskiptum og upplýsingatækni hafa einnig skapast nýir möguleikar til að veita menntun út í hinar dreifðu byggðir. Mikilvægt er að gefa skólum efstu skólastiganna tveggja aukna möguleika á að nýta sér þessa tækni til að koma til móts við nemendur með fjarkennslu. Skapa þarf sterkan valkost við fræðilega slagsíðu háskólamenntunar hérlendis með uppbyggingu Háskólans á Akureyri, og mynda þannig jákvætt mótvægi við þá miklu fjárfestingu sem nú á sér stað á höfuðborgarsvæðinu og valdið hefur afdrifaríkri hröðun búferlaflutninga.

Menntamál hafa gríðarmikla þýðingu fyrir þróun byggðar á landinu. Um þrjátíu af hundraði þeirra landsbyggðarmanna sem hyggja á flutning ætla að gera það af menntunartengdum ástæðum af einu eða öðru tagi. Forsenda aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi er ræktun þeirrar auðlindar sem í fólkinu sjálfu býr. Gefa þarf henni tækifæri til að efla sig og þroska og sækja á hærri mið menntunar. Það er sá félagslegi jarðvegur sem reisa verður byggðastefnu á.

4. Tillögur til úrbóta.

4.1 Leik- og grunnskólastig.

- Mennta ber fleiri leik- og grunnskólakennara á landsbyggðinni og efla fjarnám til að tryggja að fleiri komi til starfa í skólum utan höfuðborgarsvæðisins.
- Rannsaka verður ítarlega námsárangur í skólum á landsbyggðinni og veita fjármagni til þróunarstarfsemi og/eða þróunarskóla til umbóta. Mikilvægt er að landsbyggðarfólk komi að slíku rannsóknarstarfi.
- Námsefnisgerð, sem byggist á heimabyggð nemandans, verði stóraukin.
- Skólar um land allt verði efldir með tölvubúnaði og nauðsynlegum kennslutækjum.

4.2 Framhaldsskólastig.

- Framhaldsskólanemendum verði tryggt ódýrt húsnæði nærri skóla til að minnka húsnæðisvanda og lækka húsaleigukostnað. Markvisst verði unnið að jöfnun námstækifæra í landinu. Gera verður nám aðgengilegt fyrir fólk á landsbyggðinni og nýta tækniþróun í því sambandi.
- Starfsnám í framhaldsskólum á landsbyggðinni verði eflt og tengsl starfsnámsbrauta við atvinnulífið á starfssvæði hvers skóla aukin. Í því skyni er mikilvægt að koma á tilraunaskólum á þessu sviði og þróa skemmri námsbrautir.
- Menntastofnanir verði samtengdar í fjarkennslunet og sett upp öflug þróunarverkefni í fjarkennslu. Fjármagni verði veitt til gerðar námsefnis sem hentar slíkri kennslu.

4.3 Háskólastig.

- Nauðsynlegt er að efla háskólamenntun á landsbyggðinni hraustlega.
- Leysa ber húsnæðisvanda núverandi sérskóla- og háskóla sem skjótast.
- Rannsókna- og vísindastarfsemi verði efld. Sérstaka áherslu skal leggja á að styrkja rannsóknarverkefni sem stjórnað er af landsbyggðinni.
- Stuðlað verði að nánari tengslum framhaldsskóla og háskóla, m.a. með samningum milli skóla þessara tveggja skólastiga um kennslu ákveðinna námsáfanga háskólans í framhaldsskólum.
- Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á landsbyggðinni er býður upp á rannsóknatengt nám. Hraða verður uppbyggingu skólans og leggja áherslu á að þar verði í boði fjölþætt nám er taki mið af þörfum atvinnulífs á landsbyggðinni. Rannsóknir við skólann verði efldar í þágu þess með stofnun atvinnudeildar. Háskólinn á Akureyri bjóði háskólanám á Austurlandi og Vestfjörðum þegar á árinu 1998. Á þennan hátt verði stuðlað að nauðsynlegri fjölgun háskólamenntaðs fólks í fyrirtækjum í landinu.

4.4 Endur- og símenntun.

- Komið verði á samstarfi atvinnulífs og skóla út um landið um endur- og símenntun og stuðlað að því að allir eigi tækifæri til að auka við þekkingu sína og afla sér nýrrar færni í samræmi við nýsköpun í atvinnuháttum.
- Þróunarsetrum undir forustu háskóla verði falin forusta á sviði endurmenntunar í dreifðum byggðum.

5. Heimildir.

Einar Guðmundsson o.fl. 1996. *Third International Mathematics and Science Study. Fyrstu niðurstöður. 7. og 8. bekkur.* Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 1997. *Kjör Íslendinga. Efnahagur einstaklinga og fjölskyldna 1996.*
Guðrún Ágústa Jóhannsdóttir 1997. *Tengsl Háskólans á Akureyri og Akureyrarbæjar við nýsköpun í atvinnulífi.* Nýsköpunarsjóðsverkefni október 1997. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
Hagstofa Íslands 1991. *Landshagir 1991.*
Hagstofa Íslands 1997. *Landshagir 1997.*
Jón Torfi Jónasson 1990. *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár 1985–2010.* Reykjavík.
Jón Torfi Jónasson 1992. *Könnun á námsferli í framhaldsskóla.* Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
Jón Torfi Jónasson 1992. Þróun framhaldsskólans: Frá starfsmenntun til almenns bóknáms. *Uppeldi og menntun.* Tímarit Kennaraháskóla Íslands 182–188.
Lög um skólakerfi og fræðsluskyldu, nr. 22/1946.
Menntamálaráðuneytið 1995. *Fjöldi nemenda í grunnskólum 1995–96.*
Menntamálaráðuneytið 1996. *Menning og menntun – forsenda framtíðar.* Febrúar 1996.
Menntamálaráðuneytið 1996. *Í krafti upplýsinga.* Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996–99.
Menntamálaráðuneytið 1996. *Tölfræðihandbók um menntun og menningu.*
Menntamálaráðuneytið 1997. *Brúum bilið. Rit um tengsl leikskóla og grunnskóla.*
OECD Economic surveys 1996–97 — Iceland. 1997. OECD, París.
Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri 1997. *Staða háskólamenntunar á Austurlandi.* Könnun meðal forstöðumanna fyrirtækja, ríkis- og sveitarfélaga.
Reglugerð um starfsemi leikskóla, 6. apríl 1995.
Sigurjón Björnsson 1980. *Börn í Reykjavík.* Rannsóknaniðurstöður. Reykjavík, Iðunn.
Skýrsla samstarfsnefndar Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands um kennaramenntun. Júlí 1997.
Stefán Ólafsson 1993. *Forsendur framfara í íslensku atvinnulífi.* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
Stefán Ólafsson 1997. *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.* Reykjavík, Byggðastofnun.

Fylgiskjal X.

Óli Rúnar Ástþórsson:

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og hugmyndir sjóðsins um hlutverk atvinnuþróunarfélaga í nýrri byggðastefnu.

(15. janúar 1998.)

Formaður stjórnar Byggðastofnunar leitaði eftir því við Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands, að sjóðurinn gæfi umsögn um starfsemi sína og framtíðarsýn á atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi. Fer sú umsögn hér á eftir.

I. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Aðdragandann að stofnun Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands má rekja allt til ársins 1978, en á aðalfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga það ár var fyrst hreyft þeirri hugmynd að stofna iðnþróunarsjóð á Suðurlandi.

Stofnfundur sjóðsins var haldinn 30. september 1980 á Hellu. 26 sveitarfélög af 37 samþykktu að verða stofnaðilar að sjóðnum, en þau höfðu á bak við sig 92% af íbúafjölda og 94% af tekjum svæðisins og skuldbundu sig jafnframt til að leggja sjóðnum árlega til 1% af tekjum sínum.

Á liðlega 17 starfsárum sjóðsins hefur hann veitt u.þ.b. 450 millj. kr. inn í sunnlenskt atvinnulíf í formi lána, styrkja og hlutafjárkaupa auk þeirrar ráðgjafar sem staðið hefur fyrirtækjum og einstaklingum á Suðurlandi til boða. Sjóðurinn hefur komið víða að málum og óhætt er að fullyrða að með framlögum frá sjóðnum til einstakra verkefna hafi oft og tíðum skapast skilyrði fyrir aðra til að veita góðum málstað brautargengi. Árangur af starfsemi sjóðsins verður því seint metinn og óhætt er að fullyrða að aðrir landshlutar hafa litið til Sunnlendinga í leit að fyrirmyndum.

II. Atvinnuþróunarsamningur við Byggðastofnun.

Á vormánuðum 1996 var undirritaður nýr samningur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf. Samningurinn var sá fyrsti í röð atvinnuþróunarsamninga sem stofnunin hefur gert á undanförnum missirum. Með samningnum var lögð áhersla á að svæðisbundin atvinnuþróun gerðist með virkari þátttöku heimamanna en verið hafði áður. Samningurinn skuldbindur Byggðastofnun til að auka árlegt rekstrarframlag til sjóðsins um liðlega 6 millj. kr., úr tæplega 3 millj. kr. í tæplega 9 millj. kr. og gerir sjóðnum á þann hátt kleift að stórefla alla ráðgjöf. Samningurinn er forsenda þess að sjóðurinn hefur getað haldið úti öflugu ráðgjafarstarfi með þremur ráðgjöfum en fyrir gildistöku hans miðaðist öll starfsemi sjóðsins við einn ráðgjafa.

Frá undirritun samningsins við Byggðastofnun hefur sjóðurinn beint eða óbeint staðið að stofnun liðlega þrjátíu nýrra fyrirtækja, auk þess að sjá um fjölda annarra verkefna sem styrkt hafa fjárhagsstöðu sunnlenskra fyrirtækja. Með starfsemi sjóðsins á þessu tímabili hafa skapast á annað hundrað ný störf á Suðurlandi og fjárfesting á svæðinu vegna þessara fyrirtækja er talin vera liðlega 600 millj. kr. Þennan árangur má að verulegu leyti þakka því nána samstarfi sem náðst hefur við Byggðastofnun í kjölfar samningsins, þar sem þátttaka þessara stofnana í ýmsum málum hér á Suðurlandi er samræmd.

Á liðnu ár stofnaði sjóðurinn Atgeir ehf. og var tilgangur hans fyrst og fremst sá að annast fjármögnun kaupanna á Max ehf. Á næstu mánuðum er stefnt að því að víkka starfssvið Atgeirs og leita eftir fjárfestum sem leggja félaginu til fjármagn í þeim tilgangi að Atgeir verði sunnlenskur hlutabréfasjóður. Ástæður þessa eru fyrst og fremst þær að sjóðurinn ræður oft ekki fjárhagslega við áhugaverð verkefni og því getur verið áhugavert að leita fjármagns af markaði. Eins telja starfsmenn sjóðsins sig greina ákveðnar ógnanir í þeirri „uppsetningu" sem komin er með Nýsköpunarsjóðnum og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og vegna breytinga á starfsemi Byggðastofnunar og því sé vissara að treysta stöðu mála í héraði.

III. Breytt umhverfi.

Á undanförnum mánuðum hefur tölvert verið fjallað um atvinnu- og byggðamál á opinberum vettvangi. Umræðan hefur einkum snúist um hversu illa hallar á landsbyggðina í samkeppni við höfuðborgarsvæðið um vinnuafl. Straumurinn liggur af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og virðist enn ekki vera í sjónmáli að breyting verði þar á. Að mati margra hefur byggðastefnan frá 1994 gjörsamlega brugðist og þörf á meiri háttar breytingum hvað

varðar þau „tæki“ sem beita á til að stuðla að hagkvæmri búsetu í landinu og sérstaklega er umhugsunarvert hvort aðgerðir í byggðamálum ættu að vera sértækari en þær eru nú.

Að undanförnu hafa menn verið að „tala“ sig inn á nýja byggðastefnu sem hugsanlega gæti snúist um að landinu verði skipt í þrjú svæði, a) höfuðborgarsvæðið og aðliggjandi sveitarfélög, b) Suðurland, Reykjanes og Vesturland og c) það sem þá er eftir af landinu. Stuðningur ríkisvaldsins við nýja byggðastefnu komi því til að beinast með mestum þunga að svæðum sem liggja norðan og austan við línu sem mætti draga frá Gilsfjarðarbotni að Skeiðarársandi. Á þessum svæðum verði lögð áhersla á að styrkja „kjarnabyggðir“, t.d. með flutningi stofnana, sérstakri styrkingu innviða, stofnun sérskóla á háskólastigi o.fl. Ef þetta er rétt mat, þ.e. að byggðastefnan sé að taka á sig þessa mynd, að öðru óbreyttu, kemur þetta til með að hafa umtalsverð áhrif á þróun mála á Suðurlandi.

Sú skoðun er útbreidd að þótt búið sé að setja Fiskveiðasjóð, Iðnþróunarsjóð og Iðnlánasjóð í nýjar umbúðir, þ.e. Nýsköpunarsjóðinn og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, verði í sjálfu sér ekki grundvallarbreytingar hvað varðar kjarna í starfsemi þessara stofnana, þ.e. hvernig staðið er að mati á áhættu við tiltekinn fjárfestingarkost eða viðskiptahugmynd. Þessar stofnanir líkt og fyrirrennarar þeirra komi að miklu leyti til með að *renta sig í Reykjavík og skilningur á atvinnustarfsemi utan höfuðborgarsvæðisins verði líkt og fyrr afar takmarkaður.* Af þessum sökum má fullyrða að áfram verði full þörf fyrir lánastofnun sem veiti fé til verkefna sem rúmast innan hinnar nýju byggðastefnu. Nýsköpunarsjóðnum og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins er ekki ætlað það hlutverk að fjármagna verkefni sem tengjast sérstökum þörfum landsbyggðarinnar. *Lánahluti Byggðastofnunar verður því að starfa áfram þráttfyrir ummæli forsætisráðherra og formanns Byggðastofnunar í umræðum á Alþingi um málefni Byggðastofnunar en fram kom í þeirri umræðu að það orkaði tvímælis að halda lánastarfsemi stofnunarinnar áfram í óbreyttri mynd.*

IV. Verður Suðurland einskismannsland?

Myndin sem reynt hefur verið að draga upp hér að framan felst í því að Suðurland stefni, vitandi eða óafvitandi, í að verða eins konar „einskismannsland“, m.a. vegna þess að það verður: a) skilgreint að hluta eða öllu leyti utan nýrrar byggðastefnu, b) sem líkt og áður, þrátt fyrir að skilgreinast hugsanlega opinberlega sem hluti af „grenndarsvæði“ höfuðborgarinnar, hefði ekki sömu möguleika og höfuðborgarsvæðið hvað varðar aðgengi að fjármagni og c) aðgengi fyrirtækja að stoðkerfi atvinnulífsins verði óbreyttur. Þetta eru meginatriðin sem haft geta áhrif á hvert stefnir í þróun byggðar á Suðurlandi á komandi árum.

Nokkur vinna hefur farið fram við að skilgreina betur starf sjóðsins að nýju nýsköpunarferli og finna leiðir sem verða hornsteinar í stefnu sjóðsins til næstu ára. Til að móta frekar þessa stefnu og draga saman hvernig þróunin hefur verið og hvert stefni verður haldin ráðstefna á vegum sjóðsins seinni partinn í mars. Á þeirri ráðstefnu verður leitast við að ná fram niðurstöðu um framtíðarskipulag sjóðsins og munu þá mál á þessum vettvangi á Suðurlandi skýrast.

V. Nýtt hlutverk atvinnuþróunarfélaga innan nýrrar byggðastefnu.

Vegna þeirrar reynslu sem fengist hefur af störfum Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands má ætla að meginhersla verði lögð á nýtt nýsköpunarkerfi atvinnulífsins, sem enn hefur ekki fengið efnislega umfjöllun af hálfu stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, og ályktanir RITTS-hópsins um stoðkerfi atvinnulífsins.

Í megindráttum fara saman hugmyndir sjóðsins og RITTS-hópsins um breytt fyrirkomulag nýsköpunarkerfis. Þó er á þeim sá munur að Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hefur viljað

með stofnun sérstaks fjárfestingarfélags skilja að fjármögnun einkaaðila og hins opinbera í nýsköpunarkerfinu.

Meginástæðurnar fyrir því að sjóðurinn leggur til að staðið verði á myndarlegan hátt að gerð nýs nýsköpunarkerfis eru fyrst og fremst þær að með slíku fyrirkomulagi getur núverandi stoðkerfi atvinnulífsins orðið skilvirkara og þjónað betur þörfum atvinnulífsins fyrir aukinn aðgang að sérfræðiþjónustu og hagnýtum upplýsingum. Það er skoðun sjóðsins að hluta af vanda landsbyggðarinnar megi með beinum hætti rekja til opinberra ákvarðana eða að ekki hafa verið teknar ákvarðanir, sem beinlínis hefur leitt til þess að það stoðkerfi sem átti að vera öllu atvinnulífi í landinu til framdráttar hefur ekki gegnt hlutverki sínu sem skyldi og á stundum hefur það jafnvel snúist upp í andhverfu sína.

Með því að skjóta sterkari stoðum undir nýsköpunarkerfi sem sinnir þörfum atvinnulífsins alls, þ.e. allra atvinnugreina, í víðtækasta skilningi teljum við að lagður verði grunnur að öflugri þróun byggðar um allt land með fjölbreyttara framboði atvinnu og auknum atvinnutækifærum.

VI. Meginforsendur nýrrar byggðastefnu.

Að mati sjóðsins á ný byggðastefna að hvíla á þeim meginforsendum að verið sé að færa ákvarðanatöku í eigin málum heim í hérað. Sveitarfélögum verði jafnframt gert fjárhagslega kleift að halda úti öflugri starfsemi en á móti komi eigið framlag þeirra til þessa málaflokks. Forsendur fyrir nýrri byggðastefnu ættu því að taka mið af:

a. Forræði í atvinnu- og byggðaþróunarmálum einstakra kjördæma verði flutt í viðkomandi kjördæmi.
b. Kjördæmunum verði veitt fjárhagslegt bolmagn til að sinna atvinnu- og byggðaþróunarmálum.
c. Sveitarfélög á svæðinu verði gerð fjárhagslega ábyrgari fyrir atvinnu- og byggðaþróunarmálum, t.d. með árlegum framlögum til atvinnuþróunarfélaga.
d. Atvinnuþróunarfélögin fái nýja og víðtækari skilgreiningu og starfsemi þeirra verði stóraukin og þau samhæfð (gerð einsleit) og þróunarsvið Byggðastofnunar veiti þeim faglega þjónustu á sviði byggðamála.

VII. Nýtt hlutverk atvinnuþróunarfélaga.

Grunnhugmynd að nýju hlutverki atvinnuþróunarfélaga byggist á þremur stoðum:

a. Að atvinnuþróunarfélögin verði aðili að nýrri stefnumótun í atvinnu- og byggðaþróunarmálum svæðisins.
b. Að atvinnuþróunarfélögin hafi öflug tengsl við innviði svæðis, öflug tengsl við fyrirtæki, stofnanir, rannsóknastofnanir, háskóla o.fl. utan svæðis og jafnframt þekkingu og kunnáttu til að túlka upplýsingar eða umbreyta þeim þannig að viðtakandi geti hagnýtt sér þær.
c. Að atvinnuþróunarfélögin hafi fjárhagslega möguleika til að veita styrki og áhættufjármagn til áhugaverðra hugmynda, fjármagna viðskiptahugmyndir og með eigin framlagi hafi þau möguleika til að laða aðra fjárfesta að nýrri fjárfestingu.

Að mati sjóðsins eru þessir þrír grunnþættir hver og einn nauðsynlegur til þess að hægt verði að veita nútímaatvinnulífi þá þjónustu sem það kallar eftir hvað varðar aðgang að sérfræðiþjónustu og hagnýtum upplýsingum. Með því að setja á kerfi með þessum hætti erum við í reynd að jafna samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart keppinautum sínum erlendis.

VIII. Nýtt svæðisbundið nýsköpunarkerfi.

Til að gera atvinnuþróunarfélögunum kleift að rækja nýtt hlutverk í nýrri byggðastefnu, telur sjóðurinn að nýsköpunarumhverfi sem byggist á neðangreindum fimm meginatriðum (sjá mynd) auki möguleika landsmanna til að efla byggð í landinu.

Nýtt svæðisbundið nýsköpunarumhverfi.



Nýsköpunarkerfið er í meginatriðum þannig að starfað er samkvæmt stefnu *(1)* sem heimamenn hafa orðið ásáttir um. Atvinnuþróunarfélagið *(2)* heldur utan um nýsköpunarkerfið og ber ábyrgð á einstökum hlutum þess, t.d. þróunarsetrinu *(3)* og styrktarhluta *(4)* kerfisins. Fjárfestingarfélagið *(5)* hefur sína eigin stjórn en tengsl atvinnuþróunarfélagsins og fjárfestingarfélagsins gætu verið í gegnum rekstrar- eða verksamning.

Til að skýra ferilinn með litlu dæmi mætti hugsa sér að einstaklingur hefði ákveðna hugmynd um framleiðslu á vöru. Hann mundi setja sig í samband við atvinnuþróunarfélagið sem úthlutaði honum ákveðnum tíma til að gera forkönnun á hugmyndinni. Ef forkönnun atvinnuþróunarfélagsins sýndi að hugmyndin væri áhugaverð yrði leitað eftir aðstoð sérfræðinga sem þróunarsetrið hefði aðgang að. Jafnframt yrði leitað eftir fjárhagslegum styrk úr styrktarhluta kerfisins. Þannig fengist tvinnuð saman sérfræðiþekking og nauðsynlegt fjármagn til að kanna viðskiptalegt gildi hugmyndarinnar. Til að koma hugmyndinni af þróunarstigi yfir á fjárfestingarstig yrði að leita eftir kaupum fjárfestingarfélagsins á hlut í félagi sem stofnað hefði verið um framleiðsluna. Með þátttöku fjárfestingarfélags sem starfaði í nánum tengslum við nýsköpunarkerfi í héraði væri hugsanlega í sumum tilvikum hægt að takmarka áhættu annarra fjárfesta (Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. o.fl.) og fá þannig aukið fjármagn til verkefna sem að öðrum kosti hefðu átt litla möguleika á því að verða byggð upp á fjárhagslega hagkvæmastan hátt.

VIII.1 Umhverfi.

Með umhverfi er átt við að nýsköpunarkerfið verði skilgreint, t.d. hvar það starfi, hvernig og fyrir hverja. Til að unnið verði með markvissum hætti að framgangi svæðisins til lengri tíma teljum við að eftirfarandi fyrirkomulag sé nauðsynlegt:

a. Að atvinnuþróunarfélögin ásamt sveitarfélögunum standi með reglubundnum hætti og þá til lengri tíma að gerð og sjái um eftirfylgni á stefnu í atvinnu- og byggðaþróunarmálum kjördæmisins.
b. Forgangsröðun stærri verkefna, t.d. vegamála, verði felld inn í sameiginlega stefnu svæðisins.

VIII.2 Atvinnuþróunarfélag.

a. Atvinnuþróunarfélag er í eigu allra sveitarfélaga á svæðinu. Stjórn þess er kjörin úr hópi eigenda. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem fer með daglegan rekstur. Árleg framlög miðast við ákveðinn hundraðshluta af tekjum sveitarfélaga (á Suðurlandi 1%). Framlög opinberra aðila komi af fjárlögum. Atvinnuþróunarfélagið er rekstraraðili nýsköpunarkerfisins.
b. Fyrsta aðkoma aðila að nýsköpunarkerfinu er í gegnum atvinnuþróunarfélögin. Þar er veitt fyrsta þjónusta. Þar fer fram grunnverkefnastjórn.
c. Atvinnuþróunarfélögin verði í ríkara mæli gerð sýnileg sem markaðs- og „kynningartæki" fyrir viðkomandi svæði, bæði sem hlekkur í nýjum og öflugum upplýsingamiðstöðvum fyrir ferðamál og sem svæðisbundin markaðssetningarstofa sem markaðssetti svæðið með tilliti til aðkomu nýrra fjárfesta að svæðinu.

VIII.3 Þróunarsetur.

a. Í gegnum þróunarsetrið eru atvinnuþróunarfélögin tengdar við atvinnugreinastofnanir, rannsóknastofnanir, háskóla o.fl. innan lands og erlendis. Þróunarsetrið hefur sömu stjórn og atvinnuþróunarfélagið. Til ráðuneytis stjórninni starfar fagráð.
b. Þróunarsetrin verði leitarstöðvar nýrra tækifæra og jafnframt hagnýtingu þekktra aðferða á sviði rekstrar. Til að koma hugmyndum áleiðis verði jafnframt staðið fyrir námskeiðahaldi fyrir atvinnulífið. Hugsanlega mætti tengja þróunarsetrið við hina nýju Vinnumálastofnun þar sem staðið yrði að öflugri fræðslu og atvinnulausir menntaðir út úr atvinnuleysi, líkt og farið er að gera sums staðar erlendis.

VIII.4 Styrktarhluti.

a. Styrktarhluti nýsköpunarkerfisins er ætlað það hlutverk að styðja með fjárhagslega óafturkræfum styrkjum eða víkjandi lánum við bakið á áhugaverðum hugmyndum. Með stjórn styrktarhlutans færi stjórn atvinnuþróunarfélagsins.
b. Uppruni fjármagns til þessa hluta kæmi sem mismunur á rekstri og framlagi sveitarfélaga og opinberra aðila til atvinnuþróunarfélagsins, hugsanlegt framlag Nýsköpunarsjóðsins, hugsanlegt framlag Byggðastofnunar, hugsanlegt framlag Framleiðnisjóðs landbúnaðarins o.fl. og vaxtatekjur og afborganir af víkjandi lánum. Stefnt yrði að því að árleg velta þessa hluta á Suðurlandi yrði ekki lægri en 100 millj. kr.

VIII.5 Fjárfestingarfélag.

a. Fjárfestingarfélagið er hlutabréfasjóður sem yrði í eigu sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélagsins, Byggðastofnunar, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, atvinnufjárfesta, lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga. Stefnt yrði að því að eigið fé félagsins á Suðurlandi yrði a.m.k. 1.000 millj. kr. og kæmi stofnfé m.a. frá öllum núverandi eignum Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, öllum hlutabréfum sveitarfélaga á Suðurlandi og hluta af eigin fé Byggðastofnunar.

b. Fjárfestingarfélagið yrði skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Það hefði eigin stjórn og samningur væri gerður við atvinnuþróunarfélagið um hugsanlegan rekstur fjárfestingarfélagsins og verkefnaleit.

IX. Niðurlag.

Hér að framan hafa í stuttu máli verið reifaðar hugmyndir stjórnar og starfsmanna Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands um atvinnuþróunarfélög, hvernig eigi að koma þeim fyrir í nýrri byggðastefnu sem tæki mið af þörfum atvinnuveganna fyrir aukinn aðgang að stoðkerfi atvinnulífsins, ákvarðanatöku svæðanna í sínum eigin málum og fjárhagslega möguleika þeirra til að tryggja vöxt og viðgang stefnu sem hefur það að markmiði að gera svæðin þróttmeiri.

Fylgiskjal XI.

Rannsóknastofnun
Háskólans á Akureyri:

Samgöngur á Íslandi.
(Greinargerð unnin fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998.)

Helstu niðurstöður.

Forsendur.

- Flutningafyrirtæki stækka og stöðlun eykst, einyrkjum fækkar og landið allt verður eitt markaðssvæði fyrir allsherjarvöruflutningaþjónustur.
- Samgöngubætur sem stækka þjónustusvæði þéttbýlisstaða og stuðla að fjölbreyttu mannlífi hafi forgang.
- Í vegakerfinu öllu munu vera eftir forgangs framkvæmdir fyrir um 80 milljarða króna.
- Jarðgangagerð og þversagnir fjarða eru aðgerðir sem eru vel til fallnar til að stytta vegalengdir og auka öryggi vegasamgangna innan og milli þjónustusvæða.

Markmið með samgöngubótum.

Skilvirkasta leiðin til að ná fram eðlilegri byggðaþróun með áherslu í samgöngumálum er að:

— **Setja í forgang verkefni sem efla sterk þjónustusvæði.** Stytta þarf vegalengdir innan þjónustusvæða og gera verður átak í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði) svo að þær verði í samræmi við nútímaþarfir. Dæmi um slíkar aðgerðir á sviði vegagerðar eru ma lagning bundins slitlags á hringveg og til þéttbýlisstaða með fleiri en 200 íbúa, jarðgangagerð og brýr á firði, á sviði flug- og hafnamála að tryggja fleiri en einn hnitpunkta fyrir slíka flutninga á landinu og á sviði fjarskipta að styrkja þróunarverkefni á sviði upplýsingatækni á öllum þjónustusvæðum.

— **Til að treysta búsetu með þróun vaxtarsvæða komi sveitarstjórnir á almennings-samgöngum er njóti sérkjara við skattlagningu.** Ekki er nægjanlegt að hið opinbera tryggi stofnframlag til samgangna, athuga verður hvort ekki sé nauðsynlegt að jafna rekstrarkostnað almennings vegna samgangna.

— **Kostnaður einstaklinga sem sækja atvinnu langt að verði að hluta frádráttarbær til skatts.** Stuðla má að aukinni fjölbreytni í atvinnulífi og styrkingu þjónustusvæða á þennan hátt. Eins má útfæra þetta atriði yfir á fjarskiptakostnað, t.d. vegna tölvusamskipta, eins og gert hefur verið með talsímagjaldskrána.

Inngangur.

Greinargerðin er unnin að frumkvæði stjórnar Byggðastofnunar. Samningar tókust milli hennar og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri um úttekt á byggðamálum og tillögum til úrbóta í septembermánuði 1997.

Markmið skýrslunnar er að draga saman og fjalla um upplýsingar og tölulegar staðreyndir um samgöngur og á grundvelli þeirra upplýsinga eru mótaðar tillögur til stjórnar Byggðastofnunar um markmið og aðgerðir í byggðamálum til næstu fjögurra ára.

Bjarni P. Hjarðar, tekn. lic., forstöðumaður rekstrardeildar HA, vann að þessari samantekt undir verkefnisstjórn dr. Inga Rúnars Eðvarðssonar.

Í skýrslunni er að finna vísbendingar sem byggjast á núverandi ástandi og fyrirsjáanlegri þróun sem leggur grunn að samgöngum á Íslandi í byrjun næstu aldar.

1. Samgöngur.

Grundvallarforsenda fyrir traustu atvinnulífi og búsetu er og verður góðar samgöngur á láði, í legi og í lofti. Eins og marg oft hefur komið fram og virðist sannreynt er að vart er hægt að ætla hlut samgangna í hagkvæmum þjóðfélagsrekstri og eðlilegri byggðaþróun of lítinn. Miðað við síaukinn hraða í þróun íslenskrar þjóðfélagsgerðar er mikil vægt að líta til framtíðar með tilliti til samgangna í víðu samhengi. Samtímis liggur fyrir að miklar breytingar á búsetu eru að eiga sér stað hérlendis, en benda má á að frá árinu 1985 hefur íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgað um rúm 20% og íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um rúm 10% á sama tíma.

Til þess að Ísland byggi ein þjóð í gróandi samfélagi þarf að bæta samgöngur, því að góðar og öruggar samgöngur er skilvirkasta leiðin að því marki. Samgöngubætur kalla á umtalsverðar nýfjárfestingar, endurbætur og viðhald á vegum, jarðgöngum, höfnum og flugvöllum. Að samgöngubætur séu byggðastefna er líklega einn mesti misskilningur sem fram hefur komið, miklu fremur eru samgöngubætur fjárfestingar í innviðum samgangna sem skila sér í bættu félagslegu umhverfi þjóðarinnar sem heildar. Ekki síst veldur mikil þróun og sviði tölvu- og upplýsingatækni því að sýn á samgöngur þarfnast endurskoðunar við. Allir landsmenn, án tillits til búsetu, hafa nokkra möguleika ef samgöngur eru í þokkalegu lagi og ef jafnræðis þegnanna er gætt á öðrum sviðum. Fjarskiptatækni er þáttur sem að nokkru leyti skarast við hefðbundar samgöngur og því eðlilegt og nauðsynlegt að taka fram að fjárfestingar í fjarskiptaneti geta að hluta flokkast sem samgöngubætur. Skilgreina ætti samgöngur yfir fjarskiptanet, því að annars verður að takmarka skilgreiningu á samgöngum við flutninga á fólki og vörum, en mikill hluti samskipta nútímamannsins eru nú þegar í rauntíma.

Markmið með bættum samgöngum hlýtur að vera að samgöngur auki möguleika á atvinnurekstri og búsetu eftir landsvæðum, en um það er þróun í sjávarútvegi og fiskvinnslu skýrt dæmi. Aftur á móti sýna nýlegar kannanir á viðhorfi fólks til búsetu að fólk lítur til höfuðborgarsvæðisins vegna allrar þeirrar þjónustu, afþreyingar og félagslegra samskipta sem þar er.[1] Því blasir við að eini möguleikinn til að sporna við núverandi búseturöskun er að byggja upp sterk þjónustusvæði þar sem yfirstíga má félagslega einangrun, skort á þjónustu og afþreyingu. Ef vel tekst til má ætla að fleiri en eitt svæði geti keppt um hylli þegnanna, með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

---

[1] Stefán Ólafsson, *Búseta á Íslandi — Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, Byggðastofnun 1997.

1.1 Umfang samgangna.

1.1.1 Fjárframlög.

Ríkisvaldið hefur hingað til staðið eitt að framkvæmdum á sviði samgangna, en nýlega var breytt út frá þeirri hefð með fjármögnun Hvalfjarðarganga. Fjárframlög til samgangna á Íslandi eru um 10 milljarðar kr. á ári sem jafngildir tæpum 8% af heildarútgjöldum hins opinbera. Þar af fara um 7,5 milljarðar kr. eða tæp 70% til stofnframkvæmda, reksturs og viðhalds á vegakerfinu. Um 20% rennur til flugmála (þar af eru um 15% sértekjur vegna alþjóðasamninga og fellur það fé til á höfuðborgarsvæðinu) og rúm 10% til hafnamála. Til höfuðborgarsvæðisins fer um þriðjungur af fjármagni til vegamála eða tæpir 2,5 milljarðar kr. árlega. Þetta framlag hefur þó aukist hlutfallslega á undanförnum árum, m.a. vegna uppsafnaðs vanda á stofnbrautum í Reykjavík og nágrenni. Hafnamál eru mikið hagsmunamál landsbyggðarinnar, en til hafnamála fer rúmur 1 milljarður kr. og þá til hafna annarra en í Reykjavík.

1.1.2 Samgönguþjónusta – mannaflaþörf.

Fjöldi ársverka í samgöngum, sem skiptast í flutningastarfsemi og starfsemi Pósts og síma (nú Landssímans og Íslandspósts), hefur staðið í stað á áttunda og níunda áratugnum og verið um 2.800 ársverk. Í þessum greinum hefur verið um 12% vöxtur á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir að fjölgun ársverka hafi verið lítil hafa verið miklar framfarir undanfarin ár í samgöngumálum, svo sem í vegagerð og fjarskiptamálum, t.d. með lagningu ljósleiðara um landið. Ekki eru líkur á því að ársverkum fjölgi í þessum greinum á næstunni. Með auknu frjálsræði í fjarskiptum og tilkomu nýrra fyrirtækja, t.d. á sviði símaþjónustu, eru líkur á að tímabundið fjölgi í greininni á höfuðborgarsvæðinu, en til lengri tíma litið mun fækka í greininni, einkum á landsbyggðinni.

Segja má að yfirstjórn samgöngumála sé tvískipt, þ.e. samgönguráðuneytið sinnir skyldum framkvæmdarvaldsins að miklu leyti í þessu málaflokki og Vegagerðin annast framkvæmdir. Kostnaður vegna yfirstjórnar er um 100 millj. kr. hjá samgönguráðuneyti og tæpar 400 millj. kr. hjá Vegagerðinni, báðir þessir kostnaðarliðir koma fram í Reykjavík, en þessar upphæðir gefa til kynna að um 100 ársverk séu vegna yfirstjórnar vegamála. Eins er yfirstjórn flug- og hafnamála í Reykjavík.

1.1.3 Áhrifavaldar flutninga.

Þegar litið er til framtíðar á breytingar í flutningum á Íslandi er mikilvægt að hafa í huga að helstu áhrifavaldar á flutninga og einkum þá fólksflutninga eru eftirfarandi:

- Endurbætur á vegakerfinu.
- Þróun atvinnuhátta.
- Þörf fyrir viðskiptaferðir.
- Ferðaþjónusta.
- Fargjöld og áreiðanleiki, einkum flugsamgangna.
- Efnahagsleg afkoma.

Varðandi endurbætur á vegakerfinu, gleymist oft sú staðreynd að flutningamagn eftir vegum er mjög ámóta í báðar áttir. Augljós dæmi þessa eru t.d. fólksflutningar með einkabílum, þar sem bifreiðin á sína heimahöfn. Einföld rökleiðsla þýðir því í raun að framlög til vegamála á Íslandi, hvar sem því fé er komið fyrir, eru á vegum allra landsmanna, nánast óháð búsetu.

Þróun atvinnuhátta undanfarin ár, einkum í sjávarúvegi, hefur breytt flutningamynstri nokkuð. Sú þróun sem átt hefur sér stað mun líklega hætta, því að með æ stærri sjávarútvegsfyrirtækjum og aukningu á vinnslu afla úti á sjó munu fyrirtækin lágmarka sinn flutningskostn-

að alveg frá byrjun sem mun þýða mun minni flutninga á fiski sem hráefni milli staða á Íslandi. Vissulega er þetta verulegt áhyggjuefni fyrir byggðaþróun og hefur líklega verið vanmetið undanfarið.

Þörf fyrir viðskiptaferðir virðist vera hraðvaxandi. Landsbyggðin stendur illa í samanburði við höfuðborgarsvæðið og stafar það einkum af tvennu. Annars vegar er eignarhald fyrirtækja í útflutningi og stjórnun þeirra að flytjast í auknum mæli til höfuðborgarsvæðisins sem þýðir hraðari fjölgun viðskiptaferða á því svæði. Hins vegar er verulegt óhagræði fyrir landsbyggðarfólk í viðskiptaferðum til útlanda að þurfa að koma við á Reykjavíkurflugvelli í hverri ferð. Gagnvart landsbyggðinni væri eðlilegra að nýta Keflavíkurflugvöll fyrir innanlandsflug. Þróun í fjarskiptum, t.d. fjarfundabúnaður og gagnvirkt sjónvarp, mun að öllum líkindum ekki breyta miklu um þörf fyrir viðskiptaferðir landsbyggðarmanna, því að líklega er ekki verið að fara miklu oftar en þörf er á.

Spáð er allt að 15% árlegri aukningu í ferðaþjónustu. Ekki er fyrirséð hvernig skipting eftir tegundum samgangna verður, en það eitt er víst að allt landið verður eitt svæði í þessu tilliti. Það kallar því á miklar fjárfestingar í samgöngum um allt land, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem fjárfestingar í samgöngumannvirkjum eru litlar.

Áreiðanleiki samgangna á Íslandi er mjög háður veðri því að flestir aðrir þættir sem tengjast áreiðanleika eru vel þekktir og vel frá þeim gengið hérlendis, svo sem varðandi tæknistig og aðferðir. Umfram almenna þróun mála á þessu sviði er markviss stefna til að minnka áhrif veðurfars á áreiðanleika samgangna líklega eina atriðið sem hér verður að leggja áherslu á. Varðandi vegakerfið er því þrennt sem helst kemur til greina:

— betri vegir, þ.e. styttri, færri og tæknilega rétt gerðir,
— meiri þjónusta, svo sem snjómokstur, hálkuvörn og lýsing,
— meiri upplýsingar til ferðalanga.

Sveiflur í efnahagslegri afkomu verða ætíð til staðar, en ætla má að síaukin alþjóðavæðing, t.d. Ísland sem ferðamannaland og aukin áhersla á upplýsingatækni, mun draga úr efnahagssveiflum ef rétt er á málum haldið. Núverandi þensla í þjóðfélaginu mun leiða til umtalsverðrar fjölgunar ökutækja á næstu árum og þar með aukna umferð.

1.1.4 Fólksflutningar.

Flutningaþörf á Íslandi er mikil og sívaxandi. Umfang fólksflutninga í heild á landinu skipt eftir flutningsmáta hefur verið áætlaður af Vegagerðinni eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

Tafla 1.1. Umfang fólksflutninga á Íslandi 1997.

Máti	*Fjöldi farþega [milljónir]*	*Farþegakílómetrar [milljónir]*
Með langferðabílum	1,7	335
Með flugi	0,4	120
Með einkabílum	23	2300

Almennt má telja að flutningaþörf, einkum fólksflutningar, muni fara hraðvaxandi á Íslandi. Þó erfitt sé að sjá fyrir þróunina, er allt að 7% vöxtur í greininni að meðaltali næstu tíu árin mögulegur. Slíkur vöxtur mun kalla á verulegar fjárfestingar í öllum samgöngukerfum.

Vöruflutningar með flugi hafa farið minnkandi, eða sem svarar til um 7% á ári frá 1994 til 1996.[1]

1.2 Vegakerfið.

Lengd þjóðvega var12.342 km í ársbyrjun 1997. Þar af voru stofnvegir 4.271 km, tengivegir 3.935 km, safnvegir 2.327 km og landsvegir 1.809 km.[2] Bundið slitlag á stofn- og tengivegum er á um 3.176 km eða tæpum 40% þessara vega.

Hringvegurinn, þjóðvegur 1, er tæpir 1.400 km að lengd og hefur verið lagt bundið slitlag á rúma 1.000 km (70%) eða frá Kúðafljóti vestur og norður um land til Húsavíkur. Vegakerfi landsins og bundið slitlag á því er sýnt á mynd 1.1.



Mynd 1.1. Bundið slitlag á Íslandi í árslok 1997 (Vegagerðin).

Frá Brú í Hrútafirði um Strandir til Ísafjarðar eru 340 km, þar af eru um 40% með bundnu slitlagi, en af leiðinni milli Ísafjarðar og Reykjavíkur um Djúp og Strandir eru 62% með bundnu slitlagi. Enn á eftir að leggja bundið slitlag á tæpa 400 km af hringveginum (um 25%) og yfir 200 km á veginn til Ísafjarðar. Mynd 1.2. sýnir hæð vega yfir sjó en vetrarsamgöngur eru eðlilega oft erfiðar vegna illviðra og snjóa ef vegir liggja hátt yfir sjó. Erfiðar vetrarsamgöngur vegna illviðra og snjóalaga, ásamt einföldun á hugtakinu þjónusta að einhverju leyti, er möguleg skýring á seinagangi í vegaframkvæmdum. Vegaþjónusta skiptir verulegu

[1] Hagstofa Íslands, *Landshagir* 1997.
[2] Hagstofa Íslands, *Landshagir* 1997.

máli fyrir öll afnot af vegakerfinu. Vegagerðin reynir að skipuleggja snjómokstur eftir fyrir fram settum reglum, svonefndum snjómokstursreglum sem lýsa fyrirkomulagi vetrarþjónustu á þeim hluta vegakerfisins sem Vegagerðin þjónustar. Þar kemur fram að einungis lítill hluti hringvegarins fær daglega vetrarþjónustu, þótt gert sé ráð fyrir að opna milli svæða að minnsta kosti þrisvar í viku.



Mynd 1.2. Hæð fjallvega yfir sjó (Vegagerðin).

Glögglega sést að verulegir fjármunir munu fara til endurbóta á vegakerfinu. Ekki er óvarlegt að áætla að um 80–90 milljarða kr. þurfi til að ná fram viðunandi gæðum í vegasamgöngum hérlendis. Til dæmis má nefna að hringvegurinn liggur í yfir 600 m hæð á Austurlandi, nánar tiltekið þar sem hann liggur yfir Möðrudalsfjallgarðinn. Sá vegur þarfnast því mikilla endurbóta og uppbyggingar við, svo samgöngur um hann verði tryggari. Annað dæmi sem tengist einnig samgöngum milli þjónustusvæða væri umtalsverð stytting á vegum á Vestfjörðum, m.a. um Djúp. Dæmi um vegaframkvæmdir sem tengjast stækkun þjónustusvæða væru jarðgöng á Austfjörðum, t.d. milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

1.2.1 Tenging þéttbýlisstaða við hringveg með bundnu slitlagi.

Margir íbúar þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri eiga um malarvegi að fara á hringveg. Vegtenging þéttbýlisstaða við hringveg eru framkvæmdir sem eru dæmi um verk sem sjálfsagt má telja að sett séu í forgang. Eins og sýnt er á töflu 1.2. er enn langt í land að hringvegurinn sé lagður bundnu slitlagi og að hann sé þjónustaður þannig að umferðaröryggi sé viðunandi.

Tafla 1.2. Þéttbýlisstaðir sem ekki eru tengdir hringveginum með malbikuðum vegum.[1]

	Staðsetning malarkafla.	Lengd sem þarf að malbika, km.
Hellissandur/Rif	Fróðárheiði	15
Ólafsvík	–	
Stykkishólmur	Kerlingarskarð	14
Grundarfjörður	Kerlingarskarð/Kolgrafarfjörður	14
Búðardalur	Brattabrekka	17
Patreksfjörður	Brattabrekka/Barðastrandarsýsla	179
Tálknafjörður	–	
Bíldudalur	–	
Hólmavík	Í Hrútafirði og um Kollafjörð	50
Súðavík	Í Strandasýslu, Steingrímsfjarðarheiði og Djúpi	121
Ísafjörður	–	
Bolungarvík	–	
Suðureyri	–	
Flateyri	–	
Þingeyri	–	
Siglufjörður	Sléttuhlíð	21
Grenivík	Framnes – Grýtubakki	12
Raufarhöfn	Tjörnes, Kelduhverfi og Melrakkaslétta	131
Þórshöfn	(Sjá Raufarhöfn, en einnig) Hálsar	42
Vopnafjörður	Möðrudalsheiði	62
Fáskrúðsfjörður	Sléttuströnd og Vattarnesskriður	10
Stöðvarfjörður	Hvalnesskriður	4
Til að tengja þéttbýlisstaðina við hringveginn með malbikuðum vegum		*692*

Malarkaflar á hringveginum eru á Norðaustur- og Austurlandi (alls 251 km eða um 18% hringvegarins) og þurfa íbúar þess svæðis að fara þá leið til Reykjavíkur og Akureyrar.

Til að tengja alla þéttbýlisstaði á landinu með 200 íbúum eða fleiri þarf því að leggja **943 km** af bundnu slitlagi.

1.2.2 Vegáætlun 1998–2002.

Það sem liggur til grundvallar framkvæmda vegna samgangna á landi er tillaga til þingsályktunar um vegáætlun 1998–2002 og langtímaáætlun 1999–2010.[2] Þar vantar tillögur um jarðgangagerð og aðrar ámóta aðgerðir. Ef litið er á þessar áætlanir með tilliti til byggðaþróunar kemur í ljós að nokkuð skortir á að vegáætlun taki umtalsvert á búseturöskun umfram eðlilega þróun samgangna. Fjáröflun til vegáætlunar árin 1998–2002 er nokkuð vel skilgreind frá 7,7 milljörðum kr. á ári í upphafi tímabilsins til 9,0 milljarða kr. á ári í lok þess. Gert er ráð fyrir að alls fari um 35,3 milljarðar kr. til framkvæmda á tímabilinu.

Fé til stofnframkvæmda samkvæmt þessu er ágætlega skilgreint, en engin áætlun er til um umtalsverða styttingu vegalengda með jarðgangagerð og fjarðarþverunum auk þess sem nokkuð skortir á að skilningur fyrir þjónustu við vegi, einkum vetrarþjónustu sem miklu máli skipti varðandi samgönguöryggi og virkni þjónustusvæða, sé gefið rými í vegáætlun.

---

[1] 122. löggjafarþing 1997–98. Þskj. 300 – 81. mál. Svar samgönguráðherra.

[2] Tillaga til þingsályktunar um vegáætlun 1998–2002 og um langtímaáætlun í vegagerð, Alþingi, 122. löggjafarþing 1997–98.

1.3 Flugsamgöngur.

Þróun síðustu ára hefur verið sú að áætlunarflug hefur lagst af á skemmri leiðum, því sýna má fram á að einkabíllinn hefur yfirburði þegar aksturstími er innan við þrjár klst. Einnig má segja að hörð samkeppni ríki á vegalengdum sem taka 3–6 klst. í akstri, en að flugið hafi verulega yfirburði þegar aksturstíminn er yfir 6 klst.

Hlutverk flugsamgangna innan lands er aðallega ferns konar, þ.e. að:

- flytja farþega milli Reykjavíkur og helstu þéttbýliskjarna,
- tengja landsfjórðunga, t.d. Akureyri/Egilsstaðir og Akureyri/Ísafjörður,
- tenging innan landsfjórðunga, t.d. Akureyri/NA-land, Grímsey og Vestmannaeyjar/Suðurland,
- flutningur forgangsvöru,
- sjúkraflug og neyðarþjónusta.

Skipta má flugvöllum eftir mikilvægi í innanlandsflugi í aðalflugvöll, safnflugvelli og svæðisflugvelli. Samkvæmt þessari skiptingu er flugvöllurinn í Reykjavík aðalflugvöllur en flugvellirnir á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði safnflugvellir. Á árinu 1992 voru alls 34 áætlunarflugvellir á landinu og er þá alþjóðaflugvöllurinn í Keflavík meðtalinn. Áætlunarflug var til 29 valla. Gera má ráð fyrir því að mikilvægi safnflugvalla aukist og þurfa þeir því að vera vel tengdir nágrannabyggðarlögum með góðum vegum.

Mikilvægi flugvallar fyrir þjónustusvæði má meta eftir hlutfalli farþega, sem fara um flugvöllinn, af íbúafjölda í umdæminu. Sé þessari aðferð beitt voru mikilvægustu flugvellir í landinu árið 1995 í Grímsey þar sem farþegafjöldi er um 25 sinnum íbúatala í eynni og í Vestmannaeyjum er talan um 16. Þriðji í röðinni er flugvöllurinn á Ísafirði að meðtöldum flugvöllunum á Þingeyri og Flateyri en flugfarþegar um þessa velli eru um 10 sinnum íbúafjöldinn. Á þjónustusvæði Egilsstaða, á Akureyri og á Patreksfirði með Bíldudal er fjöldi ferða á íbúa tæplega 7, á Hólmavík og Gjögri um 2,5, á Höfn í Hornafirði eru 5,5 flugfarþegar fyrir hvern íbúa á ári. Á Reykjavíkurflugvelli er umferðin rétt rúmlega tveir á íbúa, en vegið meðaltal fyrir landið er um 2,9. Heildarfjöldi flugfarþega í innanlandsflugi árið 1997 var um 400.000 eða 1,5 sinnum fjöldi landsmanna og hafði fjölgað um 7% frá árinu 1996.[1]

Athyglisvert er að farþegum í innanlandsflugi hefur fjölgað að meðaltali um 2% á ári sl. sjö ár. Einnig má bæta við að afnám sérleyfa hefur valdið verulegri lækkun fargjalda og fjölgun farþega undir lok ársins 1997. Afnám sérleyfa þyddi um 12% aukningu á síðari hluta ársins. Virðist sú breyting ætla að vara nokkuð lengur og valda mun meiri fjölgun en meðaltalsfjölgun farþega undanfarin ár.

Samkvæmt erindi flugmálastjóra er erfitt að spá með neinni vissu um þróunina á næstu árum, en unnið er að gerð spálíkans um næmni farþegaflugs.[2]

Flugtími frá Íslandi til Evrópu er 3–5 tímar, til Norður-Ameríku 5–8 tímar og til Japans um 10 tímar. Einnig má benda á að Ísland liggur á stórbaugslínu milli Washington og Moskvu. Þetta þýðir að til staðar eru alþjóðlegar forsendur fyrir mikilvægi Íslands í alþjóðaflugi. Gerð varaflugvallar á Austurlandi er skýrt dæmi þess að Ísland er þátttakandi í alþjóðaflugi, auk þess sem Íslendingar sinna mjög stóru flugumferðarstjórnarsvæði.

Það sem á vantar hérlendis er að nýting samgöngumannvirkja eins og alþjóðaflugvalla verði aukin. Athuga ætti m.a. hagkvæmni útflutnings á hágæðavörum frá Egilsstaðaflugvelli

---

[1] Landshagir 1997 og Þorgeir Pálsson, ráðstefna á vegum RHA og samgönguráðuneytisins, Akureyri, 22. nóvember 1997.

[2] Þorgeir Pálsson, ráðstefna á vegum RHA og samgönguráðuneytisins, Akureyri, 22. nóvember 1997.

og hvaða forsendur þurfi til slíks, t.d. kæli- og/eða frystigeymslur o.s.frv. Í því samhengi væri fróðlegt að skoða fyrirkomulag flugs á Íslandi með tilliti til byggðasjónarmiða, m.a. hvort réttlætanlegt sé að hnútpunktur í innanlandsflugi verði við alþjóðaflugvöllinn á Miðnesheiði. Nýjasta fjarskiptatækni og stækkun höfuðborgarsvæðisins gætu verið þeir áhrifavaldar sem réttlættu endurmat á núverandi staðsetningu aðalflugvallar innanlandsflugs.

1.4 Hafnir.

Þróun í hafnamálum hérlendis er lík því sem verið hefur á meginlandi Evrópu, að flutningahöfnum verði skipt í aðalhafnir, sem hér yrði Reykjavík, safnhafnir og svæðishafnir fyrir viðkomandi samgöngusvæði. Aðrir flokkar hafna eru fiskihafnir, iðnaðarhafnir og ferjuhafnir. Með bættum samgöngum á landi milli hafna geta hafnir á sama svæði verið undir einni stjórn og þannig komist á verkaskipting milli hafnanna. Stofnun svæðisbundinna hafnasamlaga er mikilvægt skref til að ná þessu markmiði.

Flutningar um hafnir eru inn- og útflutningur á verslunar- og iðnaðarvöru og upp- og útskipun sjávaraflans. Vegna þessa þarf að tollafgreiða skip í höfnunum og eru nokkrar hafnir í landinu lögum samkvæmt aðaltollhafnir. Í þeim höfnum eru skip tollafgreidd en jafnframt má með heimild tollgæslustjóra tollafgreiða skip í öðrum höfnum. Reykjavíkurhöfn er langstærsta höfn landsins. Helmingur af út- og innflutningi til landsins fer um hana (35–40%) og hafnirnar í Straumsvík og á Grundartanga (15–20%)[1]. Samkvæmt spá er ætlað að vöxtur í vöruflæði sé árlega um 3–4% eða sem samsvarar um 40% aukningu á tíu árum og tvöföldun á 20 árum.

Bættar landsamgöngur hafa aukið hlut landflutninga á skemmri leiðum og draga úr þörf fyrir vöruflutningahafnir. Þessar breytingar gera samræmingu milli einstakra samgönguþátta enn nauðsynlegri. Breytingar í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja munu tímabundið valda auknum vöruflutningum. Stafar þetta m.a. af eftirfarandi þróun í sjávarútvegi (tafla 1.3).

Tafla 1.3. Sjávarútvegur og fiskvinnsla fyrr og nú.[2]

Fyrr	***Nú***
Öll starfsemi í sama byggðarkjarna	— Starfsemi víða um land
Eitt vinnsluhús en margar vinnslugreinar	— Sérhæfð vinnsluhús
Skip landa eingöngu í heimahöfn	— Sérhæfð skip, landað á hagstæðasta löndunarstað
Hár aldur hráefnis	— Aldur hráefnis lækkað
Miklar afurðabirgðir	— Virkur veiðitími aukinn
Miklar rekstrarvörubirgðir	— Tíðir flutningar aðfanga og afurða

Hér er lögð áhersla á að aukning í flutningi á fiski og fiskafurðum er tímabundin. Stafar þetta af því að allt bendir til þess að fyrirtæki í sjávarútvegi muni lágmarka flutningskostnað sinn þegar við veiðar á fiskinum auk þess sem fjölbreyttari fullvinnsla úti á sjó verði hagkvæmur kostur fyrir æ stærri fyrirtæki, sem ráðstafa kvóta sínum milli einninga innan lands á besta máta.

---

[1] Sjá m.a.: Samgönguráðuneytið, *Lífæðar lands og þjóðar*, 1991.

[2] M.a. eftir Ara Þorsteinsson, ráðstefna á vegum RHA og samgönguráðuneytisins, Ak., 22.11.1997.

1.5 Sími og fjarskipti.

Fjarskiptakerfið skiptir sífellt meira máli í jöfnun lífskjara og möguleikum til atvinnurekstrar óháð staðsetningu. Vel hefur verið staðið að uppbyggingu stafræns símkerfis í landinu með uppsetningu stafrænna símstöðva, stafrænna örbylgjusambanda og með lagningu ljósleiðara hringinn í kringum landið. Núverandi fjarskiptakerfi gerir kleift að byggja upp ýmsa þjónustu, svo sem farsímakerfin (NMT, GSM o.fl.) og háhraðagagnaflutningsnet sem gerir tölvusamskipti örugg og greið um allt land. Ljósleiðaranet tryggir umtalsverða flutningsgetu um nokkra framtíð, t.d. vegna gagnvirkra sjónvarpssendinga. Tækniþróun á þessu sviði tryggir aukið þjónustuframboð, aukna eftirspurn, lækkandi verð og jöfnuð í gjaldskrá.

Fjárfestingar á sviði fjarskipta munu beinast í auknum mæli að notendahliðinni, þ.e. að fjölbreyttari notkun á fjarskiptakerfinu verður látin hafa forgang. Þar munu allir landsmenn geta setið við sama borð ef lágmarksjöfnuðar er gætt.

2. Tillögur til úrbóta.

Sá tími gæti komið að fólk kysi heldur búsetu í fámennari samfélagi, þó svo að óskir fólks um framboð á ýmiss konar þjónustu, listum og afþreyingu snúist um það sem einungis er hægt að bjóða fram á stærstu þéttbýlisstöðunum. Hlutverk stjórnvalda er að sjá til þess að fólki sé gert kleift eftir því sem kostur er að kjósa sér búsetu og hljóta góðar og öruggar samgöngur að skipta þar miklu.

Telja má að þær áætlanir sem hafa verið settar fram, einkum vegáætlun sem byggir á ákveðnu umfangi í fjárfestingu, tryggi viðunandi þróun núverandi vegakerfis til ársins 2010. Vegáætlun tengist þó ekki byggðarsjónarmiði á nokkurn hátt, umfram það sem kalla mætti núverandi lágmarksréttindi þegnanna óháð búsetu. Frá byggðasjónarmiði er nauðsynlegt að vegáætlun sýni fram á eflingu þjónustusvæða með umtalsverði styttingu vegalengda innan þeirra, sem milli þeirra. Það markmið að höfuðborgarsvæðið eigi skilyrðislaust að veita meiri hluta sameiginlegrar þjónustu við þegnanna hlýtur að leiða af sér búseturöskun. Því er nauðsynlegt að leggja fram áætlanir sem annars vegar leiða af sér fjölbreyttara mannlíf á landsbyggðinni og einnig áætlanir sem tryggja aðgang allra landsmanna að þeirri þjónustu sem veitt er, óháð búsetu.

Framkvæmdir sem tryggja öruggar samgöngur út frá þéttbýlisstöðum eru dæmigerðar fyrir aðgerðir sem hafa sérstakt gildi fyrir þróun byggðar. Í ýmsum tilvikum gildir þetta einnig um vegasamgöngur milli þéttbýlisstaða. Jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði eru dæmi um slíkt. Í samgöngumálum eru mikilvægustu markmiðin samgöngubætur sem stækka þjónustusvæði þéttbýlisstaða ásamt því að bæta samgöngur þessara svæða við höfuðborgarsvæðið og greiða fyrir samskiptum milli einstakra landshluta.

Það sem skiptir meginmáli fyrir þróun einstakra byggðarlaga er hvernig samgöngur eru innan þess, til annarra þjónustusvæða og við höfuðborgarsvæðið. Á undanförnum árum hafa orðið verulegar vegabætur sem auðvelda þjónustu þéttbýlisstaða við þjónustusvæði sín. Víða á þó enn eftir að hækka vegi og tryggja samgöngur. Á örfáum stöðum eru eftir meiri háttar framkvæmdir sem stækka þjónustusvæði svo verulegu máli skiptir. Í vegakerfinu öllu munu vera eftir framkvæmdir fyrir um 80 milljarða króna. Umfangsmestu framkvæmdirnar sem eftir er að ráðast í eru gatnagerðarverkefni á höfuðborgarsvæðinu, brúargerð, svo sem þveranir fjarða á Vestfjörðum og jarðgöng, einkum á Austfjörðum.

Sjávarútvegurinn er mun háðari samgöngum á landi en hann var áður fyrr. Samgöngubætur sem felast í umtalsverðri styttingu vegalengda og meiri áreiðanleika hafa gjörbreytt aðstæðum í viðkomandi byggðum. Þar með breytist grundvöllur fyrir þjónustu, vinnusókn, rekstri stofnana og svo framvegis.

Til lengri tíma litið verður að gera ákveðna fyrirvara, því að fyrirsjáanlegt er að sjávarútvegsfyrirtæki munu ná fram umtalsvert meiri hagræðingu á næstu árum og verður það einkum gert með betri stýringu á öllu ferlinu frá veiðum til sölu. Nokkuð ljóst er að hámarkshagnaður næst ef fyrirtækin lágmarka sinn flutningskostnað og líklega þýðir það kröfu um minni landflutninga fyrir öflugustu fyrirtækin.

Framkvæmdir í einum þætti samgöngukerfisins hafa áhrif á aðra þætti þess. Augljóst er að vegaframkvæmdir draga úr mikilvægi annarra þátta samgöngukerfisins og má nefna að þjónustusvæði höfuðborgarinnar hefur farið stækkandi á undanförnum árum vegna bættra vegasamgangna. Samtímis gefur þetta fyrirtækjum á landsbyggðinni tækifæri til að framleiða vörur fyrir markað á höfuðborgarsvæðinu. Afleiðingin er sú að tryggja verður afhendingu á stærstu mörkuðum, jafnvel með dags fyrirvara, hvaðan sem er af landinu. Slíkt er einfaldlega ekki mögulegt nema með góðri vetrarþjónustu og betra vegakerfi. Þar með eru komin ákveðin rök fyrir bættum samgöngum, því að líklega mun það tryggja samkeppni í verslun og þjónustu um allt land, öllum landsmönnum til hagsbóta.

Besta leiðin til að styttingar vegalengdar og til að auka öryggi samganga, er viðamikil brúargerð og jarðgangagerð. Slíkt hentar á mörgum stöðum á Íslandi eins og dæmi um Gilsfjarðarbrú, Vestfjarðagöng og Hvalfjarðargöng sýna.

Ef taka ætti dæmi um slík verkefni sem bíða úrlausnar væri hægt að nefna norðanvert Snæfellsnes, en þar ætti að reyna að stytta vegalengdir með fjarðarþverunum. Eins ætti að nýta fé til vegagerðar á Vestfjörðum, einkum Djúpvegar, til umtalsverðrar brúargerðar sem stytti vegalengdir og gæfi forsendur fyrir meira umferðaröryggi. Á Austurlandi er vegtenging milli Héraðs og Vopnafjarðar auk mögulegrar færslu á hringvegi af Breiðdalsheiði yfir á fjarðaleiðina með jarðgöngum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar augljósustu dæmin um stækkun þjónustusvæða með styttingu vegalengda og auknu öryggi í samgöngum, auk annarra vegabóta milli þéttbýlisstaða þar.

2.1 Úrbætur.

2.1.1 Bein jöfnun.

— Öryggi í samgöngum á landi verði aukið, einkum með styttingu vegalengda sem byggist á gerð jarðganga og brúa, en einnig með aukinni vetrarþjónustu við vegakerfið.
— Gert verði átak í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði) svo að þær verði í samræmi við nútímaþarfir.
— Til að treysta búsetu með þróun vaxtarsvæða komi sveitarstjórnir á almenningssamgöngum er njóti sérkjara við skattlagningu.

2.1.2 Óbein jöfnun.

— Stutt verði við þróunarverkefni sem lúta að hagnýtingu fjarskipta til jöfnunar á búsetukjörum.
— Kostnaður einstaklinga sem sækja atvinnu langt að verði að hluta frádráttarbær til skatts.
— Athugaðir verði sérstaklega kostir forflugs til Keflavíkur vegna flugsamgangna við útlönd.

3. Tilvísanir.

122. löggjafarþing 1997–98. *Þskj. 300 – 81. mál.* Svar samgönguráðherra.

Ari Þorsteinsson, *ráðstefna á vegum RHA og samgönguráðuneytisins,* Akureyri, 22. nóvember 1997.

Hagstofa Íslands, *Landshagir,* 1997.

Samgönguráðuneytið, *Lífæðar lands og þjóðar,* 1991.

Stefán Ólafsson, *Búseta á Íslandi — Rannsókn á orsökum búferlaflutninga,* Byggðastofnun 1997.
Tillaga til þingsályktunar um vegáætlun 1998–2002 og um langtímaáætlun í vegagerð, Alþingi, 122. löggjafarþing 1997–98.
Þorgeir Pálsson, *ráðstefna á vegum RHA og samgönguráðuneytisins,* Akureyri, 22. nóvember 1997.

Fylgiskjal XII.

Guðmundur Lúther Loftsson,
Fyrirtækjaþjónustu símans:

Tillögur að bættum fjarskiptum Byggðastofnunar.

Tillögur þær sem hér fara á eftir eru til Byggðastofnunar og snúa að fullkomnum samskiptum með myndsímum og hraðvirkari gagnaflutningi.

Þeir staðir sem um ræðir og tillögur að hraðari og betri gagnasamskiptum miðast við eru: Akureyri, Húsavík, Egilsstaðir, Selfoss, Vestmannaeyjar, Keflavík, Borgarnes, Ísafjörður, Reykjavík, Höfn, Blönduós og Sauðárkrókur þar sem miðað er við að aðalskrifstofur Byggðastofnunar verði staðsettar. Verði um fleiri eða aðra staði að ræða gildir þetta verð þar einnig.

Uppsetning búnaðarins verður samkvæmt tilboði þegar nær dregur afhendingu hans.

Þá er forsvarsmönnum Byggðastofnunar boðið að koma í myndfundaver Landssímans í Kirkjustræti til kynningar á þeim búnaði sem fram kemur í tillögum þessum. Óski forsvarsmenn eftir þessari kynningu er þeim bent á að hafa samband við undirritaðan í síma 550 7704.

Í meðfylgjandi tillögum er gerður fyrirvari um breytingar á gengi en verð í þeim miðast við gengi bandaríkjadals, USD, mánudaginn 19. janúar 1998.

Þá er einnig gerður fyrirvari um afgreiðslu búnaðarins í gegnum tollafgreiðslu og vöruflokka.

Helstu niðurstöður.

Í tillögum þessum er leitast við að tengja saman skrifstofur á vegum Byggðastofnunar um land allt með tvö meginmarkmið í huga.

Í fyrri lausninni er gert ráð fyrir fullkomnum samskiptum með myndsímum. Þá fylgir mynd máli og nýjasta samskiptatækni myndsímans er nýtt fyrir starfsmenn. Um er að ræða vandaðan búnað í sérherbergi á Sauðárkróki en á PC tölvu í útibúum. Með þessu móti geta starfsmenn haldið fundi sín á milli og reyndar fengið leigt myndfundaver Landssímans í Reykjavík ef halda á stærri fundi með aðilum í Reykjavík. Seinni lausnin gerir ráð fyrir því að sérfræðingar Byggðastofnunar geti haft öflug gagnasamskipti sín á milli þannig að staðbundin vinna getur auðveldlega nýst á öðrum stað.

Kostnaður við þessar tillögur er eftirfarandi í kr.:

	Stofnkostnaður	Rekstrarkostnaður á ári
Myndsímabúnaður	12.765.312	2.821.440
Gagnaflutningur	1.090.149	534.216
Samtals	***13.855.461***	***3.355.656***

Ekki er um nákvæman rekstrarkostnað að ræða fyrir myndsímabúnað þar sem kostnaðurinn fer mikið eftir notkun búnaðarins. Í þessu dæmi er gert ráð fyrir að haldnir séu fundir einu sinni í viku sem stendur í eina klst. hver. Til þess að hægt sé að tengja alla þessa staði saman verður að nota myndsímatengibrú Landssímans og er verð á henni 4.000 á klst. Þá er mánaðargjald fyrir grunntengingu 1.920 kr. og mínútugjald er 1,56 kr.

Lausn A. Myndsímabúnaður.

Hér á eftir koma tillögur að myndsímabúnaði fyrir Byggðastofnun. Þessar tillögur miðast annars vegar að því að gert er ráð fyrir einum myndsímabúnaði í fundarherbergi á Sauðárkróki. Hins vegar er gert ráð fyrir myndsímabúnaði í tölvur á öðrum stöðum sem Byggðastofnun er með skrifstofur á.

A) PictureTel Venue 2000 Model 50.

Hér á eftir kemur tillaga að myndsímabúnaði sem staðsettur verður í fundarherbergi á Sauðárkróki. Um er að að ræða búnað sem kallaður er PictureTel Venue 2000 Model 50. Þessi búnaður gerir fyrirtækjum það auðveldara að tengja saman marga aðila á myndsímafundi, svo sem milli deilda og annarra staða um heim allan. Helstu kostir Venue 2000 Model 50:

- Gerir notanda kleift að byrja með fullkominn myndsímabúnað.
- Býður upp á flesta hraða sem hægt er að nota, allt frá 56 kb/s til 384 kb/s.
- Notast er við H.320 alþjóðlegan staðal fyrir myndsímafundi.
- Notendaviðmót búnaðarins er mjög gott og einfalt í notkun.
- Auðvelt er að vinna með skjöl með öðrum fundarmönnum.

Um er að ræða fullkominn myndsímabúnað með mestu gæðum sem þekkjast á meðal notenda myndsímabúnaðar. Innifalið í PictureTel Venue 2000 Model 50 er fjarstýring, myndavél, hljóðnemi og hágæðahljóðkerfi.

Þessi búnaður kostar í kr.:

	Verð	Vsk.	Samtals
PictureTel Venue 2000 Model 50	1.514.815	371.130	1.885.945
Sjónvarp	100.480	24.620	125.100
Live Share	20.751	5.084	25.835
Hraðaaukning	373.516	91.511	465.027
Þrjár grunntengingar	43.131	10.569	53.700
Samtals			***2.555.607***

Live Share er búnaður sem gerir Venue 2000 Model 50 það kleift að fundarmenn geti unnið saman með skjöl á milli fundarstaða. Hraðaaukning sú sem rætt er um er nauðsynleg til þess að hægt sé að ná fram mestu gæðum á fundinum.

Aukabúnaður.

Boðið er upp á fjölbreyttan aukabúnað með PictureTel Venue 2000 Model 50. Eftirfarandi er búnaður sem gott getur verið að hafa til þess að gera fundinn auðveldari og skilvirkari.

	Verð kr.	Vsk.	Samtals kr.
Hjólaborð fyrir 29–32"skjá með hátölurum fyrir hljóðkerfið. Á hjólaboði þessu er auðveldara að geyma myndsímabúnaðinn og færa hann til sé þess þörf.	208.472	51.076	259.548
Skjalamyndavél Doc 200 P. Fundarmenn geta verið með kynningar og skjöl og lagt á myndavélina. Þannig geta aðrir fundarmenn skoðað þessi skjöl og kynnt sér innihald þeirra.	294.285	72.100	366.385
Samtals			***625.933***

B) PictureTel Live 200.

Búnaðurinn sem hér um ræðir og er kallaður Live 200 er til notkunar á PC tölvum sem nota Windows 95 eða NT. Live 200 búnaðurinn er til þess gerður að auðvelda notendum að ræða saman á myndsímafundi og um leið að vinna saman með skjöl. Með Live 200 er notendum gert það kleift að koma á fundi hvenær sem er við aðra notendur myndsímabúnaðar. Helstu kostir PictureTel Live 200 eru:

- Sérstæð heildarlausn fyrir PC tölvur sem inniheldur nauðsynlegan hugbúnað, myndavél og hljóðkerfi.
- Búnaðinn er hægt að nota á hvaða vél sem er með Windows 95 eða Windows NT.
- Búnaðinn er hægt að nota við fundi milli tveggja staða eða fleiri, hvort sem um er að ræða hljóð eða mynd, og gerir notendum auðveldara að skiptast á upplýsingum eða hugmyndum.
- Búnaðurinn er byggður á H.320 staðli sem er alþjóðlegur staðall fyrir myndsímabúnað og gerir notendum því kleift að hafa samskipti við aðra aðila sem hafa búnað sem byggður er á sama staðli.
- Þá er búnaðurinn einnig byggður á T.120 staðli sem er alþjóðlegur staðall fyrir skjalasamskipti.
- Búnaðurinn er notaður á ISDN sem tryggir mikinn hraða á fundum og t.d. að Interneti.
- Hægt er að halda fundi á 64 kb/s – 384 kb/s hraða.
- Spjald sem fer í PC tölvu er með NDIS inngang (driver) sem leiðir til þess að ekki er nauðsynlegt að kaupa annað spjald til þess að tengjast Internetinu.

Búnaður þessi er með FlipCam myndavél og hátalarasíma sem fleiri en einn geta notað. FlipCam myndavélin er með stillanlega fjarlægð, skerpu og birtu, sem hægt er að nýta til að taka myndir hvort sem er af fundarmönnum eða beina henni beint á borð (með hjálp myndavélarstands) og nýta hana þannig sem skjalamyndavél.

Þessi búnaður kostar í kr.:

	Verð	Vsk.	Samtals
PictureTel Live 200	210.527	51.579	262.106
Hraðaaukning	207.509	50.840	258.349
Fjölrásabúnaður	284.337	69.663	354.000
Þrjár grunntengingar	43.131	10.569	53.700
Samtals			***928.155***

Gagnaflutningur.

Þegar kemur að almennum gagnaflutningi er markmiðið að samskiptanet Byggðastofnunar verði öruggt og hraðvirkt. Til þess hentar háhraðanet Landssímans mjög vel.

Háhraðanetið er víðnet sem teygir sig um allt land og gerir mörgum kleift að skiptast á flóknum tölvugögnum með einföldum og öruggum hætti. Háhraðanetið byggist upp á fyrirferðarlitlum leiðstjórum sem komið er upp hjá notendum og tengjast þeir um leigulínur, mjög öflugum leiðstjórum í símstöðvum. Símstöðvarleiðstjórarnir koma á samböndum milli landshluta og skila gögnum rétta leið með örskotshraða.

Ýmsir möguleikar standa nú til boða til þess að tengjast háhraðanetinu. Flestir notendur eru tengdir í gegnum leigulínu í næstu hnútstöð. Einnig er hægt að hringja inn á netið og komast í samband við þá sem eru tengdir netinu í gegnum leigulínu og nýjasti valkosturinn er aðgangur í gegnum samnet símans (ISDN).

Ef tekin er tenging um háhraðanetið er um að ræða 2 km 64 kb/s fastalínu innan bæjar á hverjum stað sem tengist svo við háhraðanet Landssímans.

Þessar tengingar kosta í kr.:

	Stofngjald	Mánaðargjald
Leigulína 64 kb/s, 2 km	32.860	8.703
Háhraðanet 64 kb/s	56.025	29.880
Samtals	***88.885***	***38.583***

Hægt er að fá aðgang að internetinu í gegnum háhraðanetið. Til þess að þetta sé mögulegt verður að taka eina háhraðanetstengingu sem minnst er á hér að framan sem háhraðanet með internetaðgangi. Þá er einnig ráðlegt að þessi háhraðanetsaðgangur sé hraðvirkari en annar aðgangur að háhraðanetinu. Kerfið verður þá þannig uppbyggt að allir staðirnir tengjast háhraðanetinu og í gegnum það komast þeir inn á þessa einu tengingu og þaðan inn á internetið. Þessi eina tenging verður því að vera heldur hraðvirkari til þess að allir eigi greiðan aðgang að internetinu.

Kostnaðurinn við þessa tengingu er í kr.:

	Stofngjald	Mánaðargjald
Leigulína 2 km, 128 kb/s	39.581	10.452
Háhraðanet 128 kb/s	72.833	99.351
Samtals	***112.414***	***109.803***

Verði þessar tengingar teknar á öllum þeim stöðum sem Byggðastofnun hyggst vera með útibú á verður veittur 10% afsláttur af afnotagjöldum.

Fyrirvari er þó um það að settur verið upp háhraðanetspunktur á Blönduós sem verður að öllum líkindum gert. Ef ekki, mun þurfa að taka þessa tengingu með fastri línu til Sauðárkróks.

Bent skal á að þessi kostnaður gildir ekki þar sem Byggðastofnun er nú þegar með háhraðanetstengingar. Ef stækka verður tengingar sem stofnunin er þegar með greiðir hún mismun á stofngjaldi þeirrar tengingar sem fyrir er og þeirrar sem stækkað er upp í. Þá mun afnotagjaldið hækka að sama skapi.

ISDN.

Einnig kemur til greina að nota grunnteningar ISDN til gagnaflutnings. Með notkun á ISDN fæst 64 kb/s flutningsgeta með möguleika á 128 kb/s. Með því að nota ISDN grunntengingar gefst sá kostur að samnýta tengingar bæði til myndsímafunda og gagnaflutnings. Kostnaður við notkun ISDN er þó að stærstum hluta breytilegur en ekki fastur eins og í háhraðanetinu.

Kostnaður við þessa tillögu er í kr.:

	Stofngjald	Mánaðargjald	Mínútugjald
Grunntenging	17.900	1.920	1,56

Rekstrarkostnaður er breytilegur vegna mínútugjalds.

Fylgiskjal XIII.

Rannsóknastofnun
Háskólans á Akureyri:

Upplýsingatækni og byggðaþróun.

(Greinargerð unnin fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998.)

Helstu niðurstöður.

- Höfuðborgarsvæðið er með um og yfir 50% fleiri (34% á móti 22%) í aldurshópnum 22–25 ára en landsbyggðin, en þetta er sá hópur sem gjarnan leggur stund á háskólanám.
- Fjöldi sérfræðinga er rúmlega tvöfalt meiri hlutfallslega á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, eða um 18% á móti tæpum 8% árið 1996.
- Um fjórum sinnum færri verk- og tæknifræðingar eru í opinberri þjónustu á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu.
- Lægra hlutfall verk- og tæknimenntaðra manna er á Íslandi en í helstu samkeppnislöndum.
- Verið er að mennta um 70 manns á ári í tölvu- og upplýsingatækni hérlendis, alla á höfuðborgarsvæðinu, og er það hvergi nærri nóg til að uppfylla þarfir atvinnulífsins.
- Nútímafjarskipti og notkun upplýsingatækni eru að verða forsenda atvinnusköpunar í dreifbýli, en skapa ekki störf ein sér.

Skilvirkasta leiðin til að ná fram eðlilegri byggðaþróun með hagnýtingu upplýsingatækninnar er að:

- Tryggja bestu mögulega fjarskiptatækni um allt land.
- Stórefla tækni- og verkmenntun á landsbyggðinni.
- Stofna og/eða flytja skráningar-, eftirlits- og fjármálastofnanir frá höfuðborgarsvæðinu að hluta eða í heild.

Inngangur.

Greinargerðin er unnin að frumkvæði stjórnar Byggðastofnunar. Samningar tókust milli hennar og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri um úttekt á byggðamálum og tillögum til úrbóta í septembermánuði 1997.

Markmið skýrslunnar er að draga saman og fjalla um upplýsingar og tölulegar staðreyndir um einstaka þætti byggðamála hér á landi og sambærilegra svæða í nágrannalöndum, með tilliti til upplýsinga- og fjarskiptatækni og grundvelli þeirra upplýsinga eru mótaðar tillögur til stjórnar Byggðastofnunar um markmið og aðgerðir í byggðamálum til næstu fjögurra ára.

Tekn. lic. Bjarni P. Hjarðar, forstöðumaður rekstrardeildar Háskólans á Akureyri, vann að þessari samantekt undir verkefnisstjórn dr. Inga Rúnars Eðvarðssonar.

Í skýrslunni er að finna vísbendingar sem byggjast á núverandi ástandi og fyrirsjáanlegri þróun sem leggur grunn að íslenska þekkingarþjóðfélaginu.

1. Upplýsingatækni.

Til að átta sig á eðli upplýsinga og upplýsingatækni er nauðsynlegt að skilgreina lauslega helstu eiginleika þessarar tækni. Ein möguleg uppsetning á slíkri skilgreiningu er að um beitingu upplýsingatækni gildi að:

- Hráefnið eyðist ekki við notkun.

- Upplýsingar verða meiri að vöxtum því oftar og betur sem þær eru nýttar.
- Starf við upplýsingar nálgast það að vera óháð tíma og rúmi.
- Fámenni og fjarlægðir teljast vart lengur markverðar hindranir.

Vöxtur í þjónustugreinum er eitt helsta einkennið á hagþróun nútímans og tengist þéttbýlismyndun. Sá vöxtur sem á sér stað innan einkageirans fylgir mannfjöldaþróun að miklu leyti og frá því sjónarmiði eru ekki líkur á miklum vexti á landsbyggðinni. Hins vegar eru vaxtarmöguleikar verulegir í mörgum þjónustugreinum, svo sem tölvu- og gagnaþjónustu við atvinnurekstur, sem geta verið á landsbyggðinni. Forsenda fyrir vexti þeirra er þó í mörgum tilvikum sú að sterk þjónustusvæði og byggðakjarnar nái að myndast.

Niðurstaðan er því sú að hagnýting upplýsingatækni og sú stefna að byggja hluta framtíðarþróunar íslensks þjóðfélags á öflugu fjarskiptakerfi og hagnýtingu þess m.a. á sviði úrvinnslu upplýsinga mun þýða að það:

- Dregur úr áhrifum dreifðrar búsetu og landfræðilegrar einangrunar Íslands.
- Möguleikar skapast á atvinnutækifærum utan stærstu þéttbýliskjarna.
- Hagvöxtur eykst og forsendur styrkjast fyrir því að félagslegt jafnvægi náist.

1.1 Umfang greinarinnar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

1.1.1 Atvinnusköpun vegna upplýsingatækni.

Ein vísbending um hvar vaxtabroddum í upplýsingaþjóðfélaginu er sinnt felst í að athuga búsetu fólks á háskólaaldri. Ljóst er að höfuðborgarsvæðið er með um og yfir 50% fleiri (34% á móti 22%, samanber mynd 1.1) í aldurshópnum 22–25 ára en landsbyggðin. Ljóslega er hér um gífurlegan mun að ræða, því hlutfall fólks sem er á starfsaldri er almennt svipað á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.[1]



Mynd 1.1 Hlutfall fólks á háskólaaldri á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

[1] Hagstofa Íslands, *Landshagir* 1997.

Óhætt er að fullyrða að þessar tölur benda til hættu á þekkingarþurrð og nýsköpunarneikvæðni á landsbyggðinni. Hvort tveggja er talinn einn mesti galli við búsetu á landsbyggðinni samkvæmt rannsókn á búsetuþróun og áhrifavöldum búferlaflutninga á Íslandi.[1] Þar að auki veldur þessi búsetuflutningur verulegri veltuaukningu á höfuðborgarsvæðinu og stuðlar að þenslu þar. Þar á móti kemur að Íslendingar verja mjög litlu til háskólastigsins ef miðað er við OECD-ríkin og sést því að landsbyggðin ber hér mjög skertan hlut frá borði.

Þessu til frekari staðfestingar, en einnig til að sýna fram á mikinn þátt hins opinbera í þessu ójafnvægi mannauðs milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, sem m.a. leiðir af sér mismunandi getu til nýsköpunar, er fjöldi sérfræðinga í starfi. Eins og sést á mynd 1.2 eru miklu fleiri sérfræðingar hlutfallslega á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, eða um 18% á móti tæpum 8% árið 1996.[2] Þetta þýðir einfaldlega að forsendur fyrir nýsköpun, þekking og færni þeirra sem henni eiga að hrinda í framkvæmd, eru umtalsvert meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Telja má líklegt að um algeran lágmarksfjölda sé að ræða meðal þeirra sem starfa sem sérfræðingar á landsbyggðinni.



Mynd 1.2 Sérfræðingar í starfi – höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

Eins og sjá má er þróunin sú að umtalsvert meiri fjölgun sérfræðinga á sér stað á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þessi þróun mála er mjög alvarleg með tilliti til upplýsingatækni og þekkingarsamfélagsins, því almennt er ætlað að upplýsingatæknin og fjarskipti

[1] Stefán Ólafsson, *Búseta á Íslandi – Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, Byggðastofnun 1997.
[2] Hagstofa Íslands, *Landshagir 1997*.

eigi að geta jafnað út þennan aðstöðumun, en ekki auka tilhneigingu til fjárfestingar á dýrustu landsvæðunum.

Almennt er talið að rafeindaiðnaðurinn (tölvu- og upplýsingatæknigeirinn) sé ein mikilvægasta grein efnahagslífsins um þessar mundir og verði svo í nánustu framtíð. Þ.e. að þjóðfélagsgerðir sem byggjast á tækniframförum, t.d. hin íslenska, verði við lýði a.m.k. næstu áratugi. Framfarir í tölvumálum, fjarskiptum, heimilistækjum (sjónvörpum, hljómflutningstækjum o.fl.), læknavísindum, geimvísindum o.fl. greinum eru mjög háðar rafeindaiðnaðinum. Helsta hráefni rafeindaiðnaðarins er þekking. Það birtist bæði í sífelldum vísinda- og tækniuppgötvunum og örri tækniþróun. Þekkingin er bundin í menntuðu vinnuafli og eins og fyrr segir er slíkt vinnuafl að litlu leyti að finna á landsbyggðinni á Íslandi.[1] Eins og mynd 1.3 sýnir er afar mikill munur á höfuðborgarsvæði og landsbyggð hvað varðar starfsemi sem gæti flokkast undir þekkingaröflun og þekkingarmiðlun auk hagnýtingu þekkingar. Þróunin er einnig alvarleg og virðist sem engri markvissri stefnu hafi verið fylgt hvað varðar uppbyggingu á þessu mikilvægustu framtíðarstarfsemi Íslendinga allra.



Mynd 1.3 Ársverk við háskóla, rannsóknastofnanir og hugbúnaðargerð 1990 og 1994.

Rafeindaiðnaðurinn byggist á annarri verkaskiptingu en hefðbundin framleiðsla. Mjög stór hluti í rafeindaiðnaði eru verk- og tæknifræðingar og hins vegar er (sífellt minnkandi) fjöldi ófaglærðra einstaklinga. Þannig voru verk- og tæknifræðingar um 26% af starfsliði í skoskum fyrirtækjum árið 1985, önnur 26% voru stjórnendur og skrifstofustarfsfólk og loks um helmingur ófaglærðir starfsmenn. Rafeindaiðnaðurinn er einnig sérstakur fyrir það að hann hefur komið á alheimsverkaskiptingu þar sem hönnun, þróun og flóknari þættir eru unnin af menntuðu starfsfólki í iðnríkjum á Vesturlöndum en samsetning og einfaldari störf eru unnin

[1] Henderson, 1991, 3–5; 123–27.

af konum í þriðja heiminum. Ef þetta er haft í huga með tilliti til íslenskra aðstæðna þá getur svo farið að óbreyttu að landsbyggðin geti aðeins sinnt einfaldri framleiðslu, svo sem stóriðju, eða samsetningu hátæknibúnaðar.

1.1.2 Tæknimenn.

Einn hópur sem að öllu jöfnu er í fararbroddi við hagnýtingu tölvu- og upplýsingatækni eru starfandi verk- og tæknifræðingar. Tæknimenn eru yfirleitt í harðri innbyrðis samkeppni og er afleiðing þess að þeir eru jafnan í fararbroddi við notkun á nýjustu tækni, t.d. upplýsingatækni. Fram hefur komið áætlun um fjölda starfandi tæknimanna á Íslandi (samkvæmt erindi Bergs Steingrímssonar[1]), sbr. töflu 1.1.

Tafla 1.1 Fjöldi starfandi tæknimanna á Íslandi.

Ríki og stofnanir allra landsmanna	**562**	**30%**
Verkfræðistofur, stórar og smáar	470	25%
Sveitarfélög	205	11%
Iðnfyrirtæki	187	10%
Verktakar	91	5%
Önnur fyrirtæki	241	13%
Í starfi erlendis	123	6%
Samtals	**1.879**	**100%**
Óstaðsettir	621	

Talið er að um 2.500 hafi rétt á að starfa sem verk- eða tæknifræðingar svo mögulegur fjöldi ársverka miðað við ekkert atvinnuleysi er um 33% (2500/1879 ~ 1,33) hærri en sýnt er í töflu 1.1. Út frá þessum tölum má síðan áætla fjölda verk- og tæknifræðinga á landinu og er það sýnt eftir svæðum í eftirfarandi töflu, en hún sýnir áætlaðan fjölda verk- og tæknifræðinga í starfi hjá hinu opinbera á landinu.

Tafla 1.2 Tæknimenn eftir landsvæðum.

	Tæknimenn	**Íbúar á hvern tæknimann**
Landið	**562**	**361**
Höfuðborgarsvæðið	496	261
Landsbyggðin	66	1.058
Norðurland	27	1.021
Akureyri	19	594

1.1.3 Hlutur hins opinbera.

Einkum er athyglisvert að athuga fjölda verk- og tæknifræðinga á íbúa í opinberri þjónustu milli svæða. Dæmi um slíkt er sýnt á eftirfarandi mynd, en þar kemur fram að um fjórum sinnum færri verk- og tæknifræðingar eru í opinberri þjónustu á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu.

---

[1] *Fjarskipti og landsbyggðin*, ráðstefna á vegum RHA og samgönguráðuneytisins, Akureyri, 10. desember 1997.



Mynd 1.4 Fjöldi íbúa á hvern verk- og tæknifræðinga í starfi hjá hinu opinbera.[1]

Því má ætla að þjónusta hins opinbera sé síðri að þessu leyti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Nánast ómögulegt er annað en að túlka þessa staðreynd á annan hátt en að markvisst hafi verið unnið að uppbyggingu á þessu sviði á höfuðborgarsvæðinu umfram það sem hefur gerst á landsbyggðinni. Þar sem starfsemi byggð á þekkingu er afar miklvægur þáttur í búsetuþróun er ljóst að hér þarf að grípa til aðgerða.

1.1.4 Menntun og upplýsingatækni.

Þeim sem ná að tileinka sér nýja samskipta- og upplýsingatækni mun vegna vel í þekkingarþjóðfélagi framtíðarinnar. Þess vegna verður að gera miklar kröfur til menntakerfisins. Núverandi skortur á menntuðu fólki á þessu sviði er hrópandi, en segja má að fyrir utan verk- og tæknifræðinga séu eina raunhæfu leiðirnar til menntunar á þessu sviði tölvunarfræði við Háskóla Íslands og kerfisfræði við Verslunarskóla Íslands. Eins og mynd 1.5 sýnir má ætla að umtalsvert meiri áherslu á menntun innan þessa geira sé þörf. Tæplega 70 manns á ári í starfsgrein sem gæti þurft um 2.000 manns á næstu fimm árum er alls ekki viðunandi. Aukreitis fer þessi menntun fram á höfuðborgarsvæðinu sem enn mun ýta undir búseturöskun.

[1] Ibid.



Mynd 1.5 Fjöldi útskrifaðra úr tölvunarfræði HÍ og kerfisfræði TVÍ 1989–97 (1998 áætlað).

1.2 Þekking, upplýsingatækni og fjarskipti.

Mjög áhugaverð þróun hefur átt sér stað í Hálöndum Skotlands, en dr. Kenneth MacTaggart, Director of Strategy, Highlands and Islands Enterprise, kynnti þá þróun nýlega á ráðstefnu um byggðaþróun.[1] Niðurstöður MacTaggart eru að nútímafjarskipti og notkun upplýsingatækni séu afar hagstæð dreifbýlinu og séu að verða forsenda atvinnusköpunar í dreifbýli. Hann leggur áherslu á að fjarskipti séu ekki atvinnuskapandi sem slík, heldur skapi möguleika á nýsköpun og nýrri atvinnustarfsemi sem þrátt fyrir allt taki tíma að koma á legg. Dæmi um starfsemi sem byggist á öflugum fjarskiptum er fjarvinna, oftast unnin af vel menntuðu fólki sem dvelst heima fyrir, en þarf ekki að safnast saman í stórum skrifstofubyggingum í miðborgum stórra atvinnusvæða. Þekkingarfyrirtæki sjá m.a. sem kost að starfsmannavelta er lægri í dreifbýli heldur en í þéttbýli. Einnig er kostnaður við uppsetningu fyrirtækisins lægri en í þéttbýli og launakostnaður lægri þótt yfirleitt séu störf við upplýsingatækni meira en tvöfalt betur borguð en meðallaun fyrir þau störf sem voru á viðkomandi dreifbýlissvæði áður.

Mikilvægi þess að hafa *betri fjarskipti* en samkeppnissvæðin, hvort sem er innan lands eða erlendis er áberandi. Því er nauðsynlegt að uppbygging fjarskiptanetsins skili sér í notkun þess. Til þess þarf að fá fólk til starfa með viðeigandi menntun og gefa því tækifæri, t.d. með stofnun þróunarsetra og fjárstyrk til nýsköpunar á þessu sviði. Það getur verið nauðsynlegt að flytja til fjármuni til þess að svo megi verða.

---

[1] Dr. Kenneth MacTaggart, Director of Strategy, Highlands and Islands Enterprise.

Þekkingarfyrirtæki framtíðarinnar munu ekki sýna stærðarhagkvæmni svo að nokkru nemi.[1] Þekkingarfyrirtæki eru einnig dæmigerð fyrir svonefndar netverksskipulagsheildir, sem þýðir að hefðbundin verðlauna- eða umbunarkerfi eru ekki eins mikilvæg í þekkingarfyrirtækjum eins og í núverandi fyrirtækjaflóru. Því má búast við að nýsköpun sem leiðir af sér fjölgun starfa sé nokkuð auðframkvæmanleg í og meðal þekkingarfyrirtækja. Einnig mun áherslan á fjarskiptatækni minnka, eða jafnvel þurrka út, áherslu eða nauðsyn á staðsetningu þjónustufyrirtækja sem byggð er á þekkingu í miðju stærstu þéttbýliskjarnanna.

2. Aðgerðir vegna upplýsingatækni og byggðaþróunar.

Á næstu árum þarf að leggja mikla áherslu á að nýta upplýsingatæknina til þess að auka samkeppnishæfni fyrirtækja um allt land. Með tilkomu margmiðlunartækninnar og stafræns símkerfis, sem t.d. geta lækkað rekstrarkostnað með fjarfundatækni, internetsins og fleiri tækninýjunga er að verða bylting í samskiptum, fjölmiðlun og möguleikum til upplýsingaöflunar, sem mun breyta möguleikum fyrirtækja hvar sem þau eru staðsett. Því er engin ástæða til annars en að spornað verði við núverandi byggðaröskun með áherslu á hagnýtingu upplýsingatækni á landsbyggðinni. Upplýsingatæknin verður jafnmikilvæg fyrir fyrirtæki úti á landi og aðrar samgöngur og getur rofið einangrunina að miklu leyti.

Stefna verður að því að möguleikar fjarkennslu, fjarvinnslu og fjarskipta verði að fullu nýttir. Jafnframt verði þróunarstofur á landsbyggðinni efldar og þannig treystur grundvöllur til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Besta leiðin til að treysta þessi markmið er að leitað verði samstarfs við háskóla og rannsóknastofnanir. Ótæmandi möguleikar eru á því að ná miklum árangri í menntamálum með því að nýta sér tækninýjungar.

Skilvirkasta leiðin til að ná fram eðlilegri byggðaþróun með hagnýtingu upplýsingatækninnar er að:

- Tryggja bestu mögulega fjarskiptatækni um allt land.
- Stórefla tækni- og verkmenntun á landsbyggðinni.
- Stofna og/eða flytja skráningarstofnanir frá höfuðborgarsvæðinu.

Dæmi um slíkt erlendis frá eru t.d. sakaskrá bresku lögreglunnar, innheimtudeild sænska sjónvarpsins, vinnsla upplýsinga úr og í gagnagrunna og bankastarfsemi auk símsvörunar. Allt slíkt á við hérlendis, t.d. má nefna dæmigerðar skráningar- og upplýsingaúrvinnslustofnanir eins og Fiskistofu, Rafmagnsveitur ríkisins, tollstjóraembættið, ríkisskattstjóra, ýmsar eftirlitsstofnanir og fjármálafyrirtæki, svo sem banka og nýsköpunarsjóði. Stefna sænska ríkisins er t.d. sú að minnst 10% af öllum störfum hjá ríkisstofnunum séu utan höfuðborgarinnar.

2.1 Ávinningur.

Breytt eignarhald fyrirtækja þýðir að þekking, atvinnutækifæri og fjármagn geta flætt og flæða nú um allt land. Því á að styðja markvisst uppbyggingu annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu, því annars er hætta á mismunun þegna landsins. Markvissar aðgerðir á sviði upplýsingatækni eru í raun eina leið til að sporna við núverandi búseturöskun. Ný störf munu vart skapast í öðrum starfsgreinum að nokkru ráði, nema ef vera skyldi í ferðaþjónustu. Því er nauðsynlegt að nýta kosti upplýsingatækninnar til að a) minnka áherslu á samþjöppun, fjárfestingar og þenslu á höfuðborgarsvæðinu og b) ná til að endurmennta/símennta fólk sem þarf á nýjum atvinnutækifærum að halda á landsbyggðinni. Samantekið gildir eftirfarandi:

---

[1] Giertz E., Reitberger G., *Från informationssamhälle till kunskapssamhälle*, s. 256.

- Þjónustusvæði – byggðakjarnastefna – m.a. byggð á menntun og upplýsingatækni.
- Fjölbreyttara atvinnulíf – vaxtarbroddur í stað sjávarútvegs.
- Nýting á fjárfestingum.
- Nýjar aðferðir (upplýsingatækni-þekkingarþjóðfélag).
- Auknar rannsóknir, þróun og nýsköpun.
- Aukin samkeppnisfærni við útlönd.

Fylgiskjal XIV.

Haraldur L. Haraldsson,
Rekstur og ráðgjöf ehf.

Skipting útgjalda og stöðugilda hjá ríkissjóði og fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins.

(Unnið fyrir stjórn Byggðastofnunar í mars 1998.)

Samantekt.

Inngangur.

- Skýrslan er unnin með hliðsjón af ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–97. Þar segir meðal annars í 3. tölul. ályktunarinnar:

  „Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt."
- Meginmarkmiðið með þessari samantekt er að varpa ljósi á hvernig til hefur tekist frá þeim tíma sem ályktunin var samþykkt og jafnframt að skapa grundvöll til frekari samanburðar á þessu sviði í framtíðinni.
- Í skýrslunni er stuðst við uppsetningu ríkisreiknings, samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997. Samkvæmt lögunum er ríkisreikningnum skipt í A-, B-, C-, D- og E-hluta.

Stöðugildi.

- Stöðugildum hjá A-hluta stofnunum (grunnskólinn ekki meðtalinn) fjölgaði úr 17.398 árið 1994 í 17.608 árið 1996, eða um 210 stöðugildi.
- Stöðugildum fjölgaði í Reykjavík um 236, á Norðurlandi vestra um 13, Austurlandi um 5 og Suðurlandi um 9. Í öðrum kjördæmum var fækkun.
- Stöðugildum fækkaði samanlagt um 26 í öðrum kjördæmum en Reykjavík. Grunnskólinn er þar ekki meðtalinn.
- Hlutfall stöðugilda af heildarstöðugildafjölda er lægra en hlutfall af íbúatölu í öllum kjördæmum nema Reykjavík, þar sem hlutfall stöðugilda er 63,3% en hlutfall íbúatölu 39,1%.
- Það vekur athygli hversu illa Reykjaneskjördæmi kemur út í samanburði á fjölda stöðugilda á milli kjördæma. Á Norðurlandi vestra eru t.d. um tvöfalt fleiri stöðugildi á hverja 1.000 íbúa og um fjórfalt fleiri í Reykjavík en í Reykjaneskjördæmi.
- Að meðaltali eru um 65,3 stöðugildi á hverja 1.000 íbúa á landinu öllu.
- Stöðugildum hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum fækkaði um 189 á milli áranna 1994 til 1996.

- Stöðugildum hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum fækkaði í öllum kjördæmum nema Reykjaneskjördæmi, þar sem fjölgar um 21 stöðugildi, og á Suðurlandi, þar sem er lítilleg fjölgun.
- Í Reykjavík fækkar stöðugildum langmest hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum eða um 168 stöðugildi. Í öðrum kjördæmum fækkar samtals um 21 stöðugildi.
- Hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum er hærra hlutfall af stöðugildum í Reykjavík en hlutfall íbúatölu. Í öllum öðrum kjördæmum er hlutfall stöðugilda lægra en hlutfall íbúatölu. Mestur er munurinn í Reykjaneskjördæmi.
- Heildarniðurstaða í þróun stöðugilda hjá A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum er fjölgun um 21 stöðugildi á milli áranna 1994 og 1996.
- Hjá A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum fjölgaði stöðugildum um 67 í Reykjavík frá 1994 til 1996. Í öðrum kjördæmum fækkaði samtals um 46.
- Samtals hjá A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum eru að meðaltali um 88,3 stöðugildi á hverja 1.000 íbúa á landinu öllu.
- Nærri fjórfaldur munur er á milli Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis hvað varðar samanlagðan fjölda stöðugilda hjá A- B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum, þar sem stöðugildi eru fæst á hverja 1.000 íbúa. Næstfæst eru stöðugildin í Vestfjarðakjördæmi. Stöðugildi á hverja 1.000 íbúa eru rúmlega tvöfalt fleiri í Reykjavík en í öðrum kjördæmum.

Útgjöld.

- Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, sem hér koma til skipta á verðlagi 1996, hækkuðu á milli áranna 1994 og 1996 um 6,2 milljarða kr. í Reykjavík og um 3,9 milljarða kr. í öðrum kjördæmum.
- Af útgjöldum ríkissjóðs, A-hluta, 1996 fóru 51,5% til Reykjavíkur en hlutfall af íbúatölu er 39,1%. Til annarra kjördæma fóru 48,5% af því sem skipt var samanborið við 60,9% hlutfall af íbúatölu. Mest hallar á Reykjaneskjördæmi.
- Útgjöld A-hluta skiptast hlutfallslega jafnara á kjördæmi en stöðugildi í samanburði við hlutfallslega dreifingu íbúa.
- Vart er hægt að greina breytingu í útgjöldum hjá stofnunum, sem heyra undir B-, C-, D-, og E-hluta, á milli áranna 1994 og 1996, þegar þær eru teknar allar saman. Þó er nokkur breyting á Suðurlandi.
- Hærra hlutfalli af útgjöldum B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja er ráðstafað í Reykjavík en hlutfalli af útgjöldum A-hluta stofnana, eða 60,1% samanborið við 51,5%.
- Lægra hlutfall af útgjöldum B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja rennur til Reykjaneskjördæmis en hlutfall af útgjöldum A-hluta stofnana, eða 9% samanborið við 14,1%.
- Í öðrum kjördæmum en Reykjavík og Reykjaneskjördæmi er dreifing samanlagðra útgjalda B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja jafnari miðað við hlutfall af dreifingu íbúa. Í Norðurlandskjördæmi eystra er hlutfall útgjalda lægra en hlutfall af íbúatölu og sömuleiðis á Vestfjörðum, en í Suðurlandskjördæmi er hlutfall af útgjöldum hærra en hlutfall af íbúatölu.
- Samanlögð útgjöld A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja hækka nokkuð á milli áranna 1994 og 1996 í Reykjavík. Einnig er hækkun í Reykjaneskjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra og Suðurlandskjördæmi. Í öðrum kjördæmum eru útgjöldin nánast óbreytt.

Stuðningur við húsnæðiskerfið.

- Á tímabilinu frá 1994 til 1996 hækkuðu vaxtabætur úr 2.755.806 þús. kr. í 3.300.866 þús. kr. eða um 545 millj. kr.
- Í öllum kjördæmum nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi var hlutfall vaxtabóta á árinu 1996 lægra en hlutfall af íbúatölu.
- Á milli áranna 1995 og 1996 hækkuðu niðurgreiðslur vaxta í félagslega íbúðakerfinu úr 978,4 millj. kr. í 1.176,7 millj. kr. eða um 198,3 millj. kr., en vaxtabæturnar hækkuðu um 277,7 millj. kr. á sama tíma.
- Í fjórum kjördæmum er hlutfall af vaxtaniðurgreiðslum hærra en hlutfall af íbúatölu. Þessi kjördæmi eru Reykjavík, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra.
- Á þrjú kjördæmi hallar í þessum samanburði, þ.e. Reykjaneskjördæmi, Vesturlandskjördæmi og Suðurlandskjördæmi. Austurlandskjördæmi er nokkurn veginn í jafnvægi hvað þennan samanburð varðar.
- Frá árinu 1995 til ársins 1996 hækkaði hlutur ríkissjóðs í húsaleigubótum úr 129,3 millj. kr. í 186,7 millj. kr. eða um 57,4 millj. kr.
- Á árinu 1996 var hlutfall af húsaleigubótum lægra í samanburði við hlutfall af íbúatölu í öllum kjördæmum nema Reykjavík. Stafar þetta af því hversu fáar sveitarstjórnir tóku ákvörðun um að greiða húsaleigubætur.
- Heildarstuðningur ríkisins vegna eignar- og leiguíbúða hækkaði úr 4.130,8 millj. kr. árið 1995 í 4.664,2 millj. kr. árið 1996 eða um 533,4 millj. kr.
- Hlutfallsleg skipting á útgjöldum ríkisins vegna stuðnings við íbúðaeigendur og -leigjendur árið 1996 var lægri en hlutfall af íbúatölu í öllum kjördæmum nema í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

Styrkveitingar.

- Á árinu 1996 fóru um 79,8% af styrkveitingum úr Vísinda- og tæknisjóði til aðila með póstfang í Reykjavík. Engir styrkir runnu til Austfjarða á árunum 1994–96 og einungis á árinu 1994 til Vestfjarða.
- Í öllum kjördæmum nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fellur til mun hærra hlutfall af styrkjum til jöfnunar á námskostnaði en samsvarar hlutfalli íbúatölu.
- Í öllum kjördæmum nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fellur til hærra hlutfall af styrkjum C-hluta stofnana en hlutfall íbúatölu segir til um.
- Hlutfall styrkveitinga E-hluta stofnana og fyrirtækja var hærra en hlutfall af íbúatölu í þremur kjördæmum, þ.e. Reykjavík, Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra.
- Öll kjördæmi nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fá hlutfallslega hærra hlutfall af styrkjum samtals frá C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum en hlutfall íbúatölu segir til um.

Útlánatöp.

- Töpuðum útlánum fækkaði verulega í öllum kjördæmum á árunum 1994–96 hjá C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum. Í heildina lækka útlánatöpin úr 5.053,7 milljörðum kr. árið 1994 í 2.890,6 milljarða kr. árið 1996 eða um 2.163,1 milljarða kr.
- Í þremur kjördæmum er hlutfall útlánatapa hærra en hlutfall af íbúatölu á árinu 1996. Kjördæmin eru Reykjavík, Vestfjarðakjördæmi og Suðurlandskjördæmi. Í öðrum kjördæmum er þetta hlutfall lægra.

Inngangur.

Að beiðni Egils Jónssonar, stjórnarformanns Byggðastofnunar, hafa verið teknar saman upplýsingar um hvernig stöðugildi og útgjöld ríkissjóðs, stofnana hans og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins dreifast á kjördæmin árin 1994, 1995 og 1996, sbr. fylgiskjal 1.

Beiðnin er meðal annars fram komin með hliðsjón af ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–97 sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1994. Þar segir meðal annars í þriðja lið ályktunarinnar:

„Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt."

Meginmarkmiðið með þessari samantekt er að varpa ljósi á hvernig til hefur tekist frá þeim tíma sem ályktunin var samþykkt og jafnframt að skapa grundvöll til frekari samanburðar á þessu sviði í framtíðinni, auðvelda markmiðssetningu og eftirfylgni stjórnvalda hvað dreifingu opinberrar þjónustu á kjördæmin varðar. Ekki er vitað til þess að samantekt sem þessi hafi verið gerð áður.

Nokkur aðdragandi var að verkinu. Skýrsluhöfundur og stjórnarformaður Byggðastofnunar hófu viðræður um verkefnið snemma vors 1997. Meðal annars var rætt um hvernig best yrði staðið að vinnslu þess og eftir hverju yrði leitað. Eiginleg vinna við verkefnið sjálft hófst síðan í ágústmánuði á sl. ári og að því var síðan unnið með nokkrum hléum þar til því lauk í marsmánuði 1998.

Lögð var áhersla á nákvæm vinnubrögð, að túlkun efnis yrði stillt í hóf og að texti væri skýr, þannig að skýrslan væri aðgengileg fyrir þá sem vildu nýta sér efni hennar, og að hlutleysis yrði gætt.

Við vinnslu verkefnisins var haft náið samráð við stjórnarformann Byggðastofnunar, sem jafnframt fylgdist grannt með framvindu þess og tók þátt í öflun upplýsinga. Upplýsingar voru meðal annars fengnar hjá Ríkisbókhaldi og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hjá Ríkisbókhaldi var einkum haft samband og samráð við Gunnar H. Hall ríkisbókara, Pétur Jónsson deildarsérfræðing og Gunnar Gunnarsson tölvunarfræðing. Hjá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins var haft samband og samráð við Birgi Guðjónsson skrifstofustjóra og Jóhann Clausen deildarstjóra. Haft var náið samráð við Guðmund Sigmundsson hjá hagdeild Tryggingastofnunar ríkisins sem veitti mikilvægar upplýsingar um dreifingu útgjalda vegna lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og slysatrygginga. Einnig var aflað ýmiss konar upplýsinga frá fjölmörgum öðrum aðilum eins og fram kemur síðar.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkuð hreinskiptin og skýr svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

Forsendur og vinnutilhögun.

Með bréfi dags. 3. október 1997 (sjá fylgiskjal 2) voru lagðar fram tillögur um hvernig verkefninu yrði hagað. Í tillögunum er gert ráð fyrir að stuðst verði við uppsetningu ríkisreikninga, samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Samkvæmt lögunum er ríkisreikningnum skipt í A-, B-, C-, D- og E-hluta.

Tillögurnar voru sem hér segir:

a. Lagt er til að útgjöldum allra stofnana, sem flokkast undir A-, B-, C-, D- og E-hluta, verði skipt eftir kjördæmum nema vegna fyrirtækja í E-hluta, sem eru í minnihlutaeign ríkisins, þ.e. eignarhlutur ríkisins minni en 50%.

b. Lagt er til að útgjöld í hverju kjördæmi fyrir sig verði flokkuð sem hér segir:
   1. Rekstrarútgjöld:
      - Laun
      - Önnur rekstrarútgjöld
   2. Fjárfestingar:
      - Laun
      - Önnur fjárfestingarútgjöld, þar með taldir verktakasamningar
   3. Syrkveitingar
   4. Töpuð útlán
   5. Ríkisábyrgðir

   Gæta þarf þess að framlög úr A-hluta séu ekki talin með útgjöldum í B- og C-hluta og þá tvítalin.

c. Lagt er til að stöðugildi verði flokkuð eftir kjördæmum, annars vegar eftir vinnustað og hins vegar eftir búsetu þess er gegnir stöðugildinu. Stöðugildaflokkunin nái yfir alla framangreinda hluta, þ.e. A-, B-, C-, D- og E-hluta, þar sem ríkissjóður á 50% eignarhlut og meira.

d. Lagt er til að óskað verði eftir því við Ríkisbókhald að það veiti árlega á kerfisbundinn hátt allar framangreindar upplýsingar vegna A-hluta, samkvæmt framangreindri skilgreiningu.

e. Lagt er til að óskað verði eftir því við stofnanir og fyrirtæki, sem flokkast undir B-, C-, D- og E-hluta, þar sem eignarhlutur ríkisins er 50% eða meiri, veiti árlega á tölvutæku formi sömu upplýsingar og að framan greinir.

f. Lagt er til að framangreindar upplýsingar verði fengnar frá og með árinu 1994 og svo árlega upp frá því, þannig að upplýsingarnar liggi fyrir um það leyti sem ríkisreikningur er gefinn út.

Þessi tilhögun verka gekk eftir í meginatriðum. Ekki tókst þó að flokka útgjöld skv. 1. og 2. tölul. b-liðar af þeirri nákvæmni sem kröfur stóðu til. Þessir liðir eru því teknir hér saman, þ.e. ekki er greint á milli reksturs, fjárfestinga, launa og annarra útgjalda. Ekki tókst að fá upplýsingar um búsetu þeirra sem gegna störfum, sbr. c-lið. Flokkunin miðast því við vinnustað.

Samkvæmt d-lið var óskað eftir upplýsingum frá Ríkisbókhaldi um dreifingu ríkisútgjalda vegna A-hluta (sjá fylgiskjal 3).

Svar Ríkisbókhalds kemur fram í bréfi, dags. 30. september (á að vera 30. október) 1997 (sjá fylgiskjal 4). Þar segir að Ríkisbókhald annist bókhald fyrir um 275 stofnanir og hafi öll bókhaldsgögn varðandi þær. Aftur á móti eru um 100 stofnanir sem sjá alfarið sjálfar um sitt bókhald og hafa öll sín gögn hjá sér. Afla þurfti upplýsinga frá þessum stofnunum sérstaklega.

Með bréfi, dags. 19. nóvember 1997, er óskað upplýsinga frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um dreifingu stöðugilda eftir kjördæmum. Nokkuð er um að launaútreikningur stofnana sé ekki unnin hjá starfsmannaskrifstofunni heldur hjá viðkomandi stofnunum. Í þeim tilfellum þurfti að afla upplýsinga beint frá þeim. Einkum var um að ræða heilsugæslu- og sjúkrastofnanir.

Þar sem ekki var hægt að fá tæmandi upplýsingar frá Ríkisbókhaldi og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins fyrir allar A-hluta stofnanir fór mun meiri vinna í verkefnið en gert var ráð fyrir í upphafi, því afla þurfti upplýsinga frá viðkomandi stofnunum.

Upplýsingar vegna B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja voru fengnar beint frá þeim. Óskað var eftir upplýsingum með bréfi stjórnarformanns Byggðastofnunar (sjá fylgiskjal 6). Eftirfarandi stofnanir tilheyra hverjum flokki:

B-hluti. Ríkisfyrirtæki.

- Happdrætti Háskóla Íslands
- Lyfjabúð Háskóla Íslands
- Ríkisútvarpið
- Þjóðleikhúsið
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli
- Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Ratsjárstofnun
- Umsýslustofnun varnarmála
- Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
- Alþjóðaflugþjónustan
- Rafmagnsveitur ríkisins

C-hluti. Lánastofnanir.

- Byggðastofnun
- Lánasjóður íslenskra námsmanna
- Framleiðnisjóður landbúnaðarins
- Lánasjóður landbúnaðarins
- Þróunarsjóður sjávarútvegsins
- Húsbréfadeild
- Byggingarsjóður ríkisins
- Byggingarsjóður verkamanna
- Framkvæmdasjóður Íslands
- Hafnabótasjóður
- Ferðamálasjóður
- Orkusjóður
- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

D-hluti. Fjármálastofnanir.

- Seðlabanki Íslands
- Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
- Viðlagatrygging
- Tryggingasjóður viðskiptabanka

E-hluti. Sameignar- og hlutafélög í meirihlutaeign ríkisins.

	Eignaraðild
• Landsbanki Íslands hf.	100,0%
• Búnaðarbanki Íslands hf.	100,0%
• Áburðarverksmiðjan hf.	100,0%
• Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.	100,0%
• Sementsverksmiðjan hf.	100,0%
• Orkustofnun erlendis hf.	100,0%
• Landssíminn hf.	100,0%
• Íslandspóstur hf.	100,0%
• Stofnfiskur hf.	93,6%
• Hitaveita Hjaltadals sf.	94,0%

- Breiðafjarðarferjan Baldur hf. 80,0%
- Flugkerfi hf. 65,1%
- Skallagrímur hf. 65,0%
- Íslenskir aðalverktakar hf. 52,0%
- Kísiliðjan hf. 51,0%
- Skráningarstofan hf. 50,8%
- Landsvirkjun 50,0%

Send voru út samtals 163 bréf til ýmissa stofnana með beiðni um upplýsingar. Var síðan unnið úr þeim svörum sem bárust ásamt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Reynt var að skilgreina útgjöld þar sem viðkomandi stofnun eða útibú er, þ.e. þar sem fjármagninu var ráðstafað. Augljóslega er um nokkra óvissu að ræða við skilgreiningu á hvernig útgjöld deilast á kjördæmi. Þótt leitast hafi verið við að hafa sem mesta nákvæmni er þess að gæta að einhverjar skekkjur kunna að leynast í skiptingu á milli kjördæma. Þetta verður að hafa í huga þegar rætt er um dreifingu útgjalda.

Aftur á móti er dreifing stöðugilda á kjördæmi nákvæmari. Hvert stöðugildi tilheyrir því kjördæmi þar sem aðalvinnustaður þess sem gegnir starfinu er. Þess vegna er hægt að segja til um skiptingu starfa með meiri nákvæmni en dreifingu útgjalda.

Skipting útgjalda og stöðugilda eftir kjördæmum hjá einstökum A-hluta stofnunum er flokkuð með því ráðuneyti sem viðkomandi stofnun tilheyrir.

Stöðugildi.

Vinnutilhögun og skilgreining.

Með bréfi dags. 19. nóvember 1997 var óskað eftir því við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að hún léti af hendi upplýsingar um skiptingu stöðugilda stofnana ríkissjóðs eftir kjördæmum. Starfsmannaskrifstofan varð við beiðni þessari (sjá fylgiskjal 5). Upplýsingar starfsmannaskrifstofunnar ná ekki yfir allar A-hluta stofnanir þar sem sumar stofnanir annast launagreiðslur sínar sjálfar. Óskað var skriflega eftir upplýsingum frá þessum stofnunum vegna stöðugilda. Sendar voru út um 60 fyrirspurnir. Auk þessa var óskað eftir skriflegum upplýsingum frá öllum A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum. Svör bárust frá öllum þessum aðilum.

Fjöldi stöðugilda byggist á ársverkatalningu viðkomandi árs. Vinna í fullu starfi í heilt ár telst eitt ársverk. Talning stöðugilda eftir kjördæmum miðast við vinnustað (starfsstöð) viðkomandi stöðugildis. Ekki eru meðtalin þau stöðugildi sem ekki er hægt að staðsetja eftir kjördæmum innanlands eins og t.d. stöðugildi á vegum utanríkisþjónustu o.s.frv.

A-hluti.

Samkvæmt fylgiskjali 7 hefur stöðugildum hjá A-hluta stofnunum fækkað úr 20.502 árið 1994 í 19.586 árið 1996 eða um 916 stöðugildi. Hér munar mestu um fækkun stöðugilda ríkissjóðs vegna yfirtöku sveitarfélaga á málefnum grunnskólans frá og með 1. ágúst 1996. Frá þeim tíma voru allir kennarar og leiðbeinendur við grunnskóla ásamt starfsmönnum fræðsluskrifstofa teknir af launaskrá ríkissjóðs og færðir til sveitarfélaga. Um er að ræða 3.000 stöðugildi á launaskrá hjá ríkissjóði í sjö mánuði árið 1996. Hvert stöðugildi við grunnskóla kemur því inn sem $^{7}/_{12}$ af stöðugildi á því ári.

Hinn 1. janúar 1996 kom til framkvæmda samningur á milli ríkisins og Hornafjarðarbæjar um reynslusveitarfélagsverkefni og 1. apríl 1996 tók slíkur samningur gildi á milli ríkisins og

Akureyrarbæjar. Stöðugildi sem voru yfirtekin af sveitarfélögunum vegna þessa eru talin með hér.

Eftirfarandi mynd sýnir hvernig stöðugildin dreifðust á kjördæmin árin 1994–96:

Fjöldi stöðugilda hjá A-hluta ríkissjóðs 1994 til 1996 dreift á kjördæmi



Mynd 1

Þar sem sveitarfélögin hafa alfarið tekið við rekstri grunnskólans fæst réttari samanburður á milli ára með því að draga frá störf við hann öll árin (sbr. fylgiskjal 8). Samkvæmt því fjölgar stöðugildum hjá A-hluta stofnunum úr 17.398 árið 1994 í 17.608 árið 1996 eða um 210 stöðugildi. Á mynd 2 kemur fram hvernig stöðugildi að frádregnum stöðugildum vegna grunnskólans skiptast eftir kjördæmum.

Fjöldi stöðugilda A-hluta ríkissjóðs 1994 til 1996, dreift á kjördæmi. Grunnskólinn ekki meðtalinn



Mynd 2

Eins og mynd 2 sýnir fjölgar stöðugildum í fjórum kjördæmum, þ.e. í Reykjavík, á Norðurlandi vestra, Austurlandi og Suðurlandi, í öðrum er fækkun. Mynd 3 sýnir dreifingu stöðugilda á milli Reykjavíkur og annarra kjördæma og stöðugilda samtals árin 1994–96. Hér að framan

var vikið að tilefni þessarar skýrslugerðar, sem var meðal annars að upplýsa hvernig til hafi tekist með framkvæmd ályktunar um byggðamál frá árinu 1994, varðandi fjölgun starfa á landsbyggðinni. Að hluta til upplýsir mynd 3 hvernig til hefur tekist:



Mynd 3

Á mynd 3 kemur fram að stöðugildum hjá A-hluta stofnunum hefur fjölgað um 210. Þeim fækkar samanlagt um 26 í öðrum kjördæmum en Reykjavík, þar sem fjölgar um 236 stöðugildi.

Gera verður ráð fyrir einhverri skekkju í samantektinni. Því verða þessar breytingar á landsbyggðinni að teljast innan skekkjumarka en í Reykjavík gætir tilhneigingar til fjölgunar.



Mynd 4

Á mynd 4 kemur fram hvert hlutfall er á milli íbúatölu og starfa á vegum A-hluta stofnana í einstökum kjördæmum. Þar sést að hlutfall stöðugilda af heildarstöðugildafjölda er lægra en hlutfall af íbúatölu í öllum kjördæmum nema Reykjavík, þar sem hlutfall stöðugilda er

63,3% en hlutfall íbúatölu 39,1%. Mestur er munurinn í Reykjaneskjördæmi þar sem hlutfall stöðugilda er rúmlega tvisvar sinnum lægra en hlutfall íbúatölu.

Tafla 1 sýnir hlutfall stöðugilda af fjölda íbúa (sbr. fylgiskjal 8). (Hlutfall stöðugilda deilt með hlutfalli af íbúatölu í hverju kjördæmi fyrir sig.):

	Reykja-vík	Reykjanes-kjördæmi	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Suður-land	Austur-land
Hlutfall stöðugilda/ hl. íbúatölu	1,62	0,42	0,70	0,66	0,85	0,81	0,64	0,74

Tafla 1.

Eins og taflan sýnir eru um fjórfalt fleiri opinberir starfsmenn í Reykjavík miðað við íbúatölu en í Reykjaneskjördæmi og a.m.k. helmingi fleiri en í öðrum kjördæmum.

Til að auðvelda enn frekar samanburð á fjölda stöðugilda milli kjördæma er vert að skoða fjölda stöðugilda á hverja 1.000 íbúa, sbr. töflu 2.

	Íbúatala	Stöðu-gildi	Tala stöðugilda á hverja 1.000 íbúa
Reykjavík	105.458	11.154	105,8
Reykjaneskjördæmi	71.438	1.942	27,2
Vesturland	14.007	638	45,5
Vestfirðir	8.865	381	43,0
Norðurland vestra	9.995	551	55,1
Norðurland eystra	26.659	1.409	52,9
Austurland	12.680	532	42,0
Suðurland	20.625	1.001	48,5
	269.727	**17.608**	**65,3**

Tafla 2.

Athygli vekur hversu illa Reykjaneskjördæmi kemur út í þessum samanburði. Á Norðurlandi vestra eru t.d. um tvöfalt fleiri stöðugildi á hverja 1.000 íbúa og um fjórfalt fleiri í Reykjavík en í Reykjaneskjördæmi.

Að meðaltali eru um 65,3 stöðugildi á hverja 1.000 íbúa á landinu öllu. Í Reykjavík eru um tvöfalt fleiri stöðugildi á hverja 1.000 íbúa en í öllum öðrum kjördæmum nema í Reykjaneskjördæmi, sbr. framanritað.

Í töflu 3 kemur fram þriggja ára samanburður stöðugilda á hverja þúsund íbúa eftir kjördæmum. Eins og taflan sýnir hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar á milli þessara ára:

	Fjöldi stöðugilda á hverja 1.000 íbúa 1994	Fjöldi stöðugilda á hverja 1.000 íbúa 1995	Fjöldi stöðugilda á hverja 1.000 íbúa 1996
Reykjavík	106,0	105,1	105,8
Reykjaneskjördæmi	28,3	27,7	27,2
Vesturland	46,8	46,8	45,5
Vestfirðir	40,5	41,6	43,0
Norðurland vestra	52,4	54,0	55,1
Norðurland eystra	52,9	52,4	52,9
Austurland	40,8	41,2	42,0
Suðurland	47,5	47,1	48,5
	65,2	**64,9**	**65,3**

Tafla 3.

Samanburður milli kjördæma.

Eftirfarandi myndir sýna hvernig þróun starfa hefur verið hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum á vegum þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig á milli áranna 1994 og 1996.



Mynd 5

Eins og mynd 5 sýnir fjölgar störfum í Reykjavík í nær öllum ráðuneytum nema forsætis- og utanríkisráðuneyti, þar sem fækkar lítils háttar. Mest er fjölgunin í umhverfisráðuneytinu eða 59,2 stöðugildi. Að hluta til skýrist sú fjölgun af því að árið 1994 heyrði Hollustuvernd ríkisins (fjárlagaliður 08-325) undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið en var árið 1995 færð til umhverfisráðuneytisins. Stöðugildi hjá Hollustuvernd ríkisins í Reykjavík voru 42 árið 1996 en 35,6 árið 1994. Að teknu tilliti til þessa er raunveruleg fjölgun stöðugilda í

heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og stofnunum sem því tilheyra 12,9 stöðugildi og að auki samsvarandi fækkun stöðugilda frá árinu 1994 vegna Hollustuverndar ríkisins, en á því ári voru þar 35,6 stöðugildi, sem þá heyrðu undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Þannig eru ný stöðugildi sem heyra undir ráðuneytið samtals 48,5.

Stöðugildum fjölgar næstmest hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum sem heyra undir það. Fjölgunin er 40,6 stöðugildi. Á árinu 1996 tók til starfa ný stofnun, Neyðarsímsvörun (fjárlagaliður 06-325). Stofnunin er í eigu embættis ríkislögreglustjóra, Slysavarnafélags Íslands, Reykjavíkurborgar, Landssímans hf., Securitas hf. og Vara. Rekstrarkostnaður skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 50% og eigendur 50%. Stofnunin er hér tekin með þar sem framlög til hennar eru á sérstökum fjárlagalið. Ný stöðugildi við hana á árinu 1996 eru 20 og skýrir það að hluta fjölgun stöðugilda hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum þess.

Samtals fjölgaði stöðugildum í Reykjavík um 236.

Reykjaneskjördæmi



Mynd 6

Í Reykjaneskjördæmi fækkar störfum um 14. Mestu breytingarnar eru hjá stofnunum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, en hjá þeim fækkar um 54,4 stöðugildi og hjá stofnunum sem heyra undir félagsmálaráðuneytið, en þar fjölgar stöðugildum um 20,9.

Fækkun stöðugilda hjá stofnunum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er vegna fækkunar og tilfærslu á störfum hjá ríkisspítölum. Þar er um 40 stöðugildi að ræða. Að hluta til færast stöðugildi frá ríkisspítulum yfir til málefna fatlaðra, sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Þar er um að ræða 19,2 stöðugildi. Skýrir það fjölgun stöðugilda hjá stofnunum sem tilheyra félagsmálaráðuneytinu.

Vesturland



Mynd 7

Eins og mynd 7 sýnir hefur stöðugildum fækkað um 31 á tímabilinu á Vesturlandi. Segja má að einungis sé fjölgun á vegum eins ráðuneytis, en það er félagsmálaráðuneytið. Hjá stofnunum á vegum annarra ráðuneyta er fækkun eða stöðugildafjöldi stendur nánast í stað. Mest er fækkunin hjá stofnunum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, eða 11,8 stöðugildi, og samgönguráðuneytisins, eða 11,2 stöðugildi.

Vestfirðir



Mynd 8

Lítil breyting er á tölu stöðugilda á Vestfjörðum. Samtals fækkar þeim um tvö. Mest er breytingin á vegum samgönguráðuneytisins en þar fækkar um fimm stöðugildi.

Norðurland vestra



Mynd 9

Samtals fjölgar stöðugildum á Norðurlandi vestra um 13. Það stafar svo til eingöngu af fjölgun hjá stofnunum á vegum félagsmálaráðuneytisins en hjá þeim fjölgar stöðugildum um 30,1. Um er að ræða fjölgun stöðugilda vegna málefna fatlaðra, 19,3 stöðugildi, og tíu stöðugildi vegna málefna barna og unglinga. Fækkun stöðugilda á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins stafar af fækkun á sjúkrahúsum.

Norðurland eystra



Mynd 10

Eins og mynd 10 sýnir fækkar stöðugildum samtals um sjö í Norðurlandskjördæmi eystra. Mesta breytingin er fækkun um 16,1 stöðugildi hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Hins vegar fjölgar um 6,8 stöðugildi í samgönguráðuneytinu og einnig hjá stofnunum á vegum umhverfisráðuneytisins.

Austurland



Mynd 11

Samtals fjölgar stöðugildum á Austurlandi um fimm. Hjá stofnunum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fækkar stöðugildum við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

Suðurland



Mynd 12

Eins og mynd 12 sýnir fjölgar stöðugildum á Suðurlandi um níu. Mest er fjölgunin hjá stofnunum á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins eða 9,8. Fjölgunin er mest hjá Fangelsismálastofnun. Fækkun er hjá stofnunum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis.

Samtals breytingar hjá ráðuneytum og stofnunum, sem þeim tilheyra



Mynd 13

Mynd 13 sýnir hvernig breytingar hafa verið samtals í hverju ráðuneyti fyrir sig og stofnunum, sem þeim tilheyra, á milli áranna 1994 og 1996. Hafa ber í huga að í sumum tilfellum hafa stöðugildi flust á milli ráðuneyta þegar verkefni eða stofnanir hafa verið flutt frá einu ráðuneyti til annars, þannig að ekki er alltaf um ný stöðugildi að ræða. Þar sem fjölgun er getur á móti komið fækkun hjá öðru ráðuneyti eða stofnunum, sbr. t.d. flutning Hollustuverndar ríkisins frá heilbrigðisráðuneytinu til umhverfisráðuneytisins o.s.frv.

Einungis er hægt að tala um fækkun stöðugilda hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, en þar fækkar um 95,2 stöðugildi. Samtals hefur stöðugildum fjölgað hjá öllum ráðuneytunum og stofnunum sem þeim tilheyra um 209,8.

Mynd 14 sýnir breytingu á stöðugildafjölda í öðrum kjördæmum en Reykjavík á milli áranna 1994 og 1996. Samtals fækkar stöðugildum um 25,8. Mest fækkar hjá stofnunum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, eða um 109,1 stöðugildi. Þannig má ljóst vera af myndum 13 og 14 að fækkun stöðugilda á vegum ráðuneytisins er öll á landsbyggðinni. Í reynd er fjölgun á vegum þess í Reykjavík. Hafa ber í huga að fækkun stöðugilda hjá stofnunum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins stafar að hluta til af því að verkefni hafa verið flutt undir önnur ráðuneyti, t.d. félagsmálaráðuneytið, og þá stöðugildin, en það skýrir að hluta fjölgun stöðugilda á vegum þess ráðuneytis.

Samtals breytingar í öðrum kjördæmum en Reykjavík hjá ráðuneytum og stofnunum, sem þeim tilheyra, 1994 til 1996



Mynd 14

B-, C-, D- og E-hluti.

Eins og fylgiskjal 8 sýnir hefur stöðugildum hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum fækkað um 189 á milli áranna 1994 til 1996. Þróunin í einstökum kjördæmum var á þessu tímabili eins og mynd 15 sýnir.

Fjöldi stöðugilda hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum 1994 til 1996 dreift á kjördæmi



Mynd 15

Eins og myndin sýnir fækkar stöðugildum í öllum kjördæmum nema Reykjaneskjördæmi þar sem fjölgar um 21 stöðugildi og á Suðurlandi þar sem er lítilleg fjölgun. Langmest er fækkunin í Reykjavík eða um 168 stöðugildi. Í öðrum kjördæmum, þar sem er fækkun, er hún í flestum tilfellum óveruleg.



Mynd 16

Mynd 16 sýnir að samtals fækkar um 168 stöðugildi í Reykjavík, um 21 stöðugildi í öðrum kjördæmum og samtals á landinu öllu um 189 stöðugildi.



Mynd 17

Eins og mynd 17 sýnir er hærra hlutfall af stöðugildum í Reykjavík en hlutfall íbúatölu. Í öllum öðrum kjördæmum er hlutfall stöðugilda lægra en hlutfall íbúatölu. Mestur er munurinn í Reykjaneskjördæmi.

Skipting stöðugilda á milli B-, C-, D- og E-hluta árin 1994 til 1996



Mynd 18

Mynd 18 sýnir skiptingu stöðugilda á milli B-, C-, D- og E-hluta á árunum 1994–96. B-hluta stofnanir og E-hluta fyrirtæki starfa í öllum kjördæmum. C-hluta stofnanir eru ekki í Reykjaneskjördæmi og ekki á Suðurlandi. D-hluta stofnanir eru eingöngu í Reykjavík.

Samtals A-, B-, C-, D- og E-hluti.

Eins og fylgiskjal 8 sýnir hefur stöðugildum samtals hjá A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum fjölgað um 21 á milli áranna 1994 og 1996. Þróunin í einstökum kjördæmum var á þessu tímabili eins og mynd 19 sýnir.

Fjöldi stöðugilda A-, B-, C-, D- og E-hluta 1994 til 1996 skipt á kjördæmi



Mynd 19

Á mynd 19 sést að stöðugildum hefur fjölgað um 67 í Reykjavík. Smávægileg fjölgun var í Reykjaneskjördæmi og á Suðurlandi. Norðurland vestra stendur í stað. Í öðrum kjördæmum fækkar stöðugildum.

Skipting stöðugilda A-, B-, C-, D- og E- hluta 1994 til 1996



Mynd 20

Samkvæmt mynd 20 fjölgar stöðugildum um 67 í Reykjavík og fækkar um 46 í öðrum kjördæmum þegar A-, B-, C-, D- og E-hluti eru teknir saman. Samtals fjölgar stöðugildum um 21.

Hlutfallsleg skipting íbúatölu og stöðugilda A-, B-, C-, D-, og E-hluta samtals 1996



Mynd 21

Mynd 21 sýnir annars vegar hlutfallslega skiptingu íbúatölu og hins vegar hlutfallslega skiptingu stöðugilda samtals fyrir A-, B-, C-, D- og E-hluta í hverju kjördæmi fyrir sig. Litlar breytingar koma hér fram frá því sem sýnt var á mynd 4.

	Íbúatala	Stöðu-gildi	Fjöldi stöðugilda á hverja 1.000 íbúa
Reykjavík	105.458	14.917	141,4
Reykjaneskjördæmi	71.438	2.780	38,9
Vesturland	14.007	950	67,8
Vestfirðir	8.865	522	58,9
Norðurland vestra	9.995	712	71,3
Norðurland eystra	26.659	1.777	66,7
Austurland	12.680	781	61,6
Suðurland	20.625	1.389	67,3
	269.727	**23.828**	**88,3**

Tafla 4.

Tafla 4 sýnir tölu stöðugilda samtals á hverja 1.000 íbúa í hverju kjördæmi fyrir sig hjá stofnunum og fyrirtækjum í A-, B-, C-, D- og E-hluta árið 1996. Eins og áður vekur athygli að munurinn er nærri fjórfaldur á milli Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis þar sem stöðugildi eru fæst á hverja 1.000 íbúa. Næstfæst eru stöðugildin í Vestfjarðakjördæmi. Stöðugildi á hverja 1.000 íbúa eru rúmlega tvöfalt fleiri í Reykjavík en í öðrum kjördæmum. Að meðaltali eru um 88,3 stöðugildi á hverja 1.000 íbúa á landinu öllu.

Útgjöld.

Vinnutilhögun og skilgreining.

Til grundvallar skiptingu útgjalda ríkissjóðs voru lagðar upplýsingar frá Ríkisbókhaldi og frá stofnunum sem ekki voru í bókhaldsþjónustu Ríkisbókhalds. Jafnframt var leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum sem ráku útibú. Í slíkum tilfellum voru fengnar upplýsingar um skiptingu útgjalda á kjördæmi frá viðkomandi stofnun. Allra upplýsinga var aflað með skriflegri fyrirspurn og voru send út um 100 bréf í þessum tilgangi.

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, samkvæmt ríkisreikningi voru sem hér segir á árunum 1994–96:

Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi 1996
1994	136.626	142.077
1995	140.895	144.065
1996	149.896	149.896

Þar sem athugun þessi byggist á uppsetningu ríkisreiknings eins og hann verður fyrir árið 1998 var bætt við útgjöld A-hluta, frá því sem þau voru í ríkisreikningi fyrir viðkomandi ár, útgjöldum vegna t.d. barna- og vaxtabóta og útgjöldum B-hluta stofnana, sem teknar verða sem A-hluta stofnanir samkvæmt nýrri skilgreiningu, o.s.frv. Jafnframt voru framlög samkvæmt ríkisreikningi til stofnana sem nú heyra undir B-, C-, og D-hluta dregin frá. Þannig var þess gætt að útgjöld væru ekki tvítalin.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhæð þeirra útgjalda sem skipt var og þá fjárhæð sem ekki var skipt á kjördæmi árin 1994–96 í millj. kr. og á verðlagi hvers árs:

	1994	1995	1996
Samtals skipt	112.645	118.502	127.320
Óskipt	26.598	26.473	27.528
Tilfærslur vegna B- og C-hluta	3.960	3.540	3.250
Samtals	143.203	148.515	158.098
Vaxtabætur	-2.756	-3.023	-3.458
Barnabætur	-3.821	-4.598	-4.744
Samtals, sbr. ríkisreikning	**136.626**	**140.894**	**149.896**

Í þeim tilfellum þar sem ekki var hægt að skipta útgjöldum lágu ekki fyrir upplýsingar um hvar þau féllu til og/eða ekki var hægt að deila þeim á kjördæmi. Þar er t.d. um að ræða vaxtakostnað og kostnað við sendiráð erlendis og þess háttar. Á milli áranna var svo til undantekningarlaust sömu fjárlaganúmerum skipt niður á kjördæmi, sem gerir samanburð á milli ára marktækari.

Útgjöld voru talin falla til þar sem viðkomandi stofnun er og í þeim kjördæmum þar sem fjármunum var ráðstafað, eins og útgjöld til vegagerðar o.s.frv.

Skýrsluvélar ríkisins voru fengnar til að skilgreina hvar greiðslur vegna lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og slysatrygginga féllu til.

A-hluti.

Samkvæmt fylgiskjali 9 voru útgjöld sem skipt var á verðlagi hvers árs 112.645 millj. kr. árið 1994 og 127.320 millj. kr. árið 1996. Þannig hækkuðu þessi útgjöld um 14.675 millj. kr. á milli áranna. En hækkun útgjalda samkvæmt ríkisreikningi á milli áranna var 13.270 millj. kr.

Í fylgiskjali 10 hafa útgjöld áranna 1994 og 1995 verið framreiknuð til ársins 1996 miðað við neysluverðsvísitölu. Samkvæmt fylgiskjalinu hækka útgjöldin frá 1994 til 1996 úr 117.143 millj. kr. árið 1994 í 127.320 millj. kr. árið 1996, eða um 10.177 millj. kr., sem er þá raunvirðishækkun þessara útgjalda á milli áranna.

Dreifing útgjalda, A-hluta ríkissjóðs, á kjördæmin árin 1994 til 1996.
Á verðlagi 1996



Mynd 21

Mynd 21 sýnir skiptingu útgjalda á kjördæmin árin 1994–96 á verðlagi ársins 1996 miðað við neysluverðsvísitölu. Útgjöldin aukast í Reykjavík, Reykjaneskjördæmi og Suðurlandskjördæmi. Í öðrum kjördæmum breytast útgjöldin á milli áranna lítið. Á Suðurlandi aukast útgjöld um 1,3 milljarða kr. Skýringin er sú að á árinu 1996 greiddi ríkissjóður upp lán vegna Herjólfs (fjárlagaliður 10-212) að upphæð 1,4 milljarðar kr. Að teknu tilliti til þessa er ekki um útgjaldaaukningu að ræða í kjördæminu. Einnig má skýra útgjaldalækkun í Vestfjarðakjördæmi með minnkandi framlagi vegna jarðgangagerðar á norðanverðum Vestfjörðum.



Mynd 22

Mynd 22 sýnir hvernig útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, á verðlagi 1996 sem skipt er á milli kjördæma, hafa hækkað á milli áranna 1994 og 1996, annars vegar í Reykjavík og hins vegar í öðrum kjördæmum. Útgjöldin hækka um 6,2 milljarða kr. í Reykjavík og um 3,9 milljarða kr. í öðrum kjördæmum. Mynd 23 sýnir sömu skiptingu nema hvað Reykjaneskjördæmi er tekið sér eins og Reykjavík.



Mynd 23

Eins og mynd 23 sýnir hafa 8.069 millj. kr. af 10.177 millj. kr. hækkun á milli áranna 1994 og 1996 fallið til í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Af hækkuninni hafa því 2.108 millj. kr.

fallið til í öðrum kjördæmum en þessum tveimur. Af þeirri upphæð eru 1,4 milljarðar kr. til greiðslu á lánum vegna Herjólfs á árinu 1996, sbr. framanritað.

Hlutfallsleg skipting útgjalda, A-hluta, á milli Reykjavíkur og annarra kjördæma 1994 til 1996



Mynd 24

Mynd 24 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda á milli Reykjavíkur og annarra kjördæma árin 1994–96. Vert er að benda á að hér er um litla hlutfallslega breytingu að ræða sem kann að vera innan skekkjumarka.

Hlutfallsleg dreifing útgjalda A-hluta og íbúatölu 1996



Mynd 25

Mynd 25 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda á kjördæmi samanborið við hlutfallslega skiptingu íbúatölu. Hér á við það sama og um stöðugildin að Reykjavík sker sig úr þar sem hærra hlutfall útgjalda fellur til í Reykjavík en hlutfall íbúatölu segir til um. Sömuleiðis sker Reykjaneskjördæmi sig úr, þ.e. mun lægra hlutfall af útgjöldum rennur þangað en hlutfall íbúatölu segir til um. Í öðrum kjördæmum er dreifing jafnari.

Hlutfallsleg skipting stöðugilda, útgjalda og íbúatölu á kjördæmin árið 1996



Mynd 26

Mynd 26 sýnir hlutfallslega dreifingu stöðugilda, útgjalda og íbúatölu á kjördæmin. Hér kemur fram að útgjöld dreifast hlutfallslega jafnara á kjördæmi en stöðugildi miðað við hlutfallslega dreifingu íbúa. Útgjöldin sem falla til í Reykjavík eru 51,5% af heildarútgjöldunum, sem skipt er, samanborið við að stöðugildin eru 63,3% af heildarfjölda stöðugilda. Aftur á móti fellur til hærra hlutfall af útgjöldum í öðrum kjördæmum en nemur hlut þeirra í dreifingu stöðugilda.

B-, C-, D- og E-hluti.

Upplýsingar um skiptingu útgjalda hjá stofnunum og fyrirtækjum sem tilheyra B-, C-, D- og E-hluta voru fengnar bréflega frá þeim. Öll útgjöld þessara stofnana og fyrirtækja eru talin með hér með nokkrum undantekningum, þ.e. rekstrar- og fjárfestingaútgjöld, útgjöld vegna styrkveitinga, tapaðra útlána og niðurgreiddra vaxta. Varðandi undantekningar frá þessu er fyrst að nefna ríkisútvarpið og skal vitnað í bréf frá framkvæmdastjóra þess: „Hvað fjárfestingar varðar þá er ekki hægt að greina á milli hvar fjárfest er nema með mikilli vinnu. Eðli málsins samkvæmt er almenn fjárfesting mest í Reykjavík en fjárfesting í dreifikerfinu getur verið hvar sem er á landinu.“ Af þessari ástæðu eru fjárfestingaútgjöld ríkisútvarpsins undanskilin. Ekki lágu fyrir upplýsingar um skiptingu tapaðra útlána á kjördæmi vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna, niðurgreiðslu vaxta vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins og niðurgreidda vexti vegna Byggingarsjóðs verkamanna fyrir árið 1994. Eftirfarandi upplýsingar voru gefnar um fjárhæðir vegna þessara útgjalda, nema vaxtaniðurgreiðslu hjá Byggingasjóði verkamanna, vegna ársins 1994:

Í millj. kr.	1994	1995	1996
Ríkisútvarpið	152,8	208,2	150,6
Lánasjóður íslenskra námsmanna	116,1	92,4	59,9
Stofnlánadeild landbúnaðarins	85,9	49,0	44,2
Samtals	354,8	349,6	254,7

Rekstrar- og fjárfestingaútgjöld Íslenskra aðalverktaka eru ekki talin með. Aftur á móti eru stöðugildi Íslenskra aðalverktaka talin með stöðugildum hér að framan. Ekki var heldur hægt að flokka styrkveitingar hjá nokkrum stofnunum eftir kjördæmum (sjá síðar).

Skipting útgjalda B-, C-, D-, og E-hluta stofnana og fyrirtækja á kjördæmi árin 1994 til 1996. Á verðlagi 1996



Mynd 27

Eins og mynd 27 sýnir er vart hægt að greina breytingu í útgjöldum hjá stofnunum sem heyra undir B-, C-, D-, og E-hluta, á milli áranna 1994 og 1996, þegar þær eru teknar allar saman. Þó er nokkur breyting á Suðurlandi. Skýringin á útgjaldaaukningunni í því kjördæmi eru miklar fjárfestingar á árinu 1996 hjá Landsvirkjun. Útgjöldin 1994 og 1995 eru framreiknuð til ársins 1996 miðað við neysluverðsvísitölu.

Hlutfallsleg skipting útgjalda, B-, C-, D- og E-hluta, og hlutfall af íbúatölu 1996



Mynd 28

Mynd 28 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum og hlutfallslega dreifingu íbúatölu á kjördæmi landsins árið 1996. Hærra hlutfalli af útgjöldum þessara stofnana og fyrirtækja er ráðstafað í Reykjavík en hlutfalli af útgjöldum A-hluta stofnana, eða 60,1% samanborið við 51,5%. Hins vegar fellur lægra hlutfall af útgjöldum þessara stofnana og fyrirtækja til í Reykjaneskjördæmi en hlutfall af útgjöldum A-hluta stofnana, eða 9,0% samanborið við 14,1%. Þessi tvö kjördæmi skera sig úr hvað varðar hlutfallslega dreifingu þessara útgjalda. Í öðrum kjördæmum er dreifingin jafnari miðað við hlutfall af dreifingu íbúa. Í Norðurlandskjördæmi eystra er hlutfall útgjalda lægra en hlutfall af íbúatölu og sömuleiðis á Vestfjörðum en í Suðurlandskjördæmi er hlutfall af útgjöldum hærra en hlutfall af íbúatölu.

Skipting útgjalda á milli B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja 1994 til 1996. Á verðlagi 1996



Mynd 29

Mynd 29 sýnir skiptingu útgjalda á milli B-, C-, D- og E-hluta árin 1994, 1995 og 1996 á verðalagi ársins 1996. Hjá B- og D-hluta stofnunum er ekki mikil breyting á milli áranna 1994 og 1996. Hjá C-hluta stofnunum lækka útgjöldin um rúmar 700 millj. kr. Þetta stafar einkum af útgjaldalækkun hjá Þróunarsjóði sjávarútvegsins og verulegri lækkun útlánatapa.
Hjá E-hluta fyrirtækjum aukast útgjöldin á milli áranna 1994 og 1996 um 1,7 milljarða kr. Einkum er um að ræða aukin rekstrarútgjöld þessara stofnana á tímabilinu.

A-, B-, C-, D- og E-hluti.

Rétt er að skoða hvernig þróunin hefur verið samtals hjá A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirækjum á árunum 1994–96.

Skipting útgjalda, A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja, á kjördæmin árin 1994 til 1996. Á verðlagi 1996



Mynd 30

Mynd 30 sýnir að útgjöld hafa hækkað nokkuð í Reykjavík. Einnig er hækkun í Reykjaneskjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra og Suðurlandskjördæmi. Í öðrum kjördæmum eru útgjöldin nánast óbreytt.

Hlutfallsleg skipting útgjalda, A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja, og hlutfall af íbúatölu 1996



Mynd 31

Mynd 31 sýnir hvernig útgjöld A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja skiptast hlutfallslega á hvert kjördæmi samanborið við hlutfall íbúatölu árið 1996.

Stuðningur við húsnæðiskerfið.

Stuðningur ríkisins við íbúðareigendur og -leigjendur hefur verið sem hér segir:

1. Vegna eignaríbúða:
   a. Með greiðslu vaxtabóta vegna almennra eignaríbúða.
   b. Með greiðslu vaxtabóta og niðurgreiddum vöxtum í félagslega eignaríbúðakerfinu.
2. Vegna leiguíbúða:
   a. Með húsaleigubótum
   b. Með niðurgreiddum vöxtum vegna félagslegra leiguíbúða.

Tafla 5 sýnir hvernig vaxtabætur skiptust á kjördæmin árin 1994, 1995 og 1996 á verðlagi hvers árs.

Vaxtabætur í þús. kr. árin 1994, 1995 og 1996

	1994	Hlutfall	1995	Hlutfall	1996	Hlutfall	Íbúafjöldi 1. des. 1996	Hlutfall
Reykjavík	1.226.117	44,5%	1.370.039	45,3%	1.474.780	44,7%	105.458	39,1%
Reykjaneskjördæmi	846.058	30,7%	929.983	30,8%	1.034.213	31,3%	71.438	26,5%
Vesturland	99.929	3,6%	100.397	3,3%	118.598	3,6%	14.007	5,2%
Vestfirðir	54.707	2,0%	56.653	1,9%	55.061	1,7%	8.865	3,3%
Norðurland vestra	67.250	2,4%	66.048	2,2%	72.677	2,2%	9.995	3,7%
Norðurland eystra	212.938	7,7%	237.961	7,9%	260.836	7,9%	26.659	9,9%
Austurland	104.502	3,8%	107.329	3,6%	108.664	3,3%	12.680	4,7%
Suðurland	144.305	5,2%	154.786	5,1%	176.037	5,3%	20.625	7,6%
Samtals	**2.755.806**	**100,0%**	**3.023.196**	**100,0%**	**3.300.866**	**100,0%**	**269.727**	**100,0%**

Heimild: Embætti ríkisskattstjóra

Tafla 5.

Á tímabilinu frá 1994 til 1996 hafa vaxtabætur hækkað úr 2.755.806 þús. kr. í 3.300.866 þús. kr. eða um 545 millj. kr.



Mynd 32

Mynd 32 sýnir hlutfallslega dreifingu vaxtabóta á kjördæmi borið saman við hlutfall af íbúatölu. Í öllum kjördæmum nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi er hlutfall vaxtabóta lægra en hlutfall af íbúatölu.

Vaxtaniðurgreiðslur í félagslega íbúðakerfinu í millj. kr. árin 1995 og 1996

	1994 Hlutfall	1995	Hlutfall	1996	Hlutfall	Íbúafjöldi 1. des. 1996	Hlutfall
Reykjavík		413,1	42,2%	477,0	40,5%	105.458	39,1%
Reykjaneskjördæmi		212,4	21,7%	274,3	23,3%	71.438	26,5%
Vesturland		32,6	3,3%	40,1	3,4%	14.007	5,2%
Vestfirðir		49,9	5,1%	58,9	5,0%	8.865	3,3%
Norðurland vestra		45,9	4,7%	51,6	4,4%	9.995	3,7%
Norðurland eystra		142,0	14,5%	169,2	14,4%	26.659	9,9%
Austurland		43,4	4,4%	54,9	4,7%	12.680	4,7%
Suðurland		39,1	4,0%	50,7	4,3%	20.625	7,6%
Samtals		**978,4**	**100,0%**	**1.176,7**	**100,0%**	**269.727**	**100,0%**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins

Tafla 6.

Tafla 6 sýnir hvernig vaxtaniðurgreiðslur vegna félagslegra íbúða dreifðust á kjördæmin árin 1995 og 1996 á verðlagi hvors árs. Um er að ræða vaxtaniðurgreiðslur bæði vegna leigu- og eignaríbúða.

Ekki lágu fyrir upplýsingar um hvernig niðurgreiðsla vaxta dreifðist á árinu 1994. Á milli áranna 1995 og 1996 hækkuðu niðurgreiðslurnar úr 978,4 millj. kr. í 1.176,7 millj. kr. eða um 198,3 millj. kr., en vaxtabæturnar hækkuðu um 277,7 millj. kr. á milli sömu ára.

Hlutfallsleg dreifing vaxtaniðurgreiðslna vegna félagslegra íbúða og íbúatölu á kjördæmin árið 1996



Mynd 33

Mynd 33 sýnir hvernig hlutfall vaxtaniðurgreiðslna vegna félagslegra íbúða og hlutfall af íbúatölu skiptist á kjördæmin árið 1996. Í fjórum kjördæmum er hlutfall af vaxtaniðurgreiðslum hærra en hlutfall af íbúatölu. Þessi kjördæmi eru Reykjavík, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra. Á þrjú kjördæmi hallar í þessum samanburði, þ.e. Reykjaneskjördæmi, Vesturlandskjördæmi og Suðurlandskjördæmi. Austurlandskjördæmi er nokkurn veginn í jafnvægi hvað þennan samanburð varðar.

Tafla 7 sýnir hvernig húsaleigubætur dreifðust á kjördæmin árin 1995–96 á verðalagi hvors árs.

Húsaleigubætur árin 1995 og 1996

	1994	Hlutfall	1995	Hlutfall	1996	Hlutfall	Íbúafjöld i 1. des. 1996	Hlutfall
Reykjavík			106.960.257	82,8%	155.378.565	83,2%	105.458	39,1%
Reykjanes			15.011.012	11,6%	19.617.253	10,5%	71.438	26,5%
Vesturland			99.144	0,1%	93.624	0,1%	14.007	5,2%
Vestfirðir			193.538	0,1%	1.531.010	0,8%	8.865	3,3%
N-Vestra			1.487.510	1,2%	2.034.636	1,1%	9.995	3,7%
N-Eystra			2.036.114	1,6%	1.665.840	0,9%	26.659	9,9%
Austurland			1.457.366	1,1%	3.242.802	1,7%	12.680	4,7%
Suðurland			2.010.604	1,6%	3.114.910	1,7%	20.625	7,6%
Samtals			**129.255.545**	**100,0%**	**186.678.640**	**100,0%**	**269.727**	**100,0%**

Heimild: Árbók sveitarfélaga 1995 og 1996

Tafla 7.

Húsaleigubætur voru fyrst greiddar á árinu 1995. Frá árinu 1995 til ársins 1996 hækkaði hlutur ríkissjóðs í húsaleigubótum úr 129,3 millj. kr. í 186,7 millj. kr. eða um 57,4 millj. kr. Á þessum árum var það ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar hvort greiddar væru húsaleigubætur í sveitarfélaginu. Ef sveitarstjórn tók ákvörðun um greiðslu húsaleigubóta þurfti sveitarfélagið að leggja fram fé á móti framlagi ríkissjóðs. Þetta leiddi til þess að meiri hluti sveitarfélaga tók ákvörðun um að greiða ekki húsaleigubætur.

Þegar mynd 34 er skoðuð ber að hafa í huga að hvert sveitarfélag fyrir sig tók ákvörðun um greiðslu húsaleigubóta. Ef sveitarstjórn tók ákvörðun um að greiða ekki húsaleigubætur kom ekki framlag úr ríkissjóði til íbúa þess sveitarfélags. Eins og myndin sýnir var hlutfall af húsaleigubótum lægra í samanburði við hlutfall af íbúatölu í öllum kjördæmum nema Reykjavík og stafar það af því hversu fá sveitarfélög greiddu húsaleigubætur.

Hlutfallsleg dreifing húsaleigubóta og íbúatölu á kjördæmin árið 1996



Mynd 34

Stuðningur ríkisins við húsnæðiskerfið, eignar- og leiguíbúðir, 1994 til 1996. Í þús. kr.

	1994	Hlutfall	1995	Hlutfall	1996	Hlutfall	Íbúafjöld i 1. des. 1996	Hlutfall
Reykjavík	1.226.117	44,5%	1.890.099	45,8%	2.107.159	45,2%	105.458	39,1%
Reykjanes	846.058	30,7%	1.157.394	28,0%	1.328.130	28,5%	71.438	26,5%
Vesturland	99.929	3,6%	133.096	3,2%	158.792	3,4%	14.007	5,2%
Vestfirðir	54.707	2,0%	106.747	2,6%	115.492	2,5%	8.865	3,3%
N-Vestra	67.250	2,4%	113.436	2,7%	126.312	2,7%	9.995	3,7%
N-Eystra	212.938	7,7%	381.997	9,2%	431.702	9,3%	26.659	9,9%
Austurland	104.502	3,8%	152.186	3,7%	166.807	3,6%	12.680	4,7%
Suðurland	144.305	5,2%	195.897	4,7%	229.852	4,9%	20.625	7,6%
Samtals	**2.755.806**	**100,0%**	**4.130.852**	**100,0%**	**4.664.245**	**100,0%**	**269.727**	**100,0%**

Tafla 8.

Tafla 8 sýnir samtals stuðning ríkisins við íbúðareigendur og -leigjendur.

Eins og fram kom hér að framan vantaði upplýsingar um dreifingu vaxtaniðurgreiðslna í félagslega íbúðakerfinu á árinu 1994. Jafnframt hófst greiðsla húsaleigubóta ekki fyrr en á árinu 1995.

Heildarstuðningur ríkisins vegna eignar- og leiguíbúða hækkaði úr 4.130,8 millj. kr. árið 1995 í 4.664,2 millj. kr. árið 1996, eða um 533,4 millj. kr.

Hlutfallsleg dreifing á íbúatölu og útgjöldum ríkisins vegna stuðnings við húsnæðiskerfið, eignar- og leiguíbúðir, árið 1996



Mynd 35

Mynd 35 sýnir að hlutfallsleg skipting á útgjöldum ríkisins vegna stuðnings við íbúðaeigendur og -leigjendur árið 1996 er lægri en hlutfall af íbúatölu í öllum kjördæmum nema í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

Styrkveitingar.

Nokkuð er um að ráðuneyti og stofnanir í A-hluta veiti ýmiss konar styrki. Um er að ræða styrki til atvinnumála, lista, menningarmála o.s.frv. Styrkveitingar þessar eru til einstaklinga, félaga, fyrirtækja og sveitarfélaga. Yfirleitt er um lágar upphæðir að ræða í hvert eitt skipti. Ekki tókst að afla upplýsinga um þessa styrki nema að hluta og ljóst að nokkru þyrfti að kosta til ef afla ætti þeirra þar sem staðsetja þyrfti hvern og einn styrkþega. Af þessum sökum liggja ekki fyrir endanlegar upplýsingar um dreifingu styrkja úr A-hluta.

Á vegum menntamálaráðuneytisins eru veittir styrkir úr tveimur sjóðum og af einum fjárlagalið þar sem upplýsingar lágu fyrir um skiptingu á kjördæmi. Hér er um að ræða styrkveitingar úr Vísindasjóði, Tæknisjóði og styrkveitingar vegna jöfnunar á námskostnaði, fjárlagaliður 02-884.

Styrkveitingar úr Vísinda- og tæknisjóði dreift á kjördæmi árin 1994 til 1996

	Vísindasjóður			Tæknisjóður			Samtals		
Í þús. kr.	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996
Reykjavík	125.306	137.344	141.405	155.675	106.665	141.405	280.981	244.009	282.810
Reykjaneskjördæmi	8.885	11.005	18.760	8.300	2.250	18.760	17.185	13.255	37.520
Vesturland	850	1.380	3.380	750	1.875	3.380	1.600	3.255	6.760
Vestfirðir	360						360	0	0
Norðurland vestra			5.050	6.500	2.500	5.050	6.500	2.500	10.100
Norðurland eystra	2.420	1.160	6.230	8.000	7.400	6.230	10.420	8.560	12.460
Austurland									
Suðurland	490		2.750		700	2.750	490	700	5.500
Samtals	**138.311**	**150.889**	**177.575**	**179.225**	**121.390**	**177.575**	**317.536**	**272.279**	**355.150**

Heimild: Rannsóknarráð Íslands.

Tafla 9.

Styrkveitingar voru flokkaðar eftir póstfangi móttakanda.

Hlutfallsleg dreifing íbúatölu og styrkveitinga úr Vísinda- og tæknisjóði dreift á kjördæmi árið 1996



Mynd 36

Eins og mynd 36 sýnir fara um 79,6% af styrkveitingum úr Vísinda- og tæknisjóði til aðila sem eru með póstfang í Reykjavík. Engir styrkir runnu til aðila í Vestfjarðakjördæmi og Austurlandskjördæmi. Eins og tafla 9 sýnir féllu engir styrkir til Austfjarða á þessum þremur árum og einungis á árinu 1994 til Vestfjarða.

Dreifing styrkveitinga á kjördæmi vegna jöfnunar á námskostnaði árin 1994 til 1996

Í millj. kr.	1994	1995	1996
Reykjavík	0,1	0,2	0,1
Reykjaneskjördæmi	1,3	1,3	2,4
Vesturland	11,3	11,3	15,1
Vestfirðir	8,9	8,9	10,4
Norðurland vestra	13,5	13,5	16,8
Norðurland eystra	19,4	19,4	20,7
Austurland	16,7	16,7	17,6
Suðurland	12,1	12,1	13,1
Óskilgreint	0,9	5,9	0,6
Samtals	**84,2**	**89,4**	**96,9**

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Tafla 10.

Tafla 10 sýnir hvernig styrkveitingar vegna jöfnunar á námskostnaði skiptust á kjördæmin árin 1994–96. Styrkveiting er talin til þess kjördæmis þar sem styrkþegi á lögheimili.

Hlutfallsleg skipting íbúatölu og styrkveitinga á kjördæmi vegna jöfnunar á námskostnaði árið 1996



Mynd 37

Mynd 37 sýnir hvernig styrkveitingar vegna jöfnunar á námskostnaði skiptust hlutfallslega á kjördæmi landsins ásamt hlutfallslegri skiptingu íbúatölu. Í öllum kjördæmum nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi er hlutfall þessara styrkja hærra en hlutfall íbúatölu.

C-, D-, og E-hluta stofnanir og fyrirtæki.

Í fylgiskjali 11 kemur fram hvernig styrkveitingar frá stofnunum og fyrirtækjum í C-, D-, og E-hluta (sjá skilgreiningu í inngangi) dreifðust á kjördæmin árin 1994–96 á verðlagi hvers árs. Eins og þar kemur fram hafa samtals verið veittir styrkir á hverju ári á vegum þessara stofnana, frá 477 millj. kr. árið 1996 í 576 millj. kr. árið 1994. Þannig hafa styrkir frá þessum stofnunum lækkað um 100 millj. kr. á þessu tímabili.

Styrkveitingar C-, D- og E-hluta stofnana 1994 til 1996
Á verðlagi hvers árs

	1994	1995	1996
C-hluti	516,00	442,80	355,40
Ekki skipt á kjördæmi	14,90		7,30
Samtals C-hluti	**530,90**	**442,80**	**362,70**
D-hluti	0	4,0	0
Ekki skipt á kjördæmi	9,20	7,30	8,50
Samtals D-hluti	**9,20**	**11,30**	**8,50**
E-hluti	34,10	64,50	54,30
Ekki skipt á kjördæmi	2,0	10,0	51,1
Samtals E-hluti	**36,10**	**74,50**	**105,40**

Tafla 11.

Tafla 11 sýnir hvernig styrkirnir skiptast á milli C-, D- og E-hluta. Taflan sýnir sérstaklega upphæðir þeirra styrkja sem viðkomandi stofnanir gátu ekki flokkað eftir kjördæmum. Styrkveitingar sem ekki eru staðsettar á kjördæmi hjá C-hluta eru vegna styrkja frá Orkusjóði. Styrkir D-hluta sem ekki eru eyrnamerktir eftir kjördæmum eru veittir af Seðlabanka Íslands. Styrkir E-hluta sem ekki eru staðsettir eru frá Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði. Orkusjóður, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður gerðu að hluta til grein fyrir hvert styrkveitingar runnu.

Hlutfallsleg skipting styrkja C-hluta stofnana á kjördæmi árið 1996



Mynd 38

Mynd 38 sýnir hvernig styrkir frá C-hluta stofnunum dreifðust á kjördæmin árið 1996. Um er að ræða styrki frá Byggðastofnun, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Húsnæðisstofnun ríkisins, Hafnabótasjóði og Orkusjóði. Í öllum kjördæmum nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fellur til hærra hlutfall af styrkjum þessara stofnana en hlutfall íbúatölu segir til um.

Af D-hluta stofnunum voru tvær stofnanir sem veittu styrki á þessu tímabili. Seðlabanki Íslands gat ekki staðsett styrkveitingarnar í ákveðin kjördæmi þar sem þær voru veittar á landsvísu. Hin stofnunin var Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem veitti 4 millj. kr. styrk á árinu 1995 til Vestfjarða.

Hlutfallsleg skipting styrkja E-hluta stofnana á kjördæmi árið 1996



Mynd 39

Mynd 39 sýnir hlutfallslega skiptingu styrkveitinga sem E-hluta stofnanir og fyrirtæki veittu á árinu 1996, ásamt hlutfallslegri dreifingu íbúa á kjördæmin. Þær stofnanir sem hér

veittu styrki voru Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Fiskveiðasjóður. Þessir sjóðir tilheyra nú Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Hlutfall styrkveitinga þessara sjóða var hærra en hlutfall af íbúatölu í þremur kjördæmum, þ.e. Reykjavík, Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra. Benda má á hversu lítið rennur til Reykjaneskjördæmis, Norðurlandskjördæmis vestra, Austurlandskjördæmis og Suðurlandskjördæmis miðað við hlutfall íbúatölu. Samkvæmt töflu 11 veittu Iðnlánasjóður og Iðnþróunarjóður styrki á árinu 1996 að fjárhæð 51,1 millj. kr. sem sjóðirnir töldu sig ekki geta merkt ákveðnum kjördæmum.

Hlutfallsleg skipting styrkveitinga samtals C-, D- og E-hluta árið 1996



Mynd 40

Mynd 40 sýnir hlutfallslega skiptingu styrkja C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja árið 1996 ásamt hlutfallslegri dreifingu íbúa á kjördæmin. Öll kjördæmi nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fá hærra hlutfall af styrkjum en hlutfall íbúatölu segir til um.

Útlánatöp.

Fylgiskjal 12 sýnir skiptingu tapaðra útlána á kjördæmi hjá C-, D- og E- hluta stofnunum og fyrirtækjum á tímabilinu 1994–96.

Útlánatöp 1994 til 1996 hjá C- og D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum



Mynd 41

Mynd 41 sýnir þróun tapaðra útlána hjá C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum á árunum 1994–96 á verðlagi hvers árs. Hér sést að töpuðum útlánum hefur fækkað verulega í öllum kjördæmum á þessu tímabili. Í heildina lækka útlánatöpin úr 5.053,7 milljörðum kr. árið 1994 í 2.890,6 milljarða kr. árið 1996, eða um 2.163,1 milljarð kr.

Þróun útlánatapa í Reykjavík og öðrum kjördæmum 1994 til 1996



Mynd 42

Á mynd 42 sést hvernig útlánatöp hafa þróast á þessum árum, annars vegar í Reykjavík og hins vegar í öðrum kjördæmum.

Hlutfallsleg skipting útlánatapa, C-, D- og E- hluta stofnana/fyrirtækja, á milli Reykjavíkur og annarra kjördæma árin 1994 til 1996



Mynd 43

Mynd 43 sýnir hvernig útlánatöp þessara stofnana og fyrirtækja hafa þróast hlutfallslega á milli Reykjavíkur og annarra kjördæma.

Hlutfallsleg dreifing tapaðra útlana, C-, D- og E-hluta stofnana/fyrirækja, og íbúatölu 1996



Mynd 44

Mynd 44 sýnir hvernig útlánatöp þessara stofnana dreifðust hlutfallslega á kjördæmi árið 1996 ásamt hlutfallslegri dreifingu íbúatölu. Í þremur kjördæmum er hlutfall útlánatapa hærra en hlutfall af íbúatölu. Kjördæmin eru Reykjavík, Vestfjarðakjördæmi og Suðurlandskjördæmi. Í öðrum kjördæmum er þetta hlutfall lægra.

Lokaorð.

Á því tímabili sem hér er til skoðunar, þ.e. árin 1994–96, er stöðugildafjöldi samtals í öðrum kjördæmum en Reykjavík nánast óbreyttur, bæði þegar A-hluta stofnanir eru skoðaðar sérstaklega og þegar A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnanir og fyrirtæki eru tekin saman. Aftur á móti gætir tilhneigingar til fjölgunar stöðugilda hjá A-hluta stofnunum í Reykjavík, en fækkunar hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum. Þegar stöðugildi samtals hjá A-, B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum eru tekin saman fjölgar stöðugildum lítillega í Reykjavík.

Af heildarfjölda stöðugilda hjá stofnunum og fyrirtækjum á vegum ríkisins eru 62,5% í Reykjavík, þar sem hlutfall af íbúatölu er 39,1%. Í öðrum kjördæmum er hlutfallið af stöðugildum 37,5%, þar sem hlutfall af íbúatölu er 60,9%. Miðað er við árið 1996.

Hlutfallsleg skipting útgjalda þessara stofnana og fyrirtækja á kjördæmi í samanburði við hlutfall af íbúatölu er jafnari en hlutfall stöðugilda. Í Reykjavík falla til um 53,5% af heildarútgjöldunum og þá 46,5% í öðrum kjördæmum.

Athygli vekur hversu hlutur Reykjaneskjördæmis er rýr bæði hvað varðar hlutfall af stöðugildum samtals, 11,6%, og hlutfall af útgjöldum, 12,9%, samanborið við hlutfall íbúatölu, 26,5%. Allar þessar tölur miðast við árið 1996.

Þegar hlutfall stöðugilda er borið saman við hlutfall af útgjöldum er ljóst að þau útgjöld ríkisins sem skapa mesta eftirspurn falla að miklu leyti til í Reykjavík, þar sem hlutfallslega hærri hlutur þeirra fer til greiðslu launa. Aftur á móti fer hærra hlutfall af útgjöldum ríkisins í öðrum kjördæmum til fjárfestinga sem skapa ekki sambærilega eftirspurn eins og þegar um launagreiðslur er að ræða. Í þessu sambandi má benda á Vestfjarðakjördæmi, en á tímabilinu fór um fimmtungur útgjalda A-hluta til kjördæmisins í jarðgangagerð.

Þrátt fyrir þann ásetning að fjölga beri störfum í öðrum kjördæmum en Reykjavík virðist það ekki hafa tekist. Nýjar stofnanir og fyrirtæki hafa verið settar á stofn á því tímabili, sem hér er til skoðunar, án þess að opinber umræða hafi farið fram um staðsetningu þeirra. Benda má á hvort ekki gæti verið þjóðhagslega hagstæðara að staðsetja stofnanir, sem þurfa að vera á Reykjavíkursvæðinu, einnig í Reykjaneskjördæmi. Sem dæmi má nefna að nýlega er lokið við að byggja upp aðstöðu fyrir alþjóðaflugþjónustuna á Reykjavíkurflugvelli. Gat t.d. komið til greina að hafa hana á Keflavíkurflugvelli?

Til að marka stefnu til lengri tíma um staðsetningu stofnana og starfa er hér lagt til að samhliða frumvarpi til fjárlaga hvers árs verði ráðuneytum gert að gera grein fyrir fjölgun eða fækkun stöðugilda hjá þeim stofnunum sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti. Lögð verði fram áætlun fyrir hvert kjördæmi og gerð grein fyrir hvar ný störf verða til, fækkun stöðugilda eða tilflutningi þeirra á milli stofnana og kjördæma.

Fskj. 1.

Bréf stjórnarformanns Byggðastofnunar til Haralds L. Haraldssonar, Rekstri og ráðgjöf ehf.
(17. ágúst 1997.)

Í framhaldi af viðtölum okkar um skýrslugerð, sem taki til skiptingar ríkisútgjalda, stöðugilda og jafnvel fleiri hagstærða, staðfesti ég hér með ósk mína um að þú takir þetta verkefni að þér fyrir stjórn Byggðastofnunar.

Við vinnslu verkefnisins verði höfð til hliðsjónar sú umfjöllun sem milli okkar hefur farið og þær upplýsingar sem við höfum fengið frá þeim aðilum sem rætt hefur verið við.

Til þess að málið sé skýrt við upphaf verkefnisins verði gerð verklýsing yfir viðfangsefnið.

Virðingarfyllst,

Egill Jónsson,
stjórnarformaður Byggðastofnunar.

Fskj. 2.

Bréf skýrsluhöfundar til stjórnarformanns Byggðastofnunar.
(3. október 1997.)

Að beiðni þinni hefur undirritaður haft til skoðunar hvernig hægt sé að fylgjast árlega með dreifingu á fjárframlögum hins opinbera og útgjöldum opinberra stofnana á milli kjördæma. Farið hafa fram viðræður við Gunnar H. Hall ríkisbókara, Kára Sigfússon, skrifstofustjóra Ríkisbókhalds, Gunnar Gunnarsson, tölvunarfræðing hjá Ríkisbókhaldi, og Pétur Jónsson, deildarsérfræðing hjá Ríkisbókhaldi. Auk þessa voru skoðuð ýmis gögn málinu tengd.

Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, skiptist ríkisreikningur í A-, B-, C-, D- og E-hluta frá og með 1998.

I. Tillaga.

a. Lagt er til að útgjöldum allra stofnana sem flokkast undir framangreinda hluta verði skipt eftir kjördæmum nema vegna fyrirtækja í E-hluta sem eru í minnihlutaeign ríkisins, þ.e. eignarhlutur ríkisins minni en 50%.
b. Lagt er til að útgjöld í hverju kjördæmi fyrir sig verði flokkuð sem hér segir:
   1. Rekstrarútgjöld
      - Laun
      - Önnur rekstrarútgjöld
   2. Fjárfestingarútgjöld
      - Laun
      - Önnur fjárfestingarútgjöld, þar með taldir verktakasamningar
   3. Styrkveitingar
   4. Töpuð útlán
   5. Ríkisábyrgðir

Gæta þarf þess að framlög úr A-hluta séu ekki tvítalin með útgjöldum í B- og C-hluta.

c. Lagt er til að fjöldi stöðugilda verði flokkaður eftir kjördæmum, annars vegar eftir vinnustað og hins vegar eftir búsetu þess er gegnir stöðugildinu. Stöðugildaflokkunin nái yfir alla framangreinda hluta, þ.e. A-, B-, C-, D- og E-hluta, þar sem ríkissjóður á 50% eignarhlut og meira.
d. Lagt er til að óskað verði eftir því við Ríkisbókhald að það veiti árlega á kerfisbundinn hátt allar framangreindar upplýsingar vegna A-hluta, samkvæmt framangreindri skilgreiningu.
e. Sömuleiðis er lagt til að óskað verði eftir því við allar stofnanir og fyrirtæki, sem flokkast undir B-, C-, D- og E-hluta, þar sem eignarhlutur ríkisins er 50% eða meiri, að þær veiti árlega á tölvutæku formi sömu upplýsingar og að framan greinir.
f. Lagt er til að framangreindar upplýsingar verði fengnar frá og með árinu 1995 og svo árlega þaðan í frá þannig að upplýsingarnar liggi fyrir um það leyti sem ríkisreikningur er gefinn út.

II. Skilgreining á A-, B-, C-, D- og E-hluta.

Hver hluti er nú skilgreindur sem hér segir samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 1988:

A-hluti. Ríkissjóður og ríkisstofnanir.

Undir A-hluta heyrir eftirfarandi:

Æðsta stjórn ríkisins. Ráðuneyti og ríkisstofnanir.

Sjóðir vegna framkvæmda. Hér er átt við sjóði sem ríkissjóður leggur til ráðstöfunarfé í því skyni að veita styrki og lán til framkvæmda eða sjóði sem er komið á fót til að halda utan um fjármál tiltekinna bygginga í eigu ríkisins.

Styrktarsjóðir. Hér er átt við margvíslega sjóði sem stofnaðir eru gagngert til að veita fjárhagslegan stuðning í ákveðnum tilgangi. Hér er m.a. um að ræða sjóði á sviði menningar-, heilbrigðis- og atvinnumála.

Sjálfseignarstofnanir. Hér er um að ræða stofnanir sem ríkissjóður ber rekstrarlega ábyrgð á samkvæmt lögum, samningi eða ríkið kostar að stórum hluta.

Framlög og styrkir. Hér er átt við tilfærslur ríkissjóðs til aðila utan A-hluta, þ.e. ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, sveitarfélaga, einstaklinga, samtaka og atvinnuvega.

Undir þennan hluta flokkast einnig útgjöld stofnana sem starfa samkvæmt sérstökum lögum þótt kostnaður við starfsemi þeirra sé ekki greiddur af almennu skattfé. Um er að ræða verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóði, öryggis- og eftirlitsstofnanir og þjónustustofnanir við ríkisaðila.

B-hluti. Ríkisfyrirtæki.

Undir þessa skilgreiningu falla fyrirtæki önnur en sameignar- eða hlutafélög sem eru alfarið í eigu ríkisins. Fyrirtæki í þessum hluta starfa á markaði og byggja afkomu sína í aðalatriðum á sölu til almennings og fyrirtækja, ýmist í samkeppni við aðra eða í skjóli einokunar. Undir þessa skilgreiningu flokkast eftirfarandi fyrirtæki og stofnanir:

- Happdrætti Háskóla Íslands
- Lyfjabúð Háskóla Íslands
- Ríkisútvarpið
- Þjóðleikhúsið
- Sinfóníuhljómsveit Íslands

- Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli
- Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Ratsjárstofnun
- Umsýslustofnun varnarmála
- Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
- Alþjóðaflugþjónustan
- Rafmagnsveitur ríkisins

C-hluti. Lánastofnanir.

Lánastofnanir í eigu ríkisins, aðrar en innlánsstofnanir, eru allar stofnanir ríkisins sem annast lánastarfsemi og þá einkum til aðila utan ríkissjóðs. Undir þessa skilgreiningu flokkast eftirfarandi stofnanir:

- Byggðastofnun
- Lánasjóður íslenskra námsmanna
- Framleiðnisjóður landbúnaðarins
- Lánasjóður landbúnaðarins
- Þróunarsjóður sjávarútvegsins
- Húsbréfadeild
- Byggingarsjóður ríkisins
- Byggingarsjóður verkamanna
- Framkvæmdasjóður Íslands
- Hafnabótasjóður
- Ferðamálasjóður
- Orkusjóður
- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

D-hluti. Fjármálastofnanir.

Til hans teljast fjármálastofnanir ríkisins sem eru hvorki sameignar- né hlutafélög. Undir þessa skilgreiningu flokkast eftirfarandi stofnanir:

- Seðlabanki Íslands
- Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
- Viðlagatrygging
- Tryggingasjóður viðskiptabanka

E-hluti. Sameignar- og hlutafélög í meirihlutaeign ríkisins.

Hér flokkast fyrirtæki sem starfa á samkeppnismarkaði og ríkissjóður á að hálfu eða meira. Stjórnvöld geta haft ótvíræð áhrif á stjórnun þessara fyrirtækja, en athafnafrelsi þeirra er mun rýmra en hjá ríkisfyrirtækjum í B-hluta og eru bein afskipti fremur fátíð. Undir þessa skilgreiningu flokkast eftirfarandi stofnanir.

	Eignaraðild
• Landsbanki Íslands hf.	100,0%
• Búnaðarbanki Íslands hf.	100,0%
• Áburðarverksmiðjan hf.	100,0%
• Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.	100,0%
• Sementsverksmiðjan hf.	100,0%
• Orkustofnun erlendis hf.	100,0%
• Landssíminn hf.	100,0%

• Íslandspóstur hf.	100,0%
• Stofnfiskur hf.	93,6%
• Hitaveita Hjaltadals sf.	94,0%
• Breiðafjarðarferjan Baldur hf.	80,0%
• Flugkerfi hf.	65,1%
• Skallagrímur hf.	65,0%
• Íslenskir aðalverktakar hf.	52,0%
• Kísiliðjan hf.	51,0%
• Skráningarstofan hf.	50,8%
• Landsvirkjun	50,0%

Framangreind tillaga gerir ráð fyrir að ekki verði tekið tillit til útgjalda þeirra fyrirtækja þar sem eignarhlutur ríkissjóðs er minni en 50%. Verði hlutur ríkissjóðs í framangreindum fyrirtækjum minni en 50% falla þau fyrirtæki út af listanum.

Gera verður ráð fyrir að fyrirtæki geti flust til á milli ríkishluta, samkvæmt framanrituðu.

Virðingarfyllst,

Haraldur L. Haraldsson
hagfræðingur.

Fskj. 3.

Bréf Egils Jónssonar, stjórnarformanns Byggðastofnunar, til Gunnars H. Hall ríkisbókara.
(9. október 1997.)

Að ósk forsætisráðherra vinnur Byggðastofnun að tillögu til þingsályktunar um byggðamál. Meðal þeirra upplýsinga sem leitað er eftir vegna þessa eru upplýsingar um hvernig útgjöld ríkissjóðs, stofnana ríkisins og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins dreifast niður á kjördæmi.

Með vísan til þessa og viðræðna við þig varðandi þetta mál er hér með óskað eftir því að Ríkisbókhald láti Byggðastofnun í té upplýsingar um dreifingu ríkisútgjalda eftir kjördæmum samkvæmt A-hluta ríkisreiknings eins og hann er skilgreindur í fjárlögum fyrir árið 1998.

Útgjöldin í hverju kjördæmi fyrir sig verði flokkuð sem hér segir:

1. Rekstrarútgjöld
   - Laun
   - Önnur rekstrarútgjöld
2. Fjárfestingarútgjöld
   - Laun
   - Önnur fjárfestingarútgjöld, þar með taldir verktakasamningar
3. Styrkveitingar
4. Töpuð útlán
5. Útgjöld vegna ríkisábyrgða

Jafnframt láti Ríkisbókhald Byggðastofnun í té upplýsingar um hvernig stöðugildi stofnana samkvæmt A-hluta dreifast á kjördæmi, annars vegar eftir vinnustað og hins vegar eftir búsetu þess er gegnir stöðugildinu.

Óskað er eftir upplýsingum fyrir árin 1994, 1995 og 1996. Óskað verður eftir sömu upplýsingum fyrir hvert ár héðan í frá þannig að þær liggi fyrir árlega um það leyti sem ríkisreikningur er gefinn út.

Virðingarfyllst,

Egill Jónsson
stjórnarformaður.

Fskj. 4.

Bréf Ríkisbókhalds til Byggðastofnunar.
(30. september 1997 (á að vera 30. október 1997).)

Í tilefni af málaleitan Byggðastofnunar varðandi upplýsingar um fjárframlög ríkissjóðs til sveitarfélaga og hugsanlega uppbyggingu á árlegum upplýsingum í gagnagrunn hefur Ríkisbókhald yfirfarið sín gögn út frá ríkisreikningi 1996. Hér á eftir er reynt að sýna í grófum dráttum hvernig Ríkisbókhald telur heppilegt að nálgast þetta, en ítarlegri sundurliðun er á sérstökum blöðum.

Ríkisreikningur 1996, A-hluti.

Gjöld umfram tekjur	137,0	milljarðar kr.
Sértekjur stofnana	12,9	milljarðar kr.
Heildargjöld	**149,9**	**milljarðar kr.**

Í grófum dráttum má skipta heildargjöldum í tvo hluta, þ.e. annars vegar eru kaup ríkisins á vöru og þjónustu og hins vegar eru tilfærslur, en þeir námu á árinu 1996:

Kaup á vöru og þjónustu			**Tilfærslur**		
Laun	45,3	milljarðar kr.	Til B-hluta	9,5	milljarðar kr.
Önnur gjöld	47,3	milljarðar kr.	Til sveitarfélaga	6,9	milljarðar kr.
Samtals	**92,6**	**milljarðar kr.**	Til fyrirtækja	6,6	milljarðar kr.
			Til einstaklinga o.fl.	32,8	milljarðar kr.
			Til annarra	1,4	milljarðar kr.
			Samtals	**57,3**	**milljarðar kr.**

Upplýsingar Ríkisbókhalds um tilfærslur takmarkast við til hverra aðila ríkissjóður greiðir þessi framlög. Kaup ríkisins á vörum og þjónustu eru almennt á vegum stofnana. Skipta má þessum stofnunum í tvo hluta gagnvart Ríkisbókhaldi. Annars vegar eru þær sem Ríkisbókhald annast bókhaldið fyrir og hefur því öll gögn um, en það eru nú um 275 stofnanir. Hins vegar eru um 100 stofnanir sem sjá alfarið sjálfar um sitt bókhald og hafa öll sín gögn hjá sér, en senda Ríkisbókhaldi ársuppgjör til birtingar í ríkisreikningi. Byggðastofnun fær yfirlit um

þessar stofnanir og það sýnir einnig um hvaða fjárhæðir er þar að ræða. Hvað snertir stofnanir sem ekki eru í þjónustu ríkisins skal þó bent á að stór hluti þeirra greiðir laun í gegnum hið miðlæga launakerfi ríkisins og ætti því að vera unnt að afla þeirra gagna. Eftirfarandi yfirlit sýnir útgjöld þessara stofnana á árinu 1996:

Stofnanir í bókhaldsþjónustu			**Stofnanir með eigið bókhald**		
Launagjöld alls	24,0	milljarðar kr.	Launagjöld alls	21,3	milljarðar kr.
þar af líf.skb.	*3,7*	*milljarðar kr.*	*þar af í launakerfi*	*11,9*	*milljarðar kr.*
Önnur gjöld alls	13,6	milljarðar kr.	Önnur gjöld	33,7	milljarðar kr.
Gjöld alls	**37,6**	**milljarðar kr.**	**Gjöld alls**	**55,0**	**milljarðar kr.**

Yfirlit sem Ríkisbókhald hefur tekið saman um þær stofnanir sem greiða sjálfar launin að fjárhæð 9,4 milljarðar kr. sýnir að þar er einkum um að ræða sjúkrahús víðs vegar um landið og má af því ráða hvert launagreiðslurnar renna. Varðandi gjöld þessara stofnana þá er unnt að flokka þessar stofnanir eftir landsvæðum, sé þess óskað.

Vonast er til að þær upplýsingar sem við leggjum fram komi að góðum notum við framgang þessa verkefnis. Ríkisbókhald hefur lagt nokkra vinnu í að ganga frá hjálögðum gögnum og er stofnunin að sjálfsögðu reiðubúin til frekari vinnu, sé þess óskað.

Gunnar H. Hall
ríkisbókari.

Fskj. 5.

Bréf starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis til stjórnarformanns Byggðastofnunar.
(3. desember 1997.)

Fjármálaráðuneytinu hefur borist bréf yðar, hr. stjórnarformaður Byggðastofnunar, dags. 19. f.m., þar sem þér óskið, vegna undirbúnings að þingsályktunartillögu um byggðamál, eftir upplýsingum úr skrám skrifstofunnar um fjölda stöðugilda hjá stofnunum og fyrirtækjum á vegum ríkisins og hvernig þau skiptast á kjördæmi.

Lokið er vinnslu samkvæmt ofanrituðu, en einnig var haft náið samráð við starfsmann stofnunarinnar, Harald L. Haraldsson. Honum hefur nú í dag verið afhent svarið á disklingi brevi manu.

Svarið byggist á ársverkatalningu áranna 1994 til 1996. Vinna í fullu starfi í heilt ár telst eitt ársverk. Tvær töflur eru fyrir hvert ár, talning stöðugilda eftir sveitarfélagi vinnustaðar annars vegar og hins vegar talning stöðugilda eftir sveitarfélagi vinnustaðar og búsetu starfsmanna. Sveitarfélag vinnustaðar er sótt í fjárlaganúmeraskrá launakerfis ríkisins en sveitarfélag búsetu er sótt í stofnskrár launakerfis eins og þær stóðu í árslok hvert ár. Talin eru ársverk í dagvinnu og ársverk í ræstingu. Laun eru heildarlaun.

F.h.r.
Birgir Guðjónsson.

Fskj. 6.

Bréf stjórnarformanns Byggðastofnunar til stofnana.
(14. október 1997.)

Að ósk forsætisráðherra vinnur Byggðastofnun að tillögu til þingsályktunar um byggðamál. Meðal þeirra upplýsinga sem leitað er eftir vegna þessa eru upplýsingar um hvernig útgjöld ríkissjóðs, stofnana ríkisins og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins dreifast niður á kjördæmi.

Markmiðið með þessu er að gera mögulegt að sjá fyrir hvernig ríkisútgjöld, útgjöld fyrirtækja og stofnana á vegum ríkisins, skiptast eftir kjördæmum.

Með vísan til framanritaðs og 8. gr. laga um Byggðastofnun er hér með óskað eftir því að Húsnæðisstofnun láti stofnuninni í té eftirfarandi upplýsingar:

I. Útgjöld.

Upplýsingar um hvernig útgjöld Húsnæðisstofnunar skiptast niður á kjördæmi landsins. Útgjöldin verði flokkuð sem hér segir.

1. Rekstrarútgjöld
   - Laun
   - Vaxtamunur vegna niðurgreiddra vaxta (Byggingarsjóðs verkamanna)
   - Önnur rekstrarútgjöld
2. Fjárfestingarútgjöld
   - Laun
   - Önnur fjárfestingarútgjöld, þar með taldir verktakasamningar
3. Styrkveitingar
4. Töpuð útlán

II. Fjöldi stöðugilda.

Upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá Húsnæðisstofnun skipt niður á kjördæmi, annars vegar eftir vinnustað og hins vegar eftir búsetu þess er gegnir stöðugildinu.

Óskað er eftir þessum upplýsingum fyrir hvert ár frá og með árinu 1994. Sé óskað frekari upplýsinga skal haft samband við undirritaðan.

Vinsamlega sendið framangreindar upplýsingar fyrir 1. nóvember nk. til undirritaðs á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Egill Jónsson
stjórnarformaður.

Fskj. 7.

Fjöldi stöðugilda hjá ríkissjóði, stofnunum ríkissjóðs og fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins 1994, 1995 og 1996.

	Reykjavík			Reykjanes			Vesturland			Vestfirðir			Norðurland vestra			Norðurland eystra			Austurland			Suðurland			Samtals		
	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996
00 Æðsta stjórn ríkisins	247,1	257,1	253,5	3,5	3,8	3,9																			**250,5**	**260,9**	**257,4**
01 Forsætisráðuneyti	65,3	64,8	64,6																			6,7	6,1	6,6	**72,0**	**70,9**	**71,1**
02 Menntamálaráðuneyti	3.442,1	3.351,4	3.122,7	1.020,8	967,1	747,6	316,3	304,3	233,1	185,3	172,8	126,4	214,4	204,1	147,3	628,2	598,2	502,4	265,4	255,2	197,3	416,9	405,7	322,2	**6.489,3**	**6.258,8**	**5.398,9**
03 Utanríkisráðuneyti	61,8	60,1	61,5	77,6	75,5	77,3																			**139,3**	**135,6**	**138,9**
04 Landbúnaðarráðuneyti	122,3	124,4	125,5	17,1	15,5	13,4	86,9	83,4	80,1	1,4	1,2	2,1	42,1	40,5	42,7	28,6	30,4	30,8	37,9	37,9	43,6	94,4	94,1	98,6	**430,8**	**427,4**	**436,7**
05 Sjávarútvegsráðuneyti	303,3	304,7	331,1				1,9	2,1	2,0	2,9	2,7	3,1				9,6	8,6	7,7	3,1	3,0	3,1	2,1	2,1	2,1	**322,9**	**323,2**	**349,0**
06 Dóms- og kirkjumálaráðun.	801,6	805,5	842,2	252,8	249,0	253,8	98,1	98,2	96,6	74,6	76,2	75,0	64,5	61,5	60,3	133,8	133,9	133,8	75,3	74,5	75,2	172,8	176,7	182,6	**1.673,4**	**1.675,5**	**1.719,3**
07 Félagsmálaráðuneyti	441,7	452,5	465,4	226,1	239,5	247,0	34,2	37,1	38,8	27,8	27,5	26,8	39,0	59,0	69,0	145,3	142,6	139,9	41,2	40,6	41,5	131,7	135,3	137,1	**1.086,9**	**1.134,2**	**1.165,5**
08 Heilbr.- og tryggingamálar.	4.963,6	4.935,5	4.976,5	978,5	961,4	924,1	267,3	263,5	255,6	164,1	160,1	165,6	304,3	303,4	293,4	685,8	677,3	669,7	205,6	205,8	197,7	377,3	369,8	368,8	**7.946,6**	**7.876,7**	**7.851,4**
09 Fjármálaráðuneyti	612,8	616,5	620,0	44,3	45,1	43,9	15,3	15,7	15,1	9,3	9,4	9,0	8,9	8,5	9,1	28,5	27,9	27,8	12,9	14,2	13,8	20,3	20,7	21,9	**752,4**	**757,9**	**760,6**
10 Samgönguráðuneyti	288,7	305,3	300,1	92,0	98,1	105,7	65,0	64,3	53,8	66,4	62,3	61,4	31,9	32,2	30,8	87,5	88,8	94,3	62,6	64,9	66,6	52,8	44,5	43,9	**746,7**	**760,5**	**756,5**
11 Iðnaðarráðuneyti	247,1	247,1	247,7													1,0	0,5								**248,1**	**247,6**	**247,7**
12 Viðskiptaráðuneyti	53,3	62,6	66,7																						**53,3**	**62,6**	**66,7**
13 Hagstofa Íslands	56,2	58,6	59,6																						**56,2**	**58,6**	**59,6**
14 Umhverfisráðuneyti	168,8	216,1	228,0	19,6	20,2	20,3	4,5	4,6	4,6	2,2	3,5	5,3	4,7	4,7	5,2	18,4	19,5	25,2	8,8	10,6	11,6	6,3	6,3	6,5	**233,4**	**285,4**	**306,6**
Samtals A-hluti	**11.876**	**11.862**	**11.765**	**2.732**	**2.675**	**2.437**	**889**	**873**	**780**	**534**	**516**	**475**	**710**	**714**	**658**	**1.767**	**1.728**	**1.632**	**713**	**707**	**650**	**1.281**	**1.261**	**1.190**	**20.502**	**20.336**	**19.586**
Hlutfall	57,9%	58,3%	60,1%	13,3%	13,2%	12,4%	4,3%	4,3%	4,0%	2,6%	2,5%	2,4%	3,5%	3,5%	3,4%	8,6%	8,5%	8,3%	3,5%	3,5%	3,3%	6,3%	6,2%	6,1%			
Samtals stofnanir í B-hluta	954,4	898,0	890,0	201,2	200,7	219,5	38,0	38,4	37,7	19,4	19,0	19,2	42,6	43,9	40,4	53,6	54,1	50,4	89,5	88,5	84,5	37,3	37,7	34,9	**1.436,0**	**1.380,4**	**1.376,5**
Samtals stofnanir í C-hluta	103,7	107,5	110,5				1,0	1,0	1,0	2,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	3,5	4,5	3,5	2,0	2,0	1,0				**114,2**	**118,0**	**119,0**
Samtals stofnanir í D-hluta	141,5	140,9	138,6																						**141,5**	**140,9**	**138,6**
Samtals félög í E-hluta	2.731,5	2.707,7	2.623,6	614,4	612,2	617,9	277,6	275,4	273,2	125,0	125,5	120,7	128,9	124,9	118,9	357,9	359,3	350,3	167,4	169,3	163,1	349,2	345,0	353,4	**4.751,9**	**4.719,2**	**4.621,1**
Samtals B-, C-, D- og E-hluti	**3.931**	**3.854**	**3.763**	**816**	**813**	**837**	**317**	**315**	**312**	**147**	**146**	**141**	**173**	**170**	**161**	**415**	**418**	**404**	**259**	**260**	**249**	**387**	**383**	**388**	**6.444**	**6.358**	**6.255**
Hlutfall	61,0%	60,6%	60,2%	12,7%	12,8%	13,4%	4,9%	5,0%	5,0%	2,3%	2,3%	2,3%	2,7%	2,7%	2,6%	6,4%	6,6%	6,5%	4,0%	4,1%	4,0%	6,0%	6,0%	6,2%			
Samtals A-, B-, C-, D- og E-hluti	**15.807**	**15.716**	**15.528**	**3.548**	**3.488**	**3.274**	**1.206**	**1.188**	**1.092**	**681**	**662**	**616**	**883**	**884**	**819**	**2.182**	**2.146**	**2.036**	**972**	**966**	**899**	**1.668**	**1.644**	**1.578**	**26.946**	**26.694**	**25.841**
Hlutfall	58,7%	58,9%	60,1%	13,2%	13,1%	12,7%	4,5%	4,5%	4,2%	2,5%	2,5%	2,3%	3,3%	3,3%	3,2%	8,1%	8,0%	7,9%	3,6%	3,6%	3,5%	6,2%	6,2%	6,1%			
Íbúatala	103.020	104.276	105.458	69.149	69.955	71.438	14.292	14.154	14.007	9.453	9.018	8.865	10.293	10.208	9.995	26.785	26.664	26.659	12.911	12.780	12.680	20.880	20.754	20.625	266.783	267.809	269.727
Hlutfall	38,6%	38,9%	39,1%	25,9%	26,1%	26,5%	5,4%	5,3%	5,2%	3,5%	3,4%	3,3%	3,9%	3,8%	3,7%	10,0%	10,0%	9,9%	4,8%	4,8%	4,7%	7,8%	7,8%	7,6%			
A-hl: Hlutf. stöðug./ hlutf. íbúatölu	1,50	1,50	1,54	0,51	0,50	0,47	0,81	0,81	0,77	0,73	0,75	0,74	0,90	0,92	0,91	0,86	0,85	0,84	0,72	0,73	0,71	0,80	0,80	0,79			
B-, C-, D- og E-hl.: Hlutf.st./hlutf. íbúat.	1,58	1,56	1,54	0,49	0,49	0,51	0,92	0,94	0,96	0,64	0,68	0,69	0,70	0,70	0,69	0,64	0,66	0,65	0,83	0,86	0,85	0,77	0,78	0,81			
A-, B-, C-, D- og E-hl.: Hl.st./hl. íbúat.	1,52	1,51	1,54	0,51	0,50	0,48	0,84	0,84	0,81	0,71	0,73	0,70	0,85	0,87	0,85	0,81	0,81	0,80	0,75	0,76	0,74	0,79	0,79	0,80			

Fskj. 8.

Fjöldi stöðugilda hjá ríkissjóði án grunnskólans, stofnunum ríkissjóðs og fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins 1994, 1995 og 1996.

	Reykjavík			Reykjanes			Vesturland			Vestfirðir			Norðurland vestra			Norðurland eystra			Austurland			Suðurland			Samtals		
	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996
00 Æðsta stjórn ríkisins	247,1	257,1	253,5	3,5	3,8	3,9																			**250,5**	**260,9**	**257,4**
01 Forsætisráðuneyti	65,3	64,8	64,6																			6,7	6,1	6,6	**65,3**	**70,9**	**71,1**
02 Menntamálaráðuneyti	2.484,9	2.444,1	2.511,9	244,4	229,2	252,8	95,7	94,3	91,8	34,0	31,7	32,5	43,3	41,7	41,0	277,3	266,5	279,4	79,2	74,9	79,0	126,8	121,3	132,8	**3.385,7**	**3.303,7**	**3.421,1**
03 Utanríkisráðuneyti	61,8	60,1	61,5	77,6	75,5	77,3																			**139,3**	**135,6**	**138,9**
04 Landbúnaðarráðuneyti	122,3	124,4	125,5	17,1	15,5	13,4	86,9	83,4	80,1	1,4	1,2	2,1	42,1	40,5	42,7	28,6	30,4	30,8	37,9	37,9	43,6	94,4	94,1	98,6	**430,8**	**427,4**	**436,7**
05 Sjávarútvegsráðuneyti	303,3	304,7	331,1				1,9	2,1	2,0	2,9	2,7	3,1				9,6	8,6	7,7	3,1	3,0	3,1	2,1	2,1	2,1	**322,9**	**323,2**	**349,0**
06 Dóms- og kirkjumálaráðun.	801,6	805,5	842,2	252,8	249,0	253,8	98,1	98,2	96,6	74,6	76,2	75,0	64,5	61,5	60,3	133,8	133,9	133,8	75,3	74,5	75,2	172,8	176,7	182,6	**1.673,4**	**1.675,5**	**1.719,3**
07 Félagsmálaráðuneyti	441,7	452,5	465,4	226,1	239,5	247,0	34,2	37,1	38,8	27,8	27,5	26,8	39,0	59,0	69,0	145,3	142,6	139,9	41,2	40,6	41,5	131,7	135,3	137,1	**1.086,9**	**1.134,2**	**1.165,5**
08 Heilbrigðis- og tryggingamálar.	4.963,6	4.935,5	4.976,5	978,5	961,4	924,1	267,3	263,5	255,6	164,1	160,1	165,6	304,3	303,4	293,4	685,8	677,3	669,7	205,6	205,8	197,7	377,3	369,8	368,8	**7.946,6**	**7.876,7**	**7.851,4**
09 Fjármálaráðuneyti	612,8	616,5	620,0	44,3	45,1	43,9	15,3	15,7	15,1	9,3	9,4	9,0	8,9	8,5	9,1	28,5	27,9	27,8	12,9	14,2	13,8	20,3	20,7	21,9	**752,4**	**757,9**	**760,6**
10 Samgönguráðuneyti	288,7	305,3	300,1	92,0	98,1	105,7	65,0	64,3	53,8	66,4	62,3	61,4	31,9	32,2	30,8	87,5	88,8	94,3	62,6	64,9	66,6	52,8	44,5	43,9	**746,7**	**760,5**	**756,5**
11 Iðnaðarráðuneyti	247,1	247,1	247,7													1,0	0,5								**248,1**	**247,6**	**247,7**
12 Viðskiptaráðuneyti	53,3	62,6	66,7																						**53,3**	**62,6**	**66,7**
13 Hagstofa Íslands	56,2	58,6	59,6																						**56,2**	**58,6**	**59,6**
14 Umhverfisráðuneyti	168,8	216,1	228,0	19,6	20,2	20,3	4,5	4,6	4,6	2,2	3,5	5,3	4,7	4,7	5,2	18,4	19,5	25,2	8,8	10,6	11,6	6,3	6,3	6,5	**233,4**	**285,4**	**306,6**
Samtals A-hluti	**10.918**	**10.955**	**11.154**	**1.956**	**1.937**	**1.942**	**669**	**663**	**638**	**383**	**375**	**381**	**539**	**551**	**551**	**1.416**	**1.396**	**1.409**	**527**	**526**	**532**	**991**	**977**	**1.001**	**17.392**	**17.381**	**17.608**
Hlutfall	62,8%	63,0%	63,3%	11,2%	11,1%	11,0%	3,8%	3,8%	3,6%	2,2%	2,2%	2,2%	3,1%	3,2%	3,1%	8,1%	8,0%	8,0%	3,0%	3,0%	3,0%	5,7%	5,6%	5,7%			
Samtals stofnanir í B-hluta	954,4	898,0	890,0	201,2	200,7	219,5	38,0	38,4	37,7	19,4	19,0	19,2	42,6	43,9	40,4	53,6	54,1	50,4	89,5	88,5	84,5	37,3	37,7	34,9	**0,0**	**1.380,4**	**1.376,5**
Samtals stofnanir í C-hluta	103,7	107,5	110,5				1,0	1,0	1,0	2,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	3,5	4,5	3,5	2,0	2,0	1,0				**114,2**	**118,0**	**119,0**
Samtals stofnanir í D-hluta	141,5	140,9	138,6																						**141,5**	**140,9**	**138,6**
Samtals félög í E-hluta	2.731,5	2.707,7	2.623,6	614,4	612,2	617,9	277,6	275,4	273,2	125,0	125,5	120,7	128,9	124,9	118,9	357,9	359,3	350,3	167,4	169,3	163,1	349,2	345,0	353,4	**4.751,9**	**4.719,2**	**4.621,1**
Samtals B-, C-, D- og E-hluti	**3.931**	**3.854**	**3.763**	**816**	**813**	**837**	**317**	**315**	**312**	**147**	**146**	**141**	**173**	**170**	**161**	**415**	**418**	**404**	**259**	**260**	**249**	**387**	**383**	**388**	**6.444**	**6.358**	**6.255**
Hlutfall	61,0%	60,6%	60,2%	12,7%	12,8%	13,4%	4,9%	5,0%	5,0%	2,3%	2,3%	2,3%	2,7%	2,7%	2,6%	6,4%	6,6%	6,5%	4,0%	4,1%	4,0%	6,0%	6,0%	6,2%			
Samtals A-, B-, C-, D- og E-hluti	***14.850***	***14.809***	***14.917***	**2.772**	**2.750**	**2.780**	**986**	**978**	**950**	**530**	**521**	**522**	**712**	**722**	**712**	**1.831**	**1.814**	**1.813**	**786**	**786**	**781**	**1.378**	**1.359**	**1.389**	**23.842**	**23.739**	**23.863**
Hlutfall	62,3%	62,4%	62,5%	11,6%	11,6%	11,6%	4,1%	4,1%	4,0%	2,2%	2,2%	2,2%	3,0%	3,0%	3,0%	7,7%	7,6%	7,6%	3,3%	3,3%	3,3%	5,8%	5,7%	5,8%			
Íbúatala	103.020	104.276	105.458	69.149	69.955	71.438	14.292	14.154	14.007	9.453	9.018	8.865	10.293	10.208	9.995	26.785	26.664	26.659	12.911	12.780	12.680	20.880	20.754	20.625	266.783	267.809	269.727
Hlutfall	38,6%	38,9%	39,1%	25,9%	26,1%	26,5%	5,4%	5,3%	5,2%	3,5%	3,4%	3,3%	3,9%	3,8%	3,7%	10,0%	10,0%	9,9%	4,8%	4,8%	4,7%	7,8%	7,8%	7,6%			
A-hl: Hlutf. stöðug./hlutf. Íbúatölu	1,63	1,62	1,62	0,43	0,43	0,42	0,72	0,72	0,70	0,62	0,64	0,66	0,80	0,83	0,85	0,81	0,81	0,81	0,63	0,63	0,64	0,73	0,73	0,74			
B-, C-, D- og E-hl.: Hlutf.st./hlutf. íbúat.	1,58	1,56	1,54	0,49	0,49	0,51	0,92	0,94	0,96	0,64	0,68	0,69	0,70	0,70	0,69	0,64	0,66	0,65	0,83	0,86	0,85	0,77	0,78	0,81			

Fskj. 9.

Rekstrar- og fjárfestingaútgjöld A-, B-, C-, D-, og E-hluta stofnana og fyrirtækja ríkissjóðs 1994–96 á verðlagi hvers árs.

	Reykjavík			Reykjanes			Vesturland			Vestfirðir			Norðurland vestra			Norðurland eystra			Austurland			Suðurland			Samtals		
	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	**1994**	**1995**	**1996**
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.016,4	1.199,2	1.369,3	139,7	137,2	131,4											0,9	0,5							*1.156,1*	*1.337,2*	*1.501,2*
01 Forsætisráðuneyti	289,7	328,8	316,7							1,5												204,0	35,8	38,1	495,2	364,6	354,8
02 Menntamálaráðuneyti	10.437,2	10.436,7	11.943,9	1.929,1	2.016,4	2.563,9	610,8	610,1	697,8	375,5	362,6	391,3	444,1	439,7	505,5	1.326,2	1.418,9	1.600,2	570,2	589,0	660,2	952,9	907,9	1.046,0	16.646,0	16.781,4	19.408,8
03 Utanríkisráðuneyti	417,0	479,9	468,8	205,1	219,7	261,1																	0,0		622,1	699,5	729,9
04 Landbúnaðarráðuneyti	501,4	513,1	541,0	153,4	119,6	133,7	1.016,5	988,6	1.052,2	357,5	348,1	386,4	955,2	979,2	1.146,3	1.281,0	1.274,1	1.336,5	742,2	705,5	783,4	1.653,2	1.617,7	1.743,6	6.660,5	6.545,9	7.123,0
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1.307,1	1.402,8	1.608,5	9,0	13,9	17,9	4,2	4,6	4,1	26,2	11,0	12,2				47,8	42,2	46,1	8,9	9,2	9,2	10,0	11,1	8,8	1.413,3	1.494,8	1.706,8
06 Dóms- og kirkjumálaráðun.	2.789,0	3.112,3	3.695,9	861,4	750,8	762,3	321,1	366,1	329,2	219,4	229,7	242,4	221,0	222,8	202,3	397,8	382,2	415,9	248,9	250,6	271,6	647,1	559,3	640,2	5.705,7	5.873,8	6.560,0
07 Félagsmálaráðuneyti	2.806,1	3.623,3	3.595,1	1.160,2	1.308,7	1.266,7	463,0	562,0	491,6	297,0	247,8	333,7	447,9	431,0	479,4	1.112,8	1.184,3	984,0	465,0	493,5	466,9	799,0	921,9	846,5	7.550,9	8.772,4	8.463,9
08 Heilbr.- og tryggingamálar.	27.531,6	28.893,1	30.461,8	7.993,4	8.514,9	8.871,1	2.093,4	2.214,2	2.253,5	1.267,6	1.293,5	1.288,2	1.599,1	1.704,4	1.717,9	4.576,3	4.833,4	5.111,0	1.745,1	1.820,2	1.865,9	2.927,3	3.111,3	3.244,0	49.733,9	52.384,9	54.813,4
09 Fjármálaráðuneyti	5.493,8	6.055,5	6.422,8	1.977,7	2.282,4	2.447,4	446,7	395,5	436,3	223,5	380,4	454,2	251,1	271,4	294,3	703,7	757,6	789,3	313,0	365,7	351,6	505,9	576,4	623,2	9.915,3	11.084,9	11.819,1
10 Samgönguráðuneyti	2.148,7	2.464,3	2.174,0	1.042,6	966,4	1.463,0	733,2	744,7	885,5	2.119,9	1.840,8	1.507,1	677,5	692,3	558,7	1.073,3	1.276,7	1.306,0	1.113,2	1.092,7	1.083,1	1.254,2	1.136,8	2.408,2	10.162,7	10.214,7	11.385,7
11 Iðnaðarráðuneyti	1.114,6	1.109,0	1.170,1	0,3	1,0		0,5			96,5	101,9	92,0	1,0			0,7			7,9	8,4	92,0	33,2	37,6	49,8	1.254,6	1.257,9	1.404,0
12 Viðskiptaráðuneyti	222,1	298,9	313,4																						222,1	298,9	313,4
13 Hagstofa Íslands	225,5	224,7	249,2																						225,5	224,7	249,2
14 Umhverfisráðuneyti	745,2	1.015,8	1.224,4	35,0	36,5	44,6	5,3	6,7	7,9	5,0	5,6	17,1	9,8	9,8	13,0	47,2	49,5	129,9	20,1	31,8	37,0	13,4	10,7	13,4	881,1	1.166,4	1.487,1
Samtals A-hluti	**57.045**	**61.157**	**65.555**	**15.507**	**16.367**	**17.963**	**5.695**	**5.892**	**6.158**	**4.990**	**4.821**	**4.725**	**4.607**	**4.751**	**4.917**	**10.567**	**11.220**	**11.719**	**5.235**	**5.367**	**5.621**	**9.000**	**8.927**	**10.662**	**112.645**	**118.502**	**127.320**
Hlutfall	50,6%	51,6%	51,5%	13,8%	13,8%	14,1%	5,1%	5,0%	4,8%	4,4%	4,1%	3,7%	4,1%	4,0%	3,9%	9,4%	9,5%	9,2%	4,6%	4,5%	4,4%	8,0%	7,5%	8,4%			
Samtals stofnanir í B-hluta	4.745,3	4.900,6	5.014,9	978,0	1.065,8	1.340,5	230,6	261,6	287,3	137,8	136,8	121,1	377,1	360,2	303,4	275,9	353,8	438,5	659,0	633,0	660,0	464,9	375,7	285,2	7.868,6	8.087,5	8.450,9
Samtals stofnanir í C-hluta	1.152,4	1.415,6	1.423,3	730,1	487,0	485,8	324,2	199,1	143,0	187,4	518,5	242,2	169,6	243,5	158,8	311,5	714,1	315,5	314,7	515,0	198,9	520,4	254,3	156,5	3.710,3	4.347,1	3.124,0
Samtals stofnanir í D-hluta	723,4	707,3	736,0	7,2	4,5		1,9	1,6	1,5	9,9	9,7	11,4				4,2	5,3	1,9	2,7						749,3	728,4	750,8
Samtals fyrirtæki í E-hluta	15.869,9	16.371,7	16.403,4	1.562,9	1.433,7	1.698,4	1.425,3	1.470,3	1.576,7	765,4	532,0	611,3	750,4	625,5	839,3	1.557,4	1.767,8	2.005,3	740,7	868,9	817,9	1.604,2	1.484,7	2.946,2	24.276,2	24.554,6	26.898,5
Samtals B-, C-, D- og E-hluti	**22.491**	**23.395**	**23.578**	**3.278**	**2.991**	**3.525**	**1.982**	**1.933**	**2.009**	**1.101**	**1.197**	**986**	**1.297**	**1.229**	**1.302**	**2.149**	**2.841**	**2.761**	**1.717**	**2.017**	**1.677**	**2.590**	**2.115**	**3.388**	**36.604**	**37.718**	**39.224**
Hlutfall	61,4%	62,0%	60,1%	9,0%	7,9%	9,0%	5,4%	5,1%	5,1%	3,0%	3,2%	2,5%	3,5%	3,3%	3,3%	5,9%	7,5%	7,0%	4,7%	5,3%	4,3%	7,1%	5,6%	8,6%			
Samtals A-, B-, C-, D- og E-hluti	**79.536**	**84.552**	**89.133**	**18.785**	**19.358**	**21.488**	**7.677**	**7.825**	**8.167**	**6.090**	**6.018**	**5.711**	**5.904**	**5.980**	**6.219**	**12.716**	**14.061**	**14.481**	**6.952**	**7.384**	**7.298**	**11.590**	**11.041**	**14.050**	**149.249**	**156.220**	**166.545**
Hlutfall	53,3%	54,1%	53,5%	12,6%	12,4%	12,9%	5,1%	5,0%	4,9%	4,1%	3,9%	3,4%	4,0%	3,8%	3,7%	8,5%	9,0%	8,7%	4,7%	4,7%	4,4%	7,8%	7,1%	8,4%			
Íbúatala	103.020	104.258	105.458	69.149	69.959	71.438	14.292	14.161	14.007	9.453	9.015	8.865	10.293	10.214	9.995	26.785	26.665	26.659	12.911	12.779	12.680	20.880	20.755	20.625	266.783	267.806	269.727
Hlutfall	38,6%	38,9%	39,1%	25,9%	26,1%	26,5%	5,4%	5,3%	5,2%	3,5%	3,4%	3,3%	3,9%	3,8%	3,7%	10,0%	10,0%	9,9%	4,8%	4,8%	4,7%	7,8%	7,8%	7,6%			
A-hl.: Hlutf. útgjalda/ hlutf. íbúat.	1,3	1,3	1,3	0,5	0,5	0,5	0,9	0,9	0,9	1,3	1,2	1,1	1,1	1,1	1,0	0,9	1,0	0,9	1,0	0,9	0,9	1,0	1,0	1,1			
B-, C-, D-, E-hl.: hlutf. útgjalda/hlutf.íb	1,6	1,6	1,5	0,3	0,3	0,3	1,0	1,0	1,0	0,8	0,9	0,8	0,9	0,9	0,9	0,6	0,8	0,7	1,0	1,1	0,9	0,9	0,7	1,1			
A-, B-, C-, D-, E-hl.: hlutf. útgjalda/hlutf.íb	1,4	1,4	1,4	0,5	0,5	0,5	1,0	0,9	0,9	1,2	1,1	1,0	1,0	1,0	1,0	0,8	0,9	0,9	1,0	1,0	0,9	1,0	0,9	1,1			

Rekstrar- og fjárfestingaútgjöld A-, B-, C-, D-, og E-hluta stofnana og fyrirtækja ríkissjóðs 1994–96. Á verðlagi ársins 1996.

	Reykjavík			Reykjanes			Vesturland			Vestfirðir			Norðurland vestra			Norðurland eystra			Austurland			Suðurland			Samtals		
	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996
00 Æðsta stjórn ríkisins	1.057,0	1.226,2	1.369,3	145,3	140,2	131,4											0,9	0,5							1.202,3	1.367,3	1.501,2
01 Forsætisráðuneyti	301,3	336,2	316,7							1,6												212,2	36,7	38,1	515,0	372,8	354,8
02 Menntamálaráðuneyti	10.854,0	10.671,7	11.943,9	2.006,1	2.061,8	2.563,9	635,2	623,8	697,8	390,5	370,8	391,3	461,8	449,6	505,5	1.379,1	1.450,9	1.600,2	593,0	602,3	660,2	990,9	928,4	1.046,0	17.310,7	17.159,3	19.408,8
03 Utanríkisráðuneyti	433,7	490,7	468,8	213,2	224,6	261,1																			646,9	715,3	729,9
04 Landbúnaðarráðuneyti	521,5	524,6	541,0	159,5	122,3	133,7	1.057,1	1.010,9	1.052,2	371,8	356,0	386,4	993,3	1.001,2	1.146,3	1.332,2	1.302,8	1.336,5	771,9	721,3	783,4	1.719,3	1.654,1	1.743,6	6.926,4	6.693,3	7.123,0
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1.359,3	1.434,4	1.608,5	9,4	14,3	17,9	4,3	4,7	4,1	27,3	11,3	12,2	0,0			49,7	43,2	46,1	9,2	9,4	9,2	10,4	11,3	6,8	1.469,7	1.528,5	1.706,8
06 Dóms- og kirkjumálaráðun.	2.900,4	3.182,4	3.695,9	895,8	767,7	762,3	333,9	374,3	329,2	228,1	234,9	242,4	229,8	227,8	202,3	413,6	390,8	415,9	258,8	256,2	271,6	673,0	571,9	640,2	5.933,5	6.006,1	6.560,0
07 Félagsmálaráðuneyti	2.918,1	3.704,9	3.595,1	1.206,6	1.338,2	1.266,7	481,4	574,6	491,6	308,8	253,3	333,7	465,8	440,7	479,4	1.157,2	1.210,9	984,0	483,6	504,6	466,9	830,9	942,6	846,5	7.852,4	8.969,9	8.463,9
08 Heilbr.- og tryggingamálar.	28.630,9	29.543,7	30.461,8	8.312,6	8.706,6	8.871,1	2.177,0	2.264,1	2.253,5	1.318,3	1.322,6	1.288,2	1.663,0	1.742,7	1.717,9	4.759,0	4.942,3	5.111,0	1.814,8	1.861,2	1.865,9	3.044,2	3.181,4	3.244,0	51.719,7	53.564,5	54.813,4
09 Fjármálaráðuneyti	5.713,2	6.191,9	6.422,8	2.056,6	2.333,8	2.447,4	464,5	404,4	436,3	232,4	389,0	454,2	261,1	277,6	294,3	731,8	774,7	789,3	325,5	374,0	351,6	526,1	589,4	623,2	10.311,2	11.334,5	11.819,1
10 Samgönguráðuneyti	2.234,5	2.519,7	2.174,0	1.084,3	988,2	1.463,0	762,5	761,5	885,5	2.204,5	1.882,3	1.507,1	704,6	707,9	558,7	1.116,2	1.305,4	1.306,0	1.157,6	1.117,3	1.083,1	1.304,2	1.162,4	2.408,2	10.568,5	10.444,7	11.385,7
11 Iðnaðarráðuneyti	1.159,1	1.133,9	1.170,1	0,3	1,1		0,5			100,3	104,2	92,0	1,0			0,7			8,2	8,6	92,0	34,5	38,5	49,8	1.304,7	1.286,2	1.404,0
12 Viðskiptaráðuneyti	230,9	305,6	313,4																						230,9	305,6	313,4
13 Hagstofa Íslands	234,5	229,7	249,2																						234,5	229,7	249,2
14 Umhverfisráðuneyti	775,0	1.038,7	1.224,4	36,4	37,3	44,6	5,5	6,8	7,9	5,2	5,8	17,1	10,2	10,1	13,0	49,1	50,6	129,9	20,9	32,5	37,0	14,0	11,0	13,4	916,3	1.192,7	1.487,1
Samtals A-hluti	**59.323**	**62.534**	**65.555**	**16.126**	**16.736**	**17.963**	**5.922**	**6.025**	**6.158**	**5.189**	**4.930**	**4.725**	**4.791**	**4.858**	**4.917**	**10.989**	**11.472**	**11.719**	**5.444**	**5.487**	**5.621**	**9.360**	**9.128**	**10.662**	**117.143**	**121.170**	**127.320**
Hlutfall	50,6%	51,6%	51,5%	13,8%	13,8%	14,1%	5,1%	5,0%	4,8%	4,4%	4,1%	3,7%	4,1%	4,0%	3,9%	9,4%	9,5%	9,2%	4,6%	4,5%	4,4%	8,0%	7,5%	8,4%			
Samtals stofnanir í B-hluta	4.934,8	5.010,9	5.014,9	1.017,1	1.089,8	1.340,5	239,8	267,5	287,3	143,3	139,9	121,1	392,2	368,3	303,4	286,9	361,8	438,5	685,3	647,3	660,0	483,5	384,2	285,2	8.182,8	8.269,6	8.450,9
Samtals stofnanir í C-hluta	1.198,4	1.447,5	1.423,3	759,3	498,0	485,8	337,1	203,6	143,0	194,9	530,2	242,2	176,4	249,0	158,8	323,9	730,2	315,5	327,3	526,6	198,9	541,2	260,0	156,5	3.858,5	4.445,0	3.124,0
Samtals stofnanir í D-hluta	752,3	723,2	736,0	7,5	4,6		2,0	1,6	1,5	10,3	9,9	11,4				4,4	5,4	1,9	2,8				0,0		779,2	744,8	750,8
Samtals fyrirtæki í E-hluta	16.503,6	16.740,3	16.403,4	1.625,3	1.466,0	1.698,4	1.482,2	1.503,4	1.576,7	796,0	544,0	611,3	780,4	639,6	839,3	1.619,6	1.807,6	2.005,3	770,3	888,5	817,9	1.668,3	1.518,1	2.946,2	25.245,5	25.107,5	26.898,5
Samtals B-, C-, D-, og E-hluti	**23.389**	**23.922**	**23.578**	**3.409**	**3.058**	**3.525**	**2.061**	**1.976**	**2.009**	**1.144**	**1.224**	**986**	**1.349**	**1.257**	**1.302**	**2.235**	**2.905**	**2.761**	**1.786**	**2.062**	**1.677**	**2.693**	**2.162**	**3.388**	**38.066**	**38.567**	**39.224**
Hlutfall	61,4%	62,0%	60,1%	9,0%	7,9%	9,0%	5,4%	5,1%	5,1%	3,0%	3,2%	2,5%	3,5%	3,3%	3,3%	5,9%	7,5%	7,0%	4,7%	5,3%	4,3%	7,1%	5,6%	8,6%			
Samtals A-, B-, C-, D-, og E-hluti	**82.712**	**86.456**	**89.133**	**19.535**	**19.794**	**21.488**	**7.983**	**8.001**	**8.167**	**6.333**	**6.154**	**5.711**	**6.139**	**6.114**	**6.219**	**13.223**	**14.377**	**14.481**	**7.229**	**7.550**	**7.298**	**12.053**	**11.290**	**14.050**	**155.209**	**159.737**	**166.545**
Hlutfall	53,3%	54,1%	53,5%	12,6%	12,4%	12,9%	5,1%	5,0%	4,9%	4,1%	3,9%	3,4%	4,0%	3,8%	3,7%	8,5%	9,0%	8,7%	4,7%	4,7%	4,4%	7,8%	7,1%	8,4%			
Íbúatala	103.020	104.258	105.458	69.149	69.959	71.438	14.292	14.161	14.007	9.453	9.015	8.865	10.293	10.214	9.995	26.785	26.665	26.659	12.911	12.779	12.680	20.880	20.755	20.625	266.783	267.806	269.727
Hlutfall	38,6%	38,9%	39,1%	25,9%	26,1%	26,5%	5,4%	5,3%	5,2%	3,5%	3,4%	3,3%	3,9%	3,8%	3,7%	10,0%	10,0%	9,9%	4,8%	4,8%	4,7%	7,8%	7,8%	7,6%			
A-hl.: Hlutf. útgjalda./ hlutf. íbúat.	1,3	1,3	1,3	0,5	0,5	0,5	0,9	0,9	0,9	1,3	1,2	1,1	1,1	1,1	1,0	0,9	1,0	0,9	1,0	0,9	0,9	1,0	1,0	1,1			
B-, C-, D-, E-hl.: hlutf. útgjalda/hlutf. íb.	1,6	1,6	1,5	0,3	0,3	0,3	1,0	1,0	1,0	0,8	0,9	0,8	0,9	0,9	0,9	0,6	0,8	0,7	1,0	1,1	0,9	0,9	0,7	1,1			
A-, B-, C-, D-, E-hl.: hlutf. útgjalda/hlutf. íb.	1,4	1,4	1,4	0,5	0,5	0,5	1,0	0,9	0,9	1,2	1,1	1,0	1,0	1,0	1,0	0,8	0,9	0,9	1,0	1,0	0,9	1,0	0,9	1,1			

Fskj. 11.

Styrkveitingar C-, D- og E-hluta stofnana og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkissjóðs 1994, 1995 og 1996.

	Reykjavík			Reykjanes			Vesturland			Vestfirðir			N-Vestra			N-Eystra			Austurland			Suðurland			Óskipt			Samtals		
	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	'94	'95	'96	1994	1995	1996
C-hluti																														
Byggðastofnun	2	3,8	1,2	3,9	11,4	12,5	8,3	11,3	15,5	6,8	13,3	12,5	6,7	24,3	19,5	8,1	22,9	21,3	9,4	15,9	19,2	11	21,1	15,7				56,2	124	117,4
Framleiðnisj. Landbúnaðarins	125,3	104,6	59,3	26,2	9,9	11,6	43,6	22,9	33,4	6,4	2	2,5	65,1	40,1	29,9	40,6	15,8	13,6	29,5	17,6	18,8	46,5	45,4	34,4				383,2	258,3	203,5
Húsnæðisst. ríkisins	15	18,9	17,5	0	0,6	1,4	0	0,4	1,7	0	0	0,4	0	0	0	0	0	0,4	0	0	0,3	1	0,5	0				16	20,4	21,7
Hafnabótasjóður	0	0	0	3	2,3	1,6	0,8	8,8	0,9	8,1	11,4	4,3	4,9	0,7	2	21,9	9,5	2,8	14	2,5	1,2	4,2	4,8	0				56,9	40	12,8
Orkusjóður	0	0,1	0	0	0	0	0	0	0	3,7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15		7,3	3,7	0,1	0
Samtals	**142,3**	**127,4**	**78**	**33,1**	**24,2**	**27,1**	**52,7**	**43,4**	**51,5**	**25**	**26,7**	**19,7**	**76,7**	**65,1**	**51,4**	**70,6**	**48,2**	**38,1**	**52,9**	**36**	**39,5**	**62,7**	**71,8**	**50,1**	**15**	**0**	**7,3**	**516,0**	**442,8**	**355,4**
Hlutfall	28%	29%	22%	6%	5%	8%	10%	10%	14%	5%	6%	6%	15%	15%	14%	14%	11%	11%	10%	8%	11%	12%	16%	14%						
D-hluti																														
Seðlabanki Íslands																									9,2	7,3	8,5	0	0	0
Samábyrgð Íslands á fiskisk.											4																	0	4	0
Samtals	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**4**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**9,2**	**7,3**	**8,5**	**0**	**4,0**	**0**
																														0
E-hluti																													0	0
Iðnlánasjóður	24,9	30,7	33,9	3,9	6,1	3,3	0,1	3,6	0,8	0,5	3,2	3,1	0	1,6	0,5	1,3	0,8	2,3	0	0,6	0,8	0,1	2,1	1,6			21,1	30,8	48,7	46,3
Iðnþróunarsjóður	2	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	0	0	0	0	0	2,0	10,0	30,0	2	3	5
Fiskveiðasjóður	1,3	2,5	2,1		3,0			2,3	0,9		5,0																	1,3	12,8	3
Samtals	**28,2**	**36,2**	**36**	**3,9**	**9,1**	**3,3**	**0,1**	**5,9**	**1,7**	**0,5**	**8,2**	**3,1**	**0**	**1,6**	**0,5**	**1,3**	**0,8**	**7,3**	**0**	**0,6**	**0,8**	**0,1**	**2,1**	**1,6**	**2,0**	**10,0**	**51,1**	**34,1**	**64,5**	**54,3**
Hlutfall	83%	56%	66%	11%	14%	6%	0%	9%	3%	1%	13%	6%	0%	2%	1%	4%	1%	13%	0%	1%	1%	0%	3%	3%						
Samtals C-, D-, og E-hluti	**170,5**	**163,6**	**114**	**37**	**33,3**	**30,4**	**52,8**	**49,3**	**53,2**	**25,5**	**38,9**	**22,8**	**76,7**	**66,7**	**51,9**	**71,9**	**49**	**45,4**	**52,9**	**36,6**	**40,3**	**62,8**	**73,9**	**51,7**	**26**	**17**	**67**	**550,1**	**511,3**	**409,7**
Hlutfall	31%	32%	28%	7%	7%	7%	10%	10%	13%	5%	8%	6%	14%	13%	13%	13%	10%	11%	10%	7%	10%	11%	14%	13%						
Íbúatala	103.020	104.276	105.458	69.149	69.955	71.438	14.292	14.154	14.007	9.453	9.018	8.865	10.293	10.208	9.995	26.785	26.664	26.659	12.911	12.780	12.680	20.880	20.754	20.625				266.783	267.809	
Hlutfall	38,6%	38,9%	39,1%	25,9%	26,1%	26,5%	5,4%	5,3%	5,2%	3,5%	3,4%	3,3%	3,9%	3,8%	3,7%	10,0%	10,0%	9,9%	4,8%	4,8%	4,7%	7,8%	7,8%	7,6%						269.727

Fskj. 12.

Töpuð útlán hjá C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum 1994, 1995 og 1996.

	Reykjavík			Reykjaneskjördæmi			Vesturland			Vestfirðir			Norðurland vestra			Norðurland eystra			Austurland			Suðurland			Samtals		
	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996	1994	1995	1996
C-hluta stofnanir:																											
Byggðastofnun	26,3	9,2	1,0	9,3	34,1	6,5	50,8	2,2	3,7	92,9	65,6	93,8	54,7	44,9	18,0	38,8	80,7	16,0	47,3	18,6	34,3	77,1	19,8	1,9	397,2	275,1	175,2
Lánasjóður ísl. Námsmanna																											
Lánasjóður landbúnaðarins	0,5	0,3			4,7				6,8	26,5	6,1	16,4		48,6	5,7	1,4	14,6	3,3	8,5	0,2	4,4	2,7		12,3	39,6	0,3	48,9
Þróunarsjóður sjávarútvegsins.	63,8			15,1	20,2	26,0		19,9	0,4		106,5	3,2	12,5	15,8		49,1	12,6		90,4			5,9		2,2	236,8	175,0	31,8
Framkvæmdasjóður Íslands		1,4		372,8	4,0		110,2	27,3		8,0			17,1				5,9		1,4			271,0	36,1		780,5	74,7	0,0
Ferðamálasjóður	7,0		2,5			0,5	3,5				4,8	1,0				3,7		3,6				3,2	3,2		17,4	8,0	7,6
Orkusjóður					0,5									2,1											0,0	2,6	0,0
Samtals	**97,6**	**10,9**	**3,5**	**397,2**	**63,5**	**33,0**	**164,5**	**49,4**	**10,9**	**127,4**	**183,0**	**114,4**	**84,3**	**111,4**	**23,7**	**93,0**	**113,8**	**22,9**	**147,6**	**18,8**	**38,7**	**359,9**	**59,1**	**16,4**	**1.471,5**	**535,7**	**263,5**
Hlutfall	6,6%	1,8%	1,3%	27,0%	10,4%	12,5%	11,2%	8,1%	4,1%	8,7%	30,0 %	43,4 %	5,7%	18,3%	9,0%	6,3%	18,7%	8,7%	10,0%	3,1%	14,7%	24,5%	9,7%	6,2%			
D-hluta stofnanir																											
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum			0,4	3,5	4,5					2,5		6,5													6,0	4,5	6,9
Samtals	**0,0**	**0,0**	**0,4**	**3,5**	**4,5**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**2,5**	**0,0**	**6,5**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**	**6,0**	**4,5**	**6,9**
Hlutfall			5,8%	58,3%	100,0 %					41,7 %	0,0%	94,2 %															
E-hluta fyrirtæki																											
Landsbanki Íslands	1.312,0	1.346,0	1.160,0	268,0	51,0	186,0	151,0	141,0	68,0	297,0	17,0	91,0	69,0	1,0	3,0	104,0	179,0	114,0	109,0	134,0	71,0	182,0	73,0	172,0	0,0	1.942,0	1.865,0
Búnaðarbanki Íslands	439,6	260,5	211,6	115,8	70,1	94,9	9,8	16,4	21,9	2,4	5,3	2,3	29,4	22,5	31,2	21,0	49,1	23,6	15,5	50,5	7,9	17,8	34,1	11,5	651,3	508,5	404,9
Iðnlánasjóður	64,7	111,5	158,3	52,6	63,8	-0,6		2,9		1,6	37,4	11,2	0,5	1,6		22,2	12,5	1,4		10,9	2,6	20,8	0,6		162,4	241,2	172,9
Iðnþróunarsjóður	201,0		47,0	1,0		56,0				3,0			34,0								5,0			34,0	239,0	0,0	142,0
Fiskveiðasjóður				-7,6	20,4	23,6	5,7	-2,8		28,6	-3,8	3,4				0,1	3,7	0,3	4,7	12,8	8,1				31,5	30,3	35,4
Samtals	**2.017,3**	**1.718,0**	**1.576,9**	**429,8**	**205,3**	**359,9**	**166,5**	**157,5**	**89,9**	**332,6**	**55,9**	**107,9**	**132,9**	**25,1**	**34,2**	**147,3**	**244,3**	**139,3**	**129,2**	**208,2**	**94,6**	**220,6**	**107,7**	**217,5**	**3.576,2**	**2.722,0**	**2.620,2**
Hlutfall	56,4%	63,1%	60,2%	12,0%	7,5%	13,7%	4,7%	5,8%	3,4%	9,3%	2,1%	4,1%	3,7%	0,9%	1,3%	4,1%	9,0%	5,3%	3,6%	7,6%	3,6%	6,2%	4,0%	8,3%			
Samtals C-, D-, og E-hluti	**2.114,9**	**1.728,9**	**1.580,8**	**830,5**	**273,3**	**392,9**	**331,0**	**206,9**	**100,8**	**462,5**	**238,9**	**228,8**	**217,2**	**136,5**	**57,9**	**240,3**	**358,1**	**162,2**	**276,8**	**227,0**	**133,3**	**580,5**	**166,8**	**233,9**	**5.053,7**	**3.336,4**	**2.890,6**
	41,8%	51,8%	54,7%	16,4%	8,2%	13,6%	6,6%	6,2%	3,5%	9,2%	7,2%	7,9%	4,3%	4,1%	2,0%	4,8%	10,7%	5,6%	5,5%	6,8%	4,6%	11,5%	5,0%	8,1%			
Íbúatala	103.020	104.276	105.458	69.149	69.955	71.438	14.292	14.154	14.007	9.453	9.018	8.865	10.293	10.208	9.995	26.785	26.664	26.659	12.911	12.780	12.680	20.880	20.754	20.625	266.783	267.809	269.727

Fylgiskjal XV.

Byggðastofnun:

Stefnumótandi byggðaáætlun 1998–2002. Forsendur.
(Mars 1997.)

Inngangur.

Samkvæmt lögum um Byggðastofnun skal í forsendum stefnumótandi byggðaáætlunar gera grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í einstökum landshlutum og markmiðum sem æskileg eru talin og þjóðhagslega hagkvæmt að stefna að í þróun byggðarinnar í heild. Í reglugerð eru auk þess ákvæði um að í forsendunum skuli gerð úttekt á áhrifum þeirrar fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Byggðastofnun hefur veitt, frá því síðasta áætlun var gerð, á þróun byggðar í landinu.

Í bréfi forsætisráðherra frá 19. ágúst 1997[1] eru tilmæli um að fjallað verði um tiltekin efnisatriði við gerð áætlunarinnar. Að fenginni reynslu við gerð fyrri áætlunar gerir forsætisráðherra það að tillögu sinni að stjórn stofnunarinnar þurfi ekki að fjalla um orðalag og efnistök í forsenduhluta áætlunarinnar, eins og hún gerði í fyrsta skiptið, heldur einungis um sjálfa þingsályktunartillöguna. Raunar var stefnumótandi byggðaáætlun lögð fyrir þingið í tvennu lagi í fyrsta skiptið og þingið tók einungis til umfjöllunar hina eiginlegu áætlun en ekki verkið í heild sinni.

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að fjalla um ástand og horfur í þróun byggðar og atvinnulífs. Ekki hefur verið fjallað um önnur efni, eins og gert var í fyrstu stefnumótandi áætluninni. Í ljósi þeirrar lýsingar og ályktana sem þar eru dregnar er síðan fjallað um þau 7 efnisatriði sem farið var fram á af hálfu ráðuneytisins en þó ekki í aðskildum köflum um hvern þátt. Lesendur munu taka eftir því að ekki tókst alls staðar að samræma þau tímabil sem talnaefni í skýrslunni nær til.

Hér er ekki að finna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun. Stjórn Byggðastofnunar hefur látið vinna tillögu að þingsályktun utan stofnunarinnar og hafa höfundar þessarar greinargerðar ekki séð hana eða þau fylgiskjöl sem henni fylgja.

Drög að þessari skýrslu voru send til umsagnar til allra sveitarfélaga með yfir 700 íbúa, til héraðsnefnda, landshlutasamtaka sveitarfélaga, búnaðarsambanda, ráðuneyta og ýmissa annarra stofnana og hagsmunaaðila. Þegar forsætisráðuneytinu var afhent þessi greinargerð 14. apríl höfðu borist athugasemdir frá 10 aðilum. Í texta greinargerðarinnar hefur verið tekið tillit til fram kominna athugasemda og skýringa frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti gera ekki athugasemdir við greinargerð þessa. Athugasemdir annarra aðila eru birtar sem fylgiskjöl. Skýrsla þessi er að öllu leyti á ábyrgð skýrsluhöfunda og allar villur sem í henni kunna að leynast og þær skoðanir og niðurstöður sem í henni er að finna eru þeirra.

---

[1] Bréfið er birt sem fylgiskjal.

1. Ástand og horfur í þróun byggðar.

1.1 Íbúaþróun.

Ísland er meðal dreifbyggðustu landa í heimi ef íbúafjöldanum er deilt á allt flatarmál landsins. Dreifing íbúafjöldans um landið er mjög frábrugðin því sem gerist í nágrannalöndunum sem þó eru einnig mjög dreifbýl. Mun lægra hlutfall Íslendinga býr í sveit og litlum þéttbýlisstöðum og helmingi færri búa í 2–10.000 manna bæjum en algengt er á Norðurlöndunum. Hærra hlutfall Íslendinga býr á höfuðborgarsvæðinu en í jafnstórum eða stærri borgum í nágrannalöndunum. Það virðist auðveldara fyrir nágrannaþjóðirnar en Íslendinga að halda íbúum í meðalstórum og litlum þéttbýlisstöðum. Aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins hér á landi hefur verið svo mikið að aðrir þéttbýlisstaðir hafa gefið eftir.

Búsetumynstrið er breytingum undirorpið vegna búferlaflutninga. Einnig er fæðingartíðni hér á landi há.

Á mynd 1 er sýnt hvernig íbúaþróun hefur verið eftir landsvæðum undanfarin 10 ár. Á þessum tíma hefur þjóðinni fjölgað um 10% eða tæplega 1% á ári. Á sama tíma hefur íbúum flestra annarra Norðurlanda fjölgað innan við 0,5% á ári að meðaltali.

Mynd 1. Mannfjöldi 1. desember 1997 eftir svæðum og breyting 1987–97.



Heimild: Byggðabrunnur.

Það sem vekur mesta athygli á myndinni er að hlutfallsleg fjölgun er hvergi meiri en á fjölmennasta svæðinu, 19%. Fækkunin er mest á norðvestanverðu landinu og á Austfjörðum. Utan höfuðborgarsvæðisins fjölgar fólki einungis í Austur-Skaftafellssýslu, Eyjafirði, Árnessýslu og á Suðurnesjum. Undanfarin 10 ár fjölgaði mest á Egilsstöðum af þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar en síðan koma Hornafjarðarbær og Selfoss. Íbúum fækkaði mest í Vesturbyggð, Dalabyggð og á Seyðisfirði. Fólki fækkaði í sveitum alls staðar nema í Árnessýslu og sums staðar verulega.

Þessar breytingar stafa fyrst og fremst af búferlaflutningum. Ekki er mikill munur á dánar- eða fæðingartíðni eftir landsvæðum.

1.2 Búferlaflutningar innan lands.

Búferlaflutningar eru töluverðir og hafa vaxið á undanförnum árum. Samtals flytur meira en sjötti hver landsmaður lögheimili sitt á ári hverju en flestir innan sama sveitarfélags.

Mynd 2 sýnir mismun aðfluttra og brottfluttra á landsbyggðinni á undanförnum árum. Á myndinni má sjá skýrt afmarkað jafnvægistímabilið í byggðaþróuninni milli 1973 og 1980. Eftir það hefur verið stöðugur straumur fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins þótt nokkrar sveiflur hafi verið. Síðustu tvö ár er flutningstap landsbyggðarinnar meira en nokkru sinni fyrr á því tímabili sem sýnt er.

Mynd 2. Aðfluttir umfram brottflutta innan lands á landsbyggðinni.



Heimild: Byggðabrunnur.

Á síðustu 10 árum er mismunur aðfluttra og brottfluttra á landsbyggðinni samtals rúmlega 12.000. Á sama tíma hefur íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgað um rúmlega 26.000 manns og því stafar nær helmingur vaxtarins af beinum aðflutningi innan lands. Tíðni brottflutnings af landsbyggðinni hefur aukist en hlutfallslega jafn margir flytja frá höfuðborgarsvæðinu út á land og áður var, sé miðað við mannfjölda.

Búferlaflutningar eru mjög mismunandi eftir aldri eins og sjá má á mynd 3. Mestir eru flutningarnir hjá fólki milli tvítugs og þrítugs — og raunar almestir rétt eftir tvítugt. Lætur nærri að fimmta hver kona á aldrinum 20–24 ára flytji lögheimili sitt milli sveitarfélaga innan lands á hverju ári. Til viðbótar eru um 8% aldursflokksins í flutningum milli landa. Flutningar eru minni hjá körlum í flestum aldursflokkum en fylgja um það bil sömu aldursdreifingu.

Mynd 3. Kyn- og aldursbundin flutningatíðni 1996.



Heimild: Byggðabrunnur.

Byggðastofnun hefur látið gera rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi. Niðurstöður þeirrar rannsóknar voru birtar í skýrslunni Búseta á Íslandi, en hún kom út í nóvember 1997. Orsaka búferlaflutninga er að mati skýrsluhöfundar að leita í fjölmörgum mismunandi atriðum enda eru þeir „afleiðing ákvarðanatöku einstaklinga og fjölskyldna, sem byggist á mati og samanburði viðkomandi aðila á kostum og göllum aðstæðna í upprunabyggð og hugsanlegum áfangastað".[1] Þau atriði sem talin eru skipta máli fyrir val landsbyggðarfólks á búsetustað eru áhugi á „nútímalegum lífsháttum, til dæmis fjölbreyttum atvinnutækifærum, ríkulegum aðgangi að verslun og þjónustu, fjölþættri aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar, góðum húsnæðisaðstæðum og samgöngum".[2] Að hluta til skýrir rannsóknin þróun sem ekki er á valdi opinberra aðila að breyta nema að litlu leyti. Er það ekki að undra þar sem um er að ræða svo einstaklingsbundnar ákvarðanir.

Að sjálfsögðu er hægt að draga margar ályktanir út frá þessari rannsókn um eðli búferlaflutninga og ástæður þeirra. Sókn fólks í þéttbýli og þá afþreyingu og þjónustu sem getur einungis vaxið þar er alþjóðlegt fyrirbæri. Fólksflutningar af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins endurspegla þessa tilhneigingu. Stjórnvöld hafa verið ófáanleg til að beita sér fyrir uppbyggingu fárra, stórra þjónustukjarna á landsbyggðinni til mótvægis við höfuðborgarsvæðið. Fólk sem sækist eftir tækifærum þéttbýlisins hefur því ekki átt um annan kost að velja en höfuðborgarsvæðið.

Eftirfarandi atriði eru vísbendingar um aðgerðir ríkisvaldsins sem gætu haft áhrif á byggðaþróun:

---

[1] Stefán Ólafsson: *Búseta á Íslandi* – rannsókn á orsökum búferlaflutninga, Reykjavík, Byggðastofnun, 1997, bls 183.

[2] Stefán Ólafsson 1997, bls 184.

Málaflokkur	Efnisatriði	Skýring	Vísbendingar um aðgerðir
Atvinnumál	Fjölbreytileiki	Stærð staðar ræður miklu um fjölbreytileika atvinnulífs	Efling kjarna til mótvægis við höfuðborgarsvæðið
Atvinnumál	Tekjuöflunar-möguleikar	Samdráttur í sjávarútvegi og skipulag kvótakerfisins. Samdráttur í sauðfjárrækt	Nýsköpunarstarf, breyting kvótakerfis. Endurskipulagning sauðfjárframleiðslu
Húsnæðismál	Hár húshitunar-kostnaður	Náttúrulegar aðstæður	Jarðhitaleit, tækniþróun og rannsóknir en tíma-bundin jöfnun kostnaðar að einhverju leyti
Samgöngumál	Lagning/ viðhald vega	Stöðugt aukin þýðing vega	Fyrirhugaðar framkvæmdir á næstu árum eru mjög miklar
Verslun	Verðlag	Stærð staðar skiptir miklu máli um samkeppni í verslun og þar með vöruverð	Bættar samgöngur, upplýsingatækni, efling kjarna
Þjónusta	Takmarkað úrval	Stærð staðar skapar rekstrargrundvöll fyrir sérhæfðri þjónustu	Efling kjarna til mótvægis

1.3 Búferlaflutningar milli landa.

Búferlaflutningar að og frá landinu hafa aukist töluvert á undanförnum áratugum. Mynd 4 sýnir aðflutta og brottflutta til og frá landinu eftir árum frá 1971. Eins og sjá má eru búferlaflutningar gagnvart útlöndum sveiflukenndir. Þó er greinilegt að þeir flutningar hafa aukist verulega í báðar áttir á undanförnum árum. Einhver hluti af aukningunni gæti þó stafað af breyttu fyrirkomulagi skráningar sem tekið var upp árið 1987.[1] Sveiflur í flutningum endurspegla að nokkru hagsveiflur innan lands og í nágrannalöndunum en þangað flytja flestir. Búferlaflutningar til útlanda hafa aukist meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

[1] Fram til þess tíma var um að ræða samanburð á milli íbúaskráa 1. desember ár hvert. Hver maður gat því einungis flutt einu sinni á ári. Þá töldust ekki með í flutningum þeir sem fluttu fram og til baka sama árið.

Mynd 4. Búferlaflutningar til og frá útlöndum.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mesti nettó brottflutningur til útlanda var fyrst á því tímabili sem myndin sýnir og varð þá meiri en hann var 1995. Hins vegar fluttust langt um fleiri til útlanda í lok tímabilsins en síðustu ár sjöunda áratugarins. Þá fluttu hins vegar sárafáir til landsins. Að langtímameðaltali er nettótap landsins til útlanda tæplega 280 manns á ári. Á árunum 1992 til 1996 fækkaði íslenskum ríkisborgurum hér á landi um 3.600 vegna búferlaflutninga milli landa. Á sama tíma fjölgaði erlendum ríkisborgurum um 519 vegna flutninga milli landa.

1.4 Þróun í einstökum héruðum.

Samkvæmt reglugerð um Byggðastofnun skal fjallað um ástand og horfur í þróun byggðar í einstökum landshlutum í stefnumótandi byggðaáætlun. Sú leið sem farin er hér er að fjalla um þetta á grundvelli þjónustusvæða sem nýta sameiginlega mikið af algengri þjónustu, bæði á vegum ríkisvalds og sveitarfélaga. Á undanförnum árum hefur slík svæðaskipting færst nær því að falla saman við skiptingu landsins í sveitarfélög.

Það er umdeilanlegt með hvaða hætti skuli fjallað um horfur um þróun byggðar. Hér er farin sú leið að byggja að verulegu leyti á íbúaþróun undanfarinna ára en einnig á stöðu atvinnulífs. Byggð í landinu mótaðist af aðstæðum í samfélaginu sem hér var fyrr á öldinni. Síðan þá hefur bæði samfélagið og atvinnuhættirnir breyst en breytingar á byggð hafa átt sér stað mun hægar. Eðlilegt er að byggð þróist, staðir stækki og minnki og jafnvel að sum svæði fari í eyði, en sú öra fólksfækkun sem margar byggðir búa við núna er sársaukafull og óæskileg.

Ástand byggðar er hægt að skoða og meta út frá margvíslegum og mismunandi forsendum. Þær eru landfræðilegar, efnahagslegar og félagslegar. Byggð getur staðið höllum fæti í einu þessara tillita en ekki öðru, en allt er þetta samþætt og oft erfitt að greina hvar vandinn byrjar. Augljósasta hættumerkið er fólksfækkun. Þegar umtalsverð fækkun hefur átt sér stað í lengri tíma virðist fátt geta snúið þeirri þróun við. Það hefur svo aftur keðjuverkandi áhrif á aðra þætti samfélagsins sem ýtir enn undir fækkun. Þegar fjöldinn fer niður fyrir eitthvert lágmark, brestur grunnurinn undir samfélaginu því eftir því sem fækkar dregur úr umfangi ýmissar starfsemi, þar með talinni atvinnu.

Anders Dedekam[1] skilgreinir jaðarbyggð í Noregi sem „langt frá miðjunni þar sem atvinnu og þjónustu er að finna, langt frá þar sem 'hlutirnir gerast' (landfræðilegur jaðar)“ eða sem „þann hluta Noregs sem hefur lítil áhrif á ákvarðanir um mikilvæg mál í samfélaginu. Jaðarinn er langt frá hinni pólitísku miðju (pólitískur jaðar)“. Að mati Dedekam skilgreina flestir þó jaðar sem „svæði eða samfélag með lágar meðaltekjur, lágt atvinnustig og mikið, viðvarandi atvinnuleysi, hlutfallslega mikið af gömlu fólki, fólksfækkun, skort á fjármagni og framkvæmdamönnum, veika grunngerð og lítið framboð á opinberri sem og einkaþjónustu (efnahagslegur jaðar)“.[2]

Að mestu leyti á þessi skilgreining við á Íslandi líka. Landfræðileg lega byggðar getur haft neikvæð áhrif á möguleika hennar til að þróast. Einangrun, fjarlægð frá þéttbýli, þjónustu og mörkuðum og erfiðar samgöngur gera byggðina lítt eftirsóknarverða til búsetu og geta valdið brottflutningi. Sömu þættir gera byggðina lítt eftirsóknarverða í efnahagslegu tilliti. En byggð sem stendur höllum fæti efnahagslega þarf ekki að vera landfræðilega út úr.

Einhæft atvinnulíf og atvinnulíf sem byggir á greinum sem ekki eru í vexti hefur neikvæð áhrif á búsetuþróun og tekjur sveitarfélaga minnka. Með minnkandi tekjum verður sífellt erfiðara að halda uppi nauðsynlegri grunnþjónustu á vegum sveitarfélagins og aðgengi að skóla og heilsugæslu minnkar, sem enn hefur neikvæð áhrif á búsetuþróun. Aftur á móti er ekki hægt að greina jaðarbyggðir út frá meðaltekjum íbúanna, eins og Dedekam leggur til, vegna hárra meðaltekna sjómanna sem geta falið lágar meðaltekjur í öðrum greinum. Atvinnuleysi virðist heldur ekki vera öruggt einkenni á byggð í vanda, eins og sést á Vestfjörðum. Í íslensku samhengi er því betra að skoða fjölbreytileika atvinnulífsins, en einhæft atvinnulíf er einkenni á jaðarbyggðum.

Tilfinning íbúanna fyrir því hversu gott er að búa á tilteknum stað er einnig mikilvæg fyrir þróun byggðarinnar. Þegar félagsleg þjónusta minnkar, versnar sú tilfinning. Einnig geta náttúrulegar aðstæður haft áhrif á þessa tilfinningu, svo sem ófærð eða hætta á snjóflóðum.

Þessir þættir ýta hver undir annan, en þótt tiltekin byggð sé veik í einu þessara tillita á ákveðnum tíma getur hún náð sér og blómstrað á ný. Aftur á móti þyngist róðurinn eftir því sem fleiri þættir eru neikvæðir og lengri tími líður án jákvæðrar þróunar.

Á myndum 5 og 6 er sýnd íbúaþróun undanfarinna 10 ára fyrir þéttbýli annars vegar og strjálbýli hins vegar.

---

[1] Dedekam, Anders 1987. *Regional økonomi*. Noregur: Universitetsforlaget.
[2] Dedekam 1987, bls. 61, lausleg þýðing.

Mynd 5. Hlutfallslegar mannfjöldabreytingar í þéttbýli 1987–97.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 6. Hlutfallslegar mannfjöldabreytingar í strjálbýli 1987–97.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Á síðustu 10 árum hefur íbúum í dreifbýli farið fækkandi alls staðar á landinu nema í Árnessýslu. Mest er fækkunin á Vestfjörðum og Austfjörðum en minnst í Eyjafirði og Austur-Skaftafellssýslu. Fækkun í þéttbýlisstöðum á sama tímabili er mest í Vestur-Barðastrandarsýslu en aukningin mest í Austur-Skaftafellssýslu og Árnessýslu. Á síðustu 5 árum hefur þróunin víðast hvar orðið enn verri þar sem hún var óhagstæðust fyrir.

1.5 Þáttur atvinnulífs og tekna.

Á mynd 7 sést hvernig breytingar hafa orðið á fjölda ársverka eftir landsvæðum á síðustu 10 árum sem upplýsingar eru til um. Ársverkum hefur einungis fjölgað á 5 svæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Ársverkum á landinu öllu fjölgaði um 3% frá 1985–1995 en sveiflur eru talsverðar innan tímabilsins. Á höfuðborgarsvæðinu er fylgni á milli íbúaþróunar og þróunar ársverka þannig að fyrir hvert viðbótar ársverk breytist íbúatalan um 2,5. Á þeim landsvæðum þar sem störfum hefur fækkað fækkar íbúum að meðaltali um rúmlega 1 fyrir hvert starf sem tapast. Það samband er misjafnt eftir svæðum en þó vel marktækt. Einungis í Skagafirði fjölgaði íbúum þótt störfum fækkaði. Þar sem störfum hefur fjölgað á landsbyggðinni er ekki að finna samhengi milli nýrra starfa og nýrra íbúa. Algengara er að fjölgun íbúa sé mun meiri en fjölgun starfa.

Mynd 7. Hlutfallsleg breyting ársverka 1985–95.



Heimild: Byggðabrunnur.

Einhæfni atvinnulífsins er mjög mismunandi mikil. Hér er hún mæld með því að skoða hlutfall landbúnaðar og sjávarútvegs samtals í atvinnulífinu. Ástandið árið 1995 er sýnt á mynd 8. Hæst er hlutfall þessara frumvinnslugreina í Norður-Þingeyjarsýslu, 60% en á Snæfellsnesi, Vestur-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu, Vopnafirði og Skeggjastaðahreppi og á suður-

fjörðum Vestfjarða er hlutur þessara atvinnugreina samtals yfir 50%. Hlutfallið er langminnst á höfuðborgarsvæðinu en alls staðar annars staðar um eða yfir fjórðungur.

Mynd 8. Hlutfall ársverka í landbúnaði og sjávarútvegi 1995.



Heimild: Byggðabrunnur.

Meðaltekjur eru mismunandi eftir landshlutum. Að verulegum hluta stafar það af því að hlutfall fiskveiða er mismunandi mikið eftir landsvæðum allt frá nær engu til 21%. Þá er hlutfall landbúnaðar einnig mismunandi mikið, frá núlli til 39%. Þessar tvær atvinnugreinar eru þær tekjuhæstu og tekjulægstu. Tekjur íbúanna eru mikilvæg forsenda fyrir veltu í ýmsum atvinnugreinum á viðkomandi svæði. Tilvist tekjuhárra sjómanna kemur fram í atvinnugreinum sem þeir kaupa vörur og þjónustu af. En tekjustig landsvæða er einnig mismunandi af öðrum ástæðum og þess vegna er sýnt á mynd 9 hverjar eru meðaltekjur á ársverk eftir landsvæðum fyrir utan landbúnað og fiskveiðar. Tekjur í öðrum greinum en landbúnaði og fiskveiðum eru hæstar á miðfjörðum Austfjarða og höfuðborgarsvæðinu, 3% yfir landsmeðaltali. Lægstar eru þær í Norður-Þingeyjarsýslu, Austur-Skaftafellssýslu, Snæfellsnesi, Dalasýslu og Reykhólasveit og Vestur-Skaftafellssýslu.

Hægt er að mæla tekjustig landsvæða með öðru móti. Ein leið er að mæla allar atvinnutekjur á ársverk. Það er gert á mynd 10. Þessar tekjur eru hæstar í Vestmannaeyjum, 19% yfir landsmeðaltali. Síðan koma miðfirðir Austfjarða, Siglufjörður, Ísafjarðarsýslur og Suðurnes. Lægstar eru meðaltekjur á ársverk í Vestur-Skaftafellssýslu, 32% fyrir neðan meðaltalið. Síðan koma Dalasýsla og Reykhólasveit, Rangárvallasýsla og Vestur-Húnavatnssýsla.

Mynd 9. Frávik frá landsmeðaltekjum á ársverk án landbúnaðar og fiskveiða 1995.



Heimild: Byggðabrunnur.

Mynd 10. Meðaltekjur á ársverk.



Heimild: Byggðabrunnur.

Til að leiðrétta fyrir mismunandi atvinnuþátttöku er hægt að mæla atvinnutekjur á hvern íbúa. Þar sem atvinnuþátttaka er mikil hækkar svæðið miðað við landsmeðaltal en þar sem atvinnuþátttaka er lítil lækkar svæðið. Niðurstaða úr slíkri mælingu er sýnd á mynd 11. Tekjur á íbúa eru hvergi meiri en í Ísafjarðarsýslum, 23% hærri en landsmeðaltal. Í Vestmannaeyjum eru tekjur á íbúa 20% hærri en landsmeðaltal. Lægstar eru tekjur á íbúa í Vestur-Skaftafellssýslu, 28% fyrir neðan meðaltal landsins alls en í Dalasýslu og Reykhólasveit eru þær 26% fyrir neðan.

Mynd 11. Atvinnutekjur á íbúa % frávik frá landsmeðaltali 1995.



Heimild: Byggðabrunnur.

Framangreindar upplýsingar eru dregnar saman í töflu 1.

Tafla 1.

	Íbúaþróun í þéttbýli 1987-1997	Íbúaþróun í strjálbýli 1987-1997	Hlutfallsleg breyting ársverka 1985-1995	Meðaltekjur án fiskveiða og landbúnaðar. Frávik frá landsmeðaltali	Hlutur frum-vinnslu-greina	Meðal-tekjur á íbúa
Höfuðborgarsvæðið	19	24	12	3	4	1
Suðurnes	8	-4	1	0,5	23	3
Akranessvæði	-5	-7	-4	-2	24	3
Borgarnessvæði	3	-11	-13	-9	23	-17
Snæfellsnes	-5	-13	-6	-13	52	3
Dalir og A-Barð	-12	-20	-31	-13	37	-26
V-Barð	-20	-32	-24	-10	51	0
Ísafjarðarsýslur	-11	-37	-12	0	42	23
Strandir	1	-30	-24	-10	52	-7
Vestur Hún	-3	-20	-27	-11	35	-22
Austur Hún	-10	-16	-26	-5	34	-2
Skagafjörður	6	-12	-9	-7	31	-14
Siglufjörður	-14	*	-23	-1	39	6
Eyjafjörður	7	-4	1	-6	25	-2
Suður Þing	-1	-13	-7	-12	36	-7
Norður Þing	0	-9	-1	-17	60	2
Vopnafjörður og Skegg jastaðahreppur	-6	-10	-16	-5	52	-6
Hérað	8	-23	-13	-8	27	-13
Miðfirðir	-9	-24	-13	3	40	14
Suðurfirðir	-10	-26	-27	-6	54	-11
Austur Skaft	21	-5	13	-14	45	2
Vestur Skaft		-13	-20	-13	40	-28
Rangárvallasýsla	11	-13	-17	-9	36	-22
Vestmannaeyjar	-1	*	0	-3	40	20
Árnessýsla	15	-7	2	-10	28	-13

1.6 Niðurstöður.

Í þessum kafla hefur verið rakið hvernig búseta hefur þróast í mismunandi landshlutum. Reynt hefur verið að greina samband þróunarinnar og mismunandi þátta bæði ytri skilyrða og mats íbúa landshlutanna. Niðurstaðan er sú að íbúaþróun einstakra landsvæða er flókið ferli og engar vísbendingar eru um að einfaldar aðgerðir stjórnvalda séu líklegar til að hafa afgerandi áhrif á íbúaþróun. Margt bendir til þess að aðgerðir sem taka mið af aðstæðum einstaklinga og ákvarðanatöku þeirra um atvinnu og búsetu geti verið áhrifaríkari en þær aðferðir sem hefðbundnari eru í byggðamálum á Íslandi. Þannig er hægt að treysta undirstöðu búsetu með einstaklingsframtaki í stað þess að einblína á fyrirgreiðslu við fyrirtæki sem reynslan hefur

sýnt að dregur ekki úr brottflutningi fólks. Aðgerðum stjórnvalda ætti helst að beita í þeim tilgangi að fá ungt fólk sem farið hefur burt til náms til að koma aftur til baka. Þetta væri hægt að gera með fjárhagslegri hvatningu til ungs fólks sem er tilbúið að setjast að á ákveðnum svæðum landsbyggðarinnar að námi loknu, t.d. gegnum skattkerfið eða með því að nota byggðastyrki til að greiða niður námslán. Einnig koma til greina styrkveitingar til fyrirtækja á landsbyggðinni sem ráða til sín menntað fólk.

Ef litið er til millilandaflutninga er þróunin viðunandi enda má búast við því að svo fámennt land tapi óhjákvæmilega einhverjum hluta þess unga fólks sem hér hefur alist upp. Aftur á móti er líkleg framvinda íbúaþróunar sumra landshluta óásættanleg. Mikilvægt er að ná samstöðu um aðgerðir sem geta haft áhrif á búsetuþróunina eins og fjallað verður um í köflunum hér á eftir.

2. Ástand og horfur í þróun atvinnulífs.

2.1 Hagþróun.

Þegar fyrsta stefnumótandi byggðaáætlunin var gerð ríkti hér á landi stöðnun í hagkerfinu. Fram undan voru tímar samdráttar að mati þeirra sem gerst þekktu og sú varð raunin framan af. Heildaraukning ársverka á vinnumarkaði hefur verið lítil undanfarin ár og vantar talsvert upp á að hámarkinu frá 1987 og 1988 hafi verið náð. Eftirspurn efir vinnuafli hefur því verið minni en framboð og kemur þetta fram í minni atvinnuþátttöku og mikilli aukningu atvinnuleysis frá miðbiki níunda áratugarins. Árið 1997 hefur heldur dregið úr atvinnuleysi þótt ástandið sé enn þá óviðunandi einkum hjá konum. Samdráttur á vinnumarkaði var í samræmi við breytingar á landsframleiðslu en landsframleiðsla á mann dróst saman í sex ár frá 1988. Frá árinu 1994 hefur hins vegar orðið umsnúningur. Frá þeim tíma hefur verið 3,6% hagvöxtur að jafnaði. Kaupmáttur hefur aukist og einkaneysla sömuleiðis en fjárfesting hefur einnig aukist þótt hún færi seinna af stað en aðrir mælikvarðar á framvindu hagkerfisins. Þá eru nú í gangi umfangsmiklar framkvæmdir í virkjunum og byggingu stóriðjuvera. Merkustu nýjungar á sviði atvinnulífsins eru þó uppbygging hugbúnaðariðnaðar ásamt rannsóknar- og þróunarstarfi í tengslum við líftækni og lyfjaframleiðslu.

Mynd 12. Hagvöxtur 1988–98.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mynd 13. Útflutningur og verg landsframleiðsla 1987–98.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Á mynd 13 kemur fram að útflutningur hefur vaxið hraðar en landsframleiðsla síðust árin. Er lítill vafi á því að vöxtur útflutnings er helsta driffjöðrin í hagvexti hér á landi og hefur svo verið um langt skeið. Hlutur sjávarútvegs af vöruútflutningi var um 73% árið 1996 og hefur hlutfallið haldist á þessu róli um árabil. Hlutur sjávarútvegs af heildarútflutningi eru rúm 50% og hefur það hlutfall einnig breyst lítið undanfarin ár. Af þessu má ráða að hægt hefur gengið að breyta samsetningu útflutningstekna þótt langt sé síðan að talið var æskilegt að auka fjölbreytni í útflutningsgreinum. Samt hefur margt áunnist einkum á sviði þjónustuútflutnings svo sem hugbúnaðargerð eins og áður er nefnt auk þess sem þjónusta við ferðamenn hefur þróast ört og getur enn vaxið verulega. Þá hefur meiri úrvinnsla sjávarafurða og öflugri sölustarfsemi vafalítið dregið úr hættu á verulegum verðsveiflum í þessari grein þótt aflabrögð verði ávallt háð duttlungum náttúrunnar að einhverju leyti. Vafasamt er að staðsetja uppsprettur gjaldeyristekna og einblína á þær þar sem samspil margra þátta víðs vegar um þjóðfélagið gerir kleift að framleiða og selja vörur og þjónustu. Þó má líta svo á að afkoma á landsbyggðinni sé enn að verulega leyti háð gengi sjávarútvegs.

2.2 Þróun vinnumarkaðar og atvinnuþátttaka.

Á mynd 14 er sýnt hvernig vinnumarkaður hefur þróast á landinu öllu undanfarin ár. Eftir niðursveiflu sem stóð frá 1989 til 1994 eru nú vísbendingar um að heildarvinnuaflsþörf í þjóðfélaginu sé að aukast en fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu. Tölur fyrir 1996 og 1997 eru þó áætlaðar miðað við aldursskiptingu og atvinnuhlutföll.

Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka minnkað hjá báðum kynjum. Aukið atvinnuleysi á trúlega sinn þátt í þessu, einkum meðal eldri aldursflokka karla og elstu flokka kvenna. Aukin skólasókn skýrir að öllum líkindum umtalsverða minnkun atvinnuþátttöku meðal 15–19 ára af báðum kynjum en einnig er vitað að atvinnuleysi hefur verið mikið í þessum hópi. Atvinnuþátttaka minnkaði um 3% á höfuðborgarsvæðinu frá 1990 til 1995 og 2,7% á landsbyggðinni. Þá er miðað við fjölda þeirra sem starfa 13 vikur eða meira á ári.

Mynd 14. Þróun ársverka 1985–97.



Heimild: Byggðabrunnur.

2.3 Þróun atvinnugreina.

Á mynd 15 er sýnd þróun ársverka eftir megingreinum atvinnulífsins á landinu öllu á síðustu 10 árum sem upplýsingar eru til um. Þessi mynd sýnir þrjú megineinkenni breytinga á gerð atvinnulífsins. Í fyrsta lagi er hæg breyting á vinnuaflsnotkun gömlu meginatvinnugreinanna. Í öðru lagi er samdráttur í vinnuaflsnotkun í iðnaði og byggingarstarfsemi. Í þriðja lagi er vöxtur í þjónustugreinum, þótt stöðnun hafi ríkt í þeim efnum meðan samdráttur var mestur í hagkerfinu.

Mynd 15. Ársverk eftir atvinnuvegum 1984–95.



Heimild: Byggðabrunnur.

Á mynd 16 er sýnd skipting ársverka eftir atvinnugreinum árið 1995 fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðina hins vegar. Landbúnaður, fiskveiðar og fiskvinnsla eru mun fjölmennari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Allar aðrar atvinnugreinar eru fjölmennari á höfuðborgarsvæðinu. Opinber þjónusta er fjölmennasta atvinnugreinin á báðum þessum svæðum.

Mynd 16. Ársverk eftir atvinnuvegum 1995.



Heimild: Byggðabrunnur.

Á mynd 17 er sýnd hver breyting hefur orðið á síðustu 10 árum sem upplýsingar eru til um á fjölda ársverka í hverri atvinnugrein eftir landsvæðum. Skráðum ársverkum í landbúnaði fækkaði um nær þrjú þúsund á þessum áratug. Störfum fækkaði einnig í fiskvinnslu, öðrum iðnaði, byggingarstarfsemi og veitum bæði á landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Þá fækkaði störfum í verslun á landsbyggðinni nokkuð. Aukningin er mest í opinberri þjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði störfum um nær 5.000 en á landsbyggðinni um rúmlega 1.400. Aukning varð einnig í opinberri stjórnsýslu á báðum svæðum. Í bankastarfsemi og þjónustu við atvinnurekstur varð mun meiri vöxtur á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og í annarri þjónustu varð vöxturinn allur á höfuðborgarsvæðinu. Í fiskveiðum varð vöxtur, meðal annars vegna aukinnar smábátaútgerðar og fjölgunar vinnsluskipa. Hann varð meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 17. Breyting á fjölda ársverka eftir greinum og landsvæðum 1985–95.



Heimild: Byggðabrunnur.

Samtals fjölgaði störfum í vaxtargreinum um tæplega 14.000 á þessum 10 árum meðan störfum í samdráttargreinum fækkaði um tæplega 10.000. Vöxtur atvinnulífsins í landinu varð því 4.000 störf. Störfum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 11% en störfum á landsbyggðinni fækkaði um 6%.

Á mynd 18 má sjá upplýsingar um þessa þróun sem hlutfallstölur. Hlutfallsleg breyting vaxtargreina á höfuðborgarsvæðinu er meiri en á landsbyggðinni í öllum greinum og samdráttur minni í samdráttargreinum nema í fiskvinnslu en þar hefur dregist meira saman á höfuðborgarsvæði en á landsbyggð.

Vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands gefa vísbendingu um það sem gerst hefur eftir 1995 enda þótt þær séu önnur mæling en ársverkin eins og þau eru greind hér. Samkvæmt þeim hefur atvinna ekki aukist marktækt frá 1995. Fjöldi þeirra sem er starfandi á vinnumarkaði hefur dregist heldur saman en samdrátturinn er þó innan reiknaðra skekkjumarka. Því gæti fjöldinn hafa staðið í stað eða aukist eitthvað. Atvinnuþátttaka hefur að sama skapi minnkað samkvæmt mælingu Hagstofu og atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli hefur vaxið lítillega.[1]

Könnun Þjóðhagsstofnunar á eftirspurn eftir vinnuafli frá sjónarhóli fyrirtækjanna bendir til þess að vilji hafi verið til að fjölga störfum bæði árið 1996 og 1997 og að hann hafi verið meiri síðara árið.[2] Þjóðhagsstofnun telur að atvinnuþátttaka hafi aukist á síðustu 2 árum og að störfum hafi fjölgað.

---

[1] Hagtíðindi maí 1997.

[2] Þjóðhagsstofnun frétt nr. 7/1997.

Mynd 18. Hlutfallsleg breyting ársverka 1985–95.



Heimild: Byggðabrunnur.

2.4 Atvinnuleysi.

Þegar síðasta byggðaáætlun var gerð var atvinnuleysi í miklum vexti bæði á höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Hámarki náði það á landsbyggðinni 1994 en á höfuðborgarsvæðinu 1996. Síðan hefur atvinnuleysi farið minnkandi.

Mynd 19. Atvinnuleysi á Íslandi eftir mánuðum 1994–97.



Heimild: Byggðabrunnur.

Atvinnuleysi er mismunandi milli landshluta. Ekki er auðvelt að finna sambærilegan mælikvarða til að meta hlutfallslegt atvinnuleysi eftir landsvæðum vegna þess að atvinnugreinar þar sem atvinnuleysi er ekki eða illa skráð vega mismunandi mikið. Landbúnaður skiptir hér mestu og því er brugðið á það ráð að sýna á mynd 20 atvinnuleysi sem hlutfall af vinnumarkaði einstakra landsvæða að frádregnum ársverkum í landbúnaði. Samkvæmt lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga geta bændur nú skráð sig atvinnulausa. Það hefur þó mjög takmörkuð áhrif á þær tölur sem hér eru sýndar.

Mynd 20. Atvinnuleysi 1997 á hvert ársverk án landbúnaðar 1995.



Heimild: Byggðabrunnur.

2.5 Sjávarútvegur.
Þróun fiskveiða og vinnslu 1991/92 til 1996/97.

Á undanförnum áratug hafa stjórnvöld dregið úr beinum afskiptum af hag sjávarútvegs. Hér er átt við efnahagsaðgerðir með inngripi í vaxtaþróun, gengi og álögur á einstakar starfsgreinar. Stjórnvöld hafa leitast við að beita almennum aðgerðum sem gefa aðilum í atvinnulífi jafnt svigrúm til athafna án tillits til atvinnugreina. Mikilvægar undantekningar eru landbúnaðarmál og stjórnun fiskveiða. Grundvallarmunur er þó á tilgangi þeirrar opinberu stjórnunar sem beitt er í þessum tveimur atvinnuvegum. Afskipti stjórnvalda af framleiðslumagni í landbúnaði miðast við það að halda uppi verði til framleiðenda, meðal annars með fjárstuðningi til þeirra, en hefur ekki þann tilgang að koma í veg fyrir ofnýtingu náttúruauðlinda. Enginn efast um nauðsyn þess að fiskveiðum sé stjórnað, þótt menn greini á um hvernig það skuli gert. Þar er meginsjónarmið að auka afrakstur auðlindarinnar. Sjávarútvegurinn nýtur engrar millifærslu frá stjórnvöldum. Þvert á móti hafa helstu deilurnar varðandi fiskveiðistjórnun snúist um hvort, og í hversu miklum mæli, eigi að skattlegga sjávarútveginn.

Í brúttórúmlestum talið var stærð fiskiskipaflotans ívið meiri árið 1996 en árið 1985. Fjöldi þilfarsskipa er því sem næst óbreytt. Sú fjölgun sem varð á síðasta áratug er nú öll gengin til baka vegna úreldingar. Fjöldi opinna báta tvöfaldaðist frá 1980 til 1992 en nú hefur smábátum fækkað um 400. Það er einnig vegna úreldingaraðgerða.

Breytingar á fiskiskipaflotanum frá árinu 1985 hafa ekki gengið jafnt yfir alla stærðarflokka. Þar hefur bátum minni en 12 brúttótonn og opnum bátum og stærstu skipunum fjölgað en mest fækkaði vélbátum frá 12–300 brúttótonnum úr 350 í 250 eða um þriðjung, einnig fækkaði hefðbundnum ísfisktogurum úr 87 í 67 eða um fjórðung. Minni bátum hefur þó fækkað eftir 1992 en stærri skipum og þá togurum yfir 500 brúttótonn fjölgar á ári hverju. Nær undantekningalaust eru hin stærri skip einnig vinnsluskip og voru þau alls 73 árið 1996, þar af 54 togarar. Stækkun flotans í rúmlestum á tímabilinu 1990–1996 skilaði sér ekki í auknu aflaverðmæti.[1]

Mynd 21. ***Skipastóllinn:*** **Fjöldi skipa og brúttórúmlestir 1980–95.**



Heimild: Fiskifélag Íslands, Útvegur.

Þróun fiskveiða á tímabilinu dró mark sitt af áframhaldandi takmörkunum á bolfiskveiðum við Ísland. Veiðar á þorski á heimamiðum jukust og héldust um 350 til um 390 þúsund tonn fram til ársins 1989 drógust síðan saman um helming og náðu sögulegu lágmarki miðað við síðustu 50 ár eða 170–180 þúsund tonnum árið 1994 og 1995. Veiðar á öðrum botnfisktegundum breyttust lítið en veiðiálag er mikið á marga þessara stofna. Verulegur uppgangur var í veiðum á uppsjávarfiskum og rækju. Einnig sköpuðust ný tækifæri með veiðum á rækju, úthafskarfa og þorski á fjarlægari miðum. Veiðar á fjarlægum miðum sköpuðu verkefni fyrir stækkandi flota vinnsluskipa. Ætla má að hluti af stækkun þess flota hafi tekið mið af þessum auknum verkefnum. Árangur af þessum veiðum fór þverrandi undir lok tímabilsins.

Aðrar breytingar sem áttu sér stað á þessum sama tíma eru aukin viðskipti í gegnum fiskmarkaði. Sjá má aukningu í hlutdeild fiskmarkaða í viðskiptum um hráefni fram til ársins 1994

---

[1] Samanber Hagvísa Þjóðhagsstofnunar febrúar 1998, en þar kemur fram að afli á föstu verðlagi er 9% minni árið 1996 en 1990.

en eftir þann tíma virðist hafa komist á ákveðið jafnvægi. Hlutfall fiskmarkaða í sölu á þorski var á árinu 1996 um fjórðungur af lönduðum afla og um þriðjungur af ýsu og ufsa. En um og yfir 60% af þessum tegundum er selt í beinum viðskiptum. Hlutfall fiskmarkaða í flatfiski er hins vegar mun hærra og er þar samkeppni helst við gámaútflutning. Þessi þróun hefur styrkt starfsemi útgerða sem ekki eru tengdar vinnslustöðvum svo og styrkt vinnslur sem ekki eru tengdar útgerð.

Á tæknisviðinu hefur verið sífelld þróun við veiðar og vinnslu sem hefur aukið afköst atvinnutækja. Kröfur um gæði og vinnslueftirlit hafa einnig aukist og hefur sú þróun einnig leitt af sér betri vinnslustýringu.

Í töflu 2 er sýnd ráðstöfun landaðs hráefnis til vinnslu. Fram kemur að hlutfallslega fór minni botnfiskafli til frystingar árið 1996 en 1992. Mest breyting varð í vinnslu á þorski en hlutur þorsks til frystingar minnkaði úr 46% í 28% og minnkaði landað hráefni til frystingar úr um 120 þús. tonnum í 50 þús. tonn. Á sama tíma jókst söltun þorsks úr 30% í 52% eða um 17 þús. tonn. Nokkuð dró úr útflutningi á óunnum þorski í gámum og siglingu skipa, en hlutfall sjóvinnslu jókst lítillega. Samanlagt tekur því landvinnsla ívið stærri hluta af þorski í þessum samanburði á milli ára. Vinnsla á öðrum botnfisktegundum breytist minna. Dregið hefur úr frystingu og útflutningi á óunnu hráefni, en söltun og sjóvinnsla aukist og er sjóvinnsla nú um þriðjungur af botnfiskafla öðrum en þorski. Munar þar mestu um aukinn afla í úthafskarfa.

Tafla 2. Ráðstöfun bolfiskafla 1992 og 1996.

	Frysting		Söltun		Bræðsla		Sjóunnið	
	1992	*1996*	*1992*	*1996*	*1992*	*1996*	*1992*	*1996*
Suðurland	28.269	21.109	10.543	9.823	4	0	8.777	9.038
Reykjanes	28.650	22.915	41.302	56.226	9	0	32.429	25.259
Reykjavík	16.750	17.516	8.446	12.751	0	5	12.685	21.664
Vesturland	26.984	22.940	6.700	4.034	0	0	3.918	6.565
Vestfirðir	51.593	26.647	7.402	10.104	1	2	7.587	8.253
Norðurland vestra	20.404	5.549	3.021	4.641	0	488	8.143	10.419
Norðurland eystra	44.212	26.048	12.443	8.423	42	2	37.320	34.943
Austurland	31.823	18.179	6.781	13.035	33	40	8.415	6.442
Samtals	248.685	160.903	96.638	119.037	89	537	119.274	122.583

Fiskifélag Íslands: Verkunarskipting fiskafla Tafla 28.

Mynd 23. Bolfiskafli til frystingar 1992 og 1996 eftir kjördæmum.



Fiskifélag Íslands: Verkunarskipting fiskafla Tafla 28.

Vinnsla á uppsjávarfiski hefur breyst. Hlutfallslega fer nú meira af afla til frystingar og söltunar eða 10% í stað 4%. Aukningin er þeim mun meiri sé litið til 60% aukningar landaðs afla uppsjávarfiska. Þannig hafa þessar vinnslugreinar aukið magn úr ráðstöfuðum afla úr 36 þús. tonnum í 150 þús. tonn. Bræðsla uppsjávarfisks minnkaði hlutfallslega, úr 95% í 90%, en magnið jókst úr 854 þús. tonnum í 1.294 þús. tonn.

Tafla 3. Ráðstöfun síldar og loðnu 1992 og 1996.

	1992			1996		
Uppsjávarfiskur	Frysting	Söltun	Bræðsla	Frysting	Söltun	Bræðsla
Suðurland	13.499	513	106.293	32.260	1.744	157.954
Reykjanes	4.612	2.699	64.669	23.133	35	85.034
Reykjavík	63	0	25.425	4.734	0	5.357
Vesturland	188	145	50.815	279	276	72.470
Vestfirðir	148	0	17.173	483	0	32.699
Norðurland vestra	18	0	80.367	1.012	0	130.245
Norðurland eystra	742	1.583	143.456	8.285	0	219.798
Austurland	4.298	7.624	365.809	52.270	26.101	591.952
Samtals	23.568	12.564	854.007	122.456	28.156	1.293.509

Fiskifélag Íslands: Verkunarskipting fiskafla, Tafla 28.

Vinnsla á skel og krabbadýrum, aðallega rækju jókst úr 45 þús. tonnum í 59 þús. tonn, hlutfallslega jók sjóvinnsla hlutdeild sína úr 23% í 30% en landvinnsla dróst saman úr 74% í 69%.

Sé litið til einstakra kjördæma hefur frysting þorsks að meðaltali dregist saman um 60%, einna mest í Norðurlandi vestra eða 70% en minnst á Vesturlandi eða 30%. Söltun þorsks hefur aukist í flestum kjördæmum og er hlutfallsleg aukning mest á Austurlandi en magnaukning mest á Reykjanesi. Hins vegar hefur hlutfallslega dregið úr söltun þorsks á Vesturlandi og Norðurlandi eystra. Í heild minnkaði þorskafli til vinnslu að meðaltali um 40% nema í Reykjavík og Reykjanesi. Mest er minnkunin í Norðurlandi vestra eða um 50%. Reykjanes og Reykjavík héldu þó að mestu óbreyttum þorskafla til vinnslu frá árinu 1992.

Sjófrysting þorsks minnkaði að meðaltali um 20%. Sjófrysting annarra botnfisktegunda jókst hins vegar í flestum landshlutum og skýrist það að mestu af auknum úthafskarfaafla sem er talinn með afla af heimamiðum. Af einstökum kjördæmum hefur Reykjavík aukið hlutdeild sína mest, einnig Reykjanes, Vesturland og Norðurland vestra. Sjófrysting hefur einnig aukist hlutfallslega við frystingu uppsjávarfiska, en mest jókst vinnsla og frysting á skel og krabbadýrum aðallega þó rækju, eða um 85% á meðan afli til vinnslu jókst um 40%. Rækjuafli til vinnslu í einstökum kjördæmum jókst á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Austfjörðum.

Telja verður að hlutur sjófrystingar í afla á heimamiðum hefði verið meiri ef ekki hefðu fundist verkefni fyrir vinnsluskipin utan landhelgi Íslands. Þar er átt við veiðar á úthafskarfa (sem reyndar er talinn með afla af heimamiðum), veiðar á rækju á Flæmingjagrunni og veiðar á þorski og öðrum botnfiski í Barentshafi. Þessar veiðar voru ekki hafnar að ráði árið 1992 en jukust hratt árin á eftir og náðu hámarki árið 1996. Árið 1996 var ráðstöfun afla af fjarlægum miðum sem hér segir:

Tafla 4. Ráðstöfun afla af fjarlægum miðum.

	Frysting	Söltun	Bræðsla	Útflutt	Sjófryst	Samtals
Þorskur	817	4.126	-	520	17.542	23.005
Úthafskarfi	-	-	-	-	6.133	6.133
Annar botnfiskur	10	5	0	4	259	278
Botnfiskafli	827	4.131	-	524	23.934	29.417
Flatfiskafli	5	-	*	1	656	662
Uppsjávara.	-	-	60	-	-	60
Skel og kra.	-	-	-	2	21.096	21.098
Samtals	832	4.131	60	527	45.687	51.238
Aukaafurðir	-	6	110	-	307	423

Fiskifélag Íslands: Verkunarskipting fiskafla Tafla 28 1.

Veiðar á fjarlægari miðum juku hráefni til vinnslu. Stór hluti rækju af Flæmingagrunni var unninn hér á landi. Einnig var unnið að þróun vinnslu á úthafskarfa. Hluti af þorskafla úr Barentshafi kom til frekari vinnslu, að meginhluta afli sem saltaður var um borð í vinnsluskipum en lítill hluti fór í frystingu. Í annan stað urðu veiðar í Barentshafi til þess að vekja athygli á möguleikum á að kaupa hráefni af þessu hafsvæði til vinnslu hér á landi.

Áhrif af minni þorskafla koma ójafnt niður á einstakar vinnslugreinar og þar með ójafnt á einstök kjördæmi enda nokkur sérhæfing á milli landshluta sem skapast hefur vegna mismunandi afstöðu til fiskimiða. Samdráttur í frystingu þorsks er mestur á landsvæðinu frá Vest-

fjörðum austur um til Austfjarða eða 50 þús. tonn, af þeim 70 þús. tonna samdrætti sem um er ræða. Á Vestfjörðum dróst frysting þorsks saman um 18 þúsund tonn.

Auknar veiðar og vinnsla á rækju og uppsjávarfiskum hafa hins vegar dregið úr þessum áhrifum minnkandi bolfiskafla, meðal annars hafa fyrirtæki á Norðausturlandi og Austfjörðum aukið sérhæfingu sína í vinnslu á uppsjávarfiskum, einnig hafa fáein aukið við rækjuvinnslu. Fyrirtæki á Vestfjörðum og Norðurlandi hafa aukið áherslu á rækjuvinnslu og hafa nokkur þeirra hætt vinnslu á bolfiski. Önnur viðbrögð bolfiskvinnslunnar hafa verið að auka innflutning á hráefni til vinnslu. Þessi innflutningur hófst að einhverju ráði árið 1992 og hefur aukist síðan jafnt í magni sem tegundum. Árið 1996 nam innflutningur á þorski um 24 þús. tonnum og ætla má að um 18 þús. tonn hafi farið til frystingar en um 7 þús. tonn til söltunar. Fáein fyrirtæki hafa náð að sérhæfa sig í vinnslu á þessu hráefni og vinna það eingöngu, önnur fyrirtæki nýta það til að jafna aðföng. Annar innflutningur á hráefni hefur verið um 80 þús. tonn af uppsjávarfiski og hálft þriðja þúsund tonna af rækju.

Fjöldi aðila í frystingu og söltun með framleiðslu yfir 30 tonnum hefur haldist svipaður, þeir voru 242 árið 1992, þar af 78 í frystingu eingöngu og 110 í söltun eingöngu. Árið 1996 voru þeir 234, þar af voru 100 í frystingu eingöngu og 78 í söltun eingöngu. Athygli vekur að söltunaraðilum fækkaði um 32 á meðan aðilum í frystingu fjölgaði um 22 á sama tíma og frysting botnfisks hefur minnkað en söltun aukist. Við nánari athugun kemur í ljós að fjölgun aðila í frystingu er að meginhluta í frystingu uppsjávarfiska. 21 mjölframleiðandi var með meir er 3.000 tonna framleiðslu árið 1996 en þeir voru 19 árið 1992.

Breytingar á fjölda verkenda á kjördæmavísu virðist vera samfara minni vinnslu á þorski og öðrum botnfiski. En sem áður er getið minnkaði landaður afli á svæðinu frá Vesturlandi og Austurlandi en á þessu svæði fækkaði aðilum í frystingu og/eða söltun um 24. Mest fækkaði aðilum í söltun. Þeim fækkaði í öllum landshlutum nema á Vestfjörðum og í Reykjavík, mest á Vesturlandi eða um 7 og á Norðurlandi eystra um 8. Aðilum í frystingu fjölgaði í öllum landshlutum mest þó á svæðinu frá Austurlandi til Reykjavíkur hins vegar fækkaði þessum aðilum á Vestfjörðum um 9 eða úr 25 í 16. Í flestum tilvikum virðist vera um að ræða aðila sem skilgreina má sem litla en fáeina meðalstóra.

Miðað við verðvísitölu sjávarafurða mælt í SDR er svipuð þróun á verðlagi flestra sjávarafurða á milli áranna 1992 og 1996. Verð lækkaði fram til áranna 1993 og 1994 en hækkaði síðan aftur nema á frystum botnfiskafurðum sem héldu áfram að lækka lítillega fram til ársins 1996. Verð á rækju og hörpuskel hækkaði fram til ársins 1995 en lækkaði síðan aftur. Þrátt fyrir hækkanir á tímabilinu nær verð sjávarafurða ekki því verði sem var árið 1992 að undanskildu verði á rækju, mjöli og lýsi.

Í umfjöllun um þróun fiskvinnslu hér að framan kemur fram að frysting botnfiskafurða er sú grein fiskvinnslu sem hefur tapað hvað mestri framleiðslu síðustu árin. Greinin hefur búið við taprekstur og samkeppnishæfni hennar er verulega skert nú þegar útlit er fyrir hæga aukningu aflaheimilda. Ekki er heldur útlit fyrir að veruleg breyting verði á markaði frá því sem verið hefur á hefðbundnum afurðum. Viðbrögð hljóta að verða þau að ná fram frekari hagræðingu í rekstri og/eða sækja fram á markaði með nýjar afurðir og komast nær neytendum. Slíkar aðgerðir taka langan tíma og eru ekki á færi nema stórra, fjársterkra aðila sem munu byggja á stærri rekstrareiningum en áður hafa þekkst. Því er útlit fyrir að þeir aðilar sem hættu í frystingu og/eða drógu úr henni munu eiga erfitt með að koma inn aftur þegar aflaheimildir aukast að nýju.

Mikil fjárfesting hefur verið í öðrum vinnslugreinum svo sem rækjuvinnslu, bræðslu og frystingu uppsjávarfiska. Fjárfest hefur verið í tækjum og búnaði sem auka sjálfvirkni og afköst og hefur vinnuaflsþörf minnkað frá því sem áður var. Kröfur um gæði og vinnslueftirlit

hafa einnig aukist og hefur sú þróun einnig leitt af sér betri vinnslustýringu. Þessi þróun þarf þó ekki að koma í veg fyrir að ýmsir minni aðilar geti komið af stað vinnslu með lítilli fjárfestingu í tækjum og búnaði m.a. aðilar sem eru með útgerð smábáta. Slíkir aðilar eru þó í sífelldri aðlögun að hráefnis- og afurðamörkuðum og þeim er ekki jafn mikil nauðsyn á samfelldum rekstri og þeim stærri.

Líkur eru á að störfum innan fiskvinnslu fækki á komandi árum vegna áframhaldandi tækniviðingar og að á þeim landsvæðum þar sem fiskvinnsla hefur dregist saman muni ekki verða uppbygging í takt við aukningu í botnfiskaflaheimildum. Aukning á fullvinnslu sjávarafurða mun verða í mjög sjálfvirkri framleiðslu. Þörf sjávarútvegs fyrir aukna menntun starfsmanna mun halda áfram að aukast.

Fiskveiðistjórnun.

Nær allir nytjastofnar við Ísland eru fullnýttir. Hagkvæmni verður ekki aukin nema dregið verði úr veiðigetu fiskveiðiflotans. Fiskiskipastóllinn hefur verið of stór miðað við afkastagetu botnfiskstofna síðustu 20 ár eða frá því fyrstu aðgerðir í stjórnun fiskveiða annarra en síldveiða voru sett árið 1976.

Mynd 24. Botnfiskafli eftir kvótaflokki skipa 1993 og 1996.



Heimild: Fiskifélag Íslands, Útvegur.

Frá árinu 1977 var settur heildarkvóti á þorsk og var honum skipt á milli báta og togara (skrapdagakerfið). Flest árin var veitt talsvert og stundum umtalsvert umfram þann afla sem ákveðinn var. Þegar ljóst var að skera þyrfti þorskaflann niður um 40% á milli áranna 1983 og 1984 var ákveðið að úthluta aflamarki á fiskiskip 10 brl. og stærri. Var það gert á grundvelli aflareynslu einstakra skipa á árunum 1981 til 1983. Þegar árið 1984 var heimilt að framselja aflamark á milli skipa samkvæmt mjög svipuðum reglum og gilda nú. Á árinu 1984 var veittur takmarkaður réttur til sóknarmarks fyrir þau skip sem af einhverjum ástæðum höfðu ekki stundað veiðar með reglubundnum hætti öll viðmiðunarárin. Reglur um sóknarmark voru víkkaðar á árinu 1985–1987 sem leiddi til þess að stærsti hluti togaraflotans valdi að stunda

veiðar með sóknarmarki. Með því að velja sóknarmark gátu skip aukið aflamöguleika sína innan hvers árs og jafnframt aukið frambúðaraflaheimildir sínar á kostnað þeirra sem stunduðu veiðar samkvæmt aflamarki. Var þessari reglu breytt á árinu 1988 á þann veg að sóknarmarksskip gátu einungis aukið frambúðaraflaheimildir sínar á kostnað annarra skipa sem stunduðu veiðar með skóknarmarki. Sóknarmarkið var síðan endanlega lagt niður 1. janúar 1991. Ástæða þess að sóknarmarkið var fellt niður var sú að ekki var hægt að tryggja að afli væri innan þeirra heildarmarka sem stjórnvöld ákváðu á hverjum tíma. Veiðar báta minni en 10 brl. voru, eins og áður segir, frjálsar eftir 1984. Með lögum nr. 3/1988 var sett takmörkun við frekari fjölgun báta á stærðarbilinu 6–10 brl. Það var síðan með lögum nr. 38/1990 sem sambærilegar skorður voru settar við fjölgun báta minni en 6 brl. Reglum um veiðar smábáta hefur hins vegar verið breytt nokkrum sinnum frá árinu 1991. Með lögunum frá 1990 var jafnframt tekin upp sú regla að úthluta hverju einstöku fiskiskipi aflahlutdeild af þeim tegundum sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla. Heimilt er að framselja aflahlutdeild á milli fiskiskipa.

Árið 1991 voru nær allir nytjastofnar settir undir aflamarkskerfið og aflahlutdeild var úthlutað ótímabundið. Jafnframt var leyft framsal á aflamarki hvers árs og á varanlegri aflahlutdeild á milli einstakra skipa. Nokkur hluti af heildarkvóta hverrar tegundar var þó enn settur undir sóknarmark þar á meðal hin svokallaða línutvöföldun. Á sama tíma var veitt meiri fjármunum í úreldingu skipa og stóðu þær aðgerðir fram til ársins 1995. Árið 1994 og aftur árið 1996 var dregið úr hlutdeild sóknarmarks, fleiri stofnar settir undir aflamark og mörkuð stefna um uppbyggingu veiðistofna með setningu aflareglu sem leyfir veiðar ákveðins hluta áætlaðs veiðistofns.

Telja má að ástand þorskstofnsins hafi á hverjum tíma verið mótandi fyrir aðgerðir í fiskveiðistjórnun, enda stofninn sá mikilvægasti af þeim sem nýttir eru við Ísland. Meðal annars var skipum beitt á aðrar fisktegundir þegar samdráttur þorskveiðiheimilda var mestur. Með setningu aflareglu fyrir þorskstofninn er sá stofn lagður til grundvallar nýtingar á öðrum tegundum m.a. með tilliti til fæðunýtingar hans á öðrum stofnum. Nú er unnið að setningu slíkrar reglu fyrir aðrar fisktegundir.

Áhrif fiskveiðistjórnunar.

Telja verður að stjórnvöld hafi náð árangri í því markmiði að vernda fiskistofna. Fyrst og fremst var hruni þorskstofnsins afstýrt og lagður grundvöllur að uppbyggingu hans. Þó er veiði minni núna en var um margra áratuga skeið fram á sjöunda áratuginn og sóknargeta flotans er hvergi nærri fullnýtt. Veiðum á öðrum botnfisktegundum hefur verið haldið við hámarksveiðiþol og stundum ofveiði. Stjórn veiða á uppsjávarfiskum hefur og rækju hefur náð tilætluðum árangri.

Telja verður að ágreiningur sé um hvort önnur markmið stjórnvalda með fiskveiðistjórnunarkerfinu, hagkvæm nýting fiskistofna og trygging atvinnu og byggðar í landi hafi náð tilætluðum árangri. Stjórnvöld voru stefnumarkandi í þróun byggðar á áttunda áratugnum með því að stuðla að uppbyggingu flota stærri skipa og togara í flestum þéttbýlisstöðum landsins og samhliða uppbyggingu landvinnslu. Útgerð stærri skipa hafði áður einskorðast við færri og stærri þéttbýlisstaði og oft með eignaraðild bæjarfélaga. Þessi stefna var að hluta viðbrögð við hruni síldarstofna og erfiðs árferðis undir lok sjöunda áratugarins. En einnig var þetta þáttur í baráttu fyrir stækkun efnahagslögsögu Íslands. Sanna þurfti að þjóðin gæti nýtt þær auðlindir sem erlendir aðilar höfðu nýtt en mundu nú falla undir nýja efnahagslögsögu. Fyrirsjáanlegt var einnig að við brotthvarf erlendra fiskskipa yrði meira svigrúm fyrir íslenskan fiskveiðiflota.

Uppbygging þessi leiddi af sér uppbyggingar í grunngerð byggðanna og fólksfjölgun og er þetta eina tímabil síðustu áratuga þar sem fólksflutningar til og frá landsbyggð eru í jafnvægi. Með þessari uppbyggingu eða fiskveiðistjórnun var í raun fastsett ákveðið byggðamynstur sem byggði á kjarna einstaklinga í hverju byggðalagi sem höfðu hagsmuni að gæta í útgerð og fiskvinnslu og hagsmuni byggðarlaganna að sjónarmiði.

Með breytingum á fiskveiðistjórnarkerfi úr sóknartakmörkunum í aflamarkskerfi urðu verulegar breytingar á viðhorfi eigenda sjávarútvegsfyrirtækja. Fram til ársins 1984 höfðu heimildir til fiskveiða verið eins konar dulin eign innan þessara fyrirtækja. Aðgangur að fiskimiðum hafði þó verið að nokkru heftur um nokkurt skeið með takmörkunum á innflutningi skipa. Með aflamarkskerfinu 1984 var þessi aðgangur heftur enn frekar en jafnframt varð til eins konar eignarhlutdeild í fiskstofnum. Þetta vakti áhuga ýmissa aðila á hagræðingu í útgerð með því að velja saman sem hagstæðasta samsetningu aflaheimilda. En þróun var hæg þar sem takmarkanir voru á flutningi aflaheimilda, einnig var aðgengi að fjármagni takmarkað við opinbera sjóði og viðskiptabanka.

Með frjálsu framsali aflaheimilda árið 1991 var losað um þessar hömlur og eign í aflaheimildum varð sýnilegri. Jafnframt varð skráning útgerðarfyrirtækja á hlutafjármarkaði algeng. Aðilar innan sjávarútvegsins og nýir aðilar sem ekki höfðu áður fjárfest í sjávarútvegi hófu í auknum mæli viðskipti á þessum markaði. Jafnframt seldu sumir útgerðaraðilar hlut sinn og hurfu úr greininni. Þetta hefur vafalítið haft neikvæð áhrif í ýmsum minni sjávarplássum. Í annan stað gaf kerfið möguleika á hagræðingu í útgerð þar sem minni hindranir voru á skiptum á aflaheimildum á milli útgerða.

Leiða má líkur að því að þessi viðskipti hafi stjórnast af væntingum um rekstarafkomu og væntingum um vöxt fiskistofna. Einnig verður að nefna skattyfirvöld heimiluðu fyrningu aflaheimilda þar til lög tóku fyrir það um síðastliðin áramót. Mikilsverð eru einnig áhrif leiguverðs á aflamarki hverju sinni í ákvörðun á verðmæti aflahlutdeildar. En ef skoðuð er þróun leiguverðs og markaðsverðs varanlegra aflaheimilda í þorski frá miðju ári 1992 til loka árs 1997, þá hefur leiguverð hækkað úr 40 kr./kg í 80 kr./kg en varð hæst 90–95 kr./kg á árum 1995 og 1996. Á sama tíma hækkaði verð á aflahlutdeild í þorski úr 185 kr./kg í 650 kr./kg. Ef ekki er tekið tillit til vaxtakostnaðar hefur leigusali aflahlutdeildar að meðaltali getað vænst þess að fá kaupverð aflaheimilda greitt til baka á 5,5 árum. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi síðasta ár og er nú um 8,5 ár en varð lægst árið 1994 eða 3 ár.

Stöðug hækkun á markaðsverði aflaheimilda frá árunum 1993 til 1996 gerði fyrirtækin mjög álitlega fjárfestingu enda gengishagnaður hlutabréfa mikill. Þetta er mikilsvert atriði því á þessu tímabili má telja að áhrif gengis hlutabréfa og aflahlutdeilda hafi haft gagnkvæma virkni á hvort annað og skapað hagstæð skilyrði fyrir sjávarútvegsfyrirtæki á markaði. Þannig hafi væntingar hlutafjármarkaðar um gengishagnað aukið framboð á fjármagni til sjávarútvegsfyrirtækja, sem aftur ýtti undir eftirspurn á aflahlutdeildum sem leiddi til hækkunar þeirra og á markaðsvirði hlutafjár sömu fyrirtækja. Fyrirtækin gátu einnig fjárfest í nýjum skipum og vinnslum í landi í þeim greinum sjávarútvegs sem gáfu góða afkomu á þeim tíma. Hækkun gengis hlutafjár verður einnig hvati til eigenda fyrirtækja að selja þau eða renna þeim saman við önnur.

Sú þróun sem hér að framan hefur verið lýst hefur gerst á innan við fimm árum. Í lok desember 1997 réðu 18 fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi eða á Opna tilboðsmarkaðinum um 55% aflaheimilda. Nú hefur dregið úr hækkunum, en hlutabréfavísitala sjávarútvegs hefur lækkað hægt seinni hluta árs 1997 eftir stöðuga hækkun síðan 1993/1994. Ekki er ljóst hvort verð hafi náð hámarki eða hvort um tímabundið ástand er að ræða.

Þannig verður að telja að aflamarkskerfið hafi verið hagstæðara stórum fyrirtækjum en meðalstórum og minni fyrirtækjum. Hér er átt við fyrirtæki sem áttu verulegar aflaheimildir í mörgum fiskistofnum, höfðu skipakost til að nýta þær tegundir sem gáfu besta afkomu hverju sinni en gátu leigt annað frá sér og gátu stundað veiðar á fiskistofnum utan fiskveiðilögsögu. Hlutafjárvæðing flestra þessara fyrirtækja gekk því vel en virði þeirra var sem áður segir að meginhluta metið út frá markaðsverðmæti aflaheimilda. Nýtt hlutafé hefur gefið þeim tækifæri að styrkja stöðu sína með kaupum eða sameiningu við önnur sjávarútvegsfyrirtæki. Umsvif þeirra ná því yfir fleiri veiði- og vinnslugreinar sjávarútvegs en áður hefur verið, starfstöðvar ná einnig yfir fleiri en einn landshluta. Á þeirra vegum hafa einnig verið stofnuð útflutningsfyrirtæki ýmist eingöngu í þeirra eigu eða í samstarfi með öðrum.

Meðalstór og minni fyrirtæki með útgerð eins til tveggja skipa, með eða án fiskvinnslu, eiga erfiðara uppdráttar þar sem aflaheimildir þeirra voru yfirleitt einhæfari. Þó hafa útvegsfyrirtæki sem nýttu uppsjávarfisk eða rækju náð árangri vegna betri afkomu í veiðum og vinnslu þessara tegunda. Fyrirtæki með botnfiskheimildir eingöngu hafa hins vegar farið illa vegna þess að aflaheimildir í þorski, minnkuðu ár hvert fram til ársins 1996.

Þrátt fyrir þá möguleika til hagræðingar sem fiskveiðistjórnin hefur gefið er meðalafkoma í sjávarútvegi enn óviðunandi. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar[1] var hreinn hagnaður í sjávarútvegi sem hlutfall af tekjum árið 1996 2% og áætlaður 1% í júlí 1997. Verulegur hagnaður var hins vegar af loðnuveiðum og -vinnslu. Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja við fjárfestingarlánasjóði og eigendur sína hafa vaxið. Hin umfangsmikla endurskipulagning sem átt hefur sér stað í sjávarútvegi og mikil fjárfesting í veiðum og vinnslu uppsjávarfiska hefur ekki enn skilað sýnilegum árangri fyrir afkomu greinarinnar í heild. Aflaverðmæti á föstu verði er nú um 10% minna en var í upphafi áratugarins. Verðlag var mjög hagstætt í upphafi tíunda áratugarins en hefur síðan versnað.

Nú mun reyna á hvort nýir eigendur muni innleysa gengishagnað eða hvort þeir líti á fjárfestingu undanfarinna ára sem langtímafjárfestingu. Því verður krafa þeirra um arð mikilvægari en áður. Þá fer að reyna á rekstur þessara félaga, hvort þau geti staðið sig í samkeppninni eða hvort fyrri rekstur hafi í raun verið óhagkvæmur og gefið lítinn arð, en uppfyllt samt kröfur fyrri eigenda á þeim tíma. Líklegt er að fyrirtæki verði seld þeim aðilum sem hafa til þess fjármagn og geta sýnt fram á betri rekstur en aðrir. Slíkar ákvarðanir taka að öllum líkindum meira mið af kröfum um arðsemi fremur en sjónarmiðum um þróun byggðar.

Nauðsyn fiskveiðistjórnunar frá níunda áratuginum er ótvírætt og árangur skilar sér nú bættri nýtingu fiskistofna. Ljóst er að hefði ekki verið gripið til aðgerða á þessum tíma væri staða margra byggðalaga erfið í dag. En einnig hefur verið rakið hvernig kerfið hefur leitt til verulegar mismunar á milli sjávarútvegsfyrirtækja eftir að það var sett á. Og ljóst er að ekki munu allir þeir aðilar sem tóku á sig skerðingar á fiskveiðiheimildum njóta þess árangurs í uppbyggingu fiskistofna sem nú er vonast eftir. Sérstaklega ef horft er til íbúa þeirra byggðalaga sem hafa byggt tilveru sína á útgerð og fiskvinnslu. Afkoma þessara íbúa hefur ávallt verið bundið óvissu um stjórn náttúrunnar á veiði og veðurfar hverju sinni.

Með aflamarkskerfinu hefur verið skapaður nýr óvissuþáttur sem er ákvörðun eigenda veiðiheimilda í héraði eða utan þeirra um meðferð þeirra og vissa um að ef þær hverfa þá sé efnahagslega erfitt að fylla í þau skörð. Einnig hefur skapast veruleg óánægja með þá aðstöðu að einstakir aðilar sem búa eða bjuggu í þessum byggðalögum hafa selt frá sér aflaheimildir og auðgast verulega á því. Heimildir sem byggja oftar en ekki á sameiginlegri vinnu þeirra sem

---

[1] Þjóðhagsstofnun frétt nr. 6 26.9.1997.

öfluðu sjávarfangs og þeirra sem unnu úr því en fá einskis að njóta heldur verða jafnvel fyrir beinni eignaskerðingu við lækkun íbúðarverðs í þessum byggðum vegna óvissu um framtíð atvinnu í þeim.

2.6 Ástand og horfur í landbúnaði.

Hlutdeild almenns búrekstrar í þjóðarframleiðslu, það er mjólkur- og kindakjötsframleiðslu, féll úr 4,5% af þjóðarframleiðslu (vergum þáttatekjum) árið 1980 í 1,7% árið 1994. Miðað við skiptingu eftir veltu afurða gæti framlag sauðfjárbúskapar til þjóðarframleiðslu hafa verið um 0,7% árið 1994. Árið 1985 var hlutdeild almenns landbúnaðar í vinnuafli um 5,6% en var um 3,9% árið 1994, samtals um 4.800 ársverk þar af eru áætluð um 1.900 ársverk í sauðfjárrækt.

Mynd 25. Hlutdeild landbúnaðar í þjóðarframleiðslu.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Jafnframt samdrætti í framleiðsluverðmæti hefur stuðningur hins opinbera við landbúnað minnkað. Framleiðslustyrkir og fjármagnstilfærslur til landbúnaðar í heild voru um 6.500 milljónir árið 1995 en um 12.100 milljónir árið 1988 (verðlag 1996).[1]

Mikill samdráttur hefur orðið í framleiðslu kindakjöts undanfarin ár. Orsakirnar eru minni útflutningur og minni markaðshlutdeild á innanlandsmarkaði. Sala á innanlandsmarkaði minnkaði um tæplega 4.000 tonn frá 1983 til 1996. Á mynd 26 sést hvernig hlutdeild kindakjöts hefur breyst á innanlandsmarkaði samanborið við aðra kjötframleiðslu. Einkum hefur markaðshlutdeild svína- og nautakjöts aukist á kostnað kindakjötsins.

[1] Þjóðhagsstofnun. 1997. *Atvinnuvegaskýrsla 1994.*

Mynd 26. Kjötneysla á innanlandsmarkaði 1970–97.



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Mynd 27. Hlutdeild kindakjöts á innanlandsmarkaði fyrir kjötvörur 1983–96.



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Á mynd 28 er útflutningsmagn sýnt. Verðlag á útflutningsmörkuðum er mun lægra en innanlandsverð til bænda ef beingreiðsla er tekin með og því lítil hvatning að framleiða til útflutnings. Ef tekið er tillit til þess að meðaltekjur lækka mun hægar en viðbótartekjur af hverri kind vegna áhrifa beingreiðslna getur útflutningur borgað sig að einhverju marki hjá þeim framleiðendum sem hafa lægstan kostnað.

Mynd 28. Innanlandssala og útflutningur kindakjöts í tonnum 1978–96.



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Hugmyndir um stórfelldan útflutning á verulega hærra verði en fæst nú þegar á kindakjötsmarkaði í nágrannalöndunum eru hins vegar óraunhæfar.

Á árabilinu 1986 til 1996 fækkaði lögbýlum með sauðfé úr 3.976 í 2.444 og með sauðfé eingöngu úr 2.643 í 1.712.[1] Þrátt fyrir fækkun sauðfjárbænda hefur bústærð farið minnkandi og voru tæplega 90% hreinna sauðfjárbúa í landinu þegar orðin undir 300 ærgildum verðlagsárið 1994/1995. Samkvæmt niðurstöðum búreikninga á 32 búum sem fylgt hefur verið eftir frá 1991 til 1996 minnkaði meðalfullvirðisréttur úr 336 ærgildum í 289 á tímabilinu og búgreinatekjur minnkuðu úr 3.476 í 2.683 á föstu verði eða um 23%. Beingreiðsla og framlegð til launa eigenda stóðust nokkurn veginn á þegar beingreiðslur hófust en nú fara um 40% af beingreiðslunni til að greiða rekstrartap vegna sauðfjárframleiðslu.

Staða sveitarfélaga sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt.

Samdráttur í sauðfjárrækt hefur eðlilega veruleg áhrif á þróun byggðar þar sem sauðfjárbændur eru fjölmennir. Athuguð voru sérstaklega þau sveitarfélög þar sem reiknuð ársverk í sauðfjárrækt voru yfir 20% af heildarársverkum. Á mynd 29 er lega þessara sveitarfélaga sýnd og kemur í ljós ákveðin svæðaskipting þar sem þýðing sauðfjárræktar er mest samkvæmt ofangreindri skilgreiningu. Hér er um að ræða Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, Strandir, Húnavatnssýslur einkum Vestur-Húnavatnssýslu, Þingeyjarsýslur einkum norðurhlutann, Hérað og Fljótsdal í Múlasýslu og stór svæði í Skaftafellssýslum.

[1] Alþingi. 1996–1997. 223. mál.

Mynd 29. Landsvæði háð sauðfjárrækt.



Í þessum sveitarfélögum fækkaði íbúum í heild á árunum 1991 til 1997 úr 6.438 í 5.918 eða um 520 sem er 8,1% fækkun en á landsbyggðinni allri fækkaði á sama tímabili um 2,2%. Brottfluttir umfram aðflutta innan lands á þessu tímabili voru 858. Ástandið var að vísu breytilegt eftir sveitarfélögum en ljóst er að staða byggðar hefur versnað verulega á þessum svæðum.

Frá árinu 1991 til 1995 fækkaði ársverkum í þessum sveitarfélögum úr 3.366 í 2.828 eða um 538 sem eru 16%, í almennum búrekstri fækkaði um frá 1.692 í 1.341 eða 21% og má gera ráð fyrir að mest af því sé í sauðfjárrækt. Á árinu 1992 fengu þessi sveitarfélög 896 milljónir í beingreiðslur fyrir kindakjöt (verðlag 1996) en 711 árið 1996, þetta er samdráttur um 184 milljónir eða 22%, beingreiðsluhöfum fækkaði þó aðeins um 42, voru 1.031 árið 1996. Aukatekjur utan bús skipta verulegu máli fyrir afkomu sauðfjárbænda. Samt sem áður eru meðaltekjur sauðfjárbænda það lágar að þeir ganga á eignir sínar, jafnvel þó að þeir hafi töluverðar tekjur utan bús. Árið 1994 höfðu um 600 sauðfjárbændur og makar þeirra litlar sem engar aukatekjur utan bús. Áætlaðar tekjur þeirra eru mun lægri en meðalatvinnutekjur hjóna á landinu öllu. Ljóst er að afkoma sauðfjárbænda sem lifa eingöngu á búrekstri er víðast hvar óviðunandi þótt upplýsingar um tekjur séu háðar verulegri óvissu.

Framreikningur á fólksfjölda í sveitarfélögum þar sem sauðfjárrækt gaf yfir 20% af ársverkum bendir til þess að á næstu fimm árum fækki fólki í þeim um tæplega 500 manns eða um 8%. Brottflutningur og samdráttur í atvinnulífi gæti orðið mun meiri á næstu árum á sauðfjárræktarsvæðum ef engin breyting verður á stöðu sauðfjárbænda til hins betra.

Nýleg könnun sýndi að um 33% sauðfjárbænda taldi líklegt að búskapur legðist af eftir sinn dag á jörðinni.[1] Venjulegt sauðfjárbú fullnægir ekki þeim kröfum sem ungt fólk gerir til lífs-

[1] Bændaskólinn á Hvanneyri. 1996. *Viðhorf bænda.*

kjara auk þess sem framtíð sauðfjárbúskapar er of ótrygg til að fólk vilji binda sig í honum. Eðlileg endurnýjun á sér því ekki stað í sama mæli og æskilegt væri. Batni staða greinarinnar ekki gæti meðalaldur bænda hækkað og búin jafnvel minnkað enn frekar en orðið er í kjölfar þess.[1]

Hlutfallslegur samanburður á milli sauðfjárræktar og annarra atvinnugreina verður sífellt óhagstæðari. Árin 1991 til 1996 lækkað launagreiðslugeta, miðað við úrtak 32 sauðfjárbúa, um 35%. Bráðabirgðatölur ársins 1997 benda til þess að afkoma bænda hafi batnað nokkuð. Ástæðan er lækkun á verðskerðingargjaldi og hærra verð bæði innan lands og utan.

Stórbændur í Ástralíu og Nýja Sjálandi fá skilaverð á bilinu 150–180 kr./kg.[2] Þetta er það verð sem virðist ráða á heimsmarkaði og keppa þarf við. Tollalækkanir og opnun markaða vegna GATT samninga gætu leitt til aukinnar eftirspurnar á erlendum mörkuðum og eitthvað hærra skilaverðs en á móti kemur aukin samkeppni við innflutning ýmiskonar matvöru.

Vandamál sauðfjárræktarinnar er þríþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða framleiðnivanda sem stafar af litlum og óhagkvæmum sauðfjárbúum. Í öðru lagi er um að ræða félagslegt vandamál þar sem tekjur margra sauðfjárbænda eru of litlar til að halda uppi nútíma lífskjörum. Í þriðja lagi er um að ræða byggðavandamál sem stafar af hnignun búsetu og brottflutningi úr byggðarlögum sem háð eru sauðfjárbúskap.

Hægt er minnka kostnað við kindakjötsframleiðsluna með því að efla og stækka sérhæfð sauðfjárbú þannig að þau geti framfleytt eigendunum án þess að þeir þurfi að leita að atvinnu utan búsins. Lágmarks bústærð yrði þá líklega að vera 600–700 ærgildi. Einnig gæti sauðfjárrækt orðið að aukabúgrein með kúabúskap þar sem fastafjárfesting í vélum og húsum nýtist þannig að viðbótarkostnaður vegna kindakjötsframleiðslu í litlum mæli yrði óverulegur. Vandinn við val þarna á milli er sá að ekki er vitað hve stærðarhagkvæmni er mikil í framleiðslunni, aðeins reynsla í frjálsri samkeppni getur skorið þar úr.

Aðskilja ber aðgerðir til lausnar hins félagslega vanda, sem stafar af slæmum lífskjörum, frá aðgerðum vegna framleiðsluvandamála. Eðlilegt er að almennar velferðastofnanir sjái um að tryggja afkomu þeirra bænda, einkum aldraðra bænda, sem hafa litla möguleika til að breyta sínu daglega lífi eða búskaparháttum.

Samfélagið greiðir verulegar upphæðir til stuðnings sauðfjárræktar í formi beingreiðslna. Auk þess eru lagðir á háir innflutningstollar sem miða að því að hindra verðsamkeppni frá innfluttri matvöru. Ljóst er eftir langa reynslu að þessar aðgerðir hafa hvorki bætt stöðu sauðfjárbænda né samkeppnisaðstöðu atvinnugreinarinnar í heild. Nauðsynlegt er að gera sauðfjárrækt að arðbærri atvinnugrein þar sem framleiðslan er í höndum þeirra sem framleiða bestu vöruna með sem lægstum tilkostnaði. Markmið í sauðfjárrækt sem tillögur þyrftu að byggjast á eru þessi: Meðalbústærð þarf að stækka verulega. Stefna ber að 600 ærgilda meðalbúi um aldamótin en sú bústærð gæti framfleytt meðalfjölskyldu ásamt einhverjum aukatekjum á meðan beingreiðslna nýtur við. Án beingreiðslna þarf meðal bústærð að ná 1.000 ærgildum að minnsta kosti. Í stað beingreiðslna verði tekin upp sérstök fjárfestingarlán og styrkir til að stækka búin. Sauðfjárrækt á að stunda á þeim landsvæðum sem til þess henta og hafa nægilegt beitarþol. Í því sambandi kemur til greina að setja auðlindagjald á afréttir þannig að beit verði ekki meiri en landið þolir.

---

[1] Meðalaldur bænda var 51 ár árið 1995 samkvæmt *Hagtölum landbúnaðarins 1995*.

[2] Heimild: OECD.

Ástand gróðurs er mjög mismunandi milli landshluta en samkvæmt Jarðvegsrofsskýrslu Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins frá 1997[1] eru þau svæði sem einna best þola beit fyrir botni Breiðafjarðar og við Húnaflóa. Skagafjörður þolir ekki frekari beit sem og stór svæði á Norðurlandi eystra, með undantekningum þó. Ástand beitarlanda á Austurlandi eru allt frá því að vera með því besta sem gerist á landinu til þess að vera alvarlegt. Víða er það viðkvæmt sökum mikillar hæðar og ekki hentugt til beitar. Svæðið suður undan Vatnajökli ætti alls ekki að nýta til beitar að mati skýrsluhöfunda.

Mynd 30. Ástand lands með tilliti til jarðvegsrofs.



Heimild: Ólafur Arnalds o.fl. 1997. Jarðvegsrof á Íslandi, Reykjavík: Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Forsendur fyrir mati á beitarasvæðum með tilliti til jarðvegsrofs.
Fyrirvari:

1. Sé útbreiðsla svæða með rofeinkunn 3 yfir 50% lækkar lokaeinkunn um einn bókstaf, en þó aldrei frá C til D.
2. Sé útbreiðsla 4+5 samtals >33% fær svæði lokaeinkunn D án tillits til annarra þátta. Ef útbreiðsla 4+5 er >20% er besta mögulega einkunn C. Það gildir þó ekki ef 4+5 eru eingöngu urðir.
3. Ef auðnir og fjalllendi eru >90% er lokaeinkunn D án tillits til annarra þátta.

---

[1] Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Jarðvegsrof á Íslandi, 1997.

Matsþættir.

Einkunn	Mikið rof (4+5)	Auðnir og fjalllendi	Lítið rof (0,1 og 2)
	----------hlutdeild lands, %----------		
A	0–5	<25	>75
B	5–10	25–50	50–75
C	10–15	50–75	25–50
D	>15	>75	<25

A. Gott ástand. Rof víðast hvar lítið. Engar takmarkanir á beit.
B. Viðunandi ástand. Rof er víðast lítið en þó afmörkuð rofsvæði. Sums staðar takmarkanir á beit.
C. Lélegt ástand. Víða eru svæði þar sem rof er mikið eða auðnir og fjalllendi er stór hluti af landinu. Verulegar takmarkanir á beit eru nauðsynlegar enda þótt góð beitarsvæði kunni að vera inn á milli rofsvæða og auðna.
D. Slæmt ástand. Rofsvæði og/eða auðnir ríkjandi. Friða ætti svæðið sem fyrst eða einangra rofsvæði og auðnir frá betri hlutum beitarsvæðanna.

Aðrar greinar landbúnaðar.

Framleiðsla á mjólk og mjólkurafurðum hefur verið stöðug undanfarin ár um 100 milljón lítrar. Neysla mjólkurafurða á mann hefur þó minnkað. Svínakjötsframleiðsla hefur vaxið jafnt og þétt eins og sést á mynd 26 og má búast við auknu framboði þegar nýir afurðameiri svínastofnar fara að skila afurðum á næstunni. Kjúklingaframleiðsla hefur einnig vaxið undanfarin ár en þessi atvinnugrein nýtur mikillar tollverndar sem hlýtur að minnka á næstu árum. Við það mun verða veruleg verðlækkun á kjúklingum og mun þá markaðshlutdeild þeirra í heild vaxa en óvíst er hver hlutdeild innlendrar framleiðslu verður. Framleiðsla nautakjöts tók afturkipp árin 1994 og 1995 en nú hefur framleiðslan aftur byrjað að vaxa. Þótt þýðing annarra kjötframleiðslu en kindakjöts sé mikil fyrir markaðinn í heild eru áhrif kjötframleiðslunnar á búsetu að mestu tengd kindakjötsframleiðslunni. Þá er mjólkurframleiðslan einnig mikilvægur þáttur í byggðamynstrinu en hún er meira tengd þéttbýlum héruðum en sauðfjárframleiðslan.

Þrátt fyrir að samfélagið hafi varið gífurlegum upphæðum til að styrkja hefðbundnu greinarnar hafa fjármunirnir ekki nýst sem skyldi til framfara eða verið veitt í því augnamiði að gera greinarnar samkeppnishæfar og færar um að standa á eigin fótum í framtíðinni. Þótt taka verði tillit til styrkjakerfisins í nágrannalöndunum þá eru svokallaðar niðurgreiðslur þar ekki tilefni til styrkja hérlendis vegna þess að framleiðslustyrkir í nágrannlöndunum miðast við að hækka verð til framleiðenda svo þeir geti keppt við framleiðslu frá öðrum löndum þar sem framleiðslukostnaður er mun lægri. Verð til neytenda í Evrópusambandinu hækkaði lítið þótt framleiðslustyrkir yrðu lækkaðir þar sem innflutningur kæmi í stað dýrari framleiðsluvöru. Betri samkeppnisaðstaða íslensks landbúnaðar fæst ekki nema með verulega aukinni framleiðni. Það verður ekki gert nema með breyttu skipulagi og frjálsari samkeppni ásamt afnámi ofurtolla og innflutningshafta. Rétt er að gera sér grein fyrir því að innflutningskostnaður á ársneyslu af lambakjöti yrði mun lægri en sem nemur upphæð beingreiðslna nú.

2.7 Iðnaður og byggingarstarfsemi.

Hinar ýmsu greinar framleiðsluiðnaðar hafa gengið í gegn um umtalsverðar breytingar á undanförnum árum. Hér verður aðallega fjallað um mannaflanotkun greinanna enda hefur hún mest áhrif á búsetu og þróun hennar. Hún er þó alls ekki eini gildi mælikvarðinn á umfang og

mikilvægi iðnaðarins. Allur iðnaður að frátöldum fiskiðnaði leggur um 12% til landsframleiðslu árið 1996.[1] Hlutur ál- og járnblendiframleiðslu er innan við 1% af vergum þáttatekjum (var 0,65% 1994) en með orkuframleiðslu er hlutur stóriðju um 2%. Margfeldisáhrif eru hér talin með.

Á höfuðborgarsvæðinu eru stærstu iðngreinarnar pappírsiðnaður (þar með útgáfa bóka og blaða), matvælaiðnaður og málm- og skipasmíðaiðnaður. Vöxtur hefur verið í pappírsiðnaði en verulegur samdráttur í málm- og skipasmíði. Samdráttarskeiði þar er nú lokið bæði vegna mikilla fjárfestingarframkvæmda og nýrra verkefna sem fyrirtækin hafa þróað. Að mati samtaka iðnaðarins er framundan aukning á eftirspurn eftir vinnuafli í málmiðnaði á næstu árum.[2] Mestur samdráttur varð í vefjariðnaði af öllum iðngreinum höfuðborgarsvæðisins en vísbendingar eru um að nú hafi mannafli í þeirri grein tekið að vaxa að nýju. En eins og í mörgum öðrum greinum atvinnulífsins þá er vöxturinn nú í öðrum fyrirtækjum og við önnur verkefni en þau sem unnin voru meðan starfsfólk var fleira. Í mörgum tilvikum er þörf fyrir allt öðruvísi vinnuafl nú en áður. Fyrir utan pappírsiðnað er safnflokkurinn ýmis iðnaður eina grein iðnaðar sem vaxið hefur á áratugnum fyrir 1995.

Mynd 31. Ársverk í iðnaði á höfuðborgarsvæðinu 1985 og 1995.



Heimild: Byggðabrunnur.

Á landsbyggðinni er samsetning iðngreina með nokkuð öðrum hætti en á höfuðborgarsvæðinu. Matvælaiðnaður og málm- og skipasmíði eru stærstu greinarnar en pappírs- og prentiðnaður er mun minni en í þéttbýlinu. Samdráttur í þeim greinum sem dregist hafa saman að mannaflanotkun er álíka mikill.

---

[1] Óbirt áætlun Þjóðhagsstofnunar.
[2] Samtök iðnaðarins, ársskýrsla 1997/98.

Mynd 32. Ársverk í iðnaði á landsbyggðinni 1985 og 1995.



Heimild: Byggðabrunnur.

Mynd 33. Fjölgun íbúa og fullgerðar íbúðir 1985–97.



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mannafli í byggingarstarfsemi hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Mikil framleiðniaukning hefur orðið sem hefur það í för með sér að hægt er að takast á við stór verkefni án þess að eftirspurn eftir vinnuafli fari úr böndum. Fjöldi íbúða sem byggðar hafa verið á hverju ári hefur ekki sveiflast mjög mikið. Lætur nærri að byggð hafi verið ein ný íbúð á höfuðborgarsvæðinu fyrir hverja tvo nýja íbúa þar. Íbúðafjöldinn hefur sveiflast nokkurn veg-

inn í samræmi við sveiflur í íbúafjölgun. Raunverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um 17% frá 1988.[1] Á landsbyggðinni hafa verið byggðar um 500 íbúðir á ári jafnvel þótt íbúafækkun hafi verið sum árin. Allan undanfarinn áratug hafa verið byggðar fleiri íbúðir á landsbyggðinni en sem nemur íbúafjölgun. Það kann að skýra lágt söluverð fasteigna þar. Þó má ekki gleyma því að á sumum stöðum landsbyggðarinnar hefur fólki fjölgað og þar hefur því verið þörf fyrir nýjar íbúðir.

2.8 Verslun, samgöngur og einkaþjónusta.

Innan þessa flokks atvinnugreina eru margar af þeim sem hafa vaxið hvað örast á undanförnum árum. Í flokkunum öllum eru unnin yfir 44.000 störf og til viðbótar má nefna tæp þúsund störf sem unnin eru fyrir varnarliðið. Meðal vaxtargreina má nefna rekstur hótela og veitingahúsa, skemmtanir og íþróttastarfsemi, þjónustu við atvinnulíf og fleiri greinar. Einungis rúmur fjórðungur starfa í þessum flokki er unninn á landsbyggðinni og vöxtur hefur verið hlutfallslega meiri á höfuðborgarsvæðinu. Fáar atvinnugreinar innan þessa flokks hafa verið í umtalsverðum samdrætti ef undan er skilin bankar, flutningastarfsemi og tryggingarstarfsemi. Lengi hefur verið rætt um yfirvofandi samdrátt í bankaþjónustu, verslun og fleiri greinum vegna tæknivæðingar. Hjá bönkunum hefur fólki fækkað en jafnframt hafa vaxið ný svið fjármálaþjónustu sem hafa bætt við sig fólki. Samdráttur er lítils háttar í verslun og því töluverð framleiðniaukning þar. Fyrir mjög margar af þeim greinum sem undir þetta falla má reikna með að vöxtur haldi áfram.

Mynd 34. Breyting á störfum í þjónustu 1990–95.



Heimild: Byggðabrunnur.

[1] Hagvísar Þjóðhagsstofnunar, 23. janúar 1998.

2.9 Opinber þjónusta.

Hlutur hins opinbera á vinnumarkaði er umtalsverður. Hann skiptist á milli sveitarfélaga annars vegar og ríkis hins vegar. Þegar grunnskólar fluttust frá ríki til sveitarfélaga varð umtalsverð breyting á hlutföllum milli þessara aðila. Gjöld hins opinbera eru áætluð 36,9% af landsframleiðslu árið 1997[1] en þau höfðu mest orðið um 40%. Hlutur opinberra aðila í landsframleiðslu eins og hann er mældur með vergum þáttatekjum er áætlaður um 17,4% árið 1993.[2] Hlutur opinberra aðila á vinnumarkaði hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Hann var 19,9% árið 1994.[3]

Á mynd 35 eru sýndar breytingar á fjölda starfa eftir greinum opinberrar þjónustu milli áranna 1991 og 1995. Þessar tölur eru því miður ekki nægilega nákvæmar. Þær sýna til að mynda samdrátt í stjórnsýslu og fleiri minni greinum sem ekki er víst að hafi átt sér stað í raun. Hið opinbera hefur bætt við störfum í flestum greinum. Viðbótin er alls staðar meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Mynd 35. Breytingar starfa hjá opinberum aðilum 1991–95.



Heimild: Byggðabrunnur.

Hlutur hins opinbera í atvinnurekstri er sýndur á mynd 36. Hann er nokkuð mismunandi eftir svæðum en þó hefur sá mismunur minnkað. Sums staðar hefur hluturinn vaxið vegna þess að aðrar atvinnugreinar hafa dregist saman. Hlutfallið er hæst á höfuðborgarsvæðinu en er næst hæst á Héraði. Minnstur er hlutur hins opinbera í fámennum landsvæðum svo sem Strandasýslu, N-Þingeyjarsýslu og Rangárvallasýslu. Þau svæði þar sem hlutur opinberra starfa er hátt þjóna öðrum landsvæðum, t.d. í heilbrigðis- og menntamálum.

---

[1] Þjóðhagsstofnun: Búskapur hins opinbera, 1997, bls. 51.
[2] Þjóðhagsstofnun: Atvinnuvegaskýrsla 1994, 1997, bls. 171.
[3] Þjóðhagsstofnun: Búskapur hins opinbera, 1997, bls. 56.

Mynd 36. Hlutur hins opinbera í atvinnurekstri eftir svæðum.



3. Forsendur.

3.1 Spár um íbúaþróun og vinnumarkað.

Byggðastofnun hefur gert íbúaspá fyrir einstaka landshluta þar sem reiknað er hver þróun muni þar verða miðað við tilteknar forsendur. Þessi spá hefur sýnt mjög neikvæða þróun fyrir flest landsvæði utan höfuðborgarsvæðisins. Á undanförnum árum hefur þó sýnt sig að þessir reikningar hafa gengið eftir enda hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar á forsendum: búferlaflutningar til höfuðborgarsvæðisins hafa haldið áfram eða aukist. Til þess að hægt sé að leggja upp með annan útreikning þarf að byggja á nýjum forsendum og þær verða að vera annað en óskhyggja. Viðurkennt er að hluti skýringar á búsetuþróun er huglægt mat fólks á framtíðarhorfum. Slíkt mat byggir á skynjun íbúa á ytri og innri skilyrðum viðkomandi byggðarlags.

Mynd 37. Mannfjöldi 1. janúar 1998 og framreiknaður fjöldi 2003.



Heimild: Byggðabrunnur.

Mynd 38 sýnir hvernig þéttbýlið á höfuðborgarsvæðinu hefur vaxið frá styrjaldarárunum fyrir miðja öldina og til 1997 ásamt framreiknaðri þróun til 2003.

Mynd 38. Mannfjöldaþróun á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 1941–2003.



Á sama hátt er hægt að framreikna vöxt mannafla í landinu og í einstökum landshlutum. Heildarviðbót við vinnumarkað landsins alls á næstu 5 árum er um 7.500 ársverk sem sam-

svarar heldur fleiri störfum. Ef svo illa færi að þróun næstu ára yrði eins og undanfarin ár yrði þróun mannafla í einstökum landshlutum eins og sýnt er á mynd 39. Um er að ræða fækkun víðast hvar á landsbyggðinni þannig að vinnumarkaðurinn vex nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu tekur mestan hluta nýrra starfa.

Mynd 39. Breyting mannaflans á landsbyggðinni 1998–2003 samkvæmt framreikningi.



Heimild: Byggðabrunnur.

Íbúaþróun einstakra landshluta á næstu árum fer væntanlega eftir því hvar fólk skynjar að uppfyllt séu skilyrði sem gera staðina eftirsóknarverða til búsetu. Á einstaka stað er unnið að verkefnum sem breyta forsendum fyrir búsetunni. Hér er einkum um stóriðjuframkvæmdir að ræða. Nefna má Akranes og nágrenni þar sem unnið er byggingu álvers og líklegt að járnblendiverksmiðjan verði stækkuð. Á því svæði er reiknað með að íbúum fjölgi um um það bil 500 manns á 4–5 árum. Það eru mikil viðbrigði frá 2–300 manna fækkun sem annars hefði orðið að reikna með. Á Suðurnesjum er einnig unnið að undirbúningi iðjukosta, bæði stórra og lítilla. Komi þeir til framkvæmda er líklegt að mannfjöldaþróun þar verði önnur en hún hefur verið.

Gerð jarðganga undir Hvalfjörð mun breyta búsetuskilyrðum fólks á öllu Vesturlandi. Afleiðingar þessarar samgöngubótar verða bæði jákvæðar og neikvæðar fyrir atvinnulífen lykilatriði er hvort íbúar skynji bætta stöðu sína og að bætt mat á lífsskilyrðum leiði til hagstæðari búsetuþróunar.

Þá eru einnig í undirbúningi stóriðjuáform á Austurlandi. Þau verða ekki komin í framkvæmd að fjórum árum liðnum en mögulegt er að búið verði að taka ákvarðanir og framkvæmdir hafnar. Það myndi breyta framvindu íbúaþróunar á Austurlandi verulega en mesti hluti breytingarinnar verður eftir að áætlunartímabilinu lýkur.

Að samanlögðu er hægt að draga þá niðurstöðu um framvindu íbúaþróunar að á Suðurnesjum, Vesturlandi og Austurlandi verði íbúaþróun jákvæðari en hér hefur verið sýnt en að í öðrum landshlutum verði hún óbreytt. Afleiðing bættrar framvindu í viðkomandi landshlutum mun leiða til minnkaðs flutnings á höfuðborgarsvæðið.

Ekki eru miklar líkur á því að dragi úr fækkun fólks í strjálbýli einstakra svæða nema helst á Vesturlandi vegna aukinna möguleika á búsetu í dreifbýli með vinnusókn á þéttbýlisstaði landshlutans eða til höfuðborgarsvæðisins. Það þýðir að á næstu árum munu ýmis dreifbyggð og afskekkt svæði fara í eyði, að minnsta kosti yfir vetrartímann.

3.2 Umhverfi atvinnulífs.

Vinnuaflsnotkun hefur aukist lítið á allra síðustu árum, þrátt fyrir umtalsverðan hagvöxt eins og fram kemur í kafla tvö. Þetta stafar af því að á sama tíma og ný störf hafa orðið til, svo sem í upplýsingaiðnaði og þjónustugreinum, hafa aðrar atvinnugreinar dregið saman vinnuaflsnotkun, bæði vegna samdráttar í framleiðslu og hagræðingar. Atvinnuþátttaka hefur dregist lítillega saman.

Þörf atvinnulífsins fyrir tækniváðingu og hagræðingu er engan veginn lokið. Margar greinar framleiðsluiðnaðar hafa dregið verulega úr vinnuaflsnotkun vegna tækniváðingar. Margt bendir til þess að áframhald sjálfvirkni muni til dæmis leiða til verulegs samdráttar í vinnuaflsnotkun í bankakerfinu. Á sama tíma vaxa aðrir hlutar fjármagnsmarkaðarins, með aðrar og auknar kröfur til menntunar starfsfólks en bankarnir hafa gert. Sambærileg þróun er að gerast í fjölmörgum atvinnugreinum. Veruleg uppstokkun er að eiga sér stað í sjávarútvegi með samruna fyrirtækja og tækniváðingu. Á sama tíma hefur framboð á vinnuafli sem tilbúið er að vinna í hefðbundinni landvinnslu dregist svo mjög saman að frystihús eru allvíða að uppistöðu til mönnuð með erlendu verkafólki.

Þær greinar atvinnulífsins sem að mestu leyti eru í einkageiranum og hafa sýnt ákveðnastan vöxt í notkun mannafla eru rekstur veitingahúsa og hótela; þjónusta við atvinnulíf (lögfræðingar, arkitektar, verkfræðingar, bókhaldsþjónusta og þess háttar) og störf við skemmtanir og íþróttir. Þessar greinar munu nær örugglega halda áfram að vaxa. Ekki eru miklar líkur á því að framleiðniaukning í þeim leiði til fækkunar mannafla og þær þjóna þeim hluta óska fólks sem mestur vöxtur hefur verið í.

Í opinbera geiranum hefur vöxturinn verið ákveðnastur í opinberri þjónustu sem innifelur ýmsar fjölmennar atvinnugreinar (sjá kafla 2.9) auk Pósts og síma. Í síðasttöldu greininni er að öllum líkindum fram undan umtalsverð hagræðing og minnkandi mannaflanotkun nema að farið verði út á nýjar brautir. Í því sambandi má nefna að í sumum löndum rekur pósturinn sparisjóðaþjónustu og gæti slík þjónusta hjá Íslandspósti bætt nýtingu húsa og mannafla verulega enda eru póstútibú mjög víða. Vöxturinn hjá hinu opinbera hefur verið mestur í skólum og velferðarstofnunum og líklegt að hann haldi áfram að minnsta kosti til skemmri tíma litið. Mannafli í opinberri stjórnsýslu hefur vaxið um fjórðung frá 1985. Á landsbyggðinni um 550 ársverk en 900 á höfuðborgarsvæðinu. Á þessum vettvangi er mikið svigrúm til hagræðingar og niðurskurðar. Spurningin er hvort uppbygging opinberrar stjórnsýslu sé í samræmi við þarfir svo fámennrar þjóðar en hingað til hafa Íslendingar hneigst til að byggja stjórnsýslu sína upp á sama hátt og nágrannaþjóðirnar sem eru mun fjölmennari. Sameining sveitarfélaga og samsvarandi stækkun stjórnsýsluumdæma leiðir til sparnaðar í stjórnsýslu.

Engum blöðum er um það að fletta að hið opinbera hefur hlutverki að gegna í atvinnuuppbyggingu. Hvernig og hversu mikil afskiptin eiga að vera er hins vegar álitamál. Í flestum ríkjum eru afskiptin veruleg en í sjálfu sér er ekki endilega víst að sækja þurfi fyrirmynd til nágrannaríkjanna í þessu efni. Evrópusambandið og ríkin á hinu evrópska efnahagssvæði hafa komið á fót umfangsmiklu styrkja og stuðningskerfi við atvinnulífið sem miðast einkum við rannsóknar og þróunarstarf. Reynt er að forðast aðgerðir sem skerða samkeppni í hagkerfinu. Hér á landi hafa stjórnvöld lagt mikla áherslu á nýtingu orkulinda í iðnaði einkum áliðnaði.

Hugsunin er sú að Ísland hafi hlutfallslega yfirburði í orkufrekum iðnaði vegna þessa að hér er til mikil tiltölulega ódýr orka í fallvötnum og jarðhita en orkan er veigamikill kostnaðarliður í álframleiðslu og fleiri greinum. Út frá þessari hugmynd hefur miklum fjármunum verið varið í undirbúning og viðræður við erlenda fjárfesta. Þessi vinna hefur stundum skilað góðum árangri en fjármunum hefur einnig verið varpað á glæ. Óvíst er hversu miklir hlutfallslega yfirburði í orkuframleiðslu eru ef allur kostnaður er meðtalinn eins og fjallað verður um í næsta kafla. Stjórnvöld hafa einnig mótað þá stefnu að styrkja landbúnaðarframleiðslu með miklum fjármunum meðal annars í þeim tilgangi að viðhalda byggð í sveitum. Eins og fram kom í kaflanum um landbúnað hefur þess verndarstefna gengið of langt og hindrað framfarir í landbúnaði.

Nauðsynlegt er að endurskoða öll afskipti hins opinbera af atvinnulífinu og endurskipuleggja ráðuneyti og aðrar stofnanir sem fást við uppbygginu atvinnulífsins á vegum hins opinbera. Ef stjórnvöld vilja ekki verða hindrun fyrir eðlilegar atvinnubreytingar og uppbygginu þarf að hlú að almennu umhverfi atvinnulífsins, bæta menntun og rannsóknir en hverfa af vettvangi hagsmunagæslu fyrir úreltar eða staðnaðar atvinnugreinar.

3.3 Áhrif stóriðju á búsetuþróun.

Stjórnvöld hafa nefnt nokkra stóriðjukosti er varða landsbyggðina og eru nú til athugunar.[1] Eins og áður er sagt stendur nú yfir bygging verksmiðju Norðuráls og undirbúningur við byggingu þriðja ofns á Grundartanga. Einnig eru nefnd bygging álvers við Reyðarfjörð eða Keilisnes, starfsmenn 560, Polyol verksmiðju sem ekki er staðgreind en miðast líklega við Suðurnes vegna jarðgufunotkunar. Hún notar um 100 starfsmenn, Slípiefnaverksmiðja sem gæti verið við Reyðarfjörð eða Þorlákshöfn og notar um 70 starfsmenn og kísilmálmverksmiðja með staðsetningu á Reyðarfirði og um 70 starfsmenn. Loks er magnesíumverksmiðja á Suðurnesjum með um 400 starfsmenn. Verði af þessum hugmyndum mynduðust um 1200 ný störf á landsbyggðinni auk þess sem reisa þarf nokkrar nýjar virkjanir. Varanleg margfeldisáhrif af þessum framkvæmdum án virkjana verða að minnsta kosti 600–800 störf þannig að samtals gætu myndast 1800 til 2000 ný störf á landsbyggðinni vegna stóriðjuuppbyggingar í stað þeirrar fækkunar sem mannaflaframreikningurinn gerði ráð fyrir.

Framlag ál- og járnblendis til þjóðarframleiðslu var um 0,65% árið 1994 en hlutdeild stóriðju mun væntanlega vaxa á næstu tveim árum og enn meira ef einhverjar af hinum nýju stóriðjuhugmyndum verða að raunveruleika. Samt sem áður er orkufrekur iðnaður svo sem álframleiðsla stöðluð frumframleiðsla og hefur litla vaxtarmöguleika þótt hún skili jöfnum launatekjum. Kreppan í Asíu gæti hæglega leitt til verðfalls á áli og öðrum hráefnum en þjóðir Suðaustur Asíu hafa byggt hagvöxt sinn á úrvinnsluiðnaði að verulegu leyti. Sýna þarf fram á að fjárfesting í orkufrekum iðnaði og meðfylgjandi virkjunarframkvæmdum skili meiri heildararði í þjóðarbúið, þegar allur kostnaður er meðtalinn, heldur en uppbygging þjónustuiðnaðar svo sem upplýsingaiðnaðar, efna- og lyfjaiðnaður eða ferðaþjónustu.

Uppbygging stóriðju sem krefst verulegra virkjanaframkvæmda þarf því að meta í þjóðhagslegu samhengi. Ljóst er að stór virkjanalón og línulagnir á hálendinu geta valdið tekjutapi í ferðamannaþjónustu jafnframt því sem þarf að huga að mengunaráhrifum svo sem útblæstri gróðurhúsaloftegunda. Í fyrra tilfelli er um að ræða dæmigerð ytri kostnaðaráhrif sem koma

---

[1] Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra um framgang verkefna á sviði stóriðju mál, þskj. 68 122. löggjafarþing.

ekki fram í arðsemisútreikningum framleiðendans í þessu tilfelli Landsvirkjunar eða rekstraraðila stóriðjuvera. Til að raun verulegur kostnaður endurspeglist í verðum þess sem framleiðir er eðlilegt leggja á megnunar- eða auðlindagjöld eða úthluta takmörkuðum auðlindum og mengunarkvótum með uppboðum. Mengunarskattar og auðlindagjöld hafa verið tekin upp í nágrannalöndum og óhjákvæmilegt að því fordæmi verði fylgt hér. Ýmis framleiðsla sem veldur ytra óhagræði og skilar litlum arði mun dæmast úr leik ef tekið er tillit til allra kostnaðarþátta eða „þjóðhagslegrar hagkvæmni“ með þessum hætti.

Staðsetning stóriðju hefur mikil áhrif á byggðaþróun. Vel kemur til greina að ríkisvaldið og sveitarfélög veiti ákveðinn stuðning vegna uppbyggingar húsnæðis og grunngerðar á stöðum sem henta til stóriðju. Slíkan stuðning má veita ef völ er á stóriðjukosti sem uppfyllir strängustu skilyrði um arðsemi og áhrif á umhverfi á viðkomandi stað en hann stendur höllum fæti gagnvart fjölmennari stöðum vegna fámennis eingöngu. Slíkur stuðningur er í fullu samræmi við eflingu vaxtarkjarna.

4. Fjárhagslegur stuðningur Byggðastofnunar við nýsköpun og atvinnuþróun 1994–1997.

Í reglugerð um Byggðastofnun segir í 10. grein þar sem fjallað er um stefnumótandi byggðaáætlun „Jafnframt skal í forsendum áætlunarinnar gerð úttekt á áhrifum þeirrar fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem Byggðastofnun hefur veitt, frá því að síðasta áætlun var gerð, á þróun byggðar í landinu.“ Því er hér gefið yfirlit yfir fjárhagslega fyrirgreiðslu stofnunarinnar, markmið með henni og skiptingu.

Eitt meginhlutverk Byggðastofnunar hefur verið að veita lán, styrki og hlutafé til stuðnings atvinnulífi á landsbyggðinni. Í 3. gr. laga um stofnunina segir „Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari eyði.“

4.1 Lánastarfsemi.

Á árum áður hamlaði skortur á langtímalánum uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Miklar breytingar hafa orðið á fjármagnsmarkaði á síðustu árum og ný fjármálafyrirtæki hafa komið til sögunnar á höfuðborgarsvæðinu með nýjar tegundir fjármálaþjónustu. Fyrirhuguð er einkavæðing banka og sjóða. Það getur haft þau áhrif að minni fyrirtæki á sumum svæðum landsbyggðarinnar verði flokkuð í háa áhættuflokka einvörðungu vegna óvissu um framtíðarhorfur byggðar. Þau gætu því þurft að greiða hærri vexti en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu eða fá ekki lán. Framboð lánsfjár á hagstæðum kjörum til stærri og fjársterkari sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni hefur hins vegar batnað mikið á síðustu árum og mun sú þróun væntanlega halda áfram.

Markmið með lánastarfsemi Byggðastofnunar er að tryggja atvinnulífi landsbyggðarinnar aðgang að lánsfé á hagkvæmum kjörum miðað við þá áhættu sem tekin er. Byggðastofnun tekur meiri áhættu en mörg fjármálafyrirtæki sem rekin eru með hagnað að leiðarljósi. Lánveitingum stofnunarinnar er skipt í tvennt. Almenn lán eru meginhluti útlánanna og með þeim er tekin hófleg áhætta sem miðast við að fyrirtækin fái lánsfé á sambærilegum kjörum og þau hefðu fengið ef þau hefðu verið á höfuðborgarsvæðinu. Með því er m.a. verið að vega gegn þeim vanda sem fjarlægðir og smæð staðanna skapa fyrirtækjunum. Áhættulánum er aftur á móti ætlað að stuðla að nýsköpun og með þeim er tekin mun meiri áhætta en vaxtamunur af þeim leyfir.

Þekking og reynsla stofnunarinnar af lánastarfsemi og fjórar svæðisskrifstofur í þeim kjördæmum sem fjærst liggja höfuðborgarsvæðinu hafa gert stofnuninni kleyft að veita hagkvæma lánaþjónustu nærri vettvangi og einnig að fylgjast vel með og meta stöðu mála. Markmiðið er ekki mikil útlán heldur allt eins að hvetja til samkeppni í langtímalánum á landsbyggðinni þannig að fyrirtækin hafi valkost í samningum við aðrar lánastofnanir. Eru ýmis dæmi um að slíkt hafi skilað árangri og má þar nefna lán til smábátaútgerða sem Byggðastofnun hóf á miðju ári 1996. Það hefur skilað sér í verulega bættum lánskjörum smábáta í öðrum lánastofnunum.

Meginreglur um lánveitingar eru þær að umsóknum skal að jafnaði skilað á þar til gerðum eyðublöðum með greinargerð og upplýsingum um fjárhag, rekstur og tryggingar. Lánshlutfall er allt að 70% af framkvæmdakostnaði, lánstími 6–20 ár með tveim gjalddögum á ári. Vextir eru 7,7% ofan á verðtryggingu á lánum í íslenskum krónum og 2,25% yfir svokölluðum LIBOR vöxtum á lánum gengistryggðum miðað við þýsk mörk eða bandaríkjadollar. Sömu vaxtakjör eru fyrir alla lántakendur en ekki kjörvaxtakerfi eins og tíðkast orðið í flestum lánastofnunum. Stefnan er sú að mismunur á vöxtum á nýjum útlánum og lántökukostnaði stofnunarinnar sé sem næst 2%. Þessi vaxtamunur hefur lengst af verið um 1,5%. Starfssvæðið er landsbyggðin öll að frátöldu höfuðborgarsvæðinu frá Straumi við Hafnarfjörð í Hvalfjarðarbotn.

Vinnulagið er þannig að umsóknir eru skoðaðar og metnar af starfsmönnum og skriflegri lýsingu er skilað til forstjóra og stjórnar. Stjórnin tekur ákvörðun að fenginni tillögu forstjóra. Jafnharðan er gjaldfært í afskriftareikning fjárhæð sem samsvara þeirri áhættu sem tekin er í hverju máli. Samkvæmt mati á afskriftarreikningi er gert ráð fyrir að um 90% útlána innheimtist. Listi yfir allar lánveitingar er birtur í ársskýrslu Byggðastofnunar og hefur hún sérstöðu að því leyti meðal lánastofnana.

Því er stundum ranglega haldið fram að lánastarfsemi Byggðastofnunar kosti ríkissjóð stórar fjárhæðir. Hið rétta í málinu er að á tímabilinu 1993–96 voru framlög úr ríkissjóði vegna lánastarfsemi Byggðastofnunar að meðaltali um 45 m.kr. á ári sem er um 0,03% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þau hafa farið til að mæta áætluðum útlánatöpum vegna áhættulána. Með reglugerð sem sett var 1991 var stofnuninni gert að varðveita raungildi eigið fjár síns. Þetta hefur tekist en stofnunin hefur notið í nokkru bætts reksturs og efnahags fyrirtækja.

Skipting lána eftir kjördæmum.

Svo sem sjá má á mynd 40 hefur stór hluti lána Byggðastofnunar á árunum 1993–96 farið til þeirra tveggja kjördæma sem einna fjærst liggja höfuðborgarsvæðinu og þar sem hlutfall sjávarútvegs í atvinnulífi er hvað hæst. Sérstaklega á Vestfjörðum voru miklir erfiðleikar í sjávarútvegi á þessu tímabili sem Byggðastofnun tók þátt í hjálpa fyrirtækjunum yfir. Meðal lána til Vestfjarða eru taldar 285 m.kr. í víkjandi lánum sem veittar voru á grundvelli sérstakra laga um „Vestfjarðaaðstoð".

Það er stundum gagnrýnt að Byggðastofnun hafi lánað mest til Vestfjarða þar sem meðaltekjur séu hvað hæstar og atvinnuleysi einna minnst. Skýringin er m.a. sú að aðstaða til búsetu ræðst af fleiru en þessu. Fjarlægðir, dreifð búseta, fábreytni í atvinnulífi og fleiri þættir spila þarna inn í. Allir þessir þættir koma saman í flutningatölunum sem segja má að sé niðurstaðan af heildarmati íbúanna á aðstöðu til búsetu. Byggðastofnun hefur því litið mest til flutningatalnanna og fólksflutningar hafa einmitt verið mestir af Vestfjörðum. Óhætt er að fullyrða að flutningarnir hefðu orðið mun meiri ef Byggðastofnun hefði ekki aðstoðað sjávarútvegsfyrirtækin yfir erfiðleikatímabil. Sum þessara fyrirtækja hafa nú náð vopnum sínum og eru nú von-

um seinna að ganga í gegnum mikla hagræðingu og endurskipulagningu sem munu treysta innviði þeirra.

Tekið skal fram að ný lán sem skráð eru í Reykjavík eru að mestu vegna hlutafjáraukningar í fyrirtækjum á landsbyggðinni og vegna smábátaútgerðar. Vegna þess hve sumir smábátar skráðir í Reykjavík stunda veiðar víða um landið var ekki talið mögulegt að útiloka þá.

Mynd 40. Lánveitingar 1993–96.



Heimild: Byggðastofnun.

Skipting lána eftir atvinnugreinum.

Í töflu 5 kemur fram að stærstur hluti lána er vegna sjávarútvegs eða um 71%. Stór hluti þeirra var til ýmissa hagræðingaaðgerða og endurfjármögnunar á óhagstæðari lánum sjávarútvegsins. Þá vega einnig þungt þrjú verkefni tengd sjávarútvegi, það er að segja um 300 m.kr. vegna „Vestfjarðaaðstoðar", 440 m.kr. lán vegna samdráttar í aflaheimildum árið 1995 og lán til smábátaútgerðar að fjárhæð um 400 m.kr. sem veitt voru 1996.

Tafla 5. Skipting útlána Byggðastofnunar 1993–96 eftir atvinnugreinum.

	Fjárhæð	%
Sjávarútvegur	2,973	71,3
Ferðaþjónusta	366	8,8
Iðnaður	361	8,7
Sveitarfélög	227	5,4
Annað	244	5,8
Alls	**4,171**	**100**

Heimild: Byggðabrunnur.

Sú röksemd heyrist stundum að Byggðastofnun eigi ekki að sinna sjávarútvegi af því að hann er hefðbundin atvinnugrein. Stofnunin eigi alfarið að sinna nýjum atvinnugreinum. Því er til að svara að því fer fjarri að þessi undirstöðuatvinnugrein landsbyggðarinnar sé stöðnuð. Breytingarnar á undanförnum árum hafa verið svo miklar að líkja má við umbyltingu. Þetta sést vel í tæknibyltingunni á flestum sviðum, í rækju- og loðnuverksmiðjum, frystitogurum, smábátum, fullvinnslu í frystihúsum og flæðilínum og svo mætti lengi telja. Ekki skiptir þar minna máli skipulagsbreytingar, kvótakerfið, viðskipti með kvóta og fiskmarkaðir og á allra síðustu árum hlutafjárvæðing og sameining fyrirtækja. Innan atvinnugreinarflokksins sjávarútvegur hefur því margt verið að gerast sem Byggðastofnun hefur talið sér skylt að styðja. Þess ber að geta að í mörgum tilvikum hafa lán Byggðastofnunar verið skráð sem lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar þótt í reynd sé verið að ljúka fjármögnun á framkvæmdum. Reikna má með að úr lánveitingum til sjávarútvegs dragi á næstu árum þar sem stærri sjávarútvegsfyrirtæki fá nú lán annars staðar en í Byggðastofnun á betri kjörum.

Að öðru leyti hafa lán Byggðastofnunar farið í margvíslegan iðnað og þjónustu. Þar ber hæst ferðaþjónusta en þar hefur jöfn uppbygging og þá einkum til sveita.

Lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur til þessa skilað þeim árangri að lækka fjármagnskostnað starfandi fyrirtækja á landsbyggðinni og einnig stuðlað að vexti nýrrar starfsemi og nýrra fyrirtækja. Óbein margföldunaráhrif eru einnig nokkur. Vegna örra breytinga á fjármálamarkaði verður þó gagnsemi lánastarfseminnar að vera í stöðugri endurskoðun.

4.2 Styrkveitingar.

Byggðastofnun hefur á síðustu árum beitt smærri styrkveitingum til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Á árunum 1993–96 voru veittir 466 styrkir að fjárhæð 298 m.kr. á verðlagi 1997. Meðalstyrkurinn var 640 þ.kr.

Verkefnin sem stutt var við voru afar fjölbreytt. Þar má t.d. nefna:

- Undirbúningur og könnun nýrra atvinnukosta.
- Vöruþróun og markaðssetning nýrra afurða.
- Afþreyingarverkefni í ferðaþjónustu, þar á meðal nýjungar í minjasöfnum.
- Stefnumótunarverkefni í ferðaþjónustu fyrir tiltekin atvinnusvæði.
- Átaksverkefni.

Hafa verður í huga að á árunum 1995 og 1996 fékk Byggðastofnun sérstakt framlag úr ríkissjóði samtals að fjárhæð 131 m.kr. til að styðja við þau svæði sem háðust eru sauðfjárrækt. Var það í samræmi við viðauka við búvörusamning. Þessari fjárhæð var einkum ráðstafað í styrkveitingar til nýsköpunar í þéttbýlisstöðum á sauðfjársvæðum.

Skipting á kjördæmi.

Styrkir hafa skipst á kjördæmi með nokkuð öðrum hætti en lánveitingar. Vestfirðir fá að vísu hæstu töluna en litlu munar á þeim og Suðurlandi og Norðurlandskjördæmunum tveimur.

Mynd 41. Styrkveitingar 1993–96 eftir kjördæmum.



Heimild: Byggðabrunnur.

Skipting á atvinnugreinar.

Sé litið á atvinnugreinaskiptinguna kemur í ljós að höfuðatvinnugrein landsbyggðarinnar, sjávarútvegurinn, hefur aðeins fengið 46 styrki að fjárhæð 38 m.kr. sem er 13% heildarfjárhæðar styrkveitinga á tímabilinu. Þeirri meginstefnu hefur verið fylgt að styrkja ekki hefðbundinn sjávarútveg. Styrkveitingar í sjávarútvegi hafa meðal annars farið í athuganir og tilraunir með veiðar og eldi ýmissa óhefðbundinna tegunda svo sem kúfisks, sæeyra, kræklings, beitukóngs, áls, ígulkera og matþörunga. Þá má nefna þorskeldi, vinnslu á rækjuskel, ráðgjöf og fullvinnslu á ýmsum sjávarafurðum.

Mynd 42. Styrkveitingar 1993–96 eftir flokkum.



Heimild: Byggðabrunnur.

Undir landbúnað flokkast 73 styrkir að fjárhæð 42 m.kr. sem er 14% heildarfjárhæðar. Þar er þó ekki um hefðbundinn landbúnað að ræða. Þar má nefna verkefni vegna æðardúns, vinnslu á rekavið, lífrænnar ræktunar, lerkisveppa og selskinna. Nokkru fé var varið til rannsókna og úttekta á bleikjueldi og hlýsjávareldi. Þá var stutt við loðdýrarækt sem nú er að sækja í sig veðrið.

Iðnaður fékk langflesta styrki eða 174 að fjárhæð 94 m.kr. sem er 32% heildarfjárhæðar. Þau verkefni eru svo margbreytileg að erfitt er að lýsa þeim í stuttu máli. Flest voru fólgin í vöruþróun og markaðssetningu á nýjum afurðum smærri fyrirtækja og einstaklinga. Þá má nefna forathuganir á nýjum iðnaðarkostum, útflutningsverkefni, fyrirtækjanet, ullariðnað og sameiginlega aðstöðu fyrir handverksfólk.

Ferðaþjónustan fékk 98 styrki að fjárhæð 58 m.kr. sem er 19% heildarfjárhæðar. Af þeirri fjárhæð var varið alls 9,4 m.kr. til að styrkja húsnæðiskostnað upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni. Þá var stutt við margvísleg stefnumótunarverkefni í ferðaþjónustu fyrir kjördæmi og atvinnusvæði. Margvísleg afþreyingaverkefni voru studden þau skapa gjarnan fleirum tekjur en þeim sem bera af þeim kostnað. Með ferðaþjónustu eru taldir styrkir til ýmissa nýrra minjasafna sem höfða til ferðamanna að hluta svo sem Síldarminjasafn á Siglufirði, Vesturfarasafn á Hofsósi, Steinasafn Petru á Stöðvarfirði og fleira. Í sumum tilvikum hefur endurgerð gamalla húsa verið styrkt að svo miklu leyti sem hún er talin hafa gildi fyrir ferðaþjónustu. Reynt hefur verið að gæta þess að styrkja ekki hefðbundnar framkvæmdir við gistingu og veitingarekstur eða venjulega bæklingagerð.

Undir liðinn annað flokkast 75 styrkir að fjárhæð 66 m.kr. sem er 22% heildarfjárhæðar. Í þeim flokki eru almenn atvinnuþróunarverkefni sem ekki tengjast beint tilteknum atvinnugreinum en miða flest að eflingu atvinnulífs á tilteknu atvinnusvæði. Þar munar mest um svokölluð átaksverkefni og þá einkum á fyrri hluta tímabilsins. Enn fremur má nefna ýmis stefnumótunarverkefni, rannsóknir og ráðgjöf í atvinnumálum. Þá falla í þennan flokk vöruþróun og markaðssetning á þjónustu svo sem heilsuþjónustu, tölvuhugbúnaði og fleira.

Þessir mörgu og margvíslegu styrkir hafa stuðlað að framgangi fjölda arðbærra verkefna. Sum verkefni komast þó ekki af undirbúningsstiginu en við því verður að búast í nýsköpunarverkefnum. Góður undirbúningur eykur líkur á árangri og dregur úr hættu á kostnaðarsömum mistökum. Á heildina litið hafa styrkveitingarnar verkað hvetjandi á framtak einstaklinga og fyrirtækja og styrkt tiltrú á framtíð landsbyggðarinnar.

4.3 Hlutafjárframlög.

Meginstefna Byggðastofnunar hefur verið að leggja ekki fram hlutafé nema í undantekningartilvikum og þá aldrei meira en 20% af heildarhlutafé viðkomandi félags. Stofnunin hefur lagt fram hlutafé í atvinnuþróunarfélögum þar sem þau eru rekin í hlutafélagsformi og í stöku tilvikum í nýsköpunarverkefni þar sem það hefur þótt sérstaklega henta. Þá hefur skuldum fyrirtækja við stofnunina í einhverjum tilvikum verið breytt í hlutafé þegar það hefur verið liður í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

Byggðastofnun veitti engin hlutafjárframlög á árunum 1993–94. Á árunum 1995–96 var skuldum fjögurra fyrirtækja breytt í hlutafé samtals að fjárhæð 42 m.kr. og er stærsta talan vegna fiskeldisfyrirtækisins Silfurstjörnunnar í Axarfirði.

Sex fyrirtækjum var veitt hlutafjárframlag samtals að fjárhæð 23 m.kr. Þau voru veitt vegna atvinnuþróunarfélags, undirbúnings að magnesíumverksmiðju, útflutnings á jökulís, eignarhaldsfélags um hótel og tveggja afþreyingarverkefna í ferðaþjónustu.

4.4 Atvinnuráðgjafarstarf.

Frá árinu 1992 hefur Byggðastofnun haft umsjón með og stutt starfsemi atvinnuráðgjafa. Til þessa stuðnings hefur verið varið umtalsverðum hluta af því fé sem stofnunin ver til að styrkja nýsköpun og efla atvinnulíf. Jafnframt hafa tímabundin verkefni, svokölluð átaksverkefni, verið studd en þau hafa haft að markmiði að efla frumkvæði heimamanna til nýsköpunar í atvinnulífi einstakra staða og svæða. Þar hafa ferðamálin oft skipað háan sess.

Framlög til atvinnuráðgjafar voru aukin verulega þegar Byggðastofnun tók þau að sér og á árinu 1995 voru þau enn hækkuð. Árið 1996 voru föst framlög í sama horfi og árið áður en á fjárlögum ársins fékk Byggðastofnun 8 m.kr. viðbót við framlag til að styðja ferðamálaráðgjöf á landsbyggðinni sem ekki hafði notið stuðnings frá ríkinu fram að þeim tíma. Gerðir hafa verið samningar um atvinnuráðgjöf við aðila í hverju kjördæmi landsbyggðarinnar. Framlag stofnunarinnar er 8,7 m.kr. á ári til hvers kjördæmis en áður voru framlög til þeirra mismunandi eftir landfræðilegri stærð og fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Samræma þarf atvinnuráðgjöf eftir því sem kostur er þannig að opinbert fé nýtist sem best til að efla atvinnulíf og fjölbreytni þess á landsbyggðinni. Þeim sem atvinnuþróun sinna er hagur í því að vinna saman og þá er mikilvægt að horft sé til heildarhagsmuna. Á móti vegur sú röksemd að sums staðar getur atvinnuráðgjöfin þótt fjarlæg ef hana þarf að sækja í annað sveitarfélag, jafnvel um langan veg. Þarna verður ekki bæði haldið og sleppt en reynslan bendir til að kostir þess að fleiri aðilar sameinist um skrifstofuhald og vinni saman út frá einum stað séu meiri en gallarnir.

Til viðbótar beinum fjárframlögum til reksturs hefur atvinnuráðgjafarstarfið verið stutt á ýmsan hátt. Veitt hefur verið sérstöku fjármagni til að styðja sameiginleg verkefni atvinnuráðgjafa, bæði vegna samvinnu þeirra og til að þeir hafi möguleika á því að afla sér viðbótar. Árið 1998 er framlag Byggðastofnunar til atvinnuráðgjafar sérgreint í fyrsta sinn á fjárlögum og nemur 65 m.kr.

5. Byggðaaðgerðir.

5.1 Stuðningur Byggðastofnunar við nýsköpun og atvinnuþróun.

Stuðningur Byggðastofnunar við nýsköpun og atvinnuþróun hefur verið af tvennum toga. Annars vegar er stuðningur við viðleitni aðila í héraði til nýsköpunar í atvinnulífinu og þá aðallega starfsemi atvinnuþróunarfélaga. Hins vegar er stuðningur við einstaklinga og fyrirtæki. Þær upphæðir sem Byggðastofnun hefur haft til ráðstöfunar hafa verið nokkrum sveiflum háðar eins og sjá má í ársskýrslum hennar. Í kafla 4. er rakið í stuttu máli í hverju fjárhagslegur stuðningur hefur verið fólginn.

Sú breyting hefur orðið á stuðningi við sameiginlegt starf aðila í landshlutunum á undanförnum árum að fjárhagslegur stuðningur hefur verið aukinn og hann jafnaður á milli kjördæmanna. Stuðningurinn er aðallega í formi þátttöku í launakostnaði fastra starfsmanna, þriggja í hverju kjördæmi. Gerðar hafa verið tilraunir til þess að fá aðila í landshlutunum til að reka starfsemina á einum stað í hverju kjördæmi. Margt bendir til þess að eftir því sem sveitarfélögin eflast með sameiningu muni þau vilja taka að sér slíkar stuðningsaðgerðir hvert á sínu svæði. Mikilvægt er að fram fari mat á reynslunni af þeirri eflingu atvinnuráðgjafarstarfsins sem orðið hefur á undanförnum árum. Þá er mjög mikilvægt að gætt sé að því að með stuðningi ríkisins við fasta starfsmenn atvinnuþróunarfélaga verði ekki raskað samkeppni við einkaráðgjafa. Skynsamlegra gæti verið að einstaklingar og fyrirtæki ættu rétt á fjárhagsstuðningi til að greiða hluta kostnaðar við fyrstu ráðgjöf hjá einkafyrirtækjum í stað þess að efla opinber atvinnuþróunarfélög frá því sem verið hefur. Aðstaða til að stunda atvinnu-

þróunarstarf er mismunandi í héruðunum og því er réttlætanlegt að stuðningurinn sé mismunandi. Þá er athugandi hvort ekki sé árangursríkara að lækka hlut fastra styrkja til mannahalds en auka á móti stuðning við verkefni á vegum atvinnuþróunarfélaga.

Í hinu svokallaða RITTS-verkefni hefur verið fjallað um það hvernig best verður komið til móts við þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir þekkingu og nýja tækni. Framkvæmd þeirra tillagna mun breyta verkefnum atvinnuráðgjafanna töluvert, ef þær verða samþykktar. Þeir munu fá mun víðtækara hlutverk sem miðlarar á upplýsingum til starfandi fyrirtækja á starfssvæðum sínum.

Byggðastofnun er hluthafi í þeim atvinnuþróunarfélögum sem rekin eru á hlutafélagsformi á landsbyggðinni. Með stofnun Nýsköpunarsjóðs hafa orðið þáttaskil í aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að áhættufjármagni til nýsköpunar. Því er óþarfi að ríkisvaldið dreifi kröftum sínum á þessu sviði til fleiri aðila.

5.2 Uppbygging opinberrar þjónustu á landsbyggðinni.

Í bréfi forsætisráðherra er farið fram á að gerð verði tillaga um hvernig ríkisvaldið geti stuðlað að eflingu vaxtarsvæða og hvaða markmið séu raunhæf og æskileg í því sambandi. Stuðningur við fyrirtæki og einstaklinga sem áhuga hafa á framförum í atvinnulífi getur ekki verið bundinn við takmörkuð svæði. Ekki er mögulegt að takmarka hann að öðru leyti en því að byggðastuðningur er bundinn við landsbyggðina eins og greint er frá í kafla 5.5. Öðru máli gegnir um starfsemi á vegum ríkisins og þá einkum þá þjónustu sem ríkið veitir. Hana er í mörgum tilvikum óhagkvæmt að veita nema á fáum stöðum og þá verður að velja þjónustunni stað. Verulegur hluti þjónustu ríkisins er í föstum skorðum og hefur þegar verið valinn staður. Engu að síður hlýtur öll starfsemi ríkisins að vera í stöðugri endurskoðun og þá þarf meðal annars að taka afstöðu til nýrrar staðsetningar. Sameining sveitarfélaga getur leitt til þess að endurskoða þurfi fyrirkomulag þjónustu. Samgöngubætur stækka einnig þjónustusvæði og geta leitt til þess að endurskoðun verði nauðsynleg.

Að margra mati ætti ríkisvaldið að velja ákveðna kjarna á landsbyggðinni og beina starfsemi sinni að þeim. Er þá venjulega bent á að velja ætti einn kjarna í hverju kjördæmi og beina allri starfsemi ríkisvaldsins að honum. Á þessu eru þó ýmis vandkvæði. Kjördæmin eru ekki náttúruleg þjónustusvæði. Þau eru ýmist of fámenn eða of stór landfræðilega. Enda þótt þau eigi sér nú fjörutíu ára sögu voru þau ekki búin til með tilliti til þjónustudreifingar. Ýmislegt bendir til þess að uppstokkun muni verða á kjördæmaskipuninni á næstu árum og því er tæplega rétt að binda mikið af starfsemi ríkisvaldsins við þau. Hins vegar gætir þeirrar tilhneigingar hjá þingmönnum að vilja skipta starfsemi upp eftir kjördæmum.

Þær framkvæmdir á vegum ríkisvaldsins sem tvímælalaust eru best til þess fallnar að efla þéttbýliskjarna landsbyggðarinnar eru samgönguframkvæmdir til þess að stækka þjónustusvæði og tengja saman þéttbýliskjarna. Með því batnar rekstrargrundvöllur þjónustu og lífskjör íbúa dreifbýlis og þéttbýlis batna.

Uppbygging menntakerfis sem tekur tillit til búsetudreifingarinnar í landinu og færir sér í nyt nútíma tækni til þess að gera fólki á öllu landinu mögulegt að njóta bestu og fjölbreyttustu menntunar sem völ er á er annað mikilvægt verkefni með sama tilgangi. Hér er um að ræða skólastarf á öllum stigum. Mikilvægt er að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta nám í grunnskólum meðal annars með aðgangi að fjarkennslu þar sem fáir nemendur eru. Móta þarf stefnu um dreifingu framhaldsskóla um landið, samvinnu þeirra á milli og fjarnám. Hið sama er að segja um kennslu á háskólastigi og samskipti rannsóknastarfsemi háskólanna og aðila á landsbyggðinni.

Ríkisvaldið þarf að skipuleggja þá þjónustu sem það veitir þannig að landsmenn njóti sem sambærilegastrar þjónustu. Við það verði beitt fullkomnustu samskiptatækni sem völ er á.

Þá þarf ríkisvaldið að styðja við frumkvæði aðila í héraði, einkum í smærri fyrirtækjum að því er varðar miðlun tækni og þekkingar og stuðning við markaðsstarfsemi, vöruþróun og fleiri þætti í rekstri og þróun atvinnulífs eins og fjallað er um í kafla 5.1.

Ríkisvaldið þarf með stefnu sinni að taka mið af því að eflingu fárra þéttbýliskjarna er sennilega eina leiðin til að mynda trúverðugt mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Í uppkasti að fyrstu stefnumótandi byggðaáætluninni var þessi hugmynd sett fram. Viðbrögð voru mjög breytileg og kom fram sterk andstaða frá fulltrúum minni þéttbýlisstaða. Sjónarmið þessara aðila urðu ofan á og voru hugmyndir í þessa veru að mestu leyti dregnar til baka í lokaútgáfu verksins.

5.3 Samskipti ríkis og sveitarfélaga á sviði opinberrar þjónustu.

Á undanförnum árum hefur Byggðastofnun unnið að gerð svæðisbundinna byggðaáætlana víðs vegar um landið. Þessar áætlanir hafa verið unnar í samstarfi við viðkomandi sveitarstjórnir. Þær hafa ýmist verið unnar að frumkvæði aðila í héraði eða Byggðastofnunar. Gerður hefur verið samningur við Skipulagsstofnun um samræmingu vinnu vegna svæðaskipulags og svæðisbundinna byggðaáætlana.

Þau svæði sem áætlanir hafa verið gerðar fyrir eru misjafnlega stór. Það minnsta og fámennasta er Skaftárhreppur en hið stærsta og fjölmennasta er Þingeyjarsýslur. Mestur áhugi á slíkri áætlanagerð hefur verið þar sem umræður hafa verið í gangi um sameiningu sveitarfélaga á svæðinu og þar hafa heimamenn fundið brýnasta þörf til að skoða málefni heilla héraða heildstætt. Það er álitamál hvort áætlanasvæði eigi að vera stór eða lítil en með tilliti til þess að æ fleiri sveitarfélög ná nú yfir heildstæð héruð eða þjónustusvæði mælir margt með því að svæðin samsvari slíkum héruðum. Stærri svæði hafa fá eða engin sameiginleg þjónustuverkefni.

Í svæðisbundnum byggðaáætlunum hefur verið reynt að fjalla um áform ríkisvaldsins um þá þjónustu sem það veitir á viðkomandi svæði. Í fyrstu var nokkrum erfiðleikum bundið að fá ráðuneyti til þess að svara erindum Byggðastofnunar um áform fyrir einstaka landshluta en eftir því sem tíminn hefur liðið hefur það reynst auðveldara. Aftur á móti er ekki þar með sagt að svör ráðuneyta hafi orðið innihaldsríkari þótt þeim hafi fjölgað. Áform ríkisvaldsins um uppbyggingu einstakra greina þjónustu liggja yfirleitt ekki ljós fyrir og það er galli ef takast á að veita betri þjónustu í framtíðinni fyrir sama eða minna fjármagn. Auðvelt væri að gera svæðisbundnar áætlanir um opinbera þjónustu ef þar kæmu einungis fram óskir heimamanna en þá ná áætlanirnar ekki því markmiði að verða sameiginleg viljayfirlýsing milli ríkisvalds og viðkomandi sveitarfélaga.

Samkvæmt lögum verða sveitarfélög að gera framkvæmdaáætlanir fyrir hvert kjörtímabil og senda ríkisvaldinu. Ríkisvaldið hefur sett sveitarfélögum markmið og tímasett áform um framkvæmdir á sviðum sem þau bera ábyrgð á svo sem í umhverfismálum. Eftir því sem sveitarstjórnarstigið eflist munu sveitarfélög verða ákveðnari og betur undirbúin í kröfugerð fyrir hönd íbúa sinna um þjónustu og framkvæmdir af hendi ríkisvaldsins.

Að því hlýtur að koma að þessi samskipti verði gagnkvæmari og ríkið verði að gera rökstuddar, tímasettar áætlanir um framkvæmd þeirra þjónustuliða sem það hefur ábyrgð á. Á sama tíma munu verkefni raunar að öllum líkindum flytjast frá ríki til sveitarfélaga. Við verkefnaflutninginn verður að leggja fram slíkar áætlanir eins og raunin var á um flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna.

Það háir gerð svæðisbundinna byggðaáætlana töluvert að gerð þeirra og meðferð tekur töluverðan tíma og að erfitt er að tryggja að í þeim séu allar nýjustu upplýsingar. Að hluta til stafar þetta af því að breytingar á mörgum sviðum atvinnulífs, þjónustu og íbúafjölda eru mjög örar.

Á undanförnum misserum hafa verið teknar mjög margar ákvarðanir um sameiningu sveitarfélaga. Nær alls staðar þar sem íbúar hafa kosið um sameiningu hefur hún verið samþykkt. Því er ljóst að smám saman er að myndast hér á landi öðruvísi sveitarfélög en þekktust áður. Líklegt er að sveitarfélag framtíðarinnar nái yfir heilt hérað og þar með þjónustusvæði um marga þætti opinberrar- og einkaþjónustu. Í raun er ekki lengur um það að ræða að íbúar í tilteknum hreppum geti markað stefnu um það hvers konar sveitarfélag þeir vilji hafa um þá þjónustu sem þessu stjórnsýslustigi er ætlað að veita. Út frá sjónarmiðum hagkvæmrar stjórnsýslu eru lítil takmörk fyrir stærð sveitarfélaga. Við áframhald verkefnaflutnings til sveitarfélag hlýtur ríkisvaldið að horfa til þess að verkefni sé ekki hægt að flytja nema til sveitarfélaga sem ná yfir eðlileg þjónustusvæði fyrir viðkomandi málaflokk. Þess vegna gæti sú staða komið upp að sveitarfélögum verði skipt í tvo flokka með tilliti til þess hvort þau séu hæf til þess að taka að sér ný þjónustuverkefni við íbúa sína. Hin leiðin væri sú að setja fram framtíðarskipulag sveitarstjórnarstigsins og ákveða það með lögum.

5.4 Jaðarsvæði.

Forsætisráðuneytið fer sérstaklega fram á að gerð verði grein fyrir því hvaða ráðstafanir stjórnvöld geti gert til að bregðast við búsetuvanda á svokölluðum jaðarsvæðum. Ekki er einhlítt hvernig skilgreina skuli jaðarsvæði. Hægt er að hugsa sér að hugtakið nái yfir þau landsvæði sem eru utan tiltekinnar vegalengdar frá þéttbýlisstað yfir tiltekinni stærð eða með tiltekna þjónustu. Tilraun var gerð til að slíkrar skilgreiningar í fyrstu stefnumótandi byggðaáætlun þar sem sýnt var kort af þeim landsvæðum sem eru utan 30 mínútna aksturs frá heilsugæslustöð.[1] Þau svæði eru hvorki umfangsmikil né fjölmenn. Í huga annarra gætu jaðarsvæði verið skilgreind á mun almennari hátt þannig að stór hluti landsbyggðarinnar teldist þar með. Í kafla 1 var fjallað um búsetuþróun á einstökum landsvæðum. Þar kom meðal annars fram að íbúaþróun margra strjálbýlissvæða hefur verið afar neikvæð. Eru dæmi um að íbúum hafi fækkað um fjórðung til þriðjung á áratug.

Aðstaða strjálbýlissvæðanna er hins vegar afar mismunandi eftir því hvort þau eru í nágrenni þéttbýlisstaða eða ekki. Þau svæði eru í verstri stöðu þar sem mikill samdráttur er á viðkomandi þéttbýlisstað. Hin síðari ár hafa stjórnvöld verið treg til að grípa til aðgerða sem bundnar eru tilteknum landfræðilega skilgreindum svæðum.

Fyrir nokkrum áratugum var á nokkrum stöðum á landinu veittur sérstakur stuðningur til uppbyggingar landbúnaðar á afmörkuðum svæðum en sá stuðningur varð ekki til þess að breyta íbúaþróuninni. Jöfnunarsjóður veitir sérstakan stuðning við skólaakstur þar sem byggð er mjög fámenn og dreifð og kostnaður því mikill. Jöfnun húshitunarkostnaðar er ekki landfræðilega skilgreind en snýst um það hvort jarðhiti sé aðgengilegur eða ekki.

Að margra mati er eðlilegt að byggð leggist af þar sem fólk er fátt og langt í þjónustu og alla aðdrætti. Hins vegar eru flestir á því að fólk eigi að geta fengið að búa þar sem það vill. Það sýnist óhjákvæmilegt að byggð í landinu dragist nokkuð saman frá því sem nú er, sérstaklega yfir vetrartímann. Ekki sýnist ástæða til að gera sérstakar ráðstafanir til að sporna gegn því

---

[1] Byggðastofnun: Breyttar áherslur í byggðamálum, júlí 1993, bls 55.

enda vandfundnar aðgerðir sem gætu tryggt viðhald búsetu. Öðru máli gegnir ef fyrirsjáanlegt er að búseta leggist af á þéttbýlisstöðum. Enn sem komið er verður ekki séð að komið sé að því, enda þótt veruleg íbúafækkun á nokkrum þéttbýlisstöðum sé vissulega áhyggjuefni.

5.5 Byggðastuðningur stjórnvalda.

Afskipti stjórnvalda af byggðaþróun hefur verið með ýmsu móti. Algengt er í nágrannalöndum okkar að greina á milli þess sem kallað hefur verið „stóra byggðastefnan“ og þess sem nefnt er „litla byggðastefnan“. Er þá annars vegar verið að ræða um ýmsar aðgerðir hins opinbera, einkum ríkisvaldsins sem hafa að leiðarljósi eða eru rökstuddar með áhuga stjórnvalda til þess að hafa áhrif á búsetuþróun þótt formlega sé ekki um byggðamál að ræða. Hins vegar er um að ræða þau framlög ríkisvaldsins sem beinlínis eru eyrnamerkt sem aðgerðir í byggðamálum. Upphæðir til þess málaflokks eru yfirleitt mun lægri en til hins fyrrnefnda.

Tilraunir til þess að ná utan um það hvaða framlög tilheyra „stóru byggðastefnunni“ valda oft deilum. Gott dæmi um það eru viðbrögð við skýrslu Aflvaka og Atvinnu- og ferðamálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um skiptingu útgjalda ríkisins milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar sem út kom haustið 1997.[1] Deilur sem af því verki stöfuðu voru bæði vegna þess að ekki voru allir á sama máli um efnistök en ekki síður vegna þess að menn greinir á um það hvaða útgjöld eigi að taka með í slíkum útreikningum. Einnig blandast saman að bæði var verið að gera athugun á útgjöldum ríkisins með tilliti til þess hvar þau verða til og einnig í hvaða tilgangi útgjöldin eru. Í nágrannalöndunum hafa verið gerðar athuganir bæði á tilgangi og staðsetningu útgjalda menn hafa forðast að blanda þessu tvennu saman.

Ekki er vafi á því að ýmis útgjöld ríkisins þjóna þeim tilgangi að hafa áhrif á þróun búsetu. Þetta á sérstaklega við um framlög til landbúnaðarmála og þá einkum sauðfjárræktar þar sem beinlínis hefur verið reynt að viðhalda núverandi byggðamunstri með viðvarandi framlögum sem ekki eru hluti af endurskipulagningu greinarinnar. Á sviði samgöngumála hefur verið ráðist í framkvæmdir sem ekki eru eins arðsamar og aðrar sem orðið hafa að bíða. Raunar fer nú mun minna fyrir umræðu um þjóðhagslega arðsemi af starfsemi og framkvæmdum hins opinbera en var fyrir einum til tveimur áratugum. Ef til vill hefur efnahagsleg arðsemi verið látin víkja fyrir pólitískri arðsemi.

Ef vikið er að þeim aðgerðum ríkisvaldsins sem er beinlínis ætlað að vera liður í formlegri byggðastefnu eru þær fyrst og fremst á sviðum sem snúa að viðleitni til að efla nýsköpun í atvinnulífi. Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim aðgerðum sem einstök ráðuneyti hafa ráðist í og beint er að atvinnuþróun á landsbyggðinni. Meðal annars má hér nefna Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sérstaka fjárveitingu frá iðnaðarráðuneyti sem á uppruna sinn í hagnaði Landsvirkjunar og ætlaður er þeim stöðum sem ekki njóta góðs af stóriðju og síðast en ekki síst sérstakan sjóð innan Nýsköpunarsjóðs sem ætlað er að efla iðnað, einkum hátækniiðnað á landsbyggðinni. Starfsemi allra þessara sjóða eru tvímælalaust byggðaaðgerðir eins og þær eru skilgreindar á hinu evrópska efnahagssvæði.

Eftir að Ísland gerðist aðili að hinu evrópska efnahagssvæði tóku hér á landi gildi þær reglur sem á því gilda um stuðning hins opinbera við fyrirtæki. Almennt má segja að innan hins evrópska efnahagssvæðis gildi bann við stuðningi opinberra aðila við atvinnufyrirtæki þó með mjög mikilvægum undantekningum. Heimilt er að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki hvar sem þau eru staðsett. Sá stuðningur er þó takmarkaður. Hins vegar er hægt að styðja fyrirtæki sem

---

[1] Aflvaki og Atvinnu- og ferðamálaskrifstofa Reykjavíkur: Framlög ríkisvaldsins, 1997.

staðsett eru á byggðaþróunarsvæðum. Hér á landi er heimilt að veita slíkan stuðning á landsbyggðinni en ekki á höfuðborgarsvæðinu. Heimildin er þó ekki almenn heldur er einungis heimilt að veita stuðning í samræmi við stuðningsáætlanir og verður ESA, eftirlitsstofnun EFTA að samþykkja slíkar áætlanir áður en þær ganga í gildi. Sérstök ákvæði gilda um stuðningsáætlanirnar: þær verða að vera almennar, þ.e. öll fyrirtæki sem uppfylla tiltekin skilyrði verða að eiga rétt á stuðningi og stuðningurinn verður að vera „gegnsær", þ.e. auðútreiknanlegur. Einungis Byggðastofnun hefur heimild ESA til að veita byggðastyrki á Íslandi.

Nauðsynlegt er að tryggja að fylgt verði þeim reglum sem Ísland hefur undirgengist um ríkisstyrki. Þar með er nauðsynlegt að gætt sé samræmis á milli hinna mismunandi styrktaraðila. Ríkisvaldið verður að tryggja fullnægjandi eftirlit með stuðningsaðgerðum allra opinberra aðila, þar með eru talin sveitarfélög.

Í kafla 1.6 var í stuttu máli gerð grein fyrir hugmyndum um að breyta áherslum í byggðastuðningi frá fyrirtækjum til einstaklinga. Það eru einstaklingarnir sjálfir sem meta búsetuskilyrði og velja hvar þeir setjast að. Nauðsynlegt er að kanna hvort til greina kemur að beita slíkum aðferðum hér á landi.

Fylgiskjöl.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík 19. ágúst 1997.

Byggðastofnun
Engjateigi 3
101 Reykjavík

Samkvæmt lögum um Byggðastofnun nr. 65/1985 með síðari breytingum gerir Byggðastofnun tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn og leggur forsætisráðherra hana fram á Alþingi. Í samræmi við nefnd lög lagði forsætisráðherra fram á árinu 1993 tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum fyrir árin 1994 til 1997 og samþykkti Alþingi sérstaka þingsályktun sem stjórn stofnunarinnar samdi á grundvelli þeirrar tillögu.

Æskilegt er að Byggðastofnun hefji sem fyrst gerð stefnumótandi áætlunar í byggðamálum fyrir árin 1998 til 2001 og er bréf þetta ritað af því tilefni og til að kynna stjórn stofnunarinnar helstu áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í því sambandi, sbr. ákvæði 12. gr. reglugerðar um Byggðastofnun frá 5. febrúar 1992 með síðari breytingum. Er mikilvægt að unnt verði að leggja nýja tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum fram á Alþingi og afgreiða hana þaðan á 122. löggjafarþingi.

Sú tillaga sem stjórn stofnunarinnar gerði fyrir tímabilið 1993-1997 er fyrsta tillaga að stefnumótandi áætlun í byggðamálum sem gerð er. Því er rétt að stjórn Byggðastofnunar meti þá reynslu sem nú er fengin, íhugi hvað betur megi fara og miði tillögusmíð sína við það. Forsætisráðuneytið, fyrir sitt leyti, leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á framsetningu áætlunarinnar.

Er lagt til að tillaga að stefnumótandi áætlun í byggðamálum 1998-2002 verði sett fram í tveimur hlutum. Í fyrsta lagi verði gerð eiginleg stefnumótandi áætlun í byggðamálum, sem stjórn stofnunarinnar fjalli um og hafi vanda að. Þessi stefnumótandi áætlun verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu ásamt greinargerð og athugasemdum um einstaka tölu- eða málsliði. Í öðru lagi verði gerð fræðileg greinargerð sem hafi að geyma forsendur þingsályktunartillögunnar og yrði hún lögð fram sem fylgiskjal með tillögunni. Í þessari fræðilegu greinargerð verði nánar fjallað um stöðu og horfur í byggðamálum, sbr. ákvæði laga og reglugerðar um stofnunina. Telur ráðuneytið að með þessu ávinnist það að hin eiginlega tillaga sem Alþingi tekur til meðferðar verður styttri en ella, auk þess sem skilið er á milli fræðilegrar umfjöllunar, sem verði á hendi forstjóra og starfsmanna stofnunarinnar, annars vegar, og pólitískrar stefnumótunar ríkisstjórnar og stjórnar Byggðastofnunar, hins vegar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að samheldni megi ríkja með þjóðinni og milli dreifbýlis og þéttbýlis. Að því vill ríkisstjórnin stuðla með almennri stefnu sinni í efnahags- og atvinnumálum, með því að grundvöllur atvinnustarfsemi í landinu sé traustur og ógni ekki búsetuöryggi á landsbyggðinni. Ríkisstjórnin telur að framhald eigi að vera á þeirri viðleitni sem uppi hefur verið og miðar að því að auka fjölbreytni atvinnulífs og atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að Byggðastofnun í samvinnu við m.a. atvinnuráðgjafa eigi að stuðla að sókn og uppbyggingu atvinnulífsins um land allt.

Ríkisstjórnin vill efla byggð í landinu með traustum og góðum samgöngum þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar nýtist með hagkvæmum hætti, svo sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt vill ríksstjórnin tryggja góða opinbera þjónustu um land, sem sé landsmönnum öllum aðgengileg. Er lögð áhersla á að opinber þjónusta sé byggð upp þar sem hagkvæmt er að veita hana og þar sem flestir geta fært sér hana í nyt. Með

staðsetningu opinberrar þjónustu ber að stuðla að eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni, þar sem bestar forsendur eru til að koma til móts við kröfur um fjölbreytta þjónustu og fjölbreytt framboð atvinnutækifæra. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sem ríkisstjórnin vill áfram vinna að, miðar að sama marki.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að í stefnumótandi áætlun í byggðamálum verði fjallað um eftirtalin atriði:

1. Fjallað verði um hvernig Byggðastofnun hyggst halda áfram stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni og sett fram skýr markmið í því sambandi.
2. Gerð verði tillaga um hvernig ríkisvaldið geti stuðlað að eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni og hvaða markmið séu raunhæf og æskileg í því sambandi.
3. Fjallað verði um hvernig stofnunin hyggst halda áfram að vinna að gerð svæðisbundinna byggðaáætlana. Er lögð á það áhersla að þau svæði sem um er fjallað hverju sinni nái ákveðinni lágmarksstærð og miðist við svæði sem mynda eða geta myndað samfelld atvinnu- og þjónustusvæði. Er jafnframt rétt að vilji sveitarstjórna til samstarfs þeirra í milli ráði um afmörkun þessara svæða.
4. Fjallað verði um með hvaða hætti Byggðastofnun geti haft milligöngu um að veita sveitarstjórnum upplýsingar um áform ríkisvaldsins varðandi uppbyggingu og skipulagningu opinberrar þjónustu í einstökum málaflokkum, er nýtist þeim við þeirra eigin áætlanagerð.
5. Fjallað verði um framhald á verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga og helstu möguleika og markmið í því sambandi.
6. Fjallað verði um hvaða ráðstafanir ríkisvaldið geti gert til að bregðast við búsetuvanda á svokölluðum jaðarsvæðum.
7. Fjallað verði um byggðastuðning stjórnvalda, hvort þar sé aukinnar samræmingar þörf og hvernig best sé að nýta það fé sem varið er til að styðja búsetu og atvinnulíf á landsbyggðinni.

Forsætisráðherra mun leggja tillögu að nýrri stefnumótnadi áætlun í byggðamálum fyrir Alþingi þá er stjórn stofnunarinnar hefur lokið við gerð hennar. Óskar forsætisráðuneytið eftir því að haft verði samráð við ráðuneytið á lokastigum þeirrar vinnu.

Davíð Oddsson

Byggðastofnun
Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður
Pósthólf 5410
125 Reykjavík-5

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Arnarhvoli 150 Reykjavík
kennitala: 550169 - 2829
sími: 560 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: http://www.stjr.is/fjr

Reykjavík 23. mars 1998
Tilvísun: 98030125/342-5 HÁ/ek

Efni: Umsögn um stefnumótandi byggðaáætlun 1998-2002.

Fjármálaráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, dags. 12. mars sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum og ábendingum um mikilvæg atriði sem kanna að vanta í meðfylgjandi drög að stefnumótandi byggðaáætlun 1998-2002.

Ráðuneytið telur miklu skipta að stjórnvöld marki samræmda stefnu í byggðamálum sem ríki, sveitarfélög og fyrirtæki geti haft að leiðarljósi við eflingu byggðar þar sem slíkt er þjóðhagslega hagkvæmt. Í drögunum koma fram gagnlegar upplýsingar um byggðaþróun síðustu 10-15 árin sem munu gagnast við mótun stefnunnar fyrir næstu ár.

Ráðuneytið tekur undir þær ályktanir sem dregnar eru af búsetuþróun síðustu ára á bls. 15 og 16. Þá er ráðuneytið sammála þeim skoðunum sem koma fram í umfjöllun um umhverfi atvinnulífs á bls. 47-49 og ályktunum sem dregnar eru í lokin. Í greinargerðinni kemur fram að stjórnsýslan og opinber þjónusta á stærstan hluta af nýjum störfum á landsbyggðinni á árunum 1985-1995. Hins vegar er umdeilanlegt til lengri tíma litið hvort áframhald þeirrar þróunar sé æskilegt.

Eins og fram kemur í drögunum er árangur í byggðamálum að einhverju leyti kominn undir því fé sem hið opinbera leggur að mörkum til að jafna aðstæður atvinnulífins. Það er þó ekki gerð nægjanleg grein fyrir þeim árangri sem fé opinberra aðila til byggðamála og opinberra stofnana á landsbyggðinni hefur skilað á umliðnum árum. Árangurinn er ekki einvörðungu háður því hve miklu fé er veitt heldur miklu fremur hvernig það er nýtt. Umræða um meiri árangur þarf því að grundvallast á því hvort nýta megi það fé betur sem nú fer til byggðamála.

Ríkissjóður greiðir umtalsverðar fjárhæðir til byggðamála. Í því sambandi má nefna að ríkissjóður greiðir til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 3,1 milljarð króna í fjárlögum 1998 sem er úthlutað að stærstum hluta til sveitarfélaga á landsbyggðinni. Ekki er ólíklegt að endurskoðun á reglum um úthlutun á því fé geti skilað betri árangri við að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þeirri greinargerð sem hér er til umræðu.

Fjármálaráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umfjöllun um uppbyggingu opinberrar þjónustu á landsbyggðinni á bls. 60-61. Þjónustu sem ríkið veitir er í mörgum tilvikum óhagkvæmt að veita nema á fáum stöðum. Með sameiningu sveitarfélaga og bættum samgöngum geta orðið grundvöllur að stækkun þjónustusvæða og endurskoðun á fyrirkomulagi opinberrar þjónustu. Hins vegar telur ráðuneytið mikið staðhæft á bls. 7 í greinargerðinni að "Stjórnvöld hafa verið ófáanleg til að beita sér fyrir uppbyggingu fárra, stórra þjónustukjarna á landsbyggðinni til mótvægis við höfuðborgarsvæðið." Stjórnvöld hafa á sviði menntamála, heilbrigðismála og fleiri málaflokka lagt áherslu á stækkun þjónustukjarna við uppbyggingu þjónustu. Að fækka stofnunum en styrkja þær sem eftir standa. Það hefur ekki gengið nægjanlega eftir, m.a. vegna andstöðu sveitarstjórna. Það má hugsa sér að ráðstafa því fé sem

kynni að sparast með hagræðingu í rekstri opinberra stofnana til frekari uppbyggingar stórra þjónustukjarna á landsbyggðinni.

Að lokum tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið sem koma fram á bls. 60 í drögunum að miklu skiptir að uppbygging menntakerfisins taki tillit til búsetudreifingarinnar í landinu. Mikilvægt er að nýta þá reynslu sem fengist hefur af fjarnámi í þeirri viðleitni að efla menntun á landsbyggðinni. Nýta ber þá skóla sem til staðar eru og efla þá frekar en að stofna nýja.

F.h.r.

HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS
Vinnur að velferð í þágu þjóðar

Reykjavík, 26. mars 1998.

Byggðastofnun,
Hr. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri,
Reykjavík.

Í byrjun þessa mánaðar senduð þér þessari stofnun 2 bréf, ds. 9. og 10. mars, þar sem óskað er eftir athugasemdum og ábendingum um mikilvæg atriði, er kynni að vanta í greinargerð þá, er fylgdi með. Er þar um að ræða drög að "Stefnumótandi byggðaáætlun 1998 - 2002, FORSENDUR".

Drög þau, sem hér um ræðir, eru ákaflega vel unnin og fróðleg aflestrar. Fela þau án efa í sér góðan þekkingarbrunn, sem ausa má úr við gerð nýrrar byggðaáætlunar Byggðastofnunar og forsætisráðuneytisins. Þar er þó undanskilinn sá málaflokkur, sem þessi stofnun starfar að, þ.e. húsnæðismálin. Um hann er vart fjallað sérstaklega í drögum þessum, heldur einungis sem hluta af þróun einnar atvinnugreinar, þ.e. byggingariðnaðarins. Sú afstaða og slík umfjöllun hlýtur að sæta nokkurri furðu, því að margar kannanir á umliðnum árum sýna, að einmitt húsnæðismálin skipta hvað mestu máli, þegar búseta fólks kemur til umfjöllunar. Auk heldur eru húsnæðismál sérhverrar fjölskyldu eitthvert stærsta viðfangsefni hennar í lífinu og það hefur mikil áhrif á gengi hennar hvernig til tekst; alkunna er, að á landsbyggðinni standa fjölmargir íbúðaeigendur höllum fæti vegna lágs verðs á eignaríbúðum þeirra, sem voru þeim miklu dýrari í uppbyggingu. Í drögunum er því miður litið fram hjá þessum mikilvæga þjóðfélagsþætti.

Á bls. 41 er rætt um samband fjölgunar íbúa og íbúða. Rétt er að undirstrika að þar er sjaldnast um að ræða einfalt línulegt samband, eins og dæmin sanna. Í sumum löndum Evrópu, þar sem mannfjölgun er sáralítil, fer engu að síður fram veruleg nýbygging á íbúðarhúsnæði. Nýbyggingarnar stafa fyrst og fremst af úreldingu eldra húsnæðis og stöðugt minnkandi meðalstærð fjölskyldna. Þriðja ástæðan, sem kemur til greina, er sú, að íbúðabyggingar spretti af rangri dreifingu á fjármagni, sem leiði að vissu marki til staðbundinnar offjárfestingar í íbúðabyggingum. Hvort slíkt kunni að hafa gerst hér á landi skal ósagt látið.

Lánveitingar Húsnæðisstofnunar hafa frá upphafi vega, á sjötta áratugnum, verið mikilvægur þáttur í þróun byggðar í landinu. Þær hafa sjaldan eða aldrei verið meðvitaður þáttur í skipulagðri byggðastefnu. Það eru einkum lánveitingar innan ramma hins félagslega lánakerfis, sem hafa, nú um stundir, hvað mesta þýðingu fyrir bæi og héruð höfuðborgarsvæðisins. Í nokkrum byggðarlögum hafa jafnvel félagslegir byggingaraðilar verið nánast einir um hituna.

Sem kunnugt er standa nú fyrir dyrum umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi og yfirstjórn húsnæðismála. Breytingarnar beinast fyrsta kastið að félagslega íbúðakerfinu, en stefnt mun vera að því að leggja það niður í núverandi mynd sinni. Síðan kann röðin að koma að almenna lánakerfinu. Slíkar breytingar á báðum þessum lánakerfum hljóta óhjákvæmilega að hafa í för með sér mjög víðtæk byggðapólitísk áhrif, sem nauðsynlegt er að taka sem fyrst til gaumgæfilegrar yfirvegunar.

Með vinsemd og virðingu,

Sigurður E. Guðmundsson

Hólmavík, 26. mars 1998.

Byggðastofun,
Engjateigi 3,
Reykjavík.

Um miðjan mars barst stjórn Búnaðarsambands Strandamanna eintak af greinargerð með stefnumótandi byggðaáætlun til fjögurra ára og óskað eftir athugasemdum og ábendingum. Hér á eftir fara athugasemdir stjórnarinnar.

2.6. Bls. 36 og 37. Um sauðfjárrækt.

Of mikið er gert úr hagkvæmni stærðarinnar án þess að gild rök séu færð fyrir stórbúskap. Smærri bú eru alls ekki í öllu tilliti óhagkvæm sem rekstrareining. T.d. sem aukabúgrein til hliðar við aðra tekjuöflun. Ekki er skynsamlegt að gera ráð fyrir stærri sauðfjárbúum en með ca. 500-600 fjár á fóðrum. Ef fjárbú eru stækkuð umfram það kallar það á aðkeypt vinnuafl og gróðurfar hlýtur að hnigna í námd við slík bú. Þannig getur stórbúskapur í sauðfé skapað neikvæða ímynd vegna beitarálags á afmörkuðum svæðum í nánd bæjanna. Sú grisjum sem leiðir af stækkun búa hefur óhjákvæmilega í för með sér að íbúar á slíkum svæðum eiga erfiðara með að sinna félagslegum grunnþörfum sínum s.s. með samskiptum við annað fólk. Ekkert eitt atriði er eins vel til þess fallið að drepa byggðir.

Undarlegt er að sjá í greinargerðinni gert ráð fyrir að beingreiðslur til sauðfjárbænda leggist af. Nýbúið er að semja um beingreiðslur vegna mjólkurafurða til 2007. Hvers vegna ætti það sama ekki að gilda um sauðfjárafurðir og mjólkurafurðir í þessu efni? Nema það sé og eigi að vera tilgangur þessarar áætlunnar að draga sem mest úr framlögum til byggðanna í landinu.

Tekið er undir þau sjónarmið að sauðfjárbúskap beri að stunda á þeim landsvæðum sem best eru fallin til beitar og þangað beri að færa sauðfjárræktina og því ber að viðhalda þar byggð eigi þessi framleiðsla yfir höfuð að lifa.

2.6. bls. 39

Ekki er hægt að fallast á þá fullyrðingu sem í neðstu málsgreininni felst að beingreiðslur nýtist þjóðinni betur með því að nota þær til innkaupa erlendis frá. Benda má á að beingreiðslur eru ekki gjaldeyrir frekar en önnur framlög fjárlaga. Eins mun afnám beingreiðslna til sauðfjárbænda og hömlulaus innflutningur leiða af sér röskun sem ekki er hægt að sjá fyrir endann á.

Það má vel vera að rétt sé að sú upphæð sem í beingreiðslur fer dugi til innkaupa á því lambakjöti sem þjóðin þarfnast. Benda má á að staða hugsanlegra

lambakjötsinnflytenda yrði allt önnur á markaði án samkepppni við innlenda framleiðslu. Taka verður tillit til þess að það verður að greiða fyrir innflutning með gjaldeyri, virðisauki lækkar, atvinnuleysi eykst ekki bara hjá bændum heldur líka vegna úrvinnslu á kjöti, ull og gærum.

Það er í raun illskiljanlegt að í greinargerðinni skuli þessu vera slegið fram án nokkura útskýringa á hvaða afleiðingar slík gjörð hefði í för með sér fyrir byggðina í landinu.

5.2. bls. 60.

Tekið er undir þau sjónarmið að dreifa þurfi framhaldsskólum um landið. Fátt yrði árangursríkari byggðastefna.

5.4. bls.62. Jaðarbyggð.

Ekki er ástæða til að eyða miklu rými í greinargerðinni til skilgreiningar á orðinu jaðarsvæði. Málið snýst um það hvort eigi með einhverjum hætti að styðja afmarkaðar byggðir eða héruð til sjálfbærar þróunar og afkomu vegna þess að það sé dýrari kostur fyrir samfélagið að byggð leggist af. Vera kann að þjóðfélagið sé einmitt með slíkum stuðningi að varðveita menningararf sem ekki má glatast.

5.4. Bls. 63.

Hæpin rök að telja ástæðulaust að sporna gegn samdrætti í dreifbýli en taka fram að öðru máli gegni ef um þéttbýlisstaði sé að ræða. Ekki virðist skilningur fyrir því að víðast hvar eru sveitirnar bráðnauðinslegt bakland fyrir þéttbýlið og falli þær veikjast þéttbýlisstaðir mjög alvarlega og gætu í sumum tilvikum orðið að draugabyggð.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd stjórnar BSS,

Hafdís Sturlaugsdóttir

Hafdís Sturlaugsdóttir

Byggðastofnun
Þróunarsvið.

Efni : Umsögn Búnaðarsambands Vestfjarða um "Stefnumótandi byggðaáætlun 1998 - 2002"," Drög í vinnslu". Dags. 9. mars '98.

1. kafli 1.1 - 1.6 er að miklu leyti gagnlegar upplýsingar um þróun byggða o.fl.
Á bls. 7 stendur ofan við töflu " Eftirfarandi atriði eru vísbendingar um aðgerðir ríkisvaldsins sem gætu haft áhrif á byggðaþróun".
En á bls. 15, nokkuð neðan við töflu "... engar vísbendingar eru um að einfaldar aðgerðir stjórnvalda séu líklegar til að hafa afgerandi áhrif á byggðaþróun".

Stjórn B.S.V. . metmælir seinni fullyrðingunni, að stjórnvaldsaðgerðir og ákvarðanir ríkisvaldsins hafi ekki á undanförnum árum haft afgerandi áhrif á byggðaþróun í landinu bæði til sjávar og sveita.
Nægir þar að nefna hvernig tiltölulega fáum aðilum í fjöðfélaginu var gefinn allur veiðiréttur 200 mílur á haf út og full réttindi til að braska með hann milli landshorna án þess að taka nokkuð tillit til þess fjölda sem hafði áður staðið að sókn og nýtingu aflans.
Svipaða sögu er að segja um þá ákvörðun við framleiðslustjórnun höfuðgreina í landbúnaði að framleiðendur fengu rétt til að selja raunverulega atvinnuréttindi milli landshorna.
Margfeldisáhrif við tilfærslu slíkrar framleiðsla hlaut að ýta undir verulega búferlaflutninga. Jafnframt leiða greiðslumarkskaup til þess að framleiðendur geta síðar en áður lækkað framleiðslukostnað. Tugir ef ekki hundruð miljóna hafa horfið af þessum ástæðum úr landbúnaði og oftar en ekki farið til uppbyggingar í þéttbýli.
Fækkun skóla til sparnaðar og "hagræðingar" hefur þegar valdið fækkun starfa í eiginlegu dreifbýli.
Þessar aðgerðir ríkisvalds undir merkjum svonefndrar hagræðingar hafa vegið þyngst í hröðu undanhaldi ýmissa byggða í landinu.
Þess ber aftur á móti að geta að ríkisvaldið hefur gert ýmislegt til að hamla gegn því tjóni margra byggðarlaga sem ofannefndar aðgerðir sama ríkisvalds hafa leitt til. Nægir þar að nefna bættar samgöngur og vonandi verður vilji til að halda því verki áfram. Ennfremur má nefna nokkra aðstoð gegnum Byggðastofnun til að endurheimta að einnverju leyti atvinnurekstur á þeim stöðum sem mest höfðu misst vegna vafasamra ákvarðana stjórnvalda. Ákvarðana sem höfðu stórfelld áhrif á forsendur fyrir tilvist ýmissa byggðarlaga.
Þá er rétt að spyrja hvort hafi verið gerð tilraun til að meta þann aukaskatt til ríkisins sem heimili landsbyggðar greiða gegnum virðisaukaskatt á flutninga á vörum. Telja mætti að hærra vöruverð vegna flutningskostnaðar án vsk. væri nægur aukabaggi.

Þær tvær tilvitnanir sem hér voru skráðar í upphafi eru því miður aðeins dæmi um þær mótsagnir og ýmsar órökstuddar fullyrðingar sem birtast hér og þar í samantekt Þróunarsviðs.

Við þær má bæta m.a. : Á bls. 46 er rætt um verkefni sem til verða fyrir tilstilli ríkisvalds og breyta forsendum fyrir búsetu.
Á bls. 48 stendur um miðja síðu "Engum blöðum er um það að fletta að hið opinbera hefur hlutverki að gegna í atvinnuuppbyggingu".
Á bls. 50 stendur : 'Staðsetning stóriðju hefur mikil áhrif á byggðaþróun". Þar í framhaldi er svo mælt með því að veita stóriðjusvæðum ákveðinn stuðning umfram aðrar byggðir til að hnykkja á og örfa nauðsynlega búferlaflutninga frá þeim svæðum sem eru og verða að byggja á annarri atvinnuuppbyggingu.

Í kafla 2.1 - 2.5 eru að mestu upplýsingar, þó meiri fengur sé að

Á bls. 33 efst er látið liggja að því að atvinnuleysi í sveitum sé mikið og oskráð að mestu og af þeim sökum sé ekki hægt að meta atvinnuleysi héraða næma gagnvart öðru atvinnulífi.
Stjórn B.S.V. telur að atvinna sveitafólks sé óvíða eða hvergi undir 40 tímum á viku að meðaltali á ársgrundvelli. Vanti þar eitthvað uppá á stöku búi þar sem enga vinnu er að fá "utan búss" þá sé miklu víðar að því sé öfugt farið og vinnuálagið meira en þekkt er í flestum öðrum atvinnugreinum. Huglægt mat höfundar sé því á litlum rökum reist.

Miðkaflinn á bls. 39 er að mati stjórnar B.S.V. einn af þeim hlutum þeirrar samantektar sem hér um fjallað, sem ekki líkist fræðilegri umfjöllun ábyrgs aðila. Um hann þarf ekki að hafa fleiri orð.
Sömu sögu er að segja um alla umfjöllun höfundar á bls. 36 og 37.
Athyglisvert er að höfundur draganna telur óvíst að hagur sjávarútvegs í heild hafi batnað með núverandi stjórnunarkerfi. Og hann gefur í skyn að óvíst sé hversu mikla hlutfallslega yfirburði íslensk orkuframleiðsla hafi ef allur kostnaður er meðtalinn.
Því miður gæti þessi framsetning hans átt rétt á sér.

Hins vegar er hann haldinn þeirri trú að verndarstefna í landbúnaði hafi hindrað framfarir. Flestir vita þó að framfarir kosta peninga. Til þess að atvinnugrein lifi af og hafi tækifæri til að sækja fram þarf fjármagn til uppbyggingar. Mikil uppbygging átti sér stað í landbúnaði einkum á áratugunum frá miðri öldinni fram undir 1980. Megin hlutann af þeirri uppbyggingu var borinn uppi með lítilli einkaneyslu og óhóflegri vinnu. Síðast en ekki síst björguðu mörgum neikvæðir vextir lána.
Minnkuð "verndarstefna" hefur ekki, og mun ekki geta af sér fjármagn til að koma íslenskum landbúnaði í betra horf, heldur hefur hún dregið úr nauðsynlegri og áframhaldandi uppbyggingu í höfuðgreinum hans.
Það er grófur misskilningur að bændur hafi ekki alla tíð verið í harðri samkeppni innbyrðis og haft þörf á að bæta sinn hlut og haft viljann til þess. Aukin samkeppni og hertar sultarólar koma ekki til með að tryggja framtíð íslensks landbúnaðar.
Íslenskur landbúnaður á fullan rétt til þess að njóta í heild sama stuðnings og nágrannaþjóðir veita sínum landbúnaði.

Fjölda margt annað í lesningunni gefur ástæðu til athugasemda og andmæla. Um þau atriði skal þó ekki fjölyrt frekar.
En að lokum skal minnt á að efling örfárra þéttbýliskjarna án tillits til eða jafnvel á kostnað atvinnulegs og þjónustulegs umhverfis í nágrenni þeirra getur valdið óþolandi einangrun sumra þeirra og dregið úr því aðdráttarafli sem hvert byggðarlag þarf að hafa.

Ekki verður séð að umrædd umfjöllun Þróunarsviðs geti, án stórfelldra breytinga, verið mjög gagnleg sem forsendur fyrir æðilegri og stefnumótandi byggðaáætlun.

Fyrir hönd stjórnar B.S.V

Birkir Friðbertsson

Birkir Friðbertsson, gjaldk.

Afrit send :
Stjórn Byggðastofnunar,
Forsætisráðuneyti,
og Þingmönnum Vestfj.

Skipulags stofnun

98030028
9530

Byggðastofnun
Sigurður Guðmundsson
Engjateigi 3
125 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 1998
ghg/sth

Efni: Stefnumótandi byggðaáætlun 1998-2002

Vísað er til erinda Byggðastofnunar dags. 9. og 10. mars 1998 þar sem óskað er eftir umsögn um „Stefnumótandi byggðaáætlun 1998-2002, Forsendur".

Skipulagsstofnun fagnar þessu riti sem hefur að geyma á einum stað mikinn fróðleik um íbúa- og atvinnuþróun á Íslandi á undanförnum árum. Til að unnt sé að gera sér grein fyrir samhengi milli forsendna og tillagna í byggðamálum hefði hins vegar verið æskilegt að hafa jafnframt undir höndum tillögur stjórnar Byggðastofnunar.

Skipulagsstofnun vill benda á að til hægðarauka hefði verið að upplýsingarnar væru settar fram á sveitarfélagagrunni en þannig hefðu þær nýst beint við skipulagsvinnu einstakra sveitarfélaga. Upplýsingar um þróun á einstökum svæðum geta þó hugsanlega komið að notum við svæðisskipulagsgerð. Gjarnan hefði mátt koma fram túlkun á íbúaþróun og búferlaflutningum. Í þessu sambandi er rétt að vitna til stefnumörkunar stjórnvalda í byggðaþróun, sem fram kemur í ritinu „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - framkvæmdaáætlun til aldamóta" en þar segir í 7. kafla: „Samhæfa þarf gerð skipulagsáætlana og svæðisbundinna áætlana Byggðastofnunar þannig að tekið sé sameiginlega á landnýtingu og hagrænum þáttum".

Skipulagsstofnun vonast áfram eftir góðri samvinnu við Byggðastofnun um m.a. gerð svæðisskipulags og svæðisbundinna byggðaáætlana.

Stefán Thors

Héraðsnefnd V-Húnavatnssýslu
Klapparstíg 4 - 530 Hvammstanga
Sími 451-2353 - Fax 451-2307
Kennitala 550389-2589

Víðidalstungu 30. mars 1998.

Byggðastofnun,
b.t. Sigurður Guðmundsson,
Engjateigi 3,
Reykjavík.

Efni: Umsögn um greinargerð með stefnumótandi byggðaáætlun 1998 - 2002.

Með bréfi dags. 12. mars s.l. er óskað eftir athugasemdum og ábendingum við greinargerð með stefnumótandi byggðaáætlun 1998 - 2002.

Í niðurlagi inngangs skýrslunnar er tekið fram að í henni sé ekki að finna tillögu til þingsályktunar. Stjórn Byggðastofnunar hafi látið vinna tillögu að þingsályktun utan stofnunarinnar og höfundar greinargerðarinnar hafi ekki séð hana.
Þetta verða að teljast undarleg vinnubrögð og illskiljanleg, nema þá að verið sé að fara eftir þeim orðum Ritningarinnar "að hægri höndin skuli ekki vita hvað sú vinstri gjörir." Skal þetta atriði því ekki gagnrýnt frekar.
Hinsvegar er ljóst að erfitt er að gera athugasemdir og ábendingar við greinargerð sem tilheyrir hinu óþekkta.

Í 1. kafla skýrslunnar kemur fram ýmis fróðleikur varðandi íbúaþróun o.fl. sem gagnlegur má teljast, þótt ýmislegt af þessu hafi komið fram í öðrum skýrslum.
Í niðurstöðum þess kafla (1.6.) er sett fram hugmynd um fjárhagslega hvatningu til ungs fólks sem lokið hefur námi og tilbúið er að setjast að á ákveðnum svæðum landsbyggðarinnar t.d. með því að nota byggðastyrki til að greiða niður námslán. Þessi hugmynd er athyglisverð og eðlilegt að kannað verði hvernig best væri að framkvæma slíkar hugmyndir.

Í. 2. kafla skýrslunnar eru að mestu ýmsar almennar vangaveltur og ekki mikið um þær að segja, að undanteknni umfjöllun um landbúnað.
Sá samsetningur verður að teljast hinn undarlegasti. Þarna er því nánast neitað að styrkir séu greiddir til landbúnaðar í Evrópusambandinu (sbr. orðalagið "svokallaðar niðurgreiðslur"). Gerð er krafa um að svokallaðir ofurtollar

og innflutningshöft verði afnumin og viðraðar hugmyndir um að setja auðlindagjald á afurðir, sem vafalaust yrði þá einungis upphafið að almennu auðlindagjaldi á bújarðir.
Ef það er skoðun skýrsluhöfunda að íslenskur landbúnaður eigi því aðeins rétt á sér, að hann standist án stuðnings samkeppni við ódýrari innflutning landbúnaðarvara og verði auk þess skattlagður með auðlindagjöldum, þá hefði verið heiðarlegra af þeim að ganga hreint til verks og leggja til að landbúnaður á Íslandi yrði lagður niður og það fólk í landsbyggðinni sem hann stundar yrði flutt á Reykjavíkursvæðið.

Í 4. kafla eru tíundað afrek Byggðastofnunar á liðnum árum og virðist það takast bærilega, svo sem við er að búast.

Sá kafli skýrslunnar sem ber yfirskriftina "Byggðaaðgerðir" virðist sama marki brenndur og margt annað, að vera almennt spjall og hugleiðingar, í stað þess að setja fram tillögur að skýrum markmiðum eins og óskað er eftir í bréfi forsætisráðherra sem birt er sem fylgiskjal með skýrslunni. Þar eru sett fram áhersluatriði í 7 liðum og hefði verið eðlilegt að þau væru tekin fyrir lið fyrir lið, þannig að hægt væri að átta sig á því hvað skýrsluhöfundar leggðu til varðandi útfærslu á þessum atriðum.
Í bréfi sem fylgdi með skýrslunni er eins og áður segir óskað eftir athugasemdum og ábendingum um mikilvæg atriði sem kunni að vanta í greinargerð þessa.
Það verður að teljast mikilvægt atriði í skýrslu sem þessari, sérstaklega ef hún á að teljast greinargerð um stefnumörkun, að hægt sé að átta sig á hvað skýrsluhöfundar meina. Á það vantar stórlega í þessu tilfelli og er því þeirri ábendingu komið á framfæri að æskilegt væri að Byggðastofnun hafi skýrslur sínar framvegis færri, styttri en innihaldsríkari.

F.h. Héraðsnefndar V.-Hún.

Ólafur B. Óskarsson,
formaður.

1218. Frumvarp til laga [696. mál]

um breytingu á lögum nr. 88 27. maí 1997, um fjárreiður ríkisins.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Halldórsdóttir, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ársreikningi ríkisaðila skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, ferða- og risnukostnað. Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig

1. Launagreiðslur:
   a. Heildarlaunagreiðslur.
   b. Föst yfirvinna.
   c. Önnur yfirvinna.
   d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
   e. Upplýsingar um starfsmannafjölda.
   f. Starfskjör stjórnenda.
2. Bifreiðakostnaður:
   a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
   b. Notkun bílaleigubifreiða.
   c. Notkun leigubifreiða.
   d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
   e. Bifreiðakostnaður stjórnenda.
3. Risnukostnaður:
   a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
   b. Risna greidd samkvæmt reikningi.
   c. Sundurliðun á helstu þáttum risnu og helstu tilefni hennar.
4. Ferðakostnaður:
   a. Ferðakostnaður innan lands, þar með talin sundurliðun á dagpeningum, gistikostnaði og ferðakostnaði.
   b. Ferðakostnaður utan lands, þar með talin sundurliðun á dagpeningum, gistikostnaði og ferðakostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands á árinu 1983, sbr. lög nr. 35–37/1983 og 39/1983. Með breytingunum var skylda sú sem felst í frumvarpinu lögð á viðkomandi stofnanir. Þegar sett voru ný lög um viðskiptabanka, nr. 86/1986, og um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, var slíkt ákvæði ekki í lögunum en var í reglugerð um ársreikninga bankanna sem sett var með stoð í lögunum. Þessi ákvæði er hins vegar ekki að

finna í núgildandi reglugerð um ársreikninga bankanna. Í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað undanfarið um risnu-, ferða- og bifreiðakostnað og starfskjör stjórnenda Landsbanka Íslands hf. þykir eðlilegt að setja slík ákvæði á ný í íslenska löggjöf. Jafnframt verður að telja rétt að láta sambærileg ákvæði gilda um ársreikninga annarra ríkisaðila, eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt lögunum, en með setningu laganna um fjárreiður ríkisins var fellt út ákvæði sem var í 79. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, sem laut að skyldu ráðuneyta og ríkisstofnana til að leggja fram yfirlit sambærilegt við það sem í frumvarpi þessu greinir.

1219. Nefndarálit [269. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og telur nauðsynlegt að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega hafa verið til umræðu áhrif þeirra veiðarfæra sem dregin eru eftir botni hafsins, dragnót og botnvarpa. Telja verður líklegt að dragnót og botnvarpa hafi töluverð áhrif á hafsbotninn og lífríkið þar. Til að afmarka frekar rannsóknina er lögð til breyting á orðalagi tillögugreinarinnar jafnframt því að sameina þessa tillögu þeirri tillögu til þingsályktunar sem lögð er til á þskj. 383 í 308. máli. Nefndin mun ekki skila sérstöku áliti um þá tillögu en lítur svo á að tekið sé undir efni hennar með samþykkt þessarar tillögu.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega verði kannað hver áhrif veiðanna eru á botnfiskstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið.

Til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar.

Alþingi, 21. apríl 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, form.	Lúðvík Bergvinsson, frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Hjálmar Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Stefán Guðmundsson.	Árni R. Árnason.

1220. Svar [386. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um ríkisstofnanir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða ríkisstofnanir hafa verið stofnaðar síðustu tíu ár og hvenær, hvert er verksvið þeirra, hve margir störfuðu við hverja og eina í byrjun og hve margir nú, í hvaða sveitarfélögum fer starfsemin fram, hverjar eru heildarlaunagreiðslur miðað við heilt ár og hvernig skiptast þær eftir sveitarfélögum? Hvaða kröfur eru gerðar um menntun í hverri stofnun?

Forsætisráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum og svörum við fyrirspurninni frá öðrum ráðuneytum, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og frá einstökum stofnunum, eftir því sem við á. Svörin fara hér á eftir.

Fjöldi starfsmanna er mældur í stöðugildum. Laun eru gefin upp í millj. kr.

Forsætisráðuneyti.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Umboðsmaður barna	1996	2	3	Reykjavík	6,5

Verksvið: Umboðsmaður barna hefur það hlutverk að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni þeirra, þarfir og réttindi, sjá lög nr. 83/1994.

Menntunarkröfur: Lögfræðimenntun, sérfræðimenntun, almenn menntun.

2. Safnahús við Hverfisgötu	1996	0,5	0,5	Reykjavík	0,8

Verksvið: Í Safnahúsinu mun fara fram margháttuð sýningar- og kynningarstarfsemi.

Menntunarkröfur: Sérfræðimenntun.

Fjármálaráðuneyti.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Embætti ríkistollstjóra	1987	79,4	23,5	Reykjavík	30,8

Verksvið: Framkvæmd, umsjón og eftirlit tollamála ríkisins. Stöður tollvarða voru fluttar til einstakra tollstjóra 1989, sem skýrir fækkun starfsmanna.

Menntunarkröfur: Stúdentspróf eða háskólapróf, lögfræði eða viðskiptafræði.

2. Lánasýsla ríkisins	1990	9	11,5	Reykjavík	30,8

Verksvið: Að sjá um lántökur ríkissjóðs, ásamt umsjón með útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði.

Menntunarkröfur: Stúdentspróf og háskólapróf.

3. Skattrannsóknarstjóri ríkisins	1993	11,2	17	Reykjavík	55,2

Verksvið: Skattrannsóknir og refsimeðferð skattsvikamála.

Menntunarkröfur: Háskólapróf, lögfræði- eða viðskiptamenntun.

Félagsmálaráðuneyti.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Barnaverndarstofa*	1995	55	44	Reykjavík	129,7

Verksvið: Vinnur að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs og annast stjórn barnaverndarmála. Í því felst umsjón og eftirlit með stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir fyrir börn og ungmenni.
Menntunarkröfur: Annars vegar á sviði félagsvísinda, svo sem sálarfræði, félagsráðgjöf og uppeldismenntun, og hins vegar lögfræði.
* Þær stofnanir sem barnaverndarstofa rekur eru í Reykjavík og Skagafirði. Launagreiðslur voru 101 millj. kr. á árinu 1997 og skiptust þannig að 75,6 millj. kr. voru vegna starfsemi í Reykjavík, 20,4 millj. kr. vegna heimilis í Skagafirði og 5 millj. kr. vegna sálfræðiþjónustu á Norðurlandi.

2. Vinnumálastofnun*	1997	20	20	Reykjavík	75

Verksvið: Fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu, hefur eftirlit með starfsemi svæðisvinnumiðlana og samræmir störf þeirra. Vinnur að tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir og fylgist með þróun í vinnumarkaðsmálum erlendis. Annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, ábyrgðasjóð launa og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.
Menntunarkröfur: Á sviði félagsvísinda, viðskipta- og hagfræði og lögfræði.
* Vinnumálaskrifstofa vinnur nú að ráðningu forstöðumanna og starfsmanna svæðisvinnumiðlana víða um landið og mun starfsmönnum fjölga um 14 á árinu 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Stofnun*	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Heilsugæslustöðin í Mjódd	1991	12,3	18	Reykjavík	37

Verksvið: Heilsugæsla.
Menntunarkröfur: Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.

2. Heilsugæslustöð í Grafarvogi	1992	8,2	17	Reykjavík	32,8

Verksvið: Heilsugæsla.
Menntunarkröfur: Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.

3. Sogn	1991/92	25,85	23,85	Selfoss	61,9

Verksvið: Vistun ósakhæfra afbrotamanna.
Menntunarkröfur: Ófaglærðir, hjúkrunarfræðingar.

4. Hleif	1993	12,6	16,09	Mosfellsbær	27,8

Verksvið: Vistun fyrir gjörfatlaða einstaklinga.
Menntunarkröfur: Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar.
* Ráðuneytið vill taka fram að sjálfseignarstofnanir eru ekki taldar með þó að ríkið fjármagni reksturinn. Rekstur heilsugæslu var fluttur fyrir átta árum frá sveitarfélögum til ríkis og er miðað við þau tímamót. Ríkisstofnanir, sem fluttar hafa verið undir stjórn annarra, eru ekki taldar með í svarinu.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Einkaleyfastofan	1991	7	11	Reykjavík	23,8

Verksvið: Veitir viðtöku umsóknum um vernd vörumerkja, einkaleyfa og hönnunar og annast umsóknir í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Stofnunin er, í samræmi við viðeigandi alþjóðasamninga, alþjóðleg viðtökustofnun fyrir einkaleyfisumsóknir og skráningu vörumerkja.

Menntunarkröfur: Flestir starfsmenn þurfa að vera sérfræðingar á viðkomandi sviði.

2. Samkeppnisstofnun	1993	25	22	Reykjavík	55,7

Verksvið: Framkvæmd samkeppnislaga.

Menntunarkröfur: Háskólamenntun.

3. Löggildingarstofa	1996/97	15	15	Reykjavík	60,9*

Verksvið: Yfireftirlit á sviði rafmagnsöryggismála, markaðseftirlit með rafföngum og leikföngum, yfireftirlit með máli og vog, varðveisla landsmæligrunna og faggilding skoðunarstöðva.

Menntunarkröfur: Sérfræðingar eru háskólamenntaðir.

* Þar af voru biðlaun 9,9 millj. kr.

Menntamálaráðuneyti.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Háskólinn á Akureyri	1988	4	64+stundak.	Akureyri	6,5

Verksvið: Skólinn er, skv. lögum 51/1992, vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veitir nemendum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, gegna ýmsum störfum í atvinnulífinu, öðrum ábyrgðarstöðum og stunda frekara háskólanám. Háskólanum er einnig heimilt að annast endurmenntun á vettvangi fræða sem kennd eru í deildum skólans

Menntunarkröfur: Háskólakennarar skulu hafa lokið meistaraprófi í háskóla hið minnsta. Sérfræðingar sem starfa við stjórnsýslu háskólans skulu hafa háskólapróf.

2. Framhaldss. í A-Skaftafellssýsl.	1987	8	17	Hornafjarðarb.	23,7

Verksvið: Kennsla í námsefni fyrsta og annars námsárs á framhaldsskólastigi. Skólinn er áfangaskóli með fjölbrautasniði.

Menntunarkröfur: Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara.

3. Framhaldsskólinn á Húsavík	1987	6	28	Húsavík	38

Verksvið: Kennsla á bóknámsbrautum og einnig er nokkur kennsla á iðn- og verknámsbrautum. Skólinn er áfangaskóli með fjölbrautasniði.

Menntunarkröfur: Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Um aðra starfsmenn fer eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla.

4. Borgarholtsskóli	1996	49	75	Reykjavík	139,4

Verksvið: Bóknáms- og verknámsskóli. Liðlega helmingur nemenda er í bíl- og málmiðngreinum.

Menntunarkröfur: Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Um aðra starfsmenn fer eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla.

5. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	1990	4	15 fastráðnir + 10	Reykjavík	8,8

Verksvið: Rannsóknir á íslensku táknmáli, kennsla táknmáls, táknmálstúlkun og önnur þjónusta í samræmi við lög nr. 129/1990. Stofnunin hefur samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila um málefni er snerta starfsemi heyrnarlausra, svo og félög áhugamanna.

Menntunarkröfur: Almennt eru gerðar kröfur um háskólamenntun.

Samgönguráðuneyti.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Póst- og fjarskiptastofnun	1996	11	15	Kópavogur	69,5

Verksvið: Umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi. Í því felst m.a. útgáfa leyfa til fjarskipta- og póstþjónustu og að fylgjast með að leyfishafar uppfylli skilyrði rekstrarleyfanna. Að öðru leyti að sjá um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur, vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld o.fl. Um nánari skýringar á starfssviði stofnunarinnar sjá lög nr. 147/1996.

Menntunarkröfur: Fer eftir eðli starfa. Til sérfræði- og tæknistarfa er gerð krafa um háskólamenntun en grunnskólamenntun hjá skrifstofufólki.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
2. Siglingamálastofnun Íslands	1996	96,64	68,7	Reykjanes	
			2,4	Vesturland	
			5,2	Vestfirðir	
			2,94	Norðurl. vestra	
			4,1	Norðurl. eystra	
			6,8	Austfirðir	
			6,5	Suðurland	
			96,64		247,5

Verksvið: Verkefni Siglingamálastofnunar Íslands eru ákveðin í lögum nr. 6/1996 og 38/1997. Þau helstu eru að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til sjávarútvegs og siglinga. Stofnunin rekur vita og leiðsögukerfi, vinnur að frumrannsóknum á sviði vita- og hafnamála, sinnir skráningu skipa og skipamælingum, hefur eftirlit með öryggi skipa og áhafna og sér um réttindaskráningu skipstjórnarmanna o.fl.

Menntunarkröfur: Starfsmenn stofnunarinnar sinna störfum sem krefjast tækniþekkingar, fjármála- og bókhaldsþekkingar, auk þekkingar á almennum skrifstofustörfum og eru námskröfur gerðar í samræmi við það.

3. Rannsóknarnefnd flugslysa	1996	1	2	Reykjavík	9,9

Verksvið: Annast rannsókn allra flugslysa samkvæmt lögum nr. 59/1996 og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Menntunarkröfur: Í lögunum er kveðið á um að formaður og varaformaður nefndarinnar, sem jafnframt eru fastir starfsmenn hennar, skuli hafa sérmenntun og starfsreynslu á sviði flugslysarannsókna.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Fiskistofa	1992	62	* 58	Reykjavík**	203,585

Verksvið: Fiskistofu er ætlað að framkvæma stefnu stjórnvalda um stjórn fiskveiða og meðferð sjávarfangs

Menntunarkröfur: Flest störf eru sérhæfð og menntun er í samræmi við það. Hjá stofnuninni starfa verkfræðingar, lögfræðingar, viðskipta-, hag-, tölvunar- og kerfisfræðingar, skipstjórar o.fl.

* Að auki eru fimm starfsmenn ráðnir tímabundið til sérstakra verkefna.

** Fjögur stöðugildi eru úti á landi, eitt á hverjum eftirfarandi staða: Akureyri, Eskifirði, Vestmannaeyjum og Ísafirði.

Umhverfisráðuneyti.

Engin ný ríkisstofnun hefur verið stofnuð á vegum umhverfisráðuneytisins frá stofnun þess. Komið hefur verið á fót náttúrustofum sem þó eru ekki eiginlegar ríkisstofnanir, heldur sameignarstofnanir í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög á eftirtöldum stöðum

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn þá og nú	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Náttúrustofa í Neskaupstað	1995	1	3
2. Náttúrustofa í Vestmannaeyjum	1996	1	3
3. Náttúrustofa í Bolungarvík	1997	1	3

Forstöðumenn hafa verið einu starfsmenn viðkomandi náttúrustofa. Þeir eru háskólamenntaðir.

Utanríkisráðuneyti.

Stofnun	Hvenær stofnsett	Starfsmenn við stofnun	Starfsmenn nú	Staðsetning stofnunar	Laun á ári skv. fjárlögum 1998
1. Ratsjárstofnun	1987	23	65	Reykjavík	36,3
				Reykjanesbær	54,1
				Bolungavík	48,3
				Bakkafjörður	48,4
				Hornafjarðarbær	48,3

1221. Svar [387. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um ríkisstofnanir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða ríkisstofnanir hafa verið lagðar niður síðustu tíu ár og hvenær, í hvaða sveitarfélögum voru þær, hve margir unnu þar, hve margir misstu vinnuna og hverjar voru heildarlaunagreiðslur síðasta heila rekstrarár?

Forsætisráðuneytið leitaði til ráðuneytanna um upplýsingar og svör við framangreindum spurningum og byggist svarið á upplýsingum þeirra. Nefna ber að ekki var óskað sérstaklega eftir upplýsingum um fyrirtæki sem seld hafa verið eða breytt hefur verið í hlutafélög á því tímabili sem fyrirspurnin nær til og er þær því ekki að finna í svari þessu. Allar tölur eru á verðlagi viðkomandi árs.

1. Forsætisráðuneytið hefur lagt niður þrjár stofnanir á umræddu tímabili:

   Framkvæmdasjóður Íslands var lagður undir Lánasýslu ríkisins í árslok 1991. Þar störfuðu þá tólf starfsmenn, en fimm þeirra fóru til starfa hjá Lánasýslunni. Launagreiðslur, þar með talin launatengd gjöld og eftirlaun, á starfsárinu 1991 voru 32,7 millj. kr. samkvæmt ársskýrslu, en hluti þess kostnaðar var endurgreiddur af Byggðastofnun sem hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.

   Öryggismálanefnd var lögð niður í árslok 1991. Þar störfuðu tveir starfsmenn í 1½ stöðugildi. Launagreiðslur námu 3,1 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 1991.

   Embætti húsameistara ríkisins var lagt niður í árslok 1996. Þar störfuðu 17 starfsmenn. Launagreiðslur námu 34,9 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 1996.

   Framangreindar stofnanir höfðu aðsetur í Reykjavík.
2. Fjármálaráðuneytið hefur lagt niður eina stofnun á umræddu tímabili:

   Fjárlaga- og hagsýslustofnun var lögð niður með breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og sameinuð fjármálaráðuneyti með skipulagi sem fjármálaráðherra staðfesti í aprílbyrjun 1991. Árið 1990 voru unnin þar 14 dagvinnuverk og námu heildarlaunagreiðslur 29,6 millj. kr.
3. Samgönguráðuneytið hefur lagt niður fimm stofnanir á umræddu tímabili:

   Fjarskiptaeftirlitið var lagt niður er Póst- og fjarskiptastofnun tók til starfa. Hjá fjarskiptaeftirliti störfuðu tíu starfsmenn sem allir fóru til starfa hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

   Siglingamálastofnun ríkisins, Vitastofnun Íslands og Hafnamálastofnun ríkisins voru lagðar niður er Siglingastofnun Íslands tók til starfa. Hjá þeim stofnunnum sem lagðar voru niður störfuðu alls 101 starfsmaður. Allir nema fjórir réðust til starfa hjá Siglingastofnun Íslands.

   Að auki var Skipaútgerð ríkisins lögð niður árið 1992. Síðasta rekstrarárið námu launagreiðslur 225,9 millj. kr. Öll stöðugildi voru aflögð.
4. Sjávarútvegsráðuneytið hefur lagt niður eina stofnun á umræddu tímabili:

   Ríkismat sjávarafurða var lagt niður í árslok 1992, er Fiskistofa tók við verkefnum þess. Starfsmenn stofnunarinnar voru 29 og námu launagreiðslur til þeirra á síðasta starfsári 55 millj. kr. Af 29 starfsmönnum var 13 boðið starf hjá Fiskistofu, en 16 létu af störfum.
5. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hafa lagt niður þrjár stofnanir á umræddu tímabili:

   Verðlagsstofnun var lögð niður 1. mars 1993 er Samkeppnistofnun tók við starfsemi hennar. Allir starfsmenn tóku við starfi hjá hinni nýju stofnun.

   Löggildingarstofan var lögð niður um áramótin 1996–97. Af tólf starfsmönnum voru fimm ráðnir til Löggildingarstofu, þrír til Bifreiðaskoðunar Íslands og þrír hættu störfum. Heildarlaunagreiðslur síðasta starfsárið voru 31,4 millj. kr.

   Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður um áramót 1996–97. Af tíu starfsmönnum voru sjö ráðnir til Löggildingarstofu, einn fór á eftirlaun, einn vinnur að sérverkefnum og einn hætti. Heildarlaun á síðasta starfsári stofnunarinnar voru 27 millj. kr.
6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur enga stofnun lagt niður á umræddu tímabili en nokkrar stofnanir sem áður heyrðu undir ráðuneytið hafa verið fluttar til annarra ráðuneyta.

7. Landbúnaðarráðuneyti hefur sameinað eftirfarandi stofnanir:
   Búnaðarfélag Íslands var lagt niður og sameinað Stéttarsambandi bænda með lögum nr. 130/1994. Við sameininguna fækkaði störfum um tvö.
   Sauðfjárveikivarnir voru sameinaðar embætti yfirdýralæknis með gildistöku laga nr. 25/1993. Við sameininguna fækkaði starfsmönnum um einn.
   Stofnlánadeild landbúnaðarins var lögð niður við stofnun Lánasjóðs landbúnaðarins, en engar breytingar urðu á mannahaldi.
8. Félagsmálaráðuneyti hefur lagt niður eina stofnun á umræddu tímabili:
   Unglingaheimili ríkisins var lagt niður 1995 og við verkefnum stofnunarinnar tók Barnaverndarstofa. Öllum starfsmönnum var boðin áframhaldandi ráðning. Heildarlaunagreiðslur síðasta heila starfsár stofnunarinnar voru 116 millj. kr.
9. Menntamálaráðuneyti hefur lagt niður þrjár stofnanir á umræddu tímabili, en að auki hafa ýmsar stofnanir verið fluttar til annarra ráðuneyta eða sameinaðar öðrum stofnunum. Dæmi um slíkar stofnanir eru héraðsskólar, húsmæðraskólar og ýmsir sérskólar. Stofnanir sem lagðar hafa verið niður eru eftirfarandi:
   Héraðsskólinn í Reykholti í Borgarfirði var lagður niður árið 1995. Þar störfuðu 18 starfsmenn og heildarlaunagreiðslur árið 1994 voru um 21 millj. kr.
   Héraðsskólinn á Núpi í Dýrafirði var lagður niður 1992. Þar störfuðu níu manns. Heildarlaunagreiðslur árið 1991 voru 14,5 millj. kr.
   Héraðsskólinn í Reykjanesi, Ísafjarðardjúpi, var lagður niður 1991. Þar störfuðu átta manns. Heildarlaunagreiðslur árið 1990 voru um 13 millj. kr.
10. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti hefur lagt niður eina stofnun á umræddu tímabili:
    Embætti rannsóknarlögreglu ríkisins var lagt niður með lögum nr. 90/1996. Stöðugildi hjá stofnuninni færðust til annarra stofnana sem hér segir: 16 til embættis ríkislögreglustjóra, 26 til embættis lögreglustjórans í Reykjavík, tvö til embættis sýslumannsins í Kópavogi og tvö til embættis sýslumannsins í Hafnarfirði.

1222. Svar [388. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um ríkisstofnanir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Í hvaða ríkisstofnunum hefur störfum fjölgað um meira en 10% á síðustu tíu árum, hve mikið í hverri stofnun, hver er áætluð skipting starfanna milli kynjanna og hvaða menntunar er helst krafist?

Forsætisráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum og svörum við fyrirspurninni frá öðrum ráðuneytum, starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og frá einstökum stofnunum eftir því sem við á. Svörin fara hér á eftir. Rétt er að taka fram að reynt hefur verið að samræma svör ráðuneytanna og miðast þau við svokölluð stöðugildi hjá stofnunum í langflestum tilvikum. Ekki er þó víst að heimiluð stöðugildi hafi verið setin í öllum tilvikum. Þá er og skylt að taka fram að erfitt hefur reynst í mörgum tilvikum að segja nákvæmlega fyrir um hlut karla og kvenna sem hlutfall af nýráðningum, enda hafa breytingar í starfsmannahaldi víða verið tíðar.

Æðsta stjórn

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Hæstiréttur	9	1	1		Sjá lög um Hæstarétt, nr. 75/1973, sbr. lög nr. 91/1991.
2. Alþingi*	88,4	14	7,4	6,6	Sérfræðimenntun og almenn störf.
3. Ríkisendurskoðun	41	4	-3,3	7,3	Viðskiptafræðimenntun og önnur háskólamenntun.
4. Umboðsmaður Alþingis**	5,5	5,5	2,5	3	Lögfræðimenntun.

* Fjölgun frá 1989.
** Embættið var stofnsett 1988.

Forsætisráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Byggðastofnun	34	6,5			Fjölþætt háskólamenntun utan almennra skrifstofustarfa.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Sýslumaðurinn í Bolungarvík – bæjarfógeti	6,4	1,6	-1	2,6	Lögfræðipróf, Lögregluskóli ríkisins og framhaldsskóli.
2. Sýslumaðurinn á Ólafsfirði – bæjarfógeti	6,1	0,8	0	0,5	Lögfræðipróf, Lögregluskóli ríkisins og framhaldsskóli.
3. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði – bæjarfógeti	18	3,5	2	1,2	Lögfræðipróf, Lögregluskóli ríkisins og framhaldsskóli.
4. Sýslumaðurinn á Selfossi – bæjarfógeti	51	6,5	0	6,7	Lögfræðipróf, Lögregluskóli ríkisins og framhaldsskóli.
5. Fangelsismálastofnun, öll fangelsin*	115	32,5	26	6,5	Fangavarðaskóli ríkisins, háskólamenntun og almenn skrifstofustörf.
6. Umferðarráð**	18	13,2			Framhaldsmenntun, háskólapróf og sérstök menntun prófdómara.
7. Biskup Íslands, söngmálastjóri, prestaköll og prófastsdæmi	177	20,1	-2	22,1	Prestar, háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun.

* Frá 1996 eru fjárveitingar til fangelsismála allar hjá Fangelsismálastofnun.
Fjölgun starfa stafar fyrst og fremst af nýju fangelsi í Kópavogi, stækkun Litla-Hrauns og af stofnun Fangelsismálastofnunar.
** Fjölgun stafar af því að árið 1992 fluttist framkvæmd ökuprófa til Umferðarráðs.

Félagsmálaráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Jafnréttisráð	6	3	1	2	Háskólamenntun í störf sérfræðinga.
2. Vinnueftirlit ríkisins	58	18	9	9	Háskólamenntun í störf sérfræðinga.
3. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjavík	128	100	16	84	Háskólamenntun í störf sérfræðinga.
4. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjanesi	152	69	6	63	Háskólamenntun í störf sérfræðinga.
5. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vesturlandi	35	22	6	16	Háskólamenntun í störf sérfræðinga.
6. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Norðurlandi vestra	50	38	9	29	Háskólamenntun í störf sérfræðinga.
7. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Suðurlandi	63	23	3	20	Háskólamenntun í störf sérfræðinga.
8. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	30	5	0	5	Sérhæfð menntun á háskólastigi.

Fjármálaráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Ríkislögmaður	5,2	0,9	0,0	0,9	Lögfræðimenntun.
2. Ríkisskattstjóri	94	53,5	24,3	29,2	Stúdentspróf, viðskipta- eða hagfræðimenntun, lögfræðipróf.
3. Skattstofan í Reykjavík	77,6	7,7	1,8	5,9	Stúdentspróf, viðskipta- eða hagfræðimenntun, lögfræðipróf.
4. Skattstofan á Akranesi	10,9	1,0	-0,4	1,4	Lögfræði
5. Skattstofan á Ísafirði	7,7	2,6	2,0	0,6	Lögfræðipróf og viðskiptafræðimenntun.
6. Skattstofan á Akureyri	19,7	3,4	-2,2	5,6	Stúdentspróf, viðskipta- eða hagfræðimenntun, lögfræðipróf.
7. Skattstofan á Hellu	13,6	3,2	0,0	3,2	Stúdentspróf, viðskipta- eða hagfræðimenntun, lögfræðipróf.
8. Skattstofan í Hafnarfirði	41,6	12,8	4,5	8,3	Stúdentspróf, viðskipta- eða hagfræðimenntun, lögfræðipróf.
9. Yfirskattanefnd	14,8	7,7	3,8	3,9	Stúdentspróf, viðskipta- eða hagfræðimenntun, lögfræðipróf.
10. Fasteignamat ríkisins	42	4,6	4,6	0,0	Stúdentspróf, tækni- eða verkfræðimenntun.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Tryggingastofnun ríkisins	173,1	42	7,7	34,3	Ýmis menntun, almenn skrifstofustörf.
2. Landlæknisembættið	11,3	4	0,8	3,2	Ýmis sérfræðimenntun
3. Geislavarnir ríkisins	6,8	3,9	2,7	1,2	Landfræðingar og önnur háskólamenntun.
4. Lyfjaeftirlit ríkisins	3,3	1,5	1	0,5	Háskólamenntun á sviði raunvísinda.
5. Lyfjanefnd	6,4	3,2	0,7	0,25	Lyfjafræðimenntun (líffræði, lyfjatækni, matvælafræði).
6. Sjúkrahús Suðurnesja	93	18	0,5	17,5	Háskólamenntun á sviði lyfjafræði.
7. Heilsugæslustöðin Fossvogi	14,9	2,5	0,5	2	Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.
8. Heilsugæslustöðin Hlíðum	13,3	3,3	-0,1	3,4	Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.
9. Heilsugæslustöðin Grundarfirði	4,3	0,9	0,7	0,2	Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.
10. Heilsugæslustöðin Dalvík	8,2	1,3	1,2	-0,2	Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.
11. Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	2,7	0,9	0	0,9	Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.
12. Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	2,9	0,5	0	0,5	Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.
13. Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	26	4	1,2	2,8	Ófaglærðir, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, læknar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Vátryggingaeftirlitið*	11	6			Háskóla- eða stúdentspróf.
2. Iðntæknistofnun	79	11	0	11	Sérfræðingar eru háskólamenntaðir.
3. Einkaleyfastofan	4	7			Sérfræðimenntun.

* Stöðugildi eru tíu hjá stofnuninni.

Landbúnaðarráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Hagþjónusta landbúnaðarins	3,3	0,9			Flestir nýrra starfsmanna eru hagfræðimenntaðir.

Menntamálaráðuneytið*

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Háskóli Íslands	723,04	433,03	236,87	196,16	Sérfræðingar og háskólakennarar eru háskólamenntaðir. Um skólameistara eða kennara við framhaldsskóla gilda ákvæði laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum framhaldsskólakennara. Um aðra starfsmenn við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla.
2. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum	42,43	5,42	-4,63	10,05	
3. Raunvísindastofnun Háskólans	75,51	12,73	4,8	7,93	
4. Orðabók Háskólans	13,23	8,27	3,56	4,72	
5. Íslensk málstöð	4	0,5	-0,19	0,68	
6. Tækniskóli Íslands	69,48	8,66	4,29	4,37	
7. Kennaraháskóli Íslands	109,83	25,22	15,02	10,2	
8. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	15,47	14,24	7,8	6,45	
9. Rannsóknarráð Íslands	11,17	3,91	0,81	3,09	
10. Menntaskólinn í Reykjavík	71,4	13,19	-2,47	15,65	
11. Menntaskólinn á Laugarvatni	17,06	3,36	-0,42	3,78	
12. Menntaskólinn við Sund	68,33	10,98	-1,55	12,53	
13. Framhaldsskóli Vestfjarða	25,1	5,72	2,71	3,01	
14. Menntaskólinn á Egilsstöðum	35,2	16,92	4,71	12,2	
15. Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	72,05	39,69	20,45	19,24	
16. Kvennaskólinn í Reykjavík	41,96	41,49	12,78	28,7	
17. Fjölbrautaskólar í Reykjavík	0	-162,32	-93,99	-68,32	
18. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	133,38	133,38	70,06	63,32	
19. Fjölbrautaskólinn Ármúla	60,84	60,84	19,35	41,49	
20. Flensborgarskóli, fjölbraut	52,06	14,36	5,17	9,19	
21. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	63,62	22,7	7,4	15,3	
22. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	57,89	18,03	0,78	17,25	
23. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	25,55	8,85	4,66	4,19	
24. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	35,22	13,96	3,9	10,06	
25. Fjölbrautaskóli Suðurlands	58,74	18,97	5,86	13,11	
26. Verkmenntaskóli Austurlands	16,95	4,42	0,98	3,44	
27. Verkmenntaskólinn á Akureyri	91,57	33,96	9,74	24,22	
28. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	43,7	16,48	1,7	14,79	
29. Stýrimannaskólinn í Reykjavík	16,82	3,22	4,39	-1,16	
30. Iðnskólinn í Reykjavík	148,45	24,23	8,41	15,82	

Menntamálaráðuneytið*

	Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna
31.	Iðnskólinn í Hafnarfirði	31,27	31,27	21,5	9,77
32.	Fósturskóli Íslands	29,19	13,59	2,63	10,97
33.	Íþróttakennaraskóli Íslands	11,83	2,93	3,38	-0,45
34.	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	3,8	0,48	0,42	0,06
35.	Myndlistar- og handíðaskóli Íslands	44,97	9,54	-0,11	9,65
36.	Kvikmyndaskoðun	0,52	0,38	0	0,38
37.	Þjóðminjasafn Íslands	31,91	8,68	4,45	4,23
38.	Þjóðskjalasafn Íslands	18,07	3,72	3,63	0,09
39.	Listasafn Íslands	16,2	9,31	2,22	7,09
40.	Kvikmyndasjóður	4,38	2,94	1,45	1,49
41.	Lánasjóður íslenskra námsmanna	22,89	2,81	-2,55	5,35

* a) Veigamikil skýring á mikilli fjölgun starfsmanna við Háskóla Íslands er að talsverður hluti lausráðinna starfsmanna svo og starfsmenn ýmissa stofnana Háskólans fengu laun sín greidd beint frá Háskólanum en nú eru þessi laun greidd af launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.
b) Dæmi eru um að fjárlaganúmer hafa verið lögð niður á þessu tímabili, sbr. „fjölbrautaskólar í Reykjavík" og að tilfærslur hafa orðið á starfsmönnum á milli stofnana. Þetta kemur fram sem fjölgun starfsmanna hjá þeim stofnunum sem stofnaðar hafa verið í staðinn eða hafa tekið við stafsemi frá öðrum stofnunum en tilsvarandi fækkun starfsmanna þar er ekki sýnd.

Samgönguráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Flugmálastjórn	229,1	27,6	12,6	15	Stúdentspróf eða önnur menntun eftir því sem við á.
2. Rannsóknarnefnd flugslysa*	2	1	1	0	Sérmenntun á sviði flugslysarannsókna.
3. Póst- og fjarskiptastofnun	15	4	3	1	Háskólamenntun.
4. Ferðamálaráð	9,5	4,5	1	3,5	Sérfræðingar eru háskólamenntaðir.

* Nefndarmenn eru alls fimm, þar af tveir á launum.

Sjávarútvegsráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Hafrannsóknastofnunin			29	29	Sérfræðingar eru háskólamenntaðir.
2. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		9	0	9	Sérfræðingar eru háskólamenntaðir.

Umhverfisráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	2	1			Háskólamenntun.
2. Náttúruvernd ríkisins*	13	5	2	3	Háskólamenntun.
3. Hollustuvernd ríkisins**	45	4	2	2	Háskólamenntun.
4. Skipulag ríkisins	19	6	2	5	Háskólamenntun.
5. Landmælingar Íslands	28	3	2	1	Háskólamenntun.
6. Náttúrufræðistofnun Íslands	45	34	17	17	Háskólamenntun.
7. Veðurstofa Íslands	90	31	10	11	Háskólamenntun.

* Áður Náttúruverndarráð.
** Fjölgun frá 1995 þegar stofnunin fluttist til umhverfisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið

Stofnun	Starfsmenn alls	Raun-fjölgun	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Helstu menntunarkröfur
1. Ratsjárstofnun	65	42	36	6	Rafeindavirkjun, tækni-, verk- og viðskiptafræði.
2. Flugmálastjórn	39	11	6	5	Flugumferðarstjórn, öryggisvarsla, viðskiptafræði- og lögfræðimenntun.
3. Fríhöfn	99	49	16	33	Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um menntun.

1223. Svar [675. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um erlendar skuldir þjóðarinnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður gerð áætlunar um hvernig náð verði niður erlendum skuldum þjóðarinnar fyrir árið 2015, sbr. ályktun Alþingis frá 13. maí 1997 (431. mál 121. löggjafarþings)?

Forsætisráðuneytið vísaði fyrirspurninni til fjármálaráðuneytis og hefur ráðuneytinu borist eftirfarandi greinargerð, dags. 16. apríl 1998:

Vísað er til fyrirspurnar forsætisráðuneytisins um meðferð fjármálaráðherra á þingsályktun um að ná niður erlendum skuldum. Með bréfi frá forsætisráðuneytinu dagsettu 1. desember 1997 var fjármálaráðuneytinu, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, falið að annast framkvæmd ályktunar Alþingis um að ná niður erlendum skuldum þjóðarinnar árið 2015. Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir stöðu og framgangi málsins.

Markmiðið um að draga úr erlendum skuldum felur fyrst og fremst í sér að efla beri sparnað í þjóðfélaginu, jafnt hjá opinberum aðilum og einkaaðilum. Þetta markmið fellur mjög vel að efnahags- og ríkisfjármálastefnu ríkisstjórnarinnar þar sem megináhersla hefur verið lögð á að treysta stöðu ríkisfjármála, auka þjóðhagslegan sparnað og halda aftur af þjóðarútgjöldum í því skyni að treysta stöðugleikann í efnahagslífinu. Í þingsályktuninni er jafnframt kveðið á um að stjórnvöld skuli stefna að því að ná erlendum skuldum niður árið 2015. Í þessu felst sú hugsun að æskilegt sé að stjórnvöld setji sér ákveðin og tímasett markmið og birti áætlun um það hvernig ná megi þessum markmiðum á tímabilinu.

Viðfangsefnið er í stórum dráttum tvíþætt. Annars vegar gerir það kröfu um að ríkissjóður og aðrir opinberir aðilar setji sér markmið um að lækka skuldir. Hins vegar snýr það að því hvernig efla megi almennan sparnað í þjóðfélaginu og þannig hamla gegn auknum þjóðarútgjöldum.

Það sem snýr beinlínis að ríkissjóði er því að setja fram áætlun um hvernig unnt sé að lækka skuldir á þessum tímabili. Þessi þáttur er rökrétt framhald af þeirri vinnu við gerð áætlunar í ríkisfjármálum til nokkurra ára sem unnin hefur verið í ráðuneytinu undanfarin ár og eðlilegt að byggt sé á þeim grunni, meðal annars samstarfi við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka.

Hinn þátturinn fjallar um það hvernig efla megi innlendan sparnað. Hér koma til sögunnar bæði beinar aðgerðir stjórnvalda, til dæmis í lífeyrismálum, skattamálum, sölu ríkisfyrirtækja o.fl. Einnig og ekki síður snýr þetta að því almenna efnahagsumhverfi sem þarf að vera til staðar til þess að stuðla að auknum sparnaði, þ.e. lánsfjármálum, peningamálastjórn o.fl. Mikilvægur þáttur þessarar athugunar eru spár um helstu þjóðhagsstærðir og framreikningar um tekjur og gjöld ríkisins til næstu 15 ára. Inn í þetta fléttast þannig óhjákvæmilega ýmsir mikilvægir þættir í útgjalda- og skattastefnu stjórnvalda. Í þessu sambandi er einnig hægt að byggja nokkuð á þeirri vinnu sem lögð hefur verið í skoðun á þróun samkeppnisstöðu Íslands næstu áratugina. Auk þess mun ýmislegt efni vegna kynslóðareikninga nýtast í þessari vinnu.

Ráðuneytið hefur ákveðið að hefja athugun á grundvelli ályktunarinnar. Athugun sem þessi tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma og hefur vinna ráðuneytisins miðað að því að ljúka fyrri áfanga verksins á þessu ári. Jafnframt er undirbúningur að síðari áfanganum hafinn.

1224. Skýrsla [255. mál]

forsætisráðherra um stöðu eldri borgara hérlendis og erlendis, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Inngangur.

Skýrsla þessi er gerð að beiðni þingflokks Jafnaðarmanna og unnin af Þjóðhagsstofnun að ósk forsætisráðuneytisins. Í beiðninni komu fram 24 ítarlegar spurningar um kjör aldraðra hér á landi og í OECD ríkjunum. Sumar spurningarnar áttu ekki neina hliðstæðu við viðmiðunarríkin og í sumum tilvikum lágu ekki fyrir samhæfðar upplýsingar hjá OECD.

1. Hver er aldursdreifing landsmanna og hver er líkleg þróun hennar?

Meðalmannfjöldi á Íslandi árið 1996 var 268.927. Við athugun á aldursskipting þjóða er hefð fyrir því að skipta mannfjöldanum í þrennt. Til barna eru þá taldir allir 14 ára og yngri, á vinnualdri eru taldir þeir sem eru á 15–66 ára, og loks eru taldir aldraðir þeir sem eru 67 ára og eldri.

Tafla 1. 1 Mannfjöldi á Íslandi 1996 og framreikningur til 2030.

	1996	2005	2010	2020	2030
0–14 ára	65.523	64.309	60.933	59.601	59.638
15–66 ára	178.129	195.062	205.131	211.489	208.297
67 ára og eldri	26.451	30.052	31.529	42.528	52.793
Samtals	270.103	289.423	297.593	311.862	320.728
Hlutfallsleg skipting					
0–14 ára	24,3%	22,2%	20,5%	19,1%	18,6%
15–66 ára	65,9%	67,4%	68,9%	67,8%	64,9%
67 ára og eldri	9,8%	10,4%	10,6%	13,1%	16,5%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Hlutföll af fólki á vinnualdri					
0–14	36,7%	33,0%	29,7%	28,2%	28,6%
67 ára og eldri	14,8%	15,4%	15,4%	19,3%	25,3%
0–14 ára og 67 ára og eldri	51,6%	48,4%	45,1%	47,5%	54,0%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Forsendur framreiknings til ársins 2030 eru þær helstar að frjósemi kvenna[1] minnki og verði 1,9 börn frá og með 2004, að dánartíðni minnki um 0,5% á ári og að jöfnuður verði í flutningum milli landa. Á þessum forsendum fæst að hægja mun á fólksfjölgun. Undanfarinn áratug hefur þjóðinni fjölgað um 1% árlega, en framreikningurinn sýnir að úr fólksfjölguninni dragi og verði um 0,5% á ári er líða tekur á næstu öld.

Þegar litið er á mannfjöldaþróun frá 1950 kemur í ljós að öldruðum hefur fjölgað hlutfallslega meira en öðrum aldurshópum eða um 2,3% til jafnaðar á ári. Fjölgun í yngsta aldurshópn-

[1] Fjöldi barna sem hver kona eignast að meðaltali á ævinni.

um hefur verið 0,8% árlega og loks hefur fólki á vinnualdri fjölgað um 1,5%. Síðustu 10 árin hefur hægt á fólksfjölguninni og árleg fjölgun fólks yngra en 15 ára hefur einungis verið 0,2%. Yfir sama tímabil fjölgar öldruðum að jafnaði um 2,1% árlega og fólki á vinnualdri um 1,1%. Árið 1950 voru 9,9 á vinnualdri fyrir hvern 67 ára og eldri, en árið 1996 var þetta hlutfall komið niður í 6,6. Á móti þessu vegur fækkun í yngsta aldurshópnum og er því hlutfall fólks á vinnualdri á móti yngsta og elsta aldurshópnum hagstæðara 1996 en 1950. Árið 1950 voru 1,71 manns á vinnualdri á móti hverjum utan hans og 1996 1,95 manns.

Mynd 1.1



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar litið er á mannfjöldaþróun frá 1950 kemur í ljós að öldruðum hefur fjölgað hlutfallslega meira en öðrum aldurshópum eða um 2,3% til jafnaðar á ári. Fjölgun í yngsta aldurshópnum hefur verið 0,8% árlega og loks hefur fólki á vinnualdri fjölgað um 1,5%. Síðustu 10 árin hefur hægt á fólksfjölguninni og árleg fjölgun á aldrinum að 14 ára hefur einungis verið 0,2%. Yfir sama tímabil fjölgar öldruðum að jafnaði um 2,1% árlega og fólki á vinnualdri um 1,1%. Árið 1950 voru 9,9 á vinnualdri fyrir hvern 67 ára og eldri, en árið 1996 var þetta hlutfall komið niður í 6,6. Á móti þessu vegur fækkun í yngsta aldurshópnum og er því hlutfall fólks á vinnualdri á móti yngsta og elsta aldurshópnum hagstæðara 1996 en 1950. Árið 1950 voru 1,71 manns á vinnualdri á móti hverjum utan hans og 1996 1,95 manns.

Eins og tafla 1.1 sýnir mun hlutfall aldraðra haldast næsta stöðugt á næstu 10 árum en vaxa hratt þaðan í frá. Hlutfallsleg aukning aldraðra verður einkum á kostnað hlutfallslegrar fækkunar barna, því hlutur fólks á vinnualdri fer hækkandi fram til 2010. Árið 2030 verða 3,3 á vinnualdri á hvern lífeyrisþega, samanborið við 6,6 í dag. Á árunum upp úr síðari heimsstyrjöld, þó einkum á árunum 1956–1960, voru fæðingar mjög margar og frjósemi kvenna nam 4,2 börnum á hverja konu að meðaltali árin 1956–60. Þessir árgangar fara á ellilífeyri um og upp úr 2020 og er sú staðreynd mikilvæg skýring á niðurstöðum framreiknings fram á næstu öld.

Í töflu 1.2 er yfirlit yfir aldursskiptingu OECD þjóða á árinu 1996 og framreikningur til ársins 2030.[1] Á þeim tíma mun hlutfall aldraðra hækka úr 11,5% í 18,8% á Íslandi. Þegar litið er til annarra landa innan OECD kemur í ljós að aldurssamsetning íslenskrar þjóðar er tiltölulega hagstæð. Hlutfall aldraðra er lægra í aðeins einu landi, Írlandi og svipað og í Nýja-Sjálandi. Hlutfallslega eru aldraðir flestir í Svíþjóð í dag, en framreikningur til ársins 2030 sýnir að hlutfall aldraða verður hvað hæst í Þýskalandi, Ítalíu og Sviss.

Tafla 1.2 Aldursskipting í OECD ríkjum[2]

	Árið 1996			Árið 2030			
	Yngri en 15 ára	15–65 ára	65 ára og eldri	Yngri en 15 ára	15–65 ára	65 ára og eldri	Breyting 65 og eldri
Austurríki	17,7%	67,7%	14,6%	15,9%	58,4%	25,7%	11,1%
Ástralía	21,4%	66,8%	11,8%	18,2%	61,5%	20,3%	8,5%
Bandaríkin	24,4%	63,4%	12,2%	18,6%	59,5%	21,9%	9,7%
Belgía	17,7%	66,4%	15,9%	16,5%	59,2%	24,3%	8,4%
Bretland	19,3%	65,0%	15,8%	17,5%	59,5%	23,0%	7,2%
Danmörk	17,3%	67,4%	15,3%	17,5%	59,9%	22,6%	7,3%
Finnland	18,9%	66,9%	14,2%	17,4%	58,5%	24,1%	9,9%
Frakkland	19,2%	65,4%	15,4%	17,1%	59,6%	23,3%	7,9%
Grikkland	16,4%	67,2%	16,4%	15,3%	60,1%	24,6%	8,2%
Holland	18,3%	68,4%	13,2%	16,3%	57,7%	26,0%	12,8%
Írland	23,6%	65,2%	11,3%	18,9%	64,7%	16,4%	5,1%
Ísland	24,0%	64,6%	11,4%	19,0%	61,4%	19,6%	8,2%
Ítalía	14,8%	68,9%	16,4%	14,2%	57,9%	27,9%	11,5%
Japan	15,9%	69,4%	14,7%	15,3%	58,6%	26,1%	11,4%
Kanada	20,3%	67,6%	12,1%	17,7%	59,2%	23,1%	11,0%
Lúxemborg	17,5%	68,7%	13,8%	16,5%	57,9%	25,6%	11,8%
Noregur	19,5%	64,8%	15,7%	17,6%	59,4%	23,0%	7,3%
Nýja-Sjáland	23,2%	65,4%	11,4%	19,2%	61,9%	18,9%	7,5%
Portúgal	17,4%	67,6%	15,0%	16,5%	62,6%	20,9%	5,9%
Spánn	16,2%	68,5%	15,3%	14,4%	60,7%	24,9%	9,6%
Sviss	17,5%	68,2%	14,4%	16,0%	56,5%	27,5%	13,1%
Svíþjóð	18,9%	63,9%	17,1%	18,2%	58,7%	23,1%	6,0%
Þýskaland	16,0%	68,7%	15,3%	14,8%	57,1%	28,1%	12,8%
OECD	19,7%	66,3%	14,0%	17,3%	60,2%	22,5%	8,5%
Evrópulönd OECD	17,3%	67,2%	15,5%	17,0%	59,8%	23,2%	7,7%

Heimild: OECD.

[1] OECD miðar ævinlega við 65 ára eftirlaunaaldur í umfjöllun um aldraða.

[2] Í umfjöllun um OECD-ríki í þessari skýrslu er nýjum aðildarlöndum sleppt, en það eru Kórea, Mexíkó, Pólland, Tékkland og Ungverjaland.

Mynd 1.2



Heimild: Hagstofa Íslands.

2. Hver er dreifing hjúskaparstöðu eldri borgara og hverjar eru lífslíkur þeirra?

Í töflu 2.1 er sýnd skipting eldri borgara á Íslandi eftir hjúskaparstöðu. Fram kemur að rúmur helmingur þeirra er í hjónabandi. Ekki fengust samsvarandi upplýsingar fyrir viðmiðunarlöndin.

Tafla 2.1 Hjúskaparstaða eldri borgara á Íslandi 1996.

				Hlutfallstölur	
Aldur	Alls	Giftir	Ekkjur/ ekklar	Giftir	Ekkjur/ ekklar
65–69	9.778	6.682	1.318	68,3%	19,7%
70–74	7.938	4.781	1.778	48,9%	26,6%
75–79	5.951	2.827	1.967	28,9%	29,4%
80–84	3.917	1.349	1.785	13,8%	26,7%
85–89	2.121	505	1.168	5,2%	17,5%
90–94	905	118	598	1,2%	9,0%
95–99	218	18	161	0,2%	2,4%
100–	26	1	18	0,0%	0,3%
Samtals	30.854	16.281	8.793	52,8%	28,5%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Ólifuð meðalævi hefur lengst verulega á Íslandi þegar yfir lengri tíma er litið. Á hverjum áratug frá 1930 hefur meðalævilengd lengst um 2,4 ár til jafnaðar. Árin 1995–1996 var meðal-

ævilengd við fæðingu 76,2 ár fyrir karla og 80,6 ár fyrir konur. Karlmaður sem er 65 ára getur í dag átt í vændum 16,2 ár og áttræður maður á í vændum 7,1 ár. Samsvarandi tölur fyrir konur eru 19;1 og 8,6 ár. Meðalævilengdin hefur heldur styst síðustu árin eða um 0,3 ár fyrir karla og um 0,2 ár fyrir konur.[1]

Aðeins Japanir og Svisslendingar eiga í vændum lengri ævi en Íslendingar. Eftirfarandi tafla sýnir ólifaða meðalævi í OECD löndum, annars vegar fyrir viðmiðunarárin 1990–1995 og hins vegar samkvæmt framreikningi til áranna 2025–2030.

Tafla 2.2 Ólifuð meðalævi við fæðingu í OECD ríkjum.

	1990–1995	2025–2030	Breyting
Austurríki	76,6	81,5	4,9
Ástralía	76,7	81,0	4,3
Bandaríkin	76,6	81,8	5,2
Belgía	75,6	79,6	4,0
Bretland	76,2	81,0	4,8
Danmörk	74,7	79,1	4,4
Finnland	75,4	80,8	5,4
Frakkland	77,2	81,8	4,6
Grikkland	77,4	81,7	4,3
Holland	77,3	81,5	4,2
Írland	75,2	80,6	5,4
Ísland	78,2	81,9	3,7
Ítalía	77,4	80,6	3,2
Japan	79,1	82,8	3,7
Kanada	77,8	82,2	4,4
Lúxemborg	75,7	80,6	4,9
Noregur	77,2	81,7	4,5
Nýja-Sjáland	75,7	80,5	4,8
Portúgal	73,7	78,3	4,6
Spánn	76,8	81,2	4,4
Sviss	78,4	82,6	4,2
Svíþjóð	77,9	82,3	4,4
Þýskaland	75,8	80,6	4,8
OECD alls	76,6	81,1	4,5

Heimild: OECD.

Þessa framreikninga fólksfjöldans þarf auðvitað að taka með fyrirvara, því reynslan sýnir að mannfjöldaspár eru ónákvæm vísindi. Þeir sýna að ólifuð meðalævi mun jafnast milli landa, þannig að mest lenging meðalævi verður í þeim löndum þar sem hún er hvað styst núna. Þannig verður árin 2035–2030 ólifuð meðalævi Íslendinga 0,8 árum lengri en meðaltal OECD, samanborið við 1,6 ár núna.

Við blasir að sú mynd sem dregin er hér upp af mannfjöldaþróun á næstu áratugum í iðnríkjunum muni hafa viðamikil áhrif á efnahag þeirra. Þessi áhrif eru margs konar. Í fyrsta lagi

[1] Þessa styttingu má að nokkru leyti rekja til óvenju hárrar dánartíðni vegna náttúruhamfara á árinu 1995.

munu lífeyrisgreiðslur vaxa feikilega. Í áætlunum OECD kemur fram að lífeyrisgreiðslur hins opinbera munu vaxa að meðaltali um tæp 4 prósentustig af landsframleiðslu frá 1995 til 2030. Mestur vöxtur er fyrirsjáanlegur í Finnlandi, Ítalíu og Japan, en í þessum löndum er gert ráð fyrir 7 prósentustiga aukningu. Ísland er meðal ríkja þar sem OECD telur minnstan vöxt verða eða sem nemur 1,7 prósentustigi. Þessi áhrif eru ekki bara vegna fjölgunar lífeyrisþega heldur kemur einnig til mikil aukning lífeyrisréttinda í aðildarríkjunum. Í öðru lagi munu heilbrigðisútgjöld aukast. Nýjar rannsóknir benda til að ekki verði um að ræða þá útgjaldasprengingu sem áður var ætlað. Heilbrigðisútgjöld eru nú um 8–10% af landsframleiðslu OECD ríkjanna og gerir stofnunin nú ráð fyrir að aukning heilbrigðisútgjalda verði e.t.v. ekki nema 10–20% á næstu 15–20 árum. Í þriðja lagi eru miklar líkur á því að öldrun muni draga verulega úr sparnaði heimilanna, þótt þessi áhrif séu umdeild. OECD áætlar að þjóðhagssparnaður gæti lækkað um 9–10 prósentustig á árunum 2000–2030. Þá hefur öldrunin neikvæð áhrif á framleiðni vegna hærra hlutfalls eldri launþega og þess að fjárfesting í endurmenntun er minni í eldra starfsfólki. Samandregið hefur OECD áætlað að ef ekki kemur til aukin framleiðni í aðildarlöndunum muni öldrun í aðildarríkjunum leiða til þess að landsframleiðsla á mann verði um 10% lægri í Bandaríkjunum en nú er árið 2050, um 18% lægri í Evrópusambandinu og 23% lægri í Japan.

Árið 1995 ákvað OECD að gera úttekt á afleiðingum öldrunar í aðildarríkjunum. Stofnunin hefur gefið út nokkur rit um málið.[1] Stofnunin hefur sett fram yfirlit yfir brýnustu viðfangsefni og stefnuatriði sem stjórnvöld í aðildarríkjunum standa frammi fyrir á þessu sviði.

- *Ríkisfjármál.* Að óbreyttu munu ríkisútgjöld hækka stórlega er frammí sækir og ríkisskuldir aukast. Gera þarf kostnað vegna öldrunar sýnilegan í ríkisútgjöldum. Komi ekki til aukin framleiðni er þess að vænta að lífskjör muni versna verulega. Því þarf að draga úr útgjöldum hins opinbera og auka framleiðni.
- *Virkni markaðar.* Styrkja þarf virkni fjármagns- og vinnumarkaða þannig að þeir geti brugðist við þeim breytingum á framboði og eftirspurn sem líklegt er að leiði af breytingum á aldurssamsetningu þjóðanna. Eftir því sem fólk lifir lengur verður þeim nauðsyn að flytjast greiðlega milli starfa og nema skýr skilaboð markaðar um fjárfestingar í menntun og þjálfun.
- *Virk elli.* Markmiðið er að aldraðir verði virkir í samfélaginu og geti séð um sig sem best sjálfir. Rannsóknir leiða í ljós að þessu verður best áorkað með því að undirbúa fólk mjög fljótt, jafnvel í grunnskólum þar sem börnum verði taminn sem mest virkni.
- *Jafnvægi milli ábyrgðar einstaklinga og samfélags.* Samdrætti í ríkisútgjöldum má mæta með því að auka ábyrgð einstaklinganna á eigin lífi. Mikilvægt er að fólki sé öruggt um að aðgang sinn að heilbrigðiskerfinu, símenntun o.fl. og læri að búa í haginn til ellinnar án þess að treysta á forsjá hins opinbera.

Á því ber að stjórnvöld og almenningur telji þann kostnað sem nú er talinn verða samfara breyttri aldurssamsetningu óumflýjanlegan. Þetta viðhorf stendur í vegi fyrir mörgum umbótum. Umbætur þarf að gera á mörgum sviðum og með góðu samræmi milli sviða. Öldrun þjóðanna hefur hins vegar áhrif á málaflokka mismunandi ráðuneyta og því nauðsynlegt að efla yfirsýn yfir hann.

---

[1] Meðal rita er OECD hefur gefið út má nefna, *Aging Populations: The Social Policy Implications*, 1988. *The Transition from Work to Retirement*, Social Policy Study No. 16. 1995, *Caring for Frail Elderly People – Policies in Evolution*, Social Policy Study No. 19, 1996 og *Ageing in OECD countries – A critical Policy Challenge*, París, 1996. Til viðbótar má svo nefna ýmsa vinnupappíra (working documents).

Ýmis kostnaðarauki sem af breyttri aldurssamsetningu munu hljótast má rekja til ósveigjanleika á vinnumarkaði og viðbrögðum við vaxandi atvinnuleysi. Þrátt fyrir að heilsufar eldra fólks sé betra í dag en áður fyrr hefur virkur eftirlaunaaldur lækkað umtalsvert eins og sýnt er hér í þessari skýrslu. Með breytingum á þessu mætti ná fram miklum sparnaði og eins standa öll rök til þess að eftirlaunaaldur mætti vera sveigjanlegri upp á við en verið hefur og ætti hann að ráðast af vilja einstaklinganna fremur en af stjórnvaldsákvörðunum. Lækkun virks eftirlaunaaldurs hefur enn fremur dregið úr vilja vinnuveitenda til símenntunar starfsfólk, þegar það hefur náð ákveðnum aldri. Það dregur úr framleiðni þeirra og minnkar möguleika þeirra á vinnumarkaði.

3. Hver er eftirlaunaaldur hérlendis og erlendis flokkað eftir atvinnugreinum og hver er atvinnuþátttaka fólks 50-67 ára annars vegar og 67 ára og eldri hins vegar?

Á Íslandi er tveggja stoða tryggingakerfi, þ.e. almannatryggingar og lífeyrissjóðir. Eftirlaunaaldur er ekki sá sami í þessum kerfum. Samkvæmt almannatryggingalögum er ellilífeyrir greiddur þeim sem eru 67 ára og eldri. Til þess að öðlast full lífeyrisréttindi verða menn að hafa átt lögheimili á Íslandi í a.m.k. 40 almanaksár á aldrinum 16–67 ára. Sjómenn eiga rétt á að hefja töku lífeyris 60 ára ef þeir hafa stundað sjómennsku 25 ár eða lengur. Engin skilyrði eru sett um að lífeyrisþegi hætti launuðu starfi, þó skerðist grunnlífeyrir vegna atvinnutekna umfram ákveðin mörk.

Almennu reglur lífeyrissjóðanna eru að taka ellilífeyris getur hafist er maður hefur náð 65 ára aldri.

Tafla 3.1 sýnir opinberan eftirlaunaaldur í OECD ríkjunum og er þar miðað við aldur karls til töku ellilífeyris frá ríkinu. Eins og taflan sýnir er miðað við 65 ára aldur í 15 af 29 ríkjum. Ísland ásamt Noregi og Danmörku er með hæstan lífeyrisaldur.

Viðmiðunarárið í töflunni er 1995, en í nokkrum landanna hafa verið gerðar breytingar í lífeyrismálum síðan 1995 sem í mörgum tilvikum hafa leitt til hækkunar á lífeyrisaldri. Þar má sérstaklega nefna Bandaríkin, en árið 1983 var ákveðið að hækka ellilífeyrisaldur í áföngum þannig að árið 2022 yrði hann 67 ár. Með breytingar á lögum í Japan sem tóku gildi árið 1994 mun eftirlaunaaldur hækka smám saman úr 60 í 65 ár árið 2025. Ítalir hafa einnig gert breytingar sem miða að því að hækka eftirlaunaaldur upp í 65 ára fyrir karlmenn og 60 ár fyrir konur árið 2002. Breytingar í lífeyrismálum í Austur-Evrópu hafa einnig leitt til hækkunar eftirlaunaaldurs sem raunar var mjög lágur fyrir. Í 12 landanna var eftirlaunaaldur lægri fyrir konur en karla. Í mörgum þeirra er eftirlaunaaldur kvenna 60 ár. Þróunin er þó í þá átt að hafa sama eftirlaunaaldur fyrir konur og karla.

Tafla 3.1 Eftirlaunaaldur karlmanna í OECD-ríkjum árið 1995.

67	Danmörk	**Ísland**	Noregur
66	Írland		
65	Austurríki	Ástralía	Bandaríkin
	Bretland	Finnland	Holland
	Kanada	Lúxemborg	Portúgal
	Spánn	Sviss	Svíþjóð
	Þýskaland		
62	Grikkland	Ítalía	Nýja-Sjáland
60	Belgía	Frakkland	Japan

Heimild: OECD.

Ellilífeyrisaldur er lægri en að ofan greinir fyrir ýmsa hópa í sumum löndum. Í 14 af 29 aðildarlöndum gilda sérstakar lífeyrisreglur um opinbera starfsmenn. Í mörgum þeirra er eftirlaunaaldur lægri fyrir opinbera starfsmenn (t.d. Finnland, Portúgal og Grikkland). Hér á landi eiga opinberir starfsmann möguleika á að hefja töku ellilífeyris við 60 ára aldur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá má nefna að eftirlaunaaldur er lægri fyrir þá sem stundað hafa ýmsa erfiðisvinnu. Á Íslandi er t.d. lífeyrisaldur 60 ára fyrir sjómenn, eftirvinnualdur námumanna er víða lægri en gildir um aðra.

Í sumum löndum er forsenda þess að maður geti hafið töku lífeyris að hann láti af störfum, þetta á við um Finnland, Portúgal og Spán. Í öðrum er gert ráð fyrir að maður láti af því starfi sem hann hefur gegnt.

Hinn opinberi eftirlaunaaldur segir þó ekki alla söguna. Viðvarandi atvinnuleysi í mörgum löndum hefur komið afar illa niður á eldri launþegum. Við því hefur verið brugðist með ýmsum hætti og mönnum gefinn kostur á að láta af störfum fyrr. Víða um lönd er eldra launafólki sem missir vinnu ekki skylt að sýna fram á virka atvinnuleit og og er því langtímaatvinnuleysi mjög hátt í þessum aldurshópi. Örorkubætur hafa einnig verið nýttar til að greiða fyrir flýttum starfslokum í þeim löndum þar sem taka má mið af vinnumarkaðsstöðu við úrskurð örorku. Þá má enn fremur nefna að í mörgum löndum er réttindamyndun gagnvart lífeyri þannig háttað að enginn eða lítill réttindaávinningur er af sjóðsaðild eftir 55 ára aldur.

Tafla 3.2 Atvinnuþátttaka eldra fólks á Íslandi og í OECD ríkjum.

	Karlar		Konur	
	55–64 ára	65 ára og eldri	55–64 ára	65 ára og eldri
Austurríki	42,6	6,1	18,8	2,6
Ástralía	60,9	9,2	28,6	2,5
Bandaríkin	66,0	16,8	49,2	8,8
Belgía	35,9	2,3	13,3	1,0
Bretland	62,4	8,2	40,8	3,2
Danmörk	67,9	4,7	40,1	0,9
Finnland	46,0	5,1	42,9	2,0
Frakkland	41,5	2,5	30,9	1,2
Grikkland	61,1	11,7	24,5	3,7
Holland	42,3	5,4	18,6	0,9
Írland	63,9	15,1	21,3	3,0

	Karlar		Konur	
	55–64 ára	65 ára og eldri	55–64 ára	65 ára og eldri
Ísland	**92,7**	**43,6**	**56,4**	**31,8**
Ítalía	55,8	5,8	21,1	1,6
Japan	84,8	37,3	48,5	15,6
Kanada	58,9	10,1	36,3	3,3
Lúxemborg	35,1	2,6	13,3	1,1
Noregur	72,3	14,9	57,4	9,0
Nýja-Sjáland	65,4	9,8	38,9	2,8
Portúgal	62,0	21,2	34,2	9,4
Spánn	54,9	2,9	19,9	1,4
Sviss	82,3	15,8	59,0	9,0
Svíþjóð	70,4	13,9	63,4	5,1
Þýskaland	53,3	4,2	28,4	1,5

Heimild: OECD.

Eins og taflan ber með sér er atvinnuþátttaka eldra fólks hér á landi miklu meiri en í öðrum OECD-löndum.[1] Atvinnuþátttaka Íslendinga 65 ára og eldri er þannig meiri en þátttaka 55–64 ára í mörgum landanna.

Meðal annars vegna flýttra starfsloka er fjöldi öryrkja víða um lönd mun meiri en á Íslandi. Einnig eru ellilífeyrisþegar hlutfallslega mun færri hér vegna þess að eftirlaunaaldur er hærri. Athuganir Þjóðhagsstofnunar á skattframtölum sýna að langalgengast er að fólk láti af störfum við 70 ára aldur. Þessar staðreyndir eru mikilvægar til skýringa á því að opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru lægri hér á landi en annars staðar. En einnig skiptir miklu að aldraðir eru hlutfallslega færri hér en víðast í OECD-ríkjunum. Samanburður við önnur Norðurlönd sýnir þetta vel.

Tafla 3.3 Hlutfall elli- og örorkulífeyrisþega í hverjum aldurshópi á Norðurlöndum í desember 1995.

Aldur	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
16–39	1,9	1,9	3,9	4,7	1,7
40–49	6,9	6	6,3	8,5	6,4
50–54	16,5	13	10,5	14,4	11
55–59	26,4	32,3	15,6	24,6	19,7
60–64	59,6	80,6	27,7	39,1	38,7
65–66	75,2	101,5	38,4	51,2	101,7
67+	100,6	102	98,7	100	101,9
Samtals	26,7	28,2	19,7	27,1	28,4

Heimild: Social Protection in the Nordic Countries 1995.

[1] Þennan mun má að hluta rekja til þess að eftirlaunaaldur er hærri hér á landi, því taflan miðast við 65 ára aldur.

4. Hver eru heildarútgjöld opinberra aðila og annarra til aldraðra sem hlutfall af landsframleiðslu, hver er hlutur hins opinbera og hvernig hefur þróunin verið síðustu árin?

Ekki er til heildaryfirlit yfir þessi útgjöld til aldraðra hvorki hér á landi né í OECD-ríkjunum. Einatt er miðað við útgjöld til aldraðra og öryrkja í opinberri tölfræði. Lífeyrisútgjöld ásamt útgjöldum til öldrunarheimila og öldrunar- og endurhæfingastofnana námu á árinu 1995 um 4% af landsframleiðslu. Inn í þessa tölu vantar ýmsan kostnað sjúkrastofnana, félagsleg útgjöld sveitarfélaga o.fl. sem ekki er auðvelt að meta. Full ástæða er til að gera áætlanir yfir útgjöld til þessa málaflokks í heild.

5. Hver er skattbyrði aldraðra á mann og hver hefur þróunin verið undanfarin 10 ár?

Tekjur og eignir eldra fólks er skattlagðar að flestu leyti eins og tekjur yngra fólks. Á því eru þó nokkrar undantekningar.

- Allir sem eru 70 ára og eldri eru undanþegnir greiðslu til Framkvæmdasjóðs aldraðra.
- Allir þeir sem eru 67 ára og eldri eru undanþegnir hinum sérstaka eignarskatti, en hann nam við álagningu 1997 0,25% af eignarskattstofni umfram 5,2 milljónum króna.
- Ellilífeyrisþegar fá víðast hvar afslátt eða niðurfellingu á fasteignagjöldum, sjá nánar svar við 18. spurningu.
- 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt heimilar lækkun tekjuskattsstofns vegna andláts maka eða vegna ellihrörleika. Sama grein heimilar að dvalarheimilisuppbót megi draga frá tekjuskattstofni. Samsvarandi heimild til lækkunar eignarskattsstofns er í 80. gr. fyrrnefndra laga.

Hér á eftir verður fjallað um skattbyrði ellilífeyrisþega árin 1991 og 1996. Ekki eru fyrirliggjandi eldri upplýsingar um skattbyrði en frá 1991. Skattbyrði er skilgreind sem hlutfall nettóskatta[1], af heildartekjum.

Fasteignagjöld eru lögð á í sérhverju sveitarfélagi og hvergi eru til samdregnar upplýsingar um hvernig þau dreifast á mismunandi aldurshópa. Þar sem fasteignagjöld eru breytileg eftir sveitarfélögum og einnig gilda mismunandi reglur um afslátt til ellilífeyrisþega er ógerlegt að áætla þau fyrir einstaka hópa og því er þeim sleppt hér.

Skattbyrði ellilífeyrisþega var 9,1% árið 1991 en hafði hækkað upp í 12,6% árið 1996. Ef horft er fram hjá fjármagnstekjum verður skattbyrðin rúmlega einu prósentustigi hærri, eða 10,3% 1991 og 13,8% 1996. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að á þessu tímabili voru gerðar gagngerðar umbætur í skattamálum. Þegar aukning skattbyrði á þessu tímabili er metin er nauðsynlegt að hafa þrennt í huga. Í fyrsta lagi breytingar sem gerðar voru á álagningu óbeinna skatta samhliða breytingum á tekjusköttum. Árið 1993 var aðstöðugjald fellt niður og skatthlutfall hækkað um 1,5 prósentustig, en ríkissjóður greiddi tekjutap sveitarfélaga með þeim hætti. Tilgangur þessara breytinga var að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins, auka atvinnu og lækka verðlag. Árið 1994 var síðan útsvarshlutfall í staðgreiðslu hækkað um 1,6 prósentustig og tekjuskattshlutfall lækkað á móti um 1,15 prósentustig. Ástæða þess að tekjuskattshlutfallið lækkaði ekki meira var sú að virðisaukaskattur af matvælum var lækkaður úr 24,5% í 14% frá og með 1. janúar 1994. Á móti var tekjuskattshlutfallið hækkað um 0,35%. Loks er þess að geta að skatthlutfall mun lækka í áföngum um 4% til ársins 2000 eða úr 41,98% í 37,98%.

---

[1] Skattar nettó eru skilgreindir sem : tekjuskattur til ríkisins + útsvar + eignarskattar + gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra - vaxta-/húsnæðisbætur - barnabætur.

Skattbyrði ellilífeyrisþega er mjög breytileg eftir aldri og búsetu. Árið 1996 var skattbyrði ellilífeyrisþega í Reykjavík og á Reykjanesi rúmlega 15% en á bilinu 7,6% til 12,1% á landsbyggðinni, lægst á Norðurlandi vestra. Tvær skýringar eru helstar á þessum mun. Tekjur ellilífeyrisþega eru mun hærri á suðvesturhorni landsins og einnig er fasteignaverð hærra á þessu svæði og því er eignarskattur einnig hærri. Skattbyrði ellilífeyrisþega fer stiglækkandi eftir aldri. Árið 1996 var skattbyrði þeirra sem voru á aldrinum 67–69 ára 17,4% en hún var um 10 prósentustigum lægri hjá þeim sem voru eldri en 90 ára. Þessi lækkun tengist að hluta þeirri lækkun sem verður á tekjum eftir aldri, en einnig fækkar þeim sem eiga fasteignir með aldrinum, sjá nánar í svari við 11 spurningu.

Þegar skoðuð er skattbyrði ellilífeyrisþega eftir dreifingu tekna þeirra sést vel hversu stigvaxandi skattkerfið á Íslandi er. Skattbyrði þess tíundarhluta ellilífeyrisþega sem hafði lægstu tekjurnar 1996 var 1,7% en 27,5% hjá þeim tíundarhluta sem hafði hæstu tekjurnar.

Nánara yfirlit um skattbyrði ellilífeyrisþega er að finna í töflum í viðauka C.

Ekki eru til fullkomlega sambærilegar upplýsingar um skattbyrði allra framteljenda eða þeirra sem eru á aldrinum 25–66 ára. Þær vísbendingar sem til eru benda þó til þess að þróunin hjá ellilífeyrisþegum hafi verið svipuð og hjá öðrum skattgreiðendum. Skattbyrði ellilífeyrisþega er þó töluvert léttari borin saman við alla framteljendur en við álagningu 1996 var meðal skattbyrðin, án fjármagnstekna, um 20%.

6. Hvernig er háttað greiðslum opinberra aðila til aldraðra vegna lífeyristrygginga m.a. ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og tekjutrygging svo og slysatrygging og sjúkratrygginga og hvert er framlag ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu til framangreindra þátta?

Fyrirkomulag lífeyrismála OECD-ríkjanna er mjög mismunandi og erfitt að gera grein fyrir því hvernig lífeyriskerfum er háttað í stuttu máli. Í viðauka A er nánari grein gerð fyrir helstu þáttum í lífeyriskerfum landanna.

Í grófum dráttum má flokka opinber lífeyriskerfi OECD-ríkja í tvennt; annars vegar kerfi sem greiðir flatan grunnlífeyri óháðan tekjum manna[1] og hins vegar tekjugrundvölluð kerfi.[2] Í flestum aðildarríkjanna starfrækir hið opinbera bæði þessi kerfi. Lífeyrissjóðir starfræktir af einkaaðilum eða samtökum þeirra hafa mjög rutt sér til rúms í mörgum löndum á undanförnum árum og í öðrum löndum er löng hefð fyrir atvinnutengdum sjóðum. Þannig hefur fyrirkomulag lífeyrismála í OECD-ríkjunum orðið sífellt flóknara. Áður voru nokkuð skörp skil á milli landa og auðvelt að flokka lönd í tvo flokka, þau sem voru með tekjugrundvölluð kerfi (einkum Þýskaland og Mið-Evrópulönd) og hins vegar almannatryggingalönd (einkum Norðurlöndin). Þessi skil eru ekki eins skörp í dag og langflest OECD-ríkin byggja á margra stoða lífeyriskerfi.

Grunnlífeyrir er einatt fjármagnaður af almennum sköttum eða af sérstakri skattlagningu. Réttindi til lífeyrisgreiðslna byggjast ekki á iðgjaldagreiðslum heldur annað hvort á fjölda ára sem viðkomandi hefur greitt til sjóðsins eða á búsetu í viðkomandi landi. Grunnlífeyrir er í mörgum tilvikum tekjutengdur. Ofan á grunnlífeyrinn hefur síðan verið bætt ýmsum tekjutengdum greiðslum.

Af 29 aðildarríkjum OECD er greiddur grunnlífeyrir í 25 þeirra. Undantekningarnar eru Grikkland, Kórea, Pólland og Þýskaland.

---

[1] Á ensku *flat-rate schemes.*

[2] Á ensku *public earnings-related schemes.*

Réttindamyndun í tekjugrundvölluðum kerfum byggist á iðgjaldagreiðslum, viðlíka og hér tíðkast um lífeyrissjóðina. Þessi kerfi eru með einni undantekningu, Danmörk, á gegnumstreymisgrunni. Iðgjöldunum er þannig ætlað að standa undir samtíma lífeyrisgreiðslum og þannig er sjaldnast um verulega sjóðsmyndun að ræða. Aðeins í fjórum aðildarríkjanna, Ástralíu, Hollandi, Írlandi og Nýja-Sjálandi, er ekki um tekjugrundvallað lífeyriskerfi að ræða.[1]

Til viðbótar við þessar meginstoðir lífeyrismála í aðildarríkjunum kemur svo ýmis frjáls sparnaður til elliára, sem oft nýtur einhverra eða umtalsverðra skattfríðinda.

Þá ber að síðustu að nefna ýmsa fjárhagsaðstoð sem öldruðum og öðrum stendur til boða. Samspil þessa fyrirkomulags við lífeyriskerfi er með ýmsum og einatt flóknum hætti.

Alþjóðastofnanir sem láta sig lífeyrismál varða eru mjög á einu máli um nauðsyn þess að lífeyriskerfi hvíli á fleiri stoðum, þ.e. grunnlífeyri, viðbótarlífeyri og ýmsum frjálsum formum lífeyrissparnaðar.[2] Rökin fyrir þessu eru þau að slíkt fyrirkomulag dragi úr áhættu sem steðjað getur að hverri stoð um sig.

Í töflum í viðauka B eru sýnd opinber útgjöld OECD-ríkjanna til greiðslu ellilífeyris og fleiri félagslegra þátta árin 1984 til 1993. En 1993 er síðasta árið sem þessi yfirlit ná til. Tekið skal fram að tölur um Ísland taka ekki til lífeyrissjóðanna og er það í hátt við það sem gert er í öðrum löndum í þessari töflu. Til viðmiðunar er þó lífeyrissjóðunum bætt við í töflunni.

7. Hversu hátt hlutfall af framfærslukostnaði er grunnlífeyrir og tekjutrygging og hvernig er háttað tekjutengingu greiðslna úr almannatryggingakerfinu?

Ekki er til neinn óyggjandi mælikvarði á framfærslukostnað, hvorki hér á landi né í aðildarríkjum OECD. OECD hefur í sínum athugunum á lífeyrismálum miðað við hlutfall af meðallaunum verkafólks.[3]

Eins og fram hefur komið eru lífeyriskerfi OECD-ríkjanna afar mismunandi. Í mörgum tilvikum er um að ræða lífeyriskerfi rekið af ríkinu en til viðbótar koma lífeyrissjóðir með afar mismunandi sniði. Aðeins í nokkrum ríkjanna eru menn skyldaðir með lögum að greiða í lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðir í aðildarríkjunum eru mjög mismunandi frá einum sjóði til annars og ekki liggja fyrir neinar heildartölur um þá. OECD hefur athugað hlutfall lífeyris af meðallaunum verkafólks í iðnaði og tekur sú athugun til lífeyris frá ríki og til lífeyrissjóða í þeim löndum þar sem aðild er lögþvinguð.

Tafla 7.1 Hlutfall lífeyris af meðallaunum í OECD-ríkjunum.
Miðað er við lífeyriskerfi ríkjanna árið 1995.

	Hlutfall, %		Hlutfall, %
Austurríki	79,5	Ástralía	40,9
Bandaríkin	56,0	Belgía	67,5
Bretland	49,8	Danmörk	56,2
Finnland	60,0	Frakkland	64,8
Grikkland	120,0	Holland	41,2

[1] OECD telur íslensku lífeyrissjóðina til þessa fyrirkomulags. Það er álitaefni.

[2] OECD hefur eins og áður segir látið þennan málaflokk mjög til sín taka, en Alþjóðabankinn hefur einnig sinnt þessu, sjá m.a. *Averting the Old Age Crisis: Policies to Protect the Old and Promote Growth, A World Bank Policy Research Report*, Oxford University Press, 1994.

[3] Sjá *Tax/benefit Position of Employees 1995–1996*, París 1998.

Írland	39,7	**Ísland**	**93,0**
Ítalía	80,0	Japan	52,1
Kanada	51,6	Lúxemborg	93,2
Noregur	60,0	Nýja-Sjáland	61,3
Portúgal	82,6	Spánn	100,0
Sviss	49,3	Svíþjóð	74,4
Þýskaland	55,0	OECD alls	59,0

Heimild: OECD.

OECD hefur áætlað hlutfall lífeyris og meðallauna verkafólks. Áætlunin tekur til almennra lögbundinna réttinda, en viðbótarréttindum sem ekki eru lögbundin er sleppt. Þannig eru réttindi í lífeyrissjóðum á Íslandi talin með og hið sama á við um Frakkland o.s.frv. Hér er um að ræða mat á því hvaða lífeyri maður sem á full réttindi í lífeyriskerfum aðildarlandanna á í vændum er hann fer á lífeyri eftir að hafa unnið allt sitt líf á meðallaunum.

Eins og taflan sýnir er þetta hlutfall mjög hátt fyrir Ísland og kemur það til af háum greiðslum úr lífeyrissjóðum en einnig skiptir máli að lífeyrisaldur er hærri hér á landi.

Tekjutenging hefur aukist í lífeyriskerfum OECD-ríkjanna. Tengingin á fyrst og fremst við um grunnlífeyri og þó enn frekar um ýmsar uppbætur er lífeyrisþegum stendur til boða. Eftirfarandi tafla gefur grófa mynd af tekjutengingu, sem tekur eingöngu til ellilífeyris, ekki uppbóta, í OECD-ríkjum, en einnig er vísað til Viðauka A. Í ljósi þess hversu flókin lífeyriskerfi landanna eru, er útilokað að gera málinu frekari skil.

Tafla 7.2 Yfirlit yfir tekjutengingu lífeyris í OECD-ríkjum árið 1995.

	Frítekjumörk % af meðaltekjum	Skerðingar-hlutföll,%	Athugasemd
Austurríki	13,3	100	
Ástralía	0,0	100	
Bandaríkin	38,4	33	Á við lífeyrisþega yngri en 70.
Belgía	29,0		Flóknar reglur gilda á ákveðnu tekjubili.
	33,0	Fellur niður.	
Danmörk	39,2	60	Á við lífeyrisþega yngri en 70.
Grikkland	116,1	Fellur niður.	
Ítalía	33,7	100	Á við lífeyrisþega 60–64 ára.
Japan	17,0	20	
	90,0	Fellur niður.	
Kanada	160,0	15	
Noregur	18,0	50	Á við lífeyrisþega yngri en 70.
Portúgal			Skilyrði að hætta vinnu.
Spánn			Skilyrði að hætta vinnu.

Heimild: OECD.

8. Hversu margir ellilífeyrisþegar eiga einungis rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun eða sambærilegum opinberum aðilum?

Á skattframtölum eru greiðslur frá félagsmálastofnunum sveitarfélaga taldar fram með öðrum ótilgreindum greiðslum, þannig að svarið við þessari spurningu takmarkast að mestu leyti við þá ellilífeyrisþega sem hafa engar aðrar tekjur en greiðslur frá Tryggingastofnun.

Flestir ellilífeyrisþegar fá greiðslur frá Tryggingastofnun beint inn á bankareikning og ættu því að vera með einhverjar fjármagnstekjur til viðbótar við greiðslur Tryggingastofnunar. Til þess að komast hjá því að þeir ellilífeyrisþegar sem hefðu smávægilegar fjármagnstekjur falli brott er notast við þá reglu að ef fjármagnstekjur eru undir 2% af samtölu greiðslna frá Tryggingastofnun og fjármagnstekna þá er litið svo á að þeir hafi engar aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar. Nánari lýsingu á úrvinnslu upplýsinga um tekjur ellilífeyrisþega úr skattframtölum er að finna í svari við 11. spurningu.

Hlutfall þeirra ellilífeyrisþega sem hafa engar aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar hefur lækkað verulega frá árinu 1991, þegar það var 3,9%. Árið 1996 var það komið niður í 2,7%. Þessi fækkun stafar fyrst og fremst af fjölgun þeirra sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum, sjá nánar svar við 11. spurningu.

Yfir 90% þessara framteljenda eru einhleypir og árið 1991 voru 77% þeirra einhleypar konur en hlutfall þeirra var komið niður í 70% árið 1996.

Meðaltekjur þeirra sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur Tryggingastofnunar eru verulega lægri en meðaltekjur ellilífeyrisþega almennt. Árið 1991 námu tekjur þeirra 68,4% af tekjum heildarinnar og árið 1996 hafði þetta hlutfall lækkað örlítið og var 67,2%. Meðaltekjur þessa hóps hafa hækkað um 2 prósentustigum minna en meðaltekjur allra ellilífeyrisþega. Þetta skýrist fyrst og fremst af mikilli hækkun sem orðið hefur á greiðslum úr lífeyrissjóðum.

Ef einungis er litið á greiðslur frá Tryggingastofnun þá voru þær árið 1991 um 52% hærri hjá þessum hópi en hjá ellilífeyrisþegum í heild og 1996 voru greiðslurnar um 57% hærri. Þessi hækkun stafar annars vegar af aukinni tekjutengingu bóta Tryggingastofnunar og hins vegar af hækkun á greiðslum úr lífeyrissjóðum sem veldur lækkun bóta hjá þeim sem hafa aðrar tekjur en greiðslur frá Tryggingastofnun.

Tafla 8.1 Ellilífeyrisþegar sem hafa engar aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar.
Fjárhæðir í þúsundum króna á ári.

	1991	1996
Allir ellilífeyrisþegar		
Fjöldi	18.205	20.496
Meðaltekjur	837,9	972,2
Meðal greiðslur frá Tryggingastofnun	377,5	415,4
Ellilífeyrisþegar sem hafa engar aðrar tekjur en gr. frá Tryggingastofnun		
Fjöldi	713	557
Meðal heildartekjur	573,0	653,8
Meðal greiðslur frá Tryggingastofnun	573,0	653,8
Hlutfall		
Fjöldi	3,9%	2,7%
Meðal heildartekjur	68,4%	67,2%
Meðal greiðslur frá Tryggingastofnun	151,8%	157,4%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Meðalaldur ellilífeyrisþega sem hafa engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga er um tveimur árum hærri en meðalaldur ellilífeyrisþega almennt. Hlutfall þeirra í einstökum aldurshópum er hins vegar mjög breytilegt, sbr. töflu 8.2. Hækkun þessa hlutfalls eftir eftir aldri má rekja til aukinna lífeyrisréttinda.

Tafla 8.2 Hlutfall ellilífeyrisþega sem fá einungis greiðslur frá Tryggingastofnun, eftir aldri.

	Aldur						
Ár	67–69	70–74	75–79	80–84	85–89	90<	Samtals
1991	2,1%	3,1%	3,1%	5,6%	7,3%	15,1%	3,9%
1996	1,9%	1,8%	2,8%	3,2%	5,6%	7,4%	2,7%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Samkvæmt upplýsingum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur hefur fjöldi ellilífeyrisþega sem fengið hafa fjárhagsaðstoð staðið í stað undanfarin 10 ár eða lækkað lítillega. Vegna fjölgunar lífeyrisþega í borginni hefur hlutfallið lækkað frá 2,2% 1986–87 í um 1,7% síðustu árin. Ýmsar skýringar eru á þessu. Í fyrsta lagi voru húsaleigubætur teknar upp árið 1992 í Reykjavík. Það hafði í för með sér að úr fjárhagsaðstoð dró. Þá var reglum um fjárhagsaðstoð breytt árið 1995. Tekjuviðmiðunin er það lág að einungis fáir lífeyrisþegar uppfylla þau skilyrði. Einnig þarf að hafa í huga að tekjuviðmiðunin hefur ekki breyst frá 1995, meðan tekjur lífeyrisþega hafa hækkað verulega. Ekki fengust upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum og ekki liggja fyrir samsvarandi upplýsingar fyrir OECD-löndin.

9. Hversu stór þáttur eru greiðslur úr lífeyrissjóðakerfi eða öðrum sparnaðarformum til eldri borgara í samanburði við greiðslur úr almannatryggingakerfi og hvernig er háttað skattskyldu lífeyrisgreiðslna? Hver hefur þróunin verið síðustu tíu ár í þessu tilliti?

Lífeyrisútgjöld hafa vaxið verulega síðustu áratugina hér á landi. Frá 1981 til 1996 fjölgaði landsmönnum eldri en 67 ára um ríflega þriðjung. Lífeyrisútgjöld jukust á sama tíma um 60% á föstu verðlagi og um rúm 19% þegar tillit hefur verið tekið til fjölgunar lífeyrisþega.

Tafla 9.1 Ellilífeyrir frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum 1981–1996.
Útgjöld, millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	1981	1986	1990	1994	1995	Brb. 1996
Almannatryggingar	539	3.308	8.033	10.282	10.670	10.917
Lífeyrissjóðir	195	1.400	3.658	5.554	6.085	6.773
Lífeyrir alls	734	4.708	11.691	15.836	16.755	17.690
Hlutföll af VLF, %	2,90	2,92	3,21	3,64	3,71	3,65
Lífeyrir á föstu verðlagi						
Vísitala, 1981=100	100,0	110,7	131,2	149,3	155,2	160,1
Lífeyrir á mann, 1981=100	100,0	101,5	110,8	116,3	118,5	119,2

Heimild: Hagstofa Íslands.

Aukning lífeyrisútgjalda á mann stafar fyrst og fremst af auknum rétti í lífeyrissjóðum. Eins og mynd 9.1 sýnir voru ellilífeyrisgreiðslur almannatrygginga á hvern 67 ára og eldri jafnháar 1981 og 1996 reiknað á föstu verðlagi. Hins vegar jukust greiðslur lífeyrissjóðanna á hvern lífeyrisþega feiknmikið eða um 72% á föstu verðlagi. Þessarar þróunar gætir einkum upp úr 1991. Árið 1981 stóð almannatryggingakerfið undir 73% af ellilífeyrisgreiðslum í heild en 1996 var hlutfallið 61,7%.

Mynd 9.1



Heimild: Hagstofa Íslands.

Ekki fengust samsvarandi upplýsingar fyrir önnur OECD-ríki.

Hin almenna stefna í skattamálum aðildarríkjanna hefur verið sú að draga úr mismunun, þannig að allar tekjur séu skattlagðar með sama hætti. Í meginatriðum er skattlagningu ellilífeyris sú í aðildarríkjum OECD að iðgjöld launafólks kemur til frádráttar tekjum til skatts. Hins vegar er lífeyririnn skattlagður sem hverjar aðrar tekjur. Á þessu eru nokkrar undantekningar. Í Bretlandi og Írlandi er persónuafsláttur til 65 ára og eldri hærri en til annarra. Þá má einnig nefna að í Noregi eru sérstakar reglur um skattlagningu lífeyrisþega sem eru með tekjur undir ákveðnum mörkum. Ýmsar skattaívilnanir eru til boða fyrir einkalífeyrissparnað í mörgum landanna.

10. Hvernig er félagslegri aðstoð til eldri borgara háttað og hversu háu hlutfalli af landsframleiðslu er varið til þessa?

Samkvæmt lögum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga frá 1990 er félagsleg þjónusta almennt á verkefnasviði sveitarfélaga. Að því er varðar þjónustu við aldraða sérstaklega er nánar kveðið á um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989. Þar er kveðið á um að hinn félagslegi þáttur heimaþjónustu við aldraða skuli vera í höndum félagsmálastofnana viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við. Dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða, þ.e. dagvist, þjónustuhúsnæði og hjúkrunarrými, er greiddur af Tryggingastofnun ríkisins eða af fjárlögum ríkisins þegar um hjúkrunarheimili er að ræða. Þeir sem þjónustunnar njóta, þ.e. dvalargestir og íbúar á öldrunarstofnunum taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar samkvæmt nánari reglum sem um það gilda og er að finna í svari við spurningu nr. 16 í þessari skýrslu.

Félagsleg aðstoð við aldraða er í meginatriðum þrenns konar, þ.e. félagsleg þjónusta, fjárhagsaðstoð og niðurgreiðslur á almennri þjónustu til aldraðra sérstaklega.

1. Til félagslegrar þjónustu telst m.a. félags- og tómstundastarf[1], félagsleg heimaþjónusta, þ.e. heimilishjálp og heimsendur matur, akstursþjónusta, dagvistun/dagdvöl, leiguíbúðir, verndaðar leiguíbúðir, þjónustuíbúðir o.fl. Ef undan er skilið félags- og tómstundastarf er réttur aldraðra til þessarar þjónustu háður þeim skilyrðum að fyrir liggi einstaklingsbundið mat á þörf. Við mat á slíkri þörf er m.a. tekið mið af félags- og heilsufarsaðstæðum í hverju tilviki. Það er mismunandi eftir sveitarfélögum með hvaða hætti mat á aðstæðum og þjónustuþörf er framkvæmt. Gjald fyrir þjónustuna er einnig mismunandi eftir sveitarfélögum. Bæjar- og sveitarstjórnir ákveða gjaldskrár þar um að fengnum tillögum félagsmálanefnda/ráða.
2. Aldraðir eiga rétt á þeirri þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum þar meðtalið fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og félagslegri ráðgjöf. Um rétt til fjárhagsaðstoðar gilda í flestum tilvikum þær sömu reglur og gilda fyrir aðra íbúa sveitarfélaganna.
3. Mörg sveitarfélög niðurgreiða að hluta eða að fullu almenna þjónustu til ellilífeyrisþega svo sem aðgangseyri að sundstöðum, strætisvagnafargjöld, afnot af bókasöfnum, garðhirða o.fl.

11. Hver er tekjudreifing og eignadreifing eldri borgara í samanburði við aðra aldurshópa?

Frumheimild um tekjur ellilífeyrisþega í þessari umfjöllun eru skattframtöl þeirra. Ýmis vandkvæði koma upp þegar skattframtöl eldri borgara eru skoðuð. Fyrst og fremst kemur í ljós að tekjur margra eru óeðlilega lágar og er þá litið til ýmissa þátta eins og lífeyris frá Tryggingastofnun. Einnig er óvissa um hvernig fara eigi með uppgefnar tekjur þeirra sem eru á dvalarheimilum.

Helstu ástæðurnar fyrir því hversu margir eru með það sem telja verður óeðlilegar lágar tekjur eru eftirfarandi.

- Framteljandi hefur látist á tekjuárinu og því ná framtaldar tekjur einungis til hluta ársins. Framtöl flestra þessara framteljenda fá sérmeðferð, og eru merkt þannig. En eitthvað er um að þessa merkingu vanti og því eru lágar tekjur oft eina vísbendingin að um óeðlilegt framtal sé að ræða. Einnig er eitthvað um að ekki sé skilað inn framtali fyrir þessa framteljendur og eru tekjur þeirra þá áætlaðar af skattstjórum.
- Réttur ellilífeyrisþega til lífeyris frá Tryggingastofnun fellur niður ef hann dvelur langdvölum á sjúkrastofnun. Ef viðkomandi hefur engar eða mjög lágar tekjur á hann rétt á vasapeningum frá Tryggingastofnun. Vasapeningar voru að hámarki um 130 þúsund krónur á árinu 1996.
- Eitthvað er um lífeyrisþega sem búsettir eru erlendis en eiga eignir hér á landi. Á framtöl þessara aðila koma einungis fram upplýsingar um eignir en tekjurnar eru taldar fram í því landi sem viðkomandi er búsettur.

Varðandi þá sem eru á dvalarheimilum er vandamálið það að þátttaka Tryggingastofnunar í dvalarkostnaðinum er talin fram með tekjum lífeyrisþegans þótt hann fái aldrei þær greiðslur

[1] Þ.e. námskeið af ýmsum toga, félagsvist, bridge, leikfimi, danskennsla, gönguhópar, klúbbastarf, en einnig heitur hádegisverður, kaffiveitingar o.fl.

sjálfur og einnig eru þær skattfrjálsar þannig að tekjur hans og enn frekar ráðstöfunartekjur eru mun hærri en þær eru í raun og veru. Skattframtöl þessara framteljenda eru sérmerkt.

Til þess að gefa sem gleggsta mynd af kjörum ellilífeyrisþegar var ákveðið að sleppa úr úrvinnslunni þeim sem eru með áætlaða álagningu eða framtölum sem fá sérmeðferð. Einnig er þeim sem eru á dvalarheimilum sleppt og loks er þeim sleppt sem eru með tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum[1] en með því detta flestir lífeyrisþegar sem dvelja á stofnunum út. Rökin fyrir því að sleppa lífeyrisþegum sem dvelja á stofnunum eru þau að tekjur þeirra endurspegli ekki lífskjör nema að litlu leyti. Er þetta í hátt við það sem gert er víða erlendis, en þar eru stofnanaheimili einatt ekki með í tekjukönnunum. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða nær athugunin á tekjum til um 80% ellilífeyrisþega sem voru á skattskrá vegna tekna 1996 en um 87% ef miðað er við fjölda ellilífeyrisþega 1. desember 1996 samkvæmt þjóðskrá.

Þær upplýsingar um tekjur ellilífeyrisþega sem hér fara á eftir ná til einhleypra og hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar. Ef annað er ekki tekið fram er búið að skipta tekjum hjóna jafnt á milli þeirra og litið á þau sem tvo einstaklinga. Þannig má skoða tekjur ellilífeyrisþega í heild. Til viðbótar við þær upplýsingar sem hér koma fram er að finna í viðauka C ýmsar töflur um tekjur ellilífeyrisþega.

Ekki liggur fyrir samantekt um tekjur eða tekjudreifingu ellilífeyrisþega í OECD-ríkjunum.

Heildartekjur.

Tafla 11.1 sýnir heildartekjur, með og án fjármagnstekna, ellilífeyrisþega og þeirra sem eru á aldrinum 25–66 ára, fyrir árin 1991 og 1996. Rétt er að gæta þess að skattfrjálsar fjármagnstekjur hafa verið misvel taldar fram til skatts.

Eins og sjá má í töflunni eru tekjur ellilífeyrisþega mun lægri en tekjur þeirra sem eru á aldrinum 25–66 ára. Munurinn er hins vegar minni þegar fjármagnstekjur eru meðtaldar sem stafar af því að fjármagnstekjur ellilífeyrisþega eru hærri en þeir sem yngri eru.

Hækkun tekna ellilífeyrisþega milli 1991 og 1996 nemur 16,3% á meðan tekjur þeirra sem eru á aldrinum 25–66 ára hækka um 18,2%. Helsta ástæðan fyrir því að tekjur ellilífeyrisþega hafa hækkað minna er að atvinnuþátttaka þeirra hefur minnkað verulega á tímabilinu. Meiri munur er á hækkun tekna þessara tveggja hópa ef fjármagnstekjur eru meðtaldar. Hækkunin er 12,2% hjá ellilífeyrisþegum en 17,9% hjá þeim sem eru 25–66 ára. Samkvæmt þessu hafa fjármagnstekjur lækkað verulega hjá ellilífeyrisþegum en nánast staðið í stað hjá þeim sem eru 25–66 ára. Ein skýring þessa gæti verið að leita til mismunandi samsetningar sparnaðar á tímabilinu og mun fleiri framteljendur eiga hlutabréf 1996 en 1991 sem sést best á því að arðgreiðslur hækkuðu um 60% milli 1991 og 1996. En vegna eðli hlutabréfa eru þau mun líklegri fjárfestingarkostur fyrir yngra fólk en ellilífeyrisþega þannig að væntanlega hefur megnið af þessum auknu arðgreiðslum komið í hlut þeirra.

---

[1] Viðmiðunarmörkin eru sett sem samtala óskerts lífeyris og tekjutryggingar Tryggingastofnunar. Árið 1996 voru þessi mörk 479.849 krónur hjá einhleypum og 927.603 krónur hjá hjónum.

Tafla 11.1 Meðaltekjur ellilífeyrisþega og þeirra sem yngri eru.

	Án fjármagnstekna			Fjármagnstekjur meðtaldar		
	1991	1996	%-br.	1991	1996	%-br.
Einhleypir						
Ellilífeyrisþegar						
Meðaltekjur	858,7	1.002,3	16,7	958,4	1.085,5	13,3
Miðtekjur	753,9	887,1	17,7	804,6	929,8	15,6
25–66 ára						
Meðaltekjur	1.284,8	1.469,5	14,4	1.320,2	1.501,1	13,7
Miðtekjur	1.146,7	1.285,3	12,1	1.173,3	1.307,6	11,4
Hlutföll						
Meðaltekjur	66,8%	68,2%		72,6%	72,3%	
Miðtekjur	65,7%	69,0%		68,6%	71,1%	
Hjón						
Ellilífeyrisþegar						
Meðaltekjur	1.626,9	1.882,7	15,7	1.854,6	2.066,2	11,4
Miðtekjur	1.379,5	1.572,5	14,0	1.515,1	1.659,6	9,5
25–66 ára						
Meðaltekjur	2.837,6	3.400,7	19,8	2.911,5	3.481,7	19,6
Miðtekjur	2.621,2	3.134,7	19,6	2.659,9	3.172,3	19,3
Hlutföll						
Meðaltekjur	57,3%	55,4%		63,7%	59,3%	
Miðtekjur	52,6%	50,2%		57,0%	52,3%	

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11.1. sýnir að meðaltekjur einhleypra lífeyrisþega eru um 70% af tekjum einhleypum á vinnualdri og samsvarandi 55–60% fyrir hjón. Til samanburðar má nefna að ILO samþykkt nr. 102 frá 1952 kveður á um að lífeyrir hjóna skuli hið minnsta nema 40% af tekjum vinnandi hjóna. Í reynd er lífeyrir á Vesturlöndum mun betri en samþykktin kveður á um og oft er miðað við að góður lífeyrir nemi 2/3 af fyrri launum.

Tekjudreifing.

Tekjudreifing er ójafnari í hópi lífeyrisþega sem sjá má úr töflu 11.1 í því að meiri munur er á meðal- og miðtekjum[1] hjá þeim en hjá þeim yngri.

Ein aðferð til þess að skoða dreifingu tekna er að raða ellilífeyrisþegum eftir tekjum, frá þeim tekjulægsta til þess tekjuhæsta og skipta þeim síðan í tíu jafnstóra hópa. Þannig að í fyrsta hópnum eru þau 10% ellilífeyrisþega sem hafa lægstu tekjurnar og þannig koll af kolli þar til að í síðasta hópnum eru þau 10% sem hafa hæstu tekjurnar. Tafla 11.2 sýnir hversu stór

[1] Miðtekjur eru tekjur þess sem er í miðjunni þegar hópi framteljenda hefur verið raðað eftir tekjum. Með öðrum orðum þá eru hópar framteljenda sem eru með lægri eða hærri tekjur en viðkomandi jafnstórir.

hluti heildarteknanna kemur í hlut hvers hóps. Ef tekjunum væri jafnt skipt á milli allra framteljenda yrði hlutdeild allra hópa hin sama, eða 10% af tekjum.

Tafla 11.2 Heildartekjur eftir tíundum.
Hlutfallsleg skipting.

Tíund	1991	1996	Breyting
1 (tekjulægstu)	5,4%	5,6%	+0,2
2	6,3%	6,5%	+0,2
3	7,0%	7,1%	+0,1
4	7,6%	7,6%	0,0
5	8,0%	8,1%	+0,1
6	8,7%	8,7%	0,0
7	9,6%	9,4%	-0,2
8	10,9%	10,4%	-0,5
9	13,2%	12,6%	-0,6
10 (tekjuhæstu)	23,4%	24,0%	+0,6

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Taflan sýnir að hlutur tekjuhæsta hópsins í heildartekjum árið 1996 er 24% á móti þeim 5,6% sem falla tekjulægsta hópnum í skaut. Hlutur beggja þessara hópa hefur aukist smávægilega frá 1991. Þegar ellilífeyrisþegum er skipt í tvo jafna hópa eftir tekjum kemur í ljós að hlutur tekjulægri hópsins hefur aukist úr 34,3% í 34,9%.

Eins og sjá má á mynd 11.1 fara tekjur ellilífeyrisþega lækkandi með aldrinum. Tekjur þeirra sem eru á aldrinum 67–69 ára voru um 46% hærri en tekjur þeirra sem eru 90 ára og eldri árið 1996. Hér munar mestu um atvinnutekjurnar en þær eru 26 sinnum hærri hjá þeim yngri. Ef bornar eru saman greiðslur úr lífeyrissjóðum eftir aldri annars vegar 1991 og hins vegar 1996 má sjá greinileg merki þess að lífeyrissjóðréttindi þeirra yngri eru mun meiri en þeirra eldri. Þannig að ljóst er að aldur á stóran þátt í þeirri misjöfnu tekjudreifingu sem er hjá ellilífeyrisþegum.

Mynd 11.1



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Mynd 11.2



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Annað sem einnig hefur áhrif á tekjudreifingu ellilífeyrisþega er búseta. Mynd 11.2 sýnir heildartekjur eftir kjördæmum. Þar sést að tekjur ellilífeyrisþega í Reykjavík og á Reykjanesi eru mun hærri en í öðrum kjördæmum. Árið 1996 var munurinn um 20%. Skýringin á þessum mun virðist fyrst og fremst liggja í því að greiðslur úr lífeyrissjóðum eru mun hærri til þeirra sem búa á suðvesturhorni landsins, munurinn er um 60%. Líklegasta skýringin á þessum mun er að á þessu svæði búa mun fleiri sem unnu hjá hinu opinbera.

Samsetning tekna.

Tekjur ellilífeyrisþega eru samsettar úr mörgum þáttum. Tafla 11.3 sýnir samsetningu heildartekna ellilífeyrisþega ásamt því hversu stór hluti þeirra er með viðkomandi tekjur. Í töflunni sést að bætur Tryggingastofnunar eru stærsti tekjuliður ellilífeyrisþega, um 40% af heildartekjum. Árið 1996 fengu rúm 96% ellilífeyrisþega bætur frá Tryggingastofnun og hafði þeim fækkað úr 97,7% árið 1991, væntanlega vegna aukinnar tekjutengingar. Vægi greiðslna úr lífeyrisjóðum hefur aukist verulega frá 1991 úr 24,5% í 30,5% árið 1996 og með sömu þróun má gera ráð fyrir að þær verði orðnar stærsti einstaki tekjuliður ellilífeyrisþega innan tíu ára. Í töflunni sést einnig hvernig atvinnuþátttaka ellilífeyrisþega hefur minnkað.

Tafla 11.3 Samsetning tekna ellilífeyrisþega.

	Meðaltekjur, þús. kr.[1]			Hlutfall með viðkomandi tekjur	
	1991	1996	%-br.	1991	1996
Atvinnutekjur	185,4	181,3	-2,2	35,6%	29,3%
Tekjur af eigin atvinnurekstri	38,5	42,2	9,6	10,4%	10,2%
Greiðslur frá Tryggingastofnun	377,5	415,4	10,0	97,7%	96,1%
Greiðslur úr lífeyrissjóði	231,3	323,1	39,7	86,6%	90,6%
Aðrar tekjur	5,2	10,2	97,4	5,5%	8,4%
Fjármagnstekjur	106,2	87,4	-17,7	55,9%	60,1%
Heildartekjur	944,1	1.059,6	12,2		

[1] Meðaltekjur eru reiknaðar út frá heildarfjölda ellilífeyrisþega en ekki fjöldanum með viðkomandi tekjur.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Liðurinn „aðrar tekjur" hækkar mest milli 1991 og 1996. Þessi liður inniheldur m.a. atvinnuleysisbætur, húsaleigubætur og félagslega aðstoð sveitarfélaga. Því miður bjóða skattframtöl ekki upp á að sundurgreina þessar tekjur. Húsaleigubætur eiga þó væntanlega einhvern þátt í þessari hækkun en þær voru ekki til staðar árið 1991.

Mynd 11.3 sýnir samsetningu tekna ellilífeyrisþega eftir tíundum árið 1996. Þar sést að hlutur atvinnutekna í heildartekjum tekjuhæsta hópsins er mjög mikill, 48,5%, á meðan hlutur atvinnutekna í tekjum tekjulægsta hópsins er rúm 3%. Tekjuhæsti hópurinn hefur einnig hæstu lífeyrissjóðsgreiðslurnar. Myndin sýnir einnig hvernig tekjutengingin í almannatryggingakerfinu virkar til tekjujöfnunar því tekjuhæsti hópurinn fær um 114 þúsund krónur frá Tryggingastofnun en meðalgreiðslurnar til allra ellilífeyrisþega eru um 415 þúsund krónur.

Samsetning tekna er einnig mjög breytileg eftir aldri. Hjá þeim yngri er hlutur atvinnutekna og greiðslna úr lífeyrissjóðum hærri en hjá þeim eldri en bætur Tryggingastofnunar vega aftur

á móti þyngra í tekjum þeirra eldri. Vægi greiðslna úr lífeyrissjóðum hefur aukist hjá öllum aldurshópum frá 1991.

Mynd 11.3



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Ráðstöfunartekjur.

Hér að ofan hefur verið fjallað um dreifingu heildartekna ellilífeyrisþega en heildartekjurnar segja ekki nema hluta sögunnar því það sem skiptir í raun máli eru ráðstöfunartekjurnar þar sem búið er að taka tillit til skattgreiðslna. Skattkerfið á Íslandi er stigvaxandi og því er dreifing ráðstöfunartekna mun jafnari en dreifing heildartekna.

Mynd 11.4 sýnir heildartekjur, ráðstöfunartekjur og skattbyrði eftir tíundum árið 1996, en nánar er fjallað um skattbyrði ellilífeyrisþega í svari við 8. spurningu. Myndin sýnir vel þau tekjujöfnunaráhrif sem felast í tekjuskattskerfinu. Tekjuhæsti hópurinn greiðir um 49% af heildarskatti ellilífeyrisþega en hlutdeild 40% tekjulægstu ellilífeyrisþeganna er um 4,5%.

Hlutdeild tekjuhæsta tíundarhlutans í ráðstöfunartekjum er um 20% borið saman við 24% hlutdeild í heildartekjum. Önnur aðferð til þess að skoða tekjujöfnunaráhrifin af skattkerfinu eru að bera saman tekjur tveggja neðstu tíunda á móti tveggja efstu. Munurinn er þrefaldur þegar horft er til heildartekna en 2,3 faldur á ráðstöfunartekjum.

Ráðstöfunartekjur ellilífeyrisþega voru að meðaltali 926 þúsund krónur árið 1996 og höfðu hækkað um 7,9% frá árinu 1991 þegar þær voru 858 þúsund krónur.

Skattkerfið nær að jafna að hluta þann mun sem er á tekjum milli landshluta. Árið 1996 var munurinn á ráðstöfunartekjum þeirra sem búa í Reykjavík og á Reykjanesi og þeirra sem búa á öðrum stöðum á landinu um 14% borið saman við 20% mun á heildartekjum. Ellilífeyrisþegar í Reykjavík og á Reykjanesi greiða um 79% af skattgreiðslum ellilífeyrisþega.

Þrátt fyrir að þeir ellilífeyrisþegar sem eru á aldrinum 67 til 74 ára greiði um 66% af heildarskatti ellilífeyrisþega er mikill munur á ráðstöfunartekjum eftir aldri þó að hann sé ekki eins mikill og á heildartekjum.

Mynd 11.4



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Eignir og skuldir.

Margvíslegar upplýsingar um eignir og skuldir einstaklinga má vinna upp úr skattframtölum. Rétt er að minna á að ýmsar innstæður og fjármálakröfur einstaklinga eru ekki eignarskattskyldar og þó þessar eignir séu framtalsskyldar þá er víða misbrestur á framtalningu þeirra. Einnig er rétt að benda á að hlutabréf eru færð til eignar á nafnvirði og bifreiðir á afskrifuðu kaupverði. Almennt má því segja að virðing eigna sé verulegri óvissu háð.

Tafla 11.4 sýnir eignarskattsstofn, fasteignir og skuldir ellilífeyrisþega og þeirra sem eru á aldrinum 25–66 ára, árin 1991 og 1996. Meðalfjárhæðir í töflunni eru reiknaðar út frá fjölda sem er með hvern lið en ekki heildarfjölda framteljenda.

Taflan sýnir að verulegar breytingar hafa átt sér stað á þessu tímabili á eignum og skuldum. Árið 1991 áttu um 83% ellilífeyrisþega fasteign en árið 1996 var þetta hlutfall um 87% og hafði meðalverðmæti fasteigna þeirra hækkaði um tæp 17%. Á sama tímabili hækkaði hlutfall þeirra sem töldu fram skuldir úr 26% í 36% og skuldirnar hækkuðu að meðaltali um 26%.

Þó að ellilífeyrisþegum sem telja fram skuldir hafi fjölgað verulega og meðalskuldir þeirra hafi einnig hækkað þarf það þó ekki ekki að þýða að þeir hafi verið að auka skuldsetningu sína á undanförnum árum. Ef skoðaðar eru eignir og skuldir ellilífeyrisþega eftir aldri bendir margt til þess að þeir sem nú eru að komast á ellilífeyrisaldur eigi meiri eignir og skuldi einnig meira en þeir sem komnir voru á eftirlaun árið 1991.

Tafla 11.4 Eignir og skuldir ellilífeyrisþega og þeirra sem yngri eru

	Meðalfjárhæð, þús. kr.			Fjöldi		
	1991	1996	%-br.	1991	1996	%-br.
Einhleypir						
Ellilífeyrisþegar						
Fjöldi framteljenda				9.833	10.380	5,6
Eignarskattsstofn	4.467,3	5.135,1	14,9	7.947	8.587	8,1
Fasteignir	4.314,4	5.029,7	16,6	7.290	8.093	11,0
Skuldir	1.380,1	1.800,3	30,5	2.130	3.189	49,7
25–66 ára						
Fjöldi framteljenda				26.565	28.324	6,6
Eignarskattsstofn	3.240,9	3.320,9	2,5	16.896	16.185	-4,2
Fasteignir	4.247,3	4.716,1	11,0	13.991	14.615	4,5
Skuldir	2.065,7	2.686,5	30,0	15.437	17.837	15,5
Hlutföll						
Eignarskattsstofn	137,8%	154,6%				
Fasteignir	101,6%	106,6%				
Skuldir	66,8%	67,0%				
Hjón						
Ellilífeyrisþegar						
Fjöldi framteljenda				4.186	5.058	20,8
Eignarskattsstofn	7.526,7	9.015,7	19,8	4.052	4.924	21,5
Fasteignir	6.321,7	7.506,2	18,7	3.947	4.835	22,5
Skuldir	1.597,2	1.942,2	21,6	1.323	2.059	55,6
25–66 ára						
Fjöldi framteljenda				41.031	42.947	4,7
Eignarskattsstofn	7.373,2	7.431,9	0,8	35.586	34.442	-3,2
Fasteignir	7.532,8	8.254,8	9,6	38.210	39.693	3,9
Skuldir	3.433,9	4.977,8	45,0	35.027	38.985	11,3
Hlutföll						
Eignarskattsstofn	102,1%	121,3%				
Fasteignir	83,9%	90,9%				
Skuldir	46,5%	39,0%				

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Taflan sýnir að verulegar breytingar hafa átt sér stað á þessu tímabili á eignum og skuldum. Árið 1991 áttu um 83% ellilífeyrisþega fasteign en árið 1996 var þetta hlutfall um 87% og hafði meðalverðmæti fasteigna þeirra hækkaði um tæp 17%. Á sama tímabili hækkaði hlutfall þeirra sem töldu fram skuldir úr 26% í 36% og skuldirnar hækkuðu að meðaltali um 26%.

Þó að ellilífeyrisþegum sem telja fram skuldir hafi fjölgað verulega og meðalskuldir þeirra hafi einnig hækkað þarf það þó ekki ekki að þýða að þeir hafi verið að auka skuldsetningu sína á undanförnum árum. Ef skoðaðar eru eignir og skuldir ellilífeyrisþega eftir aldri bendir margt til þess að þeir sem nú eru að komast á ellilífeyrisaldur eigi meiri eignir og skuldi einnig meira en þeir sem komnir voru á eftirlaun árið 1991.

Þrátt fyrir þá aukningu sem orðið hefur á skuldum ellilífeyrisþega hefur hlutfall þeirra sem eru með jákvæðan eignarskattsstofn hækkað lítillega á tímabilinu. Árið 1996 eru um 90% ellilífeyrisþega með skattskyldar eignir umfram skuldir og þegar tekið er tillit til að um 4%

telja ekki fram neinar eignir eða skuldir er ljóst að bróðurparturinn af ellilífeyrisþegum eiga eignir umfram skuldir.

Ef bornar eru saman eignir og skuldir ellilífeyrisþega og þeirra sem eru á aldrinum 25–66 ára kemur í ljós að eignarskattsstofn ellilífeyrisþega er mun hærri en hjá þeim yngri og hefur munurinn aukist verulega á síðustu fimm árum. Helsta ástæðan fyrir þessu er að skuldir þeirra sem eru á aldrinum 25–66 ára hafa hækkað mun meira en skuldir ellilífeyrisþega. Á sama tíma og hlutfall ellilífeyrisþega sem eru með jákvæðan eignarskattsstofn hefur fjölgað hefur hlutfallið lækkað hjá þeim yngri.

Mynd 11.5 sýnir hin sterku tengsl milli aldurs og eigna.

Mynd 11.5



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Ef litið er á eignir og skuldir ellilífeyrisþega eftir aldri kemur í ljós að árið 1996 áttu um 91% þeirra yngstu fasteign en hjá þeim sem eru 90 ára og eldri var þetta hlutfall um 62%. Hlutfall þeirra sem áttu fasteign hefur hækkað frá 1991 í öllum aldurshópum en þó mest hjá þeim eldri, t.d. var hlutfallið 54,4% hjá þeim sem voru 90 ára og eldri 1991. Verðmæti fasteigna lækkar einnig með aldrinum.

Hlutfall ellilífeyrisþega sem telja fram skuldir lækkar einnig með aldrinum. Árið 1996 töldu um 51% þeirra sem voru á aldrinum 67–69 ára fram skuldir en einungis 8% þeirra sem voru 90 ára eða eldri.

12. Hvernig er háttað vistun eldri borgara í samanburði við aðra aldurshópa?

Samkvæmt 19. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 má enginn vistast til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 18. gr. laganna nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Í 18. gr. laganna er fjallað um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, þ.e. þjónustuhúsnæði (dvalarheimili)

og hjúkrunarrými. Lögin mæla fyrir um að mat á vistunarþörf skuli vera í höndum þjónustuhóps aldraðra eða öldrunarnefndar þar sem þær sinna hlutverki þjónustuhóps aldraðra.

Í reglugerð um vistunarmat aldraðra nr. 46/1990 með síðari breytingum, sem sett var með stoð í 19. gr. laganna um málefni aldraðra er nánar kveðið á um framkvæmd vistunarmatsins. Þar er vistunarþörf flokkuð í þrjú stig, þ.e. þörf, brýn þörf og mjög brýn þörf fyrir annars vegar þjónustuhúsnæði (dvalarheimili) og hins vegar hjúkrunarrými. Það heyrir nánast til undantekninga að aldraður einstaklingur sem ekki er metinn vera í brýnni eða mjög brýnni þörf sé vistaður, enda segir í reglugerðinni að þeir gangi fyrir sem lengst hafa beðið með mjög brýna eða brýna þörf samkvæmt vistunarmati. Hafi vistun til langdvalar á stofnun ekki átti sér stað innan 18 mánaða frá því að vistunarmat var framkvæmt skal fara fram endurmat, annars telst vistunarmat ógilt.

Stjórnir stofnana eða starfshópar í umboði þeirra fara með ákvörðun um vistun á grundvelli vistunarmats.

Samkvæmt yfirliti frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu árið 1997 eru um það bil 17 stofnanarými á hverja 100 íbúa sem náð hafa 70 ára aldri á Íslandi. Eru það umtalsvert fleiri rými en þekkt er á Norðurlöndum og meðal annarra Evrópuþjóða. Stofnanarými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri í Reykjavík eru 10,6 eða talsvert undir landsmeðaltali, eins og sjá má í töflu 12.1.

Fjöldi stofnanarýma fyrir aldraða á hverja 100 íbúa sem náð hafa 70 ára aldri skiptist þannig eftir landshlutum:

Tafla 12.1 Stofnanarými eftir landshlutum 1997.

	Þjónustu-húsnæði	Hjúkrunar-rými	Samtals
Reykjavík	3,4	7,1	10,6
Reykjanes	3,5	9,9	13,4
Vesturland	11,1	11,0	22,2
Vestfirðir	2,2	11,5	13,7
Norðurland vestra	3,1	14,0	17,1
Norðurland eystra	9,9	9,1	19,1
Austurland	5,2	10,7	16,0
Suðurland	11,8	12,6	24,5
Meðaltal	6,3	10,8	17,1

Þótt þessi rými séu skráð sem stofnanarými fyrir aldraða er ekki þar með sagt að allir þeir sem þar dvelja nú hafi náð ellilífeyrisaldri, en samkvæmt því sem næst var komist í janúar 1998 voru um 2.773 aldraðir, þ.e. einstaklingar sem náð hafa 67 ára aldri skráðir vistaðir til langdvalar á stofnun eða um 10% ellilífeyrisþega á landinu miðað við 1. desember sl. Er þetta langtum hærra hlutfall en gerist meðal nágrannaþjóða í Evrópu þar sem sambærilegt hlutfall er um 5–6%. Holland er eina landið í Evrópu með svipað hlutfall aldraðra á stofnun og hér er að finna. Það á sér sögulega skýringu í landrýmis- og húsnæðisskorti þar í landi eftir seinna stríð.

Vistunarskrá samkvæmt fyrrgreindri reglugerð um vistunarmat aldraðra gefur til kynna hve margir aldraðir bíða vistunar og hvernig þörf þeirra er flokkuð. Í janúar sl. var eftirtalinn fjöldi á vistunarskrá í þörf fyrir stofnanavistun, eftir flokkun og landshlutum:

Tafla 12.2 Biðlistar eftir stofnanavist í janúar 1998.

	Þörf	Brýn þörf	Mjög brýn þörf	Alls
Reykjavík	61	90	262	413
Reykjanes	26	23	73	122
Vesturland	8	9	5	22
Vestfirðir	2	1	2	5
Norðurland vestra	7	2	4	13
Norðurland eystra	27	18	16	61
Austurland	9	2	2	13
Suðurland	12	7	9	28
Samtals	152	152	373	677

13. Hver er þáttur hins opinbera í greiðslum fyrir vistun eldri borgara á heilbrigðisstofnunum og hversu hárri fjárhæð heldur einstaklingurinn eftir af eigin lífeyri?

Sjá svar við 16. spurningu.

14. Hver er opinber aðstoð við aldraða sjúklinga í heimahúsum, svo sem félagsleg aðstoð og heimahjúkrun?

Þjónusta við aldraða sjúklinga sem búa í heimahúsum er á vegum sveitarfélaganna, (þ.e. hinn félagslegi þáttur og um hann er getið í svari við spurningu nr. 10 hér að framan), á vegum heilsugæslustöðva sem eru á verkefnasviði ríkisins, (þ.e. heimilislækningar) og heimahjúkrun og enn fremur á vegum safnaða kirkjunnar og frjálsra félagssamtaka, (svo sem heimsóknarþjónusta Rauða Krossins og heimahlynning Krabbameinsfélags Íslands). Heimahjúkrun í Reykjavík veitir þjónustu allan sólarhringinn. Þá er einnig að finna í Reykjavík sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga sem gert hafa samning um þjónustu sína fyrir fólk í heimahúsum við Tryggingastofnun ríkisins. Heimahjúkrun heilsugæslustöðvanna virðist þó almennt vega þyngra sem þjónusta við aldraða í heimahúsum á landsbyggðinni en félagsleg heimaþjónusta (heimilishjálp) þrátt fyrir að ekki sé þar um sólarhringsþjónustu að ræða. Sveitarfélögin bera lögum samkvæmt kostnaðinn af félagslegri heimaþjónustu. Þessi tegund þjónustu er lítt þróuð á landsbyggðinni nema þá helst í stærstu sveitarfélögunum. Þáttur heimahjúkrunar heilsugæslustöðvanna er því stærri eins og fyrr segir svo og stofnanaþjónusta, en víða um land má greina offramboð á stofnanarýmum.

Sjúkrahús og öldrunarstofnanir hafa boðið öldruðum sjúkum upp á skammtímadvöl (hvíldarinnlögn) og endurhæfingu. Á öldrunarlækningadeildum sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri geta aldraðir í heimahúsum fengið sérhæfða þjónustu svo sem rannsóknir, greiningu, meðferð og endurhæfingu.

Þjónusta hins opinbera við aldraða sjúklinga í heimahúsum er í flestum tilvikum háð þeim skilyrðum að fyrir liggi staðfest þörf á þjónustu samkvæmt mati fagfólks á viðkomandi sviði sbr. svar við spurningu nr. 10.

Í sumum sveitarfélögum stendur öldruðum sem búa heima til boða aðstoð við garðhirðu, snjómokstur, gluggaþvott o.þ.h.

15. Í hverju felast valkostir aldraðra í öldrunarþjónustu og hver ber ábyrgð á þeim, hvernig eru þeir kynntir og hver ber ábyrgð á slíkri kynningu?

Í 1. gr. laga um málefni aldraðra segir m.a.:

> Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Hér er skýrt kveðið á um að markmiðið sé að veita viðeigandi þjónustu miðað við þörf og ástand hins aldraða. Þannig takmarkast valmöguleikar aldraðra í öldrunarþjónustu í fyrsta lagi af því að til staðar sé staðfest þörf fyrir þjónustu samkvæmt einstaklingsbundnu mati og í öðru lagi af framboði og eftirspurn mismunandi úrræða í þessum málaflokki. Þegar fyrir liggur staðfest þjónustuþörf (t.d. vistunarþörf) felast valkostir aldraðra oftar en ekki í því að ákveða á hvaða biðlista eftir stofnanarými þeir vilja bíða. Á landsbyggðinni og reyndar í ýmsum nágrannabæjum Reykjavíkur er ekki um margar stofnanir í heimabyggð að ræða og valið því takmarkað en þar er biðin oftast ekki löng. Í Reykjavík er hins vegar um fleiri stofnanir að ræða en biðlistar langir og biðin löng (að meðaltali um 10 mánuðir á árinu 1997). Víða er stofnanaþjónusta reyndar eina leiðin þar sem heimaþjónusta hefur ekki verið byggð upp og þróuð í heimabyggð.

Möguleikar aldraðra til að velja eru til staðar í félags- og tómstundastarfi þar sem hinir ýmsu þættir starfsins eru ekki miðaðir við staðfest mat á þjónustuþörf heldur einungis við það að viðkomandi hafi náð ellilífeyrisaldri. Sama gildir um valmöguleika aldraðra í húsnæðismálum að því er varðar söluíbúðir aldraðra, en þær eru seldar á almennum markaði oft í samvinnu við ýmis félagasamtök aldraðra og miðast sala þeirra fyrst og fremst við tiltekið aldursmark og greiðslugetu.

Kynning á valkostum aldraðra hefur að mestu verið í höndum sveitarfélaganna í formi félagslegrar ráðgjafar og útgáfu á upplýsingabæklingum um hin ýmsu þjónustuúrræði. Þá annast þjónustuhópar aldraðra, í Reykjavík matshópur aldraðra, umtalsverða ráðgjöf og upplýsingar samhliða mati á þjónustuþörf. Í 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um skyldur sveitarfélaga að því er varðar að fyrir hendi skuli vera félagsleg þjónusta eftir þörfum. Þar segir enn fremur m.a. „skal lögð sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði". Til þessa hefur að öðru leyti ekki verið kveðið sérstaklega á um upplýsingaskyldu um valkosti í öldrunarþjónustu eða hver beri frekari ábyrgð í þessum efnum en það sem hér kemur fram.

Í nýju frumvarpi um breytingar á lögum um málefni aldraðra er hins vegar í 2. gr. 3. tölul. skýrar kveðið á um kynningu á stöðu og valkostum aldraðra til að lifa sínu lífi utan eða innan stofnana. Ekki er nánar tiltekið hver bera skuli ábyrgð á slíkri kynningu.

Hvað varðar kynningu og upplýsingar um söluíbúðir fyrir aldraða þá eru þar miklir hagsmunir í húfi. Kynning á söluíbúðum aldraðra er fremur sölumennska en ráðgjöf og óhlutdræg upplýsingastarfsemi.

16. Hvernig er fjármögnun á rekstri öldrunarstofnana og greiðsluþátttaka aldraðra íbúa þeirra?

OECD-ríkin hafa mætt aukinni eftirspurn eftir öldrunarþjónustu með mismunandi hætti, þar sem velferðarkerfi þeirra eru ólík og hugmyndafræðin þar að baki einnig. Þessi ólíka nálgun gerir það erfiðara er að draga upp einfalda mynd af fjármögnuninni í þessum löndum. Þar að auki á sér stað mikil gerjun meðal sumra þeirra varðandi þessi mál. Hér skal þó gerð tilraun til að draga upp mynd af fjármögnuninni.

Sjúkratryggingar.

Þáttur sjúkratrygginga í greiðslu á þjónustu á öldrunarstofnunum er með ólíkum hætti hjá þeim þjóðum sem nota slíkt fjármögnunarform. Í Bandaríkjunum og Ástralíu er greiðsluþátttaka slíkra trygginga til dæmis engin. Á hinn bóginn er hún veruleg í löndum eins og Kanada, Frakkland og Japan. Í Kanada greiða sjúkratryggingarnar til dæmis allan kostnað að undanskyldum kostnaði við mat og húsnæði sem hinn aldraði greiðir. Svipaða sögu er að segja um Frakkland. Í Japan er greiðsluþátttaka hins aldraða þó heldur meiri og háð tekjum hans. Á síðustu árum hafa fleiri lönd verið að teygja sjúkratryggingarnar inn á þetta svið og má þar nefna Þýskaland, Belgía og Lúxemborg. Sömuleiðis hafa Japanir verið að huga að víðtækara hlutverki sjúkratrygginga.

Skattar.

Annar hópur OECD-ríkja hefur fjármagnað þjónustu öldrunarstofnana með sköttum, en þó með greiðsluþátttöku aldraðra sem hafa þurft að greiða hluta af ellilífeyri sínum fyrir þjónustuna. Til þessa hóps teljast Norðurlöndin, Spánn, Bretland, Ítalía og Nýja-Sjáland. Sammerkt með OECD-ríkjunum er þó að flest þeirra hafa talið rétt að hinn aldraði taki þátt í greiðslu fyrir þá þjónustu sem hann nýtur á öldrunarstofnun, þótt slík greiðsluþátttaka sé mismikil og greiðsluformið ólíkt. Hér á eftir fylgja dæmi um greiðsluform í nokkrum OECD-ríkjum.

Bandaríkin: *Greiðsluþátttaka aldraðra:*
Aldraðir greiða úr eigin vasa eða einkatryggingar þeirra.

Opinber fjármögnun:
Hið opinbera greiðir annan kostnað með ýmsum hætti séu rétt skilyrði fyrir hendi svo sem of lágar tekjur.

Bretland: *Greiðsluþátttaka aldraðra:*
Aldraðir greiða allt að 80% af ellilífeyri sínum fyrir þessa þjónustu.

Opinber fjármögnun:
Hið opinbera greiðir annan kostnað.

Danmörk: *Greiðsluþátttaka aldraðra:*
Ellilífeyrisgreiðslur renna upp í þessa þjónustu en lífeyrisþeginn heldur eftir vasapeningum. Sömuleiðis greiðast 60% af viðbótartekjum þar til kostnaðurinn hefur verið greiddur að fullu.

Síðari tíma breytingar eru í þátt átt að lífeyrisþeginn greiðir allt að 15% af ellilífeyristekjum sínum í leigu fyrir húsnæði en greiðir síðan sérstaklega fyrir þá þjónustu sem hann vill njóta.

Opinber fjármögnun:
Fjármögnun á rekstur öldrunarstofnana kemur að mestu frá hinu opinbera í gegnum almennar skatttekjur.

Frakkland: *Greiðsluþátttaka aldraðra:*
Aldraðir greiða fyrir mat og húsnæði ef tekjur þeirra eru ekki undir því lágmarki að til komi félagsleg aðstoð. Verðið getur verið mismunandi eftir gæðum þjónustunnar.

Sjúkratryggingar, félagsleg aðstoð eða önnur opinber fjármögnun:
Fjármögnun á rekstrarkostnaði öldrunarstofnana kemur að mestu frá hinu opinbera í gegnum sjúkratryggingar og almennar skatttekjur.

Japan: *Greiðsluþátttaka aldraðra:*
Greiðsluþátttaka aldraðra er háð tekjum þeirra upp að ákveðnu marki. Eigi aldraður í erfiðleikum með greiðslu koma aðstandendur til aðstoðar. Hægt er að tryggja sig með einkatryggingum fyrir þessum kostnaði.

Sjúkratryggingar og opinber fjármögnun:
Á móti greiðsluþátttöku aldraðra kemur verulegt fé frá opinberum aðilum.

Kanada: *Greiðsluþátttaka aldraðra:*
Mánaðarlegar greiðslur fyrir mat og húsnæði. Sömuleiðis er greitt fyrir viðbótaraðstöðu (ef boðið er upp á slíkt, svo sem viðbótarherbergi), síma, þvott, sjónvarp og svo framvegis.

Sjúkratryggingar og opinber fjármögnun:
Fjármögnun á rekstur öldrunarstofnana kemur að mestu frá hinu opinbera.

Einkaaðilar:
Sjálfboðavinna er snar þáttur í þjónustu við aldraða. Sömuleiðis hafa margs konar fjárframlög frá samtökum og einstaklingum mikla þýðingu fyrir uppbyggingu og rekstur þessarar þjónustu.

Spánn: *Greiðsluþátttaka aldraðra:*
Aldraðir greiða sem svarar til um 75% af ellilífeyri sínum til öldrunarheimila.

Opinber fjármögnun:
Í kringum fjórir fimmtu hlutar af kostnaði við öldrunarþjónustu kemur frá opinberum aðilum.

Svíþjóð: *Greiðsluþátttaka aldraðra:*
Aldraðir greiða ákveðna fjárhæð á dag þó að hámarki 70% af ellilífeyrinum.

Opinber fjármögnun:
Megnið af fjármögnuninni kemur frá opinberum aðilum.

17. Hver er þátttaka sjúkratrygginga í lyfja- og lækniskostnaði og sjúkraþjálfun ellilífeyrisþega og hver er hlutur ellilífeyrisþegans?

Læknishjálp

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir helstu þætti gjaldskrár fyrir læknishjálp.

Tafla 17.1 Greiðslur fyrir læknishjálp á Íslandi.

	Gjaldflokkur	Fjárhæð
Koma til heimilislæknis/ heilsugæslustöð á dagvinnutíma	Fullt gjald	700 kr.
	Með afsláttarskírteini	300 kr.
	Lægra gjald	300 kr.
	Með afsláttarskírteini	100 kr.
Koma til sérfræðings, á göngu- eða slysadeild	Fullt gjald	1.400 kr.+ 40% umframkostnaðar.
	Með afsláttarskírteini	500 kr.+13,33% umframkostnaðar.
	Lægra gjald	500 kr.+13,33% umframkostnaðar.
	Með afsláttarskírteini	1/9 af fullu almennu gjaldi. Lágmark 300 kr.

Lægra gjald greiða lífeyrisþegar 70 ára og eldri, svo og ellilífeyrisþegar sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs. Einnig eiga elli- og sjómannalífeyrisþegar sem njóta óskerts ellilífeyris rétt á að greiða lægra gjaldið. Afsláttarskírteini fá þeir sem greitt hafa 12.000 kr. fyrir læknis- og heilsugæsluþjónustu á árinu. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem greitt hafa lægra gjald eiga rétt á afsláttarskírteini er þeir hafa greitt 3.000 kr. fyrir læknis- og heilsugæsluþjónustu á árinu.

Margir elli- og örorkulífeyrisþegar fá uppbót á lífeyri vegna lyfjakostnaðar sem nemur allt að 120% af grunnlífeyri.

Tannlæknar

Lífeyrisþegi sem nýtur óskertrar tekjutryggingar fær 75% af kostnaði vegna tannviðgerða og gervitanna endurgreidd, en 50% njóti hann skertrar tekjutryggingar. Lífeyrisþegar sem dveljast á sjúkrastofnunum og í þjónustuhúsnæði aldraðra fá fulla endurgreiðslu vegna tannviðgerða og gervitanna ef þeir fá vasapeninga en 75% endurgreitt annars.

18. Hvaða aðstoð veita sveitarfélög eldri borgurum, t.d. í formi lækkunar gjalda?

Flest sveitarfélög veita eldri borgurum lækkun á fasteignasköttum. Reglur eru mismunandi milli sveitarfélaga, en í flestum tilvikum mun afslátturinn vera tengdur við tekjur. Undantekning er m.a. Akureyrarbær sem veitir öllum 70 ára og eldri fastan afslátt.

19. Hvernig er háttað aðstoð við eldri borgara til að fara úr launuðu starfi á eftirlaun?

Vinnumarkaðurinn hefur verið eldri launþegum (55 ára og eldri) afar erfiður í OECD-löndunum á undanförnum áratug eða svo. Atvinnuleysi í þeirra hópi hefur verið mikið og atvinnuþátttaka þeirra hefur farið hraðlækkandi, eins og fram kemur hér að framan. Víða er svo komið að launþegar sem eru eldri en 45 ára njóta síður endurmenntunar og starfsþjálfunar en þeir sem yngri eru. Vinnuveitendur og opinberir aðilar hafa af þeim sökum lagt nokkra áherslu á flýtt

starfslok með ýmsum hætti. Hlutastörf eru ekki algeng í mörgum OECD-löndum og því hefur val eldri launþega alltof oft verið annað hvort full vinna eða að hætta launuðu starfi.

Árið 1976 voru sett lög í Svíþjóð um sveigjanleg starfslok sem orðið hefur fyrirmynd annarra landa. Hlutverk þess er að bjóða launþegum sem orðnir eru 60 ára að minnka við sig vinnu þannig að þeir vinna að lágmarki 17 tíma á viku en að hámarki 5 tímum minna en þeir gerðu áður. Svipaða tilhögun er að finna í Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Ítalíu, Austurríki og Spáni. Einstök fyrirtæki í aðildarlöndunum hafa mótað stefnu í þessum máli og má nefna að um 7% breskra fyrirtækja bjóða eldri launþegum upp á hlutalífeyri og hlutastörf.

20. Hvaða rétt eiga þeir sem minnka við sig vinnu eða hætta vinnu til að annast maka sinni?

Sjá 21. spurningu.

21. Hvaða rétt eiga aðrir ættingjar (börn) sem minnka við sig vinnu eða hætta vinnu til að annast aldraða ættingja?

Í aldanna rás hafa fjölskyldur annast aldraða meðlimi sína. Breytingar á samfélagi iðnríkjanna hafa dregið mjög úr þeirri félagslegu aðstoð sem fjölskyldur veita. Hlutfall aldraðra sem búa með börnum hefur farið hratt lækkandi í OECD-ríkjunum. Sem dæmi má nefna að árið 1962 bjuggu 20% aldraðra Dana með börnum sínum en árið 1988 var hlutfallið 4%, í Bandaríkjunum lækkar þetta hlutfall úr 28% árið 1962 í 15% árið 1987. Árið 1987 bjuggu 23% aldraðra Íslendinga með börnum sínum. Hins vegar hefur hlutfall aldraðra sem búa einir farið vaxandi. Árið 1992 bjuggu 53% aldraðra Dana einir og tæpur þriðjungur aldraðra Bandaríkjamanna.

Aðstoð hins opinbera er með ýmsu móti í aðildarríkjum. Mörg þeirra bjóða upp á umönnunarbætur í gegnum almannatryggingar. Í því sambandi má nefna „Invalid Care Allowance" í Bretlandi sem býður greiðslur til þeirra sem vinna a.m.k. 35 klukkustundir á viku við umönnun aldraðra ættingja. Í Ástralíu eru almennar umönnunarbætur sem einnig geta átt við aldraða sem þurfa mikla umönnun. Vandinn við þetta fyrirkomulag er að bætur eru mjög lágar og koma engan veginn í stað launaðrar vinnu. Bæturnar taka ekkert tillit til fórnarkostnaðar samfélagsins sem er vistun á stofnunum sem er miklu dýrari kostur fyrir hið opinbera.

Í Bandaríkjunum er veittur skattaafsláttur vegna útgjalda sem til er stofnað vegna umönnunar. Í Japan er heimild til að veita sérstakan persónuafslátt vegna umönnunar aldraðra í heimahúsi og fer fjárhæð eftir því hversu mikla umönnun viðkomandi þarfnast. Umönnunarbætur á Íslandi standa hins vegar aðeins til boða vegna umönnunar barna.

22. Hvernig er háttað ákvörðunum um hækkun greiðslna úr almannatryggingakerfinu?

Eins og áður er vikið að er mikill munur á lífeyristryggingum milli ríkja OECD. Með hvaða hætti lífeyrisbótum er breytt fer að nokkru leyti eftir tegund tryggingakerfis. Hin almenna regla er að þar sem um er að ræða félagslega tryggingu er launaviðmiðun notuð, en í þeim löndum þar sem um grunntryggingu er verðlagsviðmiðun. Þetta hefur þó riðlast. Í flestum ríkjum OECD háttar svo til að iðgjöld standa ekki undir félagslegu tryggingunni og hefur þurft að draga úr lífeyri. Flest aðildarríki OECD breyta lífeyri eftir verðlagi og er það í flestum til-

vikum gert árlega. Athuganir OECD sýna að hallinn á lífeyriskerfi aðildarríkjanna mundi aukast mjög ef teknar yrðu upp viðmiðanir við laun.[1]

Tafla 22.1 Viðmiðun við breytingar á lífeyri.

	Hversu oft breytt	Annað
Laun		
Austurríki	Árlega	
Belgía		
Danmörk	Árlega	
Finnland		Á við opinberu lífeyrissjóðina
Holland	Tvisvar á ári	Miðað er við lægstu laun
Ísland	Árlega eða oftar	Á við almannatryggingar
Noregur	Árlega eða oftar	Breytt eftir almennum tekjum
Þýskaland	Árlega	Miðað við þróun launa eftir skatta
Verðlag		
Ástralía	Tvisvar á ári	
Bandaríkin	Árlega	
Bretland	Árlega	
Finnland	Árlega	Almennur lífeyrir
Frakkland	Tvisvar á ári	
Ísland	Mánaðarlega	Á við lífeyrissjóði
Japan	Árlega	
Kanada	Ársfjórðungslega fyrir almenna lífeyrinn, árlega fyrir „earnings- related“	
Portúgal	Árlega	
Svíþjóð	Árlega	
Blandað		
Lúxemborg		Verðviðmiðun er sjálfvirk en af og til er lífeyri breytt í hátt við laun
Spánn	Af og til	Breyting tekur tillit til launa, verðlags og annarra hagstærða
Sviss	Breytt annað hvert ár	Breyting tekur tillit til launa og verðlags

23. Hver eru áhrif eldri borgara eða samtaka þeirra á ákvarðanir eða stefnumótun opinberra aðila?

Samráð mun vera til staðar á Norðurlöndunum og hafa fengist upplýsingar um fyrirkomulagið í Svíþjóð í þessum efnum, en ekki er vitað hvort formlegt samráð er við samtök eldri borgara í öðrum OECD-löndum.

---

[1] Sjá *Ageing in OECD-countries – A critical Policy Challenge*, París, 1996.

Svíþjóð.

Árið 1996 voru áhrif samtaka eldri borgara (Pensionärarnas riksorganisation) á lífeyrismál aukin til muna. Stofnað var til samráðsnefndar sem funda skal a.m.k. fjórum sinnum á ári hverju, þar af er einn fundur haldinn með forsætisráðherra. Til samráðsnefndar skal vísa lagafrumvörpum og reglugerðum og sérstaklega fjárlagafrumvörpum. Á vettvangi sveitarfélaga fer einnig fram samráð og eru þar starfandi samráðsnefndir.

Ísland.

Ekki er um að ræða formlegt samráð við samtök eldri borgara á Íslandi. ASÍ hefur haft mótandi áhrif á marga þætti lífeyrismála og má þar sérstaklega nefna lífeyrissjóðina. Þá má einnig nefna að í kjarasamningum árið 1977 lagði ASÍ fram kröfu um að bæta kjör þeirra lífeyrisþega sem verst þóttu standa og var það gert með því að taka upp heimilisuppbætur. Í kjarasamningum hefur launþegahreyfingin einatt lagt áherslu á að hækkun bóta almannatrygginga verði í hátt við almennar launahækkanir.

Viðauki A
Yfirlit yfir helstu þætti lífeyriskerfa OECD ríkjanna

Land	Kerfi	Aldur	Skilyrði	Fullur lífeyrir	Hlutfall af meðaltekjum	Eigið framlag	Framlag ríkis	Uppbót á lífeyri
Austurríki	Grunntrygging	65 (M) 61 (K)	Tekjutengt	38.892 kr. fyrir einstakling á mánuði, 55.490 kr. fyrir hjón, 4.142 kr. fyrir hvert barn	30,50%	Ekkert	Allur kostnaður	
	Tekjugrund-völluð réttindi	65 (M) 61 (K)	Tekur til launþega sem greitt hafa 180 mánaða framlag eða verið tryggðir 180 mánuði á sl. 30 árum	1,83% af meðaltali 15 bestu ára af fyrstu 30 árum sem launþegi er tryggður, 1,675% af meðaltali hvers árs frá 31-45.	Að hámarki 80% af meðaltekjum.	Launamaður: 10,25% Vinnuveitandi: 12,55%	Allur halli	
Ástralía	Grunntrygging	65 (M) 61 (K)	10 ára samfelld búseta	38.808 kr. á mánuði fyrir einstakling, 64.744 kr. fyrir hjón	27,40%	Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi							
Bandaríkin	Grunntrygging	65	Tekjutengt	32.679 kr. á mánuði, 49.018 kr. fyrir hjón.	21,90%	Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	65	Tekur til launþega og sjálfstæðra, framlag í 40 ársfjórðunga.	Reiknað út frá meðaltekjum.	Hámark 92.197 kr. á mánuði.	Launamaður: 6,2% Sjálfstæðir: 12,4% Vinnuveitendur: 6,2%	Sérstakar ellilífeyrisbætur fyrir þá sem náðu 72 ára aldri fyrir 1968	
Belgía	Grunntrygging	65 (M) 61 (K)	Tekjutengt	37.920 kr. á mánuði fyrir einstakling, 50.560 kr. fyrir hjón	28,70%	Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	65 (M) 61 (K)	Tekur til launþega, 45 ára trygging fyrir karla og 41 fyrir konur	Byggist á launum lífeyris-þega á vinnumarkaði og hversu lengi hann var virkur.	Hámark 60% (75% fyrir hjón) af meðalævitekjum.	Launamaður: 7,5% Vinnuveitandi: 8,86%	Árlegt framlag	

Land	Kerfi	Aldur	Skilyrði	Fullur lífeyrir	Hlutfall af meðaltekjum	Eigið framlag	Framlag ríkis	Uppbót á lífeyri
Bretland	Grunntrygging	65 (M) 60 (K)	Greitt framlag í 50 vikur	27.752 kr. á mánuði	19,90%	Launamaður 2-10%, Sjálfstæðir: 1.853 kr. á mánuði. Vinnuveitandi: 3-10% af greiddum launum.	Ekkert	Já
	Viðbótarlífeyris réttur	80	Hefur ekki rétt á gr. úr lífeyrissjóði, búsettur í Bretlandi sl. 10 ár.	60% af grunntryggingu		Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	65 (M) 60 (K)	Tekur til launþega, sértækar reglur.	25% af meðaltali bestu 20 ára á vinnumarkaði		Launamaður: 2-10% Sjálfstæðir: rúmlega 750 kr. á viku. Vinnuveitandi: 3-10% af greiddum heildar-launum	Ekkert	
Danmörk	Grunntrygging	67	40 ára búseta frá 15-67 ára	30.732 kr. á mánuði.		Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Viðbótarlífeyris réttur (ATP)	67	Framlög frá 1964			Tryggðir: 7.211 kr. á ári. Atvinnurekendur: 14.422 kr. á ári	Ekkert	
	Tekjugrund-völluð réttindi							
Finnland	Grunntrygging	65	40 ára búseta (tekjutengt)	25.007-29.763 kr. á mánuði (breytilegt eftir búsetu, hjúskaparstöðu, öðrum tekjum ofl.)	24,50%	Launamður: ekkert, Sjálfstæðuir: 20,4%, Atvinnurekandi : 2,4-4,9%. Hið opinbera: 3,95%	um 36%	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	65	Tekur til launþega, tryggður í amk 40 ár.	1,5% (2,5% af vinnu sem unnin er eftir 60 ára aldur) af meðaltekjum til stofns lífeyrisréttinda til 65 ára aldurs.	Full réttindi ef tryggður amk 40 ár frá 23 ára aldri.	Launþegi: 4,5% af skattskyldum tekjum Vinnuveitandi: 9,46 til 25,34%	Það hlutfall til sjálfstæðra sem framlag þeirra nær ekki að dekka.	

Land	Kerfi	Aldur	Skilyrði	Fullur lífeyrir	Hlutfall af meðaltekjum	Eigið framlag	Framlag ríkis	Uppbót á lífeyri
Frakkland	Grunntrygging Tekjugrund-völluð réttindi	65 65	Tekjutengt Tekur til launþega, tryggður í amk 150 ársfjórðunga.	15.122 kr. á mánuði. 50% af meðaltekjum 25 tekjuhæstu ára. Er að hækka úr 11 árum 1994 í 25 árið 2008.	18,90% 50% af hámarks-tekjum., lágmark: 33.975 kr. á mánuði fyrir 150 ársfjórðunga framlag.	Ekkert Sá tryggði: 6,55% af tryggðum tekjum og að auki almennt framlag sem nemur 3,4% af 95% af tekjum. Vinnuveitandi: 8,2% af tryggðum tekjum og 1,6% af heildarlauna-greiðslum.	Allur kostnaður Mismunandi niðurgreiðslur	
Grikkland	Grunntrygging Tekjugrund-völluð réttindi	65 (M) 60 (K)	Tekur til launþega og sjálfstæðra, algengast að trygging hafi tekið yfir 4.500 daga (rúm 12 ár).	30-70% af meðaltekjum síðustu 5 ára að viðbættum 1-2,5% á nánar tilgreindu tímabili.	Hámark: sömu tekjur og áður. Lágmark: 27.229 kr. á mánuði.	Launmaður: 6,67% Vinnuveitandi: 13,33%	10%	
Holland	Grunntrygging Tekjugrund-völluð réttindi	65	Búseta frá 15-64 ára	51.801 kr. á mánuði, 35.933 kr. til viðbótar fyrir hjón/sambýlinga.	37,20%	Launamaður: 15,4% af tekjum (fá greidda uppbót af vinnu-veitenda)	Það sem þarf til að tryggja lágmarks tekjur	
Írland	Grunntrygging Tekjugrund-völluð réttindi	65	156 vikna framlag fyrir 56/57 ára aldur	35.088 kr. á mánuði.	29,00%	Tryggðir einstaklingar: 5,5% af vikulaunum, Sjálfstæðir: 5,0% af vikulegum launum, Vinnuveitendur: allt að 12% af greiddum launum.	Halli tryggður af ríki	Já

Land	Kerfi	Aldur	Skilyrði	Fullur lífeyrir	Hlutfall af meðaltekjum	Eigið framlag	Framlag ríkis	Uppbót á lífeyri
Ísland [1]	Grunntrygging	67	A.m.k. 3 ára búseta 16-66 ára	12.150 krónur á mánuði.		Atvinnurekendur: 3,88-6,28%	Halli tryggður af ríki	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	67		Háð framlagi launþega.		Launamaður: 4% Vinnuveitandi 6% af launum.	Ekkert	
Ítalía	Grunntrygging	65	Tekjutengt	16.659 kr. á mánuði	18,10%	Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	63 (M) 58 (K)	Tekur til launþega, mjög mismunandi reglur vegna endurskoðunar laga árið 1995.	Byggist á launum lífeyris-taka á vinnumarkaði og hversu lengi hann var virkur.		Sá tryggði: 8,89% (9,9% ef laun fara yfir ákveðin mörk) Vinnuveitandi: 19,36%, hækkar í 23,8% árið 1999	Allur halli	
Japan	Grunntrygging	65	40 ára framlög	26.291 kr. á mánuði.	23,50%	5.144 kr. á mánuði.	1/3 af greiðslu-dreifingu og allur stjórnunar-kostnaður	
	Tekjugrund-völluð réttindi	60 (M) 59 (K)	Tekur til launþega, tryggður í amk 25 ár.	0,75% af verðbættum launum margfaldað með tíma á vinnumarkaði.		Launamaður: 8,675% Vinnuveitandi: 8,675%	Kostnaður við rekstur	
Kanada	Grunntrygging	65	40 ára búseta eftir 18 ára aldur	22.900 kr. á mánuði	14,40%	Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	65	Tekur til launþega og sjálfstæðra, framlag í amk. 1 ár	25% af meðaltryggðum tekjum	Hámark 41.650 kr. á mánuði	Launamaður: 3% Vinnuveitandi: 3%	Ekkert	
Lúxemborg	Grunntrygging	60	Búseta 10 ár af sl. 20. (means-test)	Sú upphæð sem vantar upp á aðrar tekjur til að ná ríkis-tryggðum lágmarkslaunum.		Ekkert	Allur kosntaður	
	Tekjugrund-völluð réttindi	65	Tekur til launþega og sjálfstæðra, tryggðra í amk 120 mánuði	Grunnfjárhæð (16.509 kr.) á mánuði fyrir 40 ár á vinnumarkaði að viðbættu 1,78% af ævilaunum.	Hámark 312.684 kr. á mánuði Lágmark: 67.540 kr. á mánuði eftir 40 ára tryggingu	Launamaður: 8% Vinnuveitandi: 8%	8% af tekjum	

Land	Kerfi	Aldur	Skilyrði	Fullur lífeyrir	Hlutfall af meðaltekjum	Eigið framlag	Framlag ríkis	Uppbót á lífeyri
Noregur	Grunntrygging	67	40 ára búseta	25.866 kr. á mánuði (grunnfjárhæð), 50% álag fyrir hjón.	18,60%	Launamaður: 7,8% Sjálfstæðir: 7,8-10,7% Vinnuveitendur 14,2% af greiddum launum.	Halli tryggður af ríkinu	
	Tekjugrund-völluð réttindi	67	Tekur til launþega og sjálfstæðra, 20 ára trygging (fer hækkandi í 40 ár).	42% af grunnfjárhæð margfaldað með lífeyrispunktum.	Full eftirlaun eftir framlag í 20 ár.	Vinnuveitandi: 45%	Allur halli	
Nýja Sjáland	Grunntrygging	62	10 ára búseta þar af 7 frá 50 ára aldri	49.783 kr. á mánuði fyrir einstakling, 73.560 kr. á mánuði fyrir hjón.	42,00%	Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi							
Portúgal	Grunntrygging	65	Tekjutengt	11.775 kr. á mánuði.		Ekkert	Allur kostnaður	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	65	Tekur til launþega og sjálfstæðra, framlag í a.m.k. 180 mánuði. Verður að draga sig til baka á vinnumarkaði	2% af tekjuhæstu 10 árum af sl. 15 áður en taka lífeyris hefst.	Hámark: 80% af meðaltekjum Lágmark: Það sem er hærra af 30% af meðaltekjum eða 16.877 kr.		Styrkur sem nemur 13,9% af lífeyri	
Spánn	Grunntrygging	65	10 ára búseta frá 16-65 ára, samfellt sl. 2 ár þegar sótt er um. (tekjutengt)	Ákveðið árlega með lögum.		Ekkert	Allur kostnaður	
	Tekjugrund-völluð réttindi	65	Tekur til launþega, framlag í 15 ár þar af 2 ár af sl. 8. Verður að draga sig til baka af vinnumarkaði.	60% af grunnlífeyri (ákveðinn með lögum) að viðbættu 2% af framlagi yfir 15 ár.	Hámark: 100% af grunnlífeyri eftir 35 ára framlag Lágmark: 30.015 kr. á mánuði.	Launamaður: 4,7% Vinnuveitandi: 23,6%.	Árlegt framlag	

Land	Kerfi	Aldur	Skilyrði	Fullur lífeyrir	Hlutfall af meðaltekjum	Eigið framlag	Framlag ríkis	Uppbót á lífeyri
Sviss	Grunntrygging	65 (M) 62 (K)	Tekjutengt	Upplýsingar liggja ekki fyrir.		Ekkert	Allur kostnaður	
	Tekjugrund-völluð réttindi	65 (M) 62 (K)	Tekur til launþega, verður að vera framlag frá 21 árs aldri.	Tvöfalt kerfi, föst upphæð og tekjutengd upphæð.	Lágmark: 34.248 kr. á mánuði Hámark: 68.497 kr. á mánuði	Launamaður: 4,2% Sjálfstæðir:7,8% Vinnuveitandi: 4,2%	Árlegt framlag sem dekkar um 20,5% af lífeyrisgreiðslum	
Svíþjóð	Grunntrygging	65	40 ára búseta eða 30 ár í punktakerfi	20.048 kr. á mánuði fyrir einstakling, 16.393 kr. fyrir hvort hjóna	15,40%	Launþegar: ekkert, Vinnuveitandi: 5,86%, Sjálfstæðir: 6,03%	25% af kostnaði	Já
	Tekjugrund-völluð réttindi	65	Tekur til launþega og sjálfstæðra, trygging í 30 ár.	60% af grunnlífeyri marfaldað með lífeyris-stigum (15 stigahæstu árin gilda)	Full eftirlaun eftir framlag í 30 ár.	Launþegi: 1% Vinnuveitandi: 13%	Ekkert	
Þýskaland	Grunntrygging							
	Tekjugrund-völluð réttindi	65 (M) 60 (K)	Tekur til launþega og sjálfstæðra, amk 5 ára trygging og 35 ár við 63 ára aldur.	Punktakerfi	Markmið: 70% af launum við upphaf töku lífeyris, eftir að hafa lokið 45 ára starfsævi.	Launamaður: 10,15%, ef laun eru undir ákveðnu lágmarki greiðir vinnuveitandi allt (20,3%) Sjálfstæðir: 18,6% Vinnuveitendur: 10,15%	20% af heildar-kostnaði við lífeyristryggingar	

Heimild: OECD

[1] Lífeyrissjóðir meðtaldir á Íslandi.

Viðauki B
Félagsleg útgjöld OECD ríkjanna

Tafla 1. Ellilífeyrir 1980 - 1993
Hlutföll af landsframleiðslu

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Austurríki	8,40	..	..	..	..	9,29	..	..	..	..	9,38	9,48	9,52	9,78
Ástralía	3,27	3,35	3,44	3,36	3,27	3,12	3,02	2,99	2,81	2,79	3,06	3,18	3,20	..
Bandaríkin	4,63	5,11	5,27	5,21	5,13	5,12	5,11	4,95	4,88	4,94	5,08	5,24	5,24	5,21
Belgía	6,39	6,89	6,92	7,06	6,96	6,95	7,00	6,96	7,06	6,87	6,93	7,25	7,04	..
Bretland	5,07	5,54	5,81	5,72	5,75	5,57	5,60	5,40	5,04	5,02	5,23	5,60	5,84	5,88
Danmörk	5,98	6,03	6,01	5,95	5,98	5,92	5,78	5,90	6,15	6,49	6,53	6,71	6,77	6,77
Finnland	4,80	4,98	5,15	5,58	6,47	6,63	6,61	6,81	6,52	6,35	6,60	7,68	8,49	8,76
Frakkland	7,79	8,01	8,24	8,43	8,66	8,81	8,78	8,82	8,99	8,53	8,73	8,99	9,31	9,73
Grikkland	5,21	5,71	7,23	7,22	7,76	8,23	8,36	8,66	8,54	8,74	9,01	8,99	8,45	8,69
Holland	6,77	6,77	7,01	6,97	6,78	6,88	7,02	7,23	7,20	7,10	7,54	7,45	7,49	7,53
Írland	4,14	4,29	4,58	4,61	4,46	4,35	4,42	4,37	4,21	3,95	3,88	3,95	3,93	3,85
Ísland	**2,09**	**2,13**	**2,11**	**1,94**	**1,94**	**2,10**	**2,04**	**2,20**	**2,36**	**2,27**	**2,19**	**2,29**	**2,35**	**2,41**
Ítalía	7,32	7,99	8,30	8,91	8,73	9,03	9,22	9,12	9,11	9,27	9,62	9,82	10,62	10,93
Japan	3,81	4,03	4,19	4,36	4,49	4,62	4,80	4,92	4,95	4,95	4,99	4,93	5,02	..
Kanada	2,83	2,94	3,22	3,25	3,34	3,44	3,56	3,61	3,59	3,66	3,89	4,17	4,35	4,41
Lúxembúrg	7,53	7,99	7,68	7,56	7,15	7,10	6,96	7,31	7,02	7,15	7,36	7,89	8,13	8,44
Noregur	4,50	4,50	4,68	4,73	4,64	4,71	5,20	5,22	5,69	5,77	5,84	5,89	6,00	6,00
Nýja-Sjáland	6,95	7,00	7,89	7,40	7,05	7,47	6,82	6,57	6,55	6,82	7,31	7,61	7,19	..
Portúgal	3,53	3,73	3,46	3,93	3,81	3,73	3,94	4,24	4,22	4,18	4,45	4,75	4,87	5,21
Spánn	4,86	5,33	5,45	5,70	5,87	6,05	6,00	5,92	5,90	5,92	6,04	6,17	6,39	6,76
Sviss	7,94	..	..	..	..	8,73	..	..	..	..	8,52	..	9,80	..
Svíþjóð	7,40	7,92	7,96	8,10	7,79	7,93	8,08	8,03	8,07	8,07	8,05	8,48	9,19	9,47
Tyrkland	1,29	1,29	1,50	1,62	1,50	1,42	1,39	1,40	1,67	1,95	2,22	2,58	2,79	2,92
V-Þýskaland	7,60	7,65	7,78	7,55	7,41	7,33	7,17	7,31	7,29	7,28	7,07	6,90	6,96	7,26
Þýskaland												7,40	7,82	8,24

Heimild: OECD og Þjóðhagsstofnun.

Viðauki B
Félagsleg útgjöld OECD ríkjanna

Tafla 2. Örorkulífeyrir 1980 - 1993
Hlutföll af landsframleiðslu

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Austurríki	1,19	..	..	..	..	1,51	..	..	..	..	1,59	1,61	1,61	1,63
Ástralía	0,85	0,82	0,86	0,87	0,91	0,93	0,94	0,94	0,90	0,93	1,05	1,14	1,18	..
Bandaríkin	0,78	0,82	0,79	0,73	0,71	0,71	0,72	0,70	0,69	0,70	0,74	0,79	0,86	0,90
Belgía	2,12	2,23	2,25	2,41	2,33	2,41	2,33	2,17	2,05	1,98	1,97	2,02	1,93	..
Bretland	0,86	0,94	1,00	1,09	1,17	1,19	1,27	1,29	1,31	1,35	1,49	1,67	1,89	2,07
Danmörk	1,78	1,78	1,75	1,75	1,64	1,61	1,58	1,58	1,61	1,67	1,64	1,66	1,64	1,69
Finnland	2,76	2,75	2,70	2,52	2,78	2,80	2,80	2,89	2,84	2,83	3,05	3,60	4,03	4,09
Frakkland	1,02	1,04	1,14	1,15	1,14	1,12	1,09	1,07	1,05	1,01	0,98	0,97	0,95	0,97
Grikkland	0,93	1,13	1,50	1,69	1,70	1,85	1,86	1,89	1,86	1,90	1,87	1,97	1,90	1,90
Holland	4,61	4,70	4,84	4,75	4,63	4,35	4,30	4,42	4,38	4,23	4,59	4,65	4,67	4,69
Írland	0,53	0,57	0,66	0,69	0,68	0,70	0,75	0,76	0,75	0,74	0,74	0,78	0,80	0,81
Ísland	**0,51**	**0,51**	**0,50**	**0,46**	**0,46**	**0,51**	**0,51**	**0,55**	**0,60**	**0,60**	**0,60**	**0,64**	**0,76**	**0,83**
Ítalía	1,01	1,07	1,03	1,12	1,08	1,18	1,23	1,24	1,23	1,37	1,43	1,34	1,38	1,50
Japan	0,25	0,26	0,27	0,27	0,27	0,27	0,32	0,31	0,31	0,31	0,30	0,30	0,30	..
Kanada	0,37	0,37	0,41	0,42	0,43	0,43	0,44	0,47	0,46	0,47	0,49	0,52	0,56	0,60
Lúxembúrg	3,19	3,30	3,20	3,36	3,25	3,23	2,98	2,99	2,77	2,61	2,51	2,52	2,51	2,49
Noregur	1,96	1,96	2,00	2,02	2,02	2,07	2,32	2,40	2,64	2,71	2,79	2,86	2,92	2,86
Nýja-Sjáland	0,46	0,43	0,45	0,44	0,44	0,46	0,47	0,50	0,53	0,54	0,58	0,68	0,74	..
Portúgal	1,61	1,75	1,89	1,92	1,93	1,81	1,82	1,88	1,93	1,90	1,89	1,97	1,98	2,04
Spánn	1,16	1,27	1,28	1,33	1,34	1,35	1,33	1,30	1,32	1,36	1,27	1,33	1,38	1,47
Sviss	0,12	..	..	..	..	0,15	..	..	..	..	0,21	..	0,26	..
Svíþjóð	1,95	2,09	2,07	2,11	2,01	2,05	2,07	2,05	2,09	2,12	2,12	2,20	2,40	2,57
Tyrkland	0,09	0,08	0,08	0,09	0,08	0,07	0,07	0,07	0,07	0,08	0,10	0,13	0,18	0,13
V-Þýskaland	1,83	1,88	1,97	1,95	1,98	1,93	1,85	1,82	1,71	1,66	1,58	1,59	1,56	1,66
Þýskaland												1,64	1,64	1,77

Heimild: OECD og Þjóðhagsstofnun.

Viðauki B
Félagsleg útgjöld OECD ríkjanna

Tafla 3. Útgjöld slysatrygginga 1980 - 1993
Hlutföll af landsframleiðslu

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Austurríki	0,31	..	..	..	..	0,30	..	..	..	..	0,25	0,26	0,24	0,25
Ástralía	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
Bandaríkin	0,45	0,48	0,50	0,48	0,50	0,53	0,55	0,56	0,59	0,62	0,66	0,70	0,70	0,70
Belgía	0,85	0,85	0,80	0,75	0,74	0,69	0,65	0,62	0,58	0,57	0,55	0,56	0,54	..
Bretland	0,24	0,23	0,22	0,20	0,20	0,19	0,19	0,20	0,20	0,19	0,19	0,09	0,09	0,09
Danmörk	0,18	0,18	0,19	0,22	0,21	0,24	0,33	0,27	0,29	0,24	0,23	0,24	0,23	0,30
Finnland	0,20	0,20	0,22	0,25	0,25	0,24	0,26	0,23	0,27	0,25	0,26	0,28	0,31	0,31
Frakkland	0,76	0,75	0,75	0,72	0,70	0,68	0,65	0,63	0,61	0,59	0,59	0,58	0,57	0,55
Grikkland	0,02	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,01	0,01	0,01
Holland	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
Írland	0,11	0,10	0,12	0,13	0,13	0,13	0,13	0,14	0,13	0,12	0,13	0,13	0,12	0,11
Ísland	**0,07**	**0,08**	**0,07**	**0,07**	**0,07**	**0,07**	**0,07**	**0,09**	**0,09**	**0,09**	**0,09**	**0,10**	**0,09**	**0,10**
Ítalía	0,45	0,50	0,44	0,49	0,56	0,56	0,53	0,54	0,54	0,49	0,52	0,53	0,55	0,53
Japan	0,26	0,25	0,30	0,29	0,29	0,28	0,27	0,26	0,25	0,24	0,23	0,21	0,21	..
Kanada	0,34	0,36	0,43	0,43	0,45	0,47	0,50	0,48	0,46	0,46	0,52	0,55	0,56	0,54
Lúxembúrg	1,06	1,07	1,03	0,97	0,91	0,94	0,93	0,93	0,90	0,79	0,79	0,82	0,85	0,94
Noregur	0,04	0,04	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02
Nýja-Sjáland	0,46	0,49	0,57	0,53	0,56	0,64	0,70	0,75	0,85	0,99	1,44	1,32	1,27	..
Portúgal	0,26	0,29	0,32	0,33	0,32	0,31	0,31	0,32	0,32	0,33	0,33	0,47	0,42	0,37
Spánn	0,45	0,46	0,45	0,44	0,43	0,41	0,41	0,41	0,42	0,44	0,47	0,48	0,49	0,50
Sviss	0,06	..	..	..	..	0,09	..	..	..	..	0,15	..	0,19	..
Svíþjóð	0,23	0,25	0,23	0,24	0,22	0,23	0,32	0,45	0,64	0,70	0,75	0,81	0,84	0,79
Tyrkland	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02	0,01	0,01	0,04	0,04	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02
V-Þýskaland	0,92	0,93	0,91	0,88	0,88	0,87	0,87	0,86	0,85	0,82	0,81	0,80	0,81	0,81
Þýskaland												0,82	0,85	0,86

Heimild: OECD og Þjóðhagsstofnun.

Viðauki B
Félagsleg útgjöld OECD ríkjanna

Tafla 4. Útgjöld til sjúkradagpeninga 1980 - 1993
Hlutföll af landsframleiðslu

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Austurríki	0,26	..	..	..	..	0,21	..	..	..	..	0,18	0,20	0,22	0,23
Ástralía	0,12	0,14	0,16	0,17	0,17	0,16	0,16	0,17	0,17	0,17	0,17	0,09	0,09	..
Bandaríkin	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
Belgía	1,36	1,36	1,28	1,25	1,12	1,08	1,31	0,98	0,95	0,94	0,88	0,91	0,84	..
Bretland	0,30	0,29	0,22	0,28	0,27	0,26	0,27	0,27	0,25	0,25	0,24	0,21	0,21	0,18
Danmörk	2,09	1,76	1,62	1,24	1,11	1,17	1,22	1,28	1,49	1,25	1,25	1,11	1,13	1,12
Finnland	0,23	0,21	0,57	0,60	0,63	0,61	0,67	0,64	0,62	0,61	0,62	0,72	0,76	0,65
Frakkland	0,62	0,64	0,64	0,63	0,61	0,60	0,57	0,52	0,50	0,50	0,50	0,51	0,52	0,53
Grikkland	0,17	0,18	0,19	0,18	0,18	0,20	0,16	0,14	0,13	0,12	0,12	0,10	0,11	0,13
Holland	3,23	3,00	2,86	2,62	2,48	2,33	2,37	2,41	2,42	2,41	2,79	2,48	2,61	2,65
Írland	1,81	1,82	1,88	1,83	1,80	1,87	1,88	1,72	1,47	1,26	1,19	1,17	1,11	0,99
Ísland														
Ítalía	0,33	0,47	0,46	0,45	0,28	0,27	0,27	0,27	0,22	0,21	0,24	0,20	0,21	0,18
Japan	0,09	0,09	0,09	0,09	0,08	0,08	0,07	0,07	0,07	0,06	0,06	0,06	0,06	..
Kanada	0,05	0,05	0,05	0,04	0,05	0,05	0,05	0,05	0,05	0,06	0,06	0,06	0,06	0,06
Lúxembúrg	0,93	0,96	0,91	0,83	0,82	0,86	0,85	0,92	0,86	0,83	0,86	0,88	0,96	1,03
Noregur	1,72	1,67	1,68	1,66	1,64	1,72	1,77	1,88	2,10	2,11	2,16	2,26	2,22	2,10
Nýja-Sjáland	0,35	0,35	0,39	0,46	0,47	0,53	0,57	0,61	0,68	0,75	0,89	0,99	1,18	..
Portúgal	0,55	0,61	0,58	0,55	0,55	0,50	0,48	0,52	0,55	0,55	0,58	0,61	0,75	0,78
Spánn	0,84	0,83	0,87	0,81	0,76	0,74	0,71	0,70	0,73	0,78	0,85	0,92	0,99	1,04
Sviss	0,30	..	..	..	..	0,27	..	..	..	..	0,26	..	0,27	..
Svíþjóð	2,38	2,21	2,09	1,93	1,93	2,07	2,13	2,26	2,79	2,75	2,57	2,20	1,32	1,08
Tyrkland	0,46	0,36	0,37	0,36	0,34	0,32	0,33	0,39	0,42	0,55	0,61	0,70	0,74	0,68
V-Þýskaland	0,46	0,42	0,37	0,35	0,36	0,35	0,36	0,37	0,37	0,35	0,36	0,39	0,39	0,38
Þýskaland												0,40	0,40	0,40

Heimild: OECD og Þjóðhagsstofnun.

Viðauki B
Félagsleg útgjöld OECD ríkjanna

Tafla 4. Þjónusta við aldraða og öryrkja 1980 - 1993
Hlutföll af landsframleiðslu

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Ástralía	0,09	0,09	0,11	0,12	0,12	0,13	0,14	0,39	0,41	0,42	0,47	0,54	0,56	..
Bandaríkin	0,12	0,12	0,10	0,08	0,08	0,06	0,04	0,04	0,06	0,05	0,04	0,03	0,05	0,06
Belgía	0,12	0,13	0,13	0,14	0,13	0,13	0,12	0,12	0,12	0,11	0,11	0,11	0,12	..
Bretland	0,53	0,54	0,54	0,53	0,52	0,49	0,51	0,53	0,52	0,51	0,55	0,51	0,53	0,54
Danmörk	2,77	2,86	2,91	2,82	2,70	2,72	2,64	2,64	2,68	2,66	2,60	2,60	2,59	2,31
Finnland	0,92	0,99	1,11	1,07	0,97	1,02	1,02	1,04	1,03	1,03	1,16	1,36	1,38	1,45
Frakkland	0,63	0,64	0,65	0,64	0,64	0,64	0,68	0,72	0,72	0,66	0,65	0,67	0,68	0,70
Grikkland	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
Holland	0,56	0,65	0,64	0,69	0,53	0,48	0,60	0,58	0,57	0,56	0,56	0,55	0,55	0,56
Írland	0,54	0,53	0,56	0,58	0,57	0,58	0,58	0,56	0,52	0,48	0,49	0,48	0,48	0,47
Ísland[1]	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	**1,96**
Ítalía	0,19	0,19	0,20	0,21	0,19	0,19	0,20	0,22	0,23	0,22	0,21	0,22	0,22	0,21
Japan	0,16	0,16	0,17	0,17	0,17	0,17	0,18	0,17	0,17	0,17	0,18	0,19	0,20	..
Kanada	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
Lúxembúrg	0,27	0,29	0,31	0,30	0,28	0,25	0,26	0,26	0,44	0,51	0,52	0,56	0,62	0,70
Noregur	0,91	0,99	1,08	1,13	1,15	1,17	1,92	2,48	3,08	2,97	3,02	3,16	3,38	3,33
Nýja-Sjáland	0,03	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,03	0,03	0,05	0,11	0,11	0,10	..
Portúgal	0,05	0,05	0,05	0,05	0,06	0,07	0,07	0,10	0,12	0,10	0,10	0,08	0,08	0,09
Spánn	0,06	0,07	0,08	0,08	0,08	0,09	0,08	0,09	0,10	0,11	0,14	0,13	0,14	0,16
Sviss	0,04	..	..	..	..	0,04	..	..	..	..	0,05	..	0,06	..
Svíþjóð	1,76	1,80	1,79	1,78	1,76	1,80	1,82	1,83	1,89	1,90	2,06	2,07	3,23	3,78
Tyrkland	0,29	0,20	0,17	0,15	0,10	0,07	0,07	0,05	0,04	0,04	0,06	0,05	0,14	0,14
V-Þýskaland	0,26	0,26	0,26	0,25	0,24	0,23	0,24	0,23	0,24	0,22	0,22	0,17	0,17	0,18
Þýskaland												0,23	0,24	0,26

[1] Vistrými aldraðra var talið með sjúkrahúsum fram til 1993 og gefa því tölur fyrir þann tíma ranga mynd af þjónustunni.

Heimild: OECD og Þjóðhagsstofnun.

Viðauki B
Félagsleg útgjöld OECD ríkjanna

Tafla 5. Makalífeyrir 1980 - 1993
Hlutföll af landsframleiðslu

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Austurríki	3,32	..	..	..	..	3,31	..	..	..	..	3,08	3,09	3,08	3,12
Ástralía	0,60	0,59	0,60	0,58	0,57	0,55	0,53	0,50	0,35	0,31	0,33	0,33	0,31	..
Bandaríkin	0,96	1,05	1,07	1,00	0,97	0,96	0,96	0,92	0,90	0,90	0,93	0,96	0,96	0,96
Belgía	3,18	3,32	3,32	3,39	3,31	3,21	3,14	3,01	2,92	2,80	2,77	2,79	2,72	..
Bretland	1,75	1,77	1,64	1,65	1,61	1,52	1,51	1,40	1,28	1,19	1,26	1,32	1,30	1,27
Danmörk	0,15	0,14	0,13	0,13	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02
Finnland	0,88	0,91	0,96	0,98	0,97	1,01	1,05	1,04	1,00	0,98	1,02	1,18	1,32	1,33
Frakkland	1,97	2,04	2,06	2,10	2,09	2,08	2,04	2,00	1,97	1,93	1,94	1,93	1,95	1,96
Grikkland	0,90	1,04	1,35	1,43	1,59	1,66	1,62	1,65	1,59	1,78	1,66	1,60	1,59	1,62
Holland	1,17	1,16	1,16	1,15	1,09	1,02	1,00	1,00	1,03	1,00	1,19	1,19	1,21	1,20
Írland	1,26	1,32	1,44	1,49	1,49	1,47	1,47	1,45	1,41	1,26	1,24	1,26	1,26	1,24
Ísland	**0,64**	**0,59**	**0,58**	**0,53**	**0,52**	**0,58**	**0,57**	**0,62**	**0,66**	**0,66**	**0,65**	**0,69**	**0,80**	**0,87**
Ítalía	1,68	1,94	2,05	2,18	2,14	2,24	2,25	2,34	2,30	2,35	2,41	2,49	2,66	2,72
Japan	0,44	0,47	0,49	0,57	0,60	0,60	0,62	0,65	0,65	0,66	0,66	0,67	0,68	..
Kanada	0,21	0,22	0,26	0,28	0,30	0,34	0,37	0,39	0,39	0,40	0,42	0,45	0,49	0,50
Lúxembúrg	4,37	4,54	4,40	4,35	4,10	4,09	3,98	4,12	4,09	3,83	3,80	4,50	4,37	4,36
Noregur	0,62	0,60	0,58	0,56	0,51	0,49	0,51	0,50	0,50	0,49	0,48	0,46	0,46	0,46
Nýja-Sjáland	0,30	0,27	0,28	0,25	0,24	0,23	0,21	0,21	0,21	0,23	0,21	0,17	0,17	..
Portúgal	0,72	0,84	0,84	0,94	0,91	0,92	0,91	0,94	0,94	0,92	1,00	1,09	1,15	1,25
Spánn	1,70	1,81	1,83	1,86	1,85	1,88	1,83	1,80	1,80	1,85	1,92	1,99	2,09	2,19
Sviss	0,48	..	..	..	..	0,45	..	..	..	..	0,35	..	0,35	..
Svíþjóð	0,63	0,68	0,68	0,70	0,66	0,68	0,69	0,68	0,69	0,70	0,70	0,74	0,80	0,83
Tyrkland	0,41	0,40	0,37	0,45	0,41	0,38	0,36	0,38	0,37	0,48	0,99	0,72	0,79	0,84
V-Þýskaland	3,85	3,86	3,91	3,82	3,74	3,67	3,56	3,55	3,47	3,31	3,11	2,95	2,91	2,97
Þýskaland												2,91	2,92	3,00

Heimild: OECD og Þjóðhagsstofnun.

Viðauki C
Talnaefni um tekjur ellilífeyrisþega 1991 og 1996

Allar fjárhæðir eru meðaltöl í þús. krónum á verðlagi hvers árs

Tafla 1. Tekjur ellilífeyrisþega, eftir aldri, 1991

	67-69	70-74	75-79	80-84	85-89	90 >	Samtals
Fjöldi	3.426	5.763	4.481	2.731	1.313	491	18.205
Atvinnutekjur [1]	562,8	259,7	104,0	46,8	35,1	22,7	223,9
Aðrar tekjur	11,7	5,8	1,7	2,4	3,5	3,4	5,2
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	263,3	359,8	415,2	446,8	450,1	458,7	377,5
Greiðslur úr lífeyrissjóði	191,0	245,3	243,5	231,8	237,8	216,7	231,3
Fjármagnstekjur	104,5	107,9	109,1	100,0	111,2	92,8	106,2
Heildartekjur	1.133,4	978,5	873,6	827,7	837,6	794,4	944,1
Ráðstöfunartekjur	974,0	880,1	815,0	784,7	793,4	761,9	858,0
Skattbyrði	14,1%	10,1%	6,7%	5,2%	5,3%	4,1%	9,1%

Tafla 2. Tekjur ellilífeyrisþega, eftir aldri, 1996

	67-69	70-74	75-79	80-84	85-89	90 >	Samtals
Fjöldi	3.757	6.501	5.137	3.098	1.439	564	20.496
Atvinnutekjur [1]	627,9	240,3	89,1	43,9	36,1	23,9	223,5
Aðrar tekjur	25,8	8,2	6,6	4,0	5,0	10,1	10,2
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	275,9	396,8	460,0	491,3	509,9	494,1	415,4
Greiðslur úr lífeyrissjóði	278,5	353,0	331,0	316,5	301,3	295,4	323,1
Fjármagnstekjur	93,3	94,1	84,4	74,8	87,1	68,4	87,4
Heildartekjur	1.301,3	1.092,5	971,1	930,6	939,4	892,0	1.059,6
Ráðstöfunartekjur	1.074,9	945,2	869,7	848,4	854,0	821,6	925,6
Skattbyrði	17,4%	13,5%	10,4%	8,8%	9,1%	7,9%	12,6%

Skýringar:
Einhleypir og hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar (búið að skipta tekjum jafnt á milli þeirra).
Meðaltekjur reiknaðar út frá heildarfjölda á hverju aldursbili.
Skattbyrði reiknuð sem hlutfall skatta að frádregnum vaxta- og barnabótum og heildartekna.
[1] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Viðauki C
Talnaefni um tekjur ellilífeyrisþega 1991 og 1996

Allar fjárhæðir eru meðaltöl í þús. krónum á verðlagi hvers árs

Tafla 3. Samsetning tekna ellilífeyrisþega, eftir tíundum, 1991

	Tekju-lægstu	2	3	4	5	6	7	8	9	Teku-hæstu	Samtals
Atvinnutekjur [1]	16,4	25,9	41,4	48,2	69,3	105,9	178,8	291,9	492,6	966,5	223,9
Aðrar tekjur	1,4	1,2	3,3	3,3	4,1	7,0	5,2	5,7	10,0	10,5	5,2
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	405,0	451,5	458,9	482,2	466,7	436,3	366,3	302,2	234,3	172,1	377,5
Greiðslur úr lífeyrissjóði	79,7	105,5	133,7	156,2	186,8	219,1	285,8	319,4	340,0	486,6	231,3
Fjármagnstekjur	8,1	14,2	23,2	22,8	31,7	52,5	69,0	105,4	165,6	568,6	106,2
Heildartekjur	510,6	598,3	660,5	712,8	758,7	820,8	905,0	1.024,5	1.242,6	2.204,4	944,1
Ráðstöfunartekjur	512,3	598,9	659,1	706,3	739,1	781,5	840,1	922,4	1.070,9	1.747,2	858,0
Skattbyrði	-0,3%	-0,1%	0,2%	0,9%	2,6%	4,8%	7,2%	10,0%	13,8%	20,7%	9,1%

Skýringar:
Einhleypir og hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar (búið að skipta tekjum jafnt á milli þeirra).
Meðaltekjur reiknaðar út frá heildarfjölda á hverju aldursbili.
Skiptingin niður á tíund miðast við heildartekjur.
Skattbyrði reiknuð sem hlutfall skatta að frádregnum vaxta- og barnabótum og heildartekna.
[1] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Viðauki C
Talnaefni um tekjur ellilífeyrisþega 1991 og 1996

Allar fjárhæðir eru meðaltöl í þús. krónum á verðlagi hvers árs

Tafla 4. Samsetning tekna ellilífeyrisþega, eftir tíundum, 1996

	Tekju-lægstu	2	3	4	5	6	7	8	9	Teku-hæstu	Samtals
Atvinnutekjur [1]	19,8	25,0	30,9	33,4	49,3	78,2	121,5	208,8	435,1	1.229,8	223,5
Aðrar tekjur	3,1	4,6	4,8	7,5	7,5	8,7	10,4	18,5	16,4	20,7	10,2
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	455,2	515,2	516,9	531,6	521,9	493,5	447,9	340,2	218,1	114,5	415,4
Greiðslur úr lífeyrissjóði	99,6	129,3	177,2	209,5	246,3	301,2	370,2	466,6	545,4	684,8	323,1
Fjármagnstekjur	11,2	17,0	21,8	23,8	30,5	40,1	46,5	71,7	122,6	487,6	87,4
Heildartekjur	588,9	691,2	751,6	805,8	855,6	921,7	996,6	1.105,9	1.337,6	2.537,4	1.059,6
Ráðstöfunartekjur	660,0	729,3	759,9	792,3	808,0	848,3	893,4	952,6	1.074,9	1.735,8	925,6
Skattbyrði	1,7%	1,0%	2,2%	4,4%	6,3%	8,5%	10,7%	13,0%	17,4%	27,5%	12,6%

Skýringar:
Einhleypir og hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar (búið að skipta tekjum jafnt á milli þeirra).
Meðaltekjur reiknaðar út frá heildarfjölda á hverju aldursbili.
Skiptingin niður á tíund miðast við heildartekjur.
Skattbyrði reiknuð sem hlutfall skatta að frádregnum vaxta- og barnabótum og heildartekna.
[1] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Viðauki C
Talnaefni um tekjur ellilífeyrisþega 1991 og 1996

Allar fjárhæðir eru meðaltöl í þús. krónum á verðlagi hvers árs

Tafla 5. Samsetning tekna ellilífeyrisþega, eftir kjördæmum, 1991

	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Samtals
Fjöldi	8.905	3.012	847	572	823	1.831	887	1.328	18.205
Atvinnutekjur [1]	233,3	268,5	204,1	297,5	131,1	158,6	200,6	203,9	223,9
Aðrar tekjur	3,9	4,5	7,7	0,5	8,3	10,7	3,9	6,7	5,2
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	369,5	364,5	396,9	385,0	404,1	401,5	394,4	383,9	377,5
Greiðslur úr lífeyrissjóði	280,1	233,6	156,1	137,7	151,3	185,3	136,8	163,4	231,3
Fjármagnstekjur	125,2	102,0	76,5	90,9	69,4	91,6	75,6	77,4	106,2
Heildartekjur	1.012,1	973,2	841,3	911,6	764,2	847,6	811,1	835,2	944,1
Ráðstöfunartekjur	905,6	875,1	785,0	836,8	731,9	798,0	763,8	779,4	858,0
Skattbyrði	10,5%	10,1%	6,7%	8,2%	4,2%	5,8%	5,8%	6,7%	9,1%

Skýringar:
Einhleypir og hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar (búið að skipta tekjum jafnt á milli þeirra).
Meðaltekjur reiknaðar út frá heildarfjölda í hverju kjördæmi en ekki fjölda með viðkomandi tekjur.
Skattbyrði reiknuð sem hlutfall skatta að frádregnum vaxta- og barnabótum og heildartekna.
[1] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Viðauki C
Talnaefni um tekjur ellilífeyrisþega 1991 og 1996

Allar fjárhæðir eru meðaltöl í þús. krónum á verðlagi hvers árs

Tafla 6. Samsetning tekna ellilífeyrisþega, eftir kjördæmum, 1996

	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Samtals
Fjöldi	9.785	3.989	945	558	855	1.991	947	1.426	20.496
Atvinnutekjur [1]	228,6	271,0	214,9	295,4	124,7	178,2	182,2	183,0	223,5
Aðrar tekjur	11,2	11,5	10,1	1,7	7,1	7,6	5,4	12,0	10,2
Greiðslur frá Tryggingarstofnun	401,6	404,4	436,3	441,0	466,5	433,4	456,3	434,1	415,4
Greiðslur úr lífeyrissjóði	385,6	327,2	224,8	186,7	206,7	261,9	202,9	236,3	323,1
Fjármagnstekjur	100,6	91,9	61,1	73,0	52,9	66,8	72,3	67,3	87,4
Heildartekjur	1.127,6	1.106,0	947,2	997,8	857,9	948,0	919,2	932,6	1.059,6
Ráðstöfunartekjur	968,9	951,9	855,8	886,0	797,1	859,9	837,4	844,3	925,6
Skattbyrði	14,1%	13,9%	9,6%	11,2%	7,1%	9,3%	8,9%	9,5%	12,6%

Skýringar:
Einhleypir og hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar (búið að skipta tekjum jafnt á milli þeirra).
Meðaltekjur reiknaðar út frá heildarfjölda í hverju kjördæmi en ekki fjölda með viðkomandi tekjur.
Skattbyrði reiknuð sem hlutfall skatta að frádregnum vaxta- og barnabótum og heildartekna.
[1] Atvinnutekjur og tekjur af eigin atvinnurekstri.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

1225. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein, Sigurð Helgason og Hörð Lárusson frá menntamálaráðuneyti, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Hinu íslenska kennarafélagi, Þorstein Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, Sigurð Óla Kolbeinsson og Sigurjón Pétursson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ólaf Proppé og Auði Torfadóttur frá Kennaraháskóla Íslands, Sigrúnu Aðalbjarnardóttur og Jón Torfa Jónasson frá Háskóla Íslands og Ingvar Ásmundsson frá Sambandi iðnmenntaskóla.

Mál þetta var fyrst flutt á 121. löggjafarþingi og þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi iðnmenntaskóla, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Skólastjórafélagi Íslands, Skólameistarafélagi Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi og Kennarasambandi Íslands. Málið er nú endurflutt á 122. löggjafarþingi og barst til viðbótar umsögn frá Félagi íslenskra myndlistarkennara.

Við gerð frumvarpsins var tekið mið af því að frá hausti 1993 hefur verið hægt að stunda kennaranám við Háskólann á Akureyri. Þá var höfð hliðsjón af ákvæðum laga varðandi flutning grunnskóla til sveitarfélaga sem Alþingi samþykkti vorið 1996, svo og sérstökum samþykktum sem gerðar voru af sama tilefni.

Með frumvarpinu er lögð áhersla á mikilvægi aukinnar fagmenntunar kennara. Þetta kemur fram í 5. gr. þar sem tekið er fram að kennari sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein skuli hafa forgang að kennslu í grein sinni í 8.–10. bekk grunnskóla og í 15. gr. er miðað við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar sem hann er menntaður í. Einnig er tekið fram í 11. gr. að í leyfisbréfi framhaldsskólakennara skuli tilgreina kennslugrein eða sérsvið þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Í 12. gr. frumvarpsins kemur fram að framhaldsskólakennari sem hefur aflað sér fagmenntunar verulega umfram það lágmark sem frumvarpið gerir ráð fyrir þurfi í stað 30 eininga að taka 15 einingar í kennslufræði. Lagt er til að sama gildi um kennara í iðngreinum, að uppfylltum vissum skilyrðum, en margir þeirra koma beint úr atvinnulífinu og búa yfir dýrmætri reynslu sem skólakerfinu er nauðsynleg.

Þá er próf frá Kennaraskóla Íslands nú metið fullnægjandi undirbúningur í kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara en til þessa hefur það próf aðeins gefið 15 einingar af 30 sem krafist hefur verið til kennsluréttinda við framhaldsskóla.

Í 15. gr. frumvarpsins er síðan kveðið á um að skólameistara sé heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sérgrein sína þótt viðkomandi hafi ekki öðlast heimild til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Hér er um nýmæli að ræða sem gerir skólameisturum kleift að ráða til starfa sérfræðinga sem ekki hafa kennslu sem aðalstarf en þetta getur skipt miklu máli varðandi tengsl atvinnulífs og framhaldsskóla.

Í 3. gr. frumvarpsins er ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra skuli staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan evrópska efnahagssvæðisins. Er þetta í samræmi við tilskipun 89/48/EBE sem felld var inn í íslenskt lagakerfi með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að

þrátt fyrir þetta ákvæði megi setja skilyrði um íslenskukunnáttu viðkomandi umsækjenda þegar það á við.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að mikilvægt er að tekið sé sérstakt tillit til stjórnunarmenntunar við ráðningu stjórnenda, bæði í grunn- og framhaldsskólum.

Meiri hluti mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að felld verði brott úr 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. tilvísun til úrskurðar matsnefndar skv. 4. gr. sem telja verður óþarfa því skv. 4. gr. á að leita umsagnar matsnefndarinnar ef vafi leikur á hvort umsækjandi uppfylli skilyrði 2. gr. til þess að mega nota starfsheitið grunnskólakennari.
2. Lagðar eru til eftirgreindar breytingar á 9. gr.:
   a. Lögð er til breyting á orðalagi 1. mgr. í samræmi við 6. gr.
   b. Lögð er til sú breyting á 1. tölul. 1. mgr. að í stað þess að ráða megi stundakennara ef um er að ræða minna en ⅓ hluta starfs sé það heimilt ef um er að ræða minna en hálfa stöðu. Að öðrum kosti hefði verið um að ræða þrengingu á núverandi heimild til slíks því að skv. b-lið 2. mgr. 12. gr. núgildandi laga um sama efni má ráða stundakennara ef um er að ræða minna en hálfa stöðu. Meiri hlutinn telur ekki fyrir hendi rök fyrir þeirri þrengingu enda er hún ekki í samræmi við samkomulagið sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga.
   c. Lögð er til breyting á 2. tölul. 1. mgr. þannig að hægt verði að ráða stundakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga án þess að sú heimild verði bundin við tvo mánuði. Nauðsynlegt getur verið að ráða stundakennara til lengri tíma en tveggja mánaða því að forföll geta auðveldlega varað lengur en þann tíma, sbr. t.d. barnsburðarleyfi.
3. Lögð er til sú breyting á 10. gr. að ef hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í kennslustarf geti skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.
4. Lögð er til sambærileg breyting á 1. mgr. 12. gr. og segir í 1. tölul. hér að framan en því til viðbótar er lögð til sú breyting á 3. mgr. 12. gr. að ráðherra verði falið að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.
5. Lagðar eru til eftirgreindar breytingar á 19. gr.:
   a. Lögð er til orðalagsbreyting á fyrri málslið 1. mgr. þar sem ekki er lengur talað um fasta kennara heldur þá sem ráðnir hafa verið til starfa bæði tímabundið og ótímabundið, sbr. 16. gr.
   b. Lögð er til breyting á 2. tölul. 1. mgr. þannig að hægt sé að ráða stundakennara skemur en eina önn. Eðlilegt þykir að ef kennari forfallast geti sá sem ráðinn er í hans stað verið við störf allt til annarloka.
6. Á 20. gr. er lögð til sambærileg breyting og greinir í 3. tölul. hér að framan fyrir utan það að hér er um að ræða framhaldsskólakennara.

7. Lögð er til sú breyting á 21. gr. sem fjallar um kennslustörf í listgreinum á framhaldsskólastigi að heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum og í sérstökum listnámsdeildum framhaldsskólanna.

Alþingi, 20. apríl 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Ólafur Örn Haraldsson.	Árni Johnsen.

1226. Breytingartillögur [445. mál]

við frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, HjÁ, ArnbS, TIO, ÓÖH, ÁJ).

1. Við 2. gr. Orðin „samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 4. gr.“ og „það“ í 8. tölul. 1. mgr. falli brott.
2. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
   a. Í stað orðanna „föstum kennurum“ í fyrri málslið komi: kennurum sem ráðnir eru eða skipaðir.
   b. Í stað orðanna „$^1/_3$ hluta starfs“ í 1. tölul. komi: hálfa stöðu.
   c. Orðin „skemur en í tvo mánuði“ í niðurlagi 2. tölul. falli brott.
3. Við 10. gr. Í stað orðanna „neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn grunnskólakennara um“ í 4. mgr. komi: að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í.
4. Við 12. gr.
   a. Orðin „samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 14. gr.“ og „það“ í 5. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.
5. Við 19. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
   a. Í stað orðanna „föstum kennurum“ í fyrri málslið komi: kennurum sem ráðnir hafa verið, sbr. 16. gr.
   b. Í stað orðanna „skemur en í tvo mánuði“ í 2. tölul. komi: skemur en eina önn.
6. Við 20. gr. Í stað orðanna „neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn framhaldsskólakennara um“ í 4. mgr. komi: að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu framhaldsskólakennara í.
7. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum og í sérstökum listnámsdeildum framhaldsskólanna.

1227. Skýrsla [697. mál]

dómsmálaráðherra um útgjöld vegna laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, skal dómsmálaráðherra á ári hverju til ársloka 2000 gera Alþingi grein fyrir þeim útgjöldum sem lögin hafa í för með sér. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir útgjöldum áranna 1996 og 1997 ásamt fleiri upplýsingum.

Lögin um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota tóku gildi 1. júlí 1996. Gilda þau um tjón sem leiðir af brotum á almennum hegningarlögum sem framin voru 1. janúar 1993 og síðar. Samkvæmt lögunum var sett á laggirnar sérstök nefnd, bótanefnd, sem metur hvort skilyrði eru uppfyllt til greiðslu bóta úr ríkissjóði samkvæmt lögunum. Í nefndinni eiga sæti Hákon Árnason hrl., sem jafnframt er formaður, Erla Árnadóttir hrl. og Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari.

Á árinu 1996 bárust nefndinni 93 umsóknir, 54 frá körlum en 39 frá konum. Á árinu 1997 bárust nefndinni 104 umsóknir, 62 frá körlum og 42 frá konum. Alls bárust því nefndinni 197 umsóknir árin 1996 og 1997. Sjö umsóknir hafa borist það sem af er árinu 1998. Nefndin hefur fallist á 110 umsóknir að hluta eða öllu leyti, 52 hefur verið hafnað, 2 voru afturkallaðar og 33 umsóknir eru enn til meðferðar hjá nefndinni.

Heildargreiðsla úr ríkissjóði vegna þessa árið 1996 nam 15.387.511 kr. í 43 málum, eða 357.849 kr. að meðaltali. Heildargreiðsla úr ríkissjóði árið 1997 nam 37.937.651 kr. í 62 málum, eða 611.898 kr. að meðaltali. Hæsta einstaka greiðsla á tímabilinu nam 3.152.162 kr. Heildargreiðsla úr ríkissjóði árin 1996 og 1997 er því samtals 53.325.162 kr. Meðaltal greiðslu á þessum tveimur árum er 507.858 kr.

1228. Fyrirspurn [698. mál]

til fjármálaráðherra um álagningu fjármagnstekjuskatts.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hver er skoðun ráðherra á því að bankar og fyrirtæki innheimta af einstaklingum fjármagnstekjuskatt hvenær sem er á árinu, t.d. við greiðslu vaxta eða arðs, og liggja með það fé jafnvel mánuðum saman áður en því er skilað í ríkissjóð þar sem gjalddagi fjármagnstekjuskatts er aðeins einu sinni á ári, þ.e. 15. janúar?
2. Hverjar eru áætlaðar tekjur banka og fyrirtækja (og samsvarandi tekjutap ríkissjóðs) af ávöxtun þeirrar staðgreiðslu fjármagnstekna sem þau hafa þannig innheimt?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingu þess efnis að bönkum og fyrirtækjum beri að skila strax í ríkissjóð innheimtum fjármagnstekjuskatti eins og gildir um önnur opinber gjöld?

1229. Frumvarp til laga [699. mál]

um friðun Þingvalla og Þingvallavatns.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Þingvellir við Öxará og grenndin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga sem þjóðgarður undir vernd Alþingis.

Mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum skulu vera:

A. *Hið friðhelga land:* Að sunnan eru mörkin um línu sem dregin er úr landamerkjum jarðanna Arnarfells og Mjóaness á Langatanga, vestur yfir vatnið og í Grjótnes sem er á landamerkjum jarðanna Skálabrekku og Kárastaða. Þaðan ráða landamerki þeirra jarða að landamerkjum Selkots og síðan landamerki Selkots og Kárastaða að sýslumörkum Árnessýslu og Kjósarsýslu. Þaðan ráða sýslumörk til norðausturs í hátind Háusúlu og þaðan bein stefna til austurs í efsta tind Gatfells. Þaðan liggja mörkin til suðurs í Hrafnabjörg og með austur- og suðurmörkum jarðarinnar Gjábakka og með austurmörkum jarðarinnar Arnarfells í Langatanga.

B. *Verndarsvæði:* Að sunnan eru mörkin úr Stapa við Úlfljótsvatn (markapunktur milli Kaldárhöfða og Efribrúar í Grímsneshreppi) með hreppamörkum í Úlfljótsvatni, þ.e. miðlína, og allur farvegur Sogs að útfalli úr Þingvallavatni. Þaðan ráða bakkar Þingvallavatns að hreppamörkum Grafnings- og Þingvallahrepps á Miðbungumel. Síðan ráða jarðamörk Heiðarbæjar, Skálabrekku og Kárastaða á sýslumörk Árnessýslu og Kjósarsýslu (sbr. lýsingu A-liðar á hinu friðhelga landi hér á undan). Þaðan ráða sýslumörk að hornpunkti vestan Þórisjökuls. Stefna sýslumarkalínu framlengist að SV-horni Geitlands á Kaldadal, þaðan suðurmörk Geitlands að sýslumörkum við jökuljaðar. Sýslumörk Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu á Langjökli ráða að mörkum Biskupstungnahrepps á jökli. Þaðan ráða mörk Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps í hornpunkt (vestan Brúarárskarða) á hreppamörkunum á Rótasandi, þaðan bein lína í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns. Þá ráða mörk Laugarvatnsjarðarinnar að austan og sunnan, að undanskildu séreignarlandi sveitarfélaganna samkvæmt samkomulagi, dags. 5. janúar 1996, og hreppamörk Laugardals- og Grímsneshrepps á Biskupsbrekkum. Þaðan liggja mörkin í há-Þrasaborg. Þaðan ráða mörk jarðarinnar Kaldárhöfða í Stapa við Úlfljótsvatn.

Hið friðhelga land skal vera eign íslensku þjóðarinnar og er óheimilt að selja það eða veðsetja.

Þingvallanefnd getur ákveðið að hluti af hinu friðhelga landi, sem er innan landamerkja jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils, Gjábakka og Arnarfells, skuli, þar til annað verður ákveðið, falla undir verndarsvæði skv. B-lið og gilda þá um það landsvæði sömu reglur og gilda um verndarsvæðið samkvæmt lögum þessum. Auglýsing um ákvarðanir samkvæmt þessu ákvæði skal birt í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum skal vera undir stjórn Þingvallanefndar.

Þingvallanefnd skal skipuð þremur alþingismönnum sem kjörnir eru hverju sinni að loknum kosningum til Alþingis. Nefndin kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Forsætisráðuneytið fer með stjórnsýsluleg málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum.

3. gr.

Hið friðhelga land skal vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Almenningur skal eiga kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur. Gróður og villidýralíf á svæðinu skal vera friðað en Þingvallanefnd er þó heimilt að gera ráðstafanir til eyðingar á þeim gróðri og dýrum sem ekki samrýmast markmiðum friðunarinnar eða gera usla á hinu friðhelga landi eða vinna búfénaði héraðsmanna tjón. Hið friðhelga land skal, eftir því sem Þingvallanefnd ákveður, varið fyrir lausagöngu búfjár og nefndin skal setja sérstakar reglur um búskap á þeim bújörðum sem eru í byggð innan hins friðhelga lands.

4. gr.

Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

Þingvallanefnd setur nánari reglur um framkvæmd verndunarinnar, þar með talið um breytingar á vatnshæð og takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Telji nefndin að slík losun í Þingvallavatn samrýmist ekki verndun vatnsins getur hún bannað hana.

Þrátt fyrir ákvæði laga um lax- og silungsveiði er óheimilt án leyfis Þingvallanefndar að stunda fiskirækt eða fiskeldi í eða við Þingvallavatn.

5. gr.

Land þjóðgarðsins á Þingvöllum, sem ekki er innan hins friðhelga lands, skal vera friðað og er markmið friðunarinnar að varðveita náttúrufar þar og auðvelda almenningi aðgang að svæðinu í samræmi við þær reglur sem kunna að verða settar um umferð þar. Þess skal sérstaklega gætt við framkvæmd friðunarinnar að vatni á svæðinu, bæði vatni á yfirborði og grunnvatni, verði ekki spillt eða það mengað. Friðun á landi utan hins friðhelga lands skal ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema Þingvallanefnd telji að sú notkun leiði til þess að spjöll verði á náttúrufari og gróðri á svæðinu. Getur nefndin þá ákveðið takmarkanir á beit og öðrum nytjarétti innan þjóðgarðsins.

Þingvallanefnd skal hafa samráð við viðkomandi sveitarstjórnir og Náttúruvernd ríkisins um framkvæmd friðunar á þeim hluta þjóðgarðsins sem liggur utan hins friðhelga lands og er heimilt að semja um að Náttúruvernd ríkisins annist tiltekin verkefni við framkvæmd friðunar, eftirlit og umsjón með þessum hluta þjóðgarðsins.

6. gr.

Óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins á Þingvöllum nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar og tekur bann þetta m.a. til húsabygginga, vegagerðar, lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda. Þingvallanefnd er heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Þingvallanefnd er heimilt, eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa, að kaupa einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi sem eru innan þjóðgarðsins og ekki eru í eigu íslenska ríkisins.

Þingvallanefnd er heimilt, að fengnu samþykki forsætisráðherra, að taka eignarnámi einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi innan þjóðgarðsins til þess að framkvæma friðun sem lög þessi mæla fyrir um. Um mat á bótum fer eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna friðunar samkvæmt lögum þessum á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

8. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um þjóðgarðinn, verndun og meðferð hans, en forsætisráðherra staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar til að mæta kostnaði við þjónustuna og eftirlit með dvalargestum.

Þingvallanefnd getur einnig sett sérstakar tímabundnar reglur um umferð innan þjóðgarðsins, þar með talið bann við akstri utan vega og dvöl á ákveðnum svæðum, og sama gildir um veiðar dýra og fugla innan verndarsvæðisins. Þá getur Þingvallanefnd sett reglur um meðferð spilliefna, frárennslis og annars sem hætta er á að mengi jarðveg og/eða vatn innan þjóðgarðsins, þar með talið Þingvallavatn, og flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins.

9. gr.

Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum sem jafnframt er þjóðgarðsvörður. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999 og þá falla jafnframt úr gildi lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd sem nú situr skal halda umboði sínu þar til ný nefnd verður kjörin í samræmi við ákvæði 2. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um friðun Þingvalla voru sett árið 1928. Frá því að lögin voru sett hafa öll viðhorf til náttúruverndar gjörbreyst auk þess sem umferð um þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans er miklu meiri en áður. Jafnframt hafa kröfur um verndun Þingvallavatns aukist. Þingvellir hafa ómetanlegt gildi fyrir Íslendinga frá menningarlegum sjónarhóli og náttúruverndarsjónarmiðum. Vatnasvið Þingvallavatns er stærsta grunnvatnsauðlind á Íslandi. Með þeirri stækkun þjóðgarðsins á Þingvöllum sem kynnt er í þessu frumvarpi er lagt til að allt svæðið

frá suðurströnd Þingvallavatns inn í Langjökul verði innan hans og fellur þannig Þingvallavatn og mestur hluti vatnasviðs þess saman í órofa heild með hinum menningarlegu og náttúrufræðilegu minjum.

Endurskoðun laganna hefur farið fram undir forsjá Þingvallanefndar. Með frumvarpinu er leitast við að móta verndarstefnu á þessu sviði til framtíðar og leiða til þess saman krafta Þingvallanefndar, heimamanna og stjórnvalda á sviði náttúruverndarmála.

Rannsóknir vísindamanna á Þingvallasvæðinu og sérstaklega Þingvallavatni og lífríki þess hafa enn orðið til að beina sjónum manna að mikilvægi þess að friða og vernda þetta landsvæði. Auk náttúrunnar eru orku- og neysluvatnsauðlindir svæðisins mikilvægar fyrir þjóðina. Talið er að á Þingvalla- og Brúarársvæðinu ofan við Brúarfoss, sem alls er um 1.300 ferkílómetrar, sé um þriðjungur af öllu lindarvatni í byggð á Íslandi. Þessi aðstaða auk hins sérstaka lífríkis Þingvallavatns hefur leitt til þess að Þingvallanefnd hefur talið nauðsynlegt að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að friða og vernda vatnasvið Þingvallavatns og Þingvallavatn sjálft. Þessi friðun kæmi til viðbótar friðun á því landi sem lagt er undir helgistað þjóðarinnar á Þingvöllum. Almenn lög um vatnsvernd hafa ekki verið sett hér á landi enn sem komið er og því hefur niðurstaðan orðið að leggja til að aukið verði við lögin um friðun Þingvalla.

Þá er í frumvarpi þessu lagt til að hið friðhelga land á Þingvöllum verði stækkað. Með þessum aðgerðum er stigið mikilvægt skref til að tryggja vernd hinnar sérstöku náttúru á svæðinu auk vatnsverndarinnar en jafnframt væri með samþykkt frumvarpsins lagður grunnur að mikilfenglegu útivistarsvæði fyrir landsmenn í næsta nágrenni við stærstu þéttbýlissvæði landsins.

Helgistaðurinn á Þingvöllum er elsti en jafnframt minnsti þjóðgarður Íslendinga eða 40 km^2 að stærð. Ef frumvarp þetta verður að lögum mun hið friðhelga land verða 237 km^2 að stærð og verndarsvæði þjóðgarðsins allt að 1.193 km^2. Frá setningu laganna 1928 hefur þjóðinni fjölgað úr 110 þús. manns og búast má við að hún verði um 280 þús. árið 2000. Um 70% þjóðarinnar búa í rúmlega klukkustundar fjarlægð frá Þingvöllum. Telja má einstakt að hafa slíka náttúruperlu svo stutt frá þéttbýlasta svæði landsins enda er svæðið þegar vinsælt útivistarsvæði. Á undanförnum árum hefur umferð um norðurhluta svæðisins aukist verulega, jafnt utan vega sem á. Til að vernda viðkvæmt náttúrufar þarf að stýra umferð um svæðið. Vegna þessa er brýn þörf á aukinni friðun á svæðinu. Það svæði, sem lagt er til að falli undir þjóðgarðinn á Þingvöllum, er þegar að stórum hluta friðað á einn eða annan hátt eða jarðirnar í opinberri eigu. Hér er því ekki síst verið að koma á samræmdri vernd á stóru landsvæði og koma því undir sameiginlega stjórn. Nauðsynlegt er að gæta mjög þessarar náttúru í samráði við heimamenn og opinberar stofnanir sem lögum samkvæmt fjalla um breytingar á náttúrunni, svo sem Náttúruvernd ríkisins, og um vatnsvernd, mengun og fráveitur, svo sem Hollustuvernd ríkisins.

Athugasemdum við frumvarp þetta fylgja eftirtalin fylgiskjöl:

Nr. I Yfirlitsmynd af Þingvallasvæðinu, sem sýnir mörk þjóðgarðsins, skipt í hið friðhelga land og verndarsvæðið.

Nr. II Um Þingvelli, Þingvallavatn og vatnasvið þess, greinargerð unnin af dr. Pétri M. Jónassyni, prófessor.

Nr. III Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um kostnaðaráhrif.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í upphafi greinarinnar er kveðið á um, eins og í 1. gr. núgildandi laga um friðun Þingvalla, að Þingvellir við Öxará og grenndin þar skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í núgildandi lögum er hins vegar hvergi sagt að hið friðaða svæði sé þjóðgarður, en Þingvellir höfðu löngu áður en það hugtak kom inn í náttúruverndarlög öðlast þann sess meðal þjóðarinnar að vera þjóðgarður, en svæðið hefur lengi verið nefnt þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Ákvæði 4. gr. laga nr. 57/1928 um að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis er flutt í 1. gr. frumvarpsins og með því er undirstrikuð sú sérstaða sem svæðinu og allri stjórnsýslu þar er búin í lögum. Þó að tekið sé fram í 2. gr. frumvarpsins að stjórnsýsluleg málefni þjóðgarðsins heyri undir forsætisráðuneytið er stjórn og ábyrgð á málefnum þjóðgarðsins falin sérstakri nefnd sem í eiga sæti sem fyrr þrír alþingismenn kjörnir af Alþingi. Alþingi setur síðan með ákvörðunum sínum um fjárveitingar til þjóðgarðsins ramma um þær framkvæmdir sem hverju sinni er ráðist í innan hans til að treysta framgang friðunarinnar og bæta og auka möguleika fólks til umferðar og dvalar innan þjóðgarðsins.

Í gildandi lögum um friðun Þingvalla er land það sem friðunin tekur til afmarkað annars vegar sem hið friðhelga land og er mörkum þess lýst svo í 1. gr. laganna:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
c. Að norðan: Frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.
d. Að austan: Eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Hins vegar segir að ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki megi gera í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka nema með leyfi Þingvallanefndar. Ekki er í lögunum fjallað um annað land jarðarinnar Þingvalla, þar með talið land það sem liggur ofan við landamerki áðurnefndra jarða og hið friðhelga land í áttina að Skjaldbreið.

Þingvallanefnd hefur talið rétt að stækka hið friðhelga land á Þingvöllum auk þess sem inn í þjóðgarðinn er tekið sem sérstakt verndarsvæði vegna vatnsverndar land norðan og austan hins friðhelga lands og Þingvallavatn og bakkar þess utan hins friðhelga lands.

Við þá breytingu á mörkum hins friðhelga lands sem lögð er til í frumvarpinu fellur allt land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka innan hins friðhelga lands, en eins og áður sagði er í gildandi lögum mælt fyrir um ákveðnar takmarkanir á framkvæmdum á landi þessara jarða. Þá er í frumvarpinu lagt til að land jarðarinnar Arnarfells, sem er eign ríkisins, verði hluti af hinu friðhelga svæði.

Þar sem land sem nú er nýtt til búskapar á jörðunum Kárastöðum og Brúsastöðum fellur innan marka hins friðhelga lands samkvæmt frumvarpinu, og aðstæður kunna að vera með þeim hætti að ekki sé þörf á eða unnt vegna kostnaðar við girðingar að láta þær ströngu reglur sem gilda innan hins friðhelga lands taka strax í byrjun til alls lands jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils, Gjábakka og Arnarfells, er lagt til að Þingvallanefnd geti ákveðið að hluti af hinu friðhelga landi innan landamerkja áðurnefndra jarða skuli þar til annað verður ákveðið falla undir verndarsvæði skv. B-lið og þar með sömu reglur og gilda um það landsvæði samkvæmt lögunum. Með þessu móti ætti m.a. að vera unnt að koma til móts við þarfir þess búreksturs sem stundaður er á tveimur þessara jarða og frumvarpinu er ekki ætlað að gera þar breytingar á. Ákvarðanir samkvæmt þessu ákvæði þarf að taka í samráði við

heimamenn í Þingvallasveit og leitast þannig við að samræma framkvæmd friðunar Þingvalla og þróun búsetu og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

Eins og áður sagði tekur sú friðun sem hinu svonefnda verndarsvæði er búin í frumvarpinu mið af því markmiði að tryggja fyrst og fremst verndun vatns og þá einkum grunnvatns, auk þess sem varðveita á og bæta það svæði til útiveru fyrir landsmenn og ferðamenn sem leggja leið sína til landsins. Mörk verndarsvæðisins eru dregin með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna um rennsli grunnvatns í Þingvallavatn og með það í huga að tryggja einnig verndun Þingvallavatns í heild. Þessar rannsóknir sýna að grunnvatn af svæðinu norðan Skjaldbreiðar milli hæstu tinda Þórisjökuls og Hlöðufells og inn á Langjökul hefur afrennsli í Þingvallavatn. Nær Þingvallavatni afmarkast aðrennslissvæðið að mestu af hæstu fjöllum og hryggjum milli þeirra. Sunnan Þingvallavatns liggur aðrennslissvæðið að hæstu brúnum Hengilsins. Í frumvarpinu er þó lagt til að verndarsvæðið takmarkist að sunnan af bökkum Þingvallavatns og er þá m.a. haft í huga að þegar eru hafnar á þessum hluta aðrennslissvæðisins umfangsmiklar framkvæmdir til að nýta jarðhita á Nesjavöllum af hálfu Reykjavíkurborgar. Þessar framkvæmdir eru unnar undir eftirliti sérfróðra opinberra aðila og verður að ætla að þess verði gætt að orkuvinnslan leiði ekki til þess að raskað verði markmiðum þeirrar vatnsverndar sem felst í frumvarpi þessu. Þá ber að minna á að samkvæmt frumvarpinu tekur verndarsvæðið til Þingvallavatns og bakka þess og þar með talið til frárennslis í vatnið.

Verndarsvæðið er afmarkað þannig að norðan Botnssúlna að vestan og Brúarárskarða að austan ráða sýslu- og hreppamörk, þ.e. annars vegar sýslumörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og hins vegar mörk Laugardalshrepps og Biskupstungnahrepps. Frá Brúarárskörðum er dregin bein lína til suðurs í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns.

Verndarsvæðið er síðan í landi jarðarinnar Laugarvatns látið ná lengra til austurs en mörk vatnasviðs Þingvallavatns segja til um. Skýringin á þessu er sú að jörðin Laugarvatn var á sínum tíma keypt undir héraðsskóla sem reistur var á Laugarvatni. Jörðin varð þannig sameign ríkisins og sveitarfélaganna í Árnessýslu og með samkomulagi eigenda jarðanna sem gert var 5. janúar 1996 kom stærstur hluti lands jarðarinnar utan þéttbýlisins á Laugarvatni auk skólalóðar í hlut ríkisins. Í bókun sem gerð var af hálfu ríkisins samhliða undirritun samkomulagsins var því lýst yfir að stefnt yrði að því að sá hluti jarðarinnar sem kæmi í hlut ríkisins og ekki yrði nýttur fyrir skólastarf, íþróttaaðstöðu og ferðamannaþjónustu yrði gerður að almennu útivistarsvæði í samstarfi við þjóðgarðinn á Þingvöllum og Náttúruverndarráð. Menntamálaráðuneytið hefur síðan bréflega leitað eftir því við Þingvallanefnd að hún taki til athugunar að gera umrætt land hluta af þjóðgarðinum. Þessari ósk er fylgt eftir í frumvarpinu með því að leggja til að útland Laugardalsjarðarinnar verði hluti af verndarsvæðinu og þar með þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þjóðvegurinn um Lyngdalsheiði og Laugardalsvelli liggur um þetta land og Gjábakkaland auk þess hluta Laugarvatnsjarðarinnar sem seldur var Grímsneshreppi á sínum tíma. Margvíslegir möguleikar til útiveru og uppbyggingar á aðstöðu til hennar eru fyrir hendi á þessu svæði.

Verndarsvæðið er látið ná yfir Þórisjökul og norður fyrir hann og að Geitlandi, en nokkur óvissa kann að vera um hvar suðurmörk þess liggja þar sem þau mörk ráðast af Geitá, sbr. landamerkjabréf Geitlands frá 21. október 1921, og álitamál kann að vera við hvað eigi að miða upptök árinnar. Með því að láta verndarsvæðið ná að Geitlandi og þar með út fyrir vatnasvið Þingvallavatns gefst betra tækifæri til að tengja saman þjóðgarðinn og friðland í Geitlandi.

Innan verndarsvæðisins, eins og það er afmarkað í frumvarpinu, falla lönd jarðanna Mjóaness, Miðfells og Skálabrekku, sem allar eru í einkaeign, og einnig jarðanna Kaldárhöfða og Heiðarbæjar, en báðar þessar jarðir eru eign ríkisins og leigðar ábúendum.

Í 3. mgr. greinarinnar er með sama hætti og í 4. gr. laga nr. 59/1928 tekið fram að hið friðhelga land skuli vera eign íslensku þjóðarinnar og að óheimilt sé að selja það eða veðsetja.

Um 2. gr.

1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 5. gr. laga nr. 59/1928, en bætt er við 2. mgr. ákvæðum um að nefndin kjósi formann úr sínum hópi og skipti að öðru leyti sjálf með sér verkum. Miðað er við að ný nefnd taki jafnan til starfa þegar eftir að hún hefur verið kjörin á Alþingi.

Þegar stofnað var til friðunar Þingvalla með lögum nr. 59/1928 var valin sú leið að fela nefnd þriggja þingmanna að fara með fyrir hönd Alþingis, eins og segir í 5. gr. laganna, yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign sem nefndar eru í 2. gr. laganna.

Þó að Þingvallanefnd sé kjörin af Alþingi og starfi því sem slík á ábyrgð þess sem sjálfstæð stjórnsýslunefnd er ljóst að með breyttri skipan á stjórnsýslu íslenska ríkisins hefur í auknum mæli komið til afskipta og samskipta við Stjórnarráðið vegna framkvæmdar á einstökum málum sem Þingvallanefnd hefur þurft að fjalla um og lúta beint að daglegri umsjón þjóðgarðsins. Á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, var með auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, ákveðið að forsætisráðuneytið færi með mál er vörðuðu m.a. Þingvelli og Þingvallaþjóðgarð. Til marks um þetta má nefna að fjárveitingum til þjóðgarðsins á Þingvöllum hefur í fjárlögum verið skipað undir forsætisráðuneytið.

Í tíð gildandi laga um friðun Þingvalla hefur verkefni Þingvallanefndar og starfsmanna hennar einkum verið umsýsla með eignir ríkisins á Þingvöllum og nálægum jörðum og framkvæmdir innan þjóðgarðsins til að auðvelda fólki umferð og dvöl innan þjóðgarðsins. Ákvarðanir nefndarinnar hafa því fyrst og fremst lotið að eignaumsýslu og verklegum framkvæmdum en ekki hreinum stjórnsýsluákvörðunum.

Í frumvarpinu er lagt til að friðun sem lögin um friðun Þingvalla mæla fyrir um taki til stærra landsvæðis, m.a. lands sem er í einkaeign, og þar með er mjög líklegt að ákvarðanir nefndarinnar taki hér eftir til fleiri aðila en nú. Á þetta t.d. við um ákvarðanir sem nefndin kann að taka um mannvirkjagerð á svæðinu. Þingvallanefnd er þannig falið að fara með staðbundið stjórnsýsluvald sem í ýmsum atriðum snertir málefni sem önnur staðbundin stjórnvöld, einkum sveitarstjórnir, fara með og einnig kunna þessi málefni að heyra undir tiltekin stjórnvöld ríkisins, t.d. Hollustuvernd ríkisins.

Þeirri reglu er nú almennt fylgt við skipan stjórnsýslunnar að aðilar máls geti kært ákvörðun lægra setts stjórnvalds til æðra setts stjórnvalds sé því á annað borð til að dreifa. Í framangreindum dæmum um ákvarðanir sveitarstjórnar væri almennt unnt að skjóta þeim ákvörðunum til hlutaðeigandi ráðuneytis og ákvörðunum stjórnvalda á landsvísu til ráðuneytis eða sérstakrar úrskurðarnefndar. Með því að fela Þingvallanefnd aukin stjórnsýsluverkefni, sem kunna að grípa inn í málefni sem önnur stjórnvöld fara með og snerta hagsmuni einstaklinga og lögaðila sem t.d. eiga eignir á því svæði sem fellur undir þjóðgarðinn (verndarsvæðið), verður að telja eðlilegt að aðilar að slíkum ákvörðunum eigi þess kost að nota það úrræði sem stjórnsýslukæra er.

Vissulega mætti fara þá leið að mæla fyrir um að t.d. forseti Alþingis eða forsætisnefnd teldist í þessu tilviki æðra stjórnvald en það mælir gegn slíkri skipan að Alþingi væri þá farið að kveða upp stjórnsýsluúrskurði um málefni sem tengjast viðfangsefnum tiltekinna stjórnvalda og forseti Alþingis eða forsætisnefnd væri þá að túlka t.d. lög sett af Alþingi og fjalla um málefni sem á sama tíma kynnu að vera til umfjöllunar á vettvangi Alþingis. Slík skipan mála væri á skjön við þá þrískiptingu valdsins í framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald

sem stjórnskipan Íslands byggist á. Rétt er líka að vekja athygli á því að gildissvið stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, hefur verið túlkað svo að það taki ekki til starfsemi Alþingis og stofnana þess.

Önnur leið væri að stofna til sérstakrar kærunefndar, úrskurðarnefndar, eða fella ákvarðanir Þingvallanefndar undir einstök ráðuneyti eftir því hvert málefnið væri hverju sinni. Sú leið er þó óheppileg vegna þeirrar sérstöðu sem þjóðgarðinum er búin með lögum og telja verður viðurhlutamikið að setja upp sérstaka kærunefnd vegna ákvarðana Þingvallanefndar.

Samkvæmt framansögðu eru viðfangsefni Þingvallanefndar í eðli sínu hluti af framkvæmdarvaldsverkefnum ríkisins þó að sú sérstaða gildi að þremur þingmönnum sé þar falið að fara með stjórnina. Telja verður eðlilegt að kveða skýrt á um það í lögum hver séu tengsl nefndarinnar við hina hefðbundnu stjórnsýslu ríkisins og þar með hvernig fari um hugsanlegt kærusamband. Frumvarpið breytir því ekki að meginviðfangsefni Þingvallanefndar er að vera vörsluaðili hins friðlýsta helgistaðar allra Íslendinga, en með setningu reglugerðar um Stjórnarráð Íslands árið 1969 var ákveðið að fela forsætisráðuneytinu að fjalla um málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum. Sú skipan mála hefur verið talin hæfa viðfangsefni nefndarinnar. Þingvallanefnd eru með frumvarpinu falin aukin verkefni og ákvörðunarvald um málefni sem kunna að grípa inn í viðfangsefni sem varða hin ýmsu fagráðuneyti. Telja verður að aukin viðfangsefni breyti því ekki að eðlilegt sé að fela forsætisráðuneytinu að fara með stjórnsýsluleg málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum, þar með talið úrskurðarvald um stjórnsýslukærur vegna ákvarðana nefndarinnar. Forsætisráðuneytið er þá einnig sá bakhjarl sem Þingvallanefnd getur leitað til þurfi hún stuðning við viðfangsefni sín innan stjórnkerfisins.

Um 3. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða 2. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 en þó er í textanum lögð áhersla á að hið friðhelga land sé friðað í því skyni að viðhalda eftir því sem kostur er upprunalegu náttúrufari svæðisins og halda ásýnd þess sem mest óbreyttri sem helgistað þjóðarinnar. Þar sem hið friðhelga land er stækkað og tekur nú til lands sem nýtt hefur verið til landbúnaðar er lagt til að Þingvallanefnd leggi mat á það hvernig hið friðhelga land skuli varið fyrir lausagöngu búfjár og þá geti nefndin sett sérstakar reglur um búskap á bújörðum sem eru í byggð innan hins friðhelga lands. Núverandi leigutakar ríkisjarða, sem verða innan hins friðhelga lands, hafa samkvæmt ábúðarskilmálum sínum ákveðnar heimildir til að nýta jarðirnar til búskapar og reglur um búskap á jörðunum verða að taka mið af þessum heimildum og verði farið yfir þau mörk getur reynt á bótaákvæði 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Það er nýmæli í frumvarpinu að mæla sérstaklega fyrir um verndun á lífríki Þingvallavatns og að þess skuli gætt að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikju- og urriðastofna sem nú lifa í vatninu. Þingvallavatn er nú á náttúruminjaskrá samkvæmt lögum nr. 93/1996, um náttúruvernd, en sérstakar reglur hafa ekki verið settar á grundvelli þeirra laga til að tryggja frekari verndun vatnsins.

Eins og lýst er í fyrsta kafla í fylgiskjali II er Þingvallavatn sérstakt m.a. fyrir þær sakir að það er talið eina þekkta vatnið í heiminum þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju. Urriðastofn sá sem þreifst til langs tíma í Þingvallavatni og Efra-Sogi var einnig sérstakur. Mikilvægt er talið að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að búsvæðum og hrygningarstöðvum þessara stofna verði ekki raskað. Í því efni og fyrir lífríki vatnsins að öðru leyti skiptir miklu að vatnshæð þess sé haldið stöðugri og höfð sé sérstök gát á því hvaða efni kunna að berast í vatnið með frárennsli og fráveitum. Því er lagt til að Þingvallanefnd sem sérstökum vörslu-

aðila þessarar náttúruperlu verði fengnar valdheimildir, auk hinna almennu valdheimilda sem önnur stjórnvöld hafa, til að setja reglur um takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Þetta yrðu þá sérstakar og strangari reglur en almennt gilda um slík mál. Við undirbúning að setningu slíkra reglna mundi Þingvallanefnd að sjálfsögðu hafa samráð við þar til bæra aðila, svo sem Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins.

Vegna þeirrar sérstöku mengunar- og sjúkdómahættu sem stafar af fiskirækt og fiskeldi er lagt til að bannað verði að stunda slíka starfsemi í eða við Þingvallavatn. Með orðunum „við Þingvallavatn“ er átt við ef slík starfsemi tæki vatn, hefði frárennsli eða hefði önnur líffræðileg tengsl við Þingvallavatn.

Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 er mælt fyrir um að Þingvallanefnd ráði veiði í Þingvallavatni norðan þeirrar línu sem dregin er yfir vatnið sem mörk þjóðgarðsins. Ekki er talin ástæða til að viðhalda þessari lagareglu enda ræður Þingvallanefnd veiði fyrir löndum ríkisins sem falla undir hið friðhelga land nema þau veiðinot fylgi ábúð viðkomandi jarða.

Um 5. gr.

Landi því sem fellur undir þjóðgarðinn á Þingvöllum samkvæmt frumvarpinu er skipt annars vegar í hið friðhelga land og hins vegar í verndarsvæði. Í samræmi við þetta er lagt til að mismunandi reglur gildi um markmið og umfang friðunar á þessum svæðum. Á verndarsvæðinu er lagt til að auk þess að varðveita náttúrufar þar verði markmið friðunarinnar tvíþætt. Annars vegar verði markmiðið að auðvelda almenningi aðgang að svæðinu í samræmi við þær reglur sem settar verða um umferð þar og hins vegar að gæta þess að vatni á svæðinu, bæði vatni á yfirborði og grunnvatni, verði ekki spillt eða það mengað. Þingvallanefnd er í frumvarpinu fengið það verkefni að hafa sérstakar gætur á verndun Þingvallavatns og lífríkis þess. Svæðið norðan Þingvallavatns inn á Langjökul er stærstur hluti vatnasviðs Þingvallavatns og þaðan rennur grunnvatn í vatnið. Því er talið mikilvægt að sami aðili hafi á hendi alla umsjón og eftirlit með þessu svæði, þ.e. verndarsvæðinu, og töku ákvarðana um verklegar framkvæmdir sem unnar verða þar í þágu umferðar og dvalar almennings á svæðinu en slíkar framkvæmdir geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá vatnsvernd sem talið er nauðsynlegt að viðhalda á svæðinu.

Það land sem fellur undir verndarsvæðið er nú að stærstum hluta til nýtt sem upprekstrarland fyrir sauðfé úr Þingvallasveit, Grímsnesi og Laugardal auk þess sem innan svæðisins eru lönd einstakra jarða. Í greininni er tekið fram að friðun á verndarsvæðinu skuli ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema Þingvallanefnd telji að sú notkun leiði til þess að spjöll verði á náttúrufari og gróðri á svæðinu. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að nefndin geti ákveðið takmarkanir á beit og öðrum nytjarétti innan þjóðgarðsins.

Verndarsvæðið er, eins og skipan staðarmarka sveitarfélaga er nú háttað, innan þriggja sveitarfélaga, þ.e. Þingvallahrepps, Grímsneshrepps og Laugardalshrepps, auk þess sem suðurbakkar Þingvallavatns eru innan Grafningshrepps. Norðan Þórisjökuls kann einnig að vera um að ræða landsvæði sem tilheyra Hálshreppi í Borgarfirði. Nauðsynlegt er að Þingvallanefnd hafi í störfum sínum samráð við viðkomandi sveitarstjórnir sem fulltrúa heimamanna. Slíku samráði væri m.a. hægt að koma við með skipun sérstakrar samstarfsnefndar eða reglulegum fundum þessara aðila.

Í reglugerð verði kveðið nánar á um hvernig samráði við sveitarstjórnir, heimamenn, landeigendur og sumarbústaðaeigendur verði háttað.

Náttúruvernd ríkisins er með lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996, fengið það hlutverk að sinna af hálfu ríkisins margvíslegum verkefnum og umsjón með náttúruverndarsvæðum í land-

inu. Þingvellir hafa sérstöðu vegna sögu sinnar og Alþingi ákvað á sínum tíma að fela sérstakri þingkjörinni nefnd umsjón með svæðinu. Þessari skipan mála er viðhaldið í frumvarpinu og aukið við það landsvæði sem valdheimildir Þingvallanefndar taka til. Engu að síður er mikilvægt að samráð verði milli nefndarinnar og Náttúruverndar ríkisins um framkvæmd friðunar á þeim hluta þjóðgarðsins sem liggur utan hins friðhelga lands, m.a. vegna tengsla verndarsvæðisins við friðlönd samkvæmt náttúruverndarlögum, t.d. Geitland. Þannig er lagt til að Þingvallanefnd geti samið um að Náttúruvernd ríkisins annist tiltekin verkefni við framkvæmd friðunar og eftirlit og umsjón með þessum hluta þjóðgarðsins.

Um 6. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, segir að ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki megi gera á hinu friðlýsta svæði eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar. Í greininni er lagt til að þessi regla gildi áfram en þó þannig að hún taki til stærra landsvæðis, þ.e. bæði hins friðhelga lands og verndarsvæðisins. Þannig yrði jarðrask og bygging mannvirkja á jörðunum Mjóanesi, Miðfelli, Heiðarbæ og Skálabrekku háð leyfi Þingvallanefndar sem gætir verndunarsjónarmiða, auk þess sem fá þyrfti heföbundin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda, þar með talið viðkomandi sveitarstjórnar. Á sama hátt yrði óheimilt að reisa fjallaskála eða önnur mannvirki á verndarsvæðinu utan byggðarinnar nema með leyfi Þingvallanefndar, en nokkuð hefur verið um að fjallaskálar hafi verið reistir á þessu svæði.

Rétt þykir að taka fram með ótvíræðum hætti að Þingvallanefnd er heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunarinnar, en þarna gæti t.d. verið um að ræða ákveðinn frágang mannvirkja til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá mannvirkinu.

Um 7. gr.

Þó að allt land innan hins friðhelga lands skv. 1. gr. frumvarpsins sé í eigu ríkisins eru dæmi um að einstök hús innan svæðisins séu í eigu annarra en ríkisins, t.d. sumarbústaðir og Hótel Valhöll. Á verndarsvæðinu er eignarhald á landinu bæði í höndum ríkisins og einkaaðila auk sveitarfélaga. Talið er rétt að hafa í frumvarpinu annars vegar heimild fyrir Þingvallanefnd til að semja um kaup á fasteignum, mannvirkjum og nytjaréttindum innan þjóðgarðsins og þá eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa hverju sinni og hins vegar eignarnámsheimild sem þó verði ekki beitt af hálfu nefndarinnar nema að fengnu samþykki forsætisráðherra.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um almenna bótareglu ef aðili verður fyrir fjártjóni vegna friðunar samkvæmt lögunum. Í samræmi við almennar reglur er talið að skerðingar á eignarréttindum umfram hinar svonefndu almennu takmarkanir á eignarráðum fasteignareiganda leiði til bótaskyldu og við beitingu þeirrar bótareglu sem hér er gerð tillaga um reynir á þessi sömu skil. Um bótaskyldu á því ekki að vera að ræða nema farið sé fram yfir hinar almennu takmarkanir.

Um 8. gr.

Talið er rétt að hafa í frumvarpinu almenna reglugerðarheimild og að á grundvelli hennar sé hægt að setja nánari reglur um verndun og meðferð þess lands sem fellur undir þjóðgarðinn. Þá er lagt til að ákveða megi í reglugerð að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar. Þarna er eingöngu gert ráð fyrir að um þjónustugjöld sé að ræða, svo sem fyrir tjaldstæði, leiðsögn og aðgang að ákveðnum stöðum, og þessi gjöld má því ekki ákveða hærri en svo að þau mæti kostnaði við hina veittu þjónustu og þá aðstöðu sem komið hefur verið upp til að veita hana. Heimild til töku gestagjalda á Þingvöllum er í núgildandi lögum

um friðun Þingvalla, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, en sú gjaldtökuheimild er þó rýmri en hér er lagt til. Lagt er til að það verði verkefni forsætisráðherra að staðfesta reglugerðina og þar með að hún verði birt í Stjórnartíðindum.

Nauðsynlegt getur verið að setja tímabundnar reglur um tiltekin atriði sem lúta að umferð innan þjóðgarðsins og meðferð hans að öðru leyti. Er lagt til að Þingvallanefnd hafi heimild til að setja slíkar reglur og hún geti þá sjálf staðið að birtingu þeirra og það þurfi ekki að gera á sama hátt og reglugerð en vitanlega þarf jafnan að sjá til þess að slíkar tilkynningar séu birtar á skýran máta þannig að almenningur og þeir sem leið eiga um þjóðgarðinn geti haft vitneskju um þær. Við undirbúning slíkra reglna getur nefndin að sjálfsögðu haft samráð við þar til bæra aðila, svo sem Hollustuvernd ríkisins.

Um 9. gr.

Með lögum nr. 150/1996 var 2. mgr. 6. gr. laga nr. 59/1928 breytt og í stað þess að Þingvallanefnd hefði heimild til að ráða umsjónarmann á Þingvöllum til fimm ára í senn var ákveðið að nefndin réði framkvæmdastjóra og hann réði annað starfslið.

Eðlilegt er að framkvæmdastjóri beri starfsheitið þjóðgarðsvörður.

Um skipan Þingvallaprests er fjallað í 7. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma o.fl. eins og henni var breytt með lögum nr. 150/1996, um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 2. gr. Þingvallanefnd hefur samið við sóknarprest um að hann gegni jafnframt starfi staðarhaldara og raskar frumvarpið ekki þeirri skipan.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd skal hverju sinni kjörin að loknum alþingiskosningum. Rétt þykir því að nefndin sem nú situr haldi umboði sínu þar til ný nefnd verður kjörin í samræmi við ákvæði 2. gr. frumvarpsins að loknum næstu alþingiskosningum.

Eiríksjökull
Strútur
Hvítársíða
Hlýtafell
Húsafellsskógur
Geitland
Reykholtsdalur
Þórisjökull
Langjökull
Skjaldbreiður
Hvalfjörður
Botnsheiði
Hvalvatn
Hvalfell
Botnsdalur
Brynjudalur
Bothssulur
Sandvatn
Lambahraun
Sandfell



ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Helgistaður allra Íslendinga. Friðlýstur skv. lögum 59/1928
- Hið friðhelga land þjóðgarðsins á Þingvöllum
- Verndarsvæði þjóðgarðsins á Þingvöllum
- Jarðir í einkacign
- Laugarvatnsjörð, stefnumörkun um nýtingu jarðarinnar skv. samningi frá 5. janúar 1996
- Friðlýst svæði
- Svæði á náttúruminjaskrá og áhrifasvæði Þingvallanefndar skv. lögum 59/1928
- Mörk vatnasviðs Þingvallavatns
- Sýslumörk
- Hreppamörk
- Jarðir í eigu Reykjavíkur
- Bær, bygging / eyðibýli

Fyrirvari er um nákvæmni staðsetningar stjórnsýslumarkalína á uppdrættinum, t.d. á há jöklum og fjöllum vegna mis nákvæmra tölvukortagrunna

Yfirlitsmynd Friðun Þingvallasvæðisins

Unnið fyrir Þingvallanefnd

Unnið á kortagrunni frá Landmælingum Íslands skv. samningi

Kortagerð : ál, eðes, Landmótun ehf

26. 09. 1997

Fylgiskjal II.

Dr. Pétur M. Jónasson:

Um Þingvelli, Þingvallavatn og vatnasvið þess.

Gildi Þingvalla fyrir þjóðina.

Þingvellir eru friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Á Þingvöllum var stofnað árið 930 elsta löggjafarþing á Vesturlöndum og síðan þá hafa Þingvellir verið samofnir sögu þjóðarinnar. Þingvellir eru jafnframt frá náttúrufræðilegu sjónarmiði meðal merkustu staða landsins. Af brún Almannagjár má sjá flestar þær gerðir eldstöðva sem finnast hér á landi, einnig jarðhitasvæðið á Nesjavöllum, og sé nánar að gáð ýmsar menjar um áhrif ísaldarjökulsins á mótun landsins. En frægastir eru Þingvellir þó vegna sigdældarinnar og sprungnanna sem eru hluti af alheimssprungukerfinu. Hér koma saman á einum stað þau margvíslegu náttúrufyrirbæri sem örfáir staðir aðrir á jörðinni geta státað af og bera þögul vitni þeim frumöflum sem skópu Ísland í upphafi, en þau eru sprungukerfið, jarðeldar og jökulrof.

Mið-Atlantshafshryggurinn liggur um Þingvallasvæðið og Þingvallasigdældin er líkust því sem menn finna á neðansjávarhryggjum. Þar geta menn því gengið á tindi Atlantshafshryggjarins og skoðað myndanir sem í rauninni eiga heima á botni Atlantshafsins. Þingvallasvæðið er því furðuverk á landi. Á Þingvöllum birtist fjölskrúðugur sköpunarmáttur jarðarinnar þar sem andstæðurnar mætast. Á Þingvöllum sjáum við hvar Ameríkuflekinn hefst við Almannagjá og Evrasíuflekinn austan Hrafnagjár. Á Þingvöllum mætast austur og vestur ekki einungis jarðfræðilega heldur einnig í jurta- og dýraríkinu. Gliðnun meginlandanna skapar ný búsvæði fyrir jurtir og dýr. Þetta má sjá í Þingvallavatni. Það er stærsta veiðivatn landsins, og á 10 þúsund ára ferli þess hafa þróast þar fjórar gerðir af bleikju. Það er einsdæmi á jarðríki.

Þingvallavatn er ein af gersemum Íslands, glitrandi af fegurð. Heiðblátt, djúpt, kalt og tært vatnið kemur alla leið úr Langjökli en við barm þess getur að líta eitt gjöfulasta hverasvæði Íslands. Eldfjöll fjallahringsins birtast í öllum regnbogans litum og endurspeglast í vatninu og auka á unað þess og töfra. Vatnið er miðdepill landslagsins og skapar úr því heild. Blásкógar með ilm birkiskógarins og litahaf botngróðursins með blágresi, engjarós, undafíflum og maríustökkum, bláberja-, beiti- og krækiberjalyngi, víðikjarri, fjalldrapa og skófum í öllum regnbogans litum ásamt víðáttumiklum sléttum grámosans, sem sífellt breyta um lit, skapar litasinfóníu sem á fáar sér líkar — að ógleymdu litskrúði haustsins þar sem eldrautt bláberjalyngið og heiðgulur víðirinn teygja sig upp fjallshlíðarnar og gefa fjöllunum nýjan svip. Það er því ekki að furða þótt þessi heimur hafi seitt til sín flesta íslenska listmálara til að túlka töfralitina á léreft.

Fáar þjóðir, ef nokkur, þekkja upphaf sögu sinnar betur en Íslendingar. Fáar þjóðir eiga einstæðari eða fegurri ramma um sögu sína þar sem sköpun Íslands er að verki á Þingvöllum.

Vatnasvið Þingvallavatns og Brúarársvæði hið efra búa yfir miklu meiri þjóðarauðlind en flesta hefur órað fyrir. Fyrsta stóra átak þjóðarinnar í orkumálum var að reisa rafstöðvar við Sog. Eitt stærsta háhitasvæði Íslands er Hengilssvæðið sem liggur á barmi Þingvallavatns og fær vatn alla leið úr Langjökli. Vatnasvið Þingvallavatns og Brúarársvæði ofan Brúarfoss hafa að geyma um þriðjung af öllu lindarvatni í byggð á Íslandi. Í heimi, sem þjáist af vatnsleysi, er þetta ómetanleg þjóðarauðlind. Það er aðeins spurning um tíma hvenær hún verður nýtt.

Vatnasvið Þingvallavatns — Undraheimur í mótun.

Þingvallasvæðið er eitt af furðulegustu og sérkennilegustu vatnasvæðum heims. Á hátindi Atlantshafshryggjarins, þar sem meginlönd Evrópu og Ameríku klofna sundur, myndast sigdæld og flekana rekur hvorn í sína átt: Evrópu í austur en Ameríku í vestur.

Þingvallasvæðið er hluti af gosbelti Atlantshafshryggjar, en hann nær norðan úr Íshafi suður fyrir Afríku þar sem hann beygir í austur. Eina eyjan, sem stendur á hátindi hans er Ísland. Sú grein hans sem Þingvallasvæðið er hluti af nær frá Reykjanesi í Langjökul og er 130 km á lengd. Vatnasvið Þingvallavatns er um 75 km að lengd, allt að 25 km að breidd en mjókkar nokkuð til endanna. Flatarmálið er um 1.000 km^2. Þingvallavatn fyllir syðsta hluta sigdældarinnar og yfirborð þess er 100 m yfir sjávarmáli. Vatnið sjálft er 84 km^2 að flatarmáli og því $^1/_{12}$ af vatnasviðinu. Hæstu fjöll í sigdældinni eru Þórisjökull og Geitlandsjökull (1.350 og 1.400 m y.s.) en lægst liggur Sandeyjardjúp 14 m fyrir neðan sjávarmál. Hæðarmismunur er því alls um 1.400 m. Vatnasviðið fylgir hæðarlínum á yfirborði en mörk vatnasviðs grunnvatnsins eru nokkuð frábrugðin, einkum að austan og norðan. Hinn velþekkti fjallahringur afmarkar þó vatnasviðið í megindráttum. Langjökull er að norðan og Henglafjöll (805 m) að sunnan. Vesturkanturinn markast af Mosfellsheiði (410 m), Búrfelli (782 m), Súlum (1095 m), Kvígindisfelli (786 m) og þaðan í Þórisjökul og Geitlandsjökul. Að austan liggja vatnaskilin um Lyngdalsheiði (404 m), Laugarvatnsfjall (612 m), Skriðu (1005 m), Hlöðufell (1188 m) og Skersli (900 m) norður í Langjökul.

Elstur er vestur- og austurjaðar sigdældarinnar, þ.e. berglögin sem ganga undir Súlur, Búrfell og Kvígindisfell og dyngjur Mosfells- og Lyngdalsheiðar (1 milljón ára).

Frægasta náttúrufyrirbæri Þingvalla er sigdældin sem sýnir 40 m sig í Almannagjá og Hrafnagjá og 300 m í Hestvík. Enn meira er sigið í Súlnabergi eða 400 m en það er á ytri mörkum dældarinnar eins og Drift í Lyngdalsheiði. Þingvallavatn, sem er um 10 þús. ára gamalt, tengir saman hinar ólíku jarðmyndanir og gerir úr svæðinu tignarlega heild. Sigdældin einkennist af mikilli gosvirkni á síðustu ísöld og á nútíma. Þekktir stapar eru Ármannsfell, Hrafnabjörg, Skriða, Hlöðufell og Laugarvatnsfjall er hafa myndast við gos undir jökli sem ekki var þykkari en svo að ofan á kolli þeirra rann hraun. Miðfell og Búrfell eru hins vegar dæmi um gos sem ekki náðu upp úr jöklinum og mynduðu því móbergshrúgald án hraunkolls. Tindaskagi, Kálfstindar, Klukkutindar og Skriðutindur eru móbergshryggir sem mynduðust við sprungugos undir jökli og eru allt að 30 km að lengd.

Þingvallasigdældin er afleiðing samfelldrar gliðnunar jarðskorpunnar um sprungubeltið. Landið sígur innan hennar en móberg og ný hraun hlaðast í hana og jafna upp sigið að nokkru. Áætlað er að við Almannagjá hafi sigið á sl. 10.000 árum numið samtals um 40 m og að gliðnunin hafi verið um 70 m á sama tímabili milli Almannagjár og Heiðargjár. Það þýðir að sigið er um 4 mm á ári en gliðnunin tæplega 7 mm. Sigið verður í lotum sem hraðsig eins og í sambandi við Suðurlandsskjálftana 1789. Þá seig landið í hliðum dældarinnar í Vatnsviki og frá Lambhaga að Almannagjá 1,20 og 1,40 m hvorumegin. Í sigdældinni miðri í Vatnskoti var sigið tvöfalt meira eða 2,80 m. Afleiðingin varð sú að reiðvegurinn vestur með vatninu fór undir vatn og varð ónothæfur. Þá fór og nokkur hluti túna í Vatnskoti og á Þingvöllum undir vatn. Þetta átti sinn þátt í því að Alþingi var lagt niður 1798 og flutt til Reykjavíkur.

Nýtt hraðsig gerðist á tímabilinu 1973–1977 þegar Almannagjárgeirinn seig um 9 sm. Tún Þingvallakirkju, sem áður var samfelld heild, er nú orðið að hólmum næst vatninu.

Skjaldbreiður er sígilt dæmi um eldfjall af dyngjugerð. Hin stærstu þeirra, eins og Skjaldbreiður og Tröllladyngja, eru meðal mestu hraunmyndana sem verða til í einu gosi, um 17 km^3 að rúmmáli eða sexfalt rúmmál Þingvallavatns og yfir 200 km^2 að flatarmáli.

Yngri gosmyndanir eru Eldborgir í Þjófahrauni sem mynduðu mikil hraun sem runnu á milli Tindaskaga og Hrafnabjarga yfir Skjalbreiðarhraun að Mjóafelli. Suður af Hrafnabjörgum er dyngja sem úr rann mikið hraunflóð yfir suðurhluta dældarinnar allt suður að Dráttarhlíð og Heiðarbæ. Hraunflóð þetta nær norður á móts við Arnarfell og þekur alls um 200 km^2. Hraunbrúnin þvert yfir vatnið sést gerla á dýptarkortum. Við Miðfell er hraunflóðið um 100 m á þykkt og liggur þar ofan á Lyngdalsheiðarhrauninu. Hraunið olli því að vatnsborð Þingvallavatns stóð um tíma 10 m hærra en það er nú.

Sogið gróf hins vegar farveg í gegnum hraunið við Sogshorn og vatnið lækkaði í núverandi hæð, 100,5 m y.s. Gróðurleifar hafa fundist undir hrauninu við Sogshorn og voru þær aldursgreindar með geislakolsaðferð sem sýndi að hraunið er um 10.000 ára gamalt. Þetta var fyrsta greining sinnar tegundar á Íslandi og hefur hún nýlega verið endurtekin með sama árangri. Rétt mun áætlað að hraun þeki yfir helming vatnasviðsins (500 km^2). Þá eru meðtalin Hagavíkur- og Nesjahraun sem liggja saman sunnan vatnsins.

Myndun Þingvallavatns.

Við ísaldarlokin fyrir um 12.000 árum lá jökultunga fram Þingvallalægðina niður á móts við suðurenda Úlfljótsvatns. Fyrsti vísirinn að Þingvallavatni var jökullón sem stóð uppi milli jökuls og hlíða í um 165 m hæð yfir sjó eða 65 m ofan við núverandi yfirborð vatnsins. Þá mynduðust hinir efstu hjallar í Grafningi og jökulgarðar sem þeim tengjast.

Við suðausturhorn Þingvallavatns má sjá þrjú þrep malarhjalla til marks um hærri stöðu vatnsins í ísaldarlok. Hið efsta þeirra er í um 65 m hæð yfir núverandi vatnsborði, miðþrepið um 35 m ofar, og neðsta þrepið 10 m ofar. Tvo efri hjallana má tengja ísaldarlokum fyrir um 11–12 þús. árum með jökulruðningi sem sýnir að Þingvallalægðin var að mestu fyllt jökli en jökullón voru við suðurenda hans. Hjallinn í 110 m hæð myndaðist hins vegar allt í kringum vatnið og áður en Sogið gróf farveg sinn gegnum hraunhaftið áðurnefnda. Ölduþrepið í Dráttarhlíð er frá sama tíma.

Þegar ísöld tók að slota fyrir 11.000 árum var Skjaldbreiður enn ekki til og auravötn frá hinum hopandi jökli í norðaustri runnu í Þingvallalægðina. Þegar Skjaldbreiður svo myndaðist fyrir um 10.000 árum tók fyrir streymi jökulvatna niður í Þingvallalægðina og vatnið varð tært. Safnsvæði Þingvallavatns hefur síðan verið Þingvallalægðin sjálf. Skjaldbreiðarhraunin ná einungis suður á móts við Mjóafell. Hraun úr dyngjunni sunnan Hrafnabjarga mynda hins vegar alla norður- og austurströnd vatnsins eins og áður sagði.

Sandey er yngsta gosmyndun svæðisins, um 2.000 ára gömul. Hún liggur á sprungu sem líkast til er hin sama og myndaði Nesjahraun norðaustan í Hengli. Öskulag frá Sandey hefur fundist í jarðvegi austan við vatnið allt austur fyrir Lyngdalsheiði. Sandeyjargosið var síðasta eldvirknin á þessum slóðum.

Í Sturlungu er greint frá því að fornmenn hafi breytt farvegi Öxarár og veitt henni niður í Almannagjá. Engin ástæða er til að efa það en áin hefur á 10.000 ára ferli sínum myndað marga farvegi milli Almannagjár og Skálabrekku. Vellirnir svokölluðu eru einnig myndaðir af Öxará sem þá hefur runnið í farvegi nokkru norðan við núverandi farveg.

Lífríki Þingvallavatns og tengsl þess við umhverfið.

Þingvallavatn og vatnasvið þess eru efalítið ein dýrmætasta gersemi íslenskrar náttúru. Flestir halda að Þingvallavatn sé mjög ófrjótt, eins og eyðimörk, vegna þess hve djúpt það er og kalt og umlukt lítt grónum hraunum. En því fer fjarri að svo sé. Umhverfið og vistkerfi vatnsins vinna vel saman en á mjög sérstæðan hátt. Úrkoma er mikil á svæðinu og 90% af aðrennsli Þingvallavatns rennur langar leiðir neðanjarðar eftir sprungum að vatninu að norðan-

verðu en vatnsmesta bergvatnsá landsins rennur úr því, að mestu leyti um jarðgöng niður í Steingrímsvirkjun. Það vatn, sem rennur í vatnið norðan úr Langjökli, er um 10 ár á leiðinni og rigningin, sem fellur á hraunin ofan vatnsins, skilar sér 2–4 mánuðum síðar í Þingvallavatn. Uppleyst efni verða því meiri í þessu vatni en ætla skyldi og það eykur alla möguleika til gróðurs. „Frjó eru vötn, sem renna undan hraunum“, segir fornt orðtak.

Grunnvatnsrannsóknir sýna enn fremur að hið heita vatn Hengilsins er af sama uppruna. Það virðist fara mjög djúpt undir sprungukerfum vatnsbotnsins, en þau hafa líka verið könnuð.

Gróður er mikill í vatninu og er ⅓ hluti botnsins þakinn gróðri. Enda þótt vatnið sé kalt er magn þörunga mikið. Lággróður er nokkuð mikill út á 10 m dýpi en kransþörungar (hágróður) verða mjög háir á 10–30 m dýpi og mynda stór gróðurbelti í vatninu sem hafa mikla þýðingu fyrir allt dýralíf, ekki síst fiskinn. Alls eru fundnar um 150 tegundir jurta á botni og sýnir það nokkuð fjölbreytni gróðursins. Um 50 tegundir dýra beita sér á þennan gróður, allt frá fjöruborði og út á mikið dýpi. Fæstum mun ljóst að 120 þús. dýr lifa á hverjum fermetra í fjöruborðinu en á 114 m dýpi lifa enn 5–10 þús. Dýr þessi mynda fæðu hinnar alþekktu og ljúffengu bleikju sem veiðist í Þingvallavatni. Mikilvæg fæða bleikjunnar er vatnabobbinn, en hann er þýðingarmikill hlekkur í fæðukeðju botnsins.

Lífrannsóknir sýna að tengslin milli umhverfis vatnsins og lífríkis þess eru mjög mikilvæg fyrir jurtir og dýr þar eð fjölbreyttar botnmyndanir skapa fjölda búsvæða. Hraun af mismunandi aldri og gerð skapa óvenjumikla fjölbreytni í búsvæðum vatnsins ásamt gliðnun jarðskorpunnar sem skapar fylgsni fyrir fiska á milli steina og í gjám og gjótum. Einkum má nefna sérkennilegar hraunmyndanir eins og við Vellankötlu og aðrar líkar myndanir austan vatnsins og það lífríki sem tengist þeim. Þar má sérstaklega taka fram hin sérkennilegu tengsl botnafbrigða bleikjunnar við kaldavermsl vatnsins, en þau hrygna um hásumarið. Það er andstætt hrygningu silunga að hausti sem venja er til við hærra hitastig.

Hin nánu tengsl á milli vistfræði vatnsins og jarðfræði umhverfisins skapa vatninu algjöra sérstöðu meðal vatna heimsins. Fara þarf alla leið til Austur-Afríku til að finna hliðstæð vötn sem myndast í sprungum, en það eru hin frægu vötn, Tanganyika, Nyasa og Eþíópíuvötnin og í framhaldi þeirra, Dauðahafið og hið fræga Genesaretvatn.

Við Þingvallavatn mætast austur og vestur í dýraríkinu. Himbrimi, straumönd, húsönd, bitmý og lítil krabbafló eru vestrænar tegundir allt vestan úr Klettafjöllum með austurmörk á Íslandi. Hins vegar eru flestar aðrar tegundir Evróputegundir með vesturmörk hér eða á Grænlandi.

Hvers vegna er Þingvallavatn svo blátt og tært?

Í vatnsbolnum lifir jurtasvifið um mánaðartíma á vorin áður en það, fullnýtt, hnígur til botns og verður að seti, öðru nafni kísilgúr, á botni. Afleiðingin er að vatnið verður tært yfir sumarmánuðina. Í setinu hefur tekist að lesa helstu öskulög sem fallið hafa á þennan hluta landsins frá landnámstíð. Við getum nefnt landnámslagið frá 871, sem kom úr Torfajökli og Vatnaöldum, Kötlugosin árin 1000, 1500, 1721 og 1918. Enn fremur Heklugosin 1341 og 1693. Ástæðan fyrir því að svifið lifir svo stutt er sú að það deyr af níturþurrð í vatnsbolnum. Jurtasvifið er undirstöðufæða svifkerfisins og telur um 50 tegundir. Fæðukeðjan samanstendur af fleiri liðum. Svifdýrin, aðallega þrjár tegundir smágerðra krabbadýra, lifa á jurtasvifinu, en þau eru hins vegar þýðingarmikil fæðudýr murtunnar. Rándýr kerfisins var urriðinn auk stærstu bleikjanna. Gróðurinn í vatninu framleiðir um 30 þúsund tonn af þurrefni (sykrungum) á ári.

Fiskurinn og vistkerfið. — Fiskurinn og Sogið.

Í Þingvallavatni eru þrjár tegundir fiska: bleikja, urriði og hornsíli.

Í líffræðilegu tilliti hefur vatnið alþjóðlegt gildi þar eð Þingvallavatn er eina þekkta vatnið í heimi þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju (Salvelinus alpinus). Bleikjuafbrigðin má greina í sundur á útliti, fæðu og lifnaðarháttum. Murta lifir á dýrasvifi og skordýrapúpum og ránbleikja lifir á fiski, einkum á hornsíli og bleikjuungviði. Nefnist hún sílableikja. Bæði afbrigðin eru jafnmynnt, straumlínulaga og frekar ljós á lit. Þetta er aðlögun til að eltast við hreyfanlega fæðu sína í sjálfum vatnsbolnum. Murta er lítil, verður aðeins 20–22 cm á lengd og hún verður kynþroska 4–5 ára gömul. Sílableikja er murta sem 23 cm löng gerist fiskæta og stækkar þess vegna í 30–40 cm. Hún verður kynþroska 6 ára gömul. Í leit að hornsílum ferðast hún í hinum miklu gróðurbreiðum meðfram strandlengjunni á 10–30 m dýpi.

Botnafbrigðin lifa á botndýrum strandgrunnsins og skiptast í dverg- og kuðungableikju. Dvergbleikjan verður aðeins 13 cm á lengd og kynþroska 2–4 ára. Kuðungableikjan verður stór og mjög fagur fiskur 55–60 cm á lengd en kynþroska verður hún fyrst 8 ára gömul. Bæði afbrigðin eru undirmynnt og því er auðvelt fyrir þau að taka fæðu af botninum. Dvergbleikjan lifir góðu lífi í klettasprungum og gjótum á botni. Hér er fæða ríkuleg og hér er hún örugg í fylgsni sínu gegn ránfiskum. Dvergbleikjan má ekki verða of stór til að geta nýtt fylgsni sín og hún er fullkomlega aðlöguð mjög sérstæðu umhverfi. Bæði afbrigðin lifa á sömu fæðu, aðallega á sniglum, sem lifa í breiðum á klettum og grjóti því að þar grær fæða þeirra, þörungarnir, en einnig á rykmýslirfum.

Auk bleikjunnar þreifst til langs tíma víðfrægur urriði (Salmo trutta) í Þingvallavatni. Stærsti og frægasti stofninn tengdist Efra-Sogi þar sem hið tilkomumikla afrennsli Þingvallavatns lá áður fyrr niður í Úlfljótsvatn. Marga aðra stofna urriða var að finna víðar í vatninu, bæði við uppspretturnar sem streymdu um gjár og sprungur í vatnið, en einnig við læki og ár sem falla í vatnið. Stórurriðinn var aðalfiskæta Þingvallavatns og beitti hann sér aðallega á murtuna. Dýralífið í Efra-Sogi var einstakt því að það skapaði fullkomna nýtingu á því lífræna efni sem barst með straumnum ofan úr Þingvallavatni. Urriðaseiði og smáurriði höfðu aðsetur milli steina í sjálfu Soginu og í iðunni ofan Sogs þar sem þau veiddu lífrænt „rek“ úr vatninu með því að liggja kyrr og grípa eða sía átu úr straumvatninu án þess að nota orku. Sú sía, sem tálknin mynda, síaði stærstu fæðuagnirnar frá og hafa það aðallega verið krabbadýrin úr svifinu ásamt bitmýslirfum sem voru aðalfæðan.

Bitmýslirfur nærast á þann hátt að spenna út tvo háfa á hausnum þar sem möskvastærðin er $^1/_{1000}$ úr millimetra. Bitmýið veiddi því allar minnstu fæðuagnirnar allt niður í bakteríustærð en urriðinn veiddi stóru agnirnar, eins og krabbadýr, í síur sínar á tálknunum sem eru um 1 mm eða þúsund sinnum grófari en hjá bitmýi.

Urriðinn í Efra-Sogi náði fáheyrðri stærð og veiðibækur staðfesta að urriðar milli 20 og 30 pund hafi verið tíðir í veiðinni. Í bókinni Urriðadans eftir Össur Skarphéðinsson er sýnt fram á það með sterkum rökum að hvergi í heiminum hafi verið stórvaxnari urriði en í Þingvallavatni, og einnig, að ekkert vatn hafi státað af jafn góðri urriðaveiði og fékkst á haustin við Efra-Sog. Skýringar vísindamanna á hinni miklu urriðaveiði eru einkum þær að í og við Efra-Sog hafi verið hin ákjósanlegustu skilyrði fyrir hrygningu og uppvöxt á öllum stærðum urriðaseiða og er sérstaklega vísað til botngerðarinnar með breytilegum grófleika malar, mikils og stríðs straums, sem þó var mismunandi vegna fjölbreytileika í stærð botngrjótsins, og síðast en ekki síst gífurlegrar mergðar af bitmýi (Simulium vittatum) sem urriðinn er þekktur fyrir að sækja í. Straumvatn er forsenda fyrir þroska bæði urriðahrogna og bitmýs.

Árið 1959 var hið náttúrulega útfall Þingvallavatns milli Kaldárhöfða og Dráttarhlíðar þvergirt með miðlunarstíflu og virkjunin í Steingrímsstöð tekin í notkun. Með þessum aðgerðum þurrkaðist árfarvegurinn í Efra-Soginu nánast alveg upp, bítmýið hvarf og urriðinn var sviptur helstu hrygningarstöðvum sínum. Breytingar á vatnsborðinu í kjölfar virkjunarinnar höfðu líka afgerandi áhrif á viðgang annarra urriðastofna í vatninu sem hafa ekki borið barr sitt síðan.

Þjóðhátíðardaginn 1959 urðu enn kaflaskil: Þann dag brast varnargarður fyrir framan inntaksgöngin í Steingrímsstöð og vatnsflaumur með tíföldu magni Sogsins æddi niður í gegnum göngin og út í Úlfljótsvatn. Við þetta rask hurfu líklega síðustu leifar af riðastöðvum urriðans við útfallið sem hefðu getað haldið uppi einhverjum hluta urriðastofnsins við mynni Efra-Sogsins.

Það leikur enginn vafi á því að með virkjun Steingrímsstöðvar og stíflun Efra-Sogs eyðilagðist mikilfenglegt og merkilegt vistkerfi í og við hið náttúrulega útfall milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns. Erfðafræðirannsóknir benda til þess að urriðinn í Þingvallavatni sé af svokölluðu „fyrsta landnámi" en slíkir stofnar eru á fallandi fæti og fáir eftir í Evrópu. Það eitt er talið ærin ástæða til að viðhalda urriðanum. Jafnframt hafa vísindamenn bent á að vistkerfi Sogsins, að urriðanum meðtöldum, hafi átt sinn þátt í árþúsunda þróun hinna sérstæðu bleikjuafbrigða í Þingvallavatni, fjarri íhlutun mannsins. Stíflun Sogsins raskaði þessu náttúrulega ferli. Líklegt er að urriðinn, sem er mikil fiskiæta, hafi virkað sem hemill á stóra murtuárganga og dregið úr mikilli fjölgun smárra fiska og þannig úr sveiflum í stofnstærð og vaxtarhraða. Þetta samspil tegundanna er reyndar tilgáta sem virðist þó mjög sennileg og fær stuðning af aflaskýrslum sem sýna mjög reglulegar sveiflur á tímabilinu 1896 til 1946 en mjög stórar og óreglulegar sveiflur eftir að Soginu var lokað 1959 og til 1988. Síðasta sveifla hefur varað mjög langan tíma eða þar til haustið 1993 þegar murtuveiði hófst að nýju, en á mjög lítilli murtu, aðeins 16 cm. (Sjá mynd 4.)

Hreyfingar á vatnsborði og lífríkið.

Strendur vatnsins eru óvenju fjölskrúðugar, myndaðar af hraunstraumum af ólíkum uppruna útliti og aldri frá 2000 til 150.000 ára gömlum. Útbreiðsla þeirra í vatninu er þekkt frá dýptarkortum.

Hinar mörgu gerðir af strandlengjum skapa fjölda búsvæða fyrir dýr og jurtir. Þær eru undirstaða að auðugu botndýralífi og mikilli veiði.

Þegar stöðuvötn eru virkjuð breytast eðlishættir þeirra og lífríki. Leyfðar vatnsborðsbreytingar í Þingvallavatni við virkjun Steingrímsstöðvar voru 1 m. Fyrsta áratuginn eftir virkjun Þingvallavatns voru þessar leyfilegu vatnsborðsbreytingar nýttar til fulls í þágu raforkukerfisins en síðustu tvo áratugi hafa vatnsborðsbreytingar minnkað. Síðasta áratuginn eru sveiflur á vatnsborði innan við hálfan metra, og undanfarin tvö ár hefur sveiflu vatnsborðsins verið haldið innan við 20 cm eins og fyrr segir.

Meðan vatnsborð var hreyft ört, oft 10 cm á dag svo að dögum skipti, olli það myndun bárugarða sem mynduðust í mismunandi hæð og jurta- og dýralíf gjöreyðilagðist við örar hreyfingar. Afleiðingin var að silungsveiði á kuðungableikju hrapaði mjög. Samvinna líffræðinga og Landsvirkjunar hefur jafnað mjög sveiflur á vatnsborði síðan 1980 og er árangurinn kominn fram í aukinni veiði og feitari fiski. Þetta sýnir hve aðlögunartími lífríkisins er langur á okkar breiddargráðu, þ.e. litlar sveiflur á vatnsborði halda lífi í þörungunum sem kuðungar beita sér á. Hinn upprunalegi fæðuhlekkur endurskapast og veiði kemst í fyrra horf.

Orkulindir vatnasviðsins.

Auk hinnar miklu náttúrufegurðar er Þingvallasvæðið ein mesta auðlind íslensku þjóðarinnar. Hér voru byggð með fyrstu og öruggustu vatnsorkuverum landsins, Ljósafoss-, Írafoss- og Steingrímsstöð, sem gefa af sér 89 MW.

Hengilssvæðið, sem er meðal stærstu háhitasvæða á landinu, mun tryggja hita um langan aldur fyrir Reykjavíkursvæðið. Stærð Nesjavallavirkjunar er 100 MW en hana má auka í 400 MW. Auk þess er þar orka fyrir 80 MW rafmagnsvirkjun. Sýnt hefur verið fram á að vatn Nesjavallavirkjunar kemur alla leið úr Langjökli.

Vatnasvið Þingvallavatns, sem er um 1.000 km^2 að stærð, geymir stærstu neysluvatnslind í byggð á Íslandi. Það gefur af sér 100 m^3 á sek. í Sogið við útfall úr Þingvallavatni, en 110 m^3 á sek. við ármót Hvítár.

Vatnasvið Brúarár ofan við Brúarfoss myndar ásamt Þingvallasvæðinu eina heild sunnan Langjökuls. Það er aðeins 225 km^2 að stærð utan jökuls en gefur af sér mikið vatnsmagn eða 40 m^3 á sek. Vatnasvið Brúarár nær neðanjarðar langt norður undir Langjökul og er því í raun miklu stærra.

Samanlagt gefa þessi tvö vatnasvið því 140 m^3 á sek. Hlutur þessara tveggja svæða er 30% af öllu lindarvatni sem rennur í byggð á Íslandi en það nemur um 400 m^3 á sek., þar af a.m.k. 120 m^3/sek. sem hreint lindarvatn.

Vatnsforði á höfuðborgarsvæðinu er 10–20 m^3 á sek. en aðeins hluti hans verður nýttur áður en hann rennur til sjávar.

Hið frábæra vatn Þingvalla- og Brúarárvatnasviðsins tryggir því neyslu- og nytjavatn fyrir Reykjavík og Reykjanesskagann fram á næstu öld eða aldir.

Á Reykjanessvæðinu frá Selfossi að austan og að Kjalarnesi að vestan búa 67% þjóðarinnar eða 175.000 manns (Hagstofa Íslands des. 1992). Enn fremur er rétt að minna á að yfir 90% af fólksfjölgun í landinu verður á þessu svæði.

Vatnsnotkun 50-faldaðist í Reykjavík frá 1903 til 1983 og er nú að meðaltali 600 l á mann á dag. Ef við reiknum með að vatnsnotkun 25-faldist aðeins á næstu öld verður vatnsnámið um 30 m^3 á sek. Reynslan sýnir hins vegar að í verstöðvum þar sem fiskþvottur er mikill getur vatnsnotkun tvöfaldast á skömmum tíma. Það er því lífsnauðsynlegt fyrir fiskiðnað, fiskeldi og allan matvælaiðnað á Reykjanesskaganum að hafa aðgang að nægu neyslu- og nytjavatni í framtíðinni. Hafa ber í huga að ársframleiðsla frystra sjávarafurða frá 1942–1985 hefur aukist úr 20 í rúm 140 þús. tonn. Ef fiskeldi tekur nýtt stökk eykst vatnsnotkun enn að mun.

Gróður og jarðvegur.

Gróður er háður mörgum umhverfisþáttum eins og jarðvegi, hæð yfir sjó og loftslagi, þ.e. hita og úrkomu. Jarðvegur vestan og suðvestan vatnsins er víða um 1 m á þykkt. Þetta er mjög léttur jarðvegur og viðkvæmur fyrir uppblæstri.

Hraun mynda yfir helming af öllu flatarmáli vatnasviðsins. Á þeim er þunnt, órofið jarðvegslag með mosa, lyngi, víðirunnum og birki sem stenst vel uppblásturinn.

Mýrlendi er örlítið umhverfis Þingvallavatn, í nánd við Ölfusvatn sunnan Sprænutanga og í hlíðunum vestan Þingvallavatns, ásamt Kringlumýri í Lyngdalsheiði.

Frægastir eru Þingvellir fyrir birkiskóginn en hann er einkennandi fyrir svæðið. Allir þekkja nafnið Bláskógar úr Landnámu Ara fróða. Skilyrði fyrir birkiskóg eru ákjósanleg á svæðinu þar eð birki krefst 7,0–7,5 °C hita yfir sumarmánuðina maí til ágúst til að þrífast en meðalhitinn var 9,5 °C frá 1931–1960 og 8,3 °C frá 1961–1980.

Birkiskógurinn nær nú mannhæð eða meira eftir nær 70 ára friðun og einkennist af undurfögrum botngróðri með blágresi, undafíflum, túnfíflum, brennisóley, maríustökkum, hrúta-

berjum og jakobsfífli. Hæst er birkið í Þingvallalægðinni sem er rúmlega 100 m y.s. en birkið grær í allt að 340 m y.s. í Ármannsfelli. Þar sem birkið nær hæst er gróðursamfélagið blanda af víði, lyngi og fjalldrapa enda glóa fjöllin á haustin í gulum og rauðum litum.

Í Sturlungu segir að Bláskógaheiði hafi náð upp að Hallbjarnarvörðum. Hallbjarnarvörður liggja í 340 m.y.s og hefur birki líklega náð langleiðina þangað. Hins vegar vex birki nú á dögum aðeins norður með Ármannsfelli að Hofmannaflöt. Mörkin eru því um 13 km sunnar nú og hefur skógurinn þannig dregist verulega saman.

Álitið er að veðurskilyrði hafi farið versnandi frá landnámstíð og fram á 20. öld. Loftslag og sauðfjárbeit hafa valdið miklu foki og rofi á Skjaldbreiðarafrétti, í austurhlíðum Mosfellsheiðar og Hengilssvæðinu. Setmælingar á botni Þingvallavatns hafa sýnt að áfok var tvöfalt á tímabilinu 1918–1983 miðað við tímabilið 1500–1721.

Á Skjaldbreiðarafrétti voru 430 km^2 friðaðir fyrir sauðfjárbeit með þjóðarátakinu 1974. Þar hafa fundist 25 tegundir í hinni svörtu eyðimörk en búast má við að enn fleiri af þeim 250 tegundum sem finnast á vatnasviðinu hasli sér þar völl. Svæðið virðist nú í nokkurri framför en sandblástursgeirinn ofan Sandvatns og norðan í Skjaldbreið færist þó enn þá í aukana.

Fuglar og spendýr.

Við vatnið lifa 52 tegundir fugla að staðaldri en aðrar 30 koma af og til. Þingvallavatn er djúpt. Í Þingvallavatni er því ekki fyrir hendi sá gróður og það dýralíf á grunnu vatni sem er undirstaða stórra fuglastofna eins og við Mývatn. Endur geta ekki kafað svo djúpt eftir fæðu. Mófugl er algengur á hinum miklu víðáttum. Allir þekkja tindrandi raddir spóans, lóunnar, hrossagauksins og skógarþrastarins. Þá er enn fremur nokkuð af rjúpu.

Allmiklar breytingar hafa orðið á fuglalífi við Þingvallavatn undanfarin 30 ár. Orsakanna má ekki síst leita í því að á fyrri hluta fimmta áratugarins hóf minkurinn innrás sína á svæðið með válegum afleiðingum fyrir viðgang margra fuglategunda sem áttu búsvæði við vatnið. Einnig hefur gengið nokkuð á varpstaði andartegunda og annarra fugla sem eru nátengdir vatnsbakkanum. Það hefur meðal annars leitt til þess að einkennisfugli vatnsins, himbrimanum, hefur fækkað.

Þrjú villt spendýr lifa á Þingvallasvæðinu, en það eru fjallarefur, minkur og hagamús. Fjallarefurinn hefur lifað þarna frá alda öðli og sennilega komist til Íslands á ís. Það virðast vera nokkuð miklar sveiflur á fjölda hans á síðari hluta þessarar aldar samkvæmt veiðiskýrslum. Fæða hans er aðallega fuglar, sérstaklega rjúpa á vetrum, en einnig minkur og lömb. Lömbunum virðist hafa fækkað í fæðu hans eftir að farið var að ala sauðfé meira heima við. Veiðiskýrslur sýna enn fremur að bláum refum hefur fjölgað meðal skotinna dýra, en þeir hafa sloppið úr refabúum á Suðvesturlandi og blandast villta stofninum. Villti stofninn, hinn upprunalegi refur, er því í varnarstöðu.

Minkur var fluttur til landsins 1931 til loðdýraræktar. Fyrstu minkar sluppu út úr minkabúi í Grímsnesi 1932, aðeins 17 km frá vatninu, og hann er nú algengur á Þingvallasvæðinu þar sem 50–200 dýr hafa verið skotin árlega. Minkur lifir aðallega á fiski en einnig fugli, með þeim afleiðingum sem áður er lýst.

Hagamús er mjög algeng á Þingvallavatnssvæðinu. Álitið er að hún hafi flust til landsins með heyi landnámsmanna þegar á 9. eða 10. öld.

Hvaðan er líf á Þingvallasvæðinu ættað?

Næstum allur gróður og allt dýralíf er ættað frá Evrópu en þó eru áberandi tegundir í gróður- og dýraríki vestrænar. Nefna má eyrarós, blástjörnu, friggjargras og grávíði. Úr dýraríkinu koma að vestan: Himbrimi, straumönd, húsönd (sjaldgæf) og bitmý Sogsins. Ein aðal-

krabbafló vatnsins er einkennistegund í „Hinum stóru vötnum" Norður-Ameríku. Einstæð er toppfluga vatnsins — Chironomus islandicus — en hún finnst aðeins á Íslandi, þ.e. hefur myndað nýja tegund fyrir Ísland.

Þróun byggðar og búskapar 1703–1993.

Samkvæmt manntalinu 1703 bjuggu 135 manns á 17 jörðum kringum Þingvallavatn (í Þingvallasveit og hluta af Grafningshreppi). Um aldamótin 1800 var þjóðin mun fámennari en 100 árum áður er fyrsta manntalið fór fram. Ástæðan var sú að 25% þjóðarinnar dóu úr stórubólu 1707–1709 og í móðuharðindunum 1783–1786 fækkaði þjóðinni um 20% vegna horfellis, farsótta og ófrjósemi kvenna af völdum hungurs. Um miðja 18. öldina létust um 10% vegna hungursneyðar. Í Þingvallasveit einni bjuggu 87 manns 1703 og 98 árið 1801. Fjöldinn var 117 árið 1835 og hafði þannig aukist um 20%, en 1870 var talan 145. Harðæri orsakaði flutning úr sveitinni þannig að upp úr aldamótunum 1900 hafði íbúum fækkað í 100 og hélst þessi tala þar til um 1930 en þá fækkaði enn og íbúatalan var 43 árið 1991 (sjá mynd 1).

Fjárbúskapur og veiði hafa alla tíð verið aðalatvinnuvegir við Þingvallavatn. Bæirnir liggja í 100–200 m y.s. og viðkvæmt beitiland þeirra enn hærra. Fjöldi býla kringum vatnið réðst af því hvernig áraði. Eftir harðindin á 18. öld var fjöldi býla kominn niður í 17 en á köflum höfðu 16 önnur býli verið í byggð þegar vel áraði. Árni Magnússon og Páll Vídalín könnuðu búskap við vatnið á árunum 1706–1711. Þá voru byggðir 17 bæir og fjöldi heimafólks var 135 og hver persóna hafði þá að meðaltali 1 kú og 10 sauðfjár sér til viðurværis.

Búskapur var háður beit allt árið fyrir hross og sauðfé og að nokkru fyrir kýr þar eð tún voru lítil. Búskapur var því háður ýtrustu nýtingu á beitilandi og bústofn var nákvæmlega hinn sami við byrjun og lok 18. aldar. Skepnufjöldi og fjöldi ábúenda fór því eftir beit og túnstærð.

Mynd 2 sýnir fjölda sauðfjár í Þingvallasveit og Grímsnes- og Laugardalshreppi frá 1711–1810 og 1854–1990. Fjöldi sauðfjár í Þingvallasveit hafði tvöfaldast eftir 1830, þrefaldast 1854 fyrir fjárkláðann og fjórfaldast 1981. Þrátt fyrir fækkun fólks í sveitinni og sauðfjársjúkdóma var fjárstofn Þingvallasveitar að meðaltali 2.000 á ári fyrir tímabilið 1854–1990 en tveir alvarlegir sjúkdómar orsaka miklar sveiflur í bústofni á þessum tíma en þeir eru færilúsin (kláði) sem geisaði 1858–1859 og síðan mæðiveikin 1937–1951. Grímsnesingar hafa löngum beitt Þingvallaafrétt. Fróðlegt er að sjá sveiflur á fjölda sauðfjár í Grímsnesinu. Hreppaaðskilnaður Laugardals og Grímsness kemur fram í skýrslum 1905. Hér eru báðir hreppar meðtaldir til að fá samanburð við tölur frá 1708. Þá var fjárstofn þeirra alls 3.457 fjár. 1854 var stofninn kominn í 7.889 kindur og hafði þannig meira en tvöfaldast frá 1708. Færilúsin (kláði) fór illa með hann því að 1859 var fjöldinn kominn niður í 2.915. Á næstu 20 árum jókst talan upp í tæp 9.000. Þessi fjöldi hélst til 1926 að undanteknum þeim sveiflum sem voru á harðindatímabilinu frá 1883 til 1903. Mikil fjölgun varð á sauðfé með aukinni ræktun frá 1927 til 1938 er mæðiveikin gerði vart við sig og var hún illvíg á svæðinu til 1951. Upp úr 1955 fjölgaði fé ört í 15.000 og hélst sú tala í 30 ár til 1985 en þá fækkaði sauðfé ört vegna markaðsörðugleika.

Beitarálag á Þingvallaafrétti á síðari helmingi þessarar aldar hefur því um fjórfaldast frá 1708. Fyrir Þingvallasveit er talan um 360% og fyrir Grímsnes og Laugardal um 430%.

Hætt er við að þetta álag, sem sífellt hefur aukist undanfarin 150 ár, sé ein af orsökum þess að áfok í Þingvallavatn hefur tvöfaldast á tímabilinu frá 1918 til 1983 miðað við tímabilið frá 1500 til 1721. Ætla má að beitarálag undanfarinna 150 ára á Þingvallaafrétti hafi verið frá 10–15 þús. fjár.

Sauðfjárbúskapur sem aðalatvinnugrein er nú aðeins stundaður á fjórum jörðum í Þingvallahreppi.

Leiga eða sala á sumarbústaðalöndum er nú viðurkennd búgrein í sveit.

Fjöldi sumarbústaða innan vatnasviðsins er um 600. Enn fremur eru um 200 óbyggðar lóðir.

Veiðibúskapur Þingvallavatns 1706–1993.

Saga veiði við Þingvallavatn nær yfir 300 ára tímabil. Á árunum 1706–1711 var veitt frá 13 bæjum aðallega að vetri til með krókum, hoppungi og dorgi gegnum ís. Vaðmálsnet þekktust en voru aðeins notuð á tveimur bæjum þar eð bátar voru ekki til á vatninu. Sr. Jón Þorkelsson hefur lýst breytingum sem urðu á Þingvallavatni við jarðskjálftana og landsigið 1789. Sum net hans lágu á þurru landi en eftir öðrum þeirra þurfti að vaða. Á síðustu öld keyptu bændur báta á vatnið og net urðu algeng. Hampnet voru notuð í Mjóanesi upp úr 1850, og Feddersen (1885) skrifar að sr. Jens Pálsson hafi látið honum í té net við rannsóknir hans 1884. Murtuveiði hófst um leið og hampnet urðu algeng. Veiðin jókst stórum og hafði mikla þýðingu fyrir bændur. Murta þótti ljúffeng og var seld sem ódýr soðning um Suðurland og Borgarfjarðardali. Kuðungableikja (botnbleikja) og sílableikja ásamt urriða voru seld sem lostæti til Reykjavíkur.

Á tímabilinu 1896–1902 var veitt frá 17 bæjum (Bjarni Sæmundsson 1897–1904). Árið 1930 var enn veitt frá 17 bæjum en 1990 var talan komin niður í sex. Net úr hörtvinna voru notuð fram til 1920 en síðar úr bómull, nælon og girni. Öll net voru hnýtt á bæjum þar til nælon og girnisnet komu til sögunnar.

Veiðin hófst ávallt með írekstrarveiði á vorin. Þegar hitastig komst í 3 °C fór fiskurinn að ganga á grunnið og oft var hlutur urriðans stór í þeirri veiði.

Veiðiskýrslur Þingvallavatns ná yfir tæp 100 ár frá 1896–1987 að undanteknu tímabilinu 1947–1958.

Veiði hefur stöðugt aukist. Framan af var kuðungableikja og sílableikja aðalþáttur veiðinnar, sérstaklega þegar markaðsverð hækkaði í fyrra stríði í Reykjavík. Bleikjan hélt áfram að vera í góðu verði, ekki síst eftir að samgöngur tóku að batna upp úr 1930. Sérstaklega tók veiðin mikið stökk eftir að niðursuða hófst 1938 og var murtan eftir það aðalstofn veiðinnar. Þegar hringvegurinn var fullgerður 1942 hófst stangaveiði meðfram flestum strandlengjum við suðausturhluta vatnsins ekki síst þeim sem friðaðar höfðu verið frá alda öðli. Mynd 3 sýnir að veiðin jókst jafnt og þétt en miklar voru sveiflurnar, en þó nokkuð reglulegar, á árabilinu 1896 til 1946. Bændur kvörtuðu sáran yfir veiðileysi þegar um aldamótin við Bjarna Sæmundsson. Enn fremur er mjög greinilegt að veiðinni var hætt í Grafningi að mestu upp úr 1930.

Á mynd 4 er veiðin gefin upp eftir vigt. Þar sést að veiðin hefur áttfaldast á 100 árum, úr um 10 tonnum í um 75–80 tonn á ári. Þessar tölur sýna að Þingvallavatn er frábært veiðivatn samanborið við önnur vötn á sömu breiddargráðu með veiði upp á 10 kg á hektara á ári. Á þessari heildarmynd sést greinilega að sveiflurnar gerast mjög miklar og óreglulegar eftir virkjun Sogsins 1959. Virkjunin virðist því hafa haft grundvallaráhrif á veiðina, sérstaklega murtuveiðina.

Hve mikið magn af fiski er í vatninu?
Tilraunaveiði var framkvæmd 1983 og 1984 og sýndi eftirfarandi:

Murta	642 tonn
Sílableikja	36 tonn
Kuðungableikja	22 tonn
Dvergbleikja	9 tonn
Hornsíli	50 tonn
Alls	759 tonn

Heildarmagn af bleikju var því um 700 tonn vegna þess að hornsíli og dvergbleikja eru ekki veidd. Hornsíli er hins vegar nauðsynlegur hlekkur í fæðukeðju sílableikjunnar. Áberandi er hve stofnarnir af kuðunga- og sílableikju eru litlir, nefnilega 22 og 36 tonn. Áætlað er að veiða megi allt að 50% af veiðanlegum murtustofni en sýnt var fram á að aðeins voru veidd 17%. Þessi staðreynd var augljós eftir 1985 þegar murtustofninn var stór en veiddist ekki vegna smæðar fisksins. Enn fremur var áætlað að 20% af veiðanlegri kuðunga- og sílableikju væru veidd. Þetta má kalla lágar tölur en taka þarf tillit til þess að bleikjuafbrigðin vaxa hægt og verða allt að 18 ára gömul. Á stórum svæðum í vatninu er ekki veitt. Það mun fara nærri lagi að hægt sé að veiða 10% af þeim 700 tonnum sem eru í vatninu.

Fyrir stíflugerð við Sog 1959 var stór og mikill urriðastofn í vatninu. Murta var þýðingarmikil í fæðukeðju urriðans og því má ætla að hann hafi verið um 8% af murtustofni eða 50 tonn.

Á þessari öld hefur veiðin í vatninu margfaldast og hún hefur verið veruleg búbót fyrir margar jarðir en nýting á kuðunga- og sílableikju hefur víða gengið nærri stofni þeirra.

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín.
Manntal á Íslandi 1703.

Árni Magnússon og Páll Vídalín.
Jarðabók. 2. bd. Árnessýsla (Grafningur 1706 og Þingvallasveit 1711).
Kaupmannahöfn 1918–1921.
Önnur útgáfa, Reykjavík 1981.

Skýrslur um Landshagi á Íslandi, bd. 1–5.
Hið íslenska Bókmenntafélag í Kaupmannahöfn, 1858–1875.

Landshagskýrslur og Hlunninda 1899–1913.
Reykjavík.

Hagskýrslur Íslands og skýrslur um landbúnað á Íslandi 1703–1991.
Reykjavík.

Ecology of oligotrophic, subarctic Thingvallavatn.
Ritstjóri: Pétur M. Jónasson.
Kaupmannahöfn 1992.

Össur Skarphéðinsson.
Urriðadans.
Reykjavík 1996.

Bjarni Sæmundsson.
Um Fiskirannsóknir 1897. — Andvari 1898. 22: 96–172. Reykjavík.
Fiskirannsóknir 1902. — Andvari 1904. 29: 79–119 Reykjavík.



Mynd 1.
Fjöldi íbúa í Þingvallasveit 1703–1991.



Mynd 2.
Sauðfjáreign í Grímsnesi, Laugardal og Þingvallasveit 1710–1810 og 1850–1990.



Mynd 3.
Árlegar sveiflur í silungsveiði 1898–1946. Reiknað í fjölda fiska.



Mynd 4.
Veiðisveiflur í Þingvallavatni frá 1898–1988. Reikn. eftir vigt.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um friðun Þingvalla og Þingvallavatns.

Með frumvarpi þessi er lagt til að núgildandi lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, verði endurskoðuð. Helsta breytingin er sú að þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun stækka úr 40 km^2 í 237 km^2 og verndarsvæði hans verður allt að 1.193 km^2.

Í 3. gr. er ákvæði um Þingvallanefnd sem kosin skal úr röðum alþingismanna. Áætlað er að laun og annar kostnaður tengdur nefndinni geti numið um 500 þús. kr. á ári. Að öðru leyti fer um fjárveitingar til Þingvalla eftir ákvörðun Alþingis hverju sinni, og eru þær fjárveitingar færðar undir forsætisráðuneyti í fjárlögum.

Ekki verður séð fyrir nú hvaða kostnað leiðir sérstaklega af samþykkt þessa frumvarps. Ætla má að rekstrarkostnaður þjóðgarðsins aukist við stækkun hans en óvíst hve mikið. Ekki er búist við auknum kostnaði strax. Vakin er athygli á að jarðirnar Mjóanes, Miðfell og Skálabrekka sem allar eru í einkaeign munu verða innan þess verndarsvæðis sem afmarkað er í frumvarpinu. Önnur svæði í einkaeign, svo sem sumarbústaðir og lóðir þeirra, kunna einnig að verða innan verndarsvæðisins. Með tímanum kann það að koma til að ríkið verði að leysa til sín jarðir eða eignir innan svæðisins þótt ekki sé hægt að segja til nú um kostnað sem af því leiðir.

1230. Lög [582. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1161.

1231. Frumvarp til laga [164. mál]

um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd er nefnist örnefnanefnd. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár í senn. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Örnefnastofnun Íslands, annar af umhverfisráðuneyti en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allir skulu nefndarmenn vera kunnáttumenn á sviði örnefna- og staðfræði. Íslensk málnefnd skal hafa áheyrnarfulltrúa í nefndinni með tillögurétti og málfrelsi.

Örnefnanefnd skal fjalla um nafngiftir býla skv. 5., 7. og 8. gr. laganna. Jafnframt úrskurðar örnefnanefnd um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands, eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Málsaðild eiga Landmælingar Íslands, aðrir kortagerðarmenn, Örnefnastofnun Íslands, landeigendur, sveitarstjórnir og hlutaðeigandi ráðuneyti, en um málsaðild fer að öðru leyti að hætti stjórnsýslulaga. Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar. Úrskurðum nefndarinnar er hægt að skjóta til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið nánar á um starfsemi örnefnanefndar. Skulu þar m.a. vera ákvæði um undirbúningsferli ákvarðana nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf, þar á meðal um að örnefni, sem ágreiningur er um, skuli auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi komi, gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Einnig má þar setja ákvæði um sambærilegt undirbúningsferli að annars konar ákvörðunum nefndarinnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, sem skráð hafa verið hjá Fasteignamati ríkisins, má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal örnefnanefnd um nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna og þorpa.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Vilji eigandi breyta nafni býlis síns skv. 3. gr. skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum þess að farið er fram á að eldra nafn býlisins verði lagt niður og þeim ástæðum er ráðið hafa vali umsækjanda á nýju nafni. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem að býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama héraði eða því um líkt.

Í tilkynningu eiganda til örnefnanefndar um nafn á nýbýli skv. 4. gr. skal hann skýra frá þeim ástæðum er ráðið hafa vali á hinu nýja nafni.

Sé hið nýja nafn býlis dregið af staðháttum skal þeim lýst í umsókn, sbr. 3. gr., eða tilkynningu, sbr. 4. gr. Þá skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt málsaðila á býlinu. Við upptöku nýnefna skal gæta þess að fylgt sé þeim venjum sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama héraði né nafna sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í héraðinu að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.

5. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Ágreiningi um nafngift skv. 1. mgr. verður skotið til úrskurðar örnefnanefndar.

6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt eftir að henni hefur borist beiðni um breytingu á nafni býlis skv. 3. gr., beiðni um nafnfesti á þorpum skv. 7. gr. eða önnur erindi til ákvörðunar leggja rökstuddan úrskurð á málið.

Heimili örnefnanefnd breytingu á nafni býlis skv. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., eða nafnfesti á þorpi skv. 7. gr. skal hún senda nafnið hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

Telji örnefnanefnd ekkert athugavert við nafn sem tilkynnt hefur verið til hennar skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr., skal hún senda það hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar. Telji hún nafnið ónothæft skal hún tilkynna það málsaðila svo fljótt sem mögulegt er og óska eftir nýrri tillögu um nafn á býli. Hafi málsaðili ekki innan sex mánaða valið nýtt nafn sem nefndin fellst á og tilkynnt það örnefnanefnd úrskurðar nefndin um það hvert nafn býlið skuli fá. Úrskurðinn sendir örnefnanefnd málsaðila og hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar.

Þinglýsingarstjórar skulu ætíð skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingum ef þeir eru kunnir. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðinda skrá um nöfn þau sem tekin hafa verið upp á árinu. Svo skal og birta skrá yfir nöfn á eldri býlum sem ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.

7. gr.

2. málsl. 9. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998. Rennur þá jafnframt út skipunartími þeirrar örnefnanefndar er starfað hefur samkvæmt heimild í 2. gr. núgildandi laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa örnefnanefnd fyrir þann tíma sem þar er greindur þannig að hún geti tekið við störfum 1. ágúst 1998.

1232. Frumvarp til laga [446. mál]

um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

Verja skal 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar byggingar til listskreytingar hennar og umhverfis hennar.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar þær byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti, sbr. lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970. Undanþegnar eru þó byggingar sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar sem standa fjarri alfaraleið, skemmur og aðrar sambærilegar byggingar.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um byggingar sem reistar eru á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar beinni fjárveitingarákvörðun Alþingis um byggingarframkvæmdir.

2. gr.

Í greinargerð með frumathugun og áætlanagerð skv. 3. gr. og 6. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, skal auk annarra atriða sem þar eru tilgreind gera grein fyrir áætlun um kostnað vegna listskreytinga.

Við ákvarðanir um mannvirki sem lög þessi taka til skulu arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd leita faglegrar ráðgjafar um listskreytingu hjá stjórn Listskreytingasjóðs, sbr. 5. gr.

3. gr.

Veita skal árlega eftir ákvörðun Alþingis fé í Listskreytingasjóð til listskreytinga opinberra bygginga sem þegar eru fullbyggðar við gildistöku þessara laga, umhverfis þeirra og annarra útisvæða á forræði ríkisins og sveitarfélaga. Sé bygging, umhverfi hennar eða útisvæði á forræði sveitarfélags skal koma framlag frá viðkomandi sveitarfélagi á móti úthlutun úr Listskreytingasjóði.

4. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins skal skipuð af menntamálaráðherra þannig: Tveir menn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og formaður skipaður án tilnefningar. Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

5. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs skal vera til ráðgjafar um listskreytingu þeirra mannvirkja sem lög þessi taka til og hvernig staðið skuli að framkvæmdum. Stjórnin ákvarðar úthlutun úr Listskreytingasjóði.

6. gr.

Um meiri háttar verkefni á sviði listskreytinga skal að öðru jöfnu fara fram opinber samkeppni í samræmi við venjur og reglur sem um það gilda á hverjum tíma. Slík samkeppni skal opin erlendum listamönnum enda njóti íslenskir listamenn sömu réttinda í þeirra löndum.

7. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum vegna kostnaðar við undirbúning umsóknar um framlag til listskreytingar skv. 3. gr., þar með talinn kostnaður við samkeppni.

8. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast fjárvörslu Listskreytingasjóðs. Heimilt skal stjórn sjóðsins með samþykki menntamálaráðherra að semja við félagasamtök sem aðild eiga að sjóðnum um að annast rekstur hans að öðru leyti.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með síðari breytingum. Heimilt skal að gera nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir til þess að lögin geti komið til framkvæmda við gildistöku, m.a. að því er varðar skipun stjórnar Listskreytingasjóðs.

1233. Frumvarp til laga [552. mál]

um bindandi álit í skattamálum.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

Ríkisskattstjóri skal láta uppi bindandi álit í skattamálum eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, enda geti mál varðað verulega hagsmuni þess sem eftir slíku áliti leitar. Beiðni um bindandi álit getur tekið til álitamála sem snerta álagningu skatta og gjalda sem eru á valdsviði skattstjóra eða ríkisskattstjóra og falla undir úrskurðarvald yfirskattanefndar.

Ekki er heimilt að óska eftir bindandi áliti um skattaleg áhrif ráðstafana sem þegar hafa verið gerðar.

2. gr.

Senda skal skriflega beiðni um bindandi álit til ríkisskattstjóra í tæka tíð til að unnt sé að gefa álit áður en ráðstöfun er gerð. Beiðnin skal vera ítarlega afmörkuð varðandi þau atvik og álitaefni sem um er spurt og henni skulu fylgja upplýsingar og gögn sem þýðingu hafa og álitsbeiðandi hefur yfir að ráða.

Þurfi ríkisskattstjóri á frekari gögnum að halda hjá álitsbeiðanda til þess að geta tekið afstöðu og gefið álit skal hann kalla eftir þeim svo fljótt sem unnt er. Álitsbeiðandi skal afhenda gögnin innan þess frests sem ríkisskattstjóri setur honum. Berist gögn ekki innan tilskilins frests skal vísa erindinu frá eða takmarka álitið við fyrirliggjandi gögn.

Beiðni um bindandi álit telst sjálfkrafa fallin úr gildi ef ráðstafanir, sem beiðnin lýtur að, eru gerðar eftir að beiðni er send ríkisskattstjóra og áður en álit liggur fyrir. Sama gildir láti álitsbeiðandi verða af ráðstöfun sinni áður en úrskurður yfirskattanefndar liggur fyrir og eftir atvikum niðurstaða dómstóla.

3. gr.

Ríkisskattstjóri skal láta uppi bindandi álit samkvæmt lögum þessum svo fljótt sem unnt er. Ef ekki er unnt að láta uppi álit innan fjögurra vikna frá því að beiðni barst skal ríkisskattstjóri tilkynna álitsbeiðanda skriflega um frestun og skýra ástæður hennar. Ríkisskattstjóra er ekki heimilt að fresta gerð bindandi álits lengur en í þrjá mánuði frá því að beiðni berst.

Nú telur ríkisskattstjóri að beiðni sé vanreifuð eða óskýr eða aðrar ástæður mæla gegn því að látið sé uppi bindandi álit og getur hann þá vísað beiðninni frá með rökstuðningi. Hið sama gildir ef ljóst þykir að álitsbeiðandi hafi ekki verulega hagsmuni af því að fá fyrirspurn sinni svarað.

4. gr.

Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið við gerð bindandi álits sendir hann það til álitsbeiðanda og viðkomandi skattyfirvalds. Álitið skal vera rökstutt.

5. gr.

Álitsbeiðandi getur kært bindandi álit ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar. Um kærufrest, efni kæru og málsmeðferð fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Álitsbeiðanda og fjármálaráðherra er heimilt að bera úrskurð yfirskattanefndar skv. 1. mgr. undir dómstóla enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að úrskurður yfirskattanefndar var kveðinn upp.

Frávísun ríkisskattstjóra skv. 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. verður hvorki borin undir yfirskattanefnd né dómstóla.

6. gr.

Skattyfirvöld skulu leggja bindandi álit ríkisskattstjóra til grundvallar skattlagningu álitsbeiðanda. Álitið er ekki bindandi fyrir skattyfirvöld að því marki sem málsatvik hafa breyst sem álitið er byggt á. Hið sama gildir hafi verið gerð breyting á lögum áður en ráðstöfun var gerð sem um er fjallað í álitinu og sú breyting tekur beint til atriða sem álitið byggist á.

7. gr.

Til að mæta þeim kostnaði sem ríkisskattstjóri hefur af gerð bindandi álita skal greiða gjald er miðast við þá vinnu sem hann hefur af gerð álits í hverju tilviki. Þegar beiðni um álit er lögð fram skal greiða grunngjald að fjárhæð 10.000 kr. Viðbótargjald sem miðast við umfang máls skal greiða áður en ríkisskattstjóri lætur álitið uppi. Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur, en gjaldið má ekki nema hærri fjárhæð en 40.000 kr.

Ráðherra getur ákveðið, í þeim tilvikum þegar máli hefur verið vísað frá eða beiðni er dregin til baka, að endurgreiða gjald skv. 1. mgr.

Ákvörðun um fjárhæð gjalds skv. 1. mgr. er hvorki hægt að bera undir yfirskattanefnd né dómstóla.

8. gr.

Ríkisskattstjóri skal birta ákvarðanir og niðurstöður sem fram koma í álitum samkvæmt lögum þessum að því leyti sem þær hafa almenna þýðingu.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1234. Frumvarp til laga [348. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Tryggðir samkvæmt lögunum**, með fjórum nýjum greinum, 9. gr. a – 9. gr. d, er orðast svo:

a. (9. gr. a.)

Sá sem búsettur er hér á landi telst tryggður, sbr. þó 24. gr., að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna, nema annað leiði af milliríkjasamningum.

Með búsetu skv. 1. mgr. er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst tryggður hér á landi samkvæmt lögunum. Um málskot fer skv. 7. gr.

b. (9. gr. b.)

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögunum, sé áfram tryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, enda starfi viðkomandi erlendis fyrir aðila sem hafi aðsetur og starfsemi á Íslandi og tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald, sé greitt hér á landi af launum hans. Sama gildir um maka hans og börn undir 18 ára aldri sem dveljast með honum.

Umsókn um tryggingu samkvæmt þessari grein skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.

c. (9. gr. c.)

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögunum, sé áfram tryggður, sbr. þó 24. gr., í allt að eitt ár frá brottför af landinu þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a eða 9. gr. b, enda leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi haft samfellda fasta búsetu hér á landi eigi skemur en fimm ár fyrir brottför og að það sé ekki tilgangur farar að leita læknismeðferðar.

Umsókn um tryggingu samkvæmt þessari grein skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.

d. (9. gr. d.)

Ráðherra setur reglugerð um einstök atriði er varða framkvæmd þessa kafla, m.a. um skráningu Tryggingastofnunar ríkisins á tryggingaréttindum einstaklinga og hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sá sem átt hefur lögheimili í landinu í sex mánuði í skilningi lögheimilislaga og laga um tilkynningar aðsetursskipta, sbr. og ákvæði I. kafla A laga þessara, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur sett reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga, um starfsemi sjúkratryggingadeildar og um undanþágur frá sex mánaða lögheimilisskilyrði og framkvæmd þeirra.

4. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Ákvæði b-liðar 3. gr. öðlast þó þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem uppfyllti skilyrði 9. gr. b 1. janúar 1994 eða síðar, teljist tryggður hér á landi.

Umsókn um tryggingu samkvæmt heimild í þessu ákvæði skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en 1. júlí 1999.

1235. Frumvarp til laga [459. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. b-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að endurgreiða sjúklingum sem leituðu til sérfræðinga sem sagt höfðu sig af samningi við Tryggingastofnun ríkisins hlut almannatrygginga í kostnaði vegna læknisþjónustu. Skilyrði endurgreiðslu er að sjúklingur framvísi fullnægjandi reikningi og að viðkomandi sérfræðingur hafi endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins. Hafi sérfræðingur ekki endurnýjað samning sinn af þeim sökum að hann hafi hætt rekstri sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur skal þó heimilt að endurgreiða sjúklingum hans samkvæmt framansögðu. Endurgreiðslan skal miðast við gjaldskrá 1. september 1997 samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 7. mars 1996.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1236. Þingsályktun [616. mál]

um staðfestingu samninga um lögsögumál við Danmörku og Grænland annars vegar og við Noreg hins vegar.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1047.

1237. Þingsályktun [618. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1049.

1238. Þingsályktun [622. mál]

um fullgildingu stofnsamnings Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnunarinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1052.

1239. Nefndarálit [510. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 142/1996, um póstþjónustu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra og Svein Snorrason hæstaréttarlögmann frá samgönguráðuneyti, Einar Þorsteinsson frá Íslandspósti hf., Ásgeir Einarsson og Jónu Björk Helgadóttur frá Samkeppnisstofnun, Ástu Maríu Eggertsdóttur og Jón J. Þorgrímsson frá Póstdreifingu ehf. og Ársæl Baldursson og Berg Hauksson frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Umsagnir bárust nefndinni frá DHL-Hraðflutningum ehf., Íslandspósti hf. og Póst- og fjarskiptastofnun. Þá hefur nefndin stuðst við umsagnir sem bárust um 545. mál á 121. löggjafarþingi sem var efnislega samhljóða þessu máli.

Samgöngunefnd telur að í frumvarpinu felist ákvæði sem skýri betur einkaréttarsvið póstþjónustunnar, en það er nauðsynlegt, meðal annars með hliðsjón af afskiptum Samkeppnisstofnunar af þessum málefnum, sbr. álit samkeppnisráðs nr. 1/1995. Frá því að frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi hafa þær breytingar orðið að tilskipun ESB nr. 97/67 hefur verið samþykkt en hún mun verða gildandi réttur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nokkuð hefur verið á reiki hvað séu lokaðar bréfapóstsendingar og hverjar opnar. Póst- og fjarskiptastofnun hefur túlkað núgildandi ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna þannig að hugtakið „lokaðar bréfapóstsendingar" taki til hvers konar bréfa sem lokað væri aftur, hvort sem þau væru límd eða þeim lokað með öðrum hætti. Opnar bréfapóstsendingar séu því einungis þau umslög sem hvorki eru límd aftur né lokað á annan máta. Samkvæmt því falla nánast eingöngu póstkort utan einkaréttarins. Nefndin telur með hliðsjón af framangreindu að frumvarpið feli í sér þrengingu á einkaréttarsviðinu þar sem ekki sé lengur miðað við frágang bréfapóstsendingar heldur þyngd og verðmæti.

Með frumvarpinu er lagt til að skilgreiningu á einkarétti til póstmeðferðar innan lands verði breytt til samræmis við þá skilgreiningu sem fram kemur í tilskipun ESB nr. 97/67, um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að einkaréttur til póstmeðferðar taki til bréfa í umslögum og sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 250 g að þyngd, og annarra ritaðra orðsendinga og prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi, þar með talinna póstkorta, sem eru innan fyrrgreindra þyngdarmarka. Í tilskipuninni er miðað við bréf allt að 350 g að þyngd en þar er um að ræða hámarksþyngd sem heimilt er að víkja frá til lækkunar. Nefndin taldi nauðsynlegt að þrengja einkaréttarsviðið enn frekar og lækka mörkin niður í 250 g til samræmis meðal annars við þau mörk sem gilda í Danmörku.

Nefndin taldi mikilvægt að ekki væri um að ræða útvíkkun á einkaréttarhlutverkinu heldur væri það einungis gert skýrara. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin aflaði sér er ljóst að einkaréttarsviðið verður í raun þrengra eftir gildistöku þessa frumvarps en það var áður og samkeppnissvið póstþjónustu mun því stækka. Með þessu telur nefndin að komið hafi verið til móts við sjónarmið um aukna samkeppni á sviði póstþjónustu án þess að raska skuldbindingum þeim sem felast í einkaréttarþjónustu, meðal annars um póstdreifingu um land allt.

Þá vill nefndin taka fram að með frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á þeim ákvæðum laganna sem taka til póstsendinga á milli landa að öðru leyti en því sem þau ákvæði eru háð einkaréttarskilgreiningunni. Þar með er einnig um að ræða þrengingu á einkaréttarhlutverkinu á því sviði.

Kristján Pálsson vill taka fram að með frumvarpinu sé stigið skref í rétta átt en telur að gefa eigi póstmeðferð, jafnt innan lands og milli landa, frjálsa, enda hafi komið fram í máli allra þeirra sem í þessari grein starfa að slíkt sé æskilegt. Gerir hann fyrirvara um þetta atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að þyngdarmörkum verði breytt úr 350 g í 250 g í 1. gr frumvarpsins, sbr. framangreint.
2. Þá er lagt til að orðalagi 2. gr. verði breytt. Við meðferð málsins komu fram athugasemdir frá Póst- og fjarskiptastofnun þar sem stofnunin taldi sig ekki geta unnið eftir ákvæðinu óbreyttu. Til þess væri ákvæðið of óljóst og mat stjórnvaldsins yrði erfiðleikum háð. Fellt er út úr ákvæðinu tilvísun til „sérstakra ástæðna" og „starfsemi til almannaheilla" en í stað þess er skilgreint nánar hverjum verði veitt slík undanþága. Markmiðið er að hér falli undir þau félög og samtök sem vinna að góðgerðarmálum. Við setningu reglugerðarinnar skal samgönguráðherra gæta þess að undanþáguheimildin verði ekki of rúm.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. | Magnús Stefánsson. | Ragnar Arnalds.

Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara. | Egill Jónsson. | Jónas Hallgrímsson.

Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara. | Kristján Pálsson, með fyrirvara.

1240. Breytingartillögur [510. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 142/1996, um póstþjónustu.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Í stað tölunnar „350“ í 1. tölul. efnisgreinarinnar komi: 250.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað íþróttafélögum, skátafélögum, hjálparsveitum eða öðrum sambærilegum aðilum, öðrum en einkaréttarhafa, póstmeðferð á póstsendingum skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi ekki í atvinnuskyni. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1241. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um dánarvottorð o.fl.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Ragnhildi Arnljótsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Harald Briem yfirlækni, Svein Magnússon, héraðslækni Reykjaness, Þorvald Karl Helgason og Ragnhildi Benediktsdóttur frá biskupsstofu, Þorstein A. Jónsson fangelsismálastjóra, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands og Gunnlaug Geirsson prófessor í réttarlæknisfræði.

Umsagnir bárust nefndinni frá dómsmálaráðuneyti, Hagstofu Íslands, héraðslækninum í Reykjaneshéraði, Heilsugæslustöðinni Sólvangi, héraðslækninum í Reykjavík, héraðslækninum í Suðurlandshéraði, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis, Líkkistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar og Sjúkrahúsi Reykjavíkur, öldrunardeild. Umsagnir voru almennt mjög jákvæðar.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á ákvæðum laga um dánarvottorð. Leitast er við að setja skýrar reglur um hvernig bregðast skuli við þegar andlát ber að. Lagt er til að sameinuð verði löggjöf um dánarvottorð og um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum. Við endurskoðunina var meðal annars horft til löggjafar á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum. Frumvarpið tekur ekki til þeirra einstaklinga sem hafa horfið en um þá gilda lög um horfna menn, nr. 44/1981. Eðli málsins samkvæmt verða ekki gefin út dánarvottorð vegna horfinna manna.

Nefndin vill taka fram nokkur atriði í tengslum við frumvarpið. Í fyrsta lagi þarf að setja skýrar reglur um það hver sé viðkomandi héraðslæknir skv. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þau tilvik geta komið upp að um er að ræða héraðslækni þar sem viðkomandi á lögheimili, t.d. ef andlát á sér stað í heimahúsi. Í öðrum tilfellum getur verið um að ræða héraðslækni þess héraðs þar sem sjúkraflutningi lýkur. Nefna má í því sambandi að sú vinnuregla hefur verið viðhöfð að læknar í neyðarbílnum í Reykjavík kalla til héraðslækninn í Reykjavík til að staðfesta andlát, takist lífgunartilraunir ekki, þó að um sé að ræða sjúkling úr öðrum læknishéruðum en Reykjavík. Í öðru lagi er gerð athugasemd við orðalag greinargerðar um samþykki nánustu venslamanna skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Þegar ekki reynist unnt að ná til venslamanns eða þeir reynast engir segir í greinargerðinni að nægilegt sé að afla samþykkis þeirra sem annast útför hins látna. Nefndin vill koma á framfæri þeim skilningi sínum að hér geti ekki verið um að ræða ríki eða sveitarfélög þegar þeir aðilar þurfa lögum samkvæmt eða af öðrum ástæðum að sjá um útför hins látna. Með orðalagi greinargerðarinnar er átt við nána vini eða kunningja sem taka að sér að sjá um útförina hvort sem viðkomandi kostar hana eða ekki. Í þriðja lagi er bent á að með orðunum „eða á öðrum áþekkum stað“ í 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins er átt við staði þar sem viðkomandi dvelst á grundvelli valdboðs stjórnvalda. Í fjórða lagi vill nefndin taka fram að sá sem annast útförina í skilningi 10. gr. sé fyrst og fremst sá prestur sem jarðsyngur. Í þeim tilvikum þar sem prestur jarðsyngur ekki er átt við þann aðila sem stjórnar útförinni. Að lokum vill nefndin taka fram að með frumvarpinu sé ekki ætlunin að fækka réttarkrufningum hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að bætt verði við 1. mgr. 5. gr. tilvísun til laga um brottnám líffæra. Með því er áréttað að ákvæði laga um dánarvottorð gilda ekki þegar um er að ræða líffæragjöf. Þá er lagt til að bætt verði við 5. gr. tveimur nýjum málsgreinum, í stað núverandi 2. mgr. frumvarpsins, sem eru efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 16/1991, um brottnám líffæra og krufningar, en lagt er til samhliða þessu að felldur verði brott úr þeim lögum kaflinn um krufningar. Gert er ráð fyrir að ákvæði málsgreinanna verði túlkuð með sama hætti og verið hefur. Samhliða þessu er lagt til að ákvæði núverandi 2. mgr. falli brott. Nefndin telur ákvæðið ekki þjóna neinum tilgangi.
2. Lögð er til breyting á 6. gr. Þar er ekki um að ræða efnislega breytingu heldur breytta uppsetningu á ákvæðinu.
3. Á 9. gr. er lögð til sú breyting að í stað orðsins „líkinu“ komi „viðkomandi“ því ef ekki er unnt að staðfesta andlát er vart um lík að ræða. Einnig er lagt til að 2. mgr. greinarinnar verði felld brott. Við meðferð málsins var upplýst að oft drægist að gefa út dánarvottorð þrátt fyrir að búið væri að staðfesta dauðaskilmerki. Lík væru því jafnan lögð í kistu áður en dánarvottorð væri gefið út, meðal annars þegar þau væru flutt á milli staða. Nefndin telur nægjanlegt að staðfest séu dauðaskilmerki áður en lík sé lagt í kistu og því þjóni 2. mgr. engum tilgangi.

4. Lagt er til að gildistöku laganna verði frestað til 1. janúar 1999 til þess að meiri tími gefist til undirbúnings og kynningar.
5. Lagt er til að við 17. gr. bætist nýr töluliður um breytingar á lögum um brottnám líffæra og krufningar. Lagt er til að II. kafli laganna, um krufningar, verði felldur brott og að heiti laganna verði í samræmi við það breytt í lög um brottnám líffæra. Þau lög fjalla einungis um brottnám líffæra ef breytingin nær fram að ganga.
6. Þá er lagt til að nafni frumvarpsins verði breytt þannig að heiti laganna gefi til kynna að lögin taki til krufninga nái frumvarpið fram að ganga.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Guðni Ágústsson. Guðmundur Hallvarðsson. Svavar Gestsson.

Sólveig Pétursdóttir. Sigríður A. Þórðardóttir.

1242. Breytingartillögur [464. mál]

við frv. til l. um dánarvottorð o.fl.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „líffræðilegt efni“ í 1. mgr. komi: sbr. þó lög um brottnám líffæra.
   b. Í stað 2. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Þurfi að afla samþykkis nánasta venslamanns fyrir krufningu skal læknir veita upplýsingar um tilgang og markmið krufningarinnar.
      Maka, börnum, ef hinn látni átti ekki maka, foreldrum, ef hinn látni var barnlaus, eða systkinum, ef foreldrar hins látna eru einnig látnir, er heimilt að krefjast krufningar ef í ljós kemur að ekki er af hálfu læknis hins látna fyrirhugað að óska eftir krufningu.
2. Við 6. gr.
   a. Við 1. tölul. bætist: eða.
   b. Orðið „eða“ í 2. tölul. falli brott.
   c. 3. tölul. falli brott.
   d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Í öðrum tilvikum tekur lögregla ákvörðun um nauðsyn réttarkrufningar.
3. Við 9. gr.
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Ef ekki er unnt að staðfesta andlát skal fylgjast með viðkomandi og ekki flytja í líkhús fyrr en læknir hefur staðfest dauðaskilmerki.
   b. 2. mgr. falli brott.

4. Við 15. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1998“ komi: 1. janúar 1999.
5. Við 17. gr. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   4. *Lög um brottnám líffæra og krufningar, nr. 16 6. mars 1991:*
      a. II. kafli laganna fellur brott.
      b. Heiti laganna verður: **Lög um brottnám líffæra**.
6. Heiti frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um dánarvottorð, krufningar o.fl.

1243. Nefndarálit [378. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1998–2002.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Hallgrímsson, Hannes Má Sigurðsson, Jón Rögnvaldsson, Gunnar Gunnarsson og Eymund Runólfsson frá Vegagerðinni.

Umsagnir bárust nefndinni frá heilsugæslustöðinni í Ólafsvík, samgönguráðuneytinu, Vegagerðinni, Súðavíkurhreppi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, sveitarstjóra Dalabyggðar, bæjarstjóra Mosfellsbæjar, bæjarstjóra Akureyrar, sveitarstjóra Öxarfjarðarhrepps, bæjarstjóra Kópavogs, borgarstjóranum í Reykjavík og oddvita Lýtingsstaðahrepps.

Að þessu sinni eru tvær áætlanir til afgreiðslu samhliða, þ.e. tillaga um vegáætlun 1998–2002 og tillaga um langtímaáætlun í vegagerð 1999–2010. Vegáætlunin tekur til fyrsta tímabils langtímaáætlunar auk ársins 1998. Tillögurnar skarast þar með og þarf að líta á þær sem eina heild.

Í þessum tillögum er gert ráð fyrir mjög auknu fé til stórverkefna. Starfshættir við afgreiðslu tillögu um vegáætlun hafa tekið mið af þessu, en hafa að öðru leyti verið hefðbundnir. Þingmenn kjördæma hafa unnið að skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna á stofnbrautum svo og til tengivega, auk þess sem þeir hafa yfirfarið tillögur um stórverkefni sem snerta viðkomandi kjördæmi.

Skipting fjár til tengivega milli kjördæma er óbreytt frá því sem var, en fé til almennra verkefna á stofnvegum skiptist jafnt á öll kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins.

Verðlag í breytingartillögum er óbreytt fyrir árið 1998. Síðari árin er áætlað verðlag ársins 1999 lagt til grundvallar. Hækkun 1998–99 er áætluð 3,2% og er það í samræmi við mat Þjóðhagsstofnunar.

Þrjár breytingar eru gerðar á tekjuhlið áætlunarinnar. Endurgreiðslur á þungaskatti (styrkir) til sérleyfishafa eru nú færðar inn í vegáætlun í fyrsta sinn. Tekjur og gjöld hækka af þessum sökum um 20 millj. kr. á ári. Þessi liður hlýtur að koma til endurskoðunar þegar kemur að upptöku olíugjalds í stað þungaskatts. Þá eru tekjur hækkaðar um 80 millj. kr. árið 1999 og helst sú hækkun út tímabilið. Þykir óhætt að hækka tekjuáætlunina sem þessu nemur miðað við horfur í atvinnu- og efnahagslífi landsins. Loks er afborgunartími lána vegna Hvalfjarðartenginga lengdur úr fimm árum í tíu ár og lækka því afborganir úr 80 millj. kr. í 40 millj. kr., á ári.

Gjaldahlið áætlunarinnar tekur einnig breytingum. Endurgreiðsla til sérleyfishafa er felld undir liðinn 2.1.1. Skrifstofukostnaður o.fl. og hækkar hann sem þessu nemur. Hinar auknu tekjur, 80 millj. kr. á ári, eru settar í nýjan lið 2.3.4. Ferðamannaleiðir. Skiptist upphæðin jafnt

á öll kjördæmi og er gerð grein fyrir því í sundurliðuninni. Afborganir lána vegna Hvalfjarðartenginga lækka í 40 millj. kr.

Dæmi eru um að veitt sé fé til stórverkefna af fjárveitingum almennra verkefna og sömuleiðis í hina áttina. Þetta eru fá dæmi og langt innan þeirra marka sem tiltekin voru í tillögu til langtímaáætlunar. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við þetta.

Enn fremur eru dæmi um að fyrirhugað sé að færa fjárveitingar tímabundið milli verkefna. Þetta á einkum við árið 1998 sem bundið er af fyrri áætlun. Með því móti má fá betra samspil við næstu ár á eftir. Meiri hlutinn gerir ekki heldur athugasemdir við þetta.

Árið 1998 hefur sérstöðu í áætluninni. Því ræður gildandi vegáætlun sem helst að mestu óbreytt. Einstöku tilfærslur eru þó gerðar í sundurliðun ársins. Kerfisbreytingin hefst síðan 1999 og setur hún mark sitt á tekju- og gjaldahlið áætlunarinnar svo og sundurliðunina. Verður þá sundurliðunin mun einfaldari, verkefnaflokkum fækkar og áætlunin verður öll yfirlitsbetri.

Með afgreiðslu langtímaáætlunar og þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í vegáætlun er stefnt að því að ná stærri áföngum á aðalleiðum en verið hefur. Meira verður um stærri verkefni sem standa yfir í tvö ár eða lengur. Nauðsynlegt er að skapa sveigjanleika í slíkar framkvæmdir og stuðla þar með að hagstæðari tilboðum en ella væri. Ráðuneyti fjármála og samgangna og Vegagerðin hafa komið sér saman um reglur sem heimila töku lána upp að vissu marki í þessu skyni. Í þessum reglum er miðað við að hámark lána hvers árs sé 15% af fjárveitingum til vega og brúa í vegáætlun næsta árs á eftir. Tilboðum um peningalán umfram 5 millj. kr. verður ekki tekið og fjalla reglurnar því fyrst og fremst um verktakalán. Slík lán má einungis taka til verka sem fjármögnuð eru í vegáætlun eða með öðrum hætti samkvæmt ákvörðun Alþingis. Heimilt er að greiða vexti af verktakalánum í samræmi við vaxtakjör ríkisins á innlendum lánamarkaði. Vegagerðinni ber að gera grein fyrir áætlaðri heildarupphæð lána í ágúst/september ár hvert. Miðað við reglurnar og þá tillögu að vegáætlun sem fyrir liggur ætti hámark lána að vera um 600 millj. kr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Magnús Stefánsson. Jón Kristjánsson.

Kristján Pálsson. Guðjón Guðmundsson.

1244. Breytingartillögur [378. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1998–2002.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, JónK, KPál, GuðjG).

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN*
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1998	1999	2000	2001	2002
1.1. Markaðar tekjur:					
1. Bensíngjald	5.128	5.572	5.714	5.803	5.873
2. Þungaskattur, km-gjald	2.221	2.332	2.395	2.432	2.461
3. Þungaskattur, árgjald	1.000	1.073	1.102	1.119	1.133
	8.349	**8.977**	**9.211**	**9.354**	**9.467**
12					
Fært í ríkissjóð	-1164				
Fært í framkvæmdaátak (1.3.1)	-360				
Umsýslugjald 0,5%		-44	-45	-46	-46
	6.825	**8.933**	**9.166**	**9.308**	**9.421**
1.3. Framkvæmdaátak:					
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	360				
2. Framlag úr ríkissjóði	350				
3. Endurgreiðsla lánsfjár	-210				
	500				
Samtals	**7.325**				
1.4. Lánsfé:					
1. Vegna Skeiðarársands		-100			
2. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	400	-40	-40	-40	-40
3. Vinnulán nettó	-30				
4. Vegna framkvæmdaátaks		-280			
	370	-420	-40	-40	-40
Samtals	**7.695**	**8.513**	**9.126**	**9.268**	**9.381**

* Áætlunin er hér sett fram á rekstrargrunni.
Árin 1999–2002 hafa verið hækkuð upp til áætlaðs meðalverðlags 1999.
Meðalvísitala vegagerðar 1998 er áætluð 5700 stig en árið 1999 5885 stig, hækkunin nemur 3,2% sem er í takt við áætlanir Þjóðhagsstofnunar.

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1998	1999	2000	2001	2002
2.1. Stjórn og undirbúningur:					
1. Skrifstofukostnaður o.fl.	161	183	188	195	198
2. Tæknilegur undirbúningur	145	172	178	185	189
	306	355	366	380	387
2.2. Viðhald þjóðvega:					
1. Almenn þjónusta					
1. Sameiginlegt	244	270	276	282	284
2. Vegir og vegyfirborð	350	388	387	395	402
3. Brýr og önnur vegamannvirki	46	53	58	58	62
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	250	290	301	307	315
	890	1.001	1.022	1.042	1.063
2. Vetrarþjónusta	660	733	743	753	764
3. Viðhald					
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	531	640	671	702	717
2. Endurnýjun malarslitlaga	216	232	222	227	232
3. Styrkingar og endurbætur	284	330	340	351	356
4. Viðhald brúa og varnargarða	114	160	165	170	175
5. Öryggisaðgerðir	62	72	77	77	83
6. Vatnaskemmdir	93	114	114	114	114
	1.300	1.548	1.589	1.641	1.677
4. Þéttbýlisvegir	340	382	392	403	403
2.3. Til nýrra þjóðvega:					
1. Stofnvegir					
1. Almenn verkefni	751	414	465	465	465
2. Höfuðborgarsvæðið	548	896	1.084	1.104	1.104
3. Stórverkefni	586	1.422	1.708	1.744	1.744
4. Framkvæmdaátak	500	280	0	0	0
5. Skeiðarársandur	100	233	0	0	0
6. Þingvallahátíð	0	103	103	0	0
	2.485	3.348	3.360	3.313	3.313
2. Tengivegir	355	392	423	433	444
3. Til brúagerðar					
1. Brýr 10 m og lengri	145	175	205	225	225
2. Smábrýr	15	21	22	23	23
	160	196	227	248	248
4. Ferðamannaleiðir	0	80	80	80	80
5. Girðingar	34	41	43	46	52
2.4. Til safnvega	177	196	217	227	237
2.5. Til landsvega	52	67	76	88	93
2.6. Til styrkvega	25	26	31	36	36
2.7. Til reiðvega	22	26	31	31	36
2.8. Til tilrauna	69	78	91	92	93
2.9. Til flóabáta	420	464	475	495	495
Samtals	7.295	8.933	9.166	9.308	9.421
Lán vegna Skeiðarársands		-100			
Lán vegna Hvalfjarðar	400	-40	-40	-40	-40
Lán vegna framkvæmdaátaks		-280			
Samtals	7.695	8.513	9.126	9.268	9.381

3. Við II. *Skipting útgjalda* bætist:

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
1		Hringvegur					
	a2	Um Laxá í Fljótshverfi		18			
	a6	Um Skaftá					21
	b3	Um Vík			21		
	c3	Um Hellu				31	
	d3	Austan Selfoss			20		
	d5	Vestan Selfoss		5		21	
	d8	Um Þrengslavegamót			4		
		Tengingar vegna breikkunar brúa		5			
30		Hrunamannavegur					
	06-08	Flúðir – Biskupstungnabraut		31	21	14	
36		Þingvallavegur					
	02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	33				
37		Laugarvatnsvegur					
	04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	11				
359		Bræðratunguvegur					
	01	Um Hvítá					47
1		Hringvegur					
	e1	Lagfæringar			35		35
41		Reykjanesbraut					
	15-18	Endurbætur	45				
42		Krýsuvíkurvegur					
	03	Ísólfsskálavegur – Arnarfell	2	26			
43		Grindavíkurvegur					
	01	Um Seltjörn og Gígháð		31	31		
45		Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)					
		Hringtorg og undirgöng	6				
47		Hvalfjarðarvegur					
	03-04	Kjósarskarðsvegur – Botnsá				31	31
421		Vogavegur					
	01	Reykjanesbraut – Vogar, lýsing	5	2			
427		Ísólfsskálavegur					
	04	Grindavík – Ísólfsskáli				36	
50		Borgarfjarðarbraut					
	03	Götuás – Kleppjárnsreykir	36				
54		Ólafsvíkurvegur					
	10	Bjarnarfoss – Egilsskarð	10	10	47	41	
56		Vatnaheiði	10				
57		Snæfellsnesvegur					
	09	Kolgrafafjörður, rannsóknir	10		10		
574		Útnesvegur					
	06	Lýsing við Hellissand og Rif					3

60		Vestfjarðavegur					
	01	Um Miðdalsgil				25	37
	02-03	Breiðabólsstaður – Snæfellsnesvegur					26
	07	Búðardalur – Klofningsvegur	11	49	10		
	10	Gilsfjörður	63				
60		Vestfjarðavegur					
	21	Gilsfjörður	71				
	43	Dýrafjörður, breikkun				11	
	44	Gemlufallsheiði, breikkun			10		
	47	Jarðgöng	5	33	5		
61		Djúpvegur					
	01	Við Brú í Hrútafirði, lýsing				3	
	05	Prestbakki – Hvalsá					30
	09	Kollafjörður				26	
	10	Um Hvalvík, slysastaður				15	
	11	Um Víðidalsá	17				
	45	Hnífsdalur – Bolungarvík	10		20		36
62		Barðastrandarvegur					
	02	Hvammur – Kross	34				
	03	Kross – Litlahlíð			26		
63		Bíldudalsvegur					
	02	Miklidalur, breikkun				10	
67		Hólmavíkurvegur					
	01	Djúpvegur – Hólmavík				3	
636		Hafnarvegur Ísafirði					
	01	Djúpvegur – höfn		26	5		
1		Hringvegur					
	k8	Um Gljúfurá				7	
	m2	Við Engihlíð, snjóastaður		6			
	m6	Við Varmahlíð, lýsing	3				
	m7	Um Húseyjarkvísl	13				
74		Skagastrandarvegur					
	02	Um Hafursstaðaá			18		
	02	Um Hallá			6		
	02	Um Hrafná			4		
76		Siglufjarðarvegur					
	04	Um Grafará			8		
	06-07	Hofsós – Stafá		32			
	07	Hrolleifsdalsá, brú	18				
	09	Hraunadalur – Almenningsnöf	9				
744		Þverárfjallsvegur					
	01-02	Þverá – Skagavegur		10	30	59	67
82		Ólafsfjarðarvegur					
	11-12	Sýslumörk – Saurbær		11			
1		Hringvegur					
	p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur				62	12
	p6	Akureyri			4		
	q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	50				
	r6-r7	Austaribrekka – Jökulsá	10				
82		Ólafsfjarðarvegur					
	04	Dalvík			2		
	09	Lágheiði	5				

85		Norðausturvegur					
	11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur ...	52				
87		Kísilvegur					
	04	Sýnishólar – Klambrasel	10		10		54
837		Hlíðarfjallsvegur					
	01	Um Borgarbraut		59	19		
845		Aðaldalsvegur					
	01	Hringvegur – Lindahlíð			32	4	
1		Hringvegur					
	s1-s7	Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir	4				
	t1	Skóghlíð – Urriðavatn	40				
	t5	Um Stóra-Sandfell			21		
	t5-u0	Skriðdalur – Breiðdalur				24	32
	v9	Holt – Hólmsá		4	18		
	u5	Um Fossárvík	30				
	x1	Smyrlabjargaá – Staðará	20				
		Breikkun slitlaga	15				
85		Norðausturvegur					
	34-35	Hölkná – Miðheiðarhryggur					17
92		Norðfjarðarvegur					
	10	Um Norðfjarðará				19	7
	12	Neskaupstaður	8				
93		Seyðisfjarðarvegur					
	01	Um Eyvindará			18	13	
	03	Kofi – Efri-Stafur		46			
96		Suðurfjarðavegur					
	03	Þernunes – Vattarnes	75				
	07	Um Selá	5				
99		Hafnarvegur					
	02-03	Höfn í Hornafirði	5				
		Þéttbýlisstaðir Austurlandi					
		Lagfæringar á þjóðvegum		10	10	10	10
		Samtals	751	414	465	465	465

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
1		Hringvegur					
	f2	Suðurlandsvegur – Víkurvegur		57	52		
	f2	Gatnamót við Nesbraut		26	191		
	f2	Gatnamót við Víkurveg					62
	f3	Í Mosfellsbæ	210		41		15
40		Hafnarfjarðarvegur					
	02	Færsla rampa og lagfæringar				44	
41		Reykjanesbraut					
	01	Ánanaust, breikkun		16			
	11	Gatnamót við Stekkjarbakka					206
	11	Gatnamót við Breiðholtsbraut			237	475	

	12	Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur .	91	93			
	12	Fífuhvammsvegur – Arnarnesvegur . .				103	310
	14	Lækjargata – Hvammabraut			248	72	
49		Nesbraut					
	02	Höfðabakki – Reykjanesbraut	23				
	03	Gatnamót við Skeiðarvog	21	430			
	03-04	Skeiðarvogur – Snorrabraut			54	110	134
	04	Færsla Hringbrautar					155
408		Heiðmerkurvegur					
	01	Um Vífilsstaðahlíð			12		
411		Arnarnesvegur					
	05	Reykjanesbraut – Leirdalur					67
415		Álftanesvegur					
	04	Engidalur – Suðurnesvegur			52	144	
417		Bláfjallavegur					
	01	Hringvegur – Bláfjöll	5				
419		Höfðabakki					
	02	Um Gullinbrú		124			
431		Hafravatnsvegur					
	01	Hringvegur – Úlfarsfellsvegur			41		
432		Hallsvegur					
	01	Fjallkonuvegur – Víkurvegur		41			
450		Sundabraut, undirbúningur		41	41	52	51
470		Fjarðarbraut					
	02	Um Ásbraut			11		
		Göngubrýr og undirgöng		52	52	52	52
		Greiðsla skulda í Reykjavík	198				
		Óráðstafað		16	52	52	52
		Samtals	548	896	1.084	1.104	1.104

1.3. Stórverkefni.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
1		Hringvegur					
	a2	Um Djúpá		36			
	a4	Um Hörgsá			77		
	b2	Um Kerlingardalsá				46	
	b6	Um Skógá			31	10	
	b6	Um Kaldaklifsá			31		
	c8	Um Þjórsá				206	196
32		Þjórsárdalsvegur					
	02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir		26	26	10	
35		Biskupstungnabraut					
	07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	5		67	86	
36		Þingvallavegur					
	02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur		88	47		
37		Laugarvatnsvegur					
	04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut .		73			

41		Reykjanesbraut					
	15-18	Breikkun		21	21	62	124
1		Hringvegur					
		Hvalfjarðartenging		82	77	77	72
	h4	Um Norðurá í Heiðarsporði					62
56		Vatnaheiði			41	139	170
57		Snæfellsnesvegur					
	12	Búlandshöfði	31	238	248		
518		Hálsasveitarvegur					
	02-03	Reykholtsdalur – Húsafell					41
60		Vestfjarðavegur					
	21	Gilsfjörður	260	76	10	10	7
	44	Gemlufallsheiði		41			
61		Djúpvegur					
	21	Fellabök		31	41		
	22	Staðardalur			36		
	23	Sunndalsá – Þorskafjarðarvegur				46	
	25	Laufskálagil – Laugaból		36	10		
	26	Laugaból – Ísafjarðará			83	153	
	29	Hörtná – Hagakot	65	68	10		
	30	Hagakot – Ögur	25				
	31	Gilseyri – Kleifaós				18	72
	32	Kleifaós – Hvítanes					98
62		Barðastrandarvegur					
	01	Vestfjarðavegur – Brjánslækur			21	26	
	03	Kross – Litlahlíð		52	31		
	04	Kleifaheiði				57	83
1		Hringvegur					
	k6	Víðidalsá, brú			72		
	k8	Gljúfurá, brú				52	
	k8	Vatnsdalsá, brú					72
76		Siglufjarðarvegur					
	06	Um Hofsá, (brú)			23		
	06-07	Hofsós – Stafá		73	59		
82		Ólafsfjarðarvegur					
	11-12	Sýslumörk – Saurbær			22		
1		Hringvegur					
	q9	Mývatnsheiði					93
	r6-r7	Austaribrekka – Jökulsá				155	62
83		Grenivíkurvegur					
	02	Fagribær – Grýtubakki		93	124		
85		Norðausturvegur					
	09	Auðbjargarstaðabrekka			10	144	155
	11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur		52			
	12	Skinnastaður – Öxarfjarðarheiðarvegur			62		
	24	Um Svalbarðsá		21	72		
		Öxarfjarðarheiði					10
1		Hringvegur					
		Tenging Norður- og Austurlands	180	155	227		
	s7-s8	Skjöldólfsstaðir – Hvanná				52	134
	t0	Jökulsá á Dal	20				
	t1	Skóghlíð – Urriðavatn		52			
	t5-u0	Skriðdalur – Breiðdalur				54	54

	u5	Um Fossárvík		16			
	u5	Fossárbrú		10			
	v2	Hvalnes – Víkurá					29
	x0	Hólmsárbrú				83	
	x1	Smyrlabjargaá – Staðará		52			62
85		Norðausturvegur					
	43-44	Hringvegur – Brunahvammsháls			21	83	
93		Seyðisfjarðarvegur					
	01	Eyvindarárbrú			72	21	
96		Suðurfjarðavegur					
	01	Handarhald – Götuhjalli			74	101	
	04	Vattarnesskriður		2	81		
	07	Um Selá		13			
	11	Kambaskriður					52
		Austurlandsgöng	3				
		Jarðgangarannsóknir	2	10	10	10	10
		Samtals	586	1.422	1.708	1.744	1.744

1.4. Framkvæmdaátak.
Almenn verkefni.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.
240		Stórhöfðavegur		
	02	Hraunvegur – Stórhöfði	21	
30		Skeiða- og Hrunamannavegur		
	06-08	Flúðir – Biskupstungnabraut	8	
36		Þingvallavegur		
	02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	5	
1		Hringvegur		
		Tengingar vegna breikkunar brúa	5	
41		Reykjanesbraut		
	15-18	Endurbætur	30	
50		Borgarfjarðarbraut		
	03	Götuás – Kleppjárnsreykir	27	
62		Barðastrandarvegur		
	02	Hvammur – Kross	4	
	03	Kross – Litlahlíð	14	
76		Siglufjarðarvegur		
	06-07	Hofsós – Stafá	20	
1		Hringvegur		
	q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	51	
93		Seyðisfjarðarvegur		
	03	Kofi – Efri Stafur	16	
		Þéttbýlisstaðir Austurlandi		
		Lagfæringar á þjóðvegum	10	
		Greiðsla skuldar við ríkissjóð		280
		Samtals	211	280

Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.
49		Nesbraut		
	02	Höfðabakki – Reykjanesbraut	72	
	03	Gatnamót við Skeiðarvog	39	
	03-04	Skeiðarvogur – Snorrabraut	26	
419		Höfðabakki		
	02	Um Gullinbrú	80	
450		Sundabraut, undirbúningur	20	
		Göngubrýr og undirgöng	40	
		Óráðstafað	12	
		Samtals	289	
		Framkvæmdaátak samtals	500	280

1.5. Skeiðarársandur.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.
		Hringvegur		
		Lagfæringar eftir hlaup í nóv. 1996	100	133
		Greiðsla skuldar við ríkissjóð		100
		Samtals	100	233

1.6. Þingvallahátíð.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.
		Vegir að hátíðarsvæði		103	103
		Samtals		103	103

2. Tengivegir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
25		Þykkvabæjarvegur					
	02	Hrafntóftir – Ásvegur				15	16
26		Landvegur					
	02	Hagabraut – Galtalækur	18	21	21	21	31
204		Meðallandsvegur					
	01	Ásgarður – Fossar	10		10		
253		Gunnarshólmavegur					
	01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	5	6	5		
254		Hólmavegur					
	01	Landeyjavegur – flugvöllur			8	21	
255		Akureyjarvegur					
	01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	5	6	5		
266		Oddavegur					
	01	Hringvegur – Oddi	16				
275		Ásvegur					
	01	Hringvegur – Ásmúli	5			5	
	02	Háfshverfi – Þykkvibær		12			
32		Þjórsárdalsvegur					
	02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	15				
33		Gaulverjabæjarvegur					
	01	Önundarholtsv. – Hamarsvegur	4			31	34
35		Biskupstungnabraut					
	07	Bræðratunguv. – Laugarvatnsv.	8				
305		Villingaholtsvegur					
	01	Voli – Urriðafossvegur		31	26		
310		Votmúlavegur					
	01	Eyrarbakkav. – Gaulverjabæjarvegur	4				5
321		Skeiðháholtsvegur					
	01	Skeiðavegur – Skeiðháholt		6			
324		Vorsabæjarvegur					
	01	Um Vorsabæ					8
329		Mástunguvegur					
	01	Skyggnir – Laxárdalur					5
354		Sólheimavegur					
	02	Sólheimar – Biskupstungnabraut			23	18	
374		Hvammsvegur					
	01	Sogn – Hringvegur					16
377		Reykjavegur Hveragerði					
	01	Austurmörk – Garðyrkjuskóli		19	11		
42		Krýsuvíkurvegur					
	02	Vatnsskarð – Ísólfsskálavegur				12	
48		Kjósarskarðsvegur					
	01	Lagfæringar			28	21	33
417		Bláfjallavegur					
	01	Hringvegur – Bláfjöll	5				
426		Bláalónsvegur		7	4		
431		Hafravatnsvegur					
	01	Sólheimar – Úlfarsfellsvegur	21				

461		Meðalfellsvegur					
	01	Um Meðalfellsvatn	5	22			
50		Borgarfjarðarbraut					
	03	Götuás – Kleppjárnsreykir	37	69	20	56	42
505		Melasveitarvegur					21
508		Skorradalsvegur					
	02	Snjóastaðir					2
518		Hálsasveitarvegur					
	01	Lýsing við Reykholt					2
523		Hvítársíðuvegur					4
528		Norðurárdalsvegur					
	01	Snjóastaðir	5				
530		Ferjubakkavegur					3
540		Hraunhreppsvegur					
	01	Snjóastaðir	17				
574		Útnesvegur					
	01	Um Öxl			53	20	
5240		Bifrastarvegur					
	01	Lýsing við Bifröst					2
607		Reykhólasveitarvegur					
	01	Seljanes – Barmar			35	31	
612		Örlygshafnarvegur					
	01	Barðastrandarvegur – Örlygshöfn		10			20
617		Tálknafjarðarvegur					
	03	Um Sveinseyrarodda		3			
619		Ketildalavegur					
	03	Bíldudalur – Feitsdalur			11		
624		Ingjaldssandsvegur					
	01	Vestfjarðavegur – Núpur				15	
643		Strandavegur					
	04	Um Bala	10				
645		Drangsnesvegur					
	01	Strandavegur – Hella	27	29			27
702		Heggstaðanesvegur					
	01	Hringvegur – Mýrar	4				
704		Miðfjarðarvegur					
	04	Lýsing við Laugarbakka	3				
711		Vatnsnesvegur					
	02	Skarð – Bergsstaðir					12
	06	Þorfinnsstaðir – Þverá		12			
722		Vatnsdalsvegur					
	01	Hnjúkur – Flaga		26			
	01	Gilsstaðir – Undirfell				29	
	04	Hvammur – Hringvegur					32
731		Svínvetningabraut					
	01	Hringv. – hesthúsabyggð, lýsing			4		
733		Blöndudalsvegur					
	01	Um Blöndudalshóla				2	
746		Tindastólsvegur		9			
751		Efribyggðarvegur					
	01	Skagafjarðarvegur – Vatnsá			20		
752		Skagafjarðarvegur					
	03	Svartárdalsvegur – Hverhólar	34				

	03	Hverhólar – Jökulsá				17	
753		Vindheimavegur					
	01	Hringvegur – Skagafjarðarvegur					10
754		Héraðsdalsvegur					
	01	Um Stapa				4	
764		Hegranesvegur					
	01	Hróarsdalur – Keldudalur			7		
	02	Um Hegrabjarg			4		
793		Skarðsvegur					
	01	Flugvallarvegur – skíðasvæði			17		
83		Grenivíkurvegur					
	02-03	Fagribær – Grýtubakki	54				
87		Kísilvegur					
	04	Sýnishólar – Klambrasel		21		32	
805		Svarfaðardalsvegur					
	01	Húsabakkaskóli – Tunguvegur					67
807		Skíðadalsvegur					
	01	Um Skíðadalsá				24	
818		Hlíðarvegur					
	01	Hringvegur – Áslaksstaðir		2			
828		Veigastaðavegur					
	01	Austurhlíð – Leifsstaðafit		3			
833		Illugastaðavegur					
	01	Hringvegur – Nes		20	9		
837		Hlíðarfjallsvegur					
	01	Um Borgarbraut			41		
845		Aðaldalsvegur					
	01	Hringvegur – Lindahlíð				9	
848		Mývatnsvegur					
	01	Neslandavík – Kísilvegur		13	13		
		Þingey, göngubrú	3				
94		Borgarfjarðarvegur					
	07	Á Vatnsskarði	36	40	33		
97		Breiðdalsvíkurvegur					
	01	Hringvegur – Breiðdalsvík				13	
924		Jökuldalsvegur eystri					
	01	Um Jökulsá hjá Hjarðarhaga	4				
925		Hróarstunguvegur					
	02	Hallfreðarstaðir – Þórisvatn					17
	03	Hjá Litla-Steinsvaði			15	5	
931		Upphéraðsvegur					
	01	Fellabær – Ekkjufell				10	4
	04	Brekkugerði – Hengifossá		5			
939		Axarvegur					
	01-02	Skriðdalur – Berufjörður					21
951		Vestdalseyrarvegur					
	01	Stál – Farfuglaheimili				8	
	02	Um Vestdalseyri				7	
954		Helgustaðavegur					
	02	Um Stóru-Breiðuvík				7	
		Göngubrú á Jökulsá í Lóni					10
		Samtals	355	392	423	433	444

3. Til brúagerðar.
1. Brýr 10 m og lengri.

	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
Andalækur (37)	11				
Brákarsund (531, styrkvegur)	49				
Húseyjarkvísl (1)	13				
Fnjóská hjá Laufási (83)	63	44			
Jökulsá hjá Hjarðarhaga (924)	9				
Hörgsá (1)		26	41		
Arnarbýlisá (62)		12			
Hagaá (62)		10			
Glerá (837)		31	21		
Eskifjarðará (92)		41			
Grímsá (50)			62		
Langá á Mýrum (54)			31		
Hallá (74)			11		
Seljadalsá (1)			15		
Kaldá (54)				20	
Núpá (54)				17	
Svarfaðardalsá (806)				23	
Hofsá (807)				12	
Skíðadalsá (807)				26	
Norðfjarðará (92)				52	
Brýr í Suðursveit (1)				26	30
Skeiðará og Súla (1, styrking)				26	
Skaftá (1)					72
Brúará (37)					41
Elliðavatnsós (408)					12
Ósá í Bolungarvík (61)					41
Óráðstafað		11	24	23	29
Samtals	145	175	205	225	225

4. Ferðamannaleiðir.

	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
Ferðamannaleiðir á Suðurlandi		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Reykjanesi		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir í Reykjavík		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Vesturlandi		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Vestfjörðum		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Norðurlandi vestra		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Norðurlandi eystra		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Austurlandi		10	10	10	10
Samtals		80	80	80	80

1245. Nefndarálit [379. mál]

um till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Hallgrímsson, Hannes Má Sigurðsson, Jón Rögnvaldsson og Gunnar Gunnarsson frá Vegagerðinni.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Siglufjarðarkaupstað, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Akureyrarbæ, Raufarhafnarhreppi, bæjarstjóra Hornafjarðar, Vopnafjarðarhreppi, Vegagerðinni, héraðsnefnd Skagfirðinga og samgönguráðuneytinu.

Með afgreiðslu langtímaáætlunar er náð þeim áfanga að Alþingi markar í fyrsta sinn stefnu í vegagerð til langs tíma.

Í tillögunni er gerð grein fyrir skiptingu fjár á helstu framkvæmdaliði. Þar er mjög aukið fé til stórverkefna og jafnframt er gerð tillaga um skiptingu þess fjár milli verkefna eftir tímabilum. Þá er boðað að skipting fjár til verkefna á höfuðborgarsvæðinu verði einnig tekin fyrir við meðferð málsins á Alþingi.

Samhliða tillögu um langtímaáætlun hefur tillaga um vegáætlun verið til afgreiðslu. Vegáætlunartillagan tekur til fyrsta tímabils langtímaáætlunar og því verður að líta á þessar tillögur báðar í heild. Jafnframt því sem þingmenn kjördæma unnu að tillögugerð vegna vegáætlana fóru þeir yfir langtímaáætlunina. Fram komu nokkrar hugmyndir um breytingar og hefur meiri hluti nefndarinnar tekið þær til skoðunar, ásamt hugmyndum sem fram hafa komið innan nefndarinnar.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeim breytingum sem breytingartillögur meiri hlutans fela í sér.

Tölur í breytingartillögunum eru miðaðar við verðlag ársins 1999 í stað 1998 og er þetta gert til samræmis við vegáætlun. Hækkun milli áranna 1998 og 1999 er áætluð 3,2% og er það í samræmi við mat Þjóðhagsstofnunar.

Aðrar breytingar á fjáröflun eru þær að endurgreiðslur á þungaskatti (styrkir) til sérleyfishafa (20 m.kr. á ári) eru teknar inn bæði tekju- og gjaldamegin, en þessi liður hefur ekki áður verið í vegáætlun. Þá eru tekjur hækkaðar um 80 m.kr. á ári frá og með árinu 1999. Með hliðsjón af góðum horfum í atvinnu- og efnahagslífi landsins þykir óhætt að reikna með þessari hækkun tekna.

Í skiptingu útgjalda eru endurgreiðslurnar til sérleyfishafa felldar undir stjórn og undirbúning. Tekjuaukningin (80 m.kr. á ári) er sett í nýjan lið 2.3.4. Ferðamannaleiðir. Þá hefur afborgunartími lána vegna Hvalfjarðartenginga verið lengdur úr fimm árum í tíu og hefur það breytingu í för með sér í liðnum Endurgreiðsla lánsfjár.

Nokkrar breytingar verða á tillögum um skiptingu fjár til nýframkvæmda. Lögð er fram tillaga um skiptingu fjár til verkefna á höfuðborgarsvæðinu eftir tímabilum eins og boðað var.

Lenging lána vegna Hvalfjarðartenginga hefur þau áhrif að fjárþörf þess verkefnis minnkar á fyrsta tímabili en eykst á öðru og þriðja tímabili. Það svigrúm sem þannig skapast á fyrri hluta áætlunartímans kemur einkum Kerlingarskarðsvegi, Vatnaheiði og Vestfjarðavegi (Brattabrekka – Svínadalur) til góða, svo og Reykjanesbraut í litlum mæli.

Í skilgreiningum verkefna í tillögunni er við það miðað að Hringvegurinn á Austurlandi liggi ekki um Skriðdal og Breiðdal eins og hann gerir í þjóðvegaskrá heldur um Suðurfjarðaveg. Meiri hlutinn leggur til að þessu verði breytt þannig að Hringvegurinn sé skilgreindur í

samræmi við þjóðvegaskrá. Suðurfjarðavegur verður þá skilgreindur sem nýtt verkefni, þó einungis til Stöðvarfjarðar að norðan, en niður fellur kaflinn milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Er þetta í samræmi við meginregluna sem fylgt er við skilgreiningu verkefna undir a-lið í framkvæmdamarkmiðum.

Með þessari breytingu fær Hringvegurinn sama sess og önnur verkefni innan stórverkefnaflokksins og á að ljúka á sama tíma og þau. Breytingin veldur því að heildarkostnaður við stórverkefnin eykst um 550 m.kr. Heildartölum er þó ekki breytt að sinni en meiri hlutinn lítur svo á að það verði gert við næstu endurskoðun langtímaáætlunar. Fjárveitingum til Hringvegar á Austurlandi er hins vegar skipt upp og fær Suðurfjarðavegur hluta þeirra.

Óvissa er um val leiða og lausna á nokkrum stöðum sem fá fjárveitingar á seinni tímabilum áætlunarinnar. Á þetta meðal annars við um tengingu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, en þar er veitt fé til Lágheiðar á öðru og þriðja tímabili. Unnið er að skoðun allra mögulegra lausna á svæðinu, þar með talið gerð jarðganga sem stytta mundu leiðina mikið og bjóða upp á öruggara samband en vegur um Lágheiði getur gert. Miðað er við að þeirri skoðun verði lokið það snemma að taka megi ákvörðun um val lausna við næstu endurskoðun langtímaáætlunar.

Svipað er ástatt um Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi og Gufufjörð í Barðastrandarsýslu. Í báðum tilvikum var í eldri áætlunum miðað við að þvera þessa firði, en kostnaðartölur í stórverkefnalistanum nú miðast við að farið sé fyrir botn fjarðanna eins og getið er um í athugasemdum með tillögunni. Fyrir næstu endurskoðun langtímaáætlunar þarf að liggja fyrir úttekt á þessum kostum þannig að taka megi ákvörðun um lausn til útfærslu.

Hér eru einungis nefndir þeir staðir sem sérstaklega hafa verið til umræðu. Í raun munu þó miklu víðar koma til skoðunar aðrar útfærslur en miðað er við í kostnaðartölum stórverkefnalistans. Verður það meðal annars verkefni næstu endurskoðunar að taka ákvarðanir í slíkum tilvikum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Magnús Stefánsson. Jón Kristjánsson.

Kristján Pálsson. Guðjón Guðmundsson.

1246. Breytingartillögur [379. mál]

við till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, JónK, KPál, GuðjG).

1. Við 1. Liðurinn orðist svo:

1. Áætlun um fjáröflun.
Fjárhæðir í m.kr. eru á áætluðu meðalverðlagi 1999 (vísitala vegagerðar 5885).

1. tímabil 1999–2002	36.828
2. tímabil 2003–2006	38.808
3. tímabil 2007–2010	40.482

2. Við 2. Liðurinn orðist svo:

2. Skipting útgjalda.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil
2.1. Stjórn og undirbúningur	1.488	1.607	1.628
2.2. Viðhald þjóðvega:			
1. Almenn þjónusta	4.128	4.541	4.954
2. Vetrarþjónusta	2.993	3.199	3.302
3. Viðhald	6.455	7.066	8.111
4. Þéttbýlisvegir	1.580	1.703	1.754
2.3. Til nýrra þjóðvega:			
1. Stofnvegir:			
1. Almenn verkefni	1.809	1.858	1.858
2. Höfuðborgarsvæðið	4.188	4.417	4.417
3. Stórverkefni	6.618	6.976	6.976
4. Framkvæmdaátak	280	0	0
5. Skeiðarársandur	233	0	0
6. Þingvallahátíð	206	0	0
2. Tengivegir	1.692	1.847	1.858
3. Brúagerð	919	991	1.032
4. Ferðamannaleiðir	320	320	320
5. Girðingar	182	186	186
2.4. Til safnvega	877	980	980
2.5. Til landsvega	324	413	464
2.6. Til styrkvega	129	155	165
2.7. Til reiðvega	124	155	165
2.8. Til tilrauna	354	382	403
2.9. Til flóabáta	1.929	2.012	1.909
Samtals	36.828	38.808	40.482
Endurgreiðsla lánsfjár	-540	-160	-80
Samtals	36.288	38.648	40.402

3. Við 3. Liðurinn orðist svo:

3. Skipting fjármagns til nýframkvæmda.

1.1. Almenn verkefni.

Fjármagni til almennra verkefna er skipt jafnt á milli kjördæma annarra en höfuðborgarsvæðisins og skipting á milli einstakra verkefna fer fram við gerð vegáætlunar.

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Hringvegur	444	439	52
Hafnarfjarðarvegur	44		991
Reykjanesbraut	1.760	1.837	645
Nesbraut	883	821	108
Álftanesvegur	196		
Hlíðarfótur			279
Höfðabakki	124		361
Hallsvegur	41	134	279
Sundabraut	185	722	1.238
Göngubrýr, smærri verk og óráðstafað	511	464	464
Samtals	4.188	4.417	4.417

1.3. Stórverkefni.

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Þjórsá	402		
Gilsfjörður	103		
Lagarfljót			423
Jökulsá í Lóni		341	
Brýr í Öræfum			299
Búlandshöfði	486		
Hvalfjarðartengingar	308	268	103
Ísafjarðardjúp	548	526	
Tenging Norður – Austurland	785	237	52
Hringvegur á Mývatnsheiði	93	124	
Hringvegur á Austurlandi	329	650	52
Kerlingarskarðsvegur, Vatnaheiði	350	31	
Snæfellsnesvegur um Kolgrafarfjörð		165	
Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svínadalur		366	150
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur		392	898
Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður	270	93	
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði	41		
Djúpvegur, Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök	154		
Hólmavíkurvegur eða Tröllatunguvegur			722
Siglufjarðarvegur	177		
Grenivíkurvegur	217		
Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn	526	826	1.331

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Norðausturvegur, Hringvegur – Vopnafjörður	104	103	290
Suðurfjarðavegur	323		
Lágheiði		526	175
Bræðratunguvegur (um Hvítá)		341	
Laugarvatnsvegur	73		
Biskupstungnabraut	158	49	
Gjábakkavegur		176	165
Þjórsárdalsvegur	62		
Þingvallavegur	135		
Hálsasveitarvegur að Húsafelli	41	114	
Djúpá, Hörgsá	113		62
Eyvindará	93		
Hólmsá á Mýrum	83		
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík	228	782	1467
Hringvegur um Stafholtstungur		196	268
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði		433	
Breikkun brúa á Suðurlandi	118	134	263
Breikkun brúa á Vesturlandi	62		
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	196	62	
Jarðgangarannsóknir	40	41	41
Óráðstafað			215
Samtals	6.618	6.976	6.976

1247. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Við umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar um þetta frumvarp hefur komið í ljós að aðdragandi þess er afar sérkennilegur. Frumvarpið er samið af nefnd sem skipuð var um eftirlitsstarfsemi hins opinbera af forsætisráðherra í september 1993. Í nefndinni sat eingöngu fólk úr ráðuneytum undir forustu þáverandi aðstoðarmanns forsætisráðherra. Þegar efnahags- og viðskiptanefnd fór að ræða við þá aðila sem viðamesta eftirlitsstarfsemi hafa á sínum snærum kom fram að þeir hafa miklar athugasemdir við frumvarpið en hafa hvergi nálægt því komið hingað til. Málið hefur með öðrum orðum verið unnið og lagt fram án nokkurs samráðs við helstu framkvæmdaaðilana á þessu sviði, stjórnendur og starfsfólk þeirra.

Öll hugmyndafræðin á bak við frumvarpið eins og hún birtist, einkum í greinargerð með því og að nokkru leyti í skýrslu nefndarinnar á sínum tíma, er mikið umhugsunarefni. Þannig er eftirlitsstarfsemin gerð að sökudólgi, talað er um ofvöxt sem hlaupinn sé í eftirlitsstarfsem-

ina og eftirlitsumfangið en horft fram hjá því að það sem þar er á ferðinni er afleiðing af lögum og reglugerðum sem stjórnvöld sjálf hafa sett á umliðnum árum. Í raun er talað um eftirlitið sem sökudólg sem hafi tútnað út með tilheyrandi kostnaði og óþægindum fyrir fyrirtæki og einstaklinga og verkefnið sé fyrst og fremst að draga úr þessum ofvexti. Ekki er fjallað um hina hliðina; til hvers reglusetningin er og hvernig gangi að framfylgja því eftirliti sem hér á að vera lögum samkvæmt, t.d. því sem snýr að hollustu og heilbrigði og öryggi fólks. Einhliða umfjöllun af því tagi sem greinargerð með frumvarpinu felur í sér um þessi mikilvægu mál er aldeilis fráleit.

Enginn ágreiningur er um að mikil nauðsyn er að það eftirlit sem ákveðið er að hafa til þess að tryggja gæði framleiðsluvöru eða öryggi borgaranna, heilnæmi, hollustu, öryggi á vinnustað o.s.frv. sé rekið á árangursríkan og hagkvæman hátt. Hinu má aldrei gleyma að það er engin tilviljun að reglusetning um slíkt eftirlit er fyrir hendi í öllum þjóðfélögum. Þar er á ferðinni mikilvæg starfsemi til að stuðla að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum, neytendavernd o.s.frv. Þessa þætti verður því að vega og meta saman og um þá verður ekki rætt af neinu viti nema báðum hliðum málsins sé gerð viðhlítandi skil. Það er ekki gert með þeirri einhliða framsetningu og einhliða rökstuðningi sem felst í greinargerð með frumvarpinu enda er hún fyrst og fremst pólitísk stílæfing. Vissulega er vinsælt að skammast út í hina illu eftirlitsaðila og þann tilkostnað og óþægindi sem eftirlitinu eru samfara, en það er auðvitað ekki málflutningur sem er samboðinn greinargerð í frumvarpi sem flutt er af forsætisráðherra.

Sú tilhögun sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að setja á fót sérstakt eftirlit með eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem heyri undir forsætisráðuneytið, vekur strax upp margar áleitnar spurningar. Grundvallarspurningin er auðvitað hvort setja eigi upp slíkt eftirlit með eftirlitinu. Ef sú ákvörðun er tekin, hvar á þá slík stofnun heima? Er endilega sjálfgefið hún heyri undir forsætisráðuneytið? Einn af gestum nefndarinnar hefur nefnt þann möguleika, og styðst þar við fordæmi frá a.m.k. sumum hinna Norðurlandanna, að hagrænt mat á eftirlitsstarfseminni yrði falið hagdeild eða hliðstæðri deild fjármálaráðuneytisins með ekki ósvipuðum rökum og þegar frumvörp eru send þangað til kostnaðarmats.

Í fjölmörgum umsögnum sem borist hafa um frumvarpið eru margir þættir þess harkalega gagnrýndir. Það á m.a. við um bæði hina almennu nálgun sem frumvarpið felur í sér og þann rökstuðning sem í greinargerðinni er. En einnig og ekki síður er orðalag 2. gr. frumvarpsins harðlega gagnrýnt af fjölmörgum aðilum. Þar eru einna afdráttarlausastar umsagnir Vinnueftirlits ríkisins og Hollustuverndar ríkisins og er þar sérstaklega átt við þau fortakslausu ákvæði 2. gr. að ávinningur þjóðfélagsins skuli vera meiri en kostnaðurinn sem af eftirlitsstarfseminni hlýst, ella skuli henni ekki haldið úti. Fleiri aðilar, svo sem Löggildingarstofa, Vátryggingaeftirlitið og BSRB, auk Vinnueftirlitsins og Hollustuverndar eins og áður sagði, benda á að það gangi tæpast að orða þessa hluti svona. Ávinninginn fyrir þjóðfélagið er oft og iðulega mjög erfitt að mæla á efnislega mælikvarða, þ.e. hvernig á að meta líf og heilsu einstaklinganna, öryggi borgaranna o.s.frv., þótt kostnaðurinn við eftirlitsstarfsemina geti legið fyrir tiltölulega skýrt í krónum og aurum. Þetta er því í raun og veru ekki hægt að bera saman eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ákvæði 2. og 3. gr. hvað þetta snertir eru fráleit og ganga ekki upp.

Enn fremur hefur verið á það bent að stór hluti þeirrar reglusetningar sem við byggjum nú á og munum gera í framtíðinni grundvallast á eða er bundinn af þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi. Það er ekki lengur einkamál Íslands að hve miklu leyti og með hvaða hætti við höldum uppi slíku eftirliti en ætla má að höfundar 2. og 3. gr. frumvarpsins hafi aldrei um það heyrt að slík reglusetning og framkvæmd eftirlits er orðin mjög samræmd og byggist að miklu

leyti á fjölþjóðlegum samningum og skuldbindingum. Þar má fyrst telja EES- eða ESB-reglur sem Íslendingar eru skuldbundnir til að framfylgja. Þá má nefna evrópska sáttmála, svo sem félagsmálasáttmála Evrópu, og sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Loks eru sérreglur sem við hér á Íslandi setjum okkur í ákveðnum tilvikum og okkur er í sjálfsvald sett hvernig við höfum og framkvæmum.

Mörg fleiri ákvæði frumvarpsins orka mjög tvímælis. Orðalag er ónákvæmt eða óheppilegt og felst reyndar að nokkru leyti viðurkenning á því í breytingartillögum meiri hlutans.

Bent hefur verið á að hætta geti verið á skörun verkefna milli þeirrar nefndar sem forsætisráðherra á að skipa skv. 6. gr. og þeirrar málsmeðferðar og málskotsréttar sem er að finna í sérlögum um eftirlitsstarfsemi af ýmsu tagi, t.d. hjá Vinnueftirlitinu. Miklu skýrar þyrfti því að kveða á um hlutverk hvers og eins í þessu sambandi til að forðast tvíverknað, togstreitu eða skörun verkefna.

Nú er til meðferðar á Alþingi frumvarp um sameiningu starfsemi bankaeftirlitsins og Vátryggingaeftirlitsins í eitt fjármálaeftirlit. Svo virðist sem gildissvið þeirra laga sem hér á að fara að setja nái einnig til slíks fjármálaeftirlits sem er álitamál, m.a. vegna þeirra trúnaðarupplýsinga og þeirrar sérhæfðu starfsemi sem þar er um að ræða.

Að ákveða að hámarksgildistími reglugerða eða endurskoðunarákvæða þeirra skuli vera fimm ár er einnig mjög vafasamt. Að setja slíka reglu án nokkurs tillits til þess hvers eðlis slíkar reglur eru eða reglugerðir hlýtur að teljast mjög hæpið. Margir hafa bent á að það geti verið skaðlegt að hringla um of með þessi mál og að ákveðin festa og stöðugleiki einnig að þessu leyti sé mikilvægur fyrirtækjum, almenningi og atvinnulífi og að óvissa sem því hljóti að verða samfara að hafa gildistíma slíkra reglna aldrei nema tímabundinn sé alls ekki í þeirra þágu.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að öll ráðuneyti í landinu skuli á næstu þremur árum eftir gildistöku laganna endurskoða öll lagaákvæði og allar reglur um eftirlitsstarfsemi og skuli við þá endurskoðun fara fram mat á reglunum í samræmi við ákvæði 3. gr., þ.e. mat á því hvort gildi eftirlitsstarfseminnar sé meira en kostnaður þjóðfélagsins, og vísast til þess sem áður sagði um þann þátt málsins. Þetta orkar mjög tvímælis svo ekki sé meira sagt og ekki er ljóst út á hvaða braut er verið að halda með þessu eða út í hvaða vinnu er verið að steypa ráðuneytunum.

Í 6. og 7. gr. frumvarpsins eru forsætisráðherra gefnar galopnar reglugerðarheimildir til að setja reglur og nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Loks má benda á að samsetning nefndarinnar skv. 6. gr. er í raun mjög sérkennileg þar sem tekið er fram að meiri hluti hennar megi ekki koma nálægt neinum framkvæmdum á þessu sviði. Einnig hljóta að vakna spurningar um það hvort ástæða sé til að binda skipunartíma nefndar af þessu tagi við embættistíma hvers forsætisráðherra. Er með þessu verið að undirstrika hið pólitíska eðli þessarar nefndar, að hún sé sem sagt pólitísk en ekki fagleg?

Niðurstaða minni hluta nefndarinnar er að málið sé meingallað, undirbúningi þess sé stórlega áfátt, skort hafi á eðlilegt samráð bæði við þá sem annast framkvæmdir á viðkomandi sviði og þá sem sinna eftirlitsstarfsemi í þágu almennings og atvinnulífs. Þá sé framsetning málsins gölluð og fjölmörg ákvæði þess og það þarfnist því mun betri skoðunar og verulegra breytinga. Minni hlutinn leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Verði ekki á það fallist og sé eftir sem áður ætlun meiri hlutans að knýja fram afgreiðslu málsins, jafnmeingallað og það er, er óhjákvæmilegt í öllu falli að gera á því umtalsverðar breytingar til að sníða af því a.m.k. verstu agnúana. Hefur minni hlutinn því til vara undirbúið eftirfarandi breytingartillögur:

1. Við 1. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Lög þessi taka til reglna um eftirlit og til eftirlitsstarfsemi á vegum eða í umboði opinberra aðila með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laga þessara er að tryggja árangursríka og hagkvæma starfrækslu opinbers eftirlits í umboði opinberra aðila sem ætlað er að stuðla að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Við alla eftirlitsstarfsemi hins opinbera skal leitast við að takmarka kostnað eins og unnt er og meta þörfina fyrir ávinninginn af eftirliti á viðkomandi sviði með hliðsjón af þeim kostnaði sem því er samfara. Þá skal jafnan meta hvort sambærilegum eða betri árangri megi ná með öðrum aðferðum og tryggja að eftirlitsstarfsemin leiði ekki til mismununar eða takmarki athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.
3. Við 3. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til eftirlits skal viðkomandi ráðuneyti meta þörfina fyrir eftirlitið og gildi þess fyrir þjóðfélagið með hliðsjón af þeim kostnaði sem eftirlitinu er samfara.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „fimm ár“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: átta ár.
5. Við 6. gr. Í stað 3. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu aðila vinnumarkaðarins, annar samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins og hinn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Heildarsamtök neytenda, landssamtök sem gæta hagsmuna fatlaðra, annast forvarnir og slysavarnir og önnur slík heildarsamtök aðila sem hafa hag af eftirlitsstarfseminni eiga rétt á áheyrnaraðild að fundum nefndarinnar samkvæmt nánari reglum er forsætisráðherra setur, sbr. 4. mgr.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðsins „þremur“ í 1. málsl. komi: fimm.

Að auki þarf að taka afstöðu til stjórnskipulegrar stöðu þessa eftirlits og ákveða hvort það eigi að heyra undir forsætisráðuneyti ef til kemur.

Rétt er að taka fram að meiri hlutinn hefur í reynd viðurkennt þörfina á að breyta málinu og fyrir liggur ákvörðun um að taka málið aftur til nefndar milli 2. og 3. umræðu. Í ljósi þess að engin knýjandi nauðsyn er á að hraða málinu er langvænlegasti kosturinn að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að vinna það betur og í samráði við alla helstu málsaðila, ekki síst þá sem eiga að njóta öryggis af eftirlitsstarfseminni sem hér um ræðir.

Kristín Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi Kvennalista í efnahags- og viðskiptanefnd og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 20. apríl 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.	Ágúst Einarsson.	Sighvatur Björgvinsson.

Í fylgiskjölum með nefndarálitinu voru umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

I. Umsögn Verslunarráðs Íslands (16. mars 1998).
II. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (3. mars 1998).
III. Umsögn Umferðarráðs (5. mars 1998).
IV. Umsögn Iðntæknistofnunar (24. febrúar 1998).

V. Umsögn Alþýðusambands Íslands (3. mars 1998).
VI. Umsögn Vátryggingaeftirlitsins (3. mars 1998).
VII. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins (2. mars 1998).
VIII. Umsögn Löggildingarstofu (27. febrúar 1998).
IX. Umsögn Samtaka iðnaðarins (25. febrúar 1998).
X. Umsögn Flugmálastjórnar (24. febrúar 1998).
XI. Umsögn Hollustuverndar ríkisins (24. febrúar 1998).

1248. Svar [517. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um gjaldþrot einstaklinga að kröfu hins opinbera.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa verið lýstir gjaldþrota vegna skulda við opinbera aðila síðustu fimm árin?*

Á tímabilinu frá 1. janúar 1993 til 31. desember 1997 fóru innheimtumenn ríkissjóðs, þ.e. sýslumenn utan Reykjavíkur, tollstjórinn í Reykjavík og gjaldheimtan í Reykjavík, fyrir hönd ríkissjóðs fram á gjaldþrotaskipti hjá alls 5.144 aðilum samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi. Ekki reyndist unnt að afla upplýsinga um hversu margar beiðnir um gjaldþrotaskipti gjaldheimtan í Garðabæ, gjaldheimtan á Seltjarnarnesi og gjaldheimtan í Mosfellsbæ hafa sent, þó er ljóst að um óverulegan fjölda er að ræða. Beiðnir þær sem hér um ræðir eru beiðnir sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa lagt út fyrir samkvæmt gjaldþrotalögum. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um í hve mörgum tilfellum innheimtumenn ríkissjóðs féllu frá gjaldþrotabeiðni áður en hún var tekin fyrir hjá viðkomandi héraðsdómi. Ástæður slíkrar afturköllunar geta m.a. verið að um hafi verið að ræða áætlanir skattstjóra og að gjaldendur skiluðu inn framtali og öfluðu staðfestingar skattstjóra á því að álagningin félli niður, gjaldendur greiddu kröfuna eða gátu bent á andlag til tryggingar á henni. Upplýsingar um hve margir einstaklingar hafa verið lýstir gjaldþrota er ekki hægt að fá úr tölvukerfum innheimtumanna ríkissjóðs, en líklega er hægt að nálgast þær upplýsingar úr málaskrá dómstóla landsins sem dómsmálaráðuneytið hefur umsjón með. Hafa ber í huga við skoðun þessara upplýsinga að verulegur fjöldi beiðna er afturkallaður af einhverjum orsökum.

Beiðnir um gjaldþrotaskipti skipt niður á ár:

Ár	*Fjöldi*
1993	1003
1994	1223
1995	1237
1996	969
1997	712

2. *Hvernig skiptast þeir eftir fjárhæð krafna:*
   a. *innan við 100 þús. kr.,*
   b. *á bilinu 1–200 þús. kr.,*
   c. *á bilinu 2–300 þús. kr.,*
   d. *á bilinu 3–400 þús. kr.,*

e. á bilinu 4–500 þús. kr.,
f. á bilinu 5–600 þús. kr.,
g. á bilinu 6–700 þús. kr.,
h. á bilinu 7–800 þús. kr.,
i. á bilinu 8–900 þús. kr.,
j. á bilinu 900 þús. kr.–1 millj. kr.,
k. hærri en 1 millj. kr.?

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um hvernig þeir einstaklingar sem óskað hefur verið eftir gjaldþrotaskiptum hjá skiptast eftir fjárhæðum. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi eru þessar upplýsingar ekki til í tölvukerfum innheimtumanna ríkissjóðs. Hins vegar kann að vera mögulegt að nálgast þessar upplýsingar í málaskrá dómstólanna, en í svari dómsmálaráðherra á þsk. 771 við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar, um hversu margar beiðnir um gjaldþrot einstaklinga voru gerðar á árunum 1992–95, kemur fram að í ársbyrjun 1994 hafi nýtt málaskráningarkerfi verið tekið í notkun og í það væru skráðar mun víðtækari upplýsingar en áður var gert.

3. Hver hefur verið innheimtukostnaður vegna þessara aðila?

Kostnaður ríkissjóðs vegna gjaldþrotaskipta á búum sem skiptum er lokið á og sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík höfðu beðið um skipti á er eftirfarandi:

Ár	*Fjárhæð*
1993	1.198.523
1994	34.061.540
1995	41.140.491
1996	42.209.157
1997	33.908.992
	152.518.703

Þegar innheimutmaður ríkissjóðs óskar eftir gjaldþrotaskiptum á búi gjaldenda þarf hann samkvæmt lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., að leggja fram tryggingu með gjaldþrotaskiptabeiðninni að fjárhæð 150.000 kr. Ef eignir finnast í búinu, sem duga til að greiða kostnað við skiptin að hluta eða öllu leyti, ber bústjóra að skila því sem eftir stendur af tryggingunni til viðkomandi gerðarbeiðanda, í þessu tilviki ríkissjóðs. Útistandandi hjá bústjórum 31. desember 1997 vegna búa sem ekki var lokið skiptum á voru samtals 92.050.000 kr. Upplýsingar um þetta efni frá gjaldheimtum lágu ekki fyrir.

4. Hversu mörg dæmi eru um að einstaklingar hafi verið lýstir gjaldþrota oftar en einu sinni vegna sömu kröfunnar?

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi er ekki hægt að afla þessara upplýsinga í tölvukerfum innheimtumanna ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun hefur hins vegar athugað málið og samkvæmt upplýsingum frá henni hefur skiptum verið lokið oftar en einu sinni hjá 245 aðilum. Rétt er þó að taka fram að þessir aðilar hafa bæði verið lýstir gjaldþrota að kröfu hins opinbera og einkaaðila.

5. *Hvernig skiptast einstaklingar í 2. lið eftir umdæmum?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi er ekki hægt að afla þessara upplýsinga í tölvukerfum innheimtumanna ríkissjóðs. Sundurliðun eftir umdæmum fyrir árin 1993–95 er að finna í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um gjaldþrot einstaklinga á þskj. 771. Að öðru leyti vísast til dómsmálaráðuneytis.

1249. Svar [397. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um yfirlit yfir skýrslur og greinargerðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er skráð reglulegt yfirlit yfir skýrslur og greinargerðir sem unnar eru á vegum ráðuneyta og stofnana?*
2. *Ef slíkt yfirlit er til, er það aðgengilegt almenningi?*
3. *Ef yfirlitið er ekki til, mun ráðherra þá beita sér fyrir því að slíkt yfirlit yfir skýrslur og greinargerðir sem þegar hafa verið gefnar út verði gert, það skráð í framtíðinni og gert aðgengilegt almenningi?*

Til að svara tveimur fyrri töluliðum fyrirspurnarinnar upplýsist eftirfarandi: Ekki eru til samræmdar reglur um það í ráðuneytunum hvernig upplýsingum um skýrslur og greinargerðir, sem unnar eru á þeirra vegum, er haldið til haga og engin lagaákvæði önnur en gerð er grein fyrir hér á eftir skylda ráðuneytin til þess að halda sérstakar skrár yfir slík gögn. Með því að fjöldi greinargerða og skýrslna hefur farið vaxandi og umfang útgefins efnis hefur aukist hafa mörg ráðuneytanna komið sér upp sérstökum skrám í þeim tilgangi að veita greinargóða yfirsýn yfir efni sem til er í ráðuneytunum og þau hafa gefið út. Almennt hafa breytingar sem orðið hafa í skjalavistun ráðuneytanna og kerfi sem byggð hafa verið upp í tengslum við skjalasöfn þeirra stuðlað mjög að því að hægt sé að fá skjótt og áreiðanlega yfirlit yfir hvaða gögn þau hafa að geyma. Sérstakt málaskrárkerfi, sem ráðuneytin hafa nú öll tekið í notkun, hefur breytt miklu hvað þetta varðar og auðveldað leit að gögnum, hvort heldur um er að ræða skýrslur, greinargerðir, bréfasöfn eða önnur gögn sem þau hafa í sinni vörslu.

Samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996, er stjórnvöldum skylt að skrá kerfisbundið mál sem koma til meðferðar hjá þeim og að varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg. Tilkoma nýs málaskrárkerfis er afar mikilvæg í þessu sambandi. Í vöxt færist að leitað sé til ráðuneytanna og beðið um skýrslur, greinargerðir og önnur gögn sem til eru og það á að vera metnaðarmál ráðuneytanna að veita ávallt svo greinargóðar upplýsingar um fyrirliggjandi gögn sem kostur er. Til að verða við slíkum óskum, og ekki síður til að gera stjórnsýslu hins opinbera betri og skilvirkari, er mikilvægt að hægt sé að afla upplýsinga um skýrslur og greinargerðir auðveldlega og án tafar.

Bent skal á að ráðuneytin hafa á undanförnum missirum unnið að því að koma upplýsingum um efni í þeirra vörslu á framfæri á internetinu og er þar m.a. að finna upplýsingar um útgefið efni ráðuneytanna. Nú er unnið ötullega að því að setja inn á vefsíður ráðuneyta meiri og greinarbetri upplýsingar um starfsemi ráðuneytanna en þar er þegar að finna og jafnframt er þá stefnt að því að gera almenningi kleift að afla sér milliliðalaust upplýsinga um hvaða efni, skýrslur og greinargerðir þau hafa í vörslu sinni. Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum

upplýsingasamfélagsins segir m.a. í markmiðslýsingu að stjórnvöld eigi að vinna að því með hjálp upplýsingatækninnar að veita aðgang að opinberum upplýsingum og þjónustu, m.a. með það að markmiði að jafna stöðu einstaklinga óháð efnahag og búsetu.

Varðandi þriðja tölulið fyrirspurnarinar skal upplýst að eins og áður segir hefur enn ekki verið tekin ákvörðun um að Stjórnarráðið í heild og þar með einstök ráðuneyti haldi sérstakar skrár yfir skýrslur og greinargerðir sem unnar eru á þeirra vegum. Í upplýsingalögum, sem áður er vitnað til, er forsætisráðherra í 23. gr. veitt heimild til að gefa út reglugerð, að fengnu áliti þjóðskjalavarðar, þar sem mælt er fyrir um hvernig skjalastjórn skuli hagað í stjórnsýslu ríkisins, þar með talið hvers konar tölvuhugbúnað skuli nota. Þessi reglugerðarheimild hefur enn ekki verið nýtt. Að störfum er nefnd sem ætlað er að fjalla um þróun málaskrár ráðuneytanna og sameiginleg álitamál er tengjast málaskránni sérstaklega og skjalavistun í ráðuneytum, auk þess sem tekið hefur verið upp reglubundið en óformlegt samráð skjalavarða ráðuneytanna. Til álita kemur að setja í reglugerð sérstök ákvæði um skrár yfir skýrslur, greinargerðir og annað efni sem almenningur kann að vilja leita eftir sérstaklega um leið og kveðið er á um önnur og almennari atriði varðandi skjalastjórn í stjórnsýslu ríkisins.

1250. Svar [373. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um úttektir á ríkisstofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar úttektir á starfsemi ríkisstofnana hafa verið unnar á vegum ríkisstjórnar, einstakra ráðuneyta eða nefnda á þeirra vegum frá og með árinu 1991? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir ári og stofnun eða ráðuneyti.*
2. *Hvaða aðilar voru fengnir til að vinna úttektirnar? Í svarinu óskast hver úttekt eða skýrsla tilgreind eftir stofnun eða ráðuneyti.*
3. *Hver var kostnaðurinn við hvert þessara verkefna?*

Forsætisráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar til svars við framangreindum spurningum og eru þær fengnar hjá ráðuneytunum. Rétt er að taka fram að upplýsingar sem fram koma í svari þessu eru allítarlegar og vera má að ýmsar þær úttektir sem gerð er grein fyrir eigi ekki beinlínis við starfsemi ríkisstofnana almennt heldur einnig og e.t.v. fremur einstök viðfangsefni ráðuneyta. Þá er einnig rétt að nefna þann almenna fyrirvara að ýmis verkefni, álits- og greinargerðir, sem unnin hafa verið fyrir einstök ráðuneyti og stofnanir, eru hér flokkuð sem úttektir en áhöld voru í sumum tilvikum um hvað bæri að telja til úttekta og hvað ekki. Af þeirri ástæðu má vera að yfirlitið, sem hér fer á eftir, sé ekki algjörlega tæmandi.

Líkt og sjá má í yfirlitinu eru margar þeirra úttekta sem þar er gerð grein fyrir unnar af Hagsýslu ríkisins. Hagsýslan er starfsdeild innan fjármálaráðuneytis og starfar skv. lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerð nr. 96/1969. Hlutverk Hagsýslunnar er að annast almennar umbætur í ríkisrekstrinum. Fjármögnun hagsýslustarfsins kemur að hluta til frá öðrum ráðuneytum með þátttöku þeirra í kostnaði við einstök verkefni og er gerð grein fyrir kostnaðarhlutdeild þeirra í viðeigandi neðanmálsgreinum.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir því við Ríkisendurskoðun að ráðuneytinu yrðu látnar í té sambærilegar upplýsingar frá stofnuninni við þær sem hér eru birtar frá ráðuneytunum og fylgir skrá yfir úttektir stofnunarinnar og kostnað við þær.

Verkefni unnin fyrir forsætisráðuneyti.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1992	*KPMG endurskoðun:*		
	Úttekt á möguleikum Íslands sem alþjóðlegrar fjármálamiðstöðvar.	Já	2.118.912
1993	*Hagsýsla ríkisins:*		
Hagræðing í opinberu eftirliti.	Einföldun og hagræðing opinbers eftirlits og mótun stefnu á því sviði.		3)
1994	*VST verkfræðistofa:*		
	Úttekt á umferð á Þingvöllum vegna þjóðhátíðar.		1.613.683
	Hagsýsla ríkisins:		
Eftirlitsstarfsemi hins opinbera.	Einföldun opinbers eftirlits og gerð lagafrumvarps og greinargerðar um það efni.		4)
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Eftirlitsstarfsemi hins opinbera.	Endurskoðun lagafrumvarps og greinargerðar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.		5)
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.	Könnun á rekstri og fyrirkomulagi þjóðgarðsins á Þingvöllum ásamt tillögugerð.	Já	5)
1996	*Hagsýsla ríkisins:*		
Upplýsingagjöf á veraldarvefnum.	Tillögur um framsetningu og miðlun upplýsinga um stjórnsýsluna á veraldarvefnum.	Já	6)
Ráðherranefnd um ríkisfjármál.	Vinna fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál vegna fjárlagagerðar 1997 einkum varðandi sparnað í eftirlits- og rannsóknastarfsemi.		6)
Sameining stofnana.	Vinna fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál um möguleika á sameiningu stofnana.		6)
Matvæla-, tækni- og jarðvísindarannsóknir.	Vinna fyrir starfshóp um samvinnu og sameiningu rannsóknastofnana.		6)
Eftirlitsstarfsemi.	Greining sértekna vegna markaðstengdrar þjónustu rannsókna- og eftirlitsstofnana.		6)
1997	*Hagsýsla ríkisins:*		
Eftirlitsstarfsemi.	Vinna vegna frumvarps um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.		7)

2) 3) Forsætisráðuneytið tók engan þátt í kostnaði árin 1992 og 1993.
4) Árið 1994 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 2.500.000 kr.
5) Árið 1995 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 400.000 kr.
6) Árið 1996 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 700.000 kr.
7) Forsætisráðuneytið tók engan þátt í kostnaði árið 1997.
Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Verkefni unnin fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1992	*Hagsýsla ríkisins:*		
Einingakostnaður sýslumannsembætta.	Söfnun, greining og vinnsla upplýsinga um kostnað við ýmsa þætti hjá embættum sýslumanna. Unnið í samvinnu við sparnaðarnefnd.	Já	2)
Vaktakerfi hjá RLR.	Endurskipulagning vaktakerfa hjá RLR. Umbeðið af RLR.	Já	2)
Öryggismál löggæslu.	Mat á tilkostnaði við tillögur lögreglumanna um bættan öryggisbúnað löggæslu.		2)
Sýslumaðurinn í Reykjavík.	Aðstoð við starfsmannamál, einkum skráningu vinnutíma.	Já	2)
1993	*Hagsýsla ríkisins:*		
Héraðsdómur á Suðurlandi.	Athugun á grundvelli þess að setja upp héraðsdóm í Vestmannaeyjum.	Já	3)
Rekstur fangelsa.	Úttekt á valkostum við eignarhald og rekstur fangelsa.	Já	3)
Sýslumaðurinn í Reykjavík.	Úttekt á skipulagi og starfsemi stofnunarinnar.	Já	3)
1994	*Hagsýsla ríkisins:*		
Skipulag fangelsismála.	Úttekt á skipulagi fangelsismála og verkaskiptingu dómsmálaráðuneytis, Fangelsismálastofnunar og fangelsa ásamt tillögugerð um skipulag og rekstur.	Já	4)
Almannavarnir ríkisins.	Úttekt og mat á hagkvæmni varðandi staðsetningu skrifstofu Almannavarna.		4)
Landhelgisgæslan.	Endurskoðun á skipulagi og verkaskiptingu á aðalskrifstofu Landhelgisgæslu.		4)
1996	*VSÓ – verkfræðistofa:*		
Landhelgisgæslan.	Úttekt á fyrirkomulagi flugrekstrar og forathugun á breytingu á flugrekstri.		302.565
1997	*Hagvangur:*		
Lögreglan.	Vinna og ráðgjöf við skipulagningu lögreglustjórans í Reykjavík og ríkislögreglustjórans í tengslum við gildistöku nýrra lögreglulaga.		340.819

2) Árið 1992 tók dómsmálaráðuneytið engan þátt í kostnaði.
3) Árið 1993 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 1.050.000 kr.
4) Árið 1994 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 1.000.000 kr.
Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Verkefni unnin fyrir félagsmálaráðuneyti.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1992	*Hagsýsla ríkisins:*		
Skipulag aðalskrifstofu.	Aðstoð við yfirmenn félagsmálaráðuneytis við að endurskipuleggja aðalskrifstofu.		2)
Úttekt á starfsemi skrifstofu Jafnréttisráðs.	Úttekt á skipulagi og starfsháttum á skrifstofu Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála.		2)

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
Tölvurekstur Húsnæðisstofnunar.	Endurskoðun tölvukerfa með tilliti til einföldunar, gagnsemi og kostnaðar.		2)
1993	*Hagsýsla ríkisins:*		
Fyrirkomulag vinnumála.	Samþætting vinnumála undir félagsmálaráðuneyti með sérstöku tilliti til starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs.	Já	3)
Rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins.	Setið í og unnið með starfshópi að breytingu á rekstri Húsnæðisstofnunar til að lækka kostnað og einfalda skipulag.		3)
Skipulag barna- og unglingamála.	Úttekt á skipulagi stjórnsýslu og fyrirkomulagi barna og unglingamála.	Já	3)
1994	*Hagsýsla ríkisins:*		
Breytingar á fyrirkomulagi barna- og unglingamála.	Verkefnisstjórn við breytingar á fyrirkomulagi barna- og unglingamála, þar á meðal starfsemi Unglingaheimilis ríkisins.		4)
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.	Úttekt á skipulagi og starfsháttum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og tillögugerð um þróun starfseminnar.		4)
Samþætting vinnumála og efling vinnumálaskrifstofu.	Vinna með starfshópi að samþættingu vinnumála, tilflutningi og eflingu vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og flutning á starfsemi atvinnuleysistryggingasjóðs til hennar.		4)
Skipulag félagsmálaráðuneytis.	Aðstoð við endurskipulagningu á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis ásamt gerð skipurits og tillögu um verkaskiptingu.	Já	4)
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Breytingar á fyrirkomulagi barna- og unglingamála.	Verkefnisstjórn við breytingar á stjórnsýslu og fyrirkomulagi barna- og unglingamála.		5)
Skipulag vinnumálaskrifstofu.	Gerð tillagna um skipulag og verkaskiptingu á vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.		5)
Brunamálastofnun.	Úttekt á kostum og göllum þess að flytja aðsetur stofnunarinnar út á land.	Já	5)
Rekstrargrundvöllur Kvennaathvarfs og Stígamóta.	Formennska í og starf fyrir nefnd til að skoða og gera tillögur um rekstrargrundvöll Kvennaathvarfs og Stígamóta.		5)
Verndaðir vinnustaðir.	Úttekt á fyrirkomulagi og stjórnsýslu verndaðra vinnustaða.	Já	5)
1996	*Hagsýsla ríkisins:*		
Vinnumálaskrifstofa.	Aðstoð við skipulag og þróun vinnumálaskrifstofu.		6)
	Rekstur og ráðgjöf ehf.:		
Þjónusta við fatlaða.	Úttekt á skipulagi og rekstri stofnana í þjónustu við fatlaða í Reykjavík.		Upplýsingar vantar

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1997	*Hagsýsla ríkisins:*		
Vinnumálastarfsemi.	Úttekt og tillögugerð vegna nýs skipulags vinnumála.		7)

2) Árið 1992 var kostnaðarþátttaka félagsmálaráðuneytisins 1.593.000 kr.
3) Árið 1993 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 4.500.000 kr.
4) Árið 1994 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 1.500.000 kr.
5) Árið 1995 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 2.400.000 kr.
6) 7) Félagsmálaráðuneytið tók engan þátt í kostnaði árin 1996 og 1997.
Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Verkefni unnin fyrir fjármálaráðuneytið.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1991	*Skipulag og stjórnun:*		
	Vinna við skipulagsmál fjármálaráðuneytis.		964.370
	Hagfræðistofnun HÍ:		
	Vinna við athugun á ákvæðisvinnu og hlutaskiptakerfi í opinberum rekstri.		291.020
	Lögmenn Austurstræti:		
ÁTVR.	Vinna starfshóps um ÁTVR.		223.559
1992	*Hagsýsla ríkisins:*		
Einingakostnaður hjá skattstofum.	Söfnun, greining og vinnsla úr upplýsingum um tilkostnað og starfsárangur skattstofa. Unnið í samvinnu við sparnaðarnefnd.	Já	2)
Endurskipulagning FIR.	Stefnumótun og gerð skipurits fyrir framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.		2)
Fyrirkomulag fasteignamats.	Vinna í starfshópi um fyrirkomulag fasteignamats og sameiningu matskerfa.		2)
	Landsbréf:		
	Úttektir vegna sölu Gutenbergs.		234.854
	KPMG Endurskoðun hf.:		
Fasteignamat ríkisins.	Möguleikar þess að færa starfsemi Fasteignamats ríkisins í hlutafélagsform.		454.232
	Ágúst Þór Jónsson:		
	Endurskipulagning rafmagnsöryggismála.		376.687
	Guðfinna S. Bjarnadóttir:		
Jafnréttisráð.	Úttekt á starfsemi skrifstofu Jafnréttisráðs. Unnið á vegum Hagsýslu ríkisins.		186.750
	Kaupþing:		
	Úttekt vegna sölu Jarðborana ríkisins.		871.500
	Lögmenn Höfðabakka:		
Flugstöð Leifs Eiríkssonar.	Tillögugerð um lausn á fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.		281.619

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
	Ragnar Kjartansson:		
	Athugun á spítalasamningum.		2.377.453
	Verkfræðistofa Jóns Búa Guðlaugssonar:		
	Athugun á lækkun gagnavinnslukostnaðar o.fl.		934.474
	Stjórnvangur:		
Sýslumannsembættið á Akranesi og Tryggingastofnun ríkisins.	Tillögugerð um úrbætur í rekstri sýslumannsembættisins á Akranesi og Tryggingastofnunar ríkisins.		1.223.141
	Endurskoðun og ráðgjöf hf.:		
	Launagreining í fjárhagsbókhaldi fyrir sjúkrahús		109.500
1993	*VSÓ – verkfræðistofa:*		
	Rekstrarmál í Arnarhváli.		994.286
	Framnes hf.:		
Tryggingastofnun.	Úttekt á tölvumálum Tryggingastofnunar.		399.645
	Skipulag og stjórnun:		
Landmælingar Íslands, Skipulag ríkisins og Fasteignamat ríkisins.	Könnun á sameiningu Landmælinga Íslands, Skipulags ríkisins og Fasteignamats ríkisins o.fl.		366.030
	Löggiltir endurskoðendur hf.:		
Brunabótafélag Íslands.	Álitsgerð um eignarhald í Brunabótafélagi Íslands o.fl.		343.987
	Málflutningsskrifstofan:		
Brunabótafélag Íslands.	Álitsgerð um eignarhald í Brunabótafélagi Íslands o.fl.		427.844
	Stuðull hf.:		
Húsnæðisstofnun ríkisins.	Skoðun á sölumöguleikum hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.		196.212
	Inga Jóna Þórðardóttir:		
Sýslumaðurinn í Reykjavík.	Verkefni á vegum Hagsýslu ríkisins vegna sýslumannsins í Reykjavík.		916.320
1994	*Hagsýsla ríkisins:*		
Húsnæðismál Háskólans á Akuryri.	Kostir þess að flytja Háskólann á Akureyri í húsnæði Sólborgar. Verkefnið var unnið að beiðni fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.		4)
Launamál heilsugæslulækna.	Uppsetning reiknilíkans vegna launakerfis fyrir læknisþjónustu veitta á heilsugæslustöðvum. Verkefnið er samstarfsverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Læknafélags Íslands.		4)
Stjórnskipulag embættis ríkisskattstjóra.	Úttekt á stjórnskipulagi embættis ríkisskattstjóra ásamt tillögugerð um afmörkun verksviða og hlutverka skrifstofa og deilda.	Já	4)

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Móttaka debetkorta.	Kostir þess að innheimtumenn taki á móti greiðslu opinberra gjalda með debetkortum.		5)
Sameining stofnana og stækkun þjónustusvæða.	Vinna fyrir nefnd um sameiningu stofnana, stækkun þjónustusvæða og endurskipulagningu á þjónustu ríkisins.		5)
	Talnakönnun hf.:		
Lyfjaverslun, Síldarverksmiðja og Áburðarverksmiðja ríkisins.	Ýmsir útreikningar vegna Lyfjaverslunar ríkisins, Síldarverksmiðju ríkisins og Áburðarverksmiðju ríkisins.		267.364
	Lögfræðiþjónusta Þorgeirs Örlygssonar:		
	Álitsgerð um lífeyrismál.		186.894
1996	*Hagsýsla ríkisins:*		
Skipulag tolleftirlits.	Vinna fyrir starfshóp um skipulag tollamála ásamt tillögugerð.	Já	6)
Staðall í upplýsingatækni.	Kröfur Íslands varðandi staðla í upplýsingatækni.		6)
	Talnakönnun hf.:		
LSR.	Ráðgjöf í lífeyrismálum, útreikningar lífeyrisskuldbindinga vegna breytinga á LSR o.fl.		1.778.483
	Sinna hf.:		
Starfsmannamál.	Ráðgjöf um starfsmannamál vegna endurskoðunar á starfsmannamálum ríkisins.		445.711
	Þórhallur Jósepsson:		
	Skýrsla um innflutningsgjöld á bifreiðum.		180.525
	Handsal hf.:		
Áburðarverksmiðjan.	Úttekt á starfsemi Áburðarverksmiðjunnar.		650.000
	Skandia:		
Sementsverksmiðjan.	Úttekt og virðismat á Sementsverksmiðjunni.		291.330
	Íslandskostur:		
	Mötuneytisúttekt.		249.000
1997	*Hagsýsla ríkisins:*		
Fasteignir ríkissjóðs.	Skoðun á starfsemi Fasteigna ríkissjóðs með hliðsjón af fyrirkomulagi fasteignaumsýslu ríkisins.		7)
Rannsóknarstofnanir atvinnulífsins.	Úttekt á sameiningarmöguleikum rannsóknarstofnana atvinnulífsins.		7)
Starfsmannakönnun.	Undirbúningur að framkvæmd könnunar á viðhorfum ríkisstarfsmanna.		7)
	Talnakönnun hf.:		
LSR.	Ráðgjöf vegna breytinga á LSR, útreikningar á eftirlaunaskuldbindingum og fleira af þeim toga.		2.586.363

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
	VSÓ – rekstrarráðgjöf:		
Námsgagnastofnun.	Úttekt á Námsgagnastofnun.		1.064.471
	Árverk sf.:		
Áburðarverksmiðjan.	Úttekt á fjárhagsstöðu Áburðarverksmiðjunnar.		137.448
	Bjarni Ragnar Guðmundsson:		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.	Tryggingafræðilegir útreikningar og vinna við frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.		305.025
	Forskot ehf.:		
	Úttekt á stjórnun og starfsmannamálum ráðuneytisins og framkvæmd viðhorfs- og jafnréttiskannana.		1.455.244

1) 2) 3) 4) 5) 6) 7) Allur kostnaður er greiddur af fjármálaráðuneytinu enda er Hagsýsla ríkisins hluti þess.

Verkefni unnin fyrir Hagstofu Íslands.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Persónuskilríki.	Könnun á möguleikum hvað varðar gerð og notkun nýrra persónuskilríkja.		5)
1996	*Hagsýsla ríkisins:*		
Skráning félaga.	Úttekt á fyrirkomulagi skráningar á félögum og fyrirtækjum og mótun tillagna um nýtt og einfaldara fyrirkomulag skráningar. Einnig verkefnastjórn við framkvæmd tillagna.	Já	6)
1996	*Framnes – ráðgjöf ehf.:*		
Þjóðskrá.	Úttekt á tölvukerfum Þjóðskrár.		435.750

5) Árið 1995 var kostnaðarþátttaka Hagstofu Íslands 265.000 kr.
6) Árið 1996 var kostnaðarþátttaka Hagstofu Íslands 425.000 kr.

Verkefni unnin fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1992	*Hagsýsla ríkisins:*		
Skipulag hjá heilsugæslustöð Kópavogs.	Ráðgjöf um endurskipulagningu á ýmsum starfsþáttum stöðvarinnar. Umbeðið af heilsugæslustöð Kópavogs.	Já	2)
1993	*Hagsýsla ríkisins:*		
Samanburður á kostnaði og árangri hjúkrunarheimila.	Söfnun, greining og vinnsla úr upplýsingum um kostnað og afköst á hjúkrunarheimilum. Unnið í samvinnu við sparnaðarnefnd.	Já	3)
Tölvumál Tryggingastofnunar ríkisins.	Skoðun á tölvukerfum og -vinnslu í TR og gerð tillagna um kostnaðarlækkandi hagræðingaraðgerðir. Umbeðið af Tryggingastofnun ríkisins.		3)

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1994	*Hagsýsla ríkisins:*		
Heilsugæslustöðvar.	Söfnun, úrvinnsla og greining einingakostnaðar, vinnumagns og afkasta heilsugæslustöðva og gerð ábendinga um þróun stjórnsýslu og fyrirkomulag málaflokksins. Verkefnið er samstarfsverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.	Já	4)
Stofnanaþjónusta aldraðra.	Söfnun, úrvinnsla og greining einingakostnaðar í stofnanakostnaði aldraðra og gerð ábendinga um þróun stjórnsýslu og fyrirkomulag málaflokksins. Verkefnið er samstarfsverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.	Já	4)
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Heilsugæslustöðvar.	Vinna fyrir starfshóp um stefnumótun í skipulagi og málefnum heilsugæslunnar.		5)
	Guðjón Albertsson:		
Heilbrigðisstéttir.	Athugun á réttindum og skyldum heilbrigðisstétta.		2.826. 000
	Skýrr:		
Sjúkrahús.	Skýrsla um tölvuvæðingu sjúkrahúsa.	Já	2.000.000
1996	*Hagsýsla ríkisins:*		
Tryggingastofnun ríkisins.	Úttekt á útgáfu skírteina hjá Tryggingastofnun ríkisins og tillögur um endurskipulagningu útgáfunnar og tengdar breytingar.		6)
	Dansk Sygehus Institut:		
Sjúkrahús Reykjavíkur.			4.887.000
	Verk- og kerfisfræðistofan:		
Sjúkraflutningar.	Heildarendurskoðun sjúkraflutninga.		2.130.000
	Kristján Jóhannsson:		
Hjúkrunarheimili	Hjúkrunarheimilin Naust og Barmahlíð.		359.000
1997	*Hagsýsla ríkisins:*		
Heilbrigðisstofnanir á norðanverðum Vestfjörðum.	Könnun möguleika á samvinnu eða sameiningu heilbrigðisstofnana á norðanverðum Vestfjörðum ásamt tillögugerð.	Já	7)
Stjórnsýsla tannlækninga.	Úttekt á stjórnsýslu tannlækninga og tillögugerð um framtíðarskipulag.	Já	7)
	VSÓ – rekstrarráðgjöf (innifalið er aðkeypt erlend ráðgjöf):		
Sjúkrahús.	Skipulagsathugun sjúkrahúsanna.		9.960.000

2) 3) 4) Heilbrigðisráðuneytið tók engan þátt í kostnaði árin 1992, 1993 og 1994.
5) Árið 1995 var kostnaðarþátttaka heilbrigðisráðuneytisins 2.350.000 kr.
6) Árið 1996 var kostnaðarþátttaka heilbrigðisráðuneytisins 265.000 kr.
7) Árið 1997 var kostnaðarþátttaka heilbrigðisráðuneytisins 1.300.000 kr.
Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Verkefni unnin fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1992	*Hagsýsla ríkisins:*		
Skipulag rafmagnsöryggismála.	Tillögugerð um skipulag rafmagnsöryggismála, m.a. með tilliti til þróunar í Evrópu.		2)
Framkvæmdaáætlun um rafmagnsöryggismál.	Vinna með starfshópi að gerð framkvæmdaáætlunar um nýskipan rafmagnsöryggismála í framhaldi af fyrri tillögum.		2)
Stofnun markaðseftirlits.	Gerð tillagna um markaðseftirlit og stjórnsýslulega stöðu þess, fyrirkomulag og starfshætti		2)
Framkvæmdastjórn Rafmagnseftirlits ríkisins.	Framkvæmdastjórn þróunarsviðs RER og gangsetning breytinga á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála.		2)
	Ágúst Þór Jónsson:		
Löggildingarstofan.			1.257.000
1993	*Hagsýsla ríkisins:*		
Skipulag rafmagnsöryggismála.	Aðstoð við þróun og breytingu á stjórnsýslu rafmagnsöryggismála.		3)
Þróun markaðseftirlits og með rafföngum.	Formennska í samráðsnefnd um markaðseftirlit.		3)
Þróun Rafmagnseftirlits ríkisins.	Stjórn þróunarsviðs Rafmangseftirlitsins og framkvæmd breyting á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála.		3)
Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla.	Aðstoð við stefnumótun og gerð lagafrumvarps um öryggi vöru og fyrirkomulag og stjórnsýslu opinberrar markaðsgæslu.		3)
	Ágúst Þór Jónsson:		
Löggildingarstofan.			1.626.000
Rafmagnseftirlit ríkisins.			1.405.000
1994	*Hagsýsla ríkisins:*		
Markaðseftirlit með rafföngum.	Formennska í samvinnunefnd um þróun og framkvæmd markaðseftirlits með rafföngum.		4)
Markaðseftirlit með rafföngum og leikföngum.	Vinna með samvinnunefnd um markaðseftirlit með rafföngum og leikföngum.		4)
Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla.	Aðstoð við stefnumótun um gerð lagafrumvarps um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.		4)
Faggilding.	Þátttaka og vinna í sérfræðihópi um faggildingu.		4)
Skipulag iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.	Aðstoð við skipulagningu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis ásamt gerð skipurits og tillögu um verkaskiptingu.		4)
Alþjóðlegar og íslenskar stafrófsröðunarreglur.	Formennska í vinnuhópi á vegum Fagráðs í upplýsingatækni um íslenskar og alþjóðlegar stafrófsröðunarreglur.		4)
	Ráðgarður:		
Rafmagnseftirlit ríkisins.			1.287.000

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Orkustofnun/Iðntæknistofnun.	Vinna með nefnd sem kannaði starfsemi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar.		5)
Markaðseftirlit með rafföngum.	Formennska í samvinnunefnd um þróun og framkvæmd markaðseftirlits með rafföngum.		5)
Löggildingarstofan/ Rafmagnseftirlit ríkisins.	Könnun á hagkvæmni og grundvelli þess að sameina Löggildingarstofuna og Rafmagnseftirlit ríkisins og Fjarskiptaeftirlit ríkisins.		5)
Faggilding.	Þátttaka og vinna í sérfræðihópi um faggildingu.		5)
Stafatöflur.	Seta í vinnuhópi ISO um staðla í stafatöflum fyrir Staðlaráð Íslands.		5)
Tækninefnd um þjóðlegar kröfur til upplýsingakerfa.	Formennska í tækninefnd um þjóðlegar kröfur til upplýsingakerfa á vegum fagráðs í upplýsingatækni.		5)
	VSÓ rekstrarráðgjöf:		
Vátryggingaeftirlitið.	Úttekt á starfsemi Vátryggingaeftirlitsins.	Já	375.151
1996	*Hagsýsla ríkisins:*		
Sameining ITÍ og RB.	Úttekt á kostum og göllum sameiningar Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ásamt tillögugerð.	Já	6)
Orkustofnun og ITÍ.	Vinna með starfshópi að skoðun á skipulagi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar Íslands.		6)
Löggildingarstofan.	Gerð verkáætlunar um stofnun og fyrirkomulag Löggildingarstofu og niðurlagningu RER og Löggildingarstofu.		6)
Sameining stofnana.	Könnun á kostum sameiningar Fjarskiptaeftirlits ríkisins, Rafmagnseftirlits og Löggildingarstofunnar.		6)
	Hagvangur og Viðskiptafræðistofnun HÍ:		
Rarik.	Úttekt á rekstri og skipulagi Rafmagnsveitna ríkisins.		4.500.000
1997	*Hagsýsla ríkisins:*		
Sameining Löggildingarstofunnar og RER.	Vinna við sameiningu Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.		7)

2) 3) 4) 5) Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið tók engan þátt í kostnaði árin 1992, 1993, 1994 og 1995.
6) Árið 1996 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 700.000 kr.
7) Árið 1997 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 2.030.000 kr.
Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Verkefni unnin fyrir landbúnaðarráðuneytið.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1993	*Hagsýsla ríkisins:*		
Skipulag á Hvanneyri.	Ráðgjöf um stjórnskipulag Bændaskólans á Hvanneyri, gerð skipurits og starfslýsinga. Unnið í samvinnu við Bændaskólann á Hvanneyri.		3)

1995	*Hagsýsla ríkisins:*	
Sameining stofnana á Keldnaholti.	Athugun á hagkvæmni þess að sameina stofnanir landbúnaðarráðuneytis sem starfa á Keldnaholti.	5)
Skipulag eftirlits.	Forkönnun á skipulagi eftirlits sem fellur undir landbúnaðarráðuneytið með tilliti til einföldunar og hagkvæmni.	5)
1996	*Hagsýsla ríkisins:*	
Veiðimálastofnun.	Könnun á fyrirkomulagi stjórnsýslu veiðimála ásamt tillögum um hvernig megi þróa og endurbæta fyrirkomulagið.	6)
	Gallup:	
Bændaskólinn á Hvanneyri.	Úttekt á Bændaskólanum á Hvanneyri.	700.000
1997	*Hagsýsla ríkisins:*	
Menntunarmál í landbúnaði.	Úttekt á framboði menntunar í landbúnaði.	7)
Samþætting í landbúnaði.	Úttekt á tillögugerð vegna samþættingar stofnana landbúnaðarins.	7)

3) 5) 6) 7) Árin 1993, 1995, 1996 og 1997 tók landbúnaðarráðuneytið engan þátt í kostnaði. Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Verkefni unnin fyrir menntamálaráðuneyti.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1991	*Hagsýsla ríkisins:*		
Þjóðminjasafnið.	Úttekt á innra starfi stofnunarinnar og aðstoð við stefnumótun, markmiðssetningu og áætlanagerð.		1)
Tilraunastöð HÍ að Keldum.	Úttekt á rekstri og ábendingar um úrbætur.	Já	1)
Menningarsjóður.	Valkostir um framtíð Menningarsjóðs.	Já	1)
1992	*Hagsýsla ríkisins:*		
Einingakostnaður í framhaldsskólum.	Söfnun, greining og vinnsla úr upplýsingum um kostnað starfseininga í framhaldsskólum. Unnið í samvinnu við sparnaðarnefnd.	Já	2)
Tilsjón með starfslokum Menningarsjóðs.	Annast um rekstur, starfslok, eignasölu og uppgjör bókaútgáfu Menningarsjóðs.		2)
Tilraunastöð HÍ að Keldum.	Úttekt á rekstri tilraunastöðvar HÍ að Keldum, tillögugerð um breytingar og ráðning framkvæmdastjóra.		2)
	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands:		
Framhaldsskólar.	Námsferill í framhaldsskóla.		
Iðnmenntun.	Könnun á þörf iðnaðar fyrir menntun.		
	RUM, dr. Sigríður Þ. Valgeirsdóttir:		
Sérkennsla.	Könnun á sérkennslu í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum 1990.	Já	
	Halldór Arnórsson:		
Rafeindavirkjun.	Nám og námsmat í rafeindavirkjun.		

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1993	*Hagsýsla ríkisins:*		
Greining verknáms.	Úttekt á aðstöðu til kennslu í tréiðnaðar- og rafiðnaðargreinum á höfuðborgarsvæðinu.	Já	3)
Lyfjaframleiðsla Tilraunastöðvar HÍ að Keldum.	Mat á kostum við þróun lyfjaframleiðslu, einkum með tilliti til rekstrarforms húsnæðis og tækja.	Já	3)
Skipulag og rekstur Listaháskóla.	Seta og vinna fyrir nefnd um skipulag og rekstur Listaháskóla Íslands.	Já	3)
Skipulag ríkisútvarpsins.	Þátttaka í og vinna fyrir starfshóp um skipulag ríkisútvarpsins.	Já	3)
Blindrabókasafn.	Úttekt á húsnæðisþörf og staðsetningu Blindrabókasafns.	Já	3)
Meðferðartækifæri fyrir unga fíkniefnaneytendur.	Úttekt á meðferðartækifærum fyrir unga fíkniefnaneytendur með sérstöku tilliti til starfsemi á Tindum. Unnið í samvinnu við nefnd um ávana- og fíkniefnamál.	Já	3)
	Sammennt, Gestur Guðmundsson:		
Starfsmenntun.	Þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi.	Já	
1994	*Hagsýsla ríkisins:*		
Sinfóníuhljómsveit æskunnar.	Þátttaka í og vinna fyrir nefnd um fjármögnun og rekstrarfyrirkomulag Sinfóníuhljómsveitar æskunnar.	Já	4)
Listaháskóli.	Seta í og vinna fyrir nefnd um skipulag og rekstur listaháskóla ásamt vinnu við frumvarp og greinargerð.		4)
Kvikmyndasjóður og Kvikmyndasafn.	Úttekt á starfsemi skrifstofu Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns Íslands og tillögugerð um fyrirkomulag starfseminnar. Verkefnið var unnið að beiðni Kvikmyndasjóðs.	Já	4)
	Grétar Marinósson og Rannveig Traustadóttir:		
Fatlaðir í skólastarfi.	Þátttaka fatlaðra nemenda í almennu skólastarfi: Rannsókn á þremur íslenskum grunnskólum.		
	RUM:		
Matreiðsla.	Úttekt á sveinsprófi í matreiðslu.		
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Mat á tilraun með nám í bókiðngreinum.	Vinna fyrir stýrihóp tilraunanáms í bókiðngreinum um breytta tilhögun náms í bókiðngreinum.	Já	5)
Héraðsskólinn í Reykholti.	Úttekt á starfi Héraðsskólans í Reykholti ásamt tillögugerð um fyrirkomulag starfseminnar.	Já	5)
	Stefán Guðjónsen:		
Rafeindavirkjun.	Nám og námsmat í rafeindavirkjun.		
1996	*Hagsýsla ríkisins:*		
Háskóli Íslands.	Könnun og greining á stjórnskipulagi og stjórnsýslu Háskóla Íslands ásamt ábendingum og tillögugerð um fyrirkomulag.	Já	6)

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
Menntaskólinn við Hamrahlíð.	Aðstoð við stjórnendur Menntaskólans í Hamrahlíð varðandi fjármál og rekstur með það að markmiði að útgjöld skólans haldist innan ramma fjárlaga.		6)
Skólastarf í Reykholti.	Úttekt á tilraun með skólastarf í Reykholti sem hófst árið 1995.	Já	6)
1997	*Hagsýsla ríkisins:*		
Símaþjónusta og afgreiðsla í menntamálaráðuneytinu.	Úttekt á símaþjónustu og afgreiðslu í menntamálaráðuneytinu.	Já	7)
Nám í bókiðnaði.	Úttekt á námi í bókiðngreinum hjá Iðnskólanum í Reykjavík.	Já	7)
Starfsemi í Reykholti.	Vinna við að finna Reykholti nýtt hlutverk.		7)
Kennara- og uppeldisháskóli Íslands.	Verkefnisstjórn vegna sameiningar Fósturskóla Íslands, Íþróttakennarakóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands.	Já	7)
Skólastarf á Skógum.	Vinna vegna breytinga á skólastarfi á Skógum.		7)
Skólastarf á Eiðum.	Vinna vegna breytinga á skólastarfi á Eiðum.		7)
	Ýmsir innlendir og erlendir sérfræðingar:		
Viðskiptamenntun.	Heildarúttekt á viðskiptamenntun á Íslandi.		3.000.000
	Ýmsir innlendir og erlendir sérfræðingar:		
Stjórnmálafræði.	Úttekt á stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.		430.000
	Bjarni Harðarson:		
Fjarkennsla.	Úttekt á fjarkennslu við Verkmenntaskólann á Akureyri.		133.800
	Viðhorf hf., Ingibjörg Jónsdóttir:		
Menntasmiðja kvenna.	Úttekt á Menntasmiðju kvenna á Akureyri.		131.275
	Bergþór Þormóðsson, Þorleifur Finnsson, Rafmagnsveitur Reykjavíkur:		
Rafeindavirkjun.	Úttekt á tilhögun kennslu og námsmats í rafeindavirkjun.		311.954

1) Kostnaðarþátttaka menntamálaráðuneytisins árið 1991 nam 6 mannmánuðum.
2) Kostnaðarþátttaka menntamálaráðuneytisins árið 1992 nam 12 mannmánuðum.
3) Kostnaðarþátttaka menntamálaráðuneytisins árið 1993 nam 6 mannmánuðum.
4) Árið 1994 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 2.000.000 kr.
5) Árið 1995 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 1.500.000 kr.
6) Árið 1996 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 1.500.000 kr.
7) Árið 1997 var kostnaðarþátttaka ráðuneytisins 1.500.000 kr.
Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Verkefni unnin fyrir samgönguráðuneytið.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1994	*Útrás hf. og Greiðslumat hf.:*		
Siglingamálastofnun ríkisins.	Úttekt á starfsemi stofnunarinnar.	Já	3.574.335

Verkefni unnin fyrir sjávarútvegsráðuneytið.
Engin úttekt á starfsemi ríkisstofnana hefur verið unnin fyrir ráðuneytið frá og með árinu 1991.

Verkefni unnin fyrir umhverfisráðuneytið.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1994	*Hagsýsla ríkisins:*		
Landmælingar Íslands.	Úttekt á kostum og hagkvæmni þess að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness.	Já	4)
	Skipulag og stjórnun sf.:		
Veðurstofa Íslands.	Úttekt á starfsemi Veðurstofunnar.		3.893.878
	Pétur Guðjónsson, stjórnunarráðgjafi:		
Landmælingar Íslands.	Úttekt á Landmælingum Íslands.		2.767.349
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Landmælingar Íslands.	Vinna með nefnd um úttekt á hlutverki og skipulagi Landmælinga Íslands og undirbúning lagagabreytinga.		5)
1996	*Hagsýsla ríkisins:*		
Landmælingar Íslands.	Skoðun á kostum og göllum þess að flytja Landmælingar Íslands til Akraness.	Já	6)
Hollustuvernd ríkisins.	Úttekt á skipulagi Hollustuverndar ríkisins, skiptingu stofnunarinnar í verkefnasvið og gerð tillagna um breytingar.	Já	6)
	Skipulag og stjórnun ehf.:		
Hollustuvernd ríkisins.	Úttekt á Hollustuvernd ríkisins.		1.251.225
1997	*Hagsýsla ríkisins:*		
Landmælingar Íslands.	Unnið að athugun á kostnaði við flutning á starfsemi Landmælinga Íslands.		7)

4) 5) Árin 1994 og 1995 tók umhverfisráðuneytið engan þátt í kostnaði.
6) Árið 1996 var kostnaðarþátttaka umhverfisráðuneytisins 600.000 kr.
7) Árið 1997 tók umhverfisráðuneytið engan þátt í kostnaði.
Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Verkefni unnin fyrir utanríkisráðuneyti.

Stofnun eða málefni	Viðfangsefni	Skýrsla	Kostnaður
1994	*Hagfræðistofnun Háskóla Íslands:*		
Keflavíkurflugvöllur.	Úttekt á tekjuöflun og markaðssetningu.		870.000
1995	*Hagsýsla ríkisins:*		
Flugstöð Leifs Eiríkssonar.	Úttekt á stjórnskipulagi, verkaskiptingu og fyrirkomulagi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.	Já	5)

5) Árið 1995 var kostnaðarþátttaka utanríkisráðuneytisins 300.000 kr.
Annar kostnaður en að framan greinir er greiddur af fjármálaráðuneytinu.

Ríkisendurskoðun, kostnaður við úttektir.

Stofnun eða málefni	Kostnaður kr.
1997	
Læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins	483.536
Lyfjaeftirlitskerfi Tryggingastofnunar ríkisins og pappírslaus viðskipti	1.129.108
Beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur um tiltekin atriði varðandi félagslega íbúðarkerfið	447.528
Flugvallaframkvæmdir á árunum 1992–95	5.198.012
Hafnaframkvæmdir	3.847.712
1996	
Stjórnsýsluendurskoðun hjá Byggðastofnun	6.123.321
Greinargerð um fjárhagsstöðu sjúkrahúsanna í Reykjavík	563.064
Stjórnsýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins	4.713.234
Greinargerð um sumarlokanir sjúkrahúsa	1.931.892
Samantekt á stjórnsýsluendurskoðun hjá sjö sjúkrahúsum	247.554
Stjórnsýsluendurskoðun á utanríkisráðuneytinu	3.550.701
1995	
Úttekt á fjárhagsstöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna	947.232
Stjórnsýsluendurskoðun hjá Ríkisútvarpinu	5.346.120
Skýrsla um endurskoðun sambýla fatlaðra og verndaðra vinnustaða	1.913.600
Stjórnsýsluendurskoðun hjá Sjúkrahúsi Suðurnesja, Sjúkrahúsi Suðurlands, Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupsstað og Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.	4.164.472
1994	
Greinargerð um sértekjur og sjóðmeðferð framhaldsskóla	1.546.304
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	1.636.288
Stjórnsýsluendurskoðun á Sjúkrahúsi Skagfirðinga, Húsavíkur og Vestmannaeyja	5.808.704
Stjórnsýsluendurskoðun á embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli	1.032.448
Skýrsla um sölu ríkisins á SR-mjöli hf.	1.690.752
1993	
Framleiðnisjóður landbúnaðarins, stjórnsýsluendurskoðun	2.138.562
Stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins	4.411.800
1992	
Skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun hjá Atvinnuleysistryggingasjóði	1.099.680
1991	
Staða Ríkisábyrgðasjóðs ásamt úttekt á endurlánum ríkissjóðs og veittum löngum lánum	1.026.000
Skýrsla um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina	3.582.000
Skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun hjá Ríkisspítölum	5.382.000
Skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun hjá Tryggingastofnun ríkisins	6.444.000

1251. Svar [668. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur.

1. *Hver er stjórnskipuleg staða sýslna samkvæmt gildandi lögum?*

Orðið sýslumaður í 10. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, vísar ekki til landfræðilegs umdæmis heldur til þeirra athafna sem sýslumaður hefur með höndum. Sýslumenn fara hver í sínu umdæmi með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um. Skv. 11. gr. i.f. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði skiptist landið í 26 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis og mörk umdæma sýslumanna eru ákveðin með reglugerð, sbr. reglugerð nr. 57/1992, um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, sbr. og reglugerðir nr. 500/1996 og 74/1998. Mörk og heiti sveitarfélaga eru þar notuð til að skilgreina stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er því mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

2. *Í hvaða lögum er nú að finna ákvæði sem byggjast á sýsluskipan?*

Nöfn á sýslum og sýslumörk eru nefnd í ýmsum lögum. Má þar nefna stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, lög um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, o.fl. Í þessum tilvikum er yfirleitt átt við afmarkað landsvæði og/eða skil á milli einstakra landsvæða en þessi landsvæði mynda síðan umdæmi varðandi einstaka málaflokka, t.d. kjördæmi, lögsagnarumdæmi héraðsdómstóla, skattumdæmi o.s.frv.

3. *Eru umdæmi sýslumanna á einhvern hátt formlega tengd sýslum? Í hvaða tilvikum eru mörk þeirra umdæma nú önnur en sýslumörk voru fyrir setningu sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986?*

Fram til 1. júlí 1992 sátu sýslumenn yfir landfræðilegum sýslum og bæjarfógetar í bæjum með kaupstaðarréttindi og borgarfógeti í Reykjavík. Með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989 var felldur niður greinarmunurinn á embættisheitum eftir umdæmum sem sýslumenn sátu í og þar með féllu niður embættisheitin bæjarfógeti, borgarfógeti og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Sýslumaður er samkvæmt þeim lögum kenndur við þann stað þar sem aðsetur hans er. Núverandi mörk stjórnsýsluumdæma sýslumanna eru í mörgum tilvikum í ósamræmi við landfræðileg mörk einstakra sýslna svo sem algengast er að skilgreina landfræðileg mörk þeirra. Umdæmi eftirtalinna sýslumanna eru önnur en sýslumörk voru fyrir setningu sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, en leitast er við að skýra að hvaða leyti umdæmin falla ekki að landfræðilegum sýslum.

Sýslumaðurinn í Reykjavík: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

Sýslumaðurinn á Akranesi: Akraneskaupstaður.

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi: Skógarstrandarhreppur í Snæfells- og Hnappadalssýslu sameinaðist Dalabyggð í Dalasýslu í eitt sveitarfélag 1. janúar 1998, en Dalabyggð á undir sýslumanninn í Búðardal.

Sýslumaðurinn í Búðardal: Skógarstrandarhreppur í Snæfells- og Hnappadalssýslu sameinaðist Dalabyggð í Dalasýslu í eitt sveitarfélag 1. janúar 1998.

Sýslumaðurinn í Bolungarvík: Bolungarvíkurkaupstaður.

Sýslumaðurinn á Ísafirði: Nauteyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sameinaðist Hólmavíkurhreppi í Strandasýslu í eitt sveitarfélag 11. júní 1994, en Hólmavíkurhreppur á undir sýslumanninn í Hólmavík.

Sýslumaðurinn í Hólmavík: Nauteyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sameinaðist Hólmavíkurhreppi í Strandasýslu í eitt sveitarfélag 11. júní 1994.

Sýslumaðurinn á Siglufirði: Siglufjarðarkaupstaður.

Sýslumaðurinn á Ólafsfirði: Ólafsfjarðarkaupstaður.

Sýslumaðurinn á Akureyri: Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu eiga hér undir samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992.

Sýslumaðurinn á Húsavík: Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu eiga undir embætti sýslumannsins á Akureyri samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði: Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Eiðahreppur og Egilsstaðabær úr Suður-Múlasýslu eiga hér undir samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992.

Sýslumaðurinn í Neskaupstað: Neskaupstaðabær. Norðfjarðarhreppur úr Suður-Múlasýslu á hér undir samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992, en hreppurinn var síðan sameinaður Neskaupstað 11. júní 1994.

Sýslumaðurinn á Eskifirði: Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Eiðahreppur og Egilsstaðabær úr Suður-Múlasýslu eiga undir sýslumanninn á Seyðisfirði samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992. Norðfjarðarhreppur úr Suður-Múlasýslu á undir embætti sýslumannsins á Neskaupstað samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992, en hreppurinn var síðan sameinaður Neskaupstað 11. júní 1994.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum: Vestmannaeyjabær.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli: svæði á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði: Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Bessastaðahreppur. Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur eiga undir sýslumanninn í Reykjavík samkvæmt reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992.

Sýslumaðurinn í Kópavogi: Kópavogskaupstaður.

4. *Hvaða stöðu og þýðingu hafa landfræðileg mörk sýslna? Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða þau mörk eða setja nýjar reglur að því er varðar sýsluskipan í landinu?*

Eins og að framan er lýst er það aðeins í nokkrum tilvikum sem landsvæði stjórnsýsluumdæma sýslumanna falla saman við landsvæði einstakra sýslna, svo sem umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi tekur til Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi tekur til Snæfells- og Hnappadalssýslu og umdæmi sýslumannsins í Búðardal tekur til Dalasýslu. Það eru ekki sýslumörk sem notuð eru til að skilgreina stjórnsýsluumdæmi sýslumanna heldur mörk og heiti sveitarfélaga, sbr. reglugerð um stjórnsýsluumdæmi, nr. 57/1992, ásamt síðari breytingum. Ekki eru áform um að breyta þeirri tilhögun. Umdæmi sýslumanna munu því í framtíðinni taka mið af stækkun og sameiningu sveitarfélaga eins og gert hefur verið með reglugerðunum nr. 500/1996 og 74/1998 sem lutu að breytingum á fyrrnefndri reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna.

1252. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um eflingu atvinnu- og þjónustusvæðanna á landsbyggðinni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi eystra, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Í tillögunni er mælt fyrir um skipun nefndar til að móta tillögur um það hvernig efla megi atvinnu- og þjónustusvæði á landsbyggðinni í því skyni að jafna stöðu manna í dreifbýli og þéttbýli. Nú hefur verið lögð fram á Alþingi af forsætisráðherra tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 695. mál. Í því máli koma í meginatriðum fram markmið tillögu þessarar.

Í ljósi framangreinds mælir nefndin með því að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni R. Árnason.

1253. Breytingartillaga [57. mál]

við frv. til l. um lögmenn.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

Í stað orðsins „vátryggingaeftirlitsins“ í 1. málsl. 3. mgr. 25. gr. komi: Fjármálaeftirlitsins.

1254. Nefndarálit [522. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti og Hallgrím Ásgeirsson lögfræðing. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá ríkissaksóknara, Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík og Sýslumannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að varðhald verði fellt niður sem refsing fyrir afbrot, en einnig eru lagðar til ýmsar minni háttar lagfæringar á lagaákvæðum um refsingar. Samkvæmt núgildandi ákvæðum almennra hegningarlaga má dæma menn í fangelsi ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár. Í varðhald má hins vegar dæma menn í tiltekinn tíma, sem er ekki skemmri en fimm dagar og ekki lengri en tvö ár, nema annað sé ákveðið í lögum. Auk mismunandi tímalengdar gerðu hegningarlög allt til ársins 1988 ráð fyrir nokkrum mun á inntaki þessara tveggja tegunda refsivistar. Varðhaldsvist átti að jafnaði að taka út í einrúmi, en meginreglan um fangelsisvist var sú að hana skyldi afplána í félagi við aðra fanga. Varðhaldsfangar þurftu ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi og máttu þeir einnig útvega sér vinnu. Þannig taldist varðhaldsvist mildari tegund refsivistar en fangelsi. Aldrei kom þó til þess í framkvæmd að refsivist væri fullnustuð í samræmi við þessi ákvæði og árið 1988 var lögfest sama réttarstaða fyrir varðhaldsfanga og þá sem afplána fangelsisrefsingu, enda samræmist slík regla nútímaviðhorfum. Sú tillaga frumvarpsins að varðhald verði afnumið sem viðurlög við refsiverðri háttsemi er því afleiðing lagabreytinga og breyttra viðhorfa og hefur í raun ekki í för með sér neina breytingu á því hvernig fullnusta refsidóma fer fram.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með nokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali, en breytingarnar eru nauðsynlegar vegna lagabreytinga sem gerðar hafa verið eftir að frumvarpið var lagt fram. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 151. gr. frumvarpsins falli brott. Um er að ræða ákvæði í lögum um þjóðfána Íslendinga, sem allsherjarnefnd hefur haft til umfjöllunar og hefur nefndin lagt til að umrædd breyting verði gerð á lögunum í tengslum við aðrar breytingar sem lagðar eru til á þeim lögum.
2. Í öðru lagi er lagt til að 152. gr. frumvarpsins falli brott þar sem til stendur að umrædd lög, lög um stjórn flugmála, nr. 119/1950, verði felld brott með nýjum loftferðalögum, sem nú eru til lokaafgreiðslu á Alþingi.
3. Þá er lagt til að 162. gr. frumvarpsins verði felld brott. Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á lögum um loftferðir, nr. 34/1964, en í frumvarpi til nýrra loftferðalaga sem nú er til lokaafgreiðslu á Alþingi er lagt til að eldri lög verði felld úr gildi.
4. Lagt er til að 169. gr. frumvarpsins falli brott, en þar er kveðið á um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, sem Alþingi hefur samþykkt að verði felld úr gildi við gildistöku dómstólalaga.
5. Lagt er til að 174. gr. frumvarpsins falli brott þar sem samþykkt hefur verið að fella lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46/1977, úr gildi við gildistöku vopnalaga. Því er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á vopnalögum og ákvæði um varðhald felld þar út.

6. Þá er lagt til að 200. gr. falli brott, en lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, voru felld úr gildi við gildistöku laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.
7. Einnig er lögð til breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, þannig að ákvæði um varðhald verði felld brott og aðeins kveðið á um fangelsisrefsingu í lögunum.
8. Þá er lögð til breyting á 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, þannig að í stað þess að kveðið verði á um varðhaldi sem viðurlög verði kveðið á um fangelsi allt að tveimur árum.

Hjálmar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.		Kristján Pálsson.

1255. Breytingartillögur [522. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 151. gr. Greinin falli brott.
2. Við 152. gr. Greinin falli brott.
3. Við 162. gr. Greinin falli brott.
4. Við 169. gr. Greinin falli brott.
5. Við 174. gr. Greinin falli brott.
6. Við 200. gr. Greinin falli brott.
7. Á eftir 249. gr., er verði 243. gr., komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (244. gr.)

Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5 6. mars 1998.

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálsgrein 104. gr. falla brott.

b. (245. gr.)

Vopnalög, nr. 16 25. mars 1998.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

c. (246. gr.)

Lög um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. kemur: fangelsi allt að 2 árum.

1256. Nefndarálit [625. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson og Jón Erling Jónasson frá landbúnaðarráðuneyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lánstími lána frá Lánasjóði landbúnaðarins lengist úr 25 árum í 40 ár þegar lánað er til nýrra bygginga, jarðakaupa, ræktunar og þeirra framkvæmda sem teljast varanlegar. Þetta er lagt til þar sem það er talið skipta miklu að greiðslubyrði verði viðráðanleg.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Hjálmar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.
Magnús Stefánsson.	Árni M. Mathiesen.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Ágúst Einarsson, með fyrirvara.		Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

1257. Nefndarálit [195. mál]

um till. til þál. um aðlögun að lífrænum landbúnaði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir frá 121. þingi um samhljóða tillögu frá Vori, félagi framleiðenda í lífrænum búskap, Neytendasamtökunum, Náttúruverndarráði, ÁFORM, Bændasamtökunum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, fagráði í lífrænni framleiðslu og Landgræðslu ríkisins.

Í tilllögugreininni er skorað á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt sé að styðja bændur sem aðlaga búskap sinn viðurkenndum lífrænum búskaparháttum í samræmi við lög og reglur um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Hjálmar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Guðjón Guðmundsson.	Ágúst Einarsson.	Magnús Stefánsson.
Sigríður Jóhannesdóttir.		Lúðvík Bergvinsson.

1258. Nefndarálit [543. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson og Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Hagstofu Íslands og Bændasamtökunum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á V. kafla laga um búfjárhald sem fjallar um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár og er með breytingunum stefnt að því að auka við heimildir og auðvelda störf búfjáreftirlitsmanna og að auðvelda sveitarstjórnum að sinna skyldum sínum. Þá er lagt til að landbúnaðarráðherra verði heimilt að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 2. gr. frumvarpsins um að lögreglu sé skylt að fara með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits og hversu langt sú heimild ætti að ná. Í samræmi við ákvæði laga um dýravernd leggur nefndin til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Orðin „eða um land jarðar“ í 5. málsl. 2. efnismgr. falli brott.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.	Hjálmar Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Ágúst Einarsson.	Lúðvík Bergvinsson.

1259. Breytingartillaga [347. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EOK, GMS, VS, SP, ÁE, SighB, SJS).

Við 5. gr. C-liður orðist svo: Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr E-lið viðaukans: 8517.1901, 9303.2000, 9303.3000, 9305.2100, 9306.2100, 9306.2900, 9306.3009.

1260. Nefndarálit [479. mál]

um frv. til l. um áfengis- og vímuvarnaráð.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóri Haraldsson, aðstoðarmann heilbrigðisráðherra, Guðríði Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra og Ragnhildi Arnljótsdóttur deildarstjóra frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Helga Seljan frá Landssambandi gegn áfengisbölinu, Jón Guðbergsson frá Stórstúku Íslands, Ólaf Hauk Árnason, Jóhannes Bergsveinsson og Hörð Pálsson frá áfengisvarnaráði, Braga Guðbrandsson frá Barnaverndarstofu, Davíð Bergmann frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Elísu Wiium og Stefán H. Stefánsson frá Vímulausri æsku, Dögg Pálsdóttur frá Ísland án eiturlyfja 2002, Láru Björnsdóttur frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur og Þorstein Njálsson frá tóbaksvarnaráði.

Umsagnir bárust nefndinni frá áfengisvarnaráði, Barnaverndarstofu, dómsmálaráðuneyti, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Læknafélagi Íslands, samstarfsnefnd um afbrota- og fíknivarnir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stórstúku Íslands og Vímulausri æsku.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt áfengis- og vímuvarnaráð í þeim tilgangi að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir markmið frumvarpsins og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1998.

Siv Friðleifsdóttir, frsm.	Guðni Ágústsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.

1261. Breytingartillaga [348. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað ártalsins „1999“ komi: 2000.

1262. Fyrirspurn [700. mál]

til umhverfisráðherra um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða umhverfisathugana vegna áforma um byggingu magnesíumverksmiðju á Reykjanesi:
   a. á vegum Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum,
   b. á vegum Hollustuverndar ríkisins vegna starfsleyfis,
   c. á vegum Náttúruverndar ríkisins,
   d. vegna raforkuvirkja,
   e. vegna efnistöku úr sjó?
2. Af hvaða mengunarþáttum þessa iðnaðar þarf einkum að hafa áhyggjur:
   a. við losun í sjó,
   b. við losun í andrúmsloft,
   c. af öðrum ástæðum?
3. Telur ráðherra að svigrúm sé til þess að heimila viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði eins og magnesíumframleiðslu hérlendis miðað við væntanlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni?

Skriflegt svar óskast.

1263. Svar [633. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Ágústs Einarssonar um sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis.

1. *Hversu mikið fé hefur árlega runnið í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis, skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, en þar er kveðið á um að greiða skuli sérstakt gjald fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla sem renni í sjóðinn?*

Tafla 1.

Ár	Innheimt fé	Úthlutað úr sjóðnum	Rekstrar-gjöld
1993	79.299.364	66.080.000	402.890
1994	95.609.557	64.908.000	733.471
1995	44.397.870	53.053.500	958.334
1996	36.507.365	53.500.000	2.224.190
1997*	56.917.922	45.200.000	599.859

*Tölur fengnar úr ársreikningum sjóðsins. Endanlegt uppgjör fyrir árið 1997 liggur ekki fyrir. Þessar tölur eru birtar með fyrirvara.

2. *Hvaða reglur gilda um úthlutanir úr sjóðnum, hver setti þær reglur og hafa þær verið birtar?*

Samkvæmt lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, skal verja fé úr sjóðnum í þágu hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðherra. Þessum fyrirmælum hefur verið fylgt.

3. *Hversu mikið hefur verið úthlutað árlega úr sjóðnum, til hvaða verkefna og hversu mikið til einstakra verkefna?*

Í töflu 1 sést hve miklu hefur verið úthlutað árlega úr sjóðnum. Í töflu 2 er þessum fjárhæðum skipt niður á verkefni. Ef ekki er getið um annað eru þessi verkefni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna:

Tafla 2.

Tilefni:	1993	Tilefni:	1994	Tilefni:	1995
Rannsóknaáætlun um könnun á útbreiðslu og veiðiþoli ígulkerja	9,00	Útgáfa á riti um íslensku loðnuna	2,10	Ritun fiskveiðisögu N-Atlantshafs	1,50
Sjávarútvegslíkan	4,00	Síldarrannsóknir	7,50	Endurskipulagning á gagnagrunni	4,00
Djúpfiskaleit	20,00	Styrkur til Hafrannsóknastofnunarinnar til hlutafjárkaupa í Sæbýli	5,00	Styrkur til Hafrannsóknastofnunarinnar til hlutafjárkaupa í Máka hf.	1,50
Rannsóknir á hrygningu og þorskklaki	15,00	Ráðstefna um þorsk ásamt útgáfu ráðstefnurits	1,35	Styrkur til Hafrannsóknastofnunarinnar til hlutafjárkaupa í Fiskeldi Eyjafjarðar	25,00
Vistfræði sjógönguseiða laxa í sjó	3,00	Þorskmerkingar	5,00	Kaup á rafeindamerkjum og merkingartilr.	7,64
Tækjakaup í rs. Bjarna Sæmundsson	5,00	Kaup á tæki vegna dýrasvifsrannsókna	2,00	Leiðangur til að kanna útbreiðslu úthafskarfa	11,39
Kaup á skipavogum	5,00	Rannsóknir á hrygningu og þorskklaki	20,00	Vestfirskur skelfiskur hf., rannsókn á heilnæmi skelfisksmiða	2,02
Kaup á atómgleypnitæki	2,00	Togararall	5,00		

Tilefni:	1993	Tilefni:	1994	Tilefni:	1995
Rannsókn á fóðri lúðuseiða. Samstarfsverkefni HÍ og Lýsis hf.	3,00	Kúfisksrannsóknir	11,26		
Styrkur til tölfræðings til að sækja fund hjá ICES	0,08	Þorskmerkingar	5,40		
		Þorskur hf., tilr. á þorski í Norðfirði	0,30		

Tilefni:	1996	Tilefni:	1997
Ritun fiskveiðisögu N-Atlantshafs	1,50	Ritun fiskveiðisögu N-Atlantshafs	0,20
Rannsókn á stærð og útbreiðslu djúpkarfastofnsins utan lögsögu	20,00	Rannsóknir á hrygningu og þorskklaki	20,00
Styrkur til Hafrannsóknastofnunarinnar til hlutafjárkaupa í Fiskeldi Eyjafjarðar	25,00	Styrkur til Hafrannsóknastofnunarinnar til hlutafjárkaupa í Fiskeldi Eyjafjarðar	25,00
Styrkur til Hafrannsóknastofnunarinnar til hlutafjárkaupa í Máka hf.	2,00		
Rannsóknir á hrygningu og þorskklaki	5,00		

4. Hver tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum?

Senda þarf inn skriflegar umsóknir en endanlegar ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum eru hjá sjávarútvegsráðherra.

5. Hver er árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins og hvernig skiptist hann?

Í töflu 1 má sjá árlegan rekstrarkostnað sjóðsins. Að langmestu leyti er hér um lögfræðikostnað að ræða. Árin 1993 og 1994 er eingöngu lögfræðikostnaður, árið 1995 eru auk lögfræðikostnaðar 37.393 kr. þjónustugjöld til banka, 53.321 kr. árið 1996 og árið 1997 eru auk lögfræðikostnaðar 38.712 kr. í þjónustugjöld til banka og 132.022 kr. fjármagnstekjuskattur. Tölur fyrir árið 1997 eru birtar með fyrirvara þar sem endanlegum frágangi ársreiknings er ekki lokið. Lögfræðikostnaður er nær eingöngu vegna fjárnáms- og skiptakostnaðar.

6. Hvernig er háttað endurskoðun sjóðsins?

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna sér um bókhald sjóðsins og árlegt uppgjör hans til Ríkisbókhalds eins og hún gerir fyrir þær stofnanir sem hún sér um bókhald fyrir. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með endurskoðun sjóðsins.

7. Hversu mikið fé var í sjóðnum um síðustu áramót og hversu mikið fé er í honum nú?

Um síðustu áramót voru 31.267.864 kr. í sjóðnum. Þann 17. apríl sl. voru 61.657.506 kr. í sjóðnum.

8. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á starfsemi sjóðsins?

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar varðandi grundvallarviðfangsefni sjóðsins. Hins vegar er í undirbúningi að setja formlegar reglur um umsóknir til sjóðsins og styrkveitingar úr honum.

1264. Breytingartillögur [447. mál]

við frv. til íþróttalaga.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Svanfríði Jónasdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Við 3. gr. Á eftir orðinu „landinu“ í síðari málslið komi: stöðu jafnréttismála í íþróttum.
2. Við 4. mgr. 8. gr. bætist: m.a. með tilliti til stöðu kynja í íþróttum.

1265. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Gunnar Pálsson og Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneyti, Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti, Þorkel Helgason orkumálastjóra og Helga Torfason frá Orkustofnun, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Stefán Thors skipulagsstjóra, Jón Rögnvaldsson frá vegamálastjóra og Jakob Kristjánsson frá Iðntæknistofnun.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Náttúruvernd ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Orkustofnun, Hitaveitu Suðurnesja, Landssambandi veiðifélaga, Hitaveitu Reykjavíkur, Rannsóknarráði Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands, Félagi landfræðinga og Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skipað verði í einn lagabálk reglum um allar auðlindir í jörðu hvort sem um er að ræða í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Meginmarkmið þess er að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda í jörðu frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Í frumvarpinu er fylgt þeirri skipan sem viðurkennd hefur verið í löggjöf og réttarframkvæmd að eignarréttur á auðlindum í jörðu eignarlanda og innan netlaga í vötnum og sjó fylgi landareign. Einnig er íslenska ríkið lýst eigandi auðlinda í þjóðlendum í samræmi við samnefnt frumvarp sem nú liggur fyrir þinginu. Þá er lagt til að samræmdar reglur gildi um leit, rannsóknir, nýtingu og leyfi opinberra yfirvalda í þessum efnum. Lagt er til að iðnaðarráðherra fari með veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa en Orkustofnun verði falin stjórnsýsluverkefni á þessu sviði. Í umboði ríkisins er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að hafa frumkvæði að og láta leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu, jafnt innan sem utan eignarlanda og hvort sem landeigandi sjálfur hefur hafið slíka rannsókn eða heimilað hana öðrum nema sá aðili hafi áður fengið rannsóknarleyfi. Núgildandi námulög og orkulög hafa að geyma reglur um rannsóknir og leit sem byggjast á sama grunni, þ.e. heimild ríkisins til að

láta leita að jarðefnum og jarðhita hvar sem er á landinu. Þá er gert ráð fyrir að nýting auðlinda í jörðu sé háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða utan þeirra. Áfram verður landeiganda þó heimilt að nýta á eignarlandi sínu grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, sem og að nýta jarðhita og grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa innan tiltekinna marka. Landeigandi þarf hins vegar nýtingarleyfi frá iðnaðarráðherra til þess að nýta jarðefni, svo sem málma, jarðolíu og jarðgas, svo og jarðhita og grunnvatn yfir hinum tilteknu mörkum.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að sveitarfélög hafi forgang til nýtingarleyfa vegna grunnvatns og jarðhita innan marka sveitarfélags vegna þarfa þess og því tryggður réttur til umsagnar áður en nýtingarleyfi eru veitt. Auk þess geti iðnaðarráðherra heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu, óháð því hvort viðkomandi réttindi eru innan marka sveitarfélagsins eða ekki.

Þá er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra hafi heimild til að taka auðlindir eignarnámi ásamt öðrum réttindum sem nauðsynleg eru til að nýtingarleyfi komi að notum. Ef auðlind í eigu landeiganda er nýtt af öðrum fær hann fullt endurgjald fyrir. Sé auðlind tekin eignarnámi hefur landeigandi val um það hvort endurgjald fyrir hana verður metið sem bætur sem greiðist í einu lagi eða árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar stendur yfir.

Í frumvarpinu er jafnframt að finna ákvæði um skilyrði fyrir veitingu leyfa, vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, meðferð upplýsinga og fleira.

Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að með frumvarpi þessu er ekki á nokkurn hátt verið að hrófla við eða víkja úr vegi löggjöf og reglum á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála, hvorki að því er varðar rannsóknir eða nýtingu auðlinda, sbr. breytingartillögu við 16. gr. frumvarpsins. Frumvarpinu er þannig ekki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd eða skipulagsmálum sem tengjast rannsóknum eða nýtingu þessara auðlinda. Um þau atriði gilda ýmis lög á sviði umhverfis- og skipulagsmála og eiga þau einnig við um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessu frumvarpi. Það er jafnframt álit meiri hlutans að frumvarpið raski ekki með neinu móti heildarstefnumörkun hvað varðar alþjóðaskuldbindingar um umhverfismál og áætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun.

Þá hefur komið fram gagnrýni á að frumvarpið setji ekki ákvæði um vernd og nýtingu á sandi, vikri, grjóti o.fl. Meiri hlutinn telur að setja þurfi reglur um vernd og nýtingu þessara jarðefna en telur hins vegar ekki rétt að það verði gert með því að kveða á um að nýtingarleyfi þurfi að koma til. Réttara væri að endurskoða ákvæði laga um umhverfismat og setja lög um frágang og eftirlit með vinnslusvæðum.

Nefndin ræddi sérstaklega hvort málsmeðferðarreglur við veitingu leyfa séu nægilega skýrar samkvæmt frumvarpinu, einkum í þeim tilvikum þegar fleiri en einn aðili sækir um leyfi á sama stað. Ákvæði 17. gr. frumvarpsins kveður á um þau meginsjónarmið sem búa að baki veitingu nýtingarleyfa. Þá eru í 18. gr. tilgreind þau skilyrði sem fram þurfa að koma í leyfinu. Í 19. gr. er síðan kveðið á um heimild ráðherra til að auglýsa eftir umsóknum. Þegar þessi ákvæði eru virt með hliðsjón af almennum málsmeðferðarreglum í stjórnsýslunni, svo sem ákvæðum stjórnsýslulaga, er það álit meiri hlutans að nægilega skýrt sé kveðið á um það á hvaða grunni leyfi skuli veitt og samkvæmt hvaða sjónarmiðum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinga eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á skilgreiningu grunnvatns í því skyni að gera hana skýrari. Samkvæmt skilgreiningunni telst á sem rennur neðan jarðar til grunnvatns í þessum skilningi.

2. Lögð er til breyting á 2. mgr. 7. gr. sem fjallar um nýtingu auðlinda. Eins og málsgreinin er orðuð mætti ætla að landeigandi sem látið hefur rannsaka auðlind án rannsóknarleyfis geti krafið nýtingarleyfishafa um allan sannanlegan kostnað vegna rannsóknarinnar, einnig þann sem ekki getur nýst nýtingarleyfishafanum. Því er lagt til að landeigandi geti einungis krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna nýtanlegra rannsókna, gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra.
3. Lögð er til breyting á 10. gr. sem fjallar um jarðhita. Fram hafa komið upplýsingar um það að 5 MW séu nokkuð há mörk á nýtingu án leyfis. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun notar stærsta gróðrarstöð landsins, sem er 6.000 fermetrar, jarðhita sem jafngildir 2,8 MW. Þá hefur jafnframt komið fram að orka úr einni borholu á háhitasvæði sé óvíða meiri en 5 MW. Með hliðsjón af þessu er lagt til að mörkin verði færð niður í 3,5 MW.
4. Lögð er til breyting á 14. gr. sem fjallar um grunnvatn. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun eru 100 ltr./sek. sem mörk nýtingar án leyfis nokkuð há. Með hliðsjón af þessu er lagt til að mörkin verði færð niður í 70 ltr./sek.
5. Lögð er til breyting á 18. gr. sem fjallar um innihald rannsóknar- og nýtingarleyfa. Lagt er til að tilgreina skuli einnig form gagnaskila svo að auðvelt og hagkvæmt verði að miðla upplýsingum og gögnum.
6. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 34. gr. og fjalli um nýtingu hitakærra örvera. Brýna nauðsyn ber til að setja á næstu árum heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta. Mótun slíkrar löggjafar tekur þó nokkurn tíma. Því er hér lagt til að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um rannsóknir og nýtingu örvera á jarðhitasvæðum, en sú aðferðafræði sem frumvarpið byggir á við rannsóknir og nýtingu fellur vel að verndun þeirrar auðlindar sem í örverum felst. Hátæknivæddur líftækniiðnaður byggir tilurð sína á rannsóknum á þessum örsmáu lífverum. Lyf og efnahvatar sem notaðir eru í iðnaði eru gott dæmi um verðmætar afurðir þessa nýja atvinnuvegar. Aðalhráefni líftækniiðnaðarins eru þó ekki genin sjálf, sem efnislegir þættir lífveranna, heldur þær upplýsingar sem þau bera í sér. Hveralífverur eru ein af eftirsóttustu uppsprettum líftækniiðnaðarins fyrir hagnýt gen. Ástæðan er sú að þeir eiginleikar sem hveralífverur hafa þróað og gera þeim kleift að lifa og starfa við háan hita í harkalegu umhverfi hveranna eru þeir sömu og sóst er eftir til nota í iðnaði. Ísland sem heild er stærsta og fjölbreytilegasta hverasvæði veraldar og því sækja erlendir vísindamenn og fyrirtæki hingað til að afla efniviðar í rannsóknir sínar og fer þessi ásókn vaxandi. Markmið þeirra er að einangra hitakærar örverur eða erfðaefni úr íslenskum hverum til að finna þar verðmæt gen sem nýta má í iðnaði. Í þessu sambandi mætti kalla hverina lífnámur. Þó er ekki um námur eða auðlindir að ræða í hefðbundnum skilningi því námumaðurinn sækir aðeins nokkur lítil sýni af vatni, sandi eða hverahrúðri sem hann síðan vinnur með í rannsóknastofu og leitar að eftirsóttum genum. Hér er því um að ræða sjálfbæra og vistvæna nýtingu verðmæta sem hefur ekki í för með sér neina hættu á náttúruspjöllum. Ríó-sáttmálinn um verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sem Ísland hefur staðfest, ber það með sér að viðurkennt er að þau verðmæti sem finna má í lífríki einstakra landa tilheyri upprunalandinu og utanaðkomandi aðilum sé óheimilt að hagnýta sér slík verðmæti án samþykkis og eftirlits viðkomandi lands. Ekki hafa verið sett lög á Íslandi sem hafa beinlínis þann tilgang að tryggja markmið Ríó-sáttmálans að þessu leyti eins og gert hefur verið í sumum öðrum löndum. Hér er því lagt til að bætt verði úr brýnni þörf og rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum verði felldar undir meginefni frumvarpsins í ljósi þess að heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta skortir. Með þessu á að tryggja að aðgangur að þeim auðlindum sem fólgnar

eru í íslenskum hverum sé háður stjórn og eftirliti með sama hætti og aðgangur að öðrum auðlindum í jörðu sem frumvarpið nær til. Lagt er til að það verði á forræði iðnaðarráðherra að veita leyfi til rannsókna og nýtingar á hitakærum örverum til iðnaðarframleiðslu á sama hátt og fram kemur í III. og IV. kafla frumvarpsins. Greinin tekur fyrst og fremst til nýtingar sem felst í þeirri aðferð að fjarlægja örverur úr sínu náttúrulega umhverfi með sýnatöku sé markmiðið að einangra og eftirgera erfðaefnið og afurðir þess með framleiðslu í tilraunastofu og síðar iðnaði fyrir augum. Leyfi samkvæmt greininni skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra og þá er Náttúruvernd ríkisins ætlað að fara með eftirlit með rannsókn og nýtingu á hitakærum örverum.

7. Lögð er til viðbót við 35. gr. sem verður 36. gr. Eins og fram er komið er nauðsynlegt að vinna heildstæða löggjöf um vernd og nýtingu lífrænna verðmæta í náttúru landsins. Með ákvæði um að endurskoða skuli nýja 34. gr. frumvarpsins fyrir árið 2001 er verið að leggja áherslu á það.
8. Lögð er til breyting á fyrirsögn frumvarpsins. Ný tillaga að nafngift er talin lýsa betur tilgangi frumvarpsins og efnisinnihaldi þess þar sem það hefur að geyma ákvæði um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu og hefur þann megintilgang að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda í jörðu frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni R. Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.

1266. Breytingartillögur [359. mál]

við frv. til l. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (StG, GuðjG, ÁRÁ, SAÞ, HjÁ, PHB).

1. Við 2. gr. 6. mgr. orðist svo:
   Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „vegna rannsóknanna“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: vegna nýtanlegra rannsókna.
3. Við 10. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands.
4. Við 14. gr. Í stað orðanna „allt að 100 ltr./sek.“ Í 1. málsl. komi: allt að 70 ltr./sek.
5. Við 16. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við meðferð umsókna um leyfi og veitingu þeirra skal gætt náttúruverndarlaga, skipulags- og byggingarlaga og annarra laga sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

6. Við 18. gr. 6. tölul. orðist svo: Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa, þar með talda skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
7. Við 22. gr. Á eftir orðunum „gefi upplýsingar um“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: staðsetningu holunnar.
8. Á eftir 33. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra. Náttúruvernd ríkisins fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.
   Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.
   Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.
9. Við 35. gr. er verði 36. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Endurskoða skal ákvæði 34. gr. laganna fyrir 1. janúar 2001.
10. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

1267. Tillaga til þingsályktunar [701. mál]

um sjálfbæra orkustefnu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að undirbúa, í samvinnu við umhverfisráðherra og þingflokka, sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði

a. að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi;
b. að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda;
c. að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum.

Greinargerð.

Sjálfbær orkustefna.

Sjálfbær orkustefna er ekki markmið í sjálfu sér heldur afar mikilvægur hlekkur í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í miklu ósamræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og leiðir okkur fyrr en varir í öngstræti. Rangar áherslur í orkumálum skapa hættur fyrir umhverfi jarðar, heilbrigði og heimsfrið. Í áherslum Sameinuðu þjóðanna sem

tengjast Ríó-ferlinu er meðal annars lögð áhersla á eftirfarandi þætti til að stuðla að sjálfbærri orkustefnu:

— orkusparnað og bætta nýtingu orku á öllum sviðum, ekki síst í þróuðum ríkjum,
— umhverfisvæna orkugjafa, ekki síst endurnýjanlega orku og nýja og hreina tækni,
— orkugjöld vegna mengunar og/eða reglur er takmarki losun mengandi efna,
— afnám niðurgreiðslna til kjarnorku og hefðbundinna orkugjafa,
— að heildarkostnaður, m.a. vegna umhverfis, verði sýnilegur og hluti orkufjárfestingar,
— jöfnuð í aðgengi að orkuþjónustu og áhrif almennings á mótun orkustefnu,
— forustu ríkisstjórna og opinberra aðila í að ryðja braut fyrir sjálfbæra orkustefnu,
— áætlanir og aðgerðir þjóðríkja í þágu sjálfbærrar orkustefnu.

Orka er undirstaða efnahagsþróunar. Yfir tveir miljarðar íbúa jarðar hafa ekki aðgang að rafmagni eða öðrum nútímalegum orkukerfum. Söfnun og brennsla þverrandi eldiviðar er hlutskipti hundraða milljóna og kemur einkum í hlut kvenna. Orka er lykill að því að útrýma fátækt, en orkusóun eins og hún viðgengst í þróuðum ríkjum er ógnun við umhverfi og jöfnuð. Þar er niðurskurður í orkunotkun, bætt gæði í nýtingu orku í stað aukins framboðs og vistvænir orkugjafar mál mála.

Þingsályktunartillagan beinir athyglinni að íslenskum orkubúskap. Hér á eftir er bent á hvernig nýta megi endurnýjanlegar orkulindir markvisst til stuðnings sjálfbærri orkustefnu í stað þess að binda þær í mengandi stóriðju til langs tíma.

Magn hagnýtanlegrar orku hérlendis.

Íslendingar búa vel að endurnýjanlegum orkulindum að teknu tilliti til íbúafjölda. Hagkvæm nýtanleg vatnsorka hefur verið áætluð nema sem svarar til 30 teravattstunda ársframleiðslu rafmagns og jarðvarmi samsvarandi um 20 teravattstundum (TWh/a). Samtals eru þetta um 50 TWh/a. Nefnd hafa verið langtum hærri fræðileg gildi um heildarmagn vatnsafls og jarðvarma sem hugsanlega mætti hagnýta að einhverju leyti síðar meir. Við þetta bætist vindorka og orka sjávarfalla sem ekki er farið að nýta að neinu leyti, svo og sólarorka.

Umhverfisáhrif af orkunotkun.

Orka frá jarðefnaeldsneyti og kjarnorku veldur skaðlegri og sumpart óbætanlegri mengun. Nægir þar að minna á gróðurhúsaáhrifin frá brennslu jarðefnaeldsneytis og geislavirkan úrgang frá kjarnorkuverum. Endurnýjanlegum orkulindum fylgja að þessu leyti afar miklir kostir þar eð nýting þeirra fellur að náttúrulegum ferlum. Hagnýting vatnsafls og jarðvarma hefur hins vegar í för með sér annars konar inngrip í umhverfið. Vatnsaflsvirkjunum fylgja oft stór miðlunarlón, breyting á rennsli vatnsfalla og lífsskilyrðum ofan og neðan stíflumannvirkja, svo og skerðing á fossum og framburði, ekki síst frá jökulám. Áhrifa af beislun vatnsafls gætir þannig frá upptökum til ósa í viðkomandi vatnsföllum og á strandlengju og hafið úti fyrir. Jarðvarmavirkjanir hafa mikil staðbundin áhrif, að jafnaði afar mikil á viðkomandi jarðhitasvæði; þeim fylgir oftast brotthvarf hveravirkni á yfirborði, sjónræn áhrif af mannvirkjum og oft mikið jarðrask. Við þetta bætist jarðrask og sjónræn áhrif annarra raforkuvirkja, ekki síst háspennulína og spennistöðva. Áhrif af háspennulínum geta verið víðtæk, ekki síst í opnu landslagi eins og hér og slóðagerð og vegalagning sem þeim fylgir geta haft óæskileg áhrif á umferð.

Aðeins um 25 teravattstundir til hagnýtingar?

Hagnýtingu vatnsafls og jarðvarma eru augljós takmörk sett ef taka á tillit til landnotkunar og náttúruverndar. Af umhverfisástæðum er óhjákvæmilegt út frá varúðarsjónarmiði að draga

frá umtalsverðan hluta þessara auðlinda þegar áætlað er það heildarmagn endurnýjanlegrar orku sem til ráðstöfunar getur orðið í framtíðinni. Ítarleg úttekt þarf að fara fram á því við hvað skuli miða í slíkum áætlunum. Eðli málsins samkvæmt er þar um umhverfis- og skipulagsmál að ræða og meta þarf fjölþætta hagsmuni áður en ákvarðanir eru teknar. Almenningur þarf að eiga greiðan aðgang að umræðu um allt það ferli á mótunarstigi.

Að mati flutningsmanns væri rétt að gera ráð fyrir því fyrst um sinn að ekki verði meira en helmingur af því sem nú er talin hagnýtanleg orka frá vatnsafli og jarðvarma í reynd til ráðstöfunar í framtíðinni vegna hlífðar við umhverfi og af tilliti til annarrar landnotkunar. Fyrir um tveimur áratugum nefndu menn um þriðjung orkunnar í þessu samhengi en síðan hafa umhverfissjónarmið styrkst og margháttaðir aðrir hagsmunir, meðal annars vegna ferðaþjónustu, komið til sögunnar í auknum mæli. Sé miðað við að samanlögð hagnýtanleg orka vatnsafls og jarðvarma til raforkuframleiðslu nemi 50 teravattstundum og aðeins helmingur verði í raun til ráðstöfunar standa eftir 25 teravattstundir til ráðstöfunar.

Núverandi raforkunotkun, spá til 2025 og hugmyndir um stóriðju.

Íslendingar nota nú þegar mikið magn raforku miðað við íbúafjölda að ekki sé talað um heildarorkunotkun sem er sexföld meðalnotkun annarra jarðarbúa. Heildarársframleiðsla raforku hérlendis á árinu 1997 var um 5,6 teravattstundir, þar af 5,2 framleiddar með vatnsafli og 0,375 með jarðhita. Um 3 TWh fóru til stóriðju og 2,6 TWh til almennrar notkunar. Þessi ársframleiðsla svarar til að búið sé að virkja til raforkuframleiðslu rösklega 20% af þeim 25 teravattstundum sem samkvæmt framangreindu er eðlilegt að miða við að séu til ráðstöfunar en röskan þriðjung sé eingöngu miðað við hagkvæmt nýtanlegt vatnsafl. Þegar svona er litið á málið blasir við allt önnur mynd en algengast er að dregin sé upp í umræðu um orkumál og orkunýtingu hérlendis.

Samkvæmt opinberri raforkuspá 1997–2025 (orkuspárnefnd, OS-97059) er gert ráð fyrir að ársframleiðsla til nú umsamins stóriðnaðar og til að mæta aukinni eftirspurn almenns raforkumarkaðar feli í sér að á tímabilinu 1996–2005 muni almenn notkun forgangsorku aukast um 23% og um 82% alls fram til 2025. Notkun ótryggðrar orku minnki hins vegar dálítið á sama tímabili eða úr 1,2 TWh í tæplega 1 TWh. Samkvæmt þessu næmi raforkunotkun árið 2025 að óbreyttum samningum um stóriðju um 9, 4 TWh og væri þannig farin að nálgast 10 TWh í lok spátímans. Eins og rakið hefur verið er í tölum orkuspárnefndar er af nefndinni ekki áætlað fyrir neinni viðbótarsölu til orkufreks iðnaðar umfram þegar frágengna samninga í árslok 1997. Innifalin í tölum nefndarinnar er stækkun Járnblendiverksmiðjunnar um einn ofn og að orkusala til Áburðarverksmiðjunnar falli niður í lok árs 1998.

Í starfsleyfum Norðuráls hf. og ÍSAL hf. er gert ráð fyrir aukningu álframleiðslu hjá þessum fyrirtækjum sem nemur 120 + 40 þúsund tonna ársframleiðslu, en til slíkrar framleiðslu þyrfti hátt í 3 TWh. Umtöluð magnesíumverksmiðja á Reykjanesi með 50 þúsund tonna ársframleiðslu þyrfti raforku sem nemur 1 TWh/a. Samanlagt fælist því í stækkun eða byggingu þessara verksmiðja viðbótarsala sem samanlagt nemur 4 TWh. Þá má geta þess að umrædd risaálbræðsla á vegum Norsk Hydro með allt að 700 þúsund tonna ársframleiðslu tæki til sín raforku sem nemur um 10 TWh eða jafnmikið og það magn raforku sem orkuspárnefnd gerir ráð fyrir að notað verði á landinu í heild árið 2025!

Innlend raforka í stað innflutts eldsneytis.

Orkustofnun hefur að beiðni flutningsmanns reiknað út orkuinnihald þess jarðefnaeldsneytis sem flutt var til landsins árið 1996 (sjá fylgiskjal I). Magn þess var í heild tæp 853 þúsund tonn og heildarorka 36 PJ (PetaJoule), en það svarar til 10 teravattstunda. Til að fá sama

orkuinnihald úr vetni þarf 298 þúsund tonn vetnis, en til framleiðslu þess með raforku þyrfti 18,8 teravattstundir. *Heildarorkunotkun landsmanna árið 1996, umreiknuð í raforku, nam samkvæmt þessu 18,8 + 5,1 = 23,9 teravattstundum.* Ef frá er dregið það jarðefnaeldsneyti sem keypt er erlendis fyrir millilandasamgöngur, en það nam 8,0 PJ árið 1996, stæðu eftir 14,7 TWh + 5,1 = 19,8 TWh.

Orkustofnun bendir á að sé vetni notað í efnarafölum en ekki brennt í hefðbundnum brennsluvélum fæst tvöfalt meiri nýtni og þannig þyrfti aðeins um 9,4 TWh af raforku á ári til að framleiða það vetni sem þarf í stað allrar innfluttrar orku.

Mismunandi leiðir til vistvænna orkugjafa.

Fullvíst má telja að mismunandi leiðir verði farnar til að nýta innlenda orku í stað jarðefnaeldsneytis í samgöngum, fiskveiðum og iðnaði. Í sumum tilvikum verði um bein umskipti úr eldsneyti í raforku að ræða líkt og gert hefur verið í nokkrum fiskimjölsverksmiðjum. Rafbílar knúnir rafmagni frá rafhlöðum leysi bensínbíla af hólmi og jafnhliða eða síðar komi til sögunnar bílar knúnir vetni eða öðru vistvænu eldsneyti í formi metanóls, etanóls og ammóníaks. Hliðstæð þróun gæti átt sér stað með fiskveiðiflotann þótt hætt sé við að tækniþróun gangi þar hægar fyrir sig. Rafknúnir sporvagnar eða raflestir kunna að bjóða upp á hagkvæmar lausnir í vissum tilvikum. *Tæknilegt form umskiptanna skiptir ekki máli um það markmið sem hér er til umræðu: Að vistvæn innlend orka leysi innflutt jarðefnaeldsneyti af hólmi.*

Orkuspárnefnd miðar í sínum forsendum við að rafbílar fari að ná fótfestu hér árið 2005 og að þeir verði 10% nýrra fólksbíla við lok spátímabilsins árið 2025. Svarar það til 50 gígavattstunda raforkunotkunar á ári.

Á hefðbundinn mælikvarða skiptir þróun heimsmarkaðsverðs á olíu mestu um hagkvæmni þess að skipta yfir í aðra orkugjafa. Nýjar viðmiðanir munu fyrirsjáanlega hafa áhrif á þá þróun, ekki síst losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðefnaeldsneyti og alþjóðleg viðleitni til að draga úr slíkri mengun.

Innlendar rannsóknir og þróun.

Brýnt er að Íslendingar ekki aðeins fylgist með tæknilegum möguleikum og þróun á þessu sviði, heldur gerist þar beinir þátttakendur og helst brautryðjendur að einhverju leyti. Á það gæti reynt ekki síst í sambandi við þróun vélbúnaðar í skip sem nýttu vistvæna orku. Á þessu sviði er um að ræða stórt verkefni í rannsóknum og þróun. Þegar hefur verið unnið merkilegt brautryðjendastarf hérlendis, ekki síst á vegum Braga Árnasonar prófessors við Háskóla Íslands, og einstök fyrirtæki hafa þegar lagt nokkuð af mörkum við að kanna möguleika á notkun innlendrar orku í stað innfluttrar.

Eðilegt er að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, hafi forgöngu á þessu sviði, bæði við að örva rannsóknir en einnig með því að taka í notkun á sínum vegum nýja tækni og tæki, með framsýnu skipulagi og með orkusparnaði.

Hugsanleg staða eftir aldarfjórðung.

Samkvæmt varfærinni hugmynd um þróun næstu áratuga, þar sem stefnt væri að því að innlend orka leysti smám saman innflutta af hólmi, gæti niðurstaðan að aldarfjórðungi liðnum litið þannig út yrði ekki aukið við hefðbundinn orkufrekan iðnað:

Innlend raforkunotkun árið 2025, hugsanleg staða:

Raforkunotkun skv. spá orkuspárnefndar (stóriðjunotkun sama og 1997)	9,4	teravattstundir
Raforka í stað 50% innflutts eldsneytis (olíu) (miðað við notkun 1996)	9,4	teravattstundir
Raforkunotkun alls	18,8	teravattstundir/ári

Sé horft lengra fram í tímann og gert ráð fyrir að þjóðin nýti að mestu eigin orkulindir til að fullnægja orkuþörf sinni og raforka komi beint eða óbeint í stað innfluttrar olíu gæti dæmið litið þannig út um miðja næstu öld:

Innlend raforkunotkun árið 2050, hugsanleg staða:

Raforkunotkun miðað við 2% árlegan vöxt (stóriðjunotkun sama og 1997)	11,3	teravattstundir
Raforka komi að fullu í stað innflutts eldsneytis (miðað við notkun 1996)	18,8	teravattstundir
Raforkunotkun alls	30,1	teravattstund/ári

Úr þessum tölum má lesa að sé gert ráð fyrir að innlend orka komi í stað innfluttrar olíu á næstu 50 árum og að almennur raforkumarkaður vaxi um 2% á ári muni Íslendingar á þessu skeiði fara langt með að hagnýta sér mikinn hluta innlends vatnsafls og jarðvarma og þá þegar vera farnir að ganga allnærri náttúru landsins.

Af þessu má draga þá ályktun að óráð sé að auka við hefðbundinn orkufrekan iðnað í landinu frá því sem nú er til að þjóðin hafi svigrúm til að nýta sem mest innlendar orkuauðlindir í stað innfluttrar olíu og gæta um leið náttúruverndarhagsmuna.

Kyoto-samkomulagið og sjálfbær orkustefna.

Með Kyoto-bókuninni 12. desember 1997 við samninginn um loftslagsbreytingar féllust 39 þróuð ríki, svonefnd Annex I-ríki, á lagalega skuldbindandi samkomulag um að draga úr losun svonefndra gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2010 um að meðaltali 5,2% miðað við losun árið 1990 sem grunn og að taka upp samninga um næstu skref í niðurskurði árið 2005. Ísland fékk sem kunnugt er andstætt öðrum ríkjum heimild til að auka losun, meira en nokkurt annað þróað ríki, um 10% frá viðmiðunarárinu 1990.

Að tveimur árum liðnum, aldamótaárið 2000, stefnir í að losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa á Íslandi fari 16% fram yfir það sem var á viðmiðunarárinu 1990. Þá værum við komnir 6% fram yfir úthlutunina samkvæmt Kyoto-bókuninni. Útreikningar og losunarspá unnin á vegum stjórnvalda bendir til að árið 2010 fari losunin að óbreyttu 26% fram úr mörkum viðmiðunarársins, þ.e. 16% fram úr heimildum frá Kyoto-ráðstefnunni.

Það sem meiri tíðindum sætir en þessar horfur er að íslensk stjórnvöld vinna nú að því öllum árum að Ísland fái enn aukið svigrúm og verði jafnvel undanþegið takmörkunum þegar stóriðja á í hlut. Rökin fyrir slíkri kröfu eru að hér sé gnótt endurnýjanlegrar orku og einstakar orkufrekar framkvæmdir vegi þungt í losun í fámennu landi. Jafnframt er því haldið fram að Íslendingar losi minna en aðrir og hafi litla möguleika á að draga saman losun vegna aðgerða við húshitun fyrir nær tveimur áratugum. Þetta eru ýmist röng eða léttvæg rök.

Stóriðja og sjálfbær orkustefna eiga ekki samleið.

Magn endurnýjanlegra orkulinda hérlendis er aðeins dropi í hafið á heimsvísu og við erum í fremstu röð ríkja heims að því er varðar almenn lífskjör. Eins og rakið hefur verið hér á undan hafa Íslendingar fulla þörf fyrir að nýta takmarkaðar orkulindir landsins í þágu sjálfbærrar þróunar hérlendis. Áframhaldandi orkusala til stóriðju skerðir möguleika landsmanna til að slíkrar þróunar og þrengir um leið svigrúm til að vernda náttúru og umhverfi. Losun gróðurhúsalofttegunda á mann hérlendis er um það bil hin sama og meðaltal á íbúa í Evrópusambandinu og stefnir í að fara langt fram úr því ef áform stjórnvalda um stóriðju ganga eftir.

Íslendingar hafa mikla möguleika á að draga saman í losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og áratugum með samræmdum aðgerðum enda verði hér fylgt sjálfbærri orkustefnu. Við eigum að hagnýta okkur þá jákvæðu sérstöðu sem felst í ríkulegum, endurnýjanlegum orkulindum miðað við íbúafjölda en gæta þess jafnframt að ganga ekki óhæfilega að þeim verðmætum sem fólgin eru í náttúru landsins. Á báðum þessum sviðum höfum við skyldur að rækja samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum.

Ný hugsun — ný málstök.

Íslendingar eiga eins og aðrar þjóðir að leggja sitt af mörkum til að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í þeim efnum á heimsbyggðin gífurlegt verkefni fyrir höndum og samkomulagið í Kyoto var aðeins fyrsta skrefið af mörgum sem á eftir þurfa að fylgja. Þótt óvissa sé um umfang og hraða þeirra loftslagsbreytinga sem verða af mannavöldum má hér engu hætta til. Ísland er á krossgötum hafstrauma og loftstrauma í Norður-Atlantshafi og umhverfi okkar getur því verið sérstaklega viðkvæmt fyrir röskun.

Viðfangsefnið sem fram undan er kallar á nýja hugsun og ný málstök á öllum sviðum atvinnulífs, skipulags, framleiðslu- og neysluvenja og umgengni við orku í atvinnulífi, samgöngum og á heimilum. Allir þurfa að leggjast á eitt að draga úr þarflausri orkunotkun, að ekki sé talað um sóun. Þetta á auðvitað sérstaklega við þegar um jarðefnaeldsneyti er að ræða en endurnýjanlegar orkulindir eru einnig takmörkuð gæði sem valda umhverfisröskun og beislun þeirra kostar mikla fjármuni og álag á umhverfisröskun.

Þess er vissulega að vænta að með margháttuðum tækninýjungum og endurbótum tækja og orkukerfa megi ná fram verulegum orkusparnaði og þannig hjálpi markaðurinn til. Það leysir hins vegar ekki stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, undan því að marka skýra stefnu og framfylgja henni.

Orkufrekur iðnaður verði settur í biðstöðu.

Tillagan gerir ráð fyrir að ekki verði ráðist í nýjan orkufrekan iðnað á meðan unnið er að þeirri stefnumótun sem tillagan gerir ráð fyrir og fyrst að því búnu verði metið hvort eða hversu mikið svigrúm kann að vera til að ráðstafa orku til slíks iðnaðar. Iðnaður sem bætir í umtalsverðum mæli við losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis samrýmist engan veginn alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar þurfa að taka á sig vegna loftslagssamninganna. Þjóð okkar á hvorki heimtingu á né getur gert ráð fyrir að fá til lengdar sérmeðferð í samfélagi þjóðanna. Öðru máli gegnir um orkuiðnað sem miðaði að því að leysa af hólmi innflutta orku, til dæmis með framleiðslu vistvæns eldsneytis.

Samningar um orkufrekan iðnað sem gerðir hafa verið að undanförnu, nú síðast um stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga, gera Íslendingum þegar afar erfitt fyrir að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar, hvað þá ef gengið yrði lengra í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Þess utan er fyrirsjáanlegt að ekki fer saman að ráðstafa frekar en orðið er takmörkuðum orkuforða landsins til orkufreks iðnaðar og að innlend orka taki við af innfluttu

jarðefnaeldsneyti á fyrri hluta komandi aldar. Teljandi viðbót við orkufrekan iðnað frá því sem nú er gengur augljóslega gegn þeirri hlíf við náttúru landsins sem víðtækur stuðningur er við meðal almennings og brýn nauðsyn er að tryggja í sessi vegna framtíðarhagsmuna. Óröskuð náttúra verður sífellt verðmætari auðlind á alþjóðavísu.

Þau áform sem stjórnvöld eiga nú hlutdeild að með útlendingum geta beinlínis reynst háskaleg fyrir sjálfbæra þróun á Íslandi og þrengt á óviðunandi hátt svigrúm annars atvinnulífs og komandi kynslóða í landinu. Viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði veldur því að minna svigrúm verður í öðrum atvinnugreinum, einkum í sjávarútvegi, og meira þarf að skera þar niður í losun til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar. Fyrir utan mengun frá orkufrekum iðnaði og önnur áhrif á náttúru landsins og umhverfi er verið að bjóða hagkvæmasta hlutann af orkulindum landsins á undirverði, að ekki sé talað um ef allur kostnaður að meðtalinni röskun á náttúrufari væri tekinn með í reikninginn.

Áform, sem nú er unnið að í orkufrekum iðnaði og ráðgert er að hrinda í framkvæmd á næstu tíu árum, nema meira en 10 teravattstundum í raforku samkvæmt upplýsingum stjórnvalda. Þar eru stærstar í sniðum hugmyndir um álbræðslu á vegum Norsk Hydro með allt að 720 þúsund tonna ársframleiðslu. Slík verksmiðja mundi ein og sér þurfa um 10 teravattstundir á ári og eru þá margar aðrar fjárfestingar sem rætt er um í orkufrekum iðnaði ekki meðtaldar.

Auðsætt ætti að vera að skynsamlegt er að leggja öll áform um nýjan orkufrekan iðnað til hliðar á meðan mótuð er sjálfbær orkustefna til framtíðar og ljóst er hvaða skuldbindingar Íslendingar þurfa að taka á sig í næsta áfanga loftslagssamninga. Samningaviðræður þar að lútandi hefjast samkvæmt áætlun árið 2005.

Sá orkuiðnaður sem skipt gæti sköpun hér í framtíðinni sem liður í sjálfbærri orkustefnu er framleiðsla vetnis eða annarra vistvænna orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Fyrir slíkum framtíðarkostum þarf að hugsa og hafa til reiðu nægilegt svigrúm þegar þar að kemur.

EES-samningurinn og raforkutilskipun ESB.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var Íslendingum gert að lögfesta hér sama rétt einstaklinga og lögaðila á öllu EES-svæðinu og Íslendingar höfðu búið að einir fram að því til að eignast virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Sama gilti um kaup á fasteignum og orkunýtingu þeim tengda. Var lögum þar að lútandi breytt á 120. löggjafarþingi 1996. Í krafti þessara samningsákvæða geta útlendingar nú eignast virkjunarréttindi og landareignir sem hafa að geyma jarðvarma hér á landi. Þessi ákvæði geta eins og önnur hliðstæð orðið afar varhugaverð fyrir íslenska hagsmuni og eru eitt af mörgu sem bent var á af andstæðingum EES-samningsins.

Þegar samningaviðræður stóðu yfir um EES-samninginn 1989–1991 var látið að því liggja af hálfu íslenskra stjórnvalda að ákvæði um orkumál lægju að mestu utan samningssviðsins og lítið hefði reynt á samræmingu í orkumálum innan Evrópusambandsins. Annað kom á daginn því að á árinu 1992 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir rafmagn og jarðefnaeldsneyti (olíu og gas). Miðuðu þær að því að stórauka frelsi í viðskiptum með rafmagn og jarðefnaeldsneyti. Sem lokaskrefi var svo gert ráð fyrir að öllum raforkunotendum yrði gert kleift að semja beint við raforkuframleiðendur.

Báðar þessar tillögur mættu pólitískri andstöðu af hálfu ýmissa ríkisstjórna í aðildarlöndum og innan Evrópuþingsins en þær voru byggðar á grein 235 í Rómarsamningnum sem til þessa veitir einstökum ríkjum neitunarvald gagnvart tilskipunum. Svo fór að tilskipunin um jarðefnaeldsneyti var samþykkt árið 1995, einnig af Noregi sem EES-ríki. Mikil andstaða var í Noregi við málið en ríkisstjórn norska verkamannaflokksins og aðrir flokkar sem studdu á

sínum tíma aðild Noregs að ESB kusu að fallast á hana fremur en hafna henni og hafa hana yfirvofandi næst þegar reynt verður að koma Noregi inn í Evrópusambandið. Til að auðvelda þetta var í sameiginlegu EES-nefndinni gefin út yfirlýsing þess efnis að ríki hafi fullveldi yfir olíulindum, ríkisfyrirtækjum væri heimil þátttaka í vinnslu olíu og ríki hefðu rétt til að stýra nýtingu auðlindarinnar og leggja á skatta.

Framkvæmdastjórn ESB lagði í ársbyrjun 1994 fram nýja útgáfu að tilskipun um innri markað með raforku. Þar er hægar farið í sakirnar en í hinni fyrri og náðist á grundvelli hennar samkomulag í ráðherraráði ESB og samþykki meiri hluta á Evrópuþingi sem leiddi til þess að tilskipunin tók gildi innan ESB 19. desember 1996. Í henni felst m.a. að einkaréttur starfandi orkufyrirtækja er afnuminn og aðskilja á vinnslu, flutning og dreifingu (sölu) raforku, svo og samkomulag um aðgang þriðja aðila að flutningskerfum gegn endurgjaldi samkvæmt nánari reglum.

Tilskipun þessi (96/92/EC), byggð á grein 100a í stofnskrá ESB, er túlkuð svo að hún falli undir EES-samninginn þar eð orka sé hluti af vöruhugtakinu samkvæmt samningnum. Því hefur tilskipunin nú verið lögð fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Noregur hafði áður gert umdeildar breytingar á sinni löggjöf mjög í anda ákvæða ESB-tilskipunarinnar og af norskri hálfu er því ekki að vænta andstöðu við yfirtöku hennar. Ísland gerði í sameiginlegu EFTA-nefndinni ýmsa fyrirvara við tilskipunina og endanleg afstaða íslenskra stjórnvalda til hennar hafði ekki komið fram í sameiginlegu EES-nefndinni þá síðast fréttist.

Sérstaða Íslendinga í raforkumálum er slík að óeðlilegt er að tilskipun ESB um innri markað með raforku taki gildi hér á landi. Nægir í því sambandi að benda á smæð og einangrun íslenska raforkumarkaðarins og þá staðreynd að raforka er hér nær eingöngu framleidd með endurnýjanlegri orku. Eitt opinbert fyrirtæki er hér ráðandi í raforkuframleiðslu og aðgerðir til að byggja upp samkeppnismarkað í framleiðslu raforku ekki líklegar til að skila ávinningi. Samkeppni getur jafnframt torveldað eða útilokað viðleitni til jöfnunar raforkuverðs. Óháð tilskipunum ESB geta Íslendingar að sjálfsögðu gert þær breytingar á eigin löggjöf og fyrirkomulagi framleiðslu og dreifingu raforku sem ástæða þykir til og hagfellt, til dæmis skilið á milli framleiðslu og flutnings raforku um stofnlínur, eflt fyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins sem framleiðanda raforku og greint á milli raforkusölu til stóriðju og almenns markaðar. Aðalatriðið er þó að á meðan unnið er að mótun sjálfbærrar orkustefnu er óæskilegt að lögleiða hér skipan sem virkað getur sem hindrun í vegi æskilegs fyrirkomulags í raforkumálum til lengri tíma litið. Í ljósi þessa gerir tillagan ráð fyrir að Ísland gerist ekki, að minnsta kosti fyrst um sinn á meðan stefna um sjálfbæra orkustefnu er í mótun, aðili að tilskipun Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku.

Fylgiskjal.

Eldsneytisnotkun Íslendinga 1996.
(Minnisblað frá Orkustofnun, 13. febrúar 1998.)

Eldsneytisnotkun Íslendinga 1996 innan lands og í millilandasamgöngum.

Eldsneyti	Magn (tonn)	Orkuinnihald (MJ/kg)	Heildarorka (PJ)
Bensín	137.827	42,9	5,9
Flugvélabensín	1.519	43,0	0,07
Þotueldsneyti	126.467 (117.367)	42,8	5,4 (5,0)
Steinolía	198	42,8	0,01
Gasolía	341.679 (14.597)	42,3	14,5 (0,6)
Svartolía	179.431 (57.500)	41,3	7,4 (2,4)
Gas	1.514	48,4	0,07
Kol	91.276	28,8	2,6
Samtals	852.911		36,0 (-8,0 = 28,0)

Gögnin eru fengin úr handriti af Orkumálum og Eldsneytisspá 1995–2005, OS-95036/OBD-01, 1995. Tölur innan sviga sýna orku keypta erlendis fyrir millilandasamgöngur.

36,0 PJ af orku samsvarar 10,0 TWh.

28,0 PJ af orku samsvarar 7,8 TWh.

Heildarraforkuframleiðsla Íslendinga árið 1996 var 5,1 TWh.

Til að fá sama orkuinnihald úr vetni og öllu eldsneyti sem notað er af Íslendingum, innan lands og í millilandasamgöngum, þarf **298.000 tonn af vetni**, en orkuinnihald þess er 120 MJ/kg. Til að fá sama orkuinnihald úr vetni og öllu innfluttu eldsneyti keyptu á Íslandi sem Íslendingar nota þarf 232.000 tonn af vetni.

Til að framleiða 1 kg af vetni með rafgreiningu og þétta það, þ.e. breyta því í fljótandi vetni, þarf um 63 kWh af raforku eða:

18,8 TWh til að framleiða 298.000 tonn af vetni,

en 14,7 TWh til að framleiða 232.000 tonn af vetni.

Hins vegar ber að hafa það í huga að ef vetni er notað í efnarafölum en ekki brennt í hefðbundnum brennsluvélum fæst um tvöfalt meiri nýtni og því þyrfti um **9,4 TWh af raforku á ári** til að framleiða það vetni sem þarf í stað allrar innfluttrar orku sem Íslendingar nota hér og fyrir millilandasamgöngur, en rúmlega 7 TWh ef millilandasamgöngum er sleppt.

Til viðbótar þessu eldsneyti voru flutt inn tæplega 80.000 tonn af eldsneyti sem selt var útlendingum á skip og flugvélar. Þetta samsvarar um 3,4 PJ eða tæplega 1 TWh.

1268. Nefndarálit [568. mál]

um till. til þál. um staðfestingu þriggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins.

Ákvörðun um stækkun Norður-Atlantshafsbandalagsins, NATO, hefur átt sér langan aðdraganda og utanríkismálanefnd hefur fjallað ítarlega um málið. Þá hefur Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins fjallað um málið innan Norður-Atlantshafsþingsins (NAA), þingmannasamtaka aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að staðfestir verði þrír viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn sem er að stofni til frá árinu 1949. Á grundvelli 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, sem oft er kenndur við Washington, geta aðildarríki samþykkt samhljóða að bjóða öðrum Evrópuríkjum aðild að bandalaginu, enda stuðli hún að framgangi meginreglna samningsins og eflingu öryggis á því svæði sem hann nær til. Til þess að viðbótarsamningarnir öðlist gildi þurfa öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins að staðfesta þá.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn var í Madríd 8.–9. júlí 1997, voru teknar stefnumarkandi ákvarðanir um aðlögun bandalagsins að nýjum aðstæðum í öryggis- og varnarmálum Evrópu og um þróun bandalagsins í upphafi nýrrar aldar. Lúta þær ákvarðanir að innri skipulagningu bandalagsins en einnig var tekin ákvörðun um að bjóða þremur ríkjum, lýðveldunum Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi, aðild að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Á ráðherrafundi bandalagsins, sem haldinn var í Brussel 16. desember 1997, voru viðbótarsamningar um aðild ríkjanna þriggja undirritaðir. Samkvæmt yfirlýsingu leiðtogafundarins í Madríd er stefnt að því að fullgildingu samninganna verði lokið fyrir apríl 1999 þannig að aðild ríkjanna geti formlega tekið gildi á fimmtíu ára afmæli Atlantshafsbandalagsins sem minnst verður þá.

Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa á undanförnum árum aukið mjög samstarf við önnur lýðræðisríki í Evrópu í varnar- og öryggismálum. Leiðtogar ríkja Atlantshafsbandalagsins ákváðu á fundinum í Madríd að efla þetta samstarf enn frekar með styrkingu Félagsskapar í þágu friðar eða Friðarsamstarfsins (PfP) og stofnun Evró-Atlantshafssamvinnuráðsins (EAPC) en 43 ríki eiga aðild að því. Þá var í Madríd undirritaður samstarfssamningur við Úkraínu og leiðtogar Atlantshafsbandalagsins lýstu því enn fremur yfir á fundinum í Madríd að hinar svonefndu Miðjarðarhafsviðræður, við sex ríki fyrir botni Miðjarðarhafs og í Norður-Afríku, yrðu efldar. Fyrir fundinn í Madríd, þann 27. maí 1997, var undirritaður samstarfssamningur um Samstarfsráð Atlantshafsbandalagsins og Rússlands (PJC).

Í yfirlýsingu leiðtogafundarins í Madríd er ítrekað að Atlantshafsbandalagið sé opið fyrir nýjum aðildarríkjum í samræmi við ákvæði 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins. Þar er tekið fram að engin aðildarumsókn lýðræðisríkis í Evrópu, sem uppfyllir aðildarskilyrði, verði undanskilin skoðun en þess enn fremur getið að stækkunarferli bandalagsins eigi að verða til að jafnvægi náist í öryggismálum með tilliti til öryggishagsmuna samstarfsaðila.

Utanríkismálanefnd hefur haldið reglulega fundi með utanríkisráðherra og embættismönnum utanríkisráðuneytisins um stækkun Atlantshafsbandalagsins og alls hafa átta fundir verið haldnir á þessu löggjafarþingi og því síðasta. Þá hefur nefndin á síðustu tveimur árum hitt fjölda erlendra gesta og hefur fyrirhuguð stækkun bandalagsins verið rædd ítarlega við þá sem málið varðar. Þannig átti nefndin mikilvægan fund með Javier Solana, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins 15. febrúar 1996. Einnig hefur nefndin rætt málið við, meðal annarra, Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, Vytautas Landsbergis, forseta litáíska þingsins, Valdis Birkavs, utanríkisráðherra Lettlands, Zoran Thaler, utanríkisráðherra Slóveníu, Toomas Hendrik Ilves, utanríkisráðherra Eistlands, José Cutileiro, framkvæmdastjóra Vestur-Evrópusambandsins, Klaus Naumann hershöfðingja, formann hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, Wesley K. Clark hershöfðingja, yfirmann sameiginlegs herafla Atlantshafsbandalagsins, Carol van Voorst frá bandaríska utanríkisráðuneytinu, bresku þingmennina sir Timothy Sainsbury, James Cran, sir Roger Sims, David Young, Mildred Gordon og Mike Watson, tékknesku þingmennina Vilém Holáň, Pavel Bratinka, Václav Nájemník, Petr Šulák, Jaroslav Bašta, Michael Žantovský og Vítězslav Matuška og frönsku þingmennina Georges Colombier, Gérard Jeffray, Roland Nungesser og Rémy Auchedé. Málið hefur einnig borið á góma á reglulegum fundum utanríkismálanefndar með sendinefnd Evrópuþingsins.

Loks heimsótti utanríkismálanefnd, dagana 16.–19. júlí 1997, höfuðstöðvar Atlantshafsherstjórnar Atlantshafsbandalagsins og Atlantshafsherstjórnar Bandaríkjahers í Norfolk í Virginíufylki og átti þar fundi með John J. Sheehan hershöfðingja, sem þá fór með yfirstjórn beggja herstjórnanna, og samstarfsmönnum hans. Á þeim fundum var hugsanleg stækkun bandalagsins rædd ítarlega. Auk nefndarmanna og ritara nefndarinnar tók Þórður Ægir Óskarsson, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, þátt í ferðinni.

Ljóst er að flest Evrópuríki líta á Norður-Atlantshafsbandalagið sem þann grunn sem varnar- og öryggissamstarf í Evrópu byggist á. Minna má á að Atlantshafsbandalagið hefur gegnt lykilhlutverki í að koma á friði í Bosníu og hafa Íslendingar sem eitt af aðildarríkjum bandalagsins lagt sitt af mörkum í því verkefni.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 15. apríl 1998.

Geir H. Haarde, form.	Tómas Ingi Olrich, frsm.	Össur Skarphéðinsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Árni R. Árnason.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.		Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1269. Nefndarálit [465. mál]

um till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Bændasamtökum Íslands, Skotveiðifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skipulagsstofnun, Landvernd, Lögmannafélagi Íslands, félagsmálaráðuneytinu, sjávarútvegsráðuneytinu, Náttúruvernd ríkisins, Landgræðslu ríkisins, iðnaðarráðuneytinu, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Ferðamálaráði, Orkustofnun, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Náttúruverndarráði.

Í tillögunni er lagt til að kosin verði níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign. Nefndinni er ætlað að skilgreina þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Þá er nefndinni ætlað að kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „neðan við 100 m dýpi“ í 1. málsl. 1. mgr. tillögugreinarinnar falli brott.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Tómas Ingi Olrich.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.	Kristján Pálsson.

1270. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Thors frá dómsmálaráðuneyti, Þórhildi Líndal, umboðsmann barna, Elsu Þorkelsdóttur frá Jafnréttisráði og Jóhann Jóhannsson frá Útlendingaeftirlitinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Þannig er lagt til að dómsmálaráðherra geti veitt þeim útlendingum, sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt og uppfylla nánar tiltekin skilyrði, ríkisborgararétt án þess að umsóknin fari fyrir Alþingi. Þá er lagt til í frumvarpinu að íslenskur karlmaður sem eignast barn með erlendri konu veiti barninu íslenskan ríkisborgararétt að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Einnig er lögð til breyting á reglum um það hvernig ættleitt barn öðlast íslenskan ríkisborgararétt og um að útlendingur sem haft hefur íslenskan ríkisborgararétt en tekið erlent ríkisfang geti öðlast

íslenskt ríkisfang að nýju án þess að afsala sér hinu erlenda ríkisfangi. Þá er lagt til að íslenskur ríkisborgari sem fæddur er erlendis og hefur ekki haft tengsl við landið missi ekki íslenskt ríkisfang við 22 ára aldur ef hann verður við það ríkisfangslaus. Loks er lagt til með ákvæði til bráðabirgða að endurvakin verði heimild til handa íslenskum konum sem eiga eða áttu erlenda eiginmenn til að gefa yfirlýsingu um að börn þeirra sem fædd voru fyrir lagabreytinguna árið 1982 skuli fá íslenskan ríkisborgararétt.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með nokkrum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Á 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting þess efnis að ef barn hefur náð 12 ára aldri skuli faðir þess hafa samráð við það áður en hann óskar þess við dómsmálaráðuneytið að barnið öðlist íslenskan ríkisborgararétt. Bárust nefndinni ábendingar um að æskilegt væri að setja slíkt ákvæði í lögin, en breytingartillagan er í samræmi við ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
2. Lagt er til að við bætist ný grein sem breyti 5. gr. laganna þannig að jafnræðis sé gætt hvort sem karl eða kona fær ríkisborgararétt samkvæmt ákvæðum 3., 4. eða nýrrar 5. gr. a eða samkvæmt sérstökum lögum frá Alþingi. Samkvæmt gildandi ákvæði geta aðeins skilgetin börn karls fengið ríkisborgararétt með honum, en þegar kona fær ríkisborgararétt skiptir ekki máli hvort barnið er skilgetið eða óskilgetið. Með breytingunni er lagt til að þessi mismunun verði felld brott og einungis miðað við að foreldrið hafi forsjá barnsins en hjúskaparstaða skipti ekki máli. Eftir sem áður er miðað við að barnið sé ógift, undir 18 ára aldri og búsett hér á landi.
3. Lögð er til leiðrétting á 5. gr.
4. Lagt er til að við bætist tvær nýjar greinar sem breyti 7. og 10. gr. laganna þannig að orðið forráð verði fellt brott úr lögunum en í staðinn notað orðið forsjá eins og almennt er nú í íslenskum lögum.

Alþingi, 25. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Kristjánsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Árni R. Árnason.
Kristján Pálsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Hjálmar Jónsson.

1271. Breytingartillögur [311. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Við 1. málsl. 2. efnismgr. bætist: og skal hann hafa samráð við barnið hafi það náð 12 ára aldri.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   5. gr. laganna orðast svo:

Fái einhver ríkisfang skv. 3. og 4. gr. öðlast jafnframt ógift börn hans undir 18 ára aldri ríkisfangið, hafi hann forsjá þeirra og þau eigi lögheimili hér á landi.

3. Við 5. gr. Á eftir orðunum „í fimm“ í 3. tölul. A-liðar 1. efnismgr. komi: ár.
4. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðsins „forráð“ hvarvetna í 3. tölul. 7. gr. laganna kemur: forsjá.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
   a. 3. mgr. orðast svo:
      Yfirlýsingu skv. 3. gr., 4. gr., 4. mgr. 9. gr. a og B- og C-lið 9. gr. b um að maður óski að verða íslenskur ríkisborgari getur aðeins sá aðili sjálfur gefið en ekki forsjármaður.
   b. Í stað orðsins „forráðum“ í 4. mgr. kemur: forsjá.

1272. Nefndarálit [95. mál]

um till. til þál. um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Hersteinsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Jónas Helgason í Æðey. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Indriða Aðalsteinssyni, Átthagafélagi Sléttuhrepps í Reykjavík, Átthagafélagi Grunnvíkinga, Páli Hersteinssyni, prófessor við Háskóla Íslands, Æðarræktarfélagi Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Veiðistjóraembættinu, Náttúruverndarráði, Bændasamtökum Íslands, Ísafjarðarkaupstað, Kaldrananeshreppi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, ráðgjafarnefnd um villt dýr og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að heimila tímabundnar og takmarkaðar veiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum. Náttúrustofa Vestfjarða og Háskóli Íslands setji reglur um og hafi eftirlit með veiðunum og gefi ráðherra skýrslu þar sem fram komi niðurstöður um áhrif veiðanna. Tryggt verði að veiðarnar spilli ekki árangri þeirra rannsókna sem framundan eru á refum á svæðinu.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Sighvatur Björgvinsson.
Árni M. Mathiesen.	Tómas Ingi Olrich.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1273. Svar [665. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vilhjálms Egilssonar um beingreiðslur.

1. *Hvað eru margar jarðir með rétt til beingreiðslna?*

Alls höfðu 2.983 lögbýli greiðslumark í upphafi yfirstandandi verðlagsárs, 2.515 í sauðfé og 1.289 í mjólk. Alls höfðu því 821 býli greiðslumark bæði í mjólk og kindakjöti. Miðað er við greiðslumarksskrá fyrir byrjun verðlagsársins (1. september 1997 fyrir mjólk og 1. janúar 1998 fyrir sauðfé). Meðtalin eru því bú sem hafa selt allt sitt greiðslumark á verðlagsárinu.

2. *Hvað eru margar jarðir með beingreiðslurétt undir 100 ærgildum, með 100–200 ærgildi, 200–300 ærgildi o.s.frv.?*

Fjöldi lögbýla með greiðslumark, flokkuð eftir stærð:

Greiðslumark, ærgildi	Fjöldi býla	Greiðslumark, ærgildi	Fjöldi býla
0–100	696	901–1.000	38
101–200	419	1.001–1.100	26
201–300	472	1.101–1.200	9
301–400	355	1.201–1.300	7
401–500	333	1.301–1.400	6
501–600	233	1.401–1.500	4
601–700	190	1.901–2.000	1
701–800	130	2.001–9.999	1
801–900	63		

Í flokknum 0–100 ærgildi eru meðtalin fáein bú sem voru skráð með greiðslumark í upphafi yfirstandandi verðlagsárs en hafa nú selt allt sitt greiðslumark. Eins eru meðtalin bú sem munu hætta rekstri, hafa selt nokkuð af greiðslumarki sínu og eru hætt eða að hætta framleiðslu.

3. *Hvað hefur verið fluttur beingreiðsluréttur af mörgum jörðum í landinu?*

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda búa með greiðslumark, annars vegar í mjólk og hins vegar sauðfé. Meðtalin eru á hverjum tíma bú sem skáru niður sauðfé vegna riðu á hverjum tíma og voru þá ekki með framleiðslu. Skrá yfir bú með greiðslumark í sauðfé árið 1992 er ekki sambærileg við þau ár sem taflan greinir frá og því eru gefnar upplýsingar um fullvirðisrétt í sauðfé árið 1991 í staðinn.

Ár	Kindakjöt	Mjólk
1991*	3.733	
1992		1.439
1993	2.830	1.406
1994	2.831	1.382
1995	2.830	1.338
1996	2.671	1.286
1997	2.518	1.251
1998	2.515	

* Árið 1991 var fullvirðisréttur í gildi. Meðtalin eru bú með leigusamninga við Framleiðnisjóð.

4. *Hvað var framleitt mikið af kindakjöti á árinu 1997 á þeim bújörðum sem beingreiðsluréttur hefur verið fluttur af?*

Árið 1997 var heildarframleiðsla kindakjöts 7.903.125 kg. Þar af framleiddu beingreiðsluhafar á lögbýlum 7.586.968 kg. Aðrir framleiðendur á lögbýlum framleiddu 282.262 kg og framleiðendur utan lögbýla 33.895 kg. Ætla má að meginhluti framleiðslu frá lögbýlum án greiðslumarks komi af lögbýlum sem greiðslumark/framleiðsluheimildir hafa verið flutt af (selt í uppkaupasamningum við ríkið eða til annarra lögbýla).

5. *Hvað var framleitt mikið af kindakjöti á árinu 1997 á þeim bújörðum sem beingreiðsluréttur hefur verið fluttur af og hafa jafnframt fengið styrk til búháttabreytinga?*

Framleiðsluráð landbúnaðarins býr ekki yfir upplýsingum til að svara þessari spurningu.

6. *Hvert er meðaltal beingreiðslna til sauðfjárbænda?*

Árið 1997 var heildarfjárhæð beingreiðslna í sauðfé frá Ríkisféhirði 1.516.160.303 kr. Greiðslumarkshafar voru 2.518 og nemur meðaltal á hvern framleiðanda því 602.128 kr.

7. *Hvað eru beingreiðslur háar að meðaltali til þeirra tíu sauðfjárbænda sem fá hæstar beingreiðslur, næstu tíu og þar næstu tíu?*

Byggt á greiðslumarki lögbýlanna í apríl 1998 og beingreiðslu á ærgildi á sama tíma eru meðaltalsbeingreiðslur til 30 stærstu sauðfjárbúanna, skipt í þrjá flokka og miðað við heilt ár, eftirfarandi:

	Beingreiðslur, kr.
Tíu stærstu sauðfjárbúin	2.693.654
11–20	2.293.133
21–30	2.115.351

8. *Hvert er meðaltal beingreiðslna til kúabænda?*

Heildarfjárhæð beingreiðslna í mjólk frá Ríkisféhirði árið 1997 var 2.696.224.069 kr. Lögbýli með greiðslumark 1. september voru 1.251 og meðaltalsgreiðsla á lögbýli var því 2.155.255 kr. Sé miðað við fjölda lögbýla með greiðslumark 1. september 1996 (1.286) nemur meðaltalsgreiðsla 2.096.567 kr.

9. *Hvað eru beingreiðslur háar að meðaltali til þeirra tíu kúabænda sem fá hæstar beingreiðslur, næstu tíu og þar næstu tíu?*

Byggt á greiðslumarki lögbýlanna apríl 1998 og meðalbeingreiðslu á lítra samkvæmt verðlagsgrundvelli í apríl 1998 voru meðaltalsbeingreiðslur til 30 stærstu kúabúana, skipt í þrjá flokka og miðað við heilt ár, eftirfarandi:

	Beingreiðslur, kr.
Tíu stærstu kúabúin	7.455.375
11–20	5.924.055
21–30	5.321.126

1274. Svar [612. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um álagningu opinberra gjalda.

1. *Hversu margir einstaklingar sættu áætlun við álagningu opinberra gjalda fyrir árið 1996?*

Alls sættu 5.450 einstaklingar áætlun gjaldstofna til þinggjalda við álagningu sumarið 1997 á tekjur ársins 1996 og eignir í lok þess árs. Hjón og sambúðarfólk voru 3.520 og einstæðir foreldrar voru 473.

2. *Hversu margir þeirra hafa sætt áætlun áður og í hve mörg ár?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu hafa um 1.500–1.700 aðilar sætt áætlun tvö ár í röð og svipaður fjöldi hefur sætt áætlun þrjú ár í röð. Um 500 aðilar telja fram einhvern tíma á tveggja ára tímabili.

3. *Er merkjanlegur munur milli kynja og aldurshópa?*

Aldursskipting þeirra sem sættu áætlun á árinu 1997 var sem hér segir:

Aldursskipting	*Einstaklingar*	*Hjón og sambýlisfólk*	*Einstæðir foreldrar*
16–25 ára	1.933	681	72
26–35 ára	1.270	1.400	181
36–45 ára	907	922	178
46–55 ára	586	335	36
56–69 ára	374	93	6
70 og eldri	380	89	0

Skipting eftir kynjum:

Einstaklingar	3.652 karlar	1.798 konur
Einstæðir foreldrar	77 karlar	397 konur

4. *Hversu margir þeirra sem sætt hafa áætlun eru gjaldþrota?*

Ekki er unnt að sundurgreina hve margir þeirra sem orðið hafa gjaldþrota eru í vanskilum með skattskuldir sem byggjast á áætlun. Skv. 111. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, frestar ágreiningur um álagningu hvorki innheimtu né leysir gjaldanda undan þeim viðurlögum sem gilda um viðkomandi skatt. Því ber innheimtumanni að innheimta álagða skatta með sama hætti hvort sem þeir byggjast á álagningu samkvæmt framtali eða áætlun skattstjóra.

5. *Hversu margir þeirra eru gjaldþrota að kröfu hins opinbera, þ.e. vegna vanskila á opinberum gjöldum og hve margir eru gjaldþrota vegna vanskila á áætluðum opinberum gjöldum?*

Fjöldi gjaldþrotaskiptabeiðna má finna í svari til Alþingis við fyrirspurn frá Hjálmari Árnasyni á þingskjali nr. 888. Að sama skapi og fram kemur í svari við 4. lið er ekki unnt að sundurliða fjölda þeirra gjaldenda sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa óskað eftir gjaldþroti hjá eftir því hvort þeir eru í vanskilum með skatta sem byggjast á álagingu samkvæmt framtali eða samkvæmt áætlun skattstjóra.

6. *Hvernig er meðferð áætlana hér á landi í samanburði við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum?*

Lagarammi og settar reglur um áætlanir er nánast með sama hætti á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Efnislega er þó nokkur munur á umfangi og fjölda þeirra aðila sem sæta áætlun á gjaldstofna. Verði vanhöld á framtalsskilum tíðkast t.d. í Danmörku að beita dagsektum uns úr er bætt. Framtalsfrestur er að einhverju marki rýmri að tekjuári liðnu í hinum löndunum og framtalsgerð víða á þann veg að miðlæg upplýsingakerfi skila nánast fullbúnum framtalsupplýsingum þannig að álögð gjöld geta byggst á þeim einum. Um þetta atriði er m.a. fjallað í nýbirtri skýrslu Ríkisendurskoðunar um skatteftirlit og vísast að öðru leyti til þess er þar greinir um svar við þessari spurningu.

1275. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

1. Meginefni frumvarpsins.

Veigamesta breytingin sem lögð er til á sveitarstjórnarlögunum í þessu frumvarpi og jafnframt sú afdrifaríkasta er að landið allt skuli skiptast í sveitarfélög en ekki einungis byggðin og afréttirnir. Minni hluti nefndarinnar telur að með þeirri breytingu sé verið að stíga skref í átt til skipulags sem ekki mun verða einhugur um meðal íslensku þjóðarinnar í framtíðinni. Í nefndaráliti þessu er lagt til að önnur leið verði valin við ákvörðun um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands.

Í frumvarpinu eru sveitarstjórnarlögin tekin til heildarendurskoðunar. Kafli um kosningar er felldur út úr sveitarstjórnarlögunum, enda hefur Alþingi sett sérstök lög um kosningar til sveitarstjórna sem áður voru hluti sveitarstjórnarlaga. Sem nýmæli má nefna að gerðar verða auknar kröfur til sveitarfélaga varðandi upplýsingagjöf um fjármál þeirra. Rýmkuð er heimild sveitarfélaga til nafngiftar þeirra og öll sveitarfélög fá nú sömu stjórnsýslulegu stöðu.

Stóra álitamálið.

Það álitamál sem tekist er á um er í 1. gr. frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða þar sem nærliggjandi sveitarfélögum eru veitt öll völd á öræfum landsins. Jafnaðarmenn geta ekki fallist á að deila miðhálendinu þannig á milli sveitarfélaganna.

Víðerni Íslands eru dýrmæt auðlind sem er sameign allrar þjóðarinnar og Alþingi ber að tryggja þjóðarsátt um stjórn og skipulag svæðisins. Þegar umræða í þjóðfélaginu fer fram um þá þjóðarauðlind sem felst í ósnortnum víðernum hálendisins — söndum, jöklum, hraunum og gróðurvinjum — kemur skýrt í ljós að fólkið í landinu vill að hagsmuna allra sé gætt við ákvarðanir sem varða framtíð svæðisins. Tillaga jafnaðarmanna er að miðhálendi Íslands verði sérstök stjórnsýsluleg heild er lúti einni stjórn með þátttöku fulltrúa allra landsmanna. Í reynd felur frumvarpið í sér mestu atlögu að almannarétti allt frá landnámsöld.

Óljós stjórnsýsla.

Stjórnsýslan utan byggða er óljós og framkvæmd skipulags- og byggingarmála hefur verið tilviljunarkennd. Lög gera ráð fyrir að staðbundin stjórnvöld fari með ákveðið vald innan síns

umdæmis en þau lög gera hvorki þeim né stjórnvöldum á landsvísu bært að fjalla um slík mál utan sveitarfélaganna. Dæmi um þetta eru útgáfa byggingarleyfis, úttekt á byggingum, eftirlit byggingarfulltrúa og reglur um heilbrigðiseftirlit. Þá fer enginn með mikilvæga þætti opinbers valds, svo sem lögreglustjórn og almannavarnir, utan sveitarfélaga. Lögsagnarumdæmi héraðsdómstólanna átta í landinu ráðast af sýslumörkum og mörkum kaupstaða. Því er nauðsynlegt að setja skýr lagaákvæði um stjórnsýslu á öllu miðhálendinu, þar með talið á jöklum og ákveða hver fer með stjórnsýslu á þessu svæði. Það er skoðun jafnaðarmanna að líta beri á miðhálendið sem eina stjórnsýslu- og skipulagslega heild, en það er ekki hægt ef svæðinu verður skipt á milli þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu eins og 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Atlaga að almannarétti.

Eins og málum er nú háttað ná sveitarfélögin aðeins yfir hluta óbyggðanna en samkvæmt lögum skal telja afréttir til þess sveitarfélags sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef frumvarpið nær fram að ganga fá þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu framkvæmdarvald á nær helmingi landsins. Með þessu munu 70% þjóðarinnar ekkert hafa með skipulagningu þessa sameiginlega landsvæðis að gera í framtíðinni. Það verður því aðeins lítill hluti þjóðarinnar sem tekur örlagaríkar ákvarðanir um framtíð svæðis sem er sameign allra landsmanna.

Stefnumótun í landnýtingu miðhálendisins, byggð á nýtingu orkulindanna og verndun og friðlýsingu náttúruminja, er mjög mikilvæg ákvörðun sem fleiri en einn hagsmunaaðili á að koma að. Fólkinu í landinu þykir vænt um öræfin og nýtir þau í æ ríkari mæli til gönguferða, útreiða, sleða- og skíðaferða. Menn sjá í öræfum landsins aukna möguleika til lífsfyllingar. Auðvitað er eðlilegt að fleiri en íbúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu standi að mótun og skipulagningu þess. Allir landsmenn verða að geta treyst því að almannaréttur ráði ferðinni en ekki hagsmunir einstakra sveitarfélaga, til dæmis réttur almennings til umferðar um landið. Landeigendur og sveitarfélög hafa í mörgum tilvikum beitt útivistarfólk valdi og þrengt að ferðaþjónustunni. Að mati margra hafa árekstrar af þessu tagi aukist hin síðari ár með meiri umferð utan byggða. Tillaga um skiptingu miðhálendis milli fárra sveitarfélaga er gróf atlaga að almannarétti hér á landi. Í þeirri skoðun felst ekkert vantraust á sveitarfélögin, enda hafa jafnaðarmenn verið forvígismenn þess að efla sveitarfélögin, m.a. með flutningi valds frá ríki til sveitarfélaga varðandi málefni sem snúa að sveitarfélögunum.

Nauðsyn á samræmdu skipulagi.

Skipulagning miðhálendisins verður að byggjast á heildarsýn svo að gætt verði samræmis. Ólík sveitarfélög eiga erfitt með að tryggja þennan mikilvæga þátt. Samkvæmt lögum ber sveitarstjórn að ganga frá aðalskipulagi í sínu sveitarfélagi og gerð deiliskipulags á minni svæðum. Þá fer hún með framkvæmd og eftirlit laganna. Í aðal- og deiliskipulaginu birtast gjarnan hin pólitísku áhersluatriði og framtíðarsýn stjórnvalda hvað skýrast. Sameiginleg skipulagstillaga svæðanefndar þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu breytir engu þar um. Svæðisskipulag byggist á heimild í lögum en ekki skyldu eins og aðalskipulag. Stjórnskipuleg staða svæðisskipulags er miklu veikari en aðalskipulags. Svæðisskipulagi er ætlað að vera leiðbeinandi við gerð aðalskipulags hvers sveitarfélags. Þegar sveitarfélögin hafa tekið tillit til svæðisskipulagsins við aðalskipulag sitt fellur það niður, hlutverki þess er með öðrum orðum lokið. Aðalskipulag sem er í andstöðu við svæðisskipulag leiðir ekki til breytinga á svæðisskipulagi. Aðalskipulagið þarfnast hins vegar staðfestingar skipulagsyfirvalda.

Þegar þess er gætt að skipulag verður að vera í sífelldri endurskoðun, m.a. vegna breyttra aðstæðna, hugmynda og nýrra upplýsinga, er ljóst að svæðisskipulag er engin trygging fyrir því að samræmis verði gætt við skipulag miðhálendisins. Það eru því ólík sjónarmið og mismunandi hagsmunir einstakra sveitarfélaga sem munu ráða ferðinni á miðhálendinu í framtíðinni. Hætta er á hagsmunaárekstrum þegar t.d. tíu sveitarstjórnir þurfa að fjalla um málefni á svæði sem í reynd er ein skipulagsleg heild. Virkjunarframkvæmd getur t.d. tilheyrt mörgum hreppum þannig að stíflugerð og lón væru í einu sveitarfélagi, línur í öðrum og stöðvarhúsið í því þriðja. Komi til ágreinings í slíkum málum, t.d. vegna vega- eða línulagningar innan staðarmarka sveitarfélaga, fer um málsmeðferð samkvæmt reglum sem gilda í viðkomandi sveitarfélagi.

Verkefni sem ætluð eru sveitarfélögunum samkvæmt frumvarpinu.

Mikill hluti auðlinda þjóðarinnar er fólginn í hálendi Íslands. Ekki hefur verið mörkuð stefna um nýtingu þessara auðlinda. Stefnumörkun í orkumálum, svo sem ákvörðun um hámarksnýtingu vatns- og varmaorku, eða stefna í ferðamálum á miðhálendinu hefur ekki verið unnin af yfirvöldum. Þessi verkefni, sem í eðli sínu eiga heima hjá landskjörnum stjórnvöldum, færast yfir til sveitarfélaganna ef frumvarpið verður samþykkt. Vegalagning, mannvirkjagerð, afmörkun virkjunarsvæða, verndunarsvæði og ákvörðun um þjóðgarða eru þættir sem verða ákvarðaðir í aðalskipulagi sveitarfélaganna, svo og uppgræðsla landsvæða, beitarafnot og umferð yfir viðkvæm svæði. Þessi verkefni varða landið allt og engin rök eru fyrir því að einstök sveitarfélög fari með ákvörðunarvald á þessum sviðum. Nái frumvarpið fram að ganga mun sérhver ákvörðun um framangreinda þætti heyra undir fjölmörg sveitarfélög sem mörg hver hafa ekki bolmagn til þess að takast á við slíkt skipulagsverkefni. Ráðstöfun ríkisins á þjóðlendum sínum mun markast af skipulagi miðhálendisins.

Réttlæting á því að sveitarfélög ættu að fara með valdið og ábyrgðina.

Stundum hefur nálægð sveitarfélags við öræfi landsins, sérstök þekking heimamanna eða langvarandi nýting þeirra á svæðinu verið notuð sem rök fyrir því að staðbundin stjórnvöld væru betur en aðrir til þess fallin að fara með stjórn þessara svæða. Þetta er ekki rétt vegna þess að stór hluti þeirra svæða sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði skipt upp á milli þeirra er oft í órafjarlægð frá þeim. Um er að ræða víðfeðm svæði sem lítil sem engin umferð hefur verið um frá upphafi byggðar. Má nefna í því sambandi allt Ódáðahraun, svæðið norðan Vatnajökuls, Sprengisand, Nýjadal, Veiðivatnasvæðið og svæðin fyrir norðan Tungnárjökul og alla jökla landsins að Vatnajökli meðtöldum. Þessir hlutar landsins opnuðust mönnum ekki fyrr en um miðbik þessarar aldar og þá fyrir tilstilli áhugamanna um útivist, enda eru örnefni á þessum stöðum sjaldan eldri en hálfrar aldar gömul. Bændur nýttu þessi svæði ekki og lítil sem engin umferð var um þau, enda engar þekktar þjóðleiðir. Það er því hvorki þekking sveitarfélaganna á þessum svæðum, nálægð við þau né langvarandi nýting umfram aðra sem rökstutt getur kröfu þeirra um algjör umráð óbyggðanna. Þvert á móti hefur áhugafólk um útivist úr þéttbýlinu verið hvað ötulast að nýta þessar víðáttur.

Langvarandi heimild til búfjárbeitar á afréttum skapar ekki heldur eðlilegan grundvöll að stjórnsýsluyfirráðum í nútímaskilningi, enda er óeðlilegt að upprekstrarréttarhafi fari með þann þátt skipulagsmála sem ákvarðar t.d. gróðurvernd sem felst í beitarfriðun.

2. Umsagnir.

Frumvarpið var sent 190 umsagnaraðilum. Það verður að teljast fremur óheppilegt að 176 umsagnaraðilanna hafi verið hreppar, sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga en aðeins 14 félagasamtök. Sveitarfélögin lýstu sig flest samþykk frumvarpinu, með smávægilegum athugasemdum, nema Reykjavík sem kemur ekki að skipulagsmálum á miðhálendinu samkvæmt frumvarpinu. Í bókun Reykjavíkurborgar var gerð alvarleg athugasemd við frumvarpið en þar segir orðrétt: „Mikilvægt er að miðhálendið sé ein skipulagsleg heild, þótt stjórnsýsluleg ábyrgð skiptist milli sveitarfélaga.“ Í umsögn Félags leiðsögumanna kemur fram að um nýtingu óbyggða Íslands verði að ríkja einhugur meðal þjóðarinnar. Þar segir einnig: „Landsmenn allir verða að ráða hvar byggingar og aðrar verklegar framkvæmdir verða og einnig hvaða svæði eru friðuð eða umferð takmörkuð.“ Félagið telur að slíkum einhug verði stefnt í hættu ef einungis þau sveitarfélög sem liggja að miðhálendi Íslands hafi þar lögsögu.

Það er mjög miður að ekki skuli liggja fyrir formleg umsögn frá Ferðafélagi Íslands, Útivist, Ferðamálaráði, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Félagi skipulagsfræðinga, Arkitektafélagi Íslands, Orkustofnun og Skotveiðifélaginu.

Margir fulltrúar félaga og félagasamtaka komu fyrir nefndina og lýstu miklum efasemdum um skiptingu hálendisins á milli sveitarfélaganna.

3. Tillaga minni hlutans um miðhálendið sem sjálfstæða stjórnsýslueiningu.

Minni hlutinn leggur til að miðhálendi Íslands verði sérstök stjórnsýsluleg heild sem lúti einni stjórn með þátttöku fulltrúa allra landsmanna. Að öðru leyti skiptist landið í sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Þá er lagt til að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins verði fellt niður, en sett verði nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem mælt verði frekar um mörk og fyrirkomulag hins sérstaka stjórnsýsluumdæmis, miðhálendis Íslands.

Í tillögu minni hlutans er lagt til að mörk miðhálendisins verði miðuð við línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta. Þetta eru mörkin sem náðist sátt um í umfjöllun nærliggjandi sveitarfélaga um tillögu að svæðaskipulagi. Ekkert mælir hins vegar gegn því að hið sérstaka stjórnsýsluumdæmi verði stærra, enda er eingöngu verið að ákvarða lögsögu stjórnsýslunnar en ekki hróflað við eignar- eða afnotarétti á miðhálendinu. Veigamesti þáttur stjórnsýslunnar eru skipulagsmálin sem kveða á um framtíðarmótun og hagnýtingu hins viðkvæma svæðis, friðun, stýringu ferðamanna, beitarafnot, landgræðslu og umferð manns og búfénaðar.

Mikilvægt er að gerð verði nú þegar atlaga að helstu vandamálum miðhálendisins því að mörg viðkvæm svæði liggja undir skemmdum vegna aukins ágangs manna og dýra. Beinast liggur við að hefja nauðsynlega forvinnu, svo sem víðtækar rannsóknir á miðhálendinu, sem síðan verður grundvöllur stefnu um landnýtingu, landnotkun, friðun og friðlýsingu og ferðamál. Að því loknu er hægt að ráðast í gerð landsskipulags sem nær til landsins alls þar sem mörkuð verður stefna og teknar bindandi ákvarðanir í veigamiklum atriðum. Þá fyrst er hægt að fara að skipuleggja einstök svæði.

Tryggja verður að fulltrúar fagráðuneytanna, þ.e. umhverfis-, samgöngu- og iðnaðarráðuneytis, eigi sæti í stjórn þeirri sem færi með stjórnsýsluvald á miðhálendi Íslands svo og fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Verði tillaga minni hlutans samþykkt er nauðsynlegt að breyta skipulags- og byggingarlögum með tilliti til sérstöðu miðhálendisins þar sem önnur ákvæði laganna geta eðli máls samkvæmt ekki átt við.

Stjórn þessa sameiginlega svæðis gæti framselt einstaka þætti stjórnsýslunnar til sveitarfélaganna.

4. Lokaorð.

Með frumvarpinu er verið að taka mjög afdrifaríka ákvörðun vegna þess að mælt er fyrir um skiptingu sameignarinnar milli nokkurra sveitarfélaga. Þetta er því ein mikilvægasta ákvörðun sem komið hefur til kasta löggjafans hin síðari ár. Verði þessi breyting á skipan landsins lögfest verður um hæpinn minnisvarða að ræða þegar frá líður. Meiri hluti landsmanna mun aldrei sætta sig við þetta til frambúðar.

Skipting miðhálendisins milli sveitarfélaganna byggist á gömlum og íhaldssömum hugsunarhætti þar sem einstökum sveitarfélögum eru falin aukin völd í málefnum sem varða þjóðina alla. Þetta hefur ekkert með hugmyndina um aukið sjálfstæði sveitarfélaga í eigin málefnum að gera. Rétt er að leggja áherslu á þá veigamiklu staðreynd að tillaga minni hlutans byggist ekki á því að taka vald af sveitarfélögunum. Hún gerir ráð fyrir því að sveitarfélögin fari áfram með valdið en fleiri komi þar að.

Minni hlutinn minnir á áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar frá 90 virtum einstaklingum þar sem segir m.a.: „Í ljósi þess að samstaða er um að miðhálendið verði áfram eign þjóðarinnar teljum við undirrituð höfuðnauðsyn að ekki verði á þessu þingi bundið með óafturkræfum hætti hvernig stjórnsýslu- og skipulagsmálum verður háttað þar. Meiri tími verði gefinn til opinnar umræðu þannig að öll þjóðin fái að taka þátt í að ákveða hvernig með mál þessi verður farið í framtíðinni.“

Alþingi, 27. apríl 1998.

Rannveig Guðmundsdóttir.

1276. Breytingartillögur [288. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (RG).

1. 1. gr. orðist svo:

   Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð utan miðhálendis Íslands sem verður sjálfstæð stjórnsýslueining sem lýtur sérstakri stjórn. Forsætisráðherra skipar níu manna stjórn miðhálendis til fjögurra ára að fengnum tilnefningum. Umhverfis-, iðnaðar-, samgöngu- og félagsmálaráðherra tilnefna einn fulltrúa hver og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa. Forsætisráðherra skipar einn fulltrúa og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar.

   Sveitarfélög eru lögaðilar.

   Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.
2. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

   Miðhálendið markast af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta, línu sem miðað var við í tillögum svæðisnefndar að skipulagi hálendisins frá 1997.

1277. Nefndarálit [558. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti og Gunnar Jóakimsson frá síldarútvegsnefnd. Umsagnir bárust nefndinni frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi, Íslenskum sjávarafurðum hf., Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag, Íslandssíld hf., sem taki við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar auk þess sem stofnaðir verði tveir sjóðir, annar með síldarrannsóknir að markmiði og hinn í þeim tilgangi að efla vöruþróun síldarafurða og afla markaða fyrir síldarafurðir.

Nefndin leggur tvær breytingar á frumvarpinu. Það er mat nefndarinnar að ákvæði um gildistöku og brottfall laga eigi að vera skýr og það sé í höndum Alþingis hvenær og hvort lög falli úr gildi. Eins og ákvæðið er í frumvarpinu er brottfall laganna um síldarútvegsnefnd háð ákvörðun framkvæmdarvaldsins en ekki Alþingis. Nefndin leggur því til að 2. málsl. 11. gr. verði breytt þannig að skýrt verði kveðið á um að lögin falli úr gildi 1. júlí nk. og er í því sambandi miðað við 6. gr. frumvarpsins um stofnfund hlutafélagsins. Þetta þrýstir á sjávarútvegsráðherra að halda stofnfund hlutafélagsins fyrir 1. júlí 1998. Eðli málsins samkvæmt verður síldarútvegsnefnd lögð niður um leið og lög nr. 62/1962 falla úr gildi.

Þá leggur nefndin til að eiginhlutur Íslandssíldar hf. skuli lækkaður úr 15% hlutafjár í 10% og að 5% sem þá eru eftir verði eign lífeyrissjóða sjómanna í hlutfalli við fjölda sjómanna í hverjum sjóði við gildistöku laganna. Um þetta atriði hafa komið fram eindregnar kröfur af hálfu forustumanna sjómannasamtakanna og nefndin taldi rétt að koma að nokkru til móts við sjónarmið þeirra.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Þeir síldarsaltendur sem greitt hafa lögmælta söluþóknun af útfluttri síld skv. 2. gr. laga nr. 62/1962 á tímabilinu 1. janúar 1975 – 31. desember 1997 eru eigendur 85% hlutafjár félagsins við stofnun þess, Íslandssíld hf. skal eiga 10% hlutafjár félagsins og lífeyrissjóðir sjómanna, í hlutfalli við fjölda sjómanna í hverjum sjóði við gildistöku laganna, skulu eiga 5% hlutafjár félagsins.
2. Við 11. gr. 2. málsl. orðist svo: Lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, falla úr gildi 1. júlí 1998.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 24. apríl 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Svanfríður Jónasdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Hjálmar Árnason.

1278. Nefndarálit [544. mál]

um frv. til l. um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Pétur Þorsteinsson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Íslenskum sjávarafurðum hf. og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði heildarlög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem leysi af hólmi eldri lög, nr. 93/1992, um sama efni. Með breytingunum er íslenskum stjórnvöldum gert kleift að fella efni tilskipana EBE nr. 91/493, 92/48 og 91/492 inn í íslenska löggjöf.

Nefndin vill taka fram að þó að uppboðs- og heildsölumarkaðir þurfi ekki lengur vinnsluleyfi heldur starfsleyfi verði frumvarpið að lögum sé ekki ætlunin að slaka á kröfum um hreinlæti og meðferð sjávarafurða á þeim. Í því sambandi vill nefndin taka fram að gerðar verða strangari kröfur til uppboðs- og heildsölumarkaða en verið hefur um að rekja megi feril þess sjávarfangs sem þar er til sölu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að bætt verði inn orðunum „til sölu“ í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins en óbreytt gefur ákvæðið til kynna að það sé í höndum íslenskra stjórnvalda að ákveða hvaða aukefni verði notuð á Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðið tekur einungis til íslenskra sjávarafurða.
2. Lagt er til að felld verði út orðin „eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð“ í 8. gr. frumvarpsins. Ekki felst í þessu nein efnisleg breyting. Þar sem einungis skal heimilt að nota neysluvatn eða hreinan sjó er ekki þörf á reglugerðarheimildinni. Nefndin vill taka fram að rangt er farið með í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu um að heimilt sé í vissum tilvikum að nota annan vökva en neysluvatn eða hreinan sjó.

3. Lagt er til að orðið „búlkuð“ í 11. gr. falli brott en ákvæðinu er ætlað að taka til allrar vöru sem send er ópökkuð óháð því hvort hún er búlkuð eða ekki.
4. Þá er lagt til að orðið „aðeins“ í 4. mgr. 26. gr. falli brott. Ákvæðinu er einungis ætlað að leggja ákveðnar skyldur á eftirlitsaðila en ekki að takmarka athugun og meðferð sjávarafurða í tollvörugeymslu. Um slíkt eiga að gilda almennar reglur, meðal annars tollalög.
5. Lagt er til að 4. mgr. 28. gr. falli brott. Þegar reynsla er komin á framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, kann að vera nauðsynlegt að taka gjaldtökuheimildir laganna til endurskoðunnar.
6. Lagt er til að 1. mgr. 31. gr. verði gerð skýrari svo að ljóst megi vera að um þjónustugjöld sé að ræða. Þá er lagt til að 3. mgr. greinarinnar verði felld brott. Nefndin telur að vísitölubinding sú er þar kemur fram eigi engan rétt á sér. Smám saman hefur verið horfið frá vísitölubindingu í löggjöf og er það af hinu góða.
7. Þá er lagt til að í stað orðsins „varðhaldi“ í 32. gr. komi „fangelsi“ en slíkt er í samræmi við þá stefnumörkun að fella brott hugtakið varðhald úr íslenskri löggjöf, sbr. 522. mál þessa þings um afnám varðhaldsrefsingar.
8. Að lokum leggur nefndin til að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða. Bráðabirgðaákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. laga nr. 93/1992. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og að um leið falli niður lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Fjórða og fimmta kafla frumvarpsins er hins vegar ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en 1. nóvember 1998 og því er nauðsynlegt að bæta bráðabirgðaákvæðinu við lögin.

Alþingi, 24. apríl 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Einar Oddur Kristjánsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Hjálmar Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Stefán Guðmundsson.	Lúðvík Bergvinsson.

1279. Breytingartillögur [544. mál]

við frv. til l. um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum „neyslu innan lands og“ í 1. mgr. komi: til sölu.
2. Við 8. gr. Orðin „eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð“ falli brott.
3. Við 11. gr. Orðið „búlkuð“ í 3. málsl. falli brott.
4. Við 26. gr. Orðið „aðeins“ í 4. mgr. falli brott.
5. Við 28. gr. 4. mgr. falli brott.
6. Við 30. gr. Í stað orðanna „þessari málsgrein“ í 2. mgr. komi: 1. mgr.

7. Við 31. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga og að ákveða gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli þeirra. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði af þjónustunni.
   b. 3. mgr. falli brott.
8. Við 32. gr. Í stað orðsins „varðhaldi“ komi: fangelsi.
9. Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þar til IV. og V. kafli laga þessara taka gildi skal sjávarútvegsráðherra veita leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra eða lindýra, sem lifa í söltu vatni, að uppfylltum settum skilyrðum. Ráðuneytið skal leita umsagnar yfirdýralæknis um leyfisveitingarnar og hafa hliðsjón af lögum um innflutning dýra eftir því sem við getur átt.

1280. Nefndarálit [639. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra.

Frumvarpi þessu er ætlað að sníða agnúa af lagaákvæðum um veiðar smábáta, eins og nánar er rakið í greinargerð með frumvarpinu, og framlengja heimild Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til úreldingar á sóknardagabátum um hálft ár, eða til 1. október nk.

Steingrímur J. Sigfússon, Lúðvík Bergvinsson og Svanfríður Jónasdóttir taka undir það markmið frumvarpsins að sníða agnúa af lagaákvæðum um veiðar smábáta en vísa jafnframt um afstöðu sína til málsins í heild til nefndarálita minni hluta sjávarútvegsnefndar vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á fiskveiðistjórnun krókabáta á þessu kjörtímabili.

Sjávarútvegsnefnd leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðanna „5. málsl. 5. mgr.“ í a-lið komi: 6. málsl. 5. mgr.

Alþingi, 29. apríl 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, form., með fyrirvara.	Árni R. Árnason, frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Stefán Guðmundsson.	Hjálmar Árnason.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.

1281. Nefndarálit [578. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Erling Jónasson, Jón Höskuldsson og Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá veiðimálastofnun, Bændasamtökum Íslands, Hollustuvernd, veiðimálanefnd, Landssambandi veiðifélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastofnun, veiðimálastjóra og Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um lax- og silungsveiði. Markmið breytinganna er í fyrsta lagi að færa stjórnsýsluverkefni frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra, í öðru lagi að treysta lagaákvæði er varða verndun og viðhald náttúrulegra stofna laxfiska og í þriðja lagi að efla Fiskræktarsjóð.

Nefndin ræddi meðal annars ákvæði 27. gr. frumvarpsins en samkvæmt þeirri grein mun veiðimálanefnd nú ein fara með stjórn Fiskræktarsjóðs. Með þessu er sjálfstæði nefndarinnar aukið. Með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið og lagðar eru til í frumvarpinu á verksviði veiðimálastjóra er lagt til að hann eigi ekki lengur sæti í stjórn sjóðsins. Þá ræddi nefndin nauðsyn þess að setja reglur sem kveða nánar á um það í hvaða tilvikum megi veita undanþágur til flutnings milli vatna eða til að setja nýja stofna í vötn.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Hjálmar Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.	Árni M. Mathiesen.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Ágúst Einarsson.	Lúðvík Bergvinsson.

1282. Frumvarp til laga [702. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, sbr. lög nr. 35/1998.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

1. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Fyrirtækið sé hlutafélag. Þó er heimilt að starfrækja verðbréfamiðlun skv. 9. gr. sem einkahlutafélag. Sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Sé um að ræða verðbréfamiðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr.

skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 50.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr., en þá skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 10 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 125.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á haustþingi 1997 var lagt fram frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Því frumvarpi fylgdi frumvarp sem breytti lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996. Frumvörpin urðu að lögum í byrjun apríl sl. Með framangreindri breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti var 2. málsl. 1. tölul. 3. gr. laganna felldur brott en ákvæðið kvað á um að heimilt væri að starfrækja verðbréfamiðlun skv. 9. gr. laganna sem einkahlutafélag. Þar sem ekki var ætlunin að fella þennan málslið brott er frumvarp þetta lagt fram til leiðréttingar.

1283. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða Þorláksson, Bergþór Magnússon og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá áfengisvarnaráði, ÁTVR, Kaupmannasamtökunum, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Verslunarráði Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Samtökum iðnaðarins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, ríkisskattstjóra, Vímulausri æsku, Eðalvínum ehf. og Þorsteini Einarssyni hdl. fyrir hönd H.S.S. ehf.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um gjald af áfengi að áfengi verði flokkað í þrjá meginflokka við ákvörðun áfengisgjalds, þ.e. í fyrsta lagi öl, í öðru lagi vín og aðrar gerjaðar drykkjarvörur að hámarki 15% að styrkleika og í þriðja lagi annað áfengi. Þá er lagt til að við gildistöku laganna 1. júní 1998 falli brott lög um skemmtanaskatt en ákvæði þeirra laga þykja um margt úrelt sökum breytinga sem orðið hafa á skemmtanastarfsemi undanfarin ár.

Nefndin ræddi sérstaklega hvort rétt væri að dykkjarvörur sem falla undir vörulið 2206, en undir þann lið falla meðal annars blöndur gerjaðra drykkjarvara og óáfengra drykkjarvara, væru flokkaðar með sama hætti við ákvörðun áfengisgjalds og vín sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205. Nefndin telur rétt að drykkjarvörur sem falla undir vörulið 2206 flokkist með öðrum hætti til gjaldskyldu en vín sem fellur undir framangreinda vöruliði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðanna „og öðrum gerjuðum drykkjarvörum sem flokkast undir vöruliði 2204, 2205 og 2206 og eru“ í 2. tölul. 1. efnismgr. komi: sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205 og er.

Alþingi, 18. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1284. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um eignarhald á auðlindum í jörðu eru þrjú meginatriði sem ágreiningur er um við stjórnarandstöðuna. Í fyrsta lagi er það ákvæði frumvarpsins — sem er aðalatriði þess — að allar auðlindir í og á jörðu í löndum í einkaeign séu eign landeigenda. Þessi ákvæði stríða í grundvallaratriðum gegn frumvörpum þeim sem fyrir liggja í þinginu um sama efni frá stjórnarandstöðunni, þ.e. frumvarp Sighvats Björgvinssonar o.fl. og frumvarp Hjörleifs Guttormssonar o.fl., en í frumvarpi þessu er lagt til að djúphiti í jörðu, kol, olía, gas, málmar og fleiri jarðefni séu þjóðareign. Má því segja að í þessu máli komi einkar skýrt fram sá grundvallarágreiningur sem uppi er milli þeirra flokka sem nú eru í stjórnarliði annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar. Í öðru lagi einkennir frumvarp ríkisstjórnarinnar tillitsleysið við áherslur í umhverfismálum. Það er greinilega ætlun stjórnarflokkanna að sniðganga umhverfisstofnanir og umhverfisráðuneyti. Eitt ágreiningsefnið varðar útleigu og gjaldtöku fyrir afnot einkaaðila af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir því að ráðherra fái sjálfdæmi um að leigja hverjum sem er hvað sem er fyrir hvaða fjárhæð sem er. Stjórnarandstæðingar vilja hins vegar setja skýrar málsmeðferðarreglur um leigu afnotaréttar þar sem m.a. fulls jafnræðis sé gætt og skýrar reglur um afnotagjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs eða lögum um útboð.

Meginefni þessa frumvarps tekur til auðlinda á jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netalaga. Meginmarkmið frumvarpsins er að setja heildarlöggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu og um réttindi til þess að rannsaka, leita að og nýta auðlindirnar.

Auk þess sem að framan getur vantar margt í frumvarpið. Þar má nefna:

— að ekki er fjallað nægilega um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda,

— að ekki er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni, þvert á móti eru þessi auðæfi afhent landeigendum,
— að óljóst er kveðið á um eignarrétt ríkisins á orku háhitasvæða,
— að ekki eru settar skýrar reglur um hvernig bætur skuli metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms,
— að í frumvarpið vantar skýrar reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsókna og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tekur til, svo og ákvæði um gjaldtöku fyrir réttindi til þess að leita að, rannsaka og nýta þær auðlindir,
— að ekki eru í frumvarpinu nægjanleg ákvæði um umhverfismat umfram þau sem eru í gildandi lögum.

Ljóst er að mikill ágreiningur er um meðferð ýmissa meginatriða milli vísindamanna sem komu til viðræðna við nefndina um frumvarpið. Má þar nefna að einn viðmælandi nefndarinnar sagði að erfðaefni sem slíkt væri ekki lifandi sem brýtur í bága við skilgreiningu annars viðmælanda um að þau séu hluti hinnar lifandi náttúru.

Margsinnis kom fram að skýrari ákvæði vantar um rannsóknir og nýtingarrétt og strangari ákvæði um náttúruvernd svo fátt eitt sé nefnt sem gagnrýnt var af hálfu viðmælenda nefndarinnar. Það kom einnig fram að nauðsyn er á að taka á ýmsum atriðum varðandi yfirráð með skýrum lagaákvæðum um að þessi lög haggi ekki þeim lögum sem í gildi eru.

Með vísan til framangreindra atriða er augljóst að frumvarp ríkisstjórnarinnar er vanbúið til afgreiðslu Alþingis og nauðsynlegt er að gerðar verði á því gagngerar breytingar.

Af framansögðu er ljóst að frumvarpinu er hafnað af hálfu minni hlutans fyrst og fremst af því að hér er um gífurlega eignatilfærslu að ræða í hendur fárra á kostnað almannahagsmuna. Minni hlutinn leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Verði sú tillaga felld mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn nokkrum greinum frumvarpsins auk þess sem hann mun flytja breytingartillögur við einstakar greinar við 3. umræðu málsins ef nauðsyn krefur.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Gísli S. Einarsson, form., frsm.	Svavar Gestsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.

1285. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og umsagnir hafa borist frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd til að endurskoða ákvæði laga nr. 57/1996. Sérstaklega verði skoðað ákvæði 3. gr. með það í huga hvort ekki sé rétt að

skipstjóri geti ákveðið við löndun hve mikinn hluta afla skips skuli telja til kvóta þess og að allur annar afli skipsins teljist eign rannsóknarstofnana sjávarútvegsins.

Nefndin tekur undir markmið tillögunnar um að freista þess að draga úr brottkasti afla og auka þar með nýtingu á verðmætum auðlindarinnar. Að öðru leyti vísar nefndin til greinargerðar sem fylgdi tillögunni.

Með hliðsjón af fyrrgreindu leggur nefndin til að þingsályktunartillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Valgerður Sverrisdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Hjálmar Árnason.
Einar Oddur Kristjánsson.		Vilhjálmur Egilsson.

1286. Nefndarálit [266. mál]

um till. til þál. um eflingu sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Hagþjónustu landbúnaðarins, Byggðastofnun, landbúnaðarráðuneyti, Bændasamtökum Íslands og Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Í tillögugreininni er ríkisstjórninni falið að skipa nefnd til að gera tillögu um hvernig efla megi sauðfjárbúskap í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt.

Víða í jaðarbyggðum eru gjöful beitilönd sem ekki eru fullnýtt, margar jarðir eru vel upp byggðar með vannýtta aðstöðu, bæði hvað varðar útihús og ræktað land. Hins vegar eru önnur svæði þar sem um ofbeit er að ræða eða sauðfjárrækt er stunduð á svæðum þar sem fjölbreytni atvinnulífs er mun meiri en í jaðarbyggðum. Í vinnu þeirrar nefndar sem landbúnaðarráðherra mun skipa verður að taka afstöðu til þess hvaða landsvæði falla undir skilgreiningu tillögunnar. Jafnframt er eðlilegt að skilgreind séu þau svæði þar sem um ofbeit er að ræða, með það að markmiði að draga úr henni, og að tekin verði afstaða til þess hvort draga beri úr sauðfjárbúskap á þeim svæðum sem ekki teljast til jaðarbyggða og byggja ekki afkomu sína að verulegu leyti á búgreininni. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að nefndin kanni hvaða áhrif efling sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt hafi á innanlandsmarkað með sauðfjárafurðir og eins hvort slíkt átak geti leitt til aukins útflutnings þeirra afurða.

Nefndin leggur til að landbúnaðarráðherra verði falið að skipa framangreinda nefnd. Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að gera tillögu um hvernig efla megi sauðfjárbúskap í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Guðjón Guðmundsson.	Hjálmar Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Ágúst Einarsson.	Lúðvík Bergvinsson.

1287. Lög [164. mál]

um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1231.

1288. Lög [446. mál]

um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1232.

1289. Frumvarp til laga [703. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, sem orðast svo:

Svæðisskipulag miðhálendisins.

Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild.

Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög, sem liggja að miðhálendinu, tilnefna samtals tólf fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fjóra fulltrúa og skulu tveir þeirra eiga búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, félagsmálaráðherra tilnefnir einn og umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Samvinnunefndin fjallar um svæðisskipulag miðhálendisins og gefur Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur samvinnunefnd hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið.

Um málsmeðferð svæðisskipulags miðhálendisins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara. Auk þess skal sú stefna, sem fram kemur í svæðisskipulagi miðhálendisins, færð inn í aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga og staðfest sem slík. Tillaga að deiliskipulagi eða breytingar á því skal auglýst á áberandi hátt.

Kostnaður við störf samvinnunefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur samvinnunefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo: Skipulagsstofnun skal leita álits samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins, sbr. 12. gr. a, á tillögum að svæðisskipulagi miðhálendisins sem unnið er að á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins sem skipuð var árið 1993, áður en Skipulagsstofnun gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Miklar umræður hafa orðið um skipulag miðhálendisins að undanförnu en sérstök nefnd, samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 73/1993, um breyting á skipulagslögum, nr. 19/1964, er að fara yfir athugasemdir sem bárust við tillögur nefndarinnar og á að skila tillögum til Skipulagsstofnunar fyrir 1. desember nk. Skipulagsstofnun gerir síðan tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins, sbr. 4. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Skv. 5. mgr. sömu greinar staðfestir ráðherra svæðisskipulagið og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Samvinnunefndin er samkvæmt lögum nr. 73/1993 skipuð fulltrúum hlutaðeigandi héraðsnefnda, þ.e. þeirra sem eiga land að miðhálendinu, auk fulltrúa umhverfisráðherra. Önnur sveitarfélög, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vestfjörðum, hafa því ekki komið að málinu með sama hætti og hefur það verið gagnrýnt þar sem um er að ræða svæði sem að stórum hluta er ekki í einstaklingseign og hljóti að skipta alla landsmenn máli. Því sé ekki sjálfgefið að þótt hlutaðeigandi sveitarfélög fari með stjórnsýslu sveitarfélaga inn til landsins eigi þau ein að ráða skipulagi.

Til þess að mæta framangreindum viðhorfum hefur verið ákveðið að áfram starfi sérstök samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins og að í henni verði fulltrúar tilnefndir af sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu, fjórir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar af tveir með búsetu í Reykjavík, einn á Reykjanesi og einn á Vestfjörðum, auk fulltrúa félagsmálaráðherra og eins sem umhverfisráðherra skipar án tilnefningar og skal

vera formaður. Er þessi leið valin þar sem skipulagsmál eru lögum samkvæmt verkefni sveitarfélaganna.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins skal miðhálendið svæðisskipulagt sem ein heild. Samvinnunefndin skal fjalla um þetta svæðisskipulag og gefa Skipulagsstofnun umsögn um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélaga á svæðinu og breytingar á þeim. Nefndinni er einnig að meta eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, sem nú situr að störfum, skal skila tillögum að svæðisskipulagi fyrir miðhálendið fyrir 1. desember nk. til Skipulagsstofnunar, sem þá gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu þess. Í ákvæði til bráðabirgða, sbr. 2. gr. frumvarpsins, er lagt til að Skipulagsstofnun leiti álits samvinnunefndar þeirrar sem hér er lagt til að verði lögfest áður en stofnunin gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu þess. Þannig fengi nýja nefndin tækifæri til að fjalla um fyrsta svæðisskipulag miðhálendisins, sem nú er unnið að. Nefndinni er ekki ætlað að taka þá vinnu til endurskoðunar sem þegar hefur verið unnin, aðeins gefa umsögn um hana.

Lagt er til að hin nýja samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins taki til starfa 1. janúar 1999 en þá hefur sú nefnd sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 73/1993 lokið störfum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum vegna skipulags miðhálendisins. Að mati fjármálaráðuneytis hafa breytingarnar ekki í för með sér kostnaðarauka að því frátöldu að lagt er til að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins starfi áfram en að fjölgað verði í nefndinni. Í núverandi nefnd sitja 13 nefndarmenn en í frumvarpinu er kveðið á um að þeir verði 18. Árlegur kostnaður við nefndina er um 0,6–1 m.kr. Ríkissjóður hefur greitt kostnaðinn að fullu en í frumvarpinu er kveðið á um að sveitarfélög greiði helming kostnaðar. Ekki er talið að kostnaðarauki verði teljandi og ætla má að fjölgun nefndarmanna vegi því upp lægri hlut ríkissjóðs.

1290. Nefndarálit [598. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Snædal frá Læknafélagi Íslands og Ólaf Ólafsson landlækni.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á læknalögum í þeim tilgangi að afmarka tilkynningarskyldu vegna óvæntra skaða og gera um leið strangari kröfur til heilbrigðisstofnana um að rannsaka slík mál sjálfar.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1291. Breytingartillögur [367. mál]

við frv. til l. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Fullt tillit verði tekið til umhverfisverndar og alþjóðlegra skuldbindinga í því efni og sjálfbærrar nýtingar í þjóðlendum. Í leyfum sem veitt eru samkvæmt lögum þessum skal greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds.
   b. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. komi fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Gjaldið sem ráðherra ákvarðar skal taka tillit til verðmætis þess sem afnot eru heimiluð á. Nánari ákvæði um gjaldtöku skal setja í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ráðherra skal þá láta bjóða út nýtingu lands og landsgæða í þjóðlendum þegar ætla má að um verðmæta nýtingarkosti

sé að ræða. Útboð skulu þá fara fram samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd útboða, nr. 65/1993.

c. 3. málsl. 4. mgr. orðist svo: Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, samkvæmt ákvörðun Alþingis.

2. Við 4. gr. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þá skal nefndin árlega gera tillögur til fjárlaganefndar Alþingis um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins og Landgræðslu ríkisins.
3. Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Þeir sem nýtt hafa land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu sækja um leyfi til umhverfisráðherra fyrir áframhaldandi nýtingu. Áður en leyfið er útgefið skal fara fram mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar nýtingar.
4. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skipar nefndarmenn.

1292. Breytingartillaga [367. mál]

við frv. til l. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 3. gr.

a. 3. mgr. falli brott.
b. 2., 4. og 5. málsl. 4. mgr. falli brott.

1293. Nefndarálit [156. og 174. mál]

um frv. til l. um brottfall l. nr. 73/1994, um söfnunarkassa, og um frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málin. Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Íslenskum söfnunarkössum, Íþróttasambandi Íslands, Rauða krossi Íslands, Landsbjörg, landssambandi björgunarsveita, Geðlæknafélagi Íslands, Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, Slysavarnafélagi Íslands, sýslumanninum í Bolungarvík, dómsmálaráðuneytinu, Neytendasamtökunum, ríkislögreglustjóra og Ragnari Gíslasyni. Einnig fór nefndin í heimsókn til Rauða kross Íslands í tengslum við umfjöllun um málin.

Nefndinni bárust upplýsingar frá dómsmálaráðuneytinu um að ákveðið hefði verið að taka happdrættismálefni í heild sinni til endurskoðunar og að skipuð hefði verið nefnd í því skyni sem í eiga sæti fulltrúar dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

Nefndin tekur undir nauðsyn þess að löggjöf um happdrættismálefni verði endurskoðuð. Í ljósi þess að nú er unnið að þessum málum á vegum ríkisstjórnarinnar leggur nefndin til að málunum verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Árni R. Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

1294. Nefndarálit [483. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og var stuðst við umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði í lögin heimild fyrir kirkjugarðsstjórn til að ákvarða sérstakan minningarreit í kirkjugarði vegna horfins manns sem úrskurðaður hefur verið látinn og njóti slíkur reitur sömu friðhelgi og grafreitur.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

1295. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (fyrning sakar).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Hallgrím Ásgeirsson lögfræðing og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Barnaverndarstofu, lögreglustjóranum í Reykjavík, ríkissaksóknara, Reykjavíkurborg, umboðsmanni barna, Sýslumannafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á IX. kafla almennra hegningarlaga, um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga. Lagt er til að sakarfyrningarfrestur vegna kynferðisafbrota gegn börnum teljist aldrei fyrr en frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri. Þá er lagt til að undangengin rannsókn rjúfi ekki fyrningarfrest ef opinberu máli er vísað frá héraðsdómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði ákæruvaldsins innan sex mánaða frá þeim degi. Einnig er lagt til að fyrningarfrestur fésektar lengist um tvö ár ef greiðsla sektar hefur verið tryggð með fjárnámi eða öðrum sambærilegum hætti innan frestsins.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Kristján Pálsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Hjálmar Jónsson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.

1296. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um staðsetningu nýrra ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og var stuðst við umsagnir sem bárust á 121. löggjafarþingi frá Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Atvinnu- og ferðamálastofu Reykjavíkurborgar, félags-

málaráðuneyti, Atvinnuþróunarfélagi Vestmannaeyja, Byggðastofnun, Bandalagi háskólamanna, Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Lögmannafélagi Íslands og Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Í tillögunni er mælt fyrir um að undirbúin skuli stefnumörkun um hvernig tryggja megi aukna hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu með því að staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins þar sem það er mögulegt.

Nú hefur verið lögð fram á Alþingi af forsætisráðherra tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 695. mál, þar sem fram koma í meginatriðum markmið tillögu þessarar.

Í ljósi framangreinds mælir nefndin með því að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Kristján Pálsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.	Hjálmar Jónsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.

1297. Nefndarálit [559. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson, Jón Erling Jónasson og Jón Höskuldsson frá landbúnaðarráðuneyti. Þá komu til fundar Sigurgeir Þorgeirsson og Ari Teitsson frá Bændasamtökum Íslands og Guðbjörn Árnason frá Landssambandi kúabænda.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Vinnumálasambandinu, Bændasamtökum Íslands, Landssambandi kúabænda, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands og Neytendasamtökunum.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði nauðsynlegar breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum vegna ákvæða í samningi frá 17. desember 1997, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, milli landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands. Samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu byggist á áliti sjömannanefndar frá 4. nóvember 1997 um framleiðslu og vinnslu mjólkur.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 14. gr. frumvarpsins um að öll viðskipti með greiðslumark skuli fara um einn markað sem Framleiðsluráð landbúnaðarins eða annar aðili annast samkvæmt ákvörðun ráðherra. Nefndin leggur til að felld verði brott skilyrðislaus ákvæði um að viðskipti með greiðslumark mjólkur skuli fara um einn markað. Í stað þess verði land-

búnaðarráðherra heimilt með reglugerð að ákveða markaðsfyrirkomulag sem skal gilda um viðskipti með greiðslumark mjólkur.

Í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 17. desember sl. eru ákvæði um að samningsaðilar muni standa að könnun og mati á mögulegum leiðum til að auka sveigjanleika núverandi kvótakerfis, auðvelda tilfærslu á greiðslumarki milli framleiðenda, auðvelda nýliðun og stuðla að raunhæfu verðlagi á greiðslumarki. Í áliti sjömannanefndar er á sama hátt lagt til að gerð verði úttekt á áhrifum fyrirkomulags sem leiddi til sveigjanlegra framleiðslustjórnunarkerfis á afkomu mjólkurframleiðenda, tilkostnað við mjólkurframleiðslu hjá framleiðendum og afurðastöðvum, nýliðun innan greinarinnar og jafnvægi í framleiðslu og eftirspurn mjólkurafurða. Nefnd sú sem standa skal að framangreindri könnun geri meðal annars tillögur til landbúnaðarráðherra um markaðsfyrirkomulag á viðskiptum með greiðslumark í mjólk sem fullnægi þeim skilyrðum um hagræðingu og hagkvæmni sem rakin er að framan.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til tvær orðalagsbreytingar á 2. gr. frumvarpsins.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 14. gr. frumvarpsins . Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði í 1. mgr. þess efnis að öll viðskipti með greiðslumark skuli fara um einn markað, sbr. umfjöllun hér að framan. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á um í 3. mgr. að leiguliða sé heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda, en jarðareigandi skuli þó eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða og að í 2. mgr. verði vísað til þessa ákvæðis 3. mgr. Með þessu er verið að undirstrika að ákvæði síðari málsliðar 2. mgr. eigi ekki við um sölu á sérskráðu greiðslumarki og hins vegar að forkaupsréttarákvæði jarðareiganda eigi aðeins við þegar um ábúendaskipti er að ræða. Þá er í þriðja lagi lagt til að landbúnaðarráðherra skuli setja nánari ákvæði í reglugerð um markaðsfyrirkomulag en ekki markaðssetningu.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Magnús Stefánsson.	Hjálmar Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.

Sigríður Jóhannesdóttir,
með fyrirvara.

1298. Breytingartillögur [559. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (GÁ, EgJ, ÁMM, HjálmJ, GuðjG, MS).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „við ákvörðun á lágmarksverði mjólkur“ í 7. málsl. 1. efnismgr. komi: samhliða ákvörðun á lágmarksverði mjólkur.
   b. Í stað orðsins „kindakjöts“ í lokamálslið 2. efnismgr. komi: sauðfjárafurða.

2. Við 14. gr.
   a. Síðari málsliður 1. efnismgr. falli brott.
   b. Við 2. efnismgr. bætist: sbr. þó ákvæði 3. mgr.
   c. Í stað 2. málsl. 3. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir skv. 1. mgr.
   d. Í stað orðsins „markaðssetningu“ í 4. efnismgr. komi: markaðsfyrirkomulag.
3. Við 17. gr. Orðin „skv. C-lið ákvæða til bráðabirgða“ í efnismálsgrein falli brott.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laganna skal tilnefningu í nýja verðlagsnefnd búvara lokið 15. maí 1998 og nefndin fullskipuð 1. júní 1998.

1299. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til l. um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson og Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti. Þá komu til fundar Halldór Runólfsson yfirdýralæknir Brynjólfur Sandholt, fyrrverandi yfirdýralæknir, Eggert Gunnarsson frá Dýralæknafélagi Íslands, Grétar H. Harðarson héraðsdýralæknir, Páll Stefánsson, sjálfstætt starfandi dýralæknir, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum, Guðmundur Georgsson, forstöðumaður á Keldum, Kristinn Gylfi Jónsson frá Svínaræktarfélagi Íslands og Sigurbjörg Sæmundsdóttir frá umhverfisráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis syðra, Bændasamtökum Íslands, búnaðarþingi, héraðsdýralækni Snæfellsnesumdæmis, héraðsdýralækni Helluumdæmis, héraðsdýralækni Laugarásumdæmis, Tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum, oddvitasamstarfi Héraðs og Borgarfjarðar eystri, héraðsdýralækni Vestur-Eyjafjarðarumdæmis, Páli A. Pálssyni, Breiðdalshreppi, Grétari H. Harðarsyni héraðsdýralækni, héraðsdýralækni Austur-Skaftafellsumdæmis, Dýralæknafélagi Íslands, Félagi sjálfstætt starfandi dýralækna, héraðsdýralækni Dalvíkurumdæmis, héraðsdýralækni Þingeyjarumdæmis eystra, héraðsdýralæknum og Hollustuvernd ríkisins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um dýralækna en gildandi lög um dýralækna eru að stofni til frá árinu 1981. Í frumvarpinu eru meðal annars lagðar til breytingar á skipan umdæma héraðsdýralækna og mælt er fyrir um skiptingu landsins í vaktsvæði dýralækna. Þá er lagt til að komið verði á fót sérstöku dýralæknaráði, skipuðu fjórum mönnum, sem á m.a. að fjalla um innflutning búfjár sé hans óskað, að sú meginregla gildi að eingöngu þeir dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar megi framkvæma læknisaðgerðir á dýrum og í samræmi við ákvæði lyfjalaga er einnig lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að dýralækni sé einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.

Nefndin ræddi sérstaklega síðastnefnda atriðið en með því er ætlunin að skapa meira aðhald og árvekni í meðferð lyfja. Í flestum tilvikum verður að reikna með að sjúkdómsgreining

byggist á skoðun, en greining á rannsóknastofu eftir heimsókn dýralæknis eða eftir símaviðtal, þar sem dýralæknir hefur farið yfir einkenni og gang sjúkdóms með eiganda eða umráðamanni, er einnig talin fullnægjandi sé ekki um nokkurn vafa að ræða af hálfu dýralæknis.

Þá var rætt ákvæði 13. gr. um heimild landbúnaðarráðherra til þess að semja við dýralækna við sérstakar aðstæður um greiðslu hluta ferðakostnaðar. Ljóst er að þær reglur sem þörf er á að setja um greiðslu ferðakostnaðar verður að móta í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af nýja kerfinu. Þar verður meðal annars að horfa til þess hver verður þróunin í búsetumálum dýralækna eftir gildistöku laganna.

Þá var einnig rætt ákvæði 15. gr. vegna athugasemda Tilraunastöðvar Háskólans á Keldum og er lögð til breyting á þeirri grein. Nefndin telur rétt að taka það fram að með ákvæði 15. gr. er ekki ætlunin að breyta verkaskiptingu og samstarfi yfirdýralæknis og Tilraunastöðvarinnar á Keldum frá því sem nú er.

Loks var rætt sérstaklega hvort breytingar á störfum dýralækna samkvæmt frumvarpinu hefðu í för með sér aukinn kostnað fyrir bændur. Í minnisblaði frá landbúnaðarráðuneytinu um áætlun um breytingar á kostnaði vegna frumvarpsins, sem er fylgiskjal með nefndaráliti þessu, kemur meðal annars fram að kostnaður bænda breytist ekki með samþykkt frumvarpsins að öðru leyti en því sem kann að leiða af ákvæðum samkeppnislaga, þar sem reiknað er með að gjaldskrá verði óbreytt. Kjötskoðunardýralæknar eru taldir verða sjö og kostnaður við þá áætlaður miðað við almenn laun núna fyrir fullt starf. Heildarkostnaður við þau störf sem áætlað er fyrir er talinn fara lækkandi.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til tvær breytingar á 4. gr. Annars vegar er lagt til að varamenn í dýralæknaráði skuli skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Þetta er lagt til þar sem aðalmenn geta til dæmis orðið vanhæfir þegar tekin eru fyrir ágreiningsmál er varða dýralæknisþjónustu. Hins vegar er lagt til að dýralæknaráð skuli ekki einungis fjalla um innflutning búfjár sé hans óskað heldur og erfðaefnis þess. Þessi breyting er lögð til í samræmi við ákvæði laga um innflutning dýra.
2. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. í samræmi við ákvæði laga um matvæli og laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat sláturafurða.
3. Lögð er til sú breyting á 9. gr. að dýralækni beri að upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs sem hann fær til meðferðar um ástand dýrsins o.fl. sé þess óskað.
4. Lagðar eru til breytingar á 11. gr. sem fjallar um umdæmi héraðsdýralækna. Í fyrsta lagi er lagt er til að í stað Austfjarðaumdæmis í 10. tölul. 1. mgr. komi tvö umdæmi, þ.e. Austurlandsumdæmi nyrðra og Austurlandsumdæmi syðra. Í öðru lagi er lagt til að við 3. mgr. bætist nýr málsliður þar sem mælt er fyrir um að ávallt skuli aðskilja eins og kostur er eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknisþjónustu. Nú eru ekki alls staðar skilyrði til þess að aðskilja eftirlit og þjónustu en hér er við það miðað að ef slíkar aðstæður skapast í framtíðinni skuli aðskilnaði komið á. Í þriðja lagi er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að landbúnaðarráðherra skuli sjá héraðsdýralæknum fyrir skrifstofuaðstöðu í samræmi við umfang starfsemi þeirra.
5. Lagðar eru til tvær breytingar á 12. gr. Sú fyrri er í samræmi við breytingar á umdæmaskipan í 11. gr., sbr. 4. lið, en sú síðari miðar að því að heimilt verði að skipta vakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna á sama tíma. Síðarnefnd breyting er lögð til þar sem ýmsar aðstæður kunna að koma upp, bæði vegna erfiðra samgangna og sérstaks annríkis, sem leiða til þess að hentugra þyki að fleiri en einn dýralæknir sé á vakt á sama tíma innan sama vaktsvæðis.

6. Lögð er til breyting á 14. gr. þar sem fjallað er um störf sérgreinadýralækna og sérstaklega kveðið á um að sérgreinadýralækni sé óheimilt að stunda almennar dýralækningar á sínu sérsviði. Með þessu er leitast við að tryggja að starfssvið þeirra og annarra dýralækna skarist ekki.
7. Lögð er til breyting á 15. gr. til að árétta að ekki er ætlunin að breyta verkaskiptingu og samstarfi Tilraunastöðvarinnar á Keldum og yfirdýralæknis frá því sem nú er.
8. Loks er lögð til sú breyting að felld verði brott tilvísun til varðhalds í 19. gr. í samræmi við frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um afnám varðhaldsrefsingar hér á landi.

Sigríður Jóhannesdóttir áskilur sér rétt til að flytja og styðja breytingartillögur sem fram kunna að koma.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Magnús Stefánsson.	Hjálmar Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Ágúst Einarsson.	Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

Landbúnaðarráðuneytið:

Minnisblað um áætlun um breytingar á kostnaði vegna frumvarps um dýralækna.

(24. apríl 1998.)

Í meðfylgjandi töflu er gerð áætlun um breytingar á kostnaði við störf héraðsdýralækna, sjálfstætt starfandi dýralækna og kjötskoðunarlækna sem kynni að leiða af breytingu á lögum um dýralækna samkvæmt frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi. Borinn er saman kostnaður sem greiðist af ríkissjóði, bændum og vegna kjötskoðunar samkvæmt því sem má áætla að hann sé nú og hvernig hann kann að breytast annars vegar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og hins vegar samkvæmt tillögum sem fram komu á búnaðarþingi. Þessi áætlun er gerð út frá upplýsingum ríkisreiknings um greiðslur til héraðsdýralækna, um ráðstöfun eftirlitsgjalds vegna kjötskoðunar og upplýsingum úr búreikningum um kostnað við dýralækningar. Taka ber fram að við áætlun um kostnað við nýtt fyrirkomulag dýralæknaþjónustunnar er um verulega óvissu að ræða sem helgast af því að ekki verður séð fyrir hvernig haldið verður á samningum sem gerðir verða vegna framkvæmdar laganna. Greiðslur fyrir kjötskoðun í sláturhúsum og störf fyrir bændur fara alfarið eftir gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur. Ekki er gert ráð fyrir að þar verði breyting á að öðru leyti en því er leiðir af samkeppnislögum. Launakostnaður er áætlaður eftir launum sem greidd eru í dag.

1. Greiðslur samkvæmt gildandi lögum.

Fjöldi starfandi dýralækna er sýndur eins og hann er talinn árið 1997. Greiðslur ríkisjóðs ná yfir launakostnað og annan kostnað við rekstur embættisins að frátöldu húsnæði. Kostnaður bænda felst í aðgerðargjöldum og akstri. Kostnaður við kjötskoðun er launakostnaður og akstur.

2. Greiðslur samkvæmt frumvarpi.

Fjöldi dýralækna er sýndur eins og hann er áætlaður. Kostnaður við héraðsdýralækna er reiknaður hlutfallslega miðað við ríkisreikning 1997 og hækkaður um laun til sex dýralækna sem munu starfa án þess að taka laun samkvæmt gjaldskrá dýralækna. Sjálfstætt starfandi dýralæknar eru taldir verða 18. Ekki er talið að kostnaður bænda aukist við þessa breytingu þar sem reiknað er með að gjaldskrá verði óbreytt. Kjötskoðunarlæknar eru taldir verða sjö. Kostnaður við þá er áætlaður miðað við almenn laun nú fyrir fullt starf. Heildarkostnaður við þau störf sem áætlað er fyrir er talinn fara lækkandi.

3. Greiðslur samkvæmt tillögu BÍ.

Fjöldi dýralækna er samkvæmt tillögum BÍ. Sömu forsendur við áætlun eru að öðru leyti notaðar eins og við 1. og 2. lið. Í þessu dæmi er um verulegan tilflutning að ræða í kostnaði milli héraðsdýralækna og lækna við kjötskoðun o.fl. (sjá þann dálk). Heildarkostnaður er talinn fara hækkandi.

Áætlun um kostnað við störf dýralækna í sambandi við breytingar á lögum um dýralækna miðað við ríkisreikning 1997. (Fjárhæðir eru í millj. kr.)

	Fj.	Greiðslur samkvæmt gildandi lögum			Fj.	Greiðslur samkvæmt frumvarpi			Fj.	Greiðslur samkvæmt tillögum BÍ		
		Ríkissj.	Bændur	Kjötsk.		Ríkissj.	Bændur	Kjötsk.		Ríkissj.	Bændur	Kjötsk. o.fl.
Héraðsdýral.	26,5	56,7	106,2	21,5	19	52,5	106,2	5,1	10	22,5	106,2	
Sjálfst. starf.	12			6,5	18				?			
Kjötskoðunarl.	0				7			22,9	22			72,0
	38,5	56,7	106,2	28,0	44	52,5	106,2	28,0	32	22,5	106,2	72,0
Alls				190,9				186,7				200,7

Athugasemdir: 1. Greiðslum vegna kjötskoðunar samkvæmt gildandi lögum er skipt milli héraðsdýralækna og sjálfstætt starfandi dýralækna eftir áætlun.

2. Greiðslur ríkissjóðs til héraðsdýralækna samkvæmt frumvarpi eru miðaðar við að sex héraðsdýralæknar muni ekki taka laun eftir gjaldskrá dýralækna.

1300. Breytingartillögur [436. mál]

við frv. til l. um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.
   b. Á eftir orðunum „innflutning búfjár“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: og erfðaefnis þess.
2. Við 5. gr.
   a. D-liður 2. mgr. orðist svo: yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur, auk yfirumsjónar með heilbrigði annars búfjár og afurða þess.
   b. E-liður 2. mgr. orðist svo: skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur; hann sér um árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.
3. Við 9. gr. Við fyrri málslið 2. mgr. bætist: sé þess óskað.
4. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „Norður-Þingeyjarsýsla, Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar í Norður-Múlasýslu“ í 9. tölul. 1. mgr. komi: Norður-Þingeyjarsýsla.
   b. Í stað 10. tölul. 1. mgr. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
      10. *Austurlandsumdæmi nyrðra:* Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Norður-Múlasýsla.
      11. *Austurlandsumdæmi syðra:* Eskifjörður, Neskaupstaður, Suður-Múlasýsla.
   c. 2. mgr. orðist svo:
      Skipa skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi og Þingeyjarumdæmi, en í hvort þeirra skal skipa tvo héraðsdýralækna.
   d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á vallt skal aðskilja sem kostur er eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknisþjónustu.
   e. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Landbúnaðarráðuneytið skal sjá héraðsdýralæknum fyrir skrifstofuaðstöðu í samræmi við umfang starfseminnar.
5. Við 12. gr.
   a. Í stað 10. tölul. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
      10. Austurlandsumdæmi nyrðra.
      11. Austurlandsumdæmi syðra.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Heimilt er að skipta vakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis.
6. Við 14. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sérgreinadýralækni er óheimilt að stunda almennar dýralækningar á sínu sérsviði.
7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Yfirdýralæknir skal hafa aðgang að viðunandi aðstöðu, búnaði og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómsvarna og forvarnastarfa.
8. Við 19. gr. Orðið „varðhaldi“ í fyrri málslið falli brott.

1301. Nefndarálit [621. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Benedikt Bogason, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins.

Með fullgildingu þessa samnings skuldbindur Ísland sig til þess að setja í löggjöf sína ákvæði sem gera það refsivert að bjóða erlendum opinberum starfsmönnum mútur í þeim tilgangi að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum. Meðal annars þarf að útvíkka refsilögsögu ríkisins þannig að hún nái yfir þau brot sem samningurinn fjallar um því að skv. 2. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, verða íslenskir ríkisborgarar ekki framseldir til annarra ríkja og breytir fullgilding þessa samnings að sjálfsögðu engu þar um. Nefndin telur mikilvægt að nauðsynlegar lagabreytingar sem fylgja aðild að samningnum verði gerðar hið fyrsta.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, varaform.	Gunnlaugur M. Sigmundsson, frsm.	Árni R. Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Margrét Frímannsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Vilhjálmur Egilsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.

1302. Nefndarálit [7. mál]

um till. til þál. um aukið framlag til þróunarsamvinnu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Málið er endurflutt frá síðasta þingi og þá barst umsögn frá Þróunarsamvinnustofnun.

Á undanförnum árum hefur talsverð umræða orðið um aukin framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu. Þrátt fyrir að ekki hafi verið fylgt eftir sem skyldi þeim markmiðum sem sett voru í ályktun Alþingis frá árinu 1985 hefur þróunaraðstoð og samvinna aukist jafnt og þétt. Skemmst er að minnast þess að á þessu ári verður hafinn rekstur Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna og 22. apríl sl. samþykkti Alþingi aðild Íslands að Fjölþjóðlegu fjárfestingarábyrgðastofnuninni. Á síðasta ári, 16. apríl, skilaði Jónas H. Haralz skýrslu um þróunar-

samvinnu Íslands. Skýrslan var unnin á vegum utanríkisráðuneytisins í samráði við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Markmið hennar er að veita stjórnvöldum yfirsýn yfir stöðu, hlutverk og árangur íslenskrar þróunarsamvinnu í ljósi alþjóðlegrar reynslu og þar með auðvelda þeim að marka stefnu og haga framkvæmdum í þróunarmálum.

Stefnumörkun í þróunarmálum fer nú fram á vegum stjórnvalda og mun utanríkismálanefnd fjalla ítarlega um niðurstöður þeirrar vinnu þegar þær liggja fyrir. Í ljósi þess leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, varaform.	Kristín Ástgeirsdóttir, frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.	Margrét Frímannsdóttir.
Árni R. Árnason.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Vilhjálmur Egilsson.

1303. Nefndarálit [617. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Jóhann Sigurjónsson sendiherra, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins. Utanríkismálanefnd óskaði eftir umsögn sjávarútvegsnefndar og er hún birt sem fylgiskjal með álitinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, varaform.	Siv Friðleifsdóttir, frsm.	Tómas Ingi Olrich.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Árni R. Árnason.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.
(20. apríl 1998.)

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Sjávarútvegsnefnd beinir þeim tilmælum til utanríkismálanefndar að nefndin hlutist til um að samningur sá er hér um ræðir verði birtur hið fyrsta í C-deild Stjórnartíðinda eftir að Alþingi hefur lokið afgreiðslu málsins.

F.h. sjávarútvegsnefndar,
Steingrímur J. Sigfússon, formaður.

1304. Nefndarálit [614. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Jóhann Sigurjónsson sendiherra, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins. Utanríkismálanefnd óskaði eftir umsögn sjávarútvegsnefndar og er hún birt sem fylgiskjal með álitinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.
(20. apríl 1998.)

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Sjávarútvegsnefnd beinir þeim tilmælum til utanríkismálanefndar að nefndin hlutist til um að samningur sá er hér um ræðir verði birtur hið fyrsta í C-deild Stjórnartíðinda eftir að Alþingi hefur lokið afgreiðslu málsins.

F.h. sjávarútvegsnefndar,

Steingrímur J. Sigfússon, formaður.

1305. Nefndarálit [453. mál]

um ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi ályktí að fela forsætisráðherra að láta rita sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18 og að stefnt skuli að því að ritið verði tilbúið til útgáfu á 100 ára afmæli heimastjórnarinnar árið 2004.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Kristján Pálsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Hjálmar Jónsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1306. Nefndarálit [11. mál]

um till. til þál. um bætt siðferði í opinberum rekstri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Bandalagi háskólamanna, heimspekideild Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Alþýðusambandi Íslands.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar og á heiti hennar til samræmis við það. Lagt er til að tillagan kveði á um að skipuð verði nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Gert er ráð fyrir að nefndin semji skýrslu þar sem fjallað verði um almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins, stjórnkerfið og eftirlit með starfsemi stjórnvalda, afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni og hvaða leiðir eru færar til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Hjálmar Jónsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Kristján Pálsson.

1307. Breytingartillögur [11. mál]

við till. til þál. um bætt siðferði í opinberum rekstri.

Frá allsherjarnefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Í því skyni skal nefndin semja skýrslu um eftirtalin atriði:
   a. Almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins.
      Kanna ber hvaða óskráðu efnisreglum stjórnvöldum ber að fylgja þegar skýrum og fastmótuðum settum reglum sleppir og stjórnvöldum er eftirlátið svokallað frjálst mat við töku stjórnvaldsákvarðana. Gerð skal grein fyrir hvaða reglur gildi um meðferð slíks valds og hvort þær séu í samræmi við siðferðishugmyndir manna.
   b. Stjórnkerfið og eftirlit með starfsemi stjórnvalda.
      Kanna ber uppbyggingu stjórnkerfisins og að hve miklu leyti eftirlit er innbyggt í það sjálft og að hve miklu leyti það er utanaðkomandi.
   c. Afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni.

Kanna ber hvaða afleiðingar réttarbrot í stjórnsýslunni geta haft, meðal annars hvaða viðurlög eru við þeim og hverjir geta sætt ábyrgð samkvæmt þeim, þar á meðal stjórnsýsluviðurlögum, refsiábyrgð, bótaábyrgð opinberra starfsmanna og húsbóndaábyrgð hins opinbera.

d. Úrbætur.

Nefndin skal setja fram sjónarmið um leiðir sem færar eru til úrbóta í þeim tilvikum sem gefa tilefni til þess.

Skýrsla nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi fyrir frestun funda á vorþingi 1999.

2. Heiti tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni.

1308. Nefndarálit [553. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða Þorláksson, Jón Guðmundsson og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá komu til fundar Aðalsteinn Hákonarson frá KPMG endurskoðun hf., Pétur Guðmundarson hrl. og Erna Bryndís Halldórsdóttir frá Ernst og Young.

Umsagnir bárust nefndinni frá KPMG endurskoðun hf., Vinnumálasambandinu, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, Vinnuveitendasambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, fjármálaráðuneyti, Seðlabanka Íslands, Samtökum verslunarinnar og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á reglum sem gilda um skattlagningu atvinnurekstar o.fl. Í fyrsta lagi er lagt til að gerðar verði umtalsverðar breytingar á skattlagningu á arðgreiðslum milli fyrirtækja og lækkun á skatthlutfalli þeirra, í öðru lagi að bætt verði inn í lögin ákvæði er banni fyrirtækjum beinlínis að gjaldfæra í rekstri sínum mútur eða sambærilegar greiðslur til opinberra aðila og í þriðja lagi að lagfærð verði ákvæði er snúa að framkvæmd og túlkun laganna.

Í nefndinni var rætt um ákvæði 4. gr. um arð af hlutum og hlutabréfum í hlutafélögum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að með orðunum „með sambærilegum hætti“ í greininni er átt við að fyrirtæki sem greiðir arðinn hafi verið skattlagt samkvæmt almennum reglum í því landi þar sem það starfar og breyti þá engu þótt almennt skatthlutfall þar kunni að vera lægra en hér á landi. Við þær aðstæður kemur því ekki til tvísköttunar á arði sem íslensk fyrirtæki kunna að fá af eignarhlut í erlendum félögum.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. frumvarpsins er felur í sér breytingar á 17. gr. laganna um söluhagnað á eignarhlutum í félögum. Í 2. mgr. 17. gr. er kveðið á um að hagnaður af sölu hlutabréfa teljist mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Lagt er til að við ákvæðið bætist að kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, skuli þó ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hef-

ur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Þá er lögð til sú breyting á 3. gr. að sömu reglur skuli gilda um skipti á hlutabréfum og sölu þegar lögaðilar óska frestunar á tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, annarra en eigin bréfa.

2. Þá er lagt til að við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar. Annars vegar er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 32. gr. laganna um fyrnanlegar eignir og þar verði keypt viðskiptavild talin upp með helstu flokkum slíkra eigna. Sérstaklega er tekið fram að kaup á ófyrnanlegum réttindum skv. 50. gr. A teljist ekki til keyptrar viðskiptavildar. Hins vegar er lagt til að bætt verði við 38. gr. laganna nýjum tölulið um fyrningarhlutföll.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1309. Breytingartillögur [553. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, SP, VS, EOK, GMS, ÁE, SighB, SJS).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
   b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr., geta farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, annarra en eigin bréfa, um tvenn áramót frá söludegi. Sama gildir um einstaklinga í atvinnurekstri enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari málsgrein skal hann hækkaður eða lækkaður samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

2. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (5. gr.)
      Við 32. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Keypt viðskiptavild. Kaup á ófyrnanlegum réttindum skv. 50. gr. A teljast ekki til keyptrar viðskiptavildar.
   b. (6. gr.)
      Við 1. mgr. 38. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Keypt viðskiptavild að lágmarki 10% en að hámarki 20%.

1310. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða Þorláksson, Jón Guðmundsson og Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Vinnumálasambandinu, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Kaupmannasamtökunum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (553. mál, þskj. 942). Í 2. gr. þess frumvarps er lagt til að felld verði niður sú regla að reikna beri álagsstuðul á vexti af verðbréfum þegar þau eru ekki með árlegri greiðslu. Útreikningum þessum var ætlað að jafna skattlagningu ávöxtunarforma sem bundin eru til lengri tíma og þeirra sem vextir eru greiddir af árlega. Komið hefur í ljós að ýmsum vandkvæðum er bundið að ákvarða slíkan stuðul og að mjög flókið yrði að framkvæma þessa jöfnun.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ný grein, er verði 2. gr., svohljóðandi:

Við 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Ef tilgreint er á kvittun til rétthafa vaxtanna að um sé að ræða upplýsingar sem færa beri á skattframtal og heildarfjárhæð skattskyldra vaxta er undir 10.000 kr. þarf þó ekki að láta yfirlit þetta í té að tekjuári liðnu, nema rétthafi óski sérstaklega eftir því.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sighvatur Björgvinsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1311. Nefndarálit [94. mál]

um till. til þál. um íslenskt sendiráð í Japan.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna.

Á síðasta ári skipaði utanríkisráðherra nefnd til að fjalla um málefni utanríkisþjónustunnar og áttu sæti í henni m.a. fjórir nefndarmenn í utanríkismálanefnd. Hlutverk hennar var að kanna hvernig utanríkisþjónustu Íslendinga yrði best hagað með tilliti til alþjóðavæðingar undanfarinna ára, í stjórnmálum, viðskiptum og menningarmálum. Nefndin skilað áliti í lok mars sl. og er í því fjallað ítarlega um hvernig Íslendingar geti tryggt hagsmuni sína í margþættara og að mörgu leyti erfiðara alþjóðaumhverfi. Nefnd utanríkisráðherra leggur meðal annars til að hagsmunagæsla erlendis verði styrkt með opnun nýrra sendiráða í Japan og Kanada.

Þar sem efni tillögunnar er í samræmi við niðurstöðu nefndar ráðherra leggur utanríkismálanefnd til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, varaform.	Margrét Frímannsdóttir, frsm.	Siv Friðleifsdóttir.
Árni R. Árnason.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Vilhjálmur Egilsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1312. Nefndarálit [642. mál]

um frv. til l. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneyti, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal og Friðrik Hermannsson frá Vélstjórafélagi Íslands, Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Arthúr Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda.

Umsagnir hafa borist nefndinni frá Fiskistofu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hið almenna ákvæði laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands varðandi úthlutun aflahlutdeildar úr svonefndum deilistofnum verði afnumið hvað varðar stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þess í stað er lagt til að sett verði tímabundin ákvæði um stjórn veiða úr þessum stofni á árunum 1998, 1999 og 2000 og kveðið á um að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember árið 2000 leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr stofninum eftir árið 2000.

Í 2. gr. frumvarpsins eru settar fram meginreglur um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á næstu þremur vertíðum. Ákvæðin eru rammaákvæði og er sjávarútvegsráðherra ætlað að setja nánari ákvæði um framkvæmdina með reglugerð.

Samkvæmt a-lið 2. gr. verða veiðarnar leyfisbundnar en öll skip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eiga kost á síldveiðileyfi. Þar sem úthluta þarf veiðiheimildum milli skipa er nauðsynlegt að fyrir liggi í upphafi vertíðar hvaða skip koma til með að stunda veiðarnar og verður því að miða við að þau skip ein fái leyfi sem um það sækja fyrir lok umsóknarfrests, enda fullnægi þau á því tímamarki skilyrðum um skráningu á íslenska skipaskrá og leyfi til veiða í atvinnuskyni.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur að höfðu samráði við sjávarútvegsnefnd tilkynnt að miðað verði við 5. maí sem upphafsdag síldarvertíðar í ár, enda verði setningu reglna um stjórn veiðanna lokið fyrir þann tíma. Ljóst er því að formlegur umsóknarfrestur um leyfi til veiðanna verður skammur í ár og hugsanlega verður nauðsynlegt að gefa út leyfi til að hefja veiðarnar áður en endanlegri úthlutun aflaheimilda er lokið.

Í b-lið 2. gr. er kveðið á um úthlutun aflaheimilda. Skulu a.m.k. 90% aflaheimildanna koma til skipta milli þeirra skipa sem þessar veiðar hafa stundað síðastliðnar þrjár vertíðir. Skiptast veiðiheimildir milli þessara skipa þannig að 60% er skipt miðað við burðargetu en 40% er skipt jafnt. Ekki er til opinber skráning á burðargetu íslenskra fiskiskipa. Ráðherra verður því með reglugerð að kveða nánar á um hvernig burðargeta skuli metin í þessu sambandi. Allt að 10% árlegra aflaheimilda skal skipt milli skipa sem hingað til hafa ekki stundað síldveiðar. Er ráðherra ætlað að setja reglur um skiptingu þessara veiðiheimilda og er hann í þeim efnum ekki bundinn af reglum sem gilda um þann hluta flotans sem veiðireynslu hefur.

Í d-lið 2. gr. er ráðherra falið að setja með reglugerð nánari ákvæði um stjórn veiðanna. Getur hann m.a. ákveðið að sérstakar reglur skuli gilda um úthlutun á takmörkuðu aflamagni sem íslenskum skipum er heimilt að veiða innan lögsögu annarra ríkja. Með þessu er ráðherra fyrst og fremst veitt svigrúm til að ákveða sérstaka úthlutun á því magni (9.000 lestum 1998)

sem heimilt er að veiða í lögsögu Noregs. Þá er ráðherra heimilað að ákveða að endurúthluta skuli afla eftir tiltekinn tíma sýnist það nauðsynlegt til að fullnýta leyfðan heildarafla íslenskra skipa. Meðal annars vegna þess að framsal á aflaheimildum er takmarkað samkvæmt frumvarpinu er nauðsynlegt að kveða á um endurúthlutun. Mun væntanlega koma til slíkrar endurúthlutunar á óframseljanlegum hluta aflaheimilda skipa sem ekki hafa farið til veiða fyrir tiltekið tímamark eða ekki veitt tiltekinn hluta aflaheimilda sinna fyrir slíkt tímamark. Þá gæti aftur komið til endurúthlutunar í lok vertíðar til að tryggja að aflaheimildirnar nýtist að fullu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Árni R. Árnason, varaform., frsm.	Vilhjálmur Egilsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Árnason.

1313. Nefndarálit [560. mál]

um frv. til l. um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason, Kjartan Gunnarsson og Pál Gunnar Pálsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá kom á fund nefndarinnar Þórður Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Vátryggingaeftirlitinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Kaupmannasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi almennra lífeyrissjóða og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Í frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót nýrri stofnun, Fjármálaeftirlitinu, til að annast þá starfsemi sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið hafa nú með höndum og skal hin nýja stofnun hafi áþekkar starfsheimildir og úrræði og núverandi eftirlitsstofnanir. Gert er ráð fyrir að stofnunin verði sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir viðskiptaráðherra og með yfirstjórn stofnunarinnar fari þriggja manna stjórn en með daglega stjórn fari forstjóri. Fjármálaeftirlitið skal hafa náin samskipti við Seðlabanka Íslands og önnur eftirlitsstjórnvöld en öllum eftirlitsskyldum aðilum er ætlað að greiða kostnað við eftirlitið. Þá er gert ráð fyrir sérstakri kærunefnd í frumvarpinu sem skjóta má ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til.

Nefndin ræddi sérstaklega að ákvæðum frumvarpsins um samskipti Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands væri ætlað að tryggja að ekki komi til tvíverknaðar við eftirlit og upplýsingaöflun, t.d. með stofnun sérstakrar eftirlitsdeildar í Seðlabankanum. Nefndin telur það vera skyldu beggja stofnana að búa svo um hnútana að þetta verði tryggt.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 10. tölul. 1. mgr. 2. gr. að eftirlit samkvæmt lögunum taki til aðila sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánum í stað þess að telja þar upp fjárfestingarfélög. Er hér fyrst og fremst átt við innlánsdeildir samvinnufélaga og póstgíró. Fjárfestingarfélög samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, eru ekki starfandi og því óþarft að tilgreina þau sérstaklega, enda mundu þau falla undir 2. mgr. greinarinnar ef til þeirra væri stofnað. Með breytingunni mun hin nýja stofnun því hafa eftirlit með allri innlánsstarfsemi sem heimiluð er samkvæmt lögum.
2. Lögð er til sú breyting á 3. gr. að fellt verði brott það ákvæði greinarinnar sem kveður á um að viðskiptaráðherra muni ekki hafa afskipti af einstökum málum sem eru til umfjöllunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Sérstök stjórn verður yfir Fjármálaeftirlitinu, sbr. 4. gr., og ekki verður um að ræða beint kærusamband á milli ráðherra og Fjármálaeftirlitsins, sbr. ákvæði 17. gr. um kærunefnd. Ekki er því ástæða til þess að geta þess sérstaklega að ráðherra hafi ekki afskipti af einstökum málum sem til umfjöllunar kunna að verða hjá Fjármálaeftirlitinu.
3. Lögð er til breyting á 5. gr. sem tekur til forstjóra og starfsmanna hinnar nýju stofnunar, Fjármálaeftirlitsins. Fellt er niður ákvæði 2. mgr. sem segir að forstjóra stofnunarinnar sé heimilt að ákveða að starfsmenn njóti kjara samkvæmt samningum bankamanna. Þess í stað er bætt við ákvæði í 2. mgr. 20. gr. þar sem segir að starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem eru í starfi við gildistöku laga þessara skuli eiga rétt á starfi hjá Fjármálaeftirlitinu, og kveðið á um að starfsmenn skuli að auki halda óbreyttum launakjörum sínum og aðild að stéttarfélagi.
4. Lögð er til breyting á 6. mgr. 6. gr. þar sem segir að ráðherra setji reglur um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna við eftirlitsskylda aðila. Skal þar meðal annars kveðið á um takmarkanir á heimildum til að vera í fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum eða eiga hlut í þeim.
5. Lögð er til breyting á 7. gr. þar sem fjallað er um sérstaka ráðgjafarnefnd. Til þess að leggja áherslu á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins er lagt til að heiti nefndarinnar verði samráðsnefnd en ekki ráðgjafarnefnd. Ekki er gert ráð fyrir að nefndin veiti Fjármálaeftirlitinu ráðgjöf í starfi stofnunarinnar heldur skal hún vera vettvangur þar sem hinir eftirlitsskyldu aðilar geta komið á framfæri ábendingum sínum um þau mál sem lúta að samskiptum þeirra og eftirlitsaðilans.
6. Lögð er til sú breyting á 15. gr. að í stað þess að Fjármálaeftirlitið skuli ársfjórðungslega gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína skuli slíkt gert á hálfs árs fresti sem að mati nefndarinnar ætti að vera nægilegt.
7. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 16. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að nánar verði skilgreind aðkoma samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins, í öðru lagi að taka skuli af allan vafa um það að allir sem lúta eftirliti, hvort sem þeir eru taldir upp í 2. gr. eða ekki, skuli greiða fyrir eftirlitið og í þriðja lagi að skýra betur að aðeins skuli greiða sérstaklega fyrir óreglubundnar og sértækar kannanir eða eftirlit með

þeim eftirlitsskyldu aðilum sem jafnframt greiða eftirlitsgjald samkvæmt öðrum ákvæðum greinarinnar.

Alþingi, 18. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1314. Breytingartillögur [560. mál]

við frv. til l. um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „fjárfestingarfélaga“ í 10. tölul. 1. mgr. komi: aðila, annarra en greinir í 1. tölul., sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánum.
2. Við 3. gr. 3. málsl. orðist svo: Stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra.
3. Við 5. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Forstjóri ræður starfsmenn til stofnunarinnar.
4. Við 6. gr. Í stað orðsins „hlutabréf“ í 6. mgr. komi: hlut.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:
   Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.
   Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við stofnunina.
   Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Samráðsnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.
   Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð, meðal annars um skipan hennar.
6. Við 15. gr. Í stað orðsins „ársfjórðungslega“ komi: á hálfs árs fresti.
7. Við 16. gr.
   a. Í stað lokamálsliðar 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Leita skal álits samráðsnefndar á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs. Stjórn stofnunarinnar skal senda viðskiptaráðherra áætlunina til samþykktar og skal álit samráðsnefndar fylgja áætluninni.
   b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Vegna eftirlits með annarri starfsemi en upp er talin í 1.–7. tölul. 3. mgr. greiðist samkvæmt reikningi.
   c. 2. málsl. 7. mgr. orðist svo: Þar er heimilt að kveða á um að sértækt eftirlit eða viðamiklar kannanir sem stofnunin framkvæmir umfram reglubundið eftirlit verði greidd samkvæmt reikningi.

8. Við 20. gr. Við 2. mgr. bætist: og halda óbreyttum launakjörum sínum og aðild að stéttarfélagi.

1315. Nefndarálit [561. mál]

um frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson, Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni um málið frá Seðlabanka Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Vátryggingaeftirlitinu, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, Kaupmannasamtökunum og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Frumvarp þetta er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. máli. Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á hugtakanotkun í samræmi við þá nýju skipan að stofnað verði sérstakt Fjármálaeftirlit í stað bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Hins vegar er lagt til að ákvæði um neytendamáladeild í lögum um vátryggingastarfsemi verði fellt úr gildi þar sem ekki er talið eðlilegt að við Fjármálaeftirlitið starfi neytendamáladeild sem aðeins fjalli um vátryggingamál. Í stað þess verður unnt að kveða á um starfsemi slíkrar deildar í reglugerð um starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 1. gr. frumvarpsins verði felld brott en þar er gert ráð fyrir breytingum á lögum nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Þau lög verða úr gildi fallin 1. janúar 1999 þegar Fjármálaeftirlitið tekur til starfa og breytingin því óþörf.
2. Lögð er til breyting á 17. gr. vegna nýsamþykktra breytinga á umferðarlögum og lagðar til breytingar á nýsamþykktum lögum um Kvótaþing, nr. 11/1998, og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, í samræmi við aðrar breytingar á hugtakanotkun. Þá eru lagðar til breytingar á 6., 8., 14. og 21. gr. til leiðréttingar.

Alþingi, 25. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.	Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1316. Breytingartillögur [561. mál]

við frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 6. gr. 61. tölul. orðist svo: Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlits“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
   1. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
   2. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
   3. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
   4. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
   5. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
   6. Í stað orðsins „Bankaeftirlit“ í 2. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
   7. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 5. tölul. 1. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
   8. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
   9. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
   10. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
   11. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 4. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ hvarvetna í 5. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
   12. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
   13. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
   14. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ hvarvetna í 1. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
   15. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“, „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlits“ í 1. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
   16. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

17. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

4. Við 14. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: það; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 5. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

5. Við 17. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

6. Við 21. gr. Í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. og 6. tölul. komi: Seðlabankans.

7. Á eftir 21. gr., er verði 20. gr., komi tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (21. gr.)

Breyting á lögum nr. 11/1998, um Kvótaþing.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laga nr. 11/1998, um Kvótaþing:

1. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

b. (22. gr.)

Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ 1. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. tölul. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
11. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
12. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl., „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. og „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 4. málsl. 35. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

13. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
14. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í inngangsmálslið 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
15. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

1317. Nefndarálit [581. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason, Kjartan Gunnarsson og Pál Gunnar Pálsson frá viðskiptaráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni um málið frá Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vátryggingaeftirlitinu, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, Kaupmannasamtökunum og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og frumvarpi til laga um breytingu á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit, 560. og 561. máli. Samkvæmt fyrrnefndu frumvarpi verður 1. janúar 1999 komið á fót nýrri stofnun, Fjármálaeftirlitinu, sem mun annast þá starfsemi sem bankaeftirlit Seðlabankans og Vátryggingaeftirlitið hafa nú með höndum. Því eru hér felld brott ákvæði úr lögum um Seðlabanka Íslands sem lúta að starfsemi bankaeftirlitsins. Þá eru í frumvarpinu lagðar til ýmsar breytingar sem miða að því að færa lögin betur í takt við aðstæður á fjármagnsmarkaði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við 7. gr. bætist nýr málsliður sem kveður á um að þess skuli gætt sem frekast er kostur að samnýta upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 38. gr. laganna. Með þessu er lögð áhersla á mikilvægi þess að koma í veg fyrir tvíverknað hjá Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum í öflun upplýsinga hjá fjármálafyrirtækjum.
2. Lögð er til breyting á 8. gr. með hliðsjón af nýsamþykktum lögum um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu gjaldmiðilsins evrunnar.
3. Lögð er til orðalagsbreyting á ákvæði 11. gr. þannig að í stað þess að kveða á um að arðsjóður skuli ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum skuli hann ávaxtaður í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum.

4. Loks er lögð til breyting á ákvæði 13. gr. um gildistöku, meðal annars með hliðsjón af breytingu á 8. gr., sbr. 2. lið hér að framan.

Alþingi, 18. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1318. Breytingartillögur [581. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „41. gr.“ í 5. efnismgr. komi: 37. gr.
2. Við 7. gr.
   a. Við 2. mgr. a-liðar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þess skal gætt sem frekast er kostur að samnýta upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 34. gr. laga þessara.
   b. Í stað orðanna „41. gr.“ í b-lið komi: 37. gr.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Orðin „evrópsku mynteiningunni (ECU) og“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
   b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, sem orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Seðlabankinn ákveðið að skrá gengi krónunnar eins og þar segir þótt bankastofnanir séu almennt lokaðar til viðskipta.
4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsl. 2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Arðsjóður skal ávaxtaður í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum en helmingur árlegra tekna hans skal renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Rannsóknarráð Íslands.
5. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „26. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: 22. gr.
   b. Í stað orðanna „28. gr.“ í 2. og 3. málsl. 2. mgr. komi: 24. gr.
6. Við 13. gr. 2. málsl. orðist svo: Ákvæði a-liðar 1. gr., 7. gr., a-liðar 8. gr. og b-liðar 12. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1999.

1319. Nefndarálit [524. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða Þorláksson, Sigurð Ólafsson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Byggðaþjónustunni ehf., Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Þaki yfir höfuðið, Öryrkjabandalagi Íslands, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Reykjanesbæ, Seðlabanka Íslands, Verðbréfaþingi Íslands, húsnæðisnefnd Reykjavíkur, Kópavogsbæ, borgarráði Reykjavíkurborgar, ríkisskattstjóra, Akureyrarbæ og Reykjavíkurborg.

Með frumvarpinu er lagt til að vaxtabætur til þeirra sem kaupa fasteignir eftir að lögin taka gildi verði greiddar fyrir fram í stað þess að greiðast eftir á líkt og verið hefur. Með þessari breytingu munu vaxtabætur koma til greiðslu á kaupári en ekki ári síðar líkt og nú er. Þá er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði að skuldajafna vaxtabótum, sé um vanskil að ræða, til greiðslu á afborgunum og vöxtum af húsnæðislánum. Jafnframt er lagt til að skerðingarhlutfall vaxtabóta, sem er 6% af tekjuskattsstofni, lækki um hálft prósentustig fyrir hvert ár sem bótaþegi á rétt á vaxtabótum vegna sama íbúðarhúsnæðis umfram 25 ár. Hafi bótaþegi fengið vaxtabætur samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis í 36 ár fellur frádráttur á grundvelli tekjuskattsstofns niður.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.

1320. Nefndarálit [448. mál]

um till. til þál. um forkönnun á vegtengingu milli lands og Eyja.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og umsagnir hafa borist frá Vegagerðinni, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Vestmannaeyjabæ.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að láta gera forkönnun á gerð vegtengingar milli Vestmannaeyja og lands. Framangreind vegtenging hefur verið nokkuð til umræðu að undanförnu án þess að unnt hafi verið að byggja hana á neinum teljandi gögnum varðandi tæknileg eða fjárhagsleg atriði. Nefndin telur skynsamlegt að bæta hér úr og að gerð

verði sú könnun sem lögð er til. Samkvæmt greinargerð sem fylgir tillögunni er gert ráð fyrir að kostnaður við fyrri hluta forkönnunar verði 1,5 millj. kr. og við síðari hluta 5 millj. kr.

Nefndin telur æskilegt að könnunin verði gerð í tveimur áföngum eins og lagt er til í greinargerð með tillögunni og að ekki verði ráðist í síðari áfangann nema sá fyrri gefi tilefni til þess. Í fyrri áfanga þyrfti að huga að áhættumati fyrir þær lausnir sem nefndar hafa verið. Þessari hugmynd er ekki ætlað að hafa áhrif á áform um jarðgöng á Íslandi.

Samgöngunefnd leggur til í ljósi þessa að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Ragnar Arnalds var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Árni Johnsen.	Egill Jónsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Stefán Guðmundsson.		Guðmundur Árni Stefánsson.

1321. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Birgi Jónsson, Ragnhildi Hjaltadóttur og Ólöfu Nordal frá samgönguráðuneyti, Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Björn Ingólfsson og Ernu Hauksdóttur frá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa.

Umsagnir bárust nefndinni frá Austfjarðaleið ehf., Ferðamálaráði, Ferðamálasamtökum Austurlands, Ferðaþjónustu bænda, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrari reglur um rekstur ferðaskrifstofa hér á landi, svo sem um ferðaskrifstofuleyfi og fjárhæð tryggingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að a-liður a-liðar 1. gr. falli brott og er skilgreiningu á hugtakinu ferðaskrifstofa þar með breytt. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á sviði upplýsingamiðlunar leggur nefndin til að ekki þurfi ferðaskrifstofuleyfi til að gefa upplýsingar um ferðir innan lands og erlendis. Samhliða þessu er b-lið a-liðar 1. gr. breytt á þann veg að ef upplýsingagjöfinni fylgir umboðssala með farmiða sé um ferðaskrifstofu að ræða.

2. Lagt er til að felld verði brott orðin „a- og b-lið“ úr h- og i-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem ætlunin er að vísa einnig til c-liðar 19. gr. á báðum stöðum og því nægjanlegt að vísa einungis til 19. gr.
3. Þá er lagt til að lágmark tryggingar skv. h-lið 1. gr. verði lækkað í 1 millj. kr. Nefndin telur að með því sé komið til móts við sjónarmið ýmissa smærri aðila sem standa í ferðaskrifstofurekstri. Í dag er lágmarkstrygging smærri aðila 1 millj. kr. þannig að með því að breyta lágmarkinu eins og samgöngunefnd leggur til verður ekki um röskun að ræða hjá neinum aðilum.
4. Þá er lögð til orðalagsbreyting á c-lið k-liðar 1. gr. svo að skýrar komi fram að um ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða vátryggingu hjá vátryggingafélagi er að ræða.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Egill Jónsson.	Árni Johnsen.	Ragnar Arnalds.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristján Pálsson.	Stefán Guðmundsson.

1322. Breytingartillögur [546. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

Frá samgöngunefnd.

1. Við a-lið (9. gr.) 1. gr.
   a. A-liður 1. mgr. falli brott.
   b. B-liður orðist svo: Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum og upplýsingar um slíkar ferðir.
2. Við d-lið (12. gr.) 1. gr. Í stað orðsins „umsagnir“ í síðari málslið 1. mgr. komi: umsóknir.
3. Við h-lið (16. gr.) 1. gr.
   a. Orðin „a- og b-lið“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Trygging skal þó aldrei vera lægri en 1 millj. kr. vegna ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda.
4. Við i-lið (17. gr.) 1. gr. Orðin „a- og b-lið“ í 2. mgr. falli brott.
5. Við k-lið (19. gr.) 1. gr. C-liður orðist svo: Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða vátrygging hjá vátryggingafélagi. Skulu þessir aðilar hafa starfsleyfi hér á landi. Þeir skulu og gefa yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð tryggingarinnar séu í samræmi við lög þessi.

1323. Nefndarálit [593. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, og siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti og Hermann Guðjónsson frá Siglingastofnun Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Eyjaferðum sf., Ferðamálaráði, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Siglingastofnun Íslands og Sjóferðum.

Með frumvarpinu er lagt til að farþegaflutningar með skipum verði háðir sérstöku leyfi og að lögfest verði skyldutrygging í farþegaflutningum með skipum. Með breytingunum er ætlunin að stuðla að auknu öryggi í farþegaflutningum með skipum og bátum á sjó, ám eða vötnum. Samgöngunefnd tekur undir markmið frumvarpsins en leggur til þá breytingu að vátryggingarskyldunni verði flýtt um sex mánuði svo að ákvæðið komi til framkvæmda á sumri komanda. Það er mat nefndarinnar að frestur til 1. ágúst nk. sé nægjanlegur undirbúningstími fyrir þá sem að málinu koma, tryggingafélög og tryggingartaka.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „1. janúar 1999“ í 2. mgr. komi: 1. ágúst 1998.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Egill Jónsson.	Árni Johnsen.	Ragnar Arnalds.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristján Pálsson.	Stefán Guðmundsson.

1324. Nefndarálit [368. mál]

um frv. til búnaðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson og Jón Erling Jónasson frá landbúnaðarráðuneyti. Þá komu til fundar Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Guðmundur Lárusson, Guðbjörn Árnason og Guðmundur Þorsteinsson frá Landssambandi kúabænda.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Veiðimálastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sambandi garðyrkjubænda, Bændasamtökum Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Búnaðarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu, Sambandi íslenskra loðdýraræktenda, Félagi ferðaþjónustubænda, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Landssambandi kartöflubænda, Búnaðarsambandi Strandamanna, Davíð Þór Björgvinssyni, prófessor við Háskóla Íslands, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Landssambandi kúabænda, Alþýðusambandi Íslands og búnaðarþingi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný lög sem leysi af hólmi jarðræktarlög og lög um búfjárrækt. Ákvæði jarðræktarlaga eru undirstaða þess skipulags sem gilt hefur hér á landi á meginhluta þessarar aldar um stuðning ríkisins við jarða- og húsabætur í sveitum. Á sama hátt eru búfjárræktarlögin undirstaða þeirra framfara í búfjárrækt sem orðið hafa hér á landi síðustu áratugina. Þessi lög eru einnig meginundirstaða þeirrar ráðunautaþjónustu sem rekin hefur verið á vegum landbúnaðarins og er þar að finna ákvæði um stuðning ríkisvaldsins við þá starfsemi. Þessi nýju búnaðarlög verða rammalög sem gera ráð fyrir samningum milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands um verkefni á sviði jarðabóta, búfjárræktar, leiðbeininga og hagræðingar sem notið geta fjárstuðnings ríkisvaldsins.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 3. gr. frumvarpsins með hliðsjón af ákvæðum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Nefndin telur rétt að taka það sérstaklega fram að við gerð samninga skv. 3. gr. frumvarpsins þarf að gæta að ákvæðum 2. mgr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, en þar segir meðal annars að einkaaðila verði ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Séu slíkir samningar gerðir skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast. Af þessu ákvæði leiðir að við framkvæmd valds síns samkvæmt búnaðarlögum eru Bændasamtök Íslands bundin af ákvæðum stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennum meginreglum stjórnsýsluréttarins að því er varðar þá stjórnsýslu sem Bændasamtökin taka að sér að annast fyrir ríkisvaldið á grundvelli samninga skv. 3. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 1. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á búfé. Í III. kafla frumvarpsins er sérstaklega fjallað um ræktun búfjár og því þykir rétt að búfé sé hér skilgreint. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á búfé sem er að finna í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á skilgreiningu á búnaðarfélagi og í þriðja lagi er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á héraðsráðunaut og er það í samræmi við aðrar breytingar á frumvarpinu, sbr. 6. lið.
2. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. Annars vegar eru lagðar til orðalagsbreytingar en hins vegar er lagt til að í stað þess að eingöngu verði kveðið á um að Bændasamtökin annist framkvæmd þeirra verkefna sem um er samið skv. 1. mgr. greinarinnar annist samtökin slíka framkvæmd nema öðruvísi sé um samið eða ákveðið með lögum. Með þessu er verið að undirstrika að Framleiðnisjóður landbúnaðarins, sbr. 1. mgr., verði ekki settur undir Bændasamtökin.
3. Lögð er til sú breyting á 4. gr. um fagráð að kveðið verði á um að sérfróðir aðilar skuli starfa með og sitja í fagráðum en ekki skuli tilgreint nákvæmlega að hverju slíkir aðilar skuli vinna.

4. Lögð er til sú breyting á 7. gr. að í stað þess að miða við að framlög til jarðabóta geti náð til allra jarðeigna sem teljast lögbýli, með nokkrum undantekningum, verði miðað við að framlög til jarðabóta geti náð til allra jarðeigna þar sem landbúnaður er stundaður, með undantekingum þó sem raktar eru í greininni.
5. Lögð er til breyting á 8. gr. um eftirlit. Gert er ráð fyrir að eftirlit með því að jarðabætur séu unnar í samræmi við fyrirliggjandi áætlun og aðrar reglur sem gilda um slíkar framkvæmdir geti jafnt verið í höndum búnaðarsambanda sem og leiðbeiningarmiðstöðva.
6. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 9., 11., 13. ,17. og 18. gr. meðal annars með hliðsjón af því að leiðbeiningar samkvæmt frumvarpinu skulu ýmist vera í höndum búnaðarsambanda eða leiðbeiningarmiðstöðva og í stað þess að tala um ráðunauta verði notað hugtakið héraðsráðunautar.
7. Lögð er til sú breyting á 12. gr. að gjald það sem búnaðarsamböndum eða öðrum félagasamtökum bænda sem viðurkennd eru af Bændasamtökum Íslands er heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa skuli nema 1,7% í stað 1,5% af afurðastöðvarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma.
8. Lagt er til að fellt verði brott úr ákvæði 16. gr. að erfðanefnd búfjár skuli fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans hjá villtum landdýrum en lög um slík dýr heyra undir umhverfisráðuneytið.
9. Loks er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins og við það miðað að lögin taki gildi þegar í stað. Til samræmis eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Árni M. Mathiesen.
Guðjón Guðmundsson.	Hjálmar Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

1325. Breytingartillögur [368. mál]

við frv. til búnaðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir 2. tölul. komi nýr liður er orðist svo: *Búfé* er hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

b. Orðin „oftast í einum hreppi“ í 4. tölul. falli brott.
c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Héraðsráðunautur* er ráðunautur sem starfar í tilteknum landshluta á vegum búnaðarsambands eða leiðbeiningarmiðstöðvar.

2. Við 3. gr.
a. Í stað orðanna „gera tillögu til fimm ára“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: fjalla um samning landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands.
b. 5. málsl. 1. mgr. falli brott.
c. Í stað orðanna „nema öðruvísi sé um samið“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: nema öðruvísi sé um samið eða ákveðið með lögum.

3. Við 4. gr. 5. málsl. orðist svo: Jafnframt skulu sitja í fagráðum eða starfa með þeim sérfróðir aðilar.

4. Við 7. gr. 2. mgr. orðist svo:
Framlög til jarðabóta geta náð til allra jarðeigna þar sem landbúnaður er stundaður, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja á svæðum sem tekin hafa verið úr landbúnaðarnotum eða hafa verið skipulögð til annars en landbúnaðar.

5. Við 8. gr. Í stað orðsins „Leiðbeiningarmiðstöðvar“ komi: Búnaðarsambönd eða leiðbeiningarmiðstöðvar.

6. Við 9. gr. Orðin „í landinu“ í fyrri málslið falli brott.

7. Við 11. gr. Í stað orðsins „framrækta“ í fyrri málslið komi: rækta.

8. Við 12. gr. Í stað orðanna „Gjaldið skal nema 1,5%“ í 2. málsl. komi: Gjaldið skal nema 1,7%.

9. Við 13. gr. Í stað orðanna „föllum gripa“ í 2. mgr. komi: afurðum.

10. Við 16. gr. Orðin „villtum landdýrum“ í a-lið 2. mgr. falli brott.

11. Við 17. gr.
a. Í stað orðanna „bændum og öðrum viðkomandi“ í 3. tölul. 2. mgr. komi: þeim sem starfa að landbúnaði.
b. 7. tölul. 2. mgr. orðist svo: vinna að eflingu búrekstrar í sveitum.

12. Við 18. gr.
a. Í stað orðanna „Á leiðbeiningarmiðstöðvum skulu starfa ráðunautar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Hjá búnaðarsamböndum og leiðbeiningarmiðstöðvum skulu starfa héraðsráðunautar.
b. Orðin „ræktunarframkvæmdum og öðrum“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
c. Í stað orðanna „þeirra búnaðarsambanda er þeir starfa fyrir“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: þeirra búnaðarsambanda eða leiðbeiningarmiðstöðva er þeir starfa fyrir.
d. Í stað orðsins „Ráðunautar“ í 2. mgr. komi: Héraðsráðunautar.
e. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Leiðbeiningar – héraðsráðunautar.*

13. Við 20. gr. Í stað orðanna „Með lögum þessum, sem taka gildi 1. janúar 1998, falla“ komi: Lög þessi taka þegar gildi og jafnframt falla.

14. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „enda verði fylgt eftirfarandi reglum“ í fyrri málsgrein komi: en ákvæði laga þessara gilda um framkvæmdir sem hafa verið teknar út og samþykktar á árinu 1998. Um samninga við bændur verði eftirfarandi reglum fylgt.

1326. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [288. mál]

í málinu: Frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Svavari Gestssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ragnari Arnalds, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra harmar þá niðurstöðu meiri hluta Alþingis að neita að taka til umræðu frumvarp frá ríkisstjórninni sjálfri um breytingu á skipulags- og byggingarlögum þar sem reynt er að leita sátta í viðkvæmu deilumáli. Þar með er ljóst að ríkisstjórnin vill ekki ná neinni almennri sátt um skipulagsmál hálendisins. Jafnframt er ljóst að litlu breytir hvort frumvarp til sveitarstjórnarlaga nær fram að ganga á þessu vori eða bíður næsta vetrar. Með hliðsjón af þessu leggur þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra til að Alþingi samþykki að frumvarpi ríkisstjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga verði **vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.**

1327. Nefndarálit [478. mál]

um frv. til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Ólafsson og Kolbein Árnason frá dómsmálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Samúel M. Karlsson, Stefán Valdimarsson, Jón Sigurðsson og Kristján Andrésson áfengiseftirlitsmenn, Erna Hauksdóttir og Tryggvi Guðmundsson frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Haraldur Johannessen og Jón Bjartmarz frá embætti ríkislögreglustjóra, Signý Sen frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, Höskuldur Jónsson, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Regína Ásgrímsdóttir og Þorleifur Óskarsson frá Starfsmannafélagi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og Dögg Pálsdóttir hrl. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Áfengisvarnaráði, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, lögreglustjóranum í Reykjavík, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Samtökum iðnaðarins, Matvæla- og veitingasambandi Íslands, Guðbirni Jónssyni, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Vímulausri æsku, Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stórstúku Íslands, Samtökum verslunarinnar, Kaupmannasamtökum Íslands, Jóni Sigurðssyni og Reykjavíkurborg.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um áfengi og er frumvarpið liður í umfangsmiklum breytingum sem lagðar hafa verið til í áfengis- og tóbaksmálum hér á landi. Helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér felast í því að sett verði skýrari og heildstæðari ákvæði en samkvæmt gildandi löggjöf um leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis. Er ríkislögreglustjóra í stað fjármálaráðherra ætlað að veita leyfi til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis. Þá er það nýmæli í frumvarpinu að lagt er til að ÁTVR þurfi leyfi til að starfrækja hverja áfengisútsölu. Lagt er til að sveitarstjórn, hver í sínu umdæmi, veiti leyfin og þurfa útsölustaðirnir að fullnægja ákveðnum lágmarksskilyrðum, en viðkomandi sveitarstjórn er síðan heimilt að binda

leyfið frekari skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að afnumið verði það skilyrði núgildandi laga að fjöldi íbúa sveitarfélags skuli vera yfir 1.000 til að heimilt sé að starfrækja þar áfengisútsölu. Þá eru í frumvarpinu sett skýrari og ótvíræðari ákvæði um áfengisveitingaleyfi og skilyrði sem leyfishafar þurfa að fullnægja. Skilyrði þessi eiga að auðvelda eftirlitsaðilum að bregðast við brotum leyfishafa á löggjöfinni og skapa þar með öruggari umgjörð um mál þessi en verið hefur. Meðal þeirra skilyrða sem leyfishafar þurfa að uppfylla eru að þeir leggi fram tryggingar fyrir kröfum sem kunna að stofnast á hendur þeim vegna rekstursins og að þeir séu ekki í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða lífeyrissjóði. Þá er heimilt að synja um leyfi hafi hlutaðeigandi á síðustu fimm árum verið dæmdur til refsivistar fyrir brot á tilgreindum lögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að sveitarstjórnir í stað lögreglustjóra gefi út leyfi til áfengisveitinga hver í sínu sveitarfélagi. Loks er lagt til að sett verði á stofn úrskurðarnefnd um áfengismál, en hlutverk hennar verður að leysa úr ágreiningsmálum vegna ákvarðana sem frumvarpið gerir ráð fyrir að séu í höndum sveitarstjórna.

Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til breytinga á lögreglulögum, en í því er lagt til að stofnuð verði sérstök deild innan embættis ríkislögreglustjóra sem fari með yfirstjórn og umsjón með eftirliti með meðferð áfengis.

Nefndin fjallaði nokkuð um áfengisauglýsingar, en í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á núgildandi reglum þar um. Nokkur misbrestur hefur verið á framkvæmd þessara reglna að undanförnu og deildar meiningar eru um hvort að unnt sé að framfylgja þeim. Bárust nefndinni upplýsingar um að nú væru í gangi í dómskerfinu þrjú mál þar sem ákært hefði verið fyrir brot gegn þessum ákvæðum áfengislaga og væri ætlunin að fá endanlega úr því skorið hvort ákvæðin væru fullnægjandi. Telur nefndin rétt að bíða úrlausnar dómstóla í þessum málum áður en ákvarðanir verða teknar um breytingar á reglum um áfengisauglýsingar.

Einnig var rætt um ákvæði 18. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að ungmennum yngri en 18 ára sé óheimil dvöl á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Er ákvæðið óbreytt frá núgildandi lögum og komu fram þau sjónarmið í nefndinni að þörf væri á endurskoðun þess. Þykir réttara að bíða með breytingar á ákvæðinu þar til fyrir liggur niðurstaða nefndar þeirrar sem nefndin leggur til að skipuð verði, en hún á að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um lagaskil núgildandi áfengislaga og þessara laga, bæði hvað varðar útgáfu leyfa til áfengisveitinga eftir samþykkt laganna og áður útgefin leyfi. Gerir nefndin breytingartillögu við gildistökuákvæðið og leggur til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða til að koma til móts við fyrrnefnd atriðið. Hvað varðar þegar útgefin leyfi til áfengisveitinga er ljóst af ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu að þau halda gildi sínu, en öll leyfi eru tímabundin og munu þau lúta ákvæðum nýrra laga þegar kemur að endurútgáfu. Sum þessara leyfa gilda einungis varðandi veitingar á léttu víni, en í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á léttum og sterkum drykkjum, heldur er í öllum tilvikum fjallað um áfengi í heild. Slíka skilgreiningu er hins vegar að finna í frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi um gjald af áfengi, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og verður nauðsynlegt að notast við þá skilgreiningu þar til umrædd leyfi renna út.

Þá spunnust umræður í nefndinni um spíra, en með frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi ÁTVR til innflutnings á spíra verði fellt niður. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir að spíri falli að hluta til undir áfengislög, þ.e. ef um er að ræða neysluhæfan vökva. Þannig verður innflutningur, sala og framleiðsla slíkra vökva leyfisskyld og er þar t.d. átt við svokallaðan læknaspíra. Hins vegar er gert ráð fyrir að aðrir vökvar sem innihalda vínanda en eru óneysluhæfir

verði ekki leyfisskyldir samkvæmt áfengislögum, heldur verði settar sérstakar reglur á viðkomandi sviði þar um.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. gr. þar sem fram kemur tilgangur laganna. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig að tilgangurinn verði að vinna gegn misnotkun áfengis, en það markmið er meira í samræmi við upphafsákvæði núgildandi áfengislaga.
2. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. varðandi áfengi í duftformi. Nefndinni bárust ábendingar um að vandamál kynnu að skapast ef skilgreining frumvarpsins á áfengi nær ekki til efna sem má leysa sundur í vökva og hafa þá þann áfengisstyrkleika sem er nefndur í frumvarpinu. Því er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á áfengi í 1. mgr. 2. gr. ákvæði þess efnis að þau efni, sem unnt er að leysa upp í vökva og hafa áfengisstyrkleika þann sem fram kemur í frumvarpinu, skuli fara með sem áfengan drykk.
3. Lagt er til að orðið „smásala“ verði fellt brott úr 2. mgr. 3. gr. þar sem fjallað er um leyfisveitingar til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu eða framleiðslu áfengis. Skv. 10. gr. frumvarpsins hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkaleyfi til smásölu áfengis og því er óþarft að kveða á um smásölu í 3. gr.
4. Á 5. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar.
5. Á 5. mgr. 13. gr. er lögð til breyting þess efnis að tilkynning um nýjan stjórnanda áfengisveitingastaðar skuli berast til sveitarstjórnar auk lögreglustjóra. Þykir eðlilegt að sveitarstjórn, sem leyfisveitanda, sé einnig tilkynnt um slíka breytingu.
6. Tvær breytingar eru lagðar til á 14. gr. Annars vegar á 1. mgr. ákvæðisins þar sem kveðið er á um að sveitarstjórn skuli, áður en hún veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað, afla umsagnar heilbrigðisnefndar og leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Lagt er til að viðkomandi lögreglustjóri verði jafnframt umsagnaraðili áður en sveitarstjórn veitir leyfið. Bárust nefndinni ábendingar um þetta atriði og tekur hún undir það sjónarmið að lögregluyfirvöld kunna að búa yfir mikilvægum upplýsingum um umsækjendur og að til lögreglunnar berast flestar athugasemdir vegna ónæðis frá veitingastöðum. Hin breytingin sem lögð er til á 14. gr. snýr að umsagnaraðilum um reglugerð um áfengisveitingar, en nefndinni bárust margar ábendingar varðandi ákvæðið. Eðlilegast þykir að við ákvörðun um lögbundna umsagnaraðila verði tekið mið af því hvaða aðilar það eru sem sæti eiga í úrskurðarnefnd um áfengismál, en einnig þykir eðlilegt að áfengis- og vímuvarnaráð veiti umsögn. Því er lagt til að lögbundnir umsagnaraðilar um reglugerðina verði áfengis- og vímuvarnaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkislögreglustjóri.
7. Þá er lögð til sú breyting á 1. mgr. 19. gr. að í stað þess að bannað verði að afhenda og veita bersýnilega ölvuðum manni áfengi verði kveðið á um að heimilt sé að neita að veita eða afhenda manni áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

   Á 2. mgr. 19. gr. er lögð til breyting þess efnis að í stað orðsins „félagsherbergi“ komi „húsnæði félagasamtaka“ en það þykir samrýmast betur nútímamálnotkun. Þá er einnig lagt til að ákvæði varðandi húsnæði félagasamtaka verði tekið inn í fyrri málslið 2. mgr., en síðari málsliður 2. mgr. felldur brott.
8. Lagðar eru til breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins, en jafnframt er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða (III), þar sem kveðið verði á um að með nýjar umsóknir um áfengisveitingaleyfi skuli fara samkvæmt ákvæðum þessara laga strax frá birtingu þeirra, en gert er ráð fyrir að lögin öðlist að öðru leyti gildi 1. júní nk. Þykir

eðlilegt að umsóknir sem berast eftir birtingu laganna verði afgreiddar eftir nýjum reglum.

9. Lagt er til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða (II) þar sem kveðið er á um niðurlagningu starfs áfengisvarnaráðunautar, sbr. 26. gr. núgildandi áfengislaga, og um niðurlagningu skrifstofu áfengisvarnaráðs, sbr. 27. og 28. gr. sömu laga. Breyting þessi er lögð til þar sem að nú er til umfjöllunar á Alþingi frumvarp heilbrigðisráðherra þar sem kveðið er á um stofnun sérstaks áfengis- og vímuvarnaráðs í þeim tilgangi að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Gert er ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð taki við verkefnum áfengisvarnaráðunautar og áfengisvarnaráðs ásamt fíkniefnavörnum.
10. Loks er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða (IV) þar sem kveðið er á um skipan nefndar sem hafi það verkefni að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Lagt er til að dómsmálaráðherra skipi nefndina og í henni eigi sæti sex menn. Einn fulltrúi verði tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einn af áfengiseftirlitsdeild ríkislögreglustjóra, einn af landlæknisembættinu, einn af landssamtökunum Heimili og skóli og einn af Félagi framhaldsskólanema, og er lagt til að dómsmálaráðherra skipi nefndinni formann án tilnefningar. Lagt er til að nefndin vinni í samráði við allsherjarnefnd og að niðurstaða og skýrsla um starf nefndarinnar skuli lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings. Meðal þátta sem nefndin á að kanna eru kostir og gallar breytinga á áfengiskaupaaldri, reynsla annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri, nauðsyn á eflingu forvarnar- og eftirlitsstarfs til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi. Auk þess skal nefndin meta áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár, meta hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór og meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0‰. Gert er ráð fyrir að kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Bryndís Hlöðversdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma um málið.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Kristján Pálsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.

1328. Breytingartillögur [478. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „miða að hófsemd í meðferð áfengis“ komi: vinna gegn misnotkun áfengis.
2. Við 2. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Efni þau sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika skal fara með sem áfengan drykk.
3. Við 3. gr. Lagt er til að orðið „smásölu“ í fyrri málslið 2. mgr. falli brott.
4. Við 5. gr. Á eftir orðunum „skv. 1. mgr. 3. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: annað en leyfi til smásölu.
5. Við 13. gr. Við 4. málsl. 5. mgr. bætist: og sveitarstjórn.
6. Við 14. gr.
   a. Á eftir orðunum „afla umsagnar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: viðkomandi lögreglustjóra og.
   b. Síðari málsliður 5. mgr. orðist svo: Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengis- og vímuvarnaráðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkislögreglustjóra.
7. Við 19. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Heimilt er að neita að veita eða afhenda manni áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.
   b. Á eftir orðinu „veitingatjöldum“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: húsnæði félagasamtaka.
   c. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
8. Við 32. gr. Við 1. málsl. bætist: að undanskildu ákvæði til bráðabirgða III er öðlast þegar gildi.
9. Við frumvarpið bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   a. (II.)
      Starf áfengisvarnaráðunautar verður lagt niður eigi síðar en 1. janúar 1999. Um réttindi hans fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
      Skrifstofa áfengisvarnaráðs verður lögð niður eigi síðar en 1. janúar 1999. Um réttindi starfsmanna áfengisvarnaráðs fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
   b. (III.)
      Fara skal með nýjar umsóknir um áfengisveitingaleyfi samkvæmt ákvæðum þessara laga.
   c. (IV.)
      Dómsmálaráðherra skal þegar í stað skipa sex manna nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Nefndin skal gera grein fyrir viðfangsefni sínu með hlutlausum hætti og kanna m.a. eftirfarandi þætti:
      1. Skilgreindir verði kostir og gallar breytinga á áfengiskaupaaldri.
      2. Könnuð verði reynsla annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri.
      3. Kannað verði hvernig efla þyrfti forvarnar- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi.
      4. Metin verði áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár.

5. Metið verði hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór.
6. Meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0‰.

Nefndin verði skipuð eftirtöldum aðilum: einum fulltrúa tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einum tilnefndum af áfengiseftirlitsdeild ríkislögreglustjóra, einum tilnefndum af landlæknisembættinu, einum tilnefndum af landssamtökunum Heimili og skóli og einum tilnefndum af Félagi framhaldsskólanema. Dómsmálaráðherra skipar nefndinni formann án tilnefningar. Nefndin skal vinna í samráði við allsherjarnefnd og skal hún reglulega gera allsherjarnefnd grein fyrir störfum sínum.

Niðurstaða og skýrsla um starf nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

1329. Nefndarálit [641. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða Þorláksson og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá yfirskattanefnd, ríkisskattstjóra, Félagi löggiltra endurskoðenda, Verslunarráði Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um yfirskattanefnd sem ætlað er að miða að skilvirkari málsmeðferð fyrir yfirskattanefnd og tryggja að unnt verði að standa við lögákveðna málsmeðferðarfresti.

Meginhlutverk yfirskattanefndar er að fjalla um stjórnsýslukærur vegna skatta og gjalda sem skattstjórar og ríkisskattstjóri leggja á og úrskurða um. Fer nefndin með æðsta úrskurðarvald í þessum málum í stað ráðherra.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir heimild til ríkisskattstjóra til að gera skattaðila skatt að nýju á grundvelli 3. mgr. 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt komi fram ný gögn eða upplýsingar sem ekki lágu fyrir við hina kærðu skattákvörðun. Með þessu er stefnt að því að ýmis smærri mál geti hlotið fljótvirkari afgreiðslu en ella. Í 24. gr. stjórnsýslulaga er að finna almenna heimild fyrir stjórnvöld til að taka mál til meðferðar á ný. Endurupptaka er þó ekki heimil hafi mál verið kært til æðra stjórnvalds. Með hliðsjón af þessu er sú sérregla sem lögð er til í ákvæði 5. gr. talin nauðsynleg. Þá telur nefndin rétt að fram komi sá skilningur hennar að ákvæði frumvarpsins gildi um öll mál sem þegar eru til meðferðar hjá yfirskattanefnd og hafa ekki hlotið afgreiðslu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Orðið „verulegan“ í 2. efnismálsgrein falli brott.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.	Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon.

1330. Nefndarálit [620. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og l. nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Reykjavíkurborg, Ríkiskaupum og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um skipan opinberra framkvæmda og lögum um opinber innkaup sem meðal annars snerta skipan kærumála og ákvæði um viðmiðunarfjárhæðir. Síðarnefndar breytingar eiga rót að rekja til breytinga sem gerðar voru á tilskipun um opinber innkaup síðastliðið haust. Tilskipunin var sett til að laga löggjöf Evrópusambandsins að reglum GATT-samningsins.

Nefndin ræddi sérstaklega þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að skipan kærumála. Niðurstaða nefndarinnar er sú að ákvæði í núgildandi lögum um skipan opinberra framkvæmda og lögum um opinber innkaup skuli standa óbreytt að sinni, en nauðsynlegt er að skoða þau mál nánar. Hins vegar telur nefndin brýnt að ná fram ýmsum öðrum breytingum á lögunum þannig að þau samræmist betur skuldbindingum þeim sem Ísland tók á sig á sviði opinberra innkaupa með EES-samningnum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Greinin falli brott.
2. Við 8. gr. (er verði 7. gr.). Greinin orðist svo:

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ríkiskaup annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsaka sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beita sér fyrir samræmdum innkaupum á vörum til þarfa ríkisins.

3. Á eftir 8. gr. (er verði 7. gr.) komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (8. gr.)
      Í stað orðanna „Innkaupastofnunin skal viðhafa“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: Ríkiskaup skulu viðhafa.
   b. (9. gr.)
      Í stað orðanna „Innkaupastofnunin selur eða útvegar“ í fyrri málslið 7. gr. laganna kemur: Ríkiskaup selja eða útvega.
4. Við 10. gr. Greinin falli brott.
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „Innkaupastofnunar ríkisins“ í 14. gr. laganna kemur: Ríkiskaupa.
6. Orðin „er verður 17. gr.“ í formsmálsgrein 12. gr. falli brott.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

1331. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996 (eftirlit með meðferð áfengis).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið samhliða umfjöllun um 478. mál, frumvarp til áfengislaga. Fékk nefndin til sín fjölda gesta og vísast um það til upptalningar í nefndaráliti í 478. máli. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sýslumannafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Lögregluskóla ríkisins og ríkislögreglustjóra.

Í frumvarpi til áfengislaga er lagt til að ríkislögreglustjóri hafi yfirumsjón með og annist skipulagningu áfengiseftirlits á landsvísu. Gert er ráð fyrir að innan embættisins verði sett upp sérstök deild til að hafa yfirumsjón með þessu hlutverki og veita sérhæft eftirlit auk þess sem ríkislögreglustjóri mun halda heildarskrá yfir birgðageymslur, áfengisveitingahús og áfengisútstölustaði og heildarskrá yfir handhafa leyfa til innflutnings, framleiðslu, sölu og veitinga áfengis. Um er að ræða viðbót við það hlutverk sem ríkislögreglustjóra er nú þegar falið í lögreglulögum og verður aukið fjármagn veitt til embættisins vegna þessara verkefna og eru

vonir bundnar við að eftirlit með meðferð áfengis verði í kjölfar breytinganna virkara og öflugra en nú er.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Kristján Pálsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1332. Breytingartillaga [553. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal og Einari Oddi Kristjánssyni.

Við 6. gr. Í stað hlutfallstölunnar „30%“ í a-lið komi: 28%.

1333. Nefndarálit [403. mál]

um till. til þál. um fjarstörf og fjarvinnslu í ríkisrekstri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Í tillögunni er skorað á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli með því að innleiða fjarvinnslu og fjarstörf í ríkisrekstri. Allsherjarnefnd tekur undir efni tilögunnar, en nú þegar er unnið að því að nýta nútímatækni á þennan hátt við vinnslu verkefna á vegum ríkisins.

Í ljósi þessa leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni R. Árnason.

1334. Nefndarálit [405. mál]

um till. til þál. um hámarkstíma Stjórnarráðs Íslands og ríkisstofnana til að svara erindum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og studdist hún við umsagnir frá 121. löggjafarþingi frá Neytendasamtökunum og Samtökum iðnaðarins.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að setja starfsreglur um hámarkslengd þess tíma sem ráðuneyti og ríkisstofnanir mega hafa til að svara erindum sem berast. Nú þegar er að finna reglur í 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um málshraða, þar sem fram kemur að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er.

Leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Kristján Pálsson.
Hjálmar Jónsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1335. Nefndarálit [642. mál]

um frv. til l. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Það er skoðun 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar að frumvarp þetta sé vanhugsað og ótækt til afgreiðslu í óbreyttu formi. Í flestum umsögnum sem bárust nefndinni kemur ýmist fram hörð andstaða við frumvarpið sem slíkt eða lagt er til að því sé breytt verulega. Sama má segja um þau sjónarmið sem komu fram hjá gestum nefndarinnar. Fjölmargir sjómenn, útgerðarmenn og forsvarsmenn vinnslustöðva í landi hafa einnig haft samband við undirritaðan og án undantekninga lýst harðri andstöðu við frumvarpið í óbreyttri mynd.

1.

Fyrsta spurningin sem vaknar er sú hvort ástæða sé til að breyta nýlega settum lögum sem gilda um veiðar á úthafinu og um veiðar á íslenskum deilistofnum að svo miklu leyti sem lög um stjórn fiskveiða taka ekki til slíkra veiða. Deilistofnar eru sem kunnugt er þeir stofnar sem eru hluta ársins innan íslensku efnahagslögsögunnar en hluta ársins á úthöfunum eða í lögsögum annarra ríkja. Norsk-íslenski síldarstofninn er óumdeilanlega deilistofn, a.m.k. ef litið er til náttúrlegrar hegðunar hans og göngumynsturs eins og það er í sögulegu ljósi.

Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða úthafsveiðilögin eins og þau eru gjarnan nefnd eru frá árinu 1996. Þau eru því nýleg og sterk rök hlýtur að þurfa til að gjörbreyta þeirri stefnu sem þar var mörkuð um veiðistjórn á úthafinu og á deilistofnum. Úthafsveiðilögin voru sett að undangengnu miklu nefndarstarfi þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka áttu aðild að málum. Þótt ekki næðist samstaða um einstök efnisatriði varð að lokum þokkaleg samstaða um þann breiða lagaramma sem í frumvarpinu fólst eins og gengið var frá því af hálfu nefndarinnar en það var síðan lagt fram á Alþingi óbreytt.

Þetta frumvarp sem nú er flutt af ríkisstjórninni boðar í raun kúvendingu í meðferð mála hvað varðar norsk-íslensku síldina enda gengur 1. gr. frumvarpsins út á að færa norsk-íslenska síldarstofninn og veiðistjórn á honum undan ákvæðum úthafsveiðilaganna. Rétt er að fram komi að mikið hringl hefur verið í stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum og hefur nánast á hverju ári frá því að veiðar hófust árið 1994 verið breytt um kerfi.

Veiðar íslenskra skipa á norsk-íslensku síldinni hófust á nýjan leik á árinu 1994 og var fyrstu síldinni landað eftir 27 ára hlé snemmsumars það ár. Veiðar voru þá frjálsar og íslensk skip fóru til veiða og sóttu síldina aðallega í suðvesturhorn síldarsmugunnar svokölluðu á mörkunum milli íslensku efnahagslögsögunnar og úthafssvæðisins norðaustur af íslensku og færeysku lögsögunni. Veiðin var einnig á frjálsum grunni árið 1995 og náðist þá umtalsverð veiði í færeysku og íslensku lögsögunni og á alþjóðahafsvæðinu þar fyrir norðaustan. Íslendingar og Færeyingar höfðu með sér samstarf um veiðarnar. Árið 1996 næst fjórhliða samningur milli Noregs, Rússlands, Íslands og Færeyja um fiskveiðistjórnun og koma þá í Íslands hlut u.þ.b. 18% af veiðinni. Þeir samningar voru harðlega gagnrýndir af fulltrúum stjórnarandstöðunnar á þingi og bent á og varað við því að þetta lága hlutfall í upphafssamningum mundi festast í sessi og valda því að erfitt yrði fyrir Íslendinga að auka sinn hlut.

Ein rökin sem færð voru fyrir þessari samningagerð af hálfu ríkisstjórnar voru að nauðsynlegt væri að semja um nýtinguna til þess að síðar væri unnt að úthluta veiðiheimildum og auka líkurnar á að einhver hluti af veiðinni nýttist til manneldisvinnslu. Í framhaldi af þessu voru búnar til flóknar formúlur um úthlutun á nótaskip og síðan tekinn frá pottur fyrir togara og

vinnsluskip sem vildu spreyta sig á að veiða og eða vinna hluta úr stofninum. Niðurstaðan af því öllu saman varð sú að sáralítið náðist í manneldisvinnslu, fyrst og fremst sökum þess að síldin var ekki og er yfirleitt ekki í vinnsluhæfu ástandi á þessum árstíma, full af átu og að fita sig. Einnig kom á daginn að togarar og minni bátar höfðu mjög litla möguleika til að stunda veiðarnar, náðu hverfandi árangri. Þegar upp var staðið voru það fyrst og fremst stóru, öflugu og sérhæfðu nótaveiðiskipin sem náðu þarna árangri. Á vertíðinni 1997, þ.e. á síðustu vertíð, var enn breytt um kerfi og nú var ákveðið að hafa sóknina frjálsa eða svonefndar ólympískar veiðar sem síðan var stýrt í lokin á vertíðinni til þess að ekki yrði veitt fram yfir heildarkvótann. Þrátt fyrir þetta tókst nú ekki betur til en svo að nokkuð vantaði upp á að heildarkvóti sem kom í Íslands hlut kláraðist. Svo mikið þurfti til af hálfu stjórnvalda til að stýra veiðunum að gefnar voru út þrjár reglugerðir og einni þeirra, þ.e. aðalreglugerðinni, nr. 190/1997, var auk þess breytt fjórum sinnum. Alls þurfti því sjö reglugerðir eða reglugerðarbreytingar til að stýra veiðum á þessari stuttu vertíð.

Veiðin byggðist á samkomulagi sömu fjögurra aðila og árið áður um veiðistjórnina auk þess sem Evrópusambandið kom nú sem aðili að samningunum og fékk nokkuð í sinn hlut sem leiddi til þess að hin lága upphafsprósenta Íslands frá samningunum 1996 lækkaði enn.

Spurningin er því sú, eins og áður sagði, hvort ástæða sé til að breyta þeirri ákvörðun sem tekin var fyrir síðustu vertíð, að láta veiðarnar vera frjálsar og hvort ástæða sé til þess að breyta lögunum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands sem gilda um þessar veiðar.

2.

Rökin fyrir því að gera þurfi breytingar á úthafsveiðilögunum nú eru í fyrsta lagi þau að nauðsynlegt sé að eyða allri óvissu um að veiðarnar megi vera frjálsar. Það sjónarmið hefur komið fram að þegar liggi fyrir fullnægjandi veiðireynsla til að beita þeim ákvæðum laganna sem kveða á um að sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr deilistofni sem samfelld veiðireynsla sé á skuli úthlutað aflahlutdeild á einstök skip. Nota skuli veiðireynslu þeirra og þá miða við þrjú bestu veiðitímabil á undangengnum sex veiðitímabilum. Í þessu sama ákvæði er veiðireynsla skilgreind þannig að hún teljist samfelld hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda. Síðara skilyrðinu er óumdeilanlega fullnægt hvað varðar norsk-íslensku síldina því að öll árin 1995, 1996 og 1997 hafa Íslendingar náð meira en þriðjungi af þeim kvóta sem þeir hafa samið um við aðra og/eða einhliða sett sér eins og Íslendingar og Færeyingar gerðu sameiginlega árið 1995. Deila má um hvort fyrra skilyrðinu þ.e. að um sé að ræða veiðireynslu þriggja bestu áranna af undangengnum sex árum, þurfi einnig að vera fullnægt í þeim skilningi að alltaf verði að liggja fyrir sex ára tímabil en ekki er að mínu mati ljóst hvernig túlka bæri ákvæði laganna að þessu leyti. Þá er enn fremur deilt um hvort úthlutun, stýrðar veiðar eins og voru á árinu 1996, geti talist fullnægjandi sem viðmiðun fyrir veiðireynslu. Bent er á að með því að sumir nái sínum veiðiheimildum en aðrir ekki myndist tiltekin veiðireynsla. Það komi á daginn hverjir hafi getuna til að veiða það sem þeim er úthlutað og hverjir ekki. Þar með sé í raun réttlætanlegt að taka einnig viðmiðun af ári eins og árinu 1996.

Það ríkir því nokkur óvissa um hver áhrifin yrðu af því ef engin breyting yrði gerð á lögunum og þau giltu áfram óbreytt. Með öðrum orðum er spurningin um það hvort útgerðarmenn þeirra skipa sem stundað hafa veiðar öll þessi ár og hafa þar af leiðandi fullnægt skilyrðunum um veiðireynslu ættu beinlínis kröfu til þess eða rétt á því að þeim væri úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. málsgr. 5. gr. laganna.

Því má nefna sem rök fyrir breytingunum að eytt verði þeirri réttaróvissu sem ríkir að þessu leyti eða skýrð ákvæði laganna á hvern veg sem það er svo gert.

Einnig eru færð fram þau sjónarmið að ekki sé tímabært að úthluta varanlega veiðiheimildum þar sem búast megi við því að göngumynstur síldarinnar breytist á komandi árum. Ef svo fer, sem við Íslendingar bindum auðvitað vonir við, að síldin fari að ganga meira inn í íslensku efnahagslögsöguna, jafnvel upp að landinu eins og hún gerði hér um áratuga bil áður en hún hvarf, gæti stærri hluti flotans komið inn í veiðarnar og minni bátar átt möguleika á því að verða aftur þátttakendur í veiðunum. Þetta er út af fyrir sig sjónarmið þó að engar viðmiðanir liggi reyndar fyrir um það hvenær mætti telja að náttúrulegt göngumynstur stofnsins væri tilkomið á nýjan leik. Auk þess er síldin dyntótt skepna og hegðun hennar óregluleg og var hún og er sífellt að breytast.

Enn má segja að það geti verið rök að ástæða sé til þess að viðmiðunartímabilið í frjálsum veiðum sé lengra en orðið er. Ótvírætt sé fullnægt þeim skilyrðum laganna að frjálsar veiðar hafi staðið í sex ár og síðan séu tekin þrjú bestu árin fyrir hvert skip á slíku sex ára tímabili. Yrði þetta niðurstaðan gætu menn komið með rök fyrir því að rétt væri að henda út viðmiðun ársins 1996 en nota mætti þá árin 1995 og síðan 1997, 1998 o.s.frv.

Að lokum má nefna að ýmis sjónarmið hafa komið fram um það að rétt væri að beita í grundvallaratriðum öðrum aðferðum við úthlutun veiðiréttinda í þennan stofn, þ.e. að bjóða ætti upp veiðiheimildirnar eða selja þær á einhvern hátt og er það að sjálfsögðu pólitískt ákvörðunaratriði hvort menn vilja fara út á þá braut.

3.

Ef fara á út í að gera breytingar á úthafsveiðilögunum á annað borð er, í ljósi þess sem að framan er sagt um þá óvissu sem kann að fylgja því að láta lögin gilda óbreytt, langeinfaldasta aðgerðin að gera minni háttar breytingu sem taki af allan vafa um að heimilt sé að hafa veiðarnar frjálsar enn um sinn. Ekki beri að nota að svo stöddu ákvæði 2. mgr. 5. gr. um varanlega úthlutun.

Þingmenn þekkja vel til svonefndra *þrátt-fyrir*-ákvæða, sem alsiða var að setja t.d. inn í lánsfjárlagafrumvörp undangenginna ára, sem kveða einfaldlega á um að þrátt fyrir tiltekin ákvæði sérlaga skuli þetta eða hitt gilda á næsta ári eða tilteknu tímabili. Þannig mætti einfaldlega segja að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5.gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands skuli veiðar vera frjálsar á næsta ári eða næstu 2–3 árum ef svo ber undir. Síðan mætti setja nánari ákvæði um málsmeðferðina. Fyrsti minni hluti hallast að því að þetta sé skynsamlegasta ráðstöfunin í ljósi allra aðstæðna. Rökin eru fyrst og fremst þau að með þessu er með einföldum hætti eytt allri óvissu um það hvernig fiskveiðistjórnunin skuli vera á næstu vertíð og jafnvel næstu 2–3 vertíðum. Færa má fyrir því rök að heppilegra geti verið að láta áfram myndast veiðireynslu um 2–3 ára skeið í frjálsri sókn, sbr. það sem áður var sagt um það mál. En veigamesta röksemdin er þó að mati 1. minni hluta sú að með því að hafa frjálsa sókn, og hvetja til kraftmikillar sóknar með ólympískum veiðum fæst besta tryggingin fyrir því að Íslendingar nýti til fulls sinn kvóta, þá hlutdeild sem þeir hafa samið um. Það tókst ekki eins og áður sagði í fyrra og lítill vafi leikur á að sú úthlutun sem frumvarpið gerir ráð fyrir felur í sér stórfellda hættu á því að umtalsverðar veiðiheimildir falli dauðar.

Í öðru lagi þarf ekki að fara í grafgötur um hversu fagnandi Norðmenn munu taka því ef Íslendingar ná ár eftir ár ekki að nýta sinn hlut til fulls og augljóst er að það veikir samningsstöðu okkar í samskiptum við þá aðila sem aðallega er við að glíma í samningum um nýtingu á þessum stofni.

Í þriðja lagi má segja að erfitt sé að finna sanngjarnari aðferð, á fyrstu árum veiða úr nýjum stofni eða stofni sem er að koma inn í veiðar á nýjan leik, en þá að láta reynsluna sýna svart á hvítu hvaða skip hafa veiðigetu og hvaða skip ekki, mynda þannig smátt og smátt reynslugrundvöll til þess að byggja á við framtíðarskipulag veiðanna. Einnig er ljóst að þessi tilhögun er sú sem þegar eru fordæmi fyrir. Öll málsmeðferð varðandi sókn í rækju á Flæmingjagrunni og úthafskarfa á Reykjaneshrygg sem síðar varð grundvöllur úthlutunar veiðiréttinda á þeim slóðum var byggð á slíkum leikreglum. Sókn í þorsk í Smuguna í Barentshafi hefur verið frjáls og enginn vafi á því að það sem ýtt hefur undir sóknina þangað var sú trú manna að þeir væru að skapa sér þar veiðireynslu.

4.

Verði niðurstaðan að setja sérákvæði um úthlutun veiðiheimilda á afmörkuðu 2–3 ára tímabili má kalla það einhvers konar biðleik í stöðunni. Þá er fráleitt að gera það öðruvísi en þannig að veiðireynsla undangenginna ára vegi a.m.k. mjög þungt í þeirri reiknireglu sem notuð er til slíkrar úthlutunar. Það að hverfa alveg frá því að láta veiðireynslu gilda að einhverju leyti við skiptingu veiðiréttindanna nú er grundvallarstefnubreyting og fráhvarf frá þeirri stefnu sem hefur verið byggt á við fiskveiðistjórnun bæði innan íslensku efnahagslögsögunnar og utan. Hér er því á ferðinni kúvending frá þeim leikreglum sem hafa verið að mótast og festast í sessi á undangengnum árum, að veiðireynslan myndi grundvöll til uppskiptingar á nýtingarréttinum. Að sjálfsögðu má hugsa sér mismunandi formúlur í þeim efnum, allt frá því að veiðireynsla undangenginna ára gildi að fullu og yfir í að aðrir hlutir vegi þar eitthvað á móti, þættir eins og gerð og búnaður skipanna, og væri þá eðlilegast að miða við burðargetu og búnað til veiða á uppsjávarfiskum.

5.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum er eins og áður sagði vanhugsað og einnig í því margir lausir endar. Þar má nefna í fyrsta lagi sjálfa úthlutunarregluna sem gengur út á að 60% sé úthlutað á grundvelli burðargetu skipanna, þeirra skipa sem einhverja veiðireynslu hafa úr norsk-íslenskri síld frá undangengnum árum, en 40% sé úthlutað jafnt. Þessi regla kemur mjög sérkennilega út í mörgum tilvikum. Eins og áður segir er með því allri eiginlegri veiðireynslu drekkt. Hún skiptir eingöngu máli í því samhengi að ákveða hverjir komist inn í hópinn sem úthlutað er á en gert er ráð fyrir að 90% af veiðiheimildunum sé úthlutað með þessum hætti en 10% tekin frá í sérstakan pott fyrir hugsanlega nýja aðila. Þetta leiðir einnig til þess að úthlutað verður umtalsverðum veiðiheimildum svo nemur þúsundum tonna á litla báta og togara sem sáralitlum árangri hafa náð við veiðarnar á undanförnum árum. Þannig má finna dæmi um litla báta sem ýmist sukku eða lögðust á hliðina í fyrstu veiðiferðunum og aðra sem engum árangri náðu sjálfir við veiðar en fengu einhverjar síldarpöddur gefnar á miðunum. Togarar sem náðu samtals nokkrum tugum tonna fá úthlutun í krafti burðargetu sinnar og 40% jafnt á við aðra. Með öðrum orðum er úthlutunin í engu samræmi við veiðigetuna eins og reynslan hefur sýnt hana vera á undangengnum vertíðum. Þetta skapar síðan augljóslega þau vandkvæði eða þá hættu að stór hluti af þessum veiðiheimildum nýtist ekki af þeim aðilum sem fá þeim úthlutað.

Framsalsmöguleikar samkvæmt frumvarpinu eru mjög takmarkaðir eða bundnir við 50% af raunverulegri veiði skipanna undanfarin ár og fyrir því eru í sjálfu sér góð og gild rök. Af hinum takmörkuðu framsalsmöguleikum leiðir hins vegar að umtalsverðar veiðiheimildir munu falla dauðar nema þeim verði endurúthlutað. Einasta leiðin sem þá virðist sýnileg til þess að tryggja að sem mest af hinum íslensku veiðiheimildum nýtist er þá að endurúthluta og

jafnvel endurendurúthluta frá þeim aðilum sem fá úthlutað umtalsverðum veiðiheimildum sem yfirgnæfandi líkur eru á að séu langt umfram þeirra veiðigetu. Einnig er mjög líklegt að einhverjir af þeim sem kunna að sækja um aðild að 10%-pottinum reynist hafa litla veiðigetu og þar með falli einnig þar veiðiheimildir dauðar.

Frumvarpið felur engar skilgreiningar í sér hvað það varðar að fyrir tilteknar dagsetningar þurfi menn að hafa hafið veiðar eða nýtt tiltekinn hluta veiðiheimilda sinna sem hugsanlega mætti nota til að styðjast við þegar að endurúthlutun kæmi. Vandséð er á hvaða lagastoð sjávarútvegsráðuneytið ætlar því að byggja til að endurúthluta veiðiheimildum sem ekki hafa verið nýttar. Aðilar geta t.d. varið sig með því að þeir hafi hugsað sér að geyma sínar veiðiheimildir til að nota þær síðar og reyna að ná síldinni til manneldis og fyrir slíku gætu vissulega verið rök.

Enn má benda á það að frumvarpið felur enga skilgreiningu í sér á því hvað átt sé við með orðinu burðargetu. A.m.k. þrjú hugtök koma þar til greina, þ.e. burðargeta skipanna miðað við stærstu löndun eða stærsta farm, það er burðargeta miðað við lestarrúmmál skipanna og burðargeta samkvæmt skilgreiningu Siglingamálastofnunar miðað við fríborð eða rúmmál undir neðra þilfari. Að sjálfsögðu hefði þurft að skilgreina betur og nákvæmar hvað hér er á ferðinni.

Það er alveg ljóst að verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það verka mjög letjandi í öðrum hliðstæðum tilvikum að hefja sókn í nýja stofna og leggja í þann kostnað og taka þá áhættu sem því er gjarnan samfara. Gott dæmi er veiðar á kolmunna en mjög mikilvægt er að Íslendingar öðlist sem fyrst sem mesta veiðireynslu í kolmunna. Líklegt er að að því dragi á næstu árum að tekin verði upp fiskveiðistjórn á vegum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, NEAFC, á þeim stofni. Þá mun að sjálfsögðu kröfugerð einstakra ríkja sem liggja að veiðislóð kolmunnans byggjast fyrst og fremst á tvennu eins og úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir, annars vegar á rétti strandríkja, þeirra ríkja sem eiga lögsögur sem stofninn gengur um, og hins vegar á veiðireynslu úr stofninum á undangengnum árum. Með þessari ráðstöfun er að sjálfsögðu öllu sem heitir frumherjabónus eða hvati kastað fyrir róða og þeir aðilar, sem fyrstir lögðu upp til veiða á norsk-íslensku síldinni á árunum 1994 og 1995 og síðar og sýndu fram á að Íslendingar gátu veitt úr þessum stofni, mynduðu þannig grunninn að kröfugerð Íslands í samningum við önnur ríki með veiðum sínum, fá það í engu metið. Það er í ósamræmi við almenn ákvæði úthafsveiðilaganna og það er í ósamræmi við fordæmin frá Reykjaneshrygg og Flæmska hattinum.

Einnig að þessu leyti er því um kúvendingu að ræða og fráhvarf frá þeirri stefnu að löggjöfin hvetji til þess að nýir nýtingarmöguleikar séu reyndir af hálfu íslenska flotans. Verður ekki séð að stjórnvöld hafi mikið lært frá því að til stóð að banna sókn íslenskra skipa á úthafið í Smugunni forðum daga.

Loks er svo óhjákvæmilegt að spyrja sig að því hvort brúttóúthlutun af þessu tagi sé réttlát eða sanngjörn í einhverju tilliti. Staðreyndin er auðvitað sú að veiðar á uppsjávarfiskum í úthafinu eru sérhæfðar og erfiðar veiðar og engar líkur eru á að þar nái umtalsverðum árangri nema öflug og vel búin skip og sérhæfð til þeirra veiða. Mikil fjárfesting fylgir því að búa sig vel út til slíkra veiða og aðeins sá hluti flotans sem þegar er vel útbúinn til veiða á uppsjávarfiskum hefur lagt í þá fjárfestingu. Mörg nótaskipanna hafa á undanförnum árum fjárfest í síldarnót til að vera betur í stakk búin til að sinna þessum veiðum en áður. Eitt slíkt veiðarfæri kostar 2–3 tugi milljóna króna. Fiskleitartæki sem yfirleitt eru ekki um borð í öðrum skipum en nótaveiðiskipum en eru bráðnauðsynleg tæki til að ná árangri við þessar veiðar (asdic) kosta a.m.k. 10–15 milljónir króna og þannig mætti áfram telja.

Varðandi þá röksemdafærslu að úthlutun af þessu tagi auki líkurnar á því að meira af síldinni fari til manneldis verður að segjast eins og er að afar lítið stendur á bak við það í raun og veru. Reynslan frá árinu 1996 bendir ekki til þess og staðreyndin er sú að síldin er ekki í vel vinnsluhæfu ástandi eins og hún er á sig komin á þessum árstíma. Það að geyma sér að veiða hana þangað til síðar er áhættusamt og felur í sér verulega hættu á að Íslendingar nái ekki að nýta sínar veiðiheimildir. Auk þess felur gildandi samningur milli Íslands og Noregs í sér afar takmarkaða möguleika fyrir Íslendinga til að fylgja veiðum eftir inn í norsku lögsöguna og auka þannig líkur á að hægt sé að taka úr stofninum þar til manneldis á síðari hluta ársins. Væri markmiðið fyrst og fremst að auka líkurnar á manneldisvinnslu væri nær lagi að heimila frystitogurum og vinnsluskipum að fylgja veiðiflotanum á miðin og kaupa hráefni yfir borðstokk til vinnslu á miðunum ef eitthvað af síld væri að veiðast sem væri í vinnsluhæfu ástandi. Það er að sjálfsögðu æskilegt markmið að ná sem hæstu hlutfalli úr þessum stofni til manneldisvinnslu eftir því sem aðstæður leyfa. Lítill vafi er á því að vænlegasta aðferðin í þeim efnum er sú að fyrirtækin hafi stöðugt starfsumhverfi til að byggja á sínar ákvarðanir um nýtingu og fjárfestingar í því sambandi. Hringl með veiðistjórnina ár frá ári og tímabundnar ráðstafanir eru vísasta leiðin til þess að gera stjórnendum fyrirtækjanna ókleift að taka skynsamlegar ákvarðanir eða ráðast í nokkrar fjárfestingar yfir höfuð til þess að auka möguleika á manneldisvinnslu.

6.

Verði eftir sem áður niðurstaðan að hafa veiðar ekki frjálsar enn um skeið heldur grípa til tímabundinnar úthlutunar er óhjákvæmilegt að mati 1. minni hluta að gera umtalsverðar breytingar á frumvarpinu, fyrst og fremst þær að taka veiðireynslu undangenginna ára inn sem veigamikinn þátt við úthlutunina. Hafa ýmsar hugmyndir verið lagðar fyrir sjávarútvegsnefnd í þeim efnum, svo sem að láta veiðireynslu vega $^{67}/_{100}$ en burðargetu skipanna $^{33}/_{100}$ Einnig mætti hugsa sér að veiðireynslan væri 75%, burðargetan 25% eða veiðireynslan 75% og jafnt 25% eða einhverja samsetningu af öllu þessu. Sjávarútvegsnefnd hefur fengið slík dæmi og slíka útreikninga, m.a. frá Fiskistofu og Farmanna- og fiskimannasambandinu, og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu ásamt með umsögnum.

Fyrsti minni hluti telur eðlilegt að gera einfalda breytingu á úthafsveiðilögunum til þess að eyða réttaróvissu og taka af allan vafa um að veiðar megi verða frjálsar innan marka heildarkvótans á næstu árum. Mun hann leggja fram breytingartillögur við frumvarpið í samræmi við það. Annars er óhjákvæmilegt að gera umtalsverðar breytingar á þessu frumvarpi verði það þá afgreitt á annað borð og mun þá 1. minni hluti flytja slíkar breytingartillögur við 3. umræðu. Fyrsti minni hluti er andvígur frumvarpi þessu eins og það liggur fyrir, telur það stórgallað og mun leggja til, fáist ekki fram á því umtalsverðar breytingar, að það verði ekki afgreitt eða fellt.

Alþingi, 30. apríl 1998.

Steingrímur J. Sigfússon.

Eftirfarandi fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

Fiskistofa: Mögulegar úthlutanir á norsk-íslenskri síld 1998.
Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Umsögn Vinnumálasambandsins.
Umsögn Sjómannasambands Íslands.
Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
Umsögn Vélstjórafélags Íslands.
Umsögn Verkamannasambands Íslands.
Umsögn Þjóðhagsstofnunar.
Umsögn Fiskistofu.
Umsögn Festar hf.

1336. Breytingartillögur [642. mál]

við frv. til l. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Svanfríði Jónasdóttur og Lúðvík Bergvinssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árin 1998 og 1999:
   a. Að fengnu leyfi Fiskistofu eru veiðar frjálsar öllum skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands.
   b. Til að tryggja að heildarafli íslenskra fiskiskipa verði innan umsaminna marka er sjávarútvegsráðherra heimilt að stöðva veiðar þegar eftir er af heildarveiðiheimildum sem nemur einu fullfermi allra skipa sem hafið hafa veiðar. Skal þá þeim veiðiheimildum úthlutað á skipin í samræmi við burðargetu miðað við stærsta landaðan farm. Heimilt er skipunum að sækja það magn í fleiri en einni veiðiferð ef þörf krefur.
   c. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um upphafsdag og aðra tilhögun veiðanna, þar með talið nauðsynlegar reglur um tilhögun veiða íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin falli brott.

1337. Svar [602. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um eignir og skuldir heimila.

Eftirfarandi upplýsingar um eignir og skuldir heimila eru fengnar hjá Seðlabanka Íslands.

1. Hvernig hafa eignir, skuldir og hrein eign heimila þróast á árunum 1980–97?

Um nokkurt árabil hefur Seðlabankinn tekið saman yfirlit um eignir og skuldir heimilanna. Yfirlitið byggist annars vegar á reikningum lánakerfisins og hins vegar á mati á íbúða- og bifreiðaeign landsmanna. Það er ekki tæmandi þar sem með eignum eru ekki taldir eignarhlutir í fyrirtækjum og lausafjármunir (þar með talið innbú) og skuldum heimila við aðila utan lánakerfisins er sleppt. Ástæðan er sú að upplýsingar um þessa þætti hafa ekki legið fyrir í aðgengilegu formi. Tafla 1 sýnir þróun eigna og skulda heimilanna á árunum 1980–97. Tekið skal fram að tölur ársins 1997 eru enn bráðabirgðatölur. Þar sést að á þessum tíma hafa eignir heimilanna að meðtöldum lífeyrissjóðum rúmlega tvöfaldast (2,2) en 1,7-faldast að frátöldum lífeyrissjóðum. Á sama tíma hafa skuldir heimilanna nær áttfaldast (7,9). Eins og sést á yfirlitinu um hreina eign heimilanna hafa skuldir aukist umfram eignir án lífeyrissjóða á hverju ári á þessu tímabili. Eiginfjárhlutfallið að meðtöldum lífeyrissjóðum hefur hins vegar verið nokkuð stöðugt síðan 1995.

Í framangreindum tölum er ekki talin með hlutafjáreign heimila og lausafjármunir, eins og áður segir. Lauslegt mat á hlutafjáreign heimila bendir til að hún hafi verið um 125 milljarðar kr. í árslok 1996 og er þá byggt á nafnvirði framtalins hlutafjár einstaklinga samkvæmt skattframtölum og markaðsvirði hlutafjár, reiknað út frá hlutfalli nafnverðs og markaðsverðs hlutabréfa á Verðbréfaþingi. Afar lauslegt mat á innbúi í árslok 1996, byggt á upplýsingum um vátryggt innbú og áætlun um óvátryggt innbú, bendir til að það hafi verið á bilinu 300–400 milljarðar kr. og er hér reiknað með 330 milljörðum kr. Sé þessum áætlunum bætt við mat á eignum hér að framan hækkar eiginfjárhlutfall heimilanna 1996 úr 59% án lífeyrissjóða í 73% og úr 70% með lífeyrissjóðum í 78%.

Tafla 1. Efnahagur heimila árin 1980–97.*

	Milljarðar króna					Magnvísitölur (1980=100)					Hundraðshluti (%) af eignum			
	Eignir alls			Eigið fé		Eignir alls			Eigið fé					
Ár	án lífeyris-sjóða	með lífeyris-sjóðum	Skuldir	án lífeyris-sjóða	með lífeyris-sjóðum	án lífeyris-sjóða	með lífeyris-sjóðum	Skuldir	án lífeyris-sjóða	með lífeyris-sjóðum	Án lífeyrissjóða Skuldir	Eigið fé	Með lífeyrissjóðum Skuldir	Eigið fé
1980	33,2	35,1	2,7	30,4	32,3	100	100	100	100	100	1,8	0,1	105,6	91,7
1981	51,2	54,6	5,0	46,2	49,6	105	106	123	103	104	9,7	90,3	9,1	90,9
1982	90,9	97,5	9,3	81,7	88,2	108	110	142	105	108	10,2	89,8	9,5	90,5
1983	132,6	145,2	18,7	113,9	126,5	109	112	163	104	107	14,1	85,9	12,9	87,1
1984	167,1	184,4	26,3	140,8	158,1	111	116	197	103	108	15,7	84,3	14,2	85,8
1985	220,1	246,8	41,5	178,5	205,2	114	120	226	103	110	18,9	81,1	16,8	83,2
1986	271,8	306,9	55,8	216,0	251,1	120	127	264	106	114	20,5	79,5	18,2	81,8
1987	337,1	387,4	77,0	260,1	310,4	128	137	298	111	122	22,8	77,2	19,9	80,1
1988	431,8	503,7	101,4	330,3	402,3	133	145	328	115	129	23,5	76,5	20,1	79,9
1989	532,5	634,6	135,7	396,8	498,9	137	152	364	115	133	25,5	74,5	21,4	78,6
1990	613,3	738,9	170,7	442,6	568,2	141	159	424	114	135	27,8	72,2	23,1	76,9
1991	670,4	824,4	211,3	459,2	613,1	146	167	486	113	138	31,5	68,5	25,6	74,4
1992	702,5	879,9	237,4	463,4	640,9	150	175	538	112	141	33,8	66,0	27,0	72,8
1993	732,6	937,2	262,8	468,8	673,4	152	181	577	110	145	35,9	64,0	28,0	71,9
1994	751,2	980,9	289,0	459,5	689,2	154	187	628	108	146	38,5	61,2	29,5	70,3
1995	780,9	1.039,0	317,9	464,6	722,7	156	194	680	106	150	40,7	59,5	30,6	69,6
1996	850,6	1.152,6	350,7	499,9	801,9	159	203	731	104	155	41,2	58,8	30,4	69,6
1997 (áætlun)	920,9	1.262,4	385,7	535,2	876,7	167	215	788	106	163	41,9	58,1	30,6	69,4

* Sjá fyrirvara í svari við 1. lið.

2. Hvernig skiptust eignir og skuldir heimila árin 1980, 1990, 1995 og 1997?

Í töflu 2 er sýnd skipting eigna og skulda við lánakerfið fyrrgreind ár í milljónum króna á verðlagi hvers árs ásamt hlutfalli (%) af heild. Gera verður fyrirvara við mat á fjáreignum heimila sem byggist í sumum efnum á áætlunum og ágiskunum. Íbúðaeign er enn stærsti eignaflokkurinn en hefur þó minnkað hlutfallslega á undanförnum árum. Nokkur aukning varð á hlut bifreiða í heildareignum heimila. Mesta athygli vekur mikill og stöðugur vöxtur lífeyrissjóðseignar heimila árin 1980–97, en hún hefur aukist úr 5,3% árið 1980 í 27,1% árið 1997. Aðrar fjáreignir heimila, sem eru innstæður í innlánsstofnunum, skuldabréfaeign og aðrar kröfur á lánakerfið, hafa aukist að vægi úr 12,8% í 19,1% á árunum á árunum 1980–97.

Skuldir heimilanna eru mestar við húsnæðislánasjóði og hefur hlutdeild þeirra farið vaxandi. Skuldir við lífeyrissjóði hafa hins vegar farið hlutfallslega lækkandi á sama tíma og námslánaskuldir eru að verða jafnmiklar og þær.

Tafla 2. Eignir og skuldir heimila árin 1980, 1990, 1995 og 1997.

	Milljónir króna				Hlutfall af heild			
Ár	1980	1990	1995	1997	1980	1990	1995	1997
Eignir:								
Bifreiðar	2.038	60.051	73.957	90.479	5,8%	8,1%	7,1%	7,2%
Íbúðir	26.649	422.000	506.763	589.237	76,0%	57,1%	48,8%	46,7%
Fjáreignir án lífeyrissjóða	4.502	131.285	200.154	241.219	12,8%	17,8%	19,3%	19,1%
Lífeyrissjóðir	1.865	125.569	258.090	341.506	5,3%	17,0%	24,8%	27,1%
Eignir alls, með lífeyrissjóðum	35.054	738.905	1.038.964	1.262.441	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Skuldir:								
Innlánsstofnanir	703	37.883	60.575	79.618	25,6%	22,2%	19,2%	20,6%
Húsnæðislánasjóðir	1.044	78.966	180.117	217.163	38,0%	46,3%	57,0%	56,3%
Lífeyrissjóðir	756	27.961	37.609	39.480	27,5%	16,4%	11,9%	10,2%
LÍN	168	22.133	33.597	37.674	6,1%	13,0%	10,6%	9,8%
Tryggingarfélög	75	1.075	4.043	7.948	2,7%	0,6%	1,3%	2,1%
Verðbréfasjóðir	0	2.708	287	115	0,0%	1,6%	0,1%	0,0%
Eignarleigur	0	0	0	3.738	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%
Alls	2.746	170.726	316.228	385.736	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

3. Hvernig hafa skuldir þróast sem hlutfall af ráðstöfunartekjum á árunum 1980–97?

Tafla 3 sýnir þróun skulda heimila við lánakerfið sem hlutfall (%) af ráðstöfunartekjum heimila árin 1980–97. Samkvæmt henni hefur hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum aukist úr 20,7% árið 1980 í 135,3% 1997.

Tafla 3. Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimila árin 1980–97.

Ár	%	Ár	%
1980	20,7	1989	72,6
1981	24,8	1990	80,2
1982	27,8	1991	92,8
1983	41,9	1992	106,6
1984	46,0	1993	117,7
1985	54,2	1994	124,8
1986	54,6	1995	128,9
1987	55,1	1996	133,0
1988	61,8	1997 (áætlun)	135,3

4. Hver er hrein eign íslenskra heimila í alþjóðlegu samhengi?

Það er ýmsum annmörkum bundið að bera saman hreina eign heimila á milli landa, bæði af því að upplýsingar skortir í mörgum tilvikum og þar sem þær eru tiltækar eru skilgreiningar oft mismunandi. Á vegum OECD hefur verið tekið saman yfirlit sem sýnir skuldir og hreina eign heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum í nokkrum löndum. Þessar tölur eru birtar í töflu 4 ásamt áætlun fyrir Ísland. Tölurnar miðast yfirleitt við árið 1996, nema hrein eign á Ítalíu sem miðast við 1992 og tölur fyrir Japan eru frá 1995. Varðandi hreina eign verður að hafa í huga að hlutafjáreign er alls staðar talin með og bætt hefur verið við áætlun fyrir Ísland, sbr. svar við spurningu 1. Eign í lausamunum og varanlegum neysluvarningi telst með í Bandaríkjunum, Ítalíu, Bretlandi og Kanada og bætt hefur verið við lauslegri áætlun fyrir Ísland. Eignir í lífeyrissjóðum eru taldar með í tilviki Íslands. Ísland hefur hæst hlutfall skulda í töflunni og lægst hlutfall hreinnar eignar að Frakklandi slepptu. Þá verður að hafa í huga að lífeyrissjóðaeign er talin með í tilfelli Íslands en annars konar kerfi er á þeim málum í Frakklandi og eign í lausamunum er ekki talin með í tölunum fyrir Frakkland. Án lífeyrissjóða verður hlutfallið fyrir Ísland 362%.

Tafla 4. Skuldir og hrein eign í nokkrum löndum. Hundraðshluti (%) af ráðstöfunartekjum.

	Skuldir	Hrein eign
Bandaríkin	100	548
Japan	113	663
Frakkland	69	449
Ítalía	34	651
Bretland	109	556
Kanada	109	502
Ísland	133	478

Tölur um hreina eign fyrir Japan eru frá árinu 1995 og Ítalíu frá árinu 1992. Upplýsingar um önnur ríki eru frá árinu 1996. Tölur um skuldir eru frá 1996 nema fyrir Japan frá árinu 1995.

Heimild: OECD Economic Outlook, desember 1997.

1338. Svar [315. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um breytingar á hlunnindum lífeyrisþega almannatrygginga.

1. *Hvernig hafa reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga og hlutdeild lífeyrisþega og sjúklinga í tal-, iðju- og sjúkraþjálfun breyst og hvenær undanfarin fimm ár?*

Sjúkraþjálfun.

Undanfarin ár og fram til 1. september 1997 var greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins (TR) í almennri sjúkraþjálfun 60% af umsömdum taxta TR og Félags íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSÞ). Ekki skipti máli hvort um lífeyrisþega var að ræða eða ekki. Þó greiddi Tryggingastofnun þjálfunina að fullu ef um tiltekna alvarlega sjúkdóma var að ræða sem taldir voru upp í samningi TR og FÍSÞ.

Hinn 1. september 1997 tóku gildi reglur sem tryggingaráð samþykkti 13. júní 1997 (sjá umfjöllun þar um hér á eftir).

Talþjálfun.

TR gerði í febrúar 1992 samning við Félag talkennara og talmeinafræðinga um talmeinaþjónustu. TR greiddi fyrir meðferð vegna tiltekinna sjúkdóma sem taldir voru upp í samningnum. Fyrir almenna talþjálfun greiddi TR 60% en fyrir meðferð vegna alvarlegri sjúkdóma greiddi TR að fullu.

Hinn 20. ágúst sl. var gerður nýr samningur við talmeinafræðinga. TR tekur þátt í að greiða fyrir meðferð vegna sjúkdóma sem taldir eru upp í samningnum. Þar er tekið fram að greiðsluþátttaka sé í samræmi við gildandi reglur tryggingaráðs hverju sinni, sbr. nú reglur dags. 13. júní 1997.

Iðjuþjálfun.

Tryggingastofnun gerði samning við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (SLF) á árinu 1993. Í samningnum er talið upp til hvaða tilvika samningurinn taki. TR greiddi í flestum tilvikum fyrir meðferðina að fullu. Þá hefur TR einnig greitt Gigtarfélagi Íslands (GÍ) fasta fjárhæð mánaðarlega til iðjuþjálfunar.

Hinn 3. nóvember sl. var gerður nýr samningur við SLF. Samkvæmt honum greiðir sjúklingur fyrir umsamda meðferð samkvæmt reglum tryggingaráðs eins og þær eru á hverjum tíma, sbr. nú reglur dags. 13. júní 1997. Samkomulag hefur einnig verið gert við GÍ. Sjúklingar sem leita til gigtarmiðstöðvar GÍ greiða í samræmi við reglur tryggingaráðs frá 13. júní sl.

Reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í þjálfun frá 13. júní 1997.

Reglurnar, sem tóku gildi 1. september 1997, gilda um greiðsluþátttöku TR í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun.

Samkvæmt nýju reglunum greiða lífeyrisþegar og börn yngri en 16 ára lægra gjald en aðrir, þ.e. 25% kostnaðarins fyrir fyrstu 15 skiptin á árinu (þ.e. samanlögð skipti í sjúkra-, iðju- og talþjálfun), en eftir það er þjálfunin þeim að kostnaðarlausu út árið.

Reglurnar miðuðu í upphafi við *almanaksár*. Þeim var breytt 28. nóvember 1997 þannig að miðað er við 365 daga frá fyrsta þjálfunarskipti. Breytingin tók gildi 1. janúar 1998. Réttindin eru staðfest með útgáfu skírteinis.

Aðrir sjúkratryggðir greiða 50% kostnaðarins fyrir fyrstu 24 skiptin á árinu en eftir það 25% kostnaðarins út árið.

2. *Hvernig og hversu oft hefur reglum um greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði lífeyrisþega verið breytt á sl. fimm árum?*

1. Hinn 1. janúar 1993 var lögum um almannatryggingar breytt. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem nutu fullrar tekjutryggingar áttu að greiða fjórðung kostnaðar við tannlækningar en hann hafði áður verið endurgreiddur að fullu af TR. Þeir sem nutu skertrar tekjutryggingar áttu að greiða helming tannlæknakostnaðar en greiddu áður fjórðung. Þeir sem ekki nutu tekjutryggingar áttu að greiða tannlæknakostnað að fullu en greiddu áður helming.

Lagabreytingin ver útfærð með reglum nr. 63/1993. Í reglunum kom fram, til viðbótar við framangreinda breytingu, að endurgreiðslur til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra (almennum deildum elliheimila) væru eftirfarandi:

— Þeir sem nutu vasapeninga (skertra eða óskertra) fengu endurgreidd 100% af tannlæknakostnaði eins og áður. Aðeins átti þó að endurgreiða 100% vegna gervigóma ef viðkomandi sótti um það fyrir fram, annars átti að endurgreiða 75% og var það breyting.
— Ef viðkomandi nyti ekki vasapeninga átti hann að fá endurgreidd 75%, þar á meðal vegna gervigóma. Áður voru ýmist greidd 50%, 75% eða 100%, eftir því hvort viðkomandi hefði notið einhverrar tekjutryggingar ef hann hefði verið heima.

2. Með reglugerð nr. 235/1993 var gerð sú breyting að sjúkratryggðir fengu þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við gervigóma á *fimm ára fresti* (og fóðrun gervigóma á þriggja ára fresti). Áður hafði TR tekið þátt í greiðslu gervitanna á þriggja ára fresti.

3. *Með reglugerð nr. 664/1996 var gerð sú breyting að sjúkratryggðir fengu þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við gervigóma á sex ára fresti.*

Hvernig hefur kostnaðarhlutdeild sjúklinga, aldraðra, fatlaðra og öryrkja í hjálpartækjum aukist eða minnkað á undanförnum fimm árum?

Breytingar á kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra í hjálpartækjum 1. janúar 1993 – 31. desember 1997.

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Þrýstibúnaður			*Viðbót í nóvember 1995:* Hlutdeild TR 90% (áður 50/70% fyrir alla).
Framleistaspelkur	*Nýtt í mars 1997:* Hlutdeild TR 70%, hámark 4.500 kr. fyrir parið.		
Gervibaðfætur frá kálfa/læri	*Nýtt í janúar 1996:* Hlutdeild TR 50%, hámark 57.000/ 83.000 kr.		

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Gervibrjóst	*Breyting í ágúst 1993:* Hlutdeild TR 100%, hámark 19.000 kr. pr. stk. Áður var hlutdeild TR 100%, hámark 17.000 kr. pr. stk. í fyrsta skipti, síðan 14.500 kr. pr. stk.		
Brjóstahöld vegna gervibrjósts	*Breyting í ágúst 1993:* Hlutdeild TR 70%, hámark 3.500 kr. pr. stk. Áður var hlutdeild TR 100%, hámark 4.000 kr. pr. stk. í fyrsta sinn, síðan 70%, hámark 2.800 kr. pr. stk.		
Bæklunarskór	*Breyting 1. janúar 1998:* TR veitir fasta styrki 21.000/ 23.000 kr. fyrir tilbúna bæklunarskó, 85.000/90.000 kr. fyrir sérsmíðaða skó (tvö pör á ári fyrsta árið, síðan eitt eða tvö pör á ári).		*Breyting 1. janúar 1998:* TR veitir fasta styrki 21.000/23.000 kr. fyrir tilbúna bæklunarskó, 55.000/ 60.000 kr. fyrir sérsmíðaða skó (tvö pör á ári).
	Áður varð breyting í mars 1997: Hlutdeild umsækjanda 9.000 kr. pr. par (eitt par á ári). Fyrir mars 1997 var hlutdeild umsækjanda 5.000 kr. pr. par (eitt par á ári).	Áður varð breyting í mars 1997: Hlutdeild umsækjanda 4.500 kr. pr. par (eitt par á ári).	Áður varð breyting í mars 1997: Hlutdeild umsækjanda 4.500 kr. pr. par (tvö pör á ári). Fyrir mars 1997 var hlutdeild umsækjanda 3.500 kr. pr. par (tvö pör á ári).
Ýmis efni til húðvarnar og húðhreinsunar	*Breyting í febrúar 1996:* Ýmis efni tekin af skrá í reglum um hjálpartæki þar sem það er á lyfjaskrá og endurgreiðist í samræmi við reglur um lyf.		
Skiptiborð fyrir fjölfötluð börn			*Breyting í september 1994:* Hlutdeild TR 90% (áður var hlutdeild TR 60%).
Miðstýrð læsing bíla, rafmagnsrúðuopnarar rafbúnaður á bílspegla		*Niðurfelling í september 1996:* TR hættir að taka þátt í greiðslu á þessum búnaði.	
Tvíhjól og tvímenningshjól	*Niðurfelling í september 1996:* TR hættir að taka þátt í greiðslu á þessum hjólum.		

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Þríhjól	*Breyting í september 1996:* Hlutdeild TR 90% (var áður 50/100%).		
Fylgihlutir á þríhjól (stuðningshjól o.fl.)	*Breyting í september 1996:* Hlutdeild TR 100% (var áður 50%).		
Rafmagnshjólastólar	Hlutdeild TR er og hefur verið 100% í rafmagnshjólastólum.		*Viðbót í maí 1997:* TR tekur þátt í að styrkja kaup á öflugri útivistar-rafmagnshjólastólum með 95% greiðsluþátttöku, en hlutdeild notanda er þó hámark 100.000 kr.
Tölvuvogir	*Nýtt í júlí 1996:* Hlutdeild TR 50%, hámark 5.000 kr. vegna efnaskipta-galla.		
Rúmdýnur	*Breyting í júní 1997:* Hlutdeild TR 70/100% (var áður 50/70%).		
Rúm			*Viðbót í júní 1997:* Hlutdeild TR í rúmgrind (rúmramma) 70% og í rúmdýnu 70/100% (til jafns við aðra). Áður tók TR einungis þátt í kaupum á sérútbúnaði í rúm, svo sem rúmlyftu, hliðargrindum og rúm-botni.
Talgervlar	*Nýtt í september 1995:* Hlutdeild TR 100%.		
Farsímar	*Nýtt í febrúar 1993:* Hlutdeild TR 70%, hámark 40.000 kr.		
Símboðar	*Nýtt í júlí 1996:* Hlutdeild TR 100% fyrir þá sem bíða fyrirhugaðrar líffæra-ígræðslu.		

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Neyðarkallkerfi		*Breyting í október 1996 í kjölfar nýrra samninga (nú leigt áður keypt):* Hlutdeild TR 100% í stofnleigukostnaði eða 5.000 kr. (nú 5.150 kr.) og 3.500 kr. í mánaðargjaldi (nú 3.700 kr.), hlutdeild notanda 950/1.474 kr. í mánaðargjaldi. (Réttur til þjónustunnar er víðtækari en áður, nær til einkaheimila, þjónustuíbúða fyrir aldraða og íbúða fyrir fatlaða sem ekki eru á vegum sveitarfélaga eða stofnana). Áður var hlutdeild TR 90% í stofngjaldi við kaup, 77.699 kr., og hlutdeild notanda 10%, 8.633 kr., og hlutdeild TR í mánaðargjaldi 80%, 5.886 kr., og hlutdeild notanda í mánaðargjaldi 20%, 1.471 kr. (Réttur til þjónustunnar tók til einkaheimila).	
Næringarefni og sérfæði	*Nýtt í janúar 1997 í kjölfar breytinga á lögum um almannatryggingar:* Hlutdeild TR 100% í amínósýrublöndu vegna efnaskiptagalla. Hlutdeild TR að hluta í næringu um slöngu eða næringardrykki. TR veitir fasta mánaðarlega fjárstyrki vegna próteinsskerts fæðis eða sérfæðis vegna ofnæmis og óþols barna.		

Tæki	Almennt	Lífeyrisþegar	Börn
Hjálpartæki á öldrunarstofnanir	*Breyting 1. janúar 1993:* TR hættir að taka þátt í greiðslu á hjálpartækjum til þeirra er vistast á öldrunarstofnunum, samkvæmt reglugerð nr. 422/1992, að hjólastólum undanskildum.		
Hjálpartæki fyrir sjónskerta	*Breyting 1. janúar 1993:* TR hættir að veita styrki til kaupa á hjálpartækjum fyrir sjónskerta, en sú úthlutun er á ábyrgð Sjónstöðvar Íslands frá og með 1. janúar 1993.		
Hjálpartæki fyrir heyrnarskerta	*Breyting 1. janúar 1993:* TR hættir að veita styrki til kaupa á hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta, en sú úthlutun er á ábyrgð Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands frá og með 1. janúar 1993.		

1339. Frumvarp til laga [704. mál]

um meginreglur umhverfisréttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. gr.

Markmið.

Tilgangur laga þessara er að tryggja að meginreglna umhverfisréttar verði ávallt gætt við framkvæmd og skýringu laga er varða umhverfið. Markmiðið er að vernda umhverfið og stuðla að því að einstaklingar sem og komandi kynslóðir fái notið þeirra gæða sem felast í heilnæmu umhverfi og náttúruauðlindum.

Við framkvæmd laga skal hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi. Leggja skal áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til verndar umhverfinu og að umhverfisvandamál verða best leyst á þeim stað þar sem þau eiga upptök sín.

2. gr.

Réttindi og skyldur einstaklinga.

Sérhver einstaklingur á rétt á umhverfi er stuðlar að heilbrigði og farsæld hans og komandi kynslóða, svo og að náttúrunni sé ekki spillt að óþörfu. Til að tryggja þann rétt skal almenningi veittur aðgangur að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum. Upplýsa skal almenning um framkvæmdir sem hafa eða kunna að hafa veruleg áhrif á umhverfið eða nýtingu náttúruauðlinda.

Almenningi skal jafnframt tryggður möguleiki á að tjá sig um og koma að athugasemdum vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem haft geta umtalsverð áhrif á nánasta umhverfi hans.

Einstaklingum ber að leggja sitt af mörkum til að vernda umhverfið og varðveita þau gæði sem felast í heilnæmu umhverfi og óspilltri náttúru.

3. gr.

Varúðarreglan.

Ef hætta er talin á alvarlegu eða óbætanlegu umhverfistjóni má ekki beita fyrir sig skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum fyrir því að fresta aðgerðum er koma í veg fyrir hugsanlegt tjón.

4. gr.

Mengunarbótareglan.

Sá sem mengar umhverfi með starfsemi sem eðli sínu samkvæmt getur verið hættuleg umhverfinu ber bótaábyrgð á því tjóni er mengunin veldur, án tillits til þess hvort það verður rakið til saknæms hátternis eða ekki.

Sá sem hefur með höndum eða hyggst hefja starfsemi skal gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr mengun sem kann að leiða af henni. Í þeim tilgangi skal viðkomandi tryggja innra eftirlit með starfseminni. Kostnaður af fyrirbyggjandi ráðstöfunum og eftirliti skal borinn af þeim sem hefur starfsemi með höndum.

Sá sem mengar eða spillir umhverfi skal gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir frekara tjón eða draga úr því og ber hann kostnaðinn af þeim aðgerðum. Hafi tjón orðið eða líkur eru á að það verði skal tjónvaldur tilkynna það hlutaðeigandi yfirvöldum.

5. gr.

Mat á umhverfisáhrifum.

Áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag skal framkvæma mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög þar að lútandi.

6. gr.

Hlutverk sveitarfélaga.

Sveitarfélögin í landinu skulu, hvert fyrir sig, leysa umhverfisvandamál þar sem upptök þeirra eru og með samvinnu sín á milli þegar við á.

7. gr.

Mat vegna stjórnarfrumvarpa.

Þegar undirbúið er stjórnarfrumvarp sem kann að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið skal viðkomandi ráðuneyti meta hugsanleg áhrif þess á umhverfið og láta það álit fylgja frumvarpinu.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði helstu meginreglur í umhverfisrétti. Meginreglur þessar eru: Reglan um réttindi og skyldur einstaklinga, varúðarreglan, mengunarbótareglan og reglan um mat á umhverfisáhrifum.

Tilgangurinn með lögfestingu þessara meginreglna er einkum að tryggja að við framkvæmd og skýringu laga verði þær ávallt hafðar að leiðarljósi. Þannig stuðli þær að því að þegar teknar eru ákvarðanir um hvers konar framkvæmdir, er áhrif geta haft á umhverfið, verði gætt að hag umhverfisins og þar með staðinn vörður um rétt almennings til heilnæms og farsæls umhverfis. Með hugtakinu „umhverfi“ í frumvarpi þessu er átt við ytra umhverfi mannsins, hvort sem það er mótað af náttúruöflum eða mannahöndum. Hugtakinu er ekki ætlað að taka til innra umhverfis, þ.e. þess sem er innan dyra.

1. Umhverfisréttur.

Umhverfisréttur er tiltölulega nýtt svið innan lögfræðinnar. Hlutverk umhverfisréttarins er að móta reglur um samskipti manns við umhverfi sitt þannig að umhverfið bíði ekki tjón. Undir réttarsvið umhverfisréttar falla því reglur er leitast við að lýsa æskilegri og óæskilegri hegðun manna og hafa ýmist að markmiði að vernda, stýra eða bæta umhverfi. Með reglum umhverfisréttarins skal stefnt að því að vernda umhverfið til lengri tíma en ekki láta skammtímahagsmuni einstaklinga af því að nýta sér gæði náttúrunnar ráða ferðinni.

Þær meginreglur umhverfisréttar, sem settar eru fram í þessu frumvarpi, hafa öðlast viðurkenningu bæði í alþjóðarétti og landsrétti þjóða. Reglur þessar hafa verið settar fram til að mynda sem stjórnvaldsfyrirmæli, í landslögum og alþjóðasáttmálum. Þær eiga þó fyrst og fremst uppruna sinn í alþjóðasamvinnu ríkja um umhverfismál er hófst með stofnun Sameinuðu þjóðanna. Við undirbúning frumvarpsins var tekið mið af þeirri alþjóðasamvinnu. Þar hafa einkum tvær ráðstefnur Sameinuðu þjóðanna verið stefnumarkandi, Stokkhólmsráðstefnan um umhverfi mannsins sem haldin var árið 1972 og Ríó-ráðstefnan um umhverfi og þróun sem haldin var árið 1992, en Ísland átti aðild að þeim báðum.

Ríó-ráðstefnan hefur skipt sköpum fyrir umhverfismál og umhverfisrétt í seinni tíð, og markaði hún tímamót í alþjóðlegri samvinnu og viðhorfum til umhverfismála. Helsta markmið ráðstefnunnar var að vinna að hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og lauk henni með viðamikilli framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum fyrir heimsbyggðina sem er nefnd Dagskrá 21 eða „Agenda 21". Auk framkvæmdaáætlunarinnar var samþykkt sérstök yfirlýsing, Ríó-yfirlýsingin, í 27 liðum. Í Ríó-yfirlýsingunni voru staðfestar nokkrar grundvallarreglur um samskipti manns og umhverfis sem stuðla eiga að sjálfbærri þróun, en þar á meðal eru helstu meginreglur umhverfisréttarins. Voru ríki heims hvött til þess að taka þessar reglur upp í umhverfislöggjöf sína. Síðan þá hefur sjálfbær þróun haft veigamikil áhrif á þróun umhverfisréttar auk þess sem meginreglur umhverfisréttarins hafa fest enn frekar í sessi.

2. Forsaga þessa frumvarps.

Í framhaldi af Ríó-ráðstefnunni setti þáverandi umhverfisráðherra nefnd á laggirnar á árinu 1992 er skilaði tillögum um frumvarp til laga um lögfestingu nokkurra meginreglna í umhverfisrétti o.fl. sem lagt var fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993–94 til kynningar. Það frumvarp varð ekki að lögum.

Í tilefni af því að fimm ár voru liðin frá Ríó-ráðstefnunni á síðastliðnu ári var haldin ráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna þar sem litið var yfir farinn veg og reynt að meta þann árangur sem náðst hefði í umhverfismálum á þeim tíma. Niðurstaða ráðstefnunnar var að því miður hefðu allt of litlar framfarir orðið og nauðsynlegt væri að treysta grunninn í umhverfismálum. Því er óhætt að segja að líklega hafi aldrei verið brýnna að lögfesta meginreglur umhverfisréttarins en einmitt nú. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er nefnist „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi: Framkvæmdaáætlun til aldamóta" er áréttað að setning laga og reglna getur verið áhrifarík leið til að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að. Eitt af þeim tækjum sem hægt sé að nota til þess að beina framkvæmdum inn á brautir sjálfbærrar þróunar sé lagasetning. Með það að markmiði var vinna við frumvarp þetta sett á verkefnaskrá umhverfisráðuneytis 1996–99.

Við gerð frumvarps þess sem hér er lagt fram eru helstu meginreglur Ríó-yfirlýsingarinnar lagðar til grundvallar. Frumvarpið er einnig samið með nokkurri hliðsjón af eldra frumvarpi, tekið hefur verið mið af íslenskri löggjöf um umhverfismál, alþjóðasamningum, kenningum fræðimanna, þróun norrænnar umhverfislöggjafar á undanförnum árum og þeirri þróun sem hefur orðið í umhverfisrétti almennt.

3. Meginsjónarmið í umhverfisrétti.

Umhverfisréttur og mannréttindi.

Krafan um rétt einstaklinga til heilnæms umhverfis hefur orðið mjög áberandi á síðustu tveimur áratugum en rétti mannsins til slíks umhverfis var fyrst lýst á Stokkhólmsráðstefnunni árið 1972. Síðan þá hefur baráttan fyrir umhverfisvernd og mannréttindum fléttast sífellt meira saman, enda eru réttindi þessi í eðli sínu lík.

Áður var umhverfisréttur talinn frábrugðinn öðrum fræðigreinum lögfræðinnar að því leyti að þar væri umhverfið sett í öndvegi í stað einstaklingsins. Þessi afstaða hefur hins vegar breyst þar sem menn hafa gert sér grein fyrir því að framtíð mannkyns veltur á því að tillit sé tekið til umhverfisins. Um allan heim hefur sú þróun orðið að umhverfisréttur fjallar nú ekki aðeins um vernd umhverfisins sem slíks heldur einnig um rétt einstaklinga til heilnæms umhverfis. Réttur manna til heilnæms umhverfis er að vinna sér sess sem sjálfsögð mannréttindi og hefur víða verið tekinn upp í landsrétt, þar á meðal í stjórnarskrá um fjörutíu ríkja, til að

mynda norsku stjórnarskrána. Jafnframt því að vernda umhverfið snýst umhverfisréttur því einnig um vernd mannréttinda og framtíð mannkyns.

Í 1. mgr. 2. gr. þessa frumvarps er kveðið á um rétt einstaklingsins til umhverfis er stuðlar að heilbrigði og farsæld hans og komandi kynslóða, svo og að náttúrunni sé ekki spillt að óþörfu, en sá réttur hefur ekki áður verið tryggður að íslenskum rétti á þann hátt sem hér er gert. Lögfesting þessa réttar er einkum talin hafa mikla þýðingu fyrir markmiðið um sjálfbæra þróun. Til þess að almenningur geti framfylgt þessum rétti sínum til heilnæms umhverfis verður og að tryggja honum rétt til þess að fá upplýsingar um framkvæmdir eða aðgerðir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi hans ásamt því að geta haft áhrif á og átt þátt í að taka ákvarðanir sem varða umhverfið. Þannig má virkja almenning til þess að gæta að rétti sínum og umhverfisins og stuðla um leið að framgangi sjálfbærrar þróunar.

Verndarsjónarmiðið.

Undanfarin ár hefur áherslan í umhverfisrétti þróast frá því að reyna að bæta úr því sem miður hefur farið í umhverfinu og yfir í að stuðla fremur að því að koma í veg fyrir tjón. Áður var aðaláhersla lögð á mótun reglna um ábyrgð og bótaskyldu og hvernig bæta skyldi úr umhverfistjóni. Nú er verndarsjónarmiðið (e. preventive approach) ríkjandi í umhverfisrétti, þ.e. fremur er lögð áhersla á að lögfesta reglur og föst viðmið með það að markmiði að koma í veg fyrir umhverfistjón. Þetta meginsjónarmið kemur fram í 1. gr. frumvarpsins.

Veigamiklar ástæður liggja að baki þessari áherslubreytingu í umhverfisrétti. Mikilvægust þeirra er sú að menn hafa sífellt gert sér betur grein fyrir því að umhverfistjón er oft óbætanlegt. Einnig hefur komið í ljós að yfirleitt er mun dýrara að bæta úr tjóni en að gera varúðarráðstafanir. Iðulega er einnig erfitt að átta sig á upptökum umhverfistjóns, þ.e. hver tjónvaldur eða mengunarvaldur er.

Varúðarreglan, sem er að finna í 3. gr. frumvarpsins, er til að mynda leidd af þessu verndarsjónarmiði. Reglan hefur á undanförnum áratugum rutt sér til rúms sem meginregla í alþjóðlegum umhverfisrétti. Hún var fyrst sett fram árið 1987 í Lundúnayfirlýsingunni sem kom í kjölfar alþjóðlegrar ráðstefnu um verndun Norðursjávar. Nú er hún einn af hornsteinum umhverfisréttarins. Varúðarreglan á við þegar fyrir liggur að framkvæmd muni líklega valda alvarlegu eða óbætanlegu umhverfistjóni en ekki er hægt að sanna það vísindalega. Þá ber að beita þeim aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til þess að koma í veg fyrir slíkt tjón og óheimilt er að bera fyrir sig skort á vísindalegri fullvissu um að tjón sé yfirvofandi.

Meginreglan um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. að meta skuli umhverfisáhrif framkvæmda eða starfsemi sem líkleg er til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi áður en framkvæmdir hefjast, er einnig áhrifaríkt tæki til þess að framfylgja verndarsjónarmiðinu og þar með varúðarreglunni í umhverfisrétti.

Mengunarbætur.

Umhverfisréttur getur þó aldrei eingöngu snúist um verndarsjónarmið, þar verður einnig að vera hægt að finna úrræði ef umhverfistjón verður. Mengunarbótareglan tekur á því hvernig deila skuli kostnaði af mengunarvörnum og hverjir skulu bera bótaábyrgð vegna umhverfistjóns. Mengunarbótareglan felur þannig í sér úrræði til þess að taka á umhverfistjóni en einnig miðar hún að því að koma í veg fyrir slík óhöpp.

Mengunarbótareglan var upphaflega sett fram af OECD árið 1972 í þeim tilgangi að tryggja að fyrirtæki í OECD-ríkjum bæru sjálf kostnað af nauðsynlegum mengunarvörnum. Reglan fól það í sér að óheimilt var að veita opinbera styrki vegna slíkra ráðstafana og skapa þannig mismunun hjá fyrirtækjum eftir löndum. Reglan var sett fram sem hagstjórnartæki í

þeim tilgangi að dreifa kostnaði af mengun og mengunarvörnum með það að markmiði að inni í verði vöru yrði falinn sá þjóðfélagslegi kostnaður sem hlýst af framleiðslu, notkun og förgun hennar. OECD hefur æ síðan haldið þessari meginreglu á loft en reglan hefur smám saman þróast frá því að vera eingöngu hagstjórnartæki í að vera einnig tæki til beinna mengunarvarna.

OECD hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að mengunarvaldur beri allan kostnað af að halda umhverfinu í viðunandi ástandi þrátt fyrir starfsemi hans. Stjórnvöld geta tryggt að mengunarvaldur beri þennan kostnað með stjórnvaldsfyrirmælum (boðum og bönnum) en einnig með ýmsum hagrænum stjórntækjum. Dæmi um hagræn stjórntæki sem stjórnvöld gætu kosið að nota eru: umhverfisskattar, skilagjöld, skattaívilnanir og framseljanleg mengunarleyfi eða kvótar. Útblástursgjöld, notendagjöld og vörugjöld eru hins vegar þær tegundir gjalda og skatta sem mest eru notaðar.

Hlutverk sveitarfélaga.

Að síðustu er rétt að geta þess að í frumvarpinu er lögð áhersla á það meginsjónarmið að umhverfismál verði best leyst þar sem þau eiga upptök sín. Það kemur skýrt fram í Dagskrá 21 þar sem sveitarfélög eru hvött til að gera sína eigin framkvæmdaáætlun til að ná fram markmiðum sjálfbærrar þróunar. Í verkefnaskrá umhverfisráðuneytis 1996–99 segir að stefnt sé að víðtækri samstöðu með sveitarfélögum og samtökum einstaklinga og fyrirtækja um framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til næstu aldamóta. Sveitarfélög eru það stjórnvald sem stendur næst íbúunum og á auðveldast með að koma á samstarfi og samráði við íbúa um hvernig skuli breyta daglegu lífi til að stuðla að sjálfbærri þróun.

4. Niðurlag.

Ljóst er að umhverfisvernd og sjálfbær þróun verða ekki tryggð eingöngu fyrir atbeina stjórnvalda heldur er vilji almennings til að vernda umhverfið skilyrði fyrir framförum. Verði frumvarp þetta að lögum munu meginreglurnar verða stefnumarkandi í framtíðinni við að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að í umhverfismálum. Það ætti að vega þungt í viðleitni okkar til að vernda umhverfið og stuðla þannig að heilbrigði og sjálfbærri þróun og farsæld okkar og komandi kynslóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu er markmið þess að lögfesta helstu meginreglur umhverfisréttar en á því er brýn þörf þar sem ekki hefur verið sett heildarlöggjöf um umhverfismál hér á landi. Gildissviði laganna er ætlað að vera mjög rúmt og ná til allra anga þjóðfélagsins, enda er það forsenda heilnæms umhverfis að stjórnvöld sem almenningur gæti ávallt að hag þess. Með hugtakinu „umhverfi“ er í frumvarpi þessu, sbr. almennu athugasemdirnar, átt við ytra umhverfi mannsins hvort sem það er mótað af náttúruöflum eða mannahöndum. Hugtakinu er því ekki ætlað að taka til þess sem innan dyra er eða annars innra umhverfis, svo sem vinnuumhverfis. Mikilvægt er að meginreglur umhverfisréttar verði ávallt hafðar að leiðarljósi við framkvæmd og skýringu laga sem varðað geta umhverfið. Þannig má stuðla að heilbrigðu og farsælu umhverfi sem er forsenda sjálfbærrar þróunar.

Í 1. mgr. er fjallað um sjálfbæra þróun og tekið fram að hugmyndafræði hennar skuli ávallt höfð að leiðarljósi. Meginreglum umhverfisréttar er öllum ætlað að miða að sjálfbærri þróun. Sjálfbær þróun var lykilhugtak Ríó-ráðstefnunnar, en það byggist á hugmyndafræði sem sett er fram í skýrslu Brundtlands-nefndarinnar um framtíðarlausn á umhverfisvandamálum jarðar.

Sjálfbær þróun er þróun er mætir þörfum núverandi kynslóðar án þess að stefna í hættu möguleika komandi kynslóða á að geta uppfyllt sínar þarfir. Með sjálfbærri þróun er því átt við að frumþörfum allra sé fullnægt en að fólk verði að sætta sig við neyslu sem er innan marka þess sem vistkerfi jarðar leyfir. Sjálfbær þróun felur þannig í sér að við lögum athafnir okkar og lífsviðhorf, þar með talda nýtingu náttúruauðlinda, neyslu, framleiðslu og þjónustu, að skilyrðum umhverfisins.

Ákvæði 2. mgr. felur í sér verndarsjónarmiðið sem fjallað hefur verið um í almennum athugasemdum þessa frumvarps. Í því felst að ávallt skuli haft að leiðarljósi að fyrirbyggjandi aðgerðir eru árangursríkari til verndar umhverfinu en þær aðgerðir sem gripið er til eftir að tjón hefur orðið. Þá er lögð áhersla á að umhverfisvandamál verða best leyst á hverjum stað þar sem þau eiga uppök sín. Hér er einkum átt við sveitarfélög en um það vísast frekar til greinargerðar með 6. gr.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna helstu meginreglur um réttindi einstaklinga er varða umhverfið og þau gæði sem felast í heilnæmu umhverfi. Þessara réttinda var fyrst getið í 1. gr. Stokkhólmsyfirlýsingarinnar sem var samþykkt á fyrstu alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins árið 1972.

Réttur manna til heilnæms umhverfis hefur ekki verið lögfestur með þeim hætti sem 1. mgr. mælir fyrir um. Vísi að slíkum rétti er að finna í ýmsum lögum. Fyrst er til að taka lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skv. 1. gr. þeirra er markmið laganna að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Í lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, ásamt síðari breytingum, eru einnig fjölmörg ákvæði sem hafa að markmiði að vernda heilsu manna og dýra vegna skaðlegra áhrifa sem stafað geta af notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Þá má nefna lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum, þar sem segir í 1. gr. að tilgangur laganna sé að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun er stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins. Í lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996, eru samskipti manns og náttúru sett í öndvegi þar sem segir í 1. gr. þeirra að tilgangur laganna sé að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Í frumvarpi þessu er og lögð áhersla á rétt manna til að náttúrunni sé ekki spillt að þarflausu. Það er í anda náttúruverndarlaganna, en í 16. gr. þeirra er sú skylda lögð á einstaklinga að sýna varúð svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Ákvæði þetta helgast af þeirri staðreynd að afkoma okkar byggist á gæðum náttúrunnar, sem og því að fegurð náttúrunnar er sameiginleg arfleifð sem okkur ber að njóta en jafnframt að varðveita fyrir komandi kynslóðir.

Markmið 2. og 3. mgr. er að tryggja þann rétt sem greinir í 1. mgr. Til að almenningur geti notið þeirra réttinda sem greinir í 1. mgr. verður honum að vera tryggður réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum og sá réttur að stjórnvöld miðli upplýsingum um umhverfismál. Sem dæmi um slíkan rétt sem þegar er að finna í íslenskri löggjöf má nefna að meginreglan um mat á umhverfisáhrifum gerir stjórnvöldum skylt að upplýsa almenning um tilteknar framkvæmdir og að gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum við þær, sbr. umfjöllun um 4. gr. Annað dæmi sem nefna má eru fyrrgreind lög um hollustuhætti og heil-

brigðiseftirlit þar sem í 2. mgr. 1. gr. þeirra segir að unnið skuli að því að tryggja landsmönnum þau lífsskilyrði sem þar greinir, m.a. með því að veita almenningi alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál.

Sú löggjöf sem er þó mikilvægust í þessu sambandi eru lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21/1993, er eiga að tryggja rétt almennings til upplýsinga um umhverfismál, sbr. 5. gr. þeirra. Í 1. gr. laganna segir að þeim sé ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum og að þau annist miðlun upplýsinga um umhverfismál til almennings. Hér kemur því hvort tveggja til að almenningur eigi rétt á að fá upplýsingar um umhverfismál og að almenningur eigi rétt á að vera upplýstur um umhverfismál. Lögin gilda um aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra skv. 2. gr. Þau byggja á þeirri forsendu að sá sem óskar eftir upplýsingum þarf ekki að eiga neinna hagsmuna að gæta og því getur hver sem er óskað eftir upplýsingum án þess að þurfa að rökstyðja það sérstaklega.

Til að framfylgja þeim grundvallarrétti sem fram kemur í 1. mgr. þarf að tryggja mönnum rétt á að tjá sig um og koma að athugasemdum vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem haft geta umtalsverð áhrif á nánasta umhverfi þeirra. Regla þessi felur í sér sjálfsögð mannréttindi í lýðræðislegu þjóðfélagi og verndar rétt almennings og gæði náttúrunnar um leið og stuðlar þannig að sjálfbærri þróun. Reglan veitir því mikilvægt réttaröryggi. Regluna er að finna í ýmsum lögum og reglugerðum. Hér má t.d. benda á 13., 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, um meðferð skipulagstillagna og rétt til að gera athugasemdir við þær.

Réttindum manna fylgja skyldur og því fjallar 4. mgr. um ábyrgð einstaklinga. Þar er þeim gert skylt að leggja sitt af mörkum til að vernda umhverfið og varðveita þau gæði sem felast í 1. mgr. Dæmi um slíkt ákvæði í íslenskri löggjöf er að finna í áðurnefndri 16. gr. náttúruverndarlaga, nr. 93/1996.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði svokölluð varúðarregla. Varúðarreglan er afsprengi verndarsjónarmiðsins í umhverfisrétti og er ætlað að tryggja að þrátt fyrir að vísindalega fullvissu kunni að skorta skuli komið í veg fyrir athafnir eða framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér alvarlegt og hugsanlega óbætanlegt umhverfistjón.

Sjónarmiðin sem liggja að baki varúðarreglunni eru þau að vísindaleg þekking á umhverfinu er ekki fullmótuð og oft er of seint að grípa í taumana þegar umhverfistjón hefur átt sér stað því að það getur verið óbætanlegt jafnframt því að geta haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Til þess að koma í veg fyrir slíkt tjón þarf því að gæta varúðar og grípa til ráðstafana þrátt fyrir að ekki liggi fyrir óræk sönnun um að tjón muni hljótast af.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur tekið varúðarregluna upp og er hana víða að finna í alþjóðlegum sáttmálum og yfirlýsingum á sviði umhverfisréttar. Hér má nefna 3. mgr. 3. gr. rammasamnings um loftslagsbreytingar frá árinu 1992 og formála að samningi um líffræðilega fjölbreytni frá árinu 1992. Gildi varúðarreglunnar hefur komið vel í ljós í baráttunni gegn eyðingu ósonlagsins en Vínarsamningurinn um verndun ósonlagsins frá 1985 og Montreal-bókunin við þann samning um efni sem valda rýrnun ósonlagsins frá 1987 eru í eðli sínu varúðarsáttmálar. Varúðarregluna er einnig að finna í Ríó-yfirlýsingunni, reglu 15 og í lögum Evrópubandalagsins, Rómarsamningnum, gr. 130 r (2).

Hlutverk varúðarreglunnar í umhverfisrétti er að varúð verði höfð að leiðarljósi er ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir sem geta haft áhrif á umhverfið. Hún leggur skyldu á framkvæmdaraðila hvort sem um er að ræða hið opinbera, einstaklinga eða lögaðila til að

meta hugsanlegt umhverfistjón áður en framkvæmd er hafin og skyldar aðila til þess að stöðva framkvæmdir ef umhverfistjón er talið líklegt. Stjórnvöldum ber og að hafa varúðarregluna að leiðarljósi og þegar ákvörðun um framhald slíkra framkvæmda er tekin hjá þeim. Reglan mælir því fyrir um aðgerðaskyldu til verndar umhverfinu þrátt fyrir að ekki liggi fyrir vísindaleg fullvissa um að umhverfið muni verða fyrir tjóni. Varúðarreglan er hvergi orðuð í íslenskri löggjöf með þeim hætti sem gert er í frumvarpi þessu. Ýmis lagaákvæði er þó að finna í þá veru að umhverfið skuli njóta vafans. Hér má nefna 1. mgr. 23. gr. laga um náttúruvernd, nr. 93/1996, 43. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum, og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til lögfesting á mengunarbótareglunni (e. Polluter Pays Principle). Mengunarbótareglan felur í grófum dráttum í sér að mengunarvaldi, fremur en ríkisvaldi, beri að greiða kostnað af mengun, hvort sem er vegna ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir mengun eða ráðstafana sem reynast nauðsynlegar til þess að bæta úr tjóni af mengun.

Mengunarbótareglunnar hefur víða verið getið í alþjóðlegum sáttmálum. Árið 1987 var reglan tekin upp hjá Evrópusambandinu á svipuðum nótum og OECD hafði gert, sbr. almennar athugasemdir við frumvarpið. Með ákvæði 2. mgr. 73. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, skuldbundu Íslendingar sig til þess að leggja bótaskyldu á mengunarvald. Þar segir: „Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum.“

Mengunarbótaregluna er að finna í reglu 16 í Ríó-yfirlýsingunni. Þar segir: „Yfirvöld í einstökum ríkjum skulu stuðla að því að tillit sé tekið til umhverfiskostnaðar og að hagrænum stjórntækjum sé beitt með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að mengunarvaldur skuli bera kostnað af mengun, með tilhlýðilegu tilliti til almannahagsmuna og án þess að raska alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum.“

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins er mjög í anda Ríó-yfirlýsingarinnar. Ákvæði 1. mgr. leggur hlutlæga bótaábyrgð á starfsemi sem í eðli sínu getur verið umhverfinu hættuleg. Gera má ráð fyrir að starfsemi sem fellur undir þetta ákvæði sé jafnframt háð umhverfismati samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Ákvæði 1. mgr. felur í sér undanþágu frá sakarreglunni, sem er meginregla í skaðabótarétti, að saknæm háttsemi tjónvalds, ásetningur eða gáleysi, sé grundvöllur bótaskyldu. Rökin fyrir hlutlægri bótaábyrgð hér hvíla á því í fyrsta lagi að henni er ætlað að vera hvatning til varúðar í starfsemi þeirri sem hér um ræðir. Í öðru lagi verður að telja að þeir sem reka slíka hættulega starfsemi séu yfirleitt betur í stakk búnir en hinn almenni borgari til þess að bera það tjón sem starfsemi þeirra getur valdið. Það verður og að teljast eðlilegt að aðilar er reka slíka starfsemi sem hér um ræðir kaupi sér ábyrgðartryggingu og taki tillit til kostnaðar af slíkri ábyrgð í rekstri sínum. Þess má geta að hlutlæg bótaábyrgð hefur verið lögð á hættulega atvinnustarfsemi í Danmörku (lög 1994-04-06, nr. 225, um bætur fyrir umhverfistjón, 3. gr.).

Í 2. mgr. er að finna mengunarbótaregluna nokkurn veginn eins og hún var upphaflega sett fram af OECD fyrir 25 árum. Ákvæði 2. mgr. kveður á um að þeir sem hafa með höndum hættulega starfsemi beri að gæta fyllstu varúðar og tryggja innra eftirlit með starfseminni og að þeir beri kostnaðinn af slíkum varúðar- og eftirlitsráðstöfunum.

Ákvæði 3. mgr. kveður á um skyldur sem lagðar eru á hinn almenna borgara. Um tjón sem hann veldur, svo og um tjón af starfsemi er ekki fellur undir skilgreiningu 1. mgr., fer samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Um 5. gr.

Ein af meginreglum Ríó-yfirlýsingarinnar er að framkvæma skuli mat á umhverfisáhrifum þegar um er að ræða fyrirhugaða starfsemi sem líkleg er til að hafa veruleg skaðleg áhrif á umhverfið og háð er úrskurði viðkomandi stjórnvalds (regla 17). Reglan hefur verið tekin upp í íslenskan rétt með sérstakri löggjöf um mat á umhverfisáhrifum, lögum nr. 63/1993, og markaði sú löggjöf þáttaskil á sviði umhverfisverndar hér á landi. Meginreglan, sem lagt er til að hér verði lögfest, er svipuð að efni til og í þeim lögum. Með umtalsverðum áhrifum á umhverfi er því fyrst og fremst átt við þær framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati samkvæmt þeim lögum og taldar eru upp í 5. gr. þeirra. Sem dæmi um slíkar framkvæmdir má nefna vatnsorkuvirkjanir, jarðvarmavirkjanir, lagningu háspennulína, ýmsar verksmiðjur o.fl., auk ýmissa framkvæmda sem taldar eru upp í viðauka með lögunum.

Reglan um mat á umhverfisáhrifum endurspeglar verndarsjónarmiðið og hefur mikla þýðingu í umhverfisrétti. Mat á umhverfisáhrifum tryggir að áður en ákvörðun er tekin um framkvæmd sem getur haft umtalsverð áhrif á umhverfið meti framkvæmdaraðili hugsanleg umhverfisáhrif og síðan meti viðkomandi stjórnvald þau aftur. Umhverfisáhrif verða þannig hluti af áætlun og ákvörðunum framkvæmdaraðila, hvort sem um opinbera aðila er að ræða eða einkaaðila. Samkvæmt fyrrgreindum lögum um umhverfismat eru til að mynda ýmsar framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum þannig að óheimilt er að hefja framkvæmdir fyrr en metin hafa verið umhverfisáhrif þeirra. Ekki skal ráðast í framkvæmdir sem kunna að hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisspjöll í för með sér. Mikilvægt er að fram fari mat á umhverfisáhrifum til að stjórnvöld séu upplýst um afleiðingar ákvarðana sem þau taka og varða umhverfið, svo og að tillit sé tekið til umhverfisþátta við hvers kyns ákvarðanir.

Meginreglan um mat á umhverfisáhrifum er og mikilvæg sökum þess að tilgangur hennar er að gera stjórnvöldum skylt að upplýsa almenning um tilteknar framkvæmdir og að gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru. Í 7. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, er skipulagsstjóra því gert skylt að auglýsa tilkynningu framkvæmdaraðila um fyrirhugaða framkvæmd með opinberri auglýsingu svo hægt sé að koma að athugasemdum við þær. Meginregluna verður því að túlka með hliðsjón af rétti manna til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál og að stjórnvöld skuli gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og taka þátt í ákvörðunum sem teknar eru og varða umhverfið.

Um 6. gr.

Í framkvæmdaáætlun þeirri sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó árið 1992, Dagskrá 21, eru öll sveitarfélög heims hvött til að vinna eigin framkvæmdaáætlun í umhverfismálum, sérstaka staðardagskrá, í samvinnu við alla í sveitarfélaginu. Skal hún byggð á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, Dagskrá 21 og stefnumörkun ríkisvaldsins. Hér er enn lögð áhersla á mikilvægi þess að umhverfismál verði best leyst þar sem þau eiga upptök sín og að sveitarfélögin bera sjálf ábyrgð á framkvæmd umhverfismála hjá sér.

Með þetta að leiðarljósi er kveðið á um það í 6. gr. frumvarpsins að sveitarfélögin í landinu, hvert fyrir sig, beri ábyrgð á framkvæmd umhverfismála og umhverfisverndar heima í héraði í samræmi við lög. Skv. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, ásamt síðari breytingum, eru nokkrir af mikilvægustu þáttum umhverfismála meðal lögboðinna verkefna sveitarfélag-

anna. Þetta eru skipulags- og byggingarmál, sorphreinsun og sorpeyðing, heilbrigðis- og mengunareftirlit, eyðing refa, minka og vargfugls. Regla þessi er eðlileg, enda eru staðbundin stjórnvöld að jafnaði betur undir það búin að takast á við vandamál heima í héraði en stjórnvöld á landsvísu þó að benda megi á undantekningar frá þessu.

Í annan stað er lögð áhersla á að leysa skuli umhverfisvandamál þar sem upptök þeirra eru. Ábyrgð sveitarfélaga felst m.a. í því að leysa umhverfisvandamál með aðgerðum heima í héraði. Rétt þykir jafnframt að benda sérstaklega á að þrátt fyrir að meginreglan sé að leysa skuli umhverfisvandamál þar sem upptök þeirra eru er jafnmikil vægt að sveitarfélögin vinni saman að lausn einstakra umhverfisvandamála, enda má gera ráð fyrir því að slíkt skili sér í lægri framkvæmda- og rekstrarkostnaði og komi íbúum sveitarfélaganna til góða, m.a. með lægri álögum opinberra gjalda.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að stjórnarfrumvörpum fylgi mat á umhverfisáhrifum þegar þau kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Markmið þessa ákvæðis er að draga úr hættu á umhverfisspjöllum með fyrirbyggjandi ráðstöfunum. Ákvæði þetta á sér danska fyrirmynd (7. gr. umburðarbréfs, nr. 31 frá 26. febrúar 1993, með síðari breytingum) og er í anda laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, þar sem tilteknar framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt greininni skal leggja mat á áhrifin sem löggjöfin kann að hafa á umhverfið. Viðkomandi ráðuneyti láti framkvæma matið og birti álit þess efnis með frumvarpinu.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttarins.

Frumvarpið er stefnumarkandi á sviði umhverfisréttar, leggur til lögfestingu á helstu meginreglum hans og er almenn umgjörð um þær. Einstök ákvæði frumvarpsins eru flest útfærð nánar í öðrum lögum, sbr. umfjöllun í greinargerð frumvarpsins.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi för með sér kostnað fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

1340. Nefndarálit [38. mál]

um till. til þál. um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Hörpu Bragadóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Húnboga Þorsteinsson, Ingibjörgu Broddadóttur og Margréti Margeirsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ásgeir Haraldsson, prófessor í barnalækningum, Láru Björnsdóttur frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Dögg Pálsdóttur og Rögnu Marinósdóttur frá Umhyggju og Þorstein Ólafsson frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna.

Umsagnir hafa borist frá Barnaheillum, Barnaspítala Hringsins, Barnaverndarstofu, Félagi íslenskra barnalækna, Félagi íslenskra heimilislækna, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, landlæknisembættinu, Lífsvog, Læknafélagi Íslands, menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sálfræðingafélagi Íslands, Sjúkraliðafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, umboðsmanni barna og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með tillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd til að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna. Nefndin tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að brýnt sé að bæta þjónustu við langsjúk börn og koma málum þeirra í farsælan farveg. Umsagnir um tillöguna eru nánast undantekningarlaust jákvæðar og er þar mælt með samþykkt hennar.

Fram kom í umsögn félagsmálaráðuneytis að unnið sé að nýrri félagsmálalöggjöf á vegum ráðuneytisins þar sem sérlöggjöf um málefni fatlaðra verður felld inn í og samþætt annarri þjónustu á vegum sveitarfélaga. Í ljósi þessa og að þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að skoðað verði hvort fella eigi málefni langsjúkra barna undir gildissvið laga um málefni fatlaðra leggur nefndin til að sú nefnd sem skipuð verði á grundvelli tillögunnar hafi samráð við vinnuhóp félagsmálaráðuneytis sem vinnur að samþættri löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Lokamálsliður tillögugreinarinnar orðist svo: Niðurstöður og nauðsynleg lagafrumvörp verði lögð fyrir Alþingi í upphafi árs 1999.

Alþingi, 29. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Guðni Ágústsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1341. Nefndarálit [300. mál]

um till. til þál. um blóðbankaþjónustu við þjóðarvá.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með tillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd sem hafi það verkefni að leggja fram tillögur um hvernig öryggi blóðbankaþjónustu skuli tryggt við stórslys og þjóðarvá.

Nefndin tekur undir efni tillögunnar og þær athugasemdir sem fram koma í greinargerð með henni og leggur því til að hún verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Guðni Ágústsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1342. Breytingartillaga [553. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Ágústi Einarssyni og Sighvati Björgvinssyni.

Við 6. gr. Í stað hlutfallstölunnar „30%“ í a-lið komi: 32%.

Greinargerð.

Tekjuskattur fyrirtækja hefur á fáeinum undangengnum árum verið lækkaður verulega og er nú þegar eitt lægsta hlutfall af hagnaði sem þekkist innan OECD. Auk þess voru fleiri milljarðar króna fluttir á einu bretti frá fyrirtækjunum yfir á launamenn, þegar aðstöðugjaldið var lagt niður og tekjuskattur og útsvar einstaklinga hækkuð á móti fyrir nokkrum árum. Launatengdur kostnaður fyrirtækja hér er með minnsta móti. Þegar allt er dregið saman er því ljóst að í heild er skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi nú þegar með því hagstæðasta sem þekkist, sbr. gögn sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur fengið frá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD).

Að mati flutningsmanna þessarar breytingartillögu er því engin ástæða til að grípa til enn frekari lækkana nú. Frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að skattprósenta af hagnaði fyrirtækja lækki nú úr 33% í 30%. Reyndar voru til umræðu meðal stjórnarliða hugmyndir um að fara enn neðar eða í 28%, sbr. breytingartillögu á þskj. 1332. Lækkunin samkvæmt frumvarpinu úr 33% í 30% er að hluta hrein skattalækkun, þó að vissulega komi breyttar reglur um frádráttarbærni arðgreiðslna þar nokkuð á móti til hækkunar. Flutningsmenn telja löngu tíma-

bært að lagfæra skattalegt umhverfi einstaklinga, t.d. með lækkun jaðarskatta og minni skattbyrði millitekjufólks. Ríkisstjórnarflokkarnir leggja hins vegar framhvert frumvarpið á fætur öðru til að minnka skatta fyrirtækja.

Í ljósi þess að skattalegt umhverfi fyrirtækja hér á landi er þegar með því hagstæðasta sem þekkist, fyrirtækin búa almennt við allgóða og batnandi afkomu og að sanngjarnt er að þau skili auknum tekjum til sameiginlegra þarfa á komandi árum telja flutningsmenn að lækkun tekjuskatts fyrirtækja um 1 prósentustig, úr 33% í 32%, sé hæfileg breyting til að mæta áhrifum af breyttum reglum um frádráttarbærni arðgreiðslna.

1343. Nefndarálit [465. mál]

um till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

Frá 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Þingkonur Kvennalistans hvetja eindregið til víðtækrar umræðu og umfjöllunar um auðlindir í sinni víðustu merkingu og hvernig með þær auðlindir skuli farið. Einn þáttur þeirrar umfjöllunar er hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum lands og sjávar og hvernig tryggja megi að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á sanngjarnan hátt til réttmætra eigenda og þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Auk þess að stefna að hámarksarðsemi þarf að leitast við að tryggja að nýting sameiginlegra auðlinda grundvallist á forsendum sjálfbærrar þróunar og byggist á öflugum rannsóknum.

Vegna vanþekkingar og skorts á heildarsýn hefur verið gengið of nærri mörgum af auðlindum þessa lands og er afar nauðsynlegt að bæta vinnubrögð í því efni. Sú nefnd sem hér er gerð tillaga um er þó ekki af þeirri gerð að hún sé líkleg til að skila gagnlegum niðurstöðum. Samkvæmt henni á Alþingi að kjósa níu manna nefnd til þessa verks og engin skilyrði eru að öðru leyti um skipan slíkrar nefndar. Hér er því augljóslega aðeins um pólitíska ákvörðunarnefnd að ræða sem mun byggjast á núverandi valdahlutföllum stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Nefndin fær heldur ekki skýrt skilgreindar forsendur í veganesti nema að því er varðar ráðstöfun auðlindagjalds sem samkvæmt tillögunni á að verja á ákveðinn hátt. Niðurstaðan í því efni er nánast gefin fyrir fram og því ólíklegt að fjallað verði um allar hliðar þess eins og nauðsynlegt er.

Mikilvægt er að sem víðtækust sátt náist meðal landsmanna um vernd, nýtingu og afrakstur auðlinda lands og sjávar. Þingkonur Kvennalistans hefðu talið æskilegt að efna til faglegrar vinnu um þessi efni og fela verkið fagmönnum á sviði hagvísinda, félagsvísinda og náttúruvísinda sem fjölluðu um það út frá efnahagslegum, líffræðilegum og siðferðilegum forsendum. Á grunni slíkrar vinnu væri unnt að móta heildstæða stefnu um nýtingu auðlinda. Þeim tilgangi verður ekki náð með framkvæmd þessarar tillögu og því mun 1. minni hluti sitja hjá við afgreiðslu hennar.

Alþingi, 30. apríl 1998.

Kristín Halldórsdóttir.

1344. Svar [680. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rekstrarkostnað Landsvirkjunar.

Ráðuneytið vill í upphafi taka fram að Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki í eigu ríkis, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Því ber að líta á Landsvirkjun sem aðila sem lýtur lagareglum að einkarétti en ekki opinberum rétti. Um aðgang Alþingis að upplýsingum um Landsvirkjun fer því samkvæmt sömu meginsjónarmiðum og gilda varðandi hlutafélög í eigu ríkisins. Það á m.a. við um mat á því hvort mál telst opinbert í skilningi 54. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og 49. gr. laga um þingsköp Alþingis, en skylda ráðherra til að veita upplýsingar eða svör við fyrirspurn um rekstur slíkra hlutafélaga nær aðeins til þess málefnis sem getur talist opinbert. Samkvæmt framansögðu er fyrirtækinu því óskylt að veita upplýsingar um ýmis þau atriði sem fyrirspurnin lýtur að. Með hliðsjón af þeirri umræðu sem fram hefur farið að undanförnu um starfskjör stjórnenda opinberra fyrirtækja telur ráðuneytið rétt að þessu sinni, þrátt fyrir fyrrgreind sjónarmið, að umbeðnar upplýsingar séu veittar. Landsvirkjun hefur af sömu ástæðum ákveðið að láta upplýsingarnar af hendi.

Við vinnslu svarsins hefur verið höfð hliðsjón af sjónarmiðum um meðferð persónuupplýsinga. Svör við spurningum fyrirspyrjanda eru byggð á upplýsingum sem aflað hefur verið hjá Landsvirkjun.

1. *Hver eru laun, lífeyrisréttindi og önnur starfskjör stjórnenda Landsvirkjunar, sundurliðað eftir stöðuheitum, fjölda stjórnenda og milli kynja, föstum launum, öðrum greiðslum eins og stjórnargreiðslum og hvers konar þóknunum og hlunnindum, þar með töldum bifreiðahlunnindum og risnu?*

Stjórn Landsvirkjunar er skipuð sjö mönnum, sex karlmönnum og einni konu. Nema laun þeirra í dag alls 420.800 kr. á mánuði að meðtalinni mánaðarlegri þóknun til eins stjórnarmanna fyrir setu í stjórn Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar svo og greiðslu fyrir afnot af bifreið stjórnarformanns samkvæmt aksturssamningi milli hans og Landsvirkjunar. Sama mánaðarlega fjárhæð er greidd öllum stjórnarmönnum en þóknun stjórnarformanns er tvöföld.

Framkvæmdastjórn Landsvirkjunar er skipuð fimm karlmönnum og eru laun þeirra í dag alls 3.589.965 kr. á mánuði að meðtalinni mánaðarlegri þóknun til forstjóra og aðstoðarforstjóra fyrir setu í stjórn Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar. Framkvæmdastjórnina skipa forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjóri verkfræði- og framkvæmdasviðs, framkvæmdastjóri fjármála- og markaðssviðs og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs.

Í framangreindum fjárhæðum eru meðtaldar greiðslur fyrir afnot af bifreiðum framkvæmdastjóranna þriggja samkvæmt sérstökum aksturssamningum milli þeirra og Landsvirkjunar.

Landsvirkjun lætur forstjóra og aðstoðarforstjóra í té bifreiðir til afnota í þágu starfs þeirra og greiðir af þeim allan rekstrarkostnað. Eru þeim heimil hófleg einkaafnot þessara bifreiða og greiða þeir skatt af þeim hlunnindum í samræmi við reglur ríkisskattstjóra.

Hvorki stjórnarmenn, framkvæmdastjórnarmenn né aðrir starfsmenn fá risnugreiðslur frá Landsvirkjun.

Framkvæmdastjórnarmenn Landsvirkjunar eru allir í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

2. *Hver hefur verið ferðakostnaður erlendis árlega sl. fimm ár, hve margar ferðir voru farnar hvert árið um sig, hvernig sundurliðast kostnaðurinn milli flugfargjalda, gistikostnaðar og dagpeningagreiðslna? Sérstaklega er óskað sundurliðunar á fjölda ferða stjórnenda og árlegum kostnaði við þær og maka þeirra sé um það að ræða.*

Landsvirkjun hefur sett sér reglur um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum Landsvirkjunar, dags. 28. júlí 1994. Reglurnar, sem tóku við af eldri reglum, lúta annars vegar að ferðalögum innan lands og hins vegar ferðalögum erlendis. Fargjöld á ferðalögum erlendis greiðast eftir reikningi, enda fylgi ávallt farseðlar. Annar ferðakostnaður en fargjöld greiðist þannig að stjórnendur fá greiddan kostnað við gistingu eftir framlögðum reikningum og dagpeninga sem skulu vera þeir sömu og gilda á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar. Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem ferðakostnað innan þess svæðis sem dvalið er á, fæði og hvers kyns persónuleg útgjöld. Ferðakostnaður greiðist eingöngu fyrir þann sem ferðast til útlanda á vegum Landsvirkjunar en ekki fyrir maka hans eða skyldulið. Sé um að ræða sérstaka heimsókn eða algerlega sérstakar aðstæður skal þó greiða fargjald maka og hálfa dagpeninga vegna hans samkvæmt ákvörðun forstjóra hverju sinni. Ef ferðakostnaður er að einhverju leyti óeðlilegur eða óþarflega hár að dómi endurskoðanda Landsvirkjunar er hlutaðeigandi starfsmaður skyldur til að greiða það sem um of er eytt samkvæmt úrskurði endurskoðanda. Á það hefur ekki reynt.

Ferðakostnaður Landsvirkjunar undanfarin fimm ár hefur verið sem hér segir (fjárhæðir í kr.):

	1993	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Fargjöld	5.037.461	9.030.983	10.267.791	9.422.859	14.757.094
Gistikostnaður	2.473.534	4.250.664	4.162.796	4.639.611	6.191.874
Dagpeningar	3.793.984	7.629.762	7.562.883	7.533.897	9.943.300
Annað	204.805	472.235	526.648	544.842	830.983
Alls	**11.509.784**	**21.383.644**	**22.520.118**	**22.141.209**	**31.723.251**

Þar af vegna stjórnar og framkvæmdastjórnar:

Fargjöld	2.631.803	4.655.220	4.842.215	3.645.261	4.441.241
Gistikostnaður	1.357.129	2.688.340	2.495.618	2.258.716	2.779.016
Dagpeningar	1.909.860	3.802.366	3.694.206	3.122.940	3.858.080
Annað	130.023	304.451	309.529	251.564	278.841
Alls	**6.028.815**	**11.450.377**	**11.341.568**	**9.278.481**	**11.357.178**

Fjöldi ferða á hinum tilgreindu árum var sem hér segir:

	1993	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Alls	63	96	107	114	150
Þar af vegna stjórnar og framkvæmdastjórnar	30	45	43	42	47

Af framangreindum fargjöldum eru 469.280 kr. vegna maka stjórnenda árin 1993–97. Þrátt fyrir heimild í reglum Landsvirkjunar hafa þeim ekki verið greiddir neinir dagpeningar.

Hin miklu umsvif Landsvirkjunar á sviði stóriðjusamninga og virkjunarframkvæmda hafa krafist verulegra samskipta af hálfu fyrirtækisins á erlendum vettvangi við mörg stóriðjufyrirtæki, framleiðendur vél- og rafbúnaðar, verktaka og fjármálastofnanir. Hefur hlutaðeigandi kostnaður farið hækkandi að undanförnu í samræmi við aukin umsvif Landsvirkjunar.

3. Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi, risnu- og ferðakostnað stjórnenda?

Eins og að framan greinir lætur Landsvirkjun forstjóra og aðstoðarforstjóra í té bifreiðir til afnota í þágu starfs þeirra og greiðir af þeim allan rekstrarkostnað. Eru þeim heimil hófleg einkaafnot þessara bifreiða og greiða þeir skatt af þeim hlunnindum í samræmi við reglur ríkisskattstjóra. Þá hefur Landsvirkjun gert sérstaka aksturssamninga við framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Landsvirkjun setti sér risnureglur 9. júní 1994. Reglurnar, sem tóku við af eldri reglum, gera ráð fyrir að gætt sé hófs í útgjöldum Landsvirkjunar vegna risnu og miðast við eðlilega gestrisni. Ekki er heimilt að stofna til risnuútgjalda nema fyrir liggi samþykki forstjóra, aðstoðarforstjóra eða framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs. Samráð skal haft við forstjóra vegna meiri háttar risnuútgjalda. Óheimilt er að greiða risnureikninga nema þeir séu áritaðir af forstjóra, aðstoðarforstjóra eða framkvæmdastjórum sviða. Stjórnendur fyrirtækisins fá ekki fastar risnugreiðslur frá Landsvirkjun.

4. Hver var árlegur risnukostnaður sl. fimm ár sundurliðað eftir
a. fastri risnu greiddri einstökum stjórnendum,
b. risnu greiddri samkvæmt reikningi?
Óskað er sundurliðunar á helstu þáttum risnunnar og kostnaði við hvern þeirra, auk helstu tilefna risnunnar.

Landsvirkjun greiðir hvorki stjórnendum né öðrum fasta risnu. Um risnugreiðslur gilda sérstakar reglur, sbr. svar við þriðju spurningu. Risnukostnaður Landsvirkjunar var á sl. fimm árum sem hér segir:

	1993	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Erlendir gestir	2.390.507	2.522.081	4.083.789	2.635.641	3.407.581
Kynningarfundir, móttökur o.fl.*	1.787.643	1.882.950	2.061.692	1.283.787	2.488.113
Innlendir gestir	1.174.964	1.286.903	2.614.490	1.515.004	1.980.612
Ársfundur	62.200	513.644	1.019.557	831.784	935.933
Alls	**5.415.314**	**6.205.578**	**9.779.528**	**6.266.216**	**8.812.239**

* Þ.e. kynningarfundir forstjóra með starfsmönnum og árlegar móttökur fyrir starfsmenn Landsvirkjunar o.fl.

5. Hefur verið farið í laxveiðiferðir á vegum Landsvirkjunar? Ef svo er, hvernig skiptist árlegur kostnaður vegna þeirra sl. átta ár milli laxveiðileyfa og annarra útgjalda vegna ferðanna? Hve margar ferðir voru farnar á ári hverju, hvert var farið, hverjir voru þátttakendur í slíkum ferðum og hver voru tilefni þeirra?

Á sl. átta árum hefur verið farið í þrjár laxveiðiferðir á vegum Landsvirkjunar, eina ferð árið 1992, eina árið 1994 og eina árið 1995. Kostnaður við þessar ferðir var sem hér segir:

	Veiðileyfi, risna og leiðsögumenn	**Annar kostnaður**	**Alls**
1990	0	0	**0**
1991	0	0	**0**
1992	986.014	344.131	**1.330.145**
1993	0	0	**0**
1994	1.583.092	259.521	**1.842.613**
1995	793.250	242.923	**1.036.173**
1996	0	0	**0**
1997	0	0	**0**
Alls	**3.362.356**	**846.575**	**4.208.931**

Árið 1992 var í sömu ferðinni veitt í Laxá á Ásum og Víðidalsá með erlendum gestum frá fyrirtækjum á sviði álframleiðslu og fjármála.

Árið 1994 var veitt í Víðidalsá með gestum frá erlendum fyrirtækjum á sviði álframleiðslu og fjármála.

Árið 1995 var veitt í Víðidalsá með gestum frá erlendu fjármálafyrirtæki.

Ferðir þessar voru farnar til að styrkja viðskiptasambönd Landsvirkjunar og hlutaðeigandi erlendra fyrirtækja.

6. *Hverjir taka ákvarðanir um ferðir stjórnenda til útlanda og laxveiðar sé um þær að ræða?*

Samkvæmt áðurgreindum reglum um greiðslu ferðakostnaðar eru beiðnir um ferðaheimildir fyrir stjórnendur sendar forstjóra til afgreiðslu.

Ákvarðanir um laxveiðar eru teknar af stjórnarformanni og forstjóra.

1345. Nefndarálit [642. mál]

um frv. til l. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Jafnaðarmenn hafa lagt til, bæði á þessu þingi (146. mál) og því síðasta, að veiðiheimildir úr norsk-íslenska síldarstofninum yrðu boðnar út og að gerðar yrðu viðeigandi breytingar á lögunum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996. Það er skoðun jafnaðarmanna að með þeirri skipan mála væri líklegast að markmið fiskveiðistjórnunar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðileyfa næðist fram.

Eins og alkunna er hafa veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki verið stundaðar svo neinu nemi í yfir 30 ár. Á allra síðustu árum hefur orðið breyting á því. Norsk-íslenski síldarstofninn hefur verið í framför eftir langvarandi lægð og er þess vænst að hann muni brátt ganga á gamlar slóðir. Með samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna við norðanvert Atlantshafi tryggðu Íslendingar sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar og á næstu vertíð koma 202 þúsund lestir í hlut Íslendinga.

Vegna þess hve langur tími er liðinn frá því að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum er ekki á neinni veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem hyggst stunda þessar veiðar. Síldveiðiskipin, sem veiðarnar stunduðu fyrir þrjátíu árum, eru flest horfin úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra hættar störfum. Íslendingar standa því frammi fyrir aðstæðum sem eru alls ólíkar því sem þeir hafa vanist við veiðar úr öðrum fiskstofnum á Íslandsmiðum og utan þeirra þar sem oftast var byggt á margra ára veiðireynslu skipa sem voru í útgerð þegar stjórnkerfisleiðir voru valdar.

Með frumvarpi jafnaðarmanna hefur sú stefna verið mótuð varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum að ákveðið verði í lögum að í stað ókeypis úthlutunar aflakvóta til tiltekinna veiðiskipa verði veiðiheimildir seldar þeim sem hug hafa á að stunda veiðarnar.

Í umræðum um veiðileyfagjald, þ.e. sölu aflaheimilda, hafa komið fram ýmsar tillögur og hugmyndir um útfærslu, en með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda. Í frumvarpi jafnaðarmanna er sú leið valin hvað varðar sölu veiðileyfa úr

norsk-íslenska síldarstofninum að selja veiðileyfi í almennu útboði þar sem útgerðir allra íslenskra skipa sem stundað geta síldveiðar hafa sama rétt til þátttöku. Þótt þessi aðferð sé valin í frumvarpi jafnaðarmanna ber ekki að hafa það til marks um að flutningsmenn séu þeirrar skoðunar að hana beri að velja öðrum fremur hvað varðar framkvæmd veiðileyfagjalds í öðrum fiskveiðum. Þar koma aðrar aðferðir ekki síður til greina.

Með útboði á aflaheimildum eru meiri líkur á að manneldismarkmið náist í síldveiðum vegna þess að séu veiðiheimildir fengnar gegn gjaldi í stað ókeypis aðgangs verður ríkari nauðsyn til þess að verðmæti aflans verði sem allra mest. Munu útgerðarmenn þá fremur huga að því að skipuleggja veiðar sínar þannig í stað þess að ná sem mestu magni án tillits til verðmætis.

Á undanförnum árum hafa ýmsir aðilar, þar á meðal ráðherrar í núverandi ríkisstjórn, lýst þeirri skoðun sinni að útboð veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum komi vel til álita. Morgunblaðið rifjar það upp í leiðara sl. sunnudag á eftirfarandi hátt:

„Á undanförnum mánuðum hafa nokkrir ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna ítrekað lýst þeirri skoðun að vel gæti komið til greina að selja réttinn til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og fært fram þau rök fyrir því að öðru máli gegndi um þennan stofn en fiskistofnana á Íslandsmiðum. Morgunblaðið hefur tekið þessi ummæli forystumanna stjórnarflokkanna alvarlega og trúað því að hugur fylgdi máli.

Nú er bersýnilegt að stjórnarflokkarnir hyggjast ekki fylgja þessum hugmyndum fram heldur haga úthlutun veiðiréttar með öðrum hætti. Í ljósi fyrri yfirlýsinga ráðherra og þingmanna er ekki til of mikils mælst að þeir geri grein fyrir því hvers vegna þeir hafa horfið frá fyrri hugmyndum í þessum efnum."

Svo mörg voru þau orð leiðarahöfundar Morgunblaðsins.

Annar minni hluti harmar að meiri hluti Alþingis sé ekki tilbúinn til að fallast á tillögu jafnaðarmanna um úthlutun veiðiheimilda með uppboði og tekur undir þau orð leiðarahöfundar Morgunblaðsins að ekki sé til of mikils mælst að þeir sem áður höfðu lýst þeirri skoðun að það kæmi til greina að selja veiðiheimildir úr norsk-íslenska síldarstofninum geri efnislega grein fyrir því hvers vegna þeir hafi horfið frá fyrri hugmyndum í þessu efni.

Sú niðurstaða sem birtist í frumvarpi sjávarútvegsráðherra er málamiðlun milli ríkisstjórnarflokkanna, málamiðlun milli þeirra sem ekki vilja að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum „myndi grunn að fastri aflahlutdeild", sbr. nefndarálit meiri hluta sjávarútvegsnefndar við afgreiðslu frumvarps til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, og þeirra sem vilja þegar fara að stýra veiðunum með úthlutun veiðiheimilda á grunni slíkrar reynslu, sbr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Niðurstaðan er bastarður sem hvorki mun uppfylla kröfur um hagkvæmar veiðar né réttláta úthlutun veiðiheimilda.

Annar minni hluti mun ekki styðja þessa niðurstöðu en leggur til að í stað slíkrar málamiðlunar verði veiðarnar frjálsar enn um sinn, sbr. breytingartillögur þar um í sérstöku þingskjali, enda sé það næstbesti kostur við veiðistjórnun þegar aðstæður eru eins og nú varðandi norsk-íslenska síldarstofninn.

Alþingi, 30. apríl 1998.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Lúðvík Bergvinsson.

1346. Breytingartillaga [521. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (fyrning sakar).

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Við 2. gr. Í stað tölunnar „14“ í a-lið komi: 18.

1347. Nefndarálit [227. mál]

um till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ingimarsson og Pál Gunnar Pálsson frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason frá Orkustofnun, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Eirík Bogason og Aðalstein Guðjohnsen frá Samorku, samtökum raforku-, hita- og vatnsveitna, Kristján Jónsson og Eirík Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins, Aðalstein Guðjohnsen frá Reykjavíkurborg og Halldór Jónatansson, Jóhann Má Maríusson, Edvard Guðnason og Stefán Pétursson frá Landsvirkjun. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landsvirkjun, Akranesveitu, Hitaveitu Suðurnesja, Samkeppnisstofnun, Verðbréfaþingi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðhagsstofnun, Orkustofnun, Orkubúi Vestfjarða, Samorku, Samtökum iðnaðarins og Vinnuveitendasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Reykjavíkurborg, Neytendasamtökunum og Akranesveitu og Andakílsárvirkjun, auk sameiginlegrar umsagnar Bæjarveitna Vestmannaeyja, Rafveitu Hafnarfjarðar, Rafveitu Sauðárkróks, Orkuveitu Húsavíkur, Selfossveitna og Veitustofnana Hveragerðis.

Í tillögugreininni er gengið út frá því að unnið verði að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Þannig verði í upphafi unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi á orkusölu til stórra notenda. Í kjölfarið verði síðan unnið að því að koma á samkeppni í viðskiptum með raforku. Þessum markmiðum er nánar lýst í sjö töluliðum auk skýringa í greinargerð.

Markmið breytinga á skipulagi raforkumála er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda með því að markaðsumhverfi starfseminnar leiði til uppbyggingar í krafti fjárfestingarákvarðana sem byggðar eru á hagkvæmnissjónarmiðum. Það er álit meiri hluta nefndarinnar að til þess að ná þessu markmiði þurfi í fyrsta lagi að móta löggjöf sem skapar starfsumhverfi raforkufyrirtækja á þann veg að þeim verði tryggður jafn aðgangur að orkulindum og markaði og að þau geti á þeim grunni mótað eigin stefnu og áform um fjárfestingar, fjármögnun og umsvif. Þá verði í öðru lagi að haga verðjöfnunaraðgerðum þannig að í reikningi birtist allur kostnaður við orkuöflun, flutning og dreifingu orkunnar, sem og ráðstafanir til orkuverðsjöfnunar.

Samkeppni hefur rutt sér til rúms í viðskiptum með raforku hjá grannríkjum Íslands og þar er komið á markaðsumhverfi. Undirbúningi að sameiginlegum raforkumarkaði Evrópu miðar vel. Í þeim ríkjum sem samkeppni hefur þegar verið innleidd er ljóst að breytingar í frjálsræðisátt hafa skilað árangri með aukinni hagkvæmni og sveigjanleika í rekstri og hefur það leitt til lægra raforkuverðs.

Fram undan eru miklar fjárfestingar vegna raforkuöflunar. Líklegt má telja að sá háttur sem hingað til hefur verið á hafður, að fjármagna raforkuver einungis með lántökum, muni ekki duga til þegar takast þarf á við stærstu verkefnin á þessu sviði. Því þarf að opna leið fyrir fjárfesta til að leggja áhættufé í slík mannvirki og laða fjármagn til þeirra eins og annarrar atvinnustarfsemi. Að mati meiri hlutans verður það best gert með því að skapa fyrirtækjum og fjárfestum í raforkugeiranum starfsumhverfi sambærilegt því sem aðrir atvinnuvegir búa við. Það yrði byggt á möguleikum þeirra til stefnumótunar, fjárfestinga og umsvifa í samkeppni á opnum markaði. Til þess að raforkufyrirtækin geti nýtt sér þessa möguleika er nauðsynlegt að breyta eignarformi þeirra í hlutafélög. Það form hefur reynst mjög vel í stefnumótun og stjórn við þær aðstæður sem hér er lýst.

Megininntak þeirra skipulagsbreytinga sem gera þarf er aðskilnaður ýmissa þátta starfseminnar sem til þessa hafa verið á einni hendi, þ.e. vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, sem og flutnings raforku frá orkuverum til kaupenda og dreifiveitna um meginflutningskerfi eða landsnet.

Hvað varðar tímaáætlun um framgang þeirra verkefna sem iðnaðarráðherra yrðu falin með samþykkt þessarar tillögu telur meiri hlutinn eðlilegt að eftirfarandi viðmiðanir verði hafðar:

1998.

— Vinnsla, flutningur, dreifing og sala verði aðgreind í bókhaldi og reikningum raforkufyrirtækja.
— Hafin verði könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum breytts fyrirkomulags á flutningi raforku um meginflutningskerfið.
— Hafin verði hagkvæmnisathugun á lagningu sæstrengs til Evrópu.
— Frumvarp til raforkulaga verði lagt fyrir Alþingi.
— Samkeppni verði um orkuvinnslu og sölu til einstakra endanlegra notenda sem kaupa meira en 50 GWh á ári.

2000.

— Úttekt liggi fyrir um tæknilegar og fjárhagslegar forsendur breytts fyrirkomulags á flutningi raforku um meginflutningskerfið.
— Hafnar verði viðræður milli eigenda flutningsmannvirkja sem í hlut eiga.
— Stofnað verði sérstakt fyrirtæki um meginflutningskerfið, Landsnet, með dreifðu eignarhaldi orkuvinnslufyrirtækja, dreifiveitna, ríkisins og annarra fjárfesta.

2001.

— Landsnet taki til starfa og innleiddar verði breytingar á fyrirkomulagi raforkuflutnings.
— Viðeigandi breytingar verði gerðar á sameignarsamningi um Landsvirkjun.
— Raforkufyrirtækjum sem ríkið á eignarhlut í verði breytt í hlutafélög.

2002.

— Samkeppni til að mæta aukinni raforkuþörf til almenningsnota og í atvinnustarfsemi.

2003.

— Markaður um raforku.

Niðurstöður liggi fyrir eins fljótt og auðið er um tæknilega, fjárhagslega og umhverfislega kosti og galla við tengingu íslenska raforkukerfisins við Evrópu. Að þeim niðurstöðum fengnum verði síðan teknar ákvarðanir um hvernig fram verði haldið.

Meiri hlutinn tekur fram að ekkert er því til fyrirstöðu að framgangur þessara verkefna gangi hraðar fyrir sig en framangreind tímaáætlun kveður á um.

Meiri hlutinn leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á tillögugreininni til frekari áhersluauka. Þannig er lögð áhersla á að ný skipan raforkumála leiði til þjóðhagslega hagkvæmrar nýtingar orkulinda í sátt við umhverfi landsins. Þá er lagt til að mörkuð verði stefna í rannsóknum á orkulindum og ítrekað að við mótun skilyrða um veitingu virkjunarleyfa verði sérstaklega litið til afhendingaröryggis. Meiri hlutinn telur jafnframt að kanna þurfi rækilega á hvern hátt verðjöfnun verði best komið fyrir innan nýrrar skipunar raforkumála. Að lokum leggur meiri hlutinn til að í skýrslu iðnaðarráðherra um framgang málsins verði m.a. fjallað um hvaða áhrif ný skipan raforkumála muni hafa á rafmagnsverð, þjónustu við almenning á einstökum landsvæðum og öryggi raforkukerfisins.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** tillögunnar með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. apríl 1998.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni R. Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Hjálmar Árnason.

1348. Breytingartillaga [227. mál]

við till. til þál. um framtíðarskipan raforkumála.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (StG, GuðjG, ÁRÁ, SAÞ, PHB, HjÁ).

Eftirfarandi breytingar verði á tillögugreininni:

a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: enda leiði slík skipan til þess að nýta megi orkulindir þjóðarinnar á þjóðhagslega hagkvæman hátt í sátt við umhverfið.
b. Á eftir orðinu „tæknilegum“ í 2. tölul. 2. mgr. komi: umhverfislegum.
c. 1. málsl. 4. tölul. 2. mgr. orðist svo: Að marka stefnu í rannsóknum á orkulindum og móta skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfa sem m.a. taki til öryggis og áreiðanleika raforkukerfisins, þar með talið afhendingaröryggis, landnýtingar og umhverfismála, eðli vatnsorkunnar og jarðvarmans, sem og tæknilegrar og fjárhagslegrar getu umsækjanda.
d. Á eftir 5. tölul. 2. mgr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Að kanna á hvern hátt verðjöfnun verði best komið fyrir innan nýrrar skipunar raforkumála.
e. Við 7. tölul. 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í skýrslunni skal m.a. fjalla um hvaða áhrif ný skipan raforkumála muni hafa á rafmagnsverð, þjónustu við almenning á einstökum landsvæðum og öryggi raforkukerfisins.

1349. Nefndarálit [507. mál]

um frv. til l. um húsnæðismál.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson, Inga Val Jóhannsson og Árna Gunnarsson frá félagsmálaráðuneyti, Harald L. Haraldsson hagfræðing, Jón Sveinsson hrl., Sigurð E. Guðmundsson, Einar Jónsson og Percy B. Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Arnald Bjarnason, Gylfa Thorlacius og Pál R. Magnússon frá húsnæðisnefnd Reykjavíkurborgar, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skúla Bjarnason og Svein Andra Sveinsson frá Félagsbústöðum hf., Magnús M. Norðdal hrl., Kristján Gunnarsson og Grétar Þorsteinsson frá Alþýðusambandi Íslands, Rannveigu Sigurðardóttur og Guðmund Vigni Óskarsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Mörthu A. Hjálmarsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Yngva Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Jón Kjartansson frá Leigjendasamtökunum, Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Eyjólf Bjarnason frá Samtökum iðnaðarins, Bernhard Petersen frá Félagsstofnun stúdenta, Kristján Haraldsson frá húsnæðisnefnd Kópavogsbæjar, Gísla Lórenzson og Guðríði Friðriksdóttur frá húsnæðisnefnd Akureyrarbæjar, Reyni Ingibjartsson frá Þaki yfir höfuðið, Höllu Katrínu Árnadóttur frá Byggingarfélagi námsmanna, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Jens Andrésson, Hrannar Jónsson og Ástu Nínu Benediktsdóttur frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Reyni Ingibjartsson frá Búseta og Friðrik Sigurðsson og Guðmund Ragnarsson frá Þroskahjálp.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Félagi ábyrgra feðra, Starfsmannafélagi Húsnæðisstofnunar ríkisins, Leigjendasamtökunum, húsnæðisnefnd Hafnarfjarðar, Kópavogsbæ, húsnæðisnefnd Reykjavíkur, Þroskahjálp, Þaki yfir höfuðið, Félagsstofnun stúdenta, Verðbréfaþingi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, Húseigendafélaginu, Búseta sf., Reykjanesbæ, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Öryrkjabandalagi Íslands, húsnæðisnefnd Akureyrar, Bandalagi íslenskra sérskólanema, Fasteignamati ríkisins, Vinnuveitendasambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, stjórn nemendagarða Samvinnuháskólans á Bifröst, Félagi einstæðra foreldra, Húsnæðisstofnun ríkisins, Seðlabanka Íslands, Ríkisendurskoðun, Neytendasamtökunum, Öryrkjabandalagi Íslands, Selfossbæ, Akureyrarbæ, bæjarskrifstofum Garðabæjar, Reykjavíkurborg, Stúdentaráði Háskóla Íslands, Félagsbústöðum hf., Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Viggó Björgvinssyni fasteignasala.

Frumvarp þetta er samið sameiginlega af samráðshópi ríkis og sveitarfélaga sem félagsmálaráðherra skipaði 15. október 1997 og starfshópi til að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk og starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins sem félagsmálaráðherra skipaði 22. október 1997. Verkefni samráðshópsins var að vinna að útfærslu tillagna um breytingar á félagslega íbúðakerfinu yfir í félagslegt lánakerfi. Verkefni starfshópsins var að undirbúa frumvarp um breytt hlutverk og starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núverandi skipulagi húsnæðismála og eru eftirfarandi breytingar veigamestar:

Lagt er til að Húsnæðisstofnun ríkisins verði lögð niður 1. janúar 1999 og að ný stofnun, Íbúðalánasjóður, taki við hlutverki hennar og skuldbindingum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins. Íbúðalánasjóði er ætlað að vera óháður framlögum úr ríkissjóði og standa undir lánveitingum sínum og rekstri með eigin tekjum. Stjórn sjóðsins verður

skipuð fimm mönnum. Innlausnarreglur eldra kerfis munu þó vara í einhverja áratugi en allar nýjar úthlutanir verða á grundvelli nýrra reglna.

Í öðru lagi verða umtalsverðar breytingar á þátttöku, áhrifum og ábyrgð sveitarfélaga og húsnæðisnefnda sveitarfélaga hvað félagslegt húsnæði og lánveitingar varðar.

Þá mun félagsleg jöfnun verða í gegnum vaxtabótakerfi í stað niðurgreiðslu vaxta. Að öðru leyti verður uppbygging kerfisins sú að Íbúðalánasjóður veitir einstaklingum sem eiga rétt á almennu láni til kaupa á eigin íbúð húsbréfalán fyrir allt að 65–70% af verði íbúðar og sértækt viðbótarlán fyrir allt að 20–25%. Lagaákvæði varðandi lánsrétt vegna leiguíbúða, þ.e. til sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, eru að mestu óbreytt frá gildandi lögum.

Loks verður settur á fót sérstakur varasjóður með það meginmarkmið að bæta mögulegt tjón Íbúðalánasjóðs af töpuðum viðbótarlánum en varðandi eldra kerfi tekur varasjóðurinn m.a. við hlutverki Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Sá sjóður verður lagður niður og allar eigur hans og réttindi renna í varasjóðinn auk framlaga sveitarfélaga, söluhagnaðar af innleystum íbúðum og eftir atvikum framlaga ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Nefndin ræddi sérstaklega stöðu þeirra starfsmanna sem nú starfa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að það er hlutverk undirbúningsnefndar, skv. 56. gr. frumvarpsins, að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt frumvarpinu, þar á meðal að taka á réttindum og málefnum starfsmannanna. Meiri hlutinn leggur þunga áherslu á að starfsmönnunum verði gefinn kostur á störfum hjá hinni nýju stofnun eftir því sem frekast er unnt og þannig nýtt starfsreynsla þeirra og sérþekking.

Meiri hlutinn komst að þeirri niðurstöðu eftir vandlega yfirferð yfir þær umsagnir sem bárust að gera þyrfti ýmsar breytingar á frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. sem fjallar um orðskýringar. Í frumvarpinu er við það miðað að fasteignaveðbréf og lán vegna leiguíbúða og viðbótarlán verði ákveðið hlutfall af matsverði íbúðar. Af þeim sökum er ekki ástæða til þess að taka sérstaklega fram að lán þessi hvíli á sérstökum veðrétti.
2. Lögð er til viðbót við 4. gr. sem fjallar um Íbúðalánasjóð. Með því að taka fram að Íbúðalánasjóður heyri stjórnarfarslega undir félagsmálaráðherra er verið að undirstrika að hér er um að ræða sjálfstæða ríkisstofnun. Sem dæmi um slíka ríkisstofnun má nefna Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Þýðing þess að um er að ræða sjálfstæða ríkisstofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir félagsmálaráðherra felst m.a. í því að ákvarðanir stjórnar Íbúðalánasjóðs verða ekki bornar undir félagsmálaráðherra með stjórnsýslukæru. Þá getur ráðherra ekki gefið stofnuninni bindandi fyrirmæli um úrlausn mála nema hann hafi til þess lagaheimild. Aftur á móti er tekið fram að ráðherra geti krafið stjórn Íbúðalánasjóðs um upplýsingar og gögn sem snerta málefni sjóðsins.
3. Lögð er til breyting á 8. gr. sem fjallar um framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs. Lagt er til að 2. mgr. falli brott þar sem ákvæðið er talið óþarft.
4. Lögð er til breyting á 9. gr. sem fjallar um verkefni Íbúðalánasjóðs. Lagt er til að það skuli einnig vera meðal verkefna Íbúðalánasjóðs að fylgjast með áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði. Hefur þetta einkum þýðingu þegar kemur að áætlun sveitarfélaga um þörf á viðbótarlánum í sveitarfélaginu. Þá er orðinu „félög“ aukið við upptalninguna í 2. tölul. til samræmis við 35. gr. frumvarpsins.

5. Lögð er til viðbót við 10. gr. sem fjallar um tekjur Íbúðalánasjóðs. Breytingin felur í sér að með tæmandi hætti er talið hvernig Íbúðalánasjóður fjármagni verkefni sín.
6. Lögð er til breyting á 14. gr. sem fjallar um verkefni húsnæðisnefnda sveitarfélaga. Í 5. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir að eitt af verkefnum þeirra sé að aðstoða aldraða og samtök þeirra við öflun húsnæðis, svo og ráðgjöf o.fl. Lagt er til að í stað þess að einskorða þessa þjónustu við aldraða sé einnig gert ráð fyrir að sama eigi við um fatlaða og félagasamtök þeirra. Þá er lögð til breyting á 3. mgr. greinarinnar. Heimild húsnæðisnefndar til þess að taka þjónustugjöld er bundin við þau verkefni sem hún hefur með höndum. Ljóst er að gjöld þessi mega ekki vera hærri en sem nemur kostnaði vegna þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni. Inn í kostnaðargrundvöllinn er því ekki unnt að reikna óskyld atriði.
7. Lögð er til breyting á 15. gr. sem fjallar um lánveitingar Íbúðalánasjóðs. Ekki er ástæða til þess að binda veitingu almennra lána sérstaklega við einstaklinga. Lagt er til að slíkar lánveitingar geti einnig náð til annarra. Með því er m.a. skapað svigrúm til þess að veita lán til félaga, þar á meðal húsnæðissamvinnufélaga, til þess að byggja íbúðir handa félagsmönnum sínum sem ekki uppfylla tilgreind skilyrði um tekju- og eignarmörk. Enn fremur opnast möguleiki á að fjármagna leiguíbúðir að stórum hluta með húsbréfaskiptum.
8. Lagt er til að 3. málsl. 1. mgr. 16. gr. falli brott og að heimild til að skuldbreyta lánum Íbúðalánasjóðs verði færð í sérstaka grein sem verði 48. gr.
9. Lögð er til breyting á 17. gr. sem fjallar um húsbréfadeild. Breytingin er í samræmi við efni 18. gr. gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.
10. Lagt er til að 24. gr. færist til og verði 48. gr. Þannig verði á einum stað mælt fyrir um heimildir Íbúðalánasjóðs til þess að skuldbreyta lánum sjóðsins.
11. Lögð er til lagfæring á orðalagi í 26. gr. sem fjallar um gjaldfallin húsbréf.
12. Lögð er til breyting á orðalagi í 27. gr. sem fjallar um verðbréfaviðskipti. Ekki þykir rétt að húsbréf skuli eingöngu skráð á tilteknu verðbréfaþingi.
13. Lögð er til lagfæring á orðalagi í 31. gr. sem fjallar um viðbótarlán.
14. Lögð er til lagfæring á orðalagi í 32. gr. sem fjallar um lánskjör viðbótarlána. Auk þess er rétt að fram komi að vextir viðbótarlána skulu ákvarðast af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði býðst á almennum lánamarkaði, en slíkt er forsenda þess að sjóðurinn geti sjálfur staðið undir starfsemi sinni.
15. Lagt er til að 34. gr. falli brott. Ekki þykir ástæða til þess að hafa í frumvarpinu ákvæði er hamla ráðstöfun íbúðarhúsnæðis sem á hvílir viðbótarlán þar sem réttur til vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er bundinn við vexti af lánum vegna öflunar eigin húsnæðis.
16. Lögð er til sú breyting á 36. gr. að félagsmálaráðuneytið haldi skrá yfir félög og félagasamtök sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra og að sveitarfélög og aðrir sem hafi áhuga á geti fengið vitneskju um starfrækslu slíkra aðila.
17. Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 38. gr. sem fjallar um lánskjör á lánum til leiguíbúða. Breytingarnar eru til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 2. gr. frumvarpsins.
18. Lagt er til að 39. gr. sem fjallar um upplýsingarskyldu og eftirlit Íbúðalánasjóðs falli brott en að ákvæðið færist í nýja grein í lok kaflans.
19. Lögð er til breyting á 40. gr. sem fjallar um ráðstöfun leiguhúsnæðis. Lagt er til að skýrar komi fram með hvaða hætti unnt sé að ráðstafa leiguhúsnæði til einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. mgr. greinarinnar. Ákvæðið leggur ekki hömlur á að leiguhúsnæði

sé að öðru leyti ráðstafað til einstaklinga er uppfylla nefnt skilyrði með samningum. Gæta verður þó ákvæða 4. mgr.

20. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 40. gr. og fjalli um eftirlit með félögum og félagasamtökum.Greinin fjallar um aðgang Íbúðalánasjóðs að gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem fengið hafa lán til byggingar leiguíbúða. Komi í ljós að ekki hefur verið fylgt skilyrðum um meðferð og ráðstöfun lána er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lánið.
21. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 43. gr. sem fjallar um kærunefnd húsnæðismála að fellt verði brott ákvæði um að nefndin geti mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning. Heimildir til þess að mæla fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning eru í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.
22. Lögð er til breyting á 44. gr. sem fjallar um valdsvið kærunefndar húsnæðismála. Þar sem unnt er að skjóta ákvörðunum nefnda sveitarfélaga, er starfa á þeirra vegum, til æðra stjórnvalds er almennt gert ráð fyrir að stjórnsýslustig séu tvö, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og í málum er snerta skipulags- og byggingarmál. Ekki þykir ástæða til þess að víkja frá þessu fyrirkomulagi að því er snertir ákvarðanir húsnæðisnefnda.
23. Lögð er til breyting á 47. gr. Ljóst er að endanlegt tjón Íbúðalánasjóðs vegna tapaðra viðbótarlána liggur ekki fyrir fyrr en sú eign sem um ræðir hefur verið seld á almennum markaði þar sem rétt verð fæst fyrir hana. Rétt þykir að taka fram að framlag sveitarfélaga til varasjóðsins skuli í upphafi vera 5%.
24. Lögð er til breyting á 48. gr. sem fjallar um þinglýsingu og stimpilgjald. Í 78. gr. gildandi laga er fjallað um þinglýsingu og stimpilgjald. Lagt er til að skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána og lána til byggingar og kaupa á leiguhúsnæði séu stimpilfrjáls, svo og heimildarbréf vegna kaupa á eigin íbúð.
25. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 48. gr. og fjalli um greiðsluvanda. Tekin verði upp á einum stað í frumvarpinu heimild til þess að bregðast við greiðsluvanda lánþega hjá Íbúðalánasjóði sem einnig taki til eldri lánveitinga Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar. Greinin kemur í stað 24. gr. og lokamálsliðar 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins. Auk þess er kveðið á um heimildir til þess að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis.
26. Lögð er til breyting á orðalagi í 50. gr. sem fjallar um gjaldtöku. Kveðið er með skýrari hætti á um fyrir hvaða þjónustu Íbúðalánasjóði er heimilt að taka gjald.
27. Við 52. gr. er verði 51. gr. Lagt er til að orðalag greinarinnar verði fært til samræmis við orðalag 119. gr. gildandi laga.
28. Lögð er til breyting á 53. gr., gildistökugreininni. Þar sem lagt er til að tekið verði upp nýtt ákvæði til bráðabirgða VII er tekið fram að þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem þar er vísað til haldi einnig gildi sínu á meðan það ástand sem þar um ræðir varir.
29. Lögð er til breyting á 54. gr. sem fjallar um sameiningu sjóða. Þar sem fleiri aðilar en sveitarfélög hafa greitt ábyrgðargjald til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla er rétt að Íbúðalánasjóður taki við hlutverki hans að því er snertir þá aðila. Horfir það til skýringar þegar litið er til efnis ákvæðis til bráðabirgða VII þar sem varasjóður sveitarfélaga skal taka við eignum sveitarfélaga í sjóðnum. Þegar hlutverki Tryggingarsjóðs telst lokið skal honum eins og hann stendur þá skipt milli framkvæmdaraðila, annarra en sveitarfélaga, í réttu hlutfalli við framlög þeirra.

30. Lögð er til breyting á 56. gr. sem fjallar um undirbúningsnefnd sem annast á undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt frumvarpi þessu. Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi fimm menn í nefndina í stað þriggja.
31. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða I. Í a-lið er leiðrétt tilvísun í lög nr. 97/1993. Í b-lið er felld brott tilvísun í 80. gr. gildandi laga til samræmis við nýja 48. gr. frumvarpsins sem fjallar um greiðsluvanda. Í c-lið er tekið fram að þau ákvæði gildandi laga sem vísað er til í ákvæðum til bráðabirgða II, IV, V og VII í frumvarpinu haldi gildi sínu. Loks er í d-lið tekin upp heimild til þess að skjóta til kærunefndar húsnæðismála ágreiningsmálum sem snerta eldra réttarástand á meðan það varir.
32. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða II þar sem lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða I verði tekinn upp almennur málskotsréttur til kærunefndar húsnæðismála.
33. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða III. Í fyrri liðnum er bætt við tilvísun í lán Byggingarsjóðs ríkisins og í síðari liðnum er kveðið á um það hversu langur sá frestur skuli vera sem húsnæðisnefndir sveitarfélaga hafi til þess að skilyrða veitingu viðbótarlána við innleystar íbúðir.
34. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða V. Skv. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 97/1993 getur sá frestur sem einstaklingur hefur til þess að nýta sér kauprétt sinn verið mismunandi, en minnst fimm ár. Rétt þykir að hlutaðeigandi haldi þeim rétti sem hann kann að hafa samið að öðru leyti um við framkvæmdaraðila, en eftir gildistöku frumvarpsins fari um lánveitingar og lánskjör eftir ákvæðum frumvarpsins.
35. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða VI. Um ráðstöfun félagslegra eignaríbúða er fjallað í nýju bráðabirgðaákvæði VII. Þykir rétt að vísa þangað um ráðstöfun þeirra íbúða sem tilbúnar verða til afhendingar eftir gildistöku frumvarpsins.
36. Lagt er til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða VII um meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir. Samkvæmt þessu getur sá sem fengið hefur loforð um eða úthlutun á íbúð á byggingarstigi, eða annars konar íbúð samkvæmt eldra kerfi, fyrir 1. júní 1998 nýtt sér slíkt loforð þrátt fyrir að slík íbúð komi ekki til afhendingar fyrr en eftir gildistöku laga þessara. Íbúðalánasjóður mun veita þau lán sem veitt verða í slíkum tilvikum, en um meðferð slíkra lánsumsókna og lánskjör skal beita ákvæðum laga nr. 97/1993, eftir því sem við getur átt. Úthlutanir eða samningar sem eiga sér stað fyrir fyrrgreint tímamark halda með öðrum orðum gildi sínu. Með úthlutanir og samninga sem eiga sér stað eftir 1. júní 1998 og ekki reynist unnt að afhenda íbúð fyrr en eftir gildistöku frumvarpsins fer um lánveitingar og lánskjör samkvæmt ákvæðum VI. og VII. kafla frumvarpsins. Um lánveitingar og lánskjör vegna þeirra íbúða sem koma til afhendingar fram að gildistökutíma frumvarpsins fer eftir gildandi lögum.
37. Lagðar eru til breytingar á VII. bráðabirgðaákvæði til samræmis við breytingar á 54. gr. frumvarpsins.
38. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða VIII. Við það er miðað að við samþykkt frumvarpsins hefjist viðræður milli ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúa félagslegra byggingaraðila og fulltrúa ASÍ og BSRB. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lánveitingar Íbúðalánasjóðs til byggingar leiguhúsnæðis samkvæmt VIII. kafla þess standi undir sér, en samhliða slíkum lánveitingum komi samtímagreiðslur er styrki hlutaðeigandi framkvæmdir. Í undirbúningi eru viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um hver verði þáttur þeirra í slíkum greiðslum. Til þess að slíkar viðræður leiði til árangurs

er nauðsynlegt að könnun fari fram á leigumarkaði hér á landi og á meðan verði lánskjör til byggingar leiguíbúða óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1998.

Magnús Stefánsson, frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.

1350. Breytingartillögur [507. mál]

við frv. til l. um húsnæðismál.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (MS, SF, EKG, ArnbS, KPál, PHB).

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðinu „kaupandi“ í 2. orðskýringu komi: eða eigandi.
   b. Í stað orðanna „að jafnaði út með 1. eða 2. veðrétti“ í 2. orðskýringu komi: út með veði.
   c. Í stað orðanna „1. veðrétti“ í 8. orðskýringu komi: veði.
   d. Í stað orðanna „að jafnaði með 1. eða 2. veðrétti“ í 9. orðskýringu komi: með veði.
2. Við 4. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Félagsmálaráðherra getur krafið stjórn Íbúðalánasjóðs um gögn og upplýsingar sem snerta málefni sjóðsins.
   b. Á eftir orðinu „heyrir“ í 2. mgr. komi: stjórnarfarslega.
3. Við 8. gr. 2. mgr. falli brott.
4. Við 9. gr.
   a. Á eftir orðinu „sveitarfélaga“ í 2. tölul. komi: félaga.
   b. Á eftir 6. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Að fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði.
5. Við 10. gr.
   a. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Með útgáfu húsbréfa.
   b. 2. tölul., er verði 3. tölul., orðist svo: Með sölu húsnæðisbréfa og lántöku samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
6. Við 14. gr.
   a. Í stað orðsins „eiga“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: geta átt.
   b. Á eftir orðinu „aldraða“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: og fatlaða, svo.
   c. 3. mgr. orðist svo:
      Húsnæðisnefnd er heimilt að taka gjöld fyrir þjónustu sem hún veitir skv. 1. mgr. og á grundvelli gjaldskrár sem sveitarstjórn staðfestir. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við þá þjónustu sem húsnæðisnefnd lætur einstaklingum í té.
7. Við 15. gr. Orðin „til einstaklinga“ í 1. tölul. falli brott.
8. Við 16. gr. 3. málsl. 1. mgr. falli brott.

9. Við 17. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Fjárhagur húsbréfadeildar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Íbúðalánasjóðs.
10. Við 24. gr. Greinin falli brott.
11. Við 26. gr. er verði 25. gr. Í stað orðanna „Gjaldfallnar endurgreiðslur verðtryggðra lána“ í 2. málsl. komi: Húsbréf.
12. Við 27. gr. er verði 26. gr.
    a. Í stað orðanna „Verðbréfaþingi Íslands“ í 1. mgr. komi: verðbréfaþingi eða í kauphöll.
    b. Á eftir orðinu „verðbréfaþings“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: eða kauphallar.
13. Við 31. gr. er verði 30. gr. Í stað orðsins „verði“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: matsverði.
14. Við 32. gr. er verði 31. gr.
    a. Í stað orðsins „neysluvísitölu“ í 1. mgr. komi: vísitölu neysluverðs.
    b. 1. málsl. 6. mgr. orðist svo: Vextir af viðbótarlánum skulu taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni.
    c. Í stað orðsins „viðbótarlán“ í 7. mgr. komi: lánskjör og matsverð fasteigna.
15. Við 34. gr. Greinin falli brott.
16. Við 36. gr. er verði 34. gr.
    a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Í reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, skal setja nánari fyrirmæli um efni samþykkta félaga og félagasamtaka, svo og skilyrði um eigið fé og fjárhagslega ábyrgð slíkra aðila.
    b. 3. mgr. orðist svo:
       Félagsmálaráðuneytið heldur skrá yfir félög og félagasamtök sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra. Allar breytingar á samþykktum slíkra aðila skulu tilkynntar félagsmálaráðuneytinu þegar í stað.
17. Við 38. gr. er verði 36. gr.
    a. Í stað orðanna „1. veðrétti“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: veði.
    b. Í stað orðsins „neysluvísitölu“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: vísitölu neysluverðs.
18. Við 39. gr. Greinin falli brott.
19. Við 40. gr. er verði 37. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
    Um ráðstöfun íbúðarhúsnæðis sem húsnæðissamvinnufélög hafa fengið lán til byggingar eða kaupa á samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer að öðru leyti eftir lögum um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.
    Aðilum, sem byggja eða kaupa leiguíbúðir, er heimilt að selja leigutaka, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr., eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs, án vaxta. Nánari reglur um eignarhlut leigutaka skulu settar í reglugerð.
    Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán til leiguhúsnæðis nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs.
20. Við bætist ný grein, 40. gr., svohljóðandi:
    Eftirlit með félögum og félagasamtökum.
    Félög og félagasamtök samkvæmt lögum þessum skulu láta Íbúðalánasjóði í té bókhaldsgögn, ársskýrslur og upplýsingar um framkvæmdir, húsbyggingar, ráðstöfun leiguhúsnæðis og ákvörðun leigufjárhæðar óski Íbúðalánasjóður eftir því.
    Komi í ljós að félög eða félagasamtök hafi vikið frá skilyrðum lánveitinga eða um ráðstöfun leiguhúsnæðis er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lán.

21. Við 43. gr. er verði 41. gr. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
22. Við 44. gr. er verði 42. gr.
    a. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
    Telji umsækjandi um lán eða lánþegi á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd laga þessara getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu Íbúðalánasjóðs til kærunefndar húsnæðismála.
    Telji umsækjandi um viðbótarlán eða lánþegi slíks láns á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi, við framkvæmd laga þessara getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.
    b. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
23. Við 47. gr. er verði 45. gr.
    a. Á eftir orðinu „skal“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: í upphafi.
    b. Á eftir orðinu „varasjóð“ í 3. mgr. komi: samskipti Íbúðalánasjóðs og varasjóðs og uppgjör tjóna.
24. Við 48. gr. er verði 46. gr. Greinin orðist svo:

Þinglýsing og stimpilgjald.

Ekki skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns. Þá skal ekki greiða stimpilgjald af heimildarbréfi fyrir íbúð þegar viðbótarlán er veitt til kaupa á henni. Kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Skuldabréf, sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga þessara, eru stimpilfrjáls.

25. Við bætist ný grein, er verði 48. gr., svohljóðandi:

Greiðsluvandi.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að veita lán til allt að 15 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr., að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., í allt að þrjú ár og leggja þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Lán skv. 1. mgr. og frestun á greiðslu skv. 2. mgr. geta farið saman.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og lánþegum eldri lána, sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika. Skilyrði er að greiðsluvandi sé tilkominn vegna ófyrirséðra atvika eða endurskipulagningar á fjárhag félags eða félagasamtaka, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

26. Við 50. gr. er verði 49. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs, lántökugjöld, gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum og gjöld vegna skuldbreytinga, veðleyfa og veðbandslausna, svo og gjöld vegna annarr-

ar sambærilegrar þjónustu. Heimilt er að jafna kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn.

27. Við 52. gr. er verði 51. gr. Orðin „fangelsi eða“ falli brott.
28. Við 53. gr. er verði 52. gr.
    a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Loks skulu þau ákvæði laga nr. 97/1993, sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða VII um meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir, halda gildi sínu.
    b. Í stað orðanna „15. maí“ í 4. málsl. 4. mgr. komi: 1. júní.
    c. 5. mgr. orðist svo:
    Ákvæði 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða VII öðlast gildi þegar í stað.
29. Við 54. gr. er verði 53. gr.
    a. 3. mgr. orðist svo:
    Við gildistöku laga þessara skal Tryggingarsjóður vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993 lagður niður. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal frá sama tíma taka við og varðveita sérstaklega framlög annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga sem runnið hafa til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Jafnframt tekur Íbúðalánasjóður við því hlutverki að bæta meðan þörf gerist byggingargalla sem ekki teljast eðlilegt viðhald á íbúðum sem slíkir aðilar hafa byggt og af hefur verið greitt tryggingagjald. Þegar framangreindu hlutverki Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla telst lokið skulu þeir fjármunir sem þá standa eftir endurgreiddir þeim framkvæmdaraðilum í hlutfalli við framlög þeirra til sjóðsins.
    b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Við gildistöku laga þessara tekur varasjóður skv. X. kafla laga þessara og ákvæði til bráðabirgða VIII við þeim hluta sveitarfélaga sem þau hafa lagt til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla.
30. Við 56. gr. er verði 55. gr. Í stað orðsins „þriggja“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: fimm.
31. Við ákvæði til bráðabirgða I.
    a. Í stað tilvísunarinnar „5. mgr. 65. gr.“ í 1. mgr. komi: 64. gr.
    b. Tilvísunin „80. gr.“ í 1. mgr. falli brott.
    c. 2. mgr. orðist svo:
    Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæðum til bráðabirgða II, IV, V og VII í lögum þessum.
    d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Telji aðili sem borið getur réttindi og skyldur samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–V og VII á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi, við framkvæmd á þeim ákvæðum getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála skv. IX. kafla laga þessara.
32. Við ákvæði til bráðabirgða II. 7. mgr. falli brott.
33. Við ákvæði til bráðabirgða III.
    a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: og Byggingarsjóði ríkisins.
    b. 2. mgr. orðist svo:
    Á næstu tveimur árum eftir gildistöku laga þessara er sveitarfélögum heimilt eftir tillögu húsnæðisnefnda sveitarfélaga að ákveða að tiltekinn hluti árlegra viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða, enda taki söluverð slíkra íbúða mið af markaðsverði íbúða á viðkomandi svæði.
34. Við ákvæði til bráðabirgða V. 3. mgr. orðist svo:

Einstaklingur, sem hefur kauprétt vegna íbúðar sem hann hefur á leigu, sbr. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 97/1993, heldur þeim rétti. Um lánveitingar og lánskjör vegna slíkra kaupa fer eftir ákvæðum laga þessara.

35. Við ákvæði til bráðabirgða VI. Í stað 5. og 6. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Um ráðstöfun íbúða samkvæmt þessu ákvæði sem koma til afhendingar eftir gildistöku laga þessara fer eftir því sem segir í ákvæði til bráðabirgða VII.

36. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, VII, svohljóðandi:

Meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir.

Úthlutanir íbúða sem farið hafa fram og samningar sem gerðir hafa verið við einstaklinga um félagslegar eignaríbúðir, sem keyptar hafa verið eða eru á byggingarstigi, fyrir 1. júní 1998 skulu halda gildi sínu. Um meðferð slíkra íbúða, lánveitingar, réttarstöðu aðila og samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 42. gr., 43. gr., 51. gr., 1.–8. mgr. 52. gr., 2. mgr. 54. gr., 2. mgr. 56. gr., 57. gr., 58. gr., 1. og 2. mgr. 58. gr. a., 59.–61. gr., 64. gr., 1. mgr. 68. gr., 69. gr. og 78. gr. laga nr. 97/1993.

Með allar aðrar félagslegar eignaríbúðir sem eru á framkvæmdarstigi eða eru til endurúthlutunar við gildistöku laga þessara og ekki hefur verið úthlutað til einstaklinga fyrir 1. júní 1998 skal farið á grundvelli laga þessara hafi uppgjör og lánveitingar samkvæmt eldri lögum ekki verið lokið fyrir gildistöku laga þessara.

Um kaupskyldu, forkaupsrétt og ráðstöfun félagslegra eignaríbúða gilda fyrirmæli ákvæðis til bráðabirgða II og IV.

37. Við ákvæði til bráðabirgða VII er verði VIII.
   a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.
   b. Á eftir orðunum: „íbúðum sem“ í 2. mgr. komi: sveitarfélög hafa byggt og.

38. Við ákvæði til bráðabirgða VIII er verði IX. Ákvæðið orðist svo:

Könnun á leigumarkaði.

Við samþykkt laga þessara skal félagsmálaráðherra í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB vinna að úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár. Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni. Á meðan unnið er að áætlanagerð þessari og til ársloka 2000 er heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með óbreyttum lánskjörum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði.

1351. Nefndarálit [615. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Jóhann Sigurjónsson sendiherra, Hjálmar W. Hann-

esson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins. Utanríkismálanefnd óskaði eftir umsögn sjávarútvegsnefndar og er hún birt sem fylgiskjal með álitinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, varaform., með fyrirvara.	Tómas Ingi Olrich, frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Siv Friðleifsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni R. Árnason.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.
(20. apríl 1998.)

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar en minni hlutinn vísar jafnframt til afstöðu í umsögn sjávarútvegsnefndar sem send var utanríkismálanefnd vorið 1996 þegar upphaflegi samningurinn um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum var til umfjöllunar á Alþingi.

Sjávarútvegsnefnd beinir þeim tilmælum til utanríkismálanefndar að nefndin hlutist til um að samningur sá er hér um ræðir verði birtur hið fyrsta í C-deild Stjórnartíðinda eftir að Alþingi hefur lokið afgreiðslu málsins.

F.h. sjávarútvegsnefndar,
Steingrímur J. Sigfússon, formaður.

1352. Nefndarálit [465. mál]

um till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

Frá 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Tillagan felur í sér að tekin er afstaða með auðlindagjaldi. Með því að mæla með samþykkt hennar hafa þingflokkar Alþýðubandalags, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks þannig tekið jákvæða afstöðu til grunnhugmyndarinnar um auðlindagjald, lýst sig reiðubúna til þess að skoða hvernig með sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar skuli farið og „hvernig

staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar," eins og segir orðrétt í nefndaráliti meiri hluta umhverfisnefndar, þar sem mælt er með samþykki tillögunnar. Þetta eru vissulega ánægjuleg tíðindi, þótt seint séu á ferðinni, og eru til sannindamerkis um að baráttan fyrir samræmdu auðlindagjaldi fyrir afnot af takmörkuðum auðlindum í sameign þjóðarinnar, sem háð hefur verið á undanförnum árum á opinberum vettvangi af jafnaðarmönnum og Kvennalistakonum, hefur ekki aðeins fundið sívaxandi hljómgrunn meðal áhrifamikilla fjölmiðla, félagasamtaka og almennings í landinu heldur einnig breytt viðhorfum stjórnmálaflokka sem allt fram að þessu hafa verið alfarið andvígir slíkum sjónarmiðum. Ekki er aðeins kominn brestur í andstöðuna gegn auðlindagjaldi, sem hófst með tillöguflutningi um veiðileyfagjald í sjávarútvegi, heldur hafa nú allir þingflokkar á Alþingi lýst yfir vilja sínum til þess að kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar.

Þau stjórnmálasamtök, sem fulltrúa eiga á Alþingi og hafa sum hver fyrir margt löngu lýst fylgi við auðlindagjald, eru Alþýðuflokkur, Þjóðvaki og Kvennalisti. Eins og kemur fram í tillöguflutningi þingmanna þessara stjórnmálasamtaka á Alþingi hafa þau lokið athugun sinni á öllum framkvæmdaatriðum málsins. Auðlindir í sameign þjóðarinnar innan efnahagslögsögunnar — í hafinu og í og á sjávarbotni — eru nú þegar skilgreindar í lögum og auðlindir í jörðu og á eru skilgreindar í frumvarpi til laga um auðlindir í jörðu sem flutt er af þingmönnum jafnaðarmanna og Kvennalista. Þá hafa þessi sömu stjórnmálasamtök einnig fyrir löngu kannað hvernig staðið skuli að gjaldtökunni fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum og gert tillögur um framkvæmdina í þingmálum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi. Í tillögum um veiðileyfagjald í sjávarútvegi sem lagðar hafa verið fyrir Alþingi er framkvæmd slíkrar gjaldtöku lýst og í frumvarpi til laga um auðlindir í jörðu og frumvarpi til laga um virkjunarrétt vatnsfalla eru settar fram skýrar tillögur um hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir nýtingu auðlinda í og á landi. Jafnaðarmenn og Kvennalistakonur hafa því lokið heimavinnu sinni í málinu og kynnt stefnu um hvernig skilgreina skuli sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar til lands og sjávar og hvernig staðið skuli að samræmdri gjaldtöku fyrir nýtingu slíkra auðlinda.

Svo umfangsmikil og áberandi hefur umræðan verið á liðnum árum um auðlindamál og gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar að kjarni málsins, einnig hvað varðar skilgreiningar- og framkvæmdaratriði, getur ekki hafa farið fram hjá nokkrum þeim sem við stjórnmál fæst. Þeir stjórnmálaflokkar, sem fram að þessu hafa verið andvígir slíkri gjaldtöku eða ekki tekið afdráttarlausa afstöðu til málsins en hafa nú ljáð máls á því hvernig standa skuli að gjaldtökunni, eiga því ekki í ljósi allrar þeirrar umræðu að þurfa yfirtaks langan tíma til þess að koma sér niður á afstöðu til einberra framkvæmdaratriða. Eðlilegast væri að sjálfsögðu að flokkarnir ynnu þá heimavinnu hver fyrir sig og kynntu síðan tillögur sínar fremur en með því að fara þá leið að kjósa á Alþingi þverpólitíska nefnd til verksins. Hæpið er að svo mikil samstaða geti orðið meðal stjórnmálaflokkanna um hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar að þverpólitísk, þingkjörin nefnd geti komist að niðurstöðu um eina, sameiginlega stefnu fyrir þá alla. A.m.k. munu jafnaðarmenn ekki hverfa frá stefnu sinni í málinu fyrir atbeina nefndar sem að líkindum verður skipuð fjórum fulltrúum Sjálfstæðisflokks, tveimur fulltrúum Framsóknarflokks og einum fulltrúa frá hverjum hinna flokkanna. Stefna stjórnmálaflokka í jafnstóru máli og hér um ræðir er ákveðin af þeim sjálfum, hverjum og einum, en ekki af þverpólitískri nefnd þar sem núverandi stjórnarflokkar fara með ⅔ hluta atkvæða.

Þá niðurstöðu meiri hluta umhverfisnefndar að fá þingkjörinni nefnd það verkefni að skilgreina auðlindir Íslands og kanna hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum

í sameign þjóðarinnar ber því fremur að skilja sem svo að fulltrúar þeirra þingflokka sem nú hafa snúist til fylgis við slíkar hugmyndir vilji njóta góðs af þekkingu og vinnu þeirra stjórnmálaafla sem þegar hafa lokið athugun málsins og kynnt tillögur sínar um framkvæmdaratriðin sem fjalla á um. Þannig má vissulega flýta fyrir því að þingflokkarnir allir fái lokið heimavinnu sinni þannig að einnig þeir sem nýlega hafa snúist til fylgis við auðlindagjald geti kynnt tillögur sínar þar um fyrir þjóðinni. Miðað við slíkt vinnulag og sé gengið út frá því að full alvara sé á ferðinni er eðilegt að stefnt sé að því að nefndin fái lokið verki sínu fyrir næstu áramót þannig að flokkunum gefist kostur á að kynna kjósendum tillögur sínar fyrir kosningar í einhverju stærsta máli sem er og verður viðfangsefni stjórnmála á Íslandi í náinni framtíð. 2. minni hluti flytur í sérstöku þingskjali breytingartillögu þar að lútandi.

Fallist meiri hluti Alþingis ekki á þá tillögu, þannig að störfum nefndarinnar séu engin tímamörk sett, er það skoðun 2. minni hluta að tilgangurinn með samþykkt tillögunnar af hálfu stjórnarþingmanna sé sá einn að grafa málið um ókomin ár í nefnd í því skyni að geta komið sér hjá að taka afstöðu og í von um að hægt sé að friða fjölmarga fylgismenn málsins úr eigin kjósendahópi a.m.k. fram yfir næstu kosningar.

Þannig var krafan um þjóðareign á miðhálendinu utan landamerkja lögbýla og einkaeignar á landi grafin í nefnd í 14 ár þrátt fyrir ítrekuð tilmæli Hæstaréttar um að lög yrðu sett um eign íslenska ríkisins á því landi og sérhagsmunirnir þannig varðir á kostnað almannahagsmuna í hálfan annan áratug. Verði þessi tillaga um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald samþykkt án tímamarka um lok nefndarstarfs er tilgangur þingmanna stjórnarflokkanna með því augljóslega hinn sami: að grafa málið í nefnd og þagga niður umræðuna eins lengi og framast er kostur.

Þingmenn jafnaðarmanna vilja ekki stuðla að því að væntanlegur nefndarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks geti þannig áfram varið sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna og munu því engan hlut eiga í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1998.

Sighvatur Björgvinsson.

1353. Nefndarálit [619. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Samtökum iðnaðarins, Tollvarðafélagi Íslands, ríkistollstjóra, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði sem viðauki við tollalög listi sem tilgreinir tilteknar vörur á sviði upplýsingatækni sem tollur falli niður af og óheimilt verði að leggja tolla á. Þá eru meðal annars lagðar til breytingar sem kveða á um solidariska ábyrgð flutningsmiðlana og farmflytjenda á greiðslu aðflutningsgjalda ásamt innflytjendum, breytingar sem snerta geymsluskyldu gagna og breytingar á ákvæðum um skipun tollvarða.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 7. og 9. gr. um skipun tollvarða. Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að bætt verði við frumvarpið nýrri grein, er verði 5. gr., sem feli í sér viðbót við 18. gr. tollalaga. Þar verði kveðið á um heimild fyrir tollyfirvöld, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar, til að taka við pro forma reikningum eða viðskiptareikningum í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, til dæmis þegar um persónulega muni er að ræða. Þetta er lagt til þar sem það hefur oft valdið erfiðleikum hjá til dæmis hraðflutningsfyrirtækjum að útvega frumreikninga í slíkum tilvikum.
2. Lagðar er til breytingar á 5. og 7. gr. með hliðsjón af nýsamþykktum breytingum á lögreglulögum.
3. Loks er lagðar til tvær breytingar á 9. gr. Annars vegar er lagt til að orðið ótímabundið í 1. málsl. 1. efnismgr. falli brott og hins vegar er lagt til að hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skuli hafa lokið prófi frá tollskóla eða hlotið sambærilega menntun.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

1354. Breytingartillögur [619. mál]

við frv. til. l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tollyfirvaldi heimilt að taka við pro forma reikningum eða viðskiptareikningum í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, til dæmis þegar um persónulega muni er að ræða.
2. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Greinin orðist svo:
   2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:
   Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Að tillögu ríkistollstjóra getur ráðherra ákveðið að einn þeirra skuli vera staðgengill ríkistollstjóra. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

3. Við 7. gr. (er verði 8. gr.). Efnismálsgrein orðist svo:
   Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Tollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.
4. Við 9. gr. (er verði 10. gr.).
   a. Orðið „ótímabundið“ í 1. málsl. 1. efnismgr. falli brott.
   b. Við 2. málsl. 1. efnismgr. bætist: eða hlotið sambærilega menntun.

1355. Nefndarálit [394. mál]

um frv. til l. um breytingar á fyrirkomulagi áfengisverslunar.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá ÁTVR Höskuld Jónsson forstjóra og Regínu Ásgrímsdóttur og Þorgrím Óskarsson fulltrúa starfsmanna.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá áfengisvarnaráði, Ferðamálaráði, Kaupmannasamtökum Íslands, Vímulausri æsku og ÁTVR.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum sem varða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, þ.e. breytingar á áfengislögum og lögum um verslun með áfengi og tóbak.

Með hliðsjón af því að fyrir allsherjarnefnd liggur nú frumvarp til nýrra áfengislaga, 478. mál, þskj. 813, leggur nefndin til að 1.–3. gr. frumvarpsins falli brott. Þá leggur nefndin til að 4. gr. um breytingu á stjórn ÁTVR verði einnig felld brott auk ákvæðis til bráðabirgða. Loks er lögð til breyting á orðalagi 5. gr.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1.–4. gr. falli brott.
2. Við 5. gr. Efnismálsgrein orðist svo:
   Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að þjónusta við viðskiptavini sé vönduð, sem og upplýsingar sem gefnar eru viðskiptavinum um þá vöru sem á boðstólum er, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.
3. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

1356. Nefndarálit [392. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda til samræmis við aðrar reglur sem gilda um endurgreiðslu skatta í íslenskum rétti. Meginregla skattalaga er sú að endurgreiðsla skatta, endurákvörðun þeirra og fyrning sakar miðast við sex ár aftur í tímann frá ákveðnu tímamarki. Gildandi regla í framangreindum lögum um fjögurra ára fyrningu á endurgreiðslukröfu brýtur því í bága við framangreinda meginreglu.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.	Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon.

1357. Nefndarálit [251. mál]

um till. til þál. um setningu reglna um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá fjármálaráðuneytinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna.

Í tillögugreininni er ríkisstjórninni falið að láta semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir þau sjónarmið að þörf sé á slíkum reglum og mælir með því að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1998.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1358. Svar [683. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um meðlagsgreiðslur.

Upplýsinga var aflað hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

1. *Í hversu mörgum tilvikum hefur Innheimtustofnun sveitarfélaga krafist gjaldþrotaúrskurðar út af vangoldnum meðlagsgreiðslum á tímabilinu 1. janúar 1990 – 31. desember 1997?*

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur í einu tilviki beðið um gjaldþrotaskipti á tímabilinu 1. janúar 1990–31. desember 1997.

2. *Hversu margir einstaklingar greiða meðlag hér á landi? Hvernig er kynjaskiptingin meðal greiðenda?*

Heildarfjöldi meðlagsgreiðenda í apríl 1998 er 11.122, karlar 10.766 og konur 356.

3. *Hjá hverjum innheimtir Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlagsgreiðslur í tilvikum þar sem einstaklingur hefur undirritað faðernisyfirlýsingu vegna barns sem getið var meðan móðir þess var enn gift öðrum manni og mál til vefengingar á faðerni skv. 52. gr. barnalaga hefur ekki verið höfðað? Breytir það hvort sá sem var giftur móðurinni er útlendingur eða fluttur af landi brott einhverju um það að hverjum innheimtuaðgerðum stofnunarinnar er beint? Er hugsanlegt að þau tilvik geti komið upp að einstaklingur sé skyldur til að greiða meðlag en eigi ekki rétt til umgengni við barn sökum þess að hann er ekki faðir þess samkvæmt lögum?*

Meðan mál hefur ekki verið höfðað til vefengingar skv. 52. gr. barnalaga telst eiginmaður faðir samkvæmt lögum og þar af leiðandi er ekki hægt að staðfesta faðernisyfirlýsingu annars manns eða úrskurða meðlag. Engu breytir hvort eiginmaður móður er útlendingur eða fluttur af landi brott, innheimtuaðgerðum er aðeins hægt að beina að þeim sem telst vera faðir samkvæmt lögum og hefur verið gert að greiða meðlag.

Samkvæmt framangreindu ætti það ekki að geta gerst að einstaklingur sé meðlagsskyldur en hafi ekki umgengnisrétt vegna þess að hann er ekki faðir samkvæmt lögum.

Í tilefni af fyrirspurn þessari má geta þess að vitað er um eitt tilvik þar sem þau mistök urðu hjá sýslumanni að faðernisyfirlýsing var staðfest þrátt fyrir að móðir væri í hjúskap með öðrum manni á getnaðartíma barnsins. Var staðfesting þessi afturkölluð með vísan til 2. tölul. 25. gr. stjórnsýslulaga.

1359. Svar [667. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um innflutning kjöts og dýra.

1. *Hver er staða mála er tengjast 17. grein EES-samningsins að því er varðar bann við innflutningi á kjöti og lifandi dýrum?*

Ísland tók ekki yfir þann hluta ESB-löggjafarinnar sem varðar heilbrigði dýra og afurðir unnar úr dýrum í EES-samningnum, að undanteknum tilskipunum 91/493, 91/492 og 91/67 um heilbrigði og markaðssetningu fisks, fiskafurða, fiskeldisafurða og skeldýra. Áhrif lög-

gjafar ESB á innflutning á dýrum og afurðum dýra til landsins fylgja því ekki EES-samningnum.

Um innflutning á dýrum og afurðum dýra fer eftir breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, við setningu laga nr. 87/1995, um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

2. *Hver er stefna íslenskra stjórnvalda að því er varðar þróun tímabundinna ákvæða EES-samningsins á þessu sviði? Hafa farið fram viðræður við Evrópusambandið þar að lútandi?*

Í I. viðauka EES-samningsins er svokallað endurskoðunarákvæði sem gerði ráð fyrir að sú skipan mála sem upphaflega var samið um skyldi koma til endurskoðunar árið 1995. Viðræður um þetta atriði fóru fram við framkvæmdastjórn ESB í tengslum við samninga um yfirtöku íslenskra stjórnvalda á heilbrigðisreglum ESB varðandi fisk og fiskafurðir.

Endurskoðuninni lauk í árslok 1996 og var niðurstaðan sú að báðir aðilar samþykktu að engar breytingar skyldi gera á reglum um innflutning dýra og dýraafurða gagnvart Íslandi. Nýtt endurskoðunarákvæði var samið í þessu skyni sem segir að hefja skuli viðræður á ný árið 2000. Ekki hefur enn verið gengið formlega frá ákvæðinu þar sem það er hluti af viðbótarpakkanum sem að meginmáli fjallar um fiskafurðir. Afgreiðsla hans hefur tafist nokkuð hjá ráðherraráði ESB, en engin ástæða er til að ætla að það breyti neinu um endurskoðunarákvæðið.

Stefna íslenskra stjórnvalda í þessum málum gagnvart ESB er því skýr. Fátt kallar á breytingar á núverandi fyrirkomulagi. ESB hefur átt í verulegum vandræðum með þennan málaflokk undanfarið og er skemmst að minnast kúariðu í Bretlandi og víðar og svínapestar í Hollandi og nágrannalöndum þess. Því ber að sýna fyllstu varúð við innflutning frá þessum ríkjum til Íslands. Útflutningur okkar til ESB á landbúnaðarvörum er um þessar mundir hverfandi. Ástæða þess er fyrst og fremst lágt markaðsverð, en ekki reglur á sviði heilbrigðismála í ESB.

3. *Hvaða aðgerðir og rannsóknir fara fram til að treysta áhættumat og varnir hérlendis gegn sjúkdómum er hlotist gætu af innflutningi á hráu kjöti og lifandi dýrum?*

Embætti yfirdýralæknis hefur yfirumsjón með opinberum aðgerðum til að dýrasjúkdómar berist ekki til landsins með lifandi dýrum, hráu kjöti eða á annan hátt, svo sem með fólki, fatnaði eða hvers konar búnaði. Öll dýr sem flutt eru til landsins fara í einangrun. Gæludýr fara í einangrunarstöð í Hrísey. Frjóvguð alifuglaegg eru klakin út í aðstöðu sem eingöngu er ætluð til þess og síðan fara ungarnir til uppeldis á svonefnd stofnbú sem framleiða egg til útungunar og framleiðslu lífdýra. Dýralæknar fylgjast mjög náið með heilbrigði allra dýra, eggja og erfðaefnis dýra sem flutt er til landsins.

Rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna hvort og þá hvaða sjúkdómar séu fyrir hendi í íslensku búfé.

Á vegum embættis yfirdýralæknis hafa á undanförnum fáum árum verið gerðar mælingar á mótefnum við ýmsum smitsjúkdómum í blóði alifugla og svína. Þessar mælingar eru fyrst og fremst gerðar til að sanna að tilteknir sjúkdómar finnist ekki hér á landi og þær nýtast við ákvörðun á því hvort heimila skuli innflutning á alifugla- og svínaafurðum.

Innflutningur matvæla, þar með talið kjöt, er að stærstum hluta vörur sem fengið hafa hitameðferð. Innflutningur á hráu kjöti hefur aukist í samræmi við skuldbindingar Íslands í samningi um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Hann er aðeins heimilaður frá löndum þar sem ástand búfjársjúkdóma er þannig að ekki sé talin hætta á að sjúkdómar berist til landsins.

Þetta á einnig við um vörur sem fengið hafa hitameðferð og um aðrar afurðir búfjár, svo sem mjólkurafurðir og egg, og krafist er sótthreinsunar á búnaði til notkunar í landbúnaði sem kemur notaður til landsins.

Áhættumat fer fram í hvert sinn sem óskað er eftir innflutningi kjöts frá löndum sem innflutningur hefur ekki verið leyfður frá áður. Leitað er eftir upplýsingum um sjúkdómsástand í þeim löndum sem flytja skal inn frá og innflutningur því aðeins heimilaður að ekki fyrirfinnist þar skæðir smitandi búfjársjúkdómar. Með því er átt við sjúkdóma sem eru mjög smitandi og valda miklu tjóni, svo sem gin- og klaufaveiki, svínapest og Newcastle-veiki í alifuglum.

Í frumvarpi sem landbúnaðarráðherra hefur lagt fram á 122. löggjafarþingi 1997–98, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, er lagt til að ráða skuli dýralækni sem hafi eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða. Hann verður einn af sérgreinadýralæknum sem starfa undir yfirstjórn embættis yfirdýralæknis. Í frumvarpinu eru enn fremur ákvæði um að landbúnaðarráðherra skipi dýralæknaráð sem í sitji fjórir dýralæknar. Ráðið skal ávallt fjalla um innflutning búfjár og um innflutning annarra dýra, búfjárafurða og aðra þætti sem snerta heilbrigðismál dýra og dýraafurða þegar þess er óskað af landbúnaðarráðherra eða yfirdýralækni.

4. *Hver er staða þessara mála samkvæmt samningsskuldbindingum Íslands sem aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO?*

Við setningu laga nr. 87/1995, um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, var gerð breyting á tvennum lögum er þetta varðar. Í fyrsta lagi var breytt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þar var m.a. tekið upp ákvæði sem heimilar landbúnaðarráðherra að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. Í öðru lagi var lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, breytt á þann hátt að í stað nær fortakslauss banns við innflutningi á dýrum og hráum dýraafurðum er landbúnaðarráðherra heimilað að leyfa innflutning þessara vara að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist með þeim smitefni sem valda dýrasjúkdómum. Framkvæmd þessara laga fer eftir ákvæðum í reglugerð nr. 479/1995, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem hafa fengið vaxtaraukandi efni, sem sett var 1. september 1995. Tilgangur reglugerðarinnar er að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins með innfluttum sláturafurðum, eggjum, mjólkurafurðum og öðrum vörum sem reglugerðin tekur til og að koma í veg fyrir að fluttar verði til landsins afurðir dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu. Í reglugerðinni eru taldar upp þær afurðir dýra og vörur sem geta borið með sér smitefni sem valda dýrasjúkdómum, skilgreint hvað skuli koma fram á innflutningsvottorðum sem skulu fylgja innfluttum búfjárafurðum og ákvæði um sóttvarnaráðstafanir sem uppfylla þarf vegna innflutningsins, svo sem sýnatökur og rannsóknir sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar. Nánari útfærsla reglugerðarinnar fer fram með auglýsingum. Gefin hefur verið út auglýsing nr. 525/1996 vegna innflutnings á landbúnaðarvörum. Í henni eru tilgreind þau lönd og þær kjöttegundir sem heimilt er að flytja inn að uppfylltum skilyrðum um uppruna- og heilbrigðisvottorð. Það vottorð skal m.a. fela í sér staðfestingu á að varan sé af sláturdýrum sem ekki hafa verið gefin vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum og að afurðirnar séu unnar í viðurkenndum afurðastöðvum og lausar við salmonellusýkingu. Þá hefur enn fremur verið gefin út auglýsing nr. 483/1995, vegna innflutnings á landbúnaðar-

vörum, sem tekur til vara sem hlotið hafa hitameðferð. Þar eru m.a. fyrirmæli um að vörunum skuli fylgja vottorð er sanni uppruna varanna og hitameðferð þeirra og birtur listi yfir lönd sem yfirdýralæknir viðurkennir heilbrigðisvottorð frá. Innflutningur frá þeim löndum er því leyfður að því tilskildu að heilbrigðisvottorð fylgi vörunum er sannar að uppfylltar séu þær kröfur sem auglýsingin lýsir.

Þrátt fyrir varúðarráðstafanir sem viðhafðar hafa verið hafa nýlega borist alvarlegir dýrasjúkdómar til landsins. Þeir eru sláveirusýking í hundum og smitandi hitasótt í hrossum sem nú gengur yfir.

Um stöðu mála samkvæmt skuldbindingum Íslands er enn fremur vísað til skýrslu um framkvæmd landbúnaðarhluta samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina sem birt hefur verið árlega og dreift til alþingismanna. Skýrsla þessi er unnin af ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara sem starfar á vegum landbúnaðarráðherra.

5. *Hverjar eru meginástæður íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi og í samningum um þróun alþjóðlegra sáttmála og skuldbindinga að því er varðar heilbrigðisþætti er tengjast innflutningi kjöts og lifandi dýra?*

Meginástæður stjórnvalda hafa beinst að því að halda dýrastofnum í landinu heilbrigðum og að innflutningur kjöts sé háður þeim skilyrðum sem sett eru íslenskri framleiðslu kjöts með hliðsjón af hollustu og heilnæmi afurðanna.

Við gerð samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var af Íslands hálfu lögð áhersla á að unnt yrði að beita verndaraðgerðum til að tryggja óbreytt heilsufar búfjár í landinu. Það byggðist á þeirri forsendu að Íslandi yrði gert unnt að framfylgja banni við innflutningi á þeim vörum sem gætu borið með sér smitsjúkdóma í dýr sem með vísindalegum rökum mætti sýna fram á að væri eina leiðin til að verja innlendan búfénað gegn hættulegum sjúkdómum sem ekki finnast á Íslandi.

Frá því að þessar áherslur voru lagðar hefur heilbrigðisástand dýra til framleiðslu á kjöti versnað að því er varðar sjúkdóma sem upp hafa komið og óttast er að borist geti milli tegunda. Þá hefur einnig orðið alvarlegri umræða um ónæmismyndun vegna óhóflegrar notkunar víða um lönd á dýralyfjum, bæði til lækninga og sem vaxtaraukandi efni, m.a. til kjötframleiðslu. Með síauknum kröfum um hagkvæmari og ódýrari kjötframleiðslu hefur álag á umhverfi gripa og gripina sjálfa aukist og hefur það leitt til að alvarlegum sjúkdómstilfellum í búfé hefur fjölgað. Svo er komið að sérfræðingar alþjóðastofnana á sviði búfjársjúkdóma telja að óhjákvæmilegt sé að grípa til sérstakra aðgerða er dragi úr smithættu. Takmarka verði fjölda gripa sem haldið er saman í hóp og líta verði eftir flutningi á lifandi dýrum milli landa og milli fjarlægra staða. Í norrænu samstarfi hefur sjúkdómum dýra og mengun matvæla verið veitt aukin athygli. Stjórnvöld þessara landa hafa ákveðið að taka upp samstarf til að tryggja hreinleika matvæla með því að vinna að hertum reglum um öryggi neytenda í viðskiptum með matvæli innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og í Evrópusambandinu. Mengun matvæla af salmonellusmiti og notkun á sýklalyfjum í fóður eru áberandi í umræðunni. Embættisnefndir norrænu landanna á sviði landbúnaðar og matvæla munu mynda starfshóp með tveimur aðilum frá hverju landi til að vinna að þessu þýðingarmikla verkefni.

1360. Svar [460. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um fóstureyðingar.

1. *Hve margar fóstureyðingar hafa verið framkvæmdar hér á landi á hverju ári, síðastliðin fimm ár?*

Fjöldi fóstureyðinga.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996*	1997*
Fjöldi	658	743	827	775	807	858	920

* Bráðabirgðatala.

Tölur fyrir árin 1996 og 1997 eru ekki endanlegar þar sem úrvinnslu upplýsinga er ekki að fullu lokið. Hér eru látnar fylgja með tölur frá árunum 1991 og 1992 til að gefa fyllri mynd.

2. *Hve margar þeirra voru á grundvelli félagslegra ástæðna, sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 25/1975?*

Fóstureyðingar heimilaðar af félagslegum ástæðum eða bæði félagslegum og læknisfræðilegum ástæðum.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996*	1997*
Einvörðungu félagslegar ástæður	595	681	749	697	739		
Bæði félagslegar og læknisfræðilegar ástæður	17	16	16	26	22		

* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

3. *Hve mörgum konum var á þessum árum synjað um fóstureyðingu sem þær sóttu um á grundvelli félagslegra ástæðna?*

Þegar umsókn um fóstureyðingu er synjað (t.d. á aðgerðarstað) er hægt að vísa málinu til úrskurðar hjá nefnd skv. 28. gr. laga nr. 25/1975. Er það gert í mörgum tilvikum en ekki öllum. Sama nefnd fær og til úrskurðar umsóknir varðandi fóstureyðingar sem sótt er um af læknisfræðilegum ástæðum þegar meðgöngulengd er komin um eða yfir 16 vikur.

Er hér gerð grein fyrir synjunum af hálfu þessarar nefndar. Ástæður synjunar eru í flestum tilvikum lengd meðgöngu eða að tilgreindar félagslegar ástæður eru ekki taldar réttlæta fóstureyðingu.

Fjöldi umsókna sem hafnað var af hálfu nefndar skv. 28. gr. laga nr. 25/1975.

	1993	1994	1995	1996	1997
Fjöldi	2	2	4	-	1

4. *Hve margar konur hættu við að gangast undir fóstureyðingu sem þær sóttu um á grundvelli félagslegra ástæðna?*

Eingöngu liggja fyrir upplýsingar frá kvennadeild Landspítalans en þar eru framkvæmd um 80% fóstureyðinga í landinu. Upplýsingar um ástæður umsóknar um fóstureyðingu þeirra sem hættu við liggja ekki fyrir.

Fjöldi kvenna sem hættu við að gangast undir fóstureyðingu á kvennadeild Landspítalans.

	1993	1994	1995	1996	1997
Fjöldi	35	41	14	13	35

5. *Hve margar konur gengust undir fleiri en eina fóstureyðingu á tímabilinu?*

Hér er greint frá því hve margar þeirra kvenna sem fóru í fóstureyðingu á ákveðnu ári höfðu gengist undir slíka aðgerð áður. Ekki liggja hins vegar fyrir upplýsingar um hve langt var liðið frá fyrri fóstureyðingu/fóstureyðingum.

Fjöldi kvenna sem gengust undir fóstureyðingu og höfðu áður gengist undir slíka aðgerð.

Fjöldi fyrri fóstureyðinga	1991	1992	1993	1994	1995	1996*	1997*
1	114	144	177	160	170		
2	26	31	28	27	30		
3	6	7	6	5	13		

* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

6. *Hvernig er aldursdreifing þeirra kvenna sem gengust undir fóstureyðingu?*

Aldursskipting kvenna sem gengust undir fóstureyðingu.

Aldur	1991	1992	1993	1994	1995	1996*	1997**
Yngri en 15 ára	2		3	3		8	
15–19 ára	132	146	159	155	158	207	
20–24 ára	185	207	215	221	263	233	
25–29 ára	142	147	175	148	143	167	
30–34 ára	89	119	137	120	115	108	
35–39 ára	61	78	93	91	90	102	
40–44 ára	42	43	43	35	34	29	
45 ára og eldri	5	3	2	2	4	4	

*Bráðabirgðatölur. **Upplýsingar liggja ekki fyrir.

1361. Nefndarálit [109. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingu Dóru Sigfúsdóttur sem kynnti tillögur jafnréttisnefndar menntamálaráðuneytisins frá nóvember 1997. Umsagnir um málið bárust frá Barnaverndarstofu, Kennarasambandi Íslands, Skrifstofu jafnréttismála, Félagi íslenskra leikskólakennara, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Félagi sálfræðinga við skóla, Reyni – ráðgjafastofu, Skólastjórafélagi Íslands, leikskólanum Hjalla og Félagi íslenskra sérkennara.

Í 1. mgr. tillögugreinarinnar er kveðið á um að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem geri tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna þar sem upplýsingar um misvægi í sérfræðiþjónustu, athygli kennara og námsárangri bendi til að úrbóta sé þörf.

Nefndin ræddi sérstaklega nauðsyn þess að skoða kennaramenntun með tilliti til þessa.

Í 2. mgr. tillögugreinarinnar er lagt til að nefndin ljúki störfum fyrir vorið 1999 og að störfum hennar verði hagað þannig að tillit verði tekið til tillagna hennar við gerð nýrrar námskrár fyrir grunnskóla en að endanlegar tillögur verði síðar hluti af námskrá grunnskólans.

Þar sem aðalnámskrárgerð fyrir næsta skólaár á að ljúka í sumar er það mat nefndarinnar að þessi málsgrein nái ekki tilgangi sínum og sé óþörf.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt geri nefndin tillögur um viðeigandi breytingar á kennaranámi.
2. 2. mgr. falli brott.

Alþingi, 27. apríl 1998.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Árni Johnsen.
Svanfríður Jónasdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1362. Beiðni um skýrslu [705. mál]

frá umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Ástu B. Þorsteinsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að umhverfisráðherra flytji Alþingi skýrslu um lagalegar forsendur þeirrar niðurstöðu og ákvörðunar ráðherrans að ekki beri að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Greinargerð.

Í lok mars sl. var tekin sú ákvörðun í stjórn Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði að bæta við þriðja ofninum í verksmiðjunni. Samkvæmt yfirlýsingum forsvarsmanna verksmiðjunnar í fjölmiðlum yrði sá ofn einn sá stærsti og afkastamesti í heiminum og verksmiðjan sú stærsta sinnar tegundar. Jafnframt hefur það komið fram að framleiðsluaukningin muni leiða til aukins útstreymis koltvíoxíðs um 160 þús. tonn á ári. Í ljós kom við eftirgrennslan að iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra höfðu komist að þeirri niðurstöðu og staðfest hana við forsvarsmenn verksmiðjunnar að ekki þyrfti að fara fram mat á umhverfisáhrifum af þessari stækkun verksmiðjunnar og vísað til eldri samninga og gildandi laga í því efni. Þessi niðurstaða ráðherranna vakti athygli og undrun margra, einkum með tilliti til þess að í lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, er beinlínis tekið fram í 6. gr. að lögin taki til heimildar fyrir ríkisstjórnina til „að semja við samstarfsaðila sína um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30–45 MW bræðsluofnum fyrir kísiljárn og hefjast handa um rekstur hennar“. Ekki er annars staðar í þeim lögum að finna neitt um stærð verksmiðjunnar eða framleiðslumagn. Ekki tókst að skýra málið á vettvangi umhverfisnefndar Alþingis þegar eftir því var leitað og ekki heldur með öðrum ráðum. Því er hér óskað eftir skýrslu frá umhverfisráðherra þar sem fram komi ítarlegur rökstuðningur, og nákvæm tilvísun til lagaákvæða, fyrir þeirri niðurstöðu ráðherrans að ekki beri að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

1363. Skýrsla [706. mál]

menntamálaráðherra um nýja skólastefnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Formáli.

Með nýrri skólastefnu og námskrá í samræmi við hana er við lok 20. aldar lagður grunnur að innra starfi í skólum, sem undirbýr nemendur til starfa í alþjóðlegu þekkingar- og tæknisamfélagi 21. aldar. Við nýjar aðstæður er mikilvægt að Íslendingar hafi hugfast að staða þjóða á alþjóðavettvangi ræðst nú frekar af menntun, þekkingu og miðlun upplýsinga en mannfjölda og hnattstöðu.

Íslenskt skólakerfi hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Með lögum um háskóla, sem Alþingi samþykkti 18. desember 1997, hefur öllum skólastigum verið settur nýr starfsrammi síðan 1994. Kennaramenntun hefur einnig tekið breytingum. Nú menntar Kennaraháskóli Íslands leikskólakennara, þroskaþjálfa, íþróttakennara auk grunnskólakennara. Hinn nýi sameinaði skóli tók formlega til starfa 2. janúar 1998.

Skólastefna er grundvöllur aðalnámskráa grunnskóla og framhaldsskóla. Með hugtakinu skólastefna er því vísað til innra starfs í skólum, hins mikilvæga þáttar sem snýr að hlutverki kennara og verkefnum nemenda. Í skólastefnu felst sá rammi sem skólastarfi er settur af stjórnvöldum. Innan hennar rúmast aðalnámskrá, skólanámskrár, stjórnarhættir í skólum og afstaða til prófa og inntökuskilyrða. Lögum samkvæmt ber menntamálaráðherra að móta þennan þátt menntastefnunnar. Skýr skólastefna er forsenda þess að góður árangur náist við gerð nýrrar námskrár og að markmið skólastarfs séu skýr.

Fyrstu lög um fræðslu barna á Íslandi tóku gildi 1. júní 1908. Á þeim tæpu 90 árum sem liðin eru hefur íslenskt þjóðfélag gjörbreyst. Námskrá endurspeglar það úr arfi kynslóðanna sem er þess virði að miðla til nýrra kynslóða. Námskráin sækir þannig inntak í fortíðina, en mótar það með framtíðina í huga. Hin nýja skólastefna tekur mið af þessu og beinir sérstakri athygli að nýjum kennsluháttum, námsbrautum og tækni á öld þekkingar og upplýsingatækni.

Í verkefnaáætlun menntamálaráðherra *Menning, menntun — forsenda framtíðar,* sem kom út í upphafi yfirstandandi kjörtímabils, kemur fram að endurskoðun aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla er eitt mikilvægasta verkefnið á sviði menntamála á yfirstandandi kjörtímabili. Vinna við endurskoðunina hófst á vordögum 1996 en verkinu var formlega hrundið úr vör þá um haustið. Tíma- og verkáætlanir miðast við að verkinu verði lokið á 27 mánuðum. Þessi fyrirætlan hefur gengið eftir í öllum meginatriðum og stefnt er að því að nýjar námskrár grunn- og framhaldsskóla, auk endurskoðaðrar uppeldisáætlunar leikskóla, liggi fyrir næsta haust. Hátt á annað hundrað manns, flest kennarar, hafa þegar komið að verkinu og líklegt er að sú tala hækki enn á næsta verkþrepi, þegar sérstakir vinnuhópar ráðast í ritun sjálfra námskránna, sem verða munu hornsteinar nýrrar skólastefnu og grundvöllur umbóta í menntamálum á komandi árum.

Margir hafa því lagt grunn að þeirri stefnu sem hér er kynnt. Fulltrúar stjórnmálaflokka á Alþingi sátu í stefnumótunarnefnd sem hefur verið til ráðgjafar um ýmis álitamál er tengjast endurskoðun námskránna. Forvinnuhópar undir forustu sérfræðinga og með þátttöku starfandi kennara í grunn- og framhaldsskólum hafa samið stefnumótandi tillögur á einstökum fagsviðum.

Við endurskoðunarstarfið hefur verið lögð rík áhersla á að það sé unnið eins mikið fyrir opnum tjöldum og frekast er unnt. Með því hefur á fyrsta stigi verið stefnt að því að virkja sem flesta kennara í forvinnunni auk þess sem fulltrúar stjórnmálaflokka hafa látið í ljós álit sitt. Nú á öðru stigi hefur kynningarstarfið verið tvíþætt. Annars vegar er málinu beint til alls almennings með því að ritlingur hefur verið sendur á hvert heimili í landinu og menntamálaráðuneytið hefur boðað til almennra funda um hina nýju skólastefnu í öllum kjördæmum. Hins vegar er þessi skýrsla rammi til skoðunar fyrir sérfróða samráðsaðila menntamálaráðuneytisins.

Innan skamms koma til starfa aðilar, tilnefndir af kennarasamtökum og menntamálaráðuneytinu, sem útfæra nýju skólastefnuna í aðalnámskránum sjálfum. Er að því stefnt að skrárnar verði fullmótaðar næsta haust. Gildistaka nýrrar námskrár er hins vegar tímafrek aðgerð sem kallar á umfangsmiklar stuðningsaðgerðir. Tugir þúsunda nemenda stunda nám í grunn- og framhaldsskólum samkvæmt núgildandi námskrám og gæta verður þess að ekki séu gerðar breytingar á kennslu þessara nemenda sem byggjast á allt öðrum forsendum en

þeir hafa. Ef sú leið yrði farin að láta alla nemendur ljúka námi, samkvæmt þeirri námskrá sem í gildi var þegar þeir hófu nám tæki 14 ár að koma námskránum til framkvæmda. Þess í stað er stefnt að því að námskrárnar komi til framkvæmda á þremur árum, í mismunandi bekkjardeildum samtímis, eftir því sem við verður komið, frá og með hausti 1999.

Ein meginforsendan fyrir vel heppnaðri framkvæmd nýrra námskráa er markviss endurmenntun kennara og útgáfa kennsluefnis sem tekur mið af nýjum námskrám. Ljóst er að nýta þarf það fjármagn sem menntamálaráðuneytið hefur nú þegar yfir að ráða í þessum tilgangi en einnig er ljóst að ráðuneytið verður að beita sér fyrir viðbótarfjármagni til að standa straum af kostnaði sem fylgir gildistöku nýrra námskráa á næstu árum.

I. ÞRJÁTÍU OG ÞRJÁR STOÐIR NÝRRAR SKÓLASTEFNU

— Menntakerfið á að vera sveigjanlegt til að mæta nýjungum og breyttum kröfum. Höfuðskylda þess er þó að veita nemendum góða, alhliða menntun. Almenn menntun er besta veganesti sérhvers einstaklings í þekkingar- og upplýsingasamfélaginu. Einstaklingurinn verður strax á ungaaldri að búa sig undir þá staðreynd að menntun er æviverk. Námskrá verður heldur aldrei sett í eitt skipti fyrir öll. Sjóndeildarhringurinn stækkar. Úrlausn fleiri viðfangsefna daglegs lífs færist inn í skólana. Vegna breytinga á fjölskyldu- og heimilislífi eru gerðar nýjar kröfur til skólanna.

— Sjálfstraust, vilji og hæfileiki til að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir og hæfileiki til að bregðast fljótt og skynsamlega við nýjum aðstæðum auðvelda glímuna við samtíma og framtíð. Gagnrýnin hugsun, heilbrigð dómgreind og verðmætamat ásamt umburðarlyndi leggja grunn að farsæld. Í skólum ber að efla nemendum metnað og jákvæða sjálfsmynd. Þannig verða þeir sterkari einstaklingar. Þeir verða að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar, geta tekið áhættu og borið ábyrgð á gerðum sínum. Rækta ber hæfileika til að njóta menningar og lista og til að leggja sitt af mörkum á þeim vettvangi. Til að styrkja einstaklinga á skólinn að bjóða nám sem auðveldar þeim að átta sig á eigin stöðu í nútímasamfélagi. Þessar skyldur skólans falla undir hugtakið lífsleikni og miða að því að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi með því að dýpka skilning þeirra á samfélaginu, svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, menningu, náttúru, fjölskylduábyrgð, fjármálaskyldum, einstaklingsskyldum og -rétti.

— Skil milli almennrar menntunar og starfsmenntunar minnka stöðugt. Hefðbundin starfsmenntun verður fræðilegri og fræðileg menntun nýtist sífellt meira á hagnýtan hátt. Bóknám og verknám ber að þróa samhliða en ekki sem andstæður. Leiðum starfsnámsnemenda inn í háskóla verður fjölgað, en kröfur til þeirra verða einnig vel skilgreindar.

— Við skipulag nútímalegs skólastarfs eru breytingar á náms- og kennslutækni meðal flóknustu og brýnustu verkefna. Upplýsingatækni hefur skapað nýjar og spennandi forsendur fyrir öflun og miðlun þekkingar. Mikilvægt er að finna skynsamlegar og árangursríkar leiðir til að nýta þessa tækni sem best í þágu nemanda. Markmiðið er að upplýsingatækni verði verkfæri í öllum námsgreinum. Jafnframt þarf að búa nemandann sjálfan undir að nýta sér tæknina og laga sig að breytingum á henni á lífsgöngu sinni.

— Vegna hinna öru breytinga eykst gildi símenntunar. Með símenntun er vísað til þess að menntun og þjálfun séu órjúfanlegur þáttur starfsferils einstaklinga og óhjákvæmileg forsenda fyrir virkri þátttöku þeirra í lýðræðislegu samfélagi mennta og menningar. Námshvatning, sjálfstæði í vinnubrögðum, gagnrýnin hugsun, frumkvæði og almennur áhugi á þróun þjóðfélagsins efla skilning nemandans á því að hann verður að laga sig að breyttum kröfum og nýjum aðstæðum með því að nýta sér fræðslu og þekkingu.

— Sjálfstæðir nemendur er áhersluatriði í nýrri skólastefnu. Í ljósi þess þarf skólinn að

leggja áherslu á þverfaglegt nám og ýmsa færniþætti. Hér er vísað til frumkvæðis, sjálfstæðra vinnubragða, greiningarhæfni, samstarfshæfni og hæfileika til tjáskipta bæði í mæltu og rituðu máli. Ber að huga að þessum þáttum í öllum námsgreinum. Frá upphafi skólagöngu ber að hvetja nemendur til að tjá sig og veita þeim tækifæri til að vinna að úrlausn raunhæfra verkefna í námi sínu, einir eða í samvinnu við aðra. Áhrifaríkasta leiðin til að læra hlutina er að framkvæma þá.

— Samfella í námi er grundvöllur nýrrar skólastefnu. Skólagangan á að vera samfelld úr leikskóla til háskóla. Eftir því sem unnt er skal starf á hverju stigi miða í senn að því að stuðla að sem bestum þroska og árangri innan þess og að því að búa nemandann undir næsta stig.

— Aukin áhersla er lögð á ábendingar um æskilegar kennsluaðferðir í aðalnámskrám ekki síst vegna þess að kennsluhættir verða að taka mið af nýrri stefnu. Góðir kennsluhættir vekja áhuga nemenda til náms en gera þá ekki að óvirkum þiggjendum. Kennsluhættir mega ekki vera einhæfir og samræmi verður að vera á milli þeirra og skólastefnunnar. Nemendum verður ekki eflt sjálfstraust nema með hæfilegri ögrun. Kynnist þeir ekki ögrun, sem felst í samkeppni og námsaga, býr skólinn þá ekki nægilega vel undir kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins. Skólakerfið á að koma til móts við hæfileika og áhuga nemenda. Þessir þættir vega þungt í starfi kennarans.

— Jafnrétti til náms er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefnin skulu höfða jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra sem ófatlaðra. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.

— Á efri skólastigum er nemendum boðið upp á ólíkar námsleiðir með ólíkum markmiðum, kennsluháttum og kröfum. Á grunnskólastigi er umdeildara hvort og þá hvenær rétt sé að bjóða nemendum upp á ólík námstilboð með ólíkum markmiðum og viðfangsefnum. Hér á landi hefur sú stefna ríkt síðan 1974 að mikill meiri hluti nemenda stundar sama nám í gegnum allan grunnskólann nema þeir sem af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna fötlunar, eiga í erfiðleikum með að tileinka sér námsefnið. Slíkir nemendur hafa fengið stuðningskennslu eftir efnum og ástæðum eða verið kennt í sérskólum. Í lok grunnskólans hafa nemendur, með nokkrum undantekningum, þreytt sömu samræmdu prófin.

— Reynslan hefur sýnt að stór hluti nemenda á í erfiðleikum með að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í lok grunnskólans. Með markvissari kennslu og stuðningsaðgerðum má án efa bæta árangur margra nemenda en eftir stendur að ýmislegt bendir til þess að of margir nemendur fái ekki kennslu við hæfi. Þessu breytir ný skólastefna. Í henni verður komið til móts við ólíkar þarfir einstaklinganna með sveigjanlegu skólastarfi og fjölbreytilegum kennsluaðferðum. Markmiðið er ekki að kenna öllum hið sama heldur að nemendur öðlist trausta undirstöðu á þeim námssviðum sem þeir velja. Í þessu skyni verður nemendum til dæmis gefinn kostur á ólíkum námsáherslum í efstu bekkjum grunnskólans. Ekki er sanngjarnt að halda nemendum, sem þegar eru orðnir tveimur til þremur árum á eftir eða á undan mörgum jafnöldrum sínum í námi, að viðfangsefnum sem henta þeim ekki. Nemendur eiga rétt á viðfangsefnum sem henta getu þeirra, bæði þeir sem standa vel og illa að vígi.

— Í framhaldsskólum er einnig mikilvægt að allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á það nám sem hentar áhuga þeirra, getu og framtíðaráformum. Athuganir á námsferli nemenda í framhaldsskólum hafa leitt í ljós að brottfall nemenda úr námi hér á landi er hátt miðað við það sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Ástæður þessa háa brottfalls eru margar en nefna má ófullnægjandi undirbúning nemenda til framhaldsnáms, aðhaldsleysi og tiltölulega fábreytt námsframboð. Stefnt er að því að draga úr brottfalli, m.a. með skýrari námskröfum til nemenda, aukinni upplýsingamiðlun um námskröfur og störf, inntökuskilyrðum á einstakar brautir og fjölbreyttara námsframboði, einkum í starfsnámi.
— Í lögum um framhaldsskóla segir að innihald og uppbygging náms í framhaldsskólum skuli miða við lokatakmark viðkomandi námsbrautar sem þýðir að innihald og lengd námsbrauta tekur mið af þeim markmiðum sem liggja brautinni til grundvallar. Eðli málsins vegna hljóta námsbrautir framhaldsskólans að verða fjölbreytilegri og sérhæfðari en nú er raunin, bæði hvað varðar innihald og lengd. Lengd námsbrauta getur þannig verið frá einni önn upp í fjögurra ára nám og áherslur eru misjafnlega fræðilegar og hagnýtar, allt eftir markmiðum námsins.
— Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi, bæði í grunn- og framhaldsskólum. Hvað varðar skólagöngu fatlaðra nemenda er stefna stjórnvalda sú að þeir stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Fatlaðir nemendur stunda áfram nám samhliða öðrum. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla. Á framhaldsskólastigi verður fötluðum, sem það geta nýtt sér, boðið nám á almennum námsbrautum með þeirri aðstoð sem þeir þurfa og skólar geta veitt en einnig verður boðið upp á nám á sérstökum námsbrautum sem taka mið af fötlun þeirra.
— Á undanförnum árum hefur athygli manna í vaxandi mæli beinst að nemendum með sértæka námsörðugleika. Það er til dæmis mat sérfræðinga að allt að 10% nemenda eigi við sértæka lestrar- og ritunarörðugleika að stríða. Vandi þessara nemenda er einkum fólginn í erfiðleikum við að ná tökum á lestri, sem er eins og allir vita lykill að flestum öðrum námsgreinum. Til að koma til móts við þennan vanda og aðra námsörðugleika verða sérþarfir nemenda metnar með öflugri greiningu sem allra fyrst á skólagöngu nemandans. Þannig getur skólinn, í samvinnu við forráðamenn nemandans, brugðist við á markvissan hátt. Í aðalnámskrá grunnskóla verða til dæmis settar fram skýrar kröfur til skóla um greiningu á lestrarörðugleikum en ráðuneytið mun beita sér fyrir gerð sérstaks skimunarprófs í þessum tilgangi. Einnig er stefnt að því að hægt verði að heimila ákveðnar tilhliðranir á námskránni í þeim tilgangi að koma til móts við þennan hóp nemenda.
— Með nýrri skólastefnu verður komið til móts við ólíkar þarfir nemenda með sveigjanlegu skólakerfi og fjölbreytilegum kennsluaðferðum. Markmiðið er ekki að kenna öllum það sama heldur að allir nemendur öðlist trausta undirstöðu á þeim námssviðum sem þeir velja. Markmiðið er að gefa nemendum kost á að þroska hæfileika sína og áhugasvið og láta ekki veikleika þeirra á einhverju þröngu sviði standa í vegi fyrir þroska þeirra og frama að óþörfu. Valfrelsi í námi má þó aldrei leiða til þess að nám nemenda verði yfirborðskennt og kröfur minnki. Þvert á móti gerir ný skólastefna ráð fyrir auknum kröfum til nemenda. Nám á að vera heildstætt, með vaxandi sérhæfingu og vera merkingarbært fyrir nemandann.
— Ólíkar námsleiðir verða valkostur í efstu bekkjum grunnskólans sem nemandinn, for-

eldrar hans og kennarar taka sameiginlega afstöðu til í viðleitni þeirra til að finna bestu menntunarúrræði fyrir nemandann. Þá er eðlilegt að komið verði til móts við mjög dugmikla nemendur með því að heimila þeim að stytta grunnskólanám sitt um eitt ár. Þannig verður nemendum heimilað að þreyta samræmd grunnskólapróf í lok 9. bekkjar ef kennarar og foreldrar telja að nemandinn sé tilbúinn til að takast á við framhaldsskólanám. Forsenda sveigjanleika og aukins valfrelsis er að nemendum standi til boða öflug námsráðgjöf. Í nýrri skólastefnu gegnir námsráðgjöf veigamiklu hlutverki í þjónustu skólans við nemendur.

— Þetta leiðir til þess að horfið verður frá því að skylda alla nemendur til að þreyta öll samræmd próf við lok grunnskóla. Ef nemendur í efstu bekkjum grunnskóla leggja stund á ólíkt nám, með ólík áform í huga, þá er ekki eðlilegt að gera öllum nemendum skylt að þreyta sömu samræmdu prófin við lok grunnskólans. En það á heldur ekki að útiloka neinn frá því að þreyta samræmd próf og afla sér þeirra réttinda sem þau veita, ef þeir kjósa, jafnvel þótt síðar sé. Þótt hluti nemenda öðlist ekki rétt til náms á öllum brautum framhaldsskóla við lok grunnskóla verða þeim tryggð önnur tækifæri til að afla sér þeirra réttinda sem þeir falast eftir, annaðhvort með prófi eða á annan hátt. Sveigjanleiki í námi og réttindi sem nám veitir haldast óhjákvæmilega í hendur.

— Ákvæði framhaldsskólalaga um að sett skuli sérstök inntökuskilyrði inn á námsbrautir framhaldsskólans auðveldar framkvæmd þessarar stefnu. Ákvæðið felur í sér að nemendur geta aflað sér mismunandi réttinda til framhaldsnáms við lok grunnskóla og einnig er hægt að gera meiri undirbúningskröfur í einstökum greinum inn á einstakar námsbrautir. Þannig mætti hugsa sér að gerð yrði krafa um hærri einkunn en nú er gert í stærðfræði og eðlisfræði til að innritast á náttúrufræðabraut og í rafeindavirkjun, svo dæmi séu tekin, en einhverjar aðrar einkunnir gætu verið undir þeirri meðaleinkunn sem krafist yrði. Nemandi gæti þannig aflað sér réttinda til að hefja nám á einni bóknámsbraut en ekki annarri. Í boði verða einnig námsbrautir sem gera ekki kröfur um lágmarkseinkunnir á samræmdum prófum.

— Nemendur geta í auknum mæli valið á milli framhaldsskóla en eru ekki lengur eins bundnir við að fara í þann skóla sem næst þeim er. Litið er á landið sem einn námsmarkað og er fjarkennsla mikilvægt atriði í því sambandi.

— Eftir því sem fjölbreytni náms á háskólastigi eykst verður mönnum ljósara að ein námsbraut getur ekki veitt fullnægjandi undirbúning undir allt nám á háskólastigi til viðbótar almennum námsþáttum þessara brauta. Háskólar, bæði innlendir og erlendir, gera sérstakar kröfur um undirbúning úr framhaldsskóla til inngöngu á einstakar brautir. Einsleitt stúdentspróf bindur einnig um of getu framhaldsskólans til að veita nemendum menntun í samræmi við áhuga og framtíðaráform þeirra. Hér gildir því sama hugsun og reifuð er hér að framan í tengslum við samræmd próf í lok grunnskóla. Samræmd stúdentspróf verða valfrjáls en gert er ráð fyrir að tiltekin samræmd stúdentspróf verði hluti af inntökuskilyrðum einstakra námsbrauta á háskólastigi.

— Lög um framhaldsskóla frá árinu 1996 gera ráð fyrir auknum sveigjanleika í starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Stefnt er að því að fjölga starfsmenntabrautum, bæði á sviði greina sem nú flokkast undir löggiltar iðngreinar og einnig á öðrum starfssviðum. Eftir því sem við verður komið verður starfsnám þrepaskipt þannig að nemendur geta lokið vel skilgreindum áföngum eins og þekkt er bæði úr stýrimanna- og vélstjórnarnámi. Þessum markmiðum verður ekki náð án náins samstarfs við aðila vinnumarkaðarins. Áhersla er lögð á skýr markmið og markvisst nám, bæði í bóklegum hluta námsins sem og þeim verklega. Þá er gert ráð fyrir mislöngu viðbótarnámi fyrir þá nem-

endur sem útskrifast hafa af starfsmenntabraut en vilja afla sér réttinda til háskólanáms. Í einhverjum tilvikum eiga nemendur kost á tilteknu háskólanámi án sérstaks viðbótarnáms. Námsframboð í öldungadeildum verður aukið, einkum á sviði starfsnáms. Áfram er gert ráð fyrir að námsframboð stýrist af eftirspurn.

— Nýjungar í upplýsingatækni skapa nýjar forsendur fyrir kennslu, ekki síst fjarkennslu. Fjarkennsla rýfur ekki aðeins landfræðilega einangrun heldur gefur hún kost á sveigjanleika í menntun sem erfitt er að koma við í hefðbundnu skólastarfi. Fjarkennsla eykur möguleika dreifbýlisins til að bjóða upp á sérhæfða námsáfanga og gerir skólakerfinu í heild kleift að nýta sér aðgang að þekkingu í öðrum löndum á markvissari hátt. Mikilvæg forsenda þess að fjarkennsla þróist sem raunverulegur valkostur í námi er að námskrár séu það skýrar að ekki fari milli mála til hvers er ætlast af nemendum. Í endurskoðuðum námskrám verða námskröfur settar fram á skýran og ótvíræðan hátt þannig að unnt sé að verða við þeim með fjarkennslu þegar hún hentar. Einnig þarf að huga að samvinnu skóla í þeim tilgangi að samnýta betur námsframboð í landinu. Þetta þýðir að litið verður á námstilboð framhaldsskólans sem eina heild og að nemendur í einum skóla geti lagt stund á nám í öðrum skóla ef henta þykir.
— Aukinn sveigjanleiki skilar sér einnig í breyttri framsetningu námskrárinnar. Á grunnskólastigi er gert ráð fyrir að námskráin bindi um 85% af þeim kennslutíma sem tilgreindur er í viðmiðunarstundaskrá. Sveitarfélög, eða skólar í umboði þeirra, geta ráðstafað þeim 15% kennslutíma sem eftir er, annaðhvort til að auka kennslutíma í þeim námsgreinum sem taldar eru upp í viðmiðunarstundaskrá eða til þess að taka upp ný viðfangsefni. Með þessu hafa sveitarfélög og skólar mikilvægt sjálfstæði í ráðstöfun umtalsverðs hluta kennslutímans.
— Af þessum 85% verður 37% kennslutímans varið í svonefndar kjarnagreinar, þ.e. íslensku og stærðfræði. Með því að gefa þessum tveimur greinum svo mikið vægi er lagður traustur grunnur í námi og starfi allra nemenda. Í næsta kafla eru drög að viðmiðunarstundaskrá þar sem fekari skipting bundins kennslutíma á greinar og greinaflokka kemur fram.
— Styttri starfsnámsbrautum, þ.e. eins og tveggja ára brautum, verður fjölgað til að koma til móts við þarfir atvinnulífisins og margbreytilegs nemendahóps. Framhaldsskólar vinna að þróun og uppbyggingu styttri námsbrauta í samráði við starfsgreinaráð. Í námskrá verða settar fram verklagsreglur um það hvernig staðið verður að viðurkenningu á slíkum námsbrautum. Tengsl atvinnulífs og skóla aukast með fjölgun starfsnámsbrauta og þátttöku atvinnulífsins í mótun námskrafna.
— Ein mikilvæg forsenda þess að skólar geti unnið markvisst að markmiðum námskrárinnar og í samræmi við nýja skólastefnu er virk gæðastjórnun innan hvers skóla. Skýr markmið og mat á þeim leiðum sem skólinn velur að fara í stjórnun og kennslu eru mikilvægir þættir í gæðastjórnun hvers skóla. Það eru einkum fjögur tæki sem skólar hafa yfir að ráða í þessu tilliti: aðalnámskrá, skólanámskrá, námsmat og sjálfsmatskerfi.
— Í sömu andrá ber að nefna foreldraráðin en þau eru nýr vettvangur sem grunnskólar hafa til að kynna áform sín og fá viðbrögð foreldra við þeim. Brýnt er að foreldrar fái góðar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skóla, t.d. skólanámskrá sem hverjum skóla ber að gera. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf þarf að vera á milli foreldra og starfsfólks skóla svo og gagnkvæmt traust. Fjölskylda, skóli og nánasta umhverfi eru sterkustu áhrifavaldar í mótun einstaklingsins, þar vegur ábyrgð foreldranna þyngst. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með skólagöngu barna sinna og stuðli þannig að jákvæðri afstöðu til menntunar. Kynna þarf foreldrum rétt þeirra og

skyldur gagnvart skólagöngu barna sinna. Foreldrar þrufa í auknum mæli að taka virkan þátt í námi barna sinna.

— Í nýjum aðalnámskrám er lögð megináhersla á að námsmarkmið séu sett fram á skýran hátt þannig að hvorki kennarar, nemendur né foreldrar velkist í vafa um hvaða námskröfur eru gerðar til nemenda. Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið en það er hins vegar skólans að útfæra þau nánar, bæði með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám í skólanum sem og þeirra kennsluaðferða sem skólinn aðhyllist. Þessi nánari útfærsla skólans á aðalnámskrá er birt í skólanámskrá hvers skóla. Í skólanámskrá útfærir skólinn nánar ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár og birtir þær verklagsreglur sem í gildi eru í skólanum. Þar kemur fram hvernig skólinn skipuleggur kennsluna, hvaða kennsluaðferðum er beitt og hvernig staðið er að námsmati. Í skólanámskrá koma einnig fram þær samskipta- og siðareglur sem gilda í skólanum og hvernig tekið er á málum sem upp koma. Þetta á bæði við um samskipti innan skóla og samskipti milli skóla og foreldra.

— Námsmat er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Markmiðin lýsa kröfunum, kennslan vísar veginn og námsmatið á að leiða í ljós hvort eða að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Vandað og traust námsmat er mikilvægt og nota ber niðurstöðu þess á skipulegan hátt til að bæta nám og kennslu. Hverjum grunnskóla ber að skýra rækilega í skólanámskrá hvernig námsmati er háttað í skólanum, hvaða einkunnaskali eða umsagnarkerfi er notað og hvaða upplýsingar námsmatið gefur gagnvart markmiðum námskrárinnar.

— Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk eru einnig hluti af námsmatinu. Þau gegna fyrst og fremst því hlutverki að gefa nemendum upplýsingar um stöðu sína og framfarir en jafnframt gefa þau skólum og foreldrum kost á að fylgjast með námsárangri nemenda á skipulegan hátt og bera sig saman við aðra skóla. Niðurstöður samræmdra prófa eiga að nýtast nemendum, kennurum og fræðsluyfirvöldum til að bæta skólastarfið og eru því liður í mati á skólastarfi og gæðastjórnun. Samræmd próf í lok 10. bekkjar gegna auk þess því mikilvæga hlutverki að skera úr um rétt nemenda til tiltekins framhaldsnáms.

— Samkvæmt lögum er öllum skólum gert að taka upp formlegt sjálfsmat. Tilgangur sjálfsmatsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í hverjum skóla. Skólum er frjálst að innleiða þær sjálfsmatsaðferðir sem þeir telja henta starfseminni, svo fremi sem um viðurkenndar sjálfsmatsaðferðir er að ræða. Gerð er sú krafa til sjálfsmats að það sé formlegt, að fyrir liggi lýsing á aðferðinni, að matið sé altækt, þ.e. nái til allra þátta skólastarfsins, og að það sé byggt á markvissri upplýsingaöflun um skólahaldið.

— Auk þeirrar gæðastýringar sem fram fer innan hvers skóla stendur ráðuneytið fyrir reglulegu eftirliti með skólahaldi í landinu. Í fyrsta lagi safnar menntamálaráðuneytið og dreifir tölfræðilegum upplýsingum um skólahald, þar á meðal upplýsingum um niðurstöður samræmdra prófa, fjölda kennara og nemenda og fjölda kennsludaga. Í öðru lagi stendur ráðuneytið fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti. Í þriðja lagi lætur ráðuneytið gera úttektir á tilteknum þáttum skólastarfs í þeim tilgangi að afla upplýsinga um framkvæmd menntastefnunnar.

II. ENN BETRI SKÓLI

Meginmarkmið endurskoðunar á námskrám er endurmat á inntaki kennslu sem boðið er í grunn- og framhaldsskólum landsins, námskröfum og skipan námsins. Í lögum um grunn- og framhaldsskóla eru ákvæði um námsskipan sem námskráin verður að taka mið af auk þess sem nýjar áherslur kalla á breytingar á námsskipan. Til að auðvelda lesandanum að átta sig

á þeirri námskrárstefnu sem hér er kynnt er uppbyggingu náms í grunn- og framhaldsskólum samkvæmt nýrri námskrá lýst hér á eftir.

Enn betri grunnskóli.

Fyrsti dagurinn í grunnskóla er stór stund fyrir alla. Þjóðfélagið hefur breyst mikið og skólaumhverfið er annað nú en í tíð foreldra grunnskólabarna. Virk þátttaka beggja kynja á vinnumarkaði er staðreynd. Með nýrri aðalnámskrá grunnskóla kemur skólinn til móts við breyttar aðstæður og tryggir nemendum þroskandi og öruggt umhverfi í einsetnum heilsdagsskóla. Á sama tíma aukast samskipti heimila og skóla enn frekar og mikilvægt er að samstarfið byggist á trausti og gagnkvæmri virðingu.

Í fyrsta sinn er aðalnámskrá grunnskóla löguð að 10 ára grunnskóla. Núgildandi námskrá miðast hins vegar við að skólaganga hefjist við 7 ára aldur og þar með 9 ára nám í grunnskóla. Í lok grunnskóla verða nemendur því komnir lengra í námi en núgildandi námskrá gerir ráð fyrir.

Í lögum um grunnskólann, sem tóku gildi á vordögum 1995, er að finna ákvæði um reglubundna lengingu skólaársins fram yfir næstu aldamót. Heildarkennslustundafjöldi er nú um 314 stundir á viku (samtals frá 1.–10. bekk) en skólaárið 2001–2002 verður heildarstundafjöldi orðinn 336 kennslustundir í viku. Skólastefna menntamálaráðuneytisins tekur mið af þessari lengingu. Stefna ráðuneytisins er sú að lenging kennslutíma segi fyrst til sín í yngstu bekkjum grunnskólans og er það meðal annars viðleitni til að mæta kröfum almennings um lengri skóladag yngstu barnanna en ber jafnframt vitni um þá vissu að unnt sé að auka kröfur um nám þegar frá upphafi skólagöngu.

Uppbygging, framsetning og lýsing á meginmarkmiðum nýrrar aðalnámskrár miðast við að flokkuð séu saman aldursstigin frá 1. til 4. bekkjar, frá 5. til 7. bekkjar og loks frá 8. til 10. bekkjar. Aðalnámskráin á að lýsa þeim kröfum sem eðlilegt er talið að gera megi til nemenda í lok þessara aldursskeiða.

Endurskoðun aðalnámskrár felur óhjákvæmilega í sér viðleitni til að móta skólastarf í ljósi nýrra áherslna, tækniframfara og þjóðfélagsbreytinga og liður í því er að taka ákvörðun um fjölda, inntak og hlutfallslega skiptingu námsgreina. Skv. 30. gr. grunnskólalaganna skal ákveða kjarnagreinar í aðalnámskrá. Með nýrri skólastefnu er ákveðið að kjarnagreinar í grunnskóla séu stærðfræði og íslenska, enda er hér um undirstöðunámsgreinar að ræða, og nauðsynlegt er að tryggja öllum nemendum tiltekna lágmarksmenntun í þeim greinum. Á meðal helstu nýmæla í nýrri aðalnámskrá grunnskóla er sú raunaukning sem verður á tíma sem varið er til kennslu í stærðfræði og lögð er áhersla á að stutt sé við íslenskukennsluna í öllum námsgreinum grunnskólans. Samtals verða um 37% bundins kennslutíma í grunnskólum varið til kennslu í íslensku og stærðfræði.

Ný aðalnámskrá bregst einnig við tækniframförum og tölvubyltingunni með því að koma á kennslu á svokölluðu upplýsinga- og tæknisviði, sem meðal annars felur í sér nám í tölvunotkun, upplýsingatækni, nýsköpun og tæknimennt. Tölvukunnáttu og tölvunotkun má nú telja mikilvæga forsendu fyrir árangri í námi og starfi. Af þeim sökum er komið til móts við þarfir nemenda í þessum efnum þegar á grunnskólaaldri þannig að tryggt verði að öllum nemendum gefist kostur á að öðlast lágmarksfærni í notkun og meðferð tölva, í gagnaöflun, í úrvinnslu og framsetningu upplýsinga en einnig þjálfun í ýmsum færniatriðum sem nútímavinnuhættir krefjast, svo sem í vélritun og ritvinnslu. Undir nýtt námssvið upplýsinga- og tæknimennta fellur einnig nýjung á sviði smíðakennslu, en með nýrri námskrá mun hefðbundin smíðakennsla tengd námi í tæknimennt og nýsköpun.

Með nýrri aðalnámskrá verður tekin upp kennsla í nýrri námsgrein, svokallaðri lífsleikni. Tilgangurinn með kennslu í hinni nýju grein er meðal annars að stuðla markvisst að alhliða þroska nemenda, auka færni þeirra í að takast á við síbreytilegt og flókið samfélag og sinna mikilvægum námsþáttum sem falla utan hefðbundinna kennslugreina. Sem dæmi um námsþætti má nefna neytendafræðslu, fjölskyldufræðslu, kynfræðslu, fjármálafræðslu, jafnréttis- og mannréttindafræðslu, fíkniefnaforvarnir og umferðarfræðslu.

Tvö hefðbundin námssvið fela í sér nýjar áherslur og nýja námsþætti. Í aðalnámskrá verður gert ráð fyrir að náttúrufræðinám samanstandi af kennslu á þremur meginsviðum, kennslu í lífvísindum, eðlis- og efnavísindum og jarðvísindum. Þá verður tími til náttúrufræðikennslu aukinn umtalsvert og greinin kennd með markvissari hætti allt frá upphafi skólagöngu.

Á sviði listkennslu verður einnig nokkur breyting. Með nýrri aðalnámskrá grunnskóla verður smíði ekki lengur talin til listgreina, heldur fellur hún undir námssvið upplýsinga- og tæknimennta og tekur við það á sig nokkuð nýja mynd, eins og fram hefur komið. Undir námssvið listkennslu falla því greinarnar myndmennt, hannyrðir og tónmennt, en jafnframt er í nýrri aðalnámskrá kveðið á um markmið annarra listgreina, svo sem dans og leikrænnar tjáningar.

Námssvið samfélagsgreina skiptist í sögu, landafræði og samþættar félagsgreinar en undir sviðið fellur einnig kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. Með nýrri aðalnámskrá hefst nám í samfélagsfræði í sex ára bekk og verður hún kennd sem samþætt námsgrein í 1.–4. bekk. Eftir það verður kennslunni skipt í einstakar greinar og þær kenndar sem slíkar frá 5. bekk og allt til loka 9. bekkjar. Í 10. bekk verður tekin upp nýr kennsluþáttur á þessu sviði í þjóðfélagsfræði. Þar á að veita nemendum heildstæða innsýn í íslenskt nútímasamfélag.

Kristinfræði verður áfram kennd sem sérstök námsgrein í grunnskóla. Fjöldi kennslustunda verður sami og verið hefur en inntak kennslunnar og áherslur taka nokkrum breytingum. Skólinn á að veita nemendum tækifæri til að þroska með sér skilning á trúarlegum þáttum mannlegs lífs og færni í að fást við trúarleg viðfangsefni og stuðla að því að þeir öðlist forsendur til að taka trúarlega afstöðu á grundvelli þekkingar og skilnings.

Talsverð breyting er fyrirhuguð á kennslu erlendra tungumála á grunnskólastigi. Með gildistöku nýrrar aðalnámskrár hefst enskukennsla í 5. bekk, eða við tíu ára aldur. Með þessari nýjung er sá tími sem varið er til enskukennslu aukinn um fjórðung frá því sem nú er og endurspeglar sú breyting mikilvægi góðrar tungumálakunnáttu í nútímasamfélagi sem og stöðu enskrar tungu sem alþjóðlegs tjáskiptamiðils. Upphafi dönskukennslu verður aftur á móti seinkað um eitt ár og mun hún hefjast í 7. bekk. Engin breyting verður þó á kennslumagni dönsku í grunnskóla. Nemendur fá jafnmargar stundir samtals í dönsku og áður en kennslan verður hins vegar á styttri tíma en áður, og þar af leiðandi þéttari. Danska mun því áfram skipa veglegan sess í skyldunámi íslenskra nemenda.

Heimilisfræði verður áfram kennd sem sérstök námsgrein í grunnskóla með sama kennslumagni og námsskipan og verið hefur.

Sama er unnt að segja um skólaíþróttir. Ekki verður um að ræða breytingar á kennslumagni eða námsskipan. Markmið og fagleg efnistök taka hins vegar allnokkrum breytingum eins og fram kemur síðar. Þá er í nýrri aðalnámskrá grunnskóla ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á sundkennslu íslenskra grunnskólanema.

Í grunnskólalögum er ákveðið hver skuli vera vikulegur kennslutími nemenda. Í viðmiðunarstundaskrá kemur fram sá kennslustundafjöldi á viku sem nemendur eiga bæði rétt á og

er skylt að sækja samkvæmt grunnskólalögunum þegar þau koma að fullu til framkvæmda. Vikustundum alls er skipt í bundnar stundir og val.

Grunnskólalögin kveða á um að í aðalnámskrá skuli tilgreina hlutfallslegt vægi milli námssviða og námsgreina. Ný aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að um 15% af heildarstundafjöldanum verði til frjálsrar ráðstöfunar skóla að meðaltali. Um 85% heildarstundafjöldans verða bundin samkvæmt nýrri aðalnámskrá og segir viðmiðunarstundaskráin til um hvernig bundnum stundum verður skipt á milli námssviða og námsgreina.

Valstundir eru til frjálsrar ráðstöfunar skóla. Þær má nota ýmist til að bæta við þá lágmarkskennslu sem bundnar stundir ákvarða á hverju námssviði eða námsgrein eða til að bjóða fram nám á öðrum sviðum.

Grunnskólalögin kveða á um að allt að þriðjungur námstíma í 9. og 10. bekk megi vera frjálst val nemenda. Í nýrri aðalnámskrá er tekin ákvörðun um að nýta þessa heimild og auka val í þessum bekkjum verulega frá því sem verið hefur. Fyrirhuguð aðalnámskrá grunnskóla bindur því einungis um 70% vikustunda í viðmiðunarstundaskrá þessara bekkja en allt að 30% tímans verða val nemenda.

Tafla 1.

Tillaga að viðmiðunarstundaskrá. Vikustundir árið 2001.

Námssvið	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.	*
Íslenska	6	6	6	6	5	5	5	5	5	5	19
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	18
Samfélagsgreinar	3	3	3	3	4	4	3	3	2	2	11
Náttúrufræði	2	2	2	2	3	3	2	2	3	3	8
Enska					2	2	2	3	3	4	6
Danska							3	3	4	4	5
Upplýsinga- og tæknimennt	2	2	2	2	2	2	2	2			6
Listir	4	4	4	4	4	4	4	4			11
Heimilisfræði	1	1	1	1	2	2	2	2			4
Lífsleikni				1	1	1	1	1	1	1	2
Skólaíþróttir	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	10
Bundnar stundir	**26**	**26**	**26**	**27**	**31**	**31**	**32**	**33**	**26**	**27**	**100**
Val	4	4	4	3	4	4	3	4	11	10	
Vikustundir alls	**30**	**30**	**30**	**30**	**35**	**35**	**35**	**37**	**37**	**37**	

* % af bundnum stundum.

Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Með þessu vinnst einkum þrennt. Í fyrsta lagi er ekki horfið frá sjónarmiðum um nauðsyn almennrar menntunar á grunnskólastigi, sbr. ákvörðun um kjarnagreinar og viðmiðunarstundaskrá. Í annan stað er nemendum gefinn kostur á að velja frekar tiltekin greinasvið eftir áhuga eða fyrirætlunum um framhaldsnám. Í þriðja lagi gefst nemendum kostur á að velja síður greinar eða námssvið sem ekki höfða til þeirra eða minni þörf er á miðað við framtíðaráform.

Inntak valnáms í 9. og 10. bekk má fella í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi verður um að ræða val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Í öðru lagi verður boðið upp á val sem miðar að skipulegum undirbúningi undir starfsmenntun, list- eða tækninám. Í þriðja lagi geta nemendur valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra eða stuðla að lífsfyllingu.

Í þessari skipan felast umtalsverð nýmæli, einkum í þeim efnum er að neðan greinir:

— Hlutur valnáms verður að minnsta kosti tvöfaldaður í grunnskóla með því að taka það markvisst upp í 9. bekk í stað einungis 10. bekkjar eins og nú er raunin.
— Ætlast er til að nemendur sýni meiri ábyrgð með vali sínu og taki ákvörðun um það í lok 8. bekkjar hið síðasta í samráði við foreldra sína, kennara og námsráðgjafa.
— Nemendur hafa mun öflugri hvata til að kynna sér námsleiðir að loknum grunnskóla og búa sig skipulega undir tiltekið nám.
— Aukið valfrelsi opnar möguleika fyrir grunnskólanemendur að ljúka námi sínu fyrr eða nýta tímann betur til náms og undirbúnings. Þannig gefur þessi skipan kost á að nemendur geti lokið grunnskólanámi upp úr 9. bekk en einnig að þeir geti nýtt tíma sinn betur, lært meira og þar með komið betur undirbúnir til náms á framhaldsskólastigi eftir lok 10. bekkjar.
— Valfrelsi eykur líkur á námshvatningu. Nemendum gefst kostur á að velja meira nám á áhugasviðum sínum, þeir geta einbeitt sér að greinum eða viðfangsefnum sem þeir eru sterkir í eða kosið aukanám á sviðum þar sem hallar undan fæti.
— Með þessari skipan er einnig komið til móts við áhuga og getu mjög duglegra nemenda, sem geta nýtt tíma sinn í grunnskóla betur en áður.

Í nýrri aðalnámskrá er litið svo á að í hugtakinu skyldunám þurfi ekki nauðsynlega að felast námkvæmlega sama nám fyrir alla, heldur geti mismunandi blæbrigði og námsleiðir verið jafngildar, enda er það skylda menntayfirvalda að hlúa að einstaklingnum og veita hverjum og einum menntun og viðfangsefni við hæfi.

Í lögum um framhaldsskóla segir að allir nemendur sem lokið hafa grunnskólanámi skuli eiga kost á námi í framhaldsskóla. Lögin gera einnig ráð fyrir því að skilgreindar verði lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum námsgreinum og starfsþjálfun. Inntökuskilyrði á einstakar brautir geta því verið mismunandi og mótast af áherslum og sérhæfingu hverrar brautar. Af þessu leiðir að árangur nemenda við lok grunnskóla, hvort sem hann er mældur með samræmdum prófum eða skólaprófum, skiptir meira máli en áður og einnig að góður árangur á tilteknum sviðum eykur líkur á inngöngu og farsælu námi á tiltekinni námsbraut í framhaldsskóla. Aukið valnám í 9. og 10. bekk fellur vel að þessum ákvæðum framhaldsskólalaga. Það gefur nemendum m.a. kost á að undirbúa sig skipulega undir tiltekið framhaldsnám.

Í ljósi þessa fær sá tilgangur samræmdra prófa í 10. bekk grunnskóla að gefa nemendum vísbendingar um val á framhaldsnámi aukið vægi. Prófin eiga að þjóna markmiðum aðalnámskrár. Mismunandi inntökuskilyrði inn á brautir framhaldsskóla krefjast þess að litið sé á prófin fremur sem rétt nemenda en skyldu. Í lok 10. bekkjar verða framvegis sex samræmd próf, þ.e. í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræðum og náttúrufræði. Prófunum verður þannig fjölgað um tvö en ekki hefur verið ákveðið hvort einhver þeirra verði skylda eða hvort þau verði öll valfrjáls. Til greina kom að hafa samræmd próf í verk- og listgreinum en ákveðið var að gera það ekki vegna þess að örðugt getur reynst að prófa samræmt úr greinum af því tagi. Á hinn bóginn er svigrúm nemenda í 9. og 10. bekk vel til þess fallið að auka veg þessara greina og búa nemendur markvisst undir framhaldsnám á þessum sviðum.

Mikill stuðningur hefur komið fram við þá hugmynd að nemendur hafi val um hvort og þá hvaða samræmd próf þeir taka, meðal annars frá fulltrúum kennara, skólastjórnenda, foreldra og öðrum hagsmunaaðilum.

Námslok í grunnskóla verða sveigjanleg því að afburðanemendum verður gefinn kostur á að ljúka grunnskólanámi ári fyrr en nú er. Litið er á samræmd próf í 10. bekk sem tækifæri til að afla sér réttinda til tiltekins framhaldsnáms og því eðlilegt að líta svo á að framúrskarandi nemendur í 9. bekk eigi að fá tækifæri til að sanna getu sína og afla sér réttinda til framhaldsnáms.

Með því fyrirkomulagi sem hér er lýst er ekki verið að þrengja kost nemenda frá því sem nú er. Þvert á móti er verið að auka sveigjanleika á mörkum grunn- og framhaldsskóla, laga prófakerfið að valfrelsi nemenda og draga úr því óréttlæti sem margir telja fylgja því að skylda alla nemendur til að gangast undir öll samræmdu prófin í 10. bekk án tillits til forsendna eða framtíðaráforma.

Enn betri framhaldsskóli.

Allir nemendur sem lokið hafa grunnskólanámi geta hafið nám í framhaldsskóla. Einstaklingar sem eru að hefja framhaldsskólanám eru ólíkir hvað snertir undirbúning, þroska, áhugamál og námsgetu. Töluvert skortir á að menntakerfið taki mið af ólíkum þörfum nemenda með viðhlítandi hætti og að námsleiðir séu hæfilega fjölbreyttar.

Með nýrri aðalnámskrá er leitast við að tryggja að hver einstaklingur geti fundið nám við hæfi innan framhaldsskólans og að námshraði miðist að nokkru við eigin getu. Afkastamiklir nemendur geta hraðað náminu en þeir sem standa illa að vígi fá aukna aðstoð. Námið verður samfelldara, markvissara og sérhæfðara en áður.

Með því að auka hlut sérgreina og kjörsviðs verður sérnám hærra hlutfall af námi til lokaprófs. Nemendur hljóta þó áfram haldgóða almenna menntun í íslensku, erlendum tungumálum og hagnýtingu upplýsingatækni í öllum greinum. Vonast er til að þessi áhersla geti dregið úr brottfalli nemenda sem er of mikið þótt það hafi minnkað á undanförnum árum.

Þekking sem aflað hefur verið utan hins hefðbundna menntakerfis verður í auknum mæli metin til náms á framhaldsskólastigi. Þetta er til dæmis gert með fjölgun stöðuprófa og almennum rétti nemenda til að þreyta þau. Þannig gefst nemendum kostur á að sanna hæfni sína í einstökum greinum og flýta fyrir sér í námi ef þeir standast kröfur.

Upplýsingastreymi til foreldra unglinga verður aukið og samskipti heimila og framhaldsskóla treyst, meðal annars með útgáfu skólanámskráa þar sem á þessu verður tekið. Minnt er á hækkun sjálfræðisaldurs nemenda í 18 ár í þessu sambandi.

Nemendur geta í auknum mæli valið á milli framhaldsskóla en verður ekki lengur eins bundnir við að fara í þann skóla sem næst þeim er. Litið verður á landið sem einn námsmarkað og er fjarkennsla mikilvægt atriði í því sambandi. Aðgangur að framhaldsskólanámi með fjarkennslu verður aukinn með upplýsingatækni. Þannig verða hömlur á menntun vegna staðbundinnar einangrunar brotnar niður.

Tengsl atvinnulífs og skóla aukast með fjölgun starfsnámsbrauta og þátttöku atvinnulífsins í mótun námskrafna.

Námsframboð í öldungadeildum verður aukið, einkum á sviði starfsnáms. Áfram verður gert ráð fyrir að framboð stýrist af eftirspurn.

Kröfur til framhaldsskóla hafa breyst á síðustu árum. Aðsókn hefur aukist og lætur nú nærri að um 90% árgangs haldi áfram námi strax að loknum grunnskóla. Á sama tíma hafa atvinnu- og þjóðfélagshættir breyst og alþjóðleg samskipti aukast stöðugt, en það kemur til með að hafa áhrif á námsframboð og starfshætti skóla. Framhaldsskólanemendur eru ólíkir

hvað varðar undirbúning, þroska, áhugamál og námsgetu og töluvert hefur skort á að skólarnir hafi sinnt margvíslegum þörfum þeirra á viðhlítandi hátt. Því þarf að endurskoða uppbyggingu og skipulag náms á framhaldsskólastigi með það markmið að leiðarljósi að nemendum standi til boða fjölbreytt úrval ólíkra námsleiða.

Námi á framhaldsskólastigi má skipta í þrjá meginflokka, þ.e. bóknám sem lýkur með stúdentsprófi, starfsnám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa svo og nám sem ekki fellur undir þessa tvo flokka. Framhaldsskólar skipuleggja starfsemi sína á grundvelli áfangakerfis en skólum er heimilt að starfa eftir bekkjarkerfi ef þeir telja það hagkvæmara. Þeir starfa þó samkvæmt sömu námskrá og aðrir skólar.

Námið er skipulagt eftir námsbrautum. Þær eru mislangar og verða skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Brautirnar verða einnig mismunandi hvað varðar inntak og námsskipan og gera ólíkar kröfur til nemenda bæði hvað varðar hæfni og undirbúning til náms. Sumar gera kröfur um að nemendur geti auðveldlega tileinkað sér fræðilegt nám en aðrar gera kröfur um hæfni til að fást við verkleg viðfangsefni.

Kröfur um undirbúning nemenda úr grunnskóla hafa nær eingöngu miðast við árangur í bóklegum greinum, þ.e. íslensku, erlendum tungumálum og stærðfræði, enda er stærstur hluti náms sem völ hefur verið á í framhaldsskóla fólginn í fræðilegu námi sem að mestu leyti er sett fram á óhlutlægan hátt. Sett verða inntökuskilyrði fyrir námsbrautir framhaldsskóla og þannig reynt að tryggja að nemandi hafi öðlast nægjanlegan undirbúning til að takast á við það nám sem hann innritast í. Inntökuskilyrði miðast við einkunnir á samræmdum prófum og skólaeinkunnir við lok grunnskóla. Meðal annars verður miðað við að nemendur hafi náð góðum árangri í þeim greinum sem hafa mest vægi á viðkomandi námsbraut. Markmiðið með inntökuskilyrðum er að gera nám á ýmsum námsbrautum markvissara með tilliti til lokamarkmiðs námsins og viðkomandi nemendahóps en einnig að stemma stigu við brottfalli nemenda.

Bóknám.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, verða bóknámsbrautir sem veita undirbúning til náms á háskólastigi þrjár í stað 13 í núgildandi námskrá. Þessar brautir eru tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut og lýkur þeim með stúdentsprófi. Í tilraunaskyni verður sett á fót upplýsinga- og tæknibraut. Þar verður lögð áhersla á fræðilegt tæknínám sem ætlað er að búa nemendur undir háskólanám í verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði og kerfisfræði eða til starfa á vinnumarkaði. Með samsetningu valgreina er brautin einnig góður undirbúningur fyrir háskólanám á öðrum sviðum. Auk listnáms verður skilgreind listnámsbraut sem veitir undirbúning til frekara náms í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir aukinni sérhæfingu á bóknámsbrautum miðað við það sem nú er. Þetta er í samræmi við ákvæði laga þess efnis að innihald og uppbygging náms skuli taka mið af lokatakmarki námsins og er tilgangurinn að gefa nemendum kost á að afla sér traustrar þekkingar og leikni á því námssviði sem áhugi og hæfileikar viðkomandi liggja.

Framhaldsskólanám byggist á fjölbreytilegum námsleiðum sem gera nemendum kleift að velja nám við hæfi og miða áfram að settu marki án þess að útiloka aðra möguleika. Í því sambandi má til dæmis nefna að nemandi getur hafið nám á starfsnámsbraut en flutt sig yfir á bóknámsbraut vilji hann ljúka stúdentsprófi.

Að hluta verður nám í brautarkjarna sameiginlegt á öllum bóknámsbrautum, svo sem áfangar í íslensku og erlendum tungumálum. Þó verður ekki gert ráð fyrir að nemendur á

ólíkum námsbrautum leggi stund á sameiginlegt nám mikið lengur en í eitt ár að undanskildu námi í erlendum tungumálum. Að öðru leyti leggja nemendur stund á nám í sérgreinum á viðkomandi braut, á kjörsviði eða í frjálsu vali.

Hér á eftir fer tillaga að skiptingu greina og greinaflokka á bóknámsbrautum.

Tafla 2. *Tillaga að skiptingu greina og greinaflokka á bóknámsbrautum.*

	Málabraut	Félagsfræðabraut	Náttúrufræðabraut
Námshluti	**Ein.**	**Ein.**	**Ein.**
Brautarkjarni	**95**	**95**	**95**
Íslenska	15	15	15
Erlend tungumál	48	30	27
Samfélagsgreinar	9	27	9
Náttúrufræðigreinar	6	6	18
Stærðfræði	6	6	15
Íþróttir	8	8	8
Lífsleikni	3	3	3
Kjörsvið	**33**	**33**	**33**
Frjálst val	**12**	**12**	**12**
Einingar alls	**140**	**140**	**140**

Hver braut skiptist í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val nemenda.

Brautarkjarni er skyldunám hverrar brautar fyrir sig og verður um 68% heildarnáms. Í brautarkjarna eru sérgreinar brautarinnar ásamt námsgreinum sem stuðla að almennri menntun nemenda. Námsgreinar og námsþættir í brautarkjarna geta verið mismunandi eftir brautum og áherslur ólíkar, hagnýtar og fræðilegar, eftir því hvert lokamarkmið brautarinnar er. Samkvæmt þeim tillögum sem hér eru kynntar verður dregið úr umfangi stærðfræði og náttúrufræðigreina á tungumálabraut og félagsfræðabraut miðað við gildandi námskrá. Er þetta gert til þess að nemendur þessara brauta geti betur helgað sig þeim greinum sem þeir hafa sérstakan áhuga á. Á móti kemur að gert er ráð fyrir sérstöku 6 eininga heildstæðu en þverfaglegu náttúrufræðinámi á öllum bóknámsbrautum. Námið hefur þann megintilgang að veita nemendum almennt vísinda- og tæknilæsi sem nýtist bæði þeim sem halda áfram námi á náttúrufræðasviði og hinum sem ekki leggja fyrir sig frekara nám á þessu sviði. Sams konar heildstætt en þverfaglegt 6 eininga nám á sviði félagsvísinda verður einnig skyldunám á öllum bóknámsbrautum að viðbættum 3 einingum í sögu.

Í brautarkjarna eru einnig námsþættir sem hafa þann sérstaka tilgang að undirbúa nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi með því að dýpka skilning þeirra á samfélaginu, svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, menningu, náttúru, fjölskylduábyrgð, heilbrigðum og hollum lífsháttum og einstaklingsskyldum og -rétti. Þessi hluti námsins nefnist lífsleikni. Að sjálfsögðu hafa allar aðrar námsgreinar einnig þetta hlutverk en reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að taka frá sérstakan tíma í stundaskrá til að sinna tilteknum þáttum sem oft vilja falla milli annarra greina.

Ljúki nemandi námi á skemmri tíma en fjórum árum fækkar einingum fyrir íþróttir sem styttingunni nemur. Gert er ráð fyrir að nemendur sem vegna fötlunar geta ekki lagt stund á hefðbundnar skólaíþróttir fái einhverja líkamsrækt sem samrýmist fötlun þeirra. Nemandi sem ekki getur lagt stund á íþróttir og fær ekki notið líkamsræktar af neinu tagi getur lokið námi með 132 einingum alls.

Kjörsvið brautar felur í sér sérhæfingu á sviði brautarinnar, annaðhvort með tilliti til starfa eða sérhæfingar innan fræðasviðs. Starfsnám eða viðurkennt listnám má meta inn á kjörsvið á bóknámsbrautum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Kjörsvið er um 24% af heildarnáminu. Fjöldi kjörsviða á námsbraut getur verið breytilegur. Á félagsfræðabraut er lagt til að kjörsviðin verði þrjú: sögu- og félagsfræðisvið, hagfræði- og tölfræðisvið og sálfræði- og uppeldisfræðisvið. Á náttúrufræðabraut er gert ráð fyrir eftirtöldum kjörsviðum: eðlis- og efnafræðisviði, lífvísindasviði, jarðvísindasviði og stærðfræðisviði. Á tungumálabraut kemur til greina að skilgreina kjörsviðið sem dýpkun í tveimur eða fleiri tungumálum í stað þess að skilgreina ákveðnar línur, svo sem fornmálasvið og nýmálasvið.

Gert er ráð fyrir að 24 einingar af 33 á kjörsviði verði bundar sérgreinum viðkomandi námslínu en mögulegt sé að nýta 9 einingar til náms í öðrum sérgreinum brautarinnar. Þannig getur nemandi á sögu- og félagsfræðisviði félagsfræðabrautar lagt stund á 9 eininga nám af öðru kjörsviði brautarinnar. Þessar 9 einingar getur nemandinn einnig notað til að fá metið heildstætt starfs- eða listnám til styttingar námstíma sínum. Með því að nýta frjálsa valnámið í sama tilgangi getur nemandinn fengið alls 21 einingu metna á þennan hátt til styttingar á námstíma sínum til stúdentsprófs.

Frjálst val gefur nemanda möguleika á að kynna sér greinar sem ekki tilheyra því námssviði sem hann hefur valið sér. Einnig getur nemandi notað frjálst val til að bæta við kjörsvið sitt. Bjóði viðkomandi skóli ekki upp á þær greinar sem nemandi óskar sérstaklega að taka er sá möguleiki fyrir hendi að taka þær við annan skóla, t.d. í fjarnámi. Frjást val er u.þ.b. 8% af heildarnámi.

Listnámsbraut er skilgreind sem þriggja ára námsbraut og veitir hún undirbúning að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Áhersla verður lögð á þrjár listgreinar: hönnun, myndlist og tónlist. Hver þessara greina getur verið uppistaða í kjörsviði eða boðin fram sem valgrein.

Hér á eftir fer tillaga að skipan náms á brautinni.

Tafla 3. *Tillaga að skiptingu greina og greinaflokka á listnámsbraut.*

Námshluti	**Ein.**
Brautarkjarni	**63**
Íslenska	9
Erlend tungumál	12
Samfélagsgreinar	6
Náttúrufræði	3
Stærðfræði	3
Listgreinar	21
Íþróttir	6
Lífsleikni	3
Kjörsvið	**33**
Frjálst val	**9**
Einingar alls	**105**

Á kjörsviði geta nemendur valið milli ólíkra listgreina, sbr. það sem áður er sagt. Þetta nám, sem skilgreint verður í námskrá, fer annaðhvort fram í viðkomandi framhaldsskóla eða í viðurkenndum listaskóla. Nemendur sem þess óska geta bætt við sig námi í bóklegum greinum og aflað sér almennari réttinda til náms á háskólastigi.

Gert er ráð fyrir að skólaárið 2001–2002 verði í fyrsta sinn efnt til samræmdra stúdentsprófa í íslensku, stærðfræði og ensku. Með nýrri námskrá hafa nemendur val um það hvort þeir þreyta prófin eða ekki en gera má ráð fyrir að háskólar geri töku þeirra að skilyrði fyrir innritun nemenda.

Starfsnám.

Starfsnám er mjög fjölbreytt bæði hvað varðar inntak og námslengd. Námið er bæði verklegt og bóklegt og er hlutfallið milli þessara tveggja þátta breytilegt. Sumt starfsnám tekur aðeins eina önn en annað fjögur ár og jafnvel lengri tíma. Starfsnám á framhaldsskólastigi hefur til þessa aðallega verið í starfsgreinum sem njóta lögverndunar. Þetta gildir t.d. um nám á heilbrigðissviði og iðnnám. Námið fer yfirleitt bæði fram í skóla og á vinnustað. Í lögum er kveðið á um að nemendur á starfsnámsbrautum skuli eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Unnið verður að því að auka framboð náms á þessu sviði þannig að það nái enn frekar til starfa sem ekki eru lögvernduð. Samkvæmt lögum eiga starfsgreinaráð að gera tillögur um námsskipan og námskrá á viðkomandi námssviði. Í samræmi við ákvæði framhaldsskólalaga um að innihald og uppbygging náms skuli taka mið af lokamarkmiðum námsins verða áfangar í almennum greinum ekki þeir sömu og á bóknámsbrautum. Nemendur geta þó tekið hliðstæða áfanga með nemendum á þessum brautum ef viðkomandi skóli mælir með því.

Margt starfsnám er þannig að það veitir nægilegan undirbúning til framhaldsnáms á viðkomandi sviði í sérskólum, tækniskólum eða skólum á háskólastigi. Möguleikar til slíks náms verða skilgreindir í námskrá. Nemendur í starfsnámi sem ekki gefur þessa möguleika til áframhaldandi náms munu eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi í sérskólum, tækniskólum eða skólum á háskólastigi.

Skilgreining starfsnáms í námskrá verður þríþætt. Í fyrsta lagi verður skilgreint bóklegt fagnám og í öðru lagi verklegt fagnám. Í þriðja lagi verða gerðar kröfur um tiltekið almennt bóknám og/eða starfsreynslu. Starfsgreinaráð gera tillögur um tvo fyrrnefndu þættina og um umfang og tilhögun starfsreynslu.

Starfsnám er ákaflega fjölbreytt og mismunandi að uppbyggingu og inntaki. Það er álitamál að hve miklu leyti hugtökin brautarkjarni og kjörsvið eiga við þegar starfsnám er annars vegar. Umfang fagnáms er mjög breytilegt bæði hvað varðar bóklegt og verklegt nám og því er erfiðleikum bundið að setja fram tillögur um ramma fyrir starfsnám þar sem hlutföll einstakra þátta eru bundin. Ráðuneytið mun því ákveða umfang starfsnáms og skipulag að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi starfsgreinaráðum áður en eiginleg námskrárgerð hefst.

Starfsgreinaráð gera tillögur um skipan náms á kjörsviði. Þessar tillögur taka meðal annars til umfangs námsins og hlutfalls milli bóklegs og verklegs náms svo og starfsþjálfunar. Þau gera einnig tillögur um nám í almennum bóklegum greinum til viðbótar námi í brautarkjarna ef það er nauðsynlegt vegna náms í sérgreinum eða með tilliti til lokamarkmiðs námsins. Skipting náms í grunndeild og framhaldsdeild fer eftir tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs.

Hér á eftir má sjá dæmi um uppbyggingu starfsnáms. Gert er ráð fyrir að nám í almennum bóklegum greinum að viðbættu frjálsu vali jafngildi eins árs námi.

Tafla 4.

Tillaga að skiptingu almennra námsgreina á lengri starfsnámsbrautum.

Námshluti	Ein.
Brautarkjarni	**24**
Íslenska	6
Erlend tungumál	6
Stærðfræði	4
Samfélagsgreinar/lífsleikni	6
Íþróttir	2
Kjörsvið	
Bóklegar faggreinar	*
Faggreinar	*
Starfsþjálfun	*
Frjálst val	**6**

Dæmi um skipulag styttra starfsnáms er sjávarútvegsbraut. Skipulag sjávarútvegsbrautar samkvæmt samþykktum tillögum um skipan námsins er þessi:

Tafla 5.

Skipting greina og greinaflokka á sjávarútvegsbraut.

Námshluti	Ein.
Brautarkjarni	**44**
Íslenska	6
Erlend tungumál	10
Raungreinar	9
Stærðfræði	9
Samfélagsgreinar/lífsleikni	6
Íþróttir	4
Kjörsvið	**20**
Sérgreinar sjávarútvegsbrautar	20
Frjálst val	**4**
Einingar alls	**68**

Nemandi sem lýkur þessu námi með fullnægjandi árangri getur innritast í skipstjórnar- og stýrimannanám sem tekur tvö ár. Ef hann ákveður að skipta um námsbraut fær hann þetta nám metið samkvæmt viðmiðunum sem settar verða fram í námskrá.

Þær greinar sem taldar eru í brautarkjarna geta nemendur tekið í hvaða skóla sem er svo framarlega sem skólinn hefur viðkomandi námsáfanga í boði. Þessar greinar verða einnig metnar sem hluti af námi á öðrum brautum þannig að nemendum nýtist námið að fullu enda þótt þeir haldi ekki áfram námi á sjávarútvegsbraut. Gert er ráð fyrir að kjörsviðsgreinar verði kenndar í tiltölulega fáum skólum þannig að nemendur úr öðrum skólum þurfi að flytja sig milli skóla til að ljúka náminu.

Til frekari skýringa er hér birt tafla fyrir sjúkraliðanám:

Tafla 6.

Skipting greina og greinaflokka í sjúkraliðanámi.

Námshluti	Ein.
Brautarkjarni	**49**
Almennar bóklegar greinar	40
Líffsleikni	3
Íþróttir	6
Kjörsvið	**71**
Sérgreinar	43
Verklegar greinar	12
Starfsþjálfun	16
Frjálst val	**5**
Einingar alls	**125**

Annað nám.

Almenn námsbraut er ætluð nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám. Brautin er einnig ætluð þeim sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi til að hefja nám á þeirri námsbraut sem þeir óska að stunda nám á. Markmið námsins er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum og jafnframt að gefa nemendum tækifæri til að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í starfsnámi eða bóklegum og verklegum greinum.

Tafla 7.

Tillaga að almennri námsbraut.

Námshluti	Ein.
Kjarnagreinar	**18**
Íslenska	4
Enska	4
Stærðfræði	4
Samfélagsgreinar/lífsleikni	6
Frjálst val	**17**
Alls	**35**

Nám í frjálsu vali ræðst af námsframboði viðkomandi skóla og vali nemanda að höfðu samráði við námsráðgjafa. Bóklegt nám getur verið viðbótarnám í kjarnagreinum eða nýjar greinar eftir því hverjar þarfir og framtíðaráform nemandans eru. Verklegt nám getur farið fram í skóla en getur einnig verið fólgið í námi og/eða starfsþjálfun á vinnustað.

Nemendur sem að loknu námi á almennri námsbraut hafa náð skilgreindum árangri í tilteknum greinum geta hafið nám á öðrum brautum framhaldsskóla og fengið námið metið sem hluta af námi á þeirri braut sem þeir innritast á. Hve mikill hluti námsins fæst metinn fer eftir því hvernig það nám sem þeir hafa lokið fellur að námi á þeirri braut sem þeir ætla að hefja nám á.

Nemendur sem ekki ná nægilega góðum árangri á grunnskólaprófi til að hefja nám á þeirri námsbraut í framhaldsskóla sem hugur þeirra stendur til og þurfa á sérstakri aðstoð að halda

í námi eiga kost á að stunda fornám við framhaldsskóla. Markmið þessa náms eru meðal annars:

— að undirbúa nemendur undir frekara nám og starf,
— að ráða bót á hindrunum sem staðið hafa í vegi fyrir eðlilegum framförum nemenda í skóla,
— að efla og styrkja sjálfstraust nemenda.

Tiltekinn árangur í fornámi getur opnað nemendum leið inn á aðrar brautir framhaldsskóla. Námið verður skilgreint frekar í námskrá.

Unnið er að því að skipuleggja námsbrautir fyrir fjölfatlaða og alvarlega þroskahefta í framhaldsskólum. Í fyrstu verður miðað við tveggja ára brautir. Til að koma til móts við nemendur sem ekki hafa forsendur til að hefja nám á hefðbundnum bók- og starfsnámsbrautum verða skipulagðar tveggja ára brautir. Um verður að ræða þrjár námslínur þar sem tekið verður mið af ólíkum forsendum nemenda:

— Nám sem er einkum ætlað nemendum sem hafa þrátt fyrir töluverða námsaðstoð í efstu bekkjum grunnskóla náð mjög slökum árangri eða fengið undanþágu frá námi eða prófum í einstökum greinum.
— Nám sem er einkum ætlað nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla og hafa fengið námsmat skv. 48. gr. grunnskólalaga. Gert er ráð fyrir að nemendur séu nokkuð vel læsir og skrifandi, hafi örugga stjórn handa og geti notað vélar og tæki án eftirlits.
— Nám sem er einkum ætlað nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild eða sérskóla og fengið námsmat skv. 48. gr. grunnskólalaga. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi náð nokkru valdi á frumatriðum í lestri og ritun.

III. GREINABUNDIN MARKMIÐ

Sérstakir forvinnuhópar gerðu tillögu til ráðherra um stefnumörkun á einstökum fagsviðum. Hér á eftir fara stuttir útdrættir úr tillögum hópanna aðlöguð stefnu menntamálaráðuneytisins. Nánari útfærslur á tillögum hópanna er að finna í skýrslum þeirra til verkefnisstjórnar.

3.1. Íslenska.

Móðurmálið einkennir stóran hluta menningararfsins. Því telst þekking á móðurmálinu, eðli þess, sögu og sérkennum nauðsynlegur þáttur í almennri menntun, auk þess sem gott vald á máli og auðugur orðaforði er einkenni menntaðra manna. Góð málþekking gefur og færi á því að beita málinu af listfengi og meta gott og vandað mál. Lestrarfærni er nauðsynleg til þess að menn geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi nútímans. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Um leið er færni í lestri og áhugi á lestri forsenda þess að menn njóti góðra bókmennta og nýti sér bóklestur til afþreyingar og skemmtunar. Lestur bókmennta er mikilvægur liður í almennri lestrarþjálfun. Lestur bókmennta stuðlar að auknum orðaforða og betra valdi á máli og getur einnig stuðlað að betri skilningi á manninum og eðli hans.

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi og skrifað margvíslegan texta og tjáð sig skriflega, bæði í námi, atvinnulífi og félagslífi. Þeir sem hafa gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðulist hafa góð tök á að miðla fræðslu- og menningarefni til annarra og njóta betur félagslegra samskipta og þess sem vel er gert á sviði ritaðs máls.

Móðurmál er í eðli sínu mjög flókin og margbrotin námsgrein. Í móðurmáli er (oftast) fjallað um þjóðtungu, tungumál sem gegnir mikilvægu hlutverki í því að efla þjóðernislega samkennd, ekki síst þegar um er að ræða fámenna þjóð eins og Íslendinga. Fjallað er um þau menningarlegu verðmæti sem felast í móðurmálinu og þeim bókmenntum sem hafa verið skrifaðar á því. Þar er fjallað er um málið sem félagslegt fyrirbæri þar sem meðal annars er nauðsynlegt til að átta sig á breytileika í máli, til dæmis eftir landshlutum eða kynslóðum, og temja sér ákveðið umburðarlyndi í þessum efnum. Þar er einnig verið er að fjalla um samskiptatæki eða miðil sem er notaður bæði í hagnýtu og listrænu skyni, til að tjá tilfinningar eða vekja þær, tjá skoðanir eða leita eftir þeim, miðla upplýsingum eða afla þeirra og svo framvegis. Loks er í móðurmáli verið að fjalla um eitt megineinkenni hvers einstaklings, mál hans, sem er hluti af honum og hann er tengdur tilfinningalegum böndum. Þessi margbreytileiki gleymist oft þegar rætt er um móðurmálið en í námskrá þarf að hafa alla þessa þætti í huga ef vel á að vera, og það þarf að sinna þeim öllum.

Það er mikilvægur þáttur í almennri menntun að kunna að hlusta og skoða af athygli og á gagnrýninn hátt. Nauðsynlegt er að geta numið þær upplýsingar sem miðlað er með ýmiss konar hljóð- og myndmiðlum samtímans og miðlað og metið þær af gagnrýni. Lestur á ýmiss konar myndrænu efni er því þáttur í lestrarkunnáttu. Hlustun er líka mikilvægur þáttur í mannlegum samskiptum og hvers konar félagsstarfi.

Meginmarkmið með kennslu í íslensku.

Mikilvægt er að nemendur öðlist skilning á sögulegu, menningarlegu og félagslegu gildi máls og bókmennta, átti sig á eðli íslenskunnar og lögmálum hennar og fræðist um notkun fjölmiðla. Þá er einnig mikilvægt að nemendur nái góðri færni á öllum sviðum málnotkunar, geti tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar og öðlist traust á eigin málnotkun, læri að virða móðurmálið og meta það og temja sér umburðarlyndi gagnvart málnoktun annarra.

Nánar tiltekið er stefnt að því að nemendur:

— verði vel læsir og þjálfist í málnotkun í ræðu og riti, fái tækifæri til að sýna skilning á textum og öðlast færni til að nota hugtök úr málfræði og bókmenntafræði við skoðun á textum,
— öðlist jákvætt viðhorf til íslenskunnar og kynnist áhrifamætti hennar og margbreytileik,
— læri að nýta íslenskukunnáttu sína við lausn á hvers konar skólaverkefnum, í félags- og tómstundastarfi og í einkalífi,
— kynnist kostum tölvu- og upplýsingatækninnar til að leysa margbreytileg verkefni og þjálfist í notkun handbóka,
— þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlist hæfni í lýðræðislegu samstarfi,
— fái þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum grunn- og framhaldsskóla.

Leiðir að markmiðum.

Framangreindum markmiðum verður helst náð með því að:

— íslenskukennsla verði heildstæð þannig að allir þættir móðurmálskennslunnar, svo sem lestur, talað mál, hlustun, ritun, bókmenntir og málfræði, styðji hver annan,
— nemendur lesi margbreytilega texta frá ólíkum tímum og þjálfist í að fjalla um ólíka texta og efni fjölmiðla samtímans,
— notkun tölvu- og upplýsingatækni verði eðlilegur þáttur í móðurmálskennslu á öllum skólastigum og eðlilegt samstarfsverkefni allra kennara,
— nemendur fái viðfangsefni við hæfi þannig að þeir nái sem bestum árangri í samræmi við þroska, hæfileika og áhugamál, þar sem tekið sé mið af aðstæðum þeirra og uppruna (t.d. fatlaðir nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku),

— komið verði á öflugri samvinnu við heimilin um íslenskukennslu og þátttöku foreldra í mótun kennslunnar; mikilvægt er að foreldrar taki virkan þátt í að treysta alhliða kunnáttu barna sinna í móðurmáli á öllum sviðum í nánu samstarfi við skólann.

Helstu nýmæli.

Eitt helsta nýmæli er sú áhersla sem lögð er á heildstæða íslenskukennslu. Í því felst m.a. að leggja skal áherslu á þá þætti málfræði á hverju skólastigi sem nýtist nemendum í því sem þeir eru að fást við, t.d. í lestri, ritun, talmáli og umfjöllun um bókmenntir.

Meðal nýmæla í þessari stefnumörkun fyrir íslenskukennslu er að tölvu- og upplýsingatækni verði eðlilegur þáttur í íslenskukennslu á öllum skólastigum og samstarfsverkefni allra kennara. Þá er stefnt að því að unnin verði frá grunni sérstök námskrá fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, bæði í grunn- og framhaldsskólum. Þar verða skilgreind markmið fyrir sérstaka íslenskukennslu (þ.e. íslenska sem annað mál) fyrir nemendur af erlendum uppruna. Í fyrsta lagi er um að ræða einstaklinga með annað móðurmál en íslensku, þar sem báðir foreldrar eða annað foreldrið er af erlendum uppruna, í öðru lagi íslenska nemendur sem hafa dvalist lengi erlendis og loks heyrnarlausa eða heyrnarskerta nemendur sem nota táknmál í samskiptum.

3.2. Stærðfræði.

Stærðfræði hefur frá upphafi verið hluti af almennri menningu og tengst náið tilraunum manna til að skilja heiminn umhverfis sig, en hún sýnir einnig mörg dæmi um frjálsa sköpunargáfu mannsins og hæfileika hans til að skapa nýja hugarheima. Stærðfræði hefur ævinlega haldist í hendur við náttúruvísindin og verið undirstaða framfara í tækni, en einnig hefur hún komið við sögu lista, bæði tónlistar og myndlistar. Hún er nákvæmust allra vísinda og allar niðurstöður hennar eru staðfestar með röksemdafærslum. Megindrifkraftar hennar eru tveir; þörf þjóðfélagsins fyrir að leysa viðfangsefni sem upp koma og þörf mannsins fyrir vitsmunalega ögrun, að leita lausna og finna hið óþekkta.

Stærðfræði er svo samofin menningu og þjóðfélagsháttum að hverjum manni er nauðsyn á lágmarkskunnáttu í henni til að takast á við daglegt líf og störf og skilja umheim sinn. Hann þarf t.d. að skilja mál og vog og átta sig á fjármálum sínum en ekki er síður mikilvægt að geta tekið eigin afstöðu og metið sjálfur upplýsingar af tölulegum toga til að verða virkur þátttakandi í þjóðfélaginu. Til þess þarf þekkingu og rökvísi en jafnframt nægilegt sjálfstraust til að þær komi að gagni. Aukin almenn tölvunotkun, t.d. í formi töflureikna, kallar á nýja og aukna stærðfræðiþekkingu. Gagnsemi stærðfræði í starfi er háð kunnáttu hvers og eins. Þeir sem hafa nægilega kunnáttu til að sýna frumkvæði í starfi hafa einnig tilhneigingu til að breyta starfinu. Þannig verða framfarir í þjóðfélaginu.

Stærðfræðin er undirstaða raunvísinda, tæknimennta og hagfræði. Forsenda þess að framfarir verði á þessum sviðum er að álitlegur fjöldi manna hafi mikla kunnáttu í og gott vald á stærðfræði. Þeir sem ætla að starfa að og miðla þessum vísindum eða hagnýta þau í sérhæfðum störfum verða að fá tækifæri til að kynnast stærðfræðinni á ungaaldri og fá langan tíma til að tileinka sér þá færni og kunnáttu sem þarf til að ná valdi á henni.

Undirstaða allrar stærðfræðikunnáttu er skilningur á tölum og talnareikningi ásamt færni í notkun talna. Skilningur og kunnátta þurfa að haldast í hendur. Skilningur felst í að setja hugtak í sem víðtækast samhengi við alla aðra tiltæka kunnáttu. Skilningur vex eftir því sem tengsl hugtaks við fleiri og fleiri hluti verða ljósari. Því verður ætíð að kenna nemendum meira en ætlast er til að þeir nái valdi á. Jafnframt er mikilvægt að nemendur séu stöðugt æfðir í að setja stærðfræðikunnáttu sína í samband við hluti og hugtök úr daglegu lífi og að

þeir temji sér að yfirfæra stærðfræðina á önnur svið. Reiknivélar og tölvur ættu að vera nærtæk hjálpartæki til að létta vinnu en þó fyrst og fremst til að draga fram og varpa ljósi á hugtök og aðferðir stærðfræðinnar.

Meginmarkmið með kennslu í stærðfræði.

Nám og kennsla í stærðfræði er fléttuð úr mörgum þáttum. Mikilvægur þáttur í að efla skilning nemenda á stærðfræði er að þeir geti lesið stærðfræðitexta við sitt hæfi og geti tjáð sig við aðra um aðferðir sínar og lausnir á stærðfræðiverkefnum, bæði í töluðu máli og skriflega á skiljanlegu máli. Kennsla í stærðfræði þarf að efla rökfasta hugsun en einnig hugkvæmni. Hún þarf að laða fram gagnrýna og greinandi hugsun hjá nemandanum en einnig sjálfstraust, forvitni og löngun til að rannsaka og leita lausna á hinu óþekkta. Stærðfræði í skólum á að endurspegla hinar fjölbreyttu ásýndir stærðfræðinnar, hún er vísindi, list, tjáningarmiðill og tæki til að takast á við erfið úrlausnarefni og hlutverk skólans er að nemendur verði handgengnir þeim öllum.

Nánar tiltekið er stefnt að því að nemendur:

— öðlist næga kunnáttu til að takast á við stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi,
— geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu,
— öðlist nægilega kunnáttu til að þeir geti stundað framhaldsnám í ýmsum greinum,
— kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi mannkynsins og þætti í almennri menntun,
— nái valdi á táknmáli stærðfræðinnar sem öflugri viðbót við venjulegt tungumál, geti tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir í töluðu máli og skriflega og verið læsir á texta sem inniheldur stærðfræðileg tákn og hugtök,
— þjálfist í rökfastri og gagnrýninni hugsun,
— læri að takast á við margvísleg verkefni og þrautir og finna lausnir á þeim með kerfisbundnum hætti,
— kynnist vasareiknum og tölvum sem hjálpartækjum við lausn stærðfræðilegra verkefna,
— öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og kynnist skemmtigildi hennar.

Leiðir að markmiðum.

Ólíkir nemendur skulu fá ólíkt námsefni eftir því sem geta þeirra og áhugamál leyfa. Þá er stefnt að aukinni notkun tölva og reiknivéla í sérstaklega skilgreindum efnisþáttum. Stefnt er að því að grunnskólanemendur fari samstiga gegnum kjarnaefni en ítarefni verði sniðið að þörfum hvers og eins. Ítarefni verði þrenns konar: 1) dýpkunarefni sem ætlað er til að dýpka skilning nemenda á kjarnaefninu, 2) breikkunarefni, sem er frábrugðið kjarnaefninu en tengist því og er ætlað fyrir þá sem þegar hafa náð góðu valdi á kjarnaefni og 3) lengingarefni þar sem framúrskarandi nemendur á síðustu námsárum grunnskóla fá að takast á við námsefni framhaldsskóla og sleppi samsvarandi efni þar. Meginþættir sem velja þarf til kennslu með tilliti til framhaldsnáms eru algebra og rúmfræði en einnig er nauðsynlegt að kenna tölfræði með tilliti til annarra námsgreina.

Val á námsefni í framhaldsskóla taki mið af lokamarkmiði náms. Rækilegt endurmat fari fram á efnisþáttum með tilliti til þess hve vel þeir henta ólíkum námsleiðum og athugun verði gerð á hvort ekki þurfi að bæta nýjum efnisþáttum við. Allir efnisþættir verði greindir niður í búta, svonefnda kubba, sem má síðan raða saman á ýmsa vegu. Hver kubbur getur haft allt að þrjár ólíkar markmiðslýsingar fyrir ólíka hópa. Þá er stefnt að því að sérstakir áfangar um stærðfræði dagslegs lífs úr kjarnaefni grunnskóla verði í boði í framhaldsskóla, þó með breyttum áherslum, en þeim sem þegar hafa náð valdi á því efni verði ekki gert að sækja þá.

Helstu nýmæli.

Lögð er áhersla á að stærðfræðinámið öðlist víðari merkingu í breiðara samhengi en tíðkast hefur og dregið verði úr áherslu á einhliða færni. Kennsla í stærðfræði ætti ekki einungis að vera fólgin í því að koma tilteknum efnisatriðum til skila heldur ætti að leggja áherslu á að kenna stærðfræði sem sjálfsagðan hluta af almennri menntun. Nemendur eiga að geta heimfært stærðfræðiþekkingu sína á ýmis verkefni á öðrum sviðum og tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir bæði í töluðu máli og rituðu.

Áhersla er lögð á að nemendur öðlist sjálfstraust gagnvart stærðfræði svo að hún verði þeim eiginlegt og gagnlegt tæki til að glíma við umheim sinn. Þeir þjálfist í röksemdafærslu og venjist því að nota stærðfræði sem tæki til að leysa þrautir þar sem svörin eru ekki fyrir fram vituð. Þessir þættir verði skilgreindir námsþættir og samofnir hefðbundnum efnisþáttum, talnareikningi, algebru og rúmfræði, með eðlilegri stígandi.

Gert er ráð fyrir að efnisþáttum verði lýst með nákvæmari hætti en nú er með tilliti til þess hvaða markmiðum er ætlað að ná á hverju stigi, með öðrum orðum þarf að koma fram hvaða færni nemandinn á að hafa náð þegar yfirferð efnisþáttar er lokið. En þótt markmið eigi að vera vel rökstudd þarf að varast að binda hendur kennara um of hvað varðar leiðir til að ná þessum markmiðum, til dæmis um röð efnisþátta í kennslu, heldur fylgi námskránni leiðbeiningar um hvernig skipuleggja má nám fyrir nemendur með ólíkar forsendur.

Enn fremur skal leitast við að efla jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar m.a. með því að leggja áherslu á skemmtigildi hennar. Nytjasjónarmið verði ekki ein látin ráða ferðinni í vali efnisþátta og kennsluhátta heldur verði rík áhersla lögð á að vekja áhuga nemenda á stærðfræði með sem margvíslegustum hætti og þá má skemmtigildi margra efnisþátta í stærðfræði alls ekki gleymast.

Lögð er áhersla á að allir nemendur fái ítarefni við sitt hæfi, viðfangsefni sem hjálpa þeim að dýpka skilning sinn og víkka sjónarhorn sitt á hvað stærðfræði er og hvernig má notfæra sér hana. Nemandi, sem ekki hefur náð fullu valdi á kjarnaefni, á að geta fengið verkefni til frekari þjálfunar ef það er talið hjálpa honum en þó miklu fremur verkefni sem hjálpa honum að sjá viðfangsefnið í nýju ljósi og taka það öðrum tökum. Nemandi sem hefur þegar náð valdi á kjarnaefninu á að fá að glíma við verkefni sem bæði dýpka og breikka skilning hans á því og sömuleiðis önnur og nýstárlegri verkefni sem hugsanlega tengjast kjarnaefninu aðeins lauslega. Svo miklu ítarefni sé lýst í námskránni að nægilegt megi teljast við flestar venjulegar aðstæður.

Endurskoða þarf rækilega þær kröfur sem gerðar eru um stærðfræðikunnáttu á öllum námsbrautum framhaldsskólans, jafnt bóknámi sem verknámi, bæði með tilliti til þess hvaða stærðfræði nýtist nemendum beint og óbeint í störfum þeirra eða áframhaldandi námi og með tilliti til almenns menntagildis. Þá þarf að kanna hvort vaxandi notkun vasareikna og tölva krefjist nýrra efnisþátta eða ólíkra áherslna á þá sem fyrir eru og hvort þessi tæknibreyting hefur ekki breytt kröfum um stærðfræðiþekkingu í ýmsum störfum sem mæta verður með nýjum áherslum.

3.3. Náttúrufræði.

Vísindaleg þekking er mikilvæg menningarleg afurð. Sýn manna á veröldina, samfélag og menningu breytist stöðugt í takt við nýjungar á sviðum tækni- og vísinda. Nám í grunnhugmyndum og hugtökum innan náttúruvísindanna er því hluti af almennu námi hvers barns þar sem slíkt telst ein af forsendunum fyrir heildstæðum skilningi á einkennum og þróun jarðarinnar, lífsins og mannsins á jörðinni.

Grundvallarþekking felst þá t.d. í því að þekkja einkenni og sérstöðu viðkvæms vistkerfis landsins þannig að hver og einn sé fær um að taka gagnrýna afstöðu til náttúruverndar og nýtingar. Áræðnin eða hæfnin til að láta til sín taka felst þá í því að fylgja afstöðu sinni eftir með gjörðum þannig að áhrifa gæti í samfélaginu. Í náminu á nemandinn að styrkjast í þeirri trú að hver einstaklingur hafi eitthvað fram að færa í leit manna að betri skilningi á veröldinni.

Ef tryggja á samkeppnisstöðu þjóðarinnar í þróun og nýsköpun á sviði iðnaðar, menntunar og tækni er nauðsynlegt að fylgjast vel með alþjóðlegum kröfum innan þessa námssviðs. Náttúrufræðinám er ávísun á fjölbreyttan náms- og starfsvettvang og flest bendir til þess að þörf fyrir sérhæfingu innan náttúruvísinda muni aukast á næstu árum, m.a. vegna vaxandi áherslu á rannsókna- og þróunarvinnu og skipulag á sviði umhverfismála.

Námssviðið er í eðli sínu alþjóðlegt en faglegar áherslur fylgja sérkennum hverrar þjóðar. Þannig er eðlilegt að Íslendingar leggi á það megináherslu að kennsla í náttúrufræði efli skilning á sérkennum íslenskrar náttúru og nánasta umhverfi nemendanna. Viðfangsefnum er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, þroska málfar og skynjun þannig að þeir læri að umgangast umhverfi sitt af ábyrgð og með virðingu. Samhliða því er nauðsynlegt að átta sig á því að Íslendingar eru háðir öðrum þjóðum og umhverfi þeirra á ýmsa vegu og að mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign okkar, jörðina.

Meginmarkmið með kennslu í náttúrufræði.

Meginmarkmið með kennslu í náttúrufræði er að nemendur tileinki sér undirstöðuþekkingu á öllum sviðum náttúruvísinda og vitund um hvernig þekking á náttúrunni hefur þróast, hvernig hún í senn hefur áhrif á og verður fyrir áhrifum af heimsmynd mannsins og er ríkur þáttur í menningu þjóða.

Mikilvægt er að nemendur öðlist færni í vísindalegum hugsunarhætti og fjölbreyttum aðferðum við að afla upplýsinga, meta þær, vinna með þær og túlka. Nemendur öðlist víðtækan skilning á samhengi í náttúrunni þannig að þeir geti tekið gagnrýna afstöðu til málefna er snerta náttúru og umhverfi mannsins.

Nánar tiltekið er stefnt að því að nemendur:

— öðlist jákvæða reynslu af náttúrufræðinámi þannig að þeir viðhaldi meðfæddri forvitni og áhuga á umhverfinu og sæki í að dýpka og styrkja þekkingu sína eftir ýmsum leiðum; líta má svo á að byrjunarnám hafi tekist ef það hefur lagt til þá hvatningu og faglegu undirstöðu sem gerir einstaklingnum fært að halda áfram að læra allt sitt líf, bæði í og utan vinnutíma,
— þjálfist í skipulögðum vinnubrögðum, rækti með sér skipulags- og samvinnuhæfileika og sýni frumkvæði í verki hvort sem þeir vinna einir eða með öðrum,
— geti markvisst notað bókasöfn, tölvur og annan tæknibúnað við gagnaöflun og úrvinnslu og nýtt sér kennsluforrit og margmiðlun til náms í náttúrufræði; nemendur eiga að fá þjálfun í að kynna viðfangsefni sín og öðlast skilning á því hversu mikilvæg miðlun upplýsinga og samvinna er fyrir framvindu í vísindum,
— læri að umgangast umhverfi sitt af ábyrgð og taka ákvarðanir er varða lífnaðarhætti og öryggi þeirra og annarra og byggja þær á skynsemi og yfirveguðu mati.

Leiðir að markmiðum.

Framangreindum markmiðum verður náð með því að:

— nemendur fái viðeigandi viðfangsefni þannig að þeir geti náð sem bestum árangri í samræmi við getu og áhugasvið; verkefni skulu krefjast virkrar þátttöku nemenda og sjálf-

stæðra skapandi vinnubragða sem þeir tengja eigin reynslu og upplifunum, nánasta umhverfi sínu og mismunandi störfum og sviðum mannlífsins,
— í frekari úrvinnslu verði það haft að leiðarljósi að inntak, áherslur og efnistök í kennslu verði sem heildstæðust og taki tillit til mismunandi aðstæðna nemenda af báðum kynjum, þarfa þeirra, reynslu, getu og áhugasviða.
— náttúrufræði verði námsgrein frá upphafi skólagöngu og órjúfanlegur þáttur í námi allra nemenda; leggja skal sérstaka áherslu á næstu árum á áframhaldandi uppbyggingu náttúrufræðináms á yngstu stigum grunnskólans,
— auka inntak sviðsins í takt við áherslur um heildstæðara náttúrufræðinám þar sem íslensk náttúra og vistkerfi verði sett í öndvegi og skal því veður, haf- og jarðfræði landsins sett í eðlilegt samhengi við annað náttúrufræðinám sem skal í auknum mæli miðast við öll þrjú meginsvið náttúruvísindanna; lífvísindi, eðlis- og efnavísindi og jarðvísindi,
— samþætting verði meginaðferðin í kennslu greinanna fyrstu sjö ár grunnskólans; námsefnið skal sótt í öll þrjú efnissviðin og þess gætt að eðlilegt jafnræði gildi milli þeirra; á unglingastigi verði kennslan að stærstum hluta á forsendum hvers efnissviðs fyrir sig,
— verklegt nám styrki sjálfstæð vinnubrögð, hugmyndaflug og útsjónarsemi; kennsluaðferðir verði fjölbreyttar og lögð verði aukin rækt við umræðu þar sem fjallað er um eðli og viðfangsefni vísinda og tækni út frá áhrifum þeirra á lífshætti, öryggi og viðhorf einstaklingsins,
— val á efni og kennsluháttum miðist við það að nemendum sé ætíð ljóst gildi þekkingar, hún tengd reynsluheimi þeirra, áframhaldandi námi og atvinnulífi nútímasamfélags.

Á unglingastigi fer fram meginumfjöllun um valda efnis- og námsþætti af öllum þremur meginsviðum náttúrufræðinnar. Áður hefur verið fjallað um og unnið með valin hugtök og lögmál náttúrufræðinnar undir einu heiti; náttúrufræði. Efnisþáttunum verður skipt skýrar niður og nálgast hugtökin aftur en út frá sjónarhorni og með aðferðafræði einstakra námsgreina. Sérstaklega skal huga að hagnýtum þætti náttúrufræðináms á þessu aldursstigi. Slíkt felur t.d. í sér að nemendur fái tækifæri til að kynnast því af eigin raun hvernig þekking og aðferðir nýtast í mismunandi störfum og sviðum mannlífsins.

Í kjarnanámi framhaldsskólans skal leitast við að nemendur kynnist náttúruvísindum sem einni heild en ekki sem nokkrum afmörkuðum fræðigreinum. Nemendur vinna að verkefnum á sviði fræðanna út frá grunnþekkingu sem þeir hafa aflað sér í grunnskóla en einnig vali sínu á brautum og starfssviðum framhaldsskólans. Viðfangsefni skulu sem mest sótt úr daglegu lífi nemenda og vera hvetjandi til málefnalegrar umræðu um samtímann.

Námi á náttúrufræðabraut er ætlað að veita nemendum breiða og almenna menntun í náttúrufræði og þannig að þeir sæki í að dýpka og styrkja þá þekkingu sína ævina á enda, sumir með sérhæfðu háskólanámi en allir með því að taka virkan þátt í íslensku og alþjóðlegu nútímasamfélagi þar sem umræður og daglegar ákvarðanir grundvallast á upplýstum og gagnrýnum viðhorfum.

Helstu nýmæli.

Umfang námssviðsins hefur stækkað og skiptist nú niður á þrjú efnissvið; eðlis- og efnavísindi, lífvísindi og jarðvísindi. Jafnframt er áhersla lögð á eðlilegt vægi og samþættingu innan allra sviðanna. Síðasttalda sviðið er nýtt innan íslensks skólakerfis og hefur ekki fyrr verið sjálfstæður þáttur í námskrá náttúrufræða í grunnskólum. Til jarðvísinda eru hér taldir efnisþættir úr jarðfræði, jarðeðlisfræði, veðurfræði, haffræði, stjörnufræði og heimsfræði. Auk framangreindra efnisþátta skulu ýmsir þættir er tengjast færniþjálfun og umræðu um

einkenni vísinda og tækni fléttast inn í kennsluna. Það eru nýmæli að tiltaka þá eins nákvæmlega og nú hefur verið gert og gera ráð fyrir þeim sem sameiginlegum þáttum allra efnissviða á báðum skólastigum.

Aukna áherslu skal leggja á skilning nemandans á fjölbreytni og samhengi innan íslensks lífríkis og íslenskrar náttúru. Samspil manns og náttúru skal rætt og rannsakað með það að leiðarljósi að efla þekkingu og skilning nemenda á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar ásamt vilja til að starfa í þeim anda.

Með breytingu á náttúrufræðinámi í kjarna á bóknámsbrautum er stefnt að heildstæðu sex eininga námi sem gagnast öllum nemendum hvort heldur þeir velja sér nám á náttúrufræðibraut eða öðrum brautum. Um er að ræða samþætta, verklega og bóklega áfanga sem raðast á fyrstu annir námsins. Viðfangsefni þessa nýja áfanga skulu m.a. spanna umfjöllun um sögu og eðli vísinda og nýtingu vísinda og tækni í íslensku sem alþjóðlegu nútímasamfélagi; svo sem umhverfismati, heilsugæslu, efnaiðnaði, erfðatækni, raforku, fiskveiðum, matvælaiðnaði, geimvísindum, samgöngum og búsetuvali. Aukna áherslu skal leggja á sjálfstæðar athuganir nemenda og verklega/tæknilega nálgun viðfangsefna. Auka skal sérhæfingu á náttúrufræðibrautum sem meðal annars kallar á aukið samstarf skóla og fyrirtækja; bæði atvinnumarkaðarins og rannsóknastarfsemi af ýmsum toga.

3.4. Listgreinar.

Listir eru kjarninn í menningararfi þjóðanna. Listir helga það sem samfélaginu er mikilvægt, spegla gildi og venjur en ögra þeim jafnframt. Á helgistundum, hátíðum og merkisdögum, jafnt í sorg sem gleði, leitar mannkynið til listanna til að tjá og skynja merkingu stundarinnar. Án þekkingar og skilnings á táknmáli lista er maðurinn ófær um að meta og greina upplýsingar og áhrif sem hann verður fyrir daglega. Listir hjálpa nemandanum að skilja menningarlegan fjölbreytileika og viðurkenna menningarlegt afstæði, með því að kynna fyrir honum gildi, hefðir og hugmyndafræði eigin samfélags og annarra.

Listir eru ráðandi í upplýsingamiðlun nútímans og eru þannig einn helsti miðill áhrifa í samtímanum. Tónlist, myndlist, hönnun, leiklist og dans endurspegla og móta viðhorf einstaklings og gildismat samfélags. Því er brýnt að hver og einn sé meðvitaður um táknmál listanna en forsenda lýðræðis er upplýstur borgari sem er fær um þátttöku í samfélagsumræðu. Að njóta lista er að næra tilfinningalíf og vitsmuni. Listir eru lífsgæði sem hver einstaklingur á rétt á að njóta. Í listiðkun finnur einstaklingurinn sér leið til tjáningar og staðfestingar á eigin eðli og verðleikum. Í listnámi lærir nemandinn einnig að ráða í þá samfélagslegu og persónulegu merkingu og það gildismat sem felst í formi og framsetningu hlutanna.

Í listiðkun er sífellt spurt spurninga og krafist svara því eðli lista er sköpun. Í listum er leyfilegt að leika, spyrja og ögra, sem leiðir til óvæntra tenginga. Sköpunargáfan er einstaklingnum lífsnauðsynleg í síbreytilegum heimi.

Í listnámi reynir á marga þætti mannlegrar hæfni, bæði til hugar og handa. Í námi þurfa nemendur tækifæri til að virkja sem flest svið hæfileika sinna og nota öll skynfæri sín, beita rökhyggju og ímyndunarafli. Þannig verða nemendur virkir í athugun og athöfnum en slíkt nám verður haldbest og hugstæðast. Í listnámi læra nemendur að þekkja og tjá eigin tilfinningar jafnframt því að virða tilfinningar annarra.

Á öllum starfssviðum þjóðfélagsins er þörf fyrir einstaklinga sem eru gæddir þeim eiginleikum sem þroskaðir eru í listkennslu; frumkvæði og nýsköpun. Listgreinar mynda fjölbreytilegar atvinnugreinar. Má þar nefna störf sem tengjast manngerðu umhverfi, skemmtana-, tölvu-, tísku- og listheimi. Þeim sem starfa við listgreinar mun fjölga með vaxandi notkun upplýsingatækni, sem gerir miðlun hljóðs og mynda auðveldari og aðgengilegri en nú.

Meginmarkmið með kennslu listgreina.

Listnám á að veita nemandanum lykil að þeirri mannlegu reynslu sem tjáð er með aðferðum hinna ýmsu greina lista og færni í að beita þeim aðferðum við eigin tjáningu. Í samræmi við þetta er hlutverk listgreinakennslu tvíþætt: 1) að kenna tjáningarleiðir greinanna, 2) að veita nemendum vitund um tilgang, merkingu og samhengi.

Nánar tiltekið er stefnt að því að nemendur tileikni sér:

— þekkingu á grundvallarlögmálum og aðferðum lista, efniviði og miðlum til eigin sköpunar og skilnings á list (lögmál og aðferðir),
— þekkingu á því menningarlega samhengi sem list sprettur úr, á listrænum menningararfi og á helstu stefnum og straumum í listheiminum (félagslegt og sögulegt samhengi),
— hæfni til umfjöllunar um eðli listar annars vegar og færni til að skynja, greina og meta list og leggja þannig grunn að persónulegu mati hins vegar (fagurfræði og rýni).

Leiðir að markmiðum.

Framangreindum markmiðum verður helst náð með því að:

— námið feli í sér námsferlin: 1) sköpun, túlkun og tjáningu og 2) skynjun, greiningu og mat; hið fyrrnefna vísar til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla hverrar greinar til þess að skapa, tjá og túlka tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir; hið síðarnefnda vísar til þekkingar og skilnings á eðli lista og á því persónulega, sögulega og félagslega samhengi sem list er sköpuð í, enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina list og meta á rökstuddan hátt,
— gerð verði sérhönnuð námsgögn fyrir hvert aldursskeið í listgreinum til þess að fylgja námsmarkmiðum eftir.

Helstu nýmæli.

Þær áherslubreytingar sem lagðar eru til í námskrá listasviðs fela í sér:

— fagmiðaða listkennslu sem felur í sér kennslu í öllum þekkingarsviðum fagsins (þ.e. tjáningu, listasögu, fagurfræði og rýni) og jafnvægi á milli framsetningar og móttöku,
— að námsefnið taki jafnt til alþýðu- sem fagurlistar, dægurlistar sem sígildrar listar, hönnunar sem frjálsrar listar.

Til þess að kennsla geti gert skil list og hönnun eins og hún er nú, full tilvísana í sögu sína og hugmyndalegan grundvöll, þarf breyttar áherslur. Þær áherslur eru í takt við nýja sýn á hlutverk skólans í samtímanum. Það hlutverk felst í að raða saman ofgnótt þekkingarbrota í merkingarbæra heild, kenna nemendum að meta gildi upplýsinga, flokka þær og túlka og setja fram þekkingu sína og skoðanir.

Auk þess er lagt til:

— að gerðar verði sérstakar námskrár fyrir leikræna tjáningu, dans og hönnun í grunnskóla; þessar greinar hafa verið kenndar í ýmsum grunnskólum innan nokkurra námsgreina. Nauðsynlegt er að setja markmið í þessum greinum fyrir hvert aldursskeið grunnskólans þannig að kennsla þeirra verði markviss og ekki tilviljun háð,
— að boðið verði upp á tvo tveggja eininga áfanga í listum sem valnám í framhaldsskólum, annan í sjónlistum og hinn í tónlist; þessi áfangar mundu einkennast af almennri kynningu, svo sem á tónlistar- og myndlistarsögu, myndlestri (fréttamynda, auglýsinga, myndlistar), kvikmyndagreiningu, greiningu á tónbókmenntum, byggingarsögu, hönnunarsögu o.s.frv.

3.5. Skólaíþróttir.

Markviss íþróttakennsla í skólum, þar sem heilbrigði og hollar lífsvenjur eru hafðar að leiðarljósi, getur ráðið miklu um heilbrigði íslenskrar þjóðar. Það er því ekki eingöngu hagur fyrir hvern og einn að fá gott og markvisst líkamsuppeldi heldur einnig fyrir íslenskt samfélag. Um aldir hafa íþróttir tengst sögu okkar og þjóðmenningu og fylgt Íslendingum frá upphafi byggðar. Litið var á íþróttir fyrr á öldum sem vettvang til að styrkja líkamsbyggingu og atgerfi, en einnig sem undirbúning fyrir vopnfimi og ýmsa leiki sem forfeður okkar iðkuðu. Á þessari öld hafa íþróttir í skólum skipað fastan sess í þjóðmenningu og skólahaldi. Geta má þess að Íslendingar ásamt Áströlum voru fyrstir þjóða í heiminum til að gera sundkennslu að skyldunámsgrein í skóla.

Á sama tíma og áhugi á heilsurækt og útivist hefur aukist á undanförnum árum hefur tæknivæðing á mörgum sviðum leitt til hreyfingarleysis og þar með lítils álags á hjarta- og blóðrásarkerfi líkamans. Afleiðingar einhæfðar vinnu eru veikbyggt blóðrásar- og stoðkerfi, léleg samhæfing og stirðleiki. Hjá börnum birtast þær aðallega í slæmum líkamsburði. Við þessu er reynt að bregðast í nýjum markmiðum skólaíþrótta og því er nauðsynlegt að námsgreinin hafi ákveðið vægi og fastan sess í skólakerfinu.

Á undanförnum árum hefur það komið betur og betur í ljós að íþrótta- og hreyfinámskennsla hefur ekki aðeins jákvæð áhrif á líkams- og hreyfiþroska einstaklinga, heldur njóta aðrir þroskaþættir góðs af námsþáttum skólaíþrótta. Sérstök áhersla verður lögð á hreyfiþroskapróf við upphaf skólagöngu og markvissa kennslu einstaklinga með almennan þroska og heilbrigði nemenda að leiðarljósi. Greinin getur einnig haft veruleg áhrif á félagsþroska einstaklinga þar sem fjölbreyttum leikjum og æfingum er markvisst beitt til að þroska samskiptafærni nemenda. Með betri hreyfifærni og auknum félagsþroska styrkist sjálfsmynd einstaklings og vellíðan. Í nýjum lögum um grunn- og framhaldsskóla er að finna áherslur og greinar sem snúa að líkams- og heilsurækt og er greinilegt að löggjafinn bindur vonir við hlutverk skóla í mótun heilbrigðisstefnu. Til að slíkt megi fram ganga verður lögð áhersla á skýra markmiðasetningu fyrir alla aldurshópa. Eitt af markmiðum nýrrar námskrár í skólaíþróttum er að auka vægi heilbrigðissjónarmiða og skapa jákvæð viðhorf til íþrótta og hreyfingar.

Meginmarkmið með kennslu skólaíþrótta.

— Í tengslum við skyn- og hreyfiþroska skal stuðla að örvun grunnhreyfinga nemenda og þroskun taugakerfis og leggja þannig grunn að flóknara hreyfinámi.
— Í tengslum við líkamsþroska skal stuðla að alhliða líkamlegri uppbyggingu nemenda, svo sem þols, krafts, hraða og liðleika. Þá er einnig stefnt að því að bæta líkamsbeitingu og almennt líkamsástand nemenda.
— Í tengslum við félags- og siðgæðisþroska skal efla nemandann sem félagsveru, kenna honum að taka tillit til félaga sinna, vera sveigjanlegur í samskiptum og virða einstaklinginn.
— Í tengslum við tilfinningaþroska skal stuðla að jákvæðri reynslu nemenda af iðkun íþrótta og á þann hátt hafa mótandi áhrif á jákvæð viðhorf og löngun nemenda til þess að stunda íþróttir og lifa heilbrigðu líferni.
— Í tengslum við vitsmunaþroska skal auka þekkingu og skilning nemenda á heilbrigðum lífsstíl, starfsemi líkamans og áhrifum skipulagðar þjálfunar.
— Í tengslum við fagurþroska skal efla líkamsbeitingu, hugmyndaflug, sköpunargáfu og tjáningu nemenda með hreyfingu af ýmsum toga.

Leiðir að markmiðum.

Þessum markmiðum verður helst náð með því að:

— Verkleg íþróttakennsla í 1.–4. bekk verði byggð á fjölþættu skyn- og hreyfinámi, leikjum og mótandi æfingum við hæfi hvers og eins.
— Nemendur á mið- og unglingastigi grunnskóla fái tækifæri til að viðhalda upplifun sinni af jákvæðri og skemmtilegri námsgrein og fái áfram að glíma við uppbyggjandi æfingar og leiki sem efla líkamsþroska, heilsufar og þrek.
— nemendur á framhaldsskólastigi þjálfist í að skilja tilgang og gildi líkams- og heilsuræktar, svo sem með umræðum, verkefnum, verklegri þjálfun, eigin ástundun og skipulagningu.
— beitt verði aðferðafræði í kennslu á þann hátt að nemendur líti íþróttir og hreyfingu jákvæðum augum.
— nemendur þjálfist í að skilja tilgang hreyfingar, svo sem með umræðum um gildi hennar og markmið.

Helstu nýmæli.

Af helstu áherslubreytingum í þessari námskrárgerð ber fyrst að nefna skarpari tengsl markmiða við þroskaþætti barna og unglinga. Markmiðin verða tengd þroskaþáttum með ákveðinni uppsetningu og koma þannig til með að hafa stýrandi áhrif á viðfangsefni, námsleiðir, kennslutilhögun og námsmat greinarinnar á ýmsum aldursstigum. Áhersla verður lögð á hreyfiþroskapróf við upphaf skólagöngu auk þess sem atriði er tengjast félags, siðgæðis- og tilfinningaþroska nemenda fá aukið vægi í námskrárgerðinni. Ríkáhersla er lögð á það að nemendur líti á íþróttir og hreyfingu með jákvæðum augum.

Mun fleiri fatlaðir nemendur stunda nú nám í almennum grunnskóla en áður. Slíkt kallar á breyttar áherslur og vinnubrögð. Íþróttakennslan tekur mið af þessum breytingum auk þess sem stefnt er að því að sérkennsla í íþróttum fái aukið vægi, en slíkt getur ýtt undir framfarir hjá nemendum í öðru námi. Námsmat íþróttakennslu tekur á sig nýja mynd með það að leiðarljósi að kennarar, foreldrar eða nemendur geti metið þau markmið sem stefnt er að í kennslunni.

3.6. Samfélagsgreinar.

Landafræði, saga, félagsfræði og fleiri samfélagsgreinar fjalla um stöðu, hlutverk og þroska mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi; um einingar samfélags og umhverfis frá hinum minnstu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa). Þessar námsgreinar hjálpa nemandanum að greina margbreytilegt umhverfi sitt og efla færni hans og styrk til að fást við það.

Samfélagsbreytingar eru nú örari en áður hefur þekkst og kalla á nýtt inntak, viðhorf og leiðir í samfélagsgreinum grunnskóla og framhaldsskóla. Mörgum þykir heimsmyndin brotakennd og að örðugt sé að öðlast yfirsýn og rótfestu í nútímasamfélagi. Vitund um samspil manns og umhverfis hefur og tekið gagngerum breytingum á síðustu þrjátíu árum. Námskrá í samfélagsgreinum tekur mið af örum þjóðfélagsbreytingum síðustu áratuga þegar hugað er að inntaki og áherslum.

Nemendur búa margir við fjölskyldugerð sem er sundurleitari en áður og hlutverk og staða kynjanna hafa breyst og eru enn að breytast. Ungmenni þurfa að axla nýja ábyrgð í neyslusamfélagi nútímans. Samskipti fólks eru að jafnaði fjölbreyttari og ópersónulegri en áður og hreyfanleiki fólks vegna náms og starfa er vaxandi.

Þekking og kunnátta þarfnast stöðugrar endurnýjunar; störf eru tímabundnari og krefjast meiri sveigjanleika og frumkvæðis en áður í vaxandi markaðsumhverfi. Flæði upplýsinga er meira en nokkru sinni fyrir tilstilli ýmissa fjölmiðla og fjölbreyttrar upplýsingatækni.

Ýmis hefðbundin einkenni á íslensku samfélagi, svo sem einsleitni þess og þátttaka ungmenna í atvinnulífi, eru nú breytingum undirorpin. Þróunin hefur staðið til Evrópusamstarfs og alþjóðahyggju en jafnframt færast verkefni á hendur smærri eininga, svo sem skólahald til sveitarfélaga. Staða Íslands er í deiglunni í norrænu, evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Vísindin, sem námsgreinarnar sækja í sjóð til, fást við víðara svið tilverunnar en áður og beita fjölbreyttari aðferðum og sjónarhornum.

Meginmarkmið með kennslu í samfélagsfræði.

Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi sitt, samfélag og menningu, gera honum auðveldara að fóta sig og beita sér í mannlegu félagi og temja honum gildi sem samkomulag er um í samfélaginu. Til þess þarf nemandinn að hafa þekkingu og skilning á samfélagi og umhverfi sínu eins og það er í nútímanum, forsendum þess í fortíð og náttúru og stöðu sinni og nánasta umhverfis í afstöðu til stærri heilda. Nemandinn þarf að þroska með sér hæfni til að greina og meta fyrirbæri á sjálfstæðan, gagnrýninn en jafnframt heildstæðan hátt og efla skipuleg og skapandi vinnubrögð. Með þessu móti verða nemandanum sköpuð skilyrði til að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Nánar tiltekið er stefnt að því að nemendur:

— öðlist þekkingu og skilning á umheiminum, frá nánasta umhverfi og landinu í heild til Norðurlanda, Evrópu og annarra heimshluta,
— öðlist þekkingu og skilning á mannkynssögu og Íslandssögu fram til nútímans,
— öðlist þekkingu og skilning á íslensku samfélagi nútímans,
— hafi nægilega kunnáttu í samfélagsgreinum til að halda áfram námi á framhaldsstigi,
— geri sér í senn grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis, fortíðar og samfélags og tækifærum þeirra til að hafa áhrif og móta samtíðina og stöðu sína,
— séu læsir á margvíslega umfjöllun um samfélag, sögu og umhverfi og geti aflað sér þekkingar um þessi svið með æ sjálfstæðari og gagnrýnni hætti,
— geti greint viðfangsefni, tengt þekkingu sína, beitt hugtökum, leitað orsaka og greint afleiðingar og tekið rökstuddar ákvarðanir af víðsýni og umburðarlyndi,
— skynji og njóti menningarverðmæta sem skapast hafa í mannlegu samfélagi.

Síðast en ekki síst er lögð áhersla á að glædd sé forvitni nemandans og ræktuð með honum gagnrýni og sjálfstæði í hugsun, skapandi og öguð vinnubrögð og hæfni til að setja þekkingu sína fram á skýran, markvissan og fjölbreyttan hátt.

Leiðir að markmiðum.

Þessum markmiðum verður helst náð með því að:

— samfélagsfræði verði kennd sem ein heild á 1.–4. ári grunnskóla. Í 5.–9. bekk verði kennd saga og landafræði. Lokaár grunnskóla verði helgað nútímasamfélagi á Íslandi undir heitinu þjóðfélagsfræði,
— hvatt verði til fjölbreyttra kennsluaðferða til að ná markmiðum samfélagsgreina,
— öflun upplýsinga um samfélag, umhverfi og sögu auk heimildavinnslu og framsetningar verði þjálfuð stig af stigi,
— stuðlað verði að útgáfu og aðgengi að fjölbreyttum námsgögnum, m.a. með því að nýta nýja upplýsingamiðla; fjölbreytni viðhorfa, sjónarmiða og vinnubragða verði höfð að leiðarljósi.

Helstu nýmæli.

Helstu nýmælin í þessari stefnu eru þrískipting námsgreinasviðsins í grunnskóla: samfléttun greina á 1.–4. ári, kennsla landafræði og sögu í 5.–9. bekk og þjóðfélagsfræði (nútímasamfélag á Íslandi) á lokaári í grunnskóla. Þá er nýjung að Íslandssaga verði jafnan kennd í tengslum við mannkynssögu, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla.

Hugað verður betur að nærtækum þáttum, svo sem fjölskyldu, heimabyggð, norrænum frændþjóðum, nýbúum á Íslandi og nýbyggðum Íslendinga erlendis, einkum í vesturheimi. Þetta verði m.a. gert til að byggja brú til fjarlægari sviða. Jafnvægis verði gætt milli yfirlits yfir stórt svið og sjálfstæðrar könnunar á einstökum þáttum til að þroska vinnubrögð og dýpka þekkingu. Þá má nefna að stefnt er að því að nemendur fái markvissa þjálfun við að afla upplýsinga um samfélag, umhverfi og sögu, vinna úr þeim upplýsingum og koma þeim á framfæri. Í þessu skyni verður m.a. komið á skylduáfanga í ritun heimildaritgerðar á félagsfræðabraut í framhaldsskóla. Til að þjálfa rökræna hugsun og orðræðu verður m.a. mælt með að aðferðum barnaheimspeki verði beitt í grunnskóla.

Menningarsögulegar áherslur verða lagðar í framhaldsskóla og í kjarna félagsfræðibrautar verða fjölþættir inngangsáfangar í hagfræði, heimspeki, landafræði, sálfræði og stærðfræði auk félagsfræði og sögu.

3.7. Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði.

Kristin trú hefur verið mótandi afl í íslensku þjóðlífi nánast frá upphafi og er enn. Það birtist m.a. í því að um 96% þjóðarinnar eru skráð í kristin trúfélög. Saga og menning þjóðarinnar verður vart skilin án þekkingar á kristinni trú og sögu kristinnar kirkju. Sama gildir um vestræna sögu og menningu. Kristin fræði eiga m.a. að gera nemendur læsa á menningararf þjóðarinnar en einnig Vesturlanda almennt. Biblíufræðsla er liður í því. Biblían hefur haft mótandi áhrif á menningararf íslensku þjóðarinnar og Vesturlanda. Þessi áhrif birtast m.a. í bókmenntum og listum, sem og lífsskilningi fólks, trú og siðgæði.

Umfjöllun um trú og lífsskoðun tengist leit fólks að svörum við spurningum um merkingu lífsins og hluti af sjálfsmynd þess er ákveðið lífsviðhorf og gildismat. Það felur þó ekki í sér að skólanum sé ætlað að þröngva ákveðnum trúarlegum viðhorfum upp á nemendur. Hann á að veita þeim tækifæri til að þroska með sér skilning á trúarlegum þáttum mannlegs lífs og færni í að fást við trúarleg viðfangsefni og stuðla að því að þeir öðlist forsendur til að taka trúarlega afstöðu á grundvelli þekkingar og skilings.

Sérhvert þjóðfélag byggist á ákveðnum grundvallargildum. Skólanum er ætlað að miðla slíkum gildum. Í íslensku samfélagi eiga þessi gildi sér kristnar rætur. Nægir þar að nefna virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér og öðrum manneskjum, fyrir mannréttindum og helgi mannlegs lífs, umhverfinu og öllu lífi.

Trúarbrögð eru mótandi afl hvarvetna í veröldinni og þekking á þeim er mikilvæg til skilnings á manninum og samfélagi manna. Aðstæður í Evrópu og heiminum almennt hafa breyst mikið á síðustu árum. Samgöngur og samskipti hafa aukist til muna og fjölhyggja og fjölbreytni lífsviðhorfa fer vaxandi hér á landi eins og í nágrannalöndunum og fólk flytur á milli menningarsvæða. Mikilvægt er því að veita nemendum þekkingu og skilning á helstu trúarbrögðum og lífsviðhorfum svo þeir geti umgengist og borið virðingu fyrir fólki sem er annarrar trúar eða lífsskoðunar.

Í hugmyndum að nýrri námskrá er áhersla aukin á hið sögulega og menningarsögulega í kristinfræðinni. Því er lögð áhersla á íslenska kirkjusögu og tengsl hennar við almenna kirkjusögu og þátt trúar í listum og bókmenntum.

Nú sem áður er veruleg áhersla lögð á siðfræðiþáttinn og siðræn gildi. Áhersla er lögð á Biblíuna, biblíutexta og biblíusögur, og með því mætt óskum kennara og fleiri sem telja nauðsynlegt að efla biblíuþekkingu meðal barna og unglinga. Áhersla á fræðslu um önnur trúarbrögð og lífsviðhorf en kristni er aukin.

Meginmarkmið með kennslu í kristnum fræðum í grunnskóla.

Í samvinnu við heimilin og í samræmi við markmið grunnskólans á nám í kristnum fræðum að efla trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska nemenda með því að þeir:

— öðlist þekkingu á Biblíunni og kristinni trú sem menningararfi og uppsprettu trúar, siðgæðis og lífsviðhorfa,
— kynnist sögu kristinnar kirkju almennt og hérlendis og hlut hennar í mótun vestrænnar og íslenskrar menningar,
— þekki þann siðgæðisgrunn sem grunnskólinn byggist á, öðlist færni í að fást við siðræn viðfangsefni í ljósi hans og temji sér samskiptareglur sem leiðir af honum,
— kynnist öðrum trúarbrögðum sem grundvelli gilda og lífsviðhorfa og tileinki sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna.

Fyrstu fjögur námsárin í grunnskóla er lagt til að nemendur öðlist þekkingu á mikilvægum frásögnum og persónum í Biblíunni, bæði í Gamla og Nýja testamentinu. Enn fremur að þeir hafi haft kynni af kristnu helgihaldi og þekki helstu hátíðir kristninnar og siði og tákn sem tengjast þeim. Sömuleiðis er ætlast til að nemendur hafi kynnst nokkrum mikilvægum frásögnum og persónum úr sögu íslenskrar kristni og tjáningu trúar í verkum íslenskra listamanna. Eftir þessi fyrstu ár grunnskólans er nauðsynlegt að nemendur þekki nokkur helstu grundvallargildi kristilegs siðgæðis og hafi fengist við viðfangsefni sem stuðla að ábyrgðartilfinningu, virðingu fyrir öðrum og sáttfýsi. Jafnframt þarf að leggja grunn að fyrstu kynnum þeirra af öðrum trúarbrögðum og lífsviðhorfum í gegnum frásagnir af jafnöldrum.

Á næsta aldursstigi grunnskóla, á 5.–7. námsári, er stefnt að því að nemendur þekki helstu biblíutexta sem kristin trú og játning byggist á, þekki kirkjuhús sitt, helstu tákn, kirkjulegar athafnir og starf í heimabyggð. Á þessu stigi hafi nemendur kynnst völdum þáttum úr almennri og íslenskri kirkjusögu, einkum í fornöld, á miðöldum og hvernig kristni barst til Íslands, enn fremur áhrifum Biblíunnar og kristinnar trúar á íslenska og erlenda listsköpun. Nemendur skulu einnig öðlast góða innsýn í kristilegt siðgæði, einkum samskiptareglur sem byggjast á kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi. Loks eiga nemendur í 5.–7. bekk að þekkja valda þætti nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, hátíðir, siði og venjur.

Að loknum þremur síðustu árum grunnskóla er stefnt að því að nemendur þekki Biblíuna sem ritsafn, sögu hennar og tilurð og hafi öðlast færni í notkun hennar. Á þessu stigi öðlist þeir þekkingu á starfi kirkjunnar, einkum hjálpar- og kristniboðsstarfi, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Þeir kynnist helstu kirkjudeildum og trúfélögum, hvað þau eiga sameiginlegt og hvað greinir þau að. Nemendur kynnist völdum þáttum úr almennri og íslenskri kirkjusögu, einkum frá siðbótartímanum til okkar daga, áhrifum trúar á menningu og listir, bæði í hinum kristna heimi og annars staðar. Jafnframt skulu nemendur glíma við siðferðileg álitamál og skoðað þau í ljósi mismunandi gildismats og lífsviðhorfa. Nemendur skulu þekkja megininntak og útbreiðslu helstu trúarbragða heims og annarra lífsviðhorfa.

Í framhaldsskóla hafa kristin fræði og trúarbragðafræðsla ekki verið á almennri námskrá eins og tíðkast í nágrannalöndum. Í nýrri námskrá mætti huga að því hvort slíkar greinar geta rúmast í kjarna, a.m.k. á félagsfræðabraut. Enn fremur er brýnt að tekið sé tillit til þessara þátta í námsgreinum á borð við sögu, félagsfræði og sálfræði.

3.8. Námssvið upplýsinga- og tæknimennta.

Með tilkomu nýrrar tækni á upplýsinga- og samskiptasviðinu verða nú róttækar breytingar á samfélags- og atvinnuháttum fólks. Tæknin býður upp á nýstárlega og framandi möguleika í samskiptum, atvinnuháttum, tómstundum og í þjóðlífinu öllu. Eitt meginhlutverk skólakerfisins hlýtur að vera að búa komandi kynslóðir af kostgæfni undir að takast á við þetta nýstárlega umhverfi. Það gerir skólinn best með því að byggja upp starfsumhverfi upplýsingasamfélagsins af metnaði þar sem nemendur kynnast möguleikum tækninnar í öguðu umhverfi skólasamfélagsins.

Mikilvægt er að skólakerfið taki virkan þátt í þessum breytingum til að tryggja að möguleikar hinnar nýju tækni standi öllum þegnum þjóðfélagsins jafnt til boða. Tilgangurinn með stofnun nýs námssviðs upplýsinga- og tæknimennta í grunn- og framhaldsskólum er að gefa öllum nemendum kost á að nýta sér möguleika tækninnar og að kynnast tækni sem sérstöku faglegu viðfangsefni. Einkum er verið að horfa til breytinga á atvinnu- og samskiptaháttum sem rekja má til nútímatækni. Áherslur námssviðsins beinast því fyrst og fremst að atvinnulífinu. Nemendur eru því búnir undir virka og árangursríka þátttöku í efnahags- og menningarlífi er einkennist af síbreytilegri tækni og stöðugri framsetningu nýrrar þekkingar og verkkunnáttu sem einstaklingar verða að afla sér án afláts allt lífið.

Í upplýsingasamfélagi eru þjónusta, samskipti og hagnýting þekkingar ráðandi þættir. Þetta birtist m.a. í vaxandi vægi þekkingar, þjónustu- og afþreyingariðnaðar í verðmætasköpun atvinnulífsins. Mikilvægt er að skólakerfið lagi atvinnutengt nám að þessum breytingum. Það felur meðal annars í sér að opna augu nemenda fyrir hagnýtu gildi alls náms, hvernig þekking í vísindum, fræðum og listum er hagnýtt í atvinnulífi nútímans, að kenna nemendum að koma auga á atvinnutækifæri og nýta sér möguleika til verðmætasköpunar á ýmsum sviðum, eins og í listum, félagsmálum, viðskiptum og í netheimum.

Með námssviði upplýsinga- og tæknimennta er skólakerfið að koma til móts við þetta breytta starfsumhverfi 21. aldar með nýrri skilgreiningu á verkmenntahugtakinu. Hinar nýju atvinnugreinar upplýsingasamfélagsins fá sinn sess innan grunnskóla, við hlið hefðbundinna verkmenntagreina. Jafnframt verður lögð meiri áhersla á hönnun og tæknimenntun í smíðakennslu í grunnskólum en verið hefur.

Hér á landi hefur tæknimenntun í framhaldsskólum nær eingöngu verið takmörkuð við einstakar starfsnámsbrautir á framhaldsskólastigi og því fer stærstur hluti nemenda varhluta af henni. Af þessum sökum hafa nemendur í framhaldsskóla sem hafa haft áhuga á tækni og stefnt hafa á fræðilegt háskólanám á því sviði orðið að velja á milli almenns stúdentsprófs, sem veitir litla tækniþjálfun, eða fara lengri leið til stúdentsprófs í gegnum starfsnámsbrautir. Með upplýsinga- og tæknibraut gefst kostur á að koma til móts við almenn sjónarmið um tæknilæsi jafnframt sem nemendum gefst kostur á heildstæðum undirbúningi undir fræðilegt upplýsinga- og tækninám á háskólastigi.

Meginmarkmið með kennslu á upplýsinga- og tæknisviði.

Upplýsinga- og tæknimenntun fjallar um á hvern hátt tækni og verkleg kunnátta hefur verið og er notuð til að fullnægja þörfum fólks til að takast á við umhverfi sitt á markvissan, skapandi og mótandi hátt. Áhersla verður lögð á að fjalla um tækniumhverfið á heildstæðan hátt, einkum hvernig náttúra, samfélag og menning eru ein samofin heild sem taka verður tillit til við tæknilega hagnýtingu. Sérstök áhersla verður lögð á tækniumhverfi nútímans sem einkennist af síbreytilegri tækni og stöðugri framsetningu nýrrar þekkingar og verkkunnáttu sem einstaklingar verða að afla sér allt lífið.

Nánar tiltekið er stefnt að því að:

— allir nemendur grunn- og framhaldsskóla læri að nýta sér upplýsingatækni þar sem hún á við í námi, starfi og leik,
— kennsla í upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun verði fest í sessi sem sérstakur námsþáttur í grunn- og framhaldsskólum,
— nemendur í grunnskólum nái fullnægjandi leikni í innslætti á lyklaborð þannig að ekki verði þörf fyrir almenna kennslu í þessum þáttum á framhaldsskólastigi,
— nemendur öðlist verklega innsýn í framleiðslu- og atvinnuhætti nútímans,
— nemendur öðlist skilning á hagnýtu gildi alls náms í verðmætasköpun þjóðarinnar,
— nemendur öðlist heildstæðan skilning á eðli tæknilegrar hagnýtingar,
— nemendum í almennu bóknámi verði gefinn kostur á að kynnast tækni sem sérfaglegu og fræðilegu viðfangsefni til undirbúnings fræðilegu háskólanámi á tæknisviðum.

Leiðir að markmiðum.

Framangreindum markmiðum verður að mati ráðuneytisins helst náð með því að:
— gerð verði samræmd námskrá innan námssviðsins um nýtingu upplýsingatækni við kennslu í grunnskólum, samhliða því sem stefnt er að almennu tölvulæsi nemenda,
— gerð verði sú krafa að notkun sérfaglegs hug- og vélbúnaðar sé samþætt kennslu á öllum námssviðum framhaldsskólastigsins,
— upplýsingatækni verði fastur námsþáttur í skólasafnskennslu í grunnskólum og skólasafnskennsla gerð að skyldunámsgrein, frá upphafi til loka grunnskóla,
— upplýsingalæsi verði skylduáfangi í framhaldsskólum með áherslu á aðferðir við öflun, úrvinnslu og greiningu upplýsinga á því sviði sem nemandinn stundar,
— ritleikni á lyklaborð og ritvinnsla verði skyldunámsþáttur í grunnskólum frá 4. bekk til loka grunnskóla; þess skal gætt að þátturinn verði samþættur kennslu í íslensku og öðrum námsgreinum sem byggjast á tjáningu nemenda í rituðu máli,
— hefðbundin aðgreining verkmennta í grunnskólum í hannyrðir og smíðar verði brotin upp þannig að hannyrðir verði áfram á námssviði listgreina en smíðar verði færðar yfir á námssvið upplýsinga- og tæknimennta,
— aukin áhersla verði á hönnun og tæknimenntir í smíðakennslu í grunnskólum; þessir þættir verði samþættir handverksþætti greinarinnar; til að undirstrika þessa áherslu fengi greinin undirheitið *hönnun, tækni og handverk*, skammstafað HTH,
— í grunnskóla verði stofnuð ný starfsmenntagrein, *nýsköpun og hagnýting þekkingar*; í greininni öðlist nemendur verklega innsýn og leikni í að framleiða hagnýtar afurðir úr þekkingu sem þeir öðlast í öðrum námsgreinum (svo sem í málfræði, listgreinum, stærðfræði, náttúrufræði, tungumálum, samfélagsgreinum og skólaíþróttum),
— á framhaldsskólastigi verði stofnuð ný bóknámsbraut fyrir nemendur sem hafa hug á fræðilegu háskólanámi í upplýsinga, tækni- eða verkvísindum; á brautinni verði lögð áhersla á heilsteypt og fræðilegt tækninám; nemendur geta jafnframt valið um að dýpka skilning sinn á einu af þremur meginsviðum verk- og tæknivísinda nútímans: rauntækni, upplýsingatækni eða hugbúnaðartækni.

Helstu nýmæli.

Námssvið upplýsinga- og tæknimennta telst allt til nýmæla í íslensku skólakerfi. Miðað við fyrri námskrá frá 1989 er þó vert að telja upp nokkur atriði:
— Unnin verður samræmd námskrá í grunnskólum um notkun upplýsingatækni í kennslu.
— Lögð verður áhersla á að tæknilegri hugsun og lausnum verði ekki síður beitt á við-

fangsefni sem lúta að menningu og samfélagi en því er lýtur að því að finna upp hluti og beisla náttúruöflin.
— Lögð verður áhersla á að nemendur kynnist hagnýtum þætti alls náms í nýrri starfsmenntagrein í grunnskóla, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.
— Smíðakennsla í grunnskólum færist yfir á námssvið upplýsinga- og tæknimennta.
— Tölvulæsi verður gert að skyldunámsgrein í grunnskólum.
— Þjálfun í innslætti á lyklaborð og ritvinnsla verður skylda í grunnskólum.
— Þjálfun í upplýsingalæsi í tengslum við sérnám nemenda í framhaldsskóla verður gerð að skyldu.
— Gefinn verður kostur á fræðilegu upplýsinga- og tækninámi á bóknámsbrautum framhaldsskóla.

3.9. Erlend tungumál.

Aukin samskipti þjóða á fjölmörgum sviðum, tíð ferðalög einstaklinga til útlanda og háþróuð samskiptatækni kalla á aukna og bætta tungumálakunnáttu og tjáskiptahæfni Íslendinga. Oft velta hagsmunir einstaklinga, fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og þjóðfélagsins í heild á kunnáttu í erlendum málum og haldgóð tungumálakunnátta getur skipt sköpum fyrir árangur á öllum sviðum þjóðlífsins, m.a. í atvinnulífi, viðskiptum og í fjölþjóðasamstarfi. Þá ber að leggja áherslu á mikilvægi tungumálakunnáttu við öflun og miðlun þekkingar, svo sem í námi, fræðistörfum og vísindum. Auk þess að nýtast í leik og starfi veitir tungumálanám innsýn í menningu annarra þjóða og eykur jafnframt á menningarlega fjölbreytni í íslensku þjóðfélagi.

Til að tryggja hagsmuni Íslendinga sem best er brýnt að tungumálakunnátta landsmanna sé sem víðtækust. Hér gegnir vönduð og skilvirk tungumálakennsla lykilhlutverki. Í því sambandi veltur einnig mikið á að nemendur geri sér ljósa ábyrgð sína í málanáminu og að þeir skynji að framfarir þeirra séu öðru fremur háðar frumkvæði þeirra og góðri ástundun.

Vegna sögulegra og menningarlegra tengsla og víðtækra samskipta Íslendinga við aðrar norrænar þjóðir ber að leggja áherslu á kennslu í dönsku (norsku, sænsku). Sérstaka áherslu ber að leggja á kennslu í ensku vegna stöðu enskrar tungu sem alþjóðlegs samskiptamáls og vegna mikilvægis hennar við öflun og miðlun þekkingar. Vegna stöðu Íslands í Evrópu og með aukinni þátttöku í samstarfi Evrópuþjóða, m.a. með fleiri tækifærum sem Íslendingum bjóðast til náms og starfa, er sérstök ástæða til að efla kennslu í þriðja erlenda máli. Þá ber að huga að kennslu tungumála sem ekki hafa verið kennd hér á landi áður en ætla má að hafi vaxandi þýðingu fyrir Íslendinga.

Við kennslu erlendra tungumála ber að leggja áherslu á þau sem tæki til tjáskipta og að mál og menning verði ekki aðskilin. Þá er það grundvallarviðhorf að tungumálanám sé einstaklingsbundið ferli og að nemendur læri erlent tungumál fyrst og fremst með því að nota það. Við framsetningu markmiða í erlendum málum skal tekið mið af eftirfarandi:
— að nám í hverju máli fyrir sig verði skipulagt sérstaklega sem samfellt ferli frá upphafi náms í grunnskóla til loka náms í framhaldsskóla,
— að tekið verði tillit til sérstöðu hvers máls, aldurs nemenda við upphaf málanáms og árafjölda sem greinin er kennd; ferlinu verði skipt í afmörkuð tímabil (tvö ár í senn) þar sem markmið verði skýrt skilgreind og þess gætt að um eðlilega samfellu og stígandi sé að ræða eftir því sem náminu vindur fram,
— að í framsetningu markmiða verði öðru fremur tekið mið af því hvernig nemendur geta notað málið sem tæki til tjáskipta; skýrt verði greint á milli markmiða með málanámi og hvaða leiðir geta hentað til að ná settum markmiðum.

Meginmarkmið með kennslu erlendra tungumála.

Meginmarkmið með kennslu erlendra mála í íslenskum grunn- og framhaldsskólum er að gera nemendur færa um að takast á við frekara nám og störf þar sem reynir á tungumálakunnáttu. Markmiðið er að sem flestir Íslendingar verði færir um að nota erlend mál sem tæki til tjáskipta í samskiptum sínum við aðrar þjóðir og gera þá samkeppnisfæra, svo sem í viðskiptum og tækni og almennt hæfari til þátttöku í fjölþjóðasamstarfi.

Nánar tiltekið er stefnt að því að nemendur:

— nái tökum á þeim þáttum sem felast í tjáskiptahæfni á erlendu máli; þannig öðlist þeir færni í að skilja mælt og ritað mál og í að tjá sig lipurlega og á hnitmiðaðan hátt í ræðu og riti í ólíkum tilgangi,
— nái valdi á reglum um mál og málnotkun og hafi yfir að ráða orðaforða sem nauðsynlegur er til að skilja og nota málið,
— átti sig á félagslegu hlutverki málsins og hvernig málnotkun tekur mið af ólíkum aðstæðum og tilgangi með notkun málsins hverju sinni,
— öðlist þekkingu á menningu, samfélagi og samskiptaháttum þeirra sem nota málið,
— kunni að bregðast við og bjarga sér þegar þekkingu þeirra á málinu þrýtur.

Leiðir.

Þessum markmiðum verður helst náð með því að:

— nemendur fái sem raunsannasta mynd af málinu og notagildi þess sem tæki til tjáskipta; í því skyni kynnist þeir m.a. notkun fjölbreytilegra textagerða og ólíkra miðla,
— nemendur fái ríkuleg tækifæri til að byggja upp málhæfni sína í þeim þáttum sem nauðsynlegir eru til að ná tökum á málinu sem tjáskiptatæki; sérstök áhersla verði lögð á að nemendur noti málið á skapandi hátt við sem fjölbreytilegastar aðstæður og með ólíkan tilgang í huga,
— kennslan og önnur samskipti í kennslustofunni fari sem mest fram á erlendu máli,
— nemendur vinni margvísleg verkefni þar sem þeir þurfa að kljást við málið í margbreytileika sínum, beita sjálfstæðum vinnubrögðum og leita ólíkra leiða við úrlausn verkefna,
— aðferðir sem beitt er í kennslunni — bæði vegna heimanáms og vinnu í kennslustundum — stuðli að aukinni ábyrgð nemenda í náminu og geri þeim ljóst mikilvægi góðrar ástundunar og eigin frumkvæðis,
— nemendur vinni að lausn heildstæðra verkefna, bæði einir sér og í samvinnu við aðra,
— viðfangsefni í málanáminu séu að einhverju leyti samþætt öðrum námsgreinum,
— viðfangsefni í málanáminu taki að nokkru leyti mið af eðli námsbrautar.

Helstu nýmæli.

Gert er ráð fyrir að enskukennsla færist fram um tvö ár í grunnskóla og hefjist í 5. bekk. Þessi ráðstöfun felur í sér verulega aukningu á þeim tíma sem varið er til enskukennslu í grunnskólum. Dönskukennsla færist aftur um eitt ár og hefst í 7. bekk í stað 6. bekkjar. Ekki verði þó dregið úr heildarkennslustundafjölda í dönsku.

Nám í þriðja erlenda máli verði eflt. Í fyrsta lagi verði boðið upp á nám í þriðja erlenda máli í tveimur efstu bekkjum grunnskólans samkvæmt námskrá framhaldsskóla fyrir þá nemendur sem hneigðir eru til tungumálanáms.

Nokkrir framhaldsskólar sérhæfi sig í kennslu einstakra erlendra mála, svo sem japönsku, kínversku og rússnesku, sem ætla má að hafi vaxandi þýðingu fyrir Íslendinga á næstu árum og áratugum.

Tungumálanám í framhaldsskólum verði gert sveigjanlegra en nú er og í auknum mæli verði boðið upp á styttri og lengri samstæð valnámskeið (t.d. 28 vikur) þar sem nýttir verði möguleikar sem alþjóðasamstarf býður upp á vegna erlendra gestakennara.

Boðið verði upp á sérstakt tungumálanám fyrir börn og ungmenni sem náð hafa tökum á erlendu máli vegna búsetu erlendis eða erlends uppruna.

3.10. Lífsleikni.

Samfélagið gerir á hverjum tíma kröfur um að ákveðnum fræðsluþáttum sé skipaður sess í skólastarfi. Líf í nútímasamfélagi gerir sívaxandi kröfur um færni einstaklinga á ýmsum sviðum til undirbúnings virkrar þátttöku í atvinnulífi sem og á vettvangi fjölskyldunnar. Samskiptahæfni, umburðarlyndi, samvinna og skilningur á gangverki lýðræðisins eru meðal þeirra þátta sem nútímamenn verða að tileinka sér. Á síðari árum hefur sú krafa farið vaxandi að skólinn taki þátt í þessari mótun með fræðslu um ýmsa þætti er lúta að lífi og starfi eða þeirri ábyrgð sem fullorðinsárunum fylgja. Fræðsla af þessu tagi hefur gengið undir nafninu lífsleikni. Lífsleikni í framangreindum skilningi er mikilvægt hugtak í nýjum aðalnámskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla. Hugtakið felur í sér kerfisbundna viðleitni til að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér og umhverfi sínu og stuðla þannig að persónulegri hæfni þeirra til að takast á við lífið í nútímasamfélagi. Til að svo verði er nauðsynlegt að nemendur þekki þau réttindi og skyldur sem lúta að virki þátttöku í lýðræðissamfélagi. Núgildandi aðalnámskrá fjallar um nokkra lífsleikniþætti en ætlar þeim hvorki sérstakan stað í kennslu né ákveðið tímamagn. Í ljósi reynslunnar er nauðsynlegt að skapa með markvissum hætti skilyrði fyrir skóla til að hyggja að þessum fræðsluþáttum, þannig að öllum nemendum verði sem best tryggð lágmarksviðkynni af þeim.

Umræddir þættir verða felldir saman í ákveðna lífsleiknigrein á grunn- og framhaldsskólastigi og henni ætlaður sérstakur tími í viðmiðunarstundaskrá. Með þessu móti munu skólar eiga hægara með að bregðast við kröfum samfélagsins um aukna þátttöku í uppeldi nemenda í samvinnu við heimilin sem bera höfuðábyrgð á uppeldi barna og skólum jafnframt gert auðveldara að fjalla markvisst um ýmis atriði sem nemendur þurfa á að halda í lífi sínu sem fullveðja einstaklingar. Má í þessu sambandi nefna fræðsluþætti eins og fíknivarnir, neytendafræðslu, vitund um samspil atvinnulífs og afkomu þjóðarinnar, fræðslu um mannréttindi og málefni fjölskyldunnar og öryggismál, svo sem umferðarfræðslu, svo dæmi séu tekin. Markmið kennslunnar er að nemendur verði virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi en slíkt samfélag byggist á þeirri forsendu að einstaklingar séu meðvitaðir um rétt sinn og getu til að móta umhverfi sitt með þátttöku í málefnum sem þeir telja að skipti máli.

Með tilkomu nýrra kennslugreina eiga skólar einnig auðveldara með að bregðast við staðbundnum aðstæðum með markvissri fræðslu og tvinna málefni líðandi stundar saman við lífsleikninám nemenda. Þá er skólum einnig auðveldað að standa við ýmsar skuldbindingar Íslendinga á innlendum og alþjóðlegum vettvangi með fræðslu sem menntayfirvöld gera kröfu um eða leiðir af sáttmálum Íslands við önnur ríki.

Við útfærslu á lífsleikni er mikilvægt að hafa í huga að skólinn er samfélag sem mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristilegs siðgæðis og umburðarlyndis. Greinin er því kjörinn vettvangur þar sem nemendum gefst tækifæri til að sýna samábyrgð og samstöðu, taka sameiginlegar ákvarðanir innan hópsins og skólans og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Lífsleiknin hvílir því á þeirri meginforsendu að nemendur eru virkir og að fullu þátttakendur í lýðræðissamfélagi skóla.

Meginmarkmið með kennslu í lífsleikni.

Námsgreinin lífsleikni felur í sér viðleitni til að dýpka skilning nemendans á sjálfum sér og umhverfi sínu og stuðla þannig að persónulegri hæfni hans til að takast á við lífið í nútíma samfélagi með þeim réttindum, skyldum og ábyrgð sem því fylgir, og að gera nemendur hæfa til að nýta sér þau tækifæri sem bjóðast.

Nánar tiltekið er stefnt að því að:

— gera nemendur færa um að rækta persónuleg lífsgæði sem fylgja þeim ævina á enda og eru grunnur að alhliða þroska þeirra; nánar tiltekið skal leggja áherslu á heilbrigða lífshætti, andlega velferð, siðvit og lífsgildi og samskipti og samkennd,
— gera nemendum betur grein fyrir hlutverki fjölskyldunnar og að styrkja þá til að taka ábyrgar og sjálfstæðar ákvarðanir í eigin málefnum sem lúta að framtíð þeirra,
— gera nemendur meðvitaða um rétt sinn og getu til að móta umhverfi sitt með lýðræðislegum aðferðum og á ábyrgan hátt í málefnum sem þeir telja að skipti máli,
— gera nemendur færari um að bera ábyrgð á eigin lífi og taka ábyrga afstöðu til neyslu fíkniefna og misnotkunar á lyfjum, t.d. á sterum,
— gera nemendur meðvitaða um margbreytileika mannlegra samskipta og þroska með þeim hæfileika til að hafa eðlileg samskipti við einstaklinga af ólíkum uppruna, kyni, búsetu, stétt, trú eða fötlun,
— gera nemendur meðvitaða um réttindi sín og skyldur sem neytendur, að þeir hendi reiður á eigin fjármálum, verði meðvitaðir um áhrifamátt og þýðingu auglýsinga og áhrif einkaneyslu á samfélag og náttúru,
— gera nemendur meðvitaða um ýmsar hættur og slysagildrur í umhverfi þeirra og viðbrögð við þeim, t.d. í umferðinni, á heimilum og hættur í náttúrunni.

Leiðir að markmiðum.

Framangreindum markmiðum verður náð með því að:

— lífsleikni verði sérstök námsgrein í grunnskóla og skylduáfangi í framhaldsskóla,
— tími verði afmarkaður í stundaskrá og helgaður lífsleikni,
— gefið verði út námsefni sem tekur til efnisþátta lífsleikni og fellir þá saman í heild,
— skólar geri grein fyrir útfærslu og áherslum á þessu sviði í skólanámskrá,
— byggt verði á fjölbreytilegum náms- og kennsluaðferðum.

Viðauki I.

Stytting námstíma til stúdentsprófs.

Á síðustu árum hefur verið rætt um að stytta námstíma til stúdentsprófs sem er allt að tveimur árum lengri hér á landi en á meðal annarra þjóða. Íslenskir nemendur hefja háskólanám tvítugir en nemendur hefja háskólanám aðeins átján ára gamlir víða annars staðar. Á sínum tíma lagði nefnd um mótun menntastefnu til að námstími til stúdentsprófs af bóknámsbrautum yrði þrjú ár í stað fjögurra og stefnt yrði að styttingu námstíma í starfsnámi. Stefnumótunarnefnd um námskrárvinnuna lagði til í skýrslu sinni til menntamálaráðherra síðastliðið vor að sama breyting yrði gerð, og hefur ríkisstjórnin falið menntamálaráðherra að leggja fram tillögur í málinu. Ljóst er að stytting á námi til stúdentsprófs er afar flókið viðfangsefni. Leiðir að þessu marki eru fleiri en ein, til að mynda lenging skólaársins, fækkun viðfangsefna eða hvort tveggja.

Sú námskrárstefna sem hér er kynnt tekur mið af fjögurra ára bóknámsbrautum í framhaldsskólum en þó eru ákveðin skref tekin sem auðvelda styttingu námstíma til stúdentsprófs. Í fyrsta lagi er námskrá grunnskóla löguð að tíu ára grunnskóla í stað níu ára sem núgildandi námskrá miðast við. Þetta þýðir að við lok grunnskóla verða nemendur komnir lengra í námi en nú er. Í öðru lagi er dregið úr hinum skörpu skilum sem ríkt hafa á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Gerð er tillaga um að grunnskólanemar geti lokið grunnskólanámi á níu árum í stað tíu eða lagt stund á framhaldsskólanám í tilteknum námsgreinum í 9. og 10. bekk. Í þriðja lagi verða námsmarkmið sett fram á skýrari og ótvíræðari hátt en fyrr sem auðveldar samanburð við námskröfur í öðrum löndum.

Áfram verður unnið að því að móta leiðir til að stytta námstíma til stúdentsprófs. Ef þessi breyting verður á einu ári þarf háskólastigið að taka við tvöföldum fjölda nýstúdenta eitt árið og því þarf að skoða hvort ekki sé heppilegra að bjóða þriggja og fjögurra ára stúdentsprófsbrautir samhliða í nokkurn tíma. Þá þarf að gera faglegan samanburð á námskröfum til stúdentsprófs hér og í öðrum löndum í þeim tilgangi að tryggja jafngildi íslenska stúdentsprófsins gagnvart sambærilegum erlendum prófgráðum. Ef í ljós kemur að ekki sé unnt að gera sömu námskröfur til nemenda hér á þrettán árum og gerðar eru í mörgum öðrum löndum á tólf árum, miðað við árlegan kennslustundafjölda, er ljóst að lengja þarf skólaárið. Alþjóðlegur samanburður á námskröfum auðveldar ákvörðun um hversu mikil sú lenging þarf að vera.

Í áfangaskólum verður sífellt algengara að nemendur ljúki stúdentsprófi á skemmri tíma en fjórum árum. Menntamálaráðherra hefur heimilað Menntaskólanum við Hamrahlíð að bjóða svonefnt IB-nám sem byggist á alþjóðlegum kröfum um þriggja ára nám sem veitir aðgang að meira en 400 háskólum. Jafnframt hefur ráðherrann lýst yfir vilja til að heimila þriggja ára nám til stúdentsprófs í tilraunaskyni.

Viðauki II.

Inntak og skipulag starfsnáms.

Í apríl 1997 fól verkefnisstjórn um endurskoðun aðalnámskráa samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi að fjalla um ýmis álitamál er varða meginmarkmið og skipan starfsmennta og gera tillögur í þeim efnum. Með bréfi, dagsettu 4. mars 1998, kynnti nefndin hugmyndir sínar og þau meginmarkmið sem hafa ber í huga með skipan starfsnáms. Birtast viðhorf SAMSTARFS, samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskóastigi hér að neðan:

1. Hvað er átt við með hugtakinu starfsmenntun?

Öll skólafræðsla hlýtur að vera starfsmenntun að einhverju eða verulegu leyti. Samstarfsnefndin telur þó rétt að takmarka umfjöllunina og skilgreina hugtakið þröngt:

Starfsmenntun er nám sem fram fer í fjölbrautaskólum og iðn- og verkmenntaskólum, sem og í öðrum fræðslusetrum sem bjóða sérhæft nám á framhaldsskólastigi, sem viðurkenndir hafa verið af menntamálaráðuneytinu. Námið býr nemendur undir tiltekið starf eða starfsgrein. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Verklegi hluti námsins getur farið fram í skóla eða á vinnustað eftir aðstæðum í hverri starfsgrein.

2. Á hvaða sviðum er brýnast að byggja upp stutt starfsnám?

Samstarfsnefndin gerir þá tillögu að greining á þörfum atvinnulífsins fyrir nýjar starfsbrautir verði unnin sem fyrsta þróunarverkefnið, sbr. 27. gr. framhaldsskólalaganna.

Framhaldsskólarnir hafa bæði verið gagnrýndir fyrir að bjóða fram starfsnám sem ekki er í neinum tengslum við þarfir atvinnulífsins og ekki síður fyrir að bjóða ekki fram nægilega fjölbreytt starfsnám. Í skýrslu OECD um íslenskt skólakerfi er nám í framhaldsskólum talið vera yfirborðskennt, að „lítið tillit (sé) tekið til þarfa hvers einstaklings eða þarfa hins íslenska vinnumarkaðar og að samráð skorti milli háskóla og framhaldsskóla". (OECD 1987, bls. 22.)

Ljóst er að framboð framhaldsskólanna er of einhæft og bóklegar áherslur um of ráðandi. Marktækt svar við spurningunni um hvar brýnt sé að byggja upp stutt starfsnám fæst ekki án undangenginnar úttektar á stöðu og þörfum hverrar atvinnugreinar fyrir sig. Úttektina þarf að gera með samvinnu fulltrúa atvinnulífsins og skólanna. Þróun nýrra starfsbrauta verður að byggjast á traustum grunni sem aðeins finnst með skipulögðum vinnubrögðum. Þessari tillögu til frekari áréttingar skal hér vitnað til skýrslu nefndar um mótun menntastefnu, júní 1994, en þar segir m.a.: „Til að menntamálaráðherra geti tekið ákvörðun um stofnun nýrra starfsnámsbrauta þurfa að liggja fyrir upplýsingar og mat á forsendum fyrir starfrækslu hennar. Um er að ræða upplýsingar um þarfir atvinnulífsins fyrir námið, áhugi á þátttöku og samkomulag aðila atvinnulífsins um viðurkenningu námsins þannig að líklegt sé að sá sem hefur lokið náminu gangi fyrir öðrum ómenntuðum þegar ráðið er í störf. Við þróun slíkra brauta ber að hafa í huga að menntunin nýtist hvar sem er á landinu og hugsanlega einnig á erlendri grund. Þessi undirbúningsvinna getur verið tímafrek, en hjá henni verður ekki komist eigi vel að fara." Mikilvægt er að nemendur geti tekið námið í áföngum. Stutt starfsnám verður að skipuleggja þannig að það sé heildstætt og ljúki með prófi sem veitir ákveðin réttindi og/eða rétt til áframhaldandi náms.

Brýnust virðist þörfin vera fyrir að byggja upp nýjar brautir á sviðum sjávarútvegs, matvælaiðnaðar, ferðaþjónustu og verksmiðjuiðnaðar. Starfsgreinaráðin hljóta að gera tillögur hér um.

3. *Er ástæða til að breyta uppbyggingu náms í löggiltum iðngreinum? Hvað með uppbyggingu starfsnáms almennt?*

Starfsgreinaráðin eiga að gera tillögu um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, sbr. 29. gr. framhaldsskólalaganna. Í sumum greinum má hugsa sér að sérhæfðustu hlutar námsins verði einungis í boði í kjarnaskóla. Í sem flestum tilvikum þarf kjarnaskólinn að geta boðið upp á endurmenntun á viðkomandi sviði í samstarfi við aðila atvinnulífsins. Áhersla er lögð á að stefnt skuli að því að kjarnaskólarnir geti þróast í fagháskóla.

Samstarfsnefndin telur að nauðsynlegt sé að líta svo á að starfsnám í landinu sé eitt og óskipt, fólk sé einungis mislangt komið í menntun sinni. Hún vill forðast að ræða um starfsnám í tvennu lagi, annars vegar innan löggiltra starfsgreina og hins vegar „almennt".

Samstarfsnefndin er sammála um að áfram beri að þróa áfanga- og þrepaskiptingu starfsnáms á Íslandi, þannig að nemar þreyti samræmd próf (í einni eða tveimur greinum) til þess að útskrifast af skilgreindum fagbrautum (iðn-, heilbrigðis-, verslunar- og þjónustusviðum) með formlegri útskrift þegar kröfum um fullnægjandi árangur er náð.

Nefndin lítur á það sem sérstakt framtíðarverkefni menntakerfisins að koma á samræmdu matskerfi fyrir þá sem ekki hafa lokið skilgreindu námi samkvæmt námskrá framhaldsskóla, en hafa áralanga starfsreynslu í tilteknum störfum og hafa einnig sótt námskeið er nýtast í starfi. Eigi að síður telur hópurinn að það beri að leggja áherslu á gildi námsins og að nýta beri reynslu annars staðar á Norðurlöndum.

Eðlilegt er að uppbygging náms í löggiltum iðngreinum, svo og í öðrum löggiltum starfsgreinum, sé skilgreint af fulltrúum atvinnulífsins í viðkomandi greinum og vettvangur þess sé starfsgreinaráðin. Þörfin fyrir breytingar er mismunandi eftir greinum og tengist m.a. tækniþróun í hverri grein. Það sama gildir um aðra starfsmenntun.

Nauðsynlegt er að tengja saman styttri starfsnámsbrautir og nám í löggiltum starfsgreinum þannig að styttra starfsnám verði metið til eininga eftir aðstæðum á sama hátt og t.d. iðnnám er þrep í frekara starfsréttindanámi.

Nauðsynlegt er að styttra starfsnámi ljúki með prófi sem staðfesti áður skilgreinda þekkingu og hæfni og þar með afmörkun á starfsréttindum.

Nám á öllum starfsmenntabrautum á að fela í sér almennt nám. Til þess að geta aðlagast stöðugum breytingum í atvinnulífinu er þörf á traustri almennri undirstöðumenntun sem gefur færi á viðbótarmenntun og þekkingarsókn síðar á lífsleiðinni. Þær námsgreinar sem hér eru einkum hafðar í huga eru íslenska, enska, stærðfræði og upplýsingalæsi. Þá verður að telja til kjarnagreina á starfsnámsbrautum fjármálafræðslu, fræðslu um eðli og starfsemi fyrirtækja og um atvinnulíf landsmanna almennt. Nefndin telur að hugtökin bóklegt/verklegt séu ekki lengur gagnleg til þess að skilja eðli starfsnáms og hvað greinir það frá öðru námi.

Til skýringar á því sérstaka verkefni menntakerfisins að koma á samræmdu matskerfi fyrir þá sem ekki hafa lokið skilgreindu námi samkvæmt námskrá framhaldsskóla má vitna til minnisblaðs Guðmundar Gunnarssonar til samstarfsnefndarinnar frá 28. maí 1997, en þar segir m.a. á bls. 4: „Ef einhver ætlar að fara í eitthvert rafiðnaðarnám verður hann að hefja það með því að ljúka grunndeild rafiðna. Hún veitir aðgang að margháttuðum störfum í rafiðnaði og frekara starfsnámi. Nokkrir taka ekki lengra nám en grunndeild, en fara þá í sérhæfð störf og eru þá sendir af viðkomandi fyrirtækjum á námskeið í viðkomandi störfum. Hér má nefna margs konar tölvustörf, myndupptökur, lýsingar í myndverum, hljóðblöndun o.fl. Sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að taka upp þráðinn og ljúka löggiltu rafiðnaðarnámi síðar."

Fleiri dæmi mætti nefna um þrepaskiptingu náms, en jafnframt má benda á tilvik þar sem slíkri skiptingu verður ekki komið við svo vel fari. Höfuðatriði er að námið sé áfangaskipt þar sem því verður við komið.

Lækka þarf allar girðingar milli greina og sviða og auðvelda nemendum umskipti. Opna þarf leiðir í námi innan brauta og milli brauta.

4. *Er ástæða til að hafa skýrari fyrirmæli um þann hluta starfsnáms sem fram fer úti í fyrirtækjunum?*

Mikilvægt er að fram komi í námskrá skýr fyrirmæli um starfsþjálfun nema í atvinnulífinu, hvort heldur nemendur eru í löggiltu iðnnámi eða öðru starfsnámi. Fyrirmælunum þarf að skipta upp í þætti þannig að fram komi hvaða færni nemi þarf að búa yfir þegar hann hefur lokið ákveðnum áföngum í námi sínu. Æskilegt væri að reynt yrði að koma á matsblöðum eða vinnubókum sem fylgdu nemum allan námsferilinn. Kveða þarf skýrt á um hver hefur eftirlit með framkvæmdinni og hvaða völd sá aðili hefur til breytinga.

5. *Er ástæða til að breyta námsmati í starfsnámi?*

Í 29. gr. framhaldsskólalaganna segir að starfsgreinaráðin geri tillögur um tilhögun námsmats, þar með talin sveinspróf og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Eðlilegt er að starfsgreinaráðin fjalli um þessa spurningu hvert á sínu sviði.

6. *Eiga kjarnaskólar að hafa sérstöku hlutverki að gegna í námsmati og í starfsnámi almennt, sbr. 31. gr. framhaldsskólalaganna?*

Þegar kjarnaskólum hefur verið komið á fót ber skólunum og starfsgreinaráðum að hafa samvinnu um námsmat í viðkomandi starfsgrein. Kjarnaskólar eru hugsaðir sem þróunar- og þjónustustofnanir fyrir alla þá sem málið varðar.

7. *Er ástæða til að gera framhaldsskólana ábyrgari fyrir námi nemenda í löggiltu iðnnámi, svo sem námssamningum? Hver á að fylgjast með því að nemendur fái þá þjálfun sem þeim ber á vinnustað?*

Samstarfsnefndin telur að auka beri ábyrgð skólanna við að afla nemendum sínum starfsþjálfunar í atvinnulífinu, enda sé þjálfunin rökréttur hluti af heildarnámi þeirra.

Samstarfsnefndin lítur svo á að menntamálaráðuneytið hafi yfirumsjón með eftirliti þess með að starfsþjálfun á vinnustað sé í samræmi við settar reglur. Eðlilegt er talið að ráðuneytið feli öðrum framkvæmd eftirlitsins eftir aðstæðum í einstökum starfsgreinum. Slíkt umboð gæti verið hjá aðilum atvinnulífsins og sæju starfsgreinaráðin um framkvæmdina.

Í 32. gr. framhaldsskólalaganna er kveðið á um að verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á ákvæðum í aðalnámskrá og reglum um vinnustaðanám. Eðlilegt er að skólarnir beri ákveðna skyldu við að koma á sambandi nemenda sinna við fyrirtæki sem geta tekið þá á náms- eða starfsþjálfunarsamning. Skólunum ber að fylgjast með því fyrir hönd nemenda sinna að samningar um starfsþjálfun séu gerðir. Tryggja þarf skólum svigrúm í starfsemi sinni til að annast þessar skyldur.

Forsenda þess að unnt sé að koma við raunhæfu eftirliti með starfsþjálfun er að markmiðum þjálfunarinnar og kröfum sé lýst í námskrá. Eðlilegt er að skólar sjái um að skrá námsferil nemenda sinna þar til að brautskráningu kemur. Vinnustaðanámið gæti verið áfangaskipt og þarf að skilgreinast í öllum meginatriðum í námskrá. Að loknum hverjum áfanga sendi nemandinn skóla sínum staðfestingu á árangri svo að uppfæra megi námsferilsskrána.

8. *Er ástæða til að efla þekkingu grunnskólanemenda á íslensku atvinnulífi? Ef svo er, hvað ætti þá að leggja áherslu á?*

Lagt er til að stuðlað verði að meiri sveigjanleika í námi grunnskólanemenda þannig að rúm skapist fyrir fræðslu um atvinnulífið.

Meginmarkmið skulu þá vera:

— að tengja skólann og atvinnulífið traustari böndum,
— að kynna nemendum atvinnulíf hvers staðar,
— að fræða nemendur um einstök störf atvinnulífsins,
— að undirbúa nemendur undir náms- og starfsval, bæði í skólanum og með heimsókn í fyrirtækin.

Efla þarf tengsl grunnskólans við atvinnulífið, en þau eru fyrst og fremst gegnum starfsfræðslu. Samkvæmt könnun, sem gerð var í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa, eru um 16% þeirra grunnskóla sem bjóða fram kennslu á unglingastigi með starfsfræðslu sem valgrein í efstu bekkjum grunnskólans, oftast 10. bekk. Með öðrum orðum bjóða 84% skóla sem kenna á unglingastigi ekki upp á neina starfsfræðslu. Önnur kennsla um atvinnulífið og atvinnuvegi landsmanna er af mjög skornum skammti, en mismunandi eftir skólum, eitthvað þó í landafræði. Framkvæmd starfsfræðslunnar í þeim grunnskólum sem bjóða upp á hana er breytileg frá einum skóla til annars.

1364. Tillaga til þingsályktunar [707. mál]

um mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum.

Frá umhverfisnefnd.

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega aukinni losun og auknum umsvifum kjarnorkuendurvinnslustöðva í Dounreay og Sellafield sem ógnað geta hreinleika hafsins og nýtingu sjávarauðlinda umhverfis Ísland og ganga gegn alþjóðasamningum, m.a. OSPAR-samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins.

Alþingi ítrekar jafnframt fyrri mótmæli sín með vísan til þingsályktunar frá 8. febrúar 1988, um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum, og þingsályktunar frá 17. desember 1993, um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield.

Greinargerð.

Alþingi hefur tvívegis ályktað að mótmæla starfsemi breskra kjarnorkuendurvinnslustöðva. Þann 8. febrúar 1988 var samþykkt á Alþingi ályktun um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum og 17. desember 1993 samþykkti Alþingi ályktun um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina þar sem mótmælt var harðlega þeirri ákvörðun breskra stjórnvalda að veita endurvinnslustöð fyrir geislavirkan kjarnorkuúrgang starfsleyfi og ganga þannig gegn samþykkt aðildarríkja Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum sem gerð var í Berlín í júní 1993.

Mengun frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum hefur ítrekað verið mótmælt á norrænum vettvangi og þegar fréttir bárust um aukna mengun við Noregsstrendur í ársbyrjun hvatti forsætisnefnd Norðurlandaráðs ríkisstjórnir Norðurlanda til að taka höndum saman og mótmæla. Í framhaldi af þessu sendu norrænir umhverfisráðherrar í febrúar sl. sameiginlegt bréf til að mótmæla losun frá stöðvunum.

Nýlega voru flutt 5 kg af geislavirkum úrgangi frá Georgíu til endurvinnslu í Dounreay í Skotlandi. Utanríkisráðherra hefur lýst því yfir að þessi flutningar séu óviðunandi fyrir hagsmuni Íslendinga og hefur hann kallað sendiherra Breta og Bandaríkjamanna, sem annast flutningana, á sinn fund vegna málsins.

Þann 24. apríl sl. samþykkti Evrópuráðsþingið í Strassborg einróma ályktun um meðferð á geislavirkum úrgangi. Þar kemur fram sú grundvallarregla að ríki sem framleiða geislavirkan úrgang bera ábyrgð á því að honum sé komið fyrir á öruggan hátt og að almennt skuli slíkum úrgangi komið fyrir í því landi þar sem hann verður til svo fremi sem það uppfyllir skilyrði fyrir öruggri meðhöndlun slíkra efna. Auk þess er í ályktuninni mikilvæg umfjöllun um tengsl kjarnorkuúrgangs og sjávar, m.a. eru ríki hvött til að tryggja að flutningar á geislavirkum úrgangi á sjó verði í lágmarki og að leitað verði allra ráða til að lágmarka losun geislavirkra efna í sjó með það markmið í huga að koma í veg fyrir, minnka og stöðva mengun sjávar og strandsvæða af völdum geislavirkra efna. Ályktun Evrópuráðsþingsins verður send ráðherranefnd Evrópuráðsins til umfjöllunar. Vert er að minna á að í nóvember 1998 taka Íslendingar við varaformennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins og gegna þar formennsku á næsta ári þegar Evrópuráðið fagnar því að hálf öld er liðin frá stofnun þess.

Á fundi Sameinuðu þjóðanna sumarið 1997 var m.a. samþykkt ályktun um að lönd sem bera ábyrgð á geislavirkum úrgangi eigi eftir því sem kostur er að leysa þau mál heima fyrir en ekki flytja úrganginn annað til vinnslu.

Samningur um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins, OSPAR, tók gildi 23. mars 1998 á ári hafsins. Í samræmi við ákvæði OSPAR-samningsins skulu samningsaðilar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir og útrýma mengun og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hafsvæðið gegn skaðlegum áhrifum af völdum mannlegra athafna í því skyni að standa vörð um heilsu manna, varðveita vistkerfi hafsins og, þegar hægt er, lagfæra hafsvæði sem orðið hafa fyrir skaðlegum áhrifum. Ljóst er að rekstur endurvinnslustöðvanna samrýmist ekki þessum markmiðum samningsins. Í byrjun apríl var haldinn hér á landi fyrsti fundur innan OSPAR eftir að samningurinn öðlaðist gildi. Fundurinn var í svonefndri PRAM-nefnd sem fjallar um aðgerðir til að draga úr mengun. Á þeim fundi komu fram miklar áhyggjur af mengun frá geislavirkum úrgangi frá endurvinnslustöðvum, einkum af völdum teknesíum 99 frá stöðinni í Sellafield en líklegt er að það efni berist inn á íslenskt hafsvæði innan skamms. Frekari umræður og ákvarðanir verða teknar á á aðalfundi OSPAR og ráðherrafundi aðildarríkjanna sem haldinn verður í Lissabon í júlí 1998 samhliða heimssýningunni.

1365. Nefndarálit [655. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Blöndal frá félagsmálaráðuneyti, Ingvar Sverrisson og Gunnar E. Sigurðsson frá Vinnumálastofnun og Margréti Tómasdóttur frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tillögum stjórnar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til félagsmálaráðherra. Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru almennt til ívilnunar fyrir atvinnulausa.

Helstu breytingar á gildandi lögum sem felast í frumvarpinu eru þær að í fyrsta lagi er kveðið á um rétt manna til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Ákvæðið felur í sér svigrúm fyrir þá sem misst hafa vinnu sína til að leita að nýrri vinnu án milligöngu vinnumiðlunar og án þess að sjálfstæð leit þeirra leiði til skerðingar bótaréttar. Þá er lagt til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði og mælt er fyrir um rýmkun á rétti fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Kveðið er á um rétt til hlutabóta ef menn stunda hlutastörf. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um þennan rétt og hefur það leitt af sér réttaróvissu. Að lokum er skýrt kveðið á um hvaða greiðslur úr Tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum.

Í máli gesta kom fram að verði frumvarpið samþykkt á yfirstandandi þingi þurfi að breyta gildistökuákvæði þess þar sem aðlaga þarf tölvukerfi Vinnumálastofnunar að breytingunum.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og leggur til að það verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

6. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1366. Nefndarálit [654. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Blöndal frá félagsmálaráðuneyti, Ingvar Sverrisson og Gunnar E. Sigurðsson frá Vinnumálastofnun og Margréti Tómasdóttur frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til félagsmálaráðherra. Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru almennt til ívilnunar fyrir atvinnulausa.

Helstu breytingar á gildandi lögum sem felast í frumvarpinu eru þær að í fyrsta lagi er kveðið á um rétt manna til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði. Ákvæðið felur í sér svigrúm fyrir þá sem misst hafa vinnu sína til að leita að nýrri vinnu án milligöngu vinnumiðlunar og án þess að sjálfstæð leit þeirra leiði til skerðingar bótaréttar. Þá er lagt til að sá sem hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs öðlist einnig rétt til að geyma áunninn bótarétt í allt að 24 mánuði og mælt er fyrir um rýmkun á rétti fanga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Kveðið er á um rétt til hlutabóta ef menn stunda hlutastörf en í gildandi lögum er ekki kveðið á um þennan rétt og hefur það leitt af sér réttaróvissu. Þá er lagt til að jafnaður verði réttur fiskvinnslufólks sem ekki á rétt að gera kauptryggingarsamning skv. 16. kafla kjarasamnings VMSÍ og VSÍ/VMS og þeirra sem eiga þann rétt og að lokum er skýrt kveðið á um hvaða greiðslur úr Tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum.

Í máli gesta kom fram að verði frumvarpið samþykkt á yfirstandandi þingi þurfi að breyta gildistökuákvæði þess þar sem aðlaga þarf tölvukerfi Vinnumálastofnunar að breytingunum.

Nefndin tekur undir markmið frumvarpsins og leggur til að það verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

7. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1367. Skýrsla [708. mál]

landbúnaðarráðherra um menntun í landbúnaði.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Inngangur.

Hinn 15. maí 1997 samþykkti Alþingi ályktun um stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði. Með ályktuninni er landbúnaðarráðherra falið að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun í menntunarmálum landbúnaðarins. Ályktunin gerir ráð fyrir að nefndin kanni sérstaklega hvernig skipulagi á sérhæfðri menntun í landbúnaði sé best fyrir komið innan skólakerfisins, rannsaki menntunarstig í landbúnaði, athugi skipulag endurmenntunar, fjalli um hvernig sérskólar landbúnaðarins eigi að tengjast öðru skólastarfi og skoði tengsl rannsókna í landbúnaði við skólastarf.

Í september 1996 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um málefni Bændaskólans á Hvanneyri. Í nefndinni áttu sæti þeir Hákon Sigurgrímsson, deildarstjóri búnaðarsviðs í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Haukur Ingibergsson, forstöðumaður Hagsýslu ríkisins, og Magnús B. Jónsson, skólastjóri á Hvanneyri.

Nefndin fékk m.a. það verkefni samkvæmt skipunarbréfi að vinna að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri og þátt hans í búnaðarmenntun á komandi árum og áratugum og að gera tillögur um hvaða áherslur skólinn á að leggja í starfsemi sinni næstu 10 ár, hvert á að vera námsframboð skólans og stjórnskipulag og hvernig skólinn getur komið atvinnugreininni að sem mestu gagni. Nefndin skilaði áliti í febrúar 1997. Sjá fylgiskjal I.

Hinn 10. júní 1997 skipaði landbúnaðarráðherra síðan starfshóp sem fékk það verkefni að móta tillögur um samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í landbúnaði með það að markmiði að bæta afkomu í atvinnugreininni.

Í starfshópnum eiga sæti tveir þeir sömu og voru í nefndinni um málefni Hvanneyrarskólans, þeir Hákon Sigurgrímsson deildarstjóri, sem er formaður, og Haukur Ingibergsson, forstöðumaður Hagsýslu ríkisins. Einnig eru í starfshópnum Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambandsins, Laufey Steingrímsdóttir, forstöðumaður Manneldisráðs, og Jóhannes Torfason bóndi á Torfalæk. Starfshópurinn skilaði áliti 1. desember sl. Sjá fylgiskjal II.

Jafnframt starfi sínu að framangreindu verkefni var starfshópnum falið að taka til athugunar framangreinda þingsályktun um stefnumótun í menntunarmálum landbúnaðarins og skila skýrslu um það verkefni. Starfshópurinn leitaði til Hagsýslu ríkisins um að gera skýrslu þá sem hér er birt um stöðu menntunar í landbúnaði og helstu viðhorf til þeirra mála. Skýrslunni er skipt í sex kafla:

1. Löggjöf og skipulag menntunar í landbúnaði.
2. Menntunarstig í landbúnaði.
3. Lýsing á starfsemi landbúnaðarskóla.
4. Tenging sérskóla landbúnaðarins við annað skólastarf.
5. Endurmenntun og skipulag endurmenntunar.
6. Viðhorf til framtíðarskipulags búnaðarfræðslu.

Varðandi tillögur um framtíðarskipan fræðslumála landbúnaðarins og það hvernig sérskólar landbúnaðarins eigi að tengjast öðru skólastarfi, svo og um tengsl rannsókna í landbúnaði við skólastarf, vísast jafnframt til álits Hvanneyrarnefndarinnar og álits starfshópsins um rannsóknir, leiðbeiningar og fræðslu. Sjá fylgiskjöl.

Í desember sl. fól landbúnaðarráðherra starfshópnum um rannsóknir, leiðbeiningar og fræðslu í landbúnaði að halda áfram vinnu við þann hluta nefndarálitsins er fjallar um stofnun „Búnaðarháskóla“ með gerð lagafrumvarps um það efni ásamt því að gera úttekt á helstu rekstrar- og framkvæmdaþáttum sem slíka breytingu varða. Í því sambandi skal sérstaklega hugað að sérstöðu og fjárhagslegu sjálfstæði einstakra stofnana sem falla munu undir hina nýju stofnun. Ýmsar leiðir hafa verið ræddar í því sambandi og þær kynntar á fundum með forstöðumönnum viðkomandi stofnana. Einnig hefur málið verið til umræðu á fundum starfsmanna stofnananna. Þá var málið sent búnaðarþingi 1998 til umsagnar.

Meðal þeirra leiða sem kannaðar hafa verið eru að búnaðarháskólinn verði ríkisstofnun sem heyri undir landbúnaðarráðuneytið eða að búnaðarháskólinn verði sjálfseignarstofnun líkt og Verslunarskólinn og Samvinnuháskólinn á Bifröst. Í desember sl. voru samþykkt lög um háskóla, nr. 136/1997. Í 3. gr. laganna er kveðið á um að ríkisreknir háskólar séu sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyri stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneytið. Jafnframt segir í bráðabirgðaákvæði að háskólar sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skuli innan tveggja ára frá gildistökudegi laga starfsemi sína að hinum nýju lögum. Þar eð búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri er ríkisrekin háskóladeild mundi hún að óbreyttu falla undir menntamálaráðuneytið að þeim fresti liðnum sem gefinn er í lögunum, komi ekki annað til. Hins vegar mundu sérlög, sem kvæðu á um aðra skipan, ganga framar ákvæðum háskólalaganna hvað þetta varðar.

Það er skoðun landbúnaðarráðuneytisins að til þess að ná fram meginmarkmiðum þeirra tillagna sem settar eru fram í áliti starfshópsins um rannsóknir, leiðbeiningar og fræðslu þurfi að sameina búnaðarskólana þrjá ásamt Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins í eina stofnun. Það er jafnframt skoðun ráðuneytisins að mikilvægt sé að fagráðuneyti landbúnaðarins fari áfram með málefni fræðslu- og þróunarstofnana landbúnaðarins. Sú skoðun nýtur stuðnings Bændasamtaka Íslands, sbr. ályktun búnaðarþings 1998 (fskj. III), og samkvæmt skoðanakönnun Gallups, sem gerð var í desember 1996, eru

64,6% bænda þeirrar skoðunar að heppilegra sé fyrir landbúnaðinn að grunnfræðsla í búfræðum sé í sérstökum búnaðarskólum fremur en í almennum framhaldsskólum. Ráðuneytið leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda þeim jákvæðu viðhorfum sem jafnan hafa ríkt innan landbúnaðarins til fræðslu- og þróunarstofnana atvinnuvegarins og mun á næstu mánuðum halda áfram því starfi sem unnið hefur verið að og leita leiða sem tryggi að framangreind sjónarmið nái fram að ganga.

1. Löggjöf og skipulag menntunar í landbúnaði.

Í gildi eru lög um búnaðarfræðslu, nr. 55/1978, og reglugerð nr. 462/1984 sem kveða á um fyrirkomulag menntunar í landbúnaði. Samkvæmt lögunum er markmið búnaðarfræðslu:

a. að veita bændaefnum og öðrum hagnýta fræðslu um landbúnað;
b. að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra er starfa við og fyrir landbúnað;
c. að veita vísindalega fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar.

Almenn búnaðarfræðsla skv. a- og b-liðum fer fram við búnaðarskóla sem tilgreindir eru í lögunum, þ.e. Bændaskólana á Hvanneyri, á Hólum í Hjaltadal og í Odda á Rangárvöllum. Síðastnefndi skólinn hefur aldrei starfað. Enn fremur getur búnaðarfræðsla farið fram við aðra framhaldsskóla, í bréfaskóla, með námskeiðahaldi og á hvern þann hátt annan sem hagkvæmt þykir og samþykkt er af yfirstjórn búfræðslumála. Raunin hefur verið sú að almenn búnaðarfræðsla hefur fyrst og fremst farið fram í fyrrnefndum skólum. Fræðsla skv. c-lið fer fram við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri í Borgarfirði.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar og setur skólunum námskrár. Hann skipar einnig skólastjóra. Við hvern skóla skal starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Skólanefnd skal m.a. efla tengsl skólanna við bændur og búnaðarsamtök á svæðinu og vera skólastjóra til ráðgjafar um uppbyggingu skólans.

Sérstök búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra er að þeim vinna. Samkvæmt lögunum skipar landbúnaðarráðherra búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu. Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Samkvæmt lögunum skal við skólana eða í tengslum við þá reka fjölbreyttan búskap er fullnægi sem flestum þörfum kennslu og verkþjálfunar og skapi aðstöðu til rannsókna. Rannsóknir við skólana skulu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu.

Sérstök lög, nr. 91/1936, og reglugerð nr. 712/1996 eru í gildi um Garðyrkjuskóla ríkisins. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skólans og skipar skólastjóra til fimm ára í senn. Einnig skipar hann skólanefnd til fjögurra ára, en í henni sitja þrír menn sem ráðherra skipar án tilnefningar. Garðyrkjuskólinn er m.a. sériðnskóli fyrir skrúðgarðyrkjumenn. Við skólann skal reka garðyrkjustöð með fjölbreyttri ræktun og gróðurhúsum til kennslu og verkþjálfunar og skapa aðstöðu fyrir rannsóknir og ráðgjöf á öllum sviðum garðyrkju.

2. Menntunarstig í landbúnaði.

Takmarkaðar upplýsingar eru til um menntunarstig bænda. Þær upplýsingar sem hér koma fram eru annars vegar vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands frá 1995 og hins vegar viðhorfskönnun bænda sem gerð var af Gallup – Íslenskum markaðsrannsóknum hf. í desember 1996 að beiðni nefndar á vegum landbúnaðarráðherra sem vann að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri.

Á töflu 1 kemur fram yfirlit yfir menntun þeirra sem starfa í landbúnaði í samanburði við þá sem starfa í öðrum atvinnugreinum. Fram kemur í töflunni að menntunarstig í landbúnaði virðist með því lægsta á vinnumarkaðinum. Alls 57% eru eingöngu með grunnmenntun (grunnskólapróf eða sambærilega menntun). Alls eru 40% með starfs- eða framhaldsmenntun og 3% með háskólamenntun.

Tafla 1. Menntunarstig eftir atvinnugreinum.

Atvinnugrein	Grunn-menntun		Starfs- og framhalds-menntun		Háskóla-menntun		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Landbúnaður	**3.700**	**57**	**2.600**	**40**	**200**	**3**	**6.500**	**100**
Fiskveiðar	2.600	38	4.200	61	100	1	6.900	100
Iðnaður	12.600	53	10.400	43	1.000	4	24.000	100
Verslun o.fl.	10.900	46	11.400	48	1.400	6	23.700	100
Veitur og mannvirkjagerð	2.900	26	7.600	69	500	5	11.000	100
Opinber stjórnsýsla	1.900	31	2.700	44	1.600	26	6.200	100
Fræðslustarfsemi	1.800	20	3.600	40	3.700	41	9.100	100
Heilbr.- og félagsþjónusta	7.200	34	10.100	48	3.600	17	20.900	100
Önnur samfélagsleg þjónusta, menningarstarfsemi og ótilgreint	11.200	33	15.300	46	7.100	21	33.600	100
Samtals	54.800	39	67.900	48	19.200	14	141.900	100

Um er að ræða niðurstöður úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands frá árinu 1995. Könnunin fór fram í síma og náði til 4.400 einstaklinga á aldrinum 16–74 ára sem valdir voru af handahófi úr þjóðskrá. Atvinnuflokkun miðast við íslensku atvinnugreinaflokkunina, ÍSAT 95. Menntun miðast við menntunarflokka ISCED, alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar.

Í könnun sem gerð var á viðhorfi bænda í desember 1996 kemur fram að 27% þeirra sem svöruðu voru búfræðingar eða með búvísindapróf, þar af 19% frá Bændaskólanum á Hvanneyri og 7,8% frá öðrum búnaðarskólum. Á töflu 2 kemur fram samkvæmt framangreindri könnun að hlutfall bænda með búfræðipróf lækkar með hækkandi aldri. Alls 36% bænda undir 40 ára aldri eru með búfræðipróf, en tæplega 17% bænda 60 ára og eldri.

Tafla 2. Hlutfall bænda með búfræðipróf eftir aldri.

	Með búfræðipróf	Ekki með búfræðipróf	Samtals
Undir 40 ára	36,0	64,0	100,0
40–49 ára	27,5	72,5	100,0
50–59 ára	29,0	71,0	100,0
60 og eldri	16,5	83,5	100,0
Heild	26,6	73,4	100,0

Taflan byggist á Gallup-könnun 1996: *Bændaskólinn á Hvanneyri. Viðhorf bænda. Desember 1996.*

Á töflu 3 kemur fram hlutfall bænda með búfræðipróf eftir búgrein samkvæmt Gallup-könnuninni. Samkvæmt töflunni er hlutfallið svipað frá einni búgrein til annarrar. Kúabændur eru með hæsta hlutfall bænda með búfræðipróf (um 31%) en sauðfjárbændur með það lægsta (um 22%).

Tafla 3. Hlutfall bænda með búfræðipróf eftir búgreinum.

	Með búfræðipróf	Ekki með búfræðipróf	Samtals
Loðdýrabú	23,4	76,6	100,0
Svínabú	26,3	73,7	100,0
Hænsnabú	23,5	76,5	100,0
Kúabú	30,9	69,1	100,0
Blandað bú	28,8	71,2	100,0
Sauðfjárbú	22,4	77,6	100,0
Heild	26,6	73,4	100,0

Taflan byggist á Gallup-könnun 1996: *Bændaskólinn á Hvanneyri. Viðhorf bænda. Desember 1996.*

Á töflu 4 kemur fram samband milli heildartekna heimila bænda af búinu að meðaltali á mánuði og menntunar.

Tafla 4. Heildartekjur heimila bænda af búinu á mánuði miðað við menntun.

Tekjur	Heild	Með búfræðipróf	Ekki með búfræðipróf
Lægri en 50 þús. kr.	17,3	12,6	19,7
50–99 þús. kr.	27,8	25,9	27,5
100–149 þús. kr.	19,5	19,2	19,5
150–299 þús. kr.	20,5	21,3	20,0
300 þús. kr. eða meira	15,0	20,9	13,2
	100,0	100,0	100,0

Taflan byggist á Gallup-könnun 1996: *Bændaskólinn á Hvanneyri. Viðhorf bænda. Desember 1996.*

3. Lýsing á starfsemi landbúnaðarskóla.

Á töflum 5.1–5.3 kemur fram yfirlit náms í þeim þremur skólum er heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi er rekinn á grundvelli laga nr. 91/1936 og reglugerðar nr. 712/1996, en Hólar í Hjaltadal og Bændaskólinn á Hvanneyri á grundvelli laga um búnaðarfræðslu, nr. 55/1978, og reglugerðar nr. 462/1984. Nám tveggja fyrrnefndu skólanna er á framhaldsskólastigi en hins síðastnefnda bæði á framhaldsskólastigi (bændadeildin) og háskólastigi (búvísindadeild).

Stjórn Garðyrkjuskólans er í höndum skólastjóra og þriggja manna skólanefndar skipaðri af ráðherra án tilnefningar. Skólarnir að Hólum og Hvanneyri eru auk skólastjóra í höndum ráðgefandi skólanefndar sem er tilnefnd af stjórnun búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn.

Á töflu 5.1 kemur fram markmiðslýsing skólanna. Markmið Garðyrkjuskólans er að veita sérfræðslu í flestum greinum garðyrkju, svo sem garð- og skógarplöntuframleiðslu, ylrækt, skrúðgarðyrkju og blómaskreytingum. Markmið Hólaskóla er að veita nemendum hagnýta fræðslu um hinar ýmsu greinar landbúnaðar og annars atvinnulífs í dreifbýli, svo sem hrossarækt og reiðmennsku, fiskeldi, vatnanýtingu og ferðaþjónustu, umhverfismál og hlunnindi. Markmið Bændaskólans á Hvanneyri er að veita bændaefnum og öðrum landnotendum hagnýta fræðslu um landbúnað og hvers konar landnýtingu.

Almennt búnaðarnám er skilgreint sem 78 námseiningar. Námslengd er breytileg og ræðst m.a. af þeim undirbúningi sem nemendur hafa og þeim námshraða sem valinn er. Hjá Garðyrkjuskóla ríkisins tekur námið tvö til þrjú ár, háð því hvaða braut er valin; tveggja ára námið eru tvær annir ásamt 14 mánaða verknámi, þriggja ára námið fjórar annir með 17 mánaða verknámi. Námið á Hólum er heilsársnám sem skiptist á tvær annir ásamt þriggja mánaða verknámi, nema nám á ferðamálabraut sem er skipt í þrjár annir auk verknáms. Reiðkennara- og þjálfaranámið tekur sjö mánuði og er bæði bóklegt og verklegt. Hjá Bændaskólanum á Hvanneyri er námið tvö ár en stúdentar geta lokið náminu á einu ári. Námið í búvísindadeild er þrjú ár eða 90 námseiningar. Til viðbótar er kostur á 30 eininga sérnámi og rannsóknaþjálfun.

Inntökuskilyrði í umrædda skóla eru nokkuð breytileg. Til inngöngu í Garðyrkjuskólann þarf væntanlegur nemi að hafa lokið tveimur til fjórum önnum í framhaldsskóla og náð fullnægjandi árangri í tilteknum áföngum. Einnig þarf hann að hafa lokið þriggja mánaða vinnu við alhliða garðyrkjustörf. Til að hefja nám í Hólaskóla má nemi ekki vera yngri en 18 ára og u.þ.b. hálfnaður með framhaldsskólanám (hafa lokið a.m.k. 65 einingum) ásamt því að hafa náð fullnægjandi árangri í tilteknum kjarnaáföngum. Reynsla úr atvinnulífinu er nauðsynleg. Til að fá inngöngu í bændadeild Bændaskólans á Hvanneyri skulu nemendur hafa lokið a.m.k. 36 einingum í framhaldsskóla og hafa a.m.k. eins árs reynslu af landbúnaðarstörfum. Nemendur búvísindadeildar skulu hafa lokið búfræðiprófi með 1. einkunn og hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi.

Nemandi sem lýkur prófi frá Garðyrkjuskólanum hefur rétt til að bera starfsheitið garðyrkjufræðingur. Á skrúðgarðyrkjubraut ljúka nemendur sveinsprófi. Á Hólum og Hvanneyri ljúka nemendur búfræðiprófi og bera starfsheitið búfræðingur eða fiskeldisfræðingur. Nemendur af þjálfara- og reiðkennarabraut Hólaskóla hafa rétt til að bera starfsheitið þjálfari og reiðkennari C innan Félags tamningamanna. Próf frá búvísindadeildinni á Hvanneyri er BS-próf í búvísindum.

Í skólunum þremur er aðstaða fyrir nám og félagsstarf góð. Heimavist er við skólana og nauðsynleg þjónusta, svo sem mötuneyti, bókasafn, aðstaða til tómstunda o.s.frv. Á heimalandi Garðyrkjuskólans eru tilraunagróðurhús, tilraunareitir, skrúð- og kennslugarðar þar sem fram fer fjölbreytt ræktun í tengslum við námið og tilraunastarfsemi skólans. Auk þess er á staðnum skógræktar- og útivistarsvæði. Við Hólaskóla er hrossaræktarbú, fjárbú, veitinga- og gistirekstur og almenn ferðaþjónusta og rekstur á sögustað. Á Hvanneyri er 600 hektara jörð, þar af tún 100 ha. Að jafnaði eru þar nokkrir tugir mjólkurkúa auk annarra nautgripa, á þriðja hundrað fjár, nokkur hundruð refalæður og minkalæður, auk nokkurra hrossa. Á staðnum er búvélasafn, útisundlaug, reiðvöllur, fjós, fjárhús og hesthús.

Við skólana er stundað umfangsmikið rannsóknastarf og skal það skv. 5. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 55/1978, skipulagt með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu. Við Garðyrkjuskólann hefur verið unnið að rannsóknum á ræktun í óvirkum jarðvegi, lýsingartilraunir hafa farið fram, tilraunir á nýjum tegundum og afbrigðum jurta, bæði úti og inni, ræktun úti-

matjurta í upphituðum jarðvegi o.fl. Auk almennra rannsókna í fiskeldi og vatnalíffræði eru Hólar miðstöð bleikjurannsókna og þar er kynbótastöð í bleikjueldi. Hólar eru rannsóknamiðstöð hins opinbera varðandi hrossarækt, tamningar, sjúkdóma og heilbrigði hrossa. Hafið er rannsóknarstarf í ferðaþjónustu. Við Bændaskólann á Hvanneyri er unnið að margvíslegum rannsóknum, einkum varðandi túnrækt, matjurtarækt, búfjárrækt, svo og fóðrun, kynbætur búfjár og landnýtingu.

Skólarnir hafa samstarf við ýmsa aðila, bæði aðra skóla og aðila atvinnulífsins. Verkaskipting er milli bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins samkvæmt sérstöku samkomulagi sem var undirritað í lok árs 1994. Samkvæmt samkomulaginu er hver skóli með skilgreind áherslusvið. Á Hvanneyri eru þau landnýting og gróðurvernd, jarð- og búfjárrækt, bútækni, búnaðarhagfræði, lífræn framleiðsla, vöruþróun og markaðsfræði. Áherslusvið Hólaskóla eru hrossarækt og hestamennska, fiskirækt, ferðaþjónusta í dreifbýli, bændaskógrækt og hlunnindabúskapur. Garðyrkjuskóli ríkisins skal leggja áherslu á ylrækt og útimatjurtaræktun, garðplönturæktun, skrúðgarðyrkju, umhverfis- og náttúruvernd, blómaskreytingar og markaðsmál, skógrækt og lífræna ræktun garðyrkjuafurða.

Búnaðar- og garðyrkjukennarafélag Íslands er samstarfsvettvangur skólastjóra og kennara búnaðarskólanna þriggja. Tilgangur félagsins er að efla samstöðu og samstarf þessara aðila og vera málsvari þeirra út á við.

Garðyrkjuskólinn er í margvíslegu erlendu samstarfi og á meðal annars aðild að Félagi norrænna búvísindamanna (Nordiske jordbruksforskeres forening), Alþjóðasamtökum garðyrkjusérfræðinga (International Society for Horticultural Science) og Evrópusamtökum búnaðar- og garðyrkjuskóla (Jumelage/Twinning/Partnerschaft). Auk þess hefur skólastjóri haft forgöngu um samstarf við garðyrkjuskóla í Danmörku, Bretlandi, Hollandi og Frakklandi. Samstarfið hefur m.a. falist í gagnkvæmum náms- og kynnisferðum.

Rannsókna- og kynbótastarfsemi á Hólum fer í auknum mæli fram í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Unnið er að umfangsmiklu rannsóknarverkefni um þróun sjálfbærs bleikjueldis sem styrkt er af fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins. Þetta verkefni er undir stjórn Hólaskóla og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og er unnið í samstarfi við háskóla í Svíþjóð, Skotlandi og Írlandi. Innlendir samstarfsaðilar í öðrum verkefnum eru Hólalax hf., norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunin, RALA, Stofnfiskur hf. og vígslubiskup Hólastiftis. Hólaskóli er einnig þátttakandi í öðrum evrópskum samstarfsverkefnum og aðili að rannsókna- og kennslusamstarfi við háskólann í Guelph, Kanada.

Bændaskólinn á Hvanneyri á aðild að sameiginlegri menntastofnun norrænu landbúnaðar- og dýralæknaháskólanna Nordic Forestry Veterinary and Agricultural University (NOVA). Nemendur búvísindadeildar hafa möguleika á að sækja hluta af námi sínu eða framhaldsnám til norrænu búnaðarháskólanna. Skólinn er aðili að samstarfssamningi íslenskra háskólastofnana við University of Guelph í Ontario í Kanada. Um rannsóknir og kennslu er skipulagt samstarf við Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA), m.a. við bútæknideild RALA sem staðsett er á Hvanneyri. Um aðra samstarfsaðila búnaðarskólanna má sjá töflu 5.3.

Í gildi er samningur um samstarf milli Háskóla Íslands, RALA og Bændaskólans á Hvanneyri. Hann miðar m.a. að því að efla menntun og tækni í raunvísindum tengdum íslenskum landbúnaði, nýtingu afurða hans og umhverfisþáttum honum tengdum. Leitast verður við að koma á verkaskiptingu og gagnkvæmri viðurkenningu á námskeiðum og prófgráðum til BS-prófs. Jafnframt verður leitast við að koma á sameiginlegu MS-námi í búvísindum.

Tafla 5.1 Yfirlit náms.

	Garðyrkjuskóli ríkisins	Bændaskólinn á Hólum	Bændaskólinn á Hvanneyri
Löggjöf	Lög um garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 91/1936, og reglugerð 712/1996.	Lög um búnaðarfræðslu, nr. 55/1978, og reglugerð nr. 462/1984.	Lög um búnaðarfræðslu, nr. 55/1978, og reglugerð nr. 462/1984.
Skólastjórn	Skólastjóri skipaður af ráðherra veitir skólanum forstöðu, stjórnar daglegu starfi og hefur umsjón með kennslu og framkvæmdum. Sérstök þriggja manna skólanefnd er skipuð af ráðherra án tilnefningar. Skólanefnd mótar stefnu skólans og áherslur í starfi. Hún hefur á hendi skipulagsmál á skólastaðnum, forgangsraðar framkvæmdum í samráði við skólastjóra og hefur yfirumsjón með þeim.	Skólastjóri skipaður af ráðherra hefur með höndum stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans. Við skólann starfar ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Hún skal efla tengsl skólans við bændur og búnaðarsamtök á svæðinu og vera skólastjóra til fulltingis við uppbyggingu skólasetursins.	Skólastjóri skipaður af ráðherra hefur með höndum stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans. Við skólann starfar ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Hún skal efla tengsl skólans við bændur og búnaðarsamtök á svæðinu og vera skólastjóra til fulltingis við uppbyggingu skólasetursins.
Markmið og áherslur í skólastarfi	Að veita sérfræðslu: — í garð- og skógarplöntuframleiðslu, ylrækt og útimatjurtaræktun, lífrænni ræktun garðyrkjuafurða, — í skrúðgarðyrkju, skógrækt og náttúru- og umhverfisvernd, — í blómaskreytingum, vörumeðhöndlun og markaðssetningu. Að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra er við og fyrir garðyrkju starfa með ráðgjöf, námskeiðum, fræðslufundum, útgáfu fræðslurita og birtingu tilraunaniðurstaðna. Að halda námskeið fyrir almenning eftir því sem aðstæður leyfa. Að skapa aðstöðu fyrir rannsóknir og tilraunir.	Að veita nemendum hagnýta fræðslu um hinar ýmsu greinar landbúnaðar og annars atvinnulífs í dreifbýli, svo sem hrossarækt og reiðmennsku, fiskeldi, vatnanýtingu og ferðaþjónustu, umhverfismál og hlunnindi. Skólinn gefur nemendum við innlendar og erlendar háskólastofnanir möguleika á að taka hluta af námi sínu sem rannsóknarverkefni við skólann í samvinnu við viðkomandi skóla.	*Bændadeild:* Að veita bændaefnum og öðrum landnotendum hagnýta fræðslu um landbúnað og hvers konar landnýtingu. Fræðslan miðar að því að búfræðingar verði hæfir til að annast landið, stunda fjölþættan búrekstur og annan atvinnurekstur í dreifbýli. *Búvísindadeild:* Að veita vísindalega fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar þannig að nemendur geti að námi loknu tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.
Námsbrautir	Blómaskreytinga- og markaðsbraut. Garðplöntubraut. Ylræktar- og útimatjurtabraut. Skrúðgarðyrkjubraut. Umhverfis- og náttúruverndarbraut.	Hrossabraut. Ferðamálabraut. Fiskeldisbraut. Framhaldsnám í reiðmennsku og reiðkennslu.	Bændadeild (3 svið á lokaönn): 1.1 Búfjárræktarsvið. 1.2 Rekstrarsvið. 1.3 Landnýtingarsvið. Búvísindadeild: 2.1 BS-90. 2.2 BS-120.

Tafla 5.2 Yfirlit náms - frh.

	Garðyrkjuskóli ríkisins	Bændaskólinn á Hólum	Bændaskólinn á Hvanneyri
Inntöku-skilyrði	2–4 annir í framhaldsskóla. Fullnægjandi árangur í nánar skilgreindum áföngum. A.m.k. 3 mánaða vinna við alhliða garðyrkjustörf. Nemendur eru teknir inn í bóknámsdeild skólans annað hvert ár.	A.m.k. 65 einingar úr framhaldsskóla eða sambærileg menntun. Fullnægjandi árangur í tilteknum kjarna-áföngum. Reynsla úr atvinnulífinu og ekki vera yngri en 18 ára á því ári sem nám hefst.	*Bændadeild:* Grunnskólapróf auk a.m.k. 36 eininga í framhaldsskóla. A.m.k. eins árs reynsla af landbúnaðarstörfum. *Búvísindadeild:* Búfræðipróf með 1. einkunn og hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi. Nemendur annarra háskóla geta tekið hluta af námi sínu við deildina.
Lengd náms	Blómaskreytinga- og markaðsbraut: 2 ár með verknámi. Bóknám er 2 annir, verknám 14 mánuðir. Garðplöntubraut, ylræktar- og útimatjurtabraut, umhverfis- og náttúruverndarbraut og skrúðgarðyrkjubraut: 3 ár með verknámi; 4 annir (tveir vetur) og 17 mánuðir verknám.	Heilsársnám: 2 annir og 3 mánaða verknám. Nám á ferðamálabraut er skipt í 3 annir auk verknáms. Þjálfara- og reiðkennaranám: 7 mánuðir.	Bændadeild: 2 skólaár, stúdentar geta lokið náminu á 1 ári. Búvísindadeild: 3 ár eða 90 námseiningar. Til viðbótar er kostur á 30 eininga sérnámi og rannsóknaþjálfun.
Próf/ starfsheiti að loknu námi	Nemar á skrúðgarðyrkjubraut: Sveinspróf. Þeir einir sem lokið hafa náminu frá skólanum eða hliðstæðu námi erlendis hafa rétt til að bera starfsheitið garðyrkjufræðingur.	Búfræðipróf/Búfræði-/Fiskeldisfræðingar Reiðkennari/þjálfari Stúdentspróf.	Búfræðipróf/Búfræðingur BS-90 próf í búvísindum – búfræðikandidat BS-120 próf í búvísindum.
Endur-menntun	Fræðslu- og endurmenntunarnefndir eru starfandi fyrir hverja braut skólans með tengsl við atvinnulífið. Boðið er upp á margvísleg námskeið tengd námsbrautum skólans og námskeið fyrir almenning.	Boðið er upp á margvísleg námskeið tengd námsbrautum skólans. Þar hefur verið umfangsmest kennsla í bókhaldi, rekstri, skattarétti og skattskilum. Þau námskeið hafa verið haldin um allt land undanfarin ár.	Í boði eru fjölbreytt námskeið, 2–3 daga löng, flest haldin á Hvanneyri en sum annars staðar á landinu, þá í samvinnu við búnaðarsambönd og aðra aðila í viðkomandi héraði. Námskeið eru m.a. á sviði nautgriparæktar, hrossaræktar, búfjárræktar, heyöflunar, handverks, sauðfjárræktar. Þau eru bæði fyrir bændur og starfsfólk þeirra en einnig aðra starfsmenn í landbúnaði t.d. ráðunauta og mjólkureftirlitsmenn.
Aðstaða	Heimavist er í skólanum. Á staðnum eru tilraunareitir, skrúð- og kennslugarðar og skógræktar- og útivistarsvæði og gróðurhús þar sem fer fram fjölbreytt ræktun í tengslum við námið og tilraunastarfsemi skólans. Við skólann er garðyrkjubókasafn.	Heimavist er í skólanum, bókasafn, vinnustofur, mötuneyti, íþróttahús, útisundlaug, hrossabú, reiðskemma, reiðvellir, fjárhús, fiskeldisstöð, bleikjukynbótastöð, sýningaraðstaða fyrir fisktegundir í ferskvatni, dýraspítali o.fl.	Heimavist er í skólanum, stórt landbúnaðarbókasafn, vinnustofur, mötuneyti, útisundlaug. Búrekstur felst í 600 hektara jörð þar af eru tún 100 ha. Að jafnaði eru um nokkrir tugir mjólkurkúa auk annarra nautgripa, á þriðja hundrað fjár, auk nokkurra hrossa, nokkur hundruð refalæður og minkalæður. Búvélasafn er á staðnum.

Tafla 5.3 Yfirlit náms - frh.

	Garðyrkjuskóli ríkisins	Bændaskólinn á Hólum	Bændaskólinn á Hvanneyri
Rannsóknastarf	Unnið hefur verið að margvíslegum tilraunaverkefnum, þar á meðal tilraunum sem beinast að ræktun í óvirkum jarðvegi, lýsingu, nýjum tegundum og afbrigðum, bæði úti og inni, ræktun útimatjurta í upphituðum jarðvegi, tegundum og kvæmum trjáa og runna frá Alaska, fjölærum jurtum og sumarblómum.	Auk almennra rannsókna í fiskeldi og vatnalíffræði eru Hólar miðstöð bleikjurannsókna og kynbótastöð í bleikjueldi. Hólar eru rannsóknamiðstöð hins opinbera varðandi hrossarækt, tamningar, sjúkdóma og heilbrigði hrossa. Hafið er rannsóknarstarf í ferðaþjónustu.	Unnið er að margvíslegum rannsóknum, einkum varðandi túnrækt, matjurtarækt, búfjárrækt, svo og fóðrun, kynbætur búfjár og landnýtingu.
Samstarf /önnur starfsemi	Samstarf er við atvinnulífið, innlendar stofnanir, félagasamtök og skóla og erlendar mennta- og vísindastofnanir í garðyrkju. Garðyrkjuskóli ríkisins er m.a. aðili að Alþjóðasamtökum garðyrkjufræðinga (ISHS), Evrópusamtökum garðyrkju- og búnaðarskóla (JTP), samtökum skólastjórnenda í búnaðar- og garðyrkjuskólum í Vestur-Evópu (IJC) og í samstarfi við garðyrkjuskóla sem bjóða upp á framhaldsnám.	Samstarfssamningur er í gildi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Guelph- háskólann í Kanada. Embætti landsdýralæknis í hrossasjúkdómum er á Hólum en embættið er samstarfsverkefni Hólaskóla og yfirdýralæknis. Aðrir innlendir samstarfsaðilar eru Hólalax hf., norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunin, RALA, Stofnfiskur hf. og vígslubiskup Hólastiftis.	Samstarf er við RALA um kennslu og rannsóknir og við Hagþjónustu landbúnaðarins um kennslu. Samstarf er við yfirdýralækni um embætti dýralæknis í júgursjúkdómum, við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins um fræðslu og leiðbeiningar og við Bændasamtökin um fræðslu og leiðbeiningar í loðdýrarækt. Einnig er samvinna milli skólans og Samvinnuháskólans í Bifröst, Kennaraháskólans og aðila í héraði um endurmenntun. Samstarfssamningur er í gildi við Háskóla Íslands og háskólann í Guelph, Kanada. Skólinn á aðild að sameiginlegri menntastofnun norrænu landbúnaðar- og dýralæknaháskólanna (NOVA).

Á töflu 6 koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi skólanna. Samanlagður rekstrarkostnaður umræddra skóla var tæplega 300 m.kr. Sértekjur skólanna eru umtalsverðar eða frá 17% upp í 53% af rekstrarkostnaði. Fjöldi starfsmanna er á bilinu 23–53, þar af kennarar frá 6–20.

Tafla 6. Tölulegar upplýsingar um starfsemi skólanna.

	Garðyrkju-skóli	Hólar í Hjaltadal	Hvanneyri
*Heildarrekstrarkostnaður 1996, millj. kr.**	40,1	133,1	162,2
Þar af sértekjur	**11,6**	**59,5**	**74,1**
Fjöldi starfsmanna 1996	23	30	53
þar af kennarar	6	15	20
Fjöldi nema			
Skráðir nemar 1997	40**	92	97
Bændadeild	-	-	69
Búvísindadeild	-	-	28
Blómaskreytinga- og markaðsbraut	8	-	-
Garðplöntu-, ylræktar- og útimatjurtabraut	15	-	-
Skrúðgarðyrkju-, umhverfis- og náttúruverndarbraut	17	-	-
Brautskráðir nemar 1997	***	32	35
Bændadeild	-	-	26
Búfjárræktarsvið	-	-	13
Rekstrarsvið	-	-	9
Landnýtingarsvið	-	-	4
Búvísindadeild	-	-	9
Hrossaræktarbraut	-	19	-
Reiðkennarabraut	-	4	-
Fiskeldisbraut	-	9	-
Ferðamálabraut	-	0	-
Endurmenntun 1996			
Fjöldi námskeiða	25	40	80
Fjöldi þátttakenda	426	395	850
Rekstrarkostnaður, millj. kr. ****	4,3	15,5	36,1
Þar af sértekjur	1,5	6,4	22,1
Mismunur	2,8	9,1	14,0

Tölur eru úr verkefnavísum fjármálaráðuneytisins 1998 að undanskildum upplýsingum um nema og endurmenntun hjá Garðyrkjuskóla ríkisins en þær upplýsingar fengust beint frá skólanum.
* Heildarkostnaður við alla starfsemi á staðnum, þar með talið stofnkostnaður, viðhald og kostnaður við rannsóknir og tilraunir.
** Nemar í verknámi ekki taldir með.
*** Útskrift er annað hvert ár.
**** Innifalið í tölum um heildarrekstrarkostnað.

4. Tenging sérskóla landbúnaðarins við annað skólastarf.

Búfræðinám, er eins og áður hefur komið fram, í höndum skóla landbúnaðarráðuneytisins en er í meginatriðum samhæft öðru framhalds- og háskólanámi. Tengsl við menntamálaráðuneytið eru tryggð með setu fulltrúa þess í búfræðslunefnd. Búfræðinámið er ekki skilgreint í aðalnámskrá framhaldsskóla. Námsvísar skólanna eru staðfestir af landbúnaðarráðherra. Þeir eru byggðir upp á sambærilegan hátt og námsvísar framhaldsskóla, t.d. er varðar skilgreiningu námsáfanga. Inntökuskilyrði skólanna er að umsækjandi hafi lokið tilteknum einingafjölda í framhaldsskóla og í tilteknum áföngum.

Háskólanám búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri er samhæft öðru háskólanámi til BS-gráðu með samstarfi búnaðar- og dýralæknaháskóla Norðurlanda (NOVA) annars vegar og hins vegar með samstarfssamningi skólans, Háskóla Íslands og RALA. Samstarfssamningurinn felur m.a. í sér að koma á verkaskiptingu og gagnkvæmri viðurkenningu á námskeiðum til BS-prófs og MS-náms í búvísindum. Þessu til viðbótar er í gildi viljayfirlýsing milli Háskólans á Akureyri og Bændaskólans á Hólum, en tilgangur hennar er að auka samvinnu milli þessara aðila. Í því felst m.a. samstarf um eflingu náms og kennslu á sviði ferðaþjónustu.

Í áliti nefnar sem skipuð var af landbúnaðarráðherra til að skoða framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri og þátt hans í búnaðarmenntun á komandi árum kemur fram að tengja þurfi betur landbúnaðarnám á framhaldsskóla- og háskólastigi við annað nám á viðkomandi skólastigum. Nefndin leggur til að þetta verði m.a. gert með því:

- að búfræðinám við Bændaskólann á Hvanneyri miðist við námsgreinar sem lítið eða ekkert eru kenndar í almennum framhaldsskólum;
- að nemendur hafi lokið a.m.k. ársnámi í almennum framhaldsskóla með áherslu á kjarnagreinar áður en þeir hefja nám í búnaðarskóla;
- að námseiningar í búfræðinámi fáist viðurkenndar í almennu framhaldsskólanámi:
- að tengsl við aðrar háskólastofnanir, innlendar sem erlendar, verði aukin m.a. með frekari viðurkenningu námsáfanga og gagnkvæmri samvinnu um einstaka námsáfanga eða námshluta;
- að hafinn verði undirbúningur að formlegri stofnun landbúnaðarháskóla á Hvanneyri.

Hinn 3. mars sl. ritaði landbúnaðarráðherra menntamálaráðherra eftirfarandi bréf varðandi tengsl búnaðarnáms við annað nám á framhaldsskólastigi:

„Á vegum landbúnaðarráðuneytisins og búnaðarskólanna hefur að undanförnu verið unnið að endurskipulagningu búnaðarmenntunar í landinu. Eitt af þeim atriðum sem þar hafa komið til skoðunar eru tengsl búnaðarnáms við annað framhaldsnám.

Nám til búfræðiprófs og annað nám á vegum búnaðarfræðslunnar er samkvæmt lögum í verkahring landbúnaðarráðuneytisins og eru tengslin við annað nám á framhaldsskólastigi fyrst og fremst í gegnum fulltrúa menntamálaráðuneytisins í búfræðslunefnd. Nemendur sem lokið hafa búfræðiprófi og óska að halda áfram námi til stúdentsprófs eiga ekki, á sama hátt og nemendur sem lokið hafa iðnmenntun, víst mat á námi sínu. Í ljós hefur komið að framhaldsskólarnir meta búfræðiprófið mjög misjafnlega.

Í 16. gr. laga um framhaldsskóla segir að „af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót," einnig að „nemendur á starfsnámsbrautum skulu einnig eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings að námi á háskólastigi".

Framangreindar tilvitnanir í 16. gr. laga um framhaldsskóla hljóta að teljast almenn ákvæði um að allar starfsmenntabrautir skuli eiga sér skilgreint framhald til undirbúnings náms á háskólastigi, þ.e. stúdentsprófi, og þar sé ekki einungis átt við námsbrautir sem menntamálaráðuneytið er ábyrgt fyrir heldur gildi þetta um allt starfsmenntanám.

Námskrá til búfræðiprófs er nú í endurskoðun með það að markmiði að auðvelda nemendum sem lokið hafa öðru framhaldsskólanámi áður en þeir hefja búfræðinám að nýta það nám enn frekar en nú er í búfræðinámi sínu.

Með vísan til þess að nú er unnið að samningu aðalnámskrár er mjög mikilvægt að búfræðinám verði tekið með þegar fjallað er um hvernig viðbótarnám starfsmenntabrauta til undirbúnings að námi á háskólastigi er skilgreint. Því beinir landbúnaðarráðuneytið því til menntamálaráðuneytisins að athugað verði hvort ekki sé unnt að bjóða upp á 100 eininga

námsbraut fyrir þá sem lokið hafa búfræðiprófi, sambærilega núverandi tæknibraut sem ætluð er þeim nemendum sem lokið hafa iðnnámi. Slík námsbraut þyrfti að leggja áherslu á náttúrufræði eða líffræði.

Þar sem núverandi námskrá býður ekki upp á þessa lausn vill landbúnaðarráðuneytið einnig spyrjast fyrir um það hvort unnt væri að semja sérstaklega við einhverja fjölbrautaskóla um að bjóða slíka braut sem tilraun þar til endurskoðuð aðalnámskrá liggur fyrir."

Í svarbréfi menntamálaráðherra dags. 18. mars kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ráðuneytið vill taka fram að nú er unnið að gerð aðalnámskrár bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla og gert er ráð fyrir að námskráin liggi að mestu leyti fyrir næsta haust og að hún taki gildi frá og með skólaárinu 1999–2000. Ráðuneytið telur eðlilegt að þegar skilgreint verður viðbótarnám fyrir nemendur af starfsmenntabrautum til undirbúnings að námi á háskólastigi verði hugað að námi fyrir nemendur með búfræðipróf. Erindinu hefur því verið vísað til verkefnisstjórnar námskrárinnar og mun hún sjá um að koma því í framkvæmd."

5. Endurmenntun og skipulag endurmenntunar.

Samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu, nr. 55/1978, skal markmið búnaðarfræðslu m.a. vera að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra er við og fyrir landbúnað starfa. Þessi fræðsla skal fara fram við búnaðarskóla eða við aðra framhaldsskóla, með námskeiðahaldi og á hvern þann hátt annan sem hagkvæmt þykir. Samkvæmt reglugerð um búnaðarfræðslu, nr. 462/1984, skulu búnaðarskólarnir halda námskeið fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins á skólasetrunum eða annars staðar þar sem henta þykir. Við Bændaskólana á Hvanneyri og Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum hefur á undanförnum árum verið rekið umfangsmikið starf á sviði endurmenntunar. Þessi starfsemi felst einkum í öflugu námskeiðahaldi þar sem leitast er við að koma til móts við óskir bænda og samtaka þeirra, svo og stofnana landbúnaðarins, um námskeiðahald. Náið samstarf er milli skólanna á þessum vettvangi og námskeiðin gjarnan kynnt sameiginlega.

Árið 1996 voru haldin 145 endurmenntunarnámskeið á vegum búnaðarskólanna og voru þátttakendur í þeim 1.671 talsins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkir þátttakendur í námskeiðunum eftir ákvörðun sjóðstjórnar hverju sinni. Til viðbótar greiða þátttakendur námskeiðsgjöld. Sjóðurinn hefur dregið verulega úr framlögum sínum til námskeiðahaldsins og því er þessi mikilvægi þáttur í starfsemi búnaðarskólanna í nokkurri óvissu. Rekstur endurmenntunarnámskeiðanna er aðskilinn frá öðrum rekstri skólanna.

Í Garðyrkjuskólanum er sérstakur endurmenntunarstjóri í hálfu starfi sem sér um skipulagningu og rekstur endurmenntunar skólans. Námskeiðunum hefur fjölgað mikið á sl. árum. Flest námskeiðin tengjast skóg- og trjárækt, skjólbeltarækt og blómaskreytingum. Sérstakar endurmenntunarnefndir eru starfandi við hverja námsbraut skólans með fulltrúum úr atvinnulífinu og frá fyrirtækjum og stofnunum tengdum viðkomandi starfsgrein. Námskeiðin eru frá einum upp í þrjá daga og eru ýmist haldin í skólanum eða utan hans.

Við Bændaskólann á Hólum er boðið upp á margvísleg námskeið tengd námsbrautum skólans. Fyrirferðarmest er námskeiðahald á sviði hagfræði, rekstrar, skattskila, fiskeldis og ferðaþjónustu, svo og á sviði hrossaræktar og hestamennsku sem er umfangsmesta braut skólans. Námskeiðin eru með ýmsu sniði, verkleg og bókleg, eins til fimm daga námskeið og síðan framhaldsnámskeið á tveggja ára tímabili (6–8 skipti/180–200 klst.). Dæmi um slíkt er námskeið í rekstri hrossaræktarbús.

Við Bændaskólann á Hvanneyri eru einnig í boði fjölbreytt námskeið, tveggja til þriggja daga löng, flest haldin á Hvanneyri en sum annars staðar á landinu, þá í samvinnu við bún-

aðarsambönd og aðra aðila í viðkomandi héraði. Námskeið eru m.a. á sviði sauðfjárræktar, nautgriparæktar, hrossaræktar, bútækni, jarðræktar, heyöflunar og handverks,. Námskeiðin eru bæði fyrir bændur og starfsfólk þeirra, en einnig aðra starfsmenn í landbúnaði t.d. ráðunauta og mjólkureftirlitsmenn.

Á töflu 7 kemur fram hlutfall bænda sem sótt hafa námskeið á vegum Bændaskólans á Hvanneyri eða önnur námskeið fyrir bændur. Fram kemur að tæpur helmingur bænda hefur sótt slík námskeið. Áberandi er að hlutfall þeirra sem ekki hafa sótt námskeið hækkar með vaxandi aldri.

Tafla 7. Námskeiðasókn bænda eftir aldri.

	Heild	Aldursdreifing			
		Undir 40	40–49	50–59	60 og eldri
Hefur sótt námskeið	48,5	63,5	64,1	46,5	26,8
Hefur ekki sótt námskeið	51,5	36,5	35,9	53,5	73,2
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Taflan byggist á Gallup-könnun 1996. Miðað er við þá sem tóku afstöðu. Spurt var: „Hefur þú sótt námskeið á vegum Bændaskólans á Hvanneyri eða önnur námskeið fyrir bændur?"

Þeir sem sækja námskeiðin virðast vera hlutfallslega fleiri með próf frá búnaðarskóla. Tekjuhærri bændur virðast í meira mæli sækja námskeið. Einnig virðist vera samband milli bústærðar og þess hvort viðkomandi sækir námskeið. Námskeiðin nýttust mjög vel eða fremur vel að mati tæplega ¾ hluta svarenda.

6. Viðhorf til framtíðarskipulags búnaðarfræðslu.

Á töflu 8 koma fram svör bænda í fyrrnefndri Gallup-könnun við spurningunni hvort þeir teldu mikilvægara fyrir bændur framtíðarinnar að njóta góðrar endurmenntunar í búfræðum eða góðrar grunnmenntunar í búfræðum. Um 35% telja endurmenntun vera mikilvægari en 28% grunnmenntun. Flestir eða 38% telja hvort tveggja jafnmikilvægt. Hlutföllin breytast nokkuð með aldri. Eldri bændur leggja meiri áherslu á þátt grunnmenntunar en yngri bændur á endurmenntun.

Tafla 8. Hvort er mikilvægara – endurmenntun eða grunnmenntun?

	Heild	Undir 40	40–49	50–59	60 og eldri
Grunnmenntun	27,5	26,1	19,2	24,9	35,5
Endurmenntun	34,9	42,0	36,7	37,6	28,2
Jafnþýðingarmikið/lítið	37,6	37,6	44,1	37,6	36,3
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Taflan byggist á Gallup-könnun 1996. Miðað er við þá sem tóku afstöðu. Spurt var: „Hvort telur þú mikilvægara fyrir bændur framtíðarinnar að njóta góðrar endurmenntunar í búfræðum eða góðrar grunnmenntunar í búfræðum?"

Í sömu könnun var spurt hvort bændur teldu heppilegra fyrir íslenskan landbúnað í framtíðinni að grunnfræðsla í búfræðum væri í almennum framhaldsskólum eða sérstökum bændaskólum. Niðurstöður koma fram í töflu 9. Um ⅔ telja að grunnfræðsla í búfræðum eigi að vera áfram í bændaskólum, en tæpur þriðjungur í framhaldsskólum.

Tafla 9. Hvar á grunnfræðsla í búfræðum að vera?

	Fjöldi	Hlutfall
Í bændaskólum	636	64,6
Í framhaldsskólum	275	27,9
Skiptir ekki máli	32	3,3
Í báðum	31	3,2
Önnur svör	10	1,0
Samtals	984	100,0

Taflan byggist á Gallup-könnun 1996. Miðað er við þá sem tóku afstöðu. Spurt var „Hvort er heppilegra fyrir íslenskan landbúnað í framtíðinni að grunnfræðsla í búfræðum sé í almennum framhaldsskólum eða sérstökum bændaskólum?"

Spurt var hvert af upptöldum atriðum bændur teldu mikilvægast að kunna í framtíðinni og hvað næstmikilvægast. Niðurstöður koma fram á töflu 10. Tæplega ⅔ bænda telja mikilvægt að kunna búfjárrækt eða hafa góða almenna menntun. Hlutfallslega fleiri yngri bændur telja mikilvægt að hafa vald á markaðsmálum og rekstrarmálum. Eldri bændur leggja í meiri mæli en þeir yngri áherslu á mikilvægi góðrar almennrar menntunar.

Tafla 10. Hvað er mikilvægt fyrir bændur að kunna í framtíðinni?

	Heild	Aldursdreifing			
		Undir 40	40–49	50–59	60 og eldri
Búfjárrækt	63,6	68,0	57,8	60,5	63,9
Notkun vélbúnaðar og tölvutækni	35,8	35,0	35,4	40,1	33,6
Markaðsmál og rekstrarfræði	26,3	33,5	37,3	25,4	17,0
Hafa góða almenna menntun	62,7	53,8	60,1	66,1	68,5

Taflan byggist á Gallup-könnun 1996. Miðað er við þá sem tóku afstöðu. Spurt var „Hvert af eftirfarandi atriðum telur þú mikilvægast fyrir bændur að kunna í framtíðinni og hvað er næst mikilvægast?" Búið er að sameina liðina „mikilvægast" og „næstmikilvægast".

Lokaorð.

Skýrsla þessi er tekin saman í samræmi við ályktun Alþingis frá 15. maí 1997. Tilgangur hennar er jafnframt að gefa Alþingi kost á að fylgjast með þeirri vinnu sem fram fer á vegum landbúnaðarráðuneytisins varðandi framtíðarskipan búnaðarfræðslunnar og samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í landbúnaði. Stefnt er að því að frumvarp þar að lútandi verði lagt fyrir Alþingi á komandi hausti.

Fylgiskjal I.

Tillögur að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri.

Skýrsla nefndar á vegum landbúnaðarráðherra um framtíðarverkefni skólans og þátt hans í búnaðarmenntun á komandi árum.
(Febrúar 1997.)

1.0 INNGANGUR

Hinn 2. september 1996 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um málefni Bændaskólans á Hvanneyri. Í nefndinni áttu sæti þeir Hákon Sigurgrímsson deildarstjóri búnaðasviðs í landbúnaðaráðuneytinu, formaður, Haukur Ingibergsson forstöðumaður Hagsýslu ríkisins og Magnús B. Jónsson skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri. Þá var Jónas Bjarnason forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins ritari nefndarinnar. Nefndin fékk eftirfarandi verkefni samkvæmt skipunarbréfi:

(a) Að vinna að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri og þátt hans í búnaðarmenntun á komandi árum og áratugum,

(b) að gera tillögur um hvaða áherslur skólinn á að leggja í starfsemi sinni næstu 10 ár, hvert á að vera námsframboð skólans og stjórnskipulag og hvernig skólinn getur komið atvinnugreininni að sem mestu gagni,

(c) að fara yfir fjárhag skólans og rekstrarhorfur vegna ársins 1996 og gera rekstrar- og framkvæmdaáætlun til næstu ára.

Nefndin hefur lokið vinnu sinni og eru tillögur hennar í þessari skýrslu. Þar er þó ekki að finna tillögur um stjórnskipulag skólans sbr. (b) lið né rekstrar- og framkvæmdaáætlun til næstu ára sbr. (c) lið þar sem í tillögum nefndarinnar um meginstarfsemi skólans er að finna atriði, sem stjórnvöld þurfa að taka afstöðu til áður en stjórnskipulag stofnunarinnar er markað og fjárhags- og framkvæmdaáætlun er gerð.

2.0 MEGINÁHERSLUR

Tillögur nefndarinnar markast af skoðunum hennar á því hvernig Bændaskólinn á Hvanneyri geti komið landbúnaðinum að sem mestu gagni í framtíðinni. Þar leggur nefndin megináherslu á eftirfarandi þrjú atriði:

(a) Að endurmenntun fyrir bændur og starfsfólk í landbúnaði sé efld og komið í fast form,

(b) að landbúnaðarnám á framhaldsskóla- og háskólastigi sé betur tengt við annað nám á viðkomandi skólastigum,

(c) að landbúnaðarnám á háskólastigi sé betur tengt rannsóknum í þágu landbúnaðarins.

3.0 TILLÖGUR

3.1 Endurmenntun

Til þess að ná því markmiði að endurmenntun fyrir bændur og starfsfólk landbúnaðarins verði efld og komið í fast form, leggur nefndin eftirfarandi til:

3.1.1 Að endurmenntunarsviði skólans verði breytt og komið verði á fót endurmenntunardeild sem í skipuriti skólans standi jafnfætis öðrum deildum skólans,

3.1.2 að endurmenntunin verði kostuð af framlögum skólans á fjárlögum auk námskeiðisgjalda í stað þess að treysta einvörðungu á styrki Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Forgangsröðun skólans varðandi verkefni og ráðstöfun fjármuna breytist sem því nemur,

3.1.3 að endurmenntun skólans verði einkum á þeim sviðum landbúnaðar sem skólanum ber að sinna samkvæmt ákvörðun um verkaskiptingu bændaskólanna hverju sinni,

3.1.4 að endurmenntunarnámskeið verði byggð upp þannig að nemendur í bændadeild og búvísindadeild geti nýtt þau sem valáfanga eftir því sem kostur er,

3.1.5 að endurmenntunardeild skólans nýti þá kennslutækni sem best er talin henta hverju sinni, m.a. með áherslu á fjarkennslu og fjarnám.

3.2 Starfsmenntun

Til þess að ná því markmiði að starfsmenntun í landbúnaði á framhaldsskólastigi verði betur tengd við annað nám á því skólastigi, leggur nefndin eftirfarandi til:

3.2.1 Að búfræðinám við Bændaskólann á Hvanneyri miðist við námsgreinar sem lítið eða ekkert eru kenndar í almennum framhaldsskólum,

3.2.2 að nemendur hafi lokið a.m.k. sem nemur eins árs námi (þ.e. 36 einingum) í almennum framhaldsskóla með áherslu á grunngreinar, svo sem íslensku, stærðfræði og tungumál til að fá inngöngu í bændadeild,

3.2.3 að leitað verði eftir því að námseiningar í búfræðinámi fáist viðurkenndar, þannig að nemendur geti að því loknu, haldið áfram námi við almennan framhaldsskóla og fengið stærstan hluta námseininga í búfræðum metinn,

3.2.4 að sambærilegir námsáfangar úr öðru framhaldsskólanámi verði metnir til eininga og komi til styttingar námstíma í búfræðinámi svo sem kostur er,

3.2.5 að námsskrá bændadeildar verði endurskipulögð og aukin áhersla lögð á nám sem tengist umhverfismálum og rekstri,

3.2.6 að nemendum í bændadeild gefist kostur á að sækja endurmenntunarnámskeið skólans og þau verði metin til eininga sem valáfangar.

3.3 Háskólamenntun

Til þess að ná því markmiði að landbúnaðarmenntun á háskólastigi verði betur tengd við annað nám á háskólastigi, leggur nefndin eftirfarandi til:

3.3.1 Að aðgengi að búvísindanámi verði auðveldað með því að inntökuskilyrði miðist við stúdentspróf,

3.3.2 að búvísindanám verði lengt í 4 ár með möguleika á útskrift að loknum þremur árum (BS 90 námsgráða), en búfræðikandidatsnám svari til BS 120 námsgráðu,

3.3.3 að námsskrá búvísindadeildar verði endurskipulögð og aukin áhersla lögð á nám sem tengist umhverfismálum og rekstri,

3.3.4 að tengsl við aðrar háskólastofnanir, innlendar og erlendar, verði aukin m.a. með frekari viðurkenningu námsáfanga og gagnkvæmri samvinnu um einstaka námsáfanga eða námshluta,

3.3.5 að hafinn verði undirbúningur að formlegri stofnun landbúnaðarháskóla á Hvanneyri.

3.4 Rannsóknir

Til þess að ná því markmiði að landbúnaðarmenntun á háskólastigi verði betur tengd rannsóknum í þágu atvinnuvegarins, leggur nefndin eftirfarandi til:

3.4.1 Að rannsóknir við Bændaskólann á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins verði samþættar og skipulagðar sem ein heild og tengsl þeirra við rannsóknir annarra stofnana landbúnaðarins auknar,

3.4.2 að starfsfólk Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins verði jöfnum höndum fengið til kennslu í sínum sérgreinum við skólann,

3.4.3 að nemendum við búvísindadeild verði veitt aðstaða til að taka þátt í rannsóknastarfi á stofnununum.

4.0 FRAMKVÆMD

Til að koma ofangreindum tillögum í framkvæmd, leggur nefndin til:

(a) Að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, lögum nr. 55/1978 um búnaðarfræðslu og lögum nr. 63/1989 um Hagþjónustu landbúnaðarins sem miði að því að ein stjórn sé yfir Bændaskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins til að hafa yfirumsjón með rekstri þeirra og auka samvinnu og samþætta verkefni þeirra.

(b) Að landbúnaðarráðherra skipi sem fyrst nefnd til að undirbúa framkvæmd ofangreindrar stefnumótunar í samvinnu við ráðuneytið og viðkomandi stofnanir. Einnig skipuleggi nefndin vinnu sem miði að formlegri stofnun landbúnaðarháskóla sem byggi á samvinnu eða samruna fræðslu-, rannsókna- og þjónustustofnana landbúnaðarins. Þeirri vinnu verði lokið innan tveggja ára.

5.0 GREINARGERÐ

5.1 Inngangur

Í starfi sínu hefur nefndin lagt áherslu á að kynna sér starfsemi Bændaskólans á Hvanneyri í víðu samhengi. Í fyrsta lagi var efnt til viðtala og funda með nemendum, starfsfólki og fulltrúum samstarfsstofnana á staðnum, forystufólki búgreinafélaga, fulltrúum annarra stofnana landbúnaðarráðuneytisins og með fulltrúum samtaka atvinnuvegarins. Í öðru lagi lét nefndin safna saman ýmsum gögnum varðandi sambærilega starfsemi og í þriðja lagi, lét nefndin sérvinna fyrir sig verkefni í því skyni af afla upplýsinga. Þá efndi nefndin einnig til vettvangsferða.

Á Hvanneyri var rætt við fulltrúa nemenda í bændadeild, nemendur í búvísindadeild, starfsfólk og kennara í báðum deildum og forsvarsmenn bútækni-deildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins. Í Reykjavík var rætt við fulltrúa Bændasamtaka Íslands, Rannsóknastofnunar

landbúnaðarins og Skólameistarafélags Íslands. Þá var rætt við forsvarsmenn eftirtalinna búgreinafélaga: Félags eggjaframleiðenda, Félags kjúklingabænda, Landssambands kúabænda, Landssamtaka sauðfjárbænda, Svínaræktarfélags Íslands, Sambands íslenskra loðdýraræktenda, Félags hrossabænda og Félags ferðaþjónustubænda.

Meðal gagna sem nefndin lét safna saman, má t.d. nefna yfirlit yfir lög og reglugerðir er varða verksvið nefndarinnar. Þá hefur nefndin haft til hliðsjónar tillögur í skýrslu sem unnin var að tilhlutan landbúnaðarráðuneytisins dagsett 5. desember 1994 um eflingu, verksvið og verkaskiptingu bændaskólanna á Hvanneyri og Hólum, og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjaum.

Meðal verkefna sem sérunnin voru fyrir nefndina má nefna símakönnun á meðal nær 1.200 starfandi bænda um viðhorf til skólastarfsins á Hvanneyri og til ýmissa þátta er snerta framtíðarskipulag búnaðarfræðslu og rannsókna. Á vegum nefndarinnar var samið við fyrirtækið Gallup-Íslenskar markaðsrannsóknir h.f., sem framkvæmdi könnunina dagana 29. nóvember til 13. desember 1996. Í tilefni útkomu skýrslu um framangreinda viðhorfskönnun á vegum nefndarinnar, sendi landbúnaðarráðuneytið út fréttatilkynningu og boðaði til blaðamannafundar hinn 29. janúar 1997 þar sem Guðmundur Bjarnason landbúnaðarráðherra kynnti helstu niðurstöður ásamt nefndarmönnum. Áður, þ.e. hinn 24. september 1996, hafði verið send fréttatilkynning til fjölmiðla um skipan nefndarinnar og verksvið. Nefndin hélt alls 20 fundi á starfstímabili sínu.

Vettvangsferðir nefndarinnar voru farnar að Hvanneyri, Garðyrkjuskólanum að Reykjum, Tilraunastöðinni að Stóra Ármóti og Rannsóknastofnun landbúnaðarins að Keldnaholti.

Í tillögum þeim er nefndin leggur fram er að finna ýmis atriði er stjórnvöld þurfa að taka afstöðu til áður en stjórnskipulag stofnunarinnar er markað og fjárhags- og framkvæmdaáætlanir eru gerðar. Þar af leiðandi taldi nefndin ekki ástæðu til að fara út í slíka vinnu, a.m.k. ekki að svo komnu máli.

Grundvöllur að tillögum nefndarinnar er sú skoðun að árangursríkasta leiðin til að lyfta landbúnaðinum sé að efla endurmenntun í atvinnuveginum, tengja starfsmenntun í landbúnaði og háskólamenntun í búvísindum betur við aðra menntun og skipuleggja rannsóknir í landbúnaði með heildstæðum hætti. Þessi skoðun hafði mikinn hljómgrunn meðal flestra sem haft var samband við vegna nefndarstarfsins.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun nefndarinnar á meðal starfandi bænda leiddu þetta ótvírætt í ljós, þar sem 81 af hundraði þátttakenda í könnuninni reyndust þeirrar skoðunar að starf Bændaskólans á Hvanneyri hafi skipt miklu fyrir landbúnað á Íslandi. Síðast en ekki síst kom ótvírætt fram í könnuninni, að bændur með búnaðarmenntun hafa nútímalegri viðhorf, sækja sér fremur endurmenntun, leita sér fremur aðstoðar ráðunauta, hafa stærri bú og hærri tekjur af búskap.

5.2 Megináherslur í tillögum nefndarinnar

Megináherslur í tillögum nefndarinnar markast af skoðunum hennar á því hvernig Bændaskólinn á Hvanneyri geti komið landbúnaðinum að sem mestu gagni í framtíðinni. Þessar skoðanir mótuðust m.a. af upplýsingum sem fram komu í viðtölum nefndarinnar. Megináherslunum þremur í tillögum nefndarinnar eru gerð skil hér á eftir, en þær eru: Efling og breytt fyrirkomulag endurmenntunarstarfsins, bætt tengsl náms í báðum deildum við annað nám á viðkomandi skólastigum og bætt tengsl búvísindanámsins við rannsóknir í þágu landbúnaðarins.

5.3 Endurmenntun

Í starfi nefndarinnar kom fram, að mikil þörf er fyrir endurmenntun (og stutt námskeiðahald) og að almennur stuðningur ríkir við endurmenntunarstarfið, enda hefur gildi hennar ótvírætt sannað sig, samanber námskeið um júgurheilbrigði í nautgriparækt og sérhæfð rekstrarnámskeið í sauðfjárrækt. Fram kom einnig, að loðdýrabændur sækja fast á um að komið verði enn frekar til móts við þá um aukinn fjölda námskeiða. Niðurstöður úr viðhorfskönnun nefndarinnar styðja þessar niðurstöður enn frekar og telja rúmlega 72 af hundraði þeirra sem sögðust hafa farið á námskeið fyrir bændur að þau hafi nýst sér mjög vel eða fremur vel til að bæta afkomu sína. Í þessu sambandi leiddi könnunin t.d. í ljós, að námskeiðasókn eykst eftir því sem bú eru stærri og tekjur af búskap hærri samkvæmt könnuninni. Með hliðsjón af örum breytingum í rekstrarumhverfi í landbúnaði, ríkjandi þörf og áhuga á meðal starfandi bænda, að ógleymdri jákvæðri útkomu úr námskeiðahaldi undanfarinna ára, er það skoðun

nefndarinnar að koma beri til móts við bændur og starfsfólk í landbúnaði með eflingu endurmenntunarsviðsins.

Núverandi rekstrarfyrirkomulag er þannig, að sviðið er vistað undir búvísindadeild samkvæmt skipuriti, ríkið kostar stöðu endurmenntunarstjóra og Framleiðnisjóður landbúnaðarins lætur í té mestan hluta rekstrarfjár. Það er tillaga nefndarinnar að endurmenntunarsviðið verði eflt og gert að endurmenntunardeild er standi jafnfætis við aðrar skilgreindar deildir samkvæmt skipuriti skólans. Í annan stað verði starfseminni markaðar fjárveitingar er rúmast innan fjárlaga skólans með það fyrir augum að endurmenntunardeildin verði minna háð utanaðkomandi stuðningi, þ.m.t. frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Að mati nefndarinnar er slíkt fyrirkomulag til þess fallið að endurmenntunarstarf við skólann styrkist og eflist.

5.4 Starfsmenntun í landbúnaði

Í viðtölum nefndarinnar kom endurtekið fram, að það verkefni sem mest er aðkallandi hvað varðar búnaðarnámið er að rjúfa einangrun þess og tengja það betur öðru námi, með því að afla því viðurkenningar í framhaldsskólakerfinu. Námið þarf að nýtast annarsstaðar í skólakerfinu og verða gjaldgengt og metið. Hér er fyrst og fremst um að ræða þá nemendur sem t.d. vilja læra meira (að loknu búfræðiprófi) ellegar vilja breyta yfir í annað framhaldsskólanám eftir að búnaðarnám er hafið og fá þá námsáfanga sem þeir þegar hafa lokið við Bændaskólann á Hvanneyri viðurkennda. Í annan stað er mikilvægt fyrir landbúnaðinn, almennt séð, að búfræðiprófið njóti eðlilegrar virðingar í þjóðfélaginu sem námsgráða. Leiða má líkur að því, að óljóst mat búnaðarnámsins í skólakerfinu geti beinlínis bægt [annars hæfum] nemendum frá því að hefja búnaðarnám sökum þessa. Í ljósi þessa gerir nefndin það að tillögu sinni, að búnaðarnámið verði betur tengt öðru námi á framhaldsskólastiginu.

Nefndin fékk álit viðmælenda á því hvert ætti að vera námsframboð skólans í bændadeild í framtíðinni. Niðurstöður voru skýrar og er almenn skoðun sú að kennsla miðist einkum við nautgriparækt, sauðfjárrækt og loðdýrarækt ásamt kennslu í greinum er varða landnot þessara búgreina, auk grunnkynningar á öðrum búgreinum. Flestir lögðu mikla áherslu á aukna kennslu í greinum rekstrarlegs eðlis og að tekin verði upp kennsla í greinum er lúta að umhverfisfræðslu. Í viðhorfskönnun nefndarinnar var spurt um skoðun á því að færa búnaðarfræðsluna út í

framhaldsskólana. Niðurstöður reyndust þær, að nær 65 af hundraði aðspurðra telja heppilegra að hafa grunnfræðslu í búfræðum í sérstökum bændaskólum heldur en í almennum framhaldsskólum. Líkt hlutfall viðmælenda nefndarinnar voru sama sinnis. Því til stuðnings nefndu menn [í viðtölum] sérhæfinguna á Hvanneyri og þá snertingu við lifandi landbúnað á staðnum sem menn efuðust um að unnt yrði að bjóða í hinu almenna framhaldsskólakerfi. Í sambandi við ofangreint, gerir nefndin það að tillögu sinni að inntökuskilyrði í bændadeild verði aukin og nemendur hafi lokið a.m.k. sem nemur eins árs námi í almennum framhaldsskóla (þ.e. 36 námseiningum) með áherslur á grunngreinar. Að sama skapi er það tillaga nefndarinnar, að búfræðinám við skólann taki mið af þessum intökuskilyrðum og námið miðist við námsgreinar sem lítið eða ekkkert eru kenndar í hinum almenna framhaldsskóla. Loks leggur nefndin til að nemendum verði gert kleift að skrá sig á endurmenntunarnámskeið skólans og það nám verði [eftir föngum] metið til eininga. Þetta er gert í því skyni að gera rekstur bændadeildar hagkvæmari og í annan stað til þess að koma á móts við þá nemendur sem bæta vilja við námsálag sitt. Með þessu móti verður unnt að efla endurmenntunarstarfið sem þar með höfðar til stærri markhóps, færa þennan þátt námsins nær atvinnuveginum þar sem nemendur sitja hlið við hlið starfandi bænda og draga úr miklu framboði valáfanga (sem áður var háð lágmarksþátttöku nemenda).

5.5 Landbúnaðarmenntun á háskólastigi

Megináherslur í tillögum nefndarinnar hvað búvísindadeild áhrærir eru þær, að einangrun námsins verði rofin með því að tengja það betur öðru námi á háskólastigi auk þess sem það verði betur tengt rannsóknum í þágu landbúnaðarins. Í viðtölum nefndarinnar kom allsstaðar fram stuðningur við námið og menn voru sammála um að mikil þörf sé fyrir háskólamenntun í búvísindum. Sama sinnis voru menn um aukna áherslu á kennslu í námsáföngum rekstrarlegs eðlis og kennslu í umhverfisfræðum. Ýmsir nefndu óskafyrirkomulag hvað varðar búvísindadeildina, sem væri samhengi kennslu, rannsókna og leiðbeininga á Hvanneyri. Algengt var að viðmælendur vildu breyta um nafni skólans og var Búnaðarháskóli Íslands títt nefndur í því sambandi. Raunar kom greinilega fram í viðhorfskönnun nefndarinnar stuðningur starfandi bænda við háskólahugmyndina, þar eð 57 af hundraði þátttakenda telja mikilvægt fyrir bændur í framtíðinni að formlega verði stofnaður búnaðarháskóli

á Hvanneyri. Tillaga nefndarinnar í þessum efnum er sú, að hafinn verði undirbúningur að formlegri stofnun landbúnaðarháskóla á Hvanneyri.

Hvað hugsunina að baki bættri tengingu við annað nám á háskólastigi varðar, lítur nefndin m.a. til þess að aflað verði gagnkvæmrar viðurkenningar á námsáföngum á milli búvísindadeildar og líffræðiskorar, og jarð- og landfræðiskora Háskóla Íslands; sérstaklega hvað snertir viðurkenningu áfanga í námskjarna og frjálsu vali. Jafnframt verði komið á samstarfi við annað nám á háskólastigi, innanlands sem utan, sem ástæða er til að ætla að geti nýst nemendum við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri en hingað til hefur samvinna deildarinnar við aðra skóla á sama skólastigi einkum beinst að stofnunum á Norðurlöndum og er Bændaskólinn á Hvanneyri, búvísindadeild, formlegur aðili að samstarfi Búnaðar- og dýralæknaháskóla Norðurlanda (NOVA). Í annan stað, í því augnamiði að auðvelda framangreinda tengingu við annað nám á háskólastigi, leggur nefndin til að inntökuskilyrði miðist einvörðungu við stúdentspróf líkt og gerist í öðru háskólanámi í stað þess að krefjast búfræðiprófs auk stúdentsprófs eins og nú er. Samfara verði þær breytingar gerðar að í boði verði tvennskonar útskriftargráður. Annarsvegar B.S. 90 gráða í búvísindum að loknu þriggja ára háskólanámi og hinsvegar B.S. 120 búfræðikandidatsgráða að loknu fjögurra ára háskólanámi. Síðari námsgráðan verði því í raun sambærileg við núverandi búfræðikandidatsgráðu sem gerir kröfu um búfræðinám auk stúdentsprófs.

Hugsunin að baki bættri tengingu búvísindanámsins við rannsóknir í þágu landbúnaðarins er sú skoðun nefndarinnar, að til þess að geta þrifist sem vísindaleg kennslu- og rannsóknastofnun, þurfi að renna styrkari stoðum undir starfsemi skólans. Núverandi aðstæður eru þannig í búvísindadeild, að sökum fámennis er áhersla einkum lögð á þverfagleg verkefni. Fram kom í viðtölum nefndarinnar að menn óttast að ef haldi áfram sem horfir, að í framtíðinni verði lögð áhersla um of á kennsluhlutann í starfi búfvísindadeildar á kostnað rannsóknanna. Hér telur nefndin að nauðsynlegt sé að gera bragarbót og taka upp nána samvinnu við aðrar stofnanir landbúnaðarins er sinna rannsóknahlutverki, einkum Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins.

5.6 Rannsóknir

Tillögur nefndarinnar hvað varðar rannsóknaþáttinn markast af þeirri skoðun hennar að landbúnaðarmenntun á háskólastigi þurfi enn betur [en nú er] að tengjast rannsóknum sem fram fara í þágu atvinnuvegarins. Líkt og fram kemur annarsstaðar í greinargerð þessari, telur nefndin það miklu skipta í sambandi við háskólamenntunina að samvinna sé á milli rannsókna og kennslu og nauðsynlegt sé þar af leiðandi að efla rannsóknaþáttinn með aukinni vísindalegri samvinnu. Því er það sem nefndin gerir það að tillögu sinni, að rannsóknir Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) og Hagþjónustu landbúnaðarins (HÞL) verði samþættar og skipulagðar sem ein heild, auk þess sem tengsl við rannsóknir annarra stofnana landbúnaðarins verði aukin. Starfsfólk RALA og HÞL verði jöfnum höndum fengið til kennslu í sínum sérgreinum við skólann með það fyrir augum að tryggja sem best gæði námsins. Loks gerir nefndin það að tillögu sinni að nemendum verði gefinn kostur á að taka þátt í rannsóknastarfi á stofnununum og á þann hátt tengjast því sem hæst ber hverju sinni í raunverulegum rannsóknum í atvinnuveginum.

5.7 Framkvæmd

Með það fyrir augum að Bændaskólinn á Hvanneyri geti komið landbúnaðinum að sem mestu gagni í framtíðinni, ræddi nefndin ýmsa valkosti um framkvæmd framangreindrar stefnumörkunar. Eftir umfjöllun um hvernig best væri að ná þessari stefnumörkun fram, urðu nefndarmenn sammála um að farsælust framkvæmd yrði að setja samræmda yfirstjórn yfir Bændaskólann á Hvanneyri og þær stofnanir sem í dag eru hvað nátengdastar starfsemi hans, þ.e. Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins. Því gerir nefndin það að tillögu sinni við landbúnaðarráðherra, að hann hlutist til um að ein stjórn verði skipuð yfir Bændaskólann á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins. Hlutverk þeirrar stjórnar verði að hafa yfirumsjón með rekstri stofnananna og auka samvinnu og samþætta verkefni þeirra.

Mikilsverð rök hníga í þá átt að sameina yfirstjórn þessara þriggja stofnana. Í fyrsta lagi er aðgerð sem þessi einfaldari í framkvæmd en ella þar eð stofnanirnar

eru allar undir yfirstjórn sama ráðherra. Í öðru lagi eru stofnanirnar þrjár sem ein stjórnunarheild, líklegri til að gagnast landbúnaðinum betur en ella með markvissum vinnubrögðum. Hvorutveggja er í þessu sambandi, að stærri vinnuheild leyfir aukna sérhæfingu og að hún er hæfari til að leysa erfið verkefni á skemmri tíma. Þá ætti að vera mögulegt með samræmingu, að tryggja skjótari og betri dreifingu á niðurstöðum rannsókna til bænda. Í þriðja lagi á háskólamenntun í landbúnaði mun greiðari aðgang að mannauði stofnanna þriggja undir einni yfirstjórn. Í fjórða lagi er stjórnunarheild af þessu tagi til þess fallin að nýta betur fjárfestingar ríkisins (í starfsfólki, fasteignum, tækjum og búnaði) sem hefur í för með sér fjárhagslega hagkvæmari rekstur, einkum til lengri tíma litið. Í fimmta lagi má benda á staðarlegar forsendur á Hvanneyri. Á Hvanneyrarstað fer fram, eins og stendur, aðskilinn rekstur þriggja ríkisstofnana í nánu sambýli hver við aðra, þ.e. Bændaskólinn á Hvanneyri, Hagþjónusta landbúnaðarins og bútæknideild RALA, auk Tilraunastöðvarinnar að Hesti sem er í næsta nágrenni.

Loks er það skoðun nefndarinnar, að leiðbeiningar á landsgrundvelli verði tengdar rannsóknum og kennslu í sem flestum greinum landbúnaðar.

6.0 LANDBÚNAÐUR OG ÞJÓÐARBÚIÐ

6.1 Sérstaða íslensks landbúnaðar og landbúnaðarstefnan

Landbúnaður býr við nokkra sérstöðu á meðal atvinnugreina á Íslandi, þar sem megininntak landbúnaðarstefnunnar er að þjóðin sé sjálfri sér sem nægust um matvæli, auk þess sem landbúnaður hefur haft mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar viðhald byggðar úti um landið. Af þessum sökum hefur landbúnaðurinn lotið meiri opinberum afskiptum, notið opinberra fjárframlaga í ríkara mæli og búið við þrengri takmarkanir í viðskiptum landa í milli en aðrar atvinnugreinar. Samkvæmt nýlegum niðurstöðum frá OECD reyndist stuðningur við íslenskan landbúnað vera á bilinu 8-9 milljarðar króna árið 1994, sem er um fimm prósent lækkun frá árinu á undan. Þessi lækkun er í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að draga úr beinum fjárhagslegum stuðningi við atvinnuveginn. Til samanburðar má benda á, að hjá flestum öðrum OECD-ríkjum hefur opinber stuðningur við landbúnað staðið í stað eða aukist undanfarna tvo áratugi.

Markmið landbúnaðarstefnunnar er samt ekki síður að stuðla að sem bestri nýtingu á innlendum aðföngum til framleiðslunnar, að hvetja til aukinnar framleiðni og að vinna íslenskum afurðum sess á erlendum mörkuðum. Að sama skapi er lögð áhersla á að íslenskur landbúnaður sé rekinn í sátt við umhverfi sitt. Benda má t.d. á stuðning stjórnvalda við lífrænan landbúnað í þessu sambandi, með tilheyrandi möguleikum til nýsköpunar hvað varðar vottaðar hollustuvörur í hæsta gæðaflokki.

Vegna norðlægrar hnattstöðu landsins er íslenskur landbúnaður einhæfur og byggir að verulegu leyti á grasnytjum. Nær 70 prósent af verðmætamyndun í landbúnaði eru afurðir grasbíta, þ.e. nautgripa, sauðfjár og hrossa. Á undanförnum árum hafa neysluvenjur þjóðarinnar breyst mikið hvað varðar landbúnaðarafurðir. Sér í lagi hefur kjötneysla minnkað, einkum neysla kindakjöts sem nú er vart 60 prósent af því sem hún var fyrir 15 árum. Með nýlegum samningum um búvöruframleiðslu milli stjórnvalda og bænda hefur því verið reynt að mæta þessum þrengingum í atvinnugreininni og tryggja hagkvæmari framleiðslu, vinnslu og sölu afurða, til hagsbóta fyrir bæði framleiðendur og neytendur. Þar með hefur verið stigið skref í þá átt að greiða fyrir nauðsynlegri hagræðingu í landbúnaði, svo að atvinnuvegurinn geti tekist á

við samkeppni og mætt á sama tíma kröfum neytenda um lægra vöruverð og fjölbreyttara vöruúrval.
Með lagasetningu í kjölfar GATT-samninga hefur ennfremur verið eytt óvissu að því er varðar þau skilyrði sem landbúnaðinum verða búin í samkeppni við innflutning. Samkvæmt þeim ákvæðum hefur atvinnuvegurinn svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum og búa sig undir næstu áfanga á þeirri leið að draga úr hömlum í alþjóðaviðskiptum með landbúnaðarafurðir.

6.2 Íslenskur landbúnaður í nærmynd

Á árinu 1994 nam verðmæti landbúnaðarafurða alls um 16 milljörðum króna.[1] Miðað við hlut atvinnuvega í landsframleiðslunni það ár, var hlutfall landbúnaðar 2,4 prósent af vergum þáttatekjum[2] (sem er u.þ.b. fjórðungur samanborið við hlutfall fiskveiða af vergum þáttatekjum). Útgjöld ríkissjóðs til landbúnaðar námu alls 5,4 prósent á árinu 1994 (mælt sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins). Á árinu 1989 var þetta hlutfall 9,5 prósent samkvæmt sömu forsendum. Útgjöld ríkissjóðs til atvinnuvegarins hafa þar af leiðandi dregist saman um 40 prósent á fimm ára tímabilinu 1989 til 1994, sem er í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að draga úr beinum fjárhagslegum stuðningi við landbúnaðinn. Þessi árangur kemur glögglega fram í alþjóðlegum samanburði og reyndist hlutfallslegt *tekjuígildi stuðnings*[3] við búvöruframleiðendur hérlendis (af framleiðsluverðmæti þeirra búvara sem teknar eru með í PSE-útreikninga[4]) 73 prósent á árinu 1994 reiknað út samkvæmt aðferð OECD. Það ár mældust þrjú lönd með hærri hlutfallslegan stuðning en Ísland, þ.e. Japan, Noregur og Sviss. Hagþjónusta landbúnaðarins áætlar að tekjuígildi stuðnings hafi lítið eitt hækkað á árinu 1995 en fallið niður fyrir 70 prósent á árinu 1996. Reynist það rétt, er um umtalsverðan áfanga að ræða samanborið við tímabilið 1981 til 1992 þegar

[1] Án tillits til bústofnsbreytinga og án tillits til verðmæta fiskeldisafurða.
[2] Í uppgjöri þjóðhagsreikninga er annarsvegar um að ræða framleiðsluuppgjör (tekjuuppgjör) og hinsvegar ráðstöfunaruppgjör (ráðstöfun tekna). Framleiðsluuppgjör sýnir í hvaða atvinnugreinum framleiðslan myndast og hvernig afrakstur ramleiðslunnar skiptist á milli framleiðsluþátta. Framleiðsluuppgjörið er fólgið í því, að lagt er saman framleiðsluverðmæti allrar atvinnustarfsemi, bæði fyrirtækja, opinberra aðila og annarra. *Vergar þáttatekjur* eru því fundnar út á eftirfarandi hátt: Framleiðsluvirði – aðföng – óbeinir skattar + framleiðslustyrkir.
[3] Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur þróað aðferð til að meta ríkisstuðning við landbúnað og er markmiðið að auðvelda samanburð á milli aðildarríkjanna. Beitt er svokallaðri PSE-aðferð, sem þýtt hefur verið á íslensku sem tekjuígildi stuðnings við búvöruframleiðendur. Í meginatriðum felst aðferðin í því að meta hversu háar fjárhæðir þyrfti að greiða framleiðendum, ef fallið yrði frá stuðningi við landbúnaðinn sem unnt er að meta til fjár, þannig að búvöruframleiðendur yrðu jafn vel settir fyrir, sem eftir breytingu.
[4] Skammstöfun fyrir *Producer Subsidy Equivalent.*

stuðningur við landbúnað mældist hæstur hérlendis af aðildarlöndum OECD og hlutfallslegt tekjuígildi stuðnings náði 83 prósentum og var á þeim tíma u.þ.b. tvöfallt hærri en hann var að meðaltali í öðrum aðildarlöndum.

Á árinu 1994 var hlutfallsleg skipting á verðmæti landbúnaðarafurða eftir búgreinum hér á landi þessi: Nautgripaafurðir 40 prósent, sauðfjárafurðir 28 prósent, hrossaafurðir 2 prósent, aðrar búfjárafurðir (s.s. afurðir svína-, loðdýra-, ali- og varpfugla) 16 prósent, garða- og gróðurhúsaafurðir 12 prósent og hlunnindi 2 prósent. Fjöldi lögbýla á árinu 1994 var alls 4.638.[1] Þar af voru 3.814 einbýlisjarðir og 824 tví- eða fleirbýlisjarðir. Fjöldi greiðslumarkshafa var alls 3.233 í mjólk og sauðfé verðlagsárið 1994/1995.

6.3 Fyrirsjáanleg þróun atvinnuvegarins við upphaf nýrrar aldar

Fram kom í viðtölum nefndarinnar við fulltrúa búgreinafélaganna og við aðra aðila sem tengjast atvinnuveginum, að í öllum búgreinum [nema loðdýrarækt] sjá menn fyrir sér fækkun og stækkun búa. Hvað *nautgriparæktina* áhrærir er búist við fækkun kúabúa á næstu 10 árum, þ.e. úr 1.300 búum í innan við 1000 bú. Að þeim tíma liðnum yrðu kúabú [að meðaltali] með um ca. 160.000 lítra ársframleiðslu. Hvað framtíðarsýn fyrir *sauðfjárræktina* áhrærir, segjast menn sjá fyrir sér að greinin verði einkum stunduð sem hlutastarf (með öðrum búskap eða óskyldri atvinnustarfsemi) ásamt því að rekin verði tiltölulega fá en stór sauðfjárbú. Menn gera þó fyrirvara um að þetta geti orðið misjafnt eftir landshlutum. Helstu áhrifaþættir til hugsanlegrar breytingar á þessari framtíðarsýn telja menn vera tekjuaukandi nýjungar í sauðfjárræktinni, t.d. slátrun utan hefðbundins sláturtíma. Í *eggjaframleiðslu* hefur þegar orðið mikil fækkun og stækkun búa sem ekki sér fyrir endann á, en í dag ráða þrír til fjórir stórir framleiðendur um tveimur þriðju hluta markaðarins. Menn eru sammála um að þeim [smá]framleiðendum muni halda áfram að fækka sem skipta með sér einum þriðja hluta markaðarins. Í *kjúklingarækt* stunda um þessar mundir 18 bú rekstur. Þar af stunda 10 bændur kjúklingaræktina sem hliðarbúgrein. Í náinni framtíð er búist við að þess sé að vænta að tvö til þrjú stór [og mjög tæknivædd] bú komi til með að ráða stærstum hluta markaðarins. Í *svínarækt* eru í dag 4 til 5 bú með 40 prósent markaðshlutdeild. Um 80 svínabú skipta því með sér 60 prósent markaðarins. Horfur eru á að búum í stærri hópnum muni fækka

[1] Búskapur er ekki stundaður á öllum lögbýlum.

verulega, þar sem æ fleiri stunda svínaræktina sem aðalbúgrein og þeim hafi fækkað ár frá ári sem stunda hana sem aukabúgrein. *Ferðaþjónustubændur* telja líklegt að núverandi yfirbragð ferðaþjónustunnar komi til með að breytast mikið á næstu árum vegna þess hve allar kröfur hafi aukist; einingarnar stækki og aðilum fækki. Það verði t.d. ekki lengi áfram forsenda fyrir rekstri 3-4 herbergja eininga sem séu þjónustuð af húsmóðurinni til hliðar við önnur heimilisstörf. Til þess sé kynningarkostnaður einfaldlega of hár miðað við veltu. Líklegt sé, að reist verði tíu til tólf fjölskylduhótel af bændum um landið (til viðbótar við stærri einingar sem eru fyrir hendi, þ.m.t. fyrirhugaðar viðbyggingar við heimavistarskóla), auk þess sem núverandi húsnæði (sem stenst gæðakröfur) verði smám saman fært til nútíðar og m.a. útbúið með baði. Líkt og fram kemur í byrjun kaflans sjá menn ekki fyrir sér stækkun og fækkun búa í *loðdýrarækt*. Þvert á móti er fjlgun búa þegar hafin í greininni og telja menn að með stöðugt aukinni þekkingu sé raunhæft að áætla að búum fjölgi þannig að þau verði í jafnvægi í kringum 150 eftir aldamót (sem er u.þ.b. tvöföldun samanborið við fjölda búa um mitt ár 1996). Í *hrossarækt* er skoðun manna sú, að ríkjandi jafnvægi [í fjölda búa og bústærð] muni haldast svo til óbreytt. Sérhæfing í hrossabúskap sé hinsvegar að aukast (þ.e. uppeldi, tamningar, sala og/eða hestaleiga), en menn hafa ekki trú á því að sérhæfðum hrossabændum muni fjölga frá því sem nú er, en þeir eru á bilinu 20 til 30 á landinu öllu.

6.4 Upphaf búnaðarfræðslu á Íslandi

Hjá nágrannaþjóðum okkar í Evrópu urðu framfarir í búnaðarháttum þegar á 18. öld. Einstakir menn hefja búnaðarumbætur á ýmsum sviðum og aðrir tileinka sér reynslu þeirra. Ýmsir þessara manna sáu þörfina fyrir það að miðla öðrum af þekkingu sinni. Leiddi það til þess að farið var að flytja fyrirlestra um landbúnað við háskóla. Í Danmörku hófust slíkir fyrirlestrar við háskólann í Kaupmannahöfn árið 1759. Í þýskalandi, Sviþjóð og víðar voru einnig haldnir búnaðarfyrirlestrar á 18. öld og fram á 19. öld. Þeir voru aðallega sóttir af nemendum háskólanna og verðandi embættismönnum, en lítið af bændum eða bændaefnum. Fyrsti búnaðarskólinn var stofnaður árið 1806 í Möglin í Þýskalandi. Skóla þennan sóttu nemendur víðsvegar að, meðal annars frá Norðurlöndunum.

Hér á landi hefjast búnaðarframfarir mun seinna vegna bágs efnahagsástands þjóðarinnar. Þegar á 18. öld voru þó uppi einstaka menn er fygldust með framförum í landbúnaði erlendis. Fyrsti Íslendingurinn sem fór til útlanda að nema búfræði, fór til Kaupmannahafnar um 1770 og árið 1815 hóf danska stjórnin að koma Íslendingum til verklegs náms í Danmörku. Fyrstu Íslendingarnir sem komu frá námi erlendis mættu þó litlum skilningi hjá bændum hér heima. Flestir þeirra byrjuðu búskap eða gerðust leiðandi menn í landbúnaði. Tóku þeir upp nýjungar í búnaði sem þeir höfðu lært erlendis og vildu þannig auðga íslenska búnaðarhætti. Þessar nýjungar heppnuðust þó yfirleitt illa þar eð þær hentuðu ekki eða illa við íslenskar aðstæður. Vegna þessa fengu búfræðingar litlar þakkir hjá bændum. Margir töldu þá sýna litla eða enga yfirburði umfram aðra bændur, jafnvel þvert á móti. Töldu sumir að þýðingarlaust væri og til ills eins fyrir unga menn að eyða tíma og fjármunum í búfræðinám erlendis. Allar götur síðan hefur þessi misskilningur viljað loða við á meðal íslenskra bænda, jafnvel eftir að búnaðarfræðsla var innleidd hér á landi og verður hans vart fram um miðja þessa öld.

Fyrstur manna til að hefja máls á stofnun búnaðarskóla hér á landi var Jón Sigurðsson forseti. Í grein í Nýjum félagsritum árið 1849 kemur m.a. fram, að hann telur að til þess að bændur geti orðið leiðandi stétt í þjóðfélaginu þurfi þeir að vera vel menntaðir. Hann vill því láta stofna fjögurra ára skóla, sem séu gagnfræða- og búnaðarskólar í senn. Þar átti að kenna íslensku, dönsku og eitthvað annað erlent tungumál, sögu, þjóðfélagsfræði, lög, náttúrufræði, reikning, mælingafræði, lestur, skrift, teikningar, sögu og íþróttir. Auk þess átti að kenna búnaðarstöf, því að skólinn átti að standa á stórri jörð þar sem tækifæri gæfist til margvíslegra starfa og jarðabóta.

Fyrsti búnaðarskólinn hér á landi var stofnaður árið 1880 í Ólafsdal. Námstíminn var tvö ár og var kennslan bæði bókleg og verkleg og starfaði skólinn til ársins 1907. Næst var stofnaður búnaðarskóli á Eiðum árið 1883 og starfaði hann til ársins 1917. Bændaskólinn á Hólum var stofnaður 1882 og starfar hann enn. Bændaskólinn á Hvanneyri var stofnaður sjö árum síðar og 1947 var stofnað til háskólanáms í búvísindum á Hvanneyri. Þess ber að geta að í lögum um búnaðarfræðslu nr. 55/1978 er gert ráð fyrir að búnaðarskóli verði stofnaður í Odda á Rangárvöllum en af því hefur ekki orðið.

6.5 Stofnun Bændaskólans á Hvanneyri

Bændaskólinn á Hvanneyri var stofnaður árið 1889. Í nær tvo áratugi rak suðuramtið skólann með styrk úr landssjóði eða til ársins 1907 en þá komu til framkvæmda fyrstu lögin um búnaðarskóla og tók landssjóður við rekstrinum frá þeim tíma. Fyrsti skólastjóri á Hvanneyri var Sveinn Sveinsson (1889-1892). Núverandi skólastjóri er Magnús B. Jónsson og hefur hann starfað frá árinu 1992 en gengdi áður stöðu skólastjóra á tímabilinu 1972 til 1984.

Skólinn starfar í dag samkvæmt lögum nr. 55/1978 um búnaðarfræðslu [með síðari breytingum] og heyrir starfsemin undir landbúnaðarráðuneytið. Hann skiptist í tvær deildir, bændadeild og búvísindadeild. Úr bændadeild útskrifast nemendur með búfræðipróf og úr búvísindadeild með B.S. próf í búvísindum. Háskóladeildin, sem halda mun upp á hálfrar aldar afmæli síðar á þessu ári, var stofnuð í október 1947. Deildarstjóri búvísindardeildar er Björn Þorsteinsson og yfirkennari bændadeildar er Sverrir Heiðar Júlíusson.

6.6 Verkaskipting bændaskólanna

Samkomulag um verkaskiptingu bændaskólanna á Hvanneyri og Hólum, og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum var undirritað hinn 5. desember 1994. Hér á eftir verður fjallað um verkaskiptinguna, að svo miklu leyti sem hún varðar bændaskólana.

Málið átti sér þann aðdraganda að landbúnaðarráðuneytið ákvað, með bréfi dagsett 16. desember 1993, að koma af stað viðræðum á milli skólastjóranna á Hvanneyri og Hólum er hefðu það að markmiði að finna leiðir til að styrkja starfsemi skólanna, jafnframt því sem leitað væri fyllstu hagræðingar í rekstri þeirra. Sérstaklega skyldi leitast við að móta áherslur þeirra í starfi, skilgreina sem hagkvæmasta verkaskiptingu þeirra á milli, svo og tengsl þeirra við rannsóknir og leiðbeiningar. Með bréfi dags. 4. júní 1994 var ákveðið að kveðja til skólastjóra Garðyrkjuskóla ríkisins og náði verkefnið þannig til allra skólanna. Agli Bjarnasyni var falið að leiða fjögurra manna starfshóp um verkefnið sem í voru auk hans, Grétar J. Unnsteinsson, Jón Bjarnason og Magnús B. Jónsson.

Meginniðurstöður starfshópsins voru þær, að gert er ráð fyrir að þau svið sem skilgreind eru sem *áherslusvið* skólanna verði byggð upp þannig, að þar verði meginumsvif rannsókna- og þróunarstarfs viðkomandi sviðs á landsvísu. Áherslusvið Bændaskólans á Hvanneyri voru ákvörðuð eftirfarandi: (1) Landnýting og gróðurvernd; (2) jarðrækt; (3) búfjárrækt; (4) bútækni; (5) búnaðarhagfræði; (5) lífræn framleiðsla; og (6) vöruþróun og markaðsfræði. Áherslusvið Bændaskólans á Hólum voru ákvörðuð eftirfarandi: (1) Hrossarækt og hrossamennska; (2) fiskirækt; (3) ferðaþjónusta í dreifbýli; (4) bændaskógrækt; og (5) hlunnindabúskapur.

Í niðurstöðum starfshópsins var lagt til að komið verði á skýrari verkaskiptingu á milli skólanna og nánari skilgreiningu rannsóknar- og þróunarverkefna. Sérsvið hvers verði eflt svo þeir geti tekið að sér kennslu á öllum skólastigum innan sinna sérsviða. Þannig taldi starfshópurinn skilvirkast að nálgast sjónarmið um eflingu háskólanáms í landbúnaði. Til lengri tíma litið, miðar þessi stefnumótun að því að verkefni færist til skólanna af öðrum vettvangi. Loks var það niðurstaða starfshópsins, að brýnast væri að endurskoða þann kafla búfræðslulaganna sem fjallar um háskólanámið hvað varðar formlega stofnun búnaðarháskóla á Hvanneyri.

6.7 Um fyrirkomulag búnaðarnáms á Norðurlöndum

Nefndin aflaði upplýsinga frá fjórum búnaðarskólum í Danmörku og Svíþjóð. Þeir eru: *Bygholm landbrugsskole, Dalum landbrugsskole* og *Nordisk landboskole* í Danmörku og *Naturbruksgymnasiet Bollerup* í Svíþjóð. Upplýsingar frá sænska skólanum reyndust ekki það heilstæðar að unnt væri að átta sig til fullnustu á fyrirkomulagi búnaðarmenntunarinnar í Svíþjóð. Upplýsingarnar frá Danmörku fylgja hér á eftir.

6.8 Búnaðarnám í Danmörku

Núverandi fyrirkomulag búnaðarmenntunar í Danmörku hefur verið í gildi frá árinu 1992. Líkt og fram kemur á mynd 1.7.1 skiptist það í fjóra hluta: *Grunnnám* (modul 1), *starfsgreinarnám í landbúnaði* (modul 2), nám til *bústjórnarréttinda* (modul 3) og nám til *framhaldsgráðu bústjórnarréttinda*

(modul 4). Grunnnámið stendur þó ekki sjálfstætt sem prófgráða en er nauðsynlegur undanfari starfsgreinarnámsins. Í aðsendum gögnum til nefndarinnar kemur ekki fram hverjar kröfur eru gerðar til umsækjenda eða á hvern hátt (eða hvort) búnaðarnámið tengist öðru námi í Danmörku, þ.e. hvort nemandi fær t.d. metið það nám sem hann hefur lokið í búnaðarfræðum ef hann hyggst söðla um og skrá sig í annað nám. Starfsréttindi sem fylgja prófi í bústjórnarréttindum eru hinsvegar eftirsótt og veita sérheimildir til jarðarkaupa og lánafyrirgreiðslu.

Mynd 8.7.1 Fyrirkomulag búnaðarmenntunar í Danmörku

Grunnnám (modul 1)
2 mánaða nám + 12 mánaða verknám + 4 mánaða nám, *eða*
6 mánaða verknám + 2 mánaða nám + 6 mánaða verknám + 4 mánaða nám

Starfsgreinarnám (modul 2)
18 mánaða verknám + 6 mánaða nám

Nám til bústjórnarréttinda (modul 3)
6 til 14 mánaða verknám + 4 mánaða nám

Nám til framhaldsgráðu bústjórnarréttinda (modul 4)
5 mánaða nám

Í *grunnnámi* geta nemendur valið um að hefja nám með þátttöku í tveggja mánaða námskeiði eða sex mánaða dvöl á viðurkenndu búi. Á námskeiðinu fer fram kynning á vinnubrögðum og helstu öryggisþáttum í landbúnaði sem hefur það að markmiði að undirbúa nemandur sem best fyrir árs verknámsdvöl, þannig að þeir valdi ekki sjálfum sér eða umhverfinu skaða. Á fjögurra mánaða námskeiði er meginhersla lögð á bútækni jafnframt því sem kennd eru undirstöðuatriði í næringarfræði dýra og plantna.

Starfsgreinarnámið hefst með 18 mánaða verknámsdvöl á búi (að eigin vali). Markmiðið með verknámsdvölinni er að nemendur öðlist þjálfun og innsýn í mismunandi framleiðsluaðferðir. Þar á eftir tekur við sex mánaða námskeið, þar sem höfuðáhersla er lögð á fóðurfræði og búfjárhirðingu. Eftir að hafa lokið 3½ árs námi (á fullnægjandi hátt), útskrifast nemendur með próf í starfsgreinarnámi í landbúnaði.

Æskilegt er að nemendur sem hyggja á nám til *bústjórnarréttinda* í landbúnaði hafi aflað sér reynslu í bústjórn á undanfarandi [6-14 mánaða] verknámstíma áður en þeir setjast á skólabekk á sérhæfðu fjögurra mánaða námskeiði. Á námskeiðinu eru hagrænir þættir rekstrarins meginviðfangsefnið, þ.m.t. stjórnunarþátturinn. Eftir að hafa lokið 10-18 mánaða löngu námi, útskrifast nemendur með próf í bústjórnarréttindum. Prófinu fylgir svokallað *grænt skírteini*, sem veitir réttindi til kaupa á bújörð sem er 30 ha eða stærri. Handhafar græna skírteinisins njóta jafnframt hagstæðra vaxtakjara á lánum vegna jarðarkaupa.

Markmið náms til *framhaldsgráðu bústjórnarréttinda* miðar að því að útskrifa nemendur sem eru færir um að stjórna mjög stórum búum. Meginähersla er lögð á starfsmannastjórnun og rekstrarstjórnun, auk markaðsfræði.

7.0 UM BÆNDASKÓLANN Á HVANNEYRI

7.1 Inngangur

Samkvæmt gildandi stjórnskipuriti frá árinu 1992 skiptist starfsemi skólans í meginatriðum í fjórar deildir: *Bændadeild, búvísindadeild, bústjórnardeild* og *rekstrardeild* og heyra deildarstjórar hverrar deildar beint undir skólastjóra. Þeir starfsmenn sem hér um ræðir bera starfsheitin yfirkennari bændadeildar, deildarstjóri búvísindadeildar, bústjóri og fjármálastjóri.

Yfirkennari bændadeildar annast einkum kennslumálefni í bændadeild og er jafnframt ábyrgur fyrir félagsmálum á heimavist deildarinnar. *Deildarstjóri búvísindadeildar* annast kennslumálefni deildarinnar, auk þess sem hann er ábyrgur fyrir rekstri og starfsfólki rannsóknahúss, endurmenntunarsviðs, bókasafns og tölvubúnaðar. *Bústjóri* er ábyrgur fyrir búrekstri Hvanneyrarbúsins og er yfirmaður fjósameistara, fjármanns, loðdýrahirðis, garðyrkjumanns og lausráðins starfsfólks [við búið], auk þess sem hann er yfirmaður verkstæðismála. *Fjármálastjóri* er ábyrgur fyrir rekstri skrifstofu og færslu bókhalds og er auk þess yfirmaður umsjónarmanns bókageröar, útgáfustjóra, húsvarða, matráðsmanns, starfsfólks þvottahúss og umsjónarmanns sumarhótels.

Samkvæmt lögum nr. 55/1978 [og reglugerð nr. 462/1984] er starfandi ráðgefandi skólanefnd við Bændaskólann á Hvanneyri sem skipuð er af landbúnaðarráðherra. Skólanefndin skiptir sjálf með sér verkum og kýs sér formann og samkvæmt reglugerðinni skal hún skipuð einum manni og einum til vara frá hverju búnaðarsambandi á Vesturlandi og Vestfjörðum, auk þess sem búnaðarsambönd sem starfa í landshlutum þar sem búnaðarskólar eru ekki, eiga þess kost að tilnefna einn mann hvert í skólanefnd við þann búnaðarskóla sem stjórn búnaðarsambandsins ákveður. Núverandi formaður skólanefndar Bændaskólans á Hvanneyri er Egill Jónsson alþingismaður.

7.2 Kostnaður ríkissjóðs vegna rekstrar skólans

Tafla 9.2 sýnir útlagðan kostnað ríkissjóðs vegna rekstrar Bændaskólans á Hvanneyri á fimm ára tímabilinu 1991 til 1995 (í þús. króna á verðlagi hvers árs). Til samanburðar eru birtar sambærilegar upplýsingar fyrir Bændaskólann á Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins fyrir sama tímabil. Á það skal bent, að árlegt ráðstöfunarfé skólanna er mun hærra en framlag ríkisins vegna sértekjuöflunar.

Tafla 9.2 Útlagður kostnaður ríkissjóðs vegna rekstrar bændaskólanna á Hvanneyri og Hólum, og Garðyrkjuskóla ríkisins 1991-1995 (í þús. króna á verðlagi hvers árs).

Stofnun	*1991*	*1992*	*1993*	*1994*	*1995*	*Samanb. 1991-95*
Hvanneyri	81.883	72.132	84.833	86.377	89.354	+9%
Hólar	65.034	65.113	63.845	62.676	83.573	+29%
Reykir	47.525	49.416	50.007	48.686	62.606	+32%
Alls	*194.442*	*186.661*	*198.685*	*197.739*	*235.533*	*+21%*

7.3 Námsfyrirkomulag í bændadeild

Inntökuskilyrði í bændadeild eru þau að umsækjandi þarf að hafa lokið grunnskólaprófi og fullnægt lágmarkskröfum til inngöngu í framhaldsskóla eða aflað sér á annan hátt jafngildrar undirbúningsþekkingar. Umsækjandi þarf að hafa öðlast reynslu við landbúnaðarstörf og að jafnaði hafa stundað þau eigi

skemmur en eitt ár. Þá þarf nemandi að vera fullra 17 ára þegar hann byrjar nám í bændadeild. Nám getur hafist á 1. önn, í september eða janúar. Almenna búnaðarnámið er á framhaldsskólastigi og er námstími tvö skólaár. Stúdentar sem koma til náms í bændadeild ljúka námi á einu ári. Náminu er skipt í fjórar annir, þar af er ein önn á kennslubúum hjá bændum sem skólinn hefur gert samning við um námsdvöl nemenda. Á síðustu önninni (4. önn) velja nemendur sér sérsvið. Í boði eru þrjú svið: Búfjárræktarsvið, rekstrarsvið og landnýtingarsvið. Að loknu námi útskrifast nemendur sem búfræðingar. Framhaldsnám er í boði fyrir búfræðinga við skólann og gefst þeim kostur á að stunda nám á sviðum sem þeir útskrifuðust ekki af sem búfræðingar. Þannig geta búfræðingar í raun lokið sex námsönnum við bændadeild.

7.4 Námsfyrirkomulag í búvísindadeild

Nám við búvísindadeild skólans er á háskólastigi og til inngöngu í deildina er krafist stúdentsprófs eða jafngilds náms, auk búfræðiprófs með fyrstu einkunn. Námið er skipulagt sem þriggja ára nám og útskrifast nemendur úr deildinni sem búfræðikandidatar með B.S. gráðu í búvísindum. Árlegur kennslutími í búvísindeild er 34 vikur á tímabilinu 1. september til 31. maí. Áhersla er lögð á vísindalega menntun og að gera nemendur hæfa til að leiðbeina bændum um flesta þætti í landbúnaði. Á þriðja námsári bjóðast möguleikar til nokkurrar sérhæfingar í náminu. Lokaverkefni (B.S. ritgerð) er 6 námseininga ritgerð um sjálfvalið efni. Að loknu B.S. 90 námi, geta kandidatar aflað sér aukinnar sérhæfingar með árs viðbótarnámi og ljúka þá svokölluðu B.S. 120 prófi í búvísindum.

7.5 Endurmenntunarsvið og rekstur þess

Námskeiðin eru margvísleg og er leitast við að svara þörf fyrir fræðslu í mörgum greinum, svo sem í búfjárrækt, hagfræði, jarðrækt, bútækni og handverki. Námskeiðin eru flest tveggja til þriggja daga löng og eru flest haldin á Hvanneyri þar sem öll aðstaða til kennslu, náms og dvalar er fyrir hendi. Markmiðið endurmenntunarinnar er í hnotskurn að stuðla að framhalds- og símenntun bænda og annars starfandi fólks í landbúnaði. Flestir þeirra sem sækja námskeiðin eru bændur og starfsfólk þeirra, en einnig eru haldin námskeið fyrir aðra sem starfa

við landbúnað, svo sem ráðunauta, mjólkureftirlitsfólk og fleiri. Námskeiðin eru flest skipulögð í samvinnu við aðrar stofnanir landbúnaðarins. Heildarkostnaður við endurmenntunarsvið skólans á árinu 1995 nam 26,1 millj. króna. Að frádregnum sértekjum, var nettó kostnaður vegna starfseminnar 4,8 millj. króna á árinu. Framleiðnisjóður landbúnaðarins er styrktaraðili endurmenntunarnámskeiða. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum skólans á árinu 1995 var alls 755.

7.6 Búrekstur

Í tengslum við skólastarfið er rekið skólabú á staðnum og er land Hvanneyrar alls um 600 ha að stærð. Þar af eru tún tæpir 100 ha, flæðiengi um 190 ha og óræktaðar mýrar sem eru nýttar til beitar um 240 ha. Bústofn er um 45 kýr (auk geldneyta), um 220 fjár, 95 refalæður, 230 minnkalæður, 10 loðkanínur, 7 hross og 15 Gallowaykýr. Flest allt búfé er nýtt í rannsóknum sem fram fara á Hvanneyri auk þess að nýtast til verklegrar kennslu við skólann.

7.7 Rannsóknir

Í tengslum við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri er starfrækt efnarannsóknastofa. Árlega eru þar efnagreind hey- og jarðvegssýni [einkum] frá bændum á Vestur- og Norðurlandi en einnig sýni úr tilraunum sem eru framkvæmdar við búvísindadeild. Hluti af vinnuskyldu kennara búvísindadeildar (40 af hundraði) og tiltekinna kennara bændadeildar (15 til 25 af hundraði) er fólgin í rannsóknastörfum. Árlega er unnið að margvíslegum rannsóknum við skólann enda er góð aðstaða á bújörðinni Hvanneyri og skólabúinu til þess. Um ýmsar þessara rannsókna er skipulagt samstarf við Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA), m.a. við bútæknideild RALA sem staðsett er á Hvanneyri. Árlega er gefin út á vegum skólans tilraunaskýrsla þar sem birt er yfirlit yfir þau rannsóknaverkefni sem unnið er að hverju sinni. Þá gefur skólinn út ritröðina *Rit Búvísindadeildar* og eru þar birtar niðurstöður rannsóknaverkefna við skólann. Árlega eru gefin út 4 til 6 rit.

7.8 Aðrar ríkisstofnanir á Hvanneyri

Tvær aðrar ríkisstofnanir hafa aðsetur á Hvanneyrarstað auk Bændaskólans á Hvanneyri. Það eru bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) og Hagþjónusta landbúnaðarins.

Bútæknideild hefur starfað á Hvanneyri allt frá árinu 1965 er lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna komu til framkvæmda. Áður hafði Verkfæranefnd ríkisins starfað á Hvanneyri frá árinu 1954. Bútæknideild hefur einkum með höndum prófun búvélar hér á landi, svo og aðrar rannsóknir er að tæknimálum landbúnaðarins snúa. Verkefni deildarinnar greinast einkum í fjögur svið: Prófun búvéla, tækni við jarðrækt, tækni við fóðuröflun og málefni er varða útghús og búfjárhirðingu. Verkefnaráð í bútækni var formlega stofnsett á árinu 1990 og er hlutverk ráðsins að vera vettvangur fyrir faglega umræðu og samræmingu á sviði fræðslu, leiðbeininga, rannsókna og þróunar í bútækni. Þá ber ráðinu að sjá um að mannafli og það það fjármagn sem til ráðstöfunar er til verkefna á sviði bútækni nýtist sem best. Auk þess fjallar verkefnaráð um starfs- og fjáhagsáætlanir samstarfsaðila er varða bútækni og stuðlar að útvegun fjármuna fyrir þau verkefni sem samkomulag verður um. Bútæknideild RALA á Hvanneyri á aðild að norrænu bútækniráði sem stofnsett var á árinu 1989 að tilhlutan Norrænu ráðherranefndarinnar.

Hagþjónusta landbúnaðarins hóf starfsemi á Hvanneyri vorið 1990 í kjölfar laga um stofnunina er sett voru á árinu 1989. Verkefni stofnunarinnar greinast einkum í fimm svið: Búreikningasvið (söfnun, úrvinnsla, uppgjör og árleg útgáfa), hagskýrslugerð (söfnun, úrvinnsla og útgáfa), hagrannsóknir (þ.m.t. kennsla við búvísindadeild og á endurmenntunarnámskeiðum Bændaskólans á Hvanneyri), sérhæfð verkefni (í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands, og fyrir verðlagsnefndir landbúnaðarins samkvæmt þar að lútandi ákvæðum í lögum) og almenna þjónustu (sem fylgir því að hafa opna skrifstofu). Eftirtaldar stofnanir tilnefna stjórnarmenn í fjögurra manna stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins: Þjóðhagsstofnun, Hagstofa Íslands, Bændasamtök Íslands og búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri. Landbúnaðarráðherra skipar stjórnarformann úr hópi stjórnarmanna og vinnur stjórnin undir yfirstjórn hans. Starfsemi Hagþjónustu landbúnaðarins er fjármögnuð með fjárveitingum úr ríkissjóði og sértekjum.

7.9 Fasteignir skólans og umsýsla þeirra

Skólinn á og ræður yfir fjölda fasteigna á Hvanneyri. Í töflu 7.9 er að finna upplýsingar um þær helstu og er greint frá byggingarári og stærð (í fermetrum, rúmmetrum eða metrum grunnflatar), auk lýsingar á húsnæðinu (þ.e. hvort um er að ræða steinsteypt hús eða timburhús) og hvort húsnæðinu fylgir t.d. kjallari, bílskúr o.þ.h. Alls er um að ræða 25 tilgreindar byggingar og er þeim gróflega skipt í eftirfarandi fjóra flokka: (1) Kennslu-, skrifstofu- og annað húsnæði; (2) húsnæði er tengist búrekstri og kennslu; (3) kennarabústaði; og (4) annað húsnæði sem er í eigu skólans.

Tafla 7.9 Yfirlit yfir helstu fasteignir Bændaskólans á Hvanneyri

#	Eign	Ár byggt	Stærð	Lýsing
		Kennslu-, skrifstofu- og annað húsnæði		
1.	Gamla skólahúsið	1910/11	2186 m^3	Steinsteyptir útveggir; kj., og 2 hæðir
2.	Skólstjórahús	1920	23 x 11 m	Steinsteyptir útveggir; kj., 2 hæðir o. ris
3.	Rannsóknahús	1983/87	430 m^3	Steinsteypt; kj., jarðhæð o. ris
4.	Tilraunagróðurhús	1988/89	11 x 18 m	Stálbitar o. plexigler
5.	Heimavist (Nýji skóli)	1965/75	1762 m^2	Steinsteypt; kj., 2 hæðir o. ris
6.	Sundlaug	1990	12,5 x 8 m	Dúkklædd laug
7.	Leikfimihús	1911	680 m^3	Járnvarin timburbygging
		Húsnæði er tengist búrekstri og kennslu		
8.	Véla- o. tilraunahús	1963	40 x 12 m	Steinst. ein. í útveggjum; jarðhæð o. ris
9.	Verkfærahús I	1900/01	11 x 23 m	Steinsteyptir útveggir (endurnýjað 1990)
10.	Verkfærahús II	1900/01	11 x 23 m	Steinsteyptir útveggir
11.	Skemma	1896	10 x 8 m	Timburhús
12.	Fjósbygging	1928	20 x 52 m	Fjós, haug- o. mjólkurhús, hlaða o.fl.
13.	Fjósbygging/fjósloft	1928		Íbúð og 7 herbergi til ýmissa nota
14.	Gripahús í Þórulág	1942/68	600m^2	Steinsteyptir útveggir; 2 hæðir o. haughús
15.	Loðdýrahús	1983/85	86 x 28m	Sambyggð stálgrindarhús á steinst. grunni
		Kennarabústaðir		
16.	Sviri	1938	513 m^3	Steinsteyptir útveggir; kj. o stofuhæð
17.	Tungutún	1938	513 m^3	Steinsteyptir útveggir; kj. o. stofuhæð
18.	Álfhóll	1957	570 m^3	Steinst. grunnur o. kj., útveggir úr timbri
19.	Ráðsmannshús	1947	349 m^3	Steinsteyptir útveggir; kj. o. stofuhæð
20.	Garður	1950	253 m^3	Timburhús
21.	Steinbær	1960	355 m^3	Steinst. gr. útv. úr timbri; kj. stofuh. bílsk.
22.	Bjarkartún	1980	186+41m^2	SG einingahús úr timbri m. bílskúr
23.	Grenitún	1980	125+34m^2	Timburhús á steinsteyptum grunni m. bílsk
		Annað húsnæði í eigu skólans		
24.	Hvanneyrarkirkja	1905	6 x 9 m	Timburhús
25.	Skemma	1896		Húsnæði i endurbyggingu

Af byggingartíma má ráða [samkvæmt töflu 2.8] að skólinn virðist einkum hafa ráðist í byggingu á nýju húsnæði á þremur árabilum. Í fyrsta lagi er húsnæði sem var byggt á árabilinu 1980-1989; í öðru lagi 1938-1975; og í þriðja lagi 1896-1928. Verulegur hluti húsnæðis skólans er því nokkuð komið við aldur og er því bæði kostnaðarsamt í rekstri og viðhaldsfrekt. Á móti ber að gæta að því, að umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á mörgum fasteignum skólans á síðastliðnum tveimur áratugum, sem sjálfsagt er að taka með í reikninginn. Skólinn hefur hinsvegar ekki einvörðungu útgjöld af fasteignum sínum, vegna þess að húsnæði er jöfnum höndum leigt út til starfsfólks skólans og annarra á Hvanneyrarstað (s.s. Hagþjónustu landbúnaðarins) og hefur skólinn af því nokkrar leigutekjur. Þá ber að geta þess að skólinn leigir einnig húsnæði af öðrum undir starfsemi sína á Hvanneyri (t.d. af bútæknideild RALA).

7.10 Annar rekstur

Þegar litið er til annars rekstrar en þess sem kalla má hefðbundinn vegna starfrækslu skólans (þ.m.t. endurmenntunarsviðs), bús, rannsókna og umsýslu eigna, stendur einkum eftir [tekjuskapandi] rekstur Sumarhótelsins á Hvanneyri sem árlega fer fram á tímabilinu maí til ágúst, tekjur vegna árlegra hlunninda Hvanneyrarjarðarinnar og [útgjaldaskapandi] rekstur yfir sumartímann vegna tiltektar og snyrtingar á lóðum og á umhverfi við fasteignir skólans.

Rekstur sumarhótelsins tryggir góða nýtingu fjárfestinga ríkisins á staðnum og er mögulegur vegna þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi í heimavist skólans. Um er að ræða eins- og tveggjamanna herbergi (ýmist með eða án sturtu) og nútíma mötuneytisaðstöðu, auk þess sem á staðnum er heitur pottur og útisundlaug í snyrtilegu umhverfi við suðurhlið byggingarinnar. Hlunnindi skólans eru fyrst og fremst laxveiðihlunnindi. Um er að ræða tekjur vegna útleigu Andakílsár (en í henni er hvortveggja lax- og silungsveiði), tekjur vegna útleigu Hvítár (en skólinn á rétt á að hafa þrjár laxalagnir í ánni, fyrir landi jarðarinnar) og vegna hlunninda í Grímsá. Yfir sumartímann hefur bændaskólinn stofnað vinnuflokk unglinga (sem búsettir eru á staðnum) til að annast tiltekt og snyrtingu á lóðum og í umhverfi fasteigna skólans á Hvanneyrarstað. Um er að ræða nokkur viðamikil svæði, svo sem gamla skólahlaðið, umhverfi heimavistarhússins (nýja skóla), umhverfi Rannsóknahúss og gróðurhúss, auk tiltektar á útivistarsvæði við Tungutúnslæk.

7.11 Samstarfssamningar við erlenda háskóla

Bændaskólinn á Hvanneyri á aðild að sameiginlegri menntastofnun norrænu landbúnaðar- og dýralæknaháskólanna *Nordic Forestry Veterinary and Agricultural University* (NOVA), sem var stofnuð árið 1995. Með stofnun NOVA opnuðust nemendum búvísindadeildar nýir möguleikar til að sækja hluta af námi sínu til norrænu búnaðarháskólanna, auk þess sem möguleikar brautskráðra nemenda búvísindadeildar til framhaldsmenntunar voru formlega festir í sessi. Á sama hátt býðst nemendum frá öðrum landbúnaðarháskólum á Norðurlöndum að koma til Hvanneyrar til lengri eða skemmri námsdvalar. Skólinn er ennfremur virkur aðili að samstarfssamningi íslenskra háskólastofnana við *University of Guelph* í Ontario í Kanada.

8.0 UM VIÐMÆLENDUR OG VIÐHORFSKÖNNUN NEFNDARINNAR

8.1 Inngangur

Kafli þessi skiptist í tvo hluta. Annarsvegar er stuttlega gerð grein fyrir aðilum sem komu í viðtöl og á fundi er nefndin gekkst fyrir á starfstímabilinu. Hinsvegar er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr viðhorfskönnun þeirri sem Gallup–Íslenskar markaðsrannsóknir h.f. gerði fyrir nefndina í síma, dagana 29. nóvember 1996 til 13. desember 1996.

8.2 Yfirlit yfir viðtöl og fundi á vegum nefndarinnar

Í starfi sínu efndi nefndin til viðtala við nemendur, kennara, starfsfólk og forsvarsmenn annarra ríkisstofnana á Hvanneyri, auk þess sem nefndarmenn fóru vettvangsferð um Hvanneyrarstað og heimsóttu starfsfólk skólans á vinnustöðum sínum og áttu innlit hjá starfsfólki bútæknideildar RALA og Hagþjónustu landbúnaðarins.

Nefndin ræddi annarsvegar við nemendur í stjórn *Nemendafélags bændadeildar* og í *Skólaráði bændadeildar*, þau Daða Frey Kristjánsson, Daníel A. Ottesen, Guðjón Kjartansson, Guðna Ragnarsson, Sigurð K. Gylfason, Stefaníu Nindel og

Tjörva Bjarnason. Hinsvegar var rætt við alla nemendur búvísindadeildar I og III sem boðaðir voru sameiginlega á fund nefndarinnar.

Nefndin efndi til viðtala með eftirtöldum aðilum: Birni Þorsteinssyni deilarstjóra búvísindadeilar, Eddu Þorvaldsdóttur staðgengli yfirkennara bændadeildar, Guðmundi Hallgrímssyni bústjóra, Hauki Gunnarssyni endurmenntunarstjóra og Theódóru Ragnarsdóttur fjármálastjóra, auk forsvarsmanna Hagþjónustu landbúnaðarins og bútæknideildar RALA, þeim Ernu Bjarnadóttur og Grétari Einarssyni.

Loks efndi nefndin til sameiginlegs fundar á Hvanneyri með kennurum bænda- og búvísindadeildar. Eftirtaldir kennarar mættu á fundinn: Auður Arnþórsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Björn Þorsteinsson, Edda Þorvaldsdóttir, Grétar Einarsson, Guðmundur Hallgrímsson, Haukur Gunnarsson, Hilmar Hálfdánarson, Hrafnlaug Guðlaugsdóttir, Ingimar Sveinsson, Linda Pálsdóttir, Pétur Jónsson, Sigurjón Bláfeld, Sveinn Hallgrímsson, Steinunn S. Ingólfsdóttir, Theódóra Ragnarsdóttir og Trausti Eyjólfsson.

Í Reykjavík efndi nefndin til viðtala með hagsmunaaðilum í landbúnaði vegna starfa sinna. Þessi viðtöl voru sérstaklega haldin með hverjum og einum og mættu eftirtaldir aðilar: Frá *Bændasamtökum Íslands:* Ari Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson; frá *Rannsóknastofnun landbúnaðarins:* Þorsteinn Tómasson; frá *Skólameistarafélagi Íslands:* Margrét Friðriksdóttir, Magnús Þorkelsson og Sigurður Sigursveinsson; og frá *búgreinafélögunum:* Jón Pétur Líndal f.h. *Félags eggjaframleiðenda;* Bjarni Ásgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Ólafur Guðjónsson f.h. *Félags kjúklingabænda;* Guðmundur Lárusson, Jón Gíslason og Guðbjörn Árnason f.h. *Landssambands kúabænda;* Arnór Karlsson, Ásbjörn Sigurgeirsson og Kristín Kalmannsdóttir f.h. *Landssamtaka sauðfjárbænda;* Kristinn Gylfi Jónsson, Hörður Harðarson og Guðbrandur Brynjúlfsson f.h. *Svínaræktarfélags Íslands,* Sigurður Hansen, Bjarni Stefánsson og Guðjón Jónsson f.h. *Sambands íslenskra loðdýraræktenda;* Bergur Pálsson f.h. Félags hrossabænda; og Paul Richardsson og Margrét Jónsdóttir f.h. *Félags ferðaþjónustubænda.*

8.3 Um viðhorfskönnun nefndarinnar

Fyrirtækið Gallup-Íslenskar markaðsrannsóknir h.f., framkvæmdi símakönnun á vegum nefndarinnar meðal starfandi bænda dagana 29. nóvember til 13. desember 1996 um viðhorf til skólastarfsins á Hvanneyri og til ýmissa þátta er snerta framtíðarskipulag búnaðarfræðslu og rannsókna. Úrtak var tilviljunarúrtak úr forðagæsluskýrslum og var úrtaksstærð 1164 aðilar. Úrtakið samanstóð af 1000 sauðfjár- og kúabændum, öllum bændum er stunda svínarækt með bústærðina 5 gyltur eða fleiri, öllum bændum er stunda kjúklingarækt og eggjaframleiðslu með bústærðina 1000 lífungar eða fleiri og allir loðdýrabændur. Nettósvörun var mjög góð eða 90,1 af hundraði.

8.4 Niðurstöður könnunarinnar er varða Bændaskólann á Hvanneyri

Alls 81 af hundraði þeirra bænda [sem taka afstöðu] segja að starf Bændaskólans á Hvanneyri hafi skipt miklu máli fyrir landbúnað á Íslandi en um 9 af hundraði að starf skólans hafi skipt litlu eða engu máli. Nær 93 af hundraði aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar. Greint eftir aldri, telja eldri bændur fremur en þeir yngri að starf skólans hafi skipt mjög miklu máli fyrir landbúnað á Íslandi.

Spurningin: *Hvernig telur þú að Bændaskólinn á Hvanneyri geti í framtíðinni þjónað bændum á Íslandi best?* var opin spurning og voru svörin flokkuð eftirá. Fram kemur, að um 27 af hundraði þeirra bænda [sem taka afstöðu] sagði að skólinn ætti að vera eins og hann er og 26 af hundraði sagði að hann ætti að sinna endurmenntun. Um 17 af hundraði nefndu að skólinn ætti að sinna menntun og fræðslu almennt. Um 14 af hundraði vildu auka rannsóknir og 13 af hundraði töldu að skólinn ætti að fylgjast með nýjungum og vera brautryðjandi í þeim. Vestlendingar og Sunnlendingar leggja hlutfallslega meiri áherslu en aðrir á endurmenntun sem framtíðarþjónustu skólans, en Norðlendingar eystri leggja meiri áherslu en aðrir á að skólinn verði eins og hann er. Marktæk tengsl reyndust á milli skoðana bænda á framtíðaráherslu skólans og tekna af búskap. Loðdýrabændur leggja hlutfallslega meiri áherslu en aðrir á endurmenntun sem framtíðarþjónustu skólans, en bændur á blönduðum búum leggja meiri áherslu en aðrir á að skólinn verði eins og hann er.

Spurningin: *Hefur þú sótt námskeið á vegum Bændaskólans á Hvanneyri eða önnur námskeið fyrir bændur?* leiðir í ljós, að um 27 af hundraði þeirra bænda [sem taka afstöðu] hafa sótt námskeið á vegum Bændaskólans á Hvanneyri. Um 31 af hundraði hafa sótt önnur námskeið (sem ekki hafa verið á vegum skólans). Við greiningu kemur m.a. fram, að eldri bændur sækja síður námskeið en þeir yngri. Hinsvegar sækja þeir eldri einkum endurmenntun á vegum Bændaskólans á Hvanneyri ef þeir gera það á annað borð. Hlutfallslega fleiri bændur á Vesturlandi en annars staðar hafa sótt námskeið hjá skólanum. Fram kemur að austfirskir bændur hafa sótt jöfnum höndum námskeið á Hvanneyri og námskeið haldin af öðrum. Fram komu tengsl á milli þeirra sem hafa hlotið menntun á Hvanneyri og þeirra er sækja námskeið til skólans. Þá eykst námskeiðasókn eftir því sem bú eru stærri og tekjur af búskap hærri (þótt óljóst sé hvort er orsök og hvort er afleiðing). Loks kemur fram, að sauðfjárbændur og bændur á blönduðum búum eru þeir sem síst sækja endurmenntunarnámskeið.

Spurningin: *Nýttist þér eða mun námskeiðið (námskeiðin) nýtast þér vel eða illa til að bæta afkomu þína?* fékk þau svör, að rúmlega 72 af hundraði þeirra sem sögðust hafa farið á námskeið fyrir bændur töldu að námskeið hafi nýst vel samanborið við 6 af hundraði sem sögðu að það hafi nýst illa. Við greiningu kemur fram, að þeir sem sótt hafa námskeið á vegum Bændaskólans á Hvanneyri eru ánægðari með árangur námskeiða en þeir sem sótt hafa önnur námskeið og er hlutfallið 79 af hundraði samanborið við 70 af hundraði, Hvanneyri í vil. Lægra hlutfall Norðlendinga eystri og Austfirðinga segir að námskeið hafi nýst vel. Almennt telja bændur útskrifaðir frá Hvanneyri fremur en aðrir, að námskeið hafi nýst vel til bættrar afkomu. Þá eru bændur í öðrum búgreinum en hefðbundnum ánægðari með árangur námskeiða en aðrir.

Spurningin: *Finnst þér að færa ætti rannsóknir sem snerta landbúnaðinn beint, frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, RALA, til búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, eða ætti ekki að gera það?* leiðir í ljós, að tæplega helmingur bænda [sem taka afstöðu] vill færa rannsóknir sem snerta landbúnað frá RALA til búvísindadeildar skólans. Tæplega 40 af hundraði vilja ekki færa rannsóknirnar frá RALA. Greint eftir landshlutum, er hæst hlutfall bænda á Vesturlandi sem vill færa rannsóknirnar til búvísindadeildar skólans. Tæplega þriðjungur bænda tók ekki afstöðu til spurningarinnar.

Spurningin: *Telur þú mikilvægt eða ekki fyrir bændur í framtíðinni að búnaðarháskóli verði formlega stofnaður á Hvanneyri?* fékk þau svör, að nær 58 af hundraði bænda [sem taka afstöðu] telja mikilvægt fyrir bændur í framtíðinni að búnaðarháskóli verði formlega stofnaður á Hvanneyri. Um 40 af hundraði telja það ekki mikilvægt.

Spurningin: *Telur þú að færa ætti leiðbeiningaþjónustu landsráðunauta frá Bændasamtökum Íslands til Bændaskólans á Hvanneyri eða ætti hún að vera óbreytt?* leiðir í ljós að 59 af hundraði bænda [sem taka afstöðu] vilja ekki færa leiðbeiningaþjónustu landsráðunauta frá Bændasamtökum Íslands til Hvanneyrar. Nær 23 af hundraði vilja gera það. Fram kom jafnframt í svörum að nær 9 af hundraði vilja breyta leiðbeiningaþjónustunni án þess þó að færa hana til Bændaskólans á Hvanneyri. Hlutfallslega fleiri Vestlendingar en aðrir vilja færa leiðbeiningaþjónustuna að Hvanneyri. Þá kemur fram í greiningu, að þeir bændur sem eru með mjög stór bú vilja síður óbreytt ástand en hinir. Þeir vilja þó ekki frekar færa leiðbeiningaþjónustu landsráðunautanna til Hvanneyrar, heldur breyta þjónustunni.

8.5 Niðurstöður könunarinnar er varða búnaðarmenntun

Spurningin: *Telur þú rétt eða rangt að gera búnaðarmenntun á einhvern hátt að skilyrði fyrir opinberri lánafyrirgreiðslu vegna stofnunar bús?* leiddi í ljós mjög afgerandi viðhorf, þar sem rúmlega 69 af hundraði þeirra sem tóku afstöðu telja það rangt að gera búnaðarmenntun að skilyrði fyrir opinberri lánafyrirgreiðslu vegna stofnunar bús. Þeir sem töldu það rétt voru tæplega 27 af hundraði. Fylgi við hugmyndina um að gera búnaðarmenntun að skilyrði fyrir lánafyrirgreiðslu hins opinbera er mest meðal yngri bænda og minnst meðal eldri bænda (þ.e. 60 ára og eldri).

Spurningin: *Hvert af eftirfarandi atriðum telur þú mikilvægast fyrir bændur að kunna í framtíðinni og hvað er næst mikilvægast: (a) Búfjárrækt og jarðrækt; (b) notkun vélbúnaðar og tölvutækni; (c) markaðsmál og rekstrarfræði; og (d) hafa góða almenna menntun* fékk eftirtalin svör: Búfjárrækt og jarðrækt, tæplega 64 af hundraði, almenn góð menntun tæplega 63 af hundraði, notkun vélbúnaðar og tölvutækni tæplega 36 af hundraði og markaðsmál og rekstarfræði um 26 af hundraði. Við greiningu kemur í ljóst, að efti því sem bændur eru eldri,

þeim mun minna máli finnst þeim skipta að bændur í framtíðinni kunni skil á markaðsmálum og rekstrarfræði. Á hinn bóginn eykst áhersla bænda á góða almenna menntun í framtíðinni með aldri. Búseta virðist ekki hafa mikil áhrif á það hvað bændum þykir mikilvægast að kunna í framtíðinni. Felstum í öllum landshlutum finnst búfjárrækt og jarðrækt sé mikilvæg. Austfirðingum finnst fremur en öðrum að notkun vélbúnaðar og tölvutækni sé mikilvæg. Hæst hlutfall Norðlendinga eystri og Sunnlendinga þykir mikilvægt að bændur hafi í framtíðinni góða almenna menntun og ekki er munur eftir búsetu á hversu mikilvægt það er að bændur kunni skil á markaðsmálum og rekstrarfræði í framtíðinni. Þeir sem hafa hæstar tekjur af búskap leggja minnsta áherslu á að bændur framtíðarinnar hafi góða almenna menntun. Hinsvegar eykst mikilvægi þess að bændur framíðarinnar kunni skil á markaðsmálum og rekstrarfræði eftir því sem tekjur af búi aukast. Þeim bændur sem mestar tekjur hafa utan bús finnst mikilvægara en hinum að bændur kunni í framtíðinni skil á markaðsmálum og rekstrarfræði.

Spurningin: *Hvort telur þú mikilvægara fyrir bændur framtíðarinnar, að njóta góðrar endurmenntunar í búfræðum eða góðrar grunnmenntunar í búfræðum?* leiðir í ljós, að hlutfallslega finnst flestum bændum það jafn mikilvægt í framtíðinni að njóta góðrar endurmenntunar og grunnmenntunar í búfræðum, eða tæplega 38 af hundraði. Hlutfallslega fleiri nefna endurmenntunina en grunnmentun af hinum, eða tæplega 35 af hundraði og 28 af hundraði. Eftir því sem bændur eru eldri, því mun meiri áherslu vilja þeir leggja á grunnmenntun og minni á endurmenntun. Þó eru undantekningar því yngstu bændurnir vilja leggja heldur meiri áherslu á grunnmentun en þeir sem eru á aldrinum 40-59 ára og svipað hlutfall 40-59 ára bænda vilja leggja meiri áherslu á endurmenntun. Fram kemur, að svipað hlutfall allra bænda vill leggja áherslu á grunnmentun. Hinsvegar vilja þeir sem ekki hafa lokið búfræðiprófi leggja meiri áherslu á endurmenntun bænda en búfræðingar. Þeir sem lægstar tekjur hafa af búi sínu telja mikilvægara en hinir að bændur njóti góðrar grunnmenntunar í búfræðum. Hinsvegar finnst þeim sem hafa tekjur á bilinu 50-299 þúsund á mánuði af búi sínu, mikilvægara að bændur njóti góðrar endurmenntunar í búfræðum. Eftir því sem tekjur bænda eru hærri utan bús, þeim mun meiri áherslu leggja þeir á góða endurmenntun bænda og minni áherslu á grunnmenntun.

Spurning: *Hvort telur þú heppilegra fyrir íslenskan landbúnað í framtíðinni, að grunnfræðsla í búfræðum sé í almennum framhaldsskólum eða sérstökum*

bændaskólum? Tæplega 65 af hundraði bænda [sem tóku afstöðu] telja hepplilegra fyrir íslenskan landbúnað í framtíðinni að grunnfræðsla í búfræðum fari fram í sérstökum bændaskólum fremur en í almennum framhaldsskólum en tæplega 28 af hundraði telja almennu framhaldsskólana duga. Austfirskir bændur skera sig nokkuð úr öðrum bændum þegar spurt er hvar grunnfræðslunni í búfræðum sé best fyrirkomið. Töluvert hærra hlutfall þeirra vill að grunnfræðslan fari fram í framhaldsskólum frekar en í sérstökum bændaskólum, þótt meirihluti þeirra vilji hana í sérstökum bændaskólum, eða rúmlega 51 af hundraði. Hærra hlutverk bænda með búfræðiprófi telja heppilegra fyrir íslenskan landbúnað að grunnfræðslan fari fram í sérstökum bændaskólum, en þeirra sem ekki hafa lokið búfræðiprófi. Hærra hlutfall þeirra sem hafa 150 þúsund krónur eða hærri tekjur af búi sínu á mánuði telja heppilegra fyrir íslenskan landbúnað að grunnfræðslan sé í sérstökum bændaskólum, en hinna sem lægri tekjur hafa af búi sínu.

8.6 Niðurstöður könnunarinnar er varða afkomu og framtíð bújarðar

Spurningin: *Hverjar eru um það bil heildartekjur heimilisins af búinu á mánuði?* leiðir í ljós, að hlutfallslega flest bændaheimili hafa að meðaltali 50-99 þúsund krónur í heildartekjur af búinu á mánuði. Rúmlega 17 af hundraði bændaheimila hafa lægri tekjur en 50 þúsund krónur á mánuði og 15 af hundraði hafa 300 þúsund eða hærri heildartekjur heimilisins á mánuði af rekstri búsins. Við greiningu kom m.a. fram, að hlutfallslega fleiri bændur á aldrinum 50-59 ára en aðrir hafa 150 þúsund krónur eða meira í heildartekjur heimilisins af búinu á mánuði, en fæstir á aldrinum 60 ára og eldri. Fram kemur að heildartekjur fara vaxandi með aukinni bústærð. Rúmlega helmingur fremur stórra og mjög stórra búa hefur 150 þúsund krónur eða meira í heildartekjur heimilisins af búinu á mánuði samanborið við 15 af hundraði mjög lítilla búa. Samanburður eftir búgreinum leiðir í ljós, að hærra hlutfall kúabænda [en aðrir bændur], hafa 150 þúsund krónur eða meira í heildartekjur heimilisins af búinu á mánuði. Þetta hlutfall er hinsvegar lægst á meðal sauðfjárbænda. Loks kemur í ljós, að hærra hlutfall búfræðinga en hinna sem ekki hafa lokið búfræðinámi, hefur 150 þúsund krónur á mánuði í heildartekjur heimilisins af búinu á mánuði.

Spurningin: *Hverjar eru um það bil heildartekjur heimilisins af öðru en búinu að meðaltali á mánuði?* fékk þau svör, að tæplega 35 af hundraði bænda hafa ekki aðrar tekjur en af búi sínu, en 65 af hundraði einhverjar aðrar tekjur. Við greiningu kemur fram, að tekjur bænda utan bús lækka eftir aldri. Tæplega 73 af hundraði bænda undir fertugu afla einhverra tekna utan bús samanborið við

rúmlega 55 af hundraði bænda 60 ára og eldri. Hlutfallslega fleiri bændur á aldrinum 40-49 ára en aðrir hafa tekjur á bilinu 100 þúsund krónur eða meira fyrir utan bú, en hlutfallið er lægst meðal bænda 60 ára og eldri. Fram kemur, að eftir því sem tekjur bænda af búrekstri eru meiri, þeim mun minni eru tekjurnar utan búsins. Tæplega 28 prósent búa sem hafa undir 50 krónur á mánuði í heildartekjur af búi hafa 100 þúsund krónur eða meira á mánuði í tekjur utan bús. Skoðað eftir búgreinum, kemur í ljós að hæst hlutfall heimila kúabænda hefur engar tekjur utan bús. Þeir bændur sem hinsvegar afla hlutfallslegra hæstra tekna utan bús eru sauðfjárbændur og loðdýrabændur. Hlutfall þeirra bænda sem hafa 100 þúsund krónur á mánuði eða meira í tekjur af öðru en búinu er hæst meðal loðdýrabænda.

Spurning: *Hvort telur þú að áfram verði stundaður landbúnaður á jörð þinni eftir að þú hættir búskap eða mun búrekstri verða hætt?* Alls telja tæplega 77 af hundraði bænda öruggt eða sennilegt að áfram verði stundaður landbúnaður á jörð þeirra eftir að þeir hætta búskap. Um 23 af hundraði telja að búskap verði hætt. Við greiningu kom m.a. fram, að hlutfallslega fleiri bændur á Vesturlandi og Norðurlandi eystra telja að búskap verði hætt á jörðum þeirra eftir að þeir hætta búskap. Hlutfallslega fæstir bændur á Suðurlandi telja að búskap verði hætt á jörðum þeirra eftir að þeir hætta störfum. Munurinn er þó ekki mikill á milli Sunnlendinga og Norðlendinga vestri og Austfirðinga. Greint eftir menntun, kom í ljós að á bilinu 11 til 12 af hundraði búfræðinga telja að búskap verði hætt á jörð þeirra eftir að þeir hætta búskap. Hjá öðrum bændum var þetta hlutfall hinsvegar rúmlega 25 af hundraði. Eftir því sem tekjur af búi hækka því ólíklegra telja ábúendur að búrekstri verði hætt eftir að þeir hætta búskap. Að sama skapi kemur fram, að eftir því sem bú eru minni því líklegra telja ábúendurnir að búrekstri verði hætt eftir þeirra dag. Hlutfallslega flestir sauðfjárbændur telja líklegt að búskapur leggist af á jörð þeirra eftir að þeir hætta búskap samanborið við bændur í öðrum búgreinum. Fyrir sauðfjárbændur er þetta hlutfall rúmlega 33 prósent. Þar á eftir koma blönduð bú og kúabú, bæði með hlutfall sem er um 15 af hundraði.

Spurning: *Telur þú að það verði einhver þér óskildur sem tekur við búskapnum eða afkomandi eða ættingi?* Rúmlega 78 af hundraði töldu að afkomandi eða ættingi tæki vi búskapnum en rúmlega 19 af hundraði að það yrði óskyldur aðili. Það eru einkum eldri bændur sem telja líklegra en yngri, að afkomandi eða ættingi taki við búskapnum. Við greiningu kom m.a. fram, að hærra hlutfall

bænda á Suðurlandi og Austurlandi en hinna sem búa annarsstaðar, telja líklegt að óskyldur aðili taki við búskapnum. Á hinn bóginn, eftir hækkandi heildartekjum heimilisins af búi aukast líkur á að afkomandi eða ættingi taki við búskap.

8.7 Niðurstöður könnunarinnar er varða félagslega stöðu bænda

Spurning: *Tekur þú mikinn eða lítinn þátt í félagsstörfum bænda, þ.e. starf með búnaðarfélögum eða búgreinasamböndum?* Ríflega 28 af hundraði þeirra sem tóku afstöðu taka mikinn þátt í félagsstörfum bænda, en tæplega 56 af hundraði taka lítinn þátt í þeim. Við greiningu kom í ljós skýr tengsl á milli menntunar og þátttöku í félagsstörfum. Þannig segir tæplega helmingur búfræðinga sem menntaðir eru á Hvanneyri að þeir taki mikinn þátt í félagsstörfum bænda samanborið við 37 af hundraði annarra búfræðinga og samanborið við rúmlega 22 af hundraði bænda sem ekki hafa búfræðimenntun. Þá kemur í ljós, að þátttaka bænda í félagsstörfum eykst nokkuð með vaxandi tekjum þeirra af búskap.

Spurning: *Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með starf þitt sem bóndi?* Fram kemur að yfirgnæfandi meirihluta bænda er ánægður með starf sitt. Rúmlega 85 af hundraði þeirra sem tóku afstöðu segjast ánægð með starf sitt sem bóndi á móti rúmlega 5 af hundraði sem eru óánægð. Alls 90,4 af hundraði búfræðinga frá Hvanneyri eru ánægðir, 83,5 af hundraði annarra búfræðinga. Hlutfall annarra er lægra.

Spurning: *Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með afkomu þína sem bóndi?* Aðeins rúmlega 22 af hundraði bænda eru ánægð með afkomu sína, sem er mjög ólíkt hlutfalli þeirra bænda sem voru ánægðir með starfið. Rúmlega 59 af hundraði eru óánægð með afkomu sína. Við greiningu kom m.a. í ljós, að yngstu og elstu bændurnir eru ánægðari með afkomuna en þeir sem eru á aldrinum 40-59 ára. Líkt og við er að búast, minnkar óánægja bænda með afkomuna verulega með hækkandi tekjum. Í heild má segja, að loðdýrabændur séu ekki eins óánægðir og aðrir bændur með afkomuna, en sauðfjárbændur eru heldur óánægðari í heild en bændur með svín, hænsni og kýr. Hæsta hlutfall óánægðra greindist meðal svína- og hænsnaframleiðenda.

Spurning: *Nefndu tvo stærstu kosti við það að vera bóndi?* Svör við þessari spurningu komu frá bændum sjálfum (þ.e. spurningin var opin) en flokkuð af starfsfólki Gallup. Niðurstaðan var sú, að um 90 af hundraði allra sem nefndu á annað borð einhvern kost, sögðu að stærsti eða annar af tveimur stærstu kostunum við að vera bóndi sé að hann er frjáls. Í öðru sæti, sem nefnt var af tæplega 35 af hundraði bænda, komu svo atriði svo sem náttúran, vera úti í sveit, útivist og skepnurnar. Þriðji algengast kosturinn (nefndur af rúmlega 14 af hundraði) var sambandið við starfið, en lýsingar bænda hljóðuðu þannig að það væri skemmtilegt, fjölbreytt, spennandi, skapandi, lifandi, gefandi og að það væri áhugamál þeirra.

Spurning: *Hvort lítur þú á landbúnað sem atvinnuveg eða lífsform?* Nær 67 af hundraði bænda segjast líta á búskap sem atvinnuveg. Tæplega fjórðungur sagði að hann liti á landbúnað sem atvinnuveg og lífsform.

VIÐAUKI

Fréttatilkynning nr. 03/1997

Tilkynning frá landbúnaðarráðuneytinu

Nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði á sl. hausti til að vinna að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri hefur látið gera skoðanakönnun meðal bænda um viðhorf til skólastarfsins á Hvanneyri og ýmissa þátta sem snerta framtíðar skipulag búnaðarfræðslu, rannsókna og almenn viðhorf bænda. Könnunina gerði IM-Gallup dagana 29. nóv. til 13. desember sl. og var heildar fjöldi í úrtaki 1164 eða um 25% starfandi bænda. Heildarfjöldi svarenda er 1033 og er nettó svörun 90,1%.

Helstu niðurstöður eru meðal annars eftirfarandi:

Almenn viðhorf

- Rúmlega 85% bænda eru ánægðir með starf sitt sem bóndi
- Um 90% bænda telja það að vera frjáls vera stærsta kostinn við að vera bóndi
- Tæplega 67% líta á landbúnað sem atvinnuveg frekar en lífsform
- Í um 33% tilvika var það meðvituð ákvörðun hjá bændum að gerast bóndi en í tæplega 43% tilvika voru það frekar kringumstæðurnar sem réðu því
- Tæplega 30% þeirra sem tóku afstöðu sögðu að öruggt væri að stundaður yrði búskapur á jörðinni eftir að þeir hættu og um 47% sögðu það sennilegt. Rösklega 23% telja að búskap verði hætt.

Viðhorf gagnvart búnaðarmenntun

- Rúmlega 81% bænda segja að starf Bændaskólans á Hvanneyri hafi skipt miklu fyrir landbúnað á Íslandi
- Rúmlega 27% bænda segja að skólinn geti best þjónað bændum í framtíðinni með því að halda áfram á sömu braut og 26% telja að hann geri það með endurmenntun
- Rúmlega 57% telja mikilvægt fyrir bændur í framtíðinni að formlega verði stofnaður háskóli á Hvanneyri
- Tæplega 50% þeirra sem svöruðu finnst það ætti að færa rannsóknir sem snerta landbúnaðinn frá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins til búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri

VIÐAUKI

- Tæplega 65% telja heppilegra að hafa grunnfræðslu í búfræðum í sérstökum bændaskólum heldur en í almennum framhaldsskólum

- Rúmlega 27% bænda hafa sótt endurmenntunarnámskeið á vegum Bændaskólans á Hvanneyri og rúmlega 31% námskeið á vegum annarra

Áhfir búnaðarmenntunar

- 72% svarenda sögðu að námskeiðin hefðu nýst sér mjög vel eða fremur vel til að bæta afkomu sína

- Þeir bændur sem hafa búnaðarmenntun eru ánægðari með afkomu sína en hinir

- Hærra hlutfall búfræðinga en hinna sem ekki hafa lokið búfræðinámi hafa 150 þús krónur eða meira í brúttótekjur á mánuði af búinu

- Meðal búfræðinga var það fremur meðvituð ákvörðun að gerast bóndi en meðal þeirra sem ekki hafa búnaðarmenntun

- Rúmlega fjórðungur bænda sem ekki hafa búfræðipróf telja að búskað verði hætt á jörð þeirra eftir að þeir hætta búskap. Hins vegar aðeins 11 -12% þeirra sem lokið hafa búfræðiprófi

- Tæplega 60% þeirra sem hafa búnaðarmenntun taka mikinn þátt í félagsstörfum bænda

- Með stækkandi búum og auknum tekjum vex þátttaka bænda í félagsstörfum

- Áhugi bænda á að sækja sér endurmenntun vex með hærri tekjum af búskap

- Bændur með búnaðarmennun hafa nútímalegri viðhorf, sækja sér fremur endurmenntun, leita fremur aðstoðar ráðunauta, hafa stærri bú og hærri tekjur af búskap.

Reykjavík, 29. janúar 1997

Landbúnaðarráðuneytið

Fylgiskjal II.

Skýrsla starfshóps um samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fagmenntunar í landbúnaði.

(Desember 1997.)

Inngangur.

1. Þann 10. júní 1997 skipaði landbúnaðarráðherra starfshóp til þess að móta tillögur um samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í landbúnaði með það að markmiði að bæta afkomu í atvinnugreininni. Starfshópnum var falið að taka mið af niðurstöðum nefndarálits frá 21. febrúar 1997 um framtíð Bændaskólans á Hvanneyri, tillögum búnaðarþings 1997 um þessi málefni og tillögum nefndar um rannsóknastarfsemi í þágu landbúnaðarins frá því í maí 1996 og gera tillögur að lagabreytingum þættu ástæður til. Starfshópinn skipa Hákon Sigurgrímsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Haukur Ingibergsson, forstöðumaður Hagsýslu ríkisins, Jóhannes Torfason bóndi Torfalæk, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambandsins, og Laufey Steingrímsdóttir, forstöðumaður Manneldisráðs.

2. Starfshópurinn kynnti sér starf flestra stofnana landbúnaðarins til að glöggva sig á starfsemi þeirra. Eftirtaldar stofnanir voru heimsóttar og rætt við forstöðumenn þeirra og starfsfólk: Bændaskólinn á Hólum, Bændaskólinn á Hvanneyri, Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, bútæknideild RALA á Hvanneyri, útibú RALA á Akureyri, Tilraunastöðin á Hesti í Borgarfirði, Tilraunastöðin á Möðruvöllum, Tilraunastöðin á Stóra-Ármóti, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá og Landgræðsla ríkisins í Gunnarsholti. Þá var rætt við stjórn Bændasamtaka Íslands, landsráðunauta bændasamtakanna, stjórn Hagsmunafélags héraðsráðunauta, yfirdýralækni, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, formann og framkvæmdastjóra Hagþjónustu landbúnaðarins, rektor Háskóla Íslands, kennslustjóra Háskóla Íslands, forstöðumann Aðfangaeftirlits ríkisins, veiðimálastjóra, forstöðumann Veiðimálastofnunar, skógræktarstjóra, kjötmatsformann og formann og framkvæmdastjóra Félags íslenskra náttúrufræðinga.

3. Starfshópurinn skilar hér með skýrslu. Í henni eru mótaðar tillögur sem byggjast á heildarsýn um þörf á endurskipulagningu á stofnunum landbúnaðarins og á hvern hátt endurskipulagt stofnanakerfi stuðlar að því að efla atvinnugreinina og bæta afkomu þeirra sem hana stunda.

Aðdragandi.

4. Miklar breytingar hafa orðið í landbúnaði á síðustu árum. Framleiðslustýring hefur komið í stað óheftrar framleiðsluaukningar, alþjóðamarkaður með landbúnaðarafurðir hefur höggvið skörð í verndarmúra innanlandsframleiðslu einstakra ríkja, samkeppni framleiðenda hefur aukist á kostnað einkasölufyrirkomulags, tæknibreytingar aukið framleiðni auk þess sem breytingar á samgöngum, búskaparháttum, umhverfismálum, fjármálamarkaði og neytendavitund hafa haft breytingar í för með sér, að ógleymdum grundvallarbreytingum á félagskerfi bænda. Breytingar á markaðsstöðu, neysluvenjum, viðskiptaháttum, opinberum stuðningi og viðhorfum til landnýtingar hafa gert nýjar kröfur til starfshæfni bænda, sem og þeirra er vinna við fagstofnanir landbúnaðarins. Á þessum tíma hefur rekstrareiningum fækkað og þær stækkað, en efnahagsleg afkoma bænda stórversnað, auk þess sem nýliðun

í bændastétt er mjög hæg og of lítil fjárfesting í framleiðsluaðstöðu í greininni er framleiðniletjandi. Nýjar og hertar kröfur um vöruhreinleika, sjálfbærni og rekjanleika (vottun) í framleiðsluferlum eru að taka gildi eða eru á næsta leiti. Þetta kallar á gjörbreytta starfshætti og starfshæfni þeirra stofnana sem sinna stjórnsýslu og eftirliti í atvinnugreininni, svo og þeirra stofnana sem annast fagmenntun, rannsóknir og leiðbeiningar í landbúnaði, nýtingu landgæða í ám, vötnum og við strendur landsins.

Fyrra nefndarstarf.

5. Á síðustu árum hafa nokkrar nefndir verið skipaðar til þess að yfirfara skipulag rannsókna í landbúnaði og gera tillögur um úrbætur. Einnig hefur skipulag leiðbeininga og búnaðarmenntunar verið til umræðu og tengsl þessara þátta við rannsóknarstarfsemina. Löggjöf um þessa starfsemi er nokkuð komin til ára sinna og hefur ekki fylgt þeim miklu breytingum sem orðið hafa í landbúnaðinum og starfsumhverfi hans. Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru frá árinu 1965. Lög um búnaðarnám, búfræðslulögin, sem m.a. marka starfsemi Bændaskólanna á Hvanneyri og Hólum, eru frá árinu 1978 og lögin um Garðyrkjuskóla ríkisins voru sett árið 1936.

6. Í maí 1995 skilaði nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði til þess að gera tillögur um endurskipulagningu rannsókna í landbúnaði áfangaskýrslu. Í áliti nefndarinnar kemur fram að hún hafði eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

1. Að gera rannsóknir í landbúnaði markvissari og auka tengsl milli rannsókna, fræðslu og leiðbeiningaþjónustu.
2. Að ná fram betri nýtingu fjármuna, mannafla, tækja, húsnæðis og aðstöðu til rannsókna.
3. Að auka tengsl og færa saman þann hóp vísindamanna sem stundar rannsóknir fyrir landbúnaðinn.
4. Að styrkja uppbyggingu miðstöðva sem hýsa saman ýmsa ráðgjöf og þjónustu fyrir dreifbýlið með því að efla þar rannsóknir eins og hagkvæmt þykir.
5. Að auka samvinnu rannsókna í landbúnaði við aðrar rannsóknir í landinu.
6. Að auka áhrif atvinnuvegarins við forgangsröðun rannsókna í landbúnaði.

Í skýrslu nefndarinnar komu fram tillögur um eftirfarandi meginleiðir:

1. *Samruni stofnana.* Fækka stjórnunareiningum með því að færa rannsóknirnar undir færri stjórnir og fagráð.
2. *Samtenging rannsókna og leiðbeininga.* Tengja betur saman rannsóknir og leiðbeiningar með því að hvetja Bændasamtök Íslands og búnaðarsamböndin til þess að ráðunautar hafi aðsetur sem næst rannsóknum.
3. *Samvinna rannsókna og fræðslu.* Efla samvinnu búnaðarskólanna og þeirra stofnana sem stunda rannsóknir í landbúnaði með sameiginlegum fagráðum og tilflutningi rannsókna til skólanna.
4. *Samrekstur þjónustu við dreifbýlið.* Hvetja og stuðla að samrekstri á skrifstofum og annarri aðstöðu með annarri rannsóknastarfsemi, leiðbeiningum og atvinnuráðgjöf, í hæfilega mörgum landsmiðstöðvum.

8. Í september 1996 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um málefni Bændaskólans á Hvanneyri. Nefndin skilaði áliti 21. febrúar 1997. Megináherslur í tillögum nefndarinnar, sem m.a. byggðu á viðamikilli viðhorfskönnun meðal bænda, voru efling endurmenntunarstarfs fyrir bændur, bætt tengsl búnaðarnáms á framhaldsskólastigi og búvísindanáms á háskólastigi við annað nám á viðkomandi skólastigum og bætt tengsl búvísindanámsins við rannsóknir í þágu landbúnaðarins, auk þess sem nefndin lagði áherslu á að rannsóknir

í landbúnaði væru skipulagðar á heildstæðan hátt. Þá lét nefndin þá skoðun í ljós að tengja bæri leiðbeiningar fyrir bændur rannsóknum og kennslu í landbúnaði. Tillögur nefndarinnar um rannsóknir mörkuðust af þeirri skoðun að tengja þyrfti búvísindamenntunina enn betur við þær rannsóknir sem fram færu í þágu atvinnugreinarinnar og stórauka samvinnu á þessu sviði. Því gerði nefndin þá tillögu að rannsóknir Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins yrðu samþættar og skipulagðar sem ein heild, auk þess sem tengsl við rannsóknir annarra stofnana landbúnaðarins verði aukin. Loks lagði nefndin til að hafinn verði undirbúningur að formlegri stofnun landbúnaðarháskóla á Hvanneyri.

9. Til þess að tryggja framkvæmd þessara tillagna lagði nefndin til að sett yrði samræmd yfirstjórn yfir Bændaskólann á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins. Hlutverk þeirrar stjórnar yrði að hafa yfirumsjón með rekstri stofnananna og auka samvinnu og samþætta verkefni þeirra. Nefndin benti á að mikilsverð rök hnigju í þá átt að sameina yfirstjórn þessara þriggja stofnana: Í fyrsta lagi sé slík aðgerð einföld í framkvæmd þar sem stofnanirnar falla allar undir sama ráðherra. Í öðru lagi séu stofnanirnar þrjár sem ein stjórnunarheild líklegri til að gagnast landbúnaðinum betur en ella, þar sem slíkt leyfi aukna sérhæfingu, auki möguleika á að leysa stór verkefni á skemmri tíma og að dreifa niðurstöðum rannsókna á skjótari hátt til bænda. Í þriðja lagi eigi háskólamenntun í landbúnaði mun greiðari aðgang að mannauði stofnananna þriggja undir einni yfirstjórn. Í fjórða lagi sé stjórnunarheild af þessu tagi til þess fallin að nýta betur fjárfestingar ríkisins í starfsfólki, fasteignum, tækjum og búnaði sem hafi í för með sér fjárhagslega hagkvæmari rekstur.

10. Á búnaðarþingi sem haldið var í mars 1997 var fjallað um tillögur Hvanneyrarnefndarinnar og samþykkti þingið eftirfarandi ályktun:

„Búnaðarþing 1997 fagnar þeirri vinnu sem fram hefur farið um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri. Þar er tekið á eftirfarandi: Endurmenntun, starfsmenntun, háskólamenntun og rannsóknum.

Það er álit þingsins að stilla þurfi saman strengi rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í íslenskum landbúnaði. Takmarkið er að bæta ofangreinda starfsemi án aukins tilkostnaðar.

Búnaðarþing telur endurmenntun mjög mikilvæga og leggur þar áherslu á samvinnu við búnaðarsamböndin. Tekið er sérstaklega undir að búfræðinámið verði betur tengt við annað nám á sama skólastigi og er þar aðallega átt við fjölbrautaskólana. Einnig er eðlilegt að auka tengsl og samhæfni búvísindadeildarinnar við aðrar háskólastofnanir.

Þingið er sammála því að landbúnaðarrannsóknir á Íslandi verði samþættar og skipulagðar sem ein heild og ætlar fagráðum búgreina stórt hlutverk í forgangsröðun verkefna.Í tillögum stjórnskipaðrar nefndar um málefni Bændaskólans á Hvanneyri er lagt til að landbúnaðarráðherra skipi nefnd til að undirbúa framkvæmd breytinganna. Búnaðarþing telur að fulltrúar bænda eigi að taka mjög ákveðið þátt í því starfi."

Samstaða um meginmarkmið:

Af framangreindu er ljóst að í samþykktum búnaðarþings 1997 og ályktunum þeirra nefnda sem á síðustu 2–3 árum hafa fjallað um skipulag rannsókna, leiðbeininga og fagmenntunar í landbúnaði hefur ríkt víðtæk samstaða um þau meginmarkmið að:

- *samþætta þurfi fagmenntun, rannsóknir og leiðbeiningar í landbúnaði,*
- *efla skuli landbúnaðarmenntun á háskólastigi,*
- *auka þurfi endurmenntun bænda og fagfólks sem vinnur við landbúnað.*

Starfshópurinn tekur undir þessi markmið og hefur sterka hliðsjón af þeim við mótun á tillögum sínum.

Staða og horfur.

11. Af framanrituðu er ljóst að í samþykktum Búnaðarþings og starfi þeirra nefnda sem á síðustu árum hafa fjallað um skipulag rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í landbúnaði hefur ríkt víðtæk samstaða um það meginmarkmið að auka þurfi samþættingu og samræmingu í rannsóknum, leiðbeiningum og fagmenntun í landbúnaði. Starfshópurinn tekur undir þessi sjónarmið, enda er það í fullu samræmi við þá sameiningu og samþættingu sem á sér stað á flestum öðrum sviðum landbúnaðarins og raunar þjóðfélagsins alls. Stofnanir landbúnaðarins eru margar og smáar, enda stofnaðar á löngu tímabili við allt aðrar aðstæður en nú ríkja. Það er skoðun starfshópsins að efla megi landbúnaðinn, auka samkeppnishæfni hans og bæta afkomu þeirra sem starfa í atvinnugreininni með því að endurskipuleggja stofnanakerfið. Meginrökin fyrir þessari skoðun byggjast m.a. á eftirgreindri sýn á umhverfi og viðfangsefni landbúnaðarins og líklegri framtíðarþróun atvinnugreinarinnar.

- Vel skipulagt stofnanakerfi, m.a á sviði menntunar, rannsókna, stjórnsýslu og eftirlits, styrkir að mati OECD samkeppnisstöðu atvinnugreinar á innlendum og erlendum mörkuðum. Skipulag hins opinbera er því einn þeirra þátta sem áhrif hafa á hagvöxt, þróun og afkomu þjóðfélagsins, þar á meðal í landbúnaði.
- Atvinnugrein sem er að aðlagast breyttum viðhorfum og aðstæðum hvað stærð og afkomu varðar þarf að leita nýrra leiða til að nýta sér þá möguleika sem í breytingunum felast. Erlendar kannanir benda til að rannsóknir, menntun og gagnrýnin skoðun ríkjandi aðstæðna, ásamt einbeittri stefnumótun og framkvæmd breytinga, séu mikilvægustu áhersluatriðin í þessu efni.
- Félagskerfi bænda er í endurmótun. Óhjákvæmilegt er að taka framkvæmd ýmissa þeirra verkefna sem stofnanir landbúnaðarins hafa unnið fyrir stjórnvöld til endurskoðunar vegna skýrari lagaákvæða um stjórnsýslu. Stjórnsýslulög, upplýsingalög og þær kröfur og sá réttur sem þar er markaður m.a. til jafnræðis, málskotsréttar, fyrirkomulags stjórnsýslu og aðgangs að upplýsingum gera endurskoðun á stjórnsýslu- og eftirlitskerfi landbúnaðarins óhjákvæmilega.
- Miklar breytingar á viðskiptaumhverfi landbúnaðarins, framleiðslustýringu, breytingar á fjármagnsmarkaði, útflutningi og innflutningi búvöru kalla á nýjar áherslur í atvinnugreininni auk þess sem sífellt auknar kröfur til að tryggja gæði og heilbrigði búvara kalla á ný vinnubrögð á því sviði hjá framleiðendum, úrvinnsluiðnaðinum, stjórnsýslunni og eftirlitsaðilum.
- Matvælaframleiðsla er sífellt að verða flóknari og tæknivæddari. Sífellt skiptir minna máli hvað framleiðsluna áhrærir hvort hráefnið er unnið úr landbúnaðarafurðum, sjávarafurðum eða öðrum afurðalindum. Þetta kann m.a. að útheimta breytt eftirlit og breytta stjórnsýslu í landbúnaði.
- Vægi umhverfismála eykst stöðugt. Bændur og landbúnaðurinn sem heild eru einir mikilvægustu vörsluaðilar landgæða. Þetta gerir nýjar kröfur til landbúnaðarins um nýtingu auðlindarinnar og færir honum meiri ábyrgð á vörslu hennar og þróun. Þetta útheimtir breytta áherslu í rannsóknum, framleiðslu, menntun og eftirliti.
- Á síðustu áratugum hefur menntakerfið tekið miklum breytingum. Þetta gerir nýjar kröfur til menntakerfis landbúnaðarins á framhaldsskóla- og háskólastigi auk þess sem endurmenntun og leiðbeiningar verða sífellt mikilvægari þáttur fræðslukerfisins.

- Ný tækni hefur breytt miklu í landbúnaði og sú þróun mun halda áfram. Þar breytir mestu upplýsinga- og tölvutækni sem skapar nýja möguleika og kröfur í öllum greinum landbúnaðar, þar á meðal í vinnuvélum, verklagi, rannsóknum, leiðbeiningum, fræðslu, stjórnsýslu og eftirliti.
- Aukin alþjóðavæðing á öllum sviðum einkum þó í viðskiptum, tækni og rannsóknum hefur óhjákvæmilega áhrif í landbúnaðinum og gerir þá kröfu að hann vinni í auknum mæli með erlendum samstarfsaðilum.
- Alþjóðleg samkeppni er um vinnuafl einkum þó í viðskiptum, vísindum og ýmsum sérfræðistörfum. Ef landbúnaðurinn ætlar að laða til sín starfsmenn í fremstu röð verður hann að bjóða samkeppnishæft vinnuumhverfi.

Samanburður við aðra atvinnuvegi.

12. Landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn hafa um langan aldur þróast samhliða sem aðalatvinnuvegir þjóðarinnar. Núverandi skipan á stofnanakerfi þessara atvinnugreina hefur þróast á mismunandi hátt. Innan sjávarútvegsins eru þrjár sterkar stofnanir sem sinna rannsóknum, auðlindavörslu og eftirliti, en á landbúnaðarsviðinu er um margar litlar stofnanir að ræða. Afleiðingarnar eru tvenns konar innan landbúnaðarins. Annars vegar er skortur á samhæfingu, deilur á milli stofnana, skörun verkefna og skipulagslítil samskipti við atvinnuveginn og hins vegar vanmáttur til að takast á við stór og vandasöm viðfangsefni í síbreytilegu starfsumhverfi sem landbúnaðurinn býr nú við og sem flýtt geta þróun og eflt atvinnugreinina. Stofnanir iðnaðarins eru skipulagðar á svipaðan hátt og í sjávarútvegi, þrjár stórar stofnanir starfa á þessu sviði. Í sjávarútvegi og iðnaði fellur þó skólastarf vegna atvinnugreinanna utan þessara stofnana og heyrir undir menntamálaráðherra. Verkaskipting stofnana þessara tveggja atvinnugreina er svipuð og kemur fram hér á eftir:

„Þróunarstofnanir atvinnugreinarinnar“	*„Varsla auðlindanna“*	*„Stjórnsýsla og eftirlit“*
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Hafrannsóknastofnun	Fiskistofa
Iðntæknistofnun Íslands	Orkustofnun	
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins		

13. Stofnanaskipan landbúnaðarins samkvæmt þessari skiptingu er sem hér segir:

„Þróunarstofnanir atvinnugreinarinnar“	*„Varsla auðlindanna“*	*„Stjórnsýsla og eftirlit“*
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	Skógrækt ríkisins	Yfirdýralæknir
Bændaskólinn á Hvanneyri	Landgræðsla ríkisins	Veiðimálastjóri
Bændaskólinn á Hólum	Héraðsbundnar aðgerðir	Aðfangaeftirlit
Garðyrkjuskólinn á Reykjum		Yfirkjötmat
Tilraunastöðin á Keldum		Forðagæsla
Veiðimálastofnun		Aðrir aðilar
Hagþjónusta landbúnaðarins		
Rannsóknastöðin á Mógilsá		
Rannsóknir Landgræðslu ríkisins		

Þessar stofnanir heyra allar undir landbúnaðarráðherra nema Rannsóknastofnunin á Keldum sem heyrir undir menntamálaráðherra og er hluti af Háskóla Íslands. Einnig hafa „stofnanir“ sem ekki eru í eigu ríkisins hlutverk á þessu sviði svo sem landsráðunautar,

héraðsráðunautar, Framleiðsluráð landbúnaðarins, dýralæknar og ýmis samtök og félög bænda.

Tillögur.

14. Starfshópurinn telur ekki mögulegt að móta tillögur um samþættingu stofnana á einu sviði landbúnaðarins án þess að hafa heildarmynd af stofnanaskipulagi landbúnaðarins í huga.

Starfshópurinn leggur til að stofnanakerfi landbúnaðarins verði skipulagt í þremur stofnunum á svipaðan hátt og í sjávarútvegi og iðnaði hvað hlutverk varðar; „Búnaðarháskólinn" verði þróunarstofnun atvinnugreinarinnar, „Landrækt Íslands" annist vörslu auðlindanna og „Búnaðarstofa" sinni stjórnsýslu og eftirliti. Líta ber á framangreind nöfn stofnana sem vinnuheiti.

„Þróunarstofnanir atvinnugreinarinnar"	*„Varsla auðlindanna"*	*„Stjórnsýsla og eftirlit"*
„Búnaðarháskólinn"	**„Landrækt Íslands"**	**„Búnaðarstofa"**

15. Verkefni núverandi stofnana landbúnaðarins verði í meginatriðum vistuð í hinum nýju stofnunum sem hér segir:

„Búnaðarháskólinn."

Hann sinni meginhluta núverandi verkefna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Bændaskólans á Hvanneyri, Bændaskólans á Hólum, Garðyrkjuskólans á Reykjum, landsráðunauta Bændasamtaka Íslands, Veiðimálastofnunar, Hagþjónustu landbúnaðarins, Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá, rannsókna Landgræðslu ríkisins og þess hluta Tilraunastöðvarinnar á Keldum sem heyrir undir yfirdýralækni. Stofnunin verði ríkisstofnun eða sjálfseignarstofnun.

„Landrækt Íslands."

Hún sinni meginhluta núverandi verkefna Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins auk héraðabundinna landgræðslu- og skógræktarverkefna. Stofnunin verði ríkisstofnun.

„Búnaðarstofa."

Hún sinni meginhluta núverandi verkefna embættis yfirdýralæknis, veiðimálastjóra, yfirkjötmats, Aðfangaeftirlits, auk stjórnsýsluverkefna frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands og e.t.v. fleiri aðilum. Stofnunin verði ríkisstofnun.

16. Hugmyndir um fjórar til fimm héraðamiðstöðvar sem verði aðalstöðvar leiðbeiningaþjónustu fyrir bændur falla vel að tillögum starfshópsins. Þessar miðstöðvar yrðu undir stjórn búnaðarsambanda á aðliggjandi svæðum og e.t.v. einnig með stjórnaraðild Bændasamtaka Íslands. Þeir landsráðunautar sem ekki flyttust undir „Búnaðarháskólann" kæmu eftir atvikum til starfa í þessum miðstöðvum. Þær hefðu þannig faglegan styrk til að rækja krefjandi og gagnkvæm samskipti við „Búnaðarháskólann".

Það er skoðun starfshópsins að með framangreindum breytingum á stofnanakerfi landbúnaðarins verði til stofnanir sem færar eru um að leiða atvinnuveginn inn í nýja öld, efla samkeppnishæfni hans og bæta afkomu bænda, auk þess sem slík nýskipan stofnanakerfisins hefur mikla byggðalega þýðingu.

„Búnaðarháskólinn."

17. Búnaðarháskóli eins og nefndin leggur til að myndaður verði með samruna þeirra stofnana sem nú sinna menntun, rannsóknum og leiðbeiningum á sviði landbúnaðar og nýtingar náttúruauðlinda, hefði burði til að vera faglega og fjárhagslega sterk og heildstæð stofnun. Miðað við fjárlagafrumvarp 1998 má ætla að rekstrarkostnaður stofnunarinnar yrði rúmar 800 m.kr. Gert er ráð fyrir deildaskiptingu og verkefnastýringu eftir því sem hentar hverju verksviði. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að Búnaðarháskólinn annist alla fræðslu, rannsóknir og leiðbeiningar í landbúnaði og um nýtingu landgæða. Hlutverk stofnunarinnar er að þjóna landbúnaðinum þannig að afkoma þeirra sem atvinnugreinina stunda batni jafnframt því að fjölga sóknarfærum í nýtingu landgæða og náttúruauðlinda og auka almennan hagvöxt. Þrennt markar skólanum mikla sérstöðu. Í fyrsta lagi mun skólinn starfrækja starfsmenntadeild á framhaldsskólastigi og endurmenntunardeild. Hliðstætt fyrirkomulag má finna í Bændaskólanum á Hvanneyri samkvæmt núverandi skipulagi skólans, í Tækniskólanum og Samvinnuháskólanum á Bifröst. Einnig er slíkt fyrirkomulag þekkt í háskólum erlendis. Í öðru lagi er rannsóknahlutverk skólans mjög umfangsmikið og víðfeðmt og í þriðja lagi er skólanum ætlað það meginhlutverk að sinna þörfum heillar atvinnugreinar, fyrir fagþekkingu og þróun.

18. Skólinn starfi á þeim stöðum sem núverandi stofnanir eru nú á og því mun þessi samruni ekki krefjast búferlaflutninga starfsmanna stofnananna en gefa þeim á hinn bóginn möguleika á tilflutningi í störfum á milli starfsstöðva. Nýlegur samstarfssamningur RALA og Hvanneyrar gerir ráð fyrir gagnkvæmum vinnurétti/skyldu á þessum stofnunum. Í tímans rás gætu áherslur í vali starfsstöðva þó breyst, enda þarf stofnunin að breytast í takt við samfélagsþróun og kröfur atvinnuvegarins. Miklu skiptir að stofnunin verði í nánu og gagnvirku samstarfi við bændur. Virðist heppilegt að starfsstöðvar stofnunarinnar verði í nánum tengslum við leiðbeiningamiðstöðvar í landbúnaði enda gefur það henni gott tækifæri til að hafa náin tengsl við bændur. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar verði á Hvanneyri.

19. Mikilvægt er að „Búnaðarháskólinn" hafi öflugt og virkt stjórnkerfi sem geti forgangsraðað verkefnum í samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar, nýsköpun og þróun. Vegna þess þarf að tryggja aðild stjórnvalda og landbúnaðarins að stjórnkerfi stofnunarinnar. Einnig þarf aðkoma fagráða búgreinanna og/eða fagsviða að vinnu við stefnumörkun að vera tryggð. Á sama hátt þarf skipulag stofnunarinnar og verklag að vera á þann veg að ábyrgð sé skýrt mörkuð, boðleiðir stuttar og frumkvæði starfsmanna og starfsdeilda fái að njóta sín.

20. Starfshópurinn telur að „Búnaðarháskólinn" hafi meiri burði til þess að rækja hlutverk sitt á sviði rannsókna og keppa um innlent og erlent rannsóknafé og hæfustu starfskrafta en þær stofnanir sem nú starfa fyrir landbúnaðinn á þessu sviði. Auknir möguleikar skapast til að sinna stærri rannsóknarverkefnum, bregðast á virkari hátt við rannsóknakröfum atvinnugreinarinnar og eiga virkt samstarf við aðrar innlendar og erlendar vísinda- og háskólastofnanir.

21. Með breyttum inntökuskilyrðum sem væru samræmd inntökuskilyrðum annarra háskóla í landinu og auknu samstarfi við aðrar háskólastofnanir, innlendar og erlendar, ætti búvísindanemum að geta fjölgað umtalsvert frá því sem nú er. Sú samræming námseininga sem frumvarp til laga um háskóla kveður á um eykur möguleika á þessu sviði. Hin nýja stofnun getur í slíku samstarfi lagt á borð með sér aðstöðu til rannsókna og kennslu ásamt sérfræðiþekkingu sem aðrar háskólastofnanir hafa þörf fyrir og yrði því eftirsóknarverður samstarfsaðili fyrir aðrar háskóla- og vísindastofnanir.

22. Starfshópnum er ljóst að með því að Hagþjónusta landbúnaðarins verði hluti af „Búnaðarháskólanum“ kunni hluti af núverandi verkefnum hennar að flytjast til Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu Íslands, enda annast þær almenna skráningu upplýsinga um aðrar atvinnugreinar. Hins vegar telur starfshópurinn að mun þyngra vegi þörf landbúnaðarins fyrir framsækna kennslu, leiðbeiningar og rannsóknir á sviði rekstrar og hagfræða sem geti aðstoðað bændur og afurðasölufyrirtækin við að fóta sig í því gjörbreytta rekstrarumhverfi sem m.a. mun fylgja í kjölfar frjálsrar verðlagningar á búvörum, aukins innflutnings búvara og auknum möguleikum til útflutnings íslenskra búvara.

„Landrækt Íslands.“

23. Starfshópurinn leggur til að „Landrækt Íslands“ hafi það hlutverk að annast vörslu og þróun þeirrar auðlindar sem gróðurþekjan og landið er, þannig að þessi auðlind nýtist landbúnaðinum og landsmönnum öllum eins vel og kostur er í bráð og lengd. Landgræðsla, skógrækt og önnur gróðurþróunar- og gróðurnýtingarverkefni séu viðfangsefni þessarar stofnunar sem taki við þeim meginverkefnum sem Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins hafa sinnt, auk nýrra viðfangsefna og ýmissa héraðs- og staðbundinna verkefna á þessu sviði.

24. Starfshópurinn lítur svo á að sú stefna að landbúnaðurinn hafi eina stofnun til að sinna „vörslu auðlindarinnar“ sé líkleg til þess að skila góðum árangri. Miðað við frumvarp til fjárlaga 1998 yrði hér um allstóra stofnun að ræða sem veltir rúmlega 500 m.kr. og hefði getu og burði til þess að sinna hlutverki sínu á öflugan hátt. Þessi stofnun yrði einnig verðugur þátttakandi í fjölþjóðlegum gróðurverndarverkefnum og gæti stuðlað að aukinni þátttöku Íslands á því sviði. Starfshópurinn leggst gegn hugmyndum um að landgræðsla og skógrækt falli undir umhverfisráðuneyti í stað landbúnaðarráðuneytis þar sem bændur og landbúnaðurinn í heild sinni eru einn mikilvægasti gæsluaðili lands og gróðurs. Þetta gerir nýjar kröfur til landbúnaðarins um nýtingu auðlindarinnar sem færir honum meiri ábyrgð á vörslu hennar og þróun. Starfshópurinn telur farsælt að nýting og ábyrgð á auðlindinni fari saman eins og er t.d. í sjávarútvegi.

25. Starfshópurinn telur að þau verkefni sem unnin eru í rannsóknum að Mógilsá og í rannsóknaaðstöðu Landgræðslu ríkisins sé betur fyrir komið í „Búnaðarháskólanum“ en í „Landrækt Íslands“. Þar fari rannsóknir fram og verði stofnunin kaupandi þessara rannsókna og rannsókna sem aðrir aðilar vinna, eftir því sem rannsóknamarkaðurinn bíður upp á, frekar en að reka eigin rannsóknaaðstöðu. Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvar höfuðstöðvar þessarar stofnunar verði. Mestu skiptir að hún starfi á árangursríkan og samhæfðan hátt um land allt að verkefnum sínum þannig að þeir fjármunir sem varið er til þessa verkefnis nýtist eins vel og kostur er.

„Búnaðarstofa.“

26. Einkenni á stjórnsýslu- og eftirlitskerfi landbúnaðarins er hve það er dreift og á höndum margra aðila sem ekki eru allir hluti af ríkisvaldinu. Eftirlitsstofnanir eru litlar, jafnvel aðeins með einn starfsmann, sem gerir það að verkum að þær eru vanmáttugar og einangraðar og hafa harla litla möguleika til þróunar í starfi. Starfshópurinn telur að mikilvægt sé að endurskipuleggja stjórnsýslu og eftirlit í landbúnaði og taka til endurskoðunar framkvæmd verkefna sem stofnanir landbúnaðarins hafa unnið fyrir stjórnvöld, vegna breyttra viðhorfa og lagaákvæða um stjórnsýslu. Stjórnsýslulög, upplýsingalög og þær kröfur og sá réttur sem þar er markaður, m.a. til jafnræðis, málskotsréttar, fyrirkomulags stjórnsýslu og aðgangs að upplýsingum, gera endurskoðun á stjórnsýslu- og eftirlitskerfi landbúnaðarins óhjákvæmilega.

27. Ráðherraráð OECD beindi á ársfundi sínum 1997 þeim tilmælum til aðildarríkjanna að þau endurskoðuðu eftirlitskerfi sín með einföldun og skilvirkni í huga. Var sú samþykkt gerð í kjölfar viðamikillar rannóknar á áhrifum eftirlitskerfa á atvinnulíf og hagvöxt. Meginniðurstaða úttektarinnar var sú að þau ríki sem hafa einfalt og skilvirkt eftirlitskerfi hefðu samkeppnisforskot á þau ríki sem byggju við flóknara og margþættara fyrirkomulag. Voru dæmi um það frá ýmsum aðildarríkjanna að endurskipulagning og einföldun eftirlitskerfa hefði verið uppspretta hagvaxtar og athafnavilja.

28. Starfshópurinn telur að taka þurfi skipulag eftirlits og stjórnsýslu í landbúnaði til nákvæmrar endurskoðunar með það að markmiði að sameina það í einni stofnun, „Búnaðarstofu". Í slíkri skoðun þarf jafnframt að meta hvort þörf er á því eftirliti sem nú fer fram, hvort hafa þurfi eftirlit með einhverju sem nú er ekki litið eftir og hvort mögulegt er að haga með öðrum hætti því eftirliti sem nú er viðhaft og samþætta það öðrum eftirlitskerfum þjóðfélagsins. Slík endurskoðun á stjórnsýslu- og eftirlitskerfi landbúnaðarins hefur aldrei farið fram og því er fyrsta skref í stofnun „Búnaðarstofu" fólgið í að gera nákvæma úttekt á núverandi fyrirkomulagi.

Framkvæmd.

29. Starfshópurinn leggur ekki fram neinar tillögur um stjórnskipulag eða tilhögun í hinum nýju stofnunum. Það er verkefni síðari tíma, hljóti meginhugmyndin um þrjár stofnanir í landbúnaði brautargengi. Þó verður að ganga út frá því sem meginreglu að eignir og réttindi núverandi stofnana gangi til hinna nýju stofnana. Á sama hátt er mikilvægt að sinna hagsmunum starfsmanna vel á slíkum breytingatímum sem endranær. Þar telur starfshópurinn rétt að gengið verði út frá þeirri meginreglu að starfsmönnum núverandi stofnana verði boðið starf á hinum nýju stofnunum þótt ekki verði hjá því komist að breyting geti orðið á viðfangsefnum manna og stöðu starfs þeirra í nýju skipulagi.

30. Afdráttarlaus pólitísk stefnumörkun og tryggur pólitískur stuðningur meðan á breytingum stendur er forsenda þess að svo veigamiklum breytingum verði hrundið í framkvæmd. Fallist landbúnaðarráðherra á þessa tillögur um þrjár meginstofnanir í landbúnaðinum fer í hönd mikið verk við að koma tillögunum í framkvæmd. Fram þarf að fara ýtarleg greining á verkefnum núverandi stofnana, og hvernig þeim er sinnt, kanna ýmsa framkvæmdaþætti, útfæra þá, fella saman og marka nýjum stofnunum lagagrundvöll, skipulag og aðstæður. Til að þessi breyting takist virðist heppilegt að skilgreina hana sem sérstakt verkefni sem unnið yrði fyrir landbúnaðarráðherra og stýrt af sérstakri verkefnisstjórn. Verkefnisstjórnin þarf að hafa fjármuni til að láta vinna ýmsa sérfræðivinnu en auk þess er mikilvægt að fá eins mikla aðstoð þeirra sem vinna í núverandi stofnunum og unnt er við framkvæmd breytingarinnar sem ætla má að geti tekið 3–5 ár áður en henni er að fullu lokið.

31. Ef landbúnaðarráðherra fellst á framangreindar tillögur leggur starfshópurinn til að verkefnisstjórn verði skipuð sem fyrst til að annast framkvæmd þeirra. Hafist verði handa á tveimur sviðum samtímis; annars vegar verði hafinn undirbúningur að stofnun „Búnaðarháskólans" og verði stefnt að lagasetningu um stofnunina á yfirstandandi þingi. Hins vegar verði hafin úttekt á fyrirkomulagi stjórnsýslu og eftirlits í landbúnaði og frumvarp um „Búnaðarstofu" lagt fyrir Alþingi haustið 1998. Báðar þessar stofnanir taki til starfa fyrir aldamót.

Reykjavík, 1. desember 1997

Hákon Sigurgrímsson — *Jón Sigurðsson*
Haukur Ingibergsson — *Laufey Steingrímsdóttir*
Jóhannes Torfason

Fylgiskjal III.

Samþætting rannsókna, leiðbeininga og fræðslu í landbúnaði.
(Búnaðarþing 1998, mál nr. 07, þingskjal nr. 07-3.)

Búnaðarþingi 1998 hefur borist til umsagnar skýrsla starfshóps um samþættingu rannsókna, leiðbeininga og fagmenntunar í landbúnaði. Þingið vísar til ályktunar búnaðarþings 1997 og ítrekar nauðsyn þess að auka tengsl á milli rannsókna, fræðslu og leiðbeininga, efla búfræðimenntum og endurmenntun bænda og gera Hvanneyri að traustari miðstöð þróunar í íslenskum landbúnaði.

Þingið telur mikilvægt að styrkja háskólanám í landbúnaði á Hvanneyri með nánu samstarfi við aðrar háskólastofnanir. Háskólanámið verði enn fremur tengt með samstarfssamningum við aðrar fagstofnanir í landbúnaði.

Sem fyrsta skref telur þingið að setja eigi á stofn rannsókna- og fræðsluráð sem heyri undir landbúnaðarráðuneytið. Ráðið samanstandi af fulltrúum allra þeirra stofnana sem stunda rannsóknir, fræðslu- og leiðbeiningar í landbúnaði, auk þess sem bændur eigi þar trygga aðild.

Þingið telur mikilvægt að leiðbeiningastarf verði á ábyrgð Bændasamtaka Íslands og stefnt verði að fjórum til sex leiðbeiningamiðstöðvum í héruðum.

Þingið telur áríðandi að fræðslu- og þróunarstofnanir landbúnaðarins verði áfram vistaðar undir landbúnaðarráðuneytinu.

1368. Svar [632. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um verðjöfnun á raforku.

1. *Hverju nemur að mati iðnaðarráðuneytisins verðjöfnun á raforku í heild, bæði bein og óbein?*

Skipan raforkumála og uppbygging raforkukerfisins er þannig að erfitt eða jafnvel ógerlegt er að reikna út hve há fjárhæð fer, beint eða óbeint, til að jafna raforkuverð. Að mati orkufyrirtækjanna tæki það a.m.k. marga mánuði. Benda má á að álag á raforkukerfið, hvar orkuvinnslan fer fram og tap í flutningi og dreifingu hafa veruleg áhrif á mat á því hvað jöfnun á raforkuverði raforku fyrirtækjanna kostar. Miðað við þann stutta tíma sem gefst til að svara fyrirspurninni og það að Alþingi verður væntanlega frestað innan skamms verður því fyrst og fremst að miða við upplýsingar sem liggja fyrir og svara fyrirspurninni tiltölulega almennt. Þess skal jafnframt getið að við endurskoðun á skipan raforkumála, sem nú er að hefjast í samræmi við tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála, verður m.a. lagt mat á áhrif breytinga á jöfnun raforkuverðs.

Margvíslegar aðgerðir á vegum ríkisins og raforkufyrirtækjanna hafa stuðlað að jöfnun raforkuverðs. Nefna má 13. gr. laga um Landsvirkjun, en hún hljóðar svo: „Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.“ Nánar er vikið að þessu ákvæði síðar. Sömuleiðis eru í orkulögum, nr. 58/1967, ákvæði er lúta að jafnræði notenda við veitingu einkaleyfa til að reka héraðsrafmagnsveitur.

Í kjölfar afnáms verðjöfnunargjalds á raforku aflétti ríkið skuldum samtals að fjárhæð u.þ.b. 11.700 millj. kr. á núverandi verðlagi af Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar sem notið höfðu tekna af gjaldinu. Þessi ráðstöfun hefur að sjálfsögðu haft í för með sér umtalsverða jöfnun á raforkuverði. Ríkið tók við hluta af skuldum vegna byggðalínu og það hafði sömuleiðis veruleg áhrif til jöfnunar raforkuverðs. Í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskólans vann fyrir iðnaðarráðuneytið á árunum 1989 og 1990 er talið að ef ríkið hefði ekki tekið við skuldunum hefði meðalsmásöluverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja þurft að vera um 2,5% hærra en það var á árinu 1989, en meðalsmásöluverð Rafmagnsveitna ríkisins um 20% hærra og Orkubús Vestfjarða 27,5% hærra. Þetta hefur þannig haft í för með sér verulega jöfnun raforkuverðs í landinu.

Rafmagn til hitunar íbúðarhúsnæðis hefur verið greitt niður af ríkinu frá því í október 1982. Niðurgreiðsla ríkissjóðs á rafmagni hjá Rafmagnsveitum ríkisins er nú 1,47 kr. á kílóvattstund fyrir allt að 30.000 kílóvattstundum á ári, eða allt að 44.100 kr. á ári á heimili. Samtals er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á raforku og heitu vatni frá rafkyntum hitaveitum til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á þessu ári allt að 487 millj. kr. Frá 1. apríl 1988 hefur Landsvirkjun veitt þeim sem kynda íbúðarhúsnæði með rafmagni afslátt á raforkuverði. Sá afsláttur er nú 0,39 kr. á kílóvattstund fyrir allt að 30.000 kílóvattstundum á ári. Samtals gerir Landsvirkjun ráð fyrir að afslátturinn verði um 115 millj. kr. á þessu ári. Loks veita Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða húsráðendum sem hita híbýli sín með raforku sérstakan afslátt sem nemur 0,085 kr. á kílóvattstund. Rafmagnsveitur ríkisins áætla að afslátturinn nemi rúmlega 17 millj. kr. á árinu. Kostnaður Orkubús Vestfjarða við afsláttinn nam 3,1 millj. kr. á árinu 1997. Gert er ráð fyrir að hann verði svipaður á þessu ári. Auk þessara aðgerða er hluti virðisaukaskatts af húshitun endurgreiddur þeim sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað. Nú eru 63% af skattinum endurgreidd þeim sem nota rafmagn til húshitunar. Niðurgreiðslur, afslættir og endurgreiðslur leiða til þess að þeir sem eru í viðskiptum við Rafmagnsveitur ríkisins og nota 32.887 kílóvattstundir á ári til að hita íbúðarhúsnæði greiða 90.160 kr. á ári í stað 164.240 kr. Samtals lækkar orkukostnaður þeirra við þessar aðgerðir um 74.080 kr. á ári.

Samkvæmt lögum um Landsvirkjun er hlutverk fyrirtækisins að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna, svo og til iðnfyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu. Orkuveitusvæði Landsvirkjunar er allt landið eftir því sem raforkuver og stofnlínukerfi hennar spanna. Landsvirkjun er enn fremur skylt, eins og áður er komið fram, að láta sömu gjaldskrá gilda um afhendingu rafmagns til almenningsveitna á afhendingarstöðum fyrirtækisins. Sú skylda hefur verið túlkuð þannig af stjórn Landsvirkjunar að verðleggja beri flutning og framleiðslu rafmagns eins á öllum afhendingarstöðum. Því hefur reikningshald og uppgjör ekki sérstaklega verið miðað við að gera upp rafmagnskostnað á einstökum afhendingarstöðum, þannig að finna megi hæsta og lægsta kostnaðarverð og út frá því verðjöfnun með þessu fyrirkomulagi.

Til þess að hægt sé að meta jöfnun á raforkuverði til almenningsveitna í kerfi Landsvirkjunar er nauðsynlegt að gefa sér ýmsar forsendur sem geta verið umdeilanlegar og hægt er að haga á ýmsa vegu. Má nefna forsendur eins og hvort landshlutar eigi að greiða fyrir raforku frá næstu virkjun eða t.d. hlutfallslega úr öllum virkjunum eftir stærð þeirra. Gera má tilraun til þess með eftirfarandi dæmi úr ársreikningi Landsvirkjunar fyrir árið 1997 og öðru dæmi um flutningskostnað eftir Vesturlínu til Vestfjarða. Úr ársreikningum má lesa að tekjur á framleidda orkueiningu rafmagns (meðalverð forgangs- og ótryggðrar orku) til almenningsveitna

var 2,58 kr. á kílóvattstund. Að gefnum ýmsum forsendum um skiptingu rekstrarkostnaðar Landsvirkjunar milli framleiðslu og flutnings má ætla að tekjur af orkuframleiðslu fyrir almenningsveitur hafi verið um 2,01 kr. á kílóvattstund og 0,57 kr. á kílóvattstund af flutningi. Samkvæmt þessu greiðir meðalviðskiptavinur Landsvirkjunar 0,57 kr. á kílóvattstund fyrir flutning á raforkunni, en raunkostnaður er vitaskuld lægri eftir því sem notandinn er nær virkjun og hærri eftir því sem notandinn er lengra frá virkjun. Sem dæmi um háan flutningskostnað má taka orkusölu til Orkubús Vestfjarða, sem reyndar framleiðir sjálft verulegan hluta af því rafmagni sem það selur áfram, en kaupir rafmagn af Landsvirkjun í Mjólká og Geiradal. Þau flutningsmannvirki sem þarf til að flytja rafmagn á þessa staði eru dýr og áætla má árlegan flutningskostnað af þeirri orkusölu um 1,6 kr. á kílóvattstund, eða tæplega þrefalt hærri en til meðalviðskiptavinarins. Þessum kostnaði er síðan jafnað milli allra almenningsveitna gegnum gjaldskrá Landsvirkjunar.

Innan Rafmagnsveitna ríkisins er verði jafnað milli notenda sem búa í þéttbýli og strjálbýli. Fyrir ári var unnin skýrsla um greiningu orkukostnaðar hjá fyrirtækinu. Sett var upp reiknilíkan til að meta hvernig kostnaður fyrirtækisins hríslast um kerfi þess frá innkaupum (eða framleiðslu) til endanlegs notanda. Samkvæmt líkaninu reynist um 40% dýrara að afhenda orkuna til strjálbýlisnotenda en notenda í þéttbýli. Þar sem sama gjaldskrá gildir fyrir alla viðskiptavini fyrirtækisins er ljóst að mikil verðjöfnun á sér stað innan þess.

Í ársbyrjun 1995 gerðu ríkið og Rafmagnsveitur ríkisins með sér samning sem felur m.a. í sér arðgreiðslur til ríkissjóðs. Samkvæmt samningnum voru arðgreiðslur fyrir árin 1995 og 1996 100 millj. kr. hvort ár og var arðinum ráðstafað til styrkingar og endurnýjunar á rafdreifikerfum í sveitum. Frá og með árinu 1997 skulu arðgreiðslur nema 2% af eigin fé, en árin 1997 og 1998 skal þó lækka arðgreiðslustofn eigin fjár um sem nemur bókfærðu verðmæti rafdreifikerfa í sveitum. Jafnframt þessu var ákveðið í kjölfar uppgjörs vegna óveðurstjóna 1995 að arðgreiðslur Rafmagnsveitnanna lækki um 20 millj. kr. á ári fram til ársins 2001. Af arðgreiðslunni renna 30% í ríkissjóð, 65% til styrkingar og endurnýjunar á rafdreifikerfum í sveitum og 5% til rannsóknar- og þróunarverkefna á vegum fyrirtækisins. Sá hluti arðgreiðslunnar sem Rafmagnsveiturnar fá aftur og varið er til styrkingar á sveitadreifikerfum var því 100 millj. kr. árin 1995 og 1996 og verður 102 millj. kr. árin 1997 og 1998.

Að síðustu þykir rétt í þessu samhengi að fjalla um það sem nefnt hefur verið hinn félagslegi þáttur í starfsemi Rafmagnsveitnanna, en til hans teljast framkvæmda-, rekstrar- og þjónustuverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í til að fullnægja þjónustuskyldu og viðhalda afhendingaröryggi og gæðum þjónustu á strjálbýlum svæðum. Verkefnin eru þess eðlis að fyrir fram er vitað að tekjur af þeim geta ekki að fullu staðið undir útgjöldum. Félagslegur þáttur er því mismunurinn á nauðsynlegum tekjum til að standa undir verkefninu og raunverulegum tekjum sem verkefnið skilar. Á undanförnum árum hafa nokkrar athuganir farið fram til að meta stærð þessa þáttar í starfsemi fyrirtækisins. Niðurstöður þeirra eru að árlegur kostnaður við hann sé á bilinu 300–700 millj. kr. Nú njóta Rafmagnsveiturnar ekki framlaga til félagslega þáttarins á annan hátt en þann að þær fá 65% af arðgreiðslum til ríkisins endurgreiddar til að mæta kostnaði við endurnýjun rafdreifikerfa til sveita, eins og áður var gerð grein fyrir. Ekki liggja fyrir áætlanir um félagslegan kostnað hjá Orkubúi Vestfjarða eða öðrum rafveitum.

Ráðuneytið treystir sér ekki til að leggja mat á heildaráhrif framangreindra aðgerða, beinna og óbeinna, til jöfnunar orkuverðs, en ljóst er að ef þeirra nyti ekki við væri munur á því verði sem notendur greiða fyrir rafmagn miklu meiri en hann er nú.

2. *Hvernig hyggst ráðherra tryggja verðjöfnun í breyttu skipulagi raforkumála?*

Meðal verkefna við undirbúning breytinga á skipulagi raforkumála er könnun á því hvernig jöfnun á raforkuverði verði best háttað. Ljóst er að í samkeppnisumhverfi mun mismunandi orkuverð að verulegu leyti ráðast af breytilegum kostnaði við flutning og dreifingu orkunnar frá orkuverum til notenda. Við jöfnunina koma í aðalatriðum tvær meginleiðir til álita. Annars vegar að jafna verðið innan raforkukerfisins og hins vegar beinir styrkir, niðurgreiðslur eða endurgreiðslur á hluta af virðisaukaskatti til þeirra sem búa á svæðunum sem dýrast er að flytja orkuna til. Ætla má að yrði síðari kosturinn fyrir valinu ætti sér eigi að síður stað veruleg jöfnun innan flutnings- og dreifikerfisins þar sem útilokað er að reikna raunkostnað við flutning raforkunnar til einstakra notenda.

Ef ákveðið yrði að jafna orkuverðið innan raforkukerfisins hefur einkum verið litið til að jafna orkuverð í flutningskerfinu, svipað og nú er gert. Þannig mætti t.d. hugsa sér að greitt yrði fyrir flutninginn óháð fjarlægð, svipað og í póstflutningum og símkerfinu. Ókosturinn við þá leið er að notendur fá ekki merki um raunverulegan kostnað sem notkun þeirra hefur í för með sér. Víða erlendis er raforkukerfinu skipt niður í svæði og gjaldtakan breytileg milli svæða. Með þeirri aðferð er tekið tillit til vegalengdar sem flytja þarf orkuna en orkuverðið jafnað innan svæðisins. Enn fremur má hugsa sér að lagt verði á gjald fyrir að setja raforku inn á netið og við að taka rafmagn út af því. Þessi gjöld geta verið breytileg eftir álagi á viðkomandi svæðum og fleiri þáttum. Það verður eitt meginverkefnið við væntanlegan undirbúning fyrir breytingar á skipulagi raforkumála að móta gjaldskrá fyrir notkun flutningskerfisins og að hve miklu leyti jöfnun á raforkuverði á sér stað innan þess.

Ef ákveðið yrði að jöfnun orkuverðs yrði að verulegu leyti utan raforkukerfisins koma helst til greina svipaðar aðferðir og nú er beitt til að jafna orkuverð til hitunar íbúðarhúsnæðis, þ.e. niðurgreiðslur og endurgreiðsla á virðisaukaskatti. Auk þess geta að sjálfsögðu komið til styrkir til raforkufyrirtækja vegna þess sem að framan hefur verið nefnt félagslegur þáttur í starfsemi orkufyrirtækjanna. Sá styrkur gæti annaðhvort verið í formi árlegs framlags eða til þess að greiða hluta af kostnaði við fjárfestingu í flutningskerfinu sem nauðsynleg er til að halda uppi lágmarksþjónustu á svæðum þar sem tekjur geta ekki staðið undir fjárfestingunni.

Á þessu stigi er ekki tímabært að segja fyrir um hvaða aðferðum verður beitt til að jafna orkuverð í breyttu skipulagi raforkumála. Markmiðið verður að tryggja ekki lakari jöfnun á raforkuverði, en að hún verði ljósari en nú. Það er verkefni næstu ára að vinna að því að breyta skipulaginu. Þörf fyrir orkuverðsjöfnun og umfang hennar mun að sjálfsögðu ráðast af því hve miklar breytingar verða gerðar á skipulaginu og því starfsumhverfi sem raforkufyrirtækjunum verður búið. Slíkrar breytingar þurfa að tryggja orkufyrirtækjunum þær rekstrarforsendur að samkeppni milli þeirra verði á jafnréttisgrundvelli.

1369. Svar [599. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um virkjanaundirbúning og gæslu íslenskra hagsmuna.

1. *Hver hefur til þessa verið kostnaður íslenskra aðila í Noral-verkefninu vegna eigin starfsliðs og athugana og vegna aðkeyptra verkefna? Óskað er hliðstæðra upplýsinga um kostnað Hydro Aluminium.*

Bein útgjöld greidd af markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar fram til 27. mars 1998 vegna verkefnisins og samstarfs við orku- og stóriðjunefnd sambands sveitarfélaga á Austurlandi (OSSA) þar að lútandi og áætlaður kostnaður vegna eigin starfsliðs eru samtals 16.422 þús. kr. Verulegur hluti kostnaðarins er vegna samfélags-, umhverfis- og lóðarathugana. Samsvarandi kostnaður Landsvirkjunar við verkefnið er 6,8 millj. kr. Ekki liggja fyrir hliðstæðar upplýsingar um kostnað Hydro Aluminium og þess vart að vænta að þær séu fáanlegar, en hlutdeild fyrirtækisins í sameiginlegum athugunum var til sama tíma 5.765 þús. kr.

2. *Hver er áætlaður frekari kostnaður íslenskra og norskra aðila vegna Noral-verkefnisins fram að þeim tíma að unnt verður að taka afstöðu til byggingar álbræðslu og virkjana sem sjá eiga henni fyrir orku?*

Áætlunin liggur ekki fyrir enda ekki vitað hvenær unnt verður að taka afstöðu til byggingar álbræðslu og virkjana. Á hinn bóginn liggur fyrir áætlun um sameiginlegar athuganir aðilanna, sem greiðist að jöfnu af Hydro Aluminium og íslenskum aðilum, að upphæð 35,1 millj. kr. en þar af höfðu komið til greiðslu 11,5 millj. kr. hinn 27. mars sl. Þessum athugunum verður að mestu lokið fyrir maílok en hluti þeirra mun standa yfir fram yfir næstu áramót. Auk þess liggja fyrir áætlanir Landsvirkjunar um undirbúningsrannsóknir á Austurlandsvirkjunum sem verða hluti Noral-verkefnisins ef ákvörðun verður tekin um að halda því áfram. Kostnaður við þær ef af verður er áætlaður 249 millj. kr. árið 1998 og 800 millj. kr. árið 1999. Slíkar undirbúningsrannsóknir mundu að sjálfsögðu nýtast í öðrum verkefnum ef Noralverkefnið leiðir ekki til framkvæmda. Sama á raunar við um stóran hluta af kostnaði markaðsskrifstofunnar, svo sem við samfélags-, umhverfis- og lóðarathuganir.

3. *Hvernig eru í einstökum atriðum tryggðir íslenskir hagsmunir í Noral-verkefninu?*

Verkefnið er undir íslensku forræði. Svo sem kunnugt er er verkefnunum stjórnað af sameiginlegri verkefnisstjórn. Verkefnisstjórnin er að meiri hluta skipuð íslenskum fulltrúum. Formennsku gegnir fulltrúi iðnaðarráðuneytisins og aðsetur verkefnisstjórnar og samræming starfsins er hjá markaðsskrifstofunni. Af tveimur sérstökum vinnuhópum sem starfa er sá sem fjallar um orkumál undir formennsku fulltrúa Landsvirkjunar. Hinn hópurinn, sem fjallar um álverið, er undir formennsku Hydro Aluminium. Ef af verkefninu verður mun verða samið um alla þætti málsins og í þeim samningum verða íslenskir hagsmunir tryggðir.

4. *Hafa rannsóknir og önnur upplýsingaöflun Landsvirkjunar vegna undirbúnings hlutaðeigandi virkjana til þessa verið metin til fjár inn í samstarfið við Hydro Aluminium? Ef svo er, um hversu háar fjárhæðir er þar að ræða?*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun ennþá um það hvernig eignarhaldi eða fjármögnun verkefnisins verður háttað. Ef virkjun og álver verða innan sameiginlegs fyrirtækis munu umræddar rannsóknir og annar undirbúningskostnaður verða hluti af stofnframlagi og samningar ekki undirritaðir nema fjárhæðir séu rétt metnar inn í verkið.

5. *Hvernig er fyrirhugað að staðið verði að raforkusölusamningi við Hydro Aluminium? Hver verður staða Landsvirkjunar eða annarra innlendra aðila við slíka samningsgerð eftir að áætlanir um virkjanakostnað og annar undirbúningur hefur verið unninn í sameiningu og hinn erlendi aðili hefur með því fengið innsýn í forsendur fyrir væntanlegum orkusölusamningi?*

Ekki hefur verið ákveðið hvernig staðið verður að raforkusölusamningi vegna Noral-verkefnisins og ekki ljóst hvort um beinan raforkusölusamning verður að ræða. Eigi að síður er hægt að fullyrða að staða Landsvirkjunar eða annarra innlendra aðila við slíka samningsgerð verður ágæt enda hefur erlendi aðilinn ekki undir höndum þær forsendur sem Landsvirkjun mundi leggja til grundvallar fyrir væntanlegan orkusölusamning.

6. *Hvernig á að tryggja að Hydro Aluminium hagnýti sér ekki beint eða óbeint þá innsýn sem fyrirtækið fær í orkumál Íslendinga með Noral-verkefninu verði ekki af „samtengdri verkefnafjármögnun álvers og virkjana“?*

Það er hagsmunamál Íslands að Hydro Aluminium og önnur slík erlend stórfyrirtæki þekki sem best til varðandi orkumál Íslendinga. Því meiri almenn vitneskja sem liggur fyrir erlendis um góða samkeppnisstöðu Íslands á sviði orkumála því líklegra er að til uppbyggingar arðbærra iðjukosta komi. Hagnýting Hydro Aluminium á þekkingu sinni á orkumálum Íslendinga getur því ekki annað en þjónað hagsmunum Íslendinga, en svo sem fram kemur í svari við næsta lið eru fyrir hendi gagnkvæmar skuldbindingar um trúnað.

7. *Hvernig er unnt að tryggja að Hydro Aluminium miðli ekki til þriðja aðila þeim upplýsingum sem fyrirtækið kemst yfir með Noral-verkefninu?*

Að því er varðar almennar upplýsingar er Hydro Aluminium heimilt að miðla upplýsingum og er það jákvætt fyrir íslenska hagsmuni. Að því marki sem trúnaðarupplýsingar eru veittar Hydro Aluminium ber fyrirtækinu að fara að í samræmi við samning um gagnkvæman trúnað varðandi upplýsingar sem hvor aðili lætur hinum í té.

1370. Fyrirspurn [709. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgengi fatlaðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hver er ábyrgur ef ekki er farið að lögum um aðgengi fatlaðra að opinberum byggingum, sbr. 34. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992?
2. Er kveðið á um einhver viðurlög ef skyldum varðandi aðgengi fatlaðra er ekki sinnt?

1371. Fyrirspurn [710. mál]

til umhverfisráðherra um aðgengi fatlaðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hver er ábyrgur ef ekki er farið að lögum um aðgengi fatlaðra að opinberum byggingum, sbr. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997?
2. Er kveðið á um einhver viðurlög ef skyldum varðandi aðgengi fatlaðra er ekki sinnt?

1372. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til. l. um umboðsmann jafnréttismála.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá félagsmálaráðuneyti og Bandalagi háskólamanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns jafnréttismála frá ársbyrjun 1999. Meginverkefni umboðsmanns væru að fylgjast með því að hvarvetna í þjóðfélaginu væru höfð í heiðri ákvæði laga, alþjóðasamninga og hliðstæðra samþykkta um jafnrétti kynjanna. Jafnframt skuli umboðsmaður bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að brotið sé gegn þessum ákvæðum. Þá væri fræðsla og kynning einnig mikilvægur þáttur slíks embættis og gerð tillagna um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda um jafnrétti kynjanna. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir samstarfi embættis umboðsmanns jafnréttismála við aðra aðila stjórnsýslunnar sem vinna að jafnrétti kynjanna auk þess sem skrifstofa jafnréttismála verði styrkt til að geta þjónað embættinu. Flutningsmenn frumvarpsins telja að nauðsyn góðrar stjórnsýslu á sviði jafnréttismála sé nú almennt viðurkennd og að stofnun embættis jafnréttismála geti vegið þungt til að því markmiði verði náð.

Í umsögn félagsmálaráðuneytisins, dags. 1. desember sl., kemur fram að lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, séu nú til endurskoðunar í ráðuneytinu. Við þá endurskoðun eigi m.a. að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að stofna embætti umboðsmanns jafnréttismála.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1373. Nefndarálit [250. mál]

um till. til þál. um rannsókn á atvinnuleysi kvenna og aðgerðir til að draga úr því.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Kvenréttindafélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandinu.

Í tillögugreininni er kveðið á um að Alþingi álykti að félagsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd sem hafi það verkefni að rannsaka orsakir atvinnuleysis meðal kvenna hér á landi og koma með tillögur um aðgerðir til að draga úr því. Jafnframt skoði nefndin líklega þróun íslensks vinnumarkaðar á næstu árum með sérstöku tilliti til kvenna, þ.e. hvar störfum muni fækka eða fjölga og hvaða aðgerðir verði nauðsynlegar af hálfu stjórnvalda og vinnumarkaðar vegna þeirra breytinga.

Í umsögn Vinnumálastofnunar kom fram að á síðasta ári tóku gildi ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, sem hafa það að meginmarkmiði að gera vinnumiðlun og baráttuna gegn atvinnuleysi samhæfðari og markvissari. Í umsögninni kom jafnframt fram að opnaðar hafa verið átta svæðisvinnumiðlanir um landið og til þeirra hefur verið ráðið fagfólk sem nú er að skipuleggja starfsemina. Með hverri svæðisvinnumiðlun starfar svæðisráð skipað fulltrúum launafólks, vinnuveitenda, sveitarfélaga og framhaldsskóla í hverju umdæmi. Stjórn Vinnumálastofnunar telur það vera eitt af meginhlutverkum stofnunarinnar og hverrar svæðisvinnumiðlunar að hafa skýra yfirsýn yfir atvinnuástandið í umdæminu, þar með talið atvinnuleysi kvenna. Af þessum ástæðum telur stjórnin ekki þörf á að sérstakri nefnd verði falið að vinna verk sem er lögskipað verkefni Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Hins vegar tekur hún undir með flutningsmönnum tillögunnar um að þörf sé á að rannsaka atvinnuleysi kvenna til að tryggja að aðgerðir og úrræði til varnar því verði árangursríkari og markvissari.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 28. apríl 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1374. Nefndarálit [568. mál]

um till. til þál. um staðfestingu þriggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Í framhaldi af miklu umróti og hræringum í Evrópu á níunda áratugnum, sem náðu hámarki í kringum 1990, ríkti veruleg bjartsýni um að kalda stríðinu væri lokið. Miklar væntingar voru um að við tækju bjartari tímar bæði í Evrópu og víðar um heim. Forsendur virtust hafa skapast til þess að sameina Evrópu og kasta fyrir róða skiptingu álfunnar í tvær meginblokkir. Margir töldu að í kjölfar þess að Varsjárbandalagið var lagt niður yrði ekki lengur þörf fyrir hernaðarbandalagið NATO, sem grundvallast á kjarnorkuvígbúnaði, heldur yrði þess í stað leitast við að þróa öryggiskerfi í Evrópu sem líklegt væri til að styrkja lýðræðisþróunina í Evrópu allri, ekki síst í ríkjum Austur-Evrópu.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á allri umræðu um öryggis- og friðarmál. Hugtakið öryggi hefur fengið víðari merkingu en áður og vísar nú ekki eingöngu til stjórnmálakerfis og hernaðarstyrks heldur, og ekki síður, til öryggis í umhverfismálum, félagslegs öryggis, efnahagslegs öryggis og fleiri þátta. Þingflokkur Alþýðubandalags og óháðra hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á að skynsamlegt væri að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, yrði efld sem sameiginlegt friðar- og öryggisbandalag Evrópu þar sem allar þjóðir Evrópu ættu þátt í mótun og framkvæmd nýrrar stefnu í öryggis- og friðarmálum. Stefnu sem frá grunni byggðist á breyttu alþjóðlegu umhverfi og breyttum áherslum.

Þingflokkur Alþýðubandalags og óháðra telur brýnt að fjallað sé um stækkun Atlantshafsbandalagsins í víðu samhengi. Þær þjóðir sem lagt er til að fái inngöngu í NATO hafa vissulega sjálfar óskað eftir aðild og að sjálfsögðu ber að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Áhersla Austur-Evrópuþjóða á að efla tengsl sín við Vesturlönd er einnig skiljanleg í ljósi þeirra þrenginga sem þau hafa gengið í gegnum undanfarna áratugi. En val forsvarsmanna Atlantshafsbandalagsins á þeim þremur ríkjum sem lagt er til að fái inngöngu í NATO nú hlýtur þó að teljast umdeilanlegt. Mörg önnur ríki hefðu fremur, eða ekki síður, þurft á nánari tengslum við Vesturlönd að halda, m.a. Eystrasaltsríkin, en nú þegar heyrast þær raddir frá háttsettum talsmönnum NATO að þeim ríkjum liggi ekkert á.

Sú stækkun Atlantshafsbandalagsins sem nú er lögð til getur haft í för með sér vaxandi ófriðarhættu og skapað spennu, m.a. vegna afstöðu Rússa og nánustu grannríkja þeirra, og hætta er á nýrri skiptingu Evrópu í stað þess að stuðla að sameiningu Evrópu allrar með mótun nýrrar stefnu í þágu öryggis og friðar.

Þá blasir einnig við að hernaðarbandalagið NATO áskilur sér enn rétt til að beita að fyrra bragði kjarnorkuvopnum þrátt fyrir niðurstöðu dómstóla í Haag.

Því er ljóst að skipulag og starfsemi hernaðarbandalagsins byggist að hluta enn á forsendum og viðhorfum sem voru ríkjandi á tímum kalda stríðsins. Þingflokkur Alþýðubandalags og óháðra fellst ekki á að þessar forsendur eigi að ráða ferðinni við uppbyggingu öryggis- og friðarsamstarfs í sameinaðri Evrópu.

Með vísan til þessa mun fulltrúi Alþýðubandalags og óháðra í utanríkismálanefnd sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1998.

Margrét Frímannsdóttir.

1375. Svar [679. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útlánatöp hjá Landsbanka og Búnaðarbanka.

Eftirfarandi svör byggjast á upplýsingum frá Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Leitast er við að gæta samræmis milli upplýsinga frá hvorum banka. Vegna mismunandi flokkunar í bókhaldi kann þó að vera að einstakar sundurliðanir gefi ekki algerlega samstæða mynd af viðkomandi flokkum útlánatapa.

1. Hve mikil voru árleg útlánatöp Landsbanka og Búnaðarbanka á sl. fimm árum?
Útlánatöp voru eftirfarandi, í millj. kr.:

	Landsbanki	Búnaðarbanki
1993	2.322	877
1994	2.492	844
1995	1.935	566
1996	1.854	326
1997	2.038	497
Samtals	**10.641**	**3.110**

Með útlánatöpum í þessu sambandi er átt við endanlegar afskriftir útlána, þ.e. færslu útlána úr bókum bankans. Hér er ekki átt við framlög í afskriftareikning útlána með gjaldfærslu í rekstrarreikning bankans.

2. Hvernig sundurliðast árleg útlánatöp sl. fimm ár milli einstaklinga og lögaðila hjá Landsbanka og Búnaðarbanka?
Árleg útlánatöp sl. fimm ár skiptast þannig milli einstaklinga og lögaðila, í millj. kr.:

Landsbanki	**Lögaðilar**	**Einstaklingar**	**Samtals**
1993	2.149	173	2.322
1994	2.296	196	2.492
1995	1.705	230	1.935
1996	1.499	355	1.854
1997	1.762	276	2.038
Samtals	**9.411**	**1.230**	**10.641**

Búnaðarbanki	**Lögaðilar**	**Einstaklingar**	**Samtals**
1993	841	36	877
1994	822	22	844
1995	502	64	566
1996	270	56	326
1997	422	75	497
Samtals	**2.857**	**253**	**3.110**

Við skilgreiningu á einstaklingum og lögaðilum er í meginatriðum byggt á því að einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur teljist til lögaðila.

3. Hve há voru hæstu útlánatöp hjá þeim tíu fyrirtækjum og tíu einstaklingum sem mest var afskrifað hjá, sundurliðað eftir árum, á þessu tímabili, innbyrðis milli einstaklinga og fyrirtækja og hvors banka um sig, hvaða ábyrgðir voru fyrir þessum lánveitingum og í hvaða atvinnugreinum voru fyrirtækin sem afskrifað var hjá?
Afskriftir þeirra tíu einstaklinga sem mest var afskrifað hjá hvert ár voru eftirfarandi, greindar eftir tryggingum í millj. kr.:

Landsbanki	Sjálfskuldar-ábyrgðir	Fasteigna-veð	Án trygginga	Lausafé	Samtals
1993	19	33	0	0	52
1994	25	21	0	0	46
1995	21	3	9	5	38
1996	6	42	1	0	49
1997	8	34	6	0	48
Samtals	**79**	**133**	**16**	**5**	**233**

Búnaðarbanki	Sjálfskuldar-ábyrgðir	Fasteigna-veð	Án trygginga	Lausafé	Samtals
1993	14	12	1	0	27
1994	10	7	0	0	17
1995	13	9	0	0	22
1996	41	4	0	0	45
1997	0	30	0	0	30
Samtals	**78**	**62**	**1**	**0**	**141**

Afskriftir þeirra tíu lögaðila sem mest var afskrifað hjá hvert ár voru eftirfarandi, greindar eftir tryggingum í millj. kr.:

Landsbanki	Sjálfskuldar-ábyrgðir	Veð	Lausafé	Afurðir/ kröfur	Annað	Án trygginga	Samtals
1993	34	285	27	651	0	68	1.065
1994	204	489	154	199	179	8	1.233
1995	108	353	42	60	70	18	651
1996	17	241	62	53	0	4	377
1997	123	643	0	75	0	76	917
Samtals	**486**	**2.011**	**285**	**1.038**	**249**	**174**	**4.243**

Búnaðarbanki	Sjálfskuldar-ábyrgðir	Veð	Lausafé	Afurðir/ kröfur	Annað	Án trygginga	Samtals
1993	36	420	30	137	0	0	623
1994	0	651	0	112	0	0	763
1995	0	262	0	20	0	0	282
1996	17	78	0	0	0	0	95
1997	12	168	22	39	0	0	241
Samtals	**65**	**1.579**	**52**	**308**	**0**	**0**	**2.004**

Afskriftir þeirra tíu lögaðila sem mest var afskrifað hjá hvert ár voru eftirfarandi, greindar eftir atvinnugreinum í millj. kr.:

Landsbanki	Landbún./ fiskeldi	Sjávar-útvegur	Iðnaður	Verslun	Þjónusta	Samtals
1993	581	271	213	0	0	1.065
1994	85	450	156	542	0	1.233
1995	106	102	275	168	0	651
1996	0	156	120	68	33	377
1997	0	318	421	70	108	917
Samtals	**772**	**1.297**	**1.185**	**848**	**141**	**4.243**

Búnaðarbanki	Landbún./ fiskeldi	Sjávar-útvegur	Iðnaður	Verslun	Þjónusta	Samtals
1993	0	37	231	75	280	623
1994	0	23	130	122	488	763
1995	0	0	76	178	28	282
1996	5	0	44	16	30	95
1997	22	0	106	96	17	241
Samtals	**27**	**60**	**587**	**487**	**843**	**2.004**

1376. Svar [691. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um mælingar á mengun frá stóriðju og sorpbrennslu.

1. *Eru viðhafðar mælingar á útstreymi á díoxínum og furönum frá stóriðju og sorpbrennslu hér á landi?*

Engar mælingar hafa hingað til verið framkvæmdar á losun díoxína/furana frá stóriðjufyrirtækjum eða sorpbrennslum hér á landi. Slík krafa mun hins vegar koma fram fljótlega í tengslum við endurskoðun starfsleyfa fyrir fyrirtæki sem leyfi hafa til brennslu spilliefna. Þessi krafa verður í fyrstu aðeins takmörkuð við brennslu spilliefna og kemur fram vegna þess að Evrópusambandið hefur sett mörk á leyfilega losun díoxína/furana frá slíkri starfsemi. Drög að nýrri tilskipun um brennslu almenns úrgangs liggja einnig fyrir, þar sem svipaðar kröfur koma fram. Á þessu stigi er þó ekkert hægt að segja fyrir um það hvenær tilskipunin verður samþykkt, í hvaða formi hún verður og hvenær hún verður hluti af EES-samningnum.

2. *Hvernig hefur mælingum verið háttað í íslenskum stóriðju- og sorpbrennslufyrirtækjum frá upphafi, sundurliðað eftir fyrirtækjum?*

Sjá svar við 1. lið.

3. *Hverjum ber að framkvæma slíkar mælingar?*

Engin krafa hefur verið gerð um slíkar mælingar til þessa. Því má segja að hingað til hafi engum borið að sjá um þær. Þegar að því kemur að slíkar mælingar verði gerðar mun viðkomandi starfsemi bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Hollustuvernd ríkisins mun þurfa að samþykkja aðferðirnar, framkvæmdaraðila og e.t.v. gera samanburðarmælingar.

4. *Ef mælingar á útstreymi eru viðhafðar, hversu oft fara slíkar mælingar fram:*
   a. í mánuði,
   b. á ári?
   Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.
   Sjá svar við 1. lið.

5. *Hver er kostnaður við eina mælingu?*
   Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins eru slíkar mælingar kostnaðarsamar. Reikna má með að greiningarkostnaður eins sýnis sé um 100.000 kr. Við þetta bætist sýnatökukostnaður og getur hann verið töluverður.
   Sérfræðiþekking á þessu sviði er ekki til í landinu nú. Meðan svo er þarf að fá sérhæft starfslið erlendis frá til að framkvæma sýnatökuna. Það eykur væntanlega kostnaðinn umtalsvert.

6. *Eru niðurstöður mælinga innan leyfilegra marka m.a. miðað við alþjóðlega staðla?*
   — Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.
   Sjá svar við 1. lið.

7. *Benda niðurstöður mælinganna til aukningar á mengun frá stóriðju og sorpbrennslu?*
   — Svar óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum.
   Sjá svar við 1. lið.

8. *Er hægt að setja skilyrði um slíkar mælingar inn í starfsleyfi nýrra stóriðja eða sorpbrennslufyrirtækja? Ef svo er, hefur það verið gert? Ef það hefur ekki verið gert, mun það verða gert í framtíðinni?*
   Þótt það hafi ekki verið gert er ekkert því til fyrirstöðu að setja slíka kröfu í starfsleyfi stóriðju- eða sorpbrennslufyrirtækja þar sem vitað er um tilurð þessara efna. Benda má á að aðeins á allra síðustu árum hafa komið fram stöðugt ákveðnari vísbendingar um skaðsemi þessara efna í lífríkinu og á heilsu fólks. Með vísan til 1. liðar hér að framan liggur þegar fyrir að hægt er að gera þessa kröfu til fyrirtækja sem brenna spilliefnum.
   Ef krafa um díoxín-/furanmælingu kemur fram í starfsleyfistillögum annarra fyrirtækja og starfsleyfisumsækjandi sættir sig ekki við hana getur hann leitað úrskurðar í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og ákvæði mengunarvarnareglugerðar. Fyrst þegar því ferli er lokið liggur endanlega fyrir hvort hægt er að gera þessa kröfu til þess atvinnurekstrar sem um ræðir hverju sinni.

1377. Nefndarálit [592. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í tillögunni er kveðið á um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum stjórnmálaflokka, skrifstofu jafnréttismála og Kvenréttindafélagi Íslands til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin starfi a.m.k. í

fimm ár, taki til starfa hið fyrsta og hafi heimild til að ráða sér verkefnisstjóra, sem starfi á skrifstofu jafnréttismála. Nefndin annist fræðslu, auglýsingaherferðir og útgáfu og hafi allt að 5 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni árið 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum.

Nefndin er sammála um að þetta sé þörf aðgerð og leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 30. apríl 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1378. Svar [360. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um orkugjafa fiskimjölsverksmiðja.

1. *Hvað er olía stór hluti orkugjafa í íslenskum fiskimjölsverksmiðjum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins er svartolía $^{9}/_{10}$ hlutar orkugjafa í fiskimjölsverksmiðjum hér á landi.

2. *Hver yrði minnkun koltvísýringsmyndunar Íslendinga ef allar fiskimjölsverksmiðjur væru reknar með vistvænum orkugjöfum?*

Olíunotkun á hvert tonn hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Miðað er við að notkun svartolíu sé 45 kg fyrir hvert tonn af mótteknu (bræddu) hráefni. Losun á koltvíoxíði er mismunandi frá ári til árs eftir því hversu mikið af bræðslufiski verksmiðjurnar taka á móti. Taki verksmiðjurnar í heild á móti 1 milljón tonna á ári verður losun koltvíoxíðs af völdum olíubrunans um 140 þúsund tonn. Sé tekið á móti 1,3 milljónum tonna af hráefni verður losun koltvíoxíðs 180 þúsund tonn.

3. *Hver yrði kostnaðurinn við að skipta yfir í rafmagn eða gufuafl við fiskimjölsframleiðslu?*

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ráðuneytinu ekki tekist að afla upplýsinga um þetta, þannig að þær virðast ekki liggja fyrir. Þessi þáttur heyrir reyndar ekki undir verksvið ráðuneytisins.

4. *Fengju fiskimjölsverksmiðjur rafmagn til vinnslunnar á svipuðu verði og önnur stóriðja?*

Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti samþykkti stjórn Landsvirkjunar á fundi 8. júlí 1993 að selja ótryggt rafmagn til fiskimjölsverksmiðja sem hygðust nota rafmagn í stað olíu við framleiðslu sína. Til að koma til móts við þann kostnað sem fiskimjölsverksmiðjur hefðu af breytingu úr olíu í rafmagn samþykkti stjórnin að veita 50% afslátt af verði á ótryggðu rafmagni til 1. apríl 2000. Landsvirkjun hefur gert samninga við Rarik, Hita-

veitu Suðurnesja og Rafveitu Akureyrar um sölu á ótryggðu rafmagni til eftirtalinna fiskimjölsverksmiðja:

Síldarvinnslunnar hf., Neskaupstað,
Krossaness hf., Akureyri,
Lýsis og Mjöls hf., Grindavík,
SR-Mjöls hf., Helguvík.

Verð það sem þessar fiskimjölsverksmiðjur greiða fram til 1. apríl 2000 samkvæmt núgildandi gjaldskrá er 0,36 kr. á kílóvattstund en eftir það verður rafmagnsverðið 0,71 kr. á kílóvattstund miðað við óbreytta gjaldskrá. Þetta verð er lægra en stóriðjan greiðir, hvort sem um er að ræða verð með 50% afslætti eða án hans. Á það ber þó að líta að hér er um ótryggt rafmagn að ræða en rafmagn selt stjóriðju er að stórum hluta forgangsrafmagn.

5. *Ef svo væri, hver væri þá verðmunur á vinnslu með olíu og vinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum?*

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ráðuneytinu ekki tekist að afla upplýsinga um þetta, þannig að þær virðast ekki liggja fyrir. Þessi þáttur heyrir reyndar ekki undir verksvið ráðuneytisins.

Eins og fram kemur hér að framan hefur ráðuneytinu ekki tekist að afla upplýsinga vegna svara við 3. og 5. lið. Ráðuneytið telur eigi að síður rétt að benda á skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins, dags. 10. júní 1993, sem ber nafnið „Sala raforku til fiskimjölsverksmiðja“ til frekari upplýsinga.

1379. Nefndarálit [402. mál]

um till. til þál. um aukið samstarf Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs í fiskveiðimálum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Jóhann Sigurjónsson sendiherra, Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins. Utanríkismálanefnd óskaði eftir umsögn sjávarútvegsnefndar og er hún birt sem fylgiskjal með álitinu.

Utanríkismálanefnd leggur áherslu á gott samstarf við nágrannaríki Íslands, ekki síst í fiskveiðimálum. Gerðir hafa verið fiskveiðisamningar við flest nágrannaríki og unnið er að lausn deilumála. Byggjast slíkir samningar m.a. á rannsóknastarfi og samstarfi vísindamanna. Með tilliti til þessa leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Össur Skarphéðinsson, varaform.	Lára Margrét Ragnarsdóttir, frsm.	Siv Friðleifsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Margrét Frímannsdóttir.	Árni R. Árnason.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.
(20. apríl 1998.)

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um málið. Nefndin er sammála mikilvægi þess að bæta samskipti við næstu nágranna í sjávarútvegsmálum. Ekki síst er mikilvægt að vestnorrænu þjóðirnar þrjár, Ísland, Færeyjar og Grænland, eigi með sér öflugt samstarf. Sjávarútvegsnefnd heimsótti Færeyjar á síðasta ári og hefur í hefur í hyggju að heimsækja Grænland á þessu ári, meðal annars til að efla samstarf á sviði sjávarútvegsmála. Nefndin telur einnig mikilvægt að hafa gott samstarf við aðrar nálægar fiskveiðiþjóðir eins og Noreg, Rússland, Kanada og aðildarríki ESB.

Nefndin tekur hins vegar ekki afstöðu til þess hvort réttast sé að samþykkja framangreinda ályktunartillögu óbreytta, eða með breytingum, eða á hvern veg annan sé heppilegt að utanríkismálanefnd og Alþingi í heild taki á málinu.

F.h. sjávarútvegsnefndar,

Steingrímur J. Sigfússon, formaður.

1380. Breytingartillaga [614. mál]

við till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

Frá Tómasi Inga Olrich.

Í stað ártalsins „1997“ í tillögugreininni komi: 1998.

1381. Breytingartillaga [348. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Tekjur maka hafa ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega.

1382. Skýrsla [711. mál]

dómsmálaráðherra um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

1. Inngangur.

Hinn 18. ágúst 1997 skipaði dómsmálaráðherra nefnd fulltrúa ráðuneyta dóms-, félags-, heilbrigðis- og menntamála til að huga að nauðsynlegum breytingum á löggjöf til að sporna við heimilisofbeldi, huga að því hvernig unnt sé að efla starf félagasamtaka sem sinna forvörnum og veita hjálp á þessu sviði og gera tillögur um forvarnaaðgerðir, um hjálparúrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis og um meðferðarúrræði fyrir gerendur. Í nefndina voru skipuð Arnar Hauksson yfirlæknir, Elín Blöndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Erna Einarsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri við Sjúkrahús Reykjavíkur, Ellen Ingvadóttir, löggiltur skjalaþýðandi og dómtúlkur, og Ragnheiður Harðardóttir, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipuð formaður. Stefán Eiríksson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, var fenginn til að vera ritari nefndarinnar.

Samhliða skipun nefndarinnar skipaði ráðherra tvær nefndir sem ætlað var að huga að meðferð heimilisofbeldismála fyrir lögreglu og í dómskerfinu.

Nefndirnar þrjár voru skipaðar í framhaldi af skýrslu nefndar dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, sem kom út í febrúar 1997. Í skýrslunni var greint frá niðurstöðum heildstæðrar rannsóknar á umfangi og orsökum heimilisofbeldis hér á landi. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær helstar (bls. 36–37) að tæplega 350 konur á aldrinum 18–65 ára hefðu, árið áður en rannsóknin var gerð, verið beittar ofbeldi einu sinni af þáverandi eða fyrrverandi eiginmanni eða sambýlismanni. Enn stærri hópur, um 750 konur, hefði mátt þola ofbeldi af völdum eiginmanns oftar en einu sinni og þótti það benda til þess að þær byggju við ofbeldi. Þá höfðu um 650 karlar verið beittir ofbeldi af þáverandi eða fyrrverandi maka.

Skilgreiningar á því hvað teljist heimilisofbeldi eru margar. Um getur verið að ræða líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi milli maka, foreldra gegn börnum, gegn öldruðum fjölskyldumeðlimum, eða hvers konar ofbeldi annað, framið innan veggja heimilisins eða milli skyldra eða tengdra. Í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis (bls. 6–7) er hugtakið heimilisofbeldi notað til að lýsa því ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka. Tekið er fram að skilgreiningin takmarkist ekki við hjón og nái jafnframt til fólks í sambúð. Rannsóknir hafa leitt í ljós að algengara er að konur verði fyrir ofbeldi á heimilum sínum en karlar og að konur hljóta oftar alvarlegri áverka vegna ofbeldis inni á heimilum en karlar (Björn Zoëga, Helgi Sigvaldason og Brynjólfur Mogensen, 1994; Skýrsla nefndar um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, 1997). Þessar niðurstöður hafa mótað nokkuð áherslur í starfi þeirrar nefndar sem hér skilar skýrslu, þótt fylgt hafi verið framangreindri skilgreiningu á heimilisofbeldi og gengið út frá því að karlar jafnt sem konur geti verið þolendur í málum sem þessum.

Í skýrslu um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis er á því byggt að framangreind skilgreining heimilisofbeldis taki ekki til annarra tegunda ofbeldis, svo sem ofbeldis gegn börnum, kynferðislegrar misnotkunar á börnum eða annars konar ofbeldis sem getur átt sér stað inni á heimilum eða milli fjölskyldumeðlima. Sú nefnd sem hér skilar skýrslu telur verk-

svið sitt afmarkast af þessari skilgreiningu. Það er hins vegar álit nefndarmanna að ekki sé unnt að skilja ofbeldi gegn börnum frá umræðu um heimilisofbeldi. Allt ofbeldi þar sem börn eru á heimili sé jafnframt ofbeldi gagnvart börnum. Nefndin bendir á að mörg úrræði sem lögð eru til í skýrslunni geta komið börnum til góða, en lýsir jafnframt þeirri skoðun að þörf sé heildstæðrar rannsóknar á tíðni ofbeldis- og kynferðisbrota gegn börnum og meðferð slíkra mála, hvort sem þau verða innan veggja heimilisins eða utan.

Nefndin kom fyrst saman til fundar 29. september og hélt eftir það samtals 20 fundi. Nefndin leitaði upplýsinga hjá fjölmörgum aðilum, má þar telja barna- og unglingageðdeild Landspítala Íslands, Barnageðlæknafélag Íslands, Barnaverndarstofu, Geðlæknafélag Íslands, Heimilislæknafélag Íslands, Jafnréttisráð, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöf, Kvenréttindafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Rauða Krossinn, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót og umboðsmann barna, Félagsmálastofnanir Reykjavíkur, Akureyrar, Kópavogs og Hafnarfjarðar og félagsmálastjóra bæjar- og sveitarfélaga. Þá fékk nefndin á sinn fund gesti frá Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Stígamótum, Jafnréttisráði, Rauða Krossi Íslands og Félagsmálastofnun Reykjavíkur, auk lögreglumanna, presta, þingmanna og sálfræðinga sem komið hafa að meðferð ofbeldiskarla. Nefndin ritaði einnig dómsmálaráðuneytum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi bréf og bárust frá þeim upplýsingar um framkvæmd, löggjöf og rannsóknarverkefni á þessu sviði í nágrannalöndunum.

Nefndin þakkar þeim sem veittu henni upplýsingar og góð ráð.

2. Alþjóðlegt samstarf.

Grundvallarhugmyndir um jafnrétti, öryggi, frelsi, heilindi og virðingu fyrir öðrum mönnum koma m.a. fram í alþjóðlegum yfirlýsingum og samningum um mannréttindi. Má þar nefna mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948, samninga Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum eða annarri grimmilegri og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Af vettvangi Evrópuráðsins má jafnframt nefna mannréttindasáttmála Evrópu og félagsmálasáttmála Evrópu. Af þessum sáttmálum má leiða ýmis réttindi sem varða heimilisofbeldi beint eða óbeint. Hér á eftir verður þó ekki fjallað um efni framangreindra sáttmála heldur leitast við að gera í stórum dráttum grein fyrir alþjóðasamstarfi og sáttmálum sem varða heimilisofbeldi sérstaklega. Fyrst verður gerð grein fyrir samstarfi á vegum Sameinuðu þjóðanna þá Evrópuráðsins og loks á vegum Norðurlandaráðs. Það skal áréttað að hér getur á engan hátt orðið um tæmandi frásögn að ræða en leitast er við að lýsa því helsta sem á við um málefnið.

2.1. Sameinuðu þjóðirnar.

Af vettvangi Sameinuðu þjóðanna er fyrst að nefna sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 18. desember 1979, um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Ísland er aðili að sáttmálanum og var hann fullgiltur hér á landi árið 1985.

Enda þótt sáttmálinn fjalli ekki sérstaklega um heimilisofbeldi eða bann við því geymir hann nokkur ákvæði sem fjalla um bann við og afnám ýmiss konar mismununar sem oft getur falist í ofbeldi. Í c-lið 2. gr. takast aðildarríki sáttmálans þannig á hendur að lögvernda réttindi kvenna á grundvelli jafnréttis við karla og að tryggja fyrir lögbærum dómstólum landsins og hjá öðrum opinberum stofnunum raunverulega vernd til handa konum gegn hvers konar mismunun. Þá segir í e-lið 2. gr. að ríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja og í 16. gr. kemur fram

að aðildarríkin skulu með viðeigandi ráðstöfunum afnema mismunun gagnvart konum í öllum málum varðandi hjúskap og samskipti innan fjölskyldunnar.

Sérfræðinganefnd um afnám mismununar gagnvart konum starfar á grundvelli sáttmálans og er henni ætlað að fylgjast með framkvæmd hans, einkum á grundvelli skýrslna aðildarríkja um framkvæmd sáttmálans. Nefndin hefur fjallað talsvert um ofbeldi gagnvart konum, m.a. aflað upplýsinga frá ríkjum um aðgerðir til að takmarka slíkt ofbeldi og bent á að sáttmálinn felur í sér skyldur ríkja til þess að þau verndi konur gagnvart hvers kyns ofbeldi. Á fundi nefndarinnar árið 1989 voru samþykkt tilmæli (nr. 12) um að aðildarríki skuli í skýrslum sínum til nefndarinnar gera grein fyrir löggjöf sem hafi verið samþykkt í því skyni að hindra ofbeldi eða að vernda konur gagnvart ofbeldi. Ríkjum ber einnig samkvæmt tilmælunum að upplýsa um aðrar aðgerðir í því skyni að koma í veg fyrir ofbeldi jafnframt því að gera grein fyrir aðstoð og stuðningi við konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Á fundi nefndarinnar árið 1992 voru samþykkt ný tilmæli (nr. 19) varðandi ofbeldi gagnvart konum. Í þeim var m.a. bent á að ofbeldi sem konur verða fyrir á grundvelli kynferðis feli í sér brot á mannréttindum kvenna. Ísland hefur skilað skýrslu til nefndarinnar um framkvæmd sáttmálans um afnám allrar mismununar gagnvart konum hér á landi. Í athugasemdum nefndarinnar við skýrsluna, sem fram koma í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis árið 1996 um stöðu og þróun jafnréttismála, hvetur hún ríkisstjórn Íslands til þess að tileinka sér það viðhorf að ofbeldi gagnvart konum sé heilbrigðismál og að greiða fyrir því að skýrslur um ofbeldi verði einnig teknar hjá þeim sem annast almenna heilsugæslu.

Nefnd um stöðu kvenna (hér á eftir nefnd kvennanefndin), sem starfar undir efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) og kemur saman ár hvert, hefur það hlutverk að undirbúa tillögur og skýrslur til ECOSOC til að bæta réttindi kvenna. ECOSOC og kvennanefndin hafa látið sig heimilisofbeldi varða síðustu áratugina. Þannig gerði ECOSOC árið 1982 samþykkt varðandi ofbeldi gegn konum og börnum, að fengnum tillögum kvennanefndarinnar, þar sem fram kom að slíkt ofbeldi yrði ekki umborið. Árið 1984 var önnur samþykkt gerð af hálfu ECOSOC varðandi ofbeldi innan fjölskyldunnar og árið 1987 samþykkti ráðið að líta á ofbeldi gegn konum innan fjölskyldna og í samfélaginu sem forgangsmál.

Á þessum áratug hefur baráttan gegn ofbeldi gagnvart konum fengið aukið vægi í starfi Sameinuðu þjóðanna. Árið 1991 var gerð samþykkt af hálfu ECOSOC þar sem ríki voru hvött til þess að vinna gegn slíku ofbeldi, m.a. með bættri löggjöf. Sama ár hófst undirbúningur að gerð yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum sem síðan var samþykkt á 85. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, 20. desember 1993. Í inngangi yfirlýsingarinnar er lögð áhersla á að árangursrík framkvæmd samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum stuðli að afnámi ofbeldis gagnvart konum og að yfirlýsingu þessari sé ætlað að styrkja það markmið og stuðla að því. Í inngangínum er einnig lýst áhyggjum yfir því að sumir hópar kvenna, t.d. konur í minnihlutahópum, flóttakonur, farandkonur, konur er búa í sveitum eða einangruðum samfélögum, blásnauðar konur, konur í fangelsum eða á stofnunum, stúlkur, fatlaðar konur, eldri konur og konur á stríðstímum sæta einkum ofbeldi. Aðalefnisákvæði yfirlýsingarinnar kemur fram í 4. gr. Þar segir m.a. að ríki ættu hið fyrsta að leita allra leiða til að afnema ofbeldi gagnvart konum og í því skyni að; gera sitt ýtrasta til þess að koma í veg fyrir, rannsaka og refsa fyrir ofbeldi gagnvart konum (c-liður); bæta innlenda refsilöggjöf, löggjöf um rétt borgaranna, vinnulöggjöf og stjórnsýsluaðgerðir til að refsa og bæta fyrir óréttlæti gagnvart konum sem þolað hafa ofbeldi. Þá eigi konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi að eiga aðgang að réttlátum og árangursríkum úrræðum og beri ríkjum að upplýsa konur um rétt þeirra til að sækja um bætur í gegnum réttarkerfið (d-liður), íhuga þann mögu-

leika að móta innlendar aðgerðaáætlanir til að stuðla að verndun kvenna gegn hvers konar ofbeldi, eða setja ákvæði í þessu skyni í áætlanir sem eru fyrir hendi þar sem tillit er tekið til, eftir því sem við á, samvinnu einkarekinna samtaka, einkum þeirra samtaka sem láta sig sérstaklega varða ofbeldi gagnvart konum (e-liður); móta víðtækar fyrirbyggjandi aðgerðir og lagalegar, stjórnmálalegar, stjórnsýslulegar og menningarlegar ráðstafanir til að stuðla að verndun kvenna gagnvart hvers konar ofbeldi og tryggja að konur verði ekki endurtekið fyrir ofbeldi vegna laga er taka ekki tillit til kynferðis fórnarlambs, fullnustureglna eða annarrar íhlutunar (f-liður); leitast við að tryggja að konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi og eftir því sem við á, börn þeirra, fái sérhæfða aðstoð, svo sem endurhæfingu, aðstoð við umönnun barna og framfærslueyri, meðferð, ráðgjöf og heilbrigðis- og félagslega þjónustu, aðstöðu og meðferð, auk stuðnings og ættu ríkin að gera allar aðrar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að öryggi þeirra og líkamlegri og andlegri endurhæfingu (g-liður); setja í fjárlög ríkisins nægilegt fjármagn til þess hluta starfsemi sinnar er lýtur að afnámi ofbeldis gagnvart konum (h-liður); gera ráðstafanir til að tryggja að lögregla og opinberir starfsmenn sem bera ábyrgð og eiga að koma í veg fyrir, rannsaka og refsa fyrir ofbeldi gagnvart konum, fái þjálfun til að auka skilning þeirra á þörfum kvenna (i-liður) og gera ráðstafanir sem miða að afnámi ofbeldis gagnvart konum sem eru sérlega berskjaldaðar gagnvart ofbeldi (l-liður).

Þótt yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gagnvart konum sé ekki bindandi að þjóðarétti er hún einkar mikilvæg fyrir þær sakir að um er að ræða yfirlýsingu af hálfu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, sem ríkjum samtakanna ber að fylgja, um reglur sem fordæma sérstaklega ofbeldi gagnvart konum og er lagt á ríki að þau skuli grípa til sérstakra aðgerða gegn slíku ofbeldi.

Árið 1994 samþykkti mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna að setja á fót til þriggja ára embætti sérfræðings (rapporteur) vegna ofbeldis gagnvart konum. Hlutverk skýrslugjafans er að safna og vinna úr upplýsingum frá m.a. ríkjum og samtökum um ofbeldi gagnvart konum, orsökum þess og afleiðingum og að gera tillögur um aðgerðir á ríkja-, svæða- eða alþjóðavettvangi til þess annars vegar að draga úr ofbeldi gagnvart konum og hins vegar til þess að draga úr afleiðingum slíks ofbeldis. Þá ber að geta þess að í aðgerðaáætlun sem samþykkt var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking í september 1995 (Bejing Platform for Action) er í 19 greinum fjallað um ofbeldi gagnvart konum og nauðsynlegar aðgerðir til að varna og útrýma slíku ofbeldi.

2.2. Evrópuráðið.

Í lok áttunda áratugarins benti jafnréttisnefnd Evrópuráðsins á að ofbeldi gagnvart konum væri eitt þeirra félagslegu vandamála sem bæri að beita sérstökum aðgerðum gegn á vettvangi Evrópuráðsins. Átti það við um ofbeldi innan fjölskyldunnar, á vinnustað og í samfélaginu öllu. Árið 1980 ákvað Evrópuráðið að fjalla um ofbeldi innan fjölskyldna í sérstakri aðgerðaáætlun sem hefur það markmið að stuðla að auknu jafnrétti. Árin 1985 og 1990 samþykkti Evrópuráðið tilmæli (nr. R (85) 4, 1985 og Br, R. (90) 2, 1990) sem varða spurningar um ofbeldi gagnvart konum. Í samþykktinni frá 1985 er fjallað um leiðir til þess að berjast gegn ofbeldi innan fjölskyldna. Er þar fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir, tilkynningar um að ofbeldi hafi átt sér stað og aðgerðir samfélagsins eftir að ofbeldi hefur komið í ljós. Í tilmælunum frá 1990 er einnig bent almennt á fyrirbyggjandi aðgerðir og jafnframt á sérstakar aðgerðir varðandi upplýsingar, tilkynningu um ofbeldi, hjálp og aðstoð við alla fjölskylduna, menntun og aðgerðir sem ná til ólíkra hópa.

Yfirlýsing Evrópuráðsins um aðgerðir til þess að draga úr ofbeldi gagnvart konum í lýðræðislegri Evrópu var samþykkt á jafnréttisráðstefnu Evrópuráðsins í Róm árið 1993. Í yfirlýsingunni segir m.a. að ofbeldi gagnvart konum feli í sér hindrun gegn þróun lýðræðislegra þjóðfélaga sem byggist á réttaröryggi þegnanna. Í yfirlýsingunni segir jafnframt að nauðsynlegt verkefni fyrir Evrópuráðið sé að setja á fót sameiginlega aðgerðaáætlun til þess að berjast gegn ofbeldi gagnvart konum þar sem m.a. verði tekið á þáttum rannsókna, laga, stjórnmála, fyrirbyggjandi aðgerða, menntunar, aðstoðar og stuðnings við þolendur ofbeldis.

Í júní 1997 var á vegum Evrópuráðsins gefin út skýrsla sérfræðinganefndar um baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum þar sem fram kemur aðgerðaáætlun til að vinna gegn slíku ofbeldi. Í skýrslunni er byggt á markmiðinu „zero tolerance", sem felst í því að ekkert stig ofbeldis sé ásættanlegt og að öryggi kvenna og jafnrétti beri að veita forgang. Markmiðið byggist á þremur þáttum, aðgerðum, vernd og vörnum (provision, protection and prevention).

Í aðgerðaáætluninni leggur nefndin til aðgerðir á eftirfarandi sviðum: 1) Á vettvangi Evrópuráðsins, 2) á vegum ríkisstjórna, 3) rannsókna, 4) löggjafar og framkvæmdar, 5) félagslegrar aðstoðar, 6) atvinnu og vinnustaða, 7) menntunar, 8) heilbrigðismála, 9) fjölmiðla og 10) eftirlits.

Í aðgerðaáætluninni er lagt til að Evrópuráðið taki forustu um að hvetja ríki til að veita afnámi ofbeldis gagnvart konum forgang og að skoðaður verði sá möguleiki að settur verði bindandi sáttmáli sem miði að afnámi slíks ofbeldis. Lögð er áhersla á að ríkisstjórnir beri ábyrgð á því að taka forustu um að þróa markmiðið um að allt ofbeldi sé óásættanlegt (zero tolerance) og leggur til að ríkisstjórnir setji upp þriggja ára aðgerðaáætlun til að berjast gegn ofbeldi gagnvart konum. Sérstök áhersla er lögð á að gerðar séu opinberar skýrslur þar sem fram komi tölur um ofbeldi gagnvart konum og upplýsingar m.a. um eðli og umfang slíks ofbeldis.

Aðgerðaáætlunin bendir á mikilvægi rannsókna og að rannsóknir hafi m.a. orðið til þess að gera ofbeldi gagnvart konum sýnilegt. Lagt er til að á vettvangi Evrópuráðsins verði komið á fót rannsóknarstofnun um þessi mál og að ríki ættu á sama hátt að taka til athugunar möguleika á að setja upp rannsóknarstofnanir varðandi ofbeldi gagnvart konum. Bent er á að löggjöf setur stofnanalegan ramma um skilgreiningar og viðbrögð við ofbeldi gagnvart konum. Lögin eru jafnframt eitt mikilvægasta tækið sem er fyrir hendi til þess að ákvarða vernd, bætur, refsingar og um réttlæti. Nefndin leggur því áherslu á forgang rannsókna á löggjafarsviðinu. Bent er á að sögulega hafi verið litið á ofbeldi gagnvart konum sem vandamál fremur en glæp. Til þess að byggja upp markmiðið um að hvers kyns ofbeldi sé óásættanlegt (zero tolerance) verði að framfylgja lögunum markvisst, refsingar verði að endurspegla alvöru glæpsins og skilgreina verði hættuna sem stafar af gerandanum. Endurskoðun á löggjöf og réttarfari sem og beiting laganna verði að fela í sér skýr skilaboð um að samfélagið fordæmi ofbeldi gegn konum. Tillögum nefndarinnar í einstökum málaflokkum verða ekki gerð frekari skil hér, en þess ber að geta að höfð hefur verið hliðsjón af þeim við gerð þessarar skýrslu.

2.3. Norðurlandaráð.

Árið 1978 var komið á norrænu samstarfi á sviði jafnréttismála hjá Norrænu ráðherranefndinni samkvæmt tillögu Norðurlandaráðs. Meðal þeirra atriða sem hafa verið sett í forgang í aðgerðaáætlun sem byggist á þessu samstarfi er ofbeldi gagnvart konum. Ráðherranefndin hefur á undanförnum árum ekki fjallað um heimilisofbeldi á stjórnmálalegum grundvelli heldur stutt ýmis verkefni faglegs eðlis, bæði hjá grasrótarhreyfingum og óháðum félagasamtökum, sem og fagfólki og rannsóknaraðilum. Árið 1994 kom út skýrsla um ofbeldi gegn öldruðum (NORD 1994:2) þar sem fram koma m.a. tillögur til úrbóta. Þá má nefna þrjú

verkefni sem hafa verið studd af Norrænu ráðherranefndinni: 1) Stuðningur til að koma á samfelldu samstarfi milli norrænna neyðarathvarfa. Í þessu sambandi var haldin ráðstefna í Reykjavík árið 1996; 2) Stuðningur til að koma á norrænum félagsskap í tengslum við barnavernd, en vorið 1998 mun standa til að stofna norræna deild í tengslum við alþjóðleg samtök um barnavernd (ISPCAN — International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect) og loks 3) hefur nýlega verið samþykkt af ráðherranefndinni að styðja nýtt rannsóknarverkefni til þriggja ára um ofbeldi gagnvart konum. Rannsóknarverkefni þetta tengist stofnun norræns samstarfsnets (NorVold) í júní 1997, um rannsóknir á ofbeldi, með það að meginmarkmiði að gera grein fyrir og kanna ofbeldi á heimilum og kynferðislegt ofbeldi á Norðurlöndum og afleiðingar slíks ofbeldis.

3. Löggjöf.

Á síðari árum hefur í auknum mæli verið horft til hagsmuna brotaþola við rannsókn og meðferð opinberra mála og lagasetningu á því réttarsviði. Má þar einkum nefna lagaákvæði sem tryggja eiga þolendum afbrota bætur vegna líkamstjóns og miska, nýmæli í lögum um meðferð opinberra mála varðandi skýrslutökur af vitnum og endurskoðun ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot. Þótt miðað hafi í rétta átt er ljóst að mikilla úrbóta er þörf til að bæta stöðu þolenda afbrota. Þeirri nefnd sem hér skilar skýrslu er ekki sérstaklega ætlað að gera tillögur um úrbætur á refsi- og réttarfarslöggjöf. Um tillögur í þá veru er vísað til skýrslna tveggja nefnda sem starfa samhliða þessari um meðferð heimilisofbeldismála fyrir lögreglu og í dómskerfinu.

Þá skal þess getið að í desember 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota. Jafnframt var nefndinni falið að athuga hvort setja ætti í lög reglur um nálgunarbann og enn fremur athuga hvort brotaþolar gætu átt betri aðgang að rannsóknarferlinu. Nefndin samdi frumvarp sem varð að lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota og hefur nú nýverið skilað tillögum um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf er miða að bættri stöðu brotaþola að öðru leyti.

Umfjöllun um löggjöf í þessum kafla mun einkum beinast að hjúskaparlögum, barnalögum, lögum um vernd barna og ungmenna og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Reifuð verða ákvæði laganna sem komið geta þolendum heimilisofbeldis til góða og lagðar til breytingar sem nefndinni þykir horfa til frekari úrbóta.

3.1. Hjúskaparlög.

Hjúskaparlög, nr. 31/1993, gilda skv. 1. gr. um hjúskap karls og konu. Lögin taka ekki til óvígðrar sambúðar, en á það er bent í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til hjúskaparlaga að þörf sé á því að kanna hvort ekki sé ástæða til að setja efnislegar lagareglur um fjárskipti við slit á óvígðri sambúð, auk athugunar á ákvæðum ýmissa laga þar sem til greina komi að gera hlut óvígðrar sambúðar hinn sama eða svipaðan og hjúskapar. Skv. 5. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, hefur samvist, sem tveir einstaklingar af sama kyni staðfesta samkvæmt lögunum, sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar og gilda ákvæði laga sem varða hjúskap og maka um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist.

3.1.1. Jafnstaða hjóna og framfærsluskyldur.

Mikilvæg ákvæði er að finna í 2. og 3. gr. hjúskaparlaga þar sem áréttuð er grundvallarregla um jafnstöðu hjóna og verkaskiptingu. Samkvæmt því eru hjón í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum og bera jafnar skyldur hvort gagnvart öðru og börnum sínum. Þeim ber að sýna

hvort öðru trúmennsku, styðja hvort annað og gæta sameiginlega hagsmuna heimilisins og fjölskyldu. Þau skulu í sameiningu annast uppeldi barna sinna, sjá þeim farborða og hjálpast að við að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum. Þá skulu hjónin skipta milli sín verkefnum á heimili eftir föngum, svo og útgjöldum vegna heimilisrekstrar og framfærslu fjölskyldu. Þeim er skylt að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu.

Nánar er fjallað um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu sinnar í VII. kafla laganna, 46.–52. gr. Jafnframt skal haft hugfast að barnalög gilda almennt um framfærsluskyldu foreldra gagnvart börnum. VII. kafli hjúskaparlaganna geymir ákvæði sem komið geta til góða heimilisofbeldisþola, sem enn er í hjúskap með þeim sem ofbeldi hefur beitt, hvort sem þau búa saman eða ekki. Meginreglan er sem fyrr að hjón bera sameiginlega ábyrgð á framfærslu fjölskyldu. Skv. 47. gr. á þó annað hjóna kröfu á því að hitt láti því í té peningafjárhæð sem með þarf, ef fjárframlög þess nægja ekki til að fullnægja sérþörfum. Sama gildir, skv. 48. gr., ef annað hjóna vanrækir framfærsluskyldu sína. Fjárskipti geta einnig orðið milli hjóna án skilnaðar skv. XIII. kafla laganna, 91.–94. gr., og fer þá um eignaskipti eftir efnisreglum um skipti við skilnað.

3.1.2. Fjárskipti og lífeyrisgreiðslur.

Um hjónaskilnaði er fjallað í VI. kafla laganna, 33.–45. gr. Skv. 40. gr. er það lögskilnaðarástæða ef annað hjóna hefur orðið uppvíst að líkamsárás eða kynferðisbroti sem bitnar á hinu eða barni sem býr hjá þeim. Sama gildir ef maki hefur sýnt af sér atferli sem fallið er til að vekja alvarlegan ótta um að hann gerist sekur um slíkan verknað. Ákvæðið svarar til ákvæða í dönskum og norskum hjúskaparlögum, en er rýmra að því leyti að norrænu ákvæðin taka ekki til kynferðisbrota.

Meginreglan um fjárskipti milli hjóna við skilnað, svokölluð helmingaskiptaregla, er orðuð í 6. gr. laganna. Skv. 50. gr. helst gagnkvæm framfærsluskylda hjóna eftir skilnað að borði og sæng og skal þá taka ákvörðun um skyldu hjóna til að greiða lífeyri hvort með öðru og um fjárhæð hans. Eftir lögskilnað verður öðru hjóna ekki gert að greiða lífeyri með hinu nema alveg sérstaklega standi á. Ákvæði um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita er að finna í XIV. kafla, 95.–112. gr.

Í ljósi þess að hjúskaparlög gera aðeins ráð fyrir lífeyrisgreiðslum í undantekningartilvikum eftir lögskilnað er rétt að staldra við og líta á tölur um laun og tekjur karla og kvenna (utanríkisráðuneytið, 1995, bls. 41–43). Árið 1980 námu atvinnutekjur kvenna á landinu samkvæmt skattframtali 47% af tekjum karla. Hlutfallið hefur lítið hækkað, var komið upp í 52% árið 1995 (Hagstofa Íslands, 1997). Staða giftra kvenna virðist lakari en hinna. Árið 1980 höfðu giftar konur 38% af atvinnutekjum karla en 42% árið 1995. Hjúskaparlög eru reist á hinni mikilvægu grundvallarreglu um jafnstöðu hjóna. Til að unnt verði að ræða um þá jafnstöðu í reynd verður að útrýma þeim kynjabundna launamun sem við búum við.

Rétt er í þessu sambandi að rifja upp það sem nefnt er í skýrslu nefndar um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis (1997, bls. 25) varðandi þær skýringar á ofbeldi gegn eiginkonum að um sé að ræða tæki til yfirráða. Þar er bent á að hugmyndir um yfirburði karlmannsins, völd hans og styrk og höfuð fjölskyldunnar hafi lengi verið ráðandi og séu enn fyrir hendi í þjóðfélaginu. Fjárhagsleg staða kvæntra karla sé sterkari en giftra kvenna og að sá sem aflar teknanna hafi mest um það að segja hvernig þeim er varið. Í reynd séu valdatengslin í hjónabandi oft líkari sambandi hins sterka og veika fremur en jafnrétthárra einstaklinga. Vegna þessa er hér bent á að ástæða kann að vera til að huga sérstaklega að hag heimavinnandi kvenna og láglaunakvenna að þessu leyti.

3.1.3. Sáttaumleitan.

Í 42. gr. hjúskaparlaga er ákvæði um sáttaumleitan hjóna. Skylt er að leita um sættir með hjónum sem eiga ósjálfráða börn, en hjón eiga þess ávallt kost annars. Í greinargerð með frumvarpi til hjúskaparlaga kemur fram að ákvæðið sé sniðið að norskri mynd, en að horfið hafi verið frá skyldubundinni sáttatilhögun í dönskum, sænskum og finnskum lögum. Sáttaumleitan er á höndum presta eða forstöðumanna trúfélaga, eða sýslumanns eða dómara ef annað hjóna er utan trúfélaga eða hjón tilheyra hvort sínu trúfélagi. Ekki hefur verið óumdeilt að halda eigi í skyldubundnar sáttir, auk þess sem nokkuð hefur verið um það rætt hvernig haga skuli sáttastarfinu. Bent hefur verið á að sáttasemjari geti, þótt óviljandi sé, komið því til leiðar að annað hjóna, sem reynir að losna úr ofbeldissambandi, sé talað inn á að slíta því ekki (Smearman, 1996, bls. 334). Ljóst er að sáttasemjara er vandi á höndum og að engan veginn er sama hvernig að sáttargerð er staðið. Tillit til barna vegur þungt að baki reglunni um skyldubundnar sættir. Til þess er hins vegar að líta að engu barni er gott að alast upp við ofbeldisfullt samband foreldra. Hitt ber einnig að athuga að sáttasemjari getur, í viðræðum sínum við hjón, komist að því að ofbeldi hafi átt sér stað og þannig komist í góða aðstöðu til að veita þeim aðstoð sem fyrir því hefur orðið. Það skiptir því miklu að sáttasemjarar þekki þau úrræði sem þolendum heimilisofbeldis standa opin.

3.1.4. Nálgunarbann.

Íslensk refsi- og réttarfarslög geyma ekki úrræði um nálgunarbann, ólíkt löggjöf nágrannalanda, sbr. 33. gr., sbr. 2. mgr. 342. gr. norskra hegningarlaga, 222. gr. a. norskra réttarfarslaga og sænsk sérlög nr. 1988:688, um „besöksforbud". Í hjúskaparlögum þessara landa er einnig að finna ákvæði um nálgunar- eða heimsóknarbann. Skv. 92. gr. norskra hjúskaparlaga er unnt, við sérstakar aðstæður, að banna öðrum maka að koma á heimili eða dvalarstað hins. Í greinargerð með frumvarpi til laganna er m.a. nefnt sem dæmi um beitingu ákvæðisins tilvik þar sem hætta er á að maki eða börn verði fyrir ofbeldi. Þá er ákvæði í sænskum hjúskaparlögum, 7. gr. 14. kafla, um að dómari í skilnaðarmáli geti, að kröfu annars hjóna, bannað þeim að heimsækja hvort annað þar til dómur hefur gengið um lögskilnað. Um brot á slíku banni fer eftir reglum laga nr. 1988:688.

3.2. Barnalög.

Barnalög, nr. 20/1992, taka til allra barna, eins og kemur fram í 1. gr. þeirra. Er í lögunum fjallað um faðerni barna, framfærslu barna og greiðslur í tengslum við barnsburð og meðgöngu, foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisrétt og loks er þar að finna málsmeðferðarreglur fyrir dómstólum og stjórnvöldum í ágreiningsmálum.

Í tengslum við skilnað foreldra er samkvæmt barna- og hjúskaparlögum skilyrði að fyrir liggi samkomulag um forsjá, framfærslu og umgengnisrétt eða að ágreiningi um þau atriði hafi verið beint í ákveðinn farveg áður en gengið verður frá skilnaðarmáli. Nefndin telur í þessu sambandi vert að gera tvö atriði í barnalögum að umtalsefni.

3.2.1. Sameiginleg forsjá.

Með gildistöku barnalaganna árið 1992 var tekið upp það nýmæli að bjóða upp á sameiginlega forsjá foreldra eftir skilnað eða sambúðarslit. Samkvæmt lögunum er það skilyrði fyrir sameiginlegri forsjá að báðir aðilar fallist á slíkt fyrirkomulag. Var gengið heldur skemur hér en í sumum nágrannalöndum okkar, t.d. má nefna að samkvæmt sænskum lögum er aðalreglan sú að foreldrar fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað, nema þau óski sérstaklega eftir því að hún verði falin öðrum aðilanum.

Í barnalögunum er ekki að finna sérstök fyrirmæli um það hvað felst í reynd í sameiginlegri forsjá, eða hversu víðtæk samvinna forsjáraðila eigi að vera um málefni barnsins sem í hlut á. Rétt er að árétta að sameiginleg forsjá kemur því aðeins til greina að foreldrar séu sammála um þá skipan. Sýslumaður hefur heimild skv. 4. mgr. 33. gr. barnalaga til að synja um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barnsins. Vikið er að því í sambandi við þetta ákvæði í greinargerð með frumvarpi að barnalögum að mikils um vert sé að vandað sé til kannana af hendi sýslumanns og að aðilum sé leiðbeint um réttaráhrif samningsins og efni hans, þar á meðal um ákvæði sem æskilegt sé að greina í honum, og eigi þetta sérstaklega við um samninga um sameiginlega forsjá. Segir að ástæða geti verið til að veita barni færi á að tjá sig, og einnig að leita umsagnar barnaverndarnefndar.

Á fundum nefndarinnar með félagasamtökum sem veita þolendum heimilisofbeldis aðstoð kom fram gagnrýni á sameiginlega forsjá, og var því haldið fram að hún gæti viðhaldið ofbeldi sem var til staðar í hjúskap eða sambúð eftir skilnað. Telur nefndin rétt að kannað verði hvort svo sé, og í framhaldi metið hvort rétt sé að setja frekari skorður við sameiginlegri forsjá en nú er að finna í barnalögum. Í því sambandi vísar nefndin til þess að dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að kanna stöðu forsjár- og umgengnismála og hefur nefndinni m.a. verið falið að kanna reynslu þá er fengist hefur af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum.

3.2.2. Umgengnisréttur.

Gagnrýni varðandi umgengnisrétt hefur verið af svipuðum toga og um sameiginlega forsjá, þ.e. að umgengni barns og forsjárlauss foreldris geti viðhaldið ofbeldi eftir skilnað eða sambúðarslit.

Í 37. gr. barnalaga segir að ef sérstök atvik valdi því að mati sýslumanns að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag barns og þörfum geti hann kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við. Eru í greinargerð með þessu ákvæði talin upp tilvik sem fallið gætu undir þetta, svo sem ef sá sem umgengnisréttar krefst er sálsjúkur, kunnur að ofbeldisverkum eða kynferðisbrotum gagnvart börnum eða sé haldinn öðrum þeim annmörkum sem geri það varhugavert að hann hafi tengsl við barnið.

Telur nefndin að heimildir sýslumanna séu fullnægjandi til að takmarka að hluta eða öllu leyti umgengnisrétt foreldris samkvæmt barnalögum, en upplýsingar um framkvæmd og reynslu af þessu fyrirkomulagi liggja ekki fyrir. Nefndin leggur til að kannað verði hvort veruleg brögð séu að heimilisofbeldi í tengslum við umgengni barns og forsjárlauss foreldris, og metið í framhaldi af því hvort rétt sé að setja frekari skorður við umgengnisrétti en nú er að finna í barnalögum. Vísar nefndin enn í því sambandi til starfs nefndar dómsmálaráðherra um forsjár- og umgengnismál.

3.3. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum, fela í sér ramma um þjónustu sem sveitarfélögum ber að veita þeim sem þar eiga lögheimili. Félagsþjónusta sveitarfélaga heyrir undir félagsmálaráðuneyti, sem hefur eftirlit með því að sveitarfélögin veiti lögboðna þjónstu.

Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Skal það gert m.a. með því að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna og að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál. Ákvæði þetta felur því í sér ákveðna frum-

kvæðisskyldu sveitarfélaganna að því er snertir aðgerðir til þess að koma í veg fyrir félagsleg vandamál. Þetta endurspeglast í 4. gr. laganna þar sem segir að sveitarfélög beri ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skuli með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða 1. gr.

Samkvæmt 5. gr. laganna fara félagsmálanefndir (eða félagsmálaráð) með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélögum í umboði sveitarstjórna. Þó geta sveitarfélög ákveðið annað fyrirkomulag sbr. 7. gr., og falið héraðsnefndum að fara með félagsþjónustu. Þá geta fleiri sveitarstjórnir ákveðið að vinna saman að einstökum verkefnum á sviði félagsþjónustu eða að vera með sameiginlega félagsþjónustu og jafnvel skipa sameiginlega félagsmálanefnd. Jafnframt er heimilt, sbr. 8. gr., að fela sérstakri félagsmálastofnun að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar. Í III. kafla laganna er mælt fyrir um hlutverk félagsmálanefnda og IV. kafli felur í sér almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Í 2. gr. laganna eru taldir upp málaflokkar sem heyra undir félagsþjónustu sveitarfélaga, en þeir eru eftirfarandi: Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, málefni barna og ungmenna, þjónusta við unglinga, aldraða og fatlaða, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir, atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun. Í V.–XIV. kafla er síðan fjallað nánar um útfærslu þessara skyldna. Í 16. gr. V. kafla, sem fjallar um félagslega ráðgjöf, segir að markmið félagslegrar ráðgjafar sveitarfélaga skuli vera að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Skv. 17. gr. skal félagslegri ráðgjöf beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögunum og í samvinnu við aðra aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar, eftir því sem við á.

Í VIII. kafla, sem fjallar um málefni barna og ungmenna, er gert ráð fyrir ríkri eftirlitsskyldu félagsmálanefnda. Þannig kemur fram í 30. gr. að félagsmálanefnd sé skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar þeirra og hagsmuna í hvívetna. Þá skulu félagsmálanefndir sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða og gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.

Sérstök frumkvæðisskylda hvílir á sveitarfélögum varðandi aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir. Þannig kemur fram í 50. gr. laganna að félagsmálanefndir skulu hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Þá skulu félagsmálanefndir skv. 51. gr. jafnframt stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa sem fengið hafa meðferð og læknishjálp fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni. Nefndin lítur svo á að þessi ákvæði séu ákjósanleg fyrirmynd varðandi mögulegar aðgerðir félagsmálayfirvalda í tilefni af heimilisofbeldi. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að heimilisofbeldi tengist oft slíkum málum, sbr. kafla 5.1.5. um félagslega aðstoð.

Í XVI. kafla laganna er mælt fyrir um almennar reglur um meðferð einstakra mála. Þar segir m.a. í 2. mgr. 58. gr. að sé talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna eða velferðar einstaklings að hafa uppi þvingunaraðgerðir skuli fara með þau mál eftir ákvæðum laga um lögræði, laga um vernd barna og ungmenna og annarra þeirra laga er slíkar heimildir veita.

Samkvæmt 63. gr. laganna geta málsaðilar kært ákvarðanir félagsmálanefnda, sbr. 64. gr., til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Ljóst er að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga hvílir víðtæk skylda á sveitarfélögum um að tryggja félagslegt öryggi íbúa sinna með margs konar aðgerðum. Ljóst er að

málefni koma oft til kasta félagsmálayfirvalda, einkum í tilefni af öðrum málum, svo sem barnaverndarmálum, áfengis- eða vímuefnavandamálum o.s.frv., sbr. nánar umfjöllun í kafla 5.1.5. Þá virðist einnig nokkuð vera um það að gerendur eða þolendur leiti af sjálfsdáðum eftir aðstoð félagsmálayfirvalda vegna slíkra mála. Í lögunum er þó ekki minnst sérstaklega á heimilisofbeldi eða hvernig skuli fara með slík mál og hafa félagsmálayfirvöld í raun mjög takmarkaðar heimildir til aðgerða í tilefni af vitneskju um heimilisofbeldi, sbr. umfjöllun í kafla 5.1.5.

Nefndin leggur til að kveðið verði á um rýmri heimildir sveitarfélaga og lagðar á þau auknar skyldur til aðgerða vegna heimilisofbeldis. Í því sambandi verður að hafa í huga að slík mál krefjast sérstakra og sérhæfðra aðgerða. Nefndin lítur svo á að félagsmálayfirvöld sveitarfélaga, sem almennt eiga að vera skipuð fagfólki, séu réttur vettvangur til að taka á þessum málum. Með hliðsjón af nálægð félagsmálayfirvalda sveitarfélaga við borgarana þykja sveitarfélögin ákjósanlegur vettvangur til þess að fylgjast með slíkum málum og koma þeim í réttan farveg, í samstarfi við aðrar stofnanir og samtök.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins starfar nefnd sem ætlað er að endurskoða lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þykir rétt að leggja til að sú nefnd taki til athugunar eftirfarandi tillögur: 1) Að sérstök aðgerðaskylda verði lögð á sveitarfélögin fái þau grun eða vitneskju um heimilisofbeldi. 2) Mælt verði fyrir um samstarf félagsmálayfirvalda og annarra stofnana sem koma að málefnum heimilisofbeldis. 3) Athugað verði hvernig beita megi hliðstæðum aðgerðum í málum vegna heimilisofbeldis og barnaverndarmálum, eins og við getur átt miðað við að almennt er um sjálfráða einstaklinga að ræða í heimilisofbeldismálum, sbr. tillögur í kafla 3.4. Lagt er til að við þessa endurskoðun verði byggt á því markmiði að ábyrgð á þjónustu og úrræðum verði að grunni til hjá félagsmálayfirvöldum sveitarfélaga sem samhæfi aðgerðir, veiti aðstoð og komi málum í réttan farveg, auk þess að fylgja málum eftir. Þá verði einnig hugað að sérstökum þörfum hópa sem eiga undir högg að sækja eða minnihlutahópa, svo sem fatlaðra, geðsjúkra, nýbúa (sbr. kafla 5.2.6.) o.s.frv.

3.4. Lög um vernd barna og ungmenna.

Lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, ásamt síðari breytingum, eiga við um börn og unglinga undir 18 ára aldri. Miðað við þá skilgreiningu á heimilisofbeldi sem gengið er út frá í starfi nefndarinnar þar sem ofbeldi gagnvart börnum er undanskilið virðast lögin í fljótu bragði ekki geta átt við um þau tilvik sem hér er fjallað um, þ.e. ofbeldi sem konur eða karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka. Það er aftur á móti mat nefndarinnar að rétt sé að líta til ákvæða barnaverndarlaga í þessu sambandi. Í lögunum er að finna ákvæði sem eiga við um aðgerðir gagnvart geranda þegar ofbeldi hefur átt sér stað inni á heimilum. Þá er einnig lögð víðtæk skylda á barnaverndarnefndir samkvæmt lögunum til þess að kanna barnaverndarmál og framkvæma ýmsar aðgerðir í tilefni af slíkum málum og mælt fyrir um tilkynningarskyldu lögreglu til barnaverndarnefnda leiki grunur á um að refsiverður verknaður hafi verið framinn af barni eða ungmenni eða gegn því. Þar sem nefndin gengur út frá þeim forsendum að heimilisofbeldi hljóti ávallt að vera til skaða fyrir börn séu þau á viðkomandi heimili hlýtur að verða að líta til þeirra úrræða sem barnaverndarlög heimila og þeirrar tengingar sem átt getur sér stað milli barnaverndarmála og heimilisofbeldismála. Þá er einnig spurning hvort hliðstæðum úrræðum og barnaverndarlög heimila verði að einhverju leyti beitt í málum um heimilisofbeldi.

Í 14. gr. barnaverndarlaga kemur fram að þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða ungmenni eða gegn því skuli lögregla, þegar hún

fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls. Skv. 18. gr. ber barnaverndarnefnd að kanna mál án tafar fái hún rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða að barn eða ungmenni stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Í 19. gr. laganna er mælt svo fyrir að sé í ljós leitt að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns sé áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, t.d. afbrotum eða neyslu vímuefna, skuli barnaverndarnefnd láta gera skriflega áætlun um meðferð málsins eins og nánar er greint í 2. mgr. 19. gr. Skv. 20. gr. skal barnaverndarnefnd halda sérstaka skrá um þau börn og ungmenni í umdæmi sínu sem hún telur að sé hætta búin í þeim tilgangi að tryggja yfirsýn og samfellda málsmeðferð í slíkum málum. Breytist aðstæður þannig að mati nefndar að barn telst ekki lengur í áhættuhópi skal nafn þess ekki lengur standa á skránni. Skal foreldrum að jafnaði gerð grein fyrir því að barn þeirra sé á skrá nema það brjóti í bága við hagsmuni barnsins að mati nefndarinnar. Samkvæmt ákvæðinu skal félagsmálaráðuneytið setja reglugerð um fyrirkomulag skráningar og meðferð upplýsinga í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Í 23. gr. laganna segir að hafi barn eða ungmenni orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum skuli barnaverndarnefnd aðstoða það með ráðgjöf eða meðferð eftir því sem við á. Barnaverndarnefnd er þá heimilt að fylgjast með rannsókn máls og getur hún jafnframt skipað barninu sérstakan talsmann ef því er að skipta.

Samkvæmt 24. gr. getur barnaverndarnefnd m.a. kveðið á um eftirlit með heimili telji hún sýnt að heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra. Þá kemur fram í 28. gr. að ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn vegna háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofbeldis á heimili, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, sé nefndinni skylt, ef umvandanir eða aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að leita eftir brottvikningu hans af heimilinu með beinni aðfarargerð, sbr. 12. kafla aðfararlaga. Er sýslumanni þá heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar ef hann bætir ekki ráð sitt.

Eins og nánar kemur fram í kafla 5.1.5. eru oft tengsl á milli heimilisofbeldis og barnaverndarmála. Þá felast í framangreindum ákvæðum ýmsar skyldur og heimildir barnaverndarnefnda. Þótt barnaverndarlög séu sérstaks eðlis og verði ekki beitt heimilisofbeldi milli sjálfráða einstaklinga telur nefndin að líta megi til ákvæða þeirra varðandi aukna íhlutun og heimildir félagsmálayfirvalda. Er því lagt til að nefnd félagsmálaráðuneytisins sem nú starfar að endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga taki til athugunar hvort unnt sé að taka upp slíkar heimildir og skyldur upp varðandi mál um heimilisofbeldi, eins og við getur átt miðað við að um sjálfráða einstaklinga er að ræða. Lagt er til að eftirfarandi atriði verði einkum tekin til athugunar: 1) Tilkynning lögreglu til félagsmálayfirvalda og samstarf þeirra. 2) Skráning heimilisofbeldismála. 3) Ráðgjöf og meðferð. Þá kemur jafnframt til greina að athuga hvort aðrar heimildir og skyldur hliðstæðar þeim sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögunum geti átt við varðandi mál um heimilisofbeldi.

4. Fræðsla og forvarnir.

Samkvæmt skipunarbréfi er nefndinni ætlað að gera m.a. tillögur um forvarnaaðgerðir. Nefndin telur mikilsvert að í því sambandi verði hugað að almennri kynningu á og fræðslu um heimilisofbeldi, svo og kynningu á úrræðum fyrir brotaþola og gerendur.

Huga þarf að ýmsu í þessu sambandi. Ekki er nægjanlegt að kynna vandlega úrræði þolenda og gerenda vegna heimilisofbeldis heldur verður með markvissri fræðslu að vinna forvarnastarf í þeim tilgangi að stemma stigu við ofbeldi og halda slíkri fræðslu stöðugt áfram. Markmiðið verði að vitund almennings verði vakin og viðhaldið um að ofbeldi sé alltaf óásættanlegt.

4.1. Fræðsla í skólum.

Nefndin telur mikilvægt að við þá endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla sem nú stendur yfir verði unnið að því að taka upp kennslu og fræðslu um ofbeldi, orsakir þess, umfang og afleiðingar. Fræðslan verði skipulögð og markviss á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

4.2. Menntun og endurmenntun tiltekinna starfsstétta.

Ákveðnar starfsstéttir koma eðli málsins samkvæmt meira að heimilisofbeldi en aðrar. Brýnt er að vel sé staðið að grunnmenntun þeirra hvað þetta varðar, og ekki síður að endurmenntun. Er hér einkum um að ræða lækna, hjúkrunarfræðinga og aðra heilbrigðisstarfsmenn, lögreglumenn, lögmenn, ákærendur, dómara, presta, sálfræðinga, félagsráðgjafa, kennara og leikskólakennara. Tryggja verður að fræðsla um orsök og afleiðingar heimilisofbeldis verði hluti af grunnmenntun þessara starfsstétta, og að haldin verði sérhæfð námskeið fyrir þá sem í daglegu starfi sínu koma að heimilisofbeldismálum.

Lagt er til að allir heilbrigðisstarfsmenn fái kennslu um grundvallarhugtök og eðli ofbeldis. Þeim skal kennt að spyrja án fordóma og beita viðkvæmum spurningum af samhyggð og skilningi. Kennsla nái til þess að skilgreina ofbeldi, hverjir eiga á hættu að verða fyrir ofbeldi, hverjum er hætt við að beita ofbeldi og kynjamun í því sambandi. Teknar skulu fyrir aðferðir og leiðir til spurninga og kynntir spurningalistar til að ná fram sögu um ofbeldi. Þjálfunin nái yfir fræðslu um leiðir til hjálpar, jafnt bráðahjálpar sem langtímahjálpar. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn fái kennslu og þjálfun í móttöku, viðtalstækni, skoðun á þolendum ofbeldis og skýrslugerð, hvort sem er heimilis-, götu- eða kynferðisofbeldi.

4.3. Áróður, fræðsla og kynning fyrir almenning.

Á grundvelli þess markmiðs að ofbeldi sé álitið óásættanlegt telur nefndin mikilvægt að gripið verði til öflugrar áróðursherferðar til að fræða almenning um heimilisofbeldi, hvernig greina megi slíkt ofbeldi og hverjar eru orsakir og afleiðingar þess. Auk þess þyrfti í slíkri áróðursherferð að kynna fyrirhugaðar umbætur við meðferð þessara mála hjá lögreglu og dómstólum, svo og veita upplýsingar um hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Áróður þyrfti að vera af þrennum toga. Í fyrsta lagi almenn hvatning gegn ofbeldi, í öðru lagi hvatning til og leiðbeining um hvert hægt sé að leita til að fá aðstoð og hjálp fyrir þá sem orðið hafa fyrir ofbeldi og í þriðja lagi fræðsla og hvatning til þeirra sem valda ofbeldi að leita sér hjálpar og meðferðar.

Virkja þarf skóla, fjölmiðla og íþróttafélög í vinnu gegn ofbeldi. Hvetja þarf til umræðu innan hreyfinga og félagasamtaka karla og kvenna. Áróðurinn þarf að vera markviss, unninn af fagfólki og samkvæmt langtímamarkmiðum.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að tölfræðiupplýsingum sé safnað og haldið saman, auk þess sem hvatt verði til frekari rannsókna á heimilisofbeldi.

Sérstaklega skal hugað að ofbeldisfræðslu á námskeiðum sem haldin eru fyrir nýbúa, sbr. kafla 5.2.6. hér á eftir.

Kynningarbæklingar vega þungt í fræðslu. Lagt er til að útbúinn verði kynningarbæklingur þar sem fram komi grunnupplýsingar um heimilisofbeldi og til hvaða úrræða þolendur og gerendur geti gripið, auk upplýsinga um neyðarlínu, símanúmer hjálparstofnana og félagasamtaka og upplýsingar um sérhæfða stuðningshópa o.fl. Um slíkan bækling er vísað til kafla 5.2.2 hér á eftir. Bæklingurinn yrði sendur inn á hvert heimili í landinu og auk þess látinn liggja frammi á opinberum stöðum, þar með töldum skólum, heilsugæslustöðvum, félagsmálastofnunum o.fl. Hann ætti auk þess að vera þýddur á nokkur algeng tungumál og látinn liggja frami á þeim stöðum sem nýbúar sækja, sbr. nánar kafla 5.2.6. hér á eftir.

5. Hjálparúrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Í þeim kafla sem hér fer á eftir verður sjónum beint að meðferð mála vegna heimilisofbeldis. Lýst verður þeim úrræðum sem standa þolendum heimilisofbeldis til boða, svo og úrræðum sem nefndin leggur til að verði komið á.

5.1. Úrræði sem standa þolendum heimilisofbeldis til boða.

Þeirri nefnd sem hér skilar skýrslu er ekki, samkvæmt skipunarbréfi, ætlað að skoða sérstaklega meðferð heimilisofbeldismála fyrir lögreglu og í dómskerfinu. Í þeim kafla sem hér fer á eftir verður sjónum beint að meðferð þessara mála að öðru leyti og gerð grein fyrir þeim úrræðum sem standa þolendum heimilisofbeldis til boða. Um er að ræða starfsemi á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Það eru einkum fjórir aðilar sem veita þolendum heimilisofbeldis aðstoð: Samtök um kvennaathvarf, Kvennaráðgjöfin, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar og Stígamót. Að auki stendur til boða félagsleg aðstoð á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5.1.1. Samtök um kvennaathvarf.

Samtök um kvennaathvarf voru stofnuð 2. júní 1982 af konum úr ýmsum kvennahreyfingum og konum sem höfðu kynnst áhrifum heimilisofbeldis í starfi sínu (ársskýrsla Samtaka um kvennaathvarf, 1996). Kvennaathvarfið opnaði í Reykjavík 6. desember sama ár. Kvennaathvarf sem opnað var á Akureyri 1984 var aðeins starfrækt í u.þ.b. eitt ár. Reynslan sýndi að konur þar nyrðra vildu fremur dvelja í athvarfi utan heimabyggðar. Nú er því aðeins starfrækt kvennaathvarf í Reykjavík og leita þangað konur af öllu landinu.

Kvennaathvarfið veitir neyðarathvarf konum og börnum þeirra, sem búa við andlegt, líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi af völdum eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna. Athvarfið er einnig ætlað konum sem hafa orðið fyrir nauðgun. Neyðarsími athvarfsins er alltaf opinn og geta konur hringt þangað, rætt mál sín og fengið stuðning og upplýsingar. Þá geta konur leitað til athvarfsins til viðtala þar sem þær geta fengið stuðning og upplýsingar án þess að til dvalar komi.

Lögð er áhersla á nafnleynd í starfi Kvennaathvarfsins. Engar upplýsingar eru gefnar um dvalarkonur, skráningu upplýsinga haldið í lágmarki og ekkert skráð um dvalarkonur án þeirra vitundar. Á vegum athvarfsins er rekinn leik- og grunnskóli fyrir börn kvenna sem þar dvelja. Börnin fara þó í sinn eigin leikskóla eða skóla ef mögulegt er, svo að sem minnst röskun verði á högum þeirra.

Kvennaathvarfið er ekki meðferðarstofnun heldur heimili þar sem konur sem þangað leita geta sótt styrk hver til annarrar og fengið stuðning starfskvenna til að takast á við eiginn vanda, skoða, skilgreina og finna leið út. Markmiðið er að konur finni styrk til sjálfshjálpar og öðlist nýja færni til að takast á við lífið á uppbyggilegan hátt, án ofbeldis.

Barnastarfskonur Kvennaathvarfsins eru kennaramenntaðar. Reynt er að gera börnum dvölina í athvarfinu sem ánægjulegasta, auk þess sem allt er gert til að styrkja þau, m.a. með því að hrósa þeim markvisst. Lögð er á það áhersla við börnin að ekkert sem gerst hefur er þeim að kenna og að það er ekki í þeirra valdi að breyta. Kvennaathvarfið hefur átt samstarf við Rauða Kross húsið vegna þeirra unglinga sem koma í athvarfið. Unglingunum er kynnt starfsemi hússins svo þeir eigi auðvelt með að leita þangað ef þeir þurfa að fara heim í illþolanlegt ástand. Í samræmi við barnaverndarlög tilkynnir starfsfólk athvarfsins barnaverndaryfirvöldum ef barn snýr aftur í aðstæður sem eru með öllu óviðunandi.

Fræðslu- og kynningarfulltrúi starfar á vegum Samtaka um kvennaathvarf. Fulltrúinn hefur umsjón með útgáfu Tilveru, fréttabréfs samtakanna, auk þess að skipuleggja opna kynningarfundi, námskeið og fyrirlestra á vegum þeirra.

Í árslok 1997 höfðu 2.221 kona komið í Kvennaathvarfið frá upphafi, ásamt 1.880 börnum. Meðaldvalartími kvenna var um 20 dagar.

Athygli vekur að komum í Kvennaathvarfið fjölgaði nokkuð á milli ára 1996 og 1997. Árið 1996 komu 368 konur í Kvennaathvarfið, ásamt 115 börnum, þar af komu 257 konur í viðtöl, en 111 til dvalar. Árið 1997 fjölgaði komum um 7%, en 396 konur komu þá í athvarfið, ásamt 116 börnum, þar af komu 118 konur til dvalar, en 278 í viðtöl, eða 9% fleiri en árið á undan.

Níu konur starfa á vegum Kvennaathvarfsins. Athvarfið fær árlega rekstrarstyrki frá ríki og sveitarfélögum. Rekstrarstyrkir námu tæpum 29 millj. kr. árið 1996, þar af voru rúmar 18 millj. kr. úr ríkissjóði og 9 millj. kr. frá Reykjavíkurborg. Úr minna var að moða árið 1997. Þá námu rekstrarstyrkir rétt rúmum 28 millj. kr., þar af nær óbreytt framlag úr ríkissjóði og rúmlega 7 ½ millj. kr. frá Reykjavíkurborg. Í janúar 1995 var gerður samningur milli ríkisins og Samtaka um kvennaathvarf þess efnis að 60% rekstrarkostnaðar yrði greiddur úr ríkissjóði næstu tvö ár þar á eftir. Að auki greiðir menntamálaráðuneytið laun kennara við athvarfið.

5.1.2. Kvennaráðgjöf.

Kvennaráðgjöfin var stofnuð árið 1985 af hópi kvenna, þar á meðal félagsráðgjöfum, kennurum og laganemum. Á vegum samtakanna er veitt lögfræði- og félagsráðgjöf í síma og með viðtölum. Um 400 konur leita árlega til Kvennaráðgjafarinnar, oftast vegna skilnaðarmála og sambúðarslita (ársskýrsla Kvennaráðgjafarinnar, 1996). Í mörgum tilvikum hafa konur sem leita ráða verið beittar ofbeldi á heimili. Árið 1996 sinnti Kvennaráðgjöfin erindum 356 kvenna, þar af greindu 130 frá því að þær hefðu verið beittar ofbeldi.

Kvennaráðgjöfin nýtur styrkja, einkum frá ríki og Reykjavíkurborg, en einnig öðrum sveitarfélögum. Rekstrarkostnaður nemur um 1,2 millj. kr. á ári og er þar einkum um að ræða kostnað vegna húsnæðis og ráðgjafarlauna.

5.1.3. Neyðarmóttaka vegna nauðgunar.

Í kjölfar skýrslu nauðgunarmálanefndar dómsmálaráðherra (1989) var neyðarmóttaka fyrir þolendur nauðgunar opnuð á Slysadeild Borgarspítalans 8. mars 1993. Í neyðarmóttökunni er þolendum nauðgunar, tilraunar til nauðgunar og annarra kynferðisbrota veitt læknisfræðileg og sálfræðileg þjónusta og félagsráðgjöf. Lögregla hefur náið samstarf við starfsmenn neyðarmóttökunnar og þangað er brotaþola fylgt eftir að kæra berst. Á neyðarmóttökunni gefst brotaþola einnig kostur á að ráðfæra sig við löglærðan talsmann, sér að kostnaðarlausu. Ef til kæru kemur fylgir talsmaðurinn brotaþola gegnum kæruferlið, leiðbeinir honum um gerð bótakröfu og fylgir bótakröfu eftir í dómi, ef þess er talin þörf. Réttur brotaþola til löglærðs talsmanns er ekki lögvarinn líkt og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, sbr. a–e-liði 741.

gr. danskra réttarfarslaga um „advokatsbistand til den forurettede", a–d-liði 107. gr. norskra réttarfarslaga um „fornærmedes rett til advokat" og sænsk sérlög um „målsägandebiträde" (nr. 1988:609).

Þjónusta neyðarmóttöku er ekki bundin því að þeir sem þangað leita hafi í huga að kæra brotið. Hún er öllum opin, bæði konum og körlum, hún er ókeypis og veitt í fullum trúnaði.

Samkvæmt upplýsingum neyðarmóttökunnar leituðu 382 einstaklingar, þar af nokkrir karlar, þangað frá upphafi til ársloka 1997. Starfsemin er kostuð af heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytinu í samvinnu við Sjúkrahús Reykjavíkur. Rekstrarkostnaður nam um 11 millj. kr. árið 1997, en gert er ráð fyrir því að kostnaður verði 12–15 millj. kr. árið 1998. Af þessu nemur kostnaður vegna launagreiðslna löglærðra talsmanna við neyðarmóttökuna um 4,6 millj. kr. á ári.

5.1.4. Stígamót.

Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi voru stofnuð á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars 1989. Að stofnun samtakanna stóðu sjálfboðaliðahópar kvenna sem starfað höfðu að málum tengdum kynferðislegu ofbeldi: barnahópur Kvennaathvarfsins, ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og vinnuhópur gegn sifjaspellum. Stígamót hófu svo starfsemi sína ári síðar, 8. mars 1990 (ársskýrsla Stígamóta, 1996).

Markmið með starfi Stígamóta er annars vegar að veita konum og börnum, sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi, stuðning og ráðgjöf þeim að kostnaðarlausu, en hins vegar að reka fræðslu- og upplýsingamiðstöð fyrir almenning og starfshópa sem líklegt er að þurfi að sinna þolendum kynferðisofbeldis í starfi sínu.

Árið 1997 störfuðu fimm til sex starfskonur í hlutastarfi á Stígamótum í sem svarar 3,3 stöðugildum. Við ráðningu starfskvenna er horft til þess hvort þær hafi sjálfar orðið fyrir kynferðisofbeldi eða hafi langa reynslu af starfi með konum sem fyrir því hafa orðið. Lögð er áhersla á að menntun ein tryggi ekki góðan skilning á vanda þolenda kynferðisofbeldis.

Hjá Stígamótum er boðið upp á einstaklingsbundna ráðgjöf með einka viðtölum. Þolendur geta svo tekið þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur viðtöl. Nokkrir sjálfshjálparhópar eru einnig starfandi á landsbyggðinni.

Starfskonur Stígamóta sinna ýmiss konar námskeiða- og fræðslustarfi eftir beiðnum þar um, oftast að frumkvæði skóla eða félagsmálaráða í byggðarlögum. Þá hafa Stígamót staðið fyrir sjálfsvarnarnámskeiðum.

Í árslok 1997 höfðu 2.420 einstaklingar leitað til Stígamóta frá upphafi og var hlutfall kvenna 91,4–96,3% öll árin. Tölur úr ársskýrslum Stígamóta frá árinu 1992 sýna að á milli 11,7 og 21,4% kvenna sem leituðu til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Á sama tíma kváðust 10,5–17,7% kvennanna hafa verið nauðgað af eiginmanni eða sambýlismanni.

Samkvæmt ársuppgjöri 1997 var rekstrarkostnaður Stígamóta um 15 millj. kr. Tekjur samtakanna eru greiðslur samkvæmt þjónustusamningi við félagsmálaráðuneyti og nokkrar sveitarstjórnir. Að auki hafa samtökin notið styrkja frá nokkrum öðrum sveitarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum.

5.1.5. Félagsþjónusta sveitarfélaga.

Félagsmálanefndir (eða félagsmálaráð) starfa í sveitarfélögum landsins á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda þeirra aðila sem leita til félagsmálanefnda sveitarfélaganna vegna heimilisofbeldis. Í skýrslu dómsmálaráðherra um

orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis o.fl. kemur fram að konur leiti afar sjaldan til Félagsmálastofnunar vegna heimilisofbeldis og sé aðeins helmingur þeirra kvenna sem það gera ánægður með stuðning hennar. Þá segir í skýrslunni: „Þetta bendir til þess að fæsta þolendur heimilisofbeldis sé að finna í skjólstæðingahópi félagsmálastofnunar."

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin aflaði sér frá félagsmálayfirvöldum sveitarfélaganna virðast mál sem snerta heimilisofbeldi alloft koma til kasta þeirra, þótt í mismunandi mæli sé. Aðgerðir sveitarfélaganna eru nokkuð mismunandi en slík mál eru af margvíslegum toga og kalla því á mismunandi aðgerðir, svo sem eftir því hvort þau koma upp í sambandi við almenna ráðgjöf, t.d. vegna samskiptaerfiðleika, skilnaðarmála, barnaverndarmála eða annars konar mála. Meðal aðgerða sem sveitarfélög hafa talið upp vegna slíkra mála eru almenn ráðgjöf, samtöl og stuðningsviðtöl, tilvísun eða ábending um dvöl í Kvennaathvarfinu, aðstoð Stígamóta, útvegun húsnæðis fyrir þolanda, hvatning til námskeiðahalds/þátttöku í námskeiði um sjálfstæði eða sjálfsímynd, tilvísun eða ábending um áfengismeðferð, fjárhagsaðstoð, stuðningur vegna framlagningar kæru, tímabundin vist á dvalarheimili eða dagvistun og almenn stuðningsúrræði samkvæmt barnaverndarlögum. Upptalning þessi á bæði við um þolendur og gerendur en eins og bent var á af einu sveitarfélaginu eru karlmenn oftar gerendur og reynist oft erfitt að nálgast þá og fá umræðu um mál þeirra. Þá benti sveitarfélag úti á landi á að Kvennaathvarf og Stígamót sinntu afar mikilvægu hlutverki en vegna fjarlægðar nýttist þjónusta þeirra ekki nægilega vel fyrir landsbyggðarfólk. Ljóst er að heimilisofbeldi er ekki síður fyrir hendi í litlum sveitarfélögum. Þar eru jafnvel sérstök vandamál fyrir hendi þar sem erfitt getur verið fyrir þolendur og gerendur að viðurkenna heimilisofbeldi í fámenni þar sem flestir eða allir þekkjast. Eitt sveitarfélagið benti á að andleg kúgun væri nokkuð algeng og væri meira um slíkt en beint líkamlegt ofbeldi. Bent var á mikilvægi þess að í sveitarfélögum sé náið og mikið samstarf milli þeirra stofnana sem koma að málum heimilisofbeldis, svo sem sjúkrahúss, heilsugæslu, lögreglu og félagsþjónustu. Jafnframt bentu sveitarfélög á úrræðaleysi í slíkum málum, eða eins og segir í umsögn eins sveitarfélagsins: „Ef minnsti grunur er um að börn séu beitt ofbeldi eru slík mál að sjálfsögðu rannsökuð mjög gaumgæfilega en ef maki, sem ekki leitar aðstoðar og felur jafnvel vanda sinn, er hugsanlega beittur ofbeldi höfum við fá úrræði. Einungis lög um vernd barna og ungmenna veita okkur heimild til að rjúfa friðhelgi heimilanna og þá einungis við mjög sérstakar aðstæður."

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og kom m.a. fram í viðræðum við þá að mál vegna heimilisofbeldis kæmu í langflestum tilvikum til kasta stofnunarinnar vegna barnaverndarmála. Jafnframt kom fram að heimilisofbeldi í einhverri mynd kemur iðulega fram í barnaverndarmálum félagsmálastofnun líti á allt heimilisofbeldi sem barnaverndarmál ef barn er á heimili, hvort sem ofbeldið beinist gegn börnunum sjálfum eða öðrum á heimilinu. Fram kom að stofnunin gerir samninga við foreldra eða aðra forsjáraðila í barnaverndarmálum, oft til þriggja mánaða, sem miðast fyrst og fremst við hagsmuni barnsins og úrræði til að bæta hagi og aðstæður þess. Fram kom að þolendur heimilisofbeldis leiti oftast til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar í tengslum við annars konar mál, svo sem barnaverndarmál, áfengisvandamál, umsókn um húsnæði eða beiðni um fjárhagsaðstoð.

Í upplýsingum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar kemur jafnframt fram að í þeim málum sem berast hverfaskrifstofum fjölskyldudeildar árlega og koma til meðferðar hafi í u.þ.b. 5–8% tilvika verið um heimilisofbeldi að ræða. Árið 1996 var 223 málum vísað til hverfaskrifstofa fjölskyldudeildar vegna aðbúnaðar barna eða beiðni um aðstoð vegna barna. Oft er um að ræða fjölþættan vanda í þeim fjölskyldum sem til meðferðar eru og heimilisofbeldi einn af mörgum þáttum sem nauðsynlegt er að taka á. Fram kom að af nýjum málum

sem vísað hafi verið til hverfaskrifstofanna árið 1996 hafi ofbeldi á heimili verið tilgreint sem ástæða í 7,5% málanna, en það ár hafi samtals 295 nýjum málum verið vísað til meðferðar á hverfaskrifstofum. Árið 1995 hafi samtals 349 málum verið vísað til hverfaskrifstofanna og í 5,3% málanna hafi ofbeldi á heimili verið tilgreind sem ástæða. Félagsmálastofnun vekur athygli á að þarna sé einungis um að ræða ný mál sem vísað er til stofnunarinnar á árinu, en að auki séu til meðferðar eldri mál þar sem ekki sé óalgengt að um heimilisofbeldi sé að ræða. Fyrir utan þessi mál séu ýmis ráðgjafarmál unnin á sérsviði stoðþjónustusviðs deildarinnar, þar sem m.a. eru veittar umsagnir í umgengnis- og forsjárdeilumálum og þar komi heimilisofbeldi einnig við sögu.

5.2. Ný úrræði.

Um meðferð heimilisofbeldismála fyrir lögreglu á rannsóknarstigi og fyrir dómi vísast til skýrslna tveggja nefnda þar um. Tillögur nefndarmanna sem hér fara á eftir miða að bættri meðferð mála vegna heimilisofbeldis að öðru leyti og er þá einkum horft til heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustu sveitarfélaganna.

5.2.1. Starfsþjálfun og -reglur.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að faghópar, sem líklegt er að þolendur heimilisofbeldis leiti til, hljóti viðeigandi starfsþjálfun, sbr. kafla 4.2. hér að framan. Nefndin leggur til að settar verði starfsreglur svo að auðvelda megi greiningu heimilisofbeldis, meðferð og að fyrirbyggja áframhaldandi ofbeldi. Starfsreglur verði settar og samhæfðar með ólíkum faghópum, svo sem félagsmálayfirvöldum, lögreglu, heilbrigðisstarfsmönnum, prestum, kennurum, leikskólakennurum og öðrum sem koma að þessum málaflokki.

Nefndin leggur áherslu á að læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir heilbrigðisstarfsmen fái kennslu og þjálfun í móttöku, viðtalstækni, skoðun og skýrslugerð á þolendum ofbeldis. Starfsmönnum verði kennt og þeir upplýstir um grundvallarhugtök og eðli ofbeldis gegn konum, börnum og öðrum. Þeim verði kennt að spyrja án fordóma og beita viðkvæmum spurningum af samhygð og skilningi.

Nefndin telur mikilvægt að allar konur sem sækja mæðravernd eigi a.m.k. eitt trúnaðarsamtal einar með ljósmóður eða lækni án nærveru annarra fjölskyldumeðlima, maka eða barna. Upplýsingar veittar um heimilisofbeldi í slíku viðtali ætti að geyma aðskilið frá sjálfri mæðraskránni. Mæðraskráa barnshafandi kvenna er ekki gætt á sama hátt og sjúkraskráa almennt, þar sem konur fá að taka slíka skrá með sér heim. Því er talið rétt að upplýsingar veittar um heimilisofbeldi í trúnaðarsamtali verði vistaðar á skoðunarstað.

Nefndin leggur áherslu á að ávallt sé leitað til sérhæfðra túlka ef skjólstæðingar skilja ekki eða geta ekki tjáð sig á íslensku, og varast að styðjast við túlkun eða milligöngu maka eða annarra ættingja eða fjölskyldumeðlima.

Hvenær sem sjúklingur leitar til heilbrigðisstarfsmanns vegna ofbeldis eða grunur leikur á að viðkomandi hafi verið beittur ofbeldi skal skrá upplýsingar þar um í sjúkraskrá. Skrá ber upplýsingar um aðdraganda, áverka, hvar ofbeldi átti sér stað, hver beitti því og þau atriði önnur, sem máli geta skipt, ef brot er kært til lögreglu og til opinberrar málshöfðunar kemur. Mikilvægt er að slíkt spurninga- og skráningarkerfi verði kynnt faghópum.

5.2.2. Upplýsingabæklingur.

Nefndin telur mikilvægt að þolendur heimilisofbeldis fái upplýsingar um hjálparúrræði sem fyrir hendi eru og um það hvernig mál ganga fyrir sig í réttarkerfinu. Í greinargerð danska dómsmálaráðuneytisins með frumvarpi sem varð að lögum nr. 349/1997, um breytingu á

réttarfarslögum, hegningarlögum og lögum um ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu bóta til að bæta réttarstöðu brotaþola, er að finna ráðagerð um að dómsmálaráðuneytið láti útbúa upplýsingabækling sem afhentur yrði brotaþolum, m.a. af lögreglunni, sem yfirleitt hefur fyrstu samskipti við brotaþola. Um innihald slíks upplýsingabæklings segir í greinargerðinni:

„Pjecen skal give en beskrivelse af forløbet af en straffesag både med hensyn til politiets behandling og en eventuel senere retssag.

Endvidere skal der gives oplysning om rettigheder og pligter i forbindelse med en straffesag. Det kan bl.a. nævnes, at et offer, der indkaldes til afhøring hos politiet eller som vidne i retten, har ret til at medtage en støtteperson under afhøringen. Ofret bør samtidig informeres om, at den pågældende kan blive indkaldt flere gange for at afgive forklaring. Det kan også være relevant at oplyse, at der ved vidneafhøring i retten kan tages særlige hensyn til ofre, der er bange for at blive konfronteret med gerningsmanden, og at ofret kan rette henvendelse herom til politiet eller retten inden retsmødet.

Endelig skal pjecen indeholde information om offentlige og private tilbud om hjælp til ofre for forbrydelser, herunder om Nævnet vedrørende erstatning til ofre for forbrydelser, om eventuelle offerrådgivninger og eventuelt også om organisationen »Hjælp Voldsofre« og de tilbud, som denne foreningen giver."

Nefndin leggur til að útbúinn verði upplýsingabæklingur sem verði látinn liggja frammi á slysa- og bráðamóttökum og heilsugæslustöðvum, svo og hjá lögreglu. Slíkur bæklingur geymi upplýsingar um réttindi brotaþola og hjálparúrræði sem honum standa til boða, m.a. á vegum sjálfstæðra félagasamtaka, auk lýsingar á því hvernig opinber mál ganga fyrir sig í meginatriðum og þætti brotaþola í þeirri málsmeðferð.

5.2.3. Neyðarmóttaka fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Nefndin leggur til að komið verði á fót sérhæfðri móttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis þar sem þeir sem fyrir ofbeldi verða geti leitað aðstoðar og stuðnings, sér að kostnaðarlausu. Móttakan verði opin allan sólarhringinn og starfi náið með lögreglu, sem mundi gegna lykilhlutverki við að kynna brotaþolum starfsemi hennar og fylgja þeim þangað. Móttakan stæði öllum þolendum heimilisofbeldis opin og þjónusta hennar væri ekki háð því að þeir sem þangað leita hefðu í huga að kæra brotið til lögreglu. Móttakan væri starfrækt í nánum tengslum við félagasamtök á þessum vettvangi og fulltrúar félagasamtaka, lögreglu og starfsmanna móttökunnar kæmu reglulega saman á fundum og hefðu samráð um starfsemina. Nefndin leggur til að móttaka sem þessi verði starfrækt samhliða neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgunar, sbr. kafla 5.1.3. hér að framan, svo að nýta megi þá góðu reynslu sem þar hefur fengist, byggja á henni og laga að þörfum þolenda heimilisofbeldis.

Nefndin leggur til að sérstakur upplýsinga- og fræðslufulltrúi sem fengist einungis við þennan málaflokk (ofbeldi) verði á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur. Viðkomandi starfsmaður mundi starfa í nánum tengslum við neyðarmóttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis, aðgerðamiðstöð vegna heimilisofbeldis og geðdeildir sjúkrahúsanna. Hann mundi dreifa upplýsingum um ofbeldi til heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa og annarra stofnana sem annast ofbeldisþolendur og gegna mikilvægu hlutverki við að efla og viðhalda þekkingu heilbrigðisstarfsmanna á þessu sviði. Hann mundi gegna mikilvægu hlutverki við að samræma meðferðarúrræði sem fyrir hendi eru og leita uppi í kerfinu þá einstaklinga sem eru hjálparþurfi.

Þá leggur nefndin til að í tengslum við neyðarmóttökuna verði opnuð símalína, svokallað „grænt númer", fyrir þolendur heimilisofbeldis þar sem þeir geti leitað ráða um hvar aðstoð sé að fá, í hvaða byggðarlagi sem þeir eru.

5.2.4. Aðgerðamiðstöð vegna heimilisofbeldis.

Rannsóknir á heimilisofbeldi hafa leitt í ljós að mikið er um dulda brotastarfsemi á því sviði. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að tölfræðiupplýsingum sé safnað og haldið

saman, auk þess sem hvatt verði til frekari rannsókna á heimilisofbeldi. Nefndin leggur til að sett verði á laggirnar sérstök skrifstofa sem hafi það hlutverk að taka á móti tilkynningum og afla upplýsinga varðandi ofbeldi, þ.e. einkum þolendur og gerendur, en taki einnig við og flokki upplýsingar sem berast með öðrum hætti, þ.e. um vettvang, alvöru og eðli ofbeldis o.s.frv. Skrifstofan verði vistuð hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og starfrækt í tengslum við neyðarmóttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis. Á vegum hennar verði einnig unnt að veita styrki til þeirra sem hug hafa á að stunda rannsóknir á þessu sviði.

Gert er ráð fyrir því að skrifstofan fái upplýsingar eins og hér segir:

1. Tilkynningarskylda verði lögð á fagaðila, þ.e. lækna, hjúkrunarfólk, félagsráðgjafa, sálfræðinga o.fl., sem í starfi sínu fá upplýsingar um ofbeldi.
2. Upplýsingar sem berast frá almenningi um ofbeldi, sem færðar verða til bókar.
3. Skrifstofan afli sjálf tölfræðiupplýsinga frá sjúkrastofnunum, félagsmálayfirvöldum, lögreglu, ákæruvaldi og eftir atvikum öðrum opinberum aðilum.

Skrifstofan vinni síðan úr upplýsingunum, þannig að annars vegar liggi fyrir tölfræðilegar upplýsingar og hins vegar upplýsingar sem tengjast einstökum þolendum eða gerendum.

Hlutverk skrifstofunnar verði einkum tvíþætt:

1. Að bregðast við þegar tilkynningar/upplýsingar berast um að tiltekinn þolandi eða gerandi hafi ítrekað orðið fyrir eða uppvís að ofbeldi.
2. Að vinna tölfræðilega úr upplýsingum um ofbeldi og miðla þeim til þeirra aðila sem málið varðar.

Aðgerðarferli þegar fyrir liggja upplýsingar um ítrekað ofbeldi gagnvart einstökum þolanda eða geranda verði í grófum dráttum þannig:

1. Skrifstofan hafi yfir að ráða sérfræðiþekkingu til að lesa úr tilkynningum/upplýsingum og meta hvort ástæða sé til að grípa til aðgerða.
2. Ef gripið verður til aðgerða verði þær skýrar og ákveðnar, t.d. eftirfarandi:
   a. Tilkynning til lögreglu um grun um ofbeldisbrot, þ.e. hvers eðlis og á hverju grunsemdir byggist. Eftirfylgni og skráning á niðurstöðum lögregluannsóknar, upplýsingar um dóma ef við á.
   b. Jafnframt/eða (fer eftir atvikum) tilkynning til félagsmálayfirvalda ef ofbeldið beinist að börnum eða eitthvað er athugavert við félagslegar aðstæður viðkomandi.

Hentugast væri að um þessa starfsemi gilti sérstakur lagabálkur þar sem lögð væri áhersla á sjálfstæði hennar, tilkynningarskylda lögfest og réttur skrifstofunnar til að afla upplýsinga væri tryggður. Einnig ítarlegur kafli um skráningu og meðferð upplýsinganna, með hliðsjón af friðhelgi einkalífs og persónuvernd.

5.2.5. Sérhæfing í geðheilbrigðiskerfinu.

Á Reykjavíkursvæðinu eru nú starfræktar tvær geðdeildir og er starfsemi þeirra og uppbygging keimlík. Báðar byggja starf sitt í kringum legudeildir fyrir geðsjúka, bráðamóttöku og litlar göngudeildir, auk þess sem boðið er upp á stuðningsaðgerðir að vissu marki. Nefndin veltir því fyrir sér hvort ekki sé tímabært að skipta geðdeildunum upp eftir starfssviðum og byggja upp öfluga göngudeild á annarri hvorri þeirra, sem sérhæfði sig í fjölskyldu- og félagssjúkdómum. Sú deild yrði bakhjarl fyrir þolendur ofbeldis og rekin á þverfaglegum grunni með samvinnu við heilbrigðis-, barnaverndar- og félagsmálayfirvöld o.fl.

5.2.6. Úrræði fyrir nýbúa.

Í viðtölum nefndarinnar við fulltrúa Kvennaathvarfsins og Kvennaráðgjafarinnar var lýst áhyggjum af stöðu nýbúakvenna hér á landi. Kom fram að allt að 20% kvenna sem leita í

Kvennaathvarfið eru nýbúakonur og að hlutfall þeirra sem leita til Kvennaráðgjafarinnar er einnig mjög hátt.

Nefndin telur mikilvægt að á námskeiðum sem haldin eru fyrir nýbúa, til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi, verði sérstaklega vikið að heimilisofbeldi, orsökum þess og afleiðingum og hjálparúrræði rækilega kynnt. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi íslenskukennslu nýbúa og aukna túlkaþjónustu, með hliðsjón af því að konur sem fyrir ofbeldi verða geti leitað sér hjálpar án þess að þurfa að reiða sig á aðra fjölskyldumeðlimi til að túlka. Þá ítrekar nefndin mikilvægi þess að konur sem leita á slysa- og bráðamóttöku fái notið aðstoðar túlka.

Rauði kross Íslands hefur aðstoðað nýbúa í gegnum árin og haldið nokkur námskeið í samvinnu við félagsmálaráðuneytið, um íslenskt samfélag og réttindi og skyldur þeirra sem þar búa. Þá hafa Námsflokkarnir í Reykjavík staðið fyrir námskeiðum fyrir nýbúa um allt land. Nefndin leggur til að félagsmálaráðuneyti skipuleggi slíkt námskeiðahald til lengri tíma, í samvinnu við Námsflokkana, og að jafnréttisfræðsla og fræðsla um heimilisofbeldi verði liður í fræðslu sem þar fer fram. Námskeið verði haldin reglubundið, t.d. einu sinni á ári, og verði vel staðið að kynningu þeirra og nýbúar hvattir til að sækja þau.

Að auki leggur nefndin til að upplýsingabæklingur, sbr. lið 5.2.2. hér að framan, verði þýddur á nokkur algeng tungumál og að slíkur bæklingur liggi frammi á þeim stöðum sem nýbúar sækja, svo sem hjá Menningar- og upplýsingastofnun nýbúa og Útlendingaeftirlitinu, auk lögreglu, slysa- og bráðamóttöku og heilsugæslustöðva, sem áður hafa verið nefndar.

Í viðtölum nefndarinnar við fulltrúa Rauða krossins kom fram að fyrir nokkrum árum hefðu samtökin fundað með fulltrúum Kvennaathvarfsins og biskupsstofu um málefni nýbúakvenna á landsbyggðinni. Hefði því verið beint til biskupsstofu að sóknarprestar úti á landi fylgdust með konum sem hætt væri við að hefðu einangrast inni á heimilum sínum og sættu hugsanlega ofbeldi. Nefndin telur húsvitjanir presta úti á landi kjörinn vettvang til að koma þolendum heimilisofbeldis til hjálpar og á það ekki síst við nýbúakonur, sem sérstaklega er hætt við að einangrast. Nefndin tekur undir tillögur Rauða krossins að þessu leyti og leggur til að biskupsstofa beini tilmælum til sóknarpresta þar um.

Nefndin leggur einnig til að félagsmálaráðuneytið minni sveitarfélög á að gæta sérstaklega að velferð nýbúa og að kynna þá þjónustu sem þeim stendur til boða.

5.2.7. Óháð félagasamtök.

Í rannsókn nefndar um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis (1997, bls. 34–36) var leitað eftir því hvort konur sem beittar hefðu verið ofbeldi hefðu leitað aðstoðar og hversu ánægðar þær væru með þá aðstoð sem þær fengu. Langalgengast var að konur hefðu leitað til fjölskyldu (71%) og vina (64%). Konur höfðu einnig leitað til lögreglu (29%), sálfræðinga (27%), geðlækna (21%), heimilislækna (26%) og presta (20,5%). Um 17% kvennanna höfðu leitað til slysa- og bráðamóttöku vegna áverka, 14% til Kvennaathvarfsins og 3,6% til Kvennaráðgjafarinnar. Aðeins rúm 5% höfðu leitað til Félagsmálastofnunar, en rúm 14% til lögfræðings.

Allar þær konur sem leitað höfðu til Kvennaráðgjafarinnar voru ánægðar með þá aðstoð sem þeim var þar veitt, sama er að segja um rúm 80% kvenna sem leituðu til Kvennaathvarfsins og tæp 79% þeirra sem leituðu til slysa- og bráðamóttöku vegna áverka. Hins vegar voru aðeins rúm 53% kvenna ánægðar með aðstoð lögreglu, 50% með aðstoð lögfræðinga og Félagsmálastofnunar og 56,5% með aðstoð presta.

Ljóst er af því sem hér hefur verið rakið að á vegum félagasamtaka er unnið mikilvægt starf í þágu þolenda heimilisofbeldis, auk fjölbreytts kynningar- og forvarnastarfs. Ánægja þeirra sem leitað hafa aðstoðar þessara samtaka er til marks um hve vel hefur til tekist. Afkoma þeirra félagasamtaka sem hér um ræðir byggist að miklu leyti á framlögum ríkis og sveitarfélaga. Því er mikilvægt að tryggt verði að fjárframlög til þeirra verði ekki skert og að svo verði að þeim búið að rekstrargrundvöllur þeirra verði sem öruggastur, svo sem með gerð þjónustusamninga til ákveðins tíma í senn. Auk þess er lagt til að félagasamtökin verði með virkum hætti tengd þeim opinberu aðilum sem veita aðstoð á þessu sviði, svo að skapa megi öflugt öryggisnet þolendum heimilisofbeldis.

6. Meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Í athugun nefndarinnar hefur komið í ljós að úrræði fyrir gerendur heimilisofbeldis eru vægast sagt of skornum skammti hér á landi. Gerendur geta að eigin frumkvæði eða með þrýstingi aðstandenda leitað sér aðstoðar hjá sálfræðingum og fengið þar einkameðferð. Í viðtölum nefndarinnar við sérfræðinga kom fram að nokkuð er um að gerendur leiti aðstoðar og hafa nokkrir sálfræðingar og geðlæknar sérhæft sig í meðferð ofbeldiskarla. Í fæstum tilvikum koma heimilisofbeldismál til kasta dómstóla. Nefndin telur því mikilvægt að gerendum standi til boða úrræði þegar svo er komið að þeir óska sjálfir, eða vegna þrýstings annarra, að leita leiða út úr þeim vítahring sem þeir eru í, þeir geti t.d. hringt í símanúmer sem auglýst hafi verið og fengið þar strax leiðbeiningar um næstu skref.

Sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna (rapporteur) um ofbeldi hefur gert úttekt á meðferðarúrræðum, svo sem fram kemur í skýrslu hans til Mannréttindanefndarinnar, dagsettri 22. nóvember 1994 (E/CN.4/1995/42). Í skýrslunni segir:

„Treatment programmes for batterers have been established in a number of countries, including Canada, the United States and Australia. The primary aim of such programmes is to prevent recidivism, and studies show that six months to a year after completing treatment, 60 to 80 per cent of men have not physically abused their partners, whereas perhaps two thirds of non-treated men would have recidivated. It would therefore appear that such programmes can act as viable sentencing options for the courts, especially in cases where the women prefer that their partners get "help" rather than punishment. The establishment of counselling as an alternative sentence recognizes the intimate nature of the crime and may be more acceptable to the women victims of violence."

Samkvæmt 1. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er dómara heimilt að fresta skilorðsbundið ákvörðun eða fullnustu refsingar ef aðili sætir á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar. Dómara er unnt, með vísan til þessa ákvæðis, að binda dóm skilyrði um að hinn brotlegi gangist undir sérfræðimeðferð í því skyni að vinna bug á ofbeldishneigð sinni. Sérfræðingar í meðferð ofbeldiskarla, sem nefndin ræddi við, töldu slíka ráðstöfun mjög vænlega til árangurs og mæltu eindregið með því að þessu úrræði væri beitt.

Í dómaframkvæmd hefur lítið reynt á ákvæði 1.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Þó hafa nokkrir dómar fallið þar sem dómfelldu hefur verið gert að leita sér áfengis- eða fíkniefnameðferðar skv. 4. tölul. ákvæðisins. Þá má finna einn dóm Hæstaréttar, H. 1995:562, þar sem ákærði í máli vegna kynferðisbrota var dæmdur til skilyrtrar refsivistar með vísan til þess m.a. að hann hafði leitað aðstoðar sálfræðings sem sérhæfður var í meðferð kynferðisbrotamanna. Var ákærða gert að sæta áframhaldandi sérfræðimeðferð á skilorðstímanum undir umsjón Fangelsismálastofnunar.

Þess ber þó að geta að í sumum nágrannalöndum okkar eru skiptar skoðanir um það hvort heimila eigi að skilorðsbinda refsivist, sérstaklega í mjög alvarlegum heimilisofbeldismálum. Í Bretlandi býðst gerendum heimilisofbeldis sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar að fara

í meðferð eigi skilorðsbundinn refsidómur að koma til álita. Samkvæmt nýlegri könnun hefur þessi leið þótt takast vel þar í landi (Dobash et al., 1996). Af dómaframkvæmd hér á landi verður ráðið að flestum málum vegna líkamsárása lýkur með skilorðsdómum, ef ekki er um að ræða mjög alvarleg brot og sakaferill viðkomandi leyfir. Nefndin telur góðan kost að binda dóm í slíkum málum sérstöku skilyrði um meðferð. Þá telur nefndin tilvalið að refsiföngum standi slík meðferð til boða, líkt og nú er um áfengis- og vímuefnameðferð.

Um þessar mundir er að hefjast tveggja ára tilraunaverkefni á vegum Rauða kross Íslands, að frumkvæði karlanefndar Jafnréttisráðs, um meðferð gerenda heimilisofbeldis. Undirbúningur verkefnsins, sem fjármagnað er af heilbrigðisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og Rauða krossi Íslands, er vel á veg kominn, og m.a. hafa tveir íslenskir sálfræðingar kynnt sér viðlíka starfsemi í Noregi og Svíþjóð. Áætlaður kostnaður við að hrinda verkefninu af stað eru 2,5–3 millj. kr. Tilraunaverkefnið felst í útgáfu bæklings, til dreifingar um allt land, þar sem heimilisofbeldi er skilgreint og gerendum bent á meðferð sem í boði verður. Þeim verður boðið að hringja í sérstakt símanúmer hjá Rauða krossi Íslands og óska eftir meðferð er hefjist eigi síðar en viku eftir að símtalið á sér stað. Eftir tvö eða þrjú einkaviðtöl við sálfræðingana, sem kynntu sér meðferðarúrræði í Noregi og Svíþjóð, meta þeir hvort viðkomandi fari í einka- eða hópmeðferð.

Í Noregi og Svíþjóð virðist hópmeðferð gerenda heimilisofbeldis hafa gefið góða raun. Í hnotskurn felst hópmeðferð í því að eftir einkaviðtöl við sálfræðinga er gerendum boðið að sækja fundi einu sinni í viku í tíu til fimmtán vikur, en markmið meðferðarinnar er að brjóta niður réttlætingar- og úrtölumúra gerenda og fá þá til þess að gera sér grein fyrir því að beiting ofbeldis sé alfarið ákvörðun þeirra sjálfra. Þegar gerendur hafa svo axlað þá ábyrgð er þeim bæði kennt að þekkja einkenni þess að nú sé að koma að ofbeldisbeitingu og þeim bent á aðrar samskiptaleiðir. Að lokinni meðferð geti síðan þeir sem hana hafa hlotið ætíð leitað á ný til meðferðaraðila beiti þeir ofbeldi á ný eða telji sig vera á hálum ís. Benda má á að í Svíþjóð þar sem meðferðarúrræði hafa staðið gerendum heimilisofbeldis til boða í nokkur ár undirrita gerendur skuldbindandi skjal um þátttöku sína og að þeir samþykki að byrja á upphafspunkti á ný mæti þeir ekki í einhvern tímann. Í Noregi er meðferðin öllu opnari og þar undirrita gerendur enga skuldbindingu, enda getur meðferðin þar náð yfir nokkrar vikur til þess að standa í ár eða lengur. Í báðum tilvikum greiða gerendur sjálfir hluta kostnaðar meðferðarinnar og er slíkt talið vera þeim enn frekari hvati til þess að mæta.

Forsenda þess að meðferðarúrræði, sem bjóða þarf, nái tilgangi sínum er skilgreining og kynning á heimilisofbeldi og að öllum sé gert ljóst að enginn þurfi að búa við slíkt. Víðtæk kynningarherferð er því mikilvægur þáttur í því að hvetja einstaklinga sem beita heimilisofbeldi að leita sér aðstoðar og þolendur að hætta að sætta sig við ofbeldi. Nefndin telur mikilvægt að almenningur sé meðvitaður um alvöru heimilisofbeldis og að einstaklingar, sem þekki til slíks hjá vinum eða vandamönnum, séu hvattir til þess að benda gerendum á að meðferðarúrræði séu fyrir hendi.

Nefndin telur að hinu opinbera, t.d. félagsmálayfirvöldum, beri að axla ábyrgð í þessum efnum og stuðla að því að meðferðarúrræði séu fyrir hendi, en feli óopinberum félagasamtökum að annast framkvæmd þeirra þar sem því verður við komið.

7. Niðurstöður nefndarinnar og tillögur.

Niðurstöður rannsóknar nefndar dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis (1997, bls. 36–37), staðfesta eldri rannsóknir sem hafa sýnt að ofbeldi gegn konum er á margan hátt ólíkt ofbeldi gegn körlum. Ofbeldi gegn körlum er oftast framið af

ókunnugum en ofbeldi gegn konum af einhverjum sem þær þekkja, svo sem eiginmanni eða sambýlismanni. Þegar um er að ræða ofbeldi milli hjóna eða sambýlisfólks er ofbeldið oft endurtekið. Niðurstöður nefndarinnar eru að engar einfaldar skýringar séu á heimilisofbeldi, en bent er á fjárhagslegt og félagslegt öryggisleysi, barnsburðarhlutverk og yfirráð sem þætti sem skýra að einhverju leyti ofbeldi gagnvart konum (bls. 26–29). Bent er á að hugmyndir um yfirburði karlmannsins, völd hans og styrk og umhöfuð fjölskyldunnar hafi lengi verið ráðandi og séu enn fyrir hendi í þjóðfélaginu. Fjárhagsleg staða kvæntra karla sé sterkari en giftra kvenna og að sá sem aflar teknanna hafi mest um það að segja hvernig þeim er varið. Í reynd séu valdatengslin í hjónabandi oft líkari sambandi hins sterka og veika fremur en jafnréttháttra einstaklinga.

Með vísan til þessa er hér ítrekað mikilvægi þess að útrýmt verði kynjabundnum launamun í íslensku samfélagi, svo að tryggð verði jafnstaða karla og kvenna að þessu leyti og að tryggt verði að konur og karlar njóti jafnra tækifæra í samfélaginu og hafi sömu möguleika til áhrifa innan þess. Er í því sambandi vísað til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem segir að eitt af meginmarkmiðum hennar sé:

„Að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis. Stuðlað verði að jöfnum möguleikum kvenna og karla til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína."

Þá gerir nefndin eftirfarandi að tillögum sínum:

7.1. Lagabreytingar.

Nefndinni var ekki ætlað að gera tillögur um úrbætur á refsi- og réttarfarslöggjöf. Um tillögur í þá veru er vísað til skýrslna þeirra tveggja nefnda sem samhliða þessari starfa um meðferð heimilisofbeldismála fyrir lögreglu og í dómskerfinu. Nefndin tekur undir tillögur þeirra um að lögfestar verði heimildir um nálgunarbann, um rétt brotaþola til að fá skipaðan löglærðan talsmann, um vitnavernd og breyttar ákærureglur. Nefndin bendir í því sambandi á að í nágrannalöndum hafa lagaákvæði um nálgunarbann verið tengd hjúskaparlöggjöfinni, til áréttingar því að slíkum úrræðum sé unnt að beita í tengslum við hjónaskilnaðarmál.

Nefndin telur rétt að kannað verði hvort sameiginleg forsjá eða umgengni barns og forsjárlauss foreldris geti viðhaldið ofbeldi eftir skilnað eða sambúðarslit og hvort þörf sé breytinga á barnalögum í því sambandi. Vísar nefndin til þess að dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að kanna stöðu forsjár- og umgengnismála og hefur nefndinni m.a. verið falið að kanna reynslu sem fengist hefur af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Þá telur nefndin af sömu ástæðu íhugunarefni hvort hverfa eigi frá skyldubundinni sáttaumleitan hjóna í skilnaðarmálum samkvæmt hjúskaparlögum, svo sem gert hefur verið að dönskum, sænskum og finnskum rétti.

Þá er lagt til að auknar skyldur verði lagðar á sveitarfélögin varðandi mál um heimilisofbeldi. Þannig taki nefnd félagsmálaráðherra, sem ætlað er að endurskoða lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, til athugunar möguleika á að mælt verði í lögum fyrir um sérstaka aðgerðaskyldu sveitarfélaga fái þau vitneskju eða grun um heimilisofbeldi og um samstarf félagsmálayfirvalda og annarra stofnana sem koma að málefnum heimilisofbeldis. Þá verði, með hliðsjón af ákvæðum barnaverndarlaga, tekið til athugunar hvort rétt sé að mæla í lögum fyrir um tilkynningu lögreglu til félagsmálayfirvalda og samstarf þeirra, skráningu heimilisofbeldismála og ráðgjöf og meðferð. Loks verði athugað hvort aðrar heimildir og skyldur geti, að breyttu breytanda, átt við varðandi mál um heimilisofbeldi.

7.2. Fræðslu- og forvarnaaðgerðir.

Nefndin telur mikilsvert að hugað verði að almennri kynningu á og fræðslu um heimilisofbeldi, svo og kynningu á úrræðum fyrir brotaþola og gerendur. Unnið verði að forvörnum með markvissri fræðslu um ofbeldi, orsakir þess, umfang og afleiðingar. Hugað verði að slíkri fræðslu við endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla sem nú stendur yfir og verði kennsla um ofbeldi skipulögð og markviss á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Tryggt verði að fræðsla um orsakir og afleiðingar heimilisofbeldis verði hluti af grunnmenntun starfsstétta, sem sinna frekar slíkum málum en aðrar, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstarfsmanna, lögreglumanna, lögmanna, ákærenda, dómara, presta, sálfræðinga, félagsráðgjafa, kennara og leikskólakennara, auk þess sem haldin verði sérhæfð námskeið fyrir þessa faghópa. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn fái kennslu og þjálfun í móttöku, viðtalstækni, skoðun á þolendum ofbeldis og skýrslugerð, hvort sem er heimilis-, götu- eða kynferðisofbeldis.

Gripið verði til öflugrar áróðursherferðar til að fræða almenning um heimilisofbeldi, hvernig greina megi slíkt ofbeldi og hverjar séu orsakir og afleiðingar þess. Auk þess þyrfti í slíkri áróðursherferð að kynna fyrirhugaðar umbætur við meðferð þessara mála hjá lögreglu og dómstólum, svo og veita upplýsingar um hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur. Skólar, fjölmiðlar, íþróttahreyfingar o.fl. verði virkjaðir í þessu skyni.

Áróður lúti í fyrsta lagi að almennri hvatningu gegn ofbeldi, í öðru lagi að hvatningu og leiðbeiningum um hvert hægt sé að leita til að fá aðstoð og hjálp fyrir þá sem orðið hafa fyrir ofbeldi og í þriðja lagi að fræðslu og hvatningu til þeirra sem valda ofbeldi að leita sér hjálpar og meðferðar.

Nefndin leggur áherslu á að tölfræðiupplýsingum sé safnað og haldið saman, auk þess sem hvatt verði til frekari rannsókna á heimilisofbeldi.

7.3. Hjálparúrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að faghópar, sem líklegt er að þolendur heimilisofbeldis leiti til, hljóti viðeigandi starfsþjálfun. Nefndin mælir með því að settar verði starfsreglur, svo að auðvelda megi greiningu heimilisofbeldis, meðhöndla og fyrirbyggja áframhaldandi ofbeldi. Starfsreglur verði settar og samhæfðar með ólíkum faghópum, svo sem lögreglu, félagsmálayfirvöldum, starfsfólki sjúkrahúsa, slysa- og bráðamóttöku, starfsfólki heilsugæslustöðva, heimilislæknum, prestum, kennurum og leikskólakennurum, svo og öðrum sem koma að þessum málaflokki.

Nefndin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að brotaþolar fái upplýsingar um réttindi sín almennt, um hjálparúrræði sem honum standa til boða, m.a. á vegum óháðra félagasamtaka, og um það hvernig opinber mál gangi fyrir sig í réttarkerfinu. Nefndin leggur til að útbúinn verði upplýsingabæklingur, sem verði látinn liggja frammi á opinberum stöðum, þar með töldum skólum, slysa- og bráðamóttöku, heilsugæslustöðvum og félagsmálastofnunum, sem og hjá lögreglu.

Nefndin hefur kynnt sér starf félagasamtaka í þágu heimilisofbeldis, einkum á vegum Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Stígamóta. Það er mat nefndarinnar að á vegum þessara samtaka sé unnið mikilvægt starf í þágu þolenda heimilisofbeldis og að ánægja þeirra sem þangað hafa leitað, sem viðmælendur létu uppi í rannsókn nefndar um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis (1997, bls. 34–36), sé til marks um hve vel hefur til tekist. Afkoma þeirra félagasamtaka sem hér um ræðir byggist að miklu leyti á framlögum ríkis og sveitarfélaga. Nefndin telur mikilvægt að tryggt verði að fjárframlög til þeirra verði ekki skert

og að svo verði að þeim búið að rekstrargrundvöllur þeirra verði sem öruggastur, svo sem með gerð þjónustusamninga til ákveðins tíma í senn.

Auk þess er lagt til að félagasamtökin verði með virkum hætti tengd þeim opinberu aðilum sem veita aðstoð á þessu sviði, einkum slysa- og bráðamóttöku, svo að skapa megi öflugt öryggisnet þolendum heimilisofbeldis. Nefndin vill í þessu skyni leggja til að komið verði á fót sérhæfðri móttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis, þar sem þeir sem fyrir ofbeldi verða geti leitað nauðsynlegrar aðstoðar og stuðnings, sér að kostnaðarlausu. Móttakan starfi náið með lögreglu, sem gegni lykilhlutverki við að kynna brotaþolum starfsemi hennar og fylgja þeim þangað. Móttakan standi öllum þolendum heimilisofbeldis opin og þjónusta hennar óháð því hvort þeir sem þangað leita hafa í huga að kæra brotið til lögreglu. Móttakan væri starfrækt í nánum tengslum við félagasamtök á þessum vettvangi og fulltrúar félagasamtaka, lögreglu og starfsmanna móttökunnar kæmu reglulega saman á fundum og hefðu samráð um starfsemina. Nefndin leggur til að móttaka sem þessi verði starfrækt samhliða neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgunar við Sjúkrahús Reykjavíkur, svo að nýta megi þá góðu reynslu sem þar hefur fengist.

Nefndin leggur til að sérstakur upplýsinga- og fræðslufulltrúi sem fengist einungis við mál vegna ofbeldis verði á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur. Upplýsinga- og fræðslufulltrúi starfi í nánum tengslum við neyðarmóttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis, aðgerðamiðstöð vegna heimilisofbeldis og geðdeildir sjúkrahúsanna. Hann dreifi upplýsingum um ofbeldi til heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa og annarra stofnana sem annast ofbeldisþolendur.

Þá leggur nefndin til að í tengslum við neyðarmóttökuna verði opnuð símalína, svokallað „grænt númer“, fyrir þolendur heimilisofbeldis þar sem þeir geti leitað ráða um hvar aðstoð sé að fá, í hvaða byggðarlagi sem þeir eru.

Nefndin leggur til að komið verði á fót aðgerðamiðstöð vegna heimilisofbeldis sem hafi það hlutverk að taka á móti tilkynningum og afla upplýsinga varðandi ofbeldi, þ.e. einkum þolendur og gerendur, en taki einnig við og flokki upplýsingar sem berast með öðrum hætti, þ.e. um vettvang, alvöru og eðli ofbeldis o.s.frv. Meginhlutverk miðstöðvarinnar verði að safna og halda saman tölfræðiupplýsingum um heimilisofbeldi. Hún tilkynni einnig lögreglu og félagsmálayfirvöldum þegar nauðsynlegt þykir vegna upplýsinga sem berast. Skrifstofan verði vistuð hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og starfrækt í tengslum við neyðarmóttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis. Nefndin telur að hentugast væri að um þessa starfsemi gilti sérstakur lagabálkur þar sem lögð væri áhersla á sjálfstæði hennar, tilkynningaskylda vissra fagaðila lögfest og réttur skrifstofunnar til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum væri tryggður, auk reglna um skráningu og meðferð upplýsinganna, með hliðsjón af friðhelgi einkalífs og persónuvernd.

Þá bendir nefndin á að unnt væri að skipta geðdeildum sem starfa á Reykjavíkursvæðinu upp eftir starfssviðum og byggja upp öfluga göngudeild á annarri hvorri þeirra, sem sérhæfði sig í fjölskyldu- og félagssjúkdómum.

Nefndin telur sérstakra aðgerða þörf í málefnum nýbúa. Lagt er til að skipulögð verði námskeið fyrir nýbúa, sem haldin verði reglulega, til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Jafnréttisfræðsla og fræðsla um heimilisofbeldi verði liður í því námskeiðahaldi. Aukin áhersla verði lögð á íslenskukennslu nýbúa, auk þess sem upplýsingabæklingur um réttindi brotaþola verði þýddur á nokkur algeng tungumál og látinn liggja frammi á þeim stöðum sem nýbúar sækja. Sérstaklega verði hugað að því hvernig unnt sé að koma til hjálpar konum sem hætt er við að einangrist inni á heimilum sínum, t.d. á landsbyggðinni. Lagt er til að félags-

málaráðuneytið minni sveitarfélög á hlutverk félagsmálanefnda í þessu sambandi, auk þess sem biskupsstofa beini erindi þar um til sóknarpresta.

7.4. Meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Nefndin telur mikilvægt að gerendum standi til boða úrræði þegar svo er komið að þeir óska sjálfir, eða vegna þrýstings annarra, að leita leiða út úr þeim vítahring sem þeir eru í. Nefndin telur að hinu opinbera, t.d. félagsmálayfirvöldum, beri að axla ábyrgð í þessum efnum og stuðla að því að meðferðarúrræði séu fyrir hendi, en feli óopinberum félagasamtökum að annast framkvæmd þeirra þar sem því verður við komið.

Nú er að hefjast tveggja ára tilraunaverkefni á vegum Rauða kross Íslands, að frumkvæði karlanefndar Jafnréttisráðs, um meðferð gerenda heimilisofbeldis. Nefndin væntir þess að stjórnvöld taki tillit til niðurstaðna þessa tilraunaverkefnis við ákvörðun og framkvæmd aðgerða gegn heimilisofbeldi.

Nefndin vísar einnig til þess að óbreyttum lögum er dómara unnt að binda refsidóm skilyrði um að hinn brotlegi gangist undir sérfræðimeðferð í því skyni að vinna bug á ofbeldishneigð sinni. Nefndin telur slíka ráðstöfun mjög vænlega til árangurs og mælir eindregið með því að þessu úrræði verði beitt.

Heimildir.

Ársskýrsla Kvennaráðgjafarinnar, 1996.

Ársskýrsla Samtaka um kvennaathvarf, 1996.

Ársskýrsla Stígamóta, 1996 og 1997.

Björn Zoëga, Helgi Sigvaldason og Brynjólfur Mogensen (1994). Ofbeldisáverkar: Faraldsfræðileg athugun í Reykjavík 1974–1991. Læknablaðið, 80, 531–535.

Dobash, Russel, Dobash, Rebecca, Cavanagh, Kate og Lewis, Ruth (1996). Research Evaluation of Programmes for Violent Men. Violence Research Centre, University of Manchester.

Høglund, Per, og Per Nerdrum. Alternativ til vold (1996). Evaluering av virksomheten. Ósló.

Karlar gegn ofbeldi (1994). Erindi flutt á ráðstefnu karlanefndar Jafnréttisráðs laugardaginn 12. nóvember 1994. Skrifstofa jafnréttismála.

Konur og karlar (1997). Hagstofa Íslands.

Kvinnofrid; Slutbetänkande av Kvinnovåldskommissionen (1995). Stockholm: Statens offentlige utredninger, 60, Socialdepartementet.

Olsson, Monika, og Gunilla Wiklund (1997). Våld mot kvinnor. Stockholm: Brottsförebyggande rådet, 2.

Réttindi og staða kvenna á Íslandi; Skýrsla íslenskra stjórnvalda vegna fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking 1995. Utanríkisráðuneytið, mars 1995.

Skýrsla nauðgunarmálanefndar. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1989.

Skýrsla nefndar um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, febrúar 1997.

Smearman, Claire A. (1996). At the crossroads: Domestic violence and legal reform in Iceland. Úlfljótur, 3–4, 275–377.

1383. Skýrsla [712. mál]

dómsmálaráðherra um meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. Skipun nefndar og hlutverk.

Með bréfi dags. 18. ágúst 1997 skipaði dómsmálaráðherra nefnd þriggja manna til þess að huga að meðferð heimilisofbeldis fyrir lögreglu á rannsóknarstigi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf. Skyldi nefndin hafa lokið störfum 1. apríl 1998.

Nefndina skipuðu: Bogi Nilsson ríkissaksóknari, Karl Steinar Valsson afbrotafræðingur og Ragnheiður Harðardóttir saksóknari. Gísli Pálsson aðstoðaryfirlögregluþjónn var ráðinn ritari nefndarinnar.

II. Starf nefndarinnar.

Í bréfi dómsmálaráðherra um skipun nefndarinnar er tekið fram að í marsmánuði 1997 hafi ráðherra á Alþingi mælt „*fyrir skýrslu um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*“. Hugtakið heimilisofbeldi er í skýrslunni notað til að lýsa því ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka, hvort sem um er að ræða hjón eða sambúðarfólk. Í skýrslunni er ekki sérstaklega fjallað um börn í þessu samhengi og tóku störf þeirra nefndar sem hér skilar skýrslu mið af því. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í október 1997 og voru fundir hennar ellefu talsins. Tveir lögreglumenn sem hafa reynslu af því að sinna útköllum í heimahús komu á fund nefndarinnar sem og starfskona Stígamóta sem um árabil hafa látið sig skipta brot gegn konum og börnum.

Nefndarmenn hafa viðað að sér ýmsum gögnum og kynnt sér m.a. hvernig dönsk, sænsk og norsk löggjöf um þessi efni er frábrugðin gildandi löggjöf hér á landi. Lögregluskóli ríkisins hefur svarað fyrirspurn nefndarinnar um kennslutilhögun mála er lúta að heimilisofbeldi og hefur nefndin aflað upplýsinga um og fylgst með framvindu mála við stofnun „Barnahúss“, sem Barnaverndarstofa í samvinnu við aðra áformar að taka í notkun á næstunni.

III. Mat á eðli og umfangi heimilisofbeldis.

Nefndin tók ákvörðum um að leita upplýsinga hjá lögreglunni í Reykjavík um eðli og umfang heimilisofbeldis, enda taldi hún að með því móti fengi hún glögga mynd af vandamálinu.

Þjálfun og vinnureglur vegna útkalla í heimahús.

Heimilisofbeldi er afbrot sem tengist mjög einkalífi manna, enda oft um að ræða persónuleg málefni sem eiga sér stað innan „friðhelgi heimilisins“. Vegna þessa geta málin verið mjög erfið og vandasöm úrlausnar fyrir lögreglu. Þannig finnst þeim sem hlut eiga að máli lögreglan oft komin út fyrir yfirráðasvæði sitt og farin að hnýsast í einkamál þeirra. Þetta á einkum við í þeim tilvikum þar sem hvorki brotaþoli né gerandi kalla til lögreglu. Lögreglumenn eru því oft að vinna í umhverfi þar sem þeir eru óvelkomnir og hafa fá úrræði til að hjálpa hlutaðeigandi.

Þjálfun lögreglumanna skiptir því miklu máli fyrir hæfni þeirra til að takast á við slíkar kringumstæður. Í Lögregluskólanum er farið yfir þau réttarfarslegu úrræði sem lögreglumenn hafa þegar þeir sinna útköllum í heimahús. Er þá átt við handtökur, heimildir til inngöngu

í húsnæði með eða án samþykkis, úrskurði og heimildir til aðgerða við tvísýnar aðstæður. Þeim er kennt að skoða stöðuna gagnvart þeim sem beita ofbeldi og eins gagnvart þolendum. Einnig fer fram verkleg kennsla þar sem lögreglunemar fá verkefni sem þeir leysa út frá þessum úrræðum.

Auk hefðbundins náms í Lögregluskólanum býðst lögreglumönnum að sækja endurmenntunarnámskeið á vegum skólans þar sem komið er inn á ýmis atriði er varða útköll í heimahús. Einnig hefur embætti Lögreglustjórans í Reykjavík reglulega haldið námskeið fyrir starfsmenn sína þar sem m.a. hefur verið fjallað um ofbeldi á heimilum.

Þjálfun lögreglumanna ein og sér nægir ekki því að þeir þurfa einnig að hafa starfsreglur til að vinna eftir. Árið 1990 gaf lögreglustjórinn í Reykjavík út sérstakt upplýsingarit fyrir starfsfólk sitt. Þar er m.a. farið yfir reglur um útköll í heimahús og önnur atriði sem lögreglumenn þurfa að hafa í huga. Lögreglumönnum er í fyrsta lagi bent á að kynna sér vel málavexti og gera sér ljóst hvort um lögbrot eða hættusjónarmið er að ræða þegar þeir koma á vettvang. Þeim er bent á mikilvægi þess að kynna sér tengsl manns við heimili ef þess er óskað að hann verði fjarlægður þaðan. Þannig geti þeir fjarlægt gestkomandi að ósk húsráðanda en ríkar ástæður þurfi til þess að fjarlægja heimilisfasta, svo sem að viðkomandi sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum eða að hann hafi framið lögbrot sem geri það nauðsynlegt að hann verði handtekinn. Lögreglumönnum er bent á að forðast að taka málstað annars hvors aðilans ef um deilur í heimahúsi er að ræða og einnig að best sé að sá lögregluþjónn sem elstur er hafi orð fyrir þeim þar sem oft getur verið erfiðara að eiga við fólk sem er eldra en lögreglumaðurinn, sérstaklega þegar um viðkvæm mál er að ræða.

Um tölulega skráningu brota er flokkast sem heimilisofbeldi.

Þegar mál sem flokkast sem heimilisofbeldi eru skoðuð verður ljóst að skilgreina má betur hvaða mál skuli skrá í þennan málaflokk. Berist lögreglu tilkynning um ofbeldi í heimahúsi eru upplýsingar um það færðar í dagbók. Oft er færsla í dagbókina látin nægja en í alvarlegri málum er lögregluskýrsla hins vegar rituð. Fær skýrslan þá sérstakt númer í málaskrá og framhaldsmeðferð. Færsla heimilisofbeldis í dagbók kann að falla í einn af þremur eftirtalinna flokka:

9501 Heimilisófriður, ölvun
9502 Heimilisófriður, ofbeldi
9599 Heimilisófriður, annað

Auk þess að vera skráð í einn af þessum þremur flokkum geta mál sem varða ofbeldi í heimahúsi verið skráð t.d. sem líkamsmeiðingar, hótanir og ágreiningur milli aðila.

Í ljósi þessa er full ástæða til að benda á mikilvægi þess að sett verði fram skilgreining á því hvað telst heimilisofbeldi og hvaða þættir eigi að ráða því hvernig málin eru skráð. Slíkar breytingar þarf að kynna rækilega innan lögreglunnar í samræmingarskyni.

Eðli og umfang heimilisofbeldis í Reykjavík.

Bent hefur verið á að heimilisofbeldi eigi sér oftast stað á virkum dögum, seint um kvöld eða um nótt. Þolendur eru oftast konur og börn en gerendur karlmenn. Reynsla lögreglunnar er sú að oftar en ekki hefur gerandi og jafnvel þolandi neytt áfengis en ekki er hægt að túlka það sem svo að áfengið sé orsök ofbeldis heldur frekar fylgifiskur þess.

Gera má ráð fyrir að lítill hluti brota sem teljast heimilisofbeldi séu tilkynnt til lögreglu og að brot séu frekar tilkynnt ef þolandi hefur hlotið áverka. Vegna þessa er erfitt að meta

umfang heimilisofbeldis. Tölur frá lögreglu geta þó gefið vísbendingar um umfangið en hafa ber í huga að margir þættir geta haft áhrif á fjölda skráðra brota.

Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda mála sem flokkuð voru sem heimilisófriður í dagbók og málaskrá lögreglunnar á árinu 1997. Þar kemur fram að samtals eru 525 mál flokkuð sem heimilisófriður, þar af 162 skráð í málaskrá.



Fjöldi mála sem teljast til heimilisofbeldis kærðra til lögreglunnar í Reykjavík árið 1997 samkvæmt dagbókarfærslum og málaskrá.

Á myndinni kemur fram að mun fleiri mál sem varða heimilisófrið eru skráð í dagbók en í málaskrá. Eins og áður hefur komið fram er mörgum málum lokið með dagbókarfærslu en hins vegar liggja ekki fyrir skýrar vinnureglur um hvenær ljúka megi málum þannig og hvenær eigi að halda máli áfram. Ýmislegt bendir þó til þess að áverkar á þolanda og það hvort hann segist vilja kæra ráði miklu um framhaldið. Þannig voru aðeins 46% þeirra mála sem flokkast undir „ofbeldi" í dagbók skráð í málaskrá, einungis 34% mála sem talin eru tengjast ölvun og ekki nema 18% þeirra sem skráð eru sem „annað".

Af þeim málum sem skráð eru í málaskrá eru langflest lögð upp, þ.e. rannsókn þeirra er hætt og þeim talið lokið. Þannig kemur fram að af 85 málum sem flokkuð voru undir „ölvun" er 81 máli lagt upp, af 46 málum flokkuð sem „ofbeldi" er 37 málum lagt upp og af 31 máli flokkuð undir „annað" er 25 málum lagt upp. Engin vinnuregla er til þar sem tekið er á því hvaða mál eru rannsökuð áfram og hvaða mál eru lögð upp og virðist ákvörðun í þeim efnum einkum byggð á rannsóknarreynslu rannsóknara.

Úrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Lögreglumenn sem annast útköll í heimahús hafa ekki mörg úrræði að bjóða þolendum heimilisofbeldis. Sé barn á heimilinu sem lögreglumaður telur ógnað af ástandinu getur hann

kallað til barnaverndaryfirvöld. Aðgangur að barnaverndaryfirvöldum er hins vegar ekki jafngreiður um allt land og því mikilvægt að þau mál séu skoðuð frekar með tilliti til þess hvort mögulegt sé að koma á bakvöktum.

Á höfuðborgarsvæðinu geta konur og börn sem eru þolendur heimilisofbeldis leitað til Kvennaathvarfsins. Algengast er þó að konur kjósi að vera um kyrrt á heimili eða fara til vinar eða ættingja.

Mikilvægt er að brotaþolar fái upplýsingar um hjálparúrræði sem fyrir hendi eru og um það hvernig mál ganga fyrir sig í réttarkerfinu. Í greinargerð danska dómsmálaráðuneytisins með frumvarpi sem varð að lögum nr. 349/1997, um breytingu á réttarfarslögum, hegningarlögum og lögum um ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu bóta til að bæta réttarstöðu brotaþola, er að finna ráðagerð um að dómsmálaráðuneytið láti útbúa upplýsingabækling sem afhentur yrði brotaþolum, m.a. af lögreglunni sem yfirleitt hefur fyrstu samskipti við brotaþola. Um innihald slíks upplýsingabæklings segir í greinargerðinni:

„Pjecen skal give en beskrivelse af forløbet af en straffesag både med hensyn til politiets behandling og en eventuel senere retssag.

Endvidere skal der gives oplysning om rettigheder og pligter i forbindelse med en straffesag. Det kan bl.a. nævnes, at et offer, der indkaldes til afhøring hos politiet eller som vidne i retten, har ret til at medtage en støtteperson under afhøringen. Ofret bør samtidig informeres om, at den pågældende kan blive indkaldt flere gange for at afgive forklaring. Det kan også være relevant at oplyse, at der ved vidneafhøring i retten kan tages særlige hensyn til ofre, der er bange for at blive konfronteret med gerningsmanden, og at ofret kan rette henvendelse herom til politiet eller retten inden retsmødet.

Endelig skal pjecen indeholde information om offentlige og private tilbud om hjælp til ofre for forbrydelser, herunder om Nævnet vedrørende erstatning til ofre for forbrydelser, om eventuelle offerrådgivninger og eventuelt også om organisationen »Hjælp Voldsofre« og de tilbud, som denne foreningen giver."

Úrræði fyrir gerendur.

Úrræði fyrir gerendur hafa lítið verið í umræðunni enda flestir lagt áherslu á að veita þolendum sem mesta hjálp. Þegar lögreglan hefur afskipti af heimilisofbeldi þar sem heimilisfaðir er gerandi er því úrræði oft beitt að handtaka hann og flytja til tímabundinnar vistunar í fangageymslum lögreglu. Ekki er föst regla á því að rætt sé við þessa menn eða kannað hvort þeir hafi áður verið grunaður um sams konar brot.

IV. Meðferð mála hjá lögreglu.

Eitt af viðfangsefnum lögreglunnar er að sinna útköllum í heimahús þar sem konur hafa þolað ofbeldi af hendi maka. Af hálfu Reykjavíkurlögreglunnar er þessum málum skipað á meðal forgangsverkefna og er við það miðað að lögreglumenn í útrásarliði geti kvatt sér til aðstoðar lögregluvarðstjóra þegar taka þarf mikilvægar ákvarðanir á vettvangi. Að öðru leyti fer fyrir lögreglumönnum sá sem elstur er í starfi og mesta reynslu hefur af lögreglustörfum. Það ræðst síðan af eðli máls og alvarleika brots hverju sinni hvort lögregluskýrsla er skráð um útkallið eða upplýsingar færðar í dagbók.

Mikilvægt er að lögð sé áhersla á að undantekning er frá meginreglu að refsikröfu þess sem misgert er við þurfi til þess að mál sé höfðað. Hafa verður í huga að það kann að vera að kæra sé afturkölluð vegna þess t.d. að kærandinn óttist kærða eða sé honum háður. Í þessu sambandi er ekki síst mikilvægt að horfa til þess að hagsmunir fleiri kunna að vera í húfi en þess sem ofbeldi beitir og hins sem fyrir því verður, svo sem einkum barna sem búa á heimilinu.

Í upplýsingariti fyrir lögreglumenn sem lögreglan í Reykjavík gaf út í október 1990 er lögð áhersla á að mál sem lúta að útköllum í heimahús séu viðkvæm viðfangsefni sem taka þurfi á með varúð. Minnt er á að lögreglan kynni sér málavexti rækilega og meti hvort um

er að tefla „lagabrot eða hættusjónarmið". Við ákvörðum um handtöku heimilismanns þurfi að liggja fyrir að einstaklingur sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum, eða hafi framið „lagabrot sem geri það nauðsynlegt að hann sé tekinn". Kafli sá sem hér er vitnað til ber yfirskriftina „útköll í heimahús". Þar er ekki að finna sérstök tilmæli til lögreglumanna um að útskýra réttarstöðu þolenda og að vitnisburður þeirra verði e.t.v. lagður til grundvallar við lögregluranns6kn máls á síðara stigi.

Lögreglumenn sem komu fyrir nefndina sögðu það háð mati hverju sinni til hvaða aðgerða sé gripið þegar komið er á vettvang. Skipt geti máli hvort tilkynnandi er heimilismaður sjálfur eða nágranni og hvaða upplýsingar eru bornar fram. Til þess geti komið að lögregla brjóti sér leið inn í íbúð en við ákvörðun um svo yfirgripsmikla aðgerð ráði miklu hvers eðlis tilkynningin er og hvort aðstæður á vettvangi gefa til kynna hættuástand. Önnur atriði geti hér einnig skipt máli.

Lögreglumenn bjóða þolendum heimilisofbeldis aðstoð við að komast undir læknishendur þegar þannig stendur á. Þeir aðstoða þá sem vilja yfirgefa heimili sín við að komast annað — oft til ættingja eða vina — og ef börnum er hætta búin, eða aðstæður þeirra krefjast þess að öðru leyti, er fulltrúi barnaverndaryfirvalda kallaður til, sbr. ákvæði 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Lögreglumennirnir nefndu sem úrræði í þessu sambandi mikilvæga þjónustu Kvennaathvarfsins og í vissum tilfellum væri athygli þolenda vakin á Stígamótum. Þá væri réttarstaða útskýrð fyrir þolendum og þeim leiðbeint um lögregluranns6kn málanna. Þeir tóku það fram að þrátt fyrir að kærur bærust lögreglunni féllu þolendur frá kærum sínum í flestum tilfellum að liðnum einhverjum tíma. Slík mál hefðu ekki frekari framgang í réttarvörslukerfinu nema einstaka tilfelli og einkum alvarlegustu brotin. Ákvörðun sína um að falla frá kæru skýrðu þolendur með mismunandi hætti, t.d. að fjölskyldan hefði ákveðið að setja niður deilur og kærði muni „gera eitthvað í sínum málum", kærumál og e.t.v. fangelsisrefsing kunni að hafa þungbær áhrif fyrir börnin á heimilinu, en ekki síst að kærði kunni í hefndarskyni að ganga fram af meiri hörku haldi kærumál áfram. Við þessar kringumstæður og með vísan til undanþáguákvæðis frá vitnaskyldu í 50. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, væri fáum réttarúrræðum til að dreifa og lítið annað fyrir lögregluna að gera en að bjóða fram aðstoð sína.

Í þessu samhengi er rétt að nefna mikilvæg sönnunargögn sem eru áverkavottorð lækna fyrir þolendur ofbeldisbrota, en til að afla þeirra getur þurft samþykki þess sem hlut á að máli. Lögreglan hefur staðið frammi fyrir þeim vanda að í áverkavottorðum koma fram aðrar staðhæfingar um tilkomu áverka en tilgreindar eru í lögregluskýrslum, t.d. á þá leið að þolandi hafi dottið án þess að annar hafi komið þar við sögu. Hefur verið bent á það í þessu sambandi að þolendur heimilisofbeldis hafi tilhneigingu til þess að halda leyndu því sem raunverulega gerðist og vilji verndа maka fyrir afleiðingum samskipta við hjúkrunarfólkið. (Tilkynning til barnaverndaryfirvalda og e.t.v. lögreglu.) Hins vegar er ósamræmi af þessu tagi líklegt til þess að veikja sönnunarstöðu málanna sem af öðrum ástæðum getur verið veik fyrir.

Í júnímánuði 1994, í tíð Rannsóknarlögreglu ríkisins, voru gefnar út leiðbeiningar með minnisatriðum um kærumál sem lúta að heimilisofbeldi. Þar er tekið fram hvaða ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sé rétt að hafa í huga þegar heimilisofbeldi er til meðferðar fyrir lögreglu. Eru þessi ákvæði talin upp: 217. og 218. gr. um líkamsárásir, 225. gr. um brot gegn frjálsræði og 233. gr. þegar um er að ræða ofbeldishótun. Lögð er áhersla á að kanna vettvang eins fljótt og mögulegt er og lýsa honum skilmerkilega, leita vitna sem oft eru heimilisfólk en geta verið aðrir, og að taka strax niður frásögn þolandans og fá hana undir-

skrifaða ef þess er kostur. Í þessu sambandi er minnt á að undanþáguákvæði laga um meðferð opinberra mála geti átt við. Þá er tekið fram að þótt kærandi vilji ekki aðstoða við rannsóknina á síðara stigi og jafnvel afturkalla kæru sína verður málinu allt að einu haldið áfram af hálfu lögreglu liggi fyrir skýrar vísbendingar um að kærði hafi viðhaft refsivert athæfi. Skipta fyrstu aðgerðir lögreglu þá mestu máli.

Þrátt fyrir breytta skipan lögreglumála með gildistöku laga nr. 90/1996, lögreglulaga, 1. júlí 1997, og að nýjar leiðbeiningar fyrir lögregluna um heimilisofbeldi hafa ekki verið gefnar út, standa fyrrnefndar leiðbeiningar fyrir sínu. Þær geyma í öllum aðalatriðum minnisatriði sem hafa ber í huga við fyrstu aðgerðir lögreglu og lögregluranns6kn málanna á síðara stigi.

Þess má geta að bresk lögregluyfirvöld hafa á síðustu árum tekið upp breytt vinnulag í málum sem varða heimilisofbeldi og sett ítarlegar starfsreglur. Nýjar starfsreglur má rekja til tillagna starfshóps Lundúnalögreglunnar (Metropolitan Police), sem settur var á fót um miðjan 9. áratuginn. Í framhaldi af tillögum starfshópsins sendu bresk lögregluyfirvöld frá sér stefnuyfirlýsingu árið 1987 þar sem lögð var á það áhersla að brot sem framið er á heimili er jafnrefsivert og brot sem framið er úti á götu. Þá var þremur meginstefnumiðum lýst:

— Lögreglan skal skerast í leikinn, frekar en að reyna að miðla málum.
— Auka skal aðstoð við brotaþola, svo sem upplýsingagjöf og eftirfylgni mála.
— Lögreglan skal vinna með öðrum stjórnvöldum og félagasamtökum í því skyni að auka aðstoð við brotaþola.

Athuganir hafa leitt í ljós að stefnuyfirlýsingin hefur haft jákvæð áhrif á samskipti lögreglu og þolenda heimilisofbeldis. Konur sem beittar hafa verið ofbeldi hafa verið fúsari til kæru, kærum hefur verið betur fylgt eftir, fjölgað hefur handtökum í tengslum við heimilisofbeldismál og fleiri mál hafa gengið til ákæruvalds en áður var. Þá hefur fjölgað lögregluliðum sem sett hafa á fót sérhæfðar deildir til að sinna málum vegna heimilisofbeldis.

Árið 1990 kynntu bresk stjórnvöld lögreglustjórum stefnu sína varðandi meðferð heimilisofbeldismála og aðgerðir lögreglu á vettvangi. Samkvæmt því er meginákersla lögð á eftirfarandi atriði:

— Meginskylda lýtur að því að vernda brotaþola og börn gegn frekari árásum.
— Heimilisofbeldismál skulu hljóta sömu meðferð og önnur ofbeldisbrot.
— Áhersla er lögð á heimildir til handtöku.
— Hætta fylgir því að reyna að sætta árásarmann og brotaþola.
— Mikilvægi stöðugs eftirlits með því hvernig stefnu stjórnvalda er fylgt eftir í framkvæmd.

Athuganir hafa sýnt að yfirlýst stefna breskra stjórnvalda í þessum efnum hefur haft áhrif í þá veru að breyta viðhorfum lögreglunnar til meðferðar mála vegna heimilisofbeldis og að lögreglumenn líta þessi mál almennt alvarlegri augum en áður var.

Um framvindu heimilisofbeldismála getur skipt nokkru hvenær kærumál eru tekin fyrir af hálfu lögreglunnar. Efalítið getur lögreglan gert betur í því að hraða lögregluranns6kn enn frekar sem borið getur þann árangur að fleiri mál sæti ákæru og meðferð fyrir dómstólum.

V. Löggjöf.

Íslensk refsilög geyma ekki sérákvæði um heimilisofbeldi. Svo sem rakið hefur verið er hugtakið heimilisofbeldi í skýrslu þessari notað til að lýsa því ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka, hvort sem um er að ræða hjón eða sambúðarfólk. Rétt þykir í þessu sambandi að einskorða ofbeldishugtakið ekki við líkamlegt of-

beldi í hinni þrengri merkingu refsiréttar heldur skilgreina það svo rúmt að undir það geti fallið verknaðir þar sem reynir á nauðung, frelsissviptingu, ofsóknir og hótanir.

Til heimilisofbeldis gætu einkum talist líkamsmeiðingar, sbr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, húsbrot, ofsóknir og hótanir, sbr. 231., 232. og 233. gr., og nauðgun, sbr. 194. gr., en einnig ýmis nauðungar- og frelsissviptingarbrot, sbr. 195., 225. og 226. gr. laganna.

Talsverðar umbætur hafa orðið á refsi- og réttarfarslöggjöf hér á landi á síðustu árum, auk breyttra rannsóknarhátta, og horfa ýmis nýmæli til bættrar réttarstöðu þolenda afbrota. Má þar einkum nefna ríkisábyrgð á bótum, nýmæli varðandi rannsókn kynferðisbrota og reglur um yfirheyrslur.

Bótaréttur.

Brotaþoli getur komið að bótakröfu í refsimáli samkvæmt ákvæðum XX. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og á rétt á að fá greiddar bætur vegna líkamstjóns og miska samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995. Sá sem fer með rannsókn máls skal skv. 170. gr. laga um meðferð opinberra mála gefa tjónþola kost á að gera bótakröfu og leiðbeina honum um gerð hennar. Þá skal lögregla skv. 18. gr. laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota leiðbeina tjónþola um rétt til greiðslu bóta samkvæmt lögunum.

Samræmdar reglur um hvernig lögregla skuli kynna brotaþola bótarétt eru ekki til. Í tilefni af gildistöku laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum ritaði rannsóknarlögreglustjóri dómsmálaráðuneytinu bréf, dags. 21. mars 1995, þar sem vísað var til danskra leiðbeininga og bent á að þar væri að finna góða fyrirmynd að fyrirkomulagi og framkvæmd í þessu efni. Bréfinu fylgdu afrit af tilkynningu danska ríkissaksóknarans til lögreglustjóra, nr. 4/1990, um reglur um leiðbeiningar að þessu leyti og umsókn um bætur sem lögregla þar í landi afhendir tjónþolum.

Reglur danska ríkissaksóknarans lúta að því að lögregla skuli vekja athygli tjónþola á bótarétti hans, afhenda tjónþola umsóknareyðublað og kynna honum að umsókn skuli beina til lögreglunnar. Ef mál er enn til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða fyrir dómi, skal kynna umsækjanda að lögregla muni ekki senda umsókn til bótanefndar fyrr en að lokinni þeirri meðferð. Ef ekki er upplýst innan mánaðar frá broti hver hinn brotlegi er má þó senda bótanefnd umsókn. Sama gildir ef brot hefur leitt til dauða. Þá er í reglum ríkissaksóknara ákvæði um samspil við ábyrgðartryggingar ökutækja og heimilistrygginga, sem ekki verða raktar hér.

Aftan á umsóknareyðublaði sem lögregla afhendir tjónþola er að finna ítarlegar leiðbeiningar um bótarétt þar sem rakin eru meginákvæði laga um ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu bóta til þolenda afbrota. Þar er einnig að finna leiðbeiningar um hvernig fylla skuli út eyðublaðið.

Málsvari brotaþola.

Rannsókn kynferðisbrotamála hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Við slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur er starfrækt neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisbrota. Þar er til taks starfsfólk sem er sérþjálfað í að veita þeim sem verða fyrir slíkum brotum aðstoð, læknar, hjúkrunarfólk, sálfræðingar og félagsráðgjafar. Lögregla hefur náið samstarf við starfsmenn neyðarmóttökunnar og þangað er brotaþola fylgt strax eftir að kæra berst. Á neyðarmóttökunni gefst brotaþola einnig kostur á að ráðfæra sig við löglærðan talsmann, sér að kostnaðarlausu. Ef til kæru kemur fylgir talsmaðurinn brotaþola í gegnum kæruferlið, leiðbeinir honum um gerð bótakröfu og fylgir bótakröfu eftir í dómi, ef þess er

talin þörf, sbr. ákvæði 5. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála. Mikil réttarbót er fólgin í því að brotaþoli skuli hafa aðgang að löglærðum talsmanni. Þessi réttur er hins vegar ekki lögvarinn, svo sem er t.d. að norrænum rétti, sbr. a–e-liði 741. gr. danskra réttarfarslaga um „advokatsbistand til den forurettede", a–d-liði norskra réttarfarslaga um „fornærmedes rett til advokat" og sænsk sérlög (nr. 1988:609) um „målsägandebiträde".

Samkvæmt a–d-lið 107. gr. norskra réttarfarslaga, nr. 25/1981, eins og þeim var breytt með lögum nr. 50/1994, eiga þolendur kynferðisbrota, samkvæmt ákvæðum er samsvara 194.–197. gr., 1. og 2. mgr. 200. gr., 201. og 202. gr. almennra hegningarlaga, rétt á að fá skipaðan löglærðan talsmann og er lögreglu skylt að kynna brotaþola þennan rétt. Að auki er dómara heimilt að skipa brotaþola löglærðan talsmann ef ástæða er til að ætla að brotaþoli hljóti verulegt líkams- eða heilsutjón og lögmannsaðstoðar þykir þörf.

Talsmaður gætir réttar brotaþola við lögregluransókn málsins og meðferð þess fyrir dómi. Hann á rétt á að vera viðstaddur yfirheyrslur yfir kærða fyrir lögreglu og fyrir dómi, koma að spurningum við þær yfirheyrslur og mótmæla spurningum sem eru málinu óviðkomandi eða ótilhlýðilega framsettar. Þá skal talsmaður eiga færi á að tjá sig um réttarfarsatriði og rökstyðja og reifa bótakröfu.

Sænsk sérlög nr. 1988:609 geyma ákvæði um rýmri rétt brotaþola til talsmanns en leiddur verður af norskum réttarfarslögum. Rétt til talsmanns eiga þolendur brota sem lýst er í 6. kafla sænskra hegningarlaga um kynferðisbrot, nema það sé sýnilega óþarft, þolendur ránsbrota og brota skv. 3. og 4. kafla hegningarlaganna um brot gegn lífi og líkama, frjálsræði og friðhelgi einkalífs, ef þau brot varða fangelsi, og loks þolendur annarra brota, ef þau varða fangelsi og sérstök þörf þykir á að skipa brotaþola talsmann, með hliðsjón af högum hans og málsatvikum að öðru leyti. Talsmaður er skipaður af dómara og hefur hann svipað hlutverk og að norskum rétti.

Samkvæmt a–e-liðum 741. gr. danskra réttarfarslaga, eins og þeim var breytt með lögum nr. 349/1997, eiga rétt til talsmanns þolendur brota er samsvara 106. gr. almennra hegningarlaga um brot gegn valdstjórninni, 194.–202. gr. um kynferðisbrot og 209. gr. um brot gegn blygðunarsemi, 211. gr., sbr. 20. gr., og 217.–220. gr. um brot gegn lífi og líkama, 225. og 226. gr. um nauðung og frelsissviptingu og 252. gr. um rán. Rétt til talsmanns eiga einnig þolendur skv. 123. gr. danskra hegningarlaga um vitnavernd, en íslensk lög geyma ekki samsvarandi ákvæði. Þó má synja um talsmann í málum vegna brota annarra en alvarlegra kynferðisbrota, sem samsvara brotum skv. 194. og 195. gr. almennra hegningarlaga, 196. gr. að hluta til, 200. og 201. gr., ef ekki er um alvarlegt brot að ræða og ekki þykir nauðsyn til skipunar talsmanns. Í greinargerð með lögum nr. 349/1997 kemur fram að meginreglan skuli vera sú að þolendur ofbeldis- og kynferðisbrota skuli eiga rétt á að fá skipaðan talsmann. Dómara skuli hins vegar vera heimilt að synja um skipun talsmanns í minni háttar málum, en þó aðeins í undantekningartilvikum, svo sem vegna slagsmála á öldurhúsum o.fl., ef þolandi hefur ekki orðið fyrir teljandi tjóni. Hlutverk talsmanna samkvæmt dönskum réttarfarslögum er svipað og lýst hefur verið hér að framan.

Vitnavernd.

Ítarleg ákvæði um yfirheyrslur er að finna í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu nr. 395/1997. Meðal annars er gert ráð fyrir því að við yfirheyrslur þolenda kynferðisbrota skuli taka skýrslur upp á hljóðband og jafnframt upp á myndband, ef þess er kostur. Í slíkum málum má heimila þeim sem brotaþoli óskar að vera við yfirheyrsluna.

Íslensk refsilöggjöf hefur ekki að geyma ákvæði sem lýtur að vitnavernd. Í því sambandi má vísa til ákvæðis í 123. gr. danskra hegningarlaga, svohljóðandi:

"Den, som med trussel om vold forulemper, eller som med vold, ulovlig tvang efter § 260, trusler efter § 266 eller på anden måde begår en strafbar handling mod en person eller dennes nærmeste i anledning af personens forventede eller allerede afgivne forklaring til politiet eller i retten, straffes med hæfte eller fængsel indtil 6 år, under formildende omstændigheder med bøde."

Í ákvæðinu er mælt fyrir um refsingu þess sem með ofbeldi, ólögmætri nauðung, hótunum eða á annan hátt fremur refsivert brot gegn öðrum manni, eða einhverjum þeim nákomnum, vegna fyrirhugaðrar yfirlýsingar, eða yfirlýsingar sem hann hefur þegar gefið, fyrir lögreglu eða dómi. Slík háttsemi getur varðað fangelsi allt að sex árum. Samkvæmt greinargerð með ákvæðinu tekur það einnig til vitna í einkamálum. Ákvæðinu er ætlað að hindra að vitni verði beitt þvingunum eða þurfi að þola hefndaraðgerðir vegna framburðar síns. Það er í þeim kafla hegningarlaganna sem lýtur að brotum gegn valdstjórninni.

Nálgunarbann.

Íslensk lög hafa ekki að geyma ákvæði um nálgunarbann. Skv. 232. gr. almennra hegningarlaga varðar það allt að sex mánaða fangelsi að sinna ekki áminningu lögreglu um að hætta að ásækja mann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í fimm ár samkvæmt ákvæðinu. Hins vegar er hvergi í lögum að finna ákvæði um efnisinnihald áminningar af þessu tagi, eða málsmeðferð við beitingu þessa úrræðis. Í næsta þætti verður fjallað nánar um lögregluáminningu.

Þá er heimilt skv. 2. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga að binda frestun ákvörðunar um refsingu eða fullnustu refsingar skilyrði um að aðili hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um umgengni við aðra menn.

Í 265. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 57. gr. danskra hegningarlaga er að finna ákvæði sambærileg þeim sem hér hafa verið rakin um lögregluáminningar og skilorðsdóma. Í Svíþjóð gilda hins vegar sérstök lög um nálgunarbann (nr. 1988:688). Samkvæmt lögunum leggur ákærandi nálgunarbann á, en ákvörðun þar um er heimilt að bera undir dómara. Brot gegn nálgunarbanni varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Ákvæði um nálgunarbann er einnig að finna í 33. gr. norskra hegningarlaga, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 50/1994. Samkvæmt ákvæðinu getur dómari kveðið á um nálgunarbann í refsidómi og varðar brot gegn slíku banni refsingu skv. 2. mgr. 342. gr. laganna. Þá er heimilt skv. a-lið 3. mgr. 53. gr. laganna að takmarka umgengni við aðra menn í tengslum við skilorðsdóm. Þá var einnig með lögum nr. 50/1994 tekið upp í norsku réttarfarslögin nýtt ákvæði, 222. gr. a., um nálgunarbann. Ákæruvaldið tekur ákvörðun um nálgunarbann samkvæmt ákvæðinu, en sú ákvörðun sætir endurskoðun dómara innan þriggja daga.

Áminning eða aðvörun lögreglu.

Í 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga er orðið áminning notað, en hér á eftir mun orðið aðvörun notað jöfnum höndum. Áminning lögreglu samkvæmt ákvæðinu er alls óskyld áminningu sem fjallað var um í 1. tölul. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Samkvæmt því ákvæði mátti dómari ljúka máli án málshöfðunar með áminningu, ef brot var mjög smávægilegt.

Í danska lagatextanum, sem er fyrirmynd hins íslenska, er orðið „advarsel“ notað þar sem orðið áminning er notað í íslenska textanum, sbr. 265. gr. dönsku hegningarlaganna. Danir nefna þetta einnig „tilhold“ sem þýðir skipun eða boð.

Ákvæðið í 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga kveður ekki beinlínis á um að lögreglan hafi heimild til að gefa manni áminningu eða veita honum aðvörun fyrir að raska friði einhvers, en efni og orðalag ákvæðisins gerir ráð fyrir að lögreglan áminni vegna slíkrar háttsemi. Í greinargerð með ákvæðinu segir: „*Samkvæmt 1. mgr. verður áminning lögreglunnar fyrst að koma til. Ef sökunautur lætur ekki við það skipast, skal honum refsað eftir því, sem í 1. mgr. segir, ef sá krefst þess, sem misgert er við, sbr. 242. gr.*“ Hafi áminning ekki verið gefin er háttsemin sem lýst er í hegningarlagaákvæðinu refsilaus nema hún kunni að vera refsiverð samkvæmt öðrum lagaákvæðum eða reglum, svo sem lögreglusamþykkt.

Samkvæmt framangreindu þykir mega draga þá ályktun af efni 1. mgr. 232. gr. að lögreglan hafi ekki einungis heimild til að áminna mann eða aðvara, *raski hann friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum,* heldur beri henni að áminna mann vegna slíkrar háttsemi sem lýst var, enda er undangengin áminning forsenda þess að refsað verði fyrir verknaðinn.

Jafnframt þykir mega draga þá ályktun að lögreglan hafi ekki heimild til að gefa áminningu nema maður hafi áður raskað friði annars manns eins og lýst er í ákvæðinu. Slík háttsemi er skilyrði áminningar. Áminningin eða aðvörunin má ekki lúta að annarri hegðun en þeirri sem refsiverð getur verið samkvæmt lagaákvæðinu.

Algengustu tilefni áminningar eða aðvörunar lögreglu eru ítrekaðar símahringingar eða símaónæði og bréfasendingar.

Áminning lögreglunnar er tvímælalaust stjórnvaldsákvörðun, sem fellur undir ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber því að fylgja fyrirmælum stjórnsýslulaga um meðferð máls. Áminning verður kærð til dómsmálaráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og ber lögreglunni að leiðbeina aðila um kæruheimild.

Á lögmæti aðvörunar kann að reyna við dómsmeðferð sakamáls sem höfðað er á hendur manni, sem ekki hefur látið sér segjast, fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga. Jafnvel gæti reynt á lögmæti aðvörunar í sérstöku dómsmáli sem höfðað er til ógildingar á aðvörun.

Lögregluáminning færist í sakaskrá skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um sakaskrá ríkisins, nr. 249/1992. Ber lögreglunni að senda tilkynningu um að áminning hafi verið gefin til sakaskrár.

VI. Tillögur nefndarinnar.

Skráning mála hjá lögreglu.

Nefndin leggur til að ríkislögreglustjórinn gefi út leiðbeiningar til lögreglustjóra um hvernig haga skuli skráningu heimilsofbeldis í dagbók og málaskrá. Með því móti verði tryggt að lögregla geti á leið á vettvang fengið upplýsingar um fyrri afskipti lögreglu af sama heimili.

Lögregluransóknin.

Nefndin leggur til að ríkislögreglustjórinn gefi út leiðbeiningarreglur til lögreglustjóra um það hvernig haga skuli rannsókn mála vegna heimilisofbeldis. Þar yrði m.a. lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Að kanna vettvang eins fljótt og unnt er og lýsa skilmerkilega.
2. Að leita vitna, sem oft eru heimilisfólk eða nágrannar.
3. Að skrá frásögn brotaþola strax niður og fá hana undirritaða, sé þess nokkur kostur. Hafa verður í huga í þessu sambandi ákvæði 50. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, um undanþágu frá vitnaskyldu.
4. Að huga að, eftir því sem mögulegt er, og lýsa áverkum brotaþola.
5. Að færa brotaþola sem hlotið hefur áverka til læknis eða á slysamóttöku eða, ef því er að skipta, á neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgunar.
6. Þótt brotaþoli vilji ekki aðstoða við rannsóknina á síðara stigi og jafnvel afturkalla kæru sína verður málinu allt að einu haldið áfram af hálfu lögreglu, ef fyrir liggja vísbendingar um að kærði hafi viðhaft refsivert athæfi. Skipta fyrstu aðgerðir lögreglu þá miklu máli.

Önnur atriði sem rétt þykir að hafa í huga eru:

7. Fjölskyldugerð eða -stærð, einkum með tilliti til barna.
8. Fyrri útköll eða afskipti lögreglu af heimilinu.
9. Vitneskja félagsmálayfirvalda og afskipti þeirra af fjölskyldunni.

Leiðbeiningar til brotaþola.

Komi lögregla á heimili þar sem grunur leikur á að ofbeldi hafi verið beitt, en atvik eru með þeim hætti að ekki er unnt að aðhafast neitt frekar og sá sem sýnist hafa orðið fyrir ofbeldinu vill ekki frekari afskipti, væri æskilegt að geta skilið eftir upplýsingabækling sem brotaþoli getur skoðað í næði á meðan hann gerir upp hug sinn um framhaldið. Mikilvægt er að slíkur bæklingur geymi upplýsingar um réttindi brotaþola og hjálparúrræði sem honum standa til boða, m.a. á vegum félagasamtaka, auk lýsinga á ferli opinberra mál ganga í meginatriðum.

Lagt er til að ríkislögreglustjórinn gefi út reglur um hvernig lögregla skuli kynna brotaþola bótarétt. Í því sambandi er vísað til danskra leiðbeininga, en þar er að finna góða fyrirmynd að fyrirkomulagi og framkvæmd í þessu efni.

Nálgunarbann og málsvari brotaþola.

Nefndin leggur til að lögfestar verði reglur um nálgunarbann og um rétt brotaþola til að fá skipaðan löglærðan talsmann hvenær sem er á meðan lögregluransókn eða dómsmeðferð stendur yfir. Í þessu efni tekur nefndin undir tillögur nefndar dómsmálaráðherra sem samhliða þessari starfar, um meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu.

Vitnavernd.

Nefndin leggur til að í almenn hegningarlög verði tekið ákvæði um vitnavernd, sbr. einkum ákvæði 123. gr. dönsku hegningarlaganna þar um. Í ákvæðinu verði mælt fyrir um refsingu þess sem með ofbeldi, ólögmætri nauðung, hótunum eða á annan hátt, fremur refsivert brot gegn öðrum manni, eða einhverjum þeim nákomnum, vegna fyrirhugaðrar yfirlýsingar, eða yfirlýsingar sem hann hefur þegar gefið, fyrir lögreglu eða dómi. Ákvæðinu verði skipað í kafla um brot gegn valdstjórninni.

Form og efni lögregluáminningar.

Lagt er til að ríkislögreglustjórinn gefi út almennar leiðbeiningar til lögreglustjóra um hvers beri að gæta þegar lögregluáminning er veitt. Leiðbeiningar gætu verið á þessa leið að dómi nefndarinnar:

1. Gæta ber ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við meðferð máls, sbr. einkum fyrirmæli í 3., 4. og 5. kafla laganna.
2. Áminning skal vera skrifleg og ber að tilgreina svo gjörla sem kostur er efni þeirra ávirðinga sem áminnt er fyrir og þau tímabil er hin ámælisverða hegðun á að hafa átt sér stað.
3. Áminna má mann fyrir að raska friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum. Ekki verður veitt áminning fyrir aðra hegðun.
4. Afhenda ber aðila máls afrit af áminningarbréfi þegar áminning er birt.
5. Kynna skal aðila máls heimild hans til að kæra áminningu til dómsmálaráðherra.

1384. Skýrsla [713. mál]

dómsmálaráðherra um meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. INNGANGUR

Hinn 25. apríl 1997 ritaði dómsmálaráðuneytið stjórn Dómarafélags Íslands bréf þar sem kynnt var sú fyrirætlan dómsmálaráðherra að niðurstöður skýrslu nefndar sem skipuð var til að undirbúa og hafa umsjón með rannsóknum á ástæðum, afleiðingum og umfangi heimilisofbeldis gegn konum og börnum yrðu nýttar til úrbóta á þessum vettvangi. Segir síðan í bréfi ráðuneytisins að ráðherra hafi ákveðið að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að huga að meðferð þessara mála í dómskerfinu og legði hún fyrir dómsmálaráðherra tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal tillögur um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf, ef því er að skipta. Hinn 18. ágúst sl. skipaði dómsmálaráðherra Allan Vagn Magnússon héraðsdómara, sem tilnefndur var af stjórn Dómarafélags Íslands, Ragnheiði Harðardóttur, þá deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu en nú settan saksóknara, og Sigríði Jósefsdóttur saksóknara í nefnd til þess að fjalla um framangreint viðfangsefni og var Allan Vagn skipaður formaður nefndarinnar. Sama dag voru skipaðar tvær aðrar nefndir, önnur til þess að huga að meðferð þessara mála fyrir lögreglu á rannsóknarstigi og hin er geri tillögur um forvarnaaðgerðir, um hjálparúrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis og um meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Í niðurstöðukafla nefndar þeirrar sem að framan er getið segir:

„Rannsóknir á tíðni heimilisofbeldis hafa verið gerðar í ýmsum löndum en vegna mismunandi rannsóknaraðferða er erfitt að bera saman ólíkar rannsóknir milli landa. Þrátt fyrir það sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að heimilisofbeldi er sjaldgæfara en í ýmsum öðrum löndum, t.a.m í Bandaríkjunum. Umfang þess virðist vera svipað og í Danmörku en rannsóknir á tíðni heimilisofbeldis hafa ekki verið framkvæmdar annars staðar á Norðurlöndunum. Rannsóknin sem framkvæmd var hér á landi hefur ákveðna sérstöðu þar sem hún náði til allrar þjóðarinnar en flestar erlendar rannsóknir og sérstaklega bandarískar eru oft gerðar meðal tiltekinna þjóðfélagshópa (Wilt og Olsen, 1996). Út frá slíkum rannsóknum er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður og enn síður hægt að heimfæra þær á milli landa.

Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta eldri rannsóknir sem hafa sýnt að ofbeldi gegn konum er á margan hátt ólíkt ofbeldi gegn körlum. Ofbeldi gegn körlum er oftast framið af ókunnugum en ofbeldi gegn konum af einhverjum sem þær þekkja. Niðurstöðurnar sýna að þegar um er að ræða ofbeldi milli hjóna eða sambýlisfólks er ofbeldið oft endurtekið.

Þegar spurt var um það ofbeldi sem viðkomandi hafi verið beittur síðastliðna 12 mánuði má sjá hversu umfangsmikið vandamálið er á hverjum tíma. Ef tölurnar eru umreiknaðar og þeim beitt á fjölda kvenna á aldrinum 18 til 65 ára hafa tæplega 350 konur verið beittar ofbeldi einu sinni á síðasta ári af völdum núverandi

eða fyrrverandi eiginmanns eða sambýlismanns. Enn stærri hópur kvenna, um 750 konur, hafa mátt þola ofbeldi af völdum eiginmanns oftar en einu sinni og bendir það til þess að þær búi við ofbeldi. Könnunin svarar því ekki hversu oft var um einstakan ofbeldisverknað að ræða eða hvort ofbeldið var upphafið að lengra ofbeldisferli. Samtals hafa á bilinu 1000 til 1100 konur mátt þola ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi eiginmanns eða sambýlismanns á síðasta ári. Hins vegar hafa um 650 karlar verið beittir ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka. Af þessu má sjá að heimilisofbeldi er til staðar á heimilum hér á landi og í sumum tilfellum á það sér stað með reglulegu millibili.

[...]

Eins og eldri rannsóknir sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að engar einfaldar skýringar eru á heimilisofbeldi. Fjárhags- og félagslegt öryggisleysi, barnsburðarhlutverkið og yfirráð eru þættir sem skýra að einhverju leyti ofbeldi gagnvart konum. Sýnt er þó að skýringar ofbeldis er ekki að finna í einstaklingsbundnum einkennum eða félagslegum aðstæðum þeirra kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi. Ofbeldi gegn konum stafar ekki af einhverri einni orsök heldur verður það einungis skýrt út frá mörgum mismunandi orsakaþáttum. Hafa verður í huga að engin ein skýring er algild. Niðurstöðurnar sýna ekki að einstakir hópar í þjóðfélaginu verði frekar fyrir ofbeldi en aðrir. Niðurstöðurnar sýna ótvírætt að afleiðingar ofbeldis eru margþættar og oftast finna þær konur er fyrir ofbeldinu verða fyrir margs konar andlegri vanlíðan. Í rannsókninni eru greindar þrenns konar meginafleiðingar en það eru skammtímaafleiðingar, langtímaafleiðingar og öryggisleysi. Það kom á óvart að flestar konurnar höfðu leitað sér einhverrar aðstoðar. Stuðningskerfið sem konur njóta er einkum frá eigin fjölskyldu sem gæti skýrt hversu margir segjast þekkja konur sem hafa verið beittar ofbeldi.

Ofbeldi er alvarlegt vandamál eins og niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta. Leggja verður áherslu á að forvarnir og fræðsla nái til allra þar sem ein meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að ofbeldi fyrirfinnst í öllum hópum. Enn fremur vegna þess að þær konur sem hafa verið beittar ofbeldi leita til fjölskyldu sinnar og sinna nánustu um ráð og stuðning. Forvarnir og fræðsla verða ekki markviss nema byggt sé á þekkingu og því var talið nauðsynlegt að gera rannsókn á heimilisofbeldi á Íslandi. Með því að afla aukinnar þekkingar á ofbeldi á heimilum með íslenskum rannsóknum eins og þeirri sem hér hefur verið greint frá er þess vænst að hægt sé að bæta forsendur fyrir aðgerðum, hafa áhrif á viðhorf og umræðu í þjóðfélaginu."

Með bréfi dags. 2. desember 1997 heimilaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið nefndinni að ráða Unu Björk Ómarsdóttur lögfræðing til þess að vera ritara nefndarinnar og hefur hún starfað með nefndinni frá því í desemberbyrjun.

Nefndin hefur afmarkað verksvið sitt þannig að heimilisofbeldi er skilgreint með sama hætti og gert er í skýrslu dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Hugtakið heimilisofbeldi er því notað hér til að lýsa því ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka eða sambúðaraðila.

II. GILDANDI LAGAÁKVÆÐI

Hér á eftir verða rakin þau ákvæði refsilaga og réttarfarslaga sem í gildi eru nú og geta tekið til heimilisofbeldismála.

A. Ákvæði í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

191. gr.

Ef nokkur misbýður með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum eiginkonu sinni eða eiginmanni, barni sínu eða öðru barni eða ungling undir 18 ára aldri, sem hann hefur til umsjónar eða fósturs, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Varðhaldi eða sektum skal sá sæta, sem af þverúð vanrækir framfærsluskyldu sína eða skyldu til meðlagsgreiðslu gagnvart nokkrum framangreindra aðilja, sem af því geta orðið bjargþrota.

193. gr.

Hver, sem sviptir foreldra eða aðra rétta aðilja valdi eða umsjá yfir barni, sem ósjálfráða er fyrir æsku sakir, eða stuðlar að því að það komi sér undan slíku valdi eða umsjá, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt.

194. gr.

Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

195. gr.

Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

196. gr.

Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

205. gr.

Refsing skv. 194.–199., 202. og 204. gr. má falla niður ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð eða, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

211. gr.

Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.

217. gr.

Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð.

Málssókn er opinber út af broti samkvæmt 1. mgr., og skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

218. gr.

Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru.

Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.

218. gr. a.

Nú hefur sá, sem dæmdur er sekur um brot á 217. eða 218. gr., áður sætt refsingu samkvæmt þeim greinum eða honum hefur verið refsað fyrir brot, sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi, og má þá hækka refsingu allt að helmingi.

Samþykki til líkamsárásar veldur því að refsingu, sem ella væri unnið til, má lækka. Nú varðar verknaður við 217. gr., og verður þá ekki refsað, þegar samþykki liggur fyrir.

Nú er líkamsárás unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og þess, sem misgert er við, og er þá heimilt að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, þegar verknaður á undir 217. gr. Sama er, ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku.

225. gr.

Ef maður neyðir annan mann til þess að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gera eitthvað með því að beita líkamlegu ofbeldi eða hóta honum að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi eða frelsissviptingu eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér sökum þess málefnis, sem hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

226. gr.

Hver, sem sviptir annan mann frelsi sínu, skal sæta fangelsi allt að 4 árum, eða varðhaldi, ef málsbætur eru.

Hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefur verið settur í heimildarleysi á geðveikrahæli, fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá skal beita fangelsisrefsingu ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt.

231. gr.

Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum. Þó má beita varðhaldi á hærra stigi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.

232. gr.

Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í 5 ár.

Hver, sem opinberlega leggur annan mann í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum, sem lagaðar eru til þess að lækka hann í áliti almennings, sæti sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

233. gr.

Hver, sem hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

B. Ákvæði laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

112. gr.

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er

komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa, en ella leggur hann málið fyrir dóm skv. 116. gr.

113. gr.

1. Falla má frá saksókn þegar beita má ákvæðum almennra hegningarlaga um frestun ákæru. Enn fremur fellur málsókn niður ef sakborningur gengst undir viðurlög skv. 115. gr., nema svo standi á sem þar segir í 6. mgr.
2. Einnig má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:
   a. ef brot er mjög smávægilegt,
   b. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum almennra hegningarlaga,
   c. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluástæðum,
   d. ef sækja á mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum er heimilt að falla frá saksókn út af brotum sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga; enn fremur má falla frá saksókn ef svo stendur á sem í 78. gr. almennra hegningarlaga segir og ætla verður að ekki yrði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði,
   e. ef nauðung eða fjárkúgun hefur verið framin með hótun um kæru fyrir refsivert athæfi er heimilt að falla frá saksókn fyrir það brot ef það er ekki því stórfelldara,
   f. ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.
3. Ef ríkissaksóknari telur ástæðu til að falla frá saksókn, en telur vafa leika á heimild sinni til þess getur hann óskað eftir að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár
4. Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákæruvald getur hann fallið frá saksókn. Ef hann telur ástæðu til að falla frá saksókn skv. 2. mgr. en vafa leika á heimild til þess skal hann senda ríkissaksóknara málið með tillögum sínum.

114. gr.

1. Nú er mál fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal ákærandi sem þá ákvörðun tók tilkynna sakborningi hana og ef því er að skipta þeim sem misgert hefur verið við. Í tilkynningu skal tiltekið við hvaða lagaheimild ákvörðunin styðst.
2. Sá sem ekki vill una við ákvörðun lögreglustjóra skv. 1. mgr. getur kært hana til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana. Skal ríkissaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum, nema svo standi á sem í 3. mgr. 28. gr. segir.

170. gr.

1. Nú kemur í ljós við rannsókn máls að maður hafi beðið tjón af þeirri háttsemi sem sakborningur er borinn og skal þá sá sem fer með rannsókn gefa þeim manni kost á að gera bótakröfu sem dæma má í væntanlegu máli. Leiðbeina skal tjónþola við gerð kröfunnar.
2. Kröfu, sem höfð er uppi, skal bera undir sakborning og afla gagna um hana eftir þörfum, enda valdi það ekki verulegum töfum á rannsókninni.

171. gr.

Bótakröfu skal tilgreina ótvírætt í ákæru, sbr. 2. mgr. 116. gr. Dómari getur þó leyft að bótakrafa verði gerð þótt hennar hafi ekki verið getið í ákæru, enda telji hann að leysa megi

úr kröfu án tafa eða óhagræðis í málinu og ákærði samþykki að krafan verði tekin til meðferðar.

172. gr.

1. Ef bótakrafa hefur komið fram í máli athugar dómari fyrst hvort hún verði tekin til meðferðar, en rétt er honum að synja að gera það ef hann telur það mundu valda verulegri töf eða óhagræði í málinu. Ákvörðun um slíka synjun tekur dómari með bókun í þingbók eða í dómi.
2. Ef ákærða er dæmt áfall í máli dæmir dómari um bótakröfu og ákveður bætur eftir almennum reglum.
3. Ef ákærði er sýknaður af háttsemi vegna þess að hann hafi ekki framið hana verður bótakröfu vísað frá dómi. Ef hann er sýknaður af öðrum ástæðum, svo sem vegna sakhæfisskorts, má dæma kröfu ef skilyrðum bótaskyldu er talið fullnægt.
4. Auk bóta fyrir beint tjón og miska, sem leitt hefur af verknaði, skulu tjónþola, ef krafa er gerð um það, dæmdar bætur vegna kostnaðar sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni í málinu, svo sem vegna gagnaöflunar um kröfuna og lögmannsaðstoðar.
5. Sá sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer sjálfur með forræði kröfu sinnar að því leyti að henni verður ekki breytt án samþykkis hans. Dómari skal gefa tjónþola, eða umboðsmanni hans, kost á að tjá sig um kröfuna og skýra hana ef slíkt getur orðið án verulegra tafa eða óhagræðis í máli. Telji dómari slíks málflutnings þörf um kröfuna, en ekki unnt að láta hann fara fram, skal hann vísa henni frá dómi.

173. gr.

1. Í Hæstarétti skal taka bótakröfu, sem hefur verið dæmd að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti ef máli er einnig áfrýjað í því skyni.
2. Ákærða og þeim sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla er hvorum um sig heimilt að áfrýja sérstaklega til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til ef dóminum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer um það málskot sem um áfrýjun einkamála.

174. gr.

Aðrar kröfur borgararéttarlegs eðlis, sem rót eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í opinberu máli og skal þar dæma um þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

III. HEIMILISOFBELDISMÁL SEM KOMIÐ HAFA TIL MEÐFERÐAR ÁKÆRUVALDS OG DÓMSTÓLA

Nefndin hefur safnað upplýsingum úr málaskrá embættis ríkissaksóknara um þau tilvik sem komið hafa til meðferðar á tímabilinu 1. júlí 1992 til 1. júlí 1997. Er hér um að ræða mál sem fengið hafa meðferð fyrir dómstólum og eru þeir dómar sem gengu á framangreindu tímabili raktir hér á eftir. Ritari nefndarinnar, Una Björk Ómarsdóttir, tók dómana saman og reifaði þá. Þá er í B-lið hér á eftir að finna yfirlit mála sem komu til ríkissaksóknara á framangreindu tímabili og ekki gengu til dóms.

A. Dómareifanir.

Hæstaréttardómar.

Hæstaréttardómur 1992:363 í málinu nr. 460/1991.

M var ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa um kl. 4.30 aðfaranótt mánudagsins 3. júní 1991 slegið eiginkonu sína, K, í ennið með kúluhamri þar sem hún lá sofandi

í sófa við vesturvegg í stofu á heimili þeirra að X, Garðabæ, og lagt plastpoka yfir andlit hennar og troðið honum upp í munn hennar. Taldist þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þau M og K voru að skilja eftir 20 ára hjónaband og bar K að M hefði aldrei lagt á hana hendur fyrr. K sagði M hafa farið af landi brott fimmtudeginum áður og ekki verið væntanlegan fyrr en að nokkrum dögum liðnum. Þrjár dætur þeirra hjóna á unglingsaldri voru heima við er atburðurinn átti sér stað og læsti M þær inni áður en hann réðst að K. Hann var með grímu, hanska og húfu á höfði. K kvað M vera mjög ósáttan við skilnaðinn, sem var að frumkvæði K.

M hafði látið þau orð falla að ástæða ferðar hans af landi brott væri að hann ætlaði að gera nokkuð sem hann hefði lengi langað til að gera.

Ákærði neitaði því að hafa ætlað að ráða K bana en viðurkenndi að hafa slegið hana í ennið með kúluhamri og lagt plastpoka yfir andlit hennar. Hann kvaðst hafa viljað hrekkja hana þar sem hún hefði verið leiðinleg við sig undanfarna mánuði. Fyrir lögreglu bar hann að ástæða árásarinnar hafi verið sú að hann hafi ætlað að ræða við hana um skilnaðarmál þeirra. Ákærði sagðist hafa „danglað“ hamrinum laust í enni konu sinnar. Hún taldi höggið ekki hafa verið mjög þungt, enda hlutust minni háttar áverkar af.

Héraðsdómur taldi sannað með játningu ákærða sem studdur var framburði K, læknisvottorði og öðru sem fram kom í málinu að ákærði réðst að konu sinni með hamri, er hún var sofandi á heimili þeirra aðfaranótt 3. júní 1991, sem hann sló hana með í ennið og plastpoka sem hann hélt fyrir vitum hennar og reyndi að troða upp í munn hennar að hluta með þeim afleiðingum að hún fékk kúlu og marblett á enni, rispur og marbletti víða um líkamann og að öllum líkindum vægan heilahristing.

Gegn eindreginni neitun ákærða varð að telja ósannað að hann hefði ætlað að svipta eiginkonu sína lífi, og var hann því sýknaður af ætluðu broti á 211. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940. Hann var hins vegar sakfelldur fyrir brot gegn við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, með vísan til hins hættulega tækis og aðferðar við verknað, þó að afleiðingarnar reyndust ekki alvarlegri raun var. Aðferð ákærða og atlagan taldist fólskuleg og frásögn hans um margt afar ótrúverðug og fjarstæðukennd.

Ákærði hafði ekki áður sætt refsingum sem skiptu máli við úrlausn málsins. Refsing þótti hæfilega ákveðin 18 mánuðir og engar refsilækkunarástæður komu til greina að mati dómsins.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða en jafnframt af hálfu ákæruvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar.

Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu héraðsdóms að sýkna ákærða af broti gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og að ákærði hefði gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Refsing þótti hæfilega ákveðin níu mánaða fangelsi. Þegar litið var til allra atvika og þess að mikil röskun hafði orðið á högum ákærða þótti mega fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni og sá hluti falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppkvaðningu, héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Hæstaréttardómur 1993:890 í málinu nr. 109/1993.

Varðandi málsatvik og niðurstöðu héraðsdóms vísast til reifunar á dómi héraðsdóms Reykjavíkur 4. mars 1993 í málinu nr. 59/1993. Ákærði var þar sakfelldur fyrir brot gegn 225. gr. og 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Refsingu þótti mega stilla í hóf og var

hún ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Einnig var fallist á kröfu ákæruvalds um brottvísun ákærða úr landi.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu og brottrekstrar úr landi eftir afplánun.

Hæstiréttur sakfelldi ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga og staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Refsing þótti með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Staðfest var ákvæði héraðsdóms um brottvísun ákærða úr landi eftir afplánun refsingar.

Hæstaréttardómur 1993:1168 í málinu nr. 102/1993.

M var ákærður fyrir tvær líkamsárásir í Vestmannaeyjum með því að hafa veist að (sambýliskonu sinni), K, svo sem hér greinir:

1. Aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 að heimili hennar að X gripið um kverkar henni, slegið hana hnefahögg á hægri vanga, skellt henni í gólfið, slegið hana liggjandi mörg högg í andlit með olnbogum og sparkað í hana með þeim afleiðingum að hún marðist á kálfum, hálsi og undir höku og marðist og bólgnaði yfir kinnbeinum.
2. Aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992 að heimili þeirra að Y veist að henni með höggum og spörkum, tekið um hár henni og dregið hana niður á gólfið, sparkað í hana liggjandi og, er henni tókst að hlaupa út úr húsinu, sparkað í hana, svo að hún féll í jörðina, og slegið höfði hennar utan í hurðarkarm útidyra með þeim afleiðingum að hún marðist á öllum útlimum, baki, öxlum, maga, lendum, lærum og hársverði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði neitaði afdráttarlaust sök og bar mikið í milli í framburði hans og K.

Fyrri ákæruliður.

Ákærði og K voru ekki í sambúð en ákærði bjó í næsta stigagangi við hana og áttu þau saman dreng á öðru aldursári.

Merki voru um átök í íbúð K er lögregla koma á vettvang. Ákærði sagði K hafa boðið sér heim til sín, þeim hafi sinnast og K hafi rekist í dyrakarm og dottið á rúm og þannig hlotið áverka. K sagðist hins vegar hafa verið á leið út er ákærða bar þar að og hann hafi strax ráðist á hana, skellt upp við vegg, grýtt í gólfið og lamið hana í forstofunni. Barsmíðarnar héldu áfram eftir hún náði að kalla á hjálp. Útilokað þótti að áverkar hennar hefðu hlotist af að skella utan í hurðarkarm eða rúm.

26. september 1991 dró K kæru sína til baka með þeim orðum að af persónulegum ástæðum neyddist hún til þess. Tók hún fram að kæran byggðist ekki á röngum sakargiftum. 11. september 1992 fór K svo fram á að fá að endurnýja kæru sína. Um ástæðuna til þess að hún dró kæruna til baka 26. september 1991 sagði hún að það hefðu verið hótanir ákærða í sinn garð og móður sinnar. Kvað hún ákærða hafa hótað því að ef hún félli ekki frá kærunni mundi hann láta lán falla á móður hennar og hún mundi auk þess sæta líkamsmeiðingum af hans hálfu.

Sakargögn greindu frá þó nokkrum tilfellum fyrir og eftir tilgreindan atburð þar sem K kvartar við lögreglu vegna ætlaðra líkamsmeiðinga er hún hafi mátt þola af hendi ákærða, án þess að því fylgdi formleg kæra af hennar hálfu.

Héraðsdómur taldi skýringar ákærða á áverkum K ósennilegar og útilokaðar og ekki samrýmast sýnilegum sönnunargögnum. Ákærði var talinn hafa gerst sekur um líkamsárás gegn K og sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Síðari ákæruliður.

Ákærði sagðist ekki vita hver væri valdur að áverkum þeim sem K hafði hlotið en viðurkenndi að þau hefðu rifist. K sagði hann hafa ráðist á sig og misþyrmt eftir að þeim hafði sinnast.

Ákærði var sýknaður af þessum ákærulið vegna ágalla á málsmeðferð og sönnunarskorti. Ákærði hafði áður gerst sekur um umferðarlagabrot. Við ákvörðun refsingar vegna fyrri ákæruliðar var litið til þess að ákærði gekk á fólskulegan hátt í skrokk á sambýliskonu sinni og veitti henni umtalsverða áverka. Ákærði sýndi eftir brotið engin merki iðrunar, og þótti refsing hans sem varðaði, eins og að framan greinir, við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða sem krafðist sýknu. Af hálfu ákæruvalds var krafist staðfestingar á dómi héraðsdóms.

Fyrir Hæstarétti reyndi eingöngu á saknæmi þess verknaðar sem um ræðir í fyrri lið ákæru. Kæra vegna hans var dregin til baka með skriflegri yfirlýsingu haustið 1991, eins og lýst var í hinum áfrýjaða dómi. Í framhaldi af því staðfesti ríkissaksóknari með bréfi 12. júní 1992 til bæjarfógeta í Vestmannaeyjum að ekki væri krafist frekari aðgerða í málinu. Upplýst var að kærandi og ákærði ákváðu að taka aftur upp sambúð skömmu eftir að kæran var afturkölluð, en þau höfðu þar áður átt heimili í næsta nágrenni hvort við annað. Bjuggu þau saman í íbúð sem ákærði festi á kaup þar til atvik þau gerðust sem lýst var í síðari lið ákæru. Óskaði kærandi þá eftir endurupptöku á málinu, auk þess sem hún kærði síðari atburðinn.

Hæstiréttur taldi ljóst að fyrrgreind ákvörðun ákæruvalds um að fella niður aðgerðir hefði ekki verið tekin vegna annars en þeirrar yfirlýsingar sem fyrir lá frá kæranda. Var ríkissaksóknara rétt að veita samþykki við endurupptöku málsins, sbr. 3. mgr. 28. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms var hann staðfestur.

Hæstaréttardómur 1995:1190 í málinu nr. 30/1995.

M var ákærður fyrir:

— Nauðgun, með því að hafa sunnudaginn 17. apríl 1994 með ofbeldi þröngvað eiginkonu sinni, K, sem hann hafði skilið við að borði og sæng, til holdlegs samræðis á heimili hennar í Reykjavík. Taldist þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. K krafðist skaðabóta að fjárhæð 800.000 kr., auk dráttarvaxta.
— Húsbrot með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 24. júlí 1994 ruðst í heimildarleysi inn í íbúð á fyrstu hæð hússins X í Reykjavík. Taldist þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Fyrri ákæruliður.

Ákærði hafði komið að heimili K að kvöldi sunnudagsins 17. apríl 1994 og barið að dyrum. K opnaði, en hún hafði talið ákærða úti á landi. Hann kom svo óvelkominn inn í íbúðina og þröngvaði K til holdlegs samræðis í viðurvist tveggja ungra barna þeirra. Í fyrstu kvað M ásakanir K vera uppspuna og sagðist hafa haft við hana samfarir með hennar samþykki en breytti svo framburði sínum og kvaðst hafa gert sér grein fyrir því að hann beitti hana valdi. Fyrir dómi neitaði ákærði sök.

Síðari ákæruliður.

Ákærði játaði fyrir dómi efni þessa ákæruliðar rétt.

Varðandi fyrri ákærulið taldi dómurinn ekki mark takandi á breyttum framburði ákærða fyrir dóminum og ástæðu þær sem hann tiltók fyrir breyttum framburði úr lausu lofti gripnar

og engan stuðning fá af gögnum málsins. Dómurinn taldi sannað með framburði ákærða hjá lögreglu, en gegn neitun hans fyrir dómi, og með framburði K hjá lögreglu og fyrir dómi, sem fékk stuðning af öðrum gögnum málsins, m.a. læknisfræðilegum gögnum, að ákærði hefði framið þá háttsemi sem í ákæru greindi og þar með gerst brotlegur við 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Varðandi síðari ákærulið þótti, með skýlausri játningu ákærða sem fékk stuðning af öðrum gögnum málsins, sannað að ákærði hefði gerst sekur um þá háttsemi sem ákært var út af. Ákærði hafði áður hlotið sex refsidóma og gengist undir þrár dómsáttir vegna ýmissa brota. Þótti refsing hæfilega ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 18 mánuði. K voru dæmdar skaðabætur að fjárhæð 400.000 kr., auk dráttarvaxta.
Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingar og greiðslu skaðabóta samkvæmt upphaflegri kröfu kæranda.

Hæstiréttur taldi ekki hafa verið sýnt fram á nokkuð sem veikti mat héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi í málinu. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms var hann staðfestur um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota til refsiákvæða. Þá var ákvæði dómsins um skaðabætur staðfest.

Hins vegar þótti með vísun til þess að atlaga ákærða var gerð í viðurvist barna hans og kæranda ekki hjá því komist að þyngja þá refsingu sem honum var ákveðin í héraðsdómi. Þótti hún með skírskotun til forsendna refsiákvörðunar í hinum áfrýjaða dómi hæfilega ákveðin tveggja ára fangelsi.

Hæstaréttardómur 1995:2081 í málinu nr. 161/1995.

Varðandi málsatvik og niðurstöðu héraðsdóms vísast til reifunar á dómi héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1995 í málinu nr. 333/1995. Ákærði var þar sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Refsing þótti hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Kæranda voru dæmdar miska- og skaðabætur að fjárhæð 940.393 kr., auk dráttarvaxta.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Ákæruvaldið krafðist þess að ákærði yrði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing þyngd frá því sem ákveðið var í héraðsdómi. Þá krafðist ákæruvaldið þess að svipting ökuréttar í héraðsdómi yrði staðfest. Loks var þess krafist að ákærði yrði dæmdur til greiðslu þeirrar skaðabótakröfu sem fram var sett í ákæru og nam 3.465.625 kr., auk vaxta og kostnaðar.

Ákærði krafðist sýknu af ákæru fyrir brot gegn 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og að brot hans yrði einungis talið varða við 3. mgr. 218. gr. a sömu laga. Þá krafðist hann styttingar á sviptingu ökuréttar. Loks krafðist ákærði þess að viðurkennt yrði að hann hefði að fullu greitt skaða- og miskabætur með því að greiða kæranda 200.000 kr. 31. ágúst 1995, en ella yrði bótakrafan lækkuð verulega og framangreind fjárhæð metin til frádráttar.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt, meðal annars bréf lögmanns kæranda til ríkissaksóknara um neikvæðar afleiðingar atburðanna 28. október 1994 á andlegt heilsufar hennar og yfirlýsing hennar sjálfrar um sama efni. Í yfirlýsingunni kom fram að eftir uppsögu héraðsdóms höfðu K og ákærði öðru hverju haft náið samneyti.

Hæstiréttur taldi með skírskotun til gagna málsins fyllilega í ljós leitt að atlaga ákærða að kæranda var bæði langvinn og hrottafengin. Hann neytti aflsmunar í hamslausri bræði, eins og hann hafði sjálfur viðurkennt, og veittu lýsingar lögreglu á vettvangi og áverkar kæranda örugga vitneskju um það að hún hefði nær engum vörnum við komið. Ekki væru komin fram

nægileg rök til að ætla að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi væri röng svo að einhverju skipti um úrslit málsins, sbr. 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Við svo búið og með hliðsjón af öðru því sem fram var komið þótti sannað að ákærði hefði gerst sekur um þau brot sem honum voru gefin að sök í ákæru. Eins og atvikum og aðstöðumun aðila var háttað kom ekki til álita að færa líkamsárásarbrot ákærða undir 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga.

Með þessum athugasemdum var hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti. Kærandi viðurkenndi móttöku 200.000 kr. frá ákærða 31. ágúst 1995 og kom sú fjárhæð til frádráttar dæmdri bótakröfu.

Hæstaréttardómur 1996:2146 í málinu nr. 145/1996.

Varðandi málsatvik og niðurstöðu héraðsdóms vísast til reifunar á dómi héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1996 í sakamálinu nr. 212/1996. Ákærði var þar sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Refsing þótti hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði og K voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 150.000 kr., auk dráttarvaxta.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Þess var krafist að ákærði yrði dæmdur til að greiða K skaðabætur að fjárhæð 1.500.000 kr., auk dráttarvaxta.

Hæstiréttur staðfesti með skírskotun til forsendna héraðsdóms niðurstöðu hans um refsingu og miskabætur, en krafist hafði verið skaðabóta fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og þjáningar. Öðrum bótakröfum var vísað frá héraðsdómi þar sem ljóst þótti að á þessu stigi væri ekki unnt að rökstyðja eða sundurliða skaðabótakröfu frekar og því af þeim sökum nauðsynlegt að hafa kröfu á hendur ákærða uppi „á síðari stigum eftir venjulegum leiðum".

Héraðsdómar.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 4. mars 1993 í sakamálinu nr. 59/1993.

M, erlendur ríkisborgari, var ákærður fyrir að hafa þriðjudaginn 12. janúar 1993 veist að K, fyrrverandi sambýliskonu sinni, á vinnustað hennar með hníf í hendi og með líkamlegu ofbeldi og hótunum um að beita hnífnum, þröngvað henni nauðugri með sér í bifreið að heimili hennar og þar á sama hátt þröngvað henni til holdlegs samræðis. Taldist háttsemin varða við 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og jafnframt við 226. gr., en til vara við 225. gr. sömu laga.

M og K höfðu búið saman í rúm þrjú ár en K átt frumkvæði að skilnaði þeirra. Hún sagðist hafa þurft að ala önn fyrir ákærða sem ekki hafði atvinnu og safnaði skuldum en jafnframt taldi hún hann gera óhóflegar kröfur um ástalíf og sagði hann hafa ítrekað beitt sig ofbeldi undir lokin þegar hún lét ekki undan ástleitni hans. Hún hafði kært hann fyrir einelti og líflátshótanir nokkrum mánuðum fyrir atburðinn. Ákærði var algerlega mótfallinn skilnaðinum og þegar hann vann óhæfuverkið hafði K nýlega skýrt honum frá því að hún væri í ástarsambandi við annan mann og ákærði tekið þeim tíðindum mjög illa.

M var sakfelldur fyrir brot gegn 225. gr. og 194. gr. almennra hegningarlaga. Í dóminum er gerð grein fyrir trúarskoðunum og uppruna M og brot hans talið framið í áköfu afbrýðiskasti. Hann hafði ekki sætt refsingum áður og þótti brot hans ekki rakið til afbrotahneigðar. Rétt þótti að stilla refsingu hans í hóf með hliðsjón af 7. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og hún ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Sá tími sem ákærði hafði setið í gæsluvarðhaldi kom til frádráttar refsingu. Einnig var fallist á kröfu ákæruvalds um brottvísun ákærða úr landi.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 1993 í sakamálinu nr. 258/1993.

M var ákærður fyrir húsbrot með því að hafa að kvöldi föstudagsins 19. júní 1992 brotið upp læsingu á glugga á heimili K, fyrrverandi eiginkonu sinnar, og ruðst þangað inn í heimildarleysi. Taldist háttsemin varða við 231. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ákærði og K höfðu átt í erjum vegna skilnaðar og afhendingu lausafjármuna sem voru á heimili K. M sagðist hafa margsinnis verið búinn að reyna að ná ýmsum húsbúnaði sem tilheyrði honum af heimili K en án árangurs og því hafi hann tekið það til ráðs að ryðjast þarna inn í heimildarleysi.

M játaði og var sakfelldur fyrir brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafði ekki hlotið refsingu síðan 1984 en átti þá langan brotaferil að baki. Refsing þótti hæfilega ákveðin 30 daga varðhald en fullnustu refsingar var frestað og látin falla niður héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga í tvö ár frá dómsuppkvaðningu. Skaðabótakröfu var vísað frá.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 1993 í sakamálinu nr. 291/1993.

M var ákærður fyrir brot gegn friðhelgi einkalífs með því að hafa, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar dags. 25. apríl 1990, raskað friði K, fyrrverandi eiginkonu sinnar, með símhringingum á árinu 1992, heimsóknum, meðal annars 5. og 6. nóvember 1992, og tveimur bréfum á árinu 1993, öðru dagsettu í mars 1993, hinu ódagsettu. Taldist háttsemin varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976.

M viðurkenndi framangreinda háttsemi en sagði samskiptaörðugleika hans og K einkum stafa af því sem hann kallaði brot K á umgengnisrétti hans við börn sín og K. Gögn málsins báru með sér að um langvarandi deilur milli ákærða og K vegna barnanna var að ræða.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976. Hann hafði áður hlotið lögregluáminningu og tvær dómsáttir vegna umferðarlagabrota. Eftir atvikum þótti rétt að fresta ákvörðun refsingar ákærða skilorðsbundið í tvö ár frá uppkvaðningu dóms að telja og fella niður refsingu að þeim tíma liðnum héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1993 í sakamálinu nr. 396/1993.

M var ákærður fyrir eftirgreind hegningarlagabrot gagnvart K, fyrrverandi sambýliskonu sinni, framin á árunum 1992 og 1993 í Reykjavík:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 8. mars 1992 í bifreið K, eftir að hafa verið á skemmtistaðnum B, gripið í hægri handlegg K og snúið upp á hendina er konan vildi yfirgefa bifreiðina. Afleiðingar þessa urðu tognun, bólga og þreifieymsli yfir mjúkhlutum hægri framhandleggs, mest um úlnlið.
2. Aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992 ráðist á konuna í íbúð hennar, sest ofan á hana, slegið hana í andlitið og tekið hana kverkataki, með þeim afleiðingum að konan hlaut glóðarauga á báðum augum, húðrispur á hálsi, beggja vegna og þrjá marbletti yfir hægri úlnlið.

Framanlýst háttsemi ákærða samkvæmt ákæruliðum 1 og 2 taldist varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

3. Um kl. 9.00 laugardagsmorguninn 14. nóvember 1992 ruðst heimildarlaust inn í íbúð konunnar og slitið símann úr sambandi er hún hugðist hringja í lögreglu.

   Taldist þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga.
4. Um kl. 10.40 sama dag ráðist á konuna í íbúð hennar, hrint henni ofan í svefnsófa og lamið hana í andlit og víðar á líkamann. Síðan rifið konuna úr buxunum og nærbuxum,

afklæðst sjálfur og með ofbeldi og hótunum þröngvað henni til holdlegs samræðis. Afleiðingar af þessari atlögu ákærða að konunni urðu ákveðnir verkir í hálsvöðvum, framan til beggja vegna, þrjú fingraför aftan á vinstri upphandlegg ofarlega, 5x5 sm marblettur ofarlega á vinstri upphandlegg utanverðum og 8x8 sm marblettur þar neðan við. Marblettur ofan á hægri öxl og mar yfir hægri olnboga. Eymsli við þreifingu á vinstra kinnbeini og klórfar á baki vinstra megin við neðsta brjósthryggjarlið, væg eymsli þar.

Taldist þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, en til vara við 1. mgr. 217. gr. sömu laga.

5. Laust fyrir kl. 3.00 aðfaranótt mánudagsins 16. nóvember ruðst heimildarlaust inn í áðurnefnda íbúð K og stolið þar áfengisflösku.

Taldist þetta varða við 231. gr. og 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Nokkru eftir kl. 5.00 aðfaranótt sunnudagsins 6. júní 1993 klifrað upp á svalir við íbúð K og þar tekið í og hrist bæði svalahurð og glugga. Einnig hrist til og bankað í hurð og glugga í kjallara hússins. Þetta gerði ákærði í því skyni að brjótast inn eða hræða konuna.

Taldist þetta varða við 231. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningalaga, en til vara við 1. mgr. 232. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976.

Krafist var miskabóta að fjárhæð 900.000 kr. til handa K.

Ákærði og K hófu sambúð í desember 1989 og stóð hún óslitið fram í ágúst 1991 en með hléum þar til í október 1992. Frá því í mars 1992 var samband þeirra stormasamt og kom oft til deilna með þeim og átaka. 30. mars 1993 sætti ákærði formlegri lögregluáminningu fyrir ónæði við K.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. (ákæruatriði 1 og 2), 231. gr. (ákæruatriði 3), 1. mgr. 217. gr. (ákæruatriði 4), 231. gr. og 244. gr. (ákæruatriði 5) og 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga (ákæruatriði 6). Brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga var ekki talið sannað. K voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 80.000 kr., auk dráttarvaxta. Ákærði hafði ekki áður sætt refsingum utan sekt fyrir ölvunarakstur. Refsing hans þótti hæfilega ákveðin varðhald í 90 daga. Fullnustu refsingar var frestað og skyldi falla niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1993 í sakamálinu nr. 270/1993.

M var ákærður fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 28. desember 1992 með ofbeldi þröngvað K, þáverandi sambýliskonu sinni, til kynferðismaka að þáverandi heimili þeirra, en ákærði réðist þar á K þar sem hún lá í rúmi sínu, afklæddi hana og hélt henni í tökum meðan hann reyndi að koma getnaðarlim sínum inn í endaþarm hennar þar til honum varð sáðfall.

Taldist þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. K krafðist miskabóta að fjárhæð 750.000 kr.

M og K hófu sambúð í lok september 1991. Sambúðin varði þar til viku fyrir hinn kærða atburð en ákærði kvaðst hafa komið aftur inn á heimilið 28. desember 1992. Sambúðin gekk erfiðlega, a.m.k. á köflum. Um kvöldið 28. desember hafði kastast í kekki milli þeirra M og K.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga. Í framburði hans kom m.a. fram að hann hafi viljað láta líta svo út að hann væri maður til að nauðga konu og hann hafi nauðgað K til að refsa henni fyrir að hafa kúgað sig í sambúðinni. Ákærði hafði ekki áður gerst sekur um brot gegn almennum hegningalögum og þótt refsing hans hæfilega ákvörðuð fangelsi í 12 mánuði. K voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 250.000 kr., auk dráttarvaxta.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1993 í sakamálinu nr. 496/1993.

M var ákærður fyrir að hafa um árabil misboðið konu sinni og börnum með langvarandi misþyrmingum og andlegri kúgun á heimili þeirra í Reykjavík, allt frá árinu 1975 þar til í mars 1991.

Ákærða var gefið að sök að hafa ráðist margoft á eiginkonu sína, A, sem lést 3. ágúst 1992, með líkamlegu ofbeldi og veitt henni margvíslega áverka. Í októberbyrjun 1990 réðst ákærði á A í baðherbergi hússins, keyrði hana í gólfið, reif í hár hennar og sló höfði hennar ítrekað í gólfið, stappaði á líkama hennar og höfði og sparkaði í hana. Eitt sinn sparkaði ákærði A niður stiga með þeim afleiðingum að hún missti fóstur. Ákærði réðst einnig margoft á börn þeirra, B, C, og D, allt frá barnsaldri, lamdi þau með hnefunum, leðurbelti, brauðbretti og herðatré og eitt sinn braut ákærði disk á höfði C. Ákærði réðst fyrst á B með barsmíðum þegar hann var átta ára en síðast í mars 1991 með því að klóra hann í andlitið og bringuna og reynt að snúa upp á handleggi hans. Í það skipti tókst B að verjast frekari árásum ákærða þar sem hann hafði lagt stund á sjálfsvarnaríþróttir frá fjórtán ára aldri í því skyni að verjast árásum föður síns. Afleiðingar þessara sífelldu líkamsárása ákærða á eiginkonu sína og börn urðu margvíslegir áverkar og skaði á andlegri heilsu barnanna, einkum næstyngstu dótturinnar, D, sem hafði dvalið af þessum sökum á barna- og unglingageðdeild Landspítalans frá 11. maí 1992 og var þar enn þegar ákært var.

Framanlýst háttsemi ákærða taldist varða við 1. mgr. 191. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, og 45. og 47. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, sbr. nú 63., 64. og 66. gr. laga um sama efni, nr. 58/1992.

A gaf skýrslu í málinu áður en hún lést og skýrði hún m.a. svo frá að ákærði hafi ítrekað lagt á hana hendur á þeim tíma sem þau bjuggu saman. Kvað hún tilefnið oftast lítið og hafi börn þeirra oft séð til hans, en ekki hafi verið um önnur vitni að ræða. A kvaðst ekki hafa leitað til læknis eftir þessar árásir, en oft hafi gefist tilefni til þess. Kvaðst hún ekki hafa getað það, því hún skammaðist sín fyrir það að slíkt hefði gerst. Kvað hún M hafa verið alinn þannig upp að allir skyldu barðir til hlýðni. Bæði A, börnin og önnur vitni báru um fjöldamargar hrottalegar árásir M á eiginkonu sína og börn.

Ekki þótti sannað að ákærði hefði sparkað eiginkonu sinni niður stiga með þeim afleiðingum að hún missti fóstur en að öðru leyti var ákærði sakfelldur fyrir þau atriði sem honum voru gefin að sök í ákæruskjali. Talið var að ákærða hlyti að hafa verið ljóst að athæfi hans gagnvart börnum sínum, sem stóð yfir í um það bil einn og hálfan áratug, var til þess fallið að valda þeim andlegum skaða.

Dómurinn taldi ákvæði 191. gr. almennra hegningarlaga og 47. gr. laga nr. 53/1966 ekki eiga við um háttsemi ákærða eins og hér stæði á. Þá taldi dómurinn með hliðsjón af því sem rakið var um afleiðingar árásanna að háttsemi hans varðaði við 45. gr. laga nr. 53/1966, sbr. nú 64. og 66. gr. laga nr. 58/1992, og 217. gr. almennra hegningarlaga, enda skilyrðum 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 til að beita því refsiákvæði fullnægt.

Ákærði hafði ekki áður sætt refsingu svo kunnugt væri. Við ákvörðun refsingar ákærða var haft í huga hið langvarandi ofbeldi sem hann beitti fjölskyldu sína, sérstaklega börn sín, frá unga aldri. Meðferð málsins leiddi auk þess í ljós að augljóst væri að ákærði hafði ekki búið börnum sínum þann aðbúnað sem íslensk barnaverndarlöggjöf býður og í verulegum mæli brotið gegn skyldum sínum sem foreldri. Þótti refsing ákærða því hæfilega ákveðin með hliðsjón af framansögðu og 77. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi í tólf mánuði.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 1994 í sakamálinu nr. 724/1993.

M var ákærður fyrir að veitast að fyrrverandi sambýliskonu sinni K að kvöldi sunnudagsins 27. júní 1993 á þáverandi heimili þeirra, með því að hrinda henni á dyrakarm, taka hana tvívegis kverkataki, slá hana í andlitið og sparka í síðu hennar, með þeim afleiðingum að hún hlaut sprungna og bólgna efri vör, mar og eymsli neðan við vinstra auga, auk eymsla á hálsi, upphandlegg, vinstra megin á baki og yfir brjóstkassa, einnig hlaut hún rispur og bar fingraför hans á hálsi. Taldist þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

M og K höfðu verið í slitróttri sambúð í um ellefu ár. K sagði oft hafa slegið í brýnu með þeim og ákærði hafi margsinnis gengið í skrokk á henni. Meðal annars var K lögð inn á meðgöngudeild Landspítalans árið 1987 eftir barsmíðar ákærða, þá vanfær.

Í umrætt sinn sagðist K hafa staðið upp úr sófa til að svara í síma er M hafi ráðist á sig sér algerlega að óvörum og hótað að drepa sig. Þriggja ára sonur þeirra var nærstaddur. M neitaði hins vegar sök og sagði að þau hefðu rekist saman og K ráðist á sig, hann hafi verið að verja sig.

M var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafði áður hlotið 16 dóma fyrir ýmis brot og verið sektaður átta sinnum. Þótti refsing hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 1994 í sakamálinu nr. 738/1993.

K var ákærð fyrir tilraun til manndráps — til vara stórfellda líkamsmeiðingu — með því að hafa árla morguns sunnudaginn 27. júní 1993, á heimili sínu, stungið sambýlismann sinn, M, með eldhúshníf í búk, á mótum kviðar og brjóstkassa, í miðlínu að framanverðu, rétt hægra megin við enda brjóstbeins, og varð að flytja hann á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans. Þetta taldist varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Fyrir lá skýlaus játning ákærðu. Sagði hún verknaðinn unninn í sturlun sem hafði verið að ágerast hjá henni á undan atburðinum, en ákærða hafði verið veik af geðklofa í mörg ár. Tveimur dögum fyrir verknaðinn hafði hún leitað eftir því að verða lögð inn á geðdeild en ekki var orðið við því.

Dómurinn taldi sannað að ákærða stakk M á hol með hnífi og olli honum lífshættulegum áverka. Yrði að telja að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst að langlíklegast væri að maðurinn biði bana af hnífslaginu og einnig að hrein hending hafi ráðið því að svo fór ekki. Verkið var talið varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar var mat dómsins að ákærða hafi, þegar hún vann verkið, verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum vegna geðveiki. Því var hún skv. 15. gr. almennra hegningarlaga sýknuð af refsikröfum ákæruvaldsins. Ákærða var á góðum batavegi og því ekki talin ástæða til að dæma hana til að sæta öryggisgæslu.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 5. júlí 1994 í sakamálinu nr. 243/1994.

K var ákærð fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 9. janúar 1994 á Lækjartorgi í Reykjavík, hent flösku í höfuð M, fyrrverandi sambýlismanns síns, með þeim afleiðingum að hann hlaut sár hægra megin á enni. K var einnig ákærð ásamt X fyrir að hafa sömu nótt valdið spjöllum á bifreið M sem stóð á bifreiðastæði við Hafnarstræti í Reykjavík, þannig að ákærða X hafi rifið hliðarspegil af bifreiðinni og að ákærða K hafi brotið spegilinn með því að kasta honum í götuna. Taldist brot ákærðu varða við 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ákærða kvað M hafa lagt sig í einelti síðan þau slitu samvistum. Hafi hann margoft skemmt bifreið sína, hótað henni í síma og einnig ráðist á sig. Sambúð þeirra hafði varað í 2–3 ár og gengið á ýmsu meðan á henni stóð. Sambúðinni hafi verið lokið um það bil ári fyrir þessa atburði. Faðir ákærðu bar einnig um símaónæði M í garð ákærðu og fjölskyldu hennar. Hann sagðist einnig gruna að M hafi skemmt bifreið ákærðu en kvaðst ekki hafa séð það.

Ekki var talið sannað að K hefði brotið gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Skýringar K um að hún hefði snúið sér við með flösku í hendi er hún var á flótta undan M, og flaskan rekist í höfuð hans, voru teknar til greina og hún því einnig sýknuð af ákæru um brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1995 í sakamálinu nr. 333/1995.

M var ákærður fyrir nauðgun og stórfelldar líkamsmeiðingar með því að hafa að kvöldi föstudagsins 28. október 1994 ráðist á K, fyrrverandi sambýliskonu sína, á þáverandi heimili sínu og misþyrmt henni á hrottafenginn hátt með hnefahöggum og spörkum og eftir langvarandi líkamsmeiðingar þröngvað henni með ofbeldi til holdlegs samræðis. Hlaut konan af þessu stórfellt líkams- og heilsutjón. Vinstri sperrileggur konunnar brotnaði og hún bólgnaði og marðist mikið og djúpt um allan líkamann — hlaut mikla bólgu og mar í andlit, glóðaraugu báðum megin og blæðingu í ytra borð vinstra auga, töluverðar blæðingar og blóðsamsöfnun á hvirfil og hnakka, mar og bólgu á bak og brjóstkassa, mikið mar bæði grunnt og djúpt alls staðar á báðar mjaðmir, læri og fótleggi og á báða handleggi og hendur, með blæðingu í vöðva. Taldist þetta varða við 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. K krafðist þjáninga-, miska- og skaðabóta samtals 3.465.625 kr.

M og K hófu sambúð í maí 1994 en slitu henni í október sama ár. Sambúðin hafði verið stirð og gengið erfiðlega. K kom heim til ákærða síðla dags 28. október, en þá var sambúð þeirra lokið. Kom þar til deilna milli þeirra sem enduðu með barsmíðum sem stóðu yfir í um tvær klukkustundir og nauðgun. K kvað M hafa ráðist á sig oft áður af engu tilefni.

Ákærði neitaði að hafa gerst sekur um nauðgun og neitaði jafnframt að hafa valdið K áverkum, en viðurkenndi að til átaka hafi komið á milli þeirra. Áverkar á honum þóttu hins vegar ekki benda til þess að um mikla mótspyrnu hafi verið að ræða af hálfu K.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafði ekki áður hlotið refsingu og þótti refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. K voru dæmdar miska- og skaðabætur að fjárhæð 940.393 kr., auk dráttarvaxta.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1995 í sakamálinu nr. 1049/1995.

K var ákærð fyrir brennu eða stórfelld eignaspjöll, með því að hafa um kl. 3.40 aðfaranótt laugardagsins 1. apríl 1995 brotist inn í kjallaraíbúð að X í Reykjavík, og þar borið eld að tveimur sængum í svefnherbergi íbúðarinnar og síðan horfið á braut. Ákærða þótti með framangreindum hætti hafa valdið eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu og olli verulegu eignatjóni og hættu á enn meira eignatjóni, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist fljótt af vegfarendum og var slökktur af slökkviliði Reykjavíkur. Taldist þetta varða við 164. gr., en til vara 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Íbúð þessa hafði M, fyrrverandi sambýlismaður ákærðu, á leigu. Ákærða átti við geðræn vandamál að stríða. Hún játaði brot sitt og kvaðst hafa ætlað að hitta fyrrum sambýlismann sinn, en hann hafi ekki verið heima, hún hafi þá fyllst mikilli bræði, en á ýmsu hefði gengið í sambúð þeirra og hann slitið henni nokkrum dögum áður. Auk þess að brjótast inn og valda eldsvoða vann hún skemmdarverk á húsbúnaði í íbúðinni.

Dómurinn taldi að ákærðu hlyti að hafa verið ljóst að með því að leggja eld að íbúð í fjölbýlishúsi að næturlagi, þegar búast mátti við að íbúar væru sofandi, stefndi hún mannslífum í bersýnilega lífshættu auk þess sem veruleg hætta var á yfirgripsmiklu eignatjóni. Hún var sakfelld fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða taldist vera sakhæf, en rétt þótti að líta til 75. gr. almennra hegningarlaga við mat á refsingu sem var ákveðin fangelsi í tvö ár.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1996 í sakamálinu nr. 212/1996.

M var ákærður fyrir að hafa, aðfaranótt laugardagsins 7. október 1995, ráðist á þáverandi sambýliskonu sína, K, sem lá í rúmi í hjónaherbergi íbúðar þeirra, rifið hana á hárinu upp úr rúminu, slegið hana mörg hnefahögg í andlitið og sparkað í hana eftir að hún hafði dottið í gólfið. Afleiðingar árásarinnar voru þær að K hlaut brot á nefbeini, brot á kinnbeini vinstra megin, marðist á augum, á höku og á vinstri olnboga og hlaut dofa í vinstri kinn. Taldist þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. K krafðist skaðabóta að fjárhæð 1.500.000 kr.

Þau M og K höfðu búið saman nokkurn tíma en átt í sambúðarerfiðleikum. Þau höfðu verið á skemmtistað þetta kvöld og þótti ákærða K hafa sýnt öðrum manni of mikinn áhuga. Eftir að heim var komið sinnaðist þeim vegna þessa. K hafði þá farið að hátta en M kom á eftir henni og endaði með því að hann gekk í skrokk á henni þar til henni tókst að flýja út úr íbúðinni.

Ákærði játaði brot sitt og var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Þótti refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. K voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 150.000 kr., auk dráttarvaxta.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1996 í sakamálinu nr. 305/1996.

M var ákærður fyrir húsbrot og líkamsárás með því að hafa um hádegisbil mánudaginn 1. janúar 1996 ruðst í heimildarleysi inn á heimili K, fyrrverandi eiginkonu sinnar, með því að brjóta rúðu við hlið útidyrahurðar og leysa öryggiskeðju innan frá, en áður hafði sonur K neitað að hleypa honum inn í íbúðina, og fara í svefnherbergi K og leggjast klofvega ofan á hana þar sem hún lá í rúmi sínu og taka hana tökum. Taldist þetta varða við 231. gr. og 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ákæru fyrir húsbrot var vísað frá dómi þar sem refsikrafa K þótti ekki ótvíræð.

M og K voru skilin er atburðurinn varð. Þau höfðu þó tekið saman eftir skilnaðinn en sú sambúð var slitrótt. Ákærði kvaðst ákaflega lítið muna af því sem gerst hafði. Lögregla var kölluð á vettvang af ungum syni K og er þeir komu sat ákærði klofvega á K í rúmi hennar og hélt um hendur hennar.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og þótti refsing hans hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt í ríkissjóð, ella varðhald í fjóra daga.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 16. janúar 1997 í sakamálinu nr. 856/1996.

M var ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 9. nóvember 1995 veist margsinnis að fyrrverandi sambýliskonu sinni, K, að heimili hennar, með höggum í andlit hennar og spörkum í höfuð hennar og skrokk, þá aðallega í bak hennar og kvið og tekið í hár hennar og slegið höfði hennar í rúmgafl, allt með þeim afleiðingum að K hlaut láréttan 3,5 sm langan skurð á einni og 1 sm langan skurð á nefrót, kúlu hægra megin á enni og aftan við hægra eyra, mar við hægri neðri kjálka, á kviðvegg neðst hægra megin, yfir rifjum X–XI aftan til vinstra megin, á upphandleggjum, öxlum og lærum, hrufl á vinstri kinn, eymsl yfir neðstu rifjum framanvert hægra megin, yfir IV og V lendarhrygg, á mótum spjaldhryggs og mjaðmargrindar og um allan kvið. Taldist þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningar-

laga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. K krafðist bóta að fjárhæð 1.000.000 kr., auk dráttarvaxta.

K hafði hleypt fyrrverandi sambýlismanni sínum inn á heimili sitt og kom til deilna milli þeirra. Hún sagði hann hafa verið með læti frammi á stigaganginum og því hafi hún hleypt honum inn. Tilefnið hafi verið það að reyna að fá hana til að hefja sambúð með ákærða á ný. Hún hafi ekki viljað það og hafi það verið tilefni árásarinnar. K kvað ákærða hafa misþyrmt sér alla nóttina, meðal annars slegið höfði sínu utan í rúmgafl, og hún hafi margsinnis misst meðvitund. Ákærði hafi brotið símann og hótað að drepa hana ef hún reyndi að kalla á hjálp.

Íbúðin bar þess merki að mikil átök höfðu átt sér stað. Ákærði viðurkenndi að hafa slegið eða danglað til K. Hann sagði mjög lítið þurfa til að koma svo K hljóti marblett, það vissi hann eftir 1½ árs sambúð með henni.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafði áður hlotið tíu refsidóma. Brot ákærða þótti sérstaklega vítavert, sbr. 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga i.f. Hann veittist að fyrrverandi sambýliskonu sinni á dvalarstað hennar með höggum og spörkum um allan líkamann. Ákærði eyðilagði símann í íbúðinni til að koma í veg fyrir að konan gæti kallað á hjálp. Refsing þótti hæfilega ákvörðuð fangelsi í þrjá mánuði. K voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 150.000 kr., auk dráttarvaxta.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 4. apríl 1997 í sakamálinu nr. 828/1996.

M var ákærður fyrir brot á friðhelgi einkalífs með því að hafa, þrátt fyrir áminningu Rannsóknarlögreglu ríkisins 7. apríl 1995, raskað á ný á árunum 1995 og 1996 friði fyrrverandi sambýliskonu sinnar og barnsmóður, K, og móður hennar, X, með ofsóknum, hótunum og öðru ónæði með eftirfarandi hætti:

1. Á tímabilinu frá 23. júní til 15. ágúst 1995 raskað friði nefndrar X, með því að hringja margsinnis í síma hennar að Z.
2. Hinn 27. júní 1996 enn á ný raskað friði þeirra mæðgna, með því að hringja án afláts dyrabjöllu og berja útidyr á heimili nefndrar X að Z, þannig að verulegt ónæði varð af fyrir þær mæðgur.

Taldist þetta varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976.

Hinn 7. apríl 1995 var ákærða veitt lögregluáminning hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir brot á friðhelgi einkalífs með því að hafa frá aprílmánuði 1992 til 20. mars 1995 valdið þrálátu og margítrekuðu ónæði og ofsóknum með símhringingum og haft í frammi hótanir í garð fyrrverandi eiginkonu sinnar, K, og móður hennar, X. Ákærði og K höfðu verið í hjúskap og áttu tvo syni. Sambúð þeirra lauk um páska 1992 og fékk K forræði sonanna. Var ákærði ósáttur við þá niðurstöðu.

K kvað ákærða hafa ónáðað sig með sífelldum hringingum og hótunum, meðal annars þeim að hún skyldi sjá blóð renna. Hún kvað ónæði ákærða hafa haldið fjölskyldunni „í heljargreipum“ í mörg ár og hafi þau ekki getað um frjálst höfuð strokið. Hann hafi hótað að taka börnin og fara með þau úr landi, en ákærði var af erlendum uppruna.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga. Við mat á refsingu ákærða þótti bera að hafa í huga að háttsemi hans hafði staðið yfir um nokkurra ára skeið og ljóst var af framburði þeirra mæðgna að hún hafði haft mjög þrúgandi áhrif á daglegt líf þeirra þannig að þær höfðu ekki getað um frjálst höfuð strokið. Þótti refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í þrjá mánuði, en þar sem ákærði hafði ekki áður sætt refsingum þótti mega

fresta fullnustu refsingarinnar og fella hana niður að liðnum fimm árum héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1997 í sakamálinu nr. 290/1997.

M var ákærður fyrir húsbrot, líkamsárásir og hótanir, með því að hafa snemma morguns sunnudaginn 12. janúar 1997 ruðst heimildarlaust inn í íbúð K, fyrrverandi sambýliskonu sinnar, og ráðist þar á hana og gest hennar, X. Ákærði réðst fyrst á X og sló hann mörg högg í andlitið með þeim afleiðingum að X hlaut mikla bólgu og mar umhverfis vinstra auga og náði bólgan yfir vinstra kjálkabein og yfir að gagnauga. Á hægri augnbrún var 1x1 sm svæði bólgið og aumt og slímhúðarþéttingar í báðum kjálkaholum. Síðan réðst ákærði á K og dró hana á hárinu inn í svefnherbergi, sló henni þar utan í vegg, tók hana hálstaki, sló hana mörg hnefahögg og hótaði henni lífláti. Í þessari árás hlaut K bólgu og mar umhverfis bæði augu, meira vinstra megin og átti erfitt með að opna vinstra augað, eymsli yfir augntóftum báðum megin og eymsli við þreyfingu yfir höfuðkúpu. Á brjóstkassa var 3 sm löng rispa í húð á mótum herðablaðs og þriðja rifs. Þreifieymsli voru yfir hægri rasskinnarsvæði og þar var um 5x5 sm stórt mar og einnig var lítið fleiður á hægra hné. Vinstra auga var marktækt dýpra í augntóftinni en augað hægra megin. Vinstra sjáaldur var minna en það hægra og vinstra efra augnlok dálítið lafandi miðað við það hægra megin. Við sneiðmyndatöku af höfuðkúpu sást stórt innkýlt brot á innri vegg vinstri augntóftar og skagaði mjúkur vefur frá augntóftinni inn í ethmoidal nefholrúmið. Auk þess var annað brot aftarlega og í botni vinstri augntóftar.

Taldist brot ákærða gegn X varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 en gegn K töldust brot hans varða við 231. gr., 1. mgr. 218. gr. og 233. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Gerðar voru bótakröfur, samtals 1.706.808 kr. f.h. K og 361.464 kr. f.h. X, auk dráttarvaxta.

M og K höfðu búið saman í nokkur ár en skilið að skiptum í maí 1995. Ákærði var ákaflega ósáttur við skilnað þeirra og þoldi ekki að sjá K með öðrum manni. Óljóst var hvort hann komst inn í íbúðina þessa nótt með lyklum eða í gegnum opnar svaladyr en hann trylltist er hann sá K sitja ásamt X í sófa og réðst á þau. Hann sagðist hafa verið mjög hrærður og sár yfir að sjá K með öðrum karlmanni og kannaðist við að hafa slegið þau utan undir. Bæði K og X báru að ákærði hafi hótað K lífláti, að eina leiðin út úr þessu sambandi væri að hann dræpi hana.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 231. gr., 1. mgr. 217. gr. (líkamsárás á X), 1. mgr. 218. gr. (líkamárás á K) og 233. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hafði áður ellefu sinnum gengist undir dómsátt og hlotið tvo refsidóma. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að ákærði fór í heimildarleysi inn á heimili K og réðist þar á frekari vífilengja að þeim K og X á hrottafenginn hátt. Refsing þótt hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði.

Stærstum hluta bótakrafna K var vísað frá þar sem umfjöllun um þá liði mundi tefja málið. Henni voru dæmdar 83.708 kr. í skaðabætur, auk dráttarvaxta. X voru dæmdar skaðabætur að fjárhæð 171.464 kr., auk dráttarvaxta.

Dómur héraðsdóms Norðurlands vestra 20. mars 1997 í sakamálinu nr. 1/1997.

M var ákærður fyrir líkamsárásir með því að hafa veist að sambýliskonu sinni, K, á heimili þeirra að X með eftirfarandi hætti:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 24. nóvember 1996 veist að henni með því að þvinga hana í gólfið, rífa þar utan af henni föt og veita henni högg í andlit og líkama og rífa í hár hennar þannig að hárflygsur losnuðu, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut glóðaraugu báðum megin, mar á hægri upphandlegg, vinstri olnboga, hægra megin á hálsi, hægra brjósti, hægra læri, ofan vinstra hnés og innan á neðri vör, særindi undir neðri gómi framan til, hárleysi á tveimur stöðum á höfði auk klórs, roða og rispna víða um líkama.
2. Aðfaranótt laugardagsins 7. desember 1996 veitt henni hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum að hún hlaut mar á hægri kinn.

Taldist háttsemin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. M var einnig ákærður fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði játaði háttsemi sína en taldi varðandi ákærulið 2 að hann hefði verið í sjálfsvörn en þó gert sér vel grein fyrir því að hann hafi gengið of langt í vörn sinni.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Refsing þótti hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Við ákvörðun refsingar var haft í huga að brotin voru framin á heimili M og K þar sem hann veittist að henni með barsmíðum með þeim afleiðingum sem lýst var í ákæru. Brotin voru framin meðan ákærði var undir áhrifum áfengis en tekið fram að það gæfi honum engar málsbætur. Engin atriði önnur en hreint sakavottorð voru til refsilækkunar.

Dómur héraðsdóms Austurlands 22. mars 1996 í sakamálinu nr. 337/1996.

M var ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa árla morguns sunnudaginn 4. febrúar 1996 á heimili þeirra ráðist með höggum og spörkum á sambýliskonu sína, K, með þeim afleiðingum að hún missti báðar framtennur í efri gómi og augntönn vinstra megin, bólgnaði og marðist á efri vör vinstra megin og fékk dofa þar ásamt miklum eymslum við hreyfingar í kjálka, hlaut nefblæðingu og bólgu og mar um hægri vanga og yfir gagnauga ásamt broti á efra kjálkabeini og kinnboga hægra megin. Þá hlaut hún eymsli á enni, mar á hægri framhandlegg og var aum við hreyfingar í mjaðmarlið.

Taldist háttsemin varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði játaði brot sinn að öðru leyti en því að hann hefði ráðist á K með spörkum. Ákæruvaldið hélt þeirri kröfu ekki til streitu og var efni ákæru leiðrétt að því leyti. Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, fyrir að hafa með höggum valdið K þeim áverkum sem í ákæru greindi.

Ákærði hafði áður sætt refsingum vegna umferðarlagabrota og hlotið dóm fyrir hegningarlagabrot. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að líkamsárás ákærða virtist hafa verið tilefnislaus eða -lítil, en einnig að hann gekkst greiðlega við broti sínu. Refsing þótti hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði en fullnustu tveggja mánaða var frestað og látin falla niður ef ákærði heldi almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga í þrjú ár frá birtingu dóms.

Dómur héraðsdóms Suðurlands 30. mars 1994 í sakamálinu nr. 13/1994.

M var ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa að morgni laugardagsins 19. júní 1993 að heimili hennar að X slegið fyrrverandi sambýliskonu sína, K, þrívegis í andlitið með krepptum hnefa með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á neðri kjálka. Taldist þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þau M og K höfðu verið í nánu sambandi um skeið en sambandið hafði tíðum verið stormasamt og oft slegið í brýnu milli þeirra. M sagði ástæðu árásarinnar vera þá að K hefði skömmu áður misboðið honum með framferði sínu. Hún hafi sest í fang ókunnugs manns og farið að „skaka" sér á honum. Kvaðst hann hafa slegið K í kjölfar þessa. Þau voru bæði ölvuð. M kvaðst á þessum tíma hafa litið svo á að K væri unnusta hans. K tók fram að þau hafi ekki verið í sambúð á þessum tímabili en það hafi allt eins verið ætlun þeirra að taka upp fyrra samband. K sagði árásina tilefnislausa og kvað skýringar M fjarstæðukenndar. Vitni voru að árásinni og báru þau á svipaðan veg og ákærði.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafði áður sætt viðurlögum vegna umferðarlagabrota. Refsing þótti hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en þegar litið var til allra atvika og sakarferils ákærða þótti mega fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana falla niður að liðnum þremur árum frá dómsuppkvaðningu, héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur héraðsdóms Austurlands 22. nóvember 1993 í sakamálinu nr. 1026/1993.

M var ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 3. mars 1993, á heimili þeirra, sparkað margsinnis í sambýliskonu sína, K, slegið hana mörg högg og bitið, með þeim afleiðingum að hún hlaut sár á herðum, vinstri öxl og vinstri framhandlegg og mar um vinstra auga, á vinstri handlegg og víðsvegar á líkama. Taldist þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. K krafðist skaðabóta að fjárhæð 548.665 kr., auk vaxta.

M var einnig ákærður fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Sambúð þeirra M og K hafði staðið frá því í september 1991. Þau höfðu þetta kvöld farið saman á skemmtistað. Er heim var komið réðst ákærði að K með höggum og spörkum, en hún hélt á sex mánaða gömlu barni þeirra í fanginu. Eftir átökin var barnið með lófastóran marblett á höfði. M kvaðst hafa fyllst „viðbjóði og reiði" vegna þess að K hafi fyrr um daginn sagt honum frá sambandi sínu við aðra menn. Hann sagðist aldrei hafa orðið jafnreiður og í nefnt sinn og ekki muna vel eftir atburðum í smæstu atriðum. Ákærði bar á átökin hefðu sennilega staðið í um tvær mínútur en K sagði um klukkustund hafa liðið frá því hann réðst á hana og þar til hún komst burt úr íbúðinni. Kvaðst hún hafa fyrr um daginn sagt ákærða frá sambandi er hún hafði átt við aðra menn tveimur árum áður. K kvað ákærða oft áður hafa reiðst og síðan ráðist á sig og meitt og þá vegna gruns hans um að hún hefði átt vingott við aðra menn. Hún hafi aldrei kært það til lögreglu en ákærði hafi ætíð lofað að hætta. Eftir að M réðst á hana í þetta sinn læsti hann hana og barnið inni í svefnherbergi íbúðarinnar. Henni tókst þó að komast fram á gang en ákærði tók þá af henni barnið og lagði hönd sína á háls þess og bað hana að koma aftur inn, sem hún gerði af ótta við að hann ynni barninu mein. Um síðir fékk hann henni þó barnið og hún komst undan með það með því að stökkva niður af svölum íbúðarinnar. K kvað M ekki hafa verið undir áhrifum áfengis og bar hann á sama veg.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafði áður sætt refsingum fyrir umferðarlagabrot og hegningarlagabrot. Refsing þótti hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að ákærði framdi árásina í afbrýðiskasti. K voru dæmdar skaðabætur að fjárhæð 122.550 kr., auk vaxta.

Dómur héraðsdóms Reykjaness 31. mars 1995 í sakamálinu nr. 52/1995.

M var ákærður fyrir húsbrot og stórfellda líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 17. september 1994 ruðst í heimildarleysi inn í íbúð K að X, slegið hana margsinnis

með hamri, aðallega í höfuðið, veitt henni hnefahögg og sparkað í hana víða um líkamann með þeim afleiðingum að hún hlaut 7 sm gapandi skurð vinstra megin á höfði, mar á víð og dreif um líkamann og veruleg eymsli yfir hrygg og brjóstgrind. Taldist þetta varða við 231. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þau M og K höfðu búið saman í nokkra mánuði en K flutt frá honum í maí 1994. Hún vildi slíta sambandi þeirra en það var hann ósáttur við. M var afbrýðissamur og sakaði K um samskipti við aðra menn. Kvöldið fyrir árásina hafði M náð lykli að íbúð K og notað hann til að komast inn í íbúðina. Hann kvaðst hafa verið afbrýðissamur og tekið lykilinn í þeim tilgangi að komast síðar inn í íbúðina til að lumbra á K. M kvaðst hafa ráðist á K í algeru bræðiskasti og lamið hana, bæði með höndunum og með hamri með plasthaus. Smám saman hafi svo runnið upp fyrir honum hvað hann var að gera og hann sleppt K. Ákærði gaf sig fram við lögreglu síðar um nóttina og játaði brot sitt.

Geðlæknir taldi árás ákærða á K fyrst og fremst hafa mótast af þörf hans fyrir að hafa einhvern til að hugsa um sig, þörf hans fyrir að geta stjórnað K og svo vonbrigðum, afbrýðisemi og heift í kjölfar þess að hún kaus að slíta sambandi við hann.

Ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn 231. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Brotið þótti hættulegt með hliðsjón af aðferð hans og því tæki sem hann notaði við árásina. Refsing þótti hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Þegar litið var til aldurs ákærða (eldri maður), aðstæðna hans, þess að hann hafði ekki áður gerst sekur um ofbeldisverknað og að hann gaf sig fram við lögreglu og játaði brot sitt hreinskilnislega, þótti mega fresta fullnustu níu mánaða af refsingunni og fella niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur héraðsdóms Norðurlands eystra 14. júní 1993 í sakamálinu nr. 56/1993.

M var ákærður fyrir eftirtalin hegningarlagabrot framin árla morguns laugardaginn 7. nóvember 1992:

1. Húsbrot, með því að hafa laust eftir kl. 6:00 ruðst í heimildarleysi inn í kjallaraíbúð að X, þar sem stúlkurnar Y og K bjuggu, en ákærða var kunnugt um að K, fyrrverandi sambýliskona hans, var ein í íbúðinni. Taldist þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. Kynferðisbrot, með því að hafa síðan afklæðst öllum fötum og farið upp í rúm til K sem var sofandi allsnakin í rúmi sínu í stofu íbúðarinnar og haft samræði við stúlkuna, sem sökum svefndrunga og ölvunar skynjaði ekki hvað gerst hafði fyrr en samfarirnar höfðu staðið nokkra stund. Taldist þetta varða við 196. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992.
3. Líkamsmeiðingar, með því að hafa eftir samfarirnar slegið K í andlitið með svokölluðum skalaskóm og aftan í vinstra hnéð með kuldaskóm, með þeim afleiðingum að stúlkan fékk glóðarauga kringum vinstra auga, talsvert mar og þrota í kinnbeininu og 5 sm eldrauðan þrymil og bólgu undir honum aftan á vinstra hné. Taldist þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

K krafðist skaðabóta að fjárhæð 500.000 kr., auk vaxta.

Þau M og K höfðu búið saman um rúmlega þriggja ára skeið en sambúð þeirra lauk í október 1992. Ákærði kvaðst hafa verið ósáttur við sambúðarslitin. Þau M og K höfðu hist á skemmtistað nóttina fyrir árásina og sinnast þar. Því lauk með því að ákærði sló K utan undir. Hún hafði svo tekið eftir honum síðar um nóttina „á vappi í kringum hana“. K fór svo heim en taldi sér hafa láðst í hugsunarleysi að læsa útihurðinni að íbúðinni áður en hún lagðist til

svefns. Ákærði sagðist hafa ætlað að beiðast gistingar hjá K vegna aðstæðna á sínu heimili. Hann hafi knúið dyra og beðið fyrir utan í stutta stund áður en hann fór inn. Hann sagðist svo hafa lagst upp í rúm til K og hafið við hana samfarir með fullu samþykki hennar, en þau höfðu einu sinni áður haft samfarir eftir að sambúð þeirra lauk. K kvaðst eftir það hafa gert honum grein fyrir að sambandi þeirra væri alfarið lokið.

M var sýknaður af ákæru um brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga með vísan til framburðar hans. Varðandi 2. ákærulið þótti ekki vera fram komin alveg fullnægjandi sönnun fyrir sekt ákærða og hann því sýknaður. Ákærði var hins vegar sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hafði áður gerst sekur um hegningarlagabrot og þótti refsing hans með hliðsjón af sakarferli hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga. Eftir atvikum þótti þó fært að fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppkvaðningu, héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. K voru dæmdar miskabætur að fjárhæð 45.000 kr., auk vaxta.

Í langflestum tilvikum er sakfellt fyrir minni háttar líkamsmeiðingar (1. mgr. 217. gr.), alls níu dómar. Í sjö tilvikum er um að ræða meiri háttar líkamsmeiðingar (brot gegn 1. mgr. 218. gr., fjögur tilvik, og brot gegn 2. mgr. 218. gr., þrjú tilvik). Í fjórum dómum er sakfellt fyrir nauðgun (194. gr.) og í einum dómi frelsissviptingu (1. mgr. 226. gr.). Fjórum sinnum er um að ræða húsbrot (231. gr.), þrisvar sinnum brot gegn áminningu lögreglunnar (1. mgr. 232. gr.) og einu sinni hótanir (233. gr.). Í einum dómi er svo sakfellt fyrir brennu (1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr.) og í öðrum þjófnað (244. gr.).

B. Mál sem komu til ríkissaksóknara á tímabilinu frá 1. júlí 1992 til 1. júlí 1997 en gengu ekki til dóms.

M. 1493.92. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

M skreið ölvaður inn um glugga á íbúð þar sem fjögurra mánaða barn hans var í gæslu, og tók það sofandi með sér út. Lögreglumenn sem óku fram á M tóku hann fastan vegna gáleysislegrar meðferðar hans á barninu en því varð þó ekki meint af. Fallið var frá saksókn skv. a- og f-liðum 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

M. 1767.92. Brot gegn friðhelgi einkalífs. Húsbrot.

K kærði fyrrverandi eiginmann sinn M fyrir að hafa brotið hurðarkarm í íbúð hennar við stympingar sem urðu vegna ágreinings um forræði fimm ára barns þeirra. Með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála var eigi krafist frekari aðgerða í málinu.

71.93 Brot gegn friðhelgi einkalífs.

M sem valdið hafði fyrrverandi eiginkonu sinni miklu ónæði með símhringingum, heimsóknum og hótunum um áframhaldandi ónæði og ofbeldi, var veitt lögregluáminning með vísan til 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga.

M. 91.93. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

M var kærður af fyrrverandi sambýliskonu fyrir eignaspjöll, hótanir og símaónæði gagnvart henni og fjölskyldu hennar. Málinu lokið með lögregluáminningu.

M. 162.93. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

M hafði hótað fyrrum sambýliskonu sinni líkamsmeiðingum og ónáðað hana og fjölskyldu hennar með sífelldum símhringingum. Þrjár kærur á 15 mánaða tímabili, sú fyrsta fljótlega

dregin til baka, en kært á ný skömmu seinna og í beinu framhaldi af þeirri kæru var M veitt lögregluáminning, sbr. 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga. Þriðja kæran var vegna frekari hótana M í símtölum við K á vinnustað hennar. Af ákæruvaldsins hálfu eigi krafist frekari aðgerða í því máli.

M. 193.93. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

M veitt lögregluáminning vegna símaónæðis og hótana gagnvart fyrrum sambýliskonu.

M. 223.93. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

K kærði hótanir fyrrverandi eiginmanns. Rannsókn leiddi í ljós að um gagnkvæmt ónæði hafði verið að ræða. Eigi krafist frekari aðgerða af hálfu ákæruvalds.

M. 275.93. Líkamsárás.

K kærði fyrrverandi eiginmann sinn, dró kæruna til baka, en féll frá þeirri afturköllun nokkrum mánuðum síðar. Rannsóknin hafði leitt í ljós að mikill ágreiningur var með þeim K og M um eignaskipti eftir hjúskaparslit þeirra. Af hálfu lögreglu var lagt til að ákæru yrði frestað skilorðsbundið með tilliti til þess hve langur tími var liðinn frá því að árásin hafði átt sér stað, áverkar K ekki miklir og M ekki verið dæmdur fyrir líkamsárás. Málið fellt niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 444.93. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

K kærði fyrrverandi sambýlismanns fyrir símaónæði og hótanir um ofbeldi. Jafnframt skýrði hún frá því að hún hefði nokkrum sinnum þurft að fara á slysadeild eftir að M hefði lagt hendur á hana, en kærði M ekki fyrir líkamsárásirnar. M var veitt lögregluáminning vegna ónæðisins sem hann hafði valdið K.

M. 613.93. Líkamsárás.

Á árinu 1993 var borin undir ríkissaksóknara frávísun Rannsóknarlögreglu ríkisins á kæru K vegna líkamsárása fyrrverandi eiginmanns hennar á árunum 1985–87. Skv. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála var frávísunin staðfest af hálfu ríkissaksóknara.

M. 954.93. Líkamsárás.

Lögregla var tilkvödd af nágrönnum M og K eftir að ungur sonur K hafði greint þeim frá átökum milli móður hans og fósturföður á heimili þeirra. Rannsókn á slysavarðsstofu leiddi í ljós að K hafði tvíbrotið andlitsbein og jafnvel skaddað milta eftir margendurtekin spörk M. Atburðurinn átti sér stað í júnílok 1992. Kvaðst K mundu leggja fram formlega kæru síðar. Haft var samband við K af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins í marsmánuði 1993 til að fá afstöðu hennar til kæru og bótakröfu. Kvaðst hún óráðin en mundi hafa samband innan tveggja vikna ef hún vildi kæra, ella vildi hún að málið væri látið niður falla. Málið fellt niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 1232.93. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

M kærður af fyrrum sambýliskonu og systur hennar fyrir ónæði og hótanir um ofbeldi gagnvart K og símaónæði sem hafði valdið rekstrartruflunum í fyrirtæki þeirra systra. M veitt lögregluáminning.

M. 1304.93. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

Kæra K á hendur M fyrrum sambýlismanni og barnsföður fyrir ónæði og símahótanir. Kæruefnin virðast samkvæmt gögnum málsins hafa stafað af ranghugmyndum K, sem hafði átt við andlega vanheilsu að stríða, þurft að dvelja á sjúkrahúsum og verið sjálfræðissvipt af þeim sökum. Málið fellt niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 1764.93. Húsbrot.

M kærði fyrrum sambýliskonu sína fyrir að hafa sprengt upp hurð á íbúð hans og krafði K um greiðslu skaðabóta 175–200 þús. kr. vegna skemmda á hurð og húsgögnum. M og K deildu um eignaskipti við sambúðarslit. Fellt niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 544.94. Líkamsárás.

Lögregla hafði verið kvödd á vettvang vegna hávaða í íbúð M og K sem bæði voru ölvuð. M með umbúðir á handlegg vegna tveggja skurða eftir hnífstungur K, sem var handtekin. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst M ekki ætla að kæra K og óskaði eftir að ekki yrði um frekari aðgerðir að ræða af hálfu lögreglu í málinu. Með vísan til málsatvika og f-liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála og með hliðsjón af 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga var ekki krafist frekari aðgerða.

M. 956.94. Líkamsárásir.

M kærður fyrir að hafa ráðist að eiginkonu sinni K, slegið hana hnefahögg í andlit, þrifið í hár hennar og snúið niður í gólf og loks sparkað í bak hennar og fótlegg þar sem hún lá. Afleiðingar árásarinnar voru marblettir á handlegg, baki og fótlegg, svo og sár á vör. Gögn málsins sýndu að K hafði og komið á slysadeild fimm mánuðum áður eftir að M hafði sparkað í hana með þeim afleiðingum að hún hafði marist og fengið sár á fótlegg. Jafnframt greindi K frá því að hún hefði oft áður orðið fyrir áverkum af hendi M. Engin vitni að átökunum, en vitni greindu frá því að hjónaband þeirra M og K hafi verið stormasamt. Með vísan til gagna, 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, f-liðar 2. mgr. 113. gr. og 112. gr. laga um meðferð opinberra mála var ekki krafist frekari aðgerða í þessu máli.

M. 987.94. Líkamsárás.

Lögregla kvödd á heimili þeirra M og K vegna tilkynningar nágranna um að K hefði verði misþyrmt af M. Bæði drukkin, K með áverka á höndum, fótum, hálsi og víðar, auk þess sem hárið hafði verið klippt af henni. K staðfesti að áverkar sínir væru af völdum M, en tók fram að hún vildi ekki leggja fram kæru og neitaði að gefa skýrslu hjá lögreglu. M taldi átök þeirra K tengjast áfengisvandamálum þeirra hjóna. Með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála var eigi krafist frekari aðgerða í málinu.

M. 1165.94. Brot gegn friðhelgi einkalífs.

M hafði verið veitt lögregluáminning á árinu 1993 með vísan til 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga vegna ónæðis gagnvart K, fyrrum sambýliskonu sinni. K kærði hann fyrir að hafa ekki látið af ónæði gagnvart sér, en ákæruvaldið krafðist ekki frekari aðgerða með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 1670.94. Brot á friðhelgi einkalífs.

K, kona af erlendu bergi brotin, sem talin var einungis skilja hrafl í ensku og/eða íslensku, kærði fyrrum eiginmann sinn, M, sem hún hafði skilið við þremur árum áður, fyrir andlegar

og líkamlegar misþyrmingar og fyrir að vera á sífelldu vappi kringum heimili hennar þannig að hún þorði ekki út af ótta við M. Lögskilnaður ekki frágenginn, ágreiningur um forræði yfir þriggja ára dóttur og deilumál þeirra fyrir dómstólum. Með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála var af hálfu ákæruvalds eigi krafist frekari aðgerða í máli þessu.

M. 182.95. Líkamsárás.

M veittist á sambýliskonu sinni og móður hennar með hnefahöggum og ógnaði þeim með hníf. Þolendur vildu engar kröfur gera í málinu. M átti við geðræn vandamál að stríða. Ekki var krafist frekari aðgerða í málinu, með hliðsjón af atvikum og með vísan til 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og f-liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 222.95. Brot gegn friðhelgi einkalífs. Hótanir.

K kærði M, fyrrum eiginmann sinn og föður þriggja barna þeirra. Deildu um forræði og umgengnisrétt barnanna. Dóttir þeirra dró til baka framburð sinn um meintar líflátshótanir M í garð K. Fallið var frá saksókn með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 527.95. Nauðgun.

K kærði fyrrverandi sambýlismann sinn fyrir að hafa nauðgað sér tveimur árum fyrr meðan þau voru enn í sambúð. Engin sönnunargögn voru um atburðinn. Með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála var eigi krafist frekari aðgerða af ákæruvaldsins hálfu í málinu.

M. 536.95. Líkamsárás.

M kærði fyrrverandi sambýliskonu sína fyrir fingurbrot. Hann hafði komið til að sækja son þeirra tveggja ára að aldri til helgardvalar. Deilur risu með þeim þegar K hafði gert athugasemd um að barnabílstól vantaði hjá M. Sló K hann í andlitið og eftir að hann hafði ýtt henni frá sér réðst hún að honum og fingurbraut. Með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti til f-liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála og 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga var ekki af ákæruvalds hálfu krafist frekari aðgerða í máli þessu.

M. 873.95. Líkamsárás. Brot á friðhelgi einkalífs.

K kærði eiginmann sinn, sem hún var að skilja við, fyrir líkamsárás, ónæði og hótanir. K hafði ekki farið til læknis vegna áverka eftir árásir M, en vitni voru að áverkum hennar og rifnum fatnaði. Vegna ónæðisins var M veitt lögregluáminning sbr. 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, en eins og málið lá fyrir var með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála eigi krafist frekari aðgerða í því.

M 910.95. Kynferðisleg misneyting.

K kærði eiginmann sinn, eftir að þau höfðu slitið samvistum en voru þó enn ekki skilin, fyrir að hafa á heimili hans þangað sem hún hafði farið með honum ásamt fleira fólki af skemmtistað síðla nætur haft við hana samfarir gegn vilja hennar. Með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála var eigi krefist frekari aðgerða í málinu af ákæruvaldsins hálfu.

M. 85.96. Líkamsárás.

K kærði fyrrum sambýlismann sinn, M, fyrir að hafa ráðist á sig þegar hann kom til hennar með tvö börn þeirra eftir dvöl hjá honum. Afleiðing árásar M voru blæðingar milli liða á fingri K. Börnin, eins og þriggja ára, urðu vitni að árásinni, sem virtist hafa átt rætur að rekja til

ágreinings þeirra um fjármál. M viðurkenndi að hafa hrundið K svo að hún datt á gólfið. Rannsóknargögn þóttu ekki gefa nægilegt tilefni til frekari aðgerða og var málið fellt niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 88.96. Líkamsárás.

K kærði fyrrum sambýlismann sinn, sem hún hafði hitt á veitingastað og farið heim með, fyrir að hafa rifið blússu hennar og sparkað í hana þegar hún var á leið út úr húsi hans þar sem þau höfðu deilt hart. Málið var fellt niður með vísan til 2. mgr. 217. gr.

M. 1275.96. Brot gegn friðhelgi einkalífs. Húsbrot og hótanir.

M og K áttu í langvinnum deilum vegna atburða í hjónabandi þeirra, sem lokið hafði sex árum áður. K kærði M fyrir að hafa ruðst inn í hús hennar í þeim tilgangi að kanna hvort þar væri einhver gestkomandi. Hún óttaðist hótanir hans um að ráðast á hvern þann karlmann sem leitaði eftir samvistum við hana. Jafnframt kærði hún hann fyrir stöðugt símaónæði. Málið var fellt niður með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 1756.96. Líkamsárás.

K leitaði verndar hjá lögreglu eftir líkamsárás sambýlismanns síns, M, á heimili þeirra. Næsta dag gaf nágrannakona skýrslu hjá lögreglu um að K hefði flúið til hennar eftir að M hafði ráðist að henni í bifreið og neytt hana til að koma heim með sér þar sem hann hótaði henni líflláti. K komst undan áður en hann næði að ráðast að henni í það skipti. K kvaðst ekki vilja kæra M vegna þessara atburða. Áframhald varð á líkamsárásum M á K og urðu tvö síðari tilvik að ákæruefnum, sbr. dóm uppkveðinn 20. mars 97 í Héraðsdómi Norðurlands vestra, sem reifaður er hér að framan.

M. 249.97. Tilraun til nauðgunar.

S tilkynnti lögreglu í ágústmánuði 1996 um að hún hefði farið með K á neyðarmóttöku eftir að sambýlismaður K hafði nauðgað henni. Fjórum dögum síðar kærði K atburðinn. Með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála var eigi krafist frekari aðgerða í málinu þar sem K hafði dregið kæru sína til baka.

M. 589.97. Brot gegn friðhelgi einkalífs. Hótanir.

Ítrekað ónæði barnsföður gagnvart fyrrum sambýliskonu og syni þeirra, sem báðum stóð ógn af M. Vegna vímuefnaneyslu hafði M verið synjað um umgengnisrétt við drenginn. Fallið var frá saksókn með vísan til a-liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála.

M. 731.97. Líkamsárás.

K hafði kært eiginmann sinn fyrir líkamsárás, sem hann viðurkenndi. Þremur vikum síðar dró K kæru sína til baka með þeim skýringum að þau ættu saman eins árs gamalt barn og hygðust verða áfram í hjónabandi. Eigi var krafist frekari aðgerða í málinu af ákæruvaldsins hálfu, með vísan til afturköllunarinnar.

Í flestum tilvikum var um að ræða meint brot gegn friðhelgi einkalífs (þrettán tilvik) og í ellefu tilvikum meintar líkamsmeiðingar, kynferðisbrot í tveimur tilvikum og húsbrot og eignaspjöll í þremur tilvikum. Eigi var krafist frekari aðgerða í tólf málum með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála (sjá kafla II.B. hér að framan), fallið var frá saksókn með vísan til a- og/eða f-liðar 2. mgr. 113. gr. í átta málum og sex málum var lokið með lögregluáminningu. Vitnað var til þess í fimm tilvikum að ekki hafði verið kært eða kæra verið afturkölluð. Í fimm málum var vitnað til 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

IV. NÝMÆLI SEM NEFNDIN HEFUR SÉRSTAKLEGA TEKIÐ TIL ATHUGUNAR OG TELUR AÐ TAKA EIGI UPP Í REFSI- OG RÉTTAFARSLÖGGJÖF

A. Löglærðir talsmenn.

Á síðari árum hefur í auknum mæli verið horft til hagsmuna brotaþola við rannsókn og meðferð opinberra mála. Einkum hefur verið hugað að þolendum kynferðisbrota. Í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar (1989) hefur verið komið á fót neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisbrota við slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Á neyðarmóttökunni er til taks starfsfólk sem er sérþjálfað í að veita þeim sem verða fyrir kynferðisbrotum aðstoð, læknar, hjúkrunarfólk, sálfræðingar og félagsráðgjafar. Lögregla hefur náið samstarf við starfsmenn neyðarmóttökunnar og þangað er brotaþola fylgt strax eftir að kæra berst.

Á neyðarmóttökunni gefst brotaþola einnig kostur á að ráðfæra sig við löglærðan talsmann, sér að kostnaðarlausu. Ef til kæru kemur fylgir talsmaður brotaþola í gegnum kæruferlið, leiðbeinir honum um gerð bótakröfu og fylgir þeirri kröfu eftir fyrir dómi, ef þess er talin þörf, sbr. ákvæði 5. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála. Mikil réttarbót er fólgin í því að brotaþoli skuli hafa aðgang að löglærðum talsmanni. Brotaþoli á þó ekki lögvarinn rétt til talsmanns, svo sem er annars staðar á Norðurlöndum, sbr. a–d-liði 107. gr. norskra réttarfarslaga um „fornærmedes rett til advokat", sænsk sérlög um „målsägandebiträde" og a–e-liði 741. gr. danskra réttarfarslaga um „advokatsbistand til den forurettede".

Samkvæmt a–d-liðum 107. gr. norskra réttarfarslaga, nr. 25/1981, eins og þeim var breytt með lögum nr. 50/1994, eiga þolendur kynferðisbrota, samkvæmt ákvæðum er samsvara 194.–197. gr., 1. og 2. mgr. 200. gr., 201. og 202. gr. íslenskra hegningarlaga, rétt á að fá skipaðan löglærðan talsmann og er lögreglu skylt að kynna brotaþola þennan rétt. Að auki getur dómari:

„på begjæring oppnevne advokat for fornærmede hvis det er grunn til å tro at fornærmede som følge av handlingen får betydelig skade på legeme eller helbred og det anses å være behov for advokat."

Talsmaður gætir réttar brotaþola við lögregluannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi. Hann á rétt á að vera viðstaddur yfirheyrslur yfir kærða fyrir lögreglu og fyrir dómi, koma að spurningum við þær yfirheyrslur og mótmæla spurningum sem eru málinu óviðkomandi eða ótilhlýðilega framsettar. Þá skal talsmaður eiga færi á að tjá sig um réttarfarsatriði og rökstyðja og reifa bótakröfu.

Sænsk sérlög nr. 1988:609 um „målsägandebiträde" geyma ákvæði um rýmri rétt brotaþola til talsmanns, en leiddur verður af norskum réttarfarslögum. Rétt til talsmanns eiga þolendur brota sem lýst er í 6. kafla sænskra hegningarlaga um kynferðisbrot, nema það sé sýnilega óþarft. Sama rétt eiga þolendur ránsbrota og brota skv. 3. og 4. kafla hegningarlaganna um brot gegn lífi og líkama, frjálsræði og friðhelgi einkalífs, ef þau brot varða fangelsi. Loks eiga þolendur annarra brota rétt til talsmanns, ef þau varða fangelsi og sérstök þörf þykir á að skipa brotaþola talsmann, með hliðsjón af högum hans og málsatvikum að öðru leyti. Talsmaður er skipaður af dómara og hefur hann svipað hlutverk og að norskum rétti.

Samkvæmt a–e-liðum 741. gr. danskra réttarfarslaga, eins og þeim var breytt með lögum nr. 349/1997, eiga þolendur brota er samsvara 106. gr. íslenskra hegningarlaga um brot gegn valdstjórninni rétt til talsmanns. Sama rétt eiga þolendur brota sem samsvara 194.–202. gr. um kynferðisbrot og 209. gr. um brot gegn blygðunarsemi, 211. gr., sbr. 20. gr., og 217.–220. gr. um brot gegn lífi og líkama, 225.–226. gr. um nauðung og frelsissviptingu og 252. gr. um rán. Einnig eiga þolendur brota skv. 123. gr. danskra hegningarlaga um vitnavernd rétt til talsmanns, en í íslenskum lögum er ekki samsvarandi ákvæði. Synja má um talsmann í málum vegna brota annarra en alvarlegra kynferðisbrota, sem samsvara brotum skv. 194. og 195. gr. íslenskra hegningarlaga, 196. gr. að hluta til, 200. og 201. gr., ef ekki er um alvarlegt brot að

ræða og ekki þykir nauðsyn til skipunar talsmanns. Í greinargerð með lögum nr. 349/1997 kemur fram að meginreglan skuli vera sú að þolendur ofbeldis- og kynferðisbrota skuli eiga rétt á að fá skipaðan talsmann. Dómara skuli hins vegar vera heimilt að synja um skipun talsmanns í minni háttar málum, en þó aðeins í undantekningartilvikum, svo sem vegna slagsmála á öldurhúsum o.fl., ef þolandi hefur ekki orðið fyrir teljandi tjóni. Hlutverk talsmanna samkvæmt dönskum réttarfarslögum er svipað og lýst hefur verið hér að ofan.

Nefndin leggur til að í lög um meðferð opinberra mála verði tekið ákvæði um rétt brotaþola til að fá skipaðan löglærðan talsmann og telur að slíkt ákvæði mundi ótvírætt horfa til bættrar réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis, sem og annarra þolenda afbrota. Samkvæmt því ákvæði eigi þolendur kynferðisbrota, skv. 194.–202. gr. almennra hegningarlaga, rétt til lögmannsaðstoðar. Dómara verði einnig heimilt að skipa brotaþola löglærðan talsmann ef ástæða er til að ætla að brotaþoli hljóti verulegt líkams- eða heilsutjón og lögmannsaðstoðar þykir þörf. Er einkum stuðst við norskan rétt við þessa tillögugerð. Ákvæði sænskra laga að þessu leyti taka einnig til brota gegn friðhelgi einkalífs, sbr. hins vegar ákvæði norskra og danskra réttarfarslaga, sem reifuð voru hér að framan. Nefndin telur fyllstu ástæðu til að þolendur þeirra brota njóti réttar til lögmannsaðstoðar. Þykir það einkum eiga við ofsókna- og hótanabrot skv. 232. og 233. gr. almennra hegningarlaga, sem oft reynir á í málum vegna heimilisofbeldis. Leggur nefndin til að heimild dómara til að skipa brotaþola löglærðan talsmann nái einnig til þeirra brota.

B. Breyttar ákærureglur.

Eitt megineinkenna brota gegn friðhelgi einkalífs, skv. 228.–241. gr. almennra hegningarlaga er að við þau gætir meira en við önnur hegningarlagabrot, málshöfðunaraðildar þess sem misgert er við. Ákærureglur er að finna í 242. gr. laganna, en samkvæmt því ákvæði er meginreglan að brot af þessu tagi getur sá einn höfðað sem misgert er við, þ.e. höfða verður einkarefsimál. Þetta á við um flest meiðyrðamál og brot á 228. og 229. gr., skv. 3. tölul. 242. gr. Því getur opinber málshöfðun verið háð refsikröfu þess sem misgert er við. Þetta á við um tiltekin meiðyrðamál og brot á 230., 231. og 232. gr., sbr. a–c-liði 2. tölul. 242. gr. Skilyrðislausri opinberri ákæru sæta svo brot á 233. gr. og 233. gr. a, sbr. 1. tölul. 242. gr.

Í heimilisofbeldismálum reynir oft á húsbrot, skv. 231. gr. laganna, ónæði eða ofsóknir, skv. 232. gr., og hótanir, skv. 233. gr. Velta má fyrir sér hvort heppilegt sé að tvö fyrrnefndu brotin skuli háð refsikröfu þess sem misgert er við. Ljóst er að í málum sem hér um ræðir er oft líklegra en ella að brotaþoli veigri sér við að kæra hinn brotlega til refsingar. Til þess geta legið margar ástæður, svo sem að sá sem fyrir broti verður sé fjárhagslega háður brotamanni eða óttist hann.

Ekki er að sjá að ákærureglum varðandi brot gegn friðhelgi einkalífs sé á annan hátt farið í löggjöf grannþjóða, sbr. 27. kafla danskra hegningarlaga um „freds- og ærekrænkelser“, 21. kafla norskra hegningarlaga um „forbrytelser mot den personlige frihet“, 4. kafla 11. gr. sænskra hegningarlaga um „hemfridsbrott“ og 24. kafla finnskra hegningarlaga um „fridsbrott“.

Við athugun réttarfarsreglna á þessu sviði verður þó að hafa í huga að meginreglan er að sérhver refsiverður verknaður skal sæta ákæru, sbr. 24. gr. almennra hegningarlaga og 111. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Það er mat nefndarmanna að við lagasetningu á þessu sviði beri að varast að velta yfir á þolendur refsiverðrar háttsemi ábyrgð á því að þeir sem brot fremja sæti ákæru.

Samkvæmt 2. mgr. 217. gr. skal mál vegna minni háttar líkamsmeiðinga skv. 1. mgr. greinarinnar „eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess“. Farið var með minni háttar líkamsmeiðingar sem einkarefsimál hér á landi fram til þess að 217. gr. var breytt með

lögum nr. 20/1981. Segir í athugasemdum við frumvarp er varð að þeim lögum að ekki þyki eðlilegir saksóknarhættir í refsimáli út af líkamsárás að einstaklingur höfði mál og samrýmist það vart þeirra tíma viðhorfum í refsirétti og opinberu réttarfari. Lagabreytingin er mjög í samræmi við réttarþróun á Norðurlöndum þar sem ákærureglum hefur í auknum mæli verið breytt í þá veru að mál vegna líkamsmeiðinga sæti skilyrðislausri opinberri ákæru. Ætla má að við samningu ákvæða almennra hegningarlaga um líkamsmeiðingar hafi verið horft nokkuð til samsvarandi ákvæða í dönskum hegningarlögum. Dönsk líkamsárásarákvæði hafa tekið miklum breytingum á síðari árum. Ákvæði 242. gr. danskra hegningarlaga, sem samsvarar 217. gr. íslenskra hegningarlaga, geymir t.d. ekki fyrirvara um að mál skuli ekki höfðað nema almenningshagsmunir krefjist.

Ákvæði 217. gr. er eitt af þeim hegningarlagaákvæðum sem oft reynir á varðandi heimilisofbeldi. Í a- og f-liðum 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála er að finna heimild til handa þeim sem fer með ákæruvald að falla frá saksókn, þótt skilyrði séu til opinberrar málshöfðunar að öðru leyti, „ef brot er mjög smávægilegt“ og „ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar“. Hér er um að ræða almennar heimildir til að falla frá saksókn.

Það er álit nefndarmanna að óheppilegt sé að slík heimild sé sérstaklega tengd ákveðnum brotaflokki, svo sem er um minni háttar líkamsmeiðingar, og að sú tilhögun geti jafnvel orðið til þess að oftar en ella sé fallið frá saksókn vegna slíkra mála. Því er lagt til að ákæruregla 2. mgr. 217. gr. verði felld úr lögum.

C. Refsiákvörðun.

Samkvæmt 205. gr. almennra hegningarlaga er dómara heimilt að fella niður refsingu vegna kynferðisbrota skv. 194.–199., 202. og 204. gr. laganna „ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð eða, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.“ *Velta má fyrir sér réttmæti þessarar refsibrottfallsheimildar.*

Í því sambandi má vísa til tilhögunar 196. gr. almennra hegningarlaga. Brot sem þar um ræðir var bundið við tilvik utan hjónabands fyrir gildistöku laga nr. 40/1992. Í frumvarpi til þeirra laga var gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun að þessu leyti, þó þannig að fyrirvarinn tæki til hjónabands og óvígðrar sambúðar. Við þingmeðferð lagði meiri hluti allsherjarnefndar hins vegar til að frumvarpinu yrði breytt þannig að þeir sem væru í hjónabandi eða óvígðri sambúð nytu einnig refsiverndar þegar slík misneyting ætti sér stað. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi með þeim breytingum.

Samkvæmt 1. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga er dómara heimilt að fresta skilorðsbundið ákvörðun eða fullnustu refsingar ef aðili sætir á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar. Dómara væri unnt, með vísan til þessa ákvæðis, að binda dóm skilyrði um að hinn brotlegi gengist undir sérfræðimeðferð í því skyni að vinna bug á ofbeldishneigð sinni. Í dómaframkvæmd hefur lítið reynt á ákvæði 1.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Þó hafa nokkrir dómar fallið þar sem dómfelldu hefur verið gert að leita sér áfengis- eða fíkniefnameðferðar skv. 4. tölul. ákvæðisins. Þá má finna einn dóm Hæstaréttar, H. 1995:562, þar sem ákærði í máli vegna kynferðisbrota var dæmdur til skilyrtrar refsivistar með vísan til þess m.a. að hann hafði leitað aðstoðar sálfræðings sem sérhæfður var í meðferð kynferðisbrotamanna. Var ákærða gert að sæta áframhaldandi sérfræðimeðferð á skilorðstímanum.

D. Nálgunarbann.

Hluti af þeirri viðleitni sem víða hefur verið sýnd á undanförnum árum til að styrkja stöðu fórnarlamba ofbeldis og veita þeim aukna vernd er lögfesting ákvæða um nálgunarbann. Tilgangur nálgunarbanns er ekki sá að refsa fyrir framin afbrot heldur að veita fórnarlambi ofbeldis eða ofsókna skjóta vernd og fyrirbyggja frekari árásir. Hafa ber í huga að ekki gilda sömu lögmál um árásir ókunnugra og árásir fjölskyldumeðlima. Þegar um heimilisofbeldi er að ræða er mun meiri hætta á áframhaldandi ofbeldi vegna hins greiða aðgangs sem hinn brotlegi hefur að fórnarlambinu. Því nægja ekki hin hefðbundnu úrræði refsivörslukerfisins og þörf er á skjótari viðbrögðum til verndar brotaþolum í slíkum málum.

Úrræðið nálgunarbann hefur ekki verið lögfest hér á landi. Hins vegar er í almennum hegningarlögum að finna ákvæði um lögregluáminningu sem hefur nokkurn skyldleika við nálgunarbann. Ákvæði 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga hljóðar svo:

„Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í 5 ár."

Ákvæðið veitir lögreglunni ekki beinlínis heimild til að veita áminningar heldur er gert ráð fyrir að lögreglan hafi almennt slíka ólögfesta heimild. Hins vegar eru ekki ákvæði um form og efni lögreluáminninga í lögum.

Í áminningu lögreglunnar felst fyrirskipun til þess sem áminntur er um að ásækja ekki eða áreita á neinn hátt þann sem vernda á. Efnislega felst í slíkum fyrirmælum bann við að nálgast viðkomandi einstakling á þann hátt að telja megi til áreitni. Sé brotið gegn þessum fyrirmælum liggur refsing við.

Nokkrir dómar hafa fallið þar sem dæmt er til refsingar fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga. Úrræðinu mun þó ekki mikið beitt enda reglurnar að mörgu leyti óljósar og sjálf heimildin til áminningar ólögfest. Samkvæmt upplýsingum frá lögrelunni í Reykjavík eru aðeins veittar örfáar áminningar á ári og þá aðeins í grófustu ofsóknartilvikunum.

Þess skal einnig getið að skv. 2. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra heginingarlaga má binda frestun á ákvörðun eða fullnustu refsingar (skilorðsdóm) því skilyrði að aðili hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda.

Danmörk.

Í dönsku hegningarlögunum er að finna ákvæði sem er nánast samhljóða 1. mgr. 232. gr. íslensku hegningarlaganna. 265. gr. dönsku laganna hljóðar svo:

„Den, der krænker nogens fred ved trods forud af politiet given advarsel at trænge ind på ham, forfølge ham med skriftlige henvendelser eller på lignende måde forulempe ham, straffes med bøde eller hæfte eller under skærpende omstændigheder med fængsel indtil 6 måneder. En af politiet meddelt advarsel har gyldighed for 5 år."

Eins og á Íslandi eru heimildir lögreglu til áminningar ólögfestar. Danska dómsmálaráðuneytið hefur hvatt til aukinnar beitingar úrræðisins og gefið út leiðbeiningar um notkun þess. Í 1. tölul. 1. mgr. 57. gr. danskra hegingarlaga er ákvæði sem svarar til 2. tölul. 3. mgr. 57. gr. íslenskra hegningarlaga.

Noregur.

Með lögum nr. 50/1994 gengu í gildi í Noregi ný ákvæði um nálgunarbann. Lögin tóku gildi 1. janúar 1995 og markmið þeirra var að styrkja stöðu brotaþola. Samkvæmt þeim getur nálgunarbann hvort sem er verið hluti af viðurlögum vegna refsiverðs verknaðar eða sjálfstætt úrræði. Eldri ákvæði kváðu á um nálgunarbann sem hluta af viðurlögum vegna refsiverðs

verknaðar og skilyrði voru nokkuð strangari en nú er. Með nýju lögunum var 33. gr. norsku hegningarlaganna, nr. 10/1902, breytt og hljóðar nú svo:

„Den som har begått en straffbar handling, kan ved dom forbys å oppholde seg i bestemte områder hvis handlingen viser at lovbryterens opphold der kan være til særlig fare eller plage for andre.

Forhørsretten i den rettskrets forbudet gjelder, kan på begjæring fra den domfelte eller påtalemyndigheten endre eller oppheve forbudet.

Forbud som åpenbart ikke lenger er nødvendig, kan oppheves av statsadvokaten."

Samkvæmt greininni má með dómi banna manni að halda sig á ákveðnum afmörkuðum svæðum. Þetta verður þó aðeins gert í tengslum við önnur viðurlög vegna refsiverðs verknaðar. Ekki er skilyrði að af nærveru sakbornings stafi bein hætta fyrir aðra heldur er nægilegt að hún hafi sérstök óþægindi í för með sér. Brot gegn 33. gr. varða fangelsi allt að sex mánuðum eða tveimur árum ef um ítrekun er að ræða.

Í a-lið 3. mgr. 53. gr. norsku hegningarlaganna er að finna ákvæði varðandi skilorðsdóma og skilorðsbundna ákærufrestun:

„Retten kan også sette andre vilkår for utsettelsen, bl a:

a) at den domfelte overholder bestemmelser om oppholdssted, arbeid, utdanning eller samkvem med bestemte personer."

Svipað ákvæði er einnig að finna í fangelsislögum varðandi reynslulausn. Ákvæði þessi hafa þó mun minni þýðingu en 33. gr. hegningarlaganna.

Með lögum nr. 50/1994 var enn fremur nýjum kafla bætt inn í réttarfarslög, nr. 25/1981. Nálgunarbann er því nú einnig til sem sjálfstætt úrræði í norskum rétti, þ.e. án tengsla við viðurlög vegna refsiverðs verknaðar. Ákvæði 222. gr. a í réttarfarslögunum hljóðar svo:

„Påtalemyndigheten kan forby en person å oppholde seg på et bestemt sted, forfølge, besøke eller på annet vis kontakte en annen person, hvis det på grunn av særlige forhold antas å foreligge risiko for at den forbudet vil rette seg mot, ellers ville begå en straffbar handling overfor, forfølge eller på annet vis krenke den andres fred. Forbudet kan ilegges på begjæring av den forbudet skal beskytte, eller når det finnes påkrevet av almenne hensyn. Forbudet skal gjelde for en bestemt tid, høyst ett år av gangen.

Påtalemyndigheten må snarest mulig og senest 3 dager etter beslutningen bringe saken inn for forhørsretten som avgjør spørsmålet ved kjennelse. §§ 174, 175 første ledd, 177, 181 annet ledd og 184 gjelder tilsvarende så langt de passer. Spørsmålet om forbudet kan også bringes inn for retten på begjæring av den forbudet skal beskytte."

Með ákvæðinu er ákæruvaldinu veitt almenn heimild til að banna manni að halda sig á ákveðnum stað, ofsækja, ásækja eða hafa á annan hátt samband við annan mann. Skilyrði fyrir því að beita þessu úrræði er að á grundvelli sérstakra aðstæðna í tilteknu máli þyki hætta á að sá sem bannið beinist að fremji refsiverðan verknað gegn, ofsæki eða raski á annan hátt friði þess sem vernda á. Þess er ekki krafist að refsiverður verknaður hafi þegar verið framinn og úrræðinu má beita þó verknaðurinn sem hætta þykir á að verði framinn sé ekki refsiverður í sjálfu sér. Nægilegt er að hætta sé á friðarröskun.

Ekki er það skilyrði að sá sem vernda skal krefjist banns. Til dæmis er unnt að leggja á bann í tilvikum þar sem viðkomandi er háður árásarmanninum á einhvern hátt.

Tilvísun 2. málsl. 2. mgr. 222. gr. a í önnur ákvæði laganna varðar aðallega málsmeðferð en felur einnig í sér að ekki skuli leggja á bann ef það er óhentugt í tilteknu máli og að bann megi ekki vera víðtækara en þörf er á hverju sinni. Enda þótt ákvæðið sé í lögum um meðferð opinberra mála þar nálgunarbann þó ekki að vera í tengslum við rannsókn sakamáls eða á annan hátt vera afleiðing af refsiverðum verknaði. Það gildir hins vegar um önnur þvingunarúrræði laganna.

Ákveðið var að fela ákæruvaldinu að leggja nálgunarbann þótt um væri að ræða langvarandi takmarkanir á athafnafrelsi manna. Réði þar mestu þörfin á að unnt væri að afgreiða þessi mál með skjótum hætti. Einnig var litið til reynslu Svía af slíku fyrirkomulagi.

Nálgunarbannið skv. 222. gr. a gildir í ákveðinn tíma, lengst eitt ár í senn. Brot á banninu varða sömu refsingu og brot á banni skv. 33. gr. hegningarlaganna.

Svíþjóð.

Árið 1988 voru í Svíþjóð sett sérstök lög um nálgunarbann (lag 1988:688 om besöksförbud). Var lagasetningin liður í viðleitni til að veita brotaþolum aukna vernd og þá sérstaklega konum sem hefðu orðið fyrir misþyrmingum og öðrum árásum.

Í 1. mgr. 1. gr. laganna er nálgunarbann skilgreint sem bann við því að ákveðinn maður heimsæki eða hafi á annan hátt samband við annan mann eða veiti honum eftirför. Ef slíkt bann nægir ekki heimilar 2. gr. enn víðtækara nálgunarbann. Hinum brotlega er þá bannað að koma nálægt heimili þess sem vernda á, vinnustað eða öðrum dvalarstað. Skv. 4. gr. er nálgunarbann veitt í ákveðinn tíma, lengst eitt ár, með möguleika á framlengingu í eitt ár hverju sinni.

Skilyrði nálgunarbanns er að á grundvelli sérstakra aðstæðna þyki hætta á að sá sem bannið beinist að fremji afbrot gegn, veiti eftirför eða ofsæki á annan hátt þann sem bannið á að vernda, sbr. 2. mgr. 1. gr. Við matið á hættunni skal sérstaklega athuga hvort sá sem bannið beinist gegn hafi framið afbrot er beinist að lífi, heilsu, frelsi eða friðhelgi einkalífs þess sem vernda á. Þess er ekki krafist að unnt sé að sanna að brot hafi þegar verið framið. Grunnskilyrðið er að hætta þyki á ofsóknum vegna sérstakra aðstæðna.

Ákæruvaldið leggur á nálgunarbann að kröfu þess sem vernda á eða annars þegar tilefni þykir til, sbr. 7. gr. Í 7.–13. gr. er að finna ákvæði um málsmeðferð ákæruvaldsins.

Dómstólar taka ákvörðun ákæruvaldsins til endurskoðunar að kröfu þess sem bannið beinist gegn eða þess sem banninu er ætlað að vernda samkvæmt nánari reglum í 14.–22. gr. Saksóknari getur einnig tekið fyrri ákvörðun sína eða héraðsdóms til endurskoðunar ef aðstæður hafa breyst þannig að rétt þyki að breyta efni bannsins eða fella það niður, sbr. 23. gr.

Samkvæmt 24. gr. varða brot á nálgunarbanni sektum eða fangelsi í allt að eitt ár. Ekki er þó refsað fyrir smávægileg brot.

Nefndin telur nauðsynlegt að settar verði reglur sem geri kleift að vernda þolendur heimilisofbeldis. Með því að beita nálgunarbanni má koma í veg fyrir heimilisofbeldi og bregðast við því í þeim tilvikum sem því hefur verið beitt. Markmiðið með nálgunarbanni er eins og áður hefur komið fram að vernda fórnarlambið og fyrirbyggja frekara ofbeldi. Nefndin telur brýna þörf á slíku úrræði í íslenskum lögum, enda mundi það ótvírætt bæta réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis og annarra þolenda ofbeldis og ofsókna. Nefndin leggur til að ákvæði um nálgunarbann verði tekin upp í almenn hegningarlög og lög um meðferð opinberra mála. Er í þessu efni höfð hliðsjón af norskum reglum.

Ákvæði um nálgunarbann mætti fella inn í VII. kafla almennra hegningarlaga. Samkvæmt því ákvæði yrði með dómi unnt að banna þeim sem framið hefur refsiverðan verknað að halda sig á tilteknum svæðum ef sýnt þætti vegna verknaðarins að nærvera hans þar gæti haft í för með sér sérstaka hættu eða óþægindi fyrir aðra. Nálgunarbannið yrði ótímabundið og brot gegn því mundi varða fangelsi allt að sex mánuðum og allt að tveimur árum ef um ítrekað brot væri að ræða.

Nefndin telur einnig brýna þörf á lagaákvæði er heimili notkun nálgunarbanns sem bráðabirgðaúrræðis er beita mætti til þess að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Slíkt

ákvæði á heima í lögum um meðferð opinberra mála. Um meðferð beiðna færi þá eftir reglum þeirra laga um rannsóknar- og þvingunarúrræði eftir því sem við á. Þannig yrði unnt að banna manni að halda sig á ákveðnum svæðum, fylgja eftir, ásækja eða á annan hátt setja sig í samband við annan mann ef sýnt þætti að hætta væri á að sá sem bannið beindist gegn mundi annars fremja refsiverðan verknað gegn, ásækja eða á annan hátt raska friði hans. Nálgunarbannið mætti leggja á að kröfu þess sem vernda skal eða þegar þess þætti annars þörf. Nálgunarbannið yrði tímabundið og lagt á lengst eitt ár í senn. Brot gegn slíku banni mundi varða sömu refsingu og brot gegn nálgunarbanni hegningarlaga.

Nefndin telur rétt að 1. mgr. 232. gr. hegningarlaga standi áfram í lögum. Hins vegar þyrfti að styrkja úrræðið með nánari reglum um áminningar lögreglu þar sem fram kæmi t.d. hver veiti áminningar, hvernig og af hvaða tilefni.

HEIMILDASKRÁ

Jónatan Þórmundsson, *Brot gegn friðhelgi einkalífs*, Tímarit lögfræðinga, 1976, bls. 147–167.

Jónatan Þórmundsson, *Ofsóknir og hótanir*, Tímarit lögfræðinga, 1989, bls. 198–203.

NOU 1992:23: *Ny straffelov — alminnelige bestemmelser*, Straffelovkommisjonens delutredning V, Ósló, 1992.

Lag 1988 om besöksförbud, Nytt Juridiskt Arkiv, 1988, bls. 321–343.

Ot prp nr. 33 (1993–94): *Om lov om endringer i straffeprosessloven mv (styrkning av kriminalitetsofres stilling)*, Justis- og politidepartementet, Ólsó, 1994.

Skýrsla nauðgunarmálanefndar, dómsmálaráðuneytið, Reykjavík, 1989.

Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, dómsmálaráðuneytið, Reykjavík, 1997.

Smearman, Claire Ann, *At the crossroads: Domestic violence and legal reform in Iceland*, Úlfljótur, 1996, bls. 275.

Una Björk Ómarsdóttir, *Nálgunarbann — kandídatsritgerð*, Reykjavík, 1996.

1385. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust umsagnir um það frá Félagi ábyrgra feðra, umboðsmanni barna, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Rauðakrosshúsinu, Barnaverndarstofu, barnaverndarráði og Barnaheillum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að skipa nefnd til að gera úttekt á íslenskum lögum og réttarframkvæmd sem varða réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Nefndinni bárust þær upplýsingar að dómsmálaráðherra hefði til athugunar breytingar á þessum málaflokki, m.a. hvort unnt væri að setja í lög frekari úrræði en nú eru í gildi til að koma á umgengni forsjárlauss foreldris við barn sitt. Leggur nefndin áherslu á að um mikilvægt málefni er að ræða sem brýnt er að tekið verði á sem fyrst.

Í ljósi þessa leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1998.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Kristján Pálsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1386. Breytingartillögur [436. mál]

við frv. til l. um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Við 14. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sérgreinadýralæknum skal eftir því sem við verður komið gert kleift að taka þátt í krufningum á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.
2. Við 15. gr. Greinin falli brott.

Greinargerð.

Varðandi breytingu á 14. gr. þykir rétt að benda á að í 2. gr. laga um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum eru ákvæði um hlutverk hennar. Samkvæmt þeim hefur tilraunastöðin þær skyldur að annast sjúkdómsgreiningar og mikilvægur þáttur í því er líffærameinafræði sem samkvæmt hefð felst í krufningum og smásjárskoðun. Það að fela sérgreinadýralæknum að annast krufningar en fela Tilraunastöðinni að Keldum að annast smásjárrannsóknir vefjasýna eins og ákvæði frumvarpsins virðast gera ráð fyrir er ekki þekkt annars staðar og virðist stangast á við lögboðið hlutverk stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að sérgreinadýralæknar hafi neina sérmenntun í líffærameinafræði. Það skal þó tekið fram að æskilegt er að þeir geti tekið þátt í krufningum með líffærameinafræðingi eftir því sem við verður komið.

Ákvæði 15. gr. frumvarpsins og skýringar við hana eru í mótsögn við gildandi lagaákvæði um Tilraunastöðina að Keldum. Ákvæði 15. gr. er ekki til þess fallið að gera veg þeirrar stofnunar meiri í sjúkdómsgreiningu dýra heldur minnka tengsl þjónustu við sjúkdómsgreiningar og grunnrannsóknir á dýrasjúkdómum. Þá orkar einnig mjög tvímælis út frá stjórnsýslulegum sjónarmiðum að sami aðili, í þessu tilviki yfirdýralæknir, sem á að fyrirskipa og sjá um sóttvarnaraðgerðir, hafi einnig með höndum rannsóknaþjónustu sem slíkar aðgerðir byggjast á. Því er lagt til að greinin falli brott.

1387. Svar [276. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar og Ástu R. Jóhannesdóttur um skattalega meðferð lífeyrisiðgjalda sjálfstæðra atvinnurekenda.

1. *Hversu margir einstaklingar stunduðu sjálfstæðan atvinnurekstur einhvern tíma á árunum 1985–95 og greiddu í lífeyrissjóð án þess að vera heimilað af skattyfirvöldum að draga frá skatti þann hluta iðgjaldsins sem svarar til hlutar atvinnurekenda í iðgjaldagreiðslum?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar um fjölda þeirra aðila sem stunduðu sjálfstæða starfsemi frá og með árinu 1991. Í töflunni hér á eftir er miðað við þá aðila sem bar að skila staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt reglugerð nr. 591/1987, þ.e. þá sem ekki voru með óverulega starfsemi (reiknað endurgjald undir 179.427 kr. miðað við árið 1996). Heildarfjöldi með reiknað endurgjald var hins vegar töluvert hærri.

Ár:	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991
Fjöldi:	15.366	15.414	15.497	15.547	16.728	19.241	19.637

Engar upplýsingar liggja hins vegar fyrir um það hversu margir þessarra aðila greiddu í lífeyrissjóð vegna launa við sjálfstæðan atvinnurekstur sinn. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um það hversu margir færðu til gjalda á rekstrarreikningi iðgjaldshluta atvinnurekanda eða var neitað um frádráttinn.

2. *Hvernig skiptast þeir á einstaka lífeyrissjóði?*

Hvorki liggja fyrir upplýsingar um greiðslur þessa hóps í lífeyrissjóði né hvernig þær skiptast milli lífeyrissjóða.

3. *Hversu hár er samanlagður atvinnurekendahluti lífeyrisiðgjalda þessa hóps, reiknaður til núvirðis?*

Einstakar fjárhæðir sem fram koma í ársreikningum rekstraraðila eru ekki skráðar sérstaklega hjá skattyfirvöldum. Þess vegna liggja engar upplýsingar fyrir um iðgjaldagreiðslur þessa hóps og því er ekki unnt að framkvæma þennan útreikning með neinni vissu. Til þess að átta sig á því hvaða stærðir gæti verið um að ræða ef allir sem voru með reiknuð laun greiddu í lífeyrissjóð má taka sem dæmi að álagningarárið 1995 (tekjuárið 1994) var heildarfjárhæð reiknaðra launa í atvinnurekstri einstaklinga 15.590 m.kr. hjá 26.563 aðilum eða um 587 þús. kr. á mann að meðaltali á árinu. Ef allur hópurinn hefði greitt í lífeyrissjóð og atvinnurekendahlutinn væri 6% af reiknuðum launum mundi heildarfjárhæð þess hluta iðgjaldsins vera um 935 m.kr. eða um 35 þús. kr. á mann að meðaltali á ári. Það skal þó tekið fram að ekki er rétt að ganga út frá því að allir þessir aðilar hafi greitt í lífeyrissjóð eða farið fram á frádrátt vegna iðgjalds því vitað er að hluti þessa hóps er með lífeyrismál sín í ólagi.

4. *Hversu háan tekjuskatt á núvirði er áætlað að hópurinn hafi greitt samanlagt af þessum hluta iðgjaldanna?*

Af sömu ástæðu og fram kemur í svari við 3. lið er ekki unnt að gefa fullnægjandi upplýsingar um tekjuskattsgreiðslur þessa hóps. En ef til dæmis er gert ráð fyrir að allur hópurinn

hafi greitt iðgjaldshluta atvinnurekenda og greitt sem svarar 6% af reiknuðum launum í lífeyrissjóð, án þess að skattyfirvöld viðurkenndu það sem frádrátt, má áætla tekjuskatta. Heildartekjuskattsstofn einstaklinga álagningarárið 1995 (tekjuárið 1994) var 235.340 m.kr. og heildartekjuskattar einstaklinga (tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur og útsvar) var 50.882 m.kr. eða um 22% af heildarskattstofni. Ef þetta hlutfall er notað til að reikna tekjuskatta af iðgjaldsstofninum 935 m.kr. (sjá svar við 3. lið) yrðu tekjuskattar af stofninum alls um það bil 206 m.kr. eða um 8 þús. kr. á mann að meðaltali. Það skal ítrekað að hluti hópsins greiddi ekki í lífeyrissjóð en aðrir greiddu af launum langt yfir meðaltali.

5. *Hvernig dreifist sú upphæð innan hópsins? Hver er hæsta upphæðin sem einstaklingur hefur greitt?*

Eins og fram hefur komið liggja hvorki fyrir fullnægjandi upplýsingar um hvaða einstaklingar, sem stunduðu sjálfstæða starfsemi, greiddu í lífeyrissjóð né hve mikið þeir greiddu í iðgjöld.

6. *Hve margir þeirra einstaklinga, sem spurt er um í 5. lið, falla undir lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda nr. 29/1995, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 432/1995 um að sjálfstætt starfandi einstaklingi væri heimilt að gjaldfæra sem rekstrarkostnað þann hluta lífeyrisiðgjalds síns sem svaraði til hlutar atvinnurekanda?*

Lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995, tóku gildi 1. janúar 1996 og eiga því ekki við. Um endurgreiðslur gilda ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Varðandi endurgreiðslur og endurákvörðun frádráttar vegna lífeyrisiðgjalda sjálfstætt starfandi einstaklinga er vísað til svars við 8. lið.

7. *Hversu háa upphæð samanlagt ber þeim að fá endurgreidda frá ríkinu?*

Engar fullnægjandi upplýsingar eru fyrirliggjandi um þessa upphæð.

8. *Hvernig hyggst fjármálaráðuneytið uppfylla ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1995 þar sem mælt er fyrir um að stjórnvöldum beri að hafa frumkvæði að endurgreiðslum þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið?*

Eins og fram hefur komið gilda lögin nr. 75/1981 um endurgreiðslur sem spurt er um. Skattyfirvöld ákváðu í framhaldi af dómi Hæstaréttar í lok árs 1996 að heimila sjálfstætt starfandi einstaklingum að gjaldfæra í einu lagi á framtali ársins 1997 lífeyrisiðgjöld fjögur ár aftur í tímann, þ.e. vegna rekstraráranna 1992–95. Einnig var fallist á að endurákvarða framtöl viðkomandi ára ef gjaldandi óskaði þess fremur.

1388. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [288. mál]

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Almennt.

Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.
Sveitarfélög eru lögaðilar.
Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

2. gr.
Yfirstjórn sveitarstjórnarmála.

Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.
Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

3. gr.
Staðarmörk sveitarfélaga.

Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.

4. gr.
Heiti sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til breytingar á nafni þess, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga, skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem kjósa skal um. Nefndin skal skila áliti sínu innan þriggja vikna. Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins. Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags í Stjórnartíðindum.

5. gr.
Byggðarmerki.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag.
Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofunni sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.
Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.
Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá.

6. gr.
Lágmarksíbúatala.

Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.
Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

7. gr.

Almennar skyldur sveitarfélaga.

Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.

Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.

II. KAFLI

Sveitarstjórnir og sveitarstjórnarfundir.

8. gr.

Sveitarstjórn.

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn sem kjörin er samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna.

9. gr.

Hlutverk og verksvið sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laga þessara og annarra laga.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast, að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála sem ákveðnar eru í lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

10. gr.

Samþykkt um stjórn og stjórnsýslu.

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Slík samþykkt skal send ráðuneytinu til staðfestingar.

11. gr.

Heiti sveitarstjórna o.fl.

Sveitarstjórnir nefnast bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sveitarstjórn. Byggðarráð skv. 38. gr. nefnast byggðarráð, bæjarráð eða hreppsráð og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist bæjarstjóri eða sveitarstjóri.

Í Reykjavíkurborg nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins borgarráð.

Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

12. gr.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn.

Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:

a. þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn,
b. þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn,
c. þar sem íbúar eru 1.000–9.999 7–11 aðalmenn,
d. þar sem íbúar eru 10.000–49.999 11–15 aðalmenn,
e. þar sem íbúar eru 50.000 eða fleiri 15–27 aðalmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala sveitarfélags hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í átta ár samfellt.

Kveðið skal á um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

13. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

14. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita. Stöðuheiti oddvita sveitarstjórnar má ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár. Nú nýtur oddviti ekki lengur stuðnings meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn og skal hann þá víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti sem hefur fengið atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo er flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri sem um skyldi kjósa hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til ráðuneytisins þegar að því loknu.

Ef oddviti deyr, verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum eða nýtur ekki lengur trausts sveitarstjórnar sem oddviti áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa oddvita í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

15. gr.

Sveitarstjórnarfundir.

Sveitarstjórnir skulu halda reglulega fundi eftir því sem sveitarstjórn ákveður fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Fundi skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og sveitarstjórnir þar sem byggðarráð er kjörið skulu halda fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega. Heimilt er þó sveitarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði á hverju sumri. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

Skylt er að kveðja sveitarstjórn saman til fundar þegar a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess.

16. gr.

Opnir fundir.

Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar slíkt telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins.

17. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags boðar sveitarstjórnarfundi á þann hátt sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður einnig fundarstað og fundartíma hafi sveitarstjórn eigi gert það.

18. gr.

Auglýsing sveitarstjórnarfunda.

Íbúum sveitarfélags skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi.

Sveitarstjórn skal í upphafi kjörtímabils taka ákvörðun um hvernig fundir hennar eru auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, t.d. í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélags hafi greiðan aðgang að auglýsingu um sveitarstjórnarfundi.

Þegar dagskrá sveitarstjórnarfundar hefur verið samin og send sveitarstjórnarmönnum skal hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti er sveitarstjórn ákveður.

19. gr.

Hæfi sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélags.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar sveitarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

20. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

21. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnir skulu hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

a. fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja,
b. ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja,
c. samþykktir og reglugerðir sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra,
d. áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir,
e. beiðni um aðstoð skv. 75. gr.

22. gr.

Hlutverk oddvita.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

23. gr.

Fundargerðir.

Fundargerðir sveitarstjórnarfunda skal rita í gerðabók í samræmi við fundarsköp sveitarstjórnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að ráða sér fundarritara.

Allir kjörnir sveitarstjórnarmenn sem mættir eru skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók sveitarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

24. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir frá því að sitja í sveitarstjórn.

Nú er framboðslisti borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum og geta þá aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar eftir kosningar.

Nú næst ekki samkomulag milli stjórnmálaflokka eða samtaka, sem standa að sameiginlegum lista, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn sem í hlut á var þegar kosning fór fram taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum.

Þegar aðalmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má ákveða að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Tekur þá varamaður hans sæti samkvæmt framangreindum reglum.

25. gr.

Fundarsköp sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnir skulu setja sér fundarsköp sem senda skal ráðuneytinu til staðfestingar ásamt samþykkt skv. 10. gr.

Ráðuneytið semur fyrirmynd að fundarsköpum fyrir sveitarstjórnir og birtir hana í Stjórnartíðindum. Gilda þau fyrir sveitarstjórn þar til staðfest hafa verið sérstök fundarsköp fyrir hana.

26. gr.

Sveitarstjórn óstarfhæf vegna neyðarástands.

Nú verður sveitarstjórn óstarfhæf tímabundið vegna neyðarástands í sveitarfélaginu, svo sem af völdum náttúruhamfara, og getur þá ráðuneytið að beiðni sveitarstjórnarinnar falið sveitarstjórn nágrannasveitarfélags að fara með stjórn sveitarfélagsins uns sveitarstjórnin verður starfhæf á ný.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

27. gr.

Mæting á fundi o.fl.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að sækja alla sveitarstjórnarfundi og fundi í nefndum á vegum sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

28. gr.

Afstaða til einstakra mála o.fl.

Sveitarstjórnarmaður er einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og honum ber að gegna störfum af alúð og samviskusemi.

Vilji sveitarstjórnarmaður eigi una úrskurði oddvita varðandi stjórn og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

29. gr.

Málfrelsi, tillögurétur, atkvæðisréttur o.fl.

Aðalmenn í sveitarstjórnum hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórna eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum. Þeir hafa og tillögurétt, atkvæðisrétt og kjörgengi í nefndir.

30. gr.

Aðgangur að gögnum.

Aðalmenn í sveitarstjórnum skulu vegna starfa sinna í sveitarstjórn hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi.

31. gr.

Bókanir í fundargerðir.

Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir sínar um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

32. gr.

Þagnarskylda.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

33. gr.

Skylda til að taka kjöri.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins.

Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum.

34. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði og skal sveitarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

35. gr.

Þóknun og ferðakostnaður.

Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra. Sé um langan veg að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórn auk þess ákveðið honum hæfilega greiðslu ferðakostnaðar.

Nú tekst sveitarstjórnarmaður ferð á hendur í þágu sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og á hann þá rétt til greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

36. gr.

Orlof o.fl.

Sveitarstjórnarmenn eiga rétt á að störfum sveitarstjórnar sé þannig hagað að þeir geti tekið sér hæfilegt orlof árlega.

Sveitarstjórn er heimilt að setja í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins ákvæði um réttindi sveitarstjórnarmanna, svo sem varðandi lífeyrissjóði, barnsburðarleyfi, biðlaun o.þ.h.

37. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna eiga einnig við um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórnum.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

38. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í sveitarstjórnum sem skipaðar eru þremur eða fimm aðalfulltrúum verður þó eigi kosið sérstakt byggðarráð.

Byggðarráð skal kjörið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Í sveitarstjórnum sem skipaðar eru sjö eða níu fulltrúum skal byggðarráð skipað þremur aðalmönnum úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn, en fimm eða sjö aðalmönnum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Formaður byggðarráðs skal valinn úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, getur heimilað framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi í byggðarráði slíkan rétt þann tíma sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfis.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og kosinn í byggðarráðið.

39. gr.

Hlutverk byggðarráðs.

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með framkvæmdastjórn þess og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Það hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins almennt og fjárstjórn þess sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.

Heimilt er að láta byggðarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

Um byggðarráð gilda að öðru leyti ákvæði þessa kafla.

40. gr.

Kosning í aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Kjörtímabil slíkra nefnda skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar nema annað sé ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Kosningar í byggðarráð, nefndir, ráð og stjórnir skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn er heimilt að skipta um fulltrúa í nefndum hvenær sem er á kjörtímabili nefndar, svo sem þegar nefndarmenn njóta ekki lengur trausts meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Enn fremur er fulltrúum í nefndum heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að fara með einstaka málaflokka á kjörtímabilinu.

Þá kýs sveitarstjórn fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að samkvæmt viðkomandi samþykktum eða lögum.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils viðkomandi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að slíka nefnd skuli kjósa í almennum kosningum í viðkomandi hluta sveitarfélagsins.

41. gr.

Sameining nefnda.

Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

Í sveitarfélögum þar sem erfiðlega horfir með að manna nefndir er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni nefndarinnar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins.

42. gr.

Kjörgengi starfsmanna.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

43. gr.

Varamenn.

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, flyst burt eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans, sbr. fyrri málslið, nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar skal þó sá aðili, sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd, einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu, sbr. 24. gr.

44. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Sveitarstjórn getur falið nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er sveitarstjórn heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að ákveða að fela öðrum aðilum en nefndum afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Slíkri afgreiðslu má þó ætíð skjóta til viðkomandi nefndar, byggðarráðs eða sveitarstjórnar.

45. gr.

Boðun fyrsta fundar.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður hver annist fundarboðun nema sveitarstjórn hafi kjörið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn um boðun til fyrsta fundar.

Framkvæmdastjóri getur kallað saman tvær eða fleiri nefndir til að ræða mál er varða starfssvið fleiri nefnda en einnar.

46. gr.

Kjör formanns, varaformanns og ritara og hlutverk þeirra.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara sé ekki annað ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Formaður nefndar boðar nefndarfundi eða lætur boða með hæfilegum fyrirvara.

Nefndarformaður stjórnar fundi. Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsmenn sveitarfélags ef hún telur þess þörf. Hún getur einnig boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði II. og III. kafla laga þessara gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags eftir því sem við á.

48. gr.

Fundargerðir.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags skulu halda gerðabók sem fundargerðir eru færðar í. Fundargerðir nefnda skal skrá með sams konar hætti og fundargerðir sveitarstjórna, sbr. 23. gr.

Sé um ráðgefandi nefnd að ræða, sem ekki hefur verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt sveitarfélagsins, teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

49. gr.

Afgreiðsla fundargerða.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð og/eða fullskipaða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki. Ef

fundargerðir nefnda innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Ályktun nefndar, sem hefur fjárútlát í för með sér, skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð hennar eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Fundargerðir skulu fylgja dagskrá reglulegra sveitarstjórnarfunda.

50. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur er hún setur, svo og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar í samræmi við 35. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags.

V. KAFLI
Framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga.

51. gr.

Almennt.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn skv. 56. gr. til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins.

52. gr.

Ekki ráðinn framkvæmdastjóri.

Sé eigi ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélags hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, ef kosið er, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

53. gr.

Laun oddvita þar sem eigi er starfandi framkvæmdastjóri.

Laun oddvita þar sem eigi er starfandi framkvæmdastjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórn. Launin skulu endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélags sem oddviti sér um skal hann eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélags á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

54. gr.

Ráðning framkvæmdastjóra.

Sveitarstjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags. Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleiri að ráða sameiginlega framkvæmdastjóra.

Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin.

Ráðningartími framkvæmdastjóra sveitarfélags skal að jafnaði vera sami og kjörtími sveitarstjórnar. Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags til óákveðins tíma en uppsagnarfrestur skal þá vera þrír mánuðir af beggja hálfu miðað við mánaðamót.

Taka skal sérstaklega fram í ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra hvort ráðningin miðist við kjörtíma sveitarstjórnar eða gildi um óákveðinn tíma.

55. gr.

Verksvið framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags skal sitja fundi sveitarstjórnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélags með sömu réttindum.

Framkvæmdastjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar sveitarsjóðs skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal setja nánari ákvæði um verksvið framkvæmdastjóra og mörk milli þess og ákvörðunarvalds sveitarstjórnar og byggðarráðs.

56. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veitir þeim lausn frá starfi.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn almenn fyrirmæli um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

57. gr.

Starfskjör, réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Fjármál sveitarfélaga.

58. gr.

Almennt um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga.

Sveitarfélög, þ.e. sveitarsjóðir, stofnanir sveitarfélaga og fyrirtæki þeirra, eru bókhaldsskyld.

Bókhaldi skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri og efnahag sveitarfélagsins í heild. Að svo miklu leyti sem við á gilda ákvæði laga um bókhald og laga um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

59. gr.

Reikningsárið.

Reikningsár sveitarfélaga skal vera almanaksárið.

60. gr.

Flokkun í reikningsskilum sveitarfélaga.

Í reikningsskilum sveitarfélaga skal skipta starfsemi þeirra þannig:

a. sveitarsjóður, sem í lögum þessum merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum,
b. stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

61. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fyrir lok janúarmánaðar skal sveitarstjórn gera fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár. Ráðuneytið getur veitt sveitarstjórnum lengri frest þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi.

Fjárhagsáætlun samkvæmt þessari grein skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

Fjárhagsáætlun skal rædd á tveimur fundum í sveitarstjórn með a.m.k. einnar viku millibili.

Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga. Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings.

62. gr.

Breytingar á fjárhagsáætlun.

Heimilt er að endurskoða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélags og gera á henni nauðsynlegar breytingar ef í ljós koma breytingar á forsendum fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn afgreiðir slíkar breytingar á fjárhagsáætlun við eina umræðu. Breytingartillögur skulu sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun skal hún jafnframt kveða á um hvernig útgjöldum skuli mætt. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætlun.

63. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar fjárhagsáætlun skv. 61. gr. skal sveitarstjórn árlega semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar skv. 61. gr.

64. gr.

Útgjöld úr sveitarsjóði.

Til útgjalda sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar má ekki stofna nema til komi samþykki sveitarstjórnar.

65. gr.

Miklar fjárfestingar.

Hyggist sveitarstjórn ráðast í fjárfestingu og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í henni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða. Jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

66. gr.

Skil á fjárhagsáætlun o.fl. til ráðuneytisins.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 61. gr. og þriggja ára áætlun skv. 63. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr.

67. gr.

Ársreikningur.

Semja skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal semja samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr.

Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur skal sýna yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikning í lok reikningsárs ásamt skýringum. Í ársreikningi skal sýna fjárhagsáætlun reikningsársins til samanburðar og í honum skal koma fram yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

68. gr.

Endurskoðun ársreiknings.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.

Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða að endurskoðun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins verði falin sérstakri endurskoðunarstofnun á vegum sveitarfélagsins. Skal slík endurskoðunarstofnun vera undir stjórn forstöðumanns sem skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Stofnunin skal heyra beint undir sveitarstjórn og vera óháð öllum nefndum, ráðum, stjórnum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins við framkvæmd endurskoðunarinnar.

Endurskoðandi sveitarfélags skal haga endurskoðun í samræmi við lög og reglur og góðar endurskoðunarvenjur eins og þær eru á hverjum tíma hjá opinberum aðilum. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreiknings og ganga úr skugga um að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Endurskoðandi sveitarfélags skal kynna skoðunarmönnum skv. 69. gr. athugun sína og endurskoðun tímanlega fyrir áritun ársreiknings.

69. gr.

Skoðunarmenn.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skal hún kjósa tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara til loka kjörtímabils sveitarstjórnar. Skoðunarmenn skulu hafa kosningarrétt og kjörgengi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins eru eigi kjörgengir sem skoðunarmenn hjá sveitarfélaginu.

Skoðunarmenn skulu yfirfara ársreikning sveitarfélagsins. Einnig skulu þeir athuga einstök fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja eftir því sem þeim þykir ástæða til.

Skoðunarmenn skulu koma tímanlega á framfæri við endurskoðanda sveitarfélags þeim ábendingum og upplýsingum sem þeir telja að við eigi og geti orðið innlegg í endurskoðunarstarfið.

70. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Skylt er að veita endurskoðanda og skoðunarmönnum aðstöðu til þess að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sveitarfélags. Sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélags skulu veita þeim allar þær upplýsingar sem starfinu tengjast, þeir óska og unnt er að láta í té.

71. gr.

Áritun ársreiknings.

Endurskoðandi og skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn.

Endurskoðandi skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Endurskoðandi skal enn fremur láta í ljós skriflegt álit sitt á ársreikningnum og greina frá niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Skoðunarmenn skulu í áritun sinni staðfesta að þeir hafi yfirfarið ársreikninginn og jafnframt greina frá niðurstöðum athugana sinna.

Telji endurskoðandi og skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni, gera grein fyrir því í greinargerð og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta þeir greint frá þeim atriðum sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðandi og skoðunarmenn vilja koma á framfæri við sveitarstjórn eða framkvæmdastjóra sveitarfélags, skal bera fram skriflega og skal aðilum veittur hæfilegur frestur til svara.

Ef endurskoðanda eða skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til sveitarstjórnar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna hjá sveitarfélaginu, um breytingar á innra eftirliti, stjórnsýslu og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal varðveita á öruggan hátt öll gögn um endurskoðunina og samskiptin við endurskoðanda og skoðunarmenn.

Endurskoðanda eða skoðunarmönnum er hvorki heimilt að gefa óviðkomandi upplýsingar um hag sveitarfélags, stofnana þess eða fyrirtækja né annað það er þeir komast að í starfi sínu.

Ráðherra getur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sett með reglugerð nánari ákvæði um endurskoðun hjá sveitarfélögum, svo sem um verkaskiptingu endurskoðanda og skoðunarmanna.

72. gr.

Afgreiðsla sveitarstjórnar á ársreikningi.

Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna skv. 71. gr.

Sveitarstjórnir skulu hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreiknings sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní. Sveitarstjórn og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn og senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Vanræki sveitarstjórn að afgreiða eða skila ársreikningum sínum innan tilskilins frests getur ráðuneytið stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til viðkomandi sveitarfélags og með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim aðila sem ábyrgð ber á vanrækslunni.

73. gr.

Tryggingar og ábyrgðir.

Heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess.

Eigi má sveitarfélag veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett í þágu sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

Sveitarfélag getur veitt Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélaga.

Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum þeirra og sveitafélög verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta.

Kröfur á hendur sveitarsjóði má eigi nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld til sveitarsjóðs eða stofnana sveitarfélagsins.

Eigi má binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Prókúruhafa sveitarsjóðs er þó heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

74. gr.

Eftirlitsnefnd.

Ráðherra skipar þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Einn fulltrúi í nefndina skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir skv. 4. mgr. þessarar greinar og ákvæði 3. mgr. 61. gr. Leiði athugun í ljós að fjármál sveitarfélags stefni í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarfélag og samhliða upplýsa ráðuneytið um álit sitt. Sveitarstjórn er skylt í slíkum tilvikum að gera eftirlitsnefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig sveitarstjórnin hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar.

Þóknun til eftirlitsnefndarmanna skal ákveðin af ráðherra. Þóknunin og annar kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð um störf og málsmeðferð eftirlitsnefndar og viðmiðanir varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga. Fjárhagsviðmiðanir skulu taka til þeirra atriða sem meginmáli skipta við mat á rekstri og efnahag sveitarfélaga.

75. gr.

Fjárþröng.

Komist sveitarfélag í fjárþröng þannig að sveitarstjórn telur sér eigi unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það til eftirlitsnefndar skv. 74. gr. Ákvörðun um slíka tilkynningu skal tekin eftir tvær umræður í sveitarstjórn.

Eftirlitsnefnd skal þá tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests.

Eftirlitsnefnd er heimilt að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. hafi sveitarstjórn ekki sinnt aðvörun nefndarinnar skv. 2. mgr. 74. gr. eða ef nefndin telur viðbrögð sveitarstjórnar í framhaldi af aðvörun nefndarinnar ófullnægjandi.

Komi í ljós við rannsókn að fjárhagur sveitarfélags sé slíkur að það geti ekki með eðlilegum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum er ráðuneytinu heimilt að tillögu eftirlitsnefndar að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur. Ráðuneytið getur heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í því tilviki sem hér um ræðir og að tillögu eftirlitsnefndar að leggja álag á útsvör og fasteignaskatta sem nemi allt að 25%.

76. gr.

Svipting fjárforráða.

Nú er greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð og getur ráðherra að tillögu eftirlitsnefndar þá svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn skv. 77. gr., enda hafi sveitarstjórn vanrækt svo skyldur sínar samkvæmt lögum þessum að vandræði hafi af hlotist, fjármálastjórn sveitarfélagsins hafi verið í ólestri og ráðstafanir skv. 75. gr. muni fyrirsjáanlega eigi duga til úrbóta.

Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið þó skora á sveitarstjórn að koma fjármálum sveitarfélagsins á réttan kjöl og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að sex mánaða frest í því skyni. Ráðuneytið getur þá jafnframt óskað eftir að sveitarfélaginu verði veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum.

Heimilt er sveitarstjórn að höfða mál fyrir dómi til ógildingar ákvörðun ráðherra um sviptingu fjárforræðis.

77. gr.

Fjárhaldsstjórn.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum, þar af einum samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður skal skipaður af ráðherra.

Fjárhaldsstjórn skal skipuð til tiltekins tíma og eigi lengur en til eins árs í senn.

Þóknun til fjárhaldsmanna skal ákveðin af ráðherra og greiðist úr ríkissjóði.

Birta skal ákvörðun um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar í Lögbirtingablaði og í B-deild Stjórnartíðinda.

78. gr.

Hlutverk fjárhaldsstjórnar.

Fjárhaldsstjórn tekur við stjórn fjármála sveitarfélags og má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði nema með samþykki hennar. Ályktanir sveitarstjórnar og ákvarðanir lægra settra stjórnvalda hennar, sem hafa útgjöld í för með sér, eru ógildar nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar. Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera nýja áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir næstu tvö fjárhagsár.

Áætlun þessa skal senda ráðuneytinu til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðuneytis gildir áætlunin sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, a.m.k. meðan sveitarfélagið er undir fjárhaldsstjórn.

Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðuneytisins selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó eigi þær eigur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum, sbr. 73. gr. Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélagsins í hendur einkaaðila.

79. gr.

Sameining við annað sveitarfélag.

Nú duga eigi framangreindar ráðstafanir til þess að koma fjárhag sveitarsjóðs og stofnana hans á réttan kjöl og getur þá ráðuneytið einnig ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag sem undir fjárhaldsstjórn er eða hluta þess.

80. gr.

Brottfall sviptingar fjárforráða.

Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðherra þegar telja má að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing þar að lútandi skal birt á sama hátt og auglýsing um sviptingu fjárforræðis.

VII. KAFLI
Samvinna sveitarfélaga.

81. gr.

Almennt.

Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna. Getur slík samvinna meðal annars farið fram á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga, landshlutasamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

82. gr.

Stofnun byggðasamlags.

Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað byggðasamlag sem tekur að sér framkvæmd verkefnisins.

Í samningi sem gera skal um byggðasamlag skulu vera ákvæði meðal annars um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.

Í samningnum skulu vera ákvæði um hvenær stjórnarfundur er ályktunarhæfur og um umboð stjórnar til að skuldbinda sveitarsjóði. Þá skulu vera ákvæði um í hvaða tilvikum þörf er staðfestingar sveitarstjórna á samþykktum sem gerðar eru í stjórn byggðasamlags.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í samþykktum byggðasamlags gilda eftir því sem við eiga meginreglur laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, meðferð fjármála og endurskoðun ársreikninga.

Sveitarsjóðir bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

83. gr.

Endurskoðun samþykkta byggðasamlaga.

Samþykktir byggðasamlaga skulu teknar til endurskoðunar í síðasta lagi þegar liðin eru 10 ár frá stofnun þeirra og síðan á a.m.k. 10 ára fresti. Við slíka endurskoðun skal meta reynslu af starfsemi viðkomandi byggðasamlags og stjórnskipulagi þess og skal við fulltrúatölu í stjórn samlagsins taka tillit til breytinga sem leiðir af breyttum aðstæðum, þar á meðal af breytingum á íbúafjölda aðildarsveitarfélaga og af breytingum á skipan þeirra.

Til þess að breyting á samþykktum fyrir byggðasamlag nái fram að ganga þurfa ⅔ hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta hana eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins, en ⅔ hlutar stjórnarmanna geta krafist þess að slík atkvæðagreiðsla fari fram um tillögu til breytinga á samþykktunum.

84. gr.

Úrganga úr byggðasamlagi.

Nú óskar sveitarstjórn að ganga úr byggðasamlagi og er henni það þá heimilt, enda fari þá jafnframt fram endurskoðun á samþykktum fyrir byggðasamlagið, sbr. 83. gr.

Óski sveitarstjórnin eftir því að fá nettóeignarhluta sinn í byggðasamlagi innleystan er eigi skylt að greiða hann á skemmri tíma en 20 árum. Náist eigi samkomulag um verðmæti eignarhlutans eða greiðslukjör skal það úrskurðað af þremur dómkvöddum, hæfum og óvilhöllum mönnum sem meðal annars skulu taka tillit til áframhaldandi hagræðis íbúa viðkomandi sveitarfélags af starfsemi byggðasamlagsins og greiðslugetu byggðasamlagsins eða þeirra sveitarfélaga sem halda rekstri þess áfram.

85. gr.

Starfsemi byggðasamlags hætt.

Tillaga um að hætta starfsemi byggðasamlags nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest í samræmi við ákvæði 2. mgr. 83. gr.

Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á viðkomandi sveitarsjóði í hlutfalli við íbúatölu.

Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

86. gr.

Landshlutasamtök sveitarfélaga.

Sveitarfélög geta stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði slíkra samtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á ársfund landshlutasamtaka eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í samþykktum samtakanna.

87. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu.

VIII. KAFLI
Stækkun sveitarfélaga.

88. gr.

Almennt.

Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

89. gr.

Skyldubundin sameining sveitarfélaga.

Þegar skylt er að sameina sveitarfélag öðru sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 6. gr., skal ráðuneytið skipa nefnd er í sitji tveir menn samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar í því sveitarfélagi sem um ræðir og tvo menn samkvæmt tilnefningu viðkomandi landshlutasamtaka. Þá skipar ráðuneytið formann nefndarinnar án tilnefningar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin skal gera tillögu um hverra kosta skuli leita varðandi sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Þegar tillaga nefndarinnar liggur fyrir skal ráðuneytið fara þess á leit við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög að þau tilnefni til viðbótar fulltrúa í nefndina þannig að hvort eða hvert sveitarfélag eigi þar tvo fulltrúa. Nú berst ráðuneytinu eigi tilnefning í nefndina innan tilskilins frests og skal þá ráðuneytið skipa fulltrúa í nefndina án tilnefningar.

Nefndin skal síðan gera tillögu til viðkomandi sveitarstjórna um hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

Sé um fleiri en eina tillögu að ræða getur ráðuneytið ákveðið að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa viðkomandi sveitarfélaga um tillögurnar.

Ráðuneytið skal óska eftir umsögn viðkomandi sveitarstjórna um sameiningarmálið en síðan ákveður ráðuneytið hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

Heimilt er ráðuneytinu að fresta sameiningu sveitarfélaga þar sem svo stendur á sem segir í 3. mgr. 6. gr.

90. gr.

Frjáls sameining sveitarfélaga.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins.

Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða um vafaatriði er upp kunna að koma.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal síðan fara fram atkvæðagreiðsla innan sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið sama dag í sveitarfélögunum.

Samstarfsnefndin eða viðkomandi sveitarstjórnir skulu kynna íbúum sveitarfélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um með hæfilegum fyrirvara og með tryggum hætti, svo sem með dreifibréfi eða almennum fundi.

Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við ráðuneytið. Um atkvæðagreiðslur samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

91. gr.

Skilyrði fyrir frjálsri sameiningu.

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 90. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 90. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

92. gr.

Fjárhagslegar ráðstafanir eftir samþykki sameiningartillögu.

Hafi tillaga um sameiningu hlotið samþykki skv. 91. gr. er sveitarstjórnum viðkomandi sveitarfélaga óheimilt að skuldbinda sveitarsjóði eða samþykkja greiðslur úr sveitarsjóði sem ekki leiðir af lögum, fjárhagsáætlun eða fyrri samþykkt sveitarstjórnar nema allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki slíka ráðstöfun.

93. gr.

Staðfesting ráðuneytisins.

Hafi sameiningin hlotið samþykki skv. 91. gr. skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags, hvenær sameiningin taki gildi og önnur atriði. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu sem staðfestir sameininguna.

Séu sveitarfélög þau sem sameinuð eru í umdæmi tveggja eða fleiri sýslumanna skal ráðuneytið leita umsagnar dómsmálaráðuneytisins áður en ákvörðun um sameiningu er tekin.

94. gr.

Sameining yfir mörk kjördæma.

Heimilt er að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma, en slík sameining hefur ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

95. gr.

Birting ákvörðunar um sameiningu.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga samkvæmt framanskráðu skal það gefa út tilkynningu um sameininguna sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafi verið sameinuð, frá hvaða tíma sameiningin taki gildi, tölu sveitarstjórnarmanna, svo og hvort kosning skv. 96. gr. skuli fram fara og hvenær.

96. gr.

Kosning nýrrar sveitarstjórnar.

Ráðuneytið getur ákveðið að kosningar skuli fara fram til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags þegar við sameiningu, svo og kjördag slíkra aukakosninga.

97. gr.

Endurskoðun reglugerða og samþykkta.

Sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags skal hlutast til um að samþykktir og reglugerðir, sem giltu í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið, verði endurskoðaðar og samræmdar.

98. gr.

Fjárhagsleg aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sett almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu.

99. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti.

Þegar sveitarfélag í dreifbýli og sveitarfélag í þéttbýli sameinast er sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags heimilt að ákveða að um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu, megi veita tiltekinn afslátt af fasteignaskatti af eignum í dreifbýli vegna mismunandi þjónustu við fasteignaeigendur í dreifbýli og þéttbýli.

IX. KAFLI

Samskipti ríkis og sveitarfélaga.

100. gr.

Samstarfssáttmáli.

Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

101. gr.

Breyting á verkaskiptingu eða fjármálalegum samskiptum.

Komi fram tillögur um meiri háttar breytingar á verkaskiptingu eða fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, skulu þær teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd skipaðri fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en þær eru formlega afgreiddar.

102. gr.

Eftirlitshlutverk ráðuneytisins.

Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.

Vanræki sveitarstjórn skyldur sínar skal ráðuneytið veita henni áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni.

Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests sem ráðuneytið tiltekur er því heimilt að stöðva greiðslur til sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til bætt hefur

verið úr vanrækslunni. Jafnframt getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim sem ábyrgð bera á vanrækslunni og mega dagsektir nema allt að fimmföldum daglaunum viðkomandi manns.

103. gr.

Úrskurðarvald ráðuneytisins.

Ráðuneytið skal úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna en það skerðir þó eigi rétt aðila til þess að höfða mál fyrir dómstólum.

Ráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að því berst mál til úrskurðar.

Ráðuneytið skal árlega gefa út úrskurði sína í sveitarstjórnarmálefnum.

X. KAFLI

Önnur ákvæði.

104. gr.

Almennar atkvæðagreiðslur og borgarafundir.

Heimilt er sveitarstjórn að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins.

Skylt er að halda almennan borgarafund ef ¼ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

Til almenns borgarafundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningarbærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 5. mgr. skal farið eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

105. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Jafnframt falla úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, með síðari breytingum, og lög um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24/1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal þeim hlutum landsins, þar með talið jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga á grundvelli 1. eða 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, skipað innan staðarmarka sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

Eignarlandi skal skipað innan staðarmarka sama sveitarfélags og sú jörð sem það hefur áður tilheyrt nema fyrir liggi sérstakar heimildir um annað.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker úr um málið óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum

um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Óbyggðanefnd skal einnig skera úr ágreiningi sem rís vegna 2. mgr.

Þegar óbyggðanefnd úrskurðar að landsvæði skuli teljast þjóðlenda skal nefndin kveða á um hvernig þeim hluta þess sem ekki telst afréttur skuli skipað innan staðarmarka sveitarfélaga. Skal miðað við að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið á jöklum, en þó þannig að fylgt sé náttúrulegum mörkum eða mörkum sem byggjast á sérstökum heimildum um mörkin, þar sem nefndin telur það betur eiga við. Óbyggðanefnd getur í þessu tilviki breytt mörkum frá því sem kann að hafa verið samið um milli sveitarfélaga, þar með talið samkvæmt heimild í 5. mgr. ákvæðis þessa og 2. mgr. 3. gr. laga þessara, eða þau ákveðin með öðrum hætti.

Meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði, sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, getur félagsmálaráðherra staðfest samkomulag sem sveitarfélög hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.

Félagsmálaráðuneytið skal birta auglýsingu um ákvörðun á staðarmörkum sveitarfélaga samkvæmt ákvæði þessu í Stjórnartíðindum.

1389. Nefndarálit [507. mál]

um frv. til l. um húsnæðismál.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Inngangur.

Frá því að fyrstu lögin um byggingu félagslegs húsnæðis voru sett árið 1929 hefur þróast hér öflugt félagslegt húsnæðiskerfi sem þjónað hefur láglaunafólki. Fátt hefur eins mikil áhrif á kjör fjölskyldna og það hvernig búið er að möguleikum þeirra til að eignast þak yfir höfuðið. Frá upphafi hafa húsnæðismál verið meðal helstu baráttumála verkalýðshreyfingarinnar og má þar minnast bygginga verkamannabústaðanna í vesturbæ Reykjavíkur sem samið var um á fjórða áratugnum, en þeir gjörbreyttu lífi tuga barnafjölskyldna. Verkalýðshreyfingin hefur síðan haft mikil áhrif á byggingu félagslegs húsnæðis og hefur iðulega samið um ný verkefni til að afla húsnæðis fyrir hina lægst launuðu. Árið 1965 var samið um byggingu hundraða íbúða í Breiðholtinu sem hluta af því verkefni að útrýma braggabyggð og heilsuspillandi húsnæði í höfuðborginni, auk þess að tryggja verkafólki góðar íbúðir.

Félagslega húsnæðiskerfið hefur tekið töluverðum breytingum í áranna rás, m.a. með vaxandi þátttöku sveitarfélaganna. Nú teljast 10.600 íbúðir til félagslegs húsnæðis og það er ekki nokkur vafi að þessi gamalgróna félagslega aðstoð hefur tryggt miklum fjölda fjölskyldna öryggi og stórbætt kjör þeirra. Félagslega húsnæðiskerfið þarf að þróast og breytast í takt við breytt samfélag og nýjar þarfir, en það er grundvallaratriði að standa við það upphaflega markmið að útvega því fólki húsnæði á viðráðanlegum kjörum sem mest þarf á því að halda og að líta á slíka félagslega aðstoð sem hluta af aðgerðum samfélagsins til að jafna launa- og aðstöðumun.

Nú bregður svo við að ríkisstjórnin hefur ákveðið að gjörbylta húsnæðiskerfinu, ekki síst félagslega hlutanum, með þeim rökum að kerfið sé komið í þrot, það hafi valdið sveitarfélögum miklum vanda, of margir reisi sér hurðarás um öxl, húsnæði standi autt o.s.frv. Þegar betur er skoðað standast þessi rök ekki. Byggingarsjóður verkamanna á að vísu í miklum vanda og

stefnir í þrot upp úr aldamótum verði ekki gripið í taumana, en vandinn stafar fyrst og fremst af því að framlög til hans hafa verið skorin niður jafnt og þétt og honum gert að taka lán á mun hærri vöxtum en hann lánar á. Þess eru dæmi að sveitarfélög standi uppi með félagslegt húsnæði sem ekki er þörf fyrir, m.a. vegna búferlaflutninga, og að þau eigi í vandræðum vegna reglna um kaupskyldu, en sá vandi réttlætir engan veginn að kerfinu sé umbylt. Þá kemur það fyrir í öllum sveitarfélögum að íbúðir standa auðar um sinn, en miðað við kerfið í heild (10.600 íbúðir) er þar um svo lítinn hluta íbúða að ræða (um 1%) að það dugir engan veginn sem rök til þess að gjörbreyta kerfi sem í flestu hefur reynst vel. Nær hefði verið að gera nauðsynlegar breytingar á núverandi skipan og halda í meginkostina sem eru m.a. niðurgreiddir vextir og skipulegt framboð félagslegra íbúða, en það krefst auðvitað framlaga úr opinberum sjóðum. Það gera vaxtabæturnar líka, en nú stendur til að þeir sem áður fengu lán á niðurgreiddum vöxtum færist yfir í vaxtabótakerfið. Að mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins má gera ráð fyrir að um 1.000 einstaklingar komi árlega inn í vaxtabótakerfið og er áætlað að vaxtabæturnar muni hækka árlega um 120 millj. kr. að jafnaði næstu tíu árin vegna þeirra sem áður fengu lán á niðurgreiddum vöxtum.

Hverju er verið að breyta?

Þær breytingar sem ríkisstjórnin leggur nú til eru í megindráttum þær að Húsnæðisstofnun ríkisins verður lögð niður en í stað hennar er sett á fót ný opinber stofnun, Íbúðalánasjóður. Því er haldið fram að starfsfólki muni fækka nokkuð og því er framtíð þess í algjörri óvissu. Byggingarsjóðirnir tveir, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna, verða sameinaðir. Í stað 90–100% lána á 1–2,4% vöxtum til kaupa á félagslegu húsnæði verða veitt húsbréfalán eða *almenn lán* allt að 65–70% og síðan *viðbótarlán* allt að 20–25% sem verða á ábyrgð sveitarfélaganna. Þessum lánum má verja til kaupa á íbúðum hvar sem er á markaðnum, en þó mega sveitarfélögin skylda þá sem fá viðbótarlán til að kaupa íbúðir innan hins núverandi félagslega kerfis næstu tvö árin.

Samkvæmt frumvarpinu er einn meginkostur þeirra breytinga sem verið er að gera sá að tekin eru upp einstaklingslán og að nú fær fólk að velja sér íbúð úti á markaðnum í stað þess að vera úthlutað félagslegri íbúð á ákveðnum stað. Þetta frelsi kemst þó ekki á fyrr en eftir tvö ár því að sveitarfélögin geta skilyrt viðbótarlánin. Skýringin er sú að sveitarfélögin, einkum á höfuðborgarsvæðinu, óttast að standa uppi með illseljanlegar íbúðir í einstökum hverfum og þar með að þau þurfi að leysa til sín íbúðir sem getur kostað þau stórfé. Þá verða veitt allt að 90% lán til öflunar leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga, félaga eða félagasamtaka, en allt er óljóst um fjölda þeirra lána, hvað þá á hvaða kjörum þau verða. Öll hugsun frumvarpsins gengur út frá því að hin nýja ríkisstofnun standi undir rekstri sínum og þar af leiðandi hljóta markaðsvextir að ráða för. Vaxtabætur munu koma í stað niðurgreiddra vaxta og verða greiddar út fjórum sinnum á ári.

Afstaða minni hlutans.

Minni hluti félagsmálanefndar mótmælir því harðlega að ríkisstjórnin skuli ætla að knýja húsnæðisfrumvarpið í gegnum þingið á þessu vori. Hér er um mál að ræða sem snertir hagsmuni þúsunda fjölskyldna og hefði þurft miklu nánari skoðun. Ekkert er vitað um áhrif boðaðra breytinga á húsnæðismarkaðinn eða verðbréfamarkaðinn en slíkar kúvendingar geta haft mikil og snögg áhrif. Ekkert mat liggur fyrir um þann kostnað sem frumvarpið hefur í för með sér fyrir sveitarfélögin bregðist þau við vaxandi þörf íbúanna fyrir leiguhúsnæði. Nái frumvarpið fram að ganga kallar það eitt og sér á byggingu eða kaup á leiguhúsnæði vegna þess hóps sem ekki mun ráða við þau kjör sem boðið verður upp á í hinu nýja kerfi. Þar við bætast

stöðugir búferlaflutningar til höfuðborgarsvæðisins og óuppfyllt þörf t.d. námsmanna sem einnig kallar á aukið framboð á leiguhúsnæði. Síðast en ekki síst eru áhrifin á kjör bæði kaupenda og væntanlegra leigjenda í hinu nýja kerfi algjörlega óljós og greinir töluvert á milli þeirra útreikninga á greiðslubyrði sem fyrir liggja hjá félagsmálaráðuneytinu annars vegar og hjá ASÍ og BSRB hins vegar. Þá liggur svo mikið á að afgreiða húsnæðisfrumvarpið að frumvarp um húsnæðissamvinnufélög er skilið eftir en það gerir lagalega stöðu og rétt félaga eins og t.d. Búseta óljósa.

Minni hlutinn gerir mjög alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem verið er að boða á félagslega húsnæðiskerfinu og mótmælir harðlega þeirri atlögu sem gerð er að kjörum láglaunafólks með þessu frumvarpi. Nái frumvarpið fram að ganga mun það fyrst og fremst bitna á tekjulitlu fólki, einstæðum mæðrum, barnmörgum fjölskyldum, námsmönnum og fötluðum. Verði frumvarpið að lögum er verið að vísa því fólki sem áður átti kost á 100% lánum út á leigumarkað sem er afar vanþróaður enda mikill skortur á leiguhúsnæði um land allt. Þá getur nýtt greiðslumat haft þær afleiðingar að allstór hópur sem áður féll undir reglur félagslega kerfisins falli utan eða milli kerfa, en engar áætlanir liggja fyrir um það. Í umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs kemur fram að þar var gerð könnun á greiðslumati 122 fjölskyldna sem hafa keypt íbúðir í félagslega kerfinu að undanförnu. Þessar fjölskyldur voru metnar miðað við 18% greiðslubyrði (sem er sú viðmiðun sem stuðst er við í húsbréfakerfinu). Kom þá í ljós að aðeins 11 fjölskyldur af 122 eða 9% hefðu staðist greiðslumat samkvæmt frumvarpinu. Þessar tölur gefa nokkra hugmynd um það sem koma skal.

Í því kerfi sem á að taka upp er eina „félagslega aðgerðin" sú að boðið er upp á viðbótarlán. Enginn veit hve mörg þau verða eða á hvaða kjörum. Í b-lið 14. tölul. í breytingartillögum meiri hlutans segir: „Vextir af viðbótarlánum skulu taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni." Það er því alveg ljóst hvert stefnir, markaðsvextir munu ráða, en síðan er vísað til ábyrgðar sveitarfélaganna á því að útvega því fólki húsnæði sem hallast stendur fæti. Skylda sveitarfélaganna til að aðstoða fólk í húsnæðismálum er studd vægast sagt veikum lagabókstaf í þessu frumvarpi sem og í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem segir í 45. gr.: „Sveitarstjórnir skulu, *eftir því sem kostur er og þörf er á*, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna." Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í félagsmálanefnd verða lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð, en það er eins með það mál og önnur sem snerta efni þessa frumvarps, enginn veit hver útkoman verður. Reynslan sýnir að vilji sveitarfélaganna til að koma upp leiguhúsnæði hefur verið afar takmarkaður hingað til og því er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af framtíð þess fólks sem hingað til hefur fengið inni í félagslega húsnæðiskerfinu. Allt er málið sama marki brennt, áhrif þess eru óljós að flestu leyti. Núverandi kerfi, sem hefur lengi verið í föstum skorðum með ákveðinn fjölda nýrra íbúða og svipaðan fjölda endursöluíbúða ár hvert, tryggir réttindi og skyldur til öflunar félagslegs húsnæðis þótt það hafi engan veginn getað annað eftirspurn, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Félagslega kerfið hefur haldið niðri verði á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að byggðar hafa verið ódýrari íbúðir en almennt gerist (um 16% lægra verð í Reykjavík), en hér eftir mun markaðsverð ráða. Verði hið nýja kerfi að veruleika verða möguleikar fólks til að kaupa húsnæði á félagslegum kjörum eða til að komast inn í leiguíbúðir sveitarfélaga algjörlega háðar vilja og framtaki sveitarfélaganna, hvað þau treysta sér til að ábyrgjast mörg viðbótarlán og hve mikla áherslu þau leggja á leiguhúsnæði.

Minni hlutinn gerir eftirfarandi efnislegar athugasemdir við frumvarpið:

Tengslin við aðila vinnumarkaðarins.

Verið er að klippa endanlega á áratuga tengsl aðila vinnumarkaðarins við húsnæðismálin, en þeir hafa hvað besta yfirsýn yfir þarfir félagsmanna sinna. Hvorki verkalýðshreyfingin né þau félagasamtök sem eiga hvað mestra hagsmuna að gæta komu að samningu frumvarpsins enda hafa þau mótmælt innihaldi þess harðlega.

Reglugerðir og ráðherravald.

Frumvarpið einkennist af miklu valdi ráðherra og því að setja þarf mikinn fjölda reglugerða, eða alls 28 reglugerðir. Þetta tvennt gerir alla framkvæmd afar óljósa. Ráðherrann mun einn skipa stjórn hinnar nýju ríkisstofnunar sem verður síðan sjálfstæð stofnun. Enn einu sinni er lögð niður ein af þeim stjórnum ríkisstofnana sem Alþingi hefur kosið án þess að umræður hafi farið fram um það hvað æskilegt er í þeim efnum. Hin nýja stofnun, *Íbúðalánasjóður,* verður mun sjálfstæðari en Húsnæðisstofnun er nú og hún á að vera sjálfbær í rekstri sínum. Það þýðir að markaðsvextir munu verða ráðandi.

Engin trygging fyrir byggingu leiguhúsnæðis.

Rétt er að ítreka að í frumvarpinu er ekkert sem tryggir að sveitarfélögin svari vaxandi þörf fyrir leiguhúsnæði. Svo dæmi sé tekið má nefna að í umsögn Kópavogsbæjar kemur fram að reikna má með að þar verði þörf fyrir 75 nýjar leiguíbúðir á ári næstu fjögur árin sem þýðir verulegan kostnað fyrir sveitarfélagið. Í umsögn húsnæðisnefndar Akureyrarbæjar kemur fram að búast megi við að þar verði þörf fyrir 60 nýjar leiguíbúðir á ári miðað við þann hóp sem mun ekki standast greiðslumat og ekki eiga fyrir 10% útborgun. Hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur liggur fyrir 381 gild umsókn um húsnæði en forgangshópur telur 197 umsóknir. Hér er átt við þá sem eru 66 ára og yngri.

Verða byggðar fleiri námsmannaíbúðir?

Algjör óvissa ríkir um kjör lántakenda þegar til lengri tíma er litið. Hver veit hvernig markaðsvextir munu þróast? Það gefur auga leið að mikill munur er á því að greiða 1% vexti eða 5%, en með því að taka upp almenna vexti verður óhjákvæmilega erfiðara fyrir félagasamtök að byggja, hvað þá að koma íbúðunum út. Gagnvart þeim félagasamtökum sem t.d. hafa byggt námsmannaíbúðir þýðir það verulega hækkun á leigu eigi þau nú að fara að standa undir markaðsvöxtum og bankalánum til framkvæmda af því að nú verða ekki lengur veitt framkvæmdalán. Byggingaraðilum verður að hluta til vísað út á almennan lánamarkað. Mikill skortur er á námsmannahúsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu og t.d. á Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands langt í land með að uppfylla lágmarksþörf fyrir námsmannaíbúðir. Það er mjög alvarlegt mál ef nú dregur úr byggingu námsmannahúsnæðis því að ljóst má vera að námsmenn hafa afar takmarkaða möguleika til að greiða hærri leigu en þeir gera nú. Verði hækkun á leigu námsmannaíbúða hefur það áhrif á þann kostnaðargrunn sem gengið er út frá hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og þar með kröfur um hærri námslán. Það sem kann að sparast á einum stað í ríkiskerfinu verður tekið aftur á öðrum, nema ætlunin sé að skerða kjör námsmanna. Hið sama gildir að sjálfsögðu um íbúðir fatlaðra sem flestir búa við afar kröpp kjör. Þeir mega engan veginn við hækkun leigu!

Aukinn kostnaður sveitarfélaga.

Nái frumvarpið fram að ganga mun það hafa í för með sér verulega aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin, ekki síst ef þau bregðast við þeim afleiðingum sem frumvarpið mun hafa í för með sér og byggja eða kaupa leiguhúsnæði. Aukinn kostnaður felst í því að sveitarfélögin

munu þurfa að fjármagna byggingu eða kaup á leiguhúsnæði að hluta til á markaðsvöxtum eða á þeim vöxtum sem verða á húsbréfum hverju sinni, sbr. 1. tölul. 15. gr. og breytingartillögu við hana, auk annarra lána sem þau kunna að þurfa að taka vegna framkvæmda. Þá verður sveitarfélögunum gert að greiða 5% af hverju viðbótarláni í sérstakan varasjóð sem einnig getur numið verulegum fjárhæðum. Þá hefur aukinn fjöldi leigjenda í för með sér aukin útgjöld sveitarfélaganna vegna húsaleigubóta. Ekkert mat liggur fyrir á þessum aukna kostnaði sveitarfélaganna.

Húsnæðisnefndir sveitarfélaga.

Minni hlutinn bendir á að hlutverk húsnæðisnefnda sveitarfélaganna breytist þótt býsna óljóst sé hvaða áhrif frumvarpið hefur á störf þeirra, einkum á meðan núverandi kerfi rennur sitt skeið á enda og hið nýja tekur við. Nú hverfa fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar út úr nefndunum og hlutverk þeirra breytist, en við það er hætta á að tengslin við það fólk sem verst stendur að vígi minnki. Húsnæðisnefndirnar munu fjalla um þörf fyrir viðbótarlán og meta slíkar umsóknir, auk þess sem þær eiga að gera árlegar áætlanir um þörf á íbúðarhúsnæði. Slík markmið hafa lengi verið í lögum en hafa ekki virkað sem skyldi. Verði lögð meiri áhersla á leiguhúsnæði munu verkefni húsnæðisnefnda og félagsmálanefnda skarast meira en verið hefur, sem eflaust kallar á uppstokkun í starfi nefnda sveitarfélaganna. Vert er að benda á að t.d. í Reykjavík mun húsnæðisnefndin áfram annast núverandi félagslegt húsnæðiskerfi meðan það er að ljúka hlutverki sínu, félagsmálanefnd metur þörf fólks fyrir leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins, meðan Félagsbústaðir hf. annast rekstur leiguíbúða Reykjavíkurborgar. Þetta er að verða býsna flókið kerfi og umfangsmikið.

Sérstakir lánaflokkar.

Í 11. gr. núgildandi laga er kveðið á um nokkra lánaflokka, t.d. lán til einstaklinga með sérþarfir. Í frumvarpi til laga um húsnæðismál er þess getið í 16. gr. að stjórn Íbúðalánasjóðs geti að fengnu samþykki ráðherra stofnað til nýrra lánaflokka. Í skýringum er vísað til þess að slíkt geti gerst ef það samræmist fjárhagsáætlun sjóðsins og eru nefndir þeir lánaflokkar sem er að finna í núgildandi lögum. Það er hins vegar engin trygging fyrir því að slík lán verði veitt og rétt að minna á að sjóðurinn á að vera sjálfbær stofnun. Enn einu sinni kemur upp sú spurning á hvaða kjörum lán til íbúða aldraðra, til einstaklinga með sérþarfir og annarra verða.

Greiðslumat og greiðslubyrði.

Greiðslumatið sem beitt verður við ákvörðun þess hverjir hljóta viðbótarlán mun hafa mikil áhrif á fjölda lánanna og það hverjir verða skildir eftir utan dyra. Allt er í óvissu um áhrif greiðslumatsins. Þá er rétt að minna á í þessu samhengi að þeir sem fá viðbótarlán og fara út á almenna íbúðamarkaðinn til kaupa á íbúð verða að leggja fram 10% íbúðarverðsins, en auk þess bætist við annar kostnaður, svo sem stimpilgjöld vegna almenna lánsins, gjaldtaka húsnæðisnefndarinnar og sölulaun til fasteignasala. Þetta þýðir að kjör þeirra sem hingað til hafa átt inni í félagslega kerfinu munu versna. Þeim útreikningum sem félagsmálanefnd hefur fengið um samanburð á greiðslubyrðinni í nýja og gamla kerfinu ber hreint ekki saman, en þar skipta þær forsendur sem menn gefa sér mestu. ASÍ og BSRB segja í umsögn sinni: „Þak á hámarksupphæð vaxtabóta hefur í för með sér að svigrúm fólks í nýja kerfinu til að kaupa íbúðir yfir ákveðnum mörkum er verulega takmarkað ef greiðslubyrði á ekki að aukast.“ Margt láglaunafólk mun fljótlega reka sig upp í þak vaxtabótakerfisins og mun því eingöngu geta keypt sér litlar og ódýrar íbúðir. Skyldu það verða jafn góðar íbúðir og hingað til hefur verið boðið upp á í félagslega kerfinu?

Vaxtabætur.

Ein af stóru breytingunum sem boðaðar eru í frumvarpinu er að í stað niðurgreiddra vaxta verða greiddar vaxtabætur fjórum sinnum á ári. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1998 er áætlað að vaxtabætur verði 3,8 milljarðar kr. á árinu. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða og ljóst að þær munu hækka nokkuð við það að þeir sem áður fengu niðurgreidda vexti koma nú inn í vaxtabótakerfið, eða um 120 millj. kr. á ári samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins. Frá því að vaxtabótakerfið var tekið upp fyrir áratug hefur fjórum sinnum verið krukkað í það af stjórnvöldum, fyrst og fremst til skerðingar. Niðurgreiddir vextir eru mun öruggari aðstoð fyrir láglaunafólk en vaxtabótakerfið miðað við reynslu undanfarinna ára. Það er ekki að ástæðulausu að sú aðferð hefur verið viðhöfð í félagslega húsnæðiskerfinu um áratugaskeið, enda hefur hún reynst láglaunafólki vel. Það er hápólitísk spurning hvernig aðstoð vegna húsnæðismála af hálfu opinberra aðila skuli háttað og hverjir skuli njóta hennar. Minni hlutinn leggur áherslu á að þær fjölskyldur sem þurfa á aðstoð að halda við öflun húsnæðis mega alls ekki við kjaraskerðingu.

Stimpilgjöld.

Í fjölmörgum umsögnum um frumvarpið kemur fram hörð gagnrýni á að nú verða tekin upp stimpilgjöld á lán til þeirra sem hingað til hafa fallið undir félagslega húsnæðiskerfið. Samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans verða hvorki lögð stimpilgjöld á viðbótarlánin né heldur á lán vegna byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði. Þetta þýðir að þeir sem fá almennt lán og viðbótarlán verða að greiða stimpilgjald af almenna hlutanum sem hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir lántakendur frá því sem nú er. Þetta þýðir einnig að stimpilgjöld verða greidd af öðrum lánum sem kunna að verða veitt samkvæmt heimild til að taka upp aðra lánaflokka, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Minni hlutinn mótmælir því að aukinn kostnaður skuli lagður á þá sem fá viðbótarlán og er þarna enn eitt dæmið um það hvernig verið er að úthýsa félagslegri aðstoð úr íslensku velferðarkerfi.

Niðurgreidd lán næstu tvö árin.

Í frumvarpinu kemur fram að áætlað er að veita áfram lán á niðurgreiddum vöxtum næstu tvö árin til byggingar leiguhúsnæðis, alls til 50 íbúða, ef marka má umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Á meðan verði gerðir samningar við sveitarfélögin um framhaldið. Nú leggur meiri hlutinn til breytingu á þann veg að ákveðið verði á fjárlögum hve hárri fjárhæð verður varið til niðurgreiðslu á vöxtum, meðan nefnd sem í sitja fulltrúar sveitarfélaganna, annarra byggingaraðila félagslegra íbúða og verkalýðshreyfingarinnar kannar þörf fyrir leiguhúsnæði og gerir framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga taki mið af í framtíðinni. Hvað þýðir þetta? Fyrirheit um áframhaldandi lán á niðurgreiddum vöxtum eða hvað? Reynslan af fjárframlögum til Byggingarsjóðs verkamanna lofar ekki góðu hvað varðar slík loforð, en skemmst er frá að segja að ríkið hefur skorið framlög sín jafnt og þétt niður þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir Ríkisendurskoðunar um alvarlegt ástand sjóðsins. Um hvað á að semja við sveitarfélögin? Er það hugmyndin að þau leggi fram fjármagn til byggingar leiguhúsnæðis umfram það sem verið hefur? Hér ber allt að sama brunni, enginn veit hvað framtíðin ber í skauti.

Ástæðan fyrir því að fyrrnefnd breyting er gerð er auðvitað sú að félagasamtök og sveitarfélögin hafa bent á að þörfin fyrir leiguíbúðir sé miklu meiri en nemur 50 íbúðum næstu tvö árin. Þrátt fyrir að opnað sé á fleiri lán með niðurgreiddum vöxtum, verði það ákveðið í fjárlögum, er rétt að leggja áherlsu á það enn einu sinni að allt er í óvissu um framboð á leiguhúsnæði og þá leigu sem fólki verður gert að greiða. Samband íslenskra sveitarfélaga gerir

kröfu um að áfram verði boðið upp á lán á niðurgreiddum vöxtum eftir að margumræddu tveggja ára tímabili lýkur. Minni hlutinn fær engan veginn séð að krafa sveitarfélaganna komi heim og saman við þær breytingar sem verið er að gera á Húsnæðisstofnun ríkisins sem á að verða sjálfbær stofnun eftir breytinguna. Það þýðir að tekjur og gjöld eiga að standast á. Án nokkurra skuldbindinga er verið að vísa þeim þætti frumvarpsins sem snýr að leiguhúsnæði inn í viðræður sem enginn veit hvað kann að koma út úr. Framtíðin er svo óljós að minni hlutinn getur engan veginn borið ábyrgð á þessari ferð án fyrirheits.

Hvað verður um hlutareign og kaupleigu?

Í breytingartillögu við 40. gr. (sem verður 37. gr.) er kveðið nánar á um rétt aðila sem byggja eða kaupa leiguíbúðir til að selja leigjendum eignarhlut. Hér er átt við þá sem hingað til hafa fallið undir félagslega kaupleigu, en alls er óljóst með þetta atriði eins og svo fjöldamörg önnur hvort heimildin kemur að nokkru gagni. Húsnæðisnefnd Reykjavíkur gerir alvarlegar athugasemdir við 3. mgr. í breytingartillögum meiri hlutans og vill að húsnæðisnefndir hafi lagalega heimild til að ráðstafa íbúðum til skammtímaleigu meðan væntanlegum kaupanda er veitt svigrúm til að afla sér fjár til útborgunar. Hvað verður um þá sem hingað til hafa keypt eignarhlut samkvæmt ákvæðum um almenna kaupleigu er óljóst. Frumvarp til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög verður skilið eftir nú á þessu vori verði frumvarp til laga um húsnæðismál knúið í gegnum þingið.

Framtíð starfsfólks Húsnæðisstofnunar.

Sú tillaga ríkisstjórnarinnar að leggja Húsnæðisstofnun ríkisins niður og stofna nýja ríkisstofnun hefur að sjálfsögðu valdið miklum óróa innan stofnunarinnar. Framtíð starfsfólksins er í uppnámi og enginn veit hverjir verða endurráðnir. Á undanförnum árum hafa verið gerðar miklar breytingar á fjölda ríkisstofnana með lögum og hefur alls staðar verið kveðið á um réttindi starfsfólks með einum eða öðrum hætti eftir því hvers konar breytingu hefur verið um að ræða. Meiri hluti félagsmálanefndar hefur verið ófáanlegur til að setja eitthvert slíkt ákvæði inn í frumvarpið, ekki einu sinni ákvæði þess efnis að starfsfólk hefði forgang að störfum í hinni nýju stofnun eftir því sem störfin gefa tilefni til. Ríkið á að tryggja fólki störf að nýju þegar ríkisstofnun er lögð niður, að ekki sé nú talað um þegar önnur ríkisstofnun er sett á laggir í staðinn.

Niðurstaða.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með þátttöku þeirra aðila sem málið snertir, svo sem samtaka launafólks, sveitarfélaganna, námsmannasamtakanna, Búseta o.fl. Allt of margir þættir eru óljósir og ekkert er tekið á ýmsum vandamálum sem einkennt hafa núgildandi kerfi, svo sem reglur um endursölu, sbr. álit lögmanns húsnæðisnefndar Reykjavíkur. Verði þetta frumvarp að lögum mun það kalla á stóraukinn kostnað fyrir sveitarfélögin og verða til þess að vísa fjölda fjölskyldna út á leigumarkað sem ekki er til! Breytingarnar munu leiða til þess að dýrara verður fyrir láglaunafjölskyldur að eignast eigið húsnæði. Áhrifin á verðbréfamarkaðinn og húsnæðismarkaðinn eru óljós. Búast má við að íbúðaverð hækki, í það minnsta fyrst um sinn vegna aukinnar eftirspurnar á almennum markaði þegar kerfið verður opnað og því fólki sem fær viðbótarlán verður gefinn kostur á að kaupa íbúð hvar sem er. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að um 1.000 manns bætist við í vaxtabótakerfinu. Sú tala gefur hugmynd um þann fjölda sem mun leita sér að húsnæði á almennum markaði, nái fyrirhugaðar breytingar fram að ganga. Þá hverfur það aðhald við

íbúðarverð sem framkvæmdir húsnæðisnefndanna, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hafa veitt almenna markaðnum og mun það eflaust valda einhverri hækkun á íbúðaverði.

Ekkert kerfi er gallalaust og breyttar aðstæður og þarfir kalla á breytingar. Það eru einkum lítil sveitarfélög úti á landi sem lent hafa í erfiðleikum með félagslega húsnæðiskerfið eins og það er nú, meðan það hefur að mestu leyti gengið vel á höfuðborgarsvæðinu. Vanda litlu sveitarfélaganna þarf að leysa á annan hátt en þann að gjörbreyta húsnæðiskerfinu og kippa þar með grunninum undan öryggi hundraða fjölskyldna sem fengið hafa fyrirgreiðslu í félagslega húsnæðiskerfinu á undanförnum árum og áratugum.

Þá er það algjörlega óviðunandi hvernig starfsfólk Húsnæðisstofnunar er skilið eftir í óvissu um framtíð sína. Minni hlutinn mótmælir harðlega slíkri framkomu við starfsfólkið.

Í ljósi alls þess er að framan greinir leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 6. maí 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

Eftirfarandi fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

I. Áskorun til félagsmálaráðherra frá starfsmannafélagi Húsnæðisstofnunar ríkisins.
II. Umsögn húsnæðisnefndar Hafnarfjarðar.
III. Umsögn húsnæðisnefndar Kópavogs.
IV. Umsögn húsnæðisnefndar Reykjavíkur.
V. Athugasemdir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
VI. Umsögn Þroskahjálpar.
VII. Umsögn Þaks yfir höfuðið.
VIII. Umsögn Félagsstofnunar stúdenta.
IX. Umsögn Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
X. Umsögn Öryrkjabandalags Íslands.
XI. Viðbótarathugasemd frá Öryrkjabandalagi Íslands.
XII. Umsögn frá húsnæðisnefnd Akureyrar.
XIII. Umsögn frá Bandalagi íslenskra sérskólanema (BÍSN) og Byggingarfélagi námsmanna (BN).
XIV. Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Samtaka iðnaðarins.
XV. Umsögn Seðlabanka Íslands.
XVI. Umsögn Ríkisendurskoðunar.
XVII. Umsögn frá Kennaraháskóla Íslands.
XVIII. Umsögn borgarritara.
XIX. Athugasemdir og ályktun frá stúdentaráði Háskóla Íslands.
XX. Upplýsingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins.
XXI. Umsögn Búseta.

1390. Breytingartillögur [642. mál]

við frv. til l. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. bætist: á árunum 1998–2000.
2. Við 2. gr. Í stað fyrri málsliðar b-liðar komi: Skipta skal a.m.k. 90% af þeim árlegu heildarveiðiheimildum sem í hlut Íslands koma milli þeirra skipa, sem veiðar stunduðu úr norsk-íslenska síldarstofninum eitthvert áranna 1995, 1996 eða 1997, eða skipa sem komið hafa í þeirra stað. Skal skipta 60% á grundvelli veiðireynslu miðað við tvö bestu ár af þremur, á árunum 1995–1997, en 40% í samræmi við burðargetu skipanna miðað við stærsta landaðan farm.

1391. Lög [642. mál]

um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1105.

1392. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Í gildandi lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra er kveðið á um endurskoðun þeirra eftir fjögur ár. Frumvarp um endurskoðun laganna var fyrst lagt fram árið 1990 á 113. löggjafarþingi og síðan á 121. löggjafarþingi án þess að hljóta afgreiðslu. Löngu er tímabært að endurskoða umrædd lög.

Eftir umræðu í þjóðfélaginu um nauðsyn bætts skólastarfs veldur miklum vonbrigðum að ríkisstjórnin skuli leggja fram jafnmetnaðarlaust lagafrumvarp um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og raun ber vitni.

Þrátt fyrir stór orð um mikilvægi þess að efla kennaramenntun í kjölfar TIMSS-rannsóknanna á árangri íslenskra grunn- og framhaldsskólanema í raungreinum í nýlegri heildarúttekt á kennaramenntun í landinu og þrátt fyrir kröfur um aukna fagmennsku framhaldsskólakennara í námsmati, mati á skólastarfi og skólanámskrárgerð í framhaldsskólalögunum ber lítið á metnaði í frumvarpinu og sums staðar er dregið úr menntunarkröfum frá því sem nú er. Mest er dregið úr kröfum um kennslufræðimenntun tveggja hópa framhaldsskólakennara, þ.e.

tæknifræðinga og iðnmeistara annars vegar og þeirra sem hafa lokið 120 eininga námi eða meira á fagsviði framhaldsskóla hins vegar. Segja má að frumvarpið gengisfelli starfsréttindi framhaldsskólakennara. Þá er rýrt gildi kennararéttinda listgreinakennara í framhaldsskólum, sbr. 21. gr. frumvarpsins og breytingartillögu meiri hlutans við hana. Þetta er gert þvert á vilja samtaka kennara, þ.e. HÍK og KÍ, sem harma trúnaðarbrest sem varð milli samtakanna og menntamálaráðherra við samningu frumvarpsins, en því var breytt eftir að kennarasamtökin komu að málinu. Þetta gengur sömuleiðis þvert á vilja Félags íslenskra myndlistarkennara, en stjórn þess harmar að 30 eininga kennsluréttindanám, sem félagsmenn þeirra sækja til HÍ, er með þessu frumvarpi gert óþarft. Þetta er einnig gagnstætt vilja allra stofnana sem veita kennaramenntun, þ.e. Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, sem mæla með að halda kröfum óbreyttum eða auka þær. Háskóli Íslands telur að skerðing á kennslufræðináminu sé í ósamræmi við tillögur matsnefndar um kennaramenntun sem mælir með að kennsluárið sé lengt, það er 40 vikur víða erlendis en 26 vikur hér, og segir að ekki megi skerða grunnmenntun kennara og að auk 30 eininga kennslufræðináms í HÍ eigi að bjóða kennslufræði greina innan BA- og BS-námsins í deildum HÍ og auka æfingakennslu. Þá hefur verið bent á margs konar fagleg og fjárhagsleg rök gegn þessari skerðingu. Þau hafa verið ítarlega kynnt nefndinni og menntamálaráðherra. Enn eitt dæmið um gengisfellingu réttinda er að með frumvarpinu eru felld úr lögunum öll ákvæði um starfsheiti og starfsréttindi sérkennara, bæði í almennum skólum og sérskólum. Auk þess að minnka gildi menntunar sérkennara mun þetta gera erfiðara að ráða sérkennara til framhaldsskóla, eins og bent er á í umsögn Skólameistarafélags Íslands. Þetta er gert án þess að sérkennarar hafi fengið tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið. Af þessum sökum mun minni hlutinn fara fram á að menntamálanefnd hitti fulltrúa sérkennara á milli 2. og 3. umræðu. Þá mun hann flytja breytingartillögur þar að lútandi við 3. umræðu ef ástæður þykja til.

Í nefndaráliti meiri hlutans er því haldið fram að í frumvarpinu sé lögð áhersla á mikilvægi aukinnar fagmenntunar kennara. Í því sambandi er bent á ákvæði 5. gr. um að kennari geti fengið forgang til að kenna faggrein sína í 8.–10. bekk grunnskóla. Spyrja má, hvers vegna eingöngu í þessum bekkjum? Meiri hlutinn bendir á að í 15. gr. er miðað við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem hann er menntaður til. Þetta orðalag takmarkar í raun ekki að landfræðingur sem ekki hefur mikla stærðfræðiþekkingu kenni stærðfræði. Einnig er bent á að í 11. gr. er gert ráð fyrir að í leyfisbréfi framhaldsskólakennara skuli tilgreina kennslugrein þeirra eða sérsvið. Af frumvarpinu má skilja að nóg sé að hafa próf í aukagrein, þ.e. 30 einingar, til að kenna grein í framhaldsskóla. Það eru verulega minni kröfur en samkvæmt gildandi lögum þó að þetta svari þörfum smærri skóla fyrir kennara sem geta kennt fleiri en eina grein. Því verður alls ekki séð að hér séu gerðar meiri kröfur um þekkingu í faggrein en áður og ekki er farið að tilmælum KHÍ um kandídatsár eða að fjórða árinu sé bætt við BEd-námið í KHÍ. Þá má benda á að ekki eru gerðar sérstakar menntunarkröfur til skólastjóra eða skólameistara umfram kennara í þessu frumvarpi, þótt annað mætti ráða af nafni frumvarpsins.

Minni hluti menntamálanefndar er sammála því að mikilvægt sé að auka fagþekkingu kennara. En forustuhlutverkið sem góðu fagfólki er oft falið í framhaldsskólunum í þróun kennslu í einstökum námsgreinum krefst þess ekki síður að þessir aðilar hafi trausta undirstöðu í kennslufræði.

Vandann við að ráða sérhæfða kennara í fámennum tæknigreinum eða öðrum greinum verður að leysa með skýrari ákvæðum í framannefndum greinum frumvarpsins, en ekki með því að skerða færni þeirra sem hafa mestu fagmenntunina til að miðla henni með því að draga úr menntun í kennslufræði.

Minni hlutinn mun flytja breytingartillögur við 12. og 21. gr. í sérstöku þingskjali og styður þær breytingartillögur meiri hlutans sem eru til bóta.

Alþingi, 8. maí 1998.

Sigríður Jóhannesdóttir, frsm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Svanfríður Jónasdóttir.

1393. Breytingartillögur [445. mál]

við frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Frá minni hluta menntamálanefndar (SJóh, GGuðbj, SvanJ).

1. Við 12. gr.
   a. 2. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: nám í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein; til viðbótar þessu námi komi 30 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda
2. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum.

1394. Fyrirspurn [714. mál]

til félagsmálaráðherra um launagreiðslur á vernduðum vinnustöðum.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Hvaða tímalaun/mánaðarlaun eru greidd á eftirfarandi vinnustöðum: vinnustað Öryrkjabandalags Íslands, vinnustofu Blindrafélagsins, vernduðum vinnustað Örva, Reykjanesi, vernduðum vinnustað á Akranesi, vernduðum vinnustað á Egilsstöðum, vernduðum vinnustað á Selfossi, vinnustofunni Ási, Reykjavík, vinnustofunni Bjargi, Akureyri, vinnustofunni Heimaey, Vestmannaeyjum, vinnustofunni Iðjulundi, Akureyri, vinnustofunni Múlalundi, Reykjavík og vinnustofunni Hólabergi, Reykjavík?
2. Eru greidd lögboðin gjöld vinnuveitenda vegna starfsmanna á vernduðum vinnustöðum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóði, tryggingagjöld og veikindadagar?

Skriflegt svar óskast.

1395. Frumvarp til laga [715. mál]

um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EOK, GMS, PHB, VS, ÁRÁ).

I. KAFLI
Brottfall laga nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997.

1. gr.

Lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997, eru felld úr gildi.

II. KAFLI
Breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Af bifreiðum, tengi- og festivögnum, sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, skal auk gjalds vegna ekinna kílómetra greitt fast árgjald þungaskatts að fjárhæð 80.000 kr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,74	18.000–18.999	13,88
5.000–5.999	7,16	19.000–19.999	14,94
6.000–6.999	7,74	20.000–20.999	15,74
7.000–7.999	8,13	21.000–21.999	16,64
8.000–8.999	8,48	22.000–22.999	17,69
9.000–9.999	8,86	23.000–23.999	18,53
10.000–10.999	9,41	24.000–24.999	19,37
11.000–11.999	9,76	25.000–25.999	20,32
12.000–12.999	10,99	26.000–26.999	21,22
13.000–13.999	12,02	27.000–27.999	22,16
14.000–14.999	10,50	28.000–28.999	23,11
15.000–15.999	11,30	29.000–29.999	24,05
16.000–16.999	12,20	30.000–30.999	24,99
17.000–17.999	13,09	31.000 og yfir	25,94

c. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Enn fremur skal endurgreiða 70% þungaskatts sem greiddur hefur verið af akstri ökutækja í eigu sérleyfishafa á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til, svo og 70% fasts árgjalds skv. 1. mgr. þessa stafliðar, þó einungis að því marki sem ökutækin hafa verið nýtt til sérleyfisaksturs.

d. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 7. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattskylda fasts árgjalds af ökutækjum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráð ökutæki er að ræða, ella frá upphafi gjaldárs, þ.e. 11. október ár hvert.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
   Lækka skal eða endurgreiða fast árgjald þungaskatts skv. B-lið 4. gr. að réttri tiltölu hafi skattskylt ökutæki verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmerki ökutækis verið afhent Skráningarstofunni hf. til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt. Sama gildir ef framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi í jafnlangan tíma.

4. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að skrá eigendaskipti nema lesið hafi verið af ökumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur og fast gjald þungaskatts skv. B-lið 4. gr. greitt til þess dags er eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald á ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

5. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Vörugjald af eftirtöldum vörum skal vera sem hér segir:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
   a. Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
   b. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   c. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   d. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.
   e. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd.
2. 10% vörugjald: Dráttarvélar.
3. 15% vörugjald:
   a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
   b. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
   c. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
   d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
4. 20% vörugjald:
   a. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
   b. Ökutæki, sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

c. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

5. 30% vörugjald: Hópferðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni.
6. 70% vörugjald:
   a. Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
   b. Beltabifhjól (vélsleðar).
   c. Fjórhjól.
   d. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

6. gr.

10. og 11. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

10. Leigubifreiðar. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 25%. Frá 1. janúar 2000 skal þó heimilt að lækka gjaldið í 20%.
11. Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 15%. Frá 1. janúar 2000 skal þó heimilt að lækka gjaldið í 10%.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði b–e-liðar 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna skal vörugjald af ökutækjum sem flokkast undir þá stafliði vera 7,5% frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2000.

Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal vörugjald af ökutækjum sem flokkast undir þann tölulið vera 25% frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2000.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

8. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili skal vera 5,86 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 9,66 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það allt að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2.993 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili.

V. KAFLI
Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998 að undanskildum ákvæðum II. kafla sem öðlast gildi 11. október 1998.

Greinargerð.

Lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, voru sett á 118. löggjafarþingi en gildistöku þeirra frestað til 1. janúar 1996. Lögin kveða á um vörugjald af gas- og dísilolíu sem endurgreitt skal ef olían nýtt til annarra nota en aksturs skráningarskyldra ökutækja. Með lögum nr. 120/1995, er breyttu lögum nr. 34/1995 á 120. löggjafarþingi, var gildistöku laganna frestað til 1. janúar

1998. Á síðastliðnu vorþingi, 1997, lagði síðan fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögunum þar sem gert var ráð fyrir að í stað upptöku olíugjalds með endurgreiðslu vegna gjaldfrjálsrar notkunar olíu yrði tekið upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu úr efnahags- og viðskiptanefnd. Þess í stað lagði nefndin fram nýtt frumvarp er kvað á um að gildistöku laga nr. 34/1995 skyldi frestað til 1. janúar 1999. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi sama vor, sbr. lög nr. 90/1997.

Í frumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi nú á 122. löggjafarþingi um breytingar á lögum um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, með síðari breytingum, 358. máli, þskj. 569, var lagt til að felld yrðu brott ákvæði laganna um endurgreiðslur olíugjalds til aðila sem ekki ættu að bera það en þess í stað yrðu settar reglur um litun á olíu sem seld yrði sömu aðilum án gjalds. Jafnframt yrði kveðið á um álagningu sérstaks olíugjalds á þá sem yrðu uppvísir að því að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki.

Þá var í frumvarpinu lagt til að auk olíugjalds yrði innheimt kílómetragjald vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til fólksflutninga. Gjaldið yrði ákvarðað sem tiltekin fjárhæð á hvern ekinn kílómetra. Um yrði að ræða gjaldtöku sambærilega þeirri sem tíðkast hefur í þungaskattskerfinu. Greiðendur gjaldsins hefðu þó orðið helmingi færri en greiðendur í núverandi þungaskattskerfi, gjaldið hefði orðið mun lægra en fjárhæð þungaskatts og álestrartímabil færri en í þungaskatti.

Samkvæmt frumvarpinu var gert ráð fyrir að olíufélögin lituðu þá olíu sem seld yrði til gjaldfrjálsra nota þannig að sérstöku litarefni, ásamt merkiefni, yrði blandað í olíuna áður en hún yrði afhent. Upptöku olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu fylgir óhjákvæmilega verulegur kostnaður, m.a. hefðu olíufélögin þurft að kaupa búnað til litunar, og lituninni sjálfri fylgir nokkur kostnaður, auk kostnaðar vegna óhagræðis við dreifingu, aukinnar umsýslu o.fl.

Nefnd, sem skipuð var fulltrúum olíufélaganna, fjármálaráðuneytis og ríkisskattstjóra, kannaði líklegan kostnað við upptöku olíugjalds. Í því skyni mátu olíufélögin líklegan stofnkostnað miðað við þann búnað sem félögin áttu fyrir og þær aðferðir sem félögin töldu hagkvæmastar til litunar og dreifingar gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu. Stofnkostnaður félaganna vegna kaupa á eigin búnaði var samkvæmt þessu mati talinn nema um 330 millj. kr., m.a. vegna byggingar birgðageyma og kaupa á litunarbúnaði, olíuflutningabílum og búnaði í þá o.fl. Kostnaður af fjölgun olíugeyma fyrir verktaka í blönduðum rekstri og bændur var metinn á um 84 millj. kr. Olíufélögin töldu að aukinn árlegur rekstrarkostnaður þeirra af upptöku olíugjalds yrði samtals um 143 millj. kr. Þar af næmi beinn rekstrarkostnaður um 70 millj. kr. en fjármagns- og afskriftakostnaður hins vegar um 73 millj. kr. Við mat á árlegum fjármagns- og afskriftakostnaði miðuðu félögin við að þau bæru kostnað af kaupum á geymum fyrir verktaka og bændur.

Líklegt var talið að upptaka litunarkerfis og sá kostnaður sem því fylgdi leiddi til einhverrar hækkunar á verði olíu. Ekki var auðvelt að segja fyrir um hversu mikil sú hækkun yrði eða hvort hún yrði eingöngu á gas- og dísilolíu.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að álagning og önnur framkvæmd varðandi olíugjald og kílómetragjald yrði í höndum ríkisskattstjóra en að hann gæti þó falið Vegagerðinni eða skattstjórum að fara með einstaka þætti framkvæmdarinnar. Ákvæði frumvarpsins að þessu leyti eru samsvarandi ákvæðum laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Sú ráðstöfun að færa álagningu og eftirlit þungaskatts til ríkisskattstjóra þykir hafa gefið afar góða raun. Þar sem framkvæmd olíugjalds með litun var talin mjög einföld og þar sem verkefni er lúta að kílómetragjaldi yrðu umfangsminni en verkefni í núverandi þungaskattskerfi var ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði frá því sem verið hefur í þungaskattinum.

Loks var gert ráð fyrir því í frumvarpinu að Vegagerðin hefði eftirlit með gjaldskyldum ökutækjum eins og verið hefur. Eftirlit með því að ekki yrði notuð gjaldfrjáls olía til gjaldskyldra nota skyldi einkum felast í því að athuguð yrðu sýni úr olíugeymi ökutækja. Kæmi í ljós að olían væri lituð eða eftirlitsmönnum þætti af öðrum ástæðum tilefni til frekari skoðunar yrði sýnið sent á rannsóknarstofu þar sem kannað yrði magn sérstaks merkiefnis sem sett yrði í alla litaða olíu. Yrði magnið umfram tiltekin mörk gæti ríkisskattstjóri lagt sérstakt olíugjald á eiganda eða umráðamann ökutækis.

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir framangreindu frumvarpi tók hann fram að Alþingi yrði auk þess að taka afstöðu til frumvarpsins að taka afstöðu til málsins í heild sinni, þ.e. hvort taka ætti upp olíugjald með litun eða hvort endanlega ætti að falla frá hugmyndinni um olíugjald, og fól efnahags- og viðskiptanefnd útfærslu málsins.

Nefndin hefur á síðastliðnum mánuðum fjallað ítarlega um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti. Þá komu til fundar Snorri Bjarnason frá Samtökum landflutningamanna, Jónas Þór Steinarsson og Bogi Pálsson frá Bílgreinasambandinu, Teitur Jónasson frá Félagi hópferðaleyfishafa, Ómar Jóhannesson og Hafsteinn Númason frá Trausta, Kristinn Ólafsson og Sigfús Bjarnason frá Frama, Runólfur Ólafsson frá FÍB, Steinn H. Sigurðsson og Gunnar Sveinsson frá Félagi sérleyfishafa, Unnur Sverrisdóttir og Helgi Stefánsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Guðmundur Arnaldsson frá Landvara, Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Geir Magnússon og Bjarni Bjarnason frá Olíufélaginu hf., Kristján B. Ólafsson og Einar Benediktsson frá Olís, Kristinn Björnsson og Ólafur Jónsson frá Skeljungi hf., Eggert Hilmarsson og Jón Steingrímsson frá ríkisskattstjóra, Elías Ólafsson, Árni Jóhannsson og Ingimar Kjartansson frá Samtökum iðnaðarins og Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Félagi hópferðaleyfishafa, Hópferðamiðstöðinni hf., Frama, Landsvirkjun, Trausta, Vinnumálasambandinu, Strætisvögnum Reykjavíkur hf., Landssambandi vörubifreiðastjóra, Samtökum iðnaðarins, Ökukennarafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vegagerðinni, Bændasamtökum Íslands, Bílgreinasambandinu, ríkisskattstjóra, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Olíufélaginu hf., Vinnuveitendasambandi Íslands, viðskiptaráðuneytinu, Landvara, Félagi sérleyfishafa, Samtökum landflutningamanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Eimskipafélagi Íslands.

Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar er sú að falla skuli frá því að taka upp olíugjald þar sem ávinningur af því að viðhalda tvöföldu kerfi, þ.e. annars vegar olíugjaldi og hins vegar kílómetragjaldi, er ekki talinn svara þeim kostnaði sem af því hlýst. Slíkt tvöfalt kerfi hefði í för með sér verulega aukinn kostnað frá því sem nú er vegna litunarbúnaðar og aukins dreifingarkostnaðar. Þá hefur framkvæmd þungaskattskerfisins verið stórbætt frá því að lögin um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, voru samþykkt. Því leggur meiri hlutinn til að lögin um vörugjald af olíu verði felld brott og gerðar verði endurbætur á núverandi þungaskattskerfi, sbr. lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Þá verði vörugjald lækkað í áföngum, sbr. lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og gerðar breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, sem miða að hækkun bifreiðagjalds til að mæta lækkun vörugjalds.

AFSTAÐA 1. MINNI HLUTA EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFNDAR, Ágústs Einarssonar og Sighvats Björgvinssonar.

1. Inngangur.

Fyrsti minni hluti stendur ekki að þeim breytingum sem snúa að brottfalli laga um vörugjald af olíu, breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar og breytingu á lögum um bifreiðagjald.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vörugjald á olíu, 358. máli, er lagt til að tekið verði upp olíugjald í stað þungaskatts. Með olíugjaldi er átt við að lagt verður gjald á hvern olíulítra, þ.e. af dísilolíu. Olía sem er undanþegin gjaldtöku, t.d. til notkunar í sjávarútvegi og landbúnaði, verður lituð. Olíugjald er mjög algengt erlendis.

Núverandi þungaskattskerfi felst í því að greitt er gjald fyrir hvern ekinn kílómetra og er gjaldið mismunandi eftir þyngd bíla. Jafnframt er veittur afsláttur fyrir bíla sem ekið er mjög mikið á hverju ári. Þetta kerfi hefur verið umdeilt á undanförnum árum, ekki síst vegna þess að talið er að mikið hafi verið um undanskot í kerfinu. Fyrir nokkru var innheimtufyrirkomulagi breytt og fleiri verkefni falin Vegagerðinni. Þá batnaði innheimtan verulega. Samkeppnisstofnun hefur hins vegar fjallað um þetta kerfi og komist að því að núverandi afsláttarfyrirkomulag brjóti í bága við samkeppnislög. Það er ein af ástæðunum fyrir því að endurskoða þarf þungaskattskerfið.

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi gat hann þess sérstaklega að hann hefði ekki fullmótaðar skoðanir á útfærslu málsins, þ.e. hvort taka ætti upp olíugjald í því formi sem lagt er til í frumvarpinu, olíugjald í annarri útfærslu eða hvort gerðar yrðu endurbætur á núverandi þungaskattskerfi. Hann fól efnahags- og viðskiptanefnd úrvinnslu þessa máls. Þetta er óvanalegt, en nefndin hefur tekið verkefnið mjög alvarlega og fjallað ítarlega um skipulag þessara mála. Einstakir nefndarmenn hafa setið fundi um málið með hagsmunaaðilum.

2. Rök fyrir olíugjaldi.

Rökin fyrir olíugjaldi eru í fyrsta lagi að fyrra kerfið þótti óskilvirkt. Það hefur þó lagast undanfarin missiri.

Í öðru lagi ræðst gjaldið í þungaskattskerfinu fyrst og fremst af því hversu mikið er ekið. Í olíugjaldskerfi ræðst gjaldið af því hversu mikilli olíu er eytt. Það hefur vitaskuld í för með sér að menn leitast við að nota sparneytin ökutæki og haga akstri sínum á hagkvæman hátt. Olíugjald er þannig mikilvægur liður í umhverfisgjaldtöku og upptaka þess hér á landi væri fyrsta skrefið í þá átt.

Í þriðja lagi hefur olíugjald þann kost að dísilbifreiðar verða algengari en nú er. Íslendingar eru nokkuð á eftir nágrannalöndunum hvað þann þátt varðar. Dísilknúnar bifreiðar hafa þann kost að þær eru sparneytnari og valda minni kolsýringsmengun en aðrar bifreiðar. Það fellur mjög vel að umhverfisstefnu jafnaðarmanna.

Í fjórða lagi felur olíugjald í sér að gjaldtakan er samhliða akstri, þ.e. menn greiða gjaldið um leið og keypt er olía í stað þess að greiða þungaskatt á nokkurra mánaða fresti með háum einstökum greiðslum eins og nú.

Í fimmta lagi er talið að eftirlit með olíugjaldi verði einfaldara og ódýrara en í núverandi kerfi.

Jafnaðarmenn leggja mikla áherslu á umhverfisþáttinn varðandi upptöku olíugjaldskerfis. Það er ljóst að á næstu árum munu mengunarskattar skipta miklu meira máli í ríkisfjármálum en nú og fjölmargar þjóðir vinna að því. Út frá því sjónarmiði er skynsamlegt að taka upp olíugjald á afmörkuðu sviði í stað þungaskatts.

3. Olíugjald í ljósi breyttra áherslna í umhverfismálum.

Olíugjald er liður í mengunarsköttum framtíðarinnar sem mun hafa þau áhrif að dregið verður úr óhagkvæmri notkun eldsneytis og kolsýringsmengun verður minni. Einnig þarf að hafa í huga að bílar knúnir nýjum orkugjöfum munu sjá dagsins ljós á næstu árum, t.d. raf-

magns- og gasbílar. Aukin áhersla á mengunarvænni orkugjafa mun móta stefnu stjórnvalda næstu ár, m.a. á sviði ríkisfjármála, með umhverfis- og mengunarsköttum.

Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að uppfylla þær skuldbindingar sem voru gerðar í Kyoto. Þar tóku 160 ríki þátt í ráðstefnu um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Íslendingar hafa ekki enn undirritað Kyoto-bókunina, en með henni skuldbinda iðnríki sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum.

Skuldbindingar eru mismunandi hjá einstökum ríkjum, allt frá því að þau verði að minnka losun til þess að fá allt að 10% aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda. Íslendingar fengu rúmastar heimildir samkvæmt Kyoto-bókuninni. Allar Evrópuþjóðir eru nú að staðfesta Kyoto-bókunina og brýnt er að Íslendingar fari að dæmi þeirra. Þess má geta að þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna hafa lagt fram tillögu á Alþingi um að fela ríkisstjórninni að staðfesta og undirrita Kyoto-bókunina nú þegar.

Kyoto-bókunin er mikilvæg í tengslum við olíugjald vegna þess að um þriðjungur af gróðurhúsalofttegundum hérlendis er af völdum samgöngutækja. Annar þriðjungur er af völdum fiskiskipaflotans. Það er því ljóst að olíugjald mun leiða til minni notkunar. Hægt er að nota það fé sem innheimtist til að bæta samgöngur og stuðla að frekari rannsóknum á þessu sviði auk þess að leggja til nýsköpunar á öðrum sviðum. Olíugjald er þannig nauðsynlegt til að minnka kolsýringsmengun.

Olíugjald er alls staðar talið ein besta leiðin til að stuðla að minni útblæstri. Það er því mikil skammsýni af hálfu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar að tækifærið skuli ekki vera nýtt þegar hagsmunaaðilar vilja taka upp nýtt hagkvæmt kerfi.

4. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp olíugjald hérlendis þannig að olía sem verður án gjalds verði lituð. Áætlað er að notkun gas- og dísilolíu hérlendis sé u.þ.b. 400 milljónir lítra. Sú olía sem tekið verður gjald af er í frumvarpinu talin vera 70 milljónir lítra. Því er augljóst að mjög mikið af gas- og dísilolíu sem notuð er hérlendis verður utan gjaldtöku. Þar má m.a. nefna alla olíu sem notuð er á fiskiskipaflotann. Nú er olíu- og bensíneyðsla hérlendis um 700 milljónir lítra á ári. Bensín er um 300 milljónir lítra, olía fyrir fiskiskipaflotann um 350 milljónir lítra og dísilolía, mest í landflutningum, um 150 milljónir lítra.

Fyrsti minni hluti telur að vel hefði komið til álita að innleiða almennt olíugjald þannig að lagt væri tiltölulega lágt gjald á alla olíu hérlendis og undanskilja þá enga. Þetta hefði verið fyrsta skref í átt að almennum mengunarskatti og hefði leitt til þess að menn hefðu enn frekar farið yfir í sparneytnari og hagkvæmari vélar, hvort sem væri í ökutækjum eða fiskiskipum. Því miður náðist ekki samstaða um þennan þátt í nefndinni.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að haldið verði áfram með hluta af þungaskattskerfinu, þ.e. kílómetragjald á bifreiðar sem eru yfir 10 tonn. Rökin fyrir þessu eru tvíþætt: Annars vegar til að ná inn þeim tekjum sem stefnt er að með nýju kerfi og hins vegar er talið að ekki sé óeðlilegt að af þyngstu bílunum verði greitt til viðbótar við olíugjald þar sem þeir orsaka meira slit á þjóðvegum en aðrir.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að þeim mun þyngri sem ökutæki eru þeim mun meira slit er á vegum og munar það verulega miklu. Munur á sliti af völdum fólksbifreiðar annars vegar og þungrar vöruflutningabifreiðar hins vegar getur verið 10–30 þúsundfaldur. Sú staðreynd mælir með því að eðlilegt sé að kílómetragjald byggt á þunga bifreiða sé einnig inni í kerfinu til að koma til móts við það grundvallarsjónarmið að eðlilegt sé að þeir sem valda mestu sliti greiði einnig hluta af kostnaði sem af því hlýst. Í nýrri skýrslu Evrópusambandsins er talið að

gjaldtaka af þyngri bílum verði í framtíðinni m.a. byggð á kílómetragjaldi út frá því sjónarmiði að slíkt sé sanngjarnt miðað við þann kostnað sem þau ökutæki valda með sliti vega.

Núverandi þungaskattskerfi er talið skila um 3,2 milljörðum kr. í ríkissjóð og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að olíugjaldið skili 2,5 milljörðum kr. miðað við 70 milljón lítra notkun á ári. Kílómetragjaldið á að skila 700 milljónum kr. Þess ber að geta að ýmsir umsagnaraðilar töldu áætlun fjármálaráðuneytisins um 70 milljón lítra notkun vera of lága og voru nefndar tölur frá 75 upp í 80 milljónir lítra. Ef notkunin á gjaldskyldri olíu væri 77 milljónir lítra mundi olíugjaldið eitt sér skila um 250 millj. kr. meira í ríkissjóð.

5. Tillögugerð og samstaða Samtaka landflutningamanna.

Flestir sem nefndin hafði samband við eru fylgjandi olíugjaldi en lögðu áherslu á að ef breytt yrði um kerfi þyrfti olíugjald að leysa þungaskattskerfið algerlega af hólmi og ekki yrði um að ræða kílómetragjaldskerfi samhliða olíugjaldi.

Eftir nánari skoðun í nefndinni telur 1. minni hluti að skynsamlegt sé að taka upp olíugjald með tiltekinni útfærslu jafnframt því að viðhalda kílómetragjaldi á hluta af bílaflotanum.

Hér styðst 1. minni hluti m.a. við tillögur Samtaka landflutningamanna en í þeim samtökum eru Bandalag íslenskra leigubílstjóra, Félag hópferðaleyfishafa, Félag sérleyfishafa, Félag vinnuvélaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra, Landvari – félag íslenskra vöruflytjenda, Trausti – félag sendibílstjóra og Ökukennarafélag Íslands.

Innan Samtaka landflutningamanna eru nær allir starfandi menn í þessari atvinnugrein, allt frá leigubílstjórum upp í bílstjóra á stærri bílum, svo og flutningsaðilar. Þessir aðilar hafa náð saman um tillögugerð um útfærslu olíugjalds. Hugmyndir þeirra ganga út á að tekið verði upp olíugjald og er það mat þeirra að hagræðing vegna kerfisbreytingarinnar vegi þyngra fyrir almenning og þá sem hafa atvinnu af akstri en núverandi kerfi. Einnig benda Samtök landflutningamanna á umhverfissjónarmið sem rök fyrir breytingunni.

Samtök landflutningamanna telja að þetta sé skynsamleg útfærsla þrátt fyrir að fyrir einstaka félagsmenn þeirra og aðildarfélög geti verið um kostnaðarhækkun að ræða. Þeir leggja hins vegar til nokkrar breytingar á frumvarpinu: Í fyrsta lagi að vélarlaus aftanítæki, eða eftirvagnar, sem eru 6 tonn og þyngri verði einungis með einfalt kílómetragjald, en gert er ráð fyrir í frumvarpinu að lagt verði tvöfalt gjald á slíka vagna. 1. minni hluti felst á þessar röksemdir og gerir þessa tillögu að sinni.

Í öðru lagi leggja Samtök landflutningamanna til að kílómetragjald verði lagt á öll vélknúin ökutæki sem eru 4 tonn eða þyngri og í þriðja lagi að kílómetragjaldið verði lækkað um 18% frá því sem segir í frumvarpinu.

6. Meginniðurstaða 1. minni hluta.

Að ósk 1. minni hluta reiknaði fjármálaráðuneytið út áhrif af tillögum Samtaka landflutningamanna. Niðurstaðan er að þessi tillögugerð gengur fullkomlega upp og reyndar væri hægt að fella niður kílómetragjaldtöku af léttustu bifreiðunum og byrja gjaldtöku við t.d. 10 tonn. Einungis 40 millj. kr. kæmu inn fyrir kílómetragjald af 4–10 tonna bifreiðum þannig að hér er um að ræða óverulega fjárhæð. Rök fyrir því að fara niður í 4 tonn lúta reyndar ekki eingöngu að tekjuöflun heldur að stuðla að sem jafnastri samkeppnistöðu milli stærri og minni bíla.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að þessi kerfisbreyting mun leiða til hagkvæmari reksturs bifreiða hér á landi. Menn munu leitast við að finna sparneytnari bíla, haga akstri sínum af hagkvæmni og þannig verður verulegur þjóðhagslegur sparnaður af kerfisbreytingunni. Samkvæmt útreikningum fjármálaráðuneytisins á tillögum Samtaka landflutningamanna, miðað

við 10 þúsund km akstur, sparast um 25 þús. kr. á ári fyrir 30 tonna bíl, um 10 þús. kr. á ári fyrir 20 tonna bíl og um 3 þús. kr. á ári fyrir 14 tonna bíl. Þannig er ljóst að þessar hugmyndir eru alls ekki íþyngjandi fyrir bílaflotann og þótt ekið væri meira yrði sambærileg niðurstaða. Hér er því um að ræða skynsamlega útfærslu á frumvarpinu sem Samtök landflutningamanna hafa lagt til.

Fyrsti minni hluti lagði til í nefndinni að unnið yrði út frá tillögum Samtaka landflutningamanna og frumvarpið lagað að þeim hugmyndum og skoðað betur hvort ekki væri um að ræða ásættanlega niðurstöðu. Meiri hlutinn féllst ekki á það og kaus að falla frá hugmyndum um olíugjald og fara yfir í að endurbæta gamla þungaskattskerfið og útfæra hugmyndir með fastagjaldi til að komast hjá athugasemdum Samkeppnisstofnunar um brot á samkeppnislögum.

Fyrsti minni hluti harmar þessa niðurstöðu meiri hlutans, ekki síst í ljósi þess að langflestir umsagnaraðilar óskuðu eftir því að farið yrði í kerfisbreytinguna og olíugjald tekið upp. Það voru einkum olíufélögin sem lögðust gegn því, svo og Vinnuveitendasamband Íslands. Flestir aðrir umsagnaraðilar mæltu með kerfisbreytingunni.

7. Tillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meiri hlutinn leggur til að fallið verði frá hugmyndum um olíugjald og að þungaskattskerfinu verði viðhaldið á þann hátt að tekið verði upp fast 80 þús. kr. gjald á hvern bíl sem er 4 tonn eða þyngri. Jafnframt verði gjald lagt á hvern ekinn kílómetra. Þessi útfærsla skilar sambærilegum heildartekjum í ríkissjóð en leiðir til mjög mismunandi greiðslubyrði. Sérstaklega er þetta íþyngjandi fyrir stærstu bílana sem ekið er lengst.

Þannig þýðir útfærsla meiri hlutans fyrir eiganda 30 tonna bíls sem ekið er 120 þúsund km á ári að hann þarf að greiða 440 þús. kr. meira á ári en hann gerir í núverandi kerfi. Fyrir 13 tonna bíl sem ekur um 80 þúsund km á ári þýðir þetta 200 þús. kr. hærri greiðslu.

Ljóst er að þessi útfærsla meiri hlutans er mjög íþyngjandi fyrir þá sem keyra lengst og eru með þyngstu bílana. Sömuleiðis er vafamál hvort þetta varði ekki við samkeppnislög, en meiri hlutinn hafnaði því að það yrði skoðað sérstaklega. 1. minni hluti telur að þessi útfærsla meiri hlutans sé uppgjöf gagnvart kerfisbreytingunni og sé í andstöðu við sjónarmið starfandi manna í þessari atvinnugrein.

Hafa ber í huga að meðal stuðningsmanna olíugjalds voru m.a. starfsmenn fjármálaráðuneytisins sem töldu miður að horfið væri frá upptöku olíugjalds. Þeir vitna þá sérstaklega til vilja hagsmunasamtaka sem greiða þungaskatt, þau óska eftir því að þessi kerfisbreyting eigi sér stað. Fjármálaráðuneytið vekur einnig athygli á því að ekki sé ljóst að samkeppnisyfirvöld fallist á þá útfærslu sem meiri hlutinn leggur til.

Veigamikil rök styðja því það mat 1. minni hluta að sú leið sem meiri hlutinn leggur til sé efnislega röng, lögfræðilega vafasöm, gamaldags og í mikilli andstöðu við vilja starfandi manna í stéttinni.

8. Kostnaður við kerfið.

Olíufélögin áætla að til að taka upp kerfið eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu þurfi þau að fjárfesta fyrir u.þ.b. 400 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður muni nema um 140 millj. kr., þar af um 70 millj. kr. vegna vaxta og afskrifta af fjárfestingunni.

Ekki hafa verið tök á því að sannreyna þessar kostnaðartölur. Olíufélögin leggjast gegn olíugjaldinu m.a. vegna kostnaðar sem þau telja að fari út í verðlagið. Ef þessar kostnaðartölur eru réttar og þetta fer út í verðlagið er um að ræða 2 kr. á hvern olíulítra. Með tilliti til þess að olíugjaldið á að nema 34 kr. er ljóst að umtalsverður kostnaður fylgir gjaldinu.

Hins vegar ber að hafa í huga að samkeppni er nokkuð mikil milli olíufélaganna og ekki er víst að allur þessi kostnaður muni koma fram í verði til neytenda. Einnig þarf að hafa í huga að olíugjald opnar möguleika á frekari umhverfisskattlagningu í framtíðinni og þess vegna mun þessi kostnaður dreifast á lengra tímabil, auk þess sem lituð olía er í reynd ekkert annað en ný eldsneytistegund. Dreifikerfið er til staðar þótt ekki sé efast um að nokkur kostnaður fylgi hinu nýja kerfi.

9. Umsagnir.

Samtök iðnaðarins leggja til að olíugjald verði tekið upp hérlendis. Þau leggja til útfærðar hugmyndir um hvernig olíugjaldið ætti að leggjast á samhliða útfærslu kílómetragjalds á stærri bíla svipað og lagt var til í frumvarpinu og í átt að því sem Samtök landflutningamanna leggja til.

Olíufélögin skila inn sameiginlegri umsögn, þ.e. Olíuverslun Íslands, Olíufélagið hf. og Skeljungur hf., og þau leggjast gegn frumvarpinu vegna kostnaðar.

Landvari – félag íslenskra vöruflytjenda, sem á aðild að Samtökum landflutningamanna og stendur að ályktun þeirra, skilar einnig inn sérstakri umsögn þar sem lagt er til að tekið verði upp olíugjald en mikil áhersla lögð á að þá verði ekki um að ræða kílómetragjald, þ.e. ekki tvöfalt kerfi. Fleiri aðilar lögðu áherslu á þennan þátt málsins þó að áherslur hvað þetta varðar hafi breyst smátt og smátt í vinnslu nefndarinnar.

Eimskipafélag Íslands leggur til að olíugjald verði tekið upp en þungaskattskerfið jafnframt lagt niður. Þurfi frekari tekjuöflun en olíugjald upp á 34 kr. verði tekið upp hóflegt fast gjald á bifreiðar yfir 3,5 tonnum.

Félag sérleyfishafa er fylgjandi kerfisbreytingunni og leggur, eins og ýmsir aðrir, áherslu á að auknum tekjum ríkissjóðs vegna virðisaukaskatts á olíu verði varið í þeirra þágu. Landssamband íslenskra útvegsmanna er fylgjandi því að olíugjald verði tekið upp.

Vinnuveitendasamband Íslands leggst gegn frumvarpinu og telur ekki tímabært að taka þá ákvörðun sem þar er gert ráð fyrir. Bílgreinasambandið telur ekki eðlilegt að taka upp það tvöfalda kerfi sem frumvarpið gerir ráð fyrir og vill, ef það verður tekið upp, að það verði með færri undanþágum. Meginniðurstaða Bílgreinasambandsins er þó sú að halda skuli áfram með núverandi þungaskattskerfi. Vinnumálasambandið leggst gegn frumvarpinu.

Bændasamtök Íslands benda á að litunaraðferðin sé betri en endurgreiðslukerfið sem fyrst var áformað. Niðurstaða þeirra er að mæla ekki gegn samþykkt frumvarpsins. Vegagerðin leggur megináherslu á að tekjustofnar hennar verði tryggðir við kerfisbreytingu. Vegagerðin segist hafa tekið þátt í undirbúningi og er í stórum dráttum samþykk frumvarpinu.

Samband íslenskra sveitarfélaga, Ökukennarafélag Íslands og Landsvirkjun gera ekki athugasemdir við frumvarpið. Landssamband vörubílstjóra styður frumvarpið með ákveðnum skilyrðum, fyrst og fremst að ekki sé samhliða innleiddur þungaskattur með fastagjaldi og mælagjaldi. Ef ekki er hægt að hafa kerfið öðruvísi en að hluta til tvöfalt leggur Landssamband vörubílstjóra til tilteknar breytingar á kílómetragjaldinu til hagsbóta fyrir umbjóðendur sína.

Bifreiðastjórafélagið Frami mótmælir álögum á leigubílstjóra sem felast í frumvarpinu og leggur mikla áherslu á að vörugjald af leigubifreiðum verði fellt niður. Félag hópferðaleyfishafa er í megindráttum samþykkt þeirri kerfisbreytingu sem lögð er til með frumvarpinu. Trausti – félag sendibílstjóra styður frumvarpið en varar við tvöföldu kerfi. Strætisvagnar Reykjavíkur leggja megináherslu á að hið breytta fyrirkomulag þýði ekki íþyngingu fyrir starfsemi þeirra.

10. Tekjur af umferð hérlendis.

Árlega eru tæpir 17 milljarðar kr. innheimtir af notendum ökutækja hérlendis. Vörugjald af ökutækjum er 4,1 milljarður kr., vörugjald af bensíni 7,3 milljarðar kr., bifreiðagjald 2,1 milljarður kr. og þungaskattur 3,2 milljarðar kr.

Þegar haft er í huga að um 7 milljörðum kr. er varið til vegamála árlega er ljóst að bifreiðaakstur er umtalsverður gjaldstofn. Bensínverð hérlendis er nokkru hærra en í nágrannalöndunum en þó munar ekki miklu. Dísilolía er hins vegar mun dýrari hérlendis en erlendis.

Brýnt er að dísilolía sé ódýrari en bensín til að örva notkun hennar. Það er í samræmi við stefnu nágrannalandanna. Tillögur um olíugjald stuðla að því. Miðað við 34 kr. olíugjald á lítra er samt sem áður töluvert minni munur á bensín- og dísilolíuverði hérlendis en erlendis. Út frá þeim sjónarmiðum er rétt að taka upp olíugjald og að það verði alls ekki hærra en 34 kr. á lítra. Betra væri að það væri nokkru lægra. Það væri hægt ef gjaldstofninn yrði breikkaður og önnur olía felld undir olíugjaldið en ekki náðist um það samstaða í nefndinni.

Vörugjaldstekjur af fólksbifreiðum hérlendis eru um 3,3 milljarðar kr. á ári. Vörugjald af vörubílum undir 5 tonnum eru um 130 millj. kr., vörubílum stærri en 5 tonn eru um 260 milljónir, af fólksflutningabílum 10–17 manna 30 millj. kr. og eftirvagnar skila um 35 millj. kr. í vörugjald. Vörugjald af leigubifreiðum er um 40 millj. kr.

11. Lækkun vörugjalds.

Samhliða umfjöllun um olíugjald og þungaskatt ákvað efnahags- og viðskiptanefnd að skoða sérstaklega lækkun á vörugjaldi atvinnubifreiða.

Samkomulag hefur náðst í nefndinni um að flytja sérstakt frumvarp (sjá hér III. kafla) um það efni sem felur í sér að lækka vörugjald á vöruflutningabifreiðum minni en 5 tonn úr 30% í 25% og síðar í 20% eftir tvö ár. Fyrir vörubíla þyngri en 5 tonn verður vörugjaldið lækkað núna úr 15% í 7,5% og fellt niður innan tveggja ára. Fyrir 10–17 manna fólksbifreiðar fyrir sérleyfishafa og hópferðaakstur verður vörugjaldið lækkað núna úr 20% í 15% og í 10% innan tveggja ára. Vörugjald á tengivagna, „treilera“ og steypubifreiðar verður lækkað núna úr 15% í 7,5% og fellt niður innan tveggja ára. Vörugjald af leigubifreiðum sem er núna að meðaltali 35% verður í fyrstu lækkað í 25%, eða um þriðjung, og síðan í 20%. Kostnaður þessa fyrir ríkissjóð er í fyrstu umferð um 100 millj. kr.

Fyrsti minni hluti telur að lækkun vörugjalds sé löngu tímabær aðgerð og hefði mátt ganga lengra í því efni til að auðvelda endurnýjun á atvinnubifreiðum hérlendis. Þær eru mjög gamlar og að mörgu leyti ekki eins tæknivæddar og þyrfti að vera. Lækkun vörugjalds mun leiða til sparneytnari og hagkvæmari bifreiða og auka innflutning og þar með tekjur ríkisins. Lækkun vörugjalda á bílum leiðir til aukinnar fjárfestingar í mengunarvörnum og hagkvæmari bílum og þjóðhagsleg hagkvæmi þess er ótvíræð. Vörugjald á atvinnubifreiðum er dæmi um skattstofn sem á að fella niður.

12. Lokaorð.

Mikilvægt er að tryggja samkeppnisstöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga í vöruflutningum. Þróunin undanfarin ár hefur verið í þá átt að stóru flutningsaðilarnir, svo sem skipafélögin, hafa haslað sér æ stærri völl í landflutningum. Þetta er varhugaverð þróun og stuðlar að enn meiri fákeppni og þrengir að smærri atvinnurekendum á þessu sviði.

Umhugsunarvert er að það eru fyrst og fremst fulltrúar olíufélaganna og Vinnuveitendasambandið sem leggjast gegn frumvarpinu. Vinnuveitendasambandið gætir aðallega hagsmuna stóru fyrirtækjanna eins og kunnugt er. Samstaða þessara aðila sem nú leiðir til þess að olíu-

gjaldinu er varpað fyrir róða með ákvörðun meiri hlutans er athyglisverð, ekki síst tengsl þessara aðila við núverandi stjórnarflokka.

Niðurstaða 1. minni hluta er sú að taka beri upp olíugjald hérlendis og byggja í aðalatriðum á hugmyndum Samtaka landflutningamanna við útfærslu þess. Breytingin er umhverfisvæn og nútímaleg, eftirlit betra og sanngjörn gagnvart starfandi aðilum og landsbyggðinni. Ríkissjóður verður í jafnvægi við þessa kerfisbreytingu.

Fyrsti minni hluti leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og að efnahags- og viðskiptanefnd verði falið að vinna enn frekar að útfærslu málsins í samráði við hagsmunaaðila. Í haust verði lagt fram frumvarp að nýju sem feli í sér upptöku á olíugjaldi. Hægt er að afgreiða slíkt frumvarp fljótlega í haust og það kæmi þá til framkvæmda um næstu áramót.

AFSTAÐA 2. MINNI HLUTA EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFNDAR, Steingríms J. Sigfússonar.

Annar minni hluti hefur verið fylgjandi því að stefna að upptöku olíugjalds í stað núgildandi þungaskatts til tekjuöflunar í Vegasjóð frá notendum dísilbíla á móti bensíngjaldi sem notendur bensínbíla greiða. Það voru því mikil vonbrigði þegar fram kom stjórnarfrumvarp sem gerði ráð fyrir því að þrátt fyrir upptöku olíugjalds yrði áfram haldið í þungaskatt eða mælagjald á stærri dísilbíla. Útkoman hefði því orðið tvöfalt kerfi.

Niðurstaða meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er sú að falla frá hugmyndum um upptöku olíugjalds og fella ákvæði í lögum um það efni úr gildi. Í staðinn á að gera nokkrar breytingar á innheimtu þungaskatts sem fyrst og fremst eru hugsaðar til þess að mæta að nokkru áhrifum af því að fella niður alla afslætti á þungaskatti með auknum akstri. Slíka afslætti hefur samkeppnisráð talið stríða gegn lögum.

Annar minni hluti hefði talið besta kostinn að taka upp einfalt olíugjaldskerfi og leggja alveg af mælagjald þungaskatts. Slík skattlagning á eldsneytisnotkun, eins og olíugjaldið er, væri tvímælalaust jákvæð með tilliti til umhverfismála. Slíkt ætti að verka hvetjandi til orkusparnaðar og þar með auðvelda Íslendingum að mæta alþjóðlegum skuldbindingum á því sviði.

Næstskásti kosturinn væri sá að lagfæra þungaskattskerfið og halda áfram að bæta innheimtu og auka eftirlit eins og unnið hefur verið að undanfarin ár með verulegum árangri.

Allt of lítill tími hefur hins vegar gefist til að skoða afleiðingar af breytingum eins og þeim sem meiri hlutinn leggur nú til fyrir einstaka aðila.

Íþyngjandi breytingar gagnvart þeim sem aka á lengri akstursleiðum, sérstaklega flutningsaðilum sem aka til fjarlægustu landshluta frá Reykjavík, fara beint út í vöruverð og hafa þar með áhrif á lífskjör á viðkomandi svæðum til hins verra. Það getur annar minni hluti ekki stutt.

Annar minni hluti getur tekið undir ýmislegt af því sem fram kemur í áliti 1. minni hluta og er þeirrar skoðunar að réttast væri að fresta afgreiðslu allra þessara mála til haustsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997, falli brott. Um nánari skýringu vísast til greinargerðar.

Um 2.–4. gr.

Í þessum greinum eru lagðar til breytingar á þungaskattskerfinu í lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987. Breytingarnar miða að því að af bifreiðum og tengi- og festivögnum, sem eru 14.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skuli auk gjalds vegna ekinna kílómetra

greiða fast árgjald þungaskatts að fjárhæð 80.000 kr., sbr. ákvæði B-liðar 4. gr. laganna. Aðrar breytingar á lögum eru lagðar til með hliðsjón af þessari breytingu. Lagt er til að gjald vegna ekinna kílómetra lækki um 5% af bifreiðum sem eru undir 14.000 kg að leyfðri heildarþyngd, en um 25% af bifreiðum sem eru 14.000 kg eða meira, þ.e. þeim bifreiðum sem fast gjald verður greitt af.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er lagt til að lækkað verði vörugjald af tilteknum ökutækjum. Lækkunin tekur til ýmissa atvinnubifreiða sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd og einnig nokkurra ökutækja sem eru að heildarþyngd 5 tonn eða minna, þ.e. dráttarbifreiða, ökutækja sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og vélknúinna ökutækja til sérstakra nota. Þá er gert ráð fyrir heimild til ráðherra til frekari lækkunar en nú er á gjöldum af leigubifreiðum og hópferðabifreiðum, þ.e. ökutækjum sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni.

Um 5. gr.

Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 4. gr. laganna. Annars vegar miða þær að lækkun vörugjalds á þyngri ökutæki, þ.e. ökutæki sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd, og hins vegar lækkun vörugjalds á dráttarbifreiðar, ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og vélknúin ökutæki til sérstakra nota sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd. Athuga ber þó að lækkun vörugjalds á framangreindar bifreiðar mun eiga sér stað í þrepum, sbr. ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir að vörugjald á fyrrgreindar þyngri bifreiðar muni lækka úr 15% í 7,5% þegar við gildistöku laganna en síðan verði þær undanþegnar vörugjaldi frá 1. janúar 2000. Vörugjald á síðarnefndar bifreiðar, sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, munu hins vegar lækka úr 30% í 25% þegar við gildistöku laganna en niður í 20% frá 1. janúar 2000.

Um 6. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 5. gr. laganna en samkvæmt þeirri grein er ráðherra heimilt með reglugerð að lækka eða fella niður gjald skv. II. kafla laganna og setja um það skilyrði. Heimildin nær meðal annars til gjalda af leigubifreiðum og hópferðabifreiðum, þ.e. ökutækjum sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni. Lagt er til að heimildin til lækkunar gjalds af leigubifreiðum miðist við 25% frá gildistöku laganna í stað 30%. Frá 1. janúar 2000 verði hins vegar heimilt að lækka gjaldið í 20%. Þá er lagt til að heimildin til lækkunar gjalds á framangreindum hópferðabifreiðum miðist við 15% frá gildistöku laganna í stað 20%. Frá 1. janúar 2000 verði hins vegar heimilt að lækka gjaldið í 10%.

Um 7. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem skýra verður með hliðsjón af ákvæði 5. gr. frumvarpsins sem breytir 4. gr. laganna og mælir fyrir um lækkun vörugjalds í þrepum. Vísast til athugasemda við 5. gr. um skýringar.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lögð til hækkun á bifreiðagjaldi. Breytingin miðar að því að vinna upp það tekjutap sem fyrirsjáanlegt er vegna lækkunar vörugjalds samkvæmt ákvæðum III. kafla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júní 1998 að undanskildum ákvæðum II. kafla, þ.e. breytingar á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sem öðlast gildi 11. október 1998 með hliðsjón af gjalddaga þungaskatts.

1396. Frumvarp til laga [367. mál]

um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Afréttur: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

II. KAFLI
Þjóðlendur.

2. gr.

Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum.

3. gr.

Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.

Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.

Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum.

Forsætisráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki forsætisráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og

sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun forsætisráðherra. Tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til. Sveitarstjórn skal árlega gera forsætisráðherra grein fyrir ráðstöfun fjárins.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga um innheimtu og ráðstöfun tekna af þjóðlendum.

Heimildir skv. 2. og 3. mgr. taka ekki til réttinda sem eru háð einkaeignarrétti eða fengin öðrum með lögum. Leiði afnot til skerðingar á eignarréttindum sem aðrir eiga í þjóðlendunni getur viðkomandi krafist bóta úr hendi leyfishafa. Náist ekki samkomulag um greiðslu bóta skal skorið úr þeim ágreiningi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.

4. gr.

Á vegum forsætisráðherra skal starfa samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna er í eiga sæti fulltrúar forsætisráðherra, félagsmálaráðherra, iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra, samgönguráðherra og umhverfisráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi forsætisráðherra er formaður nefndarinnar. Nefndin skal vera forsætisráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Þá skal nefndin árlega gera tillögur til forsætisráðherra um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna.

Heimilt er forsætisráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um meðferð og nýtingu þjóðlendna samkvæmt lögum þessum, þar með talið um skilyrði fyrir leyfum sveitarstjórna til afnota af þjóðlendum.

5. gr.

Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um.

Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi.

III. KAFLI

Óbyggðanefnd.

6. gr.

Óbyggðanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum varamönnum.

Forsætisráðherra skipar nefndarmenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Nefndarmenn skulu fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara.

Forfallist aðalmaður við meðferð máls skal formaður ákveða hver úr hópi varamanna taki sæti hans. Með sama hætti getur formaður ákveðið að varamaður taki sæti aðalmanns við meðferð máls telji hann þess þörf vegna fjölda eða umfangs mála sem nefndin fjallar um. Sé mál munnlega flutt skal þess jafnan gætt að sami maður taki þátt í meðferð þess frá því að aðilum er gefinn kostur á að tjá sig fyrir nefndinni og þar til hún kveður upp úrskurð í málinu.

Telji formaður þörf sérkunnáttu við úrlausn máls getur hann kvatt til mann eða menn sem hafa slíka sérkunnáttu. Sé ekki talin þörf á fleiri en einum sérfróðum manni skal varamaður taka sæti samkvæmt ákvörðun formanns þannig að nefndin verði skipuð fimm mönnum.

Óbyggðanefnd skal heimilt að ráða starfsfólk sér til aðstoðar að höfðu samráði við forsætisráðherra. Hið sama gildir um skrifstofuaðstöðu fyrir hana.

Kostnaður vegna starfa óbyggðanefndar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Hlutverk óbyggðanefndar skal vera:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

8. gr.

Óbyggðanefnd skal að eigin frumkvæði taka til meðferðar og úrskurða um málefni sem undir hana heyra. Skal hún ákveða og tilkynna fyrir fram hvaða landsvæði ákveðið hefur verið að taka til meðferðar hverju sinni þannig að sá hluti landsins sem starfssvið nefndarinnar tekur til verði tekinn fyrir í áföngum. Stefnt skal að því að nefndin hafi lokið verkinu fyrir árið 2007.

9. gr.

Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.

10. gr.

Þegar nefndin hefur ákveðið að taka afmarkað svæði til meðferðar skal hún birta þá ákvörðun með því að gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í. Óbyggðanefnd getur samþykkt að veita aðila sem þess óskar viðbótarfrest. Jafnframt skal nefndin láta þinglýsa slíkri ákvörðun á þær eignir sem skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði. Sama máli gegnir ef mál er endurupptekið skv. 19. gr.

Jafnframt skal útdráttur úr efni tilkynningar skv. 1. mgr. birtur með auglýsingu í dagblaði.

Samhliða kröfum sínum skulu aðilar leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Nefndin skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr., hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Óbyggðanefnd getur heimilað að fram fari munnleg sönnunarfærsla fyrir nefndinni.

11. gr.

Fjármálaráðherra skal fara með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Sé um að ræða sameiginlegt upprekstrarland skal beina tilkynningum vegna þeirra sem þar eiga upprekstrarrétt til viðkomandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna eða upprekstrarfélags sem stofnað hefur verið um þessi mál og skulu þau hafa umboð til að ráðstafa málefninu fyrir hönd einstakra rétthafa.

12. gr.

Óbyggðanefnd skal eftir að hún hefur gefið út tilkynningu skv. 10. gr. og kannað heimildir um viðkomandi landsvæði gera yfirlit yfir lýstar kröfur og láta færa þær inn á uppdrátt. Skal yfirlit þetta ásamt uppdrætti liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir í að minnsta kosti einn mánuð. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd innan 30 daga frá þeim degi þegar kynningu lauk.

13. gr.

Óbyggðanefnd getur ákveðið að sameina meðferð og afgreiðslu mála varðandi einstök landsvæði í eitt mál eða fleiri og aðskilja mál óháð því hvernig aðilar kunna að hafa lagt mál fyrir nefndina eða hún tekið mál fyrir að eigin frumkvæði í upphafi.

Þrátt fyrir ákvarðanir sem óbyggðanefnd hefur tekið skv. 8. gr. getur hún ákveðið síðar að minnka eða stækka það landsvæði sem hún tekur til meðferðar í einstöku máli.

Komi það fram við meðferð máls að aðili, sem kann að telja til eignarréttinda, hafi ekki lýst kröfum sínum skal nefndin hafa frumkvæði að því að kanna hvort hann falli frá tilkalli, en ella gefa honum kost á að gerast aðili máls.

14. gr.

Úrlausnum óbyggðanefndar verður ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds.

Mál sem heyrir undir óbyggðanefnd skv. 7. gr. verður ekki borið undir dómstóla fyrr en eftir að nefndin hefur lokið umfjöllun sinni um það.

15. gr.

Óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum nema telja verði að sáttatilraun verði árangurslaus.

Telji nefndin að mál, sem borið er upp við hana, falli utan starfssviðs hennar skal hún synja um fyrirtöku málsins með úrskurði, en ávallt skal gefa aðila kost á að tjá sig sérstaklega um þetta atriði áður en úrskurður þar um er kveðinn upp.

Telji aðili að mál, sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar, eigi ekki undir hana getur hann krafist þess að því verði vísað frá nefndinni.

16. gr.

Um form og efni úrskurða óbyggðanefndar sem fela í sér endanlegar lyktir máls fer eftir reglum stjórnsýslulaga um úrskurði í kærumáli.

17. gr.

Óbyggðanefnd getur að kröfu aðila úrskurðað gagnaðila í einstöku máli sem rekið er fyrir nefndinni til greiðslu málskostnaðar honum til handa, enda hafi verið færðar fram kröfur, greinargerðir eða sjónarmið fyrir nefndinni, munnlega eða skriflega. Um málskostnað fer að öðru leyti eftir reglum um málskostnað í einkamálum.

Forsætisráðherra er heimilt að veita aðila að máli fyrir óbyggðanefnd gjafsókn í samræmi við reglur XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en þó að teknu tilliti til þess að mál fyrir óbyggðanefnd kemur í stað málshöfðunar eða málsvarnar fyrir héraðsdómi eða æðra dómi. Umsögn óbyggðanefndar um gjafsókn skal koma í stað umsagnar gjafsóknarnefndar. Þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 er heimilt að veita aðila sem fer með fyrirsvar skv. 2. mgr. 11. gr. laganna, lögaðilum og einkaaðilum gjafsókn, enda hafi úrlausn máls

a. verulega almenna þýðingu eða
b. varði verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hefur fyrirsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag umsækjanda.

Hafi aðila verið veitt gjafsókn skal hann gera kröfu um að óbyggðanefnd úrskurði gagnaðila til greiðslu málskostnaðar skv. 1. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 128. gr. laga nr. 91/1991. Óbyggðanefnd skal í úrskurði sínum í máli þar sem aðili hefur gjafsókn ákveða honum eða umboðsmanni hans þóknun fyrir flutning máls nema slík þóknun hafi verið undanskilin gjafsókn.

18. gr.

Fullnægja má ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar um málskostnað með aðför.

Birta skal úrskurði óbyggðanefndar fyrir þeim aðilum sem lýst hafa kröfum og þeim sem úrskurðað er að eigi réttindi á viðkomandi svæði. Útdráttur úr úrskurði skal birtur í Lögbirtingablaði ásamt uppdrætti. Óbyggðanefnd skal annast um að úrskurðir hennar verði gefnir út.

Óbyggðanefnd skal hafa frumkvæði að því að þinglýsa úrskurðum sem fela í sér eignarheimildir. Ekki skal innheimta þinglýsingar- og stimpilgjöld af slíkum skjölum né heldur við þinglýsingar skv. 1. mgr. 10. gr.

19. gr.

Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í skv. 2. mgr. 18. gr. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Hafi mál verið höfðað fyrir dómi þar sem kröfur eru gerðar um efni sem á undir óbyggðanefnd samkvæmt lögum þessum skal þeim málum lokið þar þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

1397. Skýrsla [24. mál]

forsætisráðherra um aðstöðumun kynslóða, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Inngangur.

Þingflokkur Jafnaðarmanna lagði fram beiðni um skýrslu um „aðstöðumun kynslóðanna“ á sl. hausti. Í skýrslubeiðninni er farið fram á viðamikinn samanburð á lífskjörum þeirra sem fæddir eru á árunum 1940–1964 annars vegar og hins vegar þeirra sem fæddir eru á árunum 1965–1975. Þá er enn fremur ætlast til að fyrri kynslóðinni sé skipt í fimm hópa eftir fæðingarári og þeirri síðari í tvo hópa. Alls er því um að ræða sjö hópa. Loks er beðið um að tilteknar upplýsingar séu kyngreindar.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir umsögn Þjóðhagsstofnunar um skýrslubeiðnina með bréfi dags. 27. október sl. Í svari Þjóðhagsstofnunar kom fram eftirfarandi: „Þetta verkefni er afar viðamikið jafnvel þótt reynt væri að afmarka það við fyrirliggjandi gögn. Við bætist að óvíst er að fyrirliggjandi gögn geti risið undir svona skýrslugerð og þeirri athygli sem líklegt er að hún fengi, a.m.k. er ljóst að mikið þyrfti að vinna í gögnum til þessa að gera þau sambærileg

og þannig úr garði að á þeim væri byggjandi. Af þessum ástæðum er það mat Þjóðhagsstofnunar að það sé gagnslítið að leggja í þessa vinnu nema til hennar sé varið 1–2 ársverkum. Annaðhvort þarf því að fjármagna verkefnið sérstaklega eða hafna beiðninni á þeirri forsendu að hún sé of viðamikil og árangur af svona athugun of óviss."

Beiðnin er afar ítarleg og mikla vinnu þyrfti að leggja í gagnavinnu til að gera henni góð skil. Margvíslegar upplýsingar sem beðið er um er ekki hægt að fá og annað er með þeim hætti að um lítt sambærileg gögn er að ræða. Tvennt skiptir hér mestu. Annars vegar eru hagskýrslur um lífskjör aftur í tímann mjög brotakenndar. Hins vegar taka þær nær einvörðungu til meðaltala og nær aldrei til fæðingarárs einstaklinga. Ýmis eldri gögn liggja þó fyrir, einkum skattframtöl, sem þó eru ekki til á tölvutæku formi. Nokkur vinna hefur samt sem áður verið lögð í að tölvusetja þau, en um er að ræða mikið verk og margt þar óunnið.

Engin tök eru á því að inna slíka vinnu af hendi að svo komnu máli. Hins vegar kann að vera ástæða til að setja vinnu og fjármuni í slíkt verkefni. Í umfjölluninni hér á eftir er fjallað um þá þætti sem spurt er um. Annars vegar eru raktar helstu breytingar er gerðar hafa verið á viðkomandi málaflokkum á þessu tímabili og hins vegar er þróun heildarstærða gerð skil eftir því sem opinberar tölur leyfa.

1. Tekjur aldurshópanna á fimm ára tímabilum 1960–1995 og dreifing teknanna.

Ekki eru aðgengilegar samfelldar upplýsingar um tekjur eftir aldursbilum yfir þennan tíma. Tekjuupplýsingar fyrri ára taka nær einungis til meðaltala og eru jafnan settar fram sem vísitölur. Þá eru þær ekki greindar eftir kynferði. Margvíslegar upplýsingar er að fá út úr úrtakskönnunum sem gerðar voru á árunum 1963 til 1975 upp úr skattframtölum, en þar er um að ræða athuganir á tekjum kvæntra launþega. Þessar upplýsingar eru hins vegar ekki til á tölvutæku formi nema að mjög litlu leyti.

Í mynd 1.1 er sýnd vísitala kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann yfir tímabilið frá 1960 til 1996. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur rúmlega tvöfaldast á þessu tímabili.

Mynd 1.1



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Hin síðari ár hafa margvíslegar upplýsingar um tekjur manna verið unnar upp úr skattframtölum og eru þær upplýsingar greindar eftir aldri. Eftirfarandi mynd sýnir hvernig atvinnutekjur skiptast eftir aldri. Tekjur framteljenda, karla og kvenna, eru hæstar á aldrinum 40–45 ára. Þessi mynd hefur lítið breyst á því árabili sem heimildir ná til.

Mynd 1.2



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Hvað varðar athuganir á tekjudreifingu liggja ekki fyrir samfelld gögn um allt tímabilið. Áætlanir eru til um tekjudreifingu áranna 1963–75, sem Finnur Geirsson gerði og birtar voru í tímaritinu *Hagmál*.[1] Samkvæmt þeirri athugun helst dreifing „bruttótekna" tiltölulega stöðug á þessu tímabili. Frá 1986 eru til samfelldar tölur um tekjudreifingu. Þessi síðari gögn eru þó illa sambærileg við þau eldri. Því veldur að unnið er með tekjur samkvæmt skattframtölum og hafa orðið verulegar breytingar á skilgreiningum tekjuliða.

Engar sérstakar upplýsingar eru til um tekjudreifingu innan einstakra kynslóða eða milli einstakra kynslóða.

2. Eigna- og skuldastaða sjö aldurshópa á fimm ára tímabilum 1960–95 og dreifing eigna og skulda.

Upplýsingar um eignir og skuldir manna aftur í tímann eru mjög af skornum skammti. Það eru til áætlanir um eignir og skuldir heimilanna á tímabilinu frá 1968. Þær tölur eru byggðar á athugun heildarstærða og hvorki er unnt að rekja eignir né skuldir til kynslóða. Mynd 2.1 er byggð á þeim tölum. Þar eru skuldir heimilanna settar í hlutfall við eignir þeirra. Niðurstaðan kemur ekki á óvart. Á verðbólguáratugnum milli 1970 og 1980 lækkuðu skuldir í hlutfalli við eignir. Upp úr 1980 fara skuldirnar að vaxa hratt. Síðustu árin hefur hægt á þessari þróun eins og myndin sýnir vel. Ástæða er til að ítreka að þessi þróun er ekki bara vegna þess að lán voru

[1] Sjá Finnur Geirsson, „Tekjudreifing á Íslandi", *Hagmál* 19. tbl. 1977.

verðtryggð heldur jókst framboð á lánum til heimilanna hröðum skrefum, eins og nánar verður vikið að hér að neðan.

Mynd 2.1



Heimild: Seðlabanki Íslands,

Hin síðari ár hafa verið unnar upplýsingar um eignir og skuldir einstaklinga eftir aldri úr skattframtölum. Eftirfarandi mynd sýnir samhengið milli eigna og skulda hjóna og aldurs eiginmanns.

Mynd 2.2



Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Myndin sýnir að skuldir fara vaxandi fram að fertugsaldri og lækka upp úr því. Með sama hætti sýnir myndin að eignir vaxa að sextugu og lækka nokkuð eftir það. Vafasamt er að túlka þessa mynd sem vísbendingu um aðstöðumun kynslóða. Eðlilegt er að nettóeign aukist með árunum, en til að álykta um aðstöðumun þyrfti að huga að því hvort nettóeign sumra kynslóða hafi aukist hraðar en annarra. Gögn bjóða hins vegar ekki upp á slíkan samanburð.

3. Menntun á fimm ára tímabilum 1960–95.

Fá má upplýsingar um menntun eftir aldri úr vinnumarkaðskönnunum Hagstofu Íslands. Sú er heimildin fyrir eftirfarandi mynd og töflu. Þar er menntun flokkuð í 4 hópa og miðað við síðustu menntagráðu manna.

Tafla 3.1 Menntun fólks fætt 1940–75 eftir aldri 1997. Hlutfallstölur.

		Alls	Grunn-menntun	Starfs- og framhalds-skóla-menntun	Sérskóla-menntun	Háskóla-menntun
1940–1964	Alls	100	25,1	39,7	19,1	16,2
	40–44	100	29,5	43,4	18,4	8,7
	45–49	100	28,4	36,8	19,1	15,7
	50–54	100	23,5	38,5	18,9	19,1
	55–59	100	24,1	37,1	21,7	17,1
	60–64	100	22,4	43,1	17,0	17,5
1965–1975	Alls	100	27,9	52,2	6,5	13,4
	65–69	100	25,4	46,2	10,5	17,8
	70–75	100	29,9	57,1	3,2	9,8

Heimild: Vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands.

Þessar upplýsingar gefa til kynna að hlutfallslega séu færri háskólamenntaðir meðal þeirra yngstu en þeirra sem eru á aldrinum 50–54 ára. Ástæða er þó til að ætla að þessi mynd gefi ekki alls kostar rétta mynd af menntun kynslóðanna. Í fyrsta lagi þarf að hafa í huga að nokkuð stór hluti yngri kynslóðarinnar er í námi erlendis og því ekki í könnun Hagstofunnar. Í öðru lagi þarf að taka tillit til þess að brottfall úr námi er umtalsvert á Íslandi og margir taka upp þráðinn á ný og klára nám þótt síðar verði. Þetta má sjá í því að skólasókn þeirra sem eru á aldrinum 30–39 ára hefur vaxið umtalsvert. Árið 1996 voru þannig 6,2% 30–34 ára í námi og 3,5% árgangsins 35–39 ára. En til samanburðar var einungis 1,3% 30–34 ára í námi árið 1970 og 3% árið 1980.

Þá hefur einnig orðið mikil og nokkuð samfelld fjölgun þeirra sem ljúka stúdentsprófi úr hverjum árgangi. Árið 1960 luku um 9% tvítugra því prófi en síðustu árin hefur um helmingur lokið stúdentsprófi.

4. Endurgreiðslur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Ekki eru til upplýsingar um endurgreiðslur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna á þann hátt sem hér er óskað. Á þessu tímabili hafa orðið geysilegar breytingar á starfsemi sjóðsins. Upphaflega voru námslán einungis veitt til stúdenta við Háskóla Íslands, en í dag eiga nær allir rétt á lánum til framhaldsnáms. Í öðru lagi eru lán miklu hærri en var og taka nú mið af framfærsluþörf. Í þriðja lagi eru lán vísitölubundin og endurgreiðslur miðast við tekjur námsmanna. Aðstöðumunur kynslóðanna liggur þannig ekki eingöngu í reglum um endurgreiðslur. Helstu breytingar á lögum um námslán eru þessar á því tímabili sem hér er til viðmiðunar.

- Lánasjóður stúdenta var settur á stofn með lögum árið 1952. Samkvæmt þeim voru lán veitt í þremur flokkum 2.000 kr., 3.000 kr. og 4.000 kr. eftir efnahag, fjölskylduaðstæðum og námsframvindu. Lánin voru vaxtalaus á námstímanum en báru 3,5% vexti eftir það. Lánin voru veitt til tíu ára og greidd með jöfnum afborgunum, hinni fyrstu þremur árum eftir námslok. Lánað var til náms við Háskóla Íslands, en menntamálaráðuneyti sá um takmarkaða lánveitingu til námsmanna erlendis.
- Lánasjóður íslenskra námsmanna var stofnaður árið 1961 og veitti hann lán til háskólanáms á Íslandi og erlendis. Lánin voru með sömu kjörum og áður hafði verið, þó var lánstíminn lengdur í 15 ár.
- Með lagabreytingu árið 1967 var gerð sú breyting að lánsupphæð var tengd við metinn framfærslukostnað námsmanns að teknu tilliti til þeirra tekna er hann aflaði sér. Lánsupphæð var 60–85% af þannig skilgreindri fjárþörf. Lánskjörum var breytt, vextir voru hækkaðir í 5% og afborgunarlaus tími eftir nám var lengdur í fimm ár.
- Verðtrygging námslána var tekin upp árið 1976. Lánin voru þó vaxtalaus og þau veitt til 20 ára. Árlegar endurgreiðslur námu 3,5% af útsvarsstofni og greiða skyldi í 20 ár, en að þeim tíma loknum skyldu eftirstöðvar falla niður. Þá var lánshæfi náms breytt þannig að ráðherra gat ákveðið með reglugerð hvaða nám væri lánshæft, en svokölluð „20 ára regla“ tryggði flestum námsmönnum 20 ára og eldri lán. Samkvæmt lögunum skyldu lán miðast við 85–90% af fjárþörf námsmanns.
- Lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna var breytt árið 1982. Endurgreiðslutíminn var lengdur upp í 40 ár og endurgreiðslur miðaðar við 3,75%, þó þannig að ákvæði var í lögunum um lágmark árlegrar endurgreiðslu.
- Núgildandi lög um Lánasjóðinn voru sett árið 1992. Lánin bera að hámarki 3% vexti. Árleg endurgreiðsla er innt af hendi með tvennum hætti. Annars vegar er föst greiðsla sem er óháð tekjum lántakanda, hins vegar er viðbótargreiðsla sem er 4,75% af útsvarsstofni. Lánstíminn er ótilgreindur og er greitt af lánum þar til þau eru að fullu greidd.

Í mynd 4.1 hafa árlega veitt námslán verið sett í hlutfall við landsframleiðslu. Myndin sýnir að útlán fóru hratt vaxandi upp úr 1980 og námu rúmlega 1% af landsframleiðslu árið 1992, en með tilkomu nýrra laga um lánin drógust útlán umtalsvert saman.

Mynd 4.1



5. Skattgreiðslur sjö aldurshópa á fimm ára tímabilum 1960–1995.

Ekki eru til upplýsingar um skattgreiðslur eftir aldurshópum. Miklar breytingar hafa átt sér stað á tekjuskattskerfinu á þeim 35 árum sem hér eru til umfjöllunar. Vandaða samantekt á þessari þróun skortir og mikla vinnu þyrfti að inna af hendi til að bæta þar úr. Þróunin hefur verið í átt til einföldunar skattkerfisins. Helstu þættir í því ferli eru:

- Fram til 1988 voru tekjuskattar lagðir á eftir á.
- Árið 1960 voru sex þrep í tekjuskattinum. Þeim fækkaði niður í þrjú árið 1965 og hélst svo þar til 1988 er staðgreiðsla skatta var innleidd, en þá var eftir aðeins eitt skattþrep. Árið 1992 var bætt við hátekjuþrepi sem lagt var fyrst á tekjur ársins 1993.
- Svipuð þróun hefur orðið hvað útsvar varðar. Í upphafi 7. áratugarins var útsvar lagt á í 8 þrepum. Samantekið voru því 14 þrep í tekjuskatti og útsvari á þeim tíma og hæsti jaðarskattur 60%.[2] Árið 1964 var útsvar lagt á í tveimur þrepum. Árið 1972 var gerð viðamikil breyting á álagningu útsvars og frá þeim tíma hefur aðeins eitt þrep verið í útsvari.
- Sjúkratryggingagjald var tekið upp árið 1975 og lagt niður 1988.
- Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var lögleitt árið 1981. Öllum yngri skattgreiðendum sem voru með tekjuskattstofn yfir ákveðnu marki var gert að greiða tiltekna fjárhæð í sjóðinn. Þetta gjald var afnumið árið 1988 en tekið upp á ný árið 1975.
- Reglur um frádrátt tekna frá skatti voru margvíslegar og flóknar. Árið 1960 var heimilað að draga frá tekjum til skatts iðgjöld til lífeyrissjóða, stéttarfélagsgjöld, greiddan eignarskatt, vaxtagjöld o.fl. Þá var einnig fastur frádráttur frá tekjum til skatts. Í fyrsta lagi var hluti viðreisnaraðgerðanna að afnema tekjuskatta af almennum launatekjum og var það gert með allháum persónufrádrætti. Í öðru lagi var heimilaður ákveðinn frádráttur vegna barna og maka. Frádráttur var einfaldaður til muna árið 1978 er framteljendum var boðið upp á fastan 10% frádrátt í stað þess að færa til frádráttar ákveðna liði, svo sem iðgjöld af lífeyri, iðgjöld til stéttarfélaga, vaxtagjöld og gjafir til menningarmála o.fl.
- Allt fram til ársins 1978 var samsköttun hjóna meginregla skattkerfisins. Hins vegar var heimilað að draga frá 50% tekna útivinnandi eiginkonu.
- Árið 1988 var staðgreiðsla skatta tekin upp. Skattkerfið var enn fremur einfaldað mikið. Eins og áður sagði var tekjuskattur lagður á einu þrepi en á móti var persónuafsláttur hækkaður til muna. Frádráttarliðum var fækkað verulega. Ýmsir litlir skattar voru annað hvort felldir niður eða sameinaðir almennum tekjuskatti. Í fyrstu lögum um tekju- og eignarskatt var persónuafsláttur tengdur verðlagi og skyldi hann hækka tvisvar á ári. Árið 1995 var ákvæði um sjálfvirka uppfærslu persónuafsláttar afnumin. Iðgjald til lífeyrissjóða sem var frádráttarbært fram að lögum um staðgreiðslu varð á ný frádráttarbært í áföngum frá árinu 1995.

Til eru ýmsar áætlanir um hlutfall skatta af tekjum, þ.e. skattbyrði. Ekki er þó um samfelldar talnaraðir að ræða, en kanna þyrfti rækilega heimildir og helstu forsendur útreikninga áður en slíkar raðir eru settar fram. Í eftirfarandi mynd er sýnd meðalskattbyrði af tekju- og eignarskatti frá 1980.

---

[2] Hæsta þrep í útsvari og í tekjuskatti var 30%. Taka þarf tillit til þess að skattur var lagður á tekjur fyrra árs þannig að jaðarskattinn ætti að lækka um sem nemur tekjubreytingum.

Mynd 5.1



Heimild: Þjóðhagsstofnun

Skattbyrðin lækkar nokkuð á fyrri hluta níunda áratugarins og er hvað lægst á „skattlausa" árinu 1987. Eftir það fer hún mjög vaxandi, þar til í fyrra að hún lækkar samkvæmt spá vegna skattalækkana. Hafa verður í huga að umfangsmiklar breytingar voru gerðar á tekjuöflunarkerfi hins opinbera á þessu tímabili. Óbeinir skattar lækkuðu og beinir skattar hækkuðu. Árið 1993 var aðstöðugjald fellt niður og skatthlutfall hækkað um 1,5 prósentustig, en ríkissjóður greiddi tekjutap sveitarfélaga með þeim hætti. Tilgangur þessara breytinga var að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins, auka atvinnu og lækka verðlag. Árið 1994 var síðan útsvarshlutfall í staðgreiðslu hækkað um 1,6 prósentustig og tekjuskattshlutfall lækkað á móti um 1,15 prósentustig. Ástæða þess að tekjuskattshlutfallið lækkaði ekki meira var sú að virðisaukaskattur af matvælum var lækkaður úr 24,5% í 14% frá og með 1. janúar 1994. Á móti var tekjuskattshlutfallið hækkað um 0,35%.

Eins og sést á mynd 5.2 hækkaði hlutfall skatta og landsframleiðslu um 3,7 prósentustig milli áranna 1987 og 1988. Þá sýnir myndin að þrátt fyrir að skattkerfisbreytingin 1993 hafi hækkað byrði beinna skatta lækkaði hlutfall skatta af landsframleiðslu um 1,7 prósentustig.

Mynd 5.2



Heimild: Þjóðhagsstofnun

6. Stuðningur hins opinbera við barnafólk.

Stuðningur hins opinbera við barnafólk hefur verið með ýmsum hætti. Fjölskyldubætur voru greiddar af Tryggingastofnun ríkisins til ársins 1975. Fram til þess árs gat barnafólk dregið frá tekjum til skatts persónufrádrátt vegna barna. En þessir liðir voru sameinaðir í barnabætur með lögum árið 1975. Árið 1984 var tekin upp barnabótaauki sem var tekjutengdur og ætlað að ná sérstaklega til tekjulágra foreldra. Í upphafi þessa árs voru barnabætur og barnabótaauki sameinaðir í einn bótaflokk. Til fjölskyldubóta og síðar barnabóta hefur verið varið um 1% af landsframleiðslu um langt skeið. Á fyrri hluta sjöunda áratugarins námu fjölskyldubætur þó ívið hærra hlutfalli af landsframleiðslu. Ríkur þáttur í viðreisnaraðgerðunum var einmitt að hækka fjölskyldubætur, sem komu til frádráttar við útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

Mæðralaun (síðar mæðra- og feðralaun) voru tekin upp árið 1956 og gengu til einstæðra foreldra. Árið 1996 var þeim breytt þannig að þessar bætur greiðast eingöngu einstæðum foreldrum með tvö börn eða fleiri.

Barnafólki hefur enn fremur staðið til boða ýmis óbeinn stuðningur, ekki síst í gegnum niðurgreidda þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og umönnun við börn. Engar talnalegar upplýsingar eru til um þann málaflokk aftur í tímann.

7. Stuðningur hins opinbera við öflun íbúðarhúsnæðis.

Geysilegar breytingar hafa orðið á fjármögnun íbúðarhúsnæðis á undangengnum áratugum á Íslandi. Lánsfé til öflunar íbúðarhúsnæðis var lengstum mjög skorið við nögl á þeim árum er hér ríkti viðvarandi umframeftirspurn eftir lánsfé. Hins vegar voru vaxtakjör hagstæð og raunvextir neikvæðir. Mynd 7.1 sýnir raunvexti óverðtryggðra skuldabréfalána bankanna. Mest var meðgjöf með lánum um miðjan 8. áratuginn, þegar raunvextir voru neikvæðir um hartnær fjórðung.

Mynd 7.1



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mismuninn þurftu íbúðakaupendur að brúa með lífeyris- og bankalánum. Á þessum árum var einnig íbúðaskortur og nýbyggingar verulegar. Kaupendur inntu enn fremur af hendi mikla vinnu við íbúðabyggingar.

Eftirfarandi mynd sýnir árlegar lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu. Fyrir 1970 veitti stofnunin ekki lán til kaupa á eldri íbúðum, en Veðdeild Landsbankans sá fyrir slíkum lánum. Myndin sýnir að árleg lánveiting var undir 2% af landsframleiðslu fram á 9. áratuginn, en þá var gerð róttæk breyting á húsnæðislánakerfinu.

Verðtrygging opinberra húsnæðislána hófst árið 1970, en þá var miðað við helming af hækkun almennrar kaupvísitölu. Lánin voru til 25 ára og báru 4% vexti. Formleg verðtrygging opinberra húsnæðislána miðað við lánskjaravísitölu var í lög leidd árið 1980 og báru þau lán 2% vexti og voru nýbyggingalánin til 26 ára en lán til kaup á eldra húsnæði voru til 16 ára. Vaxtakjörum var breytt með lögum árið 1984, en þá var ákveðið að vextir lánanna skyldu ákveðnir af ríkisstjórn. Árið 1986 var enn gerð breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Lánsupphæðir voru hækkaðar stórlega og lánveitingar tengdar lífeyrissjóðsaðild. Með lögum nr. 76 1989 var komið á húsbréfakerfi sem enn er við lýði. Fasteignaveðbréfin eru almennt til 25 ára og fjárhæð fer eftir greiðslugetu lántakanda, þó að hámarki 70% af verði húsnæðis, sé um fyrstu íbúð að ræða en annars 65%.

Mynd 7.2



Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í athugun sem Frímann Elvar Guðjónsson gerði á kjörum og raunverði sem fjölskyldum sem keyptu árin 1974 og 1984 koma fram vísbendingar um áhrif neikvæðra raunvaxta. Í báðum tilvikum er um að ræða kaup á þriggja herbergja íbúð og þau fjármögnuð með þeim lánum sem til boða stóðu.

Niðurstöðurnar eru þær að fjölskyldan sem keypti árið 1974 borgaði að nafnvirði 36.000 nýkr. fyrir íbúðina. Útborgunin nam helmingi fjárhæðarinnar og lagði fjölskyldan til 5 þús. kr. af eigin sparnaði og brúaði bilið með lánum frá Húsnæðisstofnun, lífeyrissjóði og banka. En þegar tillit er tekið til neikvæðra raunvaxta og verðbólgu á útborgunartímanum var raunverðið aðeins 55% af nafnverðinu. Verulegur hluti af rýrnuninni er vegna þess að helmingur kaupverðs var eftirstöðvalán til tíu ára sem báru einungis 8% nafnvexti. Það voru því seljendur íbúðarinnar sem báru þennan hluta kostnaðarins.

Fjölskyldan sem keypti árið 1984 greiddi að nafnvirði 1.650 þús. kr. fyrir íbúðina, og var útborgun 75% fjárhæðarinnar. Afgangurinn var greiddur með eftirstöðvabréfi til fjögurra ára með 20% föstum vöxtum. Fjölskyldan lagði 350 þús. kr. af eigin fé í kaupin og brúaði afganginn af útborguninni með lánum frá Húsnæðisstofnun, lífeyrissjóði og banka. Þegar upp er staðið og allar lánagreiðslur teknar saman greiddi þessi fjölskylda 2.018 þús. kr. á verðlagi 1984, sem er 22% yfir nafnverði íbúðarinnar.

Vaxtagjöld voru lengst af frádráttarbær frá tekjum til skatts, enda voru vaxtatekjur skattlagðar. Í þessu fólst ákveðinn stuðningur við öflun íbúðarhúsnæðis, þótt hann væri mun óljósari en síðar varð. Með upptöku staðgreiðslukerfis skatta árið 1988 voru teknar upp húsnæðisbætur sem náðu til þeirra sem keyptu sína fyrstu íbúð. Bæturnar voru fastákveðin fjárhæð sem greiða skyldi í sex ár frá kaupum. Hinir sem notið höfðu vaxtafrádráttar í eldra skattkerfi gengu inn í nýtt kerfi og fengu vaxtaafslátt. Árið 1993 var lögum um tekjuskatt og eignarskatt breytt og vaxtabætur leystu húsnæðisbætur af hólmi. Vaxtabætur fara eftir tekjum og vaxtagjöldum manna.

1398. Nefndarálit [524. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Inngangur.

Frumvarpið fjallar um breytingar á ákvæðum skattalaga um vaxtabætur. Frumvarpið er hluti af húsnæðisstefnu ríkisstjórnarinnar sem birtist í þessu frumvarpi en þó aðallega frumvarpi til laga um húsnæðismál, 507. máli.

Frumvarpið um vaxtabætur felur í sér þá meginbreytingu að vaxtabætur verði greiddar fyrir fram hjá þeim sem taka lán eftir að lögin taka gildi. Þetta er gert vegna þess að vextir af lánum til félagslegs húsnæðis verða hækkaðir úr 2,4% í 5,1%.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið sem hefur verið mjög mikilvægur stuðningur við láglaunafólk. Útgjaldaauki ríkisins vegna frumvarpsins á næstu sex árum er frá 290 millj. kr. upp í 1.200 millj. kr. en jafnframt fellur niður framlag til Byggingarsjóðs verkamanna sem nú er 275 millj. kr. Gert er ráð fyrir að um 1.000 einstaklingar fái nú rétt til vaxtabóta en þeir fengu áður lán úr félagslega húsnæðiskerfinu.

Stefna stjórnarandstöðunnar.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í þessum tveimur frumvörpum er í fullkominni andstöðu við sjónarmið stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar. Þannig segir meðal annars í áliti minni hluta félagsmálanefndar um frumvarp til laga um húsnæðismál: „Nú bregður svo við að ríkisstjórnin hefur ákveðið að gjörbylta húsnæðiskerfinu, ekki síst félagslega hlutanum, með þeim rökum að kerfið sé komið í þrot, það hafi valdið sveitarfélögum miklum vanda, of margir reisi sér hurðarás um öxl, húsnæði standi autt o.s.frv. Þegar betur er skoðað standast þessi rök ekki.“

Síðar segir í áliti minni hluta félagsmálanefndar: „Minni hlutinn gerir mjög alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem verið er að boða á félagslega húsnæðiskerfinu og mótmælir harðlega þeirri atlögu sem gerð er að kjörum láglaunafólks með þessu frumvarpi. Nái frumvarpið fram að ganga mun það fyrst og fremst bitna á tekjulitlu fólki, einstæðum mæðrum, barnmörgum fjölskyldum, námsmönnum og fötluðum. Verði frumvarpið að lögum er verið að vísa því fólki sem áður átti kost á 100% lánum út á leigumarkað sem er afar vanþróaður enda mikill skortur á leiguhúsnæði um land allt. Þá getur nýtt greiðslumat haft þær afleiðingar að allstór hópur sem áður féll undir reglur félagslega kerfisins falli utan eða milli kerfa, en engar áætlanir liggja fyrir um það.“

Samkvæmt útreikningum Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns, sem voru staðfestir í efnahags- og viðskiptanefnd af hálfu starfsmanna fjármálaráðuneytisins, þyngist greiðslubyrði einstaklinga með 800 þús. kr. til 1,5 millj. kr. í árstekjur um 23–57 þús. kr. ef miðað er við íbúð sem kostar 6,3 millj. kr. Ef einstaklingur með þessar tekjur kaupir íbúð sem er dýrari en 5,5 millj. kr. er greiðslubyrði hans þyngri eftir þessar breytingar en fyrir.

Ef einstætt foreldri með 800 þús. kr. til 1,9 millj. kr. í árstekjur kaupir íbúð á 7,3 millj. kr., sem er algengt verð á þriggja herbergja íbúð, þyngist greiðslubyrðin um 3–63 þús. kr. á ári. Sé í þessu dæmi keypt íbúð sem kostar meira en 6,5 millj. kr. virkar nýja kerfið íþyngjandi. Hafa ber í huga að þetta er eðlilegt íbúðaverð á markaðnum.

Ef hjón kaupa 8 millj. kr. íbúð og hafa 1,6–2,1 millj. kr. í árstekjur er greiðslubyrðin ívið léttari í nýja kerfinu.

Það er ljóst að fyrir mjög marga þýðir nýja kerfið aukna greiðslubyrði. Þannig er rangt sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur haldið fram að nýja kerfið muni leiða til bættrar stöðu fyrir almennt launafólk. Þvert á móti er óöryggið aukið og greiðslubyrðin þyngd. Niðurgreiddir vextir í félagslega húsnæðiskerfinu eru mun tryggari aðstoð fyrir láglaunafólk en vaxtabótakerfið sé horft til reynslu síðastliðinna ára. Ekki hefur verið ágreiningur um það að fyrir þá sem eru tekjulægstir hafa lán með ívilnandi vöxtum komið sér mjög vel.

Gagnrýnar umsagnir.

Í fjölmörgum umsögnum um frumvarpið koma fram áhyggjur vegna málsins. Þannig óskar Landssambandið Þak yfir höfuðið að húsnæðismálinu í heild verði frestað og sýnir einnig fram á með dæmum að greiðslur muni aukast í nýja kerfinu. Í mjög ítarlegum athugasemdum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja kemur fram sú skoðun að fyrirframgreiðslur vaxtabóta eigi að renna til allra sem eiga rétt á vaxtabótum en ekki einungis til þeirra sem kaupa húsnæði eftir að lögin taka gildi. Þessi stærstu heildarsamtök launafólks telja að félagslega húsnæðiskerfið hafi tryggt fjölda fólks gott, öruggt og viðunandi íbúðarhúsnæði. Það hafi skapað láglaunafjölskyldum möguleika til eignamyndunar í eigin íbúðarhúsnæði sem ekki hefði verið hægt í leiguhúsnæði. Þessi meginstefna verkalýðshreyfingarinnar er samhljóða stefnu stjórnarandstöðunnar.

Lokaorð.

Þetta frumvarp, sem er liður í húsnæðisstefnu ríkisstjórnarinnar, er því alls ekki til bóta og ekki fullrætt. Þannig eykst greiðslubyrði hjá ýmsum hópum mun meira en ætlað var. Þótt vissulega sé hægt að finna galla á húsnæðiskerfinu sem ber að bæta úr er það fráleit niðurstaða að afnema með öllu félagslega húsnæðiskerfið þess vegna.

Minni hlutinn telur því að tvennt komi til greina, annaðhvort verulegar endurbætur á frumvarpi til laga um húsnæðismál og samhliða skoðun á frumvarpi um vaxtabætur og hækkun vaxtabóta áður en af afgreiðslu verður nú í vor eða að báðum frumvörpunum verði frestað og unnið verði betur að málunum í sumar í samráði við samtök launafólks.

Mikilvægt er að líta á bæði frumvörpin í samhengi. Minni hlutinn telur að úr því sem komið er verði þessi mál að skoðast betur og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 12. maí 1998.

Ágúst Einarsson, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Sighvatur Björgvinsson.

1399. Frumvarp til laga [359. mál]

um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Eftir 2. umr., 13. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

2. gr.

Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlendur merkja í lögum þessum landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Netlög merkir í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

II. KAFLI
Eignarréttur að auðlindum.

3. gr.

Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

III. KAFLI
Rannsóknir og leit.

4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að hafa frumkvæði að og láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum. Með sama hætti getur ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi.

Nú fer leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda og þarf þá ekki til þess leyfi ráðherra. Þó ber landeiganda að senda Orkustofnun áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, spreng-

ingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að leit eða rannsóknir geti spillt vinnslu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til vinnslu síðar.

5. gr.

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar.

IV. KAFLI
Nýting auðlinda.

6. gr.

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

7. gr.

Áður en nýtingarleyfishafi hefur vinnslu í eignarlandi þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms og óskað eftir mati samkvæmt ákvæðum 29. gr. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður. Sama gildir ef nýting á grundvelli leyfisins er ekki hafin innan þriggja ára frá útgáfu leyfisins. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum.

Hafi landeigandi sjálfur látið rannsaka auðlindir á eignarlandi sínu eða heimilað það öðrum en ekki hefur verið veitt nýtingarleyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind í landi hans getur landeigandi eða sá sem rannsóknirnar annaðist krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna nýtanlegra rannsókna gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati skv. 29. gr.

V. KAFLI
Jarðefni.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand.

9. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu rétt til jarðefna, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

VI. KAFLI
Jarðhiti.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum.

Um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

11. gr.

Nú vill landeigandi ekki standa að hagnýtingu jarðhita sem hann ræður yfir, og er þá ábúanda heimilt að nýta jarðhita í eigin þágu á sinn kostnað, enda verði ekki af því spjöll á öðrum landsgæðum.

Ábúandi má ekki hefja aðgerðir til hagnýtingar á jarðhita skv. 1. mgr. fyrr en úttektarmenn hafa staðfest að spjöll verði ekki af þeim og hann hefur eftir atvikum tilkynnt um ráðagerðir sínar skv. 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Hafi ábúandi nýtt sér heimild skv. 1. mgr. er landeiganda ekki skylt við brottför hans að leysa til sín mannvirki sem hafa verið gerð til að hagnýta jarðhita í öðru skyni en til heimilis- og búsþarfa. Um mat á innlausnarverði skal fara samkvæmt ábúðarlögum.

12. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum eða við sölu jarðar frá sveitarfélagi.

13. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu.

VII. KAFLI
Grunnvatn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.

15. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar.

VIII. KAFLI
Skilyrði við veitingu leyfa, efni þeirra og afturköllun.

16. gr.

Í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Við meðferð umsókna um leyfi og veitingu þeirra skal gætt náttúruverndarlaga, skipulags- og byggingarlaga og annarra laga sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

17. gr.

Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Telji ráðherra að umsækjandi um nýtingarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur hann synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni.

18. gr.

Í rannsóknar- og/eða nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina:

3. Að samþykktir leyfishafa, ef um félag er að ræða, séu viðurkenndar af ráðherra.
4. Tímalengd leyfis, sérákvæði um hvenær starfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skuli vera lokið.
5. Staðarmörk svæðis.
6. Til hvaða auðlinda samkvæmt lögum þessum leyfið tekur, ákvæði um magn og nýtingarhraða.
7. Að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
8. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa, þar með talda skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
9. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
10. Kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa.
11. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.
12. Greiðslu leyfisgjalds til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.
13. Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að leyfistíma loknum.
14. Frágang á starfsstöðvum og landi sem breytt hefur verið við rannsókn eða nýtingu.

19. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að auglýsa í einu lagi eftir umsóknum um rannsóknarleyfi skv. 4. gr. á tilteknu landsvæði. Á sama hátt er ráðherra heimilt að auglýsa eftir umsóknum um nýtingarleyfi skv. 6. gr.

20. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Nú hlítir leyfishafi ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu eða samningum sem tengjast leyfinu og skal þá ráðherra veita honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

IX. KAFLI
Vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl.

21. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 4. eða 6. gr. hefur verið veitt. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum sem ráðherra setur með reglugerð.

22. gr.

Handhafi rannsóknar- eða nýtingarleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður leitar og rannsókna, upplýsingar um eðli og umfang auðlinda, heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriði samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi senda sýni af jarðfræðilegum efnum óski Orkustofnun þess.

Við jarðboranir, sem framkvæmdar eru samkvæmt lögum þessum, þar með taldar jarðboranir landeiganda, skal færa dagbók er gefi upplýsingar um staðsetningu holunnar, jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar skal ákveða í reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Orkustofnunar. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er leyfishafa jarðborunar skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur upp eða eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til Orkustofnunar.

23. gr.

Upplýsingar, sem veittar eru Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt lögum þessum, svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, skulu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis og framlengingar þess og forgangsréttartíma eins og hann er ákveðinn í 2. mgr. 5. gr., svo og á gildistíma nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis, nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Upplýsingar, sem leyfishafi veitir Orkustofnun samkvæmt lögum þessum, skulu vera í vörslu stofnunarinnar. Nú er trúnaðarskylda skv. 1. mgr. fallin niður, og er Orkustofnun þá heimilt að láta umræddar upplýsingar í té eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitingar.

24. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti. Ekki má breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum. Verði ágreiningur um þetta atriði skal afla mats dómkvaddra manna um það.

Mannvirki öll til hagnýtingar á auðlindum skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja.

25. gr.

Aðilar, sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu, skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi eða vatn en þörf er. Borunum skal hagað þannig að þær takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar.

26. gr.

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita rannsóknarleyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á. Þá er landeiganda og umráðamanni lands skylt að veita nýtingarleyfishöfum aðgang að því landi sem nýtingarleyfið tekur til, en þó ekki fyrr en leyfishafi hefur náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindir eða eignarnám farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Ber landeiganda eða umráðamanni skv. 1. mgr. að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsóknar eða nýtingar á auðlind í samræmi við viðkomandi leyfi.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

27. gr.

Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu auðlindar, sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting auðlindar verður ekki aðskilin, skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast er að hagnýta auðlindina og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

X. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

28. gr.

Nú veitir iðnaðarráðherra öðrum en landeiganda leyfi til að leita að og rannsaka auðlind innan eignarlands, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

29. gr.

Nú hefur iðnaðarráðherra veitt aðila nýtingarleyfi vegna auðlinda í eignarlandi, en leyfishafi nær ekki samkomulagi við landeiganda um þau atriði sem nýtingarleyfið tekur til, þar með talið um endurgjald fyrir auðlind, og getur iðnaðarráðherra þá tekið þær auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlindanna og öðrum réttindum landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo að leyfið geti komið að notum. Ráðherra afhendir leyfishafa þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

Ef eignarnám skv. 1.–3. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

30. gr.

Þegar ákvörðun um eignarnám skv. 29. gr. liggur fyrir skal landeigandi segja til um það innan 45 daga hvort hann óskar eftir að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Meta skal sérstaklega bætur vegna annars en endurgjalds fyrir auðlindina.

Óski landeigandi eftir því að fá bætur greiddar sem árlega greiðslu skal sú greiðsla ákveðin með eignarnámsmati og vera ákveðinn hundraðshluti eða önnur fast ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. Ákveða skal í matinu gjalddaga greiðslunnar, hvort og þá hvernig hún skuli breytast eða endurskoðuð. Landeigandi getur krafist þess að sett sé trygging fyrir hinni árlegu greiðslu og skal úrskurða um þá kröfu í matinu og form tryggingar.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Til nýtingar á auðlindum í þjóðlendum þarf auk leyfis samkvæmt þessum lögum leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur o.fl. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur o.fl.

32. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

33. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

34. gr.

Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að fenginni umsögn umhverfisráðherra. Náttúruvernd ríkisins fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi námulög, nr. 24/1973, og III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 24/1973 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, halda gildi sínu. Samningar um gjaldtöku vegna nýtingar á auðlindum, sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu.

Endurskoða skal ákvæði 34. gr. laganna fyrir 1. janúar 2001.

1400. Svar [673., 674. og 676. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurnum Péturs H. Blöndals um: a) nauðsynlegt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (673. mál), b) aukna skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna aukins hluts dagvinnulauna í heildarlaunum opinberra starfsmanna (674. mál), c) skuldbindingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (676. mál).

Ráðuneytið hefur haft fyrirspurnirnar til athugunar og kannað hvernig við þeim verður best brugðist. Ljóst er að forsendur eru ekki nema að hluta fyrirliggjandi og aðrar eru brotakenndar. Þá eru þeir lífeyrissjóðir, sem fyrirspurnirnar taka til, um þessar mundir að ganga frá tryggingafræðilegu mati á stöðu sinni og ársreikningum fyrir árið 1997. Til þess að hægt sé að svara fyrirspurnunum með viðunandi hætti er óhjákvæmilegt að fram fari tryggingafræðilegt mat á fjölmörgum þáttum og útreikningar gerðir í samræmi við tilteknar forsendur sem þarf að ákveða. Þá er þess að geta að áhrif nýgerðra kjarasamninga eru langt í frá komin fram í gögnum lífeyrissjóðanna, en einn þáttur fyrirspurnanna er mat á áhrifum þeirra. Þess má t.d. geta að einungis um 25% stofnana ríkisins hafa lokið gerð aðlögunarsamninga við starfsmenn sína.

Það er mat ráðuneytisins að næstkomandi haust verði haldbetri forsendur til þess að svara fyrirspurnunum á viðhlítandi hátt. Ráðuneytið leitar skilnings á þessu og væntir jákvæðra viðbragða við því að fyrirspurnunum verði ekki svarað efnislega að svo komnu máli í ljósi framangreindra aðstæðna.

1401. Svar [600. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur og Svavars Gestssonar um starfslokasamninga.

Í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um starfslokasamninga í þskj. 263 á 118. löggjafarþingi kom fram að sá skilningur er lagður í orðið starfslokasamningar að þar sé um að ræða samninga við ríkisstarfsmenn sem hætta störfum áður en 67 ára aldri er náð og sem fela í sér greiðslur til lengri tíma en hefðbundins þriggja mánaða uppsagnarfrests. Hér er þá væntanlega ekki átt við þau tilvik þar sem beitt er lögbundnum heimildum til að leggja niður störf sem fram koma í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um gerð samninga sem falla undir þá skilgreiningu, sem vitnað er til hér að framan, eru ekki til almennar lagareglur. Þar verður að horfa til þess hvaða heimildir til ákvarðana um starfskjör starfsmanna, þar á meðal hvernig staðið er að starfslokum, almennt er talið að felist í stjórnunarrétti hvers yfirmanns. Á undanförnum árum hefur verið unnið að valddreifingu samfara aukinni ábyrgð stjórnenda. Vald til ákvarðana sem varða starfsmenn hefur verið fært frá ráðuneytum, þar á meðal fjármálaráðuneytinu, til stjórnenda einstakra stofnana. Ráðuneyti og stofnanir fara nú sjálf með flestalla þætti starfsmannamála.

1. *Hve margir af þeim starfslokasamningum sem nefndir voru í svari forsætisráðherra í þskj. 263 á 118. löggjafarþingi og samningum sem gerðir hafa verið síðan eru í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins?*

Ekki verður annað séð en að í nokkrum tilvikum sem tilgreind eru í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar hafi starfslok verið í samræmi við starfsmannalögin, þ.e. greidd hafi verið biðlaun samkvæmt þeim lögum. Hér er því ekki um að ræða starfslokasamninga samkvæmt þeim skilningi sem fram kemur hér að framan.

Eins koma fram í svari forsætisráðherra samningar við starfsmenn sem komnir eru að því að láta af störfum vegna aldurs, en við þá hefur verið gert samkomulag um að þeir inni af hendi ákveðna vinnu fyrir stofnunina og fái greiðslu fyrir. Í þessum tilvikum er það ekki nákvæmt orðalag að nefna slíkt samkomulag starfslokasamning, enda er það annars eðlis og ekki í samræmi við þá lýsingu á starfslokasamningum sem fram kom í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar sem áður var vísað til.

Fjármálaráðuneytinu er ekki kunnugt um hvort og/eða hvaða samningar um starfslok hafa verið gerðir hjá einstökum ráðuneytum síðan framangreint svar var gefið þar sem ákvarðanataka og upplýsingar um hana eru á forræði hvers ráðuneytis fyrir sig. Slíkar upplýsingar hafa ekki verið sendar fjármálaráðuneytinu.

2. *Hafa starfslokasamningar, sem ekki samræmast framangreindum lögum, einhverja lagastoð og þá hverja?*
3. *Hvaða heimildir hafa einstök ráðuneyti til að gera einstaklingsbundna starfslokasamninga umfram biðlaunarétt í starfsmannalögum?*

Engar almennar lagareglur eru til um starfslokasamninga heldur verður að horfa til þess hvaða heimildir til ákvarðana um starfskjör starfsmanna, þar á meðal hvernig staðið er að starfslokum, almennt er talið að felist í stjórnunarrétti hvers yfirmanns.

4. *Eru starfslokasamningar gerðir í samráði við fjármálaráðuneytið, hver ber ábyrgð á því að þeir samrýmist lögum og hefur fjármálaráðuneytið gert athugasemdir við starfslokasamninga sem einstök ráðuneyti hafa gert?*
5. *Telur ráðherra að gætt hafi verið jafnræðissjónarmiða í starfslokasamningum á þessu tímabili?*
6. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því með tilliti til jafnræðisreglunnar að þeir sem sannanlega hefur verið mismunað í starfslokakjörum fái leiðréttingu sinna mála?*

Starfslokasamningar hafa ekki verið gerðir í samráði við fjármálaráðuneytið. Undanfarið hefur verið unnið að valddreifingu samfara aukinni ábyrgð stjórnenda. Vald til ákvarðana sem varða starfsmenn hefur verið fært frá ráðuneytum, þar á meðal fjármálaráðuneytinu, til stjórnenda einstakra stofnana. Stofnanir fara sjálfar með starfsmannamál sín. Fjármálaráðuneytinu er þar af leiðandi ekki kunnugt um hvernig starfslok einstakra starfsmanna ber að.

7. *Telur ráðherra að rétt sé að allir starfslokasamningar séu gerðir af fjármálaráðuneytinu og á ábyrgð þess og mun hann beita sér fyrir því að settar verði samræmdar reglur um slíka samninga?*

Fjármálaráðherra er reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að settar verði leiðbeinandi reglur um hvernig eigi að standa að gerð samninga um starfslok áður en aldurshámarki er náð.

1402. Skýrsla [716. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1997 áttu markaðir tekjustofnar til vegagerðar að gefa 7.495 m.kr. og átti Vegagerðin að fá í sinn hlut 7.089 m.kr. Þegar vegáætlun fyrir 1997 var samþykkt á Alþingi var ljóst að þungaskatturinn myndi gefa töluvert meira af sér á tekjuárinu og var sú aukning þá metin á 150 m.kr. Niðurstöðutala vegáætlunar var því 7.239 m.kr.

Nokkrar breytingar voru síðan gerðar eftir samþykkt vegáætlunar. Bensíngjald var hækkað 1. ágúst og var talið að sú hækkun myndi skila 65 m.kr. á árinu. Endurgreiðslur á þungaskatti til sérleyfishafa lækkuðu nokkuð í kjölfar breytinga á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Þessi breyting var talin nema 16 m.kr. Tekjur vegáætlunar voru hækkaðar um þessa upphæð, en talið var að ekki mætti skerða hag sérleyfishafa og var því á móti settur inn gjaldaliður upp á sömu upphæð, sem nefnist „endurgreiðslur til sérleyfishafa“. Þegar niðurstöður voru komnar úr álagningu þriðja tímabils tekjuársins í km-gjaldi þungaskatts varð ljóst að enn var um auknar tekjur að ræða og vegáætlun því hækkuð um 100 m.kr. til viðbótar. Vegáætlun var því alls hækkuð um 181 m.kr., en hækkun frá fjárlögum, sem sett var í fjáraukalög nam hins vegar 331 m.kr.

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur :		
1. Bensíngjald	4.885	4.751
2. Þungaskattur, km-gjald	2.066	2.126
3. Þungaskattur, árgjald	875	960
	7.826	7.837
Fært í framkvæmdaátak (1.3.1.)	-350	-350
1.2. Fært í ríkissjóð	-806	-817
	-1.156	-1.167
1.3. Framkvæmdaátak :		
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	350	350
2. Framlag úr ríkissjóði	350	350
3. Endurgreiðsla lánsfjár í lið 1.3.3.	-50	-50
	650	650
Samtals vegáætlun	7.320	7.320
1.4. Lánsfé:		
1. Lán vegna Skeiðarársands	100	100
Samtals fjárveiting	7.077	7.077

Innheimtar markaðar tekjur reyndust 11 m.kr. hærri en endurbættar spár höfðu gert ráð fyrir þannig að alls runnu 817 m.kr. af mörkuðum tekjum til ríkissjóðs og munu reiknast með í uppgjöri vegasjóðs við ríkissjóð.

Nokkur hluti af tekjum Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 1997 er um að ræða afborgun af láni Reykjavíkurborgar 197 m.kr., afborgun og vexti af lánum vegna ferjunnar Herjólfs 175,5 m.kr. auk skerðingar vegna heimildar í 6. grein fjárlaga 12,8 m.kr. eða alls 385,3 m.kr. Í ríkisreikningi er þessi upphæð færð til lækkunar framlags til Vegagerðarinnar og er niðurstöðutalan í ríkisreikningi því 7.034,7 m.kr.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðar 11.728 á árinu 1997 á móti 9.515 árið áður sem samsvarar 23% aukningu. Á sama tíma voru nýskráðar 136 hópferðabifreiðar á móti 87 árið áður eða um 56% fleiri. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðar voru 1.297 á árinu 1997 en voru 1.002 árið áður og er aukningin þar rúm 29%. Endurnýjun bifreiða landsmanna á árinu 1997 var í heild rúm 9%.

Áframhaldandi aukning er í innflutningi og nýskráningu bifreiða og í töflunni hér að neðan má sjá vaxandi aukningu í bifreiðaeign landsmanna eftir samdráttartímabil á árunum 1990–1994.

	Bifreiða-eign 31.12.95	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.96	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.97
Fólksbifreiðar	119.232	4,76	124.909	6,05	132.468
Hópferðabifreiðar	1.295	5,25	1.363	8,80	1.483
Vöru-/sendibifreiðar	14.757	3,41	15.260	5,03	16.027
Samtals	135.284	4,62	141.532	5,97	149.978

1.1.1. Bensíngjald.

Bensínsalan á tekjuárinu nam um það bil 183 m.l og var um svipaða sölu að ræða og árið áður. Var það nokkru minni sala en gert hafði verið ráð fyrir. Innheimta bensíngjalds skilaði 4.751 m.kr. á tekjuárinu sem var 134 m.kr. minna en reiknað hafði verið með í endurskoðaðri vegáætlun. Má að einhverju leyti rekja minni bensínsölu til aukningar á dísilfólksbifreiðum í landinu, sem hins vegar skilar sér í meiri tekjum af árgjaldi þungaskatts.

Bensíngjald var hækkað um 4,27% þann 1. ágúst 1997 og er nú 26,60 krónur á lítra af blýlausu bensíni. Sölu blýbensíns var hætt á Íslandi í apríl 1996, en bensíngjald af því hafði verið nokkru hærra en af blýlausu bensíni.

Dagsetning	Bensíngjald kr./l	Hækkun %	Byggingar-vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr./l
01.08.97 Blýbensín	28,30	4,27	225,9	32,63
01.08.97 Blýlaust	26,60	4,27	225,9	29,84

Nokkrar sveiflur voru í bensínverði á árinu. Í ársbyrjun kostaði lítrinn af 95 oct. bensíni 77 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Verðið hækkaði í 77,90 krónur í febrúar, fór síðan lækkandi og var komið niður í 76 krónur í júlí en hækkaði þá nokkuð hratt aftur og fór hæst á árinu í 79,30 kr. í ágúst. Undir lok ársins fór verðið síðan lækkandi aftur og var komið niður í 77,20 kr. um áramótin.

Mismunur í útsöluverði á bensíni virðist helst vera tengdur þeirri þjónustu sem hver einstakur sölustaður veitir og virðist samkeppnin því vera milli einstakra bensínstöðva en ekki olíufélaga. Lítill sem enginn verðmunur er milli olíufélaga á útsöluverði frá dælu á bensínstöð sem veitir fulla þjónustu.

	Bensínsala	Meðaleyðsla	Verð á lítra 31.12.			Bensíngjald	
Ár	m.l	lítrar á bifreið	92 oct.	95 oct.	98 oct.	Venjulegt	Blýlaust
1987	155,7	1.324	33,7		35,4	12,60	
1988	164,8	1.321	36,6		38,3	12,60	
1989	166,4	1.336	49,9		54,1	19,39	17,74
1990	169,4	1.387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,4	1.436	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	179,1	1.474	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,4	1.519	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,5	1.537	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,0	1.510	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	183,0	1.496		77,0	81,7*	27,11	25,51
1997	183,5	1.435		77,2	81,9	28,30	26,60

*) Frá 1996 er 98 oct. bensín blýlaust

Meðaleyðsla bensínbifreiða fer enn minnkandi. Bifreiðum fjölgar en ástæðan fyrir minni bensíneyðslu er sjálfsagt samspil af minni akstri á hverja bifreið og sparneytnari vélum í nýrri bifreiðum.

1.1.2.-3. Þungaskattur.

Gjaldskrár þungaskatts voru ekki hækkaðar á árinu. Síðasta hækkun á gjaldskrám var 1. janúar 1996. Innheimtar tekjur af km-gjaldi 1997 námu alls 2.126 m.kr. og af árgjaldi 960 m.kr. Reyndist innheimtan 145 m.kr. meiri en reiknað hafði verið með. Við gerð vegáætlunar fyrir 1997 og síðar við endurskoðun hennar hafði verið reiknað með alls 250 m.kr. í auknum tekjum af þungaskatti en reyndin varð 395 m.kr. Þessi viðbótarinnheimta vegur hins vegar upp á móti minni innheimtu af bensíngjaldi og gott betur.

Mikill uppgangur hefur verið í efnahagslífinu og á hann án efa stóran þátt í aukinni innheimtu á kílómetragjaldi þungaskatts. Nú er svo komið að mikill meirihluti vöruflutninga innan lands eru komnir á vegakerfið þannig að aukin umsvif eru fljót að skila sér í auknum tekjum af þungaskatti. Ljóst er þó að þær breytingar sem gerðar voru á lögunum um fjáröflun til vegagerðar á árinu 1996 og aukið eftirlit undanfarin ár er enn að skila auknum tekjum.

Aukin innheimta í árgjaldi þungaskatts stafar hins vegar aðallega af fjölgun dísilfólksbifreiða og má segja að nokkur tilfærsla hafi orðið frá bensíngjaldi til þungaskatts.

Gildistöku laga um olíugjald var frestað aftur vorið 1997 og eiga þau nú að taka gildi í ársbyrjun 1999. Þegar þetta er skrifað liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1995 um vörugjald af olíu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að olíugjaldi verði komið á með litun gjaldfrjálsrar olíu en auk þess verði viðbótargjald lagt á bifreiðir og eftirvagna, sem eru 10 tonn og yfir að leyfðri heildarþyngd. Gjald þetta skal vera í formi kílómetragjalds þar sem sú leið er talin réttlátust bæði með samkeppnissjónarmið í huga og einnig út frá því sjónarmiði að skattbyrði skilvísra greiðenda breytist ekki mikið þegar nýtt kerfi er tekið upp.

Ljóst er að olíugjaldið eitt og sér getur ekki skilað þeim tekjum, sem þungaskatturinn er að gera í dag, auk þess sem ýmis önnur vandamál fylgja olíugjaldi einu og sér svo sem tilflutningur á skattbyrði milli gjaldendahópa og að horfið verður frá þeirri stefnu að vegfarendur greiði í samræmi við það slit, sem þeir valda á vegunum.

1.2. FÆRT Í RÍKISSJÓÐ

Samkvæmt vegáætlun var gert ráð fyrir 806 m.kr. færslu á mörkuðum tekjum í ríkissjóð. Sú tala endaði í 817 m.kr. vegna aukinnar innheimtu markaðra tekna.

1.3. FRAMKVÆMDAÁTAK

Til sérstaks framkvæmdaátaks í vegagerð var varið 650 m.kr. eða sömu upphæð og árið áður. Framkvæmdaátakið, sem hófst á árinu 1995, skal standa til ársins 1999. Sem fyrr komu 350 m.kr. sem sérstakt framlag úr ríkissjóði en á móti komu 350 m.kr. frá mörkuðum tekjum. Af þessum samtals 700 m.kr. var 50 m.kr. varið til að greiða niður lán, sem tekið var hjá ríkissjóði 1995 á fyrsta ári framkvæmdaátaksins.

1.4. LÁNSFÉ

Á árinu tók vegasjóður 100 m.kr. lán hjá ríkissjóði og var andvirðinu varið til endurbyggingar mannvirkja sem urðu hamfarahlaupinu á Skeiðarársandi að bráð. Lán þetta verður endurgreitt af mörkuðum tekjum á árinu 1999.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting útgjalda að upphæð 7.239 m.kr. samkvæmt vegáætlun 1997 með viðbót í samræmi við fjáraukalög 181 m.kr. og lækkun um 13 m.kr. samkvæmt 6. gr. fjárlaga eða samtals 7.407 m.kr.

	(Fjárhæðir í m.kr.)	Vegáætlun 1997	Breyting 1997	Fjárveiting 1997
2.1.	**Stjórn og undirbúningur**	**286**	**26**	**312**
	1. Skrifstofukostnaður	141		141
	2. Tæknilegur undirbúningur	145	10	155
	Endurgreiðslur til sérleyfishafa		16	16
2.2.	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Almenn þjónusta	**875**		**875**
	1. Sameiginlegt	243		243
	2. Vegir og vegyfirborð	345		345
	3. Brýr og önnur vegamannvirki	42		42
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður	245		245
	2. Vetrarþjónusta	**650**		**650**
	3. Viðhald	**1.275**	**7**	**1.282**
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga	516		516
	2. Endurnýjun malarslitlaga	212		212
	3. Styrkingar og endurbætur	278		278
	4. Viðhald brúa og varnargarða	114		114
	5. Öryggisaðgerðir	62	20	82
	6. Vatnaskemmdir	93	-13	80
	4. Þéttbýlisvegir	**330**		**330**
2.3.	**Til nýrra þjóðvega**			
	1. Stofnvegir	**2.534**	**35**	**2.569**
	1. Almenn verkefni og bundin slitlög	595		595
	Lán til Spalar ehf.		10	10
	2. Höfuðborgarsvæðið	479		479
	3. Stórverkefni	560		560
	4. Framkvæmdaátak	650		650
	5. Skeiðarársandur	250	25	275
	2. Tengivegir	**335**		**335**
	3. Til brúagerða	**147**		**147**
	1. Brýr 10 m og lengri	132		132
	2. Smábrýr	15		15
	4. Girðingar	**31**		**31**
2.4.	**Til safnvega**	**170**		**170**
2.5.	**Til landsvega**	**52**		**52**
2.6.	**Til styrkvega**	**25**		**25**
2.7.	**Til reiðvega**	**11**	**10**	**21**
2.8.	**Til tilrauna**	**68**		**68**
2.9.	**Til flóabáta**	**450**	**90**	**540**
	Samtals	7.239	168	7.407

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1997 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Vegáætlun 1997 var sérstök að því leyti að hún var einungis samin til tveggja ára, 1997 og 1998 og skyldi árið 1998 síðan verða endurskoðað og ný vegáætlun samin á næsta þingi.

Meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir 1997 var áætluð 5350 stig og var þá reiknað með 3,5% hækkun á kostnaði milli ára. Í reynd varð meðaltalsvísitalan 5466 stig eða rúmum 2% hærri en áætlunin. Hækkun vísitölunnar milli ára varð því um 5,8%. Á sama tíma hækkaði byggingarvísitala um 4,7% þannig að kostnaður við vegagerð hefur hækkað nokkuð meira en byggingarkostnaður almennt.

Markaðir tekjustofnar til vegagerðar halda áfram að skila auknum tekjum. Við gerð fjárlaga fyrir 1997 var áætlað að tekjur af þeim næmu alls 7.495 m.kr. Við gerð vegáætlunar var þessi áætlun hækkuð um 150 m.kr. þ.e. 7.645 m.kr. Endanleg innheimta 1997 reyndist hins vegar vera 7.837 m.kr. þ.e. 342 m.kr. eða 4,6% meiri en upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum. Af mörkuðum tekjum runnu hins vegar 817 m.kr. í ríkissjóð.

Auk markaðra tekna fékk Vegagerðin 350 m.kr. sérstakt framlag úr ríkissjóði eins og undanfarin ár vegna framkvæmdaátaks. Nettó lántaka hjá ríkissjóði var 50 m.kr. þ.e. 100 m.kr. lán var tekið vegna framkvæmda á Skeiðarársandi, en lán sem tekið var 1995 vegna framkvæmdaátaks var greitt niður um 50 m.kr.

Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 7.420 m.kr. sem er svipuð upphæð að raungildi og 1996, en heldur lægri en framkvæmdaárin 1993–95.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var óvenjugóð. Stafaði það einkum af því Vegagerðin fékk bætur úr Viðlagatryggingu vegna tjónsins, sem varð á brúnum yfir Skeiðará og Gígjukvísl en kostnaður fellur að stórum hluta ekki til fyrr en á árinu 1998. Taka vinnulána var því með allra minnsta móti.

Yfirleitt má segja að árið 1997 hafi verið nokkuð gott fyrir Vegagerðina. Kostnaður við vetrarþjónustu var yfir meðallagi en ekki var um nein stór áföll að ræða.

Í súluritinu hér að neðan koma fram framlög til vegamála í m.kr. á verðlagi 1997 á árunum 1964 til 1997.



Hér að neðan má sjá framlög til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 1997. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 350 um síðustu áramót í 344 stöðugildum en stöðugildi með starfsnúmer eru 355, þannig að óráðið er í 11 stöðugildi. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1997 var 395, en var 396 árið 1996. Heildarvinnuframlag á árinu 1997 reiknað í dagvinnustundum nam 534 mannárum og hafði lækkað úr 552 á árinu 1996. Launagreiðslur voru 904 m.kr. á árinu 1997 og launatengd gjöld 114 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Samtals
Yfirstjórn, skrifstofa	19	5	4	4	6	3	3	2	46
Tæknilegur undirbúningur	46	7	7	7	4	5	7	6	89
Vegaeftirlit	8	0	0	0	0	0	0	0	8
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	8	0	0	0	0	0	1	1	10
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	1	6	6	8	7	3	11	8	50
Iðnaðarmenn	1	3	5	5	2	4	6	5	31
Vélamenn	5	5	12	13	13	6	9	9	72
Verkamenn	2	3	2	6	2	2	6	2	25
Ráðskonur, matreiðslumenn	1	1	0	1	1	1	1	2	8
Fastir starfsmenn í desember 1997	92	31	39	45	36	26	45	36	350
Fastir starfsmenn í desember 1996	90	33	39	42	35	25	46	37	347
Fastir starfsmenn í desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn í desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn í desember 1993	86	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Fjárveiting í vegáætlun var 141 m.kr.

Til þess liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannahald.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 145 m.kr. Auk þess var 10 m.kr. fjárveiting af fjáraukalögum 1997 til tæknilegs undirbúnings og 16 m.kr. til endurgreiðslu á þungaskatti til sérleyfishafa fólksflutninga.

Tæknisvið í Reykjavík nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði fer fram hönnun brúa og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur á hættulegum stöðum á vegakerfinu. Haldið er utan um alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds og þjónustu skipt milli umdæma og þjónustusvæða. Miðlun upplýsinga til vegfarenda og almennings er sífellt mikilvægari og er henni stjórnað frá Reykjavík í samvinnu við umdæmin. Haft er eftirlit með ásþunga bifreiða, þungaskatti og ökuritum. Tölvuþjónusta er rekin í Reykjavík fyrir allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með rekstri vélakosts Vegagerðarinnar í samvinnu við umdæmi og rekin birgðastöð fyrir allt landið. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum tilrauna- og rannsóknarverkefnum í samvinnu við rannsókna- og þróunardeild Vegagerðarinnar. Sé unnið við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegáætlun er kostnaður færður á verkið en ef vinnan tengist ekki ákveðnu verkefni er hún greidd af þessum lið.

Haldið var við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt vegalögum er þeim skipt í fjóra flokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 1997.

Umdæmi	Stofnvegir, km	Tengivegir, km	Safnvegir, km	Landsvegir, km	Samtals
Suðurland	618	993	509	750	2.870
Reykjanes	299	172	61	43	575
Vesturland	588	707	399	171	1.865
Vestfirðir	793	373	269	109	1.544
Norðurland vestra ..	410	631	366	220	1.627
Norðurland eystra ..	677	517	367	532	2.093
Austurland	921	481	369	346	2.117
Samtals	4.306	3.874	2.340	2.171	12.691

Á tæknisviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birt í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 1997 voru stofn- og tengivegir með bundnu slitlagi 3.305 km, og hafa því lengst um 129 km frá árinu áður. Frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum.



Á síðunum hér á eftir er miðað við umferð á vegum landsins árið 1995. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum. Umferð á þessum vegum er mun meiri en annars staðar á vegum landsins og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.




Ársumferð 1996
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

Í eftirfarandi töflu er sýnd lengd stofn- og tengivega flokkuð eftir sumardagsumferð (júní–september). Gerður er greinarmunur á vegum með bundnu slitlagi og vegum með malarslitlagi. Einnig er sýndur fjöldi ekinna km í hverju umdæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstri. Umferð er samkvæmt umferðartalningu 1995, en lengd vega miðað við ársbyrjun 1997. Vakin er athygli á því að vegir sem áður voru þjóðvegir í þéttbýli eru nú samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 taldir til stofn- og tengivega.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1995														Ársumferð 1995			
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000				% skipting	
Umdæmi	Gerð slitlags	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	Alls km	Eknir m.km	Í kjörd. %	Í landi %
		Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki 1997																	
Suðurland	Malar	278	170	298	96	23	11	0	0	0	0	0	0	0	876	23	12	2
	Bundið	30	12	55	52	159	160	89	58	23	43	13	36	0	730	172	88	12
	Samtals	308	182	353	148	182	171	89	58	23	43	13	36	0	1.606	195	100	14
Reykjanes	Malar	10	27	32	19	13	7	5	4	0	2	0	0	0	119	10	1	1
	Bundið	10	15	28	7	22	12	0	36	28	30	45	57	61	351	766	99	55
	Samtals	20	42	60	26	35	19	5	40	28	32	45	57	61	470	776	100	56
Vesturland	Malar	256	264	188	100	52	0	0	0	0	0	0	0	0	860	21	19	2
	Bundið	7	1	24	67	104	78	20	46	18	55	18	0	0	438	91	81	6
	Samtals	263	265	212	167	156	78	20	46	18	55	18	0	0	1.298	112	100	8
Vestfirðir	Malar	218	208	304	43	0	0	0	0	0	0	0	0	0	773	14	33	1
	Bundið	4	2	145	147	51	8	9	17	0	8	2	0	0	393	28	67	2
	Samtals	222	210	449	190	51	8	9	17	0	8	2	0	0	1.166	42	100	3
Norðurland vestra	Malar	301	225	97	42	8	5	0	0	0	0	0	0	0	678	13	17	1
	Bundið	0	1	17	27	93	16	67	138	4	0	0	0	0	363	62	83	4
	Samtals	301	226	114	69	101	21	67	138	4	0	0	0	0	1.041	75	100	5
Norðurland eystra	Malar	178	279	111	123	52	22	0	0	0	0	0	0	0	765	22	20	2
	Bundið	1	7	30	56	88	81	33	72	48	9	7	5	0	437	89	80	6
	Samtals	179	286	141	179	140	103	33	72	48	9	7	5	0	1.203	111	100	8
Austurland	Malar	191	232	267	50	61	9	0	0	0	0	0	0	0	810	22	29	2
	Bundið	6	10	46	196	220	76	14	9	7	8	1	0	0	593	53	71	4
	Samtals	197	242	313	246	281	85	14	9	7	8	1	0	0	1.403	75	100	6
Samtals	Malar	1.432	1.405	1.297	473	209	54	5	4	0	2	0	0	0	4.881	125	10	10
	Bundið	58	48	345	552	737	431	232	376	128	153	86	98	61	3.305	1.261	90	90
	Alls	1.490	1.453	1.642	1.025	946	485	237	380	128	155	86	98	61	8.186	1.386	100	100

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 1997 með síðari breytingum var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 3.137 m.kr., og var henni varið til viðhalds og þjónustu á stofn- og tengivegum. Viðhaldi þjóðvega er skipt í almenna þjónustu, vetrarþjónustu, viðhald og þéttbýlisvegi. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Fjárveiting til þéttbýlisvega var 330 m.kr. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þá breytingu á vegalögum sem tók gildi á árinu 1995.

Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 er þjóðvegum skipt í eftirfarandi flokka: stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 1997, var um 8.180 km, og árið 1995 var umferð á þeim um 1.386 milljónir ekinna km (sjá töflu hér að framan). Umferð á safn- og landsvegum er mun minni og eru ekki gerð regluleg umferðartalning á þeim.

Í súluritinu hér á eftir kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu og viðhald þjóðvega frá 1964. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1997. Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu þjóðvega í þéttbýli er talinn með kostnaði frá árinu 1995.



Taflan hér á eftir sýnir fjárveitingar og heildarkostnað viðhalds og þjónustu ásamt hlutdeild vetrarþjónustu á árunum 1975 til 1997. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi hvers árs. Frá og með árinu 1995 er viðhaldskostnaður þjóðvega í þéttbýli talinn með öðrum viðhaldskostnaði í samræmi við vegáætlun.

Ár	Fjárveiting í vegáætlun m.kr.	Heildarkostnaður m.kr	Vetrarþjónusta m.kr	Vetrarþjónusta sem hlutfall af heildarkostnaði %
1975	10,49	11,78	3,23	27,4
1976	13,81	15,04	3,19	21,2
1977	18,78	19,78	5,00	25,3
1978	32,20	34,97	8,45	24,2
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,92	16,75	20,4
1981	140,06	138,78	42,98	31,0
1982	220,90	236,90	55,90	23,6
1983	414,00	425,30	137,10	32,2
1984	532,30	556,70	156,80	28,2
1985	691,00	645,20	96,80	15,0
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,20	141,70	15,6
1988	1.063,00	1.055,30	248,20	23,5
1989	1.485,00	1.489,70	526,70	35,4
1990	1.852,00	1.800,82	594,80	33,0
1991	1.878,00	1.887,10	393,00	20,8
1992	2.045,00	2.082,76	466,81	22,4
1993	2.300,00	2.336,00	587,15	25,1
1994	2.481,00	2.394,51	582,40	24,3[1]
1995	3.052,00	3.275,56	1.020,79	31,2
1996	2.935,00	3.062,80	614,22	20,1
1997	3.127,20	3.047,55	804,60	26,4

[1] Frá og með 1995 er viðhaldskostnaður þjóðvega í þéttbýli meðtalinn.

Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli var árið 1995 279,4 m.kr. Þar af nam kostnaður vegna vetrarþjónustu í þéttbýli 69,7 m.kr. Árið 1996 var samsvarandi kostnaður 327,9 m.kr. og 85,6 m.kr. og árið 1997 var samsvarandi kostnaður 319,8 m.kr. og 74,5 m.kr.

Fyrri taflan hér á eftir sýnir skiptingu á kostnaði við viðhald og þjónustu stofn- og tengivega milli umdæma 1997. Upphæðir eru í m.kr. Akstur er samkvæmt umferðartalningu 1995. Sú breyting var gerð frá og með árinu 1995 að þjóðvegir í þéttbýli eru taldir með í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

	Viðhald og þjónusta					Viðhald og almenn þjónusta		
Kjördæmi	Kostnaður árið 1997 m.kr.	Lengd stofn- og tengivega km	Kostnaður á hvern km þ.kr.	Akstur 1995 m.kr. m.km	Kostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður alls m.kr.	Kostnaður á km þ.kr.	Kostnaður á ekna 100 km kr.
Suðurland	454,1	1.606	283	195	233	395,5	246	203
Reykjanes	712,0	470	1.515	776	92	569,1	1.211	73
Vesturland	374,7	1.298	289	112	335	265,7	205	237
Vestfirðir	404,8	1.166	347	42	964	240,0	206	571
Norðurland vestra	304,4	1.041	292	75	406	227,8	219	304
Norðurland eystra	394,7	1.202	328	111	356	256,8	213	231
Austurland	402,9	1.402	287	75	537	288,2	206	384
Samtals/meðaltal:	3.047,6	8.185	372	1.386	220	2.243,1	274	162

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við viðhald og almenna þjónustu vega árin 1980–1997 ásamt ýmsum stærðum sem hafa áhrif á viðhaldsþörfina. Fyrir árið 1996 og 1997 eru notaðar umferðartölur ársins 1995. Sú breyting er gerð frá og með árinu 1995 að þjóðvegir í þéttbýli eru taldir með í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

Ár	Kostnaður m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Kostnaður á verðlagi 1997 m.kr.	Lengd stofn- og tengivega km	Kostnaður pr. km á verðlagi 1997	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á storn- og tengivegum m.km	Kostnaður pr. 100 ekna km verðl.1997
1980	65,17	228	1.605	8.409	190,9	90.015	472	340,0
1981	95,80	351	1.533	8.411	182,2	95.606	485	316,0
1982	181,00	570	1.783	8.306	214,1	100.936	500	356,6
1983	288,20	1.064	1.521	8.277	183,8	100.459	485	313,6
1984	399,90	1.198	1.874	8.268	226,7	108.254	524	357,7
1985	548,40	1.595	1.931	8.222	234,8	113.202	586	329,4
1986	597,90	1.825	1.840	8.231	223,5	117.117	606	303,6
1987	767,50	2.285	1.886	8.265	228,2	125.950	726	259,8
1988	807,10	2.890	1.568	8.269	189,6	133.148	774	202,6
1989	963,00	3.538	1.528	8.256	185,1	138.602	795	192,2
1990	1.189,75	4.375	1.527	8.254	185,0	137.778	807	189,2
1991	1.494,10	4.673	1.795	8.249	217,6	134.181	889	201,9
1992	1.615,95	4.758	1.907	8.249	231,2	136.874	896	212,8
1993	1.749,00	4.879	2.013	8.020	251,0	136.148	892	225,7
1994	1.812,11	4.993	2.038	8.023	254,0	131.836	920	221,5
1995	2.254,77	5.172	2.448	8.241	297,0	135.280	1.349	181,5*
1996	2.448,58	5.312	2.588	8.206	315,4	141.530	1.376	188,1
1997	2.242,95	5.615	2.243	8.185	274,0	141.532	1.386	161,8

*) Frá og með árinu 1995 eru þjóðvegir í þéttbýli meðtaldir í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

Kostnaður vegna viðhalds og almennrar þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli var 228 m.kr. árið 1995, 256 m.kr árið 1996 og 245 m.kr árið 1997.

Súluritið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu frá árinu 1964. Kostnaður vegna viðhalds og almennrar þjónustu þéttbýlisvega er talinn með kostnaði frá 1995.



Súluritið hér á eftir sýnir kostnað við viðhald og almenna þjónustu stofnvega og tengivega á hverja ekna 100 km á verðlagi 1997. Vakin er athygli á því að breytingin sem varð á vegalögum 1995 hefur áhrif á þennan samanburð bæði hvað varðar lengd þjóðvega og umferð.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 875 m.kr. og var skipt í fjóra meginflokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til vega og vegyfirborðs, til brúa og annarra vegamannvirkja og til vegmerkinga og vegbúnaðar.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessara verkefna var 243 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o. fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 345 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringum á vegöxlum, vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1997 með klórkalsíum, magnesíumklóríð, salti eða sjó. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bílar á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bílar á dag.

	Rykbundnir km *)						malarvegir SDU	km SDU
Umdæmi	klór-kalsíum	magnesíum-klóríð	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	samtals	>200	>300
Suðurland	74	0	83	0	15	172	130	34
Reykjanes	37	0	0	5	7	49	50	31
Vesturland	44	0	284	121	161	610	152	52
Vestfirðir	62	0	33	316	281	692	43	0
Norðurland vestra	104	8	106	0	5	223	55	13
Norðurland eystra	79	0	33	228	0	340	197	74
Austurland	120	60	153	155	192	680	120	70
Samtals	520	68	692	825	661	2.766	747	274

*) Hér eru taldir þeir km vegar sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.2.1.3. Brýr og önnur vegamannvirki

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 42 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.1.4. Vegmerkingar og búnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 245 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

2.2.2. Vetrarþjónusta

Fjárveiting í vegáætlun var 650 m.kr. Eftirstöðvar frá fyrra ári voru 68,6 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 718,6 m.kr. Veturinn var í meðallagi en kostnaður við vetrarþjónustu var með meira móti. Veldur mestu þar um að reglur um snjómokstur voru endurskoðaðar og þjónusta aukin til muna. Var m.a. tekinn upp daglegur mokstur milli Austurlands og Suð-Vesturlands og þaðan áfram til Húsavíkur. Einnig var mokað daglega til Siglufjarðar, vestur um Snæfellsnes, um Kerlingarskarð og norðanvert Snæfellsnes. Á Vestfjörðum var mokað daglega milli Brjánslækjar, Patreksfjarðar og Bíldudals og einnig milli þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum. Þá var einnig unnið meira að hálkuvörn en áður.

Heildarkostnaður við vetrarþjónustu varð 730,1 m.kr. Skuld sem flyst til ársins 1998 er því 11,5 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu árin 1988–1997 og skiptingu hans á fyrri og síðari hluta árs. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi ársins 1997.

Ár	Jan.–júní	Okt.–des.	Allt árið
1988	328	146	474
1989	628	180	808
1990	570	185	755
1991	275	191	466
1992	327	217	544
1993	390	283	673
1994	362	295	657
1995	855	181	1.036
1996	289	270	559
1997	543	187	730
Meðalkostnaður sl. 10 ára			670

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1964–1997 í súluriti. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1997. Kostnaður vegna vetrarþjónustu þjóðvega í þéttbýli er ekki meðtalinn.



Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1997.

Kaflar	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostn.á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík – Hveragerði og Þrengslavegur	48	23,9	498
Holtavörðuheiði	37	9,7	262
Fróðárheiði	14	4,4	314
Steingrímsfjarðarheiði	47	9,5	202
Siglufjarðarvegur: Ketilás – Siglufjörður	25	11,2	448
Öxnadalsheiði	25	12,4	496
Dalvík – Ólafsfjörður	18	3,0	167
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	6,8	47
Vopnafjarðarheiði	51	5,4	106
Fjarðarheiði	24	6,1	254
Oddsskarð	23	7,7	335
Vegið meðaltal			219

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa árið 1997. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar														
	Hlutfall af 365 dögum														
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%	
Fróðárheiði	0	3	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6	2	73
Svínadalur	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	43
Klettsháls	18	28	31	16	1	0	0	0	0	0	0	0	94	26	11
Hálfdán	1	1	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	1	68
Dynjandisheiði	15	28	31	21	0	0	0	0	0	0	0	4	99	27	13
Hrafnseyrarheiði	19	27	29	20	0	0	0	0	0	0	1	5	101	28	37
Steingrímsfjarðarheiði	2	2	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	8	2	58
Holtavörðuheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	91
Vatnsskarð nyrðra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	64
Siglufjvegur: Fljót–Siglufj.	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	1	59
Lágheiði	27	28	31	29	17	0	0	0	0	0	5	0	137	38	12
Öxnadalsheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	101
Dalvík – Ólafsfjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	71
Hólssandur	27	28	31	30	31	0	0	0	0	0	23	7	177	48	5
Öxarfjarðarheiði	25	0	28	30	31	30	18	0	0	0	30	17	209	57	8
Sandvíkurheiði	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	22	31
Vopnafjarðarheiði	4	3	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	13	4	45
Möðrudalsöræfi	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	1	52
Hellisheiði eystri	27	28	31	18	6	0	0	0	1	2	9	4	126	35	20
Vatnsskarð eystra	4	5	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	3	39
Fjarðarheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	111
Oddsskarð	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	116
Breiðdalsheiði	2	6	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	14	4	34


16 d. oj.
30 d. 7 t.
42 d. 7 t.
14 d. oj.
15 d. 5 t.
11 d. 7 t.
12 d. 7 t.
20 d. 7 t.
30 d. 7 t.
25 d. 7 t.
23 d. oj.
8 d. 5 t.
12 d. 7 t.
26 d. 7 t.
14 d. oj.
7 d. oj.
17 d. 7 t.
18 d. oj.
30 d. 7 t.
30 d. 7 t.
21 d. oj.
11 d. 7 t.
20 d. 7 t.
36 d. oj.
56 d. 7 t.
57 d. 7 t.
39 d. 7 t.
19 d. 5 t.
29 d. 7 t.
40 d. 7 t.
33 d. oj.
37 d. 5 t.
22 d. 7 t.
33 d. 5 t.
42 d. 7 t.
37 d. 7 t.
36 d. 7 t.
27 d. 7 t.
36 d. 7 t.
41 d. 7 t.
20 d. 5 t.
22 d. 7 t.
11 d. vl.
6 d. 5 t.
20 d. vl.
5 d. 5 t.
6 d. 7 t.
39 d. 7 t.
47 d. 7 t.
42 d. 7 t.
47 d. 7 t.
44 d. 7 t.
26 d. 5 t.
4 d. 7 t.
32 d. 7 t.
49 d. 7 t.
33 d. 7 t.
38 d. 7 t.
Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins vorið 1997.
35 d. 5 t.
28 d. 5 t.
7 d. 7 t.
12 d. 5
24 d. 7 t.
10 d. 7 t.
16 d. 7 t.
31 d. 7 t.
12 d. 5 t.
19 d. 7 t.
9 d. 7 t.
12 d. 5 t.
16 d. 7 t.
21 d. 7 t.
19 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna ásþungi (5 t.).
7 tonna ásþungi (7 t.).
Kafla skipting.
Kafla skipting.

2.2.3. Viðhald

Verkefni sem falla undir viðhald vega miða að því að varðveita verðmæti vegarins og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga, sem honum er ætlaður. Fjárveiting af vegáætlun með síðari breytingum til viðhalds vega var 1.282 m.kr. og er henni skipt í sex meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, viðhald brúa og varnargarða, öryggisaðgerðir og vatnaskemmdir.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 1997 skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús. kr.	Endurnýjun malar- og slitlaga þús. kr.	Styrkingar og endurbætur þús. kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús. kr.	Öryggis-aðgerðir þús. kr.	Vatna-skemmdir þús. kr.	Samtals þús. kr.
Sameiginlegt	2.397	0	0	3.730	8.224	0	14.351
Suðurland	79.551	49.509	47.171	11.788	40.672	6.461	235.152
Reykjanes	182.058	4.272	18.951	9.833	254	14.720	230.088
Vesturland	59.254	35.704	20.953	3.871	5.216	1.313	126.311
Vestfirðir	28.058	23.650	18.138	5.125	10.529	15.993	101.493
Norðurland vestra .	55.135	12.636	27.373	8.821	12.247	2.279	118.491
Norðurland eystra .	61.134	14.565	34.749	15.908	312	964	127.632
Austurland	32.651	27.458	46.767	19.291	3.909	1.708	131.784
Samtals	500.238	167.794	214.102	78.367	81.363	43.438	1.085.302

Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Í samræmi við hana var af viðhaldsfé greiddur viðhaldskostnaður girðinga að upphæð 13 m. kr.

Eftirstöðvar af aukafjárveitingu af fjáraukalögum 1996 vegna Grímsvatnahlaups voru 14,3 m.kr. og voru þær notaðar til áframhaldandi uppbyggingar og rannsókna á Skeiðarársandi.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 516 m.kr. Lagðir voru 380 km af bundnu slitlagi sem samsvarar um 11,5% af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik einungis notað á umferðarmestu vegina í nágrenni við þéttbýli. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og umdæmi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

	Klæðning		Malbik		Alls	
Umdæmi	km	þ.m²	km	þ.m²	km	þ.m²
Suðurland	75,1	451	0,3	2	75,4	453
Reykjanes	18,7	112	21,6	130	40,6	242
Vesturland	64,6	387	0,0	0	64,6	387
Vestfirðir	36,4	218	0,0	0	36,4	218
Norðurland vestra ...	51,2	307	0,0	0	51,2	307
Norðurland eystra ...	48,5	291	0,0	0	48,5	291
Austurland	62,0	372	1,0	6	63,0	378
Samtals	356,5	2.138	22,9	138	379,7	2.276

Í þessum tölum eru ekki blettanir og hjólfarafyllingar. Allar yfirlagnir hafa verið umreiknaðar í 6 m breið slitlög.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 212 m.kr. Lagt var malarslitlag á 528 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

	Óunnið efni		Unnið efni		Malarburður alls	
Umdæmi	km	m^3	km	m^3	km	m^3
Suðurland	19	19.000	77	47.000	96	66.000
Reykjanes	0	0	0	0	0	0
Vesturland	40	20.200	78	16.000	118	36.200
Vestfirðir	0	0	42	4.900	42	4.900
Norðurland vestra	0	0	46	13.500	46	13.500
Norðurland eystra	0	0	76	17.100	76	17.100
Austurland	0	0	150	52.900	150	52.900
Samtals	59	39.200	469	151.400	528	190.600

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 1997 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlag m^3	Fyrir bundið slitlag m^3	Fyrir burðarlag m^3	Samtals m^3
Suðurland	35.200	10.200	67.213	112.613
Reykjanes	0	0	0	0
Vesturland	27.269	18.419	31.291	76.979
Vestfirðir	22.345	9.537	30.728	62.610
Norðurland vestra	34.012	15.452	12.951	62.415
Norðurland eystra	24.150	10.860	38.700	73.710
Austurland	0	21.138	47.831	68.969
Samtals	142.976	85.606	228.714	457.296

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið. Vegagerðin hefur sjálf starfrækt eina mulningsvélasamstæðu en rekstri hennar var hætt í árslok.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 278 m.kr. Miklum hluta þess fjár er varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Veruleg aukning er þó á styrkingum vega með bundnu slitlagi. Á það sérstaklega við um vegi sem endurbættir hafa verið af viðhaldsfé til þess að geta lagt á þá bundið slitlag, elstu vegina með bundnu slitlagi og þar sem þungaumferð er mest.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega árið 1997.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	3,6	15.800	8,6	9.500	9,0	13.800	21,2	39.100
Reykjanes	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0
Vesturland	3,4	2.650	0,0	0	0,8	660	4,2	3.310
Vestfirðir	0,0	0	0,0	0	7,5	10.400	7,5	10.400
Norðurland vestra ..	0,0	0	3,6	3.730	0,0	0	3,6	3.730
Norðurland eystra ..	5,4	8.640	1,4	1.210	12,2	7.870	19,0	17.720
Austurland	1,0	1.690	0,0	0	34,8	55.430	35,8	57.120
Samtals	13,4	28.780	13,6	14.440	64,3	88.160	91,3	131.380

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 114 m.kr. Um 16 m.kr. var varið til að endurnýja sjö einbreiðar smábrýr með röraræsum. Viðhaldsfé brúa hefur verið notað til slíkra verkefna undanfarin ár til að minnka slysahættu og auka öryggi vegfarenda. Um 10 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr. Alls var unnið við um 40 smá og stór verkefni á þeim 1305 brúm, sem eru á þjóðvegum landsins. Lengd þessara brúa er samtals um 29 km. Auk þess eru um 150 brýr utan þjóðvega sem margar hverjar gegna hlutverki sem göngubrýr eða eru notaðar sem reiðleiðir. Um 130 brýr á þjóðvegum eru 50 ára eða eldri og mun verulega fjölga í þessum hóp á næstu 20 árum, þar sem tæpur helmingur brúa á landinu var byggður á árunum milli 1950 og 1970.

2.2.3.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting í vegáætlun var 62 m.kr. og 20 m.kr. af fjáraukalögum 1997 eða samtals 82 m.kr. Til breikkunar einbreiðra brúa var varið 42 m.kr. og var unnið við tvö verkefni á Hringveginum á Suðurlandi. Um 8 m.kr. var varið til kaupa á hraðamyndavélum og staðsetningartækjum í samvinnu við Umferðarráð og lögreglu, auk vinnu við gerð slysakorta til að greina orsakir slysa. Auk þess var unnið við úrbætur á slysastöðum víðs vegar á landinu. Verkefnin eru af ýmsu tagi sem tengjast auknu öryggi vegfarenda, svo sem uppsetning vegriðs, lagfæringa á blindhæðum og beygjum og lýsingu við vegi á vegamótum og í nágrenni þéttbýlis.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 93 m.kr., en í samræmi við 6. gr. fjárlaga um skerðingu á ráðstöfunarfé stofnana vegna markaðsátaks erlendis til að lengja ferðamannatíma hér á landi, var fjárveiting lækkuð um 13 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 80 m.kr. Mestur kostnaður varð vegna viðgerða á sjávarrofvörnum á Reykjanesi og á Vestfjörðum, en þar hafa orðið verulegar skemmdir á vegum vegna sjávarflóða. Á Austurlandi voru lagfærðar vatnaskemmdir á Hringveginum við Skriðdalsvatn. Á öðrum stöðum á landinu var um minni háttar viðgerðir að ræða.

2.2.4. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting var 330 m.kr. og var henni varið til að greiða viðhald og þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlisstaða. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við 56

sveitarfélög um að þau annist þjónustu á þjóðvegum innan þeirra og 5 sveitarfélög annast einnig viðhald þjóðvega. Vegagerðin annaðist sjálf viðhald og þjónustu þjóðvega í öðrum sveitarfélögum.

2.3. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda

Engin föst lán voru tekin til vegaframkvæmda á árinu 1997.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda

Að venju voru tekin bráðabirgðalán til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmum vinnubrögðum. Þó voru lán þessi mun minni en oft áður sökum góðrar fjárhagsstöðu. Lán þessi voru að meiri hluta frá bæjar- og sveitarfélögum eða alls 169,1 m.kr., en 79,4 m.kr. voru í formi vinnulána frá verktökum og 32,5 m.kr. frá öðrum aðilum. Þar af endurlánuðu sveitarfélögin 172,3 m.kr., en 108,6 m.kr. voru ný lán.

Bráðabirgðalán til stofnvega urðu samtals 82,8 m.kr. og fór mestur hluti þeirra til þverunar Gilsfjarðar í Vestfjarðaumdæmi eða 79,4 m.kr., en 3,4 m.kr. til Hrunamannavegar á Suðurlandi.

Lán til tengivega urðu samtals 194,8 m.kr. og var mestur hluti þeirra endurlán sveitarfélaga til ýmissa vega á Suðurlandi, en einnig lánuðu sveitarfélög til vega á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Lán til safnvega á Vesturlandi, frá Borgarbyggð, voru í árslok samtals 3,4 m.kr.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 281,0 m.kr. á móti 689,1 m.kr. í árslok árið 1996 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum í m.kr.

	Árslok 1996 m.kr.	Árslok 1997 m.kr.
Stofnvegir	464,5	82,8
Tengivegir	221,3	194,8
Safnvegir	3,3	3,4
Samtals	689,1	281,0

Á nokkrum stöðum var fjárvöntun mætt með tímabundnum lánum milli verkefna.

2.3.1. Stofnvegir

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 3.082 m.kr. og skiptist upphæðin þannig að til stofnvega fóru 2.569 m.kr., til tengivega 335 m.kr., sérstakar fjárveitingar til brúagerða 147 m.kr og til girðinga 31 m.kr.

Á súluritinu hér að neðan má sjá heildarframlag til nýbygginga stofnvega, tengivega, brúa og girðinga á árunum 1964–97. Upphæðir eru á verðlagi 1997.



2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

Fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga voru 595 m.kr. og auk þess 10 m.kr. fjárveiting af fjáraukalögum sem lánuð var Speli ehf. til arðgreiðslna samkvæmt samkomulagi Spalar við samgönguráðherra og samkomulagi fjármálaráðherra við Spöl frá árinu 1995. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.2. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu voru 479 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.3. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna í vegáætlun voru 560 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.4. Framkvæmdaátak

Fjárveitingar til framkvæmdaátaks voru 650 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.5. Skeiðarársandur

Fjárveiting til endurbyggingar mannvirkja á Skeiðarársandi var 150 m.kr. Auk þess tók vegasjóður 100 m.kr. lán hjá ríkissjóði og á fjáraukalögum 1997 var veitt 25 m.kr. eða samtals 275 m.kr. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.2. Tengivegir

Fjárveitingar til tengivega voru 335 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.3. Brýr

2.3.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveitingar til brúa 10 m og lengri voru 132 m.kr. í vegáætlun og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

2.3.3.2. Smábrýr

Fjárveitingar til smábrúa voru 15 m.kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í fskj. 1.

2.3.4. Girðingar

Fjárveitingar til girðinga voru 31 m.kr. Fjárveitingum var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 1997 og stöðu þessara mála í árslok.

	Óafgreitt 1.1.97		Afgreitt 1997		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.98	
	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar
Umdæmi	km	stk.	km	stk.	km	stk.	km	stk.
Suðurland	48,0	0	16,0	0	12,0	0	44,0	0
Reykjanes	3,3	0	3,3	1	0,0	1	0,0	0
Vesturland	116,2	0	20,6	0	8,8	0	104,4	0
Vestfirðir	2,8	3	0,0	2	0,8	0	3,6	1
Norðurland vestra	21,6	6	15,7	5	14,6	2	20,5	3
Norðurland eystra	114,8	5	3,0	1	6,8	2	118,6	6
Austurland	72,0	5	1,7	8	4,8	3	75,1	0
Samtals	378,7	19	60,3	17	47,8	8	366,2	10

Unnið var að uppgræðslu fyrir hluta af nýbyggingarfé og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 1997 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

	Framkvæmdir 1997			Ósáð
	Sáning	Áburðardreifing	Samtals	1. jan. 1998
Umdæmi	ha.	ha.	ha.	ha.
Suðurland	109	93	202	110
Reykjanes	7	23	30	45
Vesturland	0	42	42	460
Vestfirðir	43	50	93	26
Norðurland vestra	86	0	86	50
Norðurland eystra	119	145	264	518
Austurland	142	120	262	293
Samtals	506	473	979	1.502

2.4. SAFNVEGIR

Fjárveitingar til safnvega voru 170 m.kr og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í sýslum landsins í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1997 í þús.kr.
1.	Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu	7.566
2.	Héraðsnefnd Rangæinga	14.107
3.	Héraðsnefnd Árnessýslu	17.097
4.	Héraðsnefnd á Suðurnesjum	953
5.	Sýsluvegasjóður Kjósarsýslu	3.824
6.	Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	7.209
7.	Héraðsnefnd Mýrasýslu	8.724
8.	Vegasamlag Snæfellinga	7.570
9.	Héraðsnefnd Dalasýslu	5.005
10.	Sýslumaðurinn á Patreksfirði, Austur-Barðastrandarsýsla	2.027
11.	Héraðsnefnd Barðstrendinga, Vestur-Barðastrandarsýsla	4.277
12.	Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu	6.717
13.	Héraðsnefnd Strandasýslu	4.620
14.	Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	6.585
15.	Héraðsnefnd Austur-Húnvavatnssýslu	5.941
16.	Héraðsnefnd Skagfirðinga	13.475
17.	Héraðsnefnd Eyjafjarðar	11.185
18.	Sýslumaðurinn á Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla	10.480
19.	Sýslumaðurinn á Húsavík, Norður-Þingeyjarsýsla	7.252
20.	Héraðsnefnd Múlasýslna	20.936
21.	Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu	4.450
	Samtals	170.000

2.5. LANDSVEGIR

Fjárveiting til landsvega var 52 m.kr. og var henni skipt milli umdæma eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Umdæmi	Fjárveiting í þús. kr.
Suðurland	10.000
Reykjanes	500
Vesturland	6.000
Vestfirðir	1.500
Norðurland vestra	14.000
Norðurland eystra	14.000
Austurland	5.500
Óskipt	500
Samtals	52.000

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðurland

Fjárveiting til landsvega á Suðurlandi var 10 m.kr. Boðin var út færsla Sprengisandsleiðar (F26) um Hrauneyjarfossvirkjun, sem frestað var 1996. Lagður var 4,2 km langur vegur með malarslitlagi. Verktaki var Höttur sf., Fjarðarhorni. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Reykjanes

Fjárveiting til landsvega á Reykjanesi var 0,5 m.kr. var henni varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vesturland

Fjárveiting til landsvega á Vesturlandi var 6 m.kr. Unnið var við endurbætur á 3 km löngum kafla á Arnarvatnsvegi (F578) sunnan Norðlingafljóts og einnig voru hækkaðir upp úr snjó nokkrir kaflar á Kaldadalsvegi (F550). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vestfirðir

Fjárveiting til landsvega á Vestfjörðum var 1,5 m.kr. var henni varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland vestra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi vestra var 14 m.kr. Byggður var upp 8,5 km langur kafli á Kjalvegi (F35) um Arnarbæli. Verktaki var Nesey ehf., Gnúpverjahreppi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland eystra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi eystra var 14 m.kr. Endurbyggður var 0,5 km langur kafli á Hlíðarfjallsvegi (837) og lagt á hann bundið slitlag. Verktaki var Hafnarverk ehf., Akureyri. Lagt var bundið slitlag á Dimmuborgaveg (884). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Austurland

Fjárveiting til landsvega á Austurlandi var 5,5 m.kr. Endurbættur var kafli á Loðmundarfjarðarvegi (946). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

2.6. STYRKVEGIR

Fjárveiting til styrkvega var 25 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	Fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	6.100
Vegir yfir fjöll og heiðar	7.000
Annað	11.150
Geymt frá fyrra ári	-102
Óskipt	852
Samtals	25.000

2.7. REIÐVEGIR

Fjárveiting í vegáætlun var 11 m.kr. og skipti Landssamband hestamannafélaga þeirri fjárhæð á eftirfarandi hátt. Auk þess var fjárveiting á fjáraukalögum 1997 til reiðvega í Eyjafirði að upphæð 10 m.kr. Fjárveiting til reiðvega nam því samtals 21 m.kr.

		Fjárveiting 1996 þús.kr.
1.	Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu	2.700
2.	Hestamannafélagið Dreyri, Akranesi og nágrenni	400
3.	Hestamannafélagið Faxi, Borgarfirði	400
4.	Hestamannafélagið Skuggi, Borgarnesi	350
5.	Hestamannafélagið Snæfellingur	700
6.	Hestamannafélagið Glaður, Dalasýslu	600
7.	Hestamannafélagið Stormur, Vestfjörðum	500
8.	Hestamannafélagið Neisti, Austur-Húnavatnssýslu	350
9.	Hestamannafélagið Snarfari, Skagaströnd	310
10.	Hestamannafélagið Stígandi, Skagafirði	140
11.	Hestamannafélagið Léttfeti, Sauðárkróki	700
12.	Hestamannafélagið Léttir, Funi, Akureyri og Eyjafirði	1.500
13.	Hestamannafélagið Grani, Húsavík	250
14.	Hestamannafélagið Snæfaxi, Þistilfirði	500
15.	Hestamannafélagið Kópur, Vestur-Skaftafellssýslu	300
16.	Hestamannafélagið Trausti, Laugardal og Grímsnesi	500
17.	Hestamannafélagið Smári, Hreppum	400
18.	Hestamannafélagið Sleipnir, Selfossi og nágrenni	400
	Samtals:	11.000
	Fjárveiting á fjáraukalögum 1997 til reiðvega í Eyjafirði	10.000
	Samtals:	21.000

2.8. TILRAUNIR

Með vegalögum sem samþykkt voru 1994 var tvöfaldað það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna í vegagerð. Það er nú 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar, og árið 1997 nam fjárveitingin 68 m.kr.

Hér á eftir eru taldir upp þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Steinefni, burðarlög og slitlög
  - Eiginleikar og gæði steinefna
  - Berggreining – endurbætur á aðferð
  - Berggerð og kornalögun
  - Niðurbrot steinefna vegna álags
  - Veðrunarþol malbiks
  - Efnisvinnsla, verktækni/þekking
  - Aflfræðilegir eiginleikar bundinna slitlaga
  - Bikfestun burðarlaga
  - Endurskoðun verklýsinga varðandi burðarlög
  - Athugun burðarlagi í götum í og við Reykjavík
  - Hellu- og steinlagnir í vega- og gatnagerð
  - Sementsfestun efra burðarlags
  - Hágæðamalbik
  - Steinkast úr klæðingum
  - Klæðingar með bikþeytum
  - Ákvörðun bindiefnismagns í klæðingu
  - Hjólfarafylling undir klæðingu
  - Klæðingar á vegi með mikilli umferð
  - Drenmalbik
  - Hálkuvarið malbik
  - Viðhaldsaðferðir
  - Úttekt á stöðu nagladekkjamála
- Vegyfirborð
  - Tilraunir með ný vegmerkingarefni
  - Samnorræn tilraun með termoplast endurskinsefni
  - GPS-stýrisbúnaður fyrir vegmálningu
  - Tilraunir með saltpækil o.fl. í rykbindingu
  - Prófanir á efnum og búnaði við hálkuvarnir
- Brýr og steinsteypa
  - Steypurannsóknir
  - Steypa í sjó
  - Hönnun göngubrúa – sveiflur og sveifluáhrif
  - Brúargólf úr vikureiningum
  - Jarðskjálftamælingar í brúm
- Vatnafar og jöklar
  - Mælingar á botni sjávar framan við Jökulsárlón
  - Mælingar á vatnshæð í Jökulsárlóni
  - Rannsóknir á flóðum vatnsfalla
  - Aurburðarrannsóknir
  - Vatnafar í Landbroti og Meðallandi
  - Grímsvatnahlaup og afleiðingar þess
  - Þróun efnavöktunarkerfis til varnar mannvirkjum við flóð
  - Framburður í jökulhlaupum (Gígjukvísl)
  - Skráning snjóflóða á vegum
  - Snjóflóðaviðvaranir

Samgöngu- og umferðarrannsóknir
- Flutningamagn á vegakerfinu
- Þróun umferðarteljara
- Öryggi við gatnamót
- Stefnumörkun umferðarmála í borgum

Umhverfisverkefni
- Mat á loftmengun
- Mengun meðfram þjóðvegum
- Sáningartilraunir
- Námur – efnisgæði og umhverfi
- Streymi olíuefna úr klæðingum
- Klæðing með lágu „white spirit" innihaldi
- Klæðingar með umhverfisvænna leysiefni

Tæki og búnaður
- Rafgirðingar
- Harðkornadekk
- EE-hjólbarðanaglar
- Tæki til mælinga á birtueiginleikum yfirborðsmerkinga
- Hálkuspárkerfi
- Vigtunarbúnaður í vegum (umferðargreinir)
- Vegskálar úr stálrörum
- Búnaður til endurvinnslu á plaststikum í snjógirðingar
- Dýnamískt þríásatæki
- GPS mælitækni

Ýmis verkefni
- Ysjun í setlögum við brýr og vegi
- Athugun á stæðni hárra fyllinga
- Þróun námukerfis Vegagerðarinnar
- Jarðsig á Siglufjarðarvegi
- Mýrdalssandur – loftmyndataka og kortagerð
- Erlent rannsóknarsamstarf
- Kynningarstarf

Mörg þau verkefni sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingum og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Einna mest er umfang ýmiss konar rannsókna á steinefnum, burðarlögum og slitlögum, en þeim verkefnum hefur verið komið fyrir sem einu stóru hópverkefni (nefnist BUSL). Að því starfi koma einnig Reykjavíkurborg, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Háskóli Íslands. Hafið er erlent samstarf um rannsóknir og tilraunir í vegagerð með ýmsum þjóðum í Evrópu.

2.9 FLÓABÁTAR

Samkvæmt vegáætlun fyrir 1997 var fjárveiting til þessa liðar 450 m.kr. Hafði þá, eins og undanfarin tvö ár verið gert ráð fyrir frestun afborgana af ferjulánum að upphæð 100 m.kr. Þar sem innheimta markaðra tekna varð mun meiri en áætlað var í fyrstu var hluta viðbótarfjármagnsins varið til þessa liðar og var hann hækkaður um 90 m.kr. Af þessari viðbót var 70 m.kr. varið til að greiða niður lán, en 20 m.kr. eru ætlaðar til smíði nýrrar Hríseyjarferju.

Ríkisstyrktar ferjur eru sem fyrr 7 talsins, en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og allra þeirra aðila sem reka ferjur. Enn þá hefur aðeins ein ferjuleið verið boðin út, þ.e. Grímseyjarferja en Vegagerðin stefnir að frekari útboðum í náinni framtíð.

Áfram var haldið á þeirri braut að aðskilja eignarhald ferjanna og rekstur þeirra. Á undanförnum árum hefur ríkið yfirtekið eignarhald á Grímseyjarferjunni Sæfara og Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi. Á árinu bættist síðan Breiðafjarðarferjan Baldur í hópinn.

Samkvæmt vegalögum ber einungis að styrkja ferjurekstur til staða, sem ekki eru í vegasambandi allt árið um kring. Þetta ákvæði snertir rekstur tveggja ferja, annars vegar Akraborgarinnar og hins vegar Djúpbátsins Fagraness. Styrkjum til Akraborgarinnar verður hætt um mitt ár 1998, en þá er stefnt að því að Hvalfjarðargöng verði opnuð.

Djúpbáturinn hefur lengi notið opinberra styrkja. Samkvæmt vegalögum á Vegagerðin einungis að styrkja flutninga til þeirra byggðu bóla við Ísafjarðardjúp, sem ekki eru í vegasambandi allt árið. Nú er svo komið að það eru einungis eyjarnar Vigur og Æðey. Frá og með 1. apríl 1997, en þá voru nýjar ferjubryggjur á Ísafirði og við Arngerðareyri komnar í notkun, styrkir Vegagerðin eingöngu flutninga til og frá eyjunum og er samkomulag við Djúpbátinn um það. Uppgjör var gert við Djúpbátinn miðað við áðurnefnda dagsetningu, þannig að fyrirtækið yrði ekki með neina íþyngjandi skuldabagga vegna fyrri reksturs. Styrkir til Djúpbátsins á árinu 1997 eru því nokkru hærri en undanfarin ár, en á næsta ári og til frambúðar eiga þeir að vera mun lægri.

Á árinu var ákveðið að smíða nýja Hríseyjarferju. Eins og áður hefur komið fram voru 20 m.kr. af fjárveitingum ársins merktar þeirri framkvæmd. Hönnun ferjunnar er þegar hafin og er áætlað að hún verði smíðuð á árinu 1998.

Stærsti hluti fjárveitingar til flóabáta fer sem fyrr til greiðslu afborgana og vaxta af ferjulánum, en það eru lán, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Skuldir þessar voru upphaflega allar við ríkisábyrgðasjóð, nær allar í erlendri mynt og stór hluti með breytilegum Libor vöxtum. Um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi eru þessar greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi.

Ferja	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrar-styrkur í m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Herjólfur	175,5	78,0	0,0	253,5
Akraborg	23,0	17,8	0,0	40,8
Baldur	91,7	50,3	0,0	142,0
Fagranes	7,2	32,7	0,0	39,9
Sævar	0,0	11,3	8,6	19,9
Sæfari	15,3	19,9	-0,3	34,9
Anný	0,0	4,3	0,0	4,3
Norðurfjarðarflutningar	0,0	1,2	0,0	1,2
Sameiginlegt	0,0	0,0	0,3	0,3
Samtals	312,7	215,5	8,6	536,8

Fskj. 1

1. Til stofnvega

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
		Suðurlandsumdæmi	
1		Hringvegur	
	d5	Selfoss – Biskupstungnabraut	5
	d6	vegamót við Hveragerði	11
37		Laugarvatnsvegur	
	04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	52
		Reykjanesumdæmi	
1		Hringvegur	
	f9	Botnsvogur	9
41		Reykjanesbraut	
	14-19	lýsing	35
		Vesturlandsumdæmi	
1		Hringvegur	
	g1	Botnsvogur	9
54		Ólafsvíkurvegur	
	09	Urriðaá – Bjarnarfoss	34
57		Snæfellsnesvegur	
	12	Búlandshöfði	25
60		Vestfjarðavegur	
	07	Búðardalur – Klofningsvegur	7
	10	Gilsfjörður	35
		Vestfjarðaumdæmi	
60		Vestfjarðavegur	
	21	Gilsfjörður	29
	37	Dynjandisheiði	10
	47	jarðgöng	41
61		Djúpvegur	
	36	Súðavík	1
	45	Óshlíð	7
62		Barðastrandarvegur	
	02-04	Rauðsdalur – Ósafjörður	3

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
		Norðurlandsumdæmi vestra	
1		Hringvegur	
	m4	um Bólstaðarhlíðarbrekku	3
	m5	við Íbishól	2
	m7	um Húseyjarkvísl	2
	m8	við Djúpadalsá	1
74		Skagastrandarvegur	
	03	við Skagaströnd, lýsing	3
76		Siglufjarðarvegur	
	02	Út-Blönduhlíð	9
	09	Hraun – Almenningsnöf	34
		Norðurlandsumdæmi eystra	
1		Hringvegur	
	q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	38
	r6-r7	Jökulsá – Biskupsháls	10
85		Norðausturvegur	
	06-09	Tjörnes	10
	11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur	30
	25	Þistilfjörður, flugvöllur	8
		Austurlandsumdæmi	
1		Hringvegur	
	t1	Skóghlíð – Urriðavatn	33
	u1	um Breiðdalsá	18
	v7	Laxá í Nesjum	11
	x5	um Fjallsá	7
		einbreið slitlög	14
92		Norðfjarðarvegur	
	00	Egilsstaðir	4
	06	Reyðarfjörður	4
96		Suðurfjarðavegur	
	06	Fáskrúðsfjörður	4
99		Hafnarvegur	
	02-03	Höfn í Hornafirði	1
917		Hlíðarvegur	
	06	um Gljúfurá	28
	06	um Öxl	8
		Samtals	595

1.2. Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
1		Hringvegur	
	e3	Rauðavatn – Nesbraut	88
41		Reykjanesbraut	
	01	Ánanaust, breikkun	37
	12	gatnamót við Fífuhvammsveg	134
		leiðaval	1
49		Nesbraut	
	02	Höfðabakki – Miklabraut	17
417		Bláfjallavegur	
	01	Hringvegur – Bláfjöll	5
		Greiðsla skulda í Reykjavík	197
		Samtals	479

1.3. Stórverkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
60		Vestfjarðavegur	
	10-21	Gilsfjörður	117
	47	jarðgöng	233
61		Djúpvegur	
	25-30	Ísafjarðardjúp	60
1		Hringvegur	
		tenging Norður- og Austurlands	118
	t0	Jökulsá á Dal	30
		Austurlandsgöng	2
		Samtals	560

1.4. Framkvæmdaátak
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
		Suðurlandsumdæmi	
31		Skálholtsvegur	
	02	Helgastaðir – Biskupstungnabraut	30
36		Þingvallavegur	
	02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	2
39		Þrengslavegur	
	01	Hringvegur – Þorlákshafnarvegur	12
		Tengingar vegna breikkunar brúa	5
		Reykjanesumdæmi	
45		Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)	
		hringtorg og undirgöng	37
		Vesturlandsumdæmi	
1		Hringvegur	
	g5	Borgarnes	6
50		Borgarfjarðarbraut	
	03	Götuás – Kleppjárnsreykir	30
		Vestfjarðaumdæmi	
62		Barðastrandarvegur	
	02-04	Rauðsdalur- Ósafjörður	28
		Norðurlandsumdæmi vestra	
76		Siglufjarðarvegur	
	09	Hraun – Almenningsnöf	25
		Norðurlandsumdæmi eystra	
1		Hringvegur	
	q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	62
		Austurlandsumdæmi	
93		Seyðisfjarðarvegur	
	02	Borgarfjarðarvegur – Langahlíð	6
	02	Miðhúsaá – Kofi	18
	03	Fjarðarárbrú	3
		Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
		lagfæringar á þjóðvegum	10
		Samtals	274

Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
49		Nesbraut	
	02	Höfðabakki – Miklabraut	273
450		Sundabraut, undirbúningur	10
		Undirgöng í Garðabæ	47
		Göngubrýr og undirgöng	31
		Skiltabrýr	5
		Ýmis verk	10
		Samtals	376
		Framkvæmdaátak samtals	650

1.5. Skeiðarársandur
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
1		Hringvegur	
		lagfæringar eftir hlaup í nóvember 1996	275
		Samtals	275

2. Tengivegir
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
		Suðurlandsumdæmi	
26		Landvegur	
	02	Hagabraut – Galtalækur	21
250		Dímonarvegur	
	01	Hringvegur – Fljótshlíðarvegur	9
253		Gunnarshólmavegur	
	01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	3
255		Akureyjarvegur	
	01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	3
261		Fljótshlíðarvegur	

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
	02	Hvolsvöllur – Hlíðarendi	3
268		Þingskálavegur	
	03	Hólar – Landvegur	3
275		Ásvegur	
	02	um Háfshverfi	4
32		Þjórsárdalsvegur	
	02	Stóra Núpsvegur – Ásólfsstaðir	17
35		Biskupstungnabraut	
	07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	12
305		Villingaholtsvegur	
	01	Hringvegur – Þjórsárver	7
329		Mástunguvegur	
	01	Skyggnir – Laxárdalur	4
345		Kaldbaksvegur	
	01	um Hruna	4
		Reykjanesumdæmi	
48		Kjósarskarðsvegur	
	01	lagfæringar	5
417		Bláfjallavegur	
	01	Hringvegur – Bláfjöll	16
426		Bláalónsvegur	4
		Vesturlandsumdæmi	
518		Hálsasveitarvegur	
	02	Reykholt – Stóriás	55
		Vestfjarðaumdæmi	
612		Örlygshafnarvegur	
	01	Barðastrandarvegur – Flugvallarvegur	23
632		Laugardalsvegur	
	01	Djúpvegur – Hrafnabjörg	6
635		Snæfjallastrandarvegur	
	01	Djúpvegur – Nauteyri	5
		Norðurlandsumdæmi vestra	
702		Heggstaðanesvegur	
	01	Hringvegur – Mýrar	3
715		Víðidalsvegur	
	01	Hringvegur – Kolugil	1
722		Vatnsdalsvegur	
	01	Þórdísarlundur – Hnjúkur	16
724		Reykjabraut	
	01	um Orrastaðaflóa	23
752		Skagafjarðarvegur	

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
	02	Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur	2
793		Skarðsvegur	
	01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	2
		Norðurlandsumdæmi eystra	
848		Mývatnsvegur	
	01	Neslandavík – Kísilvegur	45
867		Öxarfjarðarheiðarvegur	3
		Austurlandsumdæmi	
85		Norðausturvegur	
	40	Hlíðarvegur – Deildarlækur	11
94		Borgarfjarðarvegur	
	07	á Vatnsskarði	18
919		Sunnudalsvegur	
	01	Hlíðarvegur – Refstaður	4
932		Egilsstaðavegur	3
		Samtals	335

3. Til brúagerða

3.1. Brýr 10 m og lengri

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
37		Laugardalsvegur	
	04	Andalækur	9
363		Vallhallarvegur (landsvegur)	
		Öxará hjá Valhöll	26
54		Ólafsvíkurvegur	
	09	Bláfeldará	8
61		Djúpvegur	
	11	Víðidalsá í Steingrímsfirði	16
1		Hringvegur	
	m7	Húseyjarkvísl	33
1		Hringvegur	
	t3	Lagarfljót, göngubrú	14
1		Hringvegur	
	u5	Fossá í Berufirði	26
		Samtals	132

3.2. Smábrýr
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1997
208		Skaftártunguvegur	
	01	Búlandsá	2,0
55		Heydalsvegur	
	01	Dalsá (Haffjarðardalsgil)	4,5
523		Hvítársíðuvegur	
	01	Teigsá	1,0
	02	Sámsstaðagil	0,5
722		Vatnsdalsvegur	
	01	Breiðabólsstaðalækur	2,0
	04	Eyjólfsstaðalækur	2,0
85		Norðausturvegur	
	07	Máná á Tjörnesi	3,0
		Samtals	15,0

Fskj. 2

Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1997.

Suðurland

1 Hringvegur

d5 Selfoss – Biskupstungnabraut

Fjárveiting til almennra verkefna var 5 m.kr. og var hún notuð til greiðslu lýsingar norðan Ölfusárbrúar og til greiðslu 1,5 m.kr skuldar vegna hringtorgs á Selfossi.

d6 vegamót við Hveragerði.

Fjárveiting til almennra verkefna var 11 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

tengingar vegna breikkunar brúa

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 5 m.kr. og var hún notuð til tengingar á Írá undir Eyjafjöllum þar sem breikkuð var einbreið brú. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um verkið.

26 Landvegur

02 Hagabraut – Galtalækur

Fjárveiting til tengivega var 21 m.kr. Auk þess lagði Holta- og Landsveit fram 43 m.kr. lán. Endurgreitt var 8 m.kr. verktakalán frá fyrra ári. Fullgerður var 11,2 km langur kafli sem byrjað var á 1996. Auk þess var bætt við 1,0 km kafla, sem einnig var fullgerður. Verktaki var Nesey ehf., Gnúpverjahreppi.

31 Skálholtsvegur

02 Helgastaðir – Biskupstungnabraut

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 30 m.kr. Greitt var verktakalán frá fyrra ári að upphæð 24 m.kr. Lokið var að fullu við gerð vegarins og lagt bundið slitlag á heimreiðina að Skálholti. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

32 Þjórsárdalsvegur

02 Stóra Núpsvegur – Ásólfsstaðir

Fjárveiting til tengivega var 17 m.kr. Tekið var 45 m.kr. lán hjá Gnúpverjahreppi og bráðabirgðalán að upphæð 15 m.kr. Til framkvæmda voru því 77 m.kr. Lokið var að fullu við gerð 7,7 km langs kafla milli Þverár og Ásólfsstaða sem boðinn var út 1996. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli.

35 Biskupstungnabraut

07 Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur

Fjárveiting til tengivega var 12 m.kr. Inneign frá fyrra ári var 14 m.kr. Boðinn var út 2,2 km langur kafli við Fellskot, en framkvæmdir ekki hafnar. Verktaki er JVJ ehf., Hafnarfirði.

36 Þingvallavegur

02–03 Steingrímsstöð – Miðfell

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

37 Laugarvatnsvegur

04 Reykjavegur – Biskupstungnabraut

Fjárveiting til almennra verkefna var 52 m.kr., til brúagerða á Andalæk 9 m.kr og innstæða frá fyrra ári 36 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 97 m.kr. Undirbúin var bygging brúar á Andalæk og keypt efni til brúargerðar. Fullgerður var 5,7 km langur kafli frá Reykjavegi að Úthlíð. Verktaki var Dalverk sf., Selfossi.

39 Þrengslavegur

01 Hringvegur – Þorlákshafnarvegur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 12 m.kr. Auk þess var varið til vegarins 4 m.kr. af viðhaldsfé. Lagfærðir voru fláafleygar og aukin vegflái á um 13 km löngum kafla. Verktaki var Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

250 Dímonarvegur

01 Hringvegur – Fljótshlíðarvegur

Fjárveiting til tengivega var 9 m.kr. og var henni varið til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

253 Gunnarshólmavegur

01 Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi

Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr. Auk þess var tekið lán frá Austur-Landeyjahreppi að upphæð 4 m.kr. og bráðabirgðalán að upphæð 5 m.kr. Greitt var verktakalán frá fyrra ári að upphæð 12 m.kr.

255 Akureyjarvegur

01 Strandarhöfuð – Njálsbúð

Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr. Auk þess var tekið lán frá Vestur-Landeyjahreppi að upphæð 4 m.kr. og bráðabirgðalán að upphæð 5 m.kr. Greitt var verktakalán frá fyrra ári að upphæð 12 m.kr.

261 Fljótshlíðarvegur
02 Hvolsvöllur – Hlíðarendi
Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr sem var varið til greiðslu skuldar.

268 Þingskálavegur
03 Hólar – Landvegur
Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr. Byggður var 0,6 km langur kafli um Ytri-Rangá. Verktaki var Nesey ehf., Gnúpverjahreppi.

275 Ásvegur
02 um Háfshverfi
Fjárveiting til tengivega var 4 m.kr. sem varið var til greiðslu skuldar.

305 Villingaholtsvegur
01 Hringvegur – Þjórsárver
Fjárveiting til tengivega var 7 m.kr. Fullbyggður var með bundnu slitlagi 1,5 km langur kafli frá Hringvegi og niður fyrir Vola. Verktaki var Slitlag ehf., Hellu.

321 Skeiðháholtsvegur
01 Skeiðavegur – Skeiðháholt
Fjárveiting var engin en innistæða frá fyrra ári 7 m.kr. Tekið bráðabirgðalán að upphæð 6 m.kr. Fullgerður var með malarslitlagi 1,8 km langur kafli frá Skeiðavegi að Skeiðháholti. Verktaki var Vélgrafan ehf., Selfossi.

329 Mástunguvegur
01 Skyggnir – Laxárdalur
Fjárveiting til tengivega var 4 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

345 Kaldbaksvegur
01 um Hruna
Fjárveiting til tengivega var 4 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

363 Valhallarvegur
01 Öxará hjá Valhöll
Fjárveiting til brúagerða var 26 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

Reykjanes

1 Hringvegur
f9 Botnsvogur
Fjárveiting til almennra verkefna var 9 m.kr. Innstæða frá fyrra ári var 22,5 m.kr. til vegagerðar og 11 m.kr. til brúargerðar. Gerð er grein fyrir framkvæmdum í greinargerð um framkvæmdir á Vesturlandi.

41 Reykjanesbraut
14-19 lýsing
Fjárveiting til almennra verkefna var 35 m.kr. Sett var upp veglýsing frá Grænási í Keflavík að Flugstöð, eða á 4 km kafla. Verktakar voru Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi og Ingileifur Jónsson, Svínavatni.

45 Garðskagavegur og Sandgerðisvegur (429)
hringtorg og undirgöng
Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 37 m.kr. og innstæða frá fyrra ári var 49 m.kr. Lokið var lagningu Garðskagavegar frá nýju hringtorgi á Reykjanesbraut (41) við Rósaselstjarnir ofan byggðar í Keflavík á núverandi Garðskagaveg utan við hesthúsahverfið Mánagrund með nýju hringtorgi þar og reiðgöngum. Í sama

útboði var lagning Sandgerðisvegar frá nýja hringtorginu. Samtals eru nýju vegirnir um 6,3 km að lengd. Verktaki var Völur hf., Reykjavík.

48 Kjósarskarðsvegur

01 lagfæringar

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr. Lagfærður var 0,9 km kafli, snjóastaður og blindhæð, um Sandskarð skammt ofan við Laxá við Vindáshlíð. Verktaki var Vélgrafan ehf., Selfossi.

417 Bláfjallavegur

01 Hringvegur – Bláfjöll.

Fjárveiting til tengivega var 16 m.kr. og 5 m.kr. af fjárveitingu til höfuðborgarsvæðisins. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 9 m.kr., og lokið við lagningu á 5,5 km löngum kafla, sem byrjað var á árið 1995 og hann lagður malbiki. Verktaki var Háfell ehf., Reykjavík.

426 Bláalónsvegur

01 að Bláa lóni

Fjárveiting til tengivega var 4 m.kr. Greitt var upp í skuld frá fyrra ári. Eftir stendur 11 m.kr. skuld.

Vegtengingar Hvalfjarðarganga að sunnan

Fjárveiting var engin en Spölur hf. fjármagnar hluta verksins af lánum til Hvalfjarðarganga. Boðin var út 1,1 km langur kafli á nýjum Hringvegi á Kjalarnesi að Hvalfjarðargöngum að sunnanverðu. Verkið var boðið út í apríl og verklok verða 1. júlí 1998. Verktaki er Nesey ehf., Gnúpverjahreppi.

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur

e3 Rauðavatn – Nesbraut

Fjárveiting var 88 m.kr. Greidd var skuld við Reykjavíkurborg vegna framkvæmda við Bæjarháls.

f3 í Mosfellsbæ

Fjárveiting var engin en innistæða frá fyrra ári 30 m.kr. Byrjað var á lagningu nýs kafla Hringvegarins frá Langatanga að Álafossvegi. Verkinu verður lokið haustið 1998. Verktaki er Völur hf., Reykjavík.

41 Reykjanesbraut

01 Ánanaust breikkun

Fjárveiting var 37 m.kr. Unnið var að breikkun Ánanausts og voru framkvæmdirnar á vegum Reykjavíkurborgar.

12 gatnamót við Fífuhvammsveg

Fjárveiting var 134 m.kr. Endurgreitt var lán frá Kópavogsbæ að upphæð 115 m.kr., þar af 19 m.kr. vegna eldri framkvæmda. Lokið var frágangi við gatnamótin. Verktaki var JVJ hf., Hafnarfirði.

leiðaval

Fjárveiting var 1 m.kr. Unnið var að frumdrögum stofnvega um Garðabæ og Hafnarfjörð.

49 Nesbraut

02 Höfðabakki – Miklabraut

Fjárveiting var 17 m.kr. og 273 m.kr. af framkvæmdaátaki, auk framlags frá Reykjavíkurborg að upphæð 38 m.kr. Fengið var verktakalán að upphæð 60 m.kr.

Greidd var skuld frá fyrra ári 61,6 m.kr. Nesbraut var breikkuð frá Elliðaám að Skeiðarvogi og byggð var ný 65 m löng brú yfir Sæbraut ásamt slaufum og römpum. Verktaki var Völur hf., Reykjavík og Sveinbjörn Sigurðsson hf., Reykjavík.

450 Sundabraut

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 10 m.kr. Unnið var að frumdrögum vegar yfir Kleppsvík. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf., Reykjavík.

Undirgöng í Garðabæ

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 47 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar við Garðabæ vegna undirganga undir Bæjarbraut.

Göngubrýr og undirgöng

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 31 m.kr. Í samvinnu við Reykjavíkurborg var lokið göngubrú yfir Nesbraut (49) á Miklubraut á móts við Rauðagerði. Verktakar voru Borgarverk ehf., Borgarnesi og Stálbær hf., Reykjavík.

Í samvinnu við Reykjavíkurborg var boðin út bygging göngubrúar yfir Hafnarfjarðarveg (40) á Kringlumýrarbraut við Sóltún. Jarðvinna og undirstöður voru unnar fyrir vetur, en brúin verður ekki sett upp fyrr en í maí 1998. Fjárveiting var engin en unnið fyrir lán frá Reykjavíkurborg. Verktaki við jarðvinnu var Jarðvélar sf., Reykjavík, en verktaki við brúarsmíði er Jón Þór Sigurðsson, Reykjavík.

Skiltabrýr og ýmis verk

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 5 m.kr. til skiltabrúa og 10 m.kr. til ýmissa verkefna, auk innstæðu að upphæð 10 m.kr. Sett var upp hæðarhindrun við nýja göngubrú yfir Nesbraut (49) á Miklubraut.

Greiðsla skulda í Reykjavík

Fjárveiting var 197 m.kr. Greitt var upp í skuld við Reykjavíkurborg í samræmi við samning borgarinnar við fjármálaráðuneytið þar um.

Vesturland

1 Hringvegur

g1 Botnsvogur

Fjárveiting til almennra verkefna á Vesturlandi var 9 m.kr., og 9 m.kr á Reykjanesi. Innistæða frá fyrra ári af fjárveitingum Vesturlands til vega- og brúagerðar var 19 m.kr., og af fjárveitingum Reykjaness 33 m.kr. Til framkvæmda voru því 70 m.kr. Lokið var við byggingu brúar á Botnsá og gerð vegar að brúnni. Verktaki við vegagerð var Vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir, Selfossi. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um byggingu brúar á Botnsá.

g5 Borgarnes

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 6 m.kr. Lokið var við að akreinaskipta gatnamótum í Sandvík með umferðareyjum. Framkvæmdir voru hafnar á árinu 1996 með fjárveitingu til þjóðvega í þéttbýli. Verktakar voru HH vélaleiga sf., Borgarnesi og Véltækni hf., Reykjavík.

50 Borgarfjarðarbraut

03 Götuás – Kleppjárnsreykir

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 30 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna ágreinings um vegstæði. Unnið var að hönnun á mögulegum valkostum.

54 Ólafsvíkurvegur

09 Urriðaá – Bjarnarfoss

Fjárveiting til almennra verkefna var 34 m.kr. og 8 m.kr. til brúagerða vegna

byggingar brúar á Bláfeldará, sem lokið var við árið 1995. Lokið var við byggingu á 5,9 km löngum vegi með bundnu slitlagi frá Urriðaá að Bjarnarfossi. Verktaki var Bjarni Vigfússon, Staðarsveit.

57 Snæfellsnesvegur

12 Búlandshöfði

Fjárveiting til almennra verkefna var 25 m.kr. og innistæða frá fyrra ári 10 m.kr. Lokið var við byggingu á 6,3 km löngum kafla með bundnu slitlagi frá Mýrum að Búlandi. Verktaki var Árvélar ehf., Selfossi.

60 Vestfjarðavegur

07 Búðardalur – Klofningsvegur

Fjárveiting til almennra verkefna var 7 m.kr. og innistæða frá fyrra ári 2 m.kr. Einnig voru lagðar til 3 m.kr. af viðhaldi vega. Endurbyggður var 4,8 km langur kafli frá Glerá að Sælingsdalsvegi. Vegurinn var breikkaður og styrktur með bikfestu burðarlagi þannig að hann uppfyllti staðla fyrir þennan vegflokk. Undirbygging var unnin af vinnuflokki Vegagerðarinnar í Búðardal. Bikfest burðarlag og klæðing voru unnin af Borgarverki ehf., Borgarnesi.

505 Melasveitarvegur

01 snjóastaðir

Fjárveiting til tengivega árið 1996 var 5 m.kr., en framkvæmdum var þá frestað. Árið 1997 var samþykkt 20 m.kr. lánsheimild. Byggður var 3,6 km nýr vegarkafli um Skorholt og styrktir og endurbættir tveir kaflar um Mela og frá Belgsholti að Hringvegi, samtals 4,2 km. Verktaki var Vöruflutningar Leifs Guðjónssonar, Borgarnesi.

508 Skorradalsvegur

02 snjóastaðir

Fjárveiting var engin, en 2 m.kr. lánsheimild frá árinu 1996. Lokið var við endurbætur á kaflanum frá Grund að Hvammi sem hafnar voru á árinu 1996. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar í Borgarnesi.

518 Hálsasveitarvegur

02 Reykholt – Stóriás

Fjárveiting til tengivega var 55 m.kr. Byggður var 8,3 km langur kafli frá Norður-Reykjum að Stóraási og hann lagður bundnu slitlagi. Verktaki var Vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

523 Hvítársíðuvegur

02 snjóastaðir

Fjárveiting var engin, en lánsheimild frá 1996 var 3 m.kr. Verkið var boðið út í september 1996. Lokið var við endurbætur á tveim köflum á Hvítársíðuvegi, um Sámsstaðahöfða og um Skörð. Verktaki var Þróttur ehf., Skilmannahreppi.

530 Ferjubakkavegur

01 snjóastaðir

Fjárveiting var engin, en lánsheimild var 2 m.kr. Verkið var boðið út í janúar 1997. Lokið var við endurbætur á tveim köflum á Ferjubakkavegi, vestan Gufuár og austan Ölvaldsstaða. Verktaki var Borgarverk ehf., Borgarnesi.

710 Arnarstapavegur

01 Útnesvegur – Arnarstapahöfn

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir fjárveitingu frá 1994 til Útnesvegar um Klifhraun. Vegurinn var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi, alls 1,2 km.

Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um undirbyggingu en lögn slitlags var unnin af Borgarverki ehf., Borgarnesi.

5714 Lýsuhólsskólavegur

01 Ólafsvíkurvegur – Lýsuhóll

Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir fjárveitingu frá 1994 til Útnesvegar um Klifhraun. Vegurinn var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi, alls 2,0 km. Verktaki var Bjarni Vigfússon, Staðarsveit.

Vegtengingar Hvalfjarðarganga að norðan

Fjárveiting var engin en Spölur hf. fjármagnar hluta verksins af lánum til Hvalfjarðarganga. Unnið var að byggingu á nýjum Hringvegi frá vegamótum núverandi Akranesvegar og Hringvegar sunnan Laxár í Leirársveit, alls 12,3 km og nýjum vegi Akrafjallsvegi frá Hvalfjarðargöngum að vegamótum núverandi Akranesvegar norðan Akraness, alls um 7,5 km. Verkið var boðið út í júní 1996 og verklok verða 1. júlí 1998. Verktaki er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

Einnig var unnið að undirbyggingu hringtorgs og vegarkafla undir tollstöð við munna Hvalfjarðarganga. Verktaki er Fossvirki sf., Reykjavík Verklok verða 1. júlí 1998.

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

21 Gilsfjörður

Fjárveiting til stórverkefna var 117 m.kr., 29 m.kr. til almennra verkefna af hlut Vestfjarða og 35 m.kr. af hlut Vesturlands, eða samtals 181 m.kr. Greitt var vinnulán frá fyrra ári að upphæð 56 m.kr. Tekið var lán að upphæð 150 m.kr. þar af 80 m.kr. vinnulán hjá verktaka. Unnið var að verkinu allt árið. Vinna við lokun fjarðarins frá stöð 4200 að brúnni, hófst af krafti í byrjun maí og var hægt að aka yfir 14. júlí. Síðan hefur verið unnið að grjótvörn. Einnig er langt komið að leggja veginn af Króksfjarðarnesi inn í Geiradal. Staða verksins um áramót er í stórum dráttum þannig að vegfylling er komin í hæð 4 m miðað við meðalsjávarborð alla leið yfir fjörðinn og búið að koma síuefni fyrir. Grjótvörn er að miklu leyti komin lónmegin upp í hæð 2 m og sums staðar hærra. Mjög lítið grjót er komið á utanverða fyllinguna. Upp komu vandamál við grjótnámur í upphafi ársins, þannig að opnuð hefur verið ný grjótnáma. Það veldur óhjákvæmilega nokkrum aukakostnaði við verkið. Verktaki við verkið er Klæðning ehf., Garðabæ.

37 Dynjandisheiði

Fjárveiting til almennra verkefna var 10 m.kr. Einnig voru lagðar til verksins 15 m.kr. af viðhaldsfé. Vegurinn var lagfærður á 17 km löngum kafla úr Tröllaðölum að Mosdalsvegi. Grafnar voru rásir og styrktir stuttir kaflar. Mulið var efni í malarslitlag en ekki tókst að ljúka mölburði áður en vetur gekk í garð. Verktaki við vegagerð var Stakkafell hf., Patreksfirði, en Arnarfell ehf., Akureyri sá um efnisvinnslu.

47 Vestfjarðagöng

Fjárveiting til stórverkefna var 233 m.kr., til almennra verkefna 41 m.kr eða samtals 274 m.kr. Fjárveitingin var notuð til greiðslu skulda, en í lok ársins var skuld vegna verksins um 30 m.kr. Unnið var að smávægilegum frágangi á búnaði ganganna og gengið frá vegamótum á Dagverðardal. Selt var íbúðarhús og kom

söluverð á móti þeim kostnaði. Enn er eftir smávægilegur frágangur. Rekstur ganganna hefur gengið mjög vel.

61 Djúpvegur

11 Víðidalsá

Fjárveiting til brúagerða var 16 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 14 m.kr. Smíðaður var 7 m víður stokkur í stað gamallar brúar sem var burðarlítil enda að hluta til frá 1912. Fyllt var yfir stokkinn og lögð klæðing. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar smíðaði stokkinn. Verktaki við fyllinguna var Fylling ehf., Hólmavík og vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um lögn klæðingar.

25-30 Ísafjarðardjúp

Fjárveiting til stórverkefna var 60 m.kr. Boðinn var út undirbygging 7,9 km löngum kafla frá Laugardalsvegi að Ögri. Af þessum kafla eru 4,4 km sem lagðir voru 1979 og þarfnast lítilla endurbóta. Ytra hlutann 3,5 km þurfti að leggja alveg upp á nýtt og hefur sá hluti verið undirbyggður. Einnig hefur verið unnið efni í efra burðarlag og klæðingu. Verktaki við vegagerð er Fylling ehf., Hólmavík, en verktaki við efnisvinnslu var Arnarfell ehf., Akureyri.

36 Súðavík

Fjárveiting til almennra verkefna var 1 m.kr. Aukin var og endurbætt götulýsing á veginum á móts við nýja hverfið í Súðavík. Samið var við Orkubú Vestfjarða um verkið.

45 Óshlíð

Fjárveiting til almennra verkefna var 7 m.kr. Auk þess var til fjárveiting frá fyrra ári að upphæð 8 m.kr. Breikkuð var rás á 240 m löngum kafla yst á Skriðum til að minnka hættu á grjóthruni á veginn á þeim kafla. Verktaki var Jón og Magnús ehf., Ísafirði.

62 Barðastrandarvegur

02-04 Rauðsdalur – Ósafjörður

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 28 m.kr. og af almennum verkefnum 3 m.kr. Unnið var að frágangi vegar og lagt slitlag á 3,3 km langan kafla frá Rauðsdal að Hvammi, sem hafin var vinna við 1996. Verktaki við vegagerð var Fylling ehf., Hólmavík, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um lögn slitlags. Hafin var vinna við 4,6 km langan kafla frá Hvammi að Krossi. Verktaki við þann kafla er Græðir sf., Flateyri.

612 Örlygshafnarvegur

01 Barðastrandarvegur – Flugvallarvegur

Fjárveiting til tengivega var 23 m.kr. Lokið var undirbyggingu á 1,9 km löngum kafla á Skápadalshlíð sem boðin var út 1996. Verktaki við vegagerð var Friðgeir Hjaltalín, Grundarfirði, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um lögn klæðingar.

632 Laugardalsvegur

01 Djúpvegur – Hrafnabjörg

Fjárveiting til tengivega var 6 m.kr. Greitt var vinnulán sem tekið var 1995 en þá var lagður 3,2 km langur kafli.

635 Snæfjallastrandarvegur

01 Djúpvegur – Nauteyri

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr. Lokið var við frágang á tveimur vegarköflum samtals 3,9 km og lagt á þá malarslitlag. Verktaki við mölun á slitlagsefni var Arnarfell ehf., Akureyri, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um mölburð.

Norðurland vestra

1 Hringvegur

m4 um Bólstaðarhlíðarbrekku

Fjárveiting til almennra verkefna var 3 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1996 að upphæð 1 m.kr. Til framkvæmda voru því 2 m.kr. sem notaðar voru til yfirlagnar (klæðing) á 2 km langan kafla um Bólstaðarhlíðarbrekku. Einnig voru settar upp girðingar. Verktaki við yfirlögn var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

m5 við Íbishól

Fjárveiting til almennra verkefna var 2 m.kr. Lagfærður var snjóastaður við Íbishól en verkið var unnið í tengslum við brúar- og vegagerð um Húseyjarkvísl. Verki er ekki að fullu lokið. Verktaki er Fjörður sf., Skagafirði.

m7 um Húseyjarkvísl

Fjárveiting til almennra verkefna var 2 m.kr. og 33 m.kr til brúagerða. Endurbyggður var 0,6 km langur kafli um Húseyjarkvísl og reiðgöng sett undir veginn. Gamla brúin á Húseyjarkvísl var rifin og ný brú byggð á sama stað. Um er að ræða 26 m langa steinsteypta brú með tveimur akreinum og gangbraut, alls 10,5 m breiða. Lögn slitlags og frágangi vegar er ekki lokið. Verktaki við vegagerð er Fjörður sf., Seyluhreppi, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar byggði brúna.

m8 við Djúpadalsá

Fjárveiting til almennra verkefna var 1 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1996.

74 Skagastrandarvegur

03 við Skagaströnd, lýsing

Fjárveiting til almennra verkefna var 3 m.kr. Sett var upp lýsing á 0,7 km langan vegarkafla við Skagaströnd. Samið var við Rafmagnsveitur ríkisins um framkvæmd verksins.

76 Siglufjarðarvegur

02 Út-Blönduhlíð

Fjárveiting til almennra verkefna var 9 m.kr og var hún notuð til greiðslu skuldar.

09 Hraun – Almenningsnöf

Fjárveiting til almennra verkefna var 34 m.kr og af framkvæmdaátaki 25 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 59 m.kr. Lagður var 4,5 km langur kafli frá Hraundal að Almenningsnöf og hann lagður bundnu slitlagi. Verki er ekki að fullu lokið og verður seinna lag klæðingar lagt sumarið 1998. Verktaki við þennan kafla er Möl og sandur hf., Akureyri. Einnig var lokið við efra burðarlag og bundið slitlag á 4,1 km langan kafla frá Hrauni að Hraundal. Fjárveiting var engin en unnið fyrir inneign fyrra árs að upphæð 7,8 m.kr. Verktaki við þann kafla var Stefán Einarsson, Siglunesi.

702 Heggstaðanesvegur

01 Hringvegur – Mýrar

Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr og að auki voru lagðar til 4,8 m.kr. af viðhaldsfé. Vegurinn var styrktur á 5 km löngum kafla og lagfærðir nokkrir snjóastaðir. Verkinu er ekki að fullu lokið. Malarslitlag verður lagt sumarið 1998. Verktaki er Steypustöð Blönduóss ehf., Blönduósi.

715 Víðidalsvegur

01 Hringvegur – Kolugil

Fjárveiting var 1 m.kr og var hún notuð til greiðslu skuldar.

722 Vatnsdalsvegur

01 Þórdísarlundur – Hnjúkur

Fjárveiting til tengivega var 16 m.kr. Lagður var 2,8 km langur kafli frá Þórdísarlundi að Hnjúki. Verktaki var Steypustöð Blönduóss ehf., Blönduósi.

724 Reykjabraut

01 um Orrastaðaflóa

Fjárveiting til tengivega var 23 m.kr. Lagður var 4,5 km langur kafli um Orrastaðaflóa. Verkinu er ekki lokið og verður malarslitlag lagt á árinu 1998 og lokið við frágang vegarins. Verktaki er Steingrímur Ingvarsson, Litlu-Giljá.

752 Skagafjarðarvegur

02 Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur.

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

03 Svartárdalsvegur – Austurdalsvegur.

Engin fjárveiting var til verksins en unnið var fyrir fjárveitingu Skarðsvegar, 2 m.kr. Lagður var 2,5 km langur kafli um Tunguháls. Verkinu er ekki lokið. Eftir er að ljúka frágangi við kaflann um Tunguháls og leggja 3 km frá Tunguhálsi að Hverhólum. Verktaki er Fjörður sf., Seyluhreppi.

793 Skarðsvegur

01 Flugvallarvegur – skíðasvæði

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Framkvæmdum var frestað en fjárveiting lánuð til Skagafjarðarvegar (752), Svartárdalsvegur – Austurdalsvegur.

Norðurland eystra

1 Hringvegur

q6 Djúpá hjá Krossi

Fjárveiting var engin en eftirstöðvar frá fyrra ári voru 2,5 m.kr. Gamla brúin var brotin niður og gengið frá vegfyllingu yfir steypt bogaræsi sem byggt var 1996. Verktaki var Jarðverk ehf., Nesi.

q7 Fosshóll – Aðaldalsvegur

Fjárveiting til almennra verkefna var 38 m.kr. og af framkvæmdaátaki 62 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 100 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári að upphæð 23,4 m.kr. Haldið var áfram við lagningu á nýjum vegi yfir Fljótsheiði og er undirbyggingu að mestu lokið. Verktaki er Háfell ehf., Reykjavík.

r1 Garður – Geiteyjarströnd

Fjárveiting var engin, en eftirstöðvar frá fyrra ári voru 5,6 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 7,1 km langan kafla frá Syðri Vogum að Geiteyjarströnd. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

vr6–r7 Jökulsá – Biskupsháls

Fjárveiting til almennra verkefna var 10 m.kr. og af stórverkefnum, hlut Norðurlands eystra, til tengingar Norður- og Austurlands 96 m.kr., eða samtals 106 m.kr. Greidd var 17,4 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið við lagningu á 13,3 km löngum kafla frá brú á Jökulsá á Fjöllum að Víðidal og lagt á hann neðra lag klæðingar. Verktaki var Héraðsverk ehf., Egilstöðum.

82 Ólafsfjarðarvegur

08 Ólafsfjörður – Vatnsendi

Fjárveiting var engin en fyrir lánsfé var lagt seinna lag klæðingar á 3,3 km langan kafla frá Ólafsfirði að Vatnsenda. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

85 Norðausturvegur

06–09 Tjörnes

Fjárveiting til almennra verkefna var 10 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

11 Lindarbrekka – Uppsveitarvegur

Fjárveiting til almennra verkefna var 30 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári að upphæð 10 m.kr. Hafin var lagning á 5 km löngum kafla frá Lindarbrekku að Lyngási. Verktaki er Árni Helgason, Ólafsfirði.

25 Þistilfjörður, flugvöllur

Fjárveiting til almennra verkefna var 8 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 4 m.kr. Til stóð að leggja seinna lag klæðingar á 6,1 km langan kafla frá Hölkná að Laxárdalsvegi, 1,6 km langan kafla á Langanesvegi og 0,4 km langan kafla á Flugvallarvegi, samtals 8,1 km, en af hagkvæmnisástæðum var framkvæmdum frestað til næsta árs.

87 Kísilvegur

04-05 Hveravellir – Þverá

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 7,2 km langan kafla frá Þverá að Klambraseli. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

807 Skíðadalsvegur

01 Sakka – Hofsá

Fjárveiting var engin, en eftirstöðvar frá fyrra ári voru 1,5 m.kr. Lagt seinna lag klæðingar á 1,7 km langan kafla frá Brautarhóli að Hofsá. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

848 Mývatnsvegur

01 Neslandavík – Kísilvegur

Fjárveiting til tengivega var 45 m.kr. Hafin var lagning á 6,6 km löngum kafla frá Stekkjarnesi að Kísilvegi. Verktaki er Alverk ehf. og Þingvirki sf., Mývatnssveit.

853 Hvammavegur

01 Hagi – Ystihvammur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 1,7 km langan kafla frá Haga að Ystahvammi. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

867 Öxarfjarðarheiðarvegur

Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr. Unnið var að tæknilegum undirbúningi og kortagerð.

Austurland

1 Hringvegur

Tenging Norður- og Austurlands

Fjárveiting af stórverkefnum, hlut Austurlands, til tengingar Norður- og Austurlands, var 22 m.kr og innistæða frá fyrra ári 49 m.kr. Boðinn var út 33 km langur

kafli frá Langadal að Ármótaseli sem ljúka á árið 2000. Framkvæmdum frestað þar sem krafist var frekara mats á umhverfisáhrifum. Niðurstöður úr því mati eiga að liggja fyrir fyrri hluta árs 1998.

t0 Jökulsá á Dal

Fjárveiting til stórverkefna var 30 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

t1 Skóghlíð – Urriðavatn

Fjárveiting til almennra verkefna var 33 m.kr. Lokið undirbyggingu á 8,8 km löngum kafla sem ljúka á 1998. Verktaki er Myllan ehf., Egilsstöðum.

t3 Lagarfljótsbrú

Fjárveiting til brúagerða var 14 m.kr. Byggð göngubrú utan á gömlu brúna og sett á hana vegrið til að auka umferðaröryggi. Vinnuflokkar Vegagerðarinnar sáu um verkið.

u1 um Breiðdalsá

Fjárveiting til almennra verkefna var 18 m.kr., og var hún notuð til greiðslu skuldar.

u5 um Fossárvík

Fjárveiting til brúagerða var 26 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

v7 Laxá í Nesjum

Fjárveiting til almennra verkefna var 11 m.kr., og var hún notuð til greiðslu skuldar.

x5 um Fjallsá

Fjárveiting til almennra verkefna var 7 m.kr., og var hún notuð til greiðslu skuldar.

1 Hringvegur

y0–y2 Skeiðarársandur

Sérstök fjárveiting til endurbyggingar mannvirkja á Skeiðarársandi var 250 m.kr. og 25 m.kr af fjáraukalögum 1997. Samkvæmt lögum um Viðlagatryggingu Íslands eru brýr lengri en 50 m tryggðar þar og nam greiðsla tryggingarfjár vegna brúar á Skeiðará 129 m.kr og vegna Gígjukvíslar 221 m.kr eða samtals 350 m.kr.

Snemma árs var boðin út endurbygging vegar og varnargarða á austanverðum Skeiðarársandi, um Skeiðará og vestur að farvegi Gígjukvíslar. Endurbyggðir voru um 6 km af varnargörðum við Skeiðará og Sæluhúsavatn og 8,8 km af Hringveginum. Auk þess voru lagfærðir stuttir kaflar sem skemmdust í hlaupinu 1996. Verktaki við vegagerð var Arnarfell ehf., Akureyri. Endurbyggður var austasti Skeiðarárbrúar, sem tók af í hlaupinu (176 m) og undirstaða við vesturenda brúar. Verktaki í stálsmíði yfirbyggingar brúar var Lava hf., Reykjavík, en vinnuflokkar Vegagerðarinnar sáu um byggingu á undirstöð-um brúar og uppsetningu yfirbyggingar.

Boðin út endurbygging á 2,5 km löngum vegi, 336 m langri brú og 0,8 km löngum varnargörðum um Gígjukvísl. Framkvæmdir hófust í haust og á að ljúka sumarið 1998. Verktaki við brúarsmíði og jarðvinnu er Ármannsfell ehf. Reykjavík, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um niðurrekstur staura undir brúna.

85 Norðausturvegur

40 Hlíðarvegur – Deildarlækur

Fjárveiting til tengivega var 11 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

92 Norðfjarðarvegur

00 Egilsstaðir

Fjárveiting til almennra verkefna var 4 m.kr. Gatnamót við söluskála á Egilsstöðum voru malbikuð að hluta og steyptir kantsteinar. Verkið var unnið í samvinnu við Egilsstaðabæ.

06 Reyðarfjörður

Fjárveiting til almennra verkefna var 4 m.kr. Steyptir voru kantsteinar og löguð skering og gengið frá gatnamótum við Valhöll. Verkið var unnið í samvinnu við Reyðarfjarðarhrepp.

93 Seyðisfjarðarvegur

02 Borgarfjarðarvegur – Langahlíð

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 6 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

02 Miðhúsaá – Kofi

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 18 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

03 Kofi – Efri Stafur

Fjárveiting var engin. Lokið var undirbyggingu á 5,3 km löngum kafla og lagt neðra lag klæðingar. Verktaki er Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

03 Fjarðarárbrú

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 3 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

94 Borgarfjarðarvegur

07 á Vatnsskarði

Fjárveiting til tengivega var 18 m.kr. Greidd 7 m.kr skuld frá fyrra ári, en framkvæmdum frestað til næsta árs.

96 Suðurfjarðavegur

03 Þernunes – Vattarnes

Fjárveiting var engin, en fyrir eftirstöðvar frá fyrra ári var lokið við byggingu á 10,3 km löngum kafla, sem byrjað var á 1996 og hann lagður klæðningu. Verktaki er Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði.

06 Fáskrúðsfjörður

Fjárveiting til almennra verkefna var 4 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

99 Hafnarvegur

02–03 Höfn í Hornafirði

Fjárveiting til almennra verkefna var 1 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

917 Hlíðarvegur

06 um Gljúfursá og um Öxl

Fjárveiting til almennra verkefna var 28 m.kr. til kaflans um Gljúfursá og 8 m.kr. til kaflans um Öxl, auk þess var innistæða frá fyrra ári 22 m.kr. Til framkvæmda voru því 58 m.kr. Lokið var nýbyggingu á 2,1 km löngum kafla um Gljúfursá og gengið frá stálröri í stað gömlu brúarinnar. Gengið verður frá malarslitlagi á næsta ári. Lokið var styrkingu á 3,3 km löngum kafla innan og utan við Öxl og byggður 1,24 km langur kafli um Öxl og lagt á hann malarslitlag. Verktaki er Ólafur Stefán Hjaltason, Skála.

919 Sunnudalsvegur

01 Hlíðarvegur – Refstaður

Fjárveiting til tengivega var 4 m.kr., og var hún notuð til greiðslu skuldar.

931 Upphéraðsvegur

04 Brekkugerði – Hengifossá

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1996 var 18 m.kr. Byrjað á styrkingu og endurbyggingu á 1,4 km löngum kafla innan við Brekku og inn fyrir Hengifossá. Lagt verður malarslitlag á kaflann sumarið 1998. Verktaki er Myllan ehf., Egilsstöðum.

932 Egilsstaðavegur

Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

Einbreið slitlög

Fjárveiting til almennra verkefna var 14 m.kr. Breikkuð voru bundin slitlög á þremur stöðum á Austurlandi samtals um 16 km. Á Hafnarvegi (91) í Bakkafirði voru breikkaðir 2,9 km, á Hringvegi (1) í Lóni milli Krossaness og Össurár 5,1 km og á Hringvegi (1) á Mýrum milli Hólms og Smyrlabjarga 8,0 km. Verktaki við lögn klæðingar var Malaravinnslan ehf., Egilsstöðum en vinnuflokkar Vegagerðarinnar sáu um jöfnun undir klæðingu.

Austurlandsgöng

Fjárveiting til stórverkefna var 2 m.kr., en verkefninu var frestað.

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi

lagfæringar á þjóðvegum

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 10 m.kr. Steyptir voru kantsteinar með þjóðvegum á eftirtöldum þéttbýlisstöðum; Vopnafirði, Fellabæ, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Samtals voru steyptir um 3.500 m af kantsteinum. Einnig var lýsing bætt á Bakkafirði og Eskifirði. Verkið var unnið í samvinnu við sveitarfélögin, sem leituðu sameiginlega tilboða í verkið. Verktaki var Véltækni hf., Reykjavík.

1403. Nefndarálit [559. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem samið er að tilhlutan landbúnaðarráðherra í samráði við Bændasamtök Íslands, er tilgangur þess að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna ákvæða í samningi frá 17. desember 1997, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands, en sá samningur tekur við af samningi sömu aðila um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt sem undirritaður var 11. mars 1991.

Samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar byggist á áliti sjömannanefndar frá 4. nóvember 1997, um framleiðslu og vinnslu mjólkur. Í álitinu er að finna ýmsar gagnmerkar upplýsingar. Meðal annars kemur fram að Hagþjónusta landbúnaðarins hafi gert samanburð á afkomu kúabænda árin 1992–96, þ.e. á gildistíma þess samnings sem hinum nýja

er ætlað að leysa af hólmi. Í þeirri könnun kemur fram að á umræddu tímabili hafi greiðslumark í mjólk aukist að meðaltali úr 89.871 lítra í 98.171 lítra eða um 8.700 lítra sem er 9,2% aukning. Á þessu sama tímabili hækkuðu meðalskuldir úr 5,7 millj. kr. í 6,9 millj. kr. eða um 22,1%. Á sama tíma jukust eignir aðeins um 0,4%. Eigið fé búanna lækkaði því að meðaltali um 20,8% og var á árinu 1992 50,5% en var orðið 39,8% árið 1996. Lækkandi eiginfjárhlutfall undirstrikar úttekt eigenda úr rekstrinum umfram það sem búin skila í hagnað fyrir laun eigenda. Ýmis fleiri dæmi má rekja úr áliti sjömannanefndarinnar sem öll ber að sama brunni, þ.e. að sú stefna sem mörkuð var með samningum 1991 hafi ekki reynst kúabændum sem skyldi.

Með hinum nýja samningi er stefnt að eftirfarandi markmiðum:

1. Að skapa rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni í vaxandi samkeppni við innfluttar búvörur.
2. Að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun verði og eðlileg fjárfesting geti orðið.
3. Að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir innanlandsmarkað og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

Þrátt fyrir að ýmis markmið hafi náðst af þeim sem að var stefnt við samningsgerðina 1991 hefur lítið breyst hvað varðar það markmið að hagræðing verði í framleiðslu í greininni auk þess sem afkomutölur sem raktar eru hér að framan og fram koma í áliti sjömannanefndar benda eindregið til þess að sú leið sem valin var við samningsgerðina 1991 hafi ekki verið til þess fallin að styrkja rekstur einstakra kúabúa nema síður væri. Minni hlutinn telur að sú leið sem birtist í þessum samningi feli ekki í sér stórvægilegar breytingar frá því sem verið hefur og óttast að með henni takist ekki að ná því markmiði að hagræðing verði í greininni svo að framleiðendur verði í stakk búnir til að takast á við þá samkeppni sem fyrirsjáanleg er vegna innflutnings.

Áfram verður viðhaldið þeirri aðferðafræði að verðákvörðun í landbúnaði verði að miklu leyti miðstýrð allt til ársins 2001 en þá er fyrirhugað að breyting verði á því hvort sem þær fyrirrætlanir ganga eftir eður ei. Það er mat minni hlutans að sú aðferðafræði sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár og ætlunin er að fylgja áfram a.m.k. um sinn hefur ekki reynst sem skyldi eins og fram kemur í tölum sjömannanefndar um eiginfjárstöðu og þróun hennar hjá kúabændum eins og rakið er að framan.

Þegar landbúnaðarumhverfið er skoðað í heild sinni og borið saman við aðrar þjóðir kemur fram að Íslendingar styrkja landbúnað sinn meira ef miðað er við landsframleiðslu en flestar aðrar þjóðir. Þrátt fyrir það eru matvæli mun dýrari hér, svo skiptir tugum prósenta, en hjá öðrum þjóðum sem við erum gjörn á að bera okkur saman við. Þetta eru hrópandi staðreyndir sem ekki er hægt að líta fram hjá. Þetta verður enn illskiljanlegra þegar sú staðreynd bætist við að bændur eru ein tekjulægsta stétt þessarar þjóðar. Ekki þarf að leiða fram frekari vitni um að landbúnaðarstefnan hefur hvorki reynst bændum né neytendum vel. Þrátt fyrir þessar staðreyndir er ætlunin að halda að mestu leyti áfram á þessari braut með litlum breytingum.

Það er því skoðun minni hlutans að samningurinn breyti ekki miklu að því er lýtur að afkomu bænda eða þróun matvöruverðs í landinu. Hann er aðeins liður í því að viðhalda meingölluðu kerfi í landbúnaði. Minni hlutinn telur að erfitt sé að gera tillögur til breytinga á einstökum ákvæðum hans sökum þess að um samning er að ræða við heila stétt manna og annaðhvort verður hann tekinn upp í heild sinni eða látinn vera eins og hann liggur fyrir. Það er því álit minni hlutans að ríkisstjórnin eigi að taka upp samningsgerð við bændur að nýju í því skyni að ná fram samningi sem leiðir til betri niðurstöðu fyrir bændur og neytendur. Sá samn-

ingur sem nú liggur fyrir þjónar hvorki hagsmunum bænda né neytenda. Það er mikið alvörumál ef Alþingi Íslendinga ætlar að samþykkja samning sem er jafn metnaðarlaus og raun ber vitni þar sem markmiðið er það eitt að viðhalda ónýtu kerfi. Minni hlutinn leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. maí 1998.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Ágúst Einarsson.

1404. Breytingartillögur [655. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Við 1. gr. Á undan efnismálsgrein komi eftirfarandi fyrirsögn: *Geymdur bótaréttur.*
2. Við 3. gr. Á undan 1. efnismgr. komi eftirfarandi fyrirsögn: *Bótaréttur með hlutastarfi.*
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „6. mgr.“ í b-lið komi: 5. mgr.

1405. Breytingartillögur [359. mál]

við frv. til l. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (StG, GuðjG, ÁRÁ, SAÞ, HjÁ, PHB).

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessum lögum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.
2. Á eftir orðunum „frumkvæði að og“ í fyrri málslið 1. mgr. 4. gr. komi: /eða.
3. Á eftir orðinu „Orkustofnunar“ í 3. mgr. 5. gr. komi: og umhverfisráðuneytis.
4. Á eftir orðinu „Orkustofnunar“ í 3. mgr. 6. gr. komi: umhverfisráðuneytis.
5. Við 16. gr. 2. mgr. falli brott.
6. Við 21. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um vernd og eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum gilda einnig lög um náttúruvernd.
7. 3. og 4. málsl. 1. mgr. 34. gr. orðist svo: Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

1406. Breytingartillaga [288. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Við 11. gr. Í stað orðsins „Reykjavíkurborg“ í 2. mgr. komi: Reykjavík.

1407. Svar [419. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um sérleyfi til fólksflutninga.

1. *Er það mat ráðherra að sérleyfi einstakra aðila til reglubundinna fólksflutninga sé eðlileg umgjörð samgöngumála?*

Samgöngur á landi eru mikilvægur þáttur í samgöngumálum þjóðarinnar. Í minni byggðarlögum þar sem ekki er hægt að koma við flugsamgöngum eru samgöngur á landi mikilvægari en annars staðar. Til að tryggja reglubundnar lágmarkssamgöngur milli byggðarlaga gilda lög um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, þar sem fjallað er um sérleyfi. Það hefur verið vilji löggjafans að sérleyfum í fólksflutningum á landi verði haldið áfram enn um sinn. Engar breytingar á þessu fyrirkomulagi eru fyrirhugaðar vegna þess að talið er að með þeim sé best borgið reglulegum fólksflutningum milli svæða. Það er skoðun ráðherra að sérleyfin sinni því hlutverki sem þeim er ætlað og að því sé ekki tímabært að fella þau niður.

Þá er rétt að fram komi að samkvæmt reglum Evrópusambandsins eru reglubundnir fólksflutningar háðir leyfum. Á undanförnum missirum hafa reglur Evrópusambandsins um fólksflutninga með hópferðabifreiðum verið í endurskoðun. Henni er nú lokið og niðurstaðan er að leyfi til reglubundinna flutninga verða ekki afnumin. Vilji Evrópusambandsins er því skýr í þessu efni og í samræmi við reglur sem gilda hér á landi.

2. *Hver var ástæða þess að ráðherra ákvað á síðasta ári að framlengja um önnur fimm ár sérleyfi til fólksflutninga með langferðabifreiðum?*

Eins og fyrr segir er fjallað um sérleyfi í lögum um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum, nr. 53/1987. Samgönguráðuneytið framfylgdi þeim lögum á síðasta ári er úthlutun sérleyfa fór fram, en samkvæmt lögunum gilda sérleyfi í fimm ár á tiltekinni leið.

3. *Hverjir eru með sérleyfi til fólksflutninga og á hvaða svæðum?*

Á tímabilinu frá 1. september 1997 til 31. ágúst 2002 eru eftirfarandi sérleyfi í gildi:

Vesturland.

Reykjavík–Akranes
Reykjavík–Borgarnes
Reykjavík–Borgarfjarðarhérað
Reykjavík–Vatnaskógur
Sæmundur Sigmundsson ehf., Kveldúlfsgötu 17, Borgarnesi.

Reykjavík–Borgarnes–Stykkishólmur–Grundarfjörður–Ólafsvík–Hellissandur–Arnarstapi
Borgarnes–Búðardalur–Reykhólar
Sérleyfis- og hópferðabifreiðar Helga Péturssonar, Gröf, Miklaholtshreppi.

Vestfirðir.
Patreksfjörður–Tálknafjörður–Bíldudalur–Bíldudalsflugvöllur
Torfi E. Andrésson, Miðtúni 2, Tálknafirði.
Ísafjörður–Flókalundur–Brjánslækur–Látrabjarg og Flókalundur–Bjarkarlundur
Hólmavík–Ísafjörður
Ísafjörður–Súðavík
Allrahanda/Ísferðir ehf., Hlaðbrekku 22, Kópavogi.
Bolungarvík–Ísafjörður
Valdimar L. Gíslason, Völusteinsstræti 22, Bolungarvík.
Ísafjörður–Suðureyri–Flateyri–Þingeyri (sérleyfið gildir til 31. ágúst 1998 og er veitt með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 53/1987.)
Ísafjarðarbær.
Reykjavík–Borgarnes–Brú–Hólmavík
Hólmavík–Drangsnes
Guðmundur Jónasson hf., Borgartúni 34, Reykjavík.

Norðurland.
Reykjavík–Borgarnes–Brú–Hvammstangavegamót–Blönduós–Varmahlíð–Akureyri
Hvammstangavegamót–Hvammstangi
Blönduós–Skagaströnd
Varmahlíð–Sauðárkrókur
Norðurleið hf., Skógarhlíð 10, 121 Reykjavík.
Reykjavík–Borgarnes–Brú–Hvammstangavegamót–Blönduós–Varmahlíð–Sauðárkrókur–Hofsós–Siglufjörður
Jón Sigurðsson, Sleitustöðum, Skagafirði.
Akureyri–Dalvík–Ólafsfjörður
Ævar Klemenzson, Hafnarbraut 18, Dalvík.
Akureyri–Laugar–Skútustaðir–Reykjahlíð–Egilsstaðir
Sérleyfisbílar Akureyrar hf., Gránufélagsgötu 4, Akureyri.
Akureyri–Húsavík–Ásbyrgi–Kópasker–Raufarhöfn–Þórshöfn–Vopnafjörður–Egilsstaðir um Hellisheiði.
Húsavík–Laugar–Skútustaðir–Reykjahlíð
BSH ehf., Björn Sigurðsson, Garðarsbraut 7, Húsavík.

Austurland.
Egilsstaðir–Eiðar–Bakkagerði
Jakob Sigurðsson og Margrét I.B. Hjarðar, Borgarfirði.
Eiðar–Egilsstaðir
Kristmann Jónsson, Eiðum, Suður-Múlasýslu.
Seyðisfjörður–Egilsstaðir
Ferðaþjónusta Austurlands ehf.

Egilsstaðir–Hallormsstaður
Benedikt Blöndal, Egilsstöðum.
Egilsstaðir–Reyðarfjörður–Eskifjörður–Neskaupstaður
Austfjarðaleið ehf., Gilsbakka 10, Neskaupstað.
Egilsstaðir–Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður–Stöðvarfjörður–Breiðdalsvík
Sérleyfisbílar Suðurfjarða ehf., Sólheimum 6, Breiðdalshreppi.
Djúpivogur–Höfn–Árnanesflugvöllur
Hjörtur Ásgeirsson, Borgarlandi 12, Djúpavogi.
Höfn–Djúpivogur–Breiðdalsvík–Egilsstaðir
Reykjavík–Hveragerði–Selfoss–Hella–Hvolsvöllur–Vík–Kirkjubæjarklaustur–Skaftafell–Höfn
Austurleið hf., Hvolsvegi 1, Hvolsvelli.

Suðurland.
Reykjavík–Hrunamannahreppur–Gnúpverjahreppur
Norðurleið hf., Skógarhlíð 10, 121 Reykjavík.
Reykjavík–Hveragerði–Selfoss
Reykjavík–Þorlákshöfn um Þrengsli eða Hveragerði með tengingu við Selfoss og Vestmannaeyjaferju
Selfoss–Stokkseyri–Eyrarbakki–Þorlákshöfn–Hveragerði
Reykjavík–Laugardalur (Laugarvatn)–Haukadalur (Geysir) og Gullfoss um Hveragerði–Selfoss og Grímsnes með tengingu við Þorlákshöfn í ákveðnum ferðum og Vík að austan á sumrin.
Reykjavík–Biskupstungur um Hveragerði–Selfoss–Grímsnes–Skálholt og Laugarás með tengingu við Þingvelli frá Laugarvatni
Selfoss–Þingvellir–Laugarvatn með tengingu frá Gullfossi
Reykjavík–Ljósafoss–Úlfljótsvatn um Hveragerði, Selfoss og Grímsnes
SBS ehf., Eyrarvegi 33, Selfossi.

Reykjanes.
Reykjavík–Þingvellir
Reykjavík–Bláa lónið–Grindavík
Reykjanesbær–Leifsstöð–Bláa lónið–Grindavík
Þingvallaleið hf., Stigahlíð 54, Reykjavík.
Reykjavík–Vogar–Reykjanesbær–Leifsstöð–Bláa lónið–Grindavík
Sérleyfisbifreiðir Keflavíkur hf., Hafnargötu 12, Keflavík.
Reykjavík–Leifsstöð (þjónusta við flugfarþega)
Kynnisferðir sf., Vesturvör 6, Kópavogi.

Þá ber að geta þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri hafa einkaleyfi til reksturs strætisvagna innan síns lögsagnarumdæmis skv. 8. gr. laga nr. 53/1987.

4. *Þegar ráðherra ákvað á sl. ári að framlengja sérleyfi þeirra sem haft hafa leyfi til reglubundinna fólksflutninga um fimm ár voru þá sérleyfi allra sem það höfðu fyrir framlengd?*

Sérleyfi til fólksflutninga eru veitt að undangenginni opinberri auglýsingu. Öllum er frjálst að sækja um auglýst sérleyfi eða leggja til nýja leið sem síðan er lagt mat á hvort fullnægi

skilyrðum fyrir sérleyfum. Í lögunum er þó ákvæði um að sérleyfishafar skuli að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa ef þeir hafa rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga. Þegar úthlutun fór fram á síðasta ári fengu sérleyfishafar úthlutun að nýju með örfáum undantekningum. Sérleyfishafinn Allrahanda/Ísferðir fékk ekki úthlutun innan hins nýja lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar þar sem bæjarstjórn óskaði eftir að ráða akstrinum innan umdæmisins. Sérleyfishafinn Teitur Jónasson dró umsókn sína til baka eftir sameiningu sveitarfélaganna Reykjavíkur og Kjalarness.

5. *Aflar ráðherra upplýsinga um vilja sveitarstjórna og neytenda áður en sérleyfi á tilteknum leiðum eru endurnýjuð?*

Skipulagsnefnd fólksflutninga er ráðherra til ráðgjafar samkvæmt lögum um úthlutun sérleyfa. Í nefndinni sitja sjö menn skipaðir af ráðherra, fimm samkvæmt tilnefningu og tveir án tilnefningar. Þar á meðal er einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og annar af Búnaðarfélagi Íslands. Þessir fulltrúar hafa ekki beinna hagsmuna að gæta við úthlutun sérleyfanna og sveitarfélögin hafa með fulltrúa sínum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Enn fremur er algengt að sveitarfélög komi sjónarmiðum sínum á framfæri þegar auglýsing um veitingu sérleyfa er birt og hafa ábendingar þeirra reynst skipulagsnefnd gagnlegar.

1408. Skýrsla [257. mál]

fjármálaráðherra til Alþingis um launaþróun hjá ríkinu með tilliti til launamunar milli karla og kvenna, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

INNGANGUR

Í beiðni um skýrslu á þskj. 314 er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um þróun launamála hjá ríkinu undanfarin tvö ár (þ.e. 1995 og 1996). Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um launaþróun með tilliti til launamunar milli karla og kvenna og til hvaða aðgerða hafi verið gripið eða áformað sé að grípa til þess að draga úr slíkum mismun milli kynjanna. Þá er óskað eftir því að gerð verði grein fyrir því hvort dregið hafi úr launamun kynjanna fyrir tilstuðlan kjarasamninga og hvort launakerfi ríkisins séu gagnsæ.

Í greinargerð með beiðninni um skýrslu fjármálaráðherra kemur fram að tilefni beiðnarinnar sé öðrum þræði fullyrðing í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga þar sem segir að laun svokallaðra kvennastétta hafi hækkað umfram laun annarra. Einnig að fjármálaráðherra hafi unnið að því að styrkja stöðu kvenna í störfum hjá ríkinu, meðal annars með því að upplýsa stjórnendur ríkisstofnana um hvernig breyta megi viðhorfum sem haldið hafa við launamun milli kynjanna.

Skýrslubeiðendur óska eftir að grein sé gerð fyrir eftirfarandi málefnum:

a. um hve miklar hækkanir sé að ræða á tveggja ára tímabili,
b. hvernig þessar hækkanir skiptist milli grunnlauna og annarra greiðslna,
c. hvaða stéttir eigi í hlut,
d. hvernig unnið hafi verið að því að breyta viðhorfum stjórnenda ríkisstofnana til launamisréttis kvenna og karla,

e. hvaða árangur hafi náðst í að draga úr launamisrétti milli þeirra karla og kvenna sem vinna hjá ríkinu,
f. hvaða árangri aðgerðir fjármálaráðherra hafi skilað í stöðuhækkunum til kvenna eða til að auka hlut þeirra í hópi embættismanna ríkisins,
g. hvaða frekari aðgerðir séu fyrirhugaðar til að draga úr launamun milli kynjanna og til að leiðrétta kjör svokallaðra kvennastétta, einkum þeirra sem vinna hin mikilvægu umönnunarstörf.

Skýrsla þessi er tvískipt. Í fyrri hluta hennar koma fram svör og viðbrögð við a-, b-, c- og e-liðum. Dregnar eru saman staðreyndir og viðmiðanir úr launasafni ríkisins. Í síðari hluta skýrslunnar er vikið að d-, f- og g-liðum og efni þeirra reifað.

Ráðuneytið vill geta þess að upplýsingar sem hér er byggt á taka til áranna 1991–95. Víkur það frá því sem skýrslubeiðendur óska eftir. Ástæða þessa er sú að mjög veigamiklar breytingar urðu á starfsmannahaldi ríkisins á árunum 1996–97, annars vegar með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga og hins vegar breytingu Pósts og síma í hlutafélag. Vegna þessa eru of margir óvissuþættir í talnagögnum sem er að finna í launasafninu.

I.
HÆKKUN LAUNA OG SKIPTING ÞEIRRA EFTIR STÉTTARFÉLÖGUM OG KYNI

Rétt er að geta þess að hér á eftir er alltaf stuðst við meðallaun, en þau eru reiknuð út frá ársverkum. Við útreikningana er ekki tekið tillit til mismunandi forsendna, svo sem þrepadreifingar og starfsaldurssamsetningar. Meðallaunin eru þannig flokkuð að undir dagvinnulaun flokkast mánaðarlaun, dagvinna, uppbætur á dagvinnu, svo sem orlofsuppbót, desemberuppbót og persónuuppbót. Undir yfirvinnulaunum er öll yfirvinna bæði föst og tilfallandi. Undir öðrum launum eru álags- og vaktagreiðslur, nefndarlaun og þóknanir. Allar kostnaðargreiðslur, svo sem akstur, fæði og dagpeningar, eru undanskyldar. Miðað er við að launavísitala heildarlauna sé 100 á árinu 1990.

1. Þróun launa.

Meðallaun hafa þróast mismunandi eftir því hvort um er að ræða dagvinnu, yfirvinnu eða önnur laun. Fyrst er greint hvernig meðallaun allra starfsmanna hafa þróast á árunum 1991–95 og síðan eftir bandalögum fyrir sama tímabil.

Hjá öllum starfsmönnum ríkisins hafa dagvinnulaun hækkað um 13,9%, yfirvinna hefur á sama tímabili hækkað um 15,6% og önnur laun um 20,5%. Heildarlaunahækkanir hafa verið 14,3%.

Hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) hafa dagvinnulaun hækkað um 13%, yfirvinna hefur á sama tímabili hækkað um 6,7% og önnur laun um 26,5%. Heildarlaunahækkanir hafa verið 11,9%.

Hjá Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR) hafa dagvinnulaun hækkað um 11,7%, yfirvinna hefur á sama tímabili hækkað um 23,5% og önnur laun um 4,5%. Heildarlaunahækkanir hafa verið 15,1%.

Hjá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hafa dagvinnulaun hækkað um 14,4%, yfirvinna hefur á sama tímabili hækkað um 9,5% og önnur laun um 21,4%. Heildarlaunahækkanir hafa verið 11,6%.

Hjá Kennarasambands Íslands (KÍ) hafa dagvinnulaun hækkað um 11,9%, yfirvinna hefur á sama tímabili hækkað um 20,1% en önnur laun lækkað um 7,8%. Heildarlaunahækkanir hafa verið 13,7%.

Hjá Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFS) hafa dagvinnulaun hækkað um 6,8%, yfirvinna hefur á sama tímabili hækkað um 19,8%. Heildarlaunahækkanir hafa verið 12%.

2. Þróun launa eftir tegundum greiðslna og stéttarfélögum.

Hér er greint frá því hver var þróun meðaldagvinnulauna og meðalheildarlauna, annars vegar hjá körlum og hins vegar konum. Fyrst eru greind laun heildarinnar, því næst innan BSRB, BHM, ASÍ, KÍ, FFS og loks þeirra sem standa utan bandalaga, bæði hjá ASÍ og utan ríkisstarfsmannafélaganna.

a. Í heild.

Meðalheildarlaun karla og kvenna í þjónustu ríkisins. Þegar borin eru saman meðalheildarlaun karla og kvenna í þjónustu ríkisins á árunum 1991–95 kemur í ljós að meðalheildarlaun kvenna voru í upphafi tímabilsins 70% af meðaldagvinnulaunum karla, en 71% í lok tímabilsins.

	Meðalheildarlaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	151.230	105.141	70
1992	155.499	107.583	69
1993	159.213	110.391	69
1994	162.827	114.399	70
1995	172.687	121.982	71

Meðaldagvinnulaun karla og kvenna í þjónustu ríkisins. Þegar borin eru saman meðaldagvinnulaun karla og kvenna í þjónustu ríkisins á árunum 1991–95 kemur í ljós að meðaldagvinnulaun kvenna voru í upphafi tímabilsins 85% af meðaldagvinnulaunum karla, en 87% í lok tímabilsins.

	Meðaldagvinnulaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	90.319	76.673	85
1992	93.355	79.143	85
1993	95.553	81.015	85
1994	97.154	83.329	86
1995	101.527	88.010	87

b. Eftir einstökum bandalögum.

Meðalheildarlaun karla og kvenna í BSRB. Þegar borin eru saman meðalheildarlaun karla og kvenna í BSRB á árunum 1991–95 eru laun kvenna 71% af launum karla og hefur það verið óbreytt allan tímann.

	Meðalheildarlaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	135.071	95.509	71
1992	137.577	97.571	71
1993	141.247	99.629	71
1994	144.412	101.878	71
1995	151.248	108.137	71

Meðaldagvinnulaun karla og kvenna í BSRB. Þegar borin eru saman meðaldagvinnulaun karla og kvenna í BSRB á árunum 1991–95 eru meðaldagvinnulaun kvenna 92% af launum karla og hefur það verið næstum óbreytt allan tímann.

	Meðaldagvinnulaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	75.622	69.409	92
1992	78.342	71.370	91
1993	80.291	72.944	91
1994	81.492	74.444	91
1995	85.327	78.826	92

Meðalheildarlaun karla og kvenna í BHMR. Þegar borin eru saman meðalheildarlaun karla og kvenna í BHMR á árunum 1991–95 kemur í ljós að meðalheildarlaun kvenna voru í upphafi tímabilsins 81% af meðaldagvinnulaunum karla, en 84% í lok tímabilsins.

	Meðalheildarlaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	159.817	129.405	81
1992	166.315	131.724	79
1993	168.824	136.936	81
1994	171.494	144.578	84
1995	182.227	152.467	84

Meðaldagvinnulaun karla og kvenna í BHMR. Þegar borin eru saman meðaldagvinnulaun karla og kvenna í BHMR á árunum 1991–95 kemur í ljós að meðaldagvinnulaun kvenna voru í upphafi tímabilsins 91% af meðaldagvinnulaunum karla, en 95% í lok tímabilsins.

	Meðaldagvinnulaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	99.997	90.770	91
1992	102.454	93.314	91
1993	104.148	95.872	92
1994	106.186	99.779	94
1995	109.538	103.965	95

Meðalheildarlaun karla og kvenna í ASÍ. Þegar borin eru saman meðalheildarlaun karla og kvenna í ASÍ á árunum 1991–95 kemur í ljós að laun kvenna eru 68% af launum karla og hefur það verið þannig svo að segja allan tímann.

	Meðalheildarlaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	125.629	85.411	68
1992	127.596	86.123	67
1993	128.814	86.649	67
1994	130.844	87.126	67
1995	138.666	93.777	68

Meðaldagvinnulaun karla og kvenna í ASÍ. Þegar borin eru saman meðaldagvinnulaun karla og kvenna í ASÍ á árunum 1991–95 kemur í ljós að meðaldagvinnulaun kvenna voru í upphafi tímabilsins 83% af meðaldagvinnulaunum karla, en 82% í lok tímabilsins.

	Meðaldagvinnulaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	70.124	57.880	83
1992	72.973	59.371	81
1993	74.105	60.023	81
1994	75.123	61.020	81
1995	79.829	65.680	82

Meðalheildarlaun karla og kvenna í KÍ.

	Meðalheildarlaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	128.009	103.170	81
1992	129.702	105.320	81
1993	131.732	107.058	81
1994	133.562	109.261	82
1995	146.638	118.206	81

Meðaldagvinnulaun karla og kvenna í KÍ.

	Meðaldagvinnulaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	88.463	83.539	94
1992	90.922	85.907	94
1993	92.517	87.265	94
1994	93.515	88.485	95
1995	98.937	93.766	95

Meðalheildarlaun karla og kvenna utan ríkisstarfsmannafélaganna, þ.e. þeirra sem eru í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, Kjarafélagi tæknifræðinga, Stéttarfélagi verkfræðinga, Læknafélagi Íslands vegna sjúkrahúslækna eða heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd.

	Meðalheildarlaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	200.435	145.469	73
1992	209.133	150.556	72
1993	216.318	153.472	71
1994	223.578	161.582	72
1995	234.715	170.608	73

Meðaldagvinnulaun karla og kvenna utan ríkisstarfsmannafélaganna.

	Meðaldagvinnulaun		Hlutfall
	KK	KVK	KVK/KK
1991	119.117	92.430	78
1992	124.072	97.220	78
1993	127.797	99.572	78
1994	129.840	102.620	79
1995	135.090	108.970	81

3. Þróun launa eftir aldurshópum og kyni.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þróun launa eftir aldurshópum og kyni innan hvers aldurshóps. Kemur þar fram að laun kvenna hafa hækkað mun meira í öllum aldurshópum, nema á bilinu 30–35 ára, þar hafa karlar fengið meiri hækkun en konur. Rétt er að taka fram að talningin nær til allra sem skila a.m.k. hálfu ársverki.

Breytingar á meðallaunum aldurshópa frá 1991–95.



II.

VIÐHORF STJÓRNENDA TIL LAUNAMUNAR OG STÖÐUHÆKKANA KVENNA OG AÐGERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR LAUNAMUN

Fjármálaráðherra hefur unnið að því að við gerð kjarasamninga og á samningstímanum hverju sinni að breyta viðhorfum stjórnenda ríkisstofnana til launamismunar karla og kvenna. Þetta hefur verið gert með mismunandi móti.

Í fyrsta lagi hefur við kjarasamningagerð undanfarinna ára verið litið svo á að ekki skuli á neinn hátt mismuna starfsmönnum eftir kyni. Áhersla hefur verið lögð á að í stað launahækkana sem byggðu á mati á starfsaldri komi hækkanir byggðar á aldri þar sem reynslan hafði leitt í ljós að hækkanir byggðar á aldri nýttust konum betur. Þá njóta þær hækkana ef þær hverfa um stundarsakir af vinnumarkaði, t.d. vegna barneigna.

Í öðru lagi gaf fjármálaráðherra út sérstakt rit um málefnið í febrúar 1996. Þar eru settar fram ýmsar ábendingar um leiðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ritið var sent öllum forstöðumönnum ríkisstofnana, auk þess sem það var sent til allra stofnana og stéttarfélaga.

Í þriðja lagi beitti fjármálaráðherra sér fyrir því að meðal allra stofnana fjármálaráðuneytisins var gerð ítarleg könnun á launamun og viðhorfum karla og kvenna til starfa sinna. Greinargerð þessari var dreift opinberlega til stofnana fjármálaráðuneytisins og víðar.

Í fjórða lagi hefur fjármálaráðherra áréttað sérstaklega í erindisbréfum til forstöðumanna skv. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að í störfum sínum skuli þeir gæta jafnréttis milli karla og kvenna.

Í fimmta lagi er í jafnréttisáætlun félagsmálaráðherra, sem nú liggur fyrir hjá Alþingi, gert ráð fyrir að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins. Í 4. tölul. III. kafla áætlunarinnar er getið verkefna einstakra ráðuneyta og er verkefnum fjármálaráðuneytisins lýst þar í átta töluliðum, en þeir eru: feðraorlof, ný starfsmannastefna ríkisins og jafnréttismál, áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna, reglur um starfslýsingar, fræðsla til yfirmanna opinberra stofnana, átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins, jafnréttisnefnd í fjármálaráðuneytinu og endurskoðun á eyðublöðum.

Ekkert verður fullyrt um hvort viðhorf stjórnenda og starfsmanna hefur breyst til launa karla og kvenna en eins og fram kom í fyrri hluta skýrslunnar eru breytingarnar allmismunandi eftir félögum á árunum 1991–95. Varlegt er að ætla að stórstígar breytingar hafi orðið á árunum 1996–97. Þó verður að hafa í huga að 1996 voru sett ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og 1997 voru gerðir kjarasamningar við alla starfsmenn ríkisins sem voru um margt frábrugðnir fyrri samningum.

Hvort konur hafa notið stöðuhækkana umfram karla á undanförnum árum er ógerlegt að svara fyrir ríkisstarfsmenn í heild. Aftur á móti var kannað sérstaklega hvernig þessu háttaði varðandi embættismenn sem falla undir úrskurðarvald kjaranefndar. Þann fyrirvara verður þó að hafa á þeirri athugun að frá því að lög um Kjaradóm og kjaranefnd voru sett árið 1992 hafa orðið verulegar breytingar á því hverjir falla undir þau. Árið 1992 féllu 74 embættismenn undir úrskurðarvald kjaranefndar. Þar af voru tvær konur. Árið 1997 féllu 468 embættismenn undir úrskurðarvald kjaranefndar. Þar af voru 46 konur.

Í þessari talningu er presta ekki getið, en árið 1992 voru þeir 126 talsins. Þar af voru 14 kvenprestar. Á árinu 1997 voru prestar 142 talsins. Þar af voru 22 kvenprestar.

1409. Frumvarp til laga [507. mál]

um húsnæðismál.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Tilgangur og orðskýringar.
1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

2. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Almenn lán eru þær lánveitingar sem fólgnar eru í skiptum á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin eru út með veði í íbúðarhúsnæði.

Fasteignaveðbréf eru skuldabréf sem kaupandi eða eigandi íbúðarhúsnæðis gefur út með veði í íbúðarhúsnæði í tengslum við fasteignaviðskipti, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði.

Félagasamtök merkja almenn félög eða almannasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það langtímamarkmið að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna.

Félög merkja félög sem rekin eru að hætti samvinnufélaga, hlutafélaga, einkahlutafélaga, sjálfseignarstofnana eða félaga með ótakmarkaðri ábyrgð er hafa að markmiði að byggja, eiga og reka leiguhúsnæði.

Húsbréf eru markaðshæf skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs í tengslum við lánveitingar hans.

Húsnæðisbréf eru skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs og sjóðurinn selur á almennum markaði í því skyni að afla fjár til starfsemi sinnar.

Húsnæðislán nefnast þær lánveitingar sem Íbúðalánasjóður annast samkvæmt lögum þessum.

Lán til leiguíbúða eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, aðilum á þeirra vegum, félögum eða félagasamtökum til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði með veði í hlutaðeigandi eign.

Viðbótarlán eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir einstaklingum til viðbótar almennu húsnæðisláni til öflunar eigin húsnæðis með veði í hlutaðeigandi eign, næst á eftir fasteignaveðbréfi, eftir tilvísun húsnæðisnefndar sveitarfélags.

2. ÞÁTTUR
Stjórn húsnæðismála.
II. KAFLI
Skipulag.
3. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

4. gr.
Íbúðalánasjóður.

Stofna skal sérstakan lánasjóð er nefnist Íbúðalánasjóður. Íbúðalánasjóður skal annast stjórn og framkvæmd húsnæðismála samkvæmt lögum þessum. Skal sjóðurinn vera ráðgefandi fyrir félagsmálaráðherra og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum og fara með þau verkefni sem getið er í lögum þessum og ráðherra felur honum með reglugerð. Félagsmálaráðherra getur krafið stjórn Íbúðalánasjóðs um gögn og upplýsingar sem snerta málefni sjóðsins.

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins er lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir félagsmálaráðherra.

5. gr.
Sveitarstjórnir.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á og hefur frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn fylgjast með þörf á húsnæði í sveitarfélaginu.

6. gr.
Húsnæðisnefndir.

Sveitarstjórnir skipa húsnæðisnefndir sveitarfélaga.

Húsnæðisnefndir sveitarfélaga fara með stjórn og samræmingu húsnæðismála á vegum sveitarfélags.

III. KAFLI
Íbúðalánasjóður.
7. gr.
Stjórn.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Íbúðalánasjóðs til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna, en stjórn sjóðsins skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

8. gr.
Framkvæmdastjóri.

Stjórn Íbúðalánasjóðs ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Hann annast daglegan rekstur skrifstofu sjóðsins, fjárreiður og reikningsskil. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

9. gr.
Verkefni.

Verkefni Íbúðalánasjóðs eru:

1. Að annast lánveitingar og sinna húsbréfaviðskiptum í samræmi við ákvæði laga þessara.
2. Að annast lánveitingar til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði.
3. Að hafa umsjón með fjárhag, rekstri og annarri starfsemi Íbúðalánasjóðs og gæta þess að sjóðurinn starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
4. Að gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn í samræmi við ákvæði fjárlaga þar sem fram komi sundurliðaður áætlaður rekstrarkostnaður.
5. Að koma á framfæri við almenning upplýsingum um hlutverk og þjónustu Íbúðalánasjóðs.
6. Að stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, m.a. með veitingu lána eða styrkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.
7. Að fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði.
8. Að sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur sjóðnum með reglugerð á sviði húsnæðismála.

10. gr.
Tekjur.

Íbúðalánasjóður fjármagnar þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum með þeim hætti sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með útgáfu húsbréfa.
3. Með sölu húsnæðisbréfa og lántöku samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

11. gr.
Varsla.

Íbúðalánasjóður skal varðveita og ávaxta það fé sem hann hefur umsjón með. Stjórn Íbúðalánasjóðs getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að fela öðrum varðveislu eigna sjóðsins, að nokkru leyti eða öllu. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra.

12. gr.
Skipulag.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fenginni tillögu stjórnar Íbúðalánasjóðs, frekari verkefni og skipulag sjóðsins, þar á meðal skiptingu hans í svið eða deildir að því leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum.

IV. KAFLI
Húsnæðisnefndir.

13. gr.
Skipan.

Sveitarstjórn skipar húsnæðisnefnd að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nefndina skipa þrír til fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal kjörinn af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

14. gr.
Verkefni.

Helstu verkefni húsnæðisnefndar sveitarfélags eru:

1. Að gera árlega áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og að hafa milligöngu um, og geta átt frumkvæði að því, að aflað verði húsnæðis í því skyni og aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun.
2. Að leggja mat á þörf einstaklinga, sem búa við erfiðar aðstæður, á viðbótarláni og hvort þeir uppfylli skilyrði í því efni.
3. Að hafa milligöngu um töku lána hjá Íbúðalánasjóði fyrir hönd sveitarfélags til öflunar leiguhúsnæðis fyrir einstaklinga.
4. Að veita almennar upplýsingar og ráðgjöf um húsnæðismál og húsaleigusamninga.
5. Að aðstoða aldraða og fatlaða, svo og samtök þeirra við öflun húsnæðis, með ráðgjöf, við útboð, byggingarframkvæmdir, samningsgerð o.fl.

Jafnframt sér húsnæðisnefnd um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni á sviði húsnæðismála. Húsnæðisnefndir setja sér starfsreglur sem sveitarstjórnir skulu staðfesta og almenningur skal hafa greiðan aðgang að.

Húsnæðisnefnd er heimilt að taka gjöld fyrir þjónustu sem hún veitir skv. 1. mgr. og á grundvelli gjaldskrár sem sveitarstjórn staðfestir. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við þá þjónustu sem húsnæðisnefnd lætur einstaklingum í té.

3. ÞÁTTUR
Húsnæðislán.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.
Lánveitingar Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður annast lánveitingar samkvæmt eftirfarandi lánaflokkum:

1. *Almenn lán* skv. VI. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði.
2. *Viðbótarlán* til einstaklinga skv. VII. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á eigin íbúðarhúsnæði.
3. *Lán til leiguíbúða* til sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga skv. VIII. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu.

16. gr.
Aðrir lánaflokkar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að stofna til nýrra lánaflokka. Gert skal ráð fyrir öllum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram.

Um nánari skilyrði lánveitinga samkvæmt þessari grein fer eftir því sem ákveðið er í lögum þessum og reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs.

17. gr.

Húsbréfadeild.

Til þess að annast almenn húsnæðislán skal Íbúðalánasjóður starfrækja húsbréfadeild. Fjárhagur húsbréfadeildar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Íbúðalánasjóðs. Hlutverk húsbréfadeildar er:

1. Að gefa út flokka markaðshæfra húsbréfa í nafni Íbúðalánasjóðs með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.
2. Að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum.
3. Að stuðla að því að greið sala sé á húsbréfum á markaði.
4. Að gæta þess að inn- og útgreiðslur vegna fasteignaveðbréfa og húsbréfa standist á þannig að jafnvægi sé á hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjárstreymi fram í tímann.

VI. KAFLI
Almenn lán — húsbréf.

18. gr.

Greiðslumat.

Um skilyrði þess að húsbréfadeild samþykki skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf fer eftir viðmiðunarreglum sem stjórn Íbúðalánasjóðs setur um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt er húsbréfadeild heimilt að synja um skipti á skuldabréfum.

Við skipti á húsbréfum gegn fasteignaveðbréfum skv. 2. tölul. 17. gr. skal liggja fyrir mat á eftirfarandi þáttum:

1. Veðhæfni þeirrar fasteignar sem lögð er að veði fyrir tilgreindri skuld.
2. Greiðslugetu skuldara.
3. Verðmæti húsbréfa og fasteignaveðbréfa miðað við markaðsvexti sambærilegra verðbréfa á viðskiptadegi. Sé ekki unnt að miða við vexti á viðskiptadegi skal miða við nýjustu og bestu heimildir um markaðsvexti.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um að annast mat skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr. og hafa með höndum samskipti útgefanda fasteignabréfa við húsbréfadeild. Jafnframt má ákveða í reglugerð að mat skv. 1. tölul. 2. mgr. megi fela sérstökum trúnaðarmönnum.

19. gr.

Fasteignaveðbréf.

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, og hafa sömu lánskjör og þau húsbréf, sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, sbr. 24. gr., að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 28. gr.

Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild kaupir vegna hverrar fasteignar.

20. gr.

Matsverð.

Stjórn Íbúðalánasjóðs setur reglur, sem félagsmálaráðherra staðfestir, um eðlilegt matsverð fasteigna sem skulu byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði.

21. gr.

Lánstími og lánskjör.

Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 40 ár. Ráðherra skal kveða nánar á um lánstíma einstakra lánaflokka í reglugerð.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða þeim degi sem aðilar koma sér saman um.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbréfa.

22. gr.

Hlutkesti.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem sýslumaður hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram skal auglýsa með tveggja mánaða fyrirvara númerin á húsbréfunum sem upp hafa komið til innlausnar. Skal kveða nánar á um framkvæmd þessa í reglugerð.

23. gr.

Aukaafborganir.

Skuldurum fasteignaveðbréfa er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða að endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga. Til að jafna fjárstreymi vegna slíkra endurgreiðslna er heimilt að innleysa útgefin húsbréf eftir hlutkesti, sbr. 22. gr.

24. gr.

Greiðslukjör húsbréfa.

Húsbréf skulu gefin út í verðbréfaflokkum og skulu öll bréf í sama flokki bera sömu upphæð. Stjórn Íbúðalánasjóðs gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki. Félagsmálaráðherra tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

25. gr.

Gjaldfallin húsbréf.

Endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta af húsbréfum, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan tíu ára frá gjalddaga. Húsbréf bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga. Um ógildingu húsbréfa fer eftir almennum lögum.

26. gr.

Verðbréfaviðskipti.

Húsbréf skulu skráð á verðbréfaþingi eða í kauphöll.

Fyrirtækjum sem leyfi hafa til verðbréfaviðskipta og annast viðskipti með húsbréf er skylt að hafa á reiðum höndum, og aðgengilega, nýjustu skráningu á gengi húsbréfa fyrir við-

skiptaaðila sína. Viðskiptaaðilum er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta söluverðs eða kaupverðs sem opinbert er, án þess að koma opinberlega slíku kaup- eða sölutilboði á framfæri. Fyrirtækjum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að tilkynna öll viðskipti sem þau annast jafnharðan til þess verðbréfaþings eða kauphallar sem annast skráningu húsbréfa.

27. gr.

Eftirlit.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með því að starfsemi húsbréfadeildar sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer eftir ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands. Haft skal eftirlit með útgáfu húsbréfa og fjárhag húsbréfadeildar. Skal Íbúðalánasjóður veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar. Í þeim mæli sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu húsbréfadeildar hefur það rétt til að afla upplýsinga og láta fara fram vettvangsrannsóknir hjá öðrum deildum Íbúðalánasjóðs.

Auk eftirlits með húsbréfadeild skv. 1. mgr. skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á eftirmarkaði á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og laga um verðbréfasjóði.

Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabankinn skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf.

28. gr.

Vaxtaálag.

Húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Félagsmálaráðherra ákveður vaxtaálag þetta, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

29. gr.

Reglugerð.

Félagsmálaráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfaviðskipta, þar á meðal um skyldur fasteignasala til þess að veita upplýsingar um gengi húsbréfa.

VII. KAFLI
Viðbótarlán.

30. gr.

Lánveiting.

Að beiðni húsnæðisnefndar sveitarfélags veitir Íbúðalánasjóður einstaklingum sem rétt eiga á almennu láni til kaupa á eigin íbúð viðbótarlán sem má nema allt að 25% af matsverði íbúðar. Heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði (almennt lán og viðbótarlán) getur þó aldrei orðið hærra en 90% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að almennt lán og viðbótarlán séu innan þessara marka.

Að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga setur ráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð um skilyrði lánveitinga skv. 1. mgr. Við veitingu viðbótarlána skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis.

Að höfðu samráði við stjórn Íbúðalánasjóðs er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu almenns láns skv. 18. gr. til einstaklinga sem hyggjast taka bæði almennt lán og viðbótarlán.

Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda viðbótarlána skv. 1. mgr. ef fyrirséð er að víkja verður frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eða þau raski í verulegum atriðum fjárhag þess.

31. gr.

Lánskjör viðbótarlána.

Viðbótarlán skulu vera að fullu verðtryggð og skal höfuðstóll lánsins miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á hverjum tíma.

Viðbótarlán eru afborgunarlaus fyrsta árið.

Hámarkslánstími viðbótarlána skal vera 40 ár. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um lánstíma í reglugerð.

Viðbótarlán endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt neysluvísitölu á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar viðbótarlána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Íbúðalánasjóði er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af viðbótarlánum skulu taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lögbirtingablaði.

Um lánskjör og matsverð fasteigna skulu að öðru leyti gilda meginreglur VI. kafla laga þessara um fasteignaveðbréf eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Sala íbúðar með viðbótarláni.

Eiganda íbúðar sem á hvílir viðbótarlán er heimilt að selja íbúð sína, enda greiði hann annaðhvort upp viðbótarlánið eða afli samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku kaupanda á láninu. Að höfðu samráði við húsnæðisnefnd sveitarfélags skal Íbúðalánasjóður við þær aðstæður gæta þess að nýr kaupandi sem ætlað er að yfirtaka viðbótarlánið uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til þeirra sem ætluð eru slík lán.

VIII. KAFLI
Lán til leiguíbúða.

33. gr.

Almennt.

Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa leiguíbúða.

Samþykktir eða stofnskrár félaga og félagasamtaka skv. 1. mgr. skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra áður en þau eru skráð og hefja starfsemi sína.

34. gr.

Samþykktir.

Í samþykktum félaga og félagasamtaka skulu vera ákvæði um eigið fé, fjárhagslega ábyrgð, skipun stjórnar, fjölda stjórnarmanna, kjör stjórnarmanna, fundarboðun, hver geti skuldbundið félagið, reikningsár og endurskoðun og ráðstöfun eigin fjár við slit félags. Í reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, skal setja nánari fyrirmæli um efni samþykkta félaga og félagasamtaka, svo og skilyrði um eigið fé og fjárhagslega ábyrgð slíkra aðila.

Félagsmálaráðherra lætur gera fyrirmyndir að samþykktum skv. 1. mgr.

Félagsmálaráðuneytið heldur skrá yfir félög og félagasamtök sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra. Allar breytingar á samþykktum slíkra aðila skulu tilkynntar félagsmálaráðuneytinu þegar í stað.

Samþykktir, sem félagsmálaráðuneytið hefur þegar staðfest vegna félaga og félagasamtaka, sem undir lög þessi falla, halda gildi sínu.

35. gr.

Lánsumsóknir.

Þegar sótt er um lán til leiguíbúða skv. 33. gr. skal koma fram í lánsumsókn fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar. Einnig skal fylgja greinargerð um útvegun nauðsynlegs viðbótarfjár. Að lokinni athugun tekur Íbúðalánasjóður ákvörðun um hvort framkvæmdin og lánveiting falli að settum skilyrðum fyrir láni.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að hafna lánsumsókn ef íbúðarhúsnæði telst óvandað eða ófullnægjandi að mati stjórnar sjóðsins.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um skilyrði lána til leiguíbúða, þar á meðal um gerð íbúða, stærðir þeirra, hagkvæmni og byggingarkostnað, svo og úrræði til þess að tryggja sem lægst íbúðarverð.

36. gr.

Lánskjör.

Lán til leiguíbúða sem veitt eru sveitarfélögum, félagasamtökum og félögum til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði skulu tryggð með veði í hlutaðeigandi íbúð. Lánin skulu vera að fullu verðtryggð og höfuðstóll þeirra miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á hverjum tíma.

Lán til leiguíbúða mega nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, þó aldrei meira en 90% af þeim kostnaðargrundvelli af lánveitingu sem stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt.

Lánstími lána skv. 1. og 2. mgr. má nema allt að 50 árum. Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum á lánstímanum. Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af lánum til leiguíbúða skulu vera breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lögbirtingablaði.

37. gr.

Ráðstöfun leiguhúsnæðis.

Um rétt til leiguhúsnæðis fer eftir félagslegum aðstæðum umsækjanda og því hvort tekjur hans og eignir eru innan tekju- og eignamarka sem nánar skulu ákveðin í reglugerð er félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um ráðstöfun íbúðarhúsnæðis sem húsnæðissamvinnufélög hafa fengið lán til byggingar eða kaupa á samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer að öðru leyti eftir lögum um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Aðilum, sem byggja eða kaupa leiguíbúðir, er heimilt að selja leigutaka, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr., eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfð-

ur í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs, án vaxta. Nánari reglur um eignarhlut leigutaka skulu settar í reglugerð.

Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán til leiguhúsnæðis nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs.

38. gr.

Leiguíbúðir sveitarfélaga.

Sveitarfélagi er heimilt að stofna hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða félag með ótakmarkaðri ábyrgð er annist útleigu íbúða í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn er heimilt að leggja slíku félagi til íbúðir í eigu sveitarfélags, ásamt þeim skuldbindingum sem þeim fylgja.

Áður en skráning hlutafélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðherra.

Stofni sveitarfélag hlutafélag skv. 1. mgr. skal allt hlutafé þess vera í eigu sveitarfélags og skal sala þess óheimil án samþykkis félagsmálaráðherra. Að öðru leyti skulu ákvæði laga um hlutafélög gilda um slíkt félag eftir því sem við getur átt.

Sveitarfélag er leggur félagi skv. 1. mgr. til íbúðir í eigu sveitarfélagsins ber áfram ábyrgð á þeim fjárhagsskuldbindingum sem til hefur verið stofnað vegna byggingar eða kaupa slíkra íbúða.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði þess að sveitarstjórn megi stofna félag skv. 1. mgr., hvað skuli koma fram í samþykktum þess og hvernig skuli hagað yfirfærslu eigna og skulda til slíks félags.

39. gr.

Leigufjárhæð.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að mánaðarlegt leigugjald íbúða sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skuli miðast við afborganir og vexti af slíku láni og vaxtakostnað af framlagi eiganda íbúðar auk almenns rekstrarkostnaðar. Víki lántakandi frá viðmiðunarleiguupphæð er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að gjaldfella lán til leiguhúsnæðis sem veitt hefur verið.

40. gr.

Eftirlit með félögum og félagasamtökum.

Félög og félagasamtök samkvæmt lögum þessum skulu láta Íbúðalánasjóði í té bókhaldsgögn, ársskýrslur og upplýsingar um framkvæmdir, húsbyggingar, ráðstöfun leiguhúsnæðis og ákvörðun leigufjárhæðar óski Íbúðalánasjóður eftir því.

Komi í ljós að félög eða félagasamtök hafi vikið frá skilyrðum lánveitinga eða um ráðstöfun leiguhúsnæðis er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lán.

4. ÞÁTTUR
Önnur ákvæði.

IX. KAFLI
Kærunefnd húsnæðismála.

41. gr.

Skipan.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd húsnæðismála til þriggja ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að skera úr ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda samkvæmt lögum þessum.

Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna og skal hann fullnægja almennum skilyrðum til þess að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan átta vikna frá því nefndinni barst mál til úrskurðar.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

42. gr.

Valdsvið.

Telji umsækjandi um lán eða lánþegi á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd laga þessara getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu Íbúðalánasjóðs til kærunefndar húsnæðismála.

Telji umsækjandi um viðbótarlán eða lánþegi slíks láns á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi, við framkvæmd laga þessara getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

Úrskurði kærunefndar húsnæðismála verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar og skrifstofuhald.

X. KAFLI
Varasjóður.

43. gr.

Stjórn.

Starfræktur skal sérstakur varasjóður í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga sem Íbúðalánasjóður varðveitir. Félagsmálaráðherra skipar stjórn varasjóðs til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír stjórnarmenn ásamt varamönnum skulu skipaðir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn ásamt varamanni eftir tilnefningu fjármálaráðherra og einn ásamt varamanni af félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann stjórnarinnar og varamann hans og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Kostnaður við störf stjórnar varasjóðs greiðist úr varasjóði.

44. gr.

Hlutverk.

Varasjóðurinn bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Þegar fyrirsjáanlegt er að ábyrgð eða kostnaður muni falla á varasjóðinn skal Íbúðalánasjóður tilkynna stjórn varasjóðs slíkt.

Varasjóðurinn skal aðskilinn frá öðrum fjárhag Íbúðalánasjóðs í bókhaldi og öðru reikningshaldi.

45. gr.

Framlög.

Til þess að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skv. 44. gr. greiða sveitarfélög tiltekinn hundraðshluta viðbótarlána sem framlag í varasjóð. Framlagið skal í upphafi nema 5,0% af

viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Viðbótarlán, sbr. 30. gr., skal ekki koma til útborgunar fyrr en framlag sveitarfélags í varasjóð hefur verið greitt.

Hundraðshluti framlaga sveitarfélaga skv. 1. mgr. skal endurskoðaður á a.m.k eins árs fresti. Félagsmálaráðherra er með reglugerð heimilt að hækka eða lækka hlutfallið, að fenginni slíkri endurskoðun og umsögn Seðlabanka Íslands.

Nánari ákvæði um varasjóð, samskipti Íbúðalánasjóðs og varasjóðs og uppgjör tjóna skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra gefur út að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

46. gr.
Þinglýsing og stimpilgjald.

Ekki skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns. Þá skal ekki greiða stimpilgjald af heimildarbréfi fyrir íbúð þegar viðbótarlán er veitt til kaupa á henni. Kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Skuldabréf, sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga þessara, eru stimpilfrjáls.

47. gr.
Afskriftir.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins sem glatað hafa veðtryggingu við nauðungarsölu íbúðar.

Félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs, reglugerð um nánari framkvæmd innheimtu krafna skv. 1. mgr. og um skilyrði fyrir afskriftum samkvæmt þessari grein.

48. gr.
Greiðsluvandi.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að veita lán til allt að 15 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr., að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., í allt að þrjú ár og leggja þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Lán skv. 1. mgr. og frestun á greiðslu skv. 2. mgr. geta farið saman.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og lánþegum eldri lána, sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika. Skilyrði er að greiðsluvandi sé tilkominn vegna ófyrirséðra atvika eða endurskipulagningar á fjárhag félags eða félagasamtaka, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

49. gr.

Gjaldtaka.

Félagsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs, lántökugjöld, gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum og gjöld vegna skuldbreytinga, veðleyfa og veðbandslausna, svo og gjöld vegna annarrar sambærilegrar þjónustu. Heimilt er að jafna kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn.

50. gr.

Reglugerð.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

51. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum.

XII. KAFLI

Gildistaka og lagaskil.

52. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði I til bráðabirgða skulu þó halda gildi sínu. Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði II til bráðabirgða og snerta innlausn félagslegra íbúða og útreikning innlausnarverðs. Enn fremur halda gildi sínu þau ákvæði sem vísað er til í ákvæði IV til bráðabirgða og varða réttarstöðu eigenda félagslegra íbúða, svo og þær greinar sem vísað er til í ákvæði V til bráðabirgða og snerta réttarstöðu þeirra sem gert hafa samninga um leigu á félagslegum leiguíbúðum og kaupleiguíbúðum. Loks skulu þau ákvæði laga nr. 97/1993, sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða VII um meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir, halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra gefa út þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem halda skulu gildi sínu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 13. gr. um skipan húsnæðisnefnda öðlast gildi þegar í stað og koma fyrst til framkvæmda eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Frá sama tíma fellur úr gildi 39. gr. laga nr. 97/1993. Ákvæði 55. gr. um undirbúningsnefnd og 56. gr. um matsnefnd öðlast gildi þegar í stað. Félagsmálaráðherra skal skipa nefndir þessar eigi síðar en 1. júní 1998.

Ákvæði 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða VII öðlast gildi þegar í stað.

Við gildistöku laganna skal Húsnæðisstofnun ríkisins lögð niður. Íbúðalánasjóður skal þá taka við hlutverki, réttindum, öllum eignum, skyldum og skuldbindingum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

53. gr.

Sameining sjóða.

Við gildistöku laga þessara skulu Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir. Frá sama tíma tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs

verkamanna. Réttindi og undanþágur sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna njóta samkvæmt gildandi lögum skulu taka til Íbúðalánasjóðs.

Greiðslu- og vistunarstaður skuldaskjala, sem eru í eigu eða til innheimtu hjá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna, verður hjá Íbúðalánasjóði þegar hann tekur til starfa. Íbúðalánasjóður tekur við öllum réttindum og öllum skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu þeirra eða aðild að dómsmálum sem þeir reka eða rekin eru gegn þeim. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Skulu þær birtast með u.þ.b. tveggja vikna millibili, hin fyrri a.m.k. 30 dögum áður en Íbúðalánasjóður tekur til starfa. Ákvæði í veðskuldabréfum, sem gefin hafa verið út vegna lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, skulu að öðru leyti halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skal Tryggingarsjóður vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993 lagður niður. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal frá sama tíma taka við og varðveita sérstaklega framlög annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga sem runnið hafa til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Jafnframt tekur Íbúðalánasjóður við því hlutverki að bæta meðan þörf gerist byggingargalla sem ekki teljast eðlilegt viðhald á íbúðum sem slíkir aðilar hafa byggt og af hefur verið greitt tryggingagjald. Þegar framangreindu hlutverki Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla telst lokið skulu þeir fjármunir sem þá standa eftir endurgreiddir þeim framkvæmdaraðilum í hlutfalli við framlög þeirra til sjóðsins.

Við gildistöku laga þessara tekur varasjóður skv. X. kafla laga þessara og ákvæði til bráðabirgða VIII við þeim hluta sveitarfélaga sem þau hafa lagt til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla.

54. gr.

Skipun stjórnar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal skipuð í fyrsta sinn frá og með 1. janúar 1999. Á sama tíma lýkur skipunartíma núverandi húsnæðismálastjórnar og til starfa tekur stjórn Íbúðalánasjóðs samkvæmt þessum lögum.

55. gr.

Undirbúningsnefnd.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga, sem eru nauðsynlegir vegna fyrirhugaðrar starfrækslu Íbúðalánasjóðs. Við gildistöku laga þessara skal Íbúðalánasjóður bundinn við þá löggerninga. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Undirbúningsnefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem hún fer með. Skulu stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar veita nefndinni alla nauðsynlega aðstoð sem hún óskar eftir.

Kostnaður við störf undirbúningsnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

56. gr.

Matsnefnd.

Félagsmálaráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna til þess að leggja mat á allar eignir og skuldir Húnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og annarra sjóða sem Húsnæðisstofnun ríkisins fer með eða varðveitir. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. mars 1999. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Matsnefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem hún fer með. Skulu stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar veita nefndinni nauðsynlega aðstoð.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði laga nr. 97/1993.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu eftirtalin ákvæði laga nr. 97/1993, með síðari breytingum, ásamt fyrirsögnum einstakra greina, halda gildi sínu, að því er snertir lán sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og eftir því sem við getur átt: 2.–4. mgr. 16. gr., 36. gr., 44. gr., 46. gr., 9.–13. mgr. 52. gr., 3. og 4. mgr. 58. gr. a, 64. gr., 2. mgr. 68. gr., 77. gr., 79. gr., 1., 3. og 4. mgr. 82. gr., 83.–86. gr., 93. gr. a og ákvæði IV til bráðabirgða í þeim lögum, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum þessum.

Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæðum til bráðabirgða II, IV, V og VII í lögum þessum.

Telji aðili sem borið getur réttindi og skyldur samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–V og VII á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi, við framkvæmd á þeim ákvæðum getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála skv. IX. kafla laga þessara.

II.

Innlausn eldri íbúða.

Með íbúðir sem sveitarfélög hafa innleyst og ekki hefur verið endurúthlutað á grundvelli eldri laga við gildistöku laga þessara og íbúðir sem sveitarfélög innleysa eftir gildistöku laga þessara skal farið samkvæmt lögum þessum.

Kaupskylda sveitarfélags eða annars framkvæmdaraðila sem kann að vera til staðar eftir að félagsleg íbúð hefur verið innleyst fellur niður eftir það.

Ákveði sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili að nýta sér forkaupsrétt á félagslegri íbúð eða kaupleiguíbúð, sem boðin er til sölu, fellur slíkur réttur niður eftir að íbúð hefur verið ráðstafað á ný. Sveitarstjórn eða framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

Kaupskylda sveitarfélags við nauðungarsölu íbúðar skv. 86. gr. laga nr. 97/1993 skal ekki vara lengur en í 15 ár frá útgáfu síðasta afsals.

Á meðan kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélaga á félagslegu húsnæði varir samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, skulu húsnæðisnefndir, þar sem þær eru starfandi, annast meðferð mála vegna þeirra íbúða sem ganga til sveitarfélaga.

Um útreikning á innlausnarverði félagslegra íbúða, sem sveitarfélög leysa til sín skv. 1. mgr., skal beita fyrirmælum 1. og 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993. Hafi íbúð verið byggð eftir gildistöku laga nr. 51/1980 skal enn fremur gæta ákvæða 1. og 2. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993, en annars 1.– 3. og 8. mgr. 89. gr. laga nr. 97/1993, hafi íbúðin verið byggð fyrir gildistöku fyrrnefndra laga. Um íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna fer eftir ákvæðum 90. gr. laga nr. 97/1993. Stjórn varasjóðs skv. 43. gr. laga þessara skal fjalla um heimildir húsnæðisnefnda skv. 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993.

III.

Ráðstöfun innleystra íbúða.

Íbúð sem sveitarstjórn hefur leyst til sín samkvæmt ákvæðum eldri laga getur hún ráðstafað þannig:

1. Sveitarstjórn getur ákveðið að selja íbúðina á almennum markaði. Áður skal hún greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins.
2. Sveitarstjórn getur ákveðið að leigja íbúðina út. Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Við þær aðstæður skal sveitarfélagið eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara.

Á næstu tveimur árum eftir gildistöku laga þessara er sveitarfélögum heimilt eftir tillögu húsnæðisnefnda sveitarfélaga að ákveða að tiltekinn hluti árlegra viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða, enda taki söluverð slíkra íbúða mið af markaðsverði íbúða á viðkomandi svæði.

IV.

Sala og ráðstöfun eignaríbúða.

Eftir gildistöku laga þessara getur eigandi félagslegrar eignaríbúðar hvenær sem er, að virtum ákvæðum um forkaupsrétt sveitarfélaga, selt íbúð sína á almennum markaði, greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Forkaupsréttur sveitarfélaga skal aldrei vera lengri en 30 ár frá útgáfu síðasta afsals íbúðar. Sveitarstjórn er heimilt að stytta þann tíma hvenær sem er.

Um réttarstöðu eigenda félagslegra eignaríbúða fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í 70.–71. gr. laga nr. 97/1993 eftir því sem við getur átt og með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

V.

Leigu- og kaupleiguíbúðir.

Samningar, sem einstaklingar hafa gert um félagslegar leiguíbúðir, halda gildi sínu. Um samskipti leigutaka og framkvæmdaraðila gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga. Um leigugjald gilda ákvæði 73. gr. laga nr. 97/1993.

Samningar, sem einstaklingar hafa gert um kaupleiguíbúðir, halda gildi sínu. Um réttarstöðu slíkra aðila og um samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 72. gr., 2., 3., 5. og 6. mgr.73. gr. og 76. gr. laga nr. 97/1993 með þeim takmörkunum þó sem í lögum þessum greinir.

Einstaklingur, sem hefur kauprétt vegna íbúðar sem hann hefur á leigu, sbr. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 97/1993, heldur þeim rétti. Um lánveitingar og lánskjör vegna slíkra kaupa fer eftir ákvæðum laga þessara.

VI.

Framkvæmdaíbúðir.

Framkvæmdalánssamningar, sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur gert fyrir gildistöku laga þessara skv. 58. gr. laga nr. 97/1993, skulu halda gildi sínu.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal staðfesta lok framkvæmda og byggingarkostnað íbúða, sem fullgerðar eru eftir gildistöku laga þessara, með úttekt sinni.

Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili skal skila lokauppgjöri á byggingarkostnaði innan mánaðar frá því er framkvæmdalánssamningur rann út eða lokaúttekt fór fram.

Að uppfylltu ákvæði 3. mgr. skulu greiddar eftirstöðvar framkvæmdaláns sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur veitt.

Um ráðstöfun íbúða samkvæmt þessu ákvæði sem koma til afhendingar eftir gildistöku laga þessara fer eftir því sem segir í ákvæði til bráðabirgða VII.

VII.

Meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir.

Úthlutanir íbúða sem farið hafa fram og samningar sem gerðir hafa verið við einstaklinga um félagslegar eignaríbúðir, sem keyptar hafa verið eða eru á byggingarstigi, fyrir 1. júní 1998 skulu halda gildi sínu. Um meðferð slíkra íbúða, lánveitingar, réttarstöðu aðila og samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 42. gr., 43. gr., 51. gr., 1.–8. mgr. 52. gr., 2. mgr. 54. gr., 2. mgr. 56. gr., 57. gr., 58. gr., 1. og 2. mgr. 58. gr. a, 59.–61. gr., 64. gr., 1. mgr. 68. gr., 69. gr. og 78. gr. laga nr. 97/1993.

Með allar aðrar félagslegar eignaríbúðir sem eru á framkvæmdarstigi eða eru til endurúthlutunar við gildistöku laga þessara og ekki hefur verið úthlutað til einstaklinga fyrir 1. júní 1998 skal farið á grundvelli laga þessara hafi uppgjör og lánveitingar samkvæmt eldri lögum ekki verið lokið fyrir gildistöku laga þessara.

Um kaupskyldu, forkaupsrétt og ráðstöfun félagslegra eignaríbúða gilda fyrirmæli ákvæðis til bráðabirgða II og IV.

VIII.

Varasjóður.

Í varasjóð skv. X. kafla laga þessara skulu auk framlaga sveitarfélaga renna:

1. Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.
2. Söluhagnaður af íbúðum sem sveitarfélög hafa byggt og innleystar eru af hálfu sveitarfélaga og endurseldar með söluhagnaði.
3. Framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum vegna afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna.

Varasjóðurinn skal meðan þörf gerist bæta byggingargalla en ekki það sem telst eðlilegt viðhald á íbúðum sem sveitarfélög hafa byggt og af hefur verið greitt tryggingagjald samkvæmt ákvæðum 81. gr. laga nr. 97/1993.

Stjórn varasjóðsins skal nota söluhagnað af innleystum íbúðum, sbr. 2. tölul. 1. mgr., og framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, sbr. 3. tölul. 1. mgr., til þess að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða, þó aldrei fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Varasjóður skal starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 2. og 3. mgr. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að færa fé á milli deilda ef ástæða þykir til. Félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglur um nánari framkvæmd 2. og 3. mgr.

IX.

Könnun á leigumarkaði.

Við samþykkt laga þessara skal félagsmálaráðherra í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB vinna að úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár. Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram

framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni. Á meðan unnið er að áætlanagerð þessari og til ársloka 2000 er heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með óbreyttum lánskjörum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði.

1410. Breytingartillögur [507. mál]

við frv. til l. um húsnæðismál.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (MS, EKG, SF, ArnbS, PHB, KPál).

1. Við 52. gr. Orðin „og koma fyrst til framkvæmda eftir næstu sveitarstjórnarkosningar“ í 4. mgr. falli brott.
2. Við ákvæði til bráðabirgða VII.
   a. Í stað orðanna „sem keyptar hafa verið eða eru á byggingarstigi, fyrir 1. júní 1998“ í 1. mgr. komi: fyrir 15. júní 1998.
   b. Í stað dagsetningarinnar „1. júní“ í 2. mgr. komi: 15. júní.

Greinargerð.

Í ljósi þess að frumvarp til laga um húsnæðismál verður að lögum síðar en áætlað var er nauðsynlegt að leggja til að gerðar verði smávægilegar breytingar á 52. gr. frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða VII.

1411. Svar [608. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu B. Þorsteinsdóttur um skipan héraðsdómara, sýslumanna og forstöðumanna stofnana á vegum dómsmálaráðuneytis.

1. *Hversu margir*
   a. héraðsdómarar,
   b. sýslumenn eða
   c. forstöðumenn stofnana á vegum dómsmálaráðuneytis
   hafa verið skipaðir í embætti frá árinu 1991 eða í tíð núverandi ráðherra?

Alls hafa 49 héraðsdómarar verið skipaðir í tíð núverandi ráðherra, en þar af voru 35 skipaðir á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, 17 sýslumenn hafa verið skipaðir og níu forstöðumenn stofnana.

2. *Hversu margar konur voru meðal umsækjenda? — Óskað er eftir sundurliðun eftir embættum.*

Um stöðu héraðsdómara sóttu 47 konur og 112 karlar, en þar af óskuðu sjö konur og 27 karlar að njóta forgangsréttar til skipunar í embætti héraðsdómara skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 92/1989. Um stöðu sýslumanna sóttu sex konur og 131 karl og um stöðu forstöðumanna stofnana sóttu fjórar konur og 56 karlar.

3. *Hversu margir þeirra sem skipaðir hafa verið eru konur? — Óskað er eftir sundurliðun eftir embættum.*

Í stöðu héraðsdómara voru skipaðar níu konur, en þar af hlutu sjö skipun skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 92/1989. Ein kona var skipuð í stöðu sýslumanns og önnur í stöðu forstöðumanns stofnunar.

4. *Hversu margar voru taldar hæfar af dómnefnd eða stöðunefnd? — Óskað er eftir sundurliðun eftir embættum.*

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, skal dómnefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Í nefndinni sitja þrír menn og tilnefnir Hæstiréttur einn nefndarmann, dómarafélagið einn og Lögmannafélagið einn. Allar konur sem sótt hafa um stöðu héraðsdómara hafa verið taldar hæfar til að gegna því embætti að mati nefndarinnar.

Ekki er áskilið í lögum um að leitað skuli umsagnar um umsækjendur í stöðu sýslumanna.

Þau embætti forstöðumanna stofnana sem falla undir fyrirspurnina eru biskup Íslands, forstjóri Fangelsismálastofnunar Íslands, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, forstöðumaður Fangelsisins á Litla-Hrauni, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins.

Um veitingu framangreindra embætta, utan eins, er ekki áskilið að leitað skuli umsagnar. Í 4. mgr. 6. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962, segir að ráðherra skipi framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Ein kona var meðal umsækjenda, taldist hún hæf og hlaut skipun.

5. *Hversu margar eru stöður*
   a. héraðsdómara og
   b. hæstaréttardómara
   og hversu margar konur gegna þeim? — Óskað er eftir sundurliðun eftir embættisheiti.

Stöður héraðsdómara eru 38 og eru átta konur héraðsdómarar.

Stöður hæstaréttardómara eru níu og er ein kona hæstaréttardómari.

6. *Hvert er kynjahlutfall þeirra sem útskrifast hafa úr lagadeild Háskóla Íslands frá 1991 til dagsins í dag? — Óskað er eftir sundurliðun fyrir hvert ár.*

Samkvæmt upplýsingum frá lagadeild Háskóla Íslands er kynjahlutfall útskrifaðra lögfræðinga frá og með árinu 1991 til og með árinu 1997 eftirfarandi:

	konur	**karlar**
1991	18	23
1992	21	16
1993	27	28
1994	23	24
1995	25	23
1996	24	19
1997	17	25

1412. Svar [638. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um embættisveitingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða einstaklingar hafa verið ráðnir eða skipaðir í embætti af ráðherra í embættistíð hans?*
2. *Hvenær voru þeir ráðnir eða skipaðir og hverjir aðrir sóttu um viðkomandi embætti?*

Í eftirfarandi lista eru upplýsingar um hvaða einstaklingar hafa verið skipaðir í embætti af ráðherra í embættistíð hans, hvenær þeir voru skipaðir og hverjir aðrir sóttu um viðkomandi embætti. Tekið er fram að N.N. stendur fyrir umsækjanda sem óskað hefur nafnleyndar. Þeir umsækjendur á listanum sem merkt er við með stjörnu eru héraðsdómarar sem nutu forgangs til skipunar í embætti héraðsdómara skv. 2. mgr. 18. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Hæstaréttardómarar.

25.6.1991 Gunnar Guðmundsson
Umsækjendur:
1. Auður Þorbergsdóttir
2. Gunnar Guðmundsson
3. Sveinn Snorrason

19.8.1991 Pétur Kr. Hafstein
Umsækjendur:
1. Auður Þorbergsdóttir
2. Garðar Gíslason
3. Pétur Kr. Hafstein

23.12.1991 Garðar Gíslason
Umsækjendur:
1. Auður Þorbergsdóttir
2. Garðar Gíslason
3. Páll Sigurðsson

21.6.1994 Markús Sigurbjörnsson
Umsækjendur:
1. Allan Vagn Magnússon
2. Atli Gíslason
3. Bogi Nilsson
4. Ingibjörg Benediktsdóttir
5. Logi Guðbrandsson
6. Markús Sigurbjörnsson
7. Sigurður Hallur Stefánsson

9.8.1994 Gunnlaugur Claessen
Umsækjendur:
1. Erla Jónsdóttir
2. Gunnlaugur Claessen
3. Ingibjörg Benediktsdóttir
4. Sigurður Hallur Stefánsson
5. Valtýr Sigurðsson

17.8.1995 Arnljótur Björnsson
Umsækjendur:
1. Arnljótur Björnsson
2. Björn Þ. Guðmundsson
3. Hjördís Björk Hákonardóttir

Héraðsdómarar.

Héraðsdómari við héraðsdóm Austurlands.

18.2.1992 Ólafur Börkur Þorvaldsson
Umsækjandi: Ólafur Börkur Þorvaldsson

15.9.1997 Logi Guðbrandsson
Umsækjendur:
1. Bernhard Bogason
2. Erlingur Sigtryggsson
3. Hjalti Steinþórsson
4. Ingi Tryggvason
5. Ingveldur Einarsdóttir
6. Jón Sigfús Sigurjónsson
7. Logi Guðbrandsson

Héraðsdómari við héraðsdóm Norðurlands eystra.

5.11.1991 Ásgeir Pétur Ásgeirsson
Umsækjandi: * Ásgeir Pétur Ásgeirsson

5.11.1991 Freyr Ófeigsson
Umsækjandi: * Freyr Ófeigsson

24.2.1992 Ólafur Ólafsson
Umsækjandi: Ólafur Ólafsson

Héraðsdómari við héraðsdóm Norðurlands vestra.
12.3.1992 Halldór Halldórsson
Umsækjendur:
1. Halldór Halldórsson
2. Ingi Tryggvason

Héraðsdómari við héraðsdóm Reykjaness.
14.11.1991 Finnbogi H. Alexandersson
Umsækjandi: * Finnbogi H. Alexandersson
14.11.1991 Finnur Torfi Hjörleifsson
Umsækjandi: * Finnur Torfi Hjörleifsson
14.11.1991 Guðmundur L. Jóhannesson
Umsækjandi: * Guðmundur L. Jóhannesson
14.11.1991 Gunnar Aðalsteinsson
Umsækjandi: * Gunnar Aðalsteinsson
14.11.1991 Már Pétursson
Umsækjandi: * Már Pétursson
14.11.1991 Ólöf Pétursdóttir
Umsækjandi: * Ólöf Pétursdóttir
14.11.1991 Sigríður Ingvarsdóttir
Umsækjandi: * Sigríður Ingvarsdóttir
14.11.1991 Sigurður Hallur Stefánsson
Umsækjandi: * Sigurður Hallur Stefánsson
14.11.1991 Sveinn Sigurkarlsson
Umsækjandi: * Sveinn Sigurkarlsson
8.12.1997 Þorgeir Ingi Njálsson
Umsækjendur:
1. Arnfríður Einarsdóttir
2. Björn Ólafur Hallgrímsson
3. Greta Baldursdóttir
4. Hjalti Steinþórsson
5. Jón Finnbjörnsson
6. Jónas Jóhannsson
7. Júlíus B. Georgsson
8. Sigrún Guðmundsdóttir
9. Þorgeir Ingi Njálsson
10. Þorgerður Erlendsdóttir

Héraðsdómari við héraðsdóm Reykjavíkur.
14.11.1991 Arngrímur J. Ísberg
Umsækjandi: * Arngrímur J. Ísberg
14.11.1991 Allan Vagn Magnússon
Umsækjandi: * Allan Vagn Magnússon
14.11.1991 Auður Þorbergsdóttir
Umsækjandi: * Auður Þorbergsdóttir
14.11.1991 Eggert Óskarsson
Umsækjandi: * Eggert Óskarsson
14.11.1991 Hjördís Hákonardóttir
Umsækjandi: * Hjördís Hákonardóttir
14.11.1991 Friðgeir Björnsson
Umsækjandi: * Friðgeir Björnsson
14.11.1991 Sigríður Ólafsdóttir
Umsækjandi: * Sigríður Ólafsdóttir
14.11.1991 Jón L. Arnalds
Umsækjandi: * Jón L. Arnalds
14.11.1991 Kristjana Jónsdóttir
Umsækjandi: * Kristjana Jónsdóttir
14.11.1991 Steingrímur Gautur Kristjánsson
Umsækjandi: * Steingrímur Gautur Kristjánsson
14.11.1991 Ingibjörg Benediktsdóttir
Umsækjandi: * Ingibjörg Benediktsdóttir
14.11.1991 Guðjón S. Marteinsson
Umsækjandi: * Guðjón S. Marteinsson
14.11.1991 Helgi I. Jónsson
Umsækjandi: * Helgi I. Jónsson
14.11.1991 Hjörtur O. Aðalsteinsson
Umsækjandi: * Hjörtur O. Aðalsteinsson
14.11.1991 Pétur Guðgeirsson
Umsækjandi: * Pétur Guðgeirsson
14.11.1991 Jónas Gústavsson
Umsækjandi: * Jónas Gústavsson
14.11.1991 Páll Þorsteinsson
Umsækjandi: * Páll Þorsteinsson
14.11.1991 Valtýr Sigurðsson
Umsækjandi: * Valtýr Sigurðsson
14.11.1991 Ásgeir Friðjónsson
Umsækjandi: * Ásgeir Friðjónsson
14.11.1991 Garðar Gíslason
Umsækjandi: * Garðar Gíslason
14.11.1991 Sverrir Einarsson
Umsækjandi: * Sverrir Einarsson
3.4.1992 Sigríður Ingvarsdóttir
Umsækjendur:
1. Barði Þórhallsson
2. Bjarni Stefánsson
3. Greta Baldursdóttir
4. Halla Bachmann Ólafsdóttir
5. Jón Finnbjörnsson
6. Júlíus Magnússon
7. N.N.
8. Sigríður Ingvarsdóttir
9. Sigurður Tómas Magnússon
10. Sigurður Hallur Stefánsson

18.12.1992 Skúli J. Pálmason
Umsækjendur:
1. Bjarni Stefánsson

2. Greta Baldursdóttir
3. Halla Bachmann Ólafsdóttir
4. Ingveldur Þ. Einarsdóttir
5. Jón Finnbjörnsson
6. Jónas Jóhannsson
7. N.N.
8. Sigurður Tómas Magnússon
9. Skúli J. Pálmason
10. Þorsteinn Skúlason

31.12.1993 Sigurður Hallur Stefánsson
Umsækjendur:
1. Bjarni Stefánsson
2. Greta Baldursdóttir
3. Halla Bachmann Ólafsdóttir
4. Ingveldur Einarsdóttir
5. Jón Finnbjörnsson
6. Júlíus B. Georgsson
7. Kolbrún Linda Ísleifsdóttir
8. Sigurður Tómas Magnússon
9. Sigurður Hallur Stefánsson
10. Þorgerður Erlendsdóttir
11. Þorsteinn Skúlason

22.5.1996 Sigurður Tómas Magnússon
Umsækjendur:
1. Arnfríður Einarsdóttir
2. Benedikt Bogason
3. Bjarni Stefánsson
4. Greta Baldursdóttir
5. Halla Bachmann Ólafsdóttir
6. Hervör L. Þorvaldsdóttir
7. Ingi Tryggvason
8. Ingveldur Þ. Einarsdóttir
9. Jón Finnbjörnsson
10. Jónas Jóhannsson
11. Júlíus B. Georgsson
12. Ragnheiður Bragadóttir
13. Sigrún Guðmundsdóttir
14. Sigurður Tómas Magnússon
15. Sigurjóna Símonardóttir
16. Símon Sigvaldason
17. Þorgerður Erlendsdóttir

Héraðsdómari við héraðsdóm Suðurlands.
18.2.1992 Kristján Torfason
Umsækjandi: * Kristján Torfason
18.2.1992 Jón R. Þorsteinsson
Umsækjandi: * Jón R. Þorsteinsson
5.5.1992 Þorgeir Ingi Njálsson
Umsækjendur:
1. Kristrún Kristinsdóttir
2. Þorgeir Ingi Njálsson

6.6.1997 Ólafur Börkur Þorvaldsson
Umsækjendur:
1. Hjalti Steinþórsson
2. Ingveldur Einarsdóttir
3. Jón Finnbjörnsson
4. Júlíus B. Georgsson
5. Lárus Bjarnason
6. Ólafur Börkur Þorvaldsson
7. Ragnheiður Bragadóttir
8. Ragnheiður Thorlacius
9. Þorgerður Erlendsdóttir

27.2.1998 Jón Finnbjörnsson
Umsækjendur:
1. Ásgeir Magnússon
2. Guðmundur Kristjánsson
3. Hjalti Steinþórsson
4. Jón Finnbjörnsson
5. Jónas Jóhannsson
6. Ragnheiður Bragadóttir
7. Ragnheiður Thorlacius
8. Þorgerður Erlendsdóttir

Héraðsdómari við héraðsdóm Vestfjarða.
11.2.1992 Jónas Jóhannsson
Umsækjandi: Jónas Jóhannsson
Héraðsdómari við héraðsdóm Vesturlands.
12.2.1992 Hervör Þorvaldsdóttir
Umsækjendur:
1. Hervör Þorvaldsdóttir
2. Margrét Heinreksdóttir

Sýslumenn.
Sýslumaðurinn á Akureyri.
2.4.1996 Björn Jósef Arnviðarson
Umsækjendur:
1. Bjarni Stefánsson
2. Björn Jósef Arnviðarson
3. Björn Rögnvaldsson
4. Georg Kr. Lárusson
5. Guðgeir Eyjólfsson
6. Guðjón J. Björnsson
7. Guðmundur Kristjánsson
8. Leó E. Löve
9. Magnús Guðlaugsson
10. Páll Björnsson

11. Örlygur Hnefill Jónsson

Sýslumaðurinn á Blönduósi.
18.4.1994 Kjartan Þorkelsson
Umsækjendur:
1. Björn Rögnvaldsson
2. Einar Sigurjónsson
3. Guðmundur Benediktsson
4. Helgi Jóhannesson
5. Hilmar Baldursson
6. Jónas Guðmundsson
7. Kjartan Þorkelsson
8. Stefán Þ. Guðmundsson
9. Þorbjörn Árnason
10. Þorsteinn Pétursson

Sýslumaðurinn á Eskifirði.
1.2.1994 Inger L. Jónsdóttir
Umsækjendur:
1. Helgi Jensson
2. Hilmar Baldursson
3. Inger L. Jónsdóttir

Sýslumaðurinn á Hólmavík.
2.4.1996 Ólafur Þór Hauksson
Umsækjendur:
1. Guðjón Bragason
2. Jón Sigfús Sigurjónsson
3. Júlíus Kristinn Magnússon
4. Ólafur Þór Hauksson
5. Óskar Thorarensen
6. Runólfur Ágústsson
7. Þorsteinn Pétursson

Sýslumaðurinn á Ísafirði.
1.10.1991 Ólafur Helgi Kjartansson
Umsækjendur:
1. Björn Jóhannesson
2. Lárus Bjarnason
3. Ólafur Helgi Kjartansson

Sýslumaðurinn á Neskaupstað.
15.5.1992 Bjarni Stefánsson
Umsækjendur:
1. Birna S. Björnsdóttir
2. Bjarni Stefánsson
3. Björn Rögnvaldsson
4. Guðgeir Eyjólfsson
5. Guðmundur Þór Guðmundsson
6. N.N.

Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
12.7.1994 Björn Rögnvaldsson
Umsækjendur:
1. Björn Rögnvaldsson
2. Einar Sigurjónsson
3. Hilmar Baldursson
4. Júlíus Kristinn Magnússon
5. Sölvi Sölvason

Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
18.4.1994 Þórólfur Halldórsson
Umsækjendur:
1. Guðmundur Benediktsson
2. Guðmundur Björnsson
3. Hilmar Baldursson
4. Sölvi Sölvason
5. Þórólfur Halldórsson

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
19.2.1996 Ríkharður Másson
Umsækjendur:
1. Bjarni Stefánsson
2. Björn Rögnvaldsson
3. Eyþór Þorbergsson
4. Guðgeir Eyjólfsson
5. Hilmar Baldursson
6. Hjalti Steinþórsson
7. Ingimundur Einarsson
8. Jón Sigfús Sigurjónsson
9. Jónas Guðmundsson
10. Júlíus Kristinn Magnússon
11. Ólafur Jónsson
12. Ólafur Þór Hauksson
13. Ríkharður Másson
14. Sigurður Gunnarsson
15. Sólveig B. Gunnarsdóttir
16. Úlfar Lúðvíksson
17. Þorbjörn Árnason

Sýslumaðurinn á Siglufirði.
31.12.1993 Guðgeir Eyjólfsson
Umsækjendur:
1. Björn Rögnvaldsson
2. Guðgeir Eyjólfsson
3. Hilmar Baldursson
4. Ingi Tryggvason
5. Kjartan Þorkelsson
6. N.N.
7. Stefán Þ. Ólafsson

Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
11.2.1994 Stefán Skarphéðinsson
Umsækjendur:

1. Barði Þórhallsson
2. Björn Rögnvaldsson
3. Guðmundur Benediktsson
4. Kjartan Þorkelsson
5. Lárus Bjarnason
6. Stefán Skarphéðinsson

Sýslumaðurinn í Búðardal.
26.1.1993 Ólafur Stefán Sigurðsson
Umsækjendur:
1. Guðgeir Eyjólfsson
2. Hafþór Ingi Jónsson
3. Ingi Tryggvason
4. Júlíus Kristinn Magnússon
5. Ólafur Stefán Sigurðsson
6. Ólafur Sigurgeirsson
7. Pétur Kristinsson

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
31.3.1992 Guðmundur Sophusson
Umsækjendur:
1. Erlingur Óskarsson
2. Friðjón Guðröðarson
3. Guðmundur Sophusson
4. Jón Thors
5. Kristján Torfason
6. Lárus Bjarnason
7. Magnús Brynjólfsson
8. N.N.
9. N.N.
10. Ríkharður Másson
11. Rúnar Guðjónsson
12. Stefán Skarphéðinsson
13. Þorleifur Pálsson
14. Þorsteinn A. Jónsson

Sýslumaðurinn í Kópavogi.
31.3.1992 Þorleifur Pálsson
Umsækjendur:
1. Arnar Guðmundsson
2. Barði Þórhallsson
3. Friðjón Guðröðarson
4. Guðgeir Eyjólfsson
5. Jón Thors
6. Kristján Torfason
7. Magnús Brynjólfsson
8. N.N.
9. Ríkharður Másson
10. Rúnar Guðjónsson
11. Stefán Skarphéðinsson
12. Þorgerður Erlendsdóttir
13. Þorleifur Pálsson
14. Þorsteinn A. Jónsson

Sýslumaðurinn í Reykjavík.
31.12.1993 Rúnar Guðjónsson
Umsækjendur:
1. Barði Þórhallsson
2. Greta Baldursdóttir
3. Kristján Torfason
4. Magnús Brynjólfsson
5. N.N.
6. Rúnar Guðjónsson
7. Sigurmar Albertsson
8. Stefán Hirst
9. Þorsteinn A. Jónsson

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
26.2.1992 Ólafur K. Ólafsson
Umsækjendur:
1. Guðgeir Eyjólfsson
2. Jónas Guðmundsson
3. Kristrún Kristinsdóttir
4. N.N.
5. N.N.
6. Ólafur Helgi Árnason
7. Ólafur K. Ólafsson
8. Pétur Kristinsson
9. Ríkharður Másson

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
17.3.1992 Georg Kr. Lárusson
Umsækjendur:
1. Georg Kr. Lárusson
2. N.N.
3. N.N.
4. Ólafur Helgi Árnason

Forstöðumenn stofnana.

Biskup Íslands.
31.12.1997 Karl Sigurbjörnsson
Umsækjendur:
1. Auður Eir Vilhjálmsdóttir
2. Gunnar Kristjánsson
3. Karl Sigurbjörnsson
4. Sigurður Sigurðarson

Forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins.
28.5.1997 Þorsteinn A. Jónsson
Umsækjendur:
1. Kristinn Ólafsson

2. Þorsteinn A. Jónsson

Forstjóri Landhelgisgæslu Íslands.
30.7.1993 Hafsteinn Hafsteinsson
Umsækjendur:
1. Arnór Sigurjónsson
2. Ásgrímur Lárus Ásgrímsson
3. Baldur Bjartmarsson
4. Gísli Jón Kristjánsson
5. Guðjón Petersen
6. Gylfi Geirsson
7. Hafsteinn Hafsteinsson
8. Helgi Hallvarðsson
9. Hrafn Sigurhansson
10. Hreggviður Jónsson
11. Jón Sveinsson
12. N.N.
13. N.N.
14. N.N.
15. N.N.
16. Þorsteinn Þorsteinsson

Forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni.
5.3.1997 Kristján Stefánsson
Umsækjandi: Kristján Stefánsson

Framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins.
5.2.1996 Sólveig Þorvaldsdóttir
Umsækjendur:
1. Benedikt Þór Gústafsson
2. Garðar Lárusson
3. Gylfi Ástbjartsson
4. Harald S. Holvik
5. Jóhannes Reykdal
6. Leifur Benediktsson
7. Magnús Hallgrímsson
8. Sigurður Þórður Ragnarsson
9. Sigurvin R. Sigurðsson
10. Sólveig Þorvaldsdóttir
11. Tryggvi Felixson
12. Þorsteinn Þorsteinsson

Ríkislögreglustjóri.
16.12.1996 Bogi Nilsson
Umsækjendur:
1. Bogi Nilsson
2. Jónatan Þórmundsson
3. Stefán Hirst
4. Þórir Oddsson

30.1.1998 Haraldur Johannessen
Umsækjendur:
1. Arnar Guðmundsson
2. Georg Kr. Lárusson
3. Haraldur Johannessen
4. Hjördís Hákonardóttir
5. Stefán Hirst
6. Valtýr Sigurðsson
7. Þórir Oddsson

Ríkissaksóknari.
18.12.1997 Bogi Nilsson
Umsækjendur:
1. Bogi Nilsson
2. Páll Arnór Pálsson
3. Sigurður Gizurarson
4. Valtýr Sigurðsson

Skólastjóri Lögregluskóla ríkisins.
7.6.1993 Arnar Guðmundsson
Umsækjendur:
1. Arnar Guðmundsson
2. Arnar Jensson
3. Bjarni J. Bogason
4. Björgvin Björgvinsson
5. Gunnlaugur V. Snævarr
6. Helgi Skúlason
7. Magnús Einarsson
8. Ómar Smári Ármannsson
9. Þröstur Brynjólfsson

Annað.

Deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
12.1.1993 Fanney Óskarsdóttir
Umsækjandi: Fanney Óskarsdóttir
19.2.1993 Áslaug Þórarinsdóttir
Umsækjandi: Áslaug Þórarinsdóttir
22.4.1993 Margrét Hauksdóttir
Umsækjandi: Margrét Hauksdóttir
13.5.1996 Sigrún Jóhannesdóttir
Umsækjandi: Sigrún Jóhannesdóttir
28.6.1996 Björg Thorarensen
Umsækjandi: Björg Thorarensen

Saksóknari.
24.11.1992 Egill Stephensen
Umsækjendur:
1. Egill Stephensen
2. Guðjón Magnússon

23.6.1994 Sigríður Jósefsdóttir
Umsækjandi: Sigríður Jósefsdóttir

3.11.1997 Símon Sigvaldason
Umsækjendur:
1. Björn Ólafur Hallgrímsson
2. Sigríður J. Friðjónsdóttir
3. Símon Sigvaldason

Skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
1.7.1992 Þorsteinn A. Jónsson
Umsækjandi: Þorsteinn A. Jónsson
19.2.1993 Drífa Pálsdóttir
Umsækjandi: Drífa Pálsdóttir
1.3.1996 Sigurður Tómas Magnússon
Umsækjendur:
1. Hallgrímur Ásgeirsson
2. Sigurður Tómas Magnússon

29.8.1996 Björg Thorarensen
Umsækjandi: Björg Thorarensen
27.6.1997 Benedikt Bogason
Umsækjendur:
1. Benedikt Bogason
2. Fanney Óskarsdóttir
3. Margrét Hauksdóttir
4. Ragnheiður Harðardóttir

Varalögreglustjóri í Reykjavík.
16.12.1996 Haraldur Johannessen
Umsækjendur:
1. Bjarni Stefánsson
2. Elín Vigdís Hallvarðsdóttir
3. Guðjón Magnússon
4. Haraldur Johannessen
5. Hermann Guðmundsson
6. Jóhann Svanur Hauksson
7. Sigríður J. Friðjónsdóttir
8. Sturla Þórðarson
9. Þorgerður Erlendsdóttir

17.3.1998 Georg Kr. Lárusson
Umsækjendur:
1. Bjarni Stefánsson
2. Georg Kr. Lárusson
3. Stefán Hirst
4. Sturla Þórðarson
5. Þórir Oddsson

Vararíkislögreglustjóri.
4.6.1997 Þórir Oddsson
Umsækjendur:
1. Pétur Einarsson
2. Þórir Oddsson

1413. Breytingartillögur [507. mál]

við frv. til l. um húsnæðismál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Við 52. gr. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins skal hafa forgang um sambærileg störf hjá Íbúðalánasjóði.
2. Við ákvæði til bráðabirgða IX. 2., 3. og 4. málsl. orðist svo: Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni og skal hún liggja fyrir 1. október 1998. Fjöldi lána og upphæð þeirra, sem og framlög ríkisins, skulu taka mið af þeirri áætlun. Lánskjör til leiguíbúða skulu vera samkvæmt gildandi lögum.

1414. Nefndarálit [376. mál]

um till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Lillý Baldursdóttur frá félagsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sjómannasambandi Íslands, félagsmálaráði Seltjarnarness, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélagi Íslands, Hagstofu Íslands, jafnréttis- og fræðslufulltrúa Akureyrar, Bandalagi háskólamanna, fjármálaráðuneytinu, Egilsstaðabæ, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Biskupsstofu, félagsmálaráði Selfoss, Kópavogsbæ, UNIFEM á Íslandi, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Kennarasambandi Íslands, karlanefnd Jafnréttisráðs, Bændasamtökum Íslands, Mosfellsbæ, Kynjaverum, Kvenfélagasambandi Íslands, Skrifstofu jafnréttismála og Stígamótum.

Í tillögunni er kveðið á um að Alþingi álykti skv. 17. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, að samþykkja framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, fyrir tímabilið frá upphafi árs 1998 til loka árs 2001, um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Margar góðar ábendingar komu fram í umsögnum sem nefndinni bárust og finnst henni rétt að koma þeim á framfæri þótt þær komist ekki allar inn í framkvæmdaáætlunina að þessu sinni.

Seltjarnarnesbær taldi að kveða þyrfti nánar á um skyldur fjölmiðla í jafnréttismálum, leggja áherslu á nauðsyn þess að efla íþróttauppeldi stúlkna og auka fræðslu til æðstu ráðamanna um jafnréttismál. Egilsstaðabær vildi að fastar yrði tekið á tilnefningum í ráð og nefndir þannig að öllum væri gert skylt að tilnefna tvo einstaklinga, bæði karl og konu þannig að hægt yrði að velja á milli, að starfsmannahald á stofnunum fyrir aldraða yrði kannað út frá skiptingu milli kynja og launa og að haldin væru jafnréttisnámskeið fyrir kennara og skólastjórnendur. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vildi að í hvert sinn sem ný framkvæmdaáætlun væri lögð fram fylgdi með úttekt á hinni fyrri. Þá telur bandalagið orðalag í framkvæmdaáætluninni víða of máttlaust, að tryggja þurfi hlutleysi í starfslýsingum, sjá til þess að sveigjanlegur vinnutími komi ekki niður á launum og tryggja að hlutlægt, mælanlegt og skýrt mat liggi fyrir við launaákvarðanir. Að mati Kennarasambands Íslands þarf að vinna að því að fjölga körlum í kennarastétt, flétta þurfi jafnréttissjónarmið og jafnréttisfræðslu inn í kennaramenntunina og endurskoða námsefni út frá jafnréttissjónarmiðum. UNIFEM á Íslandi taldi að orðalag í framkvæmdaáætluninni væri víða of almennt, að skylda þurfi ofbeldismenn í meðferð, taka rækilega á íþróttauppeldi stúlkna, hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í starfi utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunarinnar og halda jafnréttisnámskeið fyrir fólk sem fer til starfa í þróunarlöndum eða vinnur að slíkum verkefnum. Karlanefnd Jafnréttisráðs taldi að Hagstofan ætti að gera könnun á því hvernig konur og karlar verji tíma sínum en menntamálaráðuneytið ætti að kanna framkvæmd og reynslu annarra þjóða af sérstökum umhyggjunámskeiðum í skólum, að könnun á heimilisofbeldi skuli endurtekin innan þriggja til fjögurra ára til að meta árangur aðgerða, að halda ætti sjónvarpsfund um framkvæmdaáætlunina á miðju tímabilinu þar sem ráðamenn sætu fyrir svörum og mat yrði lagt á árangur, að ríkisskattstjóri eða Hagstofan ætti að gera skýrslu um hlutföll milli fjölskyldna þar sem heildartekjur karla eru hærri en kvenna eða öfugt, að halda ætti sérstök námskeið fyrir dómara og lögmenn um orsakir, eðli og birtingarmyndir heimilisofbeldis og að lokum taldi karlanefndin að stofna þyrfti stöðu prófessors í kynjafræðum (gender studies). Kynjaverur voru þeirrar skoðunar að breyta þyrfti hugtakinu „fórnarlömb“ í þolendur, að feður utan

hjónabands ættu að fá fæðingarorlof, að útbúa þurfi kennsluefni fyrir kennara og skólastjórnendur, gera samanburð á launum kvenna og karla í fiskvinnslu með tilliti til menntunar og að banna ætti vinnuveitendum að spyrja fólk um áætlanir um barneignir eða fæðingarorlof. Að mati Jafnréttisráðs þarf að endurskoða og styrkja 12. gr. jafnréttislaganna, gera athugun á starfsmannahaldi ráðuneyta og ríkisstofnana með 25 starfsmenn eða fleiri, þ.e. kanna ráðningar, launamun o.fl., semja leiðbeinandi reglur um ráðningu starfsmanna ríkisstofnana og um beitingu 9. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þ.e. um viðbótargreiðslur, semja starfslýsingar fyrir opinberar stofnanir, skipuleggja jafnréttisfræðslu fyrir yfirmenn stofnana, endurskoða öll eyðublöð ríkisstofnana með tilliti til kynjanna, gera könnun á vaxandi launamun verkakvenna og verkakarla og benda á tillögur til úrbóta. Stígamót telja að hrinda þurfi í framkvæmd tillögum nefnda dómsmálaráðuneytisins um ofbeldismál, skoða umgengnisrétt „ofbeldisfeðra“ við börn sín með tilliti til öryggis barnanna, efna til skipulagðrar fræðslu um kynferðisofbeldi og að öll ráðuneyti þurfi að stuðla að afnámi alls kynferðisofbeldis í samfélaginu. Að mati Skólastjórafélags Íslands þarf að bæta menntun kennaraefna hvað varðar jafnréttismál. Jafnréttisfulltrúi Akureyrar telur vanta tímasetningar í aðgerðaráætlunina, einnig skorti ákvæði um skipanir í ráð og nefndir hjá nokkrum ráðuneytum og að benda mætti nokkrum ráðuneytum á að efna til átaks til að fá konur til að sækja um hefðbundin karlastörf, t.d. á sviði samgönguráðuneytisins. Bandalag háskólamanna telur að endurmeta þurfi hefðbundin kvennastörf hjá ríkinu, launakerfisbreytingar megi ekki verða til þess að auka launamun kynjanna, efla þurfi kerfisbundnar kjararannsóknir og fræðslu til ráðamanna um jafnréttismál, hafa jafnréttissjónarmið í huga við allar túlkanir á lögum og reglum sem snerta réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lögleiða tilskipanir ESB sem bæta stöðu vinnandi fólks og fjölskyldna, bæta vinnuvernd (sbr. ESB), t.d. hvað varðar aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, kanna þurfi orsakir atvinnuleysis meðal kvenna, einkum hvort hefðbundin sjónarmið varðandi ráðningu starfsmanna með fagmenntun ráði þar um of og breyta þurfi hefðbundnu starfs- og námsvali pilta og stúlkna.

Nefndin tekur undir það sjónarmið Jafnréttisráðs að ráðuneytin verði að vera tilbúin til að fylgja áætluninni eftir og því miðast breytingartillögur við það.

Nefndin leggur áherslu á að kannað verði sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Niðurstöður verði notaðar til að styrkja stöðu kvenna. Þá leggur nefndin til að kveðið verði á um skipan í ráð og nefndir í öllum ráðuneytum og að þeim verði gert skylt að gera úttekt á stöðu jafnréttismála innan sinna veggja og hjá þeim stofnunum sem undir þau heyra. Einnig verði kveðið skýrar á um fræðslu til ráðamanna og yfirmanna stofnana.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1415. Breytingartillögur [376. mál]

við till. til þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá félagsmálanefnd.

Eftirfarandi breytingar verði á III. kafla framkvæmdaáætlunarinnar:

a. Við lið 1.1. Endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum. Á eftir orðinu „kosningakerfa“ í fyrri málslið komi: þar á meðal.

b. Við lið 1. Forsætisráðuneyti bætist nýr liður með viðeigandi númeri ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Staða kvenna á landsbyggðinni.

Ráðuneytið mun kanna sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Könnuninni ljúki fyrir árslok 1998. Á grundvelli niðurstaðna verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem miði að því að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni.

c. Við lið 2.6. Staða þolenda afbrota. Í stað orðsins „fórnarlömb“ í 2. málsl. komi: þolendur.

d. Við lið 4. Fjármálaráðuneyti. Liðurinn orðist svo:

4.1. Feðraorlof.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi reglur fjármálaráðherra um sjálfstætt fæðingarorlof feðra í þjónustu ríkisins. Í reglunum er feðrum í þjónustu ríkisins tryggður réttur til launa í tvær vikur vegna fæðingar barns. Í byrjun árs 1999 verður reynslan af þessari nýbreytni skoðuð með viðtölum og spurningum til þeirra sem þessa orlofs nutu.

4.2. Úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

Með meiri hluta kjarasamninga, sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerði við stéttarfélög innan BSRB og BHM og gilda eiga til ársins 2000, fylgdi yfirlýsing þar sem áréttuð er stefna ríkisins að jafna þann launamun karla og kvenna sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kyns og bent á að með nýju launakerfi gefist tækifæri til þess. Til þess að meta áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna skuldbatt fjármálaráðuneytið sig til þess að gera sérstaka úttekt á þeim áhrifum á samningstímabilinu. Stefnt er að gerð slíkrar úttektar á árinu 1999.

4.3. Reglur um starfslýsingar.

Í bæklingi fjármálaráðherra um jafnréttismál frá febrúar 1996 er hvatning til vinnuveitenda um að „starfslýsingar séu skilmerkilegar og frammistöðumat sé lagt til grundvallar starfsframa“. Einnig segir í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að setja skuli starfsmanni erindisbréf ef hann óskar þess. Með tilliti til þess og nýrra kjarasamninga mun fjármálaráðuneytið minna á þetta ákvæði þar sem því verður við komið.

4.4. Fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins.

Fjármálaráðuneytið mun skipuleggja fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn stofnana þess í anda þeirra hugmynda sem komu fram í jafnréttisriti ráðuneytisins frá febrúar 1996

og í samræmi við niðurstöðu jafnréttiskönnunar sem gerð var í janúar 1998 á vegum starfshóps fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál.

4.5. Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn.

Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum í samræmi við stefnu ráðherra þar að lútandi. Áfram verður unnið að fjölgun kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.

4.6. Endurskoðun á eyðublöðum.

Fjármálaráðuneytið mun sjá til þess að öll eyðublöð frá stofnunum sem heyra undir fjármálaráðuneytið og þar sem einstaklingar þurfa að gefa upplýsingar um tekjur og eignir verði endurskoðuð og metin út frá jafnréttissjónarmiðum.

e. Við liði 1. Forsætisráðuneyti, 6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, 10. Samgönguráðuneyti, 11. Sjávarútvegsráðuneyti og 13. Utanríkisráðuneyti bætist nýr liður með viðeigandi númeri ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

f. Við liði 1. Forsætisráðuneyti, 2. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, 3. Félagsmálaráðuneyti, 4. Fjármálaráðuneyti, 5. Hagstofa Íslands, 6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, 7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, 8. Landbúnaðarráðuneyti, 9. Menntamálaráðuneyti, 10. Samgönguráðuneyti, 11. Sjávarútvegsráðuneyti og 13. Utanríkisráðuneyti bætist nýr liður með viðeigandi númeri ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu til yfirmanna og annarra starfsmanna.

g. Við lið 13. Utanríkisráðuneyti bætist nýr liður með viðeigandi númeri ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Jafnréttisnámskeið.

Ráðuneytið mun standa fyrir jafnréttisnámskeiðum fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum eða vinna að slíkum verkefnum.

1416. Breytingartillaga [288. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:

Yfirstjórn hvers sveitarfélags nefnist sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórn að nota heitið hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda byggi slík málnotkun á hefð. Byggðaráð skv. 38. gr. má á sama hátt nefnast bæjarráð eða hreppsráð og sveitarstjóra má kalla bæjarstjóra.

1417. Lög [459. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1235.

1418. Frumvarp til laga [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Búfjáreftirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fóðrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. desember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fóðrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af einstökum tegundum. Búfjáreftirlitsmaður skal skrá magn, tegundir, gæði og geymsluaðstöðu alls fóðurs hjá hverjum búfjáreiganda og einnig áform hans um fóðuröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar, svo og uppskera korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Búfjáreftirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu. Telji hann meðferð þess ábótavant skal hann tilkynna sveitarstjórn og landgræðslustjóra það án tafar.

Nú meinar ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis búfjáreftirlitsmanni aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum. Skal þá búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það án tafar. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta skal hún innan viku senda skriflega tilkynningu um það til landbúnaðarráðherra sem þá er skylt að láta fara fram sérstaka skoðun á viðkomandi stað. Skylt er lögreglu að fara með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits sem þannig er ákveðið. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúanda nema að fengnum dómsúrskurði. Ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum. Landeigandi er ábyrgur fyrir

því að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi um fjölda og eigendur gripa sem eru í hagagöngu á landi hans.

Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf skráir búfjáreftirlitsmaður á eyðublað sem Bændasamtök Íslands láta í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjáreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skulu undirrita skýrslu þessa og skal hún send Bændasamtökum Íslands sem fyrst að lokinni haustskoðun. Bændasamtök Íslands hafa yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu og annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjárfjölda, fóðurforða og uppskeru korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis. Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að krefjast veðs í þeim fénaði til tryggingar greiðslu alls kostnaðar af þessum ráðstöfunum.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Telji búfjáreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir úrbætur ekki þola neina bið getur lögreglustjóri fyrirvaralaust tekið búfé úr vörslu eiganda eða umráðamanns og ráðstafað búfénu án tafar með þeim hætti sem framangreindir aðilar telja best tryggja velferð þess.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1419. Breytingartillaga [581. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:

Orðin „og 2. mgr. 9. gr.“ í niðurlagi fyrri málsliðar 1. mgr. 31. gr. laganna falla brott.

1420. Breytingartillaga [547. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:

Í stað orðanna „og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980“ í niðurlagi 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: líftryggingafélög, sbr. 23. gr. laga nr. 60/1994, og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1421. Breytingartillögur [578. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Við 4. gr. Í stað orðsins „laxastofna“ í b-lið komi: stofna laxfiska.
2. Við 5. gr. D-liður orðist svo: Í stað orðanna „hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra“ kemur: og hlutaðeigandi veiðifélags.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:
   Veiðimálastjóra er rétt að ákveða að friðun sú sem getur í 1. mgr. skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar enda telji hann það nauðsynlegt til jöfnunar fiskigengd í því vatni.
4. Við 8. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ kemur: hann.
5. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 39. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „Ráðherra“ kemur: Veiðimálastjóra.
   b. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ kemur: hann.

1422. Svar [694. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um málefni Landsbanka Íslands og fjármögnunarfyrirtækisins Lindar hf.

Viðskiptaráðuneytið leitaði til Landsbanka Íslands hf. um svör við 1.–6. og 8.–10. lið fyrirspurnarinnar og til bankaeftirlitsins um svör við 7. lið. Svör þessara aðila fara hér á eftir.

1. *Hvenær, hvernig og af hvaða tilefni eignaðist Landsbanki Íslands fjármögnunarfyrirtækið Lind hf.?*

Eignarleigan Lind hf. var stofnuð árið 1986 og voru stofnendur félagsins Banque Indosuez (40%), Samvinnubanki Íslands (30%) og Samvinnusjóður Íslands (30%). Hlutafé félagsins við stofnun var 10 millj. kr.

Við kaup Landsbankans á Samvinnubankanum í upphafi árs 1990 eignaðist bankinn 30% eignarhlut í Lind hf., að nafnverði 3 millj. kr. Í lok sama árs keypti bankinn 40% eignarhlut Banque Indosuez í Lind hf. Kaupverðið var 5,6 millj. kr. en hlutabréfin voru að nafnverði 4 millj. kr. Eftir kaup Landsbankans á eignarhluta hins franska banka hafði Landsbankinn eignast 70% eignarhlut í félaginu, að nafnverði 7 millj. kr., en að kaupverði um 8,6 millj. kr.

Í framhaldi af kaupunum af Banque Indosuez var eigið fé Lindar aukið um 115 millj. kr. og komu 80,5 millj. kr. í hlut Landsbankans. Aftur var hlutafé aukið í desember 1991 um 60 millj. kr. og kom það allt í hlut Landsbankans. Jókst eignarhlutur bankans við það úr 70% í 80%. Ástæður hlutafjáraukningar voru að uppfylla þurfti kröfur laga um eiginfjárhlutfall.

Árið 1992 keypti Landsbankinn eignarhlut Samvinnusjóðs Íslands í Lind hf. að nafnverði 37,5 millj. kr. en að kaupverði 45 millj. kr. Eftir það var bankinn eini eigandi félagsins.

2. *Hver var staða fyrirtækisins þegar Landsbankinn eignaðist það og hvert var kaupverð þess?*

Bókfært eigið fé félagsins í árslok 1989 var neikvætt um 35,5 millj. kr., í árslok 1990 var eigið fé félagsins 87,9 millj. kr. og í árslok 1991 var eigið fé félagsins 158,1 millj. kr. Tap var af rekstri félagsins árið 1989 um 28,8 millj. kr., hagnaður árið 1990 var 12,2 millj. kr. og hagnaður árið 1991 var 4,7 millj. kr. Heildareignir félagsins í árslok 1989 voru 1.714 millj. kr., í árslok 1990 1.913 millj. kr. og í árslok 1991 2.557 millj. kr.

Samanlagt kaupverð Landsbankans á eignarhlutum í Lind hf. var 53,6 millj. kr. Þátttaka bankans í hlutafjáraukningu nam alls 140,5 millj. kr.

3. *Hverjir voru stjórnendur Lindar hf. eftir að Landsbankinn eignaðist fyrirtækið,*
   a. framkvæmdastjóri,
   b. stjórnarformaður,
   c. aðrir stjórnarmenn?

Stjórnarmenn í félaginu frá því að Landsbankinn eignaðist fyrst hlut í félaginu voru eftirtaldir:

Árið 1990:	Guðjón B. Ólafsson (stjórnarformaður)
	Geir Magnússon
	Gunnar Sveinsson
	Jean Pierre Molin
	Bernard Esnault
Apríl 1991 til apríl 1992:	Halldór Guðbjarnason (stjórnarformaður)
	Geir Magnússon
	Guðjón B. Ólafsson
	Gunnar Sveinsson
	Stefán Pétursson (frá júlí 1991)
Apríl 1992 til desember 1992:	Halldór Guðbjarnason (stjórnarformaður)
	Barði Árnason
	Guðjón B. Ólafsson
	Gunnar Sveinsson
	Stefán Pétursson

Desember 1992 til nóvember 1994: Halldór Guðbjarnason (stjórnarformaður)
Barði Árnason
Stefán Pétursson

Framkvæmdastjóri Lindar hf. öll rekstrarár félagsins var Þórður Ingvi Guðmundsson.

4. *Hvenær og af hvaða tilefni var starfsemi fyrirtækisins hætt og hve miklu hefur Landsbankinn tapað eða mun tapa vegna Lindar hf.?*

Á bankaráðsfundi 13. október 1994 fól bankaráð Landsbankans bankastjórn að leita leyfis viðskiptaráðherra til samruna eignarleigufyrirtækisins Lindar hf. við Landsbanka Íslands. Formlegri afgreiðslu viðskiptaráðuneytis á heimild til samruna lauk með bréfi dags. 2. nóvember 1994.

Endurskoðað milliuppgjör Lindar hf. frá 30. ágúst 1994, sem lagt var fram í byrjun október 1994, leiddi í ljós að rekstrargrundvöllur félagsins var endanlega brostinn, þrátt fyrir aðgerðir bankans sem ætlaðar voru til að treysta rekstrargrundvöll þess. Landsbankinn hafði meðal annars í tengslum við ársuppgjör Lindar hf. fyrir árið 1993 skuldbundið sig til að greiða töp Lindar hf. sem þá voru fyrirsjáanleg.

Samtals hefur Landsbankinn tapað eða mun tapa fjárhæð er nemur 707 millj. kr. vegna afskrifta og afskriftaframlaga bankans vegna eignarleigusamninga Lindar hf. Auk þess var sölutap rekstrarleigueigna um 16 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir frekari afskriftaframlögum vegna þessa máls í Landsbankanum.

5. *Hver er ástæða hins mikla taps af starfsemi Lindar hf.? Hverjir tóku ákvarðanir sem leiddu til þess, vegna hvaða viðskipta og hvaða fyrirtæki eða atvinnugreinar áttu í hlut?*

Skýring þess taps sem varð af starfsemi Lindar hf. er samspil margra þátta. Hluta skýringanna er að leita í þeirri meginhugmynd sem lá að baki starfrækslu félagsins. Hún var að fjármagna leigumuni án þess að taka aðrar tryggingar en í leigumununum sjálfum. Þegar félagið hóf rekstur var mikil uppsveifla í efnahagslífinu og vextir á eignarleigusamningum voru mjög háir. Hugmyndin virtist þannig ganga vel upp.

Þegar uppsveiflunni lauk komu fram erfiðleikar. Rekstur margra viðskiptavina félagsins fór í þrot, markaðsverð leigumuna féll og endursölumarkaður var mjög erfiður. Við þetta bættist að oft var um mjög sérhæfða muni að ræða. Við þessar aðstæður var erfitt að beita almennum innheimtuúrræðum. Í stað þess að taka strax á vandanum var skuldum því ítrekað skuldbreytt í von um bætta stöðu skuldara. Efnahagsbatinn lét hins vegar standa á sér. Frekara verðfall varð á mörgum eignarleigumunum á sama tíma og virði þeirra lækkaði meira við notkun leigutaka. Endurteknar skuldbreytingar samhliða verðmætarýrnun eignarleigumuna, sem oft og tíðum voru eina trygging fyrir greiðslu samningsins, mögnuðu þannig vandann í stað þess að leysa hann.

Rekstrarhugmynd sú sem félagið byggði á gerði miklar kröfur til framkvæmdastjóra félagsins. Jafnframt er slíkur áhætturekstur mjög viðkvæmur fyrir áhrifum efnahagssveiflna. Í skýrslu Löggiltra endurskoðenda hf. frá 7. febrúar 1995 segir að þótt vinnubrögð við lánveitingar hafi breyst mikið til batnaðar á sl. tveimur árum beri tölur með sér að alvarlegir misbrestir hafa verið í útlánaferli og eftirfylgni félagsins með útlánum um langt skeið. Verulegan hluta af ábyrgðinni höfðu skýrsluhöfundar getað rakið til ákvarðana fyrrum framkvæmdastjóra félagsins.

Heildareignir Lindar hf. þegar Landsbankinn yfirtók eignir og skuldir félagsins námu um 3.181 millj. kr. Þar af voru eignarleigusamningar og ýmsar kröfur að fjárhæð um 2.918 millj.

kr. Skipting afskrifta og afskriftaframlaga Landsbankans vegna eignarleigusamninga og krafna Lindar hf. eftir einstökum atvinnugreinum er eftirfarandi:

	Aðilar	Millj. kr.
Sjávarútvegur	73	190
Iðnaður	55	153
Verslun	25	40
Samgöngur	25	48
Þjónusta	71	118
Einstaklingar	81	103
Landbúnaður	3	2
Annað/óflokkað	5	15
Samtals	**338**	**669**
Almennt afskriftaframlag		38
Samtals afskriftir/framlög		**707**

Samtals er afskrifað og lagt í afskriftareikning vegna 338 aðila. Þar af voru einungis sex aðilar með hærri fjárhæð en 10 millj. kr. og samtals nam afskrift á þessa sex aðila um 109 millj. kr. Hæsta fjárhæð á einn einstakan skuldara nam um 31 millj. kr. Meðaltalsfjárhæð á hina 332 er því um 1,8 millj. kr. á hvern aðila.

Framkvæmdastjóri félagsins tók allar almennar ákvarðanir varðandi lánveitingar félagsins. Lánanefnd kom að stærri ákvörðunum og stjórn að meiri háttar ákvörðunum varðandi lánveitingar.

6. *Hve mikið hefur Landsbankinn lagt fyrir á afskriftareikning vegna Lindar hf. og hve mikið hefur hann þegar afskrifað?*

Bankinn hefur lagt til hliðar í afskriftareikning bankans um 217 millj. kr. vegna eignarleigusamninga Lindar. Auk þess hefur hann þegar endanlega afskrifað um 490 millj. kr. vegna eignarleigusamninga félagsins. Samtals nema afskriftaframlög og afskriftir því um 707 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir frekari afskriftaframlögum vegna þessa máls í Landsbankanum.

7. *Gerði bankaeftirlit Seðlabanka Íslands athugasemdir við rekstur Lindar hf. og ef svo er, hvenær og til hvaða ráðstafana var gripið?*

Starfsemi eignarleigufyrirtækja féll fyrst undir eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með lögum nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, en nú fer um starfsemi þeirra samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Fyrsta reglulega athugun bankaeftirlitsins hófst með bréfi sem sent var félaginu, dags. 20. júní 1990. Þeirri skoðun lauk í desember það ár og var fyrirtækinu send skýrsla með helstu niðurstöðum. Í skýrslunni kemur m.a. fram að óvissa sé um framtíð fyrirtækisins þar sem félagið uppfyllti þá ekki skilyrði laga um eigið fé. Félagið hafði verið rekið á sérstakri undanþágu viðskiptaráðuneytisins samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 19/1989. Sú heimild rann út 4. október 1990, og þar með starfsleyfi félagsins, án þess að bætt hefði verið úr eiginfjárvöntuninni. Viðskiptaráðuneytið taldi sig skorta lagaheimild til þess að framlengja starfsleyfið til ársloka 1990, en um það hafði félagið sótt. Bankaeftirlitið krafði stjórnendur þess um greinargerð þar sem fram kæmi til hvaða ráðstafana stjórnin hygðist grípa af þessu tilefni. Í skýrslunni er síðan vísað til svarbréfs frá stjórnarformanni Lindar hf. þar sem fram kemur að til greina komi að leggja félagið niður eða sameina það öðru fyrirtæki. Í því bréfi kemur einnig fram að verði fyrirtækið rekið áfram sem sjálfstætt félag muni eigendur

þess auka eigið fé þess þannig að eiginfjárhlutfallið nái 10% eins og þágildandi lög gerðu ráð fyrir. Eigið fé félagsins var síðan aukið um 115 millj. kr. í lok desember 1990 og komu 80,5 millj. kr. í hlut Landsbankans. Uppfyllti félagið þar með lágmarkshlutfall eigin fjár samkvæmt lögum nr. 19/1989 og staðfesti viðskiptaráðuneytið í framhaldi af því að starfsleyfi félagins væri í gildi, með bréfi dags. 23. janúar 1991. Í skýrslunni gerði bankaeftirlitið ýmsar athugasemdir við starfsemi félagsins. Meðal annars varar bankaeftirlitið við þeirri áhættu sem getur skapast fyrir eignarleigufyrirtæki ef gerðir eru leigusamningar um muni sem festir eru við fasteign eða skip.

Í janúar 1993 sendi bankaeftirlit Seðlabankans frá sér aðra skýrslu í framhaldi af athugun þess á starfsemi Lindar hf. Miðaðist sú athugun við stöðu efnahagsliða og einstakra mála 30. ágúst 1992. Í niðurstöðum þeirrar skýrslu kemur m.a. fram að bankaeftirlitið taldi að í milliuppgjöri frá 30. ágúst 1992 vanti um 15–20 millj. kr. afskriftaframlag vegna stöðvaðra samninga og að bankaeftirlitið taldi óvíst að 1% almenn niðurfærsla af útistandandi kröfum félagsins á sama tíma væri nægjanleg. Bankaeftirlitið taldi enn fremur hættu á að eiginfjárhlutfall fyrirtækisins væri undir lögskyldum 10% mörkum, eða á bilinu 9,4–9,6%. Eftirlitið lagði því áherslu á að við ársuppgjör fyrir árið 1992 væri farið nákvæmlega yfir stöðu stærstu lánþega sjóðsins og vanskilamál með hliðsjón af tapshættu og að afskriftaþörf sé metin og tekið tillit til hennar við ársuppgjörið. Komi í ljós við það uppgjör að eiginfjárhlutfallið sé undir lögskyldum mörkum verði þegar í stað gripið til viðeigandi ráðstafana. Í árslok 1992 eignaðist Landsbanki Íslands 99% hlutafjár í Lind hf. á móti 1% hlutafjár í eigu Veðdeildar bankans.

Í ágúst 1994 sendi bankaeftirlitið aftur frá sér skýrslu um athugun þess á nokkrum þáttum í rekstri og efnahag Lindar hf. Sú athugun miðaðist við stöðu efnahagsliða og einstakra mála 30. apríl 1994. Í skýrslunni er m.a. bent á að fyrirsjáanlegt sé að félagið tapi verulegum fjármunum á rekstrarleigustarfsemi með vinnuvélar sem félagið hóf árið 1993. Bankaeftirlitið gerði einnig athugasemd við vaxtabindingu skulda fyrirtækisins, en lán sem höfðu verið tekin þegar vaxtastig var mjög hátt voru til mun lengri tíma en samsvarandi eignarleigusamningar. Þetta taldi bankaeftirlitið geta haft alvarleg áhrif á afkomumöguleika fyrirtækisins í framtíðinni. Meginniðurstaða skýrslunnar var sú að raunveruleg afskriftaþörf Lindar 31. desember 1993 hefði numið 340 millj. kr. en ekki 280 millj. kr. eins og ársreikningurinn það ár sýndi. Bankaeftirlitið gerði einnig athugasemd við framsetningu ársreiknings vegna ársins 1993. Þá kom fram í skýrslunni að bankaeftirlitið taldi þörfina á afskriftaframlögum á skoðunardegi vera samtals 400 millj. kr. eða um 50–100 millj. kr. hærri en þá var búið að leggja í afskriftareikning og að hugsanlega væri hún enn meiri. Bankaeftirlitið fór því fram á það við forráðamenn Lindar hf. að þeir legðu fram endurskoðað milliuppgjör, ásamt greinargerð þar sem fram kæmi hvernig þeir áformuðu að tryggja áframhaldandi starfsemi fyrirtækisins. Var óskað eftir því að umbeðin gögn bærust fyrir lok septembermánaðar 1994.

Endurskoðað árshlutauppgjör frá 31. ágúst 1994 barst bankaeftirlitinu í lok október 1994 ásamt greinargerð löggilts endurskoðanda. Samkvæmt því var tap tímabilsins um 62 millj. kr. eftir að 46 millj. kr. höfðu verið lagðar í afskriftareikning Lindar hf. Í uppgjörinu hafði endurskoðandinn gert ráð fyrir 200 millj. kr. ábyrgð Landsbanka Íslands, en til hennar kom ekki vegna þess að í kjölfar þessa var Lind hf. sameinuð Landsbankanum, enda uppfyllti fyrirtækið ekki lengur eiginfjárákvæði laga. Formlegri afgreiðslu viðskiptaráðuneytisins á heimild til samruna þessara tveggja aðila lauk með bréfum ráðuneytisins til þeirra, dags. 2. nóvember 1994. Seðlabanka Íslands var tilkynnt um afgreiðslu ráðuneytisins með bréfi, dags. 3. nóvember 1994, en áður hafði Seðlabankinn veitt umsögn um samrunann samkvæmt ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 43/1993, og lögum um lánastofnanir aðrar en við-

skiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993. Gerði Seðlabankinn ekki athugasemdir við fyrirhugaðan samruna. Áður höfðu farið fram bréfaskipti milli bankaeftirlitsins og Lindar hf. og stjórnenda Landsbankans vegna þeirrar stöðu sem félagið var þegar komið í.

Eftir að Lind hf. var lögð niður og Landsbankinn yfirtók útistandandi eignarleigusamninga hefur bankaeftirlitið ekki haft frekari afskipti af því sérstaklega. Frá árslokum 1994 hefur starfsemin verið rekin sem ein deild í Landsbankanum og ekki hafa verið gerðir nýir eignarleigusamningar. Eftirlit bankaeftirlitsins frá þeim tíma hefur því ekki beinst sérstaklega að Lind hf., en verið liður í almennu eftirliti með Landsbanka Íslands. Nefna má í því sambandi að í lok ársins 1995 fékk bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ljósrit af öllum bréfum sem löggiltur endurskoðandi Landsbankans sendi bankanum á árunum 1994 og 1995 sem m.a. fjölluðu sérstaklega um þá deild sem sér um fyrrum eignarleigustarfsemi Lindar hf.

Að síðustu má nefna að á árunum 1992–95 bárust bankaeftirlitinu fimm formlegar kvartanir einstaklinga vegna viðskipta þeirra við Lind hf. Voru gerðar athugasemdir við starfshætti félagsins í tveimur þeirra og í öðru tilvikinu taldi bankaeftirlitið að starfshættir félagsins væru í andstöðu við megintilgang laga um eignarleigustarfsemi, vinnubrögð væru ófagleg og stórlega ámælisverð. Í öðrum tilvikum þótti ekki ástæða til athugasemda.

8. *Hvað gerði bankaráð og bankastjórn Landsbanka Íslands til þess að koma í veg fyrir hið mikla tap Lindar hf.?*

Landsbankinn eignaðist fyrst hlut í Lind hf. við kaup á Samvinnubanka Íslands hf. á árinu 1990 og tóku fulltrúar bankans fyrst sæti í stjórn félagsins í apríl 1991. Á árunum 1991 og 1992 fjallaði þáverandi bankaráð og bankastjórn oft um málefni Lindar hf. og stefnu bankans í eignarleigustarfsemi. Voru m.a. teknar ákvarðanir um að auka eigið fé félagsins til að uppfylla eiginfjárkröfur, bankastjóri og aðstoðarbankastjórar tóku sæti í stjórn félagsins og settar voru reglur um útlán og útlánaákvarðanir. Eftir að Landsbankinn varð einn eigandi að félaginu í nóvember 1992 var lánanefnd Lindar hf. styrkt og á aðalfundi 1993 var endurskoðandi bankans kjörinn endurskoðandi Lindar hf. Fyrstu vísbendingar um alvarlega stöðu félagsins koma með skýrslu endurskoðenda í desember 1993. Samstundis var gripið til aðgerða til að forða félaginu frá rekstrarstöðvun og gekkst Landsbankinn í ábyrgð vegna fyrirsjáanlegra útlánatapa Lindar hf. Jafnframt var ákveðið að auka aðhald með rekstrinum og að lánanefnd færi yfir allar útlánaákvarðanir framkvæmdastjóra. Í kjölfar árshlutauppgjörs 31. ágúst 1994 var ákveðið að hætta rekstri félagsins og sameina það Landsbankanum.

Eftir að starfsemi félagsins var hætt og bankinn yfirtók eignarleigusamninga hefur innheimta eignarleigusamninga verið í sama farvegi og önnur útlána- og afskriftamál í bankanum.

9. *Hvað var gert af hálfu bankaráðs Landsbankans til að leita skýringa á tapi Lindar hf.?*

Mikið hefur verið fjallað um málefni fyrirtækisins í bankaráði Landsbankans til að leita skýringa á tapi bankans og hvernig tryggja megi að slíkt endurtaki sig ekki í framtíðinni.

Í janúar 1996 var lögð fyrir bankaráð ítarleg greinargerð um málið, en í þeirri skýrslu er leitast við að upplýsa og varpa ljósi á þær ákvarðanir og þá atburðarás sem leiddi til hins mikla taps fyrirtækisins. Í framhaldi af því fór bankaráð Landsbanka Íslands þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún færi yfir gögn málsins. Sérstaklega var kannað hvort ástæður væru til frekari aðgerða samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Ríkisendurskoðun skilaði greinargerð um þetta og fjallaði bankaráð ítarlega um niðurstöður Ríkisendurskoðunar auk þess sem hún var kynnt viðskiptaráðherra. Niðurstaða umfjöllunar bankaráðs um greinargerð Ríkisendurskoðunar var að ekki væri ástæða til frekari aðgerða að svo komnu máli. Ríkisendurskoðun var gerð grein fyrir afstöðu bankaráðs. Niðurstaða ríkisendurskoðanda lá fyrir

í lok árs 1996 en þar kemur fram að í framhaldi af ákvörðun bankaráðs og þeim upplýsingum sem komið höfðu fram muni Ríkisendurskoðun ekki aðhafast frekar í máli þessu nema til komi nýjar upplýsingar.

Í september 1996, í framhaldi af umfjöllun um þær greinargerðir sem lagðar höfðu verið fyrir bankaráð Landsbankans varðandi málefni og afdrif Lindar hf., ákvað bankaráð Landsbanka Íslands að fara þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún framkvæmdi athugun á útlánareglum Landsbankans og upplýsingagjöf til bankaráðs um helstu viðskiptavini, svo og að Ríkisendurskoðun kannaði hvernig væri staðið að upplýsingagjöf til bankaráðs um aðra þætti varðandi rekstur og stjórnun bankans sem bankaráðinu er nauðsynlegt að fá upplýsingar um til þess að geta rækt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sína. Ríkisendurskoðun féllst á þessa beiðni og skilaði stofnunin bankaráði ítarlegri greinargerð um þessi mál í apríl 1997.

10. Hefur einhver verið látinn sæta ábyrgð vegna þessa taps?

Við yfirtöku Landsbankans á Lind hf. haustið 1994 lét framkvæmdastjóri félagsins af störfum. Frekari eftirmálar sem tengjast þessu máli hafa ekki orðið að hálfu Landsbankans.

1423. Breytingartillögur [288. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Ástu B. Þorsteinsdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

1. Við 1. gr. 1. mgr. falli brott.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli brott.

1424. Frumvarp til laga [717. mál]

um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum eða fyrirtækjahópum er starfa í a.m.k. tveimur ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Skal í þeim tilgangi stofna evrópskt samstarfsráð með fulltrúum starfsmanna eða setja reglur í hverju fyrirtæki og hverjum fyrirtækjahópi um upplýsingamiðlun og samráð eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til fyrirtækja og fyrirtækjahópa, sbr. 3. og 4. gr., sem hafa aðalstjórn hér á landi.

Þegar aðalstjórn fyrirtækis er hér á landi taka lög þessi enn fremur til erlendra dótturfyrirtækja og starfsstöðva að undantekinni 8. gr., 3. og 4. mgr. 11. gr., 2. og 3. mgr. 21. gr. og 34.–35. gr.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

3. gr.
Fyrirtæki.

Með fyrirtæki í lögum þessum er átt við fyrirtæki sem:

1. hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. er með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum,
3. hefur a.m.k. 150 starfsmenn í a.m.k. tveimur EES-ríkjum.

4. gr.
Fyrirtækjahópur.

Í lögum þessum merkir fyrirtækjahópur hóp fyrirtækja sem:

1. hefur a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. er með fyrirtæki í a.m.k. tveimur EES-ríkjum,
3. samanstendur af minnst einu fyrirtæki með minnst 150 starfsmenn og minnst einu öðru fyrirtæki með minnst 150 starfsmenn, hvort í sínu EES-ríkinu.

5. gr.
Móðurfyrirtæki.

Móðurfyrirtæki merkir fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki, t.d. á grundvelli eignarréttar, fjárhagslegrar þátttöku eða þeirra reglna sem það starfar eftir, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Ef ekki er unnt að sýna fram á hið gagnstæða skal telja að fyrirtæki sé í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki þegar það beint eða óbeint:

1. hefur rétt til að tilnefna meira en helming fulltrúa í félagsstjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun þess eða
2. fer með meiri hluta atkvæða í því eða
3. á meira en helmingshlut í því.

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan fyrirtækjahóps fullnægja einu eða fleiri skilyrðum 2. mgr. telst það fyrirtæki móðurfyrirtæki sem fullnægir skilyrði 1. tölul. 2. mgr. Ef ekkert fyrirtækjanna fullnægir skilyrði 1. tölul. 2. mgr. telst það fyrirtæki sem fullnægir skilyrði 2. tölul. 2. mgr. móðurfyrirtæki.

Fyrirtæki, sem móðurfyrirtæki hefur eitthvert það samband við sem nefnt er í 1. og 2. mgr., telst dótturfyrirtæki. Saman mynda móðurfyrirtækið og dótturfyrirtækin fyrirtækjahóp.

Við ákvörðun þess hvaða þýðingu atkvæðisréttur og réttur til að tilnefna fulltrúa í félagsstjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstofnun fyrirtækis hefur í skilningi þessa ákvæðis skulu talin með bæði réttindi í eigu móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess.

6. gr.

Undantekningar.

Fyrirtæki telst ekki móðurfyrirtæki skv. 1.–3. mgr. 5. gr. ef um er að ræða:

1. Lánastofnanir, aðrar fjármálastofnanir eða tryggingafyrirtæki, þar sem verðbréfaviðskipti, kaup og sala fyrir eigin hönd eða annarra falla undir eðlilega starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis, sem halda til bráðabirgða hlutabréfum í fyrirtæki sem þau hyggjast selja aftur. Skilyrði er að þau notfæri sér ekki atkvæðisrétt sem þessum hlutabréfum fylgir með það fyrir augum að ákvarða samkeppnisaðgerðir þess sama fyrirtækis eða að þau notfæri sér þennan atkvæðisrétt einungis með það fyrir augum að undirbúa sölu hlutaðeigandi fyrirtækis í heild eða að hluta, eigna þess eða hlutabréfa og að af sölunni verði innan árs frá því að bréfanna var aflað.
2. Eignarhaldsfélag sem öðlast beint eða óbeint yfirráð yfir öðru fyrirtæki, með kaupum á hlut í því eða með öðrum hætti, að því tilskildu að atkvæðisréttur sem yfirráðin veita sé nýttur, einkum er varðar skipun í framkvæmdastjórn og yfirstjórnir fyrirtækja sem þau eiga hlut í, aðeins til að viðhalda fullu verðgildi þessara fjárfestinga og ekki til að ákvarða beint eða óbeint samkeppnisaðgerðir fyrirtækja þessara. Með eignarhaldsfélögum er átt við fyrirtæki sem hafa það meginmarkmið að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum og ávaxta og nýta slíka hagsmuni án þess að blanda sér beint eða óbeint í stjórn slíkra fyrirtækja.

Skiptastjóri þrotabús samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti, eða annar sá aðili sem lögum samkvæmt hefur verið skipaður til að annast félagsslit, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða aðrar sambærilegar aðgerðir, telst ekki í ráðandi aðstöðu í skilningi 5. gr.

7. gr.

Aðalstjórn.

Stjórn fyrirtækis telst aðalstjórn þess.

Stjórn móðurfyrirtækis, sbr. 5. gr., telst aðalstjórn fyrirtækjahóps. Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps eru móðurfyrirtæki telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart hinum fyrirtækjunum, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Ef aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps er ekki í EES-ríki telst aðalstjórn vera sá fulltrúi sem aðalstjórn tilnefnir. Ef slíkur fulltrúi hefur ekki verið tilnefndur telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis eða starfsstöðvar sem hefur flesta starfsmenn í EES-ríki.

8. gr.

Reglur um fjölda starfsmanna.

Ákvörðun um fjölda starfsmanna, sbr. 3. og 4. gr., skal byggð á meðalfjölda starfsmanna sem ráðnir hafa verið til starfa á síðustu tveimur árum áður en beiðni er lögð fram skv. 10. gr. Við ákvörðun þessa skal ekki gerður greinarmunur á starfsmönnum í hlutastörfum og þeim sem gegna fullu starfi, sbr. þó 2. mgr.

Aðalstjórn skal veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna í fyrirtækjum og starfsstöðvum í einstökum ríkjum. Aðalstjórn skal enn fremur láta þeim í té upplýsingar um félagsform fyrirtækis og fyrirtækjahóps.

III. KAFLI
Ábyrgð á stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

9. gr.

Ábyrgð.

Aðalstjórn ber ábyrgð á því að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

10. gr.

Upphaf samningaumleitana.

Aðalstjórn skal að eigin frumkvæði eða fyrir skriflega beiðni um það frá a.m.k. 100 starfsmönnum eða fulltrúum þeirra í a.m.k. tveimur fyrirtækjum eða starfsstöðvum í a.m.k. tveimur EES-ríkjum hefja samningaumleitanir um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun.

Beiðni skv. 1. mgr. skal afhent aðalstjórn eða einhverri annarri stjórn fyrirtækis sem skal þá framsenda beiðnina til aðalstjórnar.

Frestur, sbr. 19. gr., hefst þegar beiðni starfsmanna, sbr. 1. mgr., hefur verið afhent aðalstjórn eða stjórn annars hlutaðeigandi fyrirtækis eða starfsstöðvar sem er hluti af fyrirtækjahópnum eða fyrirtækinu.

11. gr.

Skipan sérstaks samningaráðs.

Að uppfylltum ákvæðum 10. gr. skal aðalstjórn hafa frumkvæði að skipan sérstaks samningaráðs sem hafi það að markmiði að vinna að stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Í samningaráði skulu eiga sæta a.m.k. þrír en mest átján menn. Fulltrúar starfsmanna kjósa fulltrúa í ráðið úr sínum hópi. Ef því verður ekki við komið skulu allir starfsmennirnir kjósa um þá.

Fulltrúar í samningaráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eiga ekki trúnaðarmann eiga rétt á að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Samningaráðið skal þannig skipað:

1. Einn fulltrúi starfsmanna frá hverju ríki þar sem fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn rekur eitt eða fleiri fyrirtæki eða starfsstöðvar, sbr. þó 2. og 3. tölul.
2. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn hefur færri en 2.000 starfsmenn og á fyrirtæki eða starfsstöðvar í aðeins tveimur ríkjum skal auk þess tilnefndur einn fulltrúi starfsmanna í því ríki þar sem starfsmenn eru flestir.
3. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn hefur 2.000 eða fleiri starfsmenn skulu enn fremur tilnefndir:
   a. einn fulltrúi starfsmanna í ríkjum þar sem a.m.k. 25% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa og
   b. tveir fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 50% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa eða
   c. þrír fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 75% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa.

Séu fulltrúar, sem kosnir hafa verið skv. 1.–3. tölul. 5. mgr., fleiri en átján skal þeim fulltrúum fækkað sem kosnir hafa verið skv. 3. tölul. 5. mgr. Skal þá fyrst fækkað fulltrúum skv. a-lið, síðan skv. b-lið og að síðustu skv. c-lið.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað skal aðalstjórn og staðbundnum stjórnum tilkynnt um skipan þess.

12. gr.

Verkefni og kostnaður sérstaka samningaráðsins.

Samningaráði og aðalstjórn ber í anda samvinnu að vinna að gerð skriflegs samnings um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Samningaráðið getur kvatt sér til aðstoðar sérfræðinga að eigin vali meðan á samningaviðræðum stendur. Kostnaður aðalstjórnar takmarkast við störf eins sérfræðings.

Aðalstjórn skal bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðum þannig að samningaráðinu sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti, þar með talinn útlagðan ferða- og gistikostnað. Þá skal aðalstjórn útvega samningaráðinu húsnæði auk túlka og ritara ef þörf krefur.

13. gr.

Boðun fundar.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað, sbr. 11. gr., skal aðalstjórn boða það til fundar í því skyni að hefja viðræður um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. Stjórnum annarra fyrirtækja skal tilkynnt um fundarboðið.

14. gr.

Inntak samnings um samstarfsráð.

Í samningi um stofnun samstarfsráðs, sbr. 1. mgr. 12. gr., skulu vera ákvæði a.m.k. um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Samsetningu ráðsins, fjölda fulltrúa í ráðinu, úthlutun sæta og skipunartíma þess.
3. Hlutverk ráðsins og upplýsingamiðlun og samráð á þess vegum.
4. Hvar ráðið skal hittast, hversu oft og hve lengi.
5. Hvert fjármagn og aðbúnaður samstarfsráðsins skal vera.
6. Gildistíma samningsins og tilhögun við endurnýjun hans.

15. gr.

Inntak samnings um upplýsingamiðlun og samráð.

Ef aðalstjórn og samningaráð ákveða að gera samning er hefur að geyma reglur um upplýsingamiðlun og samráð, sbr. 1. mgr. 12. gr., skal samningurinn einkum hafa að geyma ákvæði um málefni sem varða fleiri en eitt EES-ríki og hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Samningur aðila skal geyma ákvæði a.m.k. um eftirfarandi atriði:

1. Nöfn fyrirtækja og/eða starfsstöðva, sbr. 3. og 4. gr., sem falla undir samninginn.
2. Fyrirkomulag á miðlun upplýsinga og samráði við starfsmenn eða fulltrúa þeirra.
3. Rétt starfsmanna eða fulltrúa þeirra til að koma saman til fundar í því skyni að skiptast á skoðunum um upplýsingar sem þeim eru veittar skv. 1. mgr.

16. gr.

Slit viðræðna.

Samningaráðið getur ákveðið með a.m.k. tveimur þriðju hlutum atkvæða að hefja ekki viðræður um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. eða slíta viðræðum sem þegar eru hafnar.

Hafi samningaráðið ályktað skv. 1. mgr. skal viðræðum um samningsgerð slitið. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði IV. kafla ekki.

Kalla má samningaráðið saman að nýju í fyrsta lagi tveimur árum eftir að ofangreind ákvörðun er tekin nema aðilar mæli fyrir um skemmri tíma.

17. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæði meiri hluta fulltrúa í samningaráðinu ráða úrslitum í atkvæðagreiðslum, sbr. þó 16. gr. Ef atkvæði falla jöfn hafa fulltrúar frá því ríki þar sem starfsmenn eru flestir eitt viðbótaratkvæði.

18. gr.

Tilkynning til ráðherra.

Aðalstjórn skal tilkynna ráðherra um samninga sem gerðir hafa verið skv. 14. eða 15. gr. laga þessara. Afrit slíkra samninga eða reglna skal fylgja tilkynningu aðalstjórnar. Frá þessu má víkja um stundarsakir ef í gögnum þessum eru atriði er varða sérstaka viðskiptahagsmuni fyrirtækis og afhending þeirra getur skaðað það.

IV. KAFLI

Ákvæði til vara.

19. gr.

Skylda til stofnunar evrópsks samstarfsráðs.

Samstarfsráð skal stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla:

1. ef aðalstjórn og samningaráðið ákveða það,
2. ef aðalstjórn hefur ekki hafið samningaumleitanir innan sex mánaða eftir að beiðni frá starfsmönnum hefur borist um það skv. 10. gr.,
3. ef aðilar hafa ekki komið sér saman um samning þann sem tilgreindur er í 14. eða 15. gr. innan þriggja ára frá þeim tíma þegar beiðni um það barst upphaflega, sbr. 10. gr., og samningaráðið hefur ekki áður tekið ákvörðun skv. 16. gr.

20. gr.

Valdsvið.

Valdsvið samstarfsráðs takmarkast við upplýsingamiðlun og samráð um málefni sem varða:

1. fyrirtæki, sbr. 3. gr., sem eina heild,
2. fyrirtækjahóp, sbr. 4. gr., sem eina heild eða
3. a.m.k. tvær starfsstöðvar fyrirtækis eða fyrirtækjahóps í a.m.k. tveimur EES-ríkjum.

Þegar um er að ræða fyrirtæki eða fyrirtækjahópa sem falla undir 3. mgr. 7. gr. takmarkast valdsvið samstarfsráðs við málefni sem varða allar starfsstöðvar þess eða fyrirtæki í EES-ríkjum eða a.m.k. tvær starfsstöðvar þess eða fyrirtæki sem eru í mismunandi EES-ríkjum.

21. gr.

Val fulltrúa í samstarfsráð.

Í samstarfsráði skulu sitja minnst þrír en mest þrjátíu fulltrúar. Fulltrúar starfsmanna kjósa fulltrúa í ráðið úr sínum hópi. Ef því verður ekki við komið skulu allir starfsmennirnir kjósa um þá.

Fulltrúar í samstarfsráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samstarfsráðið.

Starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eiga ekki trúnaðarmann eiga rétt á að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samstarfsráðið.

Samstarfsráðið skal þannig skipað:

1. Einn fulltrúi starfsmanna frá hverju ríki þar sem fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn rekur eitt eða fleiri fyrirtæki eða starfsstöðvar, sbr. þó 2. og 3. tölul.
2. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn hefur færri en 2.000 starfsmenn og á fyrirtæki eða starfsstöðvar í aðeins tveimur ríkjum skal auk þess tilnefndur einn fulltrúi starfsmanna í því ríki þar sem starfsmenn eru flestir.
3. Ef fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn hefur 2.000 eða fleiri starfsmenn skulu enn fremur tilnefndir:
   a. einn fulltrúi starfsmanna í ríkjum þar sem a.m.k. 25% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa og
   b. tveir fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 50% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa eða
   c. þrír fulltrúar starfsmanna í ríkjum þar sem fleiri en 75% starfsmanna fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins starfa.

Séu fulltrúar, sem kosnir hafa verið skv. 1.–3. tölul. 4. mgr., fleiri en átján skal þeim fulltrúum fækkað sem kosnir hafa verið skv. 3. tölul. 4. mgr. Skal þá fyrst fækkað fulltrúum skv. a-lið, síðan skv. b-lið og að síðustu skv. c-lið.

Aðalstjórn eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi innan fyrirtækis eða fyrirtækjahóps skal tilkynnt um hverjir skipa samstarfsráðið.

Ef samstarfsráðið er skipað fleiri en tíu fulltrúum, eða ef samkomulag er um það við aðalstjórn, kýs samstarfsráðið úr sínum hópi framkvæmdanefnd sem skal skipuð mest þremur fulltrúum. Framkvæmdanefndin setur sér starfsreglur.

22. gr.

Endurskoðun.

Annað hvert ár eftir stofnun samstarfsráðs skal aðalstjórn reikna út fjölda fulltrúa fyrir hvert ríki og gefa ráðinu upplýsingar um niðurstöðu sína. Ef niðurstaðan kallar á breytingu á fjölda fulltrúa sem skipaðir hafa verið skv. 4. og 5. mgr. 21. gr. skal fulltrúum í ráðinu fækkað eða fjölgað eftir því sem við á.

Fjórum árum eftir að samstarfsráð hefur verið stofnað samkvæmt ákvæðum í þessum kafla ber ráðinu að ræða hver þörfin er fyrir að hefja viðræður í því skyni að gera samning skv. 14. eða 15. gr. eða hvort halda beri áfram starfi samstarfsráðsins á sama grundvelli og áður.

Ef aðilar ákveða að gera samning skv. 14. og 15. gr. skal samstarfsráðið gegna því hlutverki sem samningaráði væri að öðrum kosti falið.

23. gr.

Reglulegir fundir.

Samstarfsráð hefur rétt til þess að eiga fund með aðalstjórn einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs. Fyrir fundinn skal aðalstjórn útbúa skýrslu um rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækisins sem lögð skal til grundvallar fundinum.

Á fundi skv. 1. mgr. skal einkum fjallað um uppbyggingu fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, efnahags- og fjárhagslega stöðu, líklega þróun hvað varðar rekstur, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, tilkomu nýrra starfsaðferða eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna fyrirtækja, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

24. gr.

Aukafundir.

Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum vegna flutnings, lokunar starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagna, á samstarfsráðið, eða framkvæmdanefndin hafi hún verið stofnuð, rétt á að fá upplýsingar um þessar sérstöku aðstæður.

Samstarfsráðið, eða framkvæmdanefndin, hefur eftir að hafa sent frá sér beiðni þess efnis rétt til að sitja fund með aðalstjórn fyrirtækis eða einhverju öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi í fyrirtækinu eða fyrirtækjahópnum, í því skyni að fá upplýsingar og til að nýta rétt sinn á að viðhaft sé samráð um ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Fulltrúar í samstarfsráðinu, sem kosnir hafa verið í fyrirtækjum eða starfsstöðvum sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, sbr. 1. mgr., eiga rétt á að sitja fund sem ráðgerður er skv. 2. mgr.

Fundur skv. 2. mgr. skal haldinn svo skjótt sem við verður komið á grundvelli skýrslu aðalstjórnar eða annars hlutaðeigandi stjórnunarstigs. Framkvæmdanefndinni eða samstarfsráðinu er heimilt að leggja fram álit á skýrslunni í fundarlok eða innan hæfilegs frests.

Ef skammt er til árlegs fundar skv. 23. gr. er heimilt að fresta umræðum um málefni sem annars yrði fjallað um á aukafundi ef ljóst þykir að frestur af þeim sökum hafi ekki áhrif á samráðsferlið.

25. gr.

Undirbúningsfundur.

Áður en fundur er haldinn með aðalstjórn er samstarfsráðinu eða framkvæmdanefndinni, með þeirri víðtækari skipan sem heimiluð er skv. 3. mgr. 24. gr., heimilt að halda fund án nærveru stjórnarinnar.

26. gr.

Upplýsingagjöf.

Fulltrúar í samstarfsráði skulu veita fulltrúum starfsmanna fyrirtækisins eða, ef slíkir fulltrúar eru ekki fyrir hendi, öllum starfsmönnum fyrirtækisins upplýsingar, sbr. þó 29. gr., um inntak og árangur af upplýsingagjöf og viðræðum sem farið hafa fram í samræmi við ákvæði þessa kafla.

27. gr.

Sérfræðingar.

Samstarfsráðið eða framkvæmdanefndin getur kallað til sérfræðinga að eigin vali ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna starfsemi ráðsins. Kostnaður aðalstjórnar, sbr. 28. gr., takmarkast þó við störf eins sérfræðings.

28. gr.

Kostnaður.

Aðalstjórn greiðir kostnað samstarfsráðsins.

Aðalstjórn ber að tryggja fulltrúum í samstarfsráðinu næga fjármuni svo að þeim reynist unnt að gegna hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Aðalstjórn ber að tryggja að fulltrúar í samstarfsráðinu verði ekki fyrir launamissi vegna þátttöku sinnar í starfi ráðsins.

Einkum skal aðalstjórn greiða kostnað af skipulagi funda og aðstöðu vegna túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúa samstarfsráðsins og framkvæmdanefndar hennar, nema um annað sé samið.

V. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

29. gr.

Þagnarskylda.

Aðalstjórn er heimilt að leggja þagnarskyldu á fulltrúa í samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni, fulltrúa starfsmanna skv. 15. gr. og þá sérfræðinga sem til eru kvaddir þeim til aðstoðar. Aðalstjórn skal tiltaka sérstaklega þær upplýsingar sem þagnarskylda lýtur að.

Þagnarskyldan helst þótt umboð þeirra sem heyra undir 1. mgr. falli niður.

30. gr.

Undanþága frá upplýsingaskyldu.

Aðalstjórn er heimilt að láta hjá líða að veita fulltrúum í samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni eða fulltrúum starfsmanna skv. 15. gr. upplýsingar ef þær eru samkvæmt hlutlægu mati þess eðlis að þær geti haft skaðleg áhrif á starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja eða verið þeim skaðlegar.

31. gr.

Réttarstaða.

Fulltrúar í samningaráðinu, samstarfsráðinu eða fulltrúar starfsmanna skv. 15. gr. skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna starfa sinna. Skulu fulltrúar starfsmanna njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Fulltrúum starfsmanna skal tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

Ágreiningur.

Ágreiningur, sem kann að rísa um gerð eða framkvæmd samnings sem gerður á grundvelli laga þessara, verður borinn undir almenna dómstóla.

33. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um kosningu íslenskra fulltrúa í samningaráðið og samstarfsráðið.

VI. KAFLI
Viðurlög.
34. gr.
Upplýsingar til þriðja aðila.

Þeir sem þrátt fyrir þagnarskyldu skv. 29. gr. láta þriðja aðila í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fésekta, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

35. gr.
Viðurlög.

Brot á 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr., 19. gr., 23. gr. og 1.–2. mgr. 24. gr. varða fésektum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.
36. gr.
13. gr. samningar.

Lög þessi taka ekki til fyrirtækja og fyrirtækjahópa sem eiga aðild að samkomulagi um upplýsingagjöf og samráð á grundvelli 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Skilyrði er að samkomulag aðila hafi öðlast gildi í síðasta lagi 21. september 1996 og að það nái til allra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps og snerti upplýsingagjöf og samráð um málefni fyrirtækja í tveimur eða fleiri ríkjum.

Ef samkomulag, sbr. 1. mgr., fellur úr gildi er aðilum heimilt að framlengja það. Að öðrum kosti fer um samskipti aðila samkvæmt lögum þessum.

37. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.
I.
Inngangur.
1.

Fumvarp þetta er lagt fram með vísan til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/45/EB frá 22. september 1994, um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn. Tilskipun þessi var samþykkt með stoð í 2. mgr. 2. gr. samnings um félagsmálastefnu aðildarríkja Evrópusambandsins sem undirritaður var í Maastricht í Hollandi 7. febrúar 1992 og tók gildi 1. nóvember 1993. Í tilskipuninni er kveðið á um að aðildarríki Evrópusambandsins skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 22. september 1996. Þar sem Bretland var ekki aðili að samningi um félagsmálastefnu Evrópusambandsins hafði samþykkt tilskipunarinnar ekki gildi þar í landi. Á grundvelli Amsterdamsamkomulagsins í júní 1997 var framangreindur samningur felldur inn í Rómarsáttmálann sem 117.–120. gr. Á þessum grundvelli samþykkti ráðherraráð Evrópusambandsins 15. desember 1997 tilskipun um rýmkun á gildissviði framangreindrar tilskipunar í því skyni að hún tæki einnig til Bretlands. Samkvæmt þessari nýju tilskipun eru aðildarríki Evrópusambandsins skuldbundin til að taka ákvæði hennar upp í landsrétt í síðasta lagi 15. desember 1999.

2.

Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/95, 22. júní 1995, var gerð breyting á XVIII. viðauka EES-samningsins og tilskipun nr. 94/45/EB felld inn í samninginn. Telst hún því hluti af íslenskum rétti, sbr. 7. gr. EES-samningsins.

Í stað þess að velja frumvarpinu heiti í samræmi við aðalheiti tilskipunarinnar (e. European Works Council) er farin sú leið að gefa frumvarpinu nafn sem er meira í samræmi við efni þess og inntak. Íslensk þýðing þessa heitis „evrópskt samstarfsráð" er hins vegar notað í frumvarpinu um þann vettvang þar sem upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn fer fram. Í sumum greinum frumvarpsins er þó talað um samstarfsráð til styttingar.

II.

Tilskipun nr. 94/45/EB.

Í formálsorðum tilskipunar nr. 94/45/EB er m.a. vikið að því að starfsemi innri markaðarins feli í sér samfylkingu fyrirtækja, samruna sem nái yfir landamæri, yfirtöku, sameiginleg verkefni og þar af leiðandi fyrirtæki og fyrirtækjahópa sem starfi í fleiri aðildarríkjum. Eigi greinar efnahagslífsins að þróast á samræmdan hátt verði fyrirtæki og fyrirtækjahópar sem starfa í tveimur aðildarríkjum eða fleiri að upplýsa og hafa samráð við fulltrúa þeirra starfsmanna sem ákvarðanir þeirra hafa áhrif á. Reglur um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn taki eins og þær birtast í löggjöf aðildarríkjanna eða venjum ekki alltaf mið af því að starfsemi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps nái til fleiri landa og að þar séu teknar ákvarðanir sem hafa áhrif á þessa starfsmenn. Þetta geti leitt til þess að starfsmönnum, sem ákvarðanir eins og sama fyrirtækis eða fyrirtækjahóps varða, sé mismunað.

Til að tryggja að starfsmenn fyrirtækja eða fyrirtækjahópa sem starfi í tveimur aðildarríkjum eða fleiri fái fullnægjandi upplýsingar og að haft sé samráð við þá sé nauðsynlegt að stofna evrópsk samstarfsráð eða samþykkja aðrar viðeigandi leiðir til að miðla upplýsingum og efna til samráðs við starfsmenn fleiri landa. Þá segir í formálsorðum að veita verði upplýsingar og hafa sem fyrst samráð við tilnefnda fulltrúa starfsmanna um tilteknar ákvarðanir er hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Í formálsorðum er einnig vísað til þess að eitt af markmiðum bandalagsins og aðildarríkjanna skv. 1. gr. samningsins um félagsmálastefnu sé að stuðla að skoðanaskiptum milli vinnuveitenda og launþega.

Þá er í formálsorðum einnig vitnað í 17. lið stofnskrár Evrópubandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega. Þar er meðal annars kveðið á um að miðlun upplýsinga til, samráð við og þátttöku launþega skuli þróa með viðeigandi hætti þar sem tekið sé mið af ríkjandi venju í hverju aðildarríki um sig. Í sáttmálanum segir: „þetta skal einkum gilda um fyrirtæki eða fyrirtækjahópa sem hafa starfsstöðvar eða fyrirtæki í tveimur aðildarríkjum eða fleiri".

III.

Um efni frumvarpsins.

1.

Samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa er markmið þess að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum sem hafa a.m.k. 1.000 starfsmenn í sinni þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu og þar af a.m.k. 150 starfsmenn í tveimur fyrirtækjum í a.m.k. tveimur EES-ríkum. Starfsmönnum fyrirtækja sem falla undir þessi stærðarmörk er þannig gefinn kostur á að hafa aðgang að sömu upplýsingum og að eiga jafna möguleika og starfsbræður þeirra innan fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins í öðrum ríkjum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við aðalstjórn fyrirtækisins. Samkvæmt efni frumvarpsins tak-

markast þó réttur starfsmanna við upplýsingar sem varða fyrirtækið eða fyrirtækjahópinn sem heild á Evrópska efnahagssvæðinu nema aðilar komi sér saman um annað.

Líta má á stofnun samstarfsráðs sem tilboð til starfsmanna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum sem falla undir framangreind stærðarmörk. Þetta skýrist af því að starfsmenn eða fulltrúar verða sjálfir að gera þá kröfu til aðalstjórnar að stofnað sé til samráðs og miðlunar upplýsinga samkvæmt frumvarpinu. Nánar tiltekið verða ákvæði frumvarpsins ekki virk nema fram komi skrifleg beiðni frá a.m.k. 100 starfsmönnum í a.m.k. tveimur fyrirtækjum í a.m.k. tveimur ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Komi slík beiðni fram ber aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps að hafa frumkvæði að því að skipað sé svokallað samningaráð sem skal annast gerð samnings um samstarfsráð eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð, sbr. III. kafla frumvarpsins. Í samningaráði skulu sitja a.m.k. þrír en mest átján fulltrúar starfsmanna. Fjöldi fulltrúa miðast við að a.m.k. einn fulltrúi sé frá hverju EES-ríki þar sem fyrirtæki eða einstök fyrirtæki innan fyrirtækjahóps er með starfssemi. Aðalstjórn ber að hefja samningaumleitanir við samningaráðið innan sex mánaða frá því að beiðni um stofnun ráðsins kom fram. Samningaráðið getur þó með a.m.k. tveimur þriðju hluta atkvæða ákveðið að hefja ekki viðræður eða slíta þeim.

2.

Taki samningaráðið ekki slíka ákvörðun skal samningaviðræðum við aðalstjórn ljúka með samningi annaðhvort um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð. Samkvæmt ákvæðum III. kafla frumvarpsins er aðilum frjálst að semja um hvort stofnað skuli samstarfsráð eða að komið verði á fót öðrum reglum um upplýsingamiðlun og samráð. Þá er aðilum frjálst að ákveða hverjir skuli sitja í samstarfsráðinu, hvaða umboð ráðið skuli hafa, hvernig starfi þess skuli hagað og hvaða fjárhagslegir kostir því skulu boðnir.

Nái aðilar hins vegar ekki samkomulagi um gerð samnings á grundvelli III. kafla frumvarpsins koma ákvæði IV. kafla frumvarpsins til framkvæmda. Þetta á við ef samningaráðið og stjórnin ákveða það eða ef aðalstjórn hefur ekki hafið samningaviðræður í síðasta lagi sex mánuðum frá því að tilmæli starfsmanna þess efnis voru lögð fram. Sama gildir ef aðilar hafa ekki náð samkomulagi innan þriggja ára eftir að beiðni starfsmanna var lögð fram að því tilskildu að aðalstjórn hafi af sinni hálfu hafið samningaumleitar á þessum tíma. Í IV. kafla frumvarpsins er að finna ítarlegar reglur um stofnun samstarfsráðs og hefta þær að mörgu leyti það samningsfrelsi sem aðilar hafa á grundvelli III. kafla frumvarpsins.

Ef samstarfsráð er stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur það rétt til þess að eiga fund með aðalstjórn einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs. Fyrir fundinn skal aðalstjórn útbúa skýrslu um rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækisins sem lögð skal til grundvallar fundinum. Þá er kveðið á um hvert umfjöllunarefni aðila skuli vera. Segir í frumvarpinu að á þessum fundi skuli einkum fjallað um uppbyggingu fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, efnahags- og fjárhagslega stöðu, líklega þróun hvað varðar rekstur, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, tilkomu nýrra starfsaðferða eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna fyrirtækja, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

3.

Með hliðsjón af 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB er í frumvarpinu einnig tekið tillit til samninga um upplýsingagjöf og viðræður við starfsmenn sem gerðir hafa verið fyrir 22. september 1996, svo fremi slíkir samningar nái til allra starfsmanna og snerti upplýsingagjöf

og viðræður við starfsmenn um málefni sem varða fyrirtæki í tveimur eða fleiri aðildarríkjum. Hafa slíkir samningar verið kallaðir 13. gr. samningar. Samkvæmt ákvæði frumvarpsins er aðilum heimilt að endurnýja slíka samninga án tillits til frumvarps þessa. Aðilar geta hins vegar ákveðið að endurnýjun slíks samnings skuli gerð á grundvelli frumvarps þessa. Þá er þeim einnig heimilt að fella niður samninga sem gerðir hafa verið á grundvelli 13. gr. tilskipunarinnar og gera nýjan samning samkvæmt frumvarpi þessu.

IV.
Tengsl tilskipunarinnar við landsrétt.

1.

Í 12. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB er tekið fram að að hún gildi með fyrirvara um ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt tilskipun ráðsins nr. 75/129/EBE frá 17. febrúar 1975, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir, og tilskipun ráðsins nr. 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar.

Þá er kveðið á um að tilskipun nr. 94/45/EB skuli vera með fyrirvara um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs samkvæmt landslögum.

2.

Lög um hópuppsagnir, nr. 95/1992, eiga við um uppsagnir atvinnurekanda á fastráðnum starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna, sem sagt er upp á 30 daga tímabili, er:

a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn, en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Í 2. gr. laga nr. 95/1992, sbr. 2. gr. laga nr. 135/1994, er kveðið á um að áformi atvinnurekandi uppsagnir samkvæmt lögunum skuli hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er með það fyrir augum að ná samkomulagi. Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp. Þá er kveðið á um að trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skuli eiga rétt á að fá frá atvinnurekanda allar upplýsingar, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að koma til framkvæmda. Atvinnurekandi skal veita skriflega upplýsingar um viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp og aðferðir við útreikninga á greiðslum vegna uppsagna.

3.

Lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, taka til aðilaskipta eða samruna fyrirtækja, atvinnurekstrar eða hluta atvinnurekstrar á Evrópska efnahagssvæðinu að svo miklu leyti sem atvinnureksturinn heyrir undir íslenska lögsögu. Í 3. gr. laga nr. 77/1993 er kveðið á um að aðilaskipti geta ein sér ekki verið ástæða fyrir uppsögn starfs-

manna af hálfu atvinnurekanda, hvorki fyrir né eftir aðilaskipti. Ákvæði þetta kemur þó ekki í veg fyrir uppsagnir starfsmanna af efnahagslegum, tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi. Í 5. gr. þessara laga segir að tilkynna beri trúnaðarmanni starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum um aðilaskipti með góðum fyrirvara og áður en aðilaskipti koma til framkvæmda. Jafnframt skal upplýsa hlutaðeigandi um ástæður aðilaskipta, um lagalegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar þeirra fyrir starfsmenn og um fyrirhugaðar ráðstafanir vegna starfsmanna. Þá er í 6. gr. þessara laga kveðið á um að hafi atvinnurekandi í huga að gera ráðstafanir vegna starfsmanna vegna aðilaskipta skuli hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna í því skyni að ná samkomulagi um þær. Samráð skal hafa með góðum fyrirvara og áður en fyrirhugaðar ráðstafanir koma til framkvæmda.

V.

Áhrif lögfestingar tilskipunar nr. 94/45/EB á Íslandi.

Vegna smæðar íslensks efnahagslífs miðað við önnur Evrópuríki og þau stærðarmörk sem tilskipunin setur munu ákvæði frumvarpsins ekki koma til framkvæmda hér á landi í miklum mæli. Þetta kann vissulega að breytast þegar fram líða stundir en fyrst um sinn munu ákvæði frumvarpsins fyrst og fremst eiga við um starfsmenn dótturfyrirtækja erlendra fyrirtækja og fyrirtækjahópa hér á landi.

Kunnugt er um tvo samninga sem gerðir hafa verið með vísan til tilskipunar nr. 94/45/EB sem hafa áhrif á réttindi starfsmanna hér á landi. Hér er annars vegar um að ræða samning sem Alusuisse Lonza Europe BV, með heimilisfesti í Hollandi, gerði við starfsmenn Íslenska álfélagsins hf., sem og önnur fyrirtæki er tilheyra fyrirtækinu í Evrópu, 18. september 1996. Samningur þessi var gerður á grundvelli 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB og fellur því óbeint undir ákvæði frumvarps þessa.

Þá var í júní 1997 undirritaður samningur milli breska fyrirtækisins Glaxo Wellcome Research and Development Limited og starfsmanna þess um stofnun samstarfsráðs. Starfsmönnum Glaxo Wellcome ehf. var boðin þátttaka og var einn starfsmaður þess valinn fulltrúi í samstarfsráðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um markmið og gildissvið frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að bæta rétt starfsmanna fyrirtækja sem starfa í tveimur eða fleiri ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu til að fá upplýsingar um málefni sem varða fyrirtækið eða fyrirtækjahópinn í heild sinni. Samkvæmt frumvarpinu eiga starfsmenn rétt á að stofnað sé samstarfsráð eða settar séu reglur um miðlun upplýsinga og samráð með það í huga að aðalstjórn fyrirtækis veiti starfsmönnum upplýsingar og hafi við þá samráð um mál sem varða hagsmuni þeirra. Taki starfsmenn ákvörðun um að nýta rétt sinn samkvæmt frumvarpi þessu ber aðalstjórn fyrirtækis ekki aðeins að veita fulltrúum þeirra upplýsingar heldur ber henni einnig að skiptast á skoðunum við fulltrúa starfsmanna um þýðingu þessara upplýsinga fyrir hagsmuni starfsmanna.

Samkvæmt frumvarpi þessu er ekki lögð skylda á að samstarfsráð sé stofnað eða að settar verði reglur um upplýsingamiðlun og samráð. Slíku fyrirkomulagi verður aðeins komið á fyrir frumkvæði aðalstjórnar fyrirtækis eða vegna skriflegrar beiðni tilskilins fjölda starfsmanna, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið gildir um allar tegundir atvinnurekstrar, nema annað sé sérstaklega tekið fram, þar með talin opinber fyrirtæki, hvort sem fyrirtæki er rekið sem hlutafélag, einkahlutafélag, samvinnufélag eða hvort um sjóð, samtök, sjálfseignarstofnun eða þess háttar félagsform er að ræða.

Í frumvarpinu er jöfnun höndum talað um ríki og EES-ríki og er ávallt átt við ríki á Evrópska efnahagssvæðinu nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Ákvæði tilskipunar nr. 94/45/EB tekur til fyrirtækja og fyrirtækjahópa sem eru með starfsemi í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Frumvarpið tekur til fyrirtækja, sbr. 3. gr., sem eru með heimilisfesti hér landi og fyrirtækjahópa, sbr. 4. gr., sem hafa aðalstjórn, sbr. 7. gr., hér á landi. Ákvæði frumvarpsins sem kveða á um að aðalstjórn fyrirtækis beri ábyrgð eða tilteknar skyldur verður því beitt gagnvart aðalstjórn fyrirtækis hér á landi. Ákvæði frumvarpsins gilda einnig um framkvæmd á kosningu starfsmanna í samningaráð og samstarfsráð þó að aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps, sbr. 7. gr., sé í öðru EES-ríki.

Þá tekur frumvarpið, sbr. 2. mgr., einnig til erlendra dótturfyrirtækja og starfsstöðva ef aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps er á Íslandi, að undanskildum ákvæðum þess um útreikning á meðalfjölda starfsmanna í öðrum ríkjum, val á fulltrúum starfsmanna í því ríki þar sem fyrirtækið hefur aðsetur og vernd fulltrúa í samningaráðinu og samstarfsráðinu. Löggjöf viðkomandi ríkis á þessu sviði tekur til þessara atriða.

Þegar um er að ræða íslensk dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar, sem lúta stjórn móðurfyrirtækis í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, er almenna reglan sú að lög um evrópsk samstarfsráð í því ríki þar sem móðurfyrirtækið hefur aðsetur gilda um samskipti aðalstjórnar og starfsmanna. Þannig verða starfsmenn eða fulltrúar þeirra að beina kröfum sínum og málatilbúnaði að aðalstjórn í því EES-ríki þar sem hún hefur aðsetur. Í þessu sambandi skal þó bent á að hafi aðalstjórn fyrirtækis ákveðið að leggja þagnarskyldu á fulltrúa í samstarfsráði með hliðstæðum hætti og kveðið er á um 29. gr. frumvarpsins getur sú ákvörðun haft ólíka þýðingu annars vegar eftir því hvernig bregðast skuli við meintu broti á þagnarskyldu og hins vegar eftir því undir dómstól hvaða ríkis lögmæti ákvörðunar aðalstjórnar um þagnarskyldu verði borin. Hvað varðar fyrra atriðið er í 34. gr. frumvarpsins kveðið á um viðurlög við brotum á þagnarskyldu. Þar er vísað til 29. gr. frumvarpsins sem fellur undir sameiginleg ákvæði frumvarpsins. Verður ákvæði því túlkað á þann hátt að það taki almennt til þeirra aðila sem nefndir eru í ákvæðinu án tillits til þess hvort aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps er hér á landi. Að gættum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1944, um refsilögsögu getur aðalstjórn því beint kæru vegna meints brots íslensks aðila á þagnarskyldu til lögreglu hér á landi.

Að því er síðari atriðið varðar verða fulltrúar starfsmanna að beina málssókn sinni gegn aðalstjórn í því EES-ríki þar sem hún hefur aðsetur nema aðalstjórn sé skylt samkvæmt öðrum lögum að taka til varna á öðru varnarþingi eða hún fallist á það af öðrum ástæðum.

Um II. kafla.

Í II. kafla er að finna skilgreiningar á hugtökunum fyrirtæki, fyrirtækjahópur, móðurfyrirtæki, aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps og reglur um útreikning á fjölda starfsmanna.

Um 3. gr.

Skilgreining hugtaksins fyrirtæki er í samræmi við a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Fyrirtæki merkir nánar tiltekið fyrirtæki sem rekur útibú eða annars konar starfs-

stöð í tveimur eða fleiri ríkjum á Evrópska efnahagsvæðinu. Þetta þýðir að að uppfylltum öðrum skilyrðum frumvarpsins mundi íslenskt hlutafélag sem rekur útibú í öðru ríki falla undir gildissvið þess. Meginatriðið er að hjá fyrirtækinu starfi a.m.k. 1.000 starfsmenn og a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru EES-ríkinu um sig. Hugtakið starfsstöð er ekki skilgreint nánar í frumvarpinu en með því er almennt átt við útibú eða sambærilegt form á rekstri.

Hugtakið „starfsmaður" er ekki skilgreint í tilskipun nr. 94/45/EB og er það ekki heldur gert í frumvarpi þessu. Hugtakið „starfsmaður" í skilningi frumvarpsins verður því skilgreint eins og tíðkast í íslenskum vinnurétti. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í þessari grein er sett fram skilgreining á hugtakinu fyrirtækjahópur. Skilgreiningin er sams konar og í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Eins og í 3. gr. frumvarpsins er meginatriðið að a.m.k. 1.000 starfsmenn starfi í fyrirtækjum innan fyrirtækjahópsins. Þá er skilyrði að fyrirtækjahópurinn samanstandi af minnst tveimur fyrirtækjum í mismunandi EES-ríkjum og að hjá þeim starfi a.m.k. 150 starfsmenn í hvoru fyrirtækinu um sig.

Þá leiðir það af 5. gr. frumvarpsins hvort einstök fyrirtæki hafa þau innbyrðis tengsl að um sé að ræða fyrirtækjahóp í skilningi frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í þessari grein er hugtakið móðurfyrirtæki skilgreint. Skilgreiningin er í samræmi við 2. og 3. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Hugtakið fyrirtækjahópur ræður úrslitum um það hvort hópur fyrirtækja hefur þau innbyrðis tengsl að þeim sé skylt að verða við beiðni starfsmanna um að stofna samstarfsráð. Hugtakið ræður einnig úrslitum um hvaða fyrirtæki í hópnum er skylt að takast á hendur skyldur aðalstjórnar.

Viðmiðunarreglur 2. mgr. 5. gr. fela í sér að því fyrirtæki, sem hefur tengsl við annað fyrirtæki eins og vikið er að í 1.–3. tölul. 2. mgr., ber að færa sönnur á að það sé ekki í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru fyrirtæki ef það óskar ekki eftir að takast á hendur þær skyldur sem frumvarpið kveður á um. Ef tvö eða fleiri fyrirtæki innan fyrirtækjahóps greinir á um hvaða fyrirtæki skuli fara með þær skyldur sem frumvarpið kveður á um skal það fyrirtæki sem fullnægir einu af skilyrðunum í 2. mgr. fara með ábyrgðina.

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki fullnægja einu eða fleiri skilyrðum í 2. mgr. fer það eftir ákvæði 3. mgr. 5. gr. hvernig með skuli fara. Þessu má lýsa með eftirfarandi dæmi: Ef tveimur eða fleiri fyrirtækjum er öllum kleift að hafa áhrif á sama dótturfyrirtækið, t.d. vegna þess að fyrirtæki A fer með meiri hluta atkvæða á aðalfundi fyrirtækisins og annað fyrirtæki, B, á meira en helming hlutafjárins skal úr því skorið hvoru fyrirtækinu sé skylt, komi fram beiðni um það frá starfsmönnum, að gera ráðstafanir til að stofna samstarfsráð eða setja reglur um upplýsingamiðlun og samráð. Í þessu dæmi telst fyrirtæki A móðurfyrirtækið, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, nema unnt sé að færa sönnur á að fyrirtæki B hafi í raun ráðandi áhrif á viðkomandi fyrirtæki af öðrum ástæðum.

Hvað varðar túlkun á hugtakinu móðurfyrirtæki má bera ákvæði frumvarpsins saman við ákvæði íslensks félagaréttar.

Í 1. mgr. 2. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, segir að ef hlutafélag á svo mikinn hluta hlutafjárins í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi að það fer með meiri hluta atkvæða í félaginu teljist fyrrnefnda félagið móðurfélag en hið síðarnefnda dótturfélag. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að ef dótturfélag eða móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum eða fleiri en eitt dótturfélag eiga í sameiningu svo mikið hlutafé í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi sem um

ræðir í 1. mgr. teljist síðastnefnda félagið dótturfélag móðurfélagsins. Þá segir í 3. mgr. að ef hlutafélag hefur annars, vegna hlutafjáreignar eða samninga, yfirráð í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi telst fyrrnefnda félagið einnig móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag.

Athygli er vakin á því að samkvæmt lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, þarf sá sem á meiri hluta hlutafjár í félagi ekki endilega að hafa ráðandi áhrif á stjórnun þess. Þetta skýrist af því að heimilt er samkvæmt lögunum að gefa út hluti án atkvæðisréttar. Nánar segir um þetta í 20. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, að allir hlutir skuli hafa jafnan rétt í félagi. Í samþykktum félags má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka, m.a. flokk án atkvæðisréttar. Fyrirtæki, sem á meiri hluta hlutafjár en fer aðeins með lítinn atkvæðisrétt á aðalfundi annars fyrirtækis, telst því ekki móðurfyrirtæki nema það hafi afgerandi áhrif af öðrum sökum.

Samkvæmt 5. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, nr. 144/1994, telst fyrirtæki móðurfélag sem á beinan eða óbeinan hátt á svo mikinn hluta eigin fjár í öðru félagi að það fer með meiri hluta atkvæða í því eða það hefur vegna samninga yfirráð í öðru félagi og verulega hlutdeild í afrakstri þess.

Samkvæmt 5. mgr. greinarinnar telst atkvæðisréttur sem dótturfyrirtæki hefur í öðru fyrirtæki með atkvæðisrétti móðurfyrirtækisins þegar ákvarða skal hvort ráðandi aðstaða sé fyrir hendi.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um undantekningar frá 1.–3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Ef ekki væri kveðið á um þessar undantekningar væru þau fyrirtæki sem greinin tekur til talin ráðandi í skilningi 5. gr. frumvarpsins þó að afskipti af rekstri viðkomandi fyrirtækja væru fyrst og fremst til bráðabirgða og í afmörkuðum tilgangi.

Greinin er byggð á 4. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB, en samkvæmt því ákvæði telst fyrirtæki ekki vera í ráðandi aðstöðu gagnvart öðru þegar um fyrirtæki er að ræða sem fjallað er um í a- eða c-lið 5. mgr. 3. gr. í reglugerð Evrópusambandsins nr. 4064/89 frá 21. desember 1989, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

Í a-lið 5. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar er kveðið á um að samfylking fyrirtækja teljist ekki hafa átt sér stað þegar lánastofnanir, aðrar fjármálastofnanir eða tryggingafyrirtæki, þar sem verðbréfaviðskipti, kaup og sala fyrir eigin hönd eða annarra falla undir eðlilega starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis, halda til bráðabirgða hlutabréfum í fyrirtæki sem þau hyggjast selja aftur, að því tilskildu að þau notfæri sér ekki atkvæðisrétt sem þessum hlutabréfum fylgir með það fyrir augum að ákvarða samkeppnisaðgerðir þess sama fyrirtækis, eða að því tilskyldu að þau notfæri sér þennan atkvæðisrétt einungis með það fyrir augum að undirbúa sölu hlutaðeigandi fyrirtækis í heild eða að hluta, eigna þess eða hlutabréfa og að af sölunni verði innan árs frá því að bréfanna var aflað.

Fyrirtæki sem falla undir þetta viðmið verða þannig ekki talin í ráðandi aðstöðu í skilningi 5. gr. frumvarpsins.

Þá er í c-lið 5. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 4064/89 kveðið á um að með sama hætti skuli litið á ráðstafanir þær sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr. reglugerðarinnar sem eru gerðar af eignarhaldsfélögum sem um getur í 3. mgr. 5. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins nr. 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, eins og henni var síðast breytt með tilskipun nr. 84/569/EBE, að því tilskildu þó að atkvæðisréttur sem umræddur eignarhlutur veitir sé nýttur, einkum er varðar skipun í framkvæmdastjórn og yfirstjórnir fyrirtækja þeirra sem þau eiga hlut í, einungis til að viðhalda fullu verðgildi þessara fjárfestinga og ekki til að ákvarða beint eða óbeint samkeppnisaðgerðir fyrirtækja þessara.

Í 1. tölul. 3. mgr. 5. gr. framangreindrar tilskipunar eru eignarhaldsfélög skilgreind sem fyrirtæki sem hafa þann tilgang einan að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum og að ávaxta og nýta slíka hagsmuni án þess að blanda sér beint eða óbeint í stjórn slíkra fyrirtækja.

Með sama hætti og að framan greinir falla þessi fyrirtæki ekki undir skilgreiningu frumvarpsins um ráðandi fyrirtæki.

Af ákvæði 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins leiðir að ráðandi aðstaða er ekki til staðar þegar skiptastjóri þrotabús samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti beitir valdi sínu í tengslum við gjaldþrotameðferð, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða þess konar ráðstafanir.

Um 7. gr.

Í þessari grein er hugtakið aðalstjórn skilgreint. Hafi stjórn fyrirtækis stöðu aðalstjórnar í skilningi frumvarpsins er henni skylt, komi fram beiðni um það frá tilskildum fjölda starfsmanna, að gera ráðstafanir til að stofna samstarfsráð eða setja reglur um upplýsingamiðlun og samráð.

Ef tiltekið móðurfyrirtæki er sjálft dótturfyrirtæki annars fyrirtækis, og er þannig hluti af stærri fyrirtækjahópi, leiðir það af 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins að stjórn þessa móðurfyrirtækis er ekki skylt að gera slíkar ráðstafanir. Skyldan hvílir þá á stjórn þess fyrirtækis sem telst aðalstjórn fyrirtækjahópsins samkvæmt þeim reglum sem nánar er kveðið á um í 5. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er fjallað um það þegar aðalstjórn fyrirtækis er ekki í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Í því tilviki telst aðalstjórn fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins vera sá fulltrúi í einhverju EES-ríki sem aðalstjórn tilnefnir. Ef slíkur fulltrúi hefur ekki verið tilnefndur telst aðalstjórn vera stjórn þess fyrirtækis eða starfsstöðvar sem hefur flesta starfsmenn í EES-ríki.

Um 8. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB skal fjöldi starfsmanna fyrirtækis eða fyrirtækjahóps reiknaður út frá meðalfjölda starfsmanna fyrirtækisins, að meðtöldum starfsmönnum í hlutastörfum sem hafa starfað hjá því síðustu tvö árin. Í þessu sambandi er miðað við síðustu tvö árin frá því að beiðni starfsmanna er lögð fram um stofnun samningaráðs skv. 10. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að aðalstjórn beri skylda til að upplýsa fulltrúa starfsmanna um heildarfjölda starfsmanna í fyrirtækjum og starfsstöðvum í þeim tilgangi að þeir geti metið hvort skilyrði frumvarpsins að þessu leyti séu uppfyllt.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er að finna ákvæði um ábyrgð á stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð. Þá er kveðið á um kjör fulltrúa í sérstakt samningaráð en hlutverk þess er að gera samning við aðalstjórn fyrirtækis. Einnig er í kaflanum að finna ákvæði um lágmarksinntak samnings um stofnun samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

Samstarfsráð tekur til allra fyrirtækja og starfsstöðva og fyrirtækja sem tilheyra fyrirtækjahópi sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu. Því er óheimilt að undanskilja einstök fyrirtæki eða starfsstöðvar þegar samningur um stofnun samstarfsráðs er gerður á grundvelli frumvarps þessa. Sama gildir um samninga sem gerðir eru skv. 15. gr. frumvarpsins. Er þetta í samræmi við 2. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB.

Um 9. gr.

Greinin er að efni til sams konar og ákvæði 1. mgr. 4. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Samkvæmt henni ber aðalstjórn að skapa þannig skilyrði að samningaráðið geti sinnt skyldum sínum á eðlilegan hátt. Ber að skoða þessa grein með hliðsjón af 12. gr. frumvarpsins sem m.a. kveður á um ábyrgð aðalstjórnar á kostnaði er hlýst af störfum samningaráðsins.

Um 10. gr.

Viðræður um stofnun samstarfsráðs eða setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð geta hafist með tvennum hætti, annaðhvort fyrir frumkvæði aðalstjórnar eða á grundvelli skriflegrar beiðni a.m.k. 100 starfsmanna fyrirtækisins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að starfsmenn geti beint beiðni sinni til stjórnar þess fyrirtækis sem þeir starfa hjá í stað þess að beina henni til aðalstjórnar fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins. Ef þessi háttur er hafður á ber stjórn viðkomandi fyrirtækis að framsenda beiðnina án tafar til aðalstjórnar.

Tekið er fram að þeir frestir sem tilgreindir eru í 19. gr. frumvarpsins miðast við þann dag þegar beiðni starfsmanna er afhent stjórn fyrirtækis eða fyrirtækis innan fyrirtækjahóps.

Um 11. gr.

Að uppfylltum ákvæðum 10. gr. frumvarpsins ber aðalstjórn að hafa frumkvæði að stofnun samningaráðs.

Í 2. mgr. er kveðið á um lágmarks- og hámarksfjölda fulltrúa í samningaráðinu.

Samkvæmt d-lið 1. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB skal við ákvörðun þess hverjir teljast fulltrúar starfsmanna byggja á landslögum og/eða venju í því landi þar sem tilskipunin er lögfest. Sambærilegt orðalag er notað í b-lið 1. tölul. 1. gr. tilskipunar nr. 75/129/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir sem lögtekin var hér á landi með lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992. Sama máli gegnir um c-lið 2. gr. tilskipunar nr. 77/187/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar, sem lögfest var með lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993. Í báðum þessum lögum gegna trúnaðarmenn starfsmanna því hlutverki sem „fulltrúum starfsmanna“ er ætlað samkvæmt tilskipunum þessum. Ekki er ástæða til þess að túlka d-lið 1. tölul. 2. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB með öðrum hætti en hér hefur verið gert og verður þannig haldið samræmi í þýðingu og notkun hugtaka við lögfestingu tilskipana Evrópusambandsins á sviði vinnuréttar hér á landi. Í 3. mgr. er því kveðið á um að fulltrúar í samningaráðið, sem kosnir eru á Íslandi, skulu kosnir úr hópi starfsmanna af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis. Séu trúnaðarmenn af einhverjum ástæðum ekki í fyrirtækinu eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt á kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Þá er kveðið á um að starfsmenn sem stöðu sinnar vegna eigi ekki trúnaðarmann eigi rétt á því að velja sér fulltrúa sem skal taka þátt í kjöri fulltrúa í samningaráðið.

Í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB er kveðið á um að við kosningu í samningaráðið skuli tryggja í fyrsta lagi að einn fulltrúi sé fyrir hvert aðildarríki þar sem fyrirtæki á bandalagsvísu starfar með eina eða fleiri starfsstöðvar eða þar sem fyrirtækjahópur sem starfar á bandalagsvísu hefur ráðandi fyrirtæki eða eitt eða fleiri undirfyrirtæki. Í öðru lagi að viðbótarfulltrúar séu í réttu hlutfalli við fjölda starfsmanna í starfsstöðvum, ráðandi fyrirtæki eða undirfyrirtækjum eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðalstjórnin hefur aðsetur.

Er framangreindum viðmiðunum fylgt í 5. mgr. greinarinnar, en þar er kveðið á um reglur sem beita skal við útreikning á fjölda fulltrúa í samningaráðið frá hverju ríki.

Hafi fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn færri en 2.000 starfsmenn, og hafi aðeins starfsstöðvar eða fyrirtæki í tveimur ríkjum, er skilyrðum 1. og 2. tölul. 5. mgr. fylgt. Hafi fyrirtækið fleiri starfsmenn er skilyrðum a–c-liðar 3. tölul. fullnægt hverju af öðru, en tillit tekið til þess að hámarksfjöldi fulltrúa skal vera átján.

Það er hlutverk aðalstjórnar að reikna út hve margir fulltrúar skuli sitja í samningaráðinu og ber henni síðan að tilkynna fyrirtækjum eða starfsstöðvum þess hve marga fulltrúa skuli kjósa í hverju ríki um sig. Aðalstjórn ræður hins vegar ekki hvernig sjálft val fulltrúanna fer fram í hverju einstöku ríki. Skal valið fara fram eftir þeim reglum og/eða venjum sem gilda í því ríki eða ríkjum þar sem fulltrúarnir eru valdir. Framangreindar reglur gilda því um fjölda fulltrúa sem kosnir eru hér landi.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar samsvarar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 14. og 15. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. eru engin takmörk sett fyrir því hve marga sérfræðinga samningaráðinu er heimilt að kalla sér til liðsinnis. Kostnaður aðalstjórnar miðast þó aðeins við störf eins sérfræðings.

Í greininni er ekki sett fram skilgreining á hugtakinu „sérfræðingur“ eða hvort hann skuli vera einn af starfsmönnum fyrirtækis eða einhver utan þess. Með sérfræðingi er almennt átt við mann sem hefur mikla reynslu í samningagerð eða er sérfróður um efnahagsmál. Hér getur verið um að ræða aðila frá stéttarfélagi, frá landssamtökum launamanna eða sameiginlegum samtökum launamanna á Evrópska efnahagssvæðinu, lögmann eða endurskoðanda. Sérfræðingur er ekki fulltrúi í samningaráðinu en hefur stöðu sinnar vegna heimild til að sitja á fundum ráðsins til að veita faglega ráðgjöf.

Samkvæmt 3. mgr. skal aðalstjórn bera kostnað í tengslum við samningaviðræður. Útgjöld í sambandi við samningaviðræður eru m.a. ferða-, matar- og gistikostnaður, túlkunarkostnaður, kostnaður við þýðingar skjala og hugsanlega vegna leigu á húsnæði. Ábyrgð aðalstjórnar á kostnaði miðast við að samningaráðið geti sinnt störfum sínum með eðlilegum hætti.

Um 13. gr.

Þegar samningaráðið hefur verið skipað ber aðalstjórn að boða ráðið til fundar og skal stjórnum fyrirtækja á hverjum stað tilkynnt um fundarboðið.

Um 14. gr.

Í greininni eru talin upp þau meginatriði sem kveðið skal á um í samningi um samstarfsráð. Að öðru leyti hafa aðilar frelsi til að ákveða nánar innihald samningsins. Að uppfylltum ákvæðum þessarar greinar þurfa aðilar ekki að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til samstarfsráðs sem stofnað er skv. IV. kafla frumvarpsins. Þannig er aðilum t.d. ekki skylt að semja um árlegan fund eða fara fram á gerð sérstakrar skýrslu af hálfu stjórnar, sbr. 23. gr. o.s.frv. Ef aðilar óska eftir að halda fundi á öðrum tímum eða leggja eitthvað annað til grundvallar á fundum en skýrslu aðalstjórnar eins og gert er ráð fyrir skv. IV. kafla frumvarpsins er þeim frjálst að semja um það.

Um 15. gr.

Í stað þess að gera með sér samning um stofnun samstarfsráðs, sbr. 14. gr., er aðalstjórn og samningaráði heimilt að gera með sér samning um setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð. Slíkt fyrirkomulag kann að vera ákjósanlegra en samstarfsráð þegar fyrir hendi eru innan fyrirtækisins eða fyrirtækjahóps upplýsinga- og samskiptaleiðir sem auðvelt er að byggja á. Komi aðilar sér saman um að hafa þennan háttinn á í stað þess að stofna samstarfsráð verður að gera skriflegan samning er greini frá því hver tilgangurinn með reglunum skal vera, um hvaða málefni upplýsingamiðlun og samráð samkvæmt slíkum reglum skuli snúast, hvernig slíkt skuli fjármagnað og um gildistíma.

Um 16. gr.

Í ljós kann að koma að hið sérstaka samningaráð taki ekki undir beiðni, sbr. 10. gr., um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. frumvarpsins. Hefur samningaráðið heimild samkvæmt þessari grein til að hefja ekki viðræður við aðalstjórn um gerð samnings. Þá getur samningaráðið slitið viðræðum sem þegar eru hafnar. Skilyrði er að tillaga um slíkt sé samþykkt með minnst tveimur þriðju hlutum atkvæða fulltrúa í samningaráðinu. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði við slíka atkvæðagreiðslu.

Hafi samningaráðið ályktað skv. 1. mgr. er ekki hægt að kalla það saman fyrr en eftir tvö ár. Skiptir þá ekki máli þó að ný beiðni komi fram frá a.m.k. 100 starfsmönnum um að stofnað verði samstarfsráð. Aðilum er þó heimilt að víkja frá þessu ef samningaráðið og aðalstjórn eru sammála um það.

Um 17. gr.

Þessi grein er í samræmi við 5. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB. Þó er kveðið á um í 2. málsl. greinarinnar að þegar atkvæði falla jöfn skuli fulltrúar frá ríki þar sem starfsmenn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps eru flestir hafa eitt viðbótaratkvæði.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að aðalstjórn fyrirtækis eða fyrirtækjahóps skuli tilkynna ráðherra, þ.e. félagsmálaráðherra, um þá samninga sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir því að aðalstjórn beri að afhenda afrit af samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt frumvarpi þessu. Aðalstjórn getur þó látið nægja að upplýsa einungis um að samningur hafi verið gerður. Þetta á við ef í samningi eru atriði sem varða sérstaka viðskiptahagsmuni fyrirtækis og afhending samnings getur skaðað það. Þessi undantekning getur þó aðeins átt við um stundarsakir sem þýðir að þegar þær kringumstæður eru ekki lengur fyrir hendi sem gera efni samningsins að viðskiptaleyndarmáli ber aðalstjórn að afhenda ráðherra afrit af honum.

Með ákvæði þessu er hvorki gert ráð fyrir að ráðherra hafi eftirlit með því að löglega sé staðið að gerð samninga né að hann hafi vald til að skipta sér af framkvæmd þeirra. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að samningum sem gerðir eru á grundvelli frumvarpsins sé safnað saman á einn stað þannig að upplýsingar liggi fyrir um fjölda þeirra hér á landi. Er bent á almennt gildi slíkrar samantektar í þágu rannsókna á íslenskum vinnumarkaði.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru víkjandi fyrir ákvæðum III. kafla frumvarpsins og ber að beita þeim ef aðilar koma sér ekki saman um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr., innan þriggja ára frá þeim tíma þegar beiðni barst skv. 10. gr. frumvarpsins, ef aðalstjórn hefur sýnt af sér tómlæti

við að hefja gerð samnings eða aðilar hafa ákveðið sjálfir að þeir vilji beita ákvæðum þessa kafla. Hér er gerð krafa um að samstarfsráð sé stofnað samkvæmt ákveðinni forskrift, gagnstætt ákvæðum í III. kafla þar sem fjallað er um möguleika aðila til að gera sína eigin samninga innan þeirra marka sem kveðið er á um í 14. og 15. gr.

Í ákvæðum þessa kafla er lýst hverjir skuli sitja í samstarfsráði, svo og hvaða skyldur og réttindi aðalstjórn og samstarfsráðið hefur.

Eru ákvæði kaflans í samræmi við 7. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB, sbr. og ákvæði í viðauka hennar.

Um 19. gr.

Í ákvæði þessu er talin upp þau atvik sem leitt geta til þess þess að samstarfsráð sé stofnað á grundvelli IV. kafla frumvarpsins. Ákvæði 1.–3. tölul. fela í sér að láti aðalstjórn hjá líða að hefja samningaviðræður eða ef aðilar eru ekki sammála um gerð samnings skv. 14. eða 15. gr. ber þeim skylda til að stofna samstarfsráð á grundvelli IV. kafla frumvarpsins. Skv. 13. gr. frumvarpsins teljast samningaviðræður hafnar þegar boðaður hefur verið fundur og hann er haldinn innan eðlilegs tíma eftir að fundarboðið var sent út.

Aðilar eru þannig beittir ákveðnum þrýstingi til að koma sér saman um samning skv. 14. eða 15. gr., en kunna ella að þurfa að gera samning sín á milli á grundvelli ákvæða þessa kafla.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að valdsvið samstarfsráðs takmarkist við málefni fyrirtækis sem hafa þýðingu yfir landamæri einstakra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingar og viðræður aðila verða því að lúta að málum sem snerta allt fyrirtækið eða allan fyrirtækjahópinn eða hluta hans, svo fremi fyrirtækin séu í mismunandi ríkjum. Ef um er að ræða fyrirtæki eða fyrirtækjahópa og aðalstjórn er ekki á Evrópska efnahagsvæðinu takmarkast valdsvið samstarfsráðsins við upplýsingar og viðræður um mál sem snerta fyrirtæki og starfsstöðvar í EES-ríkjum.

Um 21. gr.

Í þessari grein er kveðið á um lágmarks- og hámarksfjölda fulltrúa í samstarfsráðinu og hvernig þeir eru kosnir.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. skulu fulltrúar í samstarfsráðið kosnir með sama hætti og þegar íslenskir fulltrúar eru kosnir í samningaráðið. Er vísað til athugasemda við 11. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er kveðið á um eftir hvaða reglum fulltrúar í samstarfsráðið skulu valdir. Er hér um svipaðar reglur að ræða og þegar reikna þarf fjölda fulltrúa í samningaráðið, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Hafi fyrirtækið eða fyrirtækjahópurinn færri en 2.000 starfsmenn skulu fulltrúar valdir á grundvelli 1.–2. tölul. 4. mgr. Hafi fyrirtækið fleiri starfsmenn skal fullnægja skilyrðunum í a–c-liðum 3. tölul., hverju á fætur öðru, og tekið tillit til þess að hámarksfjöldi fulltrúa skal vera 30. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 11. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 7. mgr. er heimilt að stofna framkvæmdanefnd þegar samstarfsráðið er skipað fleiri en tíu fulltrúum. Þegar þannig háttar til koma fulltrúarnir frá fleiri en tíu ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í slíkum tilvikum kann að vera erfitt að kalla saman samstarfsráðið með litlum fyrirvara. Þá kann slík framkvæmdanefnd að vera betur í stakk búin til að gæta hagsmuna starfsmanna ef um er að ræða upplýsingar og viðræður um ákvarðanir sem mikið liggur á að séu teknar.

Um 22. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal aðalstjórn annað hvert ár eftir stofnun samstarfsráðs reikna út fjölda fulltrúa fyrir hvert EES-ríki og upplýsa ráðið um niðurstöðu sína. Ef niðurstaðan kallar á breytingu á fjölda fulltrúa sem skipaðir hafa verið skv. 4. og 5. mgr. 21. gr. skal fulltrúum í ráðinu fækkað eða fjölgað eftir því sem við á.

Þá er kveðið á um í 2. mgr. að þegar samstarfsráð hefur starfað í fjögur ár beri því að kanna hvort það eigi að halda áfram að starfa samkvæmt gildandi samningi eða hvort grundvöllur sé fyrir því að gera samning um samstarfsráð eða setja reglur um upplýsingamiðlun og samráð samkvæmt ákvæðum III. kafla frumvarpsins.

Ef starfandi samstarfsráð ákveður að óska eftir viðræðum um gerð samnings um stofnun samstarfsráðs eða gerð samkomulags um upplýsingamiðlun og samráð samkvæmt ákvæðum III. kafla frumvarpsins og aðalstjórn felst á þá málaleitan þarf ekki kalla til samningaráð í þessu skyni, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Starfandi samstarfsráð semur við aðalstjórn um gerð samnings.

Um 23. gr.

Samkvæmt þessari grein skal aðalstjórn halda a.m.k. einn fund á ári með samstarfsráðinu. Upplýsingar og viðræður á fundinum skulu snerta þróun og starfsemi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins.

Fyrir fundinn ber aðalstjórn að útbúa skýrslu sem senda skal fulltrúum í ráðinu. Skýrslan skal liggja til grundvallar fundinum og er því mikilvægt að fulltrúum gefist tækifæri til að búa sig undir hann. Forsenda þessa er að aðalstjórn sjái um að skýrslan sé send út í tæka tíð fyrir fundinn og að hún liggi fyrir á tungumálum þeirra EES-ríkja sem eiga fulltrúa í ráðinu.

Á fundi þessum skal einkum fjallað um uppbyggingu fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, efnahags- og fjárhagslega stöðu, líklega þróun hvað varðar rekstur, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar á skipulagi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins, tilkomu nýrra starfsaðferða eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna fyrirtækja, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir því að ef sérstakar aðstæður koma upp sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna beri aðalstjórn að tilkynna framkvæmdanefndinni eða samstarfsráðinu um það. Á grundvelli þessara upplýsinga metur framkvæmdanefndin eða samstarfsráðið hvort nauðsynlegt sé að kalla saman sérstakan aukafund. Aðalstjórn ber því aðeins að boða til fundar að þær aðstæður séu fyrir hendi og framkvæmdanefndin eða samstarfsnefndin óski eftir því.

Einstök atvik í rekstri fyrirtækis eða viðskiptaumhverfi þess sem hafa áhrif á hagsmuni starfsmanna, en telja má eðlileg og lið í starfsemi og rekstri hlutaðeigandi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps, er ekki unnt að telja óvenjulega viðburði í skilningi frumvarpsins sem geti verið forsenda slíkra sérstakra upplýsinga frá aðalstjórn.

Fundur samkvæmt þessari grein skal ekki haldinn með aðalstjórn ef önnur stjórn þekkir betur forsendur hinna sérstöku aðstæðna og ber auk þess fjárhagslega ábyrgð á þeirri ákvörðun sem tekin verður.

Ef því verður við komið skal halda fundinn áður en þeir viðburðir sem um er að ræða gefa tilefni til ákvarðana, gagnstætt almennum fundum sem fremur einkennast af því að snúast um árlegt uppgjör fyrirtækjahópsins.

Um 25. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu hefur samstarfsráðið eða framkvæmdanefndin, í tengslum við fundinn með aðalstjórn, rétt til að halda undirbúningsfund sem aðalstjórn tekur ekki þátt í. Þetta ákvæði er mikilvægt til að tryggja að samstarfsráð geti starfað með eðlilegum hætti. Fulltrúar í ráðinu koma frá ýmsum löndum og úr ýmsum fyrirtækjum innan fyrirtækjahópsins og hafa endranær ekki mikla möguleika á að ræða þau mál sem koma fram í fyrirliggjandi skýrslu, sbr. 23. gr., áður en ráðið situr fund með aðalstjórn.

Um 26. gr.

Ákvæðið fjallar um upplýsingaskyldu fulltrúa samstarfsráðsins gagnvart þeim starfsmönnum sem þeir eru fulltrúar fyrir. Fulltrúum í samstarfsráðinu ber að skýra fulltrúum starfsmanna frá efni og niðurstöðu fundarins með aðalstjórn, sbr. 23. og 24. gr. Þær upplýsingar sem sendar eru út samkvæmt þessu ákvæði skal ekki bera undir aðalstjórn, svo fremi þær falli ekki undir ákvæði 29. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu. Yfirleitt skal gefa skriflegar upplýsingar en aðstæður kunna að vera með þeim hætti að starfsmenn skuli hafa möguleika á að fá munnlegar upplýsingar.

Um 27. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu hefur samtarfsráðið eða framkvæmdanefndin möguleika á að njóta aðstoðar sérfræðinga ef nauðsyn krefur.

Um 28. gr.

Aðalstjórn greiðir kostnað af rekstri samstarfsráðsins en ákvæðið útilokar ekki að skipta megi ábyrgð vegna útgjalda, þannig að t.d. einstök fyrirtæki eða starfsstöðvar greiði kostnað í tengslum við þátttöku einstakra fulltrúa. Samkvæmt frumvarpinu ber aðalstjórn þó endanlega ábyrgð. Í rekstrarkostnaði eru m.a. fólgin útgjöld vegna prentunar skýrslu, þýðingar, póstkostnaður, kostnaður við fundarhaldið sjálft, þ.e. túlkun, húsaleigu o.s.frv. Auk þess greiðir aðalstjórn kostnað fulltrúanna sem ekki verður hjá komist svo að þeir geti leyst skyldustörf sín af hendi, svo sem ferða-, matar- og gistikostnað og túlkun. Enn fremur ber aðalstjórn að sjá um að fulltrúarnir haldi fullum launum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um þagnarskyldu sem aðalstjórn er heimilt að leggja á fulltrúa starfsmanna í samstarfsráði ef hagsmunir fyrirtækis eru í húfi, um undanþágu frá upplýsingaskyldu aðalstjórnar í einstökum tilvikum og um réttarstöðu þeirra starfsmanna sem taka að sér að vera fulltrúar starfsmanna samkvæmt frumvarpi þessu. Þá er kveðið á um heimild aðila til að bera ágreining undir héraðsdóm og um heimild ráðherra til setja í reglugerð nánari fyrirmæli um kosningu íslenskra fulltrúa í samningaráðið eða samstarfsráðið.

Eins og heiti kaflans ber með sér er ákvæðum þessum ætlað að taka til samskipta aðila án tillits til þess hvort þau fara fram á grundvelli III. eða IV. kafla frumvarpsins.

Um 29. gr.

Í störfum sínum sem fulltrúar í samstarfsráðinu og samningaráðinu kunna starfsmenn að verða einhvers áskynja um atriði sem hafa mikla þýðingu fyrir hagsmuni fyrirtækisins. Er ráð fyrir því gert í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB að aðildarríkjum sé heimilt að kveða á um þagnarskyldu fulltrúa og að hve miklu leyti stjórnin geti haldið tilteknum upplýsingum leyndum.

Er í grein þessari kveðið á um rétt aðalstjórnar til að leggja þagnarskyldu á fulltrúa í samningaráðinu og samstarfsráðinu. Stjórn fyrirtækisins metur hvort upplýsingar séu þess eðlis að fulltrúum í samningaráðinu og samstarfsráðinu sé ekki heimilt að ljóstra þeim upp. Lagt er til að þagnarskyldan gildi áfram þótt umboð hlutaðeigandi fulltrúa sé útrunnið og er það í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB.

Ákvörðun stjórnar má skjóta til almennra dómstóla, sbr. 32. gr.

Ákvæðið hefur ekki að geyma nánari reglur um hvaða upplýsingar kunni að vera þess eðlis að aðalstjórn sé heimilt að leggja þagnarskyldu á af þeim sökum. Hér mun þó einkum vera um að ræða upplýsingar um viðskipta- og rekstrarleyndarmál, en aðrar tegundir upplýsinga kunna einnig að vera þess eðlis að nauðsynlegt sé að halda þeim leyndum með tilliti til hagsmuna fyrirtækisins.

Þagnarskylda verður aðeins ákveðin í einstökum tilvikum. Þessi grein frumvarpsins heimilar því ekki að fulltrúar í samstarfsráðinu og samningaráðinu undirgangist almenna þagnarskyldu er varðar þær upplýsingar sem þeir fá í störfum sínum.

Um 30. gr.

Hér er fjallað um heimild aðalstjórnar til að veita samningaráðinu, samstarfsráðinu og framkvæmdanefndinni ekki upplýsingar. Skilyrði er að viðkomandi upplýsingar mundu samkvæmt hlutlægu mati hafa skaðleg áhrif á starfsemi viðkomandi fyrirtækja eða vera þeim skaðlegar. Bera má lögmæti slíkrar neitunar undir dómstóla, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um réttarstöðu þeirra starfsmanna sem bjóða sig fram til starfa sem fulltrúar starfsmanna gagnvart aðalstjórn. Er lagt til að fulltrúar starfsmanna skuli hvorki sæta skerðingu á kjörum sínum né uppsögn vegna starfa sinna. Til frekari áréttingar á réttarstöðu fulltrúa starfsmanna er vísað til ákvæða um trúnaðarmenn í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum.

Í 11. gr. þeirra laga er kveðið á um að atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Þá segir í ákvæði þessu að þurfi atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Þá er kveðið á um að fulltrúum starfsmanna skuli með samningi við vinnuveitanda tryggður réttur til að taka sér frí frá störfum til að gegna þeim skyldum sem gerð og framkvæmd samninga samkvæmt frumvarpi þessu fela í sér. Sá mælikvarði er settur á þennan rétt að viðkomandi starfsmaður geti með eðlilegum hætti sinnt skyldum sínum. Þetta ákvæði verður einnig að skoða í ljósi 9. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB, en þar segir að aðalstjórn og samstarfsráð skuli starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skuldbindinga.

Um 32. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að komi til ágreinings um gerð eða framkvæmd samnings samkvæmt frumvarpi þessu hafi aðilar heimild til að fá úr honum skorið fyrir héraðsdómi.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um viðurlög við brotum aðila á einstökum greinum frumvarpsins.

Um 34. gr.

Lagt er til að fulltrúar í samningaráðinu, samstarfsráðinu, framkvæmdanefndinni og sérfræðingar, sem eru þeim til fulltingis, verði látnir sæta sektum fyrir að ljóstra upp, þrátt fyrir þagnarskyldu skv. 29. gr., upplýsingum sem þeim hafa verið veittar.

Lagt er til að ákvæðið gildi ekki ef þyngri refsing liggur við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

Um 35. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu liggja fésektir við brotum á þeim ákvæðum sem tilgreind eru í greininni.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um gildistöku frumvarpsins og um þýðingu samninga sem gerðir voru milli fyrirtækja og starfsmanna um miðlun upplýsinga áður en tilskipun nr. 94/45/EB tók gildi 22. september 1996.

Um 36. gr.

Samkvæmt þessari grein er tekið tillit til samninga um upplýsingagjöf og viðræður sem gerðir hafa verið á grundvelli 13. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB.

Sú krafa er gerð til slíks samnings að hann nái til allra starfsmanna fyrirtækis eða fyrirtækjahóps og enn fremur skal hann hafa verið gerður og hafa öðlast gildi eigi síðar en 22. september 1996, sbr. 14. gr. tilskipunarinnar. Loks skal samningurinn fjalla um upplýsingar og viðræður um mál sem hafa þýðingu fyrir fyrirtækið eða fyrirtækjahópinn án tillits til landamæra, þ.e. málið skal snerta eina eða fleiri starfsstöðvar í tveimur eða fleiri ríkjum en innan sama fyrirtækis eða fyrirtækjahóps.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frumvarpið er lagt fram með vísan til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/45 EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum sem starfa innan EES, um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn.

Frumvarpið leggur ýmsar skyldur á herðar fyrirtækjum sem starfa innan EES og hafa það að markmiði að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og fyrirtækja-

hópum sem hafa a.m.k. 1.000 starfsmenn í sinni þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu og þar af a.m.k. 150 starfsmenn í tveimur fyrirtækjum í a.m.k. tveimur EES-ríkjum.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það að lögum, muni hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs.

1425. Breytingartillaga [524. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Við 1. gr. Formsmálsgreinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 69. gr. laganna.

1426. Framhaldsnefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hluti iðnaðarnefndar flytur fjölmargar breytingartillögur við 3. umræðu um frumvarpið. Flestar tillögurnar lúta að því að tengja rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu við stofnanir umhverfisráðuneytisins. Minni hlutinn telur breytingartillögur meiri hlutans að þessu leyti ófullnægjandi þar sem ekki er gert ráð fyrir samstarfi við stofnanirnar heldur við ráðuneytið sjálft sem er óeðlilegt. Það er þó vissulega betra en ekki. Þó er fráleitt að tengja stofnun eins ráðuneytis við annað ráðuneyti eins og gert er ráð fyrir í breytingartillögum meiri hlutans.

Mikilvægustu breytingartillögur minni hlutans felast í því að lagt er til að takmarka eignarrétt á auðlindum í jörðu við nýtingu sem þekkt er til þessa. Þannig er í raun farin sama leið og í frumvarpi til laga um þjóðlendur. Þá er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að farið verði yfir málið í sérstakri nefnd í sumar svo að unnt verði að skýra takmörkunarákvæði enn frekar í löggjöf á næsta þingi.

Rökin fyrir tillögum um takmörkun á eignarrétti í jörðu eru þessi:

1. Þeim mun dýpra sem kemur ofan í jörðina er fráleitara að miða auðlindanýtingu við eignarhald á yfirborði lands. Ástæðan er meðal annars sú að þá er komið ofan í sameiginlegar uppsprettur grunnvatns hvort sem það er heitt eða kalt. Sá sem borar ofan í jörðina gæti þar með verið að ganga á eign granna sinna. Takmörkun á eignarrétti í jörðu er því sjálfsögð tillitsemi við rétt nágrannans.
2. Tekin hefur verið ákvörðun um það með lögum frá Alþingi að öll auðæfi undir hafsbotninum inn að netlögum séu eign þjóðarinnar. Það er því óeðlilegt að byrja við netlagamörk nýja eignarviðmiðun á auðlindum í jörðu.
3. Þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar er unnt að takmarka eignarréttinn, enda séu fyrir því almenn og málefnaleg rök. Þetta kom skýrt fram á fundi iðnaðarnefndar þar sem mættir voru Sigurður Líndal prófessor og Allan Vagn Magnússon dómari. Þar með er að mati

minni hlutans hafnað þeim sjónarmiðum sem iðnaðarráðherra hefur byggt málflutning sinn á, þ.e. að frumvörp stjórnarandstöðunnar séu andstæð stjórnarskrárákvæðunum um verndun einkaeignarréttarins. Slíkt er fjarri öllu lagi.

Minni hlutinn lagði til við 2. umræðu að málinu yrði frestað og það unnið betur. Sú tillaga var því miður felld, en það væri eðlilegasta málsmeðferðin. Erfitt er að flytja breytingartillögur við frumvarp sem er í grundvallarmótsögn við afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna en engu að síður reynt. Minni hlutinn tekur fram að þeir þingflokkar sem standa að minni hlutanum munu freista þess strax og þeir fá tækifæri til að breyta þeim ákvæðum frumvarpsins sem fela í sér mesta eignatilfærslu; þar með væri ekki um varanlegt afsal eigna að ræða frá þjóðinni til einstakra landeigenda.

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur tekið þátt í umfjöllun nefnarinnar um málið sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 25. maí 1998.

Svavar Gestsson, frsm.	Gísli S. Einarsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.

1427. Breytingartillögur [359. mál]

við frv. til l. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar (SvG, GE, JóhS).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eignarlandi fylgir eignarréttur á auðlindum í jörðu, enda séu auðlindirnar þekktar og vinnanlegar þegar lög þessi eru samþykkt. Í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra þegar lög þessi eru sett.
2. Við 4. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Iðnaðarráðherra er heimilt að höfðu samráði við stjórnvöld umhverfismála að hafa frumkvæði að og láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu enda sé ekki með því gengið gegn staðfestu skipulagi eða ráðstöfun lands samkvæmt náttúruverndarlögum og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum.
   b. Á eftir orðinu „Orkustofnun“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: og Náttúruvernd ríkisins.
   c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Þá skal iðnaðarráðuneytið tryggja að Náttúruvernd ríkisins fái nauðsynlegar upplýsingar um áætlanir samkvæmt þessari grein og að stofnunin geti komið athugasemdum á framfæri og sett skilyrði sem iðnaðarráðuneytið tryggir að farið verði eftir á sama hátt og þau skilyrði sem Orkustofnun kann að setja.
      Náttúrufræðistofnun ríkisins þarf ekki rannsóknarleyfi samkvæmt þessari grein.
3. Við 5. gr. Á eftir orðinu „Orkustofnunar“ í 3. mgr. komi: Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar.

4. Við 6. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Nýting auðlinda úr jörðu er háð því að hún sé heimil samkvæmt lögum um skipulags- og byggingamál og að fyrir liggi leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum.
5. Við 8. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Áður en efnistaka hefst samkvæmt þessari grein skal landeigandi eða sá sem hann hefur fengið til verksins tilkynna áform sín til Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarráðs og hefjist framkvæmdir ekki fyrr en þessar stofnanir hafa gefið samþykki sitt.
6. Við 10. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal Orkustofnun óska eftir mati Náttúruverndar ríkisins og ekki gefa út leyfi sitt fyrr en stofnunin hefur veitt samþykki fyrir sitt leyti.
7. Við 14. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Landeigandi eða Orkustofnun tilkynni Náttúruvernd ríkisins um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiriháttar framkvæmdir með hliðsjón af eftirlitshlutverki Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 93/1996, um Náttúruvernd ríkisins.
8. Við 17. gr. Á eftir orðunum „skal þess gætt“ í 1. málsl. komi: að fyrirhugað leyfi sé í samræmi við staðfest skipulag og.
9. Við 21. gr. Við 2. málsl. bætist: sbr. lög nr. 93/1996, um Náttúruvernd ríkisins.
10. Við 23. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Náttúrufræðistofnun getur fengið aðgang að þeim rannsóknargögnum sem Orkustofnun hefur með höndum samkvæmt þessum kafla laganna.
11. Við 28. gr. 2. málsl. falli brott.
12. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
    Við ákvörðun bóta skv. 28. gr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Valdi aðgerðir leyfishafa því að landeigandi geti ekki nýtt auðlindir sem fylgja landareign eða þær spillist á landeigandi einnig rétt til bóta vegna tjóns síns af því.
13. Við 34. gr. Í stað orðanna „fenginni umsögn“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: fengnu samþykki.
14. Við 36. gr. 3. mgr. orðist svo:
    34. gr. laganna, um örverur, nýtingu þeirra og rannsóknir, fellur úr gildi 31. desember 2000.
15. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Alþingi kýs fimm manna nefnd sem skili fyrir haustið 1998 tillögum um breytingar á lögum þessum um takmarkanir á auðlindarétti í jörðu skv. 3. gr. þessara laga. Ríkisstjórnin ákveður þá hvort og í hvaða formi málið verður lagt fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi.

1428. Fyrirspurn [718. mál]

til samgönguráðherra um vaxtatekjur Ferðamálasjóðs.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar voru vaxtatekjur Ferðamálasjóðs árið 1997 af útlánum sjóðsins í Bandaríkjadölum?

2. Hverjar voru dráttarvaxtatekjur Ferðamálasjóðs árið 1997 af útlánum sjóðsins í Bandaríkjadölum?
3. Hve hárra dráttarvaxta krafðist Ferðamálasjóður vegna vanskila af útlánum í Bandaríkjadölum á árinu 1997?

Skriflegt svar óskast.

1429. Frumvarp til laga [719. mál]

um nefnd til að rannsaka málefni tengd Landsbanka Íslands.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Alþingi kýs með hlutfallskosningu nefnd átta manna til að rannsaka fjármála- og rekstrarstjórn Landsbanka Íslands, þar með talin samskipti bankans og stjórnar hans við tengda aðila, svo sem dótturfyrirtæki, og þátt eftirlitsaðila.

2. gr.

Nefndin hefur rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Öllum er skylt að veita nefndinni umbeðnar upplýsingar.

3. gr.

Nefndin skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 31. október 1998. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Neiti aðili að veita nefndinni upplýsingar, sbr. 2. málsl. 2. gr., liggur við refsing allt að tveggja ára fangelsi nema kveðið sé á um þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn á Alþingi um risnukostnað bankastofnana í eigu ríkisins komu í fyrstu fram rangar upplýsingar um risnukostnað Landsbanka Íslands. Í framhaldi af því vann Ríkisendurskoðun skýrslu um Landsbankann sem var m.a. rædd á Alþingi. Í kjölfar þessa hafa bankastjórar Landsbankans og einn bankaráðsmaður þegar sagt af sér.

Síðar hafa komið fram ýmsar upplýsingar og fullyrðingar, um starfshætti stjórnenda bankans, þar með talið í samskiptum við dótturfyrirtæki hans og um ábyrgð þeirra á ákvörðunum

sem valdið hafi bankanum umtalsverðum fjárhagslegum skaða. Einnig hefur komið fram alvarleg gagnrýni á hendur þeim aðilum sem höfðu með höndum eftirlit og endurskoðun.

Vegna mikilvægis málsins er nauðsynlegt að það verði kannað ítarlega eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Vilji flutningsmanna er að nefndin verði skipuð sérfróðum aðilum, t.d. endurskoðendum, kosnum af Alþingi, en um heimildir til upplýsingaöflunar er m.a. stuðst við 39. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin skili skýrslu um málið í haust. Í frumvarpinu er kveðið á um að skylt sé að veita nefndinni umbeðnar upplýsingar að viðlagðri ábyrgð. Flutningsmenn telja að um þátt Ríkisendurskoðunar, sem er undirstofnun Alþingis, eigi að fjalla sérstaklega af hálfu forsætisnefndar og formanna þingflokka.

Spurningar sem varpað hefur verið fram í tengslum við nýjar upplýsingar og fullyrðingar um vafasama starfshætti eru einna helst þessar:

- Störfuðu bankastjórar, bankaráð, innri og ytri endurskoðendur Landsbanka Íslands í samræmi við lög og reglur og ábyrga stjórnunarhætti á tímabilinu 1988–98?
- Eru skattaleg álitaefni vegna risnu Landsbankans og hvaða skýringar eru á óútskýrðum risnukostnaði einstakra bankastjóra umfram það sem skýrt er í skýrslu Ríkisendurskoðunar?
- Sinntu stjórnendur bankans og endurskoðendur eftirlitsskyldum sínum með fullnægjandi hætti?
- Hverjar eru ástæður fyrir útlánatapi Landsbanka Íslands og dótturfyrirtækja síðustu tíu ár og hafa stjórnarhættir og eftirlit verið eðlileg?
- Hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sinnt á fullnægjandi hátt eftirlitsskyldum sínum gagnvart Landsbanka Íslands og tengdum aðilum síðastliðin tíu ár?
- Voru samantekin ráð um að hrekja einn eða fleiri bankastjóra Landsbanka Íslands úr starfi og ef svo er, hverjir áttu þar hlut að máli?
- Hefur formaður bankaráðs Landsbanka Íslands, sem jafnframt var sölustjóri Vátryggingafélags Íslands, reynt að nota aðstöðu sína til þess að knýja á um stóraukin kaup á tryggingum af vátryggingafyrirtækinu?
- Hafa bankastjórar Landsbanka Íslands verið beittir þrýstingi af hálfu voldugra forsvarsmanna einkafyrirtækja til að knýja samkeppnisaðila til uppgjafar?
- Hefur núverandi viðskiptaráðherra haft óeðlileg afskipti af málefnum Landsbanka Íslands og dótturfyrirtækja hans, m.a. við lóðaviðskipti og í tengslum við Lind hf.?
- Hafa stjórnmálaflokkar eða stjórnmálasamtök notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu í bankanum og ef svo er, í hverju hefur það verið fólgið og hverjir stóðu að þeim ákvörðunum?

Þessar spurningar hafa vaknað í kjölfar fullyrðinga og ásakana sem fram hafa komið á opinberum vettvangi eftir að greinargerð Ríkisendurskoðunar um málefni Landsbanka Íslands kom út. Flutningsmenn telja að í ljósi jafnalvarlegra fullyrðinga verði ekki við annað unað en að Alþingi láti málið til sín taka og beiti þeim úrræðum sem Alþingi hefur til þess að eyða vafa og tortryggni. Flutningsmenn taka ekki afstöðu til þessara fullyrðinga aðra en þá að kanna beri réttmæti þeirra.

1430. Svar [692. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ríkisstyrktar hafnaframkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun 1997–2000.

1. *Hvaða reglum er fylgt varðandi styrkveitingar til hafnaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, en ekki er gert ráð fyrir ríkisstyrktum framkvæmdum í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ samkvæmt hafnaáætlun 1997–2000?*

Ríkisstyrkur til hafnaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, sem og á öðrum stöðum á landinu, er ákveðinn með hafnaáætlun. Í III. kafla hafnalaga, nr. 23/1994, (14.–23. gr.) er kveðið á um framkvæmdir í höfnum og greiðslu kostnaðar og í IV. kafla (24. gr.) hafnalaga og III. kafla (4.–7. gr.) reglugerðar um hafnamál, nr. 232/1996, er kveðið á um gerð hafnaáætlunar.

Í 21. gr. hafnalaga er kveðið á um reglur sem gilda um hámarksgreiðsluþátttöku í einstökum hafnaframkvæmdum. Í 4. mgr. 22. gr. segir síðan m.a.: „Skerðing á hámarki framlaga skv. 21. gr. skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóðs og skulu settar um það nánari reglur í reglugerð.“

Í 24. gr. hafnalaga segir m.a.: „Siglingastofnun Íslands skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára. Við þessa áætlanagerð ber Siglingastofnun að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.“

Samgönguráðherra leggur hafnaáætlunina fyrir Alþingi til samþykktar.

Við gerð hafnaáætlunar fyrir árin 1997–2000 var það mat Siglingastofnunar, hafnaráðs og samgönguráðuneytis að nægilegt framboð væri af viðleguköntum á höfuðborgarsvæðinu. Þegar ráðherra lagði hafnaáætlun fyrir Alþingi var því ekki gert ráð fyrir ríkisstyrktum hafnaframkvæmdum í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Reykjavík. Að tillögu samgöngunefndar Alþingis var hafnaáætluninni breytt í meðförum Alþingis á þá lund að ákveðið var að styrkja eitt nýtt verkefni í Hafnarfjarðarhöfn, byggingu svonefnds Háabakka, sem er fyrirhugaður 120 metra langur viðlegukantur milli Suðurbakka og Óseyrarbryggju. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs var ákveðin 30%.

2. *Hver setur þær reglur?*

Eins og fyrr segir er ríkisstyrkur ákveðinn í hafnaáætlun. Reglurnar eru í samræmi við hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum.

3. *Verður þeim reglum breytt við endurskoðun hafnaáætlunar í haust?*

Í samgönguráðuneytinu er til athugunar að leggja til skerðingu á framlögum til þeirra hafna sem best eru stæðar fjárhagslega.

4. *Eru lagalegar forsendur fyrir framlagi til hafnamannvirkja í Garðabæ og Kópavogi?*

Eins og áður segir leggur samgönguráðherra hafnaáætlun fyrir Alþingi en endanlega eru framlög til einstakra hafna ákveðin með fjárlögum hverju sinni. Í 20. gr. hafnalaga er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði, en þau eru eftirfarandi:

„1. Að eigendur hafnar eða hafnasamlags hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.

2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og forstjóra Siglingastofnunar Íslands."

5. *Hver er munurinn á lendingarstað og höfn?*

Til að um höfn geti verið að ræða samkvæmt hafnalögum þarf henni að hafa verið sett reglugerð er tilgreini mörk hennar, auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða, sbr. 2. gr. hafnalaga. Til að höfn fái framlög úr ríkissjóði þarf hún m.a. að uppfylla ákvæði 20. gr. hafnalaga, sbr. 4. lið. Á fjárlögum nokkurra undanfarinna ára hafa verið lágar upphæðir (2 millj. kr. á ári) til lendingarbóta á lendingarstöðum. Hafnalög ná ekki til þessara framlaga og er því ekki gert að skilyrði að reglugerð sé til um lendingarstaðinn eða að sveitarfélagið (hafnarsjóður) eigi landið undir mannvirkin.

6. *Hverjir skipa hafnaráð?*

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis skv. 4. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands. Í hafnaráði eiga sæti fimm fulltrúar og jafnmargir varamenn. Tveir eru tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og er einn þeirra formaður ráðsins.

Hafnaráð var skipað eftirfarandi fulltrúum með bréfi dags. 1. júní 1996:

Aðalmenn	Varamenn	Tilnefndur af
Jón Birgir Jónsson, samgönguráðuneyti	Halldór S. Kristjánsson, samgönguráðuneyti	án tilnefningar
Sturla Böðvarsson alþingismaður	Sturlaugur Þorsteinsson, Höfn	án tilnefningar
Þorsteinn Vilhelmsson, Akureyri	Ólafur M. Kristinsson, Vestmannaeyjum	án tilnefningar
Kristján Þ. Júlíusson, Ísafirði	Guðmundur Sigurbjörnsson, Akureyri	Hafnasjóði
Hannes Valdimarsson, Reykjavík	Þorvaldur Jóhannsson, Seyðisfirði	Hafnasjóði

Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, er formaður ráðsins. Eftir að Kristján Þór Júlíusson lét af störfum sem bæjarstjóri á Ísafirði og sagði þar með af sér sem formaður Hafnasambands sveitarfélaga hefur Þorvaldur Jóhannsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, tekið sæti aðalmanns í veikindaforföllum Guðmundar Sigurbjörnssonar.

1431. Breytingartillaga [620. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og l. nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Við 15. gr. Í stað orðanna „gildi 1. júní 1998“ komi: þegar gildi.

1432. Fyrirspurn [720. mál]

til umhverfisráðherra um flutning Landmælinga Íslands.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Var ráðherra kunnugt um álit ríkislögmanns frá 1994 þegar hann tók ákvörðun um flutning Landmælinga til Akraness á miðju ári 1996?
2. Hver er skoðun ráðherra á því áliti ríkislögmanns að það þurfi samþykki Alþingis, með sérstökum lögum eða heimild í lögum, áður en tekin er ákvörðun um flutning ríkisstofnana?
3. Hvernig verður komið til móts við kröfur starfsmanna Landmælinga, t.d. varðandi biðlaun, útvegun á sambærilegum störfum hjá ríkinu, fyrirgreiðslu vegna ferðakostnaðar til Akraness og starfslokasamninga?

Skriflegt svar óskast.

1433. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um loftferðir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Við 140. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samgönguráðherra er heimilt að höfðu samráði við Íslenska málnefnd að kveða nánar á um útgáfu þeirra með reglugerð.

1434. Breytingartillögur [478. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Við 14. gr. Á eftir orðunum „hærri fjárhæð en 500.000 kr.“ í 3. mgr. komi: ef umsækjandi skuldar starfsmönnum eða fyrrverandi starfsmönnum sínum laun.
2. Við 17. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Leyfi samkvæmt þessari grein fela ekki í sér heimild til að stunda áfengisveitingar í atvinnuskyni.

1435. Lög [367. mál]

um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1396.

1436. Lög [507. mál]

um húsnæðismál.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1409 með þessum breytingum:

52. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði I til bráðabirgða skulu þó halda gildi sínu. Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði II til bráðabirgða og snerta innlausn félagslegra íbúða og útreikning innlausnarverðs. Enn fremur halda gildi sínu þau ákvæði sem vísað er til í ákvæði IV til bráðabirgða og varða réttarstöðu eigenda félagslegra íbúða, svo og þær greinar sem vísað er til í ákvæði V til bráðabirgða og snerta réttarstöðu þeirra sem gert hafa samninga um leigu á félagslegum leiguíbúðum og kaupleiguíbúðum. Loks skulu þau ákvæði laga nr. 97/1993, sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða VII um meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir, halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra gefa út þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem halda skulu gildi sínu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 13. gr. um skipan húsnæðisnefnda öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi 39. gr. laga nr. 97/1993. Ákvæði 55. gr. um undirbúningsnefnd og 56. gr. um matsnefnd öðlast gildi þegar í stað. Félagsmálaráðherra skal skipa nefndir þessar eigi síðar en 1. júní 1998.

Ákvæði 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða VII öðlast gildi þegar í stað.

Við gildistöku laganna skal Húsnæðisstofnun ríkisins lögð niður. Íbúðalánasjóður skal þá taka við hlutverki, réttindum, öllum eignum, skyldum og skuldbindingum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða VII hljóðar svo:

Úthlutanir íbúða sem farið hafa fram og samningar sem gerðir hafa verið við einstaklinga um félagslegar eignaríbúðir fyrir 15. júní 1998 skulu halda gildi sínu. Um meðferð slíkra íbúða, lánveitingar, réttarstöðu aðila og samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 42. gr., 43. gr., 51. gr., 1.–8. mgr. 52. gr., 2. mgr. 54. gr., 2. mgr. 56. gr., 57. gr., 58. gr., 1. og 2. mgr. 58. gr. a, 59.–61. gr., 64. gr., 1. mgr. 68. gr., 69. gr. og 78. gr. laga nr. 97/1993.

Með allar aðrar félagslegar eignaríbúðir sem eru á framkvæmdarstigi eða eru til endurúthlutunar við gildistöku laga þessara og ekki hefur verið úthlutað til einstaklinga fyrir 15. júní 1998 skal farið á grundvelli laga þessara hafi uppgjör og lánveitingar samkvæmt eldri lögum ekki verið lokið fyrir gildistöku laga þessara.

Um kaupskyldu, forkaupsrétt og ráðstöfun félagslegra eignaríbúða gilda fyrirmæli ákvæðis til bráðabirgða II og IV.

1437. Sveitarstjórnarlög. [288. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1388 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Yfirstjórn hvers sveitarfélags nefnist sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórn að nota heitið hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda byggi slík málnotkun á hefð. Byggðaráð skv. 38. gr. má á sama hátt nefnast bæjarráð eða hreppsráð og sveitarstjóra má kalla bæjarstjóra.

Í Reykjavík nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins borgarráð.

Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

1438. Lög [359. mál]

um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1399 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessum lögum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

4. gr. hljóðar svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum. Með sama hætti getur ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi.

Nú fer leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda og þarf þá ekki til þess leyfi ráðherra. Þó ber landeiganda að senda Orkustofnun áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að leit eða rannsóknir geti spillt vinnslu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til vinnslu síðar.

5. gr. hljóðar svo:

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og umhverfisráðuneytis.

6. gr. hljóðar svo:

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar, umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórnar.

16. gr. hljóðar svo:

Í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda eftir nánari ákvörðun ráðherra.

21. gr. hljóðar svo:

Orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 4. eða 6. gr. hefur verið veitt. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum sem ráðherra setur með reglugerð. Um vernd og eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum gilda einnig lög um náttúruvernd.

34. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.

1439. Lög [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1418.

1440. Lög [578. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 983 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rétt er veiðimálastjóra að takmarka stangaveiði á friðuðu svæði við ós og setja reglur um veiðitæki og möskvastærð neta við slíka ósa. Þó getur veiðimálastjóri að fenginni umsögn Fiskistofu leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma ársins.
b. Fyrri málsliður 3. mgr. orðast svo: Til verndunar villtra stofna laxfiska er veiðimálastjóra rétt að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna þar sem ekki verði heimiluð starfsemi á sviði fiskeldis og hafbeitar með laxfiska.

5. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. mgr. kemur: Veiðimálastjóri.
b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Veiðimálastjóra.
d. Í stað orðanna „hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra“ kemur: og hlutaðeigandi veiðifélags.

7. gr. hljóðar svo:
2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:
Veiðimálastjóra er rétt að ákveða að friðun sú sem getur í 1. mgr. skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar enda telji hann það nauðsynlegt til jöfnunar fiskigengd í því vatni.

8. gr. hljóðar svo.
Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Ráðherra“ kemur: Veiðimálastjóra.
b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra og“ falla brott.
c. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ kemur: hann.

18. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 39. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „Ráðherra“ kemur: Veiðimálastjóra.
b. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ kemur: hann.

1441. Lög [625. mál]

um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1072.

1442. Frumvarp til laga [559. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:
Verðlagsnefnd búvara, skipuð sex mönnum, ákveður afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð búvara í heildsölu.

Samtök launþega tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hinn af stjórn Alþýðusambands Íslands. Noti annar aðilinn ekki tilnefningarrétt sinn færist réttur hans til hins.

Stjórn Bændasamtaka Íslands og stjórnir búgreinasamtaka, sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 4. gr. og starfa fyrir búgreinafélög þeirra afurða sem verðlagðar eru hverju sinni, tilnefna tvo fulltrúa í nefndina sameiginlega. Skal annar þeirra tilnefndur til að fjalla eingöngu um verðmyndun til framleiðenda. Skal hann víkja úr nefndinni fyrir fulltrúa samtaka afurðastöðva í nefndinni þegar fjallað er um verðmyndun hjá afurðastöðvum.

Samtök afurðastöðva fyrir búvörur tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Skulu þeir tilnefndir þannig að í nefndinni starfi hverju sinni fulltrúar frá þeirri vinnslugrein sem um er rætt hverju sinni. Annar þessara fulltrúa skal tilnefndur til að starfa aðeins í nefndinni þegar nefndin fjallar um verðmyndun hjá afurðastöðvum og kemur í stað fulltrúa framleiðenda sem víkur sæti.

Landbúnaðarráðherra tilnefnir einn fulltrúa í nefndina og er hann formaður hennar.

Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Ákvarðanir í nefndinni skulu teknar með einföldum meiri hluta atkvæða. Komi upp jöfn staða atkvæða sker atkvæði formanns úr um niðurstöðu.

Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna mann í nefndina í stað samtaka framleiðenda og samtaka afurðastöðva en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka launþega. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins skulu vera verðlagsnefnd til aðstoðar.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd ákveður við upphaf hvers verðlagsárs, í fyrsta sinn 1. september 1998, lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Hverri afurðastöð er heimilt að greiða framleiðendum hærra verð en lágmarksverð. Verðlagsnefnd ákveður leyfileg afföll af verði mjólkur sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk. Ákvörðun um lágmarksverð mjólkur skal byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluaðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni. Ákvörðun verðlagsnefndar um lágmarksverð skal tekin til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni. Framleiðslukostnaður á nautgripakjöti til framleiðenda skal metinn og skráður af verðlagsnefnd samhliða ákvörðun á lágmarksverði mjólkur. Heimilt er verðlagsnefnd að ákveða að skráning á verði nautgripakjöts falli niður. Landssambandi kúabænda er þá heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka nautgripakjöts.

Verðlagsnefnd metur við upphaf hvers verðlagsárs framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú, í fyrsta sinn 1. september 1998. Miða skal við kostnaðarútreikninga er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir meðalbús sem er rekið við eðlilegar framleiðsluaðstæður. Tilgreina skal ársvinnu á sauðfjárbúi af stærð sem miðað er við og virða endurgjald fyrir vinnuframlag til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Mat verðlagsnefndar skal taka til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í

nefndinni. Landssamtökum sauðfjárbænda er heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka sauðfjárafurða.

Til ákvörðunar á framleiðendaverði annarra búvara en afurða sauðfjár og nautgripa skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi að stærð, sem er rekið við eðlilegar framleiðsluaðstæður, komi fram um það óskir frá Bændasamtökum Íslands og viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda í viðkomandi grein skv. 2. mgr. 4. gr. Tilgreina skal ársvinnu á búinu og virða endurgjald fyrir vinnuframlag til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Verðlagsgrundvöllurinn gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagsárs og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert nema annað sé ákveðið með samkomulagi í verðlagsnefnd. Nefndinni er hvenær sem er heimilt að taka mið af verðlagsbreytingum vegna fjármagns- og rekstrarkostnaðar, svo og launabreytingar á tímabilinu, komi fram um það óskir í nefndinni. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum samningsaðila með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Nefndin getur þó komið sér saman um annan frest.

Við kostnaðarútreikninga skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á verði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands skal afla fullnægjandi gagna fyrir verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara, tekjur annarra stétta og verð og verðbreytingar á einstökum kostnaðarliðum verðlagsgrundvallar. Verðlagsnefnd skal í samráði við Hagstofu Íslands setja reglur um öflun gagna.

Hagþjónusta landbúnaðarins skal árlega afla rekstrarreikninga frá bændum, nægilega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað hinna ýmsu búvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og verðlagsnefnd. Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar í samráði við verðlagsnefnd.

Verðlagsnefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir verðlagningu búvara. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna ef þrír nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og aðrar opinberar stofnanir, svo og Framleiðsluráð landbúnaðarins, að því leyti sem rannsóknirnar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Telji umræddar stofnanir sig ekki geta látið í té starfslið til þess að gera þær rannsóknir er verðlagsnefnd hefur ákveðið að fram skuli fara er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslið, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim er rannsóknir gera í té nauðsynlegar upplýsingar að viðlögðum dagsektum sé upplýsingaskyldu ekki sinnt.

4. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd ákveður heildsöluverð búvara sem verðlagðar eru skv. 8. gr., að teknu tilliti til afurðaverðs til framleiðenda og rökstuddra upplýsinga um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara, nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 30. gr. laganna. Nefndin getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar

um þau atriði er máli skipta fyrir ákvörðun heildsöluverðs á búvörum með hliðstæðum hætti og segir í 11. gr.

Verðlagsnefnd er, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilt í samkomulagi um heildsöluverð að gera tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva, enda sé það samhljóða ákvörðun nefndarinnar.

Verðlagsnefnd getur, að fengnum tillögum afurðastöðva eða samtaka þeirra, heimilað afurðastöðvum að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Samningar þessir skulu hljóta staðfestingu verðlagsnefndar.

5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er verðlagsnefnd að breyta heildsöluverði á búvörum hafi orðið breytingar á afurðaverði til framleiðenda, sbr. 8. gr., eða rekstrarkostnaði og vinnulaunum við vinnslu búvara, komi fram um það ósk innan nefndarinnar.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd getur, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs, ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal hjá afurðastöð 1,8% verðskerðingargjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, í sama skyni og 20. gr. kveður á um. Ráðherra ákveður viðmiðunarkostnað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

8. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Frá og með 1. september 1998 skal innheimta verðtilfærslugjald hjá afurðastöðvum af hverjum innvegnum mjólkurlítra í afurðastöð innan greiðslumarks. Gjald þetta telst til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af verðlagsnefnd. Verðtilfærslugjaldið skal vera 2,65 kr. á hvern lítra mjólkur. Gjald þetta greiðist út á tilteknar mjólkurafurðir við sölu innan lands eftir ákvörðun verðlagsnefndar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Við kaup á kindakjöti frá framleiðendum eða samkomulag um að annast sölu þess skal tilgreina hvort kjötið sé til sölu innan lands eða til útflutnings, en greiðslur fyrir kindakjöt skulu vera óháðar greiðslumarki lögbýlisins.

b. Í stað orðanna „kjöt af dilkum“ í 6. mgr. kemur: „kjöt af sauðfé“

10. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark mjólkur 1998–2005.**

11. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu mjólkur eru:

a. að skapa rekstrarumhverfi fyrir framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni,
b. að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið,
c. að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

12. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Heildargreiðslumark mjólkur er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem beingreiðslur ríkissjóðs miðast við. Heildargreiðslumark mjólkur skal ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf hvers verðlagsárs. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarið tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða. Við mat á neyslu og birgðum skal miða við gildandi stuðla um samsetningu mjólkurafurða samkvæmt ákvörðun Framkvæmdanefndar búvörusamninga. Verði sala mjólkurafurða undir heildargreiðslumarki ársins þannig að birgðir aukist kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Á sama hátt hækkar heildargreiðslumark ef sala eykst. Birgðir sem verða til vegna framleiðslu einstakra mjólkurframleiðenda umfram heildargreiðslumark, sbr. 3. mgr., teljast ekki til birgða við ákvörðun heildargreiðslumarks.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu þess í greiðslumark lögbýla.

Framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark skal fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur þó heimilað sölu þessara vara innan lands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

13. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða aðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis verður við upphaf verðlagsárs 1998–1999 jafnt greiðslumarki þess eins og það verður skráð við lok verðlagsársins 1997–1998, að teknu tilliti til breytinga sem verða á heildargreiðslumarki vegna verðlagsársins 1998–1999, skv. 1. mgr. 45. gr. laganna og að teknu tilliti til aðilaskipta fyrir 20. ágúst 1998. Að þeim tíma liðnum breytist greiðslumark hvers lögbýlis í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki, við aðilaskipti með greiðslumark eða vegna tilfærslna á greiðslumarki milli lögbýla samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Sé greiðslumark ekki nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár fellur það niður, enda hafi Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu

greiðslumarksins. Framkvæmdanefnd búvörusamninga er heimilt að ráðstafa þessu greiðslumarki til frumbýlinga, en að öðru leyti bætist það við greiðslumark annarra lögbýla í hlutfalli við skráð greiðslumark þeirra. Óski framleiðandi eftir að halda greiðslumarki á lögbýlinu án þess að nýta það til framleiðslu getur hann lagt það inn til geymslu hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins, lengst til 1. september 2005. Greiðslumark sem þannig er geymt tekur ekki breytingum á geymslutímanum.

14. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Heimil eru aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð.

Aðilaskipti með greiðslumark taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir flutningi greiðslumarks frá lögbýli, sbr. þó ákvæði 3. mgr.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir skv. 1. mgr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um markaðsfyrirkomulag og aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess.

15. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðenda mjólkur og skal svara til 47,1% af verði mjólkur eins og það er ákveðið skv. 8. gr. laganna. Greiðslu til hvers lögbýlis samkvæmt greiðslumarki þess er heimilt að skipta á þann veg að hluti greiðslunnar verði óháður framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlis sé ekki minni en tilskilið lágmark sem hlutfall eða heild af greiðslumarki, hluti greiðist eftir framleiðslu og hluti greiðist þannig að það stuðli að sem jafnastri dreifingu innleggs eftir mánuðum. Beingreiðsla skal greiðast mánaðarlega og skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða nánar greiðslutilhögun og fráviksmörk beingreiðslu fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, nánari reglur um beingreiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, greiðslutilhögun, fráviksmörk og ráðstöfun beingreiðslna vegna ónýtts greiðslumarks.

16. gr.

Í stað orðsins „fimmmannanefnd“ í 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 64. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: verðlagsnefnd búvöru. Orðin „og fimmmannanefnd“ í 2. málsl. 66. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr stafliður, K, svohljóðandi: Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum verðlagsnefndar búvara, að verja til eftirfarandi verkefna eftirstöðvum af verðmiðlunargjöldum sem ekki hefur verið ráðstafað:

1. Rannsóknar- og þróunarverkefna í framleiðslu og vinnslu mjólkur.
2. Endurmenntunar er leiði til meiri gæða og hagræðingar í framleiðslu mjólkur.

3. Hagrannsókna vegna verðlagningar og úttekta á stöðu framleiðslu og/eða vinnslu mjólkur.
4. Lækkunar á tilteknum mjólkurafurðum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar 9.–10., 12., 14., 17., 18. og 56.–58. gr., 2.–4. málsl. 59. gr., 60. og 61. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. september 1998 skulu verðákvarðanir fyrir búvörur fara eftir þeim ákvæðum sem í gildi eru fyrir gildistöku þessara laga.

1443. Frumvarp til búnaðarlaga. [368. mál]

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

1. *Jarðabætur* eru hvers konar framkvæmdir og umbætur á jörð sem stuðla að framförum í búrekstri, þar með talin ræktun og aðrar landbætur, endurheimt landgæða og gerð rekstrarbygginga og endurbætur á þeim.
2. *Búfjárrækt* er starfsemi sem með skipulegu kynbótastarfi og bættri fóðrun stuðlar að framförum í búfjárframleiðslu.
3. *Búfé* er hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.
4. *Leiðbeiningarmiðstöð* er miðstöð á vegum eins búnaðarsambands eða fleiri þar sem starfa sérfróðir menn á ýmsum sviðum landbúnaðar við leiðbeiningar og önnur verkefni tengd framkvæmd laga þessara.
5. *Búnaðarfélag* er félag bænda á ákveðnu svæði, óháð þeim búrekstri sem þeir stunda.
6. *Búgreinafélag* er félag bænda á ákveðnu svæði sem stunda sömu búgrein.
7. *Búnaðarsamband* er svæðisbundið samband búnaðarfélaga, búgreinafélaga og/eða einstakra bænda.
8. *Búgreinasamband* er landssamband búgreinafélaga eða einstakra bænda sem stunda sömu búgrein.
9. *Ræktunarstöð* er sæðingarstöð, uppeldisstöð fyrir kynbótagripi af innlendum eða erlendum stofni eða stofnverndarbú til ræktunar búfjárstofna vegna sameiginlegs ræktunarstarfs búgreinar.
10. *Fagráð* er nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar. Fagráð getur starfað á fagsviði, t.d. hagfræði.
11. *Landsráðunautur* er ráðunautur sem hefur allt landið sem starfssvæði og hefur yfirumsjón með leiðbeiningum á sínu sviði.

12. *Héraðsráðunautur* er ráðunautur sem starfar í tilteknum landshluta á vegum búnaðarsambands eða leiðbeiningarmiðstöðvar.

2. gr.
Markmið laganna.

Markmið laganna er að stuðla að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni landbúnaðar. Fjárframlög ríkisins samkvæmt lögum þessum stuðli að þróun nýrra framleiðsluhátta og nýrra greina innan landbúnaðarins og í tengslum við hann og miðist við að bændur hér á landi hafi ekki lakari starfsskilyrði en almennt gerist í nágrannalöndunum.

3. gr.
Yfirstjórn og fjárframlög ríkisins.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Hann skal gera samning við Bændasamtök Íslands til fimm ára í senn um verkefni samkvæmt lögum þessum og framlög til þeirra þar sem m.a. skal kveðið á um framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna atvinnuuppbyggingar í sveitum og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði. Samningurinn skal endurskoðaður og framlengdur annað hvert ár. Búnaðarþing skal fjalla um samning landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands um verkefni og fjármögnun þeirra.

Ríkissjóður veitir árlega framlög til verkefna á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, þar á meðal til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skv. 1. mgr.

Bændasamtök Íslands hafa á hendi faglega og fjárhagslega umsjón þeirra verkefna sem svo er samið um skv. 1. mgr. og fjárveiting heimilar og annast framkvæmd þeirra nema öðruvísi sé um samið eða ákveðið með lögum, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Bændasamtök Íslands og önnur samtök sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum geta tekið gjald fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

4. gr.
Fagráð.

Fagráð skulu starfa fyrir hverja búgrein og á einstökum fagsviðum. Fagráð móta stefnu í kynbótum og þróunarstarfi viðkomandi búgreinar, skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins. Enn fremur móta þau tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknum búgreinarinnar og fjalla um önnur mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Í fagráðum skulu sitja menn úr hópi starfandi bænda og einn ráðunautur í hlutaðeigandi búgrein eða fagsviði. Jafnframt skulu sitja í fagráðum eða starfa með þeim sérfróðir aðilar. Fagráð skulu hljóta staðfestingu landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

5. gr.
Um félagsaðild bænda.

Hver sá sem stundar búrekstur í atvinnuskyni á rétt á aðild að búnaðarsambandi síns héraðs gegnum búnaðarfélag, búgreinafélag eða með beinni aðild eftir samþykktum viðkomandi búnaðarsambands. Sama búnaðarsamband getur náð yfir fleiri héruð og sýslur.

II. KAFLI
Jarðabætur.

6. gr.
Markmið.

Jarðabætur sem hér um ræðir skulu miða að því að bæta aðstöðu til búskapar á viðkomandi býlum og stuðla með því að framförum í landbúnaði og auka samkeppnishæfni hans. Þær skulu auk þess stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparhátta.

7. gr.
Framkvæmd.

Skilyrði þess að jarðabætur njóti framlags samkvæmt lögum þessum eru að um þær hafi verið samið eins og lýst er í 3. gr. laga þessara, að um það hafi verið sótt og með því mælt af viðkomandi búnaðarsambandi eða leiðbeiningarmiðstöð. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir framlögum til jarðabóta, fresti til umsókna og tilhögun greiðslna.

Framlög til jarðabóta geta náð til allra jarðeigna þar sem landbúnaður er stundaður, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja á svæðum sem tekin hafa verið úr landbúnaðarnotum eða hafa verið skipulögð til annars en landbúnaðar.

8. gr.
Eftirlit.

Búnaðarsambönd eða leiðbeiningarmiðstöðvar annast eftirlit með að jarðabætur séu unnar í samræmi við fyrirliggjandi áætlun og aðrar reglur sem gilda um slíkar framkvæmdir og annast úttekt þegar framkvæmd er lokið.

III. KAFLI
Búfjárrækt.

9. gr.
Markmið.

Markmið búfjárræktar er að tryggja framfarir í ræktun búfjár í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjár og búfjárafurða. Búfjárræktin skal taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

10. gr.
Skýrsluhald.

Bændasamtök Íslands skulu sjá um kynbótaskýrsluhald fyrir hverja búgrein og móta um það reglur ásamt fagráðum og bera ábyrgð á kynbótamati á grundvelli þess.

11. gr.
Ræktunarstöðvar.

Hlutverk ræktunarstöðva fyrir búfé er að rækta með úrvali eða innflutningi erfðaefnis þá eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir. Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands, sbr. 3. gr. laga þessara.

12. gr.

Búfjársæðingar.

Búnaðarsamböndum eða öðrum félagasamtökum bænda sem viðurkennd eru af Bændasamtökum Íslands er heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum gjald af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa. Gjaldið skal nema 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma. Afurðastöðvum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverðinu og standa búnaðarsamböndunum skil á því mánaðarlega.

13. gr.

Búfjársýningar og búfjármat.

Fagráð hverrar búgreinar skal meta þörf fyrir kynbótadóma og sýningar búfjár í viðkomandi búgrein og gera tillögur til Bændasamtaka Íslands og viðkomandi aðildarfélaga um dómstörf og sýningarhald.

Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á afurðum, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

14. gr.

Útflutningur búfjár.

Útflutningur búfjár er heimill án sérstakra leyfa nema þegar um er að ræða úrvalskynbótagripi. Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur þar um að fenginni umsögn viðkomandi fagráðs, m.a. um forkaupsrétt innlendra aðila. Þá getur hann sett skilyrði um ástand og meðferð búfjárins.

15. gr.

Stofnverndarsjóður.

Starfrækja skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, til þess að veita lán eða styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripum sem annars kynnu að verða fluttir úr landi. Jafnframt má veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í viðkomandi búgreinum. Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer fagráð með stjórn hlutaðeigandi deildar.

16. gr.

Erfðanefnd búfjár.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd búfjár að fengnum tilnefningum Bændasamtaka Íslands, búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veiðimálastofnunar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum,
b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að grípa til sérstakra ráðstafana sem nauðsynlegar eru við framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

IV. KAFLI
Um leiðbeiningarstarfsemi.

17. gr.
Markmið.

Markmið leiðbeiningarþjónustu samkvæmt lögum þessum er að miðla upplýsingum til bænda og stuðla með því að bættum búskaparháttum og framförum í búskap, til hagsbóta og bættra lífskjara fyrir bændur og neytendur búvara. Hún skal á hverjum tíma afla og miðla bestu þekkingu og reynslu um alla þætti búrekstrar sem bændur leggja stund á, eftir því sem við verður komið.

Hlutverk leiðbeiningarþjónustunnar er að:

1. miðla líffræðilegri, tæknilegri og hagfræðilegri þekkingu til allra búgreina,
2. þróa hagfræðileg og búfræðileg hjálpartæki fyrir leiðbeiningarstarfsemi og fyrir einstaka bændur, svo sem með gerð hentugra tölvuforrita,
3. kynna fyrir þeim sem starfa að landbúnaði stefnumörkun stjórnvalda í málefnum landbúnaðarins og á öðrum sviðum er hann snerta, svo sem í landverndar- og umhverfismálum,
4. vera stjórnvöldum til aðstoðar við framkvæmd löggjafar eftir því sem við getur átt og um semst milli aðila,
5. stuðla bæði faglega og félagslega að þróun nýrra búgreina og fylgjast með árangri frumherja á því sviði,
6. stuðla að sjálfbærri þróun við nýtingu auðlinda,
7. vinna að eflingu búrekstrar í sveitum.

Leiðbeiningarþjónustan skal stuðla að því, eftir því sem hún hefur tök á, að búskapur þróist í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með samningum samtaka bænda við ríkisvaldið.

18. gr.
Leiðbeiningar — héraðsráðunautar.

Hjá búnaðarsamböndum og leiðbeiningarmiðstöðvum skulu starfa héraðsráðunautar sem sinna faglegum leiðbeiningum fyrir bændur á ákveðnum svæðum eða landinu öllu undir faglegri umsjón Bændasamtaka Íslands. Þeir annast eftirlit með jarðabótum, búfjárrækt og kynbótum, hver á sínu starfssvæði, í þeim greinum sem lög þessi taka til og annast úttekt jarðabóta. Þeir skulu árlega skila skýrslu um störf sín til þeirra búnaðarsambanda eða leiðbeiningarmiðstöðva er þeir starfa fyrir.

Héraðsráðunautar skulu hafa lokið kandídatsprófi (BS-prófi) í búvísindum eða öðrum fræðigreinum eftir því sem við getur átt.

Landsráðunautar skulu starfa í einstökum búgreinum eða fagsviðum eftir því sem um er samið skv. 1. mgr. 3. gr. og fjárveiting heimilar. Landsráðunautar hafa yfirumsjón með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein. Landsráðunautar sitja í fagráðum og eru þeim til ráðuneytis við mótun ræktunarstefnu. Landsráðunautar skulu hafa lokið kandídatsprófi í búfræðum og hafa lokið sérnámi á starfssviði sínu eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.
19. gr.
Reglur um framkvæmd laganna.
Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

20. gr.
Gildistaka.
Lög þessi taka þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 84/1989, um búfjárrækt, ásamt síðari breytingum, og jarðræktarlög, nr. 56/1987, ásamt síðari breytingum, svo og búfjárræktarlög, nr. 31/1973.

Ákvæði til bráðabirgða.
Landbúnaðarráðherra er heimilt að leita eftir samningum við bændur um greiðslur á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–97, en ákvæði laga þessara gilda um framkvæmdir sem hafa verið teknar út og samþykktar á árinu 1998. Um samninga við bændur verði eftirfarandi reglum fylgt:

a. Semja skal um greiðslu ákveðins hlutfalls af reiknuðu framlagi samkvæmt reglugerð nr. 417/1991. Heimilt er að greiða mishátt hlutfall eftir eðli framkvæmda, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.
b. Skýrt verði kveðið á um í samningum þessum að um sé að ræða fullnaðaruppgjör vegna framkvæmda sem gátu notið framlags samkvæmt lögum nr. 56/1987, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 417/1991.

Ríkissjóður mun verja 50 millj. kr. hvert ár á fjárlögum áranna 1998, 1999 og 2000 til efnda á samningum landbúnaðarráðherra.

1444. Frumvarp til laga [436. mál]

um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.
Lög þessi taka til hvers þess dýralæknis sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfa í þágu ríkisins og þeirra dýralækna sem starfa samkvæmt leyfi þar að lútandi sem veitt er eftir lögum þessum.

2. gr.
Dýralæknar skulu standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra. Þeir skulu vera á verði gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra

búfjárafurða, af innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða, efna, áhalda eða hluta sem borið geta með sér smitefni.

II. KAFLI
Yfirstjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með mál sem þessi lög varða.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar dýralæknaráð sem skipað er fjórum dýralæknum til fimm ára í senn og er yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, annar af stjórn Dýralæknafélags Íslands, þriðji af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og fjórði án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður ráðsins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Ráðið skal ávallt fjalla um innflutning búfjár og erfðaefnis þess sé hans óskað. Einnig skal ráðið fjalla um innflutning annarra dýra, búfjárafurða og aðra þætti er snerta heilbrigðismál dýra og dýraafurða þegar þess er óskað af ráðherra eða yfirdýralækni. Ráðinu er heimilt, ef aðstæður krefja, að kalla sérfræðinga til ráðuneytis.

Sömu aðilar og taldir eru í 2. mgr. geta vísað ágreiningsmálum varðandi dýralæknisþjónustu til ráðsins. Við úrlausn þeirra ágreiningsmála skal ráðherra kalla til starfa með ráðinu lögfræðing sem fullnægir skilyrðum um skipan til starfa héraðsdómara.

Ráðið skal halda gerðabók um störf sín.

5. gr.

Yfirdýralæknir er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða. Aðstoðaryfirdýralæknir, sem valinn er úr hópi sérgreinadýralækna, skal vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans.

Yfirdýralæknir hefur með höndum:

a. yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og annarra dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar,
b. yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra; hann skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur,
c. yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs í samvinnu við Aðfangaeftirlit ríkisins,
d. yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur, auk yfirumsjónar með heilbrigði annars búfjár og afurða þess,
e. skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur; hann sér um árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

6. gr.

Þeir einir eru samkvæmt lögum þessum taldir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum.

Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa leyfi landbúnaðarráðherra samkvæmt ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

Landbúnaðarráðherra gefur út leyfisbréf handa dýralækni til að stunda dýralækningar og dýralæknir undirritar eiðstaf þar að lútandi. Yfirdýralæknir heldur skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar.

Dýralækni er skylt að tilkynna yfirdýralækni:

1. þegar hann hyggst hefja dýralæknisstörf og aðsetur starfsemi sinnar,
2. flutning aðseturs,
3. starfslok sem dýralæknir.

Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar og þeir sem starfa í opinberri þjónustu skulu hafa vald á íslenskri tungu.

Heimilt er að fela dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknisstörfum undir stjórn dýralæknis ef yfirdýralæknir mælir með því.

7. gr.

Eingöngu þeir dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar mega framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.

8. gr.

Dýralækni er einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.

9. gr.

Dýralækni ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og halda við þekkingu sinni. Dýralæknir ber ábyrgð á greiningu sjúkdóms og meðferð sjúklinga sinna.

Dýralækni ber sem kostur er að upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs sem hann fær til meðferðar um ástand, meðferð, horfur og væntanlegan kostnað af meðhöndlun og lyfjameðferð sé þess óskað. Einnig skal hann upplýsa eiganda eða umráðamann um þær hættur sem geta fylgt viðkomandi aðgerð, algengar aukaverkanir lyfja sem notuð eru og lyfjamengun afurða.

Dýralækni ber, sé til hans leitað eða hann nærstaddur og náist ekki í vakthafandi dýralækni, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

Dýralæknar, sem stunda almennar dýralækningar, eiga rétt á og þeim ber skylda til að taka þátt í vaktafyrirkomulagi sem skipulagt er á viðkomandi vaktsvæði, sbr. 12. gr., nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum. Dýralækni er heimilt að semja við annan dýralækni um að taka við vaktskyldunni.

Verði dýralæknir var við eða hafi hann grun um að upp sé kominn alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á starfssvæði hans skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að staðfesta gruninn, hefta útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón sem af honum getur leitt. Hann skal tafarlaust tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir sem þurfa þykir.

Dýralækni ber að gera árlega skýrslu um læknisstörf sín og senda yfirdýralækni. Yfirdýralæknir setur reglur um hvaða upplýsingar skýrslurnar skuli geyma.

Dýralækni ber að sýna nákvæmni í útgáfu vottorða og læknisyfirlýsinga. Hann er bundinn þagnarskyldu um þá vitneskju sem hann öðlast í starfi sínu og honum er trúað fyrir og varðar ekki almannaheill.

Dýralækni er einungis heimilt að auglýsa læknisstarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum.

10. gr.

Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi landbúnaðarráðherra eða fengið viðurkenningu á að starfa sem sérfræðingur í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Umsóknir um sérfræðileyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.

IV. KAFLI
Skipan héraðsdýralæknisumdæma.

11. gr.

Umdæmi héraðsdýralækna eru sem hér greinir:

1. *Gullbringu- og Kjósarumdæmi:* Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Akranes, Borgarbyggð.
3. *Snæfellsnesumdæmi:* Stykkishólmur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Hnappadalssýsla, Flatey og býli í gamla Flateyjarhreppi, Skógarstrandarhreppur.
4. *Dalaumdæmi:* Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Austur-Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flatey og býlum í Flateyjarhreppi hinum gamla.
5. *Vestfjarðaumdæmi:* Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla að Bæjarhreppi.
6. *Vestur-Húnaþingsumdæmi:* Vestur-Húnavatnssýsla, Bæjarhreppur í Strandasýslu.
7. *Austur-Húnaþingsumdæmi:* Blönduós, Austur-Húnavatnssýsla.
8. *Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi:* Akureyri, Ólafsfjörður, Dalvík, Siglufjörður, Sauðárkrókur, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppar í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarumdæmi:* Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla, að undanskildum Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppum, Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi nyrðra:* Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Norður-Múlasýsla.
11. *Austurlandsumdæmi syðra:* Eskifjörður, Neskaupstaður, Suður-Múlasýsla.
12. *Austur-Skaftafellsumdæmi:* Hornafjarðarbær, Austur-Skaftafellssýsla.
13. *Vestur-Skaftafellsumdæmi:* Vestur-Skaftafellssýsla, að undanskildum Mýrdalshreppi.
14. *Suðurlandsumdæmi:* Árnes- og Rangárvallasýslur, Mýrdalshreppur.

Skipa skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi og Þingeyjarumdæmi, en í hvort þeirra skal skipa tvo héraðsdýralækna.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Einnig ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Ávallt skal aðskilja sem kostur er eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknisþjónustu.

Héraðsdýralæknar í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum sinna eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralæknar í öðrum dýralæknisumdæm-

um annast jafnframt eftirlitsstörfum almenna dýralæknisþjónustu í umdæminu, þar með er talin vaktþjónusta.

Heimilt er að ráða dýralækna til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna í einstökum umdæmum.

Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu, skyldur, eftirlitsstörf og heimild til annarra dýralæknisstarfa.

Gjald, sem nemur kostnaði, skal innheimta fyrir eftirlit og skoðanir samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengum tillögum yfirdýralæknis.

Landbúnaðarráðuneytið skal sjá héraðsdýralæknum fyrir skrifstofuaðstöðu í samræmi við umfang starfseminnar.

12. gr.

Vaktsvæði dýralækna eru sem hér greinir:

1. Gullbringu- og Kjósarumdæmi.
2. Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi.
3. Snæfellsnesumdæmi.
4. Dalaumdæmi.
5. Vestfjarðaumdæmi.
6. Austur- og Vestur-Húnaþingsumdæmi.
7. Skagafjörður og Siglufjörður.
8. Eyjafjörður, Dalvík og Ólafsfjörður.
9. Þingeyjarumdæmi.
10. Austurlandsumdæmi nyrðra.
11. Austurlandsumdæmi syðra.
12. Austur-Skaftafellsumdæmi.
13. Vestur-Skaftafellsumdæmi.
14. Rangárvallasýsla og Mýrdalshreppur.
15. Árnessýsla.

Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja vaktir í samráði við starfandi dýralækna innan sinna vaktsvæða þannig að dýralæknir sé þar jafnan á vakt og auðvelt sé að afla vitneskju um hvaða dýralæknir er á vakt hverju sinni. Heimilt er að skipta vakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis.

Við skipulagningu vakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða.

Komi upp ágreiningur um skiptingu vakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar yfirdýralæknis.

Fyrir vaktþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt við sérstakar aðstæður að semja við dýralækni um greiðslu hluta ferðakostnaðar í því skyni að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu samkvæmt reglum gerðum í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands.

V. KAFLI
Sérgreinadýralæknar.

14. gr.

Ráða skal sérmenntaða dýralækna, einn á hverju eftirtalinna sérsviða: Sviði alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, nautgripa- og sauðfjársjúkdóma, júgursjúkdóma, loðdýrasjúkdóma og svínasjúkdóma. Auk þess skal ráða dýralækni með sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti sláturdýra og sláturafurða og dýralækni sem hafi eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða. Sérgreinadýralæknar starfa undir stjórn yfirdýralæknis sem setur þeim erindisbréf.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum, hver á sínu sviði, í samráði við héraðsdýralækna, með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, leiðbeiningar- og forvarnastarfi. Sérgreinadýralæknum má fela önnur verkefni, enda komi slíkt fram í erindisbréfi. Sérgreinadýralækni er óheimilt að stunda almennar dýralækningar á sínu sérsviði.

Sérgreinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að framkvæmd nauðsynlegra rannsókna og sýnatöku í samvinnu við héraðsdýralækna, rannsóknastofnanir og afurðastöðvar og hafa eftirlit með framkvæmd sóttvarnaaðgerða.

15. gr.

Yfirdýralæknir skal hafa aðgang að viðunandi aðstöðu, búnaði og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómsvarna og forvarnastarfa.

16. gr.

Ráðherra skipar yfirdýralækni, aðstoðaryfirdýralækni og héraðsdýralækna til fimm ára í senn og setur þeim erindisbréf. Laun og önnur starfskjör þeirra ákveðast af kjaranefnd. Sérgreinadýralæknar skulu ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VI. KAFLI
Viðurlög, gildistaka o.fl.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Verði yfirdýralæknir þess var að dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber yfirdýralækni að áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi eða sé um óhæfu í læknisstörfum að ræða og ber þá yfirdýralækni að kæra málið til ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi að fullu eða um tiltekinn tíma.

Uppfylli dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru er læknisleyfi var veitt, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu eða misnotkunar vímuefna, ber yfirdýralækni að greina ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra skal leita álits dýralæknaráðs um slík mál. Svipta má viðkomandi dýralækni lækningaleyfi ef dýralæknaráð leggur það til.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Meðan ekki hafa tekist samningar milli Dýralæknafélags Íslands og fjármálaráðuneytisins um endurmenntun gildir eftirfarandi ákvæði: Fyrir hver tíu ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta sex mánaða frí frá störfum með fullum launum til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands þar sem hann hyggst dveljast og heim til Íslands að dvöl lokinni.

II.

Sé starf lagt niður á dýralæknir sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara rétt til biðlauna í samræmi við ákvæði í 34. gr. laga nr. 70/1996.

1445. Frumvarp til laga [544. mál]

um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist settar kröfur um gæði, séu unnar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að merkingar og upplýsingar um þær séu fullnægjandi.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst:

Sjávarafli: Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr.

Fiskafurðir: Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.

Sjávarafurðir: Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Dreifing: Hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talinn innflutningur, útflutningur, sala og geymsla.

Eldisfiskur: Öll lagardýr sem klakist hafa út eða verið alin við stýrðar aðstæður eða afurðir unnar úr þeim. Sjávar- eða ferskvatnsfiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem teknir eru úr náttúrulegu umhverfi sínu og aldir þangað til þeir hafa náð æskilegri sölu-

stærð til manneldis, teljast einnig til eldisfiska. Fiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem náð hafa sölustærð, teknir hafa verið úr náttúrulegu umhverfi sínu og haldið lifandi til sölu síðar, teljast ekki til eldisfiska ef þeim er aðeins haldið lifandi án þess að reynt sé að auka við stærð þeirra eða þyngd.

Eldisafurðir: Heill eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.

Fiskmarkaður: Uppboðs- eða heildsölumarkaður fyrir sjávarafla.

Flutningatæki: Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, járnbrautarvagna eða loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, svo sem lestir skipa og gámar til vöruflutninga á landi, sjó eða í lofti.

Hollustuhættir: Allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu sjávarafurða.

Hreinn sjór: Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað örverugróðri, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt heilnæmi fiskafurða og sem notað er við þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum þessum.

Neysluvatn: Vatn sem fullnægir kröfum íslenskra yfirvalda um gæði drykkjarvatns.

Pökkun: Sú aðgerð að vernda fiskafurðir með umbúðum, flátum eða öðrum viðeigandi umbúnaði.

Vinnsluskip: Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað og hann hefur verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting fisks um borð eða suða á rækjum og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í merkingu laga þessara.

Vinnslustöð: Hver sú aðstaða þar sem sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, unnar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar. Fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu teljast ekki vinnslustöð.

3. gr.

Lög þessi taka til meðferðar, vinnslu og dreifingar sjávarafurða og jafnframt til eftirlits með vinnslu, dreifingu og pökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks.

Lögin taka ekki til smásöluverslunar innan lands.

4. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

II. KAFLI
Opinberar kröfur.

5. gr.

Sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til manneldis, skulu vera heilnæmar og ómengaðar.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða skal vera í samræmi við góða framleiðslu- og hollustuhætti.

Starfsfólk skal gæta fyllsta hreinlætis og skulu öll svæði, búnaður, flát, áhöld, geymslur og flutningatæki eða annað er kemst í snertingu við sjávarafurðir þrifið og ef við á gerileytt svo að þær mengist ekki.

Meðferð og dreifingu sjávarafurða skal hagað í samræmi við eðli þeirra og eiginleika.

Halda ber sjávarafurðum við hitastig í samræmi við eðli þeirra, geymslu- og verkunaraðferðir.

Ráðherra setur frekari reglur um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem skulu tryggja heilnæmi og gæði þeirra.

6. gr.

Hönnun og búnaður skipa, vinnslustöðva, fiskmarkaða, íláta, áhalda, geymslna og flutningatækja og annars er kemst í snertingu við sjávarafurðir skal vera með þeim hætti að þrif og gerileyðing, þar sem við á, séu auðveld og unnt að gæta fyllsta hreinlætis svo sjávarafurðir mengist ekki eða gæði þeirra spillist.

Ráðherra skal setja nánari reglur um hönnun og búnað skv. 1. mgr., þar með talið um kæli- eða frystibúnað, fiskmóttöku, vinnslusvæði, hreinlætisaðstöðu og aðbúnað fyrir starfsfólk og eftirlitsaðila.

7. gr.

Í sjávarafurðir til neyslu innan lands og til sölu á Evrópska efnahagsvæðinu má einungis nota þau aukefni og í því magni sem íslensk yfirvöld leyfa. Í sjávarafurðir sem ætlaðar eru til útflutnings til annarra landa má einungis nota þau aukefni og í því magni sem leyft er í viðkomandi markaðslandi.

Ílát, umbúðir og aðrir fletir sem sjávarafurðir koma í snertingu við skulu vera úr efnum sem samþykkt eru af íslenskum yfirvöldum.

Óheimilt er að nota til þrifa og gerileyðingar önnur efni en þau sem íslensk yfirvöld heimila.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hvers kyns efna sem komist gætu í snertingu við sjávarafurðir

8. gr.

Nota skal neysluvatn eða hreinan sjó til þvotta, þrifa, ísframleiðslu og við vinnslu sjávarafurða.

9. gr.

Óheimilt er að nýta sjávarafurðir sem mengaðar eru hættulegum efnum til fóðurframleiðslu.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Ráðherra setur reglur um efni þessarar greinar, þar á meðal um leyfilegt hámark gerla, niðurbrotsefna og mengandi efna í sjávarafurðum.

10. gr.

Sjávarafurðum skal pakkað við fullnægjandi hreinlæti til að komið verði í veg fyrir mengun afurðanna. Umbúðir og annað sem líklegt er að komist í snertingu við fiskafurðirnar skal fullnægja öllum reglum um hollustuhætti og gæði. Ráðherra setur frekari reglur um pökkun sjávarafurða.

11. gr.

Sjávarafurðir skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum skal koma fram nafn Íslands, óstytt eða skammstafað IS, og leyfisnúmer viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfishafa þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans. Sé afurðin send ópökkuð skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

12. gr.

Ákvæði laga þessara um vinnslu, dreifingu, pökkun og merkingar taka einnig til eldisafurða. Ráðherra getur sett frekari reglur þar um.

13. gr.

Óheimilt er að vinna, pakka eða dreifa sjávarafurðum og eldisafurðum sem ekki uppfylla settar kröfur um meðferð, flutning, geymslu, gæði, heilnæmi, aukefni, pökkun og merkingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum með stoð í þeim. Þetta gildir einnig um afurðir sem líklegt er að uppfylli ekki settar kröfur þegar þær koma á áfangastað.

III. KAFLI
Leyfisveitingar og eftirlit.

14. gr.

Allar vinnslustöðvar, þar með talin vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Sama gildir um fiskimjölsverksmiðjur, framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum og stöðvar þar sem vinnsla eða pökkun hafbeitar- og eldisfisks fer fram.

Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, önnur en vinnsluskip, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi og starfsleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á, og samning við faggilta skoðunarstofu, sbr. 16. gr. Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna eða geyma sjávarafurðir án vinnslu- eða starfsleyfis.

Fiskistofa heldur skrá yfir vinnslu- og starfsleyfishafa sem skal senda til sjávarútvegsráðuneytis, Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra erlendra eftirlitsaðila sem þess óska.

Ráðherra getur sett nánari reglur um veitingu leyfa og skráningu þeirra.

15. gr.

Forsvarsmenn vinnslustöðva bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með vinnslunni og starfseminni til þess að tryggja að hvort tveggja sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang vinnslunnar og starfseminnar og byggt á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að skráð séu með tilliti til eðlis starfseminnar þau atriði sem farið geta úrskeiðis eða valdið skaða á afurðum, svo sem við veiðar, vinnslu, flutning eða geymslu.
2. Að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi vinnslu og fyrir hendi séu skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar í viðkomandi fyrirtæki og til hvaða aðgerða grípa skuli sé aðstæðum ábótavant eða ef sjávarafurðir uppfylla ekki settar kröfur.
3. Að tekin séu reglulega sýni í framleiðslunni til greiningar á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi.
4. Að haldin sé aðgengileg skrá um afla, vinnslu og birgðir.
5. Að teknar séu upp skráðar vinnureglur til að fylgjast með og hafa stjórn á þeim atriðum sem getið er í 1.–4. tölul.

Niðurstöður eftirlits, rannsókna og prófana skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

16. gr.

Öllum starfs- og vinnsluleyfishöfum, sbr. 14. gr., er skylt að hafa samning við faggilta skoðunarstofu. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur frá þessu skilyrði mæli sérstakar ástæður með því.

Fiskistofa veitir skoðunarstofum starfsleyfi hafi þær sótt um eða hlotið faggildingu frá faggildingarsviði Löggildingarstofu eða öðrum viðurkenndum faggildingaraðila á Evrópska efnahagssvæðinu og að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Skoðunarstofur skulu vera óháðar öllum hlutaðeigandi aðilum. Skoðunarstofa og starfsfólk hennar má ekki taka þátt í störfum sem geta haft áhrif á sjálfstæði dómgreindar eða ráðvendni þeirra varðandi skoðunarstarfsemina. Allir hagsmunaaðilar skulu geta sótt þjónustu til skoðunarstofa. Ekki skulu vera óréttlát skilyrði fjárhagslega eða af öðrum toga. Starfsemi stofunnar skal hagað með þeim hætti að viðskiptavinum sé ekki mismunað.

Skoðunarstofur skulu fylgjast reglulega með húsnæði, ástandi skipa, hreinlæti, búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfishafa.

Skoðunarstofur rækja eftirlit sitt á vegum Fiskistofu sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þær veita Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem Fiskistofa ákveður.

Verði misbrestur á að skoðunarstofur ræki skyldur sínar, vanræki þær upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir Fiskistofa áminningu eða sviptir þær starfsleyfi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur nánari reglur um innra eftirlit og starfsemi skoðunarstofa. Ráðherra getur meðal annars sett reglur um framkvæmd skoðana til að tryggja samræmi þeirra.

17. gr.

Forsvarsmönnum starfs- og vinnsluleyfishafa, sbr. 14. gr., er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt í samráði við Fiskistofu að gera vettvangskannanir hjá þeim aðilum sem falla undir ákvæði þessara laga og reglugerða settra með stoð í þeim til þess að ganga úr skugga um að ákvæði þeirra séu virt. Fiskistofa getur heimilað erlendum eftirlitsaðilum sambærilegar vettvangskannanir. Íslensk yfirvöld skulu veita þessum eftirlitsmönnum alla nauðsynlega aðstoð við að gegna skyldum sínum.

Skylt er að láta skoðunarstofu og Fiskistofu í té án endurgjalds sýni af sjávarafurðum til rannsókna.

18. gr.

Fiskistofa gefur út opinber útflutningsvottorð fyrir sjávarafurðir sé þess krafist.

19. gr.

Fiskistofu er heimilt að láta stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða, eldisafurða og afurða vatna- og hafbeitarfisks sem brjóta í bága við ákvæði II. kafla laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt honum. Enn fremur er heimilt að láta innkalla afurðir sem dreift hefur verið, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að þær brjóti í bága við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Eigandi sjávarafurða ber allan kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar.

20. gr.

Ákvarði Fiskistofa að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis eða fóðurs ber eiganda vinnslunnar eða útflytjanda að eyða vörunni innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þar um.

Fiskistofu er þó heimilt í sérstökum tilvikum að ákveða að hagnýta megi sjávarafurðirnar til annarrar framleiðslu.

IV. KAFLI
Innflutningur sjávarafurða.
Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

21. gr.

Innflytjandi sjávarafurða sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.

Vinnsluleyfishafi, sbr. 14. gr., eða annar viðtakandi þessara sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

Fiskistofu er heimil skyndiskoðun á þessum sjávarafurðum og sýnataka til rannsókna.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni af henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni til vinnslu eða umpökkunar hjá viðurkenndum vinnsluleyfishafa. Afla fiskiskipa frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem landað er hér á landi, skal skoða á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Fiskistofa skal leggja áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

22. gr.

Allur innflutningur lifandi fisks og fiskafurða, að meðtöldu fiskimjöli, frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla þessara laga. Heimilt er að landa afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Sjávarútvegsráðuneytið getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

23. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum.

Einnig skal birta mánaðarlega þær breytingar sem verða á henni.

Öryggisákvæði.

24. gr.

Í þeim tilfellum þegar sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna og dýra réttlætir slíkt getur ráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

V. KAFLI

Landamærastöðvar.

25. gr.

Eftirlitsmenn Fiskistofu eða aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar annast eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni skal setja á fót landamærastöðvar þar sem starfi eftirlitsmenn sem eru sérþjálfaðir til þessara starfa og séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum skoðunum á sjávarafurðum sem um stöðvarnar fara.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

26. gr.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað og að sendingin sé frá vinnslustöð, vinnsluskipi eða frystiskipi sem er á skrá ráðuneytisins yfir viðurkennda aðila, sbr. 23. gr. þessara laga.

Eftirlitsmaður skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í fiskimjöl, enda sé hún laus við eiturefni.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Í tollvörugeymslu skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.

27. gr.

Innflytjandi eða annar viðtakandi sjávarafurða sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu með hæfilegum fyrirvara hvert afurðirnar verða sendar og tilgreina magn, tegund og hvenær áætlað er að þær berist.

Um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit.

28. gr.

Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með sjávarafurðum frá viðurkenndum framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu sendingu skal greiða 405 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 202 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 121 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.460 kr.

Heimilt er að breyta framangreindum gjöldum með tilliti til breytinga á meðalgengi Evrópumyntar (ECU). Grunngjaldið er miðað við gengi Evrópumyntar í mars 1997 eða 81 kr.

Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða á landamærastöð.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvörugeymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvörugeymslu.

29. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjölda landamærastöðva, staðsetningu þeirra, rekstur, búnað, útgáfu vottorða, tíðni skoðana, sýnatökur og rannsóknir. Með reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum og um nánara fyrirkomulag við gjaldtöku, þar á meðal um lækkunarheimildir og innheimtu.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

30. gr.

Uppfylli vinnslu- eða starfsleyfishafi ekki ákvæði II. kafla, 15. gr. um innra eftirlit og 16. gr. er Fiskistofu heimilt að svipta hann vinnsluleyfi eða starfsleyfi og jafnframt að loka viðkomandi fyrirtæki með innsigli. Fái skip ekki vinnsluleyfi eða starfsleyfi, sbr. 14. gr., eða sé svipt því er Fiskistofu heimilt að svipta það veiðileyfi.

Áður en til sviptingar kemur skv. 1. mgr. skal gefa viðkomandi kost á að skýra mál sitt og veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.

Veiti starfs- eða vinnsluleyfishafi Fiskistofu eða skoðunarstofu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða aðstoð við framkvæmd eftirlits eða skoðun, sbr. 17. gr., getur Fiskistofa svipt viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfi.

31. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga og að ákveða gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli þeirra. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði af þjónustunni.

Gjald Fiskistofu fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu skal vera 200.000 kr.

VII. KAFLI
Viðurlög.

32. gr.

Fyrir brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim sem framin eru af ásetningi eða gáleysi skal refsa með sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru.

33. gr.

Rannsókn brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla niður lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Einnig falla þá úr gildi eftirfarandi lög um breytingu á þeim lögum: nr. 58/1994, 85/1995, 89/1997 og 114/1997.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka IV. og V. kafli þessara laga um innflutning sjávarafurða og landamærastöðvar gildi 1. nóvember 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til IV. og V. kafli laga þessara taka gildi skal sjávarútvegsráðherra veita leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdýra, liðdýra eða lindýra, sem lifa í söltu vatni, að uppfylltum settum skilyrðum. Ráðuneytið skal leita umsagnar yfirdýralæknis um leyfisveitingarnar og hafa hliðsjón af lögum um innflutning dýra eftir því sem við getur átt.

1446. Frumvarp til laga [558. mál]

um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Stofna skal hlutafélag er nefnist Íslandssíld hf. Ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, taka til Íslandssíldar hf. ef annað leiðir ekki af lögum þessum. Sjávarútvegsráðherra annast undirbúning að stofnun félagsins.

2. gr.

Hlutverk Íslandssíldar hf. er að annast viðskipti með síldarafurðir og aðrar sjávarafurðir og hvers konar aðra starfsemi er því tengist. Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Íslandssíld hf. tekur við stofnun félagsins, sbr. 6. gr., við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar öðrum en þeim sem ráðstafað er á annan hátt, sbr. 8. og 9. gr.

4. gr.

Heildarupphæð hlutafjár Íslandssíldar hf. skal nema 75% af eigin fé félagsins. Skal ráðherra skipa matsnefnd til að meta eignir og skuldir síldarútvegsnefndar til viðmiðunar um upphæð hlutafjár að teknu tilliti til ákvæða 8. og 9. gr.

5. gr.

Þeir síldarsaltendur sem greitt hafa lögmælta söluþóknun af útfluttri síld skv. 2. gr. laga nr. 62/1962 á tímabilinu 1. janúar 1975 – 31. desember 1997 eru eigendur 85% hlutafjár félagsins við stofnun þess, Íslandssíld hf. skal eiga 10% hlutafjár félagsins og lífeyrissjóðir sjómanna, í hlutfalli við fjölda sjómanna í hverjum sjóði við gildistöku laganna, skulu eiga 5% hlutafjár félagsins.

Félög sem slitið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, á annan hátt en með sameiningu við önnur félög, teljast þó ekki eigendur skv. 1. mgr. Sama á við sé gjaldþrotaskiptum á búi aðila lokið fyrir sama tíma. Eigendur sameignarfélaga sem slitið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara skulu eiga rétt á hlutafé skv. 1. mgr., sbr. 3. mgr., í hlutfalli við eignarhlut þeirra í sameignarfélaginu við slit þess.

Hlutdeild hvers aðila skal miðast við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar 1. janúar 1975 – 31. desember 1997 af heildarverðmæti samanlagðs útflutnings allra aðila er teljast eigendur skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr., þessarar greinar á

sama tímabili, framreiknað til verðlags við gildistöku laga þessara á grundvelli vísitölu neysluverðs.

Eigin hluti félagsins skal selja innan 18 mánaða frá stofnun þess. Hluthafar sem greiddu lögmælta söluþóknun, sbr. 1. mgr., á tímabilinu 1. júlí 1992 – 31. desember 1997 eiga fyrstu 18 mánuði eftir stofnun félagsins forkaupsrétt að þeim. Enn fremur er heimilt að veita þeim forkaupsrétt að hlutum sem boðnir eru til sölu vegna hlutafjárhækkunar á sama tímabili. Forkaupsrétturinn skal miðast við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar 1. júlí 1992 – 31. desember 1997 af heildarverðmæti útflutnings allra aðila er teljast eigendur skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr., á sama tímabili.

6. gr.

Halda skal stofnfund fyrir 1. júlí 1998 og skal félagið þá taka við eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar öðrum en þeim er um ræðir í 8. og 9. gr., sbr. 3. gr. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið og kjósa stjórn þess.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins skal greiðast af félaginu.

7. gr.

Fastráðnir starfsmenn síldarútvegsnefndar skulu eiga kost á starfi hjá Íslandssíld hf.

Um biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum hjá síldarútvegsnefnd gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

8. gr.

Stofna skal sjóð sem skal renna til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal vera í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar. Stofnfé sjóðsins skal vera 110 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar. Ráðstöfun fjár úr sjóðnum skal háð samþykki sjávarútvegsráðherra og skal árleg ráðstöfun miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins.

9. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins skal vera 80 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár fyrir stofnunina sem skal staðfest af dómsmálaráðuneyti, sbr. lög nr. 19/1988.

10. gr.

Sjóður sá sem um er rætt í 8. gr. skal undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem þeir nefnast. Framlag til sjóðs þess sem um er rætt í 9. gr. skal undanþegið tekjuskatti.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, falla úr gildi 1. júlí 1998.

1447. Frumvarp til laga [639. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.
b. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga“ í 6. málsl. 5. mgr. kemur: sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár.
b. Í stað orðsins „Veiðiferð“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: Sóknardegi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

3. gr.

Í stað orðanna „1. apríl 1998“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum kemur: 1. október 1998.

III. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1448. Þingsályktun [269. mál]

um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega verði kannað hver áhrif veiðanna eru á botnfiskstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið.

Til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar.

1449. Frumvarp til laga [654. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir sem atvinnulausir í þrjá daga samfellt. Ákvæði þetta gildir ekki um starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki hefur rétt til að gera kauptryggingarsamning samkvæmt kjarasamningi VMSÍ og VSÍ/VMS.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttugu og fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnufær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf, sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans, er úthlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 7. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

Leiði ákvæði 2. mgr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 3. gr.

Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili. Að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrr en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til hærra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara ekki við.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað „2.433 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.752 kr.
b. 4. mgr. orðast svo:

Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti hennar.

b. 6. mgr. orðast svo:

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta í samráði við sjóðstjórn.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

1450. Frumvarp til laga [655. mál]

um breytingu á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Geymdur bótaréttur.

Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttugu og fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnufær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

Bótaréttur með hlutastarfi.

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans er úthlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 11. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

Leiði ákvæði 4. mgr. 11. gr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 6. gr.

Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili, en að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrr en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til hærra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 8. gr. laga þessara ekki við.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað „2.433 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.752 kr.
b. 4. mgr. orðast svo:

Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti hennar.

b. 5. mgr. orðast svo:

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta í samráði við sjóðstjórn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

1451. Þingsályktun [251. mál]

um setningu reglna um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 296.

1452. Þingsályktun [376. mál]

um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 649 með þessari breytingu:

III. kafli hljóðar svo:

III. VERKEFNI EINSTAKRA RÁÐUNEYTA

1. Forsætisráðuneyti.

Forsætisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd verkefna ríkisstjórnarinnar, sbr. kaflann hér að framan, en auk þeirra mun ráðuneytið sinna fimm sértækum verkefnum.

1.1. Endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum.

Nefnd forsætisráðherra um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga mun í skýrslu sinni leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa, þar á meðal á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Í þessu skyni mun nefndin afla upplýsinga erlendis frá um rannsóknir og skýrslur á þessu sviði en gerist þess þörf verður unnin sérstök athugun fyrir ráðuneytið.

1.2. Þróun upplýsingasamfélagsins.

Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt stefnumótun um málefni upplýsingasamfélagsins og skipað verkefnisstjórn með fulltrúum fimm ráðuneyta. Forsætisráðuneytið mun fela verkefnisstjórninni að kanna hvernig aðrar þjóðir og alþjóðasamtök fylgjast með og reyna að hafa áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu kvenna og karla. Jafnframt verði staða þessara mála hér á landi könnuð. Gagnasöfnun verði lokið fyrir árið 2000 og á grundvelli hennar verða teknar ákvarðanir um hugsanlegar aðgerðir.

1.3. Staða kvenna á landsbyggðinni.

Ráðuneytið mun kanna sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Könnuninni ljúki fyrir árslok 1998. Á grundvelli niðurstaðna verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem miði að því að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni.

1.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

1.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

2. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

2.1. Hvatning til kvenna sem og karla að sækja um störf.

Ráðuneytið hefur sett sér að fylgja þeirri stefnu að orða starfsauglýsingar þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

2.2. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Stefnt verður að því að auka enn hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og óskað eftir að tilnefningum verði hagað svo að því markmiði verði náð.

2.3. Fjölgun kvenna í lögreglu og meðal fangavarða.

Markvisst verður stefnt að því að ráða fleiri konur í störf lögreglumanna og fangavarða. Í því skyni verða konur hvattar til að sækja um störf sem auglýst eru, sbr. 5. gr. og 3. mgr. 7. gr. jafnréttislaga.

2.4. Staða kvenna innan lögreglunnar.

Lögreglan er fjölmennust þeirra starfsstétta sem heyra undir ráðuneyti dómsmála. Með nýrri skipan á vali nemenda í lögregluskólanum hefur konum þegar fjölgað í hópi nemenda og mun það að öllum líkindum verða til þess að auka hlut kvenna í lögreglunni þegar fram í sækir. Jafnframt því að stuðla að fjölgun kvenna innan lögreglunnar mun dómsmálaráðuneytið huga sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa í lögreglunni.

2.5. Meðferð heimilisofbeldismála.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að kanna orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum, skilaði nýverið skýrslu um niðurstöður sínar. Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar hefur dómsmálaráðherra skipað þrjár nefndir til að huga að meðferð þessara mála.

Einni nefndinni er ætlað að huga að nauðsynlegum breytingum á löggjöf til að sporna við heimilisofbeldi, huga að því með hvaða hætti unnt sé að efla starf félagasamtaka sem sinna forvarnamálum og hjálparúrræðum á þessu sviði og gera tillögur um forvarnaaðgerðir og hjálparúrræði fyrir brotaþola og gerendur.

Hinum nefndunum tveimur er falið að huga að meðferð þeirra mála sem hér um ræðir, annars vegar á rannsóknarstigi en hins vegar í dómskerfinu, og leggja fyrir dómsmálaráðherra tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf, ef því er að skipta.

2.6. Staða þolenda afbrota.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra of-

beldisbrota, samdi frumvarp sem varð að lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Nefndinni var einnig falið að athuga hvort setja ætti í lög reglur um nálgunarbann og hvort þolendur gætu átt betri aðgang að rannsóknarferlinu. Meðal þeirra úrræða sem nefndin hefur fjallað um er réttur brotaþola til lögmannsaðstoðar þeim að kostnaðarlausu. Nefndin vinnur nú að tillögum um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf er miða að bættri stöðu brotaþola að þessu leyti.

2.7. Staða kvenna innan þjóðkirkjunnar.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun beina þeim tilmælum til biskupsstofu að sérstaklega verði hugað að stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar. Stefnt verði að því að aukin verði þátttaka kvenna í ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar og að jafnað verði hlutfall karla og kvenna í trúnaðarstörfum innan hennar.

Í því skyni verði tekið mið af niðurstöðum nefndar sem biskup hefur skipað til að skoða jafnréttismál í þjóðkirkjunni. Nefndinni er í fyrsta lagi ætlað að gera sér grein fyrir stöðu mála hvað varðar jafnrétti kynja í kirkjunni, í öðru lagi að kynna sér stöðu þessara eða svipaðra mála meðal nágrannakirkna á Norðurlöndum og í Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu og kynna stefnu þessara fjölþjóðasamtaka sem íslenska kirkjan tilheyrir og í þriðja lagi að gera tillögur um úrbætur sjái nefndin möguleika á því að koma slíku fram.

2.8. Forsjár- og umgengnismál.

Dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að kanna stöðu forsjár- og umgengnismála. Nefndinni hefur m.a. verið falið að kanna reynslu þá er fengist hefur af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, hvaða úrræði eru líkleg til að draga úr fjölda brota vegna umgengnisréttar og -skyldu, hvaða upplýsingar og fræðsla standa foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál, hvernig auka megi þá fræðslu ef þess er talin þörf og hverjar eru raunverulega samvistir barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá.

2.9. Jafnrétti — mannréttindi.

Á vegum dómsmálaráðuneytis verði skipulögð námskeið fyrir opinbera embættismenn um mannréttindamál, m.a. um mannréttindi kvenna sérstaklega.

2.10. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

3. Félagsmálaráðuneyti.

3.1. Jafnréttisumsögn.

Félagsmálaráðherra mun á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar sjá til þess að komið verði á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Jafnréttisumsögn verði gerð og látin fylgja stjórnarfrumvörpum við framlagningu þeirra á Alþingi.

3.2. Fræðsla um jafnréttismál.

Skipulögð verða námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur um markmið og leiðir í jafnréttisstarfinu, þeirra hlutverk ásamt kynningu á framkvæmdaáætl-

uninni. Námskeiðin verði haldin á fyrri hluta ársins 1998. Námskeiðin verði haldin með svipuðum hætti og nýafstaðin námskeið um stjórnsýslu- og upplýsingalög.

3.3. Aukin virkni kvenna í stjórnmálum.

Skipuð verður nefnd sem falið verður að kanna hvernig megi auka virkni kvenna og þátttöku þeirra í almennu stjórnmálastarfi.

3.4. Tilraunaverkefni um starfsmat.

Félagsmálaráðuneytið hefur í samvinnu við starfshóp um starfsmat unnið að tilraunaverkefni um starfsmat. Tilgangurinn er að nota kynhlutlaust starfsmatskerfi til að raða störfum innbyrðis á hverjum vinnustað með það að markmiði að skoða hvort mat á störfum mismuni eftir kynferði. Niðurstaðna úr tilraunaverkefninu er að vænta vorið 1998. Félagsmálaráðuneytið mun standa að kynningu á niðurstöðum verkefnisins og kynna sérstaklega þá starfsmatsaðferð sem þar hefur verið þróuð, m.a. með útgáfu kynningarbæklings.

3.5. Fræðsla fyrir trúnaðarmenn.

Gefin verður út handbók fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum og henni fylgt eftir með fræðslu. Í handbókinni verða í aðgengilegu formi allar upplýsingar er varða þætti sem geta haft áhrif á mismunandi stöðu kvenna og karla á vinnustaðnum. Sérstök áhersla verður lögð á að upplýsa og fræða um þau atriði eða þær aðstæður sem geta haft áhrif á laun og launamyndun og hvaða leiðir starfsmönnum, trúnaðarmönnum og stéttarfélögum eru færar til að hafa áhrif þar á.

3.6. Konur í hlutastörfum.

Á gildistíma áætlunarinnar verður unnin könnun á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar eða eru unnin utan hefðbundinna vinnustaða hjá konum annars vegar og hins vegar hjá körlum. Upplýsingarnar verða flokkaðar eftir atvinnugreinum og starfsgreinum. Athugað verður hvort framkvæmd könnunarinnar geti verið samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Hagstofu Íslands.

3.7. Skipting fjár úr sjóðum vegna atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við forsætisráðuneyti (Byggðastofnun), fjármálaráðuneyti og viðskipta- og iðnaðarráðuneyti, mun kanna hvernig styrkir til einstaklinga úr opinberum sjóðum sem eru eyrnamerktir atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.

3.8. Lánatryggingasjóður kvenna.

Sjóðurinn er verkefni sem unnið er að og er samvinnuverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins og áherslur hans ásamt því hvernig hann hefur nýst konum verði könnuð reglulega.

3.9. Konur og atvinnuleysi.

Á árunum 1998 og 1999 verður unnin skýrsla, byggð á þeim upplýsingum sem til eru eða sem niðurstaða könnunar ef upplýsingar skortir, um aðstæður „atvinnulausra kvenna". Í kjölfar þessa verða lagðar fram tillögur að aðgerðum eða átaki til að bæta aðstæður þeirra og möguleika til að fá vinnu. Verkefnislýsing verður unnin í samvinnu við Vinnumálastofnun.

3.10. Konur og atvinnuleit.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um vinnumiðlun er áhersla lögð á virka vinnumiðlun, m.a. með ákvæðum um vinnuleitaráætlanir. Vinnumálastofnun verður falið að þróa aðferðir sem sérstaklega henta atvinnulausum konum við að fá vinnu. Kanna skal hvort ástæða sé til að koma á fót sérstökum stuðningsúrræðum fyrir konur sem hafa fengið vinnu eftir langvarandi atvinnuleysi.

3.11. Ný stétt vinnukvenna (aðfluttar konur).

Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við Starfsmannafélagið Sókn kanna aðstöðu, réttindi og skyldur aðfluttra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna inni á einkaheimilum. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til að gera tillögur til úrbóta þar sem er talin þörf.

3.12. Tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.

Unnin verður rannsókn á viðhorfum og væntingum karla og kvenna til atvinnulífsins og samspils þess við fjölskyldulífið. Sérstaklega verður hugað að möguleikum og takmörkunum hvors kyns til að sameina þessa þætti. Sérstakur hluti rannsóknarinnar mun beinast að atvinnurekendum og viðhorfum þeirra, þar með talið hvort mismikið tillit sé tekið til þarfa karla og kvenna til að sinna fjölskyldum sínum.

3.13. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Félagsmálaráðuneyti mun beita sér fyrir því að þeim aðilum er fara með starfsmenntunarmál í hefðbundnum umönnunarstörfum kvenna verði gert kleift að kanna sérstaklega hvaða áhrif breyttar og strangari kröfur til menntunar og til framhaldsmenntunar geta haft á möguleika kvenna á starfstengdri menntun á þessum sviðum.

3.14. Konur sem flóttamenn.

Kannað verður hvort við mat á skilgreiningum á rétti flóttamanna til að sækja um dvalarleyfi hér á landi sé nægjanlega tryggt að ofsóknir og ofbeldi, sem konur sæta vegna kynferðis síns og beitt er markvisst til að neyða fólk af tilteknu þjóðerni, menningu eða trúarbrögðum til að flýja heimili sín, sé metið sem fullgild forsenda leyfisveitingar.

3.15. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Félagsmálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að unnin verði áætlun eða lagt fram frumvarp til laga sem hafi það að markmiði að útrýma kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum.

3.16. Jafnréttisráðgjafi.

Þegar tilraunaverkefninu um starf jafnréttisráðgjafa lýkur verður unnið mat á árangri verkefnisins og í framhaldi af því lagðar fram tillögur um framhald.

3.17. Könnun á meðferðarúrræðum fyrir fíkniefnaneytendur.

Skrifstofu jafnréttismála verður falið að kanna hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur, sem eru kostuð af opinberu fé, henti jafnt konum sem körlum.

3.18. Könnun á skilyrðum fjölskyldna.

Félagsmálaráðuneytið mun standa fyrir könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Sérstaklega verði skoðað hvort og þá hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi batnað vegna slíkra aðgerða.

3.19. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og karlanefnd jafnréttisráðs beita sér fyrir því að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

3.20. Nefndir og ráð.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum félagsmálaráðuneytisins mun áfram verða tekið mið af jafnréttissjónarmiðum og kallað til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

3.21. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

4. Fjármálaráðuneyti.

4.1. Feðraorlof.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi reglur fjármálaráðherra um sjálfstætt fæðingarorlof feðra í þjónustu ríkisins. Í reglunum er feðrum í þjónustu ríkisins tryggður réttur til launa í tvær vikur vegna fæðingar barns. Í byrjun árs 1999 verður reynslan af þessari nýbreytni skoðuð með viðtölum og spurningum til þeirra sem þessa orlofs nutu.

4.2. Úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

Með meiri hluta kjarasamninga, sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerði við stéttarfélög innan BSRB og BHM og gilda eiga til ársins 2000, fylgdi yfirlýsing þar sem áréttuð er stefna ríkisins að jafna þann launamun karla og kvenna sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kyns og bent á að með nýju launakerfi gefist tækifæri til þess. Til þess að meta áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna skuldbatt fjármálaráðuneytið sig til þess að gera sérstaka úttekt á þeim áhrifum á samningstímabilinu. Stefnt er að gerð slíkrar úttektar á árinu 1999.

4.3. Reglur um starfslýsingar.

Í bæklingi fjármálaráðherra um jafnréttismál frá febrúar 1996 er hvatning til vinnuveitenda um að „starfslýsingar séu skilmerkilegar og frammistöðumat sé lagt til grundvallar starfsframa". Einnig segir í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að setja skuli starfsmanni erindisbréf ef hann óskar þess. Með tilliti til þess og nýrra kjarasamninga mun fjármálaráðuneytið minna á þetta ákvæði þar sem því verður við komið.

4.4. Fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins.

Fjármálaráðuneytið mun skipuleggja fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn stofnana þess í anda þeirra hugmynda sem komu fram í jafnréttisriti ráðuneytisins frá febrúar 1996 og í samræmi við niðurstöðu jafnréttiskönnunar sem gerð var í janúar 1998 á vegum starfshóps fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál.

4.5. Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn.

Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum í samræmi við stefnu ráðherra þar að lútandi. Áfram verður unnið að fjölgun kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla

og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.

4.6. Endurskoðun á eyðublöðum.

Fjármálaráðuneytið mun sjá til þess að öll eyðublöð frá stofnunum sem heyra undir fjármálaráðuneytið og þar sem einstaklingar þurfa að gefa upplýsingar um tekjur og eignir verði endurskoðuð og metin út frá jafnréttissjónarmiðum.

4.7. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

5. Hagstofa Íslands.

Hagstofan gegnir mikilvægu hlutverki í samþættingu jafnréttissjónarmiða, ekki hvað síst að því er varðar kyngreindar hagtölur og afmarkaða gagnasöfnun.

5.1. Öll tölfræði kyngreind.

Samkvæmt verkefni II.1 verður ráðuneytum og ríkisstofnunum sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum skuli upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis en skrifstofa jafnréttismála kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.

5.2. Eignarréttur á fasteignum.

Hagstofa Íslands mun vinna úttekt á hverjir eiga eða eru skráðir fyrir fasteignum hér á landi.

5.3. Vinnutími — hluti af reglubundinni upplýsingasöfnun er varðar laun.

Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið munu endurskipuleggja alla gagnasöfnun á þeirra vegum sem varðar vinnuframlag og laun fólks þannig að raunverulegur vinnutími komi þar skýrt fram. Þessu verki verður lokið innan tveggja ára. Ríkisstjórnin mun jafnframt beita sér fyrir því við aðila vinnumarkaðarins að sambærileg endurskipulagning fari fram hjá þeim.

5.4. Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Hagstofa Íslands mun áfram gefa reglulega út tölfræðihandbók þar sem fram kemur yfirlit yfir stöðu kvenna og karla. Útgáfan sem er í handhægu og aðgengilegu formi hentar vel almenningi. Upplýsingarnar verða bæði á íslensku og ensku og stefnt að útgáfu þriðja hvert ár.

5.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

6.1. Reglur um rannsóknir á lyfjum.

Tryggt skuli að farið sé eftir þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um rannsóknir á lyfjum (GCP) þannig að fullt tillit sé tekið til áhrifa þeirra á konur og karla.

6.2. Nefnd um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum.

Heilbrigðisráðherra beini því til nefndar um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum að í skýrslu hennar komi fram tillögur um framtíðarstefnumótun í heilbrigðismálum sem taki mið af ólíkum þörfum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

6.3. Fæðingarorlof.

Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um fæðingarorlof þar sem báðum foreldrum verður tryggður réttur til fæðingarorlofs. Unnið verði að því að jafna þann mun sem er á rétti vinnandi fólks eftir því hvar það starfar.

6.4. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Heilbrigðisráðuneytið lítur á ofbeldi gegn konum sem heilbrigðisvandamál og mun í samvinnu við félagsmálaráðuneytið beita sér fyrir því að boðið verði upp á slíka meðferð hér á landi.

6.5. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.

Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verður gert átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðisstofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna sinna.

6.6. Endurskoðun á staðaltölum almannatrygginga.

Staðaltölur almannatrygginga eru sundurgreindar eftir kynjum þar sem það er tæknilega framkvæmanlegt. Unnið verði að því að sundurgreining nái til allra upplýsinga.

6.7. Úttekt á reglum sem varða mat á vistunarþörf.

Þær reglur sem stuðst er við þegar verið er að meta vistunarþörf ellilífeyrisþega eða öryrkja verða kannaðar með tilliti til þess hvort þær koma mismunandi út hjá konum og körlum.

6.8. Útreikningar örorkumatsbóta með tilliti til jafnréttis kvenna og karla.

Kannað verði hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé lagt til grundvallar við útreikninga á bótum vegna örorku.

6.9. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.

Í herferðum sem varða tóbaksvarnir verður unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur reykinga hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar eru mismunandi. Gerð verði tilraun í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna.

6.10. Áhættuhegðun karla.

Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Ljóst er að hér er um heilbrigðisvandamál að ræða og mikilvægt er að

leita orsaka þess. Því mun ráðuneytið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir.

6.11. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

6.12. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

7.1. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna.

Í janúar 1997 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til að kanna hvort þörf sé á sérstökum stuðningi við atvinnurekstur kvenna. Nefndin hefur m.a. látið gera könnun á meðal kvenna í rekstri fyrirtækja hérlendis, svo og viðhorfum þeirra til sértækra stuðningsaðgerða við atvinnurekstur kvenna. Þá er í vinnslu yfirlit yfir helstu stuðningsaðgerðir sem í boði eru hérlendis og erlendis. Mun nefndin skila niðurstöðum og tillögum í byrjun næsta árs.

7.2. Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.

Samdráttur hefur orðið í einstökum atvinnugreinum iðnaðar undanfarin ár, en á sama tíma hafa aðrar eflst til muna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun kanna hvort þessar breytingar hafi nýst konum sem skyldi eða hvort samdrátturinn hafi frekar átt sér stað í atvinnugreinum þar sem konur eru í meiri hluta. Ef niðurstaða könnunarinnar er veik staða kvenna mun ráðuneytið fara yfir þá þætti og gera grein fyrir þeim.

7.3. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun sérstaklega taka mið af jafnréttissjónarmiðum við tilnefningu í nefndir og ráð með það að markmiði að auka þar hlut kvenna.

7.4. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og upplýsingasamfélagið.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra var falið af ríkisstjórninni 6. október 1995 að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir ríkisstjórnina um íslenska upplýsingasamfélagið næsta áratug. Nefndin skilaði áliti sínu og níu starfshópa er með henni unnu ári síðar. Eitt af meginmarkmiðunum er að nýta möguleika upplýsingatækninnar til að vinna gegn óæskilegum félagslegum áhrifum, svo sem auknu misrétti, og sjá til þess að jafnrétti sé tryggt. Í þessu felst m.a. sá ásetningur að efla fjarmenntun og atvinnuþátttöku fólks með fjarvinnslu sem mun auka jafnrétti kynjanna óháð búsetu.

7.5. Fjölgun kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Með því að auka veg kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja stefnir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið að því að auka sjálfstæði kvenna og um leið jafnrétti kynjanna. Einnig munu kraftar kvenna til eflingar atvinnulífinu nýtast betur.

7.6. Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna.

Hinn 1. janúar 1998 tók Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins til starfa. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs. Mun sjóðurinn gegna hlutverki sínu með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar, einkum með hlutafjárþátttöku en einnig með því að veita lán og ábyrgðir í þessu skyni. Einnig mun sjóðurinn styðja við þróunar- og kynningarverkefni.

Þátttaka kvenna í sköpun nýrra atvinnutækifæra á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja er sívaxandi sem er einnig reyndin í Bandaríkjunum, en á vegum SBA (Small Business Administration) hafa verkefni sem auka atvinnuþátttöku kvenna gefist vel.

Nýsköpunarsjóði er m.a. ætlað að vera smáum og meðalstórum fyrirtækjum öflugur bakhjarl. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti telur sérstaklega mikilvægt að auka veg kvenna í atvinnurekstri og telur að sjóðurinn muni með almennri starfsemi sinni styðja atvinnusköpun kvenna og öflun nýrra atvinnutækifæra.

7.7. Átak til atvinnusköpunar.

Í mars 1996 gerðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður með sér samstarfssamning um „Átak til atvinnusköpunar". Markmið átaksins er m.a. stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og einstaklinga á sviði atvinnu- og nýsköpunar. Þann tíma sem stjórn átaksins hefur starfað hafa margvísleg verkefni verið studd sem hafa ekki síður nýst konum en körlum. Má þar nefna átak til eflingar textíliðnaði, stuðning við framleiðslu sjávar- og jurtasmyrsla og markaðssetningu íslenskrar fatahönnunar erlendis en í þessum iðngreinum hafa konur verið í fararbroddi.

7.8. Þátttaka iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í samvinnuverkefnum.

a. Atvinnuuppbygging á landsbyggðinni.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun ásamt félagsmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti (Byggðastofnun) og fjármálaráðuneyti kanna hvernig styrkir úr opinberum sjóðum sem nýtast eiga atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.

b. Lánatryggingasjóður kvenna.

Lánatryggingasjóður kvenna er samvinnuverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Tilgangur með stofnun sjóðsins er að styðja konur til þátttöku og nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánum sem veitt eru umsækjendum um lánatryggingu úr Lánatryggingasjóði kvenna.

7.9. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

8. Landbúnaðarráðuneyti.

8.1. Félagsleg og efnahagsleg réttindi kvenna í bændastétt.

Könnuð verða ýmis ákvæði um eignaraðild í landbúnaði og búrekstri og réttindi og skyldur henni samfara. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf með það að markmiði að jafna hlut kvenna og karla. Þessu verkefni verði lokið fyrir árið 2000.

8.2. Fræðsla fyrir konur og karla í bændastétt.

Unnið verður upplýsinga- og fræðsluefni um réttindi og skyldur kvenna og karla í bændastétt. Þar verður gerð grein fyrir félagskerfi landbúnaðarins, starfi hagsmunasamtaka bænda og félagslegum réttindum sem varða konur og karla í bændastétt, ásamt upplýsingum um jafnrétti kvenna og karla almennt.

8.3. Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir því að fullt tillit verði tekið til stöðu kvenna sem búa í dreifbýli og kvenna í bændastétt í öllum þeim sértæku verkefnum sem unnin verða samkvæmt þessari framkvæmdaáætlun og varða stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og möguleika þeirra til eigin atvinnurekstrar og endurmenntunar.

8.4. Fjölgun kvenna í stjórnum og ráðum sem varða landbúnaðarmál.

Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð landbúnaðarins á sér stað og ákvarðanir eru teknar. Þetta átak tekur til bæði opinberra nefnda og ráða á vegum ríkisvaldsins og félags- og hagsmunasamtaka bændastéttarinnar.

8.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

9. Menntamálaráðuneyti.

Jafnrétti kynjanna í skólakerfinu er sjálfsagt réttlætismál og í anda gildandi laga um jafnan rétt karla og kvenna. Með því að tryggja jafnrétti í skólastarfi er stuðlað að því að hver einstaklingur nýti hæfileika sína og krafta sem best, óháð kynferði. Þannig nýtist þjóðfélaginu best sá mannauður sem það á.

Niðurstöður samræmdra prófa og staðlaðra kunnáttuprófa, svo og niðurstöður rannsókna sem unnar hafa verið á undanförnum árum, hafa leitt í ljós umtalsverðan kynjamun. Þannig er námsárangur pilta yfirleitt verri en stúlkna auk þess sem þeir eru líklegri en stúlkur til að detta út úr námi og lenda í ýmsum erfiðleikum í skóla. Jafnframt eru meiri líkur á að þeir fremji afbrot og neyti ólöglegra vímuefna. Á hinn bóginn kemur fram að sjálfsmat stúlkna er yfirleitt lægra en pilta þrátt fyrir betri námsárangur.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin jafnt undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu almennt, fræði bæði drengi og stúlkur um stöðu kynjanna og mannréttindi og vinni gegn misrétti. Brýnt er að huga að stöðu beggja kynja í skólakerfinu.

9.1. Námskrárgerð.

Í nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla verður sérstaklega tekið mið af lögum um grunnskóla og stefnu menntamálaráðuneytis í jafnréttismálum en þar er kveðið á um að nemendum sé ekki mismunað eftir kyni, búsetu, stétt, uppruna, trú eða fötlun. Þetta þýðir að allir skuli fá sem jöfnust tækifæri til menntunar. Þetta þýðir ekki endilega sömu úrræði fyrir alla, heldur sambærileg og jafngild tækifæri.

9.2. Vinna að jafnrétti og gegn hefðbundinni verkaskiptingu.

Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna. Mikilvægt er að menntakerfið ýti ekki undir launamun kynjanna, til dæmis með því að hvetja konur sérstaklega til að stunda ákveðið nám en karla til að stunda annars konar nám.

9.3. Jafnréttiskennsla í skólum verði efld.

Jafnréttisfræðsla í skólum verði efld og lögð verði sérstök áhersla á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi. Sérstök áhersla verði lögð á fjölskyldufræðslu og náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Nauðsynleg forsenda jafnréttiskennslu er að jafnréttisfræðsla standi kennurum og skólastjórnendum til boða.

9.4. Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar.

Menntamálaráðuneytið mun láta fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu þar sem sérstaklega verður hugað að líðan hvors kyns fyrir sig í skólum. Á grundvelli slíkra athugana verði kannað hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja.

9.5. Íþróttauppeldi stúlkna verði eflt.

Brottfall stúlkna úr íþróttum er mikið. Í ljósi þess mun menntamálaráðuneytið stuðla að því að íþróttauppeldi stúlkna verði sinnt í skólakerfinu ekki síður en drengja.

9.6. Tölvur og upplýsingatækni.

Menntamálaráðuneytið mun leggja aukna áhersla á að bæði kyn menntist um tölvur og upplýsingatækni. Sú fræðsla þarf að hefjast strax á yngri stigum grunnskólans til að draga úr þeim kynjamun sem þegar er orðinn umtalsverður í efri bekkjum grunnskóla.

9.7. Stærðfræði og raungreinar.

Menntamálaráðuneytið mun leita leiða til að auka áhuga stúlkna á þessum sviðum þegar í yngri bekkjum grunnskóla. Kannað verður hvort stúlkur þurfi sérkennslu á þessum sviðum.

9.8. Styrkir til jafnréttisfræðslu.

Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði grunnskóla á skólaárinu 1998–1999 mun menntamálaráðuneytið leggja sérstaka áherslu á þróunarverkefni sem tengjast jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að bæta stöðu drengja og stúlkna í skólunum.

9.9. Nefndir og ráð.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum menntamálaráðuneytisins mun sérstaklega verða tekið mið af jafnréttissjónarmiðum og kallað til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

9.10. Kvennasögusafnið.

Framlag til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verður hækkað um 2,1 milljón króna árið 1998 vegna reksturs Kvennasögusafns.

9.11. Konur og fjölmiðlar — ímyndir kvenna og karla.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þá um leið þátttöku þeirra í ákvörðunum varðandi þróun þessara miðla. Einnig verði kannað hvaða kven- og karlímyndir íslenskir fjölmiðlar birta og hvernig megi vinna markvisst að því að umfjöllun fjölmiðla um líf og starf kvenna sýni þær í öllum sínum fjölbreytileika. Á grundvelli slíkra athugana verði unnið að stefnumótun á þessu sviði.

9.12. Fræðsla um greiningu á afleiðingum ofbeldis.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að í grunnnámi og við endurmenntun kennara, starfsfólks heilbrigðis- og félagsþjónustu, presta, lögreglu og annarra sem líklegir eru til þess að umgangast þolendur ofbeldis verði tryggð fræðsla um hvernig bregðast skuli við og aðstoða þá sem fyrir ofbeldinu hafa orðið.

9.13. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

10. Samgönguráðuneyti.

10.1. Konur sem atvinnurekendur í ferðaþjónustu.

Framlag kvenna til ferðaþjónustu verður metið í ljósi þess að ferðaþjónustan skiptir sífellt meira máli fyrir bæði atvinnustig í landinu og tekjur almennt. Markmið þessarar úttektar verður að kanna hvernig konur og karlar koma að þessari vaxandi atvinnugrein og að þá verði hægt að meta hvort og þá hvernig breytingar eða sérstakar stuðningsaðgerðir gagnist konum sem körlum.

10.2. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

10.3. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

11. Sjávarútvegsráðuneyti.

11.1. Konur í fiskvinnslu.

Skipuð verður nefnd til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika. Nefndinni verður falið að afla upplýsinga um menntun þeirra kvenna sem þar starfa, félagslega stöðu þeirra o.fl. þannig að hægt sé að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar.

11.2. Konur og atvinnurekstur í sjávarútvegi.

Kannað verður hvort og þá á hvaða sviðum sjávarútvegs konur hafa haslað sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Aðgengi kvenna að fyrirgreiðslu í formi styrkja eða lána verði sérstaklega kannað. Leiði könnunin í ljós sérstök söknarfæri fyrir konur í þessum atvinnu-

rekstri verða þau styrkt sérstaklega. Á sama hátt verður gripið til sértækra aðgerða ef könnunin leiðir í ljós mismunun sem skýra má með kynferði.

11.3. Sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður.
Könnuð verða áhrif langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna.

11.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.
Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

11.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.
Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

12. Umhverfisráðuneyti.
12.1. Jafnréttisnefnd umhverfisráðuneytisins og stofnana þess.
Umhverfisráðuneytið mun skipa nefnd um jafnréttismál með fulltrúum stofnana ráðuneytisins fyrir árslok 1997. Hlutverk nefndarinnar verður að
— sjá til þess að gerðar verði starfsmannaáætlanir fyrir stofnanir ráðuneytisins sem miða að því að jafna stöðu kvenna og karla,
— að halda uppi umræðum og fræðslu um jafnréttismál,
— að safna upplýsingum um stöðu jafnréttismála í stofnunum,
— að koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.

12.2. Fjölgun kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum sem varða umhverfismál.
Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð umhverfismála á sér stað og ákvarðanir eru teknar.

13. Utanríkisráðuneyti.
13.1. Aðgerðaáætlun.
Á fyrstu tveimur árum framkvæmdaáætlunarinnar mun starfa samráðsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Verkefni nefndarinnar verður að vinna tillögur til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu jafnréttis kvenna og karla í alþjóðastarfi. Í áætluninni mun koma fram hvernig utanríkisráðherra fyrir hönd íslenskra stjórnvalda geti, betur en nú er, unnið að framgangi réttindamála kvenna og barna samkvæmt alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.

13.2. Konur og karlar í störfum hjá alþjóðastofnunum.
Settar verða vinnureglur sem kveði á um sem jafnastan hlut kvenna og karla í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum. Þetta ákvæði á ekki einungis við um ráðningu Íslendinga heldur einnig alla þá sem Íslendingar kjósa að styðja í stöður á vegum alþjóðasamtaka.

13.3. Mannréttindabrot gegn konum og stúlkum.
Utanríkisráðherra mun beita sér fyrir því að alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráðið taki sérstaklega til athugunar — þegar verið er að kanna hvort um brot á mannréttindum er að ræða — brot sem beinast sérstaklega gegn konum.

13.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.
Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

13.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.
Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

13.6. Jafnréttisnámskeið.
Ráðuneytið mun standa fyrir jafnréttisnámskeiðum fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum eða vinna að slíkum verkefnum.

1453. Breytingartillögur [558. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1998“ í 1. mgr. komi: 1. ágúst 1998.
2. Við 11. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1998“ komi: 1. ágúst 1998.

1454. Nefndarálit [378. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1998–2002.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn getur ekki fallist á vinnubrögð meiri hlutans við undirbúning og afgreiðslu þessa máls. Fjölmörg brýn verkefni eru undanskilin og jafnræðis ekki gætt á milli landshluta.

Að þessu sinni eru tvær áætlanir til afgreiðslu samhliða, þ.e. tillaga um vegáætlun fyrir árin 1998–2002 og tillaga um langtímaáætlun í vegagerð 1999–2010. Vegáætlunin tekur til fyrsta tímabils langtímaáætlunarinnar auk ársins 1998. Eðli málsins samkvæmt er skörun á tillögunum á fyrsta tímabili langtímaáætlunarinnar. Gagnrýni minni hlutans á því jöfnum höndum við um vegáætlun og langtímaáætlun.

Skilgreind eru ný markmið við skiptingu fjármuna til vegaframkvæmda og eru stærstu markmiðin þar að ljúka hringveginum með bundnu slitlagi og vegum af honum til þéttbýlisstaða með fleiri en 200 íbúa. Þrátt fyrir fögur markmið og nýjar skilgreiningar er ljóst að ríkisstjórnin setur þau einungis fram sem fögur fyrirheit því að markmiðin eru þverbrotin strax í upphafi. Má í því sambandi nefna að til stóð að færa hluta af hringveginum á Austurlandi í sparnaðarskyni en við meðferð málsins var fallið frá því og ákveðið að bundið slitlag yrði lagt á núverandi hringveg í samræmi við markmið áætlunarinnar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir

að fjármagn renni til þessara slitlagsframkvæmda á tímabili áætlunarinnar og óvíst hvort að af þeim verði nokkurn tímann. Þá má benda á að hróplegt misvægi er í því eftir kjördæmum hversu mikið er dregið úr hófi fram eða skilið eftir ógert til að fullnægja nýjum markmiðum áætlunarinnar. Austfirðir og norðausturhorn landsins verða þar verst úti.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gerðu tillögu um framkvæmdir við þjóðvegi á svæðinu fyrir u.þ.b. 1.400 millj. kr. á ári. Samgönguáætlunin gerir ráð fyrir 639 millj. kr. á þessu ári til svæðisins, 865 millj. kr. á næsta ári 1999, 1.050 millj. kr. árið 2000 og 1.070 millj. kr. árin 2001 og 2002. Þá er ljóst að aðeins brot af þeim framkvæmdum sem eru nauðsynlegar á höfuðborgarsvæðinu kemst til framkvæmda. Þetta mun bitna mjög á nauðsynlegum endurbótum á fjölförnum stöðum þar sem umferðartafir eru nú verulegar, t.d. á Vesturlandsvegi um Mosfellsbæ og inn í Reykjavík. Áform um Sundabraut og fjármögnun hennar eru óljós í áætluninni og fé til undirbúnings verksins af skornum skammti, sem auk þess dreifist á allt of langan tíma.

Nauðsynlegt hefði verið að tryggja í þessari vegáætlun undirbúning og framkvæmd við gerð Sundabrautar, auk nauðsynlegra endurbóta á fjölförnustu stöðum í gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins. Það er áhyggjuefni að dráttur á þessum framkvæmdum verði til að auka slysahættu í umferðinni og valda enn meiri umferðartöfum á fjölförnum leiðum en nú er.

Minni hlutinn vill einnig vekja athygli á því að eitt af allra brýnustu verkefnum í vegamálum er að tengja betur þéttbýlisstaði á landsbyggðinni til að stækka atvinnusvæði og þétta dreifðar byggðir landsins. Þessum verkefnum er lítt sinnt í þeim áætlunum sem liggja fyrir. Sem dæmi má nefna að brýnt er að mynda samfellt atvinnusvæði frá Seyðisfirði til Fáskrúðsfjarðar með góðri tengingu við Egilsstaði. Það sama gildir um tengingu Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Á Vestfjörðum má benda á að nauðsynlegt er að tengja saman norðurfirðina og suðurfirðina. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að þessum vegtengingum sé ekki sinnt.

Minni hlutinn gerir þrátt fyrir framangreint ekki athugasemdir við skiptingu fjármuna til einstakra verkefna, að öðru leyti en því sem fyrr greinir, enda hafa kjördæmahópar þingmanna fjallað um það mál og náð um það samkomulagi. Í því ljósi munu undirritaðir nefndarmenn greiða þingsályktunartillögunni um skiptingu fjármuna á einstök verkefni atkvæði sitt en vísa að öðru leyti allri ábyrgð á hendur meiri hluta þingsins.

Alþingi, 15. maí 1998.

Ásta R. Jóhannesdóttir, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Ragnar Arnalds.

1455. Nefndarálit [379. mál]

um till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Í fyrsta skipti er nú til afgreiðslu langtímaáætlun í vegagerð. Slík vinnubrögð væru mjög til fyrirmyndar ef hægt væri að treysta því að ríkisstjórnin tæki fullt mark á sínum áætlunum. Minni hlutinn hefur hins vegar horft upp á það ítrekað að fé til vegamála sé skorið niður og grundvelli vegáætlunar raskað. Markaðar tekjur vegasjóðs hafa í stríðum straumum runnið

beint í ríkissjóð en ekki til vegagerðar. Þegar ríkisstjórnin hefur ekki einu sinni virt áætlanir í vegamálum til fjögurra ára hefur minni hlutinn enga ástæðu til að ætla að langtímaáætlun til tólf ára komi til með að standast. Langtímaáætlunin er einungis óskalisti, jafnvel vinsældalista, til að afla mönnum fylgis, enda skammt í kosningar. Í því sambandi má benda á að ekki er víst að næsta ríkisstjórn fallist á óskalistann og setji önnur forgangsverkefni á oddinn.

Þá gagnrýnir minni hlutinn að ekki sé gert ráð fyrir meiri sveigjanleika í áætluninni. Henni er ætlað að taka til vegaframkvæmda næstu tólf árin og á þeim tíma kann margt að breytast. Í sundurliðunum á áætluninni sem fram koma í breytingartillögum meiri hlutans er ekki gert ráð fyrir þessu svigrúmi. Til að nefna dæmi bendir minni hlutinn á að eðlilegra hefði verið að tala um vegtengingu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í stað þess að tala um vegagerð á Lágheiði. Í nefndaráliti meiri hlutans er þess getið að eftir sé „skoðun allra mögulegra lausna á svæðinu, þar með talið gerð jarðganga sem stytta mundu leiðina mikið og bjóða upp á öruggara samband en vegur um Lágheiði getur gert". Því er það harla undarlegt að meiri hlutinn skuli ekki fást til að halda öllum möguleikum opnum með breyttu orðalagi. Í plaggi eins og langtímaáætlun í vegagerð er ekki hægt að binda sig við eina aðferð í vegagerð á ákveðnum leiðum þar sem fleiri möguleikar koma til greina. Þeir verða að vera opnir svo unnt sé að skoða alla möguleika þegar kemur að ákvörðun.

Gagnrýni minni hlutans sem fram kemur í nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1998–2002 eiga einnig við um áætlun þessa að breyttu breytanda.

Minni hlutinn leggst ekki gegn samþykkt tillögunnar vegna þess að þrátt fyrir allt er hún ákveðið framfararspor. Minni hlutinn ítrekar hins vegar gagnrýni sína á vinnubrögð við undirbúning hennar og munu undirrituð gera frekari grein fyrir athugasemdum sínum við síðari umræðu málsins.

Alþingi, 15. maí 1998.

Ásta R. Jóhannesdóttir, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Ragnar Arnalds.

1456. Nefndarálit [479. mál]

um frv. til l. um áfengis- og vímuvarnaráð.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Engum dylst að þörfin á raunverulegu átaki til að sporna gegn vaxandi neyslu vímuefna af margvíslegum toga er mjög brýn. Óhrekjandi staðreyndir úr nýlegum könnunum sýna að fíkniefnaneysla er að aukast og hefur illu heilli færst niður í yngri aldurshópa. Einungis þrauthugsuð og vel útfærð stefna af hálfu stjórnvalda er líkleg til að ná árangri í baráttunni gegn þessum vágesti sem líklegur er til að verða mesta samfélagsmein komandi aldar. Þá stefnu er ekki að finna í frumvarpi til laga um áfengis- og vímuvarnaráð. Ákvæði frumvarpsins eru óljós, markmiðssetning loðin og illa útfærð og á fundum með nefndinni kom berlega í ljós að starfsmönnum ráðuneytisins var ekki fyllilega ljóst hvaða tilgangi á að ná með því.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á stofn sérstakt áfengis- og vímuvarnaráð. Af óljósum ákvæðum um markmið frumvarpsins má ráða að því er ætlað að samhæfa varnir gegn fíkniefnum. Valin er sú leið í frumvarpinu að setja á stofn ráð sem sjö ráðherrar eiga að tilnefna full-

trúa sinn í. Samband íslenskra sveitarfélaga fær þann áttunda, og formaður er skipaður af heilbrigðisráðherra úr hópi áttmenninganna. Af sjálfu leiðir að í ráðið munu því fyrst og fremst veljast embættismenn ráðuneytanna. Minni hlutinn telur að þessi leið sé ekki vel fallin til að samhæfa varnir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, enda sýnir reynslan að það starf sem ráðuneyti hafa innt af höndum til þessa hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Átak allrar þjóðarinnar þarf til að raunverulegur árangur náist. Þess vegna er farsælla að Alþingi skipi ráðið og hafi þar með forustu fyrir því þjóðarátaki sem nú er þörf á. Sá háttur er sömuleiðis líklegri til að tryggja að í ráðið veljist sérfræðingar í vímuvörnum fremur en embættismenn úr ráðuneytunum.

Í 3. gr. er verkefnum ráðsins lýst í átta töluliðum. Þeir eru vægast sagt afar óljósir og svör um merkingu einstakra liða fengust ekki. Nefndin óskaði eftir því við starfsmenn ráðuneytisins að skriflegar skýringar bærust á einstökum liðum þar sem fram kæmi hvað í þeim fælist. Þar var m.a. sérstaklega innt eftir merkingu 1. tölul. þar sem segir að verkefni ráðsins sé m.a. að „hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt". Jafnframt var skýringa óskað á öðrum liðum í verkefnagrein frumvarpsins. Skemmst er frá því að segja að skrifleg svör bárust aldrei.

Athygli vekur að tóbaksvarnanefnd á samkvæmt frumvarpinu ekki að vera hluti af hinu nýja ráði. Minni hlutinn telur að það hljóti að koma til álita að verksvið nefndarinnar verði fellt undir ráðið. Ástæðurnar eru þríþættar: Í fyrsta lagi blandast engum hugur um að nikótín er ávanabindandi fíkniefni eins það er þegar skilgreint af öðrum þjóðum. Í öðru lagi hefur tóbaksvarnanefnd mikla reynslu af baráttu gegn tóbaksneyslu sem á köflum hefur verið ákaflega árangursrík. Sú reynsla og þekking á heppilegum forvörnum gæti því nýst hinu nýja ráði afar vel í baráttunni gegn öðrum fíkniefnum. Í þriðja lagi er nú sannað að sterk fylgni er á milli tóbaksreykinga unglinga og fíkniefnaneyslu þeirra síðar í lífinu. Barátta gegn tóbaksneyslu er því um leið barátta gegn neyslu annarra fíkniefna og því æskilegast að hvort tveggja sé á sömu hendi. Að öðrum kosti er ekki hægt að tala um samhæfðar varnir.

Minni hlutinn er sömuleiðis þeirrar skoðunar að eins og staðið hefur verið að úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði sé ekki líklegt að hann nái þeim árangri sem til var ætlast. Því hefði verið æskilegt að áður en nýju áfengis- og vímuvarnaráði yrði í raun falin úthlutun úr sjóðnum hefði reynslan af honum verið könnuð, ekki síst þær ábendingar sem komu fram á fundi nefndarinnar hjá fulltrúum samtaka sem berjast gegn áfengisvandanum.

Í ljósi framangreinds leggur minni hlutinn því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. maí 1998.

Össur Skarphéðinsson, frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

1457. Tillaga til þingsályktunar [721. mál]

um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt.

Greinargerð.

Heimildarlög og virkjunarleyfi.

Með lögum nr. 60/1981 var ríkisstjórninni heimilað að semja við Landsvirkjun m.a. um að reisa og reka virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun). Með þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu 6. maí 1982 ályktaði Alþingi um virkjanaröð þannig að Blöndu-virkjun skyldi verða næsta stórvirkjun landsins en á eftir henni yrði ráðist í byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Með breytingu á lögum um raforkuver með lögum nr. 74/1990 var ályktun um röðun virkjana frá 1982 felld úr gildi og skyldi röð við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar. Þó var í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að ráðist yrði í Fljótsdalsvirkjun sem næstu virkjun, ef samningar næðust um byggingu álbræðslu á Keilisnesi á grundvelli yfirlýsingar frá 13. mars 1990.

Hinn 24. apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitum. Í bréfinu segir að með vísan til vatnalaga muni ráðuneytið birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun „þar sem þeim er hagsmuna eiga að gæta, er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við virkjunaráformin. Er leyfi þetta bundið því skilyrði, að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, sem upp kunna að rísa vegna slíkra athugasemda, að höfðu samráði við ráðuneytið.“ Í umræddri auglýsingu var vísað til framlagðra gagna um virkjunina. Allmargar athugasemdir bárust í kjölfar auglýsingarinnar, bæði varðandi tilhögun og umhverfisáhrif virkjunarinnar.

Lög um mat á umhverfisáhrifum.

Árið 1993 voru sett lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Markmið laganna er skv. 1. gr. „að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana“. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati og eru þar efst á blaði „vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 km² lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkjanna og/eða breytinga á árfarvegi“. Þess má geta að lagning nýrra vega og þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða eru matsskyldar. Í bráðabirgðaákvæði II við lögin segir: „Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum.“ — Vegna þessa ákvæðis og virkjunarleyfis sem út var gefið 1991 virðist að óbreyttu ekki lagaskylda að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, nema til komi breytingar á virkjunartilhögun.

Verndargildi Eyjabakkasvæðisins.

Fegurð og verndargildi Eyjabakkasvæðisins sem færi undir miðlunarlón Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt fyrirliggjandi virkjunaráætlun eru almennt viðurkennd. Eyjabakkasvæðið hefur lengi verið á náttúruminjaskrá og þegar Náttúruverndarráð ályktaði um virkjun Jökulsár í Fljótsdal 26. mars 1981 var það með miklum trega að ráðið vildi „fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun, telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega. Sú afstaða mótast m.a. af því að samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin enn mikilvægari hálendisvin.“ Í ítarlegri greinargerð Náttúruverndarráðs um málið segir m.a.:

„Eyjabakkar eru gróskumikið flæðiland í fögru umhverfi. Á hálendinu eru fá gróðurlendi á borð við þá. Fyrst og fremst eru það Þjórsárver við Hofsjökul, Hvítárnes og örfáir staðir á Möðrudalsöræfum. Allir þessir staðir eru hentugir fyrir miðlunarlón vegna virkjana, en jafnframt er náttúruverndargildi þeirra mikið. Náttúruverndarráð telur ekki annað koma til greina en þyrma einhverjum þessara svæða, og því þarf að líta á þau í samhengi þegar áformað er að taka eitthvert þeirra undir miðlunarlón.“ Umsögn Náttúruverndarráðs endurspeglar á heildina litið fremur veika stöðu þess og náttúruverndar í landinu á þessum tíma.

Mikil breyting hefur orðið á viðhorfum til verndunar hálendissvæða síðustu tvo áratugi og tengist það aukinni kynningu, ferðalögum almennings og gildi lítt snortinnar náttúru fyrir ferðaþjónustu. Jafnframt hafa framhaldsrannsóknir á náttúrufari Eyjabakkasvæðisins gert mönnum ljósari en áður þýðingu þess, meðal annars fyrir heiðagæsarstofninn. Margir forkunnarfagrir fossar í Jökulsá í Fljótsdal hafa einnig vakið menn til umhugsunar um það sem tapast með virkjun árinnar. Að frumkvæði Náttúruverndarsamtaka Austurlands, NAUST, var á níunda áratugnum mótuð tillaga um friðlýsingu Snæfells og Vesturöræfa. Sú tillaga hefur hins vegar enn ekki náð fram að ganga þrátt fyrir atbeina Náttúruverndarráðs og nú Náttúruverndar ríkisins. Virðist einkum fyrirstaða hjá virkjunaraðilum við framgang þessarar sjálfsögðu verndaraðgerðar þótt hún snerti ekki með beinum hætti virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Þörf á víðtæku mati.

Þrátt fyrir margháttaða viðleitni Náttúruverndarráðs og áhugamanna um náttúruvernd til að fá fram heildstætt mat á verndargildi hálendisins og einstakra þátta í náttúrufari þess hefur takmarkaður árangur náðst til þessa. Fjárveitingar til slíkrar vinnu hafa verið litlar sem engar á sama tíma og miklu fé er varið til rannsókna á hagnýtingu vatnsaflsins og undirbúnings einstakra virkjana.

Hinn 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi þingsályktun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar.“

Þessu verki hefur enn ekki verið lokið þrátt fyrir nokkra viðleitni til að þoka því áfram, aðallega í samstarfi iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs í svonefndri SINO-nefnd, sem sett var á fót þegar árið 1972. Þetta verkefni er enn sem fyrr brýnt.

Svæðisskipulag — ástæða til endurskoðunar.

Í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins til 2015, sem unnin var á vegum samvinnunefndar héraðsnefnda sveitarfélaga á árunum 1994–97 og skilað í maí 1997, segir um Fljótsdalsvirkjun á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal: „Hugsanlega tengd Kárahnjúkavirkjun, stærð

allt að 1.200 GWh/ári. Fyrirvari um lónastærðir á Eyjabakkasvæðinu. Gildi Eyjabakkasvæðisins vegna sérstæðs gróðurfars, dýralífs, landslags o.fl. er svo mikið að ástæða er til að endurskoða tilhögun virkjunar samkvæmt gildandi lögum. Svæðið hefur einnig mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna. Gert er ráð fyrir að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú (Kárahnjúkavirkjun) og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnjúkalón geti nýst sem miðlun fyir bæði vatnasviðin. Heimiluð með lögum 1981 og leyfi ráðherra var veitt fyrir 1. 5. 1994. Virkjunin er því aðeins matsskyld ef um breytingar er að ræða frá upphaflegum áætlunum."

Krafa margra um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruverndarsamtök Austurlands, NAUST, hafa ítrekað talað fyrir verndun Eyjabakkasvæðisins. Vorið 1997 var Félag um verndun hálendis Austurlands stofnað og hefur það meðal annars beitt sér fyrir því að áform um virkjun Jökulsár í Fljótsdal fari í formlegt umhverfismat samkvæmt lögum nr. 63/1993. Vaxandi undirtektir hafa verið við slíka málsmeðferð heima fyrir á Austurlandi og annars staðar á landinu. Hafa fjölmargir orðið til að lýsa fylgi við þá málsmeðferð. Sú staðreynd að uppi eru áform um víðtæka nýtingu vatnsafls norðan Vatnajökuls, allt frá Hraunum í austri til Jökulsár á Fjöllum, ætti að hvetja til að litið sé heildstætt á þetta svæði og óeðlilegt að undanskilja Fljótsdalsvirkjun eina mati á umhverfisáhrifum. Seytján ár eru liðin frá því að heimildarlög voru sett um virkjunina og sjö ár frá því að stjórnvöld veittu virkjunarleyfi. Með því að samþykkja áskorun til ríkisstjórnarinnar um að mat fari fram á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, eins og lögbundið er um hliðstæð mannvirki, legði Alþingi sitt af mörkum til að sem skýrust mynd lægi fyrir og almannaviðhorf kæmi fram um málið eins og eðlilegt verður að teljast.

1458. Svar [714. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu B. Þorsteinsdóttur um launagreiðslur á vernduðum vinnustöðum.

Leitað var til svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, Akureyrarkaupstaðar og Vestmannaeyjabæjar um svör við fyrirspurninni.

1. *Hvaða tímalaun/mánaðarlaun eru greidd á eftirfarandi vinnustöðum: vinnustað Öryrkjabandalags Íslands, vinnustofu Blindrafélagsins, vernduðum vinnustað Örva, Reykjanesi, vernduðum vinnustað á Akranesi, vernduðum vinnustað á Egilsstöðum, vernduðum vinnustað á Selfossi, vinnustofunni Ási, Reykjavík, vinnustofunni Bjargi, Akureyri, vinnustofunni Heimaey, Vestmannaeyjum, vinnustofunni Iðjulundi, Akureyri, vinnustofunni Múlalundi, Reykjavík og vinnustofunni Hólabergi, Reykjavík?*

Á vinnustað Öryrkjabandalags Íslands, vernduðum vinnustað Örva í Kópavogi, vernduðum vinnustað á Akranesi, vernduðum vinnustað á Egilsstöðum, vernduðum vinnustað á Selfossi, vinnustofunni Ási í Reykjavík og vinnustofunni Heimaey í Vestmannaeyjum eru greidd tímalaun á bilinu 115–428,90 kr.

Á vinnustofunni Bjargi á Akureyri eru greidd 7.000 kr. mánaðarlaun fyrir hálfan daginn. Á vinnustofunni Hólabergi, vinnustofu Blindrafélagsins, vinnustofunni Múlalundi í Reykjavík og vinnustofunni Iðjulundi á Akureyri eru greidd 2.500–97.053 kr. mánaðarlaun.

2. *Eru greidd lögboðin gjöld vinnuveitenda vegna starfsmanna á vernduðum vinnustöðum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóði, tryggingagjöld og veikindadagar?*

Vinnustofa Blindrafélagsins, vinnustofan Múlalundur og verndaður vinnustaður á Akranesi greiða í lífeyrissjóð, tryggingagjöld, veikindadaga og orlof.

Vinnustofan Heimaey greiðir tryggingagjald, orlof og í lífeyrissjóð.

Vinnustofan Ás greiðir tryggingagjald, veikindadaga og orlof.

Verndaður vinnustaður á Selfossi greiðir veikindadaga og orlof.

Vinnustaður Öryrkjabandalags Íslands greiðir tryggingagjald, veikindadaga og orlof.

Vinnustofan Hólaberg í Reykjavík og verndaður vinnustaður á Egilsstöðum greiða tryggingagjöld.

Verndaði vinnustaðurinn Örvi í Kópavogi greiðir orlof og tryggingagjald.

1459. Lög [544. mál]

um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1445.

1460. Lög [558. mál]

um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1446 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Halda skal stofnfund fyrir 1. ágúst 1998 og skal félagið þá taka við eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar öðrum en þeim er um ræðir í 8. og 9. gr., sbr. 3. gr. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið og kjósa stjórn þess.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins skal greiðast af félaginu.

11. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, falla úr gildi 1. ágúst 1998.

1461. Lög [639. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1447.

1462. Lög [654. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1449.

1463. Lög [655. mál]

um breytingu á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1450.

1464. Frumvarp til laga [722. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Sérstaklega á þetta við hvað varðar meðferðarheimili fyrir börn og ungmenni.

Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa ítrekað bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Ekki er aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og stuðningsfjölskyldu þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan getur biðtími orðið langur þar til pláss fæst á meðferðarheimili. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda sem þurfa á stöðugri umönnun og eftirfylgni að halda ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut á lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn urðu viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þeim sjúkdómi. Mikið vantar þó á að nægjanlega vel sé að verki staðið, sérstaklega hvað varðar úrræði fyrir yngstu sjúklingana. Því þarf oft að annast þá í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem á netjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi. Ráðherra setji í reglugerð nánari útfærslu á framkvæmd þessa ákvæðis.

1465. Breytingartillaga [465. mál]

við till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

Frá 2. minni hluta umhverfisnefndar (SighB).

1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem starfi til ársloka 1998 og hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita.

1466. Breytingartillögur [436. mál]

við frv. til l. um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (GÁ, EgJ, MS, ÁMM, HjálmJ, SJóh).

1. Við 11. gr.
   a. 10. tölul. 1. mgr. orðist svo: *Austurlandsumdæmi nyrðra:* Egilsstaðir og nágrenni, Eskifjörður, Mjóifjörður, Neskaupstaður, Reyðarfjörður, Seyðisfjörður, Norður-Múlasýsla.
   b. 11. tölul. 1. mgr. orðist svo: *Austurlandsumdæmi syðra:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur.
   c. Í stað orðanna „Vestfjarðaumdæmi og Þingeyjarumdæmi, en í hvort“ í 2. mgr. komi: Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi nyrðra, en í hvert.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Í því skyni að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu skal landbúnaðarráðherra setja reglur um greiðslu hluta ferðakostnaðar dýralæknis í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands.

1467. Breytingartillaga [368. mál]

við frv. til búnaðarlaga.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (GÁ, EgJ, MS, ÁMM, HjálmJ, SJóh).

Við ákvæði til bráðabirgða. Við 2. mgr. bætist: og 35 millj. kr. á árunum 2001 og 2002 hvort ár.

1468. Breytingartillögur [347. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 5. gr. Við bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   c. Eftirfarandi tollskrárnúmer fellur brott úr C-lið viðaukans: 8507.8000.
   d. Eftirfarandi tollskrárnúmer bætast við C-lið viðaukans: 8507.8091 og 8507.8099.
2. Við 6. gr. Í stað orðanna „1. júní 1998“ komi: 1. júlí 1998.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. mgr. orðist svo:

   Þrátt fyrir ákvæði laganna skal júnímánuður 1998 vera eitt uppgjörstímabil. Gjalddagi vegna þess uppgjörstímabils skal vera 15. september 1998. Um álagningu og aðra framkvæmd vörugjalds vegna þess uppgjörstímabils skal fara eftir ákvæðum laganna eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

1469. Þingsályktun [614. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1998 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 9. og 15. janúar 1998.

1470. Þingsályktun [615. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1046.

1471. Þingsályktun [617. mál]

um staðfestingu samnings milli Grænlands og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1048.

1472. Þingsályktun [621. mál]

um fullgildingu samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1066.

1473. Þingsályktun [207. mál]

um flugmálaáætlun árin 1998–2001.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árin 1998–2001.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1998	1999	2000	2001
1.1 Flugmálaáætlun				
Tekjur				
1. Flugvallagjald	540	598	615	633
2. Eldsneytisgjald	20	0	0	0
3. Frá fyrra ári	22	0	0	0
	582	598	615	633
Gjöld				
Til rekstrar	167	113	66	64
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42	55	64	74
Reykjavík	29	105	206	224
Aðrir flugvellir og fleira	344	325	279	271
	582	598	615	633
1.2 Flugmálastjórn				
Tekjur				
Ríkistekjur	123	128	128	128
Sértekjur	191	191	191	191
Frá flugmálaáætlun	167	113	66	64
Framlag á fjárlögum	475	524	571	573
	956	956	956	956
Gjöld				
Rekstur flugvalla	344	344	344	344
Annar rekstur	559	559	559	559
Hlutdeild Flugmálastjórnar v/Alþjóðaflugþjónustu	29	29	29	29
Hlutdeild Landssímans v/Alþjóðaflugþjónustu	18	18	18	18
Hlutdeild Veðurstofu v/Alþjóðaflugþjónustu	6	6	6	6
	956	956	956	956
1.3 Alþjóðaflugþjónustan				
Tekjur				
Yfirflugsgjöld Flugmálastjórnar	384	384	384	384
Gjöld				
Rekstur Flugmálastjórnar	413	413	413	413
Hlutdeild Flugmálastjórnar	-29	-29	-29	-29
	384	384	384	384

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1998	1999	2000	2001
2.1. Rekstur				
1. Allar deildir	956	956	956	956
2. Alþjóðaflugþjónustan	384	384	384	384
	1.340	**1.340**	**1.340**	**1.340**
2.2 Áætlunarflugvellir I				
1. Flugbrautir og hlöð	52	104	242	229
2. Byggingar	89	84	30	14
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	28	45	46	11
	169	**233**	**318**	**254**
2.3 Áætlunarflugvellir II				
1. Flugbrautir og hlöð	0	0	0	34
2. Byggingar	7	0	0	12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9	2	2	2
	16	**2**	**2**	**48**
2.4 Áætlunarflugvellir III				
1. Flugbrautir og hlöð	18	25	0	5
2. Byggingar	4	0	0	17
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8	5	6	2
	30	**30**	**6**	**24**
2.5 Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta	**69**	**73**	**74**	**81**
2.6 Annar kostnaður	**89**	**92**	**85**	**88**
2.7 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	**42**	**55**	**64**	**74**
Samtals	**1.755**	**1.825**	**1.899**	**1.909**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.
Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík og Sauðárkrókur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.
Bíldudalur, Siglufjörður, Patreksfjörður, Vopnafjörður og Grímsey.

3.3 Áætlunarflugvellir III.
Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Þingeyri og Þórshöfn.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
A. Þjónustuflugvellir: Bakki, Blönduós, Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík, Norðfjörður, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.
B. Aðrir flugvellir: Álftaver, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Sprengisandur og Þórsmörk.
C. Sportflugvellir: Borgarnes, Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.
D. Lendingarstaðir: Arngerðareyri, Bakkafjörður, Búðardalur, Bær, Dagverðará, Djúpivogur, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Tálknafjörður og Þórisdalur.

E. Lendingarstaðir í eigu og umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar: Auðkúluheiði, Forsæti, Freysnes, Gunnarsholt, Hvolsvöllur, Múlakot, Tungubakkar og Þórisós.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Staður – verkefnaflokkur	1998	1999	2000	2001
4.1 Reykjavík				
1. Flugbrautir og hlöð	29	95	196	214
2. Byggingar		10	10	10
	29	**105**	**206**	**224**
4.2 Akureyri				
1. Flugbrautir og hlöð	5			
2. Byggingar	9	27	10	
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	14	10	10	2
	28	**37**	**20**	**2**
4.3 Vestmannaeyjar				
1. Flugbrautir og hlöð			29	
2. Byggingar	20	25		
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		20	21	
	20	**45**	**50**	**0**
4.4 Egilsstaðir				
1. Flugbrautir og hlöð	18	4		
2. Byggingar		15	6	
	18	**19**	**6**	**0**
4.5 Ísafjörður				
1. Flugbrautir og hlöð			17	15
2. Byggingar	40			
	40	**0**	**17**	**15**
4.6 Hornafjörður				
1. Flugbrautir og hlöð		5		
2. Byggingar			4	
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	10	5		
	10	**10**	**4**	**0**
4.7 Húsavík				
2. Byggingar	20	7		
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2	10	15	5
	22	**17**	**15**	**5**

Staður – verkefnaflokkur	1998	1999	2000	2001
4.8 Sauðárkrókur				
2. Byggingar				4
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2			4
	2	**0**	**0**	**8**
4.9 Bíldudalur				
2. Byggingar				12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9	2	2	
	9	**2**	**2**	**12**
4.10 Grímsey				
1. Flugbrautir og hlöð				15
2. Byggingar	7			
	7	**0**	**0**	**15**
4.11 Siglufjörður				
1. Flugbrautir og hlöð				9
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður				2
	0	**0**	**0**	**11**
4.12 Þórshöfn				
1. Flugbrautir og hlöð		10		
2. Byggingar				12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8	5	6	2
	8	**15**	**6**	**14**
4.13 Vopnafjörður				
1. Flugbrautir og hlöð				10
	0	**0**	**0**	**10**
4.14 Hólmavík				
2. Byggingar				5
	0	**0**	**0**	**5**
4.15 Þingeyri				
1. Flugbrautir og hlöð	15	15		
	15	**15**	**0**	**0**
4.16 Gjögur				
1. Flugbrautir og hlöð	3			5
	3	**0**	**0**	**5**
4.17 Mývatn				
2. Byggingar	4			
	4	**0**	**0**	**0**
4.18 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	**69**	**73**	**74**	**81**
4.19 Annar kostnaður	**89**	**92**	**85**	**88**
4.20 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	**42**	**55**	**64**	**74**
4.21 Til reksturs flugvalla	**167**	**113**	**66**	**64**
Flugmálaáætlun samtals	**582**	**598**	**615**	**633**

1474. Lög [509. mál]

um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31 27. mars 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 879.

1475. Þingsályktun [378. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1998–2002.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 676 með breytingum samkvæmt þskj. 1244.

1476. Þingsályktun [379. mál]

um langtímaáætlun í vegagerð.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Alþingi ályktar að á árunum 1999–2010 skuli aflað fjármagns til vegagerðar og því varið til framkvæmda í vegamálum samkvæmt langtímaáætlun eins og hér segir.

1. Áætlun um fjáröflun.

Fjárhæðir í m.kr. eru á áætluðu meðalverðlagi 1999 (vísitala vegagerðar 5885).

1. tímabil 1999–2002	36.828
2. tímabil 2003–2006	38.808
3. tímabil 2007–2010	40.482

2. Skipting útgjalda.

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil
2.1. Stjórn og undirbúningur	1.488	1.607	1.628
2.2. Viðhald þjóðvega:			
1. Almenn þjónusta	4.128	4.541	4.954
2. Vetrarþjónusta	2.993	3.199	3.302
3. Viðhald	6.455	7.066	8.111
4. Þéttbýlisvegir	1.580	1.703	1.754

2.3. Til nýrra þjóðvega:			
1. Stofnvegir:			
1. Almenn verkefni	1.809	1.858	1.858
2. Höfuðborgarsvæðið	4.188	4.417	4.417
3. Stórverkefni	6.618	6.976	6.976
4. Framkvæmdaátak	280	0	0
5. Skeiðarársandur	233	0	0
6. Þingvallahátíð	206	0	0
2. Tengivegir	1.692	1.847	1.858
3. Brúagerð	919	991	1.032
4. Ferðamannaleiðir	320	320	320
5. Girðingar	182	186	186
2.4. Til safnvega	877	980	980
2.5. Til landsvega	324	413	464
2.6. Til styrkvega	129	155	165
2.7. Til reiðvega	124	155	165
2.8. Til tilrauna	354	382	403
2.9. Til flóabáta	1.929	2.012	1.909
Samtals	36.828	38.808	40.482
Endurgreiðsla lánsfjár	-540	-160	-80
Samtals	36.288	38.648	40.402

3. Skipting fjármagns til nýframkvæmda.

3.1. Almenn verkefni.

Fjármagni til almennra verkefna er skipt jafnt á milli kjördæma annarra en höfuðborgarsvæðisins og skipting á milli einstakra verkefna fer fram við gerð vegáætlunar.

3.2. Höfuðborgarsvæðið.

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Hringvegur	444	439	52
Hafnarfjarðarvegur	44		991
Reykjanesbraut	1.760	1.837	645
Nesbraut	883	821	108
Álftanesvegur	196		
Hlíðarfótur			279
Höfðabakki	124		361
Hallsvegur	41	134	279
Sundabraut	185	722	1.238
Göngubrýr, smærri verk og óráðstafað	511	464	464
Samtals	4.188	4.417	4.417

3.3. Stórverkefni.

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Þjórsá	402		
Gilsfjörður	103		
Lagarfljót			423
Jökulsá í Lóni		341	
Brýr í Öræfum			299
Búlandshöfði	486		
Hvalfjarðartengingar	308	268	103
Ísafjarðardjúp	548	526	
Tenging Norðurland – Austurland	785	237	52
Hringvegur á Mývatnsheiði	93	124	
Hringvegur á Austurlandi	329	650	52
Kerlingarskarðsvegur, Vatnaheiði	350	31	
Snæfellsnesvegur um Kolgrafarfjörð		165	
Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svínadalur		366	150
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur		392	898
Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður	270	93	
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði	41		
Djúpvegur, Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök	154		
Hólmavíkurvegur eða Tröllatunguvegur			722
Siglufjarðarvegur	177		
Grenivíkurvegur	217		
Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn	526	826	1.331
Norðausturvegur, Hringvegur – Vopnafjörður	104	103	290
Suðurfjarðavegur	323		
Lágheiði		526	175
Bræðratunguvegur (um Hvítá)		341	
Laugarvatnsvegur	73		
Biskupstungnabraut	158	49	
Gjábakkavegur		176	165
Þjórsárdalsvegur	62		
Þingvallavegur	135		
Hálsasveitarvegur að Húsafelli	41	114	
Djúpá, Hörgsá	113		62
Eyvindará	93		
Hólmsá á Mýrum	83		
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík	228	782	1.467
Hringvegur um Stafholtstungur		196	268
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði		433	
Breikkun brúa á Suðurlandi	118	134	263
Breikkun brúa á Vesturlandi	62		
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	196	62	
Jarðgangarannsóknir	40	41	41
Óráðstafað			215
Samtals	6.618	6.976	6.976

1477. Frumvarp til laga [510. mál]

um breytingu á lögum nr. 142/1996, um póstþjónustu.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 250 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra sendinga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.
2. Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölul., þar með talinna póstkorta.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað íþróttafélögum, skátafélögum, hjálparsveitum eða öðrum sambærilegum aðilum, öðrum en einkaréttarhafa, póstmeðferð á póstsendingum skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi ekki í atvinnuskyni. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1478. Frumvarp til laga [519. mál]

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Inngangsmálsliður greinarinnar orðast svo: Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum mega aka fólksbifreið í leiguakstri.
b. 2. tölul. orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða varðhalds; ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengra en fjögurra mánaða fangelsi eða varðhaldsvist telst brotið fyrnt í skilningi laganna nema um sé að ræða kynferðisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi; brotið telst þó ætíð fyrnt ef viðkomandi hefur fengið uppreist æru.

c. 3. tölul. orðast svo: hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu sem felst í því að vera fjár síns ráðandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1479. Frumvarp til laga [546. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Í stað 9.–17. gr. laganna (III. kafli, **Almennar ferðaskrifstofur**) koma 15 nýjar greinar, 9.–23. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur og tilvísanir samkvæmt því:

a. (9. gr.)

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum og upplýsingar um slíkar ferðir.
b. Útvegun gistihúsnæðis.
c. Skipulagningu og sölu hópferða, innan lands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.
d. Starfrækslu bókunarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. a-, b- og c-liði, og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókunarþjónustu.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hvaða hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a–c-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

b. (10. gr.)

Hver sá sem vill reka ferðaskrifstofu skal hafa til þess leyfi samgönguráðuneytis. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn.

Erlend ferðaskrifstofa, sem hyggst opna starfsstöð á Íslandi, skal sækja um leyfi og leggja fram tryggingu fyrir starfsemi sinni svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skiptast í tvo flokka eftir umfangi:

1. *Ferðaskrifstofa:* Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við ferðamenn, þar með talin skipulagning og miðlun ferða, þar með talin alferð, gisting og frístundaiðja, og selur almenna farseðla.
2. *Ferðaskipuleggjandi:* Ferðaskipuleggjandi merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga innan lands, einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju

eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim innan lands. Ferðaskipuleggjandi annast enga almenna farseðlaútgáfu til útlanda, hvorki með leiguflugi né áætlunarflugi.

Óheimilt er að stunda þau störf sem greind eru í þessum lögum, svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eða hliðstæð erlend orð nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

Ferðaskrifstofa skal hafa leyfi sitt til ferðaskrifstofureksturs sýnilegt á starfsstöð sinni.

Ráðuneytið ákveður einnig hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.

c. (11. gr.)

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Alferð,* sbr. lög um alferðir, nr. 80/1994, er fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst gisting:
   a. flutnings,
   b. gistingar,
   c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar.

   Það telst alferð þótt reikningar sé gerðir sérstaklega fyrir hvert atriði.
2. *Leiguflug* er annað flug en reglubundið áætlunarflug til flutnings á farþegum með loftförum til og frá Íslandi þegar aðili, þar með talin ferðaskrifstofa, hefur tekið farrými loftfars að hluta eða öllu leyti á leigu hjá flugrekanda.
3. *Tryggingarskyld starfsemi* er sala alferða innan lands og utan og leiguflugs til útlanda.
4. *Viðskiptavinur* er sá sem kaupir alferð eða leiguflug hjá ferðaskrifstofu. Framselji viðskiptavinur alferð eða leiguflug til þriðja manns fær sá kröfu á ferðaskrifstofu stöðvist rekstur hennar eða verði hún gjaldþrota. Kaup á alferð eða sæti með leiguflugi til endursölu fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

Í lögum þessum er orðið ferðaskrifstofa bæði notað um ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu nema annað sé tekið fram.

d. (12. gr.)

Sækja skal um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu a.m.k. tveimur mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi skal hefjast. Leita skal umsagnar ferðamálastjóra um allar slíkar umsóknir.

Til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár; ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanskildir skilyrði um ríkisfang samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
b. vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi, enda sé forsvarsmaður slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um erlendan aðila að ræða eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Hafi umsækjandi um ferðaskrifstofuleyfi haft leyfi til slíkrar starfsemi á síðustu fimm árum og hafi sú ferðaskrifstofa orðið gjaldþrota eða rekstur hennar stöðvast með þeim afleiðingum

að nauðsynlegt hafi verið að grípa til tryggingar skal umsókn um leyfi til ferðaskrifstofureksturs hafnað.

e. (13. gr.)

Áður en leyfi til ferðaskrifstofureksturs er veitt skal ferðaskrifstofa eða samtök slíkra fyrirtækja leggja fram sönnun þess að hún hafi nægilega tryggingu til heimflutnings farþega erlendis frá auk þess sem skylt er að gera farþega kleift að ljúka alferð, hvort sem um er að ræða alferð innan lands eða utan, í samræmi við upphaflega áætlun hennar. Enn fremur skal tryggja endurgreiðslu þess fjár er viðskiptavinur hefur þegar greitt vegna alferðar sem enn er ófarin komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu.

f. (14. gr.)

Þeim viðskiptavinum viðkomandi ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð, hvort sem um er að ræða alferð innan lands eða utan, skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það sem viðskiptavinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrir fram ákveðna alferð, hvort sem um flutning, gistingu eða aðra fyrirframgreidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af tryggingarfé svo að honum sé gert kleift að ljúka ferð sinni. Hins vegar er ekki skylt að greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrir fram ákveðinnar alferðar.

Hafi viðskiptavinur gengið til samnings við ferðaskrifstofu um að hefja alferð og greitt innborgun inn á ferð í því skyni en endanlegur samningur ekki komist á skal engu að síður greiða það fé sem viðskiptavinurinn hefur þegar reitt af hendi, enda leggi hann til fullnægjandi sönnunargögn þar að lútandi.

Þeir sem hafa greitt alferð að hluta eða öllu leyti en ekki hafið ferð skulu fá endurgreitt það fé sem þeir hafa reitt af hendi.

Hafi verið gripið til tryggingar og viðskiptavini verið gert kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflegan samning eru frekari kröfur ekki teknar til greina.

Þegar um heimflutning farþega er að ræða fyrir milligöngu ráðuneytis vegna rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu áður en alferð er lokið skal aðeins greiddur sá hluti alferðarinnar er viðskiptavini tókst ekki að ljúka.

Hafi viðskiptavinur aðeins keypt sér far með leiguflugi er heimflutningur hans tryggður af tryggingarfé ferðaskrifstofu.

Einungis beint fjárhagslegt tjón af alferð skal greitt af tryggingarfé ferðaskrifstofa en ekkert tjón sem rekja má til hugsanlegra óþæginda eða miska.

g. (15. gr.)

Ef til rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda kemur skulu viðskiptavinir leggja fram skriflega kröfu innan 60 daga frá birtingu áskorunar um kröfulýsingu. Meðfylgjandi skulu vera nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir. Ef samgönguráðuneytið telur að frekari gögn séu nauðsynleg til sönnunar kröfunni er því heimilt að óska eftir þeim. Ef vafi leikur á um hvort gögn til stuðnings kröfu séu fullnægjandi skal samgönguráðuneytið skera úr.

h. (16. gr.)

Ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi skulu leggja fram tryggingu skv. 19. gr. sem nemur 70% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð, 40% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð eða 20% af heildarveltu á ári vegna tryggingarskyldrar starfsemi og skal sú niðurstaða

sem gefur hæstu tryggingu gilda. Trygging skal þó aldrei vera lægri en 1 millj. kr. vegna ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda.

Samgönguráðherra skal setja reglur um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa til að aðskilja tryggingarskylda starfsemi frá annarri starfsemi og til að nauðsynlegar upplýsingar við mat á tryggingarfjárhæð liggi fyrir.

Samgönguráðherra er heimilt að krefjast hærri tryggingar í þeim tilfellum þegar um sérstaklega áhættusaman rekstur er að ræða eða að öðru leyti er ljóst að trygging samkvæmt lögum þessum mun ekki nægja komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu.

i. (17. gr.)

Til að meta upphæð tryggingar hjá umsækjanda sem er að sækja um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu í fyrsta sinn skal umsækjandi leggja fram ítarlega áætlun um rekstur, greiðslustreymi og efnahag fyrir yfirstandandi og næsta ár. Áætlunin skal vera brotin niður á mánuði og áætluð tryggingarskyld velta sérgreind. Áætluninni skal fylgja staðfesting endurskoðanda á að áætlunin sé rétt miðað við gefnar forsendur. Samgönguráðuneytið leggur mat á forsendur áætlunarinnar og er því heimilt að óska eftir samningum og öðrum gögnum er það telur nauðsynleg við mat á áætluninni.

Leyfishafar með tryggingu skv. 19. gr. skulu fyrir 31. mars ár hvert senda samgönguráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning og önnur gögn sem áskilin eru í reglum, sbr. 2. mgr. 16. gr., auk áætlunar um fyrirhuguð umsvif á starfsárinu. Ráðuneytið tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga um hvort tryggingarfjárhæð skuli breytt að fenginni umsögn löggilts endurskoðanda.

Ef endurskoðað ársuppgjör hefur ekki borist 30. apríl er ráðuneytinu heimilt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi.

Ef leyfishafi hefur ekki sinnt ákvörðun ráðuneytis um hækkun tryggingarfjárhæðar innan mánaðar frá því að honum var tilkynnt ákvörðun um hækkun hennar fellur leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi.

Telji samgönguráðuneytið að rekstur ferðaskrifstofu gangi erfiðlega er því heimilt að kveðja til löggiltan endurskoðanda til að leggja mat á fjárhagsstöðu hennar. Tilkvöddum endurskoðanda er í þessu skyni heimill aðgangur að starfsstöð ferðaskrifstofunnar til að gera þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum hennar sem hann telur nauðsynlegar.

Telji samgönguráðuneytið nauðsynlegt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi vegna brota á þessari grein skal ráðuneytið tilkynna viðkomandi ferðaskrifstofu um það skriflega. Skal ferðaskrifstofan hafa 14 daga frest til að bæta úr þeim atriðum er ráðuneytið telur ábótavant.

j. (18. gr.)

Trygging gildir jafnlengi og leyfi til ferðaskrifstofureksturs. Ef trygging verður ófullnægjandi á leyfistímanum skal afturkalla leyfi til ferðaskrifstofureksturs þar til bót hefur orðið á. Trygging skal vera tiltæk í allt að sex mánuði eftir niðurfellingu leyfis nema um uppsögn tryggingar sé að ræða. Ef fullnægjandi sönnur eru færðar á að allar kröfur vegna rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu hafi verið greiddar er samgönguráðuneytinu heimilt að fella þann hluta tryggingar sem eftir stendur úr gildi áður en lögbundnir sex mánuðir eru liðnir.

Samgönguráðuneytið ákvarðar hvort greiða skal af tryggingarfé skv. 13. gr. Eigi er heimilt að fella tryggingu úr gildi eða skerða tryggingarfé nema leyfi ráðuneytisins komi til. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef grípa þarf til tryggingarfjár vegna rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofunnar.

k. (19. gr.)

Trygging, sbr. 13. gr., getur verið:

a. Fé í vörslu samgönguráðuneytis, sbr. 1. mgr. 16. gr.
b. Fé sem lagt er inn í viðurkennda banka- eða peningastofnun í nafni samgönguráðuneytis, sbr. 1. mgr. 16. gr.
c. Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða vátrygging hjá vátryggingafélagi. Skulu þessir aðilar hafa starfsleyfi hér á landi. Þeir skulu og gefa yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð tryggingarinnar séu í samræmi við lög þessi.

l. (20. gr.)

Samgönguráðherra er heimilt að tilnefna tilsjónarmann til að sjá um uppgjör tryggingarfjár. Hann skal þá hafa með höndum umsýslu vegna heimflutnings farþega og endurgreiðslu af tryggingarfé ferðaskrifstofu. Kostnaður við störf tilsjónarmanns skal greiddur af tryggingarfé.

m. (21. gr.)

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði,
b. ef trygging sú, sem sett er skv. 13. gr., fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur,
c. ef leyfishafi hættir að hafa búsetu á Íslandi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu fellur leyfið niður ef einhverra þeirra skilyrða er misst sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður sem uppfyllir skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

n. (22. gr.)

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár, enda sé fullnægt almennum skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis skv. 21. gr.

o. (23. gr.)

Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Samgönguráðherra er heimilt að taka gjöld af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum sem renna til samgönguráðuneytis til að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum þessum. Fjárhæð gjaldanna skal koma fram í reglum sem ráðherra setur skv. 2. mgr. 16. gr. Gjöldin skulu standa undir kostnaði af bókhaldsrannsóknum og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegir eru til að sannreyna fjárhæð tryggingar og með öðrum hætti hafa eftirlit með rekstri ferðaskrifstofa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó eru starfandi ferðaskrifstofur undanþegnar ákvæðum h-liðar 1. gr. (16. gr.) laga þessara fram til 1. ágúst 1998.

1480. Frumvarp til laga [593. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, og siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Lögin gilda þó um öll skip sem flytja farþega í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum án tillits til stærðar.

b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Farþegaflutningar í atvinnuskyni, þar með taldar skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lög þessi gilda um eru háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skal slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða settum samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um skip í farþegaflutningum. Fyrir slík skip skal fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af Siglingastofnun Íslands með hliðsjón af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, svo og farsviði þess og útivist, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi farþega, skipverja og skips. Skipstjóri skal varðveita um borð í skipi skjal er sannar gildi leyfisins. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt þessari málsgrein, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

II. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 145. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Farsala sem sjálfur annast flutninginn er skylt að kaupa vátryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nú annast farsali ekki flutninginn og er þeim sem flutninginn annast þá skylt að kaupa vátryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni sem verða kann og hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Vátryggingarfjárhæðir skulu nægja til greiðslu bóta eftir ákvæðum laga þessara um takmörkun ábyrgðar. Skipstjóri skal varðveita um borð í skipi skjal er sannar gildi vátryggingarinnar og framvísa því þegar löggæslumaður eða starfsmaður Siglingastofnunar Íslands krefst þess.

III. KAFLI

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi Siglingastofnun Íslands fyrir gildistöku laga þessara áritað á haffærisskírteini skips að heimilt sé að stunda farþegaflutninga með skipinu skal slíkt leyfi, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., halda gildi sínu til þess tíma er gildistími haffærisskírteinisins rennur út. Eftir þann tíma eru farþegaflutningar með skipinu háðir leyfi skv. 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er þeim sem skylt er að kaupa vátryggingu samkvæmt þeirri grein veittur frestur til þess að kaupa trygginguna til 1. ágúst 1998.

1481. Þingsályktun [448. mál]

um forkönnun á vegtengingu milli lands og Eyja.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 775.

1482. Lög [201. mál]

um loftferðir.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1099 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Flugmálastjórn skal heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna og eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir með það að markmiði að vinna að rannsókn og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöður þess starfs.

Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar.

Þá skal Flugmálastjórn heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíku félagi eða fyrirtæki gagngert komið á fót í þessu skyni.

Fjárveitingar samkvæmt þessari grein skulu vera samkvæmt heimild í fjárlögum og flugmálaáætlun.

32. gr. hljóðar svo:

Flugmálastjórn gefur út skírteini flugliða, enda sanni sá er í hlut á að hann fullnægi skilyrðum til að rækja starfann.

Skírteini má binda við loftferðir loftfara tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði.

Skírteini skal gefa út í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur, enda fullnægi handhafi þess lögmæltum skilyrðum til starfans. Um staðfestingu erlendra skírteina skal fara samkvæmt sömu reglugerð.

Heimilt er Flugmálastjórn að synja þeim manni skírteinis sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun sem veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið, enda hafi brot varðað fangelsi.

140. gr. hljóðar svo:

Flugmálastjórn skal gefa út upplýsingabréf um flugmál og flugmálahandbók. Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa, útgefinna af Flugmálastjórn, vera áskrifendur að útgáfum þessum. Í flugmálahandbók skulu birtar þær ákvarðanir Flugmálastjórnar sem teknar eru á grundvelli laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og hafa almennt gildi en birtast ekki í Stjórnartíðindum. Skulu þær vera á íslensku eða ensku eftir því sem við á. Samgönguráðherra er heimilt að höfðu samráði við Íslenska málnefnd að kveða nánar á um útgáfu þeirra með reglugerð.

141. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

1483. Frumvarp til laga [57. mál]

um lögmenn.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

2. gr.

Ef aðili fer ekki sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða sá sem að lögum getur verið fyrirsvarsmaður hans í dómsmáli verður ekki öðrum en lögmanni falið að gæta þar hagsmuna hans, sbr. þó 3. mgr.

Ákvæði 1. mgr. gilda um opinber mál með þeim takmörkunum sem kann að leiða af heimildum í lögum til að fela öðrum en lögmanni að koma þar fram sem verjandi, réttargæslumaður eða talsmaður sakbornings eða ákærða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur málsaðili falið þeim sem starfar sem lögmaður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hefur heimild til að fara þar með mál annarra fyrir dómstóli að gæta hagsmuna sinna í máli fyrir samsvarandi dómstóli hér á landi, enda njóti hann í þing-

höldum aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slík störf erlendra lögmanna hér á landi.

II. KAFLI
Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmanna.

3. gr.

Lögmenn skulu hafa með sér félag sem nefnist Lögmannafélag Íslands. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmenn.

Lögmannafélag Íslands setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Í tengslum við Lögmannafélag Íslands skal starfa úrskurðarnefnd lögmanna sem leysir úr málum eftir ákvæðum þessara laga. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hver nefndarmaður eiga þar sæti í fimm ár í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Tveir nefndarmenn skulu kosnir af Lögmannafélagi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þess, einn skal tilnefndur af Dómarafélagi Íslands, einn af dómsmálaráðherra og einn af Hæstarétti Íslands, en hann skal vera úr röðum lögmanna sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Nefndin kýs sér sjálf formann til eins árs í senn.

Lögmannafélag Íslands ber kostnað af þeim störfum sem því og úrskurðarnefnd lögmanna eru falin með lögum. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.

Lögmannafélagi Íslands er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem lögmönnum er frjálst að ákveða hvort þeir eiga aðild að. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

4. gr.

Meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna fer eftir stjórnsýslulögum nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Nefndin setur sér innan þess ramma nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

Ákvarðanir úrskurðarnefndar lögmanna sæta hvorki stjórnsýslukæru né málskoti innan Lögmannafélags Íslands.

5. gr.

Lögmannafélag Íslands kemur fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Lögmannafélag Íslands setur siðareglur fyrir lögmenn.

Lögmannafélag Íslands skal stuðla að því að sérhver sem þarfnast aðstoðar lögmanns fái notið hennar, enda hlíti hann þá ráðum lögmannsins og tryggi greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir aðstoðina.

III. KAFLI
Lögmannsréttindi.

6. gr.

Réttindi til að vera héraðsdómslögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum lögmanns,
2. hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,

3. hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis,
4. hefur lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands,
5. stenst prófraun skv. 7. gr.

Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum Lögmannafélags Íslands ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á íslenskum lögum. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 5. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.

7. gr.

Umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands, en þann þriðja án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi lögmaður. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.

Prófraunin skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Háskóla Íslands og Lögmannafélag Íslands annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.

Efnt skal til námskeiðs og prófraunar ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Að fenginni tillögu prófnefndar ákveður dómsmálaráðherra gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal fjárhæð þess taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófraunarinnar.

8. gr.

Umsókn um leyfi til að vera héraðsdómslögmaður skal beint til dómsmálaráðherra. Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.

Dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni.

Héraðsdómslögmaður má gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

9. gr.

Réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. hefur haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár,
2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr.,
3. hefur flutt ekki færri en þrjátíu mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli,

4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í flutningi tveggja mála fyrir Hæstarétti, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.

Sá sem þreyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal beina til sérstakrar prófnefndar umsókn um það ásamt staðfestingu dómsmálaráðherra á að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Í prófnefndinni sitja þrír menn sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skulu tveir nefndarmenn tilnefndir af Hæstarétti, en einn af Lögmannafélagi Íslands. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann til eins árs í senn. Hún skal setja almennar reglur um framkvæmd prófraunar. Dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi standist prófraun.

Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur ráðherra vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur ráðherra vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja opinber mál fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.

10. gr.

Umsókn um leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður skal beint til dómsmálaráðherra. Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.

Dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa hæstaréttarlögmanni.

Hæstaréttarlögmaður má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins.

11. gr.

Lögmaður getur ráðið til starfa hjá sér fulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. Leita skal staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að skilyrðum þessum sé fullnægt og leggja fyrir það gögn því til stuðnings.

Að fenginni staðfestingu skv. 1. mgr. skal lögmaður tilkynna dómstólum um ráðningu fulltrúa. Getur lögmannsfulltrúi upp frá því sótt þing fyrir öðrum dómstólum en Hæstarétti í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns og gætt þar hagsmuna umbjóðanda vinnuveitandans, en þó ekki við munnlega sönnunarfærslu eða aðalmeðferð máls. Lögmanni ber að tilkynna dómstólum og Lögmannafélagi Íslands ef fulltrúi hans lætur af störfum.

Lögmaður getur ráðið annan lögmann til starfa hjá sér. Ber lögmaður ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns, svo og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti.

12. gr.

Lögmanni er skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, varðveita fjármuni annarra á vörslufjárreikningum og afla sér starfsábyrgðartryggingar, allt samkvæmt því sem nánar segir í 19., 23. og 25. gr.

Lögmaður getur sótt um undanþágu til Lögmannafélags Íslands frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan hann:

1. gegnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður,
2. starfar hjá öðrum lögmanni, sbr. 3. mgr. 11. gr., eða

3. gegnir föstu starfi hjá félagasamtökum enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og skal þjónustan falla innan starfssviðs samtakanna.

Lögmaður sem leitar undanþágu skv. 2. mgr. skal leggja fram samþykki vinnuveitanda síns fyrir henni. Ef undanþágu er leitað skv. 1. eða 3. tölul. 2. mgr. skal lögmaður láta fylgja yfirlýsingu sína um að hann muni ekki hagnýta sér réttindi sín í ríkara mæli en þar greinir. Ef undanþágu er leitað skv. 2. tölul. 2. mgr. skal fylgja staðfesting um þá ábyrgð vinnuveitanda sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. Er vinnuveitanda jafnt sem lögmanni skylt að tilkynna Lögmannafélagi Íslands ef vinnusambandi þeirra er slitið.

Ef lögmaður fullnægir annars ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. ber honum að skila leyfisbréfi sínu og skulu réttindi hans felld niður.

13. gr.

Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr.

Lögmanni er skylt að veita Lögmannafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda, sem félagið tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr. Ber sá sem gegnir eftirliti þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um, að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins.

Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld úr gildi. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

Ef réttindi lögmanns eru felld niður með þeim hætti sem í 3. mgr. segir er honum heimilt að höfða einkamál eftir almennum reglum gegn ríkinu til ógildingar á ákvörðun ráðherra.

14. gr.

Nú berst úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanni og telur sýnt að hann hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera lögmaður. Getur þá nefndin í rökstuddu áliti lagt til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmannsins verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því hún berst honum.

Felli ráðherra niður réttindi lögmanns samkvæmt framansögðu getur lögmaðurinn höfðað mál um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 4. mgr. 13. gr.

15. gr.

Taki lögmaður við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda skulu réttindin felld niður. Lögmanninum er heimilt að höfða mál um þá ákvörðun, svo sem um ræðir í 4. mgr. 13. gr.

Lögmanni er alltaf frjálst að afsala sér réttindum sínum.

16. gr.

Hafi réttindi lögmanns verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir eða hann hefur afsalað sér þeim skulu þau veitt honum á ný eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar ef hann fullnægir orðið öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra.

Hafi réttindi lögmanns verið felld niður ótímabundið samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Slíka heimild veitir dómsmálaráðherra að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skal auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu réttinda, svo og ef þau falla niður.

Í dómsmálaráðuneytinu skal halda skrá um þá sem hafa lögmannsréttindi. Skal þar gerð um það sérstök athugasemd ef lögmaður hefur hlotið undanþágu með þeim hætti sem greinir í 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. Skrá þessi skal vera opin almenningi.

IV. KAFLI
Störf lögmanna.

18. gr.

Lögmönnum ber í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

19. gr.

Lögmanni ber sjálfum að starfa á skrifstofu sinni. Reki hann útibú frá skrifstofunni má hann þó fela öðrum lögmanni í þjónustu sinni að veita því forstöðu.

Telji lögmaður sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars síns að hafa opna skrifstofu má hann leita undanþágu Lögmannafélags Íslands frá skyldu til þess.

Lögmönnum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Slík takmörkun breytir ekki því að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum.

Öðrum en lögmönnum er óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmanns eða eiga hlut í því. Við andlát lögmanns getur þó Lögmannafélag Íslands veitt dánarbúi hans eða erfingjum tímabundna heimild til að eiga og reka slíkt félag. Sams konar heimild má veita þrotabúi ef bú lögmanns er tekið til gjaldþrotaskipta.

Ráðherra getur heimilað, að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, að aðrir en þeir sem nefndir eru í 4. mgr. geti átt eða rekið félag um skrifstofu lögmanns svo fremi að sérstakar ástæður mæli með því.

20. gr.

Lögmanni er skylt að taka við skipun sem verjandi eða réttargæslumaður í opinberu máli, enda fullnægi hann til þess hæfisskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmuna að gæta vegna sjálfs sín, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda síns.

Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. er lögmanni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um.

21. gr.

Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað.

Sé ekki sýnt fram á annað felur umboð aðila til lögmanns í sér heimild til að gera hvaðeina sem venjulegt má telja til að gæta hagsmuna fyrir dómi. Innan þeirra marka er umbjóðandi

bundinn af ráðstöfun lögmanns þótt hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi hefur veitt honum.

Lögmaður getur ekki tekið við greiðslu svo bindandi sé gagnvart umbjóðanda nema hann hafi til þess sannanlegt umboð.

Lögmanni er skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

Umbjóðanda er ætíð heimilt að kalla aftur umboð sitt til lögmanns. Ákvæði um annað í umboði eru ekki skuldbindandi.

Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

22. gr.

Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi tormerki geti risið við rækslu starfans.

23. gr.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi.

Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um vörslufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.

24. gr.

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og skal umbjóðanda hans eftir því sem unnt er gert ljóst hvert það gæti orðið í heild sinni. Þar á meðal getur lögmaður áskilið sér hluta af þeirri fjárhæð sem umbjóðandi fær greitt í máli, svo og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

Loforð um ósanngjarnt endurgjald fyrir starf lögmanns bindur ekki umbjóðanda hans.

Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

25. gr.

Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.

Lögmönnum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

Dómsmálaráðherra skal að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands og umsögn Fjármálaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. og hámark eigin

áhættu vátryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfsáhætta vátryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á stöðu þriðja manns.

Lögmanni er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar skv. 3. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

V. KAFLI
Ágreiningur um störf lögmanna.

26. gr.

Ef lögmann greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir úrskurðarnefnd lögmanna.

Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir úrskurðarnefndina verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

Ef lagt er fyrir úrskurðarnefndina ágreiningsefni sem dómsmál er rekið um getur hún að ósk annars eða beggja aðila látið í té álitsgerð til afnota þar. Hafi dómsmáli verið lokið um ágreiningsefnið vísar nefndin því frá sér.

27. gr.

Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr. og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanninum. Nefndin vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðið frá því að kostur var á að koma henni á framfæri.

Í máli skv. 1. mgr. getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum viðvörun eða áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.

28. gr.

Mál skal lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. Fyrningu kröfu er slitið þegar nefndinni berst erindi um hana.

Úrskurðarnefndinni er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir henni.

Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði hennar eða sátt sem er gerð fyrir henni eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.

Úrskurði nefndarinnar eða sátt sem kemst á fyrir henni má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.

Það varðar sektum að taka að sér starfa sem lögmenn mega einir gegna skv. 2. gr. ef sá sem það gerir hefur hvorki réttindi sem lögmaður né starfar sem lögmannsfulltrúi. Einnig varðar sektum að bjóða öðrum þjónustu sem lögmaður ef þann sem það gerir skortir til þess réttindi.

Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður sem hefur fullgild starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Falla þá úr gildi lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með áorðnum breytingum.

31. gr.

Með lögum þessum raskast ekki réttindi héraðsdómslögmanna og hæstaréttarlögmanna sem hafa verið veitt fyrir gildistöku þeirra, þar á meðal réttindi skv. 2. mgr. 9. gr. eldri laga.

Hafi maður fyrir gildistöku laga þessara byrjað að þreyta prófraun til að afla sér réttinda sem héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður en ekki lokið henni skal hann eiga kost á að ljúka henni eftir eldri reglum fyrir 1. júlí 2000. Fer þá um skilyrði til að veita réttindin eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 14. gr. eldri laga.

Hafi lögmaður verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. janúar 1999 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný.

Lögmenn, sem telja sig við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. til að njóta þargreindrar undanþágu, hafa frest til 1. apríl 1999 til að leita eftir henni.

Þeim sem við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 14. gr. laga um málflytjendur til að öðlast leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi án þess að þreyta prófraun, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, öðrum en skilyrði um 30 ára aldur, má veita slík málflutningsréttindi þegar í stað, enda sé sótt um þau fyrir 1. apríl 1999.

Nú er svo ástatt um einhvern sem greinir í 5. mgr., og hann fullnægir heldur ekki kröfu um starfsreynslu en hefur þó í 6 mánuði að lágmarki verið alþingismaður, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélaga, og má þá veita honum slík réttindi þegar skilyrði eldri laga um starfsreynslu er fullnægt, enda sé sótt um þau innan þriggja mánaða frá því tímamarki og aldrei síðar en 1. apríl 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmanna skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

1484. Frumvarp til laga [311. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/1982, orðast svo:

Barn öðlast íslenskt ríkisfang við fæðingu:

1. ef móðir þess er íslenskur ríkisborgari,
2. ef faðir þess er íslenskur ríkisborgari og kvæntur móðurinni. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins.

Barn, sem fundist hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenskur ríkisborgari.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Eignist ógift kona, sem er erlendur ríkisborgari, barn hér á landi öðlast það íslenskan ríkisborgararétt ef karlmaður, sem er íslenskur ríkisborgari, er faðir þess samkvæmt barnalögum.

Eignist ógift kona, sem er erlendur ríkisborgari, barn erlendis með karlmanni sem er íslenskur ríkisborgari getur faðirinn, áður en barnið nær 18 ára aldri, óskað þess við dómsmálaráðuneytið að það öðlist íslenskan ríkisborgararétt, og skal hann hafa samráð við barnið hafi það náð 12 ára aldri. Leggi hann fram fullnægjandi gögn, að mati ráðuneytisins, um barnið og faðerni þess öðlast barnið íslenskan ríkisborgararétt við staðfestingu ráðuneytisins.

3. gr.

2. gr. a laganna, sbr. lög nr. 49/1982, orðast svo:

Erlent barn, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara, með leyfi íslenskra stjórnvalda, öðlast íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna ef það er yngra en 12 ára.

Erlent barn, yngra en 12 ára, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara með erlendri ákvörðun, sem íslensk stjórnvöld viðurkenna, öðlast íslenskt ríkisfang við staðfestingu dómsmálaráðuneytisins að ósk ættleiðanda.

4. gr.

2. málsl. 4. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Fái einhver ríkisfang skv. 3. og 4. gr. öðlast jafnframt ógift börn hans undir 18 ára aldri ríkisfangið, hafi hann forsjá þeirra og þau eigi lögheimili hér á landi.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt, að fenginni umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og Útlendingaeftirlits, að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn sem borin er fram af umsækjanda sjálfum, eða forsjármönnum hans hafi hann ekki náð 18 ára aldri, enda fullnægi hann eftirgreindum skilyrðum um búsetu, hegðun og framfærslu:

A. Búsetuskilyrði.

1. Umsækjandi hafi átt hér lögheimili í sjö ár; ríkisborgari í einhverju hinna Norðurlandanna þó einungis í fjögur ár.
2. Umsækjandi, sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu/stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
3. Umsækjandi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, hafi átt hér lögheimili í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Umsækjandi, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, hafi átt hér lögheimili í tvö ár, enda hafi hið íslenska foreldri haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
5. Umsækjandi, sem verið hefur íslenskur ríkisborgari, en hefur gerst erlendur ríkisborgari, hafi átt hér lögheimili í eitt ár.
6. Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi átt hér lögheimili sem slíkur í fimm ár.
7. Reglur þessar miðast við lögheimili og samfellda dvöl hér á landi. Heimilt er að víkja frá því skilyrði þótt dvöl umsækjanda hér hafi verið rofin allt að einu ári vegna tímabundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda nákomins ættingja, en þó allt að þremur árum vegna náms erlendis. Sá tími, sem umsækjandi hefur átt hér lögheimili og dvöl, verður þó að vera að minnsta kosti jafnlangur þeim tíma sem hann verður samkvæmt áðurgreindum reglum að uppfylla.

B. Önnur skilyrði.

1. Umsækjandi sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist.
2. Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í umsókn og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin tvö ár.
3. Umsækjandi hafi ekki sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Dómsmálaráðherra er einnig heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt barni sem fætt er hér á landi og sannanlega hefur ekki öðlast annan ríkisborgararétt við fæðingu og hefur ekki öðlast hann, eða átt rétt til að öðlast hann, þegar umsókn um ríkisborgararétt er borin fram. Barnið skal hafa átt lögheimili og samfellda dvöl hér á landi frá fæðingu í að minnsta kosti þrjú ár.

Um börn þeirra sem fá ríkisborgararétt samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 5. gr., nema öðruvísi sé ákveðið.

7. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Alþingi veitir ríkisborgararétt með lögum.

Áður en umsókn um ríkisborgararétt er lögð fyrir Alþingi skal dómsmálaráðuneytið fá um hana umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og Útlendingaeftirlits.

Eigi sá börn sem ríkisborgararétt fær með lögum fer um þau eftir ákvæðum 5. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

8. gr.

Í stað orðsins „forráð“ hvarvetna í 3. tölul. 7. gr. laganna kemur: forsjá.

9. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hann missir þó ekki íslensks ríkisfangs verði hann við það ríkisfangslaus.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
   Yfirlýsingu skv. 3. gr., 4. gr., 4. mgr. 9. gr. a og B- og C-lið 9. gr. b um að maður óski að verða íslenskur ríkisborgari getur aðeins sá aðili sjálfur gefið en ekki forsjármaður.
b. Í stað orðsins „forráðum“ í 4. mgr. kemur: forsjá.

11. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Barn sem fætt er eftir 1. júlí 1964 en fyrir 1. júlí 1982 og hefði öðlast íslenskt ríkisfang ef ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. lög nr. 49/1982, hefðu verið í gildi við fæðingu þess, fær íslenskt ríkisfang er móðir þess gefur um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins enda hafi hún forsjá barnsins, sé íslenskur ríkisborgari og barnið innan 18 ára aldurs. Barn þarf að lýsa samþykki sínu svo yfirlýsing sé gild.

Hafi barnið náð 18 ára aldri getur það gefið yfirlýsingu um að það óski eftir að framangreint ákvæði taki til sín, enda hafi móðir þess haft íslenskt ríkisfang frá fæðingu þess til 1. júlí 1982 og barnið fullnægir skilyrðum 8. gr. til að vera íslenskur ríkisborgari.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998.

Ákvæði til bráðabirgða öðlast þó þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. 10. gr. laga nr. 49 11. maí 1982.

1485. Frumvarp til laga [522. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: refsingu.

2. gr.

Í stað orðsins „varðhald“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

3. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Hegningar samkvæmt lögum þessum eru fangelsi og fésektir.

Fangelsi skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, mánuður 30 dagar og ár 360 dagar.

4. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 16/1976, kemur: fangelsisrefsing.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 5. gr. laga nr. 42/1985:

a. Í stað orðanna „refsivist, sem ólokið er“ í 1. mgr. kemur: fangelsi, sem óafplánað er.
b. Í stað orðanna „refsivist eftir“ í 1. mgr. kemur: fangelsi samkvæmt.
c. Í stað orðanna „taki út refsivist“ í 3. mgr. kemur: afpláni fangelsisrefsingu.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. kemur: fangelsisrefsingar.

7. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 49. gr. laganna kemur: fangelsi.

9. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, falla brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1997:

a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur svohljóðandi málsgrein:
   Þegar sekt er tiltekin ákveður dómstóll í dómi, úrskurði eða sátt tímalengd vararefsingar, sem ekki skal vera styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár.
b. 4. mgr. fellur brott.
c. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Sekt allt að 100.000 krónum, sem ekki er ákveðin af dómstólum og sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með fangelsi eftir meðfylgjandi töflu.
d. Í stað orðsins „varðhaldsins“ í 6. mgr. kemur: fangelsisins.

11. gr.

55. gr. laganna, sbr. 2. tölul. 195. gr. laga nr. 19/1991, orðast svo:

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast í fangelsi.

Dagsektir skal afplána í fangelsi og ákveður sýslumaður tímalengd vistunar. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.

Afplánun sekta og greiðslna samkvæmt þessari grein skal ákvarðaður tími sem ekki er styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár. Hafi hluti skuldar verið greiddur skal stytta afplán-

unartíma að sama skapi, en þó þannig að hann verði ekki styttri en 2 dagar. Skuld, sem samsvarar hluta úr degi, afplánast með heilum degi.

12. gr.

1. mgr. 57. gr. a laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:

Í dómi er heimilt að ákveða að allt að 3 mánuðir fangelsisrefsingar verði óskilorðsbundnir, en aðrir hlutar skilorðsbundnir.

13. gr.

Í stað orðanna „þyngri refsingu en varðhald“ í 1. málsl. 67. gr. laganna kemur: fangelsi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fangelsi.
b. 3. og 4. málsl. 1. mgr. falla brott.

15. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 75. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 77. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „refsivist“ hvarvetna í 4. mgr. kemur: fangelsi.

17. gr.

2. málsl. 78. gr. laganna orðast svo: Má þá dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

18. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Nú heimila lög aukna refsingu við broti og skulu þá takmörk þau, sem sett eru í 34. gr., ekki vera því til fyrirstöðu að dæma megi í fangelsi allt að 20 árum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1981:

a. Í stað orðsins „Refsivist“ í 1. mgr. kemur: Fangelsi.
b. Orðin „varðhald eða“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: fangelsis.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: fangelsi.

20. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 84. gr. laganna kemur: fangelsi.

21. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 88. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1941, falla brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

23. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 91. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 92. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 93. gr. laganna falla brott.

26. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru“ í 1. mgr. 95. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 101/1976, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum. Nú eru sakir miklar og varðar brot þá fangelsi allt að 6 árum.

27. gr.

96. gr. laganna fellur brott.

28. gr.

2. málsl. 1. mgr. 101. gr. laganna fellur brott.

29. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum“ í 2. mgr. 102. gr. laganna kemur: Sömu refsingu.

30. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 103. gr. laganna falla brott.

31. gr.

104. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

33. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 109. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

34. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 110. gr. laganna kemur: fangelsi.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 111. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

36. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 112. gr. og 1. og 2. mgr. 113. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 114. gr. laganna falla brott.

38. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 115. gr. laganna fellur brott.

39. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 116. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

40. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 118. gr. laganna falla brott.

41. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 119. gr. laganna kemur: fangelsi.

42. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 120. gr. laganna kemur: fangelsi.

43. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 120. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973 og 2. gr. laga nr. 16/1990, fellur brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

46. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 123. gr. laganna fellur brott.

47. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.

48. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 125. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

49. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 126. gr. laganna falla brott.

50. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi.

51. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 128. gr. laganna falla brott.

52. gr.

3. málsl. 129. gr. laganna fellur brott.

53. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 131. gr. laganna fellur brott.

54. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 132. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

55. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 133. gr. laganna falla brott.

56. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 134. gr. laganna falla brott.

57. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 136. gr. laganna falla brott.

58. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 137. gr. laganna falla brott.

59. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 139. gr. laganna fellur brott.

60. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 140. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

61. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 141. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

62. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 142. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

63. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 144. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

64. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 145. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

65. gr.

Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 1. mgr. 146. gr. laganna falla brott.

66. gr.

Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 147. gr. laganna falla brott.

67. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 148. gr. laganna falla brott.

68. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru“ í 149. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

69. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 151. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

70. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 152. gr. laganna falla brott.

71. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 154. gr. laganna kemur: fangelsi.

72. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 155. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

73. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 157. gr. laganna falla brott.

74. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 158. gr. laganna falla brott.

75. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. 159. gr. laganna fellur brott.

76. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 160. gr. laganna falla brott.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 162. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum“ í 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef málsbætur eru og brot varðar ekki þyngri refsingu að lögum má beita sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

78. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 163. gr. laganna falla brott.

79. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 167. gr. laganna fellur brott.

80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 168. gr. laganna:

a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

81. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 169. gr. laganna fellur brott.

82. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. 170. gr. laganna fellur brott.

83. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 4. mgr. 171. gr. laganna fellur brott.

84. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 172. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum“ í 1. mgr. kemur: sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 173. gr. laganna:

a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

86. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 174. gr. laganna falla brott.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 175. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 3. mgr. fellur brott.

88. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 176. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

89. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 177. gr. laganna falla brott.

90. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 178. gr. laganna fellur brott.

91. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 180. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 135/1996, fellur brott.

92. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 183. gr. laganna fellur brott.

93. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 184. gr. laganna fellur brott.

94. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 185. gr. laganna fellur brott.

95. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 186. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

96. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 187. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 188. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða varðhald“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

98. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 189. gr. laganna falla brott.

99. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 191. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: Fangelsi allt að 1 ári.

100. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 192. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

101. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 193. gr. laganna fellur brott.

102. gr.

Í stað orðanna „úr lægsta stigi refsivistar“ í 204. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fyrir lágmark fangelsis.

103. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 5. mgr. 206. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

104. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 209. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

105. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 210. gr. laganna fellur brott.

106. gr.

Orðin „eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga“ í 213. gr. laganna falla brott.

107. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 214. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

108. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 215. gr. laganna fellur brott.

109. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 216. gr. laganna falla brott.

110. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 217. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

111. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, falla brott.

112. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 219. gr. laganna fellur brott.

113. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 220. gr. laganna kemur: Fangelsi.

114. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 221. gr. laganna falla brott.

115. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 222. gr. laganna kemur: fangelsi.

116. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 223. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

117. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 225. gr. laganna fellur brott.

118. gr.

Orðin „eða varðhaldi, ef málsbætur eru“ í 1. mgr. 226. gr. laganna falla brott.

119. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 227. gr. laganna fellur brott.

120. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 228. gr. laganna:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.

121. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 229. gr. laganna kemur: fangelsi.

122. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 230. gr. laganna kemur: fangelsi allt 1 ári.

123. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 231. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. kemur: fangelsi.
b. Orðin „varðhaldi á hærra stigi eða“ í 2. málsl. falla brott.

124. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 232. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

125. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. laganna fellur brott.

126. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. a laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1973, fellur brott.

127. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi.

128. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 235. gr. laganna kemur: fangelsi.

129. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 236. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

130. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 240. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

131. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 246. gr. laganna fellur brott.

132. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 253. gr. laganna falla brott.

133. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 254. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

134. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 1. mgr. 256. gr. laganna falla brott.

135. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 257. gr. laganna:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 3. mgr. falla brott.

136. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 258. gr. laganna fellur brott.

137. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 259. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. fellur brott.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

138. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 261. gr. laganna fellur brott.

139. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 262. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, falla brott.

140. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 263. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

141. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 264. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1997:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „varðhald eða“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

142. gr.

267. gr. laganna fellur brott.

143. gr.

XXIX. kafli laganna, 268.–271. gr., fellur brott.

II. KAFLI

Breytingar á öðrum lögum.

144. gr.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

145. gr.

Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í a-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í b-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi.

146. gr.

Lög um friðun Þingvalla, nr. 59 7. maí 1928.

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 8. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

147. gr.

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56 23. júní 1932.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 75/1982, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

148. gr.

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 44. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

149. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 116/1990, fellur brott.

150. gr.

Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, nr. 60 29. apríl 1943.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

151. gr.

Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 4. tölul. B-liðar 9. gr. b laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1982, kemur: í fangelsi.

152. gr.

Lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Í stað orðanna „til refsivistar sem ekki hefur verið afplánuð“ í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi sem ekki hefur verið afplánað.
c. Orðið „varðhaldi“ í 3. tölul. 3. gr. laganna fellur brott.
d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

153. gr.

Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

154. gr.

Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7. 14. mars 1962.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsing.
b. 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Nú er óskað framsals á manni sem vegna annars brots en í framsalsbeiðni greinir hefur verið dæmdur í fangelsi hér á landi, eða vistun hans á hæli hefur verið ákveðin í dómi eða samkvæmt heimild í dómi, og verður hann þá ekki framseldur fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af hælinu.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fangelsi.

155. gr.

Lög um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 31. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1985, kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

156. gr.

Lög um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963.

Í stað orðsins „varðhald“ í 35. gr. laganna kemur: fangelsi.

157. gr.

Lög um ráðherraábyrgð, nr. 4 19. febrúar 1963.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhald“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi.

158. gr.

Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 68. gr. laganna falla brott.

159. gr.

Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
b. 4. gr. laganna orðast svo:
Fullnusta skal refsingu skv. 3. gr. í fangelsi að íslenskum lögum um jafnlangan tíma.
c. Orðin „eða varðhalds“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna falla brott.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
f. Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Fullnusta fangelsisdóma o.fl.**
g. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 2. málsl. 8. gr. laganna kemur: refsingu.
h. Í stað orðsins „refsivist“ í 13. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
i. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: refsingu.
j. Í stað orðsins „refsivist“ í 18. gr. laganna kemur: fangelsi.
k. Fyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Umsjón með mönnum sem fengið hafa reynslulausn.**
l. Í stað orðsins „refsivist“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
m. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

160. gr.

Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 5. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 17. gr. laganna fellur brott.

161. gr.

Áfengislög, nr. 82 2. júlí 1969.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 33. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, fellur brott.

162. gr.

Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.

a. Í stað orðanna „og varðhaldi“ í inngangsmálslið 1. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

163. gr.

Höfundalög, nr. 73 29. maí 1972.

Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 78/1984, fellur brott.

164. gr.

Lög um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

165. gr.

Námulög, nr. 24 17. apríl 1973.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 15. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

166. gr.
Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

167. gr.
Lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.
Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, fellur brott.

168. gr.
Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25 22. maí 1975.
Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. tölul. 31. gr. laganna falla brott.

169. gr.
Lög um sálfræðinga, nr. 40 23. maí 1976.
Orðið „varðhaldi“ í 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1988, fellur brott.

170. gr.
Lög um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 29. maí 1979.
Orðið „varðhaldi“ í 10. gr. laganna fellur brott.

171. gr.
Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. mgr. 107. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

172. gr.
Lög um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7 8. mars 1983.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

173. gr.
Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

a. Í stað orðanna „styttri refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi um styttri tíma.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi.
c. 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Þegar sá sem óskast framseldur hefur verið dæmdur í fangelsi eða samkvæmt dómi eða með heimild í dómi skal eða er vistaður á stofnun fyrir annan verknað en framsalsbeiðni fjallar um er ekki heimilt að framselja hann fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af stofnuninni.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

174. gr.
Lög um tóbaksvarnir, nr. 74 28. maí 1984.
Í stað orðsins „varðhaldi“ í grein 19.1 í lögunum kemur: fangelsi allt að 2 árum.

175. gr.

Lög um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984.

Orðið „varðhaldi“ í 24. gr. laganna fellur brott.

176. gr.

Siglingalög, nr. 34 19. júní 1985.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 236. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 237. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
d. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að fjórum árum.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 239. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 241. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

177. gr.

Sjómannalög, nr. 35 19. júní 1985.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 76. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum eða fangelsi allt að fjórum árum ef miklar sakir eru.
b. Orðin „varðhald eða“ í 2. mgr. 80. gr. laganna falla brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 82. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 83. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
e. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að fjórum árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 86. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 87. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

178. gr.

Lög um tannlækningar, nr. 38 12. júní 1985.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

179. gr.

Útvarpslög, nr. 68 27. júní 1985.

a. Í stað orðsins „varðhaldsrefsingu“ í 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 3. mgr. 37. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 98/1995, kemur: fangelsi.

180. gr.

Lög um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 21. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 3 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

181. gr.

Lög um geislavarnir, nr. 117 31. desember 1985.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

182. gr.

Lög um varnir gegn megnun sjávar, nr. 32 5. maí 1986.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi.

183. gr.

Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50 6. maí 1986.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

184. gr.

Lög um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 23. september 1987.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

185. gr.

Vaxtalög, nr. 25 27. mars 1987.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
b. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.
c. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.

186. gr.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

187. gr.

Umferðarlög, nr. 50 30. mars 1987.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 100. gr. laganna fellur brott.

188. gr.

Tollalög, nr. 55 30. mars 1987.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 2. mgr. 126. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 69/1996, kemur: fangelsi allt að sex árum.
c. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 126. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
e. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.

f. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 129. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
h. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 133. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að sex árum.
i. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 135. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

189. gr.

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálslið 136. gr. laganna falla brott.

190. gr.

Lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4 11. janúar 1988.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

191. gr.

Lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

a. Orðið „varðhald“ í 3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „óskilorðsbundna refsivist“ í 1. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: óskilorðsbundið fangelsi.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
e. Í stað orðsins „heildarrefsivist“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: heildarrefsing.
f. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. tölul. 1. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
g. Í stað orðsins „refsivist“ hvarvetna í 1. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur í viðeigandi falli: fangelsisrefsing.
h. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
i. Í stað orðsins „refsivistardómur“ í 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisdómur.
j. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
k. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 3. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
l. Í stað orðanna „refsivist“ í 1., 3. og 4. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsing.
m. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
n. Orðið „refsivistar“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, fellur brott.
o. Í stað orðsins „refsivistina“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.

p. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
q. Orðin „varðhalds- og“ í 1. mgr. 35. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 123/1997, falla brott.

192. gr.

Lög um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 40. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

193. gr.

Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

194. gr.

Læknalög, nr. 53 19. maí 1988.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

195. gr.

Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31 23. apríl 1990.

Í stað orðsins „varðhald“ í 1. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

196. gr.

Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1996, falla brott.

197. gr.

Lög um innflutning dýra, nr. 54 16. maí 1990.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

198. gr.

Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

199. gr.

Lög um einkaleyfi, nr. 17 20. mars 1991.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

200. gr.

Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 2. mgr. 97. gr. laganna kemur: fangelsi.

c. Í stað orðsins „refsivist“ í b-lið 98. gr. laganna kemur: fangelsi.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 99. gr. laganna kemur: fangelsi.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 102. gr. laganna kemur: til afplánunar fangelsisrefsingar.
f. Í stað orðsins „refsivist“ í inngangsmálslið 176. gr. laganna kemur: fangelsi.
g. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 181. gr. laganna kemur: fangelsi.

201. gr.

Lög um samvinnufélög, nr. 22 27. mars 1991.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 78. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 80. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 81. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.

202. gr.

Lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, nr. 27 2. apríl 1991.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

203. gr.

Lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41 27. maí 1992.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 31. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

204. gr.

Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58 2. júní 1992.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 59. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Orðið „varðhaldi“ í 60. gr. laganna fellur brott.
c. Orðið „varðhaldi“ í 61. gr. laganna fellur brott.
d. Orðið „varðhaldi“ í 62. gr. laganna fellur brott.
e. Orðin „varðhaldi eða“ í c-lið 63. gr. laganna falla brott.
f. Orðið „varðhaldi“ í 64. gr. laganna fellur brott.
g. Orðið „varðhaldi“ í 65. gr. laganna fellur brott.
h. Orðið „varðhaldi“ í 66. gr. laganna fellur brott.

205. gr.

Lög um gjaldeyrismál, nr. 87 17. nóvember 1992.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

206. gr.

Lög um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, nr. 93 20. nóvember 1992.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 32. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 89/1997, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

207. gr.

Lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100 16. desember 1992.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi.

208. gr.

Samkeppnislög, nr. 8 25. febrúar 1993.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum en.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

209. gr.

Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25 7. apríl 1993.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

210. gr.

Lög um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 29. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

211. gr.

Lög um hönnunarvernd, nr. 48 21. maí 1993.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna falla brott.

212. gr.

Lög um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993.

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

213. gr.

Lög um félagslega aðstoð, nr. 118 23. desember 1993.

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

214. gr.

Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123 27. desember 1993.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 24. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

215. gr.

Lög um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

216. gr.

Lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60 11. maí 1994.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 99. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

217. gr.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64 19. maí 1994.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

218. gr.

Lyfjalög, nr. 93 20. maí 1994.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, falla brott.

219. gr.

Lög um einkahlutafélög, nr. 138 28. desember 1994.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 127. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 128. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 129. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

220. gr.

Lög um ársreikninga, nr. 144 29. desember 1994.

Orðin „varðhaldi eða“ í 82. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

221. gr.

Lög um bókhald, nr. 145 29. desember 1994.

Orðin „varðhaldi eða“ í 36. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

222. gr.

Lög um hlutafélög, nr. 2 30. janúar 1995.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 153. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 154. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 154. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 155. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 156. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

223. gr.

Lög um vörugjald af olíu, nr. 34 7. mars 1995.

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

224. gr.

Lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47 7. mars 1995.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

225. gr.

Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54 8. mars 1995.

Í stað orðanna „og varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

226. gr.

Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.

Í stað orðanna „refsivist í fangelsi“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

227. gr.

Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134 22. desember 1995.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 28. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

228. gr.

Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57 3. júní 1996.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

229. gr.

Lög um náttúruvernd, nr. 93 14. júní 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

230. gr.

Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94 14. júní 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

231. gr.

Lög um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113 12. júlí 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 101. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

232. gr.

Lög um póstþjónustu, nr. 142 27. desember 1996.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.

233. gr.

Lög um fjarskipti, nr. 143 27. desember 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: fangelsi.

234. gr.

Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151 27. desember 1996.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

235. gr.

Lög um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 20. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

236. gr.

Lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23 29. apríl 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

237. gr.

Lög um vörumerki, nr. 45 22. maí 1997.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna falla brott.

238. gr.

Lög um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54 22. maí 1997.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

239. gr.

Lög um öryggisþjónustu, nr. 58 22. maí 1997.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í d-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

240. gr.

Lög um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

241. gr.

Skipulags- og byggingarlög, nr. 73 28. maí 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 60. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

242. gr.

Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79 26. maí 1997.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

243. gr.

Lög um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96 27. maí 1997.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

244. gr.

Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5 6. mars 1998.

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálsgrein 104. gr. laganna falla brott.

245. gr.

Vopnalög, nr. 16 25. mars 1998.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

246. gr.

Lög um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. kemur: fangelsi allt að 2 árum.

III. KAFLI

Gildistaka.

247. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar refsing er dæmd vegna brots sem framið er fyrir gildistöku laga þessara, og hæfileg refsing hefði verið varðhald samkvæmt eldri lögum, skal refsing ákveðin í fangelsi um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

Nú hefur maður verið dæmdur í varðhald en ekki afplánað dóm að einhverju leyti eða öllu og skal þá refsing, eða eftirstöðvar hennar, afplánuð sem fangelsi um jafnlangan tíma. Sama gildir ef refsing er ákvörðuð á ný vegna rofa á skilorði varðhaldsrefsingar og ef vararefsing hefur verið ákveðin í varðhaldi.

Varðhaldsrefsing fellur niður ef fullnusta dóms er eigi byrjuð innan fimm ára. Um fyrningu fer að öðru leyti eftir 2.–5. mgr. 83. gr.

1486. Frumvarp til laga [464. mál]

um dánarvottorð, krufningar o.fl.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

Ritun dánarvottorðs.

1. gr.

Læknir skal rita dánarvottorð fyrir hvern mann er deyr hér á landi. Vottorðið skal ritað á eyðublað sem landlæknir lætur útbúa.

Líkskoðun.

2. gr.

Læknir skoðar lík og athugar hvernig andlát hefur borið að, dauðaskilmerki og líklega dánarorsök.

Andist maður á heilbrigðisstofnun ber lækni sá sem annaðist hinn látna á stofnuninni eða yfirlæknir viðkomandi deildar ábyrgð á að líkið verði skoðað.

Andist maður utan heilbrigðisstofnunar skal læknir sá sem stundaði hinn látna í banalegunni skoða líkið.

Við óvænt dauðsföll eða ef ekki tekst að ná til læknis sem stundaði hinn látna í banalegunni skal tilkynna andlátið til viðkomandi héraðslæknis. Héraðslæknir ber þá ábyrgð á að líkið verði skoðað.

Tilkynning til lögreglu.

3. gr.

Læknir sem kvaddur er til vegna líkskoðunar skal gera lögreglu viðvart ef:

1. ætla má að andlát tengist refsiverðu athæfi, sjálfsvígi eða andláti af völdum slyss,
2. maður hefur fundist látinn,
3. dauðsfall er óvænt,
4. maður andast í fangelsi eða á öðrum áþekkum stað eða
5. ætla má að dauðsfall megi rekja til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við læknismeðferð.

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun.

4. gr.

Þegar lögreglu er gert viðvart um andlát ákveður hún hvort lík skuli skoða réttarlæknisfræðilega. Slík skoðun skal að jafnaði gerð nema:

1. andlát beri að svo löngu eftir slys að lögregla telji slíka skoðun óþarfa í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga eða
2. lögregla og læknir eru sammála um að dauðdaginn hafi verið eðlilegur.

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð af lögreglu og lækni í sameiningu.

Krufning.

5. gr.

Að lokinni líkskoðun má kryfja lík í læknisfræðilegum tilgangi og fjarlægja líkamsvef og annað líffræðilegt efni, sbr. þó lög um brottnám líffæra:

1. hafi hinn látni eftir að hann varð sjálfráða samþykkt krufningu skriflega eða
2. nánasti venslamaður hins látna hafi samþykkt krufningu, enda þyki sannað að hún sé ekki í andstöðu við vilja hins látna.

Þurfi að afla samþykkis nánasta venslamanns fyrir krufningu skal læknir veita upplýsingar um tilgang og markmið krufningarinnar.

Maka, börnum, ef hinn látni átti ekki maka, foreldrum, ef hinn látni var barnlaus, eða systkinum, ef foreldrar hins látna eru einnig látnir, er heimilt að krefjast krufningar ef í ljós kemur að ekki er af hálfu læknis hins látna fyrirhugað að óska eftir krufningu.

Ef gera á réttarlæknisfræðilega líkskoðun eða réttarkrufningu er óheimilt að kryfja lík í læknisfræðilegum tilgangi eingöngu.

Réttarkrufning.

6. gr.

Réttarkrufning skal gerð:

1. þegar dauðsfall verður rakið til refsiverðrar háttsemi eða ef ekki reynist unnt að útiloka slíkt með fullnægjandi hætti, eða þegar slík krufning er talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að síðar vakni grunsemdir um að dauðsfallið megi rekja til refsiverðs verknaðar eða
2. þegar dánarorsök verður ekki með viðunandi hætti ákvörðuð með réttarlæknisfræðilegri líkskoðun.

Í öðrum tilvikum tekur lögregla ákvörðun um nauðsyn réttarkrufningar.

Dómsúrskurður um réttarkrufningu.

7. gr.

Lögregla skal kynna nánasta venslamanni nauðsyn réttarkrufningar og leita samþykkis hans.

Samþykki nánasti venslamaður ekki réttarkrufningu skal lögregla leita úrskurðar dómara um hana.

Útgáfa dánarvottorðs.

8. gr.

Dánarvottorð ritar sá læknir, sem skoðar líkið, eða sá sem ber ábyrgð á að það sé gert.

Hafi andlát verið tilkynnt lögreglu má ekki rita dánarvottorð fyrr en hún hefur ákveðið að ekki sé ástæða til réttarlæknisfræðilegrar líkskoðunar eða réttarkrufningar.

Ef réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð skal dánarvottorð ritað af lækninum sem tók þátt í skoðuninni. Læknir sem framkvæmir réttarkrufningu ritar dánarvottorð.

Umönnun líks.

9. gr.

Lík skal geyma á stað við hæfi. Ef ekki er unnt að staðfesta andlát skal fylgjast með viðkomandi og ekki flytja í líkhús fyrr en læknir hefur staðfest dauðaskilmerki.

Meðferð dánarvottorðs og heimild til útfarar.

10. gr.

Dánarvottorð skal afhent venslamanni hins látna.

Venslamaður afhendir dánarvottorðið sýslumanni í því umdæmi þar sem hinn látni átti lögheimili á dánardægri eða ætla má að dánarbúi verði skipt samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Nú á ákvæði 2. mgr. ekki við, t.d. vegna búsetu hins látna erlendis, og skal þá afhenda dánarvottorðið sýslumanni í því umdæmi þar sem útför hins látna verður gerð.

Sýslumaður afhendir venslamanni staðfestingu þess að andlát hafi verið tilkynnt og má ekki gera útför nema sá sem hana annast hafi fengið slíka staðfestingu.

Sýslumaður sendir dánarvottorð svo fljótt sem kostur er til Hagstofu Íslands.

Hagstofan semur upp úr dánarvottorðum skýrslur um dánarorsakir hér á landi.

Tilkynningar vegna andvana fæddra barna.

11. gr.

Fæðist barn andvana skal ekki ritað dánarvottorð, en um það skal tilkynnt til Hagstofu Íslands.

Flutningur líka úr landi.

12. gr.

Nú er lík flutt úr landi og ber sá sem það flytur ábyrgð á að dánarvottorð sé afhent sýslumanni í því umdæmi þar sem maðurinn lést. Sýslumaður afhendir flutningsaðila staðfest afrit dánarvottorðs og skal það fylgja líkinu til viðtakanda erlendis. Ekki má flytja lík úr landi nema ákvæðum þessum sé fylgt.

Refsingar.
13. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru eftir þeim varða sektum nema þyngri hegning sé við lögð í öðrum lögum.

Reglugerðarheimild.
14. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um:

1. Ritun dánarvottorða, að fengnum tillögum landlæknis.
2. Framkvæmd réttarlæknisfræðilegrar líkskoðunar, þar á meðal um lágmarkskunnáttu lækna sem gera réttarlæknisfræðilega líkskoðun.
3. Réttarkrufningu.
4. Hvernig Hagstofu Íslands verði tilkynnt um andvana fædd börn.

Gildistaka.
15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Brottfall laga.
16. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi tilskipun frá 4. ágúst 1819 um skyldu manna að bjarga mönnum, sem sýnast dauðir, lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42 10. nóvember 1913, og lög um dánarvottorð, nr. 64 25. apríl 1962.

Breyting annarra lagaákvæða.
17. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993:*
   Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:
      Óheimilt er að greftra lík eða brenna nema staðfesting sýslumanns um að andlát hafi verið tilkynnt liggi fyrir.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Óheimilt er að setja lík andvana fædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki nema hlutaðeigandi prestur eða safnaðarstjóra hafi áður verið tilkynnt það. Útfararstjóri ber ábyrgð á því að þessu ákvæði sé fylgt.
2. *Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991:*
   2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo:
   Réttarlæknisfræðileg líkskoðun skal fara fram þegar rannsóknari telur það nauðsynlegt. Einnig skal framkvæma réttarkrufningu, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna leyfi.
3. *Lög um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962:*
   a. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
      3. Skýrslur héraðsdómara til Hagstofunnar um úrskurði þar sem heimilað er að fara með bú horfinna manna sem látinna og dóma um að horfnir menn skuli taldir látnir.
   b. Í stað orðsins „sóknarpresta“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: sýslumanna.

c. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
4. *Lög um brottnám líffæra og krufningar, nr. 16 6. mars 1991:*
a. II. kafli laganna fellur brott.
b. Heiti laganna verður: **Lög um brottnám líffæra.**

1487. Þingsályktun [38. mál]

um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild ráðuneyta heilbrigðis-, félags- og menntamála og fulltrúum samtaka um málefni langsjúkra barna. Nefndinni verði falið að leggja mat á hvort þörf sé sérstakrar löggjafar um réttindi langsjúkra barna eða hvort fella eigi þennan hóp undir gildissvið laga um málefni fatlaðra. Niðurstöður og nauðsynleg lagafrumvörp verði lögð fyrir Alþingi í upphafi árs 1999.

1488. Þingsályktun [300. mál]

um blóðbankaþjónustu við þjóðarvá.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 374.

1489. Tillaga til þingsályktunar [723. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að fjalla um málefni Landsbanka Íslands hf. og samskipti framkvæmdarvalds og Alþingis.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að kosin skuli nefnd fimm alþingismanna, sbr. ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Hlutverk nefndarinnar skal vera að fara yfir málefni Landsbankans og tengdra fyrirtækja. Einkum skal nefndin fjalla um:

1. Mál þau er leiddu til afsagnar þriggja bankastjóra Landsbankans í apríl sl.
2. Málefni Lindar hf., einkanlega orsakir þess að ekki var orðið við ábendingum Ríkisendurskoðunar um opinbera rannsókn á málefnum sem vörðuðu fyrirtækið.
3. Samskipti viðskiptaráðherra við Alþingi þar sem ráðherrann ýmist flutti þinginu rangar upplýsingar eða leyndi það upplýsingum.

Alþingi ályktar enn fremur að nefndin hafi rétt, í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar, til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Nefndin skal skila Alþingi skýrslu um málið, endanlegri eða áfangaskýrslu, fyrir 1. október 1998, enda fjalli það þá um málið.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hér er flutt tillaga til þingsályktunar um skipun sérstakrar nefndar alþingismanna til þess að fjalla bæði um málefni Landsbanka Íslands hf. og samskipti Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Er heimild til skipunar slíkrar þingkjörinnar rannsóknarnefndar byggð á 39. gr. stjórnarskrárinnar. Segir þar að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Augljóst er að í þessu tilviki er um að ræða mjög alvarleg mál sem verður, út frá almannahagsmunum, að rannsaka til hlítar. Umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar heimilar að Alþingi veiti slíkri nefnd rétt til að heimta skýrslur bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Starfar nefndin þá í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á og eiga ákvæði þeirra laga meðal annars við um vitnaskyldu.

Umræðan um starfsemi Landsbanka Íslands að undanförnu er nú komin á svo alvarlegt stig að ekki er unnt að jafna því við neitt sem gerst hefur á síðustu árum. Erfitt er fyrir Alþingi að taka málið fyrir á venjulegan hátt og tryggja verður að umræða verði vönduð og efnistök fumlaus í öllum atriðum. Nauðsynlegt er að nefndin beini rannsókn sinni m.a. að embættisfærslum viðskiptaráðherra, bankastjóra og annarra æðstu manna Landsbankans, sem og bankaráðs hans. Enn fremur beinist rannsóknin að störfum bankaeftirlits Seðlabankans og endurskoðenda Landsbankans. Þá er jafnframt rétt að nefndin rannsaki þátt annarra aðila og einstaklinga eftir því sem nauðsynlegt reynist. Athuga þarf sérstaklega þátt forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar þar sem upplýst hefur verið af forsætisráðherra að hann vissi um málið löngu áður en það kom fyrst til umræðu á Alþingi.

Eitt af því sem nefndin þarf að kanna er að sjálfsögðu fjárhagsleg tengsl, svo og hvort pólitísk tengsl hafi ráðið efnistökum. Nefndin þarf einnig að meta hvað er unnt að gera til að koma í veg fyrir að vegna pólitískra hagsmuna verði slegin skjaldborg um slæman rekstur og ónákvæmni sem leiðir síðan til taps upp á hundruð milljóna króna. Sérstaklega virðist nauðsynlegt að fara yfir málefni eignarleigufyrirtækisins Lindar í þessu sambandi, ekki síst framgöngu bankaeftirlitsins í því máli. Þá þarf nefndin að kanna og gera grein fyrir því hverjir fengu það fé sem tapaðist.

Nauðsynlegt er að hraða störfum nefndarinnar eftir því sem kostur er. Því er gerð tillaga um að nefndin skili skýrslu til Alþingis fyrir 1. október nk. með það að markmiði að Alþingi fjalli um málið þegar í þingbyrjun. Ef nefndin hefur ekki lokið umfjöllun sinni fyrir þann tíma skilar hún áfangaskýrslu til þingsins fyrir sama tíma.

Með þessari tillögu er ekki tekin afstaða til þess hvort eða hvenær flutt verður tillaga um vantraust á ráðherra eða ríkisstjórn.

1490. Lög [510. mál]

um breytingu á lögum nr. 142/1996, um póstþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1477.

1491. Lög [519. mál]

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1478.

1492. Lög [546. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1479.

1493. Lög [593. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum, og siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1480.

1494. Lög [57. mál]

um lögmenn.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1483.

1495. Lög [311. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1484.

1496. Lög [521. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (fyrning sakar).

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 892.

1497. Lög [483. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 819.

1498. Lög [464. mál]

um dánarvottorð, krufningar o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1486.

1499. Lög [598. mál]

um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1011.

1500. Frumvarp til laga [542. mál]

um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Tollgæslufáni er tjúgufáni með silfurlitu upphafstéi (T) í efra stangarreit miðjum.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Fáni forseta Íslands er hinn íslenski tjúgufáni, en í honum, þar sem armar krossmarksins mætast, skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum, ferhyrndum reit.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Tjúgufánann má aðeins nota á skipum sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir. Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæslu, tollgæslu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o.s.frv.) má það nota tjúgufánann af þeirri gerð sem við á skv. 2. og 3. gr.

4. gr.

Í stað orðsins „forsetaúrskurði“ í 7. gr. laganna kemur: reglugerð.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans og fer þá um rannsókn málsins að hætti opinberra mála, en forsætisráðuneytið sker úr um ágreininginn.

6. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: forsætisráðuneytið.

7. gr.

Á eftir orðunum „í samræmi við“ í 10. gr. laganna kemur: ákvæði laga þessara, þar á meðal.

8. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Lög þessi ná jafnframt, eftir því sem við á, til hvers konar skírskotana til eða eftirlíkinga af þjóðfánanum, svo sem áprentana og myndvarpana.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.

b. 4. mgr. orðast svo:

Heimilt er með leyfi forsætisráðuneytisins að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að

gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.

c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 5. mgr. kemur: forsætisráðuneytisins.

d. 6. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

10. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Skjaldarmerki Íslands er auðkenni stjórnvalda ríkisins. Notkun ríkisskjaldarmerkisins er þeim einum heimil.

11. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðuneytið setur með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.

12. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.**

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993:

a. Í stað orðanna „í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið“ í 2. mgr. kemur: íslenska ríkisskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi.

b. 3. mgr. fellur brott.

Við gildistöku laga þessara bætist nýr töluliður við 1. mgr. 32. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997, er orðast svo: samkvæmt kröfu forsætisráðuneytis, ef skrásett hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar þess.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar reglugerð skv. 7. og 13. gr. laganna hefur verið sett falla úr gildi forsetaúrskurður nr. 5/1991, um fánadaga og fánatíma, og auglýsing nr. 4/1991, um liti íslenska fánans.

1501. Breytingartillaga [619. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Á eftir 18. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Tollskrárnúmerið 8507.8010 í viðauka I með lögunum orðast svo:

		A %	E %
8507.8010	— — Rafgeymar sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	0	

1502. Þingsályktun [11. mál]

um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Í því skyni skal nefndin semja skýrslu um eftirtalin atriði:

a. Almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins.
   Kanna ber hvaða óskráðu efnisreglum stjórnvöldum ber að fylgja þegar skýrum og fastmótuðum settum reglum sleppir og stjórnvöldum er eftirlátið svokallað frjálst mat við töku stjórnvaldsákvarðana. Gerð skal grein fyrir hvaða reglur gildi um meðferð slíks valds og hvort þær séu í samræmi við siðferðishugmyndir manna.
b. Stjórnkerfið og eftirlit með starfsemi stjórnvalda.
   Kanna ber uppbyggingu stjórnkerfisins og að hve miklu leyti eftirlit er innbyggt í það sjálft og að hve miklu leyti það er utanaðkomandi.
c. Afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni.
   Kanna ber hvaða afleiðingar réttarbrot í stjórnsýslunni geta haft, meðal annars hvaða viðurlög eru við þeim og hverjir geta sætt ábyrgð samkvæmt þeim, þar á meðal stjórnsýsluviðurlögum, refsiábyrgð, bótaábyrgð opinberra starfsmanna og húsbóndaábyrgð hins opinbera.
d. Úrbætur.
   Nefndin skal setja fram sjónarmið um leiðir sem færar eru til úrbóta í þeim tilvikum sem gefa tilefni til þess.

Skýrsla nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi fyrir frestun funda á vorþingi 1999.

1503. Þingsályktun [453. mál]

um ritun sögu heimastjórnartímabilsins 1904–18.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 782.

1504. Þingsályktun [465. mál]

um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita. Nefndin skilgreini þessar auðlindir á skýran hátt og hvernig skuli með þær farið. Nefndin kanni einnig hvernig staðið skuli að gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum í sameign þjóðarinnar, með hliðsjón af þeim gjöldum sem fyrir eru. Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.

Um verði að ræða hóflegt gjald sem varið verði til að standa undir rannsóknum og til að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlindanna og réttlátri skiptingu afrakstursins, m.a. til að styrkja byggð í landinu.

1505. Þingsályktun [592. mál]

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní 1998.)

Samhljóða þskj. 1003.

1506. Nefndarálit [95. mál]

um till. til þál. um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Tillagan er vanhugsuð og byggð á órökstuddum og beinlínis röngum forsendum svo sem staðfest er í umsögnum sérfróðra aðila hjá umhverfisráðuneyti, embætti veiðistjóra, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun, ráðgjafarnefnd um villt dýr og Náttúruverndarráði, svo og í umsögn Páls Hersteinssonar, prófessors og fyrrum veiðistjóra, sem manna mest hefur unnið að rannsóknum á refum hér á landi. Enn má vitna til greinar í Morgunblaðinu 23. maí sl. eftir Áka Ármann Jónsson, líffræðing og settan veiðistjóra, sem tekur í sama streng.

Ranghermt er í greinargerð með tillögunni að veiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum hafi legið niðri síðan 1985. Veiðar voru þvert á móti stundaðar þar allt til ársins 1995 og voru þær hvað mestar síðustu fjögur árin þegar veiddir voru að meðaltali 143 refir og 20 minkar ár hvert. Þessi mikla veiði virtist lítil sem engin áhrif hafa á fjölda dýra í friðlandinu. Þó er talið líklegt að ref og mink hafi fjölgað eitthvað í friðlandinu eins og víðast annars staðar á landinu undanfarna tvo áratugi. Því miður fóru engar vistfræðilegar rannsóknir fram í friðlandinu á Hornströndum, hvorki fyrir né eftir stofnun þess, og glataðist þannig gullið tækifæri til að staðreyna áhrif friðunar á stofnstærð refa og minka á svæðinu. Þaðan af síður er hægt að fullyrða um breytingar á fuglalífi þar, hvorki um stofnstærð né söng mófuglanna sem ekki hefur verið mældur þar fyrr né síðar. Það er því varlegt að fullyrða eins og gert er í greinargerð með tillögunni: „Skynsamleg veiði á þessum tegundum myndi því auðga lífríkið og söngur mófuglanna hæfist að nýju.“ Fullyrðingar í greinargerð um að hjarðir refa og minka streymi suður Strandir og inn í Djúp styðjast ekki heldur við neinar rannsóknir né gild rök þótt bændur á svæðinu telji að þeirra verði meira vart en áður.

Þannig er allt á eina bókina lært með forsendur og rök fyrir þessari tillögu. Ljóst er hins vegar að rannsóknir þarf að efla á svæðinu, og væri Alþingi sæmra að stuðla að slíku en að samþykkja svo illa grundaða tillögu sem meiri hlutinn vill styðja þvert á öll vísindaleg og skynsamleg rök. Minni hlutinn hafnar svo ófaglegum vinnubrögðum og leggst gegn samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 3. júní 1998.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Hjörleifur Guttormsson.

Eftirfarandi fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

Umsögn umhverfisráðuneytis.
Umsögn veiðistjóraembættisins.
Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga.
Umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr.
Umsögn Náttúruverndarráðs.
Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.
Umsögn Náttúruverndar ríkisins.
Umsögn Bændasamtaka Íslands ásamt fylgiskjölum.

Umsögn Grunnvíkingafélagsins á Ísafirði.
Umsögn Átthagafélags Sléttuhrepps í Reykjavík.
Umsögn Indriða Aðalsteinssonar.
Umsögn Búnaðarsambands Vestfjarða.
Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Umsögn Páls Hersteinssonar.
Umsögn Æðarræktarfélags Íslands.
Umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.
Umsögn hreppsnefndar Kaldrananeshrepps.
Grein Áka Ármanns Jónssonar í Mbl. 23. maí 1998.

1507. Breytingartillögur [480. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi, og brtt. á þskj. 1283 [gjald af áfengi].

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Brtt. á þskj. 1283 orðist svo: Við 2. gr. 2. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: Af víni sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205, svo og af gerjuðum drykkjarvörum í vörulið 2206 sem ekki hafa verið blandaðar annarri gerjaðri drykkjarvöru eða óáfengri drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast við gerjun, án hvers kyns eimingar: 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Orðin „og 4.“ í 9. gr. laganna falla brott.
3. Við 7. gr. (er verði 8. gr.). Í stað orðanna „1. júní 1998“ komi: 1. júlí 1998.

1508. Svar [548. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kaup Landsbankans á veiðileyfum í Hrútafjarðará.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg laxveiðileyfi keypti Landsbankinn og einstakir sjóðir, fyrirtæki, stofnanir og dóttur- og hlutdeildarfyrirtæki hans árlega af leigutaka Hrútafjarðarár sl. 15 ár, sundurliðað eftir fjölda veiðiferða, fjölda stanga í hverri veiðiferð og fjölda stangardaga?*
2. *Hvað kostuðu þessi laxveiðileyfi í Hrútafjarðará, sundurliðað eftir árum, og hvað er innifalið í laxveiðileyfinu?*
3. *Hver var annar kostnaður bankans og einstakra sjóða, fyrirtækja, stofnana og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja hans árlega við þessar ferðir, sundurliðað eftir ferðakostnaði, gistingu og öðrum uppihaldskostnaði og hvernig sundurgreindist sá kostnaður?*
4. *Hve margir stangardagar, sundurliðað eftir innlendum gestum, erlendum gestum og starfsmönnum bankans og einstakra sjóða, fyrirtækja, stofnana og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja hans, skiptust milli þessara aðila?*

5. *Hvaða stöðu gegndu þeir sem voru gestir í þessum ferðum hvert ár um sig? Sérstaklega er spurt um hvort þátttakendur hafi verið:*
   a. *fyrrverandi bankastjórar og fyrrverandi og núverandi bankaráðsmenn og á hvaða árum og af hvaða tilefni,*
   b. *fyrrverandi og núverandi ráðherrar og á hvaða árum og af hvaða tilefni,*
   c. *forstöðumenn ríkisstofnana og þá í hvaða atvinnugrein, á hvaða árum og af hvaða tilefni,*
   d. *forstöðumenn einkafyrirtækja og þá í hvaða atvinnugrein, á hvaða árum og af hvaða tilefni.*
6. *Getur ráðherra nefnt dæmi um að laxveiðiboð íslenskra banka til fulltrúa erlendra fjármálastofnana hafi leitt til lækkunar á vaxtakjörum landsmanna eða betri vaxtakjara í samningum við erlenda aðila?*

Í framhaldi af því að fyrirspurn þessari var beint til viðskiptaráðherra, í byrjun marsmánaðar, óskaði viðskiptaráðherra eftir viðræðum við forseta Alþingis um tilhögun svara við henni. Fram var komið að ríkisendurskoðandi væri með laxveiðikostnað Landsbankans til skoðunar og varð það að samkomulagi milli forseta Alþingis, fyrirspyrjanda og viðskiptaráðherra að ráðherra óskaði eftir því við ríkisendurskoðanda að hann ynni greinargerð sem byggði á spurningum þeim sem fram koma í fyrirspurninni. Var þess óskað að greinargerðin bærist Alþingi fyrir 10. apríl ef þess væri nokkur kostur. Við eftirgrennslan í lok aprílmánaðar kom í ljós að vegna anna væri ekki von á greinargerð ríkisendurskoðanda fyrir þinglok. Í framhaldi af því hafði viðskiptaráðherra samráð við forseta Alþingis og fyrirspyrjanda og á grundvelli þess var ákveðið að í stað þess að ríkisendurskoðandi ynni sérstaka greinargerð um málið mundi viðskiptaráðherra óska eftir því við Landsbanka Íslands hf. að veittar yrðu þær upplýsingar sem hann hefði undir höndum um málið vegna áranna 1991–97.

Viðskiptaráðuneytinu hefur nú borist svar Landsbanka Íslands við málaleitan ráðuneytisins. Eins og fram kemur í svari bankans er ekki að finna í gögnum hans upplýsingar sem svara á fullnægjandi hátt þeim spurningum sem fram koma í fyrirspurninni. Því hefur viðskiptaráðuneytið á ný óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að hún taki málið til athugunar með hliðsjón af þeim upplýsingum sem ráðuneytið aflaði og fyrirspurninni að öðru leyti.

Svar bankans við fyrirspurninni er svohljóðandi:

„Í greinargerð ríkisendurskoðunar samkvæmt þingskjölum 899 og 1151 er að finna upplýsingar er varða keypt veiðileyfi í Hrútafjarðará á árunum 1994–97 og kostnað bankans við veiðiferðir.

Á árunum 1991–97 keypti Landsbankinn og dótturfélög hans laxveiðileyfi af leigutaka Hrútafjarðarár sem hér segir:

Ár	**Kr.**
1991	1.053.900
1992	1.280.200
1993	1.323.200
1994	1.242.250
1995	1.194.000
1996	1.194.000
1997	1.457.000
Samtals	**8.744.550**

Annar kostnaður bankans og dótturfélaga hans við veiðiferðir var ekki sérgreindur í bókhaldi bankans. Samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar virðist annar kostnaður við veiðiferðir vera um 50% af kostnaði við veiðileyfi.

Bankinn er ekki í aðstöðu til að veita upplýsingar úr reikningum fyrirtækja sem ekki eru í meirihlutaeigu hans.

Á kvittunum fyrir veiðileyfum kemur ekki fram hvað er innifalið. Almenna reglan við kaup á veiðileyfum í Hrútafjarðará er sú að afnot af veiðihúsi fylgi með en ekki fæði.

Í skjalasafni bankans eru ekki gögn um fjölda laxveiðileyfa, veiðiferða eða stangardaga. Þar eru ekki heldur upplýsingar um þá sem fóru í þessar veiðiferðir, hvorki gesti né starfsmenn bankans."

Í framhaldi af þessu svari hefur Landsbanki Íslands upplýst að hann hafi leitað til fyrirtækja sem ekki eru í meirihlutaeigu bankans og óskað eftir svörum við þeim spurningum sem fram koma í fyrirspurninni. Samkvæmt upplýsingum sem bankinn fékk höfðu engin hlutdeildarfyrirtækja bankans keypt veiðileyfi í Hrútafjarðará að undanskildu fyrirtækinu Lýsingu hf. Lýsing hf. hefur nú veitt upplýsingar um kostnað af veiðiferðum og hefur Landsbankinn komið þeim á framfæri við ráðuneytið. Samkvæmt upplýsingunum voru keypt laxveiðileyfi í Hrútafjarðará á árunum 1993–97 og var kostnaður við þau 494.550 kr. árið 1993, 621.900 kr. árið 1994 og 720.000 kr. fyrir hvert áranna 1995–97. Annar kostnaður við veiðiferðir var 521.755 kr. samtals fyrir öll árin.

Vegna liðar 6 í fyrirspurninni er rétt að taka fram að Ríkisendurskoðun hefur lagt mat á tilefni veiðiferða Landsbankans í greinargerð sinni til bankaráðsins um kostnað bankans vegna veiðiferða, risnu o.fl., frá apríl sl., en greinargerðinni hefur verið dreift á Alþingi. Að öðru leyti hefur ráðherra ekki undir höndum upplýsingar eða gögn sem gera honum kleift að svara spurningunni.

1509. Svar [718. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um vaxtatekjur Ferðamálasjóðs.

1. *Hverjar voru vaxtatekjur Ferðamálasjóðs árið 1997 af útlánum sjóðsins í Bandaríkjadölum?*

Vaxtatekjur Ferðamálasjóðs af útlánum í Bandaríkjadölum árið 1997 voru 686.288 Bandaríkjadalir (49.536.260 ísl. kr. á árslokagengi 72,18 ísl. kr./USD).

2. *Hverjar voru dráttarvaxtatekjur Ferðamálasjóðs árið 1997 af útlánum sjóðsins í Bandaríkjadölum?*

Dráttarvaxtatekjur sjóðsins af vanskilum í Bandaríkjadölum árið 1997 voru 79.862 Bandaríkjadalir (5.764.410 ísl. kr. á árslokagengi 72,18 ísl. kr./USD).

3. *Hve hárra dráttarvaxta krafðist Ferðamálasjóður vegna vanskila af útlánum í Bandaríkjadölum á árinu 1997?*

Þrenns konar reglur gilda um reikning dráttarvaxta af USD-lánum:

a. Gjaldfallin fjárhæð breytist í íslenskar krónur á gjalddaga og ber nú 16,5 % dráttarvexti.
b. Gjaldfallin fjárhæð helst í Bandaríkjadölum og ber 5% álag á samningsvexti, nú u.þ.b. 13%.

c. Almenn regla Seðlabankans um dráttarvexti af erlendum lánum, reiknað af heildarskuld.

Samkvæmt elstu bréfum sjóðsins eru ákvæði um hæstu lögleyfðu dráttarvexti. Í yngri bréfum sjóðsins var tekið upp ákvæði um 5% álag á samningsvexti, nú u.þ.b. 13%. Gjaldfallin fjárhæð helst í Bandaríkjadölum. Í nýjustu bréfum sjóðsins breytist gjaldfallin upphæð í íslenskar krónur á gjalddaga og ber nú 16,5% dráttarvexti.

1510. Svar [700. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi.

1. *Hver er staða umhverfisathugana vegna áforma um byggingu magnesíumverksmiðju á Reykjanesi:*
   a. *á vegum Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum,*
   b. *á vegum Hollustuverndar ríkisins vegna starfsleyfis,*
   c. *á vegum Náttúruverndar ríkisins,*
   d. *vegna raforkuvirkja,*
   e. *vegna efnistöku úr sjó?*

a. Hinn 20. júní 1997 bárust Skipulagi ríkisins drög að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum magnesíumverksmiðju við Sandhöfn á Suðurnesjum. Stofnunin gerði athugasemdir við drögin 5. ágúst 1997. Áður hafði stofnunin sent ábendingar um rannsóknir sem þurfa að fara fram að sumarlagi vegna mats á umhverfisáhrifum.

Hinn 4. nóvember 1997 bárust Skipulagi ríkisins drög að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum 220 kV háspennulína frá Strandarheiði og Vogshóli til Sandhafnar á Suðurnesjum. Stofnunin gerði athugasemdir við drögin 12. nóvember 1997.

Hinn 16. september 1997 bárust Skipulagi ríkisins drög að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum magnesíumverksmiðju við Sandhöfn á Suðurnesjum. Stofnunin gerði athugasemdir við drögin 25. september 1997. Hinn 17. desember 1997 bárust Skipulagi ríkisins önnur drög að frummatsskýrslu Hafnasamlags Suðurnesja um mat á umhverfisáhrifum byggingar Sandhafnar á Suðurnesjum. Í bréfi Skipulagsstofnunar til ráðgjafarfyrirtækisins sem vann skýrsluna, dags. 7. janúar 1998, var ekki gerð krafa um frekari umfjöllun efnisatriða.

b. Umsókn um starfsleyfi barst Hollustuvernd ríkisins 22. desember 1997. Með þeirri umsókn barst skýrsla frá apríl 1997 og ráðgert að endanleg skýrsla lægi fyrir í febrúar 1998. Sú skýrsla hefur ekki borist og nýverið hafa borist þær fréttir að ástralskt fyrirtæki hafi fjárfest í Íslenska magnesíumfélaginu. Þetta ástralska fyrirtæki er að þróa aðra útfærslu á framleiðsluferlinu og Hollustuvernd ríkisins hefur ekki upplýsingar um áhrif breytts framleiðsluferlis á umhverfisþætti. Vinna við starfsleyfisgerð fyrir magnesíumverksmiðju hefst ekki formlega fyrr en mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir.

Hollustuvernd ríkisins hefur ekki látið framkvæma á sínum vegum sérstakar umhverfisathuganir vegna vinnu við veitingu starfsleyfis fyrir magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Stofnunin hefur hins vegar bent framkvæmdaaðila við undirbúning frummatsskýrslu um umhverfisáhrif á þætti sem þyrfti að taka til sérstakrar skoðunar. Stofnunin hefur auk þess svarað fyrirspurnum framkvæmdaaðila um einstök mál. Í sambandi við losun gróðurhúsalofttegunda var bent á að SF6 væri mjög öflug gróðurhúsalofttegund. Í framhaldi af því hættu fram-

kvæmdaaðilar við að nota SF6 og fyrirhuga nú að nota annað hlífðargas. Bent hefur verið á að gera þurfi dreifingarspár og meta loftgæði, vatnsgæði og meðhöndlun úrgangs.

c. Hinn 13. ágúst 1996 kynnti Íslenska magnesíumfélagið hf. Náttúruverndarráði áform félagsins um að reisa magnesíumverksmiðju á Reykjanesi og fór félagið þess óformlega á leit við Náttúruverndarráð að það léti í té leiðbeiningar með tilliti til mats á umhverfisáhrifum. Nokkrar hugsanlegar staðsetningar verksmiðjunnar voru einnig kynntar og fóru starfsmenn og hluti Náttúruverndarráðs í vettvangsferð til að kynna sér aðstæður. Náttúruverndarráð fjallaði um málið á fundum 15. ágúst og 13. september 1996. Hinn 26. september 1996 ritaði Náttúruverndarráð Íslenska magnesíumfélaginu hf. bréf varðandi leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum vegna byggingar magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Hinn 26. ágúst sl. skrifaði ráðgjafarfyrirtækið sem vann matsskýrslu Náttúruvernd ríkisins bréf þar sem óskað var eftir áliti stofnunarinnar á byggingu á fyrirhugaðri magnesíumverksmiðju og efni meðfylgjandi matsskýrslu þar að lútandi. Náttúruvernd ríkisins svaraði bréfinu 25. september sl. og benti sérstaklega á að stofnunin væri umsagnaraðili um mat á umhverfisáhrifum og teldi því ekki rétt að gefa álit sitt á framkvæmdinni sem slíkri fyrr en endanleg skýrsla um mat á umhverfisáhrifum færi til formlegrar meðferðar. Hinn 16. september sl. óskaði ráðgjafarfyrirtækið eftir áliti Náttúruverndar ríkisins vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar hafnar fyrir magnesíumverksmiðjuna við Sandhafnartanga. Stofnunin svaraði fyrirspurninni 13. október sl. Einnig hefur stofnunin veitt leiðbeiningar og gefið álit vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum raflína (magnesíumlína 1 og 2) sem leggja þarf vegna magnesíumverksmiðjunnar.

Að öðru leyti hefur Náttúruvernd ríkisins ekki komið að vinnu við byggingu á hugsanlegri magnesíumverksmiðju á Reykjanesi.

d. Samkvæmt kafla 2.7.6 í drögum að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum magnesíumverksmiðju við Sandhöfn á Suðurnesjum kemur fram að rafaflsþörf verksmiðjunnar er um 113 MW, þ.e. 976 GWst. Gert er ráð fyrir að raforkuþörf verksmiðjunnar verði fullnægt með raforku frá Vatnsfellsvirkjun, Svartsengi og frá jarðgufuvirkjun staðsettri á verksmiðjulóðinni. Í kafla 5.4 í drögum að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum 220 kV háspennulína frá Strandarheiði og Vogshóli til Sandhafnar á Suðurnesjum kemur fram að ekki liggi nákvæmlega fyrir hvar raforka til verksmiðjunnar verði framleidd. Samkvæmt yfirliti yfir orkujöfnuð Landsvirkjunar þarf að nýta hluta af Sultartangavirkjun sem er 120 MW, fyrri áfanga Vatnsfellsvirkjunar sem er 70 MW og 20 MW jarðgufustöð. Þess er getið að þetta séu einungis mögulegar leiðir til að mæta raforkuþörf magnesíumverksmiðjunnar og hún sé engan veginn bindandi.

Samkvæmt lögum nr. 63/1993 féllst skipulagsstjóri ríkisins á byggingu 125 MW Sultartangavirkjunar með skilyrðum 16. janúar 1997 og á byggingu 140 MW Vatnsfellsvirkjunar 8. maí 1998. Ekki liggur fyrir heimild, sbr. 2. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, til byggingar Vatnsfellsvirkjunar.

e. Samkvæmt drögum að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum magnesíumverksmiðju við Sandhöfn verða notuð um 350 þús. tonn af skeljasandi á ári við framleiðslu magnesíums. Þetta er rúmlega þrefalt það magn sem Sementsverksmiðjan notar nú. Skv. 5. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er efnistaka úr sjó ekki matsskyld framkvæmd. Í ábendingum og athugasemdum Skipulags ríkisins varðandi umfjöllun um skeljasandstöku í frummatsskýrslu kemur fram að upplýsingar og umfjöllun skorti um magn og gæði skeljasands í matsskýrslunni.

Einu upplýsingarnar sem Hollustuvernd ríkisins hefur um fyrirhugað efnisnám í sjó er að verið sé að kanna mögulega efnistökustaði í sjó. Hins vegar telur stofnunin að breytt vinnslu-

ferli geti haft áhrif á efnistöku í sjó og hugsanlegt sé að hráefni til magnesíumvinnslu verði flutt erlendis frá.

2. *Af hvaða mengunarþáttum þessa iðnaðar þarf einkum að hafa áhyggjur:*
   a. við losun í sjó,
   b. við losun í andrúmsloft,
   c. af öðrum ástæðum?

a. Varðandi losun í sjó má nefna efnainnihald í notuðum sjó, svo sem svifagnir, lífræn þrávirk klórsambönd og viss snefilefni.

b. Varðandi losun í andrúmsloft má nefna ryk, saltsýru, klórgas, brennisteinsvetni, brennisteinsdíoxíð og lífræn þrávirk klórsambönd.

c. Varðandi losun af öðrum ástæðum má nefna fastan úrgang. Að stærstum hluta er um að ræða möl, sand, ólífræn oxíð, ólífræn hýdroxíð og önnur ólífræn efnasambönd, sem ekki eru talin skaðleg umhverfinu, auk kerbrota. Í úrganginum geta einnig verið lífræn þrávirk klórsambönd og viss snefilefni sem þarf að skoða sérstaklega.

3. *Telur ráðherra að svigrúm sé til þess að heimila viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði eins og magnesíumframleiðslu hérlendis miðað við væntanlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni?*

Fyrirhuguð magnesíumverksmiðja á Reykjanesi með kalkbrennslu mun auka losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi um 12–13% miðað við grunnár 1990. Losun gróðurhúsalofttegunda árið 1998 er áætluð 10% umfram losun þessara lofttegunda árið 1990. Samkvæmt Kyoto-bókuninni eru losunarmörk fyrir Ísland á fyrsta losunartímbili árin 2008–2012 5,5 sinnum heildarlosun gróðurhúsalofttegundanna sex sem Kyoto-bókunin tekur til, eins og hún var árið 1990. Sé þessu jafnað á hvert ár er það 10% meiri losun á hverju ári losunartímabilsins en var á árinu 1990. Á þessu stigi er ólokið samningum um ýmis atriði Kyoto-samkomulagsins sem ráða mun miklu um það hvernig einstök ríki munu geta fullnægt skuldbindingum sínum. Í því sambandi má nefna bindingu kolefnis í gróðri, þ.e. bæði vegna skógræktar og landgræðslu, reglur um viðskipti með losunarkvóta og þátttöku þjóða í verkefnum sem minnka losun gróðurhúsalofttegunda í öðrum ríkjum í viðauka I við bókunina og þróunarríkjum. Auk þess er óráðið hvernig metin verða til losunarbókhalds einstök stórverkefni sem hafa hlutfallslega mikil áhrif á heildarlosun einstakra þjóða, sbr. 5. gr. d) í lokasamþykkt Kyoto-ráðstefnunnar. Öll þessi atriði gera það að verkum að erfitt er að meta á þessu stigi, ef til byggingar verksmiðjunnar kemur, hvaða áhrif það mun hafa á aðgerðir Íslands vegna Kyoto-samkomulagsins.

1511. Þingsályktun [568. mál]

um staðfestingu þriggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 968.

1512. Frumvarp til laga [445. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

A. Grunnskólakennarar og stjórnendur grunnskóla.

I. KAFLI

Starfsheiti.

1. gr.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. prófi frá Kennaraskóla Íslands;
2. B.Ed.-prófi eða hærri prófgráðu frá Kennaraháskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri;
3. BA-prófi, BS-prófi eða hærri prófgráðu frá Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri í kennslugrein sinni/kennslugreinum sínum ásamt fullgildu námi í kennslu- og uppeldisfræði til kennsluréttinda;
4. prófi frá tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík;
5. prófi frá teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands;
6. prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands;
7. prófi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands;
8. öðru jafngildu námi sem hefur að markmiði að veita undirbúning til kennslu á grunnskólastigi.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

3. gr.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

4. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 2. gr. skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

II. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningarreglur.

5. gr.

Til þess að verða ráðinn eða skipaður kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið námi skv. 2. gr. og öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr.

Kennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skal hafa forgang til kennslu í sinni grein/sínum greinum í 8.–10. bekk. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar.

6. gr.

Sveitarstjórn ræður og skipar kennara, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra við grunnskóla.

Heimilt er að skipa kennara sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár við grunnskóla með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

Grunnskólakennari á rétt á fastráðningu með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti eftir tveggja ára starf nema verklok séu fyrir fram ákveðin. Heimilt er þó að ráða grunnskólakennara ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá fyrsta degi ráðningar. Skólastjórar ráða stundakennara, sbr. 9. gr., með samþykki skólanefnda.

7. gr.

Til þess að verða ráðinn skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi og kennslureynslu á grunnskólastigi.

Heimilt er að skipa skólastjórnanda sem starfað hefur í a.m.k. tvö ár við grunnskóla, þar af eitt ár sem skólastjórnandi, með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar.

Við ráðningu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra skal tekið tillit til menntunar, kennsluferils, stjórnunarreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

8. gr.

Um ráðningu og skipun kennara og skólastjórnenda grunnskóla fer eftir ákvæðum laga þessara og laga nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugreinar, og aldursstig nemenda. Nú er heimilt að ráða stundakennara skv. 9. gr. og getur skólastjóri þá ráðið grunnskólakennara án undangenginnar auglýsingar. Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal setja leiðbeinandi reglur um umsóknareyðublöð og meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf.

9. gr.

Kennsla skal falin kennurum sem ráðnir eru eða skipaðir eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða:

1. ef um er að ræða minna en hálfa stöðu;
2. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga;
3. þann sem gegnir öðru launuðu aðalstarfi.

Stundakennara skv. 1. og 3. tölul. skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

10. gr.

Óheimilt er að ráða eða skipa aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla.

Nú sækir enginn grunnskólakennari samkvæmt lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

B. Framhaldsskólakennarar og stjórnendur framhaldsskóla.

III. KAFLI

Starfsheiti.

11. gr.

Rétt til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við framhaldsskóla, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra. Í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 90 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera í aðalgrein og 30 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 30 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda;
2. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 120 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu 60–90 einingar vera í aðalgrein og 30–60 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda;
3. námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda, enda hafi viðkomandi starfsreynslu og hafi haft nema í samningsbundnu námi, annars komi 30 eininga nám í kennslufræði;
4. öðru fagnámi sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og miðast við kennslu í framhaldsskóla ásamt 30 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda;
5. öðru jafngildu námi sem hefur að markmiði að veita undirbúning til kennslu á framhaldsskólastigi.

Þeir sem lokið hafa námi frá Kennaraskóla Íslands fullnægja kröfum um nám í kennslufræði til kennsluréttinda.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

13. gr.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

14. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. fullnægi skilyrðum 12. gr. skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

IV. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningarreglur.

15. gr.

Til þess að verða ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Miða skal við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem hann er menntaður á, sbr. ákvæði 11. og 12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skólameistara heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum eða minna á viku.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með talið um mat á menntun til kennslu í sérgreinum framhaldsskóla.

16. gr.

Framhaldsskólakennarar skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Skal sá frestur vera þrír mánuðir að loknum reynslutíma, nema um annað sé samið í kjarasamningi.

Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en tvö ár.

17. gr.

Við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi. Tekið skal tillit til menntunar, kennsluferils, stjórnunarreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

18. gr.

Um ráðningu skólastjórnenda og framhaldsskólakennara fer eftir ákvæðum laga þessara, laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal tilgreina í hvaða kennslugrein/kennslugreinum eða á hvaða sérsviði eru lausar stöður eða störf. Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, sbr. 2. mgr. 15. gr., án undangenginnar auglýsingar.

Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

19. gr.

Kennsla skal falin kennurum sem ráðnir hafa verið, sbr. 16. gr., eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða:

1. ef um er að ræða minna en ⅓ hluta starfs;
2. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga skemur en eina önn;
3. þann sem gegnir öðru aðalstarfi.

Stundakennara skv. 1. og 3. tölul. skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

20. gr.

Óheimilt er að ráða til kennslu við framhaldsskóla, sbr. 11. gr., aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn sem fullnægir ákvæðum þessara laga um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólameistari þá sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úr-

skurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar í slíkum tilvikum sé um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku eða minna, sbr. 15. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólameistari né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu framhaldsskólakennara í kennslustarf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann sem hefur sérmenntun í auglýstri kennslugrein.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

21. gr.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum og í sérstökum listnámsdeildum framhaldsskólanna.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1986.

1513. Þingsályktun [109. mál]

um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem geri tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna, en upplýsingar um misvægi í sérfræðiþjónustu, athygli kennara og námsárangri benda til að úrbóta sé þörf. Jafnframt geri nefndin tillögur um viðeigandi breytingar á kennaranámi.

1514. Lög [348. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1234 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem uppfyllti skilyrði 9. gr. b 1. janúar 1994 eða síðar, teljist tryggður hér á landi.

Umsókn um tryggingu samkvæmt heimild í þessu ákvæði skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en 1. júlí 2000.

1515. Frumvarp til áfengislaga [478. mál]

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að vinna gegn misnotkun áfengis.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst áfengi hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Efni þau sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika skal fara með sem áfengan drykk.

Vínandastyrkur sem hlutfall af rúmmáli áfengis skal mældur við 20°C.

3. gr.

Til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis þarf leyfi samkvæmt lögum þessum. Einnig þarf leyfi til að veita áfengi í samkvæmum öðrum en einkasamkvæmum.

Veita má einstaklingi eða lögaðila leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu eða framleiðslu áfengis, enda uppfylli hann þau almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu sem lögin áskilja. Leyfisveitanda er heimilt að binda leyfi skv. 1. mgr. sérstökum skilyrðum sem talin eru nauðsynleg til að tryggja öryggi og eftirlit með atvinnustarfseminni.

Leyfi sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum eru bundin við nafn og kennitölu leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að það varði ríkissjóð ekki skaðabótaskyldu þótt gildistími leyfis verði styttur eða skilyrðum leyfis á annan hátt breytt meðan það er í gildi.

4. gr.

Innflutningur, heildsala, smásala, veitingar og framleiðsla áfengis sem fram fer í atvinnuskyni án leyfis samkvæmt lögum þessum varðar refsingu skv. 27. gr.

Það varðar einnig refsingu skv. 27. gr., þótt ekki sé í atvinnuskyni:

a. að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu,
b. að selja áfengi,
c. að veita áfengi með öðrum hætti en heimilt er samkvæmt lögum þessum.

Ólöglegur innflutningur áfengis varðar refsingu samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Lögregla, tollgæsla og skattyfirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum. Um greiðslu löggæslukostnaðar vegna skemmtana sem fram fara á veitingastöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga fer samkvæmt lögreglulögum.

5. gr.

Leyfi til innflutnings, heildsölu, smásölu eða framleiðslu skal einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og sem tilkynnt hefur skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

Til að fá útgefið leyfi skv. 1. mgr. 3. gr., annað en leyfi til smásölu, skal umsækjandi vera orðinn 20 ára. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Framleiðslu-, innflutnings-, heildsölu- eða smásöluleyfishafa er skylt að halda, eftir því sem við á, framleiðslu-, birgða- og sölubókhald. Ráðherra setur nánari reglur um færslu bókhalds samkvæmt þessari málsgrein.

II. KAFLI
Framleiðsla áfengis.

6. gr.

Sækja skal um leyfi til framleiðslu áfengis til ríkislögreglustjóra.

Með framleiðslu áfengis er átt við hvers konar bruggun, gerjun eða eimingu áfengra drykkja, sem og blöndun eða átöppun eins eða fleiri áfengra drykkja. Til framleiðslu í þessum skilningi telst þó ekki blöndun áfengra drykkja sem á sér stað samtímis og sem hluti af veitingu áfengis.

Handhafa framleiðsluleyfis er jafnframt heimilt að selja áfengi í heildsölu.

Framleiðsluleyfi sem gefið er út til umsækjanda í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

7. gr.

Bannað er að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengi sem var ódrykkjarhæft, nema hafa til þess sérstakt leyfi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag leyfisveitinganna í reglugerð.

III. KAFLI
Innflutningur áfengis.

8. gr.

Sækja skal um leyfi til innflutnings áfengis í atvinnuskyni til ríkislögreglustjóra.

Innflutningsleyfi veitir leyfishafa jafnframt heimild til að selja eða afhenda innflutt áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Handhafa inn-

flutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar eða í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Innflutningsleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Innflutningsleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

IV. KAFLI
Sala áfengis.

9. gr.

Sækja skal um leyfi til að selja áfengi í heildsölu til ríkislögreglustjóra.

Handhafa heildsöluleyfis er heimilt að selja eða afhenda áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Handhafa heildsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Heildsöluleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Heildsöluleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

10. gr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu áfengis.

Sækja skal um leyfi til rekstrar áfengisútsölu til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Smásöluleyfi sem gefið er út vegna áfengisútsölu í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

11. gr.

Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til rekstrar áfengisútsölu skal hún leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu.

Sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölustaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði.

Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um leyfi sem hún veitir til rekstrar áfengisútsölu og um þau skilyrði sem leyfið er bundið.

12. gr.

Smásöluleyfishafi skal ábyrgjast fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðis þess sem hýsa á útsölustaðinn, afmörkun og aðgreiningu húsnæðis og rekstrar frá öðrum verslunarrekstri, sem og hámarksafgreiðslutíma. Ráðherra kveður nánar á um hámarksafgreiðslutíma og sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð.

Áfengisútsölustaðir skulu vera lokaðir á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

V. KAFLI
Veitingar áfengis.

13. gr.

Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga á veitingastað til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Leyfi til áfengisveitinga verður einungis veitt þeim sem hefur gilt veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði.

Áfengisveitingaleyfi sem gefið er út í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Sé leyfi endurnýjað má haga gildistíma þess með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af veitingarekstrinum, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

Taki nýr aðili við rekstri veitingastaðarins eða ef breytt er um heiti eða kennitölu leyfishafa skal sótt um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar má sveitarstjórn gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi.

Leyfishafi skal tilnefna stjórnanda sem annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á honum ásamt leyfishafa. Ef leyfishafi rekur fleiri en einn áfengisveitingastað skal slíkur stjórnandi tilnefndur fyrir hvern þeirra. Stjórnandi skal uppfylla skilyrði laga til að fá útgefið veitingaleyfi og vera orðinn 20 ára að aldri. Taki nýr stjórnandi við rekstri staðarins skal það tilkynnt lögreglustjóra og sveitarstjórn.

14. gr.

Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað skal hún afla umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar sem metur innréttingu og annað svipmót veitingarekstrar. Einnig skal sveitarstjórn leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnda. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Skal sveitarstjórn ákveða heimilan veitingatíma áfengis á hlutaðeigandi veitingastað, gildistíma og skilyrði leyfis.

Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum ef til gjaldþrotaskipta eða rekstrarstöðvunar kemur. Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð upphæð og skilmála tryggingarinnar. Skal miðað við að upphæð tryggingar sé í samræmi við umfang þess reksturs sem tryggingin nær til.

Heimilt er að synja útgáfu leyfis til áfengisveitinga þegar hlutaðeigandi skuldar skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð og samanlögð fjárhæð þessara skulda nemur hærri fjárhæð en 500.000 kr., eða ef hlutaðeigandi hefur á undanförnum fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brots á almennum hegningarlögum, lögum þessum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gjald af áfengi eða um tryggingagjald, og ástæðurnar eiga við:

a. umsækjanda sem er lögaðili með ótakmarkaðri ábyrgð eða einhvern eiganda hans,
b. umsækjanda sem er lögaðili með takmarkaðri ábyrgð, meiri hluta eigenda hans, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra,
c. umsækjanda sem er einstaklingur.

Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um þau leyfi sem hún veitir til áfengisveitinga á veitingastað og þau skilyrði sem leyfið er bundið.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, útgáfu leyfa, flokkun veitingastaða, húsnæði og búnað og eftirlit með starfsemi leyfishafa. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengis- og vímuvarnaráðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkislögreglustjóra.

15. gr.

Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga um borð í skráningarskyldu skipi til sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem heimahöfn skipsins er samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Leyfi til áfengisveitinga verður einungis veitt þeim sem uppfyllir skilyrði laga um veitinga- og gististaði til að fá útgefið veitingaleyfi.

16. gr.

Áður en veitt er leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi skal leitað umsagnar Siglingastofnunar Íslands.

Sé leyfi veitt nær það einungis til áfengisveitinga um borð í skipulögðum hópferðum innan landhelgi.

Að öðru leyti gilda ákvæði 13. gr. um umsókn um leyfi og gildistíma þess.

Heimilt er að veita leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í hópferð sem farin er af sérstöku tilefni. Ákvæði 1. og 2. mgr. og 1. mgr. 15. gr. gilda um slík leyfi.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum.

17. gr.

Heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að veita ábyrgðarmanni húsnæðis leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði:

a. hafi veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði,
b. annist á eigin ábyrgð alla sölu og veitingar áfengis hverju sinni,
c. annist sjálfur og greiði fyrir áfengi, aðrar veitingar og þjónustu sem gestum er látið í té.

Við útgáfu leyfa samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 3. og 4. mgr. 14. gr. eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að takmarka útgáfu leyfa ábyrgðarmanns húsnæðis við tiltekinn fjölda tilvika á hverju ári.

VI. KAFLI
Meðferð og neysla áfengis.

18. gr.

Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 20 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

19. gr.

Heimilt er að neita að veita eða afhenda manni áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum, húsnæði félagasamtaka eða öðrum þeim stöðum þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 13., 15. og 17. gr.

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi skv. 3. gr. er óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra gegn gjaldi eða öðru verðmæti.

Það varðar mann refsingu samkvæmt lögum þessum láti hann viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu. Sama gildir ef skip hans, bátur eða annað flutningstæki er með vitund og vilja hans notað til geymslu, flutnings

eða sölu ólöglegs áfengis. Með sama hætti skal refsa þeim sem hefur áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum laga þessara.

20. gr.

Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

21. gr.

Hver sá sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sama gildir þótt annar hafi haft með höndum starf framangreindra manna ef þeir áttu sjálfir að annast starfið en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlaust af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. áfengi þegar þeir eru að störfum.

23. gr.

Leiki vafi á hvort sakborningur skv. 21. og 22. gr. sé undir áhrifum áfengis skal bæði lögreglu og sakborningi heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn eða öndunarprófi sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. KAFLI
Leyfissviptingar, refsingar o.fl.

24. gr.

Leyfisveitandi skal afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum þeirra til að fá útgefið slíkt leyfi.

25. gr.

Verði handhafi leyfis sem gefið er út samkvæmt lögum þessum uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða hann uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal veita honum skriflega áminningu. Áminningu vegna leyfa sem gefin eru út af sveitarstjórn veitir viðkomandi sveitarstjórn eða lögreglustjóri, en ríkislögreglustjóri veitir áminningar vegna leyfa er hann hefur gefið út. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því að hún hefur verið birt leyfishafa.

Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er enn í gildi skal það varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Sveitarstjórn ber að svipta leyfi telji lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi að skilyrði 1. málsl. 2. mgr. séu uppfyllt. Ef vanræksla er stórfelld eða ítrekuð skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því.

26. gr.

Misbeiti veitingamaður sem leyfi hefur til áfengisveitinga leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli sem um áfengisveitingar gilda varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum.

Brot þjónustumanna og stjórnenda varða einnig refsingu samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum. Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi.

Innflutningur eða framleiðsla áfengis án leyfis varðar fangelsi auk sektar ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Sama gildir ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

28. gr.

Gera skal upptæk til ríkissjóðs öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti skal og gert upptækt ásamt ílátum.

Tæki sem talin eru í 7. gr., sem finnast hjá öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi, skulu gerð upptæk án tillits til þess hvort þau hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

Einnig skal gera upptækt:

a. áfengi sem ólöglega er flutt til landsins,
b. áfengi sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum,
c. áfengi sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum,
d. áfengi í vörslu þeirra sem brotlegir gerast skv. 21. gr.

VIII. KAFLI
Úrskurðarnefnd um áfengismál.

29. gr.

Heimilt er að bera ákvarðanir sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um áfengismál sem úrskurðar um ágreininginn.

Nefndin er sjálfstæð í störfum og verður úrskurðum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

30. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd um áfengismál til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af ríkislögreglustjóra og einn af félagsmálaráðherra sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

31. gr.

Mál skv. 1. mgr. 29. gr. skal borið skriflega undir úrskurðarnefnd um áfengismál.

Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Um meðferð mála hjá úrskurðarnefndinni fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

IX. KAFLI
Gildistaka.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998 að undanskildu ákvæði til bráðabirgða III er öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 82/1969, áfengislög, auk 3.–5. mgr. 2. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, framleiðslu eða veitingar áfengis sem veitt voru í gildistíð eldri laga halda gildi sínu. Um eftirlit, áminningar og leyfissviptingar fer eftir þessum lögum.

Sækja skal um smásöluleyfi fyrir þær áfengisútsölur sem starfræktar eru við gildistöku laganna til viðkomandi sveitarfélags innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

II.

Starf áfengisvarnaráðunautar verður lagt niður eigi síðar en 1. janúar 1999. Um réttindi hans fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Skrifstofa áfengisvarnaráðs verður lögð niður eigi síðar en 1. janúar 1999. Um réttindi starfsmanna áfengisvarnaráðs fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

III.

Fara skal með nýjar umsóknir um áfengisveitingaleyfi samkvæmt ákvæðum þessara laga.

IV.

Dómsmálaráðherra skal þegar í stað skipa sex manna nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Nefndin skal gera grein fyrir viðfangsefni sínu með hlutlausum hætti og kanna m.a. eftirfarandi þætti:

1. Skilgreindir verði kostir og gallar breytinga á áfengiskaupaaldri.
2. Könnuð verði reynsla annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri.
3. Kannað verði hvernig efla þyrfti forvarna- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi.
4. Metin verði áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár.
5. Metið verði hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór.
6. Meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0‰.

Nefndin verði skipuð eftirtöldum aðilum: einum fulltrúa tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einum tilnefndum af áfengiseftirlitsdeild ríkislögreglustjóra, einum tilnefndum af landlæknisembættinu, einum tilnefndum af landssamtökunum Heimili og skóli og einum tilnefndum af Félagi framhaldsskólanema. Dómsmálaráðherra skipar nefndinni formann án tilnefningar. Nefndin skal vinna í samráði við allsherjarnefnd og skal hún reglulega gera allsherjarnefnd grein fyrir störfum sínum.

Niðurstaða og skýrsla um starf nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

1516. Frumvarp til laga [394. mál]

um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að þjónusta við viðskiptavini sé vönduð, sem og upplýsingar sem gefnar eru viðskiptavinum um þá vöru sem á boðstólum er, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1517. Lög [347. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1033 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. Eftirfarandi tollskrárnúmer fellur brott úr A-lið viðaukans: 2106.9024.
b. Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr B-lið viðaukans: 2202.1002 og 2202.9002.
c. Eftirfarandi tollskrárnúmer fellur brott úr C-lið viðaukans: 8507.8000.
d. Eftirfarandi tollskrárnúmer bætast við C-lið viðaukans: 8507.8091 og 8507.8099.
e. Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr E-lið viðaukans: 8517.1901, 9303.2000, 9303.3000, 9305.2100, 9306.2100, 9306.2900, 9306.3009.

6. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:
Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem hafa verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.
Þrátt fyrir ákvæði laganna skal júnímánuður 1998 vera eitt uppgjörstímabil. Gjalddagi vegna þess uppgjörstímabils skal vera 15. september 1998. Um álagningu og aðra framkvæmd vörugjalds vegna þess uppgjörstímabils skal fara eftir ákvæðum laganna eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

1518. Lög [552. mál]

um bindandi álit í skattamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1233.

1519. Frumvarp til laga [547. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

Í stað orðanna „og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980“ í niðurlagi 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: líftryggingafélög, sbr. 23. gr. laga nr. 60/1994, og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Ef tilgreint er á kvittun til rétthafa vaxtanna að um sé að ræða upplýsingar sem færa beri á skattframtal og heildarfjárhæð skattskyldra vaxta er undir 10.000 kr. þarf þó ekki að láta yfirlit þetta í té að tekjuári liðnu, nema rétthafi óski sérstaklega eftir því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um afdrátt staðgreiðslu frá og með árinu 1998.

1520. Frumvarp til laga [553. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „eða teljast hafa af tekjur“ í 5. tölul. kemur: þar með talinn söluhagnað.
b. Á eftir orðinu „sérþekkingu“ í 6. tölul. kemur: svo og af söluhagnaði vegna slíkra eigna.
c. Á eftir orðinu „tekjur“ í 7. tölul. kemur: þar með talinn söluhagnað.

2. gr.

2. mgr. 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr., geta farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, annarra en eigin bréfa, um tvenn áramót frá söludegi. Sama gildir um einstaklinga í atvinnurekstri enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari málsgrein skal hann hækkaður eða lækkaður samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

4. gr.

8. tölul. 31. gr. laganna orðast svo: Þá fjárhæð sem hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og félög og samlög sem falla undir 2. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. hafa fengið greidda í arð skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ákvæði þetta skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hefur verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

5. gr.

Við 32. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Keypt viðskiptavild. Kaup á ófyrnanlegum réttindum skv. 50. gr. A teljast ekki til keyptrar viðskiptavildar.

6. gr.

Við 38. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Keypt viðskiptavild að lágmarki 10% en að hámarki 20%.

7. gr.

Við 52. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað vegna greiðslna, gjafa eða annars sem ólögmætt er skv. 109. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, til manna sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa á sviði löggjafarvalds, dómsvalds eða stjórnsýslu, hvort heldur er á Íslandi eða í öðrum ríkjum eða hjá alþjóðasamtökum og stofnunum sem þjóðríki, ríkisstjórnir eða alþjóðastofnanir eru aðilar að.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „33%“ í 1. mgr. kemur: 30%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „41%“ í 2. mgr. kemur: 38%.
c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal tekjuskattur þeirra lögaðila er greinir í 3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. af fengnum arði skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. vera 10% af þessum tekjum.
d. Í stað orðanna „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.

9. gr.

Orðið „innlendum“ í 1. mgr. 78. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess.

1521. Frumvarp til laga [619. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á orðskilgreiningum 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sbr. viðauka II við lög þessi“ í skilgreiningu orðsins *Tollabinding* kemur: sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherrayfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem undirrituð var í Singapore 13. desember 1996, sbr. viðauka IIC við lög þessi.
b. Orðin „Póst- og símamálastofnunarinnar eða annað sambærilegt gagnaflutningsnet“ í skilgreiningu orðsins *Gagnaflutningsnet* falla brott.

2. gr.

Í stað orðanna „IIA og IIB“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: IIA, IIB og IIC.

3. gr.

Í stað orðsins „sölugengi“ hvarvetna í 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: viðmiðunargengi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ábyrgð umboðsaðila eða rekstraraðila frísvæðis eða tollvörugeymslu fellur þó niður hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda vöru hjá tollstjóra, nema umboðs- eða rekstraraðili hafi ekki haft heimild frá innflytjanda eða viðtakanda til skuldfærslunnar eða ef umboðs- eða rekstraraðili vissi eða mátti vita að upplýsingar sem veittar voru í tengslum við tollafgreiðslu væru rangar eða ófullnægjandi.
b. Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 16. gr.
c. Orðin „enda ábyrgist umboðsaðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda“ í 3. málsl. 3. mgr. falla brott.
d. 6. mgr. orðast svo:

Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðsluna. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau ef þess er óskað.

e. 7. mgr. orðast svo:
Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er bókhaldsskyldur skal hann varðveita skrifleg gögn er varða innflutning og tollafgreiðslu í samræmi við ákvæði laga um bókhald, nr. 145/1994, og fyrirmæli sett samkvæmt þeim lögum. Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er ekki bókhaldsskyldur skulu tollstjóra afhent öll skrifleg gögn er snerta tollmeðferð vöru.
f. Í stað orðsins „póststofnunar“ í 9. mgr. kemur: póstþjónustuaðila.

5. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tollyfirvaldi heimilt að taka við pro forma reikningum eða viðskiptareikningum í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, til dæmis þegar um persónulega muni er að ræða.

6. gr.

2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Að tillögu ríkistollstjóra getur ráðherra ákveðið að einn þeirra skuli vera staðgengill ríkistollstjóra. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Ríkistollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.

8. gr.

4. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Tollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

9. gr.

Við 38. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Um kærur til ríkistollanefndar og störf hennar fer eftir ákvæðum 101. og 102. gr.

10. gr.

39. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:
Skipun tollvarða og ráðning tollstarfsmanna.
Tollstjórar og ríkistollstjóri skipa tollverði til fimm ára í senn og ráða aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá tollskóla eða hlotið sambærilega menntun. Tollverðir og aðrir tollstarfsmenn starfa í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.
Tollstjórum og ríkistollstjóra er heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Jafnframt er tollstjóra og ríkistollstjóra heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu skv. 1. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann.

11. gr.

Orðin „sem ákveður um framhald málsins“ í 3. málsl. 1. mgr. 50. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Í stað orðsins „Póststjórnin“ í 68. gr. laganna kemur: Póstþjónustuaðili.

13. gr.

1. málsl. 4. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.

14. gr.

Orðin „eða innan 60 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum skv. 99. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 100. gr. laganna falla brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr.“ í 1. mgr. kemur: úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ríkistollstjóri getur kært úrskurð tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurð tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.
c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og heimildum tollflokkun, tollverð eða álagning séu byggð.
d. 11. mgr. fellur brott.

16. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnun“ og „hún“ í 1. mgr. 107. gr. laganna kemur: Póstþjónustuaðili, og: hann.

17. gr.

1. og 2. mgr. 111. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda eða viðtakanda vöru.

Nú kemur annar en innflytjandi eða viðtakandi vöru fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda *in solidum* ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð umboðsmanns fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda, sbr. þó 4. málsl. 1. mgr. 14. gr.

18. gr.

Í stað orðanna „afhent farmflytjanda eða öðrum vörsluaðila til útflutnings“ í 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: flutt úr landi.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. 5. málsl. 2. mgr. fellur brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
Sé útflytjandi framleiðsluvara annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

20. gr.

Tollskrárnúmerið 8507.8010 í viðauka I með lögunum orðast svo:

		A %	E %
8507.8010 — —	Rafgeymar sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	0	

21. gr.

Við viðauka II með lögunum bætist nýr kafli, Viðauki IIC, Tollabindingar, er orðast svo:

Viðauki IIC

Listi sem tilgreinir tollabindingar samkvæmt ráðherrayfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem gerð var í Singapore 13. desember 1996.

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur %
3818	3818.0000	**Kemísk frumefni efnabætt til nota í rafeindatækni, sem diskar, þynnur eða í áþekku formi; kemísk sambönd efnabætt til nota í rafeindatækni**	0
6815		**Vörur úr steini eða öðrum jarðefnum (þar með taldar kolefnistrefjar, vörur úr kolefnistrefjum og vörur úr mó), ót.a.:** – Aðrar vörur: -- Annars: --- Aðrar:	
úr	6815.9909	---- Kvarts hvarfarör og höldur, hannað til innsetningar í samruna- og oxunarofna til framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
7017		**Glervörur fyrir rannsóknarstofur og til hjúkrunar og lækninga, einnig með rúmmálsmerkingum eða rúmtaksréttingum:**	
	7017.1000	– Úr glæddu kvartsi eða öðrum glæddum kísil	0
7020		**Aðrar vörur úr gleri:** – Annars:	
úr	7020.0009	-- Kvarts hvarfarör og höldur, hannað til innsetningar í samruna- og oxunarofna til framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
8208		**Hnífar og skurðarblöð í vélar eða vélræn tæki:** – Annað:	
úr	8208.9000	-- Í vélar til að saga einkristals hálfleiðarasúlur í sneiðar eða hálfleiðaraþynnur í flögur	0
úr	8208.9000	-- Í vélar til að strika eða marka í hálfleiðaraþynnur.....	0
8419		**Vélbúnaður, vélakostur eða búnaður fyrir rannsóknarstofur, einnig rafmagnshitaður, til vinnslu á efnum með aðferðum sem fela í sér hitabreytingu, svo sem með hitun, suðu, stiknun, eimingu, hreinsun, dauðhreinsun, gerilsneyðingu, eimvætingu, þurrkun, uppgufun, gufugerð, þéttingu eða kælingu, þó ekki vélbúnaður eða vélakostur til heimilisnota; hrað- eða geymavatnshitarar, ekki fyrir rafmagn:** – Annar vélbúnaður, vélakostur og tæki: -- Annars: --- Annað:	
úr	8419.8909	---- Tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8419.8909	---- Tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu ..	0
úr	8419.8909	---- Tæki til snögghitunar hálfleiðaraþynna.....	0
		– Hlutar:	
úr	8419.9000	-- Til tækja til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8419.9000	-- Til tækja til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu..	0
úr	8419.9000	-- Til tækja til snögghitunar hálfleiðaraþynna	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
8421		**Miðflóttaaflsvindur, þar með taldir miðflóttaaflsþurrkarar; vél- og tækjabúnaður til síunar eða hreinsunar á vökva og lofttegundum:**	
		– Hlutar:	
		–– Til miðflóttaaflsvindna, þar með talið miðflóttaaflsþurrkara:	
úr	8421.9100	––– Hlutar í miðflóttaaflsþurrkara til nota við aðvinnslu hálfleiðaraþynna	0
úr	8421.9100	––– Hlutar í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur	0
		–– Aðrir:	
úr	8421.9900	––– Í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur	0
8424		**Vélræn tæki (einnig fyrir handafl) til sprautunar, dreifingar eða úðunar á vökvum eða dufti; slökkvitæki, einnig hlaðin; úðabyssur og áþekk tæki; gufu- eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar:**	
		– Gufu- eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar :	
úr	8424.3000	–– Til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
		– Önnur tæki:	
		–– Annars:	
úr	8424.8900	––– "Deflash" vélar til að hreinsa og fjarlægja óhreinindi af málmleiðslum í hálfleiðarapökkum fyrir rafhúðunarmeðferð	0
úr	8424.8900	––– Úðunartæki til ætingar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8424.8900	––– Vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur	0
		– Hlutar:	
úr	8424.9000	–– Hlutar í vélar og tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8424.9000	–– Hlutar í úðunartæki til ætingar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8424.9000	–– Hlutar í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðaraþynnur	0
8428		**Annar vélbúnaður til lyftingar, meðhöndlunar, hleðslu eða losunar (t.d. lyftur, rennistigar, færibönd, togbrautir):**	
		– Aðrar sívinnslulyftur og -færibönd, fyrir vörur eða efni:	
		–– Annars:	
úr	8428.3900	––– Sjálfvirkur búnaður til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl.	0
		– Annar vélbúnaður:	
		–– Annar:	
úr	8428.9009	––– Sjálfvirkur búnaður til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl.	0
8431		**Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til vélbúnaðar í nr. 8425-8430:**	
		– Til vélbúnaðar í nr. 8428:	
		–– Aðrir:	
úr	8431.3900	––– Hlutar í sjálfvirkan búnað til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum og hylkjum o.fl.	0
úr	8431.3900	––– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		– Til vélbúnaðar í nr. 8426, 8429 eða 8430:	
		-- Aðrir:	
úr	8431.4900	--- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8456		**Vélar til smíða úr hvers konar efni með efnistöku, með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageisla, hátíðni-, rafhleðslu-, rafkemískri-, rafeindageisla-, jóngeisla- eða plasmabogaaðferð:**	
		– Sem vinna með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum:	
		-- Vélar til að bora eða skera málma og önnur hörð efni með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum:	
úr	8456.1001	--- Við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
		-- Aðrar:	
úr	8456.1009	--- Við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
		– Aðrar:	
	8456.9100	-- Til þurrætingar mynsturs á hálfleiðaraefni	0
		-- Annars:	
		--- Smíðavélar sem vinna með rafgreiningaraðferð:	
úr	8456.9901	---- Tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
		--- Aðrar:	
úr	8456.9909	---- Skerpustilltir jóngeislafræsarar til framleiðslu eða viðgerðar á möskum eða þráðum á mynstri á hálfleiðarabúnaði	0
úr	8456.9909	---- Tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8456.9909	---- Leysigeisla skurðtæki til að skera tengiraufar í hálfleiðaraefni	0
8466		**Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega má nota við vélar í nr. 8456-8465, þar með taldar efnis- eða verkfærafestingar, sjálfopnandi skurðarhausar, deilihausar og annar sérhæfður aukabúnaður fyrir smíðavélar; verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri:**	
		– Annað:	
		-- Til véla í nr. 8456-8461:	
úr	8466.9300	--- Hlutar í skerpustillta jóngeislafræsara til framleiðslu eða viðgerðar á möskum eða þráðum á mynstri á hálfleiðarabúnaði	0
úr	8466.9300	--- Hlutar í tæki sem vinna með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum við framleiðslu á hálfleiðaraþynnum	0
úr	8466.9300	--- Hlutar í tæki til þurrætingar mynsturs á hálfleiðaraefni	0
úr	8466.9300	--- Hlutar í tæki til hreinsunar á hálfleiðaraþynnum	0
8469		**Ritvélar, þó ekki prentarar í nr. 8471; ritvinnsluvélar:**	
		– Sjálfvirkar ritvélar og ritvinnsluvélar:	
	8469.1100	-- Ritvinnsluvélar	0
8470		**Reiknivélar og vélar í vasastærð til skráningar, endurskila og sýningar gagna, með reikniverki; bókhaldsvélar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og áþekkar vélar, með reikniútbúnaði; stimpilpeningakassar:**	0
8471		**Sjáfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar fyrir segulletur eða ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ót.a.:**	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
8472		**Aðrar skrifstofuvélar (t.d. fjölritarar eða stensilvélar, áritunarvélar, sjálfvirkir peningaseðlaskammtarar, myntflokkunar-, mynttalningar- eða myntpökkunarvélar, blýantsyddarar, götunar- eða heftivélar):**	
		– Annars:	
úr	8472.9000	–– Sjálfvirkar talningsvélar	0
8473		**Hlutar og fylgihlutir (þó ekki hlífar, handtöskur og þess háttar), sem eingöngu eða aðallega má nota til véla í nr. 8469-8472:**	0
8479		**Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
	8479.5000	– Vélmenni til iðnaðar, ót.a.	0
		– Aðrar vélar og vélræn tæki:	
		–– Annars:	
		––– Annað:	
úr	8479.8909	–––– Tæki til að vekja eða draga í einkristals hálfleiðara súlur (boules)	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til útfellinga kristalla í hálfleiðaraþynnur	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
úr	8479.8909	–––– Búnaðar til samsetningar á hálfleiðurum í hylki	0
úr	8479.8909	–––– Vélar til að beygja, brjóta saman og rétta hálfleiðaraþynnur	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8479.8909	–––– Sjálfvirkar vélar til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum, kössum og öðrum efnum til hálfleiðarabúnaðar	0
úr	8479.8909	–––– Mótafestibúnaður fyrir votætingu, sjálfvirka límbindingu og vírbindingu vegna samsetningar á hálfleiðurum	0
úr	8479.8909	–––– Mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
úr	8479.8909	–––– Tæki til rannsókna á hálfleiðaraþynnum	0
		– Hlutar:	
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til að vekja eða draga í einkristals hálfleiðara súlur (boules)	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til útfellinga kristalla í hálfleiðaraþynnur	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
úr	8479.9000	–– Hlutar til búnaðar til samsetningar á hálfleiðurum í hylki	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í vélar til að beygja, brjóta saman og rétta hálfleiðaraþynnur	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í sjálfvirkar vélar til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusnældum, kössum og öðrum efnum til hálfleiðarabúnaðar	0
úr	8479.9000	–– Hlutar í mótafestibúnað fyrir votætingu, sjálfvirka límbindingu og vírbindingu vegna samsetningar á hálfleiðurum	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
úr	8479.9000	-- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
úr	8479.9000	-- Hlutar í tæki til rannsókna á hálfleiðaraþynnum	0
8504		**Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:**	
	8504.4000	- Stöðustraumbreytar	0
úr	8504.4000	-- Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hluta til þeirra og fjarskiptatækja	0
	8504.5000	- Önnur spankefli	0
úr	8504.5000	-- Til aflgjafa fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hluta til þeirra og fjarskiptatækja	0
		- Hlutar:	
úr	8504.9000	-- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8517		**Raftækjabúnaður fyrir talsíma eða ritsíma, á línu, þar með talið línusímtæki með þráðlausu handtóli og fjarskiptatækjabúnaður við burðarbylgjusímakerfi á línu eða við stafræn línukerfi; myndsímar:**	0
8518		**Hljóðnemar og standar fyrir þá; hátalarar, einnig í hátalaraboxi; heyrnartól, eyrnatól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett; rafmagnsheyrnartíðnimagnarar; rafmagnshljóðmagnarasett:**	
		- Hljóðnemar og standar fyrir þá:	
úr	8518.1000	-- Hljóðnemar með tíðni á sviðinu 300 Hz til 3,4 KHz, að þvermáli ekki meira en 10 mm og hæð ekki meira en 3 mm, til nota við fjarskipti	0
		- Hátalarar, einnig í hátalaraboxi:	
		-- Einfaldir hátalarar, í boxi:	
		--- Aðrir:	
úr	8518.2109	---- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)	0
		-- Margfaldir hátalarar, uppsettir í einu boxi:	
		--- Aðrir:	
úr	8518.2209	---- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)	0
		-- Aðrir:	
úr	8518.2900	--- Hátalarar, ekki uppsettir í boxi, með tíðni á sviðinu 300 Hz til 3,4 KHz, að þvermáli ekki meira en 50 mm, til nota við fjarskipti	0
úr	8518.2900	--- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)	0
		- Heyrnartól, eyrnartól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett:	
úr	8518.3000	-- Handtól fyrir línusímtæki	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		– Hlutar:	
úr	8518.9000	–– Til margmiðlunarviðbæta fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)....	0
úr	8518.9000	–– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8520		**Segulbandsupptökutæki og önnur hljóðupptökutæki, einnig með búnaði til endurskila á hljóði:**	
	8520.2000	– Símsvarar	0
8521		**Myndupptökutæki eða myndflutningstæki (video), einnig með innbyggðum myndmóttakara (video tuner):**	
		– Önnur:	
		–– Annað:	
		––– Annars:	
úr	8521.9029	––––– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins.....	0
8522		**Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega eru nothæfir til tækjabúnaðar í nr. 8519-8521:**	
		– Annað:	
úr	8522.9000	–– Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8523		**Fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla:**	
		– Segulbönd:	
		–– Ekki yfir 4 mm að breidd:	
	8523.1101	––– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		––– Myndbönd:	
úr	8523.1102	––––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		––– Önnur:	
úr	8523.1109	––––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		–– Meira en 4 mm til og með 6,5 mm að breidd:	
	8523.1201	––– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		––– Myndbönd:	
úr	8523.1202	––––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		––– Önnur:	
úr	8523.1209	––––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		–– Meira en 6,5 mm að breidd:	
	8523.1301	––– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		––– Myndbönd:	
úr	8523.1302	––––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		––– Önnur:	
úr	8523.1309	––––– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		– Seguldiskar:	
	8523.2001	–– Fyrir vélar í nr. 8471	0
		–– Aðrir:	
úr	8523.2009	––– Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli	0
		– Aðrir:	
úr	8523.9000	–– Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
8524		**Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37. kafla:**	
		– Diskar fyrir leysileskerfi:	
		-- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd:	
	8524.3101	--- Fyrir vélar í nr. 8471	0
		--- Aðrir:	
úr	8524.3109	---- Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli	0
		-- Aðrir:	
		--- Með íslensku efni:	
		---- Með tónlist:	
úr	8524.3911	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með leikjum:	
úr	8524.3912	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með kennsluefni:	
úr	8524.3913	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Aðrir:	
úr	8524.3919	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		--- Með erlendu efni:	
		---- Með tónlist:	
úr	8524.3921	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með leikjum:	
úr	8524.3922	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með kennsluefni:	
úr	8524.3923	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		---- Aðrir:	
úr	8524.3929	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		– Segulbönd til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd:	
	8524.4001	-- Fyrir vélar í nr. 8471	0
		-- Aðrir:	
úr	8524.4009	--- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
		– Annað:	
		-- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd:	
	8524.9101	--- Fyrir vélar í nr. 8471	0
		--- Aðrir:	
úr	8524.9109	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
		-- Annars:	
		--- Með íslensku efni:	
		---- Með tónlist:	
úr	8524.9911	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með leikjum:	
úr	8524.9912	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með kennsluefni:	
úr	8524.9913	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Aðrir:	
úr	8524.9919	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		--- Með erlendu efni:	
		---- Með tónlist:	
úr	8524.9921	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Með leikjum:	
úr	8524.9922	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
	----	Með kennsluefni:	
úr	8524.9923	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
		---- Aðrir:	
úr	8524.9929	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél	0
8525		**Senditæki fyrir firðtal, loftskeytasendingar, útvarpssendingar eða sjónvarp, einnig með móttökubúnaði eða hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði; sjónvarpsmyndavélar; myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar:**	
		– Senditæki:	
	8525.1001	-- Til neyðarsendinga, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins	0
		-- Önnur:	
úr	8525.1009	--- Senditæki önnur en fyrir útvarps- eða sjónvarpssendingar	0
		– Senditæki búin móttökubúnaði:	
	8525.2001	-- Til neyðarsendinga og móttöku, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins	0
	8525.2009	-- Önnur	0
		– Myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar:	
úr	8525.4000	-- Stafrænar myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir	0
8527		**Móttökutæki fyrir firðtal, loftskeytasendingar eða útvarpssendingar, einnig sambyggð, í sama hylki, með hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði eða klukku:**	
		– Útvarpsviðtæki sem geta gengið án ytri orkugjafa, þar með talin tæki sem einnig geta tekið á móti firðtali og loftskeytasendingum:	
		-- Önnur:	
úr	8527.1900	--- Boðtæki	0
		– Önnur tæki:	
		-- Sérhönnuð viðtæki fyrir neyðarmerki frá skipum og flugvélum:	
úr	8527.9001	--- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar	0
		-- Fyrir firðtal eða loftskeytasendingar:	
úr	8527.9002	--- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar	0
		-- Annað:	
úr	8527.9009	--- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar	0
8528		**Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða -flutningsbúnaði; myndskjáir (video monitors) og myndvörpur (video projectors):**	
		– Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða -flutningsbúnaði:	

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		-- Fyrir lit:	
		--- Fyrir sjónvarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins:	
úr	8528.1201	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		--- Sjónvarpsviðtæki, með sambyggðum myndbands-upptökubúnaði:	
úr	8528.1202	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		--- Önnur:	
úr	8528.1209	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		-- Fyrir svart og hvítt eða einlit:	
		--- Fyrir sjónarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins:	
úr	8528.1301	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		--- Sjónvarpsviðtæki, með sambyggðum myndbands-upptökubúnaði:	
úr	8528.1302	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		--- Önnur:	
úr	8528.1309	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
		– Myndskjáir:	
		-- Fyrir lit:	
	8528.2101	--- Skjáir (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar	0
		-- Fyrir svart og hvítt eða einlit:	
	8528.2201	--- Skjáir (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar	0
		– Myndvörpur:	
		-- Fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegar eru við gagnavinnsluvélar:	
	8528.3001	--- Til nota með sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og sem geta sýnt stafrænar upplýsingar frá miðstöðinni	0
8529		**Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8525-8528:**	
		– Loftnet og loftnetsdiskar hvers konar; hlutar nothæfir til þeirra:	
	8529.1001	-- Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1201 og 8528.1301	0
		-- Annars:	
úr	8529.1009	--- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
		– Aðrir:	
	8529.9001	-- Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1201, 8528.1301, 8528.2101, 8528.2201 og 8528.3001	0
		-- Annars:	
úr	8529.9009	--- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8531		**Rafmagnshljóðtæki eða rafmagnsljósmerkjatæki (t.d. bjöllur, sírenur, merkjatöflur, innbrota- eða bruna-viðvörunarkerfi), þó ekki vörur í nr. 8512 eða 8530:**	
	8531.2000	– Merkjatöflur búnar vökvakristalsbúnaði (LCD) eða ljósdíóðum (LED)	0
		– Hlutar:	
úr	8531.9000	-- Til tækja í nr. 8531.2000	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
8536		**Raftækjabúnaður til að tengja, rjúfa eða vernda rafrásir, eða til tengingar við eða í rafrásum (t.d. rofar, rafliðar, vör, yfirspennuafrásir, klær, tenglar, lampafalir, greinikassar), fyrir 1000 volta spennu eða minni:**	
		– Aðrir rofar:	
úr	8536.5000	–– Rafeinda riðstraumsrofar samsettir úr optískum inn- og úttaksrásum (Insulated thyristor AC switches)	0
úr	8536.5000	–– Rafeindarofar, þ.m.t. hitavarðir rafeindarofar, samsettir úr smára og rökrás (chip-on-chip technology)	0
úr	8536.5000	–– Rafvélrænir smellurofar fyrir straum til og með 11 amperum	0
		– Lampafalir, klær og tenglar:	
		–– Annað:	
úr	8536.6900	–– Klær og tenglar fyrir samása kapla og prentrásir	0
		– Annar búnaður:	
úr	8536.9000	–– Til tækja til að mæla og prófa hálfleiðaraþynnubúnað	0
8538		**Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8535, 8536 eða 8537:**	
		– Aðrir:	
úr	8538.9000	–– Til tækja til að mæla eða greina hálfleiðaraþynnur eða -búnað	0
úr	8538.9000	–– Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
8540		**Varmaskauts-, kaldskauts- eða ljósskautsrafeinda-lokar og -lampar (t.d. lofttæmdir eða gufu- eða gas-fylltir lokar og lampar, kvikasilfursafriðilslokar og -lampar, sjárör, sjónvarpsmyndavélalampar):**	
		– Sjárör fyrir sjónvarpsmynd, þar með talið sjárör fyrir myndbandsskjái:	
		–– Fyrir lit:	
úr	8540.1100	––– Í útstöðvar fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar	0
		–– Fyrir svart og hvítt eða einlit:	
úr	8540.1200	––– Í útstöðvar fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar	0
		– Sjónvarpsmyndavélalampar; myndbreytar og myndskerpar; aðrir myndlampar:	
úr	8540.2000	–– Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar	0
	8540.4000	– Gagna-/grafasjárör, fyrir lit, með fosfórpunktaskjábili minna en 0,4 mm	0
	8540.5000	– Gagna-/grafasjárör, fyrir svart og hvítt eða einlit	0
		– Önnur sjárör:	
úr	8540.6000	–– Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar	0
8543		**Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
		– Rafeindahraðlar (particle accelerators):	
	8543.1100	–– Jónvísar (ion implanters) til íblöndunar í hálfleiðara-efni	0
		– Vélar og tækjabúnaður til rafhúðunar, rafsundrunar eða rafdráttar:	
úr	8543.3000	–– Tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
		– Aðrar vélar og tækjabúnaður:	
	8543.8100	–– Nándarkort og -spjöld (proximity cards and tags)	0
		–– Annað:	
		––– Heimilistæki:	
úr	8543.8901	———– Rafmagnstæki með þýðingar- eða orðabókarvirkni	0
		––– Annars :	
úr	8543.8909	———– Rafmagnstæki með þýðingar- eða orðabókarvirkni	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		– Hlutar:	
		–– Aðrir:	
úr	8543.9009	––– Hlutar í jónvísa (ion implanters) til íblöndunar í hálfleiðaraefni	0
úr	8543.9009	––– Hlutar til tækja til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
úr	8543.9009	––– Hlutar í tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr	8543.9009	––– Hlutar í tæki til að skyndihita þynnur	0
úr	8543.9009	––– Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
8544		**Einangraður (þar með talinn gljábrenndur eða skauthúðaður) vír, kaplar (þar með taldir samása kaplar) og aðrir einangraðir rafleiðarar, einnig með tengihlutum; ljósleiðarar úr sérslíðruðum trefjum, einnig búnir rafleiðurun eða með tengihlutum:**	
		– Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir 80 V spennu eða minni:	
		–– Með tengihlutum:	
		––– Annars:	
úr	8544.4109	––––– Til nota með samskiptabúnaði	0
		–– Annars:	
		––– Annars:	
úr	8544.4909	––––– Til nota með samskiptabúnaði	0
		– Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir meira en 80 V spennu til og með 1000 V:	
		–– Með tengihlutum:	
		––– Annars:	
úr	8544.5109	––––– Til nota með samskiptabúnaði	0
	8544.7000	– Ljósleiðarar	0
9006		**Ljósmyndavélar (þó ekki fyrir kvikmyndir); leiftur-tæki til ljósmyndunar og leifturlampar, þó ekki úr-hleðslulampar í nr. 8539:**	
	9006.1000	– Myndavélar til að búa til prentplötur eða prentvalsa	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
		–– Aðrir:	
úr	9006.9900	––– Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
9009		**Ljósritunarvélar með innbyggðu optísku kerfi eða fyrir snertiaðferð og varmaafritunarvélar:**	
		– Rafstöðuljósritunarvélar:	
	9009.1100	–– Sem gera eftirmynd frumritsins beint (beinn ferill)	0
		– Aðrar ljósritunarvélar:	
	9009.2100	–– Með innbyggðu optísku kerfi	0
	9009.9000	– Hlutar og fylgihlutir	0
9010		**Tæki og búnaður til nota í ljósmyndavinnustofur (einnig kvikmyndavinnustofur) (einnig tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni), ót.a. í þessum kafla; negatívusjár; sýningartjöld:**	
		– Tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni:	
	9010.4100	–– Tæki til beinritunar á þynnur	0
	9010.4200	–– Endurtökuraðarar (step and repeat aligners)	0
	9010.4900	–– Önnur	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9010.9000	-- Til tækja í nr. 9010.4100 til 9010.4900	0
9011		**Sambyggðar optískar smásjár, einnig til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar:**	
		– Þrívíddarsmásjár:	
úr	9011.1000	-- Með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
		– Aðrar smásjár til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar:	
úr	9011.2000	-- Smásjár til örmyndatöku með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9011.9000	-- Til þrívíddarsmásjáa með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
úr	9011.9000	-- Til smásjáa til örmyndatöku með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
9012		**Smásjár, þó ekki optískar smásjár; ljósbylgjutæki:**	
		– Smásjár, þó ekki optískar smásjár, og ljósbylgjutæki:	
úr	9012.1000	-- Rafeindageislasmásjár með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9012.9000	-- Til rafeindageislasmásjáa með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum	0
9013		**Vökvakristalsbúnaður annar en sá sem nánar er gerð grein fyrir í öðrum völuliðum; leysitæki, þó ekki leysidíóður; önnur optísk tæki og áhöld, ót.a. í þessum kafla:**	
	9013.2000	– Leysitæki, þó ekki leysidíóður	0
	9013.8000	– Annar búnaður, tæki og áhöld	0
	9013.9000	– Hlutar og fylgihlutir	0
9017		**Áhöld til teiknunar, afmörkunar eða útreiknings (t.d. teiknivélar, uppdráttaafritarar (pantographs), gráðubogar, teikniáhaldasamstæður, reiknistokkar, reiknískífur); handáhöld til lengdarmælinga (t.d. málstokkar og málbönd, örkvarðar, rennimál), ót.a. í þessum kafla:**	
		– Teikniborð og teiknivélar, einnig sjálfvirkt:	
úr	9017.1000	-- "Plotterar"	0
		– Önnur áhöld til teiknunar, afmörkunar eða útreiknings:	
úr	9017.2000	-- Mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9017.9000	-- Til mynsturgerðartækja til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
9026		**Áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða prófa flæði, hæð, þrýsting eða aðrar breytur í vökvum eða gasi (t.d. rennslismælar, vökvahæðarmælar, þrýstimælar, varmanotkunarmælar), þó ekki áhöld og tækjabúnaður í nr. 9014, 9015, 9028 eða 9032:**	0

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Hámarkstollur
9030		**Sveiflusjár, litrófsgreiningartæki og önnur áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða prófa rafmagnsstærðir, þó ekki mælar í nr. 9028; áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða greina alfa-, beta-, gamma-, röntgen-, geim- eða aðra jónandi geislun:**	
	9030.4000	– Önnur áhöld og tækjabúnaður, sérstaklega hannað fyrir fjarskipti (t.d. milliheyrslumælar, mögnunarmælar, bjögunarmælar, sófómælar)	0
		– Önnur áhöld og tækjabúnaður:	
	9030.8200	–– Til að mæla eða greina hálfleiðaraþynnur eða -búnað	0
		– Hlutar og fylgihlutir:	
úr	9030.9000	–– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar í nr. 9030.8200	0
9031		**Áhöld, tækjabúnaður og vélar til mælinga eða prófana, ót.a. í þessum kafla; sniðmyndavörpur:**	
		– Önnur optísk áhöld og tækjabúnaður:	
	9031.4100	–– Til skoðunar á hálfleiðaraþynnum eða -búnaði eða til skoðunar á myndmöskum eða þráðum til framleiðslu á hálfleiðarabúnaði	0
		–– Annars:	
úr	9031.4900	––– Til mælinga á yfirborðsagnamengun hálfleiðaraþynna	0
		– Hlutar og fylgihlutar:	
úr	9031.9000	–– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar í nr. 9031.4100	0
úr	9031.9000	–– Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar til mælinga á yfirborðsagnamengun hálfleiðaraþynna	0

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1522. Frumvarp til laga [620. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skylt er að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu verk sem áætlað er að nemi a.m.k. því verðmæti án virðisaukaskatts sem getið er um í 1. og 2. tölul. þessarar málsgreinar.

1. 5.150.548 evrópskra mynteininga (ECU), enda er ekki um að ræða verk sem falla undir 2. tölul.
2. 5.000.000 ECU þegar um verk er að ræða sem falla undir viðauka við lög þessi og þau eru boðin út af aðila sem fellur undir 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. Sama gildir þegar þessir aðilar bjóða út verk sem tengjast byggingarframkvæmdum fyrir sjúkrahús, mannvirkjum til íþrótta- og tómstundaiðkunar, byggingarframkvæmdum við skóla og háskóla og byggingarframvæmdum fyrir stjórnsýslu.

b. 2. mgr. orðast svo:
Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem auglýst hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA og í gildi var þann dag sem auglýsing skv. 24. gr. var send til birtingar.

c. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:
Fjárhæð viðmiðunarmarka í ECU skv. 1. tölul. 1. mgr. breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á gengi ECU gagnvart SDR, í fyrsta skipti 1. janúar 2000.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Nái áætlað heildarverðmæti verksins þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 22. gr. er skylt að bjóða út einstaka verkáfanga á Evrópska efnahagssvæðinu.

b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ekki þarf þó að bjóða út einstaka áfanga sem að verðmæti nema allt að 1 milljón ECU án virðisaukaskatts, enda nái verðmæti þessara áfanga ekki 20% af áætluðu heildarverðmæti verksins.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Aðili skv. 1. gr. skal tilkynna með auglýsingu þá ákvörðun sína að gera sérleyfissamning um verkframkvæmdir þegar slíkir samningar ná þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. Sama skylda hvílir á sérleyfishafa samkvæmt slíkum samningum þótt hann falli hvorki undir ákvæði 1. gr. né 2. eða 3. málsl. 1. mgr. 21. gr.

b. Í stað orðanna „1. mgr." í 2. mgr. kemur: 1. og 2. mgr.

4. gr.

35. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

5. gr.

Við lögin bætist viðauki sem orðast svo:

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær tegundir verka sem vísað er til í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga þessara. Viðaukinn er byggður á XI. viðauka, flokki 50, hópi 502, við tilskipun ráðsins nr. 93/37/EBE frá 14. júní 1993.

Tegundir verka:

Almenn mannvirkjagerð.

Jarðvegsvinna.

Smíði brúa, ganga og stokka; borun.

Vatnsvirkjun (ár, skurðir, hafnir, stíflur, flóðgáttir og -garðar).

Vegagerð (þar með talin sérhæfð lagning flugvalla og flugbrauta).

Sérhæfð byggingarvinna við vatnsmannvirki (þ.e. við áveitur, framræslu, vatnsveitu, hreinsun og losun fráveituvatns o.s.frv.).

Sérhæfð starfsemi á öðrum sviðum mannvirkjagerðar.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

6. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun (Ríkiskaup) sem starfar samkvæmt ákvæðum 1. gr.

7. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ríkiskaup annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsaka sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beita sér fyrir samræmdum innkaupum á vörum til þarfa ríkisins.

8. gr.

Í stað orðanna „Innkaupastofnunin skal viðhafa“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: Ríkiskaup skulu viðhafa.

9. gr.

Í stað orðanna „Innkaupastofnunin selur eða útvegar“ í fyrri málslið 7. gr. laganna kemur: Ríkiskaup selja eða útvega.

10. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „vörum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og þjónustu.
b. Á eftir orðinu „innkaupum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: á vörum.
c. Í stað upphæðarinnar „200.000“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 206.020.
d. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: 133.914 ECU vegna innkaupa á vegum Ríkiskaupa eða annarra stofnana í eigu ríkisins sem fengið hafa heimild skv. 3. gr. til að bjóða út enda sé ekki um að ræða stofnanir eða fyrirtæki sem falla undir 3. og 4. tölul. eða kaup á þjónustu sem fellur undir viðauka I við lög þessi.
e. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: 600.000 ECU ef innkaupin eru gerð af fyrirtækjum eða stofnunum sem reka fjarskiptakerfi eða veita almenna fjarskiptaþjónustu.
f. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Fjárhæð viðmiðunarmarka í ECU skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á gengi ECU gagnvart SDR, í fyrsta skipti 1. janúar 2000.
g. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:
   Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem auglýst hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA og í gildi er þann dag sem auglýsing skv. 12. gr. er send til birtingar.

11. gr.

Í stað orðanna „Innkaupastofnunar ríkisins“ í 14. gr. laganna kemur: Ríkiskaupa.

12. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi bjóðenda, val á tilboðum og starfsemi Ríkiskaupa.

13. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Viðauki I við lögin orðast svo:

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær tegundir þjónustu sem vísað er til í 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Viðaukinn er byggður á viðauka IB og flokkum 5 og 8 í viðauka IA við tilskipun ráðsins nr. 92/50/EBE frá 18. júní 1992.

Tegund þjónustu	*CPC-flokkunarnúmer*
Hótel- og veitingaþjónusta	64
Járnbrautarflutningar	711
Flutningar á sjó- eða vatnaleiðum	72
Auka- eða viðbótarflutningaþjónusta	74
Lögfræðiþjónusta	861
Ráðningarþjónusta	872
Öryggis- og eftirlitsþjónusta, að undanskildum flutningum með brynvörðum bifreiðum	873 (þó ekki 87304)
Kennsla og starfsmenntunarþjónusta	92
Heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta	93
Tómstunda-, menningar- og íþróttaþjónusta	96
Viðhalds- og viðgerðarþjónusta	6612, 6122, 633, 886
Þjónusta við rannsóknir og þróun	85
Þjónusta vegna dagskrárútsendinga	7524
Samtengingarþjónusta	7525
Samþætt fjarskiptaþjónusta	7526

III. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1523. Frumvarp til laga [641. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr

Í stað 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera þrír mánuðir frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra.

Kæra skal vera skrifleg. Kærunni skal fylgja frumrit eða endurrit úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra sem kæran tekur til. Í kærunni skal koma fram hvaða atriði í úrskurðinum sæta kæru og rökstuðningur fyrir kröfum. Gögn, sem ætluð eru til stuðnings kærunni, skulu fylgja í frumriti eða endurriti.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal yfirskattanefnd beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal yfirskattanefnd vísa kærunni frá.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Yfirskattanefnd er jafnan heimilt að beina því til skattaðila eða ríkisskattstjóra að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja þeim ákveðinn frest í því skyni.

3. gr.

3. og 4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fengnum gögnum sem um ræðir í 6. gr. og andmælum kæranda eftir því sem ástæða er til.

Séu gögn skv. 3. mgr. 6. gr. ekki lögð fyrir yfirskattanefnd innan frests sem þar greinir er yfirskattanefnd heimilt að kveða upp úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna, enda telji hún málið nægilega upplýst.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 3. mgr. 6. gr. Ef gögn þessi berast ekki fyrir lok frests sem þar greinir skal sex mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.

Nú fellur úrskurður yfirskattanefndar skattaðila í hag, að hluta eða öllu leyti, og getur yfirskattanefnd þá úrskurðað greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði, að hluta eða öllu leyti, enda hafi hann haft uppi slíka kröfu við meðferð málsins, um sé að ræða kostnað sem eðlilegt var að hann stofnaði til vegna meðferðar málsins og ósanngjarnt væri að hann bæri þann kostnað sjálfur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:
   Komi fram í kæru til yfirskattanefndar sem ríkisskattstjóri hefur til umsagnar skv. 6. gr. upplýsingar eða gögn sem ekki hafa legið fyrir skattstjóra við hina kærðu skattákvörðun en ríkisskattstjóri telur að eigi að leiða til verulega breyttrar niðurstöðu í málinu er ríkisskattstjóra heimilt að gefa skattaðila kost á því að honum verði gerður skattur að nýju, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, með þeim áhrifum að kæran til yfirskattanefndar teljist afturkölluð. Í tilkynningu um þetta til skattaðila skal tilgreina þær breytingar sem af endurákvörðun mundi leiða. Veita skal skattaðila 15 daga frest til að fara fram á endurákvörðun á þessum grundvelli og er hún ekki heimil án samþykkis hans. Fari skattaðili fram á endurákvörðun skal ríkisskattstjóri tilkynna það yfirskattanefnd þegar í stað.

Heimilt er ríkisskattstjóra að leggja fyrir skattstjóra að framkvæma endurákvörðun samkvæmt þessari grein.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Endurákvörðun vegna kæru.*

6. gr.

Við 15. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frestur fjármálaráðherra til málshöfðunar í tilefni af úrskurði yfirskattanefndar er sex mánuðir.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að mæla með því við fjármálaráðherra að höfðað verði mál í því skyni að fá úrskurði yfirskattanefndar hnekkt og getur hann þá jafnframt farið þess á leit við yfirskattanefnd að úrskurðurinn verði ekki látinn hafa fordæmisgildi að svo stöddu. Yfirskattanefnd er heimilt að fallast á slíkt erindi ef sýnt þykir að skattframkvæmd gæti raskast bagalega ef niðurstöðu úrskurðar yrði breytt með dómi. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan frests skv. 2. mgr. eða ef dómari fellst ekki á flýtimeðferð málsins eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála.

Sé mál höfðað vegna úrskurðar yfirskattanefndar er nefndinni heimilt að fresta afgreiðslu annarra sambærilegra mála sem til meðferðar eru fyrir henni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1524. Frumvarp til laga [560. mál]

um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið og skilgreiningar.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að fjármálastarfsemi sem lög þessi taka til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina.

Með fjármálastarfsemi er í lögum þessum átt við hvers konar starfsemi fyrirtækja, stofnana og annarra aðila sem tilgreindir eru í 2. gr.

Með eftirlitsskyldum aðilum er í lögum þessum átt við aðila sem eftirlit Fjármálaeftirlits tekur til skv. 2. gr.

2. gr.

Eftirlitsskyld starfsemi.

Eftirlit samkvæmt þessum lögum tekur til starfsemi eftirtalinna aðila:

1. viðskiptabanka og sparisjóða,
2. lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða,
3. vátryggingafélaga,
4. félaga og einstaklinga sem stunda vátryggingamiðlun,

5. fyrirtækja í verðbréfaþjónustu,
6. verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða,
7. kauphalla og annarra skipulegra tilboðsmarkaða,
8. verðbréfamiðstöðva,
9. lífeyrissjóða,
10. aðila, annarra en greinir í 1. tölul., sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánum.

Lögin taka einnig til eftirlits með annarri starfsemi en greinir í 1. mgr. sem Fjármálaeftirlitinu er falið samkvæmt sérstökum lögum.

Um eftirlit með starfsemi innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi fer samkvæmt ákvæðum sérlaga og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Þegar vafi leikur á um hvort starfsemi fellur undir þessa grein sker stjórn Fjármálaeftirlitsins úr.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.
Stofnun.

Með eftirliti samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun og lýtur sérstakri stjórn. Stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra.

4. gr.
Stjórn.

Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.

5. gr.
Forstjóri. Starfsmenn.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins er ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar ákveður starfskjör forstjóra.

Forstjóri ræður starfsmenn til stofnunarinnar.

6. gr.
Hæfi.

Stjórnarmenn skulu búa yfir þekkingu á fjármagnsmarkaði og hafa haldgóða menntun sem nýtist á þessu sviði. Gæta skal þess við skipun stjórnar að starfsreynsla og menntun stjórnarmanna sé sem fjölbreyttust.

Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um

hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í og snerta hina eftirlitsskyldu aðila. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

Ráðherra setur reglur um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna við eftirlitsskylda aðila. Þar skal meðal annars kveðið á um takmarkanir á heimildum til að vera í fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum eða eiga hlut í þeim.

7. gr.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við stofnunina.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Samráðsnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð, meðal annars um skipan hennar.

III. KAFLI
Starfsemi.

8. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.

9. gr.

Athugun og aðgangur.

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina og Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan.

Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem hún telur þörf á.

10. gr.

Athugasemdir og úrbætur.

Komi í ljós við athuganir Fjármálaeftirlitsins að eftirlitsskyldir aðilar fylgja ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi þeirra skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan ákveðins frests.

Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við.

Hafi stjórn eftirlitsskylds aðila vanrækt skyldu sem á henni hvílir samkvæmt lögum, reglugerðum, reglum eða samþykktum getur Fjármálaeftirlitið boðað til fundar í stjórn aðilans um leiðir til úrbóta. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins stýrir fundinum og hefur málfrelsi og tillögurétt.

11. gr.

Fullnustuúrræði. Tilkynningarskylda.

Sé kröfum eða athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga í formi dagsekta. Innheimta viðurlaga samkvæmt þessari málsgrein skal ákveðin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og renna innheimt viðurlög að ¾ hlutum til ríkissjóðs. Nánar skal kveðið á um ákvörðun viðurlaganna og innheimtu í reglugerð.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi eftirlitsskyldum aðila. Er eftirlitsskyldum aðila skylt að veita eftirlitsmanni aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum sem hann hefur í sinni vörslu og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem eftirlitsmaður óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila með málfrelsi og tillögurétti. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af hinum eftirlitsskylda aðila.

Ef brot eru alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög að mati Fjármálaeftirlitsins ber því að greina ríkislögreglustjóra frá því.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar viðskiptaráðherra, þeim ráðherra sem annars fer með yfirstjórn viðkomandi málefna og stjórn hins eftirlitsskylda aðila eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa.

IV. KAFLI
Þagnarskylda. Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og Seðlabanka Íslands.

12. gr.

Þagnarskylda.

Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um lögmenn, endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má þó veita í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðilar séu ekki auðkenndir.

13. gr.

Samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Fjármálaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 12. gr., sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf er gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi.

Ákvæði 1. mgr. gilda um skipti á upplýsingum við stjórnvöld hér á landi eða erlendis sem fjalla um gjaldþrot og slit eftirlitsskyldra aðila, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun

hjá þeim eða tryggingafræðilegar úttektir. Sama gildir um þá sem eftirlit hafa með þessum aðilum. Upplýsingaskipti eru einnig heimil við eftirlitsstjórnvöld á sviði félagaréttar.

Upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu skv. 12. gr. Fjármálaeftirlitinu er því aðeins heimilt að veita upplýsingar samkvæmt þessari grein að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

14. gr.

Samskipti við Seðlabanka Íslands.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins skal eiga reglulega samráðsfundi með fulltrúum Seðlabankans. Þar skal hann veita upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem nauðsynlegar eru starfsemi Seðlabankans.

Fjármálaeftirlitið skal veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýtast í starfsemi bankans. Komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila, sem eru í viðskiptum við Seðlabankann, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera bankastjórn Seðlabankans viðvart.

Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt þessum lögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabankans skulu gera sérstakan samstarfssamning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Skýrslugjöf.

Fjármálaeftirlitið skal á hálfs árs fresti gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína.

16. gr.

Greiðsla eftirlitskostnaðar.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins.

Eftirlitsgjald skal greitt ársfjórðungslega fyrir fram. Fyrir 1. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið áætla kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár og skal álagning miðuð við þá áætlun. Miða skal við að eftirlitsskyldir aðilar greiði eftirlitsgjald í hlutfalli við þann tíma sem ætla má að fari í eftirlit með viðkomandi flokki þeirra. Leita skal álits samráðsnefndar á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs. Stjórn stofnunarinnar skal senda viðskiptaráðherra áætlunina til samþykktar og skal álit samráðsnefndar fylgja áætluninni.

Eftirlitsgjald skal ákvarðað þannig og skal að hámarki nema eftirfarandi hundraðshlutum:

1. Vegna starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða 0,021% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
2. Vegna starfsemi vátryggingafélaga 0,33% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0,04% af bókfærðum fengnum endurtryggingariðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. Heimilt er að leggja mishátt eftirlitsgjald á mismunandi vátryggingagreinar.
3. Vegna starfsemi félaga og einstaklinga sem stunda vátryggingamiðlun 0,053% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Vegna starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða 0,1015% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Vegna starfsemi kauphalla og annarra skipulegra tilboðsmarkaða 2% af rekstrartekjum.
6. Vegna starfsemi lífeyrissjóða 0,0098% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal

eftirlitsgjaldið sem fastagjald að fjárhæð 150.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris undir 1 milljarði kr., 300.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris frá 1 til 10 milljarða kr. og 600.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. þessa töluliðar greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga í viðkomandi lífeyrissjóði.

7. Vegna starfsemi verðbréfamiðstöðva 2% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

Falli starfsemi hins eftirlitsskylda aðila að fleiri en einu sviði skv. 2. gr. skal áætla eftirlitsgjald í hlutfalli við starfsemi á hverju sviði fyrir sig.

Vegna eftirlits með annarri starfsemi en upp er talin í 1.–7. tölul. 3. mgr. greiðist samkvæmt reikningi.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitskostnað samkvæmt þessari grein.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi Fjármálaeftirlitsins skal hann ganga upp í eftirlitsgjald næsta árs í hlutfalli við álagt eftirlitsgjald skv. 3. mgr. Verði rekstrartap skal taka tillit til þess við álagningu eftirlitsgjalds á næsta ári.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar. Þar er heimilt að kveða á um að sértækt eftirlit eða viðamiklar kannanir sem stofnunin framkvæmir umfram reglubundið eftirlit verði greitt samkvæmt reikningi.

17. gr.

Kærunefnd.

Ákvörðunum Fjármálaeftirlits má skjóta til sérstakrar kærunefndar.

Kærunefndin er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír. Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og formann nefndarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

Kærandi skal greiða 120.000 kr. gjald vegna kæru um leið og kært er. Nefndinni er heimilt að ákveða endurgreiðslu kærugjalds. Að öðru leyti greiðist kostnaður við störf nefndarinnar úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

Úrskurðum kærunefndar verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar. Í slíkri reglugerð má jafnframt kveða nánar á um valdsvið kærunefndar, hvaða málefnum megi skjóta til hennar og kærufresti.

Um þagnarskyldu kærunefndar fer skv. 12. gr.

18. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi Fjármálaeftirlitsins í reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um ákvörðun og innheimtu dagsekta.

19. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Á sama tíma leggst starfsemi Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands niður.

Starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem eru í starfi við gildistöku laganna skulu eiga rétt á starfi hjá Fjármálaeftirlitinu og halda óbreyttum launakjörum sínum og aðild að stéttarfélagi.

Ráðherra skal gangast fyrir endurskoðun á ákvæðum 16. gr. fyrir 1. janúar árið 2002.

Fjármálaeftirlitið fer með þau verkefni sem Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eru falin samkvæmt öðrum lögum.

1525. Frumvarp til laga [561. mál]

um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í b-lið 10. tölul. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í c-lið 10. tölul. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
6. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
7. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 1. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
8. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 5. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
12. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
13. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
14. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
15. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
16. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
17. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
18. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 6. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

21. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ hvarvetna í 7. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
22. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 8. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 9. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
24. Í stað orðanna „Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 5. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
25. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
26. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
27. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
28. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
29. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
30. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „Bankaeftirlitinu“ í 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.
31. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
32. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
33. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
34. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
36. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
37. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
38. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 47. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
39. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitinu“ í 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
40. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 1. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
41. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 51. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
42. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
43. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

44. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. málsl. 3. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 4. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. 4. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. og 2. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 25. gr. og „bankaeftirlits“ í 2. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 46. gr. og „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ í 1. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. málsl. 3. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 3. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 5. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
12. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. og 3. mgr. 57. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 5. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 7. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 8. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 9. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 9. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „Bankaeftirlitinu“ í 63. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.
15. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
16. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
17. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 6. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 8. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 8. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 9. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlit-

ið“ í 2. málsl. 10. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 11. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

18. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
21. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
22. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 6. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.
24. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. málsl. 3. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
25. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
26. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 83. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
27. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 4. tölul. 1. mgr. 84. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
28. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
29. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
30. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
31. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ hvarvetna í 2. málsl. 1. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 3. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
32. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
33. Í stað orðins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 1. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
34. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur:

stofnunin; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

36. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
37. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
38. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „bankaeftirlitinu“ í 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 15. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: stofnunin; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „bankaeftirlitinu“ í 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

7. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
9. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
10. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 20. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 23. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
15. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
16. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 26. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
17. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
18. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 6. mgr. 29. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
19. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 31. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
20. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 32. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og við lokamálslið 3. mgr. 32. gr. bætist: og ákvæði um samstarfssamning Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
21. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
22. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ hvarvetna í 1. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
24. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi:

1. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í skilgreiningu á eftirlitsstjórnvöldum í 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
4. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitsins“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 9. tölul. 1. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlits“ í 3. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í

stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

9. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlits“ í 1. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. og 6. málsl. 3. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
11. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 26. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðsins „bótasjóður“ hvarvetna í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. kemur: tjónaskuld; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 30. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
15. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
16. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
17. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
18. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirliti“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
21. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 5. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 6. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
22. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
23. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 4. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
24. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
25. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirliti“ í 5. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirliti“ í 6. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
26. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

27. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
28. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 3. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
29. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 47. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
30. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
31. 2.–6. mgr. 50. gr. falla brott.
32. 51. og 52. gr. falla brott.
33. 53. gr. orðast svo:
    Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þeim er reka starfsemi sem háð er ákvæðum laga þessara og útibúum erlendra vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Um eftirlitið fer samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
34. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 54. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; 4. mgr. 55. gr. fellur brott; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
36. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 58. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
37. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
38. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
39. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
40. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
41. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
42. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
43. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 70. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
44. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 71. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
45. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað

orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

46. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 73. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 2. mgr. 73. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
47. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 74. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
48. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
49. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
50. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 5. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
51. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
52. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 79. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 79. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
53. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 4. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
54. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 3. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
55. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
56. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
57. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
58. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
59. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 4. mgr. 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
60. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
61. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlits“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

62. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 92. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 92. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
63. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
64. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: það; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
65. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
66. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: það; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
67. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 97. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 97. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
68. 1. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða falla brott.

Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands:

Í stað orðanna „skilgreiningu Tryggingaeftirlitsins“ í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. kemur: 22. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
2. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
6. Í stað orðsins „Bankaeftirlit“ í 2. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 5. tölul. 1. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

8. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
11. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 4. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ hvarvetna í 5. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ hvarvetna í 1. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
15. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“, „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlits“ í 1. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
16. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
17. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitið“ í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.

9. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins:
Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „Seðlabanka Íslands“ í 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

11. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins:

Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

12. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga:

Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: það; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 5. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

14. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti:

Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands eða Tryggingaeftirlit“ í 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 50/1987, umferðarlögum.

16. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 50/1987, umferðarlögum:

Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 20/1943, um búfjártryggingar.

17. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 20/1943, um búfjártryggingar:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitsins“ í 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Tryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög.

19. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitinu“ í 8. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabankans“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabankans“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
6. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 2. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabankans“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“, „bankaeftirliti Seðlabankans“ og „Seðlabanka Íslands“ í 31. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, Fjármálaeftirlitinu, og: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
9. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabankans“ í 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 11/1998, um Kvótaþing.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laga nr. 11/1998, um Kvótaþing:

1. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ 1. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. tölul. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
11. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
12. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl., „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. og „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 4. málsl. 35. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
13. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
14. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í inngangsmálslið 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
15. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Gildistaka.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

1526. Frumvarp til laga [581. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. F-liður orðast svo: að vera banki innlánsstofnana og stuðla að traustum og heilbrigðum viðskiptum á fjármagnsmarkaði.
b. Á eftir f-lið kemur nýr liður, g-liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Seðlabankinn tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Seðlabankinn má ákveða að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum en bönkum og sparisjóðum og frá fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Seðlabankinn getur veitt þeim aðilum sem fjallað er um í 6. gr. og eiga innlánsviðskipti við bankann lán með kaupum verðbréfa eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Lánsviðskipti þessi geta verið í innlendri eða erlendri mynt.
b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankanum er heimilt með samþykki ráðherra að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum sem nemi tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé eða innlánsfé þeirra. Þá er bankanum heimilt að ákveða að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum, enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum ekki fram úr því hámarki sem sett er skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Enn fremur er bankanum heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. mgr. að fengnu samþykki ráðherra, þar á meðal til hvaða lánastofnana og verðbréfasjóða hún tekur. Í þeim reglum má ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir eðli lánastofnana og verðbréfasjóða og flokkum innlána og annarra skuldbindinga sem bindingin nær til.

Seðlabankanum er heimilt að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um ein-

staka flokka lánastofnana. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum lánastofnunum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir með skemmri binditíma en 90 daga.

Seðlabankanum er heimilt að setja lánastofnunum reglur um gjaldeyrisjöfnuð. Í slíkum jöfnuði skal auk gengisbundinna eigna og skulda telja skuldbindingar og kröfur sem tengdar eru erlendum gjaldmiðlum utan efnahags, svo sem framvirka samninga og valréttarsamninga.

Seðlabankinn getur beitt lánastofnanir og verðbréfasjóði viðurlögum samkvæmt ákvæðum 37. gr. sé ákvörðunum bankans varðandi bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð ekki hlítt.

5. gr.

2., 3. og 4. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í því skyni að vinna að markmiðum sínum í peningamálum er Seðlabankanum heimilt að kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eða í beinum viðskiptum við lánastofnanir.

b. 2. mgr. orðast svo:

Seðlabankanum er heimilt að gefa út verðbréf í innlendri eða erlendri mynt til að selja lánastofnunum sem geta átt viðskipti við hann. Óheimilt er að framselja slík verðbréf til annarra en lánastofnana sem geta átt innlánsviðskipti við bankann.

7. gr.

Í stað 13.–17. gr. laganna (IV. kafli, **Bankaeftirlit**) kemur nýr kafli, IV. kafli, **Öflun upplýsinga**, með tveimur nýjum greinum, 13.–14. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (13. gr.)

Seðlabankinn getur milliliðalaust aflað upplýsinga frá innlánsstofnunum, öðrum lánastofnunum en bönkum og sparisjóðum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru í viðskiptum við bankann skv. 6. gr., sbr. 7. gr., auk fyrirtækja í greiðslumiðlun, til þess að auðvelda honum að sinna hlutverki sínu skv. 3. gr.

Á grundvelli ákvæða 1. mgr. getur Seðlabankinn krafist þess að þargreindar stofnanir og félög veiti upplýsingar um efnahag, rekstur og önnur atriði sem bankinn metur nauðsynlegar. Upplýsingarnar skulu veittar á þann hátt sem óskað er. Þess skal gætt sem frekast er kostur að samnýta upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 34. gr. laga þessara.

b. (14. gr.)

Nú er kröfum Seðlabankans um upplýsingar skv. 13. gr. ekki sinnt og getur bankinn þá gripið til viðurlaga gagnvart hlutaðeigandi aðila, sbr. ákvæði 37. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Orðin „evrópsku mynteiningunni (ECU) og“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Seðlabankinn ákveðið að skrá gengi krónunnar eins og þar segir þótt bankastofnanir séu almennt lokaðar til viðskipta.

9. gr.

19. gr. laganna orðast svo:
Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Um heimildir annarra aðila til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri fer eftir ákvæðum laga um gjaldeyrismál á hverjum tíma.

10. gr.

22. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.

11. gr.

Orðin „og 2. mgr. 9. gr.“ í niðurlagi fyrri málsliðar 1. mgr. 31. gr. laganna falla brott.

12. gr.

2. málsl. 2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Arðsjóður skal ávaxtaður í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum en helmingur árlegra tekna hans skal renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Rannsóknarráð Íslands.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:
a. 3. mgr. orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði er lög þessi taka til að því tilskildu að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Seðlabanki Íslands skal veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem bankinn býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, eru háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum þessum og lögum um Fjármálaeftirlitið. Bankastjórn Seðlabankans og stjórn Fjármálaeftirlitsins skulu gera með sér sérstakan samstarfssamning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „26. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 22. gr.
b. Í stað orðanna „28. gr.“ í 2. og 3. málsl. 2. mgr. kemur: 24. gr.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 1. gr., 7. gr., a-liðar 8. gr. og b-liðar 13. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1999.

1527. Frumvarp til laga [480. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu vörur sem innihalda meira en 2,25% af vínanda, en eru óhæfar til neyslu og ekki er hægt að gera neysluhæfar, undanþegnar áfengisgjaldi. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánar hvaða vörur falla hér undir.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Áfengisgjald skal vera sem hér segir á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar samkvæmt flokkun hans í tollskrá:

1. Af öli sem flokkast í vörulið 2203, svo og af vörum sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206: 58,70 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
2. Af víni sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205, svo og af gerjuðum drykkjarvörum í vörulið 2206 sem ekki hafa verið blandaðar annarri gerjaðri drykkjarvöru eða óáfengri drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast við gerjun, án hvers kyns eimingar: 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
3. Af öðru áfengi: 57,50 kr.

Gjald skv. 1. mgr. skal reiknast hlutfallslega á brot af sentilítra af vínanda og brot af lítra hins áfenga drykkjar.

Ef umbúðir vöru greina ekki magn eða styrkleika áfengis sem aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. 2. gr. flytja til landsins eða fá sent erlendis frá er tollyfirvöldum heimilt að meta magn eða styrkleika áfengis og ákvarða gjald samkvæmt því.

3. gr.

4. gr. laganna fellur brott og númeraröð annarra greina breytist til samræmis við það.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir“ í 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
b. Í stað orðanna „Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi“ í 3. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skal.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Áfengisgjald skal fellt niður eða endurgreitt í eftirtöldum tilvikum.
b. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Af áfengi sem ferðamenn og farmenn hafa með sér inn í landið til eigin nota, að tilteknu hámarki sem fjármálaráðherra kveður á um í reglugerð.

c. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:
   6. Af áfengi, sem talið er upp í lyfjaskrá, til lækna og lyfsala til sölu sem lyf.
   7. Af áfengi til iðnþarfa samkvæmt nánari skilgreiningu fjármálaráðherra.
d. Orðin „svo og lækna og lyfsala vegna áfengis sem talið er upp í lyfjaskrá og selt er sem lyf, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga, og áfengis sem selt er skv. 8. tölul. 1. mgr. 11. gr. sömu laga“ í 2. mgr. falla brott.
e. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, m.a. um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu.

6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli. Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði.

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skulu 0,3% renna til áfengiseftirlits lögreglu yfirvalda.

7. gr.

Orðin „og 4.“ í 9. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt.

1528. Lög [542. mál]

um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1500.

1529. Frumvarp til laga [524. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 69. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Framangreint hlutfall skal þó lækkað um 0,5 á hverju ári sem maður á rétt á vaxtabótum samfellt vegna sama íbúð-

arhúsnæðis umfram 25 ár. Hafi maður fengið vaxtabætur samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis í 36 ár skal frádráttur á grundvelli tekjuskattsstofns falla niður.

b. Á eftir 5. málsl. 4. mgr., er verður 7. málsl., koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Við ákvörðun vaxtabóta á því ári þegar maður aflar sér íbúðarhúsnæðis, en hefur ekki fengið vaxtabætur árið áður, skal þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar reikna vaxtabætur frá og með þeim ársfjórðungi sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið. Skal hámark vaxtagjalda, tekjuskattsstofn og hámark vaxtabóta þá ákveðið hlutfallslega miðað við það.

c. Á eftir 8. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Heimilt er að greiða fyrir fram ársfjórðungslega áætlaðar vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á árinu 1999 og síðar. Skulu áætlaðar vaxtabætur greiddar út fjórum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs.

Áætlaðar vaxtabætur skal miða við gjaldfallna og greidda vexti hvers ársfjórðungs af þeim veðlánum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis, þó ekki meira en fjórðung af hámarki vaxtagjalda, sbr. 3. mgr.

Frádrátt frá vaxtagjöldum hvers ársfjórðungs, sbr. 4. mgr., skal miða við fjórðung af staðgreiðsluskyldum tekjum síðustu 12 mánaða á undan honum að viðbættum þeim tekjum utan staðgreiðslu sem fram koma á skattframtali fyrra árs. Fyrirframgreiddar vaxtabætur fyrir hvern ársfjórðung skulu eigi vera hærri en fjórðungur af hámarki vaxtabóta, sbr. 4. mgr.

Sá sem rétt kann að eiga til fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári sem hann aflar sér íbúðarhúsnæðis skal sækja um fyrirframgreiðsluna og leggja fram tilskildar upplýsingar. Lánastofnanir, lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem veita lán til íbúðarkaupa gegn veði í fasteign skulu veita skattyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða fyrirframgreiðslu vaxtabóta. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um ákvörðun og fyrirframgreiðslu vaxtabóta.

d. Á eftir orðunum „Innheimtustofnunar sveitarfélaga“ í 10. mgr. kemur: svo og gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánum Íbúðalánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útborgun vaxtabóta vegna ársfjórðungs er hefst 1. janúar 1999.

1530. Búnaðarlög. [368. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1443 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leita eftir samningum við bændur um greiðslur á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–97, en ákvæði laga þessara gilda um framkvæmdir sem hafa verið teknar út og samþykktar á árinu 1998. Um samninga við bændur verði eftirfarandi reglum fylgt:

a. Semja skal um greiðslu ákveðins hlutfalls af reiknuðu framlagi samkvæmt reglugerð nr. 417/1991. Heimilt er að greiða mishátt hlutfall eftir eðli framkvæmda, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.
b. Skýrt verði kveðið á um í samningum þessum að um sé að ræða fullnaðaruppgjör vegna framkvæmda sem gátu notið framlags samkvæmt lögum nr. 56/1987, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 417/1991.

Ríkissjóður mun verja 50 millj. kr. hvert ár á fjárlögum áranna 1998, 1999 og 2000 til efnda á samningum landbúnaðarráðherra og 35 millj. kr. á árunum 2001 og 2002 hvort ár.

1531. Lög [436. mál]

um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1444 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:
Umdæmi héraðsdýralækna eru sem hér greinir:

1. *Gullbringu- og Kjósarumdæmi:* Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Akranes, Borgarbyggð.
3. *Snæfellsnesumdæmi:* Stykkishólmur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Hnappadalssýsla, Flatey og býli í gamla Flateyjarhreppi, Skógarstrandarhreppur.
4. *Dalaumdæmi:* Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Austur-Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flatey og býlum í Flateyjarhreppi hinum gamla.
5. *Vestfjarðaumdæmi:* Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla að Bæjarhreppi.
6. *Vestur-Húnaþingsumdæmi:* Vestur-Húnavatnssýsla, Bæjarhreppur í Strandasýslu.
7. *Austur-Húnaþingsumdæmi:* Blönduós, Austur-Húnavatnssýsla.
8. *Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi:* Akureyri, Ólafsfjörður, Dalvík, Siglufjörður, Sauðárkrókur, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppar í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarumdæmi:* Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla, að undanskildum Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppum, Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi nyrðra:* Egilsstaðir og nágrenni, Eskifjörður, Mjóifjörður, Neskaupstaður, Reyðarfjörður, Seyðisfjörður, Norður-Múlasýsla.
11. *Austurlandsumdæmi syðra:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur.
12. *Austur-Skaftafellsumdæmi:* Hornafjarðarbær, Austur-Skaftafellssýsla.
13. *Vestur-Skaftafellsumdæmi:* Vestur-Skaftafellssýsla, að undanskildum Mýrdalshreppi.
14. *Suðurlandsumdæmi:* Árnes- og Rangárvallasýslur, Mýrdalshreppur.

Skipa skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi nyrðra, en í hvert þeirra skal skipa tvo héraðsdýralækna.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Einnig ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Ávallt skal aðskilja sem kostur er eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknisþjónustu.

Héraðsdýralæknar í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum sinna eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralæknar í öðrum dýralæknisumdæmum annast jafnframt eftirlitsstörfum almenna dýralæknisþjónustu í umdæminu, þar með er talin vaktþjónusta.

Heimilt er að ráða dýralækna til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna í einstökum umdæmum.

Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu, skyldur, eftirlitsstörf og heimild til annarra dýralæknisstarfa.

Gjald, sem nemur kostnaði, skal innheimta fyrir eftirlit og skoðanir samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengum tillögum yfirdýralæknis.

Landbúnaðarráðuneytið skal sjá héraðsdýralæknum fyrir skrifstofuaðstöðu í samræmi við umfang starfseminnar.

13. gr. hljóðar svo:

Í því skyni að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu skal landbúnaðarráðherra setja reglur um greiðslu hluta ferðakostnaðar dýralæknis í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands.

1532. Lög [559. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1442.

1533. Þingsályktun [195. mál]

um aðlögun að lífrænum landbúnaði.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 199.

1534. Þingsályktun [266. mál]

um eflingu sauðfjárbúskapar í jaðarbyggðum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að gera tillögu um hvernig efla megi sauðfjárbúskap í jaðarbyggðum þar sem beitilönd eru vannýtt.

1535. Breytingartillaga [478. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 32. gr. Í stað orðanna „1. júní“ í 1. málsl. komi: 1. júlí.

1536. Breytingartillaga [520. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996 (eftirlit með meðferð áfengis).

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr. Í stað orðanna „1. júní“ komi: 1. júlí.

1537. Breytingartillögur [522. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

Frá allsherjarnefnd.

1. 161. gr. falli brott.
2. 202. gr. falli brott.
3. 206. gr. falli brott.

1538. Breytingartillaga [445. mál]

við frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Frá minni hluta menntamálanefndar (SJóh, GGuðbj, SvanJ).

2. tölul. 1. mgr. 12. gr. orðist svo: æðri prófgráðu frá háskólum, þ.e. meistara- eða doktorsprófi sem krefst a.m.k. 120 námseininga og veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla; til viðbótar þessu námi komi 15 einninga nám í kennslufræði til kennsluréttinda.

1539. Breytingartillögur [560. mál]

við frv. til l. um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 3. gr.
   a. 2. málsl. orðist svo: Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð ríkisstofnun á málasviði viðskiptaráðherra en lýtur sérstakri stjórn.
   b. 3. málsl. falli brott.
2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn og jafnmargir til vara sem Alþingi kýs til fjögurra ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Viðskiptaráðherra skal ákveða þóknun stjórnarmanna.

1540. Íþróttalög [447. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 774.

1541. Lög [520. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996 (eftirlit með meðferð áfengis).

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 891 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

1542. Lög [394. mál]

um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1516.

1543. Lög [547. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj.1519.

1544. Lög [553. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1520.

1545. Lög [619. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1521.

1546. Lög [620. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1522.

1547. Lög [641. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1523.

1548. Lög [480. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1527.

1549. Lög [522. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

(Afgreidd frá Alþingi 4. júlí.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: refsingu.

2. gr.

Í stað orðsins „varðhald“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

3. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Hegningar samkvæmt lögum þessum eru fangelsi og fésektir.

Fangelsi skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, mánuður 30 dagar og ár 360 dagar.

4. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 16/1976, kemur: fangelsisrefsing.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 5. gr. laga nr. 42/1985:

a. Í stað orðanna „refsivist, sem ólokið er“ í 1. mgr. kemur: fangelsi, sem óafplánað er.
b. Í stað orðanna „refsivist eftir“ í 1. mgr. kemur: fangelsi samkvæmt.
c. Í stað orðanna „taki út refsivist“ í 3. mgr. kemur: afpláni fangelsisrefsingu.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. kemur: fangelsisrefsingar.

7. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 49. gr. laganna kemur: fangelsi.

9. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, falla brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1997:

a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur svohljóðandi málsgrein:
   Þegar sekt er tiltekin ákveður dómstóll í dómi, úrskurði eða sátt tímalengd vararefsingar, sem ekki skal vera styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár.
b. 4. mgr. fellur brott.
c. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Sekt allt að 100.000 krónum, sem ekki er ákveðin af dómstólum og sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með fangelsi eftir meðfylgjandi töflu.
d. Í stað orðsins „varðhaldsins“ í 6. mgr. kemur: fangelsisins.

11. gr.

55. gr. laganna, sbr. 2. tölul. 195. gr. laga nr. 19/1991, orðast svo:

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast í fangelsi.

Dagsektir skal afplána í fangelsi og ákveður sýslumaður tímalengd vistunar. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.

Afplánun sekta og greiðslna samkvæmt þessari grein skal ákvarðaður tími sem ekki er styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár. Hafi hluti skuldar verið greiddur skal stytta afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig að hann verði ekki styttri en 2 dagar. Skuld, sem samsvarar hluta úr degi, afplánast með heilum degi.

12. gr.

1. mgr. 57. gr. a laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:

Í dómi er heimilt að ákveða að allt að 3 mánuðir fangelsisrefsingar verði óskilorðsbundnir, en aðrir hlutar skilorðsbundnir.

13. gr.

Í stað orðanna „þyngri refsingu en varðhald“ í 1. málsl. 67. gr. laganna kemur: fangelsi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fangelsi.
b. 3. og 4. málsl. 1. mgr. falla brott.

15. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 75. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 77. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „refsivist“ hvarvetna í 4. mgr. kemur: fangelsi.

17. gr.

2. málsl. 78. gr. laganna orðast svo: Má þá dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

18. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Nú heimila lög aukna refsingu við broti og skulu þá takmörk þau, sem sett eru í 34. gr., ekki vera því til fyrirstöðu að dæma megi í fangelsi allt að 20 árum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1981:

a. Í stað orðsins „Refsivist“ í 1. mgr. kemur: Fangelsi.
b. Orðin „varðhald eða“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: fangelsis.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: fangelsi.

20. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 84. gr. laganna kemur: fangelsi.

21. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 88. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1941, falla brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

23. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 91. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 92. gr. laganna falla brott.

25. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 93. gr. laganna falla brott.

26. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru“ í 1. mgr. 95. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 101/1976, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum. Nú eru sakir miklar og varðar brot þá fangelsi allt að 6 árum.

27. gr.

96. gr. laganna fellur brott.

28. gr.

2. málsl. 1. mgr. 101. gr. laganna fellur brott.

29. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum“ í 2. mgr. 102. gr. laganna kemur: Sömu refsingu.

30. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 103. gr. laganna falla brott.

31. gr.

104. gr. laganna fellur brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

33. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 109. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

34. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 110. gr. laganna kemur: fangelsi.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 111. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

36. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 112. gr. og 1. og 2. mgr. 113. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 114. gr. laganna falla brott.

38. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 115. gr. laganna fellur brott.

39. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 116. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

40. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 118. gr. laganna falla brott.

41. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 119. gr. laganna kemur: fangelsi.

42. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 120. gr. laganna kemur: fangelsi.

43. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 120. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973 og 2. gr. laga nr. 16/1990, fellur brott.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

46. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 123. gr. laganna fellur brott.

47. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.

48. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 125. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

49. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 126. gr. laganna falla brott.

50. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi.

51. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 128. gr. laganna falla brott.

52. gr.

3. málsl. 129. gr. laganna fellur brott.

53. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 131. gr. laganna fellur brott.

54. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 132. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

55. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 133. gr. laganna falla brott.

56. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 134. gr. laganna falla brott.

57. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 136. gr. laganna falla brott.

58. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 137. gr. laganna falla brott.

59. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 139. gr. laganna fellur brott.

60. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 140. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

61. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 141. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

62. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 142. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

63. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 144. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

64. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 145. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

65. gr.

Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 1. mgr. 146. gr. laganna falla brott.

66. gr.

Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 147. gr. laganna falla brott.

67. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 148. gr. laganna falla brott.

68. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru“ í 149. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

69. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 151. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

70. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 152. gr. laganna falla brott.

71. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 154. gr. laganna kemur: fangelsi.

72. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 155. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

73. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 157. gr. laganna falla brott.

74. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 158. gr. laganna falla brott.

75. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. 159. gr. laganna fellur brott.

76. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 160. gr. laganna falla brott.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 162. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum“ í 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef málsbætur eru og brot varðar ekki þyngri refsingu að lögum má beita sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

78. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 163. gr. laganna falla brott.

79. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 167. gr. laganna fellur brott.

80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 168. gr. laganna:

a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

81. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 169. gr. laganna fellur brott.

82. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. 170. gr. laganna fellur brott.

83. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 4. mgr. 171. gr. laganna fellur brott.

84. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 172. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum“ í 1. mgr. kemur: sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 173. gr. laganna:

a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

86. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 174. gr. laganna falla brott.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 175. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 3. mgr. fellur brott.

88. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 176. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

89. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 177. gr. laganna falla brott.

90. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 178. gr. laganna fellur brott.

91. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 180. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 135/1996, fellur brott.

92. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 183. gr. laganna fellur brott.

93. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 184. gr. laganna fellur brott.

94. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 185. gr. laganna fellur brott.

95. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 186. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

96. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 187. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 188. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða varðhald“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

98. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 189. gr. laganna falla brott.

99. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 191. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „Varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: Fangelsi allt að 1 ári.

100. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 192. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

101. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 193. gr. laganna fellur brott.

102. gr.

Í stað orðanna „úr lægsta stigi refsivistar“ í 204. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fyrir lágmark fangelsis.

103. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 5. mgr. 206. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

104. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 209. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

105. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 210. gr. laganna fellur brott.

106. gr.

Orðin „eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga“ í 213. gr. laganna falla brott.

107. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 214. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

108. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 215. gr. laganna fellur brott.

109. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 216. gr. laganna falla brott.

110. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 217. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

111. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, falla brott.

112. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 219. gr. laganna fellur brott.

113. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 220. gr. laganna kemur: Fangelsi.

114. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 221. gr. laganna falla brott.

115. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 222. gr. laganna kemur: fangelsi.

116. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 223. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

117. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 225. gr. laganna fellur brott.

118. gr.

Orðin „eða varðhaldi, ef málsbætur eru“ í 1. mgr. 226. gr. laganna falla brott.

119. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 227. gr. laganna fellur brott.

120. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 228. gr. laganna:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.

121. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 229. gr. laganna kemur: fangelsi.

122. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 230. gr. laganna kemur: fangelsi allt 1 ári.

123. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 231. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. kemur: fangelsi.
b. Orðin „varðhaldi á hærra stigi eða“ í 2. málsl. falla brott.

124. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 232. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

125. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. laganna fellur brott.

126. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. a laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1973, fellur brott.

127. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi.

128. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 235. gr. laganna kemur: fangelsi.

129. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 236. gr. laganna:

a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

130. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 240. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

131. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 246. gr. laganna fellur brott.

132. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 253. gr. laganna falla brott.

133. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 254. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.
b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

134. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 1. mgr. 256. gr. laganna falla brott.

135. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 257. gr. laganna:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 3. mgr. falla brott.

136. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 258. gr. laganna fellur brott.

137. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 259. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. fellur brott.
b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

138. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 261. gr. laganna fellur brott.

139. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 262. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, falla brott.

140. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 263. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

141. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 264. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1997:

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „varðhald eða“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

142. gr.

267. gr. laganna fellur brott.

143. gr.

XXIX. kafli laganna, 268.–271. gr., fellur brott.

II. KAFLI
Breytingar á öðrum lögum.

144. gr.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

145. gr.

Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í a-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í b-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi.

146. gr.

Lög um friðun Þingvalla, nr. 59 7. maí 1928.

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 8. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

147. gr.

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56 23. júní 1932.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 75/1982, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

148. gr.

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 44. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

149. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 116/1990, fellur brott.

150. gr.

Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, nr. 60 29. apríl 1943.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

151. gr.

Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 4. tölul. B-liðar 9. gr. b laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1982, kemur: í fangelsi.

152. gr.

Lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Í stað orðanna „til refsivistar sem ekki hefur verið afplánuð“ í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi sem ekki hefur verið afplánað.
c. Orðið „varðhaldi“ í 3. tölul. 3. gr. laganna fellur brott.
d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

153. gr.

Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

154. gr.

Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7. 14. mars 1962.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsing.
b. 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Nú er óskað framsals á manni sem vegna annars brots en í framsalsbeiðni greinir hefur verið dæmdur í fangelsi hér á landi, eða vistun hans á hæli hefur verið ákveðin í dómi eða samkvæmt heimild í dómi, og verður hann þá ekki framseldur fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af hælinu.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fangelsi.

155. gr.

Lög um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 31. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1985, kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

156. gr.

Lög um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963.

Í stað orðsins „varðhald“ í 35. gr. laganna kemur: fangelsi.

157. gr.

Lög um ráðherraábyrgð, nr. 4 19. febrúar 1963.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðsins „varðhald“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi.

158. gr.

Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 68. gr. laganna falla brott.

159. gr.

Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
b. 4. gr. laganna orðast svo:
Fullnusta skal refsingu skv. 3. gr. í fangelsi að íslenskum lögum um jafnlangan tíma.
c. Orðin „eða varðhalds“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna falla brott.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
f. Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Fullnusta fangelsisdóma o.fl.**

g. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 2. málsl. 8. gr. laganna kemur: refsingu.
h. Í stað orðsins „refsivist“ í 13. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
i. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: refsingu.
j. Í stað orðsins „refsivist“ í 18. gr. laganna kemur: fangelsi.
k. Fyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Umsjón með mönnum sem fengið hafa reynslulausn.**
l. Í stað orðsins „refsivist“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
m. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

160. gr.

Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

a. Í stað orðsins „refsivist“ í 5. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 17. gr. laganna fellur brott.

161. gr.

Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.

a. Í stað orðanna „og varðhaldi“ í inngangsmálslið 1. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

162. gr.

Höfundalög, nr. 73 29. maí 1972.

Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 78/1984, fellur brott.

163. gr.

Lög um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

164. gr.

Námulög, nr. 24 17. apríl 1973.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 15. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

165. gr.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

166. gr.

Lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, fellur brott.

167. gr.

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25 22. maí 1975.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. tölul. 31. gr. laganna falla brott.

168. gr.

Lög um sálfræðinga, nr. 40 23. maí 1976.

Orðið „varðhaldi“ í 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1988, fellur brott.

169. gr.

Lög um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 29. maí 1979.

Orðið „varðhaldi“ í 10. gr. laganna fellur brott.

170. gr.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. mgr. 107. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

171. gr.

Lög um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7 8. mars 1983.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

172. gr.

Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

a. Í stað orðanna „styttri refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi um styttri tíma.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi.
c. 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Þegar sá sem óskast framseldur hefur verið dæmdur í fangelsi eða samkvæmt dómi eða með heimild í dómi skal eða er vistaður á stofnun fyrir annan verknað en framsalsbeiðni fjallar um er ekki heimilt að framselja hann fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af stofnuninni.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

173. gr.

Lög um tóbaksvarnir, nr. 74 28. maí 1984.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í grein 19.1 í lögunum kemur: fangelsi allt að 2 árum.

174. gr.

Lög um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984.

Orðið „varðhaldi“ í 24. gr. laganna fellur brott.

175. gr.

Siglingalög, nr. 34 19. júní 1985.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 236. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 237. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
d. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að fjórum árum.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 239. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 241. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

176. gr.

Sjómannalög, nr. 35 19. júní 1985.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 76. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum eða fangelsi allt að fjórum árum ef miklar sakir eru.
b. Orðin „varðhald eða“ í 2. mgr. 80. gr. laganna falla brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 82. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 83. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
e. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að fjórum árum.
f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 86. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 87. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

177. gr.

Lög um tannlækningar, nr. 38 12. júní 1985.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

178. gr.

Útvarpslög, nr. 68 27. júní 1985.

a. Í stað orðsins „varðhaldsrefsingu“ í 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 3. mgr. 37. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 98/1995, kemur: fangelsi.

179. gr.

Lög um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 21. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 3 árum.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

180. gr.

Lög um geislavarnir, nr. 117 31. desember 1985.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

181. gr.

Lög um varnir gegn megnun sjávar, nr. 32 5. maí 1986.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi.

182. gr.

Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50 6. maí 1986.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

183. gr.

Lög um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 23. september 1987.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

184. gr.

Vaxtalög, nr. 25 27. mars 1987.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
b. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.
c. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.

185. gr.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

186. gr.

Umferðarlög, nr. 50 30. mars 1987.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 100. gr. laganna fellur brott.

187. gr.

Tollalög, nr. 55 30. mars 1987.

a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 2. mgr. 126. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 69/1996, kemur: fangelsi allt að sex árum.
c. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 126. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
e. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
f. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 129. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum.
g. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
h. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 133. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að sex árum.
i. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 135. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

188. gr.

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálslið 136. gr. laganna falla brott.

189. gr.

Lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4 11. janúar 1988.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

190. gr.

Lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

a. Orðið „varðhald“ í 3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „óskilorðsbundna refsivist“ í 1. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: óskilorðsbundið fangelsi.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
e. Í stað orðsins „heildarrefsivist“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: heildarrefsing.
f. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. tölul. 1. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
g. Í stað orðsins „refsivist“ hvarvetna í 1. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur í viðeigandi falli: fangelsisrefsing.
h. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
i. Í stað orðsins „refsivistardómur“ í 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisdómur.
j. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
k. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 3. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
l. Í stað orðanna „refsivist“ í 1., 3. og 4. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsing.
m. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
n. Orðið „refsivistar“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, fellur brott.
o. Í stað orðsins „refsivistina“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
p. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
q. Orðin „varðhalds- og“ í 1. mgr. 35. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 123/1997, falla brott.

191. gr.

Lög um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 40. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

192. gr.

Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

193. gr.

Læknalög, nr. 53 19. maí 1988.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
b. Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

194. gr.

Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31 23. apríl 1990.

Í stað orðsins „varðhald“ í 1. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

195. gr.

Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1996, falla brott.

196. gr.

Lög um innflutning dýra, nr. 54 16. maí 1990.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

197. gr.

Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

198. gr.

Lög um einkaleyfi, nr. 17 20. mars 1991.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

199. gr.

Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 2. mgr. 97. gr. laganna kemur: fangelsi.
c. Í stað orðsins „refsivist“ í b-lið 98. gr. laganna kemur: fangelsi.
d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 99. gr. laganna kemur: fangelsi.
e. Í stað orðsins „refsivist“ í 102. gr. laganna kemur: til afplánunar fangelsisrefsingar.
f. Í stað orðsins „refsivist“ í inngangsmálslið 176. gr. laganna kemur: fangelsi.
g. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 181. gr. laganna kemur: fangelsi.

200. gr.

Lög um samvinnufélög, nr. 22 27. mars 1991.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 78. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.

c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 80. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 81. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.

201. gr.

Lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41 27. maí 1992.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 31. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

202. gr.

Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58 2. júní 1992.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 59. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Orðið „varðhaldi“ í 60. gr. laganna fellur brott.
c. Orðið „varðhaldi“ í 61. gr. laganna fellur brott.
d. Orðið „varðhaldi“ í 62. gr. laganna fellur brott.
e. Orðin „varðhaldi eða“ í c-lið 63. gr. laganna falla brott.
f. Orðið „varðhaldi“ í 64. gr. laganna fellur brott.
g. Orðið „varðhaldi“ í 65. gr. laganna fellur brott.
h. Orðið „varðhaldi“ í 66. gr. laganna fellur brott.

203. gr.

Lög um gjaldeyrismál, nr. 87 17. nóvember 1992.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

204. gr.

Lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100 16. desember 1992.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi.

205. gr.

Samkeppnislög, nr. 8 25. febrúar 1993.

a. Í stað orðanna „varðhaldi eða“ í 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum en.
b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

206. gr.

Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25 7. apríl 1993.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

207. gr.

Lög um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 29. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

208. gr.

Lög um hönnunarvernd, nr. 48 21. maí 1993.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna falla brott.

209. gr.

Lög um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993.

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

210. gr.

Lög um félagslega aðstoð, nr. 118 23. desember 1993.

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

211. gr.

Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123 27. desember 1993.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 24. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

212. gr.

Lög um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

213. gr.

Lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60 11. maí 1994.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 99. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

214. gr.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64 19. maí 1994.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

215. gr.

Lyfjalög, nr. 93 20. maí 1994.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, falla brott.

216. gr.

Lög um einkahlutafélög, nr. 138 28. desember 1994.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 127. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 128. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 129. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

217. gr.

Lög um ársreikninga, nr. 144 29. desember 1994.

Orðin „varðhaldi eða“ í 82. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

218. gr.

Lög um bókhald, nr. 145 29. desember 1994.

Orðin „varðhaldi eða“ í 36. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

219. gr.

Lög um hlutafélög, nr. 2 30. janúar 1995.

a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 153. gr. laganna fellur brott.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 154. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 154. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 155. gr. laganna fellur brott.
e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 156. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

220. gr.

Lög um vörugjald af olíu, nr. 34 7. mars 1995.

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

221. gr.

Lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47 7. mars 1995.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

222. gr.

Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54 8. mars 1995.

Í stað orðanna „og varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

223. gr.

Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.

Í stað orðanna „refsivist í fangelsi“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

224. gr.

Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134 22. desember 1995.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 28. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

225. gr.

Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57 3. júní 1996.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

226. gr.

Lög um náttúruvernd, nr. 93 14. júní 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

227. gr.

Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94 14. júní 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

228. gr.

Lög um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113 12. júlí 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 101. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

229. gr.

Lög um póstþjónustu, nr. 142 27. desember 1996.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.
b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.

230. gr.

Lög um fjarskipti, nr. 143 27. desember 1996.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: fangelsi.

231. gr.

Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151 27. desember 1996.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

232. gr.

Lög um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 20. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

233. gr.

Lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23 29. apríl 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

234. gr.

Lög um vörumerki, nr. 45 22. maí 1997.

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna falla brott.

235. gr.

Lög um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54 22. maí 1997.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

236. gr.

Lög um öryggisþjónustu, nr. 58 22. maí 1997.

Í stað orðanna „til refsivistar“ í d-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

237. gr.

Lög um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

238. gr.

Skipulags- og byggingarlög, nr. 73 28. maí 1997.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 60. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

239. gr.

Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79 26. maí 1997.

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

240. gr.

Lög um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96 27. maí 1997.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

241. gr.

Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5 6. mars 1998.

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálsgrein 104. gr. laganna falla brott.

242. gr.

Vopnalög, nr. 16 25. mars 1998.

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

243. gr.

Lög um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. kemur: fangelsi allt að 2 árum.

III. KAFLI

Gildistaka.

244. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar refsing er dæmd vegna brots sem framið er fyrir gildistöku laga þessara, og hæfileg refsing hefði verið varðhald samkvæmt eldri lögum, skal refsing ákveðin í fangelsi um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

Nú hefur maður verið dæmdur í varðhald en ekki afplánað dóm að einhverju leyti eða öllu og skal þá refsing, eða eftirstöðvar hennar, afplánuð sem fangelsi um jafnlangan tíma. Sama gildir ef refsing er ákvörðuð á ný vegna rofa á skilorði varðhaldsrefsingar og ef vararefsing hefur verið ákveðin í varðhaldi.

Varðhaldsrefsing fellur niður ef fullnusta dóms er eigi byrjuð innan fimm ára. Um fyrningu fer að öðru leyti eftir 2.–5. mgr. 83. gr.

1550. Lög [445. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Afgreidd frá Alþingi 4. júní.)

Samhljóða þskj. 1512.

1551. Breytingartillögur [561. mál]

við frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

1. Við 5. gr. 14. tölul. orðist svo: Í stað orðsins „bótasjóður“ hvarvetna í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. kemur: tjónaskuld; í stað orðsins „dreginn“ í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. kemur: dregin; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 30. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Á eftir 22. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Breyting á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál:

1. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 5. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

1552. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [723. mál]

í málinu: Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar um málefni Landsbanka Íslands hf.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur og Valgerði Sverrisdóttur.

Þar sem einstök rannsóknarefni framkominnar þingsályktunartillögu eru til meðferðar hjá þar til bærum aðilum og viðskiptaráðherra hefur gert fullnægjandi grein fyrir samskiptum sínum við Alþingi vegna þessa máls samþykkir Alþingi að **vísa tillögunni frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

1553. Breytingartillaga [524. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Sighvati Björgvinssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði B-liðar 69. gr. laganna um vaxtabætur verði endurskoðað fyrir 1. október 1998 með það að markmiði að tryggja að þeir sem fara úr félagslega húsnæðiskerfinu og notið hafa niðurgreiddra vaxta verði ekki verr settir í nýju kerfi með niðurgreiðslu í formi vaxtabóta en þeir voru áður. Nauðsynlegar breytingar á ákvæðinu til að ná framangreindu markmiði skulu taka gildi eigi síðar en 1. janúar 1999.

1554. Skýrsla [429. mál]

heilbrigðisráðherra um tíðni og eðli barnaslysa tímabilið 1990–96, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Með beiðni (á þskj. 754) frá Össuri Skarphéðinssyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að heilbrigðisráðherra flytji Alþingi skýrslu um tíðni og eðli barnaslysa tímabilið 1990–96. Beiðnin hefur dregið fram þann vanda sem því fylgir að hafa ekki samræmda skráningu slysa hér á landi. Sækja þarf upplýsingar til nokkurra aðila sem hafa séð um slíka skráningu. Þar sem ekki er um samræmt skráningarform að ræða á umbeðnu tímabili er erfitt fá fram þær upplýsingar sem um er beðið.

Slysavarnaráði ber að samræma skráningu á slysum og vera eftirlitsaðili samkvæmt lögum um ráðið. Ráðinu hefur ekki auðnast að hrinda samræmdri tölvuskráningu í framkvæmd, en slíkt er í burðarliðnum eins og getið er um hér á eftir. Hins vegar er rétt að nefna að það að eiga landsnefnd eins og slysavarnaráð, sem leitast við að hafa heildarsýn yfir slys, er mjög skynsamlegt, og er Ísland í fararbroddi í Evrópu að þessu leyti. Evrópudeild Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hefur hvatt aðildarríkin til að koma slíkri nefnd á laggirnar, en það hefur ekki verið gert enn sem komið er nema á Íslandi og í Noregi.

Slysaskráning hófst á Sjúkrahúsi Reykjavíkur árið 1968. Á síðasta ári var tekið þar upp norrænt tölvuskráningarkerfi við flokkun slysa, NOMESKO-kerfið. Tölvuskráning á heilsugæslustöðvum hófst árið 1976. Ýmis tölvuskráningarkerfi hafa verið þróuð og notuð síðan. Nýjasta forritið heitir SAGA, en það er sjúkraskrárkerfi fyrir tölvur, þróað af Gagnalind hf. fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Þetta kerfi hefur þegar verið tekið í notkun á nokkrum heilsugæslustöðvum og er ætlunin að taka það upp alls staðar á landinu á næstu árum. SAGA gefur möguleika á að skrá slys samkvæmt NOMESKO-kerfinu. Aukin nákvæmni í slysaskráningu sem norræna flokkunarkerfið býður upp á mun á næstu árum gefa möguleika á markvissum aðgerðum til að fyrirbyggja slys á grundvelli ítarlegra upplýsinga.

Hér á eftir verður leitast við að svara þeim spurningum sem koma fram í beiðninni. Af ástæðum sem skýrt hefur verið frá hér að framan er ekki unnt að svara þeim öllum. Upplýsingarnar eru aðallega fengnar frá slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Slysadeildin þjónar fólki mun víðar að en úr Reykjavík. Þjónustusvæðið er hins vegar ekki nákvæmlega skilgreint, og þar með ekki íbúafjöldi þess. Því eru hér á eftir einungis gefnar upp heildartölur um slys sem

annast var um á slysadeildinni, en ekki reiknaðar út tíðnitölur, þ.e. árlegur fjöldi slysa miðað við fjölda íbúa. Upplýsingar frá Umferðarráði, Slysavarnafélagi Íslands og Hagstofu Íslands koma einnig fram í svörunum hér á eftir. Starfsmaður slysavarnaráðs vann að samantekt upplýsinganna.

1. Heimaslys.

1. Hver var árleg tíðni heimaslysa hjá 0–4 ára, 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára börnum á tímabilinu? Hvernig er skiptingin eftir kynjum
   a. í heild,
   b. innan aldursbila?

Tímabilið 1990–96 komu 22.153 börn (12.422 drengir (56%) og 9.731 stúlkur (44%)) á aldrinum 0–18 ára á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna slysa í heimahúsum.

2. Hvernig skiptast þau samtals eftir slysaflokkum (t.d. brunaslys, köfnunarslys, klemmuslys, augnáverkar, höfuðhögg, eitranir, önnur slys)? Óskað er eftir að einnig verði tilgreind skipting fyrir sérhvern aldursflokkanna.

Orsakir slysanna voru sem hér segir, fjöldi slasaðra 1990–96 í sviga: Högg af hlut eða árekstur við hlut (5.593), fall (4.611), hrösun á jafnsléttu (3.727), slasaði klemmdist (1.804), vélar, rafmagn flísar (1.610), aðrir aðskotahlutir (1.200), bruni (af hita eða kulda) (945), áverki frá öðrum (ofbeldi) (757), óskilgreind orsök (737), aðskotahlutir í auga (408), slys af völdum dýra (240), lyfja- eða efnaeitranir (193), íþróttaslys (86), ekki slys (64), sjálfsáverki (viljandi) (62), umferðarslys (55), mein af læknisaðgerð (18), rafmagn (15), geislun (á augu eða húð) (10), drukknun, köfnun (3) og skotvopn (2).

3. Hvar verða slysin helst innan heimilisins?

Ekki kemur fram við skráningu hvar innan heimilisins slysin urðu.

4. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús vegna heimaslysa og hve lengi samtals?

Skráning legudaga barna sem slasast er ekki fyrir hendi.

5. Hve mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?

Upplýsingar um fjölda barna sem hljóta varanleg meiðsl eða örkuml eru ekki fyrir hendi.

6. Hvernig er tíðni heimaslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?

Ekki er unnt að bera saman tíðni heimaslysa íslenskra barna við aðrar þjóðir á Norðurlöndum af eftirfarandi ástæðum: Skráningu slysa, annarra en banaslysa, er ábótavant á Norðurlöndunum enda þótt hún sé með því besta sem gerist í heiminum. Erfitt er að bera saman þær upplýsingar til eru. Í Danmörku og Finnlandi eru fyrir hendi upplýsingar sem byggðar eru á skráningu slysa. Í Noregi hefur verið komið á fót skráningu sem nær til u.þ.b. 10% þeirra sem lagðir eru inn á sjúkrahús vegna slysa. Ísland og Svíþjóð hafa ekki samsvarandi upplýsingar aðgengilegar.

7. Í umsjón hvers voru þau börn sem slösuðust á aldrinum 0–4 ára?

Skráning um eftirlitsaðila barna sem slasast er ekki fyrir hendi.

8. Hve mörg börn slösuðust í vörslu dagmæðra? Hvers konar áverka hlutu þau og hversu alvarlegir voru þeir?

Upplýsingar um börn sem slösuðust í vörslu dagmæðra eru ekki fyrir hendi.

2. Skólaslys.

1. Hver var árleg tíðni skólaslysa hjá 0–4 ára börnum (leikskólar), 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára á tímabilinu? Hvernig er skiptingin eftir kynjum
   a. í heild,
   b. innan aldursbila?

Tímabilið 1990–96 komu 10.139 börn (5.771 drengir (57%) og 4.368 stúlkur (43%)) á aldrinum 0–18 ára á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna slysa í skólum og/eða dagvistun.

2. Hvernig skiptast þau samtals eftir slysaflokkum? Óskað er eftir að einnig verði tilgreind skipting fyrir sérhvern aldursflokkanna.

Orsakir slysanna voru sem hér segir, fjöldi slasaðra 1990–96 í sviga: Hrösun á jafnsléttu (2.382), högg af hlut eða árekstur við hlut (2.252), fall (1.854), íþróttaslys (1.267), áverki frá öðrum (ofbeldi) (715), slasaði klemmdist (542), vélar, rafmagn, flísar (252), óskilgreind orsök (226), aðrir aðskotahlutir (151), aðskotahlutir í auga (137), umferðarslys (44), bruni (af hita eða kulda) (34), ekki slys (22), lyfja- eða efnaeitranir (15), slys af völdum dýra (12), mein af læknisaðgerð (2), drukknun, köfnun (2), skotvopn (2) og geislun (á augu eða húð) (1).

3. Hvar verða slysin helst á vettvangi skólans?

Ekki kemur fram í skráningu hvar á vettvangi skólans slysin urðu.

4. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús vegna skólaslysa og hve lengi samtals?

Tímabilið 1990–96 voru 213 börn (130 drengir (61%) og 83 stúlkur (39%)) lögð inn á Sjúkrahús Reykjavíkur eftir að hafa slasast í skólum og/eða dagvistun. Þetta eru um 2% allra barna (10.139) sem slösuðust á tímabilinu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve lengi börnin lágu á sjúkrahúsinu.

5. Hve mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?

Upplýsingar um fjölda barna sem hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml vegna skólaslysa eru ekki fyrir hendi.

6. Hvernig er tíðni skólaslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?

Ekki er unnt að bera saman tíðni skólaslysa íslenskra barna við aðrar þjóðir á Norðurlöndum af ástæðum sem getið er um hér að framan (liður 1.6).

3. Íþróttaslys.

1. Hver var árleg tíðni íþróttaslysa á tímabilinu?

Tímabilið 1990–96 komu 9.924 börn (6.239 drengir (63%) og 3.685 stúlkur (37%)) á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna íþróttaslysa.

2. Hvernig skiptast þau eftir íþróttaflokkum?
Íþróttaslysin eru ekki sundurgreind eftir íþróttaflokkum og er því ekki vitað hvernig þau skiptast samkvæmt þeim.

3. Hvers konar áverkar einkenna einstaka íþróttaflokka? Óskað er eftir eins nákvæmri sundurgreiningu og gögn leyfa.
Þar sem íþróttaslys eru ekki sundurgreind eftir íþróttaflokkum er ekki hægt að sjá hvers konar áverkar einkenna einstaka íþróttaflokka.

4. Hvernig skiptast þau samtals eftir eðli áverka?
Tímabilið 1990–96 voru áverkar vegna íþróttaslysa sem hér segir:

Innlagnir á Sjúkrahús Reykjavíkur vegna íþróttaslysa á tímabilinu 1990–96.

Ekki innlögn vegna íþróttaslysa.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	38	25	**63**
5–9 ára	649	393	**1.042**
10–14 ára	2.743	2.087	**4.830**
15–18 ára	2.672	1.123	**3.795**
Samtals	**6.102**	**3.628**	**9.730**

Innlögn vegna íþróttaslysa.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	15	5	**20**
10–14 ára	58	36	**94**
15–18 ára	64	15	**79**
Samtals	**137**	**56**	**193**

Áverkar af íþróttaslysum.

	Drengir	**Stúlkur**	**Samtals**
Brot	1.503	796	**2.299**
Liðhlaup, tognanir	2.444	1.667	**4.111**
Áverkar á heila, mænu	101	55	**156**
Áverkar á brjósti	8	1	**9**
Sár	491	136	**627**
Mar	861	537	**1.324**
Annað	137	66	**203**
Samtals	**5.545**	**3.258**	**8.803**

5. Hve stór hluti slysanna varð í leikfimikennslu á vegum skóla eða annarra aðila?
Ekki liggur fyrir hve stór hluti slysanna varð í leikfimikennslu á vegum skóla eða annarra aðila.

6. Hvar verða slysin einkum á íþróttasvæðum (þar með talin íþróttahús) og við hvers konar íþróttaiðkanir?

Fjöldi íþróttaslysa eftir slysstað tímabilið 1990–96 var sem hér segir: Á íþróttasvæði (7.125), í skóla eða dagvistun (1.267), annars staðar úti (786), í óbyggðum (112), óskilgreint (77), á heimili (76), á gangstíg eða gangbraut (47), á umferðargötu (23) og í verksmiðju eða á verkstæði (10).

7. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús vegna íþróttaslysa og hve lengi samtals?

Tímabilið 1990–96 voru 193 börn (137 drengir (71%) og 56 stúlkur (29%)) lögð inn á Sjúkrahús Reykjavíkur eftir að hafa slasast í íþróttum. Þetta eru um 2% allra barna (9.924) sem slösuðust á tímabilinu.

8. Hve mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?

Upplýsingar um fjölda barna sem hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml vegna íþróttaslysa eru ekki fyrir hendi.

9. Hvernig er tíðni íþróttaslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?

Ekki er unnt að bera saman tíðni skólaslysa íslenskra barna við aðrar þjóðir á Norðurlöndum af ástæðum sem getið er um hér að framan (liður 1.6).

4. Umferðarslys.

1. Hver var árleg tíðni umferðarslysa hjá 0–4 ára, 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára börnum á tímabilinu?

Tímabilið 1990–96 komu 6.019 börn (3.374 drengir (56%) og 2.645 stúlkur (44%)) á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna umferðarslysa.

2. Hvernig skiptast þau samtals eftir slysaflokkum (t.d. hjólreiðaslys, árekstur, ákeyrsla o.s.frv.)? Óskað er eftir að einnig verði tilgreind skipting sérhvers aldursflokks fyrir sig.

Sú flokkun sem tiltæk er á umferðarslysunum nær aðeins til 3.131 barna (1.720 drengja (55%) og 1.411 stúlkna (45%)). Ekki er til skýring á þessum mun en ef litið er á þá sundurgreiningu sem tiltæk er koma áhugaverð atriði í ljós varðandi munstur slysanna eftir aldri barnanna. Flokkarnir eru þrír: 1) farþegi í bíl, 2) hjólandi og 3) gangandi. Á aldrinum 0–4 ára slasast flest börnin sem farþegar (68%), þar næst gangandi (27%) en fæst hjólandi (5%). Í næstu tveimur aldursflokkum eru slys við hjólreiðar meira áberandi. Þannig slasast 24% barnanna á aldrinum 5–9 ára hjólandi, en flest slasast þau reyndar sem farþegar í bíl (39%) og þar næst gangandi (37%). Hjólreiðar eru enn áberandi í næsta aldursflokki. Á aldrinum 10–14 ára slasast 50% sem farþegar í bíl, 30% hjólandi og 20% gangandi. Í aldursflokknum 15–18 ára slasast aftur á móti langflestir sem farþegar í bíl (88%), því næst gangandi (7%), en fæstir hjólandi (5%).

3. Hve mörg börn slösuðust vegna þess að sérstökum öryggisbúnaði, svo sem hjálmum og sætisbeltum, var áfátt eða hann ekki notaður?

Í nýrri könnun, sem gerð var á vegum Umferðarráðs og Slysavarnafélags Íslands, var borin saman notkun öryggisbúnaðar fyrir börn á leikskólaaldri í bílum árin 1996, 1997 og 1998. Könnunin sýnir umtalsverða aukningu í notkun öryggisbúnaðar fyrir börn á þessum árum (sjá

súlurit í kafla 4.3 í viðauka). Notkunin er afar mismunandi eftir sveitarfélögum. Hún er minnst í litlum sjávarþorpum. Aðspurt ber fólk því stundum við að fjarlægðir séu svo litlar að það taki því ekki að spenna börnin. Notkunin er jafnvel helmingi almennari í stærri þéttbýlisstöðunum. Á Akureyri notuðu 98% leikskólabarna öryggisbúnað þegar könnun var gerð í febrúar síðastliðnum. Sjálfsagt eru ýmsar skýringar á þessari góðu útkomu á Akureyri. Hjúkrunarfræðingar fara í vitjanir til allra barna þegar þau eru aðeins tveggja vikna gömul og nokkrum sinnum er þau verða eldri. Í þessum vitjunum er tækifærið notað til að fara yfir ýmis öryggisatriði, þar á meðal þau sem tengjast umferðinni. Líklega er sömu sögu að segja víða á landinu, enda slysavarnir eitt af verkefnum heilsugæslustöðvanna frá árinu 1990. Þáttur tryggingafélaganna er mjög merkur en þau hafa ýmist leigt út barnabílstóla eða haft milligöngu um afslátt til foreldra við kaup á slíkum stólum.

4. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús vegna umferðarslysa og hve lengi samtals?
   Skráning legudaga barna sem slasast er ekki fyrir hendi.

5. Hve mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?
   Upplýsingar um fjölda barna sem hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml eru ekki fyrir hendi.

6. Hvernig er tíðni umferðarslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?
   Eigi er unnt að bera saman tíðni skólaslysa íslenskra barna við aðrar þjóðir á Norðurlöndum af ástæðum sem getið er um hér að framan (liður 1.6).

5. Drukknunarslys.

1. Hver var árleg tíðni drukknunarslysa hjá 0–4 ára, 5–9 ára, 10–14 ára og 15–18 ára börnum á tímabilinu? Einnig er óskað skiptingar eftir kynjum
   a. í heild,
   b. innan aldursbila?
2. Hvernig skiptast þau samtals eftir flokkum (t.d. í heitum pottum, sundlaugum o.s.frv.)?
3. Hversu mörg barnanna þurfti að leggja inn á sjúkrahús og hve lengi samtals?
4. Hversu mörg þeirra eru talin hafa hlotið varanleg meiðsl eða örkuml?
5. Hvernig er tíðni drukknunarslysa íslenskra barna á fyrrgreindum aldursbilum og eftir kynjum í samanburði við aðrar þjóðir á Norðurlöndum, t.d. Norðmenn eða Svía?

Óskað er eftir að í svari við þessum lið verði einnig greint frá slysum þar sem lá við drukknun (svokölluð nærdrukknun).

Drukknunarslysum fjölgaði á rannsóknartímabilinu, á meðan dánartíðni vegna drukknunar víðast annars staðar hefur lækkað síðustu ár. Miðað við seinni fimm árin, sem rannsóknin náði til, var dánartíðni vegna drukknana hér á landi með því hæsta sem gerist meðal nágrannaþjóða. Mikill fjöldi slysa meðal eins til tveggja ára barna, eða 15 slys á tíu árum, kom á óvart, enda eru börn á þessum aldri oftast undir stöðugu eftirliti. Mörg þessara slysa urðu í heitum pottum við heimilin eða leysingavatnspollum eftir að börnin höfðu sloppið úr gæslu umsjónarmanna stutta stund.

Langflest slysin urðu í sundlaugum á tímabilinu, en þar urðu 20 slys eða um 40% allra slysanna. Í sundlaugum drukknuðu tvö börn og eitt hlaut varanlegan heilaskaða. Í ám og lækjum

drukknuðu sex börn af níu. Það voru einkum ung börn sem drukknuðu í heitum pottum og leysingavatni, en í sumum tilfellum var um grunnt vatn að ræða, sem barnið lenti með andlitið ofan í og náði sér ekki upp úr.

Erfitt er að finna sambærilegar tölur um heildarfjölda drukknunarslysa í nágrannalöndunum þar sem nærdrukknanir koma óvíða fram í opinberum slysatölum og aldursskipting er mismunandi eftir löndum. Því er ómögulegt að gefa samanburðartölur milli landa um heildarfjölda drukknunarslysa.

6. Vinnuslys.

1. Hvernig er hagað skráningu vinnuslysa hjá börnum til 18 ára aldurs?
2. Hvernig skiptast vinnuslys fram að þeim aldri eftir tegund vinnu?
3. Hvernig skiptast þau eftir áverkum?
4. Hvernig skiptast þau eftir aldri?
5. Hvernig skiptast þau eftir kynjum?
6. Hvernig eru samsvarandi upplýsingar frá hinum Norðurlandaþjóðunum?

Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um vinnuslys hjá börnum.

7. Hættulegar vörur.

Óskað er eftir upplýsingum um slys á fyrrgreindum aldursbilum, og eftir kynjum, vegna hættulegra vara, svo sem gluggabúnaðar (t.d. stormjárns), raftækja o.s.frv.

Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um slys vegna hættulegra vara, raftækja o.s.frv.

8. Önnur slys.

Óskað er eftir upplýsingum um slys á fyrrgreindum aldursbilum, og eftir kynjum, sem falla utan þeirra slysaflokka sem reifaðir eru að framan, t.d. við húsgrunna, á byggingarsvæðum o.s.frv.

Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um slys sem falla utan þeirra slysaflokka sem reifaðir eru að framan.

9. Dauðsföll.

1. Hve mörg dauðsföll urðu vegna slysa barna upp að 18 ára aldri á tímabilinu, hvers konar slys leiddu til þeirra og hvernig skiptust þau eftir fyrrgreindum aldursflokkum og kynjum?
2. Hvernig eru samsvarandi upplýsingar frá hinum Norðurlandaþjóðunum?

Banaslys barna á tímabilinu 1990–95.[1]

Flokkur	0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
E 812 Umferðarslys				5	**5**
E 813 Árekstur ökutækja			1		**1**
E 814 Ekið á fótgangandi	3	1		1	**5**
E 815 Bílvelta á þjóðvegi				1	**1**
E 816 Ökumaður missir stjórn á ökutæki	1	2		8	**11**
E 819 Umferðarslys, óskilgreind orsök			1	2	**3**
E 821 Slys af völdum annarra ökut. en bifreiða			1		**1**

[1]Heimild: Hagstofa Íslands. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá árinu 1996.

Flokkur		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
E 830	Flotfarsslys, fall í vatn				1	**1**
E 832	Fall í vatn vegna flutninga á landi				1	**1**
E 836	Slys af vél við flutninga á legi	1				**1**
E 842	Slys af óvélknúnu flugfari				1	**1**
E 884	Fall af einum fleti á annan	2		1		**3**
E 890	Íkviknun í heimahúsum	1	1			**2**
E 901	Ofurkuldi				1	**1**
E 909	Slys af völdum náttúruhamfara	6	1	5	1	**13**
E 910	Slysafall í vatn og drukknun	6	4	3		**13**
E 913	Slysaköfnun af loftleysi	1				**1**
E 916	Högg af fallandi hlut	1				**1**
E 917	Árekstur á mann eða hlut			1		**1**
E 918	Maður klemmist		1			**1**
E 919	Slys af vél		1		1	**2**
E 928	Slys af öðrum (óskilgr.) ástæðum				1	**1**
Alls		**22**	**11**	**13**	**24**	**70**
	Banaslys drengja	**17**	**6**	**6**	**18**	**48**
	Banaslys stúlkna	**5**	**5**	**7**	**6**	**22**

Banaslys barna að frátöldum slysum af völdum náttúruhamfara og sjálfsvígum.

		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
Alls		**17**	**10**	**8**	**23**	**58**
	Banaslys drengja	**14**	**6**	**6**	**15**	**41**
	Banaslys stúlkna	**3**	**4**	**2**	**8**	**17**

Banaslys drengja á tímabilinu 1990–95.

Flokkur		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
E 812	Umferðarslys				2	**2**
E 813	Árekstur ökutækja			1		**1**
E 814	Ekið á fótgangandi	2			1	**3**
E 815	Bílvelta á þjóðvegi				1	**1**
E 816	Ökumaður missir stjórn á ökutæki	1	1		6	**8**
E 819	Umferðarslys, óskilgreind orsök				2	**2**
E 821	Slys af völdum annarra ökut. en bifreiða			1		**1**
E 830	Flotfarsslys, fall í vatn				1	**1**
E 832	Fall í vatn vegna flutninga á landi				1	**1**
E 836	Slys af vél við flutninga á legi	1				**1**
E 842	Slys af óvélknúnu flugfari				1	**1**

Flokkur		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
E 884	Fall af einum fleti á annan	2		1		**3**
E 890	Íkviknun í heimahúsum		1			**1**
E 901	Ofurkuldi				1	**1**
E 909	Slys af völdum náttúruhamfara	3			1	**4**
E 910	Slysafall í vatn og drukknun	6	3	2		**11**
E 913	Slysaköfnun af loftleysi	1				**1**
E 916	Högg af fallandi hlut	1				**1**
E 917	Árekstur á mann eða hlut			1		**1**
E 919	Slys af vél		1		1	**2**
Alls		**17**	**6**	**6**	**18**	**48**

Banaslys stúlkna á tímabilinu 1990–95.

Flokkur		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
E 812	Umferðarslys				3	**3**
E 814	Ekið á fótgangandi	1	1			**2**
E 816	Ökumaður missir stjórn á ökutæki		1		2	**3**
E 819	Umferðarslys, óskilgreind orsök			1		**1**
E 890	Íkviknun í heimahúsum	1				**1**
E 909	Slys af völdum náttúruhamfara	3	1	5		**9**
E 910	Slysafall í vatn og drukknun			1	1	**2**
E 918	Maður klemmist		1			**1**
Alls		**5**	**4**	**7**	**6**	**22**

Tíðni banaslysa – samanburður við Norðurlönd.
Tíðni slysa á hverja 100.000 íbúa.[2]

Drengir 0–14 ára.

	1990	1995
Danmörk	10,7	7,3
Finnland	11,2	7,0
Ísland	**24,6**	**8,9**
Noregur	12,1	7,7
Svíþjóð	5,7	4,9

Drengir 15–24 ára.

	1990	1995
Danmörk	34,5	42,7
Finnland	53,9	33,2
Ísland	**60,6**	**33,1**
Noregur	43,4	30,9
Svíþjóð	35,1	21,0

[2]Tölur frá Íslandi og Noregi eru frá árinu 1994.

Stúlkur 0–14 ára.

	1990	1995
Danmörk	6,3	3,4
Finnland	5,7	3,6
Ísland	**3,2**	**9,4**
Noregur	8,7	6,8
Svíþjóð	4,3	3,4

Stúlkur 15–24 ára.

	1990	1995
Danmörk	11,0	8,5
Finnland	18,5	7,4
Ísland	**14,5**	**4,9**
Noregur	10,0	7,8
Svíþjóð	12,4	6,0

10. Aðgerðir stjórnvalda.

Til hvaða aðgerða hyggjast stjórnvöld grípa til að draga úr slysatíðni barna?

11. Fræðsla.

Hvaða fræðsla hefur af hálfu stjórnvalda verið í gangi síðustu ár sem miðar að því að fækka barnaslysum?

Aðgerðir stjórnvalda – fræðsla.

Hinn 8. október sl. ákvað ríkisstjórnin að tillögu heilbrigðisráðherra að hrinda af stað átaki til þess að fækka slysum á börnum og unglingum sem standa mun í þrjú ár. Ríkisstjórnin ákvað að átakið yrði undir stjórn verkefnisstjórnar sem tryggði tengsl við ýmsar opinberar stofnanir, sveitarfélög, félagasamtök og faghópa og skipuð væri fulltrúum dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, menntamálaráðherra og umhverfisráðherra, auk fulltrúa heilbrigðisráðherra sem gegndi formennsku.

Meginverkefni verkefnisstjórnar verður að skýra á hverra ábyrgð ákveðnar fyrirbyggjandi aðgerðir eru og stuðla að eflingu og samhæfingu aðgerða þeirra aðila sem nú vinna að slysavörnum barna og unglinga. Má þar nefna skipulag skráningar barna- og unglingaslysa, samhæfingu fræðslu og forvarna, svo og ráðgjöf um slysavarnir þessa aldurshóps. Verkefnastjórnin hefur þegar tekið til starfa og mun gera ráðherra grein fyrir hugmyndum og áherslum sínum innan skamms.

Slysavarnaráð og landlæknir hafa unnið mikið starf á þessu sviði á undanförnum árum og má sem dæmi um það nefna eftirfarandi þætti:

Rannsóknir:
Könnun á umferðarslysum Reykvíkinga árið 1994.
Rannsóknir á kostnaði vegna umferðarslysa.
Styrkur til rannsókna á slysum á skíðasvæðum.
Styrkir til rannsókna á umferðarslysum og reiðhjólaslysum.

Útgáfa fræðsluefnis:
Bæklingur um eiturefni og viðbrögð við slysum.
Áhættuslys – fyrirlestrar á landsfundi um slysavarnir.

Fyrirlestrar:
Fyrirlestrar og erindi, m.a. um höfuðslys á börnum.

Slysavarnaráð hefur vakið máls á ýmsum varnarráðum sem má beita gegn slysum og barist fyrir þeim. Ber þar að nefna notkun hjólreiðahjálma sem fyrst var vakið máls á árið 1983.

Slysavarnaráð hefur samstarf við Umferðarráð sem m.a. stendur fyrir umferðarskólanum, ýmsum námskeiðum og fræðslu í samvinnu við sveitarfélög og lögreglu og daglegum þáttum í útvarpi. Þá hefur Umferðarráð gert könnun á öryggisbúnaði leikskólabarna, m.a. hjálmanotkun, framkvæmt umferðarkannanir og staðið fyrir margvíslegri fræðslu um slysavarnir sem oft miðar sérstaklega að öryggi barna í umferðinni.

Margt hefur verið gert af hálfu stjórnvalda, oft í samvinnu við eða að frumkvæði félagasamtaka til þess að fækka slysum á börnum og unglingum. Þar má nefna:

1. Æfingaakstur ungra ökumanna með forráðamönnum, áður en bílpróf hefur verið tekið, til að auka leikni ökumanna.
2. Staðlagerð og endurskoðun á byggingarreglugerð með öryggi barna í huga.
3. Öryggisreglugerðir vegna íþróttamannvirkja.
4. Eftirlit með sölu og gæðum leiktækja þar sem Evrópustöðlum er fylgt.
5. Rafmagnseftirlit ríkisins hefur eftirlit með að öryggisstöðlum sé fylgt. Það sér einnig um fræðslu.
6. Reykjavíkurborg hefur í tvö ár staðið fyrir átakinu „Gerum borgina betri fyrir börnin".
7. Öryggisúttektir í sveitarfélögum um allt land í samvinnu við slysavarnafélög.

Lokaorð.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu eru slys á börnum margbreytileg og orsakir þeirra flóknar. Samanburður milli landa er erfiður, en Íslendingar standa að mörgu leyti vel að skráningu og hafa fylgst vel með þróun mála á þessu sviði. Slysatíðni barna hér er of há og því ákvað ríkisstjórnin á haustmánuðum að gera sérstakt átak á því skyni að fækka þessum slysum og auka öryggi barna. Eru vonir bundnar við það átak.

Fjölmargir aðilar í samfélaginu koma að slysavörnum, m.a. opinberir aðilar og fyrirtæki, en merkastur er ef til vill þáttur ýmissa líknarfélaga, t.d. Slysavarnafélagsins sem er 70 ára um þessar mundir. Rétt er að hlúa að þróttmiklu starfi fjölmargra aðila sem lýtur að slysavörnum með ýmsum almennum aðgerðum.

Viðauki.

1. Slys í heimahúsum.[3]

1.1 Árleg tíðni heimaslysa.

1990.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1.194	832	**2.026**
5–9 ára	425	414	**839**
10–14 ára	294	251	**545**
15–18 ára	204	176	**380**
Samtals	**2.117**	**1.673**	**3.790**

1991.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1.080	752	**1.832**
5–9 ára	372	304	**676**
10–14 ára	255	200	**455**
15–18 ára	168	175	**343**
Samtals	**1.875**	**1.431**	**3.306**

1992.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1.164	775	**1.939**
5–9 ára	346	338	**684**
10–14 ára	233	220	**453**
15–18 ára	163	161	**324**
Samtals	**1.906**	**1.494**	**3.400**

1993.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	960	711	**1.671**
5–9 ára	314	233	**547**
10–14 ára	206	188	**394**
15–18 ára	148	116	**264**
Samtals	**1.628**	**1.248**	**2.876**

[3]Komur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Heimild: Upplýsingasvið SHR.

1994.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	921	667	**1.588**
5–9 ára	337	247	**584**
10–14 ára	221	173	**394**
15–18 ára	124	147	**271**
Samtals	**1.603**	**1.234**	**2.837**

1995.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	975	710	**1.685**
5–9 ára	346	258	**604**
10–14 ára	210	172	**382**
15–18 ára	149	155	**304**
Samtals	**1.680**	**1.295**	**2.975**

1996

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	932	743	**1.675**
5–9 ára	365	294	**659**
10–14 ára	188	182	**370**
15–18 ára	128	137	**265**
Samtals	**1.613**	**1.356**	**2.969**

Heildarfjöldi	**12.422**	**9.731**	**22.153**

1.2 Orsakir slysa í heimahúsum á tímabilinu 1990–96.

Umferðarslys.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	18	4	**22**
5–9 ára	8	4	**12**
10–14 ára	7	7	**14**
15–18 ára	5	2	**7**
Samtals	**38**	**17**	**55**

Lyfja- eða efnaeitranir.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	101	56	**157**
5–9 ára	9	5	**14**
10–14 ára	3	2	**5**
15–18 ára	7	10	**17**
Samtals	**120**	**73**	**193**

Mein af læknisaðgerð.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	5	3	**8**
5–9 ára	2	2	**4**
10–14 ára	3	0	**3**
15–18 ára	1	2	**3**
Samtals	**11**	**7**	**18**

Fall.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1.795	1.435	**3.230**
5–9 ára	418	391	**809**
10–14 ára	159	204	**363**
15–18 ára	74	135	**209**
Samtals	**2.446**	**2.165**	**4.611**

Hrösun á jafnsléttu.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1.381	840	**2.221**
5–9 ára	395	383	**778**
10–14 ára	177	256	**433**
15–18 ára	119	176	**295**
Samtals	**2.072**	**1.655**	**3.727**

Bruni (af hita eða kulda).

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	383	287	**670**
5–9 ára	59	61	**120**
10–14 ára	51	39	**90**
15–18 ára	26	39	**65**
Samtals	**519**	**426**	**945**

Slys af völdum dýra.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	29	27	**56**
5–9 ára	39	43	**82**
10–14 ára	26	27	**53**
15–18 ára	19	30	**49**
Samtals	**113**	**127**	**240**

Drukknun, köfnun.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1	0	**1**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	0	0	**0**
15–18 ára	0	2	**2**
Samtals	**1**	**2**	**3**

Aðskotahlutur í auga.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	86	58	**144**
5–9 ára	68	41	**109**
10–14 ára	33	25	**58**
15–18 ára	58	39	**97**
Samtals	**245**	**163**	**408**

Aðrir aðskotahlutir.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	349	360	**709**
5–9 ára	139	104	**243**
10–14 ára	92	66	**158**
15–18 ára	49	41	**90**
Samtals	**629**	**571**	**1.200**

Högg af hlut eða árekstur við hlut.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1.832	1.091	**2.923**
5–9 ára	776	551	**1.327**
10–14 ára	498	374	**872**
15–18 ára	259	212	**471**
Samtals	**3.365**	**2.228**	**5.593**

Slasaði klemmdist.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	583	467	**1.050**
5–9 ára	231	256	**487**
10–14 ára	94	99	**193**
15–18 ára	34	42	**76**
Samtals	**942**	**862**	**1.804**

Vélar, rafmagn, flísar.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	279	141	**420**
5–9 ára	242	154	**396**
10–14 ára	284	147	**431**
15–18 ára	230	133	**363**
Samtals	**1.035**	**575**	**1.610**

Rafmagn.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	5	0	**5**
5–9 ára	2	0	**2**
10–14 ára	3	3	**6**
15–18 ára	0	2	**2**
Samtals	**10**	**5**	**15**

Geislun (á augu eða húð).

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	4	0	**4**
15–18 ára	5	1	**6**
Samtals	**9**	**1**	**10**

Sjálfsáverki (viljandi).

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	3	0	**3**
5–9 ára	1	1	**2**
10–14 ára	4	6	**10**
15–18 ára	29	18	**47**
Samtals	**37**	**25**	**62**

Áverki frá öðrum (ofbeldi).

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	125	137	**262**
5–9 ára	61	42	**103**
10–14 ára	99	72	**171**
15–18 ára	120	101	**221**
Samtals	**405**	**352**	**757**

Skotvopn.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	0	1	**1**
15–18 ára	1	0	**1**
Samtals	**1**	**1**	**2**

Íþróttaslys.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	3	1	**4**
5–9 ára	14	9	**23**
10–14 ára	26	14	**40**
15–18 ára	14	5	**19**
Samtals	**57**	**29**	**86**

Óskilgreind orsök.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	231	275	**506**
5–9 ára	49	35	**84**
10–14 ára	38	37	**75**
15–18 ára	31	41	**72**
Samtals	**349**	**388**	**737**

Ekki slys.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	17	10	**27**
5–9 ára	4	5	**9**
10–14 ára	3	6	**9**
15–18 ára	4	15	**19**
Samtals	**28**	**36**	**64**

Heildarfjöldi	**12.422**	**9.731**	**22.153**

1.3 Brunaslys meðal barna.

Í þessari umfjöllun um brunaslys er vitnað í rannsókn sem gerð var árið 1996.[4] Rannsóknin spannar 14 ára tímabil, 1982–95, rannsökuð voru slys 0–15 ára barna.

Að meðaltali brennir sig 21 barn á ári. Skipting milli kynja er greinileg en 62% þeirra sem brennast eru drengir og 38% stúlkur. Tíðni brunaslysa er mest á aldursskeiðinu 0–4 ára en hlutfall barna á þeim aldri er 73% af öllum börnum sem brenndust.

Algengustu brunavaldar eru heitt vatn, vökvar og eldur. Flest brunaslys verða innan veggja heimilis, eða í þremur fjórðu tilvika. Brunaslys á börnum eru algengust í desembermánuði. Algengast er að börn brenni sig í kringum hádegi og kvöldmat en þá er notkun heitra vökva mest á heimilum.

[4]Heimild: SVFÍ-fréttir, 9. tbl. 14. árgangur 1996. Rannsóknina unnu Pétur Lúðvíksson, sérfræðingur á Barnaspítala Hringsins, Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi hjá Slysavarnafélaginu, Ragnheiður Elísdóttir, deildarlæknir á Barnaspítala Hringsins, og Ásgeir Haraldsson, forstöðulæknir Barnaspítala Hringsins.

Fjöldi brunaslysa eftir brunavöldum.



Fjöldi brunaslysa eftir brunavöldum og aldri barna.



2. Skólaslys.[5]

2.1 Árleg tíðni slysa í skólum og/eða dagvistun.

1990.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	229	148	377
5–9 ára	239	210	449
10–14 ára	384	379	763
15–18 ára	135	75	210
Samtals	**987**	**812**	**1.799**

1991.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	233	114	347
5–9 ára	216	148	364
10–14 ára	337	292	629
15–18 ára	104	77	181
Samtals	**890**	**631**	**1.521**

1992.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	219	152	371
5–9 ára	231	159	390
10–14 ára	330	268	598
15–18 ára	91	55	146
Samtals	**871**	**634**	**1.505**

1993.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	184	123	307
5–9 ára	197	131	328
10–14 ára	251	223	474
15–18 ára	80	49	129
Samtals	**712**	**526**	**1.238**

1994.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	221	150	371
5–9 ára	159	130	289
10–14 ára	256	197	453
15–18 ára	81	57	138
Samtals	**717**	**534**	**11.251**

[5]Komur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Heimild: Upplýsingadeild SHR.

1995.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	221	161	**382**
5–9 ára	192	153	**345**
10–14 ára	287	205	**492**
15–18 ára	75	55	**130**
Samtals	**775**	**574**	**1.349**

1996.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	225	170	**395**
5–9 ára	239	194	**433**
10–14 ára	283	244	**529**
15–18 ára	72	49	**121**
Samtals	**819**	**657**	**1.476**

2.2 Orsakir slysa í skólum og/eða dagvistun á tímabilinu 1990–96.

Umferðarslys.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	5	3	**8**
5–9 ára	6	6	**12**
10–14 ára	16	3	**19**
15–18 ára	3	2	**5**
Samtals	**30**	**14**	**44**

Lyfja- eða efnaeitranir.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	4	1	**5**
5–9 ára	2	0	**2**
10–14 ára	6	2	**8**
15–18 ára	0	0	**0**
Samtals	**12**	**3**	**15**

Mein af læknisaðgerð.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	0	1	**1**
10–14 ára	1	0	**1**
15–18 ára	0	0	**0**
Samtals	**1**	**1**	**2**

Fall.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	407	295	**702**
5–9 ára	302	266	**568**
10–14 ára	267	233	**500**
15–18 ára	53	31	**84**
Samtals	**1.029**	**825**	**1.854**

Hrösun á jafnsléttu.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	389	253	**642**
5–9 ára	359	349	**708**
10–14 ára	390	464	**854**
15–18 ára	89	89	**178**
Samtals	**1.227**	**1.155**	**2.382**

Bruni (af hita eða kulda).

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	4	7	**11**
5–9 ára	8	4	**12**
10–14 ára	6	5	**11**
15–18 ára	8	2	**10**
Samtals	**26**	**18**	**34**

Slys af völdum dýra.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	4	1	**5**
5–9 ára	3	0	**3**
10–14 ára	1	1	**2**
15–18 ára	2	0	**2**
Samtals	**10**	**2**	**12**

Drukknun, köfnun.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	1	1	**2**
10–14 ára	0	0	**0**
15–18 ára	0	0	**0**
Samtals	**1**	**1**	**2**

Aðskotahlutir í auga.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	37	24	**61**
5–9 ára	17	18	**35**
10–14 ára	15	11	**26**
15–18 ára	14	1	**15**
Samtals	**83**	**54**	**137**

Aðrir aðskotahlutir.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	37	42	**79**
5–9 ára	12	10	**22**
10–14 ára	20	14	**34**
15–18 ára	11	5	**16**
Samtals	**80**	**71**	**151**

Högg af hlut eða árekstur við hlut.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	415	208	**623**
5–9 ára	411	248	**659**
10–14 ára	546	424	**970**
15–18 ára	149	62	**211**
Samtals	**1.521**	**942**	**2.252**

Slasaði klemmdist.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	102	110	**212**
5–9 ára	94	70	**164**
10–14 ára	69	73	**142**
15–18 ára	12	12	**24**
Samtals	**277**	**265**	**542**

Vélar, rafmagn, flísar.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	18	9	**27**
5–9 ára	35	21	**56**
10–14 ára	75	36	**111**
15–18 ára	48	10	**58**
Samtals	**176**	**76**	**252**

Rafmagn.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	2	0	**2**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	0	0	**0**
15–18 ára	0	0	**0**
Samtals	**2**	**0**	**2**

Geislun (á augu eða húð).

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	0	0	**0**
15–18 ára	1	0	**1**
Samtals	**1**	**0**	**1**

Sjálfsáverki (viljandi).

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	4	0	**4**
15–18 ára	3	0	**3**
Samtals	**7**	**0**	**7**

Áverki frá öðrum (ofbeldi).

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	53	25	**78**
5–9 ára	104	43	**147**
10–14 ára	288	124	**412**
15–18 ára	58	20	**78**
Samtals	**503**	**212**	**715**

Skotvopn.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	1	0	**1**
15–18 ára	0	1	**1**
Samtals	**1**	**1**	**2**

Íþróttaslys.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	2	0	**2**
5–9 ára	104	68	**172**
10–14 ára	382	383	**765**
15–18 ára	176	152	**328**
Samtals	**664**	**603**	**1.267**

Óskilgreind orsök.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	47	37	**84**
5–9 ára	14	20	**34**
10–14 ára	34	28	**62**
15–18 ára	20	26	**46**
Samtals	**115**	**111**	**226**

Ekki slys.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	6	3	**9**
5–9 ára	1	2	**3**
10–14 ára	3	4	**7**
15–18 ára	2	1	**3**
Samtals	**12**	**10**	**22**

Heildarfjöldi	**5.771**	**4.368**	**10.139**

2.3 Innlagnir á Sjúkrahús Reykjavíkur vegna slysa í skólum og/eða dagvistun á tímabilinu 1990–96.

Ekki innlögn vegna slyss í skóla eða dagvistun.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1.497	989	**2.486**
5–9 ára	1.434	1.092	**2.526**
10–14 ára	2.076	1.789	**3.865**
15–18 ára	634	415	**1.049**
Samtals	**5.641**	**4.285**	**9.926**

Innlögn vegna slyss í skóla.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	35	29	**64**
5–9 ára	39	33	**72**
10–14 ára	52	19	**71**
15–18 ára	4	2	**6**
Samtals	**130**	**83**	**213**

2.4 Áverkar af slysum í skólum.

	Drengir	Stúlkur	Samtals
Brot	1.241	944	2.185
Liðhlaup, tognanir	1.015	1.172	2.187
Áverkar á heila, mænu	316	232	548
Áverkar á brjósti	15	3	18
Sár	1.982	1.022	3.004
Mar	1.221	1.017	2.238
Annað	337	245	582
Samtals	**6.127**	**4.635**	**10.762**

3. Íþróttaslys.[6]

3.1 Árleg tíðni íþróttaslysa á tímabilinu.

1990.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	6	1	**7**
5–9 ára	110	61	**171**
10–14 ára	402	349	**751**
15–18 ára	436	168	**604**
Samtals	**954**	**579**	**1.533**

1991.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	3	3	**6**
5–9 ára	82	38	**120**
10–14 ára	316	242	**558**
15–18 ára	336	135	**471**
Samtals	**737**	**418**	**1.155**

1992.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	8	3	**11**
5–9 ára	125	69	**194**
10–14 ára	485	379	**864**
15–18 ára	450	176	**626**
Samtals	**1.068**	**627**	**1.695**

[6]Komur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Heimild: Upplýsingasvið SHR.

1993.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	8	4	**12**
5–9 ára	101	49	**150**
10–14 ára	460	336	**796**
15–18 ára	388	172	**560**
Samtals	**957**	**561**	**1.518**

1994.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	10	9	**19**
5–9 ára	96	69	**165**
10–14 ára	435	299	**734**
15–18 ára	358	164	**522**
Samtals	**899**	**541**	**1.440**

1995.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	0	2	**2**
5–9 ára	72	50	**122**
10–14 ára	354	242	**596**
15–18 ára	390	171	**534**
Samtals	**816**	**465**	**1.281**

1996.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	3	3	**6**
5–9 ára	78	62	**140**
10–14 ára	349	277	**626**
15–18 ára	378	152	**530**
Samtals	**808**	**494**	**1.302**

Heildarfjöldi	**6.239**	**3.685**	**9.924**

3.2 Flokkun íþróttaslysa eftir slysstað.

Slysstaður: Heimili.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	3	1	**4**
5–9 ára	14	9	**23**
10–14 ára	26	14	**30**
15–18 ára	14	5	**19**
Samtals	**47**	**29**	**76**

Slysstaður: Skóli eða dagvistun.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	2	0	**2**
5–9 ára	104	68	**172**
10–14 ára	382	383	**765**
15–18 ára	176	152	**328**
Samtals	**664**	**603**	**1.267**

Slysstaður: Í verksmiðju eða á verkstæði.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	7	0	**7**
15–18 ára	2	1	**3**
Samtals	**9**	**1**	**10**

Slysstaður: Á eða við skemmtistað.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	0	0	**0**
10–14 ára	0	1	**1**
15–18 ára	2	0	**2**
Samtals	**2**	**1**	**3**

Slysstaður: Á gangstíg eða gangbraut.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1	1	**2**
5–9 ára	3	5	**8**
10–14 ára	16	9	**25**
15–18 ára	9	3	**12**
Samtals	**29**	**18**	**47**

Slysstaður: Á umferðargötu.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	1	**1**
5–9 ára	2	2	**4**
10–14 ára	5	5	**10**
15–18 ára	5	3	**8**
Samtals	**12**	**11**	**23**

Slysstaður: Á íþróttasvæði.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	19	14	**33**
5–9 ára	409	244	**653**
10–14 ára	1.976	1.430	**3.406**
15–18 ára	2.201	832	**3.303**
Samtals	**4.605**	**2.520**	**7.125**

Slysstaður: Í óbyggðum.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1	1	**2**
5–9 ára	7	7	**14**
10–14 ára	38	28	**66**
15–18 ára	16	14	**30**
Samtals	**62**	**50**	**112**

Slysstaður: Annars staðar úti.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	11	6	**17**
5–9 ára	108	44	**152**
10–14 ára	254	145	**399**
15–18 ára	157	61	**218**
Samtals	**530**	**256**	**786**

Slysstaður: Óskilgreint.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	1	0	**1**
5–9 ára	1	4	**5**
10–14 ára	17	23	**40**
15–18 ára	25	6	**31**
Samtals	**44**	**33**	**77**

3.3 Innlagnir á Sjúkrahús Reykjavíkur vegna íþróttaslysa á tímabilinu 1990–96.

Ekki innlagnir vegna íþróttaslysa.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	38	25	**63**
5–9 ára	649	393	**1.042**
10–14 ára	2.743	2.087	**4.830**
15–18 ára	2.672	1.123	**3.795**
Samtals	**6.102**	**3.628**	**9.730**

Innlagnir vegna íþróttaslysa.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	0	0	**0**
5–9 ára	15	5	**20**
10–14 ára	58	36	**94**
15–18 ára	64	15	**79**
Samtals	**137**	**56**	**193**

3.4 Áverkar af íþróttaslysum.

	Drengir	Stúlkur	Samtals
Brot	1.503	796	**2.299**
Liðhlaup, tognanir	2.444	1.667	**4.111**
Áverkar á heila, mænu	101	55	**156**
Áverkar á brjósti	8	1	**9**
Sár	491	136	**627**
Mar	861	537	**1.324**
Annað	137	66	**203**
Samtals	**5.545**	**3.258**	**8.803**

4. Umferðarslys.
4.1 Árleg tíðni umferðarslysa.[7]

1990.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	31	27	**58**
5–9 ára	82	48	**130**
10–14 ára	72	56	**128**
15–18 ára	237	236	**473**
Samtals	**422**	**367**	**789**

1991.

Aldur	Drengir	Stúlkur	Samtals
0–4 ára	33	32	**65**
5–9 ára	103	57	**160**
10–14 ára	123	78	**201**
15–18 ára	238	258	**586**
Samtals	**587**	**425**	**1.012**

[7] Heimild: Upplýsingasvið Sjúkrahúss Reykjavíkur.

1992.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	44	19	**63**
5–9 ára	91	52	**143**
10–14 ára	122	82	**204**
15–18 ára	231	251	**482**
Samtals	**488**	**404**	**892**

1993.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	34	18	**52**
5–9 ára	72	35	**107**
10–14 ára	101	71	**172**
15–18 ára	170	149	**319**
Samtals	**377**	**273**	**650**

1994.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	41	27	**68**
5–9 ára	67	56	**123**
10–14 ára	76	57	**133**
15–18 ára	166	144	**310**
Samtals	**350**	**284**	**634**

1995.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	43	32	**75**
5–9 ára	92	45	**137**
10–14 ára	126	89	**215**
15–18 ára	203	221	**424**
Samtals	**464**	**287**	**851**

1996.

Aldur	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
0–4 ára	102	73	**175**
5–9 ára	163	80	**243**
10–14 ára	172	101	**273**
15–18 ára	249	251	**500**
Samtals	**686**	**505**	**1.191**

Heildarfjöldi	**3.374**	**2.645**	**6.019**

4.2 Öryggistæki í umferð.

Upplýsingar um notkun öryggistækja og fjölda slasaðra barna fengust einnig frá Umferðarráði. Um er að ræða mun færri tilvik en skráð eru hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Það skýrist meðal annars af því að Umferðarráð fær tölulegar upplýsingar sem þessar frá lögreglu, en eins og ljóst má vera eru ekki öll umferðarslys tilkynnt til hennar.

Fjöldi slasaðra og notkun öryggistækja eftir aldri.

Ár	Fjöldi slasaðra 0–4 ára	Öryggistæki		
		Með	Ekki með	Ekki vitað
1990	15	7	8	0
1991	26	10	14	2
1992	26	15	11	0
1993	34	16	17	1
1994	25	11	8	6
1995	28	16	10	2
1996	23	15	7	1
Alls	**177**	**90**	**75**	**12**

Ár	Fjöldi slasaðra 5–9 ára	Öryggistæki		
		Með	Ekki með	Ekki vitað
1990	48	6	42	0
1991	46	12	34	0
1992	46	12	34	0
1993	51	17	31	3
1994	60	19	39	2
1995	67	29	34	4
1996	72	28	40	4
Alls	**390**	**123**	**254**	**13**

Ár	Fjöldi slasaðra 10–14 ára	Öryggistæki		
		Með	Ekki með	Ekki vitað
1990	44	12	32	0
1991	89	21	67	1
1992	79	23	49	7
1993	103	26	74	3
1994	74	19	51	4
1995	119	31	82	6
1996	81	24	54	3
Alls	**589**	**156**	**409**	**24**

Ár	Fjöldi slasaðra 15–18 ára	Öryggistæki		
		Með	Ekki með	Ekki vitað
1990	196	81	115	0
1991	266	134	104	28
1992	308	162	118	28
1993	274	148	108	18
1994	281	143	106	32
1995	329	150	161	18
1996	321	154	149	18
Alls	**1.975**	**972**	**861**	**142**

4.3 Fjöldi slasaðra í umferð og staðsetning þeirra.

Ár	Slasaðir 0–4 ára	Drengir	Stúlkur	Staðsetning slasaðra		
				Farþ. í bíl	Hjólandi	Gangandi
1990	15	10	5	10	0	5
1991	26	17	9	15	4	7
1992	26	16	10	16	1	9
1993	34	24	10	23	1	10
1994	25	14	11	18	1	6
1995	28	17	11	22	1	5
1996	23	10	13	17	0	6
Alls	**177**	**108**	**69**	**121**	**8**	**48**

Ár	Slasaðir 5–9 ára	Drengir	Stúlkur	Staðsetning slasaðra		
				Farþ. í bíl	Hjólandi	Gangandi
1990	48	26	22	10	13	25
1991	46	27	19	12	16	18
1992	46	34	12	17	10	19
1993	51	38	13	21	14	16
1994	60	38	22	17	12	31
1995	67	35	32	43	15	9
1996	72	45	27	32	13	27
Alls	**390**	**243**	**147**	**152**	**93**	**145**

Ár	Slasaðir 10–14 ára	Karlar	Konur	Staðsetning slasaðra		
				Farþ. í bíl	Hjólandi	Gangandi
1990	44	24	20	19	13	12
1991	89	51	38	45	30	14
1992	79	48	31	36	25	18
1993	103	49	54	51	26	26
1994	74	44	30	42	18	14
1995	119	57	62	68	31	20
1996	81	48	33	34	31	16
Alls	**589**	**321**	**268**	**295**	**174**	**120**

	Slasaðir			Staðsetning slasaðra		
Ár	**15–18 ára**	**Karlar**	**Konur**	**Farþ. í bíl**	**Hjólandi**	**Gangandi**
1990	196	107	89	169	16	11
1991	266	165	101	236	8	22
1992	308	160	148	268	19	21
1993	274	149	125	240	7	27
1994	281	139	142	255	16	10
1995	329	166	163	288	15	26
1996	321	162	159	285	16	20
Alls	**1.975**	**1048**	**927**	**1.741**	**97**	**137**

Í nýrri könnun sem gerð var á vegum Umferðarráðs[8] og Slysavarnafélag Íslands kemur fram samanburður á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn á leikskólaaldri í bílum á milli áranna 1996, 1997 og 1998. Hún sýnir að notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum hefur aukist umtalsvert á þessu ári.



[8]Heimild: Fréttabréf Umferðarráðs 2, 1998. Höfundar eru Margrét Sæmundsdóttir, María Finnsdóttir, Fjóla Guðjónsdóttir og Herdís Storgaard.

Öryggi barna í bílum 1996, samanburður milli staða.

Myndin sýnir hversu mörg prósent barna notuðu öryggisbúnað við komu í leikskóla 28. mars 1996.



Öryggi barna í bílum 1997, samanburður milli staða.

Myndin sýnir hversu mörg prósent barna notuðu öryggisbúnað við komu í leikskóla 27. febrúar 1997.



Öryggi barna í bílum 1998, samanburður milli staða.

Myndin sýnir hversu mörg prósent barna notuðu öryggisbúnað við komu í leikskóla vikuna 16.–20. febrúar.



4.4 Umferðarslys eftir landshlutum.

Látnir í umferðarslysum á hverja 100.000 íbúa, eftir landshlutum árin 1991–95. Heildarfjöldi allra aldurshópa.

Landshluti	Karlar	Konur	Alls
Norðurland vestra	30,1	8,0	**19,1**
Vesturland	16,2	8,7	**12,4**
Suðurland	18,4	2,0	**10,6**
Reykjavík	9,9	5,3	**7,7**
Austurland	11,9	3,2	**7,7**
Reykjanes	9,8	3,5	**6,8**
Vestfirðir	12,2	0,0	**6,2**
Norðurland eystra	5,9	3,0	**4,5**

5. Drukknunarslys.

Þar sem ekki liggja fyrir rannsóknir á drukknunarslysum á árabilinu 1990–96 eftir þeirri aldursskiptingu sem um var beðið í skýrslubeiðninni verður vitnað til rannsóknar sem gerð var 1995 um drukknunarslys sem gerð var í samvinnu Barnaspítala Hringsins og Slysavarnafélags Íslands.[9]

Rannsóknin spannar tíu ára tímabilið frá janúar 1984 til desember 1993. Um er að ræða drukknunarslys barna á aldursbilinu 0–14 ára.

Skráð drukknunarslys á tímabilinu voru 48, þar af voru 31 drengur og 17 stúlkur. Miðað við meðalfjölda barna á fyrrgreindu tímabili voru 7,5 drukknunarslys á hver 100.000 börn á ári.

Hlutföll kynja.



Af þessum 48 slysum voru 13 banaslys, þrjú slys leiddu til alvarlegrar heilasköddunar, 32 börn náðu sér að fullu eftir drukknunarslys. Hlutfall þeirra sem drukknuðu eða hlutu heila-

[9]Rannsóknina unnu Pétur Lúðvíksson, sérfræðingur á Barnaspítala Hringsins, Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi hjá Slysavarnafélaginu, og Guðrún B. Guðmundsdóttir, deildarlæknir á Barnaspítala Hringsins.

skaða var því 30%. Miðað við meðalfjölda barna á fyrrgreindu tímabili var dánartíðni af völdum drukknunar tveir á hver 100.000 börn á ári.

Drukknaðir voru því alls 13, af þeim voru ellefu drengir og tvær stúlkur. Af þremur sem heilasködduðust á tímabilinu voru tveir drengir og ein stúlka.



Myndin sýnir skiptingu drukknunarslysa eftir árum.

Drukknunarslysum fór fjölgandi á rannsóknartímabilinu, á meðan dánartíðni vegna drukknunar hefur víðast annars staðar farið lækkandi síðustu ár. Miðað við seinni fimm árin sem rannsóknin náði til var dánartíðni vegna drukknana hér á landi með því hæsta sem gerist meðal nágrannaþjóða. Mikill fjöldi slysa meðal eins til tveggja ára barna, eða 15 slys á tíu árum kom á óvart, enda eru börn á þessum aldri oftast undir stöðugu eftirliti. Mörg þessara slysa urðu í heitum pottum og leysingarvatnspollum nærri heimilum barnanna eftir að þau höfðu sloppið úr gæslu umsjónarmanna stutta stund.

Langflest slysin urðu í sundlaugum, þar urðu 20 slys eða um 40% allra slysanna. Í sundlaugum drukknuðu tvö börn og eitt hlaut varanlegan heilaskaða. Í ám og lækjum drukknuðu sex börn af níu. Einkum lentu ung börn í garðpottum og leysingarvatni en í sumum tilvikum var einungis um grunnt vatn að ræða sem barnið lenti með andlitið ofan í en náði sér ekki upp úr.

Erfiðlega gekk að finna sambærilegar tölur um heildarfjölda drukknunarslysa í nágrannalöndum, þar sem nærdrukknanir koma óvíða fram í opinberum slysatölum og aldursskipting er mismunandi eftir löndum. Því er ómögulegt að gefa samanburðartölur milli landa um heildarfjölda drukknunarslysa. Undantekning frá þessu eru tölur frá Bretlandi frá árunum 1988–89 í sama aldursflokki en þar var tíðnin 1,5 slys á hver 100.000 börn.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

— Drukknunarslys meðal barna virðast algengari hér en í nágrannalöndunum. Þessar niðurstöður verður að taka með fyrirvara því að þær byggjast á takmörkuðum viðmiðunarupplýsingum.
— Börnum 1–2 ára og 6–8 ára er hættast við drukknunarslysum.
— Drukknunarslys eru algengust í sundlaugum en hlutfall drukknana hæst í ám og lækjum.
— Dánartíðni vegna drukknana barna hér á landi á árunum 1988–93 var með því hæsta sem gerist meðal vestrænna þjóða.

Forvarnir vegna drukknunarslysa.

Öryggismöppur eru við alla sundstaði á vegum sveitarfélaga. Þar er farið yfir helstu öryggisþætti og rétt viðbrögð ef slys ber að höndum.

Árið 1993 var skipuð nefnd af menntamálaráðherra sem mótaði tillögur um öryggiskröfur og samræmdar starfsreglur á sundstöðum og við kennslulaugar. Reglur þessar fóru síðan til sveitarstjórna til samþykkta.

Slysavarnafélag Íslands hefur látið málaflokkinn sig miklu varða og hefur meðal annars verið í náinni samvinnu við Iðntæknistofnun um öryggisbúnað er tengist sundstöðum, m.a. niðurföll, Vinnueftirlit ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

6. Dauðsföll.

6.1 Banaslys barna á tímabilinu 1990–95.[10]

Flokkur		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
E 812	Umferðarslys				5	**5**
E 813	Árekstur ökutækja			1		**1**
E 814	Ekið á fótgangandi	3	1		1	**5**
E 815	Bílvelta á þjóðvegi				1	**1**
E 816	Ökumaður missir stjórn á ökutæki	1	2		8	**11**
E 819	Umferðarslys, óskilgreind orsök			1	2	**3**
E 821	Slys af völdum annarra ökut. en bifreiða			1		**1**
E 830	Flotfarsslys, fall í vatn				1	**1**
E 832	Fall í vatn vegna flutninga á landi				1	**1**
E 836	Slys af vél við flutninga á legi	1				**1**
E 842	Slys af óvélknúnu flugfari				1	**1**
E 884	Fall af einum fleti á annan	2		1		**3**
E 890	Íkviknun í heimahúsum	1	1			**2**
E 901	Ofurkuldi				1	**1**
E 909	Slys af völdum náttúruhamfara	6	1	5	1	**13**
E 910	Slysafall í vatn og drukknun	6	4	3		**13**
E 913	Slysaköfnun af loftleysi	1				**1**
E 916	Högg af fallandi hlut	1				**1**
E 917	Árekstur á mann eða hlut			1		**1**
E 918	Maður klemmist		1			**1**
E 919	Slys af vél		1		1	**2**
E 928	Slys af öðrum (óskilgr.) ástæðum				1	**1**
Alls		**22**	**11**	**13**	**24**	**70**
	Banaslys drengja	**17**	**6**	**6**	**18**	**48**
	Banaslys stúlkna	**5**	**5**	**7**	**6**	**22**

[10]Heimild: Hagstofa Íslands. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá árinu 1996.

6.2 Banaslys barna, að frátöldum slysum af völdum náttúruhamfara og sjálfsvígum.

	0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
Alls	**17**	**10**	**8**	**23**	**58**
Banaslys drengja	**14**	**6**	**6**	**15**	**41**
Banaslys stúlkna	**3**	**4**	**2**	**8**	**17**

6.3 Banaslys drengja á tímabilinu 1990–95.

Flokkur		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
E 812	Umferðarslys				2	**2**
E 813	Árekstur ökutækja			1		**1**
E 814	Ekið á fótgangandi	2			1	**3**
E 815	Bílvelta á þjóðvegi				1	**1**
E 816	Ökumaður missir stjórn á ökutæki	1	1		6	**8**
E 819	Umferðarslys, óskilgreind orsök				2	**2**
E 821	Slys af völdum annarra ökut. en bifreiða			1		**1**
E 830	Flotfarsslys, fall í vatn				1	**1**
E 832	Fall í vatn vegna flutninga á landi				1	**1**
E 836	Slys af vél við flutninga á legi	1				**1**
E 842	Slys af óvélknúnu flugfari				1	**1**
E 884	Fall af einum fleti á annan	2		1		**3**
E 890	Íkviknun í heimahúsum		1			**1**
E 901	Ofurkuldi				1	**1**
E 909	Slys af völdum náttúruhamfara	3			1	**4**
E 910	Slysafall í vatn og drukknun	6	3	2		**11**
E 913	Slysaköfnun af loftleysi	1				**1**
E 916	Högg af fallandi hlut	1				**1**
E 917	Árekstur á mann eða hlut			1		**1**
E 919	Slys af vél		1		1	2
Alls		**17**	**6**	**6**	**18**	**48**

6.4 Banaslys stúlkna á tímabilinu 1990–95.

Flokkur		0–4 ára	5–9 ára	10–14 ára	15–18 ára	Samtals
E 812	Umferðarslys				3	**3**
E 814	Ekið á fótgangandi	1	1			**2**
E 816	Ökumaður missir stjórn á ökutæki		1		2	**3**
E 819	Umferðarslys, óskilgreind orsök			1		**1**
E 890	Íkviknun í heimahúsum	1				**1**
E 909	Slys af völdum náttúruhamfara	3	1	5		**9**
E 910	Slysafall í vatn og drukknun			1	1	**2**
E 918	Maður klemmist		1			**1**
Alls		**5**	**4**	**7**	**6**	**22**

6.5 Tíðni banaslysa — samanburður milli Norðurlanda.

Tíðni slysa á hverja 100.00 íbúa.

Drengir 0–14 ára.

	1990	1995
Danmörk	10,7	7,3
Finnland	11,2	7,0
Ísland	**24,6**	**8,9**
Noregur	12,1	7,7
Svíþjóð	5,7	4,9

Drengir 15–24 ára.

	1990	1995
Danmörk	34,5	42,7
Finnland	53,9	33,2
Ísland	**60,6**	**33,1**
Noregur	43,4	30,9
Svíþjóð	35,1	21,0

Stúlkur 0–14 ára.

	1990	1995
Danmörk	6,3	3,4
Finnland	5,7	3,6
Ísland	**3,2**	**9,4**
Noregur	8,7	6,8
Svíþjóð	4,3	3,4

Stúlkur 15–24 ára.

	1990	1995
Danmörk	11,0	8,5
Finnland	18,5	7,4
Ísland	**14,5**	**4,9**
Noregur	10,0	7,8
Svíþjóð	12,4	6,0

1555. Skýrsla [724. mál]

félagsmálaráðherra til Alþingis um framgang þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. INNGANGUR.

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var samþykkt á Alþingi 7. maí 1993. Gildistími áætlunarinnar var til loka árs 1997. Áætlunin var samin og samþykkt samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með bréfi, dags. 13. maí 1993, fól félagsmálaráðherra Jafnréttisráði að hafa umsjón með að markmiðum framkvæmdaáætlunarinnar verði náð á gildistíma hennar.

Félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, lagði fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála þar sem lagt var mat á árangur af framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar fyrri hluta gildistíma hennar. Gerð var grein fyrir framgangi einstakra verkefna að fengnum svörum ráðuneyta þar um auk upplýsinga sem Skrifstofu jafnréttismála bárust á annan hátt.

Í þessari skýrslu er mat lagt á stöðu verkefna við lok gildistímans og byggist matið aðallega á greinargerðum viðkomandi ráðuneyta til Skrifstofu jafnréttismála um framkvæmdina. Tekið skal fram að umfjöllun um A-kafla áætlunarinnar, þ.e. um starfsmannamál ríkisins, byggist á upplýsingum frá ýmsum aðilum. Skýrist það m.a. af því að enginn einn aðili telur sig bera ábyrgð á framgangi hans.

II. ÚTTEKT Á STÖÐU VERKEFNA.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna fyrir tímabilið 1993–97 er lögð áhersla á skyldur ráðherra til að vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla, hver á sínu sérsviði. Í áætluninni er að finna almenna lýsingu á verkefnum og gerð er grein fyrir ákvörðun um framkvæmd tiltekinna verkefna sem einstaka ráðuneytum og/eða undirstofnunum á þeirra vegum er gert að vinna að á gildistíma hennar. Áætluninni er skipt í tvo hluta. Fyrri hluti hennar fjallar um starfsmannamál ríkisins og er byggður á ákvæðum laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Seinni hluti áætlunarinnar tekur til verkefna einstakra ráðuneyta.

Ráðuneytisstjórum var sent bréf, dags. 26. júní 1997, þar sem minnt var á fyrri úttekt á stöðu verkefna ráðuneyta og framangreinda skýrslu félagsmálaráðherra. Óskað var sambærilegra upplýsinga um framkvæmd verkefna frá árinu 1995.

Svör bárust frá eftirtöldum ráðuneytum: fjármálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, utanríkisráðuneyti og Hagstofu Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Svör hafa ekki borist frá umhverfisráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Það skal tekið fram að ekki var öllum ráðuneytisstjórum sent erindið, m.a. vegna þess að viðkomandi ráðuneyti hafði þegar árið 1995 gert fullnægjandi grein fyrir stöðu, framkvæmd og lokum verkefna. Ráðuneyti sem þetta á við um eru forsætisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá hafði Skrifstofa jafnréttismála góðar upplýsingar um framkvæmd verkefna félagsmálaráðuneytis.

2.1. A-hluti. Starfsmannamál ríkisins.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna segir að starfsmannakafla áætlunarinnar sé ætlað að vera rammi um starfsreglur sem hvert ráðuneyti og ríkisstofnun útfæri nánar og hafi að leiðarljósi við gerð sérstakrar jafnréttisáætlunar. Ein helsta niðurstaða áfangamats Skrifstofu jafnréttismála 1995/1996 varðandi framgang verkefna í A-hluta áætlunarinnar um starfsmannamál var að ekki væri ljóst hver bæri ábyrgð á framkvæmd verkefna sem þar eru tilgreind. Þetta hafi skapað vanda við framkvæmd og um leið eftirlit með þeim. Í raun lá fyrir, þegar í byrjun árs 1996, að ekki yrði unnið markvisst að verkefnum sem falla undir þennan hluta áætlunarinnar. Hvað varðar stöðu einstakra verkefna vísast því til framangreindrar skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis. Tekið hefur verið mið af þeim athugasemdum sem þar koma fram við undirbúning að gerð nýrrar framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna og í gagnasöfnun vegna þessarar greinargerðar.

2.2. Verkefni ráðuneyta og stofnana á vegum þeirra.

2.2.1. Dóms og kirkjumálaráðuneyti.

Í stöðumati Skrifstofu jafnréttismála 1995/1996 segir um verkefnastöðu ráðuneytisins: „Samkvæmt þessari greinargerð hefur dómsmálaráðuneytið með markvissum hætti fylgt eftir þeim verkefnum sem það setti sér samkvæmt framkvæmdaáætluninni. Eðli málsins samkvæmt er þeim ekki lokið. Bæta þarf stöðu kvenna innan rannsóknarlögreglunnar. Slíkt er tímafrekt og krefst markvissra áætlana. Mikilvægt er að haldið verði áfram að hvetja konur til að sækja um laus störf. Nauðsynlegt er að taka tillit til fjölskylduábyrgðar rannsóknarlögreglumanna með sveigjanlegum vinnutíma. Úrbóta er þörf í málum sem varða fórnarlömb kynferðisbrota og heimilisofbeldis."

Með dreifibréfi, dags. 19. janúar 1995, var öllum forstöðumönnum embætta og stofnana á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kynnt efni framkvæmdaáætlunarinnar og sérstaklega bent á markmið 1. gr. um auglýsingar á lausum stöðum, 2. gr. um ráðningar í störf og 5. gr. um sveigjanlegan vinnutíma. Verkefni ráðuneytisins hafa að öðru leyti komið til framkvæmda sem hér er rakið:

a. Staða kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Þegar auglýstar voru stöður rannsóknarlögreglumanna hjá RLR á gildistíma áætlunarinnar voru konur sérstaklega hvattar til að sækja um. Á tímabilinu var ein kona fastráðin sem rannsóknarlögreglumaður hjá RLR og önnur ráðin tímabundið í eitt ár.

Hinn 5. mars 1996 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að kanna stöðu kvenna innan lögreglunnar og gera tillögur um úrbætur á þeim sviðum þar sem talin yrði þörf á að bæta stöðu kvenna sem við þau starfa. Nefndinni var einnig ætlað að gera tillögur um aðgerðir sem leitt gætu til fjölgunar kvenna í lögreglu ríkisins. Nefndin hefur nýverið skilað tillögum og hefur ráðuneytið sett sér það markmið í tengslum við nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, að nýta þær tillögur til að miða að bættri stöðu kvenna innan lögreglunnar.

b. Nauðgunarbrot.

2.1. Breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga um kynferðisbrot komu til framkvæmda fyrir gildistíma áætlunarinnar, sbr. lög nr. 40 26. maí 1992.

2.2. Nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 2. desember 1993 til þess að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota samdi frumvarp til laga um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, sem varð að lögum nr. 69 10. mars 1995. Markmið laganna er að styrkja

stöðu brotaþola með þeim hætti að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum. Einnig greiðir ríkissjóður fyrir tjón á munum sem leiðir af slíku broti, enda sé viðkomandi vistaður á stofnun ríkisins vegna afbrots eða gegn vilja sínum. Almennt skilyrði þess að bætur verði greiddar samkvæmt ákvæðum laganna er að brotið hafi verið kært til lögreglu og tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu bóta úr hendi tjónvalds. Ákvæði laganna gilda einnig þótt ekki sé vitað hver tjónvaldur er, hann sé ósakhæfur eða finnist ekki. Vafalaust er að þessi lög horfa til bættrar réttarstöðu þolenda nauðgunarbrota, enda hefur reynslan sýnt að í mörgum tilvikum þar sem þeim eru dæmdar bætur úr hendi brotamanns hefur hann enga möguleika á að greiða bæturnar.

2.3. Félag rannsóknarlögreglumanna gekkst á tímabilinu fyrir námsstefnu fyrir félagsmenn sína í samstarfi við Neyðarmóttöku vegna nauðgunar og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Á námsstefnunni var starfsemi neyðarmóttökunnar kynnt og farið yfir rannsóknarferli kynferðisbrotamála. Rannsóknir kynferðisbrota hafa ekki verið kenndar við lögregluskólann sem sérstök námsgrein og hafa rannsóknarlögreglumenn þurft að sækja sérhæfðari menntun á þessu sviði út fyrir landsteinana. Samkvæmt nýrri reglugerð um Löreglu ríkisins, nr. 490 2. júlí 1997, verður þó lögreglumönnum boðið upp á nám í framhaldsdeild og er þess að vænta að m.a. verði haldin námskeið í þeirri sérgrein á sviði löggæslu sem hér um ræðir.

c. Staða kvenna innan kirkjunnar.

Í svari kirkjumálaráðherra á 121. þingi við fyrirspurn um stöðu jafnréttismála innan þjóðkirkjunnar er m.a. að finna upplýsingar um hlutfall kvenna og karla í nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar og um hlutfall kynja meðal presta og prófasta, í prestafélaginu og stjórn þess, á kirkjuþingi og í sóknarnefndum, sbr. þskj. 699.

Þá má geta þess að biskup skipaði 15. apríl 1997 nefnd til að skoða jafnréttismál í þjóðkirkjunni. Nefndinni er ætlað að gera sér grein fyrir stöðu mála hvað varðar jafnrétti milli kynjanna í kirkjunni, að kynna sér stöðuna m.a. meðal kirkna annars staðar á Norðurlöndum og gera tillögur um úrbætur.

Af hálfu dómsmálaráðuneytis var einnig á árinu 1997 unnið að skýrslu um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í framhaldi af því var ákveðið að skipa þrjár nefndir til að huga að úrbótum á þessu sviði. Hlutverk fyrstu nefndarinnar var að huga að meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu á rannsóknarstigi. Önnur nefndin skyldi huga að meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu. Báðar nefndirnar áttu að gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf. Þriðja nefndin skyldi huga að nauðsynlegum breytingum á löggjöf almennt til að sporna við heimilisofbeldi, huga að því hvernig unnt væri að efla starf félagasamtaka sem sinna forvörnum og veita hjálp á þessu sviði, gera tillögur um forvarnaaðgerðir, um hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur. Nefndirnar luku allar störfum í apríl sl. og hefur dómsmálaráðherra lagt skýrslur þeirra fram á Alþingi.

2.2.2. Félagsmálaráðuneyti.

Í stöðumati Skrifstofu jafnréttismála 1995/1996 segir um verkefnastöðu ráðuneytisins: „Af níu verkefnum sem félagsmálaráðuneytinu eða undirstofnunum þess var falið að vinna að samkvæmt framkvæmdaáætluninni hefur þegar verið hafist handa við sjö. Flest þeirra eru þess eðlis að þau eiga sér ekki ákveðin verklok fyrr en í fyrsta lagi við lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Sem dæmi um verkefni af þessum toga eru störf karlanefndarinnar, niðurstöður launakönnunarinnar og aðgerðir í kjölfar hennar, samstarf við Samtök um kvennaathvarf og Stígamót, átak í starfsmenntun heföbundinna kvennastétta og mótun fjölskyldustefnu. Undir-

búningur fyrir rannsókn á kynferðislegri áreitni og endurskoðun á verkefninu þar sem kveðið er á um jafnréttisráðgjafa er hafin. Það eru aðeins tvö verkefni, þ.e. rannsókn á orsökum brottflutning ungra kvenna úr dreifbýli og skipulögð úttekt á hefðbundnum kvennastörfum, sem engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin um. Gera má ráð fyrir að vinna við þau hefjist á næsta ári og að þeim verði lokið fyrir lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar."

Nú að loknum gildistíma áætlunarinnar hefur öllum verkefnum félagsmálaráðuneytis verið hrint í framkvæmd nema verkefni 2.6. um orsakir brottflutnings kvenna úr dreifbýli í þéttbýli. Bundnar höfðu verið vonir við að rannsókn sem félagsvísindastofnun hafði unnið fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins gæti nýst í þessu sambandi með einhverjum viðbótum. Verkefnið reyndist flóknara en svo og hefur það verið tekið upp, í nýrri útfærslu, að tillögu félagsmálanefndar í nýrri framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þar heyrir það undir forsætisráðuneyti.

Karlanefnd.

Karlanefnd hefur verið skipuð og hefur hún sinnt margvíslegum verkefnum og án nokkurs vafa haft áhrif á jafnréttisumræðuna hér á landi. Meginhlutverk karlanefndarinnar er að virkja karla í jafnréttisumræðunni og vinnunni að jafnrétti kynja. Helstu verkefni hennar eru nú: 1. Söfnun upplýsinga um möguleika karla til fullrar þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi, svo og viðhorf þeirra til jafnréttismála. 2. Athugun á stöðu karla í skólakerfinu, bæði drengja í námi og karlkennara. 3. Að vera Jafnréttisráði til ráðgjafar um málefni er snerta stöðu karla og jafnrétti kynja. 4. Að fylgja eftir því starfi sem nefndin hefur þegar unnið varðandi ofbeldi og fæðingarorlof.

Launakönnun og starfsmat.

Í framhaldi af niðurstöðu launakönnunar sem birt var fyrri hluta árs 1995 skipaði félagsmálaráðherra svonefndan starfshóp um starfsmat sem samkvæmt skipunarbréfi var ætlað að safna upplýsingum og vinna að tillögum um starfsmat sem tækis til að draga úr launamun karla og kvenna. Formaður hópsins er Siv Friðleifsdóttir alþingismaður, en auk hennar eiga þar sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneyti, Jafnréttisráði, Reykjavíkurborg og Vinnumálasambandinu.

Árið 1996 ákvað starfshópurinn að ráðast í sérstakt tilraunaverkefni um framkvæmd kynhlutlauss starfsmats og að notað yrði til verksins svonefnt HAC-starfsmatskerfi sem er sænskt að uppruna. HAC-starfsmatskerfið er hannað af sænsku Vinnumálastofnuninni (Arbetslivsinstitutet) og er sérstaklega búið til með það að leiðarljósi að uppfylla kröfur um kynhlutleysi. Tilraunaverkefnið nær til sextán starfsheita hjá Ríkisspítölum annars vegar og hins vegar sextán starfsheita hjá Hitaveitu Reykjavíkur og Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Markmiðið er að fá samanburð á hefðbundnum karla- og kvennastörfum, en með starfsmati á að vera hægt að bera saman ólík störf og meta hvort þau séu sambærileg og jafnverðmæt. Niðurstaða tilraunaverkefnisins gefur væntanlega glögga mynd af því hvort og hve vel kynhlutlaust starfsmat hentar til að eyða kynbundnu launamisrétti á vinnumarkaðinum.

Ráðgert er að tilraunaverkefninu ljúki í árslok 1998 með lokaskýrslu starfshóps um starfsmat.

Samtök um kvennaathvarf og Stígamót.

Á fyrri hluta árs 1995 var þjónustusamningur gerður milli félagsmálaráðuneytis og Samtaka um kvennaathvarf annars vegar og Stígamót hins vegar.

Starfsmenntun hefðbundinna kvennastarfa.

Áfram hefur verin unnið að því af hálfu starfsmenntasjóðs að styrkja aðgerðir í þágu kvenna á vinnumarkaði. Starfsmenntaráð hefur m.a. ákveðið að hrinda af stað verkefni sem ber heitið *þróun starfsmenntunar í iðnaði*. Verkefnið er fólgið í myndun samstarfs aðila vinnumarkaðarins og fræðslustofnana atvinnulífsins um þróun starfsmenntunar í atvinnulífinu, sérstaklega fyrir fólk með litla formlega starfsmenntun. Búast má við að þetta verkefni muni skila sér vel til kvenna sem eru fjölmennari í hópi þeirra sem litla formlega menntun hafa.

Mótun fjölskyldustefnu.

Alþingi samþykkti í maí 1997 þingsályktunartillögu félagsmálaráðherra um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Fjölskyldustefnan skal m.a. taka mið af því að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar. Á grundvelli þingsályktunarinnar hefur félagsmálaráðherra t.d. skipað fjölskylduráð sem hefur m.a. það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum og eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar.

Könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum.

Félagsmálaráðuneytið fól Skrifstofu jafnréttismála og Vinnueftirliti ríkisins að vinna verkefnið. Tekin var ákvörðun um að framkvæma könnun á umfangi og eðli kynferðislegrar áreitni á vinnustöðum og var unnið að undirbúningi þess á árinu 1996. Í þeirri vinnu var stuðst við framkvæmd rannsóknar sænska jafnréttisumboðsmannsins á kynferðislegri áreitni á vinnustað sem gerð var árið 1987 og kallast FRID-A-rannsóknin. Framkvæmd rannsóknarinnar var að hluta til unnin í samvinnu við nokkur stéttarfélög (sbr. FRID-A-rannsóknina) og var 1.000 einstaklingum (félagsmönnum nokkurra valinna stéttarfélaga) sendur spurningalisti. Unnið hefur verið að úrvinnslu og annarri gagnasöfnum og er lokaskýrsla væntanleg á þessu ári.

Jafnréttisráðgjafi.

Jafnréttisráðgjafi hefur verið ráðinn til starfa. Að fenginni umsögn Byggðastofnunar var ákveðið að ráða jafnréttisfulltrúa til starfa á Blönduósi enda hafi komið í ljós að atvinnuleysi kvenna er hvergi meira en á Norðurlandi vestra. Um er að ræða tilraunaverkefni sem verður fylgt eftir af Byggðastofnun. Gerður hefur verið samningur milli ráðuneytisins og Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra (INVEST) um ráðningu jafnréttisráðgjafans. Jafnréttisráðgjafinn ásamt fulltrúa félagsmálaráðuneytis, Jafnréttisráðs og INVEST mynda starfshóp til stuðnings jafnréttisráðgjafanum í starfi og stefnumótun. Að loknu mati á árangri ráðgjafans verður tekin ákvörðun um hvort ráðnir verði fleiri jafnréttisráðgjafar til starfa.

Þannig hafa öll verkefni á verkefnalista félagsmálaráðuneytis í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1993–97 fengið góðan framgang. Auk þessara verkefna hefur ráðuneytið á undanförnum missirum beitt sér fyrir fjölda annarra verkefna til að auka jafnrétti kynjanna. Má þar m.a. nefna að árlega hefur verið veitt 20 millj. kr. til að styrkja atvinnumál kvenna. Styrkt hafa verið verkefni og starfsemi af ýmsum toga með það fyrir augum að fjölga atvinnutækifærum kvenna. Komið hefur verið á fót Lánatryggingasjóði kvenna sem er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn er tilraunaverkefni til þriggja ára. Til ráðstöfunar eru á hverju ári 10 millj. kr. og leggur félagsmálaráðuneytið til helming þeirrar upphæðar. Meginmarkmið Lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir fyrir allt að helmingi lána sem þær taka hjá lánastofnunum til að fjármagna tiltekið

verkefni. Þá hefur félagsmálaráðuneytið séð um vinnslu og útgáfu íslensks útdráttar úr Peking-áætluninni í nánu samstarfi við önnur ráðuneyti og fjöldann allan af félagasamtökum og hagsmunahópum.

2.2.3. Fjármálaráðuneyti.

Í stöðumati Skrifstofu jafnréttismála frá 1995/1996 var fyrst og fremst stuðst við greinargerð til fjármálaráðherra frá starfshópi fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál. Auk þess að fjalla um laun, launamyndun og annað tengt kjörum fjallaði hópurinn um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna og þá einkum þann hluta hennar sem snýr að fjármálaráðuneytinu. Í greinargerð hópsins er ekki lagt mat á framkvæmd áætlunarinnar en hvatt til að sá kafli verði endurskoðaðar í samráði við starfsmenn.

Í svari fjármálaráðuneytisins nú er farið ítarlega í hvert einstakt verkefni sem ráðuneytinu er ætlað að vinna að á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Þar kemur m.a. fram að breytingar á skipulagi Stjórnsýslufræðslu ríkisins hefur haft áhrif á framkvæmd sérstakra námskeiða fyrir konur og fyrir stjórnendur (töluliðir 3.1.1. og 3.1.2.). Að mati ráðuneytisins hefur verið staðið við framkvæmd þessara verkefna en undir öðrum formerkjum en gefin eru í framkvæmdaáætluninni og er m.a. vísað til stefnu ríkisstjórnarinnar og fjármálaráðherra um árangur og nýskipan í ríkisrekstri og kynningarnámskeiða sem haldin eru í tengslum við það.

Hvað varðar tölulið 3.2., um hlut kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins, þar sem fjallað er „um launakjör, þóknanir og hlunnindi“ kemur fram að þar eru konur 37% nefndarmanna. Í stöðumati Skrifstofu jafnréttismála frá 1996 má sjá að þetta hlutfall var þá 23%.

Varðandi verkefni merkt tölulið um 3.3., um endurskoðun á lögum um tekju- og eignarskatt, og 3.4., um lög um lífeyrissjóð, er vísað til breytinga sem hafa verið gerðar á þessum lögum á undanförnum árum og þess að „ekki verði séð að í þeim gæti mismununar í garð kynjanna“. Þá er tekið fram að lífeyrisréttindi heimavinnandi séu til sérstakrar athugunar hjá allsherjarnefnd.

Hvað varðar ákvæði um reglubundna gagnasöfnum (tölulið ur 3.5) er vísað til reglubundinnar starfsemi Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna (KOS) og að í skýrslum nefndarinnar séu birtar upplýsingar um dreifingu launa kvenna og karla eftir starfsaldri.

Þá minnir ráðuneytið á ný ákvæði í lögum nr. 70/1996 um jafnan rétt kynjanna til opinberra starfa og sömu launa fyrir sambærileg störf og að í framhaldi af því hafi forstöðumönnum fjármálaráðuneytis verið sett erindisbréf þar sem hnykkt er á jafnréttissjónarmiðum. Þá er gerð grein fyrir skipan nefndar sem hafa skal það meginverkefni að vera ráðherra til ráðuneytis um aukið jafnrétti milli kvenna og karla, einkum hjá þeim sem starfa hjá fjármálaráðuneytinu og stofnunum þess.

2.2.4. Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands svaraði erindi Jafnréttisráðs með ítarlegri greinargerð, dags. 24. september. Þar segir m.a.: „Við hagskýrslugerð á vegum Hagstofunnar er leitast við að vinna og birta tölur fyrir bæði konur og karla eftir því sem við á og unnt er. Í ritunum *Landshagir* og *Vinnumarkaðurinn*, sem koma út árlega, eru margvíslegar upplýsingar um konur og karla og sömuleiðis í kosningaskýrslum. Þá er rétt að vekja athygli á *Hagskinnu—sögulegum hagtölum um Ísland* sem kom út fyrr á þessu ári og hefur að geyma tölulegar upplysingar um íslenskt samfélag og þróun þess eins langt aftur og heimildir ná.“

Hagstofan hefur unnið að þeim verkefnum sem henni voru ætluð og má þar einna helst nefna tölulið 5.1., um tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla. Árið 1994 gaf Hagstofa Íslands út ritið *Konur og karlar 1994*. Ritið hefur að geyma tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna og karla hér á landi. Sambærilegt rit en heldur efnismeira en hið fyrra kemur út í októ-

ber 1997. Hvað varðar verkefni um sifjamálatölur (tölulið 5.2.) er bent á að margvíslegar upplýsingar um sifjamál eru unnar reglubundið og birtar ár hvert í tölfræðiárbók Hagstofunnar, *Landshögum*.

Um verkefnið eignarréttur að fasteignum (tölulið 5.3.) segir: „Þessi könnun hefur ekki verið gerð þar sem eigendaskráning fasteigna í skrám Fasteignamats ríkisins hefur verið í ólestri. Við þær aðstæður var talið að niðurstöður þess háttar könnunar yrðu ekki marktækar. Að undanförnu hefur Fasteignamat ríkisins unnið mikið að því að safna fyllri upplýsingum um eigendur fasteigna. Þetta dugar þó ekki til og haldgóð vitneskja um raunverulegt eignarhald fasteigna mun ekki fást fyrr en *Landsskrá fasteigna* hefur verið að fullu komið á fót og hún tekin til starfa."

Tekið skal fram að Jafnréttisráð hefur lagt til að þetta verkefni verði inn í nýrri framkvæmdaáætlun þar sem upplýsinar um eignarhald eru mikilvægt mælitæki þegar verið er að meta stöðu kvenna og karla. Þá kemur fram að Hagstofa Íslands hefur á undanförnum missirum í samstarfi við kjararannsóknarnefnd og kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna unnið að undirbúningi nýrra launakannana sem veita munu sambærilegar upplýsingar um laun á öllum vinnumarkaðnum (tölulið 5.4). Niðurstöður launakannananna munu birtast ársfjórðungslega og nánari úrvinnsla mun birtast einu sinni á ári. Nýju kannanirnar munu ná til allra atvinnu- og starfsgreina, jafnt á almennum vinnumarkaði sem hjá hinu opinbera.

2.2.5. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Í stöðumati Skrifstofu jafnréttismála frá 1995/1996 varðandi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið var tekið fram að þó svo að ráðuneytið hafi ekki þá þegar ráðist í öll þau verkefni sem tilgreind eru í framkvæmdaáætluninni hafi verið tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að framkvæmd flestra þeirra.

Í bréfi ráðuneytisins til Skrifstofu jafnréttismála, dags. 25. júlí sl., er vísað til greinargerðar þess frá 5. september 1995 og jafnframt gerð grein fyrir ákvörðun ráðuneytisins um að skipa sérstaka nefnd sem er ætlað að leggja mat á þörf sértæks stuðnings við konur í atvinnurekstri. Í bréfinu segir: „Nefndinni er einkum ætlað eftirfarandi: Að kynna sér með hvaða hætti staðið er að stuðningi stjórnvalda við atvinnurekstur kvenna í ýmsum nágrannalöndum okkar. Að leggja mat á þörf sértækra aðgerða á þessu sviði hér á landi m.a. með könnun á viðhorfi kvenna í fyrirtækjarekstri til slíkra aðgerða. Verði niðurstaða þeirrar könnunar sú að hér sé þörf á sértækum stuðningi við atvinnurekstur kvenna, skal nefndin skila til ráðherra tillögum um hvernig best sé að standa að slíkum stuðningi."

Í gildandi framkvæmdaáætlun er lagt til að unnin verði könnun á stöðu kvenna í iðnaði (tölulið 7.1.). Því hefur ekki verið komið í framkvæmd en ráðuneytið hefur lagt til að verkefnið verði tekið inn í næstu framkvæmdaáætlun. Þá kemur fram að ráðuneytið hafi beitt sér sérstaklega fyrir því að stofnanir sem undir það heyra geri sér jafnréttisáætlanir og muni halda því áfram. Í því sambandi er vísað til kjarasamninga bankamanna en þar er ákvæði um að allir viðskiptabankar skuli gera jafnréttisáætlanir fyrir lok ársins 1997.

2.2.6. Landbúnaðarráðuneytið.

Í skýrslu félagsmálaráðherra frá 1996 er vitnað orðrétt í svar landbúnaðarráðuneytisins varðandi erindi Skrifstofu jafnréttismála stöðumat á framkvæmdaáætluninni. Þar segir: „Ráðuneytið hefur meðtekið bréf yðar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ráðuneytið hefur þegar sent upplýsingar um nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytisins sem konur eiga sæti í. Að öðru leyti hefur ráðuneytið ekki aðhafst neitt í sambandi við þessa framkvæmdaáætlun."

Í bréfi ráðuneytisins til Skrifstofu jafnréttismála, dags. 17. júlí sl., kemur fram að ekki hafi tekist að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem ráðuneytinu er ætlað að vinna að samkvæmt framkvæmdaáætluninni. Bent er á að ráðuneytið hafi í samstarfi við FAO staðið fyrir ráðstefnu haustið 1996 um atvinnumál kvenna í dreifbýli (tölulið ur 8.2. í framkvæmdaáætlunin) auk þess sem sé unnið að undirbúningi svokallaðra örlánakerfa til stuðnings við atvinnuþróun fyrir konur í dreifbýli.

2.2.7. Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið svaraði erindi Skrifstofu jafnréttismála með yfirliti um verkefni á vegum þess. Yfirlitið er mjög ítarlegt og farið í hvern tölulið gildandi áætlunar á svipaðan hátt og gert er í skýrslu félagsmálaráðherra frá 1996. Verður ekki annað séð en að unnið hafi verið markvisst og skipulega að þeim verkefnum sem þar er getið.

Auk þessa er gerð sérstaklega grein fyrir tölulið 9.2.8. um skipan framkvæmdanefndar og öðrum þeim verkefnum sem unnið er að á vegum ráðuneytisins. Í framhaldi af starfi og tillögum framkvæmdanefndar var árið 1995 skipaður samráðshópur. Í honum eiga sæti fulltrúar frá Félagi leikskólakennara, Fósturskóla Íslands, Háskóla Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi, Iðnfræðsluráði, Jafnréttisráði, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands, Námsgagnastofnun og frá 1996 jafnréttisráðgjafi Reykjavíkur. Hlutverk samráðshópsins er að vera ráðuneytinu til ráðgjafar um framkvæmd ákvæðis jafnréttislaga um menntun.

Önnur verkefni sem unnið er að á vegum menntamálaráðuneytisins eru könnun á jafnréttisfræðslu í skólum, handbók um jafnréttisfræðslu, menntaþing/menntun um jafnrétti og sérstakt fræðsluefni í samvinnu við Jafnréttisráð. Þá er greint frá skipun nýrrar nefndar (í maí 1997) sem er ætlað að fjalla um jafnréttismál og er m.a. ætlað að gera tillögur til menntamálaráðherra um verkefni í næstu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Að framansögðu má sjá að á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að framkvæmd gildandi áætlunar auk þess sem ráðuneytið hefur átt frumkvæði að nýjum verkefnum.

2.2.8. Samgönguráðuneytið.

Samgönguráðuneytið svaraði erindi Skrifstofu jafnréttismála með greinargerð þar sem fram kemur hlutur kvenna í störfum annars vegar í ráðuneytinu og hins vegar í stofnunum sem undir það heyra. Þótt ekki sé um miklar breytingar að ræða má merkja áhrif aukinnar menntunar kvenna á þau störf sem hér um ræðir. Aðeins eitt verkefni er á verkefnaskrá samgönguráðuneytisins (tölulið ur 10.1.) og má segja að það sé almennt orðuð viljayfirlýsing þess efnis að unnið verði að því að jafna hlut kvenna í störfum hjá stofnunum sem heyra undir ráðuneytið.

2.2.9. Utanríkisráðuneytið.

Í svari utanríkisráðuneytisins við erindi Skrifstofu jafnréttismála er gerð grein fyrir ráðningum í utanríkisráðuneytinu á tímabilinu 1995–97 (ágúst) með tilliti til stöðu kvenna, sbr. tölulið 13.1. í gildandi áætlun um stöðu kvenna í utanríkisþjónustunni. Samkvæmt samanburði við stöðuna eins og hún var 1995 hefur hlutur kvenna aukist töluvert, bæði í utanríkisþjónustunni og í ráðuneytinu sjálfu. Hvað varðar framkvæmd tölulið ar 13.2., um konur í þróunarríkjunum, leggur ráðuneytið áherslu á að í þróunarsamvinnu og aðstoð hafa
verkefni sem varða sérstaklega velferð kvenna fengið aukið vægi,

Þá er skýrt frá undirbúningi ráðuneytisins að þátttöku Íslands í fjórðu alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í Peking 4.–15. september 1995 og

hvernig ráðuneytið hefur fylgt eftir framkvæmdaáætluninni sem þar var samþykkt. Bent er á að félagsmálaráðuneytið hafi tekið við hlutverki utanríkisráðuneytisins hvað varðar framkvæmd áætlunarinnar en að nokkur málasvið falli enn undir ráðuneytið og eru sérstaklega nefnd málefni kvenna í þróunarríkjunum.

1556. Tillaga til þingsályktunar [725. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 5. júní 1998 til septemberloka.

1557. Breytingartillögur [715. mál]

við frv. til l. um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EOK, GMS, PHB, VS, ÁRÁ).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „80.000 kr.“ í a-lið komi: 100.000 kr.
   b. B-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
   Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,74	18.000–18.999	12,95
5.000–5.999	7,16	19.000–19.999	13,94
6.000–6.999	7,74	20.000–20.999	14,69
7.000–7.999	8,13	21.000–21.999	15,53
8.000–8.999	8,48	22.000–22.999	16,51
9.000–9.999	8,86	23.000–23.999	17,30
10.000–10.999	9,41	24.000–24.999	18,08
11.000–11.999	9,76	25.000–25.999	18,96
12.000–12.999	10,99	26.000–26.999	19,80
13.000–13.999	12,02	27.000–27.999	20,69
14.000–14.999	9,80	28.000–28.999	21,57
15.000–15.999	10,55	29.000–29.999	22,44
16.000–16.999	11,39	30.000–30.999	23,32
17.000–17.999	12,22	31.000 og yfir	24,21

2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. eru bifreiðar sem nota innlendan orkugjafa í tilraunaskyni undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2000.

3. Við 6. gr. (er verði 7. gr.). 2. og 3. málsl. 11. tölul. orðist svo: Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 10%. Frá 1. janúar 2000 skal þó heimilt að lækka gjaldið í 5%.
4. Við 9. gr. (er verði 10. gr.). Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanskildum ákvæðum III. kafla sem öðlast þegar gildi og ákvæðum II. kafla sem öðlast gildi 11. október 1998.
5. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra skal fyrir 1. desember 1998 skila skýrslu þar sem í fyrsta lagi verði fjallað um möguleika á því að gera fólksbíla sem nota dísilolíu að samkeppnishæfari kosti, í öðru lagi kannaðar leiðir til að einfalda reglur um og framkvæmd á gjaldtöku samfara skráningu og afskráningu bifreiða og í þriðja lagi gerð úttekt á áhrifum breytinga á þungaskatti, vörugjaldi og bifreiðagjaldi samkvæmt lögum þessum á rekstrarstöðu landflutninga í samráði við hagsmunaaðila og gerðar tillögur um úrbætur ef ástæða er til.

1558. Áfengislög. [478. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1515 með þessari breytingu:

32. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanskildu ákvæði til bráðabirgða III er öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 82/1969, áfengislög, auk 3.–5. mgr. 2. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

1559. Lög [560. mál]

um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1524.

1560. Lög [561. mál]

um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í b-lið 10. tölul. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í c-lið 10. tölul. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
6. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
7. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 1. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
8. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 5. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
12. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
13. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
14. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
15. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
16. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
17. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
18. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 6. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
21. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ hvarvetna í 7. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
22. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 8. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 9. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
24. Í stað orðanna „Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 5. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
25. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
26. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
27. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
28. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
29. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
30. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „Bankaeftirlitinu“ í 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.

31. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
32. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
33. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
34. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
36. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
37. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
38. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 47. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
39. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitinu“ í 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
40. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 1. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 50. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
41. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 51. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
42. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 1. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
43. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
44. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. málsl. 3. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 4. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað

orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. 4. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

5. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. og 2. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 25. gr. og „bankaeftirlits“ í 2. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 46. gr. og „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „Seðlabankinn“ í 1. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. málsl. 3. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 3. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 5. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
12. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. og 3. mgr. 57. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 5. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 7. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 8. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 9. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 9. mgr. 62. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „Bankaeftirlitinu“ í 63. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.
15. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
16. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
17. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 6. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 8. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 8. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 9. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 10. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 11. mgr. 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
18. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
21. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
22. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 6. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.

24. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. málsl. 3. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
25. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
26. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 83. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
27. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 4. tölul. 1. mgr. 84. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
28. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
29. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. málsl. 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
30. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
31. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ hvarvetna í 2. málsl. 1. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. málsl. 3. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
32. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
33. Í stað orðins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 1. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 6. tölul. 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
34. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur: stofnunin; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
36. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
37. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
38. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „bankaeftirlitinu“ í 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 15. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: stofnunin; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðanna „Bankaeftirlitið“ og „bankaeftirlitinu“ í 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
6. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 13. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
9. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 19. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
10. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 20. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
11. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 22. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 23. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
14. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
15. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
16. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 26. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
17. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
18. Í stað orðsins „Bankaeftirlitinu“ í 6. mgr. 29. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

19. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 31. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
20. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 32. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og við lokamálslið 3. mgr. 32. gr. bætist: og ákvæði um samstarfssamning Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
21. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 33. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
22. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ hvarvetna í 1. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
23. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
24. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi:

1. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í skilgreiningu á eftirlitsstjórnvöldum í 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
4. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 8. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
5. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitsins“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 9. tölul. 1. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlits“ í 3. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
8. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. málsl. 3. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
9. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlits“ í 1. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. og 6. málsl. 3. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
11. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 26. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 27. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

14. Í stað orðsins „bótasjóður“ hvarvetna í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. kemur: tjónaskuld; í stað orðsins „dreginn“ í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. kemur: dregin; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 30. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
15. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
16. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
17. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
18. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
19. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirliti“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
20. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 38. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
21. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 5. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 6. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
22. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
23. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 4. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
24. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
25. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirliti“ í 5. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirliti“ í 6. mgr. 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
26. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
27. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
28. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ hvarvetna í 2. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 3. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
29. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 47. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
30. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
31. 2.–6. mgr. 50. gr. falla brott.
32. 51. og 52. gr. falla brott.
33. 53. gr. orðast svo:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þeim er reka starfsemi sem háð er ákvæðum laga þessara og útibúum erlendra vátryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi.

Um eftirlitið fer samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

34. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 54. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 54. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
35. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; 4. mgr. 55. gr. fellur brott; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 55. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
36. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 58. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
37. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 64. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
38. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 65. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
39. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 66. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
40. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 67. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
41. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 68. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
42. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 69. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
43. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 70. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
44. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 71. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
45. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 72. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
46. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 73. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 2. mgr. 73. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
47. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 74. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
48. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 75. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
49. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 76. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

50. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 5. mgr. 77. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
51. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 78. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
52. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 79. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 79. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
53. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 4. mgr. 81. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
54. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 3. mgr. 82. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
55. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 85. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
56. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitinu“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. mgr. 86. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
57. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 87. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
58. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 88. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
59. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 4. mgr. 89. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
60. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 5. mgr. 90. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
61. Í stað orðanna „Vátryggingaeftirlits“ og „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
62. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 92. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 92. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
63. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 1. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 2. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 3. mgr. 93. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
64. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ hvarvetna í 1. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. málsl. 2. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: það; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 4. mgr. 94. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

65. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 95. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
66. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Vátryggingaeftirlitið“ og „eftirlitið“ í 1. málsl. 2. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: það; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 96. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
67. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 1. mgr. 97. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 97. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
68. 1. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða falla brott.

Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands:

Í stað orðanna „skilgreiningu Tryggingaeftirlitsins“ í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. kemur: 22. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
2. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 25. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 28. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 33. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
6. Í stað orðsins „Bankaeftirlit“ í 2. mgr. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Í stað orðsins „bankaeftirlits“ í 5. tölul. 1. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 3. mgr. 39. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 5. mgr. 40. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
11. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 4. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ hvarvetna í 5. mgr. 42. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
12. Í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 43. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið.
13. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 44. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 44. gr. kemur:

Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 44. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

14. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ hvarvetna í 1. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
15. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“, „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlits“ í 1. mgr. 46. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
16. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 48. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
17. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 53. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitið“ í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðanna „bankaeftirlitsins“ og „bankaeftirlitið“ í 4. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins, og: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.

9. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „Seðlabanka Íslands“ í 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, og: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

11. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins:

Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

12. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga:

Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi; í stað orðanna „bankaeftirlitinu“ og „bankaeftirlitið“ í 4. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu, og: það; í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 5. málsl. 1. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

14. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti:

Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands eða Tryggingaeftirlit“ í 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri:

Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ og „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 24. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 50/1987, umferðarlögum.

16. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 50/1987, umferðarlögum:

Í stað orðsins „Vátryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. 91. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 20/1943, um búfjártryggingar.

17. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 20/1943, um búfjártryggingar:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitsins“ í 14. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

Breyting á lögum nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitið“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðsins „Tryggingaeftirlitinu“ í 4. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög.

19. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lögum nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög:

Í stað orðsins „Tryggingaeftirlitinu“ í 8. mgr. 11. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabankans“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
4. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabankans“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirliti“ í 2. mgr. 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
6. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabankans“ í 2. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabankans“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
8. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“, „bankaeftirliti Seðlabankans“ og „Seðlabanka Íslands“ í 31. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, Fjármálaeftirlitinu, og: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
9. Í stað orðanna „bankaeftirlit Seðlabankans“ í 32. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Breyting á lögum nr. 11/1998, um Kvótaþing.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laga nr. 11/1998, um Kvótaþing:

1. Í st.að orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr., 1. og 2. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
3. Í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða:

1. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. 3. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
2. Í stað orðsins „bankaeftirliti“ 1. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 7. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 9. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
5. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 4. tölul. 10. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
6. Í stað orðsins „Bankaeftirlitið“ í 3. mgr. 12. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
7. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 4. mgr. 15. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.

8. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 16. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
9. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. 17. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
10. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 18. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
11. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 2. mgr. 34. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
12. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl., „bankaeftirlitinu“ í 2. málsl. og „bankaeftirlitið“ í 3. málsl. 35. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið, Fjármálaeftirlitinu, og: Fjármálaeftirlitið; og í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 4. málsl. 35. gr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
13. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 1. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið; í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 2. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu; og í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 3. mgr. 36. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins.
14. Í stað orðanna „bankaeftirlits Seðlabanka Íslands“ í inngangsmálslið 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; í stað orðsins „bankaeftirlitsins“ í 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitsins; og í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. mgr. 37. gr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
15. Í stað orðanna „bankaeftirliti Seðlabanka Íslands“ í 3. mgr. 41. gr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál:

1. Í stað orðanna „Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.
2. Í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
3. Í stað orðsins „bankaeftirlitinu“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitinu.
4. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 5. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: Fjármálaeftirlitið.

Gildistaka.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

1561. Lög [581. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1526.

1562. Lög [524. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1529.

1563. Lög [689. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1196.

1564. Lög [702. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, sbr. lög nr. 35/1998.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1282.

1565. Frumvarp til laga [715. mál]

um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum.

(Eftir 2. umr., 5. júní.)

I. KAFLI

Brottfall laga nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997.

1. gr.

Lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997, eru felld úr gildi.

II. KAFLI

Breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Af bifreiðum, tengi- og festivögnum, sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, skal auk gjalds vegna ekinna kílómetra greitt fast árgjald þungaskatts að fjárhæð 100.000 kr.

b. 2. mgr. orðast svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,74	18.000–18.999	12,95
5.000–5.999	7,16	19.000–19.999	13,94
6.000–6.999	7,74	20.000–20.999	14,69
7.000–7.999	8,13	21.000–21.999	15,53
8.000–8.999	8,48	22.000–22.999	16,51
9.000–9.999	8,86	23.000–23.999	17,30
10.000–10.999	9,41	24.000–24.999	18,08
11.000–11.999	9,76	25.000–25.999	18,96
12.000–12.999	10,99	26.000–26.999	19,80
13.000–13.999	12,02	27.000–27.999	20,69
14.000–14.999	9,80	28.000–28.999	21,57
15.000–15.999	10,55	29.000–29.999	22,44
16.000–16.999	11,39	30.000–30.999	23,32
17.000–17.999	12,22	31.000 og yfir	24,21

c. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Enn fremur skal endurgreiða 70% þungaskatts sem greiddur hefur verið af akstri ökutækja í eigu sérleyfishafa á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til, svo og 70% fasts árgjalds skv. 1. mgr. þessa stafliðar, þó einungis að því marki sem ökutækin hafa verið nýtt til sérleyfisaksturs.
d. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 7. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattskylda fasts árgjalds af ökutækjum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráð ökutæki er að ræða, ella frá upphafi gjaldárs, þ.e. 11. október ár hvert.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
Lækka skal eða endurgreiða fast árgjald þungaskatts skv. B-lið 4. gr. að réttri tiltölu hafi skattskylt ökutæki verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmerki ökutækis verið afhent Skráningarstofunni hf. til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt. Sama gildir ef framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi í jafnlangan tíma.

4. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að skrá eigendaskipti nema lesið hafi verið af ökumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur og fast gjald þungaskatts skv. B-lið 4. gr. greitt til þess dags er eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 5. gr. eru bifreiðar sem nota innlendan orkugjafa í tilraunaskyni undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2000.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

6. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Vörugjald af eftirtöldum vörum skal vera sem hér segir:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
   a. Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
   b. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   c. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
   d. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.
   e. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd.
2. 10% vörugjald: Dráttarvélar.
3. 15% vörugjald:
   a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
   b. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
   c. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
   d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
4. 20% vörugjald:
   a. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
   b. Ökutæki, sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
   c. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
5. 30% vörugjald: Hópferðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni.
6. 70% vörugjald:
   a. Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
   b. Beltabifhjól (vélsleðar).
   c. Fjórhjól.
   d. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

7. gr.

10. og 11. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

10. Leigubifreiðar. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 25%. Frá 1. janúar 2000 skal þó heimilt að lækka gjaldið í 20%.
11. Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 10%. Frá 1. janúar 2000 skal þó heimilt að lækka gjaldið í 5%.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði b–e-liðar 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna skal vörugjald af ökutækjum sem flokkast undir þá stafliði vera 7,5% frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2000.

Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal vörugjald af ökutækjum sem flokkast undir þann tölulið vera 25% frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2000.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

9. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili skal vera 5,86 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 9,66 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það allt að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2.993 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili.

V. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanskildum ákvæðum III. kafla sem öðlast þegar gildi og ákvæðum II. kafla sem öðlast gildi 11. október 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra skal fyrir 1. desember 1998 skila skýrslu þar sem í fyrsta lagi verði fjallað um möguleika á því að gera fólksbíla sem nota dísilolíu að samkeppnishæfari kosti, í öðru lagi kannaðar leiðir til að einfalda reglur um og framkvæmd á gjaldtöku samfara skráningu og afskráningu bifreiða og í þriðja lagi gerð úttekt á áhrifum breytinga á þungaskatti, vörugjaldi og bifreiðagjaldi samkvæmt lögum þessum á rekstrarstöðu landflutninga í samráði við hagsmunaaðila og gerðar tillögur um úrbætur ef ástæða er til.

1566. Breytingartillaga [479. mál]

við frv. til l. um áfengis- og vímuvarnaráð.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (SF, GÁ, SAÞ, GHall, LMR, SP).

Við 7. gr. Í stað orðsins „júní“ komi: júlí.

1567. Lög [715. mál]

um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1565.

1568. Þingsályktun [725. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1556.

1569. Þingsályktun [707. mál]

um mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 1364.

1570. Lög [479. mál]

um áfengis- og vímuvarnaráð.

(Afgreidd frá Alþingi 5. júní.)

Samhljóða þskj. 814 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.